Alþingi 1984

Sameinað þing, 1. fundur.

Miðvikudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1984, miðvikudaginn 10. okt., var hundraðasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það átttugasta og sjöunda aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og önnur samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Sigurður Haukur Guðjónsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
5. Björn Dagbjartsson, 5. þm. Norðurl. e.
6. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
9. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
10. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
12. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
13. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
14. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
15. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
16. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
18. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
19. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
20. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
21. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
22. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
24. Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv.
25. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
26. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
29. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
30. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
31. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
32. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
33. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
34. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
35. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
36. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
37. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
38. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
39. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
40. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
41. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
42. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
43. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
44. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
45. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
46. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
47. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
48. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
49. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
50. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
51. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
54. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
55. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
57. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
58. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Hinn 7. september s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. okt. 1984.

Um leið og ég birti þetta er öllum, er setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 7. september 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég á þá ósk þjóðinni og þingmönnum til handa við setningu Alþingis á þessum degi að þér berið gæfu til að ná samstöðu um úrræði sem endast megi til að sigrast á þeim örðugleikum sem einmitt nú er við að etja. Ég óska yður góðs farnaðar og læt þá von í ljós að störf þessa þings í þágu þjóðar vorrar megi verða gifturík.

Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram. Bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti tók nú við fundarstjórn og kvaddi sér til aðstoðar þá Árna Johnsen, 3. þm. Suðurl., og Þórarin Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Minning Ingólfs Jónssonar.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa. Þá verður minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Ingólfur Jónsson, fyrrv. alþm. og ráðh., andaðist í sjúkrahúsi hér í Reykjavík 18. júlí s. l. Ingólfur Jónsson var fæddur 15. maí 1909 í Bjóluhjáleigu í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Jón bóndi þar, áður bóndi í Þjóðólfshaga og síðan á Hrafntóftum og Anna Guðmundsdóttir frá Miðhúsum í Hvolhreppi. Ingólfur ólst upp við sveitastörf, nam tvo vetur, 1927 og 1929, í Hvítárbakkaskóla, fór næsta haust í nokkurra mánaða dvöl til Noregs að kynna sér landbúnaðarstörf þar, sótti síðan sjó tvær vertíðir í Vestmannaeyjum, var barnakennari tvo vetur og vann um tíma í kaupfélaginu á Rauðalæk og Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri.

Snemma árs 1935 stofnuðu bændur í Rangárvallasýslu kaupfélagið Þór með aðsetri á Hellu og réðu Ingólf, þá hálfþrítugan, kaupfélagsstjóra þar. Því starfi gegndi hann síðan til 1959 að undanskildum þremur árum er hann var ráðh. Eftir það átti hann sæti í stjórn kaupfélagsins og var stjórnarformaður frá 1974. Árið 1942 var hann kjörinn til setu á Alþingi, varð landskjörinn um sumarið en frá hausti 1942 til 1959 þm. Rangæinga og loks þm. Suðurlandskjördæmis til 1978. Alls sat hann á 40 þingum. Hann átti sæti í ríkisstjórn 1953—1956, var viðskrh. og iðnmrh. og fór einnig með heilbrigðis- og flugmál. Í ríkisstjórn var hann öðru sinni á árunum 1959—1971 og var þá landbrh. og samgrh. og fór einnig með orkumál til ársloka 1969.

Ingólfur Jónsson var skipaður í kjötverðlagsnefnd 1942 og var formaður hennar. Sama ár var hann kosinn í raforkumálanefnd. Hann var í stjórn landshafnar Keflavíkur/Njarðvíkur 1946—1949, í stjórn Áburðarverksmiðjunnar 1952—1957, í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað 1971—1978, í stjórnarskrárnefnd 1972—1976, var kosinn 1973 í neyðarráðstafananefnd vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og var stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar ríkisins 1975—1978.

Af þeim störfum Ingólfs Jónssonar, sem hér hafa verið talin, má ráða hvaða þætti landsmála og atvinnumála bar hæst í ævistarfi hans. Hann var löngum kenndur við Hellu þar sem hann settist að árið 1935. Þar stýrði hann kaupfélaginu Þór árum saman með árvekni og atorku svo að umsvif þess jukust jafnt og þétt og umhverfis það reis með árunum fjölmennt kauptún.

Á Alþingi og í ríkisstjórn voru honum jafnan ofarlega í hug málefni íslensks landbúnaðar. Á því sviði beitti hann sér fyrir og kom í framkvæmd ýmsum nýmælum sem að vísu voru umdeild en höfðu varanleg áhrif. Á þeim rúma áratug sem hann var samgrh. var hafin að verulegu marki lagning bundins slitlags á vegi utan þéttbýlis og naut þar forgöngu hans og harðfylgis. Í þingmennsku var hann ótrauður baráttumaður í virkjunarmálum og hafði um þau efni forustu í ráðherradómi. Efling íslensks iðnaðar var honum í mun og síðustu æviárin var hann í forustusveit félags sem hafði á stefnuskrá sinni nýtingu og úrvinnslu sunnlenskra jarðefna.

Ingólfur Jónsson var alla tíð viðurkenndur atorkumaður. Hann skorti hvorki kappsemi né viljaþrek til að koma fram málum. Í stjórnmálum greinir menn tíðum á um leiðir að settu marki og Ingólfur Jónsson fór ekki varhluta af hörðum deilum á þeim vettvangi, en hann naut mikils trausts innan þess stjórnmálaflokks sem hann skipaði sér í og vann fyrir áratugum saman. Um sjötugsaldur dró hann sig í nokkurt hlé og varði síðustu æviárunum til þess að koma á prent frásögn af umhverfi sínu og ævistarfi.

Ég vil biðja þingheim að minnast Ingólfs Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 1. sept. 1984.

Þar sem ég hef verið ráðinn bankastjóri Útvegsbanka Íslands leyfi ég mér að óska eftir lausn frá störfum sem 2. þm. Norðurl. e.

Virðingarfyllst.
Lárus Jónsson."

Skv. þessu bréfi tekur Björn Dagbjartsson sæti á Alþingi sem 5. þm. Norðurl. e. þar sem Halldór Blöndal verður hér eftir 2. þm. Norðurl. e. Björn Dagbjartsson hefur setið áður á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að athuga kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist þetta bréf:

„Reykjavík, 9. okt. 1984.

Skv. beiðni Kristínar S. Kvaran, 1. landsk. þm., sem vegna barnsburðar mun ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Bandalags jafnaðarmanna, Kristófer Már Kristinsson, kennari í Reykholti, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Guðmundur Einarsson,
formaður þingflokks Bandalags jafnaðarmanna."

Kristófer Már Kristinsson hefur setið á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. okt. 1984.

Skv. beiðni Garðars Sigurðssonar, 4. þm. Suðurl., sem vegna veikinda mun ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Margrét Frímannsdóttir, oddviti, Stokkseyri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Ragnar Arnalds,
formaður þingflokks Alþb."

Margrét Frímannsdóttir hefur einnig tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hana velkomna til starfa.

Þá er eitt bréf hér enn sem er svohljóðandi:

„1. okt. 1984.

Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir get ekki sinnt þingstörfum næstu tvær vikur leyfi ég mér með tilvísun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Jóhann Ársælsson skipasmiður, Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Skúli Alexandersson,
4. þm. Vesturl."

Jóhann Ársælsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréf hans. Verður gefið um það bil 5 mínútna hlé á meðan kjörbréfanefnd er að störfum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og athugað kjörbréf Jóhanns Ársælssonar, varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi, sem tekur sæti á þingi í stað Skúla Alexanderssonar. Kjörbréfanefnd mælir með því að kjörbréf hans verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 56 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Jóhann Ársælsson, 4. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Jóhann Ársælsson hefur undirritað drengskaparheit. Býð ég hann velkominn til starfa.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Þorv. Garðar Kristjánsson,** 4. þm. Vestf., með 57 atkv.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Þorv. Garðar Kristjánsson er því rétt kjörinn forseti Sþ. Óska ég honum velfarnaðar í störfum og óska eftir því að hann komi hér og taki við fundarstjórn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka öllum hv. þm. það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta sameinaðs Alþingis. Ég vænti þess að það megi vera það sama ágæta samstarf milli mín og hv. þm. eins og verið hefur.

Gengið var til kosningar fyrri varaforseta. Kosningu hlaut **Helgi Seljan,** 2. þm. Austurl., með 55 atkv. Einn seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut **Ólafur Þ. Þórðarson,** 5. þm. Vestf., með 50 atkv. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar Sþ. að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÁJ, á B-lista ÞS. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., og
Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Efri deild, 1. fundur.

Miðvikudaginn 10. okt., að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
3. Björn Dagbjartsson, 5. þm. Norðurl. e.
4. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
5. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
6. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
7. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
8. Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
11. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
12. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
13. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
14. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
15. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
16. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
17. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
18. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
19. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Salome Þorkelsdóttir,** 4. þm. Reykn., með 19 atkv., en 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Er því Salome Þorkelsdóttir rétt kjörinn forseti Ed. Alþingis. Ég óska Salome Þorkelsdóttur til hamingju með kjörið. Ég fel hv. Ed. í hendur Salome Þorkelsdóttur og óska henni farsældar í forsetastörfum.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hv. þdm. það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig sem forseta þessarar hv. deildar. Ég óska einlæglega eftir að eiga jafn ánægjulegt samstarf við hv. þdm. og á seinasta þingi.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut **Stefán Benediktsson,** 8. þm. Reykv., með 19 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn **Davíð Aðalsteinsson,** 5. þm. Vesturl., með 19 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EgJ, á B-lista SkA. — Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Egill Jónsson, 11. landsk. þm., og
Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson.
7. — — Davíð Aðalsteinsson.
8. — — Valdimar Indriðason.
9. — — Ragnar Arnalds.
10. — — Björn Dagbjartsson.
11. — — Karl Steinar Guðnason.
12. — — Árni Johnsen.
13. — — Tómas Árnason.
14. — — Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
15. — — Haraldur Ólafsson.
16. — — Eiður Guðnason.
17. — — Stefán Benediktsson.
18. — — Helgi Seljan.
19. — — Kolbrún Jónsdóttir.
20. — — Eyjólfur Konráð Jónsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Miðvikudaginn 10. okt., að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
2. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
3. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
4. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
5. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
6. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
7. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
8. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
9. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
10. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
13. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
14. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
16. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
17. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
21. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
22. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
23. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
24. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
25. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
26. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
27. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
28. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
29. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
32. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
33. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
39. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og Ólaf Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Ingvar Gíslason,** 1. þm. Norðurl. e., með 35 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Ingvar Gíslason er því rétt kjörinn forseti Nd. Alþingis. Ég óska honum velfarnaðar í starfi og bið hann að koma hér upp og taka við fundarstjórn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. þdm. fyrir þann sóma sem mér er sýndur með þessari kosningu. Ég á þá eina ósk að samstarfið við þingdeildina megi haldast sem allra best. Í því sambandi vænti ég góðs samstarfs frá þingdeildinni í heild og hverjum einstökum þm.

Fyrri varaforseti var kosinn **Karvel Pálmason,** 3. þm. Vestf., með 35 atkv. — Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., hlaut 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég óska Karvel Pálmasyni til hamingju með kjörið.

Annar varaforseti var kosinn **Birgir Ísl. Gunnarsson,** 4. þm. Reykv., með 31 atkv. — Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., Halldór Blöndal, 2. þm.

Norðurl. e., 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég óska Birgi Ísleifi til hamingju með kjörið og býð hann velkominn til starfa.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var HBl, á B-lista var ÓÞÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

11. sæti hlaut Pálmi Jónsson.
12. — — Jón Baldvin Hannibalsson.
13. — — Þórarinn Sigurjónsson.
14. — — Guðrún Agnarsdóttir.
15. — — Friðrik Sophusson.
16. — — Ólafur G. Einarsson.
17. — — Páll Pétursson.
18. — — Birgir Ísl. Gunnarsson.
19. — — Garðar Sigurðsson.
20. — — Ellert B. Schram.
21. — — Stefán Guðmundsson.
22. — — Friðjón Þórðarson.
23. — — Guðrún Helgadóttir.
24. — — Hjörleifur Guttormsson.
25. — — Geir Gunnarsson.
26. — — Pétur Sigurðsson.
27. — — Stefán Valgeirsson.
28. — — Steingrímur J. Sigfússon.
29. — — Guðmundur Einarsson.
30. — — Karvel Pálmason.
31. — — Guðmundur Bjarnason.
32. — — Gunnar G. Schram.
33. — — Jóhanna Sigurðardóttir.
34. — — Kristín S. Kvaran.
35. — — Guðmundur J. Guðmundsson.
36. — — Svavar Gestsson.
37. — — Eggert Haukdal.
38. — — Þorsteinn Pálsson.
39. — — Kjartan Jóhannsson.
40. — — Kristín Halldórsdóttir.

Sameinað þing, 2. fundur.

Fimmtudaginn 11. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Árni Johnsen (A),
Geir Gunnarsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Pálmi Jónsson (A),
Karvel Pálmason (B),
Egill Jónsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Tómas Árnason (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

Varamenn:

Birgir Ísleifur Gunnarsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Haraldur Ólafsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Þorsteinn Pálsson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

3. Atvinnumálanefnd.

Birgir Ísleifur Gunnarsson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Björn Dagbjartsson (A),
Kristín S. Kvaran (B).

4. Allsherjarnefnd.

Pétur Sigurðsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Eggert Haukdal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Birgir Ísleifur Gunnarsson (A),
Stefán Benediktsson (B).

Efri deild, 2. fundur.

Fimmtudaginn 11. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Tómas Árnason (A),
Valdimar Indriðason (A),
Eiður Guðnason (B),
Egill Jónsson (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.

Egill Jónsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Tómas Árnason (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Valdimar Indriðason (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Egill Jónsson (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Valdimar Indriðason (A),
Skúli Alexandersson (B),
Tómas Árnason (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

5. Iðnaðarnefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Egill Jónsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Björn Dagbjartsson (A),
Stefán Benediktsson (B).

6. Félagsmálanefnd.

Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Stefán Benediktsson (B),
Valdimar Indriðason (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Árni Johnsen (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Björn Dagbjartsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.

Salome Þorkelsdóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Haraldur Ólafsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Árni Johnsen (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

9. Allsherjarnefnd.

Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Haraldur Ólafsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Stefán Benediktsson (B),
Valdimar Indriðason (A),
Helgi Seljan (B).

Neðri deild, 2. fundur.

Fimmtudaginn 11. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Friðrik Sophusson (A),
Svavar Gestsson (B),
Páll Pétursson (A),
Þorsteinn Pálsson (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Halldór Blöndal (A),
Guðmundur Einarsson (B).

2. Samgöngunefnd.

Friðjón Þórðarson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Karvel Pálmason (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Pálmi Jónsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Halldór Blöndal (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Friðrik Sophusson (A),

Garðar Sigurðsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Halldór Blöndal (A),
Guðmundur Einarsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Stefán Guðmundsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Friðrik Sophusson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Birgir Ísleifur Gunnarsson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Gunnar G. Schram (A),
Páll Pétursson (A).

6. Félagsmálanefnd.

Friðrik Sophusson (A),
Guðmundur J. Guðmundsson (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Halldór Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Stefán Guðmundsson (A).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Pétur Sigurðsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Friðrik Sophusson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.

Halldór Blöndal (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Birgir Ísleifur Gunnarsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Kristín S. Kvaran (B).

9. Allsherjarnefnd.

Pálmi Jónsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Guðmundur Einarsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Stefán Guðmundsson (A).

Sameinað þing, 3. fundur.

Fimmtudaginn 11. okt., að loknum deildafundum.

Skýrsla ríkisstjórnarinnar um kjaradeilurnar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ríkisstj. þótti rétt að gera Alþingi þegar í upphafi grein fyrir þeirri kjaradeilu sem nú setur mjög svip sinn á íslenskt þjóðlíf og það er einlæg von mín að umræða um hana geti orðið málefnaleg og verði til þess að lægja þær öldur sem nú eru fremur en að ýfa. Ég hefði gjarnan kosið að hægt hefði verið að útvarpa umræðunni, eins og reyndar allir þingflokkar óskuðu eftir, en því miður er það ekki fært. Ég hefði talið gott í þessu fjölmiðlaleysi að þjóðin hefði tækifæri til að heyra þann málflutning sem hér verður.

Mér þykir rétt að byrja á því að gera lauslega grein fyrir þeim samningum sem gerðir voru 29. febr. s. l. Þá voru undirritaðir heildarsamningar þar sem gert var ráð fyrir 5% launahækkun við undirskrift, síðan 2% 1. júní, 3% 1. sept. og 3% 1. jan. 1985. Einnig var gert ráð fyrir því að 10% hækkun yrði á lágmarkstekjutryggingu og svo jafnframt starfsaldurshækkanir eins og þá var um samið.

Kjararannsóknarnefnd mat þessa samninga og komst að þeirri niðurstöðu að í þeim fælist hækkun verkafólk við undirskrift samnings sem næmi 8%, fyrir aðra meðlimi Alþýðusambands Íslands 5.5% og fyrir meðlimi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 5.3%.

Til viðbótar þessum samningum ákvað ríkisstj. að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins að verja hátt í 350 millj. kr. til félags- og skattamála. Því fé var varið á grundvelli ítarlegrar athugunar sem gerð var af Kjararannsóknarnefnd fyrir tilstuðlan ríkisstj. Ég hygg að svo ítarleg athugun á láglaunahópum hafi ekki áður verið gerð. Þetta fjárframlag fór fyrst og fremst til einstæðra foreldra, ellilífeyrisþega og öryrkja. Komið hefur fram mat forustumanna Alþýðusambands Íslands á þessum félagslegu umbótum þar sem talið er að hér sé um að ræða allt að 30% hækkun fyrir einstaka hópa í þessum flokki.

Almennt mun hafa verið um það samkomulag við gerð þessara kjarasamninga að kaupmáttur kauptaxta í lok ársins 1983, þ. e. á síðasta ársfjórðungi, væri lagður til grundvallar. Í þessum kjarasamningum var jafnframt gert ráð fyrir því að þeir væru uppsegjanlegir annaðhvort fyrir 1. sept. í ár eða fyrir 1. jan. n. k. Sá grundvöllur sem ég nefndi, þ. e. kaupmáttur kauptaxta síðasta ársfjórðungs 1983, kemur m. a. fram í fréttabréfi Alþýðusambands Íslands, 3. tölubl. 1984.

Þjóðhagsstofnun hefur metið breytingar á kaupmætti kauptaxta á árinu 1984 og kemst að þeirri niðurstöðu miðað við 100 á fjórða ársfjórðungi 1983 að ársmeðaltal kaupmáttar kauptaxta meðlima í Alþýðusambandi Íslands árið 1984 hefði orðið 99% kaupmáttar kauptaxta í lok ársins 1983 ef samningarnir hefðu gilt út árið og hjá meðlimum í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja 97.6%. Samtals hefði kaupmáttur orðið 98.5% af kaupmætti kauptaxta á síðasta ársfjórðungi 1983. Í þessum tölum er þó ekki tekið tillit til þeirra félagslegu umbóta sem ég nefndi áðan. Séu þær metnar með telur Þjóðhagsstofnun að meðalkaupmáttur kauptaxta á þessu ári hefði orðið 99.7% kaupmáttar kauptaxta í lok ársins 1983 eða m. ö. o. að hann hafði aðeins skerst um 0.3%.

Engu að síður var samningum sagt upp fyrir 1. sept. eins og heimilt var. Við uppsögnina kemur fram — m. a. í fréttabréfi ASÍ, 11. tölubl. 1984 — mat á kaupmætti kauptaxta sem er mjög líkt mati Þjóðhagsstofnunar. Þar spáir hagdeild ASÍ að kaupmáttur kauptaxta meðlima ASÍ hefði orðið að ársmeðaltali

99.2% kaupmáttar kauptaxta á síðasta ársfjórðungi 1983, en eins og ég las áðan telur Þjóðhagsstofnun að þessi kaupmáttur hefði orðið 99%. Það munar sem sagt litlu sem engu.

Einnig kemur fram að hagdeild ASÍ metur ekki með þær félagslegu umbætur sem ákveðnar voru í sambandi við kjarasamningana í febrúar. Því er borið við að hækkanir hafi orðið töluvert miklar á ýmsum nauðsynjum og því étið upp þær félagslegu umbætur. Rétt er það að verðhækkanir hafa orðið meiri, t. d. á landbúnaðarafurðum, en á ýmsum öðrum vörum vegna þess að flutt var fé frá niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum yfir í félagslegar umbætur og þær hækkanir hlutu því að verða nokkru meiri en almennt varð.

Það er hins vegar athyglisvert í þessu sambandi að skv. upplýsingum, sem fengist hafa frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, hefur verið minna um umsóknir um aðstoð til þeirrar stofnunar en áður var. Það gefur eindregið til kynna, sem betur fer, að þessar félagslegu umbætur hafi orðið þeim að liði sem þær voru ætlaðar.

Kröfur sem settar voru fram eru hins vegar mjög breytilegar. Í þessu sama fréttabréfi ASÍ kemur fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Í dag er ljóst að til þess að ná þeim kaupmætti á árinu, sem stefnt var að með samningum á s. l. vetri, þarf kauphækkun 1. sept. n. k. að vera um 7%."

Kröfur ýmissa annarra stéttarfélaga hafa hins vegar verið af allt annarri stærðargráðu. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja krefst 30% kauphækkunar 1. sept. og 5% 1. jan. Félag bókagerðarmanna er með svipaða kröfu. Verkamannasamband Íslands krefst þess að lægstu launin hækki í 14 þúsund, en krefst jafnframt víðtækrar flokkatilfærslu sem erfitt er að meta, en er tvímælalaust langtum meiri í kauphækkun talið að meðaltali en þau 7% sem nefnd eru í fréttabréfi ASÍ.

Forsendurnar fyrir uppsögnunum koma þannig ekki glöggt fram, en ég fæ því miður ekki dregið aðra ályktun af því sem ég hef sagt um ýmsar kröfur en að almennt séð sé horfið frá því, sem lagt var til grundvallar við gerð kjarasamninga í febrúar, að viðhalda kaupmætti síðasta ársfjórðungs 1983.

Þegar meta á möguleika til þess að verða við þessum kröfum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þróun efnahagsmála. Ég veit að ég þarf ekki að brýna það fyrir hv. þm. að þessir hlutir verða að haldast í hendur. Við höfum allt of slæma reynslu af kauphækkunum á síðasta áratug sem fóru langt fram úr því sem efnahagslífið gat borið og leiddu til þeirrar verðbólgu sem við vorum síðan mörg ár að súpa seyðið af. Ég veit að hv. þm. er að sjálfsögðu ljóst að kauphækkanir einar sér verða ekki til þeirrar framleiðsluaukningar í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er til þess að kaupmáttarstig megi haldast, til þess að kauphækkanir verði til þess að auka kaupmáttinn eins og að er stefnt að sjálfsögðu hverju sinni.

Markmið þau sem ríkisstjórnin setti sér fyrir 1984 hafa í flestum tilfellum staðist. Að mati Þjóðhagsstofnunar er nú verðbólga á grundvelli þriggja mánaða framfærsluvísitölu 13%, en á þriggja mánaða grundvelli byggingarvísitölu 10% og svo virðist sem verðbólga muni fara lækkandi það sem eftir er af þessu ári. Sömuleiðis hafa gengisforsendur, sem lagðar voru til grundvallar, staðist. Gengi hefur verið breytt um nálægt því 5% eins og sagði í efnahagsstefnu ríkisstj. fyrir árið 1984. Eina frávikið frá þessu er leiðrétting á þeirri vog sem gengi íslenskrar krónu byggist á. Sú leiðrétting var óhjákvæmileg vegna þess að vægi gjaldmiðla í þeirri vog hafði breyst mjög mikið á undanförnum mánuðum. Veruleg breyting hefur orðið í innflutningi og útflutningi og til þess varð að sjálfsögðu að taka tillit við ákvörðun á gengisvog.

Erlendar skuldir þjóðarinnar eru nálægt því sem þær voru. Þær voru um s. l. áramót rúmlega 60%. Að mati Seðlabankans eru þær nú 61%. Ég viðurkenni að mjög æskilegt hefði verið að geta dregið úr þessum erlendu skuldum og tvímælalaust er það eitt mesta viðfangsefni okkar Íslendinga að draga á næstu árum úr erlendum skuldum þjóðarinnar. Ríkisstj. taldi það hins vegar ekki fært á yfirstandandi ári, m. a. vegna ótta um atvinnuöryggi sem er fyrsta markmið eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., enda hefur atvinna verið næg. Ekki hafa komið fram þeir spádómar sem heyrðust tíðum fyrir og um áramótin, að atvinnuleysi yrði mikið í kjölfar efnahagsráðstafana ríkisstj. Atvinna hefur verið næg þegar á heildina er litið. Henni hefur að vísu verið nokkuð misskipt og það harma ég. Þensla og eftirspurn eftir atvinnu hér á höfuðborgarsvæðinu hefur verið of mikil og hefur m. a. átt nokkurn þátt í því að eitt markmiðið hefur ekki gengið upp, markmið um viðskiptahalla.

Gert var ráð fyrir því að viðskiptahalli á árinu yrði um 2—3% en hann verður að öllum líkindum um 4—5%. Þann þátt í okkar efnahagslífi verður að taka fastari tökum á næstunni. Staða ríkissjóðs mun verða stórum betri en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga og endurskoðun þeirra á s. l. vetri. Að vísu mun hann ekki verða alveg rekstrarhallalaus en það mun þó nálgast.

Staða atvinnuveganna hefur verið mjög breytileg. Staða iðnaðar hefur verið allgóð eins og fram kemur í *þeirra eigin mati. Staða þjónustugreinanna er góð.* Staða verslunar er sömuleiðis góð og stafar það ekki síst af því að veltan í þjóðfélaginu hefur verið töluvert meiri en gert var ráð fyrir.

Staða landbúnaðar hefur verið erfið sökum mikillar skuldasöfnunar á fyrri árum. En árferði hefur verið gott fyrir landbúnaðinn og er það von manna að staða hans lagist nokkuð. Í landbúnaði er nú unnið að einhverjum þeim víðtækustu breytingum sem ráðist hefur verið í um langt skeið. Gert er ráð fyrir því að ár frá ári dragi á næstu þremur til fimm árum úr þörf fyrir útflutningsbætur en í staðinn verði staðið að uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra í sveitum. Ég geri mér fastlega vonir um að þær framkvæmdir og þau frv., sem nauðsynleg eru í þessu sambandi, verði lögð fyrir þingið von bráðar.

Það sem veldur mestum áhyggjum og vitanlega gerir allt okkar svigrúm mjög lítið í þessari stöðu er fyrst og fremst staða sjávarútvegsins. Aflabrögð hafa að vísu verið svipuð og gert var ráð fyrir. Hins vegar hafa markaðsmál sjávarútvegsins verið stórum erfiðari en menn leyfðu sér að vona í upphafi ársins. Markaður fyrir skreið í Nígeríu hefur ekki opnast og þrátt fyrir samninga sem búið er að gera höfum við því miður enga vissu fyrir því að hann opnist á næstunni. Nokkur verðlækkun hefur orðið á saltfiski og veruleg verðlækkun á afurðum eins og mjöli og lýsi, einhver sú mesta sem við Íslendingar höfum kynnst. Þó hefur það líklega

valdið einna mestum erfiðleikum að sölutregða hefur orðið á Bandaríkjamarkaði og reyndar lækkun á sumum afurðum sjávarútvegsins eins og t. d. á blokk og u. þ. b. 40% lækkun á ufsaflökum. Þetta er mikið áhyggjuefni og efni til mikillar umræðu hér á landi og hér á hinu háa Alþingi. Við Íslendingar eigum í vaxandi mæli í samkeppni við niðurgreiddar sjávarafurðir frá okkar mestu keppinautum eins og Kanadamönnum og Norðmönnum. Virðist ekkert lát vera á þeirri samkeppni. Það boðar því miður ekki gott fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Ákvarðanir þarf um hvernig því verður mætt.

Þegar allt þetta er tekið til athugunar telur Þjóðhagsstofnun þó að þjóðarframleiðsla dragist ekki eins mikið saman og óttast var í upphafi ársins. Hún telur að samdráttur þjóðarframleiðslu verði um 1% á árinu 1984. Þessu veldur m. a. að framkvæmdir hafa verið miklar, eins og ég rakti áðan, m. a. vegna þess að menn hafa viljað tryggja fulla atvinnu. Í þeirri þjóðhagsáætlun, sem lögð verður fyrir Alþingi strax eftir helgina, koma fram langtum ítarlegri upplýsingar um allt þetta og einnig um horfur 1985 og því stikla ég á stóru.

Á árinu 1985 er ekki talið að viðskiptakjör muni batna að nokkru ráði. Það er vissulega ekki góð spá þegar tekið er tillit til þess að alþjóðlegar stofnanir á þessu sviði, eins og t. d. Efnahags- og framfarastofnunin í París, spá því almennt að 3% hækkun verði á vöruverði í sínum meðlimaríkjum. En svo virðist sem þessar spár gildi ekki um sjávarafurðir. A. m. k. er því ekki spáð að verðhækkun verði á sjávarafurðum, t. d. á Bandaríkjamarkaði.

Talið er að staða atvinnuveganna verði nokkuð svipuð og hún er nú. Að vísu er þess vænst að einhver hækkun geti orðið á lýsi og mjöli, fyrst og fremst í ljósi þess að það hefur aldrei lengi verið eins lágt og það er nú. Að vísu er mikil uppskera í heiminum á soyabaunum sem við er keppt og vel kann að vera að lengra sé í slíka verðhækkun en menn leyfa sér að vona. Ljós punktur í þessu á næsta ári er að mjög mikilvægir samningar hafa nú náðst við Sovétríkin um sölu á saltsíld og öðrum fiski. Um aukið magn er að ræða, að vísu verðlækkun í dollurum eins og komið hefur fram í fréttum, en miðað við sterka stöðu dollarans tel ég þetta stórum betri samninga en við gátum í raun og veru gert okkur vonir um. Sala á saltsíld til annarra landa virðist hins vegar vera töluverðum erfiðleikum háð vegna mikilla veiða nágranna okkar í Norðursjó og við Noregsstrendur.

Að öllu þessu athuguðu og sömuleiðis þegar metnar eru framkvæmdir í orkumálum og á fleiri sviðum telur Þjóðhagsstofnun þó að við séum komnir niður í botn í þeirri lægð sem við höfum verið í undanfarin þrjú ár og von sé á bata á næsta ári. Sá bati er metinn á forsendum þjóðarframleiðslu upp að 1%. Það er ekki mikið, það er satt að segja mjög lítill vöxtur þjóðarframleiðslu þegar skoðaður er vöxtur þjóðarframleiðslu í okkar nágrannalöndum og er vitanlega mikið áhyggjuefni þegar til lengri tíma er litið.

Miðað við þessar horfur hefur ríkisstj. og stjórnarflokkarnir sett sér markmið á næsta ári og leiðir að þeim markmiðum. Ríkisstj. telur mjög nauðsynlegt að hjöðnun verðbólgu haldi áfram. Að vísu getum við unað því að hjöðnun verði að sjálfsögðu ekki eins ör og hún hefur verið á undanförnum mánuðum. Það væri ekki heldur eðlilegt. Menn þurfa að gæta þess í því sambandi hvert atvinnuöryggi verður o. s. frv. Ríkisstj. hefur því sett sér það markmið að verðbólga í lok ársins 1985 verði komin í eða niður fyrir 10%.

Ríkisstj. telur einnig að sporna verði gegn því með öllum ráðum að erlendar skuldir aukist og hefur sett sér sem markmið í því sambandi að erlendar skuldir í lok ársins 1985 fari ekki yfir 61%, þ. e. verði á svipuðu róli og þær hafa verið nú.

Ríkisstj. telur ákaflega mikilvægt að þegar á næsta ári verði skapað svigrúm til nýsköpunar í atvinnulífinu. Reyndar tel ég að þegar til lengri tíma er litið sé þetta eitthvert það mikilvægasta markmið sem við þurfum að setja okkur. Enginn vafi er á því að renna verður fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf, ekki vegna þess að sjávarútvegurinn muni ekki áfram verða mikilvægastur íslensku efnahagslífi og þaðan sé ekki að vænta töluverðs hagvaxtar þegar aflabrögð og markaðir batna sem þeir hljóta að gera. Hins vegar verða menn að gæta þess að það verður ekki ausið upp úr sjónum eins og gert hefur verið á undanförnum árum og ekki þess að vænta að minnsta kosti að vöxtur afla verði eins og verið hefur á undanförnum árum. Því er ákaflega nauðsynlegt að nýjar greinar fái skotið rótum í íslensku efnahagslífi og til þess verður að skapa svigrúm. Ríkisstj. hefur því ákveðið að erlend lántaka á næsta ári verði 7200 millj. kr. og mun leggja það fyrir Alþingi. Af því renna 4500 millj. til afborgana af eldri lánum. Þá eru aðeins 2700 millj. til ráðstöfunar fyrir atvinnuvegina fyrir þá nýsköpun í atvinnulífinu sem ég nefndi. Það er nokkru lægri tala en til ráðstöfunar var fyrir atvinnuvegina á þessu ári.

Til þess að ná þessum markmiðum hefur ríkisstj. ákveðið að fylgja áfram gengisstefnunni sem svo hefur verið nefnd og gerir ráð fyrir því að hámarksbreyting á gengi á næsta ári verði 5% eins og verið hefur á þessu ári. Þessu fylgir að sjálfsögðu að efnahagslífinu er settur mjög þröngur rammi. Út frá þessum forsendum má reikna með að beinar launahækkanir gætu á næsta ári orðið að meðaltali 5% eða á milli áranna 1984 og 1985 10%.

Ég mun nú koma að því hvaða leiðir eru til kjarabóta ef höfð er í huga sú mynd sem ég hef dregið upp af íslensku efnahagslífi. Að sjálfsögðu má reikna á ýmsa vegu. M. a. má leggja til grundvallar þá sáttatillögu sem sáttasemjari gerði í deilu ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hins vegar er ljóst að sú tillaga gerði aðeins ráð fyrir því að samningar giltu til 15. apríl og er óljóst hvað þá tæki við. Ef við gæfum okkur að engin launahækkun yrði eftir 15. apríl, sem ég tek fram að er vafalaust óraunhæft, er ljóst að verðbólga mundi hjaðna ekki minna en skv. þeim forsendum sem ríkisstj. hefur gefið sér. Að vísu mundi árshraði framfærsluvísitölu fara upp nú í lok ársins, líklega upp í 16—17% að mati Þjóðhagsstofnunar, en hins vegar falla ört miðað við engar launahækkanir eftir 15. apríl á næsta ári og vera kominn niður í 4.5 í lok ársins 1985. Þá er einnig ljóst að kaupmáttur kauptaxta mundi skerðast á árinu 1985 og telur Þjóðhagsstofnun að ársmeðaltal þá yrði 97.2 miðað við 100 á síðasta ársfjórðungi 1983. Þjóðhagsstofnun telur hins vegar að jafnvel miðað við þetta mundi kaupmáttur ráðstöfunartekna heldur aukast og kemur þar fram launaskrið.

Ég sagði áðan að þetta væri eflaust óraunhæft dæmi

ef menn eru að tala um samninga út 1985. Ég hef því einnig látið skoða önnur dæmi, t. d. lagt sáttatillöguna til grundvallar og 2% hækkun 1. apríl og 2% 1. sept. 1985. Þá kemur í ljós að mati Þjóðhagsstofnunar að verðbólga í lok ársins 1985 yrði um 7.5 sem er ekki langt frá því sem forsendur ríkisstj. gefa. Þá yrði kaupmáttur kauptaxta um 98.7 að meðaltali á árinu 1985 en kaupmáttur ráðstöfunartekna ykist um 2%. En þegar meta á enn meiri peningalaunahækkanir vaknar að sjálfsögðu spurning um það hvað gengið þoli. Þegar peningalaunahækkanir verða meiri en atvinnuvegirnir geta borið er raunar ekki nema um tvennt að ræða. Annaðhvort stöðvast þessir sömu atvinnuvegir með þeim afleiðingum að atvinnuleysi verður á viðkomandi stöðum eða þá að gengið lætur undan, hvort sem það verður með gengisfellingu eða einhverjum öðrum ráðum. Og ef gengið lætur undan hygg ég að menn hafi þá óyggjandi reynslu að það leiði til nýrrar verðbólguöldu. Allt mat á meiri hreinum peningalaunahækkunum hlýtur þá að byggjast á mati á því hvort gengið mundi láta undan.

Vissulega hafa slíkar talnaraðir verið metnar, t. d. talnaröð sem er nálægt þeim kröfum sem hafa verið settar fram og hljóðar svo: 6% nú, 8% 1. jan., 8% 1. apríl, 7% 1. júlí, 9% 1. okt. Við getum sagt að þetta séu öfgarnar á hinn veginn ef menn vilja kalla það svo.

Þá er talið að ef menn vildu halda atvinnuvegunum gangandi hlyti gengi að láta undan og þá væri verðbólga eða framfærsluvísitala á árinu 1985 yfir 30%, líklega 33—34%. Þetta veit ég að mönnum hér er öllum ljóst.

Mönnum er að sjálfsögðu ljóst, eins og ég sagði áðan, að peningalaunahækkanir einar út af fyrir sig skapa ekki þau verðmæti sem geta staðið undir þessum sömu hækkunum, þau þurfa að koma annars staðar frá. Þess vegna hafa stjórnarflokkarnir og ríkisstj. talið rétt að skoða hvort mæta megi þessum kröfum stéttarfélaganna að einhverju leyti með skattalækkunum. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að skattalækkanir, t. d. að sömu krónutölu fyrir þjóðarheildina, gefa miklu meiri kjarabót en peningalaunahækkanir að þessari sömu krónutölu. Í fyrsta lagi eru skattalækkanirnar ekki skattlagðar, ef ég má orða það svo, en peningalaunahækkanirnar að sjálfsögðu skattlagðar. Þetta er öllum vitanlega ljóst. Sömuleiðis fara peningalaunahækkanir miklu fremur út í verðlagið en skattalækkanir sem koma þess vegna ekki eins í bakið á mönnum.

Þjóðhagsstofnun hefur gefið mér lauslegt mat á slíkri leið og telur að 500 millj. kr. skattalækkun mundi samsvara svona allt að 2.5% í launahækkun. En yfir þjóðfélagið í heild er þó 2% í launahækkun í kringum milljarður, þ. e. tvöfalt meiri en skattalækkunin. Það skal tekið fram að þetta eru aðeins samanburðartölur en ekki nákvæmur útreikningur, enda er slíkt ákaflega erfitt án þess að meta alla aðra þætti þessara mála.

Í fjárlagafrv., eins og það hefur verið sýnt, er gert ráð fyrir 600 millj. kr. tekjuskattslækkun. Er það í samræmi við ákvörðun Alþingis frá s. l. vori um að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Ríkisstj. hafði þegar samþykkt að gera það í þremur áföngum. Í fjárlagafrv. er hins vegar gert ráð fyrir því að ríkissjóði verði aflað tekna með óbeinum sköttum. Kemur það fram m. a. í grg. með fjárlagafrv. Ef aftur á móti þessi skattalækkun er framkvæmd, ég nefni það aðeins sem dæmi, án þess að tekna væri aflað þannig að auki framfærslukostn.ð fjölskyldunnar, þá breytist dæmið að sjálfsögðu verulega. Ef gert er ráð fyrir 6% peningalaunahækkun 1. sept. og 4% 1. jan. og 600 millj. kr. skattalækkun yrði breyting kaupmáttar ráðstöfunartekna 1984—1985 + 1.5 og kaupmáttur kauptaxta yrði einhvers staðar á milli 98 og 99% af kaupmætti kauptaxta í lok ársins 1983. Ég held hins vegar að skynsamlegt sé að leita leiða til þess að peningalaunahækkanir geti orðið enn minni. Þá er jafnframt von til þess að gengisbreyting á árinu 1985 gæti orðið eitthvað minni en sett hefur verið sem hámark og þá er vissa fyrir því að verðbólgan mundi hjaðna enn örar. Hins vegar er alveg ljóst, og ekki síst öllum ljóst sem hér eru inni, að með mjög víðtækum skattalækkunum er að sjálfsögðu vandanum velt yfir á ríkissjóð. Í raun og veru má orða þetta svo í örfáum orðum. Spurningin er sú: Hvar á að mæta þessum vanda? Á að mæta þeim vanda sem skapast með peningalaunahækkunum í atvinnulífinu, með aðgerðum í gengi og þess háttar? Á að mæta honum þar eða á að færa þennan vanda inn í ríkissjóð og mæta vandanum í ríkissjóðsdæminu?

Ég tel fyrir mitt leyti síðari kostinn betri. Það er orðinn mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi af ástæðum sem allir þekkja. Við þær aðstæður kemur að mínu mati mjög til greina að færa eitthvað frá samneyslunni tímabundið yfir til einkaneyslunnar til að halda uppi kaupmætti einstaklinga, t. d. að hann yrði svipaður og á síðasta ársfjórðungi 1983. Þannig má að sjálfsögðu reikna fjölmörg dæmi og ég skal ekki halda því lengi áfram.

Ég hef einnig látið setja upp dæmi um meiri skattalækkanir, t. d. 1100 millj. skattalækkun og 300 millj. í útsvarslækkun. Er þá gert ráð fyrir að launahækkun verði eingöngu 6% 1. sept. en engar 1. jan. Þessar tölur eru valdar þannig að þessar skattalækkanir eru í krónutölu nokkurn veginn þær sömu sem útgjöld þjóðarbúsins yrðu af 4% launahækkun 1. jan. Það eru u. þ. b. 1500—1600 millj. kr. Þegar þetta er borið saman kemur að sjálfsögðu strax í ljós þetta sem ég hef áður sagt, að skattalækkunin gefur miklu meiri kaupmáttaraukningu. Með slíkri skattalækkun og jafnvel með 5% gengissigi á næsta ári tækist að mati Þjóðhagsstofnunar að halda að fullu kaupmætti kauptaxta fjórða ársfjórðungs 1983 og veruleg aukning yrði eða um 1.5% á kaupmætti ráðstöfunartekna. Með þessu móti telur Þjóðhagsstofnun að verðbólga í árslok 1985 á þriggja mánaða grundvelli yrði 4.5 og frá upphafi til loka ársins 5.5. Þetta er að mörgu leyti glæst mynd, held ég að við getum sagt, en öllum má vera augljóst að sjálfsögðu að þetta skapar gífurlegan vanda fyrir ríkissjóð. Ég vil ekki fullyrða að sá vandi verði leystur svo að viðunandi sé. Ég tek það skýrt fram að ég tel að sveitarfélögin eigi að taka þátt í þessari lausn. Gæti það komið til viðbótar t. d. 600 millj. kr. skattalækkun ríkissjóðs.

Ég skal ekki lengja umr. með því að ræða þetta lengur, en legg á það áherslu að það er ekki launþegum til bóta að fara með peningalaunahækkanir út yfir þau mörk sem tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Það held ég að öllum launþegum muni vera ljóst. Ný verðbólguskriða er hvorki þeim né þjóðfélaginu til hagsbóta og ég held reyndar að ég verði að taka miklu dýpra í árinni. Ný verðbólguholskefla er þjóðfélaginu mjög hættuleg. Ég held að fullyrða megi að tekist hafi á þessu ári að tryggja t. d. löng erlend lán með viðunandi

kjörum og lagfæra þannig greiðslustöðu okkar gagnvart útlöndum fyrst og fremst vegna þess að sá árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum, þ. e. hjöðnun verðbólgu eins og hún hefur verið, hefur skapað traust hjá lánveitendum erlendis.

Ég leyfi mér að fullyrða að ef þetta snýst við og verðbólga fer vaxandi á ný muni þetta traust ekki vera fyrir hendi. Þjóð, sem skuldar erlendis um 60% af sinni þjóðarframleiðslu, hefur ekki efni á því að glata því trausti sem nauðsynlegt er hjá lánveitendum.

Í þeirri umr. sem fer fram um kjarasamninga kemur ýmislegt fleira til greina, t. d. verðtrygging á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa reyndar þegar sagt að þeir telji að afnema eigi verðtryggingu á skemmri fjárskuldbindingum og á þeim öðrum sviðum þar sem það er unnt. Þetta má gera sem fyrst.

Ég get einnig tekið undir ýmislegt sem fram hefur komið. T. d. er sjálfsagt að framkvæma einhvers konar samanburð á því hvernig laun eru í þjóðfélaginu. Á það hefur BSRB lagt höfuðáherslu. Ég vek athygli á því að fyrir fimm árum sögðu verslunarmenn upp samningum á þeirri forsendu að þeir hefðu dregist aftur úr opinberum starfsmönnum í launum. Þá var málið leyst með samkomulagi um gerðardóm sem mat þetta. Mér sýnist eðlilegt að reyna svipaða leið nú.

Ég vil því að lokum fara nokkrum orðum um þá lausn sem mér sýnist helst líkleg á þessari deilu. Í fyrsta lagi legg ég á það mikla áherslu að sú heildarlausn verði fundin sem nær út árið 1985. Okkur veitir ekkert af vinnufriði til þeirra stóru hluta sem þarf að framkvæma á næsta ári, m. a. til þeirrar nýsköpunar í atvinnulífi sem ég hef þegar nefnt.

Ég vil einnig leggja áherslu á það að peningalaunahækkanir verði sem minnstar. Ég tel að peningalaunahækkanir að meðaltali samtals á samningstímabilinu á bilinu 6—10% séu nálægt því hámarki sem atvinnuvegirnir og gengisstefnan þolir. Ég vil lýsa þeirri persónulegu skoðun minni að í þessum peningalaunahækkunum ætti tvímælalaust að vera meiri hækkun fyrir þá sem lægstu launin hafa. Þetta var gert við síðustu samninga. Satt að segja hafa kröfur um það ekki verið mjög háværar í þeim viðræðum sem nú eru í gangi. En ég tel að tvímælalaust ætti að athuga slíkt.

Mér sýnist jafnframt að í þessu sambandi og í tengslum við heildarsamning beri að skoða skattalækkun sem tryggi óbreyttan kaupmátt frá síðasta ársfjórðungi 1983. Það er nokkru meira en ríkisstj. hefur talið æskilegt í þeirri stöðu sem nú er. Ég tel þó að þetta langt megi teygja sig. Sumir kunna að segja hér: Þetta er ekki nálægt því nógu langt. En ég vek þá athygli á því sem ég hef áður sagt um það svigrúm sem er í þjóðarbúinu.

Mér finnst einnig sjálfsagt að aðilar hafi með sér samráð um að meta hvernig kaupmáttur þróast á þessu tímabili og að menn ræði þá um leiðir til að halda þessum kaupmætti á samningstímabilinu öllu. Mér finnst sjálfsagt að afnema verðtryggingar á sem flestum sviðum. Ég held að menn eigi ekki að gera það á lengri lánum, t. d. væri það líklega nokkuð varasamt á húsnæðislánum til 25 ára, en á skemmri lánum og ýmsum öðrum skuldbindingum í þjóðfélaginu tel ég rétt að afnema verðtrygginguna.

Vextir hafa komið mikið til umr. í þjóðfélaginu upp á síðkastið og nokkuð skiptar skoðanir hafa verið um þá vaxtahækkun sem nýlega varð. Við erum þar í nokkrum erfiðleikum Íslendingar. Á því er ekki nokkur vafi. Sparnaður hefur ekki aukist eins og þyrfti að vera og e. t. v. er það eitt okkar versta mein. Sú vaxtahækkun sem hefur orðið er að sjálfsögðu gerð til að reyna að auka sparnað, draga úr útlánum og þannig draga úr þeirri þenslu sem orðið hefur á peningamarkaðinum. Hitt má vera ljóst að svo háir raunvextir sem nú eru fá aldrei staðist til lengdar. Þeir munu draga úr fjárfestingu í þjóðfélaginu sem er ákaflega nauðsynleg ef hagvöxtur á að hefjast. Ég lýsi því þeirri skoðun minni að vextir hljóti að fara lækkandi, bæði eftir því sem verðbólga lækkar og ekki síður eftir því sem við náum betri tökum á okkar efnahagsmálum, meiri staðfesta verður í okkar efnahagsmálum og við komumst lengra frá áhrifum af þeirri miklu verðbólgu sem við Íslendingar höfum búið við á undanförnum árum og frá þeim hugsunarhætti sem áreiðanlega á stóran hlut í of lítilli sparifjáröflun. Til þessa hefur verðbólguhugsunarhátturinn verið ríkjandi og menn eytt frekar en að spara. Að mínu mati hljóta vextir að lækka ef samstaða næst um hjöðnun verðbólgu og að festa betur þann mikla árangur sem náðst hefur.

Ég leyfi mér að vona að ef samstaða næst milli ríkisvaldsins og BSRB um þennan ramma sem ég hef nú lýst þá fallist BSRB á að aflýsa verkfallinu alveg eða fresta því einhvern tíma og yrðu þá laun að sjálfsögðu greidd út að fullu. Ég tel sjálfsagt að orðið verði við þeim kröfum BSRB að gera samanburð, eins og ég sagði áðan, á launum í þjóðfélaginu í heild sinni.

Ég skal svo að lokum hafa nokkur orð um framkvæmd deilunnar við BSRB. Í hana hefur færst töluverð harka sem því miður spillir því að viðræður séu eins og þær þyrftu að verða. Í því sambandi vil ég leggja á það áherslu að það ber að fara að lögum, fyrst og fremst að lögum. Af því að ég heyrði að menn voru hér áðan að gefa frá sér hljóð á pöllum út af útborgun launa er rétt að upplýsa það að um það eru mjög skiptar skoðanir á milli lögfræðinga hvort greiða eigi út eða ekki. Álitsgerð fékkst frá þremur lögfræðingum. Frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni sem kemst að þeirri niðurstöðu, svo að ég lesi ekki alla þessa grg. því að hún er nokkuð löng, að óskylt sé að greiða starfsmönnum ríkisins 1. okt. laun nema fyrir þrjá fyrstu daga mánaðarins. Reyndar kemst lögmaðurinn að enn þá harðari niðurstöðu þar sem hann segir:

„Að fenginni þessari niðurstöðu má miklu frekar velta fyrir sér hvort fjmrh. sé heimilt að greiða úr ríkissjóði 1. okt. starfsmönnum ríkisins laun fyrir allan októbermánuð.“

Rökstuðningur lögmannsins, sem allir alþm. geta að sjálfsögðu fengið aðgang að, er sá að búið er að boða verkfall og allar líkur benda til þess að vinna verði ekki innt af hendi fyrir það framlag sem í launanum felst. Að sömu niðurstöðu kemst ríkislögmaður. Þar segir með leyfi forseta:

„Staða mála er sú að BSRB lýsti yfir verkfalli frá og með 4. okt. n. k. Við þessar aðstæður verður að telja vafalaust að vinnuveitanda sé óskylt að greiða starfsmanni laun nema fyrir þá daga sem hann hefur lýst yfir að hann muni vinna. Vinnuveitandinn, ríkið, mun fyrirsjáanlega ekki fá gagngjaldið, þ. e. vinnuframlagið, og því grundvöllur brostinn fyrir skyldu hans til

greiðslu launa af sinni hálfu. Það er ótækt með öllu að laun séu greidd í verkfalli. Samningur eða lög um fyrirframgreiðslur launa breytir engu um þennan kjarna málsins."

Ég fékk jafnframt greinargerð frá Benedikt Sigurjónssyni lögfræðingi og fyrrv. hæstaréttardómara. Hann kemst að annarri niðurstöðu og vísar eins og fyrri lögmenn til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, 20. gr. Þar segir:

„Föst laun greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf þótt starfsmaður andist eða verði leystur frá starfa áður en mánuður er liðinn."

Hann skiptir síðan í þessari greinargerð ríkisstarfsmönnum í þrjá hópa. Hann segir í niðurstöðu: „Enginn vafi er á því að skylt er að greiða þeim starfsmönnum laun sem ekki fara í verkfall. Deila má um hina flokkana, þ. e. þá sem eru skyldaðir til vinnu og þá sem ekki vinna. Þegar hins vegar er litið til hinna ákveðnu reglna í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1954 og virtar verkfallsreglur laga nr. 29/1976 og þess gætt að hinn 1. okt. er alls ekki víst að til verkfalls komi, þar sem samkomulag gæti náðst innan þess tíma, tel ég eðlilegt að líta svo á að greiða beri októberlaunin. Mér finnst að það megi jafna þessu til þess að maður sé rekinn eftir þrjá daga. Það er ljóst að 20. gr. laga nr. 38/1954 leggur á ríkissjóð áhættuna af því að vinnusambandið haldist út mánuðinn."

Þetta mál var að sjálfsögðu ítarlega rætt í ríkisstj. og þar komu fram skiptar skoðanir eins og koma fram í álitum lögfræðinganna. Í fundargerð ríkisstj. er bókað að fjmrh. ákveður þessa framkvæmd eftir að hafa heyrt afstöðu ráðh. í ríkisstj. Menn verða að gæta þess að íslensk ríkisstj. er ekki, eins og lögfróðir menn hafa hvað eftir annað sagt, fjölskipað stjórnvald. Skv. stjórnarskránni er lokaákvörðunin í svona máli tvímælalaust hjá fjmrh. Ef deilt er um slíka lagaframkvæmd á tvímælalaust að vísa henni til dómstóla til að fá úr skorið og reyna að hraða þeirri meðferð.

En það er fleira í þessari deilu sem orkar svo sannarlega tvímælis. Í lögum um verkfallsrétt opinberra starfsmanna segir, með leyfi forseta í 26. gr.:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um launakjör þessara manna meðan á verkfallinu stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli."

Í áliti Benedikts Sigurjónssonar, sem reyndar var formaður þeirrar nefndar sem samdi þessi lög, kemst hann eindregið að þeirri niðurstöðu að kjaradeilunefnd *sé æðsti dómstóll í þessum málum* eða réttara sagt að úrskurði hennar verði ekki hnekkt nema fyrir öðrum dómstólum, bæði ríki og BSRB beri að fara að úrskurði kjaradeilunefndar þar til honum hefur verið hnekkt fyrir öðrum dómstólum.

Ég hlýt að harma það að BSRB hefur staðið gegn því að úrskurðir kjaradeilunefndar hafi fengið framgang. Um það eru því miður allmörg dæmi sem ég veit að hv. þm. þekkja. Það kann vel að vera að menn vilji breyta þessari grein og ég sé að þegar hefur verið lagt fram hér á hinu háa Alþingi frv. um að skjóta megi slíkum málum til Hæstaréttar sem beri að úrskurða án tafar. Það getur vel verið að einhver slík breyting komi til greina. En þegar frv. var samið og samþykkt á hinu háa Alþingi 1976 voru einmitt um þetta atriði mjög miklar og ítarlegar umræður og kom greinilega fram að menn treystu sér ekki til að takmarka verksvið eða valdsvið kjaradeilunefndar frekar en gert er í lögunum og að hún hlyti sjálf að ákveða hvert hennar valdsvið væri. Það er því að taka lögin í sínar hendur að hlýða ekki úrskurðum kjaradeilunefndar.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um það eða nefna þau dæmi sem skýrt hefur verið frá í fjölmiðlum nú upp á síðkastið. En ég legg á það mikla áherslu að menn leggi til hliðar slíkar deilur og sameinist um að leysa þessa deilu þannig að menn geti komist að kjarna málsins, að semja um ágreiningsatriði í kjaramálum.

Ég hef haft samband ásamt formanni Sjálfstfl. við ASÍ, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, BSRB og reyndar aðildarfélög að ASÍ. Það samband hefur verið gott og ég geri mér fastlega vonir um að unnt verði að ná skynsamlegri lausn. Mér ber samkvæmt lögum að halda samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins og það var gert fyrir nokkru. Þá kom þegar fram mjög ákveðinn vilji, að því er mér fannst, hjá þessum aðilum til að skoða aðrar leiðir en peningalaunahækkanir einar. Við áttum svo núna s. l. þriðjudag fund með samninganefnd Vinnuveitendasambands Íslands og þeirra viðsemjenda, þ. e. ASÍ og Verkamannasambandsins og félags iðnaðarmanna. Á þeim fundi var ákveðið að setja þegar á fót nefnd sem skoði skattalækkunarleiðina og ekki síður staðfest eftir þann fund að aðilar vilja leita leiða, leita möguleika til að fara þá leið og þá í staðinn fyrir meiri peningalaunahækkanir. Þessi nefnd byrjar starf sitt í dag og hafa verið skipaðir í hana fulltrúar frá ríkinu, Vinnuveitendasambandi Íslands, frá hinum almenna launamarkaði og frá BSRB og einnig er fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Það verk, sem þessi nefnd á að vinna, er ekki auðvelt. Það er vitanlega vandséð hvernig verulegum skattalækkunum verður mætt. Ég hygg að þeim verði að mæta eftir þremur leiðum. Í fyrsta lagi með sparnaði og niðurskurði í ríkisrekstri til bráðabirgða á meðan svo ástatt er. Í öðru lagi með einhverri skattahækkun eins og ásættanlegast er og í þriðja lagi eflaust með einhverjum auknum lántökum. Þá vil ég leggja áherslu á að þau lán verði innanlands en ekki erlendis. Ég hygg að til þess séu möguleikar ef menn vilja.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi. Það er einlæg von mín að þessi umræða geti orðið til þess að skýra málin og leysa þau fremur en að herða hnútinn. Ég veit að allir hv. þm. vilja að lausn fáist á þessum málum. *Og ég veit að allir hv. þm. vilja að lausn fáist sem þjóðarbúið þolir* og að lausn fáist sem launþegar geta sætt sig við. Að því er unnið og ég vona að allir hv. þm. vilji leggja því lið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú gert nokkra grein fyrir stöðu kjarasamninga eins og hún kemur ríkisstj. fyrir sjónir. M. a. lét forsrh. hæstv. svo lítið að nefna ýmsar tölur um það hvernig hann gæti hugsað sér að leysa kjaradeiluna. Það kom m. a. fram í máli hans að hann reiknar flest dæmi núna út frá því að

kauphækkanir verði a. m. k. í samræmi við sáttatillöguna og síðan einhverjar á næsta ári. Athyglisvert er að það skuli vera í fyrsta sinn nú sem ríkisstj. kemur frá sér tölum í þessu efni, þegar hún er pínd til umræðna um málin hér á hv. Alþingi á fyrsta umræðudegi þess, þegar það liggur fyrir að samninganefnd ríkisins, sem hefur setið á stöðugum fundum með BSRB, í rauninni frá því um síðustu mánaðamót, eftir viku verkfall, hefur ekki sett frá sér eina einustu tölu, eina einustu hugmynd um það hvernig leysa mætti þessa deilu. Þar hefur ríkisstj. komið fram af algerum hroka gagnvart opinberum starfsmönnum og ekki sýnt minnsta lit á því að hún hafi skilning á því hvað hér er um alvarlega deilu að ræða.

Í morgun var haldinn enn einn samningafundurinn og ekkert var lagt fram. Samninganefnd BSRB lagði fram eftirfarandi bókun af sinni hálfu:

„Aðalsamninganefnd Bandalags starfsmanna ríkis og bæja vekur athygli á því að eftir viku verkfall opinberra starfsmanna hefur ekki borist neitt gagntilboð frá fjmrh. sem svar við launakröfum BSRB og engar tillögur um önnur atriði er stuðlað gætu að lausn kjaradeilunnar. Samninganefndin ítrekar kröfur sínar um að samningaviðræðunum verði hraðað og gagntilboð lagt fram."

Í framhaldi af ræðu forsrh. áðan er því ástæða til að spyrja: Er ríkisstj. tilbúin til þess strax í dag að gera þær tölur, sem hæstv. ráðh. las yfir þingheimi hér áðan, að tilboði gagnvart opinberum starfsmönnum? Það er auðvitað algjört lágmark að ríkisstj. sýni þann skilning á því alvarlega ástandi sem nú er uppi í þjóðfélaginu að hún komi strax frá sér tilboði til opinberra starfsmanna. Ef ríkisstj. ekki kemur frá sér tilboði til opinberra starfsmanna verður Alþingi að taka málin í sínar hendur og taka um það ákvörðun að taka þessi samningamál af ríkisstj. og afhenda þau nefnd þingmanna. Það er mál sem kemur vel til íhugunar í þessari stöðu. Framkoma hæstv. fjmrh. og forsrh. í þessari deilu er öll orðin svo yfirgengileg að það er full ástæða til að Alþingi velti því fyrir sér að taka málið úr höndum þessara manna.

Það var athyglisvert að hæstv. forsrh. landsins, sem á fremur en allir aðrir menn að reyna að bera klæði á vopnin í þessari deilu, skuli nota þennan ræðustól hér, fyrstur ræðumanna á þessu löggjafarþingi, til þess að ráðast að samtökum opinberra starfsmanna og bera þeim á brýn lögbrot, en það var það sem hæstv. forsrh. gerði áðan. Auðvitað er það þannig að opinberir starfsmenn geta framkvæmt sitt verkfall og eiga að framkvæma það í samræmi við gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Nú er því hins vegar borið við af ríkisstj. að allt öðruvísi eigi að hlutunum að standa. Og þó að það liggi fyrir að BSRB sé tilbúið til þess að veita undanþágu fyrir ákveðna starfsmenn í ákveðnum ríkisstofnunum neitar ríkisstj. að sækja eftir þeim undanþágum vegna þess að hún vill ekki ganga fyrir verkfallsnefnd BSRB. Með endemum er framkoma hæstv. sjútvrh. í þessu máli þar sem hann neitar að senda rannsóknaskip á haf út vegna þess að hann vill ekki fara þá eðlilegu leið sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vill að farin verði í þessu máli. Hann lætur binda skipin við bryggju en ber því svo við að engu að síður sé um lífsnauðsynlega rannsóknaferð að ræða á vegum Hafrannsóknastofnunar. Og með endemum er deila hæstv. fjmrh. við húsverðina í Háskóla Íslands. Þar fundu þeir nú verkefni til að glíma við, þessir háu herrar. Það voru húsverðirnir í Háskóla Íslands. Þegar verkfallsnefnd BSRB var búin að samþykkja undanþágu fyrir þessa menn var þeim bannað að vinna vegna þess að fjmrh. vildi ekki láta borga þeim kaup. Fyrir rest gekk Háskólinn í ábyrgð til þess að þessir menn mættu starfa og Háskólinn starfa með eðlilegum hætti.

Þannig hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar ekki einasta þagað þunnu hljóði og látið samningamenn sína gera það á fundum opinberra starfsmanna í samningaviðræðum, heldur hafa þeir líka í hverju tilfellinu á fætur öðru beitt slíkum hroka og slíkum gikkshætti gagnvart opinberum starfsmönnum að það er engu líkara en þeir hafi viljað gera allt sem unnt var til þess að stefna deilunni í bál og brand. Og þegar hæstv. forsrh. landsins, formaður Framsfl., sem einu sinni var nú til en virðist að mestu genginn í Sjálfstfl., notar sína fyrstu ræðu hér til þess að ráðast á opinbera starfsmenn, þá er það auðvitað þvílíkt hneyksli því að þessir menn eiga að bera ábyrgð á stjórn þessa þjóðfélags.

Það er einnig athyglisvert í þessari stöðu hvernig Framsfl. ætlar að reyna að hlaupa á bak við fjmrh. í þessu máli. Þegar Steingrímur, hæstv. forsrh., hefur upp lesturinn um það að ríkisstj. sé ekki fjölskipað stjórnvald, þá er venjulega eitthvað að á framsóknarheimilinu. Ég þekki þennan lestur. Ég var með þeim í ríkisstjórn um árabil og það var ævinlega svo að þegar þeir vildu kenna öðrum stjórnaraðilum um eitthvað var hafinn upp þessi söngur: Ríkisstj. er nú ekki fjölskipað stjórnvald. Og þetta kom enn hér: Ríkisstj. er ekki fjölskipað stjórnvald og fjmrh. ræður því þó að hann svipti verkfallsmenn, opinbera starfsmenn, launum með þeim hætti sem hann gerði.

Það sat hér einu sinni á Alþingi maður fyrir Framsfl. sem ævinlega taldi skynsamlegast í flóknum lagadeilum að leita álits hjá lögfræðingi nokkrum sem heitir Benedikt Sigurjónsson. Og niðurstaða þessa lögfræðings er alveg óyggjandi í sambandi við fyrirframgreiðslu launa opinberra starfsmanna, en hann sagði í sinni álitsgerð sem var dagsett 19. september s. l.:

„Þegar litið er til hinna ákveðnu reglna 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1954 og virtar verkfallsreglur laga nr. 29/1976 og þess gætt að hinn 1. október er alls ekki víst að til verkfalls komi, þar sem samkomulag gæti náðst innan þess tíma, tel ég eðlilegt að líta svo á að greiða beri októberlaunin. Mér finnst" — segir Benedikt Sigurjónsson — „að það megi jafna þessu til þess að maður sé rekinn eftir þrjá daga."

Það er ljóst að 20. gr. laga nr. 38/1954 leggur á ríkissjóð áhættuna af því að vinnusambandið haldist út mánuðinn. Og auðvitað gat Framsfl. knúið á um að launin yrðu borguð út fyrir fram. Auðvitað þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh., yfirmann ríkisstj., að ætla að klóra í bakkann með því að vísa þessu máli á fjmrh. einan. En það hefur einmitt verið háttur framsóknar í þessari deilu að reyna að skjóta sér undan ábyrgð með því að vísa á fjmrh., sem er reyndar fjmrh. Framsfl. ekki síður en Sjálfstfl. Svona hagar Framsfl. sér yfirleitt í stjórnarsamstarfi, það er ekkert ný bóla. En ég er hræddur um að einhvern tíma hefðu forustumenn Framsfl. haft bein í nefinu til þess, með þetta plagg frá Benedikt Sigurjónssyni, að knýja á um það í ríkisstj. að þessi vilji næði fram að ganga, en það gerðu þeir ekki. Þess vegna ber Framsfl. og ríkisstj. öll full ábyrgð á þeirri löglausu launasviptingu sem höfð var í frammi gegn opinberum

starfsmönnum.

Sá góði vilji sem hæstv. forsrh. taldi að þyrfti að ríkja í þessari deilu til samkomulags og sátta, hefur ekki komið fram hjá ríkisstj. Hann hefur ekki heldur komið fram frá forsrh. Forsrh. landsins vissi það og hefur vitað í marga mánuði að í undirbúningi gæti verið kjaradeila í landinu. Forsrh. sinnti því ekki að undirbúa þá kjaradeilu. Hann var mest í útlöndum í sumar, eins og kunnugt er, og hefur hann sennilega verið lengri tíma í útlöndum en allir forverar hans nokkurn tíma létu sér detta í hug meðan þeir voru við völd. Í stað þess að undirbúa málin eins og eðlilegt hefði verið tók ríkisstj. ákvörðun um að auka vanda heimilanna í landinu mjög verulega frá því sem var, m. a. með því að efna til vaxtaokurs, vaxtabrjálæðis sem er slíkt að það á engan sinn líka. Forsrh. jók vanda atvinnuveganna og ríkisstj. með því að hækka vextina þannig að þeir hafa aldrei verið hærri. Ríkisstj. vanrækti að undirbúa kjaradeiluna. Öll viðbrögð ráðh. hafa verið neikvæð og hafa í rauninni spillt fyrir, og það er athyglisvert og dæmigert að kvöldið áður en forsrh. landsins mælir til sátta og laga í landinu er því lýst yfir á fundi í einhverri undirdeild í Sjálfstfl., sem er að stofna félag um útvarpsrekstur, að fjmrh. ríkisstj. fagni því sérstaklega að stofnað hafi verið félag til að storka stjórnkerfinu.

Þannig hefur ríkisstj. í rauninni gert illt eitt í þessari deilu og einstakir ráðh. hafa ekki aðeins storkað stjórnkerfinu, heldur grundvallarreglum réttarríkis á Íslandi með því m. a. að stöðva það að lög næðu fram að ganga eins og greint hefur verið frá opinberlega þegar sjóræningjastöðvar voru settar í gang, m. a. í flokkshúsum Sjálfstfl.

Í ræðu forsrh. kom í rauninni ekkert fram sem benti til þess að hann væri tilbúinn til þess hér og nú að segja um það hvernig ætti að leysa þá deilu sem nú stendur yfir. Hann hafði engin úrræði, engin ráð. Hann þuldi hins vegar gömlu raunatugguna um hina slæmu stöðu þjóðarbúsins og hinar slæmu horfur í efnahagsmálum á næsta ári þegar það þó liggur fyrir að þjóðarframleiðsla hefur orðið miklu betri og meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir þegar kjarasamningar voru gerðir í febr. s. l. „Þetta er að mörgu leyti glæst mynd," sagði svo hæstv. forsrh. þegar hann var að rekja tölurnar frá Þórði Friðjónssyni og Þjóðhagsstofnun hér áðan. Þetta er að mörgu leyti glæst mynd. Og hver var sú glæsta mynd sem forsrh. var að sýna þjóðinni áðan? Hún var sú að menn eigi að búa við kjararánið, kaupskerðinguna, út allt næsta ár. Það var það sem forsrh. telur vera hina glæstu mynd sem þjóðin eigi núna að hrópa húrra fyrir.

Steingrímur Hermannsson forsrh. fór til Jórdaníu í haust, eins og kunnugt er, og hann gerði þarlendum mönnum og blaðamönnum frá ýmsum stofnunum þar grein fyrir því sem kallaðist „efnahagsundrið á Íslandi". Það lá við að forsrh. segði að menn fyrir botni Miðjarðarhafsins setti hljóða, þar sem ekki er nú friðvænlegt alla jafna, þegar forsrh. Íslands birtist og gerði grein fyrir efnahagsundrinu á einhverju alþjóðaþingi framsóknarmanna niðri í Jórdaníu. Og hann sagði heim kominn að hann hefði aldrei orðið var við aðra eins athygli og hann fékk þar. Hann var svo barnslega glaður í hjarta sínu að hann lét Ríkisútvarpið taka við sig langt viðtal um það hvernig hann teldi að ætti að leysa vandamálin í Austurlöndum nær. Og máttu þá allir sjá að aldrei hefði verið til hér í landinu a. m. k. og þó víðar væri leitað jafnsnjall stjórnmálamaður og forsrh. Íslands.

Í hverju var efnahagsundrið fólgið? Í fyrsta lagi í því að fólkið í landinu, launafólkið, undi því að kaupið var lækkað um 27%, en það er lækkun kaupmáttar frá því að ríkisstj. tók við, og ríkisstj. hafði mikinn meðbyr framan af vegna þess að fólkið vildi að verðbólgan yrði tekin niður. En fólkið vildi líka að aðrir tækju eitthvað á sig. Þrátt fyrir eindæma þjösnalegar aðfarir ríkisstj. í fyrra undu menn því hvernig að var farið vegna þess að menn töldu að þeir væru að fórna til skamms tíma fyrir mikinn ávinning í lengri tíma. En staðreyndin er sú að þetta kraftaverk, þetta efnahagsundur sem forsrh. var að hæla sér af í Miðausturlöndum, var í rauninni borgað af þjóðinni sjálfri, af hinum almenna launamanni. Upp úr hans launaumslagi var þetta borgað niður vegna þess að á sama tíma hafa aðrir ekki bara sloppið heldur stórkostlega aukið sinn hlut þar sem kemur fram hundraða milljóna króna gróði verslunarinnar í landinu. Á sama tíma og kaup hefur hækkað um 11—12% hafa einstakar matvörur eins og kjötvörur hækkað um allt að 75%. Á sama tíma og kauptaxtar alþýðusambandsfélaganna hafa hækkað um 13.3% hafa landbúnaðarvörur hækkað í verði að jafnaði um 30—35%. Þetta er dýrtíðin sem blasir við fólkinu í landinu og það þarf núna að glíma við. Dýrtíðin hefur ekki verið kveðin niður. Efnahagsundrið hefur ekki birst þessu fólki.

Síðan hefur ríkisstj. bætt gráu ofan á svart með því að skerða ekki einasta laun hins almenna tryggingaþega, aldraðra og öryrkja eins og annarra. Ríkisstj. hefur lagt aukakaupskerðingu á aldraða, öryrkja og sjúka í þessu landi, fólk sem á engin stéttarsamtök, enga möguleika til þess að verja sig með þeim hætti sem hinn vinnandi maður hefur gert. Það er aukapinkill sem þessi ríkisstj. hefur lagt á það fólk, sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, með stórkostlegum sjúklingasköttum, 140% hækkun lyfja og læknishjálpar og 170% hækkun sérlyfja. Hér er um að ræða svo fólskulega aðgerð gagnvart þessu fólki að það á sér engin fordæmi og að þetta skuli vera gert með reglugerð með þeim hætti sem það var framkvæmt er auðvitað yfirgengilegt. Ef ríkisstj. ætlar eitthvað að leggja fram í þeim kjaradeilum sem nú standa yfir væri henni sæmst að snúa ofan af þessum sjúklingaskatti eins og hann leggur sig.

Fólkið hefur borgað verðbólguna niður með lægra kaupi. Verslunin hefur aukið veltu sína. Skipafélögin hafa stórgrætt. Og þeir sem eiga fjármuni til að kaupa skuldabréf. Neðanjarðarhagkerfið blómstrar núna sem aldrei fyrr. Okurbúlurnar eru stofnaðar hér á öðru hverju götuhorni og það er auglýst í fjölmiðlum að þessar sjoppur ávaxti fjármuni manna með 18—20% vöxtum ofan á verðtryggingu þannig að höfuðstóll skuldar tvöfaldast á fjórum til fimm árum. Þetta lið lifir í vellystingum praktuglega og hefur aldrei nokkurn tíma lifað aðra eins gósentíma og það lifir í dag í skjóli Framsfl. og Sjálfstfl. Þegar ég var að alast upp hér í Reykjavík og það var auglýst starfsemi af þessu tagi í blöðum, þá var slíkt kallað okur. Þetta hét okur og það voru sett lög um bann við okurstarfsemi. Nú heitir þetta allt saman „frelsi og frjáls ávöxtun" og „kaupþing" og „fjárfestingarmarkaður" og eitthvað slíkt fínt og þaðan af betra. Það er þetta lið sem blómstrar, sem Framsfl. er að hlaða undir í kompaníi með Sjálfstfl.

Nei, ríkisstj. hefur ekki barið dýrtíðina niður, ekki

tekið dýrtíðina frá hinum almenna launamanni í þessu landi, því fer víðs fjarri.

Í öðru lagi var sagt í fyrra að það væri ein helsta réttlætingin fyrir aðgerðum ríkisstj. í efnahagsmálum að hún ætlaði að koma atvinnuvegunum á traustan grundvöll, heilbrigðan grundvöll. Það yrði nú eitthvað annað en áður var. Hvernig er nú sú staða? Togaraútgerðin stendur nú verr en nokkru sinni fyrr. „Atvinna hefur verið næg", sagði forsrh. Ja, hvar hefur maðurinn verið annars staðar en á þeim stað sem ég nefndi áðan? Atvinna hefur verið næg. Hvað er með Seyðisfjörð, hv. 1. þm. Austurl.? Hvað er með Akranes? Hvað er með Vestmannaeyjar? Á þessum stöðum er allt stopp. Það blasir við gjaldþrot og síðan nauðungaruppboð á fleiri, fleiri togurum allt í kringum landið. Og ríkisstj. hefur ekki fengist til að gera neitt vegna þess að menn eins og Þorsteinn Pálsson og aðrir forustumenn ríkisstj. vilja ekki aðhafast neitt, heldur láta fjármagnið stoppa þessi skip. Það eru vextirnir og fjármagnsbyrðin sem eiga að binda skipin og fólkið fær ekki vinnu á þessum stöðum. Það er fjármagnsbyrðin sem á að stofna til atvinnuleysis í þessum byggðarlögum. Og hvar er byggðastefnan hjá þessum mönnum núna? Það er örðeyða í fleiri, fleiri byggðarlögum allt í kringum landið. Það er ekki byrjað á einni einustu íbúð í mörgum byggðarlögum og atvinnutækin eru að stoppa. Það er verið að reka fólkið í burtu úr dreifbýlinu um þessar mundir, m. a. inn á yfirfullan húsnæðismarkað hér í Reykjavík þar sem nú eru greiddar 11 þús. kr. á mánuði fyrir miðlungs íbúð.

Atvinnulífið hefur ekki styrkst í tíð þessarar ríkisstj. Staðreyndin er sú að það hefur aldrei staðið verr en einmitt um þessar mundir. Og hvað er með iðnaðinn sem hæstv. forsrh. var að tala um áðan? Í iðnaðinum er þannig komið að samkeppnisstaða íslensks iðnaðar gagnvart erfiðustu samkeppnislöndum okkar hefur versnað um 7—10% að undanförnu og markaðshlutdeild innlends iðnaðar hefur stórum minnkað í ákveðnum greinum á undanförnum mánuðum. Þannig er búið að leika iðnaðinn.

Og kannske við ættum að tala aðeins um landbúnaðinn, en það er yfirleitt ekki talað mikið úr því rn. nema með miklum eftirgangsmunum. Hvernig ætli það sé með landbúnaðinn, hæstv. landbrh.? Ætli þar sé allt í vellystingum praktuglega eftir þessa 16 mánaða stjórn ykkar þar sem þið lögðuð ofurkapp á það að fá landbrn. svo að landbúnaðurinn og bændur í landinu mættu áfram njóta blessunar Framsfl.? Hvernig ætli staðan sé hjá bændum í landinu? Ætli þeir séu sérstaklega vel haldnir um þessar mundir?

Staðan er t. d. þannig hjá ýmsum kaupfélögum, sem nú eru að gera upp eftir innlegg bænda og við innlegg á þessu hausti, að skuldir viðskiptamanna þessara kaupfélaga hafa hækkað, jafnvel um 100% frá því í fyrra, meðan verðlagsgrundvöllurinn hefur hækkað um 18.1%. Þannig er staðan í landbúnaðinum. Og það er boðað að skera þar niður enn frekar.

Í sumar fann ríkisstj. það út að eitt helsta bjargráð landbúnaðarins væri það að frelsa kartöfluna, eins og kunnugt er. En kartaflan hafði lengi verið í ánauð ákveðins kerfis í þessu landi. Og það hafa komið fram hugmyndir frá þessum frelsispostulum, m. a. situr einn þeirra hér á Alþingi núna, hefur brugðið sér inn í þinghelgina af vissum ástæðum, — því hefur verið haldið fram af þessum leiðtogum frelsisins að það sé nú nauðsynlegt að frelsa fleira en kartöfluna. Það megi ekki láta staðar numið í þessu frelsisstríði. Nú þurfi að fara að frelsa mjólkina og helst kjötið líka. Og Framsfl. situr þarna og aðhefst yfirleitt helst ekki neitt frekar í þessum málum heldur en t. d. í dómsmálunum nema þegar gengið er eftir því af mikilli hörku og grimmd að framfylgt sé lögum og reglu hér í þessu landi.

Þegar allt kemur til alls er staða atvinnuveganna verri núna en hún hefur nokkurn tíma verið, einkum framleiðsluatvinnuveganna. Ein réttlætingin hjá ríkisstj. í fyrra var sú að það ætti að draga úr viðskiptahalla. Staðreyndin er hver í efnahagsundrinu mikla sem menn voru að hælast um yfir niðri í Jórdaníu? Staðreyndin er sú að viðskiptahallinn er tvisvar sinnum meiri núna en hann var þegar ríkisstj. tók við. Það stefnir á 4—5 milljarða króna umfram innflutning vegna þess að gæludýr ríkisstj., innflytjendur, fá að gramsa í gjaldeyrinum eins og þá lystir meðan erfiðleikar eru annars staðar í þjóðarbúinu. Ein réttlætingin var sú í fyrra í efnahagsundrinu mikla að það ætti að gæta aðhalds í peningamálum. Og hvernig er það? Hvernig er það, hæstv. viðskrh.? Ætli það hafi spurst til Hafnarfjarðar hvernig staðan er í bönkunum um þessar mundir, að niðurstöðurnar eru núna þær að lausafjárskuldir bankanna nema 3.5 milljörðum kr., þar af erlendar lántökur þeirra upp á 1.2 milljarða? Það hefur aldrei verið jafnljótt það dæmi.

Enn fremur var sagt í stefnuræðu forsrh. í fyrra, með leyfi hæstv. forseta:

„Vextir verði lækkaðir eins hratt og mögulegt er og ættu því að vera komnir niður undir 10% í lok næsta árs" — þ. e. 1984.

Ja, hvernig ætli hafi verið staðið við þetta loforð? Eru þeir nokkuð komnir niður undir 10%? Er hérna einhver af þm. stjórnarliðsins sem vill halda því fram að það hafi verið staðið við það loforð að vextir séu komnir niður undir 10%? Það gefur sig enginn fram. Það gefur sig enginn fram í þeim efnum. Staðreyndin er sú að þessi yfirlýsing hefur ekki staðist frekar en allar hinar yfirlýsingarnar sem áttu að vera réttlæting fyrir því að mynda þessa sterku ríkisstj. með 37 þm. á bak við sig í maí í fyrra. Hver bankinn keppir nú við annan um háa vexti. Formaður Sjálfstfl. hafði hins vegar það glögga innsæi á vanda heimilanna og atvinnulífsins í landinu að þegar ríkisstj. tók ákvörðun um vaxtahækkanirnar sagði hann: „Aldrei hefur verið stigið annað eins framfaraspor í efnahagsmálum á Íslandi frá því að Viðreisnin leið." — Hann sagði nú ekki frá því að land byggðist, en „frá því að Viðreisnin leið".

Hvernig er þetta mál að fara núna með fólkið í landinu? Um það gæti t. d. hæstv. félmrh. borið vitni, sem sagði á fundi í Borgarnesi um daginn að þessi vaxtahækkun hefði verið stórkostlegt slys. Fyrir utan þann vanda sem þessi vaxtahækkun leggur á rekstur atvinnuveganna og heimilanna í dag er auðvitað alveg ljóst að vaxtahækkun af þessum toga sogar til sín fjármagn út úr öllu atvinnulífi og beinir því inn í skuldabréf og aðrar þess háttar eignir. Hér er því um að ræða aðgerð sem er fjandsamleg uppbyggingu atvinnulífsins í landinu, hvernig svo sem menn skoða hana. Hvort sem um er að ræða menn sem aðhyllast félagslegan rekstur eða einkarekstur er það alveg deginum ljósara að þetta vaxtaokur dregur fjármagn út úr atvinnulífinu í landinu og stuðlar þannig að atvinnuleysi

þegar fram í sækir.

Og svo var það það að erlendu skuldirnar væru allt of miklar, það væri alveg nauðsynlegt að stofna ríkisstjórn til að draga úr erlendu skuldunum. Og það var sagt: „Erlendar skuldir þjóðarinnar aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, en lækki heldur á þann mælikvarða". *Og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann mundi* segja af sér ef erlendar skuldir færu upp í 60%. Hann situr þarna enn. Erlendar skuldir eru núna að mati Seðlabankans komnar upp í 62%. Og núna er hæstv. forsrh. að tala um að stefna á það á síðari hluta næsta árs að erlendar skuldir fari upp í 60 og verði í kringum 61%. Ríkisstj. hefur ekki staðið við þetta fyrirheit.

Ég ætla ekki hér að nefna hvernig ríkisstj. hefur afgreitt húsnæðismálin. Það er sorgarsaga sem er best að segja ekki á þessum degi. (Gripið fram í.) Fyrrv. heilbrigðismálaráðh. þekkir glöggt þá sögu og sömuleiðis fyrrv. félagsmálaráðh. líka. (**HBl:** Og skammast sín ekki fyrir.) Hann þarf ekki að skammast sín fyrir það, enda hefur eftirleikurinn sýnt að þá var vel á hlutum haldið en nú illa.

Hins vegar er einn aðili í þessu þjóðfélagi sem kemst alveg prýðilega af. Það er verslunin, milliliðirnir og neðanjarðarhagkerfið. Okrarar eru nú örugglega fleiri og öflugri en nokkru sinni fyrr, sem lifa á því að nýta sér neyð almennings í landinu. Að undanförnu hafa risið fleiri stórmarkaðir í Reykjavík en voru samanlagt til fyrir fáeinum misserum. Þessar verslanir hafa fengið að taka erlend lán sem nema hundruðum milljóna kr. Einstakar verslanir hafa tekið erlend lán sem nema tugum milljóna króna. Þess eru dæmi að verslun hafi fengið tugi milljóna kr. í erlent lán til þess að byggja upp hjá sér. Þannig er nú aðhaldið þar.

Fyrir utan það hvernig þessir aðilar og vinir Halldórs Blöndals hafa vaðið í erlendum lánum, þá hefur það líka gerst að þeir hafa vaðið í bankakerfið meira en nokkru sinni fyrr. Lán bankakerfisins til verslunarinnar hækkuðu frá maí 1983 til ágúst 1984 um 2.8 milljarða kr. Hvað ætli lán bankakerfisins til iðnaðarins hafi hækkað mikið á sama tíma? Um 1.4 milljarða kr. Skuldir verslunarinnar í bönkunum eru í kringum 6 milljarða kr. Menn vita væntanlega hvernig slíkt kemur út í vöruverðinu í því vaxtastigi sem nú er og hverjir það eru sem þetta borga.

Til viðbótar við þessi jól og þessa páska, sem ríkisstj. hefur þannig búið versluninni í landinu og milliliðunum, hefur henni verið afhent frjáls álagning svo að segja á öllum sviðum. Meðan kaupið er keyrt niður, meðan sjúklingaskattar eru lagðir á eru skattar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði lækkaðir og skattar á fyrirtæki yfirleitt lækkaðir verulega frá því sem áður var. Verslunin hefur aldrei búið við aðra eins gósentíma og í dag, aldrei. Þetta er óskabarnið sem ekki má snerta meðan þessi ríkisstj. situr, enda er það að mörgu leyti eðlilegt því að þessi ríkisstj. er mynduð af sterkustu hagsmunafulltrúum verslunarinnar í landinu. Ef það er eitthvað sem tengir Framsfl. og Sjálfstfl. saman umfram annað er það það að þessir aðilar eru talsmenn harðasta verslunarfjármagnsins á Íslandi. Niðurstaðan af efnahagsundrinu eftir eitt ár liggur því fyrir.

Í fyrsta lagi: Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, þar með allir launamenn, hafnar stefnu ríkisstj., hafnar stefnu ríkisstj. Í öðru lagi: Erlendar skuldir hlaðast upp. Í þriðja lagi: Viðskiptahallinn fer vaxandi. Í fjórða lagi: Allir meginatvinnuvegirnir, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður, standa verr en nokkru sinni fyrr. Þannig er nú komið eftir rúmlega eins árs stjórn, 16 mánaða ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. Ofstækisfyllstu markaðshyggjuöflin í Sjálfstfl. hafa tekið völdin — menn sem vilja að þjóðfélaginu sé stjórnað einvörðungu út frá sjónarmiðum gróðans, þar sem hafnað er öllum félagslegum sjónarmiðum. Áður gat Sjálfstfl. ekki náð fram slíkri stefnu vegna þess að innan hans voru til menn, eins og t. d. Gunnar Thoroddsen, sem lögðust gegn því að gróðaöflin gengju fram með þeim hætti sem nú hefur gerst.

Nú eru ekki til menn með kjark þar á bæ. Og hitt er athyglisvert að það er í nafni Framsfl. sem leiftursóknarúlfunum er sigað á launamenn á Íslandi um þessar mundir, Framsfl. sem barðist gegn leiftursóknarstefnunni í kosningum 1979. Það er hægt að lesa fleiri, fleiri ræður og greinar eftir Steingrím Hermannsson þar sem hann snerist gegn þessari stefnu og Tíminn, blað Framsfl. á þeim tíma, en hlutskipti framsóknarmanna hefur orðið það að framkvæma í einu og öllu þá stefnu sem var skrifuð upp af leiftursóknarliðinu.

Nú er svo komið að fjöldinn allur af almennum liðsmönnum Sjálfstfl. og Framsfl. er undrandi á þeirri framkvæmd stjórnarstefnunnar sem nú liggur fyrir reynsla af. Skyldi ekki mörgum framsóknarmanninum bregða í brún, sem virðir fyrir sér stöðuna um þessar mundir, þar sem bændur, sem áður voru undirstaðan að mörgu leyti í félagslegu baklandi Framsfl., eru sérstaklega teknir og rakkaðir niður. Skyldi það þykja samvinnuhugsjón í verki hvernig núna er tekið á kaupfélögunum, einkum þeim sem hafa að meginhluta til viðskipti við bændur? Skyldi það ekki þykja undarleg latína á framsóknarheimilum um þessar mundir að ríkisstj. beiti sér sérstaklega fyrir því að selja fyrirtæki úr eigu þjóðarinnar sem áður voru sett á stofn fyrir atbeina og kröfu Framsfl.? Ég er viss um að þetta fólk er um margt hugsi um þessar mundir. En það er vegna þess að Verslunarráðið mótar stefnuna, framsókn gegnir henni og leiftursóknaröflin sem framsókn fordæmdi 1979, hafa nú öll ráð þeirra í hendi sér.

Þegar svo er komið að ríkisstj. stendur í rauninni frammi fyrir vegg á öllum sviðum efnahagslífsins, hún er búin að setja allt í strand á öllum sviðum, þá er eitt eftir sem menn geta sameinast um, það er eitt eftir, það er að sameinast um að brjóta niður verkalýðshreyfinguna í landinu, það er að sameinast um að brjóta niður samtök hins vinnandi fólks á Íslandi. Það er bersýnilegt af framkomu ríkisstj. gegn BSRB að undanförnu að hún hefur fullan hug á því að sýna BSRB í tvo heimana og brjóta niður siðferðisþrek og baráttuþrótt opinberra starfsmanna til frambúðar. Það er það sem sameinar þessa þokkasveit um þessar mundir. Það kemur best í ljós þar sem ráðh. beita sér jafnvel fyrir því að hylma *yfir með lögbrotum miðla sem notaðir eru* til þess að rakka niður opinbera starfsmenn. Ljótur er nú oft Mogginn en þessar sjóræningjastöðvar, sem voru starfræktar að undanförnu, slógu Morgunblaðinu við á flestum sviðum því að aldrei hefur heyrst jafnfjandsamlegur áróður í garð verkafólks og í þessum stofnunum.

Kjaradeilan, sem nú stendur yfir, er aðeins afleiðing stjórnarstefnunnar. Það er ríkisstj. sem hefur sett hér hlutina í strand. Og það er ljóst af þeirri reynslu sem nú liggur fyrir að þjóðin þolir ekki svona ríkisstjórn.

Íslendingar hafa ekki efni á svona ríkisstjórn. Það er ekki hægt að stjórna þessu landi, hvorki nú né áður, í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. En þessi ríkisstj. virðist vilja stríð, því miður. Hún virðist ekki vilja skynsamlega lausn. Hún vill í stríð við alþýðu þessa lands. Hún vill gera hana að þægum þrælum sem hægt sé að hrósa sér af í Jórdaníu og hafa uppi ummæli um á alþjóðlegum vettvangi eins og þau að Ísland sé hið sanna Singapore norðursins, paradís auðhyggjunnar sé að verða til á Íslandi, eins og iðnrh. komst að orði. Það er þessi stefna sem fólkið er nú að mótmæla.

Í sambandi við þá kjaradeilu sem nú hefur staðið yfir mætti nefna mörg fleiri dæmi en ég hef hér rakið um vinnubrögð ríkisstj. og stjórnarliðsins. Það mætti nefna dæmi hér um framkomu borgarstjórans í Reykjavík og það ofbeldi sem hann sýndi borgarstarfsmönnum. Það mætti nefna dæmi um það hvernig kjaradeilunefnd hefur verið beitt fyrir vagn ríkisstj. gegn hinu almenna verkafólki í landinu í BSRB. Hápunkturinn á hroka kjaradeilunefndar var neitun á erindi frá Biskupsstofu í gær. Það er svo yfirgengilegt hvað þessir aðilar virðast ætla sér að ganga langt í þessari deilu að það hefði enginn getað séð slíkt fyrir.

Það var athyglisvert þegar íhaldið neitaði að stuðla að fréttaútvarpi í verkfallinu. Þeir voru á móti því. Þeir voru á móti því í útvarpsráði að hafa fréttaútvarp á vegum Ríkisútvarpsins í verkfallinu, en á sama tíma ýttu þeir undir lögbrot annars staðar. Hæstv. menntmrh. komst þannig að orði að það væri ekkert við því að gera, það væri svo mikið brotið af lögum þessa dagana hvort eð er, að það væri í raun og veru ekkert hægt að gera varðandi þessar svokölluðu frjálsu útvarpsstöðvar. Æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins, hæstv. menntmrh., sá ekki sóma sinn í því að gæta einkaréttar þeirrar stofnunar með þeim hætti sem menntmrh. er auðvitað skylt að gera. Framkoma manna í þessum efnum og hroki gagnvart samtökum opinberra starfsmanna og launafólks í landinu er alveg með ólíkindum, einræðistilhneigingarnar á öllum sviðum. Þegar farið er að heimta afrit af útvarpsfréttum inn í rn. þá fara menn að velta því fyrir sér í hvaða landi menn séu eiginlega staddir. (**ÓÞÞ:** Hvað dettur þér þá helst í hug?) (**HBl:** Ætli þm. sé ókunnugur því?) Þú gætir kannske reynt að kynna þér það, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, og sömuleiðis hinn ritarinn, en þeir eru yfirleitt í því hlutverki að gjamma fram í en ekki að sinna sínum skrifum. (**HBl:** Við erum hér í hv. Sþ.) Ég saknaði vina í stað úr ritarasætunum þar sem ég er vanur að hafa ykkur gjammandi á bakið á mér.

Ég hlýt að fagna því að þrátt fyrir framkomu ríkisvaldsins í þessari deilu og þrátt fyrir þá erfiðleika sem uppi eru skuli það hafa komið mjög skýrt fram að meðal og innan verkalýðssamtakanna er ríkjandi samstaða í deilunni. Í þessum efnum ætla ég að vitna hér til samþykktar formanna landssambanda Alþýðusambands Íslands sem var gerð hér á dögunum, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkfall opinberra starfsmanna hefur nú staðið í tæpa viku. Fundur formanna landssambanda innan ASÍ fordæmir óbilgirni ríkisstj. jafnt í samningaviðræðum sem framkvæmd verkfallsins. Ljóst er að heiftarfull framkoma stjórnvalda hefur torveldað mjög efnislegar viðræður. Verkalýðshreyfingin á í baráttu við samtvinnað vald ríkisstj. og atvinnurekenda. Ríkisstj. freistar þess nú að brjóta opinbera starfsmenn á bak aftur í lögmætu verkfalli. Það verður að mistakast. Fundur formanna landssambanda Alþýðusambands Íslands lýsir fullri samstöðu með opinberum starfsmönnum í baráttu þeirra og hvetur alla félagsmenn innan ASÍ til þess að virða verkfall opinberra starfsmanna í hvívetna og sýna samstöðu í verki."

Hér er í rauninni um að ræða ályktun sem gengur út á það að launamannasamtökin í landinu hafa stillt sig saman og eru að stilla sig saman í þeirri baráttu sem nú stendur yfir og það er algerlega kjarni þessa máls. Ríkisstj. ætlar sér hins vegar að reyna að deila og drottna. Hún ætlar að reyna að sprengja og kljúfa niður fylkingar launafólks í landinu. Af reynslu liðinna áratuga er ljóst að fólk getur ekki og hefur ekki ráð á að láta slíkt gerast. Þær deilur sem nú standa yfir eru einar alvarlegustu vinnudeilurnar um áratugi. Flokkarnir sem nú sitja að völdum hafa svikist aftan að kjósendum sínum. Reiði fólksins úr þeim flokkum er meiri en allra annarra, einkum Sjálfstfl., því það kemur enn einu sinni í ljós að Sjálfstfl. er klofinn niður í rót, hann getur hvorki stjórnað sjálfum sér né þjóðarbúskapnum. Hann kallar á þjóðarsátt en efnir til ófriðar. Hótanir Þorsteins Pálssonar um gengislækkun, atvinnuleysi og verðbólgu, sem Guðmundur J. kallaði heimsmet í klaufaskap, sýna svo ekki verður um villst að ríkisstj. vill ekki þjóðarsátt og getur ekki náð henni vegna þess að hún vill stjórna gegn verkalýðshreyfingunni, hún vill brjóta hana á bak aftur. Forsrh. landsins hefur engan skilning á kjörum hins almenna vinnandi manns í þessu landi og aðstoðarforsrh. Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl. er enn þá í Vinnuveitendasambandinu og talar alltaf sem forstjóri þess, enda þótt Sjálfstfl. hafi kosið þúsundir launamanna í síðustu kosningum.

Ástandið á Íslandi er alvarlegt. Það kallar á samstöðu allra þeirra afla sem vilja með ábyrgum hætti glíma við vandann. Það kallar á samstöðu framleiðslu og launamanna. Það þarf stjórn í þessu landi sem starfar með verkalýðshreyfingunni en ekki á móti henni. Það þarf stjórn sem hefur í heiðri lýðræðisleg sjónarmið á öllum sviðum, en hafnar einræði og gerræði. Það þarf stjórn sem virðir meginforsendur réttarríkisins og að allir séu jafnir fyrir lögunum en hafnar lögbrotum. Mistök núverandi stjórnar eru orðin þjóðinni dýr í kaupráni og skertum möguleikum til lífskjara í framtíðinni. Engu að síður eru þjóðartekjur hér á landi einhverjar hinar hæstu í heimi og við getum því litið bjartsýn fram á veginn. En meginforsenda þess er að núv. ríkisstj. viðurkenni uppgjöf sína.

Talsmenn ríkisstj. ræddu mikið um kosningar í septembermánuði. Þar með viðurkenndu þeir Þorsteinn Pálsson og aðrir forustumenn ríkisstjórnarliðsins í raun uppgjöf stjórnarflokkanna. Það er ljóst að því fyrr sem ríkisstj. viðurkennir staðreyndir í þessum efnum, þeim mun betra fyrir þjóðina. Þjóðin þolir ekki svona ríkisstj., það er kjarni málsins. Þjóðin hefur ekki efni á ríkisstj. sem sóar milljörðum í milliliði en sviptir heimilin lífsafkomu og framleiðsluna rekstrarfé. Hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson sagði fyrir nokkrum mánuðum að ríkisstj. hefði ráðið gátuna miklu. Nú hefur það hins vegar gerst að þjóðin hefur ráðið gátuna miklu, einkum þó þeir sem kusu stjórnarflokkana í síðustu kosningum sem nú sjá hvað það er fráleitt að launamenn kjósi andstæðinga sína til valda í þjóðfé-

laginu.

Alþingi er nú loks komið saman eftir mjög langt hlé. Það er skylda Alþingis að sjá til þess að landinu sé stjórnað í samræmi við landslög. Það er skylda Alþingis að standa vörð um réttarríki. Það er skylda þingsins að halda lýðræðislegar forsendur stjórnarskipunarinnar í heiðri og sjá til þess að ráðh. geri það. Miklar vonir eru nú hjá mörgum bundnar við störf þingsins. Alþb. er fyrir sitt leyti reiðubúið að leggja fram sitt afl og sinn skerf. Það er aðeins tímaspurning hvenær þessi stjórn gefst upp formlega því hún ræður ekki við nokkurn vanda. Því fyrr sem hún færi frá, þessi dýra vonda ríkisstj., því betra. Það er forsenda vinnufriðar og eðlilegra starfshátta í þessu þjóðfélagi. Það þarf að koma lögbrjótunum frá völdum. Þeir sem hvorki vilja né geta framkvæmt lög landsins eiga að víkja. Það er kjarni málsins. Stilling er styrkur, sagði BSRB á útifundi sínum í gær. Vanstilling er veikleiki. Það er ríkisstj. sem hefur sýnt ótrúlega vanstillingu í þessari kjaradeilu. Ríkisstj. er vanstillt vegna þess að hún er á flótta. Vald í þessu þjóðfélagi er í höndum Alþingis og ríkisstj., en valdið er einnig hjá fólkinu sjálfu og þó að fólk hafi verið svipt kaupi, svipt mannréttindum og standi frammi fyrir lögbrotum hefur fólk ekki verið svipt því sem er dýrmætast og það er afl samtakanna. Því fjöreggi ætla kaupránsöflin í ríkisstj. nú líka að ræna, en það mun aldrei takast.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Þær kjaradeilur, sem hér eru til umræðu í dag, lúta að báðum höfuðsviðum vinnumarkaðarins, annars vegar að samningssviði Alþýðusambandsins og vinnuveitenda og hins vegar að samningssviði ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þessar deilur hafa þróast með mjög ólíkum hætti. Enn sem komið er hefur ekki verið boðað til vinnustöðvana á samningssviði Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, en verkfall hefur staðið í eina viku á samningssviði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisins. Þessar aðstæður verða menn auðvitað að hafa í huga þegar þeir fjalla um kjaradeilurnar við þær aðstæður sem við búum nú við í íslensku þjóðfélagi því að á miklu veltur að finna lausn á þessum deilum sem gilt getur fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni. Það er sú réttilegasta og skynsamlegasta leið sem menn hljóta að reyna að finna út úr þeim vanda sem við erum stödd í í dag.

Kjaradeilur eru ekki styrjaldir þar sem annar aðilinn sigrar hinn. Menn verða að finna lausn á ágreiningsefnum sínum. Hvorugur aðili getur gengið frá samningum. Menn verða að ná saman. Að því leyti eru þessir samningar ólíkir ýmsum öðrum samningum sem fram fara á milli manna. Og menn verða að átta sig á því að að loknum þessum samningum líður ekki langur tími þar til menn verða á ný að koma saman. Allt þetta verða menn að hafa í huga þegar fjallað er um kjarasamninga vegna þess að þeir eru annars eðlis en venjulegir samningar og venjuleg átök á milli manna.

Framkvæmd verkfalla hlýtur alltaf að vera umdeild, en það er kannske ekki óeðlilegt að aðilar á almennum vinnumarkaði hafi þróað með sér þroskaðri vinnubrögð um framkvæmd kjaradeilna fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa um svo miklu lengri tíma fjallað um slík mál. Í annan stað gilda nokkuð aðrar reglur um vinnustöðvanir hjá opinberum starfsmönnnum. Það skiptir mestu máli, þegar mál eru komin í þann farveg sem þau eru í í dag, að menn geri ekki aukaatriðin að aðalatriðum. Ágreiningsefni sem upp koma á báða bóga í kjarasamningum og framkvæmd vinnustöðvana, og gera það alltaf, mega ekki verða að aðalatriðum. Og ef menn ætla að einhenda sér í það að finna lausn verða menn að víkja aukaatriðunum til hliðar og setja í öndvegi hagsmuni þjóðarbús og heimila, en það er í raun og veru um þá hagsmuni sem verið er að tefla í þessum samningum.

Við stöndum frammi fyrir margs konar þverstæðum í okkar þjóðarbúskap, það er satt og rétt. Við blasa alvarlegar vinnustöðvanir á sama tíma og miklir erfiðleikar eru í sjávarútvegi og víða hefur komið til rekstrarstöðvunar. Við höfum þá staðreynd fyrir augunum að á sama tíma og t. a. m. loðnusjómenn verða að sætta sig við kauplækkun vegna þess að ytri aðstæður hafa skapað þjóðarbúinu þau skilyrði að öðruvísi verða þær veiðar ekki stundaðar eru aðrir hópar að gera kröfur um kauphækkanir sem eru sennilega álíka miklar og þær launalækkanir sem loðnusjómenn eru að taka á sig. Við horfum upp á misgengi milli atvinnugreina. Sjávarútvegurinn á í miklum vanda á sama tíma og það er uppgangur á öðrum sviðum. Þetta veldur erfiðleikum á milli atvinnugreinanna sjálfra og þetta veldur líka erfiðleikum á milli launafólksins sem starfar í þessum atvinnugreinum og það gerir úrlausn þessara kjarasamninga, sem hér eru til umræðu, miklu erfiðari en ella.

Það baksvið, sem þessir kjarasamningar fara fram við, skýrist m. a. af því að við upplifum nú þriðja samdráttarárið í röð. Við erum stödd í lengsta samdráttarskeiði í íslenskum þjóðarbúskap í þrjá áratugi. Þriðja árið í röð verðum við fyrir ytri efnahagslegum áföllum. Á sama tíma höfum við náð gífurlegum árangri í baráttu við verðbólguna, komið henni úr yfir 130% niður í u. þ. b. 15% og með því móti treyst atvinnu í landinu, komið í veg fyrir verulegt atvinnuleysi, sem ella hefði skollið á, og treyst lífskjörin því að lífskjör fólksins í landinu hefðu haldið áfram að rýrna með miklum hraða ef verðbólguhjólið hefði ekki verið stöðvað með þeim hætti sem gert var.

Sjávarútvegurinn á nú við mikla erfiðleika að etja. Aflabrögð eru minni en fyrir þremur árum. Við veiðum nú því sem næst helmingi minna af þorski, sem er ein verðmætasta fisktegundin sem við seljum á erlendum mörkuðum, en við gerðum áður. Skuldasöfnun fyrri ára veldur og miklum erfiðleikum. Þeir baggar, sem bundnir voru í óðaverðbólgunni, eru enn vandamál sjávarútvegsins og okkur tekst ekki á einu auga lifandi bragði að komast út úr þeim ógöngum. En menn verða að gera sér grein fyrir því hverjar orsakir vandamálanna eru áður en þeir hneykslast og flytja dómadagsræður sínar yfir því ástandi sem er í þjóðfélaginu.

Staða sjávarútvegsins er mismunandi. Það eru erfiðleikar í útgerð eins og oft áður. Nýjustu togararnir eiga þó við mesta örðugleika að etja og það sýnir best að þeir eru enn að glíma við fjármagnsörðugleika, greiðsluerfiðleika sem urðu til í óðaverðbólgunni. Það sýnir okkur hversu mikilvægt það er fyrir þjóðarbúið og afkomu atvinnuveganna að okkur takist að halda áfram að viðhalda jafnvægi í efnahagsmálum og koma í veg fyrir að ný verðbólguholskefla ríði yfir á nýjan leik því að grundvallarvandamálin í rekstri útgerðarinnar má

rekja til óðaverðbólgunnar að svo miklu leyti sem þau verða ekki rakin til ytri áfalla vegna minni aflabragða.

Fiskvinnslan stríðir við erfiðleika, ekki bara vegna þess að hún framleiðir og vinnur nú minna af fiski en áður, heldur líka vegna þess að samsetningin hefur breyst. Framleiðslan er nú víða byggð á verðminni fisktegundum. Það hefur orðið verðfall á erlendum mörkuðum. Við höfum ekki haldið okkar verðum í Bandaríkjadölum á helsta markaðssvæði okkar og höfum orðið að selja meira en áður til Evrópu. Allt hefur þetta rýrt tekjur fiskvinnslunnar svo um munar og þar sem þessir erfiðleikar hafa komið fram með mestum þunga, þar sem þessar ytri aðstæður hafa bitnað á fiskvinnslunni með mestum þunga, hefur komið til rekstrarstöðvana, svo sem t. a. m. í Vestmannaeyjum og víðar. Þar hefur launafólkið orðið að þola þá byrði sem ytri áföll af þessu tagi leggja á atvinnugreinina.

Það hafa verið gerðar margháttaðar ráðstafanir til að mæta þessum vanda. Það gengissvigrúm sem ríkisstj. hafði sett sér fyrir þetta ár var fullnýtt þegar ljóst var í hvert efni stefndi, en örðugleikarnir mögnuðust eftir því sem á árið leið. Á síðasta ári voru vel flest vel rekin fiskvinnslufyrirtæki rekin með einhverjum hagnaði. Þegar leið á þetta ár varð ljóst að það seig undan í þessum efnum og á sumarmánuðum keyrði um þverbak. Þess vegna hefur þurft að grípa til ráðstafana af þessu tagi. Til viðbótar því að gengissvigrúmið var fullnýtt var vægi einstakra mynta við skráningu á gengi íslensku krónunnar breytt til þess að styrkja markaðsstöðu útflutningsatvinnugreinanna og það hafa verið teknar ákvarðanir um endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegsins. Þessar ráðstafanir duga ekki til. Það þarf meira til þess að treysta stöðu sjávarútvegsins til þess að halda þeirri framleiðslu áfram og tryggja því fólki sem þar vinnur fulla atvinnu.

Það hefur komið fram í umræðum upp á síðkastið að það eru ýmsir sem álíta að sjávarútvegurinn eigi ekki að ráða launastefnunni í landinu þó að meginhluti af okkar útflutningstekjum komi þaðan. Það eru ýmsir sem halda því fram og trúa því að það sé hægt. Þeir trúa því kannske að verðmætin verði öll til í verslun og þjónustu, en svo er ekki. Þó að sú atvinnugrein gegni þýðingarmiklu hlutverki við að auka verðmætin í þjóðfélaginu er meginhluti okkar lífskjara undir því kominn hvernig sjávarútvegurinn gengur.

Hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, sagði að öll þessi umræða um vanda sjávarútvegsins væri einungis þessi gamla raunatugga. Það er ekki mikill skilningur sem felst í þessum orðum á þeim vanda sem þessi atvinnugrein á við að stríða. Það er ekki mikill skilningur á högum verkafólks í sjávarplássunum þar sem atvinna hefur stöðvast. Ég hygg að launafólk, t. a. m. í Vestmannaeyjum, muni leggja við hlustir þegar einungis eru höfð þau orð um þann vanda sem þar er við að etja að þar sé gamla raunatuggan sem ekki þurfi að taka tillit til og að þessi aðstaða, sem uppi er í höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, eigi engu að ráða um mótun þeirra efnahagsaðgerða sem ráða því hver framvinda verður á næsta ári.

Það hefur komið fram að eftir efnahagsráðstafanir ríkisstj. á síðasta ári batnaði staða iðnaðar verulega. Framleiðsla þess hluta íslensks iðnaðar sem selt hefur á innlendum markaði hefur aukist og það hefur orðið talsverð aukning á útflutningsframleiðslu íslensks iðnaðar. Þetta er afleiðing af þeirri breyttu stefnu sem upp var tekin þegar þessi ríkisstj. tók við. En það vantaði ekki hrakspárnar fyrir rúmu ári þegar þær ráðstafanir voru kynntar. Þá voru fluttar hér dómadagsræður um það að sú efnahagsstefna, sem þá var boðuð, mundi leiða til stöðvunar framleiðsluiðnaðarins og víðtæks atvinnuleysis. Reynslan sýnir allt annað. Þar sem við höfum ekki mætt ytri áföllum hefur staða atvinnuveganna batnað eins og í iðnaði og sýnir enn mikilvægi þess að okkur takist að halda áfram á sömu braut.

Landbúnaðurinn glímir enn við afleiðingar óðaverðbólgu og offramleiðslu eins og hér hefur komið fram. Við getum ekki, þegar við tökum ákvarðanir um þætti sem ráða svo miklu um framvindu efnahagsmála, litið fram hjá því að við erum að upplifa lengsta samdráttarskeið í íslenskum þjóðarbúskap. Þjóðartekjur hafa farið minnkandi þrjú undangengin ár. Framleiðsla þjóðarinnar á hvert mannsbarn er nú 12% minni en áður en þetta samdráttarskeið hófst. Helstu viðskipta- og nágrannaþjóðir okkar hafa á hinn bóginn verið að auka þjóðarframleiðslu sína, sennilega eitthvað sem því þjóðartekjufalli nemur sem við höfum orðið fyrir.

Eðlilega leiðir það til þess að dregið hefur í sundur á milli okkar og þeirra þjóða sem við viljum helst jafna okkur til og ætlum að miða lífskjör okkar við. Það hlýtur að hvetja okkur til þess að bregðast á þann veg við vandanum að við getum aukið verðmætasköpunina á nýjan leik, hafið nýtt hagvaxtarskeið til þess að stækka þjóðarkökuna og búa borgurum þessa lands þannig betri lífskjör því að því hljótum við að stefna.

Við höfum líka þurft að þola vaxandi erlenda skuldasöfnun. Þessi ríkisstjórn ætlaði að ná meiri árangri í því að ná niður halla á viðskiptum við útlönd en raun hefur orðið á á þessu ári. Það hefur leitt til óeðlilegrar þenslu á ákveðnum sviðum í atvinnulífinu, en aðgerðir sem gerðar hafa verið síðari hluta sumars miða að því að draga úr þessari þenslu og fyrstu merki þess fara senn að koma í ljós.

Lausafjárstaða bankanna batnaði í síðasta mánuði og innlán voru í þeim mánuði meiri en útlán. En viðskiptahallinn er auðvitað markmið sem við þurfum að vinna að að koma í veg fyrir að verði áframhaldandi. Og þó að nokkur lausatök hafi verið á í þessum efnum hljóta menn að gera sér grein fyrir því að það er ekki auðvelt á svo skömmum tíma að ná jafnvægi samhliða á öllum sviðum efnahagslífsins.

Það er athyglisvert að hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson taldi það fram til sannindamerkis um það að verslunarstéttin væri sérstakt gæluverkefni ríkisstjórnarinnar að viðskiptahallinn yrði á þessu ári sennilega 5 til 6%. Það var sannindamerkið um að þar væru hin sérstöku gæludýr ríkisstjórnarinnar. En hver skyldi viðskiptahallinn hafa verið þegar þessi hv. þm. sat í ríkisstjórn og réði ekki hvað minnstu um stjórn landsmála? Hvernig var viðskilnaðurinn þá? Tvöfalt meiri viðskiptahalli, 10% viðskiptahalli af allri framleiðslu þjóðarinnar. Var það vegna þess að verslunarstéttin var sérstakt gæludýr hv. þm.?

Þessi röksemdamálflutningur fær auðvitað ekki staðist. Mér er alveg ljóst að það var ekki af sérstakri umhyggju fyrir verslunarstéttinni að viðskiptahallinn varð svona mikill á árinu 1982. Það var ekki endilega af því að Svavar Gestsson elskaði kaupmenn meira en aðra í þjóðfélaginu þó mér hafi stundum sýnst að þeir

hafi býsna mikið dálæti á þeim Alþýðubandalagsmönnum þegar þeir fara með viðskiptamál. Það stafaði einfaldlega af því að í stjórnartíð hans misstu menn tökin á stjórn efnahagsmála. Það er furðulegt að gera það hér að ádeiluefni að viðskiptahallinn skuli nú vera helmingi minni en þegar þessi hv. þm. fór úr ríkisstjórn.

Þegar svo steðjar að og við lifum samfellt samdráttarskeið, eins og við höfum gert undangengin ár, þá hlýtur að þrengja að í íslenskum þjóðarbúskap. Og þó að meginþorri fólks í þessu landi búi við góðan kost hefur óneitanlega þrengt að á heimilum í landinu á þessu þriggja ára samdráttarskeiði. Gegn því mælir enginn. Við verðum að freista þess að beita öllum ráðum sem við eigum til í þeirri stöðu að verja fyrst og fremst hagsmuni þeirra sem verst eru settir. Það hefur verið gert í verulegum mæli.

Þegar þessi ríkisstjórn tók við og greip til mjög umfangsmikilla og róttækra aðgerða í því skyni að koma niður verðbólgu voru samhliða lögákveðnar sérstakar ráðstafanir í skatta- og tryggingamálum til að treysta stöðu þeirra sem lakast eru settir. Persónuafsláttur var aukinn, mæðra- og feðralaun voru tvöfölduð og tryggingabætur voru hækkaðar umfram almennar launahækkanir. (**Gripið fram í:** Um 400 kr.) Í febr. 1984, í tengslum við þá kjarasamninga sem fram fóru í þeim mánuði, voru einnig ákveðnar umfangsmiklar aðgerðir á þessu sviði. Aðilar vinnumarkaðarins höfðu rætt þau málefni og lögðu fyrir stjórnvöld ákveðnar tillögur í þeim efnum. Þar var lögð sérstök áhersla á hækkun á mæðra- og feðralaunum. Það var ljóst að það var í óefni komið í þeim efnum. — Ég heyri það á hlátursköllum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að hún fyrirverður sig fyrir það hvernig þeim málum var skipað þegar hennar flokkur gekk úr ríkisstjórn. Og ég fagna því að hún telur eðlilegt og rétt að stíga stór skref til þess að bæta úr því ástandi sem varð meðan forustumaður hennar flokks réði því hvernig þeim málum var komið. (Gripið fram í.)

Í annan stað var lagt til af hálfu aðila vinnumarkaðarins að teknar yrðu upp sérstakar tekjutengdar barnabætur. Og í þriðja lagi að þá skyldi verða hækkun á hámarksupphæð tekjutryggingar og frítekjumarkinu og um leið yrði skerðingarprósenta tekjutryggingar lækkuð.

Ríkisstjórnin framkvæmdi þessar tillögur í einu og öllu. Hún framkvæmdi að fullu og öllu þær tillögur sem Alþýðusamband Íslands lagði fyrir hana í þessum efnum. Ég hygg að það sé ekki oft sem það hefur gerst að stjórnvöld hafa brugðist við með þeim hætti. Þó að þau hafi margsinnis komið inn í kjarasamninga og viðræður aðila með aðgerðum af þessu tagi hygg ég að aldrei hafi verið tekið á móti samningsaðilum á vinnumarkaðnum með þessum hætti að samþykkja samstundis, á fyrsta degi sem þær tillögur voru lagðar fram, það sem fram var borið.

Þessar ráðstafanir hafa styrkt kaupmáttarstöðu þeirra sem við lökust kjör búa. Í kjarasamningunum var samið um sérstaka hækkun á lágmarkstekjum og talið er að þær verði að meðaltali á þessu ári rúmlega 6% hærri en á 4. ársfjórðungi 1983.

Eftir þessar breytingar var talsverður munur á kaupmætti einstæðra foreldra. Ef tekið er dæmi af einstæðu foreldri með tvö börn og af lágmarkstekjum kemur í ljós að í slíku tilfelli hefði komið til góða hækkun lágmarksteknanna um 15.5% í febr. og hækkun mæðra- eða feðralauna úr 1809 kr. á mánuði í 3309 og hækkun meðlags úr 3230 kr. á mánuði í 4030 frá 1. mars. Á 1. ársfjórðungi 1984 var kaupmáttur hjá fólki í þessari stöðu tæpum 19% hærri en ársfjórðunginn á undan og á 2. ársfjórðungi 1984 var það næstum 30% hærra en á viðmiðunarársfjórðungnum.

Það er alveg ljóst að enginn er of sæll af þeim launum og þeim kjörum sem hér er verið að ræða um. En því verður ekki á móti mælt að leitast hefur verið við að stíga veruleg skref til að verja lífsafkomu þess fólks sem hér á í hlut. Sjálfstfl. mun hér eftir sem hingað til leggja áherslu á það að svo miklu leyti sem hann hefur aðstöðu til.

Því er ekki að leyna að sá árangur, sem hefur orðið í baráttunni við verðbólguna, hefur náðst vegna þess að fólkið í landinu var reiðubúið að takast á við þetta vandamál og bera þær byrðar sem sú barátta lagði landsmönnum á herðar. Spurningin er sú hvort við höfum fært þessar fórnir til einskis og þá skulum við athuga hvað við höfum verið að gera á síðustu mánuðum. Auðvitað kostaði þetta mikið átak og það varð lífskjaraskerðing. En á hvern veg hafa mál verið að þróast á síðustu mánuðum? Við skulum huga að því.

Á fyrstu níu mánuðum ársins hækkaði almennt verðlag um 10%, mismunandi mikið, sumar vörur meira, eins og hv. þm. Svavar Gestsson hefur bent hér á, aðrar minna, einstakar vörur lækkuðu. Mikilvæg opinber þjónustugjöld, eins og Póstur og sími og rafmagn, hækkuðu alls ekki neitt á þessum tíma. Launahækkanir fyrstu níu mánuði ársins voru um 12%. Af þessu má sjá að við höfum verið að ná miklum árangri. Þrátt fyrir hófsama kjarasamninga er staðan sú á fyrstu níu mánuðum ársins að launin hafa hækkað meira en verðlagið. Kaupmáttur lágmarkslauna hafði svo hækkað umfram það sem almennir kauptaxtar hafa hækkað um.

Ég hygg að þegar við horfum á þessar staðreyndir hljóti flestir að gera sér grein fyrir því að það er til mikils að vinna að halda áfram á sömu braut, það er til mikils að vinna að halda því jafnvægi sem náðst hefur, og þær fórnir sem færðar hafa verið hafa ekki verið til einskis. Við erum að sigla út úr þessum vandamálum og við getum haldið þannig á málum okkar að hér sé hófleg verðbólga og að lífskjör fari smám saman batnandi. Þó að ekki blási byrlega fyrir íslenskum þjóðarbúskap á næsta ári, þó að við horfum ekki fram á mikla aukningu þjóðartekna erum við að ná smám saman tökum á þeim innri vandamálum, sem við höfum verið að glíma við, með þeim árangri sem tölur um kauphækkanir og verðlag fyrstu níu mánuði þessa árs sýna gleggst.

Þegar gengið var til kjarasamninga í febrúarmánuði var almennt við það miðað að viðhalda kaupmætti 4. ársfjórðungs á árinu 1983. Það var ráð fyrir því gert að samningarnir gætu gilt þar til í aprílmánuði á næsta ári, en heimilt að segja þeim upp 1. sept. Það er eðlilegt við aðstæður sem þessar að meta þá kaupmáttarþróun sem orðið hefur og þá þróun sem menn sjá fyrir í þeim efnum á næstu mánuðum og leggja til grundvallar endurnýjun kjarasamninga. Af hálfu margra verkalýðsfélaga hefur kröfugerðin að vísu verið reist á öðrum grundvelli. En ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að það sem skiptir máli við þessar aðstæður er að reyna að finna farveg sem tryggir kaupmáttinn og gefur kannske vonir um að við getum farið í raun og veru að

bæta lífskjörin á nýjan leik.

Við þekkjum gamla farið sem við höfum gengið í gegn um. Það hefur of oft gerst á undangengnum verðbólguáratug að samið hefur verið um launahækkanir sem teknar voru til baka, bæði með gengislækkun og lagasetningu. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að tölur hafa annað gildi þegar verðbólgan hefur verið lækkuð úr 130% stigum niður í 15. 60% launahækkun við 130% verðbólgustig er kannske ekki ósvipað því þegar menn eru að tala um 6% launahækkun í 13% verðbólgu.

Það er eðlilegt að það taki nokkurn tíma fyrir okkur sem þjóð að venja okkur við það að við búum við aðrar aðstæður eftir að verðbólgan hefur komist niður og að tölur hafa annað gildi en áður. Við getum tekið dæmi af kjarasamningunum sem gerðir voru 1982. Þá var samið um launahækkun, að vísu í skugga þess að þá var það samdráttarskeið sem við búum enn við að ríða yfir. Fyrstu alvarlegu merki hins mikla aflasamdráttar voru þá að koma í ljós og að nokkru leyti sömdu menn í skugga þeirra nýju staðreynda. En það var fyrsta árið af þremur þar sem kjarasamningar fóru fram við minnkandi þjóðartekjur. Það liðu ekki margar vikur frá því að kjarasamningarnir voru gerðir uns þeir voru teknir til baka með lögum. Og það var gert meira en að taka samningsbundnar launahækkanir til baka með lögum. Þær voru líka teknar til baka með lækkun á gengi krónunnar. Og hver skyldi hafa setið í ríkisstjórn og ekki ráðið hvað minnstu um gang mála í þeirri stjórn þegar þetta var? Hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er sú: Viljum við fara í þetta gamla far á nýjan leik eða viljum við finna nýjar leiðir til þess að takast á við þessi vandamál sem treysta betur afkomu fólksins í landinu og hagsmuni atvinnulífsins?

Sjálfstæðismönnum þótti rétt að ríkisstj. hefði frumkvæði að því að bjóða til viðræðna um þjóðarsátt þar sem reynt yrði að fara nýjar leiðir, þar sem reynt yrði að láta skattalækkanir koma í stað krónutöluhækkana, þar sem reynt yrði að finna leiðir til þess að kjarabætur gætu orðið raunverulegar og varðveist í stað þess að verða að engu í verðlausum verðbólgukrónum. Það er rétt að hv. 7. þm. Reykv. taldi þetta tilboð vera heimsmet í klaufaskap. Ég hygg nú þrátt fyrir allt að á þeim tíma sem liðinn er vilji hvorki hann né aðrir flokka það undir heimsmet í klaufaskap að gera tillögur um að þjóðin freisti þess að fara þessa leið út úr kjarasamningunum þó að flokksformaður hans vilji viðhafa þau orð enn í dag. Til þessara viðræðna var boðað fyrir miðjan septembermánuð. Því miður dróst í rúma viku að fundir gætu hafist milli aðila. Þá fóru þeir fram og ríkisstj. lýsti fyrir sitt leyti vilja til þess að fella samninga í þetta far. Frá þeim tíma og þar til í fyrrakvöld hafa umræður um þetta efni verið á vegum heildarsamtaka vinnumarkaðarins. Þá óskuðu viðræðunefndir Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins eftir fundi með fulltrúum ríkisstj. til þess að menn gætu áttað sig á því hvort leið af þessu tagi væri fær. Niðurstaða þess fundar varð sú, að allir aðilar málsins hafa samþykkt að tilnefna menn til þríhliða viðræðna af þessu tagi þar sem kannað verður til þrautar hvort menn geta gengið þessa leið út úr ógöngunum.

Grundvöllur slíkra viðræðna hlýtur að vera allverulegar skattalækkanir. Við höfum talið eðlilegt að stjórnvöld beittu sér fyrir því að sveitarfélög gætu lækkað útsvar. Á móti yrði að vera um að ræða mjög hóflegar launahækkanir og samninga út árið 1985. Það er eðlilegt að inn í umræðugrundvöll af þessu tagi mundu menn reyna að taka opinber þjónustugjöld og freista þess að koma í veg fyrir að þau þurfi að hækka á næsta ári, ef verðbólga helst í skefjum, og það er unnt á mörgum sviðum að koma í veg fyrir hækkanir á mikilvægum þjónustugjöldum hins opinbera ef verðbólgan helst í skefjum. Og það er ekki síst mikilvægt fyrir þá sök að það takist að fara þessa leið.

Ríkisstj. hefur lýst því yfir að hún er tilbúin til þess að taka þátt í því að afnema verðtryggingu á skammtímafjárskuldbindingum, sem hlýtur að vera eðlilegt þegar laun eru ekki verðtryggð. Það er ekki óeðlilegt að í umræðum af þessu tagi reyni menn að koma sér saman um vinnu til þess að endurskoða húsnæðislánakerfið. Og það er eðlilegt að fulltrúar launafólksins setji fram þær spurningar hvernig tryggja megi að slíkt samkomulag haldist og menn leiti leiða til þess að unnt sé að gera samkomulag til 15 mánaða þannig að allir samningsaðilar geti gengið til þess verks í fullu trausti. Það er auðvitað erfitt að hefta tök stjórnvalda til hagstjórnar á öllum sviðum. En það eru til leiðir til þess að leysa þau vandamál, sem upp koma í þessum efnum, og menn verða að finna þær í þeim umræðum sem nú fara fram.

Auðvitað leggst mikill vandi á ríkissjóð ef þessi leið verður farin. En um það er ekki spurning. Það er vandi að leysa úr þessum kjaradeilum og útgjaldaaukningin mun einhvers staðar koma fram. Þá er spurningin: Með hvaða hætti teljum við okkur ráða best við hana? Á hvaða vígvelli er best að takast á við það vandamál? Og ég er sannfærður um að það er með þessum hætti.

Ég held að hér sé um að ræða mjög víðtækt samningstilboð að allsherjarlausn á þessum deilum og það er mikilvægt að menn leiti leiða sameiginlega í þríhliða viðræðum. Ég hygg að það væri óheppilegt af einum aðila að setja fram of stífar forskriftir fyrir þessari lausn. Það er ástæða til þess að gefa öllum tækifæri til að vinna sig fram á þessum grundvelli þannig að niðurstaðan verði ekki forskrift eins aðilans sem hlut á að máli. Ég held að þetta sé eina færa útgönguleiðin án nýrrar efnahagskollsteypu. Og við verðum að láta hendur standa fram úr ermum til þess að finna lausn sem skjótast. Við verðum að draga sem mest má verða úr átökum. Auðvitað á hver sitt réttlæti þegar deilur standa eins og við upplifum núna, en á þessu stigi máls skiptir auðvitað mestu að menn hugi að hinum eiginlegu efnisatriðum og víki aukaatriðunum til hliðar.

Það hefur stundum verið rætt undanfarnar vikur að nauðsyn bæri til þess að stjórnvöld gripu inn í þessa deilu með lögbindingu, sýndu að það væri harka og festa í landstjórninni og hinar umfangsmiklu vinnustöðvanir yrðu stöðvaðar með þeim hætti. Ég vil vara við málflutningi af þessu tagi. Þó að þetta sé erfitt viðfangsefni og þó að vandinn sé mikill og spennan í þjóðfélaginu eigum við að takast á við þetta vandamál í frjálsum samningum. Við megum ekki láta aðstæðurnar þvinga okkur til þess að löggjafinn grípi inn í, og við getum leyst þetta með frjálsum samningum. En auðvitað er vandamálið djúptækt og það misgengi sem orðið hefur í þjóðarbúskapnum gerir vandann erfiðari. Þess vegna er ekki óeðlilegt að stjórnvöld bjóðist til þess að taka þátt í lausn málsins eins og gert hefur verið.

Þessar kjaradeilur hafa auðvitað haft í för með sér ýmsa röskun í þjóðfélaginu. Ég hygg að einna veigamest sé sú röskun sem hefur orðið á allri upplýsingamiðlun með því að blöð hafa ekki komið út í nokkuð langan tíma vegna verkfalls bókagerðarmanna og síðan stöðvuðust útsendingar Ríkisútvarpsins nokkrum sólarhringum áður en verkfall opinberra starfsmanna tók gildi og þjóðfélagið varð þannig fjölmiðlalaust. Það er fátítt, hygg ég, og sennilega einsdæmi að slík aðstaða komi upp í þjóðfélaginu. Og það er vafalaust að ef þetta ástand hefði varað lengi hefði það magnað spennuna til muna og gert vandamálin erfiðari úrlausnar. Ég hygg að það sé þess vegna ekkert óeðlilegt að borgarar í landinu víðs vegar um land hafi gripið til sinna ráða í því skyni að koma upplýsingum á framfæri.

Það er einnig svo, að í þessum efnum búum við við einokun á tjáningarfrelsi að því er útvarpsrekstur varðar. Það hefur ekki verið úr því skorið hvort þessi einokun stenst þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem tryggja mönnum rétt til prentfrelsis. Um það hafa farið fram umræður og hljóta að blandast inn í þær umræður sem hafa orðið um útvarpsmál að undanförnu. En ljóst er að þær aðgerðir sem áttu sér stað á þessu sviði leiddu til þess að Ríkisútvarpið var að hluta til opnað á nýjan leik. Menn geta auðvitað haft mörg orð um hvort starfsemi af þessu tagi sé lögleg eða ólögleg og að sönnu er það svo, að lög bjóða að Ríkisútvarpið hafi einkarétt á útvarpssendingum. Í Póllandi er það líka svo, að lög bjóða að það skuli bara vera eitt ríkisverkalýðsfélag, en menn hafa fundið aðra réttlætiskennd. Menn hafa fundið æðra lögmál og víðast hvar á Vesturlöndum standa menn með því að menn þar í landi hafi rétt til þess að stofna frjáls verkalýðsfélög. En lögin eru á einn veg í Póllandi. Jaruzelski hefur lögin sín megin. Það er alveg laukrétt. En réttlætisvitund þjóðarinnar og íbúa á Vesturlöndum er auðvitað sú, að fólk þar í landi eins og annars staðar eigi að hafa rétt til þess að stofna verkalýðsfélög. Og við hljótum auðvitað að spyrja okkur að því líka hvort það sé ekki réttur fólksins í landinu að fá að tjá sig með þeim aðferðum sem tæknin leyfir á hverjum tíma, hvort það eigi að skerða tjáningarfrelsið og hvort það samræmist stjórnarskrá okkar og lýðræðislegri hugsun. Um það hlýtur þessi deila að standa.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að réttargæslan í landinu hefur ekki komið þannig fram að allir séu jafnir fyrir lögum. Það hafa sumir verið sóttir til saka fyrir það að starfrækja útvarpsstöðvar en aðrir ekki. Ég kann ekki skýringar á því hvers vegna réttargæslan í landinu telur nauðsynlegt að sækja að tveimur aðilum, sem starfrækt hafa útvarpsstöðvar á undanförnum dögum, en ekki fjöldamörgum öðrum víðs vegar um land, ekki að þeim sem lengi hafa rekið kapalsjónvarpsstöðvar og aðra starfsemi af þessu tagi. Það er óþarfi að hafa um það langa ræðu. En það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að réttargæslan lítur ekki alla sömu augum í þessum efnum.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, að afstaða hans til útvarpsrekstrar byggist ekki á því hvort borgararnir eigi að hafa rétt til þess að reka útvarp, heldur byggist hún á því, eins og hann tók fram, hvaða efni er flutt í útvarp. Hann var á móti útvarpsrekstri hv. þm. Ellerts Schram af því að honum geðjaðist ekki það efni sem var í útvarpsstöðinni. Það kom skýrt fram í ræðu hans. Spurningin er auðvitað allt önnur sem við þurfum að standa frammi fyrir. Og það er ákaflega þung krafa hjá borgurum landsins að löggjafarsamkoman tryggi borgurunum rétt til þess að nota útvarpstæknina á þann veg að borgararnir hafi sem jafnastan rétt til þessarar fjölmiðlunar eins og annarrar fjölmiðlunar í landinu. Við megum ekki sætta okkur við það að dragast aftur úr öðrum þjóðum í lífskjörum. Við verðum þess vegna núna að freista þess að ná þeim friði og þeim sáttum í þjóðfélaginu sem skapa okkur svigrúm til að takast á við grundvallarmeinsemdir sem enn er við að etja í íslensku atvinnulífi og íslenskum þjóðarbúskap þó mikið hafi áunnist í þeim efnum. Við verðum að taka undir þær ályktanir, sem fram komu af hálfu launþegasamtakanna í maí 1983, þar sem réttilega var á það bent að arðsemi atvinnuuppbyggingar væri grundvöllurinn að því að ná tökum á verðbólguvandamálinu til langs tíma.

Í ályktunum Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í maí 1983 kom það skýrt fram að þessi samtök töldu það vera eina meginrót verðbólgunnar að ekki hafi verið gætt nægilegrar arðsemi við uppbyggingu atvinnulífsins, það fjármagn, sem við höfum varið til fjárfestingar, hafi ekki skilað nægilegum arði þannig að á þeim grunni mætti bæta lífskjörin í landinu. Ég er sammála þessum sjónarmiðum og við verðum núna að skapa svigrúm til þess að takast á við verkefnin út frá þessari meginstefnu. Við verðum að gera nauðsynlegar breytingar á peninga- og fjármagnskerfi okkar til þess að ná þessum markmiðum. Og við verðum að skapa við stjórn efnahagsmála aukið svigrúm þannig að atvinnulífið fái meira fjármagn en áður til þess að fjárfesta í nýjum atvinnutækifærum, skapa meiri verðmæti og þannig bæta lífskjörin. Þeir kostir, sem við stöndum frammi fyrir, eru þeir að leysa þessi vandamál með gömlu hefðbundnu aðferðunum þannig að ný verðbólguskriða ríði yfir. Hin leiðin er að freista þess að finna þjóðarsátt í þríhliða viðræðum með samningum sem geta orðið raunverulegur grundvöllur til bættra lífskjara í þessu landi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. minntist ekki einu orði á þá smán sem yfir íslenska þjóð hefur gengið á undanförnum dögum, þar sem ráðherrar í ríkisstj. hafa staðið að lögbrotum, hafa sagt að eitt lögbrot réttlætti annað, hafa staðið í vegi fyrir því að lögunum í landinu væri framfylgt, þeir sömu aðilar og hafa verið til þess kjörnir og eru til þess eiðsvarnir að halda uppi lögum í landinu.

Formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, gerði þetta að nokkru umræðuefni hér áðan með harla furðulegum hætti. Hann talaði um frelsi fólksins til þess að tjá sig. M. ö. o., frelsi fólksins til þess að brjóta lögin. Það var það sem fólst í orðum hv. þm. Þorsteins Pálssonar sem talaði hér áðan. En það er athyglisvert að forustumenn tveggja stærstu stjórnmálaflokkanna skuli annaðhvort ekki minnast einu orði á þá smán, sem yfir okkur er gengin í þessum efnum, eða reyna að klóra yfir það með þeim hætti sem hv. seinasti ræðumaður gerði.

Það var líka athyglisvert að hvorki hæstv. forsrh. né hv. þm. Þorsteinn Pálsson minntust einu orði á það misrétti sem viðgengst hér í þjóðfélaginu. Þeir minntust ekki einu orði á það hvernig stórir hópar fólks eiga

tæplega til hnífs og skeiðar á meðan aðrir hópar vaða í peningum. Þeir minntust ekki einu orði á þau skattsvik sem grassera hér í þjóðfélaginu. Þeir minntust ekki einu orði á neðanjarðarhagkerfið sem við höfum öll fyrir augum. Það var þetta sem vantaði í þeirra ræður. En það er kannske engin tilviljun því að þeir vilja líklega hafa þetta svona.

Þegar hæstv. forsrh. taldi hér upp talnarunur um verðbólgu, þá gekk hann vitaskuld út frá því að allt ætti að vera óbreytt, það átti ekkert að færa til. Skattsvikin áttu að vera óbreytt. Tekjuskiptingin í þjóðfélaginu átti að vera óbreytt. Þá gat hann fengið út þessar tölur. En sannleikurinn er sá, að forsendan fyrir því að við náum raunverulegum árangri hér í efnahagsmálum og náum hér sáttum milli launafólks, ríkisstjórnar og atvinnurekenda er einmitt sú að þetta bil sé jafnað, að þetta neðanjarðarhagkerfi verði afnumið, að komið verði í veg fyrir skattsvikin, að menn þurfi ekki að horfa upp á það dag eftir dag á sama tíma og menn eiga tæpast fyrir salti í grautinn að hér rúlli lúxuskerrur nýjar um götur borgarinnar sem kosta milljón eða jafnvel meira. Þetta er það verkefni sem menn standa fyrst og fremst frammi fyrir. Þess vegna var það athyglisvert að hvorugur þeirra talsmanna ríkisstj. sem hér töluðu áðan skyldi minnast á þetta einu orði. Þetta sem er höfuðverkefnið sem við stöndum frammi fyrir, þetta sem er ein aðalundirrót þess ástands sem hér ríkir. Að þeir skyldu hoppa yfir þetta, þetta misrétti og þessa smán, sem yfir okkur hefur gengið, þegar ráðherrar standa fyrir löglevsum og löbrotum, það er kannske dæmigert.

Hæstv. forsrh. sagði í upphafi máls síns að honum þætti rétt þegar á fyrsta starfsdegi þingsins að gera Alþingi grein fyrir stöðunni í kjaramálum. Það hefði kannske verið betra fyrir hæstv. forsrh. ef hann hefði farið að tillögum okkar Alþfl.-manna og kallað þingið saman svolítið fyrr til þess einmitt að gera grein fyrir stöðu kjaramála. En á því hafði hann ekki áhuga. Þá fannst honum þingið bara óþægilegt.

Hæstv. forsrh. gat þess líka í ræðu sinni að hann óskaði þess að þessar umræður yrðu til þess að lægja öldurnar í þjóðfélaginu. Ég held að hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin öll hefðu átt að huga að því með hvaða hætti á að fara að því að lægja öldurnar í þjóðfélaginu, þegar hún markaði afstöðu sína til kjaradeilu BSRB, þegar hún tók þau skref sem mögnuðu þá deilu og hafa fært í hana hörku. Það er eitt að standa hér upp og vera tungulipur en standa svo að því gang í gang að magna þá deilu sem hér er við lýði í þjóðfélaginu.

Sama viðhorf kom fram í ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Hann talaði um það að nauðsyn væri að láta hendur standa fram úr ermum og það þýddi ekki annað en að sýna mýkt. Þetta eru falleg orð. En menn hafa bara allt, allt annað fyrir augunum. Það sem menn hafa fyrir augunum er það, að ríkisstj. sat á höndum sér og gerði ekki neitt til þess að koma til móts við launafólk í þessari kjaradeilu. Það sem menn hafa fyrir augunum er það að ríkisstj. notaði hvert tækifæri til að slá á fingurna á þeim sem stóðu í þessari kjaradeilu. Orð og athafnir fara því ekki saman.

Hæstv. forsrh. lýsti því hér áðan hvernig stjórnarstefnan hjá seinustu ríkisstjórn hefði leitt yfir okkur óðaverðbólgu og hann varaði við því að við færum á þá braut. Það var athyglisvert að heyra hæstv. forsrh. lýsa afrakstrinum af ríkisstjórn Framsfl., Alþb. og hluta úr Sjálfstfl. En það er rétt að við viljum aldrei aftur fá 60—120% verðbólgu sem hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Svavar Gestsson stóðu að því að láta hér dynja yfir okkur í valdatíð seinustu ríkisstjórnar. En leiðin er ekki sú að svelta fólk til hlýðni eins og hér virðist eiga að gera.

Ég tók eftir því líka í ræðu hæstv. forsrh. að hann las upp tvö álit frá Benedikt Sigurjónssyni, fyrrum hæstaréttardómara. En það er merkilegt við þessi álit að annað má gilda í augum hæstv. ríkisstj. en hitt ekki. Benedikt Sigurjónsson er allra lögfræðinga bestur þegar hann túlkar það að kjaradeilunefnd hafi endanlegan úrskurð í öllu að því er varðar framkvæmd verkfallsins. En hann er að engu hafandi þegar hann úrskurðar að greiða skuli laun fyrsta dag hvers mánaðar. Er þetta ekki svolítið einkennilegt af hálfu hæstv. ríkisstj.? Og er það ekki svolítið einkennilegt, úr því að hæstv. forsrh. gerði þessi prinsípmál með kjaradeilunefnd hér að umræðuefni, að á sama tíma og ríkisstj. stendur í blóðugum slag til að berja stofnanir sínar til þess að fara eftir úrskurðum kjaradeilunefndar og leita ekkert annað, leita aldrei til BSRB, þá skuli hver ráðh. á fætur öðrum í ríkisstj. sjálfri snúa sér beint til BSRB.

Hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson fór með sérstöku leyfi BSRB til útlanda. Þá gilti ekki prinsípið. Hæstv. forsrh. hafði frumkvæði að því, fram hjá og eftir að kjaradeilunefnd hafði úrskurðað að ekki yrði útvarpað frá setningu Alþingis og í samráði við BSRB, að það yrði gert. Þá gilti heldur ekki prinsípið. Það gilti ekki þetta prinsíp fyrir ráðh. Það gildir bara fyrir hina. Þetta er merkilegt.

Í ræðu sinni hér áðan sagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson að launin hefðu hækkað meira en verðlagið. Við hljótum að hafa það alveg glimrandi hér á Íslandi núna. En það er eitt sem ég skil ekkert í, ef þetta skyldi nú vera satt hjá hv. þm., og það er það að kaupmátturinn skuli minnka þegar launin hækka meira en verðlagið. Ég held að hver einasti Íslendingur, þ. á m. þingmenn sjálfir, finni það á pyngju sinni að kaupmátturinn er að minnka. Þar að auki geta þeir fengið það í tölum frá opinberum stofnunum. Þetta er alveg dæmalaus málflutningur að standa hér upp og halda því fram að nú séu launin að hækka meira en verðlagið.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði líka mikið úr því að gripið hefði verið til umfangsmikilla aðgerða til að bæta hag hinna verst settu. Mér fannst eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson ætlaðist til þess að hinir verst settu stæðu nú bara upp, klöppuðu og hrópuðu húrra. En sannleikurinn er sá, að hinir verst settu í þjóðfélaginu hafa ekki um langt árabil haft það verra en einmitt núna. Þess vegna finnst mér hlálegt, finnst mér í rauninni grátlegt þegar talsmenn ríkisstj. fara að hrósa sér af því hvað þeir hafi gert mikið fyrir hina verst settu.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði líka að umtalsefni hér áðan að við höfum þurft að þola vaxandi erlenda skuldasöfnun. Við höfum þurft að þola vaxandi erlenda skuldasöfnun. Er ekki ríkisstjórn í landinu? Hverjir voru það sem tóku þessi lán? Hverjir voru það sem samþykktu lánsfjáráætlanir og lánsfjárlög á seinasta þingi, sem gerðu einmitt ráð fyrir því að skuldir mundu aukast, þrátt fyrir allar yfirlýsingar um að þær skyldu ekki gera það og mættu aldrei í lífinu fara yfir 60%? Það er ríkisstjórnin sjálf sem hefur sökkt okkur í þetta skuldafen. Það erum við sem höfum þurft að þola það,

þegnar þessa lands, að ríkisstj. skyldi leiða yfir okkur þessa aukningu í erlendri skuldasöfnun. Það erum við, almennir borgarar þessa lands, sem höfum þurft að þola það af hendi þessarar ríkisstj.

Sannleikurinn er sá, að þessi ríkisstj. hefur stefnt íslensku þjóðfélagi í hrein vandræði. Eftir 16 mánaða valdaferil er þjóðfélagið meira og minna komið á vonarvöl, því miður. Sjávarútvegurinn hefur siglt meira og minna í strand. Ég skal viðurkenna að hluti af því er ekki núv. ríkisstj. að kenna, heldur á hæstv. forsrh., fyrrum sjútvrh., ekki svo litla sök í þeim efnum, þegar hann hleypti hér inn 25 togurum til viðbótar í allt of stóran skipastól, sem menn eru nú að rembast við að reyna að borga og geta vitaskuld ekki. Ég skal viðurkenna það. En hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert til úrlausnar í þessum málum. Þau neyðaróp, sem hafa borist, hefur hún látið sem vind um eyru þjóta. Mörg fyrirtæki hafa þegar gefist upp, önnur eru við það að gefast upp og fólk gengur atvinnulaust í ýmsum sjávarplássum víðs vegar um landið. En ríkisstj. skellir skollaeyrum við því. Hún sefur og hefst ekki að.

Sama gildir í raun og sannleika að því er varðar landbúnaðinn, aðra undirstöðuatvinnugrein. Ríkisstj. hefur keyrt landbúnaðinn út í slíkar ógöngur að margir bændur vita í raun ekki sitt rjúkandi ráð. Þetta er nú sannleikurinn varðandi tvær undirstöðuatvinnugreinar.

Í þriðja lagi hefur ríkisstj. fært landið dýpra í fen erlendra skulda en nokkurn tíma fyrr, þessi ríkisstj. sem sagðist mynduð til að sjá til þess að erlend skuldasöfnun yrði stöðvuð. Viðskiptahallinn er feiknamikill. En hann er einfaldlega orðinn til vegna þess að ríkisstj. ákvað að taka svo mikið af erlendum lánum sem raun bar vitni. Þá gerist ekkert annað en að það verður viðskiptahalli og þess vegna var hann fyrirsjáanlegur.

Fimmta afrekið er að hafa bankana lokaða. Svo stendur hv. þm. Þorsteinn Pálsson upp hér áðan og hrósar sér af því að þegar bankarnir séu hættir útlánum séu innlánin meiri en útlánin. Þakka skyldi þeim, þegar menn lána ekkert úr þeim.

Í sjötta lagi hefur það gerst á þessu ári að landið hefur í rauninni sporðreistst. Það er hafinn fólksflutningur utan af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir báða aðila, fyrir bæði landshornin.

Og síðast en ekki síst hefur ríkisstj. gengið svo hart fram í því að skerða kjör launafólks, almennings í landinu, að mörgum heimilum liggur við gjaldþroti. En á þessu hefur ríkisstj. engan skilning. Það sást vel í sumar, en það sást líka vel í þeim ræðum, sem hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteinn Pálsson fluttu hér áðan, að þeir höfðu engan skilning á því að heimilunum á Íslandi liggur við gjaldþroti.

En það gerðist meira. Við þessar aðstæður í haust, þegar launþegar fóru að bera sig upp undan því að kjörin væru óbærileg, boðaði ríkisstj. enn þá meiri kjaraskerðingu. Með sérstöku samkomulagi stjórnarflokkanna, sem var birt sem tímamótaaðgerð, fylgdi það að nú skyldu kjörin skert enn frekar. Með þessu hefur ríkisstj. sýnt það og sannað á öllum starfsferli sínum að hún kann engin önnur ráð í efnahagsmálum en kjaraskerðingu og áframhaldandi kjaraskerðingu. Ég segi: Þessi stefna er röng. En hún er meira en röng. Hún er þjóðhættuleg, vegna þess að á sama tíma og fjöldi heimila berst í bökkum raka aðrir saman gróða og skattsvikin magnast.

Það er ljóst að frjálshyggju- og peningamagnspostularnir hafa náð fram þeim vilja sínum að frelsi fáist fyrir ofsagróða. Því hafa þeir náð fram. Það höfum við fyrir augunum. Það sjáum við að það frelsi hafa menn fengið. En það frelsi sem felst í efnalegu sjálfstæði hvers einasta einstaklings, það skilja þeir ekki. Sannleikurinn er vitaskuld sá, að án efnahagslegs sjálfstæðis er enginn frjáls. Og það er fyrir því frelsi, frelsi til efnahagslegs sjálfstæðis, sem fólkið í landinu er nú að berjast. Ríkisstj. er búin að skipta landsmönnum upp í tvær þjóðir, hinn mikla fjölda sem berst í bökkum og verður sífellt fátækari og á sífellt erfiðara með að láta endana ná saman, og hina, sem græða á tá og fingri, oft í skjóli skattsvika. Þetta höfum við fyrir augunum. Við höfum lúxuskerrurnar fyrir augunum eins og ég minntist á hér áðan. En við höfum líka séð milljónahallirnar sem reistar eru fyrir milliliðagróðann. Og það er þetta misrétti sem er það vandamál sem við okkur blasir fyrst og fremst í íslensku þjóðfélagi. Þetta er það verkefni sem menn verða að taka á. Almenningur mun ekki una því, fólkið í landinu unir því ekki að lifa við þessa misskiptingu. En með því að stemma stigu við þessum peningamokstri, með því að stemma stigu við þessum ofsagróða og þeim innflutningi, sem honum fylgir, þá má færa fjármuni til, þá má færa fjármuni til launafólks. Og því getur enginn haldið fram að slík tilfærsla eigi að þýða verðbólgu. Enginn hagfræðingur, enginn maður getur haldið því fram.

Með sama hætti er vitaskuld rétt að draga úr óþarfa fjárfestingu milliliðanna og ríkisins, þessari fjárfestingu sem við höfum fyrir augunum, og færa þannig til og skapa svigrúm til þess að bæta hag launafólksins. Það skapar heldur enga verðbólgu, ekki nokkra einustu verðbólgu. Það þarf enginn að segja og það er augljóst.

Auðvitað ætti ríkisstj. að vera búin að snúa sér að þessum verkefnum fyrir löngu. Við Alþfl.-menn bentum ríkisstj. á það strax fyrir ári síðan að þetta væru þau verkefni sem hún yrði að snúa sér að. Og við vöruðum hana við því að feta þá braut sem hún var að feta og láta þetta ógert. Við sögðum: Það mun þýða ógöngur og þjáningar. Nú er það komið á daginn. Við sögðum: Launafólk getur ekki þolað svona stefnu til lengdar. Nú er það komið á daginn.

Þessi ríkisstj. sem við búum við, þessi ríkisstj. Steingríms Hermannssonar er greinilega ekki þannig sinnuð. Hún er nefnilega ekki ríkisstj. launafólksins. Hún er greinilega ríkisstj. forréttindahópanna, forréttindahópanna sem mata krókinn. Það er það sem er kjarni málsins. Þess vegna kann hún engin önnur ráð en að skerða kjörin. Þess vegna hefði mönnum í rauninni ekki átt að koma á óvart hver viðbrögð ríkisstj. urðu við launa- og kjarakröfum af hálfu opinberra starfsmanna. *Menn töluðu um að þetta væru klaufaleg viðbrögð hjá* ýmsum ráðh. í ríkisstj. En sannleikurinn er sá að þetta var í rauninni bara stefna ríkisstj. sem mennirnir voru að túlka. Þessi klaufalegu viðbrögð, sem menn töluðu um að væru, voru í rauninni í samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. hafði markað, í samræmi við þá stefnu sem peningamagnspostularnir höfðu kokkað ríkisstj. Það var nefnilega ekki bara Albert Guðmundsson sem gaf þessar yfirlýsingar. Það var líka t. d. hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl. *Hann tilkynnti þjóðinni* með blessun og samþykki hæstv. forsrh., sem sat við

hans hlið, að fólkið yrði enn að herða sultarólina. Kjörin ættu ekki að batna, heldur mundu þau frekar rýrna. Og það var þessi sami þm., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., sem tilkynnti þjóðinni að ef þessi að hans dómi óhóflega háa sáttatillaga, sem menn kannast við, yrði samþykkt færi þjóðfélagið nánast á hausinn á stundinni. Það mundi þýða hrun, það mundi þýða atvinnuleysi og óðaverðbólgu.

Hvað var verið að gera? Það var verið að framfylgja stefnu ríkisstj. En það var verið að gera meira. Það var verið að reyna að hræða fólkið í landinu til hlýðni og undirgefni undir stefnu ríkisstj. um að halda niðri kjörunum. Það er það sem var verið að gera. En það tókst ekki, einfaldlega af þeirri ástæðu að menn sáu misréttið í kringum sig, sáu að þegar þeir ættu tæpast fyrir salti í grautinn þá gæti ekki verið eðlilegt og rétt að gróðinn hlæðist upp á öðrum sviðum. Sá maður sem á í erfiðleikum með að sjá heimili sínu farborða verður ekki blekktur til þess að horfa upp á algjört gjaldþrot fjölskyldu sinnar.

Ef við lítum áfram yfir þennan feril, þá var það merkilegt og athyglisvert að þegar sáttatillögunni hafði verið hafnað tók ríkisstj. þá ákvörðun að borga ekki út laun. Þá birtist stefnan aftur í rauninni berskjölduð. Það var meiningin að kúga fólk. En með þessu var ríkisstj. líka að segja: Það skal verða verkfall. Ríkisstj. sagði: Við borgum ekki út laun þann fyrsta. Í því fólst yfirlýsing ríkisstj. um að það skyldi verða verkfall. Hún vildi ekki nota dagana fram að því að verkfallið skylli á, frá fyrsta degi mánaðarins til hins þriðja, til þess að reyna að semja. Nei, hún var búin að gera upp hug sinn. Tímann átti ekki að nota til þess að reyna að semja, heldur skyldi verða verkfall. Það var í raun ákvörðun ríkisstj.

Þegar svo verkfallið var skollið á mætti ríkisstj. berhent og skoðanalaus hjá ríkissáttasemjara. Hún hafði þá og hún hefur nánast hingað til ekkert haft til málanna að leggja. Og það sem meira er: hún hefur notað hvert einasta tækifæri, sem hún gat fundið, til þess að stökkva frá samningaborðinu. Þetta sýnir okkur bara eitt. Það sýnir okkur það eitt að ríkisstj. vill hafa verkfall og ríkisstj. vill tefja úrlausn málsins. Hún vill lengja verkfallið. Úr því að ekki tókst að hræða launafólk til hlýðni með yfirlýsingum Þorsteins Pálssonar og fleiri, þá á að reyna að svelta það til hlýðni. Það á að reyna að brjóta launafólk niður með því að hafa verkfallið eins langt og mögulegt er.

En þetta er um leið árás á launþegahreyfinguna í landinu. Við vitum að frjálshyggjupostular eins og Hayek og Friedman og margir fleiri telja samtök launafólks af hinu illa og vilja koma þeim fyrir kattarnef. En það er nýtt fyrir okkur að þau viðhorf ráði ferðinni í ríkisstj. á Íslandi. Samt verður ekki annað séð af staðreyndum þessa máls. Og þetta gerist undir forsæti þess flokks, Framsfl., sem á tyllidögum a. m. k. vill kenna sig við félagshyggju og samvinnu. Það er greinilegt að postular peningamagnskenningarinnar hafa ekki einungis náð undirtökunum í Sjálfstfl., heldur lætur Framsfl. það annaðhvort gott heita, nema þá ef vera skyldi að hann sé búinn að tileinka sér þessar kenningar líka.

Hafi einhver verið í vafa um það hvers konar ríkisstj. við byggjum við núna þá er það nú fyllilega ljóst. Þetta er hreinræktuð hægri stjórn, yst á hægra kanti íslenskra stjórnmála. Við skulum líta á feril ríkisstj. Hún byrjaði á því að skerða kjörin og afnema samningsrétt. Þeir sögðust gera þetta til þess að ná jafnvægi í efnahagsmálum. En það náðist aldrei neitt jafnvægi. Næstu aðgerðir ríkisstj. þar á eftir voru að ráðast gegn þeirri velferð sem Alþfl. hafði forustu um að byggð yrði hér upp, en allir flokkar hafa tekið þátt í á undanförnum árum og áratugum. Þegar kom að því að spara á vegum ríkisins fann ríkisstj. það eitt til ráða að ráðast gegn sjúkum, ellilífeyrisþegum, börnum. Þarna átti að spara. Það var búið að segja þjóðinni að hún hefði lifað um efni fram. En var það í því að mennta börnin okkar sem við höfðum lifað um efni fram? Var það í því að ellilífeyrisþegar lifðu í vellystingum praktuglega sem við höfðum lifað um efni fram? Var það í því að sjúklingar þyrftu ekki að greiða nægilega mikið fyrir lyfin sín sem við höfðum lifað um efni fram? Sú var skoðun ríkisstj. Hún réðst á þessa hópa. Hún réðst í að brjóta niður þá velferð sem menn hafa unnið að því að byggja hér upp á undanförnum áratugum.

Gjald fyrir læknisvitjun var hækkað um 200—300%. Sama gilti varðandi lyfin. Á meðan matvæli hækkuðu allt upp í 80% hækkaði grunnlífeyrir ellilífeyrisþega einungis um 14%. Og kaupmáttur ellilífeyris hefur ekki verið svo lágur svo lengi sem skrár ná yfir. Þær ná til 1971.

Námslán voru skert. Jöfn aðstaða til menntunar skipti ekki lengur máli. Og það var ráðist gegn hinu almenna skólakerfi. Það var skorið niður og gerð tilraun til að skera það enn þá frekar niður. Í húsnæðismálunum, húsnæðislánunum var nákvæmlega það sama uppi á teningnum. Hið almenna húsnæðislánakerfi hefur verið lamað. Umsóknir frá því í jan. til mars á þessu ári verða ekki afgreiddar fyrr en á næsta ári. Það er átta mánaða bið eftir nýbyggingarláni. Svona er ástandið í húsnæðismálunum.

Svona getum við rakið hvern félagslega þáttinn á fætur öðrum og það blasir við hver stefna ríkisstj. er. En vextir voru hækkaðir upp úr öllu valdi. Það var auðvitað nauðsynlegt fyrir Íslendinga að vera með hæstu raunvexti í heimi. Og það var „tímamótaaðgerð" eins og menn muna. Sú tímamótaaðgerð hafði þær afleiðingar fyrst og fremst að bönkunum var lokað. Skattar voru líka hækkaðir og þyngdir — á einstaklingum, af því að kaupmátturinn hjá þeim var auðvitað allt of mikill að dómi ríkisstj. En þeir voru lækkaðir á fyrirtækjum og atvinnurekstri, stórlækkaðir. Þannig kom miskunnarleysi ríkisstj. gagnvart fólkinu í landinu fram í hverju málinu á fætur öðru, og átti sér í rauninni ekki nein takmörk, á meðan milliliðirnir máttu græða. Það voru fluttir stórkostlegir fjármunir frá fólkinu, frá launafólkinu, yfir til braskaranna og atvinnurekstrarins, en ekki til grundvallaratvinnuveganna eins og sjávarútvegsins sem mátti halda áfram að vera á hausnum. Og núna þessa dagana, seinustu viku og rúmlega það, hefur svo komið í ljós í kjarabaráttu launþega að ríkisstj. leggur ofurkapp á að kjör launafólks batni ekki. En hún gerir meira. Ríkisstj. leitast við að draga verkfall BSRB á langinn og hefur augljóslega að markmiði að brjóta BSRB á bak aftur. Takmarkið virðist vera að lama launþegahreyfinguna. BSRB stendur í eldlínunni en röðin getur komið að öðrum launþegahreyfingum næst.

Fyrst var unnið að því að brjóta niður þá félagsmálastefnu og samhyggju sem einkennir velferðarþjóðfélag

okkar. Nú eru samtök launafólks í skotlínunni. Samtök launafólks finna þetta vitaskuld og þau finna að nú er ekki einungis tekist á um kaup og kjör, heldur einnig um starfsgrundvöll og jafnvel tilveru verkalýðsfélaganna. Menn finna að sú barátta sem þeir standa í á vegum BSRB varðar ekki einungis opinbera starfsmenn, heldur hvern einasta launamann í landinu. Þessi tilraun ríkisins til að brjóta hin frjálsu samtök launafólks á bak aftur má ekki og mun ekki takast. Íslendingar verða ekki sveltir til hlýðni. Það get ég sagt hæstv. ríkisstj.

Sú kjaradeila sem nú er uppi er mjög alvarlegt mál og ég hef gert hana hér nokkuð að umtalsefni. En hitt er ekki síður alvarlegt að ráðh. í ríkisstj. hafa lagt blessun sína yfir lögbrot. Ég á þar vitaskuld við þær sjóræningjastöðvar, sem gjarnan kalla sig frjálsar útvarpsstöðvar eða útvarp þjóðarinnar eða eitthvað álíka fallegt, sem hafa verið starfræktar og eru greinilega hreint lögbrot. Í þessu sambandi skiptir engu máli þótt ég hafi þá skoðun og Alþfl. hafi þá skoðun að það eigi að rýmka um og auka fjölbreytni og möguleika í þessum efnum. Það eru lög í landinu og lögin á að halda. Því ef við byggjum ekki þetta land á lögum þá byggjum við það ekki á neinu.

Það er skylda ráðh. og ríkisstj. að sjá til þess að lögunum í landinu sé framfylgt. Þeir gerðu þvert á móti. Hæstv. fjmrh. með aðstoð borgarstjórans í Reykjavík og framkvæmdastjóra Sjálfstfl. kom í veg fyrir það að verðir laganna gætu fengið að gegna skyldustörfum sínum þegar þeir komu til Valhallar Sjálfstfl., útmiðaðrar útvarpsstöðvar. Annar ráðh., hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir, sagði aðspurð að það væru svo mörg lögbrotin framin þessa dagana að það yrði bara að gera upp dæmið á eftir. Hæstv. menntmrh. var að gera því skóna að eitt lögbrot réttlætti annað. Hvers vegna mega þá ekki allir aka fullir úr því svo margir gera það? Hvers vegna megum við ekki hafa ólöglegar áfengisútsölur? Hvers vegna er það eitthvert mál að Pétur steli af Guðmundi? Má þá ekki Guðmundur stela af Jóni og Jón af Þórði og svo jöfnum við allt á eftir?

Ef svona á að stjórna landinu þá er augljóst að hér horfir til hreinna vandræða. Það er hlutverk og skylda ráðh. að framfylgja lögunum í landinu. Og dómskerfið í landinu hefur í raun og sannleika líka brugðist að mínum dómi. Ég fæ ekki skilið hvernig á því stendur að ef út kemur blað eins og Spegillinn sé hægt að stöðva það á einum eftirmiðdegi, en ef upp koma ólöglegar útvarpsstöðvar þá skuli það taka a. m. k. viku. En það langalvarlegasta í þessu öllu saman er vitaskuld það að ráðh. skuli vera samsekir í þessu máli. Ég er næsta viss um það að í engu landi öðru mundi það líðast að ráðh. höguðu sér með þessum hætti.

Sannleikurinn er líka sá að bæði með framkomu þessara tveggja ráðh. og með því einnig að aðrir ráðh., þ. á m. hæstv. forsrh., hafa lagt þessum stöðvum, ólöglegu sjóræningjastöðvum, til efni í viðtöl hafa þeir gerst samsekir. Þá erum við Íslendingar orðnir að athlægi meðal frændþjóða okkar.

Menn tala hér fjálglega um íslenska menningu, íslenska sögu, réttarríkið, að hér sé elsta þing í veröldinni, en svo fremja menn þvílíka smán. Þá finnst mér að þessi söngur þeirra sé orðinn hjóm, þeir hafa lítillækkað þjóðina.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að hann vænti þess að menn tækju höndum saman til að ná sáttum í því ástandi sem nú varir á Íslandi. Ég skora á hæstv. forsrh. að hafa sáttatón í ríkisstj., því það er ríkisstj. sem hefur efnt til þessara árekstra og þess ástands sem hér ríkir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér er efnt til umræðu um launamál og efnahagsmál. Hæstv. forsrh. kemur hér í stól og hefur í rauninni ekkert að segja, en það tekur hann samt næstum klukkustund að segja það. Ríkisstj. hæstv. ráðh. hefur valið sér það hlutverk að magna og flækja vinnudeilu sem hefur bein áhrif á fjórðung eða fimmtung heimila í landinu. Einstakir ráðh. hafa valið sér það hlutverk að kasta stríðshönskum í andlit löghlýðinna borgara. Samninganefnd ríkisins undir stjórn hæstv. ríkisstj. leyfir sér á sjöunda degi verkfalls að leggja fram umræðupunkta sem eru svo losaralegir og almennir að þeir hefðu varla dugað sem minnisplagg fyrir sex mánuðum. Hér skal ég nefna dæmi. Hér er plagg frá samninganefnd ríkisins:

„Umræðuefni á fundi með samninganefnd BSRB þann 11. okt. 1984:

1. Gildistími aðalkjarasamnings verði til 31. 12. 1985.

2. Nýir sérkjarasamningar gildi frá 1. apríl 1985. Unnið verði að gerð sérkjarasamninga frá undirritun aðalkjarasamnings“ o. s. frv.

„3. Unnið verði að endurskoðun á launakerfi ríkisins og henni lokið eigi síðar en 1. sept. 1985“, o. s. frv. — Og við erum að tala um verkfall sem er þegar hafið.

Þetta hefur samninganefnd ríkisins fram að færa.

Í 4. lið er rætt um lækkun skatta og útsvara „ef af verður, sbr. sérstakar umræður um það efni.“

Og í 5. lið stendur að „samið verði um breytingu á launalið með því markmiði að unnt verði að halda verðlagi í skefjum á samningstímanum.“

Í 6. lið er talað um „að viðræðunefndir aðila eða sérstakar undirnefndir fari yfir þau gögn sem samninganefnd ríkisins hafi áður afhent um þróun ýmissa þátta efnahagsmála“ o. s. frv.

Þetta er það sem samninganefnd ríkisins í umboði ríkisstj. hefur fram að færa á sjöunda degi verkfalls. Eins og ég segi hefði þetta varla gagnað sem lauslegir minnispunktar í þessari deilu fyrir sex mánuðum. Þetta er svo yfirgengilegt eftir viku verkfall þúsunda starfsmanna ríkisins að það er út af fyrir sig efni í vantrauststillögu á fjmrh. Það virðist alls ekki reynt að ná neinum samningum. Forsvarsmenn hæstv. ríkisstj. virðast líta á þessa 17 þúsund starfsmenn ríkis og bæja eins og einhver óþægileg aðskotadýr í samfélaginu, blóðsugur eða þurfalinga sem séu að þvælast fyrir þeim og séu í raun ekki verðir þess að við þá sé talað. Það vill samt svo til að það er þetta fólk í BSRB sem rekur t. d. skólana, sem hefur þó menntað börn þessara sömu ráðh. og okkar þm. allra, og það er þetta sama fólk sem rekur barnaheimilin, spítalana og elliheimilin og aðrar þjónustustofnanir sem hefur ríkt 20 eða 30 ára samstaða í þessu landi um að byggja upp. Það mat sem þessi ríkisstj. leggur nú á störf þessa fólks birtist í viðbrögðum hennar þessa dagana. Þeir sem nú ráða Sjálfstfl. virðast hafa gleymt því hlutverki sem sá flokkur lék þó í áratuga uppbyggingu þessa kerfis. Og það er heimskuleg og það er skammsýn ríkisstj. sem ætlar með eins árs launastefnu að stefna málum í það strand að starfsemi þess-

ara stofnana sé í raun og veru rústuð. Þetta eru lykilstofnanir fyrir afkomu okkar í framtíð. Þetta eru lykilstofnanir fyrir velferð okkar í nútíðinni.

Það er hafinn fólksflótti í stórum stíl frá ríki og sveitarfélögum. Sum barnaheimili hér í borginni eru rekin án tilskilins menntaðs starfsfólks. Stjórnendur skóla og sjúkrahúsa eiga í sífellt meiri örðugleikum við að manna þessar stofnanir, svo tekin séu örfá dæmi. Afleiðingar þessa ástands eru margar. Í fyrsta lagi má það nefna að dýrmæt menntun og starfsreynsla þessa fólks glatast til annarra og jafnvel alls óskyldra starfa. Í öðru lagi versnar þjónustan, sem þessar stofnanir veita, vegna skorts á starfsfólki. Í þriðja lagi veldur reiði, örvænting og óánægja þeirra sem eftir eru versnandi vinnuanda og afköstum. Þetta brýtur stofnanirnar niður innan frá. Í fjórða lagi getur þessi minnkun á þjónustu við viðskiptavinina, t. d. börn og sjúklinga og aðra sem þangað þurfa að sækja, valdið því að þessar stofnanir eigi undir högg að sækja í samfélaginu. Þetta getur valdið fjandsamlegri umræðu og afstöðu umhverfisins. Það er kannske það sem Sjálfstfl. vill ná fram til þess að eiga auðveldara um vik þegar að því kemur að leggja þessar stofnanir niður, sem sumar hverjar virðast vera honum þyrnir í augum. Og það kemur úr undarlegri átt að ríkisstj., sem hefur talið sig eiga þau glæstust spilin á hendinni að vera að byggja hérna upp framtíðarþjóðfélag, nýbreytni í atvinnuháttum og fleira, skuli nú telja sig vinna það verk best með því að þrengja á áður óþekktan hátt að öllu menntakerfi landsins, öllu skólakerfi landsins, og setja það t. d. á vald bankastjóra hvaða námsmenn hefji nám á haustin. Þannig er það á valdi bankastjóra hvaða æskufólk fær að hefja hérna nám á næstu árum. Það er nákvæmlega það sem lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett til þess að komast hjá til þess að tryggja jöfnuð. Það er tómt mál að tala um nýsköpun í atvinnulífi til framtíðar ef sú nýsköpun byggist ekki á vel hæfu og menntuðu rannsókna- og starfsfólki.

Það ætti að vera ríkisstj. ærið umhugsunarefni að kennarastéttin, sem á að vísa leiðina inn á þessar nýju framtíðarbrautir, sem á að þjálfa fólkið sem á að vinna í þessum nýju atvinnufyrirtækjum, hátækniatvinnufyrirtækjum eins og Pólnum á Ísafirði, svo notuð séu orð hæstv. forsrh. úr umræðum í vor, þessi stétt sem á að varða þennan veg skuli vera orðin einhver lægst launaða stétt landsins. Hagsmunum framtíðarinnar væri miklu betur borgið þannig, að kennarastörf væru eftirsótt og að stjórnendur skóla gætu valið úr starfsfólki í staðinn fyrir að horfa á eftir því flýja kennarastörfin hvert á fætur öðru.

Eins og ég sagði áðan er hrun þessara stofnana, sem við höfum byggt upp á undanförnum áratugum, hugsanlega yfirvofandi. Kannske er það lokatakmark þessara nýju valdhafa Sjálfstfl. vegna þess að ef ég man rétt stendur í erlendum fræðibókum, sem eru skrifaðar af fyrirmyndum þeirra, að velferðarkerfi ali á aumingjaskap, menn leggist í leti og einstaklingurinn fái ekki notið sín. En mitt í þessu öllu, og það er kannske huggun harmi gegn, hafa augu fjöldamargra almennra borgara opnast fyrir því á undanförnum tveimur vikum að Sjálfstfl. stendur fyrir því að brjóta þessar stofnanir niður leynt og ljóst. Það hefur sem sé gerst að menn eru farnir að sjá þennan flokk í réttu ljósi, ekki síst þegar Morgunblaðsins nýtur ekki lengur við til að halda uppi leiktjöldunum. Sjálfstfl. er nefnilega þessa dagana ótíndur sjálfgræðisflokkur, eins og einn af núverandi foringjum hans, borgarstjórinn Davíð Oddsson, kallaði hann forðum — sjálfgræðisflokkurinn!

Að auki hefur Sjálfstfl. með framkomu sinni við opinbera starfsmenn vegið að þeim hluta lífsgæðanna sem kannske er mikilvægastur, sem er sjálfsvirðing einstaklingsins. Það er vegið að sjálfsvirðingu einstaklingsins þegar samfélagið neitar að viðurkenna framlag hans til launa á þann eina hátt og með þeim einu mælistikum sem eru tiltækar, en það eru aðstaða og laun. Og það er ekki orðið gott hlutskipti Sjálfstfl., sem hefur talið sig bera velferð einstaklingsins fyrir brjósti, að ganga svo gegn hans helgustu véum, sjálfsvirðingunni, vissunni um að vera metinn að verðleikum af umhverfi sínu og samfélagi.

En Sjálfstfl. hefur gert fleira sem stefnir gegn fornum venjum hans og fornum hefðum og þá ætla ég að snúa máli mínu aðeins að frjálsu útvarpi. Í málflutningi sínum til að verja nýju útvarpsstöðvarnar hafa ráðh. Sjálfstfl. sumir hverjir látið hafa eftir sér skoðanir sem valda því að nú fer skelfingarhrollur niður um bakið á löghlýðnum kjósendum flokksins og öðrum borgurum þessa lands — kjósendum flokksins sem höfðu ætlð talið að flokkurinn styddi það að framfylgt væri lögum og reglum. Þær fregnir sem okkur hafa borist síðastar ítreka að það er ekki einu sinni svo. Ef marka má fregnir af stofnfundi Félags um útvarpsrekstur í gærkvöldi hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að hann fagnaði lögbrotum útvarpsmannanna sem hann sagði að storkuðu kerfinu. Hæstv. fjmrh. hefur sérstakt lag á því að nefna hlutina skrýtnum nöfnum. Nú heitir það að storka kerfinu að brjóta landslög. Það er kannske skýringin á slælegri framgöngu gegn augljósum skattsvikum undanfarinna ára að valdhafar líti þannig á að skattsvikarar séu þá að storka kerfinu. Kannske voru Stigahlíðarbraskararnir í sumar bara að storka kerfinu.

Nú er mér kerfið ekki kært, en ég vil að breytingar á því náist fram með siðuðum hætti og sama sinnis eru þeir fjölmörgu sjálfstæðismenn sem hafa á undanförnum dögum sagt sig úr flokknum. Og ef við ætlum að fara að kalla lögbrotamenn storkara eða eitthvað þess háttar erum við komin inn á áður óþekktar brautir.

Ég hef farið örfáum orðum um það sem ég kalla aðgerðaleysi ríkisvaldsins í samningamálum. Eins og ég talaði um í byrjun hefur þar ekkert verið lagt fram. Ég hef talað um það sem ég tel að sé lítilsvirðing ríkisstj. á starfsemi fólksins í BSRB. Ég hef talað um það sem ég tel að sé raunveruleg hætta á því að það verði óbætanlegt eða illbætanlegt tjón á velferðarstofnunum í þessu landi sem hefur verið margra áratuga samvinna um að byggja upp. Og ég hef harmað brotthvarf Sjálfstfl. frá virðingu fyrir einstaklingum og lögum. Nú ætla ég aðeins að víkja að samningunum.

Aðdragandi þessara samninga var á ýmsan hátt nokkuð sígildur. Fyrir nokkrum vikum voru birtar áætlanatölur frá Þjóðhagsstofnun um t. d. afkomu sjávarútvegs. Þessar tölur voru svo mikilli óvissu háðar og þær voru byggðar á svo misvísandi tölum að jafnvel höfundar þeirra buðu vara á því að á þeim væri tekið mark. En samt eru þessar tölur notaðar til að draga kjarkinn úr öllum launþegum, hvort sem þeir eru í sjávarútvegi eða BSRB eða hvar á landinu sem þeir eru. Launþegar allir áttu að taka þetta til sín, að það

væri ekkert til skiptanna.

Næst komu svo hótanir um launasviptingu í október. Helsti sérfræðingur og líklega aðalsmiður viðkomandi laga, Benedikt Sigurjónsson, taldi aðgerðir stjórnarinnar ólöglegar. Ýmsir aðrir lögfræðingar voru í miklum vafa um lögmæti þess að greiða fólki ekki laun í október, en samt ákvað ríkisstj. að greiða ekki laun, jafnvel þótt þessi vafi léki á. Ýmsir hefðu nú haldið að í ljósi þess vafa hefði ríkisstj. talið réttast að láta starfsfólk sitt njóta þess að vel grundaður vafi léki á því að stjórnin væri að fara að lögum. Ýmsar aðrar stjórnir hefðu kannske látið starfsfólk sitt njóta þess vafa. Ekki þessi stjórn. Hún var í kúrekaleik. Hún var að ógna fólki og þetta var einn liðurinn.

Það er nú einna helst á hæstv. forsrh. að skilja að hann hafi svolítið samviskubit af þessu. A. m. k. tók hann dýrmætan tíma hér áðan til þess að taka af allan vafa um að þetta væri náttúrlega á ábyrgð fjmrh. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson lýsti: þegar gripið er til lögskýringa um fjölskipað stjórnvald vita menn hvað er á ferðinni. — Þetta var um launasviptinguna.

Til viðbótar við þetta kemur núna bersýnilegt aðgerðaleysi ríkisvaldsins sem á sjöunda degi verkfalls leggur fram almenna algjörlega gagnslausa umræðupunkta sem eins og ég sagði í byrjun hefðu verið gagnslausir fyrir sex vikum.

En það er ýmislegt annað á ferðinni. Á meðan þessi leiksýning fer fram er líka leiksýning í öðrum leiktækjasölum Sjálfstfl. Í einum þeirra situr Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri VSÍ — líklega í reykfylltu bakherbergi — og býður lagabreytingar. Hann er t. d. búinn að bjóða breytingar á skattalögum. Það hefur að vísu ekki komið fram hver hafi gefið honum umboð til þess að bjóða þessar lagabreytingar. Kannske hefur hann víðtækara umboð til lagabreytinga. Kannske hefur hann boðið hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að hækka hámarkshraðann á Reykjanesbrautinni. Kannske nær þetta umboð til lagabreytinga til fleiri stjórnenda Vinnuveitendasambandsins. Ætli Davíð Scheving Thorsteinsson bjóði okkur ekki bráðum upp á lagabreytingar sem leyfa bjór á Íslandi? Það væri auðveldari leið en að reyna að koma bjórnum fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Þannig er nú löggjafarvaldið orðið. Þó ég sé maður valddreifingar vildi ég ekki dreifa því svo mjög eins og mér sýnist það hafa dreifst á undanförnum vikum. Það þarf að breyta skattalögum. Um það eru allir sammála. Núverandi skattalög eru einhver helsta og stærsta undirrót ójafnaðar í íslensku þjóðfélagi. En það á ekki að gerast á þennan hátt. Verslunar- og þjónustufyrirtæki munu samkv. öllum ræðumönnum í dag og samkv. gögnum sem hafa verið gefin út áður græða meira en nokkru sinni fyrr. Þessi fyrirtæki eiga sjálf að greiða mannsæmandi laun. Vinnuveitendasambandið á ekki að losa þessi fyrirtæki undan launagreiðslum með því að bjóða skattalækkanir. Það þarf hins vegar að breyta skattalögum, eins og ég sagði áðan, sem eru ein aðaluppspretta óréttlætis á landinu, en um það á að koma frumkvæði frá þinginu.

Það þarf líka að koma frumkvæði frá þinginu í húsnæðismálum vegna þess að húsnæði varðar ekki aðeins húsaskjól. Húsnæði varðar líkamlegt heilbrigði fólks, húsnæði varðar andlegt heilbrigði fólks, það varðar sjálfsvirðingu einstaklinga og hamingju heimila og þessi mál á Alþingi að fjalla um. Einhver stærsta vanræksla núverandi valdhafa, þings og stjórnar, er að hafa algerlega brugðist þeirri skyldu að tryggja lágmarksjöfnuð þegnanna með aðgerðum í húsnæðis-, trygginga- og skattamálum. Það er orðin djúp gjá á milli lífskjara þeirra kynslóða sem byggðu húsnæði fyrir 1975 og hinna sem byggðu húsnæði eftir 1975. Og það er djúp gjá á milli lífskjara þeirra sem gefa öll sín laun upp til skatts og hinna sem ekki gera það. Þetta eru staðreyndir sem þetta þing verður að horfast í augu við. Þennan ójöfnuð m. a. á ríkisvaldið að uppræta. Það er verksvið þess í sambandi við varðveislu lífskjara. Á slíkum grunni jafnaðar væri þess einhver von að launasamningar, bæði fyrir opinbera starfsmenn og aðra, gætu náð fram réttlæti og yrðu viðunandi hvað fjöldann varðar. Þetta á þingið að fást við, þetta á þingið að eiga frumkvæði um, en ekki taka við minnisblöðum frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þingið á að gera eigin ráðstafanir til að ná jöfnuði og eyða fátækt og gæta þess um leið að hamla ekki þannig framtaki einstaklinga og auka skrifræði og miðstýringu að til vansa horfi. Þetta ætti að vera verðugt verkefni þess á næstu vikum.

Nú hef ég gert grein fyrir mínum skoðunum varðandi hlut Alþingis í jöfnun lífskjara og ætla þá að ræða nokkra vitnisburði sem ég hef aflað um frammistöðu og starfsemi ríkisstj. Það er æði fróðlegur lestur.

Okkur er öllum minnisstætt þegar útgerðarmenn á Austurlandi sigldu í land í sumar. Það var mjög greinileg yfirlýsing um álit þeirra á stjórn efnahagsmála. Okkur eru í öðru lagi minnisstæðar niðurstöður samanburðarkannana sem voru birtar á launakjörum á Vesturlöndum í sumar þar sem laun á Íslandi voru með þeim allægstu á Vesturlöndum. Í þriðja lagi eru okkur líka minnisstæð orð sem Kristján Ragnarsson hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna hafði um aðgerðir ríkisstj. í sumar þegar hún rembdist eins og rjúpan við staurinn við að gera efnahagsráðstafanir. Í fjórða lagi eru okkur minnisstæðir ýmsir punktar úr ræðum Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra frá ársfundi bankans í vor þar sem hann lýsti því yfir að ekkert hefði verið höggvið að rótum íslenskrar efnahagsóáranar. Í fimmta lagi gleymir enginn yfirlýsingum sem hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., gaf á frægum fundi á Seltjarnarnesi um að þessi ríkisstj. ætti allt eftir ógert. Í sjötta lagi gleymir enginn sem las grein sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skrifaði í Morgunblaðið snemma sumars um ýmislegt í sambandi við Samband ísl. samvinnufélaga. Í sjöunda lagi eru mönnum í fersku minni viðbrögð þingbróður hans, Guðmundar H. Garðarssonar formanns fulltrúaráða sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Í áttunda lagi er sá vitnisburður sem er kannske einna bestur. Það er braskið í sumar þegar hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Þorsteinn Pálsson börðu saman óskalista um hvað þeir raunverulega óskuðu að þeir hefðu verið að gera fyrsta eina og hálfa starfsár stjórnarinnar þó að listinn væri um það sem þeir ætluðu að gera næsta starfsárið. Ég held að af öllum þessum vitnisburðum sé þessi bestur um það hvað raunverulega var ógunnið af því sem þessi ríkisstj. þóttist allan tímann ætla að gera. Í níunda lagi er nýjastur sá vitnisburður sem kom fram í yfirlýsingu beggja hæstv. forsrh. áðan um að verðbólguholskefla mundi skella yfir land og þjóð ef fólk fengi mannsæmandi laun. Hvað

þýðir það m. ö. o.? Það þýðir það að ekkert hefur breyst. Engu hefur verið breytt í ríkiskerfinu. Engu hefur verið breytt í íslensku efnahagslífi svo að það megni að taka á sig bætt lífskjör. Þetta er líka yfirlýsing um að öllum launahækkunum, hversu litlar sem þær væru, yrði velt áfram út í verðlagið. Ekki er þetta nú beinlínis traust til valdastéttarinnar í Sjálfstfl., kaupmannanna og iðnrekendanna, sem vel geta boðið hærri laun. Verslun og þjónusta getur svo sannarlega boðið hærri laun en hún gerir núna.

Þessar yfirlýsingar beggja forsrh. í þessari umr. eru órækur vitnisburður um að ekki treysta þeir því að neinu hafi verið breytt til raunverulegra bóta í íslensku efnahagslífi. Svo bitnar þetta á fólkinu í BSRB. Fólkið í BSRB lítur út eins og óhreinu börnin hennar Evu. Það er búið að skammta öllum og nú er bara gat, eitt gatið enn. Við sáum eitt gat í vor, þá gleymdu menn í fjmrn. að gera ráð fyrir ákveðnum greiðslum og nú er í raun og veru komið fram eitt gatið enn. Það er gatið sem fólkið í BSRB þarf að horfa inn í. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim. Þannig þarf fólkið í BSRB að gjalda athafnaleysis og aumingjaskapar þessarar ríkisstj. — ríkisstjórnar sem hefur ekki tekið á skattsvikum, ríkisstjórnar sem hefur ekki tekið á landbúnaðarmálum eða niðurgreiðslum, ríkisstjórnar sem ekki hefur tekist á við raunverulega endurskipulagningu ríkisbáknsins til þess að ná fram raunverulegum sparnaði. Það er ekki nóg að spara bara bréfaklemmur. Hér er ríkisstj. sem ekkert hefur tekið á sjóðakerfinu og hér er ríkisstj. sem við vitum að mun ekki einu sinni vera þess megnug að framfylgja þeim fyrirheitum, sem hún hefur uppi núna, um endurskoðun á þessu kerfi vegna þess að slík endurskoðun verður vafalaust lítið annað en það að breyta nafnspjöldum á hurðum og raða skrifborðunum á skrifstofunum svolítið öðruvísi.

Fyrir þessa vanrækslu þarf nú fólk að gjalda. Og til að breiða svo yfir vesaldóminn hefur Sjálfstfl. tekið þann kost núna að tala eins og harðir karlar. Formaður flokksins, borgarstjóri flokksins og hæstv. fjmrh. flokksins hafa nú síðustu vikurnar gengið fram eins og kúrekar í villta vestrinu og ætlast greinilega til þess að fólk skjálfi á beinunum þegar þeir skjóta úr byssunum sínum. Í þessari umr. kemur svo hv. þm. Þorsteinn Pálsson eins og nýr Clint Eastwood í íslenskum stjórnmálum og hrósar sér af nokkurra hundraða króna hækkunum á tryggingabótum á sama tíma og hækkanir á læknishjálp, meðulum, tannlæknaaðstoð og t. d. lánum vegna húsnæðiskaupa, bæði húsnæðismálastjórnarlánum og lífeyrissjóðslánum, nema tugum þúsunda á ári fyrir venjulega fjölskyldu. Í sumar var tekin ákvörðun um það einhvers staðar í kerfinu að hækka vexti almennra lífeyrissjóða úr 2% upp í 7%. Það þurfti ekki lýðræði þá. 350% hækkun á þessum vöxtum, sem hún í raun og sannleika er, þýðir fyrir unga fjölskyldu með tvö lífeyrissjóðalán einhvers staðar milli 40 og 50 þús. kr. á ári aukalega. Hvaða gagn er þeim þá í nokkurra hundraða króna sporslum úr einhverjum vasa þessarar ríkisstj.? Ekki neitt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Alþingi kemur nú saman við óvenjulegar og válegar aðstæður. Ólga og upplausn ríkir í íslensku þjóðfélagi. Stórir hópar fólks una ekki lengur hlutskipti sínu og þeim sultarkjörum sem ríkisstj. skammtar þeim og mótmæla svo undir tekur í þjóðfélaginu. Verkfall opinberra starfsmanna hefur nú staðið í rúma viku, verkfall bókagerðarmanna í fjórar vikur og hvergi er lausn í sjónmáli.

Hæstv. fjmrh., viðsemjandi opinberra starfsmanna fyrir hönd ríkisins, lætur hafa eftir sér hverja yfirlýsinguna á fætur annarri, sem ekki er hægt að skilja nema á einn veg, þann veg að opinberir starfsmenn séu helstu óvinir lands og þjóðar, virði ekki lög og reglur og hyggist rústa íslenskt lýðræði. Sá hinn sami fjmrh. greiðir hins vegar ekki opinberum starfsmönnum laun sín, eins og lög gera ráð fyrir, og hindrar að lögreglan geti sinnt skyldustörfum sínum og rannsakað meint lögbrot, svo sem henni er skylt að gera samkvæmt lögum.

Þegar hæstv. fjmrh. sleppir hleypur hæstv. menntmrh. í skarðið og tekur fram að ekkert tiltökumál sé þótt lög séu brotin hér í þessu landi, þar sem alltaf sé verið að brjóta lög hvort sem er. Sú spurning — (**Menntmrh.:** Hvenær var þetta?) Í Ríkisútvarpinu, hæstv. ráðh. (**Menntmrh.:** Ég hef ekki sagt fyrri hluta setningarinnar.) Hæstv. ráðh. sagði, ef ég man rétt, að — (**Menntmrh.:** Það er ekki rétt munað.) Þá sendir kannske hæstv. ráðh. mér afrit af fréttum Ríkisútvarpsins sem hún væntanlega hefur í fórum sínum. Sú spurning sem nú brennur í huga flestra landsmanna er þessi: Til hvers eru lög ef ekki skiptir meginmáli að þau séu haldin? Til hvers er verið að hafa þá löggjafarsamkomu sem hér situr, þrískiptingu valds og lýðræðisskipulags, ef lögin skipta engu máli? Og hvers megnugt er íslenskt lýðræði ef handhafar framkvæmdavaldsins hlíta ekki grundvallarreglum laga og réttar? Þetta eru þær spurningar sem nú brenna mönnum í huga.

Svo sannarlega hriktir í stoðum lýðveldisins. En það er ekki fólkið í landinu, opinberir starfsmenn eða aðrir sem vega að lýðræðinu, heldur eru það stjórnvöld sjálf sem það gera með þessari framkomu sinni.

Þetta eru válegir tímar og á þessum válegu tímum heyrist oft hrópað: Frelsi, frelsi. Slíkt er ekki nýtt í mannkynssögunni. Slík hróp hafa iðulega heyrst á ögurstundum og örlög þjóða verið ráðin með þeim skilningi sem lagður er í grundvallarhugmyndir af þessu tagi. Og við spyrjum: Hvaða frelsi, frelsi hvers til að gera hvað, frelsi hvers gagnvart hverjum? Frelsi er ekki til án ábyrgðar, frelsi án ábyrgðar er ekkert frelsi heldur ofbeldi. Ofbeldi er frelsi frumskógarins þar sem hinn sterkasti hefur frelsi til að koma fram við aðra á hvern þann máta sem hann kýs á grundvelli krafta sinna.

Það hefur tekið mannkynið milljónir ára að þróast frá frelsisskilningi frumskógarins til þess skilnings sem allt lýðræði byggir á, þess skilnings að frelsi er ekki til án ábyrgðar, að öllum réttindum fylgja skyldur. Þannig skiljum við konur það frelsi sem við erum að berjast fyrir konum til handa. En hvað gerist á Íslandi árið 1984, í fornu lýðræðisríki sem um aldir hefur státað af því að skilja á milli frelsis og ofbeldis í stjórnskipan sinni? Hópur manna tekur sér frelsi frumskógarins og í skjóli krafta sinna, fjármagns og valdaítaka í íslensku samfélagi hlítir ekki landslögum. Og það sem alvarlegast er er að gæslumenn lýðræðisins, íslenskir ráðherrar, sinna ekki skyldum sínum, þeim skyldum sem fylgja réttindum þeirra, valdinu. Þeir láta þetta ofbeldi átölulaust og gott betur en það, afsaka það jafnvel líka. Hvar er þá komið frelsinu, því frelsi sem stjórnarskrá lýðveld-

isins byggir á? Það er ekki lengur virt, það skal víkja fyrir frelsi frumskógarins, fyrir ofbeldinu sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., kallaði æðra lögmál hér áðan.

Samkvæmt landslögum hefur Ríkisútvarpið ótvíræðan einkarétt á útvarpsútsendingum hér á landi. Þeir sem brjóta á þessum rétti brjóta því landslög. Einkaréttur Ríkisútvarpsins, sem er eign allrar þjóðarinnar, er ekki til kominn til þess að tryggja rétt fárra á kostnað fjöldans, eins og margir virðast halda, þ. á m. hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., kallaði æðra réttur Ríkisútvarpsins til kominn til að tryggja frelsi allra, hvers einasta mannsbarns á Íslandi, til að koma skoðunum sínum, vitneskju og viðhorfum á framfæri, eins og 3. gr. útvarpslaganna kveður á um. Svokallað frjálst útvarp er því öfugmæli. Það er ofbeldisútvarp, það er útvarp sem tryggir rétt þess sterkari, þess sem hefur aðstöðu og á peninga til að koma skoðunum sínum á framfæri án tillits til hvað aðrir hafa að segja. Slíkt útvarp hefur engar skyldur, aðeins réttindi, réttindi til að útvarpa. Þetta hefur áþreifanlega sannast á þeim fréttaflutningi og því efni sem að undanförnu hefur verið útvarpað í bága við landslög, m. a. úr herbergjum valdaaðila hér í þessu þjóðfélagi. Og ekki er nóg með að núverandi valdhafar leggi blessun sína yfir þetta fyrirkomulag á upplýsingamiðlun til landsmanna og hyggist koma því á með lögum, heldur leggja þeir einnig blessun sína yfir þau lögbrot sem framin hafa verið í útvarpsmálum undanfarið. Það hafa þeir gert ýmist með því að láta þessi lögbrot átölulaus og ekki hafst að til að þau verði stöðvuð, eða með því að koma fram og tala í þessar lögbrotsstöðvar, eins og t. d. hæstv. forsrh. hefur gert.

Hugmyndir ráðh. um lýðræði og frelsi, lög og lögbrot virðast því vera heldur betur á reiki og ekki að undra þótt landslýður hrökkvi við og sé uggandi um hag sinn og afkomu lands og þjóðar þessa dagana. Almenningur hélt og það réttilega að ekki mætti brjóta lög. Og almenningur er nú samkvæmt lögum þessarar ríkisstjórnar búinn að taka á sig meiri kjaraskerðingar en lengi hafa þekkst hér á landi. Hugmyndir ríkisstj. um frelsi í kjaramálum eru dálítið aðrar en í útvarpsmálum. Í kjaramálum eru mönnum skömmtuð laun með lögum og ekki spurt um frelsi, t. d. frelsi til að hafa fyrir nauðsynjum með því að vinna fulla vinnu, sem enginn þarf þó að draga í efa að hverjum og einum ber samkvæmt grundvallarhugmyndum lýðræðisins um frelsi. Í þessum efnum, ef það skyldi vefjast fyrir einhverjum, felst ábyrgðin í vinnunni, í vinnuframlagi hvers og eins og frelsið í því að geta lifað af ávöxtum vinnunnar. Allir eiga heimtingu á því að geta lifað af vinnu sinni. En slíkt frelsi hafa ekki allir á Íslandi í dag, enda er nú svo komið að stórir hópar fólks hafa lagt niður vinnu löglega, ég endurtek löglega, og reyna að semja um laun sem hægt er að lifa af. Og hvað gerist þá? Hæstv. fjmrh., sem lætur allra handanna lögbrot óátalin, ætlar af göflum að ganga yfir löglegu verkfalli opinberra starfsmanna og reynir að knýja þá til að fresta löglegum aðgerðum með þeim bolabrögðum að fella sáttatillögu ríkissáttasemjara í vinnudeilu BSRB og ríkisins. Hér eru á ferðinni vinnubrögð sem eiga lítið skylt við lýðræði eða lýðfrelsi. Hér er á ferðinni tilraun til hrokafullrar valdbeitingar. Þessum vinnubrögðum svo og afskiptum fjmrh. af lögbrotsmálum undanfarna daga mótmæli ég hér með fyrir hönd Samtaka um kvennalista.

Núverandi ríkisstj. hefur setið að völdum í 16 mánuði. Á þessum 16 mánuðum hefur henni tekist að ná verðbólgunni niður í tveggja stafa tölu með því að skerða svo almenn laun í landinu að stórir hópar fólks búa nú við krappari kjör en lengi hafa þekkst hér á landi. Á mörgum heimilum, og þá ekki síst þeim þar sem konur eru fyrirvinnur, ríkir nú neyðarástand. Hvað á að gera? Það er ekki nóg að ná verðbólgunni niður. Engin úrræði eru mér sýnileg hjá ríkisstj. En margt er hægt að gera. Það er hægt að semja um krónutöluhækkun á laun í stað prósentuhækkunar, eins og við Kvennalistakonur höfum þráfaldlega bent á, og tryggja þannig töluverða hækkun lægstu launa, sem nú er lífsspursmál fyrir þá sem ekki sjá sér og sínum lengur farborða. Það er hægt að dreifa byrðunum réttlátar með því að skattleggja þá sem í dag maka krókinn og engan speking þarf til að sjá að gera það býsna gott og vel það í skjóli þessarar ríkisstjórnar. Þannig er hægt að afla fjár til félagslegra úrbóta og nýrrar atvinnuuppbyggingar sem tryggir bættar aðstæður landsmanna allra.

Það er einnig hægt að spara ríkisfé og fjárfesta þar á margvíslegan annan máta en nú er gert og afla þannig landsmönnum öllum aukinna tekna. Svo eitthvað sé nefnt má t. d. verja því fé sem nú fer í að byggja Blönduvirkjun fyrir svissneska auðhringinn Alusuisse, eftir nýjustu fréttum í Ríkisútvarpinu að dæma, og þar er ekki um smáar upphæðir að ræða, þessu fé má verja til að byggja upp nýjar atvinnugreinar, byggðar á innlendu hráefni og innlendri þekkingu, á þeim stöðum þar sem atvinna er nú að leggjast niður sökum margvíslegra erfiðleika í sjávarútvegi.

Það má gera ótal margt til að tryggja hag lands og þjóðar. En það er einfaldlega ekki gert. Stefna þessarar ríkisstj. leyfir það ekki. Stefna þessarar ríkisstj. leyfir ekki að jafnt sé látið yfir alla landsmenn ganga í baráttunni við verðbólgudrauginn. Hún leyfir ekki að tryggð sé afkoma og félagslegt öryggi allra landsmanna. Hún leyfir ekki skattlagningu milliliða og annarra sem hagnast á núverandi efnahagsástandi. Hún leyfir ekki að allir landsmenn sitji við sama borð án tillits til kynferðis, aldurs eða hvar þeir búa á landinu. Hún leyfir ekki að nýrra leiða sé leitað í atvinnuuppbyggingu og látið af gamla stóriðjudraumnum sem fyrir löngu síðan er orðinn að martröð. Og núna síðustu dagana virðist hún ekki leyfa, svo óyggjandi sé, að lög séu tvímælalaust haldin í landinu. Slík ríkisstjórnarstefna á ekki rétt á sér.

Í upphafi máls míns ræddi ég um frelsið. Ég ræddi um hvernig skilningur á frelsishugtakinu getur á ögurstund ráðið úrslitum um örlög þjóðar. Slík stund er nú upp runnin fyrir íslenska þjóð.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég ætla að reyna að svara nokkru af því sem hefur komið hér fram í dag. Efnislega hafa bæði hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., svarað því vel sem er kjarni þess máls sem er hér á dagskrá, þ. e. kjarasamningarnir, en margar af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar í dag hafa farið langt út fyrir það efni og sumar verið endurtekning á fjárlagaræðunni á s. l. hausti og því sem sagt var í

sumar.

Ég vil koma seinna að því sem fyrst kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, að fólk mótmæli svo undir tekur. Það skal ég svo sannarlega tala um seinna í minni ræðu. En ég vona þá að frú Sigríður Dúna, hv. 11. þm. Reykv. verði komin hér fljótlega eftir kvöldmatinn því mér skilst á forseta að ég eigi að skipta minni ræðu í tvennt. Ég vil þá fyrst svara þeim fullyrðingum hv. ræðumanns að fjmrh. hafi borið skylda til að greiða laun. Fjmrh. hefur ekki heimild til að greiða neitt úr ríkissjóði nema gegn framlagi á því sem greiðsla er fyrir. Hér er um framlag vinnuskyldu að ræða og í þessu tilfelli var það vitað fyrirfram að því miður yrði verkfall, vegna þess að BSRB hafði ekki áhuga á því að ræða hugsanlega lausn á verkfallinu milli þess sem talning fór fram úr atkvæðagreiðslu og þar til verkfall var þegar boðað. Formaður BSRB og stjórn höfðu gengið um landið og hvatt menn, bæði persónulega og á fundum og í útvarpi og öðrum fjölmiðlum, meðan fjölmiðlar voru starfandi, til þess að fella sáttatillögu ríkissáttasemjara og fjmrh. vissi manna best hvernig hann mundi greiða atkvæði, áður en hann gerði það lýðum ljóst, vegna þess að sáttatillagan var um 100% hærri en um hafði samist í febrúar milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins. Það var því nokkuð ljóst að verkfall mundi skella á og þar af leiðandi ljóst að *ríkisstarfsmenn mundu ekki vinna frá boðuðum verk*fallsdegi.

Þá var fullyrt af fleiri en einum að ég hafi hindrað lögregluna í starfi. Það er alveg rétt. Það má segja að ég hafi hindrað lögregluna í starfi. Og ég tel mig hafa verið að gera rétt. En ég hindraði hana ekki með fyrirskipun, það er mesti misskilningur. Þegar lögreglulið réðst inn í Valhöll, höfuðstöðvar Sjálfstfl., sem hýsir marga aðra starfsemi, þá spurði ég viðkomandi lögregluforingja hvort hann hefði skriflega heimild til þess að fara inn í húsið og gera húsleit. Hann sagðist ekki hafa heimild til þess. Og ég ætla að vona að enginn hér sé þess sinnis að lögreglulið geti hagað sér hér á landi eins og sums staðar erlendis, geti farið fyrirvaralaust inn í hvaða húsakynni sem eru, hvort það eru heimili eða fyrirtæki eða stofnanir, og gert þar leit, hvort sem það er að útvarpsstöðvum eða öðru. Slíkt hefur aldrei skeð á Íslandi. Lögregluforinginn skildi þetta og hann fór í burtu með sitt lið. Hann hefði aldrei átt að fara á staðinn. Lögreglan veit hvaða gögnum hún þarf að vera búin til þess að fara óboðin inn í eignir annarra. Hvort er þetta frelsi eða ofbeldi? Er það frelsi húseigandans til að vera án lögreglu innan sinna veggja? Eða er það frelsi lögreglunnar til að fara hvert sem er án heimilda? Hvort vill hv. 11. þm. Reykv. túlka þetta sem ofbeldi lögreglunnar eða ofbeldi einstaklingsins sem ráðist var á þarna? Það er gott að tala fögrum orðum og túlka atburðarásina sér í hag.

Ég veit ekki hvað hv. 11. þm. Reykv. hefur fyrir sér þegar hún segir að það sé hægt að semja um krónutöluhækkun. Og það er fullyrt að fjmrh. og samninganefnd ríkisins hafi verið styrfin og með stærilæti, hrokafull. Að þessu gefna tilefni, áður en ég svara þeim öðrum sem hér hafa tekið til máls, ætla ég að leyfa mér að lesa upp hér grg. um framvindu í kjaradeilu BSRB haustið 1984, þeirri deilu sem nú stendur yfir, með leyfi forseta. Hún hljóðar svo:

„Hinn 23. júlí 1984 samþykkti stjórn og samninganefnd BSRB að segja upp frá 1. sept. launaliðum aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra frá 29. febr. 1984, sbr. heimild í grein 12.2 í samningi aðila.

Kröfugerð BSRB var send fjmrh. með bréfi 24. júlí 1984 og er þannig:" — Þetta er ekki rétt vegna þess að formaður og varaformaður bandalagsins báru mér þetta bréf sjálfir. Áður en ég held áfram vil ég upplýsa að um leið og ég tók við þessu bréfi spurði ég hvort ekki væri rétt að við ræddum lausn á þessari augsjáanlegu deilu en það var ekki talið rétt. Með þessu bréfi fékk ég líka afrit af bréfi sem þeir höfðu þegar sent sáttasemjara. Sem sagt, málið var þegar á leiðinni til sáttasemjara. Svo held ég áfram bréfinu:

„1. Föst mánaðarlaun hækki frá 1. sept. 1984 um 30%.
2. Laun hækki um 5% 1. jan. 1985.
3. Vaktaálag verði miðað við efsta þrep 15. launaflokks í stað 13. launaflokks, sem er þriggja launaflokka eða u. þ. b. 10% hækkun umfram aðrar hækkanir taxta.
4. Lögum um kjarasamninga BSRB verði breytt á þann veg að bandalagsfélögin fái samnings- og verkfallsrétt um öll atriði kjarasamninga.

BSRB vísaði samningsviðræðunum um kröfur bandalagsins þegar í upphafi til ríkissáttasemjara.

Fyrsti fundur um málið var haldinn hjá sáttasemjara 2. ágúst 1984. Á þeim fundi hafnaði samninganefnd *ríkisins kröfu BSRB og skýrði samninganefnd* bandalagsins frá því, að ekki væru þá taldar forsendur fyrir breytingum á aðalkjarasamningi. Ákveðið var að boða til næsta fundar í síðasta lagi 16. ágúst.

Á sáttafundi 16. ágúst ítrekuðu báðir aðilar fyrri afstöðu sína og í kjölfar þess ákvað samninganefnd BSRB að koma saman til fundar ásamt stjórn bandalagsins 3. sept. til að taka ákvörðun um verkfall.

Næsti sáttafundur aðila var haldinn 24. ágúst. Þá lagði fjmrh. fram yfirlýsingu um að hann væri reiðubúinn að leita samkomulags við BSRB á eftirfarandi grundvelli:

1. Samningsaðilar kanni sameiginlega þróun verðlags og kaupmáttar á þessu ári.
2. Komi í ljós umtalsverð frávik frá forsendum þess samnings, sem aðilar gerðu á s. l. vetri er fjmrh. reiðubúinn að ræða hvort þær kauphækkanir, sem þar var gert ráð fyrir, þ. e. 3% 1. sept. og 3% 1. jan., geti komið til framkvæmda með öðrum hætti.
3. Aðilar geri fyrir 1. apríl n. k. sameiginlegar tillögur um leiðir til að auka hagkvæmni í opinberum rekstri til hagsbóta fyrir báða aðila og hugsanlega endurskoðun launakerfis ríkisstarfsmanna. Jafnframt leiti aðilar leiða til að gera kjarasamninga til lengri tíma en tíðkast hefur.

Svar BSRB var á þá leið að þeir teldu þetta ekki gagntilboð og ekkert nýtt væri í þessu efni.

Sáttasemjari óskaði eftir að tíminn fram að næsta mánudegi yrði notaður til að fleyta málum áfram." Þarna er fyrsta boð ríkisins um viðræður.

„Á fundi aðila 3. sept. ítrekuðu báðir aðilar enn afstöðu sína og engin ný atriði komu fram.

Stjórn og samninganefnd BSRB ákveða að boða verkfall frá og með 19. sept.

Sáttasemjara bar lögum samkvæmt að leggja fram sáttatillögu og kynnti hann hana 13. sept. og ákvað um leið frestun á framkvæmd verkfalls BSRB til 4. okt. Sáttatillagan gerði ráð fyrir eftirfarandi:

1. Laun hækki um 6% frá 1. sept. 1984 í stað 3%.
2. Laun hækki um 4% frá 1. jan. 1985 í stað 3%.

Stjórn og samninganefnd BSRB samþykktu þegar í stað að hafna sáttatillögunni og lögðu til við sína félagsmenn að þeir felldu hana í atkvgr. sem fram fór 24. og 25. sept. Talning fór fram 28. sept. og höfnuðu sáttatillögunni rúmlega 70% af þeim rúmlega 80% félagsmanna BSRB sem þátt tóku í atkvgr. um hana."

Þann 1. okt. bauð fjmrh. eða samninganefnd ríkisins frestun vekfalls gegn greiðslu á mánaðarlaunum til jafnlangs tíma eða til mánaðamóta. Þessu hafnaði BSRB.

„Fundur var haldinn hjá sáttasemjara 2. okt. Á þeim fundi lýsti samninganefnd ríkisins yfir því, að hún væri reiðubúin til viðræðna um samningsatriðin, þ. e. launalið aðalkjarasamnings, og þá án þess að aðilar bindi sig í fyrri afstöðu, þ. e. kröfugerð, svör við henni og sáttatillögu. Í þessum umræðum yrði einnig fjallað um samning til lengri tíma en fyrri samningur var. Ákveðin svör voru ekki gefin af hálfu BSRB en annar fundur ákveðinn."

Þriðja tillaga frá ríkisnefndinni.

„Á fundinum 3. okt. lagði samninganefnd ríkisins fram eftirfarandi umræðupunkta:

1. Samið verði um aðalkjarasamninga a. m. k. til ársloka 1985."

Ég vil að það komi nú greinilega fram, af því að það hefur ekki komið fram öðruvísi en í skopi, að þetta er boð um að opna aðalkjarasamning og sérkjarasamninga gegn samningum til ársloka 1985 og er ekki í gríni sett fram. Og báðir aðilar taka það alvarlega.

„2. Samningsaðilar endurskoði sameiginlega launakerfi starfsmanna ríkisins og verði þeirri endurskoðun lokið fyrir gerð sérkjarasamninga sem taka gildi 1. apríl 1985.

3. Samhliða endurskoðun á launakerfinu fari fram endurskoðun á meginreglum til viðmiðunar við röðun í launaflokka, þar sem m. a. verði tekið sérstakt tillit til krafna um menntun og ábyrgð í starfi.

4. Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún er tilbúin til að kanna skattalækkanir sem lið í lausn launa- og kjaramála á næstunni. Óskað er svars samninganefndar BSRB við því, hvort hún sé til viðræðna um minni hækkun beinna launa en í sáttatillögunni fólst, en hins vegar komi til aukning ráðstöfunartekna og kjarabætur með skattalækkunum eða hliðstæðum hætti.

Á fundi 4. okt." — þetta er fjórða tillaga ríkisins ef ekki fimmta — „lagði viðræðunefnd BSRB fram eftirfarandi svar við hugmyndum og spurningum samninganefndar ríkisins frá deginum áður:

1. Ef um önnur atriði kjarasamninga semst er BSRB til viðræðu um breytingu á gildistíma aðalkjarasamnings.

2. Viðræðunefndin telur launaflokkatilfærslur koma til greina samhliða gerð aðalkjarasamnings. Sérkjarasamningar verði gerðir í framhaldi af aðalkjarasamningi lögum samkvæmt, sbr. 1. lið.

3. Launakerfi ríkisins verði endurskoðað og verði þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. jan. 1985.

4. Jafnframt því sem kröfur BSRB eru ítrekaðar, þ. á m. krafan um samningsrétt, telur viðræðunefndin aðrar leiðir til lausnar deilunni koma til greina jafnhliða. Viðræðunefndin væntir tillagna frá fjmrh. í því efni.

Í þessu sambandi leggjum við áherslu á:

1. Lækkun vaxta og afnám vísitölubindingar á húsnæðislánum.
2. Aukna lánafyrirgreiðslu til húsnæðismála.
3. Lækkun útsvars og annarra skatta.

Á fundi aðila 5. okt. gerði samninganefnd ríkisins frekari grein fyrir þeim efnisatriðum sem hún hafði áður lagt fram og kom þá m. a. fram:

1. Gildistími aðalkjarasamnings, sem gerður væri í tengslum við ráðstafanir í skattamálum eða hliðstæðar aðgerðir, gæti ekki verið skemmri en til ársloka 1985. Slík lengd eða meiri væri einnig æskileg þó ekki verði um slíkar aðgerðir að ræða.

2. Núgildandi aðalkjarasamningur gildir til loka mars 1985 og eru sérkjarasamningar því einnig bundnir til þess tíma. Nýir sérkjarasamningar ættu því að gilda frá 1. apríl 1985. Hugsanlegt er að kanna hvort unnt sé að breyta þessu atriði með tilliti til lagaákvæða og til þess hvort slíkt er metið einhvers.

3. Endurskoðun á launakerfi ríkisins er væntanlega meira viðfangsefni en svo að því verði lokið fyrir áramót. Vafasamt er að unnt verði að gera á því meiri háttar breytingar fyrir eða í tengslum við sérkjarasamninga, einkum ef gildistöku þeirra verður flýtt. Rétt er að ræða þann möguleika að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 1985 og liggi því fyrir þegar næstu samningar eftir þessum fara fram.

4. a) Í drögum að frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga verði lækkaður um 600 millj. kr., fyrst og fremst með breytingu á skattleysismörkum. Á móti þessari lækkun er gert ráð fyrir hækkun á söluskatti og/eða útvíkkun á söluskattsstofni. Æskilegt væri að fá mat BSRB á þessu atriði, þ. e. hvort það yrði metið til einhvers í kjörum og hvort önnur útfærsla skattalækkunar eða tekjuöflunar kæmi fremur til álita.

b) Athugun fer nú fram á því hvaða áhrif lækkun útsvarsprósentu muni hafa á tekjur sveitarfélaganna og hvort þau geti tekið á sig slíka lækkun á næsta ári. Niðurstaða í þessu efni er þó algjörlega háð því að verðbólga verði innan þeirra marka sem stefnt er að og eins er ljóst að sum sveitarfélaganna eru mjög illa fær um að mæta tekjulækkun. Æskilegt er að fá kjaralegt mat BSRB á aðgerðum af þessum toga ef unnt yrði að koma þeim við. Í þessu sambandi má reikna með að lækkun útsvarsprósentu um 1% muni lækka tekjur sveitarfélaganna um ca. 300 millj. kr.

5. Óskað var nánari upplýsinga frá BSRB um hugmyndir þeirra varðandi lækkun vaxta og afnám vísitölubindingar á húsnæðislán, m. a. með tilliti til lífeyrissjóðanna, fjárvörslu þeirra og útlánamöguleika þeirra. Einnig hvernig sömu atriði snerta möguleika á aukinni lánafyrirgreiðslu til húsnæðismála.

Á fundi 6. okt. lagði samninganefnd ríkisins til að aðilar gerðu nánari grein fyrir því hvað felast ætti í endurskoðun á launakerfinu áður en tímasetningar þar að lútandi yrðu ákveðnar.

Varðandi skattamálin tók samninganefnd ríkisins fram að ákveðnar tillögur í þeim efnum lægju ekki fyrir. Vegna þess hve mál þetta snerti marga aðila væri ekki hægt að nota það sem samningsatriði við aðeins einn þeirra og áður en unnt yrði að móta ákveðnar tillögur yrði að fást fram kjaralegt mat á þeim kostum eða hugmyndum sem í umræðu hefðu verið. Til þess að

undirbúa slíkt mat var lagt til að fulltrúar aðila færu sameiginlega yfir það talnaefni og önnur gögn sem unnt væri að fá nú frá sérfræðingum sem að þessum málum vinna.

Svar BSRB á þessum fundi var í fyrsta lagi að þeir hefðu í stað sameiginlegrar athugunar á skattamálunum ákveðið að fela hagfræðingi sínum að afla sér tiltækra upplýsinga um þær hugmyndir um breytingar í skattamálum sem á döfinni væru og í öðru lagi væri óskað eftir tillögum ríkisins varðandi launalið samninganna.

Á sáttafundi 7. okt." — og það er nú sá stóri sem hér var getið um áðan — „fóru ekki fram viðræður milli aðila" — vegna þess að formaðurinn treysti sér ekki til að mæta, hann var í sjóferð.

„Á sáttafundi 8. okt. gerði samninganefnd ríkisins grein fyrir eftirfarandi atriðum og gerði tillögur um vinnubrögð í því efni sem hér greinir:

1. Samninganefndin gengur út frá því að gildistími aðalkjarasamnings verði lengdur. Að öðrum kosti er óraunhæft að ræða um skattamál eða aðrar breytingar, svo sem endurskoðun launakerfisins og sérkjarasamninga.

2. Að því er launalið samninganna varðar tók samninganefnd ríkisins fram að við umfjöllun á þeim lið yrðu menn að hafa í huga þær efnahagslegu forsendur sem fyrir væru í þjóðfélaginu og þær áætlanir um þróun efnahagsmála sem fyrir lægju og stefnu stjórnvalda í þessum efnum. Þannig væri að því stefnt að halda verðhækkunum frá ársbyrjun til ársloka 1985 innan 10% markanna og jafnframt gert ráð fyrir að gengisbreyting milli áranna 1984 og 1985 yrði ekki meiri en 5%.

Það væri m. a. með hliðsjón af þessu sem í umræðu væri að leysa samningamálin með tvíþættum aðgerðum, annars vegar launabreytingum og hins vegar skattamálum. Sú sameiginlega lausn yrði að vera innan þess ramma sem framangreindar efnahagsforsendur setja.

Til þess að aðilar geti lagt mat á breytingar í þessu efni, m. a. hugsanlegar launabreytingar, er nauðsynlegt að þeir kanni sameiginlega þróun síðustu mánaða á ýmsum sviðum, sem þetta snerta, svo sem kauplag, verðlag, þjóðarframleiðslu, viðskiptakjör o. fl.

Lagðar voru fram töflur frá Þjóðhagsstofnun um þróun ýmissa þjóðhagsstærða síðustu mánuði og óskað eftir sameiginlegri skoðun á þeim og þeim gögnum sem aflað yrði til viðbótar af hálfu samninganefndar eða lagðar fram af BSRB.

3. Varðandi skattamálin voru lögð fram gögn frá Þjóðhagsstofnun sem sýndu útreikning á áhrifum mismunandi leiða varðandi lækkun tekjuskatts og útsvars. Einnig var greint frá því, að tilbúnir væru útreikningar frá fjmrn. um áhrif tiltekinna breytinga á skattamálum og gæti sérfræðingur þess yfirfarið þá útreikninga með hagfræðingi BSRB. Voru honum afhent gögn um það efni.

Ítrekaðar voru óskir samninganefndar ríkisins um það að aðilar könnuðu þessar hugmyndir sameiginlega og legðu á þær kjaralegt mat og á það bent, að því aðeins að slíkt mat færi fram og yrði jákvætt og þessar tillögur taldar verulegt innlegg varðandi kjaramál, yrði af tillögugerð ríkisins í þessu efni.

Sérstaklega var tekið fram af hálfu samninganefndar ríkisins að hér á þessu stigi væri ekki um að ræða tilboð heldur vinnudæmi, sem ekki væru til birtingar, enda enn ófyrirséð um ýmis efni í því sambandi, svo sem fjárhagsvanda ríkissjóðs sem af mundi stafa.

Af hálfu BSRB var því mótmælt að ráðherrar væru að gefa yfirlýsingar um gang samningaviðræðna þar sem fram kæmi að þeir teldu þær vel á veg komnar.

Eftir nokkurt hlé bar sáttasemjari samninganefnd ríkisins skilaboð frá viðræðunefnd BSRB sem voru efnislega á þessa leið:

1. Ítrekuð eru mótmæli við yfirlýsingum ráðh. um góðan gang viðræðna og því lýst yfir af hálfu viðræðunefndar BSRB að hún telji að viðræðunum miði ekki neitt áfram.

2. Viðræðunefnd BSRB krefst þess að þegar í stað verði lagt fram tilboð af hálfu fjmrh. um launalið samninganna.

3., 4. og 5. Því er lýst yfir að BSRB muni meta lækkun skatta, lækkun vaxta og afnám verðbindingar og úrbætur í húsnæðismálum.

Eftir að samninganefnd ríkisins hafði fengið þessi skilaboð var óskað eftir að haldinn yrði fundur með tveimur mönnum úr hvorri nefnd til að ræða áframhald viðræðna. Á þeim fundi lýsti samninganefnd ríkisins yfir þeirri skoðun sinni að synjun BSRB á því að ræða sameiginlega og meta hugmyndir og dæmi um breytingar í skattamálum svo og um forsendur varðandi þróun efnahagsmála kæmi í veg fyrir að raunverulegar viðræður gætu hafist um launaliðina. Viðræðunefndinni hlyti að vera ljóst að ekki væri hægt að búast við ákveðnum tillögum í skattamálum fyrr en ljóst væri hvort og hvernig launþegasamtökin mundu meta slíkt sem innlegg í kjarasamningana og enn fremur að tillögur um launaliðinn væru svo nátengdar slíku mati að það yrði að ganga fyrir gerð tillagna um launin sjálf.

Af hálfu formanns og varaformanns BSRB var ítrekað neitað að ræða þessi atriði með samninganefndinni og það stöðugt fullyrt að ekki væru fyrir hendi neinar tillögur eða neinn umræðugrundvöllur. Því var einnig neitað að fram færi sameiginleg athugun sérfræðinga BSRB og fjmrn. á skattamálunum, aðeins yrði um að ræða upplýsingaöflun af hálfu BSRB.

Fulltrúar samninganefndar ríkisins tóku það fram að þeir hefðu margítrekað óskað eftir viðræðum og sameiginlegri athugun á skattamálunum og forsendum varðandi launaliðinn en aldrei fengið jákvæða undirtekt af hálfu viðræðunefndar BSRB. Hið eina sem hún hefði gert væri að lýsa almennt yfir því að hún mundi, þegar og ef henni sýndist svo, meta þær úrbætur í skattamálum sem ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir. Í reynd hefði viðræðunefnd BSRB, allt frá upphafi, ekki lagt neitt til málanna í viðræðunum annað en upphaflegu kröfugerðina um yfir 30% hækkun launa. Allar götur síðan hefði hún setið í sama farinu og neitað þátttöku í öllum raunhæfum samningaviðræðum.

Í lok fundar kom sáttasemjari með þau skilaboð frá BSRB-viðræðunefndinni að hún óskaði ekki eftir að haldinn yrði fundur þriðjudaginn 9. okt. en legði hins vegar til að fundur yrði hjá sáttasemjara miðvikudaginn 10. okt., kl. 9 fyrir hádegi. Af hálfu samninganefndar ríkisins var á það fallist en því lýst yfir að hún væri reiðubúin til að koma til viðræðna daginn eftir, ef viðræðunefnd BSRB eða sáttasemjari óskaði þess, og eins mundi hún fara þess á leit að fundur yrði haldinn ef hún sæi til þess sérstakar ástæður.

Hinn 10. okt. hófst fundur kl. 9 og var 60 manna

samninganefnd BSRB á fundarstað.

Á fundi með viðræðunefnd BSRB greindi samninganefnd ríkisins frá þeim viðræðum sem fram höfðu farið daginn áður milli fulltrúa VSÍ, fulltrúa nokkurra stórra launþegasamtaka og formanna stjórnarflokkanna að ósk þeirra fyrrnefndu. Á fundinum hefði verið ákveðið að efna til samstarfs stjórnvalda og nokkurra þeirra aðila sem í samningum standa um hugsanlegan þátt skattamála í lausn kjaramála. BSRB var fyrir hönd ríkisstj. boðin þátttaka í þessu samstarfi.

Svar BSRB var á þessa leið:

„Ríkisstj. hefur flutt hér inn á fundinn tillögu um að BSRB taki þátt í sameiginlegum viðræðum um skattamál. Þeir aðilar sem um ræðir eru m. a. ASÍ, Verkamannasamband Íslands, Landssamband iðnverkafólks og Vinnuveitendasamband Íslands.

Samninganefnd BSRB samþykkir að tilnefna fulltrúa til slíkra viðræðna.

Jafnframt er þess krafist að samningaviðræðum við BSRB um launamál verði hraðað svo lausn fáist á yfirstandandi kjaradeilu og verkfalli geti lokið sem fyrst."

Munnlega krafðist talsmaður BSRB þess að þegar í stað kæmi fram tilboð um launalið samnings.

Eftir stutt fundarhlé bar sáttasemjari viðræðunefnd BSRB þau boð að samninganefnd ríkisins væri reiðubúin til að halda viðræðum áfram jafnhliða athugun skattamálanna, en að sjálfsögðu væri ekki hægt að leggja fram tilboð eða ræða launaliðinn nema í tengslum við væntanlegar aðgerðir í skattamálum.

Frá viðræðunefnd BSRB kom sáttasemjari með þá fyrirspurn hvort samninganefnd ríkisins mundi leggja fram tilboð um launaliðinn á samningafundi næsta dag.

Samninganefnd ríkisins sendi til baka það svar að slíks væri ekki að vænta, en hún væri tilbúin til viðræðna um samningana í heild sinni. Á stuttum fundi með viðræðunefnd BSRB ítrekaði samninganefndin þessa afstöðu sína.

Fundi var slitið og næsti fundur ákveðinn 11. okt."

Því hef ég lesið þetta að ég vil að það komi hér á skrá í Alþingi að allt það tal um að sáttanefnd ríkisins hafi ekki verið reiðubúin til þess hvenær sem var, dag og nótt, að setjast niður með samninganefnd BSRB og ræða málin, það er ekki rétt. (**SvG:** Hvað hefur hún boðið?) Já, ég vil byrja að svara því.

Samninganefnd ríkisins hefur verið tilbúin dag og nótt til þess að setjast niður og ræða við samninganefnd BSRB, dag og nótt. Og samninganefnd ríkisins hefur þau fyrirmæli frá mér að sýna þolinmæði og sanngirni. Og það get ég sagt ykkur að það hefur hún gert.

Síðan kemur fundurinn í dag. Þá skeður það sem ég ætla nú að lesa upp sem svar til virðulegs þm. Eiðs Guðnasonar. Umræðuefnið á þeim fundi sem haldinn var í dag með samninganefnd BSRB var svohljóðandi, lagt fram af samninganefnd ríkisins:

„1. Gildistími aðalkjarasamnings verði til 31. des. 1985.

2. Nýir sérkjarasamningar gildi frá 1. apríl 1985. Unnið verði að gerð sérkjarasamninga frá undirritun aðalkjarasamnings og henni lokið innan 45 daga frá undirritun hans.

3. Unnið verði að endurskoðun á launakerfi ríkisins og henni lokið eigi síðar en 1. sept. 1985. Endurskoðun taki m. a. til eftirfarandi:

a. Einföldun og samræming starfsaldursreglna og gerð hreinni skil á því efni milli aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings.

b. Endurmat á vægi ýmissa álaga, svo sem álaga fyrir yfirvinnu, vaktir, útkallsvinnu o. fl.

c. Samdar verði meginreglur til viðmiðunar um röðun í launaflokka þar sem m. a. verði tekið sérstakt tillit til krafna um menntun og til ábyrgðar í starfi. Þær reglur sem aðilar verða sammála um verði staðfestar í næsta aðalkjarasamningi eftir að endurskoðun lýkur og verði lagðar til grundvallar við gerð sérkjarasamninga þá.

4. Lækkun skatta og útsvara, ef af verður, sbr. sérstakar umræður um það efni, verði að undangengnu hlutlægu mati á áhrifum þeirra á ráðstöfunartekjur teknar til greina sem hluti þeirra kjarabóta sem um er að ræða í þeim tilgangi að halda beinum kauphækkunum innan viðráðanlegra marka.

5. Samið verði um breytingu á launalið, sbr. og fjórða lið, með því markmiði að unnt verði að halda verðlagi í skefjum á samningstímanum og að rekstrargrundvelli atvinnuveganna verði ekki stefnt í meira óefni en nú er.

6. Viðræðunefndir aðila eða sérstakar undirnefndir fari yfir þau gögn sem samninganefnd ríkisins hefur áður afhent um þróun ýmissa þátta efnahagsmála, sem snerta samningana, svo sem verðlag, kauplag o. fl. Einnig verði aflað þeirra viðbótargagna um þessi efni sem aðilar óska og tök eru á."

Ég hef skýrt frá því nákvæmlega hvað hefur skeð á öllum samningafundunum fram til þessa dags. Í dag var þetta síðasta plagg lagt fram og ekkert — ekkert hefur komið fram frá samninganefnd BSRB annað en krafan um að rætt verði um launaliðina og samninganefnd BSRB hefur verið ósveigjanleg frá upphaflegu kröfu sinni um 30% plús 5% 1. jan. Við skulum því ekki gera lítið úr þeim mönnum sem eru að vinna fyrir hönd ríkisins á erfiðum stundum í erfiðum málum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lesið og skýrt, vonandi þannig að allir skilji, hvað gerst hefur í samningamálinu á samninganefndafundunum milli samninganefndar ríkisins og BSRB. En ég er rétt að byrja á ræðu minni. Ég er rétt búinn að fá það skjalfest hér á Alþingi til þess að það sé öllum ljóst að samninganefnd ríkisins hefur verið mjög þolinmóð og þægileg í öllu viðmóti. Og hún hefur þau fyrirmæli líka að hvað sem á gengur, hvað sem á gengur má hún ekki undir neinum kringumstæðum slíta viðræðufundunum. Þeir geta staðið eins lengi og óskað er eftir af sáttasemjara eða mótaðilanum, en hún mun aldrei standa upp frá samningaborðinu. Hún mun sitja svo lengi sem óskað er eftir. Það vantar því ekki viljann hjá samninganefnd ríkisins til þess að ná samkomulagi. Það er allt annað og miklu meira sem ég á eftir að koma að seinna í minni ræðu. En, virðulegi forseti, mér skilst að fólk vilji hafa matarhlé kl. 7 og er ég reiðubúinn til að gera hlé á ræðu minni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. fjmrh. hefur gert hlé á ræðu sinni. Umræðunni verður frestað. Fundinum verður frestað til kl. hálfníu. — [Fundarhlé.]

Fjmrh. (Albert Guðmundsson) (frh.): Virðulegi forseti. Ég er nú alveg hissa að allir þm. skuli ekki vera mættir. Allavega vantar þá sem ég ætlaði að byrja að tala til svo að það er best að breyta upphafinu.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um ræðu hv. 3. þm. Reykv. Svavars Gestssonar og byrja á því að staðfesta það, sem hann sagði réttilega og er eitt af því fáa sem maður hefur ekki heyrt í ræðum frá honum áður við öll tækifærin, að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað vald. Það er alveg rétt. Og launamálin heyra undir fjmrh., það er líka rétt. Og að sjálfsögðu tek ég fulla ábyrgð á þeim ákvörðunum sem ég tek í því embætti. Virðulegur þm. hefur sjálfur verið ráðh. og veit þetta allt svo að ég er ekki að segja honum neitt nýtt. En að sjálfsögðu gerir enginn ráðh. það að taka afdrifaríkar eða hugsanlega afdrifaríkar ákvarðanir án þess að kynna þær samstarfsmönnum í ríkisstj. og heyra undirtektir þeirra. En ég tek á mig að öllu leyti þá ákvörðun að hafa ekki greitt út laun fyrir þann tíma sem opinberir starfsmenn eru í verkfalli og bið hv. 3. þm. Reykv. og aðra þm. hér að beina spjótum sínum að mér en ekki hæstv. forsrh. eða Framsfl.

Hv. þm. sagði að ríkisstj. hefði verið pínd, eða yrði pínd, ég skildi nú ekki hvort hann meinti, til að senda frá sér tölur til lausnar kjaradeilu BSRB. Það getur vel komið að því að við verðum að gera það. En málin standa einfaldlega þannig í dag að við höfum verið að reyna að fá endanlega niðurstöðu í umræðupunkta við BSRB. Ég hef nú kynnt þær umr. sem hafa farið fram, kynnt þær mörgu tilraunir sem samninganefnd ríkisins hefur gert til þess að koma af stað alvarlegum umr. um lausn kjaradeilunnar án þess að hafa fengið nokkuð til baka frá BSRB. En fyrst er að vita um hvað við eigum að tala. Viljum við halda okkur að deilunni eins og hún er, þ. e. launaþætti þeirra kjarasamninga sem eru í gildi og er það eina af samningunum sem hefur verið sagt upp, eða eru samninganefndarmenn BSRB reiðubúnir til þess að opna aðalkjarasamninga og gera við okkur nýja kjarasamninga, bæði sérkjarasamninga og aðalkjarasamninga, sem gilda til lengri tíma? Það er spurning sem við verðum að fá fram til þess að við vitum í hvaða átt við eigum að halda og um hvað við eigum að ræða. En við höfum enn ekki fengið annað en svona jákvæðar undirtektir undir lengri samninga en ekki náð því að setjast niður og tala saman í fullri alvöru. Og ég held að flestum hafi verið það ljóst að erfitt kynni að verða að ná nokkrum samningum eða samtölum um samninga í alvöru fyrr en Alþingi væri komið saman.

Alþb. getur haldið sinni iðju áfram, þeirri iðju sem það hefur stundað frá því að þessi ríkisstj. tók við. Iðja sú sem ég á hér við er að grafa undan ríkjandi þjóðskipulagi og þeim flokkum sem eru í ríkisstj. Síðan þegar þeim Alþb.-mönnum hafði tekist að magna upp óánægju meðal launþega almennt hurfu þeir úr myndinni og maður hefur bókstaflega ekki fundið þá í þessum deilum lengur. Þeir komu ekki út úr sínum músarholum fyrr en nú, að þeir skríða út þegar Alþingi kemur saman og byrja þá aftur á sinni fyrri iðju.

Og nú skal ég segja ykkur hvað ég sýndi í sjónvarpinu á sínum tíma, þegar umr. voru þar, og þá vita menn hvað ég á við. Hér er frétt úr Þjóðviljanum, sem birtist 31. ágúst á 8. blaðsíðu, og ef fyrrv. ritstjóri, núv. hv. 3. þm. Reykv. vill fá afrit af þessu, þá get ég látið ljósrita það. Þar stendur nákvæmlega hver árangurinn af þessari iðju þeirra Alþb.-manna á að verða. Og ég harma það svo sannarlega, og það hljóta allir góðir Íslendingar að gera, að aðrir lýðræðissinnar, sem ekki eru stjórnarsinnar, skuli hrífast með bara viljanum til þess að fella ríkjandi stjórn.

Þessi grein, sem er frétt frá kjördæmisráðstefnu Alþb. sem haldin var á Vestfjörðum, ber stóra fyrirsögn: „Verðmætin til þeirra sem skapa þau.“ Undirfyrirsagnir eru þessar með leyfi forseta: „Kjördæmisráðstefna AB: 25—30% kjaraskerðing. Rekstrargrundvöllur frumatvinnuveganna í rústum. Stórfelld byggðaröskun. Ránsfengur í verslun og þjónustu. — Snúa verður frá nýlendustefnu.“

Og svo kemur rúsínan í pylsuendanum, og við skulum ekki taka það í neinu gríni, vegna þess að ástandið í þjóðfélaginu er orðið þannig að þeir koma fram grímulaust við og við í von um að það verði ekki tekið eftir því. Síðan stendur hér:

„Ný ráð: brjóta upp grundvallarskipulag þjóðfélagsins. Skipta landinu í öflugar valdaeiningar. Seðlabankinn verði lagður niður í núverandi mynd.“ (SvG: Vill Alþb. storka kerfinu?) Þetta kalla ég nú að koma hreint fram.

En við skulum ekki líta fram hjá því sem þarna er að gerast. Tökum þessar nýju leiðir hérna: „brjóta upp grundvallarskipulag þjóðfélagsins“ og svo skulum við sjá hver ávöxtur af þeirra iðju hefur verið í þjóðfélaginu undanfarið og hvers vegna var ekki þörf fyrir þá þegar verkalýðsfélögin fóru í verkfall 4. okt., sem hófst þó fyrr, ég sleppi þeim tíma, en á öðrum degi verkfalls, og ég bið þá sem á annað borð hafa haft fyrir því að koma hingað svona fljótt eftir matinn að hlusta vel:

Dagblöðin koma ekki út. Þau hafa verið stopp í þann tíma. Útvarp er lokað, byggingin hersetin. Sjónvarp er lokað. Skólar lokaðir. Bækur teknar af börnum. Póstur og sími lamaður eða lokaður. Lögreglan í uppnámi, í verkfalli að miklum hluta. Síminn truflaður. Rafmagn truflað. Samgöngur truflaðar, svo ég tali nú ekki um hvernig strætisvagnar höguðu sér um tíma. Opinberar stofnanir eru ýmist lokaðar eða lamaðar. Út- og innflutningur stöðvaður, framleiðsla í fiskiðnaði stöðvuð vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Rannsóknarskipin stöðvuð, tollþjónustan stórlömuð. Háskóli Íslands lokaður. — Háskóli Íslands lokaður. Það er heimsfrétt. Ef lögregla eða her stígur fæti inn á háskólalóð einhvers staðar í heiminum, þá er það heimsfrétt. Þjóðleikhúsið lokað. Verkfallsnefnd, eins konar ríkisstjórn, sett á laggirnar, sem neitar að viðurkenna ákvarðanir kjaradeilunefndar, sem kjörin er sem æðsta vald í verkföllum af Alþingi. 600 manna ríkisvarðsveit þegar á öðrum degi orðin til. Telex er truflað. Og nú síðast er komið í veg fyrir þá mannúð að þjóðin fái að vita um látinn ættingja eða vin. Því er hafnað að Ríkisútvarpið taki slíkar tilkynningar.

Við skulum vera alveg klár á því að í hvaða landi sem væri þá væri þetta talin alvarleg bylting. Og þá sjáum við hvað íslenskt þjóðskipulag og lýðveldið er orðið veikt. Við skulum átta okkur á því, við sem erum ekki kommúnistar, að í dag situr ríkisstj. án valda. Völdin eru hjá kjaradeilunefnd að hluta, en völdin eru einkum hjá verkfallsnefnd. En þótt ríkisstj. sitji án valda, þá skulum við líka átta okkur á því, að ríkisstj. situr með fulla ábyrgð á öllu því sem þessar verkfallsstjórnir eða uppreisnarmenn gera. Á sama tíma erum við svo blind að við tökum á þessu sem kjaradeilu eingöngu og högum okkur eftir því. Er þetta endanleg valdataka? Eða er þetta bara „première“?

Ég var að horfa á myndband heima núna í matartím-

anum. (**Gripið fram í:** Er það ekki ólöglegt?) Það er ekki ólöglegt. Myndböndin eru leyfileg, þegar það eru auglýsingamyndbönd, sem viðkomandi aðili sótti um leyfi fyrir til hæstv. ráðh. og fékk leyfi til að sýna þau í stórmagasínum og víðar. Og það hefðu kannske fleiri, helst þið öll, átt að koma með mér heim, þó að ég hefði ekki getað boðið þar öllum í mat að þessu sinni, en þið hefðuð átt að koma með mér, vegna þess að ég var að horfa á upptöku á tækjum DV. Og þið hefðuð átt að sjá þetta. Þið verðið að sjá það. Gerið ykkur far um að sjá það. En ég vona að þið fáið sömu spólu og ég, vegna þess að það kom allt í einu frétt um setningu Alþingis sem sló mig. Hvað haldið þið að hafi komið? Meðan við vorum flest okkar á hefðbundinn hátt við kirkjuathöfn, sem tilheyrir setningu Alþingis, þá er þessi virðulegi formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., að dreifa áróðursritum hérna úti á Austurvelli. Þetta er myndin. Við skulum átta okkur á hvað er að ske. Eins og formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., gat um hér í ræðu sinni áðan eigum við í kjaradeilum þar sem kröfurnar eru svo háar að það er vitað mál, þegar þær eru lagðar fram, að það er ekki búist við því af þeim sem leggja þær fram að nokkur möguleiki sé til þess að verða við þeim. 30% launahækkun og 5% til viðbótar um áramótin, og þá vitna ég aftur í formann Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., á meðan þeir sem afla tekna til velmegunar þjóðfélagsins, sjómennirnir okkar, loðnumennirnir núna, fara til sinnar vinnu með 30% kaupskerðingu. Við skulum átta okkur á því sem er að ske. Við verðum að vera vakandi.

Við skulum leysa deiluna. Hér töluðu áðan tveir kennarar ef ég man rétt. Hv. 11. þm. Reykv., er hún ekki kennari? Ég held það. Og hv. 4. landsk. þm., ég held að hann sé kennari líka. Er það ekki rétt? Ég get sagt ykkur það í hreinskilni að kennaralaun eru of lág og ég hef ekkert á móti því að standa að því að kennaralaun hækki. Það eru ekki há laun að vinna við skulum segja hálfs dags vinnu fyrir 7—8 þús. kr. á mánuði. Það er vinnuskylda á hverjum degi eða svo til. En ef kennarar gera kröfur til þjóðfélagsins, þá verða þeir líka að þola að þjóðfélagið geri kröfur til þeirra. Hverju skila kennarar? Það er 30 stunda vinnuvika. Hver klukkutími er 45 mínútur. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt, ráðh.) Er það rangt, já? Þá skulum við leiðrétta það. Hvað er hver klukkutími pr. kennara? Hvað er vinnuskylda kennara á tímann? (Gripið fram í.) Kennslustundin, já. (**Gripið fram í:** Heldur ráðh. að kennarar geri ekkert nema að sitja og kenna?) Það gera allir eitthvað, elskan mín. (**JBH:** Heldur ráðh. að þm. geri ekkert nema að gaspra í ræðustól?) Þm. eru nú komnir hingað m. a. til þess. En við skulum segja að það sé lágmark þrír mánuðir í sumarfrí. Er það rangt líka? (**Gripið fram í:** Það er rangt líka.) Er það rangt líka? Það eru aðrar upplýsingar sem ég hef. Það er 9 sinnum mánaðarfrídagur. Þessar 40 vikur, sem eftir eru, eru tveir frídagar í viku, sunnudagar og laugardagar, það eru 80 dagar. (Gripið fram í.) Nei, nei, nei. Það er bara miklu, miklu meiri vinnuskylda fyrir þm. heldur en kennara. Ég get talið upp að það er ekki nema um það bil helmingur af árinu sem kennarar vinna. (Gripið fram í.) Við skulum bara setja þetta niður á blað fyrir okkur. (Gripið fram í.) Verkamaðurinn, sem fær ekki fyrirframgreidd laun, verkamaðurinn, sem þarf að vinna heila viku og bíða aðra viku til að fá fyrri vikuna greidda, hann verður að skila sínum 60 mínútum á klukkutíma. Og hann verður að skila sínum sköttum og skyldum til hins opinbera til að standa undir bákninu. Við skulum bara átta okkur á því, að við erum búnir að skapa hér forréttindastéttir, sem íslenskt þjóðfélag þolir ekki, og það er kominn tími til að einhver tali þannig að þeir skilji það. (Gripið fram í.) Ég er að taka sem dæmi verkamanninn. Við skulum bara átta okkur á því hvað er að ske. Ef kennarar í þessu tilfelli gera áframhaldandi kröfur, sem þeir eiga fullan rétt á að gera innan sanngirni, þá verða þeir að vera fullkomlega viðmiðunarhæfir við aðra í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Eru þeir það ekki nú?) Nei, þeir eru það ekki að mínu mati.

Eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði var deilan við Háskólann með endemum. Deilan við Háskólann var ekki við dyraverði eða húsverði. Deilan við Háskólann var um það hvort opinberir aðilar, ríkisstj. eða ráðherrar, eiga að sækja um leyfi til verkfallsnefndar fyrir því sem þarf að láta vinna. Og þar með á lögkjörið og réttkjörið stjórnvald að viðurkenna verkfallsnefndir sem æðsta stjórnvald. (**SvG:** Þetta gerði Sverrir.) Ekki hef ég fréttir af því að Sverrir — svona bara upp á mannasiðina, hvaða Sverrir? Það eru þó mannasiðir í þinginu. (**Gripið fram í:** Gettu, hæstv. ráðh.) Nei, ég get ekki. Það eru nefnilega vissir mannasiðir, sem virðulegur formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., ætti að kunna. Hann er búinn að vera ráðh. sjálfur. En það kemur náttúrlega aldrei til greina að ríkisvaldið viðurkenni verkfallsnefndir sem æðstu valdastofnun.

Þá vil ég benda á bréf Benedikts Sigurjónssonar sem margvitnað er í. Hann segir í niðurlagi sinnar álitsgerðar sem þegar hefur verið lesin upp en ég ætla að lesa aftur:

„5. Spurningin er hvort ríkissjóður eigi að greiða ríkisstarfsmönnum innan BSRB full mánaðarlaun 1. okt.

Enginn vafi er á því að skylt er að greiða þeim starfsmönnum laun sem ekki fara í verkfall.“ Það er gert. „Deila má um hina flokkana.“ Hann er ekki öruggari en það að deila má um hina flokkana. „Þegar hins vegar er litið til hinna ákveðnu reglna 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1954 og virtar verkfallsreglur laga nr. 29/1976 og þess gætt, að hinn 1. okt. er alls ekki víst að til verkfalls komi,“ — Það er alls ekki víst, segir hér. Ef það væri víst, þá gildir annað að hans áliti. Nú er bara alls ekki víst að það komi til verkfalls, segir hér. En það var vitað bæði af mér og formanni BSRB. — „þar sem samkomulag gæti náðst innan þess tíma, tel ég eðlilegt að líta svo á að greiða beri októberlaunin.“

Nú var bara alls ekki vilji BSRB til þess að setjast niður og ræða saman áður en verkfallið skall á, það veit ég, svo að það fer ekkert á milli mála einmitt skv. áliti lögfræðings, sem vitnað hefur verið í til hins gagnstæða, að þarna á ekki að greiða laun. Ríkislögmaður er sama sinnis og einn virtasti lögfræðingur okkar, Jón Steinar Gunnlaugsson, líka. Við þetta má bæta að borgarlögmenn voru líka sama sinnis.

Það er ýmislegt í ræðu hv. 3. þm. Reykv. sem ég get tekið undir. Ég tek undir það og hef ekkert verið myrkur í máli um það, að vaxtahækkun hlýtur að koma mjög illa og þungt niður á öllum þeim sem skulda eins og hún kemur sér vel fyrir alla þá sem eiga peninga inni og fá greidda vexti. Þarf ekki hagfræðing til að segja sér það. Þess vegna er ég ekkert hrifinn af þessum ráðstöfunum. Við erum sammála um það.

En síðan vék hv. þm. að fundi, sem haldinn var í

gærkvöld og þá svara ég þeim sem um þann fund hafa talað. Hæstv. menntmrh. mundi líklega vera mér sammála þegar ég segi að það hafi verið a. m. k. 300 manns á þeim fundi. Það var fundur til að stofna frjálst útvarp og sjónvarp líka. Á þessum fundi var að mínu viti enginn sem hafði tekið þátt í ólöglegri útvarpsstarfsemi. Og þessi hópur hafði ekki rekið neitt útvarp, a. m. k. ekki þeir sem fyrir fundinum stóðu. Það getur svo sem vel verið að einhver þarna inni hafi verið viðriðinn þessi útvörp, sem hafa verið rekin undanfarið, en enginn af þeim sem þarna voru forustumenn hefur staðið fyrir ólöglegu útvarpi svo að ég viti til. En þeir eru að stofna frjálst félag og hvað er rangt við það? Átti lögreglan að ráðast þar inn líka og segja: Þið eruð með ólöglegt athæfi að mati verkfallsnefndar, þið hafið ekki heimild til að stofna félög. Síðan ætlaði þetta félag að sækja um leyfi til að reka frjálsa útvarpsstöð og jafnvel sjónvarpsstöð ef félagið verður stofnað. Það er framhaldsfundur sem tekur ákvörðun um það ef Alþingi samþykkir lög sem heimila slíkan rekstur. Þessi mál eru allt of stór mál og áríðandi fyrir íslenskt þjóðfélag til þess að tala um þau í einhverjum niðrandi háðstón sem efnahagsundur í Jórdan og sýnir hve langt neðan talað er. Ég vona að ég móðgi engan. (**JBH:** Erum við eitthvað að kvarta undan efnahagsástandinu í Jórdaníu?) Hv. 3. þm. Reykv. var eitthvað að tala um það, já.

Fólkið vildi líka að aðrir tækju eitthvað að sér í niðurskurði, tækju á sig einhverjar byrðar. Það er alveg rétt, það var gengið hart að fólki. Það voru líka gerðar ráðstafanir til að milda þær aðgerðir. Ríkisstj. gerði slíkar ráðstafanir á sínum tíma eins og bæði hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Suðurl. hafa skýrt frá. En er Alþingi virkilega á svona stuttum tíma búið að gleyma því, að við gerð fjárlaganna voru fjárlögin skorin niður um 1000 millj.? Og hið fræga gat á fjárlögunum, sem ég sem fjmrh. kynnti þegar ég tók upp fjárlögin aftur, af því að ég kynnti það við gerð fjárlaga að það þyrfti að fylla upp í það og ég gerði það, þar voru aðrar 1000 millj. skornar niður. Ég er búinn að kynna stjórnarandstöðunni — ég man ekki hvort það var í júní — niðurstöðu ríkissjóðs eins og hún var þá og það bendir allt til þess að með mjög hörðu aðhaldi og mjög góðu samstarfi ríkisstj. verði ríkissjóður með 1000—1200 millj. kr. minni rekstrarhalla en við gerðum ráð fyrir þegar við sömdum fjárlögin. Haldið þið að það sé ekkert átak fyrir ríkissjóð og fyrir kerfið, sem kallað er og talað er um með lítilsvirðingu, að skera niður á einu fjárhagsári þetta stóra upphæð? Þetta vilja viðkomandi ekki vita eða viðurkenna. Það þýðir ekkert að segja að þetta sé allt því að þakka, að ríkissjóður kemur rekstrarlega vel út, að verslunarjöfnuður sé tveimur prósentum verri en búist var við og á því græði ríkissjóður. Það er búið að reikna hvað þessi 2% viðbótarviðskiptahalli þýði fyrir ríkissjóð. Það þýðir að af þeim 1500 milljónum sem hallinn nam 20. sept. renna tæpar 500 millj. til ríkissjóðs, þannig að það eru um 1000 millj. sem virðist ætla að verða nettó betri rekstrarafkoma í ríkissjóði. Þetta er átak sem ríkisstj. hefur gert vegna þess að hún getur starfað og starfar vel saman. Þetta er samtaka fólk. En stjórnarandstöðunni, sem hefur haft miklu betri aðgang að því að koma sínum málum á framfæri, hefur tekist að telja fólkinu í landinu trú um það að allt sé upp í loft í ríkisstj. Ég er viss um að það er ástæðan fyrir því að hv. 5. þm. Austurl. andvarpar svona, vegna þess að hann hefur líklega trúað áróðri Alþb. (**HG:** Hver veit, hver veit?) Ja, ég giska á það. Því trúi ég, að áróður Alþb. hafi náð til þessa virðulega þm.

Ég get verið sammála hv. 3. þm. Reykv. um margt af því sem hann sagði um bankamálin. Ég held að það sé alveg rétt. Við skulum ekkert vera að tala um kartöflur í ánauð, vegna þess að það eru ekki kartöflur í ánauð, það er margt annað í ánauð. Peningarnir fara ekki út úr viðskiptabönkunum, ég er alveg sammála hv. þm. um það, einfaldlega vegna þess að það kerfi sem hefur verið á Seðlabankanum í langan tíma, löngu fyrir tíð þessarar stjórnar og er kannske enn þá, þó að það sé nú í breytingu vegna þess að það kerfi sem þar var komið á var of dýrt, það er bara vegna þess að þeir peningar sem viðskiptabankar fá úr Seðlabankanum — og allir viðskiptabankarnir stórskulda Seðlabankanum eins og allir vita — þeir eru dýrari en það sem viðskiptabankarnir borga fólkinu af sparifé. Og ef bankarnir lána út það sparifé sem þeir fá þá verða þeir að borga hærri vexti í Seðlabankanum en þeir fá fyrir að lána út peninga. Þetta er ljóst dæmi og verður að laga og bankamálaráðherra er að því.

Það er komið einu sinni enn að því að fjmrh. vondi átti að segja af sér vegna þess að erlendar skuldir voru yfir 60% af þjóðarframleiðslu. En með þann bata sem ég var að tala um áðan, rekstrarbata á ríkissjóði, þó að hann standi miklu betur en búist var við þá stendur hann bölvanlega, það vita allir. Það þarf miklu meira til að ná þeim jöfnuði þar og tekur kannske þrjú, fjögur, fimm ár ef vel tekst til. Hann „representerar" þó, ef ég má segja það, upp undir 1.5 til 2% af þjóðarframleiðslu eins og hún var reiknuð þegar þessi orð voru sögð. Þannig að það sem er satt og rétt við fjárlagagerðina fyrir 10 árum, það gildir ekki í dag. Það sem var rétt og satt við fjárlagagerðina í fyrra, það er mikil breyting á því í dag. Og ég er alveg viss um að það sem við gerum í fjárlagagerðinni í ár og það sem við segjum við fjárlagagerðina í ár, það á ekki við næsta ár.

Virðulegi 3. þm. Reykv., skiptum nú svolítið um plötu. Tölum um það sem er í dag. Hér fullyrðir hann, eins og hann gerir svo oft, þessi ágæti þm., með slagorðum tekur hann heila stétt manna og dæmir hana bara sem vonda menn í einum hóp og segir orðrétt: „Verslunin lifir á að nýta sér neyð almennings." (**JBH:** Var ekki einhver að tala hér um kennara?) Hvað skyldu nú vera margir hér inni sem hafa þurft að leita til kaupmannsins, kannske litla kaupmannsins á horninu til þess að fá skrifað, fá út í reikning? (**EG:** Þeir eru margir núna.) Það er alveg rétt, þeir eru margir núna og eru þakklátir fyrir. En ætlið þið að segja mér að það sé hægt að taka alla kaupmannastéttina og segja: Þeir nýta sér neyð almennings. Bara í einum hóp. Svona slagorðaframleiðsla hefur engan slagkraft. Ég bendi á þetta bara til þess að leiða í ljós og undirstrika hvers konar málflutningur þetta er hjá annars ágætum ræðumanni og skýrum. Ég trúi því að hann hafi verið mjög skýrt og myndarlegt barn. En það er bara stórhættulegt ef menn halda áfram að vera efnilegir allan tímann, fram á fullorðinsaldur, svo að ég bið nú virðulegan 3. þm. Reykv. að gera okkur það ekki að halda svona áfram.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um að ráðh. beiti sér fyrir að hylma yfir sjóræningjastöðvar. Ég veit ekki hvað maðurinn á við. Voru einhverjar sjóræningjastöðvar hérna? Á maðurinn við það að Andrés Björnsson hafi

setið með svart fyrir öðru auganu meðan hann lokaði Ríkisútvarpinu? Má ég biðja þingheim um að hlæja ekki að hv. 3. þm. Reykv., það er ekki til þess ætlast, en þetta voru hans orð. (**SvG:** Er þetta orðrétt eftir mér?)

Nei, ég frábið mér það alveg sem fjmrh. að þeir sem í samninganefnd ríkisins eru gagnvart BSRB hafi komið fram, eins og ég hef skrifað hér niður orðrétt, „með hroka gagnvart BSRB". Það hefur ekki verið. Þeir hafa komið fram af mikilli lipurð, af mikilli þolinmæði og munu halda áfram að gera það. Og ég ítreka: Þeir munu sitja eins lengi og sætt er til þess að reyna að fá samninga við BSRB. Ég hef átt persónulegt samband við Kristján Thorlacius og forustumenn BSRB og þeir hafa reynst mér vel. Og ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að óttast að það náist ekki samkomulag þegar áróður Alþb. hættir að virka og fólk fer að skilja að það er tilgangur í öllu sem þeir gera. „Ný ráð: brjóta upp grundvallarskipulag þjóðfélagsins. Skipta landinu í öflugar valdaeiningar". Þegar fólk fer að átta sig á því hvað er að ske þá verður hægt að semja, því þarna eru ágætir menn til þess að tala við. Annars blönduðust mikið saman lög um stéttarfélög og vinnudeilur og lög *um kjaradeilur opinberra starfsmanna hjá hv. þm. svo* að ég vissi aldrei hvar hann var að flækjast í kerfinu.

Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um það sem fram kom hjá virðulegum 3. þm. Reykv. Ég held að það sé miklu betra að hann haldi áfram eins og kom fram á kvikmyndinni, þegar við hinir vorum við guðsþjónustu, að hann haldi áfram að dreifa sínum fregnmiðum um bæinn. Ég held að fólk eigi það skilið að fá að kynnast honum miklu betur, bara til þess að vita hvað býr bak við.

Mér sýnist hv. 3. þm. Reykn. ekki vera í salnum svo að ég læt þá vera að svara honum. Ég vil þó segja að gefnu tilefni orða hans þar sem hann hóf sína ræðu með því að tala um að það væri smán, og það væri gengið yfir íslensku þjóðina með þátttöku í útvarpssendingum, og talaði um að brjóta lög: Hver hefur brotið lög? Hv. 1. þm. Suðurl. vitnaði hér til stjórnarskrárinnar. Stjórnarskráin á að tryggja okkur öllum málfrelsi. Það á ekki bara að tryggja opinberum aðilum að þeir komi til *þjóðarinnar í gegnum útvarpssendingar skilaboðum* sem þeir vilja koma á framfæri. Þetta málfrelsi, sem talað er um, er ekki bara fyrir opinbera aðila og þá sem fá aðgang að hinum opinberu fjölmiðlum. Hér er um skert málfrelsi að ræða. Það mega bara sumir en ekki allir tala í gegnum hátalara. Það er verið að takmarka hvað margir mega hlusta á það sem maður segir. Það eru bara sumir sem mega nýta tæknina en ekki aðrir. Hver er þessi forréttindahópur? Er það gáfumannafélagið í þjóðfélaginu? Það er orð sem hv. 7. þm. Reykv. fann upp, að það sé bara gáfumannafélagið í þjóðfélaginu sem megi tala svona almennt til Íslendinga í gegnum útvarp. Ég veit það ekki, en ég tel að hér sé um slík mannréttindi að ræða að það gengur ekki lengur að takmarka málfrelsið á þennan hátt. Það bara hreinlega gengur ekki lengur. Og ég segi það sama og ég sagði á þessum umræddu fundi í gær að ég harma það að vera kominn yfir þann baráttualdur sem þetta unga fólk er á í dag, sem ætlar ekki að láta þetta þjóðfélag eða nokkurn annan kúga sig eða skammta sér eitt eða annað. Þetta er fólk sem er allt annað fólk, allt öðruvísi æska en ég þekkti þegar ég var ungur, allt öðruvísi æska. Þið sem hlæið þarna uppi á svölunum, þið þekkið ekki þá æsku sem þurfti að vinna fyrir brauðinu frá einum degi til annars og hafði engin námslán. Það er ekki nema eðlilegt að kennararnir séu óánægðir. Mér er sagt að þeir lækki í launum við að fara af námslánum. Þó eru námslánin allt of lág. Það virðist vera skoðun þeirra sem fá þau. Það er ekki mín skoðun.

Þeir sem ég hefði þurft að svara eru víst ekki hér í salnum svo að ég ætla að ljúka máli mínu á þeim varnaðarorðum, ekki bara til þeirra sem eru lýðræðissinnar hér innan þessara veggja, heldur til fólksins í landinu almennt, að átta sig á og lesa helst Þjóðviljann frá 31. ágúst s. l., bls. 8.

Ellert B. Schram: Herra forseti. S. l. ár hef ég valið mér það hlutverk að fylgjast með stjórnmálabaráttunni sem áhorfandi. Ég er ekki að segja að ég sé betur hæfur en þið, sem hér sátuð á síðasta þingi, til að kveða upp dóm um atburðarásina, frammistöðu ríkisstj. eða málflutning stjórnarandstöðu, en ég hef hins vegar séð og fylgst með gangi mála frá öðrum sjónarhóli og það hefur verið forvitnilegur sjónarhóll.

Enginn vafi er á því að ríkisstj. hafði hljómgrunn *þegar hún greip til fyrstu efnahagsráðstafana á s. l. ári.* Hún fékk ekki aðeins frið, hún hafði stuðning, jafnvel þótt aðgerðirnar skertu lífskjör, jafnvel þótt aðgerðirnar hafi nær eingöngu beinst að kaupgjaldinu og kaupmættinum. Fólk *skildi* að hér var verið að *ráðast til* atlögu gegn verðbólgunni og það fylgdist með árangrinum, fann hann og mat hann. Í raun og veru kom hinn skjóti og góði árangur velflestum á óvart. Sú staðreynd að verðbólgan mældist u. þ. b. 20% um síðustu áramót var meira og betra en nokkurn hafði órað fyrir.

Ég minnist þess að þegar stjórnarmyndunarviðræður fóru fram vorið 1983 var það almennt álit sérfræðinga og stjórnmálamanna að afrakstur ráðstafana mundi ekki skila sér fyrr en á miðju ári 1984. Ég er hins vegar ekki frá því að þessi óvænti bati verðbólguveikinnar hafi slævt dómgreind ráðh. og stjórnarflokka og raunar alls almennings. Menn héldu að sigurinn væri í höfn. Í stað þess að fylgja lækkun verðbólgunnar eftir og grípa til fleiri ráðstafana en þeirra einna að kippa launaverðbótunum úr sambandi héldu menn að sér höndum. Það var ekki tekið á ríkisfjármálum sem skyldi með þeim afleiðingum að erlendar skuldir héldu áfram að aukast og fullri atvinnu og þenslu á vinnumarkaðinum var haldið uppi á fölskum forsendum. Þegar verðbætur voru afnumdar án þess að verðlag væri stöðvað, þegar greiðslubyrði skatta jókst og þenslan hélt áfram í verslunar- og iðnaðargreinunum hófst almennt launaskrið, laun voru hækkuð umfram samninga. Eftir sátu starfsmenn hjá stórum fyrirtækjum, ríkisstarfsmenn, bæjarstarfsmenn, fiskvinnslufólk og fjölmargir láglaunahópar í þjóðfélaginu. Afleiðingin var sú að kaupmáttur var enn mikill hjá fjölmörgum stéttum, gengi var haldið stöðugu með rangri skrásetningu og viðskiptahallinn var mikill. Peningastreymi úr bönkum var verulegt, sem enn jók á þensluna. Í stuttu máli sagt: verðbólgan tók á sig nýja mynd. Í stað víxlhækkana verðlags- og kaupgjalds, sem skapaði sjálfvirkni í verðbólgunni, hefur verðbólgan fengið útrás í launaskriði, viðskiptahalla, skuldasöfnun og dulbúnu atvinnuleysi í skjóli lánveitinga banka og sjóða til óarðbærra atvinnugreina.

Á sama tíma og þetta á sér stað gerist annað: Launþegarnir, sem ekki höfðu aðstöðu eða tök á því að bæta kjör sín fram hjá samningum, sátu uppi með byrðar aukinna útgjalda, skert lífskjör og rýrnandi kaupmátt — rýrnandi kaupmátt þeirra kauptaxta sem í orði kveðnu giltu. Misræmið í launakjörum varð að þjóðfélagslegu misrétti. Álagning tekjuskattsins á þessu ári var punkturinn yfir i-ið. Launþegarnir með lágu tekjurnar og skattþegarnir með byrðarnar horfðu upp á það ranglæti að vel efnað fólk, stöndugt og efnalega vel stætt, greiddi vinnukonuútsvör. Það fyllti mælinn. Fólk er tilbúið að taka á sig fórnir í þágu sameiginlegra hagsmuna, en það er ekki reiðubúið að axla byrðar þegar það gengur misjafnt yfir, þegar sumir komast undan og lifa í vellystingum praktuglega meðan aðrir búa við sult og seyru.

Ég leyfi mér að fullyrða að kröfur BSRB, verkfall opinberra starfsmanna og öll þeirra kjarabarátta og ýmissa annarra, örvæntingin og biturleikinn þessa dagana sé sprottið af réttlátri reiði yfir því ranglæti í kjörum sem nú hefur orðið æ meira áberandi. Fram hjá þessu verður ekki litið. Vissulega hafa pólitísk öfl kynt undir og stjórnarandstaðan hlakkar yfir þróun mála, en að mínu mati er það móðgun við heilbrigða skynsemi og allt það fólk sem líður skort vegna bágra launa að halda því fram að verkfallið og kröfurnar séu sprottin af hreinum pólitískum undirmálum eða öðrum hvötum. Fólkið skilur og veit að þjóðarbúið er ekki aflögufært, en það sættir sig ekki við að gjalda þess eitt.

Stærsta og alvarlegasta þjóðfélagsmeinið í dag er misrétti í kjörum, ójöfnuðurinn gagnvart skattheimtunni og beiskjan sem hlýst af því að ekki er skilningur, ekki fæst viðurkenning á að kaupkröfur eru ekki heimtufrekja, þær eru nauðvörn. Fólk er beinlínis að fara fram á að eiga til hnífs og skeiðar, hvorki meira né minna. Um leið og þetta er sagt er því ekki haldið fram að ríkisstj. og atvinnuvegirnir geti og eigi að samþykkja allar kröfur og í rauninni er ekki heldur verið að segja þeim hvernig eigi að leysa deiluna. Það er ekki heldur verið að segja að hún sé auðleyst. Ríkisstj. er ekki að takast á við kaupkröfur, hún er að takast á við siðferðislegar kröfur, lífshætti og grundvöll þess samfélags sem við lifum í. Þetta eru tímamót og það í orðsins fyllsta skilningi.

Að því er varðar kjarasamningana, hráa og mælda á samningaborðinu, þá stendur það upp úr að lægstu kjörin verður að bæta. Ríkisstj. hefur hvorki efnahagslegan, pólitískan né siðferðislegan rétt til þess að leysa verðbólguvandann, efnahagsvandann, á kostnað þeirra verst settu. Vinnudeilan verður ekki leyst þannig, beiskjan verður ekki upprætt þannig og ranglætið og misréttið í lífskjörunum verður ekki bætt með þeim hætti. Ég efast ekki um að ráðh. og þm. stjórnarflokkanna gera sér grein fyrir þessu, það hafa þeir reyndar margtekið fram. En gerðir þeirra fara ekki alltaf eftir. Fyrst, og lengi framan af öllu þessu ári, voru þeir aðgerðalausir á flandri út og suður, sáust með kúrekahatta í Los Angeles eða í public relations niðri í Arabíu og Ísrael og hótanir um atvinnuleysi, gengisfellingar og dúndrandi verðbólgu hafa ekki fallið í góðan jarðveg. Stöðvun á launagreiðslum, hvað sem lögum og nauðsyn líður, virkaði eins og olía á eldinn. Seinheppni stjórnvalda hefur ekki riðið við einteyming þessa síðustu daga.

Það verkfall, sem nú stendur yfir hjá opinberum starfsmönnum, hefur verið harkalegt. Annars vegar stendur fólk sem neitar að sætta sig við launakjör sem ekki duga til hnífs og skeiðar, hins vegar ríkisvald í ósveigjanlegri spennitreyju og með tóman ríkiskassa. Þannig blasir staðan a. m. k. við. Opinberir starfsmenn geta kannske kennt ráðh. um óbilgirni, en þeir hafa sjálfir átt þátt í þeirri óbilgirni. Harka í verkfallsvörslu, fyrirvaralaus stöðvun Ríkisútvarpsins, ástæðulausar aðgerðir gagnvart almennum borgurum í óskyldum málum hefur dregið úr samúð almennings með kjarabaráttu BSRB. Síðast en ekki síst er kröfugerð BSRB um 30—40% kauphækkun yfir alla línuna fjarri öllu lagi og algerlega óaðgengileg.

Frá mínum bæjardyrum séð átti ríkisstj. að grípa til bráðabirgðalaga áður en til verkfalls kom. Hún átti að leggja fram sáttatillögu um hækkun lægstu launa, kaupmáttartryggingu og tekjuskattslækkanir, stórfelldan niðurskurð á ríkisútgjöldum og uppstokkun á öllu kerfinu og það strax. Ef sú tillaga næði ekki fram að ganga var réttast í stöðunni, eins og fyrr segir, að setja brbl. og fresta verkföllum með lagaboði og boða til kosninga, láta síðan á það reyna hvort sú stefna, sem ríkisstj. hefur fylgt og kæmi þá fram í þeirri stefnumótun sem slík tillaga fæli í sér, hefði fylgi meðal þjóðarinnar. Ef ekki, þá yrðu aðrir að taka við sem teldu sig geta gert betur.

Þessi leið var ekki farin. Ríkisstj. hikaði og gloprði niður tækifærinu. Í stað þess að fara í sókn og standa fast á sinni stefnu er ríkisstj. komin í vörn og ræður ekki lengur neinu um víglínur. Afleiðingin er sú að stjórnarstefnan í efnahagsmálum, sem naut fylgis og stuðnings fyrir aðeins nokkrum vikum, er orðin að ásteitingarsteini, blóraböggli í augum fólksins. Þetta er sorgleg niðurstaða og óvænt veðrabrigði á mjög stuttum tíma. Nú hefur forsrh. skýrt frá hugmyndum sínum að grundvelli að samkomulagi hér í umr. í dag og við sjáum strax af þessu tilboði, sem út af fyrir sig er ekki ósanngjarnt og að mínu mati vel þess virði að það sé skoðað gaumgæfilega — við sjáum samt af þessu tilboði að ríkisstj. hefur hörfað úr einni víglínunni í aðra.

Það er eðlilegt að stjórnarandstaðan gagnrýni frammistöðu ríkisstj., til þess hefur hún ríkt tilefni. Í rauninni er auðvelt að gagnrýna og hossa sér á þeirri óánægju og óvissu sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Það geta allir gert. Það er rétt að stjórnarandstaðan hefur ekki ráðið ferðinni eða efnt til upplausnarinnar, ekki ein og sér a. m. k. Staðreyndin er hins vegar sú að stjórnarandstaðan hefur ekki breytt neinu til eða frá og hún er ekki heldur líkleg til að gera það á næstunni. Sú óhugnanlega staða blasir nefnilega við að ástandið getur síður en svo batnað þótt stjórnarskipti verði, þótt stjórnarandstaðan komist til valda. Ég hef hvergi heyrt né séð marktækar, skynsamar eða raunsæjar tillögur úr þeirri áttinni við þeim efnahagsvanda sem við blasir. Í stað þess að viðurkenna árangur í verðbólguslagnum, í stað þess að hafna ábyrgðarlausum kaupkröfum og í stað þess að vekja þjóðina til umhugsunar um þann risavanda sem þjóðarbúið á við að glíma hefur stjórnarandstaðan tekið þann kostinn að fiska í gruggugu vatni. Ræða hv. 3. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, bar glöggt dæmi þar um. Þetta er gamla sagan héðan úr Alþingi og það hefur ekkert breyst, að mála allt í

svarthvítum litum, gagnrýna einhliða, vera á móti, æsa til vandræða.

Herra forseti. Vandinn í þjóðfélaginu er ekki aðeins efnahagslegur. Hann snertir einnig hugarfar, siðferði og undiröldu sem snertir alla pólitík og flokkabaráttu í landinu. Þessi vandi verður ekki leystur með hefðbundnu karpi hér í þingsölum. Hann verður ekki leystur með úreltum viðhorfum og viðbrögðum staðnaðra stjórnmálaflokka. Hann verður ekki leystur með klisjum sem endurteknar hafa verið æ ofan í æ hér á Alþingi, í kosningum og í stefnuskrám flokka sem fyrir löngu hafa týnt tengslum við fólkið í landinu. Sá vandi, sem nú blasir við, verður ekki leystur með samningum við BSRB einum saman, því fer víðs fjarri.

Allt kringum okkur sjáum við gamla þjóðfélagskerfið ýmist riða til falls eða ryðga í sínum föstu skorðum. Í landbúnaðarmálum sitjum við uppi með staðnaða löggjöf sem er brynvarin gegn nútímasjónarmiðum. Í bankakerfinu, sjóðakerfinu, ríkisbúskapnum, margvíslegri löggjöf, neytendamálum, kosningalöggjöf, starfsháttum Alþingis, skattalöggjöf, útflutningsmálum, jafnvel í fiskvinnslu og fiskveiðum gætir stöðnunar í aðlögun og endurnýjun. Í skóla- og fræðslumálum erum við komin út í horn.

Ég vil víkja hér sérstaklega að einu máli sem borið hefur á góma í þessari umr. og sem ég tel vera grundvallardæmi og gott sýnishorn af því hvernig ástandið er. Það er afsprengi kjaradeilunnar. Það eru hinar svokölluðu frjálsu útvarpsstöðvar sem mér sýnist, eftir að hafa hlýtt á framsögu stjórnarandstæðinga hér, vera alvarlegasta vandamálið þrátt fyrir öll verkföll og vinnudeilur, a. m. k. er það að heyra að þeim sé mikið niðri fyrir að reka horn sín í þessar útvarpsstöðvar.

Á allra síðustu árum hafa orðið umskipti í upplýsingaheiminum, nánast bylting. Erlendis er nú almennt talað *um upplýsingaöldina í samanburði við iðnbyltinguna* og lífskjarabyltinguna síðustu tvo áratugina. Hvað höfum við Íslendingar gert til að bjóða nýrri tækni og nýjum viðhorfum heim á þessum vettvangi? Við sitjum uppi með úrelta löggjöf um útvarp og sjónvarp og allar tilraunir til að brjóta þá löggjöf upp eru samstundis kæfðar í þessum fílabeinsturni hér á Alþingi.

Þessa dagana höfum við orðið áþreifanlega varir við afleiðingarnar. Í skjóli einkaréttar ríkisins taka starfsmenn Ríkisútvarpsins sig til og loka einhliða, samkvæmt eigin geðþóttaákvörðun, þeirri einu útvarpsstöð, sem lögleg er í landinu, í krafti einokunar. Það er ekki ríkið, ríkisvaldið, ríkisstjórnin eða þjóðin, sem þetta samfélag myndar, sem ræður þar nokkru um. Nei, það er starfsfólkið sem tekur völdin augljóslega í þeim skilningi að það sé handhafi einkaréttarins. Það er starfsfólkið sem gefur ríkisvaldinu og löglega kjörnum stjórnvöldum og lögunum langt nef og telur sig hafa leyfi *til að mótmæla launagreiðslum til sín um síðustu* mánaðamót með því að labba sig út og skilja þjóðina eftir í miðaldamyrkri. Það hefur enginn minnst á þetta meinta lögbrot hér í þessari umr. Afleiðingin er sú að Íslendingar sitja fyrirvaralaust og skyndilega uppi með það að vera sambandslausir, einangraðir og óupplýstir um atburði hér heima sem erlendis. Hvergi á byggðu bóli mundi slíkt gerast, en það gerist hér vegna þess að Alþingi og stjórnmálaflokkar hafa ekki haft vit, áhuga eða þekkingu á þeirri staðreynd að það væri þjóðinni og hagsmunum hennar fyrir bestu að svokallaður einkaréttur ríkisins á útvarpsrekstri verði afnuminn. Það er eins og meiri hluti þingmanna sé gjörsamlega gersneyddur vitneskju um þá strauma sem leika um þjóðlífið í kjölfar nýrrar kynslóðar og nýrra tíma. Þeir ríghalda í ímyndaða hagsmuni sína, flokka sinna og ríkisvaldsins og þykjast vera svo heilagir og löghlýðnir að þegar útvarpsstöðvar skjóta upp kollinum vegna lokunar Ríkisútvarpsins, þá neita þeir að viðurkenna að slíkar stöðvar séu uppspretta lýðræðislegrar þróunar, svar alls þorra kjósenda við því neyðarástandi sem úrelt löggjöf leiðir af sér. Jafnvel einstakir stjórnmálamenn í forustustörfum eru eins og úti á þekju, jafnvel heilir stjórnmálaflokkar eru svo víðs fjarri raunveruleikanum að þeir rísa upp til varnar fyrir einokunina og misnotkun hennar og neita að viðurkenna tilvist þessara útvarpsstöðva. Sér er nú hver heilagleikinn!

Það er dæmalaust að hlusta á þá talsmenn stjórnarandstöðunnar sem hneykslast á því að þjóðin sé upplýst. Lögbrot, segja þeir, lögbrot og jafnvel ofbeldi. Hver hefur orðið var við ofbeldi við stofnun þessara útvarpsstöðva? Ég hef ekki heyrt um neitt ofbeldi í þessari deilu nema þá það ofbeldi sem verkfallsverðir hafa beitt og enginn hefur hneykslast á því athæfi. Já, lögbrot segja þeir. En hvaðan kemur þessum háu herrum vald til að fullyrða hér á Alþingi að lögbrot hafi verið framið. Hefur einhver dómur gengið um það? Þeir menn sem saka aðra um að brjóta lög ættu ekki að taka dómsvaldið í sínar hendur. Er það betra að dæma sök en að brjóta lög?

Ef mennirnir bera svo mikla virðingu fyrir þrískiptingu valdsins, lögum, réttargæslu og dómstólum, þá eiga þessir sjálfskipuðu dómarar að láta dómstólunum það eftir að dæma í þessu máli og segja til um það hvort búið sé að brjóta lög með stofnun frjálsra útvarpsstöðva. Og enn hefur enginn dómur verið kveðinn upp um lögbrot þeirra. Þvert á móti leyfi ég mér að halda því fram að hér hafi engin lög verið brotin. Ríkisvaldið afsalaði sér einkaréttinum þegar það lét starfsfólk Ríkisútvarpsins komast upp með það að vanefna þá skyldu sem á Ríkisútvarpið er lögð. Með þeim vanefndum var fólkinu í landinu frjálst að neyta þess réttar að verja sig. Fólkið vill ekki láta loka sig af, byrgja sig inni og bæla sig niður og það eru menn lítilla sanda og sæva sem æpa lögbrot, lögbrot undir þessum kringumstæðum. Þeir sögðu *í Póllandi* að það væri lögbrot þegar Valesa og félagar hans stofnuðu Frjálsa verkalýðshreyfingu og við studdum það samt. Þeir segja það lögbrot í Sovétríkjunum þegar einstaklingar þar í landi andæfa gegn stjórnvöldum, en við styðjum það samt. Og þeir segja það lögbrot í Suður- og Mið-Ameríku, þegar stjórnarandstæðingar rétta úr sér og segja sannleikann, en við styðjum það samt. Við tökum undir slíka frelsisbaráttu, jafnvel þótt hún stangist á við löggjöf og *lagabókstafi*, vegna þess að hún er barátta fyrir mannréttindum, svo einfalt er það.

Það er athyglisvert að heyra 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson halda því fram að ég sé kominn hingað inn á þing á flótta undan refsivaldinu með því að reyna að njóta þinghelgi. Hann heldur sem sagt, sá góði maður, að með því að setjast á þing séu menn að skjóta sér undan lögum og rétti. Hann heldur sem sagt að ég sé að flýja vegna baráttu minnar fyrir tjáningarfrelsinu. Það er athyglisvert að Svavar Gestsson, hv. 3. þm. Reykv., telur Alþingi skálkaskjól þeirra sem eru að flýja undan

frelsinu. Kannske er það þess vegna sem hann er hér, ég veit það ekki, það er hans mál. Hann er kannske að forðast frelsið. Ég hef hins vegar staðið í þeirri meiningu að Alþingi væri vettvangur þeirra sem vilja standa vörð um mannréttindi, en kannske er það líka breytt.

Í gær var tveimur útvarpsstöðvum í Reykjavík lokað. Lögreglunni var sigað. Afturhaldið í landinu náði sínu fram og nú í dag er þögnin skerandi. Þagnarmúrinn hefur verið reistur og Ríkisútvarpið er eitt um hituna. Tvisvar á dag fáum við allra náðarsamlegast að vita hvort bylting hafi verið framin í landinu eða ekki, hvort ríkisstj. sitji enn að völdum eða ekki, hvort verkföllin séu að leysast eða ekki, hvort fréttamönnum Ríkisútvarpsins þóknist að leyfa stjórnmálamönnum eða málsvörum í kjaradeilum að tjá sig. Enginn segir að fréttamenn þessa eina og lögverndaða fjölmiðils séu hlutdrægir, en hver segir að þeir séu það ekki? Hvar er aðhaldið og hvar er lýðræðið? Og er það þetta sem við viljum? Viljum við að ráðherrar einir t. d. séu teknir til viðtals í þessum eina fjölmiðli eða viljum við að fréttastofunni sé það í sjálfsvald sett hvort stjórnarandstæðingum sé einum raðað í viðtöl til útskýringa og áróðurs fyrir sig og sína eða fer það kannske eftir því hvaða efni er flutt í þessari stöð hvort menn hafi velþóknun á henni eða ekki? Viljum við að fréttastofan sé ein til frásagnar í glaðhlakkalegum tón þegar frjálsum útvarpsstöðvum, öðrum fjölmiðlum er lokað með bolabrögðum? Og hvernig var sagt frá þeim atburði þegar Fréttaútvarpinu var lokað með lögregluárás í gær? Jú, þjóðin fékk að vita í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins í gærkvöldi að „ólöglegum" útvarpsstöðvum hefði verið lokað, en áður hefði Ellert B. Schram alþingismaður flutt ávarp. Punktur og basta. Það var ekki greint frá því að hundruð manna söfnuðust saman utan við ritstjórnarskrifstofu DV til að láta í ljós mótmæli gegn þessari aðgerð og það var ekki sagt frá því að allar símalínur á blaðinu urðu rauðglóandi þar sem aftur hundruð manna lýstu stuðningi sínum við Fréttaútvarpið og vanþóknun sinni á athæfi stjórnvalda. Það var ekki sagt orð um það að hér í austurbænum í höfuðborginni hafi komið til svívirðilegrar aðfarar gegn frjálsræðinu og lýðræðinu. Aldrei í mínu minni hef ég orðið var við jafnheilaga reiði, jafnsterkan þjóðarvilja til að brjóta á bak aftur einokun Ríkisútvarpsins.

Fólk lét ekki hug sinn í ljós til að standa vörð um Fréttaútvarpið eingöngu. Það var einfaldlega að standa vörð um mannréttindi sín, öryggi sitt, líf sitt í siðuðu mannfélagi. Það var lýðræðið sem braust fram þegar þessi atburður átti sér stað. Og hvað gerðu alþingismenn? Þeir sátu hér í sínum fílabeinsturni, drukku sitt kaffi og gömnuðu sér við að kasta fjöregginu á milli sín. Það gerðu þeir á meðan opinberir starfsmenn funduðu hér fyrir utan í þágu lífskjara sinna og þjóðin mótmælti í nauðvörn þegar frelsi fjölmiðla var fótum troðið. Ég kalla löggjafarvaldið til ábyrgðar á þessum atburðum og þessu ástandi og ég kalla ríkisstj. og stjórnarflokkana til ábyrgðar á þessu athæfi. Það voruð þið, hv. þm., sem létuð loka frelsinu í innsigluðum plastpokum rannsóknarlögreglunnar og það eruð þið, hv. þm., sem hafið einangrað ykkur frá fólkinu og kjósendum og þjóðinni með því að láta þetta viðgangast. Þið getið setið hér áfram enn um stund og einblínt á tærnar á ykkur og þrefað um úrelta lagabókstafi. Þið getið dagað hér uppi mín vegna eins og hver önnur nátttröll, en það kemur að því að kjósendur munu veita sína ráðningu og svara fyrir sig og sá tími mun koma.

Ég sest hér inn á þing aftur þó ekki væri nema til að kynnast aftur þeirri undarlegu og sorglegu staðreynd hversu Alþingi er laust við alla snertingu og skilning á ríkjandi viðhorfum. Ég hef upplifað þá lífsreynslu að hafa verið hér þingmaður um margra ára skeið og hafa síðan átt þess kost að sjá stjórnmálin og þjóðlífið frá öðrum sjónarhóli og eiga hingað afturkomu til að fylgjast með því hvort núverandi skipulag, flokkaskipan og stjórnmálaviðhorf eiga sér einhverja lífsvon. Ég hef hlustað hér á nokkrar ræður í dag og mér hrýs hugur. Gamla stefið er enn spilað.

Ég hef kosið að koma hér inn aftur án þess að vera bundinn af samþykktum þingflokks eða stuðningi við ríkisstj. Ég hef ekki sagt mig úr flokki eða þingflokki. Ekki enn. Ég tel mig sjálfstæðismann í besta skilningi þess orðs og þegar ég segist vera sjálfstæðismaður, þá er það vegna þess að ég hef trúað á sjálfstæðisstefnuna í sínum einfaldasta skilningi, þá stefnu að hver maður eigi að njóta frelsis, frelsis til sjálfsbjargar, frelsis til félagslegrar samhjálpar og frelsis til mannréttinda. Sú stefna er enn til þótt framkvæmd hennar sé öll á skjön. Lífsskoðun og stefna er mér meira virði en flokkur.

Ég hef ekki farið dult með það og þá skoðun mína að flokkaskipan á Íslandi sé tímaskekkja, gengin sér til húðar. Núverandi flokkar eru meira og minna orðnir dragbítar á sjálfa sig, stofnanir sem hugsa inn á við en ekki út á við, hugsa um hagsmuni sína fyrst, hugsa um hagsmuni annarra á eftir. Úrelt löggjöf, staðnað þjóðfélag, hrossakaup, sjálfhelda í stjórnarmyndunum, afturhald og hægagangur í stjórnarfari, skilningsleysi á nútímaviðhorfum, allt eru þetta staðfestingar á skoðunum mínum, og öfgar til vinstri og öfgar til hægri, fílabeinsturnar, glerhús, baktjaldamakk, samtrygging, forpokuð tregðulögmál og skjaldborg einokunar. Þetta eru allt saman einkenni stjórnmálanna, því miður. Og við sjáum hvernig fólkið fjarlægist gömlu flokkana. Í skoðanakönnunum er allt upp í helmingur kjósenda ófáanlegur til þess að lýsa yfir stuðningi við núverandi flokka.

Bandalag jafnaðarmanna, Kvennalistinn, Flokkur mannsins og hvað þetta heitir allt saman í smáflokkamynstrinu eru afsprengi þessarar þróunar. Verkalýðshreyfingin brýtur af sér flokksmenn Alþb. og formaður þess notar fyrsta tækifærið á þessu þingi til að uppnefna borgara þessa lands sem sjóræningja, svo langt er hann leiddur, blessaður maðurinn, og svo fjarlægur er hann straumunum allt í kringum sig í þjóðlífinu.

Alþfl. fær ekki gramm af atkvæði þótt fylgi ríkisstj. hrynji, Framsfl. er að þurrkast út af þéttbýlissvæðunum og jafnvel Sjálfstfl. hefur hlotið þau örlög að vera múr- og naglfastur kerfisflokkur sem tekur seint og illa við sér þegar frelsisumbrot fólksins eiga sér stað og það þrátt fyrir allar frelsishugsjónir í stefnuskrá þess flokks. Það er aðeins tímaspursmál hvenær núverandi flokkaskipan riðar til falls og ekki hafa atburðir síðustu daga bætt stöðuna fyrir hrörnandi flokkaveldinu. Þeir flokkar sem ekki svara kalli tímans eru einfaldlega dauðvona.

Það þarf enginn að vera undrandi á því þótt ég velji þann kostinn að vera óháður gagnvart ríkisstj. og stjórnarfari sem er höfuðið á þessum þurs. Með því er

ég ekki að segja að ég geti ekki samþykkt eitt og annað sem frá ríkisstj. kemur. Á meðan hún lafir. Með því er ég ekki að segja að ég muni taka hér óábyrga afstöðu, enda er það ábyrgðarhluti að kynda undir upplausn með því að taka þátt í vælukór stjórnarandstöðunnar. Ég hef ekki hugsað mér að koma hingað inn á þing til þess eins að grafa undan löglega kjörinni ríkisstj. og ég hef ekki áhuga á að gerast aftaníossi hjá vonlausri stjórnarandstöðu.

Ég held satt að segja að miklu meira þurfi að gerast í íslenskum stjórnmálum en það eitt að þessi ríkisstj. fari frá völdum. Það kemur að því hvort eð er. Þær deilur sem nú geisa hér fyrir utan þinghúsið eru aðeins einn þátturinn í þeim umskiptum sem brátt verða óhjákvæmileg. Láglaunafólkið í BSRB, almenningur sem styður frjálsa fjölmiðla, þjóðin öll er ekki aðeins að biðja um betri kjör og fleiri útvarpsstöðvar. Það er að heimta brauð til að eta, frelsi til að lifa og samfélag sem hægt er að umbera. Þetta er kall nýrra tíma, herra forseti, og það kall verður ekki þaggað niður þótt nú í augnablikinu æpi að okkur skerandi þögn einokunarinnar.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þó að við eigum í erfiðleikum í okkar þjóðfélagi held ég samt að ekki sé svo illa fyrir okkur komið eins og hv. þm. Ellert Schram var að lýsa áðan. Ég efast ekki um að hann vill hjálpa þjóð sinni út úr erfiðleikum sem hún er í, en að afgreiða það svo einfaldlega, eins og hann gerði hér, að allt sem hér væri inni og allt sem þeir menn sem hér starfa, hvort sem þeir eru stuðningsmenn ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu, sé afsprengi gamalla tíma, allt saman úrelt, má kalla undarlegt með tilliti til þess að allir þessir menn voru kosnir á Alþingi Íslendinga fyrir aðeins rúmu einu og hálfu ári. Og jafnvel þótt hv. þm. sé í betra sambandi við samfélagið og þjóðfélagið en við öll hin verð ég að biðja hann að hugleiða þessi orð sín aðeins betur því að hans orð voru vissulega alvarleg og hann reiddi hátt til höggs, sló kraftmikil högg gagnvart því fólki sem hér starfar.

Hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, kom hér upp og ég átti nú von á því — hann er væntanlega hér í salnum — að frá honum kæmu einhverjar upplýsingar um það hvernig hann teldi að ætti að bregðast við þeim vanda sem samfélagið stendur frammi fyrir. En það kom ekkert nema skammir, aðallega ómerkilegar, persónulegar skammir á forsrh. landsins sem hann er vanur að slá um sig með á Alþingi Íslendinga. Honum þykir henta að tala þannig um fyrrum samstarfsmenn sína, og er nánast ótrúlegt að stjórnmálaflokkar og foringjar stjórnmálaflokks skuli hafa þennan sið. Hér áður voru menn með persónulegar svívirðingar á Alþingi og hann er einn af þeim fáu og nánast sá eini sem heldur þeim sið uppi. Það er, að mínu mati, honum til skammar og Alþingi einnig að slíkur málflutningur skuli vera hér viðhafður, og væri nær að hann eyddi meiru í málefnalega umræðu.

Hann fór hér með, held ég, eina prósentu og hún var að sjálfsögðu röng. Hann sagði að kjaraskerðingin væri 27%. Ef við lítum á þær tölur sem við höfum hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrnað á árinu 1983 um 12% og einkaneysla minnkaði á öllu því ári um 7%. Það er ekki gert ráð fyrir því að einkaneysla minnki á árinu 1984 og þótt það kunni að verða lítillega og kaupmáttur hafi rýrnað lítillega á árinu 1984 er það ekki verulegt. Nánast var þetta eina prósentan sem hann nefndi í þessari umræðu og hún var að sjálfsögðu röng.

Þegar menn ræða um kjaradeilu eins og þessa verða menn að hafa í huga hvað það er sem þjóðfélagið getur látið í té. Við getum ekki aðeins hugleitt hvað sé ranglátt og hvað sé réttlátt. Við getum talað um réttláta skiptingu þeirra tekna sem við höfum og við getum talað um rangláta skiptingu þeirra tekna sem við höfum. En við getum ekki skipt neinu umfram það, hvort sem hv. þm. Svavar Gestsson reynir það með röngum prósentuútreikningi eða ekki.

Á næsta ári er áætlað að einkaneysla verði tæpir 53 milljarðar, samneysla tæpir 10 milljarðar og fjárfesting eða fjármunamyndun í þjóðfélaginu 18 milljarðar eða samtals tæpur 81 milljarður. Á sama tíma er gert ráð fyrir að verg þjóðarframleiðsla verði 77½ milljarður, en viðskiptajöfnuður óhagstæður um 3.4 milljarða. Það er út af fyrir sig hægt á erfiðum tímum, þegar fólk hefur mjög litlar ráðstöfunartekjur eins og við vitum að er í dag, að flytja á milli þessara liða. Við getum dregið úr fjárfestingunni og flutt yfir í einkaneysluna, við getum dregið úr samneyslunni og flutt yfir í einkaneysluna eða þá reynt að finna réttlátari skiptingu á þeirri einkaneyslu sem fyrir er í landinu. Það ætti að ræða málin á þessum grundvelli.

Ég geri ráð fyrir að fjárfesting verði minni á næsta ári en eðlilegt væri við venjuleg skilyrði. Ég geri einnig ráð fyrir að menn séu tilbúnir að draga úr samneyslu um stund til að bæta úr fyrir þeim sem verst kjörin hafa. Slíkt er eðlilegt á erfiðum tímum. En hins vegar er það ekki nein framtíðarstefna eins þjóðfélags að gera slíkt vegna þess að við þurfum að halda áfram að byggja upp til að bæta tekjur okkar og geta aukið einkaneyslu okkar síðar. Ef við förum út fyrir þennan ramma bætum við ekki kjörin, við missum efnahagslegt jafnvægi og gerum það enn þá líklegra en áður að við missum tök á efnahagsmálum okkar. Við höfum náð verulegum árangri og ég er alveg sammála hv. þm. Ellert Schram að því leytinu til að við megum ekki hrósa sigri og höfum aldrei mátt það. Að mínu mati er auðveldara að ná verðbólgunni niður í þær tölur sem við höfum náð henni en að halda það út um nokkurra ára tímabil. Það mun taka mörg ár að komast út úr þeim efnahagserfiðleikum sem við vorum komin í.

Hv. þm. Svavar Gestsson komst að þeirri niðurstöðu að atvinnuvegirnir væru í miklum vandræðum og nánast meira og minna í rúst, nema þá nokkrir kaupsýslumenn hér í Reykjavík. Ég efast ekki um að nokkrir þeirra eru ágætlega staðir. En ekki á ég von á því samt að það sé svo mikið til þeirra að sækja að það fái bjargað undirstöðuatvinnuvegunum. Það er alveg rétt að undirstöðuatvinnuvegirnir eru í miklum vandræðum og þangað er ekki neitt að sækja. Þeir hafa verið í miklum vandræðum um langan tíma. Það voru gerðar á síðasta Alþingi margvíslegar ráðstafanir til að reyna að laga þá stöðu. Það var tekin upp ný stjórnun fiskveiða, það var ráðstafað fjármagni Aflatryggingasjóðs til sjávarútvegsins, það voru lækkaðir vextir hjá Fiskveiðasjóði og svo má lengi telja. Ég man aldrei eftir því að hv. þm. Svavar Gestsson eða hans flokkur teldu nokkuð af þessu vera nauðsynlegt til að bæta stöðu þessarar greinar. Ég held að ég muni það rétt að hann og hans flokkur hafi verið á móti öllum þessum ráðstöfunum. Og ég man ekki

betur, þegar ráðstafanirnar voru gerðar í upphafi valdaferils þessarar ríkisstj. til að hjálpa þessum undirstöðuatvinnugreinum, en að hann og hans flokkur hafi talið það algjöran óþarfa og verið á móti þeim ráðstöfunum.

En hvernig skyldi nú þessi atvinnugrein vera stödd í dag ef ekkert af þessu hefði verið gert? Skyldi eitthvert fyrirtæki vera þar starfandi og skyldi eitthvað af því fólki sem annars hefur þar vinnu hafa einhverja vinnu þar í dag? Það leyfi ég mér að efast um. En hitt er svo annað mál að þessi atvinnugrein er enn í miklum vanda og *það mun taka mörg ár fyrir hana að komast út úr því* erfiðleikatímabili.

Sannleikurinn er sá að þegar ríkisstj. tók við var sjávarútvegurinn í miklum vanda, en við gerðum alls ekki ráð fyrir því að yfir okkur mundu dynja öll þau áföll sem við höfum orðið fyrir síðan. Þrátt fyrir það hefur verið haldið við þá gengisstefnu sem er mörkuð og e. t. v. var það óraunhæft, en að breyta frá henni hefði haft í för með sér enn meiri kjaraskerðingu fyrir fólkið í landinu en nú þegar er orðin. Það var að sjálfsögðu alvörumál að stofna til slíks. Menn töldu betra og í reynd nauðsynlegt að reyna að komast yfir þessi áföll án þess að breyta genginu frekar, m. a. með því að gera ýmsar skipulagsbreytingar og það þarf að eiga sér stað margvísleg fjárhagsleg endurskipulagning í atvinnuvegunum.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á þær skoðanir sem ég hef haft í frammi varðandi skip Hafrannsóknastofnunarinnar og vildi ég aðeins koma inn á það mál.

Það er öllum ljóst og vita allir að á haustin eru skip Hafrannsóknastofnunarinnar send í svokallaða loðnuleiðangra. Þessir leiðangrar eru mikilvægir vegna þess að út frá þeim eru teknar ákvarðanir um veiðar og þeir eru einnig mikilvægir vegna samninga okkar við erlendar þjóðir.

Þegar lögin um verkfallsrétt opinberra starfsmanna voru afgreidd hér á Alþingi 1976, og ég man vel eftir því vegna þess að ég var formaður annarrar þeirrar nefndar sem fjallaði um þá löggjöf, var lögð á það mikil áhersla að hér væri um takmarkaðan verkfallsrétt að ræða. Ég man það vel að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, margreyndur verkalýðsforingi og orð hans voru ekki dregin í efa á Alþingi, sagði í umræðum og við meðferð þessa máls að hann vonaðist til þess að þessi löggjöf yrði aldrei fyrirmynd að verkfallsrétti hinna almennu verkalýðsfélaga, enda er þessi verkfallsréttur annar. Það gildir þar ekkert verkbann, svo ég nefni eitt dæmi.

Forsenda fyrir þessum verkfallsrétti var m. a. að sett yrði upp svokölluð kjaradeilunefnd. Það lá fyrir að ekki væri hægt að úrskurða um það nákvæmlega hver skyldu vera hennar úrlausnarefni, en þau skyldu fyrst og fremst vera á sviði öryggis og heilsugæslu þannig að það væri tryggt að slíkum málum væri sinnt í þjóðfélaginu. Það var að sjálfsögðu ekki hægt að koma með tæmandi upptalningu á því hvað fyrir þessa nefnd gæti komið því að hér var verið að fara inn á nýjar brautir. En þessi nefnd hefur nú fjallað um yfir 300 mál og úrskurðum *hennar er í flestum tilfellum hlítt.*

Það var að sjálfsögðu eðlilegt að við leituðum með þessi mál til kjaradeilunefndar. Það getur vel verið að það sé ekki á hennar valdsviði, það er ekki mitt að segja til um það. Það er hennar að gera það og dómstóla landsins. Það er ekki eingöngu Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sem á að kveða upp úrskurð um slíkt, heldur nefndin sjálf og dómstólar landsins.

Við vissum að þessi nefnd hafði talið alla eignavörslu og öryggi eigna falla undir sitt verksvið. Það má vel vera að það séu einhverjir hér sem telji ekki neina eign í fiskistofnum þjóðarinnar og það beri ekki að gera ráðstafanir sem tryggja að réttilega sé úr þeim stofnum tekið, hvorki of mikið né of lítið. Við erum kannske svo langt leidd í þessu þjóðfélagi að þessi eign okkar sé talin skipta svo litlu máli að það megi ekki um það tala á slíkum vettvangi, það megi bara tala um hvernig eigi nú að passa bankana, hvernig eigi að passa handritin og hvernig eigi að passa hinar og aðrar byggingar. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel þessa eign vera miklu mikilvægari og merkilegri en allar aðrar eignir.

En hvað um það. Kjaradeildunefnd taldi þetta mál vera komið inn á sitt verksvið. Málið var þar afgreitt. Það eru lög í landinu sem segja að það beri að hlíta úrskurðum kjaradeilunefndar, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Er hv. þm. Svavar Gestsson að mæla með því að lögum landsins sé ekki hlítt í þessu efni á sama tíma sem hann gagnrýnir réttilega að öðrum lögum skuli ekki hlítt eða er hann að beina því til mín að ég eigi ekki að telja það lögbrot, að ég eigi að halda því fram að það sé ekki lögbrot að koma í veg fyrir að úrskurði laganna og réttrar nefndar sé hlítt? Hvað er maðurinn að fara? Ég vildi gjarnan fá útskýringar á því.

Hann sagði að vísu að þau áföll sem við hefðum orðið fyrir ætti þjóðin sjálf að borga og hann sagði það í undrunartóni. Telur hann að einhverjir aðrir geti borgað þessi áföll en þjóðin sjálf? (Gripið fram í.) Ég skrifaði þetta niður eftir þm. Hann sagði í undrunartón, og ég veit að hann getur lesið ræðu sína þegar hún hefur verið prentuð, að þjóðin sjálf ætti að borga þetta, almenningur í landinu. Er til einhver önnur leið? Ég kann hana ekki, en það væri fróðlegt að fá hv. þm. Svavar Gestsson til að lýsa því betur hver annar gæti borgað þau áföll sem við verðum fyrir.

Herra forseti. Það mun áreiðanlega reyna á það næstu daga og það verður að reyna á það næstu daga hvort menn geta fundið lausn á þeim vandamálum sem við sjáum nú fram á til þess að við getum af alvöru farið að taka á þeim miklu viðfangsefnum sem bíða okkar. Ef þjóðin ætlar að eyða öllum sínum kröftum í innbyrðis deilur og verkföll munum við tæpast ná landi í þeim annars miklu viðfangsefnum — ekki aðeins vandamálum heldur viðfangsefnum — sem við sjáum fram undan. Þessi deila verður að mínu mati ekki leyst öðruvísi en með einhverjum breytingum á skattkerfi okkar. Þá er að sjálfsögðu mikilvægt að þær breytingar séu notaðar til að jafna á milli þeirra sem meira mega sín og þeirra sem minna mega sín. Það er hægt að gera slíkar breytingar og það er það eina sem getur í reynd bætt um fyrir því fólki sem á um sárast að binda. Ég vænti þess að ríkisvald og verkalýðshreyfing geti náð saman um slíkar breytingar á skattkerfinu.

Ég ætlaði ekki að fara að tala hér um útvarpsrekstur í landinu og það er í sjálfu sér undarlegt að fara að gera *það að einhverju stórmáli* við þessar umræður eins og hér hefur komið fram. Ég tel mjög gagnrýnisvert að Ríkisútvarpið og starfsmenn þess skuli leyfa sér að leggja niður vinnu fyrirvaralaust. Í reynd sýnir það fram á að ástæða er til að endurskoða þann verkfallsrétt sem við gáfum opinberum starfsmönnum á sínum tíma. Ég er ekki með því að mæla með að hann sé afnuminn,

langt í frá, en ég tel hins vegar að það eigi að takmarka hann, t. d. varðandi þessa starfsemi, þannig að ekki sé hægt að rjúfa upplýsingamiðlun í landinu eins og þessir starfsmenn leyfðu sér að gera. Því er að mínu mati rétt að afnema verkfallsrétt þessara aðila þannig að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Hins vegar vara ég við því að þetta mál verði best leyst með því að gefa útvarpsrekstur algjörlega frjálsan í landinu. Ég er ekki á móti því að sú löggjöf sé endurskoðuð, en ég er hins vegar alfarið á móti því að hér verði settar upp margar útvarpsstöðvar sem lifa á auglýsingatekjum. Það mun þýða að útvarp úti um land mun gjalda þess. Við höfum ekki nema takmarkaða fjármuni í þessu landi og rekstur á fleiri stöðvum mun að sjálfsögðu kosta fjármuni sem einhver þarf að láta í té og væntanlega þeir aðilar helst sem kaupa auglýsingar í þjóðfélaginu og munu þá kaupa minna af þeim annars staðar. Þetta er nefnilega ekki bara frelsi til að gera eitthvað fyrir einhverja, heldur líka frelsi til að skilja aðra út undan sem minna mega sín og búa dreifðar í landinu. Það búa margir á höfuðborgarsvæðinu og auðvelt að ná á milli fólks hér, m. a. með útvarpi. Það hefur kostað mikla fjármuni að byggja upp dreifikerfi útvarps og sjónvarps um allt land og opna nýjan heim fyrir fólkinu í landinu og að sjálfsögðu eiga nokkrir starfsmenn útvarps og sjónvarps engan rétt á því að loka þessum tækjum landsmanna. Ef á að fara út í algjört frelsi á þessu sviði og gera þessa fjölmiðlun að nokkurs konar „business" mun það hins vegar verða til þess að veikja upplýsingamiðlun í landinu, að mínu mati, og ég er því andvígur.

Hitt er svo annað mál að við þurfum að endurskoða þessi lög og það mun verða gert. Menntmrh. hefur þegar lagt fram frv. um það. Við hljótum að verða að breyta lögunum í takt við nýja tíma. En ég vara við að atburðir undanfarinna daga verði forsenda og leiðsögn í þeirri annars nauðsynlegu endurskoðun.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það var ætlan mín að andmæla hér í upphafi 1. þm. Suðurl., Þorsteini Pálssyni, en rás atburðanna er á þann veg að það verða mín fyrstu verkefni að taka undir upphafsorð ræðu hans áðan. Þau voru eitthvað á þá leið að þegar svona deilur skyllu yfir væri mikilvægast að greina aðalatriðin frá aukaatriðum, halda ró sinni og halda sig við það hvort hægt væri að ná samningum eða ekki samningum, en ekki að láta teygja sig í hita dagsins frá því sem harðast væri um deilt. Eitthvað á þessa leið voru ummæli hans.

Ég held að það verði aldrei ofbrýnt og ekki síst fyrir ríkisstj. að þegar svona deilur geisa, upp koma hvers kyns ágreiningsmál, skiptar skoðanir um framkvæmd verkfalla, sé um að gera að halda ró sinni, halda óskertri skynsemi og reyna að halda sér við aðalatriðin. Það hefur leitað á mann stundum að ríkisstj. og einstaka valdsmenn, fleiri en einn og fleiri en tveir, væru í hálfgerðum bófahasar, eins og kallað var í minni bernsku, við verkfallsmenn. Það væri stundum meiri áhersla lögð á það að deila um einstök framkvæmdaatriði en ganga í að reyna að ná samningum. Mér virðist deilan hafa leiðst ákaflega mikið út á þessar brautir.

Það er ekki nóg að halda ró sinni. Þegar harðast er deilt og mest á gengur er um að gera að vera nógu yfirvegaður. Án þess að fara að segja af mér eða félögum mínum einhverjar frægðarsögur minnist ég þess að fyrir — ja, líklega meira en 20 árum geisaði hér geysilega harðvítugt verkfall, þetta er nú meinlaust á móti því, og við stóðum frammi fyrir því að Loftleiðir, sem þá voru hálfgert óskabarn þjóðarinnar, voru í samkeppni við SAS. Við gátum löglega stöðvað Loftleiðir, höfðum til þess öll óumdeilanleg lög.

Jú, við hugleiddum málið mikið. Flugvélar frá SAS biðu í Kaupmannahöfn, biðu í New York, voru búnar að raða sér þar upp á flugvelli. Mitt í hörkudeilu tókum við þá ákvörðun að við skyldum hleypa Loftleiðum í gegn. Að vísu kostaði þetta hörkudeilur og ég og Eðvarð heitinn Sigurðsson lentum í mikilli rimmu við okkar góðu félagsmenn. Rök okkar voru þau að ef Loftleiðir, þetta óskabarn þjóðarinnar sem þá var, mundu fara á hausinn mundi Verkamannafélagið Dagsbrún sennilega ekki rísa undir því að vera banamaður.

Svona þarf oft að taka á hlutum geðshræringalaust, æsingalaust og ekki alltaf með hótunum og sætleika valdsins. Á milli deiluaðila þarf að vera ákveðið samband. Nú ætla ég ekki að fara að taka að mér að kenna BSRB eða ríkisstj., en ég verð að segja að mér virðist þessi vika eða tíu dagar hafa allt of mikið snúist um þetta, minna um það að ganga í það að leysa hina raunverulegu deilu.

Ég minnist þess að í sumar þegar Verkamannasambandið samþykkti sínar kröfur var einn inngangspunktur sem ályktunin byrjaði á og endaði á: Verkamannasambandið mun meta verðlækkanir til jafns við kauphækkanir. — Þetta hefur ríkisstj. haft fyrir framan sig síðan í júní. Hún hefur vitað að einn helsti aðilinn á vinnumarkaðinum var reiðubúinn að meta verðlækkanir til jafns við kauphækkanir og henni hefði verið í lófa lagið að hefja viðræður þar um.

Hvað gerði ríkisstj.? Verðlag hélt áfram að stíga. Svo talar hæstv. sjútvrh. um að kaupmáttarskerðing á árinu 1983 hafi verið 12%. Hverjum ætlar hæstv. sjútvrh. að trúa þessu? Það er óumdeilt að skerðing á kaupmætti kauptaxta var milli 25 og 30%. Þetta er kannske dæmi um hvernig komið er nú fyrir ríkisstj. Í upphafi, eins og margoft er búið að taka fram í þessum umr., hafði hún blásandi byr. Ég efast um að nokkur ríkisstj. hafi nokkru sinni getað leikið það að fara í jafngrófar og miklar skerðingar og hún komst upp með. Ég skal alveg fúslega viðurkenna að það var við töluvert mikinn vanda að eiga. En þessi vandi var leystur ákaflega einhliða. Hann var leystur fyrst og fremst á kostnað launafólks og að nokkru leyti var hann leystur líka á kostnað sjávarútvegs.

En ríkisstj. virðist ekkert hafa áttað sig. Hún virðist hafa lifað í sínum hugarheimi. Ráðh. hafa talið hver öðrum trú um að allt væri í stakasta lagi, verðbólgan væri á niðurleið á sama tíma og kaupmáttur fólks minnkaði, á sama tíma og vextir hækkuðu, á sama tíma og fólk, almenningur, og ekkert síður úr Sjálfstfl., gat ekki staðið undir þeim fjárskuldbindingum sem dundu yfir það. Og þegar þeir standa núna frammi fyrir verkfallsfólki, og það er kannske dæmi um hvað þetta er allt vanmetið, þá eru það kommúnistar sem stjórna þessu öllu.

Ég verð að segja að ég vildi að satt væri. Ég er ákaflega hræddur um að meðal þessa ágæta og indæla fólks sem nú er í verkfalli sé hlutfallslegt fylgi Sjálfstfl. kannske ekki ósvipað fylgi Sjálfstfl. í landinu öllu. Og ef

þið ætlið að berjast við þessa fylgismenn ykkar undir þeim vígorðum að þetta séu kommúnistar — (**Gripið fram í:** Þetta eru kennarar.) Ég tala nú ekki um kennara. — þá bara í guðs bænum haldið áfram.

Svona er ekki hægt að líta á þessi mál. Ríkisstj. má ekki afneita einföldustu staðreyndum og hún má ekki einangra sig frá þjóðfélaginu eins og hún gerir á þennan hátt. Sannleikurinn er sá að ég held að það skipti engu máli hvar viðkomandi maður er í flokki. Ég held að menn eigi alls staðar við sömu erfiðleikana að etja. Og slíkt verkfall er ekki hægt að drífa upp af einhverjum samsærishóp. Það er sérð réttlætiskennd og jafnframt er þrengt á þann hátt að fólki, sem sér auð allt í kringum sig, að það rís upp til þessara aðgerða. Þess vegna er tími til kominn að takast á við þessi vandamál.

Ég held að það sé rétt, sem Þorsteinn Pálsson var að segja efnislega, að það sé eðli slíkra deilna að þær stigmagnast. Ef ekki er reynt að leysa þær í tíma harðna þær, verða illvígari og illleysanlegri. Þess vegna held ég að ríkisstj. ætti nú að fara að gefa sig að því.

Aðeins örfá orð áður en lengra er haldið og ætla ég þá að bregða mér út fyrir landsteinana.

Ég var spurður að því af greindum manni fyrir tæplega ári hvernig í ósköpunum á því stæði að þjóðartekjur Íslendinga á mann væru ekki ósvipaðar og á Norðurlöndum, Danmörku, Noregi, Svíþjóð. Noregur hefur nokkra sérstöðu vegna olíuauðs á seinni árum. Verkamannakaup t. d. í Danmörku er litlu lægra í krónutölu en á Íslandi, en þó er danska krónan reiknuð á um 3 krónur. Í Noregi meira og í Svíþjóð heldur meira en í Danmörku — Noregur er að vísu þarna með nokkra sérstöðu — og Finnar eru nokkru neðar. Ég ætla ekki að fara að skilgreina það hér í stuttri ræðu.

Hvernig stendur á því að verðlag skuli vera svipað og síst lægra hér en á öðrum Norðurlöndum, kaup a. m. k. helmingi lægra, skattar að vísu hærri á Norðurlöndum? Hvað er það í íslensku þjóðfélagi sem hirðir þennan gífurlega mun ef þjóðartekjur á mann eru þarna nokkuð svipaðar? — Það er að vísu meira hlaup í íslenskum þjóðartekjum.

Ég held að menn verði að átta sig á hvað Íslendingar ná þessu að nokkru leyti með óheyrilegri yfirvinnu. Þeir vinna þetta 10, 12 og 14 tíma, ótrúlega margir. Síðan kemur annað: Það var álitið lengi vel að í Danmörku væru flestar giftar konur sem ynnu utan heimilis eða um 60%. Á Íslandi eru þetta 75%. 75% giftra kvenna vinna utan heimilis. Og hvað vinna þessar konur? 75—80% er vinnuaflið í frystihúsunum. Ef þessar konur gengju af vinnumarkaðnum — sama er að segja um iðnaðinn — eru allar höfuðatvinnugreinar þjóðfélagsins stöðvaðar. Þessar konur, margar hverjar, vinna í kaupaukakerfi, bónus, í kannske 8—10 tíma. Spurningin er sú hvort þarna sé ekki allt of langt gengið, vinnuþrældómurinn sé þarna ekki allt of mikill. Við í Verkamannasambandinu erum að deila um þessar konur m. a. og ég held að það sé nú algjör óþarfi að telja eftir kaupið þeirra.

Þetta þýðir að við höfum miklu fleira af fólki úti á vinnumarkaðinum, í vinnu. Síðan kemur skólafólkið sem vinnur, að vísu ekki jafnalmennt og áður var en þó yfirgnæfandi meiri hluti. Kringum allt land eru frystihúsin rekin á vinnuafli skólafólks yfir sumarið. Hverfandi atvinnuleysi er á móti því sem er á Norðurlöndum.

Þegar svona gífurleg þátttaka er í atvinnulífinu og þjóðartekjur á mann eru jafnmiklar og í nágrannalöndum okkar, hvað verður þá um mismuninn? Fjárfestingar, segir einhver. — Ja, fjárfestingar treysti ég mér hreinlega ekki út í því að það er að hleypa sér út í ófærur og dý. Ég held þó að það sé einn þátturinn. En ég held að það þurfi að gera þarna verulega úttekt á íslensku þjóðfélagi. Ég held að almenn laun séu það lág miðað við framleiðslu, miðað við vinnu, að það sé hreinlega ekki eðlilegt.

Ef við förum örstutta hringferð um landið og drepum niður fæti á einstaka stað, hvað er það þá sem einkennir þjóðfélagið að undanförnu? Það sem einkennir þetta þjóðfélag að undanförnu er það að víða úti á landsbyggðinni og víða í hinum gróskumestu sjávarplássum á landsbyggðinni er farið að kalla þessa staði — ég var dálítið undrandi þegar ég heyrði þetta fyrst — gámapláss. Mér varð að orði: Hvað er gámapláss? Jú, það eru gámar við áttunda hvert hús vegna þess að fjölskyldan er að flytja suður. Ég er hræddur um að þau séu að flytja „suður" af Akranesi þar sem að staðaldri eru um eða yfir 100 manns á atvinnuleysisskrá. Það hefur fækkað um upp undir 100 manns í Borgarnesi, en þar var mjög erfitt að fá íbúðir. Ég held að það séu þar um 40 íbúðir til sölu. Förum austur á land. (**Gripið fram í:** Þú sleppir Stykkishólmi?) Ég sleppi Stykkishólmi, ég held að það sé nokkuð í lagi þar. En ef við förum austur á land, þá er mér sagt að á Eskifirði, — þar sem hefur verið gróska, mikil framleiðsla, gífurleg vinna, — sé hlegið að manni nokkrum í byggðarlaginu, það er indæll og sómakær maður, því að hann átti sig ekki á tímunum og sé að byggja hús, aumingja maðurinn, en það séu bara 30 íbúðir til sölu og það geti enginn selt.

Áttar ríkisstjórnin sig á hvað raunverulega er að ske? Það má deila um landsbyggðarstefnu. Við getum deilt um hvort það eigi að byggja höfn í Bakkafirði fyrir 80 millj. sem verði kannske farin árið eftir o. s. frv., hvort togari eigi að vera á þessum stað eða hinum, en ég held að við getum ekki deilt um að það verður engin gæfa fyrir þetta þjóðfélag að þar sem framleiðslan er ótrúlega mikil og fólk hefur unnið myrkranna á milli séu byggðarlög yfirgefin og að fólk flýi frá framleiðslunni og flytjist á stór-Reykjavíkursvæðið. Þetta er að vísu mjög misjafnt. Sums staðar er atvinnan sæmilega góð. Annars staðar er hún mjög óörugg og yfirleitt er það einkenni að trú fólks á byggðarlagið og framtíðina fer þverrandi og það heldur að gæfan sé hér fyrir sunnan.

En þó ekki sé nú aldeilis allt í lagi í Reykjavík, þar sé mikið af fólki með lág laun, óhóflega lág laun, er þó hitt staðreynd að einhverjir dularfullir hlutir hafa gerst. Ekki einungis að það eru 10—15 stórhallir sem rísa upp, opinberar byggingar, hálfopinberar og í einkafyrirtækjum. Verslun og þjónusta hafa aldrei grætt meira. Út af fyrir sig er alrangt að verið sé að brigsla hverjum kaupmanni um að hann sé einhver glæpamaður. En mikið óhemju er arðvænlegra að stunda verslun og þjónustu á einhverju sviði á Reykjavíkursvæðinu en í kjördæmi Þorsteins Pálssonar með atvinnuleysi á Selfossi yfir 100 manns árið um kring. Maður talar nú ekki um þegar farið er nær sjónum þar í sveit.

Við skulum ekki halda okkur við einhvern einn stað eða eitt kjördæmi. Í Reykjavík hafa aldrei risið upp fleiri byggingar. Þetta er ákaflega gott í sjálfu sér. En það er eitt sem er einkennandi. Það er að það hafa aldrei verið byggð stærri eða fleiri einbýlishús. Nú er ekkert við það að athuga að byggð séu einbýlishús og

fjöldinn allur af því fólki sem það er að gera er sómakært heiðursfólk. En það undarlega er að ótrúlega mikið af þessu fólki, sem er að byggja 200, 300—400 fermetra, er skattlausir öreigar. Og hvað segir hinn almenni maður sem fær skattana sína? Ef dráttarvextir eru ekki borgaðir á réttum tíma eru uppi hótanir um lögtök eins og landslög kveða á um, eins og tíska er að segja í dag, en margir hverjir sem eru að byggja þessar stóru milljónahallir hér, stóru einbýlishúsin, hluta af þeim, eru skattfrjálsir. Þetta var klaufaskapur með Stigahlíðina. Það var dregið augnablik frá tjaldið og þá sást í nokkra bláfátæka aumingja, en ef því væri nú svipt frá, tjaldinu, mundi margur verða hissa.

Opinberir starfsmenn horfa á þetta. Þeir horfa á mörg af þessum fyrirtækjum í verslun og þjónustu. Þorsteinn Pálsson kom inn á það — við erum farnir að verða ískyggilega sammála — að það væri misgengi á milli atvinnugreina. Þetta er rétt. Í fjölmörgum atvinnugreinum og fjölmörgum fyrirtækjum eru yfirborganir þetta 10, 20, 30, 40—50%. Í sumum tilfellum undir borðið. Vitanlega særir þetta réttlætistilfinningu þeirra sem verða og eiga að gefa upp alla sína peninga til skatts og haldið er niðri, eins og sagt er í daglegu máli, á strípuðum töxtunum. Þarna er komið þvílíkt ósamræmi á milli sem vekur þvílíka gremju.

Ég ætla að segja eitt örlítið dæmi. Mér var kunnugt um að auglýst var eftir deildarstjóra hjá einkafyrirtæki. Það var reyndar ekki einkafyrirtæki, en það var ekki opinbert fyrirtæki heldur. 23 sóttu um þetta deildarstjórastarf. Þar af voru 22 kennarar. Er þetta algjör tilviljun? Þarf nú ekki eitthvað að kíkja á þessa hluti? Er nóg að kalla: kommúnistar, kommúnistar? Ég held ekki.

Ég ætla að segja örfá orð um skatta sem eru hálfgert dýnamit þessa dagana. Ég ætla ekki að byrja á því að sýkna núverandi ríkisstj., heldur segja að meinið hefur grafið um sig miklu lengur og hún fann það ekki upp illu heilli. Það voru aðrir búnir að finna það upp á undan henni.

Um áratuga skeið hafa beinir skattar á Íslandi verið í hreinu ófremdarástandi. Þeir hafa yfirleitt verið að hækka og skattstigarnir hafa alltaf verið að verða almennu launafólki óhagstæðari. Þetta hefur yfirleitt gilt um allar ríkisstjórnir í um það bil 30 ár. Hæsti skattstiginn var upphaflega hugsaður fyrir einhverja Rockefellera, 200 manns eða svo. Þetta lendir meira og minna á launafólki sem leggur og neyðist til þess að leggja á sig of mikla vinnu. Það er komið í 45—50% tekjuskatta. Slíkt var aldrei hugsunin með löggjöfinni á sínum tíma, en þetta hefur verið látið dragast aftur úr. Fólk sem leggur á sig mikla yfirvinnu lendir í þessum hátekjusköttum. Jafnvel þó að það sé ekki eru skattar háir. Ef það leggur á sig mikla vinnu er það komið í algeran vítahring. Á sama tíma hafa ríkisstjórnir ár eftir ár horft upp á ákveðnar starfsgreinar. — Ég tek það nú fram, til að ráðherrar verði kyrrir og stilltir í sætum sínum, að þetta á líka við fyrri ríkisstjórnir. — Þeir hafa horft upp á ákveðnar starfsgreinar dansa meira og minna fram hjá öllum sköttum án þess að gera nokkurn skapaðan hlut í því. Hversu oft sem hefur verið bent á það, þá virðist visna hver sú hendi sem eitthvað ætlar að reyna að gera í þessum málum, hvað sem veldur. Ég held að fólk sé orðið ákaflega þreytt og fullt af gremju því að allir þekkja slíka menn sem hljóta að hafa tekjur sem skipta hundruðum þúsunda, en eru meira og minna skattlausir meðan það sjálft er að stritast við að borga. Þetta held ég að sé ein ástæðan fyrir mótmælum almennings.

Síðan kemur söluskatturinn. Það gildir nú ekkert um þessa ríkisstj. Ég er orðinn helsti málsvari hennar hér. — Þetta er aðaltekjulind ríkisins. Menn eru að deila um hvort fjórðungurinn af söluskatti renni fram hjá ríkissjóði, hvort fimmtungurinn renni fram hjá honum eða sjötti partur. Eitt stig söluskatts gefur 350 millj. og söluskatturinn er 23.5 stig. E. t. v. rennur fimmtungur fram hjá. Það skal að vísu viðurkennt að nú er verið að ráða fólk til að ganga í þetta. Ég held að fyrirtæki mörg hver gangi bókstaflega á því að stinga söluskattinum í sinn vasa. Í sumum tilfellum verður þetta til þess að halda niðri eðlilegum atvinnurekstri í landinu. Fyrirtæki sem eru búin að kaupa sér tæki og útbúnað og borga söluskatt, hversu mega þau gegn hinum söluskattslausu fyrirtækjum? Þetta er eitt af vandamálunum sem þyrfti að ganga í og ákaflega væri fróðlegt að vita hvað ríkisstj. hafi raunverulega gert til þess að auka framleiðsluna í landinu. Ég fylgist með því að vinur minn, Eyjólfur K. Jónsson, berst um á hæl og hnakka í laxarækt og gengur nokkuð vel, enda maðurinn ötull. Ég held að hann fái ansi lítinn stuðning. Sjálfsagt er hann ekki að biðja um neina styrki. Mikið óttalega er þetta eitthvað seint hjá ríkinu. Menn halda að þetta verði eins og í Kína, laxarækt verði í einhverjum polli fyrir utan bóndabæ, en þetta er stóriðja.

Svona mætti tína þetta endalaust upp. Það er kvartað, það er suðað, heimtufrekja í hinum almenna manni, misrétti í sköttum, misrétti í kaupi, atvinnuleysi á einum staðnum, yfirframboð á öðrum og allt í hringlandi vitleysu. Ég held að menn hljóti að sjá að svona geta mál ekki gengið.

Ég skal nú draga mál mitt saman. Ég vildi aðeins segja að ég held að ekki sé hægt að fresta því að bæta kjör þessa fólks. Víst geta verið ýmsir erfiðleikar þar á, en þetta fólk er sannarlega í erfiðleikum. Það er margt hvert í hreinni angist yfir því hvernig það kemst af, hvort það missir íbúðina sína eða hvort það hafi nokkra möguleika á að koma upp yfir sig íbúð, yngra fólk. Það er ekki mikil bjartsýni í þessu fólki. Það slæma í því er að þetta unga fólk er ekki kommúnistar frekar en gengur og gerist. Það er bara ríkisstj. sem segir að það sé kommúnistar af því að það er óþægilegt að eiga við það. Ég held að ríkisstj. verði að fara að átta sig á þessum málum og taka öðruvísi á þeim.

Um þetta strögl fram og aftur um framkvæmd verkfalls, hvað sé lögbrot og hvað sé ekki lögbrot, skal ég ekki dæma, enda geng ég ekki með lögbækur undir hendinni daglega. En ég veit að í mörgum tilfellum gildir fyrst og fremst að halda ró sinni og eins og Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., sagði í upphafi sinnar ræðu, að halda ró sinni á þann veg að greina aðalatriði frá aukaatriðum.

Ég vil segja, og held að ég tali þar fyrir t. d. þorrann af félagsmönnum Verkamannasambandsins, að við viljum með opnum huga ræða um skattalækkun á launafólki sem hluta af launahækkun. En við samþykkjum að sjálfsögðu ekki að það verði gert með hækkun á einhverjum öðrum sköttum eingöngu eða fundnir upp aðrir skattar með nýjum nöfnum. Við erum ekki tilbúnir að samþykkja að skorin verði niður ein brýn-

asta þjónusta við almenning, eins og heilbrigðisþjónusta, menntakerfi o. s. frv. og umfram alla muni, til að hægt sé að ná samkomulagi er óhjákvæmilegt að gefa launafólki einhverja tryggingu fyrir því að það verði ekki allt af því tekið þegar í stað þegar búið er að undirrita samning. Svo að ég vitni nú enn og aftur í Þorstein Pálsson: Fyrst ekki er hægt að greiða vísitölur á laun, af hverju vísitölur á flestar aðrar greiðslur? Þarf ekki að athuga hvort hægt er að fella þetta niður? Ég held að þarna sé hægt að ná samkomulagi og ég held að okkur beri að athuga þetta. Við þurfum að vísu að vera á verði gegn því að þetta leiði til atvinnuleysis, framkvæmdir verði skornar niður. En ég held að ríkisstj. verði að gera sér það ljóst að nútímafólk sættir sig ekki við fátækt og eignamissi meðan það horfir á öll þessi auðæfi allt í kringum sig. Það vill ábyggilega leggja ýmislegt á sig ef það sér að það gengur jafnt yfir alla. En það þolir ekki misréttið. Ég held að ríkisstj. verði nú að fara að reyna að skilja það. Það er misrétti í launamálum, það er misrétti í skattamálum, það er misrétti í húsnæðismálum sem verður að linna.

Ég vil nú biðja ríkisstj. að athuga alvarlega sinn gang. Í svona samningaumleitunum þýðir ekki, ef menn ætla að ná samningum, að vera með hótanir. Ríkisstj. gæti kannske sagt gagnkvæmt, en sleppum því. Ég held að það þurfi að hætta hótunum. Nú verða þeir að setjast niður. Við verðum að setjast niður róleg og yfirveguð og semja við þetta fólk.

Ég vil að endingu ítreka að ég hef trú á því að ef tekið er yfirvegað á þessum málum sé hægt að ná samningum og það jafnvel fyrr en margan grunar. En ef ríkisstj. heldur þessum leik áfram getur hún tuldrað fyrir munni sér, þó að henni sé orðið stirt um stef, eina ljóðlínu frá Bólu-Hjálmari og snúið upp á sjálfa sig: „Gröfin móti gapir köld."

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þessi umr. fer fram á mjög viðkvæmum tíma, þegar alvarlegt og víðtækt verkfall hefur staðið lengi, lengur en svo að lífið geti gengið eðlilega hjá okkur.

Hér var nokkuð rætt um það í dag hvernig unnt væri að koma á eðlilegri starfsemi í ýmsum stofnunum þjóðfélagsins og hvernig það veldur erfiðleikum ef fella þarf úrskurði eða ná þarf samkomulagi um störf einstakra hópa sem ekki er sérstaklega vikið að í lögum um kjarasamninga og sem ekki fá umfjöllun hjá kjaradeilunefnd eða að kjaradeilunefnd telur ekki vera á sínu verksviði að úrskurða um. Það stendur svo á um marga skóla að þar getur kennsla ekki farið fram vegna verkfalls húsvarða. Vissulega er það svo að það liggur nú ekki beint við að það þurfi að leggja niður kennslu þó húsverðir séu í verkfalli. Þá er vissulega erfiðara að reka sjálf húsin með venjulegum hætti, en ef menn komast inn í skólana ætti að mega fara fram kennsla þar rétt eins og önnur starfsemi. Þetta sér auðvitað hver maður og þeim mun betur sem lengra líður á verkfallið.

Það er líka ljóst að það þjónar litlum tilgangi að láta dag eftir dag líða þannig að deilt sé um það æ harðar hvort menn eigi að leita til verkfallsnefndar BSRB til þess að fá lausn mála sinna ellegar kjaradeilunefndar. Það er ljóst, a. m. k. öllum þm. að ég held, að forsenda fyrir lagaheimildinni um verkfall opinberra starfsmanna var úrskurðarvald kjaradeilunefndar. Þess vegna er það mjög alvarlegt að ganga gegn þessu ákvæði. Þegar sérstök lög gilda um fyrirkomulag og framkvæmd verkfalls opinberra starfsmanna er ljóst að því meira sem farið er út fyrir þær heimildir, þeim mun meira veikir það þessi lög. Þeim mun fleiri segja við okkur: Var það skynsamlegt að ganga frá þessum lögum með þeim hætti sem gert var eða komast menn e. t. v. að þeirri niðurstöðu að það sé nú þrátt fyrir allt hægt að finna einhvern sem getur séð um það af hálfu beggja deiluaðila að komast að samkomulagi fyrir tiltekna hópa, að gera e. t. v. til bráðabirgða vinnusamninga fyrir tiltekna hópa? Þá á ég við að það séu ekki einstakar stofnanir í ríkiskerfinu sem að slíku standi heldur séu það þeir sem fara með samningana sjálfa af hálfu ríkisins annars vegar og BSRB hins vegar. Vegna þessa vildi ég fyrir mitt leyti og þess ráðuneytis sem sér um rekstur skólastofnana freista þess að fá samninganefndina til þess að taka slík mál fyrir, ef það mætti verða til þess að ná samkomulagi beggja aðila um að veita tilteknum hópum vinnuréttarsamning, til bráðabirgða skulum við segja, og hætta þá deilunum um hvort menn leita til verkfallsnefndar BSRB einnar eða ekki. Ég hygg að þetta mál sé vel hægt að leysa með góðum vilja beggja aðila, með því hreinlega að afgreiða það í gegnum samninganefnd. Þá standa báðir aðilar að lausninni og þar með hefst engin deila um skylduna til kaupgreiðslna, þ. e. hvenær hún verði.

Þetta vildi ég nú nefna í þessu sambandi vegna þess að nú einmitt í dag gerði Skólastjórafélagið ályktun um að skora á menntmrn. að leita til verkfallsnefndar, en ég vil reyna fyrir alla muni að leita þeirrar lausnar að samkomulag verði um þetta atriði. Til kjaradeilunefndar höfum við leitað og við þá skýringu vil ég halda fast að skynsamleg framkvæmd þessara laga velti á því að rétt sé farið að að þessu leyti.

Þegar talað er um lagatúlkun hlýt ég að víkja að því hvernig margir hv. þm. úr stjórnarandstöðuflokkunum hafa rætt um lagareglur í sambandi við útvarpsrekstur svo og um ýmis önnur lög. Mjög hefur komið til umræðu hvort menn hafi brotið eða brotið ekki lög um þessar mundir. Þannig er mál með vexti að ummæli mín við fréttastofu Ríkisútvarpsins s. l. laugardagskvöld fengu rangtúlkun hjá þremur stjórnarandstöðuþingmönnum í röð í fréttum Ríkisútvarpsins í hádeginu á sunnudaginn. Sú túlkun var flutt af fréttamönnum. Til mín var ekki leitað um þetta. Ég hlýt að taka þetta fram vegna þess hve mönnum hefur orðið tíðrætt um það og jafnan notað túlkun annarra en mína eigin. Hér er byggt á miklum misskilningi og að ýmsu leyti rangfærslum.

Það sem ég sagði í Ríkisútvarpinu var þetta, að mörg lagabrot hefðu verið framin þessa dagana, að skoða yrði þau öll í heild. Þetta kusu hv. stjórnarandstæðingar að leggja út á þann veg að allt væri í lagi með lagabrot eða eitthvað á þann veg nefndu þeir það í dag. Mönnum hugsaðist það ekki að hér væri átt við að allir væru jafnir fyrir lögunum. Það er það sem skiptir máli í þessu, alveg eins í verkfalli eins og á öðrum tímum í þjóðfélaginu. Í okkar ríki eiga allir að vera jafnir fyrir lögunum og það er ekki sérstakur hópur manna, hvort sem manni líkar betur við hann eða verr, sem er undanþeginn lögum og ekki heldur sérstakur hópur manna, hvort sem manni líkar hann betur eða verr, sem á að sæta lögsókn. Það sem máli skiptir eru lögin sjálf og hvort þau eru haldin, en ekki hver það er sem

framkvæmir lögin eða brýtur þau.

Ég vil skýra frá því að í gær bárust mér umsóknir um leyfi til rekstrar tveggja útvarpsstöðva sem tóku til starfa eftir að starfsmenn Ríkisútvarpsins lögðu fyrirvaralaust niður starfsemi sína mánudaginn 1. október með ólögmætum hætti. Um ólögmæti þess blandast víst engum hugur. Hér skal ósagt um það látið hvort starfsmönnum sjálfum hefur verið þetta ljóst, en nokkuð var það að sá meiri hluti sem þarna kúgaði starfsmenn Ríkisútvarpsins til þessarar gerðar fór ekki að lögum. Þetta olli því að landið var algerlega fjölmiðlalaust. Það var sambandslaust við umheiminn að því er fjölmiðlun varðaði. Það voru engar póstsamgöngur, það var þegar ljóst að svo yrði, og síminn var víða illa virkur, engin blöð og útvarp ríkisins var þagnað. Á næstu dögum eftir þetta hófu nokkrir einstaklingar rekstur útvarpsstöðva og báru fyrir sig neyðarrétt. Nú er það svo að álit á því hvort um neyðarrétt var að ræða kann að vera umdeilt, en um það fella dómstólar úrskurð. En neyðarréttur getur gert athöfn lögmæta sem ella hefði verið talin ólögmæt. Efnisdómur hefur ekki verið lagður á þetta enn.

Þegar Ríkisútvarpið hafði verið lokað í nokkra daga og þessar útvarpsstöðvar voru teknar til starfa, miðluðu landsmönnum fréttum og störfuðu að öðru leyti eftir því sem menn bera ábyrgð á birtu efni, þá gerðist það 5. október að útvarpsstjóri kærði til ríkissaksóknara tvær þessara stöðva, tvær tilteknar stöðvar. Nokkrar fleiri höfðu þó verið opnaðar og það liggur fyrir að margar kapalsjónvarpsstöðvar eru reknar í byggðarlögum víða um landið þrátt fyrir einkaréttarákvæði útvarpslaga. Ég taldi nauðsynlegt, þegar ég fékk umsókn um undanþágu, að leita upplýsinga um það hvernig viðbrögð Ríkisútvarpsins hafa verið við þessum stöðvum yfirleitt sem reknar hafa verið, annaðhvort sjónvarpsstöðvum eða hljóðvarpsstöðvum. Mér virðast gildandi lög ekki heimila ráðh. að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Þess vegna hef ég ekki veitt slíka undanþágu. Þó að ég sé þeirrar skoðunar og hafi lengi verið að það beri að breyta löggjöfinni svo að hún heimili frjálst útvarp geri ég mér ljóst að lögin takmarka þær heimildir sem við höfum, bæði heimildir ráðh. og annarra stjórnenda. Við verðum að fara að lögum. Það eina sem við getum gert er að beita okkur fyrir því af alefli að full mannréttindi að þessu leyti verði lögleidd í landi okkar. Ég tel að eins og löggjöfinni er nú háttað og eins og tækninni í veröldinni er nú háttað gildi ekki fullt tjáningarfrelsi á landi okkar að þessu leyti. Þetta verðum við því miður að horfast í augu við og átta okkur á hvernig við ætlum að leysa. Því var það ekki lítið undrunarefni að heyra þá annars skynsömu konu, hv. 11. þm. Reykv., segja í dag í ræðu sinni að frjálst útvarp væri eiginlega öfugmæli, að það væri útvarp ofbeldis. Ég hef aldrei heyrt skringilegri skilgreiningu á frelsi að ætla það að frjáls tjáning í útvarpi sé ofbeldi. **(SDK:** Það sagði ég ekki.) Ég vona að mér hafi misheyrst, en ég ritaði þetta niður um leið eftir hv. þm. Það hlaut að vera að um mismæli hafi verið að ræða því þetta var afar skringileg niðurstaða og það er gott að heyra að hér hafi verið annaðhvort um misskilning minn að ræða eða mismæli hv. þm. Þá mun ég ekki eyða fleiri orðum í það atriði, svo fráleitt sem það var.

Það er auðvitað ljóst að heimild til frjáls útvarps verður að vera háð þeirri ábyrgð og þeim takmörkunum sem almennt frelsi manna hefur, þ. e. að þessu leyti er frelsi til að tjá sig með þeim hætti að það skerði ekki mannréttindi annars fólks. Það eru þær takmarkanir, sem við viljum sætta okkur við og sem eru eðlilegar, að það skerði ekki mannréttindi annars fólks. Að því marki eru það sjálfsögð mannréttindi að hafa tjáningarfrelsi. Þegar það er farið að skerða mannréttindi annarra er það ofbeldi. Skerðing á sjálfsögðum mannréttindum á ekki að vera lögheimil á okkar landi. Ég vona að allir séu sammála um það.

Ég skýrði frá því að ég hefði ekki getað samþykkt beiðni um undanþágu frá útvarpslögunum til rekstrar frjáls útvarps þó að ég sé hlynnt því að frjálst útvarp sé lögleitt. Sama gildir um umsóknir sem mér hafa borist frá fimm kapalsjónvarpsstöðvum sem hafa starfað í landinu án lagaheimildar. Ég hef ekki getað samþykkt umsóknir neinna þessara stöðva vegna skorts á lagaheimild. Mér er hins vegar ljóst, og það hafa sagt mér m. a. þm. þeirra kjördæma sem þessar stöðvar hafa starfað í um árabil, að þær séu fólkinu þar mikils virði og ég held að þeir séu upp til hópa samþykkir því að það beri að lögheimila slíka starfsemi. Allar þessar umsóknir, sem borist hafa, hef ég beðið starfsmenn rn. að senda Ríkisútvarpinu sjálfu til umfjöllunar, en Ríkisútvarpið er sú stofnun sem samkvæmt lögum hefur einkarétt til útvarps.

Það hefur komið berlega í ljós að einkaréttur útvarpsins veldur þjóðinni miklu öryggisleysi og grundvallarréttindi manna til þess að hafa frelsi til að tjá sig án þess að það skerði mannréttindi annarra eru í raun og veru skert með þessum gildandi lögum. Kærur Ríkisútvarpsins á hendur stöðvunum sem það sagði vera ólöglegar, — ég fullyrði ekki um það fyrr en úrskurður dómstóla liggur fyrir, þá sættir maður sig auðvitað við þá niðurstöðu, — fengu þá meðferð að í gær var tveimur stöðvum lokað samkvæmt dómsúrskurði en efnisdómur hefur ekki verið lagður á lögmæti starfseminnar. Þess er að geta að Ríkisútvarpið sjálft hefur stundum í samráði við Póst- og símamálastofnunina heimilað tímabundinn rekstur svæðisbundinna útvarpsstöðva, t. d. sá Ríkisútvarpið Póst- og símamálastofnunin ekkert því til fyrirstöðu að svonefnt „kántrý-útvarp" væri starfrækt tímabundið í sumar og fleiri takmörkuð leyfi hafa verið veitt. Innanhússútvarp og kapalkerfi innan stofnana hafa af Ríkisútvarpinu verið talin lögleg. En hins vegar er ljóst að það verður að gera upp þetta dæmi í heild og ég tel að það verði ekki gert með viðunandi hætti án lagabreytingar.

Í gær, þegar tvær af öllum þessum stöðvum höfðu verið stöðvaðar, ákvað ég að fara á fund Samtaka um frjálsan útvarpsrekstur. Þar voru hundruð manna sem ætla að undirbúa það að standa að rekstri útvarps þegar það verður lögleitt. Þetta fólk vill berjast fyrir þeim mannréttindum að lög heimili rekstur þessa forms tjáningar í landinu. Ég sagði þessum hópi að ég vildi berjast fyrir því eins og ég hef áður gert að frelsi til útvarpsrekstrar verði lögleitt í landinu. Ég sagðist vonast til þess að slíkt frelsi verði lögleitt sem fyrst og helst mjög snemma á þessu þingi. Ég vonast til þess að í þessum mánuði beri Alþingi gæfu til þess að standa saman um slíka lagabreytingu. Mál hafa verið þrautrædd að þessu leyti og ég hygg að í hjarta sínu séu þm. sammála um að breyta þurfi þessum lögum. Vel má vera að við náum ekki öllu því fram sem við gjarnan

vildum í slíkri löggjöf, en við verðum að létta af einkarétti Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið þarf að hafa svigrúm til að starfa, að reka nauðsynlega starfsemi sína, en það á ekki að hafa einkarétt.

Þriðjudaginn 1. október reifaði ég í ríkisstj. þá hugmynd að heimila með brbl. frjálst útvarp vegna hinnar nýju stöðu sem upp kom þegar ekkert útvarp var í fjölmiðlalausu landi. Sú hugmynd fékk ekki fylgi innan ríkisstj. þegar af þeirri ástæðu að svo skammt var til þingbyrjunar, en hins vegar vildi ríkisstj. standa að því að afgreiða sem fyrst lög um breytingu á því fyrirkomulagi sem nú gildir og létta af einkarétti Ríkisútvarpsins. Ég vona að af þessu verði hið fyrsta og vona líka að ég hafi skýrt það fyrir hv. þm. sem fyrir bæði mér og ég vona allri ríkisstj. og meiri hluta þingheims vakir að þessu leyti. Ég þykist þess fullviss að menn vilji raunverulega breyta þarna um.

Ég vil, herra forseti, víkja dálítið að einu mjög mikilvægu máli, sem mjög er uppi núna í sambandi við yfirstandandi kjaradeilu, og ég sé mér til gleði að ég hef fengið bandamenn í því efni. Kjör kennara hafa mjög verið til umræðu á undanförnum árum. Við vitum það öll að það er við mikinn vanda að etja. Það er alveg ljóst að í uppbyggingu skólakerfis á næstu árum eru kjör kennara eitt af mjög mikilvægum atriðum, bæði það atriði hvernig staða þeirra, hvernig kjör þeirra eru nú í dag og hitt atriðið hvernig stöðu þeirra er háttað innan launakerfisins í heild. Þessi atriði eru mjög til umfjöllunar hjá ríkisstj. og það hefur þegar verið borið fram af ríkisstj. og túlkaður sá vilji að stöðu kennara innan launakerfisins verði að endurskoða. Inn í þetta dæmi þarf líka, þegar við lítum til framtíðarinnar, að taka hvernig við getum best staðið að því að meta menntun kennara, en menntun kennara og kjör þeirra eiga að haldast í hendur. Þetta tvennt þarf að vera í hinu ágætasta horfi til þess að tryggt sé að hið ágætasta fólk fáist til þessara starfa og að litið sé á starfið í samræmi við þá ábyrgð sem því fylgir. Þessi atriði lét ég koma fram í ræðu minni á þingi Kennarasambandsins s. l. vor. Það liggur fyrir, og jafnt nú eins og þá, að með þessu er ég ekki að hvetja til almennra launahækkana eða lofa almennum launahækkunum. Ég vil einungis láta liggja ljóst fyrir að það er mikill vilji fyrir því að bæta úr því sem þarna óneitanlega skýtur skökku við.

Ég held, herra forseti, þótt mörg mál séu vissulega þess eðlis að vert væri að fara sérstaklega út í þau, að ég geri það ekki. Þetta eru orðnar langar umræður. Ég vil einungis ljúka máli mínu á því að segja þetta: Ég vona af heilum hug að það takist að leiða þessa kjaradeilu til lykta með þeim hætti að báðir aðilar, bæði starfsmenn ríkisins og raunar allir aðilar, líka þeir launþegar sem ekki eru innan ríkiskerfisins, svo og ríkið sjálft, geti staðið við þau markmið sín að halda góðum lífskjörum, að bæta lífskjör þeirra sem verst eru settir og að halda því meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar, sem er mikið kjaramál alls almennings í landinu, en það er, að missa ekki á nýjan leik verðbólguna lausa. Það skiptir gífurlegu máli að það takist og mér er það fullljóst að þeir sem nú standa í kjarabaráttu leggja mikið upp úr því að verðþróunin taki ekki aftur það skrið sem var hér áður en ríkisstj. tók við. Það skiptir ekki einungis máli fyrir þá aðila, heldur fyrir alla framtíð okkar ríkisbúskapar að okkur takist að koma efnahagsmálunum til frambúðar í viðunanlegt horf. Það reynir á þolinmæðina, en með samstilltu átaki okkar allra held ég að það takist.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að við höfum lifað merkilega tíma að undanförnu. Hér hafa verið að gerast miklir atburðir. Í þjóðfélaginu er alvarlegt ástand, alvarlegra kannske en oftast áður, og ber þar margt til. En þessa örlagaríku daga hafa held ég orðið vatnaskil með vissum hætti í íslenskum stjórnmálum. Við höfum lifað einhvers konar ögurstund. Við höfum séð kristallast baráttu verkalýðshreyfingar og fjandsamlegs ríkisvalds. Við höfum séð hvernig öfgaöflin yst til hægri hafa orðið æ meira áberandi í þeirri stefnu sem núverandi ríkisstj. fylgir. Við höfum séð hvernig launþegar úr öllum flokkum hafa þjappast saman, þegar þessi stefna hæstv. núverandi ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. hefur skýrst, og hvernig þessi stefna hefur nú komið í ljós, hvernig hið gamalkunna íhald hefur nú komið grímulaust til dyranna. Þetta höfum við séð á tímum þegar almenningur hefur fært fórnir og við það hefur eitt verið látið sitja að láta almenning færa fórnir, fórna 25—30% af kaupmætti launa sinna, án þess að nokkuð gerðist annað en það að verðbólgan var reiknuð niður í prósentum en dýrtíðin æddi áfram. Það finnur fólk á sínum kjörum.

Það er margt hér sem ástæða væri til að ræða. Það efnahagslega misgengi sem orðið hefur í þjóðfélaginu í valdatíð þessarar ríkisstj., hvernig verslun og þjónusta hafa dafnað og blómstrað meir en nokkru sinni fyrr meðan undirstöðuatvinnugreinar þjóðlífsins eru á vonarvöl, eins og sjávarútvegurinn. Það væri gott ef við gætum lifað á því að selja hvert öðru pylsur og kannske með öllu, en það er ekki svo einfalt. Við lifum á því að veiða fisk úr sjó og ef sjávarútvegur ekki gengur, ef þar er ekki blómleg starfsemi, þá gengur ekki íslenska þjóðfélagið. Þannig er nú komið, því miður.

Það hefur líka annað gerst. Þessa undanfarna daga höfum við orðið vitni að því hvernig stærsti stjórnmálaflokkur landsins, sem einu sinni hét flokkur allra stétta, sem einu sinni kallaði sig flokk laga og réttar, hvernig þessi flokkur hefur skýlt lögbrotum, ég segi lögbrotum, ég leyfi mér að segja það, í sínu eigin félagsheimili eða húsi og mun ég nánar koma að því síðar í ræðu minni. Þetta eru alvarleg mál svo og öll afskipti hæstv. ráðh. og embættismanna ýmissa af þessum málum.

Það hefur verið rætt töluvert hér um starfsemi hinna ólöglegu útvarpsstöðva. Ég ætla að gera starfsemi þeirra að umtalsefni, en víkja fyrst með nokkrum orðum að ræðu hæstv. menntmrh. áðan. Hún bar sig upp undan því við þingheim og þá sem okkar mál heyra hér að ummæli hennar í Ríkisútvarpinu s. l. föstudagskvöld, ef ég man rétt, hefðu verið rangtúlkuð. Hennar ummæli voru, og nú leiðréttir hæstv. ráðh. mig fari ég rangt með, „að framin hefðu verið svo mörg lögbrot undanfarna daga að skoða yrði málið í heild eftir verkfall.“ Þetta voru hennar ummæli. Þessi ummæli get ég ekki skilið öðruvísi en að afsaka megi eitt lögbrot með öðru lögbroti. En nú hefur hæstv. ráðh. sagt að hún hafi ekki átt við það. En hafi hún ekki átt við það orðaði hún hugsanir sínar ákaflega óheppilega við Ríkisútvarpið eins og þær voru hafðar eftir.

Það hefur verið mikið rætt hér um þá ákvörðun starfsmanna Ríkisútvarpsins að ganga út af sínum vinnustað á mánudag í síðustu viku, áður en verkfallið hófst. Ekki mæli ég þeirri ákvörðun bót. Hún var röng.

Það var rangt. Og ég hygg að flestir starfsmenn þessarar stofnunar geri sér grein fyrir því núna. Hún var hins vegar tekin þegar menn höfðu nýlega tekið við launaávísunum frá hæstv. fjmrh. sem voru kannske upp á 80—90 kr. eða eitthvað svoleiðis. Það er ósköp eðlilegt að menn bregðist við slíku með einhverjum hætti og vilji kannske eftir á hafa gert öðruvísi. Það er mannlegt. Það var ólöglegt, segir hæstv. menntmrh., að starfsmennirnir gengu út. Vel má það vera. Vel má það líka hafa verið ólöglegt hvernig hæstv. fjmrh. stóð að því að greiða þeim þeirra laun. Lögfræðinga greinir á um það. En eitt lögbrot afsakar ekki annað, hæstv. ráðh.

Mér þótti athyglisvert, þegar hæstv. menntmrh. talaði um frelsið áðan, að hún sagði að frelsið verði að vera þannig að það skerði ekki mannréttindi annars fólks. Ég er henni sammála. Frelsi mitt endar þar sem nef náungans byrjar, stendur einhvers staðar. En hæstv. menntmrh. sagði líka að þegar frelsið sé farið að skerða mannréttindi annarra sé það ofbeldi. Ég er henni alveg hjartanlega sammála. Og nú ætla ég að segja hæstv. menntmrh. stutta sögu.

S. l. föstudag hringdi til mín á skrifstofu mína úti í Þórshamri maður sem kynnti sig sem Hannes Hólmstein Gissurarson. Það er mynd af honum við dómkirkjuhornið í blaði sem þm. fengu í dag, ef þið skylduð ekki þekkja þennan heiðursmann. Hann kynnti sig sem fréttamann Frjáls útvarps. Ég sagði honum að ég teldi þeirra starfsemi lögbrot og hefði ekkert við þá að tala. Hann hélt áfram sínum spurningum, spurði mig hvað ég segði þá um þá skoðun prófessors Sigurðar Líndals að þetta kynni hugsanlega að vera löglegt. Ég sagðist ekkert hafa um það að segja, ég talaði ekki við lögbrjóta og vildi ekki halda uppi neinum „díalóg“, eins og ég held að hafi nú dottið út úr mér í þessu símtali við hann um þetta. Hann spurði mig um fleira og ég endurtók þetta sama, að ég hefði ekkert við hann að tala, ég vildi ekkert láta hafa eftir mér um þetta mál. Síðan sagði ég við hann: „Ég á þann rétt sem einstaklingur að krefjast þess og óska að þú hafir ekkert eftir mér um þetta mál.“ Sem einstaklingur hlýt ég að eiga þann rétt og það frelsi. En viti menn. Klukkan 8 eða rúmlega 8 um kvöldið var ég á leið í bílnum mínum utan af flugvelli, að koma vestan úr Ólafsvík, og hlustaði þá á þessa útvarpsstöð. Þar var lesin eftirfarandi frétt, með leyfi forseta:

„Fréttastofa Frjáls útvarps sneri sér til Eiðs Guðnasonar þingmanns Alþfl., sem situr í útvarpsráði, og spurði hann um þessi mál. Eiður sagðist ekkert eiga vantalað við lögbrjóta. Hann var þá spurður hvað hann segði um það álit Sigurðar Líndals prófessors í almennri lögfræði að vel væri hugsanlegt að neyðarréttarsjónarmið réttlætti rekstur frjálsra útvarpsstöðva þar sem Ríkisútvarpið hefði hætt sendingum sínum. Hann vildi ekkert um það segja þar sem hann vildi ekki halda uppi neinum díalóg um þetta mál, eins og hann orðaði það. Eiður var þá spurður hvaða skoðun hann hefði á meintum lögbrotum BSRB. Hann endurtók að hann vildi ekkert láta hafa eftir sér um þetta mál. Að lokum var Eiður spurður álits á því að fjöldi manns hefur veitt Frjálsu útvarpi viðtöl á síðustu dögum, svo sem Steingrímur Hermannsson forsrh., flokksbróðir Eiðs Jón Baldvin Hannibalsson, Stefán Benediktsson þm. BJ, Tómas Árnason fyrrv. ráðh. og Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstfl. Eiður endurtók ummæli sín að hann hefði ekkert við Frjálst útvarp að tala.“

Var þess getið að ég hefði óskað þess sem einstaklingur að ekkert yrði haft eftir mér um þetta mál og ég vildi ekki tala við lögbrjóta? Nei. Er það svona frjálst útvarp sem hæstv. menntmrh. vill? Þetta kalla ég litla mannasiði og þetta vildi ég raunar kalla að mín mannréttindi hefðu verið skert. Ég veit alveg að hæstv. menntmrh. er mér sammála, en svona var þetta í þessu útvarpi. — Ég tel mér hins vegar skylt að geta þess að fréttamaður hinnar útvarpsstöðvarinnar, sem rekin var á vegum hv. þm., óháðs og frjáls, Ellerts B. Schram, hringdi til mín laugardaginn eftir, upp í Borgarnes, og við ræddum saman í bróðerni. Ég sagði honum hver væri mín skoðun, að þetta væri lögbrot og ég vildi ekkert við þá tala. Hann virti það og það var ekkert meira á málið minnst. Þessa ber að geta. Þarna voru viðhöfð ólík vinnubrögð. Satt best að segja held ég að rekstur þessara útvarpsstöðva undanfarna daga, og mun ég koma að því síðar kannske með dæmum úr þeirra „fréttalestri“, hafi staðfest að ástæða er til að fara varlega í þessum efnum.

Nú skal ég taka það fram að ég er fylgjandi því að einkaréttur Ríkisútvarpsins verði afnuminn og að aðrir aðilar fái leyfi til að reka hér útvarpsstöðvar. Það verður að gerast að lögum. Hér er ég með bók sem heitir Land og lýðveldi, 1. hefti. Í henni eru greinar og ræður eftir dr. Bjarna Benediktsson fyrrv. formann Sjálfstfl., hið merkasta rit. Hörður Einarsson sá um útgáfuna, en svo sem alþjóð veit var hann einn af aðstandendum hins ólöglega útvarps. Í ræðu, sem dr. Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstfl. flutti á árinu 1955 og er prentuð á bls. 271 í þessari bók, segir hann, með leyfi forseta:

„Þeir, sem unna frelsinu, verða að muna, að formlegt frelsi er ekki nóg. Þeim ber að hjálpast að til að gera hverjum og einum mögulegt að njóta lífsins og frelsisins og leita hamingjunnar eftir eigin vild innan ramma laganna.“

„Innan ramma laganna“, sagði dr. Bjarni Benediktsson. Hvar er nú sá Sjálfstæðisflokkur sem dr. Bjarni Benediktsson veitti forustu? Hér með er auglýst eftir honum. (Gripið fram í.) Hvar eru þeir menn? Þeir eru til í Sjálfstæðisflokknum sem störfuðu með dr. Bjarna Benediktssyni á sinni tíð og drukku í sig virðingu hans fyrir lögum og rétti og íslensku þjóðerni. Þess er mörg óræk vitni að finna í þessari bók. Ég sé ýmsa þeirra manna í þessum sal. Ég sé forseta Sþ., ég sé hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson. Skyldi þeim falla vel það sem er að gerast og hefur verið að gerast innan Sjálfstfl.? Ég veit það ekki, en svo segir mér hugur um að þeir séu ekki ýkja ánægðir með þá þróun sem nú á sér stað í þeirra gamla flokki.

Hér hafa verið að gerast hlutir sem sjálfsagt eru sjálfstæðismönnum mikil íhugunarefni. Þeir eru líka umhugsunarefni fyrir aðra í þjóðfélaginu þegar þessi breyting á stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar er nú að kristallast og koma í ljós. Ég mun kannske víkja aftur, — ég þarf, herra forseti, að tala nokkuð langt mál um þetta, — að þessum þáttum síðar.

Það er rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, að það er vissulega alvarlegt ástand þegar sú staða kemur upp í þjóðfélaginu að það eru engir fjölmiðlar. Ég tek undir það. Slíkt má aldrei gerast. Og ég held að mönnum hafi orðið eitt ljóst sem upplifa í fyrsta skipti

að það starfa engir fjölmiðlar. Þetta er í fyrsta skipti sem það gerist að það eru hvorki blöð, útvarp eða sjónvarp. Þá kemur nefnilega eitt í ljós, að fjölmiðlarnir eru bindivefur, tengivefur þjóðfélagsins. Þeir eru tengivefur lýðræðisþjóðfélagsins og þess vegna má það ekki gerast aftur að svona staða komi upp.

Ég ætla að geyma mér, herra forseti, að víkja sérstaklega að ræðu hv. þm. Ellerts B. Schram vegna þess að hann veik af þingfundi er hann hafði haldið sína ræðu, *hafði sjálfsagt ekki gert ráð fyrir kvöldfundi og* ekki skal ég ýja að því að honum hafi gengið neitt annað til. Hann mun hafa verið bundinn annars staðar. En ég vildi gjarnan að hann væri viðstaddur vegna þess þáttar sem hann hefur átt í þessu máli. Þó má vera að ég þurfi að mæla hér nokkur orð til hans síðar og að hann verði þá að lesa það í þingtíðindum.

En hæstv. fjmrh. kom hér í þennan ræðustól. Ég ætla að sleppa því sem hann sagði um samninganefnd ríkisins, a. m. k. í bili. Ekki efast ég um að hún sé þolinmóð og þægileg við hann, en ég veit ekki hvort hún er svo ýkjaþægileg við sína viðsemjendur. Sá kapítuli í ræðu hans sem fjallaði um kennarastéttina verður áreiðanlega mörgum eftirminnilegur og sjálfsagt verður oft vitnað til hans. Hins vegar verð ég að játa að ég skildi það ekki alveg þegar hæstv. ráðh. var að tala um sjóræningjastöðvar og spyrja hvað menn ættu eiginlega við. Nú veit hann auðvitað vel að að minnsta kosti á enskri tungu eru ólöglegar útvarpsstöðvar kenndar við sjóræningja. Hann þarf ekkert að láta sem hann viti ekki og skilji ekki. En þegar hann fór að tala um Andrés Björnsson útvarpsstjóra með svartan lepp skildi ég ekki hæstv. fjmrh. og það fundust mér afar undarleg og ósmekkleg ummæli, verð ég að segja.

Hæstv. ráðh. vék að því sem gerst hefði við Valhöllu þeirra sjálfstæðismanna og um er fjallað í skýrslu Radíóeftirlits Landssímans þar sem segir frá för radíóeftirlitsmanna og lögreglumanna að því húsi. Ég held að það sé rétt, með leyfi forseta, að lesa svolítið úr því plaggi:

„Síðdegis í gær bárust Radíóeftirlitinu fréttir um að ólögleg útvarpsstöð væri með sendingar í Reykjavík. Við undirritaðir, ásamt Hjálmari Árnasyni skoðunarmanni, fórum þá þegar af stað til leitar. Við miðun frá Suðurveri við Stigahlíð reyndist stefnan vera norður Kringlumýrarbraut á tíðnunum ca. 100, 102, 104 og 106 MHz. Sterkust var sendingin á 102 MHz. Kölluð var til lögregla og kom bíll númer 25 skömmu síðar. Tveir lögreglumenn voru í bílnum, þeir Haukur Ásmundsson lögreglufloksstjóri númer 38 og Þórður Þórðarson lögreglumaður númer 151.

Með stöðuga miðun var keyrt frá Suðurveri norður Kringlumýrarbraut og reyndist þá sendingin koma frá húsi Sjálfstæðisflokksins við Háaleitisbraut 1. Þar sem auglýsingasími útvarpsstöðvarinnar var gefinn upp í útsendingu frá Auglýsingastofu Ólafs Stephensen, síma 685716, var ákveðið að fara þangað.

Í anddyri hússins var staddur Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., og reyndi hann strax að *meina okkur aðgang. Að lokum fékkst leyfi til að fara* upp á 3. hæð, þar sem stofan er, í fylgd Kjartans. Þess skal getið að á þessari stundu hafði sending verið stöðvuð. Á auglýsingastofunni voru fyrir nokkrir starfsmenn stofunnar, en Ólafur var ekki við. Radíóeftirlitið gerði kröfu um að fá að kanna húsakynni stofunnar. Lögreglumenn vildu þá kalla til Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjón og kom hann skömmu síðar ásamt Ólafi Stephensen sem einnig var kallaður til. Að sögn Magnúsar viðurkenndi Ólafur fyrir honum að hann hefði leyft afnot af símanúmeri sínu til að taka á móti auglýsingum fyrir „Frjálst útvarp", en að öðru leyti væri hann ótengdur málinu.

Ólafur leyfði að Radíóeftirlitið skoðaði húsakynni sín og gerðu menn það. Ekkert þar inni benti til þess að *sending ætti sér stað þaðan. Radíóeftirlitið* gerði þá kröfu til lögreglunnar um að fá að fara upp á þak hússins til að kanna loftnet og leiðslur frá þeim. Magnús Einarsson fór formlega fram á þetta við Kjartan eftir að Magnús hafði áður ráðfært sig við William Möller lögfræðing lögreglunnar. Kjartan Gunnarsson taldi sig einnig þurfa að ræða við sína lögfræðinga áður en hann tæki slíka ákvörðun. Skömmu seinna kom hann aftur og neitaði að gefa slíka heimild fyrr en hann hefði ráðfært sig við flokkinn," eins og stendur hér, „á fundi sem ætti að vera á föstudaginn komandi. Jafnframt þessu bauð hann viðstöddum að koma niður á flokksskrifstofu flokksins á 2. hæð." — Allt er þetta umhugsunarefni.

„Davíð Oddsson borgarstjóri, sem áður hafði fylgst með málum, kom í þessu og tilkynnti að hann hafi verið að ræða við ráðherra póst- og símamála og ráðherra hefði sagt að þetta væri ekki gert með heimild og vitund sinni. Á flokksskrifstofunni hringdi borgarstjórinn aftur í ráðherra póst- og símamála og ræddi við hann um aðförina, rétti síðan Magnúsi Einarssyni símann og sagði að ráðherra vildi tala við hann. Eftir stutt símtal lagði Magnús á og tilkynnti að þar sem yfirmaður póst- og símamála hefði ekki veitt heimild fyrir þessu, þá stöðvaði lögreglan frekari aðgerðir í málinu og færi. Borgarstjóri bað viðstadda um að fylgja okkur út úr húsinu og læsa framdyrum hússins.

Virðingarfyllst.
Þórir Garðarsson,
Radíóeftirlit Landssímans,
Sölvhólsgötu 11, Reykjavík."

Sem sagt: Sími auglýsingastofu var gefinn upp. Þar var mönnum leyft að ganga um allt og skoða. Þar var ekkert að fela. En menn fengu ekki, löggæslumenn og radíóeftirlitsmenn, að fara inn í önnur heilög vé í Sjálfstæðishúsinu eða upp á þakið til að skoða loftnet, það var ekki leyft. Nú sagði hæstv. fjmrh. áðan að svo væri fyrir að þakka að við byggjum í þjóðfélagi þar sem lögreglan gæti ekki ruðst inn. Það er vissulega rétt. Í þessu tilviki var ekki verið að ráðast inn á heimili manns. Það var verið að biðja um að fá að framkvæma athugun á því hvort lögbrot ættu sér stað í húsi Sjálfstæðisflokksins. Það var verið að biðja um að fá að fara upp á þak og skoða loftnet. Í fjarskiptalögum, sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi, segir í 10. gr., með leyfi forseta:

„Menn sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða híbýli vegna starfa sinna skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri *óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.*"

Í fjarskiptalögunum sem áður giltu var þessi heimild enn þá rýmri, en starfsmenn Pósts og síma hafa lagaheimild til að kanna þau mál sem þeirra stofnun snerta í tilvikum eins og þessu. Ég dreg þá ályktun sem venjulegur borgari: Ef ekkert var að fela í Sjálfstæðis-

húsinu, hvers vegna leyfði þá framkvæmdastjóri flokksins ekki radíóeftirlitsmönnum að skoða þessi loftnet á þaki hússins? Hvað var verið að fela? Jú, það var verið að fela þá staðreynd að í Valhöll starfaði ólögleg útvarpsstöð þessa daga og afskipti hæstv. ráðh. Alberts Guðmundssonar, sem þá gegndi embætti póst- og símamálaráðherra, af þessu máli, eins og lýst er í þessari skýrslu — væntanlega eru einnig til lögregluskýrslur um þetta mál og það er sjálfsagt að þær verði gerðar opinberar líka. Það átti nú aldeilis ekki að gera þessa skýrslu opinbera. Það átti að fara með þetta eins og hvert annað myrkraverk. (**Fjmrh.:** Hver?) Það var fyrir tilviljun að þessi skýrsla kom fram á útvarpsráðsfundi og var þar lesin upp, en þetta átti ekki að verða opinbert plagg. Ég hef vitneskju um það. (**Gripið fram í:** Hver átti að fela hana?) En afskipti hæstv. póst- og símamálaráðherra, Alberts Guðmundssonar í þessu tilviki, af þessu máli eru í meira lagi hæpin, leyfi ég mér að fullyrða, og allt þetta kallar á að þetta mál verði skoðað í heild, afskipti ráðh. af þessu máli á ýmsum stigum og allur þess gangur. Hafi einhvern tíma verið tilefni til þess að Alþingi skipaði sérstaka rannsóknarnefnd til að kanna mál, þá er það núna. Það er mjög brýn og rík ástæða til þess að svo verði gert.

Það var líka athyglisverður punktur þegar hæstv. ráðh. Albert Guðmundsson sagði okkur frá veru sinni á fundinum í gærkveldi þar sem menn voru að ræða um að stofna samtök um útvarpsrekstur þegar það verður lögleitt, og ekkert er nema gott um það að segja. Hann harmaði að hafa ekki verið í hópi þessara ungu manna og dugmiklu, sem var á honum að skilja að væru, sem hefðu verið að brjóta lögin að undanförnu. Þetta þótti mér merkileg yfirlýsing. (**Fjmrh.:** Þeir voru ekki að brjóta lög.) Nú kveður hæstv. ráðh. upp þann dóm að þeir hafi ekki verið að brjóta lög. Nú hygg ég að að mati flestra sé einkaréttur Ríkisútvarpsins til þess að reka útvarp alveg ótvíræður, og auðvitað skrifa lögfræðingar nú grg. á víxl sem stangast á, en ég hygg að um þetta sé ekki deilt, að réttur Ríkisútvarpsins í þessu efni er einkaréttur, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Grundvallaratriði þessa máls er auðvitað að ef menn vilja breyta lögum á það að gerast með eðlilegum hætti á Alþingi. Menn eiga ekki að segja: Þetta eru ósanngjörn lög. Ég uni þeim ekki og ég mun fara mínu fram. — Ég geri ráð fyrir að margir telji núgildandi skattalög ósanngjörn að ýmsu leyti. Menn eiga þó engra annarra kosta völ, flestir launþegar a. m. k., en að una þeim. (**Fjmrh.:** Ertu að tala um að það sé ólöglegt að stofna félag?) Hæstv. ráðh. er held ég, ég vona ekki viljandi, að misskilja mig. Það er ekkert ólöglegt við að stofna félag. Það ríkir félagafrelsi á Íslandi, sem betur fer, en samkv. lögum hefur útvarpið einkaleyfi til útvarpsreksturs og ef menn vilja breyta því eiga þeir að breyta lögunum. Þeir eiga ekki að opna útvarpsstöðvar fyrr en lögunum hefur verið breytt. Ég lýsti því áðan að ég væri þeirrar skoðunar að það ætti að breyta þessum lögum. (**HBl:** Hvernig væri að koma að hinum útvarpsstöðvunum úti á landi og hvað útvarpsráð hefur gert í því sambandi?) Í útvarpsráði hef ég margoft vakið máls á því að þetta væri ólíðandi ástand. Ég hef gert það í mörg ár. (**HBl:** Það hefur ekki frést fyrr en núna.) Hefur þm. nokkuð leitað frétta af því? Ég held ekki.

Í 3. gr. frv. til útvarpslaga, sem lagt hefur verið fram hér, er talað um þau skilyrði sem uppfylla beri til þess að menn fái leyfi til að reka útvarpsstöðvar. Þar segir m. a.:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.“

Það var nú aldeilis að þetta Valhallarútvarp gerði það því að satt best að segja, verð ég því miður að segja, var eins og þeir sem skrifuðu „fréttirnar“ væru ekki skrifandi og þeir sem læsu þær væru ekki læsir. (**ÁJ:** Lástu alltaf fyrir framan útvarpið?) Ég hlustaði nokkrum sinnum á þetta, hv. þm. Árni Johnsen.

Í öðru lagi segir í 3. gr. þessa frv., með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum.“

Ég hlustaði á mjög hjartnæma ræðu sem hv. þm. Ellert B. Schram flutti þegar hann opnaði útvarpsstöðina sína og Dagblaðsins þar sem hann sagði að þetta væri útvarpsstöð fólksins, þjóðarinnar, stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar. Svo kom fréttatíminn. Jú, þar voru tíundaðar hugrenningar forsrh. beggja og það var ekki minnst á það einu sinni þar að það væri til stjórnarandstaða í landinu. Þó lá hjá þessari útvarpsstöð frétt um að þingflokkur Alþfl. hefði deginum áður eða svo óskað eftir því við hæstv. forsrh. að þing yrði kvatt saman. (Gripið fram í.) Það var ekki verið að segja frá því. Það var sjálfsagt engin frétt heldur. Þannig var haldið á málum þar. Ég heyrði líka frétt í þessari útvarpsstöð, og það gefst nú tími til að rekja þetta hér frekar, um það að BSRB ætlaði daginn eftir að opna útvarpsstöð og hefja útvarpsrekstur. Uppspuni frá rótum, enda mun það hafa verið leiðrétt einhvern tíma seinna. (**FrS:** Skil ég hv. þm. rétt þegar hann segir að hann hafi beðið um að fréttatilkynning yrði send út?) Nei, ég sagði að sú fréttatilkynning hefði legið hjá Dagblaðinu. Blaðamaður Dagblaðsins talaði við mig og fékk efni þessa bréfs til forsrh. Það var deginum áður en þetta útvarp byrjaði að starfa.

Hins vegar var það með býsna sérstökum hætti sem útvarpsráð kynntist þessari starfsemi því það var svo að þennan dag var fundur í útvarpsráði þar sem var verið að ræða um með hverjum hætti mætti koma á fréttaþjónustu hjá Ríkisútvarpinu. Þar voru þrír fulltrúar, fulltrúi eins flokksins var fjarstaddur, sem lögðu til, fulltrúar Alþfl., framsóknar og fulltrúi Alþb. studdi það, að það yrði reynt að koma á fréttaþjónustu í Ríkisútvarpinu tvisvar á dag. En hver var afstaða fulltrúa Sjálfstfl. til þess máls í útvarpsráði? Þeir sátu hjá við afgreiðslu málsins. Þeir létu bóka eftir sér. Og hvað létu þeir bóka, blessaðir mennirnir? Þeir létu bóka, með leyfi forseta, og ég ætla bara að lesa lokaorðin... (**Menntmrh.:** Vill ekki hv. þm. lesa hana alla?) Jú, alveg sjálfsagt, alveg sjálfsagt ef þess er óskað. Þetta er bókun þeirra Markúsar Arnar Antonssonar, Ingu Jónu Þórðardóttur og Jóns Þórarinssonar:

„Við teljum að miðað við allar aðstæður hafi útvarpsstjóri staðið rétt að málum með því að fara aðeins fram á undanþágu vegna sömu starfa og unnin voru hjá Ríkisútvarpinu í verkfallinu 1977 þannig að hægt er að veita nauðsynlegustu öryggisþjónustu. Öllum hefur mátt vera ljóst frá upphafi að verkfall hjá Ríkisútvarpinu sem og öðrum opinberum stofnunum bitnaði harkalega á öllum landslýð. Alþjóð tekur nú afleiðingunum

af því að verkfallsvopnum er beitt af fullri hörku.

Eins og að var stefnt af hálfu verkfallsboðenda hefur starfsemi Ríkisútvarpsins lamast öllum landsmönnum til mikilla óþæginda og sárrar reiði. Við þetta bætist að starfsmenn stofnunarinnar ákváðu upp á sitt eindæmi að stöðva útsendingar skyndilega og fyrirvaralaust tæpum þremur sólarhringum fyrir boðað verkfall. Þessa aðgerð hljótum við að fordæma. Hún sýnir berlega ásamt yfirstandandi verkfalli að Ríkisútvarpið er gersamlega ófært um að veita landsmönnum þá þjónustu sem því ber samkv. einkaréttarákvæðum útvarpslaganna.

Augu manna eru nú að opnast fyrir því að koma þarf í veg fyrir að endurtekning geti orðið á slíku ófremdarástandi. Einstakar undanþágubeiðnir nú eru ekki til þess fallnar að stuðla að frambúðarlausn sem tryggi óhefta starfsemi Ríkisútvarpsins við aðstæður eins og þær sem nú ríkja í þjóðlífinu."

Einstakar undanþágur nú eru ekki til þess fallnar. Sjálfstæðismenn voru því sem sagt andvígir að Ríkisútvarpið hæfi fréttastarfsemi, fréttaþjónustu, og sátu hjá. Að vísu kom það ekki í ljós fyrr en eftir á þegar atkvæði voru greidd um þetta endanlega. En skýringuna á afstöðu fulltrúa þeirra sjálfstæðismanna fengu útvarpsráðsmenn og útvarpsstjóri hálfri klukkustund eftir að fundi útvarpsráðs lauk þegar hv. þm. Ellert B. Schram ávarpaði Reykvíkinga úr sinni eigin útvarpsstöð. Auðvitað var það skýringin.

Herra forseti. Nú er miðnætti. Ég á enn eftir að tala alllengi og býður í grun að allmargir séu á mælendaskrá. Og því spyr ég: Hve lengi er ætlunin að halda þessum fundi fram? (**Forseti:** Þessar umræður hafa nú staðið alllengi. Þær hófust kl. 14.30. Á þessum tíma hafa ellefu ræðumenn lokið máli sínu, sá tólfti hefur orðið, en tíu eru á mælendaskrá. Þannig er einsýnt að þessari umræðu verður ekki lokið innan hæfilegra tímamarka í nótt. En ég hafði ætlað að það gæfist tími til þess að ljúka ræðu hv. ræðumanns og við munum freista þess.) (Gripið fram í.) Hún getur, hæstv. iðnrh., enn orðið nokkuð löng. (Gripið fram í.) Hæstv. iðnrh. er þrekmaður og ég vorkenni honum ekkert að sitja hér svolítið lengur vegna þess að ég veit að hann gegnir sinni þingskyldu af samviskusemi.

Það eru margar spurningar sem vakna í sambandi við rekstur þessara ólöglegu útvarpsstöðva. Voru það skráð fyrirtæki að lögum sem stunduðu þennan rekstur, t. d. meðan stöðin var rekin í Valhöll, hæstv. fjmrh.? (**Fjmrh.:** Ég hef ekki hugmynd um það.) Gerir hæstv. fjmrh. sér vonir um að þetta fyrirtæki, ef fyrirtæki skyldi kalla, muni greiða honum söluskatt af öllum þeim auglýsingum sem í þessari útvarpsstöð voru fluttar? Í þessum stöðvum munu hafa verið fluttar auglýsingar fyrir sjálfsagt eitthvað á bilinu 100 þús. kr. til 150 þús. kr. á dag. Af því á ríkið að fá 24% í söluskatt. Hvernig skyldi þessu hafa verið háttað? Skyldi þetta allt hafa verið að lögum? Hvernig skyldi hafa verið með tónlistina sem var flutt í þessum stöðvum? Skyldi hún hafa verið flutt með leyfi Stefs, samtaka tónskálda og eigenda flutningsréttar? Ég held ekki. Ég held að þeirri tónlist og þeim hugverkum, sem þarna voru flutt, hafi verið stolið. Þarna var ekki heldur farið að lögum. Þarna voru margföld lögbrot á ferðinni og um það blandast engum manni hugur.

Það er verið að deila á það hér að menn kveði upp úr um það að túlka hvenær lögbrot hafi verið framið. Auðvitað hafa menn fullt leyfi til þess, þegar bersýnilegt er að lög hafa verið brotin, að segja þá skoðun sína. Ég vona að hæstv. fjmrh., ef hann ljær orðum mínum eyru, muni beita sér fyrir því að það verði gengið jafnhart fram í skattheimtu gagnvart þessum ólöglegu stöðvum og gengið var að launafólki um mánaðamótin. (**Gripið fram í:** Hann er nú hluthafi í fyrirtæki.) Já, ég gleymdi því. Þá fara nú hagsmunirnir kannske að rekast eitthvað á. Það skyldi nú ekki vera að hæstv. fjmrh. sé hluthafi í Dagblaðinu. Hann var það allavega, en ég veit ekki hvort hann er það enn þá. Dagblaðið lýsti sig ábyrgt fyrir rekstri Fréttaútvarpsins. Þá fer nú málið að verða enn einnar rannsóknar virði. Það eru nefnilega mörg lögbrotin í sambandi við þetta og þetta mál er ekki eins einfalt og menn hafa látið að liggja.

Ég hefði gjarnan viljað víkja nokkrum orðum til formanns Sjálfstfl. ef hann væri hér í húsinu. Mér þætti vænt um ef forseti gæti látið athuga það. Ég hefði viljað mæla til hans fáein orð í tilefni af því sem hann sagði í dag. En meðan ég bíð hans má kannske þess geta að upp hefur komið mikil deila um verksvið kjaradeilunefndar og verkfallsnefndar BSRB. (**Forseti:** Það skal tekið fram að hv. 1. þm. Suðurl. er ekki í húsinu, hann er nýfarinn.) Þá mælist ég til þess, herra forseti, að ég fái innan skamms tíma að gera hlé á ræðu minni og halda henni áfram á morgun. (**Forseti:** Það verður orðið við þeirri ósk og hv. ræðumaður gerir þá hlé þar sem honum þykir hæfilegt.) Já, ég mun þá mæla örfá orð í viðbót til hæstv. menntmrh., beina til hennar einni fyrirspurn.

Það hefur verið talað töluvert mikið um verksvið verkfallsnefndar og kjaradeilunefndar og mér sýnist að það sé svo að ríkisstjórnin að undanskildum hæstv. iðnrh., sem stendur upp í þessu og fær sér nú sæti aftur, viðurkenni ekki verkfallsnefnd BSRB sem aðila að þessu máli. Nú veit ég að á vegum hæstv. iðnrh. var sótt um undanþágu til verkfallsnefndar BSRB fyrir álviðræðunefndina til að fara til útlanda. — Hann kinkar kolli. Auðvitað viðurkennir hann, maður sem lengi stóð framarlega í verkalýðsbaráttu fyrir verslunarmenn, réttmæti verkfallsnefndar sem starfar samkvæmt áratuga hefð á Íslandi og hefur starfað í öllum verkföllum hjá öllum verkalýðsfélögum og auðvitað hjá opinberum starfsmönnum líka. (**Iðnrh.:** Má ég standa upp?) Já, gerðu svo vel, hæstv. ráðherra. En síðan upphefst hið furðulegasta karp annarra ráðherra sem neita að viðurkenna þessa nefnd. Það hefur verið vikið hér að þætti hæstv. sjútvrh. í því máli. Nú beini ég máli mínu til hæstv. menntmrh. Í frv. því sem hún hefur lagt á borð okkar alþm. í dag stendur: „Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins", segir í 8. gr. En getur verið rétt að hæstv. menntmrh. hafi gefið útvarpsstjóra bein fyrirmæli (**Menntmrh.:** Nei.) sem í felst bann um að leita um eitt eða neitt til verkfallsnefndar BSRB, heldur snúa sér með alla hluti til kjaradeilunefndar, hvort sem þeir hlutir eru á hennar verksviði eða ekki? Ég spyr að þessu beint vegna þess að ég hef rökstuddan grun um að hæstv. menntmrh. hafi með valdboði til útvarpsstjóra og til hinnar sjálfstæðu stofnunar, Ríkisútvarpsins, gefið þessi fyrirmæli. Það finnst mér líka vera íhugunarefni.

Ég mun nú, herra forseti, þar sem komið er fram yfir miðnætti, gera hér hlé á máli mínu og vænti þess að fá

að halda áfram ræðu minni í upphafi fundar á morgun og vona þá að þeir tveir hv. þm., sem ég hef þegar sagt að ég vildi beina til nokkrum orðum, verði viðstaddir.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka fyrir að mér var leyft að koma hér aðeins í ræðustól. Ég vil gjarnan svara strax þeirri fyrirspurn sem hv. síðasti ræðumaður bar fram til mín. Þau fyrirmæli sem hann er að spyrja um hljóða svona:

„Dags. 5. okt. 1984. Að gefnu tilefni og í framhaldi af símtali okkar nú rétt áðan skal tekið fram og á það lögð áhersla að samkvæmt 26. gr. laga nr. 29 frá 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hefur kjaradeilunefnd úrskurðarvald um það hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu milli manna. Ríkisútvarpið sem og aðrar stofnanir ríkisins verða því að hlíta úrskurði hennar lögum samkvæmt." Ragnhildur Helgadóttir menntmrh. stendur þarna undir. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar og þetta er lagaskilningur okkar. Ætlunin er að fara að lögum, og hv. þm. hefur orðið tíðrætt um það. (**Gripið fram í:** Iðnrh. er á annarri skoðun.) (**Forseti:** Umr. er nú frestað.) Hann hefur skipt um skoðun.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 4. fundur.

Föstudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis.

Skýrsla ríkisstjórnarinnar um kjaradeilurnar. — Frh. umræðu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni í gærkvöld eða um miðnæturleytið að ég átti nokkur orðaskipti við hæstv. menntmrh. um þá stefnu ríkisstj., sem virðist nú raunar ekki vera stefna allrar ríkisstj., að hafa engin samskipti við verkfallsnefnd Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um framkvæmd þessa verkfalls. Nú kom það í ljós að hæstv. iðnrh. hafði leitað til verkfallsnefndar BSRB um heimild fyrir álviðræðunefnd til að fara úr landi. Síðan sagði hæstv. menntmrh. yfir salinn svo að ýmsir heyrðu að hæstv. iðnrh. hefði skipt um skoðun. Nú vildi ég gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort það sé afdráttarlaus stefna ríkisstj. að leita ekkert til verkfallsnefndar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég tel nauðsynlegt, vegna þess sem fram hefur komið í málinu og vegna þess að ljóst er að hæstv. iðnrh. leitaði til verkfallsnefndar BSRB, að það komi fram hér á hinu háa Alþingi hver sé stefna ríkisstj. að því er þetta mál varðar. Það virðist nefnilega svo sem ríkisstj. hafi, eða einstakir ráðherrar með tilskipunum til sinna stofnana, sett eins konar verkbann á opinbera starfsmenn.

Ég vildi enn fremur að gefnu tilefni beina annarri spurningu til hæstv. forsrh. Hann gerði í gær grein fyrir vissum hugmyndum er hann hefði um hugsanlega lausn þessarar kjaradeilu. Hann nefndi þar ýmsar prósentutölur og ég leyfi mér að segja að hugmyndir hans eru áreiðanlega mikillar umræðu virði, en hins vegar heyrðist mér ekki að hæstv. fjmrh. hefði sömu hugmyndir um að leysa þennan mikla vanda. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh.: Eru þeir þarna á öndverðum meiði, hann og hæstv. fjmrh., að því er varðar lausn þessarar deilu? Gott væri að fá nánari útlistun á því. Ég mælist sem sagt til þess að hæstv. forsrh. svari þessum tveimur spurningum mínum á eftir í umr.

Mig langar að víkja aðeins að því þegar hv. þm. Halldór Blöndal kallaði fram í í gær og vík ég þá að hinum svokölluðu kapalkerfum sem hafa verið starfrækt. Hann kvartaði undan því að ég hefði ekki gert aths. við þá starfsemi. Ég benti honum á að ég hefði gert það margsinnis í útvarpsráði. Ég hef raunar gert það einnig á hinu háa Alþingi. Með leyfi forseta ætla ég að vitna til umr., sem fóru hér fram 2. nóv. árið 1981, þar sem ég sagði, með leyfi forseta:

„Það er umhugsunarefni að notkun þessa efnis" — þá á ég við myndbandaefni — „færist svo í vöxt sem raun ber vitni. Og vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af því t. d., þegar borgarráð Reykjavíkur veitir með samþykkt atbeina sinn til lögbrota, sem beinast gegn Ríkisútvarpinu, án þess að nokkur maður hreyfi hönd né fót, legg né lið til að spyrna gegn því. Það segir enginn neitt. Hæstv. menntmrh. segir ekki orð, hans háa ráðuneyti segir ekki eitt einasta orð og Ríkisútvarpið segir ekki eitt einasta orð. Þegar svona er komið, lög eru fótum troðin og rétt kjörnar stjórnsýslustofnanir höfuðborgarinnar veita atbeina sinn til lögbrota og enginn segir neitt, þá er vissulega ástæða til að staldra við og hugsa: Hvert erum við að stefna?"

Það voru fleiri hv. þm. sem gerðu þetta að umtalsefni. Hv. þm. Haraldur Ólafsson sagði, með leyfi forseta:

„Ég tek eindregið undir með hv. 5. þm. Vesturl., að það er furðulegt að verða vitni að því á þessum vikum, að hver einasti aðili, sem málið snertir, skuli þegja og ekki lyfta fingri þó lögbrot séu framin, að borgarstjórnin og bæjarstjórnir skuli aðstoða og beinlínis ýta undir þessi lögbrot. Þá eigum við frekar að breyta lögunum. Af hverju er ekki gengið fram fyrir skjöldu í því efni? Af hverju í ósköpunum eigum við að horfa upp á það, að lög séu einskis virt? Eiga þau bara að vera í gildi og síðan hver og einn að ganga yfir þau eins og honum sýnist og allir bara klappa saman lófunum af ánægju? Ef þetta er frelsi, þá vil ég biðja um einokun ríkisfjölmiðla."

Þessi mál hefur því borið á góma hér á hinu háa Alþingi og menn hafa haft mjög eindregnar skoðanir á þessu. Þetta var í tíð ríkisstjórnar undir forsæti hluta Sjálfstfl. og menntamálin voru þá í höndum Framsfl., en dómsmálin í höndum Sjálfstfl. En það var ekkert gert í málinu þrátt fyrir þessar alvarlegu ábendingar.

Ég skal ekki tala mjög lengi, herra forseti, en það eru nokkur atriði sem ég átti eftir í gærkvöldi í ræðu minni.

Varðandi starfsemi þessara ólöglegu útvarpsstöðva í heild langar mig til að biðja menn um að hugleiða það mál undir öfugum formerkjum, ef svo má segja. Hvað halda menn að hefði skeð ef starfsmenn Þjóðviljans hefðu sett upp útvarpsstöð og byrjað að útvarpa með sama hætti og starfsfólk DV gerði? Hvað halda menn að hefði gerst ef í húsakynnum Alþb. hefði verið miðuð út ólögleg útvarpsstöð? Mér er sem ég sæi framan í ýmsa hv. þm. og hæstv. ráðh. Sjálfstfl. undir slíkum kringumstæðum. Og svo er hér talað um að allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum og að það séu ekki allir jafnir

fyrir lögunum.

Mér hafa fundist viðbrögð kerfisins í öllu þessu máli vera óskaplega hæg og ég átti satt að segja von á því að hæstv. dómsmrh. tæki á þessu máli af meiri festu og gerði sitt. Nú er að vísu búið að loka þessum stöðvum tveimur, en sagt er að sú þriðja hafi tekið til starfa í Reykjavík í gær. Auðvitað ber að bregðast við henni með nákvæmlega sama hætti. Ég hef ekki sönnur fyrir þessu, en þetta kom fram á fundi útvarpsráðs núna í hádeginu.

Í gær flutti formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, ræðu hér og ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir þeim hv. þm. að sú ræða kom mér í veigamiklum atriðum á óvart. Ég hef hér útskrift þingritara úr þessari ræðu. Hv. þm. segir þar, með leyfi forseta:

„Það hefur ekki verið úr því skorið hvort þessi einokun" — þ. e. Ríkisútvarpsins — „stenst þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem tryggja mönnum rétt til prentfrelsis."

Það má rétt vera. Ég minnist þess ekki að af hálfu forráðamanna Sjálfstfl. hafi verið bornar brigður á að þau útvarpslög, sem hafa verið hér í gildi langa lengi, væru í samræmi við stjórnarskrá. En gott og vel. Það er þá sjálfsagt að úr því verði skorið. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Menn geta auðvitað haft mörg orð um hvort starfsemi af þessu tagi sé lögleg eða ólögleg og að sönnu er það svo, að lög bjóða að Ríkisútvarpið hafi einkarétt á útsendingum."

„Að sönnu er það svo." Lög mæla svo fyrir um í þessu landi. Um það ætti enginn að þurfa að velkjast neitt í vafa.

Og ég verð enn að vitna til ræðu hv. þm. Hann segir í beinu framhaldi:

„Í Póllandi er það líka svo, að lög bjóða að það skuli bara vera eitt verkalýðsfélag, en menn hafa fundið aðra réttlætiskennd. Menn hafa fundið æðra lögmál og víðast hvar á Vesturlöndum standa menn með því að menn þar í landi hafi rétt til þess að stofna frjáls verkalýðsfélög."

Hér á landi ríkir félagafrelsi skv. stjórnarskrá. Satt best að segja var ég hissa þegar ég heyrði formann Sjálfstfl. líkja ástandinu hér á landi við það ástand sem ríkir í Póllandi. Ég ætla ekki að ganga svo langt að gera því skóna að hann hafi verið að líkja hæstv. forsrh. við Jaruzelsky, en það var allavega verið að bera þetta tvennt saman, sem er ákaflega óeðlilegt að ekki sé meira sagt. Sem betur fer búum við við annað stjórnarfar en er í Póllandi. — Og menn hafa fundið æðra lögmál. Þetta er athyglisverð setning. Og nú ætla ég aftur máli mínu til stuðnings að vitna í Land og lýðveldi, greina- og ræðusafn dr. Bjarna Benediktssonar, fyrrv. formanns Sjálfstfl., orð sem hann sagði í ræðu árið 1955:

„Þeir, sem unna frelsinu, verða að muna, að formlegt frelsi er ekki nóg. Þeim ber að hjálpast að til að gera hverjum og einum mögulegt að njóta lífsins og frelsisins og leita hamingjunnar eftir eigin vild innan ramma laganna", sagði dr. Bjarni Benediktsson.

Þá var önnur tíð þegar hann var formaður Sjálfstfl. Það er annar Sjálfstfl. sem við erum að fjalla um hér í dag en þá starfaði á Íslandi. Nú dugar það ef menn finna æðra lögmál. Þetta hlýtur að vera umhugsunarefni.

Mig langar líka til að víkja að öðru. Ég rakti hér nokkuð afskipti framkvæmdastjóra Sjálfstfl., framkvæmdastjóra flokksins Kjartans Gunnarssonar, borgarstjórans í Reykjavík Davíðs Oddssonar og Alberts Guðmundssonar, hæstv. póst- og símamálaráðh. þá, eins og þau koma fram í skýrslu Radíóeftirlitsins um heimsóknina í Valhöll, hús Sjálfstfl., þar sem rekin var ólögleg útvarpsstöð.

Menn hafa talað um „aðför" lögreglunnar í þessu sambandi. Voru lögreglan og Radíóeftirlitið að óska eftir að gera húsleit í Valhöll? Nei. Voru þeir að óska eftir að skoða spjaldskrár Sjálfstfl. sem áreiðanlega geta verið fróðlegar fyrir þá sem hafa áhuga á slíku? Nei. Þeir voru að biðja um að fá að fara upp á þak hússins og horfa þar á loftnet og leiðslur. Þessu var neitað. Þetta er kjarnaatriði í þessu máli. Það var ekki verið að biðja um neina húsrannsókn. Það var verið að biðja um að fá að fara upp á þak og skoða loftnet. Og hvers vegna var því neitað? Það er athyglisverð spurning. Því var auðvitað neitað vegna þess að þarna var rekin ólögleg útvarpsstöð sem síðan var flutt burt. Þetta er vitað. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir.

Ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. Þorstein Pálsson, formann Sjálfstfl., hins nýja Sjálfstfl.: Var hann samþykkur þessum aðgerðum framkvæmdastjóra flokksins og afskiptum borgarstjórans í Reykjavík og póst- og símamálaráðherra af þessu máli? Þarna voru eftirlitsmenn á ferð í opinberum erindagerðum, í fullu samræmi við ákvæði fjarskiptalaga. Það var verið að rannsaka meint lögbrot. Það var búið að miða út ólöglega útvarpsstöð í þessu húsi. Réttum löggæslumönnum var meinað að kanna málið af hálfu stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar. Það var ekki verið að biðja um húsleitarheimild. Það var ekki verið að biðja um að fara í skrifborðsskúffur eða skápa. Það var verið að biðja um að fá að fara upp á þak og horfa á loftnet og leiðslur. Þetta skulu menn hafa í huga vegna þess að þetta hefur verið kallað aðför lögreglu og ýmislegt þvíumlíkt, en það var auðvitað ekki um neitt slíkt að ræða.

Ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir hv. þm. Þorsteini Pálssyni, formanni Sjálfstfl., stærsta stjórnmálaflokksins hér á landi, að stundum finnst mér, þegar hann flytur sínar ræður hér, skýrt og skilmerkilega eins og hann gerir, eins og enn þá sé framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins að tala. Hins vegar neita ég því ekki að stundum þegar ég hlusta á Magnús Gunnarsson, núverandi framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, þegar hann talar af ábyrgð og skilningi um lausn vandamálanna, finnst mér eins og formaður Sjálfstfl. sé að flytja ræðu.

Ég gat þess í ræðu minni í gær, herra forseti, að nokkrum orðum langaði mig til að víkja til hv. þm. Ellerts B. Schram, sem þá var ekki hér í þingsölum, hafði áður bundið sig öðrum verkefnum og menn höfðu ekki almennt búist við kvöldfundi. Það var að mörgu leyti ákaflega merkileg ræða sem hv. þm., frjáls og óháður, Ellert B. Schram flutti hér í gær. Mér fannst fyrri hluti ræðu hans ákaflega góður og ég get tekið undir mjög margt af því sem þar kom fram. En seinni hlutinn þótti mér miður góður. Hann tók þá fram, okkur hv. þm. til upplýsingar, að hann hefði ekki sagt sig úr Sjálfstfl. eða sagt sig úr þingflokknum. Ekki enn, bætti hann við. Það er kannske ekki mitt mál, en

svolítið vefst það fyrir mér hvernig menn geta verið óháðir í þingflokki. Ég held að það hljóti að vera álíka erfitt og að geyma kökuna sína og borða hana líka. Ég sé ekki hvernig þetta tvennt getur farið saman. En það er auðvitað mál þeirra sjálfstæðismanna og ég skal ekki fjölyrða frekar um það.

Ég er sammála hv. þm. Ellert B. Schram um að við eigum að auka frelsið á sviði útvarpsrekstrar. En við eigum að gera það „innan ramma laganna", svo að ég vitni aftur til orða dr. Bjarna Benediktssonar, og ef rammi laganna leyfir ekki þær breytingar sem við viljum koma fram eigum við að breyta lögunum. Við eigum ekki að taka lögin í okkar hendur með þeim hætti sem hann átti aðild að því að gera með rekstri útvarpsstöðvar Dagblaðsins.

Hann flutti í þetta útvarp mjög hjartnæma ræðu þegar verið var að loka því. Og hann sparaði þar ekki stóru orðin. Með leyfi forseta langar mig til þess að vitna lítillega í þá ræðu hér. Þarna voru löggæslumenn komnir á vettvang til þess að fylgja fram réttum íslenskum lögum. Hvað voru þeir kallaðir? „Varðhundar einokunarinnar og afturhaldsins og kerfiskarlarnir sem ósvífnir stjórnmálamenn hafa sigað á okkur." Þetta eru stór orð um löggæslumenn sem eru að framfylgja íslenskum lögum, hvort sem okkur líka þau lög eða ekki, það er allt annar handleggur. Þá skulum við breyta þeim hér á Alþingi ef okkur ekki geðjast að þeim. „Varðhundar einokunarinnar og varðhundar kerfisins." Það eru löggæslumennirnir.

Það er ýmislegt fleira sem hér mætti taka til. Hv. þm. sagði líka rétt áður en leikið var „Öxar við ána" sem var leikið þarna á undan og eftir: „Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða." Með lögum skal land byggja. Hver tekur ekki undir það?

Ég ætla nú að hlífa hv. þm. Ellert B. Schram við því að fara nánar út í þessa ræðu. Ég held að það væri ástæða til. Það eru margir sem eiga hana, virðist vera, á segulbandi. Ég held að það væri ástæða fyrir hv. þm. að hlusta á hana og hugleiða hana.

En það er eitt atriði til viðbótar sem hér kom fram. „Við leitum stuðnings ykkar", segir hér, með leyfi forseta. „Við ætlum að stofna útvarp þjóðarinnar, þjóðarútvarp í stað einokunarútvarps." Það var nú það. Ætla þeir hv. Dagblaðsmenn að setja upp útvarp sem nær til alls landsins? Ætla þeir að setja hér upp langbylgjustöð sem sendir um allt land, sem kostar kannske einhverja tugi milljóna? Það getur vel verið að þeir ætli sér það. Þeir hafa þá meira fjármagn undir höndum en ég átti von á og rekstur Dagblaðsins hefur gengið betur en menn áttu kannske von á líka. Eða ætla þeir að setja upp kerfi FM-stöðva um allt land? Á þetta að vera útvarp fyrir Hellissand og Haganesvík eða bara fyrir Reykjavíkursvæðið þar sem markaðurinn er? Og það er meginatriði þessa máls. Það eru ekki þjónustusjónarmið við fólkið sem ráða hér ferðinni, að mínum dómi. Þetta eru fjáraflamenn. Þeir ætla að græða peninga. Það verður útvarpað þar sem markaðurinn er. Það verður útvarpað á Reykjavíkursvæðinu og kannske í Eyjafirðinum og einhvers staðar víðar þar sem er markaður.

Það var mikið af auglýsingum flutt í þessum stöðvum þessa daga. Það var mikið af tónlist flutt. Það hefur komið fram að það voru engir samningar við þá gerðir sem eiga réttinn að þeirri tónlist. Og sjálfsagt verða hæstv. fjmrh. staðin skil á söluskatti af öllum þeim auglýsingum sem þarna voru fluttar eins og Ríkisútvarpinu er gert að gera. Ekki dreg ég í efa að þessir löghlýðnu menn munu gjalda keisaranum sitt. Ekki dettur mér í hug að draga það í efa. Það geta einhverjir aðrir gert.

Það er verið að skapa einhvers konar fár utan um þetta núna, svipað því þegar Dagblaðið fór fram á sínum tíma og muna sjálfsagt margir eftir því. Það eru nákvæmlega sömu einstaklingarnir sem standa að þessu. Dagblaðið hefur margt gott gert. Ekki skal ég draga úr því. En það er bara ekki frjálst og óháð eins og það segist vera. Við höfum séð það, hv. þm., og ég hef ekki neina nennu til að fara að rekja dæmi um það, hvernig það t. d. í upphafi ferils ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens studdi þá ríkisstj. leynt og ljóst. Þetta vita allir. Dagblaðið hefur ýmsa góða kosti og það er opnara en ýmis önnur blöð hér á landi. Það er virðingarvert. En það er hvorki frjálst né óháð. Það er bundið eigendum sínum og þeim sem leggja fjármagnið til alveg með sama hætti og önnur dagblöð. Og þetta er líka grundvallaratriði.

Svo sem ég sagði áðan, herra forseti, væri kannske ástæða til að ræða ýmislegt frekar úr þessari ræðu. Ég ætla ekki að gera það að sinni. Mín skoðun er sú að þarna hafi átt sér stað lögbrot og mér þykir það miður að einn af þm. á hinu háa Alþingi skuli hafa átt aðild að því. Mér þykja líka miður ýmis þau orð sem hann lét falla um alþm. í gærkvöld. Ég held að þau hafi verið ómakleg. Það er að vísu ljóst að hans blað, sem hann hefur ritstýrt, hefur markvisst fylgt þeirri stefnu að gera lítið úr þeim mönnum sem sitja á Alþingi, að hér væru dusilmenni ein og druslur — kannske ekki alveg með þessum orðum. Þetta var líka tónninn í ræðu hans í gær, að hér sætu menn einangraðir í fílabeinsturni og hefðu misst allt jarðsamband, hefðu ekki samband við fólkið. Þetta er mjög harður áfellisdómur um þingið. Og ég held að hann sé ekki maklegur. Hér eru margir einstaklingar, 60 talsins, og auðvitað misjafnir, eins og gengur og gerist þegar tekið er 60 manna úrtak. En ég leyfi mér að fullyrða að hvorki hugur þeirra manna sem hér starfa eða staða eða tengslaleysi við kjósendur er með þeim hætti sem hv. þm. Ellert B. Schram lýsti hér í gær og ég mótmæli þessum lýsingum hans. Ég tel þær rangar og ég tel það líka hættulegt og varhugavert að vinna markvisst að því að koma því inn hjá þjóðinni að hér á Alþingi sitji undirmálsmenn einir. Hér er ekkert betra fólk en gengur og gerist í íslensku mannfélagi. En það er heldur ekkert verra fólk hér en gengur og gerist.

Ég hef átt Alþingi að vinnustað undanfarin sex ár og ég get ekki annað en borið þeim einstaklingum, sem ég hef kynnst hér, vel söguna, sama hvar í flokki þeir hafa staðið. Það skiptir ekki máli í hinum mannlegu samskiptum þó að það virðist kannske, þegar menn tala úr þessum ræðustól, vera meginatriði máls hér á þinginu. En svo er ekki. Og ég fullyrði að samband þm. við kjósendur er með öðrum hætti en hv. þm. lýsti því. Hann hefur auðvitað fullan rétt til að halda fram sínum skoðunum eins og ég nú mínum skoðunum, en ég er honum algerlega ósammála. En það breytir ekki því að við getum verið persónulega jafngóðir kunningjar eftir sem áður. Það er með öllu óskylt mál.

Ég verð líka að segja, herra forseti, að það kom mér svolítið á óvart í gær, það hefur verið frá því greint í

fréttum, að þessi hv. þm. ásamt félögum sínum, sem stóðu að rekstri útvarpsstöðvar DV, hefur kært starfsmenn Ríkisútvarpsins fyrir að brjóta lög og bent á ákveðna grein hegningarlaga. Allt gott um það. Þeir hafa auðvitað þann rétt. En mér finnst heldur óviðkunnanlegt af hv. þm. sem einum ákæranda að gera það mál að sérstöku umtalsefni úr ræðustól á Alþingi. Mér finnst það heldur óviðkunnanlegt, en það hefur hver sinn smekk um það.

Ég ætla nú ekki, herra forseti, að lengja mál mitt öllu frekar, en það sem upp úr stendur í þessari deilu og af atburðum undanfarinna daga hygg ég að kristallist í þeim ummælum dr. Bjarna heitins Benediktssonar sem ég vitnaði til og lýkur með orðunum „innan ramma laganna". Ef við í þessu þjóðfélagi komum okkur ekki saman um að starfa og vinna innan ramma laganna erum við illa sett. Við skulum koma okkur saman um að breyta lögunum þegar við unum þeim ekki og gera það með réttum hætti.

Það er annað sem hefur kristallast líka þessa dagana og það er hvernig Sjálfstfl. hefur verið að breytast og hvernig frjálshyggjumennirnir yst á hægri jaðri stjórnmálanna hafa þar nú náð undirtökum, ýmsum hófsamari og reyndari stjórnmálamönnum í flokknum til mikillar hrellingar að því er mér virðist. Þarna hafa orðið vatnaskil í íslenskri pólitík og þetta hefur orðið til að þjappa launafólki enn þá þéttar saman í þeirri baráttu sem nú stendur yfir en sem vonandi þarf ekki að standa mjög lengi úr þessu vegna þess að við höfum ekki ráð á því sem þjóð að svo fari lengur fram sem nú er. Það er ekki aðeins að þessi deila við opinbera starfsmenn, verkfall þeirra, hafi lamað þjóðlífið. Sjávarútvegurinn er á vonarvöl og það eru erfiðleikar í hverju sjávarþorpinu á fætur öðru. Sveitarfélögin í sjávarþorpunum eiga í erfiðleikum vegna þess að útgerðarfélögin geta ekki staðið við skuldbindingar sínar af því að þau eiga í erfiðleikum. Þannig eru keðjuverkanir fljótar að koma í ljós í okkar litla þjóðfélagi. Mér sýnist að hugmyndir hæstv. fjmrh., eins og hann reifaði sínar hygmyndir hér í gær, séu ekki mjög vænlegar til að ná fram þeim sáttum sem þjóðin þarf í þessu máli. Þess vegna hvet ég hæstv. forsrh. til að taka forsjá málsins í sínar hendur, eftir því sem hann getur, og freista þess að ná fram friði og lausn málsins, m. a. með tilliti til þeirra hugmynda sem hann reifaði í sinni ræðu í gær.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Bandalag jafnaðarmanna lagði til á seinasta þingi að tekið yrði upp beint útvarp frá Alþingi. Það er hart að íslensk þjóð skuli ekki eiga þess kost að fylgjast með þessum umr. nú og þá kannske sérstaklega þeim umr. sem hér fóru fram í gærkvöldi. Hér er verið að ræða mikilvægari mál en nokkru sinni fyrr á stuttri ævi þessarar ríkisstj. Við ræðum hér um skýrslu forsrh. um launadeilur og kjaramál. Þessi skýrsla er tilkomin vegna mjög alvarlegs ástands sem nú ríkir með íslenskri þjóð. Hver er uppruni þessa ástands, þ. e. þessa verkfalls og yfirvofandi verkfalla jafnvel, sem við nú upplifum? Hvað er hér um að vera í raun og veru?

Íslenskt launafólk hefur einfaldlega krafist endurgreiðslna þeirra peninga sem stjórnin tók að láni af launum þess í fyrra. Og hver eru svör ráðamanna? „Það er ekki hægt. Við erum búnir að eyða þessum peningum." Þeir hafa ekkert skapað. Það hefur ekkert áunnist. Og það er helst á ráðamönnum að heyra að eina úrræðið þessa dagana sé jafnvel og lækka launin eina ferðina enn.

Landsmenn horfa nú með hryllingi á þann árangur sem sést eftir ríkisstj. að loknu 15 mánaða starfi. Þessi árangur birtist í því að mæld verðbólga er í fyrsta sinn í sögu þessarar þjóðar í langan tíma reyndar ekki nema 15%. En þrjú önnur atriði þessa árangurs verður líka að nefna. Þau eru þess eðlis að það er ekki hægt að horfa fram hjá þeim.

Viðskiptahallinn er tvisvar sinnum hærri en í fyrra. Þjóðin skuldar 2 af hverjum 3 kr. sem hún aflar og það er fullyrt að ekkert svigrúm sé til launahækkana. Síðan koma þeir forsrh. Steingrímur og Þorsteinn og segja að þennan árangur beri að varðveita. Hvaða árangur ætla þeir að varðveita? Halda Steingrímur og Þorsteinn að fólk sé svo bláeygt að það trúi því enn að ekki sé um aðra kosti í stöðunni að ræða en hag heimilanna í skiptum fyrir hag þjóðarbúsins? Halda þeir virkilega að fólk trúi því að þetta ástand sé óumflýjanlegt? Eru mennirnir virkilega að halda því fram að stjórnvöld séu nákvæmlega til einskis gagns? Á fólk að trúa því? Halda þeir að fólk sjái ekki orðið að þessi stjórn er ekkert öðruvísi en ríkisstjórnir fyrri ára, þótt hún sé verri? Hún er ekkert öðruvísi því hún gerir lítið og getur lítið. Hver er munurinn í hugum Steingríms og Þorsteins á íslenskri fjölskyldu og íslenskri þjóð? Hvaða þjóðarhag eru Þorsteinn og Steingrímur að vernda þegar stór hluti íslenskra fjölskyldna eru gjaldþrota? Hvað á að kalla það fólk sem stendur frammi fyrir gjaldþroti? Eru það ekki Íslendingar? Er það ekki íslensk þjóð? Bera ekki stjórnvöld ábyrgð á sínum gerðum? Bera ekki stjórnvöld ábyrgð á því að framfylgja þeim markmiðum sem þetta þjóðfélag hefur sett sér og starfað að frá tilkomu lýðveldisins?

Hlutskipti launþega í dag er ekki þeim að kenna. Það er ekki þeim að kenna heldur stjórnvöldum. Þjóðin hefur ekki setið aðgerðarlaus í 1½ ár, heldur stjórnvöld. Nei, þjóðin hefur ekki setið aðgerðarlaus. Aldrei hefur þessi þjóð þurft að leggja harðar að sér til að standa undir þeim kostnaði sem henni er gert að standa undir. Sá kostnaður sem hér um ræðir er í grófum dráttum þríþættur. Það er í fyrsta lagi dagleg neysla fjölskyldunnar, það er í öðru lagi fjárfesting fjölskyldunnar og það er í þriðja lagi opinber gjöld þessarar sömu fjölskyldu.

Venjuleg fjölskylda getur dregið úr daglegri neyslu sinni niður að vissu marki, það er rétt. En það er og hefur verið lengi að því stefnt hér á landi af öllum stjórnmálaflokkum að fólk eigi sitt húsnæði og því fær fólk ekki hjá því komist að fjárfesta í eigin húsnæði. M. ö. o ., það eru útgjöld sem ekki verða umflúin. En íslensk stjórnvöld hafa nú sem fyrr brugðist hlutverki sínu í þessum efnum, e. t. v. enn frekar en öðrum.

Það er æviverk að koma yfir sig þaki, en fólk á ekki að þurfa að fórna ævi sinni til þess. Nei, fólk á að hafa ævi sína fyrir sér til að sinna því verkefni með eðlilegri vinnu. Þetta þýðir á mannamáli að húsnæðislán eiga að vera há, löng og með lágum vöxtum. Einfaldur sannleikur. Ég nefni þetta hér í umr. um kjaramál vegna þess að það er sýnilegt að þótt laun fólks með 20—30 þús. kr. á mánuði yrðu hækkuð um 100% í dag, þá réði 4—5 manna fjölskylda ekki við þau lán sem hún þyrfti til húsbyggingar á þeim kjörum sem nú bjóðast. Ég bið

menn að minnast þess að 60% húsvirðisins verður þessi fjölskylda að taka að láni í bankakerfinu með verðtryggingu + 10—15% vöxtum. Vextirnir eru að vísu frádráttarbærir til skatts, en verðtryggingunni verður að vinna fyrir og þau laun eru skattlögð og þeirra launa verður að afla með síaukinni vinnu, þegar launin lækka en hækka ekki. Þetta fólk stendur ráðþrota í dag, því 30% meðaltalshækkun dugar því ekki. Það er því miður orðið þannig í dag að 15 þús. kr. laun eru ekki lág laun. Það eru engin laun. 25 þús. kr. laun eru lág laun.

1. þm. Suðurl., það er þessi sem hellir í glösin hjá Steingrími, segir: Engin lög vegna kjarasamninga. (**Gripið fram í:** Er hann ekki háttvirtur, 1. þm. Suðurl.?) (**Gripið fram í:** Það væri vel.) Þakka þér fyrir, herra varaforseti, háttvirtur. Gott og vel. Stjórnvöld eiga ekki að skipta sér af frjálsum samningum. En ófrjálst fólk gerir ekki frjálsa samninga nema að nafninu til. Stjórnin hefur með aðgerðarleysi sínu rænt íslenskt launafólk frelsi sínu. Það þýðir ekkert að segja að allir skuli eiga rétt á eigin húsnæði og taka síðan launin af fólkinu og gera ekkert til að laga aðstæður þess að breyttum launakjörum. Samningar um laun eru ómarktækir á meðan þessum málum er ekki komið í það horf sem þekkist í nágrannalöndum okkar og það strax.

Tekjusköttum var ætlað að jafna kjör fólks, þ. e. færa frá þeim sem betur mega sín til þeirra verst settu. Því miður er þessi skattlagning orðin að tákni misréttis í þessu landi. Lífskjör fólks eru í beinum tengslum við möguleika þess að komast hjá tekjuskatti. Þess vegna styðjum við hjá Bandalagi jafnaðarmanna afnám tekjuskatts. Og ég á við algert afnám. Menn skulu athuga að það launabil sem nú er að finna í kjarasamningum, þ. e. sá mikli munur á hæstu og lægstu launum, er ekki eingöngu til komið vegna mismunandi verðleika þess sem hæst er og lægst er launaður, heldur vegna þess að þetta mikla launabil hjálpar til að vega upp á móti áhrifum tekjuskattsinnheimtunnar. Tekjuskatturinn, sem notaður er til útjöfnunar, gerir það að verkum að útborguð laun að frádregnum gjöldum eru ekki eins mismunandi að upphæð eins og tölurnar í kjarasamningunum segja til um. Ef einhverjir skilja ekki hvað ég á við, þá á ég við það að maður sem hefur 80 þús. kr. í laun greiðir um 50 þús. kr. í skatt á mánuði, en maður sem hefur 20 þús. kr. í laun greiðir um 10 þús. kr. í skatt á mánuði. Munurinn á 20 og 80 þús. er 60 þús. en munurinn á 10 og 30 þús. er ekki nema 20 þús. Ef menn nú horfa á þetta sem peningastærðir en ekki sem prósentustærðir held ég að menn átti sig á því hvað ég er hér um að tala. Ég er að benda hér á það að afnám tekjuskatts, og þá á ég aftur við það sem ég sagði áðan, algert afnám tekjuskatts, kemur til með að hafa mjög mikil áhrif á launaþrep í samningum.

Eins og ég sagði áðan, þá mismunar tekjuskatturinn fólki vegna mismunandi möguleika þess til að komast hjá því að greiða hann. Og hann refsar fólki, t. d. því fólki sem verður að leggja á sig ómælda illa launaða vinnu til að standa undir verðtryggðri lánabyrði. Þetta er sérstaklega óréttlát refsing ef horft er til þess að meðferð verðtryggingarmála hér á landi eða verðtryggðra fjármuna er röng og ekki í samræmi við alþjóðlega venju. Ég kem að því síðar á þessu þingi.

Ég held að ég viti nokkurn veginn hvað sumir eru farnir að hugsa hér inni í þessum sal: Þarna er þeim rétt lýst, þessum stjórnarandstöðuþm. Það er ekki mikill vandi að ausa upp fjármunum og spreða þeim um allar trissur þegar maður er ekki í stjórn. Það er rétt, ég er ekki í stjórn. En ég er löggjafi og sem slíkur get ég reynt að nýta rétt minn til að segja þessari stjórn fyrir verkum. Það vill oft gleymast að það er ríkisstj. sem starfar í umboði þingsins en ekki öfugt. Sem vinnuveitendur ríkisstj. í stjórnarandstöðu munum við í Bandalagi jafnaðarmanna reyna til þrautar á þessu þingi hvort ekki megi stjórna þessu landi í þágu fólksins en ekki gegn því. Það eru til peningar í þessu landi og stjórnkerfi þessa lands er með þeim hætti að stjórnvöld ráða ferð þessara peninga að mjög miklu leyti. Þau ráða þeim gegnum fjárlög. Þau ráða þeim í gegnum lánsfjárlög, lánasjóði, Framkvæmdastofnun, Seðlabanka og ríkisbanka. Ríkisstj. ákveður ekki laun annarra en sinna starfsmanna. En ríkisstj. ræður gangi mikilla fjármuna og gangur þessara fjármuna ræður öllu á þessari stundu um það hvaða laun er hægt að greiða í þessu landi. Ef heilbrigt atvinnulíf skortir fjármagn til að ná þeirri verðmætasköpun að hún leyfi hærri laun, þá er það auðvitað rökleysa að flytja peningana frá launafólki til fyrirtækjanna, þ. e. ef markmiðið er það að greiða fólki hærri laun. Það leysir engin vandamál af því að vandamálið er að fólkið þarf hærri laun. En það eru ekki laun fólks í heilbrigðu atvinnulífi sem skapa glundroða í þessu þjóðfélagi.

Það er oft talað um neðanjarðarhagkerfi. Neðanjarðarhagkerfið er ólöglegt og það er ósiðlegt og það er tákn misréttis. En samt, svo undarlegt sem það má nú virðast, skapar það ekki glundroða í efnahagslegu tilliti. Það er stjórnkerfið sjálft sem skapar glundroða. Ríkisstj. ein ber ábyrgð á því að flytja fjármuni frá arðbæru atvinnulífi til óarðbærra fyrirtækja. Af því skapast glundroðinn í þessu þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að illt væri að íslensk þjóð fengi ekki að heyra þá umr. sem hér fer fram, en þó sérstaklega ræðu forsrh. og hv. 1. þm. Suðurl. Málefnaleg fátækt þessara háu herra nægði til þess að sýna fólki að þessi ríkisstj. er í raun og veru dauð. Hún hefur ekki lengur neitt til málanna að leggja. Hún getur ekkert gert lengur. Og hvers vegna? Það er einfaldlega vegna þess að hún þorir ekki.

Ég talaði áðan um aðgerðarleysi stjórnvalda. Ég talaði líka um ofstjórn stjórnvalda. Þessi hugtök eru í raun og veru andstæð. En samt sem áður eiga þau við hérna vegna þess að aðgerðarleysi stjórnvalda birtist einkum og sér í lagi í því að hún vill ekki og getur ekki látið af þeirri ofstjórn íslenskra efnahagsmála sem hér hefur ríkt um áratuga skeið og ríkir enn og kemur til með að ríkja enn á meðan þessir gömlu flokkar eru við völd.

Við Íslendingar settum markmið okkar á velferðarríkið í upphafi þessa lýðveldis. Þegar við töluðum um velferðarríki sáum við fyrir okkur heilbrigðisþjónustu, menntaþjónustu, þjónustu við aldraða og þjónustu við alla þá þegna þessa þjóðfélags sem minna mega sín. Við töldum að okkur bæri skylda til að sinna þessum þörfum og þessum markmiðum til þess að uppfylla það sem almennt eru kölluð mannréttindi. Nú þrífst orðið í þessu landi annars konar velferðarríki eða velferðarkerfi. Það er velferðarkerfi fyrirtækjanna, fyrirtækjanna sem ekki lengur fá þrifist öðruvísi en undir verndarvæng arnarins eða valsins eða fálkans eða hvað hann

nú heitir, þessi frægi fugl, og undir verndarvæng SÍS. Flokkarnir hafa tekið það á sig að bera ábyrgð á afkomu fyrirtækjanna. Gegn hæfilegu endurgjaldi í flokkslegri fylgispekt.

Það að hagsmunir stjórnmálaflokka tengist náið hagsmunum einhverra aðila í þjóðlífinu er ekkert vítavert í sjálfu sér. Við höfum hér inni á þingi t. d. einn slíkan flokk, sem gegnir mjög skýrum og tærum hagsmunum eins ákveðins hagsmunahóps í þjóðfélaginu, sem er Kvennalistinn. En hagsmunatengsl verða hættuleg, þau verða hættuleg lýðræðinu, sérstaklega í þingræðislandi, þegar hagsmunahringurinn lokast í framkvæmdavaldinu, þ. e. í ríkisstj. og löggjafinn verður að nokkurs konar afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdavaldið í samvinnu við hagsmunahópa. Þessir þrýstihópar þurfa ekki að vera nein stórkostleg voldug fyrirtæki úti í bæ. Þeir fyrirfinnast alls staðar. Það sem er aðalatriðið er það, að stjórnkerfið er mjög veikt fyrir þrýstingi utan frá ef sá þrýstingur kemur inn á réttum stöðum.

Ég ætla að minna á lítil lög sem fóru hér mjög hraðbyri í gegnum þing í fyrra með gífurlegum undirtektum nánast allra gömlu flokkanna. Ég minnist þess ekki að margir hafi sett sig upp á móti þeim allavega. Þetta voru lög um kjaradóm yfir opinberum starfsmönnum. Þannig var komið fyrir nokkrum gömlum embættismönnum ríkisins að þeir voru að komast á eftirlaun. Þeir vöknuðu þá allt í einu upp við þá skelfilegu hugsun að þeir mundu lækka líklega um það bil um 60% í launum, vegna þess að meira en helmingur þeirra launa sem þeir höfðu þegið frá ríkinu á starfsævi sinni hafði verið fenginn í ómældri eftirvinnu og risnu. Og eftirlaun taka ekki tillit til slíkra framhjágreiðslna. Þau taka bara tillit til þess launaflokks sem maðurinn var í þegar hann lauk starfi og hann fær að eftirlaunum ákveðinn hundraðshluta þess. Þessu máli varð að bjarga. Og þá var hlaupið til þess manns sem öllu bjargar þegar neyðin er stærst, þ. e. vinur litla mannsins, fjmrh., hins nýyfirlýsta andstæðings kerfisins. Hann hljóp af sér skóna fyrir kerfiskarlana til að koma þessum lögum hér í gegnum þing. Þá var ekki nein andstaða við kerfið á ferðinni.

Þegar svona er komið málum, þá gildir ekki lengur hin gullvæga regla að lög skuli ráða en ekki menn. Og nú er svo komið að þessi hagsmunatengsl sem hér er um að ræða, upp úr og niður úr, þvers og kruss, til hægri eða til vinstri, eru orðin svo lokað kerfi að stjórnmálaflokkarnir gömlu geta ekki lengur stjórnað. Því ætli þeir að reyna að stjórna, þá er barið á fingurna á þeim jafnóðum. Stjórnmálaflokkarnir taka þá þann kost sem vænstur er í þeirri stöðu, þ. e. gera lítið sem ekki neitt. Og síðan kalla þeir það atvinnuöryggi.

Ef núverandi stjórnarstefna væri línulega framlengd, þá er ekkert óralangt í það að mjög stór hluti launþega hér á landi ynni kauplaust til að halda niðri verðbólgu. Það er staðreynd að afkoma heimilanna er verri en hún var fyrir tveimur árum, en þá skömmuðumst við okkar fyrir að nefna íslenskar verðbólgutölur við nágranna okkar í austri eða vestri. Nú eru verðbólgutölurnar reyndar komnar í lag og við getum flíkað þeim hvar sem er. En nú skömmumst við okkar fyrir að nefna það upphátt utan landsteina okkar hvað fólk hefur hér í laun eða hvað það verður að greiða fyrir vöru og þjónustu. Á meðan stjórnvöld ráða ekki fram úr þeim vanda, á meðan stjórnvöld telja sér ekki fært að bjarga þeim málum í það horf að fólk búi hér við það sem kallast getur mannsæmandi kjör, þá hafa þau stjórnvöld ekkert að gera við stjórnvöl þessa lands.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það mætti segja mér að áður en langt um líður eigi ég erindi við hv. 3. þm. Reykv. ef hæstv. forseti vildi athuga um hann.

Hér erum við að ræða skýrslu ríkisstj. um kjaradeilurnar og eru þessar umr. vægast sagt um margt undarlegar, þar sem sumir hv. ræðumenn gera mál eins og útvarpsmálin að aðalumræðuefni sínu, þannig að ekkert annað kemst að í því sambandi. Auðvitað ætla ég ekki að gera lítið úr því, en þó sýnist mér nú ýmislegt annað brýnna sem menn þurfi að ræða og koma sér ásamt um.

Þessar umr. eru undarlegar að því leyti að stjórnarandstaðan hefur uppi tölur hér eins og þjóðin væri komin á vonarvöl, eins og ekkert biði hennar annað en örbirgð og öngþveiti, þessarar þjóðar sem á örskömmum tíma hefur unnið sig upp frá örbirgð til bjargálna einhverra þeirra bestu sem gerast og við þekkjum til, þegar jafnvel menn á miðjum aldri muna þá tíma þegar menn bjuggu við örbirgð, atvinnuleysi og örvæntingu. Og þeir sem harðast hafa uppi þennan bölmóðssöng eru þeir sem eru nýkomnir frá því að stjórna með þeim hætti sem sannanlega var að stefna okkur fram af brúninni — að áliti gömlu flokkanna flestra og nýju flokksbrotanna líka. Og það má mikið vera ef hv. þm. Stefán Benediktsson á ekki eftir að sanna og þreifa á að enn þöktir lífsandi í nösum núverandi stjórnar og mun gera lengi enn. — Já, ég heyri að hv. þm. hlakkar til.

Hver voru höfuðstefnumiðin og markmið allra þjóðmálaflokka fyrir síðustu alþingiskosningar? Á hvað lögðu þeir allir og flokksbrotin einnegin megináherslu? Að kveða niður verðbólguna. Að kveða niður verðbólguna var sameiginlegt áhugamál þeirra og höfuðmarkmið. Og ég held m. a. s. að Kvennalistinn hafi veitt því athygli að eitthvað var að í þeim málum. Þegar menn hafa uppi stórárásir sínar á núverandi ríkisstj. þá eiga þeir það til, eins og hv. 3. þm. Reykv., að gleyma þessu með öllu og minnast ekki einu orði á það. Var hann þó með í því og hans flokkur að birta neyðaráætlun í nóv. 1982 um hvernig mæta skyldi þeim háska sem verðbólgan hafði í för með sér. Rétt væri að rifja það upp í tómi hvernig sú neyðaráætlun hljóðaði. Skyldi hún hafa hljóðað upp á það að stórbæta kjör hinna lægst launuðu? Skyldi sú neyðaráætlun hafa þá borið nafn með rentu eftir að þessi flokkur hafði staðið að því að skerða laun almennings þrettán sinnum á valdaferli sínum. Þrettán sinnum, hv. 3. þm. Reykv. (**SvG:** Þrettán sinnum hvað?) Þrettán sinnum skerti hv. 3. þm. Reykv. og hafði forustu um að skerða kjör almennings á stjórnartíma fyrrverandi ríkisstj. Þrisvar sinnum 1979, fjórum sinnum 1980, tvisvar 1981, fjórum sinnum 1982, samtals um 50%. (**SvG:** Mogginn sagði alltaf fjórtán sinnum.) Ohagganlegar staðreyndir. Þetta stendur líka í grein, sem Haukur Helgason hugmyndafræðingur Alþb. skrifaði og birti opinberlega og hægt er að fletta upp á, svo að þetta er ekki allt tóm Moggalygi.

Hvers vegna var það æðsta mark og mið allra þjóðmálaflokka að reyna að vinna bug á verðbólgunni?

Af því sem það lá ljóst fyrir að ef kostnaðarverðbólgan hefði haldið áfram að æða áfram þá hefðum við beðið skipbrot, atvinnuvegir okkar. Þá hefðu atvinnuvegirnir stöðvast og allsherjaratvinnuleysi tekið við. Þetta voru allir menn sammála um þá. En nú er eins og menn taki ekki eftir því hvað áunnist hefur. Það var þó markmið sem bókað stendur. Ég man ekki hvort bókin var blá eða græn, sennilega hefur hún verið blá, þar sem markmiðin voru skrifuð niður 1980 í febrúarbyrjun, að verðbólgu skyldi náð niður á 8—10% á ári. Og hvernig endaði það? Hvernig skyldi það hafa endað? Ég þarf ekkert að rifja það upp fyrir hv. þm. Það voru fleiri markmið sem menn settu sér og enduðu öll í skötulíki og kem ég kannske að þeim síðar.

Umræðan hefur verið undarleg að því leyti sem menn hafa lagt hér í ræðum sínum megináherslu á málefni, sem auðvitað eru mikilvæg en ekki hin brennandi spursmál til úrlausnar í dag, eins og útvarpsmálin. Hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason setti á langa tölu bæði í nótt og í dag um þetta mál og er kannske ekki að undra þar sem málið snýr mjög að honum. Auðvitað er undir því mest að menn haldi lögin. Því ef menn sundur slíta lögunum þá slíta menn sundur friðinum og megum við þá ekki við það búa meira. En jafn mikilvægt er hitt, að allir séu jafnir fyrir lögunum, því að ef ekki þá er sundur slitið lögunum.

En hér eigum við ekki að setja á langar tölur um þetta, vegna þess að það er í annarra höndum að sjá um framkvæmd laganna, annarra höndum en framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Það er í höndum dómsvaldsins og ég kvíði öngvu um úrlausn þess valds. En eru menn jafnir fyrir þessum lögum? Er það til að mynda rétt og satt að þegar hv. 5. landsk. þm. fer að kynnum vestur á Hellissandi þá haldi Sandarar honum paról með sjónvarpi frá Ólsurum og hafi gert um langa hríð? Ég hafði ekkert áttað mig á því að þetta væri ólögleg starfsemi, til að mynda eins og viðgengst í Ólafsvík þar sem menn reka sjónvarp í lokuðu kerfi og með auglýsingum og hvað eina er mér sagt, í kjördæmi hv. þm. Tók hann kannske ekki eftir því að þessi ólöglega starfsemi var með höndum höfð, af því sem þetta er í Ólafsvík? Hvað veldur því að menn eru ekki jafnir fyrir lögunum? Hví hafði útvarpsráðsmaðurinn, hv. 5. landsk. þm., ekki tekið þetta mál fyrir á réttum stöðum? Og hefur þetta ekki viðgengist annars staðar og í stórum stíl og menn hafa rifjað þetta upp? Ég er ekki að mæla þessu bót. Ég er aðeins að vekja athygli á lífsspursmálinu að menn séu jafnir fyrir lögunum.

Og hvað um það ef tvær stöðvar hafa verið stöðvaðar með valdi í gær, þá segir bílstjórinn minn mér að það sé ein sem hafi hafið útsendingar. (**EG:** Hæstv. ráðh. hefur ekki heyrt ræðu mína alla hér áðan.) Nei, sem betur fer. En ég heyrði nóg. Ég heyrði nóg, hv. þm., af hneykslan þm. sem mér virðist hitta hann sjálfan fyrir ef þetta er rétt. (**EG:** Þetta er rangt.) Eru Ólsarar ekki með sjónvarp? (**EG:** Ég hef vikið að því hér á Alþingi og það er auðvitað jafnólöglegt eins og önnur starfsemi sem brýtur í bága við útvarpslög.) Akkúrat. En það hafa ekki verið settar á stórtölur um þetta. Og ég tala nú ekki um að menn hafa ekki notað tímann þegar betur hefur staðið á til að ræða þessi mál. Það kann að finnast einhver fótur fyrir þessu, ég er ekki að þræta á móti því. En þegar mönnum liggur hið mesta á að lægja öldurnar og leysa stór vandamál og háskamál þjóðfélagsins, þá er helsti tíminn til að ræða þetta. En eins og ég segi, þessu mæli ég ekki bót, en það er þetta mikilvæga að menn séu jafnir fyrir lögunum.

Og kem ég þá enn að þessu, sem mjög hefur verið haft á orði, um valdsvið kjaradeilunefndar. Ég get rifjað það upp að ég var einn af þeim sem beittu sér fyrir því að opinberir starfsmenn fengju þennan takmarkaða verkfallsrétt sem þeir hafa. Og ég verð að segja það að mér rann það mjög til rifja að í fyrsta skipti sem þau lög komu til framkvæmda skyldu þau fara úr hendi eins og raun var vitni um þá, þar sem þau voru þverbrotin þegar í stað. Ég var fylgismaður þess að opinberir starfsmenn fengju þessi mannréttindi, þótt þau væru mjög skert frá því sem hin almennu verkalýðsfélög hafa, og skert vitandi vits og það var forsenda laganna, enda hefði ég eigi að heldur fylgt þeim nema fyrir það að þau voru skert, réttindi þeirra, verkfallsréttindi þeirra voru skert með þeim hætti sem lögin bera með sér.

Ég held að við þurfum ekki að deila um valdsvið kjaradeilunefndar. Og ef menn gera svo þá skjóta þeir máli sínu til réttra dómstóla, því úrskurðarvaldið er til. En ég fyrir mitt leyti var í engum vafa um það að þegar í fyrstu atrennu voru þau þverbrotin, lögin um kjaradeilunefndina og valdsvið hennar. Ég var kannske að vona að þetta væru vaxtarverkir, byrjunarörðugleikar sem menn mundu yfirstíga. En reynslan núna virðist færa okkur heim sanninn um að svo er ekki. Kann þó enn að vera að Eyjólfur hressist.

Á hitt ber að líta að þetta eru dálítið sérkennileg átök, verkfalls- og vinnudeiluátök. Og ég held að menn þyrftu að íhuga þau alveg sérstaklega. Ég get skotið því hér inn í að mér rann líka til rifja hversu óvirðulega þeim til tókst, opinberum starfsmönnum um framkvæmd síns verkfalls. Mér dettur í hug hvort þeir hefðu ekki getað farið í smiðju til Dagsbrúnar til að mynda og fengið hana til þess að ráðleggja sér hvernig á að koma með festu og virðuleik fram í verkföllum. Og ég er að tala þetta í alvöru. Ef menn halda að ég sé að sveigja þarna með öðrum hætti að Dagsbrún, þá er það misskilningur. En þessi átök eru sérstaks eðlis. Og ég held að aðilinn öðrum megin þyrfti að setja sig í upphafi í þær stellingar að hann tapar öllum einstökum vopnaviðskiptum, ef menn skilja hvað ég á við. Hann hlýtur að tapa öllum einstökum áflogum sem verða í deilunni. Ef hann áttar sig ekki á þessu, þá er hætt við að ekki dragi til samninga. Þessu stríði lýkur ekki með neinum sigri annars hvors aðila. Því lýkur með vopnahléi sem menn gera við samningaborðið. Þannig er um þessi átök. Og að menn hafi skilning á þessari stöðu en verji ekki tímanum í að magna fyrir sér hver í einstaka atriði beri efra skjöld. Vinnuveitandinn, í þessu falli ríkisvaldið, þyrfti að æfa sig á því að hinn aðilinn hlýtur að bera hinn efra skjöld í einstökum átökum og vopnaviðskiptum. Og ef honum er það ljóst, þá veldur þetta ekki því hugarangri og æsingi sem það ella gerir. En verkfallsmenn bera hinn efra skjöld — með réttu eða röngu. Það getum við svo haldið áfram að ræða undan og eftir að þetta vald er tekið augljóslega að minni hyggju á stundum, nú af verkfallsnefnd BSRB, sem brot á lögum. Um þetta getum við þrætt og við skulum taka okkur tíma síðar til þess að athuga það. Nú liggur okkur á að menn setji sig í samningastellingar, því ef menn, eins og ég segi, eru alltaf í bardagahug, þá komast þeir

ekkert áfram.

Hér settu þeir báðir á tölur um það, hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson og hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson, að það væri verið að brjóta íslenska verkalýðshreyfingu á bak aftur, það hefði verið gerð tilraun til þess, og létu víst að því liggja að það mundi takast. Þetta sýnir auðvitað vanþekkingu þeirra á þessu mesta valdi sem til er í þjóðfélagi okkar, vanþekkingu, af því þessir menn hafa auðvitað helst aldrei migið í saltan sjó og verkalýðshreyfingin vill ekkert af þeim vita og þeir þekkja ekkert til þar um bekki. Svo koma þeir hér bara og standa á tánum og lýsa því yfir að nú sé að því komið að verkalýðshreyfingin verði lögð að velli. Verkalýðshreyfingin er og verður sterkasta valdið í þessu þjóðfélagi og ég vil ekkert það vald sem tekur við af því. Ef hún sýnir sig að kunna vel með það að fara og réttilega þá er það áreiðanlega best komið þar.

Annað mál er það að ef menn kunna sér ekki hóf, ef menn sækja um skör fram, eins og manni virðist á þessum dögum að menn gildri til, þá kann illa að fara. Það þolir ekki þetta blessaða litla þjóðfélag okkar, sterka þjóðfélag í veikleika sínum á þessum sviðum.

Eins og ég segi hafa menn enn sem komið er ekki sett sig í samningastellingar. Oft vill það verða svo að þetta þarf vissan meðgöngutíma. Ég ætla að vona að hann verði samt ekki 9 mánuðir. En þetta þarf vissan meðgöngutíma meðan menn ná vissum stellingum og átta sig á því að pólitískir spraðibassar og glamrarar hafa þar ekkert erindi sérstakt, og stilla svo strengina. Auðvitað þurfa áþreifingar verkmestu valdamanna að fara fram. Og það er mestur skaði ef það hefur ekki getað orðið enn þá. Þannig er það hjá þeim sem til þekkja í þessu, þeir vita að óformlegar viðræður manna sem þekkjast vel af hvorum aðila þurfa að eiga sér stað. Þeir þurfa að setjast niður og ræða vandlega saman, því að hagsmunir liggja saman þegar á allt er litið.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði að launþegasamtökin eru að stilla sig saman. Það er af því góða. Ég hef nefnilega ekki mjög mikla trú á að okkur takist að leysa þessi vandræði nema alþýðusamtökin komi öll til skjalanna. Og það er slysið í þessu sambandi að opinberir starfsmenn skyldu hraða sér svo í sókn sinni sem raun bar vitni um. Það er slysið að mönnum skyldi ekki takast að hindra það að út í ófæruna væri farið svo hratt, áður en launþegasamtökin voru búin að stilla sig saman. Það var meginmálið. Þau voru ekki búin að því. En nú heyrir maður fréttir um að það sé á góðum vegi. Og við það bind ég vonir, því að þar eru nýir menn vissulega komnir til skjalanna. Menn hafa lagt bareflin til hliðar og þeir ræða um hlutina og vita að hagsmunirnir fara saman, eins og ég segi. Eins og þessi mál eru nú erfið viðfangs þá leysast þau ekki nema að aðalafl verkalýðshreyfingarinnar komi þar til skjalanna, Verkamannasambandið og svo bakhjarl þess, Alþýðusambandið.

Hér var rifjað upp fyrir okkur ýmislegt það sem hv. 3. þm. Reykv. kallaði staðreyndir. M. a. tók ég það niður eftir honum að viðskiptahallinn nú væri tvöfalt meiri en þegar núverandi ríkisstj. tók við. Þó eru til óyggjandi tölur um það að þá var viðskiptahallinn 10% af þjóðarframleiðslu, en hann er áætlaður nú 4—5%. En þetta er eftir öðru í málflutningi hv. þm. Ég gæti rifjað upp margt í þessu sambandi eins og um viðskiptahallann og skuldasöfnunina erlendis. Hver var skuldastaða okkar erlendis þegar fyrrverandi ríkisstj. tók við? Það eru til óyggjandi tölur um þetta. 30% af þjóðarframleiðslunni var hún þá. En í hverju enduðu þeir? Það eru líka til óyggjandi tölur um það. Í 60% rúmum. Það er við þessa örðugleika sem við erum að etja. Við getum ekki haldið áfram að flytja inn erlent fjármagn til þess að halda uppi atvinnuvegunum hérna eins og gert var í tíð stjórnar hv. 3. þm. Reykv.

Ég þarf ekki að rekja og lýsa því sérstaklega sem við tókum við. En í tíð þessara herra hafði skattbyrðin aukist um 11 þúsund á hvert mannsbarn, 11 þúsund krónur eins og verðgildi peninganna var í júní í fyrra, á hvert einasta mannsbarn. Og mig minnir að það hafi verið í einum tíu liðum, í tekju- og eignarskatti, söluskatti, vörugjaldi o. s. frv. og svo bensínskattar, skattar á ferðalög o. s. frv., o. s. frv. sem of langt væri upp að telja. Við þessar ógnir erum við að glíma sem við tókum við eftir vitlausustu stjórn sem nokkurn tíma hefur ríkt í lýðfrjálsu landi. (ÓÞÞ: Er nú ekki skotið dálítið hátt?) Ég er viss um að honum mundi ekki þykja það ef hann kynnti sér málin.

Það var minnst á það í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að hér ríkti vaxtabrjálæði — vaxtabrjálæði, tók ég eftir. Má ég upplýsa að til eru óyggjandi tölur um það að verðbólgutap sparifjáreigenda, þjófnaðurinn sem viðgekkst á sparifjáreigendum nam 2340 millj. á árunum 1972—1980. Var það ekki hið eina og sanna vaxtabrjálæði þegar sparifjáreigendur voru leiknir með þeim hætti? Auðvitað eru vextir of háir núna og menn deila um með hvaða hætti eigi að ná þeim niður. Auðvitað þolir ekki húseigandinn, sem skuldar í íbúð sinni, slíka vaxtabyrði. Auðvitað verðum við að ná tökum á þessu og lagfæra það og lækka þá, stórlækka þá. Atvinnuveganna vegna líka.

Nei, ég þarf ekkert að fara yfir afrekaskrána. Í sambandi við samningana ætla ég aðeins að skjóta því hér inn í að hér sagði hv. málsvari Alþb. og formaður, hv. þm. Svavar Gestsson, að Alþingi ætti að taka málin í sínar hendur. Ég er í grundvallaratriðum andstæður því að Alþingi setji lög um lausn kjaradeilu. Að Alþingi taki málin í sínar hendur er ég andstæður í grundvallaratriðum. Það hefur frá upphafi verið fleinn í mínu holdi að nefna valdbeitingu til lausnar á slíku. Það er algjör fleinn í mínu holdi. Næstum því sama hvernig á stendur. Neyðarréttur er það og á aldrei að vera annað, neyðarréttur í ýtrustu neyð, vegna þess að það leiðir ekki til góðs, vegna þess að við getum ekki stjórnað landinu nema með samningum. Það er ekki það vald til og á ekki að vera sem gefur okkur færi á að stjórna og leysa málin með öðrum hætti. Þess vegna er það að ég verð ekki með í því að Alþingi taki samningamálin í sínar hendur, eins og það var svo faglega orðað.

Það var mjög knúið á um það við ríkisstjórnarmenn nú fyrir skemmstu að menn beittu bráðabirgðalagavopninu. Það hefði aldrei orðið með mínu samþykki. Það var gripið til þess út af slátrunum á Suðurlandi. Ég nenni ekkert að tala um það, en þeir munu slátra þar í gríð og erg og er það vel að þeir bjargi verðmætum landbúnaðarins. En um afrekaskrána ætla ég ekki að fara fleiri orðum, nema að við eigum kannske eftir í betra tómi, ég og hv. 5. þm. Austurl., að minnast ofurlítið á stóriðju. Ég vil gera grein fyrir þeim samningamálum á næstunni og ég mun þá kannske birta smá reikning á hendur Alþb. Fljótt á litið virðist mér hann þurfa að hljóða upp á 2500 millj. fyrir afrekin þeirra í

stóriðjumálunum á árunum 1978—1983. Það verður eitthvað um það bil. Þeir gera ekki annað á meðan þeir greiða þann reikning. (Gripið fram í.) Þú verður fyrstur sóttur sem ábyrgðarmaður á þessum víxli.

Hv. 3. þm. Reykv. brá sér til Jórdaníu. Ég legg nú til að við sendum hann til Albaníu og hann kynni sér málin þar. Þegar hann kemur til baka getur hann sagt okkur frá því hvernig opinberir starfsmenn þar framkvæma verkfall og hvernig verkalýðshreyfingin þar í landi semur um kaup sitt og kjör. (**SvG:** Viltu ekki segja okkur hvernig það er í Singapore?) Ég get komið að því síðar. Það gæti orðið fróðlegt að fá fréttir úr því dýrðarríki, þar sem hugsjónin hefur gengið fram alveg eftir ritúalinu allan tímann, hugsjón hv. þm. um þjóðskipulagið, að ég tali nú ekki um hv. 5. þm. Austurl., sem er eiðsvarinn í þeim hópi, hann gæti komið aftur og frætt okkur um það hvernig staðið er að verki í Albaníu. M. a. s. mistök Stalíns fengu ekki að ná inn fyrir landamærin þar. Svo vel hefur þetta verið rekið eftir hugsjóninni. Og þá mætti segja svona eins og skáldið gæti hafa sagt: Albanía, óskalandið, Ísland bíður þín. — Eitthvað í þessa átt.

Það sem okkur liggur lífið á nú er að sættast í deilunni sem nú stendur yfir. Sættir munu ekki nást nema með því að þeir sem verst eru settir fái verulegar úrbætur. Það er mín skoðun og mín trú. Og færi nú betur á því að verkalýðshreyfingin legði höfuðáherslu á það. En gerir hún það? Gerir hún það, hv. 7. þm. Reykv.? Beitir hún geiri sínum — ég veit að hann gerir það — en meginfylkingin, beitir hún geiri sínum fyrir hinn lægst launaða aðallega? Mér er nær að halda að svo sé ekki. Ég þekki aðstæðurnar og veit að hægra er um að tala en í að komast. En það þyrfti þó helst núna, þegar við eigum í þessum örðugleikum sem dæmin sanna, að reyna að ná fram einhverju sanngjörnu þeim til handa sem vissulega lepja dauðann úr skel. Ég kann engin ráð til þess. Ef sjálf verkalýðhreyfingin hefur ekki döngun í sér til þess að standa fyrir því og hafa um það forustu, þá kann ég ekki ráðin, vegna þess að ég verð ekki við beiðni um lagaþvinganir til þess að svo megi verða. Fyrir því á ég ekki ráðin.

Eins og ég hef rakið og blasir við mönnum, þá hefur það hið mikilvægasta af öllu tekist. Raunar má auðvitað segja að það mikilvægasta er að hjálpa þeim sem á bágt, en hið mikilvægasta hefur tekist í störfum ríkisstj.: að vinna þó bug á verðbólgudraugnum, en ella — ef það hefði ekki tekist — hefði allt annað verið unnið fyrir gýg og harðast bitnað á þeim sem minnst mátti sín. Hvað er orðið um kenningar Alþb. um það að verðbólga væri skipulögð af auðvaldinu til þess að berja á hinum eignaminni og eignalausu? Hvað er orðið um þá kenningu, sem er ein af örfáum sem stenst af þeim kenningum sem þeir hafa? Auðvitað veldur verðbólguástand röskun, auðvitað veldur það því að þeir sem halda um peninga geta makað krókinn en hinir verða undir. Hvað er orðið um þessa kenningu þessara manna sem ekki einu sinni hafa tekið eftir því að tekist hefur að vinna bug á höfuðvandamálinu. Ég vara menn sérstaklega við því, af því sem það getur haldið uppi vígahug einhverra manna sem til áhrifa eru sóttir, ef þeir halda að ríkisstj. sé að gefast upp við verkefni sín. Það er grundvallarmisskilningur. Okkur ber skylda til að ráða fram úr þeim vandamálum sem við blasa. Og þá skyldu munum við ekki yfirgefa. Þetta get ég alveg fullvissað ykkur um. Hvernig svo sem menn leggja út af yfirlýsingum einstakra manna, þá er enginn bilbugur á ríkisstj. að standa í ístaðinu. Ég er sannfærður um það að óðar í *bili mun birta af degi í þessum mikla vanda okkar.* Við erum að þeirra hyggju sem gerst þekkja dýpst í öldudalnum, þannig að við eigum von á því að rísa upp úr honum áður en líður. Til þess þarf þolinmæði auðvitað og á meðan verðum við að reyna að sjá til með þeim sem vissulega eiga örðugt. Ella kann illa að fara. En eins og mikið er í húfi að við ráðum fram úr þessum örðugleikum þá verður það auðvitað aldrei að núv. ríkisstj. hlaupist frá verkum sínum, aldrei. Kemur ekki til nokkurra mála. Og meginmarkmiðum sínum lætur hún ekki hrugga við, vegna þess að það er hægt að ráða bót á vandamálunum án þess.

Ég beið eftir því og bíð enn eftir því að stjórnarandstaðan leggi okkur lið af skynsamlegu viti, án upphrópana jafnvel um óskyldustu mál, en láti af þeirri iðju sinni að egna óbilgjarnan.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Ef mig ekki *misminnir* hrapallega ræðum við hér um skýrslu hæstv. forsrh. um ástand og horfur í ríkinu. Hæstv. iðnrh. minnti okkur á það. Honum þótti umræðan hafa drepist á dreif. En sem betur fer setti hann hana aftur á réttan kúrs með því að rifja upp afrekaskrá forvera sinna á valdastóli, eins og t. d. hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar, með því að minna okkur á stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og hv. 3. þm. Reykv. og minna okkur á arfinn sem hann tók við eftir ríkisstj. undir forsæti þeirra sjálfstæðismanna. Hann ræddi afrekaskrá og hann áréttaði eins og þeir stjórnarsinnar gera: Mikill er *nú sá munur hvað við, sem nú höfum tekið við,* höfum betrumbætt þennan árangur — náð betri árangri.

Ekki skal ég fullyrða neitt um það hvort sú sögufræga hofróða María Antoinette hefur notið slíkra ráðsnilli*nga*, hvort nokkur hefur flutt henni skýrslu um ástand og horfur í ríkinu u. þ. b. sem hróp Parísarlýðsins buldu á gluggum hofróðunnar og lýðurinn hrópaði um brauð og frelsi, brauð og frelsi. En sögufræg og eftirminnileg eru svör hennar og reyndar harla viðeigandi að rifja þau upp hér. Hofróðan spurði með forundran: Hvers vegna borðar fólkið ekki kökur?

Satt að segja hvarflaði stundum að mér þegar ég hlýddi á skýrslu hæstv. forsrh. og ræðu hæstv. aðstoðarforsrh., 1. þm. Suðurl., að þeim veitti ekki af sjálfum að fá skýrslu um ástand og horfur í ríkinu og þeim veitti ekki af að skynja ögn betur hvers vegna komið er í óefni í þessu landi, hvernig á því stendur að nú eru uppi tvær þjóðir í þessu ríki, önnur sem lifir í vellystingum pragtuglega og hin sem lepur dauðann úr skel, hvernig á því stendur að atvinnuvegir ríkisins eru að drabbast niður og hvernig á því stendur að þessar tvær þjóðir hafa nú sagt sig úr lögum hvor við aðra og berast á banaspjótum, hvers vegna þjóðfélagið er raunverulega að lamast, höktandi hér á einum strokki, ef svo mætti að orði komast. Og ráðþrota ríkisstj. vísar á afrekaskrá sína og skilur hvorki upp né niður í hvers vegna er komið sem komið er.

Ef menn vildu reyna að halda eitthvað utan um þessa umræðu, sem hér hefur farið fram, kemur mér helst í hug að varpa fram tveimur spurningum. Sú fyrri er: Hvers vegna er komið sem komið er? Og hin síðari er að sjálfsögðu: Hvað er til ráða? Hvað er hægt að gera til

þess að ráða bót á því ástandi sem ríkir?

Ef við víkjum aðeins að kenningum manna og hugmyndum um fyrri spurninguna, hvers vegna er svona komið, þá virðist mér að ein ástæðan fyrir því sé sú að við horfum hér og hlustum á sjálfumglaða ráðamenn. Má ég minna ykkur á að í skýrslu hæstv. forsrh. komst hann að orði eitthvað á þá leið að að sönnu hefðu þau markmið, sem núv. hæstv. ríkisstj. setti sér í upphafi, að mestu náðst, jafnvel náðst með slíkum glæsibrag að menn undruðust hvort myndin væri sönn. Hann sagði: Það eru algjör umskipti. Við höfum náð verðbólgunni niður, óðaverðbólgunni sem fór eldi um þetta þjóðfélag, úr 130% niður í viðráðanlegar stærðir, 10—20%. Þótt ég minni á að jafnvel þær tölur þykja ekki samkvæmishæfar í öðrum ríkjum. Við höfum náð þessum árangri, sagði hæstv. forsrh.

Er það satt? Er það rétt? Hafið þið náð þessum árangri? Ég held ekki. Ég held að það viti hvert einasta mannsbarn hér inni að það eruð ekki þið sem hafið náð þessum árangri. Þeir sem hafa náð þessum árangri eru hin þjóðin í landinu, sem trúði ykkur til dyggðugra verka, sem treysti á að þið meintuð það sem við sögðuð, að þið vilduð fara fram á það að hún fórnaði af lágum launum sínum, þriðjungi þessara launa, í trausti þess að þið fylgduð því eftir og stæðuð við ykkar hluta af samningnum. Hver var hann? Að framkvæma hér gagngerar þjóðfélagsbreytingar í kjölfarið á því griðaári sem ykkur var gefið til þess að ná eðlilegu jafnvægi, til þess að treysta rekstrargrundvöll atvinnuvega, til þess að geta boðið því fólki, sem fórnirnar færði, upp á bjartari tíð, upp á von um bætt lífskjör. Þið segið „Við höfum náð þessum árangri" og hreykist um. Og hæstv. iðnrh., meðan ég man, sagði að nú væri ekki tíminn fyrir spraðibassa og pólitíska gasprara að leggja til mála. Nei, nú ættu ábyrgir stjórnmálamenn að eiga hlut að málum, eins og hæstv. iðnrh. væntanlega.

Hann talar um afrekaskrá. Hver er afrekaskráin?

Þegar hæstv. forsrh. var að dást að árangri þeirra sagði hann: Við höfum haldið stöðugu gengi. Við höfum ekki hreyft það miklu meira en um 5%, eins og við sögðum í upphafi. Hann fór flott yfir það að reyndar var dulbúin gengislækkun, en það hét ekki gengislækkun. Það hét breyting á gengismælingarvog eða eitthvað þess háttar. En hvert er þetta afrek að halda stöðugu gengi? Halda menn virkilega að stjórnmálamenn ákveði gengi íslensku krónunnar með einhverjum viljayfirlýsingum? Það veit hver einasti maður á Íslandi, sem eitthvað fæst við viðskipti og rekstur, ég tala nú ekki um þá sem stunda sjávarútveg, að gengið á Íslandi er kolvitlaust skráð, að það er fallið um 20%. Og hvað þýðir það á mannamáli? Það þýðir að sjávarútvegurinn og útflutningsframleiðslugreinarnar á Íslandi, sem fá greitt fyrir sínar útflutningsafurðir í erlendum gjaldeyri, eru sviptar tekjum sínum sem svarar 20%. Og hvað þýðir það? Afleiðingin er sú að þessar sjávarútvegsgreinar, — sem hafði verið riðið á slig í tíð forveranna, í sjávarútvegsráðherratíð núv. hæstv. forsrh. — þessi sjávarútvegur, sem skuldar kannske 10 milljarða í erlendum gengistryggðum lánum, er skattlagður í þágu millilíða. Auðvitað getur þessi stjórn ekki breytt genginu vegna þess að þá mundu þeir endanlega ríða merinni á slig. En vitlaus gengisskráning þýðir að þau fyrirtæki í sjávarútvegi, sem eiga að halda uppi atvinnunni í landinu, fá ekki „réttar" tekjur til sinnar útflutningsgreinar. Þess vegna hafa þau enga getu til að greiða vinnandi fólki í undirstöðuatvinnuvegum eðlileg laun. Og til hvers leiðir það ella? Það þýðir að innflutningurinn til landsins er á vitlausu verði. Hann er á gjafaprís. Það innflutningsæði er fjármagnað hvernig? Með hóflausum, botnlausum erlendum lántökum. Hverjar eru þær? 3.5—4 milljarðar kr. sem er búið að spreða í erlendum viðbótarlánum í gegnum bankakerfið. Hverjir nota þessi lán? Til hverra eru þau notuð? Skyldi fólkið hjá BSRB, sem stóð á hljóðlátum og virðulegum útifundi, vera fólkið sem hefur eytt þessum peningum? Er það fólkið sem er að byggja villurnar í Stigahlíðinni? Er það Stigahlíðarþjóðin?

Við höfum náð árangri. Við höldum genginu föstu. — Þeir eru sokknir í sömu súpuna og fyrrv. hæstv. ríkisstj. sem gerði tilraun til að binda gengið fast á tímum þegar dollarinn var sterkur og hækkandi, þegar afli var í hámarki á næstmesta eða þriðja mesta aflaári Íslandssögunnar. Og hvað stóð sú tilraun lengi? Hún stóð í eitt ár. Með hvaða afleiðingum? Með þeim afleiðingum að sjávarútveginum var sökkt í þvílíkar skuldir að hann hefur ekki náð sér upp úr þeim enn. Hvers konar imbahagfræði er þetta, að það sé á valdi einhverra ráðherra að binda fast gengi án tillits til allra staðreynda efnahagslífsins um framboð og eftirspurn, um rekstrargrundvöll atvinnuvega, um kostnaðarhækkanir innanlands, um ríkisfjármál, um bankamál, um vexti? Hér er verið að endurtaka nákvæmlega sömu vitleysuna. En svo er hæstv. iðnrh. að ráðast á forvera sína og núverandi samstarfsmenn fyrir það hvernig þeir sukkuðu og keyrðu öllu á slig. Það dapurlega við örlög þessarar ríkisstj. er nákvæmlega það að nú er þessi ríkisstj. orðin alveg eins og hin og allar hinar. (**Gripið fram í:** Það var þó til landavog í ágúst. Það hét landavog.) Já, það er rétt.

Við höfum náð svo góðum árangri í ríkisfjármálum. Hver er árangurinn í ríkisfjármálum? Þetta þing sat yfir því allan s. l. vetur að það var ekki hægt að koma saman hallalausum fjárlögum. Þar var gat upp á 2 milljarða. Hvernig var því bjargað? Því var bjargað upp á gamla góða mátann, með því að slá erlend lán. Meira að segja voru slegin erlend lán fyrir barnsmeðlögunum.

Og hvert er svo ástand atvinnuveganna eftir þennan mikla árangur? Ástandi atvinnuveganna verður best lýst í hnotskurn í Vestmannaeyjum. Stærstu frystihúsin þrjú eru lokuð, taka ekki á móti fiski. Það er ekki tekið á móti fiski í öflugustu verstöð landsins og búið að standa svo vikum saman. Hvað gerist svo? Ef einhver kvóti er óveiddur, á þá að veiða hann? Jú, þá er skellt á verkfalli til þess að knýja bátana til þess að sigla ekki, heldur skulu þeir landa heima þrátt fyrir þá staðreynd að það er ekki tekið á móti fiski í Vestmannaeyjum. Síðan hvað? Verkfall opinberra starfsmanna, m. a. s. áfengisútsalan er lokuð. Síðan hvað? Flug, útvarp, sjónvarp. Vestmannaeyjar eru nánast lamaðar og lokaðar og einangraðar. Þetta er forsmekkur af því sem er að gerast hérna úti um alla strandlengjuna. Hvað er að gerast á Akranesi? Og hvað halda menn að gerist? Við tölum hér um verkfall opinberra starfsmanna. En hvað er að gerast í íslensku þjóðfélagi þegar svona er komið fyrir þeim atvinnuvegi sem allir menn hér inni vita að við lifum á? Hann er að hrynja. Svo koma hæstv. ráðh. hér, hver á fætur öðrum, og hreykja sér af árangrinum og eiga ekki nógu stór orð í hneykslan sinni til þess að

tala um forvera sína, fyrrv. samstarfsmenn. Ég spyr: Skilja menn, sem svo tala, yfirleitt nokkuð hvað er að í íslensku þjóðfélagi? Er nokkuð að? Er yfirleitt nokkuð að? Er ekki allt í fína lagi? Höfum við ekki náð góðum árangri? Árangurinn er sá að það er vitlaust gengi, hruninn sjávarútvegur, erlendar skuldir hafa stórvaxið, það er innflutningsæði, það er vaxandi viðskiptahalli. Þó voru gerðar „tímamótamarkandi ráðstafanir", eins og hv. 1. þm. Suðurl. kemst gjarnan að orði. Það voru tímamótamarkandi aðgerðir að taka upp jákvæða raunvexti á bilinu 10—17%. Það eru hæstu okurvextir sem þekkjast í heiminum. Sem hverjir eiga að bera með leyfi? Sjávarútvegur sem er að hruni kominn? Húsbyggjendur? Húsnæðislánakerfið var nú ekki burðugt í tíð hv. 3. þm. Reykv., en er endanlega lagt í rúst undir stjórn hæstv. félmrh. Alexanders Stefánssonar eins og síðar verða færðar sönnur á, ekki í þessari ræðu heldur undir öðrum dagskrárlið.

Ég var að spyrja einnar spurningar: Hvers vegna er komið sem komið er? Auðvitað vita allir ráðh. hér inni, auðvitað veit allur stjórnarþingmannaskarinn að ríkisstj., sem fékk stórkostlegt tækifæri upp í hendurnar, sem hlaut mikinn trúnað þjóðarinnar, fékk óskabyr vegna þess að allir vissu að það var komið út í þvílíkar ógöngur í tíð fyrrv. ríkisstj. að nú varð að brjóta í blað, nú urðu að verða umskipti. Og það sorglega er að nú stendur þessi ríkisstj., rúmu ári síðar, rúin trausti vegna þess að hver einasti maður, ráðherrar, þm., BSRB-fólkið, fólkið í verstöðvunum úti um allt Ísland, veit að því miður níddust þeir á þeim trúnaði sem þeim var sýndur. Þeir hafa brugðist. Það er alveg laukrétt sem hver þm. á fætur öðrum segir — þeir vita það líka í Vinnuveitendasambandinu manna best að þessi ríkisstj. er búin að vera. Menn hafa stundum orðað það svo um einn merkasta stjórnmálamann Íslands, einn hugmyndaríkasta og frjóasta stjórnmálamann í sögu þjóðarinnar á þessari öld, að hann hafi gengið áratugum saman á eftir sinni eigin pólitísku jarðarför. Hlutskipti þessarar ríkisstj. verður það sama vegna þess að þegar þessari deilu lýkur, þegar sættir hafa náðst, hvernig verður þá komið? Þá verða stjórnarherrarnir að sætta sig við það að þeir verða að skila aftur hluta af þeim launum sem af fólkinu voru tekin. Og hvað þýðir það? Munið þið talnaraðirnar sem hæstv. forsrh. þuldi í gær? Það þýðir að verðbólgan verður innan tíðar komin upp á sama stig og þegar þeir tóku við af því að þeir hafa ekki náð neinum árangri gegn verðbólgu. Fólkið hefur náð árangri gegn verðbólgu með því að afhenda launin sín. En þegar að því er komið að ráðh. hafa ekki staðið við sinn hluta, og þeir verða núna, úr því sem komið er, að skila aftur ránsfengnum, þá er árangurinn búinn vegna þess að þeir hafa ekkert gert. Þeir hafa ekkert gert í ríkisfjármálum. Þeir hafa klúðrað öllu sem heitir stjórn peningamála og vaxtamála. Þeir hafa gjörsamlega látið undir höfuð leggjast að skapa útflutningsatvinnuvegunum rekstrargrundvöll. Þeir hafa engum árangri náð. Svo einfalt er það.

Ég held ég þurfi ekki að staldra lengur við skýringar hæstv. forsrh. né heldur við skýringar hæstv. iðnrh. Þær standast ekki. Hvað um skýringar hæstv. fjmrh.? Hæstv. fjmrh. er að mörgu leyti ákaflega væntumþykjanlegur maður með stórt hjarta. Venjulega hefur hann einfaldar skýringar á öllum hlutum. Hans stóri blóraböggull og sá eini er venjulega: Kommúnistarnir, kommúnistarnir. Það eru kommúnistar í þessu. En nú er það ekki lengur. Nú er kominn upp nýr sökudólgur í þessu þjóðfélagi. Það eru kommúnistakennararnir. Það eru kennarakommúnistarnir sem valda öllum þessum ósköpum. Kennararnir eru hin nýja forréttindastétt á Íslandi. Það eru þeir sem hafa makað krókinn. Það eru þeir sem eru að efna til byltingar í þjóðfélaginu. — Jú og einhverjir kommúnistar vestur á fjörðum heimta grundvallarbreytingar á þjóðfélaginu, sjálfri þjóðfélagsgerðinni. Þeir eru byltingarsinnar. Ég verð að segja fyrir mig af því að ég var einu sinni ungur maður og kommúnisti, að mér rennur það yfirleitt til rifja þegar ég sé svokallaða kommúnista á Íslandi í dag. Það eru einhver íhaldssömustu dauðyfli og kerfiskallar sem uppi eru í þjóðfélaginu. Þeir hafa engu hlutverki að gegna í íslenskri pólitík öðru en að standa vörð um úrelt kerfi. Þeir hafa stjórnað Íslandi í átta ár og með hvaða árangri? Að hanga eins og hundar á roði við að verja spillt og rotið kerfi. Það eru þeirra ær og kýr. Það eru kommúnistarnir. En ég hélt að Albert Guðmundsson, hæstv. fjmrh., væri af allt öðru sauðahúsi. Ég hélt að hann væri uppreisnarmaður gegn bákninu. Ég hélt að hann væri á móti kerfinu. Menn tóku t. d. eftir því þegar hann var að ræða lögbrotin. Lögbrot? Ja, lögbrjótar. Það eru menn sem eru í uppreisn gegn kerfinu. Og ég hélt að hæstv. fjmrh. væri það, að hann væri róttækur maður sem vildi breytingar á kerfinu. Ég hélt að hann vildi skera niður ríkisbáknið. Ég hélt að hann vildi jafnvel leggja niður Seðlabankann eins og kommarnir á Vestfjörðum. Ég hélt að það væri fyrsta krafa hæstv. fjmrh. að leggja niður Seðlabankann, að minnka kerfið, auka hlut hins almenna einstaka borgara. En nú hefur þetta allt snúist við. Nú eru það væntanlega kommúnistakennararnir sem eru með róttækar kröfur um breytingar. En þarna situr hæstv. fjmrh., einkavinur hins litla manns og formanns Dagsbrúnar, hins stóra manns, og segir: Við verjum kerfið gegnum þykkt og þunnt. Verjum kerfið. Verjum Seðlabankann m. a. s.

Skýringar leiðtoga stjórnarandstöðunnar, sem stundum er kallaður, á ástandinu, hv. 3. þm. Reykv. Svavars Gestssonar, eru mér ekki að öllu leyti skiljanlegar. Ég skal taka það fram að ég met Svavar ákaflega mikils. Hann er einn málsnjallasti maður á þingi, ákaflega karlmannlegur og vaskur í allri framgöngu, og fylgir mikill sannfæringarkraftur orðum hans ef maður nær að skynja hver boðskapurinn er. Mér skildist helst á honum, ég fékk það helst út úr ræðu hans, að hann teldi að nú hefðu orðið umskipti til hins verra á Íslandi vegna þess að mennirnir sem tóku við af honum í fyrra séu verri menn en Svavar sjálfur og félagar. Allir vitum við að hv. þm. Svavar Gestsson er heiðursmaður. En séu þessir verri menn, hafa þeir þá eitthvað skemmt þann árangur sem hv. þm. Svavar Gestsson náði? Ég bara spyr. Er ekki erlend skuldasöfnun á líku róli og hún var? Er ekki fjármálaóstjórnin ósköp svipuð og hún var? Er ekki bankamálastjórnin ósköp svipuð og hún var? Er ekki viðskiptahallinn heldur minni en hann var, en þó á uppleið? Er ekki ástand atvinnugreina ósköp svipað og það var? 1982 var eitt besta ár í sjávarútveginum. Samt tókst félaga Gestssyni að koma sjávarútveginum á slig og þeim félögum. Undan hverju er hann að kvarta? Er þetta ekki ósköp svipað? Ætli þetta séu ekki bara bærilegir menn? Ætli þeir séu nokkuð verri menn?

Það var minn barnaskólalærdómur að mér finnst

þetta vera vondur marxismi. Menn ræða ekki pólitík út frá því hvort menn eru góðir eða vondir, jafnvel ekki heldur greindir eða vitlausir. Menn ræða pólitík út frá spurningunni um það hvernig á að gera hlutina. Og það er ágreiningur um leiðirnar. En mér sýnist hv. þm. Svavar Gestsson ekki hafa undan neinu að kvarta. Þetta er ósköp svipað og þegar hann skildi við. Ríkisstj. er ósköp svipuð og þær sem á undan hafa gengið.

Ég hafði gaman af því þegar skoðanabræður mínir í Bandalagi jafnaðarmanna settu fram sínar skýringar. Eins og allir menn vita, sem eitthvað hafa kynnt sér jafnaðarstefnu, er hún sá partur sannleikans í hugmyndafræðinni að jafnaðarmenn segja: Við erum lýðræðissinnar í öllum okkar athöfnum. Við tökum lýðræði sem okkar pólitísku aðferð. En síðan er það kjarni alls sósíaldemókratismus að segja: Frjálsar hreyfingar almennings, hið pólitíska lýðræði virkjað í fjöldahreyfingum, stjórnmálaflokkum, verkalýðshreyfingum, reynir umfram allt að ná tökum á ríkisvaldinu. Til hvers? Til þess að breyta tekjuskiptingunni almenningi í hag gegn ofurvaldi fjármagnsins. Um það snýst jafnaðarstefna.

Það hefur oft vafist fyrir mér að skilja hvernig á því stóð að það þurfti að stofna nýjan flokk jafnaðarmanna og jafnvel bandalag þeirra. En það er að renna upp fyrir mér að sennilega hefur verið á því bráð nauðsyn vegna þess að helsta kenning þessa flokks er sú að ríkisvaldið eigi alls ekkert að skipta sér af þessu þjóðfélagi, skilst mér. Ríkisvaldið á alls ekki að skipta sér af vinnumarkaðnum. Það eiga að vera frjálsir menn við frjálsa samninga við frjálst samningaborð.

Nú vill að vísu svo til að ríkisvaldið er í þessum sósíaldemókratísku þjóðfélögum vinnuveitandi eitthvað um 20 þúsunda manna og í beinum samningatengslum við þá. Ég skil því ekki almennilega hvernig hjá því verður komist að reyna að gera einhverja samninga við þessa starfsmenn. Kjarasamningarnir eru milli hæstv. fjmrh. og þessara 20 þúsunda. Ég sé heldur ekki annað en að það sé hlutverk ríkisvaldsins, þegar allt er komið í óefni eða samningar nást ekki eða þjóðfélagið er að lamast, að grípa inn í — helst með fyrirbyggjandi aðgerðum. Það er a. m. k. minn sósíaldemókratíski barnalærdómur.

Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Guðmundar Einarssonar að hann sagði að frjálshyggjupeyjarnir ungu, sem eru að taka völdin í Sjálfstfl., hefðu lesið það í útlendum bókum eftir köllum eins og Friedman og Hayek, að hið sósíaldemókratíska velferðarríki væri af hinu vonda vegna þess að það æli upp eymingja, losaði fólk undan ábyrgð á sjálfu sér og kæmi því á framfæri ríkisins, gerði það að ómögum, ónytjungum. Þá datt mér í hug að telja saman þáltill. sem liggja fyrir frá BJ núna á fyrsta degi þingsins. Mig minnir að þau hafi verið tólf ríkisfyrirtækin sem bandalagið leggur til í þáltill., í einni setningu, að verði lögð niður. Það eru Síldarverksmiðjur ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Ferðaskrifstofa ríkisins, Jarðboranir ríkisins, Framkvæmdastofnun ríkisins, Ríkismat sjávarafurða, Fiskifélag Íslands, skipulagsstjóraskrifstofa, aðild að Búnaðarfélagi Íslands, Húsnæðisstofnun, tæknideild, framkvæmdadeild Innkaupastofnunar, húsameistari ríkisins,Fasteignamat ríkisins. Hver er rökstuðningurinn fyrir því að leggja niður þessa ríkisforsjá? Hann kemur fram í grg. — Til hvers að vera að ala aumingja sér við brjóst sem ekkert gagn gera? Af hverju ekki að beina þessum peningum frekar að hagnýtari verkefnum og hugsanlega í höndum aðila sem hefðu hagsmuna að gæta sjálfir í því að reka þessa þjónustu betur? Hvað er frjálshyggja af útlendum bókum? Ég bara spyr.

Ég tek það fram að ég er ekki endilega ósammála þessu. Það getur vel verið að ég gæti orðið sammála þessum tillöguflutningi að ýmsu leyti. Hins vegar kann ég illa við að bera slíkt traust til dauðvona eða reyndar steindauðrar ríkisstj. að leggja fram þáltill. um það að hún, þ. e. hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, framkvæmi þetta. Nær væri að setja þetta í lög og taka fram hvernig maður vildi leysa málin í staðinn.

En punkturinn í málinu var þessi: Hver er boðskapur frjálshyggjudrengjanna sem lesa Friedman og Hayek? Hann er að ríkisvaldið á ekkert að skipta sér af kjarasamningum. Þeim mun minna ríkisvald þeim mun betra ríkisvald. Þetta er ekki ný hugmynd. Adam Smith var ekki sá fyrsti með hana og Hayek er ekki sá seinasti með hana. Stefán Benediktsson er heldur engan veginn sá seinasti sem hampar henni. En hvort þetta er jafnaðarstefna, það er ég ekkert viss um. Hún þarf ekki að vera verri fyrir það.

Sérkennilegasta kenningin sem fram hefur komið í þessum umr. er að sjálfsögðu sú sem aðstoðarforsrh., 1. þm. Suðurl., setti fram. Hún kom ekki nægilega skýrt fram við þessar umr. En hann setti hana fram í viðtali við Morgunblaðið með þeim hætti að það má til að komast í þingtíðindin. Hv. þm. var í þessu viðtali að ræða hið gagnmerka samkomulag stjórnarflokkanna, þ. e. um hinn nýja málefnasamning stjórnarflokkanna þegar þeir voru búnir að framkvæma hinn gamla. Þar segir hv. þm.:

„Ég er sannfærður um það, að auðnist okkur að viðhalda því verðbólgujafnvægi, sem náðst hefur, og þjóðin eyðileggur ekki þann árangur er hægt á grundvelli þess samkomulags að hefja þá sókn til bættra lífskjara sem við höfum lengi stefnt að.“ — Ég endurtek: viðhalda því verðbólgujafnvægi, sem náðst hefur, og þjóðin eyðileggur ekki þann árangur sem við höfum náð.

Það er greinilega mikill aðdáandi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem hér talar, enda stundum af mikilli ósanngirni kallaður blaðafulltrúi hennar. En það er tímamótamarkandi kenning þegar því er haldið fram að nái ríkisstj. árangri, en þjóðin vill eyðileggja þann árangur, eigi þjóðin að víkja. Ríkisstj. sem hefur náð árangri má að sjálfsögðu ekki víkja. Það er þjóðin sem á að segja af sér. Það ber að ályktа út frá þessu að skipta eigi um þjóð. Þjóðin verðskuldar ekki þessa ágætu ríkisstj.

Reyndar vil ég taka það fram að stjórnmálaritstjóri Morgunblaðsins, Styrmir Gunnarsson, sem greinilega er ekki í frjálshyggjuarminum, hefur í frægu Reykjavíkurbréfi látið það fram koma að hann er ekki alveg eins heitur aðdáandi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og formaður Sjálfstfl. Hann segir í þessu Reykjavíkurbréfi að haldi þessi ríkisstj. fram sem horfi muni ríkisstj. takast nákvæmlega þetta: Nefnilega að flæma úr landi hina ungu, hina snauðu og hina vonsviknu. M. ö. o.: ríkisstj. sé á góðri leið með að ná þeim tímamótamarkandi árangri að skipta um þjóð.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessar kenningar, þessar skýringar á því að komið er sem komið er. Ég held að það þurfi út af fyrir sig ekkert að vefjast fyrir

mönnum. Það má kannske kvarta eitthvað undan því að þessi umræða hafi drepist á dreif. Engu að síður er hún fróðleg. Hún fer fram við þau skilyrði að ríkisstj., sem miklar vonir voru bundnar við, fékk gott brautargengi í upphafi, hefur brugðist, því miður.

Þá spyr ég annarrar spurningar: Hvað á að gera? Hvað á að gera úr því sem komið er? Þar er ein grundvallarstaðreynd sem menn verða að skilja. Hún er sú að það eru tvær þjóðir í þessu landi, úr því sem komið er. Önnur þjóðin vinnur einhvern lengsta vinnudag sem unninn er í Evrópu við einhverju lægsta kaupi sem greitt er í Evrópu, en býr við eitthvert hæsta verðlag sem þekkist í Evrópu. Þessi þjóð hefur fært miklar fórnir. Hún hefur afsalað sér þriðjungi af launanum sínum í trausti þess að hún sjái fram á betri tíð. Þessi þjóð hefur verið svikin. Þessi þjóð náði árangri, ekki ríkisstj.

En ég segi: Það er til önnur þjóð í þessu landi. Sú þjóð hefur engar fórnir fært. Hún skammtar sér sín eigin lífskjör. Hún greiðir ekki sinn hlut í sameiginlegum kostnaði landsmanna við að halda uppi íslensku þjóðfélagi. Það er þessi þjóð, hin þjóðin, sem nú er búin að tæma bankana með innflutningsæði sem hún fjármagnaði að stórum hluta með erlendum lánum. Það er þessi þjóð sem ætlar að fara að byggja í Stigahlíðinni. Hin þjóðin er mestan part á götunni. Það eru þessar tvær þjóðir sem nú hafa sagt sig úr lögum hvor við aðra. Og ég spyr: Hvor þjóðin hefur náð meiri árangri? Hvor þjóðin hefur náð árangri gegn verðbólgunni? Og hvað hefur sú þjóðin, sem fórnirnar hefur fært, til saka unnið við þessa ríkisstj. annað en það að hafa e. t. v. kosið hana yfir sig?

Í raun og veru á að snúa þessari spurningu við og spyrja: Hvernig stendur á því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur eyðilagt árangur þjóðarinnar? Og mitt svar við því er ákaflega einfalt. Mín skýring á því hvers vegna þetta hefur mistekist er ákaflega einföld. Hún er þessi: Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur nú tapað allri stjórn á atburðarásinni vegna þess að hún hefur misboðið réttlætiskennd þessarar þjóðar.

Og hvað á þá að gera? Hv. 6. þm. Reykv. Ellert Schram sagði, um leið og hann lýsti því að fátt hefði breyst á Alþingi frá því hann sat hér fyrr, að hann hefði ekki orðið þess var að stjórnarandstaðan hefði neitt jákvætt fram að færa í þessum málum. Ég man ekki betur en þau orð kæmu líka fram af munni hæstv. iðnrh. Sorgleg staðreynd ef satt væri. Sennilega má kvarta undan því að í þessum umr. hafi jákvæður tónn, þ. e. viðleitni til þess að skýra sín eigin úrræði, ekki komist nægilega vel til skila.

Fyrsta atriðið, sem ég vil reyna að leggja áherslu á, er það að hin þjóðin hefur verið hlunnfarin í samskiptum við ríkisstj. Hún er ekki fyrst og fremst að heimta prósentur. Hún er að krefjast réttlætis. Ef það á að fullnægja réttlætinu þýðir það á einföldu mannamáli að færa verður til fjármuni í þessu þjóðfélagi. Það verður að færa til fjármuni frá þeim sem hafa makað krókinn í tíð þessarar ríkisstj. og reyndar lengi áður til þeirra sem búa við óviðunandi lífskjör og hafa þegar lagt á sig byrðar sem eru þyngri en þeir einir fá borið. Það er laukrétt, þegar menn tala um þjóðarsátt, að við höfum því aðeins frið að við höfum ein lög — „frið með frelsi", segja sjálfstæðismenn stundum þegar þeir eru að ræða utanríkispólitík, „frið með réttlæti", skulum við segja, þegar við ræðum okkar eigin málefni.

Af hverju setja opinberir starfsmenn fram kröfu um 30% kauphækkun? Aðspurðir svara þeir: Það er það sem af okkur var tekið, 30%. Nú vita allir menn, líka allir opinberir starfsmenn, að þótt þeir fengju 30% kauphækkun í krónutölu á morgun, þótt hæstv. forsrh. vildi nú af gæsku sinni — hann er ákaflega bóngóður maður eins og allir menn vita — knýja það fram í gegnum ríkisstj. að gengið verði að óskum þeirra og uppfylltar kröfur þeirra, skilað aftur 30 prósentunum, þá vita það allir menn af sárri reynslu margra áratuga að þessi 30% yrðu horfin viku seinna. M. ö. o.: Þó að krafan sé sett fram, vegna þess að hún er réttur reikningur, þá fæst sá reikningur ekki greiddur í ósvikinni mynt. M. a. var hæstv. iðnrh. að tala um að hann ætlaði að framvísa þeim Alþb.-mönnum reikningi upp á 2.5 milljarða fyrir aðgerðaleysi í raforkumálum. Reikningurinn sem BSRB er nú að framvísa er akkúrat 30%. Það var það sem af þeim var tekið. En þeir vita að þeir munu ekki fá það. Ef þeir fengju það fengju þeir það í svikinni mynt. Þeir fengju það í verðþynntum gjaldmiðli vegna þess að í kjölfarið kæmi að sjálfsögðu gengislækkun.

Þá er spurning númer tvö: Hvernig stendur á því, fyrst ríkisstj. segir: Ja, þið megið ekki hafa þetta svona mikið í krónutölu, það er svikin mynt, að hún leggur ekki fram aðrar tillögur? Verkalýðshreyfing getur ekki gert annað en sagt: Hér eru okkar kröfur. Ef ekkert er við okkur talað förum við í verkfall. — En það er stjórnvalda að gera eitthvað í tæka tíð, vegna þess að það eru engin ráð til nema til þeirra sé gripið í tæka tíð, að fyrirbyggja að til slíks ástands komi, með því að leggja á borðið sín svör við því hvað þau eru reiðubúin að gera í staðinn. Auðvitað er það grundvallarstaðreynd í þessum umræðum, sem fram kom held ég skýrast í máli hv. þm. Guðmundar Einarssonar, að ríkisstj. er að setjast að samningaborði viku eftir að verkfall er hafið, og segir hvað? Hún er með almennt skattalækkunarsnakk. Ég veit ekki betur en að það hafi verið samþykkt á seinasta þingi, að frumkvæði Alþfl.-manna og sjálfstæðismanna, tillaga um skattalækkun, tekjuskattslækkun í þremur áföngum. Ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. hljóti að vera búinn að láta vinna þá vinnu í smáatriðum vegna þess að hann lagði í gær fram fjárlagafrv. þar sem er ráð fyrir því gert að tekjuskattar séu lækkaðir um 600 millj. Ef menn ætla að bjóða meira, stærri áfanga, við skulum segja 1100 millj. eins og nefnt var í gær af hæstv. forsrh., að tekjur manna verði tekjuskattsfrjálsar kannske yfir 30 þús. kr. á mánuði, hvernig stendur þá á því að sú vinna er ekki unnin? Hvernig stendur þá á því að ríkisvaldið mætir til samninga og er með almennt snakk og minnisblöð? Ef það er einbeittur vilji ríkisstj. að leysa deiluna með þessum hætti, með því að draga úr peningalaunahækkunum, þá er auðvitað fyrsta skylda hennar að leggja á borðið tillögur: Hvernig viljum við leysa ykkar mál ella? Ætlum við að gera það í skattalækkunum? Þá nákvæmlega hvernig, til hvaða hópa? Hvað verður skattbyrðin miklu minni fyrir vikið? Á það að vera að hluta til í útsvörum? Ætlar ríkisstj. að afnema vísitölubindingar í sambandi við lánskjör? Og hvað með vextina?

Þetta er nú orðinn slíkur brandari, öll þessi vaxtaum-

ræða, að það tekur engu tali. Munið þið, sem hér eruð staddir, eftir fyrirlitningu talsmanna Framsfl., talsmanna Alþb. á því sem þeir kölluðu hávaxtastefnu kratanna, þegar við vorum að berjast fyrir þeirri einu efnahagslegu umbót, sem kom fram á vitlausa áratugnum, sem var að verðtryggja sparifé, þegar ástandið var þannig að vextir voru neikvæðir, raunvextir voru neikvæðir um þetta 17—20% og bankastofnanir íslensku þjóðarinnar stunduðu aðallega bankarán? Það fór fram bankarán á degi hverjum. Það er alveg laukrétt sem iðnrh. sagði. Það var milljörðum króna stolið af fátæku fólki á Íslandi, öldruðu fólki, og það fært yfir til eignaaukningar í sjóði atvinnurekenda. Við höfðum kjark til þess að berjast fyrir breytingum á þessu. Og eins og venjulega þegar Alþfl. leggur fram í tæka tíð skynsamlegar tillögur, hvort sem það er í landbúnaðarmálum eða í sjávarútvegsmálum eða í vaxtamálum eða í efnahagsmálum almennt, þá getum við gert okkur vonir um það að hinir taki við eftir 20 ár. (**EKJ:** Eitt frammíkall?) Jú: (**EKJ:** Var það í tæka tíð þegar það var lögbundið á þriðja ár að vextir skyldu ekki ná verðbólgunni og þar með kýlt áfram með hækkandi vöxtum, sem voru komnir áður en ...?)

Þessi aths. er að því leyti gild að það var ekki í tæka tíð. Þó að við höfum hafið þessa baráttu árið 1976 komst hún ekki í framkvæmd fyrr en árið 1979 og þá ekki nema að hluta til í framkvæmd. Og það skal fúslega játað að vaxtaaðgerðir einar sér, það að hafa raunvexti, hóflega raunvexti, eru ekki nóg til þess að ráða niðurlögum verðbólgu. Enda, þegar við fengum ekki framgengt öðrum ráðum, lögðum við það mikið undir að við sögðum okkur úr ríkisstj. frekar en bera ábyrgð á þeim ósóma. Og mættu fleiri taka sér það til fyrirmyndar.

Núna eru þessir hinu sömu menn, andstæðingar hávaxtanna, að bjóða þjóðinni og atvinnuvegum upp á þvílíka okurvexti að jafnvel Reagan mundi blygðast sín fyrir. Ég spyr: Er það rétt eða er það rangt að innan ríkisstj. sé algjör ágreiningur í þessu máli? Ég vildi gjarnan fá það t. d. upplýst hvort 1. þm. Suðurl. og formaður Sjálfstfl. hafi sett hnefann í borðið og sagt: Lækkun vaxta er ekki til samninga? Ég spyr að gefnu tilefni. Ég spyr af því tilefni að hæstv. forsrh. og aðrir framsóknarmenn hafa — má ég vitna í hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson — talað um vaxtaslys. Aðrir hafa talað um okurvexti og að vexti þurfi að lækka. Þetta er ekkert smámál. Það kom fram í umr. hér í gær, mig minnir í máli hv. þm. Guðmundar Einarssonar, hvað vaxtahækkunin í húsnæðismálunum þýddi fyrir lífeyrissjóðslántaka í sambandi við húsnæðismálin. Tugi þúsunda króna á ári. Þetta er ekkert smámál.

Ég segi: Það er áreiðanlegt að ef ríkisstj. leggur spilin á borðið og skilgreinir hvað það er sem hún raunverulega er að bjóða í formi lækkunar tekjuskatts, hversu stóran áfanga og hvernig framkvæmdan, það er alveg áreiðanlegt að ef hún leggur það á borðið að hún ætli að beita sér fyrir lækkun útsvars neðan frá, klippa neðan af útsvarinu og lækka útsvarsbyrðina, ef hún ætlar að leggja á borðið svör sín við því sem heitir lækkun vaxta, að þá verður það metið til lækkunar á prósentuhækkun launa. Og það er eina leiðin sem fær er í því efni. Það þýðir ekkert að álasa verkalýðshreyfingu eða launþegasamtökum fyrir að setja fram háar kröfur. Það er þeirra mál. Það er okkar hérna að taka ákvarðanir um vexti, skatta o. s. frv. Ég veit ekki hvaðan Magnús Gunnarsson hefur umboð til þess, hver hefur kosið hann til þess að bjóða slíkt fram. Þess vegna er svarið mjög einfalt: Ríkisstj. á að leggja fram núna strax sínar tillögur í þessum málum. Og ég geri ráð fyrir að það þurfi ekki að setja á mjög langar tölur í því efni. Það var samstaða um þá leið í þinginu í fyrra að lækka verulega tekjuskattinn. Ekki vegna þess að tekjuskatturinn sé fræðilega séð ónýtt tæki, heldur vegna þess að það er búið að gera hann að ónýtu tæki vegna þess að þetta er að stórum hluta að verða skattsvikaraþjóðfélag. — Talandi um lögbrot: Hér eru ráðh. í hverjum stól sem eru auðvitað yfirhylmendur lögbrota. Það er milljörðum króna stolið undan skatti á Íslandi. Hver er ábyrgur fyrir því að réttum lögum? Hæstv. fjmrh. Mér þótti það ansi hörð kenning hjá flokksbróður mínum og félaga Eiði Guðnasyni þegar hann sagði: Ég tala ekki við lögbrjóta. Ég gæti varla gengið Austurstræti ef ég ætti að lifa eftir þeirri kenningu.

Á ég ekki að tala við hæstv. ráðh. félagsmála, Alexander Stefánsson? Hann fékk hér samþykkt lánsfjárlög sem hafa lagagildi um fjármuni í húsnæðismálakerfið. Það áttu að vera 525 millj. kr. frá lífeyrissjóðum í húsnæðislánakerfið. Vitið þið hvað það er mikið nettó? Húsnæðislánakerfið hefur borgað út til lífeyrissjóðanna 247 millj. Það eru 4 millj. nettó. Það er lögbrot upp á hálfan milljarð. Á ég ekki að tala við Alexander Stefánsson, hæstv. ráðh.? Þetta er hörð kenning. (**Gripið fram í:** Þú gætir litið í spegil, er það ekki?) Já, talandi um hundamál eða var það ekki? Sei, sei já.

Það hefur verið um það rætt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í þessum umræðum hafi látið undir höfuð leggjast að leggja fram sín úrræði. Ég vil ekki una þeirri fullyrðingu. Ég vil fara nokkrum orðum um hvað ég tel að eigi að gera. Ég er búinn að segja, í fyrsta lagi, hvað þarf að gera til að leysa þessa deilu að því er varðar svör ríkisstj. gagnvart kjarasamningum. En það er engan veginn nóg. Ég sagði: Þetta mál snýst um þjóðfélagslegt réttlæti. Og það þarf miklu meira til. Það er ekki hægt að reka íslenskt þjóðfélag með sjávarútveginn hruninn. Það vita allir menn.

Í tilefni af orðum hæstv. sjútvrh. í gær vil ég fara um það örfáum orðum. Þegar hæstv. ráðh. tekur til máls segir hann: Við höfum orðið fyrir geysilegum ytri áföllum í sjávarútveginum. Það er aflabrestur, það er verðfall, það er háskaástand fiskistofna. Þess vegna höfum við orðið að skerða okkar hlut í aflamagninu. Og þegar saman fer minnkandi afli og versnandi viðskiptakjör er fátt til ráða. Ég vefengi að þetta sé alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Má ég nefna hér tölur um heildarafla á Íslandi það sem af er ári árið 1984, frá janúar til ágúst. Það eru 883 905 tonn. Viðmiðunartala fyrir sama tímabil árið 1983 var 494 þúsund tonn. M. ö. o.: heildaraflamagn það sem af er þessu ári er miklum mun meira en það var á sama tíma s. l. ár. (**Sjútvrh.:** En snarbreytt aflasamsetning.) Já, já, aflasamsetning. En ég vil taka það fram að að því er varðar aðrar botnfiskveiðar hafa þær skilað góðum árangri miðað við fyrra ár. Að því er varðar loðnuveiðar (**Iðnrh.:** Miðað við fyrri ár, sagði ræðumaður. 1981 líka?) Nei, ég er að tala um samanburðinn frá árinu 1983. Það sem hefur gerst á þessu ári þrátt fyrir allt er það að rækjuveiðar hafa stóraukist. Mér er kunnugt um erfiðleika á rækju-

mörkuðum. Það breytir ekki því að hér hefur orðið um gífurlega aukna verðmætasköpun að ræða. Góðar horfur eru á því, vonandi, að loðnuveiði verði í ár.

Ég vil aðeins ítreka það, að því er varðar þorsk, að kvótinn er upp á 255 þús. tonn af þorski. Á tímabilinu frá janúar til ágúst var búið að veiða 209 þús. tonn af þorski. Það vantar 40 þús. tonn upp á það að ná kvóta. Ég bendi á það að í fyrra á sama tíma, það sem eftir lifði árs, náðust 48 þús. tonn. M. ö. o. ég tel það alveg liggja ljóst fyrir að heildaraflamagnið er miklum mun meira en það var í fyrra. Það væri með ólíkindum að þorskveiðar verði minni en þær voru á síðasta ári.

Vandamálið í sjávarútvegi, jafnvel þótt aflabrögðin væru enn þá betri en þessi, sem ég er nú að lýsa, væru engu að síður hrikaleg. Ég nefni eitt dæmi:

1982 var gósentíð. Það var uppgripaár. Engu að síður var sjávarútvegurinn það ár í lamasessi. Það var hallarekstur sem síðan hefur haldið áfram að hlaða utan á sig. Ég spyr: Hver eru grundvallarvandamálin í sjávarútveginum sem við er að fást? Mitt svar við því er að það er tvennt: Þessi ríkisstj., og það var kannske hennar banabiti, hefur ekki brugðist við grunnvandamálinu í sjávarútveginum, sem er frá tíð hæstv. fyrrv. sjútvrh., sem er allt of stór fiskiskipafloti og þær drápsklyfjar erlendra gengistryggðra skulda sem á þessum skipum hvíla. Þessar skuldir eru fallnar á þjóðina. Það verða menn að gera sér ljóst. Ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur hér inni haldi því fram að þau fyrirtæki, sem skulda þessar fjárhæðir fái undir þeim risið.

Hitt vandamálið er að það er vitlaust gengi á Íslandi. Sjávarútvegurinn getur ekki unað því að vera skattlagður á um 20% vitlausu gengi. Ef hann er það til frambúðar þýðir það að verið er að dæma grundvallaratvinnuveg okkar til þess að vera láglaunaatvinnuvegur sem getur ekki borgað vinnandi fólki mannsæmandi laun. Og það gengur ekki til lengdar.

Það eru þessi tvö vandamál sem verður að ráðast til atlögu við. Ég segi þess vegna númer eitt: Gjörgæslufyrirtækin í sjávarútveginum, sem þegar er búið að kollsigla, sem þegar er svo komið fyrir að þau eiga ekki fyrir skuldum, verður að gera upp. Það verður að framkvæma eigendaskipti þar. Það verður að nota tækifærið um leið til þess að minnka flotann og fá hluta af þessum skipum önnur verkefni.

Þá spyrja menn: Ertu að mæla með atvinnuleysi? Svar mitt við því er: Horfið þið á staðina allt í kringum landið. Ætlið þið að halda því fram að það sé ekki atvinnuleysi á vissum stöðum? Og ætlið þið að treysta því að það atvinnuleysi verði ekki ef sjávarútvegurinn í heild er látinn drabbast niður við þessi skilyrði? Ég segi: Það getur vel verið að meðan þessi eigendaskipti fara fram verði tímabundið og staðbundið atvinnuleysi sem þjóðfélagið verður þá að taka á sig að reyna að leysa. En það verður tímabundið. Það verður þá bundið þeirri von að fótunum verði komið undir þessi fyrirtæki aftur í höndum annarra aðila. En þetta gengur ekki.

Síðan segi ég: Í framhaldi af slíkum grunnaðgerðum þarf að gera ráðstafanir, að frumkvæði ríkisins, til að létta skattbyrði launþega. Við erum búin að ræða það. Það þarf að uppræta skattsvik forréttindahópa. Það eru til ráð til þess sem ekki hafa verið notuð. Það þarf að stuðla að lækkun verðlags. Það eru til ráð til þess sem ekki hafa verið notuð. Og það þarf að lækka skuldabyrði bæði atvinnulífs og húsbyggjenda.

Ég ætla ekki að lengja þessa ræðu með því að telja það upp í smáatriðum hvernig vinna skal að þessum úrræðum. Það er óþarfi. Ég get sparað mér það vegna þess að ég get afhent hæstv. ríkisstj. það hérna skriflega. En ég vil ekki sitja undir því að stjórnarandstaðan hafi ekkert til málanna að leggja, svari ekki þeim spurningum sem til hennar er beint um það hvað eigi að gera. Það er vægast sagt ekki nema sjálfsögð kurteisi við ráðh. í ríkisstj., sem er búin að sitja í tæpt hálft annað ár og hefur látið undir höfuð leggjast að gera nokkurn skapaðan hlut af því sem gera þurfti, sem allir vissu að gera þurfti, stjórnarandstaðan vissi að gera þurfti, þjóðin vissi að gera þurfti, að gefa þeim góð ráð — ekki síst þegar allt er komið í óefni og ríkisstj. hefur misst allt traust, allt vald á stöðunni og er búin að tapa aftur þeim takmarkaða árangri sem þjóðin færði henni á silfurfati með því að afhenda henni launin sín fyrir rúmu ári.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þessar umræður, sem hér hafa farið fram, eru fyrir margra hluta sakir fróðlegar og vísbending um það hvernig ýmsir þm., eins og hv. síðasti ræðumaður, reyna að gera sem minnst úr þeim erfiðleikum sem okkar þjóðarbú stendur nú frammi fyrir, af ástæðum sem við Íslendingar ráðum ekki við, og reyna með þeim hætti að slá keilur og villa um fyrir mönnum. En ég held að það sannist nú sem oftar að þótt þeim fækki nú hlutfallslega sem beinlínis eiga afkomu sína undir sjávarútvegi, þá sé þjóðin ekki svo heillum horfin að hún viti ekki hvað er að gerast til sjávarins. Ég hélt satt að segja að öllum hv. þm. væri ljóst að verð á nær öllum flokkum í okkar sjávarútvegsframleiðslu var lægra í ágústmánuði en kannske nokkur dæmi eru til, borið saman við það sem áður var, að ég tali nú ekki um mjöl og lýsi, en hv. síðasti ræðumaður taldi að það væru einhver sérstök uppgrip hér í þjóðfélaginu vegna þess að loðnuveiðar væru nú aftur upp teknar. Hann gleymdi að láta þess getið að þeir sjómenn, sem nú eru norður í Ballarhafi til að stunda þær veiðar, hafa 30% lægri laun en á s. l. ári miðað við sama aflamagn. Að þessu veik þessi hv. ræðumaður ekki í sinni ræðu og lét hins heldur ekki getið, að þjóðarframleiðslan minnkar nú á þessu ári þriðja árið í röð. Hann gerir því skóna að þessi ríkisstjórn einkanlega og sérstaklega hafi á þessum tíma dregið úr því að einkaneysla héldist og fólkið í landinu héldi sínum hlut. Ef hann fletti upp í sínum heimildum þá mundi hið gagnstæða koma í ljós, að á árabilinu 1982—84 hafa þjóðartekjur dregist saman um 9.7% en samdráttur einkaneyslu verið 9.4% eða ívið minni. Þannig að vandamálin nú eru ekki af þeim sökum að ekki sé reynt að halda uppi einkaneyslu.

En við skulum líka, til þess að skilja vandann, gera okkur grein fyrir því að hv. þm. Svavar Gestsson gerði tilraun til þess á síðari hluta árs 1982 að vinna á móti minnkandi þjóðarframleiðslu með auknum lántökum erlendis, í þeirri von að um tímabundið ástand væri að ræða, sem svo ekki reyndist. Það má með miklum rökum segja að þeirri ríkisstj. hafi verið vorkunn á þeirri stundu. Það er auðvitað freistandi að draga skerðingu lífskjara á langinn, ekki síst fyrir þá menn sem gengu fram undir kröfunni: Kosningar eru kjarabarátta. Samt sem áður var það hlutskipti hans meðan hann var í ríkisstjórn á árinu 1982, aðeins einu ári eftir

að mesta góðæri hafði gengið yfir þetta land, að gera þær ráðstafanir sem ollu mjög verulegu hruni í kaupmætti.

Ég hef hér fyrir framan mig fréttabréf Kjararannsóknarnefndar frá ágúst s. l. Þar er gerð grein fyrir kaupmætti greidds tímakaups miðað við vísitölu framfærslukostnaðar á árinu 1980 og það kemur glöggt fram að kaupmátturinn byrjaði að hrynja á þriðja ársfjórðungi 1982 og hélt það hrun áfram fram yfir mitt síðasta ár eða þangað til sú ríkisstj. sem nú situr hafði gert sínar ráðstafanir.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði af mikilli speki um það hér áðan að engir nýir erfiðleikar hefðu orðið í sjávarútvegi. Þetta er ekki það sama og útvegsmenn segja. Þetta er heldur ekki það sama og þeir menn segja sem nú eru að berjast við að halda frystihúsunum opnum.

Í fyrsta lagi er það að afli er minni. Þorskafli er ekki meiri en svo á þessu ári að lítil líkindi eru til þess að jafnmikið veiðist og kvótar eru til fyrir, eftir þeim nýjustu upplýsingum sem ég hef, sem eru vikugamlar. Hv. þm. þykist hafa nýrri upplýsingar. Það er nú ekki svo.

Í öðru lagi hefur aflasamsetning verið önnur og verri. Sjáum við m. a. afleiðingar þess bæði á Austfjörðum og í Vestmannaeyjum. En kannske er rétt líka að slá striki yfir það. Ekki þurfa menn annað en taka framlagðar tölur hraðfrystiiðnaðarins frá þessum tíma í fyrra og bera þær saman við ástandið nú og þá mun koma í ljós að framleiðnin minnkar fyrst og fremst vegna þess að verð á framleiðslunni hefur lækkað í erlendum gjaldeyri. Þetta er ástæðan fyrir erfiðleikunum þar og ástæðan fyrir því að okkur hefur ekki tekist að auka þjóðarframleiðsluna á ný, þrátt fyrir mjög gott ástand, vil ég segja, í sumum greinum atvinnurekstrarins.

Ég sagði áðan að kaupmátturinn hefði mjög hrapað frá miðju ári 1982 fram yfir mitt ár 1983 en síðan, eftir að ráðstafana ríkisstj. fór að gæta, varð þar breyting á. Ég skal miða við 1. jan. s. l. Það er algengt í viðmiðunum að miða við áramót og var t. d. mjög algengt þegar hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson var ráðh., þá var honum gjarnt að miða við áramót. Ef við berum hækkun framfærsluvísitölu fyrstu níu mánuði ársins saman við það kaup sem samið var um s. l. vetur kemur í ljós að kauphækkanir hafa orðið meiri á þessu ári en verðhækkanir. Launahækkanir hafa verið meiri en hækkun framfærsluvísitölu. Þetta er árangurinn af þeim tiltölulega mikla stöðugleika sem hér er kominn í efnahagslífið. Og þessar staðreyndir, sem eru óvefengjanlegar, gera það kleift, ef rétt verður á haldið, að verkalýðshreyfingin, vinnuveitendur og ríkisstj. beri gæfu til þess að ná þeirri sáttalausn í þessum kjaradeilum sem allir vilja að þeim takist. Við getum auðvitað sagt eins og hér hefur verið sagt af stjórnarandstöðuþm. að það sé merki um getu- og viljaleysi þessarar ríkisstj. að ekki hefur verið samið við þá sem fyrst fóru í verkfall, bókagerðarmenn. Eftir því sem ég veit best eru kröfur þeirra enn um beinar launahækkanir milli 30 og 40%. Ég hygg að það sé líka rétt að opinberir starfsmenn séu miklu drýgri í peningalaunahækkunum en verkalýðsmenn á hinum almenna vinnumarkaði.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ýmsir gamalreyndir og gætnir forustumenn í verkalýðshreyfingunni vilja nú fara að með gát og láta reyna á það til þrautar hvort ekki takist að ná þeim kjarasamningum sem gera hvort tveggja í senn að tryggja umsaminn kaupmátt og halda verðbólgunni niðri. Og þessi stefna er ekki ný hér á landi. Það eru ekki einungis menn í stjórnaraðstöðu sem hafa haldið fram málflutningi af þessu tagi. Ég get minnt á tvo menn, sem voru um skeið miklir baráttumenn í Alþfl., þá Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson. Við erfiðar aðstæður, svipaðar þeim sem nú eru, börðust þeir á sínum tíma fyrir þjóðarsátt um lausn kjaradeilna og kölluðu það varnarbaráttu verkalýðshreyfingarinnar til þess að halda sínum kaupmætti við erfiðar aðstæður án þess að efnahagskerfið kollsteyptist. Þannig töldu þeir sínu fólki best borgið. En það sýnir úrkynjun Alþfl., sem er farinn að minna á hneykslunargjarnan nöldrunarsegg hér í þingsölum, að ekki ein einasta rödd heyrist í þessa átt hér inni. En væntanlega er það vegna þess að sá maður þar sem næst er verkalýðshreyfingunni, Karl Steinar, hefur enn ekki kvatt sér hljóðs um þessi mál.

Við getum líka sagt annað. Við skulum segja: Við skulum ekki deila um það hvort kaupmátt eigi að bera saman við ráðstöfunartekjur eða kauptaxta. Ég vil þó segja það að ef borið yrði saman við ráðstöfunartekjur, eins og Svavar Gestsson gerði hér í gær, þá hefði kaupmátturinn vaxið á þessu ári borið saman við verðbólgu. En ég geng ekki svo langt. Ég geng ekki lengra en svo að segja að kaupmátturinn haldist í hendur við hækkun vöruverðs. En við skulum þó segja annað. Hér var í gær talað um hækkun á húsaleigu. Það var talað um að húsaleigan kostaði ung hjón 11 þús. kr. á mánuði. En sá er munurinn nú eða fyrir tveimur árum að þetta unga fólk getur treyst því að húsaleigan verði þó af þessari stærðargráðu. En hvernig var það vorið 1983? Hversu mikil var hækkun húsaleigunnar þá í einu vetfangi, húsaleiguvísitölu á því vori? Ég man ekki hvort það var 50 eða 60%. Ef við reiknum með 130% verðbólgu, eins og var síðasta mánuð þeirrar ríkisstjórnar sem kvaddi, þá mundi það þýða að þessi húsaleiga, sem er í dag 11 þús. kr., yrði í hæðum eins og 25—30 þús. kr. eftir eitt ár. Og er það engin kjarabót að menn geti nokkurn veginn reiknað með því að verðlag haldist, menn geti mótað stefnu fram í tímann, reynt að standa undir skuldbindingum sínum og gert sér grein fyrir því að ef þá vanhagar um eitthvað til sinnar fjölskyldu, þá geti þeir safnað fyrir því en þurfi ekki að kaupa á afborgunarskilmálum með afarkostum?

Það er líka alveg ný kenning hér, og heyrðist ekki meðan verðbólgan var sem mest, að það væri kjaraskerðing í sjálfu sér að koma verðbólgunni niður. Það virtist ekki þá. Þá var talað um það, þegar samningar voru gerðir við launþegahreyfinguna meðan síðasta ríkisstjórn var við völd, að verkalýðshreyfingin mæti minni verðbólgu til kauphækkunar, sem að vísu var ekki staðið við. Ég held að menn ættu að íhuga þetta. Og ég held að það væri líka gaman að sjá útreikning á því hvernig þeir ætla að reikna út kaupmátt á einhverjum einum degi í 130% verðbólgu. Hvaða maður getur sagt það í 130% verðbólgu hver kaupmátturinn er 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 30. maí, þann tíma sem þetta geisar? Hver gat mælt kaupmáttarskerðinguna á þessum tíma? Hver var maður til þess? Og hver þorir að ábyrgjast slíka reikninga? Ég veit það ekki. Hitt veit ég, að ég hef farið, ég skal ekki segja víða um land, en þó

gert nokkuð víðreist á Norðurlandi og talað þar við fjölda manns og eins hér í Reykjavík um lífskjörin. Og það ber flestum saman um það að eini fasti punkturinn, sem menn hafa þó núna, sé stöðugt verðlag, að geta treyst því að peningarnir brenni ekki upp á einu augabragði. Það sé þó sá eini punktur sem menn hafa í þeim erfiðleikum sem yfir þjóðina ganga. Og mér er ekki kunnugt um að sú krafa komi frá alþýðunni, frá opinberum starfsmönnum eða neins staðar að, að ríkisstj. eigi að hlaupa til á fyrsta degi og semja um kauphækkanir sem ganga jafnt yfir alla upp á 30—40%. Það þekki ég.

Ég vil líka segja annað. Vitaskuld er það rétt að laun ekki aðeins opinberra starfsmanna heldur margra annarra, ég vil nefna verslunar- og skrifstofufólks, sem vinnur eftir kauptöxtum, er mjög mismunandi borið saman við aðrar stéttir og borið saman við þá sem eru yfirborgaðir innan þeirra sömu stétta. Ekki aðeins eru kjör verslunar- og skrifstofufólks mismunandi hér í Reykjavík, heldur er miklu minni munur á hæstlaunuðu mönnum í þessum stéttum á Akureyri til að mynda heldur en hér í Reykjavík. Ég held að við getum sagt að kjör verslunar- og skrifstofufólks séu tiltölulega í takt við kauptaxta úti á landi, þar sem aflabresturinn er farinn að segja verulega til sín, aflabresturinn sem fór fram hjá Alþfl.

Ýmsir menn í verkalýðshreyfingunni, þeir sem næst standa þeim sem bágust hafa kjörin, hafa beitt sér fyrir því að sérstök lágmarkslaun séu greidd í þessu þjóðfélagi. Enginn skuli fá lægri laun en tiltekna tölu, sem ég man ekki betur en sé rúmlega 12 900 kr. nú. Þetta hefur að sjálfsögðu þau áhrif að ýmis önnur viðmiðun innan launakerfisins raskast, viðmiðun í sambandi við bónus, viðmiðun í sambandi við ákvæðisvinnu og margt annað. Það er þessi flókna uppbygging launakerfisins sem auðvitað gerir lausn kjaradeilunnar erfiða og veldur því m. a. að verslunar- og skrifstofufólk og opinberir starfsmenn geta nú sagt, og kannske með nokkrum rétti, að kjör þeirra hafi dregist saman borið saman við aðrar stéttir. Þessu skal ég ekki neita.

Ég vil einnig taka það fram að endurskoðun eða endurmat á störfum opinberra starfsmanna hlýtur að koma í kjölfar samninganna nú, en eins og ég geri ráð fyrir að ýmsir þekki byrjaði t. d. hagur kennara innan launakerfisins að raskast á árinu 1981 og hafa þeir borið hlutfallslega verri hlut frá borði síðan. Við þetta voru að vísu ekki gerðar athugasemdir við samningana s. l. vetur. Auðvitað verður að taka þessa hluti alla til endurmats. Ég vil taka undir þau orð, sem hæstv. menntmrh. sagði hér í gær, að mikil nauðsyn er okkur á því að fyrir menntun og uppeldi barna og unglinga sé vel séð og þjóðfélagið verður að hafa efni á því að greiða þeim sem þau störf vinna sómasamlegan lífeyri. En við verðum þá líka um leið að viðurkenna að innan opinbera geirans hefur ekki verið gætt þeirrar hagsýni og hagræðingar sem skyldi. Þær tölur tala auðvitað mjög ljósu máli að frá 1971 skuli kennarastéttinni, eða starfsmönnum skólans svo að maður fari nú rétt með, hafa fjölgað yfir 90% á sama tíma og nemendum fjölgaði um rúmleg 6%. Ég er sannfærður um að þarna er einhvers staðar of í lagt. Ég er sannfærður um að unnt sé að ná sama árangri í kennslu og upplýsingu með minni tilkostnaði en þessar tölur bera með sér. Auðvitað er það svo að ríkið hefur betri tök á að greiða starfsmönnum sínum skikkanleg laun án þess að það hafi í för með sér tilfinnanlega skattbyrði ef hægt er að halda fjölda þeirra í einhverju horfi. Þetta vil ég að komi fram.

Ég vil líka segja það að miðað við þann langa samdrátt sem orðið hefur í lífskjörum er eðlilegt að þrýstingur sé á forustumönnum launþega að knýja fram úrbætur umbjóðendum sínum til handa. Við vitum vel að þau heimili sem verst eru stödd eru illa stödd núna. Við vitum það. En einmitt þessi staðreynd hlýtur að reka á eftir okkur að finna einhverja þá lausn sem líka kemur þessum heimilum að notum. Og ég fullyrði það að ný verðbólga núna, verðbólga af nýjum toga, af nýjum ástæðum, sem búin er til hér innanlands í illa gerðum kjarasamningum, mundi ekki nýtast því fólki sem verst er statt. Sú var ekki reynslan þegar verðbólgan reið hér húsum.

Ég hafði ætlað mér að geyma umr. um útvarpslög þangað til útvarpslagafrv. yrði lagt fram. Ég vil aðeins segja það að það er mikill misskilningur hjá útvarpsráðsmanni hv. þm. Eiði Guðnasyni ef hann heldur að enginn þrýstingur hafi verið á útvíkkun útvarpslaga á undanförnum árum og ef hann er að reyna að gefa í skyn að allir hafi jafnvel sætt sig við einokun útvarpsins. Hann getur komið hér upp með hneykslunarrómi og haldið þessu fram, en það er mikill misskilningur að vera að gefa slíkt í skyn, einkum þar sem þessi hv. þm. veit betur.

Staðreyndin er sú, að ný tækni á hverjum tíma breytir inntaki þjóðfélagsins. Menn skulu ekki halda að ekkert hafi breyst við það að prentlistin kom til sögunnar. Og menn skulu ekki heldur halda að ekkert breytist þegar útvarpstækninni fleygir svo fram sem raun ber vitni. Auðvitað hlýtur margt að breytast. Auðvitað hljóta Íslendingar að vilja vera frjálsir að þessu leyti innan skynsamlegs ramma eins og þeirra nágrannar.

Ég vil rifja það upp að þegar stjórnarskráin var sett 1874 veitti hún það mesta frelsi sem hægt var að veita til hvers konar tjáningar, hvort sem væri í rituðu orði eða töluðu. Réttur mannsins til að tala og skrifa var ótvíræður og ekki mátti undir neinum kringumstæðum torvelda eða draga úr þeim rétti. Sá réttur fékkst heldur ekki baráttulaust. Þeir menn sem fyrstir brutust fram og ruddu veginn varðandi ritfrelsið héldu sig ekki á þeim tíma innan þeirra laga sem þá giltu í þeirra ríkjum. Og breytir það þó engu um það að í réttarríki ber mönnum að haga sér í samræmi við lög og anda laganna, þar sem það er hægt. Og nú brosa menn. (Gripið fram í.) Það stendur í íslenskum lögum að sóknarprestar megi ekki giftast leginni konu. Nú skal ég ekki segja hvernig hv. þm. vill halda á því máli.

Ég vil í annan stað segja það að í lögum stóð að einungis sóknarprestar, starfandi prestar, mættu gefa saman hjón. Uppgjafaprestar fóru ekki eftir þessu. Þeir gáfu saman hjón í stórum stíl og að síðustu hrundi Hæstiréttur þessu lagaákvæði og sagði það væri úr gildi fallið vegna notkunarleysis. Ég vil enn fremur benda á að á síðasta þingi var þessi hv. þm. mjög mikill talsmaður frjálsrar sölu á grænmeti og ég er ekki alveg sannfærður um að hann hafi í öllum sínum málflutningi þá, ég á nú eftir að orðtaka það, mjög hvatt menn til að gæta laga og reglna og beðið þá um að kaupa ekki kartöflur frá öðrum en þeim sem skylt væri lögum samkvæmt. (**Gripið fram í:** Ég flutti um það lagafrv.,

hv. þm.) Já, og það voru líka flutt lagafrv. um frjálsan útvarpsrekstur sem hv. þm. var ekki reiðubúinn til að samþykkja á síðasta þingi. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Er það rangt? Ég skal ekki vitna í einkasamtöl, ef hv. þm. vill orða það svo. (**Gripið fram í:** Ég var ekki reiðubúinn til að samþykkja það óbreytt.) Ekki á síðasta þingi? (**Gripið fram í:** Ekki óbreytt.) Hv. þm. segir þetta of seint, held ég. Ég held að það sé nú svo.

En ég vil aðeins að það komi fram að menn hafa löngum orðið að berjast fyrir réttindum sínum með töluverðri ýtni. Verkfallsréttur t. d. fékkst ekki baráttulaust og ég er ekki viss um að verkalýðshreyfingin hafi á sínum tíma í öllum tilvikum haldið sig við ströngustu lagafyrirmæli þegar hún náði þeim rétti. Kannske er rétt að skjóta því hér inn varðandi verkfallsréttinn, af því að mér skilst á sumum hv. Alþfl.-mönnum að við sjálfstæðismenn stöndum okkur ekki nægilega vel gagnvart opinberum starfsmönnum, að Alþfl. var í ríkisstjórn samfleytt frá 1956 til 1971, þar af 10 ár með sjálfstæðismönnum, og ekki bólaði á því að opinberum starfsmönnum yrði veittur verkfallsréttur, og ekki heldur í tíð næstu ríkisstjórnar sem var vinstri stjórn. Þegar hins vegar framsóknarmenn og sjálfstæðismenn komu saman, þá stóð ekki á því að ganga til móts við opinbera starfsmenn að þessu leyti. Er það út af fyrir sig lærdómsríkt um það að vinstri flokkunum er gjarnara að tala fremur en hrinda málum í framkvæmd.

Enn er það að við búum við það að bannað er að flytja bjór inn í landið. Þó gæta þjónar réttvísinnar þess vandlega, þegar menn koma erlendis frá, að þeir fari ekki með fleiri bjóra inn í landið en — hvað er það, 12 eða 24? Ég man það ekki, en það eru fleiri bjórar ef hann er íslenskur. En þó er bannað að flytja allan bjór inn í landið.

Eins vitum við það að ekki er heimilt að selja áfengan bjór hér í veitingahúsum. Þá gripu þeir til þess að blanda bjórinn á staðnum. Mér er meira að segja sagt að eitt veitingahúsið láti blanda bjórinn uppi í ölgerð Egils Skallagrímssonar. Sú aðferð sé viðhöfð að fyrst sé bruggaður bjór, sem sé sterkari en lög leyfa, þá sé hellt vatni í bjórinn til þess að hann sé jafnsterkur og lög leyfa og síðan er hellt kláravíni í bjórinn, þegar hann er kominn út fyrir tollgæsluna, til þess að hann sé nógu sterkur fyrir þetta veitingahús og hann síðan fluttur blandaður á staðinn. Ekki veit ég hvort þetta er rétt. En hæstv. dómsmrh. vakti athygli saksóknara á þessu og saksóknari komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri allt í besta lagi. Þannig hefur þjóðin tekið lögin í sínar hendur í þessum málum og má auðvitað kalla lögbrjóta þá sem neyta þessa víns inni á almennum veitingastöðum.

Hér var áðan minnst á kapalsjónvörpin. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka í mínu kjördæmi mættu á sérstökum sjónvarpsfundi í kapalsjónvarpi, sem fulltrúi útvarpsráðs hér á Alþingi, hv. þm. Eiður Guðnason, segir að hafi verið ólöglegt. Við höfum þá allir þm. Norðurl. e. ýmist verið sjálfir í ólöglegu sjónvarpi eða átt okkar fulltrúa þar, og þótt það bara ágætt, af því að við töldum að við næðum betur til fólksins í gegnum þetta ólöglega sjónvarp. Ég held líka að í sambandi við afgreiðslu fjarskiptalaga á síðasta þingi hafi ýmsir þm. úr öllum stjórnmálaflokkum, líka Alþfl., haft af því áhyggjur að fjarskiptalögin, eins og frá þeim var gengið, högguðu ekki við þessum ólöglegu sjónvarpsstöðvum. Á hinn bóginn fengum við orð um það að samgrh. mundi ekki við þeim hrófla. Ekki hafa þessar sjónvarpsstöðvar verið kærðar. Núna getum við gengið hér í vörumarkaði, við getum líka brugðið okkur norður eða vestur og farið í þessi ólöglegu kapalkerfi.

Hv. þm. sagði að það væri ólöglegt kapalkerfi í Reykjavík sem borgarstjórn Reykjavíkur hefði stuðlað að og við gætum séð þar sjónvarpsefni sem væri selt af sérstöku fyrirtæki hér í bænum, sem hefur sem þul gamalkunnan útvarpsmann, a. m. k. einn. Ég sá einn þeirra í þessu sjónvarpi um daginn. Er það heimilt lögum skv. að stofna fyrirtæki sem hefur þann tilgang að selja ólöglegum sjónvarpsstöðvum útvarps- og fréttaefni? Væri ekki tími til kominn að útvarpsráð íhugaði starfsemi þessa fyrirtækis eins og hún er rekin, af því að hv. þm. talaði um gróðastarfsemi, og kanni hvort rétt sé að útvarpsráð kæri þessa starfsemi fyrir saksóknara? Hvernig væri það? Er þetta ekki að gera sér peninga úr sjónvarpsleysinu með því að hlaupa í skarð sjónvarpsins, með því að gefa þeim sem hafa ólöglegt sjónvarp tækifæri til þess að horfa á fréttir í sjónvarpi? Einhvern veginn hangir þetta svona saman.

Svo skilst mér að lögreglan hafi gert reka að því að leita að sjónvarpi í einu húsi. Og það hittist svo á að það var Valhöll, hús Sjálfstæðisflokksins, og er nú mjög hneykslast á því að sá maður sem þar réð húsum skuli, áður en hann hleypir þeim inn, spyrja eftir hvaða heimildum það sé gert. En þá spyr ég á móti: Ef ástæða er til að fara þannig inn í eitt hús, því er ekki farið inn í öll? Og þá kem ég að því sem hv. þm. á svo erfitt með að skilja: að ef við viljum halda okkur við lögin, þá verðum við líka að segja að allir séu jafnir fyrir lögunum, eins og hæstv. iðnrh. sagði. Ég held að það sé alveg ljóst.

Hitt finnst mér undarlegt, eins og þessi hv. þm. virtist vel að sér, einkanlega í því sem Bjarni Benediktsson hafði sagt og virtist gerkunnugur því hvernig ætti að standa að opinberri ákæru, að honum skyldi hafa skotist yfir að Bjarni Benediktsson beitti sér fyrir því 1961 að sett voru lög um saksóknara, til þess að taka ákæruvaldið úr höndum pólitískra ráðherra, og færði m. a. þau rök fyrir því að hinir pólitísku ráðherrar sætu í stuttan tíma, þeir væru oft umdeildir, oft svo að kannske nær helmingur þjóðarinnar hefði verið andsnúinn þeim í kosningum og væri í pólitískri andstöðu við þessa ráðherra. Þess vegna væri eðlilegt að þetta vald væri í höndum embættismanns, ópólitísks manns, sem væri hafinn yfir pólitískar deilur og hinn venjubundna eril stjórnmálamanna. Það er einmitt svo í lögum að saksóknara er gert að fylgjast með afbrotum, sem ekki verður öðruvísi skilið en svo, að honum beri að grípa inn í ef hann verður var við að afbrot séu framin. Ef þess vegna við einhvern er að sakast varðandi allt það sem hv. þm. taldi aðfinnsluvert í sambandi við ákæruvaldið ber að snúa sér að saksóknara og gagnrýna hans embættisfærslu. En vel má líka vera að saksóknari hafi eitthvað fyrir sér í því, að kapalsjónvörpin séu ekki þess eðlis að ástæða sé fyrir ákæruvaldið að grípa þar inn í. Það skal ég ekki um segja. En eftirtektarvert er að ríkissaksóknari hefur ekki séð ástæðu til þess jafnvel þótt, eins og hv. þm. sagði, að um þessi mál hafi verið fjallað hér á Alþingi og þessi starfsemi talin ólögleg og þrátt fyrir það að um þau hefur verið fjallað í útvarpsráði, eins og hv. þm. sagði. Og ég efast ekki um að hann

hafi gert ráðstafanir til þess að ríkissaksóknari vissi um þau sjónarmið sín.

Jafnvel þó að maður fari ekki lengra aftur en þegar ég var ungur, jafnungur maður og ég er, þá hefur margt breyst í þessu þjóðfélagi í frjálsræðisátt, ekki aðeins í efnahagsmálum, heldur einnig í almennum umgengnisvenjum, í skiptum manna á meðal. Menn gera miklu, miklu strangari kröfur um hvers konar þjónustu en þá var. Ég held t. d. að lítt mundi stoða fyrir okkur nú að setja lög um það að sérstakt leyfi þyrfti til blaðaútgáfu. Ég held að engum einasta manni dytti slíkt í hug af því að við erum orðin vön blaðaútgáfu. Við skulum líka muna eftir því að bara ferðalög fólks, langdvalir þess erlendis, hafa vanið það við að hafa úr fleiru en einu að velja, geta hlustað á fleira en eina útvarpsstöð, geta kynnst sjónarmiðum í fleiru en einu sjónvarpi. Auðvitað hljóta þessi nánu tengsl við umheiminn að valda því, að fólkið gerir þær sömu kröfur hér heima um meira val í fjölmiðlun og fréttamiðlun.

Hitt lýsir miklum barnaskap hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að halda að menn standi fyrir einhverjum rekstri án þess að ætla að græða á honum. Þó er það nú svo um sum kapalsjónvörpin að þeir sem undir þeim standa hafa tapað á því fé. En slíkt getur ekki gengið til frambúðar og auðvitað ætla þeir, sem fara út í frjálsan útvarpsrekstur, að græða á því alveg eins og þeir á Alþýðublaðinu ætla sér að græða. **(Gripið fram í:** Það hefur nú gengið illa.) En hinu get ég lofað þessum hv. þm. að ég mun greiða atkv. á móti hvers konar ríkisstyrk til frjálsra útvarpsstöðva á sama hátt og ég hef greitt atkv. á móti því að stórfé sé greitt úr ríkissjóði til þess að koma Alþýðublaðinu út. Það er svo annar angi á þessum málum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Vakin skal athygli á því að þegar við höfum þennan fund voru 10 hv. alþm. á mælendaskrá. Enn eru 10 hv. alþm. á mælendaskrá. Ef við ljúkum ekki þessari umr. fyrir kvöldmat, þá verður kvöldfundur.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Til mín var beint spurningu, sem mér þykir rétt að svara nú, m. a. vegna þess að ég varð að fá leyfi frá þingstörfum kl. 6 vegna fundar sem við fjmrh. munum þá eiga með forustumönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég hefði gjarnan viljað að hv. 3. þm. Reykv. væri hér í salnum og óska eftir að hann verði sóttur.

Til mín var í fyrsta lagi beint þeirri spurningu af hv. þm. Eiði Guðnasyni hvort það væri afdráttarlaust, hygg ég að hann hafi orðað það, að ekki mætti leita eftir undanþágu frá verkfallinu með samkomulagi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Nei, það er alls ekki svo. Það má leita undanþágu frá verkfallinu með slíku samkomulagi. Um þetta var allítarlega rætt á fundum ríkisstj., bæði s. l. þriðjudag og í gær, í framhaldi af þeirri greinargerð sem fengin var frá Benedikt Sigurjónssyni hrl. Það er niðurstaða ríkisstj. að aðilum beri að hlýða fortakslaust úrskurði kjaradeilunefndar, en það útiloki þó ekki að samkomulag geti orðið um vinnu á milli deiluaðila. Á þessum fundi var ákveðið að sú nefnd, sem fjmrh. og félmrh. eru fyrir innan ríkisgeirans, ákveði í hvaða tilfellum á að leita samkomulags við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um slíkt. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu er þetta hin venjulega leið þegar um kjaradeilur er að ræða. Hins vegar gilda í þessu tilfelli sérstök lög m. a. um kjaradeilunefnd og þess vegna nauðsynlegt að ræða þetta. Í því tilfelli sem um var að ræða, þ. e. Ríkisútvarpið og bréf hæstv. menntmrh., þá stangast þetta á engan máta á. Þar er tekið fram að hlýða beri úrskurði kjaradeilunefndar.

Jafnframt óskaði hv. þm. eftir því að ég svaraði þeirri spurningu hvort deila væri innan ríkisstj. um sáttatilboð til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er ekki. Ég skal verða við þeirri ósk sem hefur komið fram að ég fari nánar yfir þær hugmyndir sem ég hreyfði hér í gær.

Ég vil í fyrsta lagi taka fram að á fundi ríkisstj. í gær var m. a. rætt um þann grundvöll sem samkomulag gæti byggst á. Menn voru á því að hann ætti að vera kaupmáttur kauptaxta í lok ársins 1983, eins og gert var ráð fyrir þegar samið var í febr. s. l. og sem í þeim rökstuðningi sem fram hefur komið fyrir uppsögn samninga 1. sept. hefur yfirleitt verið nefndur sem ástæða fyrir uppsögn. Þetta kom fram, eins og ég sagði í minni ræðu í gær, m. a. hygg ég í 11. Fréttablaði ASÍ 1984, þar sem segir að þessi kaupmáttur hafi ekki náðst og því beri að segja upp samningum.

Ég tók fram í gær að ég telji að semja eigi til ársloka 1985, enda hlýtur það að vera sanngjarnt ef skattalækkanir verða stór liður í þessum samningum. Og ég sagði jafnframt að ég teldi að leggja bæri til grundvallar að tryggja kaupmátt kauptaxta fjórða ársfjórðungs 1983.

Ég sagði jafnframt að ég telji að þetta beri að gera með blandaðri leið launahækkana og skattalækkana og nefndi sem dæmi að peningalaunahækkun gæti verið á bilinu 6—10%. Og ég tel að hún ætti í upphafi ekki að vera meiri en 6% vegna þess að ég óttast að annars muni of mikill þrýstingur verða á gengið eða m. ö. o. erfiðleikar atvinnuveganna of miklir. Ég vil reyndar taka það fram að ég teldi æskilegt að peningalaunahækkun væri sem minnst og þá skattalækkun sem mest.

Ég lagði svo í öðru lagi til að tekjuskattur og útsvar yrði lækkað þannig að ofangreind kaupmáttarviðmiðun náist að meðaltali á árinu 1985.

Ef um þetta gæti orðið samkomulag og þar með aflétt því verkfalli sem nú er, þá á Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að sjálfsögðu skv. lögum rétt á því að fjallað verði áfram um sérkjarasamninga. Það er beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum og það verður alls ekki af þeim tekið. Þess vegna lagði ég til að saman færi, því Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ber það mjög fyrir sér í sinni miklu kröfu, samanburðarathugun á launum á hinum almenna markaði og meðferð sérkjarasamninga. Ég benti jafnframt á að í svipaðri deilu við verslunarmenn fyrir fimm árum varð samkomulag um að setja þennan samanburð í gerð og það tel ég að komi vel til greina.

Ég skal ekkert um það segja hver niðurstaða yrði af slíku, en ég vil taka undir það, sem fjölmargir hafa sagt hér, að það á að leggja áherslu á að hækka lægstu launin. En um það skal ég ekkert nánar segja. Um það hafa ekki verið út af fyrir sig mjög háværar kröfur að þessu sinni.

Ég sagði svo loks að mér fyndist eðlilegt að samráð yrði með ríkisstarfsmönnum og aðilum vinnumarkaðarins um að fylgjast með þróun kaupmáttar út þetta tímabil. Það sem ég sagði hér átti að sjálfsögðu fyrst og

fremst við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en má að ýmsu leyti heimfæra upp á hinn almenna vinnumarkað. T. d. hljóta þeir að njóta góðs af skattalækkunum ekki síður en aðrir. Og því mundi ég vona að heildarsamningur, sem ég lagði reyndar áherslu á, næðist eftir svipuðum línum.

Fyrst ég er staðinn upp skal ég fara nokkrum orðum um það sem hér hefur verið sagt. Ég heyrði ekki margt hjá hv. 3. þm. Reykv. sem mér þótti svaravert. Hann hóf þetta þing á sama máta og hann lauk síðasta þingi, með skítkasti og rógburði um mig. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Ég verð hins vegar að segja það að við störfuðum saman í 3½ ár, og lítill hef ég þá verið mannþekkjari, því mér þótti að mörgu leyti ágætt að starfa með þessum manni og hélt hann satt að segja dreng sæmilegan. Ég ætla ekki að fara að tala t. d. um það hvar hann var þegar hin skæða læknadeila var í okkar ráðherratíð. Hvar ætli hv. þm. hafi verið þá? (**SvG:** Ég var á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.) Þm. var erlendis, það er rétt. Þm. var erlendis. En ég var sannfærður um að hv. þm. gekk þannig frá sínum málum að þau væru í öruggum höndum. Ég treysti hæstv. þáverandi ráðh. til að gera það. Mér dettur ekki í hug að vefengja það eða að eyða ræðutíma Alþingis í umræðu um það.

Það vekur athygli mína að í umr. hér, svo að ég tali um það almennt, virðist lítið tekið tillit til þess áfalls sem íslenska þjóðarbúið hefur orðið fyrir. Ég hygg að það sé ómótmælanlegt, að þjóðarframleiðslan hefur fallið um u. þ. b. 9—10% á þremur árum. Og ég hygg að því verði ekki á móti mælt að a. m. k. heildartekjur í þjóðfélaginu hljóti að hafa lækkað nema menn vilji halda þeim uppi með erlendri lántöku. Á því höfum við ekki lengur efni. Hitt er svo annað mál, hvernig þessu er skipt. Ég get tekið undir það að skiptingin við þessar aðstæður er ekki réttlát. Og ég skal mjög gjarnan taka undir það að því miður hefur þróast hér neðanjarðarhagkerfi. Það eru allt of margir sem sleppa frá því að taka sinn þátt í að greiða kostnað við að reka þetta þjóðfélag, enda hafa margir hinir ágætustu menn fengist við að uppræta slíkt eða a. m. k. draga úr því. Mér er t. d. kunnugt um að fjmrh. Ragnar Arnalds gerði tilraun til þess og hafði fullan stuðning, og allir fjmrh. sem ég hef þekkt. En því miður hefur þetta ekki tekist. Þeir eru allt of margir sem sleppa fram hjá.

Það er fyrst og fremst af þessari ástæðu sem Alþingi samþykkir s. l. vor að draga mjög úr eða fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Ég er alinn upp við það að telja að tekjuskattur sé eðlileg tekjujöfnunarleið í þjóðfélaginu. Og ég verð að segja það að það tók mig töluvert langan tíma að fallast á að fella niður tekjuskatt. En ég er horfinn að því ráði nú af því að ég hef séð svo marga reyna að koma í veg fyrir þau skattsvik, sem ég veit að því miður eiga sér stað, og mistakast að ráða við þau.

Ég verð að segja það jafnframt að það er svo sannarlega von og ætlan þessarar ríkisstj. að gera allt sem hún getur til þess að kaupmátturinn geti aukist og svo fljótt sem unnt er. Ég sagði í minni ræðu að ég tel eitt hið mikilvægasta í þessu þjóðfélagi að fá svigrúm til þess að koma hagvextinum af stað á ný, fá svigrúm til þess að hér komi á fót ýmsar greinar sem hafa, skulum við segja, meiri verðmætasköpun í för með sér en þær greinar sem við byggjum á nú.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson flutti hér mjög athyglisverða ræðu í gær. Hann velti m. a. upp þeirri mjög athyglisverðu spurningu hvernig má á því standa að þjóðartekjur á mann eru hér ekki miklu lægri a. m. k. en á Norðurlöndum. Engu að síður eru kauptaxtar hér á hvern klukkutíma aðeins um það bil helmingur. Þetta er mjög góð spurning. En hv. þm. svaraði henni sjálfur. Hann sagði: Hér á landi vinna menn tvöfaldan vinnutíma. Hér á landi vinna fleiri konur úti en í nokkru annarra Norðurlandanna. Eða m. ö. o., við höfum skapað þessar þjóðartekjur með gífurlega mikilli vinnu. Þess vegna er náttúrlega eðlilegra að bera saman tekjur fjölskyldunnar hér og tekjur fjölskyldna á Norðurlöndum. Það kann vel að vera að þær séu eitthvað lægri samt. Hins vegar sagði hann að skattar á Norðurlöndum væru miklu hærri en hér. Ég held satt að segja að það sé mjög mikið umhugsunarefni hvort við Íslendingar fáum haldið góðum lífskjörum til langframa á atvinnugreinum sem ekki skapa meiri verðmæti en því miður fiskvinnslan gerir, miðað við þær vinnustundir sem í hana eru lagðar. Staðreyndin er sú, að í flestum löndum eru vaxandi ýmsar atvinnugreinar með mjög mikilli verðmætasköpun og það hefur hækkað tímakaupið. Þess vegna held ég að þótt sjávarútvegurinn verði í framtíðinni ein meginstoð íslensks atvinnulífs, þá sé okkur lífsspursmál að fleiri og sem flestar greinar atvinnulífs með hærri verðmætasköpun fái fest hér rætur þannig að tímakaupið geti hækkað.

Hér var nefnt að mjög erfitt væri nú víða um land. Það er rétt og það er skiljanlegt. Erfiðleiki okkar stafar af erfiðleikum á sviði sjávarútvegsins og vitanlega lenda þeir erfiðleikar fyrst þar sem þungi sjávarútvegsins er mestur. Þetta liggur í hlutarins eðli. Þegar uppganga sjávarútvegsins var mikil fyrir örfáum árum voru tekjur manna t. d. á Vestfjörðum þær hæstu yfir allt land. Þetta helst í hendur. Þetta held ég að mönnum hljóti að vera ljóst.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að flytja hér langt mál. Ég vona að þessi deila við BSRB leysist fljótlega. Ég skal ekki segja hvort sá fundur sem ég nefndi í upphafi sé mikilvægt spor í þá átt. En ég fagna því að ákveðið hefur verið að forustumenn BSRB hitti okkur fjmrh. og ég vona a. m. k. að það verði spor í átt til lausnar á þessari deilu. Og ég vona einnig enn að umr. hérna verði spor í átt til lausnar á deilum í landinu um kaup og kjör, verði spor í átt til heildarlausnar í kjaramálum.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt um skýrslu forsrh. um kjaradeilur, þá langar mig að nefna hér tvö atriði. Reyndar gekk hæstv. iðnrh. úr salnum einmitt nú, en mig langaði til þess að nefna nokkur orð við hann. (**Gripið fram í:** Hann er í salnum.) Nú, þarna er hann kominn.

Mig langaði til að árétta mál Stefáns Benediktssonar, sem talaði um hagsmunahópa og það skýrt afmarkaða hagsmunahópa og að mig minnir þrönga hagsmunahópa, eins og t. d. Kvennalistann. Það er rétt að Kvennalistinn fór á þing fyrst og fremst til að gæta hagsmuna kvenna og barna, en ég mundi ekki telja það þröngan hagsmunahóp sem er trúlega rúmlega helmingur þjóðarinnar. Og það er líka víst að réttlæti fyrir konur og börn fæst ekki nema með hugarfarsbreytingu og breytingu á þjóðfélaginu og sú breyting varðar alla þegna þjóðfélagsins. Mín skoðun er sú, að hún muni

verða öllum til hagsbóta.

Í öðru lagi langar mig til að taka dæmi af því hugarfari sem þyrfti að breytast. Hæstv. iðnrh. lét sér um munn fara athugasemd sem er dæmigerð fyrir viðbrögð við konum og því viti sem menn ætla þeim að hafa á þjóðmálum. Hann talaði um að jafnvel stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu haft áhyggjur af verðbólgunni og viljað takast á við hana, meira að segja Kvennalistinn. Því ekki Kvennalistinn, hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson? Því ekki Kvennalistinn að sjálfsögðu líka?

„Gangi þér vel að bjarga þjóðinni," kallaði maður á eftir mér að skilnaði í haustnepjunni við Austurvöll í fyrradag. Ætli þjóðin hafi ekki löngum haft lag á því að bjarga sér sjálf, hugsaði ég, og þá hefur ekki síst viljað henni til blessunar að hafa valið þá menn til forustu sem ekki steyptu henni í glötun.

En hvernig hefur þeim tekist til, þeim þingkjörnum fulltrúum sem völdust til forustu á s. l. þingi? Efnahagsúrræði þeirra hafa nú leitt til víðtækra verkfalla, sem valda daglega ómældu fjárhagslegu tjóni, auk óþæginda, harðinda og þeirrar andúðar sem vaknað hefur og magnast vegna framkomu stjórnvalda. Sú kjaraskerðingarstefna, sem hefur verið leiðandi úrræði stjórnarinnar í glímunni við efnahagsdrauginn og verðbólguskottuna, hefur gengið svo nærri launafólki að þolinmæði þess er þrotin og það hefur engar fórnir að færa lengur, en leitar nú réttar síns og launa til að lifa af. Eru þetta óréttmætar kröfur og er þetta fólk hinir raunverulegu óvinir almennings?

Sagt var að einn ráðh. hefði haft á orði við erlenda fréttamenn nú á dögunum að í verkföllum stæðu öfgafullir byltingarsinnar — eða voru það ofbeldissinnaðir öfgamenn, ég er ekki viss. Og ég spyr: Eru kennslukonur, sem geta ekki framfleytt sér og fjölskyldum sínum á 15—18 þús. kr. á mánuði og gera kröfu um lífvænlegri laun, öfgafullir byltingarsinnar? Ég segi nei. Það er réttur fólks að geta framfleytt sér með vinnu sinni. Og það er algjörlega óviðunandi þegar það land, sem Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu hefur nýlega reiknað út að er sjötta ríkasta land í heimi miðað við verðmæti þjóðarframleiðslu á hvern einstakling, er gert að láglaunasvæði og stórum hluta fólks er fyrirmunað að afla sér lífsviðurværis þótt það vinni myrkranna á milli. Að þetta sjötta ríkasta land í heimi þrengi samtímis að og skerði félagsleg réttindi þegna sinna, einkum þeirra sem minnst mega sín, er sömuleiðis gjörsamlega óviðunandi. Einkum er það óviðunandi meðan lítill sem enginn samdráttur verður á heildareinkaneyslu landsmanna, eins og fram kom í sumar í frétt frá Þjóðhagsstofnun. Þrátt fyrir umsamin lágmarkslaun launþega, sem varla og reyndar alls ekki duga fyrir nauðþurftum, hefur lítið sem ekkert lát orðið á eftirspurn og eyðslu í bílakaup, sólarlandaferðir, áfengiskaup og öldurhúsaferðir svo eitthvað sé nefnt. Hvaðan kemur fólki fé og hverjir eru það sem enn geta leyft sér áfallalaust að halda uppi þessari eyðslu á meðan aðrir berjast í bökkum? Er það von að réttlætiskennd fólks sé stórlega misboðið þegar meginefnahagsaðgerð stjórnarinnar, kjaraskerðingarstefnan, hefur bitnað svona misjafnlega á fólki, sumir hafa hreinlega hagnast á ástandinu á meðan aðrir eru á vonarvöl, og eru það ekki einmitt stjórnaraðgerðir eða skortur á þeim sem ráða því að slík forgangsröð ríkir og slíkt ástand getur viðgengist? Og mér ógnar sú forgangsröð, sem nú er valin, og ég óttast það ástand, sem ríkir, og ég mótmæli harðlega þeirri umbyltingu sem verið er að gera á íslensku þjóðfélagi.

Það gengu margir félagshyggjumenn fölir á vanga í gær eftir lestur fjárlaga og ég spyr: Í þágu hverra er nú það velferðarþjóðfélag, sem hér hefur ríkt, rifið niður? Er það í þágu þeirra sem trúa á frelsið? Hverjir eru þeir sem stjórna leið okkar út úr tímabundnu velferðarþjóðfélagi inn í frumskóginn þar sem lögmál hinna sterku, hæfu og efnuðu eru einráð? Eru það líka þeir sem trúa á frelsið, frelsi einstaklingsins? Er það von að maður spyrji: Frelsi hvaða einstaklings og hvers konar frelsi? Því ég álít að við séum að ræða grundvallarspurningar þessa dagana. Er það frelsi til einhvers eða er það frelsi frá einhverju? Er það frelsi til að gefa hinum sterku og hæfu lausan tauminn til sjálfsbjargar í þeirri trú og von að við það muni þeir eflast svo mikið að þjóðfélagið í heild hljóti að verða hagsælla og jafnframt munu stærri og feitari bitar hrynja af borði þeirra til hinna veikari? Er það frelsi hins sterka til að kúga þann veika ef honum býður svo við að horfa? Ef menn treysta ekki manninum til að flytja frið til barna í skólum landsins, hvernig geta menn treyst manninum til þess að muna eftir sínum minnsta bróður í vímu velmegunarinnar? Og á það að vera eina bjargarvon og trygging hins minnsta bróður til afkomu að eftir honum sé munað en hann ekki seldur? Er hinn minnsti bróðir óhultur þegar hann er settur í sjálfsvald hins sterka stóra bróður síns? Á ég að gæta bróður míns, var einu sinni spurt. Það er talsverður munur á því fyrir ömmur þessa lands hvort hér ríkir frelsi barnabarna þeirra til þess að selja þær eða frelsi þeirra frá því að verða seldar. Það er talsverður munur á því hvort hér ríkir frelsi til að vera fátækur og minni máttar eða frelsi frá því að lepja dauðann úr skel og vera boðinn upp með nauðung. Það er talsverður munur á því hvort hér ríkir það frelsi og þau sjálfsögðu mannréttindi að menn geti séð sér farborða með vinnu sinni eða hvort þeir þurfa að verða ölmusumenn á hjartalausu kerfi þrátt fyrir mikið vinnuframlag.

Það er ekki ýkjalangt síðan þessi þjóð gægðist út úr torfbæjum sínum og deplaði augum framan í bjarta framtíð og bættan hag og lagði af stað til velferðarríkisins. Hvorki þá né nú þykir sæmd í því að vera niðursetningur. Það að setja fólk niður á ekki bara við það að hola því niður á bæ hjá öðrum þar sem velferð þeirra er háð gæsku húsráðenda eða örlæti þeirra hverju sinni. Það er ekki síður að setja fólk niður í mannlegri reisn og virðingu. Slíkt frelsi, sem fyrst og fremst gefur hinum sterka lausan tauminn án tillits til þess að tryggja stöðu hins veika, er frelsi án ábyrgðar, réttindi án skyldna og því fylgir óhjákvæmilega hætta á ofbeldi og kúgun. Hvorki Íslandi né mannkyninu í dag eru boðleg slík frjálshyggjulögmál né heldur getum við lifað af ef við fylgjum þeim. Nægir í því sambandi að minna á eina af meginástæðunum fyrir því að þetta er ekki hægt, þó að aðrar veigamiklar verði ekki tíndar til, en hún er sú að lífsafkoma okkar allra á þessari jörð byggist á því að meiri jöfnuður komist á milli manna og þjóða. Sú vaxandi og óumflýjanlega togstreita, hvort sem lokaátök hennar verða okkar eða barna okkar, sú togstreita sem ríkir á milli norðurs og suðurs á þessum hnetti, hún verður ekki leyst nema með jöfnuði. Það er svo fráleit sjálfsmorðsstefna fyrir mannkynið að tryggja svo ákaft

rétt hinna fáu sterku til fjármagns og valda að það tekur engu tali.

Í ragnarökum er talað um að bræður muni berjast og það sem verður þeim að falli er ágirndin. Presturinn talaði við okkur um græðgina í fyrradag, græðgina sem vikið hefði fyrir trúnni á Ísland, græðgina sem hefði sundrað þeim systkinahópi sem vildi bera Ísland út í sólskinið. Hann talaði um nauðsyn þess að samstæður systkinahópur íslensku þjóðarinnar þyrfti að sýna eindrægni til að geta leyst vandamál sín og borið byrðarnar sameiginlega þannig að skipting þeirra sé sanngjörn eftir þoli manna. Er það boðlegt Íslendingum, sem í seinni tíð hafa státað sig af því hve þjóðfélag þeirra er stéttlaust, að nú skuli verið að koma á stéttskiptu þjóðfélagi, þeirra sem eru á vonarvöl og bera þyngstar byrðar og hinna sem hafa meira en nóg og ganga léttir og byrðalausir til leiks? Getur það verið að meiri hluti landsmanna vilji slíkt? Því trúi ég ekki. Ég trúi því miklu fremur að hægt sé að halda hér áfram velferðarþjóðfélagi, að við höfum í raun efni á því, og það sem meira er: Ég held að meiri hluti landsmanna vilji það. Og ég spyr Framsfl.: Geta þeir flokkar, sem kenna sig við félagshyggju, staðið að öðru?

Framkoma stjórnvalda og einstakra ráðh. í yfirstandandi kjaradeilum lýsir fádæma skilningsleysi á kjörum fólks og aðstæðum og furðulega lélegu þefskyni á því hvaðan vindurinn blæs. Ég má til með að lýsa yfir ekki bara furðu minni á þekkingarleysi hæstv. fjmrh. á störfum kennara heldur hreinlega hneykslun. Og mér er spurn: Er nokkur furða á því þótt kjör kennara séu eins léleg og raun ber vitni á meðan fákunnátta og skilningsleysi um störf þeirra er jafnríkjandi meðal þeirra sem greiða þeim laun?

Mig langar að vekja athygli hæstv. fjmrh., ef hann skyldi vera viðstaddur, sem ég sé að hann er, á þáltill., sem hér var lögð fram í gærkvöldi af þingmönnum Kvennalista um endurmat á störfum kennara, og vil ég ráðleggja honum að lesa grg. með þeirri þáltill. og álít það ekki síður brýna þörf eftir að hæstv. fjmrh. hefur opinberað hug sinn og vitneskju í gærkvöldi. En mig langar til þess að leggja sérstaka áherslu á þá ábyrgð sem lögð er á kennara í starfi þeirra. Gæði þess uppeldis, þroska og þeirrar fræðslu, sem kennurum er ætlað að sinna, ráðast af hæfni þeirra, alúð við kennslustörf og umhyggju fyrir velferð nemenda. Tryggja verður með öllu móti að hæft fólk veljist til slíkra ábyrgðarstarfa og geti einbeitt sér að því að leysa þau sem best af hendi. Kaup og kjör kennara og aðstæður, sem þeim eru búnar, verða því að vera í samræmi við þær miklu kröfur sem gerðar eru til þeirra og þeir sjálfir gera til sín sem samverkamenn foreldra um uppeldi og fræðslu. Og það verður óbætanlegur skaði, sem mun bergmála langt fram í ókomna framtíð, að búa eins illa að kennurum og gert er. Sá skaði og það tjón, sem af því hlýst, mun bitna fyrst og fremst á börnum okkar, komandi kynslóðum þessa lands. Það er því mikið gleðiefni að hæstv. menntmrh. sýndi svo mikinn skilning á mikilvægi kennarastarfsins í máli sínu í gærkvöldi og því hver nauðsyn er að bæta kjör kennara. Er það von mín að sá skilningur megi berast inn í fjmrn.

Sú grunnhyggna afstaða að borga mönnum ekki laun sín fyrir fram, eins og um er samið, og hirða jafnframt af þeim eins mikið og hægt var upp í skatta hleypti án efa illu blóði í fólk strax í byrjun verkfalls. Þetta var án efa sú aðgerð sem varð upphafið að þeim átökum og illindum sem síðar fylgdu. Þessi framkvæmd er einkum ámælisverð þar sem lagalegt réttmæti hennar er greinilegt ágreiningsmál lögfræðinga, háð túlkun þeirra á lögunum. Ég tel þessa ákvörðun hafa verið vægast sagt óskynsamlega og einmitt til þess fallna að valda ófriði. Gerræðisleg viðbrögð, óbilgirni einstakra ráðherra og stjórnvalda og ekki síst það að horfa ofan í þessi mjóslegnu launaumslög brýndi fólk til átaka og efldi samstöðu þess strax í upphafi verkfalls og þótti þó mörgum þegar brýn ástæða til þess.

En það er ekki bara kjaraskerðingin sem fólk er að mótmæla og krefjast leiðréttingar á. Stjórnarstefnan hefur víðar þjarmað að fólki. Fjárhagsgrundvöllur Húsnæðisstofnunar er í mesta ólestri, ef ekki hruninn, og það sitja margir með sárt ennið þegar stofnunin getur ekki staðið við skuldbindingar sínar við húsbyggjendur, svo ekki sé talað um mismunun þá sem ríkir milli þeirra sem byggja nú og þeirra sem byggðu fyrir tíu árum. Það að tryggja fólki þak yfir höfuðið með félagslegum aðgerðum er að tryggja jöfnuð og mannréttindi. Það að etja fólki út á harðfenni lánamarkaðar, sem hefur gróða að höfuðsjónarmiði, er í takt við lögmál frumskógarins.

Talað er um að bjóða skattalækkanir sem kjarabót, en skattalækkanir nýtast ekki þeim sem lægst hafa launin. Þar verða aðrar aðgerðir að koma til. Hvernig hefur ríkisstj. hugsað sér að fjármagna þær tryggingabætur sem hljóta að verða óumflýjanlegar ef þeir eiga yfirleitt að lifa af sem lægst hafa launin? Þetta þurfum við að fá að vita.

Ég talaði áðan um frelsi og fyrir hverja það væri. Hér á Alþingi virðist ríkja efi í hugum sumra og kemur fram í máli þeirra efi um það að lögbrot hafi verið framin þegar frjálsar útvarpsstöðvar tóku til starfa. Nú skilst mér að starfsemi þessara stöðva hafi verið afnumin samkvæmt dómsúrskurði sakadóms Reykjavíkur en ekki með lögregluaðgerð. Ef dómstólar úrskurða athæfið ólögmætt, er það ekki um leið viðurkenning á því að um lögbrot sé að ræða? (Gripið fram í.) En þá gildir einu hvaða skoðun menn hafa á nauðsyn þess að koma á frjálsari löggjöf um útvarpsrekstur.

Ég hef heyrt á tal margra undanfarna daga sem hafa verið slegnir óhug yfir því að ráðherrar og aðrir ábyrgðarmenn skuli vera bendlaðir, að því er virðist, við lögbrot eða meint lögbrot og furða sig á því hvernig þeir geta séð sóma sinn í slíku eða réttlætt það. Og menn velta því fyrir sér sumir, hvort einherjar muni nú allir rísa heilir upp aftur í þetta sinn.

Ég fyrir mitt leyti er búin að fá mig fullsadda af karlmannlegri festu stjórnvalda og afleiðingum hennar. Má ég nú fyrir mína hönd og umbjóðenda biðja um mildi, skilning og meiri jöfnuð, bæði fyrir launþega og aðra þegna þessa lands.

Eftir móðuharðindin var íslenska þjóðarfjölskyldan ekki nema tæplega 40 þús. manns, enda hart að henni sorfið, eldgos, sjúkdómar, veðurharðindi og fátækt. Þá dugði henni best til að halda á sér hita og lífi að standa þétt saman og líta vel eftir sínum og skipta jafnt því sem til skiptanna var. Í dag er íslenska fjölskyldan næstum því sex sinnum stærri og neyð hennar sem betur fer þess eðlis að hún getur ráðið við hana ef hún vill. En jafnt og áður dugir henni best að standa þétt saman til að leita réttar síns og tryggja afkomu sína og skipta jafnt því sem

til skiptanna er og henni er jafnnauðsynlegt og áður að forðast þá forustusauði sem slegnir eru blindu og gætu leitt hana í glötun.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki hv. 5. þm. Reykv. hér í salnum svo að ég verð sennilega að sleppa því sem ég vildi við hann sagt hafa.

Þessar umr. í upphafi þings um skýrslu ríkisstj. vegna hinna alvarlegu kjaradeilna og hugmyndir um lausn þeirra hafa um margt verið athyglisverðar. Ekki fyrir það að nýjar og ferskar tillögur eða hugmyndir hafi komið fram frá hv. stjórnarandstæðingum eftir sumarfrí þeirra, heldur fremur þá köldu staðreynd að sumir forustumenn stjórnarandstöðunnar, þó vil ég undanskilja hv. 5. þm. Reykv., hafa haldið hér æsingaræður sem augljóslega hafa þann eina tilgang að gera tilraun til að torvelda mat manna á skynsamlegri lausn þessara viðkvæmu deilumála. Eru erfiðleikar almennings og þjóðarbúsins í heild, sem blasa við öllum, ekki nægjanlega miklir þó ekki sé vísvitandi verið að reyna að blekkja fólk með því að snúa staðreyndum við og draga úr möguleikum til sátta?

Ég get nefnt lítið dæmi. Hv. þm., formaður Alþfl., sagði hér í þingræðu í gærkveldi að matvæli hefðu hækkað um 80% meðan laun hefðu aðeins hækkað um 12%. Samkvæmt skýrslu Verðlagsstofnunar, sem er nýkomin út og menn hafa ekki viljað vefengja, hefur verðlag almennt hækkað á fyrstu átta mánuðum ársins samkvæmt framfærsluvísitölu um 9.9% og matvörur hafa ekki hækkað, sem betur fer, að meðaltali nema 14%. Þar vega hæst landbúnaðarvörur og mesta hækkun þar er um 30%. Á sama tíma hafa sumar matvörur lækkað, eins og sykur og fleiri vörutegundir, þjónusta alls konar staðið í stað þessa níu mánuði ársins, svo sem gjöld Pósts og síma, rafmagn og margt fleira mætti til nefna.

Ég er ekki að segja þetta hér til að draga úr þeim mikla framfærsluþunga sem er á heimilum hér í landi. Ég er aðeins að draga þetta fram hér til að sýna fram á að það er ástæða til að taka hið jákvæða með þegar menn eru að rökræða vissa þætti og halda ekki fram svo grófum fullyrðingum að það blekki til umræðna. Auðvitað er okkur öllum ljóst að verðlag á ýmsum vöruflokkum og þjónustu hefur hækkað allt of mikið og veldur það erfiðleikum í rekstri heimila í þjóðfélaginu. Þetta bitnar auðvitað fyrst og fremst á afkomu láglaunafólks, um það eru allir sammála. Þess vegna vil ég sérstaklega undirstrika ummæli hæstv. forsrh., að það verður að finna möguleika á því að þær peningahækkanir launa, sem hægt er að veita, verði fyrst og fremst til þeirra sem eru í lægstu launaflokkunum. Ég fæ alls ekki skilið og hef aldrei getað skilið hvernig á því stendur að þetta er ekki samstillt krafa forustu launþega í landinu, svo augljóst réttlæti er þetta í mínum huga. (**GHelg:** Hverjir eru það sem eru í lægstu launaflokkunum?) Þetta er góð spurning, hv. þm., og ég vonast til þess að hv. þm. hafi tekið þátt í því að leita að svari við þessu.

Við reyndum á síðasta þingi, hv. þm., að fá svör við því hverjar eru almennar launatekjur í landinu, þegar verið var að ræða um þá mikilvægu ákvörðun að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Við höfum ekki fengið svar við þessu enn. Það er núna rannsókn í gangi til að reyna að kanna þetta. Ég hef m. a. staðið fyrir því að láta kanna með skilvirkum hætti launakjör og aðstöðu einstæðra foreldra hér á landi og hef gefið út skýrslu um það sem ég vona að allir hv. þm. hafi undir höndum. En það þarf að leita að þessum staðreyndum. Þarna er meinsemd sem þarf að lækna í meðferð kjaramála ekki síst.

Ég vænti þess að aðilar vinnumarkaðarins, þar með talin samninganefnd BSRB, taki opnum huga ábendingum hæstv. forsrh. um möguleika til að leysa kjaramálin, sem hann skýrði þingheimi frá hér í ræðu sinn í gær, þar sem aðalatriðin yrðu að tryggja kaupmátt launa eins og hann var á síðasta ársfjórðungi 1983. Sem betur fer er nú hafin af fullum krafti vinna við að athuga á hvern hátt hægt er að beita lækkun tekjuskatts og útsvara sem beinni kjarabót í stað peningahækkunar launa. Það er mjög jákvætt að allir aðilar vinnumarkaðarins hafa tjáð sig fúsa til þess verks.

Vegna þess hve afstaða sveitarfélaga er mikilvæg í þessu máli, með tilliti til lækkunar á útsvari, samþykkti ríkisstj. að minni tillögu í gær að fulltrúi sveitarfélaga tæki sæti í þeirri nefnd er vinnur að málinu. Ég veit að sveitarstjórnarmenn eru almennt reiðubúnir til þátttöku í skynsamlegum leiðum til lausnar á efnahagsvanda þjóðarinnar. En þátttaka sveitarfélaga byggist á beinni þátttöku í meðferð mála er að þeim snýr. Þetta er augljós staðreynd.

Ég get vel tekið undir áhersluatriði BSRB í samningunum, það sem fram kemur m. a. um lækkun vaxta og afnám vísitölubindingar á lán vegna húsakaupa og aukna lánafyrirgreiðslu til húsnæðismála. Ég geri mér fyllilega grein fyrir þeim gífurlega vanda sem fjöldi fólks hér á landi stendur frammi fyrir þessa dagana, sem getur ekki staðið í skilum með afborganir og vexti af lánum vegna húsbygginga eða húsakaupa, fyrir utan þá sem eru að byggja eða kaupa íbúð og þurfa að bíða eftir lánum, þar sem fjármagn er ekki fyrir hendi. Ég skil þetta vel, þar sem ég er daglega í þessum málum og ræði m. a. við fjölda fólks sem er í þessum vanda statt. Ég veit vel hvað vextir og bankaviðskipti hafa hér mikið að segja. Það er ekki sama fyrir þetta fólk hvort vextir umfram verðtryggingu eru 2—5% eða 10—15%. Það var minnt á það hér í umr. að ég hefði sagt á fundi í Borgarnesi að ákvörðun um vaxtahækkun í haust hefði verið slys. Það þarf ekki að vera neitt launungarmál að ég hef þá skoðun að vextir eigi að lækka í takt við verðbólguþróun í þjóðfélaginu. Ég held því fram að það sé yfirlýst stefna ríkisstj. að svo verði. Ég held því einnig fram að Seðlabanki Íslands hafi ekki framkvæmt það aðhald sem honum ber að hafa, og ríkisstj. fól honum m. a. í byrjun þessa árs, með viðskiptabönkum og þróun peningamála í landinu. Til að skýra nokkuð mitt mál vil ég tilfæra dæmi. Í skýrslu um bankamálin, sem fjallar m. a. um hvernig lausafjárstaða bankanna hefur þróast þetta tímabil, kemur fram að 1. jan. 1984 var þessi staða mínus um 1 milljarð og 68 milljónir. Þar af voru erlendar skuldir 41 milljón. Hinn 31. ágúst s. l. var lausafjárstaða bankanna mínus 3.4 milljarðar. Þar af voru erlendar skuldir 1.3 milljarðar. Ég hef gagnrýnt þessa þróun vegna þess að ég held því hiklaust fram að þarna hafi það aðhald sem Seðlabankanum er ætlað brugðist. Og það hefur raunar verið viðurkennt.

Þegar við tölum meira um þessi mál þykir mér rétt, af því að vaxtamálin eru það mikilvæg í þessu tilliti, að skýra það eins og það kemur fyrir í opinberum skýrslum að í febrúar s. l. veitti Seðlabankinn innlánsstofnunum

heimild til að ákveða sjálfar kjör innlána, sem bundin eru til minnst sex mánaða, svo og kjör á milli bankalána. Varð það til þess að þeir buðu til sölu innlánsskírteini og fleiri innlánsform með betri kjörum en áður. Í ágústmánuði fengu svo innlánsstofnanir heimild til að ákveða sjálfar alla vexti aðra en vexti almennra sparisjóðsbóka sem Seðlabankinn hækkaði 11. ágúst úr 12 í 17% á ári. Það er þetta sem ég tel að hafi verið að vissu leyti slys. En það voru sett um þetta skýr ákvæði sem áttu að tryggja eftirlit með þessu. Ákvarðanir innlánsstofnana urðu að fá samþykki Seðlabankans til að öðlast gildi. Um miðjan ágúst tóku flestar innlánsstofnanir ákvörðun um vaxtahækkanir á bilinu 2—7%. En það hefur komið í ljós síðan að Seðlabankinn hafnaði engri beiðni um vaxtahækkanir. Þetta hef ég gagnrýnt. Auðvitað er það ljóst, þegar við lítum á dæmið í heild þar sem vextir algengra útlána eru nú 25—30% og vextir þriggja mánaða innlána 20—21%, hve sá samanburður er óeðlilegur að ígildi vísitöluhækkana lánskjaravísitölu er 16.8% síðustu þrjá mánuði og 14% í ágústmánuði. Það sjá allir sem sjá vilja og ræða um þessi mál að þetta er óeðlileg þróun og ég tel mér skylt að láta í ljósi mína skoðun á þessu og vinna að því að þessu verði breytt. Ég tel að einmitt þetta sé ein orsökin fyrir því að svo hefur farið sem nú er öllum ljóst í sambandi við vaxtaþensluna og peningaþensluna. Það er mín skoðun að ef bankarnir, þ. e. viðskiptabankar og sparisjóðir, auka þenslu um of á peningamarkaðinum eigi ekki að hjálpa þeim út úr þeim vanda með því að heimila þeim hækkun vaxta án harðra eftirlitsaðgerða. Hækkun vaxta bitnar strax á atvinnuvegunum og almenningi, ekki síst þeim sem skulda vegna húsbyggingar eða íbúðarkaupa. Ríkisstj. er að vinna að þessum málum og mun taka þau föstum tökum, eins og raunar hefur komið fram hér í þessum umræðum.

Þar sem ég mun svara fsp. hér á Alþingi næstu daga um stöðu húsnæðismála tel ég ekki ástæðu til að ræða þau í þessum umræðum. En þar sem fyrrv. félmrh., hv. þm. Svavar Gestsson, og raunar fleiri ræðumenn slógu því föstu að ríkisstj. hefði ekki staðið við neitt í húsnæðismálum vil ég aðeins koma þessu á framfæri:

Samkvæmt lánsfjárlögum 1984 er gert ráð fyrir að lán úr Byggingarsjóði ríkisins á þessu ári nemi 1167 millj. kr. Þann 30. sept. s. l. var búið að veita 2800 lán úr Byggingarsjóði ríkisins að fjárhæð 1 milljarður 33 millj. kr. Samkvæmt lánsfjárlögum er gert ráð fyrir að lán úr Byggingarsjóði verkamanna á þessu ári nemi 405 millj. kr. Þann 30. sept. s. l. námu lánveitingar úr sjóðnum 302 millj. kr. Þá þrjá mánuði sem eftir eru af þessu ári er eftir að afgreiða lán samkvæmt lánsfjárlögum samtals að fjárhæð 237 millj. kr. Ég get fullyrt hér og tel það öruggt að þetta takist að fullu. Að sjálfsögðu mun ég skýra þetta nánar þegar ég svara þeim fyrirspurnum sem hér liggja fyrir, væntanlega í næstu viku. Þá mun ég koma nánar inn á þessi mál. Hins vegar er alveg ljóst að mikið fjármagn þarf til að geta fullnægt eftirspurn eftir lánum vegna mikillar aukningar í byggingu og húsakaupum á þessu ári, sem er langt umfram allar þær áætlanir sem Húsnæðisstofnunin hafði sett fram. Ég er alls ekki og get ekki verið bjartsýnn á að það takist að útvega miklu meira fjármagn en lánsfjárlögin gera ráð fyrir, ekki síst miðað við stöðu og afkomu lífeyrissjóðanna í landinu, en að þessu er að sjálfsögðu unnið.

Ég get ekki stillt mig um að segja það í sambandi við innskot hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem hér er mættur, að auðvitað er það tilhlökkunarefni hjá mér að fá tækifæri til að ræða við hann um þessi mál, miðað við þá fsp. sem hann hefur lagt fram og ég mun að sjálfsögðu svara. En eitt vil ég sérstaklega segja við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson: Þegar við tölum um lífeyrissjóðina þá er það ekkert einfalt mál. Það eru engin lög til, sem lífeyrissjóðir taka gild um skyldur þeirra til að veita fjármagni í fjárfestingarsjóðina. Þau eru ekki til. Og ég vænti þess að hv. þm. muni standa mér við hlið þegar að því kemur nú mjög fljótlega að taka ákvörðun um það hvernig við tryggjum að það fjármagn sem lífeyrissjóðirnir hafa yfir að ráða renni til húsnæðismála í landinu bæði í nútíð og framtíð. Ég vænti þess.

Hitt vil ég segja hér, og nota tækifærið af því að við erum að ræða um lífeyrissjóði, að það er vissulega mikið áhyggjuefni hvernig við eigum að meðhöndla lífeyrissjóðina í landinu í allra næstu framtíð. Mér brá óneitanlega í brún hér um daginn þegar ég uppgötvaði að sjóðsstaða stærsta lífeyrissjóðs landsins, Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna, er þannig þessa dagana að það er alveg ljóst að það verður mínusstaða upp á 40—50 milljónir næstu tvo mánuði. Ríkið verður því að leggja fram fé til þess að sjóðurinn geti staðið við þær skuldbindingar sem hann hefur gagnvart lífeyrisþegum, 40—50 milljónir á næstu vikum. Svona er komið fyrir stærsta lífeyrissjóði landsins. Þetta er vissulega áhyggjuefni og hlýtur að benda okkur þm. á að taka þarf höndum saman um að finna skynsamlega lausn á málum lífeyrissjóða landsins, hvernig þeim skuli skipa miðað við það að þeir eigi að geta staðið við þá skuldbindingu, sem fyrst og fremst er þeirra hlutverk, að tryggja lífeyri sinna sjóðfélaga.

Vegna ummæla hv. þm. Svavars Gestssonar get ég ekki stillt mig um að setja hér upp nokkrar einfaldar staðreyndir varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Árið 1982, á síðasta heila starfsári fyrrv. húsnæðisráðherra Svavars Gestssonar, námu heildarlán úr Byggingarsjóði ríkisins 393 millj. kr. Þar af voru á fjárlögum sem framlag ríkisins 69.7 millj. kr. Þá var upphæð láns til fjögurra manna fjölskyldu 205 þús. kr. Hinn 30. sept. 1984, þ. e. fyrir níu mánuði þessa árs, nema heildarútlán úr Byggingarsjóði ríkisins 1 milljarði 33 millj. kr. og lánsupphæð til fjögurra manna fjölskyldu 667 þús. kr.

Það væri fróðlegt að rekja hér ýmislegt fleira, en ef menn vilja leita sér upplýsinga þá geta þeir lesið í áliti Þjóðhagsstofnunar að fyrstu sex mánuði þessa árs námu húsnæðislán Byggingarsjóðs ríkisins 872 millj. kr. á móti 387 millj. fyrstu sex mánuði ársins 1983, sem þýðir 46.6% raungildishækkun húsnæðislána 1984. Og ef menn lesa fjárlagafrv. fyrir árið 1985, sem liggur hér á borðum hv. þm., þá sjá þeir að gert er ráð fyrir 100% hækkun fjármagns til Byggingarsjóðs ríkisins frá fyrra ári, þ. e. að í ár er það 400 millj. en í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er það 800 millj. kr. Ég ætla ekki að ræða þetta meira að sinni. Það geta allir hugsandi menn gert sér grein fyrir því hvort um svik ríkisstj. er að ræða eða ódugnað núv. félmrh. í þessu máli. En þetta kemur fram í síðari umr.

Herra forseti. Ég vil að lokum taka undir orð hv. 7. þm. Reykv., Guðmundar J. Guðmundssonar, sem hann lagði áherslu á í ræðu sinni hér í gærkvöld, að

menn ættu að halda ró sinni og óskiptri skynsemi, eins og hann orðaði það, við að leysa svona kjaradeilur. Við hljótum að leggja okkur fram til að ná sáttum og meta þjóðarhag ofar öllu í þessum málum.

Nú er hæstv. fjmrh. sennilega ekki í húsinu, en mig langaði til að láta þá skoðun í ljós að ég tel að hann hafi ekki í alvöru viljað túlka viðhorf sitt til kennarastéttarinnar eins og skilja mátti af orðum hans hér í ræðustól í gærkvöld, eða a. m. k. vona ég að ég meti það rétt. Ég þekki nefnilega persónulega vel til um kjör kennara, það vill svo til að í minni fjölskyldu eru kennarar. Ég þekki þess vegna vel stöðu þeirra í launakerfinu öllu og mér er það alveg ljóst að ekki verður komist hjá því að endurskoða stöðu þeirra í launakerfi ríkisins. Nú er það svo að við tölum gjarnan um það að við séum á eftir öðrum þjóðum að tileinka okkur nýja tækni og ný viðhorf til framfara sem kalla á meiri kröfur til aukinnar menntunar og þar með til kennara í landinu til að gera slíkt mögulegt. Það er mín skoðun að þjóðin hafi ekki efni á því að missa af hæfu fólki í kennarastétt. Þess vegna vil ég leggja sérstaka áherslu á það af þessu tilefni að menn geri sér grein fyrir því að það er ekki hægt að tala með léttúð um þessi mál.

Ég vil svo endurtaka að forsrh. hefur fyrir hönd ríkisstj. bent á færar leiðir til lausnar kjaramála í landinu og ég leyfi mér að vona að allir, og þá ekki síst hv. alþm., gangi að lausn þessara mála heils hugar. Þjóðin hefur ekki efni á öðru.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég bið þá hv. þm. sem eftir eru hér í þingsalnum að skelfast ekki mjög þó að bunkinn sé þykkur sem ég hélt á með mér upp í þennan stól. Þar eru m. a. fjárlögin að hluta til í bundnu máli og það kynni að fara svo að maður þyrfti að nota þau hér eitthvað á eftir.

Á dagskrá þessa fundar, herra forseti, eru yfirstandandi kjaradeilur í þjóðfélaginu. Það hefur vonandi ekki farið fram hjá neinum. Að vísu hefur þessi umræða dreifst nokkuð út um hóla, enda hefur margt gerst undanfarna daga sem hefur haft áhrif á þessar deilur og þar af sumt mjög alvarlegt. En nóg um það að sinni.

Hæstv félmrh., sá sem fer með húsnæðismál í landinu, kom hér í þennan virðulega ræðustól og afneitaði vaxtahækkuninni um daginn, afneitaði með öllu þessu vaxtastigi sem er í þjóðfélaginu. Mér telst svo til að hann sé þriðji hæstv. ráðh. a. m. k. sem kemur í þennan ræðustól á þessu þingi og afneitar þessum vöxtum. Þá fer manni að verða spurn: Hver eiginlega vill hafa þessa vexti? Hvernig í ósköpunum stendur á því að þessir vextir skuli vera svona háir úr því enginn vill bera ábyrgð á þeim, enginn virðist ánægður með þá? Meira að segja hæstv. fjmrh. lýsti því yfir hér í gær að ekki væri hann ánægður með þessa vexti. En það er bara eins og þetta sé eitthvert lögmál af himnum og aumingja mennirnir geti ekkert við þessu gert. Eða hvers vegna er ekkert gert? Það þýðir ekki að fara upp í Borgarnes og halda þar ræður um það að vextir séu allt of háir og nöldra eitthvað um það hér í þingsölum. (Gripið fram í.) Hvers vegna er ekkert gert, hæstv. félmrh.? (**Gripið fram í:** Hver er bankamálaráðherra?) Ég skil vel óánægju og gremju hæstv. félmrh. þegar hann sér sinn málaflokk hrynja fyrir augunum á sér m. a. vegna þessa ófremdarástands í vöxtum. Það er okrið sem leikur umbjóðendur hæstv. félmrh. verst nú um stundir. Hann barmar sér sáran en virðist ekkert fá að gert. Ríkisstj. öll samanlögð, hæstv. ráðh. úr báðum flokkum afneita vöxtunum en ekkert gerist. Svo koma menn í þennan ræðustól og eru hissa á því að staða lífeyrissjóðanna sé slæm, að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar til Húsnæðisstofnunar ríkisins, til byggingarsjóðanna. Eða átti ekki að skilja ummæli hæstv. félmrh. svo að hann væri hissa á því, þetta kæmi honum mjög á óvart? Hæstv. ráðh. var bent á þetta í fyrra að þær væntingar sem kæmu fram í lánsfjáráætlun og í áætlunum Húsnæðisstofnunar ríkisins eins og gengið var frá þeim hér væru algerlega óraunhæfar, lífeyrissjóðirnir hefðu ekki möguleika á að standa við skuldbindingar sínar eins og ástandið væri í þjóðfélaginu því sókn þeirra sem eiga rétt til lántöku hjá þessum sjóðum hefur af öðrum ástæðum ýmsum stóraukist á undanförnum árum. Alveg sérstaklega eftir að þessi hæstv. félmrh. og aðrir ráðh. tóku við stjórnartaumunum hefur fyrst keyrt um þverbak. Sömuleiðis má segja að skuldbindingar þær, sem atvinnuleysistryggingasjóði voru ætlaðar, væru aldeilis óraunhæfar vegna ástandsins eins og það blasti við á síðasta vetri. Á þetta var hæstv. félmrh. bent hér í fyrra og hann þarf því ekki að vera svo mjög hissa á því ástandi sem nú er að skapast, m. a. í hans málaflokkum.

Herra forseti. Ég sagði áðan að þessi umr. hefði tilhneigingu til að dreifast dálítið út um víðan völl og það er sönnu nær. Nú er ég hér farinn að tala um húsnæðismál og vinnubrögð hæstv. félmrh. í þeim í fyrra þegar hann var að ganga frá fjárlögum og lánsfjárlögum. Ég skal nú reyna að hverfa aftur að því sem er meginumræðuefni þessa fundar og var svo einnig á fundum hér í Sþ. í gær, þ. e. yfirstandandi kjaradeilum í þjóðfélaginu.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi kjaradeila sé með nokkuð öðrum hætti og hún sé orðin nokkuð annars eðlis en aðrar slíkar sem menn hafa upplifað hér á Íslandi undanfarin ár og undanfarna áratugi. Þessi deila er að mínu mati annars eðlis fyrst og fremst vegna afstöðu annars deiluaðilans í málinu, þ. e. ríkisins. Það er harka og ósveigjanleiki ríkisvaldsins í þessari kjaradeilu við opinbera starfsmenn sem setur alveg nýjan blæ, varpar alveg nýju ljósi á þessa deilu, borið saman við þær aðrar sem við höfum upplifað í landinu.

Afstaða BSRB er einföld, þeir berjast fyrir lífvænlegum launum. Því er auðvitað borið við nú af hálfu hæstv. fjmrh. — og væri ánægjulegt að sjá hann hér í þingsal — að ríkiskassinn sé tómur. Þegar opinberir starfsmenn koma upp í rn. að ræða við hæstv. fjmrh. snýr hann við vösunum, sýnir þeim fóðrin. Sjáið þið, hér er enga peninga að hafa. Allt tómt, gatslitið. Hann snýr sem sagt og veifar fóðrinu á tómum vösum sínum frammi fyrir opinberum starfsmönnum og segir: Hér er ekkert að hafa.

Þetta er að vísu sami hæstv. fjmrh. og í fyrra á þessu háa Alþingi reytti af sér tekjustofnana eins og hann væri manna múraðastur, eins og aldrei hefði verið áður í sögu lýðveldisins fjmrh. sem ætti aðrar eins gullkistur að baki sér. Hann reytti af sér mjólkurkýrnar, maðurinn, með lagabreytingum. Hann létti álögum af bönkum. Hann tók ekki skatta af skrifstofu- og verslunarhúsnæði eins og áður hafði verið gert og hann vildi ekki hirða neitt af þeim sem væru að fara í lystireisu til útlanda. Nógir peningar í ríkissjóði þá, þegar fjmrh. var

að skera niður mjólkurkýr ríkissjóðs hér á hv. Alþingi í fyrra. En nú er öldin önnur.

Á sama tíma er svo reyndar annar aðili í þjóðfélaginu, Vinnuveitendasambandið, að falbjóða tekjustofna ríkissjóðs úti í bæ rétt eins og það hafi tekið við hlutverki löggjafarvaldsins. Það virðist hafa efni á því, þetta Vinnuveitendasamband, hvaðan sem umboð þess er nú komið.

Nei, auðvitað er það svo, herra forseti, að hér býr annað að baki. Það eru allt aðrir hlutir sem í raun ráða ferðinni af hálfu hæstv. fjmrh. og meðreiðarsveina hans í þessari deilu. Hæstv. fjmrh. ætti að vita það manna best, maðurinn sem fer með fjármál ríkisins, að ríkissjóður sem slíkur mun njóta góðs af því að laun hækki í landinu og fá þannig auknar tekjur eins og aðrir aðilar með því að velta eykst í þjóðfélaginu. Það sem í raun er hér á ferðinni og birtist okkur í dag í hörku og ósveigjanleika ríkisvaldsins gagnvart samtökum launafólks eru allt aðrir hlutir að mínu mati. Þar eru á ferðinni erlendar kenningar. Fyrirmyndin er sótt út fyrir landsteinana í erlendar kenningar sem ýmist eru kenndar við peningamagnshagfræði eða frjálshyggju eða hvað sem menn svo vilja láta það heita. Eitt lykilatriði í þessum kenningum öllum er harka og ósveigjanleiki gagnvart verkalýðshreyfingunni á hverjum tíma í þeim tilgangi beinlínis og yfirlýstum að mola þá hreyfingu niður, að veikja hana, að draga úr áhrifum hennar.

Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson hafi alls ekki áttað sig á þessu, hann hafi ekki áttað sig á því að með því sem hann kallar þolinmæði, og felst aðallega í því að sitja þegjandi og gera engin tilboð, er hann að gerast bandamaður ofstækisfyllstu íhaldsaflanna sem nú ráða ríkjum bæði í gamla Sjálfstfl. hans og í hinni deildinni sem enn þá er kennd við Framsóknarfl. Það er grímulaus markaðshyggjan, frjálshyggja, markaðskreddan sem nú leggst á hugi ungra íhaldsmanna eins og farsótt, eins og svartadauðasótt. Það er hún sem er hér á bak við tjöldin. Og hvort sem hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson veit meira eða minna um frjálshyggju er hann orðinn fánaberi í þessari krossferð ofstækisfyllstu aflanna í íhaldsflokkunum á landinu gegn samtökum launafólks. Þannig er það nú orðið, hvort sem það er meðvituð reið hjá hæstv. fjmrh. eða ekki, hvort sem hann veit af veifunni sem hann hefur uppi eða ekki.

Auðvitað hlaut ríkisvaldið að beita sér á því sviði þar sem það er milliliðalaus viðsemjandi, þ. e. í kjaradeilum við opinbera starfsmenn. Þar hlutu þeir að láta reyna á þessar nýju hugmyndir. Vilji menn fræðast frekar um þann anga þessara kenninga, sem snýr að verkalýðshreyfingunni, geta þeir lesið sér til því svokallaðir lærðir menn af þessum skóla skrifa um þessa blessun, frjálshyggjuna, og hvernig eigi nú að framkvæma hana. Stór hluti af því sem þeir skrifa fjallar um viðskipti ríkisvalds og verkalýðshreyfingar. Það er ekki lítill liður í þessum kenningum og þar gengur eitt eins og rauður þráður í gegnum allt saman. Ríkisvaldið verður að hætta þessari linkind við verkalýðshreyfinguna. Nú skal hart látið mæta hörðu.

Ég bendi mönnum á Fjármálatíðindin ef þeir vilja sækja sér lesningu um þetta. Þar skrifar lærður maður. Reyndar var það upphaflega fyrirlestur haldinn á aðalfundi Verslunarráðsins sem er stofnun sem ýmsir hafa heyrt nefnda. Í fyrsta hefti Fjármálatíðinda á þessu ári skrifar lærður maður, Þorvaldur Gylfason, mikla grein um þessi mál. Þar er megininntakið þetta: Að sú hættulega undanlátssemi ríkisvaldsins við launþegahreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins sé öllu öðru hættulegri. Henni verður nú að linna og nú skal öldin önnur.

Þetta er að mínu mati það sem öllu öðru fremur er orsök þeirrar hörku og þeirrar illsku sem hlaupin er í þá kjaradeilu sem við erum hér að ræða. Það eru þessar hugmyndir sem liggja þarna að baki, hvort sem menn sem standa síðan í framvarðasveitinni vita af því eða ekki. Hvort sem þetta er meðvitað af þeirra hálfu eða ekki þá er það að mínu mati þannig sem í þessu liggur.

Hæstv. fjmrh. eyddi hér í gær löngum tíma í að útlista einlægan vilja sinn til samninga. Hann var svo einlægur og heilagur í framan, langaði svo óskaplega til að semja og eyddi í það drjúgum hluta af langri ræðu sinni að reyna að sannfæra menn um það. En hvað er það helsta sem frá hæstv. fjmrh. hefur komið til þess að liðka fyrir samningum? Ef við færum yfir þá þróun sem verið hefur í þessari deilu síðustu dagana fyrir verkfall og svo það sem síðan er liðið, hver er þá þáttur hæstv. fjmrh. í því að liðka fyrir samningum? Ég ætla að sleppa hér deilum um lögfræðileg atriði og ýmislegt annað sem vissulega hafa áhrif í þessu máli. En hver eru bein tilboð hæstv. fjmrh.? Hver voru viðbrögð hans eftir að hann sjálfur og síðan opinberir starfsmenn höfðu fellt tillögu sáttasemjara? Hvað var það næsta sem frá honum heyrðist? Jú, hæstv. ráðh. bauð reyndar að borga mönnum kaup ef þeir mættu til vinnu og þótti rausnarlegt. En næsta tilboð hans var tveimur heilum prósentustigum fyrir neðan sáttatillöguna sem allur þorri opinberra starfsmanna var þegar búinn að hafna. Þetta er nokkuð merkilegt. Átti hæstv. fjmrh. von á því að samningar tækjust um þetta? Skildi hann opinbera starfsmenn svo að þeir hefðu fellt sáttatillöguna af því að hún væri of há? Það hlýtur eiginlega að vera. Þess vegna gerði hann sér vonir um það, þessi hæstv. ráðh. sem hefur svona mikinn áhuga á að ná samningum, að með því að bjóða þeim aðeins minna mundi hann ná samningum.

Forsendur og niðurstaða þeirra kjarasamninga, sem gerðir voru í vetur, verða, held ég, ekki undir neinum kringumstæðum kenndir við heimtufrekju frá hlið launþega sem undir þá skrifuðu. En þær forsendur eru því miður brostnar. Þær hafa brostið m. a. vegna þess að vöruverð hefur hækkað meira en þar var ráð fyrir gert og kaupmátturinn, sem þar var um samið, hefur ekki haldist.

Reyndar má segja að þessar forsendur séu brostnar einnig af öðrum orsökum, sem sé þeim að þær forsendur, þær spár, sem þá voru lagðar til grundvallar, hafa ekki staðist. Þær hafa ekki staðist í þá átt að þróun mála hefur orðið hagstæðari en gert var ráð fyrir þegar skrifað var undir samninga á s. l. vetri. Þetta kemur skýrt fram í plöggum frá Þjóðhagsstofnun sem bæði aðilar vinnumarkaðarins og hv. þm. hafa fengið í hendur. Þjóðhagsáætlun í fyrra gerði ráð fyrir að þjóðarframleiðslan mundi minnka um 4—5% en tölur frá Þjóðhagsstofnun nú og upplýsingar úr ræðum hæstv. forsrh. gera ráð fyrir að sá samdráttur verði um eða innan við 1%. Þannig hafa í raun þær forsendur, sem þá voru lagðar til grundvallar, ekki staðist á þann veginn

heldur hefur þróun mála orðið hagstæðari og ber að sjálfsögðu að fagna því.

Fleiri tölur mætti nefna sem hafa þróast til rétts vegar, t. d. aukna útflutningsframleiðslu upp á 8—9%. Viðskiptakjör í heild, allir vöruflokkar meðteknir, eru *nú 1.5 prósentustigi hagstæðari en í fyrra*. Þrátt fyrir allt hafa því ýmsar ytri ástæður — ekki allar, ég er ekki að segja það — þróast í hagstæðari átt en gert var ráð fyrir þegar þjóðhagsáætlun fyrir árið var lögð fram, fjárlög og lánsfjárlög voru afgreidd og kjarasamningar undirritaðir. Þess vegna er eðlilegt að þetta sé nú tekið til endurskoðunar.

Síðan hefur, herra forseti, ástandið í sjávarútveginum mikið verið rætt hér sem ofureðlilegt er. Stjórnarliðar nota þetta ástand sem svipu. Þetta er svipan sem er reidd á bak launamanna ef þeir voga sér að krefjast hærri launa. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Sunnl. með meiru, dró hér upp mjög dökka mynd af ástandinu. Þvílíkt svartnætti var það sem við honum blasti. Niðurstaðan var sú að sjávarútvegurinn þyldi ekki að greiða hærri laun. En hvar var þessi þm., þessi hv. 1. þm. Suðurl., flokksbróðir Árna Johnsen úr Vestmannaeyjum, formaður Sjálfstfl., húsbóndi í Valhöll með meiru, svo að fátt eitt sé talið af hans virðingarstöðum, þegar vextirnir voru hækkaðir í sumar? Jú, hann var úti á torgum að fagna. Stórkostleg kerfisbreyting í peningamálum, sagði maðurinn. Stórkostlegt afrek, kerfisbreyting aldarinnar. Mánuði síðar voru reyndar bankarnir lokaðir og var það að sönnu mikil kerfisbreyting. En veit Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., ekki að hringinn í kringum landið í hverju fyrirtækinu í sjávarútvegi á fætur öðru er vaxtakostnaður svipuð stærð og launin? (**Gripið fram í:** Hverjir eiga sparifé?) Og hvað með aðra kostnaðarliði í sjávarútvegi, hv. skrifari og þm. úr Vestmannaeyjum, Árni Johnsen? (**ÁJ:** Hverjir eiga sparifé?) Hvað með þá? Það er misjafnt. T. d. eiga Íslenskir aðalverktakar slatta af sparifé. (**Gripið fram í:** Það er launafólk sem á 40% af sparifé landsins.) Á ég að snúa mér að hv. skrifara, herra forseti, eða á ég að ræða málin á öðrum forsendum?

Ég var að tala um það, herra forseti og hv. þm. Árni Johnsen úr Vestmannaeyjum, að það sé ýmislegt fleira en laun sem kosti sitt í rekstri sjávarútvegsins. Þannig eru t. d. vextirnir svipuð stærð og launin í mörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi hringinn í kringum landið. Ég var að segja það, hv. þm. og skrifari, að formaður Sjálfstfl. hefði verið úti á torgum og fagnað vaxtahækkuninni í sumar en hann ætlar ær að verða, þessi hv. þm., *ef minnst er á launahækkanir. Ég hef ekki orðið var við* að hv. þm. Árni Johnsen né heldur formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, væru að óskapast hér yfir því að tryggingar hefðu hækkað, að olía hefði hækkað, rafmagn hefði hækkað, að farmgjöld hefðu hækkað o. s. frv. Það er nefnilega ýmislegt fleira sem kostar peninga við rekstur sjávarútvegsins en laun.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að með þeirri vaxtahækkun einni sem þessir menn fögnuðu í sumar voru teknir burtu miklir möguleikar frá sjávarútveginum til að borga hærri laun. Það segir manni bara að þessir menn vilja heldur hækka vextina en launin. Það segir manni nákvæmlega ekkert annað. Ég skil og ég veit hvers vegna það er. Það er nefnilega trúaratriði í þessum hópi að þetta verði að vera svo. Það er fjármagnið sem öllu skal ráða, peningarnir. Þeirra skal vera valdið. En launin eru miklu neðar á listanum. Það sannast æ betur þessa dagana.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að harma það, eins og við gerum gjarnan, sumir, að hæstv. sjútvrh. mun í brottu. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. ræðumanns á því að sjútvrh. *tjáði mér* að hann gæti ekki verið hér á þessum fundi vegna þess að búið var að ákveða áríðandi fund í kjördæmi hans.) Ég þakka hæstv. forseta þessar upplýsingar og mun að sjálfsögðu taka þær til greina. Vegna ummæla hæstv. sjútvrh. hér í gær hefði ég gjarnan viljað hressa upp á minni hans að því leyti að hann virðist hafa gleymt öllu sem við í Alþb. og aðrir stjórnarandstöðuliðar fjölluðum um sjávarútveg á þinginu í fyrra. Hæstv. sjútvrh. stóð í þeirri meiningu að við hefðum verið á móti öllu sem gert hefði verið í sjávarútvegi og aldrei lagt neitt til málanna. Þetta er óskaplegur misskilningur og slæmt ef menn ganga lengi með svona í maganum. Ég mun reyna að ná til hæstv. sjútvrh. við tækifæri og leiðrétta þetta, benda honum m. a. á að lesa þingtíðindin og fara yfir þskj. frá þinginu í fyrra. Þá mun hann að sjálfsögðu sjá það og minnast þess að við fluttum marga gagnlega brtt. og löguðum ýmislegt til af því sem hann var að baksa við í sjávarútvegsmálunum, lögðum þar gjörva hönd á margt og hjálpuðum honum eins og við gátum. Það þýddi þó ekki að við gætum lagað alla hluti svo til að við treystum okkur til að samþykkja þá sem er annað mál. En ýmislegt tókst okkur þó að ná saman um. Slíkur málflutningur, að við höfum ekkert getað samþykkt, verið á móti öllu og ekkert lagt til málanna yfirleitt, á helst ekki að heyrast hér í þingsölum þegar þskj. og þingtíðindi sanna annað.

Þar fyrir utan hefur Alþb. sent frá sér ítarlega till. m. a. í þeim mikla vanda sem nú er við að etja í sjávarútvegi og hefði verið ástæða til að fara yfir þær hér til að hrekja það enn frekar að við höfum ekkert til málanna að leggja. En ég mun geyma það til betri tíma.

Skattamál, herra forseti, hafa mikið dregist inn í þessa umr. Það væri, eins og ég reyndar vék að áðan, fróðlegt að fá það upplýst hvernig því umboði sem Vinnuveitendasambandið virtist hafa frá hæstv. ríkisstj. — þá væntanlega í trausti meiri hl. hennar hér á Alþingi — til að valsa með skattamál og að því er virðist bjóða breytingar á skattalögum er háttað, hvernig þetta valdaafsal hefur farið fram eða hvar hið eiginlega löggjafarvald í þessum efnum er eiginlega statt?

Nú er það svo að á bls. 216 í þessu merka frv. til fjárl., sem hér liggur fyrir, eru allmiklar skýringar við gerð þessa frv. Og af því að menn hafa talað hér um skattalækkanir tel ég óhjákvæmilegt, með leyfi herra forseta, að fá að vitna aðeins í þetta frv. Það segir t. d. hér á miðri síðu:

„Í frv. er í aðalatriðum gert ráð fyrir óbreyttum tekjustofnum ríkissjóðs. Þó er gerð sú meginbreyting að áætlaðar tekjur af tekjusköttum einstaklinga eru lækkaðar um 600 millj. kr.“ Og neðar segir aftur, með leyfi forseta: „Í frv. er gert ráð fyrir að tekjur af neysluskattum aukist að sama skapi.“

Er nú ekki eitt og það sama skattur og skattur, þ. e. er þetta skattalækkun að lækka tekjuskatt og hækka neysluskatta að sama marki? Ekki fæ ég það þannig út. Fyrir mér er þetta tilfærsla á sköttum úr einum flokki í annan og má auðvitað ýmislegt um það segja. En hér er sem sagt marglofaður fyrsti áfangi hæstv. ríkisstj. í því

að afnema tekjuskatt af almennum launum á ferðinni. Í þessu fjárlagafrv. segir að hann skuli tekinn aftur með hærri neyslusköttum. Síðan er mikil umr. í gangi um að þessar skattalækkanir allar saman eigi að verða skiptimynt í yfirstandandi kjaradeilu. En mér er spurn, eru það þessar 600 millj. sem á að taka aftur með neyslusköttum eða er það eitthvað annað sem þar er verið að ræða um? Hvers konar skollaleikur er þetta? Eiga launþegar að kaupa það sem stórkostlega kjarabót að tekjuskattur verði lækkaður þegar í fjárlagafrv. ríkisstj. stendur að það skuli vegið upp með hækkuðum neyslusköttum? Hvernig halda menn að það komi út fyrir það fólk sem minnst ber úr býtum í þjóðfélaginu í dag og í langflestum tilfellum borgar alls ekki neina tekjuskatta? Hvernig kemur það út úr þessu dæmi? Hvernig á að tryggja að þetta verði sama kjarabótin fyrir alla þá sem mest þurfa hennar við?

Það geta allir verið sammála um að endurskoðunar sé þörf á lögum um tekjuskatt. Sé svo er ekkert eðlilegra en að ríkisvald og verkalýðshreyfing ræði hvort slíkar breytingar geti komið í stað kauphækkana til þeirra hópa sem njóta þess að tekjuskattur verði lækkaður. En ef á að rétta þá kjarabót með vinstri hendinni og taka hana svo aftur með hægri hendinni þá er það tálbeita sem enginn mun líta við.

Herra forseti. Ég vil að það komi hér fram að það sem ég tel að hið opinbera vanti í dag eru tekjustofnar miklu fremur en hitt að missa þá frá sér. Það þarf að ná til þeirra aðila í þjóðfélaginu sem hafa peninga og borga með þeim samneysluna í þjóðfélaginu og tryggja hana. Ég er þeirrar skoðunar að samneyslan sem slík sé besta trygging þeirra sem verst standa að vígi og hitt komi ekki í þess stað ef minnka á samneysluna. Á erfiðleikatímum einkum og sér í lagi er samneyslan helsta vörn þeirra sem minnst bera úr býtum. Það fær mig ekki nokkur maður til að trúa því, herra forseti, að opinberir starfsmenn til að mynda gíni við því agni í kjarasamningum að skera svo niður tekjumöguleika ríkissjóðs að það verði hrun í félagslegri þjónustu í landinu, svo ekki sé minnst á framkvæmdir. Það væri að mínu mati sama og að saga undan greinina sem setið er á í orðsins fyllstu merkingu.

Þetta fjárlagafrv., sem hér hefur verið lagt fram, sannar og sýnir betur en flest annað að mínum dómi að ríkið er þegar í dag vanmegnugt að halda uppi þeirri félagslegu þjónustu og þeim framkvæmdum sem við hljótum að gera kröfu til. Þegar ríkissjóður er þannig staddur eða þeir menn sem með hann fara þannig á sig komnir að þeir skera niður lögbundin framlög ríkissjóðs til aðila eins og Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Eftirlaunasjóðs aldraðra, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og svo mætti lengi telja, þá er sá ríkissjóður eða þeir menn sem með hann fara ekki aflögufærir um tekjustofna að mínu mati.

Hvað með framlög til heilbrigðis- og menntamála ef þau eru nú skorin niður við trog? Er þá líklegt að opinberir starfsmenn, kennarar og aðrir slíkir, muni gína við því að skera enn frekar niður tekjumöguleika ríkissjóðs þegar hann er nú þegar þannig á sig kominn að hann getur naumast haldið uppi því sem kalla mætti lágmarksþjónustu á þessum sviðum? Það þarf að fara aðrar leiðir til að ná í fjármagn heldur en nota óréttláta innheimtu á tekjuskatti. Um það er ég sammála öðrum hv. þm. hér sem hafa reyndar þegar gert um það samþykktir. En þær leiðir vill ríkisstj., Framsfl. og Sjálfstfl. greinilega ekki fara.

Hv. þm. Halldóri Blöndal þótti ekki nóg að gert hjá flokksbróður sínum, hæstv. fjmrh., í ummælum um kennara. Hann sá ástæðu til að hnykkja þar aðeins á. Hann er reyndar fyrrv. kennari sjálfur og þekkir vel til. Hann fór að tala um þessa grunsamlegu fjölgun kennara miðað við grunsamlega litla fjölgun nemenda. Hvað segir hv. þm. t. d. um meðalfjölda barna í bekkjardeildum á Íslandi? Telur hann það bara allt í himnalagi og eðlilegt og sjálfsagt að þeir séu milli 28 og 30 í mörgum þéttbýlisstöðum á landinu? Eða er hann að gera um það till. að unnt sé að fækka kennurum og fjölga í bekkjardeildum á hvern kennara eða hvernig átti að skilja orð hans hér áðan og annarra þeirra sem vitna í þessa grunsamlegu fjölgun kennara? Ég held að kennarastéttin í landinu hljóti að lesa þingtíðindin næstu daga, hvenær sem þau koma út, með nokkurri athygli og finna þar ýmislegt athyglisvert um viðhorf þessara talsmanna Sjálfstfl. í málefnum kennara. Og læt ég það duga um þann málaflokk og þann þáttinn í þessari umr., athyglisverðan nokkuð.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt. En vegna þeirrar ræðu sem hv. þm. Ellert B. Schram hélt hér í gærkvöldi — en mér skilst að hann sé heill þingflokkur eða langleiðina í það — hlýt ég að segja örfá orð og væri æskilegt ef hægt væri að fá þann hv. þm. til að hlýða á umr. ef hann er í húsinu. (**Gripið fram í:** Eru forsrh. og fjmrh. staddir í húsinu?) (**Forseti:** Það kom fram í ræðu forsrh. að hann væri um þessar mundir á samningafundi með forsvarsmönnum BSRB.) Það kallast ekki til stórtíðinda þó forsrh. sé ekki hér í húsinu. Hann hefur brugðið sér lengri bæjarleiðir undanfarið.

Við vorum ekki, hv. þm. hér á Alþingi, merkilegir pappírar í ræðu hv. þm. Ellerts Schram hér í gærkvöldi. Það mátti helst á honum skilja að hér sæti samansafn af gamalmennum, a. m. k. andlegum ef ekki einnig líkamlegum. Við sætum hér hv. þm. og horfðum ofan á tærnar á okkur gersamlega sambandslausir við umheiminn, við fólkið í landinu, við kjósendur okkar. Ég hefði spurt hv. þm. að því hvort hann telji sig hafa umboð til þess og efni á því að tala sem slíkur, hann sem fór þannig með virðingu kjósenda sinna og traust hér í Reykjavík að hann sá ekki ástæðu til að sinna störfum í þessari stofnun í heilan vetur. Ég bið hann að svara fyrir sig sjálfan og gera það á síðari stigum því að hann er ekki hér viðstaddur. Það hefði verið fróðlegt að fá við því svör frá hv. þm. í leiðinni hvers vegna hann var yfirleitt, hafandi gefið þá lýsingu á þessari stofnun og þeim sem hér vinna, að koma hingað til starfa að nýju.

Herra forseti. Í kjaradeilum er í meginatriðum deilt um tvennt, þ. e. hve mikið sé til skipta og hvernig skuli skipta því. Komið hefur fram hér í þessari umr. að fall þjóðartekna á Íslandi í þeirri lægð sem gengið hefur yfir s. l. 2 ár sé á milli 9—10%. Einnig hefur komið fram að skerðing kaupmáttar launafólks á sama tíma nálgast nú 30%. Þennan mun stendur upp á hæstv. ríkisstj. að skýra. Ríkisstj. hefur breytt hlutaskiptunum í íslensku þjóðfélagi. Það sanna þessar tölur. Hlutfall launa hefur lækkað borið saman við þjóðartekjur.

Á sama tíma og almennt launafólk hefur vart til hnífs og skeiðar raka ýmsir aðilar í þjóðfélaginu að sér fé. Þetta eru breytt hlutaskipti. Ábyrgðin á þessum breyttu hlutaskiptum getur ríkisstj. ekki velt yfir á aflabrest eða

aðrar ytri aðstæður. Þann hluta sem það má með sönnu gera getur hún vissulega fært þangað. En það sem eftir stendur, munurinn þarna á milli, fyrir hann verður þessi ríkisstj. að svara launþegum í landinu. Er það ekki það sem þeir eru nú fyrst og fremst að spyrja um í dag? Þetta er afleiðing stjórnarstefnunnar. Sömuleiðis yfirvofandi atvinnuleysi og byggðaröskun. Þetta eru afleiðingar leiftursóknarinnar í anda frjálshyggjunnar sem framkvæmdar eru með hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson í bílstjórasætinu. Hv. 1. þm. Sunnl., Þorsteinn Pálsson, situr sem bílstjóri í aftursætinu og leggur gjörva hönd á axlir forsrh. og segir honum hvert hann eigi að beygja.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það er undarlegt að heyra jafnungan mann og hv. 4. þm. Norðurl. e. tala á þeim nótum sem hann talar. Ég þekki engan ungan mann sem er jafnellilegur og hrumur í hugsun og það er sorglegt að slíkt skuli vera hjá jafnmyndarlegum ungum manni.

Það var kynleg kenning sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lét hér falla um sjávarútveg og kostnað í þeim efnum, og væri nú nær að þm. tæki með sér rétt gögn en ekki þann bunka sem hann hafði og fer síðan með staðlausa stafi og vitleysur. Þm. sagði að vaxtakostnaður í fiskvinnslu í landinu væri jafnmikill og ívið meiri en launakostnaðurinn. (**SJS:** Bull og vitleysa. Svipuð stærð sagði ég.) Svipuð stærð. Við skulum fara ofan í það.

Launakostnaður í fiskvinnslu á þessu ári er 25% að meðaltali yfir landið. Hráefniskostnaður er 50%. Vaxtakostnaður er mikill ef hann fer yfir 8%. Þm. hefur ugglaust verið að tala um fyrirtæki sem er á næsta bæ við hans heimabyggð, Jökul á Raufarhöfn. Það er ljótasta dæmi landsins. (**SvG:** Er það betra í Vestmannaeyjum?) Það er betra í Vestmannaeyjum, já, vegna þess að í Vestmannaeyjum, hv. 3. þm. Reykv., reikna menn með að gera út af alvöru og að útgerð borgi sig og standi undir sér. Það er ekki í dæminu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi. (**Gripið fram í:** Það er þess vegna sem allt er stopp?) Já, það er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig. Við skulum útskýra það aðeins nánar í dæminu af Jökli á Raufarhöfn, sem þm. hefur ugglaust nefnt. Þar hefur vaxtakostnaður á þessu ári verið 12.2%. Launakostnaður er 16%. En tapið á árinu það sem af er er 16 millj. kr. Þm. hefur ekki áhyggjur af þessari stöðu, en væri þó nær að líta sér nær áður en hann fer að dylgja um aðrar verstöðvar á landinu þar sem menn verða að reka fyrirtæki af fullri alvöru því þar er svo mikið í húfi.

Það er óþarft að vera að skjóta hér á Vestmannaeyjar. Vestmannaeyjar hafa um áratuga skeið skilað 10% til 15% af afla landsins í vinnslu, en þar búa tæplega 2% íbúanna. Það er til nokkuð sem heitir ábyrgð og festa. Það er ekki nóg að gaspra hér, vera með skemmtilegar svívirðingar, eins og þm. gerði í sínu máli. Það verður að krefjast þess að hann byggi á staðreyndum en ekki bulli og vitleysu. (**Gripið fram í:** Það ættu nú fleiri að gera.) Ég get lánað þm. gögn Þjóðhagsstofnunar sem staðfesta það sem ég hef sagt en hrekja það sem hann sagði.

Það má einnig benda á að það eru hinir almennu launamenn í landinu sem eiga milli 60 og 70% af sparifé landsmanna, en það eru fyrirtækin sem eiga 80% af skuldunum. Þess vegna hlýtur það að vera rétt stefna að það séu raunvextir á sparifé þannig að peningarnir séu ekki fluttir frá launafólki til fyrirtækjanna sem bera skuldirnar. Ef þm. gáir að þessu hljótum við að vera sammála, ég trúi ekki öðru. (**SJS:** Eiga raunvextirnir að vera svipuð stærð og laun?) Það er álitamál. Ég er sammála í því. Það er álitamál hvað raunvextir eiga að vera háir.

Það er svo þegar hversdagslegir hlutir, sem skipta miklu máli, bjagast og skekkjast að þá er um óhöpp að ræða. Það er margt í okkar þjóðfélagi sem hefur skekkst á undanförnum árum þegar stjórn landsins hefur farið úr böndum af ýmsum ástæðum. Alvarlegasta skekkjan sem við búum við er ótrúleg launamisskipting þar sem segja má að allt sé úr böndum og verkafólkið sem vinnur við undirstöðuatvinnugreinarnar situr aftast á merinni.

Um árabil hefur það verið meginstefnan að verkalýðsfélög og vinnuveitendur hafa samið um kaup og kjör, en síðan hafa stjórnvöld í ýmsum tilvikum skekkt útkomuna, eins og frægt var t. d. í leiðsögn Alþb. í síðustu ríkisstj. þegar 14 sinnum var krukkað í kaupið. (**Gripið fram í:** Var það ekki orðið nógu lágt þá?) Allt á kostnað þeirra lægst launuðu. Á hinn bóginn má nefna aðgerðir núverandi ríkisstj. um síðustu áramót þegar þeir lægst launuðu hlutu 20% kauphækkun á meðan aðrir urðu að láta sér lynda 6% kauphækkun.

Alþb. hafði gert tillögur fyrir síðustu kosningar um fjögurra ára neyðaráætlun, fjögurra ára neyðaráætlun hv. þm. Svavars Gestssonar og co. Hvað varð af þessari neyðaráætlun? Hvers vegna kom hún til? Að loknum kosningum, þegar stjórnarandstaðan blasti við, þá var sú neyð fokin út í veður og vind vegna þess að það skiptir engu máli fyrir Alþb. hvort hægt er að stjórna þannig að kaup og kjör batni. Það sem skiptir máli fyrir Alþb. er að hrekja frá völdum þá stjórn sem þessi misjafni flokkur á ekki aðild að.

Samsetning, efnahagskerfi, flokkar er flókið spil og þegar taka þarf djarfar og áhættusamar ákvarðanir til þess að freista þess að snúa skipinu upp í vindinn í stað þess að hrekjast sífellt undan vindi, þá er að sjálfsögðu hætta á því að mistök eigi sér stað. Og víst hafa orðið mistök hjá stjórnvöldum í þeim sviptingum sem átt hafa sér stað til þess að ná tökum á efnahagsmálum landsins, til þess að snúa vörn í sókn, til þess að treysta atvinnu, treysta kaup og kjör fólks og fyrirtækja. Þetta helst í hendur. Þetta er ein leið, eitt band.

Gróðapungarnir, eins og hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason orðaði það á sínum tíma, eru enn til staðar og þeir eru naskir að finna smugurnar þegar straumar skella saman, þegar rótgróin óstjórn og tök til stjórnar flæða saman í baráttu. Þegar þjóðfélagsgerðin skekkist, þá höfum við lent í óhöppum. Þegar við höfum náð tökum til þess að koma á skynsamlegri stjórn, þá höfum við lent í höppum. Það er markvisst unnið að því að rétta af kompás þjóðfélagsins, markvisst unnið að því að rétta hag þeirra lægst launuðu, og hv. þm. Helgi Seljan á ekki að glotta af því nema af fögnuði. (**StB:** Kallast það að rétta af kompásinn ef skipið fer í aðra átt?) Arkitektar hafa oft verið þekktari fyrir annað en að ná réttum og smekklegum línum, að maður minnist nú ekki á öll balahúsin.

Það er markvisst unnið að því að koma í veg fyrir svindl á innheimtu söluskatts. Það er nýmæli frá því sem verið hefur undanfarin ár. Það er markvisst unnið að

því að afnema tekjuskatt sem er einhver óréttlátasti skattur á okkar landi — skattur sem bitnar harðast á þeim sem síst skyldi. Það þarf harðskeytta stjórn í okkar landi ef við eigum að komast út úr þessum darraðardansi, komast út úr tortryggninni sem sífellt eykst vegna þess að einum einstaklingi í okkar landi er ætlað að fara að lögum á meðan annar kemst hjá því á kostnað meðbróður síns. Við slíkar kringumstæður er auðvelt að ala á úlfúð og vera með slettirekuskap, skapa rótleysi og trúnaðarbrest milli manna. En við slíkar aðstæður skiptir öllu máli að þeir sem eigi að stjórna þessu landi haldi ró sinni, haldi stefnu.

Það er með ólíkindum hvernig stjórnarandstaðan hefur veinað og alið á illu umtali í þessum umræðum. Sumt hefur að sjálfsögðu verið byggt á rökum í gagnrýni, en flest úr lausu lofti gripið vegna skorts á staðreyndum, eins og kom berlega fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Flest hefur verið sagt á grundvelli pólitísks bögglauppboðs.

Tjáningarfrelsi hefur verið tíðrætt í þessum umræðum sem vonlegt er þegar hvorki dagblöð né útvarp og sjónvarp starfa. Þótt Ríkisútvarpið sendi út fréttir tvisvar á dag bætir það ekki mikið úr í rauninni því það er slíkum tilviljunum háð hvað verður að frétt við slíkar aðstæður sem nú eru uppi. Blaðamenn og fréttamenn eru sem betur fer mannlegir og gera sín mistök og slíkt er hægt að fyrirgefa, en þau verða svo himinhrópandi þegar miðstýring ræður því hver fær að tjá sig. Slíkt hefur átt sér stað undanfarnar vikur í fjölmiðlun hins opinbera á Íslandi.

Ég skal nefna hér eitt dæmi um það hvernig fréttastofa útvarpsins féll í þá gryfju að fela stórfrétt vegna þess að hún var hagstæð fyrir þjóðfélagið í heild en óhagstæð fyrir þá baráttustemmningu sem BSRB vann að fyrir kosningarnar, fyrir atkvgr. um sáttatillögu ríkissáttasemjara. Þar rugluðu sumir fréttamenn auðheyrilega saman málum þótt flestir þeirra hafi staðið af sér freistingu.

Fréttamaður útvarps hringdi í alþm. og leitaði upplýsinga um væntanlegar kosningar til Alþingis, um uppstokkun í ríkisstj. eins og fréttamaðurinn orðaði það, en viðmælandi fréttamannsins svaraði því til að það væri ekkert um þessi atriði að segja vegna þess að það væri hvorki verið að ræða um nýjar kosningar né breytingar á ríkisstj. Þú segir mér aldrei neinar fréttir, sagði fréttamaðurinn þá við alþm. Ég skal segja þér eina góða frétt, sem ég var að fá inn á borð hjá mér, svaraði þm. — Þetta var daginn fyrir atkvgr. um sáttatillögu ríkisstarfsmanna. Og fréttamaður útvarpsins fékk þarna stórfrétt um nýafstaðna vöruverðskönnun verðlagsstjóra, en þá höfðu blöð ekki komið út um nokkurt skeið.

Háar raddir höfðu verið vikurnar á undan í öllum fjölmiðlum um að mjög óeðlileg vöruverðshækkun ætti sér stað á nauðsynjavöru, langt umfram kauphækkanir. Ég hygg að það séu allmörg dæmi um slíkt, en þá verður líka að taka heildina til. Og fréttamaður útvarpsins fékk þarna svart á hvítu staðreyndir í málinu, þar sem niðurstaðan varð sú að á fyrstu átta mánuðum ársins, við könnun á 200 vörutegundum og viðmiðunarþáttum framfærsluvísitölu, þá er meðaltalshækkunin 9.7% á sama tíma og kauphækkanirnar höfðu orðið 12.2%. Í fyrsta skipti í mörg ár hafði þessi þróun orðið sem raun bar vitni. Í fyrsta skipti hafði vöruverð hækkað minna en kaupið á umtalsverðu tímabili. Það er sama hvort maður hefur unnið eitt ár eða tuttugu ár í blaðamennsku, slík niðurstaða er stórfrétt, hlutlaust metið.

En hver voru viðbrögð fréttamanns útvarpsins? Jú. Þetta getur ekki verið rétt, sagði fréttamaðurinn. En eftir að hafa farið yfir gögnin í heild og skráð allar upplýsingar í smáatriðum, þar sem m. a. var útskýrt hvað allt hefði hækkað og hvað mikið, hvað lækkað og hvað staðið í stað, þá sagði fréttamaðurinn: Þetta er jákvæð frétt. Ég get svo sem lagt hana fyrir fréttastjórann.

Þessi frétt kom ekki í Ríkisútvarpinu þá. Hún kom í Ríkisútvarpinu þremur vikum seinna, í fyrradag og daginn áður, sem aðalfrétt í fréttatímum útvarpsins. Hvers vegna ætla ég ekki að svara. En slíkt er umhugsunarvert. Þessari stórfrétt, sem varðaði hvert einasta mannsbarn í landinu og skiptir máli til þess að fólk fái tækifæri til að vega og meta út frá staðreyndum, var stungið undir stól. Henni var sleppt, e. t. v. vegna þess að hún var óhagstæð, daginn fyrir viðkvæma atkvgr. Þetta er að tapa áttum í sínu starfi. Þetta er gagnrýnivert. Þetta er óþolandi. Það var ekki í önnur hús að venda en opinbera fjölmiðla. Dagblöðin höfðu verið stöðvuð í einhverju vitlausasta verkfalli sem um getur í sögu landsins, verkfalli prentara í dag, þar sem enginn ræðir við þá, enginn miðar við þá og þeir sitja út undan af því þeir eru í verkfalli á vitlausum tíma.

Á ferðum mínum um lönd og álfur hef ég að sjálfsögðu kynnst ýmsu furðulegu og það er góður skóli. Ég minnist þess að eitt sinn kynntist ég því sjónarmiði hjá útvarpsfréttamanni í Afríku að stundum geymdu þeir fréttir í nokkra mánuði. Hvers vegna? Jú, vegna þess að þegar fréttin birtist er hún samt sem áður ný. Til sanns vegar má færa, en eru þetta nú vinnubrögð sem við viljum tíðka í okkar landi? Sem betur fer er þetta ekki verklag íslenskra blaðamanna nema í undantekningum. En því miður hafa fréttir útvarpsins verið óhugnanlega litaðar á stundum frá því að blöðin hættu að koma út. Það á ekki að vera hlutverk fjölmiðla að afvegaleiða fólk með partasölu í fréttum.

Launabilið í landinu er með þeim hætti að ekki verður við unað til lengdar og væri hægt að nefna mörg dæmi þar um. Það er t. d. vitað mál að sumir prentarar eru 100% yfirborgaðir á meðan aðrir eru lítið yfirborgaðir og sumir ekkert. Þetta gengur ekki upp, þetta getur ekki gengið upp.

Það er vitað mál að verkafólkið í landinu, fiskvinnslufólk, fólk í iðnaði og margir fleiri, hefur fengið minnstar kjarabætur við hverja samninga á annan áratug. Það eru örfá ár síðan ég fylgdist með kjarasamningum sem blaðamaður á Hótel Loftleiðum. Eftir margra vikna þref var skrifað undir samninga við verkamenn að kvöldi dags, fyrst við Verkamannasamband Íslands, félög í þeim samtökum, um kauphækkun upp á 12% kjarabót í trausti þess að allir sætu við sama borð og eitt gengi yfir alla. Örfáum mínútum síðar stóðu upp talsmenn iðnaðarsambandanna í landinu og sögðu: Nú komum við með okkar sérkröfur. Verkamenn voru eins og oft áður skildir eftir. Átta klukkutímum síðar var skrifað á samninga við iðnaðarmenn upp á allt að 54% kauphækkun. Hvað er þetta annað en bjögun á launakerfi landsins og hvernig á slíkt að ganga upp til lengdar? Hvernig á að vera unnt að sigla áfram þannig að hver treysti öðrum með þessum hætti? Ábyrgð

verkalýðsforustunnar er mikil í þessum efnum eins og annarra aðila og hún getur ekki skotið sér undan ábyrgð, fjarri því.

Árið fyrir myntbreytinguna skrifaði ég tvær greinar í Morgunblaðið sem fjölluðu um launataxta í iðnaði og ég hafði eytt miklum tíma í gagnaöflun og úrvinnslu. Þar sýndi ég m. a. fram á að iðnaðarmaður sem vann við lagningu á steypu í gólf gat ráðið því, eftir því hvaða kerfi hann notaði í skalanum, í samningum, hvort hann hafði 40 kr. gamlar á tímann eða 4000 kr. gamlar á tímann. Hvaða glóra er í þessu? Við hverju er að búast þegar slíkt fær að velta upp á sig ár eftir ár eins og gerst hefur? Er unnt að leiðrétta slíkt á einu ári? Er hægt að krefjast slíks af einni ríkisstj.? Það er ómögulegt. Þarna verður að taka tökum, þarna verður að láta skynsemina vinna.

Það komu engin viðbrögð við þessum umræddu greinum og þrátt fyrir fullt af slíkum dæmum hefur Verkamannasamband Íslands ávallt haft samflot með Alþýðusambandi Íslands. En við þessar aðstæður og þróunina á annan áratug í skiptingu launa í landinu hefur Verkamannasambandið auðvitað átt að sigla sinn sjó eitt og sér. Verkamannasambandið hefur ekki átt samleið með Alþýðusambandi Íslands í þessum málum.

Þetta kann að reynast byltingarkennt, en þetta er sannleikur. Það var fyrst um síðustu áramót að hanskinn var í alvöru tekinn upp fyrir þá lægst launuðu af núverandi ríkisstj. og það er hennar stefna að halda því áfram, snúa eins og unnt er ofan af jöfnum prósentuhækkunum á kaup manna. Ef við ætlum að búa í þessu landi verðum við að byggja á friði, sanngirni og tillitssemi. Slíkt yrðu okkar höpp.

Það er láglaunafólk innan ASÍ, láglaunafólk innan VSÍ og láglaunafólk innan BSRB. Það má t. d. nefna kennara og hjúkrunarfólk. Fyrir tuttugu árum voru laun kennara slök miðað við marga aðra. Fyrir tíu árum voru þau orðin þolanleg. En nú eru þau aftur orðin langt á eftir svo ósæmilegt er. En stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau séu reiðubúin að rétta þarna af á skynsamlegan hátt, koma viðunandi lagi á. Fá störf í landinu eru eins krefjandi og kennarastarfið og reyndar má segja það sama um hjúkrunina. Þetta eru störf sem fólk verður ósjálfrátt bundið mjög sterkum böndum og þetta eru störf sem við eigum að leggja metnað okkar í að gera þannig úr garði að hæfasta fólkið laðist í þau.

Fjmrh. áréttaði það í máli sínu í gærkvöld að laun kennara væru of lág. (**EG:** Hann sagði nú sitthvað fleira um kennara.) Hann sagði sitthvað fleira um kennara, það er rétt hv. þm. Eiður Guðnason, en það er óþarfi að vera snúa út úr fyrir hæstv. fjmrh. Það hefur ekki þótt löstur hingað til í þessu landi að vera eilítið skáldmæltur.

Það sem vó þyngst í því sem fjmrh. sagði um kennara var það að launin væru of lág og hann mundi stuðla að því að þar yrði bætt úr. Nefna má að samninganefnd ríkisins hefur boðið að samið yrði um breytingar í þeim efnum á stuttum tíma. Þannig er jákvætt tekið undir þar sem vandinn er mestur, en að tala um jafna hækkun yfir línuna er óraunhæft við þær aðstæður og staðreyndir sem við búum við í okkar landi, óheyrilegt launamisrétti. Þeim mun vandasamara er að semja, en þeir sem bera ábyrgð á stjórn þessa lands verða og eiga að hafa þrek og þor til þess að takast á við þennan vanda í stað þess að láta undan geðþótta þrýstihópa. Við verðum að horfa á sviðið allt, landið allt og miðin. Hvarvetna er fólk við vinnu sína, í rauninni alla jafnmikilvæga, og við verðum fyrst og fremst að feta þá leið að traðka ekki á rétti manns til manns, rétta hönd þar sem hjálpar er þörf, stuðla að því að allir séu jafnir fyrir lögum og skyldum.

Það verður að hlúa að allri nýrækt með sérstakri alúð. Og kennarar þessa lands eru í því hlutverki. Við megum ekki afmennta þjóðina með því að einangra kennarana. Í skólamálum eins og mörgu er margt úr böndum og margt sem þarf að lagfæra með það í huga að bruðla hvorki með fjármagn né starfsþrek kennara og nemenda. En starf kennarans verður ekki metið í klst. Þorri kennara er í rauninni í starfi meðan dagur endist. Það er eins með þá og sjómennina. Þeir eru bundnir starfi sínu á svo margan hátt að vinnudagurinn verður miklu lengri en menn gera sér almennt grein fyrir.

Ég nefndi í umræðum á hv. Alþingi s. l. haust að nemandi í háskóla lækkaði í launum þegar hann hæfi kennslu ef hann veldi sér það fag. Ég gagnrýndi einnig að verkafólk í frystihúsum og iðnaði hefur lægri upphæð til ráðstöfunar en námsmaður á fullum námslánum. Það gengur ekki. Slíkt fyrirkomulag er óhæft fyrir þá verr settu, verkafólkið.

Það er að mörgu að hyggja og margt sem þarf að bæta úr þótt það sé vissulega búið að ná miklum árangri. Það má nefna það brýna verkefni að tryggja fjármagn sem Húsnæðisstofnun ríkisins er í rauninni búin að lofa og fólk er búið að reikna með í samningum sínum. Á hinn bóginn verður að viðurkenna að aldrei fyrr hefur eins mikið verið lánað til bygginga og á þessu ári, kannske of mikið. En það er búið að gefa loforð og það verður að freista bess af öllum mætti að standa við þau loforð.

Á hinn bóginn verða menn að gera sér grein fyrir því að hér er ekki um neitt einfalt mál að ræða. Þessi staða kristallast nefnilega í því að á sama tíma og það vantar stórlega fjármagn í Húsnæðisstofnun er verulegur hluti fiskvinnslunnar í landinu svo illa staddur að jafnvel í stærstu verstöð landsins er athafnalífið lamað að mestu vegna þess að grundvöllurinn er fúinn. Eyjamenn, með sína löngu reynslu í sjósókn, áræði og athöfnum, fara ekki í róður á bát með fúinn kjöl. Það er betra að gá til veðurs áður en farið er á sjó. Það er betra að hafa grundvöll áður en siglt er til framkvæmda og athafna.

Á sama tíma og sá atvinnuvegur, sem skilar þjóðinni 75% af tekjum þjóðarinnar, býr við þessar aðstæður af ytri og innri áföllum eru á lofti í fullri alvöru kaupkröfur upp á 30% einu stéttarfélagi til handa. Er nú ekki ástæða til að líta upp og horfast í augu við staðreyndir?

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fjallaði málefnalega og skynsamlega um stöðu mála í gærkvöld og var skemmtilega sammála hv. þm. Þorsteini Pálssyni formanni Sjálfstfl., enda vitnaði þm. oft til orða Þorsteins til áréttingar sínum orðum.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fjallaði m. a. um það sem hann kallaði ríkidæmið í landinu og launamisréttið í landinu. Því miður er hv. þm. ekki alveg laus við það að bera ábyrgð á því hvernig launaskiptingin í landinu hefur farið úr böndum.

Þm. vék að tekjumun á Íslandi og Norðurlöndum þar sem hann benti á að ráðstöfunartekjur væru hærri. Þm. spurði að því hver hirti þann mismun sem væri á tekjum fólks í aðskiljanlegum norrænum löndum. Þetta er

auðvitað forvitnileg spurning, en þótt víðar sé pottur brotinn, sem lagfæra þarf, skyldi það ekki vera morgunljóst að stór hluti af þessum peningum fer í rekstur yfirbyggingar samfélagsins sem er óheyrilega mikil fyrir svona fámenna þjóð sem býr í stóru landi?

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hélt því fram að á Reykjavíkursvæðinu væri ekki byggt annað en stórhýsi. Það er ekki hægt annað en að mótmæla slíku. Þm. ætti t. d. að fylgjast með því hverjir eru að byggja í Grafarvogi og Selási, þar sem mest er byggt í Reykjavík um þessar mundir. Ég fullyrði að þar er um venjulegt fólk að ræða, almenning sem byggir skynsamlega, og stórhýsi á þessu svæði eru undantekningar. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. ræðumanns á því að það verður kvöldfundur í kvöld og það er ekki seinna vænna að fresta þessum fundi ef hv. ræðumaður vildi gera hlé á ræðu sinni, ef hann gæti ekki lokið henni nú.)

Ég vil gera hlé, herra forseti, ég á nokkrar mínútur eftir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að víkja dálítið að orðum hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, en hann er ekki í salnum svo ég læt það bíða, en virði þm. það til vorkunnar ef hann er að leita sér að gögnum þar sem hann getur fundið stað sínum málflutningi varðandi sjávarútvegsmál.

Ég var þar kominn í ræðu minni að fjalla um ummæli hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem hélt því fram að á Reykjavíkursvæðinu væri ekki byggt annað en stórhýsi. Það er ekki hægt annað en mótmæla slíku því betra er að hafa það sem sannara reynist og óþarfi að útvíkka hlutina meira en ástæða er til. Þingmaðurinn ætti t. d. að fylgjast með því hverjir eru að byggja í Grafarvogi og Selási — (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn var búinn að ræða þetta.) — þar sem mest er nú byggt af húsum í Reykjavík. Ég var kominn þar í ræðu minni, hv. þm., og mun taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. (**Gripið fram í:** Ég hlustaði ekki gaumgæfilega.) Gott. Ég vona að þm. geri það framvegis. (**Gripið fram í:** Góð vísa er aldrei of oft kveðin.) Rétt. Þarna er skynsamlega byggt af almennu fólki og undantekning ef um stórhýsi er að ræða. Ástæðulaust er að ráðast á fólk, sem er að byggja þarna, með því að þar sé um einhverja gróðapunga að ræða. Forréttindafólkið í Stigahlíðinni er ekki sýnishorn af öllum þessum húsbyggjendum. Þeir eru í einni girðingu, Stigahlíðarmenn.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði um söluskattsmálin, en hann spurði m. a. að því hvers þau fyrirtæki megnuðu sem greiddu söluskatt á móti þeim fyrirtækjum sem kæmust hjá því. Fjmrh. hefur upplýst hér að það er verið að þjálfa upp menn til að taka á í þessum efnum og er það vel. Það kom fram í máli hv. fjmrh. í gærkvöld hvernig það mál stóð. Ég vil bæta við: Hvers megnar sá launþegi sem enga hefur yfirborgun og greiðir skilvíslega skatta og skyldur? Hvers megnar hann gegn þeim yfirborgaða og þeim sem kemst hjá því að standa skil á sköttum og skyldum? Þetta er dæmi sem má fylgja með. Þarna verða menn að ná áttum því grundvöllurinn fyrir því að við getum búið saman í þessu landi er sá að við deilum byrðunum af réttlæti.

Hv. þm. Eiður Guðnason spurði í gær hvar sá Sjálfstfl. væri sem laut stjórn dr. Bjarna heitins Benediktssonar. Þótt hv. þm hafi lent í pólitískum hafvillum í Alþfl., Alþfl. sem virðist það eitt eiginlegt að leysast upp í öreindir, þá er Sjálfstfl. sami hryggurinn og fyrr í íslensku þjóðfélagi, flokkur sem er spegilmynd þjóðarinnar, flokkur allra stétta þar sem menn vilja leysa deilumál með áræði og framtaki, friði og mannlegum sveigjanleika.

Herra forseti. Í lok máls míns vil ég víkja að tveim atriðum úr verkfalli BSRB. Þar eins og í öðru skiptast á skin og skúrir. Þorri BSRB-manna hefur komið eðlilega fram. Hjá stöku hópum hefur verið gengið of langt. Í fjölrituðum BSRB-tíðindum er frétt undir fyrirsögninni: „Alvarlegt verkfallsbrot". Þótt allir séu nú ugglaust sammála um vigt brotsins vil ég lesa fréttina, með leyfi forseta:

„Alvarlegt verkfallsbrot!

Í Mosfellssveit starfar maður nokkur að vörslu óskiladýra og er félagi í starfsmannafélaginu í Mosfellssveit.

Nú er nefndur maður í verkfalli eins og aðrir félagar hans. Nú ber svo til að rolla anar inn á lóð eins bæjarbúa og eigandi lóðarinnar kallar á téðan mann. Hann segist ekki sinna þessari rollu þar sem hann sé í verkfalli. Þá er hreppstjóri kallaður til og hann fjarlægir rolluna.

Þessi verknaður hreppsstjóra berst til eyrna verkfallsnefndarinnar á staðnum og er hreppstjóri þegar kærður fyrir verkfallsbrot til æðri staða.

Af þessu hafa skapast miklar deilur í hreppnum og ekki vitað hvernig þær enda."

Svo er nú komið að jafnvel Jóni á Reykjum er blandað inn í verkfallsmál, og hefði nú verið nær að einhver aðstoðaði þennan 300 punda mann hlaupandi á eftir rollu inni í húsagarði. En ég vona að þeir sem sinna skrifum í BSRB-tíðindi telji þetta frekar til spaugs en alvöru.

Á hinn bóginn vil ég nefna afstöðu BSRB til eins atriðis í verkfallsstöðunni. Í 60 ár hefur það verið þegjandi samkomulag í öllum kjaradeilum vinnuveitenda, ASÍ og Verkamannasambandsins að sjómenn fengju að komast heim til sín þegar skip þeirra kæmu til hafnar — í öllum kjaradeilum á landinu nema kjaradeilunni sem nú stendur yfir og síðasta verkfalli BSRB. Nú fá fraktskipin að liggja hér á Sundunum fyrir ankeri og sjómenn fá að skjótast í land, en verða að sinna skyldum til skiptis um borð. Það er ámælisvert að slík óbilgirni skuli höfð í frammi af BSRB að hindra það að fraktskipin fái að leggjast að bryggju og sjómenn fái að fara heim til sín þær fáu stundir sem þeim gefst færi á að vera heima hjá sér. Fyrir utan það er þetta hættulegt og gæti kostað ekki aðeins tjón á eignum heldur manntjón. Í morgun áttu menn t. d. í erfiðleikum að halda skipunum við ankeri og Álafoss varð að hverfa út á Sundin vegna þess að ankeri skipsins hélt ekki í því vonda veðri sem gekk yfir í morgun. Þarna er gjá á milli opinberra starfsmanna og sjómanna sem er ástæða til að mótmæla fyrir hönd sjómanna.

Ef við förum afrikönsku leiðina í fréttaflutningi og geymum fréttirnar, tíðindin, vikum og mánuðum saman, þá mun það dragast von úr viti að samningar náist. Ef við gerum hins vegar þá kröfu að allir aðilar komi fram af fullri ábyrgð og hreinskilni yrðu þær upplýsingar og staðreyndir til staðar um stöðu þjóðarbúsins að unnt ætti að vera að ná samningum á stuttum tíma, fáum dögum.

Það sagði við mig gamall veiðimaður fyrir nokkrum dögum að BSRB yrði að fá að blása út því að svo væri

komið, hvalurinn yrði að fá að blása. Og þeir eru svo sem fleiri hvalirnir.

En nú er mál að snúa sér að morgundeginum, framtíðinni, og ganga frá samningum. Við eigum að sigla svo að við komumst hjá óhöppum en lendum í höppum. Að halda ró og stillingu, bera sig vel á hverju sem dynur og vinna sig út úr vandanum, það eru höpp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að hefja hér umr. um kjarasamninga, sem vonandi verða nú senn í höfn, og ekki heldur um einkarétt Ríkisútvarpsins eða þær deilur sem sprottið hafa vegna verkfallsvörslu. Ég vil þó segja að mig undrar hve margir hafa látið sig dreyma um að þjóðfélagið gæti gengið eðlilega ef starfsmenn ríkisins færu í verkfall og að slíkt verkfall þyrfti ekki að valda óþægindum. Ég veit ekki um neitt verkfall sem ekki hefur valdið óþægindum. Auðvitað veldur þetta verkfall miklum óþægindum í þjóðfélaginu vegna þess að þeir sem eru í verkfalli gegna mikilsverðum störfum.

Það gerðist aftur á móti í gær að hæstv. fjmrh. hóf umr. um ákveðna stétt í þjóðfélaginu. Ég treysti mér ekki til að sitja undir þeim athugasemdum, sem þar komu fram, án þess að mótmæla þeim. Sú stétt, sem vikist var að, var kennararnir á Íslandi. Það vill svo til að ég hef sinnt kennslustörfum nokkuð langan tíma og tel mig m.a. þess vegna vita gjörla hvað ég ræði um. Ég er jafnframt einn af þeim þjóðfélagsþegnum íslenskum sem hafa unnið við nokkuð margt um dagana. Hæstv. fjmrh. er þekktari að því að leggjast gegn því að deilt sé á heilar stéttir eða hópa manna og hefur þá löngum reynt að finna málsbætur og ekki viljað dæma hópinn þó hann gæti kannske fundið einn svartan sauð. Einnig hafa ummæli hæstv. ráðh. vegna þeirrar stöðu sem hann gegnir miklu meira vægi en nokkurs annars á þessu sviði.

Hæstv. ráðh. gat þess að kennaralaun væru lág. Hann hafði engan heimildarmann að þeirri yfirlýsingu. Hann vissi það einfaldlega vegna sinnar þekkingar á íslensku þjóðfélagi. Hins vegar bætti hann því við að vinnuskylda kennara væri ekki sambærileg við aðra hópa í þjóðfélaginu og bar fyrir því heimildarmenn sem hann nafngreindi ekki. Þau rök, sem hann færði fram, voru þau að kennslustundin væri 40 mín. og kennslustundafjöldi á viku væri um 30 klst. Nú er það svo að þetta er ekki fjarri sanni. (**Fjmrh.:** Kennslustundir.) Kennslustundir, já. Þetta er ekki fjarri sanni svo langt sem það nær. En hverjum dytti í hug að dæma leikara og vinnu þeirra eftir þeim tíma sem þeir standa á fjölum Þjóðleikhússins eða í Iðnó og segja að þetta væri tíminn sem þeir ynnu? Hver ætlar að kalla vinnuskyldu presta þann tíma sem þeir eru í kirkju að flytja þar guðsorð? Hver ætlar að halda því fram að knattspyrnumaður, sem spilar á leikvelli erlendis eða innlendis í keppni, hafi aðeins unnið þann tíma sem hann var í þessum keppnisleik? Hverjum dettur í hug að halda slíku fram? Það er jafn fráleitt að halda því fram að vinnuskylda kennara sé hið sama og sú kennsluskylda sem verið er að tala um. Þetta hefur engum samningamanni af hálfu ríkisins dottið í hug, enda geri ég ráð fyrir að nemendur yrðu nokkuð fljótir að losa sig við þann kennara sem aldrei teldi sig þurfa að búa sig undir kennslustundir.

Ég hygg að hæstv. ráðh. hafi ekki verið ráðið heilt þegar hann kom þessum boðskap á framfæri. Þó hafa þeir vafalaust verið greindir og vel menntaðir sem fræddu hann um þetta. — En það hvarflar að mér að sagan hafi endurtekið sig frá þeim dögum þegar Guðmundur ríki trúði orðum Einars Þveræings, bróður síns, en þeir voru þá báðir ungir drengir norður í Eyjafirði. Það var sumar og sól. Fóstri Guðmundar hafði sofnað og það sat fluga á skallanum á honum. Einar ráðlagði bróður sínum að drepa fluguna með handexi sem hann hafði undir höndum. Guðmundur fylgdi þeim ráðum. Flugan slapp, en fóstri hans vaknaði með andfælum og spurði hvort hann ynni á sér. Guðmundur kvað ekki svo vera, en sagðist finna að Einar bróðir sinn réði sér ekki heilt. Það hygg ég að þeir hafi vissulega gert sem komu þeim boðskap til hæstv. fjmrh. að kennsluskylda kennara væri nánast það sama og vinnuskylda þeirra.

Það er ekki við hæstv. fjmrh. að sakast þó að laun kennara séu jafnlág og raun ber vitni. Þar er löng þróun að baki og saga sem rétt er að rifja upp því fráleitt er og með öllu ósæmandi að skella þeirri skuld á hæstv. ráðh. sem hefur aðeins stuttan tíma verið í embætti.

Kennarar unnu, eins og launþegar almennt í þessu landi, eftir tímamælingu og tímakaup var það sem öll launagreiðsla grundvallaðist á. En það hefur orðið mikil breyting í þeim efnum. Stórir hópar þjóðfélagsins hafa annars vegar grunnlaun og hins vegar álag ofan á þau, annaðhvort vaktaálag eða þá „bónus“ eða hafa komið sér upp ákvæðisvinnukerfi. Þess vegna má segja að grunnlaunin séu ef til vill í nokkuð réttu hlutfalli miðað við það sem þau voru áður, en vegna hinna breyttu aðferða við að reikna út laun hjá mjög mörgum öðrum stéttum hafi kennarar gjörsamlega dregist aftur úr.

Ég hygg að hið flókna launakerfi, sem við höfum komið okkur upp, þurfi athugunar við á ýmsan hátt. Þegar menn vilja halda því fram að ekki sé réttlætanlegt að breyta kjörum kennara eru það ekki rök að þeim hafi fjölgað það mikið. Sannleikurinn er sá að búið er að hlaða ýmsum verkefnum á kennara eða þá hópa sem vinna að uppeldismálum, þar á ég einnig við félagsráðgjafa og sálfræðinga.

Það hefur einnig orðið gífurleg fjölgun á starfsliði heilbrigðisstétta ef það er borið saman við þann sjúklingafjölda sem það sinnir. Þegar Eysteinn Jónsson var fjmrh. var það nokkurs konar þumalputtaregla að það væri einn sjúklingur á móti einum starfsmanni. Nú hygg ég að niðurstaðan sé sú að það séu rúmir tveir starfsmenn á móti hverjum sjúklingi. Engum dettur þó í hug að áfellast heilbrigðisstéttirnar fyrir þetta og bera því við að vegna þessarar þróunar beri ekki að greiða þeim eðlileg laun. Sannleikurinn er sá að kröfur okkar um þjónustu hafa stöðugt verið að aukast og í sumum tilfellum eru þær orðnar óeðlilega miklar.

Það er opinber staðreynd og vitað af öllum Íslendingum að þegar konur fóru að vinna jafnmikið utan heimilisins og þær gera í dag hlaut það að koma niður á uppeldi æskunnar. Þau vandamál sem m. a. hafa orðið til vegna þess flytjast beinustu leið inn í skólastofurnar og auka þar álag. Kennara er ætlað að vinna að kennslu, þ. e. að fræðslustörfum, og koma ákveðnum boðskap á framfæri, en honum er einnig ætlað að vinna að uppeldismálum og jafnframt lögð sú skylda á herðar, og ég hygg að prestar sitji uppi með þá skyldu einnig, að vera til fyrirmyndar innan skólans sem utan í sínum frítímum.

Kannske er það svo, eins og hæstv. fjmrh. sagði í gærkvöld um þetta mál, að nokkuð stór hópur í þjóðfélaginu haldi fram sömu skoðun og hann. Mér er það ekki ljóst. En ef svo er stöndum við frammi fyrir því að kennarastéttin sem heild er vanmetin og afleiðingar þess vanmats hygg ég að eigi eftir að birtast í ýmsum myndum.

Ég hef aldrei verið hlynntur því að fara í meting á milli stétta. Ég minnist þess að ég las það sem ungur maður að indversk heimspeki boðaði að sérhver væri mikill á sínum stað. Þar var átt við að sérhver þjóðfélagsþegn ynni þarft verk, væri ómissandi í þeirri keðju sem þjóðfélagið myndar.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hugleiði það, sem ég hef hér sagt, í fullri vinsemd. Engum er ljósara en mér það erfiða starf sem hann gegnir á þeim erfiðu tímum sem við lifum á. Kannske er það meðal annars þess vegna sem nauðsyn er að vera varkár í yfirlýsingum og egna menn ekki til átaka að ástæðulausu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er e. t. v. að bera í bakkafullan lækinn að blanda sér í þessar umræður um kjaradeiluna nú. Margt er búið að segja um þessi mál, margt sem hægt væri að taka undir, en einnig annað sem vert væri að gera athugasemdir við. En það voru miklu fremur umræður þær sem fram fóru í gær og yfirbragð á þeim sem hvöttu mig til að taka til máls heldur en það yfirbragð sem hefur að mestu verið á umr. í dag.

Það er ekki örgrannt um að öðru hverju hafi það hvarflað um hugann í gær að áheyrendur á þingpöllum hefðu farið húsavillt og væru komnir í leikhúsið við Tjörnina að hlusta og horfa á gamanleik en ekki í æðstu stofnun þjóðarinnar, löggjafarsamkomu á Alþingi Íslendinga þar sem þar til kjörnir fulltrúar þjóðarinnar eru að kljást við svo alvarleg mál sem raun ber vitni, kjaradeilur sem hafa þróast þannig að verkföll opinberra starfsmanna hafa nú staðið í rúma viku, engum til ávinnings en öllum til tjóns. Það er dapurleg staðreynd að til slíks þurfi að koma, enn dapurlegra fyrir þá sök að fjöldi þess fólks, sem tekur þátt í þessu verkfalli, vill að þessi mál séu leyst með friði við samningaborðið án harkalegra verkfallsaðgerða, enda er það svo að verkfallsaðgerðir bitna yfirleitt á þeim sem síst mega við því.

Það getur varla talist greiða fyrir samningum að stöðva strætisvagnaferðir. Á hverjum bitnar það? Já, það bitnar á börnum og unglingum og öldruðu fólki og lasburða sem ekki hefur önnur samgöngutæki til að komast leiðar sinnar. Sumir eiga að vísu góða að, sem geta hjálpað við slíkar aðstæður, en við skulum muna að þeir eru margir sem ekki eru þannig settir, eru einstæðingar, lifa í einsemd. Einmitt þetta sama fólk verður verst fyrir barðinu á lokun útvarps og sjónvarps. Það er þetta sama fólk sem þarf að hafa útvarpið og sjónvarpið til að tengja það við umheiminn og veita því öryggi. Dettur einhverjum í hug að það greiði fyrir samningum að svipta það þessum mannréttindum, ferðafrelsi og fréttaþjónustu? Það var ekki að ófyrirsynju að ýmsir gripu til þess örþrifaráðs að setja upp útvarpsstöðvar sem hafa orðið meginefnið í þessum kjaradeiluumræðum. Ég ætla ekki, herra forseti, að tefja umr. með því að fjölyrða um það mál, en vil hins vegar fagna því að hæstv. menntmrh. hefur nú lagt fram frv. til útvarpslaga og þess er að vænta að menn hafi nú þegar myndað sér skoðun í þeim efnum, byggða á þeirri reynslu, sem við höfum upplifað undanfarið, til hvers það getur leitt að hafa aðeins ríkisrekið útvarp og sjónvarp.

Ég get ekki neitað því að mér hefur fundist menn vera farnir að missa sjónar á tilgangi verkfalla þegar svo er komið að mannúðarsjónarmiðin eru ekki lengur í farangrinum. Hvaða skaða gat það t. d. haft á samningaviðræður þó að þeir sem um sárt eiga að binda vegna ástvinamissis fengju að koma dánartilkynningum í útvarpið? Að synja frómri ósk biskupsins í þeim efnum var vægast sagt hryggilegt og þeim mun gleðilegra er það að nú skuli vera búið að leysa það mál. Það gefur von um að fleiri góðar fréttir fari að berast um að mannleg viðhorf fái að ráða úrslitum í deilumálum.

Þetta er í annað sinn sem verkfall opinberra starfsmanna dynur yfir. Flestum er í minni fyrri kjaradeilan og afleiðingar hennar, en þá átti Sjálfstfl. einnig sæti í ríkisstjórn. Það kemur óneitanlega í hugann að ekki hefur þótt ástæða til verkfalla síðan, fyrr en nú þegar Sjálfstfl. er aftur kominn í ríkisstjórn. Ég saknaði þess í ræðu hv. 3. þm. Reykv., þegar hann fór á kostum í ræðustól í gær, að hann nefndi ekki nú að það væru slétt skipti að skerða kaup og halda niðri verðbólgu, eins og hann orðaði það svo hnyttilega þegar hann var í síðustu ríkisstjórn. Það er eins og mig minni að hann hafi einnig bent á að ekki væri hægt að hækka laun þar sem ekki væri meira til skiptanna. Þetta yrðu menn að skilja og þeir gerðu það, það urðu engin verkföll, bara slétt skipti eftir 14 kaupskerðingar. Nú er öldin önnur, komin ný ríkisstjórn sem fékk það hlutverk að taka við þrotabúi, að taka við sökkvandi þjóðarskútu, taka við neyðarástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er rétt, sem fram hefur komið í umr., að núverandi ríkisstj. hafði mikinn meðbyr þegar hún tók við og sú krafa að tekist yrði á við efnahagsvandann, verðbólguna sem komin var þá í þriggja stafa tölu, var mjög hávær frá kjósendum. Skoðanakannanir, sem margir eru farnir að trúa á, staðfestu þetta. Það hefur einnig komið fram í síðustu könnunum að meðbyrinn er ekki sá sami og í byrjun, sem engum kemur á óvart. En ekki er það nú svo slæmt að um hrun sé að ræða, eins og stjórnarandstaðan hefur haldið hér fram, það er af og frá. Auðvitað eru það gleðitíðindi fyrir stjórnarandstöðu ef fylgi ríkisstjórnar minnkar og vonbrigði fyrir ríkisstj., hvort tveggja eru mannleg viðbrögð. En vonbrigðin nú eru þó fyrst og fremst fólgin í því ef ríkisstj. tekst ekki að halda verki sínu áfram sem er rétt aðeins að byrja. Hún hefur aðeins haft rúmt ár eða 16 mánuði til að koma þjóðinni út úr þeim gífurlega vanda sem við blasti. Á þeim tíma hefur árangurinn í baráttunni við verðbólguna verið stórkostlegur, því ber enginn á móti, en sá árangur hefur vissulega kallað á fórnir hjá almenningi, sem sumir geta fært, en aðrir ekki. Nú blasir við að taka næsta skrefið, halda verðbólgunni í skefjum, tryggja atvinnuöryggi og bæta þjóðarhag um leið og heimilanna í landinu.

Við vitum það ósköp vel, sem sitjum hér á hv. Alþingi, að svigrúm til launahækkana hjá opinberum starfsmönnum er lítið. Það hefur nú þegar verið skorið niður á öllum sviðum ríkisgeirans og í mörgum efnum, okkur öllum til sárra vonbrigða. Samt verður að gera betur og finna leiðir til að leysa kjaradeiluna. Þá verður væntanlega skilningur hér á hv. Alþingi og innan

kerfisins ef til meiri sparnaðar þarf að koma. Ég efast ekki um að það muni takast ef allir taka höndum saman og viljinn er fyrir hendi.

Við þessar erfiðu aðstæður í efnahagsmálum hlýtur athyglin fyrst og fremst að beinast að því að hækka lægstu launin, sem allir eru sammála um að verður að gera. En með hvaða hætti á það að gerast? Um það snýst málið. Kröfur BSRB eru 30% launahækkun. Er t. d. nauðsynlegt að 15 þús. kr. mánaðarlaun hækki um 30% eða um 4—5 þús. krónur? Ég efast ekki um að allir eru mér sammála að svo sé. Er líka nauðsynlegt að 40 þús. kr. mánaðarlaun hækki um 30%, þ. e. um 12 þús. kr.? Ég tel svo ekki vera við núverandi aðstæður. Slíkar hækkanir verða að bíða betri tíma, uns betur árar. Þess í stað á að lækka tekjuskattinn sem yrði raunhæf kjarabót. Einnig þarf að koma til lækkun útsvars, fella það niður af lægri tekjum sem bera útsvar á annað borð, en eins og allir vita er útsvarið bróttóskattur og það kemur oft illa við þá sem lægstu tekjurnar hafa og eru útsvarsskyldar.

Þegar umræður um kjarasamninga eru á dagskrá leggja forustumenn áherslu á að bæta kjör þeirra verst settu, lægst launuðu. Í reynd hefur niðurstaðan oftast orðið önnur. Það er ekki örgrannt um að það hvarfli að manni að umhyggjan fyrir þeim lægst launuðu sé notuð sem yfirskin. Nú er hins vegar tækifærið til að sýna í verki að menn vilji leysa þessi mál þannig að þegar upp er staðið hafi svigrúmið verið notað til að hækka lægstu launin og bæta kjör annarra með skattalækkunum. Þannig er von til þess að um raunhæfar kjarabætur verði að ræða og að verðbólgunni verði jafnframt haldið í skefjum.

Það er vitað að láglaunastéttir innan BSRB eru fjölmennar og það er engin tilviljun að einmitt í þessum stéttum eru konur fjölmennastar, í heilbrigðisstéttunum og kennarastéttinni. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um kjör kennara. Ekki síst fagna ég þeim upplýsingum, sem fram komu í ræðu hæstv. menntmrh. í gærkveldi, um að kjör kennara verði tekin til endurskoðunar frá grunni, og þá ber að fagna því að hæstv. menntmrh. hefur nú þegar fengið stuðning frá Kvennalistanum sem hér hefur lagt fram till. til þál. um sama efni. Það væri freistandi að fara fleiri orðum um þýðingu þess að bæta kjör kennara en verður að bíða betri tíma.

Herra forseti. Mál mitt er orðið nokkru lengra en til stóð. Það hefði vissulega verið freistandi að koma inn á ýmis atriði, sem fram hafa komið í umr. hér, og gera athugasemdir við eitt og annað í máli stjórnarandstöðunnar, en það þjónar litlum tilgangi að karpa um keisarans skegg. Ég sleppi því.

Ég sagði í upphafi að það hefði hvarflað um huga minn í gær að menn hefðu villst á húsum þegar hlátrasköllin heyrðust frá þingpöllum undir ræðu stjórnarandstöðuþingmanna. Vissulega er gott að geta brosað á erfiðum stundum, annars væri illa fyrir okkur komið. Við vitum að það er stundum stutt á milli hláturs og gráturs og það er engum hlátur í huga um þessar mundir sem nauðugir viljugir eru nú í verkfalli. Ég er þó sannfærð um að við munum taka höndum saman, stjórn og stjórnarandstaða, til að leysa þessi vandamál því að öll berum við fyrir brjósti hag íslenskra heimila og þjóðarbús.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi umr. um skýrslu ríkisstj. um stöðu kjaramála hefur nú staðið yfir alllengi og margir stjórnarliðar hafa séð ástæðu til að gera að umtalsefni þau orð sem ég lét falla í gær.

Ég talaði í gær í 47 mínútur og hæstv. fjmrh. eyddi 40 mínútum til að svara þeim athugasemdum sem ég hafði fram að færa. Ég hyggst ekki fara jafnnákvæmlega í saumana á ræðum stjórnarþm. og þeir hafa farið í saumana á minni ræðu, enda mundi ég þá þurfa að standa í þessum stól til morguns. Ég ætla hins vegar að fara yfir nokkur aðalatriði, sem hafa komið fram í þessum umr., vegna þess að það er býsna fróðlegt með tilliti til þeirrar alvarlegu stöðu sem nú er uppi í landinu.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir 4. þm. Reykn., var að stíga úr ræðustólnum áðan. Hún komst þannig að orði að athyglisvert væri að aðeins skyldu gerð verkföll opinberra starfsmanna þegar Sjálfstfl. væri í ríkisstjórn. Með þessu var hún að gefa í skyn að verkfallsmenn opinberra starfsmanna væru í rauninni fyrst og fremst í pólitískri aðgerð á móti Sjálfstfl. Hér kemur fram sami barnaskapurinn og í ítrekuðum yfirlýsingum hæstv. fjmrh. sem heldur því fram, bæði við innlenda aðila og erlenda, að í rauninni sé það fámennur hópur kommúnista, eins og hann kallar það, sem standi í vinnudeilunni þessa dagana.

Eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði í gær er það því miður ekki svo. Það er fjöldinn allur af fólki, sem hefur stutt alla mögulega stjórnmálaflokka, sem stendur í þessari deilu. Menn eru neyddir til þess að standa í kjaradeilu af þessum toga vegna þess að kjör þeirra eru orðin slæm. Ég er sannfærður um að fólk sem er með 14 eða 15 þús. kr. á mánuði gerir sér ekki leik að því, ekki einu sinni fyrir flokkinn sinn, hver sem hann nú er, að leggja niður vinnu og missa laun. Það er alvarlegur hlutur fyrir fátækt alþýðuheimili að tapa tekjum þó ekki sé nema í eina viku eða tvær. Þess vegna er það rangt og fráleitt að setja hlutina upp eins og talsmenn Sjálfstfl. hafa gert í umr. hér, að í rauninni sé fyrst og fremst um að ræða einhvern pólitískan skepnuskap, sem eigi uppruna sinn í Alþb., sem valdi því að menn eru nú í verkfalli. Ég segi við hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. að hann getur aldrei leyst nokkurt vandamál af neinu tagi í landinu ef hann áttar sig ekki betur á efnahagslegum staðreyndum og pólitískum staðreyndum en þetta bendir til.

Hér er um að ræða vinnandi alþýðu þessa lands, sem hefur kosið alla þá stjórnmálaflokka, sem hafa verið hér í boði á síðustu árum, og þeir hafa verið býsna margir. Fjöldinn allur af þessu fólki hefur auðvitað stutt stjórnarflokkana í síðustu kosningum. Þess vegna eru árásir hæstv. fjmrh. á þetta fólk í rauninni yfirgengilegar, yfirgengilegt virðingarleysi fyrir skoðunum þessa fólks, reisn þess og sjálfstæði. Auðvitað eiga allir þann rétt í hvaða flokki sem þeir eru að leggja niður vinnu í verkfalli með löglegum hætti.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir ræddi nokkuð um það að illa hefði gengið að hækka lægstu launin og benti á að þó að 15 þús. kr. laun hækkuðu um 4 þús. ættu ekki endilega 30 þús. kr. laun að hækka um 8 þús. kr. á sama tíma. (**SalÞ:** Ég benti nú á 40 þús.) Hún benti reyndar á 40. Það þýðir hlutfallslega þeim mun lægri tölu. Það breytir ekki öllu í þessum efnum. Aðalatriðið er að menn átti sig á að í þessum efnum hefur aldrei staðið upp á samtök láglaunafólks í þessu landi. Talsmenn

láglaunafólks, hins ófaglærða verkafólks í landinu, hafa iðulega verið með kröfur um krónutöluhækkun launa eða vísitölubætur í krónutölu. Það hefur verið Vinnuveitendasamband Íslands sem hefur fyrst og fremst beitt sér gegn þessu, og það sem meira er er það að hinn svokallaði frjálsi markaður, sem allt á að leysa með sinni mildu hendi eins og það heitir, yfirborgar sérstaklega og mest þá sem hæstir eru. Það er einfaldlega hans lögmál. Þess vegna verða þeir helst eftir í yfirborganaskriðunni sem eru með lægstu launin, þeir sem starfa hjá stórum fyrirtækjum t. d. Þess vegna er það yfirgengilegt að menn eins og ýmsir talsmenn Sjálfstfl. skuli vera að reyna að gera tilraun til að kenna verkalýðshreyfingunni um að laun láglaunafólksins skuli ekki vera hærri en raun ber vitni um. Verkalýðshreyfingin hefur alltaf lagt megináherslu á launajöfnuð, en afturhaldið og frjálsi markaðurinn hefur gert allt sem hægt hefur verið til þess að dragi í sundur með launafólki í þessu landi. Þannig hefur það ævinlega verið.

Svo er kostulegt að heyra það í þessum umræðum, m. a. í síðustu ræðu, að þær ráðstafanir sem núverandi ríkisstj. hefur gert séu að einhverju leyti svipaðar og áður hafi verið gerðar þegar talað var um slétt skipti. Hvað áttum við við 1981 þegar við töluðum um slétt skipti? Það sem átt var við var að þá voru felldar niður vísitölubætur 1. mars 1981, sjö stig, og þeim vísitölubótum var skilað aftur í betra vísitölukerfi 1. júní, 1. september og 1. desember 1981. Útkoman var sú á árinu 1981 að kaupmáttur launa varð sá sami og hann hefði orðið að óbreyttu en verðbólgan miklum mun minni. Þarna var ráðist að verðbólgunni án þess að ráðast á kaup fólksins í landinu, láglaunafólksins, um leið. Hér var um að ræða aðgerð sem var í grundvallaratriðum andstæð þeirri aðgerð sem núverandi ríkisstj. hefur gripið til, sem hefur ekki gert neitt annað en að taka kaupið af fólkinu, lækka það um 27% og flytja það til milliliðanna í þjóðfélaginu. Svo koma þær hver af öðrum þessar mannvitsbrekkur úr Sjálfstfl. og fara með leiðarana sem þær lærðu í Mogganum '82 og'83 um að Alþb. hafi fjórtán sinnum krukkað í kaup. — Þrettán sinnum sagði nú Sverrir, hæstv. iðnrh. Hann hafði kannske ekki lesið Moggann eins oft og hinir af því að hann var fyrir austan í kosningaslag.

Hvað er nú til í þessu? Það er einfaldlega það að vísitölubætur voru greiddar út fjórtán sinnum þann tíma sem Alþb. var í ríkisstjórn 1979 til 1983 eða á þriggja mánaða fresti. Í hvert einasta skipti sem þessar vísitölubætur voru greiddar út skertust þær vegna þess að þær tóku ekki inn hækkanir á kaupi út á hækkanir á áfengi eða hækkanir í tóbaki og þær skertust líka vegna versnandi viðskiptakjara. Það var þetta sem heitir að „krukka í kaupið". Ég man aldrei nokkurn tíma eftir því að íhaldið eða aðrir hafi flutt tillögu um að hækkanir á áfengi og tóbaki eða launalið búvörugrundvallarins ættu að hafa áhrif á vísitölubætur á laun. Þess vegna er þetta auðvitað endemis fjarstæða og rugl, en það er til marks um rökþrot þessara manna þegar þeir enn þann dag í dag eru að halda fram firrum af þessu tagi.

Alþb. stóð að þessari ríkisstjórn ásamt Framsfl. og hálfum Sjálfstfl. Þessir aðilar, Framsfl. og Sjálfstfl., héldu því fram að hér hefði verið um launalækkun að ræða upp á 50%. Maður skyldi nú ætla að þeir hefðu verið tilbúnir að hækka kaupið þegar þeir tóku við, skila öllum skerðingunum fjórtán aftur og láta staðar numið. Nóg væri nú komið af hinum hrikalegu kaupskerðingum Alþb. (**Gripið fram í:** Út af hverju ekki nema 13?) Fjórtán var það. (**Gripið fram í:** Nú, fyrirgefðu.) Ég las Moggann greinilega betur en þú. — Nú skyldu hinir miklu málsvarar réttlætisins og verkalýðsins í landinu, hæstv. iðnrh. og aðrir slíkir, koma aftur eins og frelsandi englar til að leiðrétta hið mikla kauprán Alþb. Skiluðu þeir þá kannske aftur 50%? Það var nú eitthvað annað. Þeir lækkuðu kaupið um 27% þannig að kaupmáttur á vinnustund á Íslandi hefur aldrei verið lægri í dag síðan 1953. Þannig er staðan. Þessir gasprarar, sem lýstu því yfir að verkalýðsforustan væri full af linkind gagnvart síðustu ríkisstjórn, hvöttu hana til kauphækkana, voru ekki fyrr sestir í valdastólana en þeir keyrðu launin niður með brbl. sem bönnuðu kjarasamninga, og kem ég næst að því.

Hæstv. iðnrh. sagði áðan í sinni ræðu, með leyfi forseta: Við getum ekki stjórnað landinu nema með samningum. — Heyr á endemi. Núverandi ríkisstjórn lét það verða sitt fyrsta verk að banna frjálsa kjarasamninga með lögum allt síðast liðið ár. Það var hennar fyrsta verk. Aldrei áður hefur það verið gert að kjarasamningar hafa verið bannaðir með þeim hætti sem fráfarandi stjórn gerði, með atkvæði hæstv. iðnrh. og annarra þm. Sjálfstfl.

Ég sagði hér í gær að fjmrh. gæti greinilega ekki farið með samningamál opinberra starfsmanna, hann réði ekki við þau. Og rökstuðningurinn í þeim efnum hefur reyndar komið fram úr þessum ræðustól eftir að ég talaði, en það var þegar hann flutti sína ræðu fulla af skilningi á kjaramálum kennara, sem ég kem að síðar. Ég sagði: Alþingi á að íhuga að taka kjaramálin úr höndum fjmrh. og ríkisstjórnarinnar. Ég sagði ekki að það ætti að setja lög um kaup opg kjör. Ég er á móti því að það verði gert. Ég er þeirrar skoðunar, eins og kom fram í ræðu minni hér í gær, að semja eigi sig út úr þeirri deilu sem nú stendur yfir. Það er grundvallaratriðið. Og ég frábið mér útúrsnúning eins og þann sem hæstv. iðnrh. hafði uppi á orðum mínum í dag.

Hæstv. iðnrh. greindi frá því að hann ætlaði að senda Alþb. reikning. Það verður fróðlegt að sjá þann reikning. En það væri líka fróðlegt fyrir hann að velta því fyrir sér eitt augnablik hvað hefur orðið um þá 27% kauplækkun sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir? Hvað hefur orðið um þau 27% sem hafa verið tekin upp úr launaumslögunum? Hafa þau týnst, gufað upp eða horfið eða hvar eru þau? Hvar eru þau? Eru þau hjá framleiðsluatvinnuvegunum í landinu, eru þau hjá togaraútgerðinni, eru þau hjá landbúnaðinum? Svarið er nei. Hvar eru þá þessir peningar? Þessir peningar, sem hafa verið fluttir til frá launamönnum, sem nema 450 millj. króna á mánuði í kauprán, og verkalýðshreyfingin ætti að senda núverandi ríkisstjórn reikning, þessir peningar hafa verið fluttir til milliliða og verslunar í þessu þjóðfélagi. Það er vísvitandi verið að flytja þannig til fjármuni. Það er ekkert verið að ráðast á einstaka kaupmenn eins og hæstv. fjmrh. var að rausa um í gærkveldi. Hér er verið að benda á blákaldar staðreyndir. Það er búið að taka þessa fjármuni upp úr launaumslöguunum hjá fólkinu og þessir fjármunir hafa ekki verið fluttir til framleiðslunnar, heldur hafa þeir verið fluttir til milliliðanna í þjóðfélaginu einvörðungu. *Þannig er þessi staða 450 millj. kr. á mánuði í kauprán.*

Það er reikningurinn sem verkalýðshreyfingin í landinu mætti senda núverandi ríkisstjórn.

Sumir þm. stjórnarflokkanna eru svo staurblindir á hlutina, en hafa jafnframt lært svo vel áróðursrullurnar, að þeir hafa komið hér í ræðustólinn og sagt setningu eins og þessa, með leyfi hæstv. forseta: Markvisst hefur verið unnið að því að rétta kjör hinna lægst launuðu. — Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn halda þessu fram eftir þær ítarlegu upplýsingar sem fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa fært hér í ræðustól í margra klukkutíma umræðum hér í gær og í dag? Hvernig hefur verið unnið að því að bæta kjör fatlaðra sérstaklega? Hvað er svona sérstaklega markvisst í því að lækka framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra? Er það markviss kjarabót fyrir fatlaða að hækka lyf um 170%? Er það markviss kjarabót fyrir sjúklinga að hækka læknisþjónustu um 140%? Staðreyndin er sú að þeir sem allra hraklegust kjörin hafa og minnsta möguleika í þessu þjóðfélagi hafa orðið fyrir alveg sérstökum árásum af hendi þessarar ríkisstjórnar. Það er kominn tími til að þm. stjórnarflokkanna hætti að hafa yfir rullur sem eru rugl eins og að „markvisst hafi verið unnið að því að rétta kjör hinna lægst launuðu". Svo kemur hæstv. forsrh. og segir að Félagsmálastofnun Reykjavíkur hafi ekki fengið fleiri beiðnir í ár en í fyrra. Hann fær upplýsingar núna frá borgarstjórnaríhaldinu. Það er fróðlegt að vita hverjir það eru sem framsóknarmenn nota sem heimildarmenn um þessar mundir. Það verður skemmtilegt fyrir þá í kosningabaráttunni í Reykjavík í næstu kosningum, framsóknarmenn, að hafa byggt alla sína pólitík á upplýsingum frá Davíð Oddssyni og öðrum leiðtogum íhaldsins.

Staðan er nú þannig að það fólk sem er að sækja til Félagsmálastofnunar Reykjavíkur er fullvinnandi fólk. Það eru einstæðar mæður sem eru með 12 000—13 000 kr. á mánuði. Áður var fólki af þessu tagi vísað frá oft og tíðum vegna þess að það hafði þá mikil laun fyrir sína vinnu. Núna er neyðin svo mikil hjá þessu fólki að Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hefur iðulega orðið að hlaupa undir bagga með því með þeim lúsarbótum sem þar er að fá og borgarstjórnaríhaldið skammtar eins og skít úr hnefa. (**ÓÞÞ:** Hvað hefur orðið um hina sem sóttu um áður ef þessir eru teknir við?) Hvað á hv. þm. við? (**ÓÞÞ:** Þeir sem sóttu um áður, hvað hefur orðið um þá?) Það vill svo vel til að ég hef aldrei haft með Félagsmálastofnun Reykjavíkur að gera. (**Gripið fram í:** En þegar Alþb. stjórnaði?) Alþb. hefur haft með Félagsmálastofnun Reykjavíkur að gera sem aðili að stjórn Reykjavíkurborgar, en þá var staðan þannig að kaupið í landinu var 27% hærra en það er núna og það var þess vegna aðeins auðveldara fyrir þetta fólk að lifa af kaupinu en það er núna. Það er munurinn, hv. þm. Ólafur Þórðarson.

Í þessum umræðum hefur verið rætt nokkuð um framvindu og þróun efnahagsmála að undanförnu og á þessu ári sérstaklega. Ég held að rétt sé að rekja hér upp úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar afrekaskrá ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo það fari ekki á milli mála að það séu ekki pappírar sem við höfum verið að semja heldur opinberir pappírar sem kveða upp úr um afrekin, efnahagsundrið. Það kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 24. sept. s. l. að hagur sjávarútvegsfyrirtækja hefur aldrei verið lakari en hann er nú, sérstaklega togaranna. Það segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Mörg sjávarútvegsfyrirtæki eiga því í stórfelldum greiðsluerfiðleikum. Rekstrarafkoma botnfiskvinnslunnar er um þessar mundir afar ótrygg. Sama gildir um stöðu botnfiskveiðiflotans."

Hér er kveðinn upp þungur dómur af opinberri stofnun um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Hér er sagt fullum fetum að þrátt fyrir allar þær aðgerðir sem sjútvrh. var að tala um að hefðu verið gerðar fyrir sjávarútveginn í ræðu sinni hér í gær, þá er staðan þannig að afkoma þessara greina er mjög ótrygg og um er að ræða atvinnuleysi í mörgum byggðarlögum. (**Gripið fram í:** Þrátt fyrir metafla.)

Hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh. hafa það fyrir sið að nota sjávarútveginn sem skálkaskjól til að hamla gegn kauphækkunum í landinu. Þeir líta aldrei á neina aðra tölu í reikningum frystihúsanna en kaupið. Allt annað má þenjast út eins og fara gerir. Hvernig lítur það dæmi út ef við lítum hins vegar á rekstrardæmi frystihúsa í heild? Hafa menn gert sér grein fyrir því í fyrsta lagi að umboðslaun, sem vinnslan greiðir í Bandaríkjunum núna fyrir flök sem þar eru seld, eru upp í 11% af verðmæti þessarar afurðar? Þessi umboðslaun voru í sumar hækkuð af núverandi ríkisstjórn um 10%. Hafa menn gert sér grein fyrir því að vextir hjá frystihúsunum hafa aldrei verið hærri og eru í sumum tilvikum svipaðir og launin? Hv. þm. Árni Johnsen gæti t. d. kynnt sér fyrirtækið Meitilinn í Þorlákshöfn. (**ÁJ:** Undantekningu, rétt.) Hafa menn gert sér grein fyrir því að fraktin, sem frystingin er að borga, er nú miklu hærri en áður? Hún var áður oft um 5% af verðmætunum, en er núna í kringum 7%? Það er ekki furða þó skipafélögin græði. Hafa menn gert sér grein fyrir því að umbúðakostnaður frystihúsanna hefur hækkað frá því að vera um 4% af afkomu upp í u. þ. b. 5% af afkomu? Og hafa menn gert sér grein fyrir því, ef við reynum að draga úr þessum kostnaði frystingarinnar kerfisbundið, hvaða svigrúm það gæti skapað fyrir kauphækkanir og hærra fiskverð?

Ég tek hér dæmi: Segjum að umboðslaunin yrðu ekki 11% heldur 10%. (**Gripið fram í:** 11% af hverju?) 11% af afurðaverðinu eins og það er í Bandaríkjunum. (**Gripið fram í:** Í Bandaríkjunum?) Í Bandaríkjunum já, þau eru misjafnlega há. — Segjum að vextirnir yrðu aðeins raunvextir, þ. e. að vaxtagreiðslan yrði svipuð og nemur verðbólgustigi en ekki að húsin væru að greiða langt yfir raunvöxtum eins og nú er. Segjum að fraktirnar væru lækkaðar úr 6% eða svo og niður í 5% eða svo af afkomu frystingarinnar. Segjum að umbúðirnar færu úr 5% niður í 4%. Þannig væri reynt að ýta þessum liðum öllum eitthvað aðeins niður. Þannig mætti skapa svigrúm fyrir verulega kauphækkun, fyrir bætta afkomu þessara fyrirtækja og um leið til að koma í veg fyrir gengislækkun. En sjútvrh. Framsfl. fæst ekki til að líta á þessi atriði. Hann sér ekkert nema kaupið. Það er óumdeilanlega hægt að benda á að með því að keyra þennan milliliðakostnað niður er hægt að skapa svigrúm hjá þessum grundvallaratvinnuvegi sem gjörbreytir stöðu hans frá því sem nú er.

Hæstv. sjútvrh. hafði hins vegar eitt fram að færa í sumar til þess að bæta stöðu þessarar atvinnugreinar. Það var ákaflega athyglisvert sem hann og ríkisstj. lagði þar til málanna. Það var að hækka vextina frá því sem þeir höfðu verið áður hjá þessum fyrirtækjum og draga

þannig úr möguleikum þessara fyrirtækja til að koma til móts við þær kauphækkanir sem óhjákvæmilega hlutu að koma kröfur um á þessu hausti.

Hér er auðvitað um yfirgengilegt ráðslag að ræða hjá ríkisstjórninni. Og það er dæmalaust að þessi ríkisstj. skuli svo eiga fulltrúa, sem koma hér í ræðustólinn, eins og hæstv. félmrh. Hvað hefur hann fram að færa í vaxtamálum? Ja, það er þetta venjulega þegar framsókn kemst í ógöngur. Nú er það ekki klisjan „ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald" eins og var notuð í gær. Nú er það „Seðlabankinn hefur brugðist". Nú á að kenna Seðlabankanum um það að ríkisstj. hleypti öllum vöxtunum lausum. Það er ekki stórmannleg afsökun vegna þess að auðvitað gat ríkisstj. ráðið yfir þessum hlutum, enda lýsti formaður Sjálfstfl. því yfir að um væri að ræða stórkostlega framför í efnahagsmálum þegar vextirnir voru hækkaðir á síðastliðnu sumri.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum, herra forseti, um ræðu hæstv. fjmrh. frá í gær. Það væri þó full ástæða til að ræða hana nokkrum orðum og hafa þar uppi nokkrar textaskýringar og tilraunir til að leita eftir gleggri túlkun á ýmsum atriðum sem hann ræddi. M. a. ræddi hann af næmum skilningi og nærfærni um kennara í ræðu sinni. Kennarar eru fólk sem vinnur í 30 tíma á viku. Það er 30 stunda vinnuvika. Hver klukkustund er ekki 60 mín., heldur 45 mín. Í rauninni vinna kennarar ekki nema ca 20—25 klst. þegar allt kemur til alls. En það er ekki allt komið til skjalanna þó að þetta sé nefnt, það er ekki öll ósvífni kennarastéttarinnar komin á blað, og hæstv. fjmrh. heldur áfram og bætir við að þessi ónytjungslýður, kennarastéttin í landinu, er í fríi, hugsið ykkur það, í þrjá mánuði á ári. Og svo kemur það, sem bítur nú höfuðið af skömminni að mati hæstv. fjmrh., og það er að það er níu sinnum mánaðarfrí í skólunum. Hugsið þið ykkur nú aðra eins uppgötvun fyrir hæstv. fjmrh., að þetta lið skuli bara fara níu sinnum í mánaðarfrí. Og síðan bendir hann á þá alkunnu staðreynd að auk þess bæta kennarar gráu ofan á svart með því að taka sér frí á laugardögum og líka sunnudögum. Það er von að hæstv. fjmrh. komist að þeirri niðurstöðu að það er ekki nema upp undir helmingur af árinu sem kennarar vinna, eins og það er orðrétt hér í þessu plaggi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er svona upp undir helmingurinn af árinu sem þessir menn eru í vinnu."

Ja það er von að fjmrn. sé tregt til að borga þessum mönnum kaup undir forustu Alberts Guðmundssonar ef þeir eru ekki í vinnu nema upp undir helminginn af árinu. Ég segi alveg eins og er: ég tel að hér sé komin fullboðleg skýring á því af hverju kjarasamninganefnd ríkisins mætir á fundi dag eftir dag og þegir. Hún hlýtur að hafa þessar upplýsingar, að menn séu í fríi þrjá mánuði á ári, taki sér mánaðarfrí níu daga á ári, séu auk þess í fríi á laugardögum og sunnudögum og vinni klukkutíma sem er ekki nema 45 mínútur hver. Það er von að fjmrn. reyni að halda í við þetta lið.

Ef skilningur manna í fjmrn. og samninganefnd ríkisins á störfum kennara og annarra ríkisstarfsmanna er yfirleitt með þessum hætti er ekki von að vel gangi í samningaviðræðunum um þessar mundir. Þessi ræða hæstv. fjmrh. var auðvitað talandi dæmi um það algera skilningsleysi sem ríkir í hans huga og hans samstarfsmanna gagnvart starfi kennara í þessu landi.

En hæstv. fjmrh. kom víðar við og meðal annars hafði hann lesið Þjóðviljann, en ekki nema hálfan, þ. e. það var ljósrit af einni síðu í Þjóðviljanum 31.8 1984 þar sem stendur í undirfyrirsögn:

„Snúa verður frá nýlendustefnunni. Ný ráð: brjóta upp grundvallarskipulag þjóðfélagsins, skipta landinu í öflugar valdaeiningar."

Þetta vildi hæstv. fjmrh. nota til sannindamerkis um að það væri enn þá einu sinni þessi byltingarlýður í Alþýðubandalaginu sem þar hefði tögl og hagldir. Nú ætti að snúa öllu við í landinu og brjóta upp sjálft stjórnskipulagið eins og það legði sig. En af því að hæstv. fjmrh. hefur nú fengið þetta plagg í heild, þ. e. síðuna alla, af því ég ljósritaði það fyrir hann í dag, og af því hæstv. fjmrh. hefur farið með þetta í sjónvarpið og veifað þessu sem einhverjum stórtíðindum fyrir þjóðina ætla ég að lesa upp það sem hæstv. fjmrh. er þarna að snúa út úr. Í þessu plaggi, stjórnmálaályktun Alþb. á Vestfjörðum, segir: Þar kemur m. a. til álita í nýrri byggðastefnu að „brjóta upp grundvallarskipulag þjóðfélagsins og skipta landinu upp í öflugar einingar er hafi vald og fjármuni til að taka að sér mörg þeirra verkefna sem ríkið sér nú um."

Hér er m. ö. o. verið að tala um fyrirkomulag þar sem byggðarlögin sjálf hafi meira af fjármunum til ákvörðunar hjá sér en þau hafa nú. Valddreifing, lýðræði heitir þetta og fjmrh. notar svo tækifærið í sjónvarpi og svo í ræðustól hér í gær til þess að snúa út úr málum með þessum hætti. Ég mótmæli mjög harðlega útúrsnúningum eins og þessum.

Hæstv. fjmrh. er eins og kunnugt er afskaplega smekklegur maður og reynir jafnan að finna það sem er líklegast til þess að vera málefnalegt og sanngjarnt. Fyrir utan það sem hann hafði um sjálfan mig að segja sem persónu, sem gildir einu, gat hann þess sérstaklega að ég hefði ekki farið í kirkju við þingsetningu, en í staðinn hefði ég verið að dreifa áróðursritum fyrir byltingarmenn í Alþýðubandalaginu úti á Austurvelli. Ég hef setið sjö þing og þetta er það áttunda. Ég hef ævinlega mætt við þingsetningarathöfnina alla. Hins vegar geta atvik verið svo hjá mörgum manninum að það er ekki hægt að koma því við að koma í upphafi. Þannig var það t. d. með Gunnar G. Schram og Birgi Ísl. Gunnarsson, svo að ég nefni dæmi. Þeir voru áreiðanlega ekki að dreifa áróðursritum á Austurvelli og þeir voru ekki nefndir í þessu samhengi af hæstv. fjmrh. Hins vegar kom ég á Austurvöll fyrir þingsetningu, áður en menn gengu í þetta hús, og lagði þar hönd á plóginn við að rétta mönnum nokkur smárit. En það sem hæstv. fjmrh. gengur til er það að hann er að reyna að gera sig dýrlegan í augum þess fólks sem á allt gott skilið í þessu landi og vill hafa í heiðri sinn guð og sína kirkju. Hann er að reyna að gera mig tortryggilegan í augum þess fólks. (**Menntmrh.:** Gæti maður fengið svona rit?) Það er lítill vandi, hæstv. menntmrh., jafnvel að koma því til þín með löglegum hætti. Ég segi: Það er ekki stórmannlegt, að mínu mati, þegar stjórnmálaflokkar eða stjórnmálaforingjar eru að reyna að velta sér upp úr þessum tilfinningum fólks, sem ég var hér að nefna, með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerði. Það er lítilmannlegt. Læt ég þeim kafla í ræðu minni lokið.

Hæstv. forsrh. kom hér í gær og svo aftur í dag og ræddi um hugsanlegt tilboð til opinberra starfsmanna. Ég ætla að gera grein fyrir því hvernig það kom mér

fyrir sjónir. Hæstv. forsrh. var að mínu mati að ræða um þrjá möguleika: Í fyrsta lagi að hækka kaup hjá opinberum starfsmönnum um 6% 1. sept., 4% 1. jan. og svo 2% tvisvar sinnum á næsta ári eða samtals um 14%. Í öðru lagi nefndi hæstv. forsrh. þann möguleika að kaup yrði hækkað um 6% +4% eins og í sáttatill. og síðan yrðu skattar lækkaðir um 600 millj. Og í þriðja lagi var það tilboð forsrh., sem var sett hér fram úr þessum ræðustól, að kaup hækkaði 1. sept. um 6% og síðan yrðu skattar lækkaðir á árinu 1985 um 1400 millj. kr. Ég bið hæstv. forsrh. að leiðrétta mig ef ég fer með rangt mál, en ég skildi hann svo að nákvæmlega þetta tilboð upp á 14% kauphækkun væri hann að gera opinberum starfsmönnum. Þegar hæstv. forsrh. landsins mælir fram orð og tölur af þessu tagi fylgir því auðvitað ákveðinn þungi, sem fylgir því embætti sem hann gegnir, og þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að fá það alveg skýrt fram hvort það er ekki rétt skilið að hæstv. forsrh. hafi verið að bjóða mönnum hér í ræðustólnum í gær 14% kauphækkun.

Í ræðu sinni sagði forsrh. frá því að hann vildi að kaup á árinu 1985 yrði að meðaltali miðað við þann kaupmátt sem var á síðasta ársfjórðungi ársins 1983. Það eru í rauninni sömu kaupforsendur og gengið var út frá í samningunum í febrúar. Þeir samningar giltu aðeins fram í apríl á næsta ári. Þess vegna er auðvitað alveg út í hött að tala í þessu sambandi um sömu kaupforsendur annars vegar fyrir samning verulega fram eftir árinu 1985 og hins vegar fyrir samning sem gildir fram í apríl 1985. Frá því að samningarnir voru gerðir í febrúar hafa aðstæður líka breyst í þjóðfélaginu. Fyrst og fremst er þess að geta, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minnti á í dag, að þjóðarframleiðslan hefði orðið meiri en gert hefði verið ráð fyrir, bæði vegna hagstæðari viðskiptakjara og aukins útflutnings frá því sem um hafði verið talað. Það munar sennilega 2.5—3%. Það þýðir í þjóðarframleiðslu um 2 ½ milljarð kr. Ég tel þess vegna algert lágmark að ríkisstj. átti sig á því að það er eðlilegt að verkafólk í landinu sæki í þessa aukningu líka, að menn láti ekki aðeins staðar numið við einhvern ársfjórðung 1983, heldur sæki inn í þessa aukningu líka.

Ég vil svo bæta því við sem minni skoðun að ég tel að í þessum efnum eigi menn að reyna að sækja lengra inn á kaupmáttarstig ársins 1983, svo sem frekast er kostur, miðað við baráttuaðstöðu verkalýðshreyfingarinnar eins og hún er í dag. Ég tel ekki nægilegt að miða við 4. ársfjórðung 1983. Ég tel að í þessum efnum verði menn að setja markið hærra. Fyrir því séu öll rök, m. a. minna fall í þjóðarframleiðslu en gert var ráð fyrir þegar samningarnir voru gerðir í febrúarmánuði síðastliðnum. En auk þessa verður aldrei komist hjá því að það eigi sér stað sérstök hækkun á hinum lægstu kauptöxtum.

Eins og menn vita er í gildi svokallað tvöfalt launakerfi hjá Verkamannasambandi Íslands og Landssambandi iðnverkafólks þar sem álög, m. a. eftirvinnuálög og bónusálög, eru tekin af mun lægri tölu en kauptryggingunni. Það verður að þoka þessu saman. Það verður að þoka þessu saman því þetta tvöfalda launakerfi í lægstu launakerfunum er með öllu óviðunandi eins og það er. Ég tel að þetta tvöfalda launakerfi sé mjög hættulegt. Það kemur langverst niður á konum sem vinna í fiskiðnaðinum og hinum almenna iðnaði líka. Þetta kerfi skekkir allan kjaragrundvöll í þjóðfélaginu og þess vegna ber að leggja áherslu á það, jafnframt kauphækkunum sem verða auðvitað að eiga sér stað, hvað sem öllu tali um blandaðar leiðir líður, að stigið verði skref til að afnema þetta óréttláta tvöfalda launakerfi í fiskiðnaðinum.

Hæstv. forsrh. rifjaði upp hið góða samstarf okkar fyrr á árum og spurði mig eins og í gamni hvar ég hefði verið í læknadeilunni vegna þess að hann vildi að ég hefði verið einu sinni í útlöndum á móti ferðinni hans til Jórdaníu. Það var eins og hæstv. forsrh. væri eitthvað sár í minn garð í þessum efnum af því að ég greindi frá alþjóðaþingi framsóknarmanna í Jórdaníu og efnahagsundrinu sem hann var að hæla sér af þar. Sannleikanum verður hver sárreiðastur, segir máltækið. En það sem hefur breyst, hæstv. forsrh., er margt og m. a. Framsfl. Ef hæstv. ráðh. skyldi ekki hafa tekið eftir því ætla ég aðeins að fræða hann um það eitt augnablik.

Í kosningunum 1979 boðaði Sjálfstfl. leiftursóknarstefnu sína. Framsfl. barðist mjög hart gegn þessari stefnu. Í leiðara Tímans 21. nóv. 1979, sem var skrifaður af Jóni Sigurðssyni skólastjóra Samvinnuskólans í Bifröst, segir m. a. um leiftursóknarstefnu Sjálfstfl.:

„Leifturstríð Sjálfstfl. gegn fólkinu er eitthvert óhugnanlegasta plagg sem lengi hefur sést í íslenskum stjórnmálum ... Sumar hugmyndir þessara stríðsmanna eru svo fráleitar að fólk á sjálfsagt erfitt með að trúa sínum eigin augum og eyrum:

Sjálfstfl. ætlar að gefa allt verðlag frjálst ... Af þessu mun leiða ægilegustu verðbólgu, miklu meiri og voðalegri en Íslendingar hafa nokkru sinni þurft að reyna.

Sjálfstfl. ætlar að skera niður félagsleg framlög og þar á meðal niðurgreiðslur, og þetta á að gerast sem liður í lækkun fjárlaga, en það jafngildir því að slík kjaraskerðing ... verði bótalaus ...

Ríkisstjórn Sjálfstfl., með eða án krata, ætlar ekki að gegna eðlilegu hlutverki ríkisvaldsins þegar kjaradeilur standa, heldur mun hún etja vinnuveitendum og launþegum saman í linnulaus átök.

Sjálfstfl. telur það ekki hlutverk ríkisvaldsins að stuðla að byggðaþróun með framlögum til framkvæmda, að vernda atvinnuöryggið með virkri umbótastefnu eða að sporna gegn misskiptingu auðs með tekjustefnu og launaramma. Þvert á móti á að hefja samdrátt framkvæmda ...“

Þetta ætlaði Sjálfstfl. að gera 1979 og setja auðhyggjuna í fyrirrúm.

„Sjálfstfl. vill ekki skynsamlega verðtryggingu launa á samningstímabili, heldur ætlar hann“, kemur svo með breyttu letri, „að afnema alla slíka tryggingu einhliða og án þess að ráðgast við launþegasamtökin“.

Þetta ætlar Sjálfstfl. allt að gera 1979 og Framsfl. er svo hlessa að hann rak alla sína kosningabaráttu 1979 á því hvað það væri ofboðslegt ef þessi leiftursóknarlýður kæmist til valda í landinu.

„Sjálfstfl. sér engin ráð til bjargar í uppbyggingu íslensks atvinnulífs önnur en stöðnun og aftur stöðnun og það í eigu erlendra auðfélaga. Í því skyni að greiða fyrir leifturstríði erlends fjármagns á hendur íslensku framtaki vill flokkurinn að lántökur Íslendinga erlendis miðist við stöðnunarþarfir.“

Þetta ætlaði Sjálfstfl. að gera. — Og svo kemur það sem er nú það svartasta í þessari stefnu Sjálfstfl. sem Framsfl. barðist á móti 1979.

„Sjálfstfl. vill ... fá fram snarhækkun vaxta með því

að sleppa öllum hömlum af ákvörðunum um lánakjör banka og annarra lánastofnana."

Og niðurstaða leiðarahöfundar Tímans 21. nóv. 1979 er þessi:

„Leifturstríð Sjálfstfl. er ekki ábyrg stefna og þaðan af síður þjóðholl stefna. Sjálfstfl. er nú búinn að slá Glistrup hinn danska algerlega út í ofstækishugmyndum."

Þessi stefna, sem Framsfl. þóttist vera að berjast á móti 1979, hefur verið framkvæmd lið fyrir lið af núverandi ríkisstjórn undir forustu Steingríms Hermannssonar. Það er von að maðurinn sé reiður við mig. Ég sé ekki betur en núverandi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi tæmt þann verkefnalista sem leiftursóknin setti á blað 1979 og var svo ofboðslegur að fólk á sjálfsagt erfitt með að trúa sínum eigin augum og eyrum svo vitnað sé í Tímann.

Raunar er það svo að Framsfl. og Sjálfstfl. hafa gengið lengra á mörgum sviðum en hér var lýst. Þar með má segja að Framsfl. hafi slegið út ekki bara leiftursóknaröflin heldur líka þann sem hér var vitnað til eins og hann væri sá úr neðra — eða eins og hér stendur: „Sjálfstfl. er nú búinn að slá Glistrup hinn danska algerlega út í ofstækishugmyndum." Núverandi ríkisstjórn er búin í framkvæmd að slá Glistrup hinn danska út. Og það er í rauninni kostulegt að flokkur sem forðum kenndi sig við félagshyggju og samvinnuhugsjón skuli leggja annað eins á sig og Framsfl. hefur gert aðeins fyrir einn stól. Ég hygg að saga stjórnmálaflokks á Íslandi hafi aldrei fyrr verið látin í heilu lagi fyrir einn stól.

Núverandi ríkisstjórn hefur haldið þannig á málum að hún hefur efnt til styrjaldar við fólkið í landinu. Auðvitað er það rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði í gær, að það er barnaskapur að ætla sér að stjórna landinu gegn verkalýðshreyfingunni. Verkalýðshreyfingin er og verður sterkasta aflið í þjóðfélaginu, sagði hæstv. iðnrh. í dag. Það er hann nú búinn að læra aftur, hann hefur sjálfsagt kunnað það einu sinni, eftir að hafa kynnst efnahags- og stjórnmálum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Núverandi ríkisstjórn ætlaði sér að stjórna landinu á móti verkalýðshreyfingunni, á móti hinum breiða fjölda vinnandi fólks sem skapar verðmætin sem þessi þjóð lifir á, en niðurstaðan liggur fyrir. Það er ekki hægt að stjórna þessu landi á móti því fólki. Það hefur oft verið reynt áður, en það hefur ævinlega mistekist. Síðustu strandkapteinarnir í þeim efnum sitja í tíu ráðherrastólum mér sitt til hvorrar handar.

Núv. ríkisstj. er rúin trausti. Hún hefur brugðist að mati stuðningsmanna sinna. Einn þeirra kom inn á Alþingi í gær til þess að hlaupa fyrir borð af stjórnarskútunni og í stjórnarherbúðunum er hugurinn þannig núna að hæstv. forsrh. á ekki orð til að lýsa þeim ódrengjum sem hann vinnur með í ríkisstj. og eru með rýtinginn í bakið á honum þegar hann kemur heim, eins og kom fram í viðtali við DV. Hann sagði að einhverjir ódrengir hefðu komið með rýtinginn í bakið á sér með því að nefna þann möguleika að efnt yrði til kosninga. Ég veit að Framsfl. er af skiljanlegum ástæðum illa við kosningar. Það skilur öll þjóðin um þessar mundir. En þessi ummæli um samstarfsmenn hans í ríkisstj., hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, Þorstein Pálsson formann Sjálfstfl. og fleiri, sem höfðu verið að ræða um það að efna til kosninga, sýna ákaflega vel hvernig staðan er nú þegar orðin á milli stjórnarflokkanna. Ég skil vel að Framsfl. vilji helst úr þessu aldrei láta kjósa. Það væri vafalaust best fyrir hann að komast hjá kosningum sem allra lengst. En sem betur fer búum við í landi þar sem kosið er á a. m. k. fjögurra ára fresti, þar sem þjóðin getur gert upp reikninga við sína stjórnmálaleiðtoga.

Í þessum umr., herra forseti, hefur nokkuð verið rætt um hag verslunarinnar. Ég ætla að ljúka þessari ræðu með því að nefna tölur sem eru til marks um þau miklu umsvif sem verslunin í landinu hefur haft á þessu ári.

Eins og kunnugt er er gjaldeyrissala bankanna flokkuð eftir notkun gjaldeyris. Á fyrri hluta ársins 1983, frá því í janúar og fram í ágúst, var gjaldeyrissala vegna verslunar- og viðskiptaferða 204 millj. kr. á gengi ársins 1984. 204 millj. kr. á átta mánuðum í gjaldeyrissölu í verslunar- og viðskiptaferðir. Á nákvæmlega sambærilegu gengi varð þessi tala á fyrstu átta mánuðum þessa árs ekki 204 millj. kr. heldur 380 millj. kr. Þessi tala segir meira en margt annað um það sem hefur breyst á Íslandi á 16 mánuðum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tel að þær umr. sem hér fara fram séu, þrátt fyrir það hversu langar og leiðinlegar þær eru, ákaflega gagnlegar. Annars vegar vegna þess að það er auðvitað sjálfsagt að hleypa gufunni út hjá stjórnarandstöðunni, sem er málþola eins og heyrist á löngum ræðum, m. a. ræðu hv. síðasta ræðumanns, og eins vegna hins, að það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir okkur nú, við þá erfiðleika og í því verkfalli sem nú ríkir, að fjalla um þau vandamál sem uppi eru og gera okkur grein fyrir því með hverjum hætti hægt sé að leysa þau.

Í þessum umr. hefur komið fram mjög rækilega jafnt hjá stjórn sem stjórnarandstöðu að enn á þessu ári dregst þjóðarframleiðslan saman og hafði hún þó gert það nokkur undanfarin ár. Fall þjóðarframleiðslunnar hér á landi er svo mikið að ef við tökum það í dollurum, sem er einmitt sá mælikvarði sem oft er notaður til að bera þjóðir saman, þá get ég nefnt það sem dæmi að árið 1981 var þjóðarframleiðslan um það bil 12 500 dollarar á mann, í ár aðeins 9400 dollarar.

Nú ber auðvitað að taka tillit til þess að dollarinn hefur styrkt sig í sessi og er sterkari gjaldmiðill en flestir aðrir. En við verslum mikið í þessum gjaldeyri og þessar tölur sýna betur en nokkuð annað við hvaða vandamál er að fást hér á landi. Þetta verðum við að hafa í huga þegar rætt er um það hverju sé að skipta. En þetta er ekki nóg. Skuldir þjóðarinnar hafa vaxið frá árinu 1980, svo að ég taki það ár til viðmiðunar einkum og sér í lagi til að votta hv. síðasta ræðumanni virðingu mína, en þá settist hann í ríkisstj., frá þeim tíma hafa erlendar skuldir vaxið úr 34% af þjóðarframleiðslu í 60% þegar hann hvarf úr ríkisstj. M. ö. o., hv. síðasti ræðumaður var ráðh. í ríkisstj. þegar best aflaðist á Íslandsmiðum, en það dugði ekki til. Hann jók skuldir íslensku þjóðarinnar með þeim hætti að þær hafa aldrei vaxið hraðar. Þannig tókst honum og þeim sem störfuðu með honum í ríkisstj. að halda úti fölskum lífskjörum um sinn. Nú er svo komið, og reyndar vissu íslenskir kjósendur það á s. l. ári, að ekki er hægt að halda þessum leik áfram. Við getum ekki endalaust tekið erlend lán til að standa undir launum almennings í landinu. Þessa þróun varð að stöðva.

Til að nefna dæmi um hvaða þýðingu það hefur að skulda mikið erlendis skal ég nefna það að greiðslubyrði erlendra lána, þ. e. sú upphæð sem við verðum að greiða á ári hverju eins og skilvísir aðilar í vexti og afborganir af þeim lánum sem hv. síðasti ræðumaður tók til þess að halda hér uppi fölskum lífskjörum í landinu, nemur 23% af öllum útflutningstekjum Íslendinga. Til að skýra þetta enn betur, þá er þetta meira en sem nemur öðrum hverjum þorski sem dreginn er úr sjó, og er þó þorskur aðaluppistaðan í fiskafla Íslendinga, sá fiskur sem Íslendingar hafa byggt afkomu sína á. Þetta nefni ég hér í upphafi til þess að við áttum okkur á því við hvaða vandamál er að etja um þessar mundir þegar stór hluti þjóðarinnar stendur í verkfalli. Ef þessar skuldir væru ekki væri hægt að hækka laun með þeim hætti að greiða það sem þar munar, um 14%. Og eins og fram hefur komið þurfum við Íslendingar að leggja á okkur mun meira en nágrannar okkar til þess að framleiða álíka mikið og þeir gera pr. einstakling.

Það var við þessar aðstæður sem núv. ríkisstj. tók við. Það var við þessar aðstæður sem núv. ríkisstj. þurfti að takast á við það stórbrotnasta verkefni sem nokkur ríkisstj. hefur nokkurn tíma þurft að taka á, að koma verðbólgunni úr 130% hraða. Það þurfti kjark til. Það þurfti kjark til þess að segja íslensku þjóðinni, öllum launamönnunum, heimilunum og þeim sem þurftu fyrir öðrum að sjá, að nú yrði að herða mittisólina, því að auðvitað getur sú ríkisstj. sem nú situr ekkert frekar en sú sem síðast var skapað verðmæti öðruvísi en þau verðmæti komi frá fólkinu sjálfu. Og þessi ríkisstj. getur ekkert frekar en sú ríkisstj. sem hvarf sparað nema sá sparnaður bitni á þjóðinni sjálfri. Svo einfalt er þetta mál. Ríkisstj. hafði forustu í þessu máli, naut stuðnings og skilnings alls almennings og þess vegna tókst þetta.

Ég óska eftir því, herra forseti, að hv. síðasti ræðumaður komi hér í sjónmál. Ég þarf að eiga við hann orðastað. Mér dettur ekki í hug að hv. síðasti ræðumaður, formaður Alþb., sem ég vonast til að þingvörður finni einhvers staðar í húsinu, hafi gert það viljandi að láta verðbólguna fara upp í 130 stig. Í raun og veru held ég hið gagnstæða. Alþb. hefur verið sá flokkur sem hvað skeleggast hefur bent á að ekkert sé meiri og betri kaupmáttarvörn en að koma verðbólgunni niður. Í yfirlýstri stefnu, yfirlýsingu Alþb., sem Þjóðviljinn tók fram s. l. sumar að væri enn í fullu gildi segir orðrétt með leyfi forseta:

„Verðbólgan hefur fært tekjur og sparifé almennings til skuldakónga, bæði til að standa undir óhófseyðslu þeirra og til að fjármagna atvinnurekstur þeirra og byggingarstarfsemi. Verðbólgan elur alls kyns afætur og heldur við stórkostlegri þjóðfélagslegri sóun. Almennt má því segja að verðbólgan þjóni þeim sterku í efnahagslífinu og stuðli að aukinni misskiptingu þjóðartekna borgarastéttinni í hag. Verðbólgan veikir þær atvinnugreinar sem eiga gengi sitt undir verðlagi á erlendum mörkuðum og er það sjávarútveginum sérstaklega háskalegt. Af völdum hennar vex tilhneiging til fjárfestingar, en síður í framleiðslugreinum, og síst við útflutningsframleiðslu. Verðbólgan leiðir til stöðugs skorts á rekstrarfé hjá framleiðslufyrirtækjum og rekstrartruflana af þeim sökum. Hún skekkir áætlanir fyrirtækja og framleiðsluhagnað og raskar yfirleitt öllum rekstrarviðmiðunum þeirra. Á svipaðan hátt leikur hún einstaka opinbera aðila. Verðbólgan er þannig einhver versti óvinur allrar uppbyggingar og framleiðslu. Peningamagninu er ekki beint inn á þær brautir sem skila mestum arði í þjóðarbúið til lengdar".

Ég var ekki að lesa upp úr stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Ég var að lesa úr stefnuskrá Alþb. sem Þjóðviljinn sagði s. l. sumar að væri enn í fullu gildi. Og það er þess vegna, hv. 3. þm. Reykv., sem ég veit að það var ekki viljaverk af þinni hálfu né þeirrar ríkisstj. sem þá sat að koma verðbólgunni upp í 130%.

En hv. síðasti ræðumaður kom hér í ræðustól áðan og leyfði sér að rifja upp sín eigin ummæli um „slétt skipti" sem hann sagði að hefðu verið gerð til þess að verja kaupmáttinn í landinu. Í málgagni Alþb., málgagni sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis, sem hv. síðasti ræðumaður var einu sinni ritstjóri fyrir, segir hinn 6. jan. 1981 — en ég veit að hv. þm. muna það að hv. 3. þm. Reykv. rifjaði það upp hér áðan í hverju slétt skipti höfðu verið fólgin í tilefni af því að 7 verðbólgustig voru tekin af launþegum með brbl. til að ná verðbólgunni niður. Áður en ég hef lesturinn vil ég benda á að þetta var eitt þeirra 14 skipta, sem hv. síðasti ræðumaður stóð að slíkri skerðingu með lögum, með valdboði, með lögum sem meiri hl. Alþingis setti til þess að almenningur í landinu, launþegarnir, fengju ekki umsamin laun, svo að ég noti hér orðalag sem hann mundi ugglaust nota hér í þessum ræðustól. Það segir í þessum leiðara Þjóðviljans:

„Hvernig á að tryggja kaupmáttinn?" Og svarað í leiðaranum: „... með því að koma verðbólgunni úr um 70% sem framundan var og niður fyrir 50% á árinu 1981, en slíkur árangur felur í sér einn sér a. m. k. 2% hærri meðalkaupmátt yfir árið en ella, vegna þess að kaupmáttarskerðingin meðan menn bíða eftir næstu verðbótum verður minni sé verðbólgan minni."

Svo mörg voru þau orð. M. ö. o., minni verðbólga, meiri kaupmáttur. Ég endurtek: Hv. síðasti ræðumaður sagði: Minni verðbólga, meiri kaupmáttur. Og það segir meira í þessum leiðara. Það segir orðrétt að með því að taka verðbólguna niður úr 70%, sem hún ekki var orðin heldur átti hugsanlega eftir að verða, og halda henni í 50%, þá græddu launþegar 2%. Þetta getur ekki verið skýrara og ég spyr: Af hverju birtir ekki hv. síðasti ræðumaður þennan leiðara aftur og reiknar svo út hvaða kaupmáttarbót það er að taka verðbólguna úr 130 stigum niður í 15 stig? Ég veit svarið. Svarið er einfalt. Hann þorir það ekki. Hann þorir ekki að horfa framan í sannleikann, hann þorir ekki að horfa framan í sín eigin skrif sem voru skrifuð fyrir nokkrum árum síðan. En hann kemur hingar upp í trausti þess að menn muni ekki, kemur hér í ræðustól af því að hann sér að það stendur fólk á pöllunum, fólk sem er í verkfalli, fólk sem þarf hærri laun og ætlast til þess að þetta fólk sé búið að gleyma. En við sem sitjum á hinu háa Alþingi og allur almenningur í landinu man hv. síðasta ræðumann þegar hann sat í ríkisstj. og óskar ekki eftir slíkri stjórn aftur.

Með þessu er ég ekki að segja, og skal ítreka það enn á ný, að hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni hafi gengið illt til. Mér dettur ekki í hug að halda að þær löngu ræður sem hann hefur flutt hér af þessu tilefni, sem hafa verið mestmegnis árás á stjórnina, að með slíkum málflutningi gangi honum illt til. Það dettur mér ekki í hug að halda. En hann veit jafnvel og ég að verðmætin verða ekki til í kjarasamn-

ingum. Hann veit jafnvel og ég að það er ekki hægt að skipta meiru en því sem til skiptanna er. Og hann veit að sé slíkt reynt, þá endar það annaðhvort í stórfelldu atvinnuleysi eða í mikilli verðbólgu eins og gerðist á stjórnarárum þeirrar ríkisstj. sem síðast sat og hv. þm. átti sæti í. Þetta veit hv. þm. og hann veit að það er ekki hægt að bregðast við með sama hætti og þá. Aðalatriðið er nefnilega að stækka það sem til skiptanna verður. Það skiptir öllu máli í þeirri stöðu sem við erum að við leggjumst á eitt, reynum að efla þá atvinnuvegi sem standa undir allri starfsemi í þessu þjóðfélagi, sem standa undir heilbrigðismálum, sem standa undir skóla- og fræðslumálum, sem standa undir öllum launum opinberra starfsmanna. Það er þetta sem skiptir máli og það er að þessu verkefni sem við eigum auðvitað að snúa okkur.

Herra forseti. Það var nokkuð rætt um fleiri atriði en beinlínis kjarasamningana í þessum umr. Ég verð þó að segja það áður en ég læt umr. lokið um kjarasamninga að einn var sá maður úr þingliði Alþb. sem talaði af einhverju viti. Það var hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins og formaður Dagsbrúnar. Ef maður dregur frá nokkur kímniorð og gamanmál, en hann er mjög gamansamur maður og hefur oft á vörum sér ágætis gamansögur, þá verður að segjast eins og er að í ræðu hans örlaði á skilningi á þessum málum. Hann veit nefnilega að ef við hækkum nú launin ótæpilega mikið án þess að eiga nokkra innistæðu fyrir þeim, þá getur það ekki annað en bitnað á þeim sem verst eru settir. Og hv. 7. þm. Reykv. er fulltrúi þessa fólks. Hann veit sem er að ef reynt verður að blekkja almenning í þessu landi með því að hækka launin umfram það sem hægt er, þá bitnar það á hans umbjóðendum. Þess vegna talaði hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson af viti.

Af því að hér á hinu háa Alþingi er löggjafarvaldið skulum við átta okkur á einu og það er það, að vera kann að við getum í þessu verkfalli eins og því síðasta sem opinberir starfsmenn háðu reynt að læra. Við skulum reyna hér í sameiningu, og það gildir þá jafnt um stjórn og stjórnarandstöðu, að átta okkur á því hvernig við getum útbúið leikreglurnar þannig að til sem minnstra árekstra komi. Þetta segi ég vegna þess að það eru augljósir gallar á þeim lögum sem gilda um kjaradeilur opinberra starfsmanna. Það er augljóst mál að sú lagagrein, sem fjallar um skyldu sáttanefndar til að leggja fram sáttaboð áður en til verkfalls er gengið, leiðir til þess að ekki verður samið, ef mikið skilur á milli, án þess að verkfall sé skollið yfir. Þetta liggur fyrir. Þessu skulum við breyta. Það á ekki að skylda sáttasemjara og sáttanefnd til að leggja fram slíkt tilboð nema þeir telji að það geti leyst deiluna. Því að það er lakara að þurfa að leysa kjaradeilur þegar verkfall er skollið á en að gera það með öðrum hætti. Þetta kann að vera framlag til þeirra mála.

Í öðru lagi er augljóst að sá ágreiningur sem hefur komið upp um kjaradeilunefnd leiðir til þess að það lagaákvæði verður að endurskoða. Hér á hinu háa Alþingi liggur fyrir frv. þess efnis frá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni. Það sýnir að það er skilningur á því í röðum a. m. k. sumra stjórnmálaflokka að þessu lagaákvæði þarf að breyta. Ef menn sætta sig ekki við það að kjaradeilunefnd sé æðsti úrskurðaraðili um það hverjir eigi að vinna í verkfalli, á grundvelli þess sem stendur í lögum um öryggisgæslu og heilsugæslu, þá er þessi lagabókstafur dauður, því að það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. í þessum umr., að það þýðir ekki að reyna að fara að lögum sem allur almenningur er á móti, hvort sem það eru útvarpslög eða lög um kjaradeilur opinberra starfsmanna.

Það kemur að mínu áliti miklu fremur til greina að þeir sem alveg örugglega þurfa að vinna í verkfalli, lögreglumenn og hjúkrunarfólk, láti af hendi verkfallsréttinn, hafi auðvitað sinn samningsrétt en verkfallsrétturinn þrengist að þessu skapi. Ég segi þetta vegna þess að það kemur dálítið spánskt fyrir sjónir að þær stéttir, þeir aðilar sem þurfa hvort sem er að vinna í verkfalli geti í raun og veru sent hinn helminginn útlátalaust í verkfall til þess að heimta betri kjör og hærri laun. Slík atriði skulum við skoða. Mér er ekki þessi skoðun föst í hendi. Það eina sem mér gengur til er að við í sameiningu, við hér á hinu háa Alþingi og allur almenningur í landinu og þá ekki síst opinberir starfsmenn átti sig á því að þessi lagagrein er ónýt. Það eru svona atriði, hv. þm., sem við eigum að skoða þegar þessari kjaradeilu linnir.

Hér hefur jafnframt í þessum umr. mikið verið rætt um útvarpsstöðvar og spurninguna um það hvort þær séu löglegar eða ólöglegar. Um það getur enginn sagt í dag. Það mál liggur fyrir dómstólum. Það er þó ljóst og það ber öllum lögfræðingum saman um — hér er talað um lögfræðideilur og að ágreiningur sé uppi um lögfræðileg málefni — en öllum lögfræðingum, sem fjölluðu um það hvort ætti að greiða laun fyrir fram eða ekki, bar saman um að það væri ólögmæt ráðstöfun að leggja niður störf 1. okt. þótt laun væru aðeins greidd í þrjá daga. Og ég undanskil ekki lögfræðing BSRB. Allir þessir aðilar voru sammála um að það að fá ekki útgreidd laun nema í þrjá daga réttlætti ekki að leggja niður vinnu 1. okt. þótt hins vegar megi deila um það hvort greiða eigi launin út allan mánuðinn eða ekki. Um það er lögfræðilegur ágreiningur. Þess vegna er það alveg ljóst að þegar kennarar og útvarpsstarfsmenn lögðu niður vinnu var það ólögmætt athæfi. Enginn hefur bent á annað. Enginn lögfræðingur hefur bent á annað. Við slík skilyrði verður að skoða einkaleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs í því ljósi. Hvað um það þegar starfsmenn taka svo harða afstöðu til þjóðmála að þeir leggja niður starfsemi sína? Er þá hægt að treysta því að útvarpsrekstri hjá einokunarfyrirtæki verði haldið áfram? Ég held að svarið sé augljóst. Svarið er það að því er ekki treystandi. Eina leiðin, og um það er meiri hl. hv. Alþingis sammála, er að breyta lögum. Við skulum ekki karpa lengi um það hvort lögmætt var að halda úti þessum frjálsu útvarpsstöðvum. Þær hafa þegar gert það að verkum að útvarpslögin eru ónýt. Alveg á sama hátt og opinberir starfsmenn hafa eyðilagt þann úrskurðaraðila sem þeir stóðu sjálfir að í lögum um kjaradeilur opinberra starfsmanna, þeir hafa eyðilagt þann lagabókstaf og við verðum að skilja það og reyna að endurskoða þau lög, þá verða menn að átta sig á því að útvarpslögin í núverandi búningi eru ónýt.

Það kom mér satt að segja á óvart að hlusta á hv. þm. Eið Guðnason reyna í löngu máli í tveggja daga ræðu að koma höggi á Sjálfstfl. fyrir það að hleypa ekki lögreglumönnum inn í hýbýli sín án þess að þeir hefðu dómsúrskurð þar að lútandi. Hann gekk svo langt að

taka fram í fyrir dómstólum og halda því fram að þarna væri um ólögmætt athæfi að ræða, jafnvel þótt það sé umdeilt í alla staði. Meira að segja er hægt að halda því fram að eftir að útvarpsstarfsmenn komu allir til starfa séu lagarök fyrir því að halda frjálsum útvarpsrekstri áfram. Því hefur verið haldið fram af fleiri en einum og fleiri en tveimur lögfræðingum. Það er umdeilt efni. En eitt er alveg ljóst. Það kemur ekki til mála að í þessu landi séu lög sem gilda aðeins fyrir suma en ekki alla.

En hv. þm. Eiður Guðnason gerði annað. Hann vitnaði til nýrra laga um fjarskipti, sem tóku við af lögum sem voru sett á stríðsárunum, nánar tiltekið 1940, og til fróðleiks skal ég benda á það að samkvæmt þeim lögum var það líklega ólögmætt að hafa stefnuljós á bílum eða dyrasíma í húsum. Svo úrelt voru þau lög orðin enda datt ekki nokkrum í hug að fara eftir þeim. En á síðasta ári voru þessi lög endurskoðuð og sett ný lög um fjarskipti og hv. þm. vísaði til lagagreinar sem hann las upp og var svohljóðandi með leyfi forseta:

„Menn sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða hýbýli vegna starfa sinna skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur".

Og síðan sagði hv. þm.: Það er gert ráð fyrir því að þeir geti vegna starfa sinna farið inn í hús og hýbýli. Og það er alveg rétt. En það verður bara að skoða fyrri hlutann. Það er nefnilega þannig að í fyrri hlutanum er verið að tala um allt, allt aðra hluti. Og hver skyldi kaflafyrirsögnin vera? Hún er: Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl. Þessi lagagrein á með öðrum orðum við það þegar verið er að setja upp á vegum Pósts og síma fjarskiptaútbúnað. Þá hafa þeir auðvitað samkvæmt heimild húsráðenda leyfi til að fara um hús og hýbýli og laga til eftir sig. Og nú spyr ég: Dettur einhverjum það í hug að fulltrúi Pósts og síma hafi verið að koma upp útvarpsstöð í Valhöll? Ég held ekki.

Svona geta menn gengið langt í sínum lagatilvitnunum í trausti þess að ekki sé flett upp á þeim til að reka þær aftur ofan í kokin á þeim. Nei, ég hef ekki áhuga á því að ræða frekar um þetta mál. Ég hef áhuga á því að við, sem sitjum á hinu háa Alþingi, tökum okkur saman í andlitinu og breytum þessum lögum, þessum úreltu lögum. Og ég veit, og ég fagna því, að hv. þm. Eiður Guðnason verður einn þeirra sem gengur í lið með stjórninni að koma þessu frv. í gegn fljótt og vel, þó ekki væri nú nema vegna þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, flokksbróðir hans, lagði þetta frv. fyrstur fram á Alþingi. Hann tók nefnilega frv. úr skrifborðsskúffu þáverandi menntmrh., hv. þm. Ingvars Gíslasonar, og lagði frv. fram á Alþingi. Slík stuðningsyfirlýsing er svo mikil að ekki verður hjá því komist að halda að hún þýði það að þeir muni greiða frv. atkv. Eða er ekki svo, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson?

Herra forseti. Það er aðalatriði málsins að frjálsir samningar geti náðst í þeim kjaradeilum sem nú standa yfir, ekki einungis í þeirri kjaradeilu sem opinberir starfsmenn eiga við ríkisstj., heldur einnig í hinni, þar sem verkföll hafa enn ekki verið boðuð. Það skiptir mestu máli, þegar um það er rætt að leysa eigi þessar kjaradeilur saman, t. d. með skattalækkunum, að þær verði leystar á tiltölulega svipuðum tíma. Því miður hefur verkfall skollið á hjá BSRB. En við getum ekki leyst úr því verkfalli fyrr en allir aðrir, ASI og VSI eru tilbúnir til þess að koma inn í þessa mynd og leysa málið með okkur. Og meðan að hv. þm. Guðmundur J. slær á puttana á Ásmundi Stefánssyni þá er þetta mál vandleyst. En nú skilst mér að þau innanhússvandamál Alþb. séu að leysast og Ásmundur Stefánsson fái leyfi til þess að taka þátt í viðræðum ASÍ og VSÍ og ríkisvaldsins. Þegar svo er komið þá er hægt að ganga til lausnar á þeim grundvelli sem formaður Sjálfstfl. lýsti í sjónvarpi í síðasta mánuði, á þeim grundvelli þjóðarsáttar, þar sem Alþingi Íslendinga, þar sem fjárveitingavaldið, þar sem ríkisstj. leggur sitt af mörkum. En það verður ekki gert nema verulega verði skorið í opinberar framkvæmdir og að hagræðingar og sparnaðar verði gætt í opinberum rekstri. Við skulum ekki ímynda okkur að það kosti ekki sársauka hjá mörgum. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að þetta þýðir það að við verðum að fresta því sem við vildum gjarnan gera og það bitnar auðvitað á okkur öllum. Þessu verðum við að átta okkur á. Ef við værum eins og hagsýn húsmóðir, svo ég taki nú hér upp orðatiltæki sem stundum heyrist í þessum sal, að gæta þess að láta ganga fyrir þau verkefni sem gefa okkur eitthvað í aðra hönd, láta ganga fyrir þau verkefni sem gera það að verkum að verðmætin aukist, þau verðmæti sem til skiptanna eru, aðeins þannig verða til raunverulegar hækkanir í kjarasamningum.

Herra forseti. Þessa þings bíður mikið starf, fyrst og fremst vegna þess að þess verður krafist af hv. alþm., ekki einungis þm. ríkisstj. heldur einnig hv. stjórnarandstöðuþm., að þeir leggist á plóginn með ríkisstj. í því að leysa þetta mikla vandamál. Niðurskurður á fjárlögum, lækkun skatta gengur aldrei fram í samningum við aðila vinnumarkaðarins nema alþm. sýni í verki að þeir séu tilbúnir til að taka á sig óvinsældir. Auðvitað er það óvinsælt fyrir þm. sem kemur utan af landi, að geta ekki staðið við loforð um vegarspottann sinn. Auðvitað er það óvinsælt fyrir marga þm. sem hafa flutt lagafrv. þess efnis að það eigi að gera meira fyrir aldraða og sjúka að geta ekki staðið við það. En þetta verðum við, herra forseti, að láta yfir okkur ganga. Og þetta verðum við að gera með þeim mannsbrag að okkur sé sómi að. Ef við stöndum þannig að málum er ég viss um að á þessu landi getur ríkt friður á næsta ári, vinnufriður sem er forsendan fyrir því að okkur takist að komast út úr þeim vanda sem íslenska þjóðin á við að glíma. En það er vandi sem byggist á því að við höfum framleitt minna en undanfarin ár. Við skulum þess vegna stefna að því saman. Ég heiti á stjórnarandstöðuna að standa við hlið okkar og ég veit að þeir hafa vilja, þó þeim hafi mistekist í síðustu ríkisstj., þeir hafa vilja til þess að gera landi sínu gagn.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður.

Áður en ég hef ræðu mína, og beini þá fyrst orðum mínum til hæstv. forsrh., vildi ég gjarna að kannað væri hvort hæstv. fjmrh. væri í húsinu því mig langar til að beina til hans örfáum orðum.

Mín spurning til hæstv. forsrh. er ekki löng eða flókin. Ég býst við því að fleiri en mig langi að fá að vita hvað gerðist á þeim fundi sem haldinn var í dag í Stjórnarráðinu milli kl. 6 og 7 og sagt var frá í fréttum Ríkisútvarpsins án þess að fram kæmi hvort þar hefði

eitthvað gerst eða orðið einhver niðurstaða.

Í framhjáhlaupi langar mig að nefna annað. Ég býst við því að í fjölmiðlaleysinu hafi menn kannske ekki fregnað hvaða árangur för forsrh. til Jórdaníu hafði í för með sér. Þessi Jórdaníuför hefur reyndar orðið mörgum mönnum umræðuefni hér. Það gildir mig einu hvort ráðh. fara til útlanda eða ekki. Þeir eru frjálsir menn í frjálsu landi. — Hæstv. forsrh. hafði um það nokkuð mörg orð, þegar hann kom heim, að mönnum hefði orðið mjög starsýnt á hið íslenska efnahagsundur. En varla hafði hæstv. forsrh. kvatt Jórdan er Ísraelsstjórn kom sér endanlega saman um efnahagsúrræði. Af því að menn hafa e. t. v. ekki haft af því spurnir langar mig til þess að greina frá þeim í helstu aðalatriðum.

. Fyrsta atriðið var: Þeir héldu því sem kallast frjálsir samningar. Annað atriði: Þeir tóku vísitöluna ekki úr sambandi, þ. e. þeir telja að verðbólga þeirra sé ekki launanum að kenna. Í þriðja lagi: Úrræði ísraelsku ríkisstjórnarinnar felast eingöngu í því að draga úr ríkisumsvifum. (**Iðnrh.:** Í hverju er verðbólgan þeirra núna?) Ísraelsstjórn komst að þeirri niðurstöðu að glundroðinn í efnahagslífinu væri fyrst og fremst stjórnvöldum að kenna en ekki fólkinu. Það er mjög heilbrigð afstaða að mínu mati. (**Gripið fram í:** Og hver er verðbólgan þar?) Hún var 300% síðast þegar ég vissi. (**Gripið fram í:** 400.) Eða 400.

Hæstv. fjmrh. vék í gær með þeim hætti að störfum kennara að ég get ekki setið á mér að verja þeirra málstað að svo miklu leyti sem það er hægt og þess er þörf. Hann reyndi að gera lítið úr störfum þessa fólks og gekk svo langt í sínum fullyrðingum að hann hélt því fram að það starfaði ekki nema hálft árið. Nú skulum við líta á það að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson er líka löggjafi, þ. e. hann er þm. Ef við mælum laun og tíma þessa þm. á sama mælikvarða og hann mælir laun og vinnutíma kennara fengjum við líklega út undarlegt dæmi.

Við skulum byrja á því að hafa í huga að hæstv. fjmrh. er líklega með um það bil 100% hærri laun sem þm. en venjulegur kennari. Hann starfar ekki að löggjafarstörfum nema fimm mánuði á ári. Það er um 21 vinnuvika. Fundadagar þessa fundastaðar hér eru 90—100. Fundatímar, og þá að meðtöldum nefndafundatímum, eru um 560—600. (**Gripið fram í:** Hann er ekki í neinni nefnd.) Hann er ekki í neinni nefnd. Fyrir þetta þiggur hann sem þm. 44 þús. kr. á mánuði allt árið um kring og ég býst ekki við því að hann sé reiðubúinn frekar en aðrir þm. að skera þau laun niður.

Hæstv. fjmrh. kom hingað í stólinn í gær og tilkynnti að bylting væri skollin á, októberbyltingin. Það var helst á honum að skilja að hann væri eini maðurinn sem hefði haft kjark til þess að ráðast gegn þessari októberbyltingu með því að reyna að svelta byltingarmennina út launalausa. Hæstv. ráðh. gleymdist að hann sjálfur er frumkvöðull að einhverju lengsta verkfalli í sögu þessarar þjóðar með því að hætta stuðningi sínum við fyrrv. ríkisstj., en það leiddi síðan til þingrofs og kosninga. Þá kom hann því til leiðar að þm. voru í sjö mánaða verkfalli á seinasta ári. Ég hef ekki heyrt að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson hafi skilað laununum sínum vegna þess að hann mætti ekki til löggjafarstarfa í sjö mánuði. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á því að þetta er ekki leikhús og áheyrendur eru hér í trausti þess að það sé hljóð á pöllunum.)

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal leitast við að lengja ekki mikið þessar umr. Þær hafa nú staðið í tvo daga og flokksbræður mínir, m. a. hv. 3. þm. Reykv. og formaður Alþb., hafa þegar gert glögga grein fyrir skoðunum okkar flokks á því sem nú er að gerast í íslensku þjóðfélagi.

Það sem mér hefur þótt vanta töluvert á allar umr. er að þær hafa að mestu farið fram án einfaldra staðreynda. Hér er talað í meðaltalstölum. Hér er talað um meðaltalstekjur, meðaltalsmanneskjur. Það er þetta fólk sem hefur meðaltalsheilsufar og eignast eitt og hálft barn. Svo er reiknað út hvernig þjóðartekjurnar skiptast með þessu undarlega fólki, sem auðvitað er ekki til.

Ræða hæstv. forsrh. í gær tók af allan vafa um að hann hefur ekki hugmynd um kjör fólksins í þessu landi, aldeilis ekki nokkra minnstu hugmynd, a. m. k. ekki um kjör þess fólks sem nú stendur í kjaradeilum. Ég vil þess vegna leyfa mér að segja honum hér lítillega fréttir af því.

Hann boðaði hér nokkuð óvænt, og heiðraði okkur þar með, með því að verða fyrst til að heyra þau tíðindi, að e. t. v. væri hann nú tilkippilegur til að tala um allt að 10% launahækkun. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. hefur tekið upp tölvu sína og reiknað út hvað þetta þýðir fyrir fólk sem er með 15 þús. kr. á mánuði, sem eru algeng meðaltalslaun. En það vill svo til að það eru líka algeng alvörulaun. 10% launahækkun fyrir þennan launþega þýðir 1500 kr. á mánuði. Á meðan hann er í verkfalli missir hann í tekjum 600 kr. á dag. Ef hann er í verkfalli 15 vinnudaga er hann búinn að missa 9 þús. kr. Hann er sex mánuði að vinna fyrir þessari launahækkun, forsrh. Ég held að þetta ættu menn að íhuga áður en þeir gera grín að okkur með svona vitleysu.

Sannleikurinn er sá að þetta fólk er ekki að leika sér. Það er ekki hægt að lifa af þessum launum. Það er ógerningur. Hér tala menn um sparnað og hagræðingu í ríkisrekstrinum. Hvað á að bjóða þessu fólki? Hver á að taka mark á þessu? Menn tala hér um skattalækkun — ekki skattalækkun hjá því fólki sem enga skatta borgar og mesta peningana hefur. Hvar á að finna þá milljarða sem menn lofa að taka af sköttum? Allt er þetta út í bláinn og það vita allir hér inni. Það sem hæstv. ríkisstj. virðist ekki skilja er að hér hefur orðið á allra síðustu árum svipuð þróun, því miður, og hefur orðið í öðrum iðnvæddum þjóðfélögum, að bilið milli efnaðra og fátækra breikkar og það breikkar mjög mikið og mjög hratt. Hópurinn sem býr við nokkuð þokkaleg efni, því miður af þeim ástæðum að hann skammtar sér tekjurnar sjálfur og kemst hjá því að greiða til samfélagsins, fer sífellt stækkandi. Skýringin á að hér hefur ekki orðið neinn samdráttur í eyðslu er sú að stór hópur í íslensku þjóðfélagi hefur afar rúm fjárráð.

Ég gæti giskað á með nokkurri vissu að 30—35% þjóðarinnar búi hins vegar við sultarlaun. Sá hópur býr við sultarkjör og hefur endalausar áhyggjur af hvernig hann á að fá enda til að ná saman með öllum þeim afleiðingum sem það hefur fyrir fólk að búa við sífelldar fjárhagsáhyggjur og óöryggi. Verkalýðshreyfingin hefur ekki heldur horfst í augu við þá þróun, sem hefur orðið á allmörgum síðustu árum, að með aukinni vinnu beggja foreldra utan heimilis hafa laun stöðugt lækkað,

þannig að laun einnar manneskju nægja ekki til að framfæra einn eða annan, ekki einu sinni hana sjálfa. Í skrifstofu mína kemur fólk sem vinnur allan guðslangan daginn, fólk sem er búið að vinna í 30—40 ár. Það hefur 12—13 þús. kr. á mánuði. Það hefur e. t. v. skyndilega misst húsnæði. Þá stendur það frammi fyrir því að þurfa nú að leita á hinn almenna markað og þarf oft að borga hærri húsaleigu. Það ræður ekki við það. Þetta fullvinnandi fólk er að spyrja mig hvernig það eigi að komast í samband við félagsmálastofnanir. Getur það verið sæmandi að Íslendingar vinni ekki fyrir sér þó að þeir vinni eðlilegan vinnudag? Þetta er gersamlega fráleitt.

Nú vill svo til að 6000 litlir Íslendingar búa einungis hjá öðru foreldri sínu. Hvernig á það foreldri að fara að sem vinnur ekki einu sinni fyrir sjálfu sér, hvað þá barni eða börnum? Hér var gerð kjararannsókn fyrir einu eða tveimur árum á kjörum einstæðra mæðra því að vitaskuld eru þetta mestan part konur. Þær reyndust undarlega háar tekjur einstæðra mæðra. Það kom mörgum á óvart að þær voru nokkuð háar. Af hverju skyldi það nú vera? Það er vegna þess að þessi eina manneskja vinnur að öllum jafnaði fyrir tvennum launum. Þegar hennar vinnudegi lýkur um fimmleytið er börnunum komið fyrir hjá vinum, ættingjum eða einhverjum öðrum og konan fer í aðra vinnu. Hún afgreiðir á veitingahúsum, hún ræstir skóla, hún vinnur fram á nótt fyrir öðrum launum vegna þess að þau eru nauðsynleg til að framfleyta fjölskyldu og reka heimili. Vissu hv. þm. ekki þetta?

Það þarf þess vegna ekki að koma á óvart þó að fólki sé loksins að verða ljóst að það er ekki eðlilegt ástand að til þess að framfleyta sér í þessu þjóðfélagi þurfi fólk að vinna nánast allan sólarhringinn nema rétt þær stundir sem hverri manneskju er nauðsynlegt að sofa. Þetta er ekki eðlilegt mannlíf, enda er það svo að þegar maður kemur út fyrir landsteinana til nágrannalanda undrast maður hvað fólk virðist vera lítið að gera. Maður verður steinhissa að fólk skuli ekki vinna nema til kl. 4, fólk skuli geta verið með fjölskyldum sínum, notið einhverrar samveru, útiveru. Það liggur við að venjulegur Íslendingur fái samviskubit fyrir hönd þessa fólks. Ætti það ekki að vera duglegt og vera að vinna? Þetta er orðið þannig að fólk gerir sér ekki ljóst hversu þrælkaðir Íslendingar eru. Það heldur að þetta sé eðlilegt. Ég vil bara segja hv. þm. að það er ekki eðlilegt og það verður ekki haldið uppi neinu menningarþjóðfélagi með þessu móti.

Það er kannske vegna þessa sem nokkuð virðist stundum skorta á að fólk hafi beinlínis tíma til þess að hugsa um hluti eins og t. d. þá sem hér hafa gerst á síðustu dögum, þegar menn horfa upp á það næstum aðgerðarlausir að réttarríkið sé að molna fyrir augunum á þeim, að þm. og ráðherrar haldi hlífiskildi yfir því að íslensk lög séu brotin í stað þess að nota áhrif sín og völd til að breyta þeim lögum sem þeir eru óánægðir með. Hv. þm. Eiður Guðnason vitnaði réttilega í dag í fyrrv. hæstv. forsrh. Bjarna Benediktsson, þar sem hann talar um að breytingar í þjóðfélaginu og frelsi einstaklingsins skuli tryggt innan ramma laganna. Ég hélt að við værum hér til þess að tryggja að menn rækju þetta þjóðfélag innan ramma laganna. Ég skal ekki fjölyrða meira um það. Það væri hins vegar fróðlegt fyrir áhugamenn um áfengi að spyrja þessa ágætu hæstv. ráðh. hvort það væri jafneðlilegt að við tækjum okkur til einhver og yrðum okkur úti um áfengi, þar sem það er ekki löglega fáanlegt lengur í landinu, og stofnuðum verslun til að létta þeim geð sem eru orðnir þurrbrjósta. Ég býst við að það væri umyrðalaust talið lögbrot. En ég fæ ekki betur séð en slíkt væri nákvæmlega það sama og gerst hefur í sambandi við hinar ólöglegu útvarpsstöðvar.

Það var merkilegt að hlusta á hv. þm. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., rétt áðan. Auðvitað talaði hann, eins og félagar hans, um heildarmanneskjur, heildartölur og heildaraðgerðir. Eins og okkur lifandi maður trúi því að kjaraskerðingin hafi gengið jafnt yfir alla Íslendinga!

Hlægilegast af öllu er daður þeirra sjálfstæðismanna, sem hér hefur mjög verið haft í frammi í dag, við ágætan flokksbróður minn, hv. 7. þm. Reykv., Guðmund J. Guðmundsson. (Gripið fram í.) Halda þessir ungu menn í Sjálfstfl. að þeir vefji hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni um fingur sér? Ó, nei. Guðmundur J. Guðmundsson er ekki líklegur til að slá á puttana á Ásmundi Stefánssyni. Það gæti hins vegar verið að hann slæi á botninn á þeim ungu piltum sem nú ráða ferðinni í Sjálfstfl.

Ég vil að lokum, herra forseti, upplýsa hv. þm. um nokkrar einfaldar staðreyndir. Hafa menn hugsað út í að elli- og örorkulífeyrir og tekjutrygging aldraðra hafa hækkað frá því í fyrra um 1521 kr. á mánuði? Til þess að halda í verðlag hefði hækkunin þurft að vera 2486 kr. Þarna vantar 1000 kr. upp á. Þar er búið að taka af þeim 11—12 þús. kr. sem þetta fólk á að draga fram lífið á. Til þess að kóróna smánina hefur læknishjálp og heimsóknir til sérfræðinga verið stórhækkaðar. Það er einmitt aldrað fólk sem mest þarf á því að halda og öryrkjar sem búa við sams konar kjör. Heimsókn til heimilislækna hefur hækkað um 200%. Heimsókn til sérfræðinga hefur hækkað í verði um 170%. 270 kr. þarf þetta fólk að borga í hvert skipti sem það fer til sérfræðings. Sérlyf, sem þetta fólk notar mikið líka, hafa hækkað í verði um 140%. Lítum á meðallaun — nú skulum við einu sinni tala um meðallaun — opinberra starfsmanna. Þau eru núna 17 921 kr. Hæstu laun í 30. launaflokki, þar sem einungis sárafáir opinberir starfsmenn eru, eru núna 29 371 kr. Hæstu laun iðnverkafólks, fólksins í verksmiðjunum, eru 13 708 kr. Alvanaleg upphæð sem fólk greiðir fyrir leiguíbúð getur verið 9—10 þús.

Hæstv. forsrh. var reyndar spurður í einu dagblaðanna ekki alls fyrir löngu hvort hann treysti sér til að lifa af 12 þús. kr. Nei, það kvaðst hann ekki geta hugsað sér. Og það skyldi engan undra. Það er ekki hægt. Þetta fólk er neytt til að vinna annan vinnudag við aðra vinnu á sama sólarhring. Annars dregur það ekki fram lífið. Svo eru menn að tala um að 5% séu hámark þess sem hægt er að bjóða þessu fólki. Það er von að menn stynji. Formaður þingflokks Sjálfstfl. (**ÓE:** Ég var ekki að stynja.) er þreyttur. Ég skil það vel.

Svo er talað um græðgi, ágirnd, kröfur. Að maður tali nú ekki um húsnæðismálin og öll loforðin sem hér svifu um sali þegar núv. hæstv. félmrh. tók við. Það átti nú heldur betur að leysa þau mál. Það skyldi nú létt okinu af þeim sem þurfa að eiga þak yfir höfuðið. Sannleikurinn er hins vegar sá, að húsbyggjandi er nú 124 mánuði að vinna fyrir svokallaðri staðalíbúð. Hann var þó ekki nema 110 mánuði að vinna fyrir sams konar

íbúð áður en þessi nýja ríkisstj. tók við, sem er nú reyndar að verða of gömul.

Svo eru góðu fréttirnar. Sumir hafa hagnast, eðlilega, þegar peningarnir úr launaumslögunum voru fluttir annað en til fólksins sem vann fyrir þeim. Gróði finnst í þjóðfélaginu. Það vantar ekkert á. Nokkur dæmi um það á árinu 1983: Eimskipafélag Íslands græddi 219 millj. kr., Hafskip 49 millj. kr., Skipadeild Sambandsins 35 millj. kr., Landsbankinn 188 millj. kr., Búnaðarbankinn 72 millj. kr., Útvegsbankinn 36 millj. kr., aðrir bankar 41 millj. kr. Það er gaman að taka þessar tölur saman. Viðskiptabankar og skipafélög græddu 600 millj. kr. Hvað skyldu verkamenn, sem hafa 15 þús. kr. á mánuði, vera lengi að vinna fyrir þessari upphæð? 3333 verkamenn eru heilt ár að vinna fyrir þessari upphæð. Tölur geta verið skemmtilegar. Og það er engin hætta á því að þessi gróði haldi ekki áfram að vaxa. Það er nefnilega töluvert stór hópur í þessu þjóðfélagi sem hefur mjög rúman fjárhag. Það er fólkið sem þessi ríkisstj. ætlar að sjá um að hafi enn þá meira á kostnað hinna sem vinna erfiðustu verkin og mikilvægustu. Skerða kjör þess fólks sem unnt er. Þetta er stefna ríkisstj. Um þetta erum við að tala.

Þeim hv. þm. og hæstv. ráðh. sem aldrei hafa séð slíkt fólk get ég sagt að það er sprellifandi, en óskaplega peningalaust. Það á nefnilega ekki eitt og hálft barn. Það á annaðhvort eitt barn eða fleiri og börn slíks fólks þurfa nákvæmlega jafnmikið og börn hinna sem hafa ærið miklu meiru úr að spila.

Það eru þessar staðreyndir sem ég vildi fá að koma á framfæri áður en fundi lyki, en að því búnu skulu menn halda áfram að tala um heildartölurnar. Það gefst eflaust gott tækifæri til.

Hér hefur verið lagt fram fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. þar sem hann, vinur okkar allra og einkum hinna smáu, hefur skorið freklega niður þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á síðustu árum fyrir þá sem erfiðast eiga í þessu þjóðfélagi. — Framlög til fatlaðra, framlög til menningarmála, skólamála, allt er þetta skorið niður. Okkur gefst annað tækifæri til þess að fara yfir þau mál og ég vænti þess að við umr. um vantraust gefist einnig tími til að ræða þau mál ítarlega. En ég vil að lokum biðja hv. þm. að færa þessa umr. ofurlítið nær lifandi fólki og hætta að tala um meðaltalsfólkið. Það fólk er ekki til.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég var sérstaklega beðinn að koma í salinn og hlusta á virðulegan þm. Stefán Benediktsson, hv. 8. þm. Reykv., segja eitthvað af viti. Og ég gerði það að sjálfsögðu. Það fyrsta sem hann vildi að ég heyrði var það að ég eins og aðrir þm. hafi 44 þús. kr. á mánuði, svo að ég vinni líklega ekki fyrir því frekar en aðrir þm. Ef ég skildi rétt var það boðskapurinn sem mér fannst hann, sá virðulegi þm., vilja koma til mín. Ég hef meðtekið boðskapinn og vil þá upplýsa það að eini þm. sem við mig hefur talað og kvartað undan lágum launum þm. er þessi sami virðulegi þm. Hann talaði um hvað hann hefði tapað á því að koma til þings í staðinn fyrir að halda sig að sinni fyrri iðju, svo að ég er alveg reiðubúinn til þess, ef þm. er reiðubúinn til þess að koma með tillögu um það, að þm. fái kaup miðað við vinnuframlag. Og ég býð virðulegum þm. að vera meðflm. að tillögunni ef hann vill gera hana í þá veru. (**Gripið fram í:** Er það bónuskerfi?) Það verður að finna það út hvaða kerfi það er. Það er oftast nær sem menn setjast niður og ræða það eftir hvaða kerfi menn vilja starfa. Ég vildi t. d. ekki starfa eftir kerfi Alþb. og ég efast ekkert um að Alþb.-menn væru í Sjálfstfl. ef þeir vildu starfa eftir því kerfi sem þar er, þar sem menn eru frjálsir og óháðir flokknum eins og Ellert, en hann er einmitt dæmi um það að menn geta verið í Sjálfstfl. með sjálfstæða skoðun.

Virðulegi forseti. Eigum við að halda samtölum áfram eða hef ég orðið? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. hefur orðið, ég held að það leiki enginn vafi á því.) Hv. þm. talaði um að októberbylting væri skollin á. Það má segja það. Það má segja að það sé skollin á októberbylting. Það er október og launafólkið er með harðar kröfugerðir og aðgerðir til að gera byltingu gegn lágum launum. Og við erum að reyna að mæta fólkinu við samningaborðið til að leysa þessa deilu, kveða niður þessa byltingu, þannig að allir geti verið sammála um það, þegar upp er staðið, að allt hafi verið gert til að mæta kröfum þess eftir að sjálfsögðu efnum og ástæðum.

Virðulegur þm. veit að fjárlögin eru afgreidd með miklum halla nú, halla sem er enn meiri en búist var við, vegna þess að okkar undirstöðuatvinnuvegur, sem allt byggist á, skilar minnu en búist var við. Það er alveg sama hvort stjórnin sem nú situr eða einhver önnur stjórn hefði verið við völd. Hafið hefði ekki gefið neitt meira. Það hefði ekki verið meira úr að spila. Verðið á afurðum okkar á Bandaríkjamarkaði hefði ekkert orðið hærra. Það er því ekki rétt að ríkisstj. sé að svelta þessa byltingarmenn, eins og hv. þm. orðaði það. Það eru ekki mín orð, það eru orð virðulegs 8. þm. Reykv. Það er mikið rangt. Að þm. hafi verið í verkfalli í sjö mánuði s. l. ár, ég hef aldrei heyrt um að þm. hafi verið í verkfalli. Kannske það sé draumur þm. að deilumál, vandamál þjóðarinnar séu leyst með því að þm. fari í verkfall í sjö mánuði. Ég ætla ekki að dæma um það. En þessi málflutningur er ekkert framlag í það alvarlega ástand sem við erum að glíma við í dag, ekkert.

Ég vil aðeins benda virðulegum 3. þm. Reykv. á það, það gleður mig alltaf að vita hann nálægt mér einhvers staðar, að það er ekki um að ræða neinar árásir fjmrh. á alþýðu þessa lands. Slík slagorð trekk í trekk ná ekki tilgangi. Ég er einfaldlega að gegna mínum skyldum sem fjmrh. En í umr. hér hef ég bent á þann óróa sem Alþb. hefur skapað í þjóðfélaginu, og ekki í fyrsta sinn, en sjaldan náð betri árangri en nú, og ég vitnaði í fyrirsögn sem flokksblað hans, Þjóðviljinn, gerði að undirfyrirsögn til að draga athygli fólks að því hvað er efst í huga þeirra Alþb.-manna í þeirra stefnuskrá.

Um kennarana ætla ég ekki að tala. En ég gat þess hér í gær að kennarar væru ekki hálaunað fólk og þyrftu að fá hærri laun, en þeir yrðu líka að þola það að gerðar yrðu auknar kröfur til þeirra. Og ég er reiðubúinn að ræða það og kem til með að ræða það við þá.

Ég get upplýst það til viðbótar við það sem ég gerði í gær, þegar ég las upp bókanir frá öllum þeim samninganefndum sem samninganefnd ríkisins hefur tekið þátt í, hvað þar hefði skeð, atburðarás eftir atburðarás, dag eftir dag, að ekki hafi tekist að hefja þær umræður sem nauðsynlegar eru við samningaborðið til að leysa þá deilu sem við stöndum nú í, að í dag kom bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til mín og til hæstv.

forsrh., þar sem óskað var sérstaklega eftir því að við tækjum þátt í beinum umræðum við samningaborðið. Við höfum samþykkt þetta og ég reikna með að við getum þá sest í fyrsta sinn og rætt málin málefnalega til að leysa þessa deilu. Forustumenn BSRB gátu þess sérstaklega að þeir vildu leysa þessa deilu sem fyrst og það viljum við líka. Það höfum við alla tíð viljað og það munum við reyna að gera.

Ég vil taka það fram að ég er búinn að vera 14 ár borgarfulltrúi. Tvö kjörtímabil hef ég verið formaður launamálanefndar og staðið sem forustumaður í samningum við opinbera starfsmenn, og ég trúi því að þeir hafi ekkert undan mér að kvarta. Ég býð hverjum sem er, þó ekki væri nema að koma einn miðvikudag og vera viðstaddur viðtalstíma í rn. og sjá hvaða fólk kemur til mín. Þannig að það er ekkert grín að vera vinur hinna smáu. Það er ekkert grín og menn ættu að átta sig á því að það fólk sem þarf hvað mest á Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar að halda, það eru hinir smáu, það eru þeir sem við verðum að bera fyrst og fremst fyrir brjósti þegar við greiðum þá flækju sem er nú í þjóðfélaginu, ef við þá komumst að þeim í kjarasamningum nú frekar en vant er. Því það hefur aldrei staðið á stjórnvöldum að reyna að gera meira fyrir þá sem eru lægst launaðir en hina sem eru hátt launaðir eða hærra launaðir, eins og kom glögglega fram hjá virðulegum 4. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur í mjög góðri ræðu sem hún flutti hér við þessar umr. En ég skora þá á þá sem geta haft áhrif á kjaradeiluna að opna okkur leið til þess að gera meira fyrir þá sem eru mest þurfandi en minna fyrir þá sem þurfa minna, þá sem hafa meira. Nú er komið að því eins og ég segi að ráðh. að ósk BSRB setjist við samningaborðið með nefndunum og ég bið ykkur um að létta okkur störfin og sýna þá virkilega hvað býr bak við þau orð sem hér hafa fallið í þessum umr. Hjálpið okkur en torveldið ekki leiðina.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mjög en vil þó minna á örfá atriði sem komu fram í síðustu ræðum.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi að ég þekkti lítið til þeirra sem lægstu launin hafa. Vel má vera að hún þekki það betur en ég. Ég vil taka undir það með henni að það fær enginn lifað á 13, 14 eða 15 þús. kr. launum á mánuði án þess að vera þá meira eða minna upp á aðra kominn. Ég vil einnig taka undir það með henni að mjög væri æskilegt að hækka þessi lægstu laun. Ég tel t. d. vel koma til greina að ákveða hækkanir í krónutölu. Þetta hefur reyndar verið gert áður en því miður hefur það alltaf runnið út í sandinn fyrr eða síðar. Þessi hugmynd hefur verið nefnd í þessari deilu en hún hefur ekki fengið undirtektir, því miður, verð ég einnig að segja.

Ég vil vekja athygli á því að fyrir mitt tilstilli var fyrr á þessu ári gerð þó sú ítarlegasta könnun sem hefur verið gerð á því hvar láglaunafólkið væri. Sú könnun var gerð af Kjararannsóknarnefnd og undir leiðsögn forustumanna launþega. Þetta er ákaflega fróðleg könnun. Ég skoðaði niðurstöðurnar vel og mér heyrðist hv. þm. hafa eitthvað gert það líka. Sem betur fer kom í ljós að þeir voru færri en áður hafði verið talið sem höfðu svo lágar tekjur. Ég segi sem betur fer. Í ljós kom að kjörin voru lökust hjá takmörkuðum og ákveðnum hópum í þessu þjóðfélagi og samkomulag varð um við launþegahreyfingarnar að beina þeim 350 millj. kr., sem ráðstafað var í þessu skyni, að öllu leyti í samræmi við niðurstöður af þessari könnun. Og ég hef ekki ómerkari heimild en forseta ASÍ, Ásmund Stefánsson, fyrir því að í sumum tilfellum nam þessi hækkun 30% á sama tíma og ýmsir aðrir hópar, og reyndar þeir sem mest fengu að mati Kjararannsóknarnefndar, verkamenn, fengu 8% hækkun við undirskrift samnings. Mér þykir ákaflega leitt satt að segja ef þetta hefur ekki komið að einhverju liði. En það breytir ekki því að vitanlega er stór hópur manna enn sem býr við bág kjör og við þurfum að leggjast á eitt að lagfæra.

Hins vegar verð ég að segja að hv. þm. er ekki verulega jarðbundinn í heildarmynd sinni af möguleikum hins íslenska þjóðfélags. Síðan ég man hafa Íslendingar unnið langan vinnudag. Það gerði ég sem unglingur og það gerðu allir, í hvaða vinnu sem var. Og ég rakti það hér fyrr í dag að það er af mikilli vinnu, löngum vinnudegi sem við höfum byggt upp þau lífskjör sem við búum við nú. Ég tek um leið undir það með hv. þm. að ég tel mjög vafasamt að menn uni því til lengdar, og hvort rétt sé reyndar að una því til lengdar. Þess vegna nefndi ég það hér í dag að eitt af okkar stærstu verkefnum er að koma á þeirri nýsköpun í iðnaði sem leiði til meiri verðmætasköpunar en hefur verið í okkar atvinnugreinum til þessa. Ég er einnig sannfærður um að unnt er að gera stórátak í fiskvinnslunni til að auka þar framleiðni og þá um leið að geta hækkað launin, ég er sannfærður um það. Það var mikið átak gert með svokallaðri frystihúsaáætlun fyrir nokkrum árum og það urðu miklar framfarir þá í fiskvinnslunni. Ég hygg að gera ætti annað slíkt átak og ég veit að tæknimenn okkar eru með ýmsar hugmyndir, sem mundu auka mikið framleiðnina í fiskiðnaðinum. Það er einkum þar sem skórinn kreppir. Það er einkum þar sem lægstu launin eru og það er einkum þar sem erfitt er að hækka þessi laun vegna afkomu fiskvinnslunnar.

Hv. þm. Stefán Benediktsson vildi að ég væri viðstaddur til að hlusta á fyrirlestur hans um verðbólguna í Ísrael. (**StB:** Ég bað ekki um það.) Nú, ekki það, mér heyrðist hv. þm. ætla að tala nokkur orð til mín. (**StB:** Ég spurði bara hvað hefði gerst á fundinum.) Já, ég hlustaði einnig af athygli á það sem hann sagði um Ísrael og ég held að hann ætti að kynna sér þau mál töluvert betur. Það má margt af þeim læra. Þar er 400% verðbólga og þar er hið strangasta vísitölukerfi. Þar hækka laun eftir vísitölu mánaðarlega og verðið hækkar daglega í verslunum.

En hvað gerðist á fundinum í dag? Eins og hæstv. fjmrh. nefndi áðan þá áttum við ágætan fund með þremur forustumönnum BSRB. Það var farið fram á það að við fjmrh. tækjum virkan þátt í viðræðum, ef ég má orða það svo. Við tjáðum okkur fúsa til þess. Ég mun að sjálfsögðu gera það ef það getur orðið til þess að flýta fyrir lausn þessarar deilu. Ég vona að við eigum fyrr en seinna fund með samningamönnum, sem ég tel nokkuð öruggt um þessa helgi.

Hv. þm. Svavar Gestsson flutti nú stórum skárri ræðu en í gær, var bara nokkuð málefnalegur og vil ég óska honum til hamingju með það. Ég verð þó að leiðrétta tvö öfugmæli, ef ég má kalla það svo, sem hann fór hér með. Hann fullyrti að ég hefði sagt í viðtali við

Dagblaðið að félagar mínir í ríkisstj. væru með rýtinginn í bakinu á mér. Þetta er náttúrlega rangt, það veit hv. þm. Ég sagði í viðtali við Dagblaðið að kannske væru einhverjir í öllum flokkum með rýtinginn á lofti. Ég held það hafi verið nokkurn veginn orðrétt þannig. Ég vil taka það skýrt fram að samstarfið við mína félaga í ríkisstj. er ágætt og ég hef ekki reynt þá menn að neinum ódrengskap. Ég vil einnig taka fram að í þeirri ríkisstj. sem við hv. 3. þm. Reykv. sátum saman í taldi ég að við ættum ágætt samstarf með þeim þremur Alþb.-mönnum sem þar voru. Ég varð aldrei var við það að þeir væru með rýtinginn á lofti. Þetta má gjarnan koma fram. Ég verð hins vegar að segja það að í ríkisstjórninni 1978—1979 voru því miður allt of miklar deilur og harðar, og það varð banamein þeirrar ríkisstjórnar. Hún entist stutt. Vitanlega verða menn, þegar þeir vinna saman, þó þeir hafi ólíkar skoðanir, að vera nógu miklir menn til þess að vera ekki með rýtinginn á lofti, vinna saman eins drengilega og þeir frekast geta þótt skoðanir kunni að vera ólíkar.

Hv. þm. ræddi nú enn um það að ég væri að skjóta mér frá ábyrgð með því að vísa til þess að ríkisstj. er ekki fjölskipað stjórnvald. Ég veit að hv. þm. man það mætavel að hann kom til mín oftar en einu sinni, ég gæti eiginlega sagt með grátstafinn í kverkunum og klagaði út af því að þáverandi utanrrh., Ólafur Jóhannesson, hafi tekið ýmsar ákvarðanir án þess meira að segja að tala um það við Alþb. Reyndar gæti ég rakið ýmsar ákvarðanir sem einstakir ráðh. í þeirri ríkisstjórn tóku í skjóli síns valds, t. d. fyrrv. iðnrh. sem tók ýmsar ákvarðanir sem hann hafði fullt vald til að taka og hann vissi mætavel að við vorum ekki á einu máli um þær allar.

Að sjálfsögðu tók hæstv. fjmrh. ákvörðun um greiðslu launa, eða réttara sagt að greiða ekki út laun nema í þrjá daga í skjóli síns valds. Það var ekki vefengt. Hins vegar hafði verið um það rætt í ríkisstj. og menn lýst sínum skoðunum.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom svo að nokkrum atriðum sem hann óskaði að ég leiðrétti ef rangt væri með farið. Hann minntist m. a. töluvert á stöðu sjávarútvegsins. Ég vil aðeins fara um það fáeinum orðum. Staða sjávarútvegsins er erfið núna fyrst og fremst vegna lélegra aflabragða og erfiðra markaða. Vel má vera að það sé hægt að ná einhverjum árangri með því að lækka t. d. flutningskostnað. Ég trúi því og ég hef fyrir mitt leyti lagt á það áherslu við þá aðila í sjávarútvegi sem við mig hafa talað að þeir eigi að bjóða út flutningskostnaðinn. Ég sé enga ástæðu til annars. Ég er sannfærður um það, og reyndar kom það í ljós þegar flutningur til Japans var boðinn út. Þá fékkst töluverð lækkun á flutningskostnaði. Þetta á vitanlega að gera.

Hv. þm. ræddi einnig um svonefnd umboðslaun, sem eru núna 11% í Bandaríkjunum, og taldi þau ákveðin af ríkisstj. Það er ekki rétt. Þau eru ekki ákveðin af ríkisstj., enda minnist ég þess t. d. þegar við hv. þm. sátum saman í ríkisstjórn að þá hækkuðu fyrirtækin í Bandaríkjunum þessi svonefndu umboðslaun úr 10 í 11%. Við lögðum að vísu á það áherslu að þau yrðu lækkuð. Það tók töluverðan tíma en gerðist þó að lokum. Ég vil bara vekja athygli á því að þessi umboðslaun ákvarðast fyrst og fremst af því hverjir vextir eru í Bandaríkjunum. Þessi fyrirtæki eru þar með ákaflega miklar birgðir af sjávarafurðum, meiri núna en nokkru sinni fyrr. Þetta er allt fjármagnað með lánum þar í landi og þar eru vextir nú ákaflega háir eða 12—13%. Það er þess vegna sem þessi umboðslaun svokölluð voru hækkuð. Þau eru fyrst og fremst vaxtakostnaður af birgðahaldi þar. Ég er þess vegna ekki viss um að það takist, meðan vextir eru þar svo háir, að lækka þessi umboðslaun þótt æskilegt væri. Ég held hins vegar að það þurfi að gera stórátak í sölumálum sjávarútvegsins. Ég er ekki að segja að fyrirtækin í Bandaríkjunum hafi ekki gert margt gott, en mér finnst enn sem oft fyrr að þau hafi ekki lagt næga áherslu á ýmsa aðra markaði. Að vísu er það svo að fiskverð í Evrópu er lágt um þessar mundir, mjög lágt. T. d. í Bretlandi er verð á pundi af þorski nú 70 cent en í Bandaríkjunum 160. Það er því ekki mjög vænlegt að fara inn á þessa markaði eins og er. En engu að síður ber vitanlega að leita leiða hvar sem er.

Síðan sagði hv. þm. að ég hefði gert hér þrjú tilboð. Ég er búinn að fá mína ræðu vélritaða og fór yfir hana vandlega áðan. Þarna er um misskilning að ræða. Ég rakti fjölmörg dæmi, annars vegar um peningalaunahækkanir og hins vegar blandaða leið peningalaunahækkana og skattalækkana. Ég fór reyndar allt upp í það sem kalla mætti öfgarnar í hækkunum, þar sem voru mjög miklar hækkanir út allt næsta ár, og ég taldi, eins og hv. þm. getur lesið í minni ræðu, að verðbólga yrði þá um 30—35%. Meginniðurstaða mín varð sú, að það yrði að gæta sín mjög á peningalaunahækkunum vegna þess að þá væri líklegt að annað af tvennu gerðist: annaðhvort stöðvuðust þeir atvinnuvegir sem gætu því miður ekki greitt þessar hækkanir eða gengið léti undan. Og ég taldi að í einu þessara dæma, eins og hann t. d. nefndi, 6-4-2-2, væri áreiðanlega komið út á ystu mörk þess sem gengið þyldi eða atvinnuvegirnir og því væri æskilegra að fara aðra leið, þ. e. blandaða leið með skattalækkunum. Ég rakti síðan hvað ég teldi hugsanlega lausn á þessum málum og ég rakti það aftur í dag og sé því ekki ástæðu til að rekja það ítarlega enn einu sinni. Í örfáum orðum sagði ég að ég teldi að peningalauna- eða kostnaðarhækkun atvinnuveganna á bilinu 6—10% kæmi til greina, en þó ekki yfir 6% til að byrja með, og síðan skattalækkanir sem tryggðu kaupmátt frá síðasta ársfjórðungi 1983. Ég sagði einnig, með tilvísun til BSRB, að það hlytu að fara fram sérkjarasamningar, sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum, og það væri sjálfsagt að gera samanburð við launakerfið á hinum almenna markaði. Ég skal ekkert segja hvað út úr því kæmi. Eflaust kæmu út úr því einhverjar hækkanir eða leiðréttingar eða hvað menn vilja kalla það. Og ég endurtók að ég teldi að það ætti að leggja áherslu á að hækka lægstu launin. Þetta var það sem kannske mætti kalla tilboð.

Nú telur hv. þm. að hér sé um allt of lágt tilboð að ræða. Hann er að sjálfsögðu frjáls að þeirri skoðun. Og hann taldi að tvímælalaust væri nauðsynlegt að nota þann bata, sem menn vona og ætla að verði á næsta ári, til þess að hækka launin. Sá bati er talinn verða um 1—2% af þjóðarframleiðslu. Ég verð að segja það að eins og hér hefur verið lýst, hv. þm. lýsti m. a. stöðu sjávarútvegsins og þeim gífurlegu erfiðleikum sem þar eru, þá veitir svo sannarlega ekki af að þessi gífurlega mikilvæga atvinnugrein fái aðeins að rétta úr kútnum. Ég held að það sé það mikilvægasta ef á að takast, og

sem verður vitanlega að takast, að endurheimta þau lífskjör sem hér voru, þá verður sjávarútvegurinn að fá tækifæri til að rétta úr kútnum. Og þetta er aðeins smávægilegur bati á næsta ári sem verið er að tala um.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, ljúka þessari umræðu fyrir mitt leyti með því að segja að hér hafa margar ræður og miklar verið fluttar og mörg þung orð verið látin falla. Ég læt þau orð mér í léttu rúmi liggja sem til mín hafa fallið. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu að mikilvægast er að takist að leysa þessa kjaradeilu. Og hún leysist ekki í stríði, það er öruggt mál. Stríð mun aðeins verða öllum til skaða, þeim sem eiga nú í kjaradeilu, ríkisvaldinu og þjóðinni. Sömuleiðis verður löng deila öllum til tjóns. Það er nú oft svo að jafnvel löng deila verður ekki bætt upp með launahækkunum. Því er mikilvægt að hún leysist sem fyrst. Ég er á þeirri skoðun að svona deila leysist vart á 60—70 manna fundum. Ég held að svona deilur leysist fyrst og fremst með persónulegu sambandi þeirra sem eru í forustu beggja vegna. Og það er einlæg von mín að sá fundur sem var haldinn seinni partinn í dag verði til þess að þetta samband styrkist og verði til þess að þessi deila leysist og það fljótt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er aðeins út af einu atriði í ræðu hæstv. forsrh. þar sem hann misskildi mig bersýnilega varðandi þær tölur sem ég fór hér með áðan. Ég sagði sem svo að varðandi þær kauphækkanir sem nú verður óhjákvæmilega að semja um dygði auðvitað ekki að einblína bara á fjórða ársfjórðung 1983, þar sem er um að ræða algeran botn í kaupmætti, heldur yrði líka að taka tillit til þess að spáð er nokkurri aukningu á árinu 1985 og þess að samdráttur þjóðarframleiðslu á þessu ári er um 3% minni en gengið var út frá þegar samningarnir í febrúar voru gerðir. Það er þessum mun, hvað sem öðru líður, meira svigrúm en menn töldu þá vera, auk þess sem eðlilegt er að sótt verði nokkuð inn á árið 1983 og ekki látið staðar numið við kaupmátt fjórða ársfjórðungs.

Hæstv. fjmrh. endurtók það hér, sem hann hefur oft sagt áður, að það er ekkert grín að vera vinur hinna smáu. Þegar hann heldur ræður sínar um hinn mikla vanda, sem er fólginn í því að vera vinur hinna smáu, þá á vel við í lok þessarar umræðu vísa sem allir kunna og er svona:

Mannúðin okkar manna
er mikil og dásamlig.
Við göngum svo langt í gæðum
að guð má vara sig.

Efnisskrá.

Drengskaparheit unnið 5.
Forseti Íslands setur þingið 2.
Kosning forseta og skrifara 5, 6, 8.
Kosning í fastanefndir eftir 15. gr. þingskapa 9, 10, 12.
Minning Ingólfs Jónssonar 3.
Skýrsla ríkisstjórnarinnar um kjaradeilurnar 13, 107.
Sætaskipun 7, 9.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 4.
Þingsetning 1.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 2.
Aldursforseti Sþ. Stefán Valgeirsson 3, 4, 5.
Aldursforseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 6.
Aldursforseti Nd. Stefán Valgeirsson 8.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5, 68, 143.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 7.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 8, 9.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 13, 143, 199.
Félmrh. Alexander Stefánsson 151.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 60, 68, 197.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 118.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 93, 107.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 83.
Árni Johnsen 163.
Eiður Guðnason 5, 98, 107.
Ellert B. Schram 76.
Friðrik Sophusson 186.
Guðmundur Einarsson 52.
Guðmundur J. Guðmundsson 87.
Guðrún Agnarsdóttir 146.
Guðrún Helgadóttir 194.
Halldór Blöndal 136.
Jón Baldvin Hannibalsson 124.
Kjartan Jóhannsson 44.
Ólafur Þ. Þórðarson 171.
Salome Þorkelsdóttir 173.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 57.
Stefán Benediktsson 113, 192.
Steingrímur J. Sigfússon 155.
Svavar Gestsson 24, 176, 204.
Þorsteinn Pálsson 35.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 50). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 50, 50. máli deildarinnar, um ríkisábyrgð á launum. Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu og er þess vegna lagt hér fyrir á ný.

Ég vil geta þess að þá var frv. lagt fyrir hv. Nd. og vísað til nefndar, en mér er ekki kunnugt um að nefndin hafi gert tilraun til að senda frv. út til umsagnar, þannig að það er endurflutt hér og þarf þess vegna algjörlega nýja meðferð.

Þetta frv. um ríkisábyrgð á launum, sem hér er til umr., er samið af nefnd sem skipuð var í des. 1981 af þáv. félmrh. til að endurskoða gildandi lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot nr. 31 frá 28. mars 1944. Í þessari nefnd áttu sæti Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri í félmrn., sem var formaður nefndarinnar, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Árnason lögfræðingur tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnlaugur Claessen deildarstjóri í fjmrn. og Markús Sigurbjörnsson fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík.

Ástæðan fyrir því að ákveðið var að láta endurskoða lögin var fyrst og fremst sú, að verulegir annmarkar höfðu komið fram á tilmælum gildandi laga um formlega meðferð greiðslukrafna á hendur ríkissjóði, auk þess sem í lögunum eru mörg ákvæði sem orðið höfðu tilefni til ágreinings um skýringu.

Ég er sammála þáv. félmrh. um annmarka laganna að þessu leyti og tel að það frv. sem hér liggur fyrir um þetta efni samræmist betur meginreglum réttarfars og réttarreglum um gjaldþrot en núgildandi lög gera og geri auk þess rétt þeirra launþega, sem eiga inni laun hjá gjaldþrota fyrirtækjum, gleggri, þannig að síður komi til ágreinings vegna þeirra krafna sem ábyrgð ríkissjóðs nái til.

Helstu breytingar sem frv. ráðgerir frá gildandi lögum nr. 31 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, eru:

Í fyrsta lagi: Í III. kafla frv. eru reglur um meðferð greiðslukröfu á hendur ríkissjóði, en fyrirmæli þar um eru ekki ítarleg í gildandi lögum. Reglur þessar miða að því að hraða málsmeðferð og gera hana einfaldari í framkvæmd, auk þess sem þær samræma m. a. skiptameðferð bús betur en núgildandi lög gera.

Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 7. gr. frv., en þar er að finna upptalningu á þeim upplýsingum og gögnum sem launþegi þarf að láta fylgja kröfum sínum til ráðuneytisins.

Þá er í 8. gr. tilgreint hverra upplýsinga ráðuneytið þurfi að afla frá skiptaráðanda um kröfur.

Í 9. gr. er sérregla um gagnaöflun launþega og ráðuneytis í þeim tilvikum sem innköllun er ekki gefin út fyrir skiptameðferð á búi vinnuveitanda.

Í 11. gr. eru fyrirmæli um ákvarðanatöku í ráðuneyti um það hvort kröfur skuli greiða úr ríkissjóði og jafnframt fyrirmæli um hvernig leysa skuli úr ágreiningi um hvort krafa njóti ríkisábyrgðar.

Loks eru í 13. gr. fyrirmæli um tilkynningar og fleira varðandi yfirtöku ríkissjóðs á kröfum.

Í öðru lagi nær ríkisábyrgð samkvæmt 1. gr. frv. til kröfu launþega á hendur skuldafrágöngubúi látins vinnuveitanda, auk þess að ná til kröfu á hendur gjaldþrota vinnuveitanda eins og núgildandi lög mæla fyrir um.

Samkvæmt d-lið 4. gr. frv. er fjölgað þeim aðilum sem krafist geta ríkisábyrgðar vegna dauðsfalls launþega af völdum vinnuslyss.

Í b-lið 5. gr. frv. eru fyrirmæli um 5% hámarkshlutafjáreign launþega í gjaldþrota hlutafélagi til þess að hann njóti ríkisábyrgðar á kröfu sinni. Núgildandi reglugerðarákvæði þar um eru 2%.

Í 8. gr. 2. málsgr. er heimild til þess að taka greiðslukröfu á hendur ríkissjóði til afgreiðslu fyrr en núgildandi lög mæla beinlínis fyrir um.

Í 2. málsgr. 11. gr. frv. er heimild til veitingar gjafsóknarleyfis til handa launþega í ágreiningsmálum um hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Í þriðja lagi gerir frv. í b-lið 4. gr. ráð fyrir að ríkisábyrgð nái ekki til orlofsfjárkrafna eins og núgildandi lög gera ráð fyrir nema í þeim tilvikum sem launþegi fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfu sinni.

Í a-lið 4. gr. er sett hámark á það tímabil sem launþegi getur fengið greiðslu fyrir með launakröfu í ríkissjóð. Það ákvæði kemur í staðinn fyrir 5. málsgr. 2. gr. núgildandi laga sem reynst hefur mjög óljós og torvelt að fylgja í framkvæmd.

Þá vil ég taka fram að í 3. gr. frv. eru skilgreind grundvallarhugtök varðandi framkvæmd laganna sem nær með öllu vantar í núgildandi lög. Á ég þar við hugtökin „vinnulaun“ og „launþegi“.

Að lokum vil ég geta þess að af hálfu Alþýðusambands Íslands hefur verið óskað eftir að launatengd gjöld yrðu látin falla innan ríkisábyrgðar, einkum iðgjöld til lífeyrissjóða, sjúkra- og orlofssjóða. En með því að núgildandi lög hafa verið túlkuð á þá leið að þau gjöld njóti ekki ríkisábyrgðar og eina dómsúrlausnin sem gengið hefur um það atriði byggir á þeirri túlkun hefur ekki þótt fært að verða við þeirri beiðni. Í því sambandi hefur verið höfð hliðsjón af því réttarfarshagræði sem lífeyrissjóðir njóta lögum samkv. við innheimtu iðgjalda og því að megintilgangur laganna sé sá að tryggja launþega gegn fjárhagslegum skakkaföllum en ekki aðra aðila.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi máls að hafa um frv. öllu fleiri orð. Ég vísa til umr. sem urðu í hv. Nd. þegar frv. var tekið til meðferðar á síðasta þingi, en það var 28. mars s. l. Ég vænti þess að það náist góð samvinna um það á þessu þingi og hér í hv. Ed. að hraða afgreiðslu þessa máls. Þetta ætti að geta verið samkomulagsmál. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir launþega, en einnig fyrir löggjafann því að það eru sífellt uppi deilur um túlkun á gildandi lögum. Allir sem nálægt því koma, skiptaráðendur og aðrir, hafa kvartað mjög yfir því og lagt mikla áherslu á að á því verði ráðin bót með útgáfu þessa frv.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 10. mál (þskj. 10). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 10 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981. Þetta mál kom til umfjöllunar þingdeildar í fyrra, en hlaut ekki þá afgreiðslu sem ég gat fyllilega sætt mig við, og kýs ég þess vegna að flytja það hér aftur.

Þetta er ekki afskaplega stórt mál eða mikilvægt. Það fjallar einfaldlega um það að sölulaun skuli ekki tekin af öðru en söluverðmæti varnings og þá þess varnings sem þar er um fjallað. Það er í sjálfu sér nógu vitlaust að menn geti framleitt vöru og átt það víst að sú vara sé keypt, án tillits til þess hvort markaður eða þörf er fyrir hana, þó að ofan á þá vitleysu sé ekki bætt því að menn taki sölulaun af því sem hið opinbera þarf að leggja þessari vöru til þannig að hún skili framleiðendum sínum þeim kostnaði sem þeir hafa orðið fyrir.

Ég vil leyfa mér að leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er kannske undarlegt að vera í orðræðum út af málum sem þessum þegar í þjóðfélaginu er beðið eftir því að fólkið fái sín einu réttu umboðslaun, fyrir sitt strit og starf, en vel að merkja er kannske hér einn angi þess, e. t. v. smár, sem veldur því að fólkið í landinu fær ekki sín laun svo sem vera skyldi, sína umbun, því að það gildir að margt smátt gerir eitt stórt.

Þetta er eðlilegt mál og sjálfsagt að það fái jákvæða umfjöllun. Í raun týndist það í kartöflufrelsinu í fyrra hjá hv. landbn. Eðlileg umboðslaun hljóta að vera sjálfsögð, en trúlega er það svo, hvort sem um innflutning eða útflutning er að ræða, að ærið langt kann að vera að því sé hlítt. Vöruverðið okkar almennt segir sitt, leiðir einnig hugann að því hvernig sumir aðilar taka allt sitt á þurru og eiga sinn oft rúma hlut vísan á meðan sjálf grunngreinin ber skarðan hlut, situr endanlega eftir, þegar allir aðrir hafa hirt sinn skerf.

Í landbúnaði okkar er þetta ekkert lakara að ég hygg en í öðrum greinum. Ljómandi sölur og fokhátt verð, sem stundum fæst fyrir dýrar úrvinnsluafurðir okkar tengdar landbúnaðinum, skila sér ekki til bóndans sem vöruna framleiddi og enn síður til iðnverkafólksins sem vann að því að gera vöruna svo verðmæta. Verðfall og slæmir markaðir eru hins vegar óspart tíunduð, m. a. þegar launakjör vinnandi fólks ber á góma.

Ég skal ekki ræða þetta einstaka mál út af fyrir sig. Ég átti reyndar von á því að frv. færi í okkar ágætu landbn. þar sem hv. 11. landsk. þm. stjórnar af alkunnri röggsemi. Ég heyri að hv. flm. telur að það sé svolítið hæpið, en ég fullvissa hann um að óhætt er að vísa málinu til landbn. núna því að það er búið að gera kartöfluna það mikið frjálsa og óháða að hún ætti ekki að þvælast fyrir eða standa í koki á mönnum núna eins og hún gerði í fyrra því allt lenti þetta þá í einum pakka. Og það er sérstök ástæða til að gaumgæfa þetta mál nú og fá ótvíræðar upplýsingar um þessi umdeildu umboðslaun.

En fyrst Framleiðsluráð landbúnaðarins ber á góma hér í frv., þá var það upplýst rækilega í fyrra að heildarendurskoðun ætti sér stað á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Og þegar hæstv. forsrh. og hv. aðstoðarmaður hans, hv. 1. þm. Suðurl., voru að dunda sér í sáttmálaleiknum í sumar bar þessi mál greinilega mjög á góma. Raunar mátti á niðurstöðum skilja að gífurleg uppstokkun og umbreyting væri í vændum. Reyndar átti það við um landbúnaðinn eins og hann lagði sig, enda ljóst að þeir félagar álitu hann frumvanda íslensks efnahagslífs og hefur það áður heyrst úr öðrum herbúðum og háværar mjög. Því vil ég nú spyrja hversu stjórnarflokkunum gangi með heildarendurskoðun laganna. Hér er hæstv. landbrh. og hér mun a. m. k. einn nm., hv. 11. landsk. þm., sem ég vissi raunar ekki að væri í svo góðum takt við niðurstöður sáttmálaleiksins eins og hann virtist vera. Um þetta hlýtur að vera spurt án þess að til allsherjarumr. sé efnt því að ekki hefur stjórnarandstaðan fengið að fylgjast þar með. Öll lagaendurskoðun á vegum hæstv. ríkisstj. er með því marki brennd að þar fá þeir einir um að véla sem innvígðir kallast. En því frekar er þörf að spyrja og ég vildi beina fsp. til hæstv. landbrh. um það: Hvað líður heildarendurskoðun laganna um Framleiðsluráð landbúnaðarins og hvenær er þess að vænta að frv. um það verði lagt fyrir hið háa Alþingi?

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að lýsa almennum stuðningi við þetta mál.

Þetta er ekki nýtt mál í þinginu. Alþfl. hefur flutt þetta mál hér í þingsölum með mjög svipuðum hætti og þarna er gert. Þó að Bandalag jafnaðarmanna hafi kosið að taka það eitt og án samráðs við Alþfl., þá er það auðvitað hverjum manni frjálst. En við höfum lýst stuðningi við þetta mál með flutningi þess í þinginu áður.

Varðandi það, sem borið hefur hér á góma, til hverrar nefndar þetta mál skuli fara, þá lýsi ég stuðningi við þá hugmynd að þetta sérstaka mál, sem varðar framleiðsluráðslögin, fari til fjh.- og viðskn. Þetta mál er þannig vaxið, þó svo ýmis önnur mál sem varða breytingar á framleiðsluráðslögunum eigi með eðlilegum hætti heima í landbn., að ég hygg það sé betur komið hjá fjh.- og viðskn. Kannske ekki síst vegna þess hver urðu afdrif málsins í fyrra hjá þeirri virðulegu nefnd, landbn., að málið hreinlega gleymdist, týndist, tapaðist eða lenti á einhverjum þeim villigötum að það fékk ekki eðlilega meðhöndlun.

Auðvitað ber ég traust til væntanlegs formanns landbn., hv. þm. Egils Jónssonar, í þessum efnum, en ég neita því ekki að ég ber meira traust til þess manns sem ég vænti að verði formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Þegar þar að kemur fulltreysti ég honum til að þetta mál fái góða og eðlilega umfjöllun, en það þýðir ekki að ég vantreysti væntanlegum formanni landbn. þessarar hv. deildar.

Ég tek undir þá fsp. sem hér var flutt til hæstv. dómsmrh. um endurskoðun framleiðsluráðslaganna. Í plaggi sem lagt var á borð okkar þm. í dag, þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985, stendur á bls. 16, með leyfi

forseta:

„Í samræmi við þessi markmið verða lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins og önnur lög, sem landbúnaðinn varða, endurskoðuð að höfðu samráði við samtök bænda á eftirgreindum grundvelli.“

Síðan eru talin upp allmörg atriði og sum býsna skynsamleg, óvenjuskynsamleg. En málið er: Er ekkert farið að endurskoða þessi lög? Hefur engin vinna átt sér stað í því? Ég spyr gagngert vegna þess hvernig tekið er til orða hér. Verða lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins og önnur lög, sem landbúnaðinn varða, endurskoðuð? Það er ekki að sjá eða skilja af þessu orðalagi, að þessi endurskoðun, sem átti að hefjast fyrir meira en ári síðan, — ef mig ekki misminnir var það eitt af því sem tiltekið var í stjórnarsáttmála þessarar hæstv. ríkisstj. — hafi farið fram. Er það í raun og veru svo að ekkert hafi verið gert í þessu eða lítið? Ég tek undir fsp. hv. þm. Helga Seljans um það hvernig þessi mál standi og hvað þessari vinnu líði vegna þess að þetta er mikilvægt mál. Það er svo að sjá sem þarna hafi mönnum ekkert miðað, eins og lýst hefur verið yfir, og væri æskilegt að fá svör hæstv. landbrh. við því.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Austurl. þegar hann sagði að sjálfsagt væri að vísa málinu til nefndar og skoða það. Ég get tekið undir að æskilegt er að þarna séu mönnum allar staðreyndir ljósar. Ég held að ekki sé vilji neins, sem þarna kemur að, að dylja neitt. Þess vegna er æskilegt að eftir sem flestum upplýsingum sé leitað varðandi þessi mál.

Hins vegar vil ég, vegna þeirra umr. sem hér hafa farið fram um til hvorrar nefndar málinu skuli vísað, leggja til að frv. sé vísað til landbn. eins og framleiðsluráðsfrv. ævinlega hingað til. Ég veit ekki hvernig vinnubrögð yrðu hér á Alþingi ef við færum að tína einstakar greinar út úr lögum og vísa til sitt hvorrar nefndarinnar. Hvernig í ósköpunum mundi það enda? Deildanefndirnar eru tíu. Ef við værum að búta lög þannig sundur og vísa þeim bútum til sitt hverrar nefndarinnar, eftir því sem okkur dytti í hug að væri æskilegast út frá einhverjum sjónarmiðum, þá held ég að við færum út á algerar villigötur. Ég held að við verðum að halda okkur við það eins og við getum að þeir málaflokkar sem tilheyra ákveðnum nefndum gangi til þeirra. Þess vegna vil ég eindregið leggja til að þessu frv. verði vísað til landbn.

Um efni frv. skal ég ekki ræða mikið að öðru leyti. Hér er því slegið föstu að umboðslaunin skuli vera 2% af söluverðmæti útfluttrar vöru. Hvað er söluverðmæti? Er það það verðmæti vörunnar sem ríkið viðurkennir eða er það verðið sem er greitt af kaupanda erlendis — sem ég efast ekki um að sé þarna meint? Hins vegar vitum við að með ákvörðun ríkisstj. og Alþingis árið 1960 um útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir var því slegið föstu að ríkið greiddi hluta af framleiðslukostnaði vörunnar. En það er óþarfi að fara út í neina hártogun um það.

Hins vegar vil ég benda á að engum er skylt að flytja út landbúnaðarvörur. Það er ekki hægt að lögskylda neinn til þess ef þóknun fyrir það er langt undir þeim kostnaði sem því fylgir. Ég vildi benda þeirri nefnd á, sem um málið kemur til með að fjalla, að ekki má setja svo þröngar skorður í lögum um þá þóknun, sem heimilt er að taka fyrir sölu erlendis, að engir fáist til þess að líta við slíkri vinnu. Það er einmitt lögð áhersla á það núna að okkur sé mikilvægt að leita hinna allra bestu markaða og þær raddir heyrast oft að ekki sé lögð nægileg vinna í markaðsleit. Þess vegna má ekki með einhverjum fljótfærnislegum lagasetningum setja lagaákvæði sem koma kannske algerlega í veg fyrir að nokkur fáist til að líta við þeirri starfsemi.

Hér hefur svo verið borin fram spurning um endurskoðun framleiðsluráðslaganna og hvað því verki miðar. Viðræður voru hafnar fyrir um ári um það mál og síðan hefur verið aflað margvíslegra upplýsinga. Stærsti áfanginn í þessari undirbúningsvinnu er tvímælalaust nál. frá nefnd sem ég skipaði á s. l. vetri til þess að gera tillögur um framleiðslustefnu í landbúnaði. Sú nefnd skilaði tillögum sínum í byrjun síðasta mánaðar og þær voru til umfjöllunar á aðalfundi Stéttarsambands bænda, þar sem tekið var undir meginniðurstöðu nefndarinnar. Þetta verður grundvallarplagg, getum við sagt, um þann þátt þeirrar endurskoðunar á framleiðsluráðslögunum. Að því er nú verið að vinna að reyna að móta þá stefnu í lagafrv. þannig að hægt sé að leggja frv. fyrir Alþingi. Hins vegar er augljóst að hér er um mjög mikið vandaverk að ræða, enda þótt samkomulag sé orðið um heildarstefnumörkun í þessum málum.

Niðurstaða nefndarinnar er í samræmi við það sem hv. 5. landsk. þm. vitnaði til og las upp úr þjóðhagsáætlun þannig að þar er ekki um neinar andstæður að ræða. Hins vegar er augljóst að allmikil vinna er að koma þessu máli í það horf að hægt sé að leggja það fyrir Alþingi, en ég óska eindregið eftir því að hægt sé að hraða þeirri vinnu og leggja frv. fram hér sem allra fyrst.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þær undirtektir sem þetta litla frv. hefur fengið.

Ég vil gera að umræðuefni tvö atriði sem fram hafa komið í þessari umræðu.

Það er annars vegar spurningin um það til hverrar nefndar þetta mál á að fara. Ég veit að vinnuhættir Alþingis hafa mótast á löngum tíma. Sá vilji sem fram kemur í ýmsum nefndarstörfum, þ. e. þeirra nefnda sem fjalla um þingsköp eða breytingar á Stjórnarráði og annað slíkt, sýnir að ákveðinn áhugi er þegar á ferðinni og búinn að vera nokkuð lengi til að breyta að einhverju leyti annars vegar starfsháttum Alþingis og hins vegar bæði samskiptum og starfsháttum Stjórnarráðs.

Í stjórnarskránni eru tvær greinar, 40. og 41. gr., þar sem talað er um að engan skatt megi á leggja né breyta nema með lögum og ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða í fjáraukalögum. Minn skilningur á þessum greinum og samhengi þeirra við störf Alþingis felst einfaldlega í því að á Alþingi starfi annars vegar fjvn. og hins vegar fjh.- og viðskn. og þessar n. taki fyrir öll þau mál sem lúta annaðhvort að álögum eða greiðslum á gjöldum. Þess vegna vil ég vísa þessu máli til fjh.- og viðskn.

Hæstv. landbrh. taldi það mundu torvelda og rugla störf Alþingis mjög ef einstaka greinum úr lagabálkum væri vísað þvers og kruss milli n. Nú er það einu sinni svo, þó að einhvern tíma hafi verið sagt að lög skuli ráða en ekki menn, að okkar hlutverk er að móta lögin,

en ekki laganna að stjórna því hvernig við vinnum.

Þau mál sem heyra til fjármála finnst mér að eigi gagngert og yfirleitt að fara til fjh.- og viðskn. eða fjvn. nema þá að Alþingi samþykki endanlega eitthvað annað og komist að einhverri annarri niðurstöðu um verksvið nefndanna. Ég hef litið þannig á hvað varðar aðrar nefndir en fjh.- og viðskn. og fjvn. að hin upphaflega hugsun um störf þeirra hafi verið sú að þær ættu að fjalla um stefnumótun í viðkomandi málaflokkum en ekki um gjaldtöku eða greiðslu fjármuna úr ríkissjóði. Nú veit ég að téð lög, lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins, hafa inni að halda ýmislegt sem bæði ég og aðrir hv. þm. hafa gagnrýnt á undanförnum árum, bæði um greiðslur og álögur. Ég lagði þetta hér til vegna þess að ég vil láta reyna nokkuð á hvern hug menn bera til þessara mála og held þess vegna fast við minn keip að fara fram á að þessu máli verið vísað til fjh.- og viðskn. Það hefur ekkert með persónur hv. 11. landsk. þm. eða 4. þm. Norðurl. v. að gera. Þetta hefur eingöngu með það, sem á ljótu máli kallast „prinsippafstaða", að gera.

Hvað máli hæstv. landbrh. viðkemur verð ég að segja að ég áttaði mig ekki alveg á því hvað hann var að fara þegar hann fór að hugleiða hvað væri söluverðmæti. Samkv. mínum skilningi er söluverðmæti það verð sem ég fæ fyrir vöruna þegar ég sel hana, þ. e. það verð sem kaupandinn greiðir. Hins vegar fór hann að tala um að enginn væri neyddur til að flytja út og menn skyldu hugsa sig mjög rækilega um áður en þeir færu að setja einhverjar skorður. Ég viðurkenni að í því lagafrv. sem ég legg hér fram er talað um skorður, þ. e. að ekki skuli heimilt að taka meira en 2% af söluverðmæti útfluttra landbúnaðarafurða í sölulaun. Það hlýtur hverjum og einum að vera það ljóst, sem fjallað hefur um þessi mál, hvað mér gengur hér til. Ég er að hafna þeirri hugsun að sölulaun séu tekin af útflutningsbótum. Að kalla það óeðlilegar skorður er skoðun sem hver og einn getur haft sem vill, en í þessu tilviki tel ég það nauðsynlegar skorður til þess að menn geri ekki út á tekjumöguleika sem svona skorðuleysi getur verið.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það eru einkum þrjú atriði sem ég vildi gera að umtalsefni og fyrst og fremst varðandi form frekar en efni.

Það er þá í fyrsta lagi það sem hér hefur komið fram um að mál hv. þm. Stefáns Benediktssonar, sem hann leggur nú fram öðru sinni, hafi týnst í deildinni í fyrra og þá væntanlega í meðförum landbn. Ed. Alþingis. (**StB:** Það voru ekki mín orð.) Nei, ég bar þau ekki heldur upp á þig. Það voru aðrir menn sem mæltu þau. — Þá er kannske eðlilegt að rifja upp enn einu sinni hvernig þetta sérstaka mál gekk til.

Fljótlega eftir að ég kom úr páskafríi tilkynnti ég flm. að ég væri tilbúinn að afgreiða þetta mál og sagði honum frá tillögum mínum þar um. Þannig stóð þá á að hann var að fara á fund hjá BJ. Að þeim fundi loknum sagðist hann skyldu gefa mér svar.

Það svar barst mér á síðustu þingdögum þegar hv. þm. var hér í forsetastól. Hann hafði þá orð um það að hann vildi fá málið afgreitt. Þannig var vinnurásin í kringum þetta mál í landbn. Ed. Alþingis.

Þá þykir mér líka rétt að fara örfáum orðum um það sem hv. þm. Helgi Seljan var að segja um skipan endurskoðunarnefndarinnar sem fjallar um framleiðsluráðslögin. Þar talar hann enn einu sinni um það að ekki sé öðrum hleypt að en þeim sem styðja núv. ríkisstj. og þykir honum það mjög miður. Það er vert að benda á það í því sambandi, eins og raunar hefur komið hér fram, að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstj. er tekið fram að þessi endurskoðun skuli eiga sér stað. Það hlýtur því að vera eðlilegt að stuðningsflokkar ríkisstj. gangi frá tillögum í málinu. Það er svo allt annað mál að auðvitað verður fjallað um málið bæði hér á Alþingi og raunar miklu víðar þótt settar verði fram tillögur í frv.-formi.

Ég er svolítið hissa á því að hv. þm. Helga Seljan skuli þykja þetta undarleg vinnubrögð því að á s. l. kjörtímabili sat hann í nefnd þeirrar ríkisstj. sem þá starfaði við að semja þáltill. um stefnu í landbúnaðarmálum. (**Gripið fram í:** Góður sjálfstæðismaður þar.) Ég var ekki að segja að ekki hafi verið sjálfstæðismaður í nefndinni, en hins vegar lá alveg ljóst fyrir að það voru stuðningsmenn þeirrar ríkisstj. sem mynduðu þá nefnd og engir aðrir. Sú *þáltill.* var ekki sýnd af ríkisstj. fyrr en hún birtist á síðustu dögum þings. Ég er ekki að segja að þetta hafi verið óeðlileg vinnubrögð. Þau eru nákvæmlega þau sömu og viðgangast núna í sambandi við endurskoðun á framleiðsluráðslögunum.

Kannske má minna á það til áréttingar að á framboðsfundi austur á landi fyrir síðustu kosningar þá sagði einmitt hv. þm. Helgi Seljan að þetta hefði verið eitt það allra ánægjulegasta starf sem hann hefði unnið um ævina.

Þá kem ég að því sem var vikið að mér í sambandi við endurskoðun á framleiðsluráðslögunum, en spurt var hvernig það starf gengi. Ég get að sjálfsögðu vísað til ummæla hæstv. landbrh. þar um. Eins og kom fram í máli hans starfaði að þessu verkefni nefnd sem hann skipaði og var skipuð fulltrúum landbúnaðarins, einum manni úr hverju kjördæmi, og þeirri nefnd var sérstaklega falið að fjalla um framleiðslumarkmiðin sem eru að sjálfsögðu mjög stór þáttur af þessari umræðu. Ég held að það hafi verið góð vinnutilhögun að leitast við að kalla eftir tillögum bændanna þar um. Eins og kom fram í máli ráðh. áðan voru drög að þessu nál. komin fram fyrir aðalfund Stéttarsambandsins sem var haldinn síðustu daga ágústmánaðar ef ég man rétt, en nál. í heild ekki fyrr en nokkru síðar. Þar hefur því fengist ákveðin afstaða frá bændasamtökunum til þessa mikilvæga þáttar þessarar stóru spurningar.

Hitt get ég upplýst að endurskoðunarnefndin hefur verið að störfum frá því fyrir rúmu ári, m. a. voru haldnir fundir mánaðarlega í sumar í þessari nefnd. Þær tillögur, sem fram koma í nýjum verkefnasamningi ríkisstj., taka mjög mið af hugmyndum þessarar nefndar.

Það var haldinn fundur í þessari nefnd, að því er mig minnir, síðast um miðjan september. Þá var ákveðið að ekki yrði fundað aftur fyrr en eftir að þing kæmi saman, en aftur á móti voru gerðar ráðstafanir til þess að bæta enn við heimildum svo að hægt yrði að fara að ganga í að setja saman tillögur í þessu máli eftir að þing hæfist. Það er að sjálfsögðu ekki í mínu valdi að segja hvað það muni taka langan tíma, fjarri því.

Ég tek undir það, sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að hér er um gífurlega flókið mál að ræða. Framleiðsluráðslögunum hefur í rauninni ekki verið breytt síðan árið 1947 að stofni til og það er margt orðið úrelt í þeim

lagatexta, hversu mikið sem því verður nú breytt. Líka má minna á að auðvitað þurfa margir aðilar að fjalla um framleiðsluráðslögin. Þetta er vinnulöggjöf landbúnaðarins og að sjálfsögðu verður að nást sátt við þann atvinnuveg um þessar breytingar. Allt tekur þetta mjög mikinn tíma.

Hins vegar legg ég áherslu á það og get tekið undir það, að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að hraða þessari umfjöllun svo að mönnum geti gefist færi á að fjalla um málið eftir að því hefur verið skilað frá þeirri nefnd sem hefur það til meðferðar.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Hér fer auðvitað fyrst og fremst fram umræða um það frv. sem lagt hefur verið fram og mælt fyrir, þ. e. frv. um breytingar á framleiðsluráðslögunum, að sölulaun verði aldrei hærri en 2% af útflutningsverðmæti.

Ég vildi koma því að í þessari umræðu að fyrir 1965 voru þegin sölulaun af verðmæti útfluttra mjólkurafurða miðað við verðmæti þess útflutnings, en ekki miðað við óniðurgreitt heildsöluverð eins og ég hygg að raunin sé nú. Ég vil taka undir þau sjónarmið, sem ég hygg að liggi fyrst og fremst að baki þessum tillöguflutningi, þ. e. að það fyrirkomulag sem nú gildir hvetji ekki til þess að reynt sé að fá hærra verð fyrir viðkomandi vöru á erlendum mörkuðum. Á hitt er að líta að þegar t. d. er um að ræða sölu á sauðfjárafurðum, á dilkakjöti, þarf að selja fleira en aðeins lærin og hrygginn, það þarf helst að selja allan skrokkinn. Það gefur auga leið að hæst verð fæst fyrir þá hluta skrokksins sem ég nefndi. Þá leiðum við aftur hugann að því: Er einhver fáanlegur til að selja þá hluta skrokksins sem augljóslega fæst miklu, miklu lægra verð fyrir? Ég efast ekki um að flm. hefur hugað að þessu og hefur sjálfsagt uppi tillögur um hvernig því sem og öðru í þessu sambandi verði fyrir komið.

En vegna prósenta sölulaunanna ætla ég að segja nokkur orð. Svo ég taki dilkakjötið, þá hefur verið miðað við óniðurgreitt heildsöluverð að hausti. Sú verðviðmiðun hefur alla jafna gilt út viðkomandi söluár þannig að þegar dæmið hefur verið gert upp í lok söluárs hefur prósentan í raun verið 1.65% og upp í 1.85%, en ekki 2% eins og alltaf hefur verið um talað í umr. nú. Ég skal ekkert um það segja hvort þetta breytir einhverjum viðhorfum að því er varðar frv., enda gildir það mig einu.

Á liðnu þingi var aðeins vikið að útflutningi sauðfjárafurða, dilkakjöts. Þar er einmitt að því vikið að frá 15. sept. og til og með ágúst 1983 hafi ein og sama verðviðmiðunin gilt að því er varðar töku sölulauna.

Virðulegi forseti. Ég held ég fari ekki fleiri orðum um þetta atriði. Ég vil ekki gera mikið úr því hvert þetta mál fer, hvort það skuli fara til fjh.- og viðskn. Hins vegar læt ég mér til hugar koma að ástæðan fyrir þeirri till. að málinu skuli vísað til fjh.- og viðskn. séu atvikin á liðnu vori, ég geri frekar ráð fyrir því. En enda þótt svo fari að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. munum við í hinni frægu endurskoðunarnefnd um framleiðsluráðslögin — og ég á þann heiður að sitja í nefndinni og hv. 11. landsk. þm., hann kemur mikið við sögu í þessu máli öllu, — ekki gleyma afurðasölumálunum eins og útflutningnum á landbúnaðarafurðum og hvernig honum verður best fyrir komið, m. a. með tilliti til þeirrar þóknunar sem aðilar fá fyrir umfjöllun á þeim varningi, enda þótt mótuð hafi verið framleiðslustefna, ef ég má svo að orði komast. Við hv. 11. landsk. þm. biðum nú nokkuð eftir henni því að þar þurftu að okkar dómi óhjákvæmilega fleiri menn að koma við sögu en ágætir nm. í endurskoðunarnefnd framleiðsluráðslaga. Við vildum að fleiri bændur tækju þátt í þeirri stefnumörkun en við hv. þm. Egill Jónsson. (**EJ:** Það mundi nú duga.) Já. — Það varð að ráði að bíða eftir áliti og óskum heildarsamtaka landbúnaðarins, ekki síst með tilliti til þess að við værum sem flestir saman ábyrgir fyrir því sem væri verið að gera, og kannske ekki síst til að ítreka þann vilja okkar hv. 11. landsk. þm. að um þessi mál myndaðist þjóðarvilji. Ég vona að hv. 2. þm. Austurl. misskilji ekki fyrri hluta orðsins og niðurlag raunar líka.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. hafa komið að, að endurskoðun framleiðsluráðslaganna þurfi að hraða. Ég vil endurtaka að forsendan fyrir skynsamlegum vinnubrögðum og forsendan fyrir því að gera eitthvað í þeim málum var óhjákvæmilega að marka heildarramma. Það er tilgangslaust að setjast niður og lesa saman lagatexta án þess að vita hvert menn stefna. En ég vil þó vara við því að menn séu of bráðlátir. Við skulum ekki gleyma því að við ætlum að vanda það sem lengi skal standa þó ég sé ekki þar með að segja að þessi endurskoðun verði gerð af slíkum myndugleik að hún muni standa á meðan land rís úr sæ. Það má enginn taka það þannig. Flest mannanna verk verða ævinlega til endurskoðunar með tilliti til framþróunar.

Ég geri frekar ráð fyrir að það komist meiri skriður á þessa endurskoðun en hingað til hefur verið af ástæðum sem þegar hafa verið tíundaðar og ég vænti þess að menn skilji.

Það má e. t. v. segja að mesta vandaverkið fyrir margumrædda endurskoðunarnefnd framleiðsluráðslaga sé að leitast við í sínum tillöguflutningi að standa að þessu máli öllu þannig að samdrátturinn verði ekki einn og sér, heldur komi eitthvað í staðinn. Það fer ekki hjá því að við verðum að hafa hugfast að framleiðslustefna í hefðbundnum búgreinum, sem sett hefur verið fram, varðar ekki einvörðungu bændur. Það er langt frá því. Þessi mál öll varða í mjög ríkum mæli fjölmörg byggðarlög og afkomu þeirra. Þetta veit ég að öllum hv. alþm. er fullkunnugt um. Þess vegna er mikilvægt að í öllu þessu starfi myndist ríkur skilningur fyrir því að þarna þarf eitthvað að koma í staðinn sem fólkið hefur atvinnu við, en jafnframt þokkalega lífsafkomu af.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að fara út í almennar umræður um landbúnaðarmál. Hér var fyrst og fremst verið að tala um einn lítinn þátt, en þó nokkuð stóran samt, þátt sem ekki má gleymast, söluþóknun af útflutningi landbúnaðarafurða. Þrátt fyrir að stefna hefur verið sett fram um samdrátt af því tagi að framleiðsla hefðbundinna landbúnaðarafurða verði í sem ríkustum mæli miðuð við innanlandsþarfir er augljóst að um nokkur næstu ár — raunar felur stefnan það í sér — verði töluverður útflutningur á landbúnaðarafurðum. Því er nauðsynlegt að huga að þessu máli.

Mér skildist á hv. þm. Stefáni Benediktssyni — og er ég þá að lesa milli línanna — að þessi prósenta sé í sjálfu sér ekki aðalatriðið. Prinsippið er það að taka prósentu af söluverðmæti útflutnings. 2% eru ekki föst í hendi hv. þm. ef ég skil hann rétt. Og ég sé að hann kinkar til mín kolli.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. *forseti*. Hv. 5. þm. Vesturl. sagði að hann legði ekki mikið upp úr því til hvaða n. þessu frv. yrði vísað. Ég verð að gera þá játningu að ég legg það mikið upp úr því að ég kvaddi mér hljóðs til þess eingöngu að ræða það atriði en ekki frv. efnislega. Og það er að gefnu tilefni. Það er af því sem hv. flm., hv. 8. þm. Reykv., sagði um sinn skilning á þingsköpum sem varðar þetta efni. Ég vil halda því fram að þau sjónarmið, sem hann túlkaði, byggist á misskilningi.

Það eru ótvíræð ákvæði þingskapa um þetta efni og það er ótvíræð framkvæmd þingskapa alla tíð um þessi efni. Það kemur stundum fyrir, en það er ákaflega sjaldan, að það getur orkað tvímælis til hverrar n. á að vísa ákveðnu máli. En í þessu tilfelli getur það ekki orkað tvímælis þar sem um er að ræða frv. sem varðar eina aðallöggjöf landbúnaðarins. Það hlýtur að eiga að vísa slíku máli til landbn. Það er í samræmi við 15. gr. þingskapa þar sem talað er um að hvor þingdeild skuli kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir *mála, þ. e. hver n. á að fjalla um sína tegund mála*. Ég tel að ekki skipti máli í þessu sambandi hvort það er frv. til heildarlöggjafar eða frv. til breytinga á löggjöf eins og hér er um að ræða.

Ég vek svo athygli á því að ef það væri horfið frá þessari venju, að hafa fastbundið í hvaða n. mál eigi að fara, þá yrði harla erfitt að framkvæma það ákvæði þingskapa í sömu grein þar sem gert er ráð fyrir að venja sé sú að sama máli sé vísað til sömu n. í báðum deildum. Það yrði erfitt að framkvæma það ef breytt yrði þeirri framkvæmd sem verið hefur.

Auk þess er þess að geta að það getur ekki verið sjálfgefið, þó að eitthvert frv. feli í sér útgjöld fyrir ríkissjóð, í hvaða formi sem kann að vera, að það frv. eigi að fara til fjh.- og viðskn. Það eru hreinustu undantekningar ef frv. fela ekki í sér einhver útgjöld í einhverri mynd. Ef slíkri reglu væri framfylgt er ég hræddur um að það yrði yfirþyrmandi starf hjá fjh.- og viðskn. og harla lítið að gera í öðrum n.

Hv. 8. þm. Reykv. vísaði til stjórnarskrárinnar, að því er mér virtist, til stuðnings sjónarmiðum sínum og nefndi 40. gr. stjórnarskrárinnar og 41. gr. Ég tel að það sé fráleitt að hægt sé að leita neins stuðnings í *stjórnarskrá ríkisins fyrir þeirri skoðun sem hv. þm.* setti fram varðandi afgreiðslu á þessu frv. í n. Ef hv. þm. vill meina að mál sem heyra undir 41. gr. stjórnarskrárinnar eigi að fara til fjh.- og viðskn. — *ég skildi* hann svo — þá er það misskilningur því að samkvæmt þingsköpum mega engin mál sem heyra undir 41. gr. stjórnarskrárinnar fara í fjh.- og viðskn. Samkvæmt þingsköpum eiga þau öll að fara í fjvn.

Ég skal ekki fara að ræða hér um það hvort æskilegt væri að breyta þeim reglum sem hafa gilt. Það þarf að breyta ýmsu í þingsköpum og það vinnur sérstök n. að því verki. En mér fannst það liggja í orðum hv. 8. þm. Reykv. að hægt væri að breyta framkvæmd þingskapa í þá átt sem hann var að túlka. Ég tel að það sé ekki hægt nema með því að breyta þingsköpum, en það verður ekki gert nema með lögum.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki fara að efna til allsherjarumr. um þetta þó að ræða mín í upphafi hafi sennilega orðið til þess að kveikja þessa ágætu umr., enda er eins gott að við aðhöfumst hér eitthvað á meðan þeir tala í neðra um hin alvarlegri málefni. Vissulega er hér alvörumálefni á ferð, sem nú eru komin hér til umr., það er að segja um landbúnaðinn *í heild sinni, sem hefur nokkuð verið hér til umr.*, en ég skal ekki fara út í þá umr., hún kemur seinna.

Ég ætla ekki heldur að fara út í mikla umr. við minn ágæta vin, hv. 11. landsk. þm., allra síst að fara að rifja upp framboðsfundina okkar eystra ásamt hv. 4. þm. Austurl,. sem hér er einnig til vitnisburðar um það hvernig þeir fóru fram, en ég væri alveg til í að rifja upp svo sem eins og einhver loforð og því um líkt úr þessum ræðustól og efndir, ef hv. 11. landsk. vill fara í keppni um það, því hann hefur haft góð tök á því að standa að efndum á einu og einu loforði a. m. k. Við skulum ekki fara út í það.

Ekki geri ég lítið úr þeirri viðkvæmni sem bar á hjá hv. 11. landsk. þm. út af þeirri stefnumörkunarnefnd um landbúnaðarmál sem ég starfaði í. Og vissulega var mikil ánægja að starfa í þeirri nefnd út af fyrir sig, m. a. vegna samstarfs við þá mörgu sem þar komu að verki. *En ég geri mikinn mun á hvort ríkisstj.* er að setja fram stefnumörkun í þingsályktun, sem þarf svo að framkvæmast með þeim hætti að breyta þarf ótal lögum svo *hún geti komist í framkvæmd*, eða hvort um beina lagaendurskoðun er að ræða þar sem fjallað er um öll hin þýðingarmestu mál sem t. d. lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins eru, *óneitanlega, varðandi bændastéttina* og landbúnaðinn í heild. Hv. 11. landsk. þm. ítrekaði reyndar áðan að hér væri um mikinn stofn að lagasetningum fyrir landbúnaðinn í heild að ræða.

Ég ber þetta ekki saman, þó að ég segi að þessi stefnumörkunarnefnd hafi unnið ágætt starf sem nefnd til þess að gera till. til þál. um stefnumörkun af hálfu þeirrar ríkisstj. sem þá sat, því að nú eru menn að endurskoða heildarlöggjöfina sem mestu skiptir um landbúnaðinn í landinu. Ég tel að í slíkri lagaendurskoðun, hvort sem það er á vegum þessarar ríkisstj. eða annarra, eða á stórum og viðamiklum lagabálkum eigi fleiri að að koma en stjórnarsinnar einir. Í mjög veigamiklum atriðum hefur þessari reglu verið fylgt. Það eru hins vegar undantekningar nú ef það hefur verið gert. Ég man í svipinn ekki eftir nema einni nefnd, sem ég geri ekki lítið úr, sem hæstv. samgrh. skipaði á s. l. ári til að endurskoða flugmál okkar, þar sem hann valdi stjórnarandstæðing til setu í þeirri nefnd, en vel kann að vera að einhverjir ráðh. hafi einhvern tíma *orðið þess varir að til var stjórnarandstaða* sem gæti kannske m. a. lagt þeim lið í vandasömum málum varðandi lagasetningu. Ekki mundi af veita.

Það koma réttilega fram hjá hæstv. landbrh. að þeim markmiðum, sem minnt var á hérna að ná ætti í þjóðhagsáætlun, yrði ekki náð nema að undangenginni ærinni vinnu. Ég segi þegar ég les þetta yfir, var ekki búinn að því áður, að það hljóta að vakna margar spurningar um bæði 1. og 2. töluliðinn, um það hvernig ná megi mjólkurframleiðslu og kjötframleiðslu niður með þeim hætti sem þar er greint frá. Það er spurning um byggð í landinu, spurning um það hvernig eigi að tryggja afkomu þess fólks sem er í sveitum nú þegar, hvort það eigi að beina því yfir á yfirfullan vinnumarkað í þéttbýlinu eða hvort útvega eigi því önnur atvinnutækifæri. Það er ekki fljótgert. Það hefur reynslan sýnt hvað sem líður góðum vilja varðandi aukabúgreinar og annað. Hér er ekki um neina fljótfærnisvinnu að ræða,

síður en svo, og menn ná þessu ekki á stuttum tíma nema á verði veruleg byggðaröskun og veruleg röskun fyrir afkomu og kjör þess fólks sem í sveitunum býr.

Ég ætla ekki að fara út í efnisumr. um þetta mikla mál, en hæstv. landbrh. kom inn á nokkur þeirra atriða sem skipta verulegu máli, eins og t. d. markaðsleitina. Það er rétt að markaðsleit hefur verið framkvæmd af ýmsum. Menn hafa farið út um lönd og athugað með markaði fyrir landbúnaðarafurðir okkar. Ég efast ekki um að þar hafi farið menn með góðum hug og viljað vinna virkilega vel, en ég man eftir því að hv. 4. þm. Austurl. benti á það í fyrra í framsöguræðu fyrir öðru þingmáli að það væri ekkert smávandaverk sem þeir menn tækju að sér sem leituðu markaða og þeir þyrftu að vera virkilega vel læsir á vinnubrögð og þá mikilvægu vinnu sem í þetta þyrfti að leggja. Ég efast um að við höfum komið þessu þannig á framfæri að það hefði getað dugað sem þurft hefði. Ég er þó ekkert að gera lítið úr þeim aðilum sem hafa verið að reyna þetta — ég vil segja: hafa stundum verið að baksa við þetta.

Síðan kemur hæstv. landbrh. að mótun framleiðslustefnunnar og segir að þar sé grunninn að finna með nýrri stjórnun, með nýjum stjórntækjum. Menn hafa þau nú þegar og vita að þau hafa ekki reynst á þann veg sem menn ætluðust til og vonuðust til að yrði. Ég held að áður en þau stjórntæki verða tekin í notkun þurfi svo sannarlega að mörgu að hyggja. Og ég veit að ekki mun hv. 11. landsk., þrátt fyrir hans orð áðan, verða meinsmaður þess í stjórnarliðinu að hæstv. landbrh. leiti til okkar stjórnarandstæðinga þegar verður farið að leggja þennan heildargrunn að framtíðarstefnu í landbúnaði með beinni og ótvíræðri lagasetningu — ekki tillögu um stefnumörkun, ekki þáltill., heldur beinni og ótvíræðri lagasetningu um framtíð þessa atvinnuvegar.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Úr því að hv. 4. þm. Vestf. talaði beint til mín úr ræðustól hefði mig gjarnan langað til að fá hann hingað í salinn ef þess væri kostur. (**Forseti:** Það er verið að sækja hv. 4. þm. Vestf.)

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, af því að orðum hv. 4. þm. Vestf. var beint beint til mín, taldi ég nauðsynlegt að koma hingað upp. Það er háttur okkar, sem eldri eru, að tala oft til þeirra yngri með þeim hætti að afsaka misgjörðir þeirra sem misskilning og sýna þeim þá þannig ákveðinn velvilja. Skilningur minn á stjórnarskrá og þingsköpum þarf ekki endilega að vera misskilningur þó hv. 4. þm. Vestf. þyki svo.

Nú er það þannig að við þekkjum báðir til sögulegrar tilurðar nefnda á Alþingi þannig að við þurfum ekki að rifja þá sögu upp. Stjórnarskráin fjallar ekki um nefndarstörf Alþingis. Það er okkur báðum fullkunnugt um. Nefndirnar verða til vegna þeirra verkefna sem hrannast upp og nauðsynlegt þykir að vinna með þeim hætti sem þær gera. Það er ákveðin hliðstæða milli þeirra n. sem starfa í Sþ. og þeirra n. sem starfa í þd. Sams konar n. starfa þar með allmiklu samræmi að undanskilinni atvmn. sem fjallar um þó nokkuð stóra og marga málaflokka. Hliðstæða fjvn. Sþ. eru fjh.- og viðskn þd. Það er þannig að þingsköp fjalla sáralítið um hlutverk þessara n. eða verksvið að öðru leyti en því sem sagt er um störf n. í Sþ. og að í þingsköpum stendur um þdn. ekkert annað en það að hvor þd. skuli og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála og skuli það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar, þ. e. kjósa. Þá er spurningin um túlkun tegundar mála og þar sem það er mín túlkun að hér sé um gjaldamál að ræða legg ég til að það fari til fjh.- og viðskn. Ef það er túlkun manna að tegundir mála fari eftir því hvort það stendur í heiti málsins landbúnaður, útvegur eða eitthvað annað get ég fallist á að það verði að vísa þeim til þeirra n. sem sams konar heiti bera. Ég verð að beygja mig fyrir þeirri röksemd hv. 4. þm. Vestf. að þá eigi síður við að vísa málum þvers og kruss, þ. e. hafi mál farið áður til einhverrar n. sé eðlilegt að það fari til hennar aftur. Má þá minna á það að afgreiðsla þessa máls í fyrra var með þeim hætti að ég lagði til að það færi til hv. fjh.- og viðskn. og þd. ákvað að það færi til hv. landbn.

Í sambandi við orð hv. 4. þm. Vestf. um rökstuðning minn við stjórnarskrá hef ég ekkert annað að segja en að hann hefði kannske átt að hlusta eilítið betur á það sem ég sagði. Ég sótti engan annan stuðning í stjórnarskrána en þann að með lögum skyldi ákveða gjöld og útgjöld ríkisins og síðan að ákveðnar sögulegar forsendur réðu því hvernig störf hefðu skipast hér á þingi og það væri einfaldlega mín skoðun að á meðan fjvn. Sþ. og fjh.- og viðskn. deilda væru starfandi ættu þær að fjalla um gjöld og útgjöld á vegum ríkisins. Það kann vel að vera að í allflestum tilfellum þurfi lög eða lagafrv. útgjalda af hálfu ríkisins eða gjaldtöku, en það ætti ekki að breyta því að þau mál þyrfti að skoða með tilliti til heildarafkomu ríkissjóðs. Það getur náttúrlega hugsast, og það finnst mér réttmætur skilningur, að n. fjalli um málasvið eins og landbúnað og útveg eða annað því um líkt eins og nöfn þeirra gera ráð fyrir í þingsköpum, en þá mætti líka spyrja hvort fjh.- og viðskn. ætti yfir höfuð að fjalla um nokkuð annað en skattamál eða þá það sem viðkemur gerð fjárlaga. Þessir hlutir eru ekki fastákveðnir. Ákveðnar starfsvenjur hafa skapast. Ekki hafa verið dregnar neinar ákveðnar línur með samþykktum hér í þd.

Ég má minna á það máli mínu til stuðnings að ef menn höfða til starfsvenja er þó nokkuð löng hefð fyrir því hér á þingi að málum sé vísað til n. með tilliti til þess í hvaða n. flutningsmaður situr. Má segja að hliðrað sé til með tilliti til þess að hann hafi áhuga á því að fjalla um málið í þeirri n. sem hann situr í þó að málið heyri henni ekki nákvæmlega til samkv. skilgreiningu.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu óþarfi að teygja þessar umr., en það var einkum út af orðum hv. þm. Helga Seljan sem mér fannst eðlilegt að ég kæmi skýringum mínum á framfæri.

Hann leitaðist við að bjarga sér út um bakdyrnar frá þeim samanburði sem ég gerði á starfstilhögun fyrrv. og núv. ríkisstj. með því að leiða rök að því að annaðhvort væri um að ræða þáltill. eða frv. Það sem skiptir máli er að í ákvæðum stjórnarsáttmála beggja ríkisstj., fráfarandi og núverandi, var kveðið á um með hvaða hætti skyldi farið með afgreiðslu á landbúnaðarmálum. Fyrrv. ríkisstj. setti það inn í sinn stjórnarsáttmála að stefnan í landbúnaði skyldi ákveðin með þál. frá Alþingi. Hún var, eins og við vitum, samin af nefndinni sem ég vitnaði í og var einmitt fengið það hlutverk. Núv. ríkisstj. ákvað hins vegar í sínum stjórnarsáttmála að stefnan í landbúnaði skyldi mótuð með endurskoðun á framleiðsluráðslögunum. Hér er þess vegna um sama

efni að ræða. Það hlýtur að vera öllum mönnum ljóst, eins og ég hef þegar tekið fram, að þótt stjórnarflokkarnir komi sér niður á meginstefnu í landbúnaðarmálum í frv.-formi er eftir öll umfjöllun úti í þjóðfélaginu og hér á Alþingi. Það er því ekki eins og það sem þar kemur fram verði eitthvert leyniplagg og fjarri því að ég hafi andúð á að um þau mál verði nákvæmlega fjallað hér á Alþingi, eins og hv. þm. tók reyndar fram.

Ég sé ekki ástæðu til að fara efnislega út í umr. um þessi mál. Það komu ýmsar ágætar ábendingar fram hjá hv. þm. Helga Seljan sem ég er honum alveg sammála um. Það er m. a. spurningin um hvernig þetta verður fléttað saman þannig að ekki hljótist af röskun byggðar. Það er skilmerkilega tekið fram í endurnýjuðum stjórnarsáttmála að séð verði fyrir því að inn í landbúnaðinn komi atvinnutækifæri til móts við þann samdrátt sem orðinn er. Hins vegar má segja að samdrátturinn eins og hann er í dag sé orðinn nægur. Það er annað mál að fallið hafa út úr landbúnaðarframleiðslunni mikil verðmæti sem stórlega hafa rýrt og rýra tekjur sveitafólks eins og er. Það er mjög stórt mál og blandast inn í þessa umr. Það er ekki svo ýkjamikið sem út af stendur um þessar mundir að hafa þurfi sérstakar áhyggjur af, ef ekki þyrfti að hugsa fyrir öðru en því sem þar er um að ræða. Hins vegar er staðan í landbúnaðinum þannig og verðmætasamdrátturinn, sem þar hefur orðið, með þeim hætti að hyggja þarf líka að fortíðinni. Þetta vona ég að verði hægt að ræða hér og helst sem fyrst.

Ég tek heils hugar undir þau ummæli hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar að það beri að hraða frágangi að tillögum um endurskoðun á framleiðsluráðslögunum og þótt annasamur tími sé fram undan hér á þingi, eins og gjarnan er fram að áramótum, vildi ég leggja mitt af mörkum til að þeim störfum yrði hraðað þannig að sem fyrst lyki og annar þáttur þeirrar umræðu gæti hafist, bæði í samtökum bænda og reyndar víðar í þjóðfélaginu og eins á hinu háa Alþingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykv. vék nokkrum orðum að því sem ég sagði hér áður um skilning minn á því til hvaða þingnefndar ætti að vísa því máli sem við nú ræðum. Hv. þm. lét þess getið að það kæmi stundum fyrir að þegar skiptar væru skoðanir væri sagt að það væri misskilningur á ferðinni og ég mundi hafa sagt það af góðvilja þegar ég notaði orðið „misskilningur".

Ég kem hér aðeins til þess að staðfesta að þessi tilgáta hv 8. þm. Reykv. er rétt. Að sjálfsögðu gat ég sagt að hans skoðun væri röng, en ég orðaði það svo að þetta væri misskilningur.

Ég hef þegar tjáð mig um málið og sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 13:4 atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Ingvar Gíslason): Dagskrá þessa fundar er býsna löng, 14 mál eru á dagskránni. Eigi að síður stendur svo á að tveir hv. þm. hafa óskað eftir því að mega segja hér nokkur orð utan dagskrár. Hef ég orðið við þeirri beiðni gegn því að þeir ráðherrar, sem hv. þm. ætla að beina máli sínu til, séu því samþykkir og svo mun vera. En ég vænti þess að þær umr. sem nú munu hefjast þurfi ekki að verða úr hófi fram á lengdina. Hugsun mín er sú að fyrst og fremst tali þeir hv. þm. sem þegar hafa óskað eftir því að hreyfa hér málum utan dagskrár og síðan viðkomandi ráðh., en úr því verði umr. sem allra stystar og vonandi gætu menn orðið við beiðni minni um að þær yrðu nánast engar.

Hv. 2. landsk. þm. hefur óskað eftir að taka til máls utan dagskrár og beina máli sínu til hæstv. menntmrh.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta Nd. fyrir að gefa mér orðið hér utan dagskrár um málefni sem ég tel brýnt að hæstv. menntmrh. geri hér grein fyrir í þessari utandagskrárumr. Ég vil einnig þakka hæstv. menntmrh. fyrir að verða við beiðni minni sem ég bar fram við hæstv. ráðh. og forseta Nd. í gær. Tilefni hennar er þetta:

Í umr. um skýrslu ríkisstj. um kjaradeilurnar í s. l. viku ræddi hæstv. fjmrh. um vinnuskyldu kennara. Í ummælum fjmrh. kom fram mjög villandi lýsing og rangfærslur á vinnuskyldu kennara. Ummæli hæstv. ráðh. hafa vakið mikla reiði og hneykslan og ljóst er að þau ummæli eru síst til þess fallin að greiða fyrir lausn þeirrar erfiðu kjaradeilu sem nú stendur yfir.

Í ummæium ráðh. kom eftirfarandi fram með leyfi forseta og vitna ég orðrétt í ræðu hæstv. fjmrh.:

„En ef kennarar gera kröfur til þjóðfélagsins, þá verða þeir líka að þola að þjóðfélagið geri kröfur til þeirra. Hverju skila kennarar? Það er 30 stunda vinnuvika," sagði hæstv. ráðh.

Hér er því blákalt haldið fram af hæstv. fjmrh., sem fer með samningamál fyrir hönd ríkisstj. við kennara, að kennarar skili aðeins 30 stunda vinnuviku. Að auki taldi hæstv. ráðh. að kennarar hefðu að lágmarki þriggja mánaða sumarfrí. Orðrétt sagði síðan hæstv. fjmrh. með leyfi forseta:

„Það er bara miklu, miklu meiri vinnuskylda fyrir þm. heldur en kennara. Ég get talið upp að það er ekki nema um það bil helmingur af árinu sem kennarar vinna," sagði hæstv. ráðh. Og áfram hélt ráðh.: „Við skulum bara setja þetta niður á blað fyrir okkur. Verkamaðurinn, sem fær ekki fyrirframgreidd laun, verkamaðurinn, sem þarf að vinna heila viku og bíða aðra viku til að fá fyrri vikuna greidda, verður að skila sínum 60 mínútum á klukkutíma. Hann verður að skila sínum sköttum og skyldum til hins opinbera til að standa undir bákninu. Við skulum bara átta okkur á því, að við erum búnir að skapa hér forréttindastéttir, sem íslenskt þjóðfélag þolir ekki, og það er kominn tími til að einhver tali þannig að þeir skilji það."

Hvað á hæstv. fjmrh. við? Á hann virkilega við að kennarastéttin sé forréttindastétt í þessu landi? Þessi ummæli þurfa auðvitað skýringa við af hálfu hæstv. fjmrh. Og áfram hélt hæstv. fjmrh. með leyfi forseta. Hann sagði:

„Ef kennarar í þessu tilfelli gera áframhaldandi kröfur, sem þeir eiga fullan rétt á að gera innan sanngirni, þá verða þeir að vera fullkomlega viðmiðunarhæfir við aðra í þjóðfélaginu.“ Hér var gripið fram í í umr. og spurt: Eru þeir það ekki? Og hæstv. fjmrh. svarar með leyfi forseta: „Nei, þeir eru það ekki að mínu mati.“

Hér er heilli stétt, kennarastéttinni, rúmlega 4 þús. launþegum í þessu landi, borið það á brýn að vera ekki viðmiðunarhæf við aðrar stéttir í landinu. Þetta eru stór orð, hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Hér hefur á hv. Alþingi verið felldur af hæstv. fjmrh. þungur áfellisdómur um stétt kennara og farið með rangfærslur um vinnuskyldu þeirra. Í BSRB-tíðindum, sem komu út í dag, er grein sem ber yfirskriftina „Vanþekking og fordómar fjármálaráðherra.“ Í þeirri grein eru tilvitnanir og örfá dæmi um viðbrögð manna víðs vegar af landinu vegna ræðu Alberts Guðmundssonar hæstv. fjmrh. á Alþingi um vinnutíma kennara. Þar kemur eftirfarandi fram með leyfi forseta:

„Fólk er mjög reitt. Tímabært að veifa uppsögnum.“

„Grimmileg árás á eina stétt.“

„Það á að lögsækja manninn fyrir meiðyrði.“ — „Öllum viðræðum um kjaramál verði hætt þar til ríkisstjórn Íslands hefur skipað nýjan mann í embætti fjmrh.“

Þessi ummæli sýna í hnotskurn hve gífurlega reiði og hneykslan þessi ummæli og rangfærslur ráðh. hafa vakið hjá fólkinu í landinu, ekki síst hjá kennarastéttinni sjálfri. Ljóst er að í þeim viðkvæmu kjaradeilum sem nú standa yfir geta slík ummæli haft alvarleg áhrif. Ég tel því brýnt, herra forseti, að hæstv. menntmrh., sem fer með yfirstjórn menntamála í landinu, segi álit sitt á ummælum hæstv. fjmrh. og verji þar með heiður kennarastéttarinnar, eins og kennarar hafa óskað eftir að hæstv. ráðh. geri.

Ég beini því einnig til hæstv. menntmrh. að hún leiðrétti þær rangfærslur sem uppi voru hafðar af hæstv. fjmrh. um þetta mál og geri Alþingi og þjóðinni grein fyrir hinu rétta um vinnuskyldu kennarastéttarinnar. Ég beini þessu hér með til hæstv. menntmrh. og efa ekki að hæstv. ráðh. muni gera Alþingi skilmerkilega grein fyrir áliti sínu á þessum ummælum ráðh. og hver sé vinnuskylda kennara.

Herra forseti. Þar sem hér er um augljósar rangfærslur að ræða, auk þess sem þær geta haft slæm áhrif á allan gang mála í samningaviðræðum, þá óska ég jafnframt eftir því og tel eðlilegt að hæstv. fjmrh. dragi til baka úr þessum ræðustól ummæli sín sem hann viðhafði í s. l. viku um vinnuskyldu kennara. Það verður að vænta þess að hæstv. fjmrh. vilji hafa það sem sannara reynist í þessu máli.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., spyr vegna ummæla hæstv. fjmrh. Þar eð hann er hér nú sjálfur staddur þykir mér eðlilegra að hann gefi sjálfur þá skýringu sem þurfa kann eða einhverjum kann að finnast þurfa á hans ummælum. Ég er ófáanleg til þess að fjalla um ummæli annars ráðh., síst þegar hann er hér staddur. Mér finnst eðlilegt að hann fái sjálfur tækifæri til að skýra mál sitt. Hinu mælist ég ekki undan, að skýra mitt viðhorf til þessara mála, sem fellur raunar saman við það viðhorf sem ég held að ríkisstj. í heild hafi, og það er ósköp einfaldlega á þann veg að við teljum að fram þurfi að fara nýtt starfsmat á kjörum kennara. Það þarf að fara fram starfsmat sambærilegt við aðrar stéttir og það þarf að líta á kjör og stöðu kennara með hliðsjón af ábyrgð þeirri og menntun sem á bak við starfið er.

Ég er þeirrar skoðunar að eins og mál standa núna sé það, vegna þess vanda sem fjöldi heimila í landinu á nú við að etja vegna verkfallsins, mjög slæmt að kynda eldana sem nú eru undir því ósamkomulagi öllu. Ég held einmitt að við eigum að reyna að reifa málin rólega og stuðla að því að samkomulag náist. Það gerist ekki með stóryrðum og reiði. Það gerist með skýrum viðræðum við samningaborðið.

Ég hygg að það eigi eftir að koma fram að e. t. v. hafi eitthvað verið misskilið í þeim ummælum sem hér hefur verið vitnað til. En hitt hefur ekki komið fram nema hér á Alþingi — og raddir héðan berast ekki víða þessa dagana nema skýrt sé frá þeim í Ríkisútvarpinu. — Það kom hins vegar ekki fram í fréttum Ríkisútvarpsins, sem tíunduðu margumrædd ummæli hæstv. fjmrh., að hér höfðu bæði ég og fleiri þm. uppi ummæli um kjör og stöðu kennara, sem öll hnigu í þá átt sem ég lýsti áðan, að það þyrfti að fara fram nýtt mat á stöðu og kjörum kennara í samræmi við menntun þeirra og ábyrgð.

Ég vil skýra frá því að nú fyrir nokkrum dögum kom formaður Kennarasambands Íslands að máli við mig vegna þeirrar stöðu sem nú er. Hann minntist m. a. á eitt mjög mikið áhugamál kennara, löggildingu á starfsheiti. Ég tjáði honum að ég væri fús til þess að vinna að undirbúningi slíks máls og það mætti hann segja félögum sínum. Ég veit ekki hvort þetta hefur borist víða til kennara, en ég tel að þetta atriði skipti máli. Svo hefur mér a. m. k. heyrst í ýmsum ályktunum sem frá kennurum hafa komið að undanförnu og nú um nokkuð langan tíma. Ég veit að það er nokkur vandi að standa að slíkri löggjöf, en það hefur verið gert. T. d. var á síðasta þingi löggilt starfsheitið bókasafnsfræðingar, þannig að skýrt var að einungis þeir sem höfðu tiltekna menntun mættu bera það starfsheiti. Eitthvað svipað væri hægt að gera að því er grunnskólakennara varðar, en það eru fyrst og fremst þeir sem óskað hafa þess að þessi leið yrði farin. Og vel má vera að það gæti stuðlað að því að kjör þeirra væru metin með réttmætum hætti. — Þetta eru aðalatriðin sem ég vildi láta koma fram í þessu sambandi.

Það liggur auðvitað ljóst fyrir að um vinnuskyldu kennara gilda tiltekin ákvæði í kjarasamningi BSRB og BHM, sem eru grundvölluð á sérstökum útreikningum og miða við ársvinnutíma opinberra starfsmanna. Þessum útreikningum hefur á engan veg verið breytt og þetta liggur fyrir í opinberum skjölum þannig að það atriði þarf ekki sérstaklega að tíunda. Það er ekki spurning um viðhorf, heldur um staðreyndir. Það sem stendur í kjarasamningum um þetta og ætla ég að gera grein fyrir er m. a. að árlegur vinnutími kennara er sá sami og annarra opinberra starfsmanna eða um 40 klst. á viku allt árið, 1800 klst. alls. Þar sem skólar starfa ekki allt árið skiptist vinnutími kennara með öðrum hætti niður á vikur en vinnutími annarra stétta, þannig að vinnuvika þeirra er mun lengri þann tíma er skólarnir starfa og þeim er skylt að starfa nokkuð utan skólatíma eins og fram kemur af því sem nú skal greina.

Grunnskólar, 1.—9. bekkur, forskóli og skólar og stofnanir fyrir þroskahefta með starfstíma frá 1. sept. til 31. maí, 36. vikur. Þá skiptist starfstími kennara þannig:

a) Viðverutími, þ. e. kennsla og önnur störf í skólanum, 32.5 klst. á viku í 36 vikur. Þessi tími skal inntur af hendi í skólanum og innifelur kennslu, vinnuhlé, kaffihlé og störf í þágu skóla, þ. e. viðtalstíma, umsjón með bekk, námsmat, skýrslugerðir, kennarafundi, foreldrafundi, samstarf kennara o. fl. skv. ákvörðun skólastjórnar, sem er skólastjóri og kennararáð. Af *viðverutíma er heimilt að binda allt að* 3 klst. á viku á stundaskrá, kennarafundi og viðtalstíma.

b) Undirbúningur undir kennslu er 13 klst. og 15 mín. á viku skv. þessu á starfstíma skólans. Kennari við grunnskóla skilar því samtals á hverri starfsviku skólans í 36 vikur 45 klst. 45 mín. Þetta nægir ekki til að fylla þær 1800 klst. sem gert er ráð fyrir að opinberir starfsmenn vinni á ári. Þar á vantar 153 klst. en þær er gert ráð fyrir að kennarar vinni utan starfstíma skólans, t. d. með því að sækja endurmenntunarnámskeið.

Að því er varðar framhaldsskólana, þá er það svo um bóklegar greinar að a) viðverutími, þ. e. kennsla og önnur störf, er talinn 28 klst. og 20 mín. á viku af árlegum starfstíma skólans skv. samningi þessum og b) undirbúningur undir kennslu 20 klst. og 50 mín. Í verklegum greinum er það 1) 34 klst. og 15 mín. viðverutími. Það er kennsla o. fl. sem ég taldi upp áðan. Og svo 2) undirbúningur undir kennslu 14 klst. og 55 mín. Undirbúningur undir kennslu utan árlegs starfstíma skólans er svo að því er framhaldsskólana varðar 160 klst. Hér er gert ráð fyrir að starfstími framhaldsskóla sé 34 vikur á ári og að vinnutími framhaldsskólakennara sé alls 48 klst. og 10 mín. á viku.

Þetta eru þær tölur sem gilda skv. kjarasamningi BSRB og BHM *um vinnutíma kennara og hafi menn* misskilið einhver ummæli annarra ráðh. um það á einhvern hátt eða þau hafi ekki verið nægilega skýrð í umr., þá vonast ég auðvitað til að þær skýringar komi fram. En mig langar, áður en ég fer hér úr þessum *ræðustóli, að hvetja til þess að menn fjalli um* þessa hluti á þann veg að að því sé stuðlað að samkomulag náist, þannig að við getum öll við unað, þannig að við náum því markmiði að halda kjörum fólksins bærilegum — að við bætum það sem þarf að bæta og umfram allt að við missum ekki efnahagslíf þjóðarinnar út í það fen sem verður öllum að tjóni um langan tíma.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í dag frá launadeild, fjmrn., þá hefur kennsluskylda breyst frá árinu 1975 þannig: Í forskóla og 1.— 6. bekkjar grunnskóla (áður barnaskóla) úr 36 kennslustundum (45 mínútna) á viku í 30 kennslustundir (40 mínútna) á viku. Í 7.—9. bekkjar grunnskóla (áður gagnfræðaskóla) úr 30 (45 mínútna) kennslustundum í 29 (40 mínútna) kennslustundir. Í framhaldsskólum er þetta misjafnt, í sumum úr 30 (45 mínútna) kennslustundum í 26 (40 mínútna) kennslustundir. Í öðrum, t. d. menntaskólum og hliðstæðum skólum, úr 27 kennslustundum (45 mínútna) í 26 (40 mínútna) kennslustundir. Þetta eru þær tölur sem ég hef nýjastar og svara fyrir mína hönd því sem hér er til umr. hvað þetta atriði snertir. Aftur á móti hef ég fengið bréf, dags. í fyrradag, fékk það nú í morgun, þar sem Bandalag kennarafélaga segir og vitna ég þá með leyfi forseta í bréfið: „Á starfstíma skóla skila kennarar 46—48 klst. vinnu á viku í dagvinnu.“ Það er atriði sem þarf að kanna. Það þarf að kanna hvort ekki er þörf á að breyta þannig til að til meiri hagkvæmni komi fyrir þjóðfélagið.

Ég vík að því sem fram kom í ræðu hv. 2. landsk. þm., þar sem hann hafði upp eftir mér svör mín við frammíköllum sem urðu til þess að ég hætti í minni ræðu að ræða það mál sem ég hef hvað mest verið ákærður fyrir að hafa fjallað um á þann hátt sem ég gerði. Ég hugsa að ef menn setjast niður og, eins og kom fram í svari við frammíkalli, setjast niður og reikna frá dagafjöldanum í árinu þá frídaga sem allar stéttir hafa, þá er það stóralvarlegt mál hvað þeir eru margir hérlendis. Þeir eru ekki svo margir þar sem ég hef búið erlendis. Þar eru miklu fleiri vinnudagar í árinu. Ég harma það því að fjölmiðlar, Ríkisútvarpið á ég við í þessu tilfelli, sem nú gengur manna á meðal sem útvarp BSRB, skuli taka upp á þann hátt sem það gerði fréttaflutning frá umr. um þetta mál þar sem, í fyrsta sinn að því er mér er sagt, meiri áhersla var lögð á frammíköll en á ummæli eða ræðu viðkomandi þm. Það skilst mér að sé einsdæmi og ber að harma.

Ég komst ekki áfram í minni ræðu vegna þess að frammíköllin stóðu að mér úr öllum áttum og satt að segja áttaði ég mig ekki á því hve margir kennarar sitja á þingi eða þeir sem hafa verið kennarar. En það í minni ræðu sem ekki var afbakað en er tilefni til þess að móðga kennara eða aðra, og þá vegna þess að ég komst ekki áfram í minni ræðu, á því sem varð til þess að móðga þetta fólk vil ég biðja afsökunar. Og ég geri það hér með úr þessum stól vegna þess að það var aldrei ætlun mín að móðga neinn. Og þeir sem hafa staðið í vinnudeilu við mig sem borgarfulltrúa, í tvö kjörtímabil formaður, sem sagt leiðandi í kjaradeilum fyrir hönd Reykjavíkurborgar, hafa ekki hingað til haft neina ástæðu til þess að kvarta undan samskiptum við mig frekar en aðrir þeir sem hafa átt einhver samskipti við mig.

Sem sagt, það sem hefur gefið tilefni til þess að móðga heila stétt manna og kannske fleiri vil ég leyfa mér hér með að taka aftur og ég bið það fólk afsökunar. En ég bið það sama fólk að átta sig á því að í þjóðfélaginu er afbrigðilegt ástand og þetta afbrigðilega ástand er notað á allra handa máta til þess að ófrægja mig persónulega og gera störf mín sem fjmrh. í þessari deilu sem erfiðust. Ég bið því sama fólk og ég tala til nú að greina í sundur árásir, áróður og ósanngirni frá því sem er rétt og satt.

Í ræðu minni byrjaði ég á því, má segja, og hóf mál mitt á því að taka fram að kennarastéttin væri illa launuð. Ég tók fram að það þyrfti að skoða hennar kjör sérstaklega. En ég tók líka fram að þeir sem gera kröfur, í þessu tilfelli kennarastéttin, yrðu þá líka að þola það að auknar kröfur yrðu gerðar til þeirra. Ég talaði um vinnuskyldu kennarastéttarinnar og hafði hugsað mér að bera saman frídaga hennar og frídaga allra vinnustétta en fékk ekki ráðrúm til þess, þannig að eftir stóð það sem hér var kallað fram í og slitrótt svör til hægri og vinstri sem ég var að gefa. Verð ég að furða mig á að slík frammíköll og upplausn skuli hafa verið leyfð á fundinum.

Ég vil segja það að það er umhugsunarefni þegar maður les í ábyrgum blöðum eða gögnum, sem koma

fram fyrir alþjóð, að á síðustu 10 árum hafi kennurum fjölgað, eins og það var orðað, um 93% á sama tíma sem nemendum hefur fjölgað um 6%. Er þetta rétt eða er þetta ekki rétt? Það veit ég ekki, en þetta hefur komið fyrir alþjóð. Þetta þarf að kanna. Og hvernig stendur á þessu? Það þarf að koma í ljós. Mér er sagt að það útskrifist yfir 100 kennarar frá Kennaraháskóla Íslands á ári. Ég veit ekki hvað margir kennarar ljúka störfum á hverju ári. En ég efast um að það nái þessari tölu. Það skal enginn skilja orð mín þannig að hver og einn sem útskrifast úr kennaraskóla fái stöðu og fari á launaskrá hjá ríkinu. Það er ég ekki að segja, langt frá því. En eins margir og mögulegt er að koma fyrir hljóta að sækjast eftir störfum hjá ríkinu sem er má segja næstum því eini aðilinn sem ræður kennara í föst störf. Ef ekki, þá er mér spurn: Hvers vegna velur þá einstaklingurinn þessa starfsgrein til frambúðar með námi, ef hann ætlast ekki til þess að þjóðfélagið sjái honum fyrir störfum sem uppalanda? Það er eðlilegt að þeir ætlist til þess að fá atvinnu að námi loknu. En það þarf að kanna hve stór hluti af launakjaravanda eða vanda kennara í launamálum stafar af þessum mikla *fjölda af kennurum sem útskrifast á hverju ári.* Getur verið að tímum hafi verið fækkað vegna þess að það þurfi að koma kennurum í vinnu? Getur það verið? Tæplega. Það þarf að kanna. Þjóðfélagið hefur ekki efni á að ráða allt það sérmenntaða fólk til starfa í sérgrein þess sem útskrifast úr hinum ýmsu skólum. Þetta er dýrt fyrir lítið þjóðfélag. Þetta eru staðreyndir.

Þegar ég sem fjmrh. er að gera áætlanir, taka við áætlunum frá menntakerfinu eða öðrum stofnunum og horfi á þann mikla vanda sem blasir við á öllum sviðum er mér spurn: Er þá nokkuð óeðlilegt að í sumum greinum Háskólans er takmörkuð innganga, takmarkaður nemendafjöldi á ýmsum sviðum? Er þá ekki rétt að athuga aðra skóla líka sem sérmennta fólk? Og þetta á ekkert síður við kennara en margar aðrar hefðbundnar stéttir, þótt fólk vanti í ýmsar nýjar greinar. Þá hef ég t. d. í huga þá þróun, sem við höfum öll horft upp á, í tölvumálum þar sem kvartað er undan því að ríkið fullnumi tölvumenn sem síðan fari í síauknum mæli út á hinn almenna markað.

Ég sem fjmrh. hlýt að vara við þessari þróun. Og fyrir það verð ég að líða ef fólk vill ekki hlusta á sannleikann eða vill ekki hlusta á varnaðarorð þeirra sem eru í trúnaðarstörfum. En ég tala þau sem frjáls maður og sem maður í ábyrgðarstöðu fyrir Alþingi. Ég tel mér það skylt hvað sem það kann að kosta í áróðri andstæðinga á viðkvæmum augnablikum og hvað sem það kann að kosta mig persónulega í pólitísku fylgi. Það getur ekki verið nema í einum tilgangi gert að haga sér í áróðri eins og andstæðingar mínir og Sjálfstfl. hafa gert undanfarið.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst oft sem menntakerfið gefi unga fólkinu meiri fyrirheit en tækifæri eru að loknu námi. Við skulum átta okkur á því, og ég efast um að nokkur mótmæli, að þjóðfélagið hefur takmarkað þensluþol og ég sem fjmrh. verð þá að taka afleiðingum af því að ég vara við þeirri þróun sem hefur verið á mörgum sviðum. En mér er það alveg ljóst að hagsmunahópar hljóta að taka slíkum aðvörunum misjafnlega.

En hitt vil ég segja, að fyrirheitin í upphafi náms og tækifærin sem bíða að námi loknu verða að standast á, ef hver og einn á að geta treyst því að hafa mannsæmandi laun þegar mest á ríður, t. d. þegar ungt fólk kemur fullnuma úr námi.

Ég vil endurtaka í lokin að ykkur, kennarastétt, sem ég þekki vel og þar á ég marga vini, margir þar þekkja mig persónulega, og til þeirra nær ekki slíkur áróður sem hefur verið rekinn undanfarna daga, ykkur bið ég afsökunar eins og hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór fram á við mig. Ég bið afsökunar ef ég hef móðgað ykkur og þykist ekki vera minni maður eftir, og geri það frá sama stól, virðulegasta stól landsins, og ég lét þau orð falla sem hafa valdið þessu fjaðrafoki og ekki að ástæðulausu.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hafði nú ekki beðið um orðið, en ég sé fulla ástæðu til þess að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hennar og þá skilmerkilegu lýsingu sem hún gaf hér á vinnuskyldu grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. hefur dregið ummæli sín til baka, sem hann viðhafði um vinnuskyldu kennarastéttarinnar, og að hann hefur beðist afsökunar á þeim *ummælum. Ég tel hann mann að meiri á eftir.*

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hafði fengið leyfi hæstv. forseta til þess að leggja fyrir hæstv. fjmrh. fsp. varðandi bréf sem hann eða rn. hans ritaði 8. okt. s. l. og ég geri þá ráð fyrir því að hæstv. forseti sjái til þess að fram geti farið umr. um þessi svör öll hér á eftir.

Hinn 8. okt. s. l. skrifaði Höskuldur Jónsson fyrir hönd ráðh. eftirfarandi bréf til allra rn. með leyfi hæstv. forseta:

„Í deilum þeim er nú hafa risið milli fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og BSRB hefur orðið vart ýmissa gerða í félagi BSRB sem varða við lög. Athafnir þessar eru sumar af því tagi að þær valda ríkissjóði tjóni er telja verður bótaskylt. Aðrar eru þannig að starfsmenn ríkisins brjóta gegn starfsskyldum sínum með þeim hætti að vafasamt verður að teljast að þeir séu hæfir til að gegna störfum sínum. Til athugunar hlýtur að koma að viðkomandi aðilar verði látnir sæta ábyrgð lögum samkvæmt fyrir háttsemi sína. Í því skyni telur fjmrn. mjög brýnt að rn. og forstöðumenn stofnana skrái niður þau tilvik, sem telja má að koma þurfi til athugunar í þessu sambandi, og geri þeim sem taldir eru brjóta lög grein fyrir bótaskyldu eða öðrum afleiðingum er tengjast kynnu gerðum þeirra.

F. h. ráðherra.
Höskuldur Jónsson.

Í tilefni af þessu einstæða bréfi hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. fjmrh. hér utan dagskrár eftirfarandi spurningar:

1. Í bréfinu segir m. a. að það hafi orðið vart við gerðir ýmissa félaga í BSRB sem varða við lög. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvaða aðgerðir eða gerðir er hér um að ræða? Ég tel ekki sæmandi fyrir hæstv. ráðh. að láta opinbera starfsmenn sitja undir dylgjum í þessu efni. Hann verður að skýra frá því hvað hér er á ferðinni.

2. Í öðru lagi segir í bréfi fjmrh. að athafnir þessar séu sumar þannig að þær valda ríkissjóði tjóni er telja verður bótaskylt. Ég fer fram á það við hæstv. fjmrh. að hann geri grein fyrir því hvaða tjón það er, sem ríkissjóður hefur þarna beinlínis orðið fyrir og ætla má

að starfsmennirnir sjálfir séu bótaskyldir fyrir, þó að þeir séu í löglegri vinnudeilu.

3. Þá segir í bréfi fjmrh. að aðrar athafnir opinberra starfsmanna séu þannig, að starfsmenn ríkisins brjóti gegn starfsskyldum sínum með þeim hætti að vafasamt verði að teljast að þeir séu hæfir til að gegna störfum sínum. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Við hvað er hér átt? Hvaða starfsmenn eru það sem vafasamt verður að teljast að hæfir séu til að gegna störfum sínum?

4. Þá segir í bréfinu að til athugunar hljóti að koma að viðkomandi aðilar verði látnir sæta ábyrgð lögum samkvæmt fyrir háttsemi sína. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er ætlunin að kæra þetta fólk? Hvaða kærur er hér um að ræða, fyrir hvaða brot og hve margar eru þær kærur?

5. Þá kemur fram í bréfinu að fjmrn. telji mjög brýnt að ráðuneyti og forstöðumenn stofnana skrái niður þau tilvik sem telja má að koma þurfi til athugunar í þessu sambandi. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hvort þessi skráning hefur þegar farið fram, hve mikið er um svona tilvik í hverju ráðuneyti og helst hverri stofnun fyrir sig og hvort fjmrn. hafi sent einstökum ráðuneytum og ríkisstofnunum skráningarform vegna þeirra sem eiga að vera á svörtum lista framvegis í rn. og á vegum ríkisstofnana. Það er útilokað að skilja þetta öðruvísi en að ætlast sé til þess af ráðuneytisstjórunum að þeir haldi skrá yfir þá sem brjóta reglur þær sem fjmrn. telur að halda eigi. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur slík skráning farið fram og hvað er það sem hér um ræðir?

6. Þá er í bréfinu gert ráð fyrir því að þeim sem hér um ræðir verði gerð grein fyrir bótaskyldu þeirra. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hve mörgum hefur þegar verið gerð grein fyrir bótaskyldu þeirra í þessum efnum?

7. Spurt er í tilefni af lokaorðum bréfsins: Hvaða aðrar afleiðingar eru það sem tengst geta gerðum opinberra starfsmanna og þeir geta átt yfir höfðum sér eftir þetta verkfall? Stendur til að reka menn úr rn. og ríkisstofnunum vegna þess að þeir eru ekki fjmrn. þóknanlegir? Eða hvaða aðrar afleiðingar er hér verið að hafa í hótunum um að framkvæmdar verði af fjmrn.?

8. Þá spyr ég að gefnu tilefni: Hyggst fjmrn. draga þetta bréf til baka? Ég teldi að það væri mjög skynsamlegt af fjmrn., til að greiða fyrir eðlilegum samningaviðræðum, að draga bréfið strax til baka. Og ég teldi það vera í góðu samræmi við þá yfirlýsingu sem fjmrh. gaf áðan vegna ummæla sem hann hafði um kennara, að hann stigi hér annað skref og drægi þessi orð einnig til baka. Ég spyr hæstv. fjmrh. að því um leið og ég skora á hann að draga þetta bréf til baka. Ég er sannfærður um að það mun greiða fyrir eðlilegri meðferð þessarar deilu en verið hefur til þessa.

9. Þá spyr ég bæði hæstv. fjmrh. og ég vil einnig leyfa mér að biðja hæstv. forsrh. að svara þeirri spurningu: Samþykkti ríkisstj. að þetta bréf yrði sent út eða fengu ráðh. að vita um bréfið eftir að það fór út til ráðuneytisstjóranna? Ef svo er, þá hvenær? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi fram hvort allir ráðherrar voru með í ákvörðun um að senda út þetta einstaka bréf.

10. Í tíunda lagi spyr ég: Hvernig hafa ráðuneytisstjórarnir brugðist við þessu bréfi? Hefur borist skriflegt svar frá einhverjum þeirra?

Ég ætla ekki að hafa þessi ummæli lengri, herra forseti, þar sem hér er margt að ræða í tilefni af þeirri einstöku deilu sem stendur yfir. En ég endurtek áskorun mína til hæstv. fjmrh. um að hann dragi orð sín og rn. í þessu bréfi til baka.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil benda hér á mjög óvenjulega fundarstjórn og á erfitt með að sætta mig við hana. Hér er hv. fyrirspyrjanda gefið orðið án þess að hún hafi um það beðið, en aðrir þeir þm. sem beðið hafa um orðið fá það ekki að því er virðist.

Nú kann vel að vera að það sé farsælast að þessari vægast sagt kvalafullu umr. ljúki og ekki ætla ég að æsa til neins óþægilegs framhalds á henni. Hins vegar ætlaði ég að ræða nokkur atriði, sem ég tel óhjákvæmilegt að benda á, sem fram komu í máli fjmrh. (**Forseti:** Um þingsköp.) Ég er að ræða um þingsköp, herra forseti.

Ríkisstj. verður ekki bjargað, herra forseti, frá þessum vandræðum. Það er alveg ástæðulaust að leggja sig svo mjög fram um það. Þm. hljóta að mega gera hér aths. við mál er varða undirstöðu menntunar og menningar í landinu, svo sem eins og þegar hæstv. fjmrh. talar um að hann muni láta rannsaka hvernig menn fari til mennta, hvernig kennarar ræki skyldu sína og annað þessu líkt. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að ræða um þingsköp.) Forseti mun ekki reka mig héðan úr ræðustól, ég er að tala um þingsköp. (**Forseti:** Hv. þm. er á mælendaskrá og mun fá orðið um þau efnisatriði sem hér hafa verið til umr.) Það gleður mig að hæstv. forseti hefur þá skipt um skoðun. Sé svo að ég fái orðið tel ég ástæðulaust að halda þessari ræðu lengur áfram. Ég krefst þess þá að fá að taka til máls hér á eftir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal eingöngu halda mig við þingsköpin í þeim orðum sem ég segi hér. Það sem hér hefur gerst er það að hæstv. forseti hefur í raun slitið umr. um umræðuefni sem var hér í gangi og hafði verið vakið, en hafið umr. um annað, án þess einu sinni að fresta umr. um það umræðuefni sem áður var hér til umfjöllunar. Ég veit ekki hver meining forseta er, hvort hann telur það mögulegt að vera með tvö umræðuefni undir samtímis. Ég hygg að það hafi aldrei verið gert að hafa tvö umræðuefni undir samtímis í umfjöllun hér í þinginu og að það sé með öllu ótækt.

Það hefur að vísu komið fyrir að menn hafi vakið máls á sama umræðuefninu fleiri en einn og þá hafi einhverjum verið hleypt að fyrr en ella í umr. En hér er alls ekki um það að ræða. Hér er um tvö umræðuefni að ræða og tvo málshefjendur utan dagskrár um sitt umræðuefnið hvorn. Ég geri kröfu til þess að þeirri umr. sem var hafin hér áðan verði haldið áfram þar til henni er lokið og síðan verði hið síðara umræðuefni tekið fyrir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er auðvitað sjálfsagt fyrir forseta að taka vel réttmætum aths. um þingsköp og fundarstjórn. En ég verð nú að segja í þessu tilfelli að forseti getur því miður ekki tekið þeim leiðbeiningum sem fram hafa komið, nú síðast mjög hóflega fram bornar af hv. 3. þm. Reykn. Sannleikurinn er sá, að það sem við erum hér að gera er að leyfa tilteknum þm. að ræða hér mál utan dagskrár. Tveir hv. þm. áttu tal við mig löngu áður en fundur hófst nú í dag um að þeir óskuðu eftir því að taka til máls utan dagskrár. Það varð

niðurstaða mín að þeim skyldi þetta heimilt, enda var haft samband við viðkomandi ráðh. um þetta og þeir voru því samþykkir að þessi mál skyldu rædd. Niðurstaða mín var sú, eins og fram kom mjög skýrt þegar ég skýrði þessi mál hér í upphafi, að til þess væri ætlast að báðir þessir málshefjendur gætu tekið til máls mjög snemma á fundartímanum. Við það hef ég reynt að standa og mun gera.

Næstur á mælendaskrá er nú hæstv. fjmrh. og mun hann að sjálfsögðu taka til máls hér fljótlega, en ég skal áður veita hv. 3. þm. Reykn. orðið um þingsköp. En sem sagt, þetta er afstaða forseta og það er fjarri því að það hafi verið hugmynd forseta að svipta þá orðinu, sem hér hafa um það beðið. Þetta er á misskilningi byggt og það er líka misskilningur að forseti hafi í nokkru hagað fundarstjórn óeðlilega í þessu tilfelli. En ég skal gefa hv. 3. þm. Reykn. orðið um þingsköp.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það hefur oft komið fyrir að fleiri en eitt umræðuefni hafi verið tekin fyrir til umr. utan dagskrár. En það hefur aldrei komið fyrir að þau væru tekin fyrir samtímis. Mér er ekki kunnugt um það að þeir sem vöktu máls á þessum tveimur umræðum utan dagskrár hafi óskað eftir því að það yrði gert í einum graut. Ef svo er, þá dreg ég til baka þær athugasemdir sem ég hef hér gert við þingsköp. En harla óeðlilegur þykir mér þessi vinnumáti, jafnvel þótt þeir hefðu gert það, því að fyrir því eru engin fordæmi og þetta eru að mínum dómi ótæk vinnubrögð. Ég verð eindregið að beina því til hæstv. forseta að skilja þessar umr. í sundur, því að ef þessi verklagsregla verður tekin upp, þá erum við óðara lent í því, ef tveir þm. óska eftir umr. utan dagskrár um einhver umræðuefni, að þar verði hin óskyldustu mál rædd í einum graut. Annar biður kannske um utandagskrárumr. vegna skattamála og hinn vegna samninga við ÍSAL og jafnvel sá þriðji um framfærslukostnað heimilanna. Á þá að ræða það allt í einum graut?

Herra forseti. Þetta getur ekki gengið.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta er nú meira og minna á misskilningi byggt hjá hv. þm., en ég hef þegar skýrt ástæður mínar og mun ekki eyða lengri tíma í að munnhöggvast um þetta efni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í hita dagsins gerist það æðioft að menn átta sig ekki alveg á atburðarásinni. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi það hér áðan að framm íköll framan úr sal hefðu e. t. v. komið honum til að segja hluti sem hann ætlaði að láta ósagða. Hæstv. forseta hafa orðið á þau mistök að hann tók ekki af dagskrá það mál sem hér var til umr. (**Forseti:** Það var ekki á dagskrá.) (**Gripið fram í:** Þetta eru utandagskrárumr.) Eða frestaði þeirri umr. Ég hef setið það lengi í skrifarasæti að ég minnist þess ekki að forseti hafi ekki ávallt frestað þeirri umr. sem var í gangi áður en hann upphóf nýja og ég hygg að það væri eðlilegt í þeirri stöðu sem nú er að forseti fresti þá þeirri umr. því það hlýtur að vera það sem þingheimur telur lágmarksaðgerð í málinu, eins og fram hefur komið, að ekki verði rætt um bæði málin framvegis. En ég vænti þess að hann telji sér í engu misboðið þó að e. t. v. geti það gerst að honum verði á mannleg mistök eins og öðrum mönnum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Sá forseti sem hér stendur er alltaf fús til þess að viðurkenna ef honum verða á mistök. Hann hefur ekkert talið það eftir sér að viðurkenna það ef svo er, en í þessu tilfelli er það nú reyndar ekki.

Við erum hér að ræða mál **utan dagskrár**, menn hafa óskað eftir því að fá að ræða hér mál utan dagskrár, fyrst og fremst tveir hv. þm., og ég hef gefið þeim orðið eðlilega miðað við allar málsástæður og því fer víðs fjarri að hér sé nokkuð verið að blanda saman málum. Ég held einmitt að ástæður séu þannig í þessu tilfelli að þau mál sem hér er um að ræða séu náskyld. Og ég tel að það sé fjarri því að þarna sé um svo fjarskyld málefni að ræða eins og t. d. málefni ÍSALs og vísitölumál eru óskyld eða eitthvað slíkt. Þetta er algerlega ósambærilegt og þess vegna verður nú haldið áfram þessum utandagskrárumr. Þetta er ekki dagskrármál. Það er misskilningur, sem fram hefur komið, nú síðast hjá hv. síðasta ræðumanni. Við erum að ræða hér mál utan dagskrár og nú gef ég hæstv. fjmrh. orðið utan dagskrár.

Umræður utan dagskrár.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að svara hv. 3. þm. Reykv. og mun hefja mál mitt með því að lesa upp sama bréf fjmrn. og hann gerði, en það er frá 8. okt. 1984 og er til allra ráðuneyta og hljóðar svo:

„Í deilum þeim er nú hafa risið milli fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og BSRB hefur orðið vart ýmissa gerða félaga í BSRB sem varða við lög. Athafnir þessar eru sumar af því tagi að þær valda ríkissjóði tjóni sem telja verður bótaskylt. Aðrar eru þannig að starfsmenn ríkisins brjóta gegn starfsskyldum sínum með þeim hætti að vafasamt verður að teljast að þeir séu hæfir til að gegna störfum sínum. Til athugunar hlýtur að koma að viðkomandi aðilar verði látnir sæta ábyrgð lögum samkvæmt fyrir háttsemi sína. Í því skyni telur fjmrn. mjög brýnt að rn. og forstöðumenn stofnana skrái niður þau tilvik, sem telja má að koma þurfi til athugunar í þessu sambandi, og geri þeim sem taldir eru brjóta lög grein fyrir bótaskyldu eða öðrum afleiðingum er tengjast kynnu gerðum þeirra.“ Undir þetta er skrifað fyrir hönd ráðh. af Höskuldi Jónssyni ráðuneytisstjóra.

Þann 14. okt. berst svo svohljóðandi bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi ályktun var samþykkt með öllum atkv. á fundi stjórnar þann 14. okt. 1984:

Stjórn BSRB mótmælir því siðleysi og valdníðslu sem felst í bréfi fjmrn. dagsettu 8. okt. s. l. varðandi hlutverk ráðuneyta og forstöðumanna stofnana í verkfalli BSRB. Krefst stjórnin þess að ríkisstj. hlutist til um að bréf þetta verði tafarlaust afturkallað og beðist afsökunar á því.

Fyrir hönd stjórnar BSRB.
Kristján Thorlacius.
Albert Kristinsson.
Haraldur Steinþórsson.“

Þetta bréf er sent bæði til forsrh. og fjmrh.

Í fundargerð ríkisstj., sem ég leyfi mér að vitna til hér því að er spurt, er svohljóðandi bókun.

„Fjmrh. lagði fram skrá um nefndir sem starfa í kjaradeilunni, fréttatilkynningu og bréf til allra rn. og spurði hvort athugasemdir væru við útsendingu tilkynningar og bréfsins. Engar athugasemdir.“

Bréf það sem hér um ræðir var lagt fram á fundi ríkisstj. þann 8. okt. og samþykkt án athugasemda. Fer það ekkert á milli mála. Það var áður en bréfið var sent til rn. enda hér um innanhússmál að ræða. Efni bréfsins eru tilmæli til rn. og stofnana um að skráð verði lögbrot, er hafa í för með sér tjón fyrir ríkissjóð, og skráðar verði athafnir starfsmanna ríkisins sem eru þess eðlis að þeir teljist lítt hæfir til að gegna störfum sínum. Þetta er að sjálfsögðu ekkert nýtt. Þetta eru skyldur sem hvíla á öllum þeim starfsmönnum sem forræði hafa með eignum ríkisins. Þeirri skoðun er stöðugt verið að lauma inn hjá almenningi að engu máli skipti hvað menn aðhafist í verkföllum. Þessari skoðun lauma þeir *menn inn sem telja að í yfirstandandi verkfalli eigi* ríkisstj. í reynd að vera í höndum verkfallsstjórnar BSRB. Verkfallsverðir BSRB hafa bakað ríkissjóði margvíslegt tjón með athöfnum sínum er líkur eru á að séu lögbrot. Það væri léleg hagsmunavarsla af hálfu ríkissjóðs ef eigi væri kannað hvort skemmdir á eignum hans eða miski framinn af starfsmönnum hans veiti rétt til bóta.

Í gær voru tæki Skipaútgerðar ríkisins á Akureyri skemmd. Verkamaður á Akureyri varð og í gær fyrir líkamsmeiðingum af hálfu verkfallsvarða BSRB. Skip Skipaútgerðar ríkisins hafa verið tafin hingað og þangað um landið vegna meintra verkfallsbrota í Reykjavík. Ætla má, það er í rannsókn, að fjarskipti hafi verið trufluð þrátt fyrir ótvíræðan úrskurð kjaradeilunefndar um hið gagnstæða. Það er ótvíræð skylda embættismanna að gegna þeirri hagsmunavörslu fyrir hönd ríkissjóðs sem til er mælst af þeim í bréfinu frá 8. okt. Embættismaður sem ekki gerði það væri að sjálfsögðu að bregðast skyldu sinni. Ég trúi því ekki að Alþingi ætlist til þess að skyldur yfirmanna rn. og ríkisstofnana séu aðrar í verkfalli en lög og reglur bjóða þeim við *venjulegar aðstæður. Ummælum stjórnar BSRB um* siðleysi og valdníðslu er að sjálfsögðu vísað á bug.

Ég hef ekki fleiru við þetta að bæta. Ég er nú yfirleitt á móti frammíköllum en ég vil spyrja, ef ég má, með leyfi forseta, fyrirspyrjanda úr ræðustól hvort ég hafi svarað nægilega eða hvort einhverjum spurningum er enn ósvarað á þeim langa spurningalista sem ég sá ekki fyrr en ég kom til fundar í dag. (**SvG:** Þeim er nánast öllum ósvarað, hæstv. ráðh. Það er spurning hvort *ráðh. vildi svara sérstaklega spurningu nr. 8.*) *Já*, hvort fjmrn. hyggist draga þetta bréf til baka. Við því er svarið nei. Það hefur ekki verið rætt og engin ákvörðun um það tekin svo að svarið á þessari stundu er nei.

Ef ég renni í gegnum bréfið og spurningarnar, úr því að þeim hefur ekki verið svarað, þá segir í fyrstu spurningu: „Í bréfinu segir m. a. að það hafi orðið vart við gerðir ýmissa félaga í BSRB sem varða við lög.“ — Það var svar í bréfinu, ég tók það til.

2.: „Þá segir að athafnir þessar séu sumar þannig að þær valdi ríkissjóði tjóni er telja verður bótaskylt.“ Þessu var líka svarað í bréfinu.

3.: „Þá segir að aðrar ... séu þannig að starfsmenn ríkisins brjóti gegn starfsskyldum sínum með þeim hætti að vafasamt verði að teljast að þeir séu hæfir til að gegna störfum sínum.“ — Skráningar hafa átt sér stað og eru í gangi og þetta verður kannað þegar upp er staðið og verkföllum er lokið.

4.: „Í bréfinu segir að til athugunar hljóti að koma að viðkomandi aðilar verði látnir sæta ábyrgð lögum samkvæmt fyrir háttsemi sína. Er ætlunin að kæra þetta fólk? Hvaða kærur er hér um að ræða og hvað margar?“ — Þetta fer að sjálfsögðu eftir brotum. (**Gripið fram í:** Fer það eftir brotum?) Að sjálfsögðu fer það eftir því hvort ríkisstj. — ég mun að sjálfsögðu hafa samráð við mína samstarfsmenn um það hvernig á málum verði haldið þegar upp er staðið. (Gripið fram í.) Það getur komið til þess. Nú er verið að halda skrá yfir þá til að vita hvað er þarna á ferðinni.

5.: „Þá kemur fram í bréfinu að fjmrn. telji mjög brýnt að ráðuneyti og forstöðumenn stofnana skrái niður þau tilvik sem telja má að koma þurfi til athugunar í þessu sambandi.“ Og önnur spurning í *þessum sama lið*: Hefur skráning af þessu tagi farið fram? Hefur fjmrn. sent ráðuneytum skráningarform vegna þeirra sem eiga að vera á svörtum lista eftir vinnudeiluna? — Ég segi: Þessi skráning hefur farið fram og hún heldur áfram á meðan verkfallið stendur yfir. En fjmrn. hefur ekki sent nein sérstök skráningarform til þess að búa til svartan lista sem til á að vera eftir vinnudeilurnar.

6.: „Í bréfinu er gert ráð fyrir því að þeim sem hér um ræðir verði gerð grein fyrir bótaskyldu þeirra. Hve mörgum hefur þegar verið gerð grein fyrir bótaskyldu þeirra?“ — Þessari spurningu get ég ekki svarað. Ég veit ekki svarið, enda vil ég ítreka að þessar spurningar voru lagðar fyrir mig eftir að fundur var settur hér og nú.

7.: „Hvaða aðrar afleiðingar eru það sem tengst geta gjörðum þeirra? Eru það uppsagnir eða hvað er átt við?“ — Þessu get ég ekki svarað. Það fer eftir brotunum sjálfum.

8.: „Hyggst fjmrn. draga þetta bréf til baka?“ — Ég er búinn að svara þeirri spurningu.

9.: „Samþykkti ríkisstj. að þetta bréf yrði sent út eða *fengu ráðh. að vita um bréfið eftir að það fór út til* ráðuneytisstjóranna? Ef svo er, þá hvenær?“ — Bréfið var lagt fyrir ríkisstj. áður en það var sent út. Þessari spurningu hef ég þegar svarað.

10.: „Hvernig hafa ráðuneytisstjórarnir brugðist við þessu bréfi? Hefur borist skriflegt svar frá einhverjum þeirra?“ — Eins og allir hér þekkja eru ráðuneytisstjórar ábyrgir aðilar og þeir bregðast áreiðanlega vel við sínum skyldum hér eftir, sem hingað til. Skrifleg svör *hafa ekki borist mér. Ég hef ekki séð neitt skriflegt* svar. Ég útiloka ekkert að þau séu til, en ég veit það ekki.

Þá hef ég farið í gegnum spurningarnar og ég vona að svörin mæti óskum fyrirspyrjanda og að hann telji þau fullnægjandi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þar sem beint var til mín spurningu vil ég staðfesta það, sem reyndar hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh., að umræddu bréfi var dreift á ríkisstjórnarfundi og ekki gerð við það athugasemd.

Ég skal annars fara nokkrum orðum um málefnið þó að litlu sé við það að bæta sem hæstv. fjmrh. hefur sagt.

Það er ekki óeðlilegt að gerð sé skýrsla um framkvæmd verkfalls. Ég hygg að báðir aðilar ættu að gera

það og halda þar til haga þeim athugasemdum sem þeir hafa fram að færa. T. d. kann að vera að menn vilji breyta einhverju í þeim lögum sem gilda um verkfallið, M. a. liggur þegar fyrir hér á hinu háa Alþingi frv. um slíkt.

Ríkisstj. taldi sér skylt að halda slíka skrá, en ég vil taka skýrt fram að það hefur engin ákvörðun verið tekin í ríkisstj. um að stefna einum eða neinum og vitanlega mun ríkisstj. í heild fjalla um slíkt. Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni að ef slíkt kemur til er eðlilegra að stefna samtökum eins og BSRB en einstaklingum sem ég geri ráð fyrir að séu í verkfallsaðgerðum í umboði eða samkvæmt ósk verkfallsnefndar sinna samtaka.

Ég vil leggja á það ríka áherslu, eins og ég hef reyndar sagt, að svona deila leysist aldrei í stríði og því er ákaflega mikilvægt að allt sé gert til að lægja þær öldur sem eru. Ég harma ef þetta bréf hefur orðið til þess að ýfa öldurnar. Mér sýnist of mikið lagt upp úr áreitni af hálfu ríkisvaldsins hvað þetta bréf varðar. Ég vil undirstrika að bréfið er eingöngu skrifað til að halda saman upplýsingum um framkvæmd verkfallsins, en engin ákvörðun hefur verið tekin um stefnur.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil ítreka að það eru margir á mælendaskrá og mælendaskrá forseta er eins og ég lýsti, að ætlunin var sú í upphafi, eins og ég held að hafi komið fram í viðtölum mínum við hv. frummælendur í dag, að þeim yrði gefinn kostur á að spyrja sinna spurninga og gera sínar athugasemdir og gera sínar athugasemdir að lokum við þau svör sem ráðh. kynnu að gefa. Nú hefur hv. 3. þm. Reykv. ekki óskað eftir því að taka til máls að sinni í þeirri röð sem ég hafði ætlað honum, en næstur á mælendaskrá er hv. 4. landsk. þm.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti vegna þingskapa vil ég gera svohljóðandi athugasemd: Að þessu sinni var þingflokksformönnum ekki tilkynnt fyrir fram að það yrðu hér utandagskrárumræður. Það var skikkur sem var búið að taka upp í fyrra og ég tel að sé vert að halda honum við og vildi mælast til að svo yrði áfram.

Ætli ég noti ekki tækifærið og ræði þá bæði málin sem eru utan dagskrár. Í fyrsta lagi tel ég þetta heldur ankannalega röð á umræðuefnum. Það var beint hér til hæstv. fjmrh. ákveðnum spurningum og hann lét ekki einungis við það sitja að svara þessum spurningum, heldur lagði inn í umr. ýmsa nýja punkta sem allir eru þess virði að á þeim sé tekið. Við verðum líklega að eiga það inni að tala einhvern tíma síðar í vetur um málefni kennara, málefni skóla og hlut þeirra í mótun íslensks þjóðfélags. Tölur hafa verið endurteknar hér margoft á undanförnum dögum um fjölgun kennara, þar sem talað er um að kennurum hafi fjölgað held ég um 90% en nemendum talsvert minna á ákveðnu árabili. Það er nú einu sinni svo, að á undanförnum áratug og reyndar tveimur áratugum hefur um allan heim verið í myndun undirstaða að öðruvísi þjóðfélagi en við bjuggum hérna við fyrir 1950. Við höfum kallað það ýmsum nöfnum, tækniþjóðfélag, þekkingarþjóðfélag, upplýsingaþjóðfélag og ýmislegt fleira. Undirstaðan að öllu þessu er aukin menntun, aukin menning og aukin þekkingarvæðing og það er aldeilis ótrúlegt, en rímar reyndar kannske saman við ýmislegt sem þessi ríkisstj. hefur haft fram að færa í þessum málum, að ráðherra undrast það úr þessum stóli að orðið hafi fjölgun í kennarastétt. Þessi fjölgun hefur einungis orðið vegna þess að hér á Alþingi hafa verið teknar ákvarðanir um nýja kennsluhætti og aukna kennslu. Þetta starf þarf enginn að undrast og ef eitthvað þarf í þessum efnum þá þarf verulega við að bæta, vegna þess að ef okkur á að takast að byggja hér upp öðruvísi atvinnuhætti, svo ekki sé nú talað um þekkingar- eða hátækniiðnað, þá þarf miklu betur að vinna að þessum málum en hefur verið gert hingað til. Hér ætla ég að láta lokið umræðu um kennaramálin. Ég hef úttalað mig um það áður á þessum vettvangi.

Í tilefni af umr. sem síðar hefur orðið um framkvæmd verkfalls langar mig að segja við hæstv. forsrh. um það bréf sem ráðuneytisstjóri fjmrn. hefur látið frá sér fara að þar er orðalag alls ekki á þann hátt að um sé að ræða sakleysisleg áform annálaskrifara á vegum rn. Það er bersýnilegt hver andi þessa bréfs er og ég held að ef þetta hefði verið gert í því skyni að afla vitneskju um framkvæmd verkfalls þá hefði þetta bréf verið sent kannske á öðrum tíma og orðað á allt annan hátt. Ég held að á því geti ekki leikið nokkur vafi fyrir hvern þann sem les þetta bréf. Augljóst er af þessu bréfi að það er liður í herferð, sem ríkisvaldið hefur kosið að fara gegn BSRB í þessu verkfalli, og það er aldeilis stórundarlegt að opinberir starfsmenn og þeirra samtök skuli nú árið 1984 standa næstum því í sömu sporum og menn stóðu fyrir 50 árum og jafnvel lengri tíma, þegar verkalýðshreyfing bæði hérlendis og erlendis var að stíga sín bernskuspor og læra sínar fyrstu lexíur um það hvernig ætti að framkvæma verkfall. Þetta hefur síðan náttúrlega haft þau áhrif að í stað þess að setjast niður og ræða um samninga um laun og kjör hefur verið setið við ögranir og sífelld deiluefni um framkvæmd verkfalls eins og um það gildi engar reglur.

Sannleikurinn er sá að áratuga barátta verkalýðshreyfingarinnar hefur mótað ákveðnar reglur og ákveðnar hefðir um framkvæmd verkfalls sem var algerlega hægt að fara eftir að þessu sinni eins og þær hafa verið notaðar í öðrum vinnudeilum á Íslandi hingað til. Hins vegar hefur ríkisstj. greinilega kosið sér það hlutskipti að fara þarna fram með hörkunni, ekki einungis til þess að gæta hagsmuna þjóðarinnar eða rækja sitt hlutverk sem hagsmunaverðir heldur er þetta liður í pólitískri aðferð, einhvers konar pólitískri herför sem hefur átt að hræða launamenn til hlýðni.

Ég held að það sé full ástæða til þess að þingið skipi rannsóknarnefnd sem fari yfir framvindu þessa verkfalls og menn reyni að læra af því að sjá hvað hefur hér miður farið. Ég held að sú gagnasöfnun ætti ekki að hefjast á sams konar bréfi og annálaskrifari ríkisstj. hefur nú nýverið sent frá sér.

Það má hafa um þetta mörg orð, en ég vildi segja í framhaldi af orðum mínum um nauðsyn þess að rannsaka hvernig að þessu verkfalli hefur verið staðið, samningaumleitunum og öðru, að full ástæða væri til þess að athuga og fá upplýsingar um hlutverk utanrrn. í deilum sem hafa orðið varðandi flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ég sé að hæstv. utanrrh. er ekki hér núna, svo að ég mun ekki hafa um þetta fleiri orð, en þar hafa gerst undarlegir hlutir. Lögreglan hefur stöðvað verkfallsverði við fullkomlega löglega iðju sína við Keflavíkurflugvöll, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur afgreitt flugvélar til brottfarar, flugvélar hafa

farið í loft án þess að venjubundin vopnaleit færi fram, farþegar hafa verið settir í rútur á Keflavíkurflugvelli og keyrðir til Reykjavíkur og afgreiddir síðan út úr rútum hér við Loftleiðahótelið af starfsmönnum útlendingaeftirlitsins, algerlega án nokkurrar tollskoðunar. Þetta eru dæmi um hluti sem ég held að ætti að kanna þegar tækifæri gefst og ég mun taka upp síðar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjendum báðum fyrir að taka upp þessi mál utan dagskrár, ummæli hæstv. fjmrh. varðandi kennarastéttina og það bréf sem skrifað var í umboði fjmrh. vegna starfa ríkisstarfsmanna í verkfalli.

Ég tel að það hafi þegar ýmislegt fram komið í þessari umr., sem gagnlegt er, fyrir utan það yfirklór sem hæstv. ráðh. hafa hér haft uppi til skýringar á sínum gerðum. Ég vil gera nokkur atriði að umræðuefni.

Hæstv. menntmrh. vék að því í sínu svari í upphafi að óheppilegt væri að kynda eldana og þeir yrðu ekki slökktir með stóryrðum og reiði. Nú varð það ekki skilið af orðum hæstv. menntmrh. hvort hann ætti sérstaklega við hæstv. fjmrh. eða aðra, en það var augljóst að hæstv. fjmrh. gat tekið þessi ummæli til sín.

Hæstv. menntmrh. talaði hér með allóljósum hætti um launakjör kennara eins og þau eru nú. Hann vék að starfsmati á störfum kennara og að starfsheiti kennara og lögverndun í því sambandi. Allt er það góðra gjalda vert, að taka þau mál upp, en það er ekki það sem á kennurum brennur nú öðru fremur, heldur þau launakjör sem þeir búa við þessa stundina. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því: Telur hann þörf á því að laun kennarastéttarinnar verði hækkuð nú og það verulega? Hvert er viðhorf hæstv. ráðh. í því sambandi? Telur hann þörf á því að byrjunarlaun grunnskólakennara, sem eru um 15 800 kr. á mánuði að ég hygg, verði hækkuð myndarlega? Telur hann að eðlilegt sé að hámarkslaun grunnskólakennara að loknu 23 ára starfi séu 21 700 kr. á mánuði? Telur hann að efnahagsmál Íslendinga þoli ekki breytingu á þessu ástandi varðandi launakjör kennara? Ég tel nauðsynlegt að fá svör frá ráðh. menntamála um þetta atriði, launastöðu kennarastéttarinnar nú.

Hæstv. menntmrh. upplýsti um starfstíma kennara, en þar stangaðist nú heldur betur á við það sem fram hafði komið hjá hæstv. fjmrh. um daginn í þeirri ræðu sem landsfleyg hefur orðið að vonum og það sem hæstv. fjmrh. tíundaði síðan í svari sínu áðan. Hæstv. menntmrh. taldi að vinnutími grunnskólakennara væri 45 stundir í 36 vikur, en vinnutími framhaldsskólakennara næmi 48 stundum á viku. Af þeim 1800 vinnustundum, sem grunnskólakennurum er gert að sinna, falli allt nema 153 stundir, ef ég hef rétt tekið eftir, undir þennan vinnustundafjölda á starfstíma skóla, en hitt væri leyst af höndum í endurmenntunarnámskeiðum og með öðrum hætti. Hæstv. fjmrh. taldi hins vegar ekki, samkv. upplýsingum frá sinni launadeild, að vinnustundir, sem verið væri að greiða grunnskólakennurum fyrir, væru 45 á viku, heldur 30 stundir í forskóla, 29 stundir í 7.—9. bekk og 26 stundir í framhaldsskólum. Við hljótum að spyrja: Hvernig í ósköpunum má það vera að slíkt hyldjúp vanþekkingar sé kvatt til ábyrgðar í fjmrn. eins og birtist í þessum ummælum hæstv. fjmrh., bæði í síðustu viku og nú, og hvernig stendur á því að hæstv. menntmrh. skuli ekki getað brúað þetta bil vanþekkingar, svo stutt sem er á milli þeirra fjmrh. í stólunum? Það ætti að vera auðvelt að komast að hinu rétta í þessu efni um atriði sem þessi milli þessara tveggja ráðh. sem teljast í sama flokki fyrir utan það að starfa saman innan ríkisstj. og fjalla sem ábyrgðaraðilar um þessi efni.

Hæstv. fjmrh. kemur hér til þess að biðjast afsökunar með vægast sagt afar óljósum hætti á þeim dæmalausu ummælum sem hann hafði uppi í umr. um skýrslu hæstv. forsrh. s. l. fimmtudag. Það má athuga nánar þegar útskrift kemur af ummælum hans og yfirklóri nú í umr. En eins og ég skildi það var hann ekki að biðjast afsökunar á staðhæfingum sínum um vinnustundir og vinnuframlag kennara, heldur orðaði hann það eitthvað á þessa leið: Það sem hefur gefið tilefni til að móðga fólk, þ. e. heila stétt manna, á því bið ég afsökunar. — Og hvert var tilefnið, eins og hæstv. fjmrh. var að skýra það hér? Jú, tilefnið var það, sem hann er að biðjast afsökunar á, að það var gripið fram í fyrir honum hérna í umr. um daginn og það leiddi til ummæla sem hann ekki hefur haft fyrir að leiðrétta hér efnislega, heldur hefur í rauninni endurtekið. En hann biðst afsökunar á tilefninu, nánast frammíköllum þm. sem sátu hér undir umr. þá. Honum hafi af þessum sökum, vegna þess að nokkrum þm. blöskruðu þessi ummæli og gripu fram í fyrir hæstv. ráðh., ekki tekist að ljúka ræðu sinni m. a. um þetta efni, kennarastéttina. Hann upplýsti að hann hefði ætlað sér að bera saman vinnuskyldu kennara og annarra starfsstétta, en hefði ekki getað lokið ræðu sinni hér um daginn. Ég spyr: Hvað olli þeim ósköpum að hæstv. ráðh. gat ekki komið þessum málum á framfæri s. l. fimmtudag? Ég varð ekki var við að hæstv. forseti Sþ. hefði hina minnstu tilburði til að takmarka ræðutíma hæstv. fjmrh. á þessum tíma. Nei, það er ósköp einfalt að vefja afsökunarbeiðni inn í hjúp af þessu tagi og endurtaka í rauninni sömu efnislegu staðhæfingar og ráðh. hæstv. hafði hér í frammi í umr., endurtaka þær nú og bæta í rauninni með því gráu ofan á svart í sambandi við staðhæfingar sínar um vinnuframlag kennarastéttarinnar.

Ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessu. Það segir sína sögu að svo skuli ástatt í landsstjórninni að um efni sem þessi skuli bera svo mjög á milli ráðh.

Hæstv. fjmrh. gerði síðan tilraunir til að skjóta frekari stoðum undir staðhæfingar sínar varðandi vinnuframlag kennara. Margt af því var sannarlega fróðlegt að heyra af hans vörum. Hann staðhæfði það, sem einhvers staðar flaug fyrir fyrr á þessu ári, að kennurum hefði fjölgað um 93%, en nemendum aðeins um 6%. Já, ég skil það ósköp vel að hæstv. fjmrh. þyki þetta dálítið merkilegar tölur. Ég er ekkert hissa á því. En ég er undrandi á því að hann skuli ekki á þeim tíma, sem eru ekki bara vikur, ég hygg að það séu mánuðir síðan þessar tölur komu fram í fjölmiðlum, hafa haft fyrir því að skyggnast á bak við þær. Það skyldi nú ekki vera að í þessari prósentufjölgun kennara í landinu felist m. a. sú staðreynd að fjöldi kennara starfar í hálfu starfi? Konum hefur farið fjölgandi í þessari láglaunastétt, eins og í öðrum láglaunastörfum í þjóðfélaginu, og þær hafa margar hverjar ekki aðstæður til þess að vinna fullt starf. Sú þróun hefur verið í gangi á undanförnum árum að störfum kennara, sem fá greidd laun frá fjmrh., hefur fjölgað af þessum sökum. Ég hygg að þetta sé ekki minnsti þátturinn í þeim prósentutölum sem hér

komu fram.

Já, þetta þarf að kanna, sagði hæstv. fjmrh., hvernig á þessu stendur. Og hann vildi láta kanna fleira eins og frídaga fólks hér á Íslandi, þ. á m. frídaga kennarastéttarinnar, sem stundar það að hafa frí á laugardögum og sunnudögum eins og hann greindi frá í umr. um daginn. Það væri þörf á því og er út af fyrir sig góðra gjalda vert að tilefni hefur orðið hér til umr. um stöðu og störf kennara í landinu. Það er ástæða til þess, þegar rætt er um hin bágu launakjör þeirra, að hv. alþm. rifji það upp hverju hefur, m. a. af löggjafarsamkomu þjóðarinnar, verið hlaðið á kennarastéttina í landinu í auknum störfum og aukinni ábyrgð sem á hana hefur lagst vegna fyrirmæla og forskrifta bæði frá löggjafarvaldi vegna viljayfirlýsinga Alþingis og frá framkvæmdavaldinu. Ég tel að ekki þurfi að eyða löngum tíma í að meta störf kennara til þess að komast að raun um að ekki aðeins er nauðsynlegt heldur skylt að leiðrétta launakjör þeirra alveg sérstaklega til að halda hæfum starfskröftum innan uppeldisstofnana í landinu, skólanna, og til þess að sá flótti, sem hafinn er úr kennarastétt vegna hinna bágu launakjara og aukinna krafna sem gerðar eru til starfa kennara, verði stöðvaður.

Hæstv. fjmrh. sagðist raunar tala hér sem frjáls maður og maður í ábyrgðarstöðu og hann mundi mæta sem slíkur andstæðingum sínum og andstæðingum Sjálfstfl. Hæstv. ráðh. var bent á það um daginn að það væri farið að fjölga allnokkuð í andstæðingasveit Sjálfstfl. nú upp á síðkastið ef hæstv. ráðh. telur að allir þeir sem risið hafa upp til andmæla vegna hans ummæla, vegna afstöðu ríkisstj. í launamálum gagnvart opinberum starfsmönnum, séu andstæðingar Sjálfstfl. Ég ætla ekki að hafa uppi neinar staðhæfingar í því efni þó ég vissulega voni að þeim fari fjölgandi sem sjá í gegnum þann flokk sem kallar sig flokk allra stétta í landinu. En svo vongóður er ég ekki að öll sú fjölmenna sveit launafólks í landinu, sem nú mótmælir og heldur saman í baráttu um rétt sinn og kjör, sé nú þegar búin að skipa sér í andstæðingasveit Sjálfstfl.

Varðandi hitt efnið, sem hér var rætt, mætti einnig margt segja. Ég ætla aðeins að ítreka það, sem kom fram í fsp. hv. 3. þm. Reykv., og eftir að hafa hlýtt á svör hæstv. fjmrh., að það er með fádæmum hvernig þessi ríkisstj. og hæstv. fjmrh. leggja sig fram um að kynda undir þá deilu sem nú stendur yfir, þá viðkvæmu kjaradeilu sem nú stendur yfir, og það með útsendingum af því tagi sem ráðuneytisstjóri fjmrn. sendi frá sér fyrir hönd fjmrh. þann 8. okt. Hvað segja menn um rannsóknarrétt af því tagi sem hér er verið að efna til fyrirmæla um, að fylgjast með störfum manna í ráðuneytum og skrá alveg sérstaklega niður tilvik sem telja má að koma þurfi til athugunar í sambandi við eftirmál vegna þeirra kjaradeilna sem nú standa yfir? Ég hefði talið það skynsamlegt af ríkisstj. að taka ekki þessu bréfi aðeins með þögninni, eins og fjmrh. greindi frá að hefði verið niðurstaða ríkisstj., heldur að draga þessi fyrirmæli til rn. og forstöðumanna ríkisstofnana til baka.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég mun fjalla hér um það umræðuefni sem vakið var máls á í upphafi þessara umr., enda lít ég svo á að hitt umræðuefnið sé í rauninni ekki komið á dagskrá (**Forseti:** Það er ekki dagskrá.) eða komið til umfjöllunar utan dagskrár.

Það var auðvitað ágætt að hæstv. fjmrh. skyldi biðja kennara afsökunar á því að hann hefði móðgað þá og góðra gjalda vert. En hitt er það að ekki vitum við hvaða ummæli hafa verið dregin til baka. Hafa þau ummæli verið dregin til baka að hér sé forréttindahópur á ferðinni? Ekki kom það skýrt fram. Hafa þau ummæli verið dregin til baka að þessi þjóðfélagshópur yrði að vera viðmiðunarhæfur við aðra í þjóðfélaginu? Ég gat ekki heyrt það á ræðu hæstv. fjmrh. Þvert á móti gerði hann að umræðuefni og tönnlaðist hér aftur á einhverjum 26—30 klst. sem mönnum bæri að hafa til viðmiðunar. Og þegar upplýst var að vinnuskylda væri 46 klst. eða svo sagði hann að það mál þyrfti nú reyndar að kanna. Þó er það svo að þessar síðastnefndu klst. eru það sem upp er talið í kjarasamningi kennara og liggur fyrir opinber blessun á. Þetta er það sem ríkið hefur sjálft samþykkt. Ég hélt að hæstv. ráðh. gæti viðurkennt það. En svo var ekki. Þetta þurfti að kanna nánar.

Hæstv. ráðh. gerði að umræðuefni að kennsluskylda á viku hjá kennurum hefði minnkað frá árinu 1975. Var það með andstöðu ríkisins sem sú kennsluskylda minnkaði? Var það vegna þess að kennarar vildu alls ekki frekar sjá launahækkun en styttingu kennsluskyldu á hverri viku? Var þetta eindregin krafa kennaranna og var þetta eitthvað sem ríkið varð því miður að kyngja? Ekki hefur það komið fram. Getur verið að kröfur til kennara hafi vaxið frá árinu 1975? Getur verið að eitthvað hafi breyst í þjóðfélaginu frá þessum tíma?

Hæstv. fjmrh. gerði því skóna að launakjör kennara væru léleg af því að það útskrifuðust svo margir kennarar. Samkvæmt þessu mætti álíta að það ætti sér stað opinbert uppboð einhvers staðar á kennurum þar sem þeir byðu hvern annan niður og ríkið hefði í raun og sannleika ekkert með það að gera hver kjör kennaranna væru, þeir væru svo fúsir til þess að komast í vinnu að þeim væri svo sem sama hver kjörin væru. Mér fannst þetta ekki lýsa hinum réttu viðhorfum eða skilningi á því starfi sem kennarar gegna í þessu þjóðfélagi og mikilvægi þess.

Hæstv. ráðh. talaði líka um að þjóðfélagið hefði ekki efni á að ráða allt þetta menntaða fólk til starfa. Þetta er allt annað umræðuefni og ég skal ekki fjalla um það. Ég ætla bara að segja eitt, að í þessum ummælum felst að Íslendingar séu of menntaðir. Hingað til höfum við talið það okkur til gildis að vera sæmilega menntaðir og mér er stórlega til efs að við séum eitthvað betur menntaðir en gerist og gengur meðal þjóða heims. Þetta held ég að sé sérstakt íhugunarefni þegar fram kemur staðhæfing af þessu tagi, en þetta er allt annað umræðuefni og ég skal ekki gera því frekari skil.

Það var einkennilegt í ræðu hæstv. menntmrh. að jafnframt því sem hann las upp hver vinnuskylda kennara væri, hvert vinnuálag þeirra væri, lét hann ekki í ljós neina skoðun á því hvort þetta væri eðlilegt eða rétt. Það væri fróðlegt að vita hver skoðun hæstv. menntmrh. er á því hvort hér sé um óeðlilega lítið vinnuframlag að ræða eða ekki. Það er enn þá frekar ástæða til þess að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir því vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur virkilega gert því skóna að þetta vinnuframlag sé allt of, allt of lítið.

Hæstv. menntmrh. talaði um að fara þyrfti fram starfsmat á störfum kennara. Gott og vel. En það kom hvergi fram í orðum hæstv. menntmrh. hvort það væri

vegna þess að kjörin væru of léleg hjá kennurum eða hvort þau væru bara allt í lagi. Hæstv. menntmrh. lét enga skoðun í ljós um það. Þó held ég, miðað við það hvernig þessi umræða hefur verið og hver aðdragandi hennar er og hvernig skoðun ríkisstj. hefur verið túlkuð af hæstv. fjmrh. í þessu efni hingað til, að það hefði verið fyllsta ástæða til þess að sá ráðh. sem hefur með menntun að gera léti í ljós skoðun sína á þessu efni. Undansláttur var því miður einkennið á ræðu hæstv. menntmrh.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. talaði um að hann óskaði eftir því að menn kyntu ekki eldana með ummælum sínum hér í dag. Ég held að hæstv. menntmrh. hefði getað lægt þá öldu, sem risin er, ef hann hefði skýrt og skorinort skýrt frá því hver skoðun hans væri varðandi vinnuskylduna, hver skoðun hans væri varðandi starfsframlag kennara, hver skoðun hans væri varðandi kjör kennara. Þá hefði hæstv. menntmrh. komið þessum efnum til skila og lagt fram sitt til að lægja öldurnar. Sá undansláttur, sem hæstv. menntmrh. tíðkaði hér, varð ekki til þess að bæta það ástand sem uppi er í þjóðfélaginu. Þess vegna gleymdi hæstv. menntmrh. að lifa eftir þeirri bón sem hann bar hér fram.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mér er næst skapi að þakka fyrir að fá að taka hér til máls því ég mun hafa orðið fyrst til að biðja um orðið eftir að svari menntmrh. lauk. (**Forseti:** Forseti sér ástæðu til að taka fram að þetta er ekki rétt með farið. Mælendaskrá forseta er alveg réttilega upp sett.) Ég hygg að hv. ritari viti þetta sem situr við hlið forseta.

Erindi mitt í ræðustól skal ekki verða langt. Ég tók það fram áðan að öll þessi umr. um störf kennara í þessu landi væri satt að segja kvalafull og sorglegt á hana að hlýða. Ég held að því styttri sem hún verði nú því betra. Það er hins vegar ástæða til að taka þau mál upp á hinu háa Alþingi seinna og af nokkru meira viti en nú hefur verið gert.

Ég vil þó nota tækifærið til að gleðjast yfir því sem hæstv. menntmrh. sagði um að hún væri hlynnt endurmati á störfum kennara. Ég vil minna á að á 104. löggjafarþingi, árið 1981, bar ég hér fram þáltill. um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn almennt og raunar starfsfólk ríkisbankanna. Sú þáltill. náði því miður ekki fram að ganga, en það gleður mig að sú hugarfarsbreyting hefur nú orðið í stjórnarherbúðunum að til standi að gera slíkt mat. Ég vil taka skýrt fram að ég tel að það endurmat þurfi að fara fram á störfum allra starfsmanna ríkisins og starfsfólks ríkisbankanna. Ég held að sá stóri hópur, sem stundar þjónustustörf fyrir ríkisins hönd, sé nokkuð undir þá sömu sök seldur nú að eiga erfitt um að sjá sér farborða.

Hér hafa komið fram hinar furðulegustu yfirlýsingar um tímafjölda og vinnuskyldur kennara. Hæstv. fjmrh. minntist á að frá árinu 1975 hefði vinnuskylda kennara farið minnkandi. Ekki sá hann neina skynsamlega skýringu á því. Það má upplýsa hann um að árið 1974 voru samþykkt lög um grunnskóla á hinu háa Alþingi. Það verður að teljast í hæsta máta eðlilegt að í kjölfar þess hafi verið endurskoðuð kennsla í landinu. Það gerist venjulega þegar stórir lagabálkar eru samþykktir um svo mikilvægan málaflokk sem kennslu barna í landinu að umtalsverðar breytingar verði á allri kennslutilhögun. Ég vildi minna hv. þingheim á þessa staðreynd.

Hv. þm. og félagi minn Hjörleifur Guttormsson hefur þegar sagt flest sem þarf að segja um fjölgun kennara og ástæðurnar til þess. En ég vil taka undir með honum að ekki er sæmandi að vera að eyða tíma þingsins í fullyrðingar um hluti sem eiga sér jafnaugljósar skýringar og þær að stór hópur kennara í landinu vinnur hálfs dags vinnu.

Almennt um færibandamat á vinnu kennara, sem hér hefur verið talað um, ofan á allt það sem aðrir þm. hafa sagt um það sem kennarar gera og eiga að gera samkv. grunnskólalögum, vil ég aðeins minna á að til þess að geta kennt eitthvað þurfa menn að kunna eitthvað. Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að hæstv. fjmrh. haldi að menn fari í kennaraskóla og læri nokkrar bækur utan að og setjist svo í embætti og kenni þær svo lengi sem þeir stunda kennslu. Þannig fer kennsla ekki fram. Hún gerði það kannske einhvern tíma, en það er óskaplega langt síðan. Ég held að ég leyfi mér, úr því að ég hef fengið að segja hér nokkur orð, að lesa fyrir hæstv. fjmrh. það sem grunnskólalögin — það er ekki mjög löng lesning — gera kennurum landsins að inna af hendi. Það er ákaflega mikilvægt og skýrir nokkuð að vera kynni að kennarar þurfi stundum að fylgjast með því sem er að gerast í þjóðfélaginu, þeir þurfi stundum að lesa aðrar bækur en þeir lærðu í kennaraháskólanum í sinni tíð eða öðrum stofnunum sem þá kenndu kennurum. Ég held að það verði ekki lengur við það unað hér á hinu háa Alþingi að andleg vinna, ef svo má kalla, svo sem þær athafnir mannsins að mennta sig, séu gjörsamlega vanmetnar sem starf. Ég hygg að verulegur hluti frítíma kennara, a. m. k. góðra kennara sem taka starf sitt alvarlega, fari í vinnu, nefnilega það að mennta sig svo þeir hafi eitthvað að kenna. Þetta ætti að vera svo augljóst að það liggur við að maður fyrirverði sig að segja slíkt á hinu háa Alþingi.

Áður en ég les, hæstv. fjmrh., um hlutverk og verkefni grunnskólakennara vil ég mælast til þess að ríkisstj. ræði það hver markar stefnu í menntamálum. Með allri virðingu fyrir röggsamlegri stjórn fjármála í landinu almennt hefur ríkisstj. hingað til skipt með sér verkum á þann veg að einstakir ráðh. hafa með stjórn ákveðinna málaflokka að gera. Hingað til hef ég ekki skilið það svo að fjmrh. eigi að stjórna öllum málaflokkum í landinu. Ég vil því minna hæstv. menntmrh. á að halda fast um það, sem ég hygg að henni hafi verið falið, að marka stefnu í kennslumálum þjóðarinnar og sjá um að þar sé farið að lögum. Þetta ættu ekki nokkrum þm. að þykja merkileg sannindi, en nú er svo komið málum að menn neyðast til að minna á þetta.

Það kom réttilega fram áðan að kröfur til kennslu hafa stóraukist og þáttur skólans og dagheimila reyndar líka hefur orðið sífellt stærri í uppeldi barnanna. Það leiðir af sjálfu sér að þegar þjóðfélagið kallar báða foreldra til starfa utan heimilis leggst þessi vinna að meira eða minna leyti og í sívaxandi mæli á kennara, fóstrur og þá sem börnin annast meðan foreldrarnir eru að vinna. Við skyldum því ætla að það væri vilji stjórnvalda og það væri svar þjóðfélagsins fyrir þær kröfur sem þeir gera til foreldra á vinnumarkaðnum að efla og bæta á allan máta þau starfsskilyrði sem það fólk býr við sem er búið að taka að sér meira eða minna að ala upp börnin okkar. En það er nú öðru nær samkv.

þeim umr. sem hér hafa farið fram. Svo virðist sem nú skuli rannsakað hvort kennarar og fóstrur og aðrir slíkir sitji í ákveðnum stól og horfi á börnin ákveðinn tíma á dag því að því aðeins verði þeir taldir rækja störf sín. Ég skal ekki orðlengja þetta. Auðvitað er langt fyrir neðan virðingu hins háa Alþingis að sitja undir umr. af þessu tagi. Ég vona að við þurfum ekki að upplifa það alveg í bráð, en bið menn, einkum og sér í lagi innan ríkisstj., að koma í veg fyrir að umr. sem þessar eigi sér stað.

Það var eitt atriði sem ég ætlaði enn að minna hæstv. fjmrh. á. Hann talaði um öll þessi ósköp af kennurum, sem eru að kenna börnum landsins, og að þeir væru kannske ekki allir nauðsynlegir því að fleira þurfi að gera en að setja alla til mennta. Einhvern veginn á þann hátt skildi ég annars fremur óljósa ræðu hans. Þar talaði hæstv. ráðh. á nákvæmlega sama hátt um grunnskólann og framhaldsskóla. Ég veit ekki hvort minna þarf hv. þm. á að allir Íslendingar fara í grunnskóla samkv. lögum og eiga að vera það. Því miður er það svo, og á það vil ég minna hæstv. menntmrh. og mun raunar bera fram tillögu þess efnis innan tíðar, að mjög vantar á að þau börn sem sérkennslu þurfa fái notið hennar eins og lög gera ráð fyrir. En hiklaust eiga öll íslensk börn að fara í grunnskóla. Það er því líka litli maðurinn fjármálaráðherrans sem nýtur kennslu kennara, þeir sem stunda þau störf sem ráðh. talaði svo fallega um fyrir nokkrum dögum, erfiðisvinnumenn, sjómenn, verkamenn. Það vill nefnilega svo til að grunnskólalögin eru m. a. til þess gerð að einmitt þetta fólk fái alla þá kennslu sem grunnskólanám veitir. Og það hefur verið yfirlýst stefna Alþingis að því menntaðri sem allir Íslendingar eru því betra. Það er því ekki, eins og fjmrh. virðist óttast, verið að reka alla Íslendinga í háskóla með grunnskólalögunum. Það er verið að undirbúa þá til þess að vera virkar, lifandi og starfsamar manneskjur í landinu hvað sem þeir annars kunna að fást við í lífinu. Grunnskólalögin gera kennurum líka skylt að efla þroska sérhvers nemanda, gera hann að hæfum einstaklingi til að búa í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta eru ekki litlar kröfur. Ég er ansi hrædd um að þetta verði ekki gert í einhverri afmarkaðri mínútuvinnu eins og hér hefur verið talað um.

Ég er kannske að lengja þessa sorglegu umræðu meira en efni standa til. Það varð ekki hjá því komist, og ber að fagna því að hv. fyrirspyrjandi bar þetta mál upp hér, að þingið svaraði því hvort það leggur blessun sína á þær dæmalausu yfirlýsingar sem héðan hafa komið um störf þeirrar stéttar sem að meira eða minna leyti elur upp börnin okkar. En ég vænti þess að næst þegar við ræðum stefnur í menntamálum hér á hinu háa Alþingi verði það gert með meiri myndarskap og meiri reisn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hafa verið hafðar umræður utan dagskrár og spurningu beint til menntmrh. þar sem leitað var eftir því hver væri afstaða hæstv. menntmrh. til ummæla hæstv. fjmrh. þar sem hann talaði um kennsluskyldu kennara og vinnutíma þeirra. Ég vil byrja á því að geta þess að efnislega ræddi ég þetta mál nokkuð ítarlega í umr. þegar hæstv. fjmrh. hafði látið hin misheppnuðu orð falla. En það er aðeins einn fjölmiðill sem lætur fara frá sér fréttir þessa dagana og ég verð að taka undir það með hæstv. menntmrh. að mér fannst túlkun þess fjölmiðils á því, sem væri að gerast hér í þinginu, ærið einhliða. Það var vissulega nauðsyn að fram kæmi hver væri skoðun hæstv. menntmrh. Hún kom fram í umr. á sínum tíma þar sem hæstv. menntmrh. gat þess að hann teldi að leiðrétta þyrfti kjör kennara. Ég hygg að það hafi aldrei verið meiri nauðsyn en nú fyrir Ríkisútvarpið og aðstandendur þess og velunnara að gera sér grein fyrir því að hlutlaus fréttaflutningur þess er mjög í brennidepli og við sem erum velunnarar þess eigum erfitt með að þola að fréttaflutningur frá því verði til þess að skekkja mjög þá mynd sem menn hafa af þeim umr. sem hér eiga sér stað.

Í þeirri efnislegu ræðu, sem ég flutti á sínum tíma, gat ég um það hve fráleitt er að rugla saman kennsluskyldu og vinnuskyldu kennara. Ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu hér, en get aftur á móti ekki látið hjá líða að víkja örlítið að ummælum hæstv. fjmrh. þar sem hann telur að kanna þurfi hvort kennsluskylda kennara hafi verið minnkuð til að koma kennurum í vinnu. Enn kemur það fram að hæstv. fjmrh. virðist hafa í sínu nágrenni menn sem vitandi vits ætlast til þess að hann hlaupi á sig og komi vitleysum inn á Alþingi. Ég held það væri tímabært að hann færi að setja þá í fylkingarbrjóstið þannig að menn vissu við hverja þeir væru að tala. Það vill svo til að það hefur aldrei tekist á Íslandi að manna allar kennarastöður grunnskóla eða barnaskólanna með kennurum með réttindi. Það hefur aldrei tekist. Þess vegna er ekki um það að ræða að þarna sé atvinnuleysi hjá þeim sem hafa viljað helga sig þessum störfum. Þetta hlýtur hæstv. fjmrh. að geta fengið óyggjandi upplýsingar um hjá hæstv. menntmrh.

Ég get vissulega tekið undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þjóðfélagið hefði takmarkað þensluþol. Það er vissulega rétt. En ég hygg að hver og einn, sem horfir til framtíðar, geri sér grein fyrir því að ef við vegum að menntuninni í landinu og þá grunnmenntuninni erum við að vega að framtíð þjóðarinnar. Þá erum við að vega að okkar eigin örlögum þegar aldur færist yfir. Og e. t. v. er þetta spurningin m. a. um það hvaða ellistyrk við hljótum þegar þar að kemur.

Mér finnst að þessi umr. hafi um margt farið úr böndunum. E. t. v. er hennar þörf að einu leyti. E. t. v. er það tilfellið að nokkuð stór hópur í þjóðfélaginu hugsi eins og þeir fjármálamenn sem þarna hafa viljað koma skoðunum sínum á framfæri. E. t. v. var það nauðsyn að einhvers staðar kæmi þetta fram í dagsljósið þannig að hægt væri að ræða hlutina en menn sætu ekki uppi með þetta sem hernaðarleyndarmál sem farið væri eftir á bak við tjöldin en enginn þyrði að ræða.

Það er hætt við að fljótlega færi illa fyrir þeim kennara sem teldi að sín vinnuskylda væri aðeins að mæta í tímann og mundi aldrei undirbúa sig undir eitt eða neitt. Það fer illa fyrir ráðh. ef þeir flytja mál sitt hér án þess að hafa undirbúið sig undir það. Og ég hygg að það sé ærin nauðsyn að ekki dyljist fyrir neinum að í hinni hröðu þróun í voru þjóðfélagi er endurmenntunarþörfin gífurleg og e. t. v. er hún á fáum stöðum meiri en hjá kennurunum. Ætli nokkur okkar vildi að þau börn sem við erum að senda í skólann sætu uppi með það að kennarinn væri kominn upp undir sjötugt og hefði aldrei kynnt sér aðrar bækur né námsefni eða viðhorf en það sem var á dagskrá þegar hann var í Kennaraskóla Íslands? Ég býst við því að við

teldum það ekki verjandi ástand. En sem betur fer eiga Íslendingar góða kennarastétt. Við höfum hins vegar greitt henni lág laun.

En ég vænti þess að fjölmiðlar þjóðarinnar geri sér grein fyrir því og geri grein fyrir því að kennarastéttin á verjendur marga hér á þingi sem meta störf hennar og meta þau störf eftir öðrum mælikvarða en þeim hvar mönnum er raðað í launastiga.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi umr. hófst með fsp. til hæstv. fjmrh. Er hann í húsinu? Það er útilokað að ljúka umr. öðruvísi en hann sé í húsinu. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. er í húsinu.)

Ég vil í tilefni af þessum umr. láta koma fram í fyrsta lagi af minni hálfu varðandi kennara: Ég treysti núv. menntmrh. og núv. ríkisstj. ekki til þess að láta fara fram endurmat á störfum kennara. Mér finnst hafa komið fram í máli hæstv. ráðh. og sérstaklega hæstv. fjmrh. þvílík vanþekking á störfum kennara að ég tel að það sé með öllu fráleitt að ætla þessum aðilum að hafa með það mál að gera.

Varðandi það mál sem ég fitjaði upp á hér og er hér til umr. þá er það þannig í pottinn búið að ríkisstj. hefur í heild samþykkt bréf til ráðuneytisstjóra um að það eigi að halda uppi persónulegri njósnastarfsemi um opinbera starfsmenn meðan verkfallið stendur yfir. Það á að skrifa niður það sem menn aðhafast í verkfallinu og í tengslum við verkfallið. Það kemur alveg skýrt fram. Og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. sem yfirmann dómsmála í þessu landi: Telur hann eðlilegt að persónulegar njósnir af þessu tagi fari fram? Í lögum eru til ákvæði til að vernda einstaklinga fyrir njósnum um persónuhagi og skoðanir fólks. Dómsmrh. er æðsti yfirmaður framkvæmdar þeirra laga. Telur hann eðlilegt að einstök rn. stundi skráningar á ávirðingum einstakra opinberra starfsmanna og yfirmenn opinberra stofnana geri það með þeim hætti sem hér er talað um? Ég tel að hér sé um að ræða svo alvarlegt tilræði við félagafrelsið í landinu að það sé með öllu óþolandi og þó að hæstv. fjmrh. lýsi því yfir að hann muni ekki draga bréf þetta til baka held ég að Alþingi hljóti að taka sérstaklega á þessu máli. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem eru þau lög sem taka við um vinnudeilur í landinu þegar lögum um opinbera starfsmenn og verkfall þeirra sleppir, segir svo í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn, b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum."

Hér er um að ræða lög nr. 80 frá 1938, nærri 50 ára gömul lög. Þau taka af öll tvímæli um að atvinnurekanda er bannað að hóta starfsmanni sínum með uppsögn meðan vinnudeila stendur yfir. Það er tvímælalaust lagabrot að haga sér með þeim hætti sem fjmrh. gerir í þessu máli. Meðan verkalýðshreyfingin var að berjast fyrir réttindum sínum og félagsmanna sinna fyrir 50—60 árum reyndu atvinnurekendur aftur og aftur að beita pólitískum kúgunaraðgerðum til að halda aftur af verkafólki í réttmætum átökum þess. Nú hefur hæstv. fjmrh. íslensku ríkisstjórnarinnar árið 1984 beitt sér fyrir því að sent verði út bréf þar sem þessar deilur eru endurvaktar á ný og farið fram með hótunum gegn hinu almenna verkafólki í þessu landi.

Það hefur verið sagt í þessari deilu að það standi til að núv. ríkisstj. ætli að reyna að brjóta niður verkalýðshreyfinguna í þessu landi. Þetta bréf, sem er undirritað af Höskuldi Jónssyni og samþykkt af allri ríkisstj., staðfestir hvað ríkisstj. ætlar að gera í þessum efnum. Ég tel að hér sé um að ræða stórhættulegt fordæmi og það beri að mótmæla öllum slíkum vinnubrögðum mjög harðlega á hv. Alþingi.

Hæstv. fjmrh. gekk svo langt áðan að hann upplýsti að skráningar hafa átt sér stað og eru í gangi meðan verkfallið stendur yfir. Ég geri kröfu til þess hér og nú úr þessum ræðustól að hæstv. fjmrh. birti Alþingi þessar skráningar þegar í stað lið fyrir lið. Hér er ekki um að ræða einhverja sakleysislega annálaritun, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson komst að orði hér áðan. Hér eru menn ekki að feta í fótspor Espólíns, eins og hæstv. forsrh. vildi láta málið líta út. Hér er verið að beita fantaskap í vinnudeilu, hóta fólki uppsögnum og fjárútlátum ef það ekki hagar sér eins og fjmrn. og yfirmönnum ríkisstofnana sýnist eðlilegt. Ég geri kröfu til þess að þessi gögn verði öll birt og ég vil gera kröfu til þess ekki einasta nú úr þessum ræðustól, heldur hér líka næstu daga og þá til ríkisstj. allrar.

Mér segir svo hugur um að margir yfirmenn ríkisstofnana muni ekki verða ýkjaviljugir við að framkvæma þetta endemis bréf fjmrn. Það kann að fara svo að þessi aðgerð, sem hér er um að ræða á vegum fjmrh. strandi víða á viljaleysi þeirra. En allt um það er ástæða til að gera kröfu til þess hér og nú að þessi gögn verði birt. Og það er hægt að hafa umr. um þessi mál utan dagskrár oftar en í dag ef þörf krefur.

Hæstv. forsrh. sagði áðan, og ætlaði að reyna að afsaka sig með því, að ríkisstj. í heild mundi fjalla um þetta mál og stefna samtökum fremur en einstaklingum. Hvaða lögskýring er nú þetta? Hvaða grein ætli það sé sem hæstv. forsrh. er að bera þarna fyrir sig? Í lögum um verkföll opinberra starfsmanna, nr. 29/1976, segir svo í 17. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum þeim sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera heildarsamtök eða einstök félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu."

Í þessum lögum er alveg ljóst að gert er ráð fyrir þeim möguleika að hérna séu báðar leiðirnar farnar, bæði að félögunum og að einstaklingunum. Hæstv. fjmrh. ætlar sér að stefna einstaklingunum. Hann ætlar að skrifa nöfn þeirra niður á svartan lista og síðan á að stefna þeim eftir vinnudeiluna. En hæstv. forsrh. þykist ætla að stefna félögunum. Það væri fróðlegt að vita hver stefnir hverjum og hvernig þegar upp er staðið í þessari deilu.

Hæstv. forsrh. hafði það eins og venjulega þegar hann er kominn í hnút og nefndi þá sögn sem hann hefur oftast nefnt frá því að hann tók við embætti forsrh. Íslands. Hann sagði: ég harma, ég harma. Það væri fróðlegt ef þjóðfélagsfræðingar tækju sér fyrir hendur að telja hversu oft núv. forsrh. landsins hefur þurft að „harma" frá því að hann tók við sem forsrh. Ýmist hefur hann harmað afleiðingar stefnu sinnar í heilu lagi eða þá að hann hefur harmað embættisafglöp

einstakra ráðh. Í þessu tilviki hefur hann séð sérstaka ástæðu til að harma að það bréf hefur verið sent út sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir hér áðan að hann og ríkisstj. bæru fulla ábyrgð á.

Ég endurtek, herra forseti, að ég geri kröfu til þess að birt verði hér á hv. Alþingi þau gögn sem koma í framhaldi af bréfi fjmrn. frá 8. okt. Ég skora enn fremur á hæstv. fjmrh. enn og aftur að draga þetta bréf til baka. Ég spyr hann: Telur hann að þetta bréf hafi orðið til þess að greiða fyrir samningum í þessari deilu? Telur hann að bréf og vinnubrögð af þessu tagi hafi flýtt fyrir lausn á verkfalli opinberra starfsmanna eða til hvers í ósköpunum eru menn að senda frá sér pappíra af þessum toga? Er ríkisstj. þeirrar skoðunar að þetta greiði fyrir deilunni? Er hæstv. félmrh., sem er yfirmaður félagsdóms, þeirrar skoðunar að hér sé löglega að verki farið þrátt fyrir skýlaus ákvæði í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur um að hegðan af þessu tagi sé stranglega bönnuð?

Herra forseti. Vinnubrögð ríkisstj. í deilu opinberra starfsmanna hafa svo að segja á hverjum einasta degi orðið til þess að spilla fyrir og eyðileggja möguleika á eðlilegu samningsandrúmslofti. Aftur og aftur hafa ráðherrarnir komið hér upp í stólinn með áskorun um að opinberir starfsmenn og aðrir reyni nú að stuðla að friði og samningum. Aftur og aftur eru þeir staðnir að því að senda frá sér plögg sem sýna embættisafglöp eins og það plagg sem ég hef hér gert að umtalsefni. Það er þess vegna ljóst að takist einhvern tíma að leysa deilu opinberra starfsmanna tekst það ekki vegna vinnubragða ráðh., heldur þrátt fyrir núv. ríkisstj.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Svo einkennilega vildi til að á meðan hæstv. fjmrh. hélt sína dæmalausu ræðu hér s. l. fimmtudagskvöld var verið að dreifa hér þáltill. okkar Kvennalistakvenna um endurmat á störfum kennara. Betri rök hefðum við ekki getað fengið til stuðnings þessari till. heldur en vanhugsuð orð hæstv. fjmrh., sem hann hefur nú beðist afsökunar á, þótt hann um leið reyndi að varpa af sér ábyrgð á þessum orðum með því að kenna þm. um að hafa truflað hann í ræðu sinni sem reyndar tók nú býsna langan tíma. Tilefni frammíkallanna verður þó algerlega að skrifast á reikning hæstv. ráðh. En það er rétt, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér áðan, að þessi viðhorf þurftu að koma fram í dagsljósið og hafa kannske gert sitt gagn. En því skal ekki heldur gleymt að hæstv. menntmrh. hefur viðhaft allt önnur ummæli um störf kennara og kjör og sýnu skilningsríkari og fjölmargir þm. látið sömu viðhorf í ljós. Ég kvíði því ekki meðferð þingsins á þáltill. okkar um endurmat á störfum kennara, en geymi mér frekari umr. um þetta efni þangað til sú till. kemst á dagskrá.

En það er býsna alvarlegt mál hvernig hæstv. ríkisstj. heldur á málum í þeirri kjaradeilu sem nú skekur þetta litla þjóðfélag. Það er býsna alvarlegt að hér skuli reka hvert dæmið annað um það hvernig veifað er rauðri dulu framan í það fólk sem berst nú fyrir betri kjörum. Ég hlýt að lýsa fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna þess ástands sem nú ríkir og þeirrar úlfúðar sem hún hefur vakið með vanhugsuðum yfirlýsingum einstakra ráðh. og ósæmilegum bréfum sem eru til þess eins fallin að vekja reiði og stífni. Brýnna og sæmra væri að sýna stillingu og vinna af sanngirni að lausn kjaradeilunnar.

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Beiðni um að frestað verði stefnuræðu forsrh.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseta hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi 16. okt. 1984.

Hér með er þess farið á leit að frestað verði stefnuræðu forsrh. og ræðan verði síðar flutt í samráði við formenn þingflokka.

Steingrímur Hermannsson."

Til þess að verða við þessari beiðni þarf að leita afbrigða. Það er leitað afbrigða frá 2. mgr. 52. gr. laga um þingsköp Alþingis, þar sem segir að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsrh. og umr. um hana, en eftirrit af ræðunni skuli afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en ræðan er flutt.

Er farið fram á að fresta flutningi ræðunnar samkvæmt nánara samkomulagi forsrh. og formanna þingflokka.

ATKVGR.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Aflamark á smábáta, fsp. 42. mál (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 42 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um aflamark á smábáta. Með lögum um breyt. á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, kvótalögunum svonefndu sem samþykkt voru hér á hv. Alþingi 20. des. 1983, var sjútvrh. veitt heimild til að ákveða skiptingu hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa, allt frá stærstu togurum til lítilla handfærabáta. Brtt. frá okkur Alþb.-mönnum um að undanskilja handfæra- og línubáta aflamarki eða kvóta var felld af stjórnarliðinu eins og aðrar brtt. okkar við þetta frv.

Með stoð í þessum lögum gaf sjútvrh. út reglugerð þann 8. febr. 1984 um stjórn botnfiskveiða á yfirstandandi ári. Í þessari reglugerð eru sérstök ákvæði um botnfiskveiðar minni báta þar sem sameiginlegt heildaraflamark er sett á báta undir 10 brúttórúmlestum sem stunda botnfiskveiðar. Sameiginlegu aflamarki þeirra yfir landið er skipt niður á fjögur tímabil og skv. þeirri skiptingu gert ráð fyrir heimild fyrir þessa báta til að veiða samtals 8300 tonn af óslægðum þorski, mest á þriðja tímabili, mánuðina júlí og ágúst, en mun minna síðan af öðrum tegundum eins og nánar er tilgreint í þessari reglugerð.

Hér var um mjög verulega skerðingu að ræða á heildarafla þessara báta af þorski miðað við árin á

undan. Þeir mörgu, sem stunda smábátaútgerð víða á landinu, urðu kvíðnir og spurðu fljótlega hvort það gæti verið að beita ætti ákvæðum þessarar reglugerðar um hámarksaflamark sem þannig væri útbúin. Meðal þeirra sem mótmæltu þessari reglugerð voru um 40 smábátaeigendur í Neskaupstað sem í aprílmánuði sendu hæstv. sjútvrh. bréf þar sem þeir óskuðu eftir því að ákvæði þessarar nefndu reglugerðar yrðu úr gildi felld varðandi minni báta og tekin yrði til endurskoðunar, ef ekki yrði á það fallist, tilhögun þessara veiða og tekinn upp í staðinn fyrir sameiginlegt heildaraflamark kvóti miðaður við landshluta eða einstök byggðarlög. Við þessu erindi frá smábátaeigendum í Neskaupstað var ekki orðið og ég hygg að hliðstæðar óskir hafi borist víðar að af landinu.

Ég kannaði það við embættismenn í sjútvrn. í lok maí eða byrjun júní hvort líkur væru á því að á ákvæði reglugerðar varðandi smábáta mundi reyna á þessu ári. Þá taldi viðkomandi embættismaður að svo mundi tæpast verða og átti ekki von á því að beita þyrfti þessum ákvæðum. Svo hefur þó farið að það hefur verið gert í tvígang og veiðar handfærabáta verið bannaðar tvívegis í viku í senn að ég hygg á liðnu sumri, í kringum verslunarmannahelgi og síðustu viku ágústmánaðar, með tilheyrandi röskun á útgerð og sókn þessarar gerðar báta.

Nú kann mönnum að þykja að ekki sé óeðlilegt að skerðing gangi yfir smábáta eins og önnur fiskiskip fyrst á annað borð var horfið að því ráði að setja aflamark á skip. En það er mitt sjónarmið og okkar Alþb.-manna, eins og fram kom við umr. um þetta frv. og í brtt. okkar, að alveg sérstaklega hagi til um útgerð smábáta og eðlilegt hefði verið að undanþiggja þessa gerð skipa, þessa smábáta, aflamarki. Þannig hagar til á ýmsum útgerðarstöðum — (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Það verður þá dreginn frá sá tími fyrir seinni þátt umr. Þannig hagar til á ýmsum útgerðarstöðum þar sem smábátaútgerð er stunduð að ekki er hægt að stunda hana nema mjög takmarkaðan tíma úr árinu og þá fyrst og fremst yfir sumartímann. Ég nefni sem dæmi byggðarlög sem eru háð slíkri útgerð, eins og Bakkafjörð og Borgarfjörð eystri. Einkum á minni stöðum er smábátaútgerðin verulegur þáttur í útgerð frá viðkomandi byggðarlagi og jafnvel eingöngu á henni byggt.

Það er því ljóst að tilhögun og fyrirkomulag á aflamarki, eins og hér var upp tekið, getur bitnað afar óþyrmilega á viðkomandi byggðarlögum og inn í það kemur veðrátta og aðrar aðstæður sem hamlað geta veiðum og útgerð þessara báta um lengri tíma.

Ég hef af þessum sökum borið fram þá fsp., sem ég mæli hér fyrir til hæstv. sjútvrh., svohljóðandi:

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd takmarkana á veiðum báta undir 10 brúttórúmlestum að stærð það sem af er þessu ári?

2. Hvaða áform hefur ráðh. um breytingar á stjórn botnfiskveiða hjá sömu bátum á árinu 1985?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni vil ég segja að í fáum orðum hefur verið farið í einu og öllu eftir reglum um botnfiskveiðar minni báta sem settar voru í reglugerð nr. 44 1984, 5. gr. Þá var bátum undir 10 brúttólestum úthlutað sameiginlegu aflamarki sem skipt var niður á fjögur tímabil. Tímabilin eru janúar til apríl, maí til júní, júlí til ágúst og september til desember. Aflamark það sem þessum bátum var úthlutað er í réttu hlutfalli við afla þeirra á viðmiðunarárunum 1. nóv. 1980 til 31. okt. 1983. Er því skipt eftir sömu reglu niður á þessi fjögur tímabil.

Rn. var heimilað í reglugerðinni að stöðva veiðar þessara báta færu þeir fram úr úthlutuðu aflamarki sínu á áðurgreindu tímabili. Á fyrsta tímabilinu, í janúar til apríl, var þeim heimilt að veiða 1770 lestir, en veiðar bátanna námu þá 1483 lestum skv. bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands og færðist mismunurinn, 287 lestir, fram á næsta tímabil. Á öðru tímabili, maí til júní, var þeim heimilt að veiða 3185 lestir að viðbættum þeim 287 lestum er ég nefndi frá fyrra tímabili, eða alls 3472 lestir. Afli bátanna á þessu tímabili nam 3678 lestum og fór því 206 lestum fram úr settu aflamarki og kom það magn til frádráttar á næsta tímabili. Á þriðja tímabili, í júlí til ágúst, var bátunum heimilt að veiða 4598 lestir að frádregnum 206 lestum frá fyrra tímabili, eða alls 4392 lestir. Afli þeirra á þessu tímabili nam 4863 lestum, eða 471 lest meira en heimilt var. Á þriðja tímabili kom því fyrst til stöðvunar bátanna og voru þeir stöðvaðir í tvígang í ágúst, fyrst í fimm daga yfir verslunarmannahelgina og síðar í sjö daga í lok mánaðarins. Nam því stöðvunin alls 12 dögum og er, eins og áður gat, það eina sem gert hefur verið til að stöðva veiðar þessara báta.

Ástæður þess að afli bæði á öðru og þriðja tímabili fór nokkuð fram úr settu marki er sú að tölur um afla úr einstökum verstöðvum berast nokkuð seint. Að jafnaði er ekki hægt að gera upp hvern mánuð fyrr en að liðnum 10 dögum af næsta mánuði á eftir og í reynd aldrei hægt að gera ráð fyrir því að tala þessi sé nákvæm fyrir svo mikinn fjölda báta.

Nú er hafið síðasta tímabilið, frá 4. september til desember. Enn sem komið er er ekki vitað hver aflinn var í september en ljóst er að af þeim 2077 lestum sem heimilt er að veiða verður að draga 471 lest sem veiddar voru umfram sett mark á þriðja tímabili. Því eru til ráðstöfunar á síðasta tímabilinu 1606 lestir.

Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvort þær veiðitakmarkanir sem gripið hefur verið til gagnvart bátum undir 10 brúttólestum hafi komið misjafnt niður. Af aflaskýrslu Fiskifélags Íslands fyrir þessa báta má ráða að afli hafi skipst jafnt á landshluta það sem af er árinu að undanskildum ágústmánuði, en þá skera Austfirðir og Vestfirðir sig nokkuð úr með meiri afla en aðrir landshlutar. Þegar á heildina er litið verður ekki annað sagt en að þessir bátar hafi búið við mikið frjálsræði í veiðum sínum það sem af er árinu miðað við marga aðra. Það er á hinn bóginn sýnt að þeir stöðvast að líkindum í nóv. en þá er afli tekinn að tregast hjá þessari bátastærð og veður farin að gerast válynd til sjósóknar á þeim.

Um annan lið fsp. hv. 4. þm. Austurl. er fátt hægt að segja að svo stöddu. Lagaheimildir sem gilda um stjórn fiskveiða gilda aðeins fyrir árið 1984 og nú alveg á næstunni verður flutt frv. um heimild til stjórnar fiskveiða á næsta ári og lengur. Ráðgjafarnefnd um stjórn botnfiskveiða hefur nýverið hafið störf og einnig hafa verið haldnir fundir með sjútvn. Alþingis um mál þessi. Í samvinnu við þessa aðila mun verða fjallað um stjórn veiðanna á næsta ári, þar með taldar veiðar þessara báta sem annarra.

Það hefur að sjálfsögðu komið ýmislegt til tals um breytingar í þessu sambandi, m. a. að skipta aflamarkinu niður á landshluta fyrir þessa bátastærð, eins og hv. þm. kom inn á, þannig að mismikil aflasæld í landi geti ekki leitt til ójafnaðar komi til veiðistöðvana. Ég get hins vegar ekki séð að jafnvel þótt það hafi ekki verið gert á þessu ári hafi það breytt miklu. Þær stöðvanir sem þessir bátar hafa orðið fyrir eru sem sagt 12 dagar en árið áður voru stöðvanir 7 dagar. Það liggur hins vegar nokkuð ljóst fyrir að til stöðvunar þeirra kemur seinni hluta ársins sem ekki var áður. En í flestum tilvikum geta þessir bátar mjög lítið athafnað sig á þeim tíma.

Ég vænti þess að þetta svar gefi þær upplýsingar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að leita eftir með þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör við minni fsp. Eins og ég gat um staðfesti hann að hér hefði orðið tvívegis um stöðvun að ræða hjá smábátum vegna þessa sameiginlega aflamarks. Hæstv. ráðh. taldi að ekki hefði breytt miklu þó að gilt hefði kvóti miðað við landshluta. Ég vil ekki leggja neitt endanlegt mat á það, enda hef ég ekki ákveðnar upplýsingar um þetta atriði. Hæstv. ráðh. gaf þær heldur ekki hér sundurliðaðar eftir landshlutum en byggir þó eflaust á einhverri vitneskju um þetta efni. Mér er þó kunnugt um að veruleg óánægja ríkti með þetta fyrirkomulag m. a. á Austurlandi síðastliðið sumar. Þar gerðist það að tregfiski var fyrri hluta sumars, t. d. í júlímánuði á Austfjarðamiðum á smábáta að hluta til á meðan allvel veiddist annars staðar. Því töldu menn að sú skerðing sem sett var á í ágústmánuði hefði komið óeðlilega niður.

Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann hugleiði við undirbúning þess frv., sem er í mótun á vegum hans ráðuneytis, að fella smábátaútgerðina undan aflamarki miðað við að gert sé ráð fyrir kvótasetningu áfram eins og gefið hefur verið til kynna. Ég teldi það eðlilegt að smábátar féllu ekki undir slíkar reglur. Hér er um þjóðhagslega mjög hagkvæma útgerð að ræða og heildaraflinn skiptir engu teljandi í því dæmi sem hér er verið að fást við í sambandi við takmörkun veiða. Auk þess eru einstaka staðir sem ekki hafa annað bjargræði í rauninni en smábátaútgerðina. Sameiginlegt aflamark eða stöðvanir á þessum veiðum geta komið mjög illa við þessa staði.

Sem varatillögu af minni hálfu ítreka ég það sjónarmið að ef á annað borð er haldið fast við það að hafa aflamark á smábáta sé réttmætt að tekin sé upp skipting a. m. k. eftir landshlutum og helst eftir byggðarlögum. Þá væri byggt á reynslu varðandi afla og þeim viðmiðunum sem almennt eru notaðar við setningu á aflamarki þannig að mönnum sé ekki mismunað með þeim hætti sem hlýtur að verða í einhverjum mæli þegar um slíkt sameiginlegt aflamark er að ræða fyrir stóran fjölda báta frá mörgum útgerðarstöðum. Ég sé ekki hvað ætti að vera á móti því að slík skipting væri upp tekin ef ekki er fallist á að undanskilja smábátana aflamarki.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það liggja að sjálfsögðu fyrir nákvæmar tölur frá Fiskifélagi Íslands um afla þessara báta fyrir mánuðina janúar til ágúst. Ég ætla ekki að fara að lesa upp allar þær tölur en að sjálfsögðu getur hv. þm. fengið afrit af þeim upplýsingum. Ef við lítum á þá tvo mánuði sem hann minntist hér á, þ. e. júlí og ágúst, þá var aflinn samtals í júlímánuði 3103 lestir, þar af á Suður- og Suðvesturlandi 778½ lest, á Vestfjörðum 763½, á Norðurlandi 663.2 og á Austurlandi 898. Í ágústmánuði var aflinn aftur á móti á Suður- og Suðvesturlandi 255.7, á Vestfjörðum 516.5, Norðurlandi 398 og á Austurlandi 590.

Þegar um takmarkanir er að ræða halda menn oft að skerðingin komi mest við þá sjálfa enda finna menn alltaf mest fyrir því eins og eðlilegt er og hafa oft á tíðum ekki nákvæmar upplýsingar um aflabrögð á öðrum stöðum. Ég tel mig geta fullyrt að þær fullyrðingar sem menn höfðu í frammi m. a. á Austfjörðum í sumar hafi ekki haft við rök að styðjast. En það er mjög eðlilegt að slík umræða sé í gangi, sérstaklega þegar fullnægjandi upplýsingar hafa ekki borist.

Það finnst að sjálfsögðu öllum slæmt að geta ekki róið í góðum veðrum en það er nú svo að bátar sem voru 10 rúmlestir og stærri bjuggu við það að vera með sérstakan aflakvóta. Það er afar lítill munur á annars vegar 10 rúmlesta bát og hins vegar bát sem er 9.5 rúmlestir. Ef þeir bátar sem eru undir þessu marki búa ekki við neinar takmarkanir en hinir hins vegar verður þar um óeðlilegan mismun að ræða. Hins vegar virðist það koma mjög til álita að þeir bátar sem stærri eru, t. d. milli 10 og 20 tonn og jafnvel eitthvað stærri, veiði einnig úr sameiginlegum kvóta.

Það er ekkert launungarmál að ýmsir þeir bátar sem voru rétt yfir 10 rúmlestir lentu fremur illa út úr þessum takmörkunum og að mínu mati verr en bátar sem voru rétt undir 10 rúmlestum. Þetta þarf að sjálfsögðu að hafa í huga við ákvörðun á reglum sem þessum. Í ljósi reynslunnar sýnist mér að meiri ástæða sé til að huga betur að þeim sem voru yfir 10 rúmlestum en þeim sem voru rétt undir þessum mörkum. Það mun verða viðfangsefni nú á haustmánuðum að setja slíkar reglur í samráði við hagsmunaaðila og þm. í sjútvn. og í ljósi þeirrar reynslu sem menn hafa nú öðlast á þessu ári.

Ljósmæðraskóli Íslands, fsp. 44. mál (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti hæstv. heilbrmrh. frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands. Málið var lagt fram í Ed. og varð 204. mál þingsins á þskj. 366. Þetta frv. var samið af nefnd sem skipuð var í okt. 1980 af þáv. heilbr.- og trmrh. til þess að endurskoða lög um Ljósmæðraskóla Íslands. Í nefndinni áttu sæti m. a. fulltrúi frá skólanum og einnig frá Ljósmæðrafélagi Íslands. Í frv. voru ýmsar breytingar til bóta og voru flestir þeir er um það fjölluðu sammála um það að hér væri á ferðinni hið þarfasta mál.

Í frv. er tiltekið að inntökuskilyrði skólans séu að umsækjendur skuli hafa lokið prófi í hjúkrunarfræði. Síðan er námstími Ljósmæðraskólans tvö skólaár. Þarna er því um að ræða 5—6 ára nám að loknu stúdentsprófi, fyrst í háskóla, síðan í sérmenntunarskóla eða framhaldsnámi.

Bæði í umr. þm. í deildum og eins við umfjöllun

heilbr.- og trn. beggja deilda um málið kom fram vilji og skilningur til þess að tryggja ljósmæðrum sem besta menntun og undirbúning undir störf sín og jafnframt viðurkenning á mikilvægi starfa þeirra og ósk um að þau störf yrðu áfram í höndum ljósmæðra en færðust ekki smám saman yfir á hendur annarra. Hins vegar voru ofarlega í hugum margra efasemdir um það að svo langur námstími væri endilega eðlilegasta og skynsamlegasta leiðin til þess að tryggja hæfilega menntun ljósmæðra. Og það komu einmitt fram áhyggjur yfir því að þeim kynni að fækka sem legðu út í svo langt nám. Þær hugmyndir komu fram að eðlilegra væri að samræma nám í hjúkrunarfræðum og ljósmæðrafræðum þannig að komið yrði á sameiginlegu grunnnámi í t. a. m. tvö ár, en síðan greindist námið í frekara hjúkrunarnám eða ljósmæðranám.

Heilbr.- og trn. Nd. hafði samband við fulltrúa úr stjórn Ljósmæðrafélags Íslands meðan á umfjöllun málsins stóð og samþykktu þeir að skynsamlegt væri að kanna þennan samræmingarmöguleika til þrautar svo og aðra kosti sem stytta mundu námið. En vitað er að menntunarmál ljósmæðra hafa verið mjög mikið rædd innan ljósmæðrastéttarinnar um langt árabil og ekki allir á eitt sáttir um lausn eða hentugast fyrirkomulag þeirra mála. Það var því ákveðið að fresta afgreiðslu málsins og leggja til að nefnd yrði skipuð í sumar til að endurskoða þennan þátt.

Ég tel þetta hið þarfasta mál og fagna því að hæstv. heilbrmrh. flutti það á síðasta þingi og tel að þetta mál megi ekki tefjast. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. heilbrmrh.: Hvað líður endurskoðun frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í febrúar s. l. mælti ég fyrir frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands sem samið var af stjórnskipaðri nefnd sem í áttu sæti m. a. fulltrúar frá Ljósmæðraskóla Íslands og Ljósmæðrafélagi Íslands. Áður en til framlagningar kom var leitað samráðs við menntmrn. um yfirstjórn skólans og varð að samkomulagi að heilbrmrn. annaðist hana áfram.

Í frv. var lagt til að ljósmæðranám yrði framhaldsnám hjúkrunarfræðinga og var því til stuðnings á það bent að ljósmóðurfræði eins og þau fræði eru nefnd á síðari tímum, væri sérgrein innan hjúkrunarfræðinnar og að þróunin væri þessi í þeim nágrannalöndum sem byggju við svipað heilbrigðiskerfi og við Íslendingar. Ég lagði ekki sjálfur efnislegt mat á þessa skipan en lagði á það sérstaklega áherslu að þau atriði sem mestu máli skipta fengju gaumgæfilega umfjöllun í fullu samráði við hagsmunaaðila í nefnd þeirri sem áður er vikið að.

Ég vissi ekki betur en að samstaða ríkti um málið. Annað kom hins vegar á daginn. Þegar frv. var til meðferðar í nefndinni linnti ekki athugasemdum. Um miðjan mars s. l. fór ég því þess á leit við þingnefnd í fyrri deild, í Ed., að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á frv. ef það mætti auðvelda lausn málsins. Það bar ekki tilætlaðan árangur og fór svo að málið var afgreitt í fyrri n. og fyrri deild, Ed., og vísað til n. í Nd. sem ekki skilaði áliti.

Hefði mér verið kunnugt um þann hringlanda sem ríkti um nokkur veigamikil atriði frv. hefði ég aldrei lagt það fram á síðasta þingi í þeirri mynd sem það var lagt fyrir. Ég fæ ekki séð að úr þessu hafi ræst þann tíma sem liðið hefur milli þinga og ég kannast ekki við að hafa fengið nein tilmæli um að endurskoða frv. frá þessum aðilum eða frá heilbr.- og trn. Nd. Það er því í fyrsta sinn sem ég heyri það nú hjá hv. fyrirspyrjanda.

Ég fæ því ekki séð að úr þessu hafi ræst þennan tíma sem liðið hefur milli þinga og ég mun ekki að óbreyttu ástandi leggja málið fyrir yfirstandandi þing. Ég hef í engum manni heyrt frá félaginu síðan þetta frv. var hér til meðferðar svo að ekki bendir það til að mikill áhugi sé fyrir að koma þessu máli fram. En mér er það sönn ánægja að flytja frv. að nýju ef þessir aðilar geta náð samkomulagi um þessi efnisatriði frv. Um það reyndi ég að fá samkomulag en tókst ekki betur en þetta. Málið dagaði sem sagt uppi í nefnd í Nd. og aðallega út af einu atriði sem Alþingi hefði þá átt að höggva á. En á meðan ekki heyrist frá þeim sem hér eiga hagsmuna að gæta mun ég ekki flytja frv., a. m. k. ekki fyrr en það kemur frá þessum aðilum og samkomulag næst um þessi tilteknu atriði.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að skjóta hér nokkrum orðum inn í þessa umr. Það sem kemur mér nokkuð á óvart í máli hæstv. ráðh. er það að því aðeins sé von á frv. að þeir sem þarna eiga hagsmuna að gæta leggi til hvernig það frv. á að vera. Ég get upplýst það að við sátum báðar, hv. fyrirspyrjandi og ég, í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta mál á síðasta þingi og það er alveg hárrétt, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh., að við höfðum við það nokkuð að athuga, t. d. það að það er nokkur nýlunda í íslensku menntakerfi ef fólk, sem lokið hefur prófi frá Háskóla Íslands, á síðan að fara í tveggja ára viðbótarnám í stofnun sem í raun og veru heyrir ekki undir Háskóla Íslands. Við þetta gerðum við vissulega athugasemd.

Ég held að það sé hárrétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að víst þarf að ganga frá frv. um menntun ljósmæðra. En ég held að það frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, sé ekki endilega rétt lausn á því.

Hins vegar vil ég leggja á það áherslu að ég tel að það sé ekki endilega hlutverk starfsstétta að búa til frv. um sín eigin mál. Ég hefði haldið að það væri heilbrigðisyfirvalda og yfirvalda menntamála að móta þá stefnu sem þau vilja hafa í menntunarmálum heilbrigðisstétta. Ég vil þess vegna mælast til þess að hæstv. ráðh. kasti þeirri ábyrgð ekki gjörsamlega í þessu tilviki á ljósmæður landsins, heldur reyni að afla sér upplýsinga og aðstoðar við að vinna skynsamlega stefnu í þeim málum er varða menntunarmál ljósmæðra.

Ég minnist þess að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir talaði um það hér á síðasta þingi að í stað þessara sex ára, sem ljósmæðranám tæki, væri hugsanleg leið að skipta hjúkrunarfræðinganámi eftir t. d. tveggja ára nám, að greina það sundur síðari tvö árin. Á þessu ætla ég mér ekki að hafa skoðun, ég er ekki nærri nógu kunnug því. En ég held að vel sé gerlegt að finna þarna leiðir til úrbóta. Eftir stendur að ég held að það hljóti að vera skylda hæstv. ráðh. að hafa frumkvæðið um að þessi mál verði leyst því að það er alveg áreiðanlegt að brýnt er að þessum málum verði skipað á einhvern skynsamlegan veg.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég held að það sé rétt munað hjá mér að

fyrirrennari minn í heilbr.- og trmrn. hafi skipað þá nefnd sem samdi þetta frv. Þetta frv. var búið að liggja æði lengi í ráðuneytinu og hvorki gekk né rak vegna þess að ekki var samkomulag á milli heilbrmrn. og menntmrn. um það hvort þessi litli skóli ætti að fara alfarið yfir til menntmrn. og undir stjórn þess eða að vera áfram undir stjórn heilbrmrn.

Ég hófst handa um að leysa það mál og það leystist með þessum hætti, að það varð að samkomulagi að heilbrmrn. hefði skólann undir sinni stjórn, enda er ýmislegt sem mælir með því, en hins vegar er aftur ýmislegt annað sem mælir gegn því.

Menntunarmál hjúkrunarfræðinga heyra alfarið undir menntmrn. og sú breyting sem þar varð gerði það að verkum að þetta frv. varð nokkuð erfitt úrlausnar. Ég lagði mig fram um að koma á og flytja tvö frv. í þágu þessarar stéttar, frv. til ljósmæðralaga, sem náði fram að ganga með nokkrum breytingum, og þetta frv. sem ég lagði mig einnig fram um að fá breytt í Ed. til samkomulags við þá aðila.

Ég segi fyrir mitt leyti að þegar maður veit ekki hvað menn vilja frá degi til dags þá get ég ekki staðið í því að elta menn hingað og þangað út í bæ til að kanna hvað það er sem ber á milli. Þess vegna verður eitthvað að koma fram um að áhugi sé fyrir þessu máli. Þá mun ekki standa á mér. En ég ætlast til þess að þegar samkomulag er gert þá sé við það samkomulag staðið.

Ég ætla ekkert að fara að skattyrðast hér við þessa tvo hv. þm. út af heilbr.- og trn. Nd. Um þetta atriði var ágreiningur og það má auðvitað alveg eins segja að nefndin hefði getað flutt brtt. við frv. Þetta var mér ekkert heilagt mál þá frekar en núna. En það verður fyrst og fremst að sjá hvort þessir aðilar hafa áhuga á því að fá þetta mál fram. Til þess verður þá að nást fyrir fram friður um málið og að flytja það í samráði við viðkomandi nefndir þingsins. En þannig stendur málið að ég hef ekki heyrt í einum einasta manni frá því að málið sofnaði værum svefni rétt fyrir þinglok í vor í örmum þeirra ágætu nefndarmanna sem skipa heilbr.- og trn. hv. Nd.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svör hans og það var fjarri lagi að ég ætlaði að skattyrðast nokkuð við hæstv. ráðh. Öllu heldur þakka ég honum velvilja hans til málsins. Það er ekki hans sök að málið er ágreiningsmál. En ég vil samt undirstrika að þetta var samdóma álit allrar nefndarinnar. Það voru ekki bara þeir tveir þm. sem hér hafa tekið til máls heldur var það samdóma álit. Það komu líka skýrt fram í máli þeirra þm. sem ræddu frv. áhyggjur yfir því að lengja námið svo.

Ég tel nauðsynlegt að málið verði ekki tafið og það var aldrei ætlunin að svæfa það heldur að betrumbæta það þannig að allir aðilar mættu una vel við sitt. Og því skora ég á hæstv. heilbrmrh. að beita sér fyrir því að hinir ýmsu málsaðilar komi saman og ræði um mögulegar betrumbætur á þessu máli.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 16. okt., að loknum 5. fundi.

Þjónusta við farþega í innanlandsflugi, þáltill. 2. mál (þskj. 2). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umsvif erlendra sendiráða, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leiguaðstoð við láglaunafólk, þáltill. 9. mál (þskj. 9). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu, þáltill. 11. mál (þskj. 11). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leit að brjóstakrabbameini, þáltill. 12. mál (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 14. mál (þskj. 14). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Síldarverksmiðjur ríkisins, þáltill. 16. mál (þskj. 16). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipaútgerð ríkisins, þáltill. 17. mál (þskj. 17). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ferðaskrifstofa ríkisins, þáltill. 18. mál (þskj. 18). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jarðboranir ríkisins, þáltill. 19. mál (þskj. 19). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, þáltill. 20. mál (þskj. 20). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ríkismat sjávarafurða, þáltill. 21. mál (þskj. 21). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskifélag Íslands, þáltill. 22. mál (þskj. 22). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipulagsstjórn ríkisins, þáltill. 23. mál (þskj. 23). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Búnaðarfélag Íslands, þáltill. 24. mál (þskj. 24). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill. 25. mál (þskj. 25). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, þáltill. 26. mál (þskj. 26). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Embætti húsameistara ríkisins, þáltill. 27. mál (þskj. 27). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fasteignamat ríkisins, þáltill. 28. mál (þskj. 28). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, þáltill. 33. mál (þskj. 33). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bætt merking akvega, þáltill. 45. mál (þskj. 45). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill. 52. mál (þskj. 52). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. 55. mál (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stuðningur við ungmenna- og íþróttahreyfinguna, þáltill. 58. mál (þskj. 58). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aukin sjúkra- og iðjuþjálfun, þáltill. 59. mál (þskj. 59). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aukin þjónusta vegna tannréttinga, þáltill. 60. mál (þskj. 60). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 62. mál (þskj. 62). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur, þáltill. 13. mál (þskj. 13). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á s. l. þingi gerði ég fsp. til hæstv. heilbrmrh. um það hverjar aðstæður væru hér á landi til að veita athvarf og heilbrigðisþjónustu þeim börnum og unglingum sem eru illa haldin andlega og líkamlega um styttri eða lengri tíma vegna fíkniefnaneyslu. Í svari hæstv. ráðh. kom fram að þrátt fyrir það að neyð þessa tiltölulega fámenna hóps sé vel kunn þeim, sem með heilbrigðismál barna og unglinga fara, hefur þetta því miður ekki verið gert að forgangsverkefni þar sem önnur mál hafa þótt brýnni. Af svari hæstv. ráðh. mátti þó heyra að hann hafði mikinn skilning á vanda þessa hóps og því tel ég víst að hann muni leggja því máli lið sem ég flyt hér nú, þáltill. um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur sem er 13. mál þessa þings á þskj. 13 og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að skipa þriggja manna nefnd sem leggi fram ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að veita athvarf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu þeim börnum og unglingum yngri en 18 ára, sem eru illa haldin, andlega og líkamlega, vegna fíkniefnaneyslu.“

Meðflm. mínir að þessari till. eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Á s. l. 20 árum hefur neysla vímuefna meðal ungs fólks á Vesturlöndum færst stórfelldlega í aukana. Ætla má af könnunum að víða hafi um 80% ungmenna á gagnfræða- og menntaskólastigi neytt eins eða fleiri vímuefna í því skyni að komast í einhvers konar vímuástand. Með vímuefni er átt við einhvern eftirtalinna efnaflokka: a) Róandi efni eins og áfengi, svefnlyf, valíum og önnur róandi lyf, b) örvandi efni eins og amfetamín, kókaín og ýmis megrunarlyf, e) kannabisefni eins og marihuana og hass, d) skynvilluefni eins og LSD og meskalín, e) kvalastillandi efni eins og ópíum, morfín, heróín, kódeín, petidín og metadon, f) lífræn leysiefni eins og lím, þynni og úðunarefni, g) ofnæmis- og sjóveikilyf, h) *ýmis önnur efni eins og t. d. englaryk.* Lengi vel vorum við Íslendingar lausir við þennan vágest ef undan er skilið áfengi og þess var ekki neytt í verulegum mæli meðal barna og unglinga. Á s. l. árum hefur þó ástandið breyst til hins verra og virðist almenn vímuefnaneysla meðal barna og unglinga fara vaxandi.

Engar tæmandi rannsóknir liggja fyrir um vímuefnaneyslu unglinga hér á landi, en þó má draga ályktanir af þeim könnunum sem gerðar hafa verið. Í heilbrigðisskýrslum, fylgiriti 1982, eru bornar saman kannanir á áfengisneyslu 1972 og 1980 og kemur þá fram að stöðugt fleiri unglingar telja áfengisneyslu eftirsóknarverða og að marktæk fylgni er á milli þessa viðhorfs og hærri tíðni eigin neyslu. Enn fremur að notkun áfengis meðal íslenskra unglinga hefur aukist verulega hin síðari ár. Unglingarnir drekka oftar og meira í hvert sinn en áður. Það var einnig ljóst af þessari könnun að áfengisnotkun fullorðinna er veruleg og vaxandi og trúlegt er að notkunarvenjur unglinga endurspegli þær venjur sem almennt tíðkast í landinu.

Árið 1970 kom fram í könnun að kannabis var nær óþekkt meðal 15 ára unglinga í Reykjavík. Síðari kannanir 1972 og 1980 sýndu að þeim unglingum, sem hafa notað kannabisefni, hefur fjölgað mikið. Enn fremur kom greinilega í ljós fylgni milli notkunar áfengis og kannabisefna.

Á allra síðustu árum hefur svo aukist verulega bæði framboð og fjölbreytni þeirra vímuefna sem eru á boðstólum og aldurshópur neytenda er orðinn breiðari. Samkvæmt upplýsingum þeirra, sem vinna að málum unglinga, er í dag hópur unglinga frá 13 ára aldri a. m. k., jafnvel yngri, sem neytir vímuefna reglulega, sumir daglega. Þessi hópur notar flest þau efni sem aðgengileg eru á markaðnum hverju sinni og neytir efnanna á ýmsan hátt. Virðist fara vaxandi sú tilhneiging að sprauta ýmsum efnum beint í æð og gildir þá einu hvort um er að ræða áfengi, muldar sjóveikitöflur, amfetamín eða annað. Grunur leikur enn fremur á því að þau efni sem eru í duftformi séu oftar en ekki blönduð öðrum efnum, eins og t. d. talkúmi, til að drýgja þau eða jafnvel heróíni til að skapa stærri og háðari neytendahóp. Þarf ekki að tíunda þá hættu sem hlýst af því að sprauta slíkum efnum beint inn í blóðrásina.

Í þessum hópi eru unglingar sem flestir eru hættir í skóla og margir án þess að hafa lokið lögboðnu skyldunámi. Þeir eru ekki í vinnu eða stunda hana stopult og eru að miklu leyti lagstir út en hafast við í tilviljanakenndu húsnæði eða skjóli, eins og hitaveitukompum og þvíumlíku, sem er þeirra eina örugga athvarf. Þessir unglingar fjármagna neyslu sína á ýmsan hátt, með ígripavinnu, sölu og dreifingu vímuefna, eitthvað er um þjófnað og önnur lögbrot og sögusagnir hafa heyrst um vændi barnungra stúlkna.

Þessi harði kjarni ungra neytenda, sem er á aldrinum 11—16 ára og telur um 20—30 einstaklinga að því er talið er, hefur síðan óæskileg áhrif á svonefndan áhættuhóp sem neytir fíkniefna að staðaldri og telur marga tugi unglinga. Þar eru börn allt frá 10 ára aldri sem farin eru að nota vímuefni í einhverjum mæli og stöðugt verða þau börn yngri sem þreifa fyrir sér í þessum efnum.

Oft er um að ræða einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður á heimili og í skóla og koma frá láglaunahópum *þjóðfélagsins. Þetta er þó ekki einhlítt því að börn,* sem alist hafa upp við góðar aðstæður, geta líka ánetjast vímuefnafíkn. Það er ótrúlegt að nokkur ætli sér eða vilji verða háður vímuefnum, en það sem byrjar annað hvort sem flótti frá raunveruleika sem unglingurinn ræður ekki við eða þá sem fikt, rekið af ævintýralöngun eða löngun til að upphefja sig í augum félaganna, getur fyrr en varir orðið að líkamlegum og sálrænum bindandi vana og unglingurinn missir stjórn á neyslu sinni.

Öll þau vímuefni, sem áður voru talin upp, geta valdið líkamlegum eða andlegum skemmdum, sum ef neysla þeirra er mikil og langvarandi, önnur geta haft varanlegt og óbætanlegt heilsutjón í för með sér þótt þeirra sé aðeins neytt í eitt sinn. Dæmi um slík efni eru LSD, englaryk og sniffefni.

Mörg þeirra barna og unglinga, sem eru reglulegir neytendur vímuefna, hafa þegar beðið óbætanlegt tjón á heilsu sinni. Önnur eru í mikilli hættu. Þau ráfa um umhirðulítil og vanrækt á þeim stöðum þar sem unglingar leita saman í hjarðir, áður á Hallærisplaninu en nú í seinni tíð fremur á Hlemmtorgi og í leiktækjasölum þar í grennd, en langstærstur hluti þessa vandamáls er bundinn við höfuðborgarsvæðið. Sum eru illa haldin eða ósjálfbjarga og eiga í ekkert hús að venda vegna félagslegra vandræða. Flest þurfa þau læknismeðferð,

hjúkrun og félagslegan stuðning um lengri eða skemmri tíma og þörf þeirra er brýn.

Haft hefur verið á orði að vímuefnafíkn mætti líkja við smitsjúkdóm og áður var minnst á þann áhættuhóp sem verður fyrir áhrifum af hinum harða kjarna reglulegra neytenda. Áhættuhópurinn er síðan óhjákvæmilega í tengslum við jaðarhópa, bæði í Reykjavík og úti á landsbyggðinni, sem standa fjær en eru samt í hættu. Enginn veit hvað þessir hópar eru stórir en víst er að við höfum ekki efni á því að missa eitt einasta ungmenni í súginn á þennan hátt.

Eðlileg viðbrögð til „sóttvarnar", ef svo mætti að orði komast, eru m. a. að einangra smitberana og uppræta þann jarðveg þar sem smitsjúkdómurinn þrífst.

Vegna aldurs síns eiga þessir einstaklingar ekki greiða leið inn í heilbrigðiskerfið og er því nauðsynlegt að þar verði sköpuð sú aðstaða sem þeir þarfnast. Gera verður skyndiátak til að skipuleggja samvinnu milli heilbrigðis- og félagsmálastarfsfólks um meðferðarúrræði. Er því lagt til að nefndina skipi fulltrúi heilbrigðiskerfisins, t. d. geðlæknir, fulltrúi Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og fulltrúi frá Unglingaheimili ríkisins. Það er áætlað að nefndin muni skila tillögum sínum fyrir 1. maí 1985.

Ég álít að þarna sé e. t. v. fyrst og fremst þörf á góðum vilja og samræmingaraðgerðum miklu fremur en fjárfrekum meðferðarúrræðum og því vona ég að hæstv. heilbrmrh. muni taka þessu máli vel.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hryggilegur en allt of sannur var sá lestur sem okkur var lesinn hér af hv. 3. landsk. þm., 1. flm. þessarar till. Það þarf ekki langt mál um svo alvarlegt íhugunar- og aðgerðaefni sem hér er hreyft en undir það skal tekið.

Þessi mál voru rædd hér í víðu samhengi í fyrra, oftar en einu sinni og það að vonum. Áhyggjur manna af þessum málum eru víða og menn þekkja velflestir einhver dæmi af eigin reynslu sem þeir hafa komið nálægt og því er það ekki að ófyrirsynju að menn ræði þau hér á löggjafarsamkomunni. Ég bendi á að á Alþingi í fyrra var samþykkt sérstök þál. um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Í lok þeirrar þál. sem samþykkt var á Alþingi 20. des. 1983 — en 1. flm. þessarar till. var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir — segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstöðum skal skila af því nefndarstarfi sem þar er ákveðið til dómsmrn. eigi síðar en 1. mars n. k."

Þar sem hér er um það alvarlegan þátt þessa máls að ræða varðandi aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna hlýtur hér þegar þetta mál ber nú á góma að verða spurt að því hvað líði starfi þessa samstarfshóps og hvað hæstv. dómsmrh. hefur að segja um þetta mál og framkvæmd þess. Ég staðnæmdist nefnilega eðlilega við einn lið öllum öðrum fremur í þessari grg. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 5 í grg.:

„Eðlileg viðbrögð til sóttvarnar eru m. a. að einangra smitbera og uppræta þann jarðveg þar sem smitsjúkdómurinn þrífst."

Það er nefnilega þarfast af öllu að hafa uppi fyrirbyggjandi aðgerðir í þessu sem öðru. En það er erfiðast um leið að finna þær leiðir sem kynnu að duga eitthvað í þessum málum. Hér véla nefnilega um þeir aðilar sem mikið eiga undir sér, sem víða teygja klær valds og auðs og lifa á því í vellystingum praktuglega að auka ógæfu annarra. Það eru engir smákarlar á ferð hér, hvorki úti í hinum stóra heimi né líklega heldur hér á landi. Þar eru þeir örugglega með í þeim ljóta leik sem annars staðar. Hér eiga þessir voldugu aðilar eflaust umboðsmenn sem e. t. v. næst aldrei í, heldur eru það þeir smærri í þessu eða aðstoðarmenn hinna stóru sem lenda í því.

Þetta eru þung orð. En reynslan annars staðar frá sannar þetta ótvírætt og jafnvel svo að þar er um áhrifamenn að ræða á opinberu sviði annars staðar í heiminum sem standa að og skipuleggja slíka starfsemi. Ég ætla að vona að við séum ekki það langt leidd í þessum efnum. Það er áreiðanlega erfitt að koma lögum yfir hina stærstu og alvarlegustu sökudólga hér sem annars staðar hefur reynst í heiminum. Á þessu vek ég sérstaka athygli.

Auðvitað ber þjóðfélaginu og okkur öllum að vera hér vel á verði og ekki síður að rétta þá nauðsynlegu hjálparhönd sem, ef megna mætti, gæti bægt burt einhverjum af þeim hörmungum sem í kjölfar þessarar neyslu fylgja. Hér er talað um athvarf alveg sérstaklega og allt er gott um það að segja og ekki síður þá félagslegu og heilbrigðislegu þjónustu sem er meginatriði þessarar till. til handa þessum ógæfubörnum. Ég segi ógæfubörnum því það er raunar hryggilegra en tárum taki að við erum hér að fjalla um aldurshóp yngri en 18 ára og það eitt út af fyrir sig er ógnvekjandi umhugsunarefni í raun.

Það er rétt að hér komi fram að mat ýmissa þeirra aðila, sem ég hef rætt við um þessi mál, er það að í þessum aldurshópi sé talsverður fjöldi sem hreinlega þarf á sérstakri meðferð að halda á stofnun sem hefði þetta sérstaka verkefni, jafnvel nokkurra mánaða meðferð sem ein dygði svo sem er um áfengissjúklinga t. d. Þegar ég minnist á það vil ég minna á það enn og aftur að tengslin við neyslu annarra vímuefna eru hér ótvíræð, sérstaklega neyslu þeirra á mjög ungum aldri. Öll þessi mál þurfa því að skoðast í heild. Athvarf eða áningarstaður eftir að út af slíku heimili eða stofnun væri komið væri svo sjálfsagt til viðbótar.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Grg. og sá lestur sem okkur var lesinn hér áðan segir í raun og veru allt. En eftir er okkar hlutur, að reyna af fremsta megni að koma einhverju því skipulagi á þessi mál sem við getum kinnroðalaust gert að okkar. Ég árétta stuðning við þessa till. um skyldur samfélagsins sem okkur ber að gegna. En ég vil sérstaklega minna aftur á órofatengsl milli allrar vímuefnaneyslu, hvers eðlis sem vímuefnið er. Í því sambandi þarf að skoða þetta mál í heild og fyrirbyggjandi aðgerðir þurfum við að finna sem árangursríkastar þó að vitað sé — og þar undirstrika ég aftur það sem ég kom að áðan — að þar er við aðila að eiga sem ekki eru auðveldir viðfangs með gnótt fjár, víðtæk völd, mikla aðstöðu og undarlega góð sambönd úti í hinum stóra heimi sem hingað reyna örugglega að teygja anga sína.

Verkefnið er því vandasamt og allt mjög viðamikið en því meir knýjandi og ótvírætt engu að síður. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa till.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur ekki verið um annað meira rætt bæði hér í sölum hins háa Alþingis og víðar í þjóðfélaginu en að

grípa þurfi til aðgerða til að fyrirbyggja, koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu sem hefur vaxið mjög mikið hér á landi eins og í okkar nágrannalöndum á undanförnum árum.

Vegna þeirrar till. sem hér liggur fyrir tel ég eðlilegt að það komi fram að við Dalbraut í Reykjavík starfar barnageðdeild sem hefur eftir megni reynt að sinna útköllum sem verða vegna ungra fíkniefnaneytenda. Því miður er starfslið þar fáskipað og hvergi nærri nógu mikið til að koma til móts við þær þarfir sem uppi eru varðandi fíkniefnaneyslu unglinga, sérstaklega þess hóps sem hvergi á höfði sínu að halla, hins stóra hóps útilegufólks sem fer vaxandi meðal yngri kynslóðarinnar.

Ég kemst þó ekki hjá því að segja það hér að ákveðið hefur verið af stjórnarnefnd ríkisspítalanna — og er ekki ný ákvörðun — að stefna að því að koma upp geðdeild fyrir unglinga, unglingageðdeild. Eftir að geðdeildir ríkisspítala lögðu niður rekstur að Úlfarsá í Mosfellssveit hafa verið teknar upp viðræður við borgaryfirvöld um makaskipti á Úlfarsá og því húsnæði að Dalbraut sem ríkisspítalar nota ekki en er talsvert stærri hluti hússins en sá sem nú er notaður af barnageðdeildinni. Þessu hefur verið lýst í áætlunum ríkisspítala, ekki eingöngu fyrir næsta ár heldur hefur þessi till. komið fram áður. En eins og oft strandar á fjármagni. Þó virðast vera meiri möguleikar nú en oft áður að eitthvað geti gerst í málinu, einkum og sér í lagi ef samningar takast við Reykjavíkurborg. En ég tek fram að þeir eru ekki hafnir, þetta mál hefur aðeins verið kynnt og umræður eru að byrja.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það eru fyrirbyggjandi aðgerðir sem skipta mestu máli. Það er misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni að þessi till. fjalli um það þótt hann læsi úr grg. till. Þessi till. fjallar um þjónustu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára innan stofnana en fjallar ekki um fyrirbyggjandi aðgerðir. Ég er alls ekki að gera lítið úr því starfi sem þarf að vinna innan stofnana, en það er rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að fyrirbyggjandi störf eru þau sem skipta máli.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti fyrir örfáum árum síðan að beita sér fyrir stefnubreytingu í heilbrigðismálum um allan heim og gaf út kjörorðið „Heilsa fyrir alla árið 2000". Einmitt í þærri áætlun er gert ráð fyrir gífurlegri stefnubreytingu þar sem meiri fjármunum verði varið til fyrirbyggjandi starfs en fjármunir á móti skertir í þeirri þjónustu sem nú fer fram innan sjúkrahúsa og stundum er kölluð þjónusta sem er dýr, kostar mikið en er fyrir fáa, en beita sér frekar að þeim verkefnum sem kosta minna en fleiri njóta góðs af. Ég er hlynntur þessari stefnubreytingu. Hún þarf að eiga sér stað í okkar þjóðfélagi eins og öðrum þjóðfélögum og það er athyglisvert að Íslendingar eru líklega sú þjóð í heimi sem eyðir mestu af þjóðarframleiðslu til heilbrigðismála, eða um 11%. Ég endurtek að Íslendingar eru líklega sú þjóð í dag sem að hlutfalli þjóðarframleiðslu eyðir mestu til heilbrigðismála af opinberu fé. Við erum eitthvað hærri en Svíar sem hafa verið taldir þeir hæstu. Bandaríkjamenn eyða meiri fjármunum en það fer í gegnum einkaaðila að verulegu leyti og þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna þess að mikil tækni er notuð til að lækna fáa, þ. á m. „transplantasjónir" ýmiss konar sem við lesum um á hverjum degi í fréttum.

Það er líka athygli vert að á Íslandi eru flestir læknar í heiminum miðað við íbúa. Það er ekki víst að við gerum okkur grein fyrir því að þetta er lúxusþjóð, Íslendingar. Það er enn athyglisverðara að kanna það að líklega eru stöðugildi lækna hér á Íslandi 50% fleiri en hjá þeim sem næstir koma. Ég endurtek, til þess að ég misskiljist ekki, að líklega eru stöðugildi lækna á Íslandi hér um bil 50% fleiri en í því landi sem næst kemur, sem skýrist af því að læknar telja sig hafa það lág laun hér á landi að þeir eru yfirleitt í einu og hálfu starfi að meðaltali, sumir í á þriðja starf. Aðrir eru auðvitað einungis í einu starfi og einstaka maður í minna starfi. Þetta er vegna þess að þeir telja sig láglaunamenn á Íslandi samkvæmt sínum kjörum, þurfa á hærri launum að halda. Til þess að fela þau kjör vinna þeir tvöfalt til þrefalt starf, sumir hverjir. Ég er alls ekki að gagnrýna það, ég er bara að benda á staðreyndir sem hljóta að koma upp hjá þjóð sem ekki vill hafa hið formlega launabil of mikið en leysir þá vandann, sem aðrir leysa með opinberum hætti, með því að fela laun sumra stétta með hætti eins og þessum.

Þetta eru mál sem við þurfum að hafa í huga þegar við tölum um heilbrigðisþjónustuna því að það má ugglaust margt til betri vegar færa. Ég get sagt það hér að mér er kunnugt um að hæstv. heilbrmrh., sem ekki er staddur hér og nú og áttaði sig ekki á því að taka ætti þessa till. fyrir núna hefur fullan vilja til þess að breyta um stefnu hér á landi.

Það er nefnilega staðreynd líka að þrátt fyrir allt okkar tal um að nú eigi að snúa sér að heilsugæslunni, þrátt fyrir það að við höfum fyrir 10 árum síðan samþykkt lög á Alþingi þar sem við gumuðum af því að nú ætti að snúa sér að heilsugæslunni, þá er það nú samt svo að sjúkrahúsin taka til sín sífellt meiri hluta fjármagnsins. Hér á Reykjavíkursvæðinu segir borgarlæknir t. d. að árið 1971 hafi sjúkrahúsin í Reykjavík tekið 65% kostnaðarins en 75% kostnaðarins 1981. Þróunin hér á landi er því á hinn verri veg, enda er 80% talið það allra hæsta sem þjóðir fara í. Það gera aðeins þjóðir með það kerfi að einkafjármagn auðvalds getur keypt sér læknisþjónustu sem almenningi er ekki boðið upp á.

Þetta vil ég að komi fram þótt það komi þessu máli ekki við í sjálfu sér því það mál sem hér er til umr. er auðvitað góðra gjalda vert. Ég er samþykkur þeirri hugmynd sem kemur fram að það þarf að vera athvarf fyrir unglinga. Því athvarfi er sjálfsagt best fyrir komið innan ríkisspítalakerfisins þar sem geðdeildir eru mjög stórar, þar sem læknar eru fyrir hendi og þar sem aðstaða gæti verið til að taka á móti slíkum sjúklingum.

Við höfum í dag að Vífilsstöðum tækifæri til að taka á móti sumum úr þessum hópi. En þetta er þó fólk sem er svo ungt að það á yfirleitt ekki samleið með þeim sem eldri eru, eins og ég veit að hv. flm. veit, og þess vegna er þessi till. hér til komin.

Við höfum jafnframt barnageðdeild sem er fyrir þá sem eru haldnir „krónískum" geðsjúkdómum. Það er ekki pláss á þeirri deild þótt læknar þar hafi sinnt þessari skyldu sinni og lagt á sig ómælt starf til að taka við unglingum sem eiga við fíkniefnavandamál að stríða. Um það hefur ekki verið rætt og ekkert við rétta aðila samið en það kemur til greina að koma upp slíkri stöð við Kleppsspítalann sjálfan þar sem gerðar hafa verið verulegar endurbætur á undanförnum árum.

En sú till., sem er uppi og hefur verið samþykkt af stjórnarnefnd ríkisspítala, er að á Dalbraut verði reynt að koma upp geðdeild fyrir unglinga. Ég vænti þess að það mál fái lausn innan tíðar og tel að það sé komið það langt að í raun muni samþykkt þessarar till. ekki flýta fyrir því máli. En það breytir ekki því að framlagning till. er mjög góð og umr. hér á hinu háa Alþingi af hinu góða. Ég þakka flm. fyrir að leggja fram þessa till. til þess að við fengjum tækifæri til að ræða þetta mál hér í Sþ. og í n. á Alþingi og fræðast betur um það hvernig það er statt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Við munum öll viðurkenna að því miður er ástatt svo hér hjá okkur að efni þessarar till. á fullan rétt á sér, þ. e. að við höfum hér hóp af unglingum sem þarf á þeirri aðstoð og aðstöðu að halda sem lagt er til að vinna að og skapa í þessari þáltill.

Hv. 2. þm. Austurl. beindi til mín fsp. um það hvað liði vinnu í framhaldi af nefndarskipun á s. l. vetri um fíkniefnamál. Í nál. var þar lagt til fyrst og fremst að komið yrði á nánara samstarfi milli þeirra aðila sem að eftirlitsmálum vinna í landinu og þeirri till. hefur verið framfylgt þannig að samstarfsnefnd hefur verið skipuð til að samræma þær aðgerðir. Jafnframt var lagt til að aukinn yrði tækjakostur þeirra sem að þessu vinna og ráðuneytið hefur gert till. um það hvað þar þurfi að ganga fyrir.

Þá hef ég átt viðræður við ýmsa aðila um þetta vandamál, m. a. það sem þessi þáltill. fjallar um, þ. e. þennan hóp sem tvímælalaust er orðinn í vandræðum og þarf á aðstoð að halda. Ég hef rætt þar við lögreglustjórann í Reykjavík, landlækni, forstöðumann Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar o. fl. Ég beindi því til landlæknis að hann reyndi að skapa þá aðstöðu að hægt væri að koma þessum unglingum inn til meðferðar.

En það kom jafnframt fram að því miður nægir ekki stofnunin ein. Það er einnig vandi að fá þessa unglinga til að fallast á að þeir séu þannig haldnir að þeir þurfi á meðferð að halda. Og þá er það spurning hver á að hafa vald til þess að að úrskurða slíkt.

Vissulega fannst mér það athyglisvert að í þessum umr. kom fram að besta úrlausnin fyrir þessa unglinga væri sú að hægt yrði að finna gott sveitaheimili til að veita þeim viðtöku. Það sýndi þá viðurkenningu sem sveitaheimilin njóta og þá þýðingu sem þau hafa fyrir okkar þjóðfélag að það skuli vera af hendi sérfræðinga viðurkennt að þau séu besti aðilinn til að hjálpa þeim sem illa eru farnir á þessum vettvangi. Að vísu ekki þeim sem svo illa eru farnir að þeir þurfi beinlínis læknishjálpar við heldur eru á því stigi að þeir geta snúið til betri vegar ef þeir komast í betra umhverfi.

Ég vildi sérstaklega taka undir það sem hér hefur komið fram hjá ræðumönnum að leggja þarf áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir. Það er ömurlegt til þess að hugsa að slík örlög skuli bíða ákveðins hluta af uppvaxandi æsku þessarar þjóðar. Ég fagna því þeirri umr. sem fer fram um það að þarna þurfi að spyrna við fótum. Jafnframt verðum við að reyna að gera meira en að ræða málin, þarna þarf raunhæfar aðgerðir.

Það vakti athygli mína í þessum viðræðum sem ég hef átt um þessi mál að a. m. k. allir læknar, sem ég hef rætt við, voru sammála um að fyrsta skrefið í neyslu vímuefna væri áfengi og reyndar tóbak. Það væri næstum útilokað að unglingur eða barn byrjaði á neyslu annarra fíkniefna ef það ekki neytti annaðhvort tóbaks eða áfengis. Ef við á annað borð viljum berjast á móti þessum vágesti þá er augljóst að fyrsta skrefið er að berjast gegn þeim sem upphafinu valda.

Þá er það þessi samviskuspurning sem alþingismenn verða að svara hver og einn. Hvað vilja þeir á sig leggja til að draga úr þeirri hættu sem unglingar eru í að falla fyrir þessum efnum? Vilja þeir í raun viðurkenna að áfengi er sá bölvaldur í okkar þjóðfélagi að neyta verði allra tiltækra úrræða til þess að draga úr neyslu þess? Þessari spurningu hljóta alþingismenn að verða að svara þegar þeir leggja áherslu á að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum. Ég vænti þess að umr. um þessa þáltill. muni því stuðla að því að menn velti þessari spurningu fyrir sér og komist að þeirri niðurstöðu.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég skil þessa till. þannig að hér sé rætt um athvarf, þ. e. einhvers konar stofnun, sem tæki við þeim unglingum eða öðrum sem þegar hafa hlotið meðferð á viðeigandi sjúkrastofnun. Ég held að það sé eðlileg skilgreining á þessu hugtaki. Það má þó vel vera að hér sé um að ræða að hv. flm. leggi annan skilning í þetta, en þetta er minn skilningur. Ég tel að með því móti sé verið að koma til móts við þá staðreynd að langflestir þeirra sem hafa orðið fíkniefnaneyslu að bráð hafa á einn eða annan hátt annaðhvort leiðst út í fíkniefnaneyslu vegna þess að þeir koma frá fjölskyldum í upplausn eða þá að þeir hafa með neyslu sinni lent utan við eðlilegt heimilis- og fjölskyldulíf. Það er kannske þetta sem er alvarlegast í því sem hér er um að ræða. Þó að hinn læknisfræðilegi og sálarlegi þáttur sé mikilvægur er hitt kannske enn þá meira um vert og enn þá meira umhugsunarefni að hér stöndum við gagnvart einstaklingum sem raunverulega eiga hvergi athvarf. Ég vona að þm. geri sér ljóst að með þessu móti, að leggja áherslu á athvarf, erum við að stuðla að því að taka slíka einstaklinga aftur inn í samfélagið, forða þeim frá því voðalegasta sem fólk þekkir, t. d. frumstæðar þjóðir, þar sem ekkert er voðalegra, ekkert er ógnvænlegra en að lenda utan við hið eðlilega samfélagslíf.

Með þennan skilning í huga styð ég eindregið þessa till.

En það eru nokkur atriði sem ég vildi minnast á í þessu sambandi. Fyrst er þess að geta að mér finnst nokkuð á skorta nægjanlegar rannsóknir á því í hverju raunverulegi vandinn er fólginn, þ. e. um hve marga einstaklinga er hér að ræða. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið eru flestir sammála um að hér í Reykjavík séu milli 20 og 30 unglingar á aldrinum 13 til 16 eða 17 ára sem eigi við veruleg vandamál að stríða. En ég dreg hins vegar í efa að uppgefnar tölur um neyslu þessa aldurshóps séu mjög nákvæmar. Ég veit að í gangi er allvíðtæk könnun á þessu og ég held að það væri mjög mikilvægt, þegar sú könnun liggur fyrir, að hún verði kynnt þm. svo að þeir sjái um hvað raunverulega er að ræða.

Það væri einnig mjög æskilegt að fá um það tölur hve margir unglingar á þessum aldri, 13 til 17 ára, hafa á undanförnum árum verið inni á sjúkrahúsum og geðdeildum vegna ofneyslu fíkniefna og eins það hvernig

þeim hefur vegnað eftir dvölina þar. Ég hef grun um að það sé þó nokkur hópur sem þannig er ástatt um, en við vitum ekki nákvæmlega um þetta.

En það er annað atriði sem ég vildi minnast á í þessu sambandi og það er neysla hinna eldri. Enginn vafi er á því að megnsins af þeim eiturlyfjum sem flutt eru ólöglega til landsins er neytt af eldri aldurshópum. Það er kannske þar sem stærsta meinið liggur. Það er þar sem hættan skapast. Þar er það umhverfi sem þessir unglingar alast upp í. Það er ekki síður mikilvægt út frá því sjónarmiði að athuga úr hvaða hópum unglingarnir koma, svo ég víki nú að því sem ég byrjaði á. Úr hvaða umhverfi koma þeir unglingar sem verða fíkniefnum að bráð?

Það var minnst á eitt atriði í hinni ágætu greinargerð hv. flm. Það er að margt af þessu fólki hefur dottið út úr skólum, hefur ekki lokið skyldunámi. Hverjar eru ástæður þess? Hvernig stendur á því að einmitt þessir unglingar hafa dottið út? Er það vegna neyslu fíkniefna eða er það vegna þess að þeir duttu út úr skóla að þeir hafi leiðst út í þessa ógæfu? Þarna er mál sem hlýtur að snerta skólana. Þarna er mál sem er uppeldisatriði og við þurfum að vita meira um.

Það er enginn vafi á því, og um það hef ég tölur, en af því ég hef þær ekki við höndina vil ég ekki nefna neinar ákveðnar tölur, að meiri hluti þeirra unglinga sem neyta einhverra vímuefna neyta áfengis. Þeir eru miklu fleiri sem neyta áfengis en þeir sem neyta þeirra efna sem minnst er á í greinargerð hv. flm. Áfengið er stærsta vandamálið sem unglingar eiga við að stríða þegar um vímuefni er að ræða. Ég held það væri mjög þarft að kortleggja betur en gert hefur verið hvernig áfengisneyslu unglinga er háttað og, eins og minnst var á í greinargerðinni, hvernig tengslum áfengisneyslu og annarra vímuefna er háttað meðal unglinga.

Þetta eru atriði sem ég held að þjóðfélagið hljóti að láta sig miklu varða, þ. e. þekking, þ. e. skilningur á vandamálinu, ekki bara fordæming eða afsökun, heldur að þekkja hinar raunverulegu ástæður sem liggja að baki því vandamáli sem hér er til umræðu.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr., en ég vænti þess að við 2. umr. málsins liggi fyrir nákvæmari tölur um ýmis þau atriði sem ég hef minnst hér á. En ég vil endurtaka stuðning minn við þessa þáltill.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við meginefni þeirrar þál. sem hér liggur fyrir og ég tel brýnt að komið verði upp athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur. Hér er brýnt verkefni á ferðinni, sem ekki þolir bið, og nauðsynlegt að koma upp athvarfi eða leita meðferðarúrræða vegna unglinga sem ánetjast hafa fíkniefnum.

Hv. 2. þm. Austurl., Helgi Seljan, spurði hæstv. dómsmrh. um þá till. til þál. sem samþykkt var á síðastliðnu Alþingi um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Hv. þm. spurði hæstv. dómsmrh. um þær niðurstöður sem skila átti til dómsmrn. og liggja áttu fyrir eigi síðar en 1. mars s. l. Svar hæstv. dómsmrh. gefur mér sérstakt tilefni til þess að koma hér upp.

Í kjölfar þessarar þáltill., sem samþykkt var fyrir jól á s. l. þingi, var strax skipaður samstarfshópur til að gera tillögur í samræmi við efni till. Sá samstarfshópur skilaði tillögum, að ég best veit, fyrir 1. mars s. l. Hópurinn skilaði mjög viðamiklum tillögum sem snertu raunar fleiri þætti en þá sem voru nefndir í þeirri till. til þál. sem samþykkt var hér á hv. Alþingi. Í kjölfar þess að sá hópur leggur fram tillögur sínar er það 20. mars að sex rannsóknarlögreglumenn skila athugasemdum við tillögur starfshópsins. Ég hafði raunar ætlað mér að leggja í dag fram fsp. á Alþingi, sem dreift hefði þá verið á morgun, sem fjallaði um þessa þætti, vegna þess að ég tel nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. geri Alþingi í einstökum atriðum grein fyrir þeim þáttum sem þessi starfshópur komst að niðurstöðu um og á hvern hátt hann hafði hugsað sér að framkvæma þær tillögur.

Hæstv. dómsmrh. upplýsir hér að hann hafi skipað samstarfshóp sem eigi að samræma, að mér skildist, aðgerðir löggæslu og tollgæslumanna í lögsagnarumdæmum og síðan nefndi hæstv. dómsrh. að hann hefði gert athuganir líka varðandi tækjabúnað. Tillögur þessa starfshóps, sem skilaði hæstv. dómsmrh. niðurstöðum, voru mun víðtækari hvað snertir skipulagsbreytingar. Hann gerði tillögur um verkaskiptingu við rannsókn fíkniefnamála, hvað snertir löggæsluna, mannaflann, tækjakost, menntun, skráningu og meðferð upplýsinga, samstarf milli löggæsluumdæma, svo og tollgæslunnar — tækjabúnað og hjálpargögn, um eftirlit með höfnum, menntun tollgæslumanna, aukna samvinnu lögreglu og tollyfirvalda, breyttar rannsóknaraðferðir, alþjóðasamvinnu og hert viðurlög. En hæstv. dómsmrh. nefnir hér í þessari umræðu einungis tvo þætti. Ég er auðvitað tilbúin að bíða þess að hæstv. dómsmrh. svari því og mundi þá leggja formlega fram fsp. ef hann er ekki við þessa umræðu tilbúinn að svara þeim þáttum lið fyrir lið, sem þessi hópur lagði fram. Hvað hyggst hæstv. dómsmrh. gera varðandi þær tillögur sem þar voru lagðar fram? Ef hæstv. dómsmrh. er ekki tilbúinn að svara því núna þá mun ég leggja fram formlega fsp. Ég hefði einnig viljað heyra hvort hann hafi hugsað sér að taka tillit til athugasemda sex rannsóknarlögreglumanna við hugmyndir starfshópsins sem sendar voru dómsmrh. 20. mars og snerta sérstaklega skipulagsbreytingar og tillögur um verkaskiptingu við rannsókn fíkniefnamála.

Ef hæstv. dómsmrh. er tilbúinn að svara þessu núna mun ég að sjálfsögðu ekki leggja fram fsp., en að öðrum kosti verður hún lögð hér fram með formlegum hætti.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég er ekki með skýrslu þá sem hv. 2. landsk. þm. vitnaði í, þannig að ég get ekki farið yfir hana lið fyrir lið hér.

Vegna spurninga sem til mín var beint er þess að geta að ég greindi frá tveimur atriðum sem þegar hafa verið framkvæmd af því sem beinast lá við í sambandi við niðurstöðurnar. Skipulagsbreytingar eru yfirgripsmeira mál. Það kom m. a. fram í því bréfi sem hv. 2. landsk. þm. vitnaði til að mér hefði borist að það eru nokkuð skiptar skoðanir hjá þeim sem að þessum málum vinna á hvern hátt hagkvæmast er að haga þeim málum og þá hvaða breytingar ber að gera. Þess vegna hef ég ákveðið að taka þessi mál til rækilegri athugunar og gera betri úttekt á skipulaginu og fá þá tillögur sem byggjast á mjög nákvæmri athugun á þessum málum.

Vænti ég þess að slík athugun geti hafist áður en mjög langt um líður. En hvenær ég fæ þær niðurstöður þori ég ekki um að segja.

Við minnumst þess að fyrir tveimur árum var flutt hér á Alþingi frv. til l. um breytingar á skipulagi lögreglumála í nágrenni Reykjavíkur sem talið var að væru til bóta. Frv. náði ekki fram að ganga hér á Alþingi þar sem þá kom fram andstaða við slíka skipulagsbreytingu. Því held ég að ekki þýði að leggja fram frv. um þessi skipulagsmál nema að undangenginni nokkuð rækilegri athugun, þannig að þær tillögur sem þar koma fram séu mjög vel rökstuddar. Þess vegna hef ég ákveðið að fara þá leið. En á meðan að því er unnið verður vitanlega gert allt sem mönnum sýnist að jákvætt sé að breyta og rúmast innan þeirra laga sem við búum við í dag.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. og hæstv. ráðh. sem hafa tekið þátt í umr. um þetta mál eða önnur skyld mál og þakka þeim stuðning sem hafa látið hann í ljósi.

Ég verð þó að lýsa yfir leiða mínum yfir því að hæstv. heilbrmrh. hefur ekki séð sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu en vona að hann finni til þess tíma að lesa hana þegar hún kemur í Alþingistíðindum og kynna sér málavöxtu. En framgangur málsins byggist að sjálfsögðu á velvilja hans og skilningi.

Mig langaði til þess að svara hv. þm. Friðriki Sophussyni lítillega þó hann sé ekki hér staddur nú. Hann tíundaði mjög þann kostnað sem fylgir heilbrigðisþjónustunni, einkum hérlendis. Það er rétt, hann er mikill og úr honum þyrfti að draga t. d. með því að auka fyrirbyggjandi aðgerðir. Þó vil ég hugga hv. þm. með því að allt þetta framlag og allir þessir læknar hafa e. t. v. stuðlað að því að við höfum lengstan meðalaldur í heimi. Þann meðalaldur væri þó kannske hægt að öðlast alveg eins með því að beita fyrirbyggjandi aðgerðum og það er svo sannarlega leið framtíðarinnar en ekki að halda úti dýrri viðgerðaþjónustu.

En í þessu sambandi vil ég undirstrika að það sem verið er að tala um hér er ekki einungis meðferð á þessum 20—30 einstaklingum sem um er að ræða. Það er jafnframt fyrirbyggjandi aðgerð með því að taka þá úr umferð frá þeim stað þar sem þeir eru nú og veita þeim aðgang inn í lífið á nýjan leik. Eftir að búið er að reyna að gera fyrir þá það sem hægt er til þess að opna þeim leið inn í einhvers konar tilveru þar sem þeir liggja ekki vegalausir utangarðs, þá um leið er fjarlægður kjarni sem smitar út frá sér til annarra. Og það er alveg rétt hjá hv. þm. Haraldi Ólafssyni, það þyrfti að gera frekari kannanir á þessu en það er mjög erfitt að fá marktækar tölur.

En eins og ég sagði áðan, mér finnst ekki að við höfum efni á að missa eitt einasta ungmenni í súginn á þennan hátt og þess vegna kannske skipta tölur ekki meginmáli.

Varðandi nánari skilgreiningu á þessu athvarfi þá tel ég að það sé einmitt þess vegna sem þarf að skipa þessa reyndar fámennu nefnd þriggja aðila. Meðferðarúrræðin eru á hendi þeirra sem stunda lækningar og hjúkrun og eins á vegum þeirra sem veita félagslegan stuðning, félagsráðgjafa, sálfræðinga og annarra. Og líka þeirra sem fara með mál unglinga. Þess vegna tel ég réttilega skipað í nefndina ef þar eru fulltrúar frá þessum þremur aðilum, sem munu sameinast um það að finna þau meðferðarúrræði sem vonandi duga.

Ég vil ekki orðlengja þetta frekar en ljúka máli mínu með því að skora á hæstv. heilbrmrh. að kynna sér málavöxtu og vísa ég síðan málinu til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurmat á störfum kennara, þáltill. 54. mál (þskj. 54). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Léleg kjör kennara og vanmat á störfum þeirra er að mínu mati ekki nýtt vandamál. En nú síðustu árin hefur keyrt svo um þverbak að til vandræða horfir. Allt þetta ár hefur birst hver greinin af annarri í blöðum sem staðfesta hversu alvarlegt ástandið er orðið. Hver kennarinn af öðrum hefur vitnað um það að hann hafi ekki getað framfleytt sér og sínum af þeim launum sem í boði eru og orðið að leita annað eða sé í þann veginn að gera það.

Mér er sérstaklega í minni frásögn kennara sem neyddist til að svipast um eftir öðru starfi. Hann sótti um starf hjá einkafyrirtæki og ákvað að gera nú nokkuð djarfar kaupkröfur til þess að losna við eilífar fjárhagsáhyggjur ef hann hlyti hnossið. Hann fór fram á tvöföld kennaralaun. Hann var reyndar ráðinn og frétti sér til undrunar að aðalástæðan til þess var hversu hóflegar kaupkröfur hann hafði gert. Allir hinir umsækjendurnir höfðu gert stórum hærri kröfur, enda ekki vanir þeim launum sem ríkisstarfsmenn almennt verða að sætta sig við, að ekki sé nú minnst á þá sem hér eru til umræðu, þ. e. kennara.

Kennaramenntunin er alhliða menntun sem reynst hefur góður aðgangur að ýmsum öðrum störfum en þeim sem að kennslu lúta. Kennarar hafa því unnvörpum sótt á önnur mið og ef kjör kennara batna ekki stórlega alveg á næstunni mun flóttinn úr stéttinni aukast enn frekar en orðið er. Margir gamalgrónir kennarar eru ófúsir að yfirgefa þennan starfsvettvang fyrr en í fulla hnefana, enda hugsanlega óhægt um vik. En yngri kennarar, sem munu vera í talsverðum meiri hluta innan stéttarinnar, eru engan veginn jafnbundnir starfinu og hika ekki eins við að breyta til fyrir betri kjör á öðrum vettvangi.

Engum blandast hugur um að tíð kennaraskipti eru óæskileg og ber að sporna við slíku með öllum ráðum. Það er umhugsunarefni að um helmingur félagsmanna Kennarasambands Íslands er með innan við 10 ára starfsaldur. Segir það sína sögu um kjör stéttarinnar.

Við þm. Kvennalista teljum brýnt að bregðast hið fyrsta við þessu vandamáli og leggjum því til á þskj. 54 að svohljóðandi ályktun verði samþykkt:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd er vinni að endurmati á störfum kennara. Nefndin skili niðurstöðum sem allra fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessarar tillögu."

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Í greinargerð með tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Á árunum frá 1963 og fram yfir 1970 fór fram mat á störfum opinberra starfsmanna. Þegar starfsmat þetta lá fyrir kom þegar fram megn óánægja með það meðal kennara, og þá einkum vegna þess hve þáttur ábyrgðar í

starfi kennara var lítils metinn.

Í starfsmati þessu kom skýrt fram að ábyrgð á peningum var metin til hærri launa en ábyrgð á uppeldi og fræðslu barna og unglinga. Auðgildið var m. ö. o. sett ofar manngildinu. Til stuðnings þessari fullyrðingu má nefna sem dæmi að í stigsetningu starfsheita skv. starfslýsingu fengu útsölustjórar Á. T. V. R. 160 stig vegna ábyrgðar, en grunnskólakennarar og kennarar á menntaskóla- og tækniskólastigi fengu 115 stig vegna ábyrgðar. Á öðrum skólastigum var ábyrgðarmatið enn lægra.

Enda þótt starfsmat það, sem hér er vitnað til, hafi í raun aðeins gilt í þrjú ár og hafi algjörlega verið hafnað allt frá 1973 sem viðmiðun um launakjör virðist lítil breyting hafa orðið á hugarfari þeirra sem fara með skiptingu launakökunnar á milli starfsstétta.

Það er vitanlega ljóst að fleiri starfsstéttir en kennarar eru ósáttir við það mat á störfum þeirra sem kemur fram í þeim launum sem þeim eru skömmtuð. En að mati flm. þessarar till. eru launakjör kennara svo alvarlegt mál að það þoli enga bið og verði ekki hjá því komist að taka það fyrir sérstaklega.

Helstu rökin fyrir ofangreindri fullyrðingu ættu að vera flestum augljós. Launakjör kennara eru nú slík að alger flótti úr stéttinni blasir við ef ekki verður að gert. Má nærri geta hvílíkar afleiðingar það hefði.

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt þunga áherslu á gildi menntunar og uppfræðslu, og lykillinn að góðri menntun uppvaxandi kynslóðar og þjóðarinnar allrar er uppfræðarinn sjálfur. Sú kynslóð, sem nú mótar þjóðfélagið, má ekki hljóta þau eftirmæli að hún hafi ekki skilið þessi einföldu sannindi.

Æskilegt væri að fögur orð væru einhvers virði þegar störf eru vegin og metin. En í þeim efnum eru launin í raun eini mælikvarðinn sem viðurkenndur er. Byrjunarlaun kennara í grunnskólum eru nú í byrjun október 1984 kr. 15 843 — og hæstu laun sem þeir ná eru kr. 21 717 eftir 23ja ára starfsferil.

Og þetta eru aðeins launin. Hér verður ekki fjölyrt um starfsskilyrði kennara sem eru afar misjöfn og víða bágborin. Þess verður þó að geta, ef einhverjir hafa ekki áttað sig á því, að umtalsverðar breytingar hafa orðið á störfum kennara síðustu árin vegna breyttra þjóðfélagshátta og allra aðstæðna, ekki síst með tilkomu grunnskólalaganna árið 1974.

Síauknar kröfur eru gerðar til kennarastarfsins. Uppeldi hefur t. d. að töluverðu leyti færst úr höndum foreldra og heimila yfir til skólanna. Hvort sem mönnum kann að þykja það æskileg eða óæskileg þróun er hún staðreynd sem verður að horfast í augu við.

Aukinn fjöldi nemenda með hegðunarvandkvæði og einkenni taugaveiklunar eykur mjög álag á kennarann og aðra nemendur. Þar við bætist að kennarinn er almennt mjög einangraður og ber einn alla ábyrgð á því að starfið gangi vel og nemendum líði vel.

Ætlast er til að skólar sinni í æ ríkari mæli en áður ýmsum þáttum sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Má þar nefna ávana- og fíkniefnafræðslu, kynfræðslu, umferðarfræðslu, starfsfræðslu o. fl.

Aukin nýbreytni í kennsluháttum kallar á meiri vinnu, og vegna námsefnisskorts þurfa kennarar að eyða miklum tíma í að útbúa námsefni til að geta mætt þörfum hvers nemanda. Gagnaöflun er tímafrek og erfið, einkum þar sem bókakostur er rýr og þjónusta bókasafna takmörkuð eða jafnvel engin.

Brýna nauðsyn ber því til að fram fari endurmat á störfum kennara og tillit tekið til hinnar miklu ábyrgðar sem kennurum er lögð á herðar við stöðugt umfangsmeiri og fjölbreyttari fræðslu og uppeldi í síauknum mæli. Er hér ekki síður um hagsmunamál foreldra en kennara að ræða og jafnframt þjóðarinnar allrar.

Flm. leggja til að nefndin verði skipuð a. m. k. fimm mönnum. Lagt er til að menntmrn. skipi einn fulltrúa, fjmrn. einn, Kennaraháskólinn einn og Bandalag kennarafélaga tvo fulltrúa. Nefndin hraði störfum svo sem verða má og skili áliti ekki síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessarar till."

Einhver kann að furða sig á því að við skulum ætla fulltrúa fjmrn. sæti í þessari nefnd sem ætlað er að leggja faglegt mat á störf kennarastéttarinnar. En ástæðan er vitanlega sú að fjmrn. er samningsaðili sem hlýtur að verða að kynna sér þessi efni.

Þegar við Kvennalistakonur ákváðum að leggja fram þá till. til þál. sem hér er til umr. gerði ég því hálfvegis skóna að ég mundi þurfa að flytja langa ræðu hér máli okkar til stuðnings. Mál hafa nú skipast svo að þegar hafa farið fram miklar umræður um störf og kjör kennara svo að ég get þess vegna hlíft þingheimi við miklum ræðuhöldum af minni hálfu. Svo vildi til að einmitt á meðan verið var að dreifa þessu þskj. á borð þm. stóð hæstv. fjmrh. í þessum ræðustóli og dreifði þeim orðum héðan um kennarastéttina sem almenna furðu og hneykslun hafa vakið. Um þau orð hef ég ekki annað að segja en að þau sýndu að til eru menn jafnvel í valdastöðum sem þurfa að kynna sér betur hver raunveruleg kjör kennara eru og í hverju starf þeirra er fólgið.

Niðurstöður þeirrar nefndar, sem hér er lagt til að skipuð verði, mundi auðvelda okkur öllum að gera okkur grein fyrir því ábyrgðarstarfi sem kennurum er falið og væntanlega leiðrétta kjör þeirra til samræmis við þær niðurstöður. Sem betur fer hefur hæstv. menntmrh. og fjölmargir þm. aðrir viðhaft ummæli hér sem gefa tilefni til bjartsýni um meðferð þessarar till.

Herra forseti. Vegna veikindaforfalla hæstv. menntmrh. vil ég leyfa mér að fara fram á frestun þessarar umr. að lokinni framsögu minni svo að hæstv. ráðh. geti tekið þátt í umræðunni.

En að lokinni umr. um málið legg ég til að því verði vísað til allshn.

Umr. frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. 57. mál (þskj. 57). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Á þskj. 57 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem er aðeins ein grein fyrir utan gildistökugreinina, en það er að 6. mgr. 45. gr. laganna

hljóði svo:

„Dagpeningar vegna starfa við eigin heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema hámarksupphæð hverju sinni".

Í grg. segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Heildarendurskoðun tryggingalöggjafar okkar hefur lengi staðið yfir, enda um viðamikið verkefni að ræða og mörg vandasöm og viðkvæm atriði sem upp koma.

Eitt þeirra atriða sem þar hljóta að vera ofarlega á blaði til athugunar og breytinga varðar sjúkradagpeninga. Þeir eru ekki háir í dag, létta aðeins undir, en skipta í engu sköpum þegar um lengri veikindi er að ræða og aðrar samningsbundnar greiðslur hafa fallið niður eða minnkað stórlega.

Hér er aðeins hreyft við einum þætti sem óneitanlega hefur legið eftir og þar koma ekki inn í myndina neinar samningsbundnar greiðslur svo sem atvinnurekanda viðkomandi. Því er ástæða til að taka þann þátt út úr og skoða sérstaklega meðan ekki liggur fyrir niðurstaða heildarendurskoðunar.

Ekki þarf að tíunda hér í hve mörgum greinum hlutur heimilisstarfa er vanmetinn í þjóðfélaginu. Vinnuframlagið þar, *yfirgnæfandi innt af hendi af húsmæðrum*, virðist oft til fárra fiska metið og margar fáránlegar viðmiðanir uppi hafðar þar þó að enginn neiti þýðingu og gildi þessara grundvallarstarfa. Réttindi tengd þessu vinnuframlagi eru fá og smá. Mismununin kemur víða fram, en einn alvarlegasti þáttur hennar snertir sjúkradagpeninga.

Á valdatíma Magnúsar Kjartanssonar sem tryggingaráðherra varð hér á veruleg leiðrétting og vissulega er um talsverða uppbót að ræða vegna sannaðrar heimilisaðstoðar í núgildandi lögum sem ber að meta. Hins vegar mun ekki mjög mikið um það að um þetta sé sótt, enda talsverð skriffinnska sem þar er eðlileg forsenda greiðslna. Flm. er a. m. k. kunnugt um allt of mörg dæmi þess að ¼ dagpeninga, svo sem aðalreglan er, sé látin nægja. Einsýnt þykir því að greiða fulla dagpeninga vegna veikinda þeirra sem stunda heimilisstörf og þegar að sverfur í þjóðfélaginu eins og nú hefur sannanlega gert um sinn verður leiðrétting meira krefjandi og nauðsyn hennar enn brýnni.

Flm. er fullkunnugt um ýmsa agnúa á lögum um almannatryggingar sem snerta sjúkradagpeninga, m. a. mismunun eftir því hvort viðkomandi er í hlutastarfi eða fullu starfi. Vel mætti hugsa sér að sníða þá agnúa af einnig og allir án undantekninga fengju fulla dagpeninga í veikindum sínum.

Minna má sérstaklega á konur í sveit og réttindi þeirra, bundin vinnuframlagi í verðlagsgrundvelli eða viðmiðun vegna vinnustunda á skattframtölum, sem enga sanngjarna mynd gefa af raunveruleikanum en rýra í mörgum greinum sjálfstæðan rétt svo sem fæðingarorlofið er gleggst dæmi um. Að mörgu er því óneitanlega að huga, en til að koma þessum einstaka þætti á hreyfingu í jafnréttisátt er frv. þetta flutt."

Ég hefði gjarnan viljað fylgja þessu eftir með ítarlegri tölum og upplýsingum, en aðstæður í þjóðfélaginu valda því að í dag eru þær ekki tiltækar. Hefði þó verið full ástæða til að fara nokkrum orðum um sjúkradagpeningana í heild, hlutverk og markmið þessara greiðslna, hversu misjafnt vægi þær hafa í afkomu og aðstöðu allri. Sömuleiðis hefði verið fróðlegt að hafa nú við höndina upplýsingar um hverju greiðslur fyrir heimilisaðstoð skv. núverandi lagastoð hafa numið og enn fróðlegra að sjá hvar þeim greiðslum hefði verið sleppt eða þær ekki inntar af hendi vegna þess einfaldlega að sú skriffinnska sem þar liggur eðlilega að baki hefur vaxið fólki í augum, óþarflega mikið þó. En þær tölur mun ég fá inn í hv. nefnd sem þessu verður vísað til. Þá gefst kostur á að kynna sér tilhögun og framkvæmd þessara mála.

Aðeins vil ég geta um tilurð þessa frv. Á ferðum mínum um mitt kjördæmi hefur verið að þessu vikið við mig sem brýnu máli til athugunar og einhverrar úrlausnar. Mörg slæm dæmi og raunar átakanleg fjárhagslega mætti þar rekja, en oft var þar um að ræða að fólk nýtti sér ekki þá möguleika sem lögin þó bjóða upp á í dag. Vitna ég þá til þess sem segir í 6. mgr. 45. gr. þessara laga um sannaðar greiðslur fyrir heimilishjálp utan heimilis og sömuleiðis um ákveðin útgjöld sem skulu sönnuð með skýrum, kvittuðum reikningum með tilgreindum vinnutíma, greiddum launum og öðru slíku sem fólki óneitanlega vex svo mjög í augum að það sleppir þessu frekar en að sækja sinn rétt. Um það veit ég að eru allt of mörg dæmi, t. d. á þeim stöðum þar sem ég þekki til.

Einmitt þetta hefur valdið því að eftir að frv. þetta var flutt hefur mér verið bent á að þar sem ýtrasta heimilisaðstoð væri greidd skv. lögum eins og þau eru í dag gæti hér orðið um skerðingu að ræða. Það mál þarf sannarlega að skoða og þá úr því að bæta. Aðalatriðið er þó í mínum huga það jafnréttissjónarmið að í stað ¼ dagpeninga vegna heimilisstarfa verði dagpeningar greiddir að fullu. Það á að vera meginatriðið í viðurkenningu löggjafans á þessum störfum. Hins vegar þarf heimilisaðstoð um lengri tíma að skoðast sérstaklega með öðrum hætti, en sem meginreglu verðum við að hafa að fullum dagpeningum sé náð í hverju lágmarkstilviki.

Þetta atriði eitt sér vegur ekki þungt í tryggingakerfinu. Sjúkradagpeningar eru ekki háar upphæðir. En það er ákveðið prinsippmál, ef svo mætti segja, sem ég vildi gjarnan koma hér inn, stutt óskum ótal margra sem hafa átt frumkvæði að því að hreyfa þessu máli og telja það aðalatriði að hér sé jafnræðis og jafnréttis gætt. Því er þetta frv. flutt.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, virðulegi forseti, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar vil ég koma hér í ræðustól og lýsa eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. Einhver kann að kalla þetta lítið mál en ekki vil ég meina að svo sé. Réttindaleysi húsmæðra þeirra sem heimavinnandi eru blasir alls staðar við. Við getum litið til lífeyrissjóðsmála, tryggingamála, fæðingarorlofsmála og starfsreynslumála svo að eitthvað sé nefnt.

Þetta frv. tekur það skref í réttlætisátt að viðurkenna að veikindi húsmæðra skuli virt rétt eins og veikindi annarra og metin á sambærilegan hátt til dagpeninga. Þótt ýmsir vankantar séu á því hvernig sjúkradagpeningar eru metnir er hér tvímælalaust um að ræða skref í réttlætisátt í þessum málum. Ég treysti því að hv. nefnd athugi vendilega bæði mat á sjúkradagpeningum annars vegar og hins vegar það sem hv. flm. kom inn á, hvernig greiðslu fyrir heimilisaðstoð er háttað í því tilfelli.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. E. t. v. hefði ég getað sparað mér sporin hingað upp vegna þess að ég á sæti í heilbr.- og trn. Hins vegar þótti mér rétt að segja hér nokkur orð. Ég vil taka undir meginefni þessa frv. og ekki síst þau meginsjónarmið sem liggja til grundvallar frv.

Þau orð féllu hér að þetta væri e. t. v. ekki stórt mál. Ég tel þetta þó að ýmsu leyti grundvallarmál. Að því er vikið í grg. með frv. að heildarendurskoðun tryggingakerfisins standi yfir. Svo langt sem ég man hygg ég að sú endurskoðun hafi staðið yfir. Ég vil taka það fram að ég tel eðlilegt að sníða augljósa hnökra af löggjöf. Einu gildir hvort það er tryggingalöggjöfin eða önnur löggjöf ef það þykir fært. Enda þótt heildarendurskoðun viðkomandi löggjafar kunni að leiða til einhverra kerfisbreytinga þá verða þær gerðar þegar það að kemur.

Hitt er það að varðandi sjúkradagpeninga er grunur minn sá, að þær fjárhæðir sem um er að tefla í því efni séu skammarlega lágar, nánast á ölmusustigi og úr algeru samhengi við það tjón sem einstaklingurinn óhjákvæmilega verður fyrir vegna heilsuleysis þegar við vanheilsu er að stríða.

Ég skal ekkert um það segja hvort nefndin, heilbr.- og trn., hefur tök á því að koma fram leiðréttingum á þessu sviði. Ég geri þó fremur ráð fyrir því að nefndin hugi að þessu allt eins og því efnisatriði sem þetta frv. felur í sér, sem þetta frv. fjallar um. Ég hef grun um að fjárhæðir sjúkradagpeninga séu, ef ég má svo að orði komast, eins konar þrætuepli milli aðila innan tryggingakerfisins. Ég vil ekkert fullyrða um þetta en grunur minn er sá.

Ég tek undir meginefni þessa frv. og veit að heilbr.- og trn. mun skoða það rækilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv.

Átak í dagvistarmálum, frv. 61. mál (þskj. 61). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Á þskj. 61 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna. Eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta, þá samdi ríkisstjórn Íslands um það við gerð kjarasamninga ASÍ í okt. 1980 að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu 10 árum þaðan í frá. Í yfirlýsingu frá þáv. ríkisstj. við afgreiðslu þessa kjarasamnings segir svo um dagvistarmál, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. áformar að á fjárlögum ársins 1981 verði 1100 millj.“ — Þetta eru gamlar kr., jafngildi 11 millj. nýrra kr. í dag. — „varið til byggingar dagvistarheimila. Er framlag við það miðað að ekki þurfi að standa á mótframlagi ríkisins í þessum málaflokki. Ríkisstj. mun í samvinnu við sveitarfélögin beita sér fyrir áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila á næstu árum með það fyrir augum að fullnægt verði þörf fyrir dagvistarþjónustu barna á næstu 10 árum. Ríkisstj. mun jafnframt beita sér fyrir því að auknir verði möguleikar ófaglærðra starfsmanna dagvistarheimila til menntunar með námskeiðshaldi.“

Undir þessa yfirlýsingu rita fyrir hönd þáv. ríkisstj. Gunnar Thoroddsen, Svavar Gestsson og núv. hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson.

Með bréfi, dags. 26. mars 1981, skipaði þáv. menntmrh. nefnd til að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila á landinu. Nefndin, sem lauk störfum 30. apríl 1982, lagði fram umbeðna áætlun, byggða á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými, og komst að þeirri niðurstöðu að árlega þyrfti að veita úr ríkissjóði 30 millj. miðað við forsendur I og 50 millj. miðað við forsendur II til þess að því markmiði um byggingu dagvistarheimila, sem samið var um 1980, yrði náð. Tillögur nefndarinnar um upphæðir fjárveitinga voru miðaðar við byggingarvísitölu 909. Skv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar voru þessar upphæðir orðnar í janúar 1983 sem hér segir: 30 millj. voru í janúar 1983 orðnar að 48.9 millj. og 50 millj. orðnar að 81.5 millj. Í janúar í ár voru 30 millj. orðnar að 75.8 millj. miðað við byggingarvísitölu og 50 millj. orðnar 126.4 millj. Fjárveitingar á fjárlögum til byggingar dagvistarheimila voru hins vegar sem hér segir frá því að ofangreindur kjarasamningur var gerður: Árið 1981 var 11 millj. veitt til þessa málaflokks, árið 1982 15 millj., árið 1983 27 millj. og á fjárlögum ársins í ár eru það 31 millj. 640 þús. kr., en þá hefði þurft að veita til þessa málaflokks, ef hefði verið farið eftir tillögu nefndarinnar, annaðhvort 75.8 millj. eða 126.4 millj.

Miðað við byggingarvísitölu í ágúst s. l. — hún var þá komin í 2439 stig — hefðu þær upphæðir sem nefndin lagði til að veittar yrðu til þessara málefna verið orðnar 80.5 millj. miðað við lægri upphæðina og 134 millj. miðað við þá hærri. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 30 millj. kr. til byggingar dagvistarheimila fyrir börn. Þarna munar um það bil 100 millj. á tillögu í fjárlögum og hærri tillögu nefndarinnar. Stjórnvöld hafa því ekki haldið þau loforð sem gefin voru í kjarasamningum 1980.

Ljóst er að því fer fjarri að þörf fyrir dagvistun barna hafi minnkað á þeim árum sem hér um ræðir. Þvert á móti hefur þörf á dagvistarrými aukist svo umfram framboð sökum núverandi efnahagsástands, sem kallar báða foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna, að neyðarástand hefur skapast í þessum efnum. Við svo búið má ekki lengur standa og því er þetta frv. flutt.

Eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta, „er gert ráð fyrir að árlega verði veitt úr ríkissjóði upphæð sem nemur a. m. k. 0.8% af A-hluta fjárlaga“ og henni varið til byggingar dagvistarheimila fyrir börn. „Miðað við niðurstöðutölu A-hluta fjárlaga 1984 hefði í ár verið um að ræða upphæð sem nemur 147 millj. kr. Í frv. er því gert ráð fyrir 20 millj. kr. hærri upphæð en framreikningar miðaðir við forsendur II í áliti nefndarinnar gefa tilefni til.“ Ástæður þess að upphæðin er hér heldur hærri en nefndin gerði ráð fyrir eru eftirfarandi:

„Í fyrsta lagi miða forsendur II við að 64% allra barna á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára og 17% skólabarna á aldrinum 6—9 ára þurfi á dagvistarrými að halda. Miðað við tölur um útivinnu kvenna og karla bendir allt til að þörfin fyrir yngri aldurshópinn sé að nokkru vanmetin. Augljóst er einnig að engin þáttaskil verða í aðstöðu foreldra og barna við það eitt að börn

ná 6 ára aldri og því er óraunhæft að miða við að aðeins 17% skólabarna á aldrinum 6—9 ára þurfi á skóladagheimilisrými að halda. Eðlilegt er að öll skólabörn á þessum aldri eigi kost á aðstöðu á skóladagheimili óski foreldrar þess. Skv. núgildandi lögum um dagvistarheimili fyrir börn eiga skóladagheimili ekki eingöngu að vera í boði fyrir 6—9 ára börn, heldur öll börn á grunnskólaaldri og er fráleitt annað en að leitast sé við að fylgja þessum ákvæðum laganna. Tryggja verður að börn og unglingar 10 ára og eldri fái þá uppeldislegu aðstoð sem þau þurfa og þau eiga rétt á skv. lögum. Að öllu samanlögðu er ljóst að þörf fyrir dagvistarrými handa börnum er í heildina meiri en forsendur nefndarinnar gera ráð fyrir og því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að við áætlun í fjárþörf til byggingar dagvistarheimila fyrir börn.

Í öðru lagi er ljóst að langt um lægri fjárhæð hefur verið veitt til byggingar dagvistarstofnana undanfarin fjögur ár en tillögur nefndarinnar hljóða upp á."

Aukning nýrra dagvistarplássa náði hámarki árið 1980. Þá bættust við 600 ný dagvistarpláss, en aukningin hafði hins vegar hrapað niður í 350 ný pláss á ári árið 1983. Það gefur því auga leið að viðbótarfé þarf til að vinna upp það sem tapast hefur í byggingarhraða.

„Í frv. er gert ráð fyrir að ákvæði þess skuli endurskoðuð að sjö árum liðnum frá gildistöku laganna, þörfin á dagvistarrými fyrir börn þá endurmetin og fjárframlög ríkissjóðs til byggingar dagvistarstofnana fyrir börn miðuð við hver þörfin á dagvistarrými verður þá."

Ég skal fúslega viðurkenna og verða fyrst manna til að benda á að sú upphæð, sem hér er lögð til að veitt verði til að tryggja aðbúnað yngstu kynslóðar þessa lands, er ekki smá. Það hefur enda aldrei hvarflað að mér að það kosti ekki töluverðan skilding að koma upp börnum og það hefur ríkisstjórn Íslands greinilega einnig verið ljóst þegar hún gaf fyrirheit um háar upphæðir til þessara mála árið 1980.

Hvar á að taka peningana? Þessi fleyga spurning hæstv. fjmrh. hljómar nú e. t. v. í hugum einhverra hv. þdm. Og þessari spurningu skal ég svara strax og eins og ég hef ævinlega gert. Það er ekki spurning um að taka einhverja peninga einhvers staðar. Spurningin er: Hvernig viljum við skipta sameiginlegu fé landsmanna allra? Hvaða málum viljum við veita forgang og hvaða mál teljum við að megi bíða enn um stund?

Ég vil veita aðbúnað barna og unglinga hér á landi forgang. Ég tel að óbætanlegur skaði sé landi og þjóð af því að hlúa ekki eins vel og okkur er mögulegt að börnum okkar og ég tel það skyldu íslensks samfélags, samfélags sem leggur þegnum sínum á herðar margvíslegar skyldur, þar á meðal óheyrilega mikla vinnuskyldu, að gera sitt til að tryggja með sameiginlegu fé okkar allra að umönnun barna sé vel fyrir séð. Ég tel það líka siðferðilega skyldu þjóðfélags, sem vill í stjórnarskrá kveða á um að jafnrétti ríki hér á landi, að sjá til þess að svo megi verða.

Jöfn staða kvenna og karla á vinnumarkaðinum verður ekki tryggð nema öllum foreldrum standi fullnægjandi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða, sama hvað stjórnarskrá og jafnréttislög annars kveða á um. Það er því miður helber sýndarmennska að leggja fram frv. til laga um jafnan rétt kvenna og karla annan daginn og veita síðan ekki forgang hinn daginn — frv. sem gera það mögulegt að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla verði raunverulega náð.

Skipting fjármuna er ávallt spurning um forgang, um hvað okkur finnst mikilvægast. Mér finnst mikilvægara að tryggja bættan aðbúnað barna hér á landi en að byggja t. d. margnefnda flugstöð suður á Keflavíkurflugvelli eða bankahallir hér og hvar á landinu. Ég skil mætavel þörf landsmanna til að aka um á góðum vegum, en tel samt að minni skaði sé af því að vegirnir séu ofurlítið holóttari en nú er miðað við þann skaða sem hlýst af því að veita of litlu fé til aðbúnaðar barna og unglinga. Ég er þeirra hluta vegna tilbúin til að taka nokkrar milljónir af þeim 1 milljarði 383 millj., sem í ár fara til Vegagerðar ríkisins, og verja þeim til byggingar dagvistarheimila fyrir börn, án þess að ég sé þar með nokkuð að draga úr gildi þess að hafa góða vegi eða að koma í veg fyrir að það sé hægt.

Virðulegi forseti. Það er hægt að setja hér á langar tölur um forgangsröðun mála, um nauðsyn þess að tryggja að allir borgi sitt í sameiginlega landssjóði og nauðsyn á skynsamlegri fjárfestingu og beitingu fjármuna, en þau litlu dæmi sem ég hef hér nefnt trúi ég að nægi til þess að skýrt sé að fjármögnun þessa frv. snýst ekki um hvar á að taka peningana, heldur hvaða málum við viljum veita forgang.

Í grg. með frv. er bent á, með leyfi forseta, „að ekki er ætlast til að fé þetta verði notað til að reisa íburðarmikil mannvirki. Börnum líður jafnvel í verksmiðjuframleiddu einingahúsi og í módelsmíðaðri steinsteypuhöll svo fremi sem annar aðbúnaður og umönnun er við þeirra hæfi og umhverfið hlýlegt og heimilislegt. Því er hér hvatt til nýtni og hagkvæmni við ráðstöfun fjárins og bent á að víða má koma upp góðri skóladagvistarheimilisaðstöðu fyrir skólabörn, t. d. í skólum, í félagsmiðstöðvum og á dagvistarstofnunum, án mikils tilkostnaðar. Einnig er rétt að benda á að hluta fjárins væri vel varið til að breyta leikskólum í dagheimili eða blandaðar dagvistarstofnanir ef sveitarfélög æskja þess þar sem fjögurra stunda vistun á dag, sem leikskólarnir bjóða, hentar víða illa atvinnuaðstæðum foreldranna og börnin því iðulega fóstruð á tveimur mismunandi stöðum dag hvern."

Einnig skal á það bent að ýmislegt má betur fara í núgildandi lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Ég get t. d. ekki tekið undir það sjónarmið, sem lesa má út úr 1. gr. núgildandi dagvistarlaga, að börn séu betur komin í höndum sérmenntaðs fólks í uppeldismálum en í höndum foreldra sinna. Að mínu viti hefur of mikið verið gert af því í ræðu og riti á undanförnum árum að draga úr trausti foreldra á sjálfum sér sem uppalendum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að handleiðsla foreldris er hverju barni mikilvæg, en ég er ekki heldur í vafa um að hverju barni er mikilvægt að fá að dvelja ákveðinn tíma á dag í leik og starfi með öðrum börnum og þá undir handleiðslu þeirra sem sérmenntaðir eru í uppeldismálum. Ákjósanlegast væri að öll börn ættu greiðan aðgang bæði að dagvistarstofnunum og að foreldrum sínum, að sú vinnuskylda sem þjóðfélagið leggur foreldrum á herðar miðist við að foreldrarnir báðir hafi tíma til að sinna börnum sínum. Því fer hins vegar fjarri að svo sé og af þeim sökum, svo og vegna barnanna sjálfra, hlýtur það að teljast sjálfsögð félagsleg þjónusta að öll börn eigi kost á fullnægjandi dagvistarrými.

Út frá sama sjónarmiði má eðlilegt teljast að ríkið taki þátt í rekstri dagvistarstofnana rétt eins og skóla og heilsugæslustöðva, en leggi ekki eingöngu til stofnkostnaðarfé, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum. Ég er búin að leita með logandi ljósi um okkar margfræga kerfi að því hver var rekstrarkostnaður dagvistarheimila á landinu á síðasta ári. Sú kostnaðartala er hvergi til og finnst mér það í meira lagi hæpin hagstjórnarlist hjá hinu opinbera að vita ekki hverjir eru hinir ýmsu kostnaðarliðir þjóðarheimilisins. En með því að áætla lauslega út frá þeim gögnum sem fyrir liggja má ætla að heildarrekstrarkostnaður dagvistarheimila á landinu hafi á síðasta ári verið einhvers staðar á bilinu 250—280 millj. kr. Hér er óneitanlega um háa fjárhæð að ræða og því hefur sú leið verið valin í þessu frv. að hrófla ekki í bili við núverandi fyrirkomulagi á skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga þar sem brýnast er við núverandi ástand í þessum málum að tryggja fé til aukningar á dagvistarrými.

Á síðasta ári fóru sveitarfélögin fram á ríflega helmingi hærri fjárhæð til byggingar dagvistarheimila en þau síðan fengu á fjárlögum, þannig að ætla má að þau séu enn um sinn í stakk búin til að mæta þeim kostnaði sem uppbygging dagvistarheimila hefur í för með sér. Það er ekki hlutverk okkar hér á Alþingi að ræða sveitarstjórnarmál og ég vil aðeins taka það fram að frv. þetta bindur á engan hátt hendur sveitarfélaga í þessum málum. Það tryggir aðeins að ekki muni standa á ríkinu að leggja sitt af mörkum til þess mikilvæga málaflokks.

Virðulegi forseti. Það má til sanns vegar færa að íslenskt nútímasamfélag er ekki skipulagt og rekið með tilliti til barna. Við núverandi efnahagsástæður og þann óheyrilega langa vinnutíma, sem flestum vinnufærum Íslendingum er þar með boðið upp á, hafa feður og mæður því miður lítinn tíma afgangs fyrir börn sín. Og hvar eru börnin á meðan foreldrarnir eru að vinna? Í des. 1983, fyrir tæpu ári, var rúm fyrir 43.5% barna á landinu á aldrinum 6 mánaða til 5 ára í dagvistarheimilum. Þar af voru 34.6% á leikskólum, leikskólar bjóða aðeins fjögurra stunda fóstrun á dag, en aðeins 8.9% á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins er rúm fyrir 377 börn eða 1.5% barna á aldrinum 6—11 ára á landinu. Á meðan rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla eru úti á vinnumarkaðinum er þetta raunveruleikinn. Og jafnvel þótt ekki sé tekið mið af núverandi efnahagsástandi, sem kallar foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna, þá er það grundvallaratriði í baráttu fyrir jafnri stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðinum að öllum foreldrum standi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða, að foreldrar geti sjálfir valið hvort börn þeirra sæki dagvistarheimili, en að ríkið velji ekki fyrir þá eins og nú er.

Með því frv., sem ég hef hér flutt, er gerð tilraun til að tryggja fé til að bæta úr því ófremdarástandi sem nú ríkir í dagvistarmálum barna. Það er lagt til að við veitum aðbúnaði barna og unglinga nokkurn forgang og hv. þm. er gefinn kostur á að lýsa hug sínum til þessara mála.

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og þar sem hér er eingöngu um fjárveitingar til þessa málaflokks að ræða með beinni vísan til fjárlaga óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér hefur verið flutt ítarlegri grg. en svo í framsögu að þar þurfi miklu við að bæta. Nú þegar sótt er að okkar samneysluþáttum af mikilli grimmd og þeir, hverju nafni sem þeir nefnast, kallaðir bákn, kallaðir af hinu illa og þættir eins og þessir t. d. ekki hátt skrifaðir hjá þeim sem málum ráða, þá er full ástæða til að leita allra tiltækra ráða til varnar þeim samneysluþáttum sem við metum mest.

Ég dreg enga dul á það og hef bent á það oft áður að hér væri um einn þeirra þátta að ræða sem mest þörf væri á að verja, hvort sem við viljum að sveitarfélögin taki enn meiri þátt í því með einhvers konar tekjustofnum þá á móti eða að ríkið eigi að taka enn ríkari þátt í þessu. Oftast hefur fjörkippur hlaupið í framkvæmdir af þessu tagi þegar ríkið hefur komið þar myndarlega inn í enn aftur á móti dregið úr hraðanum þegar það framlag hefur fallið niður. Um þetta má vissulega deila og jafnvel um það sem mér hefur oft fundist sanngjarnt, að atvinnurekendum væri gert skylt að leggja fram sérstakan skerf beint til þessa málaflokks og eingöngu til hans með því að skattleggja þá alveg sérstaklega í því skyni.

Dagvistunarmál eru nefnilega einhver þýðingarmestu mál samfélagsins og þarf ekki að rekja það frekar hér. Uppeldishlutverkið hefur færst í síauknum mæli inn á þessi heimili. Með fullri virðingu fyrir heimilum í landinu held ég að reynslan af þessum stofnunum sé ótvírætt mjög jákvæð fyrir þessa yngstu, ómótuðustu og viðkvæmustu þjóðfélagsþegna okkar. Börnin læra þar að vinna saman, þau læra þar ákveðnar umgengnisreglur, m. a. þann aga sem oft vill gleymast á heimilinu að kenna þeim. Ég vitna í þetta hér vegna þess að mitt fyrra starf fólst í kennslu. Kennarar, sem taka við börnum á forskólastigi, staðfesta mjög eindregið ágæt áhrif þessara stofnana í uppeldi barnanna.

Mál þessi eru ævinlega í brennidepli. Ég man að þau voru fyrst hafin verulega til vegs og virðingar af hálfu ríkisvaldsins í tíð þeirrar ríkisstj. sem sat 1971—1974. Í kjölfar þeirra laga sem þá voru sett varð stór bylting alveg sér í lagi úti á landsbyggðinni þar sem víða hafði ekki mikið verið hreyft við þessum málum. Þannig er nú komið víðast á hinum stærri stöðum og jafnvel á hinum smærri að komin er viðunanleg aðstaða, sums staðar ágæt.

Það er hins vegar rétt að mjög vantar á það og kannske einna mest hér á aðalþéttbýlissvæðinu að framlög ríkisins nægi til þeirra framkvæmda sem í gangi eru. Niðurskurður á þessum málaflokki er því býsna alvarlegur og tilfinnanlegur um leið. Það mun vera rétt að þó að framlag ríkisins hefði verið helmingi hærra í fyrra hefðu sveitarfélögin við þær þrengingar, sem þau þá bjuggu við, vissulega getað tekið við því mótframlagi, helmingi hærra mótframlagi en ríkið veitti þá. Sem betur fer vil ég segja því það er minnst á það í grg. að verkalýðshreyfingin hefur látið þessi mál til sín taka m. a. í samningum. Einn frægra félagsmálapakka, sem oft voru illa vanmetnir af fólkinu í landinu, var aukið framlag ríkisins til dagvistarmála. Hv. flm. vitnaði réttilega til þess að þar hefði mátt standa betur við efndir, en þó fullyrði ég að án þeirra samninga og án þess sem þar var gert hefði ríkisvaldið ekki lagt fram þó þær milljónir sem lagðar voru fram á þeim næstu árum. Upphæðirnar hefðu verið lægri, sem í þetta hefðu farið, ef þessir samningar hefðu ekki tekist þó ekki væri betur staðið við þá en hún rakti. Þetta leiddi m. a. til

stórhækkunar á framlagi ríkisins 1979, sem eins og fram kom í ræðu hv. flm. skilaði sér m. a. í miklum fjölda nýrra plássa á dagvistarheimilum 1980. Sú aukning sem þá varð og svo aftur aukningin 1982 — sem er bein afleiðing af skýrslunni þó ekki væri nógu vel að staðið, við skulum taka undir það — varð einnig til þess að nokkur fjörkippur færðist í þessi mál, sérstaklega á landsbyggðinni.

Þetta frv. miðast við ákveðna prósentutölu af fjárlögum og það má vel segja að slík viðmiðun varðandi stærstu og þýðingarmestu málaflokkana, sem við viljum sérstaklega vernda, eigi fullan rétt á sér. Þessi leið hefur verið reynd áður eða a. m. k. svipuð leið, ákveðin upphæð sett inn í lög sem hefur svo átt að verðbætast hverju sinni. Ekki mega það teljast úrtölur hjá mér þegar ég bendi á dapurlega reynslu af slíku í framkvæmd. Ég veit að okkur báðum, hv. flm. og mér, eru í fersku minni vonbrigði þess þegar við sáum lánsfjárlagafrv. í fyrra þar sem hver upphæðin á fætur annarri, sem lagabundin er, var skert. En ég held að þessi árlegu lánsfjárlög þar sem skerðingarákvæðum er beitt svo ótæpilega — ég nefni Framkvæmdasjóð aldraðra, Framkvæmdasjóð fatlaðra og mörg fleiri mál sem ákveðið er að sérstök verðbætt framlög renni í — eigi að vera okkur umhugsunarefni. Við skulum vona að ef þetta frv. verður samþykkt verði þeim skurðarhníf ekki beitt, enda með öllu um óeðlilega afgreiðslu að ræða.

En þegar lagastoð af þessu tagi væri komin inn væri vissulega í því nokkur viðspyrna, hægt að benda á hana m. a. þegar lánsfjárlagafrv. kemur með sínum skerðingarákvæðum. Ég reikna með að miðað við það sem ég sé í fjárlagafrv. núna verði slík skerðingarákvæði aldrei eins ótæpilega notuð og einmitt nú í vetur, einfaldlega eðli málsins samkvæmt vegna þeirra talna sem þar eru. Og þó ég voni að sú verði ekki raunin á varðandi þetta frv., ef samþykkt verður, þá skulum við gera okkur grein fyrir því hvernig löggjafinn hefur skert slík lögboðin framlög og við reyndar tekið þátt í því flest og gert að litlu þau heildarlög sem við höfum sett um framlög til þessara mála.

Ég tek undir þetta frv. af heilum huga, tel það sjálfsagt að að þessum málaflokki sé hugað sérstaklega einmitt á þrengingartímum. Það er nefnilega ekki sama að hverjum er þrengt þegar þrengir að. Þessi málaflokkur á það ekki skilið og ofrausn hefur aldrei verið í framlögum til hans. Því er full ástæða til að menn hugi nú að því að a. m. k. þessi þáttur er ekki hluti af því voðalega bákni sem menn tala um í fallegum frelsisræðum: Báknið burt.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum láta í mér heyra varðandi þetta mál þar sem það mun væntanlega fara til n. þar sem ég á ekki sæti og hef því ekki tækifæri til þess að vinna að málinu í n.

Það er vissulega góður hugur sem liggur að baki þessu frv. sem hv. 11. þm. Reykv. hefur hér mælt fyrir og flytur, góður hugur til þess að bæta úr þessum þýðingarmikla þætti í okkar nútímasamfélagi, þ. e. að sjá til þess að öll börn, sem á því þurfa að halda, eigi kost á dagvistun í meiri eða minni mæli eftir því hvernig aðstæður eru hjá hverjum og einum. En eins og við vitum er þetta mjög misjafnt. Ég get tekið undir margt af því sem hv. flm., 11. þm. Reykv., sagði. Ég get t. d. fyllilega tekið undir orð hennar varðandi húsbyggingar dagheimila. Það er ekki nauðsynlegt að byggja stórar stein- og/eða glerhallir eins og gert hefur verið í nokkuð ríkum mæli á undanförnum árum. Ég held þó að það sé að breytast aftur til hins betra. Ráðamenn eru farnir að gera sér grein fyrir því að vissulega er hægt að búa vel að börnum þó að það þurfi ekki að vera um svo rándýrar byggingar að ræða. Það er meira virði að aðstaða barnanna innan húss sé góð og ekki síst þeir starfsmenn sem ráðast til starfa á þessum stofnunum séu góðir og hæfir.

Hv. flm. sagði að nútímasamfélag væri ekki skipulagt og rekið með tilliti til þarfa barna. Mér finnst þetta nú nokkuð djúpt í árinni tekið. Ég er ekki sammála þessu þó að ég sé sammála því að vissulega er margt sem þarf að bæta miðað við þróunina í þjóðfélaginu. Við verðum samt að vera sanngjörn og hafa það hugfast að allt sem gert er, hvort sem um er að ræða í heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og jafnvel samgöngumálum er gert með því hugarfari að tryggja öryggi og þá ekki síst barna eins og annarra þjóðfélagsþegna. Þetta er að sjálfsögðu grundvallaratriði.

Varðandi samgöngumálin, af því að hv. 11. þm. Reykv. sagðist vera tilbúinn að fórna nokkru í vegamálum og það mættu gjarnan vera svolitlar holur í vegum, þá er ég nú ekki alveg viss um að þeir hv. þm., sem nú eru að berjast fyrir því að bæta vegasamgöngur vítt og breitt um landið, gætu tekið undir þetta. Við erum að vísu frekar vel sett hér á þessu svæði, en við megum ekki gleyma því að meira að segja vegagerð er öryggisatriði ekki síður fyrir börn en aðra. En ég býst við að ef hv. 11. þm. Reykv. hugsar sig aðeins betur um sé hún mér sammála í því að það sé mikið öryggisatriði að hafa vegamálin í góðu lagi og samgöngur tryggar og góðar úti um allt land. Það er ekki þar sem skera ætti niður ef farið væri út í þau mál.

Ég vil taka undir þýðingu þess sem var meginefni málflutnings hv. 11. þm. Reykv., að það þarf að sinna þessum málum miklu betur en gert hefur verið. Við vitum jafnframt að þetta er ekki mál sem hefur orðið út undan endilega á síðasta ári. Þetta er mál sem alltaf hefur verið erfitt að sinna eins og skyldi. Það skortir ekki á hug og vilja þm. að tryggja þessi mál sem best, en við komum alltaf að þessu sama, og það eru peningarnir.

Ég er ekki sammála hv. 2. þm. Austurl. um það að þýðingarmeira sé að hafa sérmenntað fólk til að ala upp börn, ef ég skildi hann rétt. Ég er hins vegar sammála hv. 11. þm. Reykv. í því að þýðingarmeira er að foreldrarnir hafi aðstöðu til að sinna og ala upp börn sín, þó að hitt sé jafn nauðsynlegt þegar þörfin kallar að aðstaða til dagvistunar sé fyrir hendi. Við vitum að leikskólar geta t. d. verið mjög góðir staðir til að koma börnum fyrir, jafnvel til að auka á þroska þeirra og kenna þeim að umgangast önnur börn, t. d. börnum sem eiga ekki systkini og hafa ekki aðstöðu til að umgangast önnur börn á þessum fyrstu æviárum sínum. Ég held að allir séu sammála um að það sé þroskandi fyrir börn að vera á leikskóla einhvern hluta dagsins jafnvel þó að foreldrar þeirra séu heima og geti sinnt þeim að öðru leyti vegna vinnu sinnar.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Ég er að vísu ekki tilbúin að taka undir það að binda eigi á fjárlögum ákveðna prósentu til þessara mála. Mér

finnst sjálfsagt að þessi mál séu skoðuð. Ég vil aðeins leggja megináherslu á það, sem ég vænti að við séum öll sammála um, að gera þurfi allt sem hægt er til að sinna þessum málum svo að þessari þörf verði fullnægt þó að menn greini kannske stundum á um það með hvaða hætti það verði gert.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hér er hreyft þörfu máli og vil ég taka undir margt af því sem hér hefur komið fram og þakka hv. flm. fyrir framlagningu þess.

Núverandi þjóðfélag gerir foreldrum ekki kleift að vera heima og annast sín börn nema að mjög takmörkuðu leyti. Verður því að huga að uppbyggingu á dagvistarheimilum fyrir börn meira en orðið hefur undanfarin ár og nægja þar ekki fögur fyrirheit. Það þarf fjármagn til að koma þessum húsum upp. En ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá hv. flm. og kemur fram í grg. með frv., að það þarf ekki að reisa íburðarmikil mannvirki. Það hefur einmitt verið gallinn undanfarið að það virðist hafa verið lagt kapp á það í þessum efnum eins og öðrum, þegar um opinberar byggingar er að ræða, m. a. heilsugæslustöðvar, að hafa þetta sem stærst og dýrust hús vegna þess að það er kostað af einhverjum öðrum en fólkinu sem tekur ákvarðanirnar um það hvernig byggingin skuli vera. Og hvað hefur valdið því? Hvort við teiknistofurnar er að sakast, sem hanna viðkomandi hús, eða að arkitektarnir fái prósentur af því að hafa byggingarnar nógu dýrar, eða það eru byggingaraðilarnir sem framkvæma verkið, skal ég ekkert um segja, en mér finnst það mjög brýnt atriði að athuga þessi mál. Ég hef m. a. heyrt þá sögu, og ég ætla að segja hana hér, að þak á einni slíkri byggingu hafi verið álíka dýrt og heilt dagvistarheimili á öðrum stað. Þetta er kannske ýkt dæmi, en þessu er samt haldið fram. En höfuðverkurinn hlýtur ávallt að vera hvar á að ná í fjármagnið. Vil ég í því sambandi taka undir orð flm. um uppbyggingu seðlabankahallar og annað slíkt. Þar vil ég að sé skorið niður og klipið af fjármagni fremur en frá vegagerð. Ég er landsbyggðarmanneskja og kannast við hvað það er þreytandi að keyra sífelldar holur og þurfa að láta skipta um púst kerfi undir bílnum tvisvar, þrisvar á ári. Það er líka dýrt. Það er þjóðhagslega hagkvæmt að bæta vegakerfið. Og við hefðum kannske efni á að byggja fleiri barnaheimili ef við værum með betri vegi. Við verðum því að íhuga vel hvar við skerum niður og hv. flm. fær mig ekki til að taka undir það með sér að skerða vegagerðarframlagið.

En af lestri mínum á fjárlagafrv. í gærkvöld minnist ég þess að lækkun á sköttum bankanna nemur einhvers staðar nálægt 100 millj. kr. Ég gæti bent á það, þó ég fari kannske ekki með nákvæmlega rétta upphæð, að hugsanlegt væri að fella niður þau ákvæði sem samþykkt voru á síðasta þingi varðandi skattlagningu bankakerfisins og veita því fé sem þannig fengist beint til þessara framkvæmda.

En ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að ég er ekki tilbúin að taka afstöðu til vissrar prósentuákvörðunar af fjárlögum í þessu skyni. Þá fáum við bara til baka, eins og hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan benti á, þá fáum við bara ákvæði í lánsfjárlögum sem breyta þessari prósentu, þannig að það er til lítils unnið. Það er hugsunin á bak við þessi mál, hvað þarf og hvað við getum lagt mikið í þau, sem verður að liggja til grundvallar.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Því verður ekki á móti mælt að í dagvistarmálum barna þarf að vinna skipulega og e. t. v. skipulegar en gert hefur verið. En þegar lagt er fram frv. á þeim nótum sem hér er, að lögbinda eigi ákveðna upphæð af fjárlögum, þá er ástæða til að skoða slíkt. Á hinn bóginn, þegar gengið er fram hjá þeim meginpósti sem þetta frv. byggir á, þ. e. upphæðinni, prósentuupphæðinni, og kannað hvað segir í grg. með frv., þá eru þar hrópandi andstæður sem undirstrika það, sem síðasti ræðumaður sagði, að ekki er skynsamlegt að marka slíkt mál með ákveðinni prósentu.

Í fyrsta lagi er ekki vitað um þörfina fyrir dagvistunarheimili í landinu í dag. Það er ekki vitað um raunverulega þörf og er mjög vandasamt að gera slíka úttekt. Hún liggur ekki fyrir. Það er vissulega um þörf að ræða, en það er einnig um gerviþörf að ræða. Sú 10 ára áætlun sem hv. flm. setur á loft lýsir ekki þessu máli samkvæmt raunveruleikanum að mínu mati.

Það er ljóst að það er mjög mismunandi ástæða til dagvistunar í hinum ýmsu plássum landsins og mest er hún vissulega á höfuðborgarsvæðinu, en á hinn bóginn er ekki heldur nægilega tryggt að farið sé að ákveðnum reglum í byggingu slíkra mannvirkja. Ég get nefnt dæmi um leikskóla á Sauðárkróki, nýjan leikskóla sem heitir Furukot. Þar eru 80 börn á dag, tvískipt, fimm starfsmenn. Það er mjög vistlegt og heimilislegt hús, einingahús sem kostaði liðlega 2 millj. kr. og er 250 fermetrar að stærð sem þýðir að það gætu verið þar fleiri börn ef starfsmönnum væri fjölgað. Nú annar þetta hús eftirspurn á Sauðárkróki. Það er einmitt þannig sem þessum málum á að vera farið, að hægt sé að sinna því sem þarf.

Ef þetta hús hefði verið byggt á sama hátt og hægt er að sjá víða um land, og þó kannske sérstaklega hér á Reykjavíkursvæðinu, þá hefði það kostað liðlega 100% meira í byggingu ef farið væri að staðli, sem miðað er við og flm. hefur hér getið um, miðað við byggingarvísitölu. Þetta þýðir að ef það hefði átt að leggja fram 147 millj. kr., 0.8% af fjárlögum, á þessu ári, og byggt væri samkvæmt þeim stöðlum sem reiknað er með, þá væri hægt að komast af með helmingi lægri upphæð eða meira en það miðað við að byggt væri skynsamlega. Þess vegna stenst ekki að binda þessa hugmynd prósentutölu.

Markmiðið hlýtur að vera að byggja upp aðstöðu fyrir fjölskylduna í landinu. Dagvistarkerfið er einn þáttur í því. En það er álitamál hvað það á að vera ríkjandi þáttur og hvað það er aðkallandi þáttur þegar á heildina er litið. Ég undirstrika að í ákveðnum hluta er þörfin brýn. Markmiðið getur ekki verið að það eigi að byggja upp færibandakerfi fyrir börn, stofnanakerfi, og skapa þannig óraunverulegt samfélag fyrir börnin. Það hlýtur að vera eðlilegt að það sé ákveðinn sveigjanleiki í þeim efnum sem öðrum þar sem um fólk er að ræða. Þetta hefst ekki í byggingu nema með aukinni hagsæld, festu í efnahagsmálum. Þannig er hægt að skapa eðlilegar aðstæður fyrir börnin. En hætta er á að prósentuuppbygging í þessu efni, eins og flm. setur fram, leiði til óþarflegrar miðstýringar á uppeldi barna.

Það er mikill munur að sinna brýnni þörf eða að splæsa í allar áttir í slíkum framkvæmdum. Það tel ég að

frv. hv. þm. geri. Það er ekki byggt á rökum. Það er sagt í grg. að 80% af mæðrum í landinu séu útivinnandi, en 90% af feðrum eða konum og körlum, eins og það er orðað. Þetta segir ekki alla söguna og þýðir ekki að fólk sinni ekki á eðlilegan hátt sínum börnum og fjölskylduskyldum í þeim efnum.

Það var minnst á seðlabankabyggingu af síðasta ræðumanni. Það gæti verið skynsamlegt að standa að flutningi frv. um að gera seðlabankabygginguna að dagheimili, en það kann ekki góðri lukku að stýra að leggja fram frv. eins og hér hefur verið gert. Það er að vísu ekki nýtt að þm. leggi fram frv. sem binda ótrúlega stóran hluta af fjárlögum ríkisins í ákveðnar framkvæmdir og miðstýra þannig fjármagninu án þess að nokkuð svigrúm sé til magurra eða góðra ára. Það hefði verið skynsamlegra að gera þetta með því móti að hægt væri að taka á málunum af skynsemi. Ég tel að á þessum grundvelli sé þetta frv., því miður, út í hött og lögð sé áhersla á rangan punkt í máli sem vissulega hefur þungamiðju.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. lét svo um mælt áðan að nú væri sótt af grimmd að samneyslu. Ég tek þá áhættu í minni fyrstu ræðu hér í hv. deild að verða stimplaður grimmdarseggur þegar ég leyfi mér að láta í ljós vissar efasemdir um þetta frv.

Í fyrsta lagi spyr ég sjálfan mig: Er dagvistun alltaf æskileg eða er hún oft, oftast jafnvel, ill nauðsyn? Er það vinnutími foreldra sem gerir það að illri nauðsyn að koma börnum fyrir eða er það sérstaklega æskilegt uppeldisins vegna að börn séu samvistum við jafnaldra allan daginn nema þá e. t. v. um helgar? Ég er ekki viss um að nægilega sé hugað að því að blanda þarf þessu saman. Ég veit ekki hvort það er mitt uppeldi sem sveitadrengs sem gerir það að verkum, en ég mundi tvímælalaust sakna þess miklu meira hefði ég farið á mis við það að elta föður minn úti við verk heldur en þess tíma sem ég eyddi í skóla á þessum aldri, 8—10 ára. Ég reikna með því og veit það reyndar að slíku verði ekki við komið hér. Börn eru mjög ógjarnan með foreldrum sínum á vinnustöðum. En það er nú svo að mjög víða, þegar að kreppir, geta börn fengið vistun einhvers staðar.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Árna Johnsen að ég álít hættulegt að lögbinda framlög í prósent af fjárlögum um aldur og ævi og það hefur þegar sýnt sig að við stefnum í ógöngur í þeim efnum. Ég vil einnig taka undir það að ég held að það sé alveg óvíst hver sé framtíðarþörf á barnaheimilum og dagvistunarheimilum hér á landi. Um það er mjög lítið vitað ef nokkuð. Nú stefnir í það að sífellt yngra fólk fer á eftirlaun. Nauðsyn barna á að vera með fullorðnu fólki mætti mæta með því, og jafnframt yrðu þá bundin þar ómetanleg fjölskyldutengsl, að börn fengju að vera meira með öfum sínum og ömmum á þessum yngstu árum. Frá sex ára aldri álít ég að sé alveg nóg að börn byrji á að vera með sínum jafnöldrum daginn út og daginn inn. Auðvitað hittast börn alltaf, sérstaklega í þéttbýli eins og hér er. Það þarf ekki annað en að líta út á götu til þess.

Mig langar að lokum til að segja eina litla reynslusögu, sem ég hef, af heimsókn í barnaheimili í Kúlá rétt hjá Tallin í Eistlandi. Þetta var mjög vel skipulögð stofnun og öllu mjög vel fyrir komið. Þetta var barnaheimili sem samyrkjubúið Kúlá rak þar. Börnin voru öll eins. Þau voru öll í einkennisbúningum. Þau sátu saman í mismunandi aldurshópum. Í einni stofunni þuldu þau öll saman eitthvað á rússnesku, ekki á sínu móðurmáli. Ég skildi náttúrlega ekki hvað það var. Þau voru þarna allan daginn frá morgni til kvölds. Það var svefntími á milli 12.30 og 14, þó mismunandi eftir aldurshópum. Við litum inn í eina af þessum svefnstofum. Þar sofnuðu öll börn undantekningarlaust rétt eftir að þau voru komin í bólið. Þetta leitt óhuggulega eins út allt saman. Öll börnin voru nákvæmlega eins. Mér fannst þetta ómannlegt og ég var lengi að ná mér. Ef þetta eru þau barnaheimili eða dagvistarheimili sem við eigum að stefna að segi ég nei.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ekki skal ég efast um þann góða hug sem liggur að baki hjá flm. þessa frv. varðandi átak í dagvistunarmálum barna. Ég verð hins vegar að lýsa þeirri skoðun minni að ég hef vissar efasemdir um það að binda með þessum hætti ákveðinn prósentuhluta af fjárlögum til byggingar dagvistarheimila eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umr. Það er ýmislegt gott sagt í grg. frv. en sumt held ég að sé ofsagt. Þar er t. d. sagt: „Íslenskt nútímasamfélag gerir með sanni ekki ráð fyrir börnum.“ Ég held að þetta sé ofsagt. Vissulega skal ég taka undir það að réttur barna í þessu þjóðfélagi er ekki ævinlega virtur sem skyldi, en ég held að fullyrðingar á borð við þessa hjálpi ekki í svona málum. Það er m. ö. o. verið að segja að börnum sé nánast úthýst úr okkar mannlega samfélagi. Þetta er allt of mikið sagt.

Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Helga Seljans 2. þm. Austurl., að ég held að hér eigi að athuga með hlut vinnuveitenda, atvinnurekenda að því að kosta þessi mál. Og ég held líka að það eigi ekki eingöngu að mæna á það að byggja upp stofnanir heldur eigi líka að horfa á aðrar leiðir í þessum málum. Ég sé t. d. ekkert athugavert við það og fyndist það mjög ákjósanleg leið, ef fjárhagslega væri létt undir með þeim foreldrum sem heldur kjósa að hafa börn sín heima og annað hvort þeirra stundi þá ekki vinnu utan heimilis. Nú er öllum ljóst að í því samfélagi sem við búum við og því efnahagsástandi sem hér ríkir þarf hver fjölskylda a. m. k. tvær fyrirvinnur. Ég held að það hljóti fyllilega að koma til athugunar í stað þess að byggja æ dýrari stofnanir að taka upp greiðslur til þeirra foreldra sem vilja hafa börn sín heima á þeim aldri sem þessar stofnanir gera ráð fyrir, sem vilja vera heima hjá þeim, ala þau upp, kenna þeim þær umgengnisreglur og þann aga sem hér var á minnst. Að þá eigi þeir foreldrar rétt á fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera. Það hefur margoft komið fram að dagvistarstofnanir séu dýrar í byggingu og að ég hygg ekki mjög ódýrar í rekstri heldur. Ég held að menn megi ekki einblína um of á hinar hefðbundnu leiðir í þessum efnum. Við eigum ekki að binda okkur við það að þetta sé eina leiðin. Mér finnst það koma mjög vel til athugunar að hér yrði tekið upp einhvers konar kerfi líkt því sem ég nefndi, og ég veit að slíkt tíðkast sums staðar í öðrum löndum, í Hollandi t. d. að ég hygg.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að það eru fleiri leiðir en sú sem hér er tilgreind að því marki að börn fái góða aðhlynningu og aðbúnað og hollustusamlegt uppeldisumhverfi.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það vakir áreiðanlega fyrir flm. þessa frv. að gera hér mikla bót á í dagvistunarmálum barna. Nú í okkar nútíma- og nýtískuþjóðfélagi fer það ekki á milli mála að gera þarf ýmsa hluti til batnaðar og breytinga frá því sem er í dag. Við þessa umr. ætla ég ekki að orðlengja um þessi mál. En að fenginni reynslu úr sveitarstjórn veit ég að öll stærri sveitarfélögin a. m. k. hafa lagt á það mjög ríka áherslu að geta haft þessi mál í sem bestu lagi. Ef ég man rétt er greiðsla frá ríkinu 50% af byggingarkostnaði og viðkomandi sveitarfélag greiðir önnur 50. Auðvitað er sótt á þennan ríkishluta og það alltaf mjög fast í öllum fjárveitingabeiðnum, en samt er það reynslan hjá flestum þessara sveitarfélaga að þau hafa sjálf lagt út og verið á undan ríkinu í þessum framkvæmdum.

En óvíða er nóg að gert til að fullnægja þeirri eftirspurn sem er. Ég tek undir það með þeim sem hér hafa talað að gera þarf verulega breytingu, bæði á leikskólaforminu og dagvistunarforminu, í sambandi við byggingarnar. Það hefur orðið að hlíta því að fara eftir stöðluðum teikningum frá ríkinu þar sem heimamenn hefðu í mörgum tilvikum kannske getað gert miklu betur og ódýrar en þar er lagt til. Það er þessi liður sem ég vildi undirstrika. Einmitt mál eins og dagvistunarmálin eiga að mínu áliti að færast mun meira í viðkomandi sveitarfélög í stað þess að vera á vegum ríkisins. Það er með það eins og annað að þar sjá þeir best til sem gerst þekkja.

Ég veit það einnig að þetta er gagnrýnt af fólki sem vinnur við þessar stofnanir, þetta er ekki eins og það vill hafa það. Við erum þarna að láta miðstýringuna fara langt yfir það mark sem henni var ætlað í byrjun. Þar sem þetta er einmitt vettvangur fyrir slíka rannsókn og uppbyggingu á slíkri aðstöðu á hún að vera sem mest gerð í samræmi við aðstæður á hverjum stað.

Varðandi skóladagheimilin, sem ég tel vera mjög nauðsynleg að vissu marki, er ýmislegt sem þarf að taka til greina. Það þarf ekki alltaf þessar sífelldu dýru, miklu byggingar. Þetta geta verið einfaldar byggingar en mjög aðlaðandi. Þetta hendir okkur á fleiri sviðum. Hjá okkur á Akranesi er t. d. nýlega búið að vígja heimili fyrir þroskahefta. Þetta er ákaflega glæsilegt hús, ég hef enn á tilfinningunni að það blessaða fólk sem þar dvelur hefði viljað hafa þetta á einfaldari máta en þarna er gert, hafa þetta heldur heimilislegra og án íburðar. Þarna erum við á hættulegri braut. Þess vegna tek ég undir það að við gerum hlutina ekki endilega of kostnaðarsama, heldur eigum við að taka mannlega þáttinn þarna inn í til að þetta verði gert ódýrara og manneskjulegra fyrir alla aðila heldur en algengt er í dag.

Í öðru lagi tek ég undir með þeim sem vara við því að marka tekjustofna í fjárlögum okkar eins og hér er lagt til. Það hefur reynst okkur illa og það hefur reynst víðast hvar illa þar sem það er gert. Það er meira og minna um það að slíkar samþykktir gangi til baka, hver svo sem situr í valdastól á hverjum tíma. Þetta er staðreynd sem blasir við. Núna er ástandið í okkar efnahagsmálum t. d. ekki of gott. Hér er lagt til að 0.8% af A-hluta fjárlaganna, sem eru þá, að ég hygg, 170—180 millj., yrði varið í þennan lið á því ári sem þessi lög tækju gildi. Það er veruleg hækkun frá þeim 30 milljónum sem eru sjálfsagt eins og víða í þessu fjárlagafrv. allt of lítið til þessarar starfsemi núna. En á þetta vil ég benda að ég mæli ekki með því að bundin verði föst prósentutala til að taka í þennan afmarkaða stofn til þessara framkvæmda.

Við getum sjálfsagt öll harmað það að ekki var staðið við þá samninga sem gerðir voru á sínum tíma um það að taka ákveðinn hluta af fjárlögum. Það er einmitt dæmi um þessi 0.8% að ekki var staðið við þetta sem gert var í samningunum á sínum tíma eins og frsm. kom réttilega inn á. Það hefur skv. hennar útreikningum og upplýsingum farið mjög til baka.

Alltaf er maður náttúrlega viðkvæmur fyrir hlutunum. Hv. 2. þm. Austurl. sagði að allt væri skorið niður í svokölluðum velferðarmálum þjóðfélagsins, eða orðaði það í þeim dúr ef ég skildi hann rétt. Þetta má vel rétt vera, þetta er gert á öllum sviðum og ég dreg ekki úr því. En ég sé ekki af greinargerðinni að það hafi verið nein sérstök reisn yfir þessum málum 1981—1984: 11 millj. 1981, 15 millj. 1982, 27 millj. 1983 og 31.6 millj. 1984. Ég held að við ættum að dæma varlega um þau mál nú þrátt fyrir breytta valdastöðu.

Að lokum vil ég taka undir með hv. þm. Eiði Guðnasyni um það að kannaðir verði möguleikar á því að greiða þeim foreldrum sem þess óska og telja sér fært að dvelja heima með sínum börnum fyrir það a. m. k. að hluta til það sem ríki og sveitarfélag þarf í þessum tilvikum að greiða til þessara stofnana í viðkomandi bæjarfélagi. Ef ég man rétt liggur þessi tala nokkurn veginn þannig að neytendur eða foreldrar greiða í kringum 40% af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnunar en sveitarfélagið 60%. Þetta liggur á milli þessara talna eftir því sem ég hef séð. Konur, sem eru með fjögur, fimm börn og geta alls ekki komið þeim fyrir á dagheimilum þó þær vildu — það væri svo dýrt að þær gætu það ekki — en eru neyddar til að vera heima — ég segi neyddar þó það sé afstætt orð — til að gæta sinna barna og ala þau upp, þær fá ekkert fyrir þetta úr sameiginlega sjóðnum sem heitir sveitarsjóður. Ég vildi að við gætum sameinast um að leiðrétta þessa meðferð og þessa aðferð og gefa fólki kost á því að geta dvalist heima með sínum börnum, ef það sér sér fært, og greiða því fyrir það, í staðinn fyrir að greiða það til reksturs viðkomandi stofnana.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og sem hafa tekið vel undir það mál sem hér er fram lagt.

Ýmsar aths. hafa komið fram og ef ég vík fyrst að síðasta atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Valdimars Indriðasonar, þá get ég heils hugar tekið undir að fyllsta ástæða er til að athuga hvort finna megi einhverjar aðrar leiðir en eingöngu byggingu dagvistunarstofnana til að mæta þeirri þörf sem í dag er á fóstrun barna.

Ég vil hins vegar mótmæla þeim málflutningi sem hv. þm. Eiður Guðnason hafði uppi um þetta mál. (Gripið fram í.) Hv. þm. mæltist á þann veg að vegna þess að aðrir möguleikar væru ekki ræddir núna þá teldi flm. þá ekki koma til greina. Ég vil minna hv. þm. á að við tökum eitt mál í einu fyrir hér í hv. deild. Þó að við séum hér að ræða byggingu dagvistarheimila þá útilokar það ekki aðra möguleika í þessu máli eins og mátti skilja af orðum hv. þm.

Menn hafa dregið mjög í efa réttmæti þess að binda með lögum ákveðna upphæð á fjárlögum til þessara mála og bent réttilega á að það tryggir ekki svo óyggjandi sé að því fé sem frv. kveður á um verði varið til uppbyggingar dagvistarheimila. Þetta er mér fullkomlega ljóst. Fjárveitingar til hinna ýmsu málaflokka eru endanlega ákveðnar á fjárlögum og því miður hefur sá slæmi siður viðgengist hér í þinginu að fjárveitingar eru skertar þrátt fyrir ákvæði gildandi laga. Þetta á við um fjöldamörg mál, eins og þm. hafa komið hér inn á, þannig að með þessu frv. gefst engin trygging. En ef menn vilja ekki fara þessa leið vil ég spyrja þá hv. þdm. sem hér hafa talað og mælt á móti henni: Hvaða aðra leið vilja menn fara til að tryggja fé til þessara mála? Hvaða önnur leið er möguleg fyrir Alþingi til að reyna að tryggja með einhverjum hætti að fé verði veitt til dagvistarmála barna og unglinga? Þær tillögur vildi ég gjarnan fá að heyra.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson hefur greinilega ekki heyrt mál mitt mjög vel áðan. Ég talaði einmitt um að mér þætti mjög ákjósanlegt að börn hefðu greiðan aðgang að foreldrum sínum jafnt sem dagvistarþjónustu. Ég hef ekki með einu einasta orði vikið að því að börn ættu endilega eða nauðsynlega að vera á dagvistarheimilum. Ég sagði að dagvistarþjónusta væri nauðsynleg í dag miðað við þær vinnuaðstæður sem foreldrum er boðið upp á og hún er líka nauðsynleg fyrir börnin, svo að þau hafi einhvern tíma dagsins tök á að vera innan um jafnaldra sína í leik og starfi. Hv. þm. taldi að það væri engin þörf á því fyrr en börn væru orðin sex ára, að þau gætu hvort sem er fundið sér jafnaldra úti á götu fram að þeim aldri. Ég mundi aldrei nokkurn tíma senda yngra en sex ára barn út á götu í Reykjavík, hv. þm., þannig að þetta er gersamlega óraunhæft.

Þm. sagði líka miður fagra sögu af dagvistarheimili í Kúlá, ef ég man rétt, og vildi e. t. v. ýja að því að ég væri að leggja til að þannig skipulag væri tekið upp hér á landi. Ef þm. heyrði ræðu mína áðan veit hann mætavel að það hef ég ekki gert og dettur ekki í hug.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og hv. þm. Eiður Guðnason töldu það ofsagt að íslenskt samfélag gerði ekki ráð fyrir börnum. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir minntist á heilsugæslu í því sambandi og vil ég síður en svo gera lítið úr þeim hlutum. Það sem ég á við þegar ég segi að íslenskt samfélag sé ekki skipulagt og ekki rekið með tilliti til barna er það, að á flestum heimilum, þar sem báðir foreldrar vinna úti af nauðsyn, er afskaplega erfitt að finna bæði tíma og pláss fyrir börnin. Það eru þessi mál sem oft eru álitin einkamál hverrar fjölskyldu, það hvað er gert við börnin á meðan öðrum störfum er sinnt. Ég tel hins vegar að þetta eigi ekki að vera einkamál. Ég tel að samfélagið eigi að taka það með í reikninginn að foreldrar þurfa svo og svo langan tíma á dag til að vera með börnum sínum. Börnin þurfa það, foreldrarnir þurfa það. Það er það sem ég á við þegar ég segi að við tökum börnin ekki með í reikninginn við rekstur þessa þjóðfélags. Við verðum að gera það. Það ófremdarástand, sem hér hefur ríkt í þessum efnum, má ekki vara lengur. Það held ég að við öll hér í þessari hv. deild getum verið sammála um.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir benti á að vegamál væru öryggismál og líka öryggismál fyrir börn og svo sannarlega tek ég undir það. Ég var nú ekki að leggja til að Vegagerðin yrði lögð niður þó að einhverjar milljónir væru teknar af þeim 1 milljarði 383 millj. sem fer til hennar í ár.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir benti á að skattalækkanir til bankanna hefðu numið 100 millj. í ár. Mér finnst prýðishugmynd að verja þeim 100 millj. til uppbyggingar dagvistarstofnana. Þá gætum við kannske sótt þær 47 sem eftir eru til Vegagerðarinnar. (Gripið fram í.) 17, það er rétt. Það eru 30 fyrir í fjárlagafrv. Yfir þessu getum við lengi velt vöngum, hvað við viljum láta bíða og hverju við viljum veita forgang.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði eitthvað á þá leið að prósentuuppbygging leiddi til óþarflegrar miðstýringar á uppeldi barna. Ég fæ þetta ekki til að ganga upp og því síður það sem þm. virtist fá út úr grg. frv. þar sem fjárhæð til dagvistarstofnana er miðuð við byggingarvísitölu. Þetta er einföld viðmiðun eins og algeng er í lögum og sú byggingarvísitala hefur út af fyrir sig ekkert með byggingarstaðal barnaheimila að gera. En með því að bera þetta tvennt saman fékk þm. þá niðurstöðu að talan í frv. væri of há. Ég verð að viðurkenna að ég fæ þetta ekki heldur til að ganga upp.

Það var eitt enn. Þm. töluðu um að enginn vissi hver þörfin væri fyrir dagvistarþjónustu barna og það er út af fyrir sig rétt. Það er ekki vitað nákvæmlega hver þörfin er. Við höfum hérna í höndunum 10 ára áætlun um byggingu dagvistarheimila sem nefndin, sem ég gat um í upphafi máls míns áðan, vann. Þetta er vel unnið plagg og ég held að okkur sé óhætt að byggja á því og taka niðurstöður nefndarinnar sem lágmark þeirrar þarfar sem fyrir hendi er. Ég er viss um að þörfin er miklu meiri. Miðað við þessa áætlun er sú upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv., engin ofrausn. Ef við ættum bara að fara eftir þeirri þörf sem er skilgreind hér þyrftum við meira en frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim hv. þm., sem hafa tekið vel í þessi mál og eru tilbúnir til að huga að því að veita þessum málum einhvern forgang, og hef þessi orð ekki fleiri í bili.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það hefði sjálfsagt verið æskilegra hefði ég tekið til máls áður en málshefjandi talaði öðru sinni. Þó hygg ég að það skipti ekki sköpum í þessari umr.

Frsm. kallar eftir því hjá hv. þdm. hvernig fjármagn verði best tryggt til framkvæmda á því sviði sem fjallað er um í frv. Ég held ég verði að svara því fyrir mitt leyti að slíka tryggingu er nánast ekki hægt að gefa, einfaldlega vegna þess, sem þegar hefur komið hér fram, að lögbundin framlög hafa verið skert á undanförnum árum. Það væri e. t. v. hægt að gefa slíka tryggingu ef ákveðið væri í dag að sömu þm. sætu í þessum stólum næstu tíu ár. En við verðum að gá að því að hverju sinni sem fjárlög eru undirbúin og lögð fram er leitast við leggja heildarmat á þá þörf sem ríkir í öllum málaflokkum. Þá komast menn einfaldlega að því hverju sinni að það verður að velja og hafna. Ég vil í þessu sambandi minna á t. d. grunnskólabyggingar í landinu. Í fjárlagafrv. því sem nú hefur verið lagt fram fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir 100 millj. kr. til byggingar grunnskóla og skólastjóraíbúða. Ég fullyrði að þessi tala er í engu samhengi við þá þörf sem ríkir. Þá vill sjálfsagt einhver segja sem svo: Ræðumaður mun vafalaust leggja til þegar þar að kemur að sú tala hækki. En allt þetta er byggt á heildarmati, eins og ég tók fram áðan. Að vísu

vona ég að menn sameinist um að hækka þá upphæð sem nú er tíunduð í fjárlagafrv. vegna grunnskólabygginga. Svo er mál með vexti, úti á landsbyggðinni í það minnsta, að ekki er hægt að sinna lögboðinni grunnfræðslu í grunnskólum landsins vegna húsnæðisskorts.

Ég minni á þetta fyrst og fremst til að ítreka að við höfum ekki nema takmarkað fjármagn til ráðstöfunar og sínum augum lítur hver á silfrið.

Ég vil ekki gera lítið úr þeim málflutningi sem hv. frsm. hefur haft hér uppi, síður en svo. Og ég geri mér fulla grein fyrir því að uppeldishlutverkið er ríkt og þjóðin öll ber ábyrgð í því hlutverki, ekki aðeins foreldrar heldur samfélagið allt. Ég vil þó taka undir með þeim sem hér hafa fyrst og fremst vikið að hlutverki heimilisins og ég vil taka undir þau sjónarmið sem víkja að því að gera foreldrum kleift í ríkari mæli en raun ber vitni að vera heima við hjá börnum sínum. Ég vil í því sambandi minna á atriði sem borið hefur á góma hér í þingsölum, þ. e. sveigjanlegan vinnutíma. Ég ætla ekki að ræða það frekar og veit að það er mjög mismunandi hvernig hægt er að koma honum við, en á það þarf að líta.

Sem betur fer hafa þessi mál verið leyst a. m. k. á einstaka vinnustað, að ég held, að hluta, þ. e. að því er varðar barnagæslu. Það er sjálfsagt í allt of litlum mæli.

Ég held þegar á allt er litið að það sé eðlilegri leið í sambandi við fjárlagagerð, og raunar gert ráð fyrir því, að leggja heildarmat á þær þarfir sem fyrir hendi eru hverju sinni. Auðvitað er mat okkar mjög misjafnt á því hverja málaflokka við teljum brýnasta, það fer ekki hjá því.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins mæla örfá orð í þessu sambandi. Ég vil taka fram að ég tel þá upphæð sem tíunduð er í fjárlagafrv. úr samhengi við þá þörf sem ríkir í dagvistunarmálum. Ég vil taka fram að hún er of lág. Það hefur verið tekin viss stefna í þessum málum. Við verðum að halda okkur við hana meðan hún er við lýði. En ég vil taka undir það að málaflokknum hefur ekki verið sinnt sem skyldi — en brýnast er að foreldrar eigi þess kost að eyða meiri tíma með börnum sínum.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Hv. flm. frv. sagði í ræðu sinni að fyllsta ástæða væri til að kanna aðrar leiðir í dagvistunarmálum barna. (**SDK:** Líka.) Líka, kallar þm., það fylgdi ekki máli. Að fyllsta ástæða væri til þess að kanna aðrar leiðir. Það þýðir að hv. þm. hefur í rauninni dregið til baka grundvallarástæðuna sem frv. byggir á, prósentutöluna.

Hv. þm. sagði einnig að því miður væru fjárveitingar skertar þrátt fyrir gildandi lög. Það er rétt. Það er einmitt meginmálið sem fram hefur komið hér í ræðum manna að verið er að huga að því að setja lög sem hægt er að framfylgja. Það má e. t. v. benda flm. á að það skiptir máli í þessum efnum kannske sérstaklega hvernig fiskast í landi okkar, hvort hægt er að framfylgja lögum á þessu sviði eða ekki.

Flm. spurði síðar í síðustu ræðu sinni hvaða önnur leið væri fær. Þó hafa ræðumenn hér bent á ýmsar leiðir sem ástæða er til að kanna og ýmsa möguleika en þó fyrst og fremst hver þörfin er og hvernig hún er í hinum ýmsu plássum landsins við hinar ýmsu aðstæður.

Það er rétt að taka undir hugmyndir sem fram hafa komið t. d. hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að hugsanlega eigi að koma til greiðsla til foreldra barna, sem eru heima, alveg eins og samfélagið, sveitarfélagið í þessu tilviki, styrkir þann sem lætur barn sitt á dagvistunarheimili. Af hverju ætti þá ekki sveitarfélagið að styrkja þann sem hefur barnið heima? Þó er hætt við að þarna gæti einnig skotið skökku við og farið úr böndum. En hugmyndin er skýr og klár.

Það kom fram í ræðu síðasta hv. ræðumanns, Davíðs Aðalsteinssonar, að ætlaðar væru 100 millj. kr. til skólamannvirkja á þessu ári í gerð næstu fjárlaga. Fjárþörfin á s. l. hausti fyrir þetta ár var 220 millj., en var skorin niður í 107 millj. Þetta sýnir aðeins hve óraunhæft er að binda slíkar tölur við ákveðið prósentuhlutfall.

Ég vil að síðustu mótmæla harðlega þeirri skoðun sem fram kom hjá hv. flm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að það ætti ekki að vera einkamál fjölskyldu að öllu jöfnu hvernig barni væri fyrir komið eða það alið upp, það ætti að vera mál samfélagsins fyrst og fremst. Mér sýnist að hv. þm. sé þarna að taka undir Kúlá-sjónarmiðið, því miður. Það er grundvallaratriði að fjölskyldan haldi sínum rétti í okkar þjóðfélagi. Það á fyrst og fremst að vera mál fjölskyldunnar hvernig lífi hennar er lifað. Hitt er annað mál að samfélagið gerir auðvitað ákveðnar kröfur um að þar sé ekki látið leika lausum hala og eru svo sem nógir til að fylgja því eftir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins vegna þessara síðustu orða vil ég taka fram að það er auðvitað einkamál hverrar fjölskyldu hvar börnin í þeirri fjölskyldu dveljast svo lengi sem þeim líður vel og þau búa við eðlilegar aðstæður og eðlilegan aðbúnað.

Ég ætlaði ekki að kveðja mér hljóðs aftur í þessari umr., en hins vegar sagði hv. 1. flm. þessa frv. þegar hún kom hér í ræðustól: „Ég mótmæli málflutningi hv. þm. Eiðs Guðnasonar.“ Og hvað var það sem ég sagði? Kannske hef ég ekki sagt það nógu skýrt og taldi ég mig þó hafa gert það eða þá að hún hefur ekki skilið mig. Ég sagði: Við eigum að leita fleiri leiða í þessum efnum en bara þessara hefðbundnu leiða að byggja alltaf nýjar og nýjar stofnanir. Og ég sagði: Við eigum að leita þeirra leiða að atvinnurekendur taki þátt í þessum kostnaði, við eigum að leita þeirra leiða og skoða þá leið mjög vel að greiða þeim foreldrum frá hinu opinbera, sem kjósa að vera heima hjá sínum börnum, a. m. k. þann kostnað sem hið opinbera hefði af börnunum á dagvistarstofnunum. Hún kaus að mótmæla þessum málflutningi mínum og auðvitað er henni það frjálst en ég vil bara ítreka þessar skoðanir hér.

Það er vandalaust að flytja hér till. um útgjöld úr ríkissjóði. Ég treysti mér til að flytja eina slíka till. á dag sem hver og ein væri um hið þarfasta mál á sviði félagsmála, heilbrigðismála, menntamála, samgöngumála o. s. frv. Ég skal flytja eina svona till. á dag. En þetta er bara ekki málflutningur sem þjónar tilgangi. — Hvort sem okkur líkar það betur eða verr verðum við að raða hlutunum í forgangsröð. Við getum ekki gert allt sem við vildum gera, hvorki á sviði skólamála, dagvistarmála né heilbrigðismála. Þess vegna verðum við að raða þessum hlutum. Mér þótti miður að heyra að hv. þm. Sigríður Dúna skyldi gera till. um að aukið fé til dagvistarmála kæmi frá samgöngumálum. Það sýnir bara hve lítið þessir hv. þm. Samtaka um kvennalista þekkja til vandamálanna úti á landi og hve sam-

göngumálin þar eru ríkur og brýnn þáttur. Ég veit að sá þáttur mála liggur ekki á þeirra áhugasviði en það eru aðrir þm. hér sem hafa áhuga á þeim málum og skilja mikilvægi þeirra fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Mér var sögð sú saga vestur á Snæfellsnesi í sumar þegar Kvennalistakonur fóru þar um og héldu fundi að til þeirra hefði verið beint spurningu um vegamál á fundi vestur á Hellissandi. Og hvert var svarið? Viljið þið ekki spyrja hann Skúla? Það var hv. þm. Skúli Alexandersson sem var staddur þarna á þessum fundi.

Það má sjálfsagt finna ýmsa matarholuna í þessu þjóðfélagi til að leita sér að fjármagni til að verja til þessarar starfsemi. Þar mætti m. a. huga að því að skattleggja atvinnureksturinn með einhverjum hætti. En ég vil bara ítreka þá skoðun mína hér að við eigum að leita fleiri leiða en þarna er gert ráð fyrir.

Hv. þm. sagði að við ræddum eitt mál hér í einu. Við erum að ræða margar leiðir að sama markinu og ég sé ekki að það sé neitt utan við þessa umr. þó að bent sé á að það eru fleiri leiðir til að tryggja velferð barna og eðlilegt uppeldi en bara sú að byggja stofnanir. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að binda okkur við að horfa bara á stofnanaleiðina. Hún getur verið nauðsynleg og er nauðsynleg í ýmsum tilvikum en það eru fleiri leiðir og það eigum við að hafa í huga við þessa umr. alla.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð hér um, en hér hefur verið snúið út úr orðum mínum og gefið í skyn að ég hafi sagt eitthvað annað en að börn væru fyrst og fremst á ábyrgð foreldra sinna. Auðvitað eru þau það. Hins vegar höfum við lög hér á landi eins og barnalög, grunnskólalög o. s. frv. þar sem samfélagið grípur inn í ábyrgð foreldranna og tryggir ákveðin réttindi börnunum til handa. Sama er að segja með dagvistarmálin, það er sams konar mál.

Þótt aðrar leiðir séu kannaðar til að mæta dagvistarþörf barna en hér er lögð til þá er þar með ekki verið að draga úr þeirri þörf á uppbyggingu dagvistarheimila sem ég hef hér gert grein fyrir. Ef íslenskt þjóðfélag ætlar sér að leggja vinnufæru fólki á Íslandi, foreldrum þessa lands, þær vinnuskyldur á herðar sem það gerir í dag, þá er þjóðfélaginu skylt að mæta foreldrunum einhvers staðar á leiðinni og gera þeim kleift að sinna sínum þjóðfélagslegu skyldum öllum saman, vinnuskyldu og uppeldisskyldu. Jafnframt hef ég tekið það fram og fært hér rök fyrir því að það er um tómt mál að tala að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðnum verði náð nema að öllum foreldrum standi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða. Þetta frv. kemur ekki í veg fyrir það að leita megi jafnframt annarra leiða, þvert á móti.

Vegagerðarféð fer mjög fyrir brjóstið á hv. þm. Ég tók það sem dæmi og í seinni ræðu minni lagði ég til að við tækjum ekki allt féð úr vegagerðinni heldur einar 17 millj. Ég held að það sýni enga vanvirðingu við vegagerð hér á landi. Við höfum takmarkað fé, vitaskuld, um það er mér mætavel kunnugt. Við verðum að raða málum í forgangsröð, sagði hv. síðasti ræðumaður. Það er einmitt það sem ég hef gert með því að flytja þetta frv. og það sem ég hef verið að tala um í öllum málflutningi mínum hér í dag. Með því frv. sem ég hef flutt hér er gerð tilraun til að tryggja fé til að bæta dagvistaraðstöðu barna hér á landi. Verið er að gera tilraun til að bæta úr því ófremdarástandi sem nú ríkir í þessum málum.

Yfirlýsingar ríkisstjórna eru greinilega ekki mjög bindandi, eins og ég hef þegar skýrt frá og tölurnar sýna og sanna. Því er hér gerð tilraun til að binda með lögum framlag til þessara mála. Hv. þm. er í afgreiðslu þessa máls gefinn kostur á að lýsa hug sínum til þessara mála, hvort þeim finnst einhverju skipta að stjórnvöld haldi þau fyrirheit sem þau gáfu á sínum tíma í þessum efnum, hversu miklu þeim finnst að verja megi til aðbúnaðar yngstu kynslóðar þessa lands og hversu mikilvæg þeim þykja þau verðmæti sem fólgin eru í börnunum okkar. Ekki skal ég fyrir fram efast um góðan vilja hv. þm. í þessum efnum en nú snýst málið um hvort hv. þm. eru tilbúnir til að sýna vilja sinn í verki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vísa til þess að ég gerði á síðasta þingi grein fyrir frv., en það var ekki nýtt þá í hugum margra hv. þm. Það var samið af útvarpslaganefnd sem skipuð var fulltrúum allra flokka. Sú nefnd var skipuð 23. sept. 1981 af þáverandi menntmrh., núverandi hæstv. forseta Nd., til að endurskoða útvarpslögin nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti þeir Markús Á. Einarsson veðurfræðingur, sem skipaður var formaður hennar, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Benedikt Gröndal fyrrv. forsrh., Ellert B. Schram ritstjóri, Kristján J. Gunnarsson fræðslustjóri, Ólafur R. Einarsson menntaskólakennari, sem nú er látinn, og Vilhjálmur Hjálmarsson þáverandi formaður útvarpsráðs.

Nú er liðið á þriðja ár síðan útvarpslaganefndin skilaði áliti sínu og var því þá dreift til allra þm. Mönnum hefur gefist rúmur tími til að taka afstöðu til þessa máls og það hefur verið mikið rætt á þessum tíma. Frv. var í óbreyttri mynd lagt fram á síðasta þingi að öðru leyti en því, að lítils háttar breyting var gerð í samræmi við þá ákvörðun ríkisstj. að aðeins skyldi greitt afnotagjald af einu sjónvarpstæki á hverju heimili.

Útvarpslaganefndin hafði tekið mið af þremur meginforsendum í starfi sínu:

Í fyrsta lagi að leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá landsmönnum öllum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo gæti orðið.

Í öðru lagi að leggja til að fleirum en Ríkisútvarpinu yrði veittur réttur til útvarps að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í þriðja lagi að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu.

Grundvallarbreytingin í þessu frv. er fólgin í því að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veitt leyfi til útvarps. Fyrsti kafli frv. fjallar ítarlega um skilyrðin sem þarf að uppfylla til að slík leyfi verði veitt. Í þeim kafla eru einnig ákvæði um útvarpsréttarnefnd sem skipuð verði skv. tillögu frv. sjö mönnum kjörnum á Alþingi og hún sjái um leyfisveitingar. Skilyrðin eru í aðalatriðum þessi:

Í fyrsta lagi að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgju, en það þýðir að sendingar ná yfir takmörkuð svæði sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum.

Í öðru lagi að Póst- og símamálastofnuninni er ætlað að sjá um úthlutun og að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt.

Í þriðja lagi að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfa til útvarpssendinga, þ. e. sveitarstjórnir á þeim svæðum þar sem útvarpsstöðvar eru.

Í fjórða lagi að erlendir aðilar fái ekki leyfi til útvarpsreksturs.

Í fimmta lagi að óheimilt sé að senda út efni sem ekki hafi verið aflað leyfis fyrir með lögmætum hætti.

Enn fremur er rétt að geta þess að ráð er fyrir því gert að aðilar sem fá leyfi til útvarpsrekstrar hlíti að sjálfsögðu sömu skyldum og almennri ábyrgð og Ríkisútvarpið og aðrir þeir sem birta efni, einnig að skylda til þjónustu við Almannavarnir ríkisins verði sams konar og gildir um Ríkisútvarpið.

Það sem skiptir meginmáli er að létta af þeim algera einkarétti ríkisins á þessum fjölmiðli sem nú er, þannig að við megum sem fyrst njóta viðlíka frelsis og fjölbreytni um efni sem flutt er á öldum ljósvakans eins og er um prentaða fjölmiðla. Það ætti ekki að vera neitt óeðlilegra nú á dögum að frelsi ríki í þessari tegund fjölmiðlunar en um annað tjáningarfrelsi.

Á fundi menningarmálaráðherra Evrópuráðsríkjanna, sem haldinn var í Berlín s. l. vor, var mikið rætt um nýja strauma í fjölmiðlun. Það var athyglisvert og tímanna tákn að hjá langflestum ráðherrunum kom fram sú skoðun að aflétta bæri einkarétti ríkisvaldsins á útvarpi þar sem það hefði ekki þegar verið gert. Sama skoðun kom fram hjá aðalframsögumanni á norrænni fjölmiðlaráðstefnu, sem var haldin í Stokkhólmi í apríl s. l., þar sem fyrst og fremst var rætt um sjónvarpssendingar um gervihnetti. En þar var einnig fjallað um hina almennu stefnu í þessum efnum og menn gengu út frá því, ef það var ekki þá þegar almenn pólitísk stefna í löndunum að ríkið hefði ekki einokun á fjölmiðlun í útvarpi eða sjónvarpi, þá væri það a. m. k. svo að tækni nútímans hefði gert það ókleift og óskynsamlegt að halda slíku uppi. Þeim löndum fer nú mjög fækkandi þar sem enn þá er haldið í einkarétt ríkisins á útvarpi og sjónvarpi.

Ég held, herra forseti, að okkur sé þeim mun meiri nauðsyn á því að létta þessum einkarétti af, sem við erum all afskekkt þjóð. Þótt samgöngur séu í góðu lagi, þá höfum við e. t. v. af þessu öllu meiri þörf fyrir það en margar aðrar þjóðir að vera vakandi um strauma, stefnur, fréttir og menningu annars staðar frá á sama tíma og við stöndum vörð um þjóðlega menningu okkar.

Ég vonast til þess, herra forseti, að unnt verði að framfylgja þeim vilja ríkisstj., sem ég hygg að hljóti að vera vilji meiri hluta Alþingis, að afgreiða þetta frv. sem fyrst. Við höfum gert ráð fyrir því í þessu frv. að gildistaka verði um næstu mánaðamót. En þannig var skilist við þetta mál á síðasta þingi, að menn urðu á eitt sáttir um að það hlyti ekki endanlega afgreiðslu þá, þótt unnið hefði verið í nefnd, enda yrði það mjög fljótt flutt og afgreitt á þessu þingi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Frv. sem hér hefur verið mælt fyrir kemur óbreytt frá ríkisstj. frá því frv. til útvarpslaga sem lagt var fram á síðasta þingi og hæstv. menntmrh. mælti fyrir í hv. Nd. þann 4. apríl s. l. Ein breyting er þó gerð á frv., sem fram kemur í 32. gr. þess og sem hæstv. menntmrh. gerði einmitt að umræðuefni í sínu máli, en greinin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1984. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög nr. 19/1971 svo og lög um breyting á þeim lögum nr. 8/1975 og nr. 49/1979."

Hæstv. ráðh. gat þess í lok máls síns að samkomulag hafi verið um það í lok síðasta þings, þegar sýnt var að ekki væri hægt að afgreiða frv. til útvarpslaga á því þingi vegna skiptra skoðana stjórnarflokkanna í þessu máli fyrst og fremst, að jafnframt hafi verið samþykkt — hæstv. ráðh. notaði orðið „við" í því sambandi — að þetta mál yrði flutt og afgreitt snemma á þessu þingi. Ég sé ástæðu til þess að gera athugasemd við þessi ummæli þar sem ég átti sæti í menntmn. á síðasta þingi og ég minnist þess ekki að nein samþykkt hafi verið þar gerð um að þetta mál nyti einhvers sérstaks forgangs í byrjun þessa þings, hvað þá að nefndar hafi verið dagsetningar í því sambandi, og ég vil lýsa yfir mikilli undrun á því að hér skuli fram komið frv. um svo mikilsvert mál, sem ekki var tekið til umr. á síðasta þingi fyrr en 4. apríl s. l., og nú skuli koma fram frá hæstv. menntmrh. sú breyting við fyrra frv. að það skuli taka gildi 21 degi eftir að nýtt þing kemur saman. Ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. geri þinginu grein fyrir því hvaða nauðsyn beri til að hraða svo endurskoðun útvarpslaga að það skuli tekin alveg sérstök dagsetning inn í þetta frv. um gildistíma, ekki bara að lögin öðlist gildi við samþykkt, heldur að þau öðlist gildi 1. nóvember 1984. Við eigum kannske að standa að því hér síðar meir á þessu þingi að samþykkja þessi lög afturvirk til þess e. t. v. að veita einhverja blessun útvarpsstöðvarrekstri sem hæstv. menntmrh. virðist einkar kær, útvarpsstöðvum sem kallaðar hafa verið sjóræningjastöðvar og störfuðu hér óátalið um skeið af hæstv. dómsmrh. og hæstv. menntmrh. og ríkisstj. raunar allri og fengu velviljaðar kveðjur frá hæstv. ráðh., fyrir nú utan það, sem ekki þarf að fjölyrða um, að menn mjög nákomnir ríkisstj. og flokkar skutu skjólshúsi yfir þessar ólöglegu stöðvar. Það var hermt og rakið í hv. þd. nýlega hvernig hæstv. fjmrh. hefði með sínum miklu burðum og líkamsafli leitast við að koma í veg fyrir húsrannsókn í flokkshúsi Sjálfstfl., Valhöll, og tekist það a. m. k. betur en margt annað sem hann hefur verið að fást við undanfarna daga og vikur.

Ég sé ástæðu til þess, áður en ég vík að efni þessa frv. að öðru leyti að inna hæstv. forsrh. eftir því hvort orðið

„við“, sem hæstv. menntmrh. notaði í framsögu sinni áðan, ætti við hæstv. ráðh. Framsfl., hæstv. forsrh. og aðra ráðh. Framsfl. í ríkisstj. og þingflokk Framsfl. í heild, og væri þá ekkert á móti því að hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., greindi okkur frá því hvort hann hefði gengið undir það jarðarmen sem hæstv. menntmrh. er að reisa með framlagningu þessa frv. með nefndri 32. gr. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt fyrir þingið að vita áður en þessari umr. lýkur.

Það er mjög óvenjulegt að tímamörk af þessu tagi séu kynnt við framlagningu máls með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. gerir hér. Ég verð að segja að mér er á engan hátt ljós nauðsyn þess að ljúka afgreiðslu þessa máls með þeim ofsahraða, er óhætt að segja, á mælikvarða Alþingis sem hæstv. ráðh. gerir hér ráð fyrir að gert verði, og ég kref hæstv. ráðh. um skýringar á hinni brýnu þörf sem hæstv. ráðh. hlýtur að sjá og hafa rök fyrir að sé á því að afgreiða þetta mál á nokkrum dögum. Ég tek hins vegar undir það að endurskoðun útvarpslaga er tímabært mál almennt séð og mikilsvert mál, en hins vegar mál sem er þannig vaxið að ekki ber að hrapa þar að neinu. Alþingi hlýtur að ætla sér og því ber skylda til þess að fjalla vandlega og yfirvegað um meðferð slíks máls áður en það verður afgreitt frá þinginu. Það er brýn skylda þingsins að taka þannig á máli sem þessu því hér er flókið mál á ferðinni. Þetta er ekkert einfalt mál, hæstv. menntmrh., sem nú er lagt fyrir þingið. Þetta er mál sem hefur margar hliðar. Við hljótum að sýna máli sem þessu alúð og reyna að tryggja, það tel ég mikilsvert, sem víðtækasta samstöðu í þinginu um afgreiðslu máls, sem varðar alla þjóðina mjög miklu, þar sem er sú megintillaga þessa frv. að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins og opna fyrir nýmæli í þessari gerð fjölmiðlunar.

Ég tel að sú reynsla, sem fékkst af hinum ólöglega rekstri útvarpsstöðva fyrir nokkrum dögum, gefi einmitt sérstakt tilefni fyrir Alþingi til að staldra við í sambandi við þetta frv. og leitast við að meta það sem gerðist varðandi rekstur og starfrækslu hinna ólöglegu stöðva, þó svo að til þeirra hafi verið litið með alveg sérstökum velvilja af valdhöfum í þessu landi sem nú sitja á stólum. Ég tel t. d., ef litið er til þeirra verkefna sem útvarpsréttarnefnd samkv. framlögðu frv. er ætlað að rækja um eftirlit með þeim stöðvum sem gera má ráð fyrir að hér rísi í kjölfar þeirra heimilda sem frv. gerir ráð fyrir, ef samþykktar verða, að störf þessarar útvarpsréttarnefndar verði ekkert auðveld viðfangs, ætli hún að rækja þær skyldur sem gert er ráð fyrir samkvæmt 3. gr. þessara laga alveg sérstaklega, en raunar einnig samkvæmt ákvæðum annarra greina frv.

Ég mun þá ræða frv. efnislega að öðru leyti, en vænti þess að hæstv. menntmrh. greini okkur skilmerkilega frá því sem varðar ákvæði og tillögur samkvæmt 32. gr., en hæstv. forsrh. og hv. formaður þingflokks Framsfl. einnig geri okkur grein fyrir stöðunni að því er lýtur að afstöðu Framsfl. til framlagðs stjfrv.

Alþb. hefur fjallað mikið um þessi efni, útvarpsmál, á undanförnum árum á formlegum fundum, landsfundum og flokksráðsfundum flokksins, og gert um það samþykktir þar sem meginafstaða flokksins hefur verið mótuð til þessara mála. Þar er um sammæli að ræða af hálfu Alþb. þó að þar, eins og í öðrum flokkum, séu skoðanir eitthvað skiptar í sambandi við einstök atriði málsins. Í svo mikilsverðu máli taldi Alþb. skylt að móta skýra stefnu, skýra afstöðu. Það sem ég mæli hér um efni þessa frv. tekur mið af þessum samþykktum Alþb. og nánari meðferð þessa máls eftir að frv. til útvarpslaga kom hér fram, en þar komu til margir þeirra í mínum flokki sem hafa sýnt þessum málum áhuga og látið sig þau skipta.

Ég vil strax koma að því sem ég tel þýðingarmest í sambandi við þetta efni og afstöðu til þessa frv., þ. e. varðandi spurninguna um heimild til annarra en Ríkisútvarpsins að hefja hér útvarpsrekstur. Við teljum réttmætt og tímabært að rýmka um þær heimildir sem eru í gildandi lögum og opna fyrir það að aðrir en Ríkisútvarpið geti hafið hér takmarkaðan rekstur með tímabundnu leyfi til útvarpsrekstrar á afmörkuðum svæðum, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt þessu frv. En við setjum alveg ákveðin og skýr skilyrði í sambandi við þessa breytingu á rétti til útvarpsrekstrar í landinu og þau skilyrði eru fyrst og fremst tvenns konar:

Það er í fyrsta lagi að dreifikerfi útvarpsstöðva verði í opinberri eigu en ekki í einkaeign þeirra stöðva sem heimild yrði veitt fyrir og það verði þar með komið í veg fyrir einokun í skjóli slíks eignarhalds á dreifikerfum er tengist þessum stöðvum. Að þessu máli er ekkert vikið í fyrirliggjandi frv., ekkert. En hér er þó afar mikilvægur þáttur þessa máls á ferðinni. Af því að oft hefur verið rætt um frelsi í sambandi við rýmkun á útvarpsrekstri legg ég áherslu á að einmitt í þessu, opinberri eigu á dreifingarkerfi útvarpsstöðva, er fólgin spurning um hvort hér verður um frelsi notenda að ræða eða ekki. Ég vænti að það þurfi ekki að skýra þetta atriði nánar fyrir hv. þm. Ég minni á að við afgreiðslu laga um fjarskipti, sem samþykkt voru á síðasta vori, kom það alveg skýrt fram, m. a. hjá hæstv. samgrh. sem fer með málefni Pósts og síma, að ákvæði sem þar var verið að lögfesta snertu þetta atriði, varðandi dreifingarkerfi hugsanlegra nýrra útvarpsstöðva, ekki. Hér er því mál sem þingið þarf að gaumgæfa og fjalla um í sambandi við meðferð þessa máls hér í þinginu.

Annað atriði, sem er ekki síður mikilvægt að mati okkar Alþb.-manna, er að nýjum útvarpsstöðvum öðrum en stöðvum á vegum Ríkisútvarpsins verði alls ekki heimilaðar verslunar- og viðskiptaauglýsingar gegn gjaldtöku. Þetta er grundvallaratriði sem sker úr um það hvort menn meina eitthvað með raunverulegu frelsi og dreifðu frumkvæði í sambandi við víkkun á heimildum til útvarps eða hvort menn eru hér að opna fyrir frelsi fjármagnsins en ekki frelsi fjöldans til fjölmiðlunar. Ég vænti þess að einmitt þetta atriði ásamt hinu fyrra fái alveg sérstaka skoðun hér í þinginu áður en þetta endurskoðaða frv. til útvarpslaga verður lögfest.

Það eru ýmis fleiri atriði en þessi tvö, sem langmestu máli skipta þó að mínu mati, sem ég ætla að gera aths. við jafnframt því sem ég vísa til ræðu minnar við framlagningu þessa máls á fyrra þingi hinn 4. apríl s. l.

Í 3. gr. 2. lið er kveðið á um að skilyrði fyrir veitingu leyfis til útvarps skuli háð samþykki sveitarstjórnar á viðkomandi svæði. Skv. 5. gr. 1. tölul. er kveðið á um að sveitarstjórn þurfi að heimila lagningu þráðar til útvarpssendinga um lönd sín. Það síðara er eðlilegt ákvæði, en að sama skapi tel ég óeðlilegt að sveitarstjórn geti haft neitunarvald um útvarp um slíkan þráð og að því leyti tel ég þetta ákvæði þurfa breytingar við í

3. gr. frv. Hér ætti aðeins að áskilja umsögn sveitarstjórnar um þetta efni. Hins vegar sýnist eðlilegt að setja það skilyrði að aðilar, sem búa utan þess takmarkaða svæðis sem leyfi til útvarpsrekstrar skal taka til, megi ekki vera þátttakendur í félagi til útvarpsrekstrar.

Ég rek hér hugmyndir mínar um breytingar og aths. á einstökum liðum frv. nokkurn veginn í þeirri röð sem þær koma fyrir í frv. og vík þá að 3. gr. 3. tölul., en þar er kveðið á um að óheimilt sé að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar. Slíkt er sjálfsagt, en rétt verður að telja að sams konar ákvæði gildi um aðild að útvarpsrekstri, að erlendum aðilum verði ekki veitt aðild að útvarpsrekstri og skýrara ákvæði komi þannig fram til viðbótar við sama lið.

Í 3. gr. 8. tölul. er ákvæði, sem ég vek sérstaka athygli á, þess efnis að óheimilt sé að aðrir en útvarpsrekstrarfélag kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi stöðvar, en þó gildi það bann ekki um einstaka dagskrárliði. Hafa hv. þm. tekið eftir þessu ákvæði í 8. tölul. 3. gr.? Hér er afar varhugaverð undanþága á ferðinni sem í raun opnar fyrir utanaðkomandi aðila að hafa mikil áhrif á dagskrárgerð viðkomandi útvarps. Ég tel því rétt að þessi liður yrði orðaður með öðrum hætti, t. d. þannig að óheimilt sé að aðrir aðilar en félag það sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti dagskrá viðkomandi útvarpsstöðvar. Þar komi ekki aðrir til. Einnig er ekki óeðlilegt að sett verði inn ákvæði í þessu samhengi þess efnis að ekki minna en helmingur útsends efnis sé tekinn saman af starfsleyfishafa, þ. e. viðkomandi útvarpsfélagi, hér sé ekki verið að setja upp stöðvar sem bara kaupi að efni og sendi út.

Það er vert að vekja athygli á því að hvergi er að finna í frv. ákvæði sem gerir ráð fyrir að til samstarfs geti komið milli útvarpsstöðva. Í því sambandi þarf að gera ráð fyrir hugsanlegri myndun bandalaga milli stöðva eða „networks", eins og það er kallað á ensku máli, en slík samvinna er víða fyrirferðarmikil í útvarpsrekstri erlendis. Athuga ætti sérstaklega um stuðning opinberra aðila eins og Ríkisútvarpsins, t. d. í tengslum við upptökuver eða upptökuaðstöðu fyrir útvarpsstöðvar, aðrar en Ríkisútvarpsins, og greiða þannig fyrir gerð innlends efnis.

Varðandi 4. gr. hef ég þegar gert aths. varðandi heimild til auglýsinga. Ég ítreka hana, að útvarpsstöðvum öðrum en Ríkisútvarpinu verði ekki veitt heimild til útsendinga á verslunar- og viðskiptaauglýsingum, auglýsingum gegn gjaldi. En í þessu samhengi vil ég koma því að að ég tel þörf á því að það verði athugað að fella með öllu niður auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins. Í aths. með þessu frv. kemur fram að auglýsingatekjur íslenska sjónvarpsins eru innan við fjórðungur heildartekna og er þá um brúttótekjur að ræða. Það er vitað að til frádráttar þessum tekjum af auglýsingum má reikna allverulegan kostnað sjónvarpsins af vinnu við skeytingu auglýsinga, en slíkt mundi að sjálfsögðu sparast ef þær yrðu af lagðar. Einnig er vert að nefna þann mikla aðstöðumun sem innlendir framleiðendur varnings og þjónustu sem auglýsa vörur sínar í sjónvarpi búa við í samkeppni við erlenda aðila varðandi tilkostnað af gerð auglýsingaefnis. Væri af þeim sökum einum eðlilegt að fella sjónvarpsauglýsingar niður. Þá má og benda á að auglýsingar í sjónvarpi hér eru viss þrándur í götu væntanlegs alþjóðlegs samstarfs um sjónvarpssendingar, t. d. skv. NORDSAT-áætluninni. Af öðrum Norðurlöndum eru það aðeins Finnar sem heimila auglýsingar í sjónvarpi, það best ég veit.

5. gr. frv., sem snertir útvarp um þráð, mætti um margt vera skýrari og gefur ástæðu til nánari athugunar í nefnd. Ég nefni sem dæmi ákvæði 4. tölul. um undanþágu frá ýmsum takmarkandi ákvæðum 3. gr. sé móttaka bundin við 36 íbúðir. Enga skýringu er að finna í frv. á því hvers vegna hér er miðað við 36 íbúðir en ekki einverja aðra skilgreiningu. Sitthvað er einnig óljóst varðandi efni í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, um fjármál.

II. kafli þessa frv. fjallar um Ríkisútvarpið og hefur ekki að geyma jafnmörg álitamál og I. kafli frv., en vissulega þarf til hans að vanda engu að síður. Ríkisútvarpið þarf og hlýtur að verða eftir sem áður burðarás í útvarpsfjölmiðlun hér á landi væntanlega um langa framtíð og að þessari stofnun, Ríkisútvarpinu, þarf að búa sem best.

Fulltrúi Alþb. í útvarpslaganefnd, Ólafur heitinn Einarsson, gerði tillögu um að lögleitt yrði ákvæði um starfsmannaráð við Ríkisútvarpið og undir þá tillögu vil ég taka sérstaklega. Slík starfsmannaráð eiga að vera starfandi í hverri ríkisstofnun. Á það lagði Alþb. m. a. áherslu í tíð síðustu ríkisstjórnar og þá var gefin út reglugerð af Ragnari Arnalds sem fjmrh. um réttindi og skyldur slíkra starfsmannaráða.

Á sama hátt fellur það að stefnu Alþb. að forstjórar ríkisstofnana séu ráðnir tímabundið til fárra ára í senn, en ekkert ákvæði er að finna í frv. um það varðandi útvarpsstjóra. Ég tel að tvímælalaust eigi að taka slíka tímabundna ráðningu upp varðandi útvarpsstjóra og það ætti raunar einnig að gilda um framkvæmdastjóra deilda Ríkisútvarpsins skv. 15. gr., svo mikilsverðar stöður sem þar eru á ferðinni, og eðlilegt að þar sé tryggð endurnýjun og skipti og hreyfing á starfsmönnum og heimildir séu samsvarandi fyrir slíku í lögum.

Í 18. gr. frv. er kveðið á um innheimtu afnotagjalds af útvarpstækjum sem yrðu áfram ásamt auglýsingatekjum aðaltekjustofn Ríkisútvarpsins. Í því sambandi er vert að það yrði kannað sérstaklega að hluti af afnotagjaldi renni til svæðisútvarps, til annarra útvarpsstöðva en aðalútsendingar Ríkisútvarpsins, og þar á meðal til svonefndra frjálsra útvarpsstöðva í rekstri annarra, t. d. ¼ hluti afnotagjalds. Notendur gætu valið þá svæðisstöð eða svæðisstöðvar sem þeir vildu styðja með þessum hætti og með þessu móti yrði innheimta á afnotagjöldum fyrir hinar nýju stöðvar einfaldari í sniðum og unnt að tryggja slíkum svæðisstöðvum lágmarkstekjur sem kæmu í stað þess, sem gert er ráð fyrir skv. frv., að aflað yrði tekna með viðskiptaauglýsingum, en ég tel að það ákvæði beri að fella niður. Upphæð heildarafnotagjalds yrði að sjálfsögðu að taka mið af slíkri skiptingu, sem hér er um rætt, þannig að Ríkisútvarpið bæri ekki skarðan hlut frá borði.

Herra forseti. Ég hef stiklað hér á nokkru því sem ég tel vanta í þetta frv. til útvarpslaga og öðru sem ég tel að þurfi að hverfa úr frv. áður en lögfest yrði og ég hef greint frá meginviðhorfum þingflokks Alþb. til þessa máls. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að athuga þessi mál ásamt mínum þingflokki og í samvinnu við aðra sem standa vildu að breytingum sem samstaða gæti orðið um. Um leið og ég ítreka fylgi Alþb. við tímabundnar tilraunir með svæðaútvarp, eins og ég hef hér gert

grein fyrir, útvarp þar sem dreifingarkerfið sé í opinberri eigu og verslunar- og viðskiptaauglýsingar séu ekki leyfðar, minni ég að lokum á eftirfarandi úr ályktun flokksráðsfundar Alþb. 1982, en þar segir:

„Flokksráðsfundurinn leggur ríka áherslu á ómetanlegt hlutverk Ríkisútvarpsins til að viðhalda og efla íslenska menningu. Ríkisútvarpið er og verður áfram sameiningarafl í þjóðfélaginu, frjáls fjölmiðill, opinn öllum landsmönnum. Ekkert má gera sem teflir þessu hlutverki Ríkisútvarpsins í hættu."

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil koma á framfæri nú þegar við 1. umr. þessa máls nokkrum athugasemdum. Þá er fyrst að geta þess að þetta frv. er lagt fram sem stjfrv. og aðdragandi þess er sá að í fyrravor fékk hæstv. menntmrh. heimild Framsfl. til þess að þetta mál yrði lagt fram, en jafnframt áskildu þm. Framsfl. sér að hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins. Það sama gildir nú. Þm. Framsfl. hafa óbundnar hendur við afgreiðslu þessa máls.

Eins og komið hefur fram er þetta ekki óbreytt frv. útvarpslaganefndar. Menn tala hér um frv. útvarpslaganefndar, en ég minni á að útvarpslaganefnd klofnaði og fyrrv. menntmrh., þáv. formaður útvarpsráðs, Vilhjálmur Hjálmarsson, og Andrés Björnsson útvarpsstjóri skiluðu séráliti um málið.

Þetta er heldur ekki sama frv. og lagt var fram í fyrra þar sem gildistökuákvæði er 1. nóv. Sýnist mér að það sé býsna skammur tími og svo skammur að þetta fær náttúrlega ekki staðist. Frv. útvarpslaganefndar var gallað að mínum dómi, en það gæti vel orðið stofn að útvarpslögum, góðum útvarpslögum. Margt í því er til bóta en það er margt sem þarfnast lagfæringar.

Ég tel að nú sé ekki réttur tími til þess að setja ný útvarpslög. Það eru yfirstandandi kjaradeilur og við búum við afbrigðilegt ástand, því miður. Ég kalla þetta kjaradeilur en ekki uppreisn eins og a. m. k. einn af hæstv. ráðh. hefur látið sér um munn fara. Ég tel að hér sé um kjaradeilu að ræða. Hún er að vísu orðin flókin og hörð. Ég vara við öllum ofsafengnum viðbrögðum í tilefni þessarar kjaradeilu. Þessi kjaradeila snertir Ríkisútvarpið þar sem starfsmenn Ríkisútvarpsins eru í verkfalli. Við sjáum ekki fyrir endann á þessari kjaradeilu og hún hefur verið mögnuð með óskynsamlegum viðbrögðum á báða bóga.

Ákvörðun hæstv. fjmrh. og borgarstjóra að greiða ekki laun nema þrjá daga af október var einstaklega óskynsamleg og ámælisverð ákvörðun. Vilji þingflokks Framsfl. stóð til hins gagnstæða og við þm. Framsfl. sem til náðist vorum sammála þeirri skoðun sem Benedikt Sigurjónsson fyrrv. hæstaréttardómari setti fram í álitsgerð sinni um að eðlilegt væri að greiða októberlaunin. Og það var ekki einasta að löglegt hefði verið að greiða launin. Það var líka mjög óskynsamlegt og líklegt til þess að magna deiluna viljandi að greiða þau ekki.

Það er alvarlegt mál að gera fólk að vanskilamönnum, allra helst góð hjú eins og flestallir ríkisstarfsmenn eru. Þeir eru góð hjú ríkisvaldsins og trúir þjónar. Þetta fólk hafði gert sínar fjármálaráðstafanir fyrir mörgum mánuðum e. t. v. og vissi þá ekki að verkfall gæti verið yfirvofandi í október, hvað þá að það renndi grun í það að það yrði hýrudregið. Svo stendur það allt í einu uppi hýrudregið og er gert að vanskilamönnum, sumir e. t. v. í fyrsta sinn á ævinni. Flestir þeirra hafa ekki innstæður til að grípa til og sumir skulda meira að segja svolítið og sumir meira að segja töluvert.

Seðlabankinn hækkaði vextina, því miður með góðu leyfi ríkisstj., langt fram yfir það sem atvinnulífið þolir og langt fram yfir það sem fjárhagur venjulegrar fjölskyldu þolir, fjárhagur venjulegs launþega. Við höfum krafist sparnaðar af þjóðinni, við höfum krafið þjóðina um nægjusemi og við höfum ekki verið örlátir við launþega í landinu. Þjóðin hefur stillt kröfum í hóf í meira en ár og láglaunamönnum hefur ekki gefist færi á því að safna fjársjóðum í bönkum, fremur að láglaunamenn hafi safnað einhverjum skuldum. Svo hækka vextirnir, fólk fer að gera kaupkröfur og fyrr en varir er yfirvofandi verkfall þar sem ekki voru tök á að verða við kröfunum nema með því að fórna þeim árangri sem náðst hafði í baráttunni við verðbólguna. Þar sem verkfall var yfirvofandi hefði verið því meiri ástæða til þess að sýna varfærni og aðgát. Þess í stað beitti hæstv. fjmrh. valdi sínu til að stöðva útborgun októberlauna. Ég hef aldrei hvatt til þess að borga verkfallsmönnum kaup fyrir verkfallsdaga en þá reikninga var hægt að gera upp að verkfalli loknu og sjálfsagt að gera upp eftir á. Þess í stað virtist hæstv. fjmrh. og borgarstjóri líta á þetta sem uppreisn og fjmrh. fór að beita valdi til þess að tyfta fólkið. En fólk lætur auðvitað ekki svelta sig til hlýðni og sem betur fer.

Þegar ríkisstarfsmenn fengu ekki launin sín tóku þeir forskot á sæluna. Það er það sem kemur þessu útvarpslagafrv. við og einmitt þess vegna erum við að ræða það hér í dag. Það þurfti engum að koma það á óvart þó að ríkisstarfsmönnum brygði harkalega við. Þeir lögðu niður vinnu of snemma og áður en boðunardagur verkfallsins skall á. Því miður voru starfsmenn Ríkisútvarpsins í þessum hópi. Því miður var útvarpssendingum hætt með óskynsamlegum og mjög skjótum hætti og lágmarksfréttaflutningi var ekki haldið uppi til landsmanna í nokkra daga. Þetta ástand, þessi aðgerð útvarpsmanna aflaði þeim því ekki samúðar. Þeir gengu of langt í reiði sinni og gerðu það of snemma og opnuðu dyrnar fyrir þeim sem vilja veg Ríkisútvarpsins sem minnstan og alls konar frjálshyggjugaukar sáu sér leik á borði.

Þeir sem snarráðastir voru og höfðu nóg af peningum settu upp ræningjastöðvar og hófu útvarpsrekstur án beinnar stoðar í lögum. Sú reynsla, sem við höfum fengið af þessum útvarpsstöðvum, hefur sýnt okkur að á þessu sviði er það ekki þetta sem við eigum að sækjast eftir. Í þessu útvarpi hafði auðgildið sem sagt forgang fram yfir manngildið. Auðgildið, frjálshyggjan, lék nú lausum hala í nokkra daga og það kennir okkur að meta okkar góða Ríkisútvarp. Ríkisútvarpið okkar var nefnilega gott og verður það vonandi einnig áfram að kjaradeilu leystri.

Frv. til útvarpslaga á að mínum dómi fyrst og fremst að miða að því að efla Ríkisútvarpið. Þess vegna er það sjálfsagt að útvarpslögin hefjist á kafla um Ríkisútvarpið. Sá kafli er hér í frv. settur á hinn óæðra bekk. Ég get tekið undir flest í þessum Ríkisútvarpskafla og get vel ímyndað mér að hann verði farsæl uppistaða laganna. Einnig get ég stutt kaflann um fjármál Ríkisútvarpsins svo og IV. og V. kafla. Þá get ég einnig, herra forseti, hugsað mér að tímabundin heimild sé veitt öðrum

aðilum en Ríkisútvarpinu til útvarpsrekstrar, að uppfylltum ströngum skilyrðum, miklu strangari skilyrðum en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel það einsýnt að ekki eigi að heimila viðskiptaauglýsingar í þessum litlu tímabundnu útvarpsstöðvum. Ríkisútvarpið þarf nefnilega á auglýsingamarkaðinum að halda óskiptum og á að fá að njóta þeirrar verndar af hálfu löggjafans að öðrum sé ekki hleypt inn á hann. Í aths. með frv. útvarpslaganefndar gera aðstandendur þess, meiri hl., þessa grein, herra forseti, fyrir þessum atriðum:

„Útvarpslaganefnd lítur svo á að Ríkisútvarpið hljóti að mega hækka útvarpsgjald sitt sem nemur tapi auglýsingatekna og þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu að Ríkisútvarpinu eru lagðar skyldur á herðar umfram aðrar útvarpsstöðvar sem standa ber við óháð aðstæðum að þessu leyti."

Ég tel að hækkanir hér í þjóðfélaginu hafi verið yfrið nógar undanfarið á hinni ýmsu þjónustu. Ný hækkanaskriða er að falla og ég sé enga ástæðu til annars en að reyna að halda niðri útvarpsgjöldum. Ég sé enga ástæðu til að afsala Ríkisútvarpinu þeirri tekjulind sem auglýsingar hafa verið. Ég tel að þessi leyfi verði að vera tímabundin. Uppfylli stöðvarnar ekki þau skilyrði sem sett eru er sjálfsagt að svipta þær starfsleyfi. Ef þær reynast vel er allt í lagi að framlengja starfsleyfi þeirra.

Ég tel að þingkjörið útvarpsráð Ríkisútvarpsins sé hinn rétti aðili til að veita þessi tímabundnu starfsleyfi miklu fremur en að vera að kjósa sérstaka nefnd til þess að fjalla um þau. Ríkisútvarpið hlýtur að vera uppistaðan í þessu kerfi og það á að vera höfuðbólið. Hitt eiga að vera hjáleigur eða útbýli.

Gildistökuákvæðið, sem menn hafa hér réttilega bent á, 1. nóv., er auðvitað fráleitt. Ég tel að við verðum að leysa þessa kjaradeilu, koma á eðlilegu Ríkisútvarpi og slaka á spennunni áður en nokkuð þýðir að fara að breyta lögum um Ríkisútvarpið.

Afskipti kjaradeilunefndar af málefnum útvarpsins þykja mér orka tvímælis. Mér finnst að kjaradeilunefnd eigi að kveða upp úrskurði um þau mál sem undir hana heyra en vísa hinum frá sem henni virðast ekki heyra undir sig í stað þess að kveða upp efnisúrskurði og banna það sem hún getur ekki heimilað. Ég leit svoleiðis á þegar við settum þessi lög að kjaradeilunefnd ætti að vera öryggisventill, aðili sem hefði vald til að tryggja að nauðsynlegri öryggis- og heilsugæsluþjónustu væri haldið uppi í þjóðfélaginu. Lausn á öðrum atriðum, sem falla utan þessa öryggis- og heilsuverndargeira, þurfa aðrir aðilar að finna, væntanlega deiluaðilar sjálfir. Þess vegna tel ég að að verkfalli loknu þurfi að endurskoða lögin hvað varðar kjaradeilunefnd og finna henni markvissara form þannig að óþarfa árekstrar þyrftu ekki að skapast þar af. Hugsanlegt væri að setja á stofn aðra sameiginlega úrskurðarnefnd ríkisstarfsmanna og ríkisvalds sem reyndi að komast að samkomulagi um þau ágreiningsatriði í framkvæmd verkfalls sem féllu utan verksviðs kjaradeilunefndar.

Herra forseti. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að ég tel að Ríkisútvarpið beri að efla svo sem við höfum föng til. Það hefur góðu og hæfu starfsfólki á að skipa og við skulum efla vöxt Ríkisútvarpsins og viðgang. Peningafrelsisútvörpin koma aldrei til með að verða gagnlegar stoðir í því lýðræðis- og menningarsamfélagi sem við viljum hafa hér á Íslandi. Ég treysti því að hv. menntmn. athugi þetta frv. vel og vandlega, gefi sér góðan tíma og skili svo af sér með vorinu breyttu og betra frv. til útvarpslaga en hér er á ferðinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Fyrstu spurningu um þetta mikilsverða frv., sem menn biðu eftir með nokkurri óþreyju, hefur nú þegar verið svarað, spurningunni um það hvort þetta er stjórnarfrv. eða ekki. Það er að nafninu til stjórnarfrv. En í reynd er það ekki stjórnarfrv. Hv. þingflokksformaður framsóknarmanna, sem hér talaði á undan mér, sagði berlega að gildistökuákvæði þessa frv. þætti sér fráleitt, þ. e. 21 dagur. Það er alveg ljóst af ræðu hans að þeim stjórnarsinnum mun ekki veita af tímanum fram að sauðburði til þess að stilla saman strengina og ná einhverju samkomulagi í þessu máli. Því ekki liggur það fyrir, það er fjarri því.

Í raun og veru mátti heyra það bæði af orðalagi og anda ræðu hv. þingflokksformanns framsóknarmanna að hann er hundóánægður með þetta mál. Hann talar um frjálshyggjugauka sem tröllríði þjóðfélaginu og hann er í algerri andstöðu við. Hann lýsir foragt sinni á þessum svokölluðu peningafrelsisútvörpum, eindregnum stuðningi við hið „gamla góða Ríkisútvarp" og áréttaði það að þeim veitti ekki af, stjórnarsinnum, mjög góðum tíma, helst fram undir sauðburð til að ræða þetta mál innbyrðis. Þar með virðist mér að okkur hinum, sem teljumst ekki vera aðilar að þessu stjórnarfrv., ætti að gefast góður tími til þess að gefa holl ráð og ábendingar.

Ég tek að sönnu undir það með hv. þingflokksformanni að þetta er geysilega þýðingarmikið mál. Það getur haft ófyrirsjáanleg áhrif á þjóðlífið allt. Það markar tímamót. Og það þarfnast vissulega gaumgæfilegrar skoðunar á Alþingi. Það get ég sagt með góðri samvisku, þótt mér hafi þótt langlundargeð hæstv. fyrrv. menntmrh. á sínum tíma nokkuð mikið, þegar ekki tókst að toga frv. og álit útvarpslaganefndar af hans borði á sinni tíð, líka vegna ágreinings í fyrri stjórn. Þá tók ég mig til einhvern tíma og flutti þann kafla laganna þar sem mest eru nýmælin til að koma þessu máli á dagskrá. Til þess að vekja um það umræðu, vitandi vits að sjálfsögðu um það að þetta mál er þess eðlis að það þarfnast gaumgæfilegrar skoðunar og ítarlegra umræðna. Í svo stóru máli er það vafalaust rétt hjá hv. þingflokksformanni að ekki er flas til fagnaðar og 21 dags flas alveg út í hött.

Þetta er nefnilega ekki bara spurning um að leyfa eða leyfa ekki frjálsar útvarpsstöðvar svokallaðar. Og þó að tilfinningar manna kunni að vera í nokkru umróti eftir deilur í verkfalli, eftir starfrækslu ólöglegra útvarpsstöðva, þá er málið miklu víðtækara en það. Ég tel æskilegt að um leið og við skoðum þessi útvarpslög fari fram, samtímis og jafnhliða, rækileg endurskoðun á gildandi fjarskiptalögum. Þau voru til lítils háttar skoðunar hér undir þinglok í fyrra. Breytingar, sem á þeim voru gerðar, voru mjög óverulegar. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þar þurfi að gera mun róttækari breytingar og það eigi að gerast um leið og útvarpslögunum er breytt.

Ég vil vekja athygli á því að mér finnst þetta mál vera menningarpólitískt stórmál. Það varðar ýmsar grundvallarspurningar um stöðu íslensks þjóðernis, um lífvænleg skilyrði íslenskrar menningar í vaxandi samkeppni við erlend menningaráhrif. Ég hefði vænst þess

að hæstv. menntmrh. fjallaði kannske ögn ítarlegar um spurningar af því tagi í máli sínu hér áðan.

Það sem knýr fyrst og fremst á um að Alþingi láti til sín taka og endurskoði þessa löggjöf er tæknibylting. Við getum sagt tæknibylting og menningarbylting, sem á undanförnum árum hefur riðið yfir þjóðfélög á svipuðum breiddargráðum. Þar hafa vaknað upp margar spurningar sem við þurfum að taka afstöðu til. Það vekur athygli að ýmis þau þjóðfélög í kringum okkur, sem að öðru jöfnu reyna nú að vera, ef ekki í fararbroddi þá a. m. k. viðbúin slíkum breytingum, hafa fæst þeirra brugðist við með ítarlegum breytingum á gildandi lögum. Þau hafa flest gefið sér ráðrúm til að gera tilraunir, þreifa fyrir sér, einfaldlega vegna þess að við stöndum núna nær byrjun þessarar byltingar en endalokum. Þar eiga eftir að gerast margir ófyrirséðir hlutir. Og það er engan veginn ljóst að við getum mótað einhverja löggjöf í þessum málum sem standa eigi til frambúðar. Þvert á móti er líklegt að tæknileg úrelding verði svo hröð að við munum ekki hafa við að meta breytingar og bregðast við þeim á næstu árum.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ættum ekki að stinga höfðinu í sandinn, ekki að skella skollaeyrum við staðreyndum þessarar tæknibyltingar, við ættum ekki að rígbinda okkur við lög, sem að sumu leyti eru úrelt, og bregðast þá við með málaferlum og lögsóknum á hendur mönnum sem brotlegir hafa gerst við þessi lög. Ég tel að rétt sé að gera tilraunir á þessum sviðum. Þær eiga að vera tilraunir um takmarkaðan tíma, þær eiga að vera undir eftirliti og þær eiga að vera undir kjörorðinu — mér kom það allt í einu í hug þegar ég sá hv. 5. þm. Norðurl. e. ganga út úr salnum — „frelsi með ábyrgð".

Það eru stórar spurningar þetta með frelsið. Frelsi hverra? Frelsi til hvers og hverjir eiga að njóta þessa frelsis? Á það að vera eingöngu frelsi fjármagnsins, sem leiðir að lokum til ofurveldis fámennra fjársterkra afla, verður kannske til þess að skapa enn þá meiri einokun í fjölmiðlaheiminum en við búum við nú þegar? Eða á að setja einhverjar skorður við því frelsi meðan þessi tilraun stendur?

Það er rétt að fara nokkrum orðum um helstu nýmæli þessa frv. Ég held ég þurfi ekki að eyða löngum tíma í það, það hefur þegar verið gert, menn þekkja þetta mál. Hér er um það að ræða að veita undanþágu frá einkarétti útvarpsins um tiltekinn tíma. Hugmynd frv. er sú að skipa nýja nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem á að stýra þeirri þróun. Eitt af því sem verður að skoða í umr. um þetta frv. er það hvernig eigi að skipa þessa nefnd. Er rétt að skipa hana með sama hætti og útvarpsráð hefur verið skipað, kjósa hana hlutfallskosningu á Alþingi? Eða er annarra kosta völ?

Það er ekki oft sem rætt er um atvinnulýðræði hér á hinu háa Alþingi. Þó gæti það nú farið að breytast. Til greina kæmi auðvitað að stuðla að því að stofnuð yrðu aftur, eins og hér var í gamla daga, hlustendafélög. Og að hlustendur, neytendur þessara gæða, ættu aðild að þessari útvarpsréttarnefnd og reyndar að stjórn útvarpsins og þá hugsanlega þeirra stöðva sem stofnaðar yrðu.

Þessi nefnd á að veita leyfi sem háð eru skilyrðum. Þarna stendur skýrum stöfum að hún eigi að setja ákveðin skilyrði um menningarlegan staðal, um að íslenskri tungu sé skipað þar í öndvegi. Þarna er minnst á lýðræðislegar grundvallarreglur: Að þessar stöðvar skuli virða tjáningarfrelsi og gera ólíkum skoðunum, jafnvel minnihlutahópa, jafnhátt undir höfði. Þar er gert ráð fyrir áfrýjunarrétti. Og þar er að gefnu tilefni tíundað að virða beri höfundarrétt skapandi listamanna, dagskrárgerðarmanna og annarra. Það er líka gert ráð fyrir eftirliti, eftir á, með dagskrárefni. Þetta er allt saman að mínu mati sjálfsagt að gera, a. m. k. á meðan tilraunin varir. Það fer svo eftir því hver reynslan verður, hversu hratt við gætum slakað á einhverjum lagabókstaf í þessu efni.

Til hvers erum við að óska eftir þessari undanþágu frá einkarekstri? Það er eitt af því sem mig undrar að skuli ekki hafa komið fram í þessum umr., af hálfu þeirra sem mestir eru hugsjónamenn um „frelsið", hvað fyrir þeim vakir, hverjar þeirra hugsjónir eru fyrst og fremst. Ég geri ekki ráð fyrir að þær séu bara skjóttekinn auglýsingagróði og graðhestamúsík. En ég held að þessum spurningum sé mikið til ósvarað, hvað þeir hugsa sér að flytja í þessum frjálsu og óháðu stassjónum.

Eitt af þeim málum, sem taka verður afstöðu til, er fjármögnun og auglýsingar. Þarna er gert ráð fyrir því að þráðlaust útvarp, sem m. ö. o. er ekki í jarðsambandi við sína hlustendur, geti aflað fjár með auglýsingum. En það er háð margvíslegum skilyrðum. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því að útvarpsréttarnefnd gefi út reglur um auglýsingar, gefi út reglur um það hversu fyrirferðarmikið þetta hvimleiða efni má vera í dagskrá, í hlutfalli við aðra dagskrárliði. Og að settar verði reglur um auglýsingar, út frá því sem við þekkjum um hlutleysi og hlutlægni í auglýsingamennsku. Enn fremur hefur útvarpsréttarnefnd samkvæmt þessu heimild til að hlutast til um hverjir auglýsingataxtar eru. Ég geri ráð fyrir því að þetta sé gert með hliðsjón af þeim áhrifum, sem fjölgun útvarpsstöðva kann að hafa á fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins.

Það kann að vera svolítið skondið, ef hinar frjálsu stöðvar næðu aðeins til hluta landsmanna og ef þær tækju verulegan hluta af tekjum Ríkisútvarpsins til sín, sem mundi þá um leið þýða að allar skyldur við landsmenn um að halda uppi útvarpi til allra landsmanna hvíldu á Ríkisútvarpinu og þar með skattgreiðendum, að í reynd yrði komið hér bakdyramegin inn nýju niðurgreiðslukerfi. Í þetta skipti hina leiðina, þ. e. þeir landsbyggðarmenn, sem ekki gætu notið hinna frjálsu stöðva, væru í reynd sem skattgreiðendur að greiða niður rekstrarkostnað þeirra.

Ég segi fyrir mína parta að ég er sammála þessum sjónarmiðum. Ég held að þau ættu að geta leitt til samkomulags, meðan þessi tilraun varir, þangað til hún verður tekin til endurskoðunar.

Ég sagði áðan að ég teldi alveg sjálfsagt að saman færi endurskoðun útvarpslaga og fjarskiptalaga. Því til staðfestingar nefni ég hér lítið atriði. Í 5. gr. í V. kafla þessa frv. segir, með leyfi forseta: „Heimilt er að senda hvers konar upplýsingar um símakerfi landsins til almennrar móttöku". Þetta er nánar skýrt í aths. En hér er að mínu mati augljóslega um að ræða ákvæði sem heima á í fjarskiptalögum. Þau eru fleiri. Þau skarast á margan veg.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að spurningunni um eignarrétt hvers kyns boðveitukerfa í þeirri fjölmiðlunarbyltingu sem fram undan er. Þar er um

vandamál að ræða. Þar verður að marka stefnu fyrir fram. Ég vík að því á eftir með hvaða rökum ég er þeirrar skoðunar að slík kerfi eigi að vera í höndum sveitarfélaga, bæði vegna samræmingar og gæðakrafna en ekki í höndum einkaaðila. Til álita kemur að setja fleiri skilyrði eins og víða er gert með löggjöf í öðrum löndum eins og t. d. við því að það fer ekki saman að þeir, sem þegar eru ráðandi í blaðamarkaði, hasli sér einnig völl sem ráðandi öfl í þessum fjölmiðlum. M. ö. o. það verði í anda löggjafar, sem sett er víða um lönd, að draga úr hættu á einokun, settar verði skorður við því að slík þróun geti orðið.

Mér finnst aðalatriði málsins vera þessi. Tæknileg rök mæla með því að við gerum þessa tilraun á næstu árum, gerum hana undir eftirliti og háð vissum skilyrðum, reynum að stýra þróuninni frekar en andæfa henni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikið í húfi hvernig til tekst. Þetta er ekki einfalt tæknilegt mál heldur hápólitískt og menningarpólitískt viðfangsefni. Ég held að ódýr slagorð, sem hrífa menn kannske í hita dagsins eins og það sé hin stóra mannréttindakrafa í íslensku þjóðfélagi að fá frjálsar útvarpsstöðvar, skili okkur ekki langt í þessu efni. Ég held að við þurfum að kryfja spurningarnar um frelsið svolítið betur og hafa í huga hið ágæta slagorð um frelsi með ábyrgð. Og ræða það í smáatriðum hvaða kröfur sé eðlilegt að gera út frá leikreglum lýðræðis gagnvart hættum á einokunarþróun í skjóli fjármagns.

Herra forseti. Það er rétt og tímabært í þessari umr. að vekja athygli á ýmsum athyglisverðum sjónarmiðum sem fram hafa komið í umr. um þetta mál og í umsögnum margra aðila um þetta mál, sem borist hafa einar 14, þó að það taki nokkurn tíma. Það er þá gert í anda þess sem fram kom hjá hv. þingflokksformanni Páli Péturssyni um það að við eigum að taka okkur góðan tíma til að ræða málið. Ég sagði áðan að ég héldi að þetta mál væri miklu stærra en svo að það væri eingöngu um spurninguna: Ertu með eða á móti frjálsu útvarpi? Ég sagði í annan stað að það væru margvísleg rök fyrir því að endurskoða samtímis útvarpslög og fjarskiptalög. Nú langar mig til þess að renna frekari stoðum undir það með því að kynna hér sjónarmið um þessi mál, sem fram komu í lærðu erindi sem nefnist: „Boðveitur og ný viðhorf í boðmiðlun“ og samið var af Birni Friðfinnssyni, sem er formaður Sambands ísl. sveitarfélaga.

Sveitarfélögin á Íslandi koma mjög við sögu þessa máls. Að þeim er vikið bæði sem leyfisveitendum og jafnvel hugsanlega aðilum að staðbundnu útvarpi, jafnvel líka sem eigendum dreifikerfa. Í þessu erindi eru dregnar saman niðurstöður á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í inngangi þessarar greinargerðar er þess getið, að tækniþróunin, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, sé komin langt á undan löggjafarstarfi. Þjóðir hnattarins verða beinlínis að umbylta þeim lagaramma sem byggður hefur verið á einokun og einkaleyfum til fjarskipta, útvarps og sjónvarps á afmörkuðum landsvæðum. Jafnframt verða þær að koma sér saman um afnot þeirrar fjarskiptatækni sem spannað getur hálfan hnöttinn samtímis.

Höfundarréttarmál gjörbreytast með hinum nýju möguleikum á útbreiðslu verndaðs efnis og ýmiss konar lagaákvæði, sem ætlað er að vernda almenning frá slæmum fyrirmyndum í siðferði eða stjórnmálaviðhorfum, missa gildi sitt með öllu. Þá er hætt við að deilur rísi vegna hagsmuna hinna ýmsu fjölmiðla af auglýsingatekjum. Ef t. d. framleiðendur einhverrar gerðar þvottaefnis geta auglýst ágæti þess um gervihnött, sem nær til allra Evrópubúa samtímis, jafnt austan og vestan járntjalds, þá vaknar sú spurning hvort hin dönsku vikublöð eða íslenska sjónvarpið missi ekki af auglýsingatekjum vegna viðkomandi framleiðslu?

Ef löggjöf um þessi efni á að vera virk, þá verður hún helst að vera hin sama í mörgum ríkjum og unnin í samstarfi við þau. Það er hins vegar ekki auðvelt að ná samkomulagi um ákvæði slíkrar löggjafar, þ. e. þau hljóta óhjákvæmilega að fela í sér skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur verið unnið að gerð sáttmála um fjölmiðlun yfir landamæri. En það starf hefur strandað á afstöðumun í grundvallaratriðum milli þeirra ríkja er búa við vestrænt lýðræði annars vegar og annarra ríkja hins vegar. Meiri vonir eru bundnar við að leysa megi málið á vettvangi Evrópuráðsins í Strasbourg en mun þó eins og hér fyrirsjáanlega taka ærinn tíma.

Oft hefur verið á það bent að smáum menningarsamfélögum sé hætt í samskiptum við stærri menningarsamfélög. Á það m. a. við um okkur Íslendinga sem viljum vernda málsamfélag okkar og það ástand sem við köllum íslenska menningu fyrir áhrifum sem við ekki bjóðum sjálfir til okkar eða sækjumst eftir. Menning okkar tekur þó örari breytingum en flestir átta sig á og nýsköpun hennar er í ríkum mæli bundin áhrifum frá öðrum þjóðum.

Á sínum tíma var Keflavíkursjónvarpið sett í lokaða rás vegna þeirrar hættu er menn töldu íslenskri menningu stafa af útsendingum erlendrar sjónvarpsstöðvar beint í íslenska „menningarlandhelgi“, eins og það var orðað: sjónvarpsstöðvar sem ekki lyti íslenskri dagskrárstjórn né stjórnvöldum.

Með tilkomu sjónvarps frá gervihnöttum hljóta slík sjónarmið aftur að komast á dagskrá hér á landi. Er t. d. æskilegt að setja upp loftnets- eða boðveitukerfi sem miðlar sjónvarpsefni frá 20 þjóðum inn á íslensk heimili? Hver verður hlutur íslenska sjónvarpsins, og þar með menningarhlutverk þess, við slíkar aðstæður? Í nágrannalöndum virðast þau sjónarmið hafa orðið ofan á að ekki sé hægt að einangra sjónvarpseigendur frá því að horfa á sjónvarpsdagskrá annarra ríkja. Á hinum „Norðurlöndunum“ eða öllu heldur öðrum ríkjum Norðurlanda, sem einnig hafa smá menningarsamfélög í samanburði t. d. við ensk, þýsk eða frönsk menningarsvæði, eru sjónvarpsdagskrár nágrannalandanna birtar daglega í blöðum til þess að auðvelda fólki not þeirra.

Svíar munu í okt. s. l. hafa tekið í notkun í tilraunaskyni boðveitu í borginni Lundi. Tengigjald var um 1200 sænskar kr. fyrir einbýlishús. Einnig verður innheimt afnotagjald í hlutfalli við þá þjónustu sem menn notfæra sér. Þeir sem tengdir verða boðveitunni geta m. a. valið milli tveggja sænskra sjónvarpsdagskráa, þriggja vestur-þýskra, tveggja austur-þýskra og einnar danskrar. Eftir fáa mánuði stóð síðan til að úrvalið yrði aukið enn með móttöku á dagskrám frá sjónvarpsgervihnöttum.

Hætt er við að Alþingi og önnur stjórnvöld hér á landi eigi lítið val um það hvort erlendar sjónvarpsstöðvar nái inn í íslenska menningarhelgi. Útilokað er

að hægt verði að hindra menn í því að koma sér upp loftnetum og öðrum þeim búnaði sem með þarf til að ná sendingum frá gervihnöttum. Vafalaust munu margir fá sér slíkan búnað, sem auðvelt eiga með að dreifa kostnaðinum á fleiri notendur, t. d. húsfélög í stórum sambýlishúsum. Íslendingar eiga því ekki annan kost en að taka þessum umhverfisbreytingum með því að gera samsvarandi breytingar á löggjöf um útvarpsrekstur og fjarskipti. Og þeir verða að taka þátt í því sameiginlega löggjafarstarfi sem fram undan er á vettvangi Evrópuráðs og annarra slíkra stofnana. Með því verður væntanlega hægt að stýra aðlögun tækniþróunarinnar að íslensku menningarsamfélagi. Hins vegar er ekki unnt að útiloka hina nýju tækniþróun.

En hver á að eiga boðveiturnar? Á norrænum fundi, sem nýlega var haldinn í Kaupmannahöfn um þessi mál, var m. a. mikið rætt um áhrif kapalkerfa og boðveitna á *einkarétt símafyrirtækja hins opinbera.*" — *Þetta er,* með leyfi forseta, enn eitt dæmið um það að eðlilegt er að skoða í samhengi endurskoðun hvors tveggja, útvarpslaga og fjarskiptalaga. — „Menn voru almennt sammála um að breytingum á einkarétti Pósts og síma í þá átt að leyfa öðrum aðilum uppsetningu boðveitukerfa yrði að fylgja það skilyrði, að haldið verði við hina svokölluðu „common carrier" reglu, þ. e. þá meginreglu í fjarskiptum Pósts og síma að allir hafi *jafnan aðgang að þjónustunni, án tillits til þess hvort* menn rita heimskuleg bréf eða nota ljótt orðbragð. Leyfisveitingu verði að binda þessu grundvallarskilyrði, auk ýmissa tæknilegra skilyrða til þess að tryggja samræmingu og sem víðtækust not af kerfinu.

Hægt er að búa þannig um hnútana við leyfisveitingar til einkaaðila, en hver sá er kemur upp kapalkerfi hefur í reynd fengið forgangsrétt á því svæði, sem kapalkerfið nær til, og til langs tíma um ýmiss konar boðmiðlun. Á fundinum var líka rætt um það sem *meginstefnu,* er byggir á framangreindri „common carrier" reglu, að óæskilegt sé að eigendur kapalkerfa séu jafnframt framleiðendur eða seljendur dagskrárefnis."

Svo að ég geri hér stutt innskot: Þetta mættum við gjarnan hugleiða nánar með hliðsjón af þeirri staðreynd að sömu aðilar hafa um nokkurt skeið rekið slíkt lokað kapalkerfi í ákveðnum stöðum hér í Reykjavík og eru um leið áhrifamiklir eigendur næstútbreiddasta dagblaðs þjóðarinnar.

„Í grein, sem höfundur þessarar skýrslu ritaði í 6. tbl. Sveitarstjórnarmála 1982 og nefndi „Boðveitur sveitarfélaga", er vakin athygli á því, að þótt löggjöf um fjarskipti hér á landi verði breytt á þann veg, að einkaréttur Landssíma Íslands verði afnuminn, þá hafi lagning kapalkerfa á vegum einkaaðila þann ókost að kerfin verði ósamstæð og tæknilegar kröfur til þeirra verði með ýmsu móti. Óheppilegt sé einnig að fjölga *þeim aðilum sem hafi með höndum jarðstrengjalagnir í* þéttbýli. Í niðurlagi sömu greinar segir svo: „Til forna var boðmiðlun eitt af hlutverkum sveitarfélaga. Sveitarstjórnir skipulögðu boðleiðir um umdæmi sitt, og mátti þannig flytja fundarboð, opinberar tilkynningar o. fl. á skömmum tíma um sveitarfélagið. Mér þykir það vel koma til greina að sveitarfélög með þéttbýli fái heimild til þess að setja upp „boðveitur", þ. e. 50 rása kapalkerfi, er sett yrði upp samkvæmt fullkomnustu kröfum í tæknilegum efnum, sem t. d. Landssíminn hefði umsjón með. Nokkrar rásir yrðu notaðar til þess að flytja sjónvarpsefni frá íslensku sjónvarpi og gervihnöttum, en aðrar til þess að flytja ýmis boð innan sveitarfélagsins, t. d. fræðsluefni til fullorðinsfræðslu. Fyrir framangreind not yrði tekið fastagjald af notendum. Loks mætti leigja út ákveðnar rásir til sérstakrar dagskrárgerðarfyrirtækja, sem öfluðu tekna ýmist með auglýsingum eða sérstökum „gjaldmælum" hjá notendum. Boðveitur sveitarfélaga gætu orðið hluti af veitukerfi þeirra í þéttbýli og þær kæmu tilviljunarkenndri þróun á sviði kapalsjónvarps á farsælli brautir."

Þau sjónarmið hafa komið fram, m. a. á Alþingi, að fela beri Landssíma Íslands gerð boðveitna sem hluta af lagnakerfi hans. Vissulega væri það hægt, en hætt er við að með því móti muni uppbygging boðveitukerfis fyrir landið allt ganga mun hægar heldur en gerð afmarkaðri boðveitukerfa, sem sveitarfélögin stæðu að, enda nýtist þá framtak og frumkvæði aðila sem standa notendum *nær en Landssími Íslands.*"

Í niðurlagi þessarar samantektar segir svo:

„Greinargerð þessi um „boðveitur og ný viðhorf í boðmiðlun" er samin í framhaldi af fundi í Kaupmannahöfn, þar sem þau mál voru til umræðu á vettvangi Norðurlanda. Var fundurinn haldinn að frumkvæði Nordisk Data-union og með atbeina Norrænu menningarmálaskrifstofunnar. Heiti fundarins var „boðfrelsi og frelsi til tjáskipta í boðmiðlunarsamfélaginu". Þar komu *fram ýmsar af þeim tæknilegu upplýsingum sem hér* hafa verið raktar, en einnig ýmis lögfræðileg vandamál, sem hér koma við sögu, og ekki er unnt að gera skil á þessum vettvangi. Á fundinum kom fram að þetta mál snýst ekki eingöngu um fjölmiðlunar- og menningarstefnu ríkja, heldur eiga þau viðhorf vaxandi fylgi að fagna að líta beri á það í samhengi við samgöngu- og iðnaðarstefnu þeirra.

Það er tillaga mín, að íslenskar sveitarstjórnir taki *mið af nýjum viðhorfum og beini þeim tilmælum* til löggjafans, að löggjöf um fjarskipti og útvarpsrekstur hér á landi verði breytt á þann veg, að öðrum aðilum en Landssíma Íslands verði heimilað að koma upp boðveitukerfi með ákveðnum skilmálum.

Þá er það einnig tillaga mín, að það verði tekið til alvarlegrar athugunar hvort ekki eigi að stefna að uppbyggingu boðveitukerfa á vegum sveitarfélaga að breyttri löggjöf. Í því sambandi legg ég til að settur *verði sá almennur fyrirvari í skilmála lóðaúthlutana* framvegis, að lóðarhafi hafi skyldu til að tengjast boðveitukerfi, ef byggt verður, gegn greiðslu tengigjalds. Þá legg ég til að veitukerfi nýrra íbúðarhverfa verði hönnuð á þann hátt, að auðvelt verði að koma þar fyrir síðar boðveituköplum."

Hér er tilvitnun lokið í þessa álitsgerð um boðveitur og ný viðhorf í boðmiðlun. Hygg ég að þar sé að finna nægan rökstuðning fyrir því sjónarmiði, að sjálfsagt sé að skoða *hvort tveggja í samhengi, útvarpslögin og* fjarskiptalögin, enda verði það varla með góðu móti sundur slitið.

Ég vék að því áðan að á s. l. vori bárust menntmn. Nd. margar umsagnir um þetta mál frá aðilum sem sjálfsagt er að leita umsagnar hjá og skoða gaumgæfilega hvað þeir hafa til málanna að leggja. Sá galli var á að það var eitthvert óðagot á hv. formanni menntmn. því að það eru ekki nema lítilfjörlegar ýkjur að segja að hann hafi sent út bréf og krafist þess að umsögnin ætti að berast deginum fyrr en beðið var um hana. Í sumum

tilvikum, eins og t. d. í umsögn Alþýðusambands Íslands, þá var þeim vinnubrögðum mótmælt með þeim hætti að litið var svo á, eins og þar segir, að raunverulega sé ekki óskað umsagnar Alþýðusambandsins. Auðvitað vita þessir aðilar ekki síður en þeir sem hér eru inni og sitja á hinu háa Alþingi að þetta er stórt mál og þarf góðan tíma, eins og margsinnis hefur komið fram í umr. Það verður þess vegna að teljast lágmarkskurteisi að þeim aðilum, sem þetta mál er sent til umsagnar, gefist nægilegur tími til þess að gera það af einhverju skynsamlegu viti. Á því var misbrestur á s. l. vori. Þess vegna er sérstök ástæða til þess að árétta það að taka það mál upp á ný; kanna það hvort aðilar, sem rétt væri að leita til, þurfa ekki að skila inn álitsgerðum, gefa þeim til þess sómasamlegan tíma. Þar hef ég ekki hvað síst í huga ýmsa tæknimenn, svo sem eins og rafeinda- og fjarskiptaverkfræðinga. Mér er kunnugt um það að á vegum Verkfræðingafélags Íslands er starfandi starfshópur um þetta mál. Einstakir rafeinda- og fjarskiptaverkfræðingar hafa sent hinu háa Alþingi og þingflokkunum erindi um þetta mál, þar sem þeir leggja megináherslu á það, að út frá iðnaðarsjónarmiðum þurfum við að ætla okkur hæfilegan aðlögunartíma. Það er sjónarmið sem ég fyrir mitt leyti vil vissulega hlusta á.

Þá held ég að það sé ekki síður ástæða til þess að leggja hlustir við því sem starfsmenn Ríkisútvarpsins, þessarar gömlu og rótgrónu menningarstofnunar í íslensku samfélagi, hafa til málanna að leggja. Mér þykir ótækt annað en að sú umsögn, sem barst — nú hefur þeim orðið á í messunni, því að það er ekki dagsett, en hefur væntanlega borist um mánaðamótin apríl/maí, — eins og aðrar umsagnir, verði kynnt hér á þinginu, því að hún er á allan máta athyglisverð. Með leyfi forseta þá hyggst ég kynna fyrir þingheimi þessa umsögn. Hún hljóðar á þessa leið:

„Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins harmar að niðurstaða allrar þeirrar umræðu sem staðið hefur um fjölmiðlun undanfarin misseri skuli einungis hafa leitt til þessa frv. sem nú liggur fyrir Alþingi og hv. menntmn. biður um álit á. Starfsmannafélagið hafði vonast til að niðurstaðan yrði frv. sem markaði stefnu þjóðarinnar í fjölmiðlun hvers konar á tímum einhverrar mestu menningarbyltingar sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir. Starfsmannafélagið hafði vonast til að frv. fjallaði um viðbrögð þjóðarinnar við erlendum gervihnöttum, kapalkerfum, stórauknu framboði á erlendu efni hvers konar, upplýsingabönkum, breyttum „menningarneysluvenjum“, auknum menntunarkröfum og allsherjar tölvuvæðingu þjóðfélagsins og framtíðarskipan málefna Ríkisútvarpsins. Í stað þess getur að líta örlitla viðbót við gildandi lög, viðbót sem felur í sér að einkaréttur ríkisins til útvarps er afnuminn og einkaaðilum og félögum er gert kleift að fjármagna dagskrárgerð með auglýsingatekjum.

Starfsmannafélagið óttast að eina afleiðing þessarar löggjafar verði að á höfuðborgarsvæðinu rísi tvær til þrjár litlar útvarpsstöðvar, sem útvarpa dægurtónlist og auglýsingum, og kapalkerfi fjölbýlishúsahverfa og þéttbýlisstaða úti á landi haldi áfram að sjónvarpa þriðja flokks afþreyingarmyndum. Því miður hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að áhugamenn um útvarpsrekstur myndu ætla að auka fjölbreytni í efnisvali, kynna hlustendum nýjar hliðar fjölmiðlunar eða á annan hátt bæta úr einhverju ástandi sem að líkindum er óviðunandi.

Starfsmannafélagið undrast að enginn skuli enn hafa svarað þeirri spurningu hvers vegna afnema beri einkarétt Ríkisútvarpsins til útvarps, hver sé þörf þeirra sem vilja heimila einkastöðvar, m. ö. o., hverju ætla menn að útvarpa og sjónvarpa, sem ekki er þegar sinnt í Ríkisútvarpinu?

Starfsmannafélagið minnir á að þjóðin er fámenn, en telur að meiri hluti nefndar þeirrar sem samdi nýtt frv. að útvarpslögum hafi samið það með milljónaþjóð í huga, bæði hvað varðar fjárhagslegar og dagskrárlegar forsendur. Félaginu þykir einsýnt að fjárhagslegur grundvöllur Ríkisútvarpsins verði skertur með þessu frv.“ — mér leyfist kannske að skjóta því inn að það sjónarmið kom mjög fram í máli hv. þingflokksformanns Páls Péturssonar áðan — „og bendir á að meiri hluti útvarpslaganefndar virðist vilja **auka opinbera skattheimtu** til þess að gera einstaklingum og félögum kleift að eiga og reka útvarpsstöðvar og hagnast á rekstri þeirra. Það er gert ráð fyrir í grg. frv. að til þess að mæta skertum auglýsingatekjum geti Ríkisútvarpið hækkað afnotagjald sitt að vild og innheimt með fógetavaldi sem fyrr.

Ríkisútvarpinu eru lagðar fjölmargar skyldur á herðar í frv. og ljóst er að ekki á að draga úr hlutverki þess á nokkurn hátt. Því fagnar Starfsmannafélagið, en bendir jafnframt á að fjárþörf stofnunarinnar mun heldur aukast en hitt og trúlega verður að grípa til hækkunar afnotagjalda, ef auglýsingatekjur dragast saman við tilkomu nýrra útvarpsstöðva. Slíkt er auðvitað ekkert annað en bein hækkun opinberra gjalda og Starfsmannafélagið efast um að þeirri ráðstöfun verði fagnað með þjóðinni, sérstaklega með það í huga að óbeint væri verið að greiða niður útvarpsstöðvar á vegum einstaklinga og félaga. Á það er einnig rétt að benda að þar eð Ríkisútvarpinu er einu gert að vera landsútvarp mundi hækkun afnotagjalda vegna tilkomu nýrra útvarpsstöðva, sem einungis næðu til hlustenda á suðvesturhorni landsins, bitna mjög misjafnlega á landsmönnum.

Starfsmannafélagið hafði vonast til að í frv. yrði afdráttarlaust tekin afstaða til allra þeirra tækninýjunga og stórlega breyttu viðhorfa sem við blasa á sjóndeildarhring fjölmiðlunar nútímans. Sérstaklega hafði Starfsmannafélagið vonast til að Ríkisútvarpinu yrði gert kleift að hefja fræðsluútvarp á myndarlegan hátt. Hugmyndir um fræðsluútvarp hafa lengi verið á döfinni, en einhverra hluta vegna hafa yfirvöld aldrei tekið af skarið í þeim efnum. Að hagnýta tækninýjungar nútíma fjölmiðlunar fyrir fræðslukerfi landsmanna ætti að vera efst á blaði allra þeirra þm. sem með þessi mál fara. Starfsmannafélagið lýsir miklum vonbrigðum vegna þess að þessu máli er ekkert sinnt í frv. umfram það sem verið hefur.

Í frv. er ekki tekin afstaða til sjónvarps um gervihnetti erlendis frá né á hvern hátt skuli brugðist við stórauknu framboði á erlendu efni hvers konar. Ekki er fjallað um á hvern hátt megi efla innlenda dagskrárgerð eða með hverjum hætti Ríkisútvarpið geti staðið öflugan vörð um íslenska menningu og sérkenni þegar að er sótt úr öllum áttum. Félagar í Starfsmannafélaginu hafa undrast þann vilja meiri hluta útvarpslaganefndar að vilja drepa kröftunum í innlendri dagskrárgerð á

dreif á þann hátt sem gert er í frv.

Í frv. er ekki fjallað um tölvuvæðingu landsins og síðan kapalvæðingu. M. ö. o. er ekki fjallað um einn þýðingarmesta þátt nútíma fjölmiðlunar, tölvuna, upplýsingabanka og aðgang manna að þeim, tvíhliða samskipti um kapal og skoðanakannanir, hverjir megi eiga sjónvarpstextafyrirtæki. Þá er ekki heldur fjallað um eignaraðild manna að fjölmiðlunarfyrirtækjum yfirleitt.

Víða erlendis hafa verið settar skorður við eignaraðild fyrirtækja, sem eiga dagblöð, á þann veg að þau mega ekki eiga sjónvarps- eða útvarpsstöðvar. Raunar vill Starfsmannafélagið benda menntmn. á að enda þótt margar fróðlegar greinar sé að finna í fskj. frv. leitaði útvarpslaganefnd ekki heimilda um stöðu þessara mála í Bandaríkjunum, með þeirri þjóð sem hvað lengsta reynslu hefur í fjölmiðlun hvers konar" — og ef mér leyfist að bæta við frá eigin brjósti: er þar sannarlega í fararbroddi.

Í umsögn Starfsmannafélagsins segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í athugasemdum, sem þessu skrifi fylgja, bendir Starfsmannafélagið á nokkur atriði sem það telur að betur megi fara í því frv. sem nú er fjallað um. Hér er vakin sérstök athygli á kaflanum um fjármál Ríkisútvarpsins og lagt til að hann verði allur gerður ákveðnari. Menntmn. er bent á ákvæði um fjármál norska ríkisútvarpsins í norskum lögum, þar sem nákvæmlega er tíundað hverjir tekjustofnar þess eru. Auk þess vill Starfsmannafélagið benda á að Ríkisútvarpinu er gert að greiða söluskatt af auglýsingatekjum sínum, en dagblöð eru undanþegin slíkum skatti auk fjölda tímarita."

Því má kannske bæta við hér til skýringar að samkvæmt hugsun söluskattslaga er því slegið föstu að frjálsir fjölmiðlar séu ekki gefnir út í eiginhagsmunaskyni, jafnvel ekki í ágóðaskyni, heldur af einhverri hugsjónaþörf. Og fyrir því skulu þau vera söluskattslaus, eins og talið var að málgögn stjórnmálaflokka ættu að vera af augljósum hugsjónaástæðum.

„Hér að framan hafa verið rakin örfá atriði sem telja má eðlilegt að ný útvarpslög hefðu átt að spanna. Starfsmannafélagið vill að það komi skýrt fram að það er á engan hátt mótfallið breytingum á núverandi stöðu í fjölmiðlun hér á landi og vill að Ríkisútvarpið hafi forgang um slíka þróun. Það bendir Alþingi á að hægt væri að kanna raunverulega þörf manna á nýjungum í útvarpsrekstri með því að heimila litlar stöðvar, staðbundið útvarp, líkt og gert er í Svíþjóð og víðar, án þess að slík starfsemi yrði kostuð með auglýsingum.

Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins vill að endingu ítreka að félagar þess eru ekki mótfallnir eðlilegri þróun á sviði fjölmiðlunar og að landsmenn allir fái notið alls þess sem framtíðin ber í skauti sér í þeim efnum. Að það skuli draga í efa réttmæti þess, að einkaréttur Ríkisútvarpsins sé rýmkaður á þann hátt sem lagt er til í frv., grundvallast einungis á þeirri skoðun starfsmanna Ríkisútvarpsins, sem unnið hafa að dagskrárgerð, fréttaflutningi og tæknilegri þróun útvarps og sjónvarps hér á landi undanfarna áratugi og þekkja aðföng og aðstæður allar, að með því verði stórlega dregið úr möguleikum þjóðarinnar allrar til þess að njóta og hagnýta sér þær tækninýjungar sem fram undan eru.

Benda má á að þessi afstaða starfsmanna Ríkisútvarpsins er þeim sjálfum kannske ekki til hreinna hagsbóta, því finna má því stað að meðal þeirra séu einmitt þeir sem ráðnir yrðu til að setja á fót einkastöðvar með auglýsingaútvarpi og að líkindum á mun betri kjörum en þeim sem bjóðast nú hjá Ríkisútvarpinu." — Um það efast væntanlega enginn sá sem fylgst hefur með þeim tíðindum sem orðið hafa í kjaradeilum opinberra starfsmanna nú þessa dagana.

Að lokum segir hér: „Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins þakkar menntmn. Nd. Alþingis fyrir að fá tækifæri til að láta álit sitt í ljós í svo þýðingarmiklu máli sem þessu. Jafnframt lýsir það þeirri skoðun, að lög um útvarp í landinu þurfi í reynd að spanna miklu stærra svið allrar rafvæddrar fjölmiðlunar í nútíð og framtíð, framtíð upplýsingaþjóðfélagsins, þar sem tekið er fullt tillit til íslenskra aðstæðna og íslenskrar framtíðar." Hér lýkur tilvitnun í þessa umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins.

Ég vil aðeins bæta því við að mér sýnist augljóst af þessum texta að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi átt ærið erindi bæði við menntmn. og við hæstv. menntmrh. Þótt ég sé engan veginn sammála öllu því sem hér kemur fram finnst mér þetta vera vel grunduð og umhugsunarverð umsögn, sem menntmrh. og menntamálanefndir og reyndar Alþingi þurfi að kynna sér og íhuga.

Það er auðvitað lengi hægt að tíunda hér umsagnir. Ég ætla ekki að gera það frekar en orðið er. Vil þó vekja athygli á örfáum umsögnum og stikla aðeins á aðalatriðum. Þar er ég sérstaklega með í huga Bandalag ísl. listamanna, en þar skrifar formaður þess, Þorkell Sigurbjörnsson, sína umsögn. Hún er stutt og laggóð, en þar segir m. a. með leyfi forseta:

„Þær óskir sem listamenn allir eiga sameiginlega eru:

— að útvarp (hljóðvarp/sjónvarp) standi vörð um listrænt tjáningarfrelsi og fullnægi í hvívetna ríkjandi lögum um höfunda- og flutningsrétt,

— að íslenskur útvarpsrekstur sé fyrst og fremst starfsvettvangur íslenskra hagsmuna, en ekki sjálfsagður dreifari alþjóðlega skemmtiiðnaðarins,

— að móðurmál okkar heyrist þar meir og betur en allar aðrar þjóðtungur samanlagt,

— að íslenskir listamenn, bæði höfundar og flytjendur, hafi forgang umfram starfsbræður sína frá öðrum löndum."

Án þess að vitna í umsögn Blaðamannafélags Íslands vil ég aðeins vekja athygli á henni. Hún á margt skylt með umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins sem ég kynnti ítarlega áðan. En blaðamenn sjá sérstaklega ástæðu til að vekja athygli á alþjóðlegum reglum eða samkomulagi um ritstjórnarstefnu stjórnenda fjölmiðla, um vísi að atvinnulýðræði, þ. e. íhlutunarrétt og tillögurétt starfsmanna í stjórnum fjölmiðla og um að samviskuástæður blaðamanna, þ. e. siðareglur blaðamanna, verði virtar. Allt eru þetta hlutir sem þarf að sjálfsögðu að taka ekki síður tillit til við rekstur slíkra stöðva heldur en við dagblaðarekstur.

Öðrum mun kannske fremur renna blóðið til skyldunnar en mér að kynna umsagnir fjórðungssambanda. Þegar hefur borist t. d. umsögn frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga þar sem hreyft er þeim sjónarmiðum í andmælaskyni við þetta frv. að hinar nýju stöðvar muni að öllum líkindum ekki ná til allra landsmanna og vikið að fjármálum Ríkisútvarpsins í því sambandi mjög í líkum dúr og ég hef þegar gert. Þar er enn fremur lýst

yfir stuðningi við landshlutaútvarp og óskað eftir stuðningi við það.

Ég held að það sem þegar hefur fram komið í mínu máli nægi til að sýna fram á að þetta er geysilega stórt og þýðingarmikið mál, afdrifaríkt vissulega og mun hafa langvarandi og mikil áhrif á íslenskt þjóðlíf. Það varðar íslenskt þjóðerni. Það varðar stöðu íslenskrar menningar. Og það hlýtur að vera yfirvöldum menntamála mikið umhugsunarefni. Út frá þeim forsendum einum saman er mér beinlínis óskiljanlegt hvers vegna hæstv. menntmrh. væntanlega telur sjálfum sér trú um og þingheimi að unnt sé að hespa þetta mál af í gegnum þingið á 21 degi. Það er mér með öllu óskiljanlegt. Ég trúi því ekki að óreyndu að flokkspólitískt offors ráði þar gerðum hæstv. ráðh. umfram málefnaleg og hlutlæg sjónarmið. Það er alveg augljóst mál að þetta mál þarf rækilega umfjöllun. Það þarf skoðun í mjög víðtæku samhengi. Framkvæmd þess á tilraunatímanum verður að skapa aðlögunartíma, bæði út frá iðnaðarsjónarmiðum sem ég hef þegar vikið að og út frá sjónarmiðum dagskrárgerðarmanna og sjónarmiðum og viðurkenndum siðareglum heilbrigðrar samkeppni á markaði. Það er ekkert launungarmál að einn fjölmiðlarisi er þegar stofnaður og er í startholunum að grípa nú tækifærið um leið og hægt væri að hespa fram lagaheimildum á Alþingi. Í þessum þrí- eða fjórhöfða þurs, fjölmiðlarisa, er saman komið allt vald, Morgunblað, Dagblað/Vísir, sem ráð hefur á 80–85% af íslenska dagblaðamarkaðinum. Þar er stærsti einokunarhringur Íslands, ef ekki í heimi. Þar er að sjálfsögðu átt við Samband ísl. samvinnufélaga sem er komið þar í bland við tröllin. (Gripið fram í.) Fjölmiðlaþursarnir sem ég var að nefna, hv. skrifari. Ég sagði: Þessi auðhringur, Samband ísl. samvinnufélaga, sennilega hlutfallslega einhver stærsti auðhringur í nokkru þjóðfélagi sem uppi er. Ef tekið væri það hlutfall, þ. e. borin saman velta auðhringsins við þjóðartekjur, mun leitun á slíkum auðhring. Ég þekki engan bandarískan auðhring sem ræður yfir jafnháu hlutfalli bandarískra þjóðartekna og Samband ísl. samvinnufélaga hér á landi.

Ég segi: Það er vitað mál að þessi fjölmiðlaþurs er þegar skapaður. Það var eitthvert heitasta deilumálið á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga, eins og hv. þingskrifari hlýtur að vita gjörla, ef ekki manna best. **(Gripið fram í:** Hæstvirtur.) Hæstvirtur já, minna má það ekki vera. — Og ég sagði: Út frá almennum siðareglum í samkeppni tel ég ekki nema sjálfsagt mál að aðrir aðilar í íslensku þjóðfélagi fái aðlögunartíma til að búa sig undir samkeppni við þetta samþjappaða ofurvald fjármagnsins á Íslandi. Það getur jafnvel skipt sköpum um það hver verður niðurstaðan af þessari tilraun, af þeirri reynslu sem við fáum af þessari tilraun, að svo verði gert. Þess vegna bið ég hæstv. menntmrh., sem að sjálfsögðu er skynsamur stjórnmálamaður, umburðarlyndur og réttsýnn, að fara ekki með þvílíku offorsi í þessu máli.

Ég sagði áðan að þetta mál væri stórmál, það væri menningarpólitískt stórmál. Það vekur upp stórar spurningar og stórar spurningar vekja stundum ekki upp mikil svör. Það er ekki nóg að fara offari á torgum og gatnamótum með kröfuna um frelsi við hún. Menn verða að vita hvað er verið að tala um. Frelsi hverra er verið að tala um? Við erum að sjálfsögðu fyrst og fremst að tala um frelsi íslensku þjóðarinnar, tjáningarfrelsi íslensku þjóðarinnar. Við erum fyrst og fremst að tala um að virkja nýja tækni í þágu lýðræðis skv. leikreglum lýðræðisins. Við erum væntanlega ekki að tala um frelsi tiltölulega fámennra plútókrata eða auðhyggjupostula. Við viljum vita: Frelsi til hvers? Við viljum vita: Frelsi á kostnað hverra? Við viljum væntanlega öll taka undir hið hóflega kjörorð hins gamla umburðarlynda Sjálfstfl. um frelsi með ábyrgð, sem ævinlega hefur verið sett fram á þann veg að alveg eins og réttindum fylgja skyldur, þá fylgja frelsinu skilyrði, takmarkanir og jafnvel á stundum eftirlit.

Herra forseti. Ég skal nú draga saman niðurstöður míns máls og þá sérstaklega víkja að ýmsum ábendingum og tillögum sem við jafnaðarmenn viljum koma á framfæri.

Það er nú í fyrsta lagi ein spurning: Er nægilega fyrir því séð í þessu frv. að réttindum fyrirhuguðum og auknu frelsi fylgi um leið skilgreindar skyldur og kvaðir? Alkunna er að Ríkisútvarpið er skuldbundið til þess að sinna, án greiðslu, margvíslegri almannaþjónustu. Við erum veiðimannasamfélag, eigum allt okkar undir veðri og vindum, og forsjóninni, bæði á sjó og landi. Ríkisútvarpið er veðurviti, það annast veðurþjónustu. Það annast alla þjónustu við farmenn og sjómenn, öryggisþjónustu, almannavarnaþjónustu. Hver er hugsun hæstv. ráðh. og flutningsaðila þessa frv. í þeim efnum? Er ætlunin að leggja einhverjar slíkar kvaðir og skyldur á hinar frjálsu útvarpsstöðvar? Gefum okkur það t. d. að einhver slík stöð standi sig vel í samkeppninni og öðlist mikla hlustun. Ef hún hefur engum slíkum skyldum að gegna, hvað gerist þá þegar hljóðmerki almannavarna berst í gegnum gamla gufuradíóið og fáir eru til hlustunar? Ég held að það sé augljóst mál að þessa spurningu verður að hugsa til enda.

Ég vil líka vekja athygli á því að skyldurnar á Ríkisútvarpinu eru auðvitað tengdar því að það er útvarp allra landsmanna með kostum sínum og göllum. Mér skilst hins vegar að dreifingarsvæði hinna væntanlegu frjálsu stöðva sé nokkurn veginn það sama og Mjólkursamsölunnar, þ. e. það takmarkist frá Gilsfjarðarbotni að Lómagnúpi. Og spurningin er: Ef svo er, þá er hætt við að þær geti nú ekki axlað allar þær skyldur sem á gamla gufuradíóinu hvíla.

Annað sjónarmið sem náttúrlega er stórmál og við vekjum athygli á: Það er nóg, að okkar mati, að gera þessa tilraun fyrsta kastið eingöngu að því er hljóðvarp varðar, ekki sjónvarp. Ég hef vikið að því og fært að því rök að margt í þessum tillögum, sem hér hafa verið færðar fram, miðist nánast við það að við séum milljónaþjóðfélag, að hér sé um að ræða ótakmarkaða fjármuni. Það er ekki nægilegt tillit tekið til séríslenskra aðstæðna. Þetta er náttúrlega ekkert nýtt. Við erum ævinlega og í allt of ríkum mæli að apa hugsunarlaust eftir stærri þjóðfélögum og gleymum því að einstaklingar í fámennum þjóðfélögum eru jafnvel oft bærari til þess og gildari til þess að hugsa sjálfstætt en jafnvel múgurinn þarna í stóru þjóðfélögunum. Þess vegna er ástæða til að leggja ríka áherslu á að við verðum að reyna að móta þessa þróun út frá séríslenskum aðstæðum.

Um kapalkerfi gegnir hins vegar öðru máli. Þau eru út af fyrir sig sjálfsögð. Þau eru líka lokuð kerfi og þau verða væntanlega ekki rekin með auglýsingatekjum heldur áskrift.

Að því er varðar auglýsingamálið, þá hef ég þegar sagt að við styðjum þau skilyrði sem sett eru í löggjöfinni að því er varðar útvarpsréttarnefnd. En það má bæta þar einu atriði við. Þau skilyrði voru settar reglur um gerð auglýsinga út frá hlutlægni og þess háttar sjónarmiðum. Í annan stað auglýsingataxtar og ákvæði um hlut auglýsinga í dagskrárgerð. Við teldum ósköp eðlilegt jafnframt þessu að hinar nýju frjálsu útvarpsstöðvar greiddu verulegt gjald, bæði leyfisgjald og eins konar menningarsjóðsgjald, í opinbera sjóði sem væri eins konar skattlagning á aðgang þeirra að ljósvakanum. Hvers vegna? Til þess að auðvelda þessu litla menningarsamfélagi að halda sínum hlut í innlendri dagskrárgerð, í framleiðslu innlends efnis, til að mæta sívaxandi erlendri samkeppni. Þannig fylgir einhver þungi, einhverjar raunverulegar aðgerðir, fögrum orðum manna um að vilja styðja við bakið á íslenskri menningarstarfsemi.

Að því er varðar spurninguna um hverjir eigi og hverjir reki þessar stöðvar, þá vil ég ítreka það sem ég sagði áður: *Ég teldi æskilegt að þetta yrðu opin félög*, að sjónarmið neytenda, hlustenda, yrðu þar gildandi og að almennar reglur yrðu settar um það.

Loks vil ég benda á tvær brtt., sem við munum væntanlega flytja um þetta mál, sem varða ekki meginstefnu þess. Hin fyrri er sú að við teljum löngu tímabært að leggja niður með öllu innheimtudeild Ríkisútvarpsins í heild sinni. Þar er um að ræða úrelta aðferð og dýra. Það sem við viljum sjá í staðinn er einfaldlega nefskattur á alla, frá vissum aldri til sjötugs, sem greiddur yrði mánaðarlega. Innheimtukerfið er eins og ég sagði ófullkomið, dýrt og úrelt. Og það er tilefni til þess, úr því verið er að endurskoða lögin, að fella það niður.

Loks er hér í 14. gr. getið um ráðstefnur. Það er í kaflanum um Ríkisútvarpið. Ætlunin er að boða annað hvert ár til samráðs við hlustendur um innlenda dagskrárgerð. Við munum að sjálfsögðu styðja þá tillögu, en leggjum til að slíkar ráðstefnur verði haldnar á hverju ári.

Herra forseti. Ég held að í máli mínu hafi ég vakið upp nægilega margar spurningar og sýnt fram á að það er svo margt sem ekki er að finna í þessu frv. sem þar ætti að vera. Ég hef fært að því ítarleg rök að það er sjálfsagður hlutur og nauðsynlegur að taka hvort tveggja undir í einu, útvarpslög og fjarskiptalög. Jafnframt hef ég bent á að það eru fjölmargar spurningar sem eru þess eðlis að til þess verður að ætlast að hæstv. ráðh. svari þeim eða geri grein fyrir því í þessum almennu umr. hver er stefna hæstv. ráðh. og ríkisstj. að því er þær spurningar varðar.

Fyrsta spurning sem hæstv. ráðh. þarf að svara er auðvitað sú sem fram kom í máli þingflokksformanns þeirra framsóknarmanna: Hvers vegna þessi asi? Má ekki *vænta þess að látið verði af pólitísku offorsi* og engar tilraunir verði gerðar til að keyra þetta mál í gegnum þingið gegn vilja meiri hluta þess eða beita bolabrögðum í því efni? Það á að gefa þm. nægilegan tíma til þess að ræða svona stórmál.

Ég vil eindregið beina því til hæstv. ráðh. að taka aths. og ábendingar starfsmanna Ríkisútvarpsins til gaumgæfilegrar og jákvæðrar skoðunar. Það væri æskilegt að fá að heyra sjónarmið hæstv. ráðh. og afstöðu til þeirra. Sömuleiðis teldi ég alveg sjálfsagða kurteisi og lýðræðislega skyldu að svara erindum sem borist hafa frá fjórðungssamböndunum um hver á að vera hlutur hinna dreifðu byggða að því er þetta mál varðar og hvort samþykkt þessa máls muni óhjákvæmilega leiða til óbeinnar skattheimtu gegnum bakdyrnar eða niðurgreiðslna af hálfu þeirra þótt þeir nytu ekki gæðanna. Mig langar til þess að beina því til hæstv. ráðh. hvort hún tekur ekki undir þau rök sem ég þykist hafa fært í mínu máli fyrir nauðsyn verulegs aðlögunartíma, bæði út frá sjónarmiðum íslenskrar dagskrárgerðar og sjónarmiðum íslensks iðnaðar, sbr. erindi sem verkfræðingar hafa beint til Alþingis. Ég vil gjarnan heyra hvað hæstv. ráðh. hefur til málanna að leggja með það hvernig hún, út frá menningarpólitískum forsendum, hyggst hlúa að innlendri dagskrárgerð á komandi og verandi umrótstímum sívaxandi erlendra áhrifa. Ég mundi gjarnan vilja heyra hvað hæstv. ráðh. teldi sjálfsagt að gera til að tryggja að slagorðið um frelsi snúist ekki upp í andstæðu sína um einokun hinna fáu, þannig að tryggt sé að aðrir aðilar fái notið *eðlilegrar samkeppni á þessum markaði* þegar þar að kemur. Loks vildi ég gjarnan heyra undirtektir ráðh. við þeim tillögum Alþfl. sem ég fór yfir áðan, t. d. þá að þessi tilraun yrði einungis gerð að því er varðar útvarp, en ekki sjónvarp, um afnám innheimtudeildar, um aðild hlustenda að stjórn útvarpsins eða útvarpsréttindanefndar o. fl.

Ég lýk þessu máli mínu með því að vitna í ekki minni spámann en Voltaire. Við eigum auðvitað að starfa að þessu máli í anda hans þegar hann sagði í frægu bréfi:

„Ég hef að vísu mestu skömm á skoðunum yðar, en ég mun berjast til síðasta blóðdropa fyrir rétti yðar til þess að halda þeim fram.“ — [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. til útvarpslaga. Þetta frv. var lagt fram á seinasta þingi og sent út til umsagnar en því miður voru tímamörk sett það knöpp að sumir aðilar litu þá á tímamörkin sem nokkurs konar tilkynningu um að ekki væri ætlast til þess að þeir skiptu sér af málinu. M. a. af þeirri ástæðu er nauðsyn í dag að senda þetta frv. til útvarpslaga til umsagnar með eðlilegum tímamörkum þannig að við fáum inn til menntmn. þær athugasemdir eða hugmyndir sem menn hafa á þessu sviði.

Ég tel það sjálfgefið að frv. til útvarpslaga verði tekið til afgreiðslu á því þingi sem nú er. Hins vegar þykir mér gæta nokkuð mikillar bjartsýni þegar gert er ráð fyrir að ný útvarpslög taki gildi, eins og hér er gert ráð fyrir, 1. nóvember.

Það sérstæða við umræðuna í dag er það að dunið hefur á þjóðinni áróður um frjálst útvarp. Frumvarp um frjálst útvarp hefur ekki verið flutt, það er ekki flutt hér. Þetta er leyfisveitingaútvarp sem hér er á dagskrá. Kannske er það enn athyglisverðara að samt sem áður *dynur áróðurinn um frjálst útvarp*.

Nú er það svo að varast ber í þessu sambandi að rugla saman tækjabúnaði til að koma töluðu máli frá einum aðila til annars og tjáningarfrelsi. En mér sýnist að þessi hugtakaruglingur sé í algleymingi. Tækið getur hvorki verið frjálst né ófrjálst frekar en bifreið sem ekur eftir veginum. Hún er hvorki frjáls né ófrjáls. Það hugtak nær einfaldlega ekki yfir hana. Ef það væri frjáls bifreið þá segi ég eins og er að ég mundi forða mér af veginum hið snarasta og telja að það væri háski stór að vera þar á

ferðinni því að ég hefði ekki hugmynd um eftir hvaða reglum hún ætlaði að fara. En þó að þessi ruglingur hafi átt sér stað þá breytir hann engu um hitt atriðið að tjáningarfrelsi er grundvallaratriði í lýðfrjálsu landi og tjáningarfrelsi þurfum við að efla. Það er vissulega rétt. En tjáningarfrelsi verður líka að fylgja ábyrgð eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Reykv.

Þegar við víkjum að tjáningarfrelsinu hljótum við að hugsa okkur tækjabúnaðinn sem þjónustuútbúnað fyrir tjáningarfrelsið. Þar eru vissulega ýmsir valkostir fyrir hendi. Það er hugsanlegt til að auka tjáningarfrelsi að veita félögum og öðrum aðilum sem áhuga hafa afnot af tæknibúnaði útvarpsins, t. d. Rásar 2, og auka þannig tjáningarfrelsi. Það er ekkert sem mælir gegn því að slíkt sé gert og ákveðinn tími á hverjum sólarhring notaður í þessu skyni. Tæknibúnaðurinn er til staðar og hví skyldum við ekki hugsa um að nýta hann?

Aftur á móti blasir það við að um leið og við viljum auka tjáningarfrelsið viljum við ekki kippa stoðunum undan Ríkisútvarpinu. Það þarf að geta gegnt því menningarhlutverki sem það hefur gegnt á undanförnum árum. Íslenska ríkisútvarpið er að mínu viti mjög merk menningarstofnun. Það hefur stuðlað að því að sameina Íslendinga í eina þjóð, það hefur stuðlað að því að móta eitt tungutak hjá þjóðinni. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að allur almenningur í landinu vill að Ríkisútvarpið haldi áfram að gegna sínu mikla menningarhlutverki. En allur almenningur í landinu þarf líka að hafa það tryggt að þau afnotagjöld sem hann þarf að greiða fyrir þessa þjónustu séu innan þeirra marka að allir geti notið þjónustunnar. Og þar komum við að þessum stóru spurningum um fjármuni til að gera hlutina. Við höfum t. d. lagt á Ríkisútvarpið miklar skyldur vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands — og til að fyrirbyggja allan misskilning er ég ekki að deila á Sinfóníuhljómsveitina þegar ég segi þetta. Og fyrsta spurningin frá mér til menntmrh. er sú: Er hæstv. menntmrh. reiðubúinn að tryggja að þær fjárhagsskuldbindingar, sem Ríkisútvarpið situr með vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, verði af Ríkisútvarpinu teknar?

Eitt atriði þessara laga víkur að heimild í 4. gr. á þann veg að útvarpsstöðvar sem hafa fengið leyfi til frjálsrar útsendingar megi afla fjár með auglýsingum. Þarna komum við að því sviði sem sjálfstæðismenn eru nánast sérfræðingar á, þ. e. markaðinum. Hvaða áhrif hefur þetta á auglýsingamarkaðinn? Það er að vísu fyrirheit um það að útvarpsréttarnefnd skuli auglýsa auglýsingataxta og hafa visst eftirlit, en, vel að merkja, er þetta ekki hið landsfræga verðlagseftirlit sem menn segja að sé hægt að fara í kringum? Er ekki hægt að fresta því að rukka inn þessi gjöld? Er ekki hægt að gefa afslátt? Hvernig hugsa menn sér þetta? Liggur það ekki nokkuð ljóst fyrir að hinn frjálsi markaður muni að sjálfsögðu stjórna þessari verðlagningu en ekki einhver útvarpsréttarnefnd? Hún mun vissulega að nafninu til vera þarna með hönd á plógnum. En hvenær gerðist það að menn töldu að svona verðlagseftirlit gæti stjórnað markaðnum? Frá því að ég hóf afskipti af stjórnmálum hefur Sjálfstfl. talið að það gengi bara alls ekki upp, markaðurinn réði sér sjálfur.

Þó að ég viðurkenni að vissa stjórnun sé hægt að framkvæma þá efa ég satt best að segja að þetta gengi nokkurn tíma upp. Það væru komnar stöðvar sem þyrftu að sækja um leyfi til að taka þetta gjald fyrir auglýsingu og þetta gjald fyrir aðra auglýsingu. Ef það gengi alls ekki að fara þá leið að fá viðráðanlegt gjald fyrir auglýsinguna þá er það spurning hvort stór fyrirtæki væru þá sátt við það að sem bónus upp á auglýsinguna væri viðtal við forstjórann í fréttatíma útvarpsins eða að útvarpsmennirnir færu á vinnustaðinn og hefðu tal af sölustjórum og kynntu fyrirtækið. Hvað er auglýsing? Það eru mjög margir möguleikar til að fara í kringum þetta kerfi. Þess vegna er það einn af þeim ásteytingarsteinum sem hafa verið í þessari umræðu, þ. e. hvernig er hægt að tryggja það að tekjur Ríkisútvarpsins haldist þannig að menningarhlutverk þess verði hið sama og áður án þess að hækka afnotagjöldin? Helst þyrfti það að aukast.

Ég tel að það ákvæði í 3. gr. að sveitarstjórnir á svæðunum skuli mæla með veitingu leyfis sé ákaflega óraunhæfur texti. Hvaða sveitarstjórnir ættu að mæla með því ef sett yrði upp útvarp í Flatey? Slíkt útvarp mundi trúlega ná til alls Breiðafjarðar. Þyrfti það að vera sveitarstjórn í Flatey eða allar sveitarstjórnir? Segjum að reisa ætti útvarpsstöð á Seltjarnarnesi. Þyrftu þeir að eiga það undir Reykvíkingum eða Kópavogsbúum? Ég sé ekki að sveitarstjórnunum komi þetta nokkurn skapaðan hlut við. Ég fæ ekki með nokkru móti séð að tjáningarfrelsi á Íslandi eigi að byggjast á því hvort sveitarstjórnir vilji hafa tjáningarfrelsi í sínu byggðarlagi eða ekki. Hvenær varð það stefna hér á landi að við skyldum hafa misjöfn lög eða misjafnt tjáningarfrelsi í landinu eftir því hvaða álit sveitarstjórnir hefðu á slíkum hlutum? Hafa þær ekki ærið nóg á sinni könnu þó að þær fari ekki að stjórna tjáningarfrelsinu? Mér finnst að þarna sé komið að máli sem við hljótum að verða að skoða þegar við afgreiðum frv. til l. um útvarp.

Ég hef aftur á móti verið þeirrar skoðunar að kapalkerfi, eða boðvæðing, eins og stundum er talað um, hljóti á mjög mörgum sviðum að geta haft hagnýtt menningargildi eins og hv. 5. þm. Reykv. gat um þegar hann talaði um skólasjónvarp og þá miklu möguleika sem sköpuðust á upplýsingaöld við að hagnýta sér þessa tækni.

En er einhver glóra í því að láta kannske 50 aðila fara af stað og grafa upp götur í einu bæjarfélagi? Jón Jónsson byrjar á morgun, Pétur Pétursson næsta dag-inn, svo kemur þriðji aðilinn og allir eru að grafa. Þetta var einu sinni þannig hjá Reykjavíkurborg að rafveitan, hitaveitan og síminn, allir þessir aðilar fóru af stað, hver á eftir öðrum. Ég man eftir nýmalbikuðum götum sem voru brotnar upp vegna þess að næsti aðili var að fara af stað. Þetta er liðin tíð hér, svona vinnubrögð sjáum við ekki lengur. Það er fullkomið kerfi á þessu. Er ekki skynsamlegt að einn aðili, t. d. Póstur og sími eða sveitarfélögin eigi þessa kapla sem settir eru í jörðina? Er orðið svo hart í heimi að við getum ekki náð samkomulagi um t. d. að fyrirbyggja að það verði nánast tómstundagaman að grafa upp götur eða gangstéttir í bæjarfélögum á Íslandi á næstu árum?

Ég tel að kaflinn um kapalsjónvörp sé að öðru leyti ekki deiluefni miðað við það að gert er ráð fyrir að þau fari ekki inn á auglýsingamarkaðinn og afli sér tekna með gjaldi af hverju tæki sem nýtur þeirra þjónustu. Auðvitað þurfa þau að fara að almennum lögum og það þarf að setja einhverjar reglur um dagskrá þeirra. En ég er aftur á móti hlynntur því að það verði ekkert ákvæði

sem segir að reynt skuli að takmarka það ef menn vilja á annað borð glíma við það að stunda slíkan sjónvarpsrekstur. Mér finnst að það þurfi nánast að hafa almenn ákvæði sem útvarpsréttarmenn skuli setja fram sem grundvallaratriði. Ef menn fullnægja þessum almennu ákvæðum sé ekki hægt að neita einum eða neinum. Nema þá að menn vilji hafa einhverja skoðanakúgun í þessum efnum og setja þetta aðeins fyrir einhverja útvalda. En leyfisveitingar slíkrar nefndar hlytu þá að eiga að fara eftir almennum reglum sem væru á þann veg að hver og einn sem fullnægði þeim ætti rétt á að fá leigða rás.

En eins og ég gat um hérna áðan er ég þeirrar skoðunar að kaplarnir sjálfir eigi tvímælalaust að vera annaðhvort eign Pósts og síma, sem mér sýnist að mörgu leyti vitlegra, eða þá eign sveitarfélaganna sem væri ekki jafngóður valkostur þó hann væri hugsanlegur. Og ástæðurnar fyrir því að sá valkostur er ekki jafngóður eru m. a. sú staðreynd að skipan sveitarfélaganna er vitlaus. Hvaða manni sem kæmi hér á stór-Reykjavíkursvæðið gæti dottið í hug hvar landamæri Kópavogskaupstaðar væru, svo ég nefni dæmi, eða áttað sig á því að Seltjarnarnesið væri ekki hluti af Reykjavík? Það eru nefnilega engin landfræðileg rök fyrir skiptingu sveitarfélaga eins og þau eru í dag. Þess vegna er ýmislegt sem mælir með því að einhver annar aðili eigi þessa kapla og geti tekið tillit til svæðanna sem heildar.

Ég sé aftur á móti ekki neina nauðsyn þess að útvarpsstöðvarnar sjálfar, þ. e. tæknibúnaðurinn, væru í eigu Pósts og síma. Ef sú stefna verður ofan á að leyfa almennt útvarpsrekstur, þá tel ég að þau gætu verið í eigu þeirra sem rækju þau, ég sé ekki að þar sé brýn þörf á öðru.

En ég undirstrika það að ef menn vilja taka tillit til landsins alls í þessum málum, ef menn telja það einhvers virði að reyna að varðveita Ísland sem eina menningarheild þá hlýtur að vera skynsamlegt að láta Ríkisútvarpið fjölga sínum rásum sem ná til landsins alls og leigja svo afnot af rásunum til hinna ýmsu hópa í þjóðfélaginu sem hefðu áhuga á að koma boðskap á framfæri. Ég er ekki að hugsa um þetta sem neina tekjulind heldur að þetta yrði rekið sem næst rekstrarkostnaðarverði.

Ég hygg að öllum sé ljóst að það er mjög misjafnt á hvaða svæðum menn hefðu áhuga á að reka útvarpsstöð. Ég fer ekki í neinar grafgötur með það að þar sem fjölmennið er mest hefðu menn mestan áhuga. En í allri þessari umræðu vil ég taka undir það sem starfsmannafélag Ríkisútvarpsins vekur athygli á í sinni umsögn, það er ekki eins og þetta frumvarp hafi verið hugsað fyrir rúmlega 200 þúsund manna þjóð. Þetta hefði sómt sér vel í milljónasamfélagi. Ég tala nú ekki um hvað það hefði átt vel við í Kína. Og þar komum við að þessu sama, það er spurningin um það hvaða fjármuni höfum við til að setja í hin ýmsu verkefni í þessu samfélagi?

Ég ætla ekki í minni ræðu að fara út í nákvæma umræðu um einstakar greinar í þessu frumvarpi. Það vill svo til að ég fæ tækifæri til að fara yfir frv. í n. og ég treysti því að formaður n. taki sitt hlutverk alvarlega og geri sér grein fyrir því að það verða gæði þeirrar vinnu sem skipta öllu máli en ekki hitt hvort við afgreiðum málið úr n. mánuðinum fyrr eða mánuðinum seinna.

Þetta er vissulega stórmál. Satt best að segja sýnist mér að við Íslendingar höfum ærið margt sem við deilum um þessa dagana og eitt af því sem alþingismönnum beri skylda til sé að reyna að ná friði um svona mál sem fjallar um menningu og tjáningarfrelsi. Sá friður hlýtur að grundvallast á því að við horfum á þjóðarhagsmuni, tjáningarfrelsi fjöldans sem heildar, en ekki tjáningarfrelsi einhverra örfárra útvaldra sem e. t. v. hafa fjármuni fram yfir aðra og telja að þeim sé nauðsyn að koma á framfæri áróðri en ekki raunverulegri menningarstarfsemi.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að það er minn skilningur að þetta frv. fjalli um fólk, réttindi þess og skyldur á viðkvæmu sviði þjóðlífsins. Tæknin eða tækin eru annar handleggur og hljóta umfjöllun annars staðar. Annars, herra forseti, er mér ekki ljóst hvað hv. þm. úr menningarmálanefnd þessarar deildar, sem mun væntanlega taka þetta mál til rækilegrar athugunar, gengur til með þeim einkennilegu langhundum sem þeir hafa flutt hér í dag.

Hér er lagt fram frv. til nýrra útvarpslaga. Þetta frv. er lagt fram í skugga þeirrar fjölmiðlamóðursýki sem greip um sig í upphafi vinnustöðvunar BSRB samhliða verkfalli prentara. Það verður ekki séð af efni þessa frv. að það gangi langt til móts við þær væntingar sem atburðir síðustu daga hafa vakið með þjóðinni, eða a. m. k. hluta hennar, um aukið sjálfræði og frelsi í fjölmiðlun. Bandalag jafnaðarmanna hafnar þessu frv. í núverandi mynd og mun flytja við það brtt.

Það verður ekki fallist á ákvæði um útvarpsráð og útvarpsréttarnefnd, hvorki skipun þeirra né hlutverk. Við teljum sanngjarnt og verðugt að varðhundar stjórnmálaafla sitji við sama borð og aðrir þegnar þessa lands hvað varðar áhrif á og aðstöðu til að gagnrýna útvarpsrekstur og útvarpsefni í landinu. Við leggjum áherslu á að þjóðin, hlustendur, áhorfendur, lesendur, er rétti aðilinn til að veita fjölmiðlum nauðsynlegt aðhald og hljóta gildandi lög að vera nægileg trygging, t. d. lög um höfunda- og flutningsrétt og meiðyrðalöggjöf. Ekki verður fallist á samræmingar- og verðjöfnunarhugmyndir um auglýsingar.

Herra forseti. Sérhver þegn skal og verður að taka afleiðingum gerða sinna og orða. Þess vegna verður ekki fallist á eftirlitshlutverk útvarpsréttarnefndar né annað það sem þessa nefnd varðar, svo sem áður er sagt. Óheft fjölmiðlafrelsi getur vissulega orðið andstyggilegt vopn í höndum samviskulausra hagsmunaafla og vondra manna. Það verður þess vegna að leggja á það áherslu að Alþingi fylgist grannt með framkvæmd þessara laga sem og annarra laga. Ástæðulaust sýnist þó að gera ráð fyrir hinu versta og gera þjóðina ósjálfráða í þessu efni að óreyndu.

Bandalag jafnaðarmanna mun leggja fram brtt. við þetta frv. og freista þess að þoka því fram á veg skynsemi og aðstæðna í upplýstu samfélagi.

Herra forseti. Það hefur komið fram hér á Alþingi með nokkrum afbrigðum að ríkisvaldið hefur í umboði þegnanna á launaskrá þúsundir kennara sem hafa það hlutverk helst skv. lögum að búa börn og unglinga undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Ef það fólk, sem gengur í gegnum þennan lýðræðislega hreinsunareld skólakerfisins, þarf yfir sig apparöt á borð við útvarpsréttarnefnd er þessu fé illa varið.

Herra forseti. Um einstök atriði frv. munum við þm. Bandalags jafnaðarmanna fjalla í tengslum við þær brtt. sem við hyggjumst gera.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Fæstum blandast hugur um þýðingu fjölmiðla í nútímasamfélagi. Almennur þekkingarforði ræðst sífellt meira af starfsemi fjölmiðla og þeir gegna æ stærra hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almennings. Auk þessa eru fjölmiðlar mikilvægur miðill menningar, listsköpunar og afþreyingar. Fjölmiðlar eru því áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins. Tæknibyltingin, sem átt hefur sér stað í dreifingu útvarpsefnis, hljóðvarps og sjónvarps, hefur skapað mikla möguleika til móttöku erlends efnis. Það má aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælar hennar, heldur ber að taka tæknina í þjónustu íslenskrar menningar. Ef opnað er fyrir allar gáttir gefur auga leið að íslenskri menningu og tungu er hætta búin.

Ríkisútvarpið hefur verið öflugasta menningartæki landsmanna og hefur lögum skv. miklar menningarlegar skyldur. Menning kostar peninga, en gildi hennar er ómetanlegt. Það er hagur allra landsmanna að menning og tunga þjóðarinnar sé varðveitt. Hætt er við því að enginn einn aðili annar en Ríkisútvarpið sjái hagsmuni sína fyrst og fremst í því að miðla og efla íslenska menningu í öllum sínum fjölbreytileika fyrir alla landsmenn í senn.

Samræmd fjölmiðla- og menningarstefna hefur afgerandi þýðingu fyrir okkur sem þjóð og einstaklinga og því ber að skoða fjölmiðlaþróun frá þjóðfélagslegu sjónarmiði þegar sett eru útvarpslög.

Menningar- og fjölmiðlastefna Íslendinga hlýtur að byggja á lýðræðislegum grunni. Á undanförnum misserum og einkum síðustu dagana hefur mikið verið rætt um frelsi og lýðræði í útvarpsmálum. Því hefur verið haldið fram að frelsi fælist í ótakmarkaðri uppsetningu útvarpsstöðva og ótakmarkaðri móttöku útvarpsefnis. En slíkt „frelsi" samræmist ekki endilega lýðræði. Útvarpsrekstur er fjárfrekt fyrirtæki og hætt er við því að aðeins þeir sem fjármagn hafa eigi þess kost að setja á stofn og reka útvarpsstöðvar. Lýðræði fjármagnsins er ekki það lýðræði sem stjórnarskráin kveður á um og stuðlar ekki að tjáningarfrelsi einstaklinganna.

Í stefnuskrá Samtaka um kvennalista er tekinn sérstaklega fram stuðningur við þá hugmynd að einkarétti Ríkisútvarpsins til að útvarpa verði viðhaldið. Þó er nauðsynlegt vegna örrar tækniþróunar og nánast byltingar í upplýsingamiðlun að endurskoða núgildandi útvarpslög og aðlaga þau breyttum möguleikum og breyttum kröfum. Nauðsynlegt er því að nógur tími gefist til efnislegrar umfjöllunar um þetta mál því að það er vissulega bæði flókið og mjög mikilvægt. Nauðsynlegt er einnig að sem flestar hugmyndir komist að til að móta þær ákvarðanir sem endanlega verða teknar hér á Alþingi um útvarpsmál. Samtök um kvennalista munu því leggja fram mjög bráðlega á þessu þingi frv. um lýðfrjálst útvarp þar sem fram koma nýjar hugmyndir um rekstur Ríkisútvarpsins.

Þessar hugmyndir byggjast fyrst og fremst á valddreifingu, en valddreifing er grundvöllur að hugmyndafræði Kvennalistans. Þessar valddreifingarhugmyndir tryggja aðgang notenda að þátttöku og mótun útvarps innan ramma laganna og gera því útvarpið að frjálsu útvarpi, lýðfrjálsu útvarpi.

Íslenskt þjóðfélag svo og flest svokölluð þróuð ríki vesturs og austurs byggja á sama grunni, þ. e. valdakerfi fulltrúalýðræðisins, hvort heldur um er að ræða fulltrúa eins eða fleiri stjórnmálaflokka eða fulltrúa félagasamtaka. Í hugum fólks býður þetta fyrirkomulag upp á eins mikið réttlæti og raunsætt þykir að fara fram á í samfélagi manna. En þrátt fyrir það hefur þetta valdakerfi augljósa annmarka. Menn kjósa fulltrúa til að annast mál sín á öllum sviðum og afsala sér um leið möguleika til að hafa áhrif á líf sitt og nánasta umhverfi. Afleiðing þessa kerfis er að allur þorri manna er gerður óvirkur og jafnvel afskiptalaus um samfélag sitt. Þetta á við alls staðar í þjóðfélaginu. Með aukinni valddreifingu er þó ekki einungis hægt að vinna gegn þessari óvirkni og afskiptaleysi, heldur er hún jafnframt undirstaða sanngjarnari þjóðfélagsskipunar en við búum við nú og ber því að stefna að framkvæmd hennar á öllum sviðum þjóðlífsins.

Herra forseti. Ég mun að öðru leyti geyma mér frekari efnislega umr. um þetta mál þar til frv. um lýðfrjálst útvarp hefur verið lagt fram. En mig langar til þess að taka það fram að Samtök um kvennalista eiga engan fulltrúa í menntmn. Nd. og því fer ég fram á það að fulltrúi okkar fái áheyrnaraðild að nefndinni þegar fjallað verður um þetta frv. og önnur því skyld.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hér er um stórt mál að ræða, sem ástæða er til að athuga allar hliðar á, vegna þess að þetta kemur til með að breyta verulega, að mínu mati, aðstöðu manna til þess að njóta útvarps.

Mér fundust það nokkuð merkilegar umr. sem fóru fram í sambandi við skýrslu forsrh. um kjaramálin fyrir nokkrum dögum. Miðað við margar þær ræður, sem þar voru fluttar, var eins og aðalvandamálið í þessu þjóðfélagi í sambandi við vinnudeilu BSRB væri það að útvarpið og sjónvarpið hefðu stöðvast að mestu leyti. Enginn minntist á það t. d. að strjálbýlið er símalaust, þeir sem ekki hafa sjálfvirkan síma. Það er engin þjónusta veitt því fólki og það er bara í neyðartilvikum, ef kviknar í, ef stórslys verða, sem sú þjónusta er látin í té. Þarna er um að ræða tiltölulega fáa sveitabæi, en sama eða svipað gildir um sjómenn á hafi úti.

Hér héldu menn hjartnæmar ræður um hvað væri nú voðalegt, t. d. fyrir fólk hér, að hafa ekki útvarp og sjónvarp og fjölmiðla. En engum datt í hug að ræða þessi mál. Menn lögðu ekki áherslu á að það væri kannske neyð hjá ýmsum fjölskyldum vegna þess að þær fengu ekki launin greidd. Fjölmiðlarnir voru aðalmálið.

Kannske lýsir þetta því hvað á bak við er. Það er verið að krefjast þess að fá frelsi. Frelsi hvers? Frelsi þeirra sem hafa peninga. Það er það frelsi sem er verið að berjast fyrir í sjálfu sér í þessu frv. Hafa menn leitt hugann að því hvað verður ef þetta frv. fer í gegn eins og það er, án breytinga? Á eftir standa þegnar landsins ekki í sömu sporum. Ef t. d. 4. gr. verður ekki breytt, um fullkomið frelsi þessara nýju stöðva til að taka við auglýsingum og byggja rekstur sinn á því, hvar kemur það niður? Hefur verið hugsað um það, hæstv. menntmrh., hvernig Ríkisútvarpið, sem á að þjóna öllum landsins börnum, verður rekið ef þarna verður verulegur tekjumissir sem er alveg sýnilegt að verður? Nei, það er sem sagt gefið frelsi til að setja upp

sjónvarpsstöðvar eða útvarpsstöðvar á þéttbýlissvæðunum, þar sem eru mestir möguleikar að fá auglýsingar, en hvaðan taka þær fjármagnið?

Ég held að það þurfi að velta þessu fyrir sér og tryggja a. m. k. með einhverjum hætti að þróun mála verði ekki á þann veg að þetta spor verði til þess að auka aðstöðumuninn í sambandi við fjölmiðla meira en er. T. d. sést ekki enn þá sjónvarp alls staðar úti á landsbyggðinni, a. m. k. ekki á þann veg sem við, sem hér erum, mundum telja að væri forsvaranlegt. Það er ekki á öllum stöðum sem heyrist í útvarpi úti á landsbyggðinni. Hefur komið krafa um það í þessum umr. að það verði látið sitja fyrir öðru í þessu sambandi? Hvar er réttlætiskennd fólks sem berst fyrir þessum breytingum? Er það réttlætiskennd að þeir sem hafa peninga geti sett slíkt af stað á kostnað annarra? Er það réttlætið sem er barist fyrir?

Það hrannast upp óteljandi spurningar þegar maður les frv. eins og það sem við erum að ræða hér um. Það er alveg merkilegt ef nokkrum dettur í hug í alvöru að það sé hægt að afgreiða þetta frv. á einni eða tveimur vikum. Á að brjóta þá hefð, sem hefur hér viðgengist, a. m. k. þau 17 ár sem ég hef verið hér, að senda frv. út til umsagnar? Á ekki að athuga um hvernig þetta kemur við Ríkisútvarpið? Á að gera þetta allt blindandi? Er það virkilega svo að þó að útvarpinu væri lokað 1. okt. ætli menn að ana út í einhverjar breytingar sem menn hafa ekki hugmynd um fyrir fram hvernig verka?

Ég ætla ekki að ræða um þetta öllu frekar að sinni. En ég áskil mér allan rétt til að ræða málið við 2. og 3. umr. ef það á að keyra það fram eins og mér sýnist, án þess að fara eftir venjum sem hér hafa skapast, án þess að fá svör við því hvernig þetta mun verka á Ríkisútvarpið, án þess að fá svör við því hvort búið sé að tryggja að þetta valdi ekki meira misrétti en er í dag í þjóðfélaginu í sambandi við fjölmiðla. Fleiri spurningar mun ég koma með er ég sé hver framvinda málsins verður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Starfshættir Alþingis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið, að nokkrar nefndir þingsins hafa ekki enn kosið sér formann, varaformann og ritara. Það er áríðandi að enginn dráttur verði á því að þetta verði gert, til þess að hægt sé að setja starfsemi þingsins á laggirnar með eðlilegum hætti, eins og þingsköp gera ráð fyrir. Þess er því vænst að undinn verði bráður bugur að því að sinna þessu verkefni.

Kosning eins manns í stað Ólafs Jóhannessonar í nefnd skv. þingsályktun um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis frá 15/12 1983.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist tillaga um Pál Pétursson. Með því að ekki hafa borist fleiri tillögur er Páll Pétursson rétt kjörinn í þessa nefnd.

Heildarendurskoðun lífeyrismála, beiðni um skýrslu (þskj. 77). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðni um skýrslu samþ. með 41 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, þáltill. 64. mál (þskj. 64). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 75. mál (þskj. 76). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurreisn Viðeyjarstofu, þáltill. 76. mál (þskj. 78). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur, þáltill. 13. mál (þskj. 13). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Sú venja var hér á þinginu í fyrra, að þegar umr. utan dagskrár stóðu fyrir dyrum, þá voru þingflokkar látnir af því vita. Nú hefur það ekki gerst í þetta skipti, heldur var því hvíslað hér í eyra mitt rétt um kl. 2 þegar fundurinn var að hefjast, að hér ættu að vera umr. utan dagskrár. Þetta er held ég andstætt því, sem um hefur verið talað. Nú má vera að í þetta skiptið hafi ekki orðið við þessu gert, en ég legg áherslu á það, að það er nauðsynlegt að þingflokkar fái með eðlilegum hætti vitneskju um það þegar slíkar umr. eiga hér að hefjast.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég tek undir það sem hv. 5. landsk. þm. segir um, að það sé æskilegt að þingflokkar viti með einhverjum fyrirvara um það, þegar utandagskrárumr. verður, en það geta verið tilvik, þar sem ekki er hægt að koma slíku við. Það tilvik er núna og ber að með þeim hætti, að nokkrum mínútum fyrir kl. 2 kom hv. 3. þm. Reykv. að máli við mig um þetta, en það var ekki endanlega ákveðið fyrr en ég hafði tal af hæstv. forsrh., sem ég hafði um leið og ég gekk í forsetastól. Hann hafði samþykkt þetta. En

vegna starfa getur hann ekki verið við nema þar til klukkuna vantar korter í þrjú. Ef það átti að verða af þessari umræðu utan dagskrár, þá varð það að ske með þeim hætti. Ég tel ekkert athugavert við það undir þessum kringumstæðum.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í hádegisfréttum útvarpsins birtist ákveðin yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um stöðuna í kjaramálum. Ég náði í hæstv. ráðh. kl. 13.30 og í forseta Sþ. kl. 13.45 og síðan var ákveðið kl. nákvæmlega 2 að þessi umr. færi fram utan dagskrár. Hæstv. forsrh. þarf að vera á fundi annars staðar kl. 3 þannig að svigrúm til að láta menn vita var mjög lítið. Umræðuefnið er hins vegar brýnt og þess vegna óhjákvæmilegt að það verði hér tekið fyrir.

Í fréttatíma útvarpsins í gærkvöld birtist eftirfarandi frétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í yfirlýsingu frá viðræðunefnd Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks er lýst áhyggjum nefndarinnar af þeirri kúvendingu sem orðið hafi í samningamálum nú síðustu daga. Í yfirlýsingu viðræðunefndarinnar segir:

Verkamannasambandið og Landssamband iðnverkafólks hafa undanfarnar vikur unnið að gerð kjarasamnings sem tryggt hefði áframhaldandi hjöðnun verðbólgu, traustari kaupmátt ásamt miklum raunverulegum skattalækkunum, aðhald í verðlagsmálum og úrbætur til handa þeim sem að undanförnu hafa mátt þola hinn illræmda sjúklingaskatt. Skipst var á hugmyndum um nýsköpun í húsnæðismálum og uppbyggingu sjávarútvegs. Frekari skilyrði fyrir samningum voru afnám lánskjaravísitölu og almenn vaxtalækkun. Þessu hefði fylgt afnám tvöfalda kerfisins og almenn kauphækkun. Stefnt var að samningsgerð er tryggði ákveðinn kaupmátt sem ekki fælist allur í beinum launahækkunum, þannig að þær kjarabætur, sem næðust, yrðu ekki aftur teknar.

Ríkisstjórnin hafði á formlegum fundi með fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar boðið alls 1400 millj. kr. í hreina skatta- og útsvarslækkun og skipuð var sérstök nefnd til að útfæra þessa lækkun. Með aðild sinni að gerð samnings Reykjavíkurborgar hefur ríkisstj. afturkallað fyrri yfirlýsingar um 1400 millj. kr. skattalækkanir og gerir nú samninga sem engar tryggingar eru fyrir. Hún hyggst því fara þekkta leið gengisfellinga og verðhækkana í stað nýrrar leiðar varanlegri kaupmáttar. Þykir viðræðunefndinni það köld kveðja til verkafólks sem á allt undir því að raunverulegur kaupmáttur vaxi, að verðbólgu verði haldið í skefjum og atvinna treyst. Lýsir viðræðunefndin fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna slíkra vinnubragða“.“

Hér er sem sagt ljóst að þessi samtök lýsa fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna þeirrar niðurstöðu sem nú liggur fyrir í kjaramálum. Í framhaldi af því birtist í hádegisfréttum útvarpsins í dag sú frétt sem er tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár. Fréttin var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsrh. hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna ályktunar viðræðunefndar Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks sem birt var í gær. Í yfirlýsingu forsrh. segir: „Um leið og ég tek undir þá almennu stefnu í kjaramálum, sem fram kemur í yfirlýsingu Verkamannasambandsins og Landssambands iðnverkafólks, tel ég nauðsynlegt að leiðrétta þá fullyrðingu að ríkisstj. sé aðili að gerð kjarasamnings Reykjavíkurborgar. Svo er ekki“, segir í yfirlýsingu forsrh. Þá segir: „Ríkisstj. er enn þeirrar skoðunar að leggja hefði átt áherslu á meiri skattalækkun, en minni peningalaunahækkanir, enda er ljóst að það er eina leiðin til að koma í veg fyrir verðbólgu á nýjan leik með víxlhækkun verðlags og launa“, segir að lokum í yfirlýsingu Steingríms Hermannssonar forsrh. sem hann sendi frá sér í morgun.

Í tilefni af þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. er nauðsynlegt að þegar í stað komi fram hvort líta beri á þessa yfirlýsingu hans sem framhald af yfirlýsingu formanns Sjálfstfl. 14. sept. s. l. þar sem hann lýsti því yfir að samþykkt sáttatillögu ríkissáttasemjara mundi hafa í för með sér gengislækkun, óðaverðbólgu og atvinnuleysi, m. ö. o. hvort yfirlýsingu forsrh. beri að skilja sem svo að ríkisstj. ætli sér að taka hvað eina aftur með efnahagsráðstöfunum sem rætt hefur verið um sem hugsanlega samningsniðurstöðu. Ég held það sé útilokað annað en að yfirlýsing hæstv. forsrh. sé skilin á þennan veg og að sá skilningur, sem í hana verður lagður, skipti ákaflega miklu máli í sambandi við þá atkvæðagreiðslu sem fer senn að hefjast um samninga Reykjavíkurborgar. Ég held að óhjákvæmilegt sé að yfirlýsing forsrh. sé skoðuð sem framhald af hótun formanns Sjálfstfl. um að svipta launafólk þeim árangri sem hugsanlega verður í kjarasamningunum. Þess vegna er það sem ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár. Hvort er það ætlun ríkisstj. samkvæmt þessari yfirlýsingu að taka það aftur sem samið kann að verða um og er umfram þá sáttatillögu sem formaður Sjálfstfl. taldi að mundi stefna hér öllu í bál og brand og efnahagslegan voða?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram strax að ekki hefur nokkur ákvörðun verið tekin í ríkisstj. um gengislækkun. Með þessari yfirlýsingu er í fyrsta lagi verið að taka undir þá meginhugsun sem kemur fram í yfirlýsingu Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks.

Í yfirlýsingu, sem ég lét Ríkisútvarpinu í té eftir fund í ríkisstj. í morgun, segir í upphafi: „Um leið og ég tek undir þá almennu stefnu í kjaramálum, sem fram kemur í yfirlýsingu Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, tel ég nauðsynlegt að leiðrétta“ o. s. frv.

Einnig segir í lokin: „Ríkisstj. er enn þeirrar skoðunar að leggja hefði átt áherslu á meiri skattalækkun, en minni peningalaunahækkanir, enda er ljóst að það er eina leiðin til að koma í veg fyrir verðbólgu á nýjan leik með víxlhækkun verðlags og launa.“

Í yfirlýsingu Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks segir, með leyfi forseta:

„Verkamannasambandið og Landssamband iðnverkafólks hafa undanfarnar vikur unnið að gerð kjarasamnings sem tryggt hefði áframhaldandi hjöðnun verðbólgu.“

Þar segir einnig: „Stefnt var að samningsgerð er tryggði ákveðinn kaupmátt sem ekki fælist allur í beinum launahækkunum“ o. s. frv.

Undir þetta vil ég taka. Ég verð að segja að mér

finnst að sá skilningur, sem komið hefur fram í viðræðum sem ég hef átt við fulltrúa Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, og sá skilningur, sem hefur komið fram t. d. á fundi þeirrar nefndar sem skipuð var til að kanna þessi mál, sé þessum mönnum til sóma. Þeir hafa sýnt réttan skilning á þeirri áralöngu reynslu, sem við höfum, að launahækkanir meiri en þær sem undirstöðuatvinnuvegir okkar bera leiða á einn eða annan máta til víxlhækkunar verðlags og launa.

Ég vildi hins vegar með þessari yfirlýsingu, eins og hún var lesin af hv. fyrirspyrjanda, leiðrétta það sem kemur fram í næstsíðustu málsgr. í yfirlýsingu Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks. Þar segir: „Með aðild sinni að gerð samnings við Reykjavíkurborg hefur ríkisstj. afturkallað fyrri yfirlýsingar" o. s. frv. Ríkið á enga aðild að samningi Reykjavíkurborgar og ríkið hefur engan samning gert enn þá. Samningar hafa hins vegar tekist víða hjá sveitarfélögum. Samningur Reykjavíkurborgar, eins og hann varð í lokin, þýðir launahækkun á tímabilinu upp á samtals 16.01%, en samningur sá sem Kópavogskaupstaður gerði þýðir 18.9% þegar upp er staðið í lok samningstímans. Ég vildi gjarnan spyrja hv. fyrirspyrjanda að því hvort hann telji líklegt að t. d. fiskvinnsla, en hann lýsti stöðu hennar ítarlega fyrir helgina, gæti borið slíka launahækkun á þessu samningstímabili án þess að stöðvast eða eitthvað annað láti undan, eins og t. d. gengi, fyrr eða síðar. Ég vil einnig leyfa mér að spyrja hvort hv. fyrirspyrjandi telji að láglaunafólk í fiskvinnslunni sætti sig við minni peningalaunahækkanir en þarna hefur verið samið um.

Ég endurtek það, sem ég hef margsinnis sagt, að vitanlega er eina færa leiðin í þessari stöðu að ríki og sveitarfélög taki á sig verulegar og jafnvel miklar skattalækkanir til að bæta kaupmáttinn, en atvinnuvegunum verði forðað frá peningalaunahækkunum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Verkamannasambandið hefur undanfarnar vikur staðið í umfangsmiklum samningaviðræðum og þar hefur verið léð máls á því að fara nýja leið, aðra leið en tíðkast hefur í kjaramálum á undanförnum árum. Við höfum viljað fara þá leið sem gæti tryggt launþegum að hugsanlegir kjarasamningar yrðu ekki til baka teknir aftur af ríkisvaldinu, eins og aðrar ríkisstjórnir hafa leikið hver á fætur annarri. Við höfum horft á þá staðreynd með skelfingu að á síðasta áratug voru kauphækkanir 7000% að upphæð, en kaupmáttur hefur minnkað um 10%. Við gerum okkur líka ljóst að eldurinn brennur heitast í fiskiðnaði, í útgerð, á því fólki sem þar starfar, því fólki sem er á lægstu launum. Þar er illa komið. Útgerð og fiskvinnsla eru í rúst. Á sama tíma eru hlutirnir þannig vaxnir að verkafólk og sjómenn, sem að þessu starfa, eru á hungurlaunum. Við þekkjum vel þessi vandamál í Verkamannasambandinu og við vitum að það eru tugir ef ekki hundruð manna atvinnulaus í sjávarplássunum í dag og sá vandi fer vaxandi. Við höfum talið það mjög mikils virði og númer eitt, ef svo mætti segja, að atvinnuöryggið sé tryggt og að það kapphlaup sem verðbólgan hefur skapað yrði aflagt, en kaupmátturinn tryggður fyrst og fremst.

Sameiginlega hafa aðilar vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambandið, Verkamannasambandið og Landssamband iðnverkafólks, haft samráð við ríkisstj. um þessa nýju leið og þar var okkur vel tekið. Þar var uppi sú skoðun fyrir nokkrum dögum að flytja bæri fjármuni frá ríkinu til fólksins, til heimilanna, það gæti orðið þáttur í því að tryggja kaupmáttinn. Í góðri trú héldum við þessum samningaviðræðum áfram. Við töldum okkur vera komna langt á leið með samninga og ég er sannfærður um að það hefði tekist að semja á þessum grundvelli. Við vorum líka sannfærðir um að með þeirri leið sem við höfðum þarna valið væri tryggt að þessar kjarabætur yrðu ekki aftur teknar í einu vetfangi.

Þegar við leituðum til ríkisstj. var okkur lofað því að tekjuskattur skyldi lækkaður um 1100 millj. og útsvar um 300 millj. og síðan yrði rætt milli aðila hvernig þessu yrði fyrir komið. Það var talað saman í fullu bróðerni. Við kusum sérstaka nefnd til að fara ofan í þessi mál og reyna að vinna úr þessu, hvernig best mætti koma þessu til skila. Nú hafa viðhorf breyst. Það hefur orðið mikil kúvending í samningamálum. Þegar hæstv. forsrh. kom hér upp ræddi hann um niðurlag þeirrar ályktunar sem við í Verkamannasambandinu gerðum, hvar við stóðum með rýtinginn í bakinu, en ég hefði heldur ætlað að því hefði verið mótmælt, sem við sögðum í ályktuninni, að fyrri yfirlýsingar um 1400 millj. kr. skattalækkanir samtals stæðust ekki lengur. Því spyr ég nú: Standa fyrri yfirlýsingar gagnvart láglaunafólkinu í landinu eða ekki eða stöndum við þannig að Reykjavíkurborg og bæjarfélögin hér í kring, sem stunda hinn arabíska markað, ráði þeirri ferð sem hér verður farin? Hefur ríkisstj. skipt um skoðun eða ætlar hún að standa við fyrri fyrirheit þannig að við getum e. t. v. haldið áfram?

Það er hins vegar skoðun mín að það sem skeð hefur á undanförnum dögum breyti myndinni allmikið og ég óttast að sú leið, sem við höfðum talið vænlega fyrir láglaunafólk, fyrir fólkið í landinu, svo að það gæti haldið kaupmætti launa sinna og látið hann vaxa, leið Verkamannasambandsins og Landssambands iðnverkafólks, verði ekki valin.

En ég vil ekki út af fyrir sig átelja þá samninga sem átt hafa sér stað að undanförnu. Forustumenn Sjálfstfl. hafa valið aðra leið en við vorum að tala um. Þeir hafa valið gömlu leiðina. Og borgarstjórinn í Reykjavík, meiri hluti borgarstjórnar í Reykjavík, er ekkert ótengdur ríkisstj. í dag, það skulu menn vita. (**Gripið fram í:** En í Kópavogi?) Þeir eru sporgöngumenn. Það er borgarstjórinn í Reykjavík, einn af höfuðforustumönnum Sjálfstfl. í Reykjavík, sem gefur tóninn og valdi þessa leið og fram hjá því verður ekki komist. Ég óttast að þessi stefnubreyting verði til þess að við hinir séum dæmdir til þess af þessum postulum að fara þessa gömlu og slitnu leið vegna þess að þó að við vildum fara aðra leið stöndum við frammi fyrir því að tökum við ekki þátt í kapphlaupinu verðum við undir.

Ég bið hæstv. forsrh. að svara því hvort fyrra tilboð standi eða hvort frá því hefur verið fallið.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég verð að játa að mér eru ekki geðfelld þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í kjarasamningum undanfarið. Mér er ekki geðfellt að heyra að ríkisstj. situr á fundum með samningsaðilum og lofar skattaafslætti með einum eða öðrum hætti úr eigin sjóðum eða annarra. Ég tel að slík loforð bindi hendur löggjafans meira en eðlilegt er. Á löggjafarþingi sitja menn með mismunandi skoðanir og

hafa allir jafnan rétt til þeirra skoðana. Við vitum að á þessu þingi sitja menn sem eru á móti tekjuskattslækkunum eða útsvarslækkunum. Við gerum okkur jafnframt grein fyrir því að þegar aðild ríkisstj. að samningum er orðin að veruleika með þessum hætti getur enginn maður haft uppi andmæli á löggjafarsamkundunni gegn þeim aðgerðum. Samviska hans hreint og beint meinar honum að trufla svo gerðan hlut.

Ég vil líka lýsa því yfir að við í BJ styðjum bæði skatta- og tollalækkanir sem tengdar eru samdrætti í ríkisrekstri — samdrætti sem ekki skaðar þá einstaklinga sem við teljum okkur siðferðilega skylt að styðja. En við styðjum slíkar skattalækkanir ekki ef á að taka þær inn með skattheimtu með öðrum hætti, ef á að halda uppi viðtekinni venju og taka það úr öðrum vasanum sem stungið var í hinn.

Orð skulu standa, sagði einhver, og er mér enginn sérstakur akkur í því að vera að hengja menn á orð. En í yfirlýsingu hæstv. forsrh. koma fyrir fáein orð sem ég tel að verði að fá mjög nákvæma skýringu á. Í lok máls síns segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta, eftir að hafa látið í ljós nokkuð svipaðar skoðanir og Verkamannasambandið og Landssamband iðnverkafólks:

„Enda er ljóst að það er eina leiðin til að koma í veg fyrir verðbólgu á nýjan leik með víxlhækkun verðlags og launa."

Þetta merkir að meiri áhersla á skattalækkanir og minni peningalaunahækkanir sé eina leiðin til að koma í veg fyrir verðbólgu á nýjan leik með víxlhækkun verðlags og launa. Þýðir þetta að hæstv. forsrh. sé að gefa í skyn að með þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir í Reykjavík, í Kópavogi og víðs vegar um landið og samningi sem má næstum því sjá hilla undir í samningsstarfi BSRB og fjmrh., ef marka á þann fréttaflutning sem við höfum haft af því, eigum við í vændum, strax að afloknum þessum samningum, verðbólgu á nýjan leik með víxlhækkun verðlags og launa?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa farið fram minna á að Alþingi hefur samþykkt þáltill. um afnám tekjuskatts í áföngum og af því er ríkisstj. vitanlega bundin. Ég vil líka minna á samkomulag ríkisstj. frá því í sept. s. l. Ég tel að þessar yfirlýsingar séu afdráttarlausar og að hér sé um lágmarksaðgerð að ræða til að fylgja vilja þingsins vegna þeirrar þáltill. sem samþykkt var.

En ég vil jafnframt nota tækifærið til að ítreka þær spurningar, sem hv. þm. Karl Steinar bar hér fram til ríkisstj., um það hvort boð hennar standi eða ekki. Standa hennar boð eða loforð eða ekki?

Ég verð hins vegar að segja að af orðum hæstv. forsrh. fannst mér mega skilja að þær kjarabætur, sem menn væru nú að berjast fyrir, yrðu aftur teknar í verðlagshækkunum og með öðrum hætti. Þetta vekur menn vitaskuld til umhugsunar um það hvernig aðrar þjóðir með sambærilegar þjóðartekjur fari að því að greiða kannske 50% hærri laun en greidd eru á Íslandi. Hvernig má það vera að þjóðfélagsgerðin sé slík að hér skuli ævinlega aftur tekið það sem menn ávinna sér og eigi, ef skilja má forsrh. með þeim hætti sem ég sagði áðan, enn að gerast? Það er auðvitað óviðunandi fyrir okkur Íslendinga að þjóðir með sambærilegar þjóðartekjur geti, og geri það, borgað langt um hærri laun eða réttara sagt: Það er óbærilegt fyrir okkur að við skulum ekki geta fetað sömu braut. Þá er eitthvað mikið að og að því finnst mér að menn ættu að hyggja.

En það var annað í ræðu hæstv. forsrh. sem vakti mig til umhugsunar. Mér fannst liggja í orðum hæstv. forsrh. að hann væri í rauninni á móti þeim samningum sem hæstv. fjmrh. er að gera þessa stundina í umboði ríkisstj. Og þegar þetta bætist við það sem við fengum að heyra hér í gær af hálfu formanns þingflokks Framsfl. varðandi afstöðu Framsfl. hlýtur það að vekja okkur til enn frekari umhugsunar um ástandið í ríkisstj. og hvert sé raunverulegt stefnumið Framsfl. og hvað hann sé að gera í ríkisstjórn.

Í ræðu hér í gær sagði hv. þm. Páll Pétursson að þm. Framsfl. hefðu verið á móti þeirri ákvörðun ríkisstj. að greiða ekki laun hinn 1. okt. Hann sagði líka að þm. Framsfl. upp og ofan, og hann sérstaklega, væru á móti stjfrv. því sem var til umfjöllunar um útvarpsmál. Hann upplýsti enn fremur að þm. Framsfl. hefðu verið á móti þeirri ákvörðun ríkisstj. að hækka vexti og að þm. Framsfl. hefðu verið á móti þeirri ákvörðun ríkisstj. að gefa vextina frjálsa. Það er orðið æðimargt sem þingflokkur Framsfl. er orðinn á móti af því sem ríkisstj. er að gera og ef það bætist svo við að forsrh. er á móti þeim samningum sem hún er að gera hlýtur að verða að spyrja: Hvernig stendur á því að Framsfl. er með ríkisstj. ef hann er á móti öllu sem hún er að gera?

Þetta er dálítið einkennileg afstaða að því er varðar hvert málið á fætur öðru því að Framsfl. segir: Ég er á móti því. Vaxtahækkunin. Framsfl. segir: Ekki ég. Frjálsir vextir. Framsfl. segir: Ekki ég. Útvarpsmál. Framsfl. segir: Ekki ég. Ákvörðun um að greiða ekki laun. Framsfl. segir: Ekki ég. — Og nú spyr ég: Er það eins með það sem forsrh. var að segja áðan, er það eins og í litlu gulu hænunni að ríkisstj. sé á móti þeim samningum sem hún er að gera og forsrh. segi: Ekki ég?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan hafði ég gert ráð fyrir nokkrum fundum núna seinni partinn, sem verða allir tengdir þessari kjaradeilu og eru mjög mikilvægir, og mér þætti leitt ef ég þarf að sleppa þeim. Ég vil því mælast til þess að þessum umr. yrði þá frestað t. d. til kvöldsins ef menn vilja. Það er allt í lagi. Ég skal vera hér í nótt og ræða þessi mál einu sinni enn.

En út af því sem hér hefur verið spurt um. Hv. þm. Karl Steinar spurði hvort dregið væri til baka það tilboð ríkisstj. að lækka skatta mjög verulega. Eitt af dæmunum sem við ræddum um var allt að 1100 millj. kr. tekjuskattslækkun og 300 millj. kr. útsvarslækkun. Það hefur út af fyrir sig alls ekki verið dregið til baka og ríkisstj. er enn þeirrar skoðunar að skattalækkun væri skynsamlega leiðin. Hins vegar bendir æðimargt til þess að samningar svipaðir og þeir sem gerðir hafa verið núna, ekki bara í Reykjavík, heldur í Kópavogi, á Sauðárkróki og Ísafirði og eru núna til umræðu í mörgum sveitarfélögum, verði hin almenna regla hjá sveitarfélögunum. (**Gripið fram í:** Keflavík.) Ég veit ekki hvort búið er að semja í Keflavík en þeir eru þar til umræðu líka.

Þá vaknar vitanlega sú spurning: Er sú leið fær að lækka skatta um þrefalt meira en gert er ráð fyrir í þeim samningum og hvað þýðir það þá fyrir efnahagslífið? Hvað þýðir það fyrir verðbólguna og fyrir þensluna því að lækkun skatta eykur vitanlega einnig fjármagnið í

umferð? Og mundu þá félagar í Verkamannasambandinu t. d. sætta sig við það að í raun og veru eru þeir sem áður hafa samið í þjónustugreinum og opinberum greinum komnir með töluvert meiri kjarabætur? Mundu þeir sætta sig við það? Ég hef mínar efasemdir um það. (**KSG:** Það kemur ekki til greina.) Já, það er rétt. Ég skil það mætavel. Það kemur nefnilega ekki til greina. Ef skipta á jafnt á milli þjónustugreinanna og félaga í Verkamannasambandi Íslands eru menn að tala um að semja um sömu peningalaunahækkun, 16—19%, *og síðan enn meiri skattalækkanir. Þetta er vandinn sem* við stöndum frammi fyrir og vandi sem ég hef m. a. hugsað mér að fara að ræða við ýmsa aðila núna á eftir. Tilboðið er samt alls ekki dregið til baka þó að sjá megi ýmsa erfiðleika í framkvæmd þess núna.

Því var haldið fram að ég væri með yfirlýsingar um að draga ætti þessar kjarabætur, sem kallaðar eru, til baka. Hvaða kjarabætur? Ég spurði að því áðan hvort ekki yrði að gera ráð fyrir að svipaðar hækkanir yrðu á hinum almenna markaði og hvort verkamenn og menn í frystihúsum mundu sætta sig við minna. Varaformaður Verkamannasambands Íslands hefur svarað úr sínu sæti að annað komi ekki til greina og Verkamannasambandið gefur út yfirlýsingu og segir að það séu engar raunverulegar kjarabætur. Hvað meina þeir þá með því? Og það er fróðlegt að hlusta á menn standa hér upp og lýsa furðu sinni á því að samningur upp á 16—18%, á sama tíma og þjóðarframleiðslan hefur dregist saman um 9% og aðeins gert ráð fyrir vexti hennar um 1% á næsta ári, geti staðist.

Ríkisstj. er reiðubúin að leita allra leiða og mun að sjálfsögðu gera það til að koma í veg fyrir að þetta hafi verulega verðbólgu í för með sér. En hlýtur ekki strax að hækka útseld vinna t. d.? Útseld vinna hækkar undir eins og alls staðar þar sem vinnuliðurinn vegur eitthvað hlýtur að verða hækkun á vöruverði. Ég held að menn hljóti að hafa þá reynslu af áratuga víxlhækkunum verðlags og launa í öllum ríkisstjórnum, hverjar sem hafa verið, að ef ekki stendur framleiðsla að baki leiðir það til verðbólgu. Nú verðum við að glíma við það hvernig við getum komist sem allra mest hjá þeim afleiðingum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta og forsrh. fyrir þessa umræðu. Ég held að hún hafi verið gagnleg. Hún skýrir tvennt sem er aðalatriðið. Í fyrsta lagi felst í orðum forsrh. hótun um að allt verði tekið aftur sem samið verður um í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Í öðru lagi er niðurstaðan sú, að ekki er hægt að gera neina kjarasamninga undir þessari ríkisstjórn öðruvísi en að rækilega sé gengið frá öllum tryggingum.

Þjónusta við farþega í innanlandsflugi, þáltill. 2. mál (þskj. 2). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þeir sem ferðast eitthvað að ráði með flugvélum hér innanlands hefðu frá mörgu að segja, ef þeir væru hér staddir og hefðu orðið, varðandi þjónustu flugfélaga, aðstöðu á flugvöllum og ferðir með sérleyfishöfum í tengslum við flug. Hver hefur ekki þurft að bíða langtímum saman eftir flugi, t. d. hér á Reykjavíkurflugvelli, án þess að nokkrar viðhlítandi skýringar væru gefnar á seinkun eða röskun á flugáætlun? Hver hefur ekki þurft að eyða löngum tíma til að ná símasambandi við afgreiðslur flugfélaganna til að fá skorið úr um breytingar á áætlun og stundum gefist upp og ekið til flugvallar upp á von og óvon til að verða ekki strandaglópur? Hver hefur ekki haldið um langan veg til aðalflugvallar og þurft að bíða þar flugs upp á von og óvon á eigin kostnað, jafnvel svo dögum skiptir? Hver hefur ekki orðið fyrir því að komast ekki leiðar sinnar að og frá flugvelli á vetrardegi, jafnvel í blíðskaparveðri, vegna þess að Vegagerð ríkisins ryður ekki snjó af vegum nema einu sinni eða tvisvar í viku á ákveðnum vikudögum? Hver hefur ekki norpað í óupphituðum og óvistlegum biðskýlum, jafnvel án snyrtiaðstöðu, á flugvöllum úti á landi um lengri eða skemmri tíma í bið eftir flugi? Hver hefur ekki sest upp í kaldar og stundum óþrifalegar rútur á sérleyfisleiðum að og frá flugvöllum? Þessar og fleiri spurningar koma upp í hugann þegar ég mæli hér fyrir till. til þál. um bætta þjónustu við farþega í innanlandsflugi, en þá till. er að finna á þskj. 2.

Ég vil taka það skýrt fram að ég geri mér fulla grein fyrir þeim erfiðleikum sem eru á vegi flugs hérlendis vegna óblíðrar og síbreytilegrar veðráttu og ófullnægjandi skilyrða á flugvöllum eins og þeir eru nú búnir. Við flugmenn okkar og starfsmenn flugfélaganna er ekki að sakast. Þeir leggja sig að jafnaði fram um að greiða götu farþega. Við erum hins vegar með einokun í innanlandsfluginu þar sem opinberir aðilar veita einkaleyfi til áætlunarflugs á tilteknum flugleiðum. Reglugerð um þau fyrirtæki sem starfa að loftflutningum er birt sem fylgiskjal með þáltill. svo og auglýsingar samgrn. um leyfisveitingar til áætlunarflugs á flugleiðum hér innanlands.

Ég hef leitað í þessum reglugerðum og leyfisbréfum með logandi ljósi að ákvæðum sem varða aðbúnað að farþegum og eðlilega vernd fyrir viðskiptavini þessara einkaleyfisflugfélaga, en engin slík ákvæði fundið. Getur það verið að stjórnvöld standi þannig að málum að úthluta sérleyfum til flugs og farþegaflutninga með flugvélum og sérleyfisbifreiðum án þess að stafkrókur sé settur á blað um skyldur fyrirtækjanna gagnvart farþegum? Eru yfir 600 þús. farþegar, sem ferðast árlega í flugi á innanlandsleiðum, nánast réttlausir og hafa flugfélög og sérleyfishafar engar tilgreindar skyldur að rækja gagnvart þeim aðrar en halda uppi ákveðnum ferðafjölda og hlíta öryggisreglum? Ég vil ekki fullyrða að svo sé, en hitt er augljóst að afar mikið skortir á eðlilega þjónustu af hálfu flugfélaganna við farþega og samtengingu vegaþjónustu við flugferðir á innanlandsleiðum. Hæstv. samgrh., sem er viðstaddur þessa umr., getur eflaust greint okkur frá ef slík ákvæði er að finna í leyfisbréfum sem snerta velferð farþega og neytendavernd að þessu leyti.

Ég taldi eðlilegt að taka þetta mál upp á háttv. Alþingi með svofelldri þáltill., með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega úttekt á þjónustu við farþega á flugleiðum innanlands og á samgöngum við flugvelli og gera tillögur til úrbóta.

Áhersla verði m. a. lögð á að kanna eftirtalda þætti:

a) Aðstöðu flugfélaga til að rækja eðlilega þjónustu við farþega.

b) Núverandi þjónustu af hálfu flugfélaganna við

farþega í áætlunarflugi, m. a. þegar tafir verða.

c) Samgöngur að og frá flugvöllum, m. a. með sérleyfisbifreiðum, og reglur um snjóruðning af vegum í því sambandi.

Úttekt þessari verði lokið fyrir 1. maí 1985 og þá skilað um hana greinargerð til Alþingis. Í framhaldi af henni verði endurskoðuð lög og reglur varðandi flugsamgöngur innanlands, m. a. með það að markmiði að tryggja góða þjónustu við farþega í innanlandsflugi og virkt eftirlit með starfsemi sérleyfishafa."

Í greinargerð er nánar vikið að rökum fyrir þessum tillöguflutningi og á það bent hve flug er veigamikill þáttur í samgöngum heilla landshluta. Einkum á þetta við um fólk á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi sem er að miklu leyti háð flugsamgöngum í samskiptum við höfuðstaðinn einkum að vetrarlagi. Flug innan landshluta gegnir einnig vaxandi hlutverki. Fimm flugfélög hafa leyfi til reglubundins áætlunarflugs innanlands og flugvellir, sem þar koma við sögu, eru 44 talsins. Fjöldi farþega í innanlandsflugi var á árinu 1982 talinn 606 þúsund manns, eins og tilgreint er á fylgiskjali með till., en upplýsingar um farþegafjöldann 1983 voru ekki fyrirliggjandi hjá flugmálastjórn fyrir tveimur vikum, ekki fullkomnar upplýsingar.

Sérstök stjórnskipuð nefnd á vegum samgrn. hygg ég að vinni nú að tillögugerð um helstu framkvæmdir á sviði flugmála á næstu árum, þar á meðal varðandi öryggi í flugumferð. Af þeim sökum er ekki um þau atriði fjallað í þessari till., en út af fyrir sig væri fróðlegt að vita hvað miðar störfum þeirrar nefndar, ef hæstv. samgrh. vildi greina frá því við þessa umr. Vissulega kalla endurbætur á flugvöllum á framkvæmdir, einkum við flugstöðvar og flugskýli, og þannig eru þessir þættir samslungnir.

Till. gerir ráð fyrir ítarlegri úttekt á öllu því sem varðar þjónustu við farþega á innanlandsleiðum og samgöngur við áætlunarflugvelli. Líðan farþega er komin undir smáu og stóru allt frá upphafi ferðaundirbúnings til loka ferðar. Aðstæður á flugvöllum eru víða afleitar fyrir farþega og sums staðar á áætlunarflugvöllum er ekkert farþegaskýli að finna. Slíkt takmarkar að sjálfsögðu alla þjónustu við farþega og sérstök þörf er úrbóta í þeim efnum.

Á flugvöllum og í flugi reynir mikið á mannlega þjónustuþætti og greiðar upplýsingar fyrir farþega, eins og ég gat um í upphafi. Flestir starfsmenn flugfélaganna leggja sig fram í starfi innan þess ramma sem þeim er ætlaður, en oft reynir mjög á þá vegna þeirra hnúta sem myndast þegar tafir eru á flugi. Því er sérstaklega að því vikið að athuga hverra úrbóta sé þörf þegar þannig aðstæður skapast.

Sú staðreynd að flugfélögin hafa einokunaraðstöðu á tilteknum flugleiðum hefur ótvírætt þá hættu í för með sér að dregið sé úr þjónustu við farþega umfram það sem væri ef um virka samkeppni milli flugfélaga væri að ræða. Þessu þarf að mæta með skýrum reglum, sem flugfélögum sé gert að fara eftir varðandi þjónustu við farþega, og liður í því hlýtur að vera ákveðið lágmark starfsmanna m. a. til að sinna farþegum.

Erfið veðurskilyrði og bágbornar aðstæður á flugvöllum valda því oft að tafir verða á flugi, til mikilla óþæginda fyrir farþega og flugrekstur. Gera verður ráð fyrir slíku í þjónustu við farþega, á því er mikill misbrestur í innanlandsfluginu. Fólk situr jafnvel heilu og hálfu dagana í flugskýlum án þess að eiga kost á málsverði eða vera boðin hressing og falli flug niður milli daga þurfa menn að jafnaði að verða sér úti um náttstað á eigin kostnað, jafnvel leita heim til sín aftur um langan veg þegar um er að ræða flugvelli úti á landi. Hér eru aðstæður vissulega mjög mismunandi, en engar fastmótaðar reglur svo mér sé kunnugt um eru til um það til hvers sé ætlast af flugfélögunum við slíkar aðstæður. Þetta leiðir oft til árekstra og misskilnings til ama bæði fyrir farþega og starfsfólk flugfélaganna. Að mínu mati er eðlilegt að gera hér meiri kröfur til flugfélaganna en hingað til, en um það þarf vissulega að leita skynsamlegs samkomulags og fella það að veitingu á sérleyfum hverju sinni.

Í till. er gert ráð fyrir að lokið verði við þá úttekt, sem þar er lagt til að gerð verði, eigi síðar en 1. maí n. k. og henni verði skilað sem grg. til Alþingis. Ég tel eðlilegt að framlenging á sérleyfum flugfélaganna, sem mörg hver renna út um næstu áramót, verði gerð um takmarkaðan tíma með tilliti til þess að fyrir liggi niðurstöður úr þessari úttekt og þá verði hægt í reglubundinni framlengingu leyfa að taka þá þætti inn í sem varða þjónustu við farþega.

Í framhaldi af athugun þessara mála er síðan gert ráð fyrir því samkvæmt till. að unnið verði að æskilegum laga- og reglugerðarbreytingum til að tryggja sem besta þjónustu og eftirlit með þeim sem leyfi hafa til flugrekstrar og sérleyfi til fólksflutninga að og frá flugvöllum.

Aðbúnaður að flugi hérlendis hefur verið allt of lakur til þessa. Taka þarf þar á mörgum þáttum, en í því sambandi má farþeginn, ferðamaðurinn sjálfur, síst verða út undan.

Herra forseti. Eftir að umr. hefur verið frestað legg ég til að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Síðasti ræðumaður spurði hvað liði störfum þeirrar nefndar sem ég skipaði til að gera tillögur um framkvæmdir á flugvöllum og langtímaáætlun um flugvallagerð almennt í landinu ásamt flugskýlum. Ekkert liggur fyrir enn þá, en ég lagði áherslu á það við nefndina að fá áfangaskýrslu í lok þessa árs, en tillögurnar ekki fyrr en seinna. Ég þori ekki alveg að fullyrða hvenær því að ég hef það ekki fyrir framan mig.

Í sambandi við þessi mál almennt vil ég segja að það hefur verið stefna ríkisins, og burt séð frá því hvaða ríkisstjórn hefur verið, að ríkið hafi með að gera uppbyggingu flugstöðva í landinu og stjórn flugvalla og standi undir þeim kostnaði. Ég hygg að það sé ekki í mörgum atvinnugreinum sem orðið hefur jafnmikil fjölgun á starfsmönnum og einmitt í sambandi við flugið, öryggismál og stjórn flugvalla á undanförnum árum. Á hverju ári hafa verið teknar í notkun nýjar flugstöðvar, sem hafa verið að rísa upp, og einkum á flugvöllum sem er flogið reglubundið til og nokkuð oft þar sem farþegafjöldi hefur verið tiltölulega mikill. Á s. l. ári var tekin í notkun myndarleg flugstöð á Höfn í Hornafirði og í Aðaldal fyrir Húsavík. Í lok þessa árs verða teknar í notkun flugstöðvar á Þingeyri, Patreksfirði og í Stykkishólmi. Það hefur því markvisst verið unnið að því að byggja upp flugstöðvar. Fyrst og fremst hefur áherslan verið lögð á öryggi. Því sækjumst við fyrst og fremst eftir og það leggjum við höfuðáherslu á.

Við úthlutun sérleyfa til flugfélaga á þessum leiðum öllum, en ég held að það sé um hálfur fimmti tugur áætlunarflugvalla á landinu, en tiltölulega fáir flugvellir þar sem er um verulega umferð að ræða, þá hafa verið gerðar mjög strangar öryggiskröfur til íslenskra flugfélaga og flugáhafna og með þeim ágæta árangri, sem við getum glaðst yfir, að hér eru slys í áætlunarflugi mjög sjaldgæf sem betur fer. Hins vegar hafa stjórnvöld sett fram mörg ströng skilyrði við flugfélögin og m. a. það stranga skilyrði að halda niðri verði á flugfargjöldum áratugum saman. Þetta hlýtur að leiða af sér að flugfélögin geta ekki gert allt sem þau gjarnan vilja gera nema fá heimild til að hækka verulega fargjöld. Ef við berum saman fargjöld hér innanlands og fargjöld í nágrannalöndum okkar eru þau mun lægri hér á Íslandi en þar.

Hins vegar er það rétt hjá hv. flm. þessarar till. að víða er ekki nógu gott skipulag á ferðum til og frá flugvöllum. En ég fullyrði að orðið hafa gífurlega miklar breytingar á nokkrum árum á flugstöðvum á helstu flugvöllum landsins. Víða er það ástand núna í mjög góðu horfi. En þarna verður einnig að halda áfram að byggja upp og að því er markvisst stefnt eins og eðlilegt er.

Flugrekstrarleyfum og einkaleyfum til áætlunarflugs fylgja mörg skilyrði frá hendi stjórnvalda. Leiðir þær eru mismunandi góðar sem um er sótt. Sumar leiðir er fyrir fram vitað að verða reknar með miklum halla. Tvö félög skipta hér mestu máli vegna stærðar sinnar og þá sér í lagi Flugleiðir. Það eru ákaflega mismunandi góðar flugleiðir sem þar er um að ræða. En enginn getur fengið eina, tvær eða þrjár bestu leiðirnar, en látið sig hinar engu varða. Reynt hefur verið á undanförnum árum af stjórnvöldum, alveg sama hver hefur verið í *ríkisstj.*, að leggja ákveðna skyldu á þau félög sem um þessi leyfi hafa sótt. Hitt félagið, Arnarflug, er með minni vélar á tilteknum leiðum. Sumar þessar leiðir eru afar magrar og miklir erfiðleikar að halda flugi þar áfram.

Ég geri ráð fyrir því að við munum hafa í sambandi við þessi mál í fyrsta lagi náið samráð við flugmálastjórn, flugráð og rn. Við vinnum að því að bæta eins og hægt er þjónustu við farþega, en reynum að halda verði niðri eins og frekast er kostur því að ærið nógur er *skatturinn sem kemur á strjálbýlið þó að við færum ekki* allt of mikið út í einu. En áfram verður unnið að uppbyggingu á flugvöllum og í öryggiskerfinu.

Þær tvær framkvæmdir sem ég álít að séu langstærstar og skipti mestu máli eru bygging nýs flugvallar á Egilsstöðum, sem ég tel tvímælalaust stærstu og mest aðkallandi flugvallarframkvæmdina, og í öðru lagi er aðbúð í flugstöðinni í Reykjavík allsendis ófullnægjandi. Hér er um gamla flugstöð að ræða sem var upprunalega byggð af miklum vanefnum þó að margar mikilvægar endurbætur hafi verið á henni gerðar. Þetta tel ég langstærstu atriðin sem eru til meðferðar og skoðunar hjá þeirri nefnd sem fjallar núna um þessi mál.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Mér þótti rétt að segja örfá orð í tilefni af þessari þáltill. hv. 5. þm. Austurl. Ástæðan er sú að ég gegni formennsku í þeirri nefnd sem vitnað hefur verið til, bæði í grg. með þessari till. svo og í umr. hér í dag.

Sú nefnd, sem getið hefur verið um, var skipuð fyrri hluta þessa árs og henni er ætlað að skila áfangaskýrslu um áramót, eins og hæstv. samgrh. gat um, en að hafa skilað af sér þann 1. okt. 1986. Verkefni nefndarinnar er að gera áætlun um uppbyggingu flugvalla landsins og sérstaklega tilgreint að gera skuli áætlun um Egilsstaðaflugvöll, en það er sá flugvöllur, eins og hæstv. samgrh. gat um, sem af svokölluðum aðalflugvöllum landsins er í mjög slæmu ástandi og þarfnast mikillar lagfæringar. Hefur helst komið til greina að flytja flugbrautina um set til að bæta ástand þess flugvallar.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir að nefndin geri áætlun um uppbyggingu flugstöðvar í Reykjavík og byggi í því efni á starfi sem byggingarnefnd þeirrar flugstöðvar hefur unnið á undanförnum árum.

Ég vil hins vegar vekja athygli á að þessi mál tengjast mjög þeirri till. sem hér er flutt þannig að aðstaða flugfélaga til að rækja eðlilega þjónustu við farþega, eins og fram kemur í till., á að vera eitt af þeim verkefnum sem vinna ber að skv. tillögunni. Það kemur auðvitað mjög inn í uppbyggingu flugvalla landsins og þá aðallega uppbyggingu flugstöðva. Við nm. höfum litið á það sem eitt af okkar verkefnum í umfjöllun um uppbyggingu flugvalla að flugstöðvar séu þar meðtaldar, þjónusta við farþegana sé óaðskiljanlegur hluti í uppbyggingu flugvalla. Öryggið er að sjálfsögðu mjög mikilvægt, en aðstaða farþega á flugvöllum hlýtur að vera grundvallaratriði einnig. Þess vegna mundi sú áætlun sem við komum til með að skila frá okkur einnig taka til uppbyggingar flugstöðva, en eins og fram hefur komið af hálfu hæstv. samgrh. hefur mikið verið unnið að framkvæmdum á því sviði að undanförnu og allmargar nýjar flugstöðvar verið teknar í notkun og að því stefnt af hálfu flugmálastjórnar að reyna að staðla flugstöðvarbyggingar til að reyna að gera þær eins hentugar og ódýrar og möguleiki er.

Smæð okkar veldur því hins vegar að mjög erfitt er að halda uppi ýmiss konar þjónustu í tengslum við flugið. Það kemur t. d. fram í grg. með þessari till. að æskilegt *væri ef hægt væri að hafa aðstöðu til veitinga þar sem* það á við. Því miður hefur það reynst mjög erfitt. Ég nefni sem dæmi flugstöðina á Hornafirði sem er tiltölulega ný flugstöð, mjög vel úr garði gerð. Í henni er aðstaða til veitinga, sem byrjað var á eftir að flugstöðin komst *í gagnið, en því miður* hefur sá rekstur ekki gengið. Smæð markaðarins veldur því. Sú starfsemi er t. d. ekki gangandi núna. Hætt er við að svo verði á ýmsum öðrum stöðum þar sem farþegafjöldinn er ekki nægur til að standa undir slíkum rekstri.

Ég held, og það byggi ég á upplýsingum sem við höfum aflað okkur í þessari nefnd, að þó að margt megi segja varðandi þjónustu sjálfra flugfélaganna og þau verði oft fyrir aðkasti óánægðra farþega, t. d. þegar flug er fellt niður, sé niðurstaða okkar sú að mjög hafi breyst *um til hins betra á undanförnum árum í* þessu efni, þ. e. að flugfélögin hafi reynt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að bæta þjónustu við farþega, að sjálfsögðu miðað við aðstæður á hverjum stað, og menn geti treyst betur en áður þeim upplýsingum sem flugfé*lögin gefa varðandi áætlaðar ferðir.*

Þessum atriðum vildi ég aðeins vekja athygli á og þá ekki síst því að veigamikill þáttur þessarar till. fellur þegar undir það starf sem unnið er að á vegum þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem hér hefur verið vitnað til.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því, eins og fram kom í máli hæstv. samgrh., að flugstöðvar hafa skotið upp kollinum víða um land á undanförnum fáum árum og er það vel að slík þróun eigi sér stað.

Það er eitt atriði sem ég tel ástæðu til að minna á í sambandi við þessa umr. sem er ágæt og nauðsynleg. Það kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að verið væri að marka stefnu um byggingu flugstöðvar í Reykjavík og taka ákvörðun þar um. Vonandi verður það til þess að tekið verði af skarið um það að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram aðalflugvöllur landsins í innanlandsflugi. Um þetta hafa staðið deilur og það hafa verið uppi skoðanir um að flytja Reykjavíkurflugvöll út fyrir borgarmörkin. Ég tel augljóst mál að það sé ein af höfuðskyldum Reykjavíkur sem höfuðborgar að sinna flugumferðinni með þeim hætti sem verið hefur um áratuga skeið. Það er kannske ein af grundvallarskyldum höfuðborgarinnar að stytta þannig fjarlægðir milli landshluta, stytta þannig fjarlægðir milli byggða landsins og höfuðborgarinnar og auðvelda mönnum að komast þar á milli því vissulega er Ísland annað landið í Evrópu þar sem veður trufla mest flugsamgöngur og þeim mun meiri ástæða er til þess að hafa flugvöllinn við bæjardyrnar.

Það fara um það bil 350 þús. farþegar um Reykjavíkurflugvöll í innanlandsflugi á ári. Það undirstrikar aðeins nauðsyn þess að Reykjavíkurflugvöllur gleymist ekki í umræðum um aðbúnað og uppbyggingu vegna þess að sá flugvöllur er bæði ófullkominn varðandi flugaðstæður, flugbrautagerð og mætti vera mun fullkomnari varðandi aðbúnað fyrir flugfarþega.

Það er von á ákvörðun og stefnumörkun um uppbyggingu flugstöðvar og því ber að fagna, en ég vil leggja áherslu á það í þessari umr. að það verði tekið af skarið með framtíð Reykjavíkurflugvallar sem aðalflugvallar fyrir innanlandsflugið í landinu.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil nota tækifærið hér, áður en þessari umr. verður frestað, til að þakka hv. þm. og hæstv. ráðh. fyrir þeirra orð og upplýsingar í sambandi við þessi mikilvægu mál.

Ég tek að sjálfsögðu undir það með hæstv. ráðh. að öryggismálin eru þáttur sem ber að hafa í forgrunni í sambandi við flugmálin og flugrekstur og skilyrði í sambandi við flugferðir og einkaleyfi þar að lútandi. En eins og fram kemur í þeirri till. sem ég flyt hér er verið að leggja sérstaka áherslu á að það verði settar inn í flugrekstrarleyfin, inn í sérleyfin, skýrar reglur um skyldur flugfélaganna gagnvart farþegum, þessum stóra fjölda sem skiptir við flugfélögin. Og ég tók eftir því að hæstv. ráðh. tilgreindi engar sérstakar reglur sem í gildi væru um þetta atriði. Ég vænti að það sé ágreiningslaust hjá hv. alþm. að eðlilegt sé að setja slíkar reglur, þannig að aðilar sem fá sérleyfi, hvort sem er til flugs eða til sérleyfisreksturs á bifreiðum í tengslum við flug, séu skuldbundnir um að tryggja ákveðin lágmarksgæði þeirrar þjónustu sem þeir fá sérleyfi til að annast. Ég tel að þessum þáttum hafi verið gerð allt of lítil skil, ekki bara í þessu samhengi heldur gagnvart fleiri aðilum sem fá einkaleyfi hérlendis, það séu gerðar ákveðnar skilmerkilegar kröfur til þeirra um þá þjónustu sem þeir fá einkaleyfi til eða sérleyfi til að annast.

Á þetta vil ég leggja mikla áherslu, og ég fékk ekki séð af skipunarbréfi þeirrar nefndar sem hv. 4. þm. Reykv. er formaður fyrir að henni væri ætlað að taka á þessum þætti. Hitt er mér alveg ljóst og var ljóst við undirbúning þessarar till. að endurbætur á flugvöllum og flugskýlum, fjárfestingar af því tagi féllu undir verksvið nefndarinnar.

Ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. samgrh. varðandi áherslur á framkvæmdaþætti varðandi flugvelli. Eins og tekið var inn í skipunarbréf umræddrar nefndar er þar lögð áhersla á framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll og það er ánægjuefni að hæstv. samgrh. skuli setja þá framkvæmd efst á blað nauðsynjamála í sambandi við endurbætur á flugvöllum innanlands. Ástandið á Egilsstaðaflugvelli er með þeim hætti að það minnir nánast á sig á hverju ári þegar fella þarf niður flug þangað vegna ásigkomulags flugbrautar, sem getur verið lokuð dögum saman.

Á sama hátt tek ég undir það sem hér hefur komið fram um nauðsyn þess að bæta aðstæður á Reykjavíkurflugvelli til flugrekstrar með byggingu flugstöðvar og einnig ánægjuefni ef menn eru búnir að taka ákvarðanir í sambandi við staðsetningu slíkrar stöðvar og síðan uppbyggingu.

Vissulega höfum við allsendis ónógu fjármagni úr að spila í sambandi við flugmálin, jafngildur þáttur og þau eru orðin í samgöngum okkar innanlands. Það var ágreiningsefni stjórnarandstöðu, a. m. k. okkar Alþb.-manna, við núv. hæstv. ríkisstj. að veita beri uppbyggingu flugstöðvar í Keflavík þann forgang sem ákveðið var með heimild til 600 millj. kr. lántöku, sem samþykkt var hér í des. s. l., á sama tíma og fjárveitingar til fjárfestinga í flugmálum innanlands eru 12 sinnum minni, að ég hygg, en lántökuheimildin vegna flugstöðvar í Keflavík. Mig minnir þessi tala á fjárl. yfirstandandi árs vera röskar 50 millj. kr. samtals til fjárfestinga á flugvöllum landsins. En ég ætla ekki að gera þau atriði að öðru leyti hér að umræðuefni.

Ég legg aðeins að lokum áherslu á að á þessum þætti verði tekið og sú till. sem ég hef hér flutt fái þinglega meðferð og ég vona stuðning því að þeir hagsmunir sem þar er lagt til að verði teknir til meðferðar varða mjög marga eins og tölur vitna um, þá 600 þús. farþega og vel það sem ferðast á flugleiðum hér innanlands.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leit að brjóstakrabbameini, þáltill. 12. mál (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja till. til þál. sem er 12. mál þessa þings á þskj. 12 og er um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum. Meðflm. mínir að till. eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. En till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á heilbrrh. að tryggja það að komið verði á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með brjóstamyndatöku (mammografi).

Lagt er til að þessi hópskoðun verði hafin eins fljótt og unnt er."

Brjóstakrabbamein er langalgengasti illkynja sjúkdómur meðal kvenna hér á landi eins og víða erlendis og tíðni sjúkdómsins eykst stöðugt. Á Íslandi greinast nú um 70—90 konur á hverju ári með þennan sjúkdóm, en búast má við því að um 13. hver kona fái hann á lífsleið sinni. Nýgengi sjúkdómsins hefur aukist úr 36.8% af hverjum 100 þús. konum á árunum 1951—1955 upp í 58.2 af hverjum 100 þús. konum á árunum 1976—1980 eða um nær 60%. Dánartíðnin hefur hins vegar staðið nokkurn veginn í stað síðustu ár, en það deyja um 25 konur á ári úr þessum sjúkdómi.

Bætt tækni síðustu áratuga við skurðaðgerðir og geislameðferð, auk lyfjameðferðar, hefur því miður ekki aukið verulega batahorfur sjúklinga. Það sem virðist hins vegar hafa úrslitaþýðingu, eins og við flestar aðrar tegundir krabbameina, er stærð æxlisins þegar það er greint og hvort það hefur náð að breiðast út. Meginatriðið til að lækka dánartíðni er að finna æxlið snemma meðan það er enn lítið og staðbundið. Skoðun með þreifingu hefur verið mikið notuð, bæði við hópskoðun og eins við sjálfsskoðun, en þessi aðferð er bæði óörugg og ófullnægjandi til að finna mjög lítil æxli.

Margt bendir til þess að skipuleg leit meðal kvenna þar sem teknar eru röntgenmyndir af brjóstum lækki dánartíðni af völdum brjóstakrabbameins meðal kvenna. Í rannsókn á stórum hópi kvenna í New York, þar sem notuð var bæði þreifing og röntgenmyndataka, varð um 38% lækkun á dánartíðni fyrstu 5 árin. Í nýrri rannsókn í Hollandi, þar sem báðum aðferðum er beitt, kemur fram enn meiri lækkun á dánartíðni eftir 7 ár eða um 50%. Í rannsóknum sem nú standa yfir bæði í Hollandi og Svíþjóð, þar sem eingöngu er notuð brjóstamyndataka, greinast meira en helmingi fleiri krabbamein en finnast mundu við fyrstu hópskoðun með þreifingu einni saman og jafnmikið og greinst hefði á þremur árum án hópskoðunar.

Við brjóstamyndatöku finnast um 60—70% af æxlum á fyrsta stigi, þ. e. án meinvarpa, en við venjulega læknisleit finnast meinvörp í 70% tilfella. Álitið er að meðal kvenna sem finnast með brjóstakrabbamein á 1. stigi lifi meira en 90% þeirra lengur en 10 ár. Meðal kvenna sem finnast með sjúkdóminn á 2.—3. stigi er dánartíðnin eftir 5 ár 50—60%. Framangreindar niðurstöður benda eindregið til þess að draga megi mjög úr meðferðar- og sjúkrahúskostnaði með því að finna brjóstakrabbamein þegar á fyrsta stigi.

Röntgenmyndataka af brjóstum má teljast hættulaus rannsókn þar sem geislaskammtur er mjög lítill og rannsóknin er nánast óþægindalaus.

Árið 1981 fól þáv. heilbrmrh. landlækni að kalla saman vinnuhóp sérfræðinga sem fékk það hlutverk *annars vegar að gera áætlun um hvernig haga bæri* allsherjarleit að brjóstakrabbameini með brjóstamyndatöku fyrir ákveðna aldurshópa kvenna hér á landi og hins vegar gera áætlun um þann kostnað sem þessu mundi verða samfara. Þessi vinnuhópur var kallaður Mammografíunefndin. Í henni hafa átt sæti Gunnar Hall frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, Hrafn Tulinius prófessor og yfirlæknir krabbameinsskráningar Krabbameinsfélags Íslands, Kolbeinn Kristófersson fyrrv. prófessor og yfirlæknir röntgendeildar Landspítalans, Kristján Sigurðsson yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins, Ólafur Ólafsson landlæknir, Skúli Johnsen borgarlæknir og Sigurður Björnsson sérfræðingur í lyflækningum krabbameina.

Í apríl 1984 var haldinn á Íslandi alþjóðlegur fundur um gildi hópskoðunar til að greina brjóstakrabbamein á frumstigi. Fundurinn var haldinn á vegum landlæknisembættisins, Krabbameinsfélags Íslands og Alþjóðakrabbameinsstofnunarinnar í Lyon í Frakklandi. Á grundvelli þeirra niðurstaðna sem fengust á fundinum hefur Mammografíunefndin lagt til eftirfarandi:

1. Ráðlegt er að hefja nú þegar undirbúning að kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini á Íslandi. Lagt er til að öllum konum á aldrinum 40—69 ára verði boðin skoðun á tveggja ára fresti. Auk þess er lagt til að allar konur 35 ára verði skoðaðar einu sinni til þess að fá viðmiðunarmynd til samanburðar við seinni rannsóknir.

2. Við teljum eðlilegt að þessi rannsókn, þ. e. brjóstamyndataka, tengist leghálskrabbameinsrannsókn Krabbameinsfélags Íslands og verði því framkvæmd af félaginu.

3. Áætlaður kostnaður á ári við skoðun um 15 000 kvenna með brjóstamyndatöku er 7—8 millj. kr.

Húsnæði mun vera falt til að framkvæma þessa rannsókn í hinu nýja húsi Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 og mundi rannsóknin hefjast smám saman eftir því sem aðstaða byggðist upp.

Eðlilegt og sjálfsagt er að reka þessa leitarstarfsemi í tengslum við þá leit að leghálskrabbameini sem þegar fer fram á vegum Krabbameinsfélagsins. Er í því sambandi vert að minnast á hinn mikla og góða árangur sem orðið hefur hér á landi í leit að leghálskrabbameini og greiningu þess á frumstigi. Hefur hann leitt til þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin valdi Ísland sem fyrirmyndarland fyrir aðrar þjóðir til eftirbreytni á þessu sviði. Er það ekki síst að þakka ötulu starfi brautryðjenda eins og Guðmundar heitins Jóhannessonar læknis, en mig langar að vitna til skrifa hans á árinu 1981 í tímaritið Heilbrigðismál, með leyfi forseta. Guðmundur segir:

„Ég tel að taka eigi upp brjóstaskoðanir með mammógrafíu á öllum konum 35 ára og eldri annað hvert ár. Yrði byrjað á Reykjavíkursvæðinu og konur á landsbyggðinni rannsakaðar á sama hátt samtímis og leghálsleitin væri framkvæmd. Það er ánægjulegt til þess að vita að heilbrigðisyfirvöld hafa sýnt þessu máli áhuga. Fljótlega verður skipuð nefnd til að gera tillögur um skipulega leit að brjóstakrabbameini með röntgenmyndatökum. Með það í huga hve margar konur deyja úr brjóstakrabbameini er ljóst að allt verður að gera sem unnt er til að flýta greiningu meinsins og auka þannig lífslíkurnar."

Þess skal getið hér að takmörkuð hópskoðun með brjóstaröntgenmyndun hefur verið framkvæmd á röntgendeild Landspítalans síðan 1973. U. þ. b. 2000 konur hafa verið sendar þangað á hverju ári eftir að skoðun hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hefur leitt í ljós grunsamlegar breytingar. Þetta er þó aðeins lítið brot miðað við almenna hópskoðun með röntgenmyndatöku.

Í febr. s. l. undirritaði hæstv. heilbrmrh. fyrir Íslands hönd samning um forvarnarverkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Þarna er um að ræða samvinnuverkefni tíu Evrópuþjóða um forvarnir gegn ýmsum sjúkdómum, m. a. krabbameini. Það er tímanna tákn því að heilsuvernd

nútímans og framtíðarinnar stefnir sífellt meira frá því að vera dýr viðgerðarþjónusta í þá átt að koma í veg fyrir sjúkdóma með fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum eða að öðrum kosti að greina þá og meðhöndla á byrjunarstigi.

Í þeim rekstrarkostnaði sem ég nefndi áðan upp á 7—8 millj. kr. er innifalinn stofnkostnaður, en afskrift tækja dreifist á u. þ. b. fimm ára tímabil. Er þá miðað við tæplega 500 kr. kostnað á hvern einstakling sem fer í skoðun. Það er vert að geta þess hér að áætlaður rekstrarkostnaður á ári við slíka skoðun mun jafngilda þeim kostnaði sem bundinn er við það að reka 5—10 sjúkrarúm á ári.

Með því að greina snemma krabbamein í brjósti kvenna er unnt að bjóða þeim upp á vægari, mannúðlegri og árangursríkari meðferð. Þar sem brjóstakrabbamein er algeng dánarorsök kvenna allt að 55 ára aldri og veldur dauða um 25 íslenskra kvenna árlega er hér um augljóst og mikilvægt réttindamál kvenna að ræða að draga úr dánartíðni af völdum þessa sjúkdóms.

Ég treysti því að hæstv. heilbrmrh. og hv. þm., þó að þeir sitji ekki margir hér við þessa umr. og hlusti á, því miður, sýni þessu máli verðskuldaðan skilning og velvilja og tryggi það að þessi hópskoðun verði hafin eins fljótt og unnt er.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skil vel áhuga allra þeirra sem vilja bæta forvarnarstarf á sviði heilbrigðisþjónustu.

Þegar kemur að einstökum þáttum forvarnarstarfs er okkur mikill vandi á höndum. Allt frá 1974 hefur verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu heilsugæslustöðva í landinu. Einnig hafa félagasamtök eins og Krabbameinsfélagið og Hjartavernd unnið mikið starf. Leghálsskoðun á vegum Krabbameinsfélagsins og sá árangur sem hún hefur skilað hefur vakið mikla athygli, heimsathygli.

Þegar kemur að hópskoðun almennt er það svo að á undanförnum árum hafa í ýmsum löndum verið settar fram hugmyndir um nokkra sjúkdóma sem mætti reyna að fyrirbyggja með slíkum skoðunum. Miklar umræður hafa orðið meðal fræðimanna um kosti og galla þessara skoðana. Hópskoðanir með brjóstamynd hafa ekki farið varhluta af þessari umræðu. Í niðurstöðu af hópvinnu, sem ýmsar rannsóknarstofnanir á sviði heilbrigðismála í Danmörku efndu til í árslok á s. l. ári og sagt er frá í ítarlegri skýrslu sem ég hef kynnt mér, kemur skýrt fram hversu flókin þessi mál eru. Þar segir m. a. í lauslegri þýðingu:

„Það eru ekki til öruggar sannanir fyrir því að greining krabbameins í brjósti á frumstigi með röntgenbrjóstaskoðun eða markvissri sjálfsskoðun lengi lífið. Í bandarískri rannsókn, HIP, sem hófst um miðjan sjöunda áratuginn var þó dregin sú ályktun að á ákveðnu tímabili eftir skoðun fækkaði dauðsföllum hjá konum eldri en 50 ára. Þessi bandaríska rannsókn var byggð á röntgenbrjóstaskoðun samfara klínískri skoðun. Líklega mun sænsk rannsókn, sem byggir á einni röntgenmynd í brjósti en án læknisskoðunar, geta veitt ákveðnari svör við spurningunni hvort röntgenbrjóstaskoðun auki líflíkur. Að öðru jöfnu mun kona lifa lengur eftir aðgerð á brjósti vegna krabbameins þeim mun minna sem æxlið er þegar aðgerð er gerð. Þetta skýrist hugsanlega af því að æxlið hefur þá enn ekki vaxið mjög lengi, þ. e. konan fær vitneskju um sjúkdóminn fyrr en ella. Hún lifir því lengur eftir aðgerðina án þess að sannað sé að ævilíkur hafi þess vegna aukist. Þetta þýðir í reynd að meta verður það aukna tímabil sem konan veit um sjúkdóminn með þar af leiðandi ótta og ugg um ótímabæran dauða vegna hans á móti hugsanlegum ávinningi af minni aðgerð en ella þyrfti."

Af þessu og fleiru má það vera ljóst að enn er ónunnið mikið rannsóknarstarf á sviði hópskoðana með brjóstamyndatöku. Ég er mjög fylgjandi því að hér sé haldið uppi rannsóknum á því hvernig fjármunum íslensku þjóðarinnar sé best varið, bæði til að fyrirbyggja sjúkdóma og einnig til þess að lækna þá. Mér er hins vegar ekki ljóst hvernig við eigum að fjármagna alla þá starfsemi sem við viljum halda hér gangandi. Sem dæmi langar mig að segja að Svíar ætla að af hverjum 1000 konum sem koma til hópskoðunar með einni brjóstamynd megi reikna með að taka þurfi aftur mynd af u. þ. b. 50 konum. Af þeim þurfi að gera ástungu ásamt frumusjárrannsókn á 25 konum og af þeim þarf síðan að leggja 12 á sjúkrahús til frekari rannsóknar. Af þeim sem lagðar eru á sjúkrahús má reikna með að hjá 7 finnist illkynja sjúkdómur. Sænskir útreikningar benda til að slík rannsókn með sjúkrahúsvistun og öðru sem henni fylgi kosti fyrir hvern hóp kvenna um 200 þús. sænskar kr.

Ég geri ráð fyrir að kostnaður hér yrði ekki minni og þar styðst ég við áætlanir sem ég óskaði eftir að yrðu gerðar. Niðurstaða þess er sú að reikna má með að 15 þús. skoðanir á ári muni kosta u. þ. b. 12 millj. ísl. kr. Þessu til viðbótar verður að segjast eins og er að enn skortir mikið á að aðstaða hér á landi til meðferðar þeirra sjúklinga sem þannig finnast með illkynja sjúkdóma sé eins og hún gerist best í nágrannalöndum okkar.

Ég hef lagt á það mikla áherslu að við gerum átak til að stuðla að bættri meðferð krabbameinssjúklinga. Það var gert við afgreiðslu síðustu fjárlaga, en er mikið mál og hefur verið erfitt viðureignar í öllu því niðurskurðartali sem verið hefur. Í landi þar sem þjóðarframleiðsla hefur dregist saman, eins og hér hefur gerst síðustu þrjú ár í röð, er oft þröngt fyrir allar nýjungar í heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisþjónustan hefur ekki dregist saman að sama skapi og þjóðarframleiðsla og eru útgjöld til hennar nú yfir 10% af vergri þjóðarframleiðslu og enn er margt ógert.

Á þessum fyrstu dögum þingsins hefur annarri þáltill. verið dreift af sömu flm., þ. e. hvernig eigi að veita athvarf unglingum yngri en 18 ára sem eru illa haldnir andlega og líkamlega vegna fíkniefnaneyslu. Í áætlun Ríkisspítala og heilbrmrn. er gert ráð fyrir unglingageðdeild sem er áætlað að kosti u. þ. b. 12 millj. kr. á ári.

Það eru jafnframt uppi tillögur um aukna rannsóknarstarfsemi á sviði ónæmisfræði sem áætlað er að kosti u. þ. b. 3 millj. kr. Á því sviði eru nú miklar framfarir og því nauðsynlegt að fylgjast vel með. Má þar minna á nýveitt nóbelsverðlaun í læknisfræði á ónæmissviðinu.

Ég vil einnig minna á að hjartaskurðlækningar stendur til að flytja til landsins og nú er unnið að endurbótum á rannsóknaraðstöðu. Þær endurbætur eiga að vera tilbúnar um eða eftir næstu áramót og kosta mikla

fjármuni. Í framhaldi af því verður stefnan að taka inn hinar almennu kransæðaskurðlækningar sem allra fyrst.

Það er því í mörg horn að líta. Við verðum að velja og hafna, gæta þess að nýta það fjármagn sem fyrir hendi er eins og best verður á kosið. Ég tel að af þeim nýjungum sem hér er um að ræða séu hjartaskurðlækningar næsta skrefið eftir að rannsóknarstarfseminni sleppir. En samhliða því verðum við að stíga það skref, sem ég legg á mikla áherslu, að hefja á næsta ári byggingu K-byggingarinnar, sem ég hef áður lýst hér á þingi, með þeim árangri að geta tekið hana í notkun innan fjögurra ára.

Ég tel líka mikilvægt það skref sem stigið var og hv. flm. þessarar till. gerði að umræðuefni, sem er aukin samstaða og samvinna okkar við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina eða Evrópudeild hennar og sá samningur sem ég undirritaði þar snemma á þessu ári. Nú hefur verið ráðinn yfirlæknir í rn. til að vinna að því máli. Við verðum að nýta sem best samvinnu á þessu sviði. Við erum að mörgu leyti vegna fæðar okkar hópur sem er gott fyrir stærri og margfalt fjölmennari þjóðir að taka þátt í samvinnu með. Ef við getum hagað málum með þeim hætti að fá framlög þar til þess að fara út í framkvæmdir á þessu sviði tel ég að það eigi að flýta fyrir að út í þær sé farið. En um þessi mál liggur ekkert endanlega fyrir enn þá þó að allt sé rétt sem hv. flm. hafði hér eftir og vitnaði í svokallaða Mammógrafíunefnd sem skilaði ákaflega stuttu áliti í júlílok í sumar sem þarf að fara töluvert betur yfir.

Hvað varðar hópskoðanir með brjóstamyndatöku verður að fylgjast mjög náið með erlendum rannsóknum á því sviði. Mér vitanlega hefur enn engin erlend þjóð hafið slíkar skoðanir fyrir allar konur í ákveðnum aldurshópum þó að það hafi verið gert í minni hópum sem er auðvitað miklu viðráðanlegra.

Ég er því mjög fylgjandi að við tökum þátt í þessu rannsóknarstarfi, eins og fyrri aðgerðir og ákvarðanir mínar bera vott um, en miðað við núverandi fjárhag ríkissjóðs og önnur forgangsverkefni í heilbrigðisþjónustu verður slíkt vart framkvæmt nú með opinberri fjármögnun hér heima einni saman. Ég legg — svo ég sé ekki að dylja þingheim þess — meiri áherslu á hin tvö stórverkefnin sem ég nefndi þó að ég vilji mjög gjarnan leggja einnig áherslu á þetta. Þar verður fyrst og fremst að ráða hvernig gengur að fá fjármagn til þessara hluta.

Á milli mín og flm. þessarar þáltill. er enginn ágreiningur. Við höfum sama áhugann fyrir málinu og sennilega allir flokkar og þessi nefnd sem skipuð var af fyrrv. heilbrmrh. á árinu 1981 þó hún hafi ekki skilað áliti fyrr en í lok sjöunda mánaðar þessa árs. Allt tekur sinn tíma. Ýmsum fleiri hefur verið falið að fylgjast með þessu. Sérstaklega legg ég mikla áherslu á það samstarf sem nú þegar er hafið við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina. Við höfum rætt ítarlega við bæði þann sem er nú að láta þar af störfum og sömuleiðis við nýjan framkvæmdastjóra Evrópuráðs Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar sem tekur við um næstu áramót. Ég bind miklar vonir við gott samstarf við hann einnig ekki síður en við þann sem er að fara, dr. Kaprio.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. 3. þm. landsk. fyrir að hafa beitt sér fyrir því að flytja þetta mál og hæstv. heilbrmrh. fyrir þau orð sem hann lét hér falla áðan um þennan málaflokk sem á sér þegar margra ára sögu.

Ég hygg að það hafi verið nokkuð snemma á árinu 1981 að Guðmundur Jóhannesson kom í heilbrmrn. og lagði fram sínar hugmyndir um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum. Þær hugmyndir voru teknar til athugunar í rn. og upp úr því varð til sú nefnd sem síðan hefur skilað áliti eins og gerð var grein fyrir fyrr í þessum umr.

Ég tel að það hafi komið fram hjá hæstv. heilbrmrh. að efasemdir um þetta mál byggjast fyrst og fremst á fjárhagslegum forsendum. Ég hygg að efasemdir út frá læknisfræðilegum forsendum geti tæplega verið til í þessu efni, eins og kom mjög glöggt fram í máli hv. flm. Og þó að engin þjóð hafi enn þá byrjað kerfisbundnar rannsóknir af þessu tagi breytir það ekki því að Íslendingar eiga í málum eins og þessum að reyna að nýta sér kosti fámennisins og setja af stað rannsóknir af þessum toga ef nokkur kostur er. Slíkar rannsóknir með kerfisbundnum hætti á Íslandi koma einnig öðrum til góða. Það má mikið vera ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mundi ekki sýna kerfisbundnum rannsóknum af þessu tagi sérstakan áhuga. Ég minni á að hún hefur í rauninni þegar fjallað um forvarnarstarf hér á landi, talið Ísland ákjósanlegan vettvang fyrir kerfisbundið forvarnarstarf, og ég hygg að það gæti vel komið til greina að heilbrmrn. ræddi sérstaklega við Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að hún komi til skjalanna varðandi það að setja þessar rannsóknir af stað hér á landi.

Ég minni á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur áður lagt fjármuni í rannsóknir á Íslandi og spurningin er hvort ekki væri hugsanlegt að kanna það einnig í þessu tilviki. Ég vil sem sagt beina því til hæstv. heilbrmrh. að taka það til athugunar.

Hitt er auðvitað rétt, sem hann tók fram, að það hafa komið fram þau sjónarmið á undanförnum árum að rannsóknir af þessum toga orkuðu tvímælis út frá fjárhagslegum forsendum og þó að menn eins og Guðmundur Jóhannesson, Ólafur Ólafsson, Hrafn Tulinius o. fl. legðu mikla áherslu á þessar rannsóknir hér á landi varð ég líka var við það hjá forustumönnum í heilbrigðisstéttum á minni tíð í rn. að menn töldu að ekki væri endilega 100% víst að við ættum að setja þetta verkefni inn í forgangsröðina.

En aðalatriðið er auðvitað það í þessu efni, sem hæstv. ráðh. kom að, að Alþingi sjái heilbrmrn. fyrir fjármunum til þess að þessar rannsóknir verði framkvæmdar. Ég minni á að hér fer senn fram 1. umr. um fjárlög fyrir árið 1985. Vafalaust er eðlilegt að taka á þessu máli sérstaklega í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna og kanna að hve miklu leyti Alþingi er tilbúið að tryggja heilbrmrn. fjármuni til að fara út í þær rannsóknir sem hér er gerð tillaga um að hafnar verði með hópskoðunum.

Annars komu fram í ræðu hæstv. heilbrmrh. mörg atriði varðandi almenn heilbrigðismál sem mig langar til að gera örlítið að umtalsefni. Ráðh. upplýsti að Íslendingar eyða núna 10% af þjóðarframleiðslunni í heilbrigðisþjónustu. Ég hygg að þetta sé hæsta hlutfallstala í heimi. Við höfum verið að hækka mjög verulega að undanförnu. Bæði höfum við verið að taka upp nýjar heilbrigðisstofnanir á undanförnum árum og það er enn í undirbúningi og auk þess hefur þjóðarframleiðslan minnkað þannig að hlutfallið af kostnaði við heilbrigð-

isþjónustu af vergri þjóðarframleiðslu hefur farið mjög vaxandi að undanförnu. Ég hygg að til þess að mæta þessari staðreynd sé óhjákvæmilegt að menn átti sig á því betur en við höfum gert til þessa og betur en Alþingi hefur gert til þessa hvaða átriði það eru sem Alþingi er sammála um að setja fremst í forgangsröðina. Ég tel að eðlilegt væri að fram færi hér á Alþingi á ári hverju umr. um stefnumótun í heilbrigðismálum þar sem farið yrði yfir verkefnin með svipuðum hætti og gert er varðandi önnur verkefni á vegum opinberra aðila, eins og t. d. vegaframkvæmdir. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir alla alþm. að átta sig á því hvað þetta dæmi er þröngt nema þjóðin sé tilbúin að eyða mikið hærri hluta af sinni þjóðarframleiðslu í heilbrigðismál en hún er þegar tilbúin til að gera. Þá er ég að tala um vilja hennar, þann vilja sem birtist hjá þeim mönnum sem sitja á hv. Alþingi, þ. e. hversu langt er Alþingi tilbúið að ganga til að sækja fjármuni í heilbrigðisþjónustuna. Mér hefur ekki skilist að menn væru tilbúnir að ganga mikið lengra í þeim efnum en þegar er gert. Ef menn eru ekki tilbúnir að ná í aukna fjármuni þarf að benda á hvar á að færa til í þeirri heilbrigðisþjónustu sem þegar er á móti þeim nýju verkefnum sem ákveðið er að kosta fjármunum til. Ég held að það væri hollt fyrir alþm. og það væri gott fyrir heilbrmrn. að þessi mál væru rædd hér af fullu raunsæi því að hérna á Alþingi standa uppi oft og tíðum kröfur um tugmilljóna, hundruð milljóna króna útgjöld í heilbrigðismálum á sama tíma og sömu aðilar eru jafnvel með hugmyndir um að skera mjög verulega niður þá samneyslu sem þegar er til í þjóðfélaginu og er fólgin í sköttum.

Hæstv. heilbrmrh. nefndi nokkur verkefni sem hann teldi að væri mjög mikilvægt að fara út í. Ég tek alveg undir það t. d. að setja af stað skurðdeild fyrir hjartasjúkdóma. Ég held að það sé ekki einasta skynsamlegt frá heilbrigðissjónarmiði heldur sé það hreinlega fjárhagslega skynsamlegt. Það var sýnt fram á það hér í fyrra í umr. um þetta mál að skynsamlegt er að setja af stað deild fyrir hjartaskurðlækningar hér á landi. Þannig er ekki verið að gera neitt annað en það að efna til kostnaðar á Landspítalanum sem sparast í sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Þar er sem sagt dæmi um verkefni þar sem verið er að flytja til fjármuni innan heilbrigðiskerfisins. Þar er ekki um að ræða verkefni sem tekur til sín nýja viðbótarfjármuni.

Ég hygg líka að ef þetta dæmi, kerfisbundnar rannsóknir á brjóstakrabbameini hjá konum, væri reiknað til enda kæmust menn fljótlega líka að þeirri niðurstöðu að þar er ekki eingöngu um að ræða kostnaðarauka, ný fjárútlát, heldur líka sparnað varðandi heilbrigðisþjónustuna á síðari og dýrari stigum. Það vill verða svo að þegar t. d. fjárlaga- og hagsýslustofnun er að reikna út kostnað við heilbrigðisþjónustuna hér skoðar hún aldrei þennan flöt á málinu, aldrei nokkurn tíma, fæst aldrei til að líta á það, heldur lítur eingöngu á þann bruttókostnaðarauka sem verður til þegar efnt er til viðkomandi starfsemi. Fjárlaga- og hagsýslustofnun fæst aldrei til að líta á þann sparnað sem hlýst annars staðar í heilbrigðisþjónustu okkar af t. d. rannsóknarstarfsemi eins og þeirri sem hér er verið að leggja til. Eg held þess vegna að heilbrmrn. þurfi að gjalda varhug við áætlunum fjárlaga- og hagsýslustofnunar nú eins og áður. Það er afskaplega þröngt sjónarhornið þegar menn nálgast heilbrigðisþjónustuna þar, eins og núv. ráðh. veit vafalaust og þekkir af langri reynslu.

Ég held að þarflegt væri að menn færu aðeins yfir það hér í umr. á hv. Alþingi — þó fáir séu viðstaddir eru það væntanlega þeir sem nenna og þeir sem hafa áhuga — hvað það er sem er dýrt í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi. Hvað er það sem er dýrt? Ég hef heyrt menn setja á langar ræður um að heilsugæslan sé hér allt að drepa, heilsugæslustöðvarnar séu að ríða þjóðarbúinu á slig vegna þess að þær séu svo dýrar. Staðreyndin er hins vegar sú að heilsugæslan í landinu er sáraódýr. Öll heilsugæsla og heilsuvernd er sáraódýr. Það sem er dýrt í heilbrigðisþjónustunni eru sjúkrahúsin eins og þau hafa verið rekin hjá okkur á undanförnum árum. Ég held að við ættum að gjalda varhug við fullyrðingum um að heilsugæslustöðvarnar hafi þanið út kostnað heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi. Það er alger fjarstæða. Reksturinn t. d. á B-álmu Borgarspítalans, svo ég nefni dæmi um stofnun sem er núna verið að taka í notkun, er á við margar heilsugæslustöðvar á ári hverju. Ég held að við eigum að slá skjaldborg um heilsugæsluna og heilsuverndina, en reyna hins vegar með tilflutningum á fjármagni að spara fyrir nýjungum í heilbrigðisþjónustunni í þeim greinum sem einkum lúta að sjúkrahúsarekstrinum.

Aðalerindi mitt upp í stólinn var auðvitað að þakka fyrir þessa umr. og skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að beita sér fyrir því að það verði unnin á Alþingi áætlun um forgangsverkefni í heilbrigðismálum til nokkurra ára þannig að Alþingi fái sjálft að horfast í augu við þann veruleika sem rekstur heilbrigðisþjónustunnar er, sem tekur núna til sín, eins og sagt var, 10% af vergri þjóðarframleiðslu.

Að lokum fagna ég því alveg sérstaklega að það hefur verið ráðinn starfsmaður í heilbrmrn. til að vinna að þessum samningi um forvarnarverkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Ég tel það fagnaðarefni að Ísland skuli vera aðili að þessum samningi með þeim hætti sem ákveðið hefur verið. Ég vil einnig láta í ljós að ég tel ánægjulegt að heilbrmrn. lítur enn þá svo á að unglingageðdeild sé tvímælalaust eitt af forgangsverkefnunum í heilbrigðismálum. Í þessu sambandi vildi ég hins vegar leggja spurningu fyrir hæstv. heilbrmrh. Ég get þó auðvitað gert það með skriflegum hætti síðar ef menn vilja. Hvað líður störfum nefndar sem átti að gera tillögur um stefnumótun í geðheilbrigðismálum og hafði skilað nokkrum áfangaskýrslum þegar á árinu 1983 og hafði ákveðið að taka til við sérstök vandamál unglinganna að ég held á miðju s. l. ári? Er komin skýrsla frá nefndinni varðandi geðræn vandamál unglinga sérstaklega og meðferð þeirra?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við síðustu fsp.: Sú skýrsla liggur ekki endanlega fyrir. Hins vegar liggja fyrir allmiklar upplýsingar sem að er unnið í rn. um þessar mundir.

Samstarf við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina er þegar hafið með þeim hætti að við vinnum að því að reyna að fá Alþjóðaheilbrigðisstofnunina til samstarfs og fjárhagslegrar aðstoðar af því hér væri um viðamikið verkefni að ræða sem aðrar þjóðir gætu notið mjög góðs af og þar með starfsemi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Að þessu er unnið og þetta verður eitt af

þeim verkefnum sem hinn nýi yfirlæknir tekur við, en hann byrjar í rn. eftir örfáa daga.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um heilsugæslustöðvar og forvarnarstarf. Ég hef fyrir löngu gert mér ljóst að forvarnarstarfið er mjög mikilvægt og tiltölulega ódýrt miðað við margt annað. Á öllum þeim fundum sem ég hélt í sumar vítt og breitt um landið, það voru 14 fundir, gerði ég þessi mál að umræðuefni í yfirlitserindi sem ég flutti. Ég tel að þeir fundir hafi verið mjög gagnlegir sem fræðslufundir fyrir almenning, sveitarstjórnarmenn og síðast en ekki síst starfsfólk í heilbrigðiskerfinu. Enn fremur voru á þessum fundum fluttir fyrirlestrar af sérfræðingum, bæði úr læknastétt og sömuleiðis einnig um rekstur sjúkrahúsa og sjúkrastofnanna, og þar komið mjög ítarlega inn á þessi mál, bæði ég og sömuleiðis þeir allir í sínum erindum á eftir.

Ég tek að mörgu leyti og eiginlega að öllu leyti undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði. Það er nauðsynlegt að ræða í hvaða röð við eigum að taka verkefni fyrir. Þegar ég sagði áðan að ég teldi framhald í hjartalækningum vera að koma á hinum almennu kransæðaskurðlækningum er mér alveg ljóst að meðferð sjaldgæfra hjartasjúkdóma tökum við ekki inn í landið á næstu árum. Við erum það lítið þjóðfélag. En þessi mál voru ítarlega rædd hér á Alþingi og þá voru allir á því og menn sættust á það að fyrsta skrefið væri að koma rannsóknastarfseminni í eðlilegt og fullkomið horf og síðan yrði undinn bráður bugur að því að hefja hjartaskurðlækningar. Enn fremur hefur mjög verið rætt um hina margumtöluðu K-byggingu sem ég hef átt í æðimiklu stríði við fjárlaga- og hagsýslustofnun um eins og fleira. Þau orð sem hv. 3. þm. Reykv. lét falla um þá stofnun ætla ég ekki að verja því ég sæki ekki mikinn læknisfræðilegan fróðleik til hennar, en því miður virðast stundum ekki vera allt of opin augu fyrir því sem nauðsynlegt er að gera og sem hefur einnig fjárhagslegan ávinning þegar fram líða stundir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. Hv. 3. þm. Reykv. og fyrrv. heilbrmrh. hefur þegar sagt ýmislegt af því sem ég vildi sagt hafa hér.

Ég stóð fyrst og fremst upp til að taka undir þessa till. Vissulega hefur verið hellt hér inn á Alþingi á síðustu dögum tugum till. sem krefjast mikilla fjármuna og þó að þar sé um mörg góð mál að ræða virðist ekki alltaf vera horft til þess hver verkefni skyldu hafa forgang og hver ekki. Að þessu leyti er sú þáltill., sem hér liggur fyrir, nokkur undantekning, þykir mér, í fyrsta lagi vegna þess að hún krefst ekki gífurlega mikilla fjármuna, en tvímælalaust má vænta mikils árangurs yrði þessi hópleit að brjóstakrabbameini að veruleika. Menn tala um hvað slíkt mundi kosta. Ég tek undir að það er stundum dálítið einhliða útreikningur. 8 ára barni, sem missir móður sína, er búið að greiða, þegar það verður 18 ára gamalt, 240 þús., lauslega reiknað, í barnalífeyri, en það er nánast sú upphæð sem hér var talað um að mundi kosta að annast það sem slík hópskoðun kynni að leiða í ljós. Stundum er peningalegur útreikningur ekki alveg einhlítur.

Hins vegar hefur þessi umr. leiðst út í umr. um heilbrigðiskerfið í heild. Sannleikurinn er sá að vera kynni að heilbrigðiskerfið á Íslandi sé svo dýrt sem það er vegna þess að það hefur fengið að þróast tiltölulega skipulagslaust. Eftir því sem ég kemst næst sýnist mér að eina skipulagða átakið í heilbrigðismálum af hálfu yfirvalda á Íslandi hafi eimitt verið uppbygging heilsugæslukerfisins. Við kunnum þá sögu mætavel hvernig ýmsar stofnanir hafa orðið til. SÍBS byggði sínar stofnanir, Krabbameinsfélagið setti sína starfsemi af stað, SÁÁ hefur nú þegar stofnun hér í borg í rekstri. Vitaskuld endar þetta alltaf með því að ríkið yfirtekur svo rekstur þessara stofnana. Annað væri óhugsandi. Þetta þarf ekki endilega að vera góð aðferð við að byggja upp heilbrigðisþjónustu þó að framtakið sé góðra gjalda vert. Hið sama gildir oft um aðgerðir heilbrigðisyfirvalda og raunar annarra yfirvalda.

Ráðh. hefur minnst hér á að nú sé búið að ráða yfirlækni til rn. sem skuli annast forvarnarverkefni. Það er gott og blessað. Það var líka gert í sambandi við fræðslu um tannhirðingu og forvarnaraðgerðir í þeim málum. Sannleikurinn er sá að þetta er gersamlega gagnslaust ef ekki eru veittir peningar til þess að starfið verði eitthvað. Það er kunnara en frá þurfi að segja að lítið sem ekkert hefur orðið úr þeirri upplýsingastarfsemi sem átti að fara fram lögum samkvæmt — og á — um varnir gegn tannskemmdum einfaldlega vegna þess að það hafa ekki verið látnir í það neinir peningar.

Við komum alltaf að því á endanum að við verðum að velja og hafna í hvað við setjum peninga. Ég átti sæti fyrir tveimur árum í nefnd sem skyldi endurskoða sjúkrahúskerfið í landinu með tilliti til hugsanlegs sparnaðar. Sú nefnd skilaði s. l. haust, fyrir ári, ítarlegri skýrslu til hæstv. ráðh. Einhverjar spurnir hafði ég af því að hann hefði ekki haft mikla trú á störfum þeirrar ágætu nefndar, en ég vil nú samt leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi lesið skýrsluna ítarlega og hvort hann hafi virkilega ekki séð í þeirri skýrslu neinar þær tillögur sem mættu verða til sparnaðar í sjúkrahúskerfinu.

Því er ekki að neita að við, sem höfum unnið í heilbrigðiskerfinu, höfum víða séð töluvert einkennilega farið með peninga. Ég held að engum sem komið hefur til starfa í Tryggingastofnun ríkisins blandist hugur um að þar sé peningum stundum varið á býsna sérkennilegan máta. Ég minnist þess að okkur rak í rogastans þegar við sáum þær upphæðir sem læknar fengu greiddar fyrir viku eða hálfs mánaðar ferðir út fyrir Reykjavíkursvæðið til að rannsaka augnsjúkdóma, tannsjúkdóma eða einhverja slíka afmarkaða þætti. Ég held að þar hafi verið um upphæðir að ræða, og hef sterkan grun um að svo sé enn, sem nái ekki nokkurri átt og séu ekki í samræmi við önnur laun í þessu landi. (**Iðnrh.:** Dæmi?) Dæmi? Já, ég get tekið sem dæmi nær allar slíkar ferðir. Upplýsingarnar um það liggja fyrir í Tryggingastofnun ríkisins hvenær sem hæstv. iðnrh. vill. Ég minnist alveg sérstaklega ferða til Austfjarða sem tóku út yrir allan þjófabálk. Nú skal ég ekki fullyrða hvort Austfirðingar sjá verr eða eru heilsuverri en annað fólk, en ég man að þetta var engu líkt. (**Iðnrh.:** En upphæðin.) Það er erfitt að að tala við núv. ríkisstj. um upphæðir vegna þess að þær breytast dag frá degi. (Gripið fram í.) Ég man þó, ef hæstv. iðnrh. vill endilega vita, að árið 1974, — það er nú orðið ærið langt síðan, ég skal viðurkenna það, — námu slíkar upphæðir þremur gömlum milljónum fyrir viku ferð á meðan við ótíndir deildarstjórar í þeirri sömu stofnun höfðum um 300 þús. kr. á mánuði. Okkur þótti þetta

satt að segja harla góð laun, svo ekki væri meira sagt.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er auðvitað alveg hárrétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að vitanlega má spara í sjúkrahúskerfinu. En sá sparnaður á að fara fram þar, en ekki í fyrirbyggjandi aðgerðum. Þær held ég að séu tvímælalaust sparnaður. Á því er enginn vafi.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira. Ég held að þær umr. sem hér hafa byrjað gætu staðið í allan dag. Hv. 3. þm. Reykv. spurði um störf geðheilbrigðisnefndarinnar. Ég þarf ekki að endurtaka þá spurningu, en vil gjarnan heyra hvort ráðh. hefur lesið langa og kannske ekki sérlega skemmtilega skýrslu hinnar nefndarinnar sem átti að leggja til sparnað í sjúkrahúskerfinu. Hún lagði m. a. til að sjúkrasamlög yrðu lögð niður vegna þess að þar er um tvöfalt kerfi að ræða sem er gersamlega út í hött og ekkert nema aukakostnað af að hafa. Aðrar slíkar tillögur var þar að finna. Ég vil gjarnan fá að heyra hvort ekkert hefur enn þá fundist nýtilegt í starfi nefndarinnar.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil nú leiðrétta hjá hv. síðasta ræðumanni að lítið sem ekkert hafi verið gert í tannheilsumálum því að lagðir hafa verið fram miklir fjármunir fyrir tilstilli þess læknis sem er starfandi í hlutastarfi í heilbr.- og trn., sem runnið hafa til allra heilsugæslustöðva í landinu. Ég vil hvetja hv. þm. til að kynna sér það starf nánar sem þar hefur verið unnið frá því að læknir var þar ráðinn.

Ég hef lesið nál. og vitanlega hefði ég margt út á nál. að setja. Alveg sérstaklega að það er bent á margt sem var búið að benda á áður, en eins kom margt nýtt frá nefndinni, enda væri annað óeðlilegt. En það sem ég setti út á þetta nefndarstarf var hvað var lítið unnið úr því sem nefndin benti á. Núna er starfandi nefnd til þess að vinna m. a. úr því. Ég lagði mikla áherslu á að hún yrði búin að sínu starfi fyrir 15. okt., en það er nú þannig með öll nefndarstörf yfir sumarmánuðina að erfitt er að ná mönnum saman. Nú bætist það við að formaður nefndarinnar er önnum kafinn frá morgni til kvölds í því verkfalli sem nú stendur yfir. Allt þetta verður til þess að tefja fyrir því að nefndin skili af sér, en ég vona að úr því rætist.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls, bæði núv. og fyrrv. hæstv. heilbrmrh. og þm. Ég vil enn fremur þakka þeim sem hafa stutt málið og sýnt því skilning. Það var komið inn á ýmis mjög mikilvæg atriði í umr. og mig langar að byrja á því að taka undir eitt af því sem fram kom en það er að sárlega vantar samræmda og skipulega uppbyggingu heilbrigðismála. Þetta er engin nýlunda því að ég minnist þess að árið 1966 sat ég í húsi hér handan við Austurvöllinn, sem þá hét Sjálfstæðishúsið, á ráðstefnu þar sem einmitt var verið að ræða sama vandamál, sumsé að það vantaði sárlega samræmda og skipulega uppbyggingu heilbrigðismála hér á landi. Þróun þessara mála hefur verið allt of tilviljanakennd, og hún hefur ráðist um of af tímabundnum þrýstingi í ákveðnar áttir sem hefur e. t. v. verið á kostnað almennrar þróunar. Það hefur verið tilhneiging til þess að leggja ofuráherslu á að byggja upp klíniska hlið læknisfræðinnar, þ. e. beina þjónustu við sjúklinga, oft að talsverðu leyti á kostnað uppbyggingar undirstöðugreina læknisfræðinnar, eins og t. d. vísindalegra rannsókna og stuðningsgreina. Ekki síst hefur það verið á kostnað forvarna, sem ættu að fyrirbyggja þessa gríðarlega fjárfreku og dýru viðgerðarþjónustu sem þarf þegar skaðinn er skeður. Við höfum hreinlega ekki efni á því lengur að moka fé stöðugt í þessa sömu átt því að þetta er botnlaus hít. Við verðum að hyggja meira að fyrirbyggjandi heilsuvernd. En ég skil það ósköp vel að það er erfitt að standa gegn knýjandi og brýnum þörfum og kröfum ýmissa sjúklingahópa eða hagsmunahópa. Tilhneigingin hefur samt verið sú að við höfum byggt of dýrt, það er mín skoðun. Ég er alveg viss um það og ég hef séð það meðal annarra þjóða, þar sem ég hef annaðhvort unnið eða dvalið um lengri eða skemmri tíma, að það er hægt að reka árangursríka læknisfræði og læknisþjónustu á ódýrari hátt.

Ég benti á það áðan að þetta verkefni, sem ég er að tala um hér og við Kvennalistakonur leggjum fram sem þáltill. kostar 7—8 millj. á ári eins og fram kemur af skýrslu, sem að vísu er takmörkuð, en mér skilst að von sé á betur sundurliðaðri skýrslu, sérstaklega hvað varðar kostnað. Þarna er um að ræða 7—8 millj. kr. á ári þar sem er innifalinn stofnkostnaður. Þetta er aðeins andvirði rekstrarkostnaðar við 5—10 sjúkrarúm á ári. Aftur á móti er hinn endi málsins, þ. e. K-byggingin, þar sem verður læknisfræðileg meðferð krabbameins sem þarfnast mun róttækari aðgerða. Mér er sagt að hún kunni að kosta um 200 millj. kr. þegar öll kurl verða komin til grafar. Og hana er fyrst og fremst verið að byggja yfir tæki sem kostar u. þ. b. 20—30 millj. kr. Nú er ég ekki alveg viss um að ég fari með hárréttar tölur, en ég hygg að þær séu af þessari stærðargráðu. Ég skil þá brýnu nauðsyn sem er á því að bæta krabbameinslækningar og byggja yfir þennan línuhraðal, sem við þyrftum að fá, en spurning mín er sú: Þurfum við að byggja svona dýrt til þess að náist árangursrík meðferð á krabbameinssjúklingum, ef það er takmarkið?

Hvað varðar þær rannsóknir, sem bæði ég og hæstv. heilbrmrh. vitnuðum til og þess að velja þetta forvarnarverkefni, þá er það rétt að sumar þeirra eru umdeildar. Ég vil minnast á rannsókn, sem hæstv. heilbrmrh. vitnaði í frá New York í Bandaríkjunum. Hún byrjaði á 7. áratugnum og þátttaka í henni og allur undirbúningur hennar var annar og talsvert lakari en í öllum hinum nýrri rannsóknum. Þess vegna er hún kannske ekki endilega sú sem ætti helst að miða við. Enda jukust líflíkur þar ekki nema um það bil 38%. Í öllum hinum rannsóknunum, hvort sem þar hafa verið viðmiðunarhópar eða ekki, hefur yfirleitt sýnt sig að þar var betri árangur. Þó að ekki sé í öllum rannsóknunum notaður viðmiðunarhópur, en þá verður líka að taka tillit til þess, hæstv. heilbrmrh., að meðferðin sem þessir sjúklingar á fyrstu stigum sjúkdómsins fá er miklu vægari, hún er miklu mannúðlegri en sú meðferð sem nauðsynleg er á síðari stigum sjúkdómsins vegna þess að það hefur gífurleg sálræn áhrif á konur þegar gerð er svo lýtandi skurðaðgerð á þeim eins og oft þarf. Það er ekki bara óttinn við krabbameinið og óttinn við dauðann af völdum þess sem er vandamál þessara sjúklinga, heldur er þetta líka líkamlega lýtandi aðgerð sem getur haft djúp sálræn áhrif, valdið minnimáttarkennd, þunglyndi og kvíða. Og það ber að taka tillit til þess hver gæði þess lífs eru sem fólk lifir, ekki endilega bara lengd þess. Mér finnst það vera veiga-

mikill þáttur. Þó benda allar niðurstöður á auknar lífslíkur eftir sjúkdómsgreiningu við hópskoðun.

Sá vinnuhópur, sem falið var að rannsaka þetta verkefni og vega og meta hvort þetta verkefni ætti heima hérlendis sem forgangsverkefni, er sammála um að svo sé. Þarna standa að málum sérfræðingar á sviði krabbameinslækninga eða sjúkdómsgreininga og hafa mikla persónulega reynslu á því sviði. Það ber því að taka fullt tillit til niðurstaðna nefndarinnar.

Ég held að ég verði að skora á hæstv. heilbrmrh. að leita allra leiða til þess að geta fjármagnað verkefnið því að ég er sannfærð um að þetta er brýnt réttindamál. Það var karlmaður, læknir, sem lét þessi orð falla nýlega og var þó engin Kvennalistakona nálægt. Hann sagði sem svo: „Ef það væru karlmenn sem hefðu svo banvænan sjúkdóm sem þennan og það væri vitað af rannsóknaraðferð sem mundi auka lífslíkur og vellíðan þeirra, þá væru þeir löngu, löngu búnir að koma þessari rannsókn á."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leiguaðstoð við láglaunafólk, þáltill. 9. mál (þskj. 9). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér hér á þskj. 9 að bera fram till. til þál. um opinbera leiguaðstoð við láglaunafólk. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi frv. um leiguaðstoð við láglaunafólk. Frv. þetta verði sniðið sem hluti af lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og verði afgreiðslu þess lokið fyrir upphaf næsta fjárlagaárs. Jafnframt falli niður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna greiddrar húsaleigu hjá þeim sem frv. þetta mun ná til."

Herra forseti. Raunvaxtastefna og lækkuð verðbólga hefur gert það deginum ljósara að það er ærið verkefni að koma yfir sig og sína mannsæmandi húsnæði. Þetta hefur verið viðurkennd staðreynd í nágrannalöndum okkar í nokkra áratugi en verðbólgan hefur hulið þessa staðreynd augum okkar hér á Íslandi. Menn hafa almennt ekki áttað sig á því að sú opinbera aðstoð, sem fram fór með hraðri verðrýrnun húsnæðislána og bankalána á verðbólguárunum, stytti þetta æviverkefni um áratugi. Enginn maður er þó svo skyni skroppinn að hann vilji taka þau vinnubrögð upp aftur.

Krafan um lengingu lánstíma húsnæðislána, þannig að afborgunarbyrðin samsvari eðlilegri húsaleigu, breytir sjálfkrafa hugmyndum manna um eðli eignarhalds á húsnæði. Vegna þess hve langan tíma tekur að eignast húsnæði verður framboð húsnæðis nánast að þjónustuþætti, svipað annarri þjónustu sem húsnæði tengist. Menn reyna að eignast sitt eigið húsnæði, en fáum dettur nú orðið í hug að verða sjálfbjarga, þ. e. að eiga sína eigin rafmagnsframleiðslu eða hitaframleiðslu, sitt holræsi eða vegi. Á þeim sviðum skiptir eignarhaldið ekki öllu máli, heldur er öryggið aðalatriðið, þ. e. að eiga þessa þjónustu vísa. Enginn dregur nú í efa rétt manna til þess að eiga þessa þjónustu, sem ég taldi upp, vísa og örugga. Aftur á móti hafa menn lagt rétt manna til þess að eiga burðarhluta hússins að jöfnu við kröfuna um sjálfstæði einstaklingsins. Þessi hugsjón Bjarts í Sumarhúsum skapar Íslendingum nokkra sérstöðu meðal vestrænna lýðræðisþjóða. Meira að segja í guðs eigin landi þykir það engin skömm að leigja.

Menn verða að viðurkenna staðreyndir þessa máls. Verðgildi íslensku krónunnar var það eldsneyti sem notað var til þess að mæta kröfum Bjarts í Sumarhúsum. Án þess verðbólgubáls, sem við höfum lifað við undanfarna áratugi, hefði aldrei verið hægt að uppfylla þessa kröfu með þeim hætti sem orðið er.

Að mínu mati verður nú að tryggja öryggi manna með tvenns konar hætti: öryggi þeirra sem efni hafa á og vilja byggja er hægt að tryggja með því að lengja þau lán sem til húsnæðisbygginga fara þannig að afborgunarbyrðin samsvari eðlilegri húsaleigu.

Öðru máli gegnir um þá þjóðfélagshópa sem við það lök kjör búa að þeir eiga þess ekki kost að byggja eða kaupa húsnæði. Það er algerlega óraunhæft í dag að ætla að fólk með 20—25 þús. kr. mánaðarlaun og 1—2 börn á framfæri kaupi mannsæmandi húsnæði. Þetta fólk á þann kost einan að leigja annaðhvort hjá sveitarfélögum eða á almennum markaði.

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins segir, með leyfi hæstv. forseta, í I. kafla 1. gr. um markmið laganna:

„Markmið laganna er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum. Jafnframt að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði."

Í raun og veru er eina hugsunin eða hugtakið í markmiði laganna, sem hugsanlega gæti vísað til réttinda leigjenda, þar sem sagt er að markmið laganna sé að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum.

Í 33. gr. þessara laga er síðan gerð grein fyrir því á hvern hátt landsfeður ætla sér að uppfylla þetta setta verkefni. Þar kemur í ljós að þar er í raun og veru eingöngu um tvo möguleika að ræða skv. laganna hljóðan, þ. e. annars vegar lánveitingar til félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga og svo hins vegar á vegum ríkisins eða félagasamtaka, sem ætlað er þá til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja. Hér er í raun og veru láglaunafólki sá eini möguleiki opinn að hagnýta sér leiguhúsnæði sem byggt er á vegum sveitarfélaga. Það er sem sé hlutverk sveitarfélaganna að uppfylla þessar kröfur.

Húsnæði á vegum sveitarfélaga hefur þann ókost að með því að þjappa saman mörgum fjölskyldum á einn stað eru kjör þessa fólks undirstrikuð með þeim hætti að það hlýtur að hafa slæmar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og endanlega fyrir þjóðfélagið í heild.

Sú leið sem stungið er upp á í þessari þáltill. hefur verið farin og er farin í mörgum nágrannalöndum okkar og reyndin hefur orðið sú að hún hefur stuðlað að og örvað byggingu leiguhúsnæðis með þeim hætti að húsnæðisekla hefur horfið á mörgum stöðum, t. d. víða í Þýskalandi.

Leigjendur hér á landi hafa aldrei fengið nokkurn styrk frá hinu opinbera fyrir utan frádrátt á skattaskýrslu af hálfri þeirri leigu sem samist hefur um með húseiganda að gefa mætti upp. Það er heldur engin opinber stofnun á Íslandi sem lætur sig málefni leigjenda varða. Yfirvöld geta ekki öllu lengur horft

fram hjá því að leiguhúsnæði er ekki þrautalending heldur raunhæf leið til lausnar á húsnæðisvanda. Það er skylda stjórnvalda að bjóða þeim sem leigja sambærilega þjónustu og nú þegar er boðin þeim sem eiga húsnæðið.

Hugsunin að baki þessari till. er sú að leiguaðstoð við fólk með lágar heimilistekjur verði lögfest mannréttindi. Árangurinn yrði stóraukið lífsöryggi viðkomandi þjóðfélagsþegna, auk þess — og á það legg ég áherslu — veittu ráðstafanir sem þessar aukið öryggi fyrir leigusala og örvuðu þannig byggingu leiguhúsnæðis.

Leiguaðstoðin ætti aðallega að miðast við þrennt, þ. e. fjölskyldustærð, heimilistekjur og stærð húsnæðisins sem leigja á. Fjölskyldustærðin segði til um þann herbergjafjölda í íbúðarhúsnæði sem til viðmiðunar væri tekinn hverju sinni. Þar er ég að höfða til þeirrar viðmiðunar sem þegar er notuð t. d. í lánveitingum Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar sem gengið er út frá ákveðnum stærðum sem eru gjarnan kallaðar vísitöluhús eða vísitöluíbúð.

Heimilistekjurnar segðu til um hve há leiguaðstoðin yrði á móti eigin framlagi. Það eru takmörk fyrir því hvað er hægt að ætlast til að fólk ráðstafi stórum hluta tekna sinna í húsaleigu. Maður, sem hefur 12 þús. kr. í laun á mánuði, getur varla af nokkurri krónu séð til þess að greiða í húsaleigu. Þessar 12 þús. kr. nægja honum varla til þess að tóra út mánuðinn. Því lægri sem tekjurnar væru, því hærra yrði framlagið af hálfu hins opinbera og dræg síðan úr því eftir því sem heimilistekjur ykjust. Þá kæmi náttúrlega að einhverju því marki tekna heimilisins að engrar leiguaðstoðar væri þörf eða enginn réttur væri á slíkri aðstoð.

Viðmiðunarstærð húsnæðisins mældist í tvennu, þ. e. annars vegar herbergjafjölda og hins vegar fermetrafjölda og væru ákveðnar lágmarkskröfur settar fyrir hverja fjölskyldustærð. Ef húsnæði það, sem fólki byðist eða ætlaði að taka á leigu eða jafnvel yrði að taka á leigu, væri stærra en viðmiðunarreglurnar segðu til um yrði fólk að standa sjálft straum af kostnaði við það sem umfram væri, þ. e. ef um væri að ræða fleiri herbergi eða fermetra en staðallinn eða vísitalan segði til um.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að í þessari till. felst, eins og svo oft í till. sem hér eru fluttar, ákveðin krafa eða ósk um framlög af hálfu ríkisins. Án þess að ætla að leggja mönnum lífsreglurnar í þessu máli tel ég að það sé mjög eðlilegt að menn skoði þau fordæmi sem fyrir hendi eru í nágrannalöndum okkar, að framkvæmd þessi yrði með þeim hætti að sveitarfélög tækju á móti umsóknum og sæju um úthlutun þessara styrkja. Kostnaðurinn yrði greiddur af ríki og það er sveitarfélögum vansalaust að vita nokkuð ábyggilega fyrir fram hversu háa upphæð þau þurfa að greiða til þessara mála árlega.

Aftur á móti sér hver maður það í hendi sér að sú örvun í húsnæðisbyggingum, sem þetta gæti haft í för með sér, kæmi til með að skila mjög stórum hluta þess fjár, sem til þessa væri varið, aftur í sköttum og útsvörum til ríkis og sveitarfélaga.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Í raun og veru er litlu hér við að bæta. Greinargerðin með till. og framsaga flm. hafa sagt flest sem segja þarf.

Ég vildi aðeins leggja áherslu á að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir láglaunafólk og þá einkum heimili sem verða að bjargast með tekjur einnar fyrirvinnu. Í þeim hópi eru einstæðir foreldrar fjölmennastir, en þeirra stærsta vandamál er einmitt húsnæðismálin.

Í júní á þessu ári kom út skýrsla nefndar, sem skipuð var til að kanna kjör og félagslega stöðu einstæðra foreldra í landinu, en einstæðir foreldrar töldust skv. þjóðskrá 6250 talsins 1. des. 1983 og konur eru þar að sjálfsögðu í miklum meiri hluta. Margt athyglisvert leiddi þessi könnun í ljós sem vonandi reynist undanfari úrbóta í málefnum einstæðra foreldra. Í þeirri till. til þál., sem við erum nú að ræða, felst einmitt mjög mikilsverð úrbót þeim til handa og lýsi ég fullum stuðningi Kvennalista við þessa till.

En þessi till. tekur raunar aðeins til hluta vandans, þess hluta sem af augljósum ástæðum er auðveldast að leysa fljótt. Hinn hluta vandans er tímafrekara og fjármagnsfrekara að leysa, en verður vitanlega að leysa engu að síður. Það er sá gífurlegi skortur á leiguhúsnæði sem er víðast hvar á landinu. Óþarfi er að tína til lífsreynslusögur fólks í þessum efnum, en þar væri sannarlega af nógu að taka.

Margir líta nú vonaraugum til húsnæðissamvinnufélaganna sem sýnast ákjósanleg úrlausn fyrir þá sem vilja njóta öryggis búseturéttar, en geta ekki fjármagnað eigin húsbyggingar, geta ekki eða kæra sig ekki um að eyða bestu árum ævinnar við botnlaust strit til þess að fullnægja kröfum einkaréttarins. Nægjanlega há lán til langs tíma eru vitanlega forsenda þess að unnt sé að koma á búseturéttarkerfinu og blæs nú ekki byrlega í þeim efnum þessa dagana. En byggingu leiguhúsnæðis þarf að stórauka, annaðhvort á vegum hins opinbera eða á vegum félagasamtaka. Fólk verður að geta í reynd valið um það hvort það býr í leiguhúsnæði, byggir sjálft eða festir kaup á öðru húsnæði.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að vitna í niðurlag skýrslu þeirrar, sem ég nefndi áðan, um könnun á kjörum og félagslegri aðstöðu einstæðra foreldra á landinu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Eins og fyrr greinir skyggja húsnæðisörðugleikar á allan annan vanda. Ætla hefði mátt að peningamál væru þessu fólki ofar í huga en flest annað og ekki er fyrir það að synja að margir setja þau í fyrsta sæti. En þegar á heildina er litið virðist sá kvíði og óvissa, sem fylgir ótryggðu húsnæðisástandi, há einstæðum foreldrum meira í daglegu lífi þeirra en flest annað og fátt virðist mundu koma þeim betur en sameiginlegt átak á því sviði."

Hér er kannske því við að bæta að ég skil ekki almennilega vangaveltur skýrsluhöfunda um það hvers vegna húsnæðismál eru í fyrsta sæti en ekki peningamál, eins og það er orðað. Þessi mál eru náttúrlega svo nátengd og húsnæðismálin væru frekar í lagi ef peningamálin væru í betra lagi. Húsnæðisvandi þessa fólks er einfaldlega alvarlegasta afleiðingin af peningaleysi þess og á þessum vanda verður að taka sem fyrst. Ég ítreka fullan stuðning okkar Kvennalistakvenna við þessa ágætu till.

Umr. frestað.

Efnisskrá.

Aflamark á smábáta (42. mál) 246.
Almannatryggingar (57. mál) 270.
Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur (13. mál) 257, 324.
Aukin sjúkra- og iðjuþjálfun (59. mál) 256.
Aukin þjónusta vegna tannréttinga (60. mál) 256.
Átak í dagvistarmálum (61. mál) 273.
Beiðni um að frestað verði stefnuræðu forsrh. 246.
Búnaðarfélag Íslands (24. mál) 255.
Bætt merking akvega (45. mál) 256.
Embætti húsameistara ríkisins (27. mál) 255.
Endurmat á störfum kennara (54. mál) 268.
Endurreisn Viðeyjarstofu (76. mál) 324.
Fasteignamat ríkisins (28. mál) 256.
Ferðaskrifstofa ríkisins (18. mál) 254.
Fiskifélag Íslands (22. mál) 255.
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins (26. mál) 255.
Framleiðsluráð landbúnaðarins (10. mál) 207.
Frysting kjarnorkuvopna (14. mál) 254.
Fræðslukerfi og atvinnulíf (75. mál) 324.
Heildarendurskoðun lífeyrismála 324.
Jarðboranir ríkisins (19. mál) 255.
Kosning eins manns í stað Ólafs Jóhannessonar í nefnd skv. þingsályktun um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis frá 15/12 1983 323.
Lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins (20. mál) 255.
Leiguaðstoð við láglaunafólk (9. mál) 254, 351.
Leit að brjóstakrabbameini (12. mál) 254, 338.
Lífeyrisréttindi húsmæðra (33. mál) 256.
Ljósmæðraskóli Íslands (44. mál) 250.
Lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu (11. mál) 254.
Lækkun húshitunarkostnaðar (52. mál) 256.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (62. mál) 256.
Málefni aldraða (64. mál) 324.
Ríkisábyrgð á launum (50. mál) 205.
Ríkismat sjávarafurða (21. mál) 255.
Síldarverksmiðjur ríkisins (16. mál) 254.
Skipaútgerð ríkisins (17. mál) 254.
Skipulagsstjórn ríkisins (23. mál) 255.
Starfshættir Alþingis 323.
Stuðningur við ungmenna- og íþróttahreyfinguna (58. mál) 256.
Tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins (25. mál) 255.
Um þingsköp 228, 324.
Umræður utan dagskrár 220 (vinnuskylda grunnskólakennara); 220 (fyrirmæli fjmrn. til yfirmanna ríkisstofnana); 230 (fyrirmæli fjmrn. til yfirmanna ríkisstofnana); 230 (vinnuskylda grunnskólakennara); 325 (kjaramál).
Umsvif erlendra sendiráða (3. mál) 254.
Útvarpslög (5. mál) 292.
Vantraust á ríkisstjórnina (55. mál) 256.
Þjónusta við farþega í innanlandsflugi (2. mál) 254, 331.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 246, 323, 324.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 220, 228, 229, 230, 233.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 232, 326, 330.
Félmrh. Alexander Stefánsson 205.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 223, 230.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 251, 252, 334, 341, 346, 349.
Landbrh. Jón Helgason 209, 263, 266.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 221, 292.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 247, 249.
Árni Johnsen 282, 289, 337.
Birgir Ísl. Gunnarsson 335.
Björn Dagbjartsson 283.
Davíð Aðalsteinsson 213, 273, 288.
Egill Jónsson 211, 218.
Eiður Guðnason 208, 284, 290, 324.
Friðrik Sophusson 260.
Guðmundur Einarsson 233.
Guðrún Agnarsdóttir 250, 253, 257, 267, 321, 338, 349.
Guðrún Helgadóttir 228, 239, 252, 347.
Haraldur Ólafsson 264.
Helgi Seljan 207, 215, 259, 270, 278.
Hjörleifur Guttormsson 235, 246, 249, 294, 331, 337.
Jóhanna Sigurðardóttir 220, 226, 265.
Jón Baldvin Hannibalsson 302.
Karl Steinar Guðnason 327.
Kjartan Jóhannsson 228, 229, 237, 329.
Kolbrún Jónsdóttir 281.
Kristín Halldórsdóttir 245, 268, 353.
Kristófer Már Kristinsson 320.
Ólafur Þ. Þórðarson 229, 241, 316.
Páll Pétursson 299.
Salome Þorkelsdóttir 279.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 272, 273, 286, 291.
Stefán Benediktsson 207, 210, 217, 328, 351.
Stefán Valgeirsson 322.
Svavar Gestsson 226, 243, 325, 331, 343.
Valdimar Indriðason 285.
Þorv. Garðar Kristjánsson 215, 219.

Efri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva, þáltill. 85. mál (þskj. 87). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjarvistarréttur foreldra, frv. 63. mál. (þskj. 63). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til l. um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna. Það er meginefni þessa frv. að lögbundið verði að foreldri sé heimilt að ráðstafa allt að einni viku af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, en það skilyrði er sett í 2. gr. að annarri umönnun verði ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni verðskrá, ef um það er að ræða.

Forsaga þessa máls er sú að í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna haustið 1982 var samþykkt að veita félagsmönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna heimild af því tagi sem hér er gerð till. um að verði almenn regla á vinnumarkaðinum. Skv. þeirri heimild mega þeir nota hluta af veikindaleyfi sínu til að vera frá vinnu vegna veikinda barna. Þetta var reyndar ekki í fyrsta sinn sem ákvæði af þessu tagi kom inn í samninga, vegna þess að árið áður hafði verið fallist á sams konar ákvæði í samningum ríkisins við starfsmannafélagið Sókn.

Ekki þarf að orðlengja það að krafa af þessu tagi hefur lengi verið á dagskrá hjá verkalýðshreyfingunni, enda eru heimildir af þessu tagi í gildi víða um lönd og víðast hvar þykja það orðið sjálfsögð réttindi að foreldrar, sem ekki fá annarri umönnun við komið, geti notað hluta af sínum veikindadögum til að sinna veikum börnum. Þetta hefur sem sagt verið krafa aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um árabil. Hins vegar hefur þessi réttur ekki náðst fram í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og þess vegna er það nú gert að till. að Alþingi taki af skarið um að allir sitji við sama borð í þessu efni og eigi þennan rétt.

En þegar rétturinn er nefndur þá er kannske eðlilegt að velta fyrir sér hverjir eigi réttinn. Að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda atvinnurekendur til þess að veita rétt af þessu tagi ef um mjög lauslegt vinnusamband er að ræða og viðkomandi starfsmaður hefur ekki verið hjá atvinnurekanda nema kannske fáa daga eða í mjög skamman tíma. Það þykir því eðlilegt að miða við nokkuð fast vinnusamband í þessu sambandi. Í 1. gr. frv. er gengið út frá því að þeir eigi réttinn skv. þessum lögum sem rétt eiga til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla skv. ráðningarsamningi eða skv. lögum nr. 19 1. maí 1979. Skv. þeim lögum ná þessi réttindi til þeirra sem eru í fastri vinnu, þ. e. hafa ákveðinn uppsagnarfrest eða hafa verið hjá sama atvinnurekanda í a. m. k. eitt ár, sbr. lög nr. 19 1. maí 1979, eins og ég nefndi áðan. En þar er eitt vinnuár skilgreint sem a. m. k. 1550 vinnustundir á seinustu 12 mánuðum.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið meira um þetta frv. Ég lít svo á að hér sé um sanngirnis- og réttlætismál að ræða. Stór hluti vinnumarkaðarins nýtur þessa réttar í dag. Réttindi af þessu tagi eru viðurkennd víða um lönd, en félagsmenn Alþýðusambands Íslands hafa enn ekki fengið þennan rétt viðurkenndan. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt, úr því að atvinnurekendur hafa tregðast við og tregðast enn við að fallast á þessi sjálfsögðu réttindi, að Alþingi taki þar af skarið og samþykki þennan rétt foreldrum til handa á hinum almenna vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til hv. félmn.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er lagt hér fram. Það er reyndar í annað skipti, það var lagt hér fram í fyrra líka. Ég styð þetta frv. þar sem það eykur jöfnuð á milli manna og aðstöðu. Það er ekki tilviljun að starfsmannafélagið Sókn varð fyrst til þess að fá þetta inn í samninga því að þetta skiptir mestu máli fyrir konur. En ég vil samt gera nokkrar athugasemdir við þetta frv. Í stað þess að hafa í 2. gr. allt að einni viku árlega mundi ég telja hyggilegra að hafa sjö vinnudaga vegna þess að þetta er teygjanlegt orðalag og getur þýtt fimm vinnudaga, allt að einni viku. Vinnuvika er í reynd fimm vinnudagar. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þess að við fengum þessu breytt í samningum úti á landi þar sem við rákum augun í það á sínum tíma að þetta væri hægt að túlka á tvo vegu.

Annað stórt atriði er að þessi lagaheimild nái einnig til fólks sem vinnur hlutastörf. Eins og okkur ætti öllum að vera ljóst er meginástæða fyrir því að konur sækjast eftir hálfum stöðum sú að þær annast barnauppeldi. Er því mjög brýnt að það starfsfólk sem vinnur hlutastörf fái hlutfallslega sama rétt. Þetta eru þær tvær meginathugasemdir sem ég hef við þetta frv. að gera eins og það liggur hér fyrir, enda er tekið fram að eitt vinnuár sé hér skilgreint sem a. m. k. 1550 vinnustundir á seinustu 12 mánuðum. Það gerir þess vegna þeim sem stunda hálfa vinnu ókleift að sækja þennan rétt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 102). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sóknargjöld o. fl. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþingi og þá í Nd., en það seint á þinginu að því var vísað þá til nefndar, en að öðru leyti mun það ekki hafa fengið þar mikla umfjöllun.

Þetta frv. samdi kirkjulaganefnd að meginstofni til. Það var lagt fyrir kirkjuþing 1982 og gerði það á því smávægilegar breytingar. Á frv., eins og kirkjuþing afgreiddi það, hefur verið gerð ein breyting. Felld hefur verið niður grein um svokallað kirkjubyggingargjald.

Skv. þeirri grein gat kirkjumálaráðherra heimilað sóknarnefndum að fengnu samþykki safnaðarfunda að leggja á þá, sem sóknargjald eiga að greiða, sérstakt kirkjubyggingargjald til að standa straum af kostnaði vegna byggingar eða endurbyggingar kirkju eða safnaðarheimila, svo og vegna meiri háttar viðgerða á slíkum byggingum. Mátti gjald þetta nema allt að þreföldu sóknargjaldi. Skv. þessu gat gjald þetta hæst numið 2.4% af útsvarsstofni ef heimildin væri nýtt að fullu. Það var nokkuð augljóst að þetta ákvæði hefði haft í för með sér nokkra tvísýnu um framkvæmd frv. Þess vegna var ákveðið að fella þessa grein niður.

En meginbreytingin, sem felst í frv., er sú að sóknargjaldið er ekki lengur lagt á sem nefskattur, þ. e. sama skatthæð án tillits til tekna manna eða gjaldþols, heldur verði gjaldið tiltekinn hundraðshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns.

Í nokkur ár hefur sóknargjaldið verið eini nefskatturinn sem lagður er á. Veldur þetta óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda, m. a. í þeim tilfellum þar sem sóknargjaldið er eini skatturinn sem gjaldandi greiðir. Helsti kosturinn við þær álagningarreglur, sem í frv. eru, er sá að þær tryggja sjálfkrafa aðlögun að hækkandi verðlagi og tekjum og þar með útgjöldum safnaðanna. Auk þess er í verulegum atriðum sniðinn af því sá vankantur sem áður greinir um álagningu og innheimtu gjaldsins.

Rétt er að benda á ákvæði 8. gr. frv. þar sem héraðsfundi er heimilað að ákveða að allt að 5% sóknargjalda renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, sem ætlað er að standa undir sameiginlegum útgjöldum prófastsdæmisins. Er þetta nýmæli og gæti orðið til að örva kirkjulegt starf innan hvers prófastsdæmis.

Í nokkur ár hefur verið rætt um þörf á því að breyta gildandi ákvæðum um álagningu sóknargjaldsins. Mál þetta hefur komið til umfjöllunar á kirkjuþingi nokkrum sinnum, m. a. 1974, 1978 og 1982. Á Alþingi 1974—1975 var flutt frv. til l. um sóknargjöld og síðan aftur 1975. Frv. þessi náðu fram að ganga. Í þeim frv. var álagning gjaldsins tengd útsvari.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er gjaldið tengt útsvarsstofni. Skv. 1. gr. skal gjaldið vera 0.2—0.4% af útsvarsstofni skv. II. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Sóknarnefnd ákveður gjaldið innan greindra marka. Ef tekjur sóknarkirkju hrökkva eigi fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests er heimilt skv. 3. gr. frv. með samþykki safnaðarfunda að hækka sóknargjaldið allt að tvöföldu, enda komi til samþykki kirkjumálaráðherra.

Á síðasta ári var gerð könnun á því hvernig innheimta gjaldsins hefði komið út í samanburði við gildandi reglur. Miðað var við gjaldárið 1982 og náði könnunin til sóknanna í Reykjavík. Kom þá í ljós að núverandi gjald var innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í frv. Gögn um þetta getur nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, fengið til afnota.

Rétt er að geta um erindi og ábendingar er borist hafa rn. og varða frv. þetta. Frá ríkisskattstjóra hafa borist nokkrar athugasemdir varðandi álagningu gjaldsins, frá fjmrn. bréf þar sem m. a. er vakin athygli á því að ekki er gert ráð fyrir því að greiðslan fyrir álagningu gjaldsins komi til ríkissjóðs, frá biskupi Íslands bréf þar sem þess er farið á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að það hlutist til um að innheimtuþóknun, sem greidd er fyrir innheimtu sóknargjalds, lækki frá því sem nú er. Öll þessi gögn fær hv. menntmn., sem ég legg til að fjalli um frv. að lokinni þessari umr., til meðferðar.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 48). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Frv. það sem hér er á dagskrá, 48. mál, þskj. 48, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var fyrst lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi s. l. vor en hlaut ekki afgreiðslu. Frv. er nú endurflutt óbreytt. Það var tvívegis tekið til umr. hér á þingi, í fyrra skiptið 25. apríl og í síðara skiptið þann 30. apríl s. l. Í bæði skiptin urðu miklar umr. um frv. og einstakar greinar þess. Ég tel því ekki nauðsynlegt að þessu sinni að fylgja frv. úr hlaði með ítarlegri ræðu og læt nægja að rifja upp það helsta sem þá kom fram. Að öðru leyti vísa ég til framsöguræðu minnar s. l. vor og umræðna um málið.

Gagnrýni andstæðinga frv. beindist fyrst og fremst að 1., 2., 3. og 4. gr. laganna svo og 14. og 15. grein. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þessa gagnrýni. Hvað viðvíkur 1. grein þá hefur það verið gagnrýnt að ekki skuli tekið upp í þá grein ákvæði um svonefnda „jákvæða mismunun" sem t. d. fjallaði um það að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði að koma á jafnrétti kynjanna. Á þingi s. l. vor lýsti ég yfir andstöðu minni við ákvæði sem þetta. Ég er enn þá sömu skoðunar. Ég tel það óeðlilegt að í lögum, sem fjalla um jafnrétti kynjanna, sé hlutur annars kynsins gerður meiri en hins. Í jafnréttislögum, svo og öðrum lögum, eiga bæði kynin að sitja við sama borð. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að bæta stöðu kvenna, en ég tel að það verði ekki gert á þann hátt sem talsmenn jákvæðrar mismununar vilja. Í þessu sambandi bind ég meiri vonir við 2. gr., en þar er kveðið á um að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar. Ég vil vekja sérstaka athygli á orðinu „stjórnvaldsaðgerðir" sem ekki er í núgildandi lögum. Þetta orðalag felur í sér ákveðnar kvaðir á Alþingi, ríkisstjórn og

sveitarstjórnir í þessum efnum. Við þetta má bæta orðum hv. 3. landsk. þm. sem hann lét falla í umr. 30. apríl s. l. og ég get tekið undir. Hv. þm. komst þannig að orði með leyfi forseta:

„Annað er það að trúlegt er að fræðsla sé mun notadrýgri til þess að knýja fram þá hugarfarsbyltingu sem er nauðsynlegur jarðvegur fyrir jafnrétti kvenna og karla."

Ég vil vekja athygli á því að í frv. er einmitt tekið á fræðsluhliðinni í 10. gr., en þar stendur með leyfi forseta:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð, að kynjum sé ekki mismunað.

Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu hefðbundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntmrn. ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð."

Sú grein sem ég bind mestar vonir við í frv. og tel veigamesta skrefið í áttina að því markmiði að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum er 15. gr. Skv. henni er hlutverk Jafnréttisráðs aukið. Dæmi um þetta er að finna í 2. tölul. 15. gr., en þar er kveðið á um það að hlutverk Jafnréttisráðs sé að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna að framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þessi grein tengist 22. gr. frv. en í henni er fjallað um það að félmrh. skuli leggja fyrir ríkisstj. framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skuli kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til þess að ná fram jafnrétti kynjanna. Enn fremur að við gerð þessarar áætlunar skuli höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs sem getið er í 15. gr.

Ég er þeirrar skoðunar að ofangreind ákvæði færi okkur nær því takmarki að koma á jafnrétti kynjanna en ákvæði sem fela í sér mismunun kynjanna, jafnvel þótt slíkt sé kallað jákvæð mismunun.

3. og 4. gr. frv. hafa verið gagnrýndar vegna þess að í þær vanti skýringar á ýmsum hugtökum. Ég vil benda á að ég tel fullnægjandi að þær orðskýringar sem um er að ræða er að finna í aths. með frv.

Við umr. hér á Alþingi í vor kom fram gagnrýni á það ákvæði 13. gr. sem fjallar um fjármögnun á starfsemi Jafnréttisráðs. T. d. vildi hv. 3. þm. Reykv. orða þetta þannig: Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði og skal áætlað nægilegt fé á fjárlögum hvers árs til að Jafnréttisráð geti sinnt þeim verkefnum sem því er falið í lögum þessum. Í frv. er þetta orðað þannig að kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði. Á þessu tvennu er munur á orðanna hljóðan en ekki innihaldi. Í báðum tilvikum er það fjárveitingavaldið, þ. e. Alþingi, sem hefur síðasta orðið um fjárveitingu til Jafnréttisráðs og í báðum tilvikum veltur það á áhuga og mati Alþingis á umfangi starfsemi Jafnréttisráðs hversu háa fjárveitingu ráðið fær til starfsemi sinnar. Ég skil þess vegna ekki þessa gagnrýni hv. þm.

Í umr. í vor urðu nokkrir þm. langorðir um þá skipan sem höfð er á réttarfari í frv. Sumir gagnrýndu það að ekki væru í frv. ákvæði sem legðu þá skyldu á herðar atvinnurekanda að hann sýndi fram á með verulegum líkum að ekki hafi verið um að ræða mismunun eftir kynferði. M. ö. o., þeir vildu hafa í frv. ákvæði um öfuga sönnunarbyrði, sem þýðir að einstaklingurinn þurfi að sanna sakleysi sitt fyrir dómstólum. Eins og ég gat um í umr. 25. apríl s. l. þá eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði undantekning frá meginreglu íslensks réttar og hv. 2. þm. Reykv. benti á að til slíkrar undantekningar væri einungis gripið þegar upplýsa þyrfti stærstu glæpamál þjóðarinnar. Ég er sömu skoðunar og hv. þm. að það er varhugavert að reglur um öfuga sönnunarbyrði verði víða í íslenskum lögum.

Herra forseti. Frá því að stjórnarfrumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var lagt fyrir 106. löggjafarþing Alþingis hefur verið unnið að ýmsum þáttum jafnréttismála í félmrn. T. d. tók rn. þátt í fundi í Helsingfors þann 14. sept. s. l. sem haldinn var á vegum Norrænu jafnréttisnefndarinnar. Markmið fundarins var að fjalla um undirbúning verkefnis sem taki til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Tilgangur verkefnisins er að leita leiða til að brjóta niður hinn kynskipta vinnumarkað. Þessu til skýringar má benda á að undanfarna tvo áratugi hefur barátta kvenna fyrir jafnrétti beinst fyrst og fremst að því að öðlast raunverulegt jafnrétti á við karla á vinnumarkaði. Í þessu felst að hafa sömu tækifæri til stöðuhækkana og karlmenn og fá sömu laun og aðra greiðslu fyrir sömu störf, þ. e. að konur fái sömu yfirborganir og hlunnindi sem karlmenn.

Barátta kvenna til að ná þessum markmiðum hefur ekki skilað nægilegum árangri. Konum hefur reynst erfitt að fá stöðuhækkanir og raunverulegur launamismunur hefur í sumum starfsgreinum verið mikill. Ýmsir hafa orðið til þess að setja fram athugasemdir til að skýra þennan mun. Þannig hefur verið bent á að menntun kvenna er almennt skemmri en karla. Einnig að þær velji sér tiltölulega fáar námsgreinar, t. d. kennslu, hjúkrun o. s. frv. Þessi atriði geri það að verkum að konur leiti vinnu í mjög fáum starfsgreinum, svonefndum kvennastarfsgreinum. Staðreynd málsins virðist vera sú að kvennastarfsgreinar hafa dregist aftur úr öðrum greinum hvað varðar kaup og kjör. Það hefur leitt til þess að þeir fáu karlmenn sem hafa starfað í þessum greinum hafa annaðhvort verið yfirborgaðir — og þetta hefur m. a. verið orsökin fyrir launamisréttinu — eða flúið í aðrar starfsgreinar sem hafa greitt betra kaup. Á þennan hátt hefur hringurinn lokast og afleiðingin er það sem kallað er kynskiptur vinnumarkaður.

Vinnumarkaðurinn hefur þannig þróast í átt skiptingar í karla- og kvennastarfsgreinar. Það er gegn þessari þróun sem norræna jafnréttisnefndin í samvinnu við norrænu vinnumarkaðsnefndina vill sporna og leita leiða til að brjóta niður þennan kynskipta vinnumarkað. Fundurinn í Helsingfors var haldinn í því skyni að safna saman hugmyndum um það á hvern hátt þetta væri framkvæmanlegt. Í stuttu máli sagt er hugmyndin sú að eitt svæði eða sveitarfélag í hverju landi um sig taki þátt í þessu samnorræna verkefni. Í þessum sveitarfélögum verði m. a. reyndar aðferðir til að hafa áhrif á starfsval kynjanna. Sérstaklega verður reynt að fá konur til að leggja stund á nám sem síðar leiði til starfs í hefðbundnum karlagreinum. Þetta yrði gert með útgáfu kynningarbæklinga, fundum og annarri upplýsingamiðlun í samvinnu við skóla, sveitarstjórn og aðila vinnumarkaðarins.

Ég vil geta þess hér að félmrn. er reiðubúið til samstarfs um framkvæmd þess hluta verkefnisins sem snertir Ísland við þá innlendu aðila sem framkvæmdin krefst til að tryggja framgang þess. Hér er fyrst og fremst um að ræða Jafnréttisráð. Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi að samstarf félmrn. við Jafnréttisráð hefur verið mjög gott og rn. hefur fullan vilja til þess að bæta það samstarf enn frekar og beina því í ákveðinn farveg.

Annað mál sem unnið er að í félmrn. í samvinnu við utanrrn. á sviði jafnréttismála er fullgilding sáttmála um afnám hvers konar misréttis gegn konum, sem var undirritaður fyrir Íslands hönd á kvennaráðstefnunni í Kaupmannahöfn árið 1980. Þann 17. júlí s. l. höfðu 91 ríki undirritað sáttmálann, 51 hafði fullgilt hann og átta ríki gerst aðilar. Ég vænti þess að unnt verði að leggja sáttmálann fyrir Alþingi til fullgildingar fyrir áramót.

Að lokum má geta þess að á vegum félmrn. hefur starfað undirbúningsnefnd fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Nairobi í Kenya á næsta ári. Undirbúningsnefndin lauk í sumar við svör við umfangsmiklum spurningalista frá Sameinuðu þjóðunum um þróun jafnréttismála á Íslandi. Þessu til viðbótar má minna á könnun sem fram fór á vegum félmrn. á högum einstæðra foreldra. Þótt sú könnun snerti jafnréttismál einungis með óbeinum hætti er ekki úr vegi að undirstrika helstu niðurstöðuna sem hún leiddi í ljós, þ. e. erfiðleika einstæðra foreldra við að fá þak yfir höfuðið. Að hafa starf að vinna og hafa aðgang að mannsæmandi húsnæði á viðráðanlegu verði eiga að vera sjálfsögð mannréttindi í velferðarþjóðfélagi okkar.

Það sem er athyglisvert við skýrslu þessarar nefndar, sem var ræki lega kynnt s. l. sumar og m. a. send öllum hv. þm., og ég get bætt því við að ég sat ásamt hv. heilbrmrh. fund hjá Félagi einstæðra foreldra sem var um margt fróðlegur, það sem er athyglisvert við þá könnun sem var gerð og unnin af félagsvísindadeild Háskóla Íslands er að í úrtakinu sem þessi könnun náði til, rúmlega 600 einstaklinga, voru 93% konur en aðeins 6% karlar. Þetta sýnir í raun hvernig þessi þáttur í okkar þjóðfélagsmynd er samsettur. Og það er vissulega fróðlegt að út úr þessari könnun skuli koma þrjú atriði fyrst og fremst, sem allt þetta fólk leggur áherslu á: það eru í fyrsta lagi húsnæðismál, í öðru lagi menntamál og í þriðja lagi framfærslumál barna.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi kynnt sér skýrsluna um þessa könnun og það er von mín að framhald á þessari skýrslu verði meira starf og að á vegum rn. verði knúið á um leiðréttingu á ýmsum þáttum sem augljóst er að verður að leiðrétta í málefnum þessa fólks.

Herra forseti. Viðhorfum fólks og afstöðu til manna og málefna verður ekki breytt með þvingunum eða lögum sem stríða gegn réttlætisvitund þorra þjóðfélagsþegna. Slíkar aðgerðir og þess háttar lög hafa einungis áhrif í þveröfuga átt við það sem til er ætlast. Ég tel að frv. til l. um jafnan rétt kvenna og karla, sem hér liggur fyrir, sé vel til þess fallið að sætta ólík sjónarmið, sem uppi eru, og nái það fram að ganga færir það okkur tvímælalaust fram á veginn. En auðvitað er það framkvæmdin sem skiptir meginmáli og þá sérstaklega hvernig búið er að Jafnréttisráði. Þar hefur Alþingi síðasta orðið eins og í öllum málum sem varða fjármál þessa lands.

Herra forseti. Ég leyfi mér að óska þess að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Frv. það sem hér er til umr. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var harkalega gagnrýnt á Alþingi s. l. vetur, ekki síst fyrir rýrt innihald, og því mundi það engu breyta í jafnréttismálum kynjanna.

Ég harma það að hæstv. félmrh. hafi í engu séð ástæðu til að taka tillit til þeirra ábendinga og gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. og að hann leggi það fram að nýju óbreytt. Slík vinnubrögð eru auðvitað lítt til þess fallin að samstaða geti náðst um þetta mál hér á hv. Alþingi. Þegar málið var til 1. umr. s. l. vetur flutti ég ítarlega ræðu þar sem ég gagnrýndi lið fyrir lið það frv. sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að endurtaka athugasemdir mínar og gagnrýni við frv. nú.

Í hnotskurn er afstaða mín sú að þetta frv., ef að lögum verður, muni engu breyta í jafnréttismálum og engum árangri skila, og að framlagning þess í þessari mynd sýni lítinn skilning á þessum málum eða að lærdómur hafi verið dreginn af fyrri lagasetningum í jafnréttismálum. Á þskj. 109 hefur hv. þm. Svavar Gestsson ásamt fleirum lagt fram frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og er ég meðflm. á því frv. Í grg. með því frv. kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Það skal tekið fram að einstakir flm. áskilja sér auðvitað allan rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.“ Hef ég ákveðinn fyrirvara við frv. á þskj. 109. Mörg ákvæði í því frv. eru vitanlega til bóta. Í fyrstu gr. þess frv. kemur fram að tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

Eitt og sér tel ég það ákvæði sem ég hef hér vitnað til ekki nægjanlegt. Ég tel að með nýrri lagasetningu um jafnréttismál eigum við að stíga það skref að ákveða ákveðnar tímabundnar aðgerðir sem nái því markmiði sem frá greinir í 1. gr. þess frv. sem flutt er af hv. þm. Svavari Gestssyni o. fl., sem kveður á um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

Á síðasta Alþingi lagði ég til, þegar ég fjallaði um þetta mál, að lögfest yrði túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur lögfræðings á núgildandi jafnréttislögum, en Guðrún er einn af höfundum núgildandi jafnréttislaga. Ég er sömu skoðunar nú og þá, að ég tel rétt og reyndar nauðsynlegt að lögfest verði túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur, en túlkun hennar er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ef sú staða kemur upp, að karl og kona sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi, og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein.“

Væri um slíkt tímabundið ákvæði að ræða, til að mynda í fimm ár, þá tel ég að slíkt ákvæði gæti stuðlað á áhrifaríkan hátt að því að breyta þeirri kynskiptingu sem er á vinnumarkaðnum. Á ráðstefnu Sambands Alþýðuflokkskvenna um launamál kvenna, sem haldin var fyrir rúmu ári síðan, kom fram að bandarískri hagfræðingurinn Mary Stevenson segði að í aðskilnaði starfa kynja á vinnumarkaðnum væri að leita helstu

skýringa á lágum launum kvenna. Kynjaaðskilnaðurinn á vinnumarkaðnum væri því raunverulega vandamálið að baki lágum launum kvenna. Sagði hún að hvenær sem hægt væri að einangra konur innan takmarkaðs fjölda starfa og atvinnugreina væri afleiðingin lág laun þeirra.

Ég held að í þessum orðum felist mikill sannleikur. Við þurfum ekki annað en að líta á kjör fóstranna, sjúkraliðanna, hjúkrunarstéttanna, Sóknarkvennanna, kennarastéttarinnar, svo dæmi séu tekin. Því teldi ég að slíkt ákvæði, sem ég hef hér lýst, væri nauðsynleg viðbót við það frv. sem hv. þm. Svavar Gestsson o. fl. hafa flutt, væri til bóta og mundi skila okkur skref fram á við í jafnréttisbaráttunni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi málsins til að hafa um þetta fleiri orð þar sem ég á sæti í þeirri n. sem fær málið til umfjöllunar. En ég ítreka að ég harma og lýsi undrun minni á því að hæstv. félmrh. skuli leggja málið óbreytt fyrir þingið eftir þá gagnrýni sem það sætti hér á Alþingi síðastliðinn vetur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Vel má vera að í þessu frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla felist einhverjar þær úrbætur sem að gagni megi verða til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna. A. m. k. ættu slík lög ekki að spilla fyrir og síst sæti á okkur Kvennalistakonum að fara að berjast gegn slíkum lögum, enda er það ekki ætlunin. Því er hins vegar ekki að neita að við höfum efasemdir um raunverulega gagnsemd þeirra laga, sem hér er ætlunin að setja, og ég hlýt að nota þetta tækifæri til að ræða jafnréttis- og kvenfrelsismál á breiðum grundvelli.

Eins og segir í aths. við frv. er það að stofni til byggt á tillögum endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af fyrrverandi félmrh. Þær tillögur lagði hæstv. fyrrv. félmrh. Svavar Gestsson raunar fram sem frv. á síðasta þingi og þá voru þessi frv. rædd samhliða. Í þeim umr. tók hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir þátt og skýrði afstöðu okkar Kvennalistakvenna til beggja frv. og einstakra greina þeirra. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka lið fyrir lið allar þær skýringar, en vísa til 24. og 25. heftis Alþingistíðinda 1983—1984.

Eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði í umr. um þetta stjfrv. á síðasta þingi þykir okkur það harla bitlaust og ólíklegt til að breyta nokkru til hins betra. Í rauninni fjalla allar greinar þessa frv. um svo sjálfsagða hluti að furðulegt má telja að við skulum telja okkur þurfa að setja um þá lög nú á árinu 1984, eins og ákvæði um sömu kjör fyrir sambærileg störf, að óheimilt sé að mismuna eftir kynferði o. s. frv. Það sýnir auðvitað að ástandið er ekki eins og á verður kosið. En það sem bitastæðast var í tillögum endurskoðunarnefndarinnar og hefði getað fært málið til betri vegar, að okkar dómi, hefur verið fellt niður. Þarna var einkum um að ræða bein ákvæði um að sérstaklega skuli bæta hag kvenna og ákvæði um breytta sönnunarbyrði.

En þótt hitt frv., sem algerlega byggist á tillögum endurskoðunarnefndarinnar og hefur verið lagt fram hér í dag, sé að okkar dómi snöggt um bitastæðara og líklegra til að stuðla að bættum hag kvenna samræmist það ekki hugmyndum Kvennalistans um jafnrétti og kvenfrelsi frekar en það stjfrv. sem við erum nú að fjalla um þar eð þau ganga bæði augljóslega út frá þeirri grundvallarhugsun að jafnréttisbarátta kvenna hljóti að miðast við það að ganga í störf karla og að konur þurfi að klífa upp verkefna- og virðingarstigann til að ná því þrepi þar sem karlar standa, sem að sjálfsögðu er þá talið talsvert fyrir ofan kvennapallinn. M. ö. o.: konur hljóti að stefna að því að fá að vera eins og karlar og taka þátt í þjóðfélaginu á forsendum karla. Er þetta það jafnrétti sem við viljum stefna að?

Svar okkar, sem styðjum og túlkum stefnu Kvennalistans, er nei. Við höfum lagt til hliðar hugmyndir um jafnrétti sem fela í sér rétt kvenna til að fá að vera eins og karlar. Við setjum á oddinn hugmyndir um kvenfrelsi sem fela í sér rétt kvenna til að vera metnar á eigin forsendum til jafns á við karla. Við höfum ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því að störf séu flokkuð í sérstök kvenna- og karlastörf. Okkur finnst það í hæsta máta eðlilegt. Konur eru mótaðar af kynhlutverki sínu, því hlutverki að ala börn og annast. Það er því ofureðlilegt að þær leiti fremur í þau störf sem gjarnan eru kölluð kvennastörf, þ. e. þjónustustörf af ýmsu tagi, störf sem lúta að umönnun og uppeldi. Hið óeðlilega og óæskilega er hins vegar hvernig þjóðfélagið metur þessi störf. Það er þar sem meinið liggur. Auðvitað er einnig sjálfsagt að hvetja konur til að hasla sér völl innan hefðbundinna karlagreina ef hugur þeirra stendur til þess. Í því er hið eina sanna frelsi fólgið að hver og einn, karl eða kona, geti valið sér starfsvettvang og lífsferil eftir löngun, viti og vilja, óháð kynferði og efnahag. En það er hart til þess að vita að störf skuli vera vanmetin og lítils virt fyrir þá sök eina að konur gegna þeim frekar en karlar. Því getum við tæpast breytt með lögum. Að því verður að vinna með samningum og starfsmati, nema hv. alþm. séu til þess búnir að samþykkja lög þess efnis að allar starfssléttir sem að meiri hluta eru skipaðar konum skuli hækka í launum sem svarar tveimur launaflokkum eða meira eftir atvikum. Sú leið er vissulega freistandi, en sennilega ekki alls kostar heppileg.

Úrræði stjórnvalda felast því miður einkum í því að reyna að beina konum inn í hefðbundnar karlagreinar, eins og hæstv. félmrh. lýsti í framsöguræðu sinni, en ekki að því að hefja hefðbundin kvennastörf til vegs og virðingar og hærri launa. Við þurfum fyrst og fremst hugarfarsbyltingu og við þurfum stóraukna hlutdeild kvenna í verkalýðsbaráttu og stjórnunarstörfum. Og þá erum við komin í hring því slík störf standa konum ekki beinlínis opin. Þessu mótmæla menn sjálfsagt kröftuglega, sérstaklega karlmenn, og halda því blákalt fram að konum séu allir vegir opnir og færir sem þær hafi vit og vilja til að þræða. Satt er það að vissu marki. En hverjir setja leikreglurnar og hverra forsendur eru til viðmiðunar?

Mig langar til að biðja hv. þm. að velta því aðeins fyrir sér hvers vegna konur láta svo lítið að sér kveða í þjóðfélagi nútímans, nú þegar þeim eru sagðir allir vegir opnir og færir. Hvers vegna eru konur svo tregar að koma fram á opinberum vettvangi? Hvers vegna tala þær ekki á fundum? Hvers vegna eru svo fáar konur í áhrifastöðum í þjóðfélaginu? Hvers vegna eru konur einkum í uppáhellingar- og fjársöfnunarhlutverkunum í blönduðum félögum meðan karlarnir standa í sviðsljósinu? Hvers vegna eru konur almennt aðeins skrautblóm á þeim fríðu listum karlmanna sem kjósendur velja í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna og til forustu í félögum? Hvers vegna er verkstjórinn í frystihúsinu

karlmaður meðan konur vinna að snyrtingu og pökkun, forstjóri fyrirtækisins karlmaður en ritarinn kona, skólastjórinn karlmaður en flestir kennaranna konur? Svona mætti endalaust telja. Karlmaðurinn stjórnar. Konan felur sig á bak við hann, þorir ekki að opna munn á fundum, a. m. k. ekki ef karlmenn eru of margir í nánd, og sættir sig við lægra sett störf, óæðri starfsheiti og lægri laun.

Stendur konan svona langt að baki karlmanninum hvað snertir hæfileika og gáfnafar? Spyrjum foreldra og kennara. Á nokkur von á að þeir segi strákana frá upphafi hæfileikameiri og duglegri í hvers konar námi en stelpurnar? Ég á satt að segja frekar von á því gagnstæða, ekki vegna þess að stelpur séu almennt greindari og hæfileikameiri en strákar, heldur taka þær yfirleitt fyrr út þroska sinn og nýta þannig oft betur námshæfileika sína en karlkyns jafnaldrar þeirra, t. d. í barnaskóla.

Mamma, hvað gerist með stráka? spurði lítil athugul stúlka nýlega. Hún fullyrti að strákarnir í bekknum hennar væru óttalega kærulausir og eiginlega bara vitlausir, gleymdu heimaverkefnum, væru latir og skilningslausir. En hún hafði grun um að þeir ættu nú þrátt fyrir allt eftir að spjara sig, verða lærðir menn, verkstjórar, forstjórar, jafnvel alþm. En hvers vegna þeir frekar en stelpurnar? Mamma, hvað gerist með stráka? spurði hún.

Já, hvað gerist með stráka og hvað gerist með stelpur? Hvað ætli svo sem gerist annað en það að umhverfið hefur sín áhrif. Verkaskiptingin á heimilunum og í þjóðfélaginu síast inn í huga þeirra og mótar viðhorfin. Stúlkan sannfærist um að hjónabandið sé hennar æðsta markmið og námsstrit og sjálfvalið starf ekkert annað en þrjóska. Hún er búin að koma auga á alla þröskuldana. Sagt er: Konur hafa sömu möguleika til náms. Þær geta stundað læknisfræði, lögfræði, verkfræði, guðfræði. Vel á minnst: Muna menn hve stutt er um liðið síðan deilt var um rétt kvenna til prestsstarfa hér á landi? — Þær geta farið í Sjómannaskólann, vélskóla og bændaskóla ef þeim býður svo við að horfa. Þannig lítur það út á pappírnum og allmargar leggja ótrauðar í hann. En konur þurfa sannarlega að vera haldnar ótvíræðum og brennandi áhuga til að leggja út í langt nám. Þær vita nefnilega mætavel að þegar þær giftast og stofna heimili, sem flestar gera og vilja sannarlega gera, gerbreytist þeirra aðstaða og það er alls ekki gefið að þær geti notað menntun sína þegar út í hjónaband er komið.

Hjónabandið snýr á mjög ólíkan hátt við konunni og karlmanninum. Fyrir karlmanninn sem einstakling er það raunverulega ávinningur. Fyrir konuna þýðir það skerðingu á persónufrelsi. Hjónabandið bindur að vísu karlmanninn við að sjá fjölskyldu sinni farborða, vinna fyrir daglegum þörfum hennar, koma upp húsnæði yfir hana, en það skerðir á engan hátt möguleika hans út á við í þjóðfélaginu. Þvert á móti virðist það fremur styrkja stöðu hans í þjóðfélaginu. Karlmaðurinn er höfuð fjölskyldunnar, a. m. k. efnahagslega, og kemur fram fyrir hennar hönd í augum samfélagsins. Kona rennur inn í stétt eiginmannsins og víðast hvar erlendis verður hún að bera nafn hans. Hér á landi fær þó konan að halda nafni sínu á pappírnum þótt oftast nær þurfi að bæta við hvers kona hún sé og börnin séu vitanlega kennd við föður sinn hvort sem þau þekkja hann eða ekki. Konan fylgir manninum þangað sem starf hans kallar hann. Heimilisfesta fjölskyldunnar fer eftir vinnustað hans. Hann er skrifaður fyrir símanum, húsinu, bílnum og yfirleitt öllum eignum fjölskyldunnar hvað sem líður öðru hjali um sameign. Karlmenn eru hátt tryggðir hjá líftryggingarfélögum meðan fáum dettur í hug að konan sé þess virði. Er svo sem að undra þótt konan týni talsverðu af sjálfstraustinu við þessar aðstæður? Og svo eru það blessuð börnin. Líffræðilegt hlutverk konunnar í viðhaldi mannkynsins hefur löngum verið notað gegn henni. Ef nokkuð væri ætti konan að njóta sérstakra hlunninda og virðingar fyrir að ganga með og ala upp börn. Hún hefur þó ekki farið fram á annað en að mega halda áfram að vera sjálfstæður einstaklingur, enda þótt hún sé orðin móðir. Og til að girða fyrir hugsanlegan misskilning vil ég taka það skýrt fram að ég tel þetta stórkostlegt hlutverk sem konunni er falið. Við góðar aðstæður foreldra er ekki hægt að hugsa sér neitt undursamlegra en barnsfæðingu.

En nú er konum mismunað bæði í atvinnulífinu og á heimilum einmitt vegna þessa. Í mörgum starfsgreinum þýðir það vinnutap og þar með launamissi í langan tíma ef konan verður barnshafandi og í mörgum starfsgreinum finnst þeim sem ráða ekki koma til greina að treysta konum fyrir ábyrgðarstöðum eða hleypa þeim inn í of háa launaflokka vegna þess möguleika að þær gætu orðið barnshafandi eða vegna þess að þær eiga börn sem gætu orðið veik. En hvers vegna þarf þjóðfélagið að refsa konunni fyrir móðurhlutverkið? Hvers vegna fær konan eins og hnefahögg í andlitið við hverja barnsfæðingu: Jæja kerli mín, nú ert þú ekki lengur einstaklingur með sjálfstæðar skoðanir og vilja. Þú ert orðin móðir og það er þitt einkamál. Nú átt þú að fórna öllu fyrir barnið þitt. Þú skalt ekki dirfast að reyna að pota þér áfram í samfélaginu okkar, sem tekur engar barnakerlingar með í reikninginn, eða eyða tíma og orku í félagsmálastörf. Þú getur í hæsta lagi leyft þér að vinna á skrifstofu eða í fiski hálfan daginn, þ. e. þegar barnið þitt er orðið nógu stórt, og það er alveg nóg fyrir þig að skreppa á kvenfélagsfund einu sinni í mánuði.

Nú veit ég að þessu andmæla margir kröftuglega. Því er stöðugt haldið fram að þetta þjóðfélag standi konum opið upp á gátt. Reyndar er ástandið allt annað en fyrir aðeins nokkrum árum. Það er t. d. ekkert vafamál að mikið var reynt til þess að fá konur í framboð við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Forkólfar stjórnmálaflokkanna gengu á milli kvenna og þrábáðu þær um að bjóða sig fram, enda var þeim ljóst að þeim væri það ávinningur að hafa konur í öruggum sætum. En konurnar treystu sér ekki. Þær treystu sér ekki í slaginn á forsendum karla. Það var fyrst þegar þær réðu ferðinni sjálfar og fengu hvatningu til túlkunar eigin hugmynda að þær treystu sér fleiri en ein og ein. Sama var upp á teningnum við alþingiskosningarnar og vafalaust hefur verið reynt að fá konur til þátttöku í forustu verkalýðsfélaga og fleiri samtaka. En þær treysta sér ekki, jafnvel ekki þær sem hafa yfirunnið vanmetakennd sína gagnvart karlmanninum og langar til að láta að sér kveða, leggja kvennalóð á vogarskálarnar. Hvar liggur þá hundurinn grafinn? Hver leggur stein í götu konunnar? Steinarnir eru fleiri en einn, en sá stærsti er inni á heimili konunnar. Þetta er náttúrlega viðkvæmt mál, en þetta er mín niðurstaða eftir talsverðar vangaveltur. Ég

skal reyna að skýra þetta nánar.

Heimilisstjórn og allt sem henni fylgir kemur í hlut konunnar í langflestum tilvikum, hvort sem hún hefur nokkra hæfileika í þessa átt eða ekki. Sem betur fer virðist ungt fólk nú á dögum vera að vakna til vitundar um óréttlætið sem í þessu felst og æ fleiri ungir menn taka þátt í heimilisstörfum og barnauppeldi án þess að burðast með þá tilfinningu að karlmennsku þeirra sé þar með misboðið. En enn er langt í land að þátttaka karlmanns í heimilisstörfum sé sjálfsagt mál. Það heitir enn að hann sé að hjálpa konunni. Setjum nú svo að það sé einlæg ósk þjóðfélagsins að fá hæfar konur til að standa við hlið karlmannanna utan heimilanna, nýta hæfileika þeirra og menntun á breiðari grundvelli. Hvað getur þjóðfélagið gert í málinu eða kemur því ekkert við hvernig það má verða að konur njóti sín til jafns við karlmenn? Hvað skyldu margir af þeim körlum sem hæst og mest hafa talað um jafnrétti kynjanna vera fúsir til að haga vinnutíma sínum svo að þeir geti sinnt húsverkum og barnagæslu til jafns við eiginkonur sínar? Eru þeir reiðubúnir að vera heima og taka að sér störf konunnar þegar hún þarf næst að fara á fund?

Við vitum öll eða a. m. k. vita konur allar hvernig heimilisstörf eru. Þau eru ekki unnin frá kl. 9—5 og síðan frí það sem eftir er dagsins. Heimilisstörf dreifast yfir allan daginn og fæstar húsmæður geta tekið sér frí til að sinna eigin hugðarefnum nema stund og stund frí á hún ekki fyrr en börnin eru sofnuð rótt á kvöldin. Konur, sem vinna utan heimilis, vinna flestar tvöfalda vinnu því heimilisstörfin eru eftir sem áður þeirra verk og þær eru þar af leiðandi tregar til að taka að sér frekari störf. Þær treysta sér ekki í ábyrgðarstöðurnar vegna þessa og þær treysta sér ekki til að bæta á sig störfum að félagsmálum. Þær hafa ekki tíma til að búa sig undir að tala á fundum og kynna sér málefni sem ræða á. Þær verða sífellt að gjalda þess að þær eru konur og mæður.

Þetta er vitanlega ekki eina skýringin á hlédrægni konunnar og tregðu til að láta raunverulega að sér kveða, en hún vegur áreiðanlega þungt.

Kannske finnst einhverjum ég lýsa fullmikilli sök á hendur karlmönnum. Eiga konurnar ekki sök á þessu sjálfar? Er það ekki þeirra að velta þessum steini úr götu sinni? Jú, það eiga þær sannarlega að gera. Um þetta er ekki hægt að setja nein lög. En málið er viðkvæmt og vandmeðfarið. Verkaskiptingin á heimilunum er rótgróin og ótrúlega margir taka það sem árás á heimilin og heimilisstörfin þegar konur leyfa sér að láta í ljósi að þær langi til að helga starfskrafta sína einhverju öðru. Og innst inni eru konur dauðhræddar við að breyta nokkru og fljótar að skjóta sér á bak við karlmanninn þegar það býðst. Þeim sem hefur verið innprentað frá æsku hvernig konan á að vera og gegn slíku er erfitt að standa.

Fyrst og fremst á konan að vera góð. Og hvernig er kona góð? Jú, hún tekur því með brosi á vör sem að höndum ber og kvartar ekki. Hún rífst ekki við vinnuveitanda sinn yfir því að hafa ekki sama kaup og karlmaðurinn hinumegin við borðið sem vinnur sömu störf undir fínna starfsheiti. Hún ætlast ekki til þess af eiginmanni sínum að hann bæti á sig heimilisstörfum þegar hann kemur þreyttur heim frá vinnu, enda þótt sjálfsagt þyki að hún geri það. Góð kona er líka góð móðir sem fórnar sér fyrir börnin sín, en hendir þeim ekki á barnaheimili eða fer frá þeim á kvöldin til að stússa í félagsmálum. Góð kona stendur að baki karlmanninum og styður hann í sínu framapoti og hún fær vitnisburðinn í eftirmælunum: Hún var börnum sínum góð móðir og bjó manni sínum fagurt og hlýlegt heimili.

Það er erfitt að brjótast út úr þessu munstri og konan er hrædd við það. Hún er hrædd við að troða karlmanninum um tær. Hún er hrædd við að raska þeirri konuímynd sem samfélag mannanna hefur svo lengi búið við. Hún er jafnvel hrædd við að glata eiginmanninum, spilla þroskamöguleikum barna sinna og uppskera fyrirlitningu kynsystra sinna. Við berum öll ábyrgð á ríkjandi ástandi. Spurningin er hvort við viljum breyta því og ef svo er hvernig við viljum breyta því. Í mínum huga er þetta spurning um hugarfarsbreytingu og um hugarfarsbreytingu setjum við ekki lög. En þetta er auðvitað líka spurning um að breyta þannig aðstæðum kvenna að þær hafi frjálsara val um það hvernig þær haga lífi sínu.

Því miður hef ég ekki trú á að þetta frv. til l. um jafna stöðu kvenna og karla breyti neinu í því efni. Mér kemur það fyrir sjónir sem hálfgert sýndarfrv., lagt fram til að friða einhverjar af þeim konum sem eru síkvartandi yfir hlutskipti sínu með réttu eða röngu. Kannske er það ósanngjarnt mat.

Á miklu veltur hvernig til tekst með framkvæmdina. Við eigum t. d. eftir að sjá útfærsluna á 2. gr. ef þetta frv. verður að lögum. Hvaða stjórnvaldsaðgerðir er hér verið að tala um aðrar en fræðslu eins og hæstv. félmrh. nefndi áðan? Ætla stjórnvöld að bjóða með reglugerð að karlar skuli sinna heimilisstörfum og barnauppeldi til jafns við eiginkonur sínar? Fáum dettur það víst í hug. Á kannske að setja reglugerð um fundatíma sem kveður á um það að fundarmenn komist heim í tæka tíð til að elda mat ofan í heimilisfólkið sitt? Þá þyrfti nú aldeilis að breyta starfsháttum t. d. hér á hinu háa Alþingi. Eiga þessar stjórnvaldsaðgerðir kannske að beinast að því að hafa á boðstólum örugga barnagæslu hvar sem hennar er þörf? Má ég þá benda á dagvistarfrv. Kvennalistans sem nú er komið til n. í Ed. Og á e. t. v. að bjóða með reglugerð sérstakt tillit til kvenna sem þurfa að sinna börnum og heimili um lengri eða skemmri tíma, tryggja að þær geti komið aftur til náms, vinnu eða félagsstarfa eftir slík hlé án þess að finnast þær hafa fyrirgert rétti sínum?

Líklegt má telja að frv. þetta verði að lögum. Það verður forvitnilegt að sjá reglugerðina um þessar stjórnvaldsaðgerðir skv. 21. gr. þessa frv. og fjögurra ára framkvæmdaáætlunina sem getið er um í 22. gr. Þar kynnu úrbæturnar að felast ef skynsamlega er haldið á málum.

Eins og þegar er lýst munum við þm. Kvennalista ekki standa gegn þessu frv. þótt við sjáum ekki að það breyti nokkru til eða frá þótt það verði að lögum. Við teljum vænlegra til árangurs að vinna að bættum hag kvenna með því að taka á hinum ýmsu þáttum löggjafarinnar hverjum fyrir sig, eins og fram komin mál Kvennalistans á þingi eru dæmi um.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við höfum nú í höndum enn eitt þskj. sem á að stuðla að bættri stöðu kvenna og jafnri stöðu kvenna og karla

á öllum sviðum, eins og segir í 1. gr. frv.

Ég kveð mér hljóðs af tvennu. Annars vegar vil ég eindregið taka undir þá skoðun hæstv. félmrh. að hin svokallaða jákvæða mismunun sé ekki æskileg og ekki líkleg til framdráttar jafnrétti karla og kvenna. Ég tel að hin jákvæða mismunun geti einmitt verið mjög neikvæð fyrir jafnrétti karla og kvenna. Hún getur leitt til þess að kona sé sett í starf einungis vegna þess að hún er kona en ekki vegna hæfni hennar að öðru leyti til starfsins. Það sem vitanlega verður fyrst og fremst til að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu er að þeim sé gert kleift að sinna því starfi sem hugur stendur til og þá vissulega hvort heldur þær velja það sem kallað hefur verið kvennastarf eða hasla sér völl á þeim vettvangi þar sem karlmenn eru í meiri hluta. Það sem máli skiptir er hæfni hvers einstaklings og frelsi hans til að velja sér starfsvettvang. Það eitt getur leitt til jafnréttis.

Þá er spurning: Hvernig á svo að tryggja þessa möguleika? Með stjórnvaldsaðgerðum, segir í þessu lagafrv. Vissulega eru mörg lagaákvæði sem eiga að tryggja þessa möguleika og vinna gegn mismunun milli karla og kvenna. Það er alveg rétt, því miður, að því er ég tel, að fjöldi starfa, sem að meiri hluta til eru skipuð konum, hefur oft verið vanmetinn og er að mörgu leyti vanmetinn. Þetta hygg ég að sé af þeim ástæðum, sem oft hafa komið fram í máli kvenna hér á Alþingi, hinum mörgu hefðbundnu ástæðum sem hafa áhrif á aðstöðu kvenna. Ég hygg að með þessari löggjöf og með ákvæðinu um menntun, sem tekur mið af þessari aðstöðu og sem tekur mið af jafnréttinu, sé einmitt stuðlað að því að breyta þessu, einmitt stuðlað að því að ýmis þau störf sem nú eru kvennastörf vegna þess að konur eru þar í meiri hluta og ýmis þau störf sem konur hafa jafnan sinnt körlum fremur vegna hins eðlilega hlutverks síns verði hér eftir metin sambærileg ýmsum öðrum störfum sem karlastörf eru án þess að þau séu sömu störfin. Þess vegna er áherslan á það í 4. gr. frv., þar sem talað er um jafnverðmæt og sambærileg störf, að kvennastörfin séu ekki lægra metin en karlastörfin.

Að því er varðar 10. gr. frv., um menntun, sé ég ástæðu til að gera eina athugasemd. Í 2. málsgr. 10. gr. í frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara."

Ég er ekki viss um að allt sé fengið með þessu því það er engin ástæða til þess að vinna gegn því ef stúlka vill velja sér hjúkrunarfræði sem námsgrein og hjúkrun sem starfsgrein. Ég sé ekki að það sé ástæða til að vinna endilega gegn því og beina henni til náms í járnsmíði einungis vegna þess að svo fáar konur eru járnsmiðir. Fleiri svipuð dæmi mætti taka. Aðalatriðið er að skilningur sé á báða bóga á mikilvægi þessara starfa og ef áhugi og hæfni stendur til hamli það ekki vali á starfsgrein að viðkomandi sé kona eða þá karlmaður, ef hann vildi snúa sér að hjúkrun eða einhverju öðru starfi sem aðallega hefur verið sinnt af konum, þá verði það honum ekki að fótakefli að hann sé karlkyns.

Það er hins vegar annað atriði sem ég tel mjög mikilvægt í sambandi við menntun barna og unglinga og ég held að stuðli, þegar til lengdar lætur, að jafnrétti kynjanna. Það er menntun á því sviði sem fyrst og fremst varðar fjölskylduna, líf hennar og starf á heimilinu. Á þessu sviði held ég að séu mjög miklir möguleikar til að efla sameiginlegan og gagnkvæman skilning stúlkna og pilta á þann veg að leiði til þess að auðveldara sé um vik fyrir konur að sinna störfum sem þær hafa e. t. v. ekki í svo ríkum mæli gert áður og slíkt stuðli að því, eins og hv. þm. Kvennalistans segja, að það verði ekki forsendur karla einar sem ráði á vinnumarkaðinum.

Mér finnst stundum sumt af þessu með forsendurnar hjá þeim svolítið torskilið, en hvað um það. Vissulega er það rétt að karlarnir hafa ráðið miklu meira um það hvernig vinnutíma og aðstöðu á vinnumarkaði hefur verið hagað og vissulega hefur það orðið konum oft og tíðum fjötur um fót. Vinnutími í þjóðfélaginu, tími sem varið er til félagsstarfa og fleira mætti til tína hefur gert konum erfiðara um vik að taka þátt í margvíslegum störfum.

Ég hygg að mikilvægasta atriðið í öllu skólastarfinu í þessu sambandi sé að veita drengjunum meiri menntun á sviði heimilisfræða, á sviði fjölskyldufræða, um fjölskyldulíf, um umönnun barna, til þess að auka einmitt þennan skilning á báða bóga. Þetta hefur verið aukið á síðustu árum og um nægilega langt skeið til þess að þeir sem eru nú ungir heimilisfeður hafa fengið allt annars konar menntun að þessu leyti en næsta kynslóð þar á undan. Við sjáum þess stað nú að það er miklu algengara nú á dögum að karlar og konur séu samhent í heimilishaldi og skiptist þar á verkefnum og störfum. Það er eitt af því sem stuðlar að því sem þessum lögum er ætlað. Án slíks hugarfars, sem fæst með uppeldi og menntun, ná lög sem þessi vitanlega ekki tilgangi sínum.

Þessi þáttur mála hefur mjög verið til umfjöllunar í menntmrn. og það er með þetta í huga ekki síst sem að því hefur verið horfið að auka kennslu í heimilisfræðum í grunnskólunum. Það var í framhaldi af tillögugerð hv. núverandi forseta Ed. á sínum tíma sem unnið var að því máli og einmitt með það atriði í huga að stuðla að skilningi allra heimilismanna á þörfum heimilisins og hvernig karlar og konur geta unnið saman að þörfum fjölskyldunnar utan heimilis sem innan.

Ég sá ástæðu til þess, herra forseti, að taka þetta fram hér vegna þess að kvennalið þess þingflokks sem ég er í er nú of fámennt. Það viðhorf, sem ég hef hér lýst í sambandi við jákvæða mismunun, er viðhorf kvenna í Sjálfstfl. upp til hópa. Við teljum að konum væri nokkur vanvirða sýnd með því að setja sérstök lagaákvæði um að þær skuli skipaðar í tiltekin störf vegna þess eins að þær séu konur. Við erum þeirrar skoðunar að bæði konur og karlar komi jafnt til greina við skipun í störf, eftir hæfni og þekkingu, og það sé það sem eigi að leggja til grundvallar. Við teljum að það sé frelsi einstaklinganna og möguleikar til þess að velja sér störf eftir hæfni og þekkingu sem ráði jafnréttinu.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til að ég fjölyrði meira um þetta frv., sem er stjfrv. og á sviði annars hæstv. ráðh., en þessi atriði vildi ég taka fram.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta mál, sem nú er á dagskrá, var til rækilegrar meðferðar á síðasta þingi. Þá fóru fram ítarlegar umr. um þetta mál.

Ég verð að segja eins og er að mér kom nokkuð á óvart sú yfirlýsing hæstv. menntmrh. að konur í Sjálfstfl.

væru upp til hópa á móti jákvæðri mismunun þegar það liggur fyrir, ég veit ekki betur, að flokksmenn úr Sjálfstfl. standa að þeirri tillögu sem hefur verið birt hv. Alþingi á þskj. 109 í sérstöku þingmáli. Þar er um að ræða þingmál sem hefur áður komið hér til meðferðar og byggir á tillögum nefndar sem starfaði á árunum 1981—1983. Það er samkomulagsmál. Það er fólk úr flestum stjórnmálaflokkum sem að því stendur. Þar er ekki um að ræða ýtrustu óskir eins eða neins, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um áðan. Sjálfsagt vildu ýmsir í þeirri nefnd hafa hlutina aðeins öðruvísi en þar er lagt til. — Það kemur mér mjög á óvart, með tilliti til þess að þeir nefndarmenn sem munu vera í Sjálfstfl. taka þessa afstöðu, ef það er svo að konur í Sjálfstfl. hafi ákveðið að beita sér sérstaklega á móti jákvæðri mismunun.

Það sem kallað er jákvæð mismunun á sér auðvitað langa sögu og á sér mjög margar hliðstæður í löggjöf, t. d. löggjöf um önnur málefni en þau sem hér eru sérstaklega á dagskrá. Það eru ákvæði um það í grundvallarlögum okkar þjóðfélags, t. d. kosningalögunum, að það skuli vera um að ræða mismunandi atkvæðavægi, mismunandi kosningarrétt eftir því hvar fólk býr í landinu. Þannig hefur hv. Alþingi aftur og aftur tekið ákvarðanir um að áherslur í þessu efni geti verið nokkuð mismunandi eftir aðstæðum og þess vegna hefur hv. Alþingi auðvitað aftur og aftur fallist á sjónarmið af þessum toga. Hér er því ekki um að ræða nýlundu í almennu löggjafarstarfi, heldur fyrst og fremst nýlundu að því er þennan málaflokk varðar. Núverandi ríkisstj. hefur kosið að hafna þessu sjónarmiði nefndarinnar um jafnréttismál og hefur spillt stórkostlega því merka starfi sem nefndin vann á árunum 1981—1983 við að ná samstöðu um jafnréttismál.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara út í almennar umræður um jafnréttismál þó að það væri freistandi í framhaldi af orðum hv. þm. sem töluðu á undan mér, t. d. 7. landsk. þm., sem flutti athyglisverða ræðu, svo og hæstv. menntmrh. En ég ætla bara að nefna fáein grundvallaratriði og það númer eitt að í þeirri viðleitni sem hefur verið uppi til að setja lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur enginn verið með tillögur um að konur verði karlar eða öfugt. Það er ósköp einfaldlega verið að gera tillögur um að konur fái sem næst svipaða möguleika og karlmenn hafa í þjóðfélaginu og karlmenn geti einnig náð sömu möguleikum.

Ég er þeirrar skoðunar að jafnrétti kynjanna geti aldrei orðið til nema sérstaða kynjanna sé líka virt. Það er grundvallar- og undirstöðuatriði. Og ég held að það eigi ekki að gera lítið úr þeim jákvæða vilja sem birtist mjög víða á seinni árum í jafnréttismálum, heldur beri að fagna honum og nýta hann til þess að þróa áfram löggjöf og ákvarðanir hér á hv. Alþingi og annars staðar sem þjóna almennum jafnréttissjónarmiðum. Það er t. d., svo að ég nefni dæmi, brýn nauðsyn að konur verði miklu fleiri í pólitísku starfi en þær eru núna. Af hverju er það brýn nauðsyn? Það er vegna þess að það verður ekkert vit í pólitískum ákvörðunum öðruvísi en að jafnvægi sé á milli kynjanna við þá ákvarðanatöku. Það er ósköp einfalt grundvallaratriði að því aðeins nást skynsamlegar heildarákvarðanir að konur séu jafngildir aðilar að þeim og karlar. Þess vegna er það sjónarmið mitt að eitt af þýðingarmestu verkefnunum í stjórnmálaumræðum og stjórnmálaákvörðunum á næstu árum sé að tryggt verði að konur geti starfað þar mun meira en verið hefur. Ég tel að það hafi ekkert með einstaka flokka að gera til eða frá. Ég held að það sé lífsnauðsyn fyrir þjóðfélagið sem slíkt.

Ég er alveg sammála hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um að hugarfarsbreyting í þessu efni er nauðsyn og talsverð hugarfarsbreyting hefur verið að gerast á síðustu árum. En það dugir ekki eingöngu að leggja áherslu á hugarfarsbreytingu. Það verða að eiga sér stað efnislegar breytingar í þjóðfélaginu sem geta svo skapað forsendur fyrir því að hugarfarsbreytingin haldi áfram. Ég tel t. d. að það sé mikilvægt að lög og reglur séu þannig að þau stuðli að þessari hugarfarsbreytingu. Ég tel t. d. að löggjöf um fæðingarorlof, sem var sett hér fyrir nokkrum árum, frv. um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna, heimilisfræðsla o. fl. o. fl. — allt geti þetta fært okkur nær því markmiði sem við í sameiningu erum sammála um að keppa að. Ég held þess vegna að við eigum engan veginn að gera lítið úr þeim möguleikum sem löggjafinn hefur í þessu efni. En hann hefur hins vegar takmörkuð og sem betur fer ekki nein altæk völd í þessu efni. Og þarna kemur margt til, m. a. staðan á vinnumarkaðinum.

Ég er þeirrar pólitísku skoðunar að almennt sé mjög erfitt að ná verulegum áföngum í jafnréttismálum nema við þorum að taka á móti markaðs- og peningaöflunum í þjóðfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar að þau öfl standi gegn samneyslu. Það liggur fyrir. Þau eru á móti samneyslu og eru þar af leiðandi andvíg félagslegum ráðstöfunum sem geti stuðlað að auknum jöfnuði kynjanna, m. a. framkvæmdum í dagvistarmálum svo að ég nefni dæmi.

Í annan stað tel ég alveg ljóst að hinn svokallaði frjálsi vinnumarkaður hyllist til þess að greiða körlum í toppstöðum mun hærri laun og þar með er reglan sú að bæði á hinum almenna vinnumarkaði í hinni almennu samkeppni og að því er varðar samneysluna eru peningaöflin mótdræg öllu því sem heitir jafnréttissjónarmið að mínu mati. Ég held að útilokað sé að ná neinum árangri í baráttu fyrir breyttu þjóðfélagi í jafnréttisátt öðruvísi en að karlar og konur þori að horfast í augu við þann veruleika og ganga á hólm við hann.

Ég tel sem sagt að jafnréttismál séu pólitísk og þau grundvallist á sömu pólitísku forsendunum og flest í okkar samfélagi, þ. e. þeim forsendum sem tekist er á um í þjóðfélaginu m. a. um þessar mundir í þeim miklu vinnudeilum sem ganga yfir í þjóðfélaginu þar sem verið er að takast á um skiptingu verðmætanna á milli höfuðstéttanna.

Ég ætla ekki á þessu stigi, herra forseti, að fara mikið ítarlegar út í þessi mál. Ég ætla hins vegar að inna hæstv. félmrh. eftir því hvort hann er ekki tilbúinn að fresta 1. umr. um þetta mál í nokkra daga. Þannig eru mál vaxin að Jafnréttisráð hefur fjallað um frv. hæstv. ráðh., sem hér er á dagskrá og einnig það frv. sem nokkrir þm. sýndu á síðasta þingi. Jafnréttisráð fékk þessi frv. til umsagnar á síðasta þingi og mér er kunnugt um að þeirri umsögn er nú svo að segja lokið. Ég hefði talið mjög heppilegt ef umsögn Jafnréttisráðs um bæði þessi frv. lægi fyrir áður en 1. umr. um þetta frv. lýkur. Ég vil fara þess á leit við hæstv. félmrh. að hann fallist á að 1. umr. um þetta frv. verði frestað til þess að unnt verði að ræða um það á grundvelli ítarlegrar umsagnar

sem væntanleg er frá Jafnréttisráði og þá í tengslum við það frv. sem nokkrir þm. hafa orðið ásáttir um að sýna hér, þ. e. 105. mál þingsins, þskj. 109.

Ég held að frv. hæstv. félmrh. sé að mjög takmörkuðu leyti til bóta, því miður, og ég harma að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa notað sumarið til að laga það ómyndarfrv. sem hann lagði fram á síðasta þingi. Ég þykist vita að ýmsir af samflokksmönnum hæstv. ráðh. telji þetta frv. að mörgu leyti gallað og hefðu gjarnan viljað laga það, en viðleitni þeirra í þeim efnum virðist ekki hafa borið árangur ef þeir á annað borð hafa haft uppi einhverja viðleitni til að lagfæra frv. Ég fer fram á það, herra forseti, og einnig við hæstv. ráðh., að 1. umr. um þetta frv. ríkisstj. verði frestað um nokkra daga. Mér er kunnugt um að umsögn Jafnréttisráðs er væntanleg alveg á næstunni. Auðvitað kann svo að vera að hæstv. forseti vilji ljúka þessari umr. þannig að þeir sem eru á mælendaskrá tali í dag og það er sjálfsagt eðlileg verklagsregla, en ég hefði viljað fara fram á að umr. ljúki ekki og málinu verði ekki vísað til nefndar fyrr en eftir nokkra daga þegar hin mikilvæga umsögn Jafnréttisráðs liggur fyrir.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu set ég mig ekki upp á móti því þó að umr. um þetta mál sé frestað. Ég legg þvert á móti áherslu á að þetta mál fái sem ítarlegasta meðferð á hv. Alþingi og hef ekkert á móti því að umr. standi hér lengur um þetta mál, síður en svo. Hins vegar bendi ég á að umsagnir um frv. hljóta að verða teknar fyrir í hv. félmrn. og koma þess vegna þaðan til meðferðar þingsins.

Ég sé ekki á þessu augnabliki ástæðu til að ræða neitt frekar um það sem hér hefur komið fram. Ég fagna því að sjálfsögðu að hv. þm. hafa áhuga fyrir þessu máli. Ég mótmæli því hins vegar að hér sé um að ræða frv. sem hefur ekki ákveðinn tilgang. Það er að mestu leyti óbreytt frá hendi þeirrar nefndar sem samdi frv. það eru nokkur áhersluatriði, sem hér hafa verið rædd, bæði á síðasta þingi og nú, sem er ágreiningur um, en að öðru leyti er frv. merkt innlegg í jafnréttisbaráttuna og ég vona að hv. þm. gefi sér tíma til að skoða þetta mál.

Umr. frestað.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 49). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um vinnumiðlun. Það er frv. sem var sýnt hér á síðasta Alþingi en náði ekki það langt að það kæmi til umr. hér fyrir þinglok. Það blandast víst fáum hugur um það að Íslendingar lifa á umbrotatímum. Á vissan hátt má segja að íslenskt þjóðfélag standi á tímamótum.

Við höfum fram til þessa byggt sókn okkar til bættra lífskjara m. a. á mikilli fjárfestingu í fiskiskipum og fiskvinnslu, sem um skeið leiddi til aukins afla. Það er mat margra að við núverandi skipulag fiskveiða höfum við náð hámarksafrakstri fiskimiðanna í kringum landið. Þess vegna verði bætt lífskjör að byggjast á betri nýtingu þeirra hráefna sem við höfum, hagnýtingu nýrrar tækni við framleiðsluna og bættri menntun mannaflans. Ég er þeirrar skoðunar að um ókomna framtíð byggist afkoman í þessu landi á afrakstri sjávarútvegs og fiskvinnslu. Arður þessara starfsgreina muni áfram ráða lífskjörum á Íslandi. Þótt sjávarútvegurinn eigi við tímabundna erfiðleika að etja megum við ekki láta það hafa þau áhrif að dregið verði úr fjárfestingu í nýrri tækni og betri tækjum í þessari atvinnugrein. Ef sjávarútvegur og fiskiðnaður dragast aftur úr leiðir það til enn verri afkomu þess fólks sem starfar við þessar undirstöðuatvinnugreinar í okkar þjóðfélagi. Ef það gerist er hætt við að lítið verði til skiptanna fyrir aðrar starfsstéttir. Það er eins og ýmsir séu hættir að skilja þessar einföldu staðreyndir í þjóðfélaginu. Þess vegna legg ég áherslu á það að fjárfesting í nýjum tækjum, ekki síst í fiskvinnslunni, svo og öðrum atvinnugreinum, er forsenda bættra lífskjara.

En það er ekki nóg að fjárfesta í nýjum tækjum og auka fjölbreytnina í atvinnulífi ef ekki er fyrir hendi starfsfólk, sem hefur rétta menntun og þjálfun og síðast en ekki síst kjark til að takast á við ný verkefni sem ný tækni og nýjar atvinnugreinar krefjast. Þar kemur til menntun og hvers kyns þjálfun. Góð menntun byggist ekki eingöngu á góðum aðbúnaði, eins og t. d. skólahúsnæði og tækjum, heldur síðast en ekki síst á þeim kennurum sem annast kennsluna í húsnæðinu og vinna með þeim tækjum sem þar eiga að vera til staðar. Þjóð sem ætlar og verður að stofna til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu verður að átta sig á samhengi hlutanna. Það er ekki hægt að stofna til nýsköpunar í atvinnulífinu, nýsköpunar sem krefst menntunar, ef ekki er til starfskrafturinn til að koma slíku í framkvæmd.

Fjölbreytni í atvinnulífinu krefst betur menntaðs og sérhæfðara starfsfólks. Af þessum ástæðum er margt sem bendir til þess að sífellt erfiðara verði fyrir atvinnurekanda að fá það starfsfólk sem reksturinn krefst og fyrir launþegann að fá vinnu við sitt hæfi. Það er hér sem vinnumiðlunin hefur gífurlegu miklu þjóðhagslegu hlutverki að gegna. Meginhlutverk hennar á að vera að leiða saman launþega og atvinnurekanda og stuðla þar með að sem allra bestri nýtingu mannafla og atvinnutækja, þ. e. að sú menntun sem launþegi hefur nýtist sem best þegar út í atvinnulífið er komið og að flóknum og dýrum atvinnutækjum stjórni aðeins þeir sem hafi til þess rétta starfsþjálfun. Þetta hlutverk hefur íslensk vinnumiðlun ekki rækt sem skyldi. Starf hennar fram til þessa hefur í allt of ríkum mæli takmarkast við skráningu tölulegra upplýsinga og það skrifræði sem tengist greiðslu atvinnuleysisbóta. Á þessu verður að verða breyting og þess vegna er flutt það frv. um vinnumiðlun sem hér er á dagskrá.

Fyrsta löggjöfin sem snertir vinnumiðlun voru lög nr. 57/1928, um atvinnuleysisskýrslur. Í þeim lögum, sem voru aðeins fjórar greinar, var bæjarstjórnum gert skylt að safna fjórum sinnum á ári skýrslum um atvinnu og atvinnuleysi sjómanna, verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna. Mikill misbrestur mun hafa verið á þessari skýrslusöfnun utan Reykjavíkur og eftir þrjú ár gafst Hagstofan upp við að heimta skýrslurnar. Fyrir bragðið er nánast engin vitneskja fyrir hendi um atvinnuástand utan Reykjavíkur í tölfræðilegum gögnum frá kreppuárunum upp úr 1929.

Á árunum eftir 1929 verða menn varir við böl atvinnuleysisvofunnar. Sú reynsla verður þeim sem það upplifðu víti til varnaðar. Eymd, vonleysi, glötun tímaskyns, missir sjálfsvirðingar, lakari heilsa voru sjúkdómseinkenni atvinnuleysisins. Það var upp úr þessum

jarðvegi sem skilningur á mikilvægu hlutverki vinnumiðlunar spratt. Í ársbyrjun 1935 samþykkti Alþingi fyrstu lögin um vinnumiðlun, lög nr. 4 frá 9. jan. 1935. Í þeim lögum var kveðið á um að í hverjum kaupstað skyldi stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa eftir ákvörðun bæjarstjórnar eða atvinnumálaráðherra. Enn voru sett lög um vinnumiðlun árið 1951, lög nr. 41. Í 1. gr. þeirra laga er gerð sú meginbreyting að skyldu sveitarfélaga til að reka vinnumiðlun er breytt í heimild. Auk þess er kveðið á um það að þær vinnumiðlunarskrifstofur sem þá voru starfandi skv. lögum frá árinu 1935 skyldu hætta störfum frá 1. mars 1951. Loks voru sett ný lög um vinnumiðlun árið 1956, lög nr. 52/1956. Þau voru sett í tengslum við nýja löggjöf um atvinnuleysistryggingar það sama ár. Það er því orðið löngu tímabært að endurskoða vinnumiðlunarlögin og laga þau að þeim gífurlegu þjóðfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað frá setningu þeirra, ekki síst frá árinu 1971, þegar hrein bylting hófst í byggða- og atvinnumálum hér á landi.

Með bréfi dags. 22. okt. 1981 skipaði fyrrv. félmrh. nefnd er skyldi endurskoða lög nr. 52/1956, um vinnumiðlun, með síðari breytingum. Í nefndina voru skipaðir Sigurður Guðgeirsson prentari, sem var formaður, Björn Björnsson viðskiptafræðingur, Barði Friðriksson framkvæmdastjóri, Eyjólfur Jónsson framkvæmdastjóri og Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðingur. Eftir frá fall Sigurðar Guðgeirssonar var Þóra Hjaltadóttir hagfræðingur skipuð formaður í hans stað. Óskar Hallgrímsson deildarstjóri vinnumálaskrifstofu félmrn. var skipaður ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að kanna sérstaklega eftirfarandi atriði:

1. Hver sé eðlileg verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hvað vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu snertir.
2. Hvernig tryggja megi sem virkasta vinnumiðlun sem hafi jafnan haldgóðar upplýsingar um þau atvinnutækifæri er í boði eru á hverjum tíma víðs vegar um landið.
3. Hvort það eigi að vera verkefni vinnumiðlunar að sinna þörfum fólks með sérþarfir, t. d. öryrkja eða aldraða, eða hvort fela beri það verkefni öðrum aðilum.
4. Hvernig efla megi tengsl vinnumiðlunar í landinu við aðila vinnumarkaðarins og Atvinnuleysistryggingasjóð með það fyrir augum að koma á virkara samstarfi þessara aðila.

Enn fremur var nefndinni falið að kynna sér löggjöf um vinnumiðlun á öðrum Norðurlöndum með það sérstaklega í huga að Ísland gerðist aðili að samningi um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum og að æskilegt yrði af þeim ástæðum að samræma ákvæði laga hér á landi því sem þar gildir.

Í greinargerð með tillögu að lagafrv., sem nefndin sendi félmrh. þann 28. mars í ár, kemur fram sú sameiginlega skoðun hennar að vinnumiðlun og atvinnuleysisskráning þurfi að vera fyrir hendi um land allt og framkvæmdin eigi að vera verkefni sveitarstjórna en yfir stjórnin hjá vinnumálaskrifstofu félmrn. Þá kemur fram sú einróma skoðun nefndarinnar að mjög þurfi að auka þá þjónustu, sem vinnumiðlun lætur í té, bæði gagnvart atvinnuleitendum og atvinnurekendum og gera vinnumiðluninni kleift að sinna þeim fjölþættu verkefnum sem í raun eru á hana lagðar.

Nefndin telur mikið skorta á að vinnumiðlunin hafi sinnt því þjónustuhlutverki sem hún á að sinna. Hún bendir á í greinargerðinni að góðu heilli hafi atvinnuástand víðast hvar verið með þeim hætti síðustu árin að ekki hefur reynt alvarlega á vinnumiðlunina. Hins vegar leggur nefndin áherslu á það, sem kom fram hér að framan í þessari framsögu, að í þjóðfélagi, sem sífellt tekur yfir fjölþættari atvinnustarfsemi, verði þörfin fyrir virka vinnumiðlun meiri með hverju ári, burt séð frá því hvort um atvinnuleysi er að ræða eða ekki. Nefndin telur að eðlileg hreyfing vinnuafls milli atvinnugreina þurfi að geta átt sér stað og koma til kasta vinnumiðlunar um upplýsingagjöf bæði til atvinnurekenda og þeirra sem óska eftir að breyta um atvinnu. Atvinnuleit fyrir fatlaða og aðra hópa með sérþarfir þurfi einnig að stórauka, m. a. með samvinnu við samtök og stofnanir er fara með málefni þeirra.

Endurskoðunarnefndin er sammála um það að veigamikill þáttur í starfi vinnumiðlunar eigi að vera fólginn í því að veita stjórnvöldum og öðrum, sem á slíku þurfa að halda, tímanlega vísbendingu um hreyfingar á vinnumarkaði hvort sem um er að ræða þenslu eða samdrátt. Nefndin telur í þessu skyni nauðsynlegt að vinnumiðlunin fái sem gleggstar upplýsingar um atvinnuástandið á vinnumarkaði, þar á meðal um laus störf. Til að ná þessu markmiði leggur nefndin til að komið verði á véltæku gagnavinnslukerfi undir yfirumsjón vinnumálaskrifstofu félmrn. Ég mun víkja nánar að þessum þætti síðar í þessari framsöguræðu.

Í því skyni að efla vinnumiðlun leggur nefndin eftirfarandi til:

„Að skylda til að annast vinnumiðlun verði takmörkuð við sveitarfélög með a. m. k. 500 íbúa.

Að landinu verði skipt í atvinnusvæði eftir atvinnuháttum og staðháttum.

Að sveitarfélögum á hverju svæði verði gert að hafa samstarf um allt er lýtur að vinnumiðlun.

Að stefnt verði að því að koma á véltæku gagnavinnslukerfi sem m. a. auðveldi fámennari sveitarfélögum að annast vinnumiðlun án óhóflegs kostnaðar og skrifræðis.

Endurskoðunarnefndin fjallar um stjórn vinnumiðlunar í greinargerð sinni og telur rétt að aðilar vinnumarkaðarins fái beina aðild að yfirstjórn vinnumiðlunarinnar með þeim hætti að vinnumálaskrifstofunni verði sett sérstök ráðgjafarnefnd. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum sem undir vinnumálaskrifstofuna falla. Þá telur nefndin eðlilegt að heildarsamtök sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður fái aðild að ráðgjafarnefndinni. Enn fremur er það álit nefndarinnar að aðilar vinnumarkaðarins eigi að fá beina aðild að stjórnarnefndum þeim sem gert er ráð fyrir hjá hverri sveitarstjórn, sem skylt er að annast vinnumiðlun, sbr. 9. gr. frv. Með þessu telur nefndin að unnt eigi að verða að koma á virku samstarfi ríkis, sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál á breiðum grundvelli.

Nefndin víkur stuttlega í greinargerð sinni að samningi um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda, sem var undirritaður 6. mars 1982 og gekk í gildi 1. ágúst 1983, en samkvæmt honum njóta norrænir ríkisborgarar sama réttar og heimamenn varðandi þjónustu af hálfu vinnumiðlunar.

Ofangreind atriði eru kjarninn úr greinargerð endur-

skoðunarnefndarinnar, sem hún lét fylgja með tillögum sínum um ný lög um vinnumiðlun. Hér á eftir verður fjallað um einstakar greinar frv. eins og efni og ástæður gefa tilefni til.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að vinnumiðlun skuli starfrækja eftir því sem nánar er fyrir mælt í frv. og reglugerð nái það fram að ganga.

Í 6. gr. er mælt fyrir um þá skyldu sveitarfélaga með 500 íbúa eða fleiri að annast vinnumiðlun og að sveitarfélög með færri en 500 íbúum skuli hafa atvinnuleysisskráningu með höndum. Í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun. Í 6. gr. er enn fremur tekið fram að sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu. Hér er um að ræða verulega breytingu frá gildandi lögum. Í 1. gr. núgildandi laga segir að í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skuli starfrækt vinnumiðlun. Með tilliti til fenginnar reynslu er niðurstaða endurskoðunarnefndarinnar sú að leggja til að miða skyldu til vinnumiðlunar við stærð sveitarfélagsins, sbr. 6. gr. frv.

Það kom fram hér að framan að nefndinni var falið að kynna sér löggjöf um vinnumiðlun á hinum Norðurlöndunum, en komið hefur í ljós að skipulag vinnumiðlunar þar er með nokkuð öðrum hætti en lagt er til í frv. Meðal frændþjóða okkar er algengast að ríkisvaldið annist hina opinberu vinnumiðlun. Í frv. er hins vegar lagt til að sveitarstjórnirnar annist vinnumiðlunina eins og nú er og undir yfirstjórn vinnumálaskrifstofu félmrn. í stað yfirumsjónar rn. skv. gildandi lögum. Þessi leið er í samræmi við stefnu núv. ríkisstj. um sjálfstæði sveitarfélaga. Enn fremur er hún í takt við þá ábyrgð sem sveitarstjórnir á Íslandi bera í atvinnumálum. Í þessu sambandi má minna á 10. gr. sveitarstjórnarlaganna, en í henni segir m. a. að hlutverk sveitarstjórna sé að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi eða bjargarskort eftir því sem fært er á hverjum tíma. Þetta er víðtækari ábyrgð en sveitarstjórnir á hinum Norðurlöndunum almennt bera þegar atvinnumálin eru annars vegar.

Í 2. málsgr. 1. gr. er markmið vinnumiðlunar skilgreint á þann hátt að hún skuli stuðla að nægu framboði vinnu og vinnuafls og vinnumiðlun skuli vera endurgjaldslaus þjónusta við þá sem leita eftir vinnu eða vinnuafli. Þessi markmiðalýsing er nýmæli. Í tilvitnun minni í greinargerð endurskoðunarnefndarinnar hér að framan var fjallað um ráðgjafarnefnd þá sem kveðið er á um í 3. gr. frv. Ég tel eðlilegt að vinnumálaskrifstofan hafi milliliðalaust samband við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélögin og Atvinnuleysistryggingasjóð á þann hátt sem greinin gerir ráð fyrir og að því sambandi sé komið í fastar skorður.

Hins vegar er það umhugsunarefni hversu víðtækt sjálfstæði slík ráðgjafarnefnd eigi að hafa t. d. gagnvart rn. og ráðh. sem bera ábyrgð á þeim málaflokki sem um er að ræða. Ég tel eðlilegt að þær tillögur sem gert er ráð fyrir að ráðgjafarnefndin geti beint til þeirra opinberu aðila sem fjölluðu um stefnumörkun, áætlunargerð eða aðgerðir í atvinnumálum, bæði að því er tekur til landsins í heild og einstakra svæða eða staða, sbr. 4. gr. frv., séu kynntar félmrh. eða a. m. k. sé haft samráð við félmrh. áður en þær eru sendar út til hlutaðeigandi aðila. Ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að ráðh. sé gefinn kostur á því að láta álit sitt í ljós, koma athugasemdum á framfæri áður en slíkar tillögur eru sendar til ýmissa aðila víðs vegar.

7. gr. er nýmæli. Í henni er kveðið á um það að landinu skuli skipt í tiltekin atvinnusvæði með tilliti til legu og atvinnuhátta og að sveitarfélög innan hvers svæðis hafi samstarf um vinnumiðlun eftir því sem tök eru á. Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að gera vinnumiðlun sem virkasta á hverju svæði, auka hreyfanleik vinnuafls milli nærliggjandi sveitarfélaga og nýta sem best atvinnuframboð.

8. og 11. gr. eru samtvinnaðar. Í fyrri greininni er hlutverk vinnumiðlunarinnar skilgreint og er það gert á sama hátt og í núgildandi lögum. Í síðarnefndu greininni eru nýmæli er fjalla um þá þjónustu sem vinnumiðlun innir af hendi við atvinnuleitendur, atvinnurekendur og hópa sem þarfnast sérstakrar þjónustu. Varðandi f-lið 8. gr. vil ég geta um eitt verkefni sem ég tel einsýnt að vinnumiðluninni verði falið innan tíðar. Þetta verkefni er eðlileg afleiðing af aðild Íslands að samningi um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda sem gekk í gildi 1. ágúst 1983. Fram til þessa hefur vinnumálaskrifstofa félmrn. séð um framkvæmd ákvæðis samningsins, en eðli máls samkvæmt eiga vissir þættir betur heima hjá a. m. k. þeim vinnumiðlunarskrifstofum sem talað er um í 2. málsgr. 6. gr. frv. Mér þykir rétt í þessu sambandi að rifja upp fyrir hv. þm. hvaða skyldur samningurinn um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda felur í sér. Ég vil taka það skýrt fram að með því er ég á engan hátt að gagnrýna aðild okkar að samningnum eða þátttöku Íslands í norrænu vinnumálasamstarfi. Þvert á móti tel ég að við höfum nú þegar haft margvíslegan ávinning af þessu samstarfi og mun leggja áherslu á áframhaldandi þátttöku okkar í því.

Ákvæðið um skyldu stjórnvalda atvinnumála samningslandanna er að finna í 3. og 4. gr. samningsins og 3. og 4. gr. bókunar sem gerð var við undirritun hans. Nánari útfærslu á skyldum samningslandanna er að finna í 3., 4., 5. og 6. kafla leiðbeininga um norrænt samstarf um vinnumiðlun sem tóku gildi samtímis samningnum. Skyldurnar eru tvenns konar: annars vegar skyldur yfirstjórna atvinnumála gagnvart aðilum samningsins og hins vegar skyldur við aðila vinnumarkaðarins.

Ég tel eðlilegt að vinnumiðlunin sjái um þjónustu við aðila vinnumarkaðarins í samvinnu við og undir yfirstjórn vinnumálaskrifstofu vegna þess að hún er í beinum tengslum við vinnumarkaðinn. Hins vegar fari vinnumálaskrifstofan með samskipti við stjórnvöld vinnumála á hinum Norðurlöndunum og beri ábyrgð á að sinna þeim skyldum sem samningurinn felur í sér gagnvart þeim. Ég tel það athugunarefni hvort ekki sé rétt að fjalla nánar í frv. um hlutverk vinnumiðlunar í sambandi við norræna vinnumarkaðinn.

Annað atriði sem ég vil vekja athygli á er c-liður 11. gr. sem fjallar um sérstaka þjónustu vinnumiðlunarinnar. Skv. þessum lið geta unglingar, fatlaðir og aldraðir leitað til vinnumiðlunarinnar og óskað aðstoðar hennar við leit að vinnu við þeirra hæfi. Ég tel að þarna sé komið til móts við sjónarmið sem komu fram í frv. til l.

sem lagt var fram á þingi s. l. vor af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni o. fl., um að þjónusta vinnumiðlunarinnar taki einnig til eldra fólks.

IV. kafli frv. er nýmæli. Hann fjallar um gagnavinnslukerfi. Í 13. gr. frv. er heimildarákvæði fyrir félmrh. um að hann geti ákveðið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að vinnumiðlun taki upp véltæka gagnavinnslu allra upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnutækifæri og atvinnuleysisbætur. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að vinnumálaskrifstofan hafi yfirumsjón með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunarinnar og setji nánari reglur um meðferð þess og rekstur í samvinnu við sveitarfélögin og Atvinnuleysistryggingasjóð.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að félmrn. hefur í samvinnu við Reykjavíkurborg, Atvinnuleysistryggingasjóð og fjmrn. þegar hafið undirbúning að stofnun véltæks gagnavinnslukerfis vinnumiðlunar. S. l. vetur voru hannaðar fyrstu tillögur slíks kerfis. Þessar tillögur hafa verið til nánari athugunar. Enn fremur hafa starfsmenn félmrn. bæði kynnt sér þá tölvuvæðingu, sem hefur átt sér stað á þessu sviði í Finnlandi og í Svíþjóð, í tengslum við vinnumálafundi, sem hafa farið fram í þessum löndum, og tekið þátt í starfshópi norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar sem hefur það sérstaka verkefni að fjalla um notkun tölvutækni við vinnumiðlun á Norðurlöndunum. Rn. hefur þannig þegar dregið saman nokkurt magn upplýsinga um þetta málefni. Það er ljóst að hér er um umfangsmikið verkefni að ræða sem verður ekki leyst nema með náinni samvinnu við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins. Það er enn fremur ljóst að mesta vinnan liggur í því að skilgreina þau verkefni og þá þjónustu sem gagnavinnslukerfið á að annast. Hér er okkur Íslendingum nokkur vandi á höndum vegna þess hvað starfsemi vinnumiðlunarinnar er frumstæð. Þess vegna er það spurning hvort ekki sé rétt að fulltrúar ríkisvaldsins, sveitarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins setjist niður og ræði um framtíðarskipulag og starfshætti vinnumiðlunarinnar á grundvelli þess lagafrv. sem hér liggur fyrir og í framhaldi af því verði unnið að skipulagningu gagnavinnslukerfis vinnumiðlunarinnar.

Ég legg áherslu á að ríkisvaldið hefur áhuga á framgangi þessa máls og í því sambandi vil ég benda á að í fjárlagafrv. ríkisstj. fyrir árið 1985 er lagt til að 1.5 millj. kr. verði varið til þessa verkefnis á næsta ári.

Í 14. gr. er einnig að finna nýmæli sem að vísu er ekki samstaða um í endurskoðunarnefndinni. Í greininni er kveðið á um það að þegar vinnumiðlun hefur komið á véltæku gagnavinnslukerfi geti ráðh. með reglugerð ákveðið að öllum, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli og hafa fjóra eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, skuli skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlun öll laus störf á þeirra vegum, enda sé tryggt að vinnumiðlunin geti tekið við slíkum upplýsingum með viðunandi hætti. Áður en slík reglugerð er gefin út skal leita umsagnar helstu samtaka atvinnurekenda.

Í 15. og 16. gr. er nánar fjallað um það hvernig vinnumiðlunin skal fara fram og hvernig fara skal með þær upplýsingar sem hún fær um laus störf og atvinnuleitendur. Í athugasemdum um 14. gr. er tekið fram að með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunarinnar opnist möguleikar til þess að vinnumiðlun geti tekið við upplýsingum um laus störf án þess að skrifræði aukist hjá henni eða atvinnurekendum. Enn fremur að til þess að fullt gagn verði að slíkri upplýsingaöflun þykir nauðsynlegt að hafa heimild til að skylda alla, sem hafa fastan atvinnurekstur með höndum, til að tilkynna laus störf.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns að íslenskt þjóðfélag hafi tekið stakkaskiptum frá því að núgildandi lög um vinnumiðlun voru sett. Fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist og menntun einstaklinganna orðið margbreytileg. Vinnumiðlunin á að sjá til þess að atvinnurekandi fái þann starfskraft sem reksturinn krefst og að einstaklingurinn fái atvinnu í samræmi við þá menntun, reynslu og þjálfun sem hann hefur. Hlutverk vinnumiðlunar á einnig að vera að stuðla að nægri og jafnri vinnu um land allt og auka hreyfanleika vinnuaflsins á milli atvinnugreina. Á þennan hátt getur vinnumiðlunin tryggt sem besta nýtingu framleiðslutækja og mannafla og á þann hátt aukið afrakstur þjóðarbúsins sem er öllum þegnum til hagsbóta.

Það frv. til laga um vinnumiðlun, sem hér er fylgt úr hlaði, miðar að þessu. Það byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum að vinnumiðlun eigi að vera frjáls, hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta við þá sem óska liðsinnis hennar. Það byggir á því sjónarmiði að sjálfstæði sveitarfélaganna eigi að vera sem mest og þess vegna eigi þau að annast þennan málaflokk undir yfirstjórn félmrn. Og til þess að minnka skrifræði og gera vinnumiðlunina sem skjótvirkasta gerir frv. ráð fyrir hagnýtingu véltæks upplýsingakerfis.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðhitaréttindi, frv. 4. mál (þskj. 4). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem ég flyt um jarðhitaréttindi, en það er 4. mál þessa þings. Frv. er endurflutt óbreytt frá því sem það var lagt fyrir á síðasta þingi að öðru leyti en því að breytt er í 8. gr. dagsetningum varðandi heimildir til þess að byrja hagnýtingu jarðhita. Þar var áður dagsetningin 1. janúar 1983, að ég hygg, en hefur nú verið breytt í 1. janúar 1985.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Gert er ráð fyrir að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því að 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða eru undir yfirborði einkaeignarlands á meira en 100 metra dýpi, verði í höndum ríkisins, þ. e. almannaeign, sameign þjóðarinnar.

Frv. þetta tekur til alls jarðhita, hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði. Það tek ég fram sérstaklega vegna þess að stundum hafa verið flutt hér mál sem aðeins snerta háhitasvæði og eignarrétt á jarðhita á slíkum jarðhitasvæðum.

Í 6. gr. þessa frv. segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareignar samkv. 1. málsgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan

landareigna samkv. 1. málsgr. 1. gr."

1. gr. frv. er þannig:

„Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Í þessum tilvitnuðu greinum, herra forseti, felst meginstefnumörkun frv., þ. e. að mörkin milli einkaeignarréttar á jarðhita og almannaeignar eru dregin við 100 metra undir yfirborði, en til þessa hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þótt þessum rétti hafi verið sett ýmis takmörk er enga reglu eða ábendingu að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeigenda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeigenda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi.

Ákvæði þessa frv. snerta stórfelld hagsmunamál og eflaust í margra huga álitamál varðandi eignarréttarviðhorf. Ég minni á það að um þessi efni, eignarrétt á auðlindum landsins og náttúrugæðum, hafa fjallað fyrr á árum merkir menn, löglærðir, sem ég vitnaði sérstaklega til þegar ég mælti fyrir þessu frv. á síðasta þingi, — menn eins og prófessor Ólafur Jóhannesson, fyrrv. hæstv. ráðh. og lærdómsmaður í lögum, og einnig dr. Bjarni Benediktsson sem ekki þarf að kynna sem fræðimann eða þingmann. Þessir aðilar studdu sjónarmið svipuð þeim er sett eru fram í þessu frv. og má lesa sér til bæði í tilvitnaðri ræðu minni á síðasta þingi 24. febr. hér í hv. Nd. svo og í tilvitnunum, sem þar er vísað til, í rit lögfræðinga.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fjölyrða frekar um þetta mál nú. Ég hef getið um meginstefnumið frv. Ég tel það afar brýnt að mál þetta fái þinglega meðferð og ég tel að það sé mjög mikið undir því komið að löggjafinn marki stefnu um það geysilega þýðingarmikla mál sem varðar almannahagsmuni og möguleika okkar í reynd á að hagnýta þessa miklu auðlind, sem við væntum að sé, jarðhitann í landinu. Því hef ég flutt þetta frv. hér aftur í upphafi þings og vænti að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 103). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl. Þetta er í þriðja sinn sem þetta frv. er lagt hér fyrir Alþingi. Það var fyrst lagt fram árið 1982, en síðan á síðasta þingi. Það fór þá til menntmn., sem sendi málið til umsagnar og athugaði það ítarlega, en ekki vannst tími til að afgreiða það fyrir þinglok.

Í framsöguræðu á síðasta þingi gerði ég ítarlega grein fyrir efni frv. og mun ekki endurtaka það hér heldur vísa til þeirrar framsöguræðu.

Í I. kafla frv. er fjallað um umdæmaskiptingu innan þjóðkirkjunnar og í II. kafla um kirkjusóknir og skipan þeirra, um sóknarmörk, skiptingu kirkjusókna, sameiningu þeirra. Það er nýmæli í þessum kafla að tilgreindur er lágmarksfjöldi sóknarmanna 100, en í nokkrum sóknum eru færri en 100 sóknarmenn. En áður en af sameiningu sókna verður þarf að liggja fyrir samþykki viðkomandi aðila. Í III. kafla er fjallað um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu og nokkuð um stöðu þeirra og réttindi og skyldur innan sóknar og þar af leiðandi innan þjóðkirkjunnar. Í IV. kafla er fjallað um safnaðarfundi, m. a. verkefni þeirra, starfshætti, fundarboðun, ályktunarfærni o. fl. Í V. kafla eru ákvæði um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Það er m. a. lagt til að safnaðarfulltrúar verði kosnir af sóknarnefndum í stað þess að þeir eru nú kosnir á safnaðarfundi. Í VI. kafla eru ákvæði um starfsmenn kirkjusókna. Er þar um nokkur nýmæli að ræða. VII. kafli fjallar um héraðsfundi og héraðsnefndir. Þar er kveðið á um að í hverju prófastsdæmi skuli starfa þriggja manna héraðsnefnd sem er framkvæmdanefnd héraðsfunda.

Ég mun ekki fjölyrða frekar um efni frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn., sem fjallaði ítarlega um frv. á síðasta þingi. Ég vænti því að hún muni geta tekið það til afgreiðslu áður en mjög langt um líður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Fjáröflun til íbúðalánasjóða, fsp. 34. mál (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Sú spurning brennur þungt á mörgum, sem standa í því að reyna að eignast þak yfir höfuðið, hvort staðið verður við þau fyrirheit sem gefin voru á s. l. ári varðandi lánveitingar hjá Húsnæðisstofnun. Í samþykkt ríkisstj. frá 22. sept. 1983 er kveðið á um breytingar á útlánareglum við Byggingarsjóð ríkisins frá 1. jan. 1984. Þar er m. a. kveðið á um að ný byggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn skuli greidd í tveimur hlutum: Fyrri hlutinn greiddur mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn sex mánuðum frá útborgun fyrri hlutans.

Nú er mér kunnugt um að þeir, sem fengu fyrri hlutann greiddan í mars á þessu ári og áttu skv. þessari reglu að fá seinni hlutann í sept. s. l., hafa ekki fengið krónu af þeirri greiðslu enn og engin svör um hvenær þeir megi eiga von á greiðslum. Þetta leiðir til óöryggis hjá þeim fjölskyldum sem í hlut eiga, ekki síst nú þegar bankar hafa gefið út þá yfirlýsingu að þeir muni halda að sér höndum varðandi útlán. Eru menn því gerðir ómerkir orða sinna sem hafa tekið á sig skuldbindingar í þeirri trú að ríkisvaldið standi við sín fyrirheit. Til þess

að fá glögga mynd af stöðu þessara mála í dag og óyggjandi svör um áform ríkisstj. í þessum efnum hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 34 um fjáröflun til íbúðalánasjóða. Ég ætla að lesa hana með leyfi forseta:

„1. Hver er staða Byggingarsjóðs ríkisins nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á eftirtalinn hátt:
a) vegna framlaga og skatttekna,
b) frá lífeyrissjóðum,
c) vegna skyldusparnaðar,
d) úr Atvinnuleysistryggingasjóði,
e) vegna annarra lána?

2. Hver er staða Byggingarsjóðs verkamanna nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á eftirtalinn hátt:
a) vegna framlaga og skatttekna,
b) frá lífeyrissjóðum?

3. Hefur verið staðið við fyrirhugaðar lánveitingar úr íbúðalánasjóðum það sem af er þessu ári? Ef svo er ekki, hvaða áform eru uppi um úrbætur?

4. Er tryggt að fyrrnefndir lánasjóðir hafi nægilegt fjármagn til eðlilegra fjárveitinga það sem eftir er ársins?"

Sú meginskylda hvílir á ríkisvaldinu hverju sinni að íbúðalánasjóðir séu fjármagnaðir þannig að þeir séu í stakk búnir til að veita þau lán sem nægja almenningi í landinu til að koma sér upp þaki yfir höfuðið með þeim kjörum sem fólk getur staðið undir af almennum launatekjum. Við erum því miður langt frá því marki nú. Valda þar mestu síversnandi kjör og vaxandi vaxtabyrði auk þess sem lánsfé er af mjög skornum skammti. Ef í ofanálag bætast vanefndir á því lánsfé sem veitt er til íbúðalánasjóðanna er ástandið orðið mjög alvarlegt.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Svör við fsp. á þskj. 34 frá hv. 8. landsk. þm. vil ég gefa á eftirfarandi hátt:

1. Hver er staða Byggingarsjóðs ríkisins nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á þann hátt sem hér kemur fram?

Vegna framlaga og skatttekna. Skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir frá Húsnæðisstofnun er búið að greiða Byggingarsjóði ríkisins 181 millj. kr. af 200 millj. framlagi í gildandi fjárlögum.

Frá lífeyrissjóðunum: Skv. lánsfjárlögum eiga lífeyrissjóðir að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins að fjárhæð 525.4 millj. kr. Í lok sept. s. l. höfðu sjóðirnir keypt fyrir 251.2 millj. og eiga því eftir að kaupa fyrir 274 millj. til áramóta.

Í sambandi við skyldusparnaðinn sem er c-liður fsp.: Skv. lánsfjárlögum átti framlag skyldusparnaðar til Byggingarsjóðs að vera 45 millj. kr. Í endurskoðaðri áætlun Húsnæðisstofnunar í byrjun ársins var skyldusparnaður hins vegar áætlaður neikvæður um 30 millj. kr. og skv. lögum nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o. fl., var Byggingarsjóði veitt erlent lán í stað skyldusparnaðarframlagsins að fjárhæð 75 millj. kr.

Úr Atvinnuleysistryggingasjóði: Skv. lánsfjárlögum átti Atvinnuleysistryggingasjóður að veita Byggingarsjóði lán að fjárhæð 115 millj. kr., en vegna fjárhagsvanda Atvinnuleysistryggingasjóðs var Byggingarsjóði skv. lögum nr. 43/1984 veitt erlent lán að upphæð kr. 115 millj. kr. Auk þessa hefur Atvinnuleysistryggingasjóður keypt skuldabréf af Byggingarsjóði fyrir 15.6 millj. umfram lánsfjárlögin. Hins vegar vil ég geta þess hér að skyldusparnaður er áfram neikvæður og má reikna með að ríkissjóður verði að aðstoða Byggingarsjóð, ef svo heldur fram sem horfir til áramóta, um 50—60 millj. kr.

Vegna annarra lána vil ég geta þess að skuld Byggingarsjóðs ríkisins við Seðlabanka Íslands, sem myndaðist vegna yfirdráttar í byrjun árs, var breytt yfir í langtímalán í júnímánuði s. l., samtals 195.6 millj. kr., sem eykur þar með útlánagetu sjóðsins í ár.

Spurning nr. 2: Hver er staða Byggingarsjóðs verkamanna nú varðandi fjáröflun a) vegna framlaga og skatttekna? Svar: Af 200 millj. framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum eru komnar inn í sjóðinn í lok septembermánaðar 162 millj. kr. — B) frá lífeyrissjóðum: Fyrstu níu mánuði ársins hafa lífeyrissjóðirnir keypt skuldabréf af Byggingarsjóði verkamanna fyrir 104.2 millj. af þeim 164.6 millj. sem eru áætluð heildarkaup lífeyrissjóðanna í lánsfjárlögum.

Þriðja spurning: Hefur verið staðið við fyrirhugaðar lánveitingar úr íbúðalánasjóðunum það sem af er þessu ári? Ef svo er ekki, hvaða áform eru uppi um úrbætur?

Skv. hefðum og venjum, eins og Húsnæðisstofnun orðar það, ættu þeir sem gerðu fokhelt í júlí að vera búnir að fá sín frumlán. Í dag er búið að afgreiða fyrsta hluta til þeirra sem gerðu fokhelt í apríl og eru að skipta um íbúð og frumbyggjar sem gerðu fokhelt í júlí hafa fengið sinn fyrri hluta. Rúmlega mánaðar dráttur hefur verið á lánum til þeirra sem eiga að fá annan og þriðja hluta. Þær umsóknir um lán til kaupa á notaðri íbúð sem bárust á tímabilinu frá 1. jan. 1984 til 30. mars 1984 hefðu átt skv. venjum að koma til afgreiðslu í þessum mánuði, októbermánuði, en það hefur ekki orðið enn. Hins vegar vil ég geta þess hér, þó að það komi ekki beinlínis fram í þessum spurningum og kemur væntanlega frekar fram í svörum við spurningum frá hv. 5. þm. Reykv., sem ég mun svara hér á eftir, að heldur hefur lagast ástandið í peningamálum. Ríkisstj. hefur ákveðið að standa við gefin fyrirheit um fjármagn skv. lánsfjárlögum og af sérstakri fjárútvegun skv. lögum, 200 millj. sem var búið að greiða af á fyrri hluta ársins 40 millj. úr ríkissjóði, hefur fjmrn. nú greitt Byggingarsjóði ríkisins 160 millj. sem verða til lánaafgreiðslu strax og verkfall leysist. Eins og hv. þm. vita hefur yfirstandandi verkfall gert það að verkum að allar afgreiðslur og bréfaskriftir frá þessari stofnun eins og öðrum hefur stöðvast.

Fjórða spurning hv. þm. er þannig: Er tryggt að fyrrnefndir lánasjóðir hafi nægilegt fjármagn til eðlilegra fjárveitinga það sem eftir er ársins?

Það er erfitt að svara þessari spurningu beint, en eins og ég áður sagði hefur verið gert ráð fyrir að sjóðirnir fái fjármagn til útlána það sem eftir er ársins, þannig að við lánsfjárlögin verði staðið. Það er það sem að okkur snýr í dag. Að sjálfsögðu er fjárþörfin talsvert miklu meiri, sem allir geta séð miðað við að umsóknir um lán hafa farið langt fram úr þeim áætlunum sem Húsnæðisstofnun gerði á sínum tíma, og þýðir það að hluti af umsóknum fá ekki afgreiðslu fyrr en á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir hans greinargóðu svör og lýsi ánægju yfir því að standa eigi við lánsfjárlög. Mér fannst samt skringilegt svar að standa eigi við lög. Ég hélt að lög væru sett til þess að staðið væri við þau. Ég vil taka það aftur fram að ég er ánægð yfir því að það

eigi að standa við lánsfjárlög, en vil samt ítreka ef þörfin er meiri en lánsfjárlög segja til um. Verður þá ekki reynt að bæta úr fyrir þeim sem þurfa á fjármagni að halda?

Svavar Gestsson: Herra forseti. Skv. upplýsingum hæstv. félmrh. vantar upp á lánsfjáráætlun upphæðir sem hér segir: Skyldusparnaður er neikvæður þannig að þar vantar upp á 127.3 millj. miðað við forsendur lánsfjárlaga. Atvinnuleysistryggingasjóður: Þar vantar 99.4 millj. kr. Lífeyrissjóðirnir: Þar vantar 274.2 millj. kr. Það vantar því um ½ milljarð eða 500 millj. kr. Upp í þetta hefur hæstv. félmrh. fengið erlent lán, en vandinn er þarna bersýnilega upp á mörg hundruð millj. kr., sennilega í kringum 300 millj. kr., og hæstv. ráðh. hefur ekki svarað því enn hvernig sá vandi verður leystur. Þess vegna var svar hans að mínu mati því miður ekki greinargott.

Fjárhagsstaða húsnæðislánakerfisins, fsp. 37. mál (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Miðað við svör hæstv. félmrh. áðan sýnist ekki ástæðulaust að árétta og jafnvel endurtaka sumar spurninganna um ástandið í húsnæðismálum, hvernig staðið hefur verið við lagabókstaf og fyrirheit í þeim málum. Þess vegna leyfi ég mér að beina eftirtöldum fsp. til hæstv. félmrh.:

1. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins (miðað við fyrstu 9 mánuði ársins) með framlögum skv. lánsfjárlögum frá eftirtöldum aðilum:
   1) Skyldusparnaði,
   2) Atvinnuleysistryggingasjóði,
   3) Lífeyrissjóðum,
   4) Sérstakri fjáröflun ríkissjóðs?
2. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða?
3. Hversu mörg lán hafa verið veitt (á fyrstu 9 mánuðum ársins) til:
   a) nýbygginga (úr Byggingarsjóði ríkisins),
   b) eldri íbúða (úr Byggingarsjóði ríkisins),
   c) nýrra verkamannabústaða (úr Byggingarsjóði verkamanna)?
4. Hversu margar umsóknir um lán til kaupa á eldri íbúðum liggja óafgreiddar?
5. Hversu margir umsækjendur nýbyggingarlána hafa orðið fyrir seinkun á afgreiðslu lána og hve lengi er sú seinkun áætluð?
6. Hvað má áætla vaxtamun inn- og útlána háa upphæð á árinu 1984 í millj. kr. og sem hlutfall af ríkisframlögum hjá:
   Byggingarsjóði ríkisins?
   Byggingarsjóði verkamanna?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Svör mín við fsp. um fjárhagsstöðu og útlánagetu húsnæðislánakerfisins á þskj. 37 frá hv. 5. þm. Reykv. Jóni Baldvini Hannibalssyni eru á þessa leið:

1. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins (miðað við fyrstu 9 mánuði ársins) með framlögum frá 1) skyldusparnaði?

Ég sé ástæðu til að endurtaka svar það sem ég gaf öðrum fyrirspyrjanda áðan: Skv. lánsfjárlögum 1984 átti framlag skyldusparnaðar til Byggingarsjóðs ríkisins að vera 45 millj. kr. Í endurskoðaðri áætlun Húsnæðisstofnunarinnar í byrjun ársins var skyldusparnaðurinn hins vegar áætlaður neikvæður um 30 millj. kr. og skv. lögum nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o. fl., var Byggingarsjóði veitt erlent lán í stað skyldusparnaðarframlagsins að fjárhæð 75 millj. kr. Hv. 3. þm. Reykv. virðist ekki hafa skilið hvað hér var á ferðinni.

2. liður spurningarinnar er um Atvinnuleysistryggingasjóð. Skv. lánsfjárlögum átti Atvinnuleysistryggingasjóður að veita Byggingarsjóði lán að fjárhæð 115 millj. kr., en af skiljanlegum ástæðum var fjárhagsvandi Atvinnuleysistryggingasjóðs það mikill að hann taldi sér ekki fært að inna af hendi þá fjárhæð eins og til var ætlast í lánsfjárlögum og varð því skv. lögum nr. 43/1984 tekið erlent lán vegna atvinnuleysistryggingasjóðsframlagsins til Byggingarsjóðs að upphæð 115 millj. kr. Auk þess hefur Atvinnuleysistryggingasjóður nú keypt skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 15.6 millj. kr. umfram lánsfjárlögin þannig að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur þegar gert betur en lánsfjárlög gerðu ráð fyrir á þennan hátt. Hins vegar tók ég fram áðan að skyldusparnaðurinn er áfram neikvæður — það er mál út af fyrir sig og Húsnæðisstofnun er nú að athuga það. Hann er áfram neikvæður og má gera ráð fyrir, eftir áætlun Húsnæðisstofnunarinnar að hann geti orðið neikvæður um allt að milli 50 og 60 millj. kr. við næstu áramót. Ég geri þess vegna ráð fyrir að ríkissjóður verði að hlaupa undir bagga með Byggingarsjóði að því er varðar þennan þátt skyldusparnaðarins til þess að hægt sé að greiða hann út með eðlilegum hætti.

3. liður 1. spurningar var um lífeyrissjóðina. Ég hef áður svarað því, að skv. lánsfjárlögum eiga lífeyrissjóðirnir að kaupa af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 525.4 millj. kr. Í lok sept. höfðu sjóðirnir aðeins keypt fyrir 251.2 millj. og eiga þá eftir að kaupa fyrir 274 millj. til áramóta. Í gangi eru og hafa verið um nokkurt skeið viðræður við alla lífeyrissjóði landsins um á hvern hátt þeir geti staðið við það loforð sem þeir gáfu í upphafi árs um kaup á bréfum frá byggingarsjóðunum og er ekki ástæða til að ætla annað en talsvert fjármagn komi til viðbótar úr lífeyrissjóðunum. Hins vegar er þarna um 274 millj. að ræða. Eins og ég sagði fyrr í svari til hv. 8. landsk. þm. hefur ríkisstj. ákveðið að staðið verði við að afla þess fjár til útlána á þessu ári. Hins vegar vonumst við til þess að meiri hlutinn af því fé komi frá lífeyrissjóðunum sjálfum. Að því er stefnt í þeim viðræðum og samningum sem nú standa yfir.

Þá spyr hv. þm. um sérstaka fjáröflun ríkissjóðs, en skv. lánsfjárlögum er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun ríkissjóðs að upphæð 200 millj. kr. Í lok sept. var búið að greiða Byggingarsjóði ríkisins 40 millj. Eftirstöðvarnar, 160 millj., hefur fjmrn. nú afgreitt til Byggingarsjóðs ríkisins og verður það fé lánað út strax og verkfall opinberra starfsmanna leysist.

Þá er 2. spurning: Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna?

Skv. lánsfjáráætlun eiga lífeyrissjóðirnir að kaupa

skuldabréf af Byggingarsjóði verkamanna fyrir 164.6 millj. kr. á árinu, en þeir höfðu keypt fyrstu 9 mánuði ársins fyrir 104.2 millj. eða 63.3%. Miðað við þær viðræður sem þegar hafa farið fram við lífeyrissjóðina um kaup af Byggingarsjóði verkamanna er ekki ástæða til að ætla annað en það verði að fullu við það staðið fyrir áramót n. k.

3. spurning hv. þm. er: Hversu mörg lán hafa verið veitt (á fyrstu 9 mánuðum ársins) til a) nýbygginga úr Byggingarsjóði ríkisins?

Svar: 931 frumlán hafa verið veitt, samtals að fjárhæð 241.9 millj. kr. Varðandi aðra lánshluta hafa verið veitt 1209 lán, samtals að fjárhæð 225.8 millj. kr.

Í b-lið er spurt um lán til eldri íbúða (úr Byggingarsjóði ríkisins), 1259 lán vegna kaupa á notuðum íbúðum hafa verið veitt, samtals að fjárhæð 236.1 millj. kr.

Í c-lið er spurt um lán til nýrra verkamannabústaða (úr Byggingarsjóði verkamanna). Í gangi eru framkvæmdalánasamningar við 20 sveitarfélög með samtals 292 íbúðir. Það eru samningar sem voru gerðir í lok s. l. árs, en koma til framkvæmda á yfirstandandi ári.

Auk þess vil ég geta þess að um síðustu mánaðamót var búið að lána úr Byggingarsjóði ríkisins samtals 2782 lán að upphæð 876 millj. 746 þús. kr. og auk þess viðbótarlán að fjárhæð 157 millj. kr. sem gerir samtals 1 milljarð 33.7 millj. kr. Þessi önnur lán sem ég gat um í upptalningunni voru: Lán vegna viðgerða og endurbóta: 324 lán fyrir 89.8 millj. Sérþarfalán: 31 lán fyrir 3.9 millj. Orkusparandi lán: 121 fyrir 12.9 millj. Framkvæmdalán: 83 fyrir 38 millj. Lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis: 33 fyrir 4.8 millj. Og lán til dvalarheimila: 23.6 millj. kr.

4. spurning hv. þm. var: Hversu margar umsóknir um lán til kaupa á eldri íbúðum liggja óafgreiddar?

Svar: Fjöldi umsókna, innkominna á tímabilinu 1. jan. 1984 til 30. mars 1984, sem skv. hefðum og venjum, eins og Húsnæðisstofnun kallar það, hefði átt að afgreiða í októbermánuði, er samtals 850—900 lán að fjárhæð 165 millj. kr. Í des. ætti skv. sömu hefðum og venjum að afgreiða umsóknir innkomnar á tímabilinu 1. apríl til 30. júní, samtals um 470 lán, að fjárhæð 95 millj. kr. Tæplega 600 umsóknir komu inn frá 1. júlí til 30. sept., en þær ættu skv. hefðum og venjum að koma til afgreiðslu í apríl á næsta ári. Samtals eru því 1920 umsóknir inni hjá stofnuninni varðandi G-lán.

5. spurning hv. þm.: Hversu margir umsækjendur nýbyggingarlána hafa orðið fyrir seinkun á afgreiðslu lána og hve lengi?

Svar: Á árinu hafa verið afgreidd 931 frumlán og 1259 umsóknir um aðra lánshluta, samtals 2190 lántakendur. Að meðaltali hefur seinkunin verið rúmur mánuður.

6. spurning: Hvað má áætla vaxtamun inn- og útlána háa upphæð á árinu 1984 í millj. kr. og sem hlutfall af ríkisframlögum hjá: a) Byggingarsjóði ríkisins, b) Byggingarsjóði verkamanna?

Svar: Á árinu 1984 er áætlað að vextir og verðbætur til Byggingarsjóðs ríkisins nemi um 412 millj. kr., en út fari um 269 millj. kr. Mismunur er 143 millj. kr. Byggingarsjóðnum í hag eða tæplega 72% af ríkisframlaginu. — Svar við spurningu b) um Byggingarsjóð verkamanna: Á árinu 1984 er áætlað að vextir og verðbætur til Byggingarsjóðs verkamanna nemi um 15 millj. kr., en út fari um 29 millj. kr. Mismunur er 14 millj. Byggingarsjóðnum í óhag eða 7% af ríkisframlaginu.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum svörum mínum vantar í dag til þess að standa að fullu við ákvæði lánsfjárlaga framlag frá lífeyrissjóðunum að fjárhæð 274 millj. kr. Viðræður hafa verið og eru í gangi við alla lífeyrissjóðina í landinu um skil á því fé til Byggingarsjóðs ríkisins. Á þessari stundu er ekki hægt að fullyrða hversu góð skil lífeyrissjóðanna verða, en ríkisstj. treystir því að lífeyrissjóðirnir standi við gefin loforð.

Ríkisstj. mun gera ráðstafanir til að fjármagn skv. lánsfjárlögum komi allt til útlána á þessu ári. Vegna aths. hv. 3. þm. Reykv. ætti það að vera fullnægjandi að sú yfirlýsing er hér gefin þar sem ríkisstj. vinnur að þessu máli og ég vænti þess að verulegur skriður komi á útlán byggingarsjóðanna strax og verkfalli opinberra starfsmanna lýkur.

Ég vil hins vegar bæta því við að það eru líkur til að útlán byggingarsjóðanna verði heldur meiri en lánsfjárlög segja til um, eins og ég gat um í fyrra svari.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans verð ég að játa að það er ekki allt sem sýnist í þeim upplýsingum sem þarna komu fram. Ég vek athygli á því að tekjustofnakerfi húsnæðislánakerfisins er skv. svörum ráðh. gersamlega hrunið. Það þarf ekki að koma mönnum á óvart vegna þess að í umr. á s. l. vetri um húsnæðislagafrv. nýja og um lánsfjárlög, þá sögðum t. d. við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir í grg. með brtt. Alþfl. fyrir um það að þessi fjáröflunarleið væri fyrirsjáanlega óraunsæ og mundi leiða til fjárvöntunar sem næmi á bilinu 400—500 millj. kr. Hæstv. ráðh. staðfesti það að áætlunin um tekjustofn skyldusparnaðar er út í hött. Það gat hann sagt sér sjálfur áður. Að áætlun um Atvinnuleysistryggingasjóð, 115 millj., var út í hött, það gat hann sagt sér áður vegna þess að svo var einnig á fyrra ári. Og að áætlunin um tekjustofna frá lífeyrissjóðunum, skuldabréfakaup var út í hött, vegna þess að hún byggist á 93% aukningu frá fyrra ári á sama tíma og aukning ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna var innan við 10%, enda vantar hér meira en helming.

Þá er þess að geta að sérstök fjáröflun, sem var yfirlýst af hæstv. ráðh. að skyldi vera framlag úr ríkissjóði til lánakerfisins en ekki lán, að upphæð 200 millj. kr., var, þegar 9 mánuðir voru liðnir af árinu, einungis 40 millj. En nú hefur verið lækst bakdyramegin, eftir að þessar spurningar voru lagðar fram, og skrifað upp á gúmmítékka upp á 160 millj. M. ö. o., það liggur alveg ljóst fyrir að þetta fjáröflunarkerfi er hrunið. Það skilar ekki þeim tekjum sem til var ætlast. Og hvernig er brugðist við? Jú, með því að taka erlend lán að upphæð tæplega 200 millj. kr., nákvæmlega 190 millj. kr. erlend lán. Þetta nægir til þess að sýna að hv. Alþingi verður, ef það vill leggja hæstv. ráðh. lið í að standa við fyrirheitin þegar við hugsum fram í tímann, að taka til róttækrar endurskoðunar alla þessa löggjöf, vegna þess að tekjustofnakerfið er hrunið. Við hugsum til framtíðarinnar og ég spyr: Hafa hv. þm. gert sér grein fyrir því hvernig búið er að sökkva þessum byggingarsjóðum í erlend lán? Vita hv. þm. t. d. að nú hvíla á byggingarsjóðunum báðum alls um það bil 10 lán. Ég skal telja upp nokkur:

Auknar fjárveitingar vegna viðbótarlánanna, þ. e. 50% viðbótarlánanna vegna þess ástands sem núv. hæstv. félmrh. tók við af forvera sínum, voru brúaðar með láni sem var upp á 304 millj. kr. Síðan kemur hið erlenda lán, sem ég nefndi, 190 millj. kr. Þá kemur yfirdráttur í Seðlabanka Íslands upp á 196.5 millj. kr. Síðan er um að ræða hina sérstöku fjárveitingu upp á 200 millj. kr. sem er lán frá ríkissjóði á hæstu vöxtum. Því næst er um að ræða þrjú önnur eldri lán. Alls er hér um að ræða lán sem má áætla að nemi um 890—900 millj. kr.

Og þá skulu menn ræða vaxtamun, hæstv. ráðh., þegar við horfum fram í tímann vegna þess að þetta fé er fengið á hæstu vöxtum, yfirleitt á 9.3% vöxtum, til skamms tíma, 15 ára. Það er síðan lánað út ýmist á 1% vöxtum eða 3.5% vöxtum til 26 ára eða allt að 43 ára. Ég spurði um vaxtamun að gefnu tilefni og svörin voru engan veginn fullnægjandi vegna þess að það lá fyrir í athugunum Þjóðhagsstofnunar, þegar frv. lá fyrir á s. l. vetri, að ef fram fer sem horfir mun allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á næstu árum ekki duga til þess að brúa þetta bil þó að það væri 2.5—3 milljarðar. Þetta kerfi er gersamlega sokkið upp fyrir haus í skuldum.

Þetta eru aðalatriði málsins. Tekjustofnakerfið er hrunið og fjárhagsstaða sjóðanna er orðin svo gersamlega vonlaus vegna áhvílandi lána og vegna afleiðinga fram í tímann af þessum vaxtamun. Upphafið að þessari ógæfuþróun allri varð í tíð fyrrv. ríkisstj. þegar fastur tekjustofn af launaskatti, sem var samningsatriði á sínum tíma við verkalýðshreyfinguna, var afnuminn.

Ég vek athygli á því, að við fluttum 26 brtt. við þetta hundónýta frv. á s. l. þingi og lögðum það m. a. til að byggingarlánakerfinu væru lagðar til af ríkissjóði 517 millj. kr. Ég held að þær upplýsingar sem nú liggja fyrir sanni ótvírætt að ekki hefði af veitt. En ég vil líka minna hv. þm. á að við lögðum fram tillögur um það hvaðan þetta fé skyldi fengið og hvað skyldi skorið niður á móti.

Ég held að þessar umr. sanni alveg ótvírætt að ekki aðeins tekjustofnakerfið, ekki aðeins fjárhagur sjóðanna, heldur sú stefna eða öllu heldur það stefnuleysi sem ríkjandi er í húsnæðismálum, við það verður ekki unað mikið lengur. Hér er þjóðfélagið í algerri upplausn út af kjarasamningum. Ein krafan sem þar er á borðum manna er auðvitað fyrst og fremst sú að gerðar verði gagngerðar ráðstafanir til þess að sú kynslóð sem nú hefur verið úthýst úr þessu þjóðfélagi og gert ókleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið, fái einhverja lausn sinna mála. Það verður ekki gert nema með því að tryggja þessu lánakerfi og þá ekki síður hinu félagslega lánakerfi trausta tekjustofna. Það er eitt af stærstu réttlætismálum sem nú eru til umr. í þessu þjóðfélagi. — Ég þakka fyrir, herra forseti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa lagt þetta mál hér fyrir og sömuleiðis síðasta fyrirspyrjanda, hv. 8. landsk. þm, því að hér er um að ræða stórt mál. En mér finnst að í þessu sé samt nokkrum spurningum ósvarað sem er býsna mikilvægt að fá yfirlit yfir.

Hæstv. félmrh. nefndi það ekki að sú nýlunda er uppi á árinu 1984 að iðnrn. láni félmrn. eða Byggingarsjóði ríkisins peninga, ég hygg að það hafi verið 17 millj. kr., til orkusparnaðaraðgerða. Af þeim peningum eru farnir út skv. upplýsingum hæstv. félmrh. hér áðan 12.9 millj. kr. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvort það er ekki rétt að hér sé um að ræða nýjan tekjustofn fyrir Byggingarsjóð ríkisins, að hann sæki fjármuni með þessum hætti í iðnrn., en ég tel út af fyrir sig fagnaðarefni að þessi ráðuneyti taki sig saman um aðgerðir til orkusparnaðar.

Í annan stað er vert að vekja athygli á því að á s. l. ári sagði hæstv. félmrh. aftur og aftur að framlagið til Byggingarsjóðsins úr ríkissjóði væri framlag. Nú hefur hins vegar verið upplýst að Seðlabankinn hefur skuldfært Byggingarsjóð ríkisins fyrir þessari tölu, upp á líklega um 300 millj. kr. (**Félmrh.:** 195 millj.) 195 millj. þetta lán, en 300 millj. kr. heildarskuldin við Seðlabankann. (**Félmrh.:** 195.) Sú tala kom hér fram í máli hv. 5. þm. Reykv. áðan. En allt um það, hér var Byggingarsjóði ríkisins lofað peningum, framlagi. Núna er búið að skuldfæra Byggingarsjóðinn fyrir þessari upphæð. Þegar hæstv. ráðh. ákvað að hækka lánin á s. l. ári hefði auðvitað um leið þurft að tryggja tekjustofna á móti, því að það er góður siður stjórnmálamanna, ekki síst ráðh., að ákvörðun um aukin útgjöld fylgi ákvörðun um auknar tekjur í sama skyni. Það sást hæstv. ráðh. hins vegar yfir. Tekjurnar voru ekki tryggðar, bara útgjöldin. Útgjöldin voru tryggð, það má segja það út af fyrir sig, og í framhaldi af því hljóp ríkissjóður undir bagga. Seðlabankinn hefur nú breytt þeirri aðstoð við Byggingarsjóð ríkisins í lán upp á tæplega 200 millj. kr. Það er sem sagt ljóst að ekkert var til fyrir hækkununum sem ákveðnar voru. Seðlabankinn hefur núna lánað Byggingarsjóðnum fyrir þeim. (Forseti hringir.)

Ég ætla ekki, herra forseti, að reyna á þolinmæði forsetans og teygja mig hér yfir fyrirskipaðan ræðutíma. En ég bendi á eitt að lokum. Svarið við fjórðu spurningu hv. 5. þm. Reykv., Jóns Baldvins Hannibalssonar: Hversu margar umsóknir um lán til kaupa á eldri íbúðum liggja óafgreiddar? skildi ég svo að þar væri um að ræða seinkun á lánum, samtals annars vegar 850—900 lánum, sem hefðu átt að koma til útborgunar í október, og hins vegar 470 lánum, sem hefðu átt að koma til útborgunar í des. Samtals er hér um að ræða seinkun á 1320 lánum til fólks sem hefur treyst á þessa greiðslu, fólks sem hefur lent í vanskilum í þjóðfélaginu vegna þess að ríkisstj. hefur ekki staðið við loforð sem gefin voru, og er auðvitað stór spurning hvort þetta fólk getur ekki farið í skaðabótamál við ríkisstj. vegna þessarar framkomu.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni bentu þm. Alþfl. rækilega á það, þegar húsnæðismálafrv. var til umfjöllunar á Alþingi, að fjármögnun húsnæðiskerfisins væri í molum og að áætlanir um fjármögnun húsnæðiskerfisins, miðað við forsendur fjárlaga og lánsfjáráætlunar, mundu ekki standast. Í svörum hæstv. ráðh. kemur glöggt fram að allt hefur gengið eftir sem spáð var í þessu efni. A. m. k. 500 millj. kr. vantar nú í húsnæðiskerfið og verulegur dráttur er á lánveitingum til húsbyggjenda og íbúðakaupenda. Þetta hefur auðvitað valdið húsbyggjendum og íbúðakaupendum verulegu tjóni.

Hér gefst ekki tími til að ræða þetta ítarlega, en svör ráðh. hljóta að kalla á endurskoðun á öllu fjármögnun-

arkerfi húsnæðiskerfisins og raunar einnig endurskoðun á þeirri stefnu sem við byggjum á í húsnæðismálum. En ég vil beina einni ákveðinni spurningu hér til hæstv. félmrh.

Þegar þessi húsnæðislöggjöf var til umr. á síðasta þingi í félmn. benti stjórnarandstaðan á að þau nýju ákvæði og þær nýju útreikningsreglur sem setja átti um endursöluíbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51 1980 væru mjög flókin og yrðu erfið í allri framkvæmd. Ég hef nú upplýsingar um að ekki hafi farið fram mat á endursöluíbúðum í marga mánuði vegna þess að enginn treysti sér til að framkvæma matið og vinna eftir þessum útreikningsreglum. Af þessu hafa skapast mikil vandræði og fjöldamargir bíða nú eftir mati á sínum íbúðum. Ég hef upplýsingar um að ekkert mat hafi farið fram vegna endursöluíbúða síðan í júní eða júlí í sumar. Ég vildi því spyrja hæstv. félmrh. að því: Hversu margir eru það sem bíða nú eftir að fá metnar sínar íbúðir, hversu lengi hafa þeir beðið og hvenær má vænta þess að mat á endursöluíbúðum geti farið fram?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. spurði um endursöluíbúðir. Ég hef ekki í höndum upplýsingar eða vitneskju um að svo og svo mikil vandamál séu á ferðinni í sambandi við bið á mati á íbúðum. Mér er hins vegar kunnugt um að Húsnæðisstofnunin er að ljúka við gerð reglugerðar. Ákvæðið í sambandi við endursöluíbúðirnar var ágreiningsefni og hefur verið til meðferðar nú um skeið hjá sérfróðum mönnum. Nýjustu upplýsingar, sem ég hef, eru þær að því verður væntanlega lokið núna eftir næsta fund í Húsnæðisstofnun að fullmóta tillögur stofnunarinnar um reglugerð um endursöluíbúðir. Mér var persónulega kunnugt um að það atriði olli vandkvæðum í meðferð Alþingis sem Alþingi hélt að væri einfaldað með breytingu á lögunum. En því miður fyrir Alþingi og afgreiðslu Alþingis á nýju lögunum var þessu atriði breytt þannig í meðförum Alþingis að það þurfti að gera á því nokkrar breytingar í reglugerð sem ég vona að öðlist fljótlega gildi.

Ég ætla ekki að svara miklu sem hér hefur komið fram. Hv. 5. þm. Reykv. sagði að tekjustofnakerfi Húsnæðisstofnunarinnar væri hrunið. Það getur hver lagt þann skilning í það sem honum hentar. Hins vegar vil ég benda á í þessu sambandi að skv. nýjum lögum er gerð tilraun til að setja þessi mál í fastari farveg en verið hefur. Ég er alls ekki að mæla gegn því að kerfið hefur verið ótraust eins og það hefur verið undanfarin ár, eins og best kemur í ljós þegar litið er yfir útlán t. d. árin 1981 og 1982. Þá var fjármagn byggingarsjóðanna aðeins 477 millj. 1981 og rúmar 600 millj. 1982, en er þó í ár milli 1600 og 1700 millj. og á næsta ári er það áætlað um 2.2 milljarða kr. Ég vil benda mönnum á að breytingin er þegar komin fram í framlögðu fjárlagafrv. sem hér liggur á borðum. Þar er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs í fjárl. sé 800 millj. kr. í stað 400 millj. á yfirstandandi ári. Sú breyting mun styrkja stöðu byggingarsjóðanna. Ég er ekki þar með að segja að það sé nægjanlegt fé og tek að sjálfsögðu undir allar skynsamlegar tillögur sem fram koma um að styrkja húsnæðismálakerfið. Við erum sjálfsagt allir hv. þm. sammála um að á því sé brýn þörf. Og ég vil benda á að í undirbúningi eru núna mjög ákveðnar viðræður í bankakerfinu um sérstaka sparnaðarreikninga, sem þurfa sérstaka skattameðferð, sem ég vænti þess að komi að hluta til til góða fyrir þetta kerfi.

Í sambandi við það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um seinkun lána: Ég held að svarað hafi verið nægjanlega skýrt hvernig staða þessara mála er. Í svari mínu um lausn á þeim vanda sem byggingarsjóðirnir hafa verið í undanfarnar vikur kemur líka glöggt fram að þessu verði breytt og að útlán muni hefjast eftir að verkfalli lýkur. Fram kom í svarinu að seinkað hefur 850 umsóknum um kaup á notuðum íbúðum á fyrri hluta ársins, sem munu skv. áætlun stofnunarinnar vera um 160 millj. kr. Þær verða væntanlega afgreiddar í þessari lánalotu og við vonum meira.

En ég vil ítreka að til þess að staðið sé við lánsfjárlög vantar aðeins um 274 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum. Verður unnið að því að ná því fjármagni inn til þess að það geti fallið undir þau lán sem afgreidd verða á næstu vikum.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég stóð í þeirri trú að ég hefði aðeins talað einu sinni, en það er víst talið að ég hafi talað þegar ég var að bera fram fsp. sjálfar. Ég reikna það hálfgert ómark, en sæti að sjálfsögðu úrskurði forseta.

Ég ætlaði aðeins að árétta að þegar sagt er að tekjustofnakerfi ríkisins sé hrunið er ég ekki að lýsa skoðun. Við erum einfaldlega að tala um staðreyndir. Það liggur alveg ljóst fyrir eftir svör hæstv. ráðh. að allar áætlanir um skyldusparnað, framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða hafa ekki staðist og að í staðinn hefur orðið að grípa til erlendra lána. En með leyfi forseta vildi ég aðeins koma á framfæri örstuttum aths.

Þetta segir nefnilega minnst um það sem er að í þeirri húsnæðispólitík sem rekin er. Hún lýsir sér í verki í því að hér er sífellt verið að byggja fleiri og fleiri og stærri og stærri villur á sama tíma og því fólki fer sífellt fjölgandi sem þarf á að halda litlum ódýrum íbúðum í fjölbýli. Upp á þetta ástand getur hæstv. félmrh. ekki horft til lengdar án aðgerða. Það er alveg augljóst mál að brýn þörf er á aðgerðum af hálfu Alþingis og hæstv. ráðh. til að breyta þeim kjörum sem ríkja á hinum almenna fasteignamarkaði. M. ö. o.: t. d. með því að skilyrða lán til kaupa á eldra húsnæði með þeim hætti að það verði til þess að lækka útborgunarhlutfall og lengja greiðslu eftirstöðva. Eins og ástandið er núna blasir það við öllum öðrum en viðurkenndum skattsvikurum að fólk á Íslandi getur ekki lengur ráðið við það verkefni að byggja yfir sig og sína húsnæði sem miðast við eðlilegar þarfir, hvað þá heldur að það sé á kjörum sem mönnum eru bjóðandi.

Endurskoðun ársreikninga ÍSALs 1983, fsp. 43. mál (þskj. 43). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á árunum 1975—1981 reyndist Alusuisse, eigandi Íslenska álfélagsins h. f., hafa verðlagt aðföng til álbræðslunnar í Straumsvík of hátt sem svaraði til 31.5 millj. Bandaríkjadala að mati endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand. Að auki töldu endurskoðendurnir nauðsynlegt að leiðrétta reikninga ÍSALs vegna rangra afskrifta á árunum 1980 og 1981 um 4.4 millj.

dollara eða samtals á þessum sjö árum sem nær 36 millj. dollara sem samsvarar rúmum 1200 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Á sama tímabili greiddi fyrirtækið ÍSAL til Landsvirkjunar rétt um 40 millj. dala, sem er álíka há upphæð og fyrirtækið hafði svikið undan skatti að mati endurskoðenda.

Krafa fjmrn. um viðbótargreiðslu á sköttum ÍSALs nam vegna þessara ára um 10 millj. dollara eða 340 millj. kr. að meðtöldum vöxtum á núverandi gengi.

Í fyrra upplýsti hæstv. iðnrh. aðspurður við umr. í Sþ. að niðurstöður Coopers & Lybrand vegna endurskoðunar á ársreikningum ÍSALs vegna ársins 1982 hafi leitt í ljós áframhaldandi yfirverð á aðföngum og að söluverð á áli frá verksmiðjunni hafi einnig verið of lágt upp gefið í ársreikningum. Þar við bættust allt of háar afskriftir að mati endurskoðendanna. Heildarleiðréttingin á ársreikningi ÍSALs, sem Coopers & Lybrand gerðu fyrir árið 1982, nam á þessu eina ári rúmum 13 millj. dollara eða 440 millj. ísl. kr. og er þá upphæðin sem við bætist hina fyrri orðin tæpar 50 millj. Bandaríkjadala.

Skv. aðalsamningi ríkisstj. og Alusuisse frá árinu 1966 á niðurstaða af alþjóðlegri endurskoðun ársreikninga, sé hennar óskað af íslenskum stjórnvöldum, að liggja fyrir í lok ágúst eða ekki síðar en 1. sept. og Alusuisse og ÍSAL að verða tilkynnt um niðurstöður endurskoðenda þá. Einhverra hluta vegna hefur hæstv. iðnrh. ekki kunngert niðurstöður af endurskoðun fyrir árið 1983, sem hann boðaði að fram mundi fara, þótt brátt séu liðnir tveir mánuðir frá því að slík niðurstaða átti að liggja fyrir. Þetta er álíka seinagangur og varð í fyrra þó að ekki sé að vísu kominn nóvembermánuður. Því hef ég leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hverjar eru niðurstöður endurskoðenda Coopers & Lybrands varðandi ársreikninga Íslenska álfélagsins h. f. fyrir árið 1983?"

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 5. þm. Austurl. skal upplýst að í byrjun sept. s. l. barst rn. skýrsla breska endurskoðendafyrirtækisins Coopers & Lybrands vegna endurskoðunar á niðurstöðu ársreikninga Íslenska álfélagsins fyrir árið 1983. Niðurstöðukafli skýrslunnar hafði áður verið sendur Alusuisse, ÍSAL og ríkisstj. hinn 31. ágúst s. l. í samræmi við ákvæði aðalsamningsins milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse þar um. Meginniðurstöður Coopers & Lybrands eru eftirfarandi:

1. Um söluverð á áli frá ÍSAL. Coopers & Lybrand komast að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni, m. a. með hliðsjón af innflutningsverði á áli til Evrópu árið 1983, að eðlilegt afurðaverð hefði átt að vera um 36 Bandaríkjadölum á tonn hærra en Alusuisse greiddi ÍSAL umrætt ár. Byggist þessi niðurstaða endurskoðendafyrirtækisins fyrst og fremst á samanburði við álverð á mörkuðum í Þýskalandi árið 1983. Árið 1983 seldi ÍSAL rúmlega 82 þús. tonn af áli. Coopers & Lybrand telja því að leiðrétta beri ársreikning ÍSALs 1983 vegna of lágs afurðaverðs um samtals rúmlega 3 millj. Bandaríkjadala.

2. Að því er snertir verð á súráli. Coopers & Lybrand komast að þeirri niðurstöðu að eðlilegt súrálsverð til ÍSALs hefði átt að vera rúmlega 10 Bandaríkjadölum lægra en ÍSAL greiddi fyrir súrál umrætt ár. Styðjast endurskoðendurnir í því sambandi sem fyrr við meðalverð á sölu frá Alcoa í Ástralíu til óskyldra aðila.

Árið 1983 keypti ÍSAL 140 þús. tonn af súráli frá Alusuisse. Að teknu tilliti til afturvirkrar leiðréttingar vegna þess súráls sem keypt var inn 1982 og notað árið 1983 komast Coopers & Lybrand að þeirri niðurstöðu að leiðrétta beri súrálsverðið til ÍSALs á árinu 1983 um samtals 1.8 millj. Bandaríkjadala.

3. Rafskautaverð. Coopers & Lybrand telja ekki ástæðu til að gera athugasemdir við rafskautaverðið til ÍSALs á árinu 1983 og mun það vera nokkur nýlunda.

4. Um afskriftir. Coopers & Lybrand gera sömu athugasemdir vegna afskrifta ÍSALs árið 1983 og þeir hafa gert vegna endurskoðunar áranna 1980, 1981 og 1982. Aðalágreiningurinn snýst sem fyrr um afskriftir af gengistapi ÍSALs og um afskriftir af mengunarvarnarbúnaði verksmiðjunnar. Fjárhæð leiðréttingar sem Coopers & Lybrand leggja til að gerðar verði á ársreikningi ÍSALs vegna afskrifta er um 4.8 millj. Bandaríkjadala. Og þá komum við að heildarfjárhæð leiðréttinganna á ársreikningum ÍSALs sem Coopers & Lybrand leggja til að nemi því samtals um 9.6 millj. Bandaríkjadala.

Bókfært tap ÍSALs árið 1983 var um 11.5 millj. Bandaríkjadala. Coopers & Lybrand taka því fram í skýrslunni að ofangreindar leiðréttingar hefðu ekki haft áhrif á skattskyldu ÍSALs vegna ársins 1983.

Ég vil taka það fram vegna orða hv. fyrirspyrjanda að upplýsingar um þessar niðurstöður hafa verið öllum aðgengilegar frá því sem þær bárust rn. í hendur í byrjun septembermánaðar. Ég hef ekki séð ástæðu til og veit enda eigi með hvaða hætti ástæða hefði verið til að kunngera þessar niðurstöður nema eins og hér er gert með þessu svari á hinu háa Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans upplýsingar. Það verður auðvitað hver og einn að meta það hvað sé talið eðlilegt að upplýsa. Það þætti eflaust að ýmissa mati ástæða til að greina frá máli sem þessu, jafnvel þó að um sé að ræða atriði sem fara fram milli vina, ef svo má segja, og á tímum þegar verið er að fjalla um endurskoðun á samningum. Það hlýtur að vekja athygli að hér heldur Alusuisse áfram að mati alþjóðlegra endurskoðenda að verðleggja aðföng, í þessu tilviki súrál, til muna hærra en eðlilegt getur talist, selja afurðirnar og bókfæra á lægra verði en eðlilegt er að mati endurskoðenda og varðandi afskriftirnar munar háum upphæðum. Talan sem hæstv. ráðh. nefndi sem niðurstöðu, 9.6 millj. dala, svarar til ekki minna en 326 millj. ísl. kr. og það munar mjög litlu að þessi endurskoðun og þessi niðurstaða hafi áhrif á skattgreiðslur, þar sem tap fyrirtækisins var mun minna en árið á undan skv. þeirra bókfærslum. Benda verður á að þessar niðurstöður geta haft áhrif á ársreikninga yfirstandandi árs og skattgreiðslur vegna atriða sem taka þarf tillit til í sambandi við fjárreiður á þessu ári.

Ég tel mjög leitt til þess að vita að Alusuisse skuli, þrátt fyrir aðhald íslenskra stjórnvalda að fyrirtækinu á undanförnum árum, halda uppteknum hætti í sambandi við verðlagningu á afurðum sínum og falsa með þeim hætti bókhald fyrirtækisins. En þessi svikamylla er nú orðin Íslendingum allvel kunn og vissulega dýrkeypt og af þeirri reynslu þurfum við að læra. Hæstv. ríkisstj. er

að ganga frá samningum um vissa þætti samskipta við Alusuisse. Ég ætla ekki að fara að ræða það efni hér, en vek þó athygli á því að þar er skv. fréttum ófrágenginn með öllu sá þáttur sem snýr að skattgreiðslum, reglum varðandi skattgreiðslur þessa fyrirtækis, og ætla samningamenn sér níu mánuði, að ég hef frétt, til þess að fjalla um það mál. Þar er um mjög stórt atriði að ræða, ekki síst í ljósi þess að álbræðslan er að verða afskrifuð skv. samningi um 15 ára afskriftatíma, þannig að vænta má að skattgreiðslur af hálfu fyrirtækisins miðað við eðlileg skattskil verði mjög verulegar á komandi árum að óbreyttum skattreglum. Því er þessi þáttur endurskoðunar á skattreglum, sem ófrágenginn er, gífurlega stór fjárhagslega og þýðingarmikill fyrir íslenska ríkið engu síður en það að fylgjast með fjárreiðum fyrirtækisins og nota þannig rétt okkar til endurskoðunar eins og gert hefur verið á undanförnum árum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. þm. að skattgreiðslurnar og skattgreiðslureglurnar eru mjög mikilvægt atriði, en þó er það ekki stórt atriði á borð við sjálft orkuverðið, aðeins lítill hluti í samanburði við það.

Ég ætla ekki að hefja nú umr. um þessi gömlu þrætumál. Minni aðeins á í sambandi við þennan lið, um afskriftir 4.6 millj. Bandaríkjadala, að þar þrætast menn mjög á um afskriftarreglur. Það eru til íslenskir menn einnegin sem halda því fram að ÍSAL hafi leyfi til að afskrifa með þeim hraða sem þeir hafa gert. Menn þurfa ekki að undrast niðurstöður Coopers & Lybrands eins og þær liggja fyrir vegna þess að hvorugur aðili hefur horfið frá afstöðu sinni um túlkun á þeim reglum til að mynda varðandi afskriftarreglurnar, sem þeir frá upphafi hafa haldið við.

En ég hef haft í hyggju að leggja fyrir hið háa Alþingi skýrslu um framkvæmd bráðabirgðasamkomulagsins frá 23. sept. á liðnu ári og um gang samningaviðræðna frá þeim tíma og þær niðurstöður sem menn eru komnir að. Af ýmsum ástæðum, einnig vegna þess að ekki eru fullfrágengin öll atriði og niðurstöður fengnar í orðalagi til að mynda, einnegin vegna þess að í samningunum eru ákvæði um það að þeir skuli ekki birtir opinberlega nema báðir aðilar samþykki, þá dregst þetta eitthvað úr hömlu þannig að ekki verða tök á því enn um sinn að þessi skýrsla verði lögð fyrir hið háa Alþingi. Ég tek fram að mér er það mjög umhendis að leggja slíka skýrslu fram nema hægt sé að upplýsa öll atriði sem að málinu lúta í öllum smátriðum, en um það atriði er gagnaðili ekki sammála enn sem komið er.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma á framfæri skýringunum á því að ég hef ekki enn og er ekki enn tilbúinn til þess að gefa Alþingi þá skýrslu sem ég hafði í huga að gera fljótlega eftir samkomudag þess.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna þess að hæstv. iðnrh. vék hér að því stóra máli, endurskoðun samninganna við Alusuisse vegna ÍSALs, og upplýsti hér að enn yrði bið ótilgreind á því að hann legði það mál hér fyrir þingið og veitti þinginu aðgang að því máli, þá leyfi ég mér að gera hér mjög ákveðna athugasemd.

Það er ekki aðeins að stjórnarandstaðan hafi í engu verið höfð með í ráðum eða upplýst um gang samningaviðræðna, heldur hefur hæstv. iðnrh. ekki séð ástæðu til þess að gera Alþingi grein fyrir gangi viðræðna á fyrra þingi og ekki enn á þessu þingi, þrátt fyrir yfirlýsingar sínar á Alþingi í fyrra þess efnis að Alþingi yrði látið fylgjast grannt með þessum málum og þrátt fyrir mjög ítrekaða kröfu frá hans flokki í þeirri tíð sem ég fór með þessi mál að hafa fullan aðgang að þessu máli eins og veittur var á þeim tíma. Ég vek athygli á þessum vinnubrögðum og ég áskil mér rétt til þess að taka þetta mál upp hér í þinginu utan dagskrár fyrr en seinna vegna þess að við svona vinnubrögð er ekki hægt að una að mínu mati. Það er ekki sæmandi þinginu og ekki sæmandi framkvæmdavaldinu að standa þannig að málum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er auðvitað að menn munar í að heyra nákvæmlega frá gangi viðræðna og þeim niðurstöðum sem menn eru komnir að. En ég þarf ekki að útlista fyrir mönnum sérstaklega að þann veg er slíkum samningaviðræðum háttað að það kann nauðsyn til að bera að slíkt verði ekki upplýst opinberlega. Og þann veg stendur á um þetta mál. Stjórnarandstaðan hefur verið látin fylgjast með eins og kostur er. Ég nenni ekki og enda ekki tök á því nú að orðfæra fullyrðingu hv. þm. um það að á sinni tíð hafi stjórnarandstaðan fylgst grannt með öllum málavöxtum. Það gerðu ekki einu sinni hans menn. Það margkom fram hér í umr. í sambandi við viðræður við fulltrúa Alusuisse á sínum tíma, sem hann hafði löngum og löngum einn með höndum og upplýsti ekki einu sinni samverkamenn sína eins og Guðmund G. Þórarinsson þá um innihald alls þess sem þar fór fram, hvað þá meir. (**HG:** Það er nú rétt að finna þessu stað.) Það er enginn vandi að finna þessu stað. Það fer eftir því hvort menn telja vitnisburð manns eins og Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings fullgildan eða ekki.

En við fáum til þess tækifæri innan tíðar vona ég að ræða þessi mál nákvæmlega og þegar færi gefst mun ég leggja nákvæma skýrslu fyrir hið háa Alþingi um gang viðræðnanna og þær niðurstöður sem fyrir liggja.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins mótmæla því sem kom hér fram í máli iðnrh. að stjórnarandstaðan hafi fengið að fylgjast grannt með gangi samningaviðræðna, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Það get ég ekki talið að sé, því um miðjan sept., 18. sept. reyndar, kallaði iðnrh. stjórnarandstöðuna á sinn fund og fékk fulltrúum hennar í hendur plagg sem útbúið var af Landsvirkjun um viðræður um endurskoðun á orkusölusamningi til ÍSALs. Í þessu plaggi var ekkert eða ákaflega lítið sem hafði ekki þegar komið fram og þegar stjórnarandstöðufulltrúar báðu um að fá að sjá og að vera trúað fyrir þeim samningsdrögum sem þá lágu fyrir skýrði hæstv. iðnrh. frá því að það væri honum ekki mögulegt vegna þess að Alusuisse vildi bíða með það þar til að afloknum fundi í London 8. og 9. okt. Sá fundur er nú afstaðinn og ekki bólar á því að stjórnarandstöðunni sé kynnt þetta samkomulag, þau samningsdrög sem liggja fyrir. Síðan kemur iðnrh. hér og vill halda því fram að stjórnarandstöðunni sé gert kleift að fylgjast grannt með. Þessu vil ég mótmæla.

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, fsp. 68. mál (þskj. 69). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vildi biðja um það að hæstv. menntmrh. væri viðstödd, þegar ég bæri fram þessa fsp., ef hún er í húsinu. (**Forseti:** Það skal tekið fram að hæstv. menntmrh. var kunnugt að þetta mál yrði tekið nú fyrir og hún hlýtur að vera alveg á næstu grösum.) Ég tel rétt að hinkra við þangað til hún kemur í salinn.

Herra forseti. Á fulltrúaþingi Kennarasambands Íslands á s. l. vori var gerð eftirfarandi samþykkt, sem ég vil lesa með leyfi forseta:

„3. þing Kennarasambands Íslands samþykkir að fela stjórn sambandsins að hefja nú þegar viðræður við menntmrn. (menntmrh.) um undirbúning frv. til l., er verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, um lögverndun starfsheitis grunnskólakennara."

Jafnframt er lögverndun kennarastarfsins eitt af þeim fjórum meginmarkmiðum sem tilgreind eru fyrir hið nýstofnaða Bandalag kennarafélaga.

Stöðugt fleiri hópar óska nú lögverndunar á starfsheiti sínu og má minna á slík lög um ljósmæður, bókasafnsfræðinga, sjúkraliða og sjóntækjafræðinga sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þessi viðleitni er til þess að tryggja það að einungis þeir sem hafa tilskilda menntun sinni ákveðnum störfum og til að vernda rétt þeirra sem þannig hafa menntast.

Síauknar menntunarkröfur eru nú gerðar til kennara, sbr. lög nr. 51 frá 1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra og inntak kennslustarfsins hefur líka breyst í samræmi við breytta þjóðfélagshætti. Auknar kennslukröfur eru gerðar og ætlast er til þess að kennarar sinni í vaxandi mæli ýmsum þeim þáttum sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Má sem dæmi nefna umferðarfræðslu, starfsfræðslu, ávana- og fíkniefnafræðslu, kynfræðslu o. fl. Vegna skorts á námsefni þurfa kennarar oft að eyða verulegum tíma til að útbúa námsefni. Þetta er þeim mun erfiðara þar sem aðgangur að bókasöfnum er oft takmarkaður og bókakostur rýr. Stöðugt fjölgar þeim einstaklingum sem eiga við tilfinningaleg vandamál að stríða og varðar miklu að vel sé á þeim málum tekið. Auk þess sem þetta eykur álag á kennarann og aðra nemendur þarf kennarinn að hafa stöðugt vakandi auga fyrir velferð og líðan hvers einstaklings og hann hefur yfirleitt aðeins sjálfan sig á að treysta og situr oftast einn uppi með þau vandamál sem upp koma.

Sífellt meiri kröfur eru gerðar til skólanna um aukna ábyrgð á uppeldi barna vegna mikillar vinnu beggja foreldra og fjarvistar frá heimili. Þessu uppeldishlutverki, auk mikils kennsluálags, er kennurum ætlað að sinna án þess að til þess gefist aukinn tími eða meiri mannafli en áður. Það vinnuálag og sú ábyrgð sem lögð er á kennara í starfi þeirra eru engan veginn viðurkennd í því starfsmati sem gilt hefur um kennarastarfið. Því miður hefur forgangsröðun verið sú að þeir sem bera ábyrgð á peningum og tækjum fá sína ábyrgð metna til hærri launa en þeir sem bera ábyrgð á umönnun lífs, t. d. þeir sem bera ábyrgð á uppeldi og fræðslu barna og unglinga. Sem dæmi má nefna að í stigsetningu starfsheita skv. starfslýsingu fengu útsölustjórar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 160 stig vegna ábyrgðar, en grunnskólakennarar svo og kennarar á menntaskóla- og tækniskólastigi fengu 115 stig vegna ábyrgðar. Á öðrum skólastigum var ábyrgðarmatið enn lægra. Spyrji nú hver sjálfan sig um mikilvægi þess fyrir þjóðarbúið og framtíð þess hvort vel sé gætt vínanda í flösku og andvirði hans eða menntunar og uppeldis þeirra sem eiga að erfa landið. Svarið vefst ekki fyrir Kvennalistakonum.

Þetta vanmat á störfum kennara hefur skilað sér í lágum launum, svo lágum að mikill flótti er úr stéttinni. Hefur verið haft að gamanyrði að kennsla geti ekki verið annað en tómstunda- og hugsjónastarf þeirra sem hafa góða fyrirvinnu, enda er reyndin sú að í grunnskólum eru um 85—90% kennara konur.

Hæstv. félmrh. vitnaði í niðurstöður af norrænu jafnréttisþingi í gær þar sem viðurkennt var að um leið og konur yrðu fjölmennar í einhverri stétt hröpuðu laun hennar hlutfallslega miðað við aðrar stéttir. Gildir þá einu hversu lífsnauðsynleg störf sú stétt vinnur fyrir velferð þjóðfélagsins.

Kennsla er vandasamt viðfangsefni. Hún er starf sem fæst við lifandi fólk en ekki dauða hluti. Í því starfi eiga sér stað náin og ábyrgðarmikil samskipti við einstaklinga í mótun. Árangur þessara vandasömu samskipta getur orðið afdrifaríkur fyrir framtíð einstaklinganna og um leið þjóðarinnar allrar. Það veltur því á miklu að þau séu góð. Hefja þarf kennarastarfið til þeirrar virðingar sem því ber og viðurkenna í verki þá miklu ábyrgð sem í því er fólgin. Einn þáttur í þeirri viðleitni er að starf grunnskólakennara verði lögverndað. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

Er hafinn undirbúningur að samningu frv. til l. um lögverndun starfsheitis grunnskólakennara á vegum menntmrn.?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. spyr: Er hafinn undirbúningur að frv. til l. um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara?

Svarið er já. Nú fyrir um það vil þremur vikum kom formaður Kennarasambands Íslands að máli við mig og ræddi m. a. þetta atriði og ég tjáði mig fúsa til þess að vinna að slíku lagafrv. og vinna að framgangi þess, hafði enda hugleitt það mál allmikið. Nú nýlega hefur rn. farið þess á leit við Bandalag kennarafélaga að það tilnefni þrjá menn í nefnd til að undirbúa ásamt starfsmönnum rn. frv. til l. um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Vænti ég þess að það líði ekki mjög margir dagar áður en slíkt frv. verður tilbúið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Bandalag kennarafélaga beindi erindi til allra þingflokka með bréfi 11. sept. og þar var efst á blaði hjá þeim ósk um að samið yrði lagafrv. um verndun starfsheitis kennara. Í framhaldi af því hóf ég undirbúning að því að efna í frv. um þetta atriði og það er nú tilbúið og verður flutt af minni hálfu ásamt fleiri þm., sem ég hef haft samvinnu við um þetta mál, einhvern næstu daga og lagt fyrir hv. Nd. Ég taldi eðlilegt að þetta kæmi fram í sambandi við þetta mál, þannig að menn áttuðu sig á að slík vinna hefur verið í gangi um lengri tíma. Það er auðvitað góðra gjalda vert að hæstv. menntmrh. er einnig með þetta mál í undirbúningi. Menntmn. getur þá tekið á þessum málum þegar hún fær þau frv., sem fram koma, til umsagnar.

Hæstv. ráðh. gat þess að hann hefði leitað til

Bandalags kennarafélaga um undirbúning málsins. Mér er kunnugt um að sú ósk var skilyrt af hálfu hæstv. ráðh. Svo vildi til að Bandalag kennarafélaga eða kennarasamtökin höfðu efnt til mótmæla eða mótmælt með ályktun ummælum hæstv. menntmrh. varðandi menntun og kjör kennara. Hæstv. ráðh. mun hafa tengt vilja sinn til þess að standa að þessu máli því, að kennarasamtökin féllu frá þeim mótmælum sem raunar munu hafa verið komin til Ríkisútvarpsins. Þetta er nú kafli út af fyrir sig og minnir dálítið á vinnubrögð Stóra bróður sem Vökumenn í Háskóla Íslands ætla að berjast fyrir að verði umræðuefni 1. des. n. k. á fullveldisdaginn, og færi þá ekki illa á því að hæstv. menntmrh. fengi að segja orð í því samhengi. (Gripið fram í.) Mér er ekki kunnugt um hver varð niðurstaðan. (Gripið fram í.) Þá er það úr sögunni, en það getur kannske komið á dagskrá síðar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. sagði hér að sú yfirlýsing mín að unnið skyldi að þessu frv. og Bandalag kennarafélaga beðið að tilnefna menn í nefnd til að vinna að þeim undirbúningi hefði verið skilyrt. Þetta er alrangt og á því vil ég vekja athygli. Ég skil ekki hvað kemur hv. þm. til þess að halda slíku fram, nema ef vera skyldi að hann væri eitthvað leiður yfir því að hafa ekki verið búinn að leggja fram frv. sitt áður en þessi yfirlýsing lá fyrir.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hennar. Ég fagna því að vinnu að þessu málefni skuli nú vera hraðað, að úrlausnar skuli vera svo fljótt að vænta. Ég veit að þetta er mikið áhugaefni margra þm., þannig að það verður beðið eftir niðurstöðu málsins. En ég fagna því að það er þegar í framkvæmd því að öllu máli skiptir að úrlausn fáist.

Endurskoðun grunnskólalaga, fsp. 40. mál (þskj. 40). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Lög nr. 63 frá 1974 um grunnskóla eru nú 10 ára gömul. Þau voru samþykkt hér á hv. Alþingi vorið 1974. Í 88. gr. laganna segir svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntmrn., þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna."

Breyting sú sem hér kemur fram um 11 ára tíma var sett inn í lög nr. 43/1984, þar sem framlengt hefur verið frá ári til árs eða seinkað að taka afstöðu af hálfu Alþingis varðandi skólaskyldu. Í ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum segir svo:

„Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntmrh. gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að 9 ára skólaskyldu þannig að Alþingi gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði."

Með bréfi 25. maí 1979 skipaði þáv. menntmrh. Ragnar Arnalds nefnd til að endurskoða lög um grunnskóla og lög nr. 55/1974 um skólakerfi. Í þessa nefnd voru skipaðir Jónas Pálsson rektor Kennaraháskóla Íslands formaður, Sveinn Kjartansson fræðslustjóri og Örlygur Geirsson deildarstjóri. Verkefni nefndarinnar var skilgreint þannig í erindisbréfi:

„Endurskoðun þessa ber að framkvæma með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd skólakerfis og grunnskólalaga þau 5 ár sem liðin eru frá setningu þeirra og einnig með tilliti til þess að ákvæði laganna um lengingu skólaskyldu úr 8 árum í 9 kemur að óbreyttu til framkvæmda haustið 1980. Þá er nefndinni einnig falið að endurskoða reglugerðir og erindisbréf, sem sett hafa verið skv. nefndum lögum, eftir því sem ástæða kann að þykja til."

Nefnd þessi starfaði í umboði þriggja menntmrh., Ragnars Arnalds, Vilmundar Gylfasonar og Ingvars Gíslasonar, og skilaði ítarlegu nál. ég hygg veturinn 1980—1981. Hafði nefndin þá haft samráð við fjölda aðila, m. a. fræðsluráð allra fræðsluumdæma, samtök kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, samtök fræðslustjóra, námsstjóra, Samband ísl. sveitarfélaga og Félag skólastjóra og yfirkennara. Einnig leitaði nefndin til stéttarfélaga sérfræðinga sem starfa innan grunnskóla. Flestir umsagnaraðilar lögðu áherslu á það meginatriði að koma þyrfti ákvæðum grunnskólalaganna og markmiðum í framkvæmd fremur en gera á þeim efnisbreytingar og sjálfir voru nefndarmenn sama sinnis, fluttu hins vegar margar tillögur um breytingar á lögunum. Þeir segja í áliti sínu, með leyfi forseta, um þetta atriði:

„Áherslu ber að leggja á aðgerðir til að hraða framkvæmd laganna, auka gæði uppeldis- og fræðslustarfs, sem í grunnskólum er unnið, tryggja betur jafnrétti nemenda alls staðar á landinu, en taka þó við framkvæmd skólastarfsins tillit til atvinnuhátta og lífsskilyrða í landshlutum. Styrkja ber á allan hátt grunnskólann sem stofnun til að gegna hlutverki sínu í íslensku þjóðlífi eins og það er að mótast á síðustu áratugum 20. aldar."

Nefndarmenn bentu á ýmis atriði varðandi undirstöðuþætti menntamála sem ná þurfi fram að ganga til að grunnskólinn geti á viðunandi hátt sinnt hlutverki sínu. Nefndin stóð saman að mörgum brtt. við grunnskólalögin og greindi aðeins á um eitt atriði, þ. e. hvort lögboðin skólaskylda skuli vera 8 eða 9 ár. Jónas Pálsson og Örlygur Geirsson vildu halda óbreyttum ákvæðum grunnskólalaganna um 9 ára skólaskyldu, en Sveinn Kjartansson lagði til 8 ára skólaskyldu.

Í aths. í ítarlegu áliti lýsa nefndarmenn helstu brtt. Hér er, herra forseti, ekki tími til þess að rekja þær að neinu marki. Ég nefni aðeins örfá áhersluatriði úr tillögum þeirra um breytingar.

Þeir lögðu til að sett yrði á fót svonefnt grunnskólaráð sem verði eins konar fastanefnd. Þeir lögðu til að ákvæðum um reglulegan starfstíma skóla yrði breytt úr 7—9 mánuðum í 8—9 mánuði, þ. e. lengdur starfstími þeirra skóla sem styst hafa starfað. Þeir leggja til stefnumótandi ákvæði um einsetningu í 4.—9. bekk grunnskóla og að 24 nemendur skuli vera að meðaltali í bekkjardeild. Og þeir leggja til að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta starfi við allar fræðsluskrifstofur í landinu. Þetta nefni ég hér sem örfá atriði af mörgum tillögum sem nefndin var sammála um og fékk stuðning við frá umsagnaraðilum.

Nú hefur ríkisstj. setið í hálft annað ár og því taldi ég eðlilegt að inna hæstv. menntmrh. eftir hvert horfði á hans vegum um endurskoðun grunnskólalaga í framhaldi af því starfi sem þegar hefur verið unnið að þessu máli, og ég ber fram svofellda fsp.:

„1. Hvenær er að vænta tillagna frá menntmrh. um endurskoðun á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla?

2. Getur ráðh. greint frá því nú hvert yrði inntak slíkra brtt.?

3. Hvert er álit menntmrh. á tillögum nefndar sem starfaði á vegum menntmrn. 1979—1982 og skilaði áliti um endurskoðun grunnskólalaga?"

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. spyr í fyrsta lagi: „Hvenær er að vænta tillagna frá menntmrh. um endurskoðun á lögum nr. 63 frá 1974, um grunnskóla?" Svarið er að ráðgert er að leggja fram á yfirstandandi þingi frv. til l. um breyt. á lögum um grunnskóla.

2. spurning hv. fyrirspyrjanda var þessi: „Getur ráðh. greint frá því nú hvert yrði inntak slíkra brtt.?" Þá er svarið í aðalatriðum þetta: Það er ekki að vænta grundvallarbreytinga á lögunum, en fyrst og fremst stefnt að umbótum þar sem vankantar hafa komið í ljós á þeim tíma sem lögin hafa verið í gildi.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvert er álit menntmrh. á tillögum nefndar sem starfaði á vegum menntmrn. 1979—1982 og skilaði áliti um endurskoðun grunnskólalaga?" Svarið er að í þeirri nefnd, sem vann mikið starf, komu fram ýmis sjónarmið sem verður tekið mið af í væntanlegu frv.

Síðan grunnskólalögin voru samþykkt fyrir 10 árum hefur verið bent á fjölmörg atriði sem betur mættu fara og auk þess hefur reynslan leitt í ljós að ýmsum framkvæmdaþáttum mætti koma betur fyrir en þar er gert ráð fyrir. Að mínu mati er ekkert þessara atriða mjög stórvægilegt nema ef vera skyldi verkaskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga sem gerð var tillaga um að því er varðar rekstur grunnskólanna, en það atriði virðist vera eilíft deilumál og er sannast sagna ekki líklegt til að leiða til stórra breytinga nú. Það verða fremur önnur atriði sem þetta frv. fjallar um.

Hv. fyrirspyrjandi skýrði frá nefndinni, sem skipuð var 1979, sem í voru Jónas Pálsson þáverandi skólastjóri, sem var formaður nefndarinnar, Sveinn Kjartansson þáverandi fræðslustjóri og Örlygur Geirsson þáverandi deildarstjóri í rn. Nefndin skilaði tillögum sínum fyrri hluta árs 1981. Sú nefnd leitaði fanga mjög víða og hafði samráð við fjölmarga aðila, en ég hef ekki fullkomið yfirlit yfir hverjir þeir voru.

Í okt. 1980 gekkst menntmrn. fyrir ráðstefnu í Munaðarnesi sem bar yfirskriftina „Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla". Það liggur fyrir fjölrituð skýrsla um þessa ráðstefnu og þar komu fram mörg atriði sem höfðu áhrif á endurskoðun grunnskólalaga.

Í lok októbermánaðar 1981 gekkst rn. fyrir annarri ráðstefnu í Munaðarnesi og að þessu sinni var fjallað um tillögur endurskoðunarnefndarinnar. Á þeirri ráðstefnu var farið vandlega yfir tillögur nefndarinnar og gerðar á þeim nokkrar breytingar. M. a. var kaflinn um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu að mestu endurritaður. Fyrir liggur fjölrituð skýrsla frá þeirri ráðstefnu og þar eru fyllri upplýsingar um þessi atriði.

Á árinu 1982 fól þáv. menntmrh., Ingvar Gíslason, Sigurði Helgasyni, Örlygi Geirssyni og Herði Lárussyni að yfirfara allar fram komnar tillögur um breytingar á grunnskólalögunum þannig að unnt yrði að ganga frá frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 frá 1974. Það veganesti sem þessir embættismenn fengu var að þeir skyldu aðeins sníða stærstu vankantana af lögunum. Margir munu hafa verið þessu ósammála og hafa talið rétt að fara ítarlegar í ýmis grunnskólaatriði og skerpa orðalag í mörgum greinum. Það er vitanlega eðlilegt og þess er sjálfsagt að vænta að ýmsar brtt. komi fram á hv. Alþingi þegar á annað borð verður farið að fjalla um breytingar á grunnskólalögum.

Ég vil aðeins bæta því við að á s. l. þingi, á vorþinginu, var reyndar samþykkt breyting á lögunum sem var að efni til úr þessu frv., sem legið hafði fyrir í rn., og varðaði skiptingu í bekki á æðri stigum grunnskóla. En ýmis önnur atriði þarf að skoða í sambandi við endurskoðun þessara laga og verða þau í frv. sem lagt verður fram í vetur. Eitt af því hefur komið fram í nefnd sem unnið hefur að tillögugerð í sambandi við samstarf heimila og skóla og varðar skipan skólaráða. Lögð er áhersla á að þar sem foreldrafélög starfi við skóla velji þau fulltrúa í skólaráð. Þar eru einnig ábendingar um ýmis framkvæmdaatriði í grunnskólum sem stuðla að því að lögin verði betur virk að þessu leyti til. Bind ég vonir við að það geti leitt til enn jákvæðara starfs en nú fer fram í tengslum heimila og skóla.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans við einstökum liðum minnar fsp. Það er góðra gjalda vert að þess er að vænta að við fáum frv. til breytinga á lögum um grunnskóla fram á þessu þingi, enda verði inntak þeirra breytinga þannig að ástæða verði til að taka undir þær. Ég vil þó nefna að vissulega hefði verið æskilegt að fá slíkt frv. fram snemma á þinginu, þegar um svo þýðingarmikið mál er að ræða, ef von á að vera til þess að hægt sé að taka afstöðu til þess og afgreiða það á þinglegan hátt. Því vil ég hvetja hæstv. ráðh. til að hraða þeim undirbúningi eftir föngum.

Ég lýsi ánægju minni með þau orð hæstv. menntmrh. að í aðalatriðum verði byggt á núverandi lögum og inntak þeirra breytinga sem hann er að boða hrófli ekki við grundvallarþáttum núgildandi laga um grunnskóla. Ég tel að við þá löggjöf hafi á marga lund mjög vel til tekist og að undirbúningi hennar var unnið með nokkuð óvenjulegum hætti að mörgu leyti. Það var víðtækara samráð við fjölda manns í landinu, skólamenn, sveitarstjórnarmenn og marga fleiri, við undirbúning grunnskólalaganna á sínum tíma og ég tel að það hafi verið mjög góð vinnubrögð sem þar voru viðhöfð og uppskeran hafi verið góð. En þó er það svo að ástæða er til, eins og hér hefur komið fram og margoft hefur verið ályktað um, að endurskoða ákveðna þætti í ljósi fenginnar reynslu og raunar beinlínis að því vikið í lögunum sjálfum að svo skuli gert.

Það er ekki ástæða hér og nú að fjölyrða um einstök efnisatriði þessa máls. Til þess verður tækifæri þegar frv. um breytingar á grunnskólalögum kemur fram. Ég veit að það er áhugamál margra, og ekki síst þeirra sem að skólamálum vinna, að þetta verk verði unnið á vegum Alþingis fyrr en seinna og minni m. a. á ályktun frá Kennarasambandi Íslands þar að lútandi. Ég vænti þess að það megi takast góð samvinna um breytingar á

þessari mjög svo þýðingarmiklu löggjöf til eflingar grunnskólanum og til að efla lýðræðislegt inntak í skólastarfi á þessu skólastigi og svo þarf vissulega að verða einnig á öðrum skólastigum.

Framhaldsskólar, fsp. 41. mál (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Nær átta ár eru nú liðin frá því að fyrst var flutt hér á Alþingi frv. til l. um framhaldsskóla og síðan hefur frv. um þetta efni verið lagt fram fimm sinnum með nokkrum breytingum hverju sinni. Síðast kom frv. um þetta efni fram á 105. löggjafarþingi 1982—1983, flutt af Ingvari Gíslasyni þáv. menntmrh.

Með þessum frv. var stefnt að heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla sem opinn sé öllum sem lokið hafa grunnskóla eða sem náð hafa 19 ára aldri. Framhaldsskólinn skyldi skipulagður sem ein heild sem greinist í nokkur meginnámssvið sem hvert um sig deilist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miði að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs. Námslok geti orðið eftir 1., 2., 3. eða 4. ár og markaðar verði leiðir til framhaldsnáms á öllum brautum. Nám í framhaldsskóla skv. hugmyndum þessarar síðustu útgáfu frv. um framhaldsskóla skyldi skipulagt í námsáföngum og hver áfangi sé metinn til eininga. Með námsskrám skuli mörkuð meginstefna í námi og þjálfun nemenda, hvort sem nám fer fram í skóla eða á vinnustað. Auk skóla var gert ráð fyrir að skólaverkstæði og fyrirtæki eða stofnanir séu vettvangur náms eða svokallaðir námsstaðir. Fræðsluráð grunnskóla skyldu einnig fjalla um málefni framhaldsskóla hvert í sínu fræðsluumdæmi og skv. þessu frv., sem flutt var á þinginu 1982—83, var gert ráð fyrir að fela mætti fræðsluskrifstofum verkefni við stjórnun framhaldsskóla í viðkomandi umdæmi. Þá skyldi stefnt að því að sem fjölbreyttast val námsbrauta verði í hverjum landshluta.

Skv. frv. um framhaldsskóla, frv. sem lagt var fram í tíð síðustu ríkisstj., var menntmrn. ætlað að gera áætlun til fimm ára um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og um framkvæmdir til að koma þeirri skipan á að fengnum tillögum m. a. frá fræðsluráðum í hverju fræðsluumdæmi. Það var kveðið á um að í fyrstu fimm ára áætlun af þessu tagi yrði sérstök áhersla lögð á eflingu verknámsbrauta.

Í síðasta frv. voru hins vegar ekki ákvæði um breytingar á skólakostnaði frá gildandi lögum og gert ráð fyrir sérstökum lögum er tækju á fjármálaþættinum. Þetta frv. fékk litla umfjöllun af hálfu þingsins, enda dró þá til kosninga.

Æ tilfinnanlegra verður með hverju ári sem líður að Alþingi skuli ekki setja lög um framhaldsskólastigið. Þetta skapar óvissu fyrir alla sem við þetta skólastig starfa og hefur áhrif á skólastarf á öðrum skólastigum, bæði á grunnskóla- og á háskólastigi. 3. fulltrúaþing Kennarasambands Íslands ályktaði um þetta efni í júní s. l. og skoraði þar á Alþingi að afgreiða sem fyrst, og eigi síðar en vorið 1985, samræmda löggjöf um framhaldsskóla. Þetta þing KÍ lagði þunga áherslu á að verkmenntunin, bæði til lands og sjávar, verði metin að verðleikum og sitji við sama borð og annað framhaldsskólanám.

Setning laga um framhaldsskóla er stórmál sem óhjákvæmilega þarf að fá vandaða meðferð af hálfu þingsins og því væri æskilegt að frv. þar að lútandi kæmi sem fyrst fram hér í þinginu. Ég hef því leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað líður undirbúningi á vegum menntmrn. að löggjöf um framhaldsskóla?

2. Hver eru meginstefnumið ráðh. varðandi slíka löggjöf um nám á framhaldsskólastigi?“

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrri liður þessarar fsp. er: „Hvað líður undirbúningi á vegum menntmrn. að löggjöf um framhaldsskóla?“

Nú má ekki skilja það svo að í landinu sé engin löggjöf um framhaldsskóla. Það eru hins vegar ekki ein lög sem fjalla um framhaldsskóla, heldur fleiri lagabálkar.

Ég greindi frá því á þingi í fyrra að þá hefði ég horfið frá því að sinni að leggja fram frv. til laga um samræmdan framhaldsskóla. Svo stendur enn og ástæðan er sú sem ég skal nú greina frá:

Þau frv. um það efni sem hafa verið lögð fram síðan 1976 hafa ekki náð fram að ganga og ég tel það dapurleg örlög stórra frumvarpa að fara inn og út af þingi a. m. k. fimm sinnum í röð án þess að menn vilji samþykkja þau þó að ekki sé enn notuð sama aðferðin, heldur reynt að gera sér grein fyrir hvernig stendur á þessu. Staðreyndin er sú að frá því að framhaldsskólafrv. var fyrst lagt fram hér á Alþingi hafa framhaldsskólar haldið áfram að þróast og það er nú orðið ljóst að framhaldsskólar með ýmsu sniði geta starfað hlið við hlið í landinu. Má líta svo á að það sé í págu þeirra einstaklinga sem útskrifast úr grunnskóla að geta valið um fleiri en eina tegund framhaldsskóla.

Þegar tekið var að fjalla um lög um framhaldsskóla í kjölfar grunnskólalaganna og með hliðsjón af fyrstu áfangaskólunum var hugmyndin sú að steypa alla framhaldsskóla í sama mót, þ. e. mót fjölbrautaskólanna. Þetta mætti víða mótspyrnu og nú er talið sjálfsagt að skólar séu með mismunandi sniði. Þó er rétt að leggja áherslu á lágmarkssamræmingu á þann veg að nemendur geti flust á milli skóla og brauta án þess að tefjast mjög í námi.

Þar sem undanfarin ár hefur verið beðið eftir heildarlöggjöf um framhaldsskólana og menn hafa oft hallast að því að telja að allsherjarlausn felist í heildarlöggjöf, en það er vitanlega misskilningur, þá hefur öll önnur laga- og reglugerðarsmíð um þetta skólastig legið niðri þar til s. l. vor þegar sett voru lög um öldungadeildir sérstaklega og í sumar reglugerð í kjölfar þeirra laga. Í rn. er nú unnið að undirbúningi reglugerðar fyrir fjölbrautaskóla, en eftir slíkri reglugerð hefur einmitt verið beðið af fyrrgreindum ástæðum. Vonast ég til að hún geti greitt töluvert úr vanda sem menn hafa talið að við væri að etja á þessu stigi. Það er vitanlega rétt að verkmenntunin hefur sinn mikilvæga sess í framhaldsskólum af þessu tagi. Fjölbrautaskólarnir og áfangaskólarnir hafa sýnt mjög góðan árangur að þessu leyti og sýnt og sannað mikilvægi sitt, en engu síður tel ég jafnaugljóst að framhaldsskólar með öðru sniði eigi að geta starfað við hlið þeirra í landinu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að svara fsp.

minni, en ég get ekki lýst ánægju með inntak hennar ræðu eða svar hennar því að þar kom skýrt fram, eins og hv. þm. hafa heyrt, að ráðherrann hefur ekki í hyggju að undirbúa löggjöf, löggjöf um samræmdan framhaldsskóla eða rammalög sem taka yfir þetta skólastig. Það eina sem við heyrum að sé í undirbúningi nú varðandi framhaldsskólastigið á vegum menntmrn. er reglugerð um fjölbrautaskóla.

Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum yfir þeirri stefnu sem hæstv. menntmrh. hefur tekið varðandi málefni þessa skólastigs. Ég tel að það sé ekki frambærileg skýring á neinn hátt þó að Alþingi hafi áður fjallað um frumvörp um framhaldsskóla án þess að afgreiða þau og taka til þeirra afstöðu. Ég tel að sú vinna sem fór fram í sambandi við þau efni hafi vissulega á ýmsan hátt nýst í framkvæmd, það hafi verið tekið mið af mörgum þáttum sem þar voru á blaði varðandi mótun einstakra skóla og samræmingu milli skóla þannig að hún hafi ekki verið unnin fyrir gýg. En það skapar auðvitað mikið óöryggi á þessu skólastigi ef ekki er löggjöf þar sem kveðið er á um lágmarkssamræmi milli skóla og skólastofnana og auðvitað einnig varðandi kostnaðarþáttinn sem nú er mjög mismunandi varðandi skóla á þessu skólastigi.

Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á aðstöðu verkmenntunarinnar innan framhaldsskólans nú, á framhaldsskólastiginu. Þar þyrfti að gera markvisst átak, stórt átak til úrbóta, gera verknámsbrautir og þá skóla sem öðrum fremur sinna verknámi aðlaðandi og búna til þess að rækja hlutverk sitt, sem þeir engan veginn eru nú, og fella slíkar námsbrautir með skipulegum hætti að öðrum þáttum, námsbrautum og námssviðum á framhaldsskólastiginu, þannig að bæði sé um hagkvæmni að ræða og samræmi til þess að nemendur lendi ekki í blindgötu og geti hverju sinni nýtt það nám sem þeir hafa stundað í framhaldandi námi, jafnvel þó að breytt sé um áherslur.

Ég tel að þetta efni, þörfin fyrir samræmda löggjöf um framhaldsskólastigið, sé svo mikilvægt að Alþingi verði að taka á því máli, þó svo að hæstv. menntmrh. sjái ekki ástæðu til þess að undirbúa það í sínu rn. Ég tel að þær upplýsingar, sem ráðh. hér hefur gefið, hljóti að verða þm. hvatning til þess að taka á þessu máli á vegum þingsins og undirbúa löggjafaratriði til þess að ná fram æskilegum markmiðum á framhaldsskólastiginu og tryggja eðlilega þróun þess. Hæstv. ráðh. boðar þá stefnu að einstakir skólar starfi undir sérgreindum lögum og þróist jafnvel sitt í hvora áttina þó að það hafi ekki verið orð hæstv. ráðh. Hættan er fyrir hendi að sú stefna horfi síst til heilla og því er brýnt að þingið taki á málefnum framhaldsskólans og afgreiði lög. Það ætti ekki að vera ofætlan eftir alla þá umr. og undirbúningsvinnu sem farið hefur fram á fyrri árum, undanfarin átta ár, varðandi þetta skólastig.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þau atriði, sem hv. 5. þm. Austurl. nefnir hér að sérstakra úrbóta þurfi við í rekstri framhaldsskóla, leysast ekki með heildarlöggjöf, heldur með fjárframlögum. Talað er um búnað og aðstöðu verkmenntadeildar. Slíkt breytist ekki þó að sett sé heildarlöggjöf.

Heildarlöggjöf er út af fyrir sig myndarlegt orð, en það er hreint og beint ritstjórnaratriði í lagasafni hvort lög um tilteknar stofnanir eru í heildarlöggjöf eða fleiri smálögum. Sum lönd hafa þá stefnu að setja margs konar heildarlöggjöf, en ekki er þar með sagt að betur sé búið að þeim stofnunum eða betra sé að framkvæma lögin. Þetta er hreint tæknilegt atriði. Aðalatriðið er að til séu greinileg lög um það sem löggjöf þarf um, en ekki að fylla löggjöfina með alls kyns yfirlýsingum sem varða ekki framkvæmdaatriðin.

Þetta má segja að sé almennt stefnumið í sambandi við löggjöf. Menn hafa nokkuð mismunandi skoðanir á þessu. Ég tel að margorð löggjöf og heildarbálkar séu oft fremur til að flækja málin fyrir fólki en að auðvelda framkvæmdina.

Ég held að aðalatriðið sé að gera þeim skólum, sem á þessu sviði starfa í landinu, sem allra best fært að sinna hlutverki sínu og líka hitt að ganga svo frá málum að leiðir manna lokist ekki þó að þeir skipti um svið einhvern tíma á námsferlinum. Út af fyrir sig þarf enga heildarlöggjöf um alla framhaldsskóla til að leysa það.

Það má vel vera að hv. þm. þætti betur búið að æskulýðnum með því að hafa öll lög um framhaldsskóla undir einni fyrirsögn. Frá mínu sjónarmiði skiptir það engu máli, heldur hitt, að þau lög sem í landinu gilda séu skynsamleg, framkvæmanleg og ekki þannig að þau steypi alla unglinga í sama mót eða fækki þeim leiðum til vals í námi og starfi sem skólarnir hljóta að bjóða upp á.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Síðasta ræða hæstv. menntmrh. bætti ekki mikið um. Það var allsérkennileg messa, þótti mér vera. Hvað segir hæstv. ráðh. um grunnskólalögin? Telur hann ekki að það hafi verið þarfaverk af hálfu Alþingis að móta heildarlöggjöf um grunnskólastigið á sínum tíma? Það mætti ætla að ráðh. teldi svo ekki vera eftir ummælum hans hér áðan. Ég tel að með ákvæðum í löggjöf megi einmitt hafa áhrif á þróun og það sé verkefni Alþingis að stýra þróun skólamála í landinu með skilmerkilegum hætti. Ég tel t. d. að verkmenntun í landinu þurfi á stuðningi að halda sem mótaður sé með löggjöf, til þess að ná fram þeirri breytingu og þeim áherslum sem þurfa að verða að veruleika til eflingar á verkmenntun.

Kennsluréttindi kennara í grunnskólum, fsp. 69. mál (þskj. 70). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Fjöldi kennara útskrifast árlega frá Kennaraháskóla Íslands með fullgild kennsluréttindi. Þrátt fyrir það er aðeins lítill hluti þeirra sem ræður sig til kennslustarfa. Byrjunarlaun kennara eftir þriggja ára háskólanám eru 15 843 kr. og hæstu laun grunnskólakennara, þ. e. þeirra sem kennt hafa í 23 ár, eru 21 717 kr. Á hinum almenna vinnumarkaði bjóðast mun betri laun.

Aðstaða sú sem kennarar þurfa að búa við gerir starfið ekki eftirsóknarvert. Skólahúsnæði er á margan hátt ófullnægjandi, stærð húsnæðis oft og tíðum ekki miðuð við þann nemendafjölda sem þar stundar nám og víða tvísett í bekki. Aðstöðu vantar fyrir ýmsar kennslugreinar, svo sem íþróttir, mynd- og handmennt, heimilisfræði, tónmennt, eðlisfræði, líffræði o. fl. Skólasöfn ýmis vantar algjörlega eða er illa að þeim búið.

Sífellt meiri kröfur eru gerðar til skólans og verkefnum kennara fjölgar. Kennsluhættir hafa breyst, vinnuálag kennara aukist, krafist er aukinnar samvinnu,

skipulagningar og sveigjanleika hjá kennurum. Mikill tími fer í að fylgjast með nýjungum í skólastarfinu og að kynna sér nýtt námsefni. Námsefnisskortur er tilfinnanlegur og kennarar leggja á sig ómælda vinnu til að mæta þörfum hvers nemanda. Uppeldishlutverk skólans fer stöðugt vaxandi vegna breyttra þjóðfélagshátta.

Vegna þess hve kennarar eru lágt launaðir, miðað við menntunarkröfur og þá auknu ábyrgð sem fylgir kennarastarfinu, auk lélegra vinnuaðstæðna oft og tíðum, hefur sífellt reynst erfiðara að fá kennara með tilskilin kennsluréttindi til starfa við grunnskóla landsins. Þróun kennslumála er orðin í mikilli hættu þegar reyndin er sú að stöðugt fleiri kennaramenntaðir leita annarra starfa, en í störf kennara ganga ófaglærðir réttindalausir einstaklingar. Þeir einstaklingar sem þannig fylla kennarastöður um lengri eða skemmri tíma vinna oft þarft verk og forða vandræðaástandi sem skapast hefði vegna kennaraskorts. Á þetta einkum við úti á landi.

Þó að sumir hafi þannig reynst vel þrátt fyrir lítinn sem engan starfsundirbúning er hitt jafnvíst að slíkar bráðabirgðalausnir með tíðum kennaraskiptum eru óviðunandi og beinlínis skaðlegar námi barna. Þarf þá ekki að taka fram hve óviðunandi misrétti ríkir milli dreifbýlis og þéttbýlis í þessum efnum.

Mig langar að taka dæmi um kennararáðningu í grunnskóla, sögu sem mér var sögð: Bílstjóra vantaði til að aka börnum til og frá skóla. Maðurinn sem sótti um starfið hafði ekki meirapróf bílstjóra, þ. e. hann hafði ekki tilskilin réttindi til að aka skólabíl, og var því ekki ráðinn sem bílstjóri. Í staðinn var maðurinn ráðinn sem kennari að skólanum. Þess skal getið að viðkomandi maður hafði aldrei í kennaraskóla komið. Þá var ekki spurt um tilskilin réttindi til starfs.

Sá skortur á eftirspurn sem ríkir eftir störfum kennara hefur nú sýnt sig vera líka eftir kennaranámi. Undanfarin ár mun inntöku nýrra nemenda í Kennaraháskóla Íslands hafa verið þannig háttað að biðlistar frá fyrra ári hafa verið tæmdir og nýjar umsóknir afgreiddar. Fjöldinn í 1. bekk s. l. vetur, 1983—1984, er sagður hafa verið um 120 nemendur og þó nokkrir á biðlista. Í haust 1984 voru allir teknir inn í skólann sem voru á biðlista frá fyrra ári svo og nýjar umsóknir, en nemendafjöldi náði aðeins um 90 nemendum og enginn á biðlista í ár.

Vegna þess hve inntak kennslustarfsins hefur breyst og kröfur til skólans aukist er engan veginn hægt að ætlast til þess af sanngirni að fengnir séu til kennslustarfa einstaklingar sem engrar menntunar hafa notið á sviði uppeldis- og kennslufræða né heldur er það boðlegt nemendum. Mjög mikilvægt er að vel hæfir kennarar, sem hlotið hafa menntun í uppeldis- og kennslufræðum, ráðist til starfa að grunnskólum landsins. Því er nauðsynlegt að vel verði búið að kennslustarfinu og það verði gert eftirsóknarvert. Á þann hátt stuðlum við að betri framtíð barna okkar og þjóðarinnar allrar. Því vil ég beina eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

1. Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?
2. Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?
3. Hvert er hlutfallið milli réttindamanna og réttindalausra í 1.—6. bekk og í 7.— 9. bekk grunnskólans?
4. Hvert er hlutfall milli réttindamanna og réttindalausra í grunnskólum í þéttbýli og dreifbýli miðað við
   a) full stöðugildi,
   b) fjölda kennara?

Þessi fsp. er í raun nátengd fyrri fsp. minni, um lögverndun á starfsheiti kennara.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. 1. spurning hv. 3. landsk. þm. er þessi: „Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?“ Svarið er að það liggja ekki ennþá nákvæmar tölur fyrir nú um yfirstandandi skólaár, en ætla má að hlutföll séu svipuð og á síðasta skólaári. Þá voru settir eða skipaðir kennarar í grunnskólum alls 2 715 og af þeim voru 2 302 með full kennsluréttindi eða 84.8%. Kennarar án kennsluréttinda voru 413 eða 15.2%.

2. spurningin var þessi: „Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?“ Ég tek það fram í þessu sambandi að ekki er unnt að gefa hin allra fyllstu svör við sumum spurningunum vegna verkfallsins. E. t. v. get ég gefið fyllri svör þegar starfslið ráðuneytisins er komið til starfa. Þessar upplýsingar hefur deildarstjóri grunnskóladeildar, Sigurður Helgason, unnið og kveður vissa erfiðleika fólgna í þessu atriði. En svarið við spurningunni um stundakennara við grunnskóla var þetta, að í fyrra voru nálægt 50% stundakennara í meira en hálfu starfi með full kennsluréttindi.

3. spurningin var: „Hvert er hlutfallið milli réttindamanna og réttindalausra í 1.—6. bekk og 7.—9. bekk grunnskólans?“ Svarið er: Kennarar með full kennsluréttindi eru hlutfallslega fleiri í neðri bekkjum grunnskólans. Spurningunni er að öðru leyti ekki hægt að svara vegna þess að margir kennarar kenna bæði í neðri bekkjum og efri bekkjum, einkum í grunnskólum í dreifbýli.

4. spurningin var þessi: „Hvert er hlutfall milli réttindamanna og réttindalausra í grunnskólum í þéttbýli og dreifbýli miðað við
   a) full stöðugildi,
   b) fjölda kennara?“

Hlutfall kennara með full kennsluréttindi var sem hér segir í einstökum fræðsluumdæmum skólaárið 1983—1984: Í Reykjavík 98.6%, á Reykjanesi 91.5%, á Vesturlandi 70.5%, á Vestfjörðum 65.8%, á Norðurlandi vestra 75.6%, á Norðurlandi eystra 78%, á Austurlandi 63.1% og á Suðurlandi 82.1%. Það er því miður ekki mannafli í menntmrn. þessa dagana til að reikna út stöðugildi, en hv. þm. skal fá svar við því strax og um hægist í þeim efnum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hennar og mun bíða með frekari athugasemdir þangað til fullunnar tölur koma frá menntmrn.

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 23. okt., að loknum 8. fundi.

Vesturlandsvegur, þáltill. 84. mál (þskj. 86). —

Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afvopnun, þáltill. 101. mál (þskj. 105). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjármögnun krabbameinslækningadeildar, þáltill. 104. mál (þskj. 108). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjónusta við farþega í innanlandsflugi, þáltill. 2. mál (þskj. 2). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leit að brjóstakrabbameini, þáltill. 12. mál (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leiguaðstoð fyrir láglaunafólk, þáltill. 9. mál (þskj. 9). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þau verkföll sem í gangi eru í þjóðfélaginu hafa staðið æðilengi og menn hafa horft upp á að það hefur hvorki gengið né rekið. Annað veifið hafa kannske vaknað einhverjar vonir um að samningar væru að nást, en þær vonir hafa brostið jafnharðan. Hver uppákoman virðist hafa rekið aðra. Mér virðist augljóst að ríkisstj. hafi síður en svo tekist að greiða fyrir samningum. Öllu frekar lítur út fyrir að henni hafi tekist að torvelda samninga.

Eitt mál, sem mjög hefur verið til umfjöllunar í sambandi við þessa samninga og miklar umr. hafa farið fram um annað veifið, eru svokallaðar skattalækkanir. Menn hafa jafnvel nefnt þetta „skattalækkunarleið". Ríkisstj. hefur, a. m. k. annað veifið, gefið undir fótinn um að þessi leið yrði farin og vissulega getur það haft ýmsa kosti að fara þá leiðina í meira eða minna mæli. En gallinn er bara sá að menn hafa í rauninni aldrei fengið að vita í hvaða mæli. Hver er hugmynd ríkisstj. í þessu efni? Þetta hefur verið rætt milli Verkamannasambandsins, samtaka iðnverkafólks og Vinnuveitendasambandsins, en ákvörðunin hlýtur að sjálfsögðu að liggja hjá ríkisstj. og síðan endanlega hjá Alþingi.

Ég held að það sé afleit staða og hafi í rauninni torveldað samninga að aldrei hafi komið fram hvert sé raunverulegt tilboð ríkisstj. í þessum efnum, að þessi óvissa sé mjög slæm og standi í vegi fyrir því að menn geti metið stöðuna og gengið út frá ákveðnum forsendum.

Það er ljóst að annað veifið er verið að tala um 600 millj. sem skattalækkun, en við höfum líka séð tölur eins og 1100 eða 1400 millj. Ég held að nauðsynlegt sé að forsrh. geri hér hreint borð og láti koma fram hver sé hugmynd ríkisstj. í þessum efnum því ef þetta er ekki skýrt, hver er hugmynd ríkisstj., hvernig eiga þá aðilar þeir sem í samningum standa nú og eru af ýmsu tagi, annars vegar verkafólk sem tilheyrir Alþýðusambandinu og hins vegar opinberir starfsmenn, að meta stöðu sína?

Við Alþfl.-menn teljum að nauðsynlegt sé, og þá ekki síst til þess að greiða fyrir samningum, að það komi skýr og afdráttarlaus yfirlýsing frá ríkisstj. um hvað hún hyggist gera og hvert hennar raunverulega tilboð sé og þess vegna hef ég kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár, til þess að þessi þáttur kjaramálanna væri gerður að umræðuefni og forsrh. gerði grein fyrir stefnu ríkisstj. í þessum efnum. Fyrst þegar slík yfirlýsing liggur fyrir geta menn metið hvers virði hún er. Ég held að nauðsynlegt sé að eyða þeirri óvissu og tortryggni sem ríkir um þessa hluti og að forsrh. komi í dag fram með hreint borð og slegið sé þannig á þá óvissu og reyndar tortryggni sem ríkir í þessum efnum. Það er þess vegna sem ég vil spyrja forsrh. nokkurra spurninga. Svör hans við þeim gætu eytt þeirri óvissu sem nú ríkir í þessum efnum.

Ég spyr þá hæstv. forsrh. í fyrsta lagi: Hvað býður ríkisstj. í sambandi við þessar samningaumleitanir miklar skattalækkanir í fjárhæðum talið? Ég minntist á það áðan að ýmsar tölur hefðu verið nefndar, en það lægi ekki fyrir hver væri raunveruleg ákvörðun ríkisstj. í þessum efnum. Hvernig skiptist það í fjárhæðum talið á tekjuskatt og útsvar eða hugsanlega einhverja aðra skatta ef þær hugmyndir skyldu vera uppi í ríkisstj.?

Í annan stað leikur mér hugur á að vita hvort ekki sé samstaða um stefnumörkun að því er þetta varðar í ríkisstj. Ég spyr vegna þess að við höfum orðið þess vör að það eru allt aðrar tölur nefndar á einum samningavettvangi, hjá opinberum starfsmönnum, en þær sem hafa verið til umræðu á öðrum samningsvettvangi, nefnilega í þeim viðræðum sem hafa staðið milli vinnuveitenda, Verkamannasambandsins og samtaka iðnverkafólks.

Í þriðja lagi spyr ég, ef eitthvað er í rauninni boðið, sem ég verð að ætla að sé, hvernig framkvæmdinni verði háttað. Og að því er framkvæmdina varðar spyr ég í fyrsta lagi: Að hve miklu leyti er hugmynd ríkisstj. að mæta þessari skattalækkun með því að auka við tekjur með öðrum hætti, þ. e. að auka við aðra skatta, eða er ekki hugmyndin að gera það að neinu leyti? Það mætti

líka orða þetta þannig: Er í einhverjum mæli um að ræða hugmyndir um tilfærslu á sköttum frekar en heildarskattalækkun? Ég tel að nauðsynlegt sé að forsrh. upplýsi þetta og þetta verði að vera skýrt þannig að menn geti metið hvers kyns hugmyndir eru á ferðinni. Ég þykist þess fullviss að menn muni gera mjög mikinn greinarmun á því hvort um heildarskattalækkun sé að ræða eða að einhverju leyti tilfærslu á sköttum milli tekjustofna sem til ríkisins koma.

Í öðru lagi spyr ég að því varðandi framkvæmdina hvort ríkisstj. hyggist þá skera niður af útgjöldum ríkisins til þess að mæta tekjutapi vegna skattalækkana sé ekki hugmyndin að afla tekna á móti. Og þegar ég spyr hvað hún hyggst skera niður held ég að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. forsrh. geri fyrir hönd ríkisstj. grein fyrir því allítarlega.

Þessar spurningar eru bornar hér fram og óskað svara við þeim vegna þess að ég held að í svörunum við þeim, ef skýr eru, sé möguleikinn til að eyða þeirri tortryggni sem orðið hefur vart við varðandi þessa leið hjá ýmsum þeim sem um þetta hafa hugsað.

Forsrh. verður með svörum sínum, ef það er alvara ríkisstj. að fara þessa leið í einhverjum mæli, að sannfæra okkur, sannfæra fólkið í landinu um að þetta sé trúverðugt og hér sé um raunverulega kjarabót að ræða. Forsrh. verður með öðrum orðum, og hefur til þess tækifæri nú, að sanna gildi þessa tilboðs. Það verður hann að gera til þess að það sé tekið alvarlega. Ég held að það sé eitt af því sem hafi torveldað samninga að ríkisstj. hafi verið að veifa hér skattalækkunum án þess að tala hreint út um hvers kyns þær væru og koma fram með skýringar á því hvernig þetta ætti að framkvæmast þannig að enginn þyrfti að velkjast í neinum vafa um hvert tilboðið er og hvernig það væri grundað og að það stæði þá á traustum fótum. Menn spyrja sem sagt: Með hvaða hætti ætlar ríkisstj. að láta þetta dæmi ganga upp?

Að því er framkvæmdina varðar vil ég í þriðja lagi spyrja um útfærslu að því er tekjuskattinn varðar: Hver eru áform ríkisstj. að því er þessa útfærslu varðar? Er hugmyndin að lækka skattprósenturnar yfir línuna þannig að þetta komi öllum til góða hvort sem þeir eru tekjuháir eða tekjulágir, svo framarlega sem þeir greiða skatta á annað borð, eða er hugmyndin að hækka persónuafsláttinn sem vissulega kemur öðruvísi út og hefur m. a. þau áhrif að hækka skattfrelsismörkin.

Að því er framkvæmdina varðar vil ég í fjórða lagi spyrjast fyrir um útsvarið vegna þess að um það hefur verið rætt og komið fram í umr. að hluti af þeirri skattalækkun, sem hér kæmi til álita, fælist í útsvarinu. Hvernig er hugmyndin að framkvæma slíka lækkun? Á að gera það með því að hækka útsvarsfrelsismörk, ef ég má orða það svo, eða á að hækka hæstu leyfilega álagningarprósentu sem sveitarfélögum sé heimilt að leggja á eða á að setja sérlög um að útsvarsálagningarprósenta megi hvergi fara fram úr einhverju tilteknu prósentustigi eða er hugmyndin að setja sérlög um að útsvar skuli vera hinu eða þessu prósentustiginu lægra en það var síðast? Hvernig er hugmyndin að því er útsvarið varðar, að svo miklu leyti sem það kemur inn í þessa mynd, að framkvæma þá álagningarlækkun sem hefur verið þar til umr.? Og í þessu sambandi, úr því að við höfum snúið okkur að sveitarfélögunum, má spyrja: Er þá líka hugmyndin að setja þak á fasteignagjöldin eða telur ríkisstj. að engin hætta sé á því, ef dregið er úr tekjustofnum sveitarfélaganna af útsvari, að það komi þá niður á einhverjum öðrum þætti, sem sagt að fasteignagjöldin yrðu hækkuð, eða gerir það ekkert til? Um þetta allt saman hlýtur ríkisstj. að hafa hugsað.

Í þeim umr. sem hafa átt sér stað hefur líka verið rætt um ýmsa aðra þætti og ég held að nauðsynlegt væri að fá svör frá forsrh. varðandi þá líka.

Það hefur þá í fyrsta lagi verið rætt um vaxtalækkun. Vill forsrh. ekki upplýsa okkur um hvað sé í boði í þeim efnum og hvenær það muni gerast? En vel að merkja: Getur ríkisstj. boðið vaxtalækkun á meðan það er vaxtafrelsi? Við því vildi ég reyndar líka fá skýr svör.

Í annan stað hefur verið rætt um húsnæðismál og þann vanda sem þar er við að fást. Hvert er tilboð ríkisstj. í þeim efnum?

Ég veit, herra forseti, að þetta eru nokkuð fjölþættar spurningar og sundurliðaðar, en sannfæring okkar Alþfl.-manna er sú að einungis með því að gefa skýr svör varðandi þessi efni verði tilboð ríkisstj. raunverulega trúverðugt og allri tortryggni eytt, og í annan stað sé það leiðin, eins og hlutirnir eru núna, til þess að greiða fyrir samningum að afstaða ríkisstj. í þessum efnum liggi skýrt fyrir svo menn viti út frá hvaða grunni þeir eigi að semja, en þetta fljóti ekki allt fram og til baka eins og okkur hefur virst það gera hingað til. Það er af þessum sökum sem þessar spurningar eru hér bornar fram og óskað eftir því að forsrh. svari þeim og af þeim sökum einum.

Auðvitað hafa verið notuð stór orð um þessar hugmyndir ríkisstj. Ég las það einhvers staðar að hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson hefði orðað það svo að hér væri um eitthvert umfangsmesta tilboð að ræða af hálfu stjórnvalda sem um gæti. Við höfum að vísu heyrt um tímamótaákvarðanir, bæði í september og á miðju sumri, en ef nota má svo stór orð um þetta er enn þá frekar ástæða til þess fyrir hæstv. forsrh. að svara þeim spurningum, sem ég hef hér lagt fyrir hann, skýrt og skilmerkilega.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eftir að ríkisstj. hafði tekið við bréfi frá Alþýðusambandi Íslands, sem dagsett var 18. 10. og hefur verið lesið hér á hinu háa Alþingi, hélt ríkisstj. aukafund 19. 10. og gerði svofellda samþykkt, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er reiðubúin til þess að halda án tafar áfram viðræðum við aðila vinnumarkaðarins um lækkun skatta og/eða aðrar opinberar aðgerðir sem stuðlað geta að samningum um kaup og kjör með sem minnstum peningalaunakostnaðarhækkunum, þannig að framhald verði á hjöðnun verðbólgu og kaupmáttur verði sem best verndaður."

Í beinu framhaldi af þessari samþykkt ríkisstj. kvaddi ég á minn fund fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Verkamannasambandsins og Landssambands iðnverkafólks. Á þeim fundi var einnig formaður Sjálfstfl. Við gerðum aðilum grein fyrir þessari samþykkt og um það var fullt samkomulag á þeim fundi að vinna að lausn málsins á þessum grundvelli. Það hefur verið reynt ítarlega nú um helgina og er reyndar enn í meðferð á vegum þessara aðila.

Áður en ég kem að því að svara hinum ýmsu spurningum hv. þm. vil ég leggja á það áherslu að þessi

ríkisstj., eins og reyndar allar ríkisstj. sem ég man eftir, fylgir þeirri meginstefnu að hafa ekki bein afskipti af samningum á hinum frjálsa markaði og fylgir einnig þeirri stefnu gagnvart samningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að þeir verði í samræmi við þá samninga sem gerast á hinum almenna markaði. Þessi ríkisstj. gerði eina veigamikla undantekningu frá þessu í upphafi síns starfsferils, vegna þeirra ákaflega erfiðu aðstæðna sem voru í þjóðarbúinu. Ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að binda kaup og kjör um nokkurn tíma eða nánar tiltekið í átta mánuði. Í samningunum sem fram fóru í febrúar var hins vegar fylgt þessu boðorði, ef ég má kalla það svo. Það þýðir náttúrlega ekki að ríkisstj. hafi ekki einhver afskipti þegar samningum lýkur. Svo var einnig í febrúar. Reyndar kom þá mjög fljótlega fram að samningar mundu ekki nást nema ráðstafað væri nokkru fé til hagsbóta fyrir þá sem lökust kjörin hafa. Í samráði við aðila vinnumarkaðarins beitti ríkisstj. sér þá fyrir ítarlegri athugun á vegum Kjararannsóknarnefndar á því hverjir þessir aðilar væru í þjóðfélaginu. Í samráði við aðila vinnumarkaðarins ákvað ríkisstj. síðan að verja um tæplega 350 millj. kr. í þessu skyni. M. ö. o.: ríkisstj. gaf ekki út fyrir fram hvernig þetta skyldi gert. Þetta var gert í nánum tengslum við þá kjarasamninga sem fram fóru.

Ríkisstj. hefur einnig í þetta skipti hagað afskiptum sínum á sama veg. Ríkisstj. telur ekki, og ég undirstrika það, að skynsamlegt sé að fastmótaðar tillögur eins og þær sem hér er spurt um, komi fram, heldur verði þetta að gerast í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda er það undirstöðuatriði í tilboði ríkisstj. að þetta verður að tengjast þeim peningalaunahækkunum sem í almennum samningi verða og því er ekki hægt að afgreiða annað fyrst og hitt á eftir. Ég vek líka athygli á því sem gerðist 1977. Þá ákvað sú ríkisstj., sem þá sat, mjög víðtækar ráðstafanir til að stuðla að skynsamlegum samningum. Þá var ákveðið að auka niðurgreiðslur, þá var ákveðið að lækka skatta og þá var ákveðið að auka greiðslur í gegnum almannatryggingar. Þessu var meira eða minna spilað út. Því miður var niðurstaðan sú, að engu að síður urðu peningalaunahækkanir yfir 20% og allir þekkja það sem á eftir fylgdi í verðbólgu. Slíkt vill ríkisstj. forðast nú. Slíkt verður að forðast.

Ég skal svo koma að nokkrum þeim spurningum sem hv. þm. leggur fram. Ríkisstj. býður, eins og fram kemur í samþykktinni, skattalækkanir í tengslum við minni peningalaunahækkanir. Þessi hugmynd kom fram þegar fyrir rúmum mánuði. Þá var, með samþykki ríkisstj., þessari hugmynd hreyft í viðræðum VSÍ og ASÍ og sömuleiðis var þessari hugmynd fljótlega hreyft í viðræðum ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hv. fyrirspyrjandi telur að misjafnlega hafi verið á málum haldið á þessum tveimur stöðum. Ég hygg að ef svo er sé það vegna þess að launþegar á hinum almenna markaði hafi verið langt um opnari fyrir þessari hugmynd en félagar í BSRB.

Ég vil jafnframt upplýsa, sem reyndar hefur komið fram, að mjög fljótlega eftir að þessari hugmynd var hreyft hélt ég fund með fulltrúum VSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, fund með ASÍ og nokkrum aðildarfélögum þess og fund með fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og gerði þar, ásamt formanni Sjálfstfl., grein fyrir þessari hugmynd. Ég varð ekki var við að þar væri neinni spurningu ósvarað eða að þessir menn færu með nokkrar óljósar hugmyndir frá þeim fundi. Þar var skýrt tekið fram að við teldum að skattalækkanir, samtals tekjuskattur og útsvar, gætu orðið allt að 1100 millj. kr. í tekjuskatti og 300 millj. í útsvari, enda yrðu peningalaunahækkanir þá mjög takmarkaðar og til að byrja með ekki yfir 5—6% og samtals ekki yfir 10%. Ég vek einnig athygli á því sem ég sagði í ræðu minni hér á Alþingi, ég hygg að það hafi verið fimmtudaginn 11. þessa mánaðar. Þar setti ég þetta aftur fram sem einn möguleikann og að mínu mati þann skynsamlegasta í þessu máli, þ. e. ekki meiri peningalaunahækkanir en þessar skattalækkanir sem eru tvímælalaust hámark og baka ríkissjóði mikil vandræði eins og ég kem að hér á eftir. Hins vegar hefur alltaf legið fyrir að ef peningalaunahækkanir yrðu meiri hlytu skattalækkanir að verða minni. Þetta hefur ætíð legið fyrir.

Ég vek einnig athygli á því að í meðferð þessa máls samþykkti ríkisstj. að taka þátt í nefnd sem athugaði sameiginlega hvernig þessu yrði fyrir komið. Í þá nefnd voru skipaðir tveir menn af hálfu ríkisstj., Geir Haarde aðstoðarmaður fjmrh., sem verið hefur formaður nefndarinnar og Þórður Friðjónsson efnahagsráðgjafi ríkisstj. Í þessa nefnd komu jafnframt fulltrúar frá ASÍ, VSÍ og fulltrúar frá BSRB og fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga. Þessi nefnd hefur haldið allmarga fundi. Hún hefur haldið fundi með það að markmiði að ná samstöðu um hvernig þetta mætti gera. Þetta er ákaflega svipað og gert var þegar kjarabætur til þeirra sem lökust hafa kjörin voru ákveðnar í samningunum í febrúar með góðum árangri. Þá var að vísu ekki nefnd skipuð, en það var stöðugt samráð sem leiddi til þeirra lykta sem ég tel að hafi verið mjög farsælar í samningunum í febrúar. Að sömu vinnubrögðum hefur nú verið stefnt.

Sú samþykkt ríkisstj. sem ég las áðan úr var gerð með samhljóða vilja — það eru ekki greidd atkv. í ríkisstj. — allra ráðh. Það var enginn sem mælti henni á móti. Allir mæltu með því að þessi leið yrði reynd. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið að ekki sé samstaða innan ríkisstj. um þessa leið.

Þá spyr hv. þm. hvernig skattalækkun verði mætt og hvað skorið niður. Um það hefur þeirri nefnd, sem nú starfar enn, verið falið að fjalla og það hefur verið gert á nokkrum fundum. Það er ekki kominn árangur af því verki. Ég hef sagt hér á fundi, og fleiri talsmenn ríkisstj., að þessu verði líklega að mæta með þrennu móti: Í fyrsta lagi með niðurskurði, í öðru lagi með tekjuöflun og e. t. v. í þriðja lagi með aukinni lántöku og þá innanlands.

Ég tel að mjög væri vafasamt fyrir ríkisstj. að setja fram fastmótaðar hugmyndir og miklu skynsamlegra, eins og ég hef sagt, að hafa um þetta samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Að sjálfsögðu hlýtur Alþingi að lokum að ákveða hvort það vill fara þær leiðir sem samstaða gæti náðst um. Ég hef orðað það svo að skynsamlegast væri, til að komast yfir þá erfiðleika sem við erum nú í, að fresta æðimörgum mikilvægum framkvæmdum og mæta þannig að verulegu leyti þeirri skattalækkun sem hér er um að ræða. Ég held einnig að viss tekjuöflun komi til greina, en ég tel að það væri ekki skynsamlegt af mér að fara að segja hverju eigi að fresta eða hvaða tekjuöflun

eigi að koma á móti.

Hv. þm. spyr um útfærslu á skattalækkun. Á vegum þeirrar nefndar sem ég nefndi áðan og einnig á vegum ríkisstj. sérstaklega, og þá vitanlega fyrst og fremst á vegum fjmrn., hafa verið reiknaðar ýmsar leiðir til lækkunar á sköttum. Ég veit að hv. þm. er ljóst, enda kom það fram í hans fyrirspurn, að þetta kemur ákaflega breytilega niður. Gert er ráð fyrir að skattfrelsismörk hækki verulega frá því sem þau eru, en skattalækkunin komi þó öllum til góða. Það er búið að gera marga útreikninga sem nefndin, sem ég nefndi áðan, hefur haft til athugunar. Lækkun útsvars um 300 millj. kr. var við það miðuð að greiðslubyrði útsvars hækkaði ekki á milli ára, en það mundi gerast með þetta litlum peningalaunahækkunum ef útsvarsstigi yrði óbreyttur á milli ára. Einnig hefur farið fram athugun á fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Einnig hefur félmrh. átt viðræður við fulltrúa sveitarfélaga. Þeir hafa reyndar einnig gengið á minn fund. Að sjálfsögðu yrði um þetta, ef til kemur, haft samráð við sveitarfélögin. Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni, sem kemur reyndar greinilega fram í því sem liggur fyrir frá Þjóðhagsstofnun, að fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur batnað verulega á þessu ári og ekki er óeðlilegt að þau leggi nokkuð af mörkum í þessu sambandi.

Þá minntist hv. fyrirspyrjandi á atriði sem hafa komið fram sérstaklega í bréfi ASÍ og reyndar á flestum þeim fundum sem ég hef átt með þessum aðilum, þ. e. vaxtalækkun og húsnæðismál. Reyndar getum við bætt við lagfæringu fyrir ellilífeyrisþega og fleira í þessu sambandi. Við höfum svarað því þannig til að við teldum slík félagsleg mál, sem þarna eru nefnd, mál ellilífeyrisþega o. fl., vissulega skoðunarverð og það yrði þá að ræða í tengslum við skattalækkun, enda segir í samþykkt ríkisstj. „lækkun skatta og/eða aðrar opinberar aðgerðir". Það stendur ekki á okkur að ræða það og stuðla að því að það verði gert sem breiðust samstaða getur náðst um.

Vaxtalækkunin hefur oft verið nefnd. Vextir hafa að vissu marki verið gefnir frjálsir. Það mál er allt í skoðun hjá Seðlabankanum. Ég tel ákaflega erfitt að semja um vexti við launþega. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að svona háir vextir geti ekki gengið til lengdar, bæði vegna nauðsynlegrar fjárfestingar í þjóðfélaginu og fleira, og ég hef lýst þeirri sannfæringu minni eftir ítarlegar viðræður við bankamenn um þessi mál að raunvextir muni lækka ef okkur tekst að halda hjöðnun verðbólgu áfram. Ég er sannfærður um að vextir hljóta að lækka með minni verðbólgu og það er það mikilvægasta sem við getum gert til að fá vextina niður.

Ég mun ekki svara þessu ítarlegar af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan, tel það ekki vera skynsamlegt, en legg áherslu á að ríkisstj. vill áfram vinna að lækkun skatta og minni peningalaunahækkunum. Hún vill gera það og telur rétt að gera það í samráði við aðila vinnumarkaðarins eins og þegar félagslegar umbætur voru gerðar í febrúar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég er sammála hv. 3. þm. Reykn. um að það væri til þess að greiða fyrir þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir ef ríkisstj. kæmi með skýr svör við þeim spurningum sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson bar fram áðan.

Það kom hins vegar ekkert af því fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Hann endurtók aðeins það sem hann hefur oft sagt áður um þessi efni. Engar nýjar upplýsingar eða skýringar komu fram. Þess vegna er það enn svo að ríkisstj. er að tefja úrlausn kjaradeilnanna með óljósum yfirlýsingum til viðbótar við þær hótanir sem birst hafa frá einstökum talsmönnum stjórnarflokkanna og til viðbótar við það klúður sem einstakir ráðh. bera ábyrgð á og þá stirfni sem fram hefur komið í afstöðu hæstv. fjmrh. til opinberra starfsmanna undanfarna daga.

Í svari hæstv. forsrh. kom að mínu mati ekkert nýtt fram, en í tilefni af svari hans og stöðu kjaradeilunnar í dag er óhjákvæmilegt að spurt verði viðbótarspurninga sem ég legg nú fyrir hæstv. forsrh. Það er bersýnilegt að launafólk í landinu treystir ekki þessari ríkisstj. Staðan er þannig að ef það á að nást lausn í kjaradeilunni verður ríkisstj. að gefa yfirlýsingar um afstöðu sína til ýmissa mála.

Í fyrsta lagi: Er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir því að samið verði um kaupmáttartryggingu í þeim samningum sem nú standa yfir m. a. við opinbera starfsmenn? Þetta er atriði númer eitt. Er ríkisstj. tilbúin til þess að beita sér fyrir því að samið verði um kaupmáttartryggingu sem þegar hefur reyndar verið vísað til með samningunum á Ísafirði og víðar?

Í öðru lagi: Er það ætlun ríkisstj. að stöðva kjaradeilurnar með lagasetningu, eins og hæstv. forsrh. hefur í hótunum um að gert verði í frétt í Dagblaðinu í dag? Er það ætlun ríkisstj. í þessari stöðu að stöðva kjaradeilurnar með lagasetningu og telja hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Suðurl. að það sé til að greiða fyrir samningum að hæstv. forsrh. landsins hafi uppi hótanir um lagasetningu á því stigi sem deilan er á núna?

Í þriðja lagi: Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að ríkisstj. telji það nóg fyrir launafólk í landinu að hafa út allt næsta ár þann kaupmátt sem var á 4. ársfjórðungi 1983 og það megi ekkert fara yfir hann. Hæstv. forsrh. kallaði það hina glæstu mynd hér á dögunum. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er það ætlun ríkisstj. að taka það aftur með lögum sem kann að semjast um umfram kaupmátt 4. ársfjórðungs 1983? Ég tel að yfirlýsingar ráðh. og einstakra talsmanna ríkisstj. til þessa, þar á meðal hótanir formanns Sjálfstfl. 14. sept. s. l., bendi til þess að ríkisstj. ætli sér að taka það aftur af launafólki sem kann að verða samið um umfram kaupmáttinn á 4. ársfjórðungi 1983. Það er eins gott að hér liggi alveg skýrt fyrir hvort það er í bígerð af hálfu ríkisstj. eða hvort hún er tilbúin til að beita sér fyrir því að gerðir verði samningar um kaupmáttartryggingu á árinu 1985.

Þessi atriði verða að vera alveg skýr, herra forseti, varðandi þá kjaradeilu sem nú stendur yfir. Ég tel að snúningspunktur deilunnar núna liggi í spurningunni um kaupmáttartrygginguna og ef ríkisstj. er ekki tilbúin til að taka af skarið með þennan þátt er ljóst að deilan getur tekið mikið lengri tíma en ella.

Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð svipti hún launafólk kaupi og samningsrétti með brbl. Allur ferill hennar ber vott um skilningsleysi á lífskjörum launafólks og beinan fjandskap við verkalýðshreyfinguna. Þegar ljóst var s. l. sumar að kjarasamningar yrðu lausir í haust og að hugsanlega kæmi til vinnudeilna hélt ríkisstj. að sér höndum. Hún sá þá enga ástæðu til að

bregðast við að öðru leyti en því að hún lét stórhækka vexti sem íþyngja enn afkomu heimilanna og draga úr möguleikum atvinnuveganna til þess að koma til móts við kröfur verkafólks og launamanna. Þegar vinnudeilan svo hófst mættu ráðh. kröfum verkalýðshreyfingarinnar með eindæma stirfni, málsóknum og hótunum, að ekki sé minnst á yfirlýsingar formanns Sjálfstfl. um gengisfellingu, verðbólgu og atvinnuleysi strax í kjölfar kjarasamninga sem gerðir yrðu á grundvelli sáttatillögu ríkissáttasemjara um 10% kauphækkun í tveimur áföngum.

Síðan hófst verkfall opinberra starfsmanna og fjmrh. talaði ekki við þá vikum saman þrátt fyrir verkfall. Þá reyndi forsrh. aðra leið fram hjá sínum fjmrh. Forsrh. gerði samkomulag við borgarstjórann í Reykjavík og formann Sjálfstfl. um að samið yrði á vegum borgarinnar. Þar með hafði ríkisstj. tekið ábyrgð á þeim kjarasamningi. Sá kjarasamningur leysti hins vegar engan vanda, heldur gerði illt verra. Það sá ríkisstj. reyndar nokkrum klukkutímum eftir að samningurinn lá fyrir. Þess vegna sendi hæstv. forsrh. yfirlýsingu í útvarpið um að ríkisstj. væri ekki aðili að þessum kjarasamningi og forsrh. sór samninginn af sér. Það var hins vegar fráleitt því að í raun hafði hann gert samninginn til þess að komast fram hjá fjmrh. sínum. Forsrh. lét ekki hér við sitja, heldur bætti hann því við í yfirlýsingu hér á Alþingi að það væri ekki hægt að standa við þennan kjarasamning sem hann hafði sjálfur borið ábyrgð á í samráði við Davíð Oddsson. Þannig stuðlaði forsrh. að því að samningurinn yrði felldur. Það var þakkargjörð forsrh. fyrir vinargreiða borgarstjórans sem var síðan flengdur í atkvæðagreiðslu borgarstarfsmanna.

Enn var komin sjálfhelda í samningana, en þá áttuðu bókagerðarmenn sig á nýrri stöðu, þeirri að einn stærsti og áhrifamesti samningsaðili þeirra, Morgunblaðið, var að gefa sig. Þar með skapaðist grundvöllur fyrir samninga bókagerðarmanna sem voru gerðir í gær.

Það liggur fyrir, eftir einhverja hörðustu kjaradeilu sem átt hefur sér stað á Íslandi, að í fyrsta lagi voru það aðilar að ríkisstj. sem beittu sér fyrir því að samningur borgarstarfsmanna var gerður og vísuðu þannig aðra leið í kjaradeilunni en þessir menn í orði kveðnu segja að þeir hefðu viljað fylgja. Í öðru lagi er ljóst að Morgunblaðið, málgagn Sjálfstæðisflokksins, var verulegur áhrifaaðili um það að samningar bókagerðarmanna voru gerðir og bókagerðarmönnum tókst að brjótast í gegn í deilunni. Niðurstaðan af þessu er sú að ríkisstj. ræður ekki neitt við neitt. Hún getur ekki stjórnað landinu og hún hefur nú bætt gráu ofan á svarta stefnu sína með eindæma klúðri á öllum sviðum og algeru ráðleysi.

Í utandagskrárumr. fyrir nokkrum dögum kom fram að forsrh. og ríkisstj. velta því nú alvarlega fyrir sér hvernig eigi að svipta launafólk árangri kjarasamninganna. Þess vegna eru þær spurningar bornar fram sem ég bar hér fram áðan. Það verða að fást skýrar yfirlýsingar um kaupmáttartryggingar af hendi ríkisstj. áður en unnt er að finna flöt á lausn þessara deilna.

Jafnframt er nú að mínu mati, herra forseti, lífsnauðsyn að skapa samstöðu um nýja stjórnarstefnu, róttæka umbótastefnu sem tryggi árangur kjarasamninga án verðbólgu, stjórnarstefnu sem treystir framleiðsluna og er jafnframt reiðubúin til þess að taka miskunnarlaust á meinsemdum hagkerfisins með tilfærslum frá þeim sem rakað hafa saman gróða á undanförnum misserum. Verulegur hluti atvinnurekenda, t. d. í verslun og þjónustu, getur greitt og greiðir þegar mun hærra kaup en kjarasamningar segja til um og með því að létta vaxtaokri og þjónustugjöldum af sjávarútveginum er unnt að skapa þar svigrúm fyrir kauphækkanir. Það er því rangt að ekki sé unnt að hækka kaupið. Þjóðin þolir ekki hið lága kaup. Og alls staðar sjást þess merki að nóg er til. Verðmætunum er aðeins misskipt og misskiptingin fer vaxandi í tíð þessarar ríkisstj. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. 1974—1978 mistókst öll efnahagsstjórn vegna þess að hún beitti öllu afli sínu gegn verkalýðshreyfingunni og vegna þess að hún snerti ekki á neinum vanda. Hún lækkaði aðeins kaupið. Núverandi ríkisstj. hefur þegar sýnt að hún er ófær á sama hátt. Reynslan frá 1977 og 1978 og aftur 1983 og 1984 sýnir svo ekki verður um villst að stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Framsfl. getur ekki skapað grundvöll til úrlausnar á þeim brýnu vandamálum sem þjóðin stendur frammi fyrir. Það er kjarni málsins. Það er meginniðurstaða þeirra átaka sem standa yfir í okkar þjóðfélagi í dag.

Að lokum þetta: Hæstv. fjmrh. hefur verið iðinn við að skrifa bréf að undanförnu. Hann skrifar bréf svo að segja á hverjum degi og ekki verður nú sagt að þau séu full af skilningi á hinni flóknu og viðkvæmu stöðu sem nú er uppi. Síðasta bréfið, þar sem hann hótar forystumönnum BSRB átta ára tugthúsi, er mjög vafasamt að skili jákvæðri niðurstöðu í þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir. Það er sérkennilegt innlegg fjmrh. verð ég að segja.

Fyrir nokkrum dögum rakti ég hér utan dagskrár bréf frá Höskuldi Jónssyni, dagsett 8. okt., og kom þá fram að ríkisstj. bar ábyrgð á því bréfi. Í bréfi dags. 22. okt. til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja segja þeir Albert Guðmundsson og Höskuldur Jónsson á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þann 3. okt. s. l. kvað Kjaradeilunefnd upp svofelldan úrskurð, sbr. ákvæði 26. gr. laga nr. 29/1976:

„Samþykkt að lágmarksstarfsliði, tveir menn á vakt, úr vöruskoðunardeild og skipa- og flugvéladeild Tollgæslunnar í Reykjavík, sé skylt að starfa við eftirfarandi þrátt fyrir verkfall:

a) Skoðun farangurs farþega og áhafna skv. verklagsreglum stofnunarinnar hjá þeim sem ætla má að flytji til landsins eiturlyf eða vopn í farangri sínum.

b) Afgreiðslu neyðarsendinga, svo sem lyfja og lækningatækja.

Ekki er ætlast til að starfsmenn þessir vinni að tollafgreiðslu á birgðum og farmi". — Þetta er alveg skýrt.

Síðan segir í bréfi fjmrn.: „Tollstjórinn í Reykjavík hefur tjáð ráðuneytinu að tollverðir hafi þann 17. okt. s. l. farið til skyldustarfa sinna í m/s Álafossi, þar sem skipið lá í Sundahöfn, en verið meinað af svonefndum verkfallsvörðum BSRB að komast um borð".

Það er ekki hægt að nefna verkfallsverði BSRB í hæstv. fjmrn. öðruvísi en að því fylgi alveg sérstök einkunn í leiðinni. — Og áfram heldur bréfið:

„Þann 18. okt. s. l. reyndu tollverðir að komast um borð í m/s Selá þar sem skipið lá við Austurbakkann í Reykjavíkurhöfn, en sem fyrr meinuðu verkfallsverðir tollvörðum að sinna störfum sínum".

Og síðan kemur: „Með vísan til ákvæða 106. og 107.

gr. almennra hegningarlaga telur ráðuneytið eðlilegt að mál það sem hér um ræðir sæti opinberri rannsókn. Áður en ákvörðun um slíka aðgerð er tekin vill ráðuneytið hvetja Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til að létta af þeim hindrunum sem settar hafa verið í veg tollvarða". Undir þetta rita Albert Guðmundsson og Höskuldur Jónsson.

Í beinu framhaldi af þessu bréfi hefur stjórn BSRB sent öllum alþm. svofellt bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirfarandi tillaga var samþykkt með öllum atkv. á fundi stjórnar BSRB í dag:

„Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja mótmælir harðlega þeirri einræðislegu framkvæmd fjmrh., sem er sjálfur annar aðilinn í kjaradeilu BSRB, sem fram kemur í þremur bréfum fjmrh., dags. 25. 9., 8. 10. og 22. 10. 1984, sem hér með fylgja í ljósriti.

Bandalagsstjórnin vekur athygli á því, að með bréfum þessum er stefnt að því að afnema þau mannréttindi og það lýðfrelsi sem íslenskt þjóðfélag byggir á.

Í bréfunum felst:

1. Fyrirskipun til forstöðumanna ríkisstofnana að ganga í verk undirmanna, sem eru í verkfalli, og þar með fremja verkfallsbrot." Þetta bréf hef ég þegar gert áður að umtalsefni í utandagskrárumr. Það stríðir gegn vinnulöggjöfinni með afgerandi hætti.

„2. Ögrun við félagsmenn um skrásetningu á gjörðum þeirra og framkomu að viðlögðum brottrekstri síðar." Þetta er bréfið um persónunjósnirnar sem var rætt hér í síðustu viku;

„3. Hótun um beitingu hegningarlaga samkv. lagagr. er varðað geta margra ára fangelsi." Þetta er það bréf sem hér er núna verið að ræða um.

„Því er beint til alþm. hvort þeir telji að í löggjöf, sem Alþingi hefur samþykkt, felist þessi stefna og hvort það sé vilji Alþingis að réttarríkið sé afnumið með þessum hætti af framkvæmdavaldinu."

Undir þetta rita Kristján Thorlacius, formaður BSRB, Albert Kristinsson, 1. varaformaður BSRB, og Haraldur Steinþórsson, 2. varaformaður BSRB.

Ég spyr hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.: Telja þessir ráðherrar að þessi vinnubrögð séu í samræmi við þær almennu reglur sem tíðkast hafa í samskiptum milli aðila vinnumarkaðarins? Telja þeir að þetta greiði fyrir lausn á þeirri erfiðu kjaradeilu sem nú stendur yfir? Hér segir BSRB að með þessum bréfum sé stefnt að því að afnema þau mannréttindi og það lýðfrelsi sem íslenskt þjóðfélag byggi á. Ég fullyrði fyrir mitt leyti að þessi bréf stefna gegn þeim megingrundvallarhugsjónum sem reynt hefur verið að leiða í lög á mörgum undanförnum áratugum hér í þessum sal. Og ég spyr: Hefur hæstv. forsrh. samþykkt þessi bréf? Hefur ríkisstj. samþykkt þetta bréf frá 22. okt. 1984 eins og bréfið um persónunjósnirnar frá 8. okt. 1984? Ég geri kröfu til þess að forsrh. greini skilmerkilega frá því hvort hann tekur undir þessa atlögu að réttarríkinu og okkar samskiptaháttum í þessu þjóðfélagi sem bréfið felur í sér.

Herra forseti. Ég hef lagt hér fyrir hæstv. forsrh. nokkrar spurningar og til að rifja þær upp, þá voru þær þessar:

1. Er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir því að samið verði um einhvers konar kaupmáttartryggingu?
2. Ætlar ríkisstj. að stöðva kjaradeilurnar með lögum skv. þeirri hótun sem birtist eftir forsrh. í Dagblaðinu í dag?
3. Ætlar ríkisstj. að taka það aftur með lögum sem kann að verða samið um umfram kaupmátt 4. ársfjórðungs 1983?
4. Ber ríkisstj. öll ábyrgð á síðustu bréfaskriftum hæstv. fjmrh.?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér virðist óhjákvæmilegt að ég standi strax upp og leiðrétti ósannindi sem komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Þm. leyfði sér að segja að forsrh. hefði gert samkomulag við borgarstjóra um samninga í Reykjavík. Ég lýsi furðu minni á slíkri yfirlýsingu. Ég hlýt að spyrja: Er þetta virkilega meining hv. þm. eða eru þetta vísvitandi ósannindi? Ég vísa þessu algerlega á bug. Það var ekkert slíkt samkomulag gert af neinu tagi.

Ég vísa því líka á bug að ég hafi lýst því yfir að lög verði sett um þessar deilur. Ég sagði við Dagblaðið, eins og hver maður getur lesið, að æðimargir væru farnir að krefjast þess að lög verði sett. Þetta er satt. Ótrúlega margir hafa samband við mig og fleiri og segja: Það er eina ráðið að því er virðist í þessu þjóðfélagi að lög verði sett. Ríkisstj. hefur hins vegar lýst því yfir að lög verði ekki sett og það stendur óhaggað.

Hv. þm. spyr um bréf fjmrn. Í síðasta bréfi, sem hann spurði um sérstaklega, 22. okt. 1984, segir, með leyfi forseta, í lokin:

„Með vísan til ákvæðis 106. og 107. gr. almennra hegningarlaga telur rn. eðlilegt að mál það sem hér um ræðir sæti opinberri rannsókn. Áður en ákvörðun um slíka aðgerð er tekin vill rn. hvetja Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til að létta af þeim hindrunum sem settar hafa verið í veg tollvarða."

Það er engin ákvörðun tekin í ríkisstj. um neinar stefnur og það verður engin stefna framkvæmd nema með ákvörðun ríkisstj. í heild. Hér er hins vegar verið að vekja athygli á því að menn eiga að fara að lögum í réttarríki og hér er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja beðið að létta af þeirri lögleysu sem það hefur sannarlega að mati fjmrn. og margra fleiri framkvæmt með því að hindra tollverði í að sinna þeim verkum sem kjaradeilunefnd hefur úrskurðað að unnin skuli. (**SvG:** Er verkfallsvarslan í Sundahöfn lögleysa?) Verkfallsvarsla sem slík er ekki lögleysa. (**SvG:** Nú?) Nei, en ef verkfallsvarsla gengur út í það að hindra menn að sinna þeim störfum sem þeim ber skv. lögum er hún orðin lögleysa.

Hér er engin ákvörðun tekin um stefnu, ekki sú minnsta. Vitanlega er eðlilegt að dómstólar skeri úr og vitanlega ætti BSRB að vísa deilumálum til dómstóla, ef það telur að brotin séu lög, en ekki að taka lögin í sínar eigin hendur. Ég harma hve oft það er gert.

Hv. þm. spyr um vísitölubindingu. Ríkisstj. er ekki til viðtals um vísitölubindingu launa. Ríkisstj. tekur ekki þátt í því að steypa íslensku efnahagslífi út í það öngþveiti sem vísitölubindingin færði yfir íslenskt efnahagslíf t. d. eftir samningana 1974 og 1977. Ef það væri gert nú væru þessir samningar orðnir svo að segja þeir sömu og gerðir voru 1974 og hefðu eflaust sömu afleiðingar.

Hv. þm. segir ríkisstj. alltaf ræna fólkið þeim kaupmætti sem það hefur samið um. Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér hvernig kaupmátturinn hrapaði frá miðju ári 1982. Það kemur glöggt fram í síðustu skýrslu

Kjararannsóknarnefndar sem ég hygg að sé reyndar ekki komin út en auðvelt er að fá aðgang að. Þar kemur fram að kaupmátturinn byrjar að hrynja um mitt árið 1982 og mesta hrun kaupmáttar er komið fram þegar þessi ríkisstj. tekur við. (**Gripið fram í:** Hver var í henni?) Hverjir voru í þeirri ríkisstj.? Var það hv. þm. sem þá rændi launþega umsömdum kaupmætti? (**Gripið fram í:** En 2. þm. Vestf.?) Ég var líka í þeirri ríkisstj.

Staðreyndin er sú, að það er alveg sama hvað hver ríkisstj. gerir. Kaupmáttur sem ekki hefur að baki framleiðslu þjóðarbúsins verður aldrei varinn, það er útilokað. Það gerðist 1982. Þá hrundu þjóðartekjurnar og þá hlaut kaupmátturinn að hrynja einnig. Þetta er svo einfalt lögmál að hv. þm. ætti jafnvel að skilja það þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu. Hann skildi það þegar hann var í ríkisstj. Kaupmátturinn hrundi hvað sem við hefðum gert til að viðhalda háum kaupmætti. Það var ekki hægt og það er ekki hægt enn þá.

Spurningin er sú: Standa undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegurinn fyrst og fremst, sem hv. þm. hefur lýst hér að er í áfkaflega slæmri stöðu, stendur sá atvinnuvegur undir 20% hækkun launa á sama tíma og talið er að bati þessarar atvinnugreinar geti í mesta lagi orðið 2% á næsta ári og á sama tíma og hún er rekin með tapi núna? Það getur vel verið að það megi lækka eitthvað þann kostnað sem er umfram fiskverð og vinnulaun, en það er ekki mikið. Ég þori að fullyrða að það nær hvergi nærri þeirri upphæð sem hér er verið að tala um í hækkun launa.

Ríkisstj. hefur engar ráðagerðir um að ræna fólk kaupmætti. Ríkisstj. mun stuðla að því, hverjir sem samningarnir verða, að áföllin verði sem minnst, en ríkisstj. mun líka líta á það sem skyldu sína að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar geti gengið og framleiðslan fái aukist og hagvöxtur hafist að nýju.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil hnekkja þeirri fullyrðingu 3. þm. Reykv. að fjmrh. eða samninganefnd ríkisins hafi ekkert gert til að ná samningum eða hefja viðræður við samninganefnd BSRB fyrr en verkfall var skollið á. Ég er búinn að lýsa því hér úr þessum hv. ræðustól í umr., sem voru utan dagskrár og stofnað var til af hv. sama þm., 3. þm. Reykv. Ég las þar upp bréf, kröfugerð BSRB, dags. 24. júlí og gat þess þá um leið að ég óskaði eftir því við forustumenn BSRB að þá þegar yrðu hafnar viðræður. Þeir töldu það hins vegar ekki nauðsynlegt og sýndu mér bréf dags. sama dag, samþykkt á sama fundi deginum áður, 24. júlí, þar sem málinu er vísað beint til sáttasemjara ríkisins án viðræðna. Það var ekki hægt að komast að því að ræða þessi mál við BSRB, þeir töldu ekki ástæðu til þess. Ég skýrði frá því í umr. sem hv. þm. stofnaði til nú fyrir nokkrum dögum. BSRB taldi ekki ástæðu til að hefja þessa umr. fyrr en eftir að talning atkvæða um verkfallið hefði farið fram og síðan heldur ekki fyrr en verkfallið var skollið á. Þetta er því allt rangt sem hv. þm. fer með.

Samninganefnd ríkisins hefur hvað eftir annað og ítrekað á þessu tímabili fram að verkfalli og síðan verkfallið skall á reynt að koma af stað umr. Síðan umr. loksins hófust um samkomulag hefur BSRB lagt fram fjögur eða fimm tilboð eða gagntilboð. Ekkert þeirra er undir þeirri kröfu sem upphaflega var lögð fram þrátt fyrir að samninganefnd ríkisins og fjmrh. hafi reynt af veikum mætti að gera BSRB tillögur sem ríkissjóður hefur þó engin efni á að gera.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði að umr. hér þau bréf fjmrh. og bréf sem ráðuneytisstjóri í fjmrn. hefur skrifað fyrir hönd ráðh. til BSRB. Hann hefur lesið þau upp þannig að ég sé ekki ástæðu til að lesa þau upp. Forsrh. hefur að miklu leyti svarað þeim spurningum sem til mín var beint. En ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp annað bréf sem er frá fjmrn. og dags. 25. sept. 1984 til allra ráðuneyta um starfsskyldu forstöðumanna. Og það hljóðar svo:

„Með lögum nr. 31 frá 1976 voru tekin upp ákvæði í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er bönnuðu tilteknum starfsmönnum ríkisins þátttöku í verkfalli þrátt fyrir heimildir félaga í BSRB til að stofna til verkfalla. Meðal þessara starfsmanna eru forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra og forstöðumenn atvinnurekstrar og þjónustufyrirtæki ríkisins og staðgenglar þeirra. Félagar innan BSRB, sem starfa sem verslunarstjórar eða skólastjórar almennra skóla, eru ekki taldir forstöðumenn í skilningi laganna og er þeim því heimilað að taka þátt í verkfalli.

Tilgangur með því að banna forstöðumönnum að fara í verkfall er sá að þeir haldi starfsemi stofnunarinnar gangandi eftir því sem tími og kraftar leyfa. Tilgangslaust er að hafa forstöðumenn við störf í verkfalli megi hann eða geti ekki sinnt störfum í stofnun sinni.

Fjmrn. telur að forstöðumönnum ríkisstofnana beri skylda til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr þeirri röskun er verkfall hefur á starfsemi stofnana þeirra. Forstöðumennirnir eru yfirmenn stofnana og geta þeir og staðgenglar þeirra gengið í hver þau verk sem undir verksvið stofnunar þeirra heyra og þeir bera ábyrgð á að komist í framkvæmd.

Beri svo við að forstöðumaður eða staðgengill hans geti ekki sinnt brýnum verkefnum er lúta að öryggisvörslu og heilsugæslu ber þeim að kynna kjaradeilunefnd þann vanda er af því leiðir. Í 26. gr. laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja nr. 29 1976 segir svo:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli."

Fjmrn. leggur á það áherslu að forstöðumaður leiti ávallt til kjaradeilunefndar um milligöngu telji hann að leggja þurfi vinnuskyldu á mann er ella væri í verkfalli. Telur rn. að meðan á verkfallinu stendur taki ábyrgð ríkissjóðs sem vinnuveitanda til þeirra félaga innan BSRB er kvaddir hafa verið til starfa af kjaradeilunefnd eða eru undanþegnir verkfalli sbr. 1. mgr. þessa bréfs. Kjaradeilunefnd hefur aðsetur í Borgartúni 6. Þess er hér með óskað að rn. komi erindi þessu á framfæri við stofnanir á þeirra vegum." Hér eru skyldur forstöðumanna. Í því bréfi, sem vitnað hefur verið til og var skrifað 8. okt. og undirritað af ráðuneytisstjóranum, Höskuldi Jónssyni er bent á skyldur starfsmanna og þær afleiðingar sem það kynni að hafa ef opinberir starfs-

menn yrðu hindraðir í störfum sínum eða á annan hátt ríkissjóði valdið tjóni. Það eru varnaðarorð og þar er bent á að hugsanlega gætu menn orðið bótaskyldir ef aðrar afleiðingar kynni að leiða af gerðum þeirra.

En í því bréfi sem nú er vitnað til eru talin upp ákveðin dæmi um að opinberum embættismönnum hafi verið meinað að gegna sínum störfum. Bent er á að það eru brot gegn ákveðnum ákvæðum eða greinum hegningarlaga nr. 106 og 107. Þar er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja bent á hvaða afleiðingar það gæti hugsanlega haft ef því léttir ekki. Síðan kemur það bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem vitnað var til og dags. er 23. okt., þar sem segir, með leyfi forseta, að stjórn BSRB mótmæli harðlega þeirri einræðislegu framkvæmd fjmrh., sem er sjálfur annar aðili í kjaradeilu BSRB, sem kemur fram í þrem bréfum sem fjmrh. hefur skrifað.

Hvaða mannsbarni er ekki ljóst það gerræði sem hefur verið unnið af verkfallsmönnum og BSRB í þessu verkfalli og lamað hefur þjóðfélagið allt langt út fyrir það sem lög heimila? Það verður að benda á afleiðingarnar af því að halda áfram að brjóta lög. Framkvæmdavaldið setur ekki lögin. Það er Alþingi sem setur lögin. Framkvæmdavaldið starfar ekki sem dómsvald. Það er þriðji aðilinn. En framkvæmdavaldinu ber skylda til að fara að lögum og eitt af því sem því ber skylda til er að benda á lögbrot til þess að dómsvaldið geti fjallað um þessi lögbrot og tekið ákvörðun um refsingar eða ekki refsingar. Menn verða þá bara að átta sig á því hvaða lög þeir eru að brjóta. Ef það er rétt að menn eru viljandi að brjóta lög sem kostar þá kannske átta ár í fangelsi eða meira, þá er eins gott að þeir viti a. m. k. hvaða lög þeir eru að brjóta og hvaða afleiðingar það getur haft.

Ég ætla, með leyfi forseta að vitna í niðurlag bréfs fjmrh. frá 22. okt. Þar segir: „Áður en ákvörðun um slíka aðgerð er tekin vill rn. hvetja Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til að létta af þeim hindrunum sem settar hafa verið í veg tollvarða“ — eða þá bara annarra embættismanna sem eru við skyldustörf. Bara það eitt að verkfall er í gangi leyfir ekki verkfallsaðilum að brjóta lög. Verkfallsaðili getur ekki fellt úr gildi lög í landinu. Þeir verða að fara að lögum um verkföllin eins og aðrir borgarar. (**Gripið fram í:** ... Sjálfstfl. gerði það í Valhöll með útvarpsrekstri.) Herra forseti. Það varð mér þó nokkuð dýrkeypt síðast þegar frammíköll voru svo að ég ætla að biðja — (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gefa hæstv. fjmrh. gott hljóð.) Virðulegi forseti. Ég vil þakka alveg sérstaklega fyrir þetta.

Ég sé ekki hvað af spurningum hv. 3. þm. Reykv. er ekki svarað af þeim sem hann beindi til mín. En hann lætur hér stór orð falla í tilefni af verkfalli. Það ástand, sem nú er í þjóðfélaginu eða yfirleitt, má ekki hræða nokkurn mann — og síst af öllu þá sem taka á sig þá ábyrgð að gegna ráðherrastöðu — né hindra hann í því að gera það sem hann álítur rétt og fara að lögum. Það er ekki verðugt hlutverk leiðtoga stjórnmálaflokks að reyna að leita að einhverju ímynduðu valdi sem hann þykist hafa og hótunum gegn fylkingum sem hann hefur alls ekki verið kosinn til þess að leiða. Meðan fjmrh. telur að hann fari að lögum og er öruggur um að hann fari að lögum þá hræðir hann enginn annar þm. til að fara öðruvísi að, það hræðir hann enginn frá því að gera rétt, það hræðir hann enginn frá því að þola ekki órétt.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Málflutningur hv. 3. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Reykv., formanna Alþb. og Alþfl., hefur verið með einstæðum hætti í þessum umr. hér í dag. Þeir hafa haldið því fram að sú ákvörðun ríkisstj., að bjóða til viðræðna um umfangsmiklar skattalækkanir til þess að greiða fyrir lausn kjarasamninga, treysta lífskjör og stöðu þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu, hafi valdið óvissu og tortryggni og tafið samningaviðræðurnar. Hér eru svo furðulegar fullyrðingar á ferðinni að engu tali tekur og er með ólíkindum að formenn þetta þó ábyrgra stjórnmálaflokka skuli flytja mál af þessu tagi hér inn í sali Alþingis.

Auðvitað var þjóðinni vandi á höndum þegar dró að þessum kjarasamningum nú í haust vegna þeirra miklu erfiðleika sem við höfum gengið í gegnum. Við erum nú á þriðja ári lengsta samdráttarskeiðs í 30 ára hagsögu þjóðarinnar og það hefur komið niður á efnahagslífi þjóðarinnar og lífskjörum fólksins í landinu. Það var eðlilegt þegar dró að þessum viðræðum í haust að hugað yrði að því með hvaða hætti mætti greiða fyrir lausn þessarar deilu án þess að til nýrrar efnahagskollsteypu kæmi.

Þjóðin þekkir allt of vel — og ekki síst hv. 3. þm. Reykv. — hinar gömlu leiðir við lausn kjarasamninga. Hann kann mætavel söguna frá 1982. Blekið var ekki þornað af kjarasamningum þegar hann byrjaði að fella gengið og vikurnar voru örfáar þangað til hann setti brbl. og tók kauphækkanirnar allar til baka. Hann hefur stært sig af því hér á hinu háa Alþingi að einmitt sú ráðstöfun, að hann skyldi hafa tekið þá kauphækkun alla til baka með lögum, hafi minnkað viðskiptahallann á síðasta ári, en ekki aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. í maímánuði á síðasta ári. Það hefur verið eitt helsta stolt hans í umr. hér á Alþingi að sú ákvörðun hafi leitt til þess að viðskiptahalli hafi verið minni á síðasta ári en horfur voru á.

Ég held að það hafi komið mjög ótvírætt fram í almennum umr. í þjóðfélaginu að það var vilji til þess að kanna til þrautar hvort aðrar leiðir væru færar en þessar hefðbundnu sem fólkið hafði dýra, langa og erfiða reynslu af. Fyrir þá sök var ákveðið að kalla aðila vinnumarkaðarins til viðræðna og bjóða upp á þríhliða viðræður um mjög umfangsmiklar skattalækkanir gegn því skilyrði að almennar launahækkanir yrðu mjög hóflegar. Því miður dróst að þessar viðræður gætu hafist og ástæðulaust að rekja þann drátt frekar hér.

Það er óhætt að fullyrða að aðilar vinnumarkaðarins tóku þessari málaleitan vel. Ekki kom fram af þeirra hálfu að hér væri um að ræða óvissu eða þetta mundi valda aukinni tortryggni. Áhugi þeirra var að vísu mismunandi og aðstaðan til að ná fram lausn á þessum grundvelli e. t. v. erfið vegna þess að það var augljóst að með þessum hætti væri óhjákvæmilegt að ná samningum sem næðu til vinnumarkaðarins alls, bæði Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Erfiðleikarnir voru ekki einungis þeir að kjaradeilur á vegum opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði fóru fram á sitt hvorum vígstöðvunum, heldur kannske líka þeir að innan Alþýðusambandsins var nú tekinn upp annar háttur en verið hefur undangengin ár, þ. e. að einstök landssambönd færu með samningsumboð en ekki Alþýðusambandið fyrir þeirra hönd. Nú er það auðvitað innra mál

verkalýðsfélaganna hvernig þau skipa sínum málum í þessu efni og hverjum þau fela umboð til samningsgerðar og ekkert við það að athuga, en hitt var ljóst að þessi skipan mála torveldaði að hægt væri að finna farveg á þessum grundvelli.

Þetta tilboð af hálfu ríkisstj. kom fram um miðjan septembermánuð og síðan hafa menn haft tækifæri til að finna lausnir á þessum grundvelli. Viðræður fóru fljótlega af stað milli Alþýðusambandsfélaganna og Vinnuveitendasambands, en upp úr þeim slitnaði. Þær hófust á nýjan leik og nú fyrir síðustu helgi var enn á ný gerð tilraun með ákveðinni ósk af hálfu Alþýðusambandsins með sérstakri samþykkt sem hér hefur verið gerð grein fyrir af hálfu ríkisstj.

Spurningin um það, hvort ríkisstj. hefði átt að leggja fyrir þessar viðræður ákveðna forskrift, lýsir harla litlum skilningi á því hvernig vænlegast er að ná lausn með þessum hætti. Þegar boðið er upp á samstarf af þessu tagi er það ekki ríkisstj. einnar að setja forskrift. Menn verða að leita samkomulags og allir aðilar að slíkum viðræðum hljóta að hafa jafnan rétt til þess að vinna að lausn á þessum grundvelli í viðræðum sín á milli.

Það voru því gerðar till. um að sett yrði á fót sérstök nefnd aðila sem fjallaði um skattamál, með hvaða hætti líklegast væri hægt að framkvæma skattalækkanir þannig að til samkomulags gæti leitt, og að aðilar ræddu möguleika á samningum sín á milli um launahækkanir sem gætu samrýmst þessari leið. Það komu engar athugasemdir fram um vinnubrögð af þessu tagi á þeim fundum sem haldnir voru með aðilum vinnumarkaðarins. Hér á hv. Alþingi sitja tveir hv. þm. sem þessa fundi sátu og ég býst við að þeir geti staðfest að engar athugasemdir við vinnubrögð af þessu tagi voru gerðar. Aðilar gengu til þessa verks, að ég held, af fullri einlægni og áhuga til að leysa málin á þessum grundvelli. Það voru dregnar upp allar útlínur fyrir mögulegt samkomulag á þessum grundvelli.

Auðvitað geta svo margs konar aðstæður valdið því að aðilar ná ekki samkomulagi um lausn með þessum hætti og framvinda kjaramálanna á öðrum sviðum getur truflað það að menn nái niðurstöðu eftir þessari leið. Í Morgunblaðinu í morgun má lesa eftir formanni og varaformanni Verkamannasambandsins að eftir síðustu kjarasamninga á vegum bókagerðarmanna eru þeir ekki bjartsýnir á að unnt sé að semja með þessum hætti. Það er þeirra mat, þeir eru með frjálsum hætti aðilar að þessum kjarasamningum og verða að vega og meta þær aðstæður sem uppi eru hverju sinni. En ég er sannfærður um að velflestir launþegar og forustumenn í samtökum launafólks hafi af heilum hug viljað reyna að fara þessa leið. En forsendan var auðvitað sú að um þetta gæti náðst mjög víðtæk samstaða. Hér hefur komið fram — og það hefur ekki verið launungarmál — að það hefur verið minni áhugi fyrir því hjá forustumönnum opinberra starfsmanna að komast út úr þessum ógöngum með skattalækkunum og mjög hóflegum kauphækkunum. Ég er alveg sannfærður um að þessi leið hefði treyst betur lífskjör fólksins í landinu.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði um afstöðu ríkisstj. til kaupmáttartryggingar. Ég tók eftir því að hann nefndi ekki vísitölutryggingu heldur kaupmáttartryggingu. Við skulum huga að því að viðræðutilboð ríkisstj. um þessa leið út úr kjarasamningunum var áhrifamesta leiðin til þess að unnt væri að tryggja kaupmátt í kjarasamningum. Það hljóta því að vera ekki bara okkur vonbrigði, heldur fólkinu í landinu, sem óskar þess að fá kjarasamninga sem treysta megi, ef þessi leið reynist ekki fær og hún verður ekki að veruleika. En það er alveg ljóst að með þessari leið bauð ríkisstj. upp á áhrifameiri og traustari vernd kaupmáttar en unnt er að ná með öðrum hætti.

Þessa kjarasamninga á ekki að stöðva með lagasetningu. Það hefur margsinnis komið fram og verður vitaskuld ekki gert. Heildarkjarasamningar verða ekki leystir með lagasetningu. Aðilar að þeim samningum hafa þetta frelsi og jafnframt þá ábyrgð að ná niðurstöðu og komast á endanum að samkomulagi þó að það sé af augljósum ástæðum erfitt.

Við semjum hins vegar ekki um kaupmátt með krónutöluhækkun launa einni, það er fengin reynsla. Ég hygg að einmitt áhugi verkalýðsfélaganna til að ræða skattalækkunarleiðina sé áhrifamesta viðurkenningin á því að sú gamla leið treystir ekki kaupmátt fólksins í landinu. Kjarni málsins er sá að hér hefur verið boðið upp á viðræðugrundvöll. Það hefði verið óeðlilegt að setja of strangar forskriftir um það hvernig hann skyldi útfærður vegna þess að samningsaðilar, allir þrír, áttu eðlilega rétt á því að vinna að lausn ef leiðin var fær í sameiginlegum viðræðum. Og það lýsir skilningsleysi á því hvernig stjórnvöld eigi að koma fram við aðila vinnumarkaðarins í deilum sem þessum þegar sú krafa kemur fram að ríkisstj. setji einhliða forskrift um útfærslu í öllum meginatriðum.

Ég vil svo að lokum taka undir það sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að það sem máli skiptir er að okkur takist að auka framleiðsluna í þjóðfélaginu, verðmætin sem eru til skipta, að stækka kökuna. Það er leiðin sem liggur til bættra lífskjara og það eru þau verk sem við þurfum að vinna. Hér þarf að skapa þann þjóðfélagsfrið, tryggja það jafnvægi í þjóðarbúskapnum, að hægt sé að takast á við þau verkefni. En það er minni möguleiki á því að það gerist ef við glutrum niður þeim árangri sem við höfum náð í baráttu við verðbólguna. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda fyrir því að við tökumst í raun og veru á við meinsemdir í íslensku atvinnulífi, upprætum þær og hleypum nýju blóði í ný atvinnutækifæri sem skapa meiri verðmæti til aukinnar hagsældar fyrir fólkið í landinu. Þetta eru meginatriðin sem við þurfum að hafa í huga við lausn þessara erfiðu kjaradeilna.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þetta eru orðnar æðilangar umr. og ég ætla einungis að gera tvö atriði að umtalsefni. Annars vegar ætla ég að tala um þá staðhæfingu hæstv. forsrh. að sú leið sem ríkisstj. er að fara í sambandi við samninga núna sé sú að hafa ekki afskipti af samningum. Ég er algerlega á öðru máli. Ég tel að einmitt með því að leggja ekki fram ákveðnar tillögur sé stjórnin að gera sig ómissandi í öllum samningaumleitunum, hvort sem er á frjálsum markaði eða opinberum, vegna þess að með þessu fyrirkomulagi geta samningsaðilar ekki fótað sig. Þeir vita í raun og veru ekkert um hvað þeir hafa að semja nema standa í stöðugu sambandi við ríkisstj. Með þessu fyrirkomulagi er ríkisstj. að hafa afskipti af samningum upp á hvern einasta dag. Hún er orðin órjúfanlegur þáttur af samningaumleitunum. Það er staðföst skoðun mín.

Í öðru lagi ætla ég að gera að umtalsefni að ég tel það mjög miður að nú skuli sjálfsagðar aðgerðir í skatta- og húsnæðismálum vera orðnar innlegg inn í kjaradeilur. Það hefur oftsinnis komið fram, bæði á þinginu nú, á síðasta þingi og á mörgum undanförnum þingum, að samstaða er um það meðal allra stjórnmálaflokka að einhverjar mestu uppsprettur óréttlætis í landinu eru skatta- og húsnæðismál. Það er sama hvorum megin menn hafa verið við stjórnarborðið, hvort menn hafa verið í stjórn eða utan stjórnar. Menn hafa annaðhvort lofað úrbótum í húsnæðis- og skattamálum eða gagnrýnt aðgerðarleysi hins aðilans. Augljóst er af öllum þessum umr. að óumflýjanlegar eru ákveðnar almennar aðgerðir í sambandi við skattamál og húsnæðismál. Þingið og stjórnin eiga að hafa vit á því að hafa sjálf skoðun á því og eigið frumkvæði til að gera það sem gera þarf en láta ekki draga það upp úr sér með töngum sem skiptimynt til þess að ná fram einhverjum markmiðum í sambandi við launapólitík. Ég tel að þetta sé mjög miður.

Það var löngu ljóst, bæði af umr. á þingi s. l. vor og af því hvernig markmið ríkisstj. setti sér í launamálapólitík, að skattamál og húsnæðismál hlytu að verða stórmál hérna í haust. Það urðu líklega meiri umr. um niðurfellingu tekjuskatts á s. l. þingi en nokkru sinni áður. Þá urðu líklega meiri umr. s. l. vor en nokkru sinni áður um fjármál húsnæðislánakerfisins og það hvernig að húsbyggjendum þessa lands væri búið. Það hlýtur þess vegna að hafa legið fyrir hjá ríkisstj. að það kæmi að því að hún yrði krafin skoðana og krafin aðgerða í þeim málum. Hins vegar kemur fram í ræðum hér að það hafi verið fyrst um miðjan sept. sem hún kallaði menn fyrir sig og þá til þess að gefa einhverja almenna umræðupunkta. Þetta kallast alls ekki sú fyrirhyggja og er ekki sú stjórn sem maður skyldi halda að ríkisstj. vildi hafa á málum. Mér sýnist því, eins og málið stendur í dag, að það sé stórkostlegt dæmi um algera vanhæfni ríkisstj. þegar menn eru í þriðju viku verkfalls opinberra starfsmanna að velta fyrir sér almennum umræðupunktum um hvernig hægt sé að breyta skattheimtu hérna um kannske 1000 milljónir. Það ber því allt að sama brunni með þessi atriði.

Svo ég taki þessi atriði saman tel ég í fyrsta lagi að afskipti stjórnarinnar af samningamálum eins og þau eru núna, þ. e. að gefa ekki upp neinar ákveðnar línur, hafi þau áhrif að hún verður ómissandi í samningastarfinu og hefur þar með bein afskipti af samningunum.

Í öðru lagi tel ég alls ekki við hæfi að úrbætur í þessum stórkostlegu réttlætismálum í íslenskri pólitík, þ. e. úrbætur í skatta- og húsnæðismálum, séu innlegg inn í samningaþref á þessum haustdögum.

Í þriðja lagi tel ég óviðunandi að ríkisstj. skuli vera gripin í bólinu á þann hátt að í þriðju viku verkfalls — (**Gripið fram í:** Fjórðu.) eða jafnvel fjórðu viku verkfalls þurfi menn að setjast niður og fara að spekúlera í því hvernig þeir geti minnkað skattheimtu um 1400 millj. Það er gersamlega óviðunandi. Það mætti af þessari ástæðu einni hafa hérna vantrausts-umræðu, en ég geri ráð fyrir að væntanleg vantrausts-umræða muni fjalla um fleiri mál.

Ég vil að síðustu segja að það er skoðun okkar Bandalagsmanna að ríkisstj. eigi ekki að hafa afskipti af samningum. Það er þó orðið svo vegna skatta- og húsnæðismála og vegna þess að verkfallið dregst á langinn og málið er komið í sjálfheldu að óumflýjanlegt virðist að ríkisstj. leggi fram almennar tillögur um hvað hún og hennar þingflokkar hyggist og vilji og muni gera í þessum efnum. Við eðlilega stjórnarhætti hefðu þessir hlutir átt að liggja fyrir s. l. vor í síðasta lagi, þannig að aðilar vinnumarkaðarins hefðu getað gengið út frá þeim almennu aðgerðum í þessum réttlætismálum og gert frjálsa samninga eins og frjálsir menn í sumar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það þykir rétt að vekja athygli á því að nú eru sex menn á mælendaskrá í þessari utandagskrárumræðu. Það hefur ekki verið ætlunin að hafa kvöldfund, taka okkur matarhlé og halda áfram í kvöld, heldur að freista þess að ljúka þessari umr. innan hæfilegra marka þannig að komist verði hjá kvöldfundi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson segir, að ég væri vís til að tala í hálftíma. Svo alvarlegir tímar eru í landinu af ýmsum ástæðum, ekki bara vegna þeirra sem nú sitja við völd heldur og annarra sem á undan hafa verið, að full ástæða væri til að tala lengi. En ég skal ekkert um það segja í byrjun hversu langorður ég verð. Ég skal reyna, herra forseti, að hafa ekki um þetta mjög mörg orð.

Það væri auðvitað hægt að segja ýmislegt í sambandi við þá þróun í samningsgerð og kjaramálum sem orðið hefur síðustu vikur. Ég er þeirrar skoðunar að það sé skylda hverrar þeirrar ríkisstj. sem vill rísa undir nafni að beita sér fyrir lausn og hafa áhrif á að sættir takist á vinnumarkaði, ekki síst undir þeim kringumstæðum sem verið hafa í þjóðfélaginu og eru nú. Ég dreg hins vegar mjög í efa að það hafi verið vilji núv. hæstv. ríkisstj. að stuðla að slíkri sátt. Það ætti ekki að þurfa að rifja hér upp með mörgum orðum það sem út var látið ganga að hálfu stjórnarherra: Ástandið væri þess eðlis að hógværar kauphækkanir væri einvörðungu hægt að láta í té launafólki. Hins vegar ætti að grípa til ýmissa annarra aðgerða til þess að tryggja kjör og bæta laun. — Það má kannske segja að við Vestfirðingar höfum verið of auðtrúa þegar við mátum stöðuna svo að hér væri rétt frá skýrt.

Það liggur ljóst fyrir að kröfugerð af hálfu launþegasamtaka í yfirstandandi deilum hefur verið með misjöfnum hætti. Mér hefur fundist á skorta í allri þeirri miklu umræðu sem átt hefur sér stað um samningamálin og um kjaramálin almennt að getið væri þeirrar kröfu sem var talin af öllum þeim sem um slíkt hafa tjáð sig hvað skynsamlegust í stöðunni eins og málum var háttað. Þá á ég við þá kröfugerð sem Alþýðusamband Vestfjarða lét frá sér fara — kröfugerð um að haldið yrði kaupmætti þeirra samninga sem gerðir voru í febr. s. l., einvörðungu kröfu um að staðið væri við þá samningsgerð sem hæstv. ríkisstj. var aðili að.

Maður skyldi ætla að í svo alvarlegri stöðu efnahagsmála gripu menn slíkan bjarghring fengins hendi. (Gripið fram í.) Auðvitað kemur flest skynsamlegt að vestan, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hafir þú ekki vitað það fyrr. (**Gripið fram í:** Hann er að vestan. Láttu ekki svona.) Það er langt fram í ættir og varla teljandi orðið sem eimir eftir af því. — Eigi að síður standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd að talsvert á annan mánuð hefur ekki verið rætt við þá samningsað-

ila sem gerðu kröfurnar á þessum nótum. Kannske á ég ekki að segja það, en eigi að síður er það svo, að mínu mati, að sú kröfugerð hafi verið nokkuð á þeirri línu sem hæstv. ríkisstj. taldi að væri mögulegt að semja um við þær kringumstæður sem nú eru. Nú er það svo að dauðvona maður grípur yfirleitt í björgunarlínu eða bjarghring. Núv. hæstv. ríkisstj. er ekki einu sinni með því lífsmarki að hún sjái sér fært að grípa í þann bjarghring eða þá björgunarlínu sem henni var send, á neyðarstundu kannske, þó að vestan væri. Svo aumt er það lífsmark, sá andardráttur sem nú er með núv. hæstv. ríkisstj., að það er ekki einu sinni svo að hún grípi til þessa hrings í sinni neyð. Út af fyrir sig má segja að stjórnarandstæðingur ætti ekki að harma það, en auðvitað hlýt ég sem jafnaðarmaður að setja þjóðarhagsmuni ofar öðru. Ég er þeirrar skoðunar að hefðu stjórnvöld og vinnuveitendasambandsforustan viljað semja á skynsamlegum nótum hefði verið hægt að gera það fyrir tveimur mánuðum. Þetta sannar ásamt mörgu öðru að ekki var vilji fyrir því innan hæstv. ríkisstj. sjálfrar að semja á þeim nótum sem hún sjálf hafði talið að ætti að gera samninga á.

Ég skal taka það strax fram að ég hef verið og er fylgjandi því að reyndar verði nýjar leiðir í samningamálum. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði, ekki hvað síst við þær kringumstæður sem nú eru, átt að reyna til þrautar leiðir skattalækkunar sem hefði verið hægt að útfæra á þann veg að tryggja betur en ég hygg að gert verði með háum prósentuhækkunum í kaupi raunhæfar kjarabætur — kjarabætur sem núv. ríkisstj. ætti a. m. k. erfiðara um vik að taka til baka um leið og samningar væru gerðir.

Núv. hæstv. ríkisstj. er ekki ein um það að ógilda kjarasamminga. Það hafa flestar ríkisstjórnir gert. En síst treysti ég því að undir handarjaðri núverandi forustumanna innan hæstv. ríkisstj. verði mikið kapp á það lagt að raungildi samninga haldist. Þess vegna held ég og er sannfærður um það að mikill meiri hluti launafólks, a. m. k. launafólks innan Alþýðusambands Íslands og Verkamannasambandsins, hefði fremur kosið að reyndar yrðu nýjar leiðir í samningamálum við þessar kringumstæður, leiðir skattalækkunar, leiðir sem hægt væri a. m. k. að gera sér vonir um að tryggðu betur kaupmátt og kjör þess fólks sem er verið að semja fyrir nú.

Mér sýnist að hæstv. ríkisstj. og Vinnuveitendasambandið samanlagt hafi lagt þær línur í samningsgerð nú sem a. m. k. torvelda mjög að hægt verði að fara þessa leið. Vinnuveitendasamband Íslands hlýtur að hafa lagt blessun sína yfir samningagerð bókagerðarmanna. Það getur vart annað verið. Með því er Vinnuveitendasambandið búið að hafna skattalækkunarleiðinni nema þá því aðeins að það líti svo á að hæstv. ríkisstj. sé reiðubúin til skattalækkunar umfram þá 20—25% kauphækkun sem samningar bókagerðarmanna innifela. Fróðlegt væri að fá um það upplýsingar frá hæstv. ríkisstj., frá t. d. hv. þm. Þorsteini Pálssyni sem ég veit að enn á mjög innangengt í herbúðir Vinnuveitendasambands Íslands, hvort menn líta svo á að það komi til, ef Vinnuveitendasambandið er búið að undirskrifa samninga bókagerðarmanna um 20—25% launahækkun, að ríkisstj. sé til viðræðu um skattalækkun umfram þetta. Ég held nefnilega, a. m. k. blasir málið þannig við mér, að Vinnuveitendasambandið ásamt ríkisstj. sé búið að hafna þessari leið, en það standi ekki á verkalýðshreyfingunni eða Verkamannasambandinu að fara þá leið til enda og fá úr því skorið hvað út úr slíku kynni að koma.

Ég spyr enn og vil beina máli mínu til hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. sem ekki eru í salnum, en kannske getur hæstv. forsrh. svarað fyrir þá báða: Er það ekki svo að fulltrúar, annars vegar fjmrn. og hins vegar iðnrn., í stjórn Orkubús Vestfjarða séu aðilar að þeim samningi sem gerður var á Ísafirði á dögunum? Ég vildi gjarnan fá svar við því, já eða nei. Þar er um að ræða, að ég held, þá kauptryggingu eða hvað sem menn vilja nefna slíkt sem hvað hagstæðust hefur náðst, skulum við segja, af þeim samningum sem mér vitanlega hafa verið gerðir núna. Og sé það svo að fulltrúar iðnrn. og fjmrn. séu í umboði hæstv. ríkisstj. aðilar að slíkum samningi er forskriftin gefin af hæstv. ríkisstj. Ég trúi því ekki fyrr en þá að ég stend frammi fyrir þeirri staðreynd að hæstv. ríkisstj. ætli fiskvinnslufólki, sjómönnum og öðru almennu verkafólki til lands og sjávar að búa við önnur kjör en þau sem búið er að semja um við bæjarstarfsmenn víðs vegar um landið og, ef rétt er, í umboði hæstv. ríkisstj. Það verður fróðlegt að fá úr því skorið með yfirlýsingu annaðhvort hæstv. forsrh. hér á eftir eða einhverra annarra hæstv. ráðh. hvort ekki sé rétt að líta svo á að fulltrúar ríkisvaldsins séu aðilar að þeim kjarasamningi sem gerður var á Ísafirði á dögunum og þá í gegnum stjórn Orkubús Vestfjarða. Ég veit ekki betur en a. m. k. starfsmenn séu búnir að samþykkja þennan samning, en ég skal ekkert um fullyrða hvort gagnaðilinn hefur um hann fjallað eða er búinn að afgreiða hann formlega. Eigi að síður ættu hæstv. ráðh. að geta upplýst hvort fulltrúar þeirra eru ekki aðilar að honum.

Þannig má segja að ríkisstj. sjálf og hennar aðalstuðningsaðili, Vinnuveitendasambandið, hafi hafnað þeirri leið sem almennt launafólk var vissulega reiðubúið að reyna til þess að halda eftir einhverju af hugsanlegum kjarabótum sem um yrði samið í þessum samningum. Það verður því að skrifa þá verðbólgusamninga, sem menn nú eru að tala um, á hæstv. ríkisstj. og Vinnuveitendasambandið, þeir verða ekki skrifaðir á aðra en þá sem ráða ferðinni í samningamálunum. Það sem af er hafa það gert hæstv. ríkisstj. og Vinnuveitendasambandið. Allt tal um að verkalýðshreyfingin hafi verið talsmaður verðbólgusamninga með óeðlilega háum kaupkröfum er út í hött.

Ég efast um að nokkurri ríkisstj., a. m. k. ekki í langan tíma, hafi verið sýnt jafnmikið umburðarlyndi af hálfu verkalýðssamtakanna og núv. hæstv. ríkisstj. Eigi að síður er svarið þetta: Það má nánast segja að ríkisstj. og Vinnuveitendasambandið hafi slegið á framrétta hönd launafólks í landinu sem bauð að söðlað yrði yfir og tekin upp skynsamlegri vinnubrögð í samningsgerð. Það er því haldlítið, hvort sem um er að ræða hæstv. ráðh. eða hv. þm. Þorstein Pálsson, formann Sjálfstfl., að koma í ræðustól á Alþingi og ætla að vísa þessum gjörðum yfir á aðra en ég hef hér greint frá að séu ábyrgir. Ég trúi því ekki að hv. þm. Þorsteinn Pálsson vilji sverja bókagerðarsamninginn af Vinnuveitendasambandinu. Menn virðast nú sem oft áður hafa leikið tveim skjöldum í þessari stöðu.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta. Um þetta mætti þó margt fleira segja. Niðurstaða mín

er sú: Það tal hæstv. ríkisstj. að hún vildi hóflega kauphækkunarsamninga nú er á misskilningi byggt. Hún hefur sjálf rutt brautina fyrir meiri kauphækkunum í prósentum talið en nokkur, að ég hygg, hefur gert sér vonir um innan launþegasamtakanna að náð yrði.

Það er líka mesti misskilningur og fráleitt að ætla að trúa því tali forsvarsmanna Vinnuveitendasambands Íslands að allt sé á heljarþröm ef kaup hækkar fram yfir ákveðna tölu, þá eru menn að tala um 3.5—4%. Þeir halda því fram að allt hrynji til grunna verði samið um meira en 3—4% kauphækkun, en semja síðan sjálfir um 25% hækkun. Öllu slíku tali úr munni slíkra manna ber vægast sagt að vara fólk við. Það á ekki að taka alvarlega.

Nú er mér ljóst að það er lítill vandi fyrir t. d. gagnaðila bókagerðarmanna, sem hala inn frá viðskiptavinunum til að standa undir kauphækkunum, en eigi að síður er það Vinnuveitendasambandið sem ryður brautina fyrir þá. Það er erfiðara fyrir framleiðslugreinarnar að standa undir slíku. En til þess virðast ekki horfa hæstv. ríkisstj. eða Vinnuveitendasambandið. Þau láta skeika að sköpuðu. Og líka er það rétt, sem sagt hefur verið, að því aðeins voru líkur — þó litlar — til þess að hæstv. ríkisstj. ynni stríðið við BSRB að Morgunblaðið færi að koma út aftur.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Þeir kjarasamningar sem nú standa yfir undir þrýstingi verkfalla hafa mótast af tvennu. Annars vegar kröfum um miklar kauphækkanir og hins vegar — og þá einkum hjá Verkamannasambandinu — viðleitni til að fara nýja leið þar sem reynt yrði að tryggja kaupmáttinn, tryggja að það sem um yrði samið færi ekki beint út í verðlagið og að okkar félagar héldu því sem um væri samið. Hin ýmsu sambönd eða samtök geta valið sér leiðir en við höfum valið þessa leið og við höfum trúað á það að unnt væri að fara hana ef menn hefðu ríkan vilja til þess. Við höfum hafnað gömlu leiðinni, leiðinni sem er reynsla fyrir og við teljum að hafi ekki fært verkalýðshreyfingunni þær kjarabætur sem þurft hefði að vera.

Þegar þær hugmyndir fæddust að fara þessa nýju leið þá lagði Verkamannasambandið til umræðugrundvöll í tíu liðum, þar sem rætt var í fyrsta lagi um afnám tvöfalda kerfisins og áhrif þess, uppstokkun flokkakerfisins og almenna launahækkun, um tekjuskattslækkun og útsvarslækkun. Við vissum að það voru ekki allir sammála, hvorki í okkar herbúðum né herbúðum vinnuveitenda, um tekjuskattslækkun. Það fer eftir ýmsu hvaða skoðanir menn hafa á því. En við vildum samt reyna þessa leið. Í sjötta lagi vildum við ræða afnám allra vísitalna og áhrif þess. Og við sögðum dálítið, sem er nýtt í þessari umræðu, að við vildum ekki fá vísitölu sem við bjuggum við áður. Verkamannasambandið lýsti því yfir að við viljum ekki slíka vísitölu.

Við vildum ræða um húsnæðismál og arðbærari fjárfestingu, um sjávarútvegsmál og það hvernig þeim útvegi er komið, um landbúnaðarmál og þá hvernig mætti breyta til þar, og í tíunda lagi hvernig mætti finna aðrar tryggingar fyrir gerðum samningi en þá vísitölu sem menn hafa áður trúað á og hefur reynst okkur illa.

Það er skemmst frá því að segja að Vinnuveitendasambandið var mjög sammála okkur í mörgum atriðum og við ræddum þessi mál í miklu bróðerni. Þar var áhugi fyrir því að fara nýja leið. Þar var áhugi fyrir því að kasta aftur fyrir sig þeim gömlu leiðum sem við höfum fetað til þessa. Einkum var staðnæmst við skattalækkunarleiðina og það hvernig mætti lækka vexti og afnema lánskjaravísitölu. Þetta hefur verið kölluð skattalækkunarleið. Hér hafa menn átalið ríkisstj. fyrir að leggja það ekki hreint og klárt fyrir hvernig ætti að útdeila þessum 1100 millj. sem talað var um í skattalækkun og 300 millj. í útsvarslækkun. Ég get tekið undir það að ég tel að ríkisstj. hefði átt að vera betur undirbúin í þeim umr. En ég tel einnig að það sé rangt að ríkisvaldið eða ríkisstj. setji fram beinharða úrslitakosti um það hvernig að málum skuli standa. Það verður að vinnast í samkomulagi og sátt við aðila, þannig að þegar upp verður staðið hafi verkalýðshreyfingin og aðrir aðilar mótað það í sameiningu sem niðurstaða yrði um. Það held ég að séu bestu vinnubrögðin og það var ætlunin að fara þannig að.

Við í Verkamannasambandinu höfum fundið það greinilega að það er bullandi fylgi fyrir þessari leið okkar, bullandi fylgi fyrir því að fara þessa skattalækkunarleið. Við höfum verið hvattir mjög af verkafólki að fara þessa nýju leið ef við gætum tryggt það að þeir samningar sem við gerðum héldu. Því fólk er hrætt við verðbólgu og fólk er hrætt við þau spor sem aðrir hafa markað í þessum efnum, líka þessi ríkisstj.

Í þessum umr. var um það talað að við settum niður ákveðin atriði sem við teldum að mætti draga saman í ríkisrekstrinum. Þessi nefnd, skattanefndin, tíndi það til og það hefur verið mjög í umræðu þar, en það er vandi að tína slíkt til. Við erum ekki heldur vissir um að þegar þær hugmyndir kæmu til Alþingis að Alþingi eða stjórnarmeirihluti væri sammála þeim tillögum sem þar væru lagðar fram. Ég efa það stórlega t. d. að hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson vildi taka þátt í því að lækka útflutningsbætur. Og ég efa það stórlega að hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson mundi vilja taka þátt í því að lækka framlög til landbúnaðarmála um 200—300 millj. Það má því búast við að þrátt fyrir þessi tilboð ríkisstj. um skattalækkanir þá yrði það erfiðleikum bundið fyrir hana að koma því í gegnum þingið. Og það mætti nefna ýmislegt fleira sem því veldur.

Í þeim tillögum sem menn voru að ræða um var ekki aðeins rætt um landbúnaðarmál og niðurskurð þar, heldur á sem flestum þáttum í þjóðlífinu, eins og t. d. ferðakostnaði embættismanna og mörgu fleira.

En við vorum það bláeygir að við töldum að ástæða væri til þess að halda áfram. Og við trúðum því að þetta væri hægt ef menn vildu fara þessa nýju leið, færa peninga frá ríkinu til heimilanna. Það mætti um stundarsakir reyna þetta til þess að koma á jafnvægi og hjálpa til við lækkun verðbólgu. Og við vorum að mínu mati komnir langt með að gera þessa hluti.

Þá er það að það fara að ske undur mikil hér í þjóðfélaginu. Þeir aðilar sem hvað harðast hafa talið að rétt væri að fara þessa leið, þeir ganga í það, í því skyni að eyðileggja stöðu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í þeirra verkfalli, að gera sérsamning við starfsmenn Reykjavíkurborgar. Borgarstjórinn í Reykjavík gerir slíkt. Og auðvitað er það gert með vitund og vilja ríkisstj., kannske til þess að komast hjá þeirri leið sem áður hafði verið lofað. Þegar ljóst varð að sá samningur hafði orðið til eina nóttina þá töldum við í Verkamannasambandinu að boltinn væri kominn frá okkur og ekki væri lengur rætt um skattalækkunarleiðina. Við

töldum að þar með væri búið að loka fyrir það. En í umr. hér á Alþingi kom það fram að enn stæði þetta tilboð. Og við vildum enn halda áfram, fullvissir um að legðu menn sig alla fram væri hægt að gera stóra hluti.

En hvað kemur svo í ljós? Það er ekki aðeins Reykjavíkurborg sem semur, heldur hin ýmsu bæjarfélög um landið og nú síðast bókagerðarmenn. En það vakti undrun mína, þegar mér barst nú fyrir skömmu bréf með svörum og athugasemdum við ellefu efnisatriðum BSRB á blaði frá 15. þ. m., þetta eru svör frá samninganefnd ríkisins daginn eftir, að þar segir í 11. lið — (**Gripið fram í:** Hvenær er það dagsett?) Það er dagsett 16. okt. Og takið nú eftir að þrátt fyrir yfirlýsingar hér úr ræðustóli frá forsrh. o. fl. um að þetta tilboð stæði enn þá, segir hér með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeim þáttaskilum sem orðið hafa í samningamálum undanfarin dægur telur ríkisstj. að ekki séu forsendur fyrir tekjuskattslækkunum umfram það sem ráðgert er í fjárlagafrv. Ríkisstj. mun fljótlega leggja till. sínar um skattamál fyrir Alþingi."

Á meðan okkur er sagt að halda áfram þá er BSRB sagt þetta. Og ég spyr: Líta menn svo á að hér búi tvær þjóðir í landinu? Líta menn svo á að það eigi að vera sérstakt skattakerfi fyrir verkamenn og annað fyrir opinbera starfsmenn? Eða átti að blekkja Verkamannasambandið til þess að semja um lægri kaupprósentu út á skattalækkun? Var það meiningin að koma aftan að okkur sem lögðum okkur alla fram til að fara þessa nýju leið, leið sem við trúðum á og leið sem við trúum á enn, sé hún ekki eyðilögð af þeim aðilum sem við erum að ræða við? Ég spyr forsrh.: Er það hans skoðun að verkafólk eigi að hafa lægra kaup en þjónustugreinarnar út á skattalækkun sem allir fá? Það stendur hér svart á hvítu að ríkisstj. er búin að lýsa því yfir að það komi ekki til greina að lækka skattana um það sem okkur hafði verið boðið samtímis. Ég átel þessi vinnubrögð, þetta eru kauðaleg vinnubrögð. Þetta eru vinnubrögð sem eru í því fólgin að koma aftan að fólki. Ég lýsi vonbrigðum mínum með þessi vinnubrögð. Og því sýnist mér, og vil lýsa því hér yfir fyrir hönd Verkamannasambandsins, að úr því sem nú er komið séum við neyddir til að hverfa af þeirri leið sem við helst hefðum viljað fara. Bæði er búið að semja þá leið undan okkur og svo hefur ríkisstj. hér lýst því yfir við fjölmenn stéttarsamtök, sem eru í verkfalli, að ekki séu neinar forsendur lengur fyrir tekjuskattslækkunum umfram það sem ráðgert er í fjárlagafrv.

Því miður stöndum við nú hér á tímamótum og því miður verður að fara í gamla farið. Verkamannasambandið gerir það vegna þess að við höfum verið neyddir til þess. Við teljum okkur skilja vel hvernig atvinnulífið í landinu er statt, betur en margir aðrir því við erum nær því og við hefðum talið að sú leið sem um var talað dygði betur til þess að vernda kjör launþega og til þess að byggja upp heilbrigt atvinnulíf. Hér var lag fyrir þeirri uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað. En það hefur verið frá okkur tekið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Þessi umr. hefur farið nokkuð vítt og breitt, en til hennar var stofnað með spurningum frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni um hvaða áform ríkisstj. hefði uppi, m. a. um skattalækkanir sem samningsleið í yfirstandandi kjaradeilum.

Hæstv. forsrh. svaraði engu til eða frá um þetta efni og bar fram sínar ástæður fyrir því. En hv. þm. Þorsteinn Pálsson lýsti því hér hins vegar yfir sem skoðun sinni að skattalækkanir væru áhrifaríkasta leiðin sem hægt væri að fara til kjarabóta fyrir allan almenning í dag og enn fremur að í henni væri falin traustasta kaupmáttartrygging sem völ væri á.

Hv. síðasti ræðumaður, Karl Steinar Guðnason, tók í sama streng og taldi að ríkisstj. hefði brugðist Verkamannasambandinu með framkomu sinni í þessum málum. Það má vel vera, á það skal ég ekki leggja dóm. En e. t. v. er skaðinn ekki jafnstór og af orðum hans mátti skilja því að ég vil leyfa mér að efast um að skattalækkunarleiðin sé jafn vænleg til árangurs og sumir hv. þm. vilja meina. Ég vil nefna fáein atriði í því efni.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að lækkun skatta, eftir því sem um hana hefur verið rætt hér, kemur vart þeim til góða sem lægstu launin hafa, því að þeir borga litla eða enga skatta hvort sem er. Hins vegar er það deginum ljósara að mest ríður á að bæta einmitt þeirra hag. Í öðru lagi vil ég meina að skattalækkun sé hæpin kjarabót ef innheimta á það fé, sem ríkissjóður tapar með því móti, aftur með auknum neysluköttum. Krónurnar sem vinnast við þá leið verða þá fljótar að fara aftur.

Í þriðja lagi tel ég niðurskurð til að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna skattalækkunar, sem forsrh. nefndi áðan sem möguleika í þessum efnum, mjög vafasaman, einkum og sér í lagi í mennta- og menningarmálum eins og heyrst hefur fleygt núna síðustu daga og gersamlega fyrir neðan allar hellur að höggva meira í þann knérunn en þegar er orðið. Og erfitt á ég að sjá hvar hugsanlegt er í raun og veru að skera niður í ríkisfjármálum.

Í fjórða lagi vil ég varpa fram þeirri spurningu hvort það sé í rauninni rétta leiðin í þessum málum að ríkið taki þann bagga af atvinnurekendum að greiða hærri laun. Að sjávarútvegnum undanskildum búa flestir atvinnuvegir í landinu í dag við allgóðan hag, eins og fram kemur í gögnum Þjóðhagsstofnunar, m. a. frá 24. sept. s. l. Það er spurning hvort ríkið eigi að hlaupa undir bagga með atvinnurekstrinum í þessu efni. Það má minna á, eins og gert hefur verið í dag, að það gerði hv. ríkisstj. í síðustu samningum. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hér sé um að ræða viðvarandi stefnu ríkisstj. í kjaramálum.

Ég tel því að að svo komnu máli — ég endurtek: að svo komnu máli — séu skattalækkanir vafasöm kjarabót. Því síður tel ég það ljóst vera, eins og hér hefur verið sagt, að í þessari leið felist óyggjandi kaupmáttartrygging. Til þess að hægt sé að slá slíku fram, eins og hér hefur verið gert, þurfa að liggja fyrir svör um stefnu ríkisstj. í skyldum málum. Ég vek athygli á því að slík svör hafa enn ekki fengist hér á Alþingi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vildi ekki draga það að leiðrétta eitt atriði sem fram kom í ræðu hv. þm. Karls Steinars áðan. Hann las síðasta atriði, 11. atriði úr tilboði sem samninganefnd ríkisins mun líklega hafa lagt fram á samningafundi þann sama dag. Þetta var rætt í ríkisstj. þann morgun og það er bókað í fundargerð ríkisstj., sem ég get látið hv. þm. hafa eftirrit af að þessum 11. lið beri að breyta þannig — ég hygg að ég muni það nokkurn veginn orðrétt — að ríkisstj. telji enn sem fyrr að meiri

skattalækkanir og minni peningalaunahækkanir séu vísasta leiðin til kjarabóta. En af einhverjum ástæðum mun þessi breyting ekki hafa komist inn áður en þetta var afhent á fundi hjá BSRB. Ég komst að því og hringdi strax inn eftir og kom þessari ábendingu á framfæri.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú gefið skýringu á niðurlagi bréfs sem samninganefnd ríkisins sendi frá sér 16. okt. s. l. og sannanlega var afhent samningamönnum BSRB þá með þeim texta sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason las hér áðan. Auðvitað verður ekki vefengt ef hér hafa orðið á mistök, en með hvaða hætti slík mistök geta orðið er erfitt að ímynda sér. Kannske er þetta táknrænt um það að stefnan sé svolítið á reiki.

Hv. 3. þm. Reykn. hóf þessar umr. með nokkrum spurningum sem hann beindi til hæstv. forsrh. Það voru spurningar um afskipti ríkisstj. af kjaradeilunni. Það voru spurningar um hina svokölluðu skattalækkunarleið, beiðni um að hún yrði skýrð ögn betur. Er verið að tala um lækkun skatta eða tilfærslu skatta? Hvernig hyggst hæstv. ríkisstj. mæta tekjumissi ríkisins? Á það að gerast með því að leggja á nýja skatta og aðra skatta eða á það að gerast með niðurskurði? Og þá niðurskurði á hverju og hversu miklum niðurskurði? Allt eru þetta eðlilegar spurningar. Þetta eru spurningar um stefnu ríkisstj. sem eru fram bornar á Alþingi Íslendinga, á þeim stað þar sem slíkar spurningar á að bera fram, á þeim stað þar sem svör við slíkum spurningum eiga að heyrast.

Ég verð að játa að mér fannst þau svör sem hingað til hafa verið gefin úr þessum ræðustól býsna hálfkveðnar vísur.

Hæstv. forsrh. sagði: Það er meginstefna þessarar ríkisstj. eins og annarra, sem hæstv. ráðh. kvaðst þekkja til, að ríkisstj. eigi ekki að skipta sér af samningum á hinum frjálsa vinnumarkaði sem fram eiga að fara á ábyrgð samningsaðila. Að vísu hefðu verið undantekningar frá þessu. Það var sú undantekning að ríkisstj. hóf feril sinn með því að afnema samningsrétt um skeið og setja lög um kjör um nokkurt skeið. Það voru líka undantekningar frá þessari meginreglu þegar síðast reyndi á samninga, þ. e í febrúar s. l., vegna þess að þá kom ríkisstj. að samningaborðinu, að vísu við lok samninga, og gerði ákveðnar ráðstafanir í málum sem til hennar var beint. Ég fæ þess vegna ekki séð að það standist að það sé meginstefna ríkisstj. að hafa ekki afskipti af kjaramálum. Þvert á móti held ég að dæmin sanni að ríkisstj. geri það. Ég veit ekki betur en að í tilboði ríkisstj. um hina svokölluðu skattalækkunarleið felist afskipti af kjaramálum, þó að þau afskipti séu til komin heldur seint. Kannske er á það að reyna þessa dagana að það sé eftir dúk og disk.

Ég sagði að svörin væru nánast hálfkveðnar vísur vegna þess að það hafa ekki fengist svör við þessum spurningum. Reyndar, ef ég tók rétt eftir, sagði forsrh. að ekki væri æskilegt að gefa þessi svör skilmerkilega. Hæstv. forsrh. sagði eitthvað á þá leið að þeim mun hærri prósentuhækkanir sem um yrði samið í þessum samningum, þeim mun lægri hlytu skattalækkanirnar að verða. Það er nákvæmlega sú hugsun sem fram er sett í þessu bréfi sem nú er upplýst að hafi verið dregið til baka. Nefnilega að eftir að nokkrir aðilar hér í þjóðfélaginu hafi samið um peningalaunahækkanir e. t. v. á bilinu 19—24% hafi ríkisstj. viljað árétta að þar með sé skattalækkunarleiðin, umfram það sem fyrir liggur í fjárlagafrv., dregin til baka. Þetta vekur óhjákvæmilega upp spurningu. Ef það er rétt, sem hæstv. forsrh. segir, að skattalækkunarleiðin sé enn í fullu gildi, hvað hyggst ríkisstj. þá gera gagnvart þeim starfsmannafélögum sveitarfélaga og prenturum sem þegar hafa samið um prósentuhækkanir á bilinu 20% og yfir? Hvað hyggst ríkisstj. gera í því tilviki? Þeim mun hærri prósentuhækkanir, þeim mun lægri skattatilslakanir, sagði forsrh. Er það þá hugmynd hæstv. forsrh. að afnema þessa kjarasamninga? Varla getur hitt staðist, að skattalögum eigi að breyta eftir á til samræmis við gerða kjarasamninga. Þetta sýnir að mál eru komin í ógöngur. Og það var auðheyrt á máli hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar að þeir Verkamannasambandsmenn hafa nú þegar, eða eru sýnilega að glata trúnni á það að hin boðaða leið skattalækkananna sé fær. Fyrir nú utan það að það er spurt af sérstakri ástæðu. Þegar hæstv. forsrh. segir að ríkisstj. hafi skipað nefnd í þessu skyni, nefnd sé að undirbúa slíkar tillögur, og hæstv. forsrh. lýsir því yfir að út frá hans skoðunum eigi þetta að vera þríþætt leið, þ. e. tekjutapi vegna skattalækkunar eigi að mæta með niðurskurði á ríkisútgjöldum, nýjum skattaálögum og hugsanlega innlendri lántöku, þá er alveg óhjákvæmilegt fyrir hv. alþm., sem væntanlega eiga að greiða atkvæði hér á hv. Alþingi um þær tillögur sem hér er lýst, að spyrja að hve miklu leyti skuli beita niðurskurði. Niðurskurði á hverju?

Því er haldið fram í fullri alvöru að í því sem hæstv. fjmrh. kallar fjmrn. nr. 2., þ. e. hjá Vinnuveitendasambandi Íslands uppi í Garðastræti, liggi fyrir drög að nýju fjárlagafrumvarpi. Í því fjárlagafrumvarpi liggi fyrir tillögur um niðurskurð á öllum framlögum til landbúnaðar svo nemi mörgum hundruðum millj. kr. Ég spyr: Hefur hæstv. forsrh. meiri hluta fyrir þessu nýja fjárlagafrv. í þingflokki sínum? Ég spyr ekki aðeins hvort hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson styðji þessa tillögu. Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort hann hafi séð þetta nýja fjárlagafrv., sem búið er að búa til úti í bæ, og hvort hann t. d. mundi ljá þessu nýja fjárlagafrv. stuðning sinn. Mig langar til að beina þeirri spurningu til Egils bónda á Seljavöllum, hv. landsk. þm., hvort hann muni ljá slíku fjárlagafrv. stuðning sinn í þingflokki þeirra sjálfstæðismanna. Ég spyr m. ö. o.: Liggur það fyrir að hæstv. ríkisstj. geti boðið þessa leið? Hefur hún til þess atfylgi innan sinna þingflokka? Liggur það fyrir, með leyfi að spyrja, ef það á að mæta tekjutapinu með nýjum skattaálögum, með hvaða sköttum það skuli gert? Er það meining hv. ríkisstj. að þetta eigi bara að vera skattatilfærsla, að það eigi að mæta tekjutapinu að verulegu leyti með nýjum eyðslusköttum, þá væntanlega í gegn um hið hripleka söluskattskerfi? Er stuðningur fyrir því í þingflokkum stjórnarliða? Og með leyfi að spyrja: Á að mæta óskum manna um mannsæmandi laun á Íslandi að hluta til með nýjum lántökum, jafnvel þótt á innlendum lánsfjármarkaði sé? Er fylgi fyrir því á Alþingi Íslendinga að við förum að slá lán fyrir launagreiðslum? Er ekki nóg, þegar allt er komið í rúst í húsnæðislánakerfinu, að fjármagna það með erlendum lánum? Er ekki nóg þegar stoppað var upp í fjárlagagat hæstv. fjmrh., þegar

svo langt var gengið að það voru slegin erlend lán fyrir barnsmeðlögum? Er fylgi fyrir þessu, ekki aðeins innan þingflokka stjórnarliða, er fylgi fyrir þessu á Alþingi Íslendinga? Ef það er meining hæstv. ríkisstj. að bjóða ákveðna kosti í þessum efnum, og það er auðheyrt á ýmsum málsvörum stjórnarandstöðunnar, auðheyrt á málsvörum Verkamannasambands Íslands, að fyrir slíkri leið er ákveðið fylgi, ef það fæst skilgreint þannig að menn geti tekið afstöðu til þess hvað menn eru að meina, ef það er ekki bara verið að fara með hálfkveðnar vísur, hversu miklar eiga þá skattalækkanir að vera, hversu mikill niðurskurður og niðurskurður á hverju? Er þetta bara orðakonfekt eða er raunverulegur þingmeirihluti á bak við þessar tillögur?

Ég verð að játa hreinskilnislega að þegar spurt er um svo sjálfsagða hluti sem stefnu ríkisstjórnar Íslands og það er boðað að ríkisstj. muni kannske innan tíðar leggja fram slíkar tillögur tel ég að ekki sé hægt að fara með slíkar tillögur sem hernaðarleyndarmál. Stefna hæstv. ríkisstjórnar Íslands má ekki vera hernaðarleyndarmál. Hæstv. ríkisstj. hefur auðvitað afskipti af kjaramálum og kjarasamningum. Auðvitað er það rangt að meginstefnan sé að gera svo ekki. Það væri æskilegt í einhverri draumaveröld að til þess þyrfti ekki að koma, en í hvert skipti sem á reynir hefur hæstv. ríkisstj. haft slík afskipti og mun gera það. Spurningin er: Hvernig, með hvaða hætti? Hverjar eru tillögurnar? Er fylgi fyrir þeim? Og ef hæstv. ríkisstj. ætlar innan skamms að leggja til ákveðnar tillögur að öðru leyti, sem meta má sem ígildi kjarabóta, — má ég þá minna hv. 3. þm. Reykv. á eftirlætisslagorð hans og það sem eftirminnilegast er eftir honum haft, „slétt skipti“ — ef hæstv. ríkisstj. ætlar að leggja fram tillögur um lækkun vaxta, er til of mikils mælst að hv. alþm. fái að vita um það? Það er ekki nóg að hæstv. félmrh. tali um okurvexti. Það er ekki nóg að hæstv. ráðh. tali sumir hverjir um Seðlabankaslys í vaxtamálum. Það er ekki nóg að hæstv. forsrh. lýsi því yfir að hann telji að núverandi vaxtastefna fái ekki staðist. Hin sjálfsagða krafa er að hæstv. ríkisstj. leggi fram skilmerkileg svör við einföldum spurningum um hver stefna hennar er. Og ef hún vill leggja fram ákveðnar tillögur um að endurreisa það húsnæðislánakerfi sem við ræddum í dag og sýndum fram á að væri hrunið er auðvitað hægt að meta slíkar umbætur til kjarabóta. En þær verða ekki metnar til kjarabóta ef ekki fást um þær upplýsingar, ef þær eru hernaðarleyndarmál. Hvernig eiga velviljaðir menn í forustu Verkamannasambands Íslands, sem vilja feta nýjar leiðir, að koma fram fyrir sína umbjóðendur og segja: Við höfum lagt okkur alla fram um að fara ekki gömlu leiðina, — ekki kollsteypuleiðina, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson rifjaði upp fyrir hv. 3. þm. Reykv. að væri honum gamalkunn — hvernig eiga þeir að koma til sinna umbjóðenda ef þeir fá engin svör? Þeir vita ekki hvað þeir eru að tala um.

Herra forseti. Leyfist mér að vitna í óopinbert málgagn hæstv. forsrh., gefið út úr Commander-tölvu á verkfallsdögum, en þar var í fréttaskýringu fyrir nokkrum dögum komist svo að orði:

„Í allt sumar hafa forustumenn stjórnarflokkanna flotið sofandi að feigðarósi. Þeir hafa sett sér markmið um gengismörk, verðbólgumörk og hlutfall erlendra skulda og sagt sem svo: Til þess að þessi markmið náist mega peningalaunahækkanir,“ eins og það heitir nú, „ekki fara yfir 5% að jafnaði á árinu 1985 og engar fram að því.“

Það var spurt um hver væri stefna ríkisstj. í kjaramálum. Svarið við því var að hæstv. ríkisstj. setti þar fram ákveðinn ramma, rígskorðaðan ramma. Hún sagði, og það mega menn meta við hana ef það var sannleikurinn, hún sagði fyrir fram: Þetta er það sem er til og meira er ekki til. Þetta var ramminn. — Enn fremur segir hér með leyfi forseta:

„Það er mikill álitshnekkir fyrir stjórnvöld,“ — þá er verið að vísa til samninga um 20% peningalaunahækkanir — „því að fyrr í deilunni hefði þeim verið í lófa lagið að stuðla að samningum sem væru allt að helmingi lægri.“

Hv. þm. Karvel Pálmason vitnaði í kaupkröfur Alþýðusambands Vestfjarða og fór nokkrum orðum um að þær kröfur sem voru á bilinu 7% væru af því taginu. En það er ekki kjarni málsins að mínu viti, engan veginn. Það sem er kjarni málsins er ósköp einfaldlega þetta: Ef hæstv. ríkisstj. hefur einhverja þá stefnu sem hún hyggst sigla eftir í skattamálum, í vaxtamálum, í húsnæðismálum, sem hún hefur ástæðu til að ætla að ábyrgir forustumenn launþegasamtaka á Íslandi tækju gilda sem ígildi raunverulegra kjarabóta, þá bar hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu að setja þessa stefnu fram. Að leggja slík mál fyrir þegar í upphafi þings, ef ekki fyrr, en koma ekki eftir á með hálfkveðnar vísur um að hún sé hugsanlega tilbúin í að gera eitthvað af þessu án þess að nokkur maður, hvorki hér á hv. Alþingi né heldur við samningaborðið sjálft, fái skýr svör, sem hafi einhverja merkingu, um hvað í þessu felst.

Auðvitað er hægt að hafa um þetta langt mál, en ég ætla ekki að gera það að sinni. Mönnum virðast þetta vera flókin mál og menn hafa það sterklega á tilfinningunni að eftir þessi langvarandi og dýru verkföll sé komið í algert óefni. Málin séu komin í öngþveiti. Það er reyndar langt síðan hæstv. ríkisstj. missti öll tök á þróun mála.

Ég vil hins vegar árétta það að hversu flókið sem þetta sýnist vera á yfirborðinu, þá er kjarninn mjög einfaldur. Hæstv. ríkisstj. hefur látið undir höfuð leggjast allan stjórnartímann að hlusta á þær raddir í þjóðfélaginu sem hafa sagt: Þið eruð í þann veginn að misbjóða réttlætiskennd Íslendinga. Þið hafið sætt ykkur við að í landinu eru orðið tvær þjóðir. Það er ekki lengur ein þjóð og ein lög. Það eru tvær þjóðir. Önnur þjóðin hefur fært fórnir að beiðni ríkisstj. í trausti þess að þar á móti kæmu aðgerðir í tæka tíð, sem varðveittu þennan árangur. Það er nákvæmlega þarna sem ríkisstj. hefur brugðist. Hún greip ekki til slíkra ráðstafana í tæka tíð. Þess vegna hefur hún glatað tiltrú, þess vegna hefur hún glatað trausti og þegar hún núna loksins, seint og um síðir, fer að tala um aðrar leiðir, aðra stefnu en fylgt hefur verið hingað til, án þess hins vegar að virða hvort heldur er þing eða verkalýðshreyfinguna þess að útskýra nákvæmlega í hverju þessar tillögur eru fólgnar, þá á verkalýðshreyfingin auðvitað engra kosta völ annarra en þessara venjulegu. Að segja ósköp einfaldlega: Við krefjumst þess að það séu borguð mannsæmandi laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag. — Svo einfalt er það. Það er hin gamla og einfalda krafa launþegahreyfingarinnar þegar hluti þjóðarinnar, sem hefur tekið á sig allar fórnirnar, er orðinn svo hart keyrður að hann ber ekki meiri byrðar. Þegar engar

ráðstafanir hafa verið gerðar allan þennan tíma til að jafna þessum byrðum með öðrum hætti, t. d. í húsnæðismálum, t. d. í vaxtamálum, t. d. í málefnum sjávarútvegsins, þá er að lokum svo komið að tiltrúin er rofin. Þá koma ábyrgir stjórnmálamenn og gera þessa kröfu: Mannsæmandi laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag. En það eru bara engir peningar til. Hvar eru peningarnir? Ef það væri staðreynd í íslensku þjóðfélagi að ástandið í sjávarútveginum, að ytri skilyrði sem við fáum ekki við ráðið væru slík að þetta væri gott og gilt svar, þá yrðum við náttúrlega að beygja höfuð okkar í auðmýkt og sætta okkur við örbirgð. Vegna þess að kjörin eru komin á örbirgðarstig hjá hluta þjóðarinnar. En svarið við því er einfalt. Ef það þarf að gera gagngerðar breytingar í þjóðfélaginu, ef það þarf að gera gagngerðar breytingar á stjórnarstefnunni, ef það þarf að framfylgja gagngerðum breytingum á skattastefnunni, húsnæðismálastefnunni, stefnunni í vaxtamálum, þá ber að gera það sem gera þarf til þess að atvinnulífinu sé unnt að greiða mannsæmandi laun. Þetta er spurning um tilverurétt þessarar þjóðar. Og þetta er spurning um þjóðfélagslegt réttlæti. Ef það þarf að færa til fjármuni frá þeim sem hafa makað krókinn til hinna sem hafa fært fórnirnar og borið allan skaðann þá ber að gera það. Og það ber að gera það hér á löggjafarþingi þjóðarinnar. Þess vegna þurfum við skýr svör. Það á að lækka tekjuskatta. Og hvernig á að mæta því? Það á ekki að mæta því með nýjum neyslusköttum. Það á að mæta því t. d. með því að afnema flestallar, ég segi flestallar, undanþágur frá söluskatti sem mundi færa ríkissjóði milljarða kr. Það á að gera það með því. (Gripið fram í.) Ég kem að því seinna, hæstv. viðskrh. — Það á að gera það með því að einfalda söluskattskerfið þannig að í framkvæmdinni skili það enn öðrum duldum milljörðum kr. sem er stungið undan í því skattakerfi.

Hæstv. viðskrh. sagði: Hækka matvörur. Það eru hundruð undanþága frá söluskattinum nú, hæstv. viðskrh., mörg hundruð, bæði sett með lögum, sett með reglugerðum, sett með auglýsingum, sett með geðþóttaákvörðunum. Þær nema hundruðum. Þegar ég lagði fram fsp. til hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum dögum fékk ég þau svör frá virtum embættismanni í fjmrn. að honum væri nær skapi að biðja um tvö stöðugildi sérfræðinga í fjmrn. til þess að semja þá bók, vegna þess að bókin um undanþágurnar frá söluskatti mundi fylla á annað hundrað blaðsíðna og yrði ekki tilbúin, miðað við það vinnuálag sem á þeim hvílir í fjmrn., fyrr en á bak jólum. (Gripið fram í.)

Ég sagði: Það eru tvær þjóðir í landinu. Önnur þjóðin hefur á löngum tíma, líka á vitlausa áratugnum, hv. 3. þm. Reykv., rakað að sér verulegum eignum. Hvernig? Með því að eiga greiðan aðgang að bankakerfi, með því að fá niðurgreidd ódýr lán, með því að fá allar sínar skuldir dregnar frá sköttum og með því minnkað þá eðlilegu byrði af tekjuskatti sem henni hefði réttilega borið. Þarna eru peningarnir saman komnir. Ég bið hv. þm. að spyrja sjálfa sig einnar spurningar: Hvað halda hv. þm. að það séu margir einstaklingar og lögaðilar á Íslandi sem eiga Ísland eins og nú er komið málum? Og hvað borga þessir aðilar í skatt? Við þessa aðila tel ég að sé kominn tími til að segja, eins og Mondale sagði reyndar við þá sem maka krókinn í þjóðfélagi Reagans það er kominn tími til að segja við þessa aðila í íslensku þjóðfélagi: Veislunni er lokið. Það er kominn tími til þess að borga reikninginn af verðbólgugróðanum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fara nokkuð yfir þau svör og þær spurningar sem hér hafa aðallega verið á dagskrá. Ég vil í fyrsta lagi ítreka spurningu hv. þm. Karvels Pálmasonar varðandi afstöðu fulltrúa ríkisins í stjórn Orkubús Vestfjarða. En þar var um að ræða kjarasamning sem hefur þau ákvæði inni að halda að kaupmáttur launa skuli miðast við það sem verður á fjórða ársfjórðungi 1984. Nauðsynlegt er að fá um það vitneskju hvort ríkisstj. sem slík var þarna höfð með í ráðum og beri því ábyrgð á þessu ákvæði, sem er í rauninni mjög athyglisvert og e. t. v. stefnumótandi í þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir.

Ég lagði fyrir hæstv. forsrh. fjórar spurningar. Sú fyrsta var um kaupmáttartryggingu. Ég spurði hæstv. forsrh. ekki um vísitölukerfi. Það þarf ekkert að vera að snúa út úr mínum orðum með þeim hætti að ég hafi verið að gera kröfur um vísitölukerfi eða það vísitölukerfi sem hér hefur verið og var í gildi. Ég var að spyrja um kaupmáttartryggingu, sem er aðalatriðið. Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Ég held að snúningspunkturinn í kjaradeilunni núna liggi þarna. Vill ríkisstj. með einhverjum hætti stuðla að því að ákveðin verði einhvers konar kaupmáttartrygging eða endurskoðunarákvæði í þeim kjarasamningum sem nú er verið að undirbúa? Ég er sannfærður um það að lykillinn að lausn kjaradeilunnar gæti legið einhvers staðar þarna og ég bið forsrh. að skilja ekki orð mín svo að ég sé hér að tala um eitthvert bandvitlaust vísitölukerfi. Það er ekkert slíkt sem ég er hér að tala um.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson skildi það alveg rétt sem ég var að segja. Ég var að tala um kaupmáttartryggingu, tryggingu þess kaupmáttar sem um er samið, hvernig svo sem að því verður farið. Til þess er hægt að hugsa sér margs konar aðferðir eins og hér hefur verið rætt um undanfarna daga.

Svör forsrh. í þessum efnum voru að vísu skýr að því leyti að hann hafnar algerlega vísitölutengingu. En hann hafnaði ekki þeim möguleika — og það gerði hv. þm. Þorsteinn Pálsson ekki heldur — að tekið yrði á því sérstaklega að sett yrði inn í samninga einhvers konar kaupmáttartrygging. Því hefur ekki verið hafnað af stjórnarliðinu hér í dag.

Í öðru lagi spurði ég: Er það ætlun ríkisstj. að taka það af með lögum sem samið kann að verða um í kaupi umfram kaupmátt fjórða ársfjórðungs 1983? Allar þessar umr. um blandaða leið, um 20% hér og 5% þar, skattalækkun o. s. frv., snúast í raun og veru um þetta atriði. Ríkisstj. hefur bitið sig fasta í það að kaupmáttur launa 1985 megi ekki fara fram yfir fjórða ársfjórðung 1983 og þess vegna er þetta alger lykilspurning. Er ríkisstj. enn með þá skoðun að ekki komi til greina að líða það að kaupmáttur fari fram yfir þessa tölu? Eða er ríkisstj. nú að átta sig á því að hún verður að slaka þarna eitthvað á, m. a. vegna þess að þjóðartekjur urðu hærri á þessu ári en spáð var í febrúarmánuði s. l.? Er hugsanlegt að aðild ríkisstj. að samningnum á Vestfjörðum bendi til þess að menn séu eitthvað að slaka til varðandi þennan fjórða ársfjórðung 1983, en ríkisstj. hefur hangið á honum til þessa eins og hundur á roði? Ég hef spurt aftur og aftur og ég spyr enn: Er ætlun ríkisstj. að miða við þetta eitt og er það þá ætlun hennar

að taka það af með lögum sem samið kann að verða um umfram þetta? Þessari spurningu hefur hæstv. forsrh. því miður ekki svarað.

Þriðja spurningin, sem ég bar hér fram, var varðandi lög. Svör bæði formanns Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. í þeim efnum voru skýr. Þeir sögðu: Lög verða ekki sett í deilunni. Það þýðir að ef þeir nálgast deiluna á síðari stigum með því að setja lög, þá væru þeir að ganga á bak þeirra afdráttarlausu yfirlýsinga sem þeir báðir hafa gefið hér í dag.

Fjórða atriðið, sem ég spurði hér um í dag, var varðandi aðild ríkisstj. að þessu makalausa þriðja bréfi Alberts Guðmundssonar, hæstv. fjmrh. En eins og kunnugt er eru í gömlum bókum ýmis bréf talin til bókmenntaverka og þau nefnd Fyrsta bréf, Annað bréf og Þriðja bréf þeirra sem skráðu. Við förum nú að fá í okkur sögu Fyrsta, Annað og Þriðja bréf Alberts. Þau verða vonandi ekki fleiri því að fjmrn. hefur svo mikið að gera við að svara fsp. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar.

En það sem kom hér fram varðandi Hið þriðja bréf Alberts var það að ríkisstj. ber ábyrgð á því. Forsrh. ber ábyrgð á því bréfi líka. Hann lýsti því yfir áðan að ríkisstj. bæri öll ábyrgð á því bréfi, þar sem mönnum er hótað tugthúsvist. Þá er það skýrt hvaða afstöðu hún hefur til mannréttinda hér í þjóðfélaginu, ríkisstj. í heild og þar með báðir flokkar ríkisstj. Í þessari stöðu væri auðvitað sæmst að Alþingi samþykkti ályktun um að fela fjmrh. að draga öll þessi bréf til baka, enda mætti það verða til þess að greiða fyrir lausn þeirrar erfiðu kjaradeilu sem nú stendur yfir.

Ummæli þau sem hæstv. fjmrh. viðhafði hér um opinbera starfsmenn áðan voru alveg með ólíkindum. Hafði hann þó þau ummæli uppi án frammíkalla sem hafa valdið honum erfiðleikum fyrr í sögunni, eins og kunnugt er. En hæstv. ráðh. talaði orðrétt um það gerræði sem unnið hefði verið af verkfallsvörðum og BSRB. Hér talar sá maður sem ætti að reyna að stuðla að góðu samningsandrúmslofti. Það er alveg bersýnilegt að hann er ekkert á þeim brókunum enn þá.

Varðandi þá skattaumræðu sem hér hefur farið fram vil ég bara leyfa mér að lokum að taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni og hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Vinnuveitendasambandið og ríkisstj. hafa hafnað skattalækkunarleiðinni. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir verkalýðshreyfinguna að fá svör við spurningunni um kaupmáttartrygginguna. Það er þess vegna sem spurningin um kaupmáttartrygginguna er úrslitaspurningin í stöðunni í dag. Ég endurtek hana og vona að hæstv. forsrh. sjái sér fært að gera a. m. k. tilraun til að svara henni hér á eftir.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir það með hv. þm. Karvel Pálmasyni að æskilegt hefði verið að ganga til þeirra skynsamlegu samninga sem um var talað á Vestfjörðum. Þó ber þess að gæta að þeir samningar voru aðeins hugsaðir til skamms tíma og það er ákaflega erfitt að gera samninga um skattalækkun eða skattaívilnanir við einn landshluta. Það þurfa að vera heildarsamningar. **(Gripið fram í:** Það koma fleiri á eftir.) Já, kannske koma fleiri á eftir, en þetta þyrfti að haldast í hendur. En ég tek undir það með hv. þm. að þar voru ólíkar kröfur hafðar í frammi.

Um er spurt, og spyrja reyndar fleiri en einn, hvort ríkisstj. eða Orkubú Vestfjarða sé aðili að kjarasamningi á Ísafirði. Ég verð að svara fyrir þá sem hér eru fjarverandi. Svo er ekki. Þetta var rætt í ríkisstj. strax og fréttist af þessum samningi og eins og frá er greint í Þjóðviljanum, þá er það rétt að ég hafði samband við bæjarstjórnarmenn á Ísafirði og lýsti þeirri skoðun ríkisstj. að þetta a. m. k. jaðraði við lögbrot því að skv. lögum er bannað að vísitölutengja laun.

Ég get hins vegar upplýst það, þó að það sé út af fyrir sig ekki mál ríkisstj. heldur á nokkurn máta, að mér var tjáð að þessi kaupmáttur væri þannig skilgreindur, kaupmáttur síðasta ársfjórðungs 1984, að frá honum skyldi draga þann tíma sem menn hefðu kauplausir verið. Þetta er dálítið merkilegt í verkfalli og þá skilst mér að þessi kaupmáttur verði nú ekkert hár. En það er reyndar best að aðrir skýri þetta nánar. En þetta var mér tjáð sem niðurstaða hjá samninganefndinni fyrir vestan. Þeir hafa lengi verið klókir að skjótast fyrir horn þar.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði, sem ég get reyndar gert að mínu svari við mörgu sem hér hefur verið sagt, að ef svona ákvarðanir, í skattamálum og öðru, eiga að verða liður í kjarasamningum þarf að móta þær sameiginlega. Þetta er svar til flokksbróður hv. þm., Jóns Baldvins Hannibalssonar. Ég er þessu alveg sammála. Þetta reyndist rétt í febr. Þá varð að móta aðgerðir ríkisstj. sameiginlega og það er það sem þessi ríkisstj. vill gera.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir spurði hver væri stefnan í kjaramálum. Það er rétt, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti, að stefna ríkisstj. í kjaramálum er sú að halda verði launahækkunum mjög í skefjum eins og nú er ástatt. Stefnan er hins vegar sú að koma hagvextinum af stað að nýju, bæta stöðu sjávarútvegsins og stuðla að því að nýjar atvinnugreinar geti fest hér rætur og þannig fengist raunverulegar kjarabætur og við endurheimt það sem tapast hefur á undanförnum tveimur árum.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spurði: Hvað um gerða kjarasamninga? Vitanlega er ljóst að þeir valda miklum vandræðum. Þeim yrði ekki rift með lögum, alls ekki. Þessir aðilar, eins og t. d. Ísafjörður og hverjir aðrir aðilar sem hér hafa verið nefndir, eru sjálfstæðir aðilar að kjarasamningum. Þeir hafa lögskipaðan rétt til þess að semja. Það er ekki hægt að stöðva það út af fyrir sig, þannig að ef samningar nást um skattalækkunarleiðina við alla aðra, þá mundu þessir aðilar búa við nokkuð önnur kjör út næsta ár. Ég viðurkenni fyrstur manna að þetta veldur vitanlega erfiðleikum og hefur valdið hjá ýmsum efasemdum um að unnt væri að fara skattalækkunarleiðina, eins og reyndar hefur komið fram t. d. hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hins vegar má kannske hafa það í huga að eftir 6 vikna verkfall bera prentarar reyndar ekki mikið úr býtum eftir þá samninga sem þeir hafa gert. Mér skilst að miðað við það sem þeir höfðu áður samið um, launahækkanir 1. sept. og 1. jan., þá sé þetta kannske um 1—2%, svo að þeir eru út af fyrir sig ekkert öfundsverðir af því sem þeir hafa samið um. En vitanlega er það rétt að þetta veldur vissum erfiðleikum og við það yrði að búa ef þessir samningar nást með skattalækkunarleiðinni.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði um tillögur

VSÍ og ASÍ. Ég hef ekki séð neinar slíkar tillögur, en það má vel vera að hv. þm. hafi betri aðgang að þeim. Þær hafa engar verið mér afhentar. Þeir hafa ekki lagt þær fram í skattanefndinni og mér er ekki kunnugt um að fulltrúar ríkisstj. þar hafi séð þessar tillögur. Ég hef reyndar spurt að því og þeir hafa sagt að þeir hafi ekki séð þær, þær séu ekki enn þá komnar frá ASÍ og VSÍ. Hitt vil ég fullvissa hv. þm. um, að vitanlega verða engar slíkar ákvarðanir teknar án meðferðar Alþingis, og ríkisstj. hlýtur að móta sínar tillögur sem hún leggur fyrir Alþingi að metnum þeim hugmyndum sem koma fram í þessari sameiginlegu mótun, sem hv. þm. Karl Steinar talaði um, og mundi ríkisstj. vitanlega tryggja fylgi sinna flokka við þær. Ég hef ekki séð þessar tillögur um mörg hundruð milljóna niðurskurð í landbúnaði, svo að ég á erfitt með að svara hv. þm.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um kaupmáttartrygginguna. Ég endurtek það að sjálfvirka kaupmáttartryggingu tel ég ekki koma til greina og ég geri ekki mikinn mun á henni og vísitölubindingu. Hvort tveggja getur að vísu verið með mismunandi hætti. Hæstv. fyrrv. forsrh. lagði fram á eigin vegum hér frv., eftir að ekki hafði náðst samkomulag í ríkisstj., um lagfæringu á vísitölukerfinu. Það voru smáskref þar fyrirhuguð í því sambandi. Hins vegar er allt annað mál ef um er að ræða einhvers konar endurskoðunarákvæði. Það er annað mál ef það er ekki sjálfvirkt. Ég vil alls ekki útiloka að slíkt geti komið til greina á órólegum tímum í efnahagsmálum. En það má ekki vera sjálfvirkt. Ég legg á það mikla áherslu. En t. d. ákvæði þess efnis að aðilar settust niður ef kaupmáttur fer niður fyrir eitthvað ákveðið og leituðu leiða til að bæta þar úr, það teldi ég vel koma til greina.

Hv. þm. ítrekaði þá spurningu sína hvort ríkisstj. ætlaði að taka kaupmáttinn af með lögum. Ég skildi það svo að þar væri þá eiginlega um að ræða þá sömu spurningu og spurt var áður, hvort við ætluðum að breyta gerðum kjarasamningum með lögum. Er það ekki rétt hjá mér? (**SvG:** Hvort á að taka það sem er umfram fjórða ársfjórðunginn.) Nei, það er ekki ætlunin að gera það með neinum lögum. Ríkisstj. hefur ekkert slíkt í bígerð. Ég endurtek hins vegar það sem ég sagði áðan, að mikil hækkun kaupmáttar nú hygg ég að verði ekki varin á næsta ári, og með samningum sem hljóða upp á t. d. 13—14% launahækkun fyrir áramótin, eins og er í samningum prentara, þá vitanlega rýkur kaupmátturinn að nafninu til upp á þessum ársfjórðungi. En ég hef ekki nokkra trú á því, og vísa þar til reynslunnar, að það væri unnt að verja hann á árinu 1985 eins og staðan er í sjávarútveginum.

Ég mótmæli því að ríkisstj. eða fjmrh. á hennar vegum hafi hótað tugthúsvist. Þetta eru vitanlega hreinar öfgar. Tugthúsvist verður ekki ákveðin nema af dómstólum og ef Bandalag starfsmanna ríkis og bæja telur sig vera að fara að lögum þarf það ekkert að óttast í þessum málum, þá er ekkert að óttast. Og ég endurtek að ríkisstj. hefur jafnframt ekki ákveðið neinar stefnur. Þeir sem fara að lögum þurfa heldur ekki að óttast slíkt að sjálfsögðu.

Ég vil svo taka það fram að lokum að ég er þeirrar skoðunar að lausn verði að fást á þessum málum mjög fljótlega og mér er kunnugt um það að enn þá eiga sér stað viðræður á milli ASÍ og þeirra aðildarfélaga og VSÍ. Mér er tjáð að viðræður sem voru í gærkvöld hafi ekki verið lokafundur í þessari atrennu. Mér er tjáð að þar muni enn vera skoðuð skattalækkunarleiðin. Ég tel rétt að á meðan hinkri ríkisstj. og BSRB við, en þetta má ekki taka nema 1—2 daga, alls ekki lengri tíma. Ég teldi ákaflega mikilvægt ef unnt væri að fá úr þessu skorið og fá samþykki fyrir þessari leið hjá aðilum hins almenna vinnumarkaðar.

Efri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva, þáltill. 85. mál (þskj. 87). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 87 leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur till. til þál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ed. Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd skv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. að kanna embættisleg afskipti einstakra ráðh. að rekstri þeirra útvarpsstöðva er héldu uppi ólöglegri starfsemi í verkfalli opinberra starfsmanna, m. a. hvort ráðh. hafi látið undir höfuð leggjast að sinna ótvíræðum skyldum sínum eða hafi með atbeina sínum torveldað réttum aðilum rannsókn þessara mála;

2. að kanna afskipti embættismanna af rekstri áðurgreindra útvarpsstöðva og gang kærumála vegna reksturs stöðvanna. Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist. Hún skal í störfum sínum hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist. Fundir nefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en tveimur mánuðum eftir samþykkt þessarar ályktunar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Nú er það öllum kunnugt að þá hurfu starfsmenn Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, brott af sínum vinnustöðum á hádegi þann 1. þessa mánaðar þegar í ljós kom að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. höfðu tekið þá ákvörðun að greiða þeim ekki laun nema fyrir þrjá daga mánaðarins.

Þessi ákvörðun þeirra starfsmanna var auðvitað röng og ég mæli henni ekki bót. En það ber þó að hafa í huga að hún var tekin undir geðhrifum þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að borga fólki ekki kaup. Hún var tekin þegar menn höfðu nýtekið við launaávísunum sem voru frá 70—80 kr. og upp í nokkur hundruð kr. Þessa ákvörðun ber því að skoða í ljósi þessarar aðgerðar hæstv. ríkisstj. sem lögfræðinga greinir mjög á um hvort hafi verið lögmæt eður ei.

Þetta varð til þess að útvarp féll niður og fjölmiðlun átti sér ekki stað í þjóðfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar og lýsi því afdráttarlaust yfir að sú staða megi ekki koma hér upp aftur. Vegna þess að hún er andstæð lýðræðinu og gerir það raunar að verkum að lýðræði er

ekki lengur til staðar nema að afar takmörkuðu leyti.

Það gerðist svo fljótlega að menn fóru að heyra hér til ólöglegra útvarpsstöðva. Ég segi „ólöglegra útvarpsstöðva" enda þótt ráðh. ýmsir og fleiri hafi dregið í efa að þessar stöðvar væru ólöglegar. Skal ég nú rökstyðja það fáeinum orðum hvers vegna ég tel að þessar útvarpsstöðvar hafi verið ólöglegar.

Í fyrsta lagi eru í gildi hér á landi lög um fjarskipti sem Alþingi samþykkti í fyrra. Í 1. gr. þeirra laga eru fjarskipti skilgreind þannig, með leyfi forseta: „Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum."

Síðan segir aftur í 2. gr. þessara fjarskiptalaga:

„Ríkið hefur einkarétt á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja."

Þetta var tilvitnun í fjarskiptalög. Í 1. gr. útvarpslaga segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins."

Um sjálfstæði þeirrar stofnunar geta menn kannske haft vissar efasemdir eftir afskipti ráðh. af starfsemi hennar núna í verkfallinu. Þar á ég við það þegar hæstv. menntmrh. gaf útvarpsstjóra fyrirmæli um að ekki mætti hafa neitt samband eða samskipti við samtök opinberra starfsmanna og þeirra verkfallsnefnd í þessu verkfalli. Ég hef fyrir mér og hef séð bréf hæstv. ráðh. til útvarpsstjóra um þetta efni. (Gripið fram í.) Við getum rætt þetta hér síðar, hæstv. menntmrh. Ég fullyrði það að hæstv. menntmrh. skrifaði útvarpsstjóra bréf og sagði honum að öll samskipti Ríkisútvarpsins vegna þessara mála og núverandi deilu ætti að vera við kjaradeilunefnd. Það stóð að vísu ekki í bréfinu, en þar var undirskilið að verkfallsnefnd BSRB væri ekki aðili að þessu máli. Ráðh. les sjálfsagt mönnum hér þetta bréf á eftir. En um sjálfstæði þeirrar stofnunar gagnvart ráðh. geta menn efast eftir þau afskipti, hygg ég. En það er önnur saga.

Í 2. gr. þessara laga segir:

„Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, þ. e. útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni hvort sem er þráðlaust eða með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum."

Ég hygg að þessi lagaákvæði um einkarétt ríkisins til útvarpsreksturs séu alveg ótvíræð og raunar hafa þau ekki verið dregin í efa fyrr en núna í þessu verkfalli. Ég minnist þess a. m. k. ekki að þessi ákvæði hafi áður verið dregin í efa. Raunar hefur formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, nú látið svo um mælt í þingræðu hér í Nd. að það mætti draga í efa hvort þessi ákvæði væru í samræmi við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Það er athugunarefni þegar slík athugasemd kemur frá formanni stærsta stjórnmálaflokksins á Íslandi.

Ég hygg að með vísan til þessara lagaákvæða, annars vegar í fjarskiptalögum, hins vegar í útvarpslögum, fari það ekkert á milli mála að starfsemi þeirra útvarpsstöðva, sem hér var um að ræða, var ólögleg. Nú skal ég taka það skýrt fram til að fyrirbyggja allan misskilning og útúrsnúning, sem þegar hefur átt sér stað, að ég er fylgjandi því að þessi einkaréttur Ríkisútvarpsins verði afnuminn og fleiri aðilar fái leyfi til að reka útvarpsstöðvar. Ég er fylgjandi því og undirstrika þá skoðun hér. En það er ekki það sem þetta mál snýst um. Þetta mál snýst um það hvort farið var að lögum í þessu tilviki.

Menn tala um frelsið og tjáningarfrelsið fögrum orðum, einkum þeir sem ráku þessar útvarpsstöðvar. Oft á tíðum hafa þeir haft frelsið og tjáningarfrelsið á tungu. En ég vil minna þá ágætu menn og sömuleiðis hæstv. ráðh., sem hér eru, á orð dr. Bjarna Benediktssonar fyrrv. formanns Sjálfstfl. og forsrh. sem hann mælti í ræðu árið 1955 og ég hef áður vitnað til í Sþ. en leyfi mér að vitna til hér enn að nýju í þessari hv. deild. Í bókinni Land og lýðveldi á bls. 271 er ræðukafli sem fyrrv. forsrh. dr. Bjarni Benediktsson flutti á árinu 1955. Hann segir þar:

„Þeir sem unna frelsinu verða að muna að formlegt frelsi er ekki nóg. Þeim ber að hjálpast að til að gera hverjum og einum mögulegt að njóta lífsins og frelsisins og leita hamingjunnar eftir eigin vild innan ramma laganna."

Ég endurtek: „innan ramma laganna", sagði dr. Bjarni Benediktsson. Það er kjarni þessa máls. Ég bið menn að hafa í huga þessi ummæli hins látna leiðtoga Sjálfstfl. sem unni frelsinu og sem unni líka lögum og rétti. Menn geta flett upp í þingtíðindum og lesið hans gagnmerku ræðu um þau efni, manns sem gerþekkti sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og hafði ríka þjóðerniskennd og þjóðernisvitund. „Innan ramma laganna," sagði hann.

En það er eitthvað annað sem núv. forusta Sjálfstfl. hefur að leiðarljósi í þessum málum. Þeir frjálshyggjupostular, peningamagnspostular, sem nú hafa tekið völdin í stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar, hafa þetta ekki að leiðarljósi. Hvað sagði formaður Sjálfstfl. hv. þm. Þorsteinn Pálsson þegar þessi mál bar á góma hér í Sþ. og verið var að ræða um rekstur þessara stöðva? Hann sagði: „Menn hafa fundið æðra lögmál." Það er umhugsunarefni. Það er líka umhugsunarefni þegar haft er eftir ráðh. í útvarpi að svo mörg lögbrot hafi verið framin þessa dagana að það verði að skoða málin í samhengi seinna. Þó að hæstv. ráðh. hafi að vísu síðar gefið skýringu á þeim ummælum sínum var þetta afskaplega óheppilega orðað og gaf vissulega tilefni til að skilja það eins og ég hygg að flestir hafi skilið.

Þessi aðdragandi þessa útvarpsmáls er mönnum býsna kunnur. En það sem þessi till. beinist að er að kosin verði hér sérstök rannsóknarnefnd til að kanna hvort ráðherrar hafi með afskiptum sínum eða afskiptaleysi haft þau áhrif á athugun þessa máls sem ekki samrýmist þeirra embætti og skyldum. Skal ég nú víkja að því nokkru nánar.

Fyrst ætla ég þó að nefna nokkrar dagsetningar því að í till. er einnig vikið að því hvort afskipti embættismanna í þessu máli hafi verið svo sem skyldi. 1. okt. gengu starfsmenn útvarps og sjónvarps út af sínum vinnustað, sem var röng ákvörðun — ég endurtek það. 3. okt. var byrjað að útvarpa úr Valhöll, skrifstofu Sjálfstfl. við Háaleitisbraut 1. 3. okt. hófst fréttaútvarp DV. 5. okt. ritaði útvarpsstjóri saksóknara ríkisins bréf. 8. okt., þremur dögum seinna, skrifar saksóknari bréf til Rannsóknarlögreglu ríkisins. 10. okt. er útsending útvarpsstöðvanna stöðvuð að réttum lögum.

Þeirri rannsóknarnefnd, sem till. er hér gerð um, ber

að kanna hvort þetta mál hafi gengið með eðlilegum hraða fyrir sig, þ. e. hvort þessar dagsetningar, 3. okt., 5. okt., 8. okt., 10. okt. séu eðlilegar. Mig minnir að þegar saksóknari ríkisins taldi ástæðu til aðgerða gegn blaði, Speglinum held ég, hafi verið meiri hraði á öllum aðgerðum. Þá lögðu menn nótt við nýtan dag til að gera þetta blað upptækt sem ég hef aldrei séð og veit ekki hvort ástæða var til að ráðast gegn með þeim hætti sem gert var. En það leið ekki vika frá því að þetta blað var flutt á blaðsölustaði og þangað til það var gert upptækt. En hér líður vika tæp og ég leyfi mér að hafa þá skoðun og taka þá ekki mjög sterkt til orða að það hafi ekki verið mikill áhugi hjá ráðamönnum á því að þetta mál fengi fljótan framgang. Ég leyfi mér að draga það í efa.

Nú eru dagblöð farin að koma út aftur og flytja fréttir af því sem gerst hefur í þessari deilu. Það er fróðleg lesning vegna þess að Morgunblaðið hefur ekki verið til að mynda skoðanir undanfarnar vikur, en nú á að fara að búa til nýjan sannleika. Nú er verið að setja fram nýjar kenningar og nýjar skoðanir í Morgunblaðinu. Í dag er næstum heilsíðuviðtal við framkvæmdastjóra Sjálfstfl. um þetta mál. En áður en ég vík að því og því sem þar gerðist verður að vitna stuttlega til þeirrar skýrslu frá radíóeftirliti Landssímans um för eftirlitsmanna að Háaleitisbraut 1, sem prentuð er sem fskj. með þessu frv. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa þessa skýrslu hér, en hún er svohljóðandi:

„Skýrsla radíóeftirlits Landssímans um för eftirlitsmanna að Háaleitisbraut 1. Reykjavík 4. 10. 1984.
Hr. yfirverkfræðingur,
Gústaf Arnar.

Síðdegis í gær bárust radíóeftirlitinu fréttir um að ólögleg útvarpsstöð væri með sendingar í Reykjavík. Við, undirritaður ásamt Hjálmari Árnasyni skoðunarmanni, fórum þá þegar af stað til leitar. Við miðun frá Suðurveri við Stigahlíð reyndist stefnan vera norður Kringlumýrarbraut á tíðnunum ca. 100, 102, 104 og 106 MHz. Sterkust var sendingin á 102 MHz. Kölluð var til lögregla og kom bíll nr. 25 skömmu síðar. Tveir lögreglumenn voru í bílnum, þeir Haukur Ásmundsson lögreglufulltrúi, nr. 38, og Þórður Þórðarson lögreglumaður, nr. 151. Með stöðuga miðun var keyrt frá Suðurveri norður Kringlumýrarbraut og reyndist þá sendingin koma frá húsi Sjálfstfl. við Háaleitisbraut 1." — Ég endurtek þessa setningu, virðulegi forseti: „Og reyndist þá sendingin koma frá húsi Sjálfstfl. við Háaleitisbraut 1."

„Þar sem auglýsingasími útvarpsstöðvarinnar var gefinn upp í útsendingu hjá auglýsingastofu Ólafs Stephensen, síma 685716 var ákveðið að fara þangað. Í anddyri hússins var staddur Kjartan Gunnarsson, framkvstj. Sjálfstfl., og reyndi hann strax að meina okkur aðgang. Að lokum fékkst leyfi til að fara upp á 3. hæð, þar sem stofan er, í fylgd Kjartans. Þess skal getið að á þessari stundu hafði sending verið stöðvuð. Á auglýsingastofunni voru fyrir nokkrir starfsmenn stofunnar, en Ólafur var ekki við.

Radíóeftirlitið gerði kröfu um að fá að kanna húsakynni stofunnar. Lögreglumennirnir vildu þá kalla til Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjón og kom hann skömmu síðar ásamt Ólafi Stephensen sem einnig var kallaður til. Að sögn Magnúsar viðurkenndi Ólafur fyrir honum að hann hefði leyft afnot af símanúmeri sínu til að taka á móti auglýsingum fyrir „Frjálst útvarp", en að öðru leyti væri hann ótengdur málinu. Ólafur leyfði að radíóeftirlitið skoðaði húsakynni sín og gerðum við það. Ekkert þar inni benti til að sending ætti sér stað þaðan. Radíóeftirlitið gerði þá kröfu til lögreglunnar um að fá að fara upp á þak hússins til að kanna loftnet og leiðslur frá þeim." — Ég vek sérstaka athygli á þessu: „Radíóeftirlitið gerði þá kröfu um að fá að fara upp á þak hússins til að kanna loftnet og leiðslur."

„Magnús Einarsson fór formlega fram á þetta við Kjartan eftir að Magnús hafði áður ráðgast við William Möller lögfræðing lögreglunnar. Kjartan Gunnarsson taldi sig einnig þurfa að ræða við sína lögfræðinga áður en hann tæki slíka ákvörðun. Skömmu seinna kom hann aftur og neitaði að gefa slíka heimild" — þ. e. heimild um að fara upp á þak og horfa á loftnet — „fyrr en hann hefði ráðfært sig við flokkinn á fundi sem ætti að vera á föstudaginn komandi. Jafnframt þessu bauð hann viðstöddum að koma niður á skrifstofu flokksins á 2. hæð.

Davíð Oddsson borgarstjóri, sem áður hafði fylgst með málum, kom í þessu og tilkynnti að hann hafi verið að ræða við ráðh. póst- og símamála" — og skylt er að skjóta því hér inn í að það var þá hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson — „og að ráðh. hefði sagt að þetta væri ekki gert með heimild og vitund sinni. Á flokksskrifstofunni hringdi borgarstjóri aftur í ráðh. póst- og símamála og ræddi við hann um aðförina, rétti síðan Magnúsi Einarssyni símann og sagði að ráðh. vildi tala við hann. Eftir stutt símtal lagði Magnús á og tilkynnti að þar sem yfirmaður póst- og símamála hefði ekki veitt heimild fyrir þessu, þá stöðvaði lögreglan frekari aðgerðir í málinu og færi. Borgarstjóri bað viðstadda að fylgja okkur út úr húsinu og læsa framdyrum hússins."

Þetta er athyglisverður pistill. Þetta er skýrsla opinberra starfsmanna sem voru þarna í löglegum erindagerðum og ætluðu ekki að gera neina húsleit hjá Sjálfstfl. eins og hér hefur verið haldið fram og framkvæmdastjóri flokksins hefur haldið fram. Þeir ætluðu að fá að fara upp á þak hússins og kanna loftnet og leiðslur. Hvers vegna slíkt var ekki leyft geta menn haft ýmsar hugmyndir um. En þarna voru á ferðinni opinberir starfsmenn í löglegum erindagerðum vegna lögbrots sem framið hafði verið og það hefur enginn efi komið fram um að þessi stöð hafi raunverulega verið staðsett í húsi Sjálfstfl.

Nú er hins vegar reynt að búa til aðra mynd og þá kem ég að þessu viðtali við framkvæmdastjóra Sjálfstfl. í Morgunblaðinu í dag. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjartan var þá spurður hvaðan frjálst útvarp hefði sent út." Hann svarar nokkru seinna: „Ég vissi ekki nákvæmlega allan tímann hvaðan við sendum út, " — Er það nú útvarpsstjóri! — „enda er ég ekki mjög fróður um tæknileg efni."

Nú liggur það fyrir í opinberri skýrslu og það er vandalaust fyrir menn með tiltölulega einföldu tæki að miða út slíka stöð með fullkominni nákvæmni. Engar brigður hafa verið bornar á það. En hér í Morgunblaðinu er verið að búa til nýjan sannleika með þessari grein um það að þessi stöð hafi ekki verið í sjálfstæðishúsinu, sem hún var og tiltölulega auðvelt er að fá staðfestingu á. Hér segir í „fréttum", innan gæsalappa þó, sem þetta svokallaða „frjálsa útvarp" þeirra sjálfstæðismanna

sendi út ef fréttir skyldi kalla, með leyfi forseta:

„Breska útvarpið BBC og breska sjónvarpsstöðin VISNEWS hafa myndað upptökur og sendingar frjáls útvarps og von er á fleiri útvarps- og sjónvarpsstöðvum erlendis í heimsóknir í dag og á morgun."

Það eru til myndir af þessari starfsemi í sjálfstæðishúsinu. Hún fór fram a. m. k. á tveimur stöðum, í kjallara hússins og uppi á 2. hæð. Þarna tóku menn myndir. Svo er verið að reyna að búa til nýjan sannleika í Morgunblaðinu um að framkvæmdastjóri flokksins, sem stóð fyrir þessu fyrirtæki ásamt framkvæmdastjóra þingflokks sjálfstæðismanna og fleiri valinkunnum sómamönnum eins og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, hafi ekkert komið nálægt þessu og sjálfstæðishúsið hafi aldrei verið neitt inni í þessari mynd. Þetta er dæmi um vonda fjölmiðlun. Það er ekki beinlínis logið berum orðum í þessu viðtali, en mikið skrambi fer það nálægt því. Þegar svona vinnubrögð eru uppi höfð af hálfu stærsta blaðs þjóðarinnar og framkvæmdastjóra stærsta flokks þjóðarinnnar, hvert stefnum við þá?

En þetta er því miður ekki einsdæmi. Ég hnaut um frásögn í málgagni forsrh. og Framsfl., NT, í morgun sem er umhugsunarefni, að ekki sé meira sagt, í sambandi við fjölmiðlun og fréttaflutning. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einhver tók eftir því á dögunum er Jón Baldvin var í ræðustól á Alþingi og mæltist skörulega sem hans er vandi, að blaðamaður NT skrifaði mikið og af ákefð. Þá var það að Jón Baldvin tók upp eintak af TNT, veifaði því og las úr fréttaskýringu, en kallaði blaðið jafnframt hálfopinbert málgagn Steingríms Hermannssonar. Hætti blaðamaðurinn þá að skrifa, horfði á Jón um stund en reif síðan þau blöð sem hann hafði skrifað á af blokkinni og fleygði þeim í ruslafötuna vitandi að það var ekkert að marka ræðuna."

Ef blaðamennska á Íslandi er komin á þetta stig eins og viðtalið við framkvæmdastjóra Sjálfstfl. í Morgunblaðinu og þessi klausa í NT bera með sér, þá erum við á hættulegum brautum. Menn geta reyndar líka gert það sér til dundurs að lesa þessar svokölluðu fréttir t. d. úr útvarpi þeirra sjálfstæðismanna í Valhöll. Ég ætla að lesa hérna eina setningu, með leyfi hæstv. forseta. Verið er að fjalla um kjaradeilu bókagerðarmanna og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Morgunblaðið hefur á prjónunum að stofna nýtt stéttarfélag þar sem allir starfsmenn ættu aðild að að meðtöldum félögum í Félagi bókagerðarmanna." — „Morgunblaðið hefur á prjónunum að stofna nýtt stéttarfélag." Það er ekki starfsfólkið sem ætlar að stofna stéttarfélag, það er Morgunblaðið sem ætlar að stofna stéttarfélag að mati þeirra háttvísu manna sem stjórnuðu þessu útvarpi þar sem þeir sem skrifuðu fréttirnar voru ekki skrifandi og þeir sem lásu þær voru ekki læsir. „Morgunblaðið ætlar að stofna stéttarfélag."

Á enskri tungu er til orð yfir það sem ég hygg að menn eigi við þarna. Með leyfi forseta kalla Englendingar eða Bandaríkjamenn þetta „company union" og þykir ekki merkilegt fyrirbæri. (Gripið fram í.) Það er allt í lagi þótt hæstv. ráðh. grípi svolítið fram í fyrir mér, ég ruglast ekkert þrátt fyrir það. (**Fjmrh.:** Þú ert ruglaður fyrir.) Já, hæstv. ráðh. verður auðvitað að hafa sínar skoðanir á því og ég geri ekkert til að breyta þeim. Hann má hafa þær í friði fyrir mér. En hversu smekkleg þessi ummæli hans eru, það munu aðrir dæma um en ég.

Ég ætla líka hér að minna á annað í sambandi við skrif um þetta mál undanfarna daga. Það eru ummæli í leiðara DV í gær. Þar segir:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. og Jón Helgason dómsmrh. settu í gang Þórð Björnsson ríkissaksóknara" — taki menn eftir orðalaginu „settu í gang" — „og Hallvarð Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóra. Þessir fjórir framsóknarmenn létu leggja hald á tækin."

Það er ritstjóri sjálfsagt næststærsta blaðs þjóðarinnar sem skrifar þetta. En það er ekki allt búið enn. Hann segir, með leyfi forseta:

„Lesendur þurfa ekki lengur að gera sér að góðu hlutdrægni fréttastofu Ríkisútvarpsins og hinar mjög svo vanstilltu BSRB-fréttir, sem voru skrifaðar í heiftúðugum stíl Völkischer Beobachter" — nasistablaðsins illræmda.

Er svona málflutningur nokkrum manni sæmandi? Er hann sæmandi þeim sem tala um það núna að stofna þjóðarútvarp? Völkischer Beobachter. Þetta er fyrir neðan öll velsæmismörk.

Ég hef, virðulegi forseti, vikið hér að og lesið skýrslu radíóeftirlitsmanna um heimsóknina í Valhöll þar sem rekin var útvarpsstöð. Rekstur þeirrar útvarpsstöðvar í húsakynnum Sjálfstfl. er áreiðanlega einhver mesta pólitíska skyssa sem nokkur stjórnmálaflokkur hefur gert á Íslandi í áratugi. Ég veit að ýmsir sjálfstæðismenn eru því sammála vegna þess að þegar þetta vitnaðist gerðu ábyrgari menn í Sjálfstfl. ráðstafanir til þess að þetta yrði þegar í stað flutt úr húsakynnum flokksins. Og það var gert, en það var bara of seint. Þá var þetta flutt á ýmsa staði hér í bænum. Það var miðað út á mörgum stöðum og til eru skýrslur um það allt saman, Austurbrún, Espigerði og víðar, það liggur allt fyrir. Það er alveg ástæðulaust að vera að fara út í það, ég ætla ekki að gera það.

En það sem hlýtur að skipta hér máli eru afskipti ráðh. og í þessu tilviki afskipti hæstv. póst- og símamálaráðherra, Alberts Guðmundssonar, sem þá gegndi því embætti.

Ég held að þegar hann gefur löglegum eftirlitsmönnum í löglegum erindum fyrirmæli um að skipta sér ekki af málinu, hinni ólöglegu stöð í sjálfstæðishúsinu, þá hafi ráðh. ekki farið eftir réttum reglum. Ég held að það sé heiðarlegast og eðlilegast fyrir alla, fyrir hann líka, að þessi mál séu könnuð og dregin séu fram öll þau gögn sem máli skipta varðandi rannsókn þessa máls. Þegar ráðh. gefur opinberum starfsmönnum fyrirmæli um að skipta sér ekki af máli þar sem löggæslumenn eru á ferð, þá er það athugunar virði hvort hann hafi verið að gera rétt, ekki einu sinni heldur tvisvar. En hæstv. ráðh. er svo upptekinn að tala í símann núna að hann má ekki vera að því að fylgjast með umr. í þessari hv. deild.

En það voru fleiri hæstv. ráðherrar sem höfðu afskipti af þessu máli. Hæstv. póst- og símamálaráðherra Matthías Bjarnason kom til landsins í tæka tíð til þess að hafa af þessu máli nokkur afskipti og þann 7. eða 8. okt. hafði fréttastofa Ríkisútvarpsins samband við Matthías Bjarnason, hæstv. ráðh. samgöngumála, sem því miður er ekki hér á þinginu í dag. Ég ætla að lesa niðurlag þessarar fréttar Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta. Þar segir:

„Einnig hafði fréttastofan samband við Matthías

Bjarnason samgrh. Hann sagði að Landssíminn annaðist öll fagleg mál fyrir Ríkisútvarpið, en að öðru leyti heyrði það ekki undir samgrn. Matthías Bjarnason sagðist ekki ætla að ganga fram fyrir skjöldu í þessu máli nema menntmrn. færi fram á það, þá yrði það gert. Fréttastofan náði í kvöld sambandi við Ragnhildi Helgadóttur menntmrh. Hún sagði að það væri svo margt aðhafst ólögmætt þessa dagana að það yrði að skoða það í heild þegar verkfallinu lyki."

Ég hygg að þetta hafi verið á föstudagskvöldi. En ráðh. hefur auðvitað fengið afrit af öllum fréttum Ríkisútvarpsins og veit þetta væntanlega betur en ég. Það hefur komið fram í fréttum. (**Menntmrh.:** Hver hefur sagt það?) Það hefur komið fram að ráðh. hafi beðið fréttastofu Ríkisútvarpsins um eintök af öllum fréttum fyrstu dagana. Ég hef ekki annað en orð starfsmanna fyrir mér um þetta og ég hygg að þeir hafi ekki verið að ljóstra upp neinu leyndarmáli. Raunar er ekkert við það að athuga. Ráðh. getur eins og aðrir fengið afrit af öllum fréttum Ríkisútvarpsins. Það er öllum mönnum frjálst.

Það er athugunarefni hvort hér hafi verið rétt að staðið. Því má svo við þetta bæta að fram kom að Póstur og sími óskaði eftir að fá undanþáguheimild til starfa fyrir einn mann til viðbótar til að vinna að mælingum á útsendingum þessara ólöglegu útvarpsstöðva. Sú beiðni var lögð fram en af hálfu hæstv. samgrh. var hún síðan dregin til baka. Það væri ekki ástæðulaust að fá skýringar hæstv. ráðh. á þeirri ráðstöfun. Hann hefur sjálfsagt einhver rök fyrir því.

Það er líka athyglisvert að hugleiða aðgerðaleysi hæstv. fjmrh., þáv. póst- og símamálaráðherra í ljósi þess sem hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson sagði í ræðu hér í gær, með leyfi forseta:

„Framkvæmdavaldið setur ekki lögin. Það er Alþingi sem setur lögin. Framkvæmdavaldið starfar ekki sem dómsvald. Það er þriðji aðilinn. En framkvæmdavaldinu ber skylda til að fara að lögum og eitt af því sem því ber skylda til er að benda á lögbrot til þess að dómsvaldið geti fjallað um þessi lögbrot og tekið ákvörðun um refsingar eða ekki refsingar. Menn verða þá bara að átta sig á því hvaða lög þeir eru að brjóta. Ef það er rétt að menn eru viljandi að brjóta lög sem kostar þá kannske átta ár í fangelsi eða meira, þá er eins gott að þeir viti a. m. k. hvaða lög þeir eru að brjóta og hvaða afleiðingar það getur haft."

Þetta mælti hæstv. fjmrh. hér á þingi í gær. En hann kom í veg fyrir að embættismenn ríkisins gætu sinnt eðlilegum störfum sínum í Valhöll, húsi Sjálfstfl., að þeir gætu fengið að fara þar upp á þak og horfa á loftnet og leiðslur. Hæstv. ráðh. skuldar þjóðinni skýringu á þessu. Ég held að þegar þessi mál verða seinna skoðuð í samhengi muni það heyra til fádæma og þykja með eindæmum að stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar hafi gerst með þessum hætti verndari lögbrjóta, hafi skotið skjólshúsi innan sinna veggja yfir starfsemi sem ég tel mig hafa leitt ótvíræð rök að að var ólögleg. Ég hygg að það þyki ýmsum tíðindi að flokkur dr. Bjarna heitins Benediktssonar skyldi beita sér fyrir slíku atferli. Raunar veit ég að þetta vakti réttláta reiði margra flokksmanna Sjálfstfl.

Þetta er ekki spurningin um það hvort menn vilja fleiri útvarpsstöðvar eða ekki. Þetta er spurningin um að hlíta þeim lögum sem Alþingi hefur sett. Á það að vera svo að ef Sjálfstfl. líka ekki þau lög taki hann þau í sínar eigin hendur eins og gert var í þessu tilviki. Ég held að það ætti að vera okkur öllum umhugsunarefni.

Það mætti auðvitað, virðulegi forseti, tala um þetta langt um lengra mál, en ég er ekki viss um að ástæða sé til þess nú. Ég þykist hafa leitt að því rök að afskipti hæstv. ráðh. af þessu máli hafi ekki verið með þeim hætti sem eðlilegur má teljast. Ég þykist líka hafa leitt að því rök, m. a. með því að lesa hér dagsetningar, að þetta mál hafi ekki fengið hraða meðferð í kerfinu. Hvort það var eðlilegt eða óeðlilegt, um það skal ég ekki dæma. Það getur átt sér sínar skýringar, en þá er eðlilegt að þær komi í ljós. Ekki dugar að segja, eins og formaður Sjálfstfl. gerði, að menn hafi fundið æðra lögmál, það dugar ekki. Ég held að brýnt sé að allar staðreyndir þessa máls verði dregnar fram í dagsljósið.

Ég hef nokkra vissu fyrir því að þessi skýrsla, sem hér hefur verið vitnað til um för eftirlitsmannanna í Valhöll, hafi ekki endilega átt að birtast opinberlega. Um þetta mál, heimsóknina í Valhöll, eru líka til lögregluskýrslur. Ég hef ekki séð þær, en ég held að ástæða væri til að menn fengju að sjá þær nema að það eigi að stinga þeim undir stól. Ég skora á hæstv. ráðh., ef skjöldur Sjálfstfl. og þeirra er jafnhreinn í þessum efnum og þeir hafa viljað vera láta, að beita sér þá fyrir því að allar skýrslur og gögn um þetta mál verði lögð fram og verði þeim tiltæk sem vilja kynna sér hvort rétt hafi hér verið staðið að málum.

Í deilum eins og hér hafa staðið undanfarnar vikur gerist ýmislegt sem menn vildu að hefði kannske verið á einhvern annan veg á báða bóga. Menn segja kannske ýmislegt sem menn vildu ekki sagt hafa. En alltaf eiga menn leiðréttingu orða sinna þó að töluð orð verði hins vegar ekki tekin aftur. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir andrúmsloftið í þjóðfélaginu og nauðsynlegast af öllu fyrir flokk laga og réttar, Sjálfstfl., að þetta mál verði rannsakað fyrir opnum tjöldum og almenningur fái að vita alla söguna. Ég vona að sú saga verði ekki ljótari en það sem þegar liggur fyrir í skýrslum um þetta mál.

Ég ætla ekki að sinni, virðulegi forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. Það gefst sjálfsagt tilefni til þess að tala hér aftur við þessa umr.

Ég legg til að er umr. lýkur hér verði umr. um till. frestað og henni vísað til hv. allshn. þessarar deildar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Á Íslandi hefur það verið svo um langan aldur að mönnum hefur verið tiltæk viss hjálp í fréttaleysi og fásinni. Þessi hjálp hefur verið látin í té af gamalli konu sem hét Gróa og var kennd við bæinn Leiti. Gróa þessi hefur nú greinilega verið hjálpsöm þegar hv. 5. landsk. þm. skrifaði ræðu sína, enda var það svo að undir lok máls síns sagði hv. þm.: Menn segja ýmislegt sem þeir vildu ekki sagt hafa. Það hugsa ég að hann eigi eftir að staðreyna hjá sjálfum sér.

Ég vil víkja að nokkrum atriðum sem voru dylgjur að mínu mati ósæmilegar og sjálfsagt að svara undir eins ef það mætti verða til að létta á kostnaði ríkisins við störf rannsóknarnefndarinnar ef hv. þd. sér ástæðu til að samþykkja till. með heimild í 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Með leyfi hæstv. forseta hljóðar greinin svo:

„Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildar- þingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenn-

ing varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Nú getur starf slíkrar nefndar orðið æði tafsamt, ef henni eru ekki veittar allar þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir, og ég vil víkja að nokkrum atriðum.

Hv. þm. hélt ýmist fram nokkrum atriðum eða þá að hann dylgjaði um óviðurkvæmileg afskipti mín af því máli sem hann fjallar hér um. Einkum hefur honum sem og mörgum þm. stjórnarandstöðunnar orðið tíðrætt um lítið svar sem ég gaf í Ríkisútvarpinu 6. okt. Þá spurði fréttamaður mig hvað ég hygðist gera í málum hinna ólöglegu útvarpsstöðva. Þannig stóðu mál þá að degi áður hafði útvarpsstjóri kært þessar stöðvar til ríkissaksóknara þannig að málið var í höndum ákæruvaldsins. Málið var þar. Það var í höndum þeirra aðila sem með kærur fara þannig að á því stigi málsins var ekki um margt að ræða að því er verkefni ráðh. varðaði að þessu leyti til. Hitt er öllum mönnum frjálst að vita, sem ég hef margoft lýst yfir, að ég er einlægur fylgismaður þess að afnema einkarekstur ríkis á útvarpi. Mér þykir það jafnfráleitt að hafa einkarekstur ríkisins á útvarpi eins og væri um einkarétt ríkisins á öðru tjáningarformi.

Það er fjöldi manna í þjóðfélaginu og mér er nær að halda meiri hluti sem lítur á þetta sem sjálfsagt réttindamál. Mörg þjóðfélög líta svo á að lagaákvæði sem skerða slíkt tjáningarfrelsi með almennum hætti, eins og gert var í þessu tilfelli, gangi í berhögg við grundvallarréttindi manna til frjálsrar tjáningar. Og stjórnarskrá gengur framar lögum. Það eru til dómar í veröldinni sem um slíkt hafa gengið. Mér er alveg ljóst að undir venjulegum kringumstæðum gengi leyfislaus fjarskiptastarfsemi, sem flytti útvarpsefni til almennings, hvort heldur er um þráð eða þráðlaust, í berhögg við einkaréttarákvæði Ríkisútvarpsins að því er útvarp varðar og einkarétt ríkisins á vegum Póst- og símamálastofnunar að því er fjarskipti varðar. Þetta er ekki nokkurt einasta vafaatriði. Hitt er annað mál að við þær aðstæður þegar útvarpsstöðvar, tvær eða þrjár eða fjórar eða fimm eða hvað þær eru nú margar þessar stöðvar, spruttu upp dagana eftir skyndilokun útvarpsins, þá virðast þær hafa borið fyrir sig neyðarréttarsjónarmið svo og stjórnarskrárákvæði um tjáningarfrelsi. Ég skal ekki leggja dóm á það atriði, ekki vegna þess að ég hafi ekki skoðun á þeim málum, heldur vegna þess að þetta mál er til umfjöllunar hjá dómstólum og það er þeirra að skera úr um þetta atriði. En neyðarréttur er sú aðstaða þegar athæfi, sem undir venjulegum kringumstæðum væri ólögmætt, verður lögmætt vegna sérstakra annarra atvika, annaðhvort vegna þess að það er verið að afstýra hættu eða neyð. M. ö. o.: Það er hagsmunamat sem er lagt til grundvallar við dóma á slíku tilviki, þannig að aðstaðan sem fyrir hendi er gerir það réttmætt að fórna því, sem þá er talið minni hagsmunir, fyrir meiri. Að mati þeirra sem bera fyrir sig neyðarréttarsjónarmiðin er þarna um að ræða að meiri hagsmunir hafi verið fólgnir í því að menn fengju að koma einhverjum fréttum til almennings gegnum útvarp og þá þess heldur að það lágu niðri póstsamgöngur, blöð voru ekki, sími ekki í fullkomnu lagi og Ríkisútvarpið hafði verið alveg lokað. Þessi atriði eru til umfjöllunar hjá réttum aðilum.

Ég efast ekki um að hv. þingdeild taki mikið tillit til dóms hv. 5. landsk. þm., en ég vil minna á að það eru aldir síðan Alþingi hafði dómsvald og dómur eins þm. um slíkt stenst ekki ef lögmætur og til þess skipaður dómstóll kemst að annarri niðurstöðu. Ég held sem sagt að í þessu máli sé það eitt að gera, ef menn vilja fá skorið úr um lögmæti þessa, að bíða eftir niðurstöðu dómstólsins. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Þegar tilvitnuð ummæli hæstv. póst- og símamálaráðherra, hæstv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar, voru uppi höfð um að hann aðhefðist ekkert í þessu máli án þess að ósk kæmi fram frá menntmrh., þá var þegar búið að senda málið til ákæruvaldsins. Það var hjá ríkissaksóknara og var til umfjöllunar þar. Að því er varðar hraða málsins skal ég ekki um það segja hvað er eðlilegur hraði í slíku máli. Um það er ég ekki dómbær. Hv. þm. er væntanlega að beina örvum sínum að ríkissaksóknara eða starfsmönnum hans, ég átta mig ekki alveg á því. En hvað sem um það er skiptir meginmáli að fá dómsniðurstöðu í þessu máli til að fá skorið úr um lögmæti.

Hitt er svo annað mál að það getur vel verið að við komumst að þeirri niðurstöðu að atferli sé ólögmætt vegna þess að lögin mæla fyrir á þennan veg eða annan, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ef okkur þykja lögin óréttlát eigum við vitanlega að vinna að því að breyta þeim og það er það sem við erum að gera núna hér í hv. Alþingi. Það er allt annað mál. Ég vona að áhyggjur hv. þm. af þessu máli, sem auðvitað blandast saman við flokkslegar áhyggjur hans, verði nú ekki til þess að trufla hann í fyrri afstöðu hans til þess að rýmka útvarpslögin, en ég þykist vita að hann hafi verið einn þeirra sem voru þeirrar skoðunar að svo bæri að gera.

Hv. þm. nefndi í ræðu sinni að hafa bæri lögin að leiðarljósi og það er alveg rétt. Ef okkur líka ekki lögin, ef okkur finnast þau ranglát, þá skulum við reyna að breyta þeim. En ef við ætlum að hafa lögin að leiðarljósi skulum við líka átta okkur á því að allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum og þó að okkur líki ekki skoðanir einhverra, sem við teljum hafa brotið lög, á ekki að taka þá eina út úr og láta þá sæta sérstakri meðferð fremur en annað fólk. Vissulega á að framfylgja lögunum. Eins og fram kom í umr. í gær í hv. Nd. er eins og mönnum finnist það ekki gilda einu hver í hlut á því að allt í einu segja menn að þeir efist um hvort lögmæt hafi verið t. d. athöfn eins og sú sem hv. þm. Eiður Guðnason nefndi hér áðan, þegar útvarpinu var lokað skyndilega 1. okt. Hv. þm. segir að það sé umdeilt meðal lögfræðinga. Það má vera að það sé umdeilt meðal lögfræðinga, en engan lögfræðing hef ég heyrt halda því fram að sú athöfn hafi verið lögmæt. (**EG:** Útborgun launanna, hæstv. ráðh. Lögfræðinga greindi á um það.) Það er rétt að málinu um útborgun launa var vísað til dómstóla líka. Við getum haft þá skoðun og ég hef þá skoðun að það hafi að vísu verið löglegt að greiða ekki út öll októberlaunin. Hitt getur menn greint á um, hvort það var hyggilegt eins og málin stóðu. Ég hygg að það hafi verið löglegt. Laun eru endurgjald fyrir unna vinnu og ef það liggur fyrir fram fyrir að menn ætla ekki að vinna þá vinnu sem þeir fá fyrir fram greidda er alveg ljóst að þá hljóta þau laun að mega lækka. Hvort það ætti að koma til framkvæmda við þessi mánaðamót eða síðar, það kemur mönnum ekki saman um og um það má vafalaust deila. Þessi

varð nú niðurstaðan að þessu sinni. Aftur á móti finnst mér það harla sérkennilegt ef menn eiga að láta það gott heita að eini fjölmiðill landsins sem heitir útvarp sé lokaður landsmönnum gersamlega að óvörum og þá þess heldur þegar vitað var að hann átti að lokast vegna verkfalls þrem dögum síðar og mönnum því nauðsyn að koma ýmiss konar tilkynningum á framfæri einmitt vegna þessa afbrigðilega ástands. Mönnum voru allar bjargir bannaðar fyrirvaralaust.

Þetta er atriði sem er mjög mikið áhyggjuefni. Það er auðvitað alveg rétt og engin ástæða til að efast um að það voru mörg lögbrot framin þessa dagana og eru. Það verður því miður að segjast eins og er að ekki hefur tekist að halda uppi lögum í landinu þessa daga nú í verkfallinu að öllu leyti, eins og menn vilja gera undir eðlilegum kringumstæðum. Okkur er öllum kunnugt um tjón sem af því hefur leitt.

Hv. þm. vék að því og þótti skemmtilegt eða hélt það væri staðreynd, að ég hefði fengið afrit af öllum fréttum Ríkisútvarpsins. Ég þykist vita af hverju hv. þm. heldur þetta. Þannig var og þannig er að lögum samkvæmt þá á einstaklingur sem á sig telur hallað í fréttum Ríkisútvarpsins rétt á því að fá afrit af þeim fréttum. Eftir að ég hafði svarað með þessari litlu setningu í útvarpi sem þýðir ósköp einfaldlega að menn eigi að vera jafnir fyrir lögunum, þá voru tilkallaðir í fréttatíma Ríkisútvarpsins í hádeginu sunnudaginn eftir talsmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna til þess að útskýra mín ummæli, en mér var hins vegar enginn kostur á því gefinn. Það var enn þá haldið áfram að víkja að mínum ummælum í þessa veru í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins. Þetta frétti ég hins vegar ekki fyrr en um áttaleytið um kvöldið. Þá var hringt í mig utan af landi og sagt: Þetta er ekki rétt. Mér var tjáð eftir minni þess sem talaði hvað sagt hefði verið og hverjir hefðu verið dregnir inn í þá umr. Þarna var um rangtúlkanir og rangfærslur að ræða. Vel má vera að fréttamönnum þyki þetta viðeigandi vinnubrögð. Mér þykir það ekki. Mér þykir þetta vera fyrir neðan virðingu þeirra sem hafa einkarétt á hinu talaða orði í útvarpi. Af þessum sökum óskaði ég eftir þessum fréttum. Þær fékk ég og þær hef ég, ef hv. þm. skyldi einhvern tíma hafa löngun til að líta á þær. Ég held að þær séu til enn þá. Eins og hann sagði auðvitað sjálfur eru fréttir Ríkisútvarpsins þar að auki alls ekkert leyndarmál. Hefði kannske verið ráð hjá Ríkisútvarpinu þessa daga að selja ljósrit af fréttum sínum þannig að þeir sem misstu af fréttatímum fengju nú einhverjar fréttir af því sem væri að gerast í veröldinni. En það er nú önnur saga. Það hefði þó vissulega verið hugsanlegur möguleiki því að ekki eiga allir kost á að heyra fréttir einmitt á þeim tveimur tímum sem þær eru fluttar.

Ég vil víkja að einu atriði sem ég hef sérstaka ástæðu til að leiðrétta hjá hv. þm. Hv. þm. sagði að menn efuðust um sjálfstæði Ríkisútvarpsins eftir afskipti ráðh. og þau afskipti áttu að hafa verið fólgin í því að ég hefði bannað útvarpsstjóra að hafa samskipti við BSRB eða verkfallsnefnd. Útvarpsstjóri og hver sem er annar má tala eins mikið við menn úr BSRB og honum sýnist án minna afskipta. Það sem var hins vegar um að ræða var þetta: Ef sótt er um undanþágu til kjaradeilunefndar fyrir því að menn megi vinna sem í verkfalli eru eða séu menn úrskurðaðir vinnuskyldir í verkfalli, þá á ekki að byrja að framkvæma þá vinnu fyrr en úrskurður kjaradeilunefndar liggur fyrir. Það var það sem ég tjáði útvarpsstjóra, að lögum samkvæmt væri það kjaradeilunefnd sem hefði þetta úrskurðarvald og Ríkisútvarpinu bæri að hlíta þeim úrskurði eins og öðrum ríkisstofnunum að farið sé að lögum. Ég get ekki séð að sjálfstæði Ríkisútvarpsins skerðist af þessum ástæðum fremur en annarra stofnana, nema að því leyti til sem sjálfstæði stofnana og frelsi manna er innan ramma laganna eins og hv. þm. vitnaði réttilega til. Það er vitanlega innan ramma laganna. Og ekki nóg með það. Þessu frelsi fylgir sú ábyrgð að beita því þannig að það bitni ekki á mannréttindum annars fólks.

Ég held nú að það hafi ekki verið fleiri atriði í ræðu hv. þm. sem ég hafði sérstaka ástæðu til þess að svara. En mér finnst engin ástæða til að eyða tíma hv. Alþingis í það að tjá því hvað eftir annað sömu Gróusögurnar, eins og hér hefur verið ýjað að í síðustu ræðu að því er þetta varðar. (**EG:** Hvaða Gróusögur, hæstv. ráðh.?) Ja, um það t. d. að ég hafi bannað útvarpsstjóra að hafa samskipti við BSRB og um það að efast mætti um sjálfstæði Ríkisútvarpsins eftir þau afskipti ráðh. að skrifa Ríkisútvarpinu bréf um hver hefði úrskurðarvald um vinnuskyldu í kjaradeilum. Það stendur í lögum. Einnig má nefna dylgjur í sambandi við það að menntmrh. hefði ekkert aðhafst í málinu. Það var komið til ákæruvaldsins. Það var komið til umfjöllunar réttra aðila. Mér er alveg óskiljanlegt hvað hv. þm. á við. En það er nú svo með menn sem eru illa staddir í pólitíkinni að þeir missa stjórn á sér svo að þeir rífa hár sitt og skegg, þeir sem það hafa. Þetta er í óeiginlegri merkingu vitanlega, og menn vita bara ekki hvað þeir eiga að segja næst. Og þeim verður á, eins og hv. þm. sagði áðan sjálfur, að „segja ýmislegt sem þeir vildu ekki sagt hafa." Ég ítreka að ég hygg að það eigi hv. þm. eftir að finna hjá sjálfum sér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er rétt að láta þess getið áður en næsti ræðumaður stígur í stól að þannig stendur á að það er nýhafinn ríkisstjórnarfundur. Hann hófst kl. 3 og þar af leiðandi munu ráðherrar ekki verða hér í húsinu næstu mínúturnar og jafnvel klukkutímana. Mér er ekki kunnugt um hvað sá fundur stendur lengi. Ég veit ekki hvort hv. 1. flm. þessarar till. óskar eftir að málinu verði frestað, en ég teldi e. t. v. að það væri ekki óeðlilegt að svo yrði. (Gripið fram í.) (**Menntmrh.:** Ég óska eindregið eftir því að málinu, sem fjallar um rannsóknarnefnd út af meintu atferli ráðh., sé frestað.) Hæstv. menntmrh. hefur óskað eftir að þessu máli verði frestað. Þar sem málið varðar hæstv. menntmrh., eins og hér hefur komið fram, tel ég eðlilegt að verða við þeirri ósk.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er alveg laukrétt að mál þetta varðar hæstv. ráðh. meira en lítið. Það var vitað fyrir löngu að málið mundi verða á dagskrá hér kl. 2 í dag og ég tel það koma úr hörðustu átt og vera nánast einsdæmi að ráðherrar skuli þá hreinlega stinga af frá fundi, sem átti að fjalla um þeirra mál sérstaklega, á ríkisstjórnarfund, á fundartíma sem aldrei er ætlaður ríkisstj. Sem betur fer eru ákveðin verkaskipti viðhöfð í samskiptum ríkisstj. og Alþingis. Alþingi heldur yfirleitt ekki fundi þegar ríkisstj. er á fundum, sem er yfirleitt á morgnanna eða þá síðla dags ef svo ber undir. En ríkisstj. heldur að sjálfsögðu ekki

fundi á þeim tímum þegar Alþingi hefur sinn sérstaka fundartíma, milli 2 og 4. Það að ríkisstj. skuli flýja af hólmi og halda til fundar á miðjum venjulegum fundartíma Alþingis er auðvitað hreint hneyksli. Ég mælist eindregið til þess að forseti deildarinnar gæti virðingar Alþingis og krefjist þess af ráðherrum að þeir séu hér viðstaddir til kl. 4 til þess að þessi umr. megi fara fram.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Mér finnst alveg einsýnt að það eigi að fresta þessari umr., þegar ráðh. hefur óskað eftir því, vegna þess að hún er einmitt um afskipti ráðh. af tilteknu máli og hún er um það að setja rannsóknarnefnd í málið. Mér finnst sjálfsagt að orðið verði við þeirri beiðni.

Nú er það svo að einstakir ráðherrar í ríkisstj. eru skyldugir að sækja ráðherrafundi. Ef forsætisráðherra boðar fund eru ráðherrar skyldugir að mæta nema þeir hafi lögmæt forföll. Ég efast stórlega um að það verði talin lögmæt forföll þó að umr. fari fram í þinginu. En ég vil ekki draga þá ályktun af þessu að þess vegna skuli umr. halda áfram. Mér finnst það ekki aðeins sjálfsögð tillitssemi heldur sjálfsagt að umr. verði frestað. Ég sé ekki að það sé nein sérstök ástæða til þess að halda henni áfram nú án þess að ráðherrar séu viðstaddir. Hún verður einfaldlega endurtekin þegar kemur að því að þeir verða viðstaddir. Ég er því sannfærður um að það er í samræmi við venju og eðlileg vinnubrögð að fresta þessari umr. þangað til ráðherrar geta verið viðstaddir.

Ragnar Arnalds: Ég ítreka það sjónarmið mitt, virðulegi forseti, að það er dónaskapur við Alþingi að boða ríkisstjórnarfund á þeim tíma sem hæstv. forsrh. hefur nú gert. Þess vegna tel ég eðlilegast og sjálfsagðast að forseti deildarinnar beiti sér fyrir því að þessum ríkisstjórnarfundi sé frestað og ráðherrarnir mæti hér og svari fyrir sig, einkum og sér í lagi vegna þess að málið snertir þá æðimikið eins og hér hefur komið fram.

Hitt get ég tekið undir, að ef virðulegur forseti hefur ekki erindi sem erfiði og fær ekki ráðherrana á þennan fund er auðvitað ekki um neitt annað að gera en að fresta umr. Það segir sig sjálft. Ekki förum við að halda hér umr. áfram ef ráðherrarnir eru ekki viðstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það verður að ætla að hæstv. ríkisstj. hafi gilda ástæðu til að boða ríkisstjórnarfund á þessum tíma. (**Gripið fram í:** Það á nú eftir að sjást.) Jafnframt hefur hæstv. menntmrh. óskað eftir að þessum umr. verði frestað og það verður orðið við þeirri ósk. Þar af leiðandi er málinu frestað og það tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 83. mál (þskj. 85). — 1. umr.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Flm. ásamt mér er hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson. Þetta er 83. mál Ed. á þskj. 85.

Þetta frv. er endurflutt óbreytt frá 105. og 106. löggjafarþingi. Grg. fylgja þrjú fskj.; grein eftir Jón Sigurðsson um starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, grein eftir Friðrik Pálsson um starfshætti Verðlagsráðs sjávarútvegsins og grein eftir Vilmund Gylfason um frjálst fiskverð úr Nýju landi frá 1981.

Vilmundur Gylfason lagði þetta frv. fyrir 105. löggjafarþing.

Þetta frv. um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins felur í sér eina breytingu þess efnis að 10. gr. laganna falli niður, en í stuttu máli fjallar 10. gr. laganna um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins með oddamanni frá Þjóðhagsstofnun. Með slíku fyrirkomulagi hefur ríkið bein afskipti af ákvörðun um fiskverð.

Þegar útflutningsbótakerfið var lagt niður í ársbyrjun 1960 var ákveðið að opinberum afskiptum af fiskverðsákvörðunum skyldi hætt og teknir upp frjálsir samningar um verð milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Þessi tilhögun reyndi á þolrif samningsaðila því komið var nærri vertíðarlokum áður en samningar tókust um fiskverð, en ekki kom samt til verkfalla.

Í upphafi árs 1961 voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna. Meginefni hinna nýju samninga var gagnger breyting á hlutaskiptareglum sem miðast við það m. a. að sjómenn taki sinn hlut úr sama verði og útgerðarmenn fengju fyrir fiskinn, en það hafði ekki áður verið. Framvegis skyldi hvorki samið um sérstakt skiptaverð, eins og áður hafði verið gert, né um frádrag frá fiskverðinu áður en til hlutar væri reiknað. Með þessum breytingum urðu hagsmunir sjómanna við verðlagsákvörðun enn skýrari en áður, en sjómenn gerðu vitaskuld þá kröfu að eiga beina hlutdeild að öllum fiskverðsákvörðunum. Eins og allir vita í dag standa þessir samningar ekki vegna þess að með lögum hefur skiptaverði verið breytt, mikill hluti verðmæta aflans fer fram hjá skiptum.

Árið 1961 lá nærri að til verkfalla kæmi hjá síldveiðiflotanum vegna þess að ekki hafði tekist að ákveða verð á síld. Skipaði páv. sjútvrh., Emil Jónsson, nefnd átta manna, einn frá hverju hagsmunasambandi. Á vegum þessarar nefndar var samið frv. til l. sem varð stofn að lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Með þessum lögum var gert ráð fyrir að hagsmunaaðilar semdu um verð á sjávarafurðum óháðir ríkisafskiptum.

Breyting var gerð á þessum lögum í des. 1964, á skipun yfirnefndar sem fól í sér að forstöðumaður Efnahagsstofnunar eða fulltrúi hans var gerður sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar. Þetta ákvæði er enn óbreytt nema hvað Þjóðhagsstofnun er komin í stað Efnahagsstofnunar. Þar með tekur ríkisvaldið sér stöðu á milli samningsaðila. Þessi tilhögun hefur leitt það af sér að ójafnvægi hefur skapast milli fiskkaupenda og fiskseljenda. Hefur ríkisvaldið því vegna afskipta sinna af fiskverðssamningum gripið til ýmissa hliðarráðstafana, svo sem gengisfellinga eða uppbóta úr verðjöfnunarsjóðum. Þessar ráðstafanir hafa sjaldnast dugað lengur en þrjá mánuði með tilsvarandi verðbólguhækkunum og þörf á endurtekningu vegna hækkunar á rekstrarkostnaði.

Í fskj. II með þessu frv. segir í grein eftir Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóra Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem birt var í tímaritinu Ægi 1978, með leyfi

hæstv. forseta:

„Á því er enginn vafi, að stofnun Verðlagsráðs sjávarútvegsins á sínum tíma og svo stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins voru spor í rétta átt, en því miður er svo komið, að hvorug þessara stofnana stendur lengur undir nafni. Það gerist æ algengara í störfum beggja þessara stofnana, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar og aðrir embættismenn í krafti ríkisstj. ákveði bæði fiskverð yfirnefndar Verðlagsráðs og viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóði. Þær ákvarðanir eru sjálfsagt ekkert verri fyrir það, en við erum komin langt frá upphaflegum tilgangi með stofnun Verðlagsráðs, sem var að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda án beinna afskipta ríkisstj."

Síðan þessi grein var skrifuð eru liðin sex ár og ástandið hefur versnað með hverju árinu, þori ég að fullyrða.

Ég ætla í sem stystu máli að fara yfir hvernig þessar ákvarðanir hafa verið teknar frá því 1961 til dagsins í dag, en ég tíundaði þetta nokkuð á s. l. ári þegar ég mælti fyrir samhljóða frv.

Á árunum 1961—1982 hafa verið teknar alls 273 ákvarðanir um fiskverð af yfirnefnd Verðlagsráðs. Þar af hefur samkomulag náðst 65 sinnum. Ákvarðanir um fiskverð þar sem atkvæði oddamanns var notað með seljendum gegn kaupendum voru 110, en með kaupendum gegn seljendum 71. 23 ákvarðanir um fiskverð hafa verið teknar með atkvæði oddamanns og annarra fulltrúa á víxl eða með hjásetu. Oddamaður hefur fjórum sinnum úrskurðað fiskverð einn. M. ö. o. hefur 65 sinnum orðið samkomulag á meðan oddamannsúrskurður hefur ráðið 208 sinnum. Þetta segir okkur í stuttu máli þá sögu að atkvæði oddamannsins vegur hér langþyngst.

Ef við látum hugann reika til baka frá því 1982 má segja að frá því 1. sept. 1982 til 31. jan. 1984 hafi fiskverð verið ákveðið með lögum. Það hefur ekki einu sinni þurft oddamann til þess að skera þar úr. Það hefur verið formsatriði að samþykkja þær ákvarðanir í Verðlagsráði. Síðan þá hefur fiskverð verið ákveðið einu sinni og var stór hluti þeirrar ákvörðunar tilfærsla úr sjóðum. Síðasta ákvörðun, sem tekin var núna fyrir stuttu um verð á rækju, hljóðaði upp á 15% lækkun á rækjuverði. Þetta þarf ekki að tíunda fyrir hv. dm. og læt ég þetta því nægja um það.

Nú eru liðin 20 ár síðan ríkisvaldið hóf bein afskipti af fiskverðshækkunum. Vandi þessara atvinnuvega vex með ári hverju. Miðstýring þessara mála og sú núllregla sem er hvað mest í tísku í dag eru ekki þær leiðir sem skila bættum hag til þessara fyrirtækja. Það verður því að teljast rökrétt áskorun til hæstv. ríkisstj. að hún hætti afskiptum af fiskverðssamningum, enda verða samningsaðilar sjálfir að velja sér oddamann eða leita sér sáttasemjara náist ekki samningar. Með þessu fyrirkomulagi er gerð sú krafa til útgerðar og fiskvinnslumanna að þeir sníði sér stakk eftir vexti, enda er það í samræmi við þá kröfu sem gerð er til almennra launamanna.

Ef farið er í gegnum þau gögn Þjóðhagsstofnunar sem hún byggir ákvarðanir sínar á kemur skýrt í ljós að þar er mikill munur á lægstu og hæstu framlegð í fiskvinnslunni. Sá munur er það mikill að meðaltalsútreikningur verður gersamlega ómarktækur. Í gögnum Þjóðhagsstofnunar frá því í sept. kemur glögglega í ljós hve afkoma fiskvinnslustöðvanna er misjöfn. Þar eru tekin til 24 frystihús, bæði hjá SH og SÍS, og er lægsta framlegð, sem er skilgreind sem tekjur að frádregnum hráefnis-, launa- og umbúðakostnaði, 14.8%, en sú hæsta 31.4%. Ef við tökum meðaltal þessara tveggja húsa er meðaltalsframlegðin 23.1%. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur ekki neitt því eftir stendur að önnur fiskvinnslustöðin hefur 16.6% hærri framlegð en hin. Ég bendi aðeins á þetta vegna þess að miðað er við meðaltalsútkomu hjá fiskvinnslunni þegar reiknað er út hverjir það eru sem þoli hærra verð eða hvort fiskvinnslan þoli að borga hærra verð fyrir fiskinn.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. í þeirri von að það verði tekið til efnislegrar umfjöllunar.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Þetta frv., sem hér er lagt fram til umr., var einnig hér á ferðinni í fyrra um líkt leyti. Það var ekki afgreitt þá í sjútvn., en lá þar til athugunar og var það gert í samkomulagi við flm. að láta það bíða aðeins. Hér er svo veigamikið mál á ferðinni að sjálfsagt geta orðið um það nokkuð deildar meiningar.

Ég hafði nokkur orð um frv. við framlagningu þess hér í fyrra og vil ég, með leyfi forseta, aðeins grípa niður í það sem ég lét mér um munn fara þá.

Fiskverðsákvarðanir gegna stærra hlutverki í þjóðarbúskap okkar en flest annað. Þær ráða ekki aðeins miklu um rekstrarskilyrði fiskveiða og fiskvinnslu, heldur ráða þær verulega þróun í launamálum sjómanna þar sem aflahlutur er svo veigamikill þáttur í launum þeirra. Fyrr á árum voru þessi verðlagsmál oft í miklu öngþveiti, og t. d. á sjötta áratugnum, eins og kom fram hjá flm. hér áðan, valt oft á ýmsu. Þá ríkti oft megn óánægja hjá sjómönnum með fiskverð og voru þá oft margþættir samningar í gangi sem voru engum til góðs.

Eftir þá reynslu sem menn höfðu fengið af hinum ýmsu erfiðleikum við verðlagningu og verðlagsákvarðanir á ferskum fiski var Verðlagsráð sjávarútvegsins sett á stofn 1961. Þar tel ég að hafi verið stigið rétt spor í rétta átt. Og þótt að öllu megi finna sé ég ekki að annað kerfi bjóði upp á betri eða réttlátari möguleika í dag. Að sjálfsögðu fær þetta frv. rækilega umfjöllun í þingnefnd og leitað verður vafalaust umsagnar hagsmunaaðila, og ef fram koma í þeirri umræðu veigamiklir þættir, sem yrðu á einhvern hátt til bóta á núverandi kerfi, þá tel ég víst að allir verði sammála um að gera breytingu þar á.

En við skulum ekki gleyma því að hjá okkur Íslendingum ríkir sérstaða í verðlagningu sjávarafurða. Hjá hinum stærri fiskveiðiþjóðum ríkir hinn frjálsi uppboðsmarkaður, sem byggir á nálægð stórra neytendamarkaða, meðan við hér á Íslandi verðum að taka mið af neytendamörkuðum erlendis fyrir unninn fisk. Þeim markaðssveiflum, sem þar myndast, erum við því miður háð. Þetta ástand gerir okkur alltaf erfiðara fyrir í öllum verðákvörðunum á ferskum fiski. Ég dreg því mjög í efa að breyting á núverandi kerfi verði til bóta fyrir þá aðila sem þarna eiga hlut að máli og sennilega yrði þetta síst til bóta fyrir sjómenn og útgerðarmenn.

Þetta er lítil glefsa úr því sem ég sagði við 1. umr. í fyrra og bið ég afsökunar á því að ég skuli endurtaka það hér, en það er að gefnu tilefni því að hér er þetta

komið fram aftur.

Ég vara enn við því að þetta frv. sé samþykkt. Sú tillaga, sem þar er, að leggja Verðlagsráð niður í þeirri mynd sem það er nú í, er slík gerbreyting.

Framsögumaður vitnaði í fyrra, ef ég man rétt, í nefnd sem var skipuð af fyrrv. sjútvrh. 17. febr. 1983. Þá skipar þáv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, í nefnd með vísun til ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 1 10. febrúar 1983, um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.:

„Eruð þér hér með skipaður formaður nefndar sem skal endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins." — Þetta er bréf til Jóns Sigurðssonar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar. (**Gripið fram í:** Oddamanns.) Oddamanns já. — „Alþingi hefur kosið fjóra menn í nefnd þessa. Það eru Matthías Bjarnason, Marteinn Friðriksson, Garðar Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson. Enn fremur eiga sæti í nefndinni Ingólfur Stefánsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Óskar Vigfússon, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, og Sigurður Einarsson, tilnefndur sameiginlega af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandi ísl. samvinnufélaga."

Þetta er ritað 17. maí 1983. Þessi nefnd er nýlega búin að skila af sér og hef ég þau gögn undir höndum og e. t. v. flm. einnig. Við fyrstu yfirsýn sé ég að þeir gera tillögur um verulegar breytingar sem má ræða um. Ég ætla ekki að rekja þær hér. Það verður einmitt hlutverk sjútvn. að fjalla um þær breytingar sem þarna eru, en hvort þær verða felldar inn í frv. til l. um breyt. á lögum um Verðlagsráð, það skal ég ósagt látið. Þetta eigum við eftir að ræða í sjútvn. Ég vildi að þetta kæmi fram við þessa umr. Nm. þeir sem um þessi mál fjölluðu leggja til verulegar breytingar. Sumt af því er í þá átt sem flm. gat hér um þó ekki sé eins langt gengið og hún vildi í sínu frv.

En þetta mun allt verða nánar til umfjöllunar í sjútvn., þangað kemur málið. Þetta er mikið mál sem þarf mikla og yfirvegaða umfjöllun.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Eins og hv. 3. þm. Vesturl. tók fram er það frv. sem hér liggur fyrir gamall kunningi. Mér finnst reyndar að ætíð síðan ég fór að hafa afskipti af sjávarútvegsmálum hafi háværar deilur um fiskverð og ákvörðun þess verið regla fremur en undantekning. Það er reyndar líka svo að tillögurnar um að fiskverð skuli ákveðið með frjálsum samningum, sem kallað er, eru ekki nýjar.

Í Verðlagsráði eru kaupendur og seljendur að semja um fiskverð með frjálsum samningum og tekst það stundum, sbr. það síldarverð sem ákveðið var síðast. Þó svo að þessu frv. fylgi mjög góðar og ítarlegar greinar eftir Jón Sigurðsson forstjóra Þjóðhagsstofnunar og Friðrik Pálsson framkvæmdastjóra Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, þá eru niðurstöður þessara manna, þó að þeir gagnrýni Verðlagsráð, ekki þær sömu sem koma fram í þessu frv. Þeirra mat er einfaldlega það að ekki sé um annað betra að ræða.

Það hefur verið rifjað upp hér hver var aðdragandi að stofnun Verðlagsráðs fyrir rúmum 20 árum, en það er rétt að undirstrika að það var fyrst og fremst krafa sjómanna, eðlileg og sjálfsögð að því er nú virðist, sem varð þess valdandi að Verðlagsráð varð til. Yfirnefndin var sett á stofn seinna til að skera úr óleysanlegum deilumálum. Hún varð æðsti áfrýjunarréttur í óleysanlegum deilumálum og þar er oddamaðurinn sáttasemjari sem reynir og hefur ætíð reynt að ná samkomulagi með því að greiða atkv. með öðrum hvorum aðilanum, þegar ekki var um annað að gera, samkvæmt bestu fáanlegu rökum og upplýsingum sem hann hafði yfir að ráða. Það er mjög fjarri því að sá oddamaður hafi ætíð verið efnahagsráðgjafi ríkisstj. Um langan aldur var það hæstaréttardómari, Hákon heitinn Guðmundsson. En ákvarðanir stjórnvalda í gengismálum, í launamálum, í skatta- og tollamálum hafa veigamikla og æ meiri þýðingu fyrir fiskverðsákvörðun svo og almenn efnahagsstefna ríkisstj. sem hefur haft mikil áhrif á fiskverð ætíð og æ meir eftir því sem á hefur liðið. Þannig get ég, til gamans, sagt sögu af því þegar oddamaður fékk fiskkaupendur til að bjóða tiltölulega hátt verð fyrir sjávarafurð og sjómenn og útvegsmenn voru reiðubúnir til þess að lýsa því yfir að þeir gætu samþykkt verð sem var þó nokkuð lægra en hinir buðu. Starf sáttasemjarans hefur því stundum kannske gengið óþarflega langt.

Flestir hafa fyrir löngu gert sér ljóst að erlendar fyrirmyndir, svo sem uppboðskerfi og fiskmarkaðir, henta ekki íslenskum aðstæðum. Öll íslenska þjóðin lifir á því sem hægt er að fá fyrir fiskafurðir og þess vegna verður verðlagning að vera sem allra næst réttu lagi en ekki háð duttlungum óábyrgra spekúlanta. Það er svo með sumar sjávarafurðir, t. d. skelfisk, að það eru nánast 80% unnin af einum aðila. Það er önnur ástæða sem gerir ákvörðun lágmarksfiskverðs nauðsynlega. Það er landfræðileg ástæða. Bátur sem er kominn til síns heima með fisk sem ekki selst þar á viðunandi verði, e. t. v. vegna offramboðs á fiski þar á staðnum, hefur mjög lítið gagn af því þó að fisk vanti einhvers staðar annars staðar á landinu. Þó að fiskuppboð séu hugsanleg, þá er það aðeins á Suðurnesjum og í Reykjavík. Það kæmi sjómönnum t. d. á Grenivík eða Þórshöfn að ósköp litlu haldi þó að vantaði fisk í Reykjavík. Góður afli er mjög oft á stóru hafsvæði í kringum landið og það þýðir að á öllum nærliggjandi höfnum er nánast offramboð á fiski. Það mundi þýða, samkvæmt því svokallaða frjálsa kerfi sem hér er boðað, að fiskverð mundi hrapa niður úr öllu valdi á þessum tímum. Það er einnig hætt við því að sveiflur í efnahagslífinu mundu magnast ef þess háttar skipan yrði á höfð. Það er a. m. k. hætt við því að allir möguleikar til að nota verðjöfnunarsjóð til að draga úr sveiflum á markaðsverði erlendis væru þá úr sögunni. Ég vil nú segja að hvað sem um verðjöfnunarsjóði má segja hafa þeir þó orðið til þess, þegar á allt er litið, að jafna sveiflur í lífskjörum í landinu og gera það enn.

Það var minnst á það hér áðan að fyrir lægi endurskoðun á lögum um Verðlagsráð. Ég vildi gera það að tillögu minni að þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði athugað í því samhengi. Ég geri ráð fyrir að hæstv. sjútvrh. fylgi þeim tillögum sem fram eru komnar um endurskoðun á lögum nr. 81/1974, um Verðlagsráð. Ef hæstv. sjútvrh. fylgir þeim eftir með frv. legg ég til að frv. sem hér liggur fyrir og væntanlegt frv. yrðu skoðuð í samhengi í þeirri n. sem um þetta mun fjalla.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka mönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir að hafa sýnt þessu máli einhvern áhuga og vil

ítreka þá ósk mína að frv. verði tekið til efnislegrar umfjöllunar í n.

Hv. þm. Valdimar Indriðason minntist á lög frá 1961. Það hefur enginn lagt til að þau lög verði felld úr gildi, en breytingin á lögunum frá 1964, um oddamann frá Efnahagsstofnun eða Þjóðhagsstofnun, er kjarni þessa máls, að hætt verði afskiptum ríkisvaldsins í gegnum oddamann.

Satt er það að stofnuð var nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins og ég hef lesið þau drög sem hún skilaði frá sér. Ég er alls ekki frá því að þar sé ýmislegt til bóta. Ég vil þó benda á að það var ekki einhugur í þessari nefnd um oddamanninn. En við förum betur í gegnum það seinna og ég ætla ekki að fara nánar út í efnisatriði nál. hér.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson var mjög efins um að þessi breyting hefði bætandi áhrif á ákvörðun um fiskverð og talaði um að Verðjöfnunarsjóður hafi verið notaður til að jafna sveiflur á lífskjörum í landinu. Ég vil beina einni spurningu til hv. þm.: Hvernig er hægt að nota þessa sjóði þegar búið er að tæma þá? Ég veit ekki betur en að það hafi verið ákveðið að 2% úr Verðjöfnunarsjóði deilist jafnt á allar fisktegundir vegna þess að fiskvinnslunum væri ekki ætlandi að standa undir fiskverðsákvörðun 1. febrúar, ef ég man rétt. 1. júní var bætt 4% við. Verðjöfnunarsjóður verður að geta staðið undir þessum auknu útgjöldum. Ég vil líka benda hv. þm. á að í samningum verður engin verðmætaaukning. Þar er verið að semja um skiptingu verðmæta á milli hagsmunaaðila. Þar tel ég að ríkisvaldið hafi enga ástæðu til að grípa inn í.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég kem upp af því tilefni að mér finnst þetta sorgleg umr. Hér er borið fram frv. til l. um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Þetta er annað árið í röð sem frv. er borið fram. Því var vísað til sjútvn. á síðasta þingi. Þar var það boðað af sjútvn. að frv. yrði sent út til umsagnar. Það var ekki tekið undir það af flm. og frv. síðan látið liggja í salti allan veturinn. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Hvers virði er það fyrir þingið að vera með svona vinnubrögð? Er það virðingu þingsins samboðið að standa svona að verki? Þar fyrir utan fjallar þetta frv. um nákvæmlega ekki neitt því það er alveg ljóst að flm. vita ekkert hvað á að koma í staðinn fyrir Verðlagsráðið eða brotthvarf oddamanns, gera sér enga grein fyrir hvernig þeim málum er háttað í dag og hvers vegna eða hvað eigi að koma í staðinn ef Verðlagsráð verður af lagt. Það er þó ljóst og víst að ekki er of seint að senda frv. til umsagnar. En það eru komnar tillögur um breytingar á Verðlagsráðinu sem verða sjálfsagt teknar til umr. og fá meðferð að eðlilegum hætti. Það mætti ræða þetta samhliða þeim tillögum. Það er ljóst að það mætti breyta vinnubrögðum og starfsemi Verðlagsráðs, en að leggja það niður án þess að gera sér nokkra grein fyrir hvað á að koma í staðinn fyrir það hefur enga þýðingu og er engum til gagns. Eitt er þó víst að þetta mundi valda því að mikið misvægi yrði um allt landið. Norður á Þórshöfn og á Húsavík fengi fólk áreiðanlega lægra verð fyrir fiskinn en fólkið hér fyrir sunnan og sjómenn þyrftu að standa í eilífum deilum við útvegsmenn um fiskverð eins og var áður. Það er verið að framkalla gamla kerfið, sem var hérna, sem var öllum til óþurftar og kannske þó mest sjómönnum og útvegsmönnum. Verkföll voru hér svo mánuðum skipti, deilur allan veturinn um fiskverðið. Í framhaldi af því vandræðaástandi er þessu kerfi, verðlagsráði komið á til að leysa þessar deilur. Verðlagsráð er gerðardómur, og menn hafa unað við það nokkurn veginn. Ég verð að segja það eins og er að ég vil ýmsar breytingar í sambandi við Verðlagsráð og ég get að mestu leyti stutt grg. og till. sem nefnd sem skipuð var til þess að fjalla um það sendi frá sér, en að henda þessu út í frumskóginn, eins og gert er ráð fyrir að gert sé samkv. þessu frv., finnst mér fyrir neðan virðingu þingsins. Þau vinnubrögð, sem beitt hefur verið við þetta, átel ég og tel engum til sóma. Það gæti auk þess orðið sjómönnum til tjóns, það gæti orðið útvegsmönnum til tjóns og það gæti orðið þjóðinni til tjóns að standa svona að verki.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég vil benda 6. landsk. þm., Karli Steinari, á að það er ekki verið að leggja til að Verðlagsráðið verði allt lagt niður. Lagt er til að 10. gr. laganna falli út og þá stendur Verðlagsráðið eftir og ekkert annað. Er þá ekki nóg að hafa bara yfirnefndina? Af hverju leggur hv. þm. ekki fram frv. um að það sé ein yfirnefnd og ekkert meir? Hv. þm. talar alltaf eins og það sé verið að leggja allt Verðlagsráðið niður. Ég er eingöngu að leggja til að þeir menn sem sitja í Verðlagsráði semji um lágmarksfiskverð án afskipta ríkisvalds. Og hv. þm. má segja hvað sem er um mig sem 1. flm., að ég hafi ekki vit á því sem þarna er á döfinni. (**KSG:** Það sagði ég ekki.) Það sagðir þú samt eða allavega skildist mér það á þínum orðum. (**Forseti:** Við skulum muna eftir að þm. talast ekki við á þennan hátt í umr.) — Einnig minntist hv. þm. á að Húsvíkingar fengju lægra verð fyrir fiskinn. Ég veit ekki betur en að á Húsavík hafi verið greitt yfirverð fyrir fisk til þess að fá bátana heim. Það hafa ýmsar fiskverkunarstöðvar víða um land haft efni á því að borga yfirverð. Það er hv. þm. örugglega kunnugt um. Ég heyrði líka í fyrra að það væri verið að leggja til að Verðlagsráðið yrði lagt niður. Ég vil ekki sætta mig við þá rökfræði.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt út af spurningu hv. flm. um að verðjöfnunarsjóðir séu allir tæmdir. Þetta kann að vera rétt nú og verðjöfnunarsjóðir hafa oft verið gróflega misnotaðir. En það sem ég sagði var það, að þeir hafa gert sitt gagn og þeir gera gagn enn og það væri tæpast hægt að gera út á suman veiðiskap í dag ef þeir hefðu ekki verið til. Þeir voru einu sinni, sérstaklega, gróflega misnotaðir, það var verðjöfnunarsjóður loðnu haustið 1981. Það er eitt versta dæmið sem um það er.

Ég vildi líka aðeins koma inn á það að hv. flm. margítrekaði að hún væri ekki að leggja til að Verðlagsráðið yrði lagt niður. En ég trúi því ekki að BJ vilji að hnefaréttur Sturlungaaldar gildi hér á nýjan leik í þessum efnum. Setjum sem svo að skip kæmu að landi öll með fullfermi af fiski og ekkert verð væri til því það hlýtur alltaf að mega búast við því þó að Verðlagsráð sé. Ef það er án nokkurs áfrýjunarréttar, þá verður fiskurinn ekki seldur. Þegar slitnað hefur svo upp úr samningum, hvað á þá að gera? Það verður ekkert róið. Á að reka sjómennina á sjó? Ekki kann ég ráð til þess. Á að láta fólk missa atvinnuna vegna þess að sjómenn róa ekki? Hvað um markaði? Hvað um gjaldeyrisöflun

þjóðarinnar? Þannig mætti lengi spyrja. Það verður að ákveða fiskverð, það verður að vera róið frá landinu. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvernig eigi að ákveða fiskverð, en menn verða líka að hafa tillögur um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 49). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 103). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Jarðhitaréttindi, frv. 4. mál (þskj. 4). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Orka fallvatna, frv. 6. mál (þskj. 6). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, en flm. með mér að máli þessu eru hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson, hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir og hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt, og ég vísa um rökstuðning fyrir máli þessu að verulegu leyti til allítarlegrar framsögu sem ég flutti hér í hv. Nd. 28. mars s. l. Þó vil ég rekja hér örfá atriði til þess að rifja upp fyrir hv. þdm. um hvað málið snýst í meginatriðum.

Með frv. er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til að nýta hana. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frv. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeigenda haldist til virkjunar allt að 200 kw. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu svo og þeir sem hafa hafið framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim sem virkjunarheimildir hafa veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir. Þannig kemur fram mikill sveigjanleiki í þessu frv. gagnvart þeim sem þegar hafa fengið heimildir til virkjunar.

Enn fremur er í frv. kveðið á um að ráðh. geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn, með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Frv. þetta er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var í apríl 1979 af iðnrh. Verkefni hennar var að semja drög að frv. til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., sem mynduð var 1. sept. 1978, en sú stjórn var studd af Alþb., Alþfl. og Framsfl. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni, sem frv. mótaði, ásamt sérfræðingum.

Nefndin skilaði áliti með bréfi dags. 22. sept. 1981 og fylgir það sem fskj. á eftir grg., en þar segir m. a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að frv. til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar".

Nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hl. nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hl. Hann skilar séráliti, sem einnig fylgir bréfi þessu, þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu."

Nál. minni hl. nefndarinnar, hv. alþm. Páls Péturssonar, og lögfræðilegt álit sem því fylgdi er birt sem fskj. með þessu frv. og hv. þm. gerði raunar grein fyrir því við umr. málsins hér fyrr á þessu ári í hv. Nd. Álit meiri hl. fylgir með frv. í heild sem uppistaða í grg., svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Áður en frv. þetta var flutt á síðasta þingi var gengið úr skugga um að núv. ríkisstj. hygðist ekki taka þetta mál upp með þeim hætti sem gert er í þessu frv.

Flm. taka hins vegar undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frv. Því er mál þetta nú flutt við upphaf þings til að láta reyna á hvort ekki sé vilji hér á hv. Alþingi til að lögfesta ákvæði frv., e. t. v. að sjálfsögðu með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Ég mælti í gær hér í hv. Nd. fyrir öðru frv. um jarðhitaréttindi. Það byggir á sömu viðhorfum og endurspeglast í þessu frv., þ. e. að helstu náttúruauðlindir landsins eigi að vera sameign þjóðarinnar og að löggjafanum beri að marka um það ótvíræða stefnu. Ég minnti á það, þegar ég mælti fyrir því máli í gær, að mætir menn, þ. á m. fræðimenn á sviði lögfræði eins og prófessor Ólafur heitinn Jóhannesson og dr. Bjarni heitinn Benediktsson, studdu þá meginstefnu sem fram kemur í þessum málum, þó að þeir hefðu ekki það

atfylgi sem skyldi í sínum flokkum við þá stefnumörkun. En ég tel að rökstuðningur þeirra beggja fyrir þessum viðhorfum, sameignarviðhorfum varðandi náttúruauðlindir sem fram koma í lærðum ritgerðum af þeirra hálfu, ætti að vera hv. þm. til umhugsunar í sambandi við þessi mál.

Það er von mín að stuðningur við þessa stefnu fari vaxandi bæði innan þings og utan, svo eðlileg sem hún verður að teljast og lýðræðisleg að inntaki.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að játa að ég er mjög hrifinn af því að hv. 1. flm. málsins vísaði til ræðu sinnar í Alþingistíðindum í fyrra. Ég mun hafa sama háttinn á. Ég vísa einungis til þess sem ég sagði þá. Ég vísa enn fremur til þess nál. sem ég stóð að og prentað er hér sem fskj. með frv. og grg. dr. Gauks Jörundssonar um „Eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar og setningu löggjafar er lýsir réttindi til virkjunar vatna ríkiseign." Á þeim grundvelli sem þar er lagður vil ég bara, herra forseti, taka það fram að skoðun mín er óbreytt og ég er andvígur samþykkt þessa frv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að ég álít hina mestu nauðsyn bera til að sett verði löggjöf um þau efni sem hér er um fjallað í þessu frv., sem hv. 5. þm. Austurl. gerði grein fyrir, og einnig það sem hann hafði fram að færa vegna jarðhitaréttinda s. l. mánudag trúi ég að það hafi verið.

Þrír lögfræðingar hafa hafið starf á vegum iðnrn. til þess að safna upplýsingum og, í framhaldi af því, að semja frv. til laga um þessi mál, þar sem ég trúi að m. a. efni þeirra frv. sem hér hafa verið lögð fram um þessi efni, bæði af hv. 5. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Reykn., verði tekið til rækilegrar meðferðar og reynt að samræma sjónarmiðin. Ég er minnugur afstöðu hv. 2. þm. Norðurl. v. og kann þeim sjónarmiðum að mörgu leyti vel. En ég vildi aðeins upplýsa vegna þessa málflutnings að í undirbúningi er að taka þessi mál hvor tveggju til rækilegrar meðferðar af hálfu ráðuneytisins. Er ég þó ekki með því að segja að nefndir þings eigi ekki að gefa sér tíma til að athuga þessi mál gaumgæfilega og auðvitað að vinna að rannsókn málanna og að reyna að finna á þeim niðurstöðu. Það er ekki verið að upplýsa þetta vegna þess að ég ætli að setja fót fyrir eðlileg vinnubrögð vegna þeirra mála sem þegar hafa verið flutt í þessu skyni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og hv. deild er kunnugt er hér alls ekki um nýtt mál að ræða. Þetta mál hefur verið flutt allmörgum sinnum eða ýmsar greinar þess. Það hefur lengi verið á stefnuskrá míns flokks, Alþfl., að vinna að því að landið yrði sameign þjóðarinnar.

Í fyrstu voru um það fluttar þáltill. af ýmsu tagi, en hin síðari ár höfum við flutt lagafrv. um ýmsa þætti málsins. Við höfum flutt lagafrv. um sameign þjóðarinnar á hálendinu, þess hluta þess sem ekki finnast ótvíræðar lagaheimildir eða skrifaður bókstafur fyrir að aðrir eigi. Við höfum sömuleiðis flutt frv. til laga — það er ekki heldur nýtt og hafði verið margflutt hér áður í ýmsum myndum af fulltrúum úr fleiri flokkum — um nýtingu jarðvarmans og þá í því formi nú síðast að háhiti yrði sameign þjóðarinnar allrar.

Hér hefur hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, flutt frv. ásamt ýmsum öðrum, þ. á m. mér, um orku fallvatna og nýtingu hennar og breytingu á vatnalögum, sem lýtur að því að þau auðæfi sem fólgin eru í orku fallvatnanna verði sameign þjóðarinnar. Hvorki í þessu frv. né í öðrum þeim sem flutt hafa verið hin síðari ár, t. d. um jarðvarmann og sameign þjóðarinnar á honum, geta talist mjög harkaleg. Í þeim er aðlögun, ef ég má orða það svo, eins og t. d. í því frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er 1. flm. að og er nú hér til umr.

Það merkilega er að þessi frv. hafa yfirleitt hlotið góðar undirtektir meginþorra þm., þ. á m. oft hlotið góðar undirtektir ráðh. T. d. þegar þessi mál voru hér til umfjöllunar s. l. ár, þá hafði hæstv. iðnrh. ákaflega svipuð orð um þau og hann gerði núna. Ég minnist þess að hann lýsti stuðningi við þær hugmyndir sem fram kæmu í ýmsum þessara frv., a. m. k. þeim sem lutu að hans ráðuneyti, svo ég minnist á jarðvarmann, og hann hefur með vissum hætti líka lýst stuðningi hér í dag við það frv. sem hér er til umr. Þetta sama sjónarmið hefur komið fram, eins og ég segi, hjá meginþorra þm. En það gerist líka alltaf að hæstv. ráðh., hvort sem þeir heita A eða B, bæta því við, eins og hæstv. ráðh. gerði í dag, að vitaskuld sé þetta til ítarlegrar athugunar í þeirra eigin ráðuneyti og gefa því svona undir fótinn að vitsmunirnir í ráðuneytinu muni auðvitað vega langtum þyngra en þeir vitsmunir sem fram eru bornir á Alþingi.

Hæstv. núv. ráðh. tók það að vísu fram að hann vildi með engum hætti tefja störf þingnefnda. En það hefur verið eins konar verklag hér að ætlast til þess að mál færu á ís ef þau væru til athugunar í ráðuneytum. Nú var hæstv. ráðh. ekki að gera það beinlínis hér, en það hefur legið í því sem sagt hefur verið á undanförnum árum. Það sem er merkilegast í þessu öllu er þó það, að þegar greinilega er mikill meiri hluti á þinginu fyrir málum eins og þessu, þá er afstaða ekki tekin. Það gildir líka um jarðhitafrv. Ég er sannfærður um að það gildir líka um sameign á þeim hluta öræfanna sem er ekki ótvírætt eign einhverra annarra. Hæstiréttur hefur beðið um að sett yrðu lög um það. En samt er afstaða ekki tekin. Það eru óþolandi vinnubrögð hjá þessu þingi, og hefur orðið til þess að tefja framfarir á ýmsum sviðum hjá okkur, að ef einhverjir fáeinir menn, einhver minni hluti er á móti málinu, þá skuli ekki vera nokkur vegur að fá fram afstöðu í þinginu og meiri hlutinn geti ekki komið fram vilja sínum. Við höfum að vísu haft dæmi um það að bundið væri í stjórnarsáttmála að minni hlutinn ætti að ráða, en það er vonandi ekki svo bölvað í því tilviki sem hér er núna.

Ég vil að vísu spyrja hæstv. ráðh. hvort verið geti að það sé bundið í stjórnarsáttmála að ekki sé leyfilegt að taka hér skynsamlegar ákvarðanir sem mikill meiri hluti er fyrir. (**Iðnrh.:** Nei.) Gott. Þá stendur það ekki í veginum. Nú skora ég á hæstv. ráðh., sem hefur þó sýnt þessum málum verulegan skilning bæði hér nú og í fyrra, að leggjast á sveif með þingdeildum og hjálpa til að koma þessum málum í höfn, koma þeim út úr nefndum og fá afstöðu í þinginu um þau, en að þetta liggi ekki svona á reki árum og áratugum saman til stórtjóns fyrir þjóðina og til skammar fyrir ríkið.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég

þakka þann skilning, sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. á nauðsyn þess að sett verði löggjöf um þessi atriði, enda hlýtur honum að vera sú nauðsyn ljós þar sem hann er starfandi á vettvangi þar sem eignarrétturinn á þessum auðlindum, jarðvarmanum og orku fallvatnanna, skiptir gífurlega miklu máli. Hér er ekki verið að fjalla um einhvern lagabókstaf bókstafsins vegna heldur er hér um að ræða m. a. spurninguna um það, hvernig okkur tekst til um og hvaða möguleika við höfum á hagnýtingu náttúruauðlinda okkar, í þessu tilviki orkulindanna. Ég vænti þess, þar sem þetta mál er nú komið fram í upphafi þessa þings, að við megum bera gæfu til þess, gjarnan í samvinnu við hæstv. iðnrh., að taka á þessu máli í þingnefndum og leitast við að vinna okkur fram úr því, þannig að við fáum hér löggjöf um þessi þýðingarmiklu atriði.

Vel getur komið til þess að finna þurfi málamiðlun af eitthvað öðru tagi en lagt er til í þessu frv. og þá ber að líta á það. En eins og hv. 3. þm. Reykn. gat hér um áðan, þá er það orðið gífurlega brýnt af efnahagslegum ástæðum að marka hér skýra stefnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. 30. mál (þskj. 30). — 1. umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli hér með frv. til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, nr. 29 frá árinu 1976, með síðari breytingum. Meðflm. minn í þessu máli er hv. þm. Guðmundur Einarsson. Hæstv. iðnrh. skaut því að mér, um leið og hann heyrði að nú ætti að setja lög á Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að það væri ekki meiningin að binda með þessu endi með lögum á kjaradeilur heldur að stuðla að því að samkomulag náist um framkvæmd og verklag í vinnudeilum af þessu tagi og til þess m. a. að verkföll dragist ekki á langinn vegna ágreinings um vinnubrögð og formsatriði.

Í yfirstandandi kjaradeilu hefur mikið verið rætt um kjaradeilunefnd og verksvið hennar. Um það er fjallað í 26. gr. laga um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og kjarasamninga þess, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna á meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli".

Í yfirstandandi deilum og reyndar að nokkru leyti einnig árið 1977 hefur þessi lagagrein orðið allumdeild. Það mál sem við hér flytjum er að við 26. gr. bætist tvær nýjar mgr. er orðist svo:

„Rísi ágreiningur vegna úrskurðar kjaradeilunefndar geta deiluaðilar, annar hvor eða báðir, kært úrskurðinn til Hæstaréttar er kveði tafarlaust upp fullnaðarúrskurð. Framkvæmd á úrskurði kjaradeilunefndar frestist uns dómur Hæstaréttar er fallinn.

Kæru um vanhæfi nefndarmanna í kjaradeilunefnd í einstökum málum ber að skjóta með sama hætti til fullnaðarúrskurðar Hæstaréttar."

Síðan segir þar að lög þessi öðlist þegar gildi.

Herra forseti. Þetta mál er mjög brýnt mál. Þær deilur sem nú standa yfir í þjóðfélaginu valda því að mjög æskilegt væri að þetta mál fengi skjóta afgreiðslu í meðförum þings. Ég skora á hv. alþm. að kynna sér málið og greiða fyrir því, hver með sínum hætti, að það gæti fengið skjóta afgreiðslu.

Rökin fyrir því að þetta sé æskileg breyting eru m. a. þessi:

Í þeim lögum sem ég hef nú vitnað til er ekki að finna neitt ákvæði er kveði á um að unnt sé að áfrýja úrskurðum kjaradeilunefndar. Í yfirstandandi kjaradeilu hefur berlega komið í ljós að mínu mati að þetta er missmíði á lögunum. Sérstaklega er þetta tilfinnanlegt þegar ágreiningur rís um verksvið nefndarinnar eða vanhæfi einstakra nefndarmanna til að fjalla um viðkvæm deilumál vegna beinna tengsla við hagsmunaaðila.

Ég minni á að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja mótmælti hástöfum á sínum tíma slíkum hagsmunatengslum formanns og ef ég man rétt einnig varaformanns kjaradeilunefndar að því er varðaði deilur um framkvæmd verkfalls og verkfallsvörslu í sambandi við millilandaflug. Þetta gerði bandalagið með þeim rökum að formaður kjaradeilunefndar væri um leið löggiltur endurskoðandi Flugleiða og varaformaður hefði gegnt fundarstjórastörfum á aðalfundum Flugleiða. Þarna væri því um bein hagsmunatengsl að ræða og eðlileg réttarvenja ætti að vera sú í dómstólum af þessu tagi að þeir vikju úr sæti þegar um þessi mál var fjallað. Þessum mótmælum var hins vegar eiginlega ekki hægt að sinna með neinum lögformlegum hætti. Í slíkum málum er ekki annarra kosta völ en að höfða mál, t. d. fyrir bæjarþingi. Það tekur hins vegar mörg ár að höfða vefengingarmál fyrir dómstólum og væntanlega er það ekki vilji löggjafans að draga lausn slíkra deilna á langinn eða hindra að samkomulag geti tekist um verklag og vinnubrögð af þessu tagi.

Augljóst virðist að þær deilur, sem nú hafa risið um einstaka úrskurði kjaradeilunefndar sem og vanhæfi einstakra nefndarmanna vegna tengsla við hagsmunaaðila, hafi átt sinn þátt í að tefja samningaviðræður um efnisatriði kjaradeilunnar. Málskotsréttur vegna slíkra deilna gæti þess vegna orðið til þess að greiða fyrir samningaviðræðum og flýta lausn kjaradeilna. Þá er á það að líta að skv. stjórnarskrá lýðveldisins er það m. a. hlutverk Hæstaréttar að úrskurða um valdsvið stjórnvalda og takmarka verksvið embættismanna. Þess vegna er þessi brtt. um áfrýjun á úrskurði kjaradeilunefndar til Hæstaréttar flutt.

Skv. þingtíðindum var það sjónarmið ráðandi í umr. á Alþingi 1976, þegar þessi lög voru sett, að ákvæði 26. gr. um verksvið kjaradeilunefndar bæri að túlka þröngt. Þannig talar þáv. fjmrh., sem nú er hæstv. viðskrh. og hafði framsögu í málinu, um nauðsynlega öryggis- og heilsugæsluþjónustu. Núv. hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, sem nú vill túlka hafrannsóknir sem öryggisgæslu, sagði í umr. 1976, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er því ljóst að fyrir því er séð að nauðsynlegar undanþágur verði veittar til að sinna öryggis-, slysa- og

sjúkraþjónustu."

Af ummælum hv. þm. verður ekki séð að nokkur ágreiningur hafi verið uppi um þetta efni. Með hliðsjón af orðalagi 26. gr. og ummæla frsm. og einstakra þm. skv. þingtíðindum virðist flm. að BSRB hafi mikið til síns máls þegar það nú vefengir einstaka úrskurði kjaradeilunefndar með þeim rökum að nefndin fari út fyrir verksvið sitt.

Sem dæmi um slíkan úrskurð má nefna að 25 tollverðir á Keflavíkurflugvelli voru skyldaðar til starfa í krafti orðalagsins um öryggis- og heilsugæslu. Þessir tollverðir fengu fyrirmæli um að starfa við vopnaleit og eiturefnaleit, en áttu hins vegar ekki skv. fyrirmælum að sinna öðrum skyldustörfum við tollskoðun og tolleftirlit. Það leiddi til þess að þeir söfnuðu undirskriftum í mótmælaskyni við þennan úrskurð, m. a. á þeim forsendum að þeim væri ætlað að horfa aðgerðarlaust á að lög um tollskoðun og tolleftirlit væru brotin í mörgum greinum, m. ö. o. þeim væri gert að hylma yfir smygl. Ég vek athygli hv. þm. á að skv. fréttum þessa dagana var haldið fram fullum fetum að smygl væri stundað í stórum stíl. M. a. var forsíðufrétt í blaði, sem ekki er leyfilegt að kalla óopinbert málgagn hæstv. forsrh., þ. e. blaði sem heitir TNT og á ekkert skylt við sprengiefni, þar sem því var haldið fram fullum fetum að eiturlyfjasmygl ætti sér stað þessa daga í stórum stíl og yfirvöld hefðu sýnilega ekki gert sér grein fyrir því hve fljótir þeir aðilar sem þá glæpastarfsemi stunda væru að nýta sér einmitt þennan úrskurð.

Ég persónulega og áreiðanlega flestir þm. hér inni höfðum mikla samúð með því sjónarmiði hæstv. sjútvrh. að hafrannsóknir og leit að loðnu sé öryggismál íslensku þjóðarinnar. Mér þótti skemmtilegt að heyra röksemdafærslu hæstv. ráðh. fyrir því að eignavarsla réttlæti það sjónarmið. Ef við eigum eignarrétt í loðnustofninum er hann með verðmætari eignum þjóðarinnar. Mig minnir reyndar að hæstv. ráðh. hafi talið hann verðmætari en handritin, en skal þó ekki fullyrða um það. Þetta er auðvitað gott og gilt sjónarmið hæstv. ráðh. og allir vitum við að loðnuleit og loðnuveiðar eru geysilegt hagsmunamál ekki aðeins sjómanna og útgerðar heldur allrar þjóðarinnar. Enginn maður mundi mæla því mót að góð loðnuvertíð bætir þjóðarhag og er því innlegg í kjaradeilu. Engu að síður verður hún með engu móti út frá einhverju lögfræðilegu sjónarmiði út frá orðalagi 26. gr. flokkuð undir öryggisvörslu og heilsugæslu. Og ef það er rétt að þessi ákvæði hafi átt að túlka þröngt, sbr. umr. sem ég hef vitnað til áður, mundi það sennilega ekki vera auðunnið mál út frá lögfræðilegum bókstaf.

Það gætu komið upp fleiri skondin mál. Hér í landi er eins og kunnugt er varnarlið og á að sinna hér öryggisvörslu í þröngum skilningi, þ. e. vera til varnar ef á landið er ráðist. Rök mætti færa fyrir því að hindrun á aðföngum til varnarliðsins gæti því varðað öryggisvörslu þjóðarinnar í þessum skilningi, en þó mundi það kannske vefjast fyrir einhverjum að túlka það svo.

Það er að lokum spurning, sem margir launþegar spyrja sig, hvort ríkisvaldið geti í krafti þessara ákvæða um kjaradeilunefnd dregið verkfall opinberra starfsmanna endalaust á langinn með því að veita allar mögulegar og ómögulegar undanþágur langt umfram það sem til var stofnað með lagasetningunni upphaflega, þ. e. með því að kalla alla hluti í víðtækasta skilningi eins konar öryggis- eða heilsugæsluþjónustu.

Ég vil vekja athygli á því að verkföll byggjast á neyðarrétti. Verkföll eru seinasta nauðvörn launþega í kjaradeilum. Taumlausar undanþágur fyrir einstaklinga og starfshópa eftir að verkfall er skollið á eru einatt til þess líklegar að draga verkföll á langinn. Harðvítugar deilur um verklag og vinnubrögð hindra deiluaðila í að setjast í alvöru að samningaborði til að ná samkomulagi um efnisleg ágreiningsefni. Á þetta hefur reynt ítrekað í þessari kjaradeilu. Þá nefni ég aðeins, til þess að stikla á stóru, deilurnar sem urðu um millilandaflugið, deilur sem urðu um hafrannsóknir, deilur um afgreiðslu skipa o. s. frv. o. s. frv. Slíkar deilur verður að vera unnt að setja niður með eðlilegum hætti, fá úrskurði í þeim og einmitt til þess að koma í veg fyrir að harðvítugar deilur hagsmunaaðila út af framkvæmd verkfalla verði ekki til þess að torvelda það að alvarlegar umræður fari fram um það sem kjaradeilur eiga að snúast um, þ. e. um kaup og kjör. Ég tel það mikinn galla ef ekki er önnur leið til þess að leysa slík ágreiningsefni en sú að höfða mál fyrir dómstólum þegar vitað er að sú leið tekur mörg ár og getur þar af leiðandi engan veginn staðist. Þetta frv. er þess vegna flutt til að greiða fyrir því að lögformleg leið finnist til þess að kveða upp úrskurði í slíkum deilumálum, báðum aðilum væntanlega til hagsbóta.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég vek athygli á því að þetta mál er í brennidepli þessa stundina. Það er brýnt að taka afstöðu til þess og ég mun eindregið mælast til þess að málið fái gaumgæfilega athugun og eins skjóta afgreiðslu á hv. Alþingi og unnt er. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé með tillögu um nefnd.) Ég bið velvirðingar á því. Mér láðist að geta þess að ég tel eðlilegt að þessu frv. verði vísað til félmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vek athygli á því að þegar þessi lög voru sett var frv. til. l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja málefni fjh.- og viðskn. Mér fyndist geta allt eins komið til álita að vísa málinu til þeirrar nefndar eins og félmn., án þess þó að ég sé neitt að vantreysta félmn. Nd. til þess að meðhöndla þetta mál vel og skynsamlega.

Ég er sammála hv. flm. um að það er nauðsyn að endurskoða lögin um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þau eru frumsmíð og menn voru að prófa sig áfram. Það er eðlilegt að í ljósi reynslunnar taki menn sig til og reyni að sníða af þá annmarka sem menn sjá á slíkri smíði. Það eru fleiri atriði en þetta sem geta komið til skoðunar.

Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að þessi áfrýjunarréttur til Hæstaréttar sé það sem heppilegast er. Það er hægt að hugsa sér aðrar leiðir út úr þeim vanda sem ég viðurkenni að er fyrir hendi. Kjaradeilunefnd er sett upp þannig að hún á að geta starfað sem óháður dómstóll. Ég held að hugsunin, sem að baki því lá að setja þetta apparat upp, hafi verið góðra gjalda verð. Það er mjög nauðsynlegt að þarna sé einhver úrskurðaraðili sem geti skorið úr um það sem er allra brýnast í heilsugæslu- og öryggisgeiranum og það er spurning hvort kjaradeilunefnd er ekki bær dómari til þess að kveða upp endanlega úrskurði sem deiluaðilar yrðu að sætta sig við. Hitt er annað mál og það er rétt hjá hv. 1. flm., hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að það eru

atriði sem liggja þarna á mörkunum og spurning er hvort kjaradeilunefnd á að fjalla um og út af því hafa spunnist harðar og svæsnar deilur.

Mér dettur í hug að það sé hægt að finna eðlilega samskiptaleið ríkisvalds og deiluaðila um atriði sem falla utan verksviðs kjaradeilunefndar. Kjaradeilunefnd hefur kveðið upp efnisúrskurði á þá leið að banna atriði sem hún hafði ekki vald til að leyfa. Mér fyndist eðlilegt að kjaradeilunefnd kvæði upp efnisúrskurði um þau atriði sem falla innan hennar verksviðs, annaðhvort til heimildar eða synjunar. Öðrum gæti hún vísað frá, en þau gætu verið þess eðlis að nauðsynlegt væri að taka þau til nákvæmrar skoðunar og fá um þau úrskurð og þá gæti verið leið að setja upp aðra nefnd eða annan úrskurðaraðila til hliðar við kjaradeilunefnd sem úrskurðaði önnur atriði sem ágreiningur gæti orðið um.

Varðandi framgangsmáta þessa máls vil ég vona að verkfall verði leyst áður en Alþingi vinnst tími til að ganga frá lagasetningu um þetta efni, enda er mjög vandasamt, þegar út í kjaradeilu er komið og ekki síst þegar komið er út í svo harða kjaradeilu sem nú er, að setja í lög atriði sem varða beint framkvæmd verkfallsins. Ég held að farsælla væri að við geymdum okkur lagabreytingar um þetta efni þar til verkfallið væri leyst og málsaðilar gætu talað saman sæmilega sáttir.

Ég ítreka það sem sagt að ég held að þarna þurfi að breyta lögum eða bæta við þau og endurskoða, en ég hef ekki enn sannfæringu fyrir því að þetta sé nákvæmlega sú leið sem farsælust er þó að sjálfsagt sé að taka hana til athugunar eins og aðrar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af ábendingu hv. síðasta ræðumanns, þá finnst forseta eftir á að hyggja að það kunni nú að vera eðlilegra að þetta mál gangi til fjh.- og viðskn. eins og fordæmi eru fyrir. (**JBH:** Þetta sýnist mér vera álitamál. Ég geri engan ágreining um það vegna fordæmis.) Ég held að einmitt vegna fordæmis sé eðlilegra að þetta gangi til fjh.- og viðskn. Ef hv. flm. hefur ekkert við það að athuga tel ég að það sé till. nú að svo verði.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er eðlilegt að hér á Alþingi komi fram frv. vegna margvíslegs ágreinings sem upp hefur komið vegna verkfalls opinberra starfsmanna og hljóta menn hér á Alþingi að velta því fyrir sér hvaða leiðir séu best til þess færar að búa svo um hnútana að viðskipti ríkisstarfsmanna og ríkisvaldsins geti verið sem best þegar til verkfalls hefur komið, og skal ég ekki rekja það hér að þessu sinni. En ég vil á hinn bóginn leggja á það áherslu að eftir að þessi kjaradeila er afstaðin er nauðsynlegt að taka þau lög, sem um þessi mál fjalla, til gagngerðrar endurskoðunar og endurmats þar sem m. a. hlýtur að koma til álita hvort ástæða sé til að kveða nánar á um verksvið kjaradeilunefndar og hvernig með öðrum hætti skuli haldið á þessum málum.

Mér fannst óþarfi af hv. flm. að gefa það í skyn, með óbeinum hætti þó, að kjaradeilunefnd gæti orðið eitthvert verkfæri ríkisvaldsins. Þetta held ég að sé óþarfa áburður. Í kjaradeilunefnd eiga sæti þrír menn skipaðir af BSRB, þrír menn af ríkisvaldi, tveir menn kjörnir af Alþingi og einn skipaður af Hæstarétti. Eg hef enga ástæðu til að ætla annað en þeir menn sem þar sitji reyni að taka efnisafstöðu til þeirra mála sem fyrir dóminn koma án þess að hafa í huga að verða einhverjum til þægðar sérstaklega, hvort sem það yrðu þá opinberir starfsmenn eða ríkisvaldið.

Þessi setning í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Spurning er hvort ríkisvaldið geti í gegnum kjaradeilunefnd dregið verkfall opinberra starfsmanna endalaust á langinn“ o. s. frv. o. s. frv., er auðvitað þar sett til þess að reyna að vekja tortryggni í garð þeirra einstaklinga sem eiga sæti í kjaradeilunefnd. Ég veit ekki betur en þetta séu annálaðir heiðursmenn og sé ekki ástæðu til þess að þannig sé talað hér á Alþingi þó svo að þeir menn sem hér um ræðir hafi hér ekki málfrelsi. Þetta vil ég um það segja.

Ég vil í annan stað vekja athygli á því að í tillgr. er þessi setning: „Framkvæmd á úrskurði kjaradeilunefndar frestist uns dómur Hæstaréttar er fallinn.“ Þannig hugsa flm. sér að halda á málum ef ágreiningur rísi vegna úrskurðar kjaradeilunefndar.

Nú er það svo í lögum að kjaradeilunefnd er skylt að starfa svo að uppi sé haldið nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Ég held af þeim sökum að nauðsynlegt sé að hafa regluna öfuga. Ég vil gjarnan heyra af hvaða ástæðum flm. kjósa að hafa þennan hátt á, af hverju þeir tóku ekki hinn kostinn að niðurstaða kjaradeilunefndar skuli gilda uns hæstaréttardómur er fallinn. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða tilvik það geti verið sem valdi því að þessi regla er til valin, en ugglaust er þetta að yfirlögðu ráði og vildi ég mjög gjarnan fá að vita hvaða rök standi þá til þess. Einhver efnisrök hljóta að vera fyrir því.

Ég vil svo í þriðja lagi leggja áherslu á að það er komið í ljós, ég hygg að það sé samdóma álit þm. og forsvarsmanna opinberra starfsmanna, að lögin um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þurfa endurmats og endurskoðunar við og ekki síst það ákvæði, að mínu mati, sem skyldar sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamning a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Ég held að það eigi að taka þennan kaleik frá sáttasemjara. Ég held að reynslan af sáttatillögunni í haust sýni okkur að þessi kvöð sáttasemjara varð síður en svo til þess að sættilegra yrði. Þvert á móti olli sáttatillagan því, — fyrst aðdragandi hennar þegar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja beitti allri orku sinni til þess að fella sáttatillöguna, síðan sá dráttur sem var meðan talið var o. s. frv., — að eðlilegar samningaviðræður gátu ekki farið fram milli ríkisvaldsins og stjórnar BSRB um lausn kjaradeilunnar og átti sinn þátt í því að þessi kjaradeila varð illleysanlegri en ella. Ég held þess vegna að það sé mjög brýnt þegar á þessu þingi að það verði lagt í mat sáttasemjara sjálfs hvort hann telji skynsamlegt og rétt að leggja fram sáttatillögu áður en til verkfalls komi, honum sé það heimilt, enda sé sáttasemjara heimilt á hvaða stigi deilunnar sem er að leggja fram sáttatillögu sem sé lögð fyrir alla opinbera starfsmenn, en löggjafinn knýi hann ekki til þess að gera það kannske á viðkvæmu augnabliki og þegar slík tillaga verður einungis til þess að ýfa upp þann ágreining sem kannske hefur verið að minnka. Ég tel að þetta sé mjög þýðingarmikið atriði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það, sem sagt var þegar opinberir starfsmenn börðust fyrir verkfallsréttinum á sínum tíma og kom skýrt fram af hálfu BSRB og einnig alþm., að

vitaskuld er það grundvöllur þess samkomulags að lög séu haldin í hvívetna af beggja hálfu. Og ég er þess fullviss að það sé rétt, sem framkvæmdastjóri Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sagði á fundi sem ég var staddur á í gærkvöldi, að í þessu verkfalli, sem nú er haldið, hafi verkfallsverðir opinberra starfsmanna hvarvetna haldið sig innan ramma laganna og hvergi brotið neitt sem varðar við lög.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og skýrt sjónarmið sín. Ég vil byrja á að svara tilmælum hæstv. forseta og ábendingum annarra þm. um það hvar rétt sé að mál þetta beri niður í nefnd. Ég hafði sjálfur litið svo á, að lög um stéttarfélög og vinnudeilur ættu með eðlilegum hætti heima í félmn. Mér hefur verið á það bent að áður hafi oft á það reynt, fyrir því séu fordæmi, að frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur hafi verið vísað til allshn. En hafi fordæmið frá 1976 verið það, að þessi lög hafi verið sett í framhaldi af kjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í fjmrn. og fjmrn. er þar samningsaðili fyrir hönd ríkisins, þess vegna þyki rétt að vísa þessu til fjh.- og viðskn., þá er mér það að meinalausu. Mér sýnist kannske skorta eitthvað á í festu og venjum í þeim efnum.

Eg tók eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. v. kvaðst ekki að fullu sannfærður um að þetta væri rétta leiðin. Hann tók undir það að sér sýndist af reynslu að hér þyrfti að koma til lagabreyting, en hann var ekki endilega viss um að þetta væri rétta leiðin. Hugsanlegt væri að setja upp aðra nefnd til hliðar við kjaradeilunefnd. Auðvitað kemur slíkt til álita. Ég tek vel út af fyrir sig öllum ábendingum um það. Ég get skýrt frá því að það hvarflaði að mér, þegar þetta mál var undirbúið, að til greina gæti einnig komið að setja reglur um aukinn meiri hluta innan kjaradeilunefndar — hún er skipuð 9 mönnum — þegar úrskurðir hennar væru vefengdir, að þeir væru sem sé staðfestir af 6 manna meiri hluta innan nefndarinnar, sem þýddi þá að það gæti aldrei myndast meiri hluti innan nefndarinnar nema því aðeins að fulltrúar Hæstaréttar hefðu þar oddaatkvæði. Þessi aðferð gæti líka fyllilega komið til greina. Þó dugar hún ekki að öllu leyti. Ef uppi eru háværar kröfur um vanhæfi einstakra nefndarmanna vegna hagsmunatengsla, þá getur nefndin varla verið úrskurðaraðili um sjálfa sig. Ég hvarf því frekar að því ráði í samráði við lögfræðinga að hafa þetta sem málskotsrétt til Hæstaréttar, enda stutt þeim rökum að slíkt sé eðlilegt þegar uppi eru deilur um embættisrök eða takmörk á valdsviði embættismanna. Það er eitt af hlutverkum hans. Ég spurðist fyrir um það meðal lærðra lögfræðinga hvort ekki mætti búast við því, eins og þarna segir, að Hæstiréttur væri til þess bær að kveða upp slíka úrskurði mjög skjótlega og fékk þau svör að það mætti þykja eðlilegt.

Ég er hins vegar ekki sannfærður um það að tillagan um að skipa aðra nefnd til hliðar við kjaradeilunefnd leysi málin. Ég sé það ekki í fljótu bragði. Það hefur verið gagnrýnt í yfirstandandi kjaradeilu að kjaradeilunefnd hafi tekið við allt of mörgum málum og látið ógert að úrskurða að þau væru utan hennar verksviðs. Þar með hefur hún farið út í það að túlka hin þröngu ákvæði 26. gr. um öryggisvörslu og heilsugæslu allt of vítt. Þetta hefur án nokkurs vafa kynt undir kolum heitra deilna og orðið til þess að gera nefndinni erfitt um vik í hennar störfum. Hún nýtur ekki að fenginni þessari reynslu þess trausts sem hún þarf að njóta. Um það tjóar ekkert að halda fram einhverri skoðun. Það er staðreynd, ein af staðreyndum málsins að nefndin hefur reynst vera mjög umdeild. Ef litið er á þann fjölda úrskurða, sem frá nefndinni hefur komið, hann skiptir mörgum hundruðum, og síðan litið á það hversu mörgum þeirra hefur verið formlega mótmælt af hálfu BSRB, þá fer ekkert á milli mála að hér er uppi vandamál. Annar aðilinn, BSRB, heldur því fram fullum fetum, og um það snerust deilurnar jafnvel vikum saman, að efnisatriðin hafi nú horfið í skuggann fyrir deilum um verklag og vinnubrögð. Í því efni nægir kannske að vitna til fréttaskýringar í blaði því sem verkfallsdagana gekk undir nafninu TNT. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verkfall BSRB er að breytast í hörkudeilur um hver úrskurði um það hvaða störf skuli unnin í verkfallinu. Snýst deilan einkum um valdsvið kjaradeilunefndar og telur ríkið að hún sé eini aðilinn sem eigi að úrskurða um hvaða störfum skuli sinnt. Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn., hefur t. d. sent út bréf þar sem hann segir að aðeins þeir sem starfi skv. úrskurði nefndarinnar séu undir vinnuréttarákvæðum, aðrir séu ekki tryggðir fyrir slysum eða óhöppum og geti ekki reiknað með launum. BSRB telur hins vegar að kjaradeilunefnd eigi aðeins að úrskurða um öryggis- og heilsugæslu", eins og reyndar var ríkjandi sjónarmið í umr. hér á þingi þegar lögin voru sett, „en að öðru leyti eigi BSRB sjálft að stjórna sínu verkfalli og nefnd í því skyni verkfallsnefnd BSRB. Þessi deila hefur einnig leitt til þess að BSRB hefur ekki viljað una úrskurðum nefndarinnar og reynir að hindra t. d. flugsamgöngur og að hafrannsóknaskipin láti úr höfn með verkfallsvörslu."

Þetta nægir til að sýna fram á og rifja upp fyrir mönnum að þessar deilur eru vissulega uppi. Ég held að það sanni ótvírætt að hér er um að ræða vankanta á lögunum og það þurfi að setja undir þennan leka. Það er ótækt ef deilurnar fara að snúast um sjálft verklagið og sjálf vinnubrögðin. Lögunum frá 1976 var ætlað að leysa þennan vanda. Það hefur komið á daginn að þær aðferðir sem þar voru leiddar í lög hafa ekki dugað. Hér þarf þess vegna lagabreytingu til.

Ég held að þær leiðir sem til greina komi séu aðallega tvær. Annars vegar sú sem stungið er upp á í þessu frv. til l., sem ég held að sé eðlileg leið og standist að öllu leyti, bæði þegar upp koma deilur um vanhæfni nefndarmanna og deilur um verksvið nefndarinnar. Mér sýnist í fljótu bragði að hugmynd hv. 2. þm. Norðurl. v. dugi ekki til að leysa þessi mál, vegna þess að deilur kynnu strax að rísa um verksvið þeirrar hliðarnefndar sem hann stingur upp á, fyrir nú utan það að deilur um vanhæfni einstakra nefndarmanna leysast ekki með þeim hætti.

Hin leiðin gæti hins vegar verið sú, sem ýmsir lögfræðingar bentu á, að leiða í lög regluna um aukinn meiri hluta innan nefndarinnar, þannig að fulltrúi Hæstaréttar væri sá aðilinn sem ævinlega þyrfti til og hefði oddaatkvæði til þess að úrskurður nefndarinnar yrði endanlegur. Þó sýnist mér að sú leið dugi ekki eins vel og sú sem hér er stungið upp á. Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. v. taldi rétt að geyma þetta mál.

Hann lét í ljós þá von að kjaradeilur yrðu nú leystar áður en þetta mál yrði afgreitt frá þingi og eðlilegra væri að þetta yrði tekið til skoðunar þegar um hægist og menn geta sest í meiri sáttatón niður til viðræðna og metið reynsluna af framkvæmd verkfallsins. Þetta eru góð og gild rök að því er varðar það stóra mál, sem ýmsir hafa haft orð á að nú þurfi að endurskoða, stóru spurninguna um það: var því skynsamlega ráðið á sínum tíma að lögleiða verkfallsrétt opinberra starfsmanna og gera breytingar á því? Ég er hins vegar ekkert að fjalla um það mál, heldur einungis lítið mál, sem getur orðið stórt, í framkvæmd verkfallsins og ég tel ekki eftir neinu að bíða með að Alþingi fjalli um það í ljósi nýfenginnar reynslu.

Hitt málið kemur vafalaust á dagskrá. Ég vil t. d. vekja athygli á því að frá því hefur verið skýrt í blöðum að ein af tillögum stjórnskipaðrar nefndar, sem nú situr og semur frv. til l. um Stjórnarráð Íslands og um stjórnsýslu, sé sú að kjaramálum opinberra starfsmanna allra fyrir ofan — eigum við að segja fulltrúa og upp úr, skuli hagað á þann veg að um þau fjalli kjaradómur. Þessi mál voru kynnt fyrir fulltrúum stjórnarandstöðunnar nú fyrir nokkrum vikum, þ. á m. þetta frv. og það fylgdi að að því væri stefnt að frv. af þessu tagi yrðu lögð fyrir í upphafi þings. Ég mundi nú geyma mér að ræða þá stóru spurningu þangað til t. d. slík mál litu dagsins ljós.

Að því er varðar aðfinnslur hv. 2. þm. Norðurl. e. um að það sé ómaklegt með öllu að þau orð heyrist héðan úr ræðustól eða komi fram í grg. að á því sé hætta að kjaradeilunefnd verði verkfæri ríkisvaldsins, eða umdeildir úrskurðir hennar verði til þess að draga verkfall á langinn, þá er því til að svara að það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því að þessi ágreiningur er uppi í þjóðfélaginu. Annar deiluaðilinn hefur hvað eftir annað vefengt fjöldann allan af úrskurðum nefndarinnar og haldið því fram fullum fetum í sínu málgagni að nefndin hafi í starfi sínu dregið taum ríkisvaldsins óhóflega, en kvartað undan því að geta ekki náð rétti sínum vegna þess að málskotsréttur er enginn. Þess vegna þýðir ekkert að kvarta undan þessu. Þetta er bara ein af staðreyndum málsins.

Hv. þm. bað einnig um skýringar á því hvers vegna flm. vilja hafa þá reglu á hlutunum að framkvæmd á úrskurði kjaradeilunefndar frestist uns dómur Hæstaréttar er fallinn. Svarið við því er mjög einfalt. Hér er verið að reyna að leiða í lög reglur, sem eru óumdeildar og greiða fyrir því að samkomulag geti tekist um aðalatriði máls, en deilurnar leysist ekki upp í úlfúð og illindi um sjálf vinnubrögðin. Ef annar hvor deiluaðili vefengir verksvið kjaradeilunefndar, vefengir einstaka úrskurði eða annað slíkt, þá er það best til friðar fallið að framkvæmd á slíkum úrskurðum frestist þann stutta tíma sem á að líða þangað til endanlegur úrskurður kemur, ella verður um að ræða hættuna á því að framkvæmd á slíkum hlutum verði snúið við, kannske með úrskurði kjaradeilunefndar, og það tel ég að væri ekki vel til fundið.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég ítreka þau fyrri ummæli mín að ég teldi mjög æskilegt að það takmarkaða málefni laganna sem hér er fjallað um, sú tillaga sem hér er gerð til lagabreytingar, verði skoðuð vandlega í nefnd og að ég sé ekki ástæðu til að salta þetta mál eða láta það bíða einhverrar allsherjar endurskoðunar á þessum lögum, sem eðli málsins skv. bíður seinni tíma ef af verður.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að engum geti blandast hugur um, að fenginni reynslu af þeirri vinnudeilu sem staðið hefur nú milli ríkisins annars vegar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar, að fara þurfi fram endurskoðun á því máli öllu. Að sjálfsögðu getur verið um að ræða misjafnlega miklar breytingar sem þar þarf að gera, en ég er þó sammála hv. 1. flm. og frsm. þessa máls að það sé nauðsynlegt að þetta verði gert og það sem allra fyrst. Ég held að það væri öllum aðilum fyrir bestu. Það er ómögulegt að búa við það að gífurlega mikill ágreiningur sé um það hvort í þessu tilfelli kjaradeilunefnd hefur farið margoft út fyrir sitt verksvið í úrskurðum eða ekki. Ég tel að það hljóti að vera til hins betra að hér verði gerð á breyting, þar sem báðir aðilar geta skotið ágreiningsmálum, að því er varðar úrskurði kjaradeilunefndar í þessu tilfelli, til Hæstaréttar eins og hér er lagt til.

Ég held að það hljóti öllum að vera ljóst sem eitthvað þekkja til framgangs vinnustöðvunar, vinnudeilna, að miklu skiptir að haldið sé þannig á málum að allt sé gert sem hægt er til þess að menn sannfærist um að eðlilega sé farið að hlutum og með gát til þess að koma í veg fyrir margháttaðan misskilning, sem vissulega getur orðið uppi þegar, eins og er í þessu tilfelli, aðeins einn aðili ákvarðar endanlega. Og það sýnist mér vera skv. lögum einvörðungu að því er varðar öryggismál.

Ég held líka að það hafi sýnt sig, muni ég rétt og fari ég rétt með, að t. d. rannsóknaskipið Árni Friðriksson eða Bjarni Sæmundsson hefði farið í rannsóknaleiðangra hefði verið sótt um undanþágu til verkfallsnefndar BSRB. Þá hefði verið hægt að gæta þess öryggis varðandi loðnustofnin sem hæstv. sjútvrh. hefur um talað. En mér sýnist öll þróun í þessari deilu hafa verið á þann veg, að stjórnvöld hafi beinlínis vísað öllu til kjaradeilunefndar, öllu, og nánast lagt við því bann að beiðnir um undanþágu færu til gagnaðila ríkisins sem er BSRB. Ég held að slíkt fyrirkomulag kunni ekki góðri lukku að stýra. Ég tel mig a. m. k. hafa einhvers staðar heyrt það, ég þori ekki að nefna stund eða stað eða úr hvaða átt, að sú yfirlýsing hafi komið frá forsvarsmönnum BSRB að hefði verið sótt um undanþágu fyrir rannsóknaskipið til þeirra, þá hefði hún verið veitt. Ég man ekki betur. Og þar með hefði verið hægt að losa formann BSRB undan þeirri kvöð að vera um borð í hafrannsóknaskipi æðimarga klukkutíma svo að hann hefði getað sinnt öðrum mikilvægari verkefnum.

Þetta dæmi sýnir að það er full nauðsyn á því að hægt sé að skjóta ágreiningsatriðum í svo alvarlegu og viðkvæmu máli sem framkvæmd vinnudeilu er til aðila til úrskurðar. Og eins og hv. þm. Jón Baldvin benti hér á hefur það komið mjög oft fram hjá forsvarsmönnum BSRB að þeir telja að kjaradeilunefnd hafi farið út fyrir sitt verksvið.

Ég er því þeirrar skoðunar, þó að ég viðurkenni nauðsyn á því að fram fari endurskoðun á lögunum sem heild, að þetta sé svo augljóst að því verði að breyta og færa til annars vegar en það nú er. Og ég sé ekki, a. m. k. enn sem komið er, neina aðra leið eða annan aðila sem líklegri sé til að úrskurða í þessu máli en sá sem þarna er gert ráð fyrir, sem er Hæstiréttur.

Ég vildi aðeins, herra forseti, láta þetta álit mitt í ljós. Ég vil hins vegar bæta því við í lokin að ég tel það nánast af og frá að mál af þessu tagi fari til fjh.- og viðskn. Þetta er ekkert fjh.- og viðskn.-mál, það er víðs fjarri því. Mér finnst eðli málsins skv. að málið eigi að fara til félmn. Mér finnst það alveg ótækt að málum sé vísað til hinna og þessara nefnda að geðþóttaóskum hinna og þessara hv. þm. Eðli málsins á að ráða því til hvaða nefndar málið fer, en ekki ósk einhverra tiltekinna misviturra þm., þm. sem hafa misjafnlega þunga vikt í ráðum hér á hv. Alþingi. Ég bið hæstv. forseta að taka það til greina að mér finnst alveg ótækt að þetta mál fari til fjh.- og viðskn. Að mínu áliti á það efnislega heima í félmn. Nd.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Flm. þessa lagafrv. benda á að í lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sé ekki að finna neitt ákvæði sem kveði á um að unnt sé að áfrýja úrskurðum kjaradeilunefndar. Þeir séu m. ö. o. endanlegir. Telja flm. þetta missmíði á lögum og að jafnvel geti svo farið að ríkisvaldið geti gegnum kjaradeilunefnd dregið verkfall opinberra starfsmanna endalaust á langinn með því að veita allar mögulegar og ómögulegar undanþágur.

Hvernig sem þetta ákvæði kann að reynast nú, að þessir úrskurðir séu endanlegir, þá held ég að mér sé óhætt að fullyrða að það var upphaflega sett til þess að hraða lausn mála. Tilgangur þess var að greiða fyrir hraðari og greiðari lausn mála. Það er vitað að málskotsrétt er næstum útilokað að nýta öðruvísi en svo að hann tefji málin að einhverju leyti.

Ég átti sæti í kjaradeilunefnd af þessu tagi þegar hún hljóp fyrst af stokkunum og vann í henni um skeið. Ég man það vel að við nm. litum svo á að það þyrfti að kveða upp skjóta úrskurði í þessum efnum, næstum því kveða þá upp á stundinni á vettvangi, enda man ég ekki eftir öðru en það gengi allvel á þeirri tíð. Úrskurðarefni þau sem þá bárust kjaradeilunefnd voru yfirleitt þess eðlis að það var um að gera að kveða úrskurðina upp strax. Ég man að við líktum þessu á þeim tíma stundum við starf dómara á knattspyrnuvelli, sem venjulega þarf að úrskurða samstundis, en hefur ekki langan tíma til að velta málum fyrir sér. Hitt er svo annað mál, að það má vel vera að þetta ákvæði laganna þurfi að endurskoða eins og fleiri ákvæði þeirra og ætla ég ekki að setja fótinn fyrir það. En á þetta atriði vildi ég einungis benda. Ég ætla það öruggt að við setningu laganna hafi þetta ákvæði verið haft svo til þess að hraða lausn mála.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. og meðflm. hans að þessu frv. fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er á ferðinni stórmál sem varðar samskiptareglur í viðkvæmum og erfiðum vinnudeilum.

Í grófum dráttum má segja að möguleikarnir í þessum efnum séu fjórir. Í fyrsta lagi sá að til sé kjaradeilunefnd, eins og nú er gert ráð fyrir í lögunum, sem hafi endanlegt úrskurðarvald. Rökin fyrir því að hafa kjaradeilunefnd með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir eru vafalaust þau sem hv. 1. þm. Vesturl. gat hér um áðan, að hún væri fljótvirk. Hér þyrfti að kveða upp úrskurði skjótt og skýrt.

Annar möguleikinn er sá sem lagður er til hér, að um verði að ræða áfrýjunarrétt þannig að niðurstaða kjaradeilunefndar sé ekki endanleg. Í þeim efnum eru þá til ýmsir möguleikar varðandi það hver það er sem á endanlega að úrskurða. Einn möguleikinn er Hæstiréttur eins og hér er lagt til. Annar möguleikinn er auðvitað félagsdómur. Og þriðji möguleikinn er önnur nefnd eins og hv. þm. Páll Pétursson nefndi hér áðan. Félagsdómur fer með deilumál í almennum kjaradeilum. Í 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo, með leyfi forseta:

„Verkefni félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.

2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu a. m. k. þrír af dómendunum því meðmæltir."

Mér sýnist að út af fyrir sig mætti í þessum efnum skoða 1. tölul. 44. gr., hvort hann gæti átt við í þessum efnum, og mér finnst sjálfsagt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar velti því fyrir sér.

Gallinn hins vegar við það að setja þetta mál í félagsdóm og í Hæstarétt er auðvitað einfaldlega sá að það yrði vafalaust um að ræða mikið málaflóð hjá þessum stofnunum ef þær ættu að vera hinn endanlegi úrskurðaraðili. Ég geri ráð fyrir því að í heitum kjaradeilum, eins og þeirri sem nú stendur yfir, mundu mál þróast þannig að flestum eða öllum málum yrði vísað til lokastigs, þ. e. Hæstaréttar eða félagsdóms. Þess vegna er ég ekki alveg 100% viss um að sú hugmynd sem hér er nefnd sé sú rétta. Ég er ekkert að gera lítið úr hugmyndinni, en ég er bara að velta hér upp atriðum til umhugsunar sem þingið þarf að skoða í þessari stöðu.

Ég hef nefnt tvo möguleika varðandi þessi mál. Annar er kjaradeilunefnd sem hefur endanlegan úrskurð. Hitt er áfrýjunarréttur til ákveðinna stofnana. Þriðji möguleikinn er svo aukinn meiri hluti sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti hér á áðan. Ég sé í sjálfu sér ekki að það breyti mjög miklu. Það kann að vera að hægt sé að koma við einhverju slíku ákvæði, en ég er ekki viss um að það breyti mjög miklu. Ég er sérstaklega ekki viss um að kjaradeilunefnd yrði í raun og veru neitt minna umdeild þó að það væri aukinn meiri hluti sem ætti að kveða upp úrskurði í málum. Þess vegna sækir það auðvitað að manni hvort ekki er eðlilegast í stöðu eins og þessari að segja sem svo: Þegar atvinnurekandinn, þ. e. ríkið, þarf á því að halda að láta vinna verk, koma út skipum svo að ég nefni dæmi, eða láta gera annað, og færir fyrir því gild rök, þá beinir hann umsókn sinni einfaldlega til verkfallsstjórnar BSRB, eins og gert er í hinum almennu kjaradeilum. Atvinnurekendur í hinum almennu kjaradeilum beina umsókn um undanþágur til viðkomandi verkfallsstjórna og ég held að við eigum að taka það til umhugsunar hvort þetta er ekki það eðlilega fyrsta stig í málinu. Ef hins vegar verkfallsstjórn synjar og viðkomandi er óánægður með þá niðurstöðu, þá er auðvitað hugsanlegt að kjaradeilunefnd eða önnur slík stofnun taki við.

Ég held m. ö. o. að vandinn í sambandi við kjaradeilur opinberra starfsmanna núna stafi fyrst og fremst

af því, að menn eru að sumu leyti að reyna að fara aðrar slóðir við framkvæmd vinnudeilnanna en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Í þessum efnum bera menn það fyrir sig að opinberir starfsmenn sinni öryggisvörslu og heilsugæslu o. s. frv., og þar verða auðvitað að gilda sérstakar reglur, það er alveg ljóst. En þegar þeim reglum sleppir, þá held ég að farsælast sé fyrir alla aðila að að öðru leyti fari þessi mál eftir hinum almennu lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í lögunum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 1976 er aftur og aftur vísað til félagsdóms og hinna almennu laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er skoðun lögfræðinga í vinnurétti og annarra lögfræðinga, sem hafa litið á þessi mál og farið vandlega yfir þau, að þegar lögunum frá 1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sleppir, þá taki við hin almennu lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ég held að nauðsynlegt sé að þau sjónarmið sem ég hef hér nefnt fái að koma hér fram. Hér er um að ræða flókið mál en ekki einfalt. Ég tel eðlilegt að þegar Alþingi tekur afstöðu í þessu máli sé leitað umsagnar allra aðila, m. a. BSRB en einnig hinna almennu verkalýðsfélaga. Þar er um að ræða fjöldamörg markatilvik á milli hinna almennu verkalýðsfélaga og opinberra starfsmanna, einmitt við framkvæmd kjaradeilna, þar sem þarf að tryggja betri vinnubrögð svo að ekki komi til átaka, misskilnings eða óþæginda vegna þess að reglur séu óljósar. Ég tel einnig að þegar um mál eins og þetta er að ræða sé mjög nauðsynlegt að reynt sé að tryggja um það sem besta pólitíska samstöðu. Ég tel þess vegna að ef menn ætluðu sér að fara út í að endurskoða lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þá verði náttúrlega að kalla til fulltrúa þeirra, en líka sem flestra stjórnmálasjónarmiða, því að það er eitt af höfuðatriðunum í okkar þjóðfélagsgerð allri að sæmilegur friður ríki um vinnureglur af þessu tagi. Og það er þess vegna sem lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, þó gölluð séu, hafa staðið óbreytt í nærri fimmtíu ár í meginatriðum, vegna þess að menn hafa ekki viljað *rífa þau upp í ágreiningi. Ég held að það sjónarmið*, sem liggur þar á bak við af hálfu löggjafans á undanförnum áratugum, sé skynsamlegt sjónarmið. Ég held að það sé í raun og veru háskasamlegt ef jafn mikilvægur þáttur í okkar stjórnskipun eins og lög um vinnudeilur er rifinn upp í hörðum pólitískum ágreiningi.

Ég held að það séu hættulegt og geti dregið dilk á eftir sér á mörgum öðrum sviðum.

Ég neita því ekki að ég teldi það varasamt að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna yrðu endurskoðuð undir forustu núverandi fjmrh. Ég tel að reynslan af honum sé svo slæm í þessu efni að ekki sé hægt að trúa fjmrn., eins og það er núna, fyrir því að fara með forustu um þessi mál. Ég tel þess vegna, ef þarna á eitthvað að gerast, að það verði í fyrsta lagi að gerast í góðri samvinnu við stéttarsamtökin, en í öðru lagi eigi að leita eftir annarri leið en þeirri að fjmrn. hafi um þetta forustu. T. d. gæti komið til greina að Alþingi sjálft tæki mál af þessu tagi upp.

Ég dreg svo ekkert úr því, herra forseti, að því verði flýtt að kanna þetta mál rækilega sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson mælti hér fyrir áðan. Og ég læt mér það í sjálfu sér í léttu rúmi liggja hvort það fer í félmn. eða fjh.- og viðskn. Ég held að það sé ekki til nein löggilt skoðun á því. En fordæmið er fjh.- og viðskn. þó að eðli málsins segi félmn. vegna þess að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur t. d. hafa verið í félmn. En fordæmið er örugglega fjh.- og viðskn., það er alveg skýrt, þannig að ég mundi greiða atkv. með till. um fjh.- og viðskn. ef ekki kæmi annað fram.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestlendinga rifjaði upp fyrir þingheimi hvað fyrir mönnum vakti á sínum tíma þegar lögin um kjaradeilunefnd voru sett. Tilgangurinn var sá að setja niður deilur um vinnubrögð og verklag og flýta fyrir lausn mála. Ég get hins vegar fullsannað að þessi tilgangur, góður sem hann var, hafi ekki náðst og það rifjaði upp fyrir manni að það er nú hvorki meira né *minna en heil stjórnmálakenning til um það að flest* það sem fyrir mönnum vakir, góðviljuðum mönnum, eigi það fyrir sér að snúast upp í andstæðu sína. Ég rifjaði svo upp fyrir hæstv. dómsmrh. að tilgangur góðviljaðra manna með rússnesku byltingunni var sá að leysa Sovétmenn undan oki og áþján, en hefur snúist upp í þá skondnu afleiðingu að reisa tugthúsmúr utan um sovétþjóðirnar og gerðist á tiltölulega skömmum tíma. Góður vilji engva gerir stoð ef framkvæmdin verður öll á annan veg.

Ef þessi tilgangur hefði náðst hefðu ekki risið slíkar deilur um hlutverk nefndarinnar. Hlutverk hennar er mjög þröngt skilgreint í lagatextanum. Hún á að úrskurða um öryggisgæslu og heilsugæslu. Mér virðist einsýnt að mjög margir úrskurðir nefndarinnar í þessari deilu fái ekki staðist svo þrönga lagaskýringu. Engum blöðum er um það að fletta að miklar deilur hafa risið og ég er ekki í nokkrum vafa um að þær hafa kynt undir illdeilum og tafið fyrir lausn mála. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Þegar menn spyrja hins vegar hvort aðrar leiðir komi til greina, þá hefur þegar verið nefndur möguleikinn á að setja upp aðra nefnd sem ég fæ ekki séð að leysi málið. Í annan stað hefur hv. 3. þm. Reykv. lýst fjórum möguleikum.

Í fyrsta lagi óbreyttu ástandi, sem ég tel ekki gott.

Í öðru lagi áfrýjunarrétti, sem ég legg til, en hann nefnir þá til félagsdóm. Vissulega kæmi það til álita, en mér sýnist reynslan benda til þess að það sé allt of mikill dráttur á úrskurðum félagsdóms. Málum var skotið til félagsdóms sem upp komu í þessari deilu, þ. e. þeirri miklu deilu sem varð strax í upphafi kjaradeilunnar um hvort rétt lög eða kjarasamningar mæltu fyrir um að laun skyldu greidd út jafnvel þótt verkfall væri eða ekki, og félagsdómur hefur eftir langa mæðu vísað því máli frá en ekki úrskurðað í málinu. Þar er ég að tala um málskot Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eða BSRB, hvort heldur var hinn formlegi málskotsaðili.

Það kann hins vegar að vera að það sé galli á þessari lausn, sem hér er stungið upp á, ef það reyndist rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. taldi líklegt, að af mundi hljótast endalaust málaflóð þannig að Hæstiréttur yrði kaffærður í slíkum málum. Hvort það er líklegt skal ósagt látið. Það fer nokkuð eftir því hvernig þessi ágæta kjaradeilunefnd starfar. Þessar umr., sem hér fara fram, og þessi tillöguflutningur mætti vafalaust verða nm. umhugsunarefni vegna þess að ljóst er að nefndinni hefur ekki lánast að starfa þannig á grundvelli laganna að það vekti ekki deilur.

En ef menn teldu að þetta væri líkleg afleiðing vil ég

árétta að menn skoði rækilega hina leiðina, sem nefnd hefur verið, um hinn aukna meiri hluta. Eins og menn taka eftir er nefndin samansettt af níu aðilum og hugmyndin um aukinn meiri hluta byggist þá á því að enginn meiri hluti deiluaðila myndist í nefndinni án þess að fulltrúar Hæstaréttar hefðu þar oddaatkvæði.

Sú leið, sem hv. 3. þm. Reykv. lagði til, að þarna yrði ákveðið millistig, þ. e. málum yrði einfaldlega vísað til verkfallsnefndar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ef þeirra úrskurður yrði vefengdur eða þeirra leyfi ekki fengist fyrir nauðsynlegum störfum væri því vísað til nefndarinnar, virðist mér vissulega að styðjist við hefðir á hinum almenna vinnumarkaði. Hins vegar er ég ekki sannfærður um ágæti þeirrar leiðar og tel reyndar fyrir fram vonlaust að sú leið fengi meirihlutafylgi hér á þingi og allra síst ef reynt væri að afgreiða þetta mál með skjótum hætti.

Um endurskoðun vil ég það segja að öðru leyti að komi það mál upp hér á þingi býður það væntanlega síns tíma, en það er kannske ástæða að gefnu tilefni að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., sem er ekki hér í salnum, hvenær sé að vænta þeirra lagafrv. sem stjórnskipuð nefnd hefur í undirbúningi um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, um stjórnsýslu og um kjaradóm opinberra starfsmanna. Það er ekkert launungarmál, eins og ég sagði áðan, að þessi frv. voru kynnt fulltrúum stjórnarandstöðunnar síðsumars með þeim ummælum að það væri ásetningur ríkisstj. að flytja slík mál hér í upphafi þings. Eitt þessara mála var um að breyta þeim lögum sem hér hafa verið til umr., þ. e. lögunum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, með þeim hætti að um kjör allra ríkisstarfsmanna, sem gegna starfi fulltrúa eða svokölluðum háttsettari störfum, færi framvegis eftir úrskurði kjaradóms. Ég vil leyfa mér af þessu tilefni að spyrjast fyrir um það: Hefur þessi nefnd lokið störfum? Hefur hún skilað þessum lagafrv. til þingflokka stjórnarsinna eða til ríkisstj.? Hefur ríkisstj. tekið afstöðu til þessa máls? Og er þess að vænta að ríkisstj. leggi fram á hinu háa Alþingi slík lagafrv.? Það er spurt að gefnu tilefni og mér þætti vænt um ef einhver hér inni úr röðum ráðh. — það er víst engin ráðh. undir þessum umr. — eða áhrifamanna úr hópi stjórnarliða, t. d. eins og hv. þingflokksformaður, 2. þm. Norðurl. v., upplýsti eitthvað um það eða hv. 1. þm. Suðurl. sem af sumum hefur hér á hinu háa Alþingi verið titlaður annar forsrh.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum í þetta frv., sem hér liggur fyrir, því þannig vill til að ég sit bæði í hv. fjh.- og viðskn. sem varaformaður og er formaður félmn. deildarinnar. Málið kemur því til minna kasta á öðru stigi. Ég svara ekki spurningum frá hv. síðasta ræðumanni, en tel mér þó skylt að leiðrétta það sem kom fram í máli hans og varðar félagsdóm.

Þannig er að BSRB stefndi, fyrir hönd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurborg fyrir að greiða ekki út laun. Ástæðan fyrir því að BSRB gerði það ekki í sínu nafni er einfaldlega sú, að kveðið er á um það í lögum frá 1954 að borga skuli ríkisstarfsmönnum út fyrir fram, en slík ákvæði eru ekki til í lögum um bæjarstarfsmenn eða borgarstarfsmenn, heldur byggir það á kjarasamningi og félagsdómur tekur aðeins slík atriði til meðferðar. Um þetta var ágreiningur milli lögmanna, eins og fram hefur komið, hvort félagsdómur ætti með þetta mál að fara. Úrskurður félagsdóms var á þá leið að hafna frávísunarkröfu Reykjavíkurborgar, en kveða upp efnisdóm í málinu. Þetta segi ég til að það komist til skila sem rétt er í því máli.

Hitt er svo annað mál, að það er alveg hárrétt, sem bent var á og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þetta tekur sinn tíma. Staðan í málinu er sú nú að farið er fram á að fá upp efnisdóm í þessu máli, en nú þegar hafa allir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengið greidd laun því í nokkra daga komu þeir til vinnu aftur og verkfallinu var frestað þannig að sá efnisdómur hefur í raun og veru ekki þýðingu að sinni nema fordæmisgildi.

Málið er því æðiflókið þegar það er skoðað með tilliti til allra þátta málsins.

Það sem ég vil segja um það frv. sem hér er til umr. og er góðra gjalda vert er að það hlýtur að þurfa að skoða fleiri ákvæði laganna en þetta eina, þ. e. 26. gr., og er eðlilegt að sú n. sem fær þetta til meðferðar geri það. Þetta hafa aðrir hv. þm. bent á í sínum ræðum. Ég vil þó benda á að í grg. með frv., sem lagt var fram á þingi þegar þessi lög voru sett, kemur í ljós að þetta frv. byggir á samningi. Um 26. gr. laganna segir svo, með leyfi forseta, í grg.:

„Hér er gert ráð fyrir að verkfallsrétti verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu. Upptalning á þeim störfum, sem hér um ræðir, getur ekki orðið tæmandi og er því sérstakri nefnd falið að ákveða hvaða störf þurfi að vinna og skipta vinnuskyldu á einstaklinga innan viðkomandi starfshópa."

Þetta er reyndar öll grg. með 26. gr. laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem verið er að gera tillögu um breytingu á. M. ö. o.: það var alltaf ráð fyrir því gert að kjaradeilunefnd túlkaði lögin rúmt og ég held að það hafi ekki nokkrum manni dottið í hug annað. Ég býst við því að það hafi verið forsenda þess að fallist var á verkfallsrétt á sínum tíma að kjaradeilunefnd hefði endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum og þarf að vinna hratt og vel. Ég hef nú eins og hv. þm. Friðjón Þórðarson setið í kjaradeilunefnd að nafninu til. Sem betur fer stóð þannig á þegar ég sat í nefndinni að aldrei urðu verkföll þannig að ég lenti ekki í þeim ósköpum að þurfa að vera úrskurðaraðili. Mér skilst að þeir séu daga og nætur að úrskurða. Ég hef því ekki reynslu af starfi nefndarinnar sem slíkur, en ég held að það fari ekki milli mála að alltaf hafi verið gert ráð fyrir því að um rúma túlkun var að ræða og þetta væri endanlegur úrskurður. Það var raunar forsenda þess að um þennan viðtæka verkfallsrétt yrði að ræða.

Þá kem ég að því sem ég held að skipti máli fyrir þessa umr., en það er að mér sýnist hreinlegast að leysa þetta mál, sem er vissulega erfitt viðureignar, með því að löggjafinn taki af skarið um það með miklu ákveðnari hætti en gert er í lögunum hverjir eigi að vinna þrátt fyrir verkfall. Reyndar er upptalning í lögunum í nokkrum liðum. Ég tel hins vegar einsýnt að hjúkrunarstéttir og löggæslumenn, jafnvel tollgæslumenn allir, alveg eins og Landhelgisgæslan, eigi að vinna í verkfalli eða m. ö. o. að missa sinn verkfallsrétt. Þetta er mín persónulega skoðun einfaldlega vegna þess að þessir aðilar vinna alltaf í verkföllum og það er enginn ágreiningur um það í sjálfu sér. Það er hins vegar afar

óeðlilegt að þessir hópar geti tekið þátt í atkvæðagreiðslu um sáttaboð sáttanefndar, sem skylt er að leggja fram þegar búið er að boða til verkfalls, því þessir hópar geta útlátalaust sent aðra í verkfall. Það er jafnframt óeðlilegt að þeir hafi atkvæðisrétt í þessum málum þegar hugsað er út frá þessu sjónarmiði.

Með þessu er verið að viðurkenna staðreyndir. Það hefur engin nefnt það í þessari umr. né heldur nokkurs staðar annars staðar að hjúkrunarfólk og löggæslumenn eigi ekki að starfa í verkfalli. Þá er miklu betra að þetta fólk hafi ekki verkfallsrétt eins og t. d. Bandalag háskólamanna og fjöldamargir aðrir opinberir starfsmenn, eins og tilgreint er í þessum lögum. Ég er ansi hræddur um að í verkalýðsfélögum væri ástandið harla skrítið ef við vissum það fyrir fram, t. d. í verkfalli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, að þriðjungur færi aldrei í verkfall, en væri alltaf á launum, allt verkfallið á nýjum launum — takið eftir: á nýjum launum — og hefði fullan atkvæðisrétt um það að geta sent alla hina í verkfall og láta þá berjast fyrir kjörunum. Ég nefni þetta vegna þess að ég tel ósköp eðlilegt að það hefur komið upp ágreiningur um kjaradeilunefnd. Löggjafinn á auðvitað að höggva á þennan hnút, eins og hann getur. Eitt skynsamlegasta ráðið sem ég sé er að viðurkenna staðreyndir sem allir eru sammála um. Eftir sem áður geta þessir aðilar haft samningsrétt eða þá hlotið að gegna kjaradómi, eins og margir aðrir gera. Mér sýnist að sú leið hafi ekki verið óheppilegri fyrir þá, a. m. k. launalega séð, sem þurfa að hlíta kjaradómi. A. m. k. hefur ásókn verið harla mikil undanfarin ár í það að komast í náðarfaðm kjaradóms, eins og við þekkjum a. m. k. sem sitjum í hv. fjh.- og viðskn. Nd. (**SvG:** Grunsamlegur áhugi.) Það er grunsamlegur áhugi. Ég tek undir orð hv. 3. þm. Reykv.

Að lokum vil ég nefna eitt atriði til viðbótar sem ég held að skipti máli fyrst verið er að ræða um hvernig eigi að breyta þessum lögum. Það er ákvæði 21. gr. laganna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamninga a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast“ o. s. frv.

Það er skylda sáttasemjara og þeirra manna sem hann kallar til sáttanefndarinnar að leggja fram sáttatillögu sé búið að boða verkfall. M. ö. o.: til þess að knýja fram sáttatillögu er auðvitað boðað verkfall. Í þessu verkfalli, sem nú er yfirstandandi, gerðist það að málinu var vísað til sáttasemjara og það var ósk BSRB að málið gengi til sáttasemjara áður en fjmrh. fékk þær kröfur í sínar hendur. Daginn áður var farið til sáttasemjara og hann beðinn að taka málið að sér. Síðan þróuðust mál þannig að það var boðað verkfall. Sáttasemjari hann skal samkv. lögunum leggja fram sáttatillögu hversu vitlaust sem það kann að vera á þeim tíma, og er ég þá ekki að dæma þetta verkfall sérstaklega, heldur eingöngu að benda á að það er eðlilegt fyrir forustumenn BSRB sem vilja auðvitað fá fram sáttatillögu, að knýja hana fram og eina leiðin til að gera það er að boða verkfall og hleypa þar með skriðunni af stað. Í þessu, sem ég sagði nú, felst engin áfellisdómur gagnvart einum eða neinum, heldur er ég aðeins að benda á að lögin, eins og þau eru orðuð, leiða til þess að við hljótum, ef mikið ber á milli, að þurfa ætíð að semja í verkfalli. Það er skaðlegt fyrir alla þjóðina. Undir það hafa allir tekið, líka forustumenn þeirra sem eru í verkfalli, að það á að reyna að koma í veg fyrir verkfall. En þetta ákvæði gerir það að verkum að verkföll verða nánast ekki umflúin.

Ég bendi á þetta atriði vegna þess að verið er að ræða um ýmis ákvæði í þessum lögum. Ég tel, þar sem ég hef nú trú á því að samningar takist í þessari kjaradeilu innan tíðar, að Alþingi eigi að taka sér tíma í vetur og kanna með hverjum hætti hægt er að skýra þessi lög betur, þannig að þær leikreglur, sem gildi um verkföll, verði ákveðnari og skýrari og leiði ekki til óþarfa árekstra. Ég er tilbúinn til þess fyrir mitt leyti að taka þátt í þeirri vinnu, hvort sem hún verður á vegum hv. félmn. eða hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landsvirkjun, frv. 56. mál (þskj. 56). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 frá 23. mars 1983, um Landsvirkjun. Flutningsmaður ásamt mér að þessu máli er hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir. Efni þessa frv. kemur fram í 1. gr., en hún er svohljóðandi:

„Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verði 4. málsgr. og hljóði svo:

Verð á raforku samkvæmt orkusölusamningum til langs tíma við iðjuver þau, sem um er getið í 3. málsgr. þessarar greinar, má ekki vera lægra en sem nemur 65% af verði á raforku til almenningsrafveitna samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma.“

Þetta var tilvitnun í 1. gr. frv. Ákvæði til bráðabirgða er svo orðað:

„Við endurskoðun gildandi samninga um orkusölu til langs tíma milli Landsvirkjunar og iðjufyrirtækja, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, skal tekið mið af ákvæðum laga þessara.“

Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi, en þó hefur orðalagi verið hnikað til í ákvæðum til bráðabirgða með tilliti til samninga sem fram hafa farið, endurskoðun á samningum um orkusölu til stóriðju, svo og í skýringum við það ákvæði.

Í grg. með þessu frv. segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Gífurlegur munur er nú hérlendis á raforkuverði til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar og hefur hann farið hraðvaxandi á undanförnum árum. Þá áformar núv. ríkisstj. að gera nýja orkusölusamninga við erlenda aðila jafnframt því sem unnið er að endurskoðun eldri samninga.

Ljóst er að gildandi lagaákvæði hafa ekki tryggt eðlilega kostnaðarskiptingu af raforkuframleiðslu milli stórnotenda og almenningsveitna. Hefur það leitt til þess að almennir raforkunotendur, jafnt heimili og atvinnurekstur, bera óeðlilega mikinn hluta af framleiðslukostnaði raforkunnar í landskerfinu. Því er nauðsynlegt að löggjafinn marki um það almenna stefnu hver vera megi hámarksmunur á verði milli þessara viðskiptavina Landsvirkjunar.

Við stefnumörkun frv. um þetta efni er stuðst við sérfræðilegt mat innlendra aðila og einnig höfð hliðsjón af því sem tíðkast erlendis hjá raforkuframleiðendum sem að meginhluta vinna orku með vatnsafli.

Ákvæði frv., ef lögfest verða, fela það í sér að

lágmarkssamræmi verði í verðlagningu á raforku til stóriðju annars vegar og til almenningsveitna hins vegar. Það hlutfall, sem hér er gert ráð fyrir að fest verði í lög sem lágmark, á að tryggja að ekki sé unnt að velta afleiðingum af óhagkvæmri raforkusölu til stóriðju yfir á almenningsveitur, þ. e. almenna notendur og atvinnurekstur sem ekki kaupir raforku samkvæmt sérsamningum."

Miðað við núverandi tekjuþörf Landsvirkjunar og það markmið að raforkuverð til núverandi stóriðjufyrirtækja sé að lágmarki 17—18 mill (eða millidalir) yrði orkuverð til almenningsveitna samkv. ákvæðum frv. að hámarki 26—27 mill á kwst. Það þýddi að orkuverð til almenningsveitna gæti lækkað um nálægt 30% frá núverandi verði (37 mill) án þess að afkoma Landsvirkjunar versnaði.

Miðað við áætlað kostnaðarverð raforku frá nýjum virkjunum er ljóst að raforkuverð til nýrrar stóriðju þarf að vera a. m. k. 20 mill og verðlagning til almenningsveitna mundi þá ákvarðast með hliðsjón af því.

Þannig felst í ákvæðum frv. þessa mikilvæg neytendavernd og aðhald að stjórnvöldum varðandi verðlagningu á raforku til stóriðju nú og í framtíðinni.

Gert er ráð fyrir að fella lagaákvæðið samkvæmt 1. gr. þessa frv. inn í 13. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, sem ég vísa til, en þar er að finna varnagla sem ekki hafa nægt hingað til til að tryggja hagsmuni almenningsveitna og viðskiptavina Landsvirkjunar með viðhlítandi hætti.

Það álit innlendra sérfræðinga, sem hér hefur verið vitnað til, birtist í grg. sem unnin var af starfshópi á vegum iðnrn. og var skilað með skýrslu í júlí 1982 þar sem fjallað var um þessi efni, hvert væri eðlilegt lágmarkshlutfall á raforkuverði frá stórkaupendum annars vegar með tilliti til verðlagningar á raforku til almenningsveitna hins vegar. Meginniðurstaða þessa starfshóps, sem í áttu sæti Finnbogi Jónsson, þá deildarstjóri í iðnrn., en nú framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar, Gunnlaugur Jónsson, deildarstjóri Orkustofnunar, Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun, en nú aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, og Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins — meginniðurstaða þeirra var sú, með leyfi forseta, að „að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kv. afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingartími og 132 kv. afhendingarspenna)." Þetta er þeirra niðurstaða eftir að hafa fjallað um stöðu þessara mála hér innanlands og þróun hérlendis og það sem tíðkast erlendis. Í öllum þeim tilvikum þar sem vatnsafl er meginuppistaða í raforkuframleiðslu er þetta hlutfall a. m. k. sem þessu nemur og yfirleitt til verulegra muna hærra hvað snertir greiðslur stóriðjunnar. Í landi eins og Bandaríkjunum er raforkuverð það sem stórnotendur greiða í mörgum tilvikum mun hærra en raforkuverð sem almenningsveitur greiða viðkomandi orkuveitum. Það er staðreynd sem ég held að sé umhugsunarefni fyrir. hv. þdm. og ástæða til að taka tillit til við afgreiðslu þessa máls.

Í grg. með frv. er vísað til þess hvernig mál hafa staðið gagnvart stærsta orkukaupanda hérlendis, þ. e. ÍSAL, og ég leyfi mér að vitna til þess sem þar segir um það efni:

Í fyrsta lagi er þess getið í grg. að ef væri fylgt núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar eins og hún lítur út í orkusölunni til ÍSALs, þá væri hlutfallið sem stórnotenda eins og ÍSAL væri ætlað að greiða 67%, en svo er nú ekki í reynd vegna sérsamninga. Það samkomulag um raforkuverð sem samningamenn íslensku ríkisstjórnarinnar gengu frá við Alusuisse í London 9. okt. 1984 felur í sér verð á bilinu 12.5 til 18.5 millidali á kwst. með tengingu við álverð. Miðað við núverandi álverð gefur þetta samkomulag aðeins lágmarksverðið 12.5 millidali sem svarar til þess að umrætt hlutfall verður aðeins um 33%. Ég vek athygli á þessu: ekki 65% heldur aðeins um 33% að óbreyttu verði til almenningsveitna. Almenningsveiturnar greiða þannig þrisvar sinnum hærra verð á orkueiningu en stóriðjan þegar miðað er við lágmarksverðið sem fæst samkvæmt hinum endurskoðaða raforkusamningi við Alusuisse. Í reynd greiðir svo innlendur iðnaður, fiskvinnsla og almennur iðnaður, 6—8-falt hærra raforkuverð en hin erlenda stóriðja nema þá að viðkomandi gjaldskrár verði lækkaðar í framhaldi af þeim samningum sem staðið hafa yfir að undanförnu.

Herra forseti. Ég vísa að öðru leyti til grg. sem fylgir þessu frv. Ég vek athygli á því, áður en ég lýk máli mínu, að í Bandaríkjum Norður-Ameríku var samningsbundið verð til stóriðju til álvera í norðvesturfylkjum Bandaríkjanna hækkað í 27.7 millidali í fyrra. Það hafði verið mikill þrýstingur hjá kaupendum á það að fá þetta verð lækkað og þeir nutu um skeið í fyrra verðsins 11.2 millidalir fyrir afgangsorku. Núna alveg nýlega, frá 1. sept., knúðu álverin orkuveituna til að lækka um sex mánaða skeið raforkuverðið úr 27.7 millidölum í 22.3 millidali og á það aðeins að gilda um sex mánaða skeið, enda haldi álverin uppi fullri framleiðslu fullum orkukaupum frá viðkomandi veitu. Ég vek athygli á þessari staðreynd, sem þarna liggur fyrir, og við skulum bera hana saman við það raforkuverð sem hér stendur til að semja um að lágmarki við hið erlenda fyrirtæki Alusuesse, 12.5 millidali. Það er ólíku saman að jafna.

Herra forseti. Ég vísa að öðru leyti til grg. með þessu máli og legg til að því verði vísað til iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 10. fundur.

Fimmtudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 14. mál (þskj. 14). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Er von á hæstv. utanrrh.? **(Forseti:** Það er von á hæstv. utanrrh. Ég veit ekki um komu hans upp á mínútu, en hygg að hann komi fljótlega.) Ég vona það, en ég ætla að hefja mál mitt.

Á s. l. þingi urðu miklar umr. um vígbúnað og afvopnunarmál, enda voru lagðar fram á því þingi a. m. k. fimm þáltill. um þau efni. Auk þess urðu þessi mál tilefni a. m. k. tveggja umr. utan dagskrár. Áhyggjur og áhugi þm. á þessum málum endurspeglar

þann kvíða sem gripið hefur um sig meðal almennings, bæði á Íslandi og víða erlendis, ekki síst í Evrópulöndum, — kvíða og ótta vegna sívaxandi vígbúnaðarkapphlaups stórveldanna sem tefla framtíð mannkyns í tvísýnu og ganga þannig í berhögg við vilja almennings. Það hefur því á undanförnum árum vaknað meðal þjóða á Vesturlöndum sterkur vilji til að hafa áhrif á stjórnvöld landa sinna til að hindra frekari vígbúnað og hvetja til afvopnunar. Þeir einstaklingar eru sífellt fleiri meðal lýðræðisþjóða sem vilja ekki vera áhrifalaus peð í valdatafli stórveldanna og gera sér grein fyrir því að ógnarjafnvægi kjarnorkuvopna veitir aðeins tálsýndaröryggi en getur ekki tryggt frið.

Sú staðreynd að hin tvíþætta ákvörðun Atlantshafsbandalagsins komst til framkvæmda á s. l. ári með uppsetningu Pershing og Cruise-eldflauga í löndum Evrópu var mikið áfall fyrir þá sem höfðu beitt sér gegn þeirri framkvæmd. Þessi uppsetning hófst þrátt fyrir kröftug og fjölmenn mótmæli friðarhreyfinga víðs vegar um Evrópu og hún vakti upp spurningar um eðli lýðræðisins og virkni því að skoðanakannanir í löndum Evrópu hafa gefið til kynna afdráttarlausa andúð mikils meiri hluta almennings á því að kjarnorkueldflaugar séu settar upp í löndum þeirra. Undrun sætir því að þrátt fyrir yfirlýstan vilja meiri hluta fólks í þessum efnum í skoðanakönnunum eru á sama tíma kosnir til valda í sumum löndum þeir flokkar sem eru tvímælalaust fylgjandi auknum vígbúnaði og uppsetningu eldflauganna, t. d. í Bretlandi. Þetta sýnir einungis að jafnan er kosið um mjög mörg málefni í þingkosningum, en sjaldnast ræður eitt ákveðið málefni úrslitum.

Þó að uppsetning eldflauganna hafi valdið mörgum friðarsinnum miklum vonbrigðum, þá hefur hún jafnframt orðið til þess að efla samstöðu þeirra og ítreka fyrir þeim nauðsyn afvopnunar. Hún hefur enn fremur dregið athygli manna að því enn einu sinni hve fáránlegt slíkt kapphlaup er sem byggist á því að sanka að sér sífellt kraftmeiri og hættulegri vopnum og eiga líf sitt og öryggi undir því að þau séu ekki notuð eða af þeim hljótist ekki slys. Og menn velta því fyrir sér hvað Atlantshafsbandalagið muni nú taka til bragðs þegar Rússar telja sig hafa svarað uppsetningu Cruise- og Pershing-eldflauganna á viðunandi hátt. Og menn spyrja sig hvernig stigmögnun þessa kapphlaups muni enda.

Á s. l. þingi hóf ég umr. utan dagskrár til þess að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann gæti fallist á það að Alþingi Íslendinga fengi að greiða atkvæði um afstöðu Íslands til tillögu Mexíkó, Svíþjóðar og nokkurra annarra þjóða um frystingu kjarnorkuvopna sem þá lá fyrir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna til afgreiðslu nokkrum dögum síðar. Þetta var 5. des. 1983 og síðan eru liðnar 46 vikur. Á árinu 1981 var ætlað að um 1 millj. dollara rynni til vígbúnaðar í heiminum á hverri mínútu. Ef við notum þessa tölu til viðmiðunar, og er þá líklega naumt áætlað, þá reiknast mér að á þessum 46 vikum sem liðnar eru síðan ég hóf fyrst máls á frystingu kjarnorkuvopna á þessu þingi hafi verið eytt 463 milljörðum 680 millj. dollara til vígbúnaðar í heiminum, a. m. k. Ég þarf ekki að tíunda það við þm. eða þegna þess lands, sem býr við soltinn og skuldugan ríkissjóð, hvað væri hægt að gera við 463 milljarða 680 millj. dollara annað en að kaupa fyrir þá vopn og vígbúnað. Ég þarf ekki að tíunda þann skort á hreinu drykkjarvatni sem hrjáir stóran hluta mannkyns og er undirrót sjúkdóma, sem t. d. eru helsta dánarmein ungbarna í heiminum í dag. Ég þarf ekki að tíunda þá fjölmörgu sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir eða lækna, en eru samt banvænir og skæðir í stórum hluta heimsins og taka ómældan toll mannslífa. Ég þarf ekki að tíunda hungurdauða milljóna barna og fullorðinna eða vannæringu og varanlegt heilsutjón af þeim völdum, örbirgð og menntunarleysi sem þjakar mikinn hluta mannkyns. Ég þarf ekki að tíunda þessar hörmungar og ég þarf ekki einu sinni að benda á það hvað hægt væri að gera fyrir heiminn fyrir 463 milljarða 680 millj. dollara eða þaðan af stærri upphæðir annað en að smíða vopn, því að ég stend hér og tala við siðmenntaða, velviljaða og vel alda menn sem tilheyra þjóð sem hefur aldrei borið vopn og er sú sjötta ríkasta í heimi. Þess vegna hlýt ég að treysta þeim til þess að velja gegn vopnum og með lífi.

En ef til vill þyrfti ég að minna þá siðmenntuðu menn sem sitja hjá við afdrifaríkar atkvæðagreiðslur á þann ótta, vonleysi og kvíða sem grefur sig í huga og sál þeirra barna sem nú eru að alast upp. Þessi ótti liggur á bak við áhyggjulítið dagfar, en mótar viðhorf og val barna og unglinga til framtíðarverkefna. Og ég vil vitna í grein í breska blaðinu Sunday Times frá 21. okt. s. l., með leyfi forseta: Þar er greint frá könnun sem gerð var meðal 11—15 ára barna í framhaldsskólum í Bristol. Þar segir að fjöldi barna sé haldinn kvíða og finnist þau vera hjálparvana andspænis möguleikanum á kjarnorkustyrjöld. 91% barnanna halda að þau muni ekki lifa af slíkan hildarleik og 30% halda að slík styrjöld geti orðið á þeirra æviskeiði. Flest börnin segjast hafa fengið vitneskju um kjarnorkuvopn með því að horfa á sjónvarp og 78% þeirra finnst að það ætti að ræða þessi málefni í skólunum. Að dómi 80% barnanna gera stjórnvöld ekki nægilega mikið til þess að minnka hættuna á kjarnorkustríði.

12 ára gamalt barn skrifaði t. d.: „Ég hugsa um kjarnorkustyrjöld á hverjum degi. T. d. þegar hlýtt er úti og himininn heiður og blár, þá hugsa ég hve hræðilegt það væri ef kjarnorkustyrjöld brytist út núna.“ Og barnið skrifar áfram: „Hvað viðkemur því að eignast börn, þá mundi mig að vissu leyti langa til að sjá nýtt líf vaxa upp. En ef barnið yrði sprengt í loft upp, til hvers væri þá að hafa eignast það?“

Í öðrum löndum, þar sem slíkar kannanir hafa verið gerðar meðal barna, hafa svipaðar skoðanir og tilfinningar komið í ljós. Og ég spyr: Friður hvers er friður ógnarjafnvægis? Og ég spyr enn: Hver ber ábyrgð á því að bjóða börnum upp á framtíð sem þau óttast og fyllir þau vonleysi og kvíða? Eru það bara tveir gamlir menn og nokkrir vinir þeirra? Ég segi nei. Það er samtíminn. Það eru allir þeir sem eru fullorðnir og láta ekki til sín taka til að fjarlægja þessa martröð úr lífi barna sinna. Og ég lýsi ábyrgð á hendur þeim. Stærsti óvinurinn í þessu efni er þitt eigið afskiptaleysi.

E. t. v. gæti ég líka minnt þá siðmenntuðu menn, sem trúa á ógnarjafnvægi kjarnorkuvopna, á þær rannsóknarniðurstöður sem hópar bandarískra og sovéskra vísindamanna hafa komist að á s. l. tveimur árum hver í sínu lagi. Þessar niðurstöður benda til þess að auk staðbundins eyðileggingarmáttar og langdrægra áhrifa geislavirkni, sem hafa verið mönnum næg áhyggjuefni hingað til, muni afleiðingar kjarnorkusprenginga jafn-

framt hafa í för með sér gífurlegar breytingar á loftslagi. Þessar loftslagsbreytingar spanna allan hnöttinn og eru fólgnar í því að hitastig lækkar vegna þess að sólarljós er byrgt af óteljandi reykögnum sem fylla andrúmsloftið í kjölfar þeirra elda sem sprengjan veldur. Lækkun hitastigs færi eftir stærð og sprengimætti sprengjunnar, en væri næg til að leggja á jörðina kjarnorkuvetur þar sem dýralíf og gróður ættu sér lítil sem engin lífsskilyrði og þess vegna ekki heldur menn. Hárr segir í Gylfaginningu um Ragnarök, með leyfi forseta:

„Mikil tíðindi eru þaðan að segja og mörg, þau hin fyrstu, að vetur sá kemur er kallaður er fimbulvetur. Þá drífur snær úr öllum áttum. Frost eru þá mikil og vindar hvassir. Ekki nýtur sólar. Þeir vetur fara þrír saman og ekki sumar milli, en áður ganga svo aðrir þrír vetur, að þá eru um alla veröld orrustur miklar. Þá drepast bræður fyrir ágirni sakar, og enginn þyrmir föður eða syni í manndrápum eða sifjasliti."

Við utandagskrárumr. um atkvæðagreiðslu Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna — og ég fagna því að hæstv. utanrrh. er genginn í salinn — komu fram hjá hæstv. utanrrh. upplýsingar um þá ákvörðun Atlantshafsbandalagsins að fækka kjarnorkuvopnum í Evrópu. Það var minnst á 1000 vopn samfara framkvæmd tvíþættu ákvörðunarinnar og 1400 til viðbótar síðar. Í þessu sambandi tel ég nauðsynlegt að það komi fram að þau kjarnorkuvopn, sem verið er að fjarlægja, hafa lítið sem ekkert hernaðargildi, skipta engu máli fyrir hið svokallaða ógnarjafnvægi. Þetta eru yfirleitt gamaldags, úrelt vopn, ef svo má að orði komast, stuttdræg, tiltölulega kraftlítil og ónákvæm miðað við hinar nýrri kynslóðir kjarnorkuvopna. Það er því lítil fórn að fjarlægja þessi vopn því að hin nýrri, sem þegar hafa verið sett upp og áætlað er að verði sett upp, eru svo margfalt kraftmeiri, nákvæmari og langdrægari og jafnframt skæðari vopn að engu munar um ógnarjafnvægið þótt hin eldri hverfi. Það má því segja að þótt blessun sé að því að vera laus við þau, þá er fjarlæging þeirra ekki raunhæf tilraun til afvopnunar.

Það er ljóst að samningaviðleitni milli stórveldanna ræðst að miklu leyti af því hverjir sitja þar við völd og má með sanni segja að skipst hafi á kulda- og hlýviðrisskeið í þessum efnum. Það var sagt um Sigurð Fáfnisbana að þá er hjartablóð Fáfnis kom á tungu hans, þá kunni hann fuglsrödd og skildi hvað þeir fuglar sögðu er sátu nær. Hrædd er ég um að næmi þeirra Reagans og Chernenkos nái einungis að nema hlakk hauka, en kurr dúfna nái ekki gömluðum og döpruðum hlustum þeirra. Ráðgjafar Reagans hafa verið harðlínumenn í hernaðarmálum, ófyrirleitnir landvinningamenn sem hafa viðrað ævintýralegar hugmyndir t. d. um takmarkað kjarnorkustríð í Evrópu sem hægt væri að vinna, limited winnable nuclear war. Sömuleiðis hafa þeir hreyft hugmyndum um kjarnorkuátök í geimnum sem haldast í hendur við vinsælar ævintýramyndir um stjörnustríð úr hinu villta vestri nútímans. Eftir að uppsetning Pershing- og Cruise-eldflauga hófst í Evrópu tóku Rússar til við að flytja SS-20 eldflaugar til landa Varsjárbandalagsins þaðan sem þeim er beint að löndum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Þetta tafl stórveldanna ógnar fyrst og fremst Evrópu, þessari heimsálfu gamalla menningarþjóða sem verið hefur vígvöllur tveggja heimsstyrjalda auk ógrynni annarra stríða og átaka um aldaraðir. Þjóðir Evrópu geyma flestar sögu blóðugra styrjalda og enn lifa þeir sem muna hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar. Það er því ekki að ástæðulausu að Evrópa er óttaslegin.

Frá því að uppsetning eldflauganna hófst og meðan kosningabarátta vegna forsetakjörs hefur verið háð í Bandaríkjunum má segja að biðstaða ríki í afvopnunarmálum á alþjóðavettvangi, en búast má við að dragi til tíðinda að loknum kosningum. Í umr. utan dagskrár í fyrra tók hæstv. utanrrh. undir það að á öllu veltur að samkomulag náist milli stórveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Hann sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„Í raun og veru sýnir reynslan það, að samþykktir jafnvirðulegrar samkomu og allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna megna lítið ef þessi tvö stórveldi ná ekki saman."

Það er að vísu rétt. En hitt er jafnvíst, að hinar þjóðir heimsins verða að beita öllum brögðum til að knýja þessi óbilgjörnu tröll til viðræðna og gildir þá einu hverjir sitja þar við völd. Þau eiga ekki heiminn og hafa ekkert leyfi til þess að skipta honum á milli sín, hvað þá að þau dirfist að tortíma honum.

Mér hefur orðið tíðrætt um Bandaríkin og möguleika vestrænna þjóða til að hafa áhrif á stjórnarfar sitt. Það er eðlilegt því að slíkt er leyfilegt og kleift í lýðræðisþjóðfélögum. Í Sovétríkjunum eru ekki greið samskipti við almenning til skoðanaskipta né heldur getur almenningur þar eða utanaðkomandi einstaklingar, hópar eða þjóðir vænst þess að hafa áhrif á afstöðu valdhafa. Þarna er ójafn leikur og gerir dæmið allt miklu erfiðara. Þar eru fjölmennar opinberar friðarhreyfingar, en þær gagnrýna ekki stefnu valdhafa eða hafa áhrif á hana. Þó efa ég ekki að almenningur í Sovétríkjunum þrái frið jafnheitt og íbúar Vesturlanda og við skulum ekki gleyma því að Rússar misstu 20 millj. manna í seinni heimsstyrjöldinni. En ráðamenn í Sovétríkjunum hafa notfært sér mótmæli friðarhreyfinga á Vesturlöndum stefnu sinni til framdráttar og reynt að réttlæta hana með þeirri gagnrýni sem friðarsinnar hafa borið á stjórnvöld landa sinna. Þetta framferði Sovétríkjanna tel ég ófyrirleitið og blygðunarlaust, en það veikir á engan hátt málstað friðarhreyfinganna. Og það undirstrikar einungis nauðsyn þess að rjúfa þá einangrun sem austantjaldslönd búa við. Það er nauðsynlegt að brjóta niður múrana og byggja brýr vinsamlegra samskipta með því að auka verulega vísindaleg, tæknileg og almenn menningarleg samskipti milli austurs og vesturs, svo og ferðamennsku og verslun. Það er nauðsynlegt á þessari öld upplýsingamiðlunar að auka þær upplýsingar, sem þjóðirnar hafa hvor um aðra með notkun sjónvarps og annarra fjölmiðla, til þess að eyða þeim óvinaímyndum sem hafa ráðið viðhorfum manna. Mergurinn málsins er sá, að bæði stórveldin hafa vopnastyrk til þess að gereyða hvort öðru og stórum hluta heimsbyggðarinnar í ofanálag. Það þýðir m. ö. o. að bæði eru í nógu sterkri hernaðaraðstöðu til þess að hafa efni á því að hefja viðræður um afvopnun. Átök um pólitísk valdahlutföll geta ekki notað kjarnorkuvopn sem skiptimynt. Ég álít það vera beinlínis hlutverk stofnunar eins og Sameinuðu þjóðanna að knýja fram og virkja þann pólitíska vilja sem er nauðsynlegur til þess að slíkar viðræður hefjist. Þess vegna þurfa allar aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna að beita sér saman og hver í sínu lagi innan og

utan Sameinuðu þjóðanna til þess að tryggja þennan pólitíska vilja.

Sú þáltill. sem ég flyt hér nú ásamt hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur er endurflutt nær óbreytt frá síðasta þingi, en hún fjallar um frystingu kjarnorkuvopna og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1) Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna. Enn fremur algera stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.

2) Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í Salt I- og Salt II-samningunum auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algert bann við kjarnorkuvopnatilraunum.

3) Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til."

Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gereyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ. e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að tryggja lausn þessa ógnarlega vanda.

Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, eru komin í sjálfheldu og halda jafnframt stórum hlutum heimsbyggðarinnar í gíslingu með viðkvæmu og ótryggu ógnarjafnvægi. Óstöðugleiki þessa jafnvægis vex eftir því sem tækni hinna nýju vopna verður þróaðri og má sem dæmi nefna að nú er svo komið að einungis sex mínútur gefast til umhugsunar og ráðrúms til að bregðast við kjarnorkueldflaugum af Pershing II-gerð sem settar voru upp á þessu ári í Evrópu. Sem svar við þessari ráðstöfun Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna hafa Sovétmenn síðan staðsett SS-20 kjarnorkueldflaugar í löndum Varsjárbandalagsins og þeim er beint að löndum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Þetta minnkandi svigrúm og stirðar samningaviðræður um afvopnunarmál valda því að spenna í samskiptum stórveldanna fer vaxandi og eykur sífellt hættuna á kjarnorkuátökum.

Þessi till. miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Hún er jafnframt tilraun til að draga úr þessu hættuástandi og rjúfa þennan vítahring. Mikilvægt er," og ég legg áherslu á þessa síðustu mgr., „mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þáltill. áður en efnislega svipaðar tillögur verða bornar upp til atkvæða á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem nú stendur yfir.

Á s. l. ári hafa þing annarra þjóðlanda Evrópu fjallað um afvopnunarmál og tekið afstöðu til þeirra. Má þar nefna bæði lönd innan og utan Atlantshafsbandalagsins. Þykir þá jafnan eðlilegt að utanrrh. framfylgi þeirri stefnu sem þingið hefur ákveðið. Á. s. l. þingi kom í ljós í tengslum við þetta mál hve mikið vald utanrrh. Íslands hefur í raun og veru til þess að taka ákvarðanir fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi, án þess að fyrir liggi vilji Alþingis. Það virðist nauðsynlegt að tryggja það að utanrrh. hafi umboð Alþingis þegar hann ákveður veigamiklar atkvgr. Íslands á alþjóðavettvangi, t. d. á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Atkvgr. Íslands í veigamiklum málum getur ekki og má ekki byggja á persónulegri skoðun eins eða neins utanrrh.

Þegar umr. fóru fram um þetta mál utan dagskrár í fyrra sagðist hæstv. utanrrh. hafa þegar ákveðið hvernig atkvæði Íslands skyldi falla, en það yrði á sama veg og árið áður, en þá sat Ísland hjá. Þar sem flestum mönnum þótti svo sjálfsagt að styðja slíka till. og það kom fólki á óvart að Ísland skyldi ekki hafa bein í nefinu til þess arna kviknaði talsverð umræða um málið sem leiddi til þess að nokkur fjöldi friðarhreyfinga og annarra hópa sendi áskoranir til alþm. um að styðja þessa till. um að þessi till. skyldi studd á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í því sambandi langar mig að vekja athygli á grein sem biskupinn yfir Íslandi, herra Pétur Sigurgeirsson, skrifar í Morgunblaðinu í dag. Þar vitnar biskup í ályktun frá Prestastefnu Íslands 1982 þar sem segir m. a., með leyfi forseta:

„Vér bendum á að málefni friðar og afvopnunar séu ofar flokkssjónarmiðum stjórnmálaflokkanna. Í málefnum friðar og afvopnunar hljóta allir menn að verða kallaðir til ábyrgðar."

Og ég vitna til þeirrar ábyrgðar sem ég skírskotaði til áðan og þess afskiptaleysis og þess andvaraleysis sem ræður ferðinni.

Biskup vitnar enn fremur í ályktun Kirkjuþings 1983, með leyfi forseta:

„Kirkjuþing 1982 skorar á Íslendinga og allar þjóðir heims að vinna að friði í heimi, stöðvun vígbúnaðarkapphlaups og útrýmingu gereyðingarvopna. Þingið beinir því til stjórnmálaflokkanna og ríkisstj. að fylgja þessu máli eftir, bæði innanlands sem á alþjóðavettvangi. Þingið lýsir samstöðu með þeim samtökum sem vinna að friði, frelsi og mannréttindum á þeim grundvelli sem Kristur boðar og brýnir fyrir Íslendingum að meta það frelsi sem þjóðin býr við og nýta það til þess að skapa réttlátari heim þar sem almenn afvopnun verður liður í þeirri nýskipan efnahagsmála að lífsgæðum verði jafnað meðal jarðarbarna allra."

Till. þessi, sem ég hef vitnað til áður, sem Mexíkó, Svíþjóð og önnur lönd báru fram, var samþykkt síðan á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með 124 atkv., 13 ríki voru á móti og 8 sátu hjá, þar á meðal Ísland.

Sú þáltill. sem ég flyt hér nú er efnislega lík þeirri till. Mexikó og Svíþjóðar sem áður var getið. Hún kom fram á síðasta þingi og var send til hæstv. utanrmn. eftir 1. umr. Þar var skipuð undirnefnd til að freista þess að sameina þær þáltill., sem fram höfðu komið, í eina till. sem Alþingi gæti síðan staðið að. Því miður reyndist ekki unnt að setja saman tillögu sem væri nægilega yfirgripsmikil til að rúma sjónarmið allra, en jafnframt svo innihaldsrík og ákveðin að menn nenntu að leggja henni nöfn sín. Því fór svo á síðasta ári að Alþingi tók ekki afstöðu til afvopnunarmála. En nú er komið annað ár og annað þing og þörfin fyrir afvopnun og stöðvun vígbúnaðar síst minni en áður. Því er þetta mál nú flutt af Samtökum um kvennalista og ég legg mikla áherslu á það að það fái afgreiðslu á þinginu í tæka tíð, áður en atkvgr. um svipaðar tillögur fer fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það væri dæmalaust hugleysi og mikil skömm ef till. yrði tafin og næði ekki afgreiðslu í tæka tíð.

Ég legg svo til að málinu verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni 1. umr.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að fyrir liggur brtt. við þessa þáltill., sem við nú ræðum, á þskj. 97 frá Hjörleifi Guttormssyni og fleirum. Því er þess getið að það hafa orðið þau mistök í dagskrá að ekki er getið þessarar brtt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Á síðasta þingi stóð ég ásamt þm. fimm þingflokka samtals að flutningi till. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna. Sú till. hlaut hér umr. í þinginu og var vísað til hv. utanrmn. Fyrsti þáttur þeirrar till. fjallaði efnislega þá um það mál sem hér hefur verið mælt fyrir, þ. e. tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, sem flm. kalla frystingu og er tekið eftir ensku heiti á þeirri hugmynd sem þekkt varð þegar bandarísku þm. Mark Hatfield og Edward Kennedy fluttu till. um það efni á Bandaríkjaþingi fyrir tveimur eða þremur árum.

Þegar ég mælti fyrir till. minni og annarra þm. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna í fyrra gerði ég ítarlega grein fyrir þeim hugmyndum sem liggja að baki tillögum manna, bæði þeirra bandarísku þm. sem ég nefndi, svo og þm. frá mörgum þjóðþingum í heiminum sem undir þá hugmynd hafa tekið, og rakti þau rök sem liggja að baki.

Þegar hér kemur fram í þinginu till. frá hv. þm. Kvennalista um frystingu kjarnorkuvopna þótti okkur rétt, þm. Alþb., að flytja við hana brtt. sem viðauka við till. þeirra um tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna til þess að undirstrika að afvopnunarmálin eru víðtæk og að sjálfsögðu miklu víðtækari en hugmyndin ein um stöðvun og að nauðsynlegt er að taka á þessum málum í samhengi. Við teljum æskilegt að Alþingi Íslendinga og hv. utanrmn. fjalli um afvopnunarmálin í ljósi margra þátta sem þau snerta og sem að er vikið í brtt. sem þingflokkur Alþb. stendur að í heild og ég mæli hér fyrir. Brtt. okkar, við þskj. 14, sem er á þskj. 97, er svohljóðandi:

„1. Við tillöguna bætist:

Alþingi ályktar enn fremur að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi lýsi yfir eindregnum stuðningi við eftirfarandi aðgerðir í afvopnunarmálum:

a) Öll kjarnorkuveldi skuldbindi sig til að beita ekki kjarnorkuvopnum að fyrra bragði.

b) Allar tilraunir með hernað í himingeimnum verði tafarlaust stöðvaðar og gerðir verði alþjóðlegir samningar sem banni öll vopn í himingeimnum og einnig vopn sem beint er að gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.

c) Norðurlönd geri formlegan samning um kjarnorkuvopnalaust svæði sem banni algerlega flutninga á kjarnorkuvopnum til Norðurlanda. Ísland lýsi sig reiðubúið að gefa út sjálfstæða yfirlýsingu um slíkt bann við flutningum á kjarnorkuvopnum til landsins.

d) Bannað verði að flytja kjarnorkuvopn í hafdjúpum og á hafinu innan efnahagslögsögu Íslands, Færeyja og Grænlands og leitað verði eftir samstöðu við þessar grannþjóðir um framkvæmd á slíku banni.

e) Kjarnorkuveldin hefji á árinu 1985 reglubundna árlega fækkun kjarnorkusprengja og flugskeyta, svo og flugvéla sem ætlað er að flytja kjarnorkusprengjur. Slík áætlun um niðurskurð kjarnorkuvopnabirgðanna miðist við að náð verði a. m. k. helmings niðurskurði á heildarbirgðum fyrir lok þessa áratugar og enn örari niðurskurði á næstu árum þar á eftir uns allsherjarkjarnorkuafvopnun hefur verið náð.

f) Mynduð verði alþjóðleg eftirlitsstofnun sem með nýtingu gervihnatta og reglubundnum eftirlitsferðum verði fær um að fylgjast með framkvæmd afvopnunar og að upplýsa brot á hinu alþjóðlega samkomulagi.

g) Stofnaður verði þróunarsjóður sem veiti fjármagn, sem áður var ætlað til hernaðar, til að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja úr hungri á sama tíma og árleg heildarútgjöld til hernaðar í heiminum nema yfir 50 þús. millj. dollara.

2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í afvopnunarmálum."

Herra forseti. Um mál þetta og till. okkar Alþb.-manna svo og till. hv. þm. Kvennalista, sem hér var mælt fyrir áðan, mætti hafa mörg orð. Ég tel hins vegar að það sé ekki rétt nú eða ástæða til þess í ljósi þeirra umr. sem urðu um þessi mál á þinginu í fyrra að bæta á þessu stigi mörgu við. Ég vísa til framsögu minnar og máls í sambandi við till. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna á fyrra þingi.

Ég tek heils hugar undir till. hv. þm. Kvennalista um tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna eða frystingu. Ég tel að þar sé vissulega bent á mjög þýðingarmikið skref í þessum málum, en þó aðeins takmarkað skref þar sem frysting ein breytir ekki ástandi til þess vegar eða í þá átt sem þörf er á og þýðing þess að Ísland taki á málum með t. d. öðrum Norðurlöndum og grannþjóðum til þess að bægja frá kjarnorkuvá og vopnakapphlaupi í grennd við landið og á Norður-Atlantshafi er ótvíræð, og það er ekki síður á þá vogarskál sem við eigum að leggja lóð. Ég vænti þess að þessi brtt. okkar geti orðið samferða till. á þskj. 14 til hv. utanrmn. þar sem hún er viðauki við þá till.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að hefja efnislegar umr. um þær tillögur sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Ég vísa til ummæla hv. síðasta ræðumanns sem skýrði óvenjulega

stutta ræðu sína með því að um þessi efni hefðu farið fram umr. á síðasta þingi.

Í því sambandi vil ég taka fram að á þessu þingi hefur, auk þeirrar þáltill. sem hér er á dagskrá og þeirrar brtt. á þskj. 97 sem gerð hefur verið grein fyrir, verið borin fram till. til þál. á þskj. 105 um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson er 1. flm. að. Ég minni á að þessar tillögur eru með líkum hætti og tillögur sem lagðar voru fram á þingi í fyrra og voru til meðferðar í utanrmn. ásamt og með öðrum till. er fjölluðu um afvopnunarmál. Ég tel eðlilegt að utanrmn. fjalli um þessar till. nú og kanni til hlítar hvort ekki er unnt að komast að sameiginlegri niðurstöðu varðandi afgreiðslu þessara till. og afstöðu Íslendinga og Alþingis Íslendinga til afvopnunarmála. Ég stóð í þeirri meiningu á síðustu dögum síðasta þings að það vantaði aðeins herslumuninn á það að í ljós kæmi hvort slík samstaða næðist eða ekki og undir öllum kringumstæðum mundi þá koma fram, vonandi greinilega, í hverju skoðanamunur þm. væri fólginn.

Það liggur í augum uppi að hér er drepið á einhver mikilvægustu mál sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna glímir við og sem raunar öll heimsbyggðin þarf að snúa sér að með þeim hætti að til lausnar verði og friðvænlegar horfi í heiminum. Það blandast hins vegar engum hugur um að hér er um mjög flókin mál að ræða.

Ég hef drepið á það, í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í s. l. mánuði, að tugir tillagna um afvopnunarmál voru fluttar á allsherjarþinginu síðasta og þær gengu töluvert á misvíxl, en voru meira og minna samþykktar. Í þessum tillögum fólust í raun og veru orðin tóm. Það sem á skorti var að reynt væri að ná samkomulagi milli mismunandi skoðana og mismunandi leiða er leiddu til raunverulegrar afvopnunar. Ég minntist á það hér í fyrra í umr. um þessi mál og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vitnaði réttilega í þau ummæli mín, að hér veltur á mestu að stórveldin tvö, kjarnorkuveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, kæmu sér saman í þessum efnum og a. m. k. samþykktu að ræða um þessi mál í þeim tilgangi að komast að niðurstöðu um hvernig með þau skyldi fara. Það hefur því miður ekki verið svo að unnt hafi verið að koma á viðræðum þessara ríkja eftir að Sovétríkin slitu viðræðunum um meðaldrægar eldflaugar í Evrópu og höfnuðu því að ákveða næsta fund varðandi svokallaðar „Start" viðræður.

Ég er sammála því, sem hér kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að það er auðvitað ekki fullnægjandi þótt menn yrðu sammála um að unnt væri að frysta kjarnorkuvopnabúnað. Það þarf að taka afstöðu til afvopnunar í heild sinni. Þess vegna eru mér það vonbrigði t. d. að í grg. þm. Kvennalistans er þannig orðum farið um núverandi aðgerðir Atlantshafsbandalagsins og Sovétmanna að það er eins og Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin hafi hafið það kapphlaup með því að ákveða að setja skuli niður Pershing- og stýrieldflaugar í Evrópu, en síðan hafi Sovétmenn ákveðið að staðsetja SS-20 eldflaugar í löndum Varsjárbandalagsins. Þarna er alveg gleymt að geta þess að ástæðan til hinnar tvíþættu samþykktar Atlantshafsbandalagsins var sú að Sovétmenn settu niður eina SS-20 kjarnorkueldflaug á viku hverri um margra ára skeið án þess að Atlantshafsbandalagsríkin aðhefðust eitt eða neitt sem svar við þeim kjarnorkuvopnabúnaði Sovétmanna. Ég skal ekki rifja þá sögu frekar upp, en ég tel að menn verði að horfa á þessi mál öll í heild. M. a. hefði ekki verið úr vegi í grg. þáltill. Kvennalistans að geta þess að Atlantshafsbandalagið hefur boðið það fram til þess að stöðva kapphlaupið, ef svo má nefna, að settar séu niður kjarnorkueldflaugar í Evrópu, að stórveldin og Atlantshafsbandalagsríkin og Varsjárbandalagsríkin kæmu sér saman um að fjarlægja og nema brott allar kjarnorkueldflaugar í Evrópu. Það tilboð stendur enn þá. Mér finnst ástæða til þess að í till. sem afgreidd yrði hér á Alþingi yrði afstaða tekin til þess tilboðs Atlantshafsbandalagsríkjanna t. d., en umfram allt sé í till. sem Alþingi samþykkti um það fjallað hvernig eigi ekki eingöngu að stöðva eða frysta kjarnorkuvopnabúnað í heiminum, heldur og hvernig eigi að feta sig eftir þeirri vandrötuðu leið að afvopnast og þá ekki eingöngu á sviði kjarnorkuvopnabúnaðar, heldur og svokallaðs hefðbundins vopnabúnaðar.

Sannleikurinn er sá, að jafnsammála og við getum öll verið hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur um voða kjarnorkustríðs, þá er sá voði sem við blasir af völdum hefðbundins vopnabúnaðar einnig svo ægilegur að við getum ekki heldur hugsað okkur að til stríðsátaka kæmi sem takmörkuð væru við hefðbundinn vopnabúnað. Í síðustu heimsstyrjöld féllu 51 millj. manna með þeim hætti og frá stríðslokum hafa fallið 11 millj. manna í svokölluðum hefðbundnum stríðsátökum annars staðar í heimi en hér í Evrópu. Þarna er um slíkar ógnir að ræða, sem að litlu leyti standa að baki kjarnorkuátökum, að við verðum að hyggja að slíkum möguleika einnig þegar við fjöllum um afvopnunarmál.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir nefndi það að ýmis þjóðþing og m. a. á Norðurlöndum hefðu fjallað um afvopnunarmál og samþykkt tillögur í þeim efnum. Það er alveg rétt. En flest hafa þessi þjóðþing annaðhvort gert það að undangenginni könnun og rannsókn á ýmsum leiðum til afvopnunar eða einmitt með þeim hætti að samþykkja að setja niður þingnefnd er beinlínis gerði tillögur um hvernig þjóðir eins og Norðurlandaþjóðir, smáþjóðir miðað við stórþjóðir eins og kjarnorkuveldin, gætu lagt lóð sitt á vogarskálina til þess að stuðla að raunhæfri afvopnun í heiminum. Ég tel að það komi mjög vel til greina, ef utanrmn. tekst ekki að komast að samkomulagi í þessum efnum, að freista þess þó að Alþingi setji niður slíka nefnd, þótt hún ætli sér einhvern lengri tíma til verksins en þetta þing stendur, til þess að við getum með raunhæfum hætti áttað okkur á hvað árangursríkast yrði til þess að stuðla að afvopnun og friðvænlegri heimi en við nú búum í.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. orð hans, en mig langar að gera nokkrar aths.

Utanrrh. hæstv. minntist á grg. þessarar till. Kvennalistaþm. og taldi að þar væri ekki nægilega skýrt rakinn ferill stigmögnunar vígbúnaðarkapphlaupsins. Það væri nær ótæmandi verkefni að ætla sér að gera það, að rekja þennan feril allt frá byrjun. Maður gæti spurt sig hvers vegna Sovétríkin hefðu sett upp þessar SS-20 eldflaugar, eina á viku. Hverju voru þau að svara þá? Voru þau e. t. v. að svara því sem þau dæmdu og álitu vera mun hættulegri og meiri vopnastyrk hins stórveldisins, Bandaríkjanna, þar sem eru kjarnorkueldflaugar í kafbátum, sem eru hreyfanlegir, erfitt að miða út, mun skæðari en landgrafnar sprengjur Sovétríkjanna. Gæti

það verið? Síðan gætum við farið aftur til Bandaríkjanna og velt fyrir okkur hvers vegna þau væru að setja eldflaugar í kafbáta. Við gætum haldið endalaust áfram. Ég tel það ástæðulaust.

Aftur á móti held ég að flestir mundu samþykkja að þessi tvíþætta ákvörðun Atlantshafsbandalagsins var afgerandi áfangaþróun, því að þetta vígbúnaðarkapphlaup á sér ákveðna þróun sem fer fram í áföngum, og þessi áfangi var svo afgerandi að fólkið í Evrópu stóð upp og það fór að ganga. Það gekk um göturnar og það mótmælti. Það sat ekki heima hjá sér í hægindastólum og hafði þar skoðanir. Það kom saman og því fannst þessi áfangi svo afgerandi að það stóð upp einmitt til að mótmæla honum, til þess að stigmögnunin héldi ekki áfram. Og þess vegna tel ég nauðsynlegt að undirstrika, án þess að firra hitt stórveldið allri sekt, það er ekki meiningin. Það er ekki meiningin að annar sé góður og hinn sé vondur. Það er ekki hvítt og svart. Það er meira og minna grátt og stórhættulegt hvort tveggja, að mínu mati.

Síðan minntist hæstv. utanrrh. á annars vegar hefðbundin vopn og hins vegar kjarnorkuvopn. Það hvarflar ekki að mér að réttlæta eða afsaka eða þykja eitthvað skárra ef fólk deyr fyrir hnefa, rakhníf eða sverði, það hvarflar ekki að mér, það er jafnslæmt. En eðlismunurinn er sá að kjarnorkuvopn drepa ekki bara þessar 51 millj. eða hvað þær voru margar milljónirnar sem hafa dáið síðan í síðustu heimsstyrjöld. Þau eyða e. t. v. öllu lífi á þessari jörð. Það er það sem verið er að tala um. Það er eðlismunur, alger eðlismunur. Ég vildi fús taka þátt í því með hæstv. utanrrh. að fjarlægja öll vopn af öllu tagi, en kjarnorkuvopn eru mesta ógnin sem við okkur blasir og það er þess vegna sem verið er að tala um hana og það er þess vegna sem verið er að flytja tillögur um hana, af því að fólk er lifandi skelfingar dauðans hrætt og það vill ekki að öllu lífi verði útrýmt á þessari jörð. Ég tel nauðsynlegt að allar þjóðir heimsins utan þessara stórvelda standi að því að mynda þrýsting á stórveldin. Eru þau alls ráðandi? Eru engir hagsmunir sem hægt er að þrýsta á til að hafa áhrif á stórveldin? Eru einhverjir hagsmunir sem eru stærri heldur en þessir hagsmunir að lifa af? Ég spyr. Og hverra eru þeir hagsmunir sem ekki má hreyfa til þess að þrýsta á þessi stórveldi? Og menn þrýsta ekki á stórveldi með því að sitja hjá. Menn þrýsta á stórveldi með því að mótmæla.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umsvif erlendra sendiráða, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. sem ég flyt á þskj. 3 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að setja reglur um takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis, m. a. varðandi fjölda sendiráðsmanna og byggingu og kaup fasteigna á grundvelli laga nr. 16/1971 og laga nr. 30/1980.

Við mótun á þessum reglum verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmálasamband við og starfrækja sendiráð."

Í grg. segir m. a.:

„Hliðstæð till. var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Þáltill. er flutt hér óbreytt, en í grg. er m. a. tekið mið af svörum utanrrh. frá 7. mars 1984 við fsp. flm. um erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir á vegum erlendra aðila hér á landi. Er svar utanrrh. birt sem eitt af fskj. með till."

Ísland hefur nú stjórnmálasamband við 75 ríki að ég hygg. Þar af eru sendiherrar tilnefndir gagnkvæmt í 53 löndum. Hér í Reykjavík eru starfandi 12 erlend sendiráð en Ísland hefur sendiráð í 10 löndum og að auki er sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Í grg. með till. er enn fremur birt yfirlit byggt á upplýsingum utanrrn. um fjölda starfsmanna við sendiráðin í Reykjavík og fjölskyldumeðlimi erlendra sendiráðsmanna. Af þessu yfirliti sést að fjöldi starfsmanna er mestur við bandarísku sendiráðið eða 44 talsins, þar af eru 22 erlendir starfsmenn og 22 íslenskir, af þeim þrír lausráðnir. Við sovésku sendiráðið eru 37 erlendir starfsmenn, en engir Íslendingar. Eru Sovétríkin með langstærsta hóp erlendra sendimanna (diplómata) hérlendis og hefur þeim fjölgað um tvo frá því fyrir fimm árum, en um einn hjá bandarísku sendiráðinu. Frakkland er hið þriðja í röð sendiráða hvað starfsmannafjölda áhrærir með alls 16 starfsmenn, þar af 10 erlenda, en önnur ríki þaðan af færri. Í engu tilviki nema hjá Sovétríkjunum og Bandaríkjunum hefur verið um að ræða fjölgun erlendra starfsmanna frá 1979 og 6 sendiráð af alls 12 hafa fækkað erlendu starfsfólki á þessu tímabili. Sérstaka athygli vekur hin mikla fækkun starfsmanna hjá kínverska sendiráðinu, eða úr 20 í 6 starfsmenn. Eitt sendiráð, hið pólska, hefur hætt starfsemi á þessu tímabili, en eitt nýtt bæst í hópinn, þ. e. finnska sendiráðið frá byrjun mars 1983.

Rétt er að minna hér á þann gífurlega mun sem er á starfsmannafjölda íslensku sendiráðanna í Moskvu og Washington annars vegar og sendiráða Sovétríkjanna og Bandaríkjanna í Reykjavík hins vegar. Á sama tíma og Sovétríkin hafa hér sendiráð með 37 starfsmönnum eru fjórir starfsmenn í sendiráði Íslands í Moskvu, þ. e. um nífaldur munur. Í sendiráði Íslands í Washington starfa 5 manns en 44 í sendiráðinu í Reykjavík, það er einnig nær nífalt fleiri.

Önnur umsvif sendiráða risaveldanna hér á landi eru að sama skapi mikil, eins og fram kemur nánar á fskj. III með tillögunni. Sovétríkin eru hér með fasteignir sem nema 8406 rúmmetrum og lóðir sem eru um 4000 fermetrar að flatarmáli. Bandaríkin hafa fasteignir hér í Reykjavík sem eru 4848 rúmmetrar og um 1400 fermetra lóðir. Þess utan er svo bandaríska sendiráðið um þessar mundir að tryggja sér 11 þús. fermetra lóð í nýja miðbænum í Reykjavík, þ. e. yfir einn hektara að stærð. Þar er gert ráð fyrir lóðarsamningi til 75 ára og engar kvaðir eru um stærð bygginga, nema nýtingarhlutfall lóðar er áætlað um 0.5. Alls eru lóðir erlendra sendiráða í Reykjavík um 21 þús. fermetrar nú og hækkar sú tala um þriðjung með tilkomu þessarar nýju

lóðar bandaríska sendiráðsins. Þessar tölur, um 21 þús. fermetra stærð umræddrar lóðar, eru sóttar í svar hæstv. utanrrh. á fskj. III með till.

Af svari hæstv. utanrrh. frá 7. mars s. l. verður ekki séð að neinir sérstakir samningar séu fyrir hendi um starfsemi eins og svonefnda Menningarstofnun Bandaríkjanna, sem á enskunni heitir raunar United States Information Service, né heldur um sovésku APN-fréttastofuna NOVOSTI. Menningarstofnun Bandaríkjanna er rekin sem hluti af bandarískra sendiráðinu með 9 manna starfslið, en svo virðist ekki vera með beinum hætti varðandi NOVOSTI fréttastofuna.

Í umr. og gagnrýni varðandi umsvif erlendra sendiráða hérlendis, sem oft hefur komið fram, virðist sem menn hafi gleymt að lagastoð er fyrir hendi til að reisa skorður við óeðlilegri útþenslu þeirra ef vilji er fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Hæstv. utanrrh. hefur því slíkar heimildir lögum skv. Íslendingar eru aðilar að alþjóðasamningi, Vínarsamningnum, um stjórnmálasamband og fullveldisrétt ríkja, en sá samningur var upphaflega gerður árið 1961. Ísland gerðist aðili að honum 10 árum síðar með lögum sem Alþingi samþykkti 31. mars 1971. Í þeim lögum er sérstaklega tekið fram að ákvæði samningsins hafi lagagildi hérlendis. Íslenskur texti þessa samnings er birtur í heild sem fskj. með þáltill.

Eins og fram kemur í 11. gr. þess samnings hafa íslensk stjórnvöld fullan rétt til að krefjast þess skv. orðanna hljóðan „að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það (móttökuríkið) telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu (í þessu tilviki á Íslandi) og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs."

Í 2. tölul. sömu greinar segir: „Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismunun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki."

Í öðrum greinum þessa samnings eru ákvæði um réttindi og hömlur varðandi skrifstofur utan sendiráðs, sbr. 12. gr., og öflun húsnæðis fyrir sendiráð og sendiráðsstarfsmenn, sbr. 21. gr. samningsins. Er í því sambandi talað um húsakynni, eins og það heitir, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð og öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn. Með samningi þessum, Vínarsamningnum, er dreginn alþjóðlegur rammi um stjórnmálasamband og starfsemi sendiráða. Eins og áður sagði hafa ákvæði hans lagagildi hér á landi. Skv. 2. gr. laganna um aðild Íslands að samningnum getur ráðh., þ. e. utanrrh., eins og þar segir orðrétt: „sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara." Það skortir því ekki lagastoð til að krefjast takmarkana á umsvifum erlendra sendiráða og Vínarsamningurinn dregur allskýran ramma um það út frá hvaða forsendum skuli gengið í því sambandi. Hér er því spurningin aðeins um vilja og framtak réttra stjórnvalda og um vilja Alþingis, sem þáltill. gerir ráð fyrir að taki af skarið í þessu efni.

Í þáltill. er einnig vísað til laga nr. 30 frá 1980 varðandi kaup erlendra ríkja á fasteignum og lóðum. Skv. þeim lögum á að leggja kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum á vegum erlendra sendiráða fyrir dómsmrn. og eins og þar segir: „öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en rn. hefur samþykkt hann með áritun sinni."

Í aths. við lagafrv., sem eru birtar sem fskj. II með þáltill., segir: „Tilgangur frv. þessa er að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi." Hæstv. utanrrh. upplýsti það við umr. í Sþ. um þetta mál 29. mars s. l., að engar slíkar reglur hefðu enn verið settar um það mál, en það hafi verið til athugunar um skeið í utanrrn. Ég vil ítreka þá fsp. hvort frá þessum tíma hafi verið settar reglur á grundvelli þessara laga.

Í 2. mgr. þáltill. er kveðið á um að við mótun á reglum um umsvif erlendra sendiráða „verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmálasamband við og starfrækja sendiráð."

Sú stefnumörkun sem hér er gerð tillaga um sækir stuðning í 11. gr. Vínarsamningsins, sem þegar hefur verið vitnað til, en einnig til upphafsorða þess sama samnings, þar sem vísað er til markmiða og meginreglna sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi fullveldisjafnrétti ríkja. Með þessum orðum og ákvæðum Vínarsamningsins er augljóslega vísað til gagnkvæmnissjónarmiða sem eðlilegt er að smáríki eins og Ísland höfði til við takmörkun á umsvifum sendiráða margfalt fjölmennari ríkja. Í þessu sambandi er vert að benda á dæmi þar sem slík sjónarmið eru ekki virt skv. núverandi skipan og sjálfsagt er að leita leiðréttingar. Ég tel ástæðu til þess hér, herra forseti, þó að ég hafi nefnt slík dæmi í fyrra, að ítreka þau og einnig í þessu samhengi fsp. til hæstv. utanrrh.

Ég staldra enn við sendiráð risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, þar eð umsvif þeirra hér eru í sérflokki og mismunun gagnvart íslensku utanríkisþjónustunni og íslenskum þegnum auðsæ. Ber þó engan veginn að skilja orð mín svo, að ég telji ekki þörf á að hafa augun opin varðandi sendiráð og samskipti er tengjast stjórnmálasambandi við önnur ríki en þessi tvö, þ. e. risaveldin.

Lítum fyrst aðeins nánar á fjölda starfsmanna gagnkvæmt hjá sendiráðum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna annars vegar og Íslands hins vegar. Eins og ég hef þegar getið hafa Sovétríkin nífalt fleiri starfsmenn í sendiráði sínu hér en Ísland í Moskvu, og Bandaríkin eru einnig með svipað hlutfall hvað starfsmannafjölda snertir. Álitamál getur vissulega verið að hvaða leyti aðstæður og verksvið sendiráða þessara stórvelda eru sambærileg og að hvaða leyti ólík með tilliti til umfangs og fyrirkomulags á viðskiptum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna við Ísland. Ljóst er að Sovétríkin kjósa hér sem annars staðar að skipa sendiráð sitt einvörðungu sovéskum ríkisborgurum, en Bandaríkin hafa hér sem annars staðar innlenda ríkisborgara í störfum. Hvað sem þessu líður er ljóst að umsvif sendiráða beggja þessara ríkja hérlendis eru margföld umfram það sem eðlilegt og réttlætanlegt getur talist, m. a. með hliðsjón af starfsemi íslenskra sendiráða í sömu löndum. E. t. v. þætti einstrengingslegt að krefjast nákvæmlega sama fjölda starfsmanna að höfðatölu við sendiráð erlendra ríkja og Íslendingar hafa í sendiráðum í viðkomandi löndum, en tvöfaldur til þrefaldur fjöldi ætti að vera algert hámark, þ. e. 10—15 manns þegar um er að ræða Bandaríkin og Sovétríkin, ef menn ekki vilja miða við jafnræði hvað snertir starfsmannafjöldann.

Í umr. þann 29. mars s. l. sagði hæstv. utanrrh. m. a.:

„Ég hef einmitt vegna hugleiðinga um það," sagði hæstv. utanrrh. „hvort rétt sé að nýta þessa heimild, sem ráðh. hefur, látið fara fram nokkra könnun á því hvernig hin ýmsu ríki fara með framkvæmd á Vínarsamningnum að þessu leyti, hvað snertir stærð erlendra sendiráða og aðstöðu þeirra. Þessari könnun er ekki lokið, en það sem upplýst hefur verið leiðir í ljós að framkvæmdin er með mismunandi hætti og mörg ríkjanna hafa ekki neinar sérstakar reglur í þessum efnum. En það breytir ekki því að ég er hv. flm. sammála um það að ég tel að nauðsynlegt sé að fylgjast grannt með stærð sendiráða, aðstöðu þeirra og starfsemi eins og alþjóðalög heimila."

Þetta voru orð hæstv. utanrrh. hér við umr. á fyrra þingi. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. utanrrh. að því hver hafi orðið niðurstaða umræddrar könnunar á vegum hans rn. og hvert sé viðhorf hans til þess nú að setja ákveðnar takmarkandi reglur eins og gert er ráð fyrir skv. þessari þáltill.

En það er um fleira en fjölda starfsmanna sem eðlilegt er að setja takmörk og krefjast þess að gagnkvæmni gildi í samskiptum. Lítum t. d. á nokkrar þær takmarkanir sem settar eru á starfsemi og ferðir íslenskra sendiráðsmanna í Sovétríkjunum. Þar er sendiráð Íslands í Moskvu í leiguhúsnæði, sem ekki fæst keypt það best ég veit undir starfsemina, og starfsmönnum sendiráðsins er úthlutað leiguhúsnæði til íbúðar í sérstökum hverfum eða eins konar gettóum. Það á einnig við um sendiráð annarra vestrænna ríkja, að ég hygg, þar sem eingöngu búa starfsmenn erlendra sendiráða. Því skyldu íslensk stjórnvöld, leyfi ég mér að spyrja, vera að heimila sovéskum aðilum að kaupa hér fasteignir, og það að eigin vali, þegar þannig er um hnútana búið gagnvart íslensku sendiráði í Sovétríkjunum? (**Gripið fram í:** Þeir verða nú að sýna gott fordæmi.) Hver á að sýna gott fordæmi? (**Gripið fram í:** Íslendingar.) Jæja, fórnfýsin er mikil hjá hv. þm. (Gripið fram í.) Vill ekki hv. þm. ganga til muna lengra en nú er? Það er rétt að hann skýri sín sjónarmið í umr. á eftir. (**Gripið fram í:** Á að neyða þá til að skila húsunum?) Ég tel að það hljóti að koma til álita og legg það til með þessari þáltill. að settar verði takmarkanir á umsvif erlendra sendiráða, sem hér hafa óeðlileg umsvif, og þá m. a. sovéska sendiráðsins í Reykjavík.

Miklar hömlur eru lagðar á ferðafrelsi erlendra sendiráðsmanna í Sovétríkjunum sem kunnugt er, þar eð tilkynna þarf um allar ferðir út fyrir 40 mílna radíus eða þar um bil með tveggja sólarhringa fyrirvara og greina frá ferðaáætlun og gististöðum. Hvaða ástæða er til að ætla sendiráðsstarfsmönnum Sovétríkjanna hér á Íslandi rýmri heimildir til ferða en veittar eru íslenskum starfsmönnum í Sovétríkjunum?

Ýmis fleiri atriði má benda á þar sem um mismunun er að ræða, m. a. varðandi vegabréfsáritanir fyrir sovéska þegna, sem allar fara í gegnum sovéska utanrrn. að ég best veit, og þarlendir hafa ekki frjálsan aðgang að erlendum sendiráðum eins og t. d. íslenska sendiráðinu í Moskvu. Gagnkvæm skylda er um vegabréfsáritanir til og frá Sovétríkjunum og til Íslands fyrir sovéska þegna. Þessu er ekki eins farið um Bandaríki Norður-Ameríku. Þar er ekki þessi gagnkvæma skylda. Þar gildir einhliða kvöð fyrir Íslendinga, sem ferðast vilja til Bandaríkjanna, að afla sér vegabréfsáritunar. Allt frá árinu 1962 hafa bandarískir ríkisborgarar hins vegar verið undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín vegna ferðalaga og þriggja mánaða dvalar hérlendis. Slík mismunun er að sjálfsögðu með öllu óviðeigandi, svo að ekki sé minnst á spurningar, sem lagðar eru fyrir fólk, Íslendinga, sem ferðast vilja héðan til Bandaríkjanna, og þær persónunjósnir sem bandarísk sendiráð halda uppi, m. a. um stjórnmálaskoðanir manna, og koma greinilega í ljós við meðferð og afgreiðslu vegabréfsáritana frá Íslandi til Bandaríkjanna. Íslenskum stjórnvöldum ber að mínu mati skylda til að láta gagnkvæmni ríkja varðandi vegabréfsáritanir og taka m. a. þau mál upp við bandarísk stjórnvöld.

Í 3. gr. Vínarsamningsins eru skilgreind helstu viðfangsefni sendiráða, m. a. skv. d-lið orðrétt þannig: „að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslu um það."

Slík upplýsingaöflun hefur um langt skeið verið þáttur í starfsemi sendiráða, ekki síst stærri ríkja. Mörkin milli löglegrar og ólöglegrar öflunar upplýsinga geta verið nokkuð fljótandi og tækniþróunin gerir erfiðara um vik að koma hömlum yfir þá sem stunda ólögmæta upplýsingaöflun fyrir eða á vegum erlendra ríkja, þ. e. njósnir. Á þessu sviði á smáríki erfiðara um vik en stórveldi að gæta hagsmuna sinna, svo sem ekki þarf að eyða orðum að, en smáríki hefur líka að jafnaði minna að leyna sem slægur er í fyrir leyniþjónustu stórvelda. Hins vegar ber Íslandi sem fullvalda ríki að gæta hagsmuna sinna einnig á þessu sviði til hins ýtrasta og liður í því á m. a. að vera að setja takmarkanir á umsvif þeirra erlendu sendiráða sem hér hafa þanið út starfsemi sína langt út fyrir öll eðlileg mörk. Í þessu sambandi þarf einnig að gefa gaum að útibúum sendiráða sem rekin eru undir heiti upplýsingaþjónustu og menningarstofnana. Við athugun slíkra mála og mat á þeim þarf að sjálfsögðu að varast móðursýki en sýna eðlilega festu og gæta þess að horfa til allra átta. Mönnum er gjarnt að tengja slíka umræðu nær einvörðungu við stríðandi öfl austurs og vesturs. Ekki vil ég gera lítið úr þætti stórveldanna, þar sem annað þeirra er hér inni á gafli með herstöðvar í skjóli svonefnds varnarsamnings, en hér geta fleiri komið við sögu.

Herra forseti. Smáþjóð eins og Íslendingum er nauðsyn að hafa góð samskipti við önnur ríki, smá og stór. Land okkar hefur um skeið verið í þjóðbraut og fáar þjóðir eru að tiltölu jafnháðar utanríkisviðskiptum og Íslendingar. Samband okkar við aðrar þjóðir hvílir sumpart á alþjóðlegri hefð og reglum, sem staðfestar hafa verið á milli ríkja, en þess utan hljóta gagnkvæmir hagsmunir að ráða miklu um hversu samskipti við einstök ríki þróast. Við hljótum að leggja áherslu á vinsamlegt samband við önnur lönd og eigum að koma þar fram sem boðberar friðar og sátta en þó af fullu raunsæi og festu þegar þörf og hagsmunir okkar bjóða. Smáþjóð hefur síst efni á að sýna undirlægjuhátt, sama hver í hlut á.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að till. sú sem hér er flutt öðru sinni og nú í upphafi þings um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða fái góðar undirtektir á hv. Alþingi og hljóti afgreiðslu eftir eðlilega þinglega meðferð. Að mínu mati má ekki dragast lengur að tekið sé á þessum málum á grundvelli laga og alþjóðasamninga. Ég hef lagt hér að lútandi fsp. fyrir hæstv. utanrrh. og vænti svara hans. Engir geta neitað fullvalda ríki um

að gæta þannig réttar síns og hagsmuna eins og lagt er til í till. þessari. Ég er sannfærður um að þeir eru meira metnir í samskiptum þjóða sem ganga fram af einurð á þessu sviði sem öðrum.

Ég legg til, herra forseti, að eftir að umr. um till. verður frestað verði henni vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Hjörleifi Guttormssyni, flutti hann nær samhljóða till. á síðasta þingi og í tilefni þess tillöguflutnings ræddum við um þessi mál hér í lok marsmánaðar s. l. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson las upp úr þingtíðindum frá þeim tíma orð sem hann hafði þá fyrir sinni till. Ég ætla nú að hlífa þm. við því að hafa sama háttinn á og endurlesa þau orð sem ég hafði um till. þá en hlýt þó, þó ekki væri nema kurteisi vegna, að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm.

Ég vil þá fyrst taka fram að við erum sammála um það, tillögumaður og ég, að fylgjast beri mjög grannt með stærð, umfangi og verkefnum sem erlend sendiráð hafa með höndum hér á landi. Við sjálfstæðismenn höfum oft vakið máls á nauðsyn þessa og það er eins og að nokkru leyti af hálfu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að gefnu tilefni þess mannfjölda sem sovéska sendiráðið hefur hér í Reykjavík. En það stingur óneitanlega sérstaklega í augu hve stórt og umfangsmikið það sendiráð er.

Ég er sömuleiðis sammála hv. þm. um að heimildir eru til staðar skv. alþjóðasamningum og alþjóðalögum og íslenskum lagaákvæðum til að setja sérstakar reglur eða gera sérstakar ráðstafanir til að takmarka umsvif eða mannfjölda erlendra sendiráða hér á landi. Ég hef einmitt, eins og fram kom í tilvitnun hv. þm. í ræðu mína í marsmánuði s. l., haft það til athugunar hvort ástæða væri til að setja slíkar reglur eða ekki. Í þeim tilgangi hef ég safnað gögnum um hvaða háttur er á þessu hafður hjá öðrum vestrænum þjóðum og ýmsum vinaþjóðum okkar Íslendinga, þeim er okkur eru skyldastar að menningu og lífsviðhorfum. Þær upplýsingar eru margar hverjar gefnar reyndar sem trúnaðarmál, en ég tel mér þó heimilt að tíunda þær í utanrmn. þegar um þessi mál verður fjallað þar. Hér get ég sagt það sem almenna niðurstöðu þessarar rannsóknar að það er fremur undantekning en regla að önnur ríki setji um þetta almennar reglur. Þær undantekningar sem um er að ræða eru yfir höfuð fólgnar í því að móttökuríki hafa sett einhliða ákveðna takmörkun gagnvart ákveðnu sendiríki og óneitanlega í flestum tilvikum, ef ekki nær öllum, gagnvart Sovétríkjunum.

Ég hef ekki gert upp hug minn um það hvort rétt sé að við Íslendingar setjum almennar reglur í þessum efnum, sem kveði á um fjölda starfsmanna eða umfang erlendra sendiráða hér á landi. Ég hygg að þá mundum við vera ein í flokki slíkra þjóða sem það gerðum. Ég efast um að það væri út af fyrir sig heppilegt en vil þó gjarnan hafa tækifæri til að bera mínar bækur saman við aðra í utanrmn. Ég get hugsað mér að ég sem utanrrh. setji almennar reglur á grundvelli þess lagaákvæðis sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði til, en það veitir utanrrh. heimild til slíkrar reglugerðarsetningar og fylgir staðfestingu Vínarsamningsins. En ég hygg að slíkar almennar reglur yrðu fyrst og fremst að kveða nánar á um það með hvaða hætti erlend sendiráð gerðu grein fyrir þeim starfsmönnum er þeir óska eftir að séu hér að störfum í sendiráðum viðkomandi ríkja, þannig að við hefðum á hverjum tíma tækifæri til að grípa inn í þróun mála og skipta okkur af því meira en gert hefur verið.

Það er að vísu svo að erlend ríki tilkynna komu erlendra sendiráðsstarfsmanna og það getur á hverjum tíma gefið móttökuríki, í þessu tilviki okkur, tækifæri til þess að setja þær skorður sem við teljum eðlilegar og sjálfsagðar. En í þessum efnum er auðvitað um viðkvæmt milliríkjamál að ræða. Þótt svo sé er ég þeirrar skoðunar að við eigum að koma fram af fullri hreinskilni, festu og djörfung og ekki líða starfsemi sem ekki á sér rétt og skýringu í venjubundnum erindrekstri sendiríkis.

Ég hygg að það sé árátta hv. flm. Hjörleifs Guttormssonar í þessum efnum sem svo mörgum öðrum, þegar þeir Alþb.-menn eru í varnarstöðu fyrir ímynduðum hagsmunum Sovétríkjanna, að leggja Sovétríkin og Bandaríkin ávallt að jöfnu, einræðisríki Sovétríkjanna og lýðræðisríki Bandaríkjanna. Þetta kemur fram á mörgum sviðum þegar rætt er um mismunandi efni. Ég vil í því sambandi aðeins segja það að því er stærð þessara sendiráða í Reykjavík snertir að það er auðvitað ólíku saman að jafna, sendiráð Bandaríkjanna við sendiráð Sovétríkjanna. Bandaríkjamenn eru fjölmennastir ferðamanna hér á Íslandi. Við fáum heimsóknir þúsunda þeirra á ári hverju og þúsundir Íslendinga heimsækja Bandaríkin. Varðandi Sovétríkin eru væntanlega íslenskir ferðamenn til Sovétríkjanna aðeins í tugum taldir og sömuleiðis jafnvel enn færri ferðamenn frá Sovétríkjunum til Íslands. Þegar á það er líka litið að Bandaríkin eru stærstu kaupendur afurða okkar en Sovétríkin í fimmta eða sjötta sæti, sem þó skal ekki gert lítið úr því það eru okkur verðmæt viðskipti. Í þriðja lagi má svo bæta því við að bandaríska sendiráðið gegnir ýmsum störfum sem bundin eru samningsskyldum þeirra í varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna, samningsskyldum sem er okkur í hag engu síður en Bandaríkjamönnum að séu inntar af hendi. Þannig ber allt að sama brunni, að það eru eðlilegar skýringar á stærð bandaríska sendiráðsins gagnstætt við hið sovéska.

Ég vil, án þess að endurvekja þær umr. sem fram fóru í mars s. l., aðeins taka jákvætt undir þann tilgang þessa tillöguflutnings að hagsmuna Íslands sé gætt og vel sé fylgst með umfangi, stærð og verkefnum sem erlend sendiráð hafa hér á landi með höndum og lýsa því yfir að ég fagna frumkvæði flm. að þessu leyti og vænti þess að í utanrmn., sem flm. á sæti í, sé unnt að ræða þessi mál frá öllum hliðum svo að leiði til sameiginlegrar niðurstöðu.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þó ég hafi margar athugasemdir við hans mál að gera. Ég ætla þó að takmarka mig við mjög fá atriði að þessu sinni. Ég vil taka það fram að ég er ekki sammála hæstv. utanrrh. að því leyti að það sé ekki ástæða til að ræða mál af þessu tagi opinskátt hér á hv. Alþingi. Ég skil ekki hvaða ástæða er til að málefni erlendra sendiráða og takmarkanir sem lagt er til að gerðar verði á starfsemi þeirra séu ekki rædd fyrir opnum tjöldum hér á Alþingi Íslendinga. Ég sé ekki hvaða ástæða er til hinnar minnstu viðkvæmni að því

leyti. Við erum hér að fjalla um almennar reglur sem gerð er tillaga um að settar verði og sem við höfum heimild til samkvæmt alþjóðasamningum að setja. Hví skyldum við ekki ræða það innan veggja þessa salar en ekki lokaðri utanrmn. með hvaða hætti eðlilegt er að standa að slíku? Þó svo að hæstv. utanrrh., eftir því sem ég skildi orð hans, virðist hallast að því að það sé vafasamt að setja almennar takmarkandi reglur varðandi störf sendiráða, með tilvísun í að þetta sé ekki algengt með öðrum þjóðum, þá finnst mér full ástæða til þess að Íslendingar brjóti í blað að þessu leyti og setji slíkar almennar reglur. Og ég vænti að hæstv. ráðh. komist að því við nánari athugun að skynsamlegt sé að taka þannig á máli.

Hæstv. ráðh. viðhafði orðin hreinskilni, festa og djörfung í sambandi við þessi mál. Þetta eru stór og falleg orð, en ég spyr hæstv. ráðh.: Af hverju gengur hann ekki fram af hreinskilni, festu og djörfung og notar þær heimildir sem hann hefur lögum samkvæmt til þess að grípa takmarkandi inn í starfsemi erlendra sendiráða sem hann lýsti hér að væri eðlilegt að gera? Hann nefndi eitt tiltekið sendiráð í því samhengi og ég spyr hæstv. ráðh.: Af hverju beitir hann ekki sínu ráðherravaldi til þess að taka á málefnum þess sendiráðs? En ég bendi einnig á það að miklu eðlilegra hlýtur að vera að ganga fram í slíkum efnum og vænlegra til árangurs með því að Alþingi móti almennar reglur eða framkvæmdavaldið á grundvelli lagaheimildar, því ég hygg að þá séu málin, eins og hæstv. ráðh. vék að, ekki hlaðin þeirri viðkvæmni sem hann telur að tengist slíku og vissulega getur verið til staðar í sambandi við takmarkanir gagnvart einstökum ríkjum.

Dylgjur hæstv. ráðh. varðandi okkur Alþb.-menn og okkar viðhorf í þessu efni eru nánast ekki svaraverðar, verð ég að segja, og það er ósköp átakanlegt að gripið skuli til þess af þeim valdsmanni íslenskum sem hefur lagaheimildir til að grípa inn í þessi mál en beitir þeim ekki, þó svo að flokkur hans og málgagn sé gasprandi um það dögum oftar hver nauðsyn sé á í þessu efni varðandi eitt tiltekið sendiráð. En hæstv. ráðh. virðist ekki hafa þá festu og djörfung til þess að taka þá á þeim málum með þeim hætti sem flokkur hans er sífellt með áskoranir um. Ég mun annars ræða þessi mál að sjálfsögðu í hv. utanrmn. Ég vona að þessi tilöguflutningur verði til þess að Alþingi taki á þessum málum og álykti um það að settar verði almennar takmarkandi reglur að þessu leyti. Og ég ítreka það aðeins að lokum, herra forseti, að það er með öllu óhæfa að erlend sendiráð séu hér með nífaldan starfsmannafjölda á við það sem hliðstæð sendiráð íslensk eru með í viðkomandi löndum, og stangast auðvitað gersamlega á við anda og ákvæði alþjóðasamninga um þessi efni.

Ég vek svo aðeins að lokum athygli á því að hæstv. ráðh. svaraði ekki fyrirspurn varðandi takmörkun á húsnæði erlendra sendiráða á grundvelli lagaheimilda, hvort slíkum takmörkunum hefði verið beitt frá því í fyrra að við ræddum þessi mál hér síðast.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég verð að leiðrétta hv. síðasta ræðumann að því leyti að ég hafi veigrað mér við að ræða þessi mál opinskátt hér í sölum Alþingis. Það sem ég sagði að betur færi að bera saman bækur sínar um í utanrmn. voru upplýsingar frá erlendum ríkjum sem þau veita sem trúnaðarmál til okkar. Ég vil aðeins að þessi leiðrétting komi skýrt fram. Að öðru leyti hef ég ekkert á móti því að ræða opinskátt um þessi efni. En varðandi þá fyrirspurn sem hv. þm. kvað mig ekki hafa svarað, hvort takmarkanir hafi verið gerðar á húsnæðiskaupum erlendra sendiráða hér á landi, þá hefur aðeins eitt mál, að því er ég best veit, komið til úrskurðar dómsmrn. eftir að lögin frá 1980 voru sett. Það voru kaup á húseign fyrir verslunarfulltrúa sovéska sendiráðsins. Dómsmrn. veitti þá heimild, en ég var reyndar andvígur því og gat um það í utanrmn. á þeim tíma. Síðan hafa ekki komið fram beiðnir eða óskir um húsnæðis- eða fasteignakaup af hálfu erlendra sendiráða.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Við erum í nokkrum vanda stödd. Það er gert ráð fyrir utandagskrárumræðum klukkan 4 og áður þarf einnig að taka til umr. mál sem gefur einum þm., sem er að hverfa af þingi, tækifæri til þess að halda jómfrúræðu sína áður en hann fer. Við munum þó leitast við að halda um sinn áfram með þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis. Ég hygg að það sé rétt að ræða hér ákveðin atriði af þeirri hreinskilni sem hv. flm., 5. þm. Austurl., hefur óskað eftir.

Það kom fram í hans máli að þar sem okkar starfsmenn í Rússlandi hefðu ekki heimild til að fara út fyrir 40 mílna radíus og þyrftu að semja ferðaáætlun, sem þeir birtu með tveggja daga fyrirvara, þá væri sanngjarnt og eðlilegt að Íslendingar tækju upp svipuð vinnubrögð gagnvart Rússum. Þeir skyldu ekki hafa meiri rétt hér á landi en við hjá þeim. Þetta eru trúlega áhrif frá biblíusögukennslu í skólum þegar boðaður var sá boðskapur Gamla testamentisins: auga fyrir auga og tönn fyrir tönn.

Mér sýnist að ef við tækjum almennt upp þá reglu að fara eftir siðvenjum hvers ríkis og bregðast við á sama hátt hér á landi, þá gætu það orðið ákaflega fjölskrúðugar reglur sem giltu um hátterni erlendra sendiráðsmanna hér á landi og ekki ólíklegt að það þyrfti ekki svo lítinn mannfjölda til að fylgjast með því að allir færu eftir settum reglum sem utanrrh. setti á þessu sviði, en ég vara við þeim hugsunarhætti að Íslendingar fari að setja upp misjafnar reglur um ferðafrelsi sendiráðsstarfsmanna hér á landi, misjafnar reglur um þeirra hátterni sem miðist við hvaða reglur viðkomandi ríki hafa sett upp hjá sér. Erum við þá ekki að hluta til að yfirfæra þeirra stjórnarfyrirkomulag yfir til okkar, vera nokkurs konar spegilmynd af því sem þeir gera? Mér finnst að það geti verið ákaflega hættulegt ef menn ætla að negla sig gersamlega fasta í afstöðu t. d. á þann veg að ef hér er sendiráð með níu mönnum þá skuli a. m. k. vera sendiráð frá okkur hjá viðkomandi ríki með einum manni. Mér sýnist t. d. að ef við tækjum upp þessa reglu væri það eitt af því sem hæstv. utanrrh. þyrfti að gera að vísa Kínverjum strax úr landi. Ég veit ekki til þess að þeir hafi brotið neitt af sér. Þetta yrði kannske líka dálítið erfitt mál svona fyrirvaralaust og miðað við erfiðleika í flugsamgöngum vegna verkfalls og því e. t. v. nauðsyn að fresta örlítið afgreiðslu málsins jafnvel þótt það færi til nefndar.

Það má vel vera að hv. 5. þm. Austurl. telji að

áróðurslega séð sé honum nauðsyn að flytja þessa till. En ég er ekki viss um að hann hafi hugsað til fullnustu þann boðskap sem hann er að koma hér á framfæri.

Árni Johnsen: Herra forseti. Þegar rætt er um breytingu á reglum varðandi umsvif erlendra sendiráða á Íslandi þykir mér rétt að vekja athygli á einum þætti sem lengi hefur vakið undrun. Það eru ágætar póstsamgöngur milli Íslands og annarra landa, svona að öllu jöfnu þegar verkföll hamla ekki, en um langt árabil hefur sovéska sendiráðið pantað vikulega a. m. k. 3—6 sæti í farþegavélum Flugleiða milli Kaupmannahafnar og Íslands. (**Gripið fram í:** Fínt fyrir Flugleiðir.) Jú, gott fyrir Flugleiðir. Þessi sæti eru setin tveimur mönnum, eftirlitsmönnum, og síðan póstpokum sem settir eru í sætin og þeirra vandlega gætt. Þetta á sér stað a. m. k. einu sinni í viku og sætin eru skráð á Mr. Bagets. Þetta hefur átt sér stað um langt árabil. Þessir ágætu eftirlitsmenn fara inn í flugvélina langt á undan öðrum og fara síðastir frá borði. Ef vélin tefst, eins og borið hefur við í öðrum flughöfnum á leiðinni, þá neita þessir ágætu menn að yfirgefa vélina.

Það er óhemjumikill póstur sem fer til þessara 37 starfsmanna erlenda sendiráðsins samkvæmt upplýsingum hv. flutningsmanns till. og ég vildi benda á að það væri ástæða til að setja einnig reglu um að þarna væri þó a. m. k. gerð skoðun, eins og á sér stað í öðrum póstflutningum til landsins, og kannað hvað er í þessum tveimur til fjórum sætum skráðum á Mr. Bagets.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þetta voru gagnmerkar upplýsingar sem ber að þakka, sem komu fram í máli síðasta hv. ræðumanns. Ég stóð hér hins vegar upp til að lýsa því yfir að mér finnst auðvitað fullkomlega eðlilegt að málefni eins og þessi séu rædd hér á hinu háa Alþingi. Það er jafn fullkomlega óeðlilegt hvernig sú umræða ævinlega fer. Því er kannske ástæða til að prédika hér ofurlítið um mannasiði á hinu háa Alþingi. Hér eru viðhafðar ákveðnar umgengnisvenjur milli þm. T. d. köllum við hér hvert annað hv. þm. Mér finnst jafnmikil ástæða til þess að við tölum af nokkurri virðingu um aðrar þjóðir. Það er hreint undantekningarlaust þegar einhver tekur sér í munn nafn Sovétríkjanna að þá er ausið hér yfir þá þjóð móðgunum og svívirðingum. Jafnvel hæstv. utanrrh. lætur sér það sæma. (**Utanrrh.:** Hvað var það? Vill ræðumaður rökstyðja orð sín?) Já, hæstv. utanrrh. kallaði Sovétríkin einræðisríki. (**Utanrrh.:** Er það ekki rétt?) Það er ekki rétt, hæstv. utanrrh., og ég býst við að ráðamenn Sovétríkjanna og jafnvel sovéska þjóðin mundi ekki einu sinni fallast á það orð. Hins vegar er hægt að leika sér að orðum á ýmsan hátt. (**HG:** Hún hefur ekkert orð um það.)

Ég get upplýst hæstv. utanrrh. um það að ég hef sjálf búið erlendis samfellt í þrjú ár í einu lýðræðisríki Evrópu, Stóra-Bretlandi. Ég gæti sagt sitthvað um frelsið þar í landi, en ég held ég vogaði mér ekki að fara jafn niðurlægjandi orðum um bresku þjóðina eins og fólk leyfir sér hér um þá sovésku. Og þá fyrst tekur steininn úr þegar farið er að tala hér um að hingað komi miklu fleiri bandarískir ferðamenn en sovéskir! Ég vil minna hæstv. utanrrh. á að hann er líka að tala um þá þjóð sem líklega kemst næsthæst í viðskiptum við Íslendinga. Ég er ansi hrædd um að töluvert munaði um hana sem viðskiptaaðila. Eftir að hafa setið hér og hlustað á þetta í fimm ár undrast ég stundum satt að segja að Sovétmenn skuli kaupa nokkurn skapaðan hlut af Íslendingum.

Hitt er svo annað mál, að þeim leiðist ekki að heimsækja þá, hvorki hæstv. ráðh. né heldur hv. þm. Þeir eru þarna alltaf með annan fótinn og er ekki endir á bílaröðinni þegar þeir gera Moskvuborg þá æru að koma í heimsókn og eru ýmsar þær heimsóknir ógleymanlegar öllum viðstöddum. Sjálf hef ég því miður aldrei orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að vera boðin til þessarar góðu þjóðar. Henni finnst ég greinilega ekkert spennandi gestur, en úr því ætla ég að vona að rætist. En ég veit ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi hvað eftir annað látið Rauða herinn draga sig um borgina í breiðustu límósínum sem þar er að finna. Sama er að segja um hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson sem er þarna alltaf með annan fótinn. Þá verður öllum ógleymanlegt þegar hæstv. iðnrh. í fylgd með hæstv. núv. dóms- og kirkjumrh. lagði stærsta blómsveig á leiði fallinna Leningradsbúa sem sést hefur þar í landi og við hér heima fylltumst heitu stolti af að sjá hvað þeir gerðu þetta vel og fallega ásamt hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. (**Gripið fram í:** Og Geir Gunnarssyni.) Já, og hv. þm. Geir Gunnarssyni. (**Gripið fram í:** Ætlar þú að gleyma mér?)

Nú nýlega var borgarstjórn Reykjavíkur í heimsókn og sjaldan hefur önnur eins viðhöfn verið höfð eins og þegar virðulegur borgarstjóri í Reykjavík gerði heimsókn sína. Ég hef að vísu haft sterkan grun um að sú sé ástæðan til, að þeir Sovétmenn dáist að vinnuaðferðum borgarstjóra. Þeir þekkja þær nokkuð vel. En ég mundi ekki voga mér að kalla hæstv. borgarstjóra Reykjavíkur einræðisherra. Hitt er annað mál að hann er mjög hallur undir sovéskar stjórnunaraðferðir, og fékk þar enda umbun í heimsókn sinni, því þar var mikið haft við.

Menn eru hér hræddir um njósnir. Ég vil upplýsa hv. Alþingi um að ég ber enga virðingu fyrir njósnastarfsemi erlendra sendiráða á Íslandi, alla vega ekki þeirra sósíalísku. Enn hefur kínverska sendiráðinu ekki tekist að komast að því með öllu sínu kerfi að hæstv. núv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir og hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir eru ekki ein og sama persónan, heldur senda þeir ráðherranum mánaðarlega tímarit til heimilis míns. Við höfum haft hið ágætasta samstarf um þetta, hæstv. menntmrh. og ég, og höfum komist að því hvað gera skuli við þetta góða rit. Ég held því að njósnastarfsemin sé ekki stórhættuleg hér í landi. En að þessari gamansemi aflagðri held ég að komið sé að því að við hættum að hlusta á það hér að einu stærsta ríki heimsins sé svo misboðið hér úr ræðustól af æðstu mönnum íslensku þjóðarinnar að ekki verði við unað, og menn ræði málefni sem varða samskipti þjóða nokkurn veginn án tillits til hvaða þjóð er um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi, þáltill. 100. mál (þskj. 104). — Fyrri umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kosningu nefndar vegna

rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er 100. mál og prentað á þskj. 104. Flm. ásamt mér eru allir þm. Alþb. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta. Í starfi sínu geri nefndin m. a. samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og í samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi.

1. olíuverð til fiskiskipa.
2. orkuverð til fiskvinnslu, svo sem frystingar og bræðslu.
3. viðhalds- og þjónustukostnað, svo sem verð á tækjum, vélum og varahlutum.
4. fjármagnskostnað og fjárfestingar.
5. flutningskostnað útflutningsafurða.
6. söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum.
7. launakostnað í veiðum og vinnslu.
8. ríkisstyrki.

Nefndin skal jafnframt taka til athugunar skipulag veiða og vinnslu og gera tillögu um ráðstafanir sem tryggi að eðlilegt samræmi verði milli afkastagetu skipa og fiskvinnslustöðva.

Nefndin hefji störf nú þegar, og um næstu áramót skal hún skila sérstökum tillögum um úrlausn á vanda togaraútgerðarinnar. Í þeim tillögum skal nefndin leggja áherslu á:

a. að skapaður verði rekstrargrundvöllur fyrir togara sem ná meðalaflaverðmæti eða meira á ári miðað við venjulegar aðstæður og að treyst verði sérstaklega útgerð þar sem hún er meginforsenda atvinnulífs.

b. að benda á hvernig farið skuli með þann kostnað og þær skuldir sem útgerðin getur ekki staðið undir með eðlilegum hætti.

Nefndin skal strax í upphafi fara þess á leit við sjútvrh. að hann beiti sér fyrir því að opinberir sjóðir grípi ekki til aðgerða sem leiða mundu til stöðvunar fiskiskipa meðan unnið er að fyrsta áfanga nál.

Nefndin skili af sér með skýrslu til Alþingis eigi síðar en við upphaf þings haustið 1985.

Nefndin hafi samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo sem þurfa þykir og fái sérfræðiaðstoð ef með þarf.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Sú málsmeðferð, herra forseti, sem hér er gerð tillaga um er til komin vegna þess, eins og segir í grg., að stjórnvöld hafa ekki bent á neinar leiðir út úr þeim alvarlegu erfiðleikum sem að íslenskum sjávarútvegi steðja. Því teljum við eðlilegt að Alþingi taki með þessum hætti málin í sínar hendur.

Till. á sér þá forsögu að á síðasta þingi flutti Svanfríður Jónasdóttir till. um kosningu milliþinganefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Fyrri hluti þeirrar till. sem hér er flutt er efnislega samhljóða till. Svanfríðar. Sú till. náði því miður ekki fram að ganga — því miður segi ég vegna þess að enginn vafi er á því að gagnlegt hefði verið fyrir hv. Alþingi að hafa nú þær upplýsingar og tillögur sem væntanlega hefðu fengist í framhaldi af samþykkt till. Engu að síður er nú hliðstæð till. flutt að nýju, enda þörfin síst minni nú. Því til viðbótar er sérstaklega fjallað um vanda togaraútgerðar og gert ráð fyrir sérstakri tillögugerð, sem mjög verði hraðað, í þeim efnum.

Alþb. hefur nú sem endranær látið sig málefni sjávarútvegs miklu skipta. Haldnar hafa verið ráðstefnur á vegum flokksins um sjávarútvegsmál og gerðar sérstakar samþykktir og ályktanir og er ein slík frá s. l. sumri prentuð sem fskj. með till. þessari. Þar er sundurliðað hvernig Alþb. vildi bregðast við þeim vandamálum sem þá voru mest aðkallandi og eru reyndar flest óleyst enn þá. Í þessum tillögum þingflokks og framkvæmdastjórnar Alþb., sem samþykktar voru 24. júlí í sumar, segir m. a. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþb. telur að grípa verði strax til aðgerða til þess að koma í veg fyrir stöðvun og þar með stórfellt atvinnuleysi. Alþb. telur að eftirfarandi ráðstafanir eigi að gera til þess að koma í veg fyrir stöðvun í sjávarútveginum:

1. Afurðalán verði hækkuð í það hlutfall birgða sem áður var.
2. Vextir af afurðalánum verði lækkaðir.
3. Lausaskuldum í sjávarútvegi verði breytt í lengri lán og tryggt að skuldbreytingin verði framkvæmd undanbragðalaust. Staðið verði við fyrirheit frá síðustu áramótum um skuldbreytingu og feldir niður dráttarvextir frá áramótum af lánum sem átti að skuldbreyta þegar fiskverð var ákveðið.
4. Gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja útgerðinni olíu á lægra verði en nú er um að ræða. M. a. verði útvegsmönnum veittur möguleiki á því að kanna sérstaklega hvort unnt er að flytja inn ódýrari olíu en nú er til fiskiskipaflotans svo tryggt verði að olían sé jafnan á bestu fáanlegum kjörum. Gera verður gangskör að því að spara olíu í fiskiskipaflotanum enn frekar en gert hefur verið og orku í fiskvinnslunni.
5. Orkuverð til fiskvinnslunnar verði endurskoðað. Fiskvinnslan — íslenska stóriðjan — greiðir nú 10—12 sinnum hærra verð fyrir orkuna en erlenda stóriðjan.
6. Gagngert verði unnið að því að tryggja ódýrari þjónustu við sjávarútveginn en nú er um að ræða. Verði sérstaklega tekið á bönkum, olíufélögum og skipafélögum í þessu sambandi sem græða nú hundruð millj. króna á ári. Ekki er vafi á því að uppistaðan í hagnaði þessara fyrirtækja er sótt í sjávarútveginn.
7. Ekki verði tekinn gengismunur af skreiðarbirgðum og endurgreiddur sá gengismunur sem tekinn hefur verið af skreið að undanförnu.

Með þeim aðgerðum sem hér hefur verið lýst væri komið í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins á næstunni. Jafnframt þarf að gera skipulagsbreytingar í sjávarútveginum sem skapa forsendur fyrir mannsæmandi lífskjörum verkafólks og sjómanna sem hafa orðið fyrir sérstökum árásum á kaup sitt og kjör", segir enn fremur í þessari tillögu Alþb. frá því í sumar.

Aðgerðaleysi núverandi stjórnvalda í málefnum sjávarútvegsins og það hirðuleysi, sem ég vil kalla svo, sem ríkt hefur um þennan höfuðatvinnuveg landsmanna, er ámælisvert og illskiljanlegt að mínum dómi, herra forseti. Það blasir nú við rekstrarstöðvun í fiskvinnslunni víða um land og uppboð á skipum sem mörg hver eru höfuðatvinnutæki í sínu byggðarlagi. Þessi uppboð standa nú fyrir dyrum. Hin kalda hönd fjármagnsins skal ein öllu ráða og ekkert hefur komið frá ríkisstj. landsins um það hvernig hún hyggist leysa vandamál þeirra byggðarlaga sem nú horfa fram á hrun atvinnulífsins af þessum sökum. Í þeim byggðarlögum, sem

þannig er ástatt um, ríkir nú kvíði og óvissa, sem er óviðunandi ástand. Ef Alþingi hv. og ríkisstj. legðust á eitt og nefnd þingmanna hæfi störf af krafti til að leysa þessi brýnu mál, m. a. með atvinnuöryggi við sjávarsíðuna í huga, þá veit ég að það þættu góðar fréttir í mörgum stað. Því legg ég og áherslu á að sú nefnd, sem væntanlega fær till. til meðferðar hér í þinginu að lokinni þessari umr., taki þegar til starfa og skili af sér hið fyrsta því hér liggur mikið við að rösklega verði tekið til hendi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma hv. Sþ. í að lýsa ástandinu eins og það blasir nú við í sjávarútveginum. Allir geta, að ég held, orðið sammála um að þar eru alvörumál á ferðinni, svo mikil alvörumál, að mati okkar flm., að ástæða er til þess að hv. Alþingi sjálft taki með ákveðnum hætti, eins og hér er gerð tillaga um, beinan þátt í lausn þessa máls.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Jóhann Ársælsson: Herra forseti. Ég get tekið undir flest af því sem hefur verið sagt í þessum ræðustól af síðasta hv. ræðumanni. Ég vil bæta fáeinum atriðum við ræðu hans.

Undanfarin ár hefur sjávarútvegurinn staðið undir 70—80% af útflutningstekjum okkar. Síðustu árin hefur útgerðin, sérstaklega togaraútgerðin, átt við verulegan rekstrarvanda að etja. Þessi vandi er af ýmsum toga spunninn. Það má tilnefna olíuverðshækkanir, aflasveiflur, niðurgreiðslur í skipaiðnaði og útgerð nágrannaþjóða okkar og stóraukinn fjármagnskostnað. Olíuverðshækkanirnar hafa m. a. haft þær afleiðingar að hagkvæmni togveiða hefur minnkað miðað við aðrar veiðiaðferðir. Aflasveiflurnar hafa haft þau áhrif að skipin hafa orðið að veiða meira af ódýrari fisktegundum en áður og auk þess hlotið minni heildarafla. Niðurgreiðslur í nágrannalöndum okkar hafa valdið óeðlilegri samkeppni um verð á mörkuðunum. Óeðlilega háir vextir á erlendum peningamarkaði hafa svo bæst ofan á þetta með afleiðingum sem allir þekkja.

Á sama tíma og þetta ástand var að myndast vorum við að byggja upp togaraflotann í kjölfar útfærslu landhelginnar. Hinir vísu landsfeður hvöttu menn og brýndu: Fáið ykkur togara, ekkert að borga, allt lánað — upp í 107%, eftir því sem maður heyrði hér á árum áður. Og auðvitað var farið of geyst í þessa uppbyggingu. Við slepptum einu stærsta tækifæri sem við höfum átt til þess að gera íslenskan skipaiðnað að stóriðnaði. Þarna átti auðvitað að stíga á hemlana þegar búið var að kaupa 50—60 skip og láta innanlandssmíðarnar taka við eftir áætlun um uppbyggingar- og endurnýjunarþörf flotans.

Togaraflotinn óx þar til togararnir voru orðnir jafnmargir og lífeyrissjóðir landsmanna eru og þótti þá ýmsum nóg um. Fiskveiðasjóður fjármagnaði þessi skipakaup að mestu með erlendum lánum. Um áramótin 1977—1978 breytti hann kjörum þeirra sem við hann skipta, þannig að nú eru lán bæði gengistryggð gagnvart erlendri mynt og verðtryggð gagnvart íslenskri, með þeim ágæta árangri að meðaltogari eins og Óskar Magnússon á Akranesi jók skuldir sínar á árinu 1981 um tvöfalt aflaverðmæti sitt allt það ár. Það vantaði sem sagt rekstrargrundvöll fyrir þessi skip og útgerðarmenn fóru að bera sig illa og biðja um aðgerðir, biðja um rekstrargrundvöll fyrir útgerðina. Þetta var auðvitað kallað væl og grátur. Og vísir menn útskýrðu fyrir þjóðinni að flotinn væri of stór og þetta væri kolvitlaus fjárfesting. Það væri best að láta skussana fara á hausinn og leggja einhverjum af þessum döllum. Það var eina ráðið. En þessi skip eru undirstaða atvinnu í flestum stærri byggðarlögum um landið og menn hafa baslað í skuldbreytingum og lánalengingum til að halda atvinnulífinu gangandi. Það hefur enginn trúað því enn að það sé meining yfirvalda að láta undirstöðuatvinnuveg landsmanna komast á vonarvöl. Í trausti þess hafa menn teygt sig miklu lengra en skynsamlegt er í skuldasöfnun og skuldbindingum vegna þessarar útgerðar. Þetta hefur m. a. haft þær afleiðingar að það á að fara fram uppboð á Akranesi í dag. Þar er verið að bjóða upp togarann Óskar Magnússon. Það er fyrsti togarinn sem lenti undir breyttum reglum Fiskveiðasjóðs um áramótin 1977—1978. Við skulum ekki láta okkur detta í hug að það sé tilviljun að þetta uppboð á að fara fram því að það að gera ekki neitt er ákvörðun um að gera ekki neitt og sú ákvörðun hlýtur að hafa verið tekin áður en dró til þessa uppboðsdags.

Einn þeirra manna sem mest höfðu fengið að glíma við að reka það skip sagði, þegar hann nauðugur skrifaði undir þá samninga sem gerðir voru við Fiskveiðasjóð eftir að skipið hafði verið smíðað, að aldrei yrði hægt að borga þetta skip samkv. þeim samningum, en hann trúði því að útgerð á Íslandi mundi halda áfram að lifa og skrifaði þess vegna undir í þeirri bjartsýni. Síðan hefur þessi togari verið gerður út með bullandi tapi og hann skuldar núna 40 millj. kr. meira en hann er talinn vera virði. Þessi togari hefur haft meðalaflaverðmæti og ég fullyrði að þeir menn, sem hafa staðið að útgerð hans, eiga ekki skilið þá skussanafnbót sem ýmsum, sem um þessi mál hafa fjallað, hefur þóknast að gefa þeim sem hafa endurnýjað skip sín eftir 1977. Þegar uppboðshamarinn glymur á Akranesi munu 200 manns missa atvinnuna. Þá munu Byggðasjóður, olíufélög, tryggingafélög og fleiri tapa því sem þeir eiga hjá útgerðinni. Þá verður stóra pennastrikið að veruleika. Því hafa menn áreiðanlega gert sér grein fyrir fyrir löngu.

En hamarinn á eftir að glymja víðar. Fréttirnar berast alls staðar að. Það er verið að gefast upp allt í kringum landið. Það er togari hér í höfninni. Hann er frá Stokkseyri. Fiskveiðasjóður keypti olíu á ljósavélina í honum í gær. Hann bíður eftir uppboði. Kannske glymur hamarinn bráðum á Seyðisfirði, Húsavík, Þórshöfn eða Ólafsvík. Ef hann glymur í Ólafsvík er mér sagt að sveitarfélagið sé í ábyrgð fyrir tvöföldum árstekjum sínum. Menn ættu að sjá að það er ekki góð latína að tapa tvöföldum árstekjum eins sveitarfélags á einu bretti. Þar er togarinn Már sem skuldar 200 millj. í Ríkisábyrgðasjóði. Hann hefur tapað í gengisspilinu. Hann er á, að mér skilst, dollaralánum og hefur tapað í þessari gengisrúllettu sem við látum einstök fyrirtæki og atvinnugreinar spila í hér á landi. Þeir sem gera hann út skrifuðu fyrir nokkrum dögum upp á það að borga 30% af aflaverðmæti skipsins í stofnfjársjóð, en mættu svo hjá hæstv. forsrh. og sögðu honum að það væri útilokað að standa við þetta. Sama brautin er sem sagt enn fetuð: Vandanum er frestað og skuldunum hlaðið upp. En þetta er svo sem ekkert nýtt — og hvað skal gera? má þá spyrja.

Við erum með þessari þáltill. að leggja til að menn

skilgreini nú þessi rekstrarvandamál útgerðarinnar með það að markmiði að þessi undirstöðuatvinnugrein fái möguleika til að dafna, að menn fái að standa í skilum, að menn fái að borga mannsæmandi laun og að það sé hægt að endurnýja þennan flota okkar. Það má ekki láta skipaflotann grotna niður. Meðalaldur hans er núna 18 ár og meðalaldur íslenska togaraflotans, sem eru yngstu skipin, er 11.3 ár. Það er þess vegna ljóst að við ráðum ekki við endurnýjunarþörfina í skipasmíðastöðvunum sem eru hér í landinu. Verði rekstrargrundvöllur útgerðarinnar lagfærður munu skipasmíðastöðvarnar ekki anna þeim verkefnum, sem verða fyrir hendi. Það bíður fjöldi útgerðarmanna eftir því að fá tækifæri til að endurnýja skipin sín. En er ekki flotinn þá of stór? Þarf ekki frekar að leggja einhverjum af þessum skipum? Ég tel það ekki vera. Við höfum byggt hann of hratt upp og í of miklum sveiflum. Þess vegna ráðum við illa við framhaldið.

En ég vil benda á að þrátt fyrir að flotinn sé svona stór hafa engin skip, sem við höfum átt fram að þessu, verið nýtt eins vel og þessi togarafloti. Það er varla hægt að hleypa þeim í land, þessum mönnum, sem eru um borð, á milli veiðiferða. Og hvað halda menn að hefði veiðst mikið af karfa undanfarin ár ef flotinn hefði verið að marki minni og hvað halda menn að hefði veiðst mikið af grálúðu og reyndar mörgum öðrum fisktegundum, sem menn kalla skrapfisk, ef flotinn hefði verið að marki minni? Hvað um djúprækju t. d. og fleira?

Við höfum byggt flotann of hratt upp, en það er ekki þar með sagt að það borgi sig að leggja bestu skipunum, eins og gerist ef skussarnir fara á hausinn. Það eru margir þeirrar skoðunar að það séu of margar sauðkindur í landinu, en ég hef engan heyrt leggja til að bændur leysi málin með því að hleypa ekki til tápmestu ánna. Þær þyrftu nefnilega að éta eftir sem áður. Og við þyrftum líka að borga dollaralánin sem hvíla á bak við togarana þó þeir verði látnir ryðga hérna í Reykjavík.

Ég vil segja að mér finnst það fáránlegt að láta einstök fyrirtæki hér í landinu vera að spila í gengishappdrætti eftir háspekilegum vangaveltum langlánanefndar Landsbankans, seðlabankamanna eða Fiskveiðasjóðs. Ég þekki of mörg sorgleg dæmi um fjárfestingar sem urðu rangar vegna þess að menn spáðu rangt í mark eða dollar. Við eigum að taka sameiginlega áhættu af svona hlutum. Mér finnst að þjóðin beri sameiginlega ábyrgð á því hvernig komið er vegna þess að ráðamenn hennar virðast hafa gleymt því á hverju hún lifir. Meðan þær atvinnugreinar sem standa undir 70—80% gjaldeyrisöflunarinnar eru reknar með bullandi tapi, þá er eitthvað að. Þegar vel rekin fyrirtæki í fiskvinnslu tapa því meir sem þau framleiða meira, þá vantar rekstrargrundvöllinn.

Herra forseti. Það er beðið allt í kringum landið eftir að menn rumski hér syðra; ekki til að skemmta sér við að horfa á fleiri og fleiri togara hér í höfninni í Reykjavík, heldur til að taka á málum undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar. Þess vegna berum við Alþb.-menn fram þessa þáltill.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Á öðrum degi þessa þings boðaði hæstv. iðnrh. að hann mundi von bráðar flytja hér á Alþingi skýrslu um stöðu samningaviðræðna við Alusuisse. Nefndi hann í því sambandi yfir 2000 millj. kr. upphæð, sem hann hefði í handraðanum, og ég hefði svikist um að standa skil á því smáræði á liðnum árum.

Í fyrradag svaraði hæstv. ráðh. hér í Sþ. fsp. minni um endurskoðun á ársreikningum ÍSALs fyrir árið 1983 og upplýsti að fyrir nær tveimur mánuðum hefðu nafntogaðir endurskoðendur, Coopers & Lybrand, skilað honum niðurstöðu sem fæli í sér að leiðrétta bæri ársreikning fyrirtækisins ÍSALs um 9.6 millj. Bandaríkjadala eða um 326 millj. íslenskra kr. fyrir þetta eina ár. Þannig er vantalinn hagnaður Alusuisse vegna álbræðslunnar í Straumsvík á átta ára tímabili, þ. e. 1975—1983, að mati viðurkenndra endurskoðenda orðinn um 60 millj. Bandaríkjadala eða sem svarar 2.040 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Þessi kerfisbundnu skattsvik eigenda álversins í Straumsvík varpa nokkrum skugga á gott samband milli aðila, svo notað sé orðalag úr skýrslu hæstv. iðnrh. um bráðabirgðasamkomulagið við Alusuisse í fyrra, og víst er um það að stundum hafa smærri tölur orðið að ásteytingsefni. Ég kem aðeins nánar að þessum þætti síðar.

Ástæðan fyrir því að ég fór þess á leit við hæstv. forseta að fá hér orðið utan dagskrár um samningamálin við Alusuisse er ekki þessi mál, sem bar hér á góma í fyrradag, heldur ummæli hæstv. iðnrh. í sama fyrirspurnatíma í hv. Sþ. Hann sagði, með leyfi forseta:

„En ég hef haft í hyggju að leggja fyrir hið háa Alþingi skýrslu um framkvæmd bráðabirgðasamkomulagsins frá 23. sept. á liðnu ári og um gang samningaviðræðna frá þeim tíma og þær niðurstöður sem menn eru komnir að. Af ýmsum ástæðum, einnig vegna þess að ekki eru fullfrágengin öll atriði og niðurstöður fengnar í orðalagi til að mynda, einnegin vegna þess að samningunum eru ákvæði um það að þeir skuli ekki birtir opinberlega nema báðir aðilar samþykki, þá dregst þetta eitthvað úr hömlum", sagði hæstv. ráðh., „þannig að ekki verða tök á því enn um sinn að þessi skýrsla verði lögð fyrir hið háa Alþingi. Ég tek það fram að mér er það mjög umhendis", sagði hæstv. ráðh. enn fremur, „að leggja slíka skýrslu fram nema hægt sé að upplýsa öll atriði sem að málinu lúta í öllum smáatriðum, en um það atriði er gagnaðili ekki sammála enn sem komið er. Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma á framfæri skýringum á því að ég hef ekki enn og er ekki enn tilbúinn til þess að gefa Alþingi þá skýrslu sem ég hafði í huga að gera fljótlega eftir samkomudag þess".

Þetta voru ummæli hæstv. ráðh. s. l. þriðjudag. Ég átaldi við umr. þá þessi vinnubrögð af hálfu hæstv. ráðh. og áskildi mér rétt til að taka þessi mál upp í þinginu hið fyrsta utan dagskrár, og ég þakka hæstv. forseta, sem af sinni alkunnu lipurð hefur orðið við þeirri beiðni, og hæstv. iðnrh. sem á það hefur fallist að svara hér fsp., sem ég raunar afhenti honum skriflega í gær, um málavöxtu er tengjast samningaviðræðum ríkisstj. við Alusuisse.

Til að auðvelda hv. þm. að fylgjast með þessari umr. og fsp. mínum hef ég beðið um að þeim verði dreift til hv. þm. á meðan á umr. stendur.

Núv. ríkisstj. hefur haldið með mjög sérkennilegum

hætti á samningaviðræðum við Alusuisse. Stjórnarandstaðan hefur ekki verið kvödd til samráðs um nein atriði þessa máls og verið haldið frá upplýsingum um gang samningaviðræðna með afgerandi hætti. Fjölmiðlar hafa ekki heldur fengið neitt yfirlit frá stjórnvöldum um stöðu mála fyrr en að fullgerðu bráðabirgðasamkomulagi í sept. í fyrra, en einstakir samninganefndarmenn ríkisstj. hafa miðlað brotakenndum upplýsingum eftir sínu mati og hentugleikum, stundum harla mótsagnakenndum, allt eftir því sem þeir hafa talið sér henta hverju sinni.

Í samninganefnd ríkisstj. við Alusuisse voru sem kunnugt er skipaðir í júní 1983 þrír menn: dr. Jóhannes Nordal formaður, Guðmundur G. Þórarinsson fyrrv. alþm. og Gunnar G. Schram hv. alþm. Engir minnstu tilburðir voru hafðir uppi til að gefa stjórnarandstöðunni aðgang að málinu og virtist nú gleymd sú fræga till., sem meiri hl. hv. atvmn. lagði fram hér í þinginu í febr. 1983, um viðræðunefnd við Alusuisse þar sem sagði m. a.: „Til að annast viðræðurnar skal ríkisstj. þegar skipa sex manna viðræðunefnd og skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa, forsrh. einn og Landsvirkjun einn. Nefndin kýs sér formann". Þetta er úr till. meiri hl. atvmn. sem leit dagsins ljós snemma árs 1983. Þessi till. var gleymd um leið og helmingaskiptaliði Sjálfstfl. og framsóknar hafði náð formlega saman um myndun ríkisstjórnar eftir kosningarnar í apríl 1983, aðeins þremur mánuðum síðar.

Ég minni á að í minni tíð sem iðnrh. var leitast við að skapa breiða samstöðu um þetta stóra hagsmunamál, endurskoðun álsamninganna, m. a. með álviðræðunefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þáverandi þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu. Starfaði sú nefnd frá júlí 1981 fram í des. 1982, að Guðmundur G. Þórarinsson stökk út úr nefndinni fyrir framan sjónvarpsvélar og eyðilagði þar með þennan samráðsvettvang sem komið hafði saman 54 sinnum til formlegra bókaðra funda. Ástæðan sem hv. þm., fulltrúi Framsfl., gaf fyrir þessu heljarstökki var sú, að hann fékk ekki einn öllu ráðið á tilteknum fundi nefndarinnar.

Ég minni líka í þessu sambandi á bréf sem mér var afhent 5. maí 1982 og samrit sent ríkisstjórn Íslands, undirritað af Geir Hallgrímssyni, þáv. formanni Sjálfstfl. og nú hæstv. utanrrh., og hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, formanni þingflokks sjálfstæðismanna. Það er fróðleg lesning, m. a. í ljósi málsmeðferðar hæstv. iðnrh. Sverris Hermannssonar um eins og hálfs árs skeið, að líta yfir þetta bréf. Ég læt nægja hér tvær tilvitnanir.

Í bréfinu er fundið að því „að þrátt fyrir starf álviðræðunefndar", eins og þar segir, „fer því fjarri að eðlileg og nauðsynleg samráð hafi verið höfð við Sjálfstfl. í máli þessu."

Í niðurlagi bréfsins segir, það er dálítill kafli, með leyfi forseta: „Af þessu tilefni vill Sjálfstfl. láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til samstarfs við stjórnarandstöðuna, sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli er full samráð" — ég sé að hæstv. iðnrh. hlýðir á grannt — „ er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum. Sjálfstfl. minnir á að hann tilnefndi fulltrúa sinn í viðræðunefnd fyrst og fremst til að eiga viðræður við Alusuisse vegna skoðanaágreinings um túlkun samninga og til að fá úr því skorið hvort Alusuisse hafi brotið samninga eins og iðnrh. hefur borið fyrirtækinu á brýn". — Ég kem því að að menn taki eftir orðalaginu „sem iðnrh. hefur borið fyrirtækinu á brýn". — „Að þessu verkefni", segir áfram í bréfinu, „hefur síður en svo verið unnið sem skyldi. Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstfl. er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi". — Hæstv. iðnrh., þetta er bréf frá þingflokksformanni og þáverandi formanni Sjálfstfl. — „Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi þar sem iðnrh. hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinnt boði Sjálfstfl. um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið.

Geir Hallgrímsson.
Ólafur G. Einarsson."

Þetta var niðurlag í þessu bréfi. „Nauðsynlegt og eðlilegt er að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka", stendur þar. „Forsenda þess að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum", stendur þar einnig. Svo virðist sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson, áframhaldandi formaður þingflokks Sjálfstfl., hafi gleymt að afhenda nýjum iðnrh. Sverri Hermannssyni þessa skýru afstöðu Sjálfstfl. frá vordögum 1982, en sjálfur var hann þá aðili að þessari stefnumörkun, þ. e. hv. þm. Sverrir Hermannsson, og raunar tillögumaður í atvmn. Sþ. sem gerði till. um að í viðræðunefnd við Alusuisse skyldu vera fulltrúar allra þingflokka.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. iðnrh. með tilvísun í það sem hér hefur fram komið: Hvers vegna hefur iðnrh. ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuna um samningaumleitanir við Alusuisse í tíð núv. ríkisstj.? Samninganefnd ríkisstj. starfaði með algerri leynd sumarið 1983 og hélt m. a. fjóra viðræðufundi með Alusuisse, þar af þrjá á erlendri grund, og leiddu þeir fundir til bráðabirgðasamkomulags aðila í september 1983. Stjórnarandstaðan fékk ekkert veður af því samkomulagi fyrr en það var búið og gert og sama máli gegndi um Alþingi. Skýrsla hæstv. iðnrh. um þetta samkomulag varð tilefni mikilla umr. hér í Sþ. í nóv. s. l. Þar hét hæstv. iðnrh. því að bæta um vinnubrögð með því altént að gefa Alþingi kost á að fylgjast með framvindu mála, en þá var stefnt að því af hálfu ríkisstj., með stoð í bráðabirgðasamkomulaginu við Alusuisse, að ljúka endurskoðun álsamninganna í heild fyrir 1. apríl s. l. Hæstv. iðnrh. sagði m. a. í umr. um skýrslu sína hér í Sþ. 22. nóv. s. l.:

„Og það veit ég að allir skilja, að aldrei kæmi mér til lifandi hugar að fara að semja á bak við auðhringinn Swiss Aluminium. Og það ætla ég að vona að hendi aldrei nokkurn mann sem á mínum snærum verður. Úr þessum stól mun það verða svo um alla framtíð, meðan ég gegni þessu embætti, að ég mun geta sagt frá hverju einasta smáatriði sem fer fram í þeim samskiptum fyrr og síðar".

Þetta eru skýr orð og ótvíræð, en eitthvað hefur lamast tungan í hæstv. ráðh. frá því þau voru mælt eða vafist honum um höfuð, svo notað sé honum kunnuglegt orðfæri. Veturinn leið og áfram þæfðu samningamenn hæstv. ráðh. við Alusuisse, mest á erlendri grund til að forðast sviðsljós fjölmiðla á heimavelli. Röskum mánuði eftir að eindaginn 1. apríl var liðinn tók ég mál þetta upp utan dagskrár á Alþingi, þann 10. maí s. l., og innti hæstv. iðnrh. eftir upplýsingum um stöðu samningaviðræðnanna. Hann brást góðfúslega við, en var býsna tregt tungu að hræra.

„Ég er og hef ávallt verið reiðubúinn", sagði ráðh., „til þess að sitja fyrir svörum um þessi mál, en ég þarf ekkert að ítreka það að einstöku atriði í samningagerðinni geta ekki útlagst hér á hinu háa Alþingi meðan þann veg stendur í stönginni sem nú gerir í sambandi við samningaviðræðurnar við Alusuisse."

Nú var ekki lengur hægt að segja frá hverju einasta smáatriði sem fram fer í þeim samskiptum fyrr og síðar, eins og ráðh. orðaði það fyrr á sama þingi, og þessi mál öll þyngri í vöfum en menn skyldu ætla við fyrstu kynni, sagði ráðh. enn fremur.

Ég innti hæstv. ráðh. við þessa umr. m. a. eftir stöðu í skattadeilunni gagnvart Alusuisse, þ. e. um skattkröfu fjmrn. um endurákvarðað framleiðslugjald á tímabilinu 1976 til 1980 upp á 10 millj. íslenskra kr. Um það sagði ráðh. m. a., með leyfi forseta:

„Og til þess að taka af allan vafa strax liggur það fyrir, og það veit hv. þm., að kröfur okkar nú, mínar eða ríkisstj. skulum við segja, eru óbreyttar um að endurákvörðun framleiðslugjaldsins verði staðfest."

Og síðar í sömu ræðu sagði Sverrir Hermannsson, hæstv. iðnrh.:

„Það lá alveg ljóst fyrir að ég gat aldrei sætt mig við neitt, neina niðurstöðu í þessum málum nema þá sem gæti talist dómur eða dómsígildi. Það vil ég leggja áherslu á. Það kom aldrei til greina, þótt eftir væri leitað, að ég væri til viðræðna um samninga um þessi deiluatriði". Nú fréttum við þm. af því á haustdögum, í þeim óljósa véfréttastíl sem fylgir öllu sem lýtur að þessu álmáli frá núv. hæstv. ríkisstj., að samningamenn hæstv. iðnrh. séu búnir að ganga frá svonefndri réttarsátt í skattsvikamálum Alusuisse þvert ofan í hátíðlegar yfirlýsingar hæstv. ráðh. á Alþingi á vordögum um að aldrei hafi komið til greina að hann væri til viðræðna um samninga um þessi deiluatriði. Ég spyr því hæstv. ráðh.: Hvað veldur þeim sinnaskiptum sem orðið hafa varðandi skattsvikamál Alusuisse frá því að hann gaf yfirlýsingu sína, tilvitnaða hér, á hv. Alþingi 10. maí s. l.? Og í framhaldi af því spyr ég hæstv. ráðh.: Hver er sú upphæð sem Alusuisse býðst til að greiða gegn því að málarekstur vegna skattsvika fyrirtækisins verði felldur niður? Er hin umtalaða réttarsátt gagnvart Alusuisse skilyrt á einhvern hátt og fylgja henni yfirlýsingar um sök eða sýknu?

Í umr. í Sþ. 10. maí s. l. innti ég eftir endurskoðun á skattareglum aðalsamnings. Í svari sínu sagði hæstv. ráðh. m. a. að örðugleikum yrði bundið að ná endanlegu samkomulagi við Alusuisse fyrr en niðurstöður lægju fyrir í skattadeilunni. Og orðrétt sagði hann: „Og það varðar alveg sérstaklega ákvæði sem við þurfum að ná fram í skattgreiðslunum."

Í því sambandi vísaði ráðh. sérstaklega til fyrstu dómnefndar sem sett var á fót skv. samkomulaginu í sept. 1983. Um það sagði hæstv. ráðh.:

„Ég held að niðurstöður fyrir fyrstu dómnefnd í skattamálunum hlytu mjög að styrkja aðstöðu okkar í þeim málum." Það er varðandi skattareglur í framtíðinni. Og áfram tilvitnað: „Ég vænti þess að niðurstöður fyrir fyrstu dómnefnd í skattamálunum muni styrkja okkur." — Þetta sagði hæstv. ráðh.

Eitt af viðfangsefnum fyrstu dómnefndar af þremur, sem settar voru á laggirnar þegar málið var tekið út úr samningsbundnum farvegi gerðardóms, skyldi vera skv. orðréttu ákvæði í bráðabirgðasamkomulaginu frá 23. sept. 1983:„Dómnefnd þessi mun skila álitsgerð um framkvæmd á ákvæðum mgr. 27.03 í aðalsamningnum" — þ. e. um verðlagningu á aðföngum með tilliti til viðmiðunar við viðskipti milli óháðra aðila — „og um það atriði hvort túlka eigi og beita mgr. 2.03 (a) í aðalsamningnum — rekstri með tilliti til mgr. 27.03 í aðalsamningnum og að hvaða leyti. Skal álitsgerðin gefa til kynna", segir þar, „þá aðferð sem viðhafa beri á árunum 1976 til og með 1980 til að ákveða verð á hráefnum með tilliti til skattskyldu, og þá nógu greinilega til að unnt sé að framkvæma útreikning á framleiðslugjaldinu sem um er að ræða."

Eins og ráðh. benti réttilega á er hér um að ræða atriði í gildandi samningi sem miklu varðar um stöðu okkar til skattlagningar á ÍSAL og þar með um samningsstöðu varðandi hugsanlegar breytingar á skattaákvæðum gildandi samninga. Því spyr ég hæstv. ráðh.: Hefur í núgildandi samningsdrögum við Alusuisse, sem samninganefndarmenn hennar gengu frá í London 9. okt. s. l., verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. á ákvæðum aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegu kjörum? Samningamenn iðnrh. hafa greint frá því að alveg sé eftir að semja um endurskoðun á skattaákvæðum við Alusuisse. Þá skiptir að sjálfsögðu öllu máli að við höldum öllum okkar rétti til haga. Til að taka af allan vafa um það efni er ofangreind spurning borin fram.

Ég kem þá að þeim þætti samningaumleitana er varðar raforkuverðið, en meira hefur verið haft eftir samningamönnum ríkisins um þann þátt málsins en um aðra þætti. Margt er þar þó enn harla óljóst annað en hámarks- og lágmarksákvæði, 12,5—18,5 millidalir, en það er það bil sem gert er ráð fyrir að raforkuverðið hreyfist innan á gildistíma væntanlegs samnings, að okkur hefur verið tjáð. Með tengingu við álverð skv. fjórum tilteknum viðmiðunum er breytt um stefnu frá því sem verið hefur í gildandi samningi og raforkuverðið tengt sveiflum á heimsmarkaðsverði á áli með ótvíræðum en þó óvissum hætti um niðurstöður. Íslendingar taka með þessu á sig verulega áhættu umfram það sem áður var með því að binda raforkuverðið svo mjög sveiflum í álverði á heimsmarkaði. Mat manna á raforkusölusamningnum einum út af fyrir sig, sem ríkisstj. virðist ráðin í að standa að, fer m. a. eftir því hvernig menn meta þetta atriði, hvernig menn meta líkurnar á því að álverð þróist á heimsmarkaði á næstu árum og hvernig háttað verður verðtryggingar- og endurskoðunarákvæðum samningsins að því er raforkuverðið snertir.

Ég vil taka það strax fram að ég tel allar breytingar, sem nást fram á núverandi samningi um álverið í

Straumsvík og skila Íslendingum raunverulegum ábata, vera til bóta og spor í rétta átt. Það gildir um leiðréttingu á orkusölusamningnum sem felur í sér nær tvöföldun að lágmarki frá því sem um var samið 1975. Verður þá að ganga út frá að ekki takist jafnhörmulega til um heildarendurskoðun samninga við Alusuisse og þá varð reyndin, við endurskoðunina 1975, en eins og fram hefur komið með skýrum hætti, stutt af gögnum frá ríkisendurskoðun, var þá samið um breytingar á skattaákvæðum og fleira Alusuisse í hag sem hafa gert meira en vega upp þann ábata sem Landsvirkjun fékk með hækkuðu raforkuverði reiknað fram á þennan dag.

Við skulum því minnast þess hér og nú að skattaþátturinn er ófrágenginn eins og greint hefur verið frá í endurskoðun sem stendur yfir. Ég minni einnig á að fyrir fjórum árum, þegar ríkisstj. sem ég átti sæti í gerði kröfu um endurskoðun álsamninganna síðla árs 1980 í framhaldi af því að svikamylla Alusuisse með hækkun í hafi hafði verið afhjúpuð, hafði enginn orðað það hér á Alþingi Íslendinga um árabil, að mér er kunnugt, aðrir en þm. Alþb., að raforkuverðið til álversins væri úr hófi lágt og krefjast bæri endurskoðunar á því til hækkunar. Þvert á móti voru hér aðstandendur álsamningsins frá viðreisnarárunum og arftakar þeirra, m. a. þm. Sjálfstfl., sem héldu hverja ræðuna á fætur annarri hér á Alþingi, svo að ekki sé minnst á leiðara Morgunblaðsins, til að lofa og prísa álsamninginn og sáu ekki á honum neina meinbugi. Það var komið fram í mars 1982 þegar þáverandi formaður Sjálfstfl., hæstv. núv. *utanrrh.*, *vogaði sér að segja að raforkuverðið* sem Alusuisse greiddi væri lægra en skyldi, — lægra en skyldi. Ég hef á sama hátt margsinnis beðið hv. 4. þm. Reykv., sem hér er í salnum, Birgi Ísl. Gunnarsson, formann stóriðjunefndar, að tilfæra úr þessum ræðustóli kröfur sínar á árinu 1980 og fyrir þann tíma til 1981 um hækkun raforkuverðs til álversins, en hann hefur ekki enn orðið við þeim tilmælum og virðist nokkuð djúpt á yfirlýsingum hans sem gengju í þá átt sem lýst var eftir.

Samningamenn ríkisstj. hafa verið ósparir á að lýsa hrifningu sinni yfir þeim árangri sem þeir hafi fært heim frá London varðandi endurskoðun raforkuverðsins og látið eftir sér hafa að líkur bentu til að á næstu fimm árum fáist um 17 mill að meðaltali fyrir hverja kwst., en það er það sem ég hef heyrt eftir þeim haft. Ég hef marglýst þeirri skoðun að ég teldi 20 millidali það mark sem nást þyrfti í þeirri endurskoðun samninganna, en ég teldi hins vegar orkuverð nálægt 18 millidölum, með fullri verðtryggingu vel að merkja, viðunandi niðurstöðu ef ekkert annað fylgdi til frádráttar t. d. í sköttum eða skilyrði um stækkun álversins í Straumsvík.

Til að fá ljósi varpað á þessa væntanlegu samninga, sem m. a. formannafundur Sjálfstfl. hefur nýlega blessað í bak og fyrir þótt við þm. höfum ekkert fengið að vita um raunverulegt innihald þeirra, hef ég beint eftirfarandi spurningum um raforkuverðið til hæstv. ráðh.:

Hvert væri raforkuverðið gagnvart álverinu í Straumsvík í dag skv. fyrirliggjandi samningsdrögum og ríkjandi markaðsverði á áli? Og önnur spurning sem varðar raforkuverðið og samningsdrögin: Hvert yrði raungildi raforkuverðsins að fimm árum liðnum miðað við lágmarks- og hámarksákvæðin 12.5 og 18.5 millidalir 1) ef árleg verðbólga í dollurum verður 5% og álverð þróast með sama hætti, 2) ef verðbólga í dollurum verður 5% og álverð þróast eins, þ. e. sömu forsendur og í fyrri lið, en gengi dollars lækkar um 25% á tímabilinu?

Ég vil geta þess að að margra mati er dollar talinn nær 30% hærra skráður en svarar til kaupmáttar hans með tilliti til annarra gjaldmiðla. En ég hef nefnt hér viðmiðunina 25% lægra gengi á dollara. Þá spyr ég einnig tengt raforkuverðinu: Hvert er það meðalraforkuverð að *mati iðnrh. sem líklegt er að þessi samningur* gefi á næstu fimm árum reiknað frá verðlagi ársins 1984? Og einnig: Hve mikil hækkun þarf að verða á álverði frá því sem nú er til að þetta meðalraforkuverð náist? Þetta eru spurningar, sem ég vænti að skýr svör fáist við hér og hljóta auðvitað að skipta miklu þegar metin eru þau samningsdrög sem greint hefur verið frá, þó í takmörkuðu mæli sé enn sem komið er.

Í tengslum við þessi atriði og til að varpa nánara ljósi á þau kjör sem Alusuisse eru boðin hérlendis varðandi orkuverð spyr ég hæstv. ráðh.: Getur hann upplýst Alþingi um hvert sé nú það meðalraforkuverð sem Alusuisse greiðir vegna álbræðslna í eigu auðhringsins? Þetta meðalraforkuverð var talið vera, að mati starfshóps sem vann á vegum iðnrn. með aðild Landsvirkjunar m. a. 1981 og 1982, 20 millidalir í júlí 1982 vegna 13 álverksmiðja Alusuisse sem starfræktar voru þá í átta löndum — álverið í Straumsvík tekið með inn í það vegna meðaltal.

Ég minni á að s. l. sumar féll gerðardómur úti í Sviss í deilu franska ríkisálhringsins Pechiney og grísku ríkisstjórnarinnar í deilu um raforkuverð vegna álbræðslu Pechiney í Grikklandi. Dómsorðið hljóðaði upp á 20.5 millidali á kwst. frá 1985 að telja og afturvirkar greiðslur upp á 18.5 millidali vegna ársins 1983. Ég minni einnig á þann samning sem ríkisstjórn Ghana náði eftir langvinn átök við Kaiser-auðhringinn um allt að 17.5 millidali og margháttaðar aðrar leiðréttingar á samningum. Þó stóð Ghana uppi með vatnslitla ef ekki vatnslausa virkjun um skeið og samdi mjög rýmilega afhendingarskilmála á raforkunni. Ég minni einnig á að BPA orkuveitan í Bandaríkjunum, sem selur hvorki meira né minna en 18 terwattstundir til álvera í eigu sex auðhringa, hækkaði raforkuverðið úr nálægt 18 milli-dölum í hitteðfyrra í 27.7 millidali, en þann 1. sept. s. l. féllst fyrirtækið á að slaka ögn tímabundið á gagnvart álverunum með sex mánaða tímabundinni lækkun niður í 22.3 millidali gegn því að álverin haldi uppi óskertri framleiðslu þessa sex mánuði. Í þessu samhengi er vert að nefna það, að ég hygg að það sé mat þeirra sem hafa verið að skoða þessi mál á vegum ríkisstj. að aðstöðumunur til álframleiðslu og sölu á áli hér og í Bandaríkjunum sé eitthvað nálægt 4 millidalir reiknað inn í raforkuverðið. Ég vil ekki leggja mat á það, en ég bendi á þessa tölu.

Hæstv. iðnrh. hefur látið skína í háar tölur um líklegan ábata af endurskoðuðu raforkuverði til álversins í Straumsvík. Vonandi rætast þær vonir ráðh. og gott betur því að ekki veitir af eftir þá bagga sem almenningur í landinu hefur þurft að taka á sig vegna gjafverðs á raforku til álversins í Straumsvík um langt árabil. Því spyr ég hæstv. ráðh.: Hversu mikið telur hæstv. iðnrh. að unnt verði að lækka raforkuverð til innlendra notenda vegna ábata, sem væntanlega fæst af endurskoðuðum raforkusamningi við Alusuisse, m. a. til

rafhitunar og innlends iðnaðar? Í þessu sambandi minni ég á tillögur nefndar sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka og starfaði í tíð fyrrv. ríkisstj. og skilaði áliti 28. jan. 1983 um tekjuöflun til að lækka húshitunarkostnað. Megintillaga nefndarinnar, sem m. a. átti sæti í núverandi hæstv. forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson, var að tekjum af hækkuðu raforkuverði til stóriðju skuli varið til lækkunar á raforkuverði til húshitunar. Hæstv. ráðh. hefur því góðan leiðarvísi frá þessari nefnd.

Þá vík ég að því sem miklu skiptir á mati á stöðunni gagnvart Alusuisse, en það er að ólokið er endurskoðun skattaákvæðis aðalsamnings. Ég minni aftur á það sem gerðist þegar samningar um álverið voru síðast endurskoðaðir 1975 og auðhringurinn náði því að skipta á sléttu á sköttum og raforkuverði og raunar gott betur sér í hag. Við skulum vona að ekkert fari á þá leið nú. En ég spyr hæstv. ráðh. (**Iðnrh.:** Ég afskrifaði þá fyrri.) Gott. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég tel eðlilegt að ráðh. ljúki einkasamtali sínu áður en ég held áfram. (**Iðnrh.:** Meiri speki?) Hæstv. ráðh., ég spyr hér til viðbótar og vísa til þess að í bráðabirgðasamningi ríkisstj. og Alusuisse frá 23. sept. 1983 var gert ráð fyrir að ljúka endurskoðun samninga við Alusuisse fyrir 1. apríl 1984. Og ég spyr: Hvaða ástæður eru fyrir því að nú er skilinn eftir einn meginþáttur þessa máls, þ. e. endurskoðun á skattareglum um greiðslu framleiðslugjalds? Og í beinu framhaldi af þessu spyr ég hæstv. ráðh.: Hefur verið gefinn einhver ádráttur um það gagnvart Alusuisse að breytt verði skattareglum um ÍSAL þannig að dregið verði úr hagnaðarviðmiðun skv. núverandi samningi aðila? Til áréttingar því hversu mikilvægt atriði er hér á ferð skal bent á að árið 1984 er síðasta afskriftaár upphafsáfanga álversins í Straumsvík og því líkur á að bókhaldsleg afkoma ÍSALs verði miklu betri á komandi árum en verið hefur undanfarin ár.

Ég vík þá, herra forseti, að lokum að einum stórum þætti þessa máls sem varðar ákvæði bráðabirgðasamnings um stækkun álversins í Straumsvík, en greint hefur verið frá því af hálfu samningamanna og stjórnvalda að það mál sé ekki til lykta leitt milli aðila. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að í bráðabirgðasamkomulaginu frá sept. 1983 er tekið svo til orða um þetta efni, með leyfi forseta:

„Aðilarnir staðfesta hér með gagnkvæman áhuga sinn á því að stækka bræðsluna svo fljótt sem við verður komið um 80 megawatta málraun, sem svarar um það bil 40 þús. árstonna afkastagetu, og að fylgja þessu eftir síðar meir með annarri stækkun í sama mæli um 80 megawatta málraun til viðbótar, sem svarar um það bil 40 þús. árstonna afkastagetu. Ríkisstj. er reiðubúin til að afla stuðnings Landsvirkjunar til þess að látið verði í té nægilegt rafmagn fyrir þessar stækkanir og leita allra heimilda sem þarf til að gera ÍSAL kleift að byggja og reka stækkunaráfangana."

Síðan er fram tekið að áskilið sé að samkomulag takist m. a. um raforkuverð.

Í umræðum um þetta efni nú að undanförnu hefur verið gefið í skyn að það sé áframhaldandi stefna ríkisstj. að vinna að þessu máli, að ná samningum við Alusuisse og eigendur sem gætu komið inn í álverið í Straumsvík með Alusuisse um stækkun álversins þar, um tvöföldun á afkastagetu álversins í Straumsvík. Það hafa verið nefnd ártöl, ég hygg eitthvað breytt frá því sem nefnt var í fyrra. Það var talað um 1987—1988, en flogið hafa fyrir ártölin 1989 og 1990 í sambandi við framhald málsins.

Ég rifja það upp að til þessarar framleiðslu, tvöföldunar á afköstum álversins í Straumsvík, þarf 1200—1300 gígawattstundir af raforku. Kostnaður við slíka stækkun og tilheyrandi orkuver hefur verið metinn lauslega á 450 millj. Bandaríkjadala og hygg ég að þá sé miðað við 2600 dollara fjárfestingu á bak við hvert tonn af áli. Þetta svarar til, í íslenskum krónum reiknað, um 15 milljörðum ísl. kr. á núverandi gengi. Ég rifja upp í þessu samhengi að heildarskuldir Íslendinga í árslok 1983 voru taldar á vegnu gengi þess árs 1285 millj. Bandaríkjadala, tæpar 1300 millj. Bandaríkjadala, en kostnaður við stækkun, tvöföldun, álversins og tilheyrandi orkuver um 450 millj. Bandaríkjadala. Menn sjá af þessu að hér er um gífurlegar fjárskuldbindingar að ræða — og hvað skyldi það nú vera margt fólk sem gert er ráð fyrir að bætist við í störfum í álverinu í Straumsvík út á þessa miklu fjárfestingu? Jú, við höfum um það upplýsingar frá forstöðumönnum álversins að þar geti verið um 220 manns samtals að ræða, sem komi til viðbótar til starfa í álverinu.

Ég bendi á að það er stefna núv. ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. iðnrh., eins og ég hef skilið hann og hann hefur reyndar ótvírætt tekið fram, að hann vildi ekki að Íslendingar fengjust neitt við áliðju eða ættu hlut að slíku, hvað þá að vera þar forráðaaðilar. Það sem segir okkur að hér á að vera um erlenda eign að ræða skv. hans stefnu, en Íslendingar að reisa orkuverið og taka á sig áhættuna af þeirri fjárfestingu. Ég vek athygli á því að áhættan af fjárfestingu í orkuveri er að sjálfsögðu síst minni en iðjuveri og raunar meiri því að það er almennt mat að arður af orkusölu til stóriðju sé vandfenginn og menn teljist yfirleitt góðir að ná samningum við alþjóðahringi eða auðfélög sem fleyti kostnaðarverði. Það er langt frá því að slíkir samningar hafi tekist hér hingað til. Sá arður sem hinir erlendu aðilar fá út úr þeirri stækkun verður því hér eftir sem hingað til fluttur úr landi. Fjárfesting af þessu tagi verður auðvitað útilokandi fyrir önnur framkvæmdaáform í landinu á sviði innlends iðnaðar og alveg sérstaklega varðandi innlenda orkunýtingu. Það hlýtur öllum að vera ljóst.

En það hlýtur eitthvað að liggja að baki, einhverjar gildar athuganir að liggja að baki þeim geysilegu áformum um stækkun álversins í Straumsvík og byggingu tilheyrandi orkumannvirkja og því spyr ég hér hæstv. iðnrh. að lokum: Liggja fyrir athuganir um það að þjóðhagslega sé hagkvæmt fyrir Íslendinga að reisa stórvirkjanir til þess að auka afkastagetu álversins í Straumsvík? Ef svo er, hverjir hafa unnið að þeim athugunum og hvenær verða þær kynntar hv. Alþingi?

Herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar til forseta fyrir að heimila umr. hér utan dagskrár um þessi stóru mál. Ég taldi að það væri ekki stætt á því fyrir Alþingi að draga það að taka þessi mál til umr. Ég hefði gert það fyrr á þessu þingi ef hæstv. ráðh. hefði ekki látið að því liggja á öðrum degi þings að einhvern næstu daga væri von á ítarlegri skýrslu af hans hálfu um samningagerðina í London frá 8. og 9. okt. s. l. En eftir að hæstv. ráðh. upplýsti það s. l. þriðjudag að á því yrði dráttur, ótilgreindur hvað tíma snerti, þá óskaði ég eftir því við hann að hann svaraði vinsamlega þeim spurningum sem

ég hef hér fyrir lagt og ég vænti að fáist skýr svör við hér á eftir.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vísa í upphafi máls míns til þess sem ég sagði hér í umr. um fsp. hv. 5. þm. Austurl. um endurskoðun Coopers & Lybrand fyrirtækisins á reikningum ÍSALs. Ég tók fram að það hefði verið ætlun mín og eindregin stefna að leggja fyrir Alþingi ítarlega skýrslu um framkvæmd bráðabirgðasamkomulagsins frá því 23. sept. á s. l. ári og þær niðurstöður sem menn væru komnir að í samningagerðinni við Swiss Aluminium. Ég tók fram að því miður gæti ekki af þessu orðið. Í samkomulagi aðila er ákvæði þess efnis að atriði málsins yrðu ekki gerð heyrum kunnug nema báðir aðilar samþykki. Það er bæði að um nokkur atriði er enn deilt, um orðalag er enn deilt og enn fremur eru nokkur atriði sem gagnaðili vill ekki samþykkja að verði gerð opinber og við erum skuldbundin til að hlíta því. Ég hafði vænst þess, hafði áður látið koma fram að eftir samningafundina í London 8. og 9. okt. mundi fært að setja saman ítarlega skýrslu um gang mála, skýrslu þar sem hægt væri að gefa upp öll atriði málsins. En ég ítreka það að mér er það umhendis að mæta fyrir hinu háa Alþingi með skýrslu um þetta viðamikla mál án þess að geta setið fyrir svörum um öll atriði málsins. Það vona ég að hv. alþm. skilji.

Ég vil aðeins í sambandi við það sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Austurl., þegar hann talaði um hin kerfisbundnu skattsvik Alusuisse, minna á að það kom fram í skýrslu Coopers & Lybrands, þeirri sem ég las upp úr í svartíma í fyrradag, að þessi ágreiningur um tölur, um verð á aðföngum, um verð á hrááli, um afskriftareglur, hefði ekki haft áhrif á skattgreiðslu ÍSALs. Þessu má ekki gleyma í þessu sambandi þegar rætt er af hálfu hv. fyrirspyrjanda um hin kerfisbundnu skattsvik. (**HG:** Er hæstv. ráðh. viss um þetta atriði?) Ég er að segja frá áliti þess fyrirtækis sem hv. þm. hefur talið vera æðsta dómara í þessu máli og tekið trúanlegt í einu og öllu, eftir því sem hann hefur upplýst í umr. hér á hinu háa Alþingi.

Fyrsta spurning hv. þm. — og ég sé ástæðu til að lesa spurningarnar upp því að þær drukknuðu í gífurlegum málsútlistunum — er svohljóðandi — og vona ég að ég þurfi ekki að sækja um sérstakt leyfi í hvert skipti til að lesa þessi ósköp upp:

„Hvers vegna hefur iðnrh. ekkert samband haft við stjórnarandstöðuna um samningaumleitanir við Alusuisse í tíð núv. ríkisstj.?"

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að enda þótt mér hafi ekki gefist kostur á því enn að leggja fram skýrslu mína um þetta mál, þá verður það gert og í öllum smáatriðum og ekkert undan dregið. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Það væri kannske ráð að fletta aðeins upp í fyrirmyndinni, hv. 5. þm. Austurl., þáv. iðnrh., um samráð hans, ekki eingöngu við stjórnarandstöðu heldur við þá sem unnu með honum í ríkisstj. Hann segir hér í máli sínu áðan að hann hafi stofnað samninganefnd sem hafi starfað frá því í júlí 1981 þar til í des. 1982. Hvað segir Guðmundur G. Þórarinsson þáv. hv. þm. um það samráð? Og kom reyndar í ljós í bréfaskriftum sem hv. þm. vitnaði til hvernig mönnum leist yfirleitt á það samráð sem var ekkert nema helber sýndarmennskan. Ég leita leyfis hæstv. forseta í þetta skiptið. Hann segir svo, Guðmundur G. Þórarinsson, þáv. 12. þm. Reykv.:

„Til þess að gera langt mál stutt og án þess að rekja alla forsöguna vil ég byrja á að segja það að álviðræðunefnd, sú sem hér er mjög til umr. og á að sjálfsögðu skv. nafni sínu og skipunarbréfi að annast viðræður við svissneska álhringinn Alusuisse um þessi deilumál, hefur ekki tekið þátt í viðræðum við Alusuisse eða ÍSAL á þessu ári."

Þetta er mælt hinn 9. des., rétt áður en nýársklukkur klingdu. (**HG:** Hvernig stóð á því?) Ja, nú á hann eftir að tala aftur, þessi hv. þm., og fær áreiðanlega ótakmarkaðan tíma fram undir miðnætti að segja okkur frá því. En hér er mikil lesning og fróðleg um það hvernig á því stóð. Það reyndist svo að hv. þm., þáv. iðnrh., pukraði með þessi mál og hafði þetta að hreinu yfirskini, þessa samráðsnefnd sem hann svo kallaði. Þetta kemur fram í öllum þessum umr. sem þá urðu um málið, hinn 9. des. Hún mun þá fá að starfa sem sagt hálft árið 1981 eftir þessum vitnisburði. En engan þátt tóku þeir í viðræðunum allt árið 1982, þegar hæst stóð í stönginni um allar viðræðurnar við auðhringinn, þegar mestu átakamálin fóru fram, þá var þessu þann veg háttað að margra manna vitnisburði og allra þeirra sem nærri þessu komu.

Nú er það auðvitað svo að mörg verk verður ríkisstj. að vinna sem hentar ekki að leita trúnaðar til stjórnarandstöðu um. Ég skal játa það, þótt það sé ekki alls kostar með glöðu geði, að í þessu máli treysti ég ekki stærsta stjórnarandstöðuflokknum, Alþb. Ég hlýt að koma til dyranna eins og ég er klæddur og segja frá því. Það er ærið nóg þegar um stjórnarandstöðuna er að tefla að afstaða stærsta stjórnarandstöðuflokksins skuli vera þannig í þessu máli að það sé ekki hægt að treysta honum. (**Gripið fram í:** Segir nú meira um ráðh. en flokkinn.) Það er von að þeim verði um þegar maður neyðist til að skýra frá þessu af fyllstu hreinskilni. Og ástæðurnar fyrir því má lesa í nærfellt samfelldum fimm ára hrakfallabálki þessa máls undir forustu Alþb. Ég átti sannarlega von á því að hv. þm. tíundaði miklu gleggra en hann gerði afreksverk sín á öllum þessum tíma.

Hann kemur hér síðan að því hvert orkuverðið yrði skv. því álverði sem gildir í dag. Ég get upplýst hann um það að það væri 100% hærra en það sem hann bjó við öll þessi fimm ár, 100% hærra, og fékk engu um þokað. Og hvernig endaði glíman? Hver var stefna hv. þm., þáv. ráðh., og hans flokks í málinu? Það muna menn. Það var að taka þetta félag eignarnámi. Það varð niðurstaða málsins.

Ég ætla ekki að fara of mörgum orðum um sögu þessa máls í höndum þessa þjóðmálaflokks og undir forustu hans. Það starf sem þá var unnið dæmir sig sjálft og ég skal ekki gera mönnum um hvatir, síst óheiðarleikahvatir, a. m. k. ekki hvað snertir hv. 5. þm. Austurl., vegna þess að ég held satt að segja að hann hafi álitið sig vera að vinna allan tímann þjóðþrifaverk. Hann var að bægja hér burtu auðjöfrunum. Hann var í miklu þjóðfrelsisstríði og baráttu að hans eigin einlæga vilja og skoðun. Það mætti segja mér að hann hafi verið búinn að máta hér stall úti fyrir sig við hliðina á Jóni. Það er þess vegna ekki af óheiðarleikahvötum, sem hann á ekki til, sem hann vann þannig að málinu. Það er ekkert víst að slík yfirlýsing eins og þessi gildi um alla

Alþb.-menn, það ætla ég að taka fram — og þarf raunar ekki að taka fram því að allir vita hvað átt er við, enda var hann fljótur að bregða við, hv. 3. þm. Reykv.

Því var lýst yfir af þeim sem hv. þm. þóttist vera að vinna með í stjórnarandstöðunni og af eigin samstjórnarmönnum að vinnubrögð hv. þm., þáv. ráðh., í þessum málum hefðu verið óþolandi með öllu.

Í annan stað spyr hv. þm.:

„Hvað veldur þeim sinnaskiptum sem hafa orðið varðandi skattsvikamál Alusuisse frá því að iðnrh. gaf um það yfirlýsingu á Alþingi 10. maí s. l. að hann gæti ekki sætt sig við neina niðurstöðu í þessum málum nema þá sem gæti talist vera óbrigðult dómsígildi?“

Það er svo komið málum að lögfræðingar ríkisstj. vinna að því með lögfræðingum gagnaðila að ná sáttum fyrir dómnefndinni í New York, að útbúa og ganga frá sáttargerð, dómsátt, og ég ætla að vona að það takist.

Þegar ég gaf mínar yfirlýsingar hafði ekki gengið né rekið í þessum málum. En þegar þannig er komið *málum að maður fær nægjanlega góð boð af hálfu* gagnaðila, þá skapast nýtt viðhorf. Það hlýtur hver maður að skilja. Og að halda því fram að dómsátt, sem menn gera af fúsum og frjálsum vilja ef hún tekst, sem ég tel fullvíst vera, sé ekki dómsígildi, það er einhver undarlegur skilningur á því orði.

Síðan kemur þriðja spurning:

„Hver er sú upphæð sem Alusuisse býðst til að greiða gegn því að málarekstur vegna skattsvika fyrirtækisins verði felldur niður? Er hin umtalaða réttarsátt gagnvart Alusuisse skilyrt á einhvern hátt og fylgja henni yfirlýsingar um sök eða sýknu?“

Ég verð að taka fram að þessum þriðja spurningarlið hv. þm. get ég ekki svarað nema með vísun til ákvæðis samkomulagsins um það að önnur atriði verði ekki birt í samkomulaginu en þau sem báðir aðilar samþykkja. Og Alusuisse hefur ekki samþykkt að ég upplýsi þennan lið. Ég vil taka það fram í þessu sambandi að í síðasta lagi, og ég legg áherslu á það, í síðasta lagi munu öll gögn þessa máls verða lögð fyrir hið háa Alþingi í vikunni 4.—11. nóv., í síðasta lagi.

Síðan kemur fjórða spurning:

„Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum?“ Svarið er nei.

Síðan kemur fimmta spurning:

„Hvert væri raforkuverðið gagnvart álverinu í Straumsvík í dag skv. fyrirliggjandi samningsdrögum og *ríkjandi markaðsverði á áli?*“

Eitthvað rétt undir 13 millum, eins og ég sagði áðan, 100% hærra en álverðið sem hv. þm. bjó við í fimm ár og fékk engu um þokað.

Hv. þm. minntist á það að tekin væri mikil áhætta með því að hafa viðmiðun við álverð. Nú get ég ekki farið út í útlistun á þeirri formúlu sem um þetta á að gilda. Það hefur enn fremur komið fram í máli fulltrúa og talsmanna Alþfl. mikill misskilningur í þessu máli, þar sem þeir vitna til þess að ég hafi seint og snemma lýst því yfir að ég vildi taka sem minnsta áhættu í þessu sambandi. Það er tvennt ólíkt að eiga von í hækkuðu orkuverði vegna hækkaðs álverðs eða að eiga og reka slíkar verksmiðjur. Ég ætla að biðja menn að blanda þessu ekki saman og gera á þessu skýran greinarmun.

Það get ég upplýst að lágmarksverð fyrir orkuna er 12.5 mill, niður úr því getur það ekki farið, eða tæp 100% hækkun frá því sem lengst var búið við eða frá 1975, 6.456 mill (**HG:** Nákvæmlega.) Millin voru 6.456 eða 6.5 mill með þremur aukastöfum. Hv. þm. hlýtur að muna þetta allt saman, hann hefur ekki gert annað en að rýna í þetta síðan 1978. (**HG:** Í samningsdrögunum nákvæmlega.) Í samningsdrögum okkar nú er lágmarkið 12.5 mill og hámarkið 18.5. Núna væri það rétt undir 13 millum, 12.8 eða eitthvað um það, eða 100% hærra en það var. Margfaldaðu 6.456 mill með tveimur, þá færðu töluna út, því að 100% er líka hægt að finna út, en ég veit að Alþb. er slappt í prósentureikningi og það kemur fram hér síðar í næstu spurningu að vísu. En þetta er aðferðin. Þá fær hv. þm. eins nákvæma tölu og ég get nú gefið.

Við höfum haft ráðgjafa okkur við hlið sem spá fyrir um þróun orku- og álverðs í heiminum. Auðvitað höfum við reynslu af því að ekki hafa þeir spádómar alltaf staðist. Við höfum farið eftir spádómum Chase Econometric, sérstakir sérfræðingar hafa verið í þjónustu okkar, að nafni James King annar og Robert Adams hinn. Þeir spá þeirri þróun í þessum orkuverðsmálum að álverð muni hækka innan tíðar í heiminum. Ég kem að því síðar raunar í svari mínu um það hvað meðaltalsverðið er áætlað.

Hér kemur sérkennilegasta spurning sem hefur verið lögð fyrir mig síðan ég var í gagnfræðaskóla. Ég er beðinn um að reikna út hér, fara í prósentureikning þar sem allar upplýsingar eru gefnar. Ég er beðinn að reikna út hér hvert yrði raungildi raforkuverðs að fimm árum liðnum miðað við lágmarks- og hámarksverð, 12.5 og 18.5 millidali a) ef árleg verðbólga í dollurum verður 5% og álverð þróast með sama hætti. Ég veit ekki hvað kennari okkar gamli í M. A. hefði sagt ef menn, sem búið var að brautskrá sem stúdenta, hefðu lagt svona dæmi hver fyrir annan. Ég verð bara að vísa þessu frá. Þeir sem reikna út prósentur í iðnrn. eru komnir í verkfall og ég vil ekki ganga í annarra manna störf. Ég er gamall verkalýðssinni og læt ekki hafa mig í það. En eins og ég sagði áðan geri ég mér ljóst að Alþb. er afar slakt í prósentureikningi, alveg sérstaklega formaður þess. Það er hreint yfirtak að heyra hann fara stundum með prósentutölur og ég skal nefna dæmi um það. (**SvG:** Ráðh. er álíka lélegur í þessu og stafsetningunni.) Eigum við að koma í stafsetningarkeppnispróf? Við skulum framkvæma það fljótlega og gefa okkur góðan tíma. En ég minnist þess alveg sérstaklega þegar hv. þm. kemur að prósentureikningi sínum, sem að vísu *bankamaður og mikill hugsjónamaður* þeirra hefur reiknað út. Það var þegar þeir voru búnir að rýra kaupgjald 14 sinnum, mig minnti að það hefði verið 13 sinnum en hv. formaður Alþb. leiðrétti mig, og um 50%, þá heldur hann því statt og stöðugt fram að þeir hafi hækkað kaupið. Svona gengur honum í prósentureikningnum. Hvaða ókyrrleiki er í hv. þm.? (**HG:** Eru þeir í verkfalli í iðnrn.?) Í iðnrn. Þessar spurningar eru ekki til seðlabankastjóra heldur mín. (Gripið fram í.) Nú, ég varaði mig bara ekkert á þessu. Hann átti að taka það fram, hv. þm., eða ætlar hann sér þá dul að spyrja menn utanþingsspurninga hér á hinu háa Alþingi? Ég kann nú ekkert að meta þessa fyndni, sem ekki er nú hægt að hlæja að með öllum kjaftinum því

miður.

Síðan kemur hér sjöunda spurningin. Hún hljóðar svo: „Hvert er það meðalraforkuverð að mati iðnrh. sem líklegt er að þessi samningur gefi á næstu fimm árum reiknað á verðlagi ársins 1984? Hve mikil hækkun þarf að verða á álverði frá því sem nú er til að þetta meðalraforkuverð náist?“

Sú spá um orkuverð sem Landsvirkjun gengur út frá er meðaltal úr spám þriggja aðila. Gert er ráð fyrir lítilli hækkun næstu tvö árin en meiri hækkun árin 1987—1989. Meðalverð á áli er reiknað á föstu verðlagi. Meðalorkuverð 1985—1989 er áætlað 13.7 mill kwst. á verðlagi ársins 1984. Meðalálverð þessa sama tímabils er áætlað 15.3% hærra en áætlað meðalverð ársins 1984 reiknað á föstu verðlagi.

Þá kemur áttunda spurning: „Getur iðnrh. upplýst Alþingi um hvert sé nú það meðalraforkuverð sem Alusuisse greiðir vegna álbræðslna í eigu auðhringsins?“ Hann segir svo hér: „Þetta meðalraforkuverð var talið vera 20 mill í júlí 1982 vegna 13 álverksmiðja í 8 löndum.“

Meðalorkuverð til verksmiðja Alusuisse, eftir því sem næst verður komist, er um 16.5 mill kwst. Breytilegt gengi dollars gagnvart öðrum myntum o. fl. gerir það þó að verkum að ekki er unnt að svara þessari spurningu nákvæmlega. Tekið skal fram að einni af þeim álverksmiðjum sem Alusuisse átti í Bandaríkjunum árið 1982 hefur verið lokað, Lake Charles í Lousiana, og verksmiðja Alusuisse í New Johnsonville í Tennessee er rekin með 12—15% afköstum nú og er áætlað að loka henni næsta vor. Í þessum tveimur verksmiðjum er orkuverðið mjög hátt, 32 mill kwst. í Lake Charles og 34 mill kwst. í New Johnsonville. Þetta er allt sem ég hef getað aflað mér upplýsinga um vegna þessara fsp.

Níunda spurning: „Hversu mikið telur iðnrh. að unnt verði að lækka raforkuverð til innlendra notenda vegna ábata sem væntanlega fæst af endurskoðuðum raforkusamningi við Alusuisse, m. a. til rafhitunar og innlends iðnaðar?“

Auðvitað er erfitt að svara þessu. En ég get upplýst hv. þm. um að Þjóðhagsstofnun hefur gert fyrir mig á því útreikning — að vísu er hann unninn af skyndingu — hversu raunverð raforkunnar hefði lækkað frá 1. ágúst í fyrra, þegar síðasta hækkun á raforku til neytenda fór fram, til 1. ágúst í ár. Það er raungildislækkun um 15.7%. Ef verðlagsforsendur verða þær sem ríkisstj. hefur gefið sér og gefnar eru í þjóðhagsspá og fjárlagafrv. að óbreyttu raforkuverði verður raungildislækkunin á raforkunni orðin 23.5% 1. ágúst 1985, nærri um ¼. En ég tek fram og ítreka: þetta er miðað við það að menn nái markmiðum sínum og verðlagsforsendur standist, sem því miður er nú ekki nógu glæsilegt útlit fyrir eins og sakir standa.

Það er stefna ríkisstj. að halda raforkuverði óbreyttu a. m. k. til 1. ágúst 1985, helst út árið 1985, og mun verða leitað eftir samkomulagi við Landsvirkjun um að það megi takast, en enn minni ég á þær verðlagsforsendur sem menn gefa sér. Það heldur auðvitað enginn neinu í skefjum ef Alþb.-stefnan í launa- og kjaramálum nær fram að ganga eins og þeir berjast nú fyrir eins og ljón með því að kynda undir verkföllum og öðru slíku hér í þessu þjóðfélagi. Auðvitað verður því öllu hrint um koll. Þetta hygg ég að ætti kannske að gefa hv. fyrirspyrjanda nokkra innsýn í hvað hér er um að tefla. Eftir sem áður mun greiðsluafkoma Landsvirkjunar verða góð á árinu 1985 eða sem nemur 100 millj. kr.

Það er áætlun þessara spámanna, sem ég hér nefndi, að hagur okkar af samningunum við Alusuisse og hækkun orkuverðsins muni nema á árunum 1984—1989 2.5 milljörðum kr. Við þurfum ekkert að fá spámenn til að segja okkur um hvað þetta hefði gert í blóðið sitt á árunum 1979—1984. Það getum við reiknað út. Það hefðu verið 1800 millj. kr. Og það var þessi reikningur sem ég á dögunum var að tala um að íslenska þjóðin ætti eftir að senda Alþb., með vöxtum þyrfti það helst að vera, og þeir þurfa ekki að vera háir vextirnir til þess að það verði álíka upphæð eins og þeir spá að við munum þéna á þessum nýja samningi, um 2.5 milljarða kr., 2500 millj. kr. Það mætti kannske hlúa að einhverjum, sem erfitt á í þjóðfélaginu, ef þetta hefði á sínum tíma tekist en ekki ráðið kreddufull afstaða í öllum efnum, sem varð við það að hrekja þetta fyrirtæki og rekstur þess af höndum okkar. Ég er þó ekki með þessum orðum mínum að sýkna Alusuisse í málinu. En menn meta allan samninginn og niðurstöðuna þegar hann verður lagður fyrir Alþingi og ég kvíði engu um það. Menn skulu geyma dóma sína um þau verk sem nú hafa verið unnin þar til málið liggur allt fyrir. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að við því verði orðið.

Tíunda spurningin: „Í bráðabirgðasamningi ríkisstj. og Alusuisse frá 23. sept. 1983 var gert ráð fyrir að ljúka endurskoðun samninga við Alusuisse fyrir 1. apríl 1984. Hvaða ástæður eru fyrir því að nú er skilinn eftir einn meginþáttur þessa máls, þ. e. endurskoðun á skattareglum um greiðslu framleiðslugjalds?“

Gjaldið fyrir orkuna er talið nema nú yfir 18 millj. dollara á ári. Skattgjaldið er hins vegar talið nema 1.6 millj. dollara. Af þessum stærðargráðum geta menn séð hverja nauðsyn bar til að leggja alla áherslu á að ná nýjum samningum um orkuverðið. Ég er þó ekki að gera lítið úr því að ná fram kröfum okkar í sambandi við skattgjaldið. Það reyndist hins vegar það viðamikil vinna — menn eru sammála um að finna nýjar skattareglur, öruggari skattareglur sem minnka líkurnar á að slíkar deilur rísi upp aftur eins og við höfum átt í — að það reyndist ekki unnt að vinna það á þessum tíma. Og menn hafa sett sér það mark að ljúka því fyrir 1. júní næsta ár. Það hafa engin vilyrði verið gefin fyrir neinum afslætti af okkar kröfum í þessu sambandi. Það er algert skilyrði að nýjar viðmiðanir náist, öruggari viðmiðanir, í þessu efni. En menn þekkja það að við höfum ákveðið gjald af hverju tonni og það sem við í raun og veru deilum um er afar lítið fjárhagsmál í samanburði við orkuverðið. Það lá alveg ljóst fyrir að ef þetta allt hefði átt að verða samferða hefði það kostað einhverja mánuði enn. En það er dýr hver dagurinn þegar um er að tefla að ná fram þeirri hækkun sem þegar er orðið samkomulag um. Það er dýr hver sólarhringurinn. Ég man ekki hvort það nálgast 400 þús. ísl. kr. á sólarhring, hvort við náum þessum samningum fram fyrr eða síðar, deginum fyrr eða síðar.

11. spurningin er á þessa leið: „Hefur verið gefinn einhver ádráttur um það gagnvart Alusuisse að breytt verði skattareglum um ÍSAL þannig að dregið verði úr hagnaðarviðmiðun skv. núverandi samningi aðila?“

Svarið er nei. Það hefur ekki verið gert.

12. spurning: „Liggja fyrir athuganir um það, að þjóðhagslega sé hagkvæmt fyrir Íslendinga að reisa stórvirkjanir til þess að auka afkastagetu álversins í Straumsvík? Ef svo er, hverjir hafa unnið að þeim athugunum og hvenær verða þær kynntar Alþingi?"

Hér kom hv. 5. þm. Austurl. raunar í ræðu sinni að stefnu sinni í þessum málum og sínum skoðunum og það liggur alveg ljóst fyrir að hann er þverófugrar stefnu við mig í öllum þessum málum.

Landsvirkjun hefur auðvitað haft í athugun verðlagningu á orku til nýrrar stóriðju og mun af hennar hálfu verða kappkostað að fá það verð fyrir orkuna sem stendur vel undir kostnaði sem lagt er í vegna orkuframleiðslunnar. Allur annar hagur af stækkun álbræðslunnar í Straumsvík er að mestu hreinar gjaldeyristekjur í vinnulaun og þjónustu. Að slíkt fyrirtæki sé þjóðhagslega hagkvæmt ætti öllum að vera augljóst, en að sjálfsögðu vitum við að svo er ekki. Það eru ekki liðnar úr minni manna yfirlýsingar hv. fyrrv. iðnrh. um það, að besti orkukostur okkar kynni að vera að loka álverinu í Straumsvík í áföngum. Þessi orð liðu honum um munn eigi alls fyrir löngu og eru minnistæð.

Ég er þeirrar skoðunar að það að byggja stór iðjuver, orkuiðjuver, og selja meiri hluta orkunnar til orkufreks iðnaðar geti helst fært okkur þá hagsæld að fá orku til almennra innlendra nota, húshitunar og almenns iðnaðar, við líðanlegu verði. Þetta er mín skoðun. Það er mín skoðun að við eigum ekki að hætta miklu til um rekstur þessara fyrirtækja og hætta ekki til að eiga þau, vegna þess að við munum ekki koma til með að ráða neinu á markaði heims. Þar ráða hvalfiskarnir, auðhringarnir, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Hv. þm. gat þess að það væru gífurlegar fjárhæðir sem stækkun álversins í Straumsvík kostaði, ef í hana yrði ráðist, og bætti því við að hér væri um gífurlegar fjárskuldbindingar að tefla. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi átt við fjárskuldbindingar vegna þeirra orkuvera sem við þurfum að reisa þessa vegna, en að sjálfsögðu ekki vegna iðjuvers í eigu útlendinga. Við höfum ákveðið að ráðast í virkjun Blöndu. Verði 50% stækkun á álverksmiðjunni í Straumsvík kaupir hún 600 gwst. af þeirri virkjun af 740 sem afkastageta hennar árleg er áætluð.

Við eigum allmargar virkjanir á stokkunum sem hægt er að ráðast í með mjög litlum fyrirvara. Það er gert ráð fyrir því að Fljótsdalsvirkjun verði tilbúin til útboðs síðari hluta næsta árs. Við eigum svo til fullhannaðar og fullrannsakaðar virkjanir, eins og við stækkun Búrfells, við Vatnsfell, Sultartanga o. s. frv. Villinganesvirkjun, við eigum margra kosta völ. Við seljum auðvitað ekki orku frá þessum iðjuverum nema söluverðið standi undir framleiðslukostnaði og byggingu þessara iðjuvera. Það liggur alveg ljóst fyrir. En ég er þeirrar skoðunar að með þessu móti getum við helst beislað orkuna og notið hins mikla hags af henni sem hún hlýtur að gefa okkur í aðra hönd ef rétt og skynsamlega er á málum haldið. Ég held að sú stefna, sem áreiðanlega réði ríkjum hjá fyrirrennara mínum, að bægja erlendum aðilum frá viðskiptum við okkur í þessu efni, hafi verið röng. Um það þarf ég ekki að fara fleiri orðum, svo augljóst sem öllum má það vera.

Mér þykir leitt að geta ekki setið fyrir skýrari svörum og geta ekki lagt alla gerð okkar í þessu sambandi fram fyrir hið háa Alþingi. Það hefur verið von mín og raunar vissa að það tækist mér, og hafði raunar haft þennan dag í huga til þeirra verka. En ég endurtek það að vitanlega, eins og ég hafði marglýst yfir áður, mun hvert einasta smáatriði verða lagt fyrir hið háa Alþingi og í dóm þess, vegna þess að öll samningsgerð mun fylgja því lagafrv. sem nauðsynlegt er til þess að ganga endanlega frá þessum málum. Því það er Alþingi sem hefur síðasta orðið eins og sjálfsagt er.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og hv. þd. er kunnugt höfum við Alþfl.-menn talið að við ættum að nýta þá möguleika sem við eigum í fallvötnunum til þess að reisa hér iðjuver. Afstaða okkar er frábrugðin afstöðu Alþb. í þessu máli í grundvallaratriðum. Ég hef oft sagt það áður að sá samningur, sem gerður var um álbræðsluna í Straumi, var að ýmsu leyti mjög góður, en á honum reyndist þó veikleiki að því er orkuverðið varðaði og að hluta til að því er skattamálin varðaði. En það hefur sýnt styrk þessa samnings að menn gátu sótt þessi mál sín af þrótti.

Við höfum hins vegar gagnrýnt mjög eindregið þau vinnubrögð sem hæstv. iðnrh. hefur viðhaft í því máli sem hér um ræðir. Ég ætlaði satt best að segja að bíða eftir þeirri skýrslu, sem kæmi væntanlega um þessar mundir frá hæstv. iðnrh., og fjallar þá frekar um þessi mál, en nú hefur ráðh. upplýst að það dragist úr hömlu og þá verður ekki hjá því komist að ræða málin eins og þau standa núna.

Hæstv. ráðh. sagði að það sem byndi hendur hans — eða kannske væri réttara að segja að það sem væri kefli í hans munni væri það að báðir aðilar hefðu komið sér saman um að þeir mundu ekki birta neitt nema báðir samþykktu. Ég held að þetta hafi verið ákaflega rangt skilyrði undir að gangast af hálfu íslenskra stjórnvalda og ég vek athygli á því að svona skilyrði hafa þó íslensk stjórnvöld undir gengist. Ég sagði að þetta sé rangt vegna þess að ég tel að opinber umræða um þessi mál og opinn umræðuvettvangur séu líkleg til þess að skila árangri og verða til þess að betri samningar séu gerðir.

Við upplifðum það fyrir skömmu að það tóku að birtast nokkrar lausafregnir frá ýmsum samninganefndarmönnum um það hvers kyns samninga þeir væru að gera, en það birtist engin opinber tilkynning um málið, það birtist ekkert frá iðnrn. Mönnum var sagt að málið gæti ekki verið til umræðu en samt birtust lausafregnir og lekinn varð augljóslega mikill. Þetta getur ekki talist til fyrirmyndar. Það fór reyndar svo að efnt var til sjónvarpsumr. um þessi mál. Í þeirri umr. gagnrýndi ég fáein atriði. Ég gagnrýndi hvað harðast að uppi væru e. t. v. áform um að draga úr kaupskyldu ÍSALs á raforku. Ég benti á hversu gífurleg áhrif það mundi hafa í íslensku efnahagslífi — ekki bara að það margfaldaði tekjumissi Landsvirkjunar þegar illa áraði, því að bæði mundi álverðið lækka og vera dregið úr kaupunum á raforkunni samtímis, heldur mætti búast við því að fólki yrði sagt upp vinnu, tekjur þess mundu minnka og þá líka tekjur ríkisins og sveitarfélaganna af vinnu þessa fólks vegna lækkunar skatttekna.

Það var ekki mikið tekið undir þessa gagnrýni, en nú hefur birst nýtt yfirlit, m. a. í Dagblaðinu og Vísi hinn 24. 10. s. l., þar sem sagt er frá því, og frá því hefur líka verið greint í útvarpi, að Alusuisse hafi fallið frá fyrri kröfu sinni um að draga úr kaupskyldu á raforku. Það

sem mér þykir skemmtilegt í sambandi við þessa frétt er tvennt: Annars vegar var því haldið fram á þessum tíma að það væri mikið hagsmunamál Landsvirkjunar að dregið yrði úr kaupskyldunni, en nú er talað um að Alusuisse falli frá kröfu sinni. Þetta rímar ekki beinlínis saman, en ég held að augljóst sé að hér hafi verið langtum stærri hagsmunir í húfi fyrir Alusuisse en Landsvirkjun. Skýringin er mjög einföld. Það eru tíðar sveiflur í álverði, en það kemur mjög sjaldan fyrir að Landsvirkjun geti hugsanlega haft hag af því að draga úr sölu sinni á raforkunni. Þar fyrir utan koma þau margfeldisáhrif sem ég gerði hér að umræðuefni áðan.

Ég leyfi mér að láta mér detta í hug að sú umræða sem fór fram á sínum tíma um þetta við ákaflega erfið skilyrði hafi hugsanlega haft einhver áhrif hér og að samningurinn hafi batnað að þessu leyti og það er auðvitað gleðiefni.

Ég leyfi mér líka að halda því fram, að ef leyfð hefði verið opin umræða um þennan samning hefði það orðið iðnrh. styrkur. Hann hefði fengið að heyra fleiri sjónarmið og samningar hefðu gengið betur, það hefðu náðst betri samningar á grundvelli þess að það sem væri að gerast fengi að njóta þess að vera gagnrýnt og að menn fengju að heyra fleiri sjónarmið.

Á þeim forsendum að með opinni umræðu um þessi mál á einhverjum vettvangi væri líklegt að menn gerðu betri samninga, höfðum við Alþfl.-menn gagnrýnt þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið. Auðvitað ræður hæstv. iðnrh. því hvort hann hefur samráð við stjórnarandstöðuna. Eins og hann tók fram, þegar hann svaraði fyrstu spurningu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, treysti hann alls ekki Alþb. En leyndin og lekinn, sem hefur hvílt yfir þessu máli annars vegar og verið ástundað að hinu leytinu, er hreint ekki til fyrirmyndar og vissulega gagnrýnivert.

Varðandi skattamálin sagði hæstv. ráðh. að nú hefði svo gott boð borist, sem væri dómsígildi, að hann vildi gjarnan fá réttarsátt, hvað svo sem hann kynni að hafa hugsað fyrr eða ætlað sér. Eitt grundvallaratriði, sem ágreiningur er um varðandi skattamálin, er spurningin um hvort gilda skuli ákvæði aðalkjarasamnings um viðskipti milli óháðra aðila eða viðaukasamnings um bestu kjör. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að úr þessu hefði verið rétt að fá skorið með gerð af einum eða öðrum hætti. Við vorum sammála þeirri málsmeðferð sem hæstv. iðnrh. valdi í upphafi í þessum efnum vegna þess að við töldum nauðsynlegt og rétt að úr þessu yrði skorið. Nú hangir þetta í lausu lofti. Nú verður ekki úr þessu skorið. Nú verður gert um það einhvers konar samkomulag hvað sé hið rétta í þessum efnum. Það er hinn varasami þáttur þessa máls.

Um peningaupphæð fram eða til baka geta menn auðvitað deilt, hvort 100 millj. plús eða mínus, sem hafa flogið fyrir að væru á prikinu, séu góð upphæð eða slæm, of há eða lág, hvort hún sé nægilega gott boð peningalega séð. Um það geta menn vissulega deilt. En það var þetta ágreiningsefni sem var eðlilegt og rétt og sjálfsagt að fá úr skorið af óháðum aðila og ég harma að það skuli nú að líkindum vera fyrir bí vegna þeirrar stefnu sem málið hefur tekið.

Menn hafa veitt því athygli að gengið er frá samningum í orkumálunum án þess að gengið sé frá skattamálunum. Manni þykir það ákaflega einkennilegt að þegar íslenska ríkið stendur í samningum fyrir sig skuli tekjustofn sem varðar það sjálft lenda aftur undan og verða einhvers konar skiptimynt eða afgangur. Skattamálin eru vissulega lægri fjárhæðir, eins og kom fram hjá hæstv. iðnrh., en það mál þarf vitaskuld að útkljá ekkert síður en önnur, og mér leikur forvitni á að vita hversu hamingjusamur hæstv. fjmrh. er yfir því að láta skattamálin lenda aftur undan með þeim hætti sem hér hefur gerst. Það er leitt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera mættur hér til þess að tjá viðhorf sín í þeim efnum. En kannske gefst seinna tækifæri til þess að heyra hans álit á þeim efnum.

Þótt ekkert hafi mátt birta hefur samt eitthvað verið birt um þennan samning og þar á meðal hefur verið birt og kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. að orkuverðið ætti að vera á bilinu 12 ½ til 18 ½ millidalir og hvar orkuverð lenti á því bili væri háð verði á áli. Jafnframt sagði hæstv. iðnrh. áðan að aðrir, sem við ættum eftir að semja við um kaup á orku, yrðu vitaskuld að borga fullt kostnaðarverð orkunnar. Það er ekki talið undir 18 millidölum núna — eða hvað er það ráðh.? (**Iðnrh.:** 18—20.) 18—20. Þessi samningur, sem sagður er vera á bilinu 12 ½ til 18 ½ mill, nær ekki því verði sem nýjum aðilum er ætlað að greiða. Það skulum við hafa í huga.

Ég er ekki að gera lítið úr því að það sé verulegur áfangi að koma verðinu úr 6 til 6½ millidal upp í 12½ til 13, en ég verð að láta þá skoðun í ljós, og mun rekja það nánar hér á eftir, að sá samningur sem hér er gerður hljóði upp á rúmlega 13 mill, 13 ½ mill að raungildi miðað við verðlag núna og hann muni haldast einhvers staðar á því róli að raungildi sem er þá a. m. k. 5 millidölum fyrir neðan kostnaðarverð þeirrar orku sem við ætlum að selja öðrum. (**Iðnrh.:** Úr nýjum virkjunum.) Úr nýjum virkjunum. Það vekur þá spurningu hvort það sé sérstök ástæða til þess að hver sá aðili sem komi nýr greiði hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fyrir eru. Þetta leiðir til þess að við verðum með margs konar samninga um orkuverð. Við höfum þegar ýmsa samninga um orkuverð. Við höfum eina tegund af samningi í Grundartanga, aðra tegund við ÍSAL, væntanlega þá þriðju tegund á Reyðarfirði. Allt verður þetta mismunandi og mun skapa ákveðna tortryggni og togstreitu sem getur skapað erfiðleika í framtíðinni.

Ég bendi á þetta vegna þess að augljóst er að hér verður misræmi. Sigurinn er ekki unninn heldur er eftir, þrátt fyrir þennan samning, að vinna meira verk því að ekki verður sagt að neitt sérstakt bendi til þess að verksmiðja sem er afskrifuð geti ekki greitt jafnhátt verð og verksmiðja sem er ný.

Þegar ég held því fram að þessi samningur hljóði að líkindum upp á 13 ½ mill eða svo að jafnaði, þá er það vegna þess að þessi samningur er ekki verðtryggður. Við höfum lagt áherslu á það Alþfl.-menn, og ég held að ýmsir aðrir hafi lagt áherslu á það að fá verðtryggingarákvæði inn í þennan samning. Þessi samningur er ekki verðtryggður. Hann er ekki bundinn við neina vísitölu verðlags, almenna vísitölu eða orkuverðsvísitölu. Hann á að fylgja álverði. Álverð tekur miklum sveiflum. Það er athyglisvert, þegar maður skoðar spár um hvernig álverð muni þróast, að þegar litið er til fortíðarinnar hefur það sveiflast upp og niður, en þegar spámennirnir spá til framtíðarinnar á það að hækka.

Ég sé enga grundvallarforsendu fyrir því að verðlag á áli muni hækka umfram almenna verðbólgu. Menn tala um að það sé kannske meiri eftirspurn fram undan. Ef

það verður meiri eftirspurn er í fyrsta lagi til þess að taka að það er slaki núna og álverksmiðjurnar geta framleitt meira en þær gera og í annan stað er þetta svo stór atvinnugrein að sé útlit fyrir mikla eftirspurn munu verða reistar fleiri verksmiðjur. Eina orsökin sem gæti legið til þess að álverð hækkaði væri að það væri búist við einhverjum sérstökum breytingum sem gerðu það að verkum að álverð mundi hækka umfram annað verðlag. Þetta leitar síns jafnvægis.

Ég held þess vegna að spár, sem menn hafa undir höndum, séu ekki raunhæfar að því er hækkun álverðsins varðar nema að svo miklu leyti sem þær taka tillit til verðbólgu. Auðvitað getur þá raforkuverðið farið upp í 18½ mill vegna þessara ákvæða, en ekki að raunvirði og þá þannig að raunvirðið standi nokkurn veginn í stað.

Hitt er svo augljóst, að með því að tengja raforkuverð við álverðið með þessum hætti erum við að gerast þátttakendur í áhættu af rekstri sem við ráðum ekkert yfir. Hæstv. ráðh. sagði áðan að þetta væri auðvitað allt annað og engin áhætta miðað við að eiga fyrirtækið. Vitaskuld má segja að hér sé munur á, en þetta er auðvitað áhætta því að þegar verðið á álinu er á einhverju ákveðnu stigi og fellur síðan lendir Landsvirkjun í því að tekjurnar minnka og hún verður að taka það á sig. Þetta er hlutdeild í áhættunni og undan því verður ekki komist. Kemur auðvitað spánskt fyrir sjónir að núv. hæstv. iðnrh. skuli í hverjum orkuverðssamningnum á fætur öðrum einmitt fara inn á þá braut að taka þátt í áhættunni. Þetta gerðist líka að því er varðaði samninginn á Grundartanga. Þetta kemur spánskt fyrir sjónir vegna þess að þessi sami ráðh. hefur einmitt gert það sérstaklega að umtalsefni að menn ættu ekki að taka áhættu af rekstri eins og þessum.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. öllu frekar, en ég vil minna á að á s. l. vetri gerðum við Þþetta mál að sérstöku umtalsefni í sölum Alþingis. Ég beindi því þá sérstaklega til hæstv. iðnrh. hver stefnan ætti að vera í þeim samningaumleitunum sem væru að fara í gang, hvort stefnan ætti að vera sú að tengja þetta álverði eða öðrum vísitölum, og að því er skattlagninguna varðaði, hvort stefnan ætti að vera sú að tengja þetta frekar afkomu fyrirtækisins eða minna. Ég óskaði eftir því að það færu fram umr. um þetta efni og bauð að taka þátt í slíkum umr. Ég held að það hefði verið hollt fyrir þingið og sérstaklega fyrir iðnrh. ef slíkar umr. hefðu farið fram. En við því var ekki orðið. Og ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að ég held að það hafi verið til skaða í þessu máli hversu lokað það hefur verið, hver leynd hefur verið látin hvíla yfir því og að ekki hafi verið fundinn umræðuvettvangur, og þá opinn umræðuvettvangur, þar sem menn gætu skipst á skoðunum um þetta efni því það hefði haft áhrif til hins betra. Ég ítreka aftur að auðvitað er það verulegur árangur að hafa hækkað raforkuverðið sem því nemur sem hér hefur gerst eða um nálægt 100%, en við skulum ekkert blekkja okkur á því að hér hafi verið gerðir samningar sem miðað við raunvirði í dag séu í leiðinni upp í 18½ mill. Það held ég að sé blekking.

Herra forseti. Það er leitt að við skulum ekki hafa aðstöðu til þess að ræða þetta með þeim hætti sem æskilegur væri, nefnilega með þeim hætti að það lægi fyrir hvað ríkisstj. hygðist gera í þessum efnum, og það er enn þá leiðara að það skyldi ekki hafa verið gert í hinni liðnu tíð því ég er sannfærður um að það hefði haft jákvæð áhrif að því er niðurstöður samninganna varðaði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Í fyrirspurnatíma í Sþ. í fyrradag leyfði hæstv. iðnrh. sér að halda því fram að stjórnarandstöðunni hefði verið gert kleift að fylgjast grannt með, eins og hann orðaði það, gangi samningamála við Alusuisse vegna álbræðslunnar í Straumsvík. Þessari fullyrðingu hæstv. ráðh. mótmælti ég þá þegar héðan úr ræðustól, en vil nú engu að síður taka þetta mál upp aftur og það jafnvel þótt ráðh. hafi ekki endurtekið fullyrðingu sína nú því um stórmál er að ræða.

Samningar við Alusuisse vegna ÍSALs eru ekkert einkamál hæstv. iðnrh. og samninganefndar um stóriðju. Hér er á ferðinni mál sem varðar landsmenn alla, stórir hagsmunir í veði og erfiður samningsaðili annars vegar þar sem Alusuisse er. Það dylst engum viti bornum manni. Þess vegna skiptir öllu að hæstv. ráðh. geri þeim aðilum sem sæti eiga á Alþingi Íslendinga grein fyrir gangi samningaviðræðna hverju sinni og fari hvergi í launkofa með gang þessara mála gagnvart löggjafaraðilum hér á landi.

Því fer hins vegar víðs fjarri að hæstv. iðnrh. hafi gert það og eftir framkomu hæstv. ráðh. í þessu máli að dæma virðist það engum vafa undirorpið hvorn beri að virða meira, Alþingi Íslendinga eða Alusuisse. Hefur Alusuisse þá haft vinninginn hingað til hjá hæstv. ráðh.

Ég vil ekki leggja hér að jöfnu að opinbera málið og gera þingflokkunum grein fyrir því, eins og hæstv. ráðh. virðist gera. Það sem hæstv. ráðh. kallar að leyfa stjórnarandstöðunni að fylgjast með gangi mála er væntanlega fundur sem hann boðaði fulltrúa þingflokka stjórnarandstöðunnar á í iðnrn. þann 20. sept. s. l. Um önnur fundahöld eða samráð við stjórnarandstöðuna hefur ekki verið um að ræða í þessu máli.

Þessi fundur 20. sept. s. l. var vægast sagt nokkuð kúnstugur og frá mínum bæjardyrum séð lítið annað en sýndarmennska af hálfu hæstv. ráðh. Á þessum fundi var fulltrúum stjórnarandstöðunnar fengið í hendur plagg, útbúið af Landsvirkjun og dagsett 18. sept. 1984, um endurskoðun á orkusölusamningi við Alusuisse. Í þessu plaggi var ákaflega fátt sem ekki hafði þegar komið fram opinberlega, annaðhvort fyrir tilstilli hæstv. ráðh. sjálfs eða fyrir tilstilli nm. í samninganefnd um stóriðju. Þrátt fyrir það bað hæstv. ráðh. fulltrúa stjórnarandstöðunnar um að gæta fyllsta trúnaðar um innihald þessa plaggs sem mér finnst í meira lagi kúnstugt miðað við innihaldið. Ástæðuna fyrir því að beðið var um trúnað sagði hæstv. ráðh. vera þá, að Alusuisse vildi halda efnisþáttum samningsins leyndum þar til eftir fund samningsaðila í London 8. og 9. október. Og ekki sá hæstv. ráðh. sér annað fært en að verða við því gagnvart þingflokkunum. Má þessi trúnaðarbinding stórundarleg teljast þar sem, eins og ég hef sagt, í plagginu voru fá leyndarmál. Verður ekki önnur ályktun af þessu máli öllu saman dregin en sú að Alusuisse hafi verið mikið í mun að þagga niður í þeim gagnrýnisröddum sem heyrast kynnu á Íslandi um þetta samkomulag og hafi fengið hæstv. ráðh. til liðs við sig í því efni.

Á fundunum báðu fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar ítrekað um að fá að sjá sjálft samkomulagið við Alusuisse og vera trúað fyrir því. Því neitaði hæstv.

ráðh. Slíkt væri ekki þorandi vegna Alusuisse, sagði hann. Við vorum m. ö. o. beðin um trúnað án þess að vera trúað. Slíkur dónaskapur og lítilsvirðing við þá sem í hlut áttu er fyrir neðan allar hellur og er hér komið enn eitt dæmið um ólíðanlegan hroka núverandi valdhafa í garð þings og þjóðar. Þessari málsmeðferð mótmæltu vitaskuld þeir fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem fundinn sátu fyrir hönd sinna þingflokka, en ekki virtist það hrífa á hæstv. iðnrh. né hafa orðið honum nokkur sinnaskipti í þessum efnum síðan þar sem 8. og 9. október eru löngu liðnir og enn hefur hæstv. ráðh. ekki séð ástæðu til að kynna fulltrúum þingflokkanna — ég endurtek aftur: þingflokkunum — það samkomulag við Alusuisse sem nú er í burðarliðnum. Þetta kallaði hæstv. ráðh. að láta stjórnarandstöðuna fylgjast grannt með gangi mála.

Eftir þessa málsmeðferð hæstv. ráðh. brá mér heldur betur í brún þegar ég opnaði Dagblaðið Vísir í gær og rakst þar á allgreinar góða úttekt á helstu efnisatriðum samkomulagsins við Alusuisse. Þar er að finna haldbetri upplýsingar um þetta samkomulag en nokkur stjórnarandstöðuþingmaður hefur fengið í sínar hendur. Og nú spyr ég: Hversu langt er hægt að ganga í virðingarleysi við Alþingi Íslendinga? Hvernig má það vera að hæstv. ráðh. iðnaðarmála sé stætt á því að sniðganga á þann máta sem ég hef hér lýst þá aðila sem kjörnir eru af þjóðinni til að fjalla um málefni hennar? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. geri tilraun til þess að svara þessum spurningum hér á eftir sem ég nú beini til hans.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur í þessari umr. beint til hæstv. ráðh. tólf spurningum sem allar snerta efnisþætti samkomulagsins við Alusuisse að meira eða minna leyti. Þær eru allra góðra gjalda verðar, en eins og hv. þm. hlýtur að vera ljóst er trauðla hægt að ræða af miklu viti um jafn umfangsmikið mál og þetta samkomulag er við þær aðstæður sem utandagskrárumr. býður upp á. Ég vil því aðeins gera fáein atriði hér að umtalsefni.

Hæstv. iðnrh. talar iðulega um að auknar tekjur vegna hærra raforkuverðs til ÍSALs séu hreinar tekjur eða jafnvel gróði. Ég vil taka mönnum vara við þessum talsmáta og benda mönnum á að um engan gróða er að ræða í þessum efnum á meðan við seljum fyrirtækinu orkuna undir kostnaðarverði. Það kostar sitt að framleiða orkuna og um gróða er alls ekki að ræða fyrr en okkur tekst að selja yfir framleiðsluverði, en um slíkt er ekki verið að semja þessa stundina eins og fram hefur komið í svörum hæstv. ráðh.

Í annan stað vil ég benda á þá hættu sem felst í því, og aðrir hafa gert hér á undan mér, að tengja raforkuverð til fyrirtækisins við heimsmarkaðsverð á áli.

Í fyrsta lagi eru horfur í áliðnaði nú slæmar og höfum við sannanir og afleiðingar þess í hlaðvarpanum hjá okkur þar sem álbræðslan í Straumsvík er nú að draga úr framleiðslu sinni af þessum sökum. Á einu ári hefur markaðsverð á áli lækkað úr 1450 Bandaríkjadölum niður í 925 Bandaríkjadali — og hvað er þá verið að semja um við Alusuisse þegar verðið hrapar eins og nú er? Jú, það er verið að semja um að tengja orkuverðið álverðinu sem þýðir það að á meðan álverð fer lækkandi fer orkuverðið líka lækkandi þó að lækkanirnar staðnæmist við 12.5 mill, ef ég skildi orð hæstv. iðnrh. rétt hér áðan.

Í öðru lagi hefur þessi tenging á orkuverði við álverðið í för með sér að allar sveiflur í áliðnaði skila sér beint inn í íslenska hagkerfið. Nú spyr ég hv. þm.: Telja menn íslenskt efnahagslíf vera í stakk búið til að taka við slíkum sveiflum ofan á allan þann óstöðugleika sem samkvæmt venju hrjáir okkar viðkvæma hagkerfi? Ég tel það engum vafa undirorpið að svo er ekki.

Þriðja atriðið sem mig langar aðeins til að minnast á er stækkun álversins og bygging Blönduvirkjunar. Í svari hæstv. ráðh. hér áðan kom ekkert það fram sem bendir ótvírætt til þess að það sé þjóðhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að ráðast í þessa stórvirkjun með samninginn við Alusuisse á bakinu, samning um að selja þeim 80% af orku virkjunarinnar á verði sem er undir kostnaðarverði og hlýtur að vera það á meðan ákvæði þess samkomulags sem hér er verið að fjalla um gilda. Og hvernig á það þá að vera hagkvæmt? Hvernig geta menn borið slíkt og þvílíkt á borð fyrir þing og þjóð? Hvers vegna eigum við að halda áfram að bera taprekstur í orkumálum, eins og þetta gefur allt útlit fyrir, fyrir útlend fyrirtæki og þar að auki fyrirtæki sem jafnt og þétt verða uppvís að svikum í okkar garð, eins og hæstv. ráðh. upplýsti okkur um í fyrradag?

Herra forseti. Hér eru því stór og alvarleg mál á ferðinni og ég geri þá kröfu sem kjörinn fulltrúi á Alþingi Íslendinga að fá haldbærar upplýsingar um þessi mál. Og ég tek það fram að í því efni duga mér ekki þær upplýsingar sem hingað til hefur verið að hafa héðan úr ræðustól. Ég tek ekki undir það með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að hæstv. ráðh. sé í sjálfsvald sett hvaða upplýsingum hann kemur áleiðis til þingflokkanna. Ég tel þvert á móti að þingflokkarnir eigi heimtingu á fullnægjandi upplýsingum hér um svo sem um önnur mál, ef þeir eiga að gegna þeim skyldum sínum sem kjósendur hafa falið þeim.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mælendaskrá er ekki tæmd. Það er ekki gert ráð fyrir kvöldfundi og það er gert ráð fyrir að þessum fundi ljúki á eðlilegum tíma fyrir kvöldmat.

Það hefur komið fram hér í þessum umr. að eftir tvær til þrjár vikur verður útbýtt hér á Alþingi skýrslu um það mál sem hér er til umr. utan dagskrár. Þetta var raunar vitað þegar þessi utandagskrárumræða var leyfð og hún var leyfð á þeirri forsendu að umr. yrðu innan skynsamlegra tímamarka miðað við það að við höfum þetta mál eftir tvær til þrjár vikur á dagskrá í þinginu. Ég vænti þess að hv. þm. virði þessar aðstæður.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það var vissulega sitt hvað athyglisvert sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. þegar hann var hér að svara fsp., sem ég lagði fyrir hann, og þó að mikið vantaði á að fram kæmu skýr svör við þessum fyrirspurnum og hann bæri fyrir sig neitunarvald Alusuisse um að veita slík svör hér á þingi mátti þó af svörum hans ráða verulega þýðingamikil atriði sem snerta samkomulagið sem ráðh. ætlar sér að gera og virðist hafa stuðning ríkisstj. fyrir að gert verði.

Það er í fyrsta lagi það, sem ég vil hér til nefna, að orkuverðið samkvæmt þessum samningi væri, ef hann væri kominn í gildi, undir 13 mill, — tæplega 13 mill, sagði ráðh. Ég hygg raunar, án þess að ég vilji staðhæfa það, að orkuverðið væri skv. þeirri verðformúlu, sem gengið er út frá, undir gólfinu sem hæstv. ráðh. nefndi.

(**Iðnrh.**: Viðmiðunin er frá miðju ári. Það er þriðji ársfjórðungur sem miðað er við, ekki síðasti.) Ég er í rauninni að spyrja um orkuverðið í dag og þá er ég ansi hræddur um að það væri í gólfinu sem samningurinn gerir ráð fyrir, 12.5 mill, og ef ekkert gólf væri væri það vel undir því, miðað við það að verð á áli nú mun liggja eitthvað nálægt 100 dollurum á tonn. Hér munar ekki miklu, aðeins broti úr millidal, á því hvort rétt er, en það mun eflaust koma fram ef þessi samningur verður lögfestur og ekki verður þeim mun meiri breyting á álverði.

Í öðru lagi svaraði ráðh. spurningu minni um það hvert væri meðalraforkuverðið að hans mati á fimm ára tímabili á verðlagi ársins 1984. Hvert var svarið? 13.7 mill á kwst. 13.7 mill sem meðalverð á fimm ára tímabili á verðlagi núverandi árs. Þetta eru tölur sem ég tel vera út af fyrir sig leiðbeinandi um það hvert stefni um þetta samkomulag að því er raforkuverðið snertir. Ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðh. svaraði þeim lið fyrirspurnar minnar sem snerti hækkun á álverði, hversu mikil hún þyrfti að verða frá því sem nú er til þess að þetta meðalraforkuverð náist, 13.7 mill, nema að talan 100% hafi átt að gilda um það sem flaug fyrir þegar hæstv. ráðh. ræddi um þróun álverðs.

Hæstv. ráðh. vék sér undan með öllu að svara þeirri fyrirspurn minni sem snýr að þróun raungildis raforkuverðsins að fimm árum liðnum miðað við lágmarks- og hámarksákvæði og verðbólgu á dollar og hugsanlega gengislækkun dollarans gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Og hæstv. ráðh. bar fyrir sig að hann hefði enga í rn. sínu til þess að slá á tölvurnar til þess að reikna út þessar prósentur. En ætli það hafi verið það sem í rauninni olli því að hæstv. ráðh. vildi ekki svara fyrirspurninni? Ætli hann hafi ekki viljað láta því ósvarað að þessi samningur, sem hann er með í drögum, er óverðtryggður og ef þær forsendur gengju eftir, sem vikið er að í fyrirspurn minni, merkt 6 á því blaði sem hv. þm. hafa fengið, þá hefðu komið út tölur sem eru ekkert álitlegar miðað við þetta á verðbil. Það sem ég hef fengið út úr tölvunni að þessu leyti er varðandi a-liðinn, ef árleg verðbólga í dollurum verður 5% og álverð þróast með sama hætti, að gólfið færist úr 12.5 mill að fimm árum liðnum niður í 9.8 mill og þakið, 18.5 mill, yrði að fimm árum liðnum 14.5 millidalir. Ef síðan bættist við sú gengisbreyting á dollar gagnvart öðrum gjaldmiðlum sem þarna er gert ráð fyrir, 25% á tímabilinu, þá væri gólfið komið niður í 7.8 mill að raungildi og þakið niður í 11.6 mill. Ég tek það fram að ég hygg að mörgum þyki þetta ekki óeðlilegar forsendur, sem hér eru settar fram til viðmiðunar þegar þetta er metið, 5% verðbólga gagnvart dollar og lækkun dollarans um nálægt 25% á þessu tímabili.

Ég held að það undirstriki hversu háskalega á að ganga frá þessu máli ef samningurinn á að vera án verðtryggingar sem þarna er verið að undirbúa.

Ég vil þá víkja aðeins að því atriði sem snýr að því að ríkisstj. ætlar sér og er þegar búin, að því er virðist, að gera það upp við sig að láta Alusuisse takast að kljúfa málið í tvo þætti. Annars vegar að ganga nú frá raforkuverðinu en skilja skattana eftir. Hæstv. ráðh. færði þau rök fyrir máli sínu hvað þessa stefnu snertir að hér mætti bara ekki missa nokkurn dag, það væri svo mikið að hafa upp úr hækkuðu orkuverði, en ég vek athygli hv. þm. á því að það getur nú skipt máli, þeir geta nú verið fljótir að vinnast upp dagarnir ef svo færi að Alusuisse tækist að fá skattareglunum breytt sér í hag og hala þannig inn stórar upphæðir til baka. Það er vafalaust sjónarmið fyrirtækisins og hefur legið að baki þeirri „taktik" af hálfu Alusuisse í þessum samningaviðræðum, sem gengið hefur upp, að deila málinu upp í tvennt. Og það veit hæstv. iðnrh. eflaust jafnvel og ég að það hefur verið markmið fyrirtækisins sem þar er að ganga upp, en engin tilviljun sem hefur ráðið þar ferðinni.

Ég vil hvetja hæstv. ráðh. til þess að vera alveg sérstaklega á verði, ef hann ætlar að gera málið upp með þessum hætti, þegar kemur að spurningunni um skattareglur. Fyrsti áfangi álversins í Straumsvík er að verða afskrifaður og það skiptir háum upphæðum bókhaldslega á hverju ári fyrir fyrirtækið að afskriftirnar, upp á 10 millj. dala eða þar um bil, falla út úr bókhaldinu til hækkunar á sköttum miðað viðað til skattgreiðslna komi. Hér er því ekkert smámál á ferðinni, heldur mun stærra en þær tölur bera vott um sem hæstv. ráðh. var að bera á borð fyrir okkur til þess að reyna að sanna að það væri sjálfgefið að ganga nú að málinu með þessum hætti tvískiptu, annars vegar að semja um raforkuverð og skilja skattareglurnar eftir.

Það eru mörg önnur atriði sem ástæða væri að víkja hér að, en ég ætla herra forseti. að verða við þeirri beiðni að takmarka mál mitt. Ég vík þó í örstuttu máli að öðrum þáttum áður en ég lýk máli mínu.

Hæstv. ráðh. bar fyrir sig neitunarvald Alusuisse varðandi 3. fyrirspurn mína um það hvað Alusuisse ætlaði að gefa í milli til þess að fá svokallaða réttarsátt og komast undan dómi vegna hækkunar í hafi og þeirra bókhaldsfalsana sem fyrirtækið hefur ástundað um langt árabil. Það hefur verið staðhæft í blöðum að hér sé um að ræða upphæð sem svarar til 3 millj. Bandaríkjadala eða liðlega 100 millj. ísl. kr., sem boðið sé í milli, og það skyldi nú vera að það hafi ekki einnig munað um þetta atriði ef marka mátti orð hæstv. ráðh. í sambandi við aðra þætti þessa máls og þar á meðal raforkuverðið. Þegar hæstv. ráðh. var að skýra afstöðu sína varðandi 2. fyrirspurnina, hvers vegna honum hefði snúist svo hugur, honum sem alls ekki ætlaði að semja um þessi mál, þá var það með þeim orðum að það hefðu komið skyndilega, eftir yfirlýsingu hans 10. maí, þau kostaboð af hálfu Alusuisse að ganga til réttarsáttar um málið og komast hjá dómi og honum hefði snúist hugur. Væntanlega á þetta eftir að upplýsast, en það liggur alveg fyrir, með þeim boðum sem þarna eru og miðað við orð hæstv. ráðh., að Alusuisse hefur í reynd staðið frammi fyrir dómi varðandi hækkun í hafi og sína svikamyllu. Það er fyrst núna á miðju sumri eða svo, á síðustu mánuðum, að hæstv. iðnrh. áttar sig á því að afhjúpun svikamyllunnar á liðnum árum hafi skipt einhverju umtalsverðu máli gagnvart því verkefni, sem hann er við að fást, að fá fram breytingar á samningum okkur í hag, en hann má ekkert segja, einmitt um þetta atriði alveg sérstaklega, því Alusuisse vill eðlilega reyna að fá hvítu skyrtuna, sem fyrirtækið hefur legið á hnjánum fyrir íslenskum ráðh. á undanförnum árum til að fá afhenta, og varð óþarflega mikið ágengt gagnvart sumum hæstv. ráðh. hér fyrr á árum að þessu leyti, en þar undanskil ég hæstv. forsrh., sem sýndi þar gætni, hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnar Thoroddsen.

Það vakti athygli mína afdráttarlaust svar hæstv.

ráðh. við 4. lið fyrirspurnarinnar. Ég fagna því að það skuli ekki hafa verið gefinn neinn ádráttur um túlkun á aðstoðarsamningi — rekstri um bestu kjaraákvæði. Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Reykn. hlýddi á mál mitt, samningamaðurinn Gunnar G. Schram, og ég túlka hans þögn hér í þessu máli, þannig að þessar upplýsingar séu tryggar og efa það ekki að eftir gangi þegar öll mál sem þessu tengjast niður í smáatriði verða upplýst hér á hv. Alþingi innan fárra vikna.

Varðandi 9. lið fyrirspurna minna, um lækkun á raforkuverði, vék hæstv. ráðh. sér allfimlega undan að svara því en hann gat þess að hann hefði upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun þess efnis að eftir að hann hafði hækkað raforkuverð hjá Landsvirkjun sumarið 1983 um 56% hefði það þó lækkað um 15.7% síðan. Hann stóð að þeim hækkunum. Það kann rétt að vera og þá er væntanlega miðað við kaupgjald og kaupmátt, en eftir liggur þung byrði sem menn bera í húshitunarkostnaði og orkukostnaði heimila vegna hækkana ríkisstj. á raforku. Ég vona að hæstv. ráðh. sjái til þess að sá ábati sem fæst af þessum samningum skili sér til innlendra notenda, atvinnurekstrar og heimila.

Hæstv. ráðh. sagði varðandi síðasta atriðið sem ég spurði hér um nánast ekki neitt annað en það að Landsvirkjun hefði gert sína útreikninga varðandi orkuverð og það lægi svo í augum uppi hversu hagkvæmt væri fyrir okkur Íslendinga að ráðist yrði í stækkun álversins í Straumsvík á vegum erlendra aðila og viðkomandi virkjanir að hann hefði ekki haft neitt fyrir því að undirbyggja það með öðrum hætti. Það komu ekki neinar upplýsingar um að fjárfesting upp á 15 milljarða ísl. kr. í orkuveri og iðjuveri væri undirbyggð með einhverjum athugunum á vegum hans rn. sem skæri úr um það að hér væri um þjóðhagslega skynsamlega fjárfestingu að ræða af Íslands hálfu og fjárfestingu sem væri þá væntanlega einnig arðvænlegri en aðrir atvinnuþróunarmöguleikar í landinu því það er það sem máli skiptir þegar horft er til stórra fjárfestinga. Þó að hæstv. ráðh. vilji taka hina erlendu fjárfestingu út fyrir svigann vek ég athygli hans á því að umsvifin, bygging álverksmiðju og rekstur og alveg sérstaklega bygging, koma inn í íslenskan þjóðarbúskap sem þensluvaldandi atriði þó að fjármagnið sé reitt fram af erlendum aðilum. Fram hjá því gengur enginn sem horfir á áætlanir í þessu landi. Það er sannarlega athyglisvert að hæstv. ráðh. skuli ganga blindandi, liggur mér við að segja, götu sína í sambandi við orkusölustefnuna, stefnuna sína að það verði útlendingar sem standi að nýtingu íslenskra orkulinda í framtíðinni. Ég undrast það sannarlega ef sú er staðreyndin að þingflokkur Sjálfstfl. í heild sinni skrifi upp á slíka hálfnýlendustefnu, svo ekki sé dýpra tekið í árinni, sem hér er á ferðinni.

Það var að því vikið í blöðum í sumar, það var meira að segja í DV, að ástæða væri til að óttast að fram undan gæti verið fjórði ósigurinn í sambandi við viðureign Íslendinga við Alusuisse og var skrifaður um það athyglisverður leiðari. Ég ætla sannarlega að vona að svo fari ekki, en mér finnst þó að hættumerkin séu býsna mörg í sambandi við þau samningsdrög sem hér liggja þó fyrir með býsna óljósum hætti og það sé því fyllsta ástæða fyrir Alþingi að vera á verði í sambandi við þessi efni. Það væri sannarlega þörf á því fyrir okkur Íslendinga að geta með árangri nýtt okkar orkulindir, þjóðinni til raunverulegra hagsbóta, fyrir íslenskt aflafé og íslenskan sparnað, eins og er stefna Alþb. að gerist, að meiri hluta til. Það er einhver misskilningur, sem fram kom hjá hv. þm Kjartani Jóhannssyni, að Alþb. telji það ekki verðugt verkefni að nýta auðlindir orkunnar í landinu til auðsköpunar fyrir Íslendinga. En við höfum í því marga fyrirvara. Við teljum að við þurfum að læra af fortíðinni á þeirri vegferð og við megum ekki ganga áfram þá braut, sem núv. ríkisstj. er í reynd að feta, að auka enn umsvif fjölþjóðahringa, alþjóðlegra auðhringa, í íslensku atvinnulífi.

Herra forseti. Þessi mál verða eflaust rædd frekar og oft á þessu þingi og ég sé ekki ástæðu til að lengja hér mál mitt. Ég þakka fyrir það tækifæri sem mér hefur gefist til umræðna þó að upplýsingar hafi verið mjög ófullkomnar, sem fengust, af ástæðum sem hæstv. ráðh. hefur greint hér frá.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. úr því sem komið er. Hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson rakti afstöðu Alþfl. til þessara mála og kom þar auðvitað fram að Alþfl. hefur haft ábyrga afstöðu til þeirra. Ég hef ekkert sérstakt út á það að setja þótt hann gagnrýni vinnubrögð mín. Við það verð ég að búa þar til ég get gert grein fyrir öllu málinu. Þá á ég helst von á því að viðhorfið muni breytast. Hann minntist sérstaklega á það sem einhvers staðar höfðu komið upplýsingar um, þá kröfu sem sett hafði verið löngu fram af Alusuisse um að minnka kaupskyldu á orkunni. Það er rétt að það hafði einhvers staðar flogið fyrir að það kynni svo til að bera að hagkvæmt væri fyrir Landsvirkjun að geta minnkað afhendingarskyldu sína. Ég lagði þetta aldrei nokkru sinni að jöfnu. Ég gat ekki fellt mig við þessa minnkuðu kaupskyldu vegna þess að ég taldi það stórum óhagkvæmara fyrir okkur. Það fór því ekki milli mála að það gat ekki orðið samkomulag um að verða við þessu. Hins vegar var þessu haldið mjög stíft fram, og ég trúi að það hafi verið í plöggum sem þingflokkunum voru afhent sem þessarar kröfu er getið.

Hv. þm. segir að hann sjái ekki ástæðu til að álíta að álverð muni hækka umfram verðbólgu. Þetta er þvert á þær spár sem þeir vísindamenn eða þekkingarmenn á þessu sviði halda fram sem við höfum hallað okkur að og keypt visku hjá. Þeir benda á það að vegna hins gífurlega hækkaða orkuverðs víða um lönd þá sé nú álverum lokað í stórum stíl. T. a. m. hefur álverum í Japan verið lokað og menn vita það að á næsta ári verður innflutningsþörf Japana á áli 1 millj. tonna, hvorki meira eða minna. Og menn sjá t. d. þessar lokanir á áliðjuverum Alusuisse í Bandaríkjunum sem ég gat um. Síðari hluta síðasta árs og fyrri hluta þessa árs benti allt til að álverð ætladi að hækka að þeim mun að þeir gætu rekið þau fyrirtæki, en annað hefur orðið ofan á. Menn álíta sem sagt að þetta muni ekki fylgja verðbólgunni né meðaltalsverði annarrar vöru, heldur muni spretta úr spori óðar en líður. En spár eru spár og ekki get ég ábyrgst neitt í þessum efnum.

Hv. 11. þm. Reykv. margtekur fram, bæði í fsp.-tímanum fyrir tveim dögum og eins núna, að ég hafi lýst því yfir að ég hafi látið stjórnarandstöðuna fylgjast grannt með þessum málum. Það er eins og vant er þegar menn hafa ekki skrifað það sem þeir segja, þá treysta þeir sér nú ekki til að mótmæla þó að þeim finnist að

rangt sé haft eftir. En ég sagði — og fékk mér nú ræðuna ritaða — þetta: Stjórnarandstaðan hefur verið látin fylgjast með eins og kostur er. Á þessu orðalagi er alveg grundvallarmunur: að ég hefði látið, eins og hv. þm. margtók fram, stjórnarandstöðuna fylgjast grannt með þessu máli eða, eins og ég sagði hér, að hún hefði verið látin fylgjast með eins og kostur er. Ég þarf ekkert að lýsa því í hverju þessi munur er fólginn, vegna þess hversu hendur manns hafa verið bundnar vegna mjög harkalegrar kröfu um þagnarskyldu í sambandi við þessa samningagerð. Auðvitað var um það að velja hvort maður ætti að gangast undir hana. En sú varð niðurstaðan að sérstök klásúla er í samningunum, sem munu koma fyrir manna sjónir hér á hinu háa Alþingi, þar sem menn féllust á að birta ekkert nema báðir aðilar samþykktu. Ég minnist þess nú ekki að neitt hafi komið upp á sem hefði hlotið neitun mína að kæmi fram opinberlega, en þannig er nú höfuðstyggð viðsemjenda okkar í þessum málum. Vil ég ekkert fara fleiri orðum um hvers vegna þeir að ýmsu leyti hafa reynst afar höfuðstyggir, fulltrúar Swiss Aluminium í samningaviðræðum endilöngum.

Hv. 11. þm. Reykv. margtekur fram að við seljum orkuna samkvæmt þessum samningi langt undir kostnaðarverði. Það er auðvitað grundvallarmisskilningur sem í þessu er fólginn. Það er hægt að gera margvíslega útreikninga, eftir því hvaða forsendur menn gefa sér, á því hvað orkan frá Búrfelli t. a. m. kostar. Ég hef séð tölur um það að ef þetta orkuverð yrði reiknað út aleitt við stöðvarvegg, þá hafi menn reiknað orkuna þar niður í 5.9 mill, en með öðru sameiginlegu í rekstri Landsvirkjunar upp í rúm 9 mill. En það er alveg áreiðanlegt að við þurfum engu að bæta við okkur í orkuframkvæmdum, eins og allir mega sjá, við þennan orkusölusamning. Þetta er aðeins hækkun á þeirri orku sem við höfum afhent og seljum, þannig að það eru engar fjárfestingar sem koma til. Því er það að af þessu er verulegur ávinningur. Og ég veit að þegar hv. þm. kynnir sér það betur þá sér hann hvað átt er við í því sambandi.

Allt annað mál er það, þegar við þurfum að byggja nýtt orkuver, eins og við þurfum að gera til þess að sinna orkusölu til nýja áfangans ef af verður í Straumsvík. Þar er allt annað uppi á teningnum. Þar erum við með útreikninga um 18 mill, eins og fram hefur komið að þurfi að kosta til þess að hafa vel fyrir framleiðslukostnaði hinnar nýju Blönduvirkjunar. Þessu þurfa menn að gera sér grein fyrir.

Og aðeins að lokum vegna þess að hv. 5. þm. Austurl. dró í efa að það væri rétt, sem ég sagði, að orkuverðið samkvæmt þessum samningi og þeim formúlum sem til grundvallar liggja væri yfir 12.5, þá eru þetta tæp 13 mill. E. t. v. er ástæðan sú að útreikningur fer fram miðað við ársfjórðung næst á undan, sem sagt sá útreikningur sem mundi liggja til grundvallar útreikningi á verði frá 1. okt. til áramóta er verð áls, þessara fjögurra þátta, frá 1. júlí til 1. okt. og það hefur hrapað það mikið á þessu tímabili. Aftur á móti í janúar verður það komið í botninn vegna þess hve langt það hefur hrapað á þessum tíma og mun áreiðanlega ekki breytast til áramóta héðan í frá. Sú er áreiðanlega orsökin til þess að þessi litli mismunur er í þessu efni.

Ég er ekki sammála hv. þm. um það að við höfum glatað stöðu okkar í skattamálinu og ég frábið mig því að ég hafi verslað með skattamálin vegna orkuverðsins. Yfirleitt hlýt ég að frábiðja mig því að ég vilji hlífa þessum auðhring í einu eða neinu. Ég reyni að komast eins lifandi langt og ég er maður til. Svo verðum við að meta málið allt þegar það getur legið fyrir, þar á meðal sættirnar, þar sem ég á ekki kost á því eins og sakir standa að taka það mál til umr., eins og ég þó gjarnan kysi vegna þess sem að mér er sveigt í því sambandi. Ég mun áreiðanlega geta leitt það vætti í þann dóm af minni hálfu sem ég tel að muni nægja mér.

Nefndar voru hér aðrar viðmiðanir í veröldinni eins og dómurinn í deilumáli Pechiney og Grikkja. Menn þyrftu að þekkja öll málin áður en þeir byrja að slá um sig með slíkum fullyrðingum. Framleiðslukostnaðarverð á raforku í Grikklandi er 42—44 mill, hvorki meira né minna. Vesalings mennirnir eru samkvæmt þessum dómi neyddir til að selja raforku meira en helmingi lægra en kostnaður framleiðslunnar. Við eigum sem betur fer ekki þessa stöðu hér á Íslandi.

Ég þarf engu að bæta frekar við þetta. Við erum ekki sammála ég og hv. 5. þm. Austurl. í þessum málum, um orkusölustefnuna, um stóriðjustefnuna. Við erum í grundvallaratriðum ósammála í því efni og við eigum þess ekki kost enn um hríð að nálgast afstöðu hvors annars að neinu marki.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að koma hér og segja fáein orð út af ummælum hæstv. iðnrh. um Alþb. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í það, en ég verð að segja eins og er að sjaldan hefur Alþb. fengið jafn ótvírætt siðferðisvottorð að mínu mati eins og það að núverandi hæstv. iðnrh. treysti ekki Alþb. í þessu álmáli. Það er til marks um það að þar er eitt og annað óhreint sem hann kærir sig ekki um að þessi stjórnmálaflokkur komist að og fái að sjá. Hæstv. iðnrh. orðaði það þannig fyrir einu og hálfu ári að þegar Hjörleifi Guttormssyni hefði verið hent út úr iðnrn. þá mundi orkuverð óðar hækka mjög verulega, það lægi á lausu. Þegar hæstv. iðnrh. hafði verið um skeið í iðnrn. þá lýsti hann því yfir að þeir álhringsmenn væru staðir eins og kunnugt er. Sex eða átta mánuðum seinna lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að þeir álversmenn væru óttalegur þungaiðnaður, eins og hann orðaði það orðrétt. Núna hefur hann fundið nýja samlíkingu úr hrossabúskapnum. Nú eru þeir orðnir framstyggir, eins og heyrðist hér áðan. (**Gripið fram í:** Hausstyggir.) Hann sagði reyndar höfuðstyggir, sem oft er kallað framstyggir. Þetta er ákaflega fróðleg lýsing á reynslu hæstv. iðnrh. af þessum auðhring.

Árangur í þessu máli sem hugsanlega næst er til orðinn vegna þess að Alþb. og Hjörleifur Guttormsson flettu ofan af vinnubrögðum þessa auðfélags þrátt fyrir Sverri Hermannsson og afstöðu hans. Hitt óttast ég engu að síður að þeir Alusuisse-menn muni, þegar upp verður staðið, hlæja með öllum trantinum, með leyfi hæstv. forseta.

Byggðastefna.

Svar forsætisráðherra við fyrirspurn Stefáns Benediktssonar um meðferð þingsályktunartillögu um byggðastefnu, á þskj. 35, afhent þm. 24. okt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Hvaða meðferð hefur tillaga til þingsályktunar um gerð frumvarps um framkvæmd byggðastefnu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 12. apríl s. l., sætt?"

Svar:

Í nefndaráliti atvinnumálanefndar sameinaðs þings um ofangreinda tillögu segir: „Með bréfi dags. 18. ágúst 1983 skipaði forsætisráðherra nefnd til að endurskoða lög um Framkvæmdastofnun ríkisins. Sú nefnd hefur verið að störfum og mun að sögn formanns nefndarinnar skila tillögum til ríkisstjórnarinnar innan skamms. Skiptar skoðanir voru um efni þingsályktunartillögunnar innan atvinnumálanefndar, en rétt þykir að efni hennar komi til athugunar í sambandi við tillögugerð ríkisstjórnarinnar um mál þetta. Nefndin leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Nefnd sú sem forsætisráðherra skipaði til að endurskoða lög um Framkvæmdastofnun ríkisins skilaði álitsgerð hinn 30. apríl 1984. Þar segir um Byggðasjóð:

„1. Byggðasjóður starfi áfram og stjórn hans verði skipuð 7 mönnum kosnum hlutfallskosningu að afstöðnum almennum þingkosningum. Stjórnin ráði forstjóra. Nefndin telur að stöðu forstjóra eigi ekki að gegna alþingismenn, enda þótt ekki sé gerð tillaga um að ákvæði þess efnis séu sett í lög.
2. Orðalag 28. gr. verði þannig breytt að í stað orðanna „með hliðsjón af byggðaáætlunum" komi: með hliðsjón af áætlunum.
3. Tilgangi Byggðasjóðs verði náð með því að hann láni með betri kjörum en almennt gerist á lánamarkaði, þ. e. með lægri vöxtum og til lengri tíma, enda séu þau lán bundin því að lánið sé samkv. samþykktum áætlunum eða verið sé að forða almennu neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.
4. Byggðasjóði sé einungis heimilt að veita óafturkræf framlög til rannsókna og tilrauna í atvinnumálum.
5. Byggðasjóður láni ekki sjálfvirk lán."

Stjórnarflokkarnir gerðu með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og um breytingar á stjórnkerfi. Var það birt hinn 6. september 1984. Í þeim kafla samkomulagsins, sem fjallar um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis, segir m. a.:

„Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun, sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í atvinnulífinu. Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verði sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verða gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Skipuð hefur verið nefnd til þess m. a. að hafa yfirumsjón með undirbúningi þessa verkefnis og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa. Gert er ráð fyrir, að slíkt frumvarp – eða frumvörp – verði lagt fyrir þetta þing. Í nefndinni eiga sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, sem er formaður hennar, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Áfengislög, frv. 111. mál (þskj. 115). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á áfengislögum á þskj. 115.

Þetta frv. er samhljóða frv. sem flutt var á síðasta þingi til samræmis við breytingar sem fólust í frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit og þá var afgreitt sem lög frá Alþingi. Varðar frv. annars vegar meðferð áfengis í skipi og þá einnig í flugvélum, sem koma til landsins, og hins vegar víðáttu landhelgi samkv. áfengislögum. Frv. var afgreitt úr þessari þingdeild á síðasta þingi og fór til nefndar í hv. Nd., en hlaut eigi afgreiðslu þaðan fyrir þinglok. Er frv. því endurflutt.

Ég tel eigi þörf á að skýra efni frv. þessa frekar og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 110). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er að stofni til sama frv. og lagt var fram á Alþingi árið 1974, en varð þá ekki útrætt. Það varð mest umræða þá um réttarstöðu tannsmiða sem töldu á rétt sinn gengið ef það frv. yrði afgreitt óbreytt. Síðar gerðist það í þessum málum að tannsmíði var gerð að iðngrein og er nú aðallega stunduð af tannsmíðaverkstæðum, en hins vegar hafa tannlæknar, eins og allir vita, að sjálfsögðu rétt til þess að stunda tannsmíði, enda er það veigamikill þáttur í námi þeirra og lokaprófi. Hins vegar hafa flestir þeirra eða allir þann hátt á að senda frá sér tannsmíðaverkefni til tannsmiða sem smíða þá eftir máli því sem tannlæknir tekur af sjúklingi. Með þessu frv. er ekki ætlunin að breyta á nokkurn hátt réttarstöðu þessara tveggja stétta varðandi tannsmíði frá því sem nú er í gildi, en í dag er það svo að það er tannlæknirinn einn sem hefur leyfi til þess að taka mát og máta gervitennur, festa þær í sjúkling, hvort sem er um heila góma eða parta eða einstakar tennur, krónur eða brýr að ræða. Það hefur enginn annar leyfi til þess að vinna sjálfstætt við sjúkling, enda er læknisfræðileg þekking á líffærafræði tyggingarfæra undirstaða þess að vel takist við ísetningu gervitanna.

Á þeim tíu árum sem eru liðin frá því að þetta frv. var fyrst flutt hefur tannlæknadeild Háskóla Íslands fengið nýtt og fullkomið kennsluhúsnæði þar sem unnt er að mennta tólf tannlæknaefni til starfa á hverju ári. Þar væri einnig hægt að starfrækja skóla fyrir tannsmiði svo og fyrir ýmsar aðrar stéttir sem á þessu sviði starfa. Heilsugæslustöðvar hafa verið byggðar víðast hvar á landinu, sbr. lög sem Alþingi samþykkti 1973 og tóku gildi 1. jan. 1974. Þá hefur tannlæknir verið ráðinn í hlutastarf í rn. sem m. a. hefur það verkefni að skipuleggja og koma á fræðslu um tannhirðu og tannvernd í skólum og heilbrigðisstofnunum um gjörvallt landið og fá tannlækna til starfa í strjálbýli. Loks greiðir ríkið hluta tannlæknakostnaðar, en það var ekki gert fyrir árið 1974.

Þetta frv. fór í gegnum Nd. seint á síðasta þingi og þar urðu um það nokkrar umr. og þó einkum um 3. gr. þess þar sem fjallað er um tannlæknaleyfi og leyfi til að veita mönnum þann rétt að kalla sig tannlækna. Í 2. mgr. er fjallað um að sé um erlendan ríkisborgara að ræða skuli hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu og þar segir að leitað skuli umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis. Einkum um þetta atriði urðu umræður í heilbr.- og trn. Nd., um það hvort eðlilegt væri að leita umsagnar Tannlæknafélagsins sérstaklega varðandi þetta mál.

Með tilliti til þess að í frv. sem Alþingi hefur að undanförnu samþykkt um starfsréttindi, eins og t. d. frv. til l. um sjóntækjafræðinga sem var orðið að lögum þegar þetta mál var til umr. svo og frv. til l. um sjúkraliða sem varð einnig að lögum á síðasta þingi, þar sem eru hliðstæð ákvæði um að leitað skuli umsagnar félags, Félags sjóntækjafræðinga í öðru tilfellinu og Sjúkraliðafélags Íslands í hinu, þá þótti n. í Nd. ekki fært að gera þá breytingu að fella niður að leitað skyldi umsagnar Tannlæknafélagsins, þ. e. n. treysti sér ekki til að standa að þeirri breytingu sameiginlega. Frv. var síðan afgreitt frá Nd. með shlj. atkv. og sent á síðustu dögum þingsins til þessarar hv. deildar sem taldi ekki fært að afgreiða málið á svo skömmum tíma. Ég tók því þá ákvörðun að flytja frv. óbreytt eins og það var afgreitt frá Nd. seint á síðasta þingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt ræða til þess að láta fram koma skoðanir mínar á vissum atriðum þessa frv. sem auðvitað er í aðalatriðum í fyllsta samræmi við þá hefðbundnu venju hér að menn öðlist réttindi til starfa á ákveðnu sviði og þá sérréttindi með leyfum eða heimild frá rn.

Í 2. gr. frv., sem hér liggur fyrir, segir:

„Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa."

Þannig er til orða tekið eftir að sagt er í 1. mgr. að leyfi skv. 1. gr. skuli veita umsækjanda sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands. Ef maðurinn hefur lokið prófi í þeirri sérfræði sem hann kostaði sig til náms í, þá á ég afar erfitt með að skilja það og sætta mig við það að þá skuli enn og aftur þurfa að leita umsagnar Háskóla Íslands um það hvort próf þaðan sé nægilegt til þess að maður sé hæfur til að gegna þeim störfum sem hann tók próf í.

Í 3. gr. er innskot þar sem segir:

„Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis. Umsækjandi skal sanna að 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um hagi hans. Binda má leyfið við ákveðinn tíma."

Þannig er kveðið á eftir að búið er að fela það að nokkru leyti í hendur Háskóla Íslands að ákveða hvort

maðurinn eigi möguleika á að öðlast starfsréttindi. Það segir í upphafi 3. gr.:

„Veita má þeim tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni, sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi."

Ég tel algjöran óþarfa að setja jafn sjálfsagðan hlut inn í lög og það að maður sem að öðru leyti er talinn hæfur til starfa þurfi að sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu og er þá algjörlega lagt í mat einhverra ótilgreindra aðila hve fullnægjandi sú kunnátta kunni að vera. Mér finnst mega ætla að maður sem lokið hefur prófi í jafnflóknu og erfiðu fagi og tannlækningum hafi greind og gáfur til þess að meta það sjálfur hvort hann getur starfað sjálfstætt án aðstoðar annarra, þ. e. hvort hann hefur það gott vald á íslenskri tungu að hann geti átt samskipti við viðskiptavini sína.

Einnig finnst mér ankannalegt að eftir að Háskóli Íslands er búinn að fara höndum um starfshæfni mannsins skuli enn og aftur leitað umsagna Tannlæknafélags Íslands og landlæknis með sama hætti og ætlast er til í 2. mgr. með menn sem lokið hafa námi hér á landi.

Ég verð líka að viðurkenna að ég dreg það algjörlega í efa að þegar menn hafa lokið tilskildum prófum í Háskóla Íslands skuli alltaf þurfa að leita umsagnar fagfélaga í starfsgreininni um starfshæfni manna. Það er að mínu mati hvimleiður vani. Hann viðgengst í mörgum sérgreinum, m. a. í þeirri sérgrein sem ég hef lokið prófi í. Þar afsaka menn sig með því að það nám sem þar um ræðir sé ekki hægt að stunda hér á Íslandi og verði þess vegna að leggja mat á það nám, sem menn stunda víðs vegar um heim allan, með tilliti til þess að kröfur til náms hafi verið sambærilegar. En þegar menn ljúka á annað borð námi úr Háskóla Íslands tel ég ekki að það geti leikið nokkur vafi á því að menn hafi tilskilin réttindi til starfa.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. heilbrmrh. urðu nokkrar umr. ekki síst um 3. gr. þessa frv. eða hliðstæðs frv. á síðasta þingi í Nd. Ég held fyrir mitt leyti að komið hafi fram svolítill misskilningur varðandi 2. mgr. 3. gr. í Nd. í fyrra. Um það er að ræða samkv. greininni að þeir sem fjalla um umsóknir manna sem hafa menntast hér heima fjalla auðvitað jafnframt um umsóknir erlendra manna sem sækja um lækningaleyfi. Hér er einvörðungu, að mínum dómi, verið að bæta við því að þegar um erlenda ríkisborgara er að ræða, — þá er ekki eingöngu átt við kunnáttu í íslensku, heldur hvað eina sem erlenda ríkisborgara varðar, — að þá fjalli fagfélagið um umsóknir til viðbótar við aðra umfjöllunaraðila. Það má sjálfsagt deila um þetta. Ég held þó að ekki sé nema eðlilegt að fagfélag fjalli um það þegar erlendir menn sækja hér um störf. Það má deila um í hve ríkum mæli á að setja í vald fagfélaga að verja sín réttindi til starfa, en í slíkum tilvikum finnst mér það rétt. Ég er þessu fylgjandi.

Hins vegar skal ég játa að e. t. v. væri ríkari ástæða til þess í mörgum tilvikum fremur en þessu að taka fram um íslenskukunnáttu vegna starfsins. Hér er um tannlækningar að ræða. Vikið var að því í umr. í fyrra að kannske væri lítið um samræður á milli sjúklings og læknis á meðan á aðgerð stendur. En þetta er ekki aðalatriði.

Ég hef heyrt því fleygt að læknalög væru til endurskoðunar. Í þessu sambandi væri vert að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort eðlilegt væri og ástæða til að bíða með efnislega umfjöllun í n., a. m. k. afgreiðslu þessa frv., vegna hugsanlegs frv. sem fram kemur um læknalög. Það er staðreynd að frv. varðandi löggildingu starfs og skyldna og réttinda heilbrigðisstétta hafa verið nokkuð til meðferðar á undanförnum árum og ég veit að sú skoðun ríkir, a. m. k. sums staðar, að það sé heppilegra að kveða á um réttindi og skyldur heilbrigðisstétta í almennri löggjöf, eins konar rammalöggjöf, og fjalla síðan á vettvangi reglugerðar um margt af því sem við kemur nánari útfærslu á þeim réttindum og skyldum. Þess gerðist þá ekki þörf í hverju tilviki að flytja lagafrv. þegar um er að ræða lögfestingu slíkra réttinda og slíkra skyldna.

Nokkur orð vil ég segja varðandi 13. gr. frv. sem varðar sektarákvæði. Þar er nefnd fjárhæð, 500 þúsund. Eftir því sem ég best veit er það fremur stefnan að einfalda meðferð að þessu leyti, þ. e. að hafa sektarákvæði í einni grein, sameina þau í einni grein undir hatti almennra hegningarlaga, þ. e. í 50. gr. almennra hegningarlaga þar sem getið er um hámark fésekta í krónum. Hér ætti því e. t. v. að standa einvörðungu að brot gegn ákvæðum laga þessara varði sektum.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleira um þetta frv. að segja á þessu stigi, við munum að sjálfsögðu fjalla um það í heilbr.- og trn., en vænti þess að hæstv. ráðh. muni, þegar hann stígur hér í stólinn öðru sinni, nefna hugsanlegt frv. til læknalaga og almenna löggjöf um heilbrigðisstéttir.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég skal byrja á því að svara síðustu spurningu 5. þm. Vesturl.

Alþingi er búið að afgreiða allmörg lög um réttindi og skyldur tiltekinna heilbrigðisstétta og alltaf eru fyrirliggjandi beiðnir um að flytja fleiri slík frv. (Gripið fram í.) Nú var þingmaðurinn heppinn. — Við höfum því ákveðið í rn. að ganga frá ákveðnu rammafrv. í þessum efnum, til þess að flytja ekki fleiri slík einstök frv., þar sem það yrði á valdi rn. og ráðh. að meta og vega þær stéttir sem þess óska. Hins vegar er vald rn. eða ráðh. ekki algjört. Ef viðkomandi stétt er synjað í rn. um að flutt sé stjfrv. liggur það opið og í augum uppi að viðkomandi stétt eða starfshópur getur leitað til einstakra þm. í þeim efnum. Ég hygg að þetta sé það sem oft hefur verið talað um hér, en ekki er ætlunin að leggja til að fella niður þau lög sem þegar hafa verið samþykkt á undanförnum árum.

Sami hv. þm. spurði hvað liði frv. til nýrra læknalaga. Það frv. hefur nú verið æðilengi á döfinni, mjög lengi, og það eru ákaflega íhaldssamar skoðanir um það hjá æðimörgum að breyta þar litlu. Ég var einmitt síðast í morgun að ræða um þetta væntanlega frv. við ráðuneytisstjórann í heilbr.- og trmrn. og þá vinnu sem hefur verið unnin af ákveðnum embættismönnum. Annar þeirra er landlæknir. Ég hef lesið frv. yfir. Mér finnst á frv., eins og það liggur fyrir, vera allt of veigalitlar breytingar gerðar, nánast endurorðun á núverandi læknalögum. Mér finnst t. d. vald læknadeildar vera of óskorað í gildandi lögum. Í sífellt flóknara þjóðfélagi,

eins og okkar, tel ég að þar þurfi að verða stærri breytingar. En þessi mál verða rædd við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði. Ég stefni að því að frv. til nýrra læknalaga verði lagt fram á þessu þingi, en ég get ekki á þessu stigi fullyrt hvenær það verður.

Varðandi þær umr. sem hér hafa átt sér stað og það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði og sömuleiðis 5. þm. Vesturl. varðandi 2. og 3. gr. vil ég geta þess að hér er ákvæði um að áður en leyfi skal veitt skuli leitað umsagnar. Þetta er í mörgum lögum. Þau ár sem ég hef verið heilbr.- og trmrh., 1974—1978 og eins núna, hafa oft verið ansi harðar umræður við talsmenn hinna ýmsu starfshópa sem hafa viljað að þetta gengi mun lengra. Kröfur voru oft um neitunarvald þessara félaga. Það hef ég talið fullkomlega óeðlilegt í alla staði og hef aldrei flutt frv. með slíkum ákvæðum. Hins vegar er sennilega líkt á komið með framkvæmdavaldinu og löggjafarvaldinu að það er afskaplega fúst að leita umsagnar, sbr. nefndir Alþingis. En það er ekki að sama skapi skylt að fara eftir þeim umsögnum þó að alltaf sé sjálfsagt að taka tillit til skynsamlegra og velviljaðra aths. um það sem betur megi fara.

Ég vil benda á að í upphafi 2. gr. segir:

„Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim umsækjanda sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðh. að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð" o. s. frv.

Ég er alveg sammála hv. 8. þm. Reykv. um að ef við lesum þetta svona lítur það ekki nógu vel út af því að sagt er „leita umsagnar". Hins vegar eru margar lykkjur á lífsleiðinni eins og menn vita. Við skulum segja að einhver hafi náð tilskildu prófi, en hafi farið í eitthvað annað og lent einhvers staðar á hinum hlykkjótta vegi lífsins, hafi versnað stórum frá því að hann lauk prófi. Þá er þetta ekki óhugsandi.

3. gr.: Sérstaklega þegar um erlenda ríkisborgara er að ræða hafa komið upp ákaflega erfið tilvik í þessu sambandi, m. a. á tíma þess heilbrmrh. sem gegndi starfi á undan mér. Það má deila um þau atvinnuréttindi sem hann veitti eða ekki. En hins vegar kom annað upp. Það varð deila við Tannlæknafélagið. Báðir aðilar höfðu nokkuð til síns máls. Það var ekki auðvelt að dæma það. Það kom líka upp í sambandi við pólskan flóttamann mál erfitt úrlausnar sem við höfum reynt að leggja okkur fram um að leysa í rn.

Hins vegar má segja um þann hluta mgr. „skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu" að lítið hafi þurft á kunnáttu í tungunni að halda í sambandi við tannlækningar því að tannlæknirinn talar oftast einn eins og allir vita. Viðmælandanum er kippt úr sambandi. Ég segi því fyrir mitt leyti að ég legg ekkert ofurkapp á að halda því ákvæði óbreyttu. Það verður bara að fjalla um það.

Hv. 5. þm. Vesturl. gerði aths. varðandi sektarákvæði. Ég læt ekkert á mig fá þó að upphæðin falli niður í þessu sambandi. En þetta er enn sem komið er allmyndarleg upphæð og þetta er myndarleg stétt. Því væri ekkert fjarri því að hafa inni í frv. svona myndarlega upphæð. En ef nefndinni í þessari hv. deild finnst það miður eða þm. hér set ég mig ekkert upp á móti breytingu.

Ég óska mjög eindregið eftir því að hv. nefnd reyni að afgreiða þetta frv. því að eins og ég sagði áðan er nú liðinn áratugur frá því að það sá fyrst dagsins ljós. Með þeim breytingum sem hafa verið gerðar í því sambandi er auðvitað vel fært að afgreiða frv. þó einhverjar smávægilegar breytingar væru gerðar.

Ég geri ráð fyrir því að andi væntanlegs frv. til læknalaga verði sá sami. Ég vil ekki leggja mál alfarið í dóm læknadeildar frekar en deildar í tannlækningum. Ég er fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar og hef alltaf verið. Ég vona að það sé yfirgnæfandi meiri hl. Alþingis á þeirri skoðun. Það ætti því ekki að verða til þess að tefja fyrir. En það frv. er miklu skemmra á veg komið og getur tekið lengri tíma en ég sé fyrir í dag.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að ræða breytingar á þessu frv. Ég lýsi yfir fylgi við frv. og mér sýnist það vera myndarlegt í alla staði eins og hæstv. trmrh. orðaði það áðan um ýmislegt sem skeður í sambandi við tannlækningarnar. Mér finnst t. d. tannlæknar hafa myndarlegar tekjur og stundum kannske óhóflega miklar tekjur. Það er að vísu dýrt að koma upp fullkominni tannlækningastofu, það er engin spurning um það. Tækin eru dýr og þau þurfa náttúrlega rekstur til þess að geta borið sig. Það er í þágu bæði sjúklinga og tannlæknanna.

En það er eitt atriði skylt þessu máli sem mig langaði til að spyrjast fyrir um. Þjóðin býr við ákaflega misjafna læknaþjónustu, eins og allir þekkja, að því leyti til að fólkið sem býr á þéttbýlissvæðunum suðvestanlands og kannske í Eyjafirði hefur miklu betri aðgang að slíkri þjónustu og ódýrari aðgang að henni en t. d. Austfirðingar og Vestfirðingar svo að dæmi séu tekin. Þetta er alkunna og þekkja raunar allir. Það þarf ekki annað en nefna t. d. tannréttingar. Ég á frænku sem á heima á Austurlandi og hún er tólf ára gömul. Hún þarf að koma ég veit ekki hvað oft til Reykjavíkur, líklega einum átta sinnum, í sambandi við tannréttingar, átta eða tíu sinnum, og þarf stundum að dvelja nokkurn tíma í einu. Venjulega er þetta leyst þannig að t. d. börn dvelja hjá frændfólki sínu hér í Reykjavík. En ef þetta væri nú þannig að þau þyrftu að dvelja á hótelum eða hjá vandalausum er þarna um gífurlegan kostnað að ræða umfram það sem þjóðfélagið tekur þátt í, sem er þó verulegt.

Mig langaði til þess að spyrja hæstv. ráðh. um hvort ráðagerðir séu um að auka tannlæknaþjónustu úti á landi. Ég ætlast ekki til þess að hann geti svarað því svona undirbúningslaust og það væri alveg nægjanlegt fyrir mig ef upplýsingar um það bærust t. d. frá rn. eða hæstv. ráðh. til heilbr.- og trn. sem fær þetta mál eflaust til meðferðar. En mig langar til að koma þessari fsp. á framfæri og fá henni svarað þó að síðar verði.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er kominn tími til að þessi lög verði afgreidd þegar í ljós kemur að það er að verða áratugur síðan þau voru fyrst lögð fram á þingi. Reyndar gildir líklega sama um þau lög sem voru til umr. á undan þessum. Ekki er sjáanleg nein ástæða fyrir því að svo lengi hefur dregist að samþykkja þau.

Hvað viðkemur fyrri aths. mínum um gildi þessara laga, þá eru þær kannske meira um grundvallaratriði.

Það fer sífellt í vöxt að samþykkt eru lög hér á Alþingi

um rétt manna til eins eða annars. Slík lög eru yfirleitt lög um takmörkun mannréttinda, þ. e. þau lúta að því að afmarka þann hóp manna sem hefur leyfi til þess að stunda einhver ákveðin tiltekin störf og eru þá öðrum þræðinum líka um aukin sérréttindi sama hóps.

Í lögum þessum felst, án þess kannske að ráð sé fyrir því gert, ákveðin ábyrgð á starfi þessara manna. Það sanna m. a. atriði eins og refsingarákvæði. Þegar löggjafinn tekur það hlutverk að sér að veita mönnum réttindi til starfa tekur hann um leið, a. m. k. í orði kveðnu, ábyrgð á því að þeir sinni því verki sem um ræðir þannig að viðskiptavinur þess hins sama geti vel við unað. Auðvitað vitum við að þegar til kastanna kemur ber löggjafinn eftir sem áður enga ábyrgð á því að viðkomandi maður ræki starf sitt eins og skyldi, a. m. k. mjög takmarkað. Hann hleypur a. m. k. ekki í skarðið með fébótum ef viðkomandi sérfræðingur hefur unnið störf sín mjög laklega.

Ég orða þetta vegna þess að ég vil brjóta upp á þeirri hugsun hvort allir þessir lagabálkar um sérréttindi manna til starfsleyfa séu kannske ekki þegar öllu er á botninn hvolft orðið dálítið erfitt og vandasamt mál. Við gætum alveg eins, sérstaklega miðað við framkvæmd málsins, hugsað okkur að þetta gæti gerst öðruvísi, þ. e. við gætum algerlega falið þetta í hendur þeirra félaga sem viðkomandi sérgrein stendur að. Ég segi þetta vegna þess að í öllum þessum lögum, eins og hæstv. ráðh. benti á áðan, eru ákvæði um að sérgreinafélög hafi umsagnaraðild um hæfni manna til þess að gegna viðkomandi störfum. Auðvitað er það, eins og hæstv. ráðh. benti á, á hans valdi að vera með eða á móti umsögn viðkomandi sérgreinafélags, en eftir sem áður ber hann endanlega ekki beina ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni. Segjum sem svo að sérgreinafélagið hafi talið manninn vanhæfan til starfa. Ráðh. ákveður að hann eigi að öðlast réttindin. Maðurinn reynist kannske vanhæfur til starfa og er kærður fyrir afglöp í starfi. Ráðherrann sem veitti honum leyfið ber ekki neina ábyrgð á gerðum hans eða verkum. Ég tel þarna verið að axla hlutverk með ákveðinni ábyrgð án þess að hún falli á mann þegar í harðbakka slær. Vegna þess hvað sérgreinafélögunum er veitt mikil aðild að þessum leyfisveitingum tel ég eðlilegt að hugsa þá hugsun einhvern tíma til enda að það sé yfir höfuð ekki hlutverk löggjafans að veita þessi réttindi. Annar hvor aðilinn hlýtur að vera fyllilega ábyrgur gerða sinna í ákvörðun um hvort maðurinn eigi að fá starfsréttindi. Menn verða bara að gera það upp við sig hvort það er löggjafinn eða sérgreinafélagið. Að þeirri niðurstöðu fenginni hafi ekki báðir aðild að málinu heldur aðeins annar.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Varðandi fsp. hv. 4. þm. Austurl., þá skal ég gera ráðstafanir til þess að ráðuneytið útbúi nokkrar upplýsingar fyrir hv. heilbr.- og trn. Ég get þó sagt að tannlæknaþjónusta hefur stóraukist á undanförnum árum úti um land með tilkomu heilsugæslustöðva og mikil fjölgun hefur orðið í tannlæknastétt því að nú eru tannlæknar komnir mjög víða úti á landi og þjónusta við almenning hefur stórbatnað. Tannréttingar eru annað mál því að þeir tannlæknar sem fást við tannréttingar eru mjög fáir og sú þjónusta verður ekki á næstunni í heilsugæslustöðvum víða. Ég veit það ekki, en kannske er gamaldags að segja að það sé að verða allt of mikið móðins að vera með þetta allt saman uppi í sér í sambandi við tannréttingarnar. Það má kannske of mikið af öllu gera. Þó að þær séu nauðsynlegar í mörgum tilfellum eru þær ekki alveg bráðnauðsynlegar í einu og öllu. Kannske er ég bara orðinn þetta gamall, en ætli það sé ekki móðins að hver krakki með smáskekkju í einni tönn sé með allt þetta víravirki uppi í sér.

Ég er að mörgu leyti sammála hv. 8. þm. Reykv. að öðru leyti en því að ég tel að við þróun mála í sífellt flóknara þjóðfélagi og með tilkomu nýrrar stéttar sé nauðsynlegt að lögvernda starf fólks sem hefur menntað sig til slíkra verkefna. Ég hef sjálfur staðið frammi fyrir hinu, einmitt í sambandi við heilbrigðismál, að veita starfsleyfi í andstöðu við stéttarfélagið. Það var lögð niður vinna, en það var ekki nema einn dagur, það var ekkert á við BSRB-verkfallið, yfir því að einum manni, sem hafði unnið áður áratugum saman í fagi, var veitt starfsleyfi. Og ég segi fyrir mitt leyti: Þegar iðnfræðslulöggjöfin var sett var það talið af flestum sanngjarnt að þeir sem höfðu unnið árum eða áratugum saman væru ekki sviptir réttindum þó að réttindi þeirra væru að sumu leyti takmörkuð, eldri menn væru ekki þvingaðir inn á skólabekk sem væru búnir að vinna áratugum saman í hinum ýmsu iðngreinum. Þetta er allt að deyja út. Þetta er að heyra til liðnum tíma. Alveg eins verður það með afmörkuð verk í heilbrigðisstarfseminni, að þeir sem hafa unnið án þess að vera krafðir um ákveðna menntun eða skólagöngu renna sitt starfsskeið á enda og þá verður eina skilyrðið menntunin og prófið. Það eina sem kemur til með að geta valdið ágreiningi er að í örfáum tilfellum koma erlendir menn þaðan sem ekki eru viðurkennd slík próf. En þetta verður auðvitað allt að hafa sinn aðlögunartíma. Ég hygg að alveg eins og læknar vilja hafa sitt leyfi og sín réttindi, hjúkrunarfræðingar og fjölmargar aðrar starfsgreinar, bæði í þessum málaflokki sem öðrum, sé þetta eðlilegt. En ég skal taka undir það sjónarmið að e. t. v. eru bæði ég og aðrir alþm. búnir að ganga of langt hvað varðar setningu sérlaga. Þess vegna erum við núna að burðast við að semja frv. sem er nokkurs konar rammafrv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 83. mál (þskj. 85). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 15. mál (þskj. 15). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég hef

leyft mér ásamt Kolbrúnu Jónsdóttur, 8. landsk. þm. að flytja hér á þskj. 15 frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 frá 1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

1. gr. þessa frv. hljóðar svo og er það breyting á 65. gr. laganna: „Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar bókstaf þess lista, eða nöfn þeirra frambjóðenda af listum, sem hann vill kjósa, allt upp í tölu þingsæta í viðkomandi kjördæmi, sbr. a- og b-lið 5. gr.“ Hér er þá reyndar verið að vísa til a- og b-liðar núgildandi kosningalaga.

2. gr. frv. hljóðar svo og er breyting á 84. gr.: „Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru, eða setur kross fyrir framan eitt nafn á lista eða fleiri nöfn á lista eða listum allt upp í tölu þingsæta í viðkomandi kjördæmi, sbr. a- og b-lið 5. gr.

Hver kjósandi hefur eitt atkvæði. Skipti hann atkvæði sínu á fleiri en einn frambjóðanda, hljóta þeir sama brot atkvæðis, reiknað með þremur aukastöfum.“

3. gr. hljóðar svo: „1. mgr. 109. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Til þess að finna út atkvæðatölu lista í kjördæmi skal reikna listum atkvæði með eftirfarandi hætti: Atkvæði sem merkt eru listabókstaf, eru lögð við atkvæði eða brot úr atkvæði, reiknuð með þrem aukastöðum, greidd einstaklingum á listum, og er þá fundin atkvæðatala listans í viðkomandi kjördæmi.“

4. gr. frv. hljóðar svo: „115. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) hljóði svo:

Til þess að finna hvaða frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum framboðslista skal þeim raðað innbyrðis eftir atkvæðamagni. Atkvæðamagn hvers frambjóðanda er fundið með því að leggja saman persónulegt atkvæðamagn hans og hlutdeild hans í atkvæðum greiddum viðkomandi framboðslista. Reikna skal með að atkvæði greidd listanum skiptist jafnt á jafnmörg efstu sæti hans og þingsætafjöldi listans segir til um. Við þessa skiptingu skal reikna með þremur aukastöfum. Þeir frambjóðendur hvers lista, sem mesta atkvæðamagn fá, skulu hljóta kosningu.“

Og 5. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Virðulegi forseti. Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Hins vegar var samþykkt frv. flokksformanna um breytingar á kosningalögum. Með hliðsjón af því hefur frv. þetta verið endurskoðað, en bent var á það í grg. að það mætti gera ef kosningalögunum yrði breytt, enda eru þær breytingar sem hér eru gerðar tillögur um, þ. e. aukið persónuval, sjálfstætt efnisatriði og varða ekki t. d. heildarfjölda þingsæta eða reglur um úthlutun þingsæta til lista. En þeim hlutum og fleiri var breytt með frv. flokksformanna á síðasta þingi. Þessar reglur fjalla aðeins um það hvaða frambjóðendur nái kosningu á hverjum lista, hvaða einstaklingar skipi þau sæti sem listinn hefur hlotið.

Í grg. með frv. eins og það var lagt fram á 106. löggjafarþingi sagði m. a.:

„Hér er lagt til að kosningalögum verði svo breytt, að kjósandi eigi möguleika á að merkja við listabókstaf, enda fellir hann sig þá við þá röð, sem fram hefur verið sett á röðuðum lista; að kjósandi eigi möguleika á að merkja við einn einstakling á einhverjum lista og nýtist þá atkvæðið þeim lista, sem sá frambjóðandi, sem atkvæðið hlýtur, á sæti á.“

Þetta tvennt er m. a. viðhaft í kosningum í Danmörku. En í þriðja lagi leggjum við til að kjósandi eigi rétt á að skipta atkvæði sínu á svo marga frambjóðendur sem fjöldi þm. í viðkomandi kjördæmi segir til um, þ. e. að í kjördæmi með fimm þm. eigi kjósandi möguleika á því að greiða einhverjum fimm einstaklingum af þeim listum sem fram eru boðnir ⅕ af atkvæði sínu. Kjósi menn með þeirri aðferð skiptast atkvæði milli lista í þeim hlutföllum sem kjósandinn hefur ákveðið.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur frammi er í sjálfu sér hvað hugsun snertir ekki nýtt af nálinni. Frv. svipuð að efnisinnihaldi hafa verið flutt hér á þingi áður. Miðast þessi frv. eða frv.-tillögur öll við það sama, þ. e. að auka valfrelsi einstaklinga í kosningum. Í raun og veru er hér verið að tala um það að auka mannréttindi, rétt manna til þess að ákveða hvaða einstaklinga þeir kjósa helst að sjá í forsvari fyrir sig eða sín málefni. Þessi rýmkun á sjálfsákvörðunarrétti kjósandans, þessi rýmkun á valfrelsi kjósandans, það að auka rétt hans til þess að ákveða sjálfur hvort hann kýs einhvern ákveðinn lista í heilu lagi eða hvort hann vill kjósa einhvern ákveðinn einstakling af þeim lista, þessi möguleiki, er líka um leið valddreifing, valddreifing með þeim hætti að kjósandinn getur haft meiri áhrif með atkvæði sínu en hann á möguleika á í dag. Vald hans, það eina vald sem hann hefur í raun og veru hvað málefnum ríkis eða sveitar viðkemur, eykst við þann möguleika að hann getur haft raunveruleg áhrif á það hvaða einstaklingar veljast sem fulltrúar hans eða hans byggðarlags í sveit eða á þingi.

Miðað við það ástand sem ríkir í dag í stjórnmálum held ég að jarðvegur fyrir frv. af þessu tagi hljóti að vera öllu frjórri en hann var fyrir nokkrum árum. Það verður með ári hverju æ ljósara að flokkar með því skipulagi sem við höfum búið við undanfarin ár og áratugi koma í raun og veru ekki lengur til móts við fólk í kröfum þess um réttindi og þau málefni sem fólk lætur sig varða. Flokkar eru einfaldlega of fast mótaðar og fast bundnar stofnanir til þess að geta tekið upp á arma sína þau mál sem fólk með jafnmikið einstaklingsfrelsi og þegar ríkir hér á landi hefur áhuga á. Þess vegna verður einhvern tíma, hvort sem það verður núna eða seinna, að svara þessari breytingu í stjórnmálum, bæði hér og annars staðar. Hvort það gerist með þessum hætti sem hér er lagt fram eða einhverjum öðrum hætti skal ég ekki segja.

Ég tel að við ríkjandi aðstæður sé þetta eðlileg till. til lausnar, enda á fólk nú miklu erfiðara með að einskorða sig við listakjör en það átti fyrir nokkrum árum eða áratugum síðan. Við sjáum þetta mjög vel á því að hvað sem okkur finnst um skoðanakannanir þá er það mjög áberandi að helmingur aðspurðra vill ekki segja ákveðið til um það hvern það ætlar að kjósa ef til kosninga kæmi á þeirri stundu. Fólk er raunverulega alls ekki reiðubúið að gera það upp við sig fyrr en það hefur fyrir sér annaðhvort málefni flokkanna sem fram bjóða eða málefni þeirra einstaklinga sem þessa flokka skipa. Við vitum líka án þess að færa fram nokkrar sönnur á því að einstaklingar á listum hvar sem er, hvort sem það er í Reykjavík eða einhverju öðru kjördæmi, geta haft alveg gífurlega mikil áhrif á gengi viðkomandi lista alveg óháð því í raun og veru hvað listinn eða

flokkurinn hefur annars fram að færa. Eins getur listi, sem borinn er fram af einhverjum flokki eða framboðsaðila sem hefur það sem maður mundi kalla slæma pólitík, eyðilagt möguleika ágætis einstaklinga. Hingað til hefur það viðgengist að flokkur hefur raunverulega gefið sér sjálfdæmi um að ákveða hvort einstaklingar skuli til framboðs hæfir eða ekki. Kjósendur hafa síðan afskaplega lítið um það að segja endanlega hverjir af þessum einstaklingum ná kjöri.

Þetta, eins og svo mörg önnur atriði sem við fjöllum um hérna, ber alltaf dálítinn keim af því að stjórnvöld hafa alltaf frá örófi alda til dagsins í dag vantreyst því sem maður kallar fólk eða einstaklingar. Stjórnvaldsaðgerðir miðast að mjög stórum hluta við að takmarka möguleika fólks til að hafa áhrif á valdhafana vegna þeirrar mjög svo einföldu skýringar, sem meira að segja gjarnan er notuð í ræðu og riti enn þann dag í dag, að fólk hafi ekki vit á hlutunum. Þetta gera menn enn þann dag í dag þrátt fyrir að við erum búin að mennta okkar þjóð það vel að varla er hægt að ímynda sér að hægt sé að gera það mikið betur. Það að auka síðan í samræmi við þetta menntunarstig þjóðarinnar og upplýsingastig, að auka mannréttindi hennar til einhvers samræmds horfs við þekkingu hennar og hæfileika, ætti að vera svo sjálfsagt að varla ætti að þurfa að flytja frv. um það.

En tilfellið er að enn þá erum við hérna 1984 að berjast við starfshætti sem tilheyra þeirri öld þegar aðeins lítill hluti Íslendinga var enn þá læs. Og þó að kjarnabreytingin 1959 hafi verið til einhverra bóta býst ég við að hér séu enn þá menn inni sem draga það í efa til hversu mikilla bóta hún var. Sú breyting, sem varð á kjördæmaskipan núna í vor, þ. e. þingmannatölu, er mjög dregin í efa sem réttmæt ákvörðun af mörgum hér innan veggja. Sú reikniregla, sem á að nota til þess að ákveða það endanlega hverjir hljóti þingsæti og hvaða einstaklingar af hvaða listum skipi þessi sæti, er svo flókin, að nánast óhugsandi hefði verið að bera hana fram í frumvarpsformi fyrir nokkrum árum síðan vegna þess að þá vantaði tæki til að reikna þingsætadreifinguna með. Þetta er hins vegar möguleiki í dag þegar við búum yfir tækni sem gerir okkur þetta kleift.

Ég hef margsinnis reynt það, meira að segja með þetta frv. í höndunum, að skýra þetta út fyrir því, sem við mundum kalla venjulegu fólki, hvernig eigi að ákveða það hvaða þm. það hefur raunverulega kosið á endanum. Ég verð að viðurkenna að mér er það ógerningur og ég mundi mjög gjarnan vilja hitta þann þm. sem getur gert það þannig að hvaða maður sem er í sjoppunni geti skilið það. Hérna erum við aftur á móti að leggja til ákveðna aðferð þar sem fólk veit nokkurn veginn um leið og það greiðir atkv. sitt hvaða áhrif það er að hafa með atkv. sínu. Það er sem sé ekki bara aukið valfrelsi, það er raunverulegt vald. Í dag er það vald, sem þetta fólk hefur í höndunum, að því leyti algerlega óráðin stærð að það kemur einfaldlega ekki í ljós fyrr en talið er upp úr kjörkössunum og reiknað eftir öllum kúnstarinnar reglum, sem við vorum uppfrædd um í vor sem leið hvernig væru, hvað raunverulega hefur gerst. Þetta er blindingsleikur í hæsta máta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mér hefur borist svofellt bréf:

„Reykjavík, 29. okt. 1984.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt."

Undir skrifar Hjörleifur Guttormsson 5. þm. Austurl.

Sveinn Jónsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Hann er hér kominn til fundar. Ég býð Svein Jónsson velkominn til starfa á Alþingi.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. 30. mál (þskj. 30). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24:1 atkv.

Landsvirkjun, frv. 56. mál (þskj. 56). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar, frv. 29. mál (þskj. 29). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu á þskj. 29, en flm. ásamt mér eru Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson og Karvel Pálmason.

Í 1. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið laga þessara er að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingu, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar."

Áður en ég geri grein fyrir einstökum greinum þessa frv. vil ég fara nokkrum orðum um það hversu nauðsynlegt er að Alþingi taki af skarið í þessu máli og komi á samræmdri og skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Allir hljóta að vera sammála um að gífurlegar breytingar hafa orðið á atvinnulífi í heiminum í kjölfar örrar tækniþróunar. Ég tel að það sé engum blöðum um það að fletta að við Íslendingar séum orðnir langt á eftir nálægum þjóðum í að hagnýta okkur nýja tækni eða að endurmennta starfsfólk með tilliti til tæknivæðingar. Auk þess hefur allt of lítil umræða farið fram hér í þjóðfélaginu um þessi mál eða ítarleg rannsókn á því hvaða áhrif tækniþróunin og örtölvubyltingin mun hafa á vinnumarkaðinn og einstakar greinar atvinnulífsins svo og allt okkar efnahagslíf. Undirstaða þess að vera samkeppnisfær við aðrar þjóðir og efla hér hagvöxt og framleiðni er að við gerum okkur fyllilega ljóst hvert stefnir í þessum málum og að við aðlögum okkar atvinnugreinar og starfsfólk þeirri róttæku breytingu sem rafeindatækni og áhrif tölvuvæðingar mun hafa á allan vinnumarkaðinn á komandi árum.

Ef Íslendingar ætla ekki að verða undir í þeirri atvinnubyltingu sem nú á sér stað verður umsvifalaust að taka af skarið í þessu efni og kanna til hlítar hvaða áhrif þessar róttæku breytingar muni hafa á atvinnulíf og atvinnuhætti í landinu á komandi árum, hvaða nýja möguleika tæknin mun opna og ekki síður hvaða hættur hún mun hafa í för með sér fyrir efnahagslífið og atvinnuþróun og hvernig best sé að bregðast við í tíma á réttan hátt.

Breytingar þessar munu tvímælalaust hafa það í för með sér að öll störf og vinnuaðferðir munu breytast og um mikla tilfærslu verður að ræða á vinnuaflanum á milli atvinnuvega, starfsgreina og verkefna á vinnustað. Sjálfvirkni og vélvæðing mun hafa það í för með sér að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun. Ef ekki er brugðist við með réttum hætti í tíma er mikil hætta á því að það muni hafa í för með sér versnandi lífskjör og atvinnuleysi hér á landi.

Á þeim, sem ferðinni ráða í þessum efnum hér á landi, hvílir því mikil ábyrgð því áföllin geta orðið stór fyrir íslenskt þjóðfélag ef áfram á að láta kylfu ráða kasti í þessu efni og ekki verður tekið til við að undirbúa atvinnulífið og launþega með skynsamlegum hætti undir þær breytingar sem tækniþróunin mun hafa á allt atvinnulíf á komandi árum. Ábyrgð stjórnmálamannanna er hvað mest í þessu máli að vel til takist því að á miklu veltur að við stýrum því fjármagni, sem við höfum yfir að ráða, bæði í fjárfestingar í atvinnulífinu og til menntunar mannaflans með þeim hætti að við séum undir það búin að mæta þeim miklu breytingum sem fram undan eru. Tilfærslur verða að geta átt sér stað á mannaflanum milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti, en forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkara mæli en nú er.

Í allri atvinnuuppbyggingu og leiðum til að bæta lífskjör fólks er það því eitt brýnasta verkefnið að opna starfsfólki möguleika til að geta aðlagast með eðlilegum hætti áhrifum þeirra gífurlegu breytinga sem tæknivæðingin mun hafa í för með sér. Endurmenntun starfsfólks er því ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að nýta sér nýjar tæknibreytingar til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og bættra lífskjara hér á landi.

En hvaða möguleika höfum við í dag? Hvaða möguleikar eru hjá starfsfólki til þess að öðlast sérhæfða menntun við sitt hæfi og þarfir fyrirtækjanna? Um það mætti vitaskuld hafa langt mál. Í grg. með þessu frv. eru tilgreindir nokkrir þættir.

Í fyrsta lagi að skólakerfið hafi ekki getað sinnt með skipulegum hætti endurmenntun í tengslum við atvinnulífið og að skólakerfið og menntunin í heild sinni hafi ekki tekið nægjanlegt mið af þörfum atvinnulífsins. Ég tel að þessi punktur sé mjög veigamikill og umhugsunar virði. Hann vekur upp þær spurningar hvort ekki þurfi gagngerðrar endurskoðunar við á öllu okkar menntakerfi, þannig að menntakerfið verði í miklu nánari snertingu við atvinnulífið og taki meira mið af þörfum þess og framtíðarspám um þróun atvinnuveganna. Menntakerfið hefur á engan hátt fylgt eftir eða tekið mið af þeirri kröfu sem atvinnulífið gerir til endurmenntunar, sem stöðugt þarf að vera í gangi, og þeirri endurmenntun og starfsþjálfun sem launþegar þurfa sífellt að fá til að geta tekist á við ný verkefni í atvinnulífinu. Kannske sýnir það best hvað við erum langt á eftir öðrum þjóðum að engin löggjöf er til um endurmenntun og hér á hv. Alþingi hefur ekki orðið samstaða, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, um með hvaða hætti skuli haga fullorðinsfræðslu hér á landi eða hvernig skipulag og samræming fullorðinsfræðslunnar skuli vera.

Breytingar í atvinnulífinu gera það nauðsynlegt að fólk verður að eiga kost á endurmenntun því mörg störf krefjast oft annars undirbúnings, annarrar hæfni og þekkingar en áður og kannske annars konar þekkingar en skólakerfið og frummenntunin veitti. Endurmenntun eða starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið er því ekki orðinn síður nauðsynlegur þáttur en sú frummenntun sem lögboðin er. Fræðslukerfið verður því að vera sveigjanlegt og tilbúið að taka breytingum þannig að stöðnun eigi sér ekki stað, því stöðnun í okkar menntakerfi getur haft víðtækari áhrif á lífskjör og atvinnuuppbyggingu en nokkurn órar fyrir.

Á fleiri hindranir má benda sem tefja fyrir að fólk eigi kost á að öðlast endurmenntun við sitt hæfi. Langur starfsdagur fólks hér á landi og framfærslubyrði gera kröfu til þess að hver fjölskylda verði að geta treyst á tvær fyrirvinnur ef endar eiga að geta náð saman í nauðsynlegum útgjöldum. Það er því ljóst að lítill sem enginn tími er aflögu að starfsdegi loknum til þess að sækja endurmenntun eða þau námskeið sem í boði eru vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Of lítið framboð er líka af námskeiðum og þau námskeið sem boðið er upp á eru í mörgum tilfellum of dýr fyrir einstaklingana sem fæstir þola þann tekjumissi sem því er samfara að öðlast endurmenntun.

Á þriðja atriðið má einnig benda sem ekki er síður mikilvægt. Mjög lítil umræða hefur farið fram hér í þjóðfélaginu um nauðsyn endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og áhrif tæknivæðingar á störf í ýmsum atvinnugreinum. Þar af leiðir að starfsfólk er ekki nægilega vel á verði um nauðsyn endurmenntunar og þess að endurmenntun getur ráðið úrslitum um atvinnuöryggi þess í framtíðinni.

Ég tel það ekki síður skyldu stjórnvalda en aðila vinnumarkaðarins að hafa frumkvæði að því að skapa

fólki skilyrði til endurmenntunar og um leið að hvetja starfsfólk til að fá sér endurmenntun og leiðbeina því um hve nauðsynleg endurmenntun og starfsþjálfun er fyrir atvinnuöryggi þess og atvinnulífið í heild. En allt er þetta torvelt og ýmsum annmörkum háð þegar engin skipulögð eða samræmd stefna er uppi í endurmenntunarmálum og ljóst að starfsfólki reynist oft erfitt að skipuleggja endurmenntunarnám sitt upp á eigin spýtur, auk þess sem ekki er endurmenntunarnámskeið í boði fyrir ýmsa þætti atvinnulífsins og starfsfólk sem nauðsynlega þarf á því að halda. Ljóst er einnig að fyrirtækin sjálf hafa gert allt of lítið af því að undirbúa starfsfólkið undir tæknibreytingar með því að gefa því kost á starfs- og endurmenntun. Það hlýtur að vera hagur fyrirtækjanna og atvinnurekstursins ekki síður en starfsfólksins að vinnumarkaðurinn hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem sé í stakk búið til að takast á við þær breytingar sem hafa orðið og eru fram undan í atvinnulífinu.

Ég sagði hér áðan að það væri engum blöðum um það að fletta að Íslendingar væru orðnir langt á eftir öðrum þjóðum í því að undirbúa og endurmennta starfsfólk vegna breyttra atvinnuhátta og tæknivæðingar. Við getum tekið Norðurlöndin sem dæmi um lönd sem hafa fyrir löngu hafið þá endurmenntun sem er nauðsynleg fyrir starfsfólk og gert það með þeim hætti að starfsfólki eru sköpuð skilyrði sem ekki eru fyrir hendi hér til að hagnýta sér endurmenntun. Þar hefur þörf fyrir endurmenntun og starfsþjálfun verið mætt með mjög umfangsmiklum, fjölbreyttum og skipulögðum aðgerðum. Ég nefni Danmörk sem dæmi, en þar hefur til að mynda verið í gildi frá 1960 löggjöf um endurmenntun ófaglærðs starfsfólks.

Ríkisvaldið hefur í þessum sem öðrum löndum talið það skyldu sína að veita ríflegu fjármagni til endurmenntunar. Á Norðurlöndum hefur ríkisvaldið þannig um langt árabil styrkt bæði námsgagnagerðina, kennsluna eða þjálfunina svo og veitt styrki sem samsvara atvinnuleysisbótum til að bæta það tekjutap sem fólk verður fyrir samfara endurmenntunarnámi. Á árinu 1982 var ríkisframlag Dana rúmlega 941 millj. d. kr. og á árunum 1981—1982 var ríkisframlag Svía 3891 millj. s. kr. Ljóst er því af þessu að gífurlegum fjármunum er varið til að mynda í þessum löndum til endurmenntunarmála og þarf ekki að efa að það fjármagn og sú fjárfesting í menntun mannaflans mun skila sér margfalt aftur í auknum hagvexti og bættum lífskjörum.

Ég tel að jafnvel þó illa ári nú í efnahagsmálum okkar sé lítil forsjálni eða sparsemi í því fólgin að veita ekki nú þegar töluverðu fjármagni til endurmenntunarmála. Framtíð íslensks atvinnulífs, atvinnuöryggi og lífskjör hér á landi munu að verulegu leyti ráðast af því að uppbygging atvinnulífsins sé aðlöguð nýrri tækni og að við höfum þá framsýni til að bera að veita til þess nokkru fjármagni til að launþegar hér á landi hafi möguleika til að tileinka sér tæknibreytingar. Ég undirstrika og legg áherslu á að ábyrgð stjórnmálamanna er mikil ef áfram á að láta reka á reiðanum í þessu efni.

Hverjar eru þróunarhorfur í íslensku atvinnulífi og íslenskum atvinnuháttum á komandi árum? Hvar er vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi? Hvaða áhrif mun ný tækni hafa á íslenskan vinnumarkað? Og hvert ber að stefna í uppbyggingu atvinnulífsins til að gera okkur samkeppnisfær við aðrar þjóðir? Allt of lítið hefur verið gert af því að rannsaka þróunarhorfur í atvinnumálum og áhrif tækniþróunar á einstakar atvinnugreinar og hvernig skynsamlegast sé að verja í atvinnuuppbygginguna því takmarkaða fjármagni sem við höfum yfir að ráða. Talið er að mannafli á vinnumarkaðnum muni aukast um 30 þús. manns á næstu 20 árum. Helst hefur verið horft til iðnaðarins í þessu efni og talið nauðsynlegt að byggja hann upp til að taka við auknum mannafla á vinnumarkaðnum á komandi árum. Ef litið er til helstu upplýsinga um mannaflaþróun í helstu atvinnugreinum þjóðarinnar á árabilinu 1963—1979 kemur í ljós að hlutur opinberra starfa hefur vaxið mest eða úr 17.2% í 25%. Það er fjölgun um rúmlega 13 þúsund störf. Hlutur iðnaðar hefur staðið nokkurn veginn í stað á þessu tímabili. Fækkun hefur orðið í landbúnaði. Og þó nokkur fjölgun hafi orðið í sjávarútvegi eða um 3230 störf hefur hlutur hans af mannaflanum minnkað á tímabilinu.

Í grg. með þessu frv. kemur fram tafla sem sýnir hlutfallslega skiptingu mannafla og atvinnugreina á árunum 1910 — 1981. Ég tel að hér sé um athyglisverða töflu að ræða sem lærdóm má draga af, en þar kemur glögglega í ljós hvert stefnir í skiptingu mannaflans milli þjónustugreina, framleiðslugreina og úrvinnslugreina. Til samanburðar er sýnd staðan í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi á árinu 1975. Þessi tafla sýnir ljóslega hve gífurlegum breytingum atvinnulífið hefur tekið.

Samkvæmt þessari töflu má sjá að á árinu 1981 er hluti mannaflans í frumvinnslugreinum einungis 11.2%. Í samanburði má taka árið 1950, þá var hlutur mannaflans í frumvinnslugreinum tæplega 34.9%. Á árinu 1910 er hlutfall mannaflans í frumvinnslugreinum 63%. Þessu er þveröfugt farið í þjónustugreinum því árið 1910 er hlutfallsleg skipting mannaflans í þjónustugreinunum 24.8%, 33% 1950 og árið 1981 er hlutur mannafla í þjónustugreinum kominn í 51.7%. Ef teknar eru úrvinnslugreinarnar þá er hlutfall mannaflans í úrvinnslugreinum 12.2% árið 1910, 1950 32% og 1981 37.1%. Ef gerður er samanburður á skiptingu mannaflans milli atvinnugreina hér á landi árið 1975 samanborið við Bandaríkin, Svíþjóð, Þýskaland og Frakkland kemur eftirfarandi í ljós: Hér á landi voru 14.8% af mannaflanum í frumvinnslugreinum, í Bandaríkjunum aðeins 3.3%, í Svíþjóð 4.7%, Þýskalandi 5.8% og Frakklandi 9.9%. Ef úrvinnslugreinarnar eru teknar er hlutur mannaflans hér á landi á árinu 1981, eins og áður sagði, 37.1%, en í Bandaríkjunum 31.5% á árinu 1975 og í Svíþjóð 30.6%, í Þýskalandi 35.1% og í Frakkalndi 29.9%. Ef aftur er litið til þjónustugreinanna er hlutur mannaflans í þjónustugreinum á árinu 1975 hér á landi 47.5%, í Bandaríkjunum 65.2%, í Svíþjóð 64.7% og í Þýskalandi 59%.

En hvað segja þessar tölur? Ef litið er á þróunina í þessum löndum, sem hér hafa verið tilgreind og mun lengra eru komin en Ísland í allri tæknivæðingu, þá er ljóst að bætt lífskjör í þessum löndum hafa ekki byggst á auknum tækifærum í framleiðslugreinum. Það sést gleggst á því að í Bandaríkjunum eru lífskjör einna best, en þar er lægst hlutfall vinnuaflans í þessum löndum við framleiðslustörf eða einungis 3.3% á sama tíma og hlutur mannaflans í þjónustugreinum er 65.2%.

Af því sem hér hefur verið greint er ljóst að hlutur upplýsingamiðlunar og þjónustu hefur farið vaxandi í

þeim löndum sem hér hafa verið nefnd. Á árinu 1975 eru á Íslandi einungis 47.5% af mannaflanum í upplýsinga- og þjónustustarfsemi, en í Svíþjóð 64.7% af mannaflanum í upplýsinga- og þjónustustarfsemi, Bretlandi 62.6%, Frakklandi 60.2% og í Bandaríkjunum 65.2% eins og áður hefur verið sagt. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga að þó störf í framleiðslugreinum séu fleiri hér á landi en hjá þessum þjóðum eru framleiðni, hagvöxtur og lífskjör mun verri hér á landi en í þessum löndum og Ísland láglaunasvæði miðað við flest þessara landa. Þó vissulega beri að hlúa að og styrkja okkar undirstöðuframleiðslugreinar eins og sjávarútveginn, þá er ljóst að við verðum einnig að sækja á önnur mið að því er nýsköpun í atvinnulífinu og ný atvinnutækifæri varðar.

Í athyglisverðri grein, sem Ingjaldur Hannibalsson forstöðumaður Iðntæknistofnunar Íslands skrifar um framtíð tæknivædds iðnaðar á höfuðborgarsvæðinu og birtist í tímaritinu Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Sé litið á uppbyggingu íslensks iðnaðar kemur í ljós að helstu greinar hans eru þær sem erlendis eru yfirleitt taldar til láglaunaiðnaðar. Gildir þetta um ýmsar greinar matvælaframleiðslu, fataiðnað, húsgagnaiðnað og ýmsar greinar málmiðnaðar. Sumar þessara greina hafa á undanförnum árum átt í miklum erfiðleikum í nágrannalöndum vegna samkeppni frá láglaunalöndum og hefur starfsmönnum í greinum eins og fataiðnaði, húsgagnaiðnaði og skipasmíðaiðnaði fækkað mjög í flestum nágrannalöndum. Ekki er ólíklegt að svipuð fækkun eigi eftir að verða í þessum greinum hér á landi. Jafnframt bendir margt til þess að starfsmenn í íslenskum byggingariðnaði séu óeðlilega margir. Hlutfall byggingariðnaðar af heildarmannafla er 11% á Íslandi á meðan hlutfall byggingariðnaðar í flestum öðrum þróuðum ríkjum er undir 5%. Bendir margt til þess að auka megi mjög framleiðni í íslenskum byggingariðnaði og er líklegt að með aukinni fjöldaframleiðslu byggingahluta í verksmiðjum megi fækka nokkuð starfsmönnum í þessari grein iðnaðar. Margt bendir einnig til þess að á næstu áratugum muni koma fram tækni sem gerir mögulegt að auka mjög sjálfvirkni við fiskvinnslu. Þessi tækni mun hafa í för með sér mikla fækkun starfa við fiskvinnslu. Má því með nokkrum rökum halda því fram að umtalsverð fækkun starfa verði í ýmsum þeim greinum iðnaðar sem sterkastar eru á Íslandi í dag."

Síðar í þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Ef litið er til annarra þjóða kemur í ljós að stefna svo til allra iðnaðarþjóða er að auka til mikilla muna iðnað sem byggður er á tækni og þekkingu. Telja þessar þjóðir að þessi tegund iðnaðar verði til þess að bæta lífskjör næstu áratugina með sama hætti og hefðbundinn framleiðsluiðnaður hefur gert á undanförnum áratugum. Þær greinar sem flestir virðast leggja mesta áherslu á eru eftirfarandi:

-Rafeindaiðnaður,
-lífefnaiðnaður,
-fjarskiptaiðnaður,
-framleiðsla á nýjum tegundum efna,
-geimiðnaður.

Hér er um að ræða greinar með nokkuð aðra kostnaðarskiptingu en almennt gerist í hefðbundnum iðnaði. Hlutur rannsóknar- og þróunarstarfsemi í framleiðslukostnaði er mun meiri en áður hefur þekkst. Hráefni svo og launakostnaður er hins vegar lægri en algengt er. Þetta hefur það í för með sér að þjóðir sem ráða yfir þekkingu fá forskot. Litlu máli skiptir hvar þær eru staðsettar í heiminum vegna þess að flutningskostnaður á hráefni til framleiðslustaðar og fullunnum vörum til markaðar verður hlutfallslega lítill miðað við verðmæti vörunnar. Til þess að hátækniiðnaður blómstri þarf að vera gott framboð á vel menntuðu fólki."

Af ýmsu því sem hér kemur fram er ljóst að framleiðniaukning í iðnaðarframleiðslunni erlendis vegna hagræðingaraðgerða, sjálfvirkni og nýrrar tækni í iðnaði getur fyrirvaralaust, ef ekkert er aðhafst, gert nýjar greinar í iðnaði hér á landi ósamkeppnishæfar. Á það hefur verið bent að þótt tölvubyltingin skapi ný störf sem krefjist endurmenntunar, þá leiði hún einnig til aukinnar einhæfni og minni krafna og starfsþjálfunar í öðrum störfum. Einnig hefur á það verið bent að einhæfum störfum muni verulega fækka, svo sem ýmsum störfum í þjónustugreinum. Margt bendir því til þess að það sé ekki síst starfsöryggi kvenna sem muni verða í hættu vegna tækniþróunarinnar, ekki síst í mörgum hinna hefðbundnari kvennastarfa, vegna þess að störf þeirra og menntunarval eru einhæfari og viðkvæmari fyrir tölvuþróuninni. Ljóst er einnig að það eru ekki einungis störf kvenna sem eru viðkvæm fyrir þeim róttæku breytingum á vinnu sem verða vegna áhrifa tölvuvæðingar. Aldraðir sem ekki treysta sér eða ekki eru í stakk búnir til að aðlagast tæknivæðingunni geta orðið hart úti samfara þessari þróun, svo og fatlaðir.

Ef ekki er brugðist við á réttan hátt munu erfiðleikar kvenna sem sækja á vinnumarkaðinn á nýjan leik eftir barnauppeldi og heimilisstörf einnig stóraukast. Sérstaklega ber að huga að ráðstöfunum fyrir eldri konur, sem litla menntun hafa, í ýmsum þjónustu- og framleiðslugreinum. Í þessu sambandi má benda á það að t. a. m. í Danmörku hefur frá 1978 verið lögð áhersla á endurmenntun fyrir konur sem koma út á atvinnumarkaðinn eftir lengri fjarveru. Það er því ljóst að sérstaklega ber að vera á verði að því er þessi störf varðar. Áhrifa tölvuvæðingar mun ekki síst gæta í störfum þar sem konur eru fjölmennar, svo sem í almennum skrifstofu- og þjónustustörfum og störfum ófaglærðra svo sem í iðnaði. Fyrir þessu eru ýmsar orsakir sem ég skal ekki sérstaklega rekja hér. Ljóst er þó að ýmiss konar tækninám og tæknistörf, sem við koma tæknivæðingu, höfða lítt til kvenna og fæstar sækja í slíkt nám eða störf.

Á Íslandi hefur þróunin orðið sú að á árinu 1983 voru af 174 nemendum sem skráðir voru í tölvunarfræði í Háskóla Íslands 140 karlar og 34 konur eða 82% karlar og 18% konur. Aftur á móti virðist svo vera að konur standi jafnfætis körlum að því er varðar aðsókn að tölvunámskeiðum. Úttekt sem gerð var á vegum Stjórnunarfélags Íslands, sem meðal annars hefur á sínu starfssviði tölvunámskeið, sýnir að konur eru tæplega helmingur þeirra sem sóttu tölvunámskeið. Athyglisvert verður þó að telja að konur voru yfir 90% allra þátttakenda í ritvinnslunámskeiðum, en karlar aftur á móti í miklum meiri hluta þeirra þátttakenda sem sækja námskeið um stjórnun, áætlanagerð og undirbúning tölvuvæðingar.

Í grg. með frv. er vitnað til ráðstefnu sem haldin var s. l. vetur hér á landi um atvinnumál með tilliti til jafnréttis kynjanna, en þar komu fram athyglisverðar upplýsingar. Skulu hér einungis nefndar tvær þeirra.

Á ráðstefnu Alþjóðasambands verslunarmanna um tölvuvæðingu var m. a. bent á að 8% vöxtur sjálfvirkni á tíu ára tímabili mundi gera 20—25% skrifstofustarfa óþörf. Um 5 milljónir af 17—18 millj. skrifstofufólks í Vestur-Evrópu muni þá missa vinnu sína. Í Bretlandi spá sérfræðingar verkalýðssamtakanna 20% atvinnuleysi á þessu sviði upp úr 1990 og í Danmörku er reiknað með að á næstu árum hverfi u. þ. b. 75 þúsund skrifstofustörf. Í Ástralíu var sett á laggirnar rannsóknarnefnd sem hafði það verkefni að greina þau störf sem voru í hættu vegna hagnýtingar nýrrar tækni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ný tækni hefði meiri áhrif í þjónustugreinum en iðnframleiðslu. Nánar tiltekið var þeim sem gegna störfum sem eru tengd upplýsingamiðlun af einhverju tagi sérstök hætta búin, t. d. skrifstofufólki, svo og vélriturum, riturum og þeim sem gegna ýmsum tegundum af stjórnunarstörfum. Niðurstaðan varð sú að á grundvelli fyrirliggjandi gagna mundi ný tækni hafa áhrif innan starfsgreina þar sem 50% kvenna á vinnumarkaðnum vinna en 25% karlar. Auk þess má benda á að atvinnuleysi ungs fólks fer vaxandi, t. d. í Vestur-Evrópu, og sérstaklega hjá stúlkum. Ástæðan fyrir því er talin sú að ráðningum í hefðbundin kvennastörf fari stöðugt fækkandi vegna aukinnar tölvuvæðingar.

Þó hér hafi einkum verið rakin hættan sem fylgir hefðbundnum kvennastörfum í landinu er ljóst að á öllum sviðum atvinnulífsins mun tæknivæðingin hafa meiri og minni áhrif. Hlutfallslega mun störfum ófaglærðra fækka, en fjöldi tæknimanna, stjórnenda og sérhæfðra starfsmanna fara vaxandi. Einnig er líklegt að þróun sjálfvirkni í fiskvinnslu samfara framförum í flutningatækni geti haft í för með sér mikla fækkun starfa í fiskvinnslu. Hér er því vissulega hætta á ferðum sem bregðast verður við með skjótum hætti því ef starfsfólki í fiskvinnslugreinunum verða ekki sköpuð tækifæri til endurmenntunar og aðlögunar nýrrar tækni má búast við að starfsfólk í fiskvinnslu geti innan fárra ára staðið frammi fyrir miklu atvinnuleysi.

Herra forseti. Ég hef gerst nokkuð langorð í framsöguræðu minni, en ég tel, herra forseti, að hér sé mjög þýðingarmikið mál á ferðinni og hef því talið ástæðu til að rökstyðja mál mitt nokkuð ítarlega. Ég vil í lokin gera í nokkrum orðum grein fyrir einstökum greinum þess frv. sem hér liggur fyrir.

Ég hef áður lýst markmiðum þessa frv. sem eru að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar.

2. gr. þessa frv. kveður á um skipan sjö manna endurmenntunarráðs og jafnmargra til vara til fjögurra ára í senn, þar af fimm eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og eftir tilnefningu menntmrh. Félmrh. skipi tvo menn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins.

Í 2. gr. er það sérstaklega tekið fram að endurmenntunarráð skuli kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

Með skipan ráðsins er leitast við að tryggja aðild stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaðnum. Þar sem endurmenntunarmálum hefur verið skipað með lögum á Norðurlöndum er algengt að þau mál heyri undir atvinnumálaráðuneyti. Sjálfstætt atvinnumálaráðuneyti er ekki fyrir hendi hér á landi og því er lagt til að yfirstjórn þessara mála sé í höndum félmrh. sem fer með vinnumarkaðsmál, en í reglugerð um Stjórnarráð Íslands kemur fram að félmrn. fari með mál sem varða vinnu, þ. á m. stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, svo og skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnujöfnun og hagræðingu á vinnumarkaði. Því verður að telja eðlilegt að félmrh. fari með yfirstjórn þessara mála.

Í 3. gr. er hlutverk endurmenntunarráðs skilgreint, en það er eftirfarandi, með leyfi forseta:

a) Að gera heildaryfirlit yfir þá endurmenntun sem í boði er og tengist tæknivæðingu í atvinnulífi.

b) Að meta á hverjum tíma þörf endurmenntunar vegna áhrifa nýrrar tækni á atvinnulíf og einstaka starfshópa.

c) Að gera áætlun til fjögurra ára í senn um skipulag og samræmingu endurmenntunar og forgangsverkefni á því sviði sem markvisst miði að því að aðlaga starfsgreinar og starfshópa áhrifum tæknivæðingar í samræmi við þarfir atvinnulífsins.

d) Að gera árlega kostnaðaráætlun vegna endurmenntunar sem fjárveiting næsta árs byggist á.

e) Að úthluta styrkjum úr endurmenntunarsjóði.

Verði ágreiningur um ákvörðum ráðsins geta þrír ráðamenn vísað ágreiningsatriðum til úrskurðar félmrh.

Hlutverk endurmenntunarráðs byggist á því meginmarkmiði, sem fram kemur í 1. gr. frv., að komið verði á samræmingu og skipulagi á endurmenntun, sem tengist endurmenntun í atvinnulífinu, og forgangsverkefni á því sviði taki markvisst mið af því að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna sem í hættu er vegna tæknivæðingar í einstökum greinum atvinnulífsins. Ljóst er að eitt vandmeðfarnasta verkefni nefndarinnar er úthlutun styrkja úr endurmenntunarsjóði, enda ræðst af henni röðun forgangsverkefna á sviði endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Nauðsynlegt er því að tryggja úrskurðarvald ráðh. í þessum lögum komi til ágreinings í endurmenntunarráði.

Eitt mikilvægasta ákvæði þessa frv. er stofnun endurmenntunarsjóðs. Hlutverk endurmenntunarsjóðs er samkv. 4. gr. annars vegar að veita styrk, sem sé að fjárhæð a. m. k. jafnhár atvinnuleysisbótum á hverjum tíma, til þeirra sem fá viðurkennda endurmenntun og hins vegar að veita styrki til námsgagnagerðar, námskeiðahalds og starfsþjálfunar á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði. Eðlilegt er og auðvelt í framkvæmd að miða upphæð styrkveitingar við atvinnuleysisbætur eins og þær eru á hverjum tíma. Í því sambandi er rétt að geta þess að í Danmörku eru atvinnuleysisbætur notaðar til viðmiðunar þegar greiddir eru styrkir vegna endurmenntunar starfsmanna.

Ljóst er þó að sú upphæð er ekki nægilegur hvati til að starfsfólk sæki sér endurmenntun því að í allflestum tilfellum er um töluverðan tekjumissi að ræða. Hagur launþega og atvinnurekenda er augljós ef átak verður gert á sviði endurmenntunar starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Nauðsynlegt er því að kanna grundvöll þess að atvinnurekendur greiði starfsmönnum t. a. m. mismun á launum þeirra og atvinnu-

leysisbótum á meðan á starfsþjálfun stendur svo og að aðilar vinnumarkaðarins greiði hluta af námskeiðsgjöldum.

Mikilvægt er að samstaða náist um alla framkvæmd málsins og að samningar geti tekist við aðila vinnumarkaðarins um hlutdeild í kostnaði við endurmenntun starfsfólks. Því er kveðið á um það í 4. gr. að nánari ákvörðun um skilyrði fyrir styrkveitingu og hlut aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun skuli sett í reglugerð að uppfylltu ákvæði til bráðabirgða í þessum lögum. En í ákvæði til bráðabirgða stendur, með leyfi forseta:

„Félmrh. skal þegar í stað hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins, sbr. ákvæði síðustu mgr. 4. gr. laganna, í því skyni að leita samráðs um þátttöku og fyrirkomulag á hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun vegna endurmenntunar samkv. ákvæðum þessara laga."

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er hlutur aðila vinnumarkaðarins tryggður varðandi allar ákvarðanir um skipulag endurmenntunar. Ljóst er að hlutdeild þessara aðila í kostnaði þeim sem af endurmenntun leiðir mun tvímælalaust flýta fyrir endurmenntun starfsfólks í flestum atvinnugreinum og því að markmiðinu verði náð sem fram kemur í 1. gr. frv. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að það er jafnt til hagsbóta fyrir atvinnurekendur sem launþega. Skilyrði fyrir styrkveitingum, sem sett verði í reglugerð, hljóta síðan að taka mið af þeirri niðurstöðu sem fæst úr viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Í 4. gr. er einnig kveðið á um að heimilt sé að endurmenntunarsjóður greiði að fullu námskeiðsgjöld fyrir þá sem eru að koma á vinnumarkaðinn og ekki eru í stéttarfélögum og fyrir þá sem verið hafa á atvinnuleysisskrá í a. m. k. fjórar vikur. Hér eru ekki síst hafðar í huga þær fjölmörgu konur sem bundnar eru við heimilisstörf og barnauppeldi í mörg ár en leita síðan á vinnumarkaðinn að nýju. Er ljóst að skapa verður þeim sérstök skilyrði til þess að nýta sér endurmenntun.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera að öðru leyti sérstaka grein fyrir þessu frv. nema 5. gr. þess sem kveður á um að ríkissjóður skuli í fjárlögum ár hvert leggja sjóðnum til upphæð sem nemi eigi lægri fjárhæð en svarar helmingi af framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs á hverjum tíma.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir því hvað það kostar að koma endurmenntunarmálunum í sæmilegt horf hér á landi og hver sá fjöldi væri sem gagn gæti haft af endurmenntun kemur eftirfarandi í ljós:

Gert er ráð fyrir að um 40 þús. manns muni geta haft gagn af styrkveitingum úr þeim endurmenntunarsjóði sem fyrirhugað er að stofnaður verði með þessu frv. Ef miðað er við að hver og einn þurfi að fá sem lágmark tveggja vikna starfsmenntun á fimm ára fresti þyrftu því 8 þús. manns úr þessum hópi að sækja tveggja vikna námskeið á hverju ári. Algeng námskeiðsgjöld á samsvarandi námskeið 1984 var 800—1200 kr. á þátttakanda. Gera má ráð fyrir að útbúa þurfi um 30 ný námskeið að jafnaði á ári og að námsgagnagerð kosti sem svarar um 150 þús. kr. á námskeið að meðaltali. Samkv. þessu er áætlaður kostnaður miðað við þessar forsendur eftirfarandi:

Námskeiðsgjöld, þ. e. 10 daga fyrir 800 þátttakendur og gert ráð fyrir að kostnaðurinn væri í kringum 1000 kr. á dag, yrðu u. þ. b. 80 millj. kr. á ári. Styrkveitingar, sem greiddar yrðu úr þessum sjóði, ef reiknað er að meðaltali 10 dagar á 8 þúsund þátttakendur, en atvinnuleysisbætur eru 535 kr. rúmar á dag, yrðu tæpar 43 millj. Í þróunarkostnaði er gert ráð fyrir 4.5 millj. Samtals er hér um að ræða 127.4 millj. tæpar.

Hér er vissulega um mjög grófa áætlun að ræða en sem gefur þó nokkra mynd af kostnaði sem þessu er samfara. Ef vel ætti að vera þyrfti auðvitað að veita mun meira fjármagni til endurmenntunar en hér er gert ráð fyrir því að einungis er í þessum útreikningum gert ráð fyrir tíu daga námskeiði á fimm ára fresti fyrir um 40 þúsund manns, sem gætu nýtt sér endurmenntun, eða tvo daga á ári fyrir hvern þátttakanda. Má vissulega færa rök fyrir því að hér sé of skammt gengið.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að á fjárlögum ár hvert verði sjóðnum lagt til fé sem samsvarar a. m. k. 50% af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs eða 1984 yrði hér um að ræða 58.5 millj., en ef tekið er mið af fjárlögum fyrir árið 1985 yrði hér um að ræða 78 millj. kr. Það er jafnhá upphæð og nemur framlagi atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hér er vissulega ekki um stóra upphæð að ræða miðað við hvað brýnt er að átak verði gert á þessu sviði og ekki síst miðað við hvað endurmenntun mannaflans getur skilað okkur í bættum lífskjörum hér á landi.

Ég tel ekki, herra forseti, að spurningin snúist um það hvort við höfum efni á því að fara út í víðtæka endurmenntun miðað við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, heldur snúist spurningin miklu frekar um það hvort við höfum efni á því að gera það ekki. Hvar á að taka peninga? spyr einhver. Ég gæti vitaskuld nefnt hér ótal dæmi með tilvitnunum í fjárlög fyrir árið 1985 og rök um það að skynsamlegra sé að verja þeim 78 millj. sem hér er gert ráð fyrir með þessu frv. í endurmenntun frekar en ýmsa aðra þætti sem finna má í fjárlögum. Ég get t. a. m. nefnt hvort ekki væri skynsamlegra að veita þessum 78 millj. í endurmenntun en að veita bönkum skattfríðindi á næsta ári sem nemur sömu upphæð, en það kemur fram í fjárlögum fyrir árið 1985, eða veita fyrirtækjum skattfríðindi sem nema tvisvar til þrisvar sinnum hærri upphæð en hér um ræðir eins og gert var á síðasta þingi, eða veita helmingi hærri upphæð en hér um ræðir í jarðræktarframlög sem að verulegu leyti ýta undir offramleiðslu í landbúnaði. Ég get nefnt að hér er um fimm sinnum lægri upphæð að ræða en renna á í útflutningsuppbætur á næsta ári. Þannig mætti lengi telja.

Það mun ekki, herra forseti, standa á okkur Alþfl.-mönnum, sem flytjum þetta frv., að leggja til niðurskurð á móti ef Alþingi felst á að fara þá leið sem hér er lögð til.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vara við því ef menn ætla að setja fyrir sig kostnaðinn sem því er samfara að endurmennta fólk vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og ítreka að spurningin er ekki hvort við höfum efni á að endurmennta starfsfólk vegna tæknivæðingar, heldur hvort við höfum efni á að gera það ekki. Svo mikilvægt er málið. Á miklu veltur að brugðist verði við tæknivæðingunni með réttum hætti. Lykillinn að því að aðlagast tækniþróuninni er fyrst og fremst skipulögð endurmenntun starfsfólks. Hvernig til tekst í þeim efnum mun hafa afgerandi áhrif á hvort og þá hvenær einstakar atvinnugreinar taka tæknina í

þjónustu sína. Slík fjárfesting, sem stuðlar að aukinni endurmenntun starfsfólks, er því ekki síður mikilvæg en fjárfesting í ýmsum tækjabúnaði og gerir okkur samkeppnisfær við aðrar þjóðir sem leiða mun til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og betri lífskjara hér á landi.

Ég vænti þess að þessu máli verði vel tekið hér á hv. Alþingi og er að sjálfsögðu opin fyrir breytingum á því frv., sem hér er lagt fram, sem betur ná því markmiði sem að er stefnt. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 29 er um margt hið athyglisverðasta. Það tekur mið af þeirri öru tækniþróun sem nú á sér stað og leitað er leiða til að mæta henni.

Í allflestum löndum hins vestræna heims hafa stjórnvöld á undanförnum árum skipað starfshópa til að kanna áhrif þeirrar umbyltingar á vinnumarkaði sem rafeindatæknin hefur í för með sér. Á þessu sviði standa Norðurlöndin framarlega í flokki. Þar er unnið að upplýsingaöflun um þessi mál. Stjórnvöld fá stöðugt upplýsingar og ráðleggingar um þróun rafeindatækninnar og á hvern hátt skuli bregðast við breyttum aðstæðum. Í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Þýskalandi, Japan og fleiri löndum hafa verið gerðar umfangsmiklar úttektir á líklegum áhrifum nýrrar tækni á vinnumarkað og þróun samkeppnisaðstöðu á heimsmarkaðnum. Ýmsar stofnanir hafa tekið áhrif nýrrar tækni til umræðu. Á vettvangi Norðurlandaráðs hefur málið verið til umræðu í nokkur ár og hafa tvær meiri háttar skýrslur komið út á vegum ráðsins um þetta mál. Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur gefið út nokkrar bækur um þetta efni. Þá hefur OECD, Efnahags-, samvinnu- og þróunarstofnun Evrópu í París, stofnað til umræðna um áhrif nýrrar tækni á efnahags- og atvinnuþróun í aðildarlöndunum, núna síðast 6.—8. febr. s. l.

Flestum ber saman um að mannkynið standi nú frammi fyrir jafnróttækum eða róttækari breytingum á atvinnuháttum og áttu sér stað með iðnbyltingunni. Rafeindatæknin opnar nýja möguleika, en hefur einnig hættur í för með sér. Nýta þarf tækifærin sem best og draga sem mest úr neikvæðum áhrifum tækninnar.

Þessi málefni hafa lítið verið rædd hér á landi á undanförnum árum. Þó var það á árinu 1982 sem Alþingi lét málið til sín taka og þann 20. apríl það ár samþykkti Alþingi þáltill. um stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt er unnt að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu.

Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið hérlendis og erlendis.

Skal nefndin skila niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1982."

Af því varð þó ekki, en eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum létu ýmsir aðilar í ljós áhuga á því að ríkisstj. hefði frumkvæði að því að fram færi könnun á hugsanlegum áhrifum aukinnar tölvuvæðingar og sjálfvirkni á íslenskt atvinnulíf. Ríkisstj. fól félmrh. að kanna undirtektir helstu samtaka launafólks og atvinnurekenda og boðaði hann til fundar með aðilum 5. sept. 1983. Undirtektir samtaka atvinnulífsins og vinnumarkaðarins voru jákvæðar og í framhaldi af því var starfshópur skipaður þann 9. nóv. 1983 til að gera úttekt á þessum málum, en í hópnum eru tveir fulltrúar tilnefndir af launþegasamtökum og tveir eftir tilnefningu atvinnurekenda, enda er þess vænst að gott samstarf náist um framkvæmd könnunarinnar við aðila vinnumarkaðarins.

Félmrh. skipaði eftirtalda menn í starfshópinn: Ingvar Ásmundsson skólastjóra, sem er formaður án tilnefningar, Hauk Helgason skólastjóra og Hilmar Jónasson formann verkalýðsfélagsins í Rangárvallasýslu eftir tilnefningu launþegasamtaka, Magnús Gústafsson forstjóra og Þorstein Geirsson skrifstofustjóra eftir tilnefningu samtaka atvinnurekenda. Gylfi Kristinsson, fulltrúi vinnumálaskrifstofu félmrn., var skipaður ritari hópsins. Í mars 1984 varð sú breyting að Þórarinn V. Þórarinsson aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins var skipaður í starfshópinn í stað Magnúsar Gústafssonar sem réðist til starfa í Bandaríkjunum.

Í skipunarbréfi starfshópsins er nánar fjallað um verkefni hans og segir m. a. að hann skuli framkvæma könnun sem ætlað er að leiða í ljós, eftir því sem unnt er, líkleg áhrif þeirrar nýju tækni, sem nú ryður sér til rúms, á mannaflaþróun á vinnumarkaði, framleiðni og samkeppnishæfni núverandi atvinnugreina svo og á stofnun og viðgang nýrra atvinnugreina.

Herra forseti. Ég vil helst gagnrýna frv., sem hér er til umr., fyrir að það er látið líta út eins og stjórnvöld séu ekki að gera neitt í þessu mikilvæga máli. Ekki er minnst einu orði á þá nefnd, sem ég hef hér verið að skýra frá, sem er starfandi og hefur það hlutverk að framkvæma könnun á áhrifum nýrrar tækni á mannaflaþróun á vinnumarkaði, framleiðni, samkeppnishæfni o. s. frv. svo og á stofnun og viðgang nýrra atvinnugreina. Þessi starfshópur, sem er hér að störfum, vinnur mikið og gott verk. Ég vil geta þess alveg sérstaklega að í júlímánuði s. l. kom út áfangaskýrsla frá þessum starfshópi sem var send öllum hv. alþm. og mörgum fleiri sem helst hafa áhuga á því að fylgjast með þessum málum og kynna sér það sem í gangi er. Þetta finnst mér aðfinnsluvert við hv. flm. þessa ágæta máls. Þó vil ég geta þess að þeir hafa, þrátt fyrir að láta líta svo út að ekki sé neitt gert og ekki sé minnst á tilvist starfshópsins sem vinnur að þessu mikilvæga máli, sem betur fer notað sér ýmislegt úr þessari opinberu skýrslu og tekið upp setningar og málsgreinar úr vinnuplöggum starfshópsins. Ég er ekki að átelja það á einn eða neinn hátt, en mér finnst að þegar menn eru að flytja gott mál eigi í leiðinni að skýra frá staðreyndum sem blasa við öllum.

Eins og ég gat um sendi starfshópur félmrn., sem kannar áhrif nýrrar tækni á íslenskan vinnumarkað, frá sér þessa skýrslu nú í sumar. Skýrslan er öðrum þræði byggð á athugunum, sem starfshópurinn hefur gert á gögnum sem hann hefur viðað að sér frá fjölmörgum löndum sem hafa framkvæmt svipaðar kannanir, og hins vegar upplýsingum sem aflað var á umfangsmikilli ráðstefnu, sem ég minntist á áður, sem haldin var í febr.

s. l. í París. Ég vil geta þess hér að félmrn. kostaði för tveggja fulltrúa starfshópsins á þessa ráðstefnu. Segja má að skýrslan sé samantekt á helstu niðurstöðum þeirra gagna sem hópurinn hefur aflað sér og viðhorfum aðila vinnumarkaðarins til þeirra í heild.

Þar sem frv. það sem hér er til umr. tengist á ýmsan hátt því verkefni sem starfshópur félmrn. er að vinna þykir mér hlýða að benda á nokkur atriði í áfangaskýrslu hans.

Meginniðurstaða starfshópsins er sú að afkoma Íslendinga ákvarðist af alþjóðlegri samkeppnishæfni. Til þess að bæta samkeppnishæfnina og lífskjör er nauðsynlegt að auka framleiðnina. Til þess að auka framleiðnina þarf að bæta stjórnun, auka hæfni mannaflans, auka arðbæra fjárfestingu og efla tækniþróun. Starfshópurinn telur að öll þessi atriði séu mikilvæg, en tækniþróunin skipti sköpum.

Til þess að örva tækniþróunina bendir hópurinn á nokkrar leiðir, t. d. að verja þurfi enn meiri fjármunum í menntun og þjálfun. Það er einmitt það sem hv. frsm. lagði áherslu á áðan. Bent er á að menntakerfið þurfi að taka nýja stefnu til að laga sig að tæknimenningunni. Sveigjanlegir kennsluhættir þurfi að sitja í fyrirrúmi vegna þess að erfitt sé að sjá hæfnisþörfina fyrir. Því þurfi að leggja megináherslu á kennslu í almennum undirstöðugreinum og haga skólastarfi þannig að það efli frumkvæði og framtak, en drepi það ekki í dróma. Starfshópurinn telur að í raun þurfi að endurskipuleggja allt menntakerfið með hliðsjón af þeim öru tæknibreytingum sem nú ganga yfir heiminn. Menntaleiðir verði markvissari og miðaðar í ríkari mæli við framleiðsluþarfir atvinnuveganna. Kennslustarf og námsaðferðir taki mið af nýrri tækni.

Varðandi eftir- og endurmenntun segir starfshópurinn í skýrslu sinni að aðlögun vinnumarkaðarins að nýrri tækni komi misjafnlega niður á starfsgreinum og störfum. Þess vegna þurfi að tryggja starfsmönnum endurmenntun og þjálfun sem geri þeim kleift að laga sig að tæknibreytingunni. Slíkum stuðningi þurfi að fylgja skilningur á aðlögunarvanda eldri starfsmanna.

Starfshópurinn gerir stöðu kvenna á vinnumarkaðinum að umræðuefni í áfangaskýrslunni og telur að sérstök áhersla sé til að hyggja að stöðu þeirra. Þær gegna í ríkari mæli en karlar einhæfum störfum sem líklegra er að leggist af eða breytist. Til að bæta stöðu kvenna þurfi að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölbættari. Hvet ég konur til að haga menntun sinni í samræmi við það.

Herra forseti. Eins og hér hefur verið rakið er verið að vinna á vegum ríkisstj. að athugunum á ýmsum þáttum um þessi málefni, sem frv. hv. 2. landsk. þm. fjallar um, og eins og ég tók fram áðan eru aðilar vinnumarkaðarins sammála um þetta verkefni. Þessari vinnu er ekki fulllokið. Ég mun að sjálfsögðu reyna eftir því sem efni og ástæður leyfa að hraða vinnu þessa starfshóps, sem hefur komið inn á þessi málefni, og tel raunar athugandi að skipa sérstaka nefnd til að fjalla sérstaklega um endurmenntunarmálið.

Ég endurtek að hér er um að ræða eitt mikilvægasta málið fyrir framþróun í okkar þjóðfélagi, ekki hvað síst í sambandi við atvinnumálin og framtíð þeirra. Það er þess vegna nauðsyn að menn taki höndum saman um að fylgja fast eftir með skipulegum hætti vinnu við að móta þessi mál.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Mig langar til að gera örstutta aths. við það frv. sem hér er til umr.

Ég vil byrja á því að taka undir það sem segir í 1. gr. frv. og lýsa yfir stuðningi mínum við markmið þessa frv., en ég get ekki fellt mig við ákvæði 2. gr. og ýmislegt sem þar kemur á eftir. Ég get t. d. ekki skilið hvaða erindi skipulagsatriði í fræðslukerfinu eiga inn í félagsmálaráðuneytið. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að búa til sérstakt bákn í kringum þessa menntun, jafnvel þó að þess háttar bákn sé til á hinum Norðurlöndunum.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að gera fjölbrautaskólunum og öðrum framhaldsskólum kleift að sinna þessu verkefni. Þetta er að mínu mati spurning um skólaskipulag og fjármagn. Í raun og veru er þetta kannske spurningin um að ráða hæft fólk til að starfa að skilgreindum verkefnum á tilteknum tíma og stað. Ég er að vísu á þeirri skoðun að sú fullorðinsfræðsla sem í gangi er í landinu sé harla einkennileg. Mér þykir framleiðsla á miðaldra stúdentum ekki í neinum sjáanlegum tengslum við þarfir atvinnulífsins eða jafnvel einstaklinga. Ég tel það brýnt að koma skynsamlegu skipulagi á framhaldsskólakerfið og veita fjármagni sérstaklega til þessa verkefnis og stefna m. a. að því að nýta betur þá aðstöðu sem við ráðum yfir í skólum landsins. Ég er á þeirri skoðun að skóli sé ekki hús, heldur eigi skóli að vera lifandi afl í samfélaginu. Þjónusta skólans á ekki að vera bundin við ákveðin aldursmörk. Skólinn á m. a. að sinna framsæknum þjóðþrifaverkefnum af því tagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég held að ég sé að tala um skóla af þeirri tegund sem nú er verið að svæfa í menntmrn. með aðgerðarleysi. Ef litið er til þess er e. t. v. ekki fráleitt og kannske skynsamlegt að stefna að því að færa skóla- og fræðslumál frá menntmrn., vegna þeirrar stefnu sem þar er uppi, og þá til annarra aðila í samfélaginu sem eru þá e. t. v. líklegri til góðra verka.

En ég held að hér sé verið að stofna til apparats sem verður aldrei til stórræða og mun líklega ekki fá fjárveitingar til annars en að reka kontór og skapa pappírsflóð.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka þeim hæstv. félmrh. og hv. þm. Kristófer Má Kristinssyni sem sáu ástæðu til að taka þátt í umr. um þetta mál.

Hv. þm. Kristófer Már Kristinsson gagnrýndi þetta frv. og taldi að hér væri verið að setja á laggirnar eitthvert bákn sem aldrei yrði til neins gagns. Ég vil mótmæla þessu og tel að ef menn hafa uppi gagnrýni á ákveðna þætti og þegar um svo mikilvægt mál er að ræða eins og þetta eigi þeir auðvitað jafnhliða því að þeir gagnrýna að benda á úrlausnir, hvernig þeir vilji þá skipa málum, vegna þess að við svo búið má auðvitað ekki standa eins og er hér varðandi endurmenntunarmálin.

Hann talaði um að hann skildi ekki af hverju félmrh., eins og hér er lagt til, ætti að hafa yfirstjórn þessara mála. Ég tel mig hafa rökstutt það nægilega í framsöguræðunni og skal ekki endurtaka það.

En þá vil ég víkja að því sem hæstv. félmrh. sagði. Hann vitnaði mikið til þess starfshóps sem skipaður

hefur verið til að fjalla um nýja tækni. Þessi starfshópur hefur vissulega skilað áfangaskýrslu og gerði það í sumar, en ég verð þó að segja að mér fannst innihald þeirrar skýrslu nokkuð rýrt og ekki koma fram nein ákveðin stefnumótun um hvernig eigi að taka á þessu máli.

Það er einkennandi, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., að þegar einstakir þm. taka sig til og flytja frv. um ákveðin brýn málefni, og það eru þá ekki málefni sem hæstv. ríkisstj. hefur á hverjum tíma haft frumkvæði til að leggja fram á Alþingi, er það yfirleitt viðkvæðið sem við fáum sem leggjum fram slík mál: Jú, jú, þetta er gott og þarft málefni og ég er að hugsa um að skipa nefnd í það. — Þetta eru yfirleitt svörin sem við hv. þm. fáum hér á Alþingi sem erum að reyna að leggja fram mál og stuðla að því að þau nái fram að ganga. Þá eru það svör hæstv. ráðh. að setja þurfi nefnd í málið og kanna það. Hv. Alþingi er sem sagt ekki fært að þeirra dómi til að fjalla um og taka afstöðu til mála sem hér eru lögð fram.

Vitaskuld á þetta mál eftir að fara í nefnd og fá þar umsagnir. Ég tel að hv. þm. séu í stakk búnir til að taka afstöðu til þessa máls eins og það liggur fyrir, en ráðh. þurfi ekki að skipa sérstaka nefnd í málið. Hann telur þá ekki að sú nefnd sem hann hefur þegar skipað til að fjalla um nýja tækni muni fjalla um þennan þátt mála. Nú á að setja nýja nefnd í málið til að fjalla um það. Og hvenær fáum við niðurstöðu þar? Eftir 1, 2, 3 eða 4 ár? *Ég tel að það sé um svo brýnt mál að ræða að við getum* ekki beðið eftir neinni nefndarskipun frá ráðh. í þessu efni. Það liggur hér fyrir frv. um þetta mál. Ég sagði áðan í mínu máli að ég væri tilbúin að skoða allar breytingar sem menn vilja leggja fram í þessu máli, en ég tel alveg óþarft að við bíðum eftir einhverri nefndarskipun frá hæstv. ráðh. í þessu máli og skora á Alþingi að taka afstöðu til þessa máls, jafnvel þó hér sé bara um þmfrv. að ræða en ekki frv. frá hæstv. ríkisstj.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við þær aths. sem hv. 2. landsk. þm. lét falla.

Ég held að ekki hafi komið fram í mínu máli að ég væri að tala gegn þessu frv. Það var síður en svo. Ég var að segja það að þegar tekið er á svona mikilvægum málum, hvort sem það gera einstakir þm. eða jafnvel ríkisstj., finnst mér ástæðulaust annað en láta koma fram í framsögu eða grg. með slíku frv. það sem verið er að gera þó það sé kannske ekki fullnægjandi að mati þeirra sem eru að flytja slík mál.

Sú nefnd, sem ég var að lýsa fyrr og hefur samið áfangaskýrslu, er einmitt skipuð til að framkvæma þann vilja Alþingis sem fram kom í þáltill. sem samþykkt var á Alþ...gi 1982, en hafði ekki verið fylgt eftir. Það kemur augljóslega fram í vinnu þessarar nefndar. Ég skýrði frá að hún er saman sett af aðilum vinnumarkaðarins. Það er mjög mikill kostur, að mínu mati, að aðilar vinnumarkaðarins séu sammála um að vinna skipulega að þessum málum, svo mikilvæg eru þau. Ég sagði svo í lok máls míns áðan að e. t. v. væri athugandi, til þess að flýta vissum greinum í þessu máli öllu, að taka t. d. endurmenntunarmálin út úr og skipa um þau sérstaka nefnd.

Ég ætla ekki að ræða þetta nánar. Ég tók ekki til máls áðan til þess að draga úr því að þetta mál fái eðlilegan framgang hér á hv. þingi. Alls ekki. Ég tel málið mikilvægt og ég endurtek enn að ég legg áherslu á að menn sameinist um að sinna þessu máli. Þetta er framtíðarmál þessarar þjóðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Barnalög, frv. 47. mál (þskj. 47). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í barnalögunum sem samþykkt voru á Alþingi 15. apríl 1981, í 17. gr. þeirra laga, eru ákvæði sem kveða á um heimild til þess að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar- og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs. Einnig er í 19. gr. sömu laga ákvæði um að heimilt sé að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi framlag vegna sérstakra útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Það frv. sem ég hér mæli fyrir á þskj. 47 er um að breyting verði gerð á barnalögunum að því er varðar ákvæði 17. og 19. gr. laganna. Þær breytingar, sem frv. felur í sér, eru að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skuli greiða framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift skv. úrskurði valdsmanna að innheimta framlög skv. 1. mgr. 19. gr. barnalaganna vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns.

Með sama hætti er einnig gert ráð fyrir í 2. gr. frv. að Tryggingastofnun ríkisins greiði framlög vegna þeirra sérstöku útgjalda, sem kveðið er á um í 19. gr. barnalaganna, ef um er að ræða að meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift skv. úrskurði valdsmanns að innheimta greiðslur skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna.

Þegar það nýmæli var samþykkt á Alþingi að framfærsluskylda gæti staðið til 20 ára, ef þörf krefur vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns, svo að heimilt væri að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðrum sérstökum tilefnum, þá var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra eða börn þeirra í þeim tilfellum að meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta greiðslur skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna. Hér er því um að ræða augljóst ranglæti og mismunun í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra sem með þessu frv. er leitast við að leiðrétta.

Í grg. með frv. er reynt að leggja mat á það hve margir einstæðir foreldrar og börn þeirra eru án þessara réttinda sem barnalögin tryggðu einstæðum foreldrum sem leitað geta til meðlagsskylds aðila.

Í ljós kemur að skv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins fengu 834 einstæðir foreldrar greiddan barnalífeyri með börnum sínum yngri en 18 ára vegna andláts annars hvors foreldris. Að mati Tryggingastofnunar ríkisins má gera ráð fyrir að þessir 834 einstæðu foreldrar hafi að meðaltali 1.4 börn á framfæri sínu. Skv. þessum upplýsingum eru það 834 einstæðir foreldrar, sem hafa á framfæri sínu 1167 börn, sem ekki njóta réttar skv. ákvæðum 17. og 19. gr. barnalaganna.

Þeir hafa ekki til neins meðlagsskylds aðila að leita. Gera má því ráð fyrir að um 14—15% einstæðra foreldra eða börn þeirra eigi engan rétt á stuðningi, hvorki frá meðlagsskyldum aðila né hinu opinbera, vegna menntunar barna til 20 ára aldurs né vegna þeirra útgjalda sem upp eru talin í 17. gr. barnalaganna, en skv. þjóðskrá 1. des. 1983 töldust einstæðir foreldrar vera 6250 sem höfðu á framfæri sínu 8283 börn 15 ára og yngri.

Í grg. með frv. er einnig vakin athygli á því hve fáir einstæðir foreldrar, sem rétt eiga skv. 17. og 19. gr. barnalaganna, hafa sótt eftir þeim rétti frá því að barnalögin tóku gildi. En skv. upplýsingum sakadóms Reykjavíkur, sem fer með úrskurð þessara mála í Reykjavík, kemur í ljós að á árinu 1982 voru einungis kveðnir upp 10 úrskurðir vegna menntunar- eða starfsþjálfunar, á árinu 1983 17 úrskurðir og fyrstu níu mánuði ársins 1984 einungis 10 úrskurðir. Vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðrum sérstökum tilefnum er einnig um mjög fáa úrskurði að ræða eins og fram kemur í grg. með frv. Undirstrika ber þó að þær upplýsingar sem fram koma í grg. lúta aðeins að framkvæmd 17. og 19. gr. barnalaganna í Reykjavík, en engu að síður gefur það nokkuð góða mynd af því hve fáir einstæðir foreldrar leita réttar skv. þessum ákvæðum barnalaganna. Verður að telja athugunar virði hvort einstæðum foreldrum sé ekki nægjanlega vel kunnugt um þann rétt sem þeir eiga skv. ákvæðum barnalaganna.

Herra forseti. Ætla verður að miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja yrði ekki um mikinn kostnað að ræða fyrir ríkissjóð yrði frv. þetta að lögum. En ljóst er að hér er á ferðinni brýnt réttlætismál sem Félag einstæðra foreldra hefur lagt mikla áherslu á að leiðrétt verði. Með samþykkt þessa frv. yrði tryggt að börn sem aðeins eiga annað foreldra á lífi hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra og að einstæðum foreldrum yrði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. og 19. gr. barnalaganna gefa einstæðum foreldrum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þegar hv. 2. landsk. þm. lagði fram frv. sitt, sem hér er til umr., var ég með í vinnslu svo til efnislega samhljóða frv. Ég sá ekki ástæðu til að halda þeirri vinnu áfram, en kaus að leggja fram brtt. sem liggur hér fyrir á þskj. 89 og er merkt, eins og frv. hv. þm., sem 47. mál.

Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir og tel það til mikilla bóta og mjög nauðsynlegt. Ég hef hins vegar lagt til að sömu réttinda njóti þau börn örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris njóta. Eins og kunnugt er fá þau börn sem eiga foreldra sem eru 75% öryrkjar eða ellilífeyrisþegar, sem getur átt við um feður þeirra, barnalífeyri skv. 14. gr. almannatryggingalaga. Ég tel að oft séu aðstæður ekki miklu betri á slíkum heimilum til þess að fjármagna framhaldsnám barna. Ég hef því lagt fram svohljóðandi brtt., með leyfi forseta, að á eftir hvorri grein í frv. hv. 2. landsk. þm. komi málsgr. er hljóði svo:

„Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skal á sama hátt greiða framlög skv. 1. mgr. þessarar greinar skv. úrskurði valdsmanna til þeirra barna örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris njóta skv. 14. gr. laga um almannatryggingar."

Þetta á við um þau börn sem eru börn örorkulífeyrisþega eða ellilífeyrisþega. Ég vil benda hv. þm. á að þetta vandamál hefur verið rætt á þingum Sjálfsbjargar og hjá samtökum fatlaðra. Á þingi Sjálfsbjargar 1984 var gerð eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Þingið leggur áherslu á að meðfylgjandi breyting verði gerð á 14. gr. til samræmis við 73. gr. almannatryggingalaganna: Sé barnið við nám eða í starfsþjálfun getur barnalífeyrisgreiðsla staðið til 20 ára aldurs þess, en barnalífeyrir er aldrei greiddur lengur en til 18 ára aldurs."

Hér er sem sagt um að ræða ályktun sem er algerlega samhljóða þeim hugmyndum sem við hv. 2. landsk. þm. höfum hér hreyft. Ég tel að með þessari brtt. tryggi þetta frv. rétt allra íslenskra barna jafnt til þeirrar aðstoðar til náms og starfsþjálfunar sem 17. og 19. gr. barnalaga kveða á um.

Þar sem ég á ekki sæti í hv. allshn. Nd. vil ég einnig gera till. sem mér þótti nú ekki taka að gera skriflega. Hún er einungis um orðalagsbreytingu. Ég vil benda hv. nm. á að ég held að heppilegra væri að greinin í frv. sem fyrir liggur væri öðruvísi orðuð. Strax í fyrstu línu stendur, með leyfi forseta: „Ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi". Þar vildi ég leggja til að nm. bættu einu orði inn í og upphafið hljóðaði svo: Ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi. — Ég held að það sé heppilegra að því leyti að maður er auðvitað ekki gerður meðlagsskyldur nema hann sé á lífi þegar það er gert, en þarna er auðvitað átt við að hann hafi síðan látist.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Erfðalög, frv. 53. mál (þskj. 53). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8 frá 1962, sem fyrir liggur á þskj. 53 og er 53. mál þingsins.

Á s. l. þingi lagði ég fram samhljóða frv. og voru meðflm. hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson. Meðflm. mínir nú eru hinir sömu með þeirri breytingu að í stað hv. þm. Kristínar S. Kvaran, sem nú er fjarri þinginu, hefur gerst meðflm. hv. þm. Guðmundur Einarsson.

Breyting sú sem lögð er til felur í sér að eftirlifandi maki eigi jafnan rétt til að búa á eigin heimili með þeim húsmunum sem þar voru við lát maka þó að skipta sé krafist á öðrum eignum búsins. Á síðasta þingi gerði ég allítarlega grein fyrir efni þessa frv. Sú breyting sem lögð er til er ekki mjög róttæk þar sem einungis er gert ráð fyrir að eftirlifandi maki haldi heimili sínu og húsmunum óskiptum. Aðrar eignir mega koma til skipta. Í Danmörku á eftirlifandi maki hins vegar rétt til að sitja í öllu búinu óskiptu, hversu miklar eignir sem þar er um að ræða, svo að dæmi sé tekið. Það hlýtur að vera réttur eftirlifandi maka að þurfa ekki að hrekjast úr eigin heimili við lát hins makans svo að við persónulegan missi bætist fjárhagslegt öryggisleysi og oft og tíðum sár sem seint gróa.

Lífaldur manna hækkar í sífellu samfara betra heilbrigðiskerfi og það hlýtur að vera þjóðfélaginu fyrir bestu að fólk búi sem lengst í eigin heimili og annist það eftir getu og með þeirri þjónustu sem samfélagið býður. Íslendingar hafa haft þá sérstöðu að í heimi atvinnuleysis og kreppu hefur roskið fólk í miklu meira mæli getað tekið þátt í atvinnulífi þjóðarinnar en annars staðar gerist. Þannig á það að vera þó að nú horfi kannske til verri vegar ef verulegt atvinnuleysi sækir að okkur. Þarf vart að benda á þann sparnað sem í því er fólginn að hinir öldruðu búi í eigin heimilum í stað þess að gista stofnanir meðan þess gerist ekki bein þörf.

Ekki síður á aldrað fólk skilyrðislausan rétt til þess að ráða eigin lífi meðan það er til þess fært. Frumréttur þess er að búa áfram í eigin heimili eftir lát maka ef það kýs svo. Sá ákvörðunarréttur á ekki að vera í höndum barna eða stjúpbarna. Öllum þeim sem að málefnum aldraðra vinna kemur saman um að því lengur sem menn séu virkir þátttakendur í samfélaginu, þeim mun lengur endist þeim líf og heilsa. Búseta á eigin heimili ætti að vera frumréttur hins aldraða svo lengi sem hann er fær um að annast það með þeirri þjónustu sem völ er á.

Enginn vafi er á að konur eiga frekar undir högg að sækja þegar búskipta er krafist við lát maka. Enn þá er það svo að mun stærri hópur þeirra hefur verið fyrir utan atvinnulífið og því eiga þær erfiðara með að breyta lífsháttum sínum og byggja upp nýtt heimili, enda er það svo að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem á biðlistum eru í stofnunum fyrir aldraða eru einmitt konur. Meðallífaldur karla á Íslandi er auk þess nokkru styttri en kvenna.

Ungt fólk er nú betur í stakk búið til þess en oft áður að sjá fyrir sér og sínum vegna betri uppeldisskilyrða, menntunar og þjóðfélagsaðstæðna. Velflestir foreldrar hafa búið börn sín vel undir lífið og sýnist þeim því vorkunnarlaust að bíða þess erfðahluta síns sem heimili foreldris er þangað til þess er ekki þörf lengur. Réttur til heimilisins á að vera í höndum þess sem það hefur skapað og ekki annarra.

Þá skal þess getið að nefnd sú, sem heilbr.- og trmrh. skipaði árið 1981 til þess að gera tillögur um samræmingu í skipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða og annast undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg sumarið 1982, en formaður þeirrar nefndar var Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, nefndi einmitt breytingu á erfðalögum í þá veru sem hér er gert ráð fyrir sem tillögu til úrbóta í málefnum aldraðra.

Ýmsir hafa talað um að við búskipti skuli tekið annað tillit til stjúpbarna en sameiginlegra barna. Ég er því algerlega ósammála og tel það viðhorf í andstöðu við þá stefnumörkun sem löggjafinn hefur unnið að, t. d. með nýsettum barnalögum sem hér voru einmitt á dagskrá áðan. Allur andi þeirra laga er að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum án tillits til þess hvort þeir kjósa að búa saman eða ekki. Vissulega hefur átt sér stað hugarfarsbreyting í þessum efnum. Engin ástæða er því til að gera ráð fyrir að milli stjúpforeldra og stjúpbarna hljóti að ríkja tilfinningaleysi og jafnvel illindi. Þess má t. d. geta að í danska þinginu hefur komið fram tillaga um að forræði barna foreldra sem ekki kjósa að búa saman verði beinlínis afnumið, að báðir foreldrar hafi sjálfkrafa forræði þeirra barna sem þeir hafa eignast án tillits til hvort þeir kjósi að búa saman eða ekki.

Vitaskuld er það til að tilfinningaleysi og jafnvel illindi ríki í þessum efnum, því miður. En engin lög geta náð yfir öll tilvik mannlegs lífs sem fyrir koma. Í landi þar sem þúsundir barna búa með öðru foreldri með eða án maka ber að eyða því hugarfari að milli stjúpforeldra og stjúpbarna þurfi að ríkja tortryggni. Í frv. er því engin munur gerður á rétti barna og stjúpbarna til að krefjast skipta á heimili eftirlifandi maka.

Frá árinu 1960 hefur fjöldi þeirra eftirlifandi maka sem búa í eigin húsnæði aukist um 22% svo að nú búa t. d. um 86% Reykvíkinga í eigin húsnæði. Það er því ljóst að eftir meiri fjármunum er að sækjast við lát foreldra en áður. Engan þarf því að undra þó að kröfum um búskipti fari fjölgandi þar sem heimilið eitt er verulegir fjármunir. Menn kunna að segja að unga fólkið sem er að koma yfir sig þaki þarfnist einmitt fjármagns en þann vanda ber að leysa á annan hátt. Foreldrarnir hafa í þeim tilvikum lokið sínu framfærsluhlutverki.

Núgildandi erfðalög voru vönduð lagasetning og um margt gætti þar framsýni þegar þau voru sett. En við breyttar þjóðfélagsaðstæður þarf að endurskoða hin ýmsu lög og um það er annar höfunda núgildandi laga okkur sammála, en það er Ármann Snævarr prófessor. Frv. okkar er einnig mjög í anda greinar sem Guðrún Erlendsdóttir dósent skrifaði í *tímaritið Úlfljót* 4. tbl. 1978 svo að ýmsum er ljóst að hér er breytinga þörf.

Það er hins vegar oft svo, að þegar nýjar hugmyndir eru settar fram við lagasetningu, og ekki síst eins og hér kom fram áðan í umr. um frv. hv. 2. landsk. þm. um endurmenntun, gætir vissrar tregðu, einkum af hálfu ráðh. og ekki síst ef um stjórnarandstöðuþm. er að ræða sem málið flytja. Ekki síður gætir tregðu þegar til eru kallaðar embættismenn, einmitt þeir sömu embættismenn og lögin eiga að framkvæma verði frv. að lögum. Við alþm. könnumst harla vel við þá tregðu sem þeim hættir til að sýna og oft leggja þeir mikla áherslu á erfiðleika við framkvæmd. En ráðuneytin hafa það hlutverk að ráða fram úr framkvæmdinni og eiga að leggja í það vinnu. Hagur fólksins í landinu er mikilvægari en rósemi embættismanna á vinnustað. Í frv. okkar er ekkert það sem flóknara yrði að framkvæma en í núgildandi lögum. Á það má einnig benda að fólkið í landinu mætti vissulega oft ganga betur frá sínum málum en það gerir og á það ekki síst við um erfðamál. Hygg ég að það mundi spara embættismönnum mikla vinnu, en það er önnur saga.

Frv. þetta hlaut nokkra umfjöllun í hv. allshn. Nd. á síðasta þingi og voru ýmsir kunnáttumenn um erfðalög kallaðir til. Efnislega nýtur frv. fylgis, en aths. komu fram um að framkvæmd yrði erfið. Ekki er þó sýnt að framkvæmd á núgildandi lögum sé einföld, enda ljóst að engin lög geta náð til allra tilvika sem upp kunna að koma í svo viðkvæmum samskiptum manna. Reglugerðir um nánari ákvæði hljóta að verða að leysa þann vanda.

Helsta aths. við efni frv., sem fram kom, var sú að frv. gæti gengið gegn fyrirmælum hins látna, þ. e. að réttur bréferfingja svokallaðs, en það er sá sem gerður hefur verið erfingi með erfðaskrá, væri rýrður svo og auðvitað réttur lögerfingja til kröfu um búskipti. Það er einmitt megininntak frv., og skal ekki reynt að dylja það, að tryggja rétt eftirlifandi maka. Það verður ekki

gert nema á kostnað annarra erfingja. Um það þarf þingið að taka ákvörðun. Hér verða menn að taka afstöðu til, hverra hagsmuni þeir vilja tryggja. Frv. er framlagt til þess að tryggja hagsmuni þess erfingja sem mest hefur lagt til búsins, þ. e. eftirlifandi maka.

Menn skulu athuga að skv. núgildandi lögum á eftirlifandi maki langstærstan hluta í búi. Hann á í fyrsta lagi helming búsins og erfir síðan ⅓, en niðjar erfa ⅔ af helmingi eignanna. Bréferfingi getur aldrei eignast nema ⅓ af eigum arfláta eða hins látna svo að það verður að teljast óeðlilegt að þeir sem svo lítinn hluta búsins erfa geti með árs fyrirvara hvenær sem er krafist skipta á búinu öllu og jafnvel gert aðalerfingja ófært að halda eigin heimili. Hér er á engan hátt gengið á endanlegan erfðarétt annarra erfingja en makans, heldur er skiptum á heimili hins eftirlifandi maka einungis frestað. Allar reglur erfðalaganna gilda áfram um að eignirnar verði ekki rýrðar og kemur það skýrt fram í grg. Leyfi til að sitja í óskiptu búi samkvæmt frv. verður ekki veitt ef búið er gjaldþrota og í ljós kemur að eignir hrökkva ekki fyrir skuldum. Auðvitað ekki. Ef eignir bús hrökkva hins vegar fyrir skuldum er eðlilegt að þær eignir sem eru umfram íbúðarhúsnæði og nauðsynlegustu búshluti eftirlifandi maka gangi til greiðslu á skuldum. Verði einhverjar skuldir ógreiddar þá og séu áhvílandi veðskuldir á húsnæðinu hljóta eftirlifandi maki og erfingjar að bera sameiginlega ábyrgð á þeim skuldum. Frv. gerir m. ö. o. ráð fyrir að sú kvöð verði lögð á erfingja að eiga sameiginlega með eftirlifandi maka ákveðna fasteign og innanstokksmuni í einhvern ótiltekinn tíma meðan eftirlifandi maki hefur búseturétt. Maki er í öllum tilvikum langstærsti eigandi eignarinnar sem helmingseigandi að félagsbúinu. Þetta vil ég að komi fram vegna þeirra athugasemda sem fram komu við frv. á síðasta þingi.

Það hefur komið fram, eins og svo oft áður og næstum alltaf þegar þm. flytja frv. hér á hinu háa Alþingi, að erfðalögin, eins og öll önnur lög, séu nú í endurskoðun. Trú flm. er sú að sú endurskoðun geti tekið langan tíma, og höfum við af því nokkra reynslu, og því sé nauðsynlegt að stöðva nú þegar það óréttlæti sem viðgengist getur við búskipti.

Herra forseti. Þetta frv. hefur vakið almennan áhuga fjölmargra í landinu og hafa margir hv. þm. orðið varir við hann. Sá áhugi er til kominn vegna þess að margir einstaklingar hafa orðið hart úti við búskipti og vegna þeirra laga sem nú gilda um þau. Ég vil skora á hv. þm. að gera upp hug sinn í þessu máli, en láta ekki íhaldssama embættismenn ráða ferðum við ákvarðanir þingsins með úrtölum sínum sem okkur eru öllum svo vel kunnugar. Hagur fólksins í landinu skiptir meira máli en þægindi þeirra á vinnustað. Og ég held að hér sé um að ræða mál sem fjölmargir landsmenn vilja gjarnan að verði afgreitt á þessu þingi. Það er nú lagt fram fyrr en á síðasta þingi og ég vil biðja hv. þm. að kynna sér það nú vel og veita því brautargengi þegar það kemur nú til hv. allshn. sem flm. leggja til að því verði vísað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 46. mál (þskj. 46). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 46 um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Frv. þetta felur í sér að tvöfaldan persónuafslátt skal veita þeim sem eru að kaupa sér eigið húsnæði í fyrsta sinn og skal hann veittur í tvö ár, í fyrra sinn næsta gjaldár eftir að kaupin fara fram. Nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og skilyrði fyrir tvöföldum persónuafslætti skulu sett af ríkisskattstjóra.

Eins og fram kemur í grg. þessa frv. er markmið þess að létta tímabundið greiðslubyrði þeirra sem nú eru að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum að húsnæðismálakerfið hefur verið og er vanmegnugt til þess að veita lánafyrirgreiðslu til húsbyggjenda og íbúðakaupenda svo viðunandi sé. Lánshlutfallið er einungis um 29% af verði staðalíbúðar og er því lánafyrirgreiðsla til flestra um 670 til 680 þús. að því er nýbyggingarlán varðar og til þeirra sem kaupa sér notað húsnæði er lánafyrirgreiðslan á bilinu frá 225 til 390 þús. kr. Algeng lánafyrirgreiðsla úr lífeyrissjóðum er e. t. v. 10—15% af verði staðalíbúðar. Af þessu má sjá að 50—60% a. m. k. af íbúðarverði þarf síðan að brúa með eigin fjármögnun eða skammtímalánum úr bankakerfinu. Greiðslubyrði þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið verður því gífurleg, a. m. k. á fyrstu árunum, og á færi fárra fjölskyldna að standa undir þeirri greiðslubyrði sem því er samfara að eignast eigið húsnæði.

Þegar frv. um nýja húsnæðislöggjöf var til umfjöllunar á Alþingi fyrr á þessu ári var greiðslubyrði á íbúð sem kostaði 2 millj. 125 þús. kr. 210—225 þús. kr. á ári fyrstu fimm árin eða 18 til 19 þús. kr. á mánuði miðað við forsendur Þjóðhagsstofnunar og þá lánafyrirgreiðslu sem í boði var, en þetta kom fram í grg. Þjóðhagsstofnunar um fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins. Frá því að þessir útreikningar voru gerðir hafa vaxtagjöld breyst mjög mikið til hækkunar og á það við um öll þessi lán, húsnæðismálastjórnarlán, bankalán og lífeyrissjóðslán. Ég fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún gerði útreikning á því hvað greiðslubyrðin hefði hækkað miðað við fyrri útreikninga Þjóðhagsstofnunar, sem lagðir voru fyrir Alþingi fyrr á þessu ári, og í þessum nýju útreikningum lagðar til grundvallar þær vaxtabreytingar sem orðið hafa á þessu tímabili. Í þessum nýju útreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem fram koma í grg. með þessu frv., kemur fram að greiðslubyrðin á fyrsta ári hefur hækkað um 53 500 kr. frá því í des. á s. l. ári. Munar þar mestu um hækkun vaxta á bankalánum, en þeir hafa hækkað í þessum samanburði um 33 þús. kr. Af þeim útreikningum sem gerðir hafa verið er því ljóst að greiðslubyrði ungs fólks, sem festir kaup á t. a. m. þriggja herb. íbúð í blokk, er á bilinu 230—280 þús. kr. á ári fyrstu fimm árin, miðað við núverandi lánsfjármögnun húsnæðiskerfisins og þau lánakjör sem í gildi eru.

Með þessu frv. er farin sú leið að létta framfærslubyrði þeirra einstaklinga eða fjölskyldna sem eru í fyrsta skipti að eignast eigið húsnæði. Ljóst er að þeir sem eru að eignast eigið húsnæði leggja á sig mikla vinnu og taka alla þá eftirvinnu sem í boði er til að standa undir framfærslu fjölskyldunnar og útborgun á húsnæði og síðan á greiðslu afborgana og vöxtum af lánum. Þó vaxtagjöld, sem heimiluð eru til frádráttar frá tekjuskattsstofni, séu oft og tíðum það há að þau

leiði stundum til þess að húsbyggjendur eða þeir sem eru að festa kaup á íbúð hafi lítinn eða engan tekjuskatt er ljóst að tvöfaldur persónuafsláttur, sem hér er lagður til, mun nýtast að einhverju eða öllu leyti til lækkunar á skattbyrði, þar sem persónuafsláttur fer einnig upp í greiðslur á útsvari, og því mun ákvæði þessa frv. leiða til skattalækkunar hjá flestum eða öllum þeim sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn. Persónuafsláttur er á yfirstandandi ári, 1984, 29 500 kr., en í frv. er gert ráð fyrir, eins og áður segir, tvöföldun hans á tveimur fyrstu árum eftir að húsnæði er keypt. Fyrir hjón eða sambúðarfólk sem sameiginlega afla sér húsnæðis yrði hér um að ræða, ef persónuafsláttur nýttist þeim að fullu, 59 þús. kr. sem gengju til greiðslu álagðra skatta.

Þó hér sé vissulega ekki um stóra upphæð að ræða getur hún þó létt nokkuð undir með ungu fólki þegar fjárhagserfiðleikarnir eru hvað mestir og haft sitt að segja til að létta á framfærslubyrði heimilanna. Það er athyglisvert að þessi upphæð, 59 þús. kr., er ekki hærri en svo að hún gerir lítið meira en að mæta þeim vaxtahækkunum sem orðið hafa frá des. s. l. til sept. samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Þá er miðað við það dæmi sem greint er frá í grg. með þessu frv., en það eru þeir útreikningar sem lagðir voru til grundvallar greiðslubyrði þegar húsnæðislöggjöfin var til umr. hér á Alþingi s. l. vetur.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir hvað tvöfaldur persónuafsláttur næði til margra aðila kemur eftirfarandi í ljós: Á árinu 1984 voru veitt 1087 nýbyggingarlán, þar af 417 til þeirra sem enga íbúð áttu fyrir. Lán til kaupa á eldri íbúðum voru 1895, þar af 960 til þeirra sem enga íbúð áttu fyrir. Ég tel að þessar tölur gefi nokkra mynd af því og megi við styðjast þegar meta á hve margir fengju árlega skattaívilnanir samkv. þessu frv. eða 1377 einstaklingar ef árið 1983 er tekið til viðmiðunar.

Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað tekjutap ríkissjóðs yrði mikið ef frv. þetta yrði að lögum þar sem ekki er séð hve mörgum þessara einstaklinga mundi nýtast persónuafslátturinn að fullu. Þó er þess getið í grg. að miðað við þær forsendur sem hér eru settar fram og að persónuafslátturinn nýtist öllum þeim einstaklingum að fullu til lækkunar á sköttum, þá gæti skattalækkunin orðið rúmar 40 millj. kr. Ef tvöfaldur persónuafsláttur mundi einnig nýtast maka eða sambúðaraðila sem ekki er skráður fyrir húsnæðisláninu er lauslega áætlað í grg. með þessu frv. að um væri að ræða 55 til 60 millj. kr. skattalækkun til húsbyggjenda.

Þegar til þess er litið hvað vaxtabyrði hefur aukist verulega á undanförnum mánuðum og hve litla fyrirgreiðslu húsnæðiskerfið veitir íbúðakaupendum og húsbyggjendum verður það að teljast sanngirnismál að reynt sé að létta eins og kostur er skattbyrði af íbúðakaupendum og húsbyggjendum, enda vart hægt að ætla nokkrum að standa undir 230 til 280 þús. kr. greiðslubyrði á hverju ári í fimm ár auk annarrar framfærslu fjölskyldunnar.

Herra forseti. Ég vænti þess að þessu máli verði vel tekið hér á hv. Alþingi og vil leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 75). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í tekjuskattslögunum 8. tölul. 30. gr. er ákvæði sem kveður á um að helmingur greiddra meðlaga, sem meðlagsskyldur aðili innir af hendi með barni til 17 ára aldurs, sé frádráttarbær frá tekjum til skatts. Þetta frv. felur í sér að meðlagsgreiðslur verði frádráttarbærar til 18 ára aldurs og ef um er að ræða framlengingu á framfærsluskyldu til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar verði frádráttur einnig heimilaður til jafnlangs tíma.

Með leyfi forseta vil ég lesa þá stuttu grg. sem fylgir þessu frv.:

„Markmið þessa frv. er að samræma ákvæði barnalaga um framfærsluskyldu því ákvæði skattalaga sem kveður á um frádrátt meðlagsgreiðenda á helmingi greiddra meðlaga með barni.

Barnalögin voru samþykkt á Alþingi 1. apríl 1981. Í þeim eru ákvæði um að lengja framfærsluskyldu meðlagsgreiðenda úr 17 í 18 ár, svo og það nýmæli að framfærsluskylda getur staðið til 20 ára ef þörf krefur vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns.

Lögum um tekju- og eignarskatt, sem heimila meðlagsgreiðendum frádrátt frá skatti sem nemur helmingi greiddra meðlaga með barni til 17 ára aldurs, var þó ekki breytt til samræmis við þessa breytingu á framfærsluskyldu.

Það verður að teljast rétt og eðlilegt, þar sem löggjafinn hefur þegar samþykkt að helmingur meðlagsgreiðslna sé frádráttarbær frá skatti til 17 ára aldurs, að það ákvæði taki einnig breytingum til samræmis við lengri framfærsluskyldu.

Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu, nema tilefni gefist til, að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Byggingarlög, frv. 77. mál (þskj. 79). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á byggingarlögum, nr. 54/1978, sem liggur fyrir á þskj. 79 og er 77. mál þingsins. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Kristófer Már Kristinsson.

Þær breytingar á byggingarlögum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að skilyrði fyrir leyfi til byggingar opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja af öllu tagi verði að gengið sé frá lóð svo fljótt sem unnt er og byggingarframkvæmdir leyfa og þeim gróðri komið þar fyrir sem kostur er að mati landslagsarkitekts eða annarra sérfróðra manna.

Í öðru lagi að uppdráttur að fullfrágenginni lóð liggi fyrir við útgáfu byggingarleyfis á sama hátt og teikning af byggingunni sjálfri.

Í þriðja lagi að gengið verði úr skugga um að frá lóð hafi verið gengið eins og lög og reglur mæla fyrir um við lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis.

Á undanförnum árum hefur áhugi manna á umhverfismálum farið vaxandi og í æ ríkara mæli hafa menn gert sér ljóst hversu mikilvægt er að auka gróður og standa vörð um þann gróður sem fyrir er, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Um langt skeið var lítil áhersla lögð á gróðurrækt í þéttbýli, en nú er það sem betur fer að breytast. Sú gerbreyting sem orðið hefur á búsetuháttum Íslendinga á þessari öld, þegar mikill hluti landsmanna tók að búa í þéttbýli, hefur tekið tíma og orka manna hefur farið í að byggja yfir sig og sína, mannvirkin sjálf og þær þjónustustofnanir og fyrirtæki sem þéttbýlið krefst. Það er fyrst á síðustu árum sem menn hafa gert sér ljóst að þeir sem í þéttbýli búa séu ekki sjálfkrafa dæmdir til að vera án lifandi gróðurs, án lifandi náttúru og landslags. Einstaklingar hafa fundið þessa þörf fyrir samband við lifandi gróður og náttúru og brugðist við henni með myndarlegu átaki við að rækta lóðir sínar til mikillar prýði í umhverfinu. Mikið hefur hins vegar skort á að opinberar stofnanir þjónustu- og atvinnufyrirtæki hafi sinnt umhverfi sínu og algengt er að sjá lóðir slíkra fyrirtækja standa óhirtar áratugum saman, oft í hjarta byggðarlagsins, til ama og leiðinda fyrir þá sem þjónustuna sækja til þessara stofnanna og til vansa fyrir byggðarlagið. Hér er sjaldnast um að ræða fjárskort einan saman, heldur miklu fremur hugsunar- og hirðuleysi.

Í athyglisverðri grein í Morgunblaðinu 7. september s. l. benti Pétur Jónsson landslagsarkitekt á að ræktun runnagróðurs og trjárækt feli í sér nokkuð meiri kostnað við gerð lóðar í upphafi, en innan örfárra ára verði viðhald slíkra svæða miklum mun ódýrara en t. d. hirðing grassvæða. Má spara mikla fjármuni með því að láta skipuleggja lóðina af kunnáttu í byrjun og til þess þarf sérþekkingu í skipulagningu og gróðurrækt. Iðnaðarsvæði þéttbýlisins eru oft ljótur blettur á umhverfinu, en engin ástæða er til að svo sé. Mætti benda á staði t. d. hér í Reykjavík sem eru eins og sár í borgarlandi, og segir sig sjálft að slíkt umhverfi er engum hollt, allra síst þeim sem þar vinna.

Runna- og trjágróður getur gegnt veigamiklu hlutverki til beins sparnaðar í bæjarlandinu og hirðingu þess. Runnagróður við vegi getur t. d. dregið úr því að snjór safnist á götur og vegi og trjágróður getur veitt skjól fyrir vindum og dregið úr ljósblindu við akstur svo eitthvað sé nefnt. Þess utan dregur slíkur gróður að sjálfsögðu verulega úr loftmengun, að ekki sé minnst á hinn heilsufarslega þátt fagurs umhverfis í almennri vellíðan íbúanna.

Byggingarlög leggja mönnum ákveðnar kvaðir á herðar við frágang fasteigna eins og vera ber og eru allítarleg. Byggingarreglugerðir eru ekki síður nákvæmar um allan frágang. Það er hlutverk byggingarnefnda og byggingafulltrúa hvers byggðarlags að ganga eftir að þessum fjölmörgu reglum sé fylgt. Um frágang lands er furðulítið að finna í byggingarlögum og hið sama er að segja um reglugerðir. Það er því skoðun flutningsmanna þessa frv. að hér þurfi að kveða betur á um frágang þess lands sem fyrirtæki og stofnanir fá úthlutað fyrir almannaþjónustu. Það leiðir af sjálfu að slíkt land er oftast á þeim stöðum þar sem menn eiga gjarnan leið um og liggur vel við umferð. Það hlýtur því að vera skylda þeirra sem slíku landi fá úthlutað að ganga svo frá því að sómi sé að. Mikið átak þarf til að auka verulega trjá- og runnagróður hér á landi og því væri það umtalsvert framlag ef þeim aðilum sem hér um ræðir væri gert skylt að rækta svo sem kostur er í landi sínu. Einhverjir kynnu að halda því fram að ýmiss konar almennum rekstri fylgi óhjákvæmilega sóðaskapur, en það er skoðun flutningsmanna að einmitt við slík fyrirtæki gæti runna- og trjágróður skýlt lítt fallegu umhverfi frá vegfarendum. Á það jafnt við um iðnaðarlóðir sem land kringum fiskverkun eða annað það sem oft krefst utanhússrýmis fyrir það sem lýtur að rekstrinum.

Það skal tekið skýrt fram að í þessu frv. er engin breyting gerð á hlutverki byggingafulltrúa né byggingarnefnda. Einungis er lagt til að þar sem því verði við komið verði leitað til landslagsarkitekta um skipulagningu þeirra lóða sem hér um ræðir og jafnframt að landslagsarkitekt eða staðgengill hans, fáist landslagsarkitekt ekki, áriti uppdrætti að lóðum áður en byggingarleyfi er gefið út og gangi á sama hátt úr skugga um það við lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis að farið hafi verið að lögum og reglum um frágang lands. Hér er ekki endilega um nýtt embætti að ræða innan sveitarfélaganna, heldur geta þau að sjálfsögðu leitað til slíkra kunnáttumanna eftir því sem þörf gerist. Þeir eru einungis sérfræðingar byggingafulltrúa um þetta afmarkaða atriði þar sem þjónustu þeirra er að fá.

Ýmsir kunna að draga í efa gildi þess að landslagsarkitekt þurfi að kalla til við gerð lóðar fremur en t. d. garðyrkjufólk. Má vel vera að starfsheitið sjálft hvetji til fordóma afturhaldssamra manna. En til upplýsingar skal þess getið að landslagsarkitektúr er nú kenndur sem háskólagrein í 150 háskólum í 36 löndum og Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkenndi þetta starfsheiti árið 1968 og skipaði því í flokk með starfsheitum arkitekta og borgarskipulagsfræðinga. Hér á landi eru nú einungis 11 landslagsarkitektar, en aðrir 11 munu nú vera við nám erlendis. Félag ísl. landslagsarkitekta er aðili að Alþjóðasambandi landslagsarkitekta, en félagið var stofnað árið 1978.

Skipulagning gróðurræktar í landi okkar er svo mikilvægur þáttur og nauðsynlegur í framtíð lífríkis okkar að hlúa ætti að þeirri kunnáttu sem menn hafa aflað sér með námi í landslagsarkitektúr. Öllum þeim sem garðyrkju og græðslu lands stunda hér í landi er fengur að þeirri viðbótarkunnáttu sem landslagsarkitektar færa þjóðinni, og við væntum þess að starfsheiti þeirra fái sem fyrst staðfestingu stjórnvalda. Fjölmörg sveitarfélög hafa sýnt vaxandi áhuga á ræktun umhverfisins. Dæmi um það er að stjórn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu setti á fót nefnd árið 1982, minnir mig, sem samræma skal áætlanir um ræktun óbyggðs lands á svæðinu. En framlög sveitarfélaga hafa oft verið við nögl skorin þegar að gróðurrækt kom og verið frá 1—2% af fjárhagsáætlun. Akureyri hefur hins vegar verið þar til fyrirmyndar, lagt fram um 4% um langt árabil. Erlendis er talið að 5% séu lámarksframlag þó að þar sé ólíkri þörf saman að jafna þar sem gróðurrækt hefur verið unnin á skipulagðan hátt öldum saman.

Þetta frv., herra forseti, getur varla orðið ásteytingarsteinn milli stjórnmálaflokka. Hér er um hagsmuni allra landsmanna að ræða. Það er ljóst að á tímum eyðingar skóga, loftmengunar og annarra válegra fyrirbæra, þar sem menn hafa flotið sofandi að feigðarósi í græðgi sinni eftir skjótfengnum gróða, er það skylda okkar Íslendinga, sem enn öndum að okkur hreinna lofti en

nágrannar okkar og njótum óskemmdari náttúru, að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að græða land okkar sem kostur er. Mikið vantar vissulega á að nægilegar rannsóknir hafi farið fram á því hvaða gróður henti best í landinu og til þess ættu stjórnvöld að veita fé. En mönnum verður þó æ ljósara að miklum mun fleiri tegundir geta náð þroska hér á landi en menn héldu áður ef þeim eru tryggð ákveðin skilyrði til hlífðar fyrir veðri og vindum. Og þar verður sérþekking að koma til. Allir landsmenn þurfa að taka höndum saman um þjóðarátak í græðslu landsins. Sérhvert framtak er af hinu góða. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Við væntum þess að á því verði vel tekið í hv. félmn. sem við leyfum okkur að leggja til að því verði vísað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Greiðslukort, fsp. 66. mál (þskj. 67). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. sem liggur hér fyrir á þskj. 67 og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Er þess að vænta að frv. til l. um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi?"

Hinn 11. mars 1980 bar ég fram fsp. til þáv. hæstv. viðskrh. í þrem liðum, í fyrsta lagi hvort leita þyrfti leyfis stjórnvalda til að stofna lánakortafyrirtæki, í öðru lagi hvort slík fyrirtæki væru háð eftirliti sem svaraði til bankaeftirlitsins og í þriðja lagi hvort hann beitti sér fyrir lagasetningu um þessa nýju starfsemi ef hvor tveggja fyrri svörin væru neikvæð.

Hæstv. ráðh. svaraði því til að ýmis lög tækju til lánakortastarfsemi, svo sem hlutafélagalög og skattalög. Jafnframt yrðu lánakortafyrirtæki að fara að ákvörðun Seðlabanka Íslands varðandi vexti og annað endurgjald fyrir umlíðun skuldar, svo orðrétt sé vitnað í svar hans. Kvað hann rn. vera að kanna hvort þörf reyndist á löggjöf.

Ekkert hefur síðan gerst í því máli. Greiðslukort hafa hins vegar náð mikilli útbreiðslu, og nú eru starfandi tvö greiðslukortafyrirtæki, Eurocard og Visa Ísland, sem hafa samvinnu við ákveðnar innlánsstofnanir. Nokkur deila hefur síðan risið um hver skuli bera kostnaðinn af þessari lánastarfsemi, og hafa kaupmenn haft áhyggjur af áhrifum hennar til hækkunar vöruverðs. Erlendis hafa matvöruverslanir sums staðar t. d. ekki talið rétt að taka upp notkun greiðslukorta. Sömu stefnu hafa matvörukaupmenn hér þó að flestir hafi beygt sig fyrir þrýstingi samkeppninnar. Ljóst er að greiðslukortin eru orðinn verulegur þáttur í viðskiptum hér sem annars staðar og því er mikilvægt að um notkun þeirra verði settar reglur sem tryggja öllum aðilum réttaröryggi, rétt til ákvarðanatöku um skilyrði og skilmála og síðast en ekki síst að áhrif notkunar greiðslukorta á vöruverð fari ekki úr böndum.

Á síðasta löggjafarþingi flutti hv. þm. Jón Magnússon till. til þál. um að skipuð yrði nefnd til að semja frv. til l. um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja, en sú till. náði ekki samþykki. Í Dagblaðinu í gær birtist síðan frétt um að flm. hafi verið falið að semja frv. til l. um greiðslukort. Spurningu minni er þar með að nokkru svarað þar sem heimild fréttarinnar er sjálft viðskrn. En ég vona að hæstv. viðskrh. misvirði ekki þó ég bæti þá við spurningu mína annarri spurningu ef hann staðfestir frétt Dagblaðsins, þ. e. hvort nefndin hafi verið skipuð eða hvort flm., sem jafnframt er formaður Neytendasamtakanna, sé einn í nefndinni. Án þess að í því felist minnsta vanmat á hæfni hans verður að teljast undarlegt að aðrir aðilar fái ekki að hafa hönd í bagga, svo sem Kaupmannasamtökin, eigendur greiðslukortafyrirtækjanna, jafnvel fulltrúar dómsvaldsins og e. t. v. einhverjir fleiri. Vona ég að hæstv. ráðh. skýri þetta atriði en jafnframt að hann svari þeirri spurningu sem hér liggur fyrir á þskj.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vænti þess að frv. til laga um greiðslukort, sem einnig hefði að geyma ákvæði um starfsemi greiðslukortafyrirtækja, verði lagt fyrir yfirstandandi þing. Á vegum viðskrn. er unnið að því að semja slíkt frv., en það hefur engin nefnd verið sett niður. Telji því einhver sig vanta fulltrúa til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þá gildir þar sama fyrir alla. Sá aðili sem að þessu vinnur mun að sjálfsögðu gera athuganir á sjónarmiðum sem fram hafa komið. Ég vil leyfa mér að benda á að viðskrn. hefur áður látið athuga þessi mál og samin hafa verið drög að tveim frv. sem lutu að viðskiptum með greiðslukort. Fyrri drögin voru talin ná of skammt að mati rn. en síðari drögin að frv. til l. um lánsviðskipti hafa verið send ýmsum aðilum til umsagnar og margir þeirra mæltu gegn framlagningu draganna í frumvarpsformi fyrir Alþingi. Hins vegar hefur af minni hálfu sérstaklega verið vakin athygli á samþykkt verðlagsráðs í þessu máli. Þykir mér rétt að hún komi hér fram og ég hef sérstaklega óskað eftir því að skoðuð verði þau sjónarmið sem fram koma þar. Í ályktuninni segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með vísun til síaukinnar notkunar svokallaðra greiðslukorta í verslun og þjónustu telur verðlagsráð að nauðsyn beri til að stjórnvöld setji hið allra fyrsta löggjöf um almenna notkun þessara korta. Markmið lagasetningarinnar skal m. a. vera að tryggja að kostnaður við greiðslukortaviðskipti falli ekki á aðra viðskiptavini en korthafa, jafnframt því sem meðferð kortanna verði gerð öruggari, bæði fyrir korthafa og seljendur vöru og þjónustu." — Svo kemur lokasetningin: „Óskar verðlagsráð eftir því að viðskrh. beiti sér fyrir setningu slíkra laga."

Ég hef hér gert grein fyrir undirbúningi þeirrar lagasetningar. Ég vænti þess, eins og áður er fram komið, að hægt verði að leggja frv. fyrir Alþingi og að það samþykki lög um greiðslukort.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans, einkum þar sem það er jákvætt að frv. er í vinnslu. Ég tel það ákaflega mikilvægt að þessi mál komist í einhvern fastan farveg. Hitt er annað mál að það er óneitanlega dálítið ankannalegt að einn maður sitji og semji frv. Ekki væri

óeðlilegt að fleiri kæmu inn í dæmið. T. d. mætti ræða við launþegasamtökin í landinu um hver í raun og veru eigi að greiða fyrir þessa þjónustu. Ég veit ekki hvort ég mátti skilja það af máli hæstv. ráðh. að hann og hans rn. væru þeirrar skoðunar að korthafar ættu sjálfir að greiða fyrir þessa þjónustu. Það er augljóst t. d. af viðtölum við kaupmenn í Dagblaðinu í gær að þeir eru uggandi um þessi viðskipti. T. d. segir Gunnar Snorrason kaupmaður þar, með leyfi forseta:

„Sannleikurinn er sá að ein af upphaflegum kröfum okkar var að kostnaðurinn við kortin yrði færður yfir á korthafana og viðræður stóðu yfir við bæði fyrirtækin. Tillögur okkar gengu einnig út á það að fyrirtækin lækkuðu þóknun þá sem kaupmenn greiddu. En það var enginn vilji í fyrstu að lækka þessa þóknun." Þetta segir Gunnar Snorrason.

Stjórnendur Hagkaups vilja ekki taka við greiðslukortum og segja það ríkjandi skoðun að tilvera þeirra leiði til þess að vöruverð hækki og slíkt sé ekki í anda fyrirtækisins. Jón Sigurðsson kaupmaður í Miklagarði segir aftur á móti að þeir hafi „farið í kortin aftur vegna þess að mikill þrýstingur hafi verið frá kúnnunum," eins og þar stendur.

Ég tel að hér hljóti stjórnvöld að marka einhverja stefnu um hver eigi raunverulega að greiða fyrir þessa þjónustu. Hér er ekki um neina smápeninga að ræða. Í máli Gunnars Snorrasonar kemur fram að áður greiddu þessar verslanir um 30 millj. í þóknun á ári en nú er sú upphæð komin niður í á að giska 18 millj. Við erum þess vegna ekki að tala hér um neina smápeninga. Það gefur augaleið að þetta borgar enginn annar en viðskiptavinurinn. Mér þætti þess vegna vænt um að heyra skoðun ráðh. á því hver eigi að greiða fyrir þessa þjónustu. Einnig vil ég skora á hann að sjá til þess að þeir aðilar, er þessi mál varða, verði teknir með í gerð frv. án þess að ég efist hið minnsta um að Jón Magnússon er gjörkunnugur þessum málum. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Þetta mál er hins vegar lærdómsríkt að því leyti að þarna kemst á laggirnar — í raun og veru án þess að nokkur stýri því — umtalsverð breyting á viðskiptaháttum landsmanna. Síðar sitjum við uppi með orðinn hlut og verðum að reyna að fella þessa breytingu undir lög og reglur þegar hún er þegar almennt um garð gengin. Heppilegra hefði e. t. v. verið að hæstv. þáv. viðskrh. hefði brugðist við og reynt að setja þessar reglur fyrr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af orðum hv. 10. landsk. þm. tel ég að hér sér um að ræða frjáls viðskipti á milli þeirra sem kaupa og selja og þess vegna þurfi að haga þessum reglum með þeim hætti að þar geti verið um að ræða samkomulag hjá þeim aðilum. Þess vegna óskaði ég eftir að leitað yrði til þeirra aðila sem hagsmuna hefðu að gæta við samningu þessa frv. Svo verður það að sjálfsögðu Alþingis að kveða á um með hvaða hætti þessar reglur endanlega verða settar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að ég skuli vera að blanda mér í umr. um þessa fsp., en ég hjó eftir því er ég gekk hér inn í salinn að hv. fyrirspyrjandi greindi frá því að Jón Magnússon, sem er hinn hæfasti maður vitanlega, væri einnig fjölkunnugur. Ég vildi aðeins óska eftir nánari skýringu á þessu því ef um slíkt er að ræða held ég að bæði séu þau samtök ekki illa sett sem hafa öðrum eins hæfileikamanni á að skipa í forustu sinni og enn fremur vildi ég fá nánar frá þessu greint, enda gæti komið sér vel fyrir ríkisstj. að hafa sérstakt samband við slíkan mann eins og nú standa sakir.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa hæstv. menntmrh., sem ég skil vel að orðin sé lúin og þreytt af barningi síðustu vikna, um að ég sagði ekki fjölkunnugur heldur gjörkunnugur. Það má vel fyrirgefa hæstv. ráðh. að henni hafi misheyrst. Menn eru orðnir þreyttir eftir erfiða stjórnartíð.

Skoðun fiski- og skemmtibáta, fsp. 67. mál (þskj. 68). — Ein umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. samgrh., sem þarf að svara þessari fsp., hefur tjáð mér og var raunar búinn að tjá mér áður að það er ekki hægt að svara þessari fsp. vegna þess að ekki er hægt að vinna svarið vegna verkfallsins.

Raforkuverð á Íslandi, fsp. 79. mál (þskj. 81). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 81 leyft mér að leggja fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. um könnun á raforkuverði á Íslandi:

„1. Hverjar eru niðurstöður nefndar þeirrar er kanna skyldi verðmyndun á raforku hér á landi í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. mars 1984?

2. Hverjir áttu sæti í nefndinni?

3. Með hverjum hætti verða niðurstöður hennar kynntar almenningi?"

Ég hygg, herra forseti, að það sé óþarfi að hafa um þetta fleiri orð. Þetta er einföld og skýrt afmörkuð fsp. í beinu framhaldi af ályktun Alþingis frá 22. mars fyrr á þessu ári.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Vegna þessarar fsp. er frá því að segja í stuttu máli að skömmu eftir samþykkt þál. var hafin leit að hlutlausum sérfræðingum, eins og þar greindi að mig minnir, til þess að annast innihald og framkvæmd þessarar þál. Þar stóð, held ég „óvilhallir sérfræðingar".

Það tókst að finna þessa þrjá menn, en það dróst mjög úr hömlu að þeir hæfu starf og undir haust gengu tveir þeirra úr skaftinu, báðust undan að starfa í nefndinni. Þá var tekið til á nýjan leik við að skipa nefndina og nú hefur það tekist og nefndin hafið störf. Í henni er Sveinn Júlíus Sólnes prófessor, formaður, Gamalíel Sveinsson viðskiptafræðingur, en hann hefur haldið út í báðum nefndunum allan tímann, og þriðji Bergsteinn Gizurarson verkfræðingur. Af sjálfu leiðir að önnur svör gefast ekki við þessari fsp. né heldur 3. lið hennar, með hverjum hætti niðurstöður hennar verði kynntar almenningi. En ég hef lagt mjög mikla áherslu á vegna þessara mistaka að nefndin hraði störfum og hefur formaður hennar gefið mér góð orð

um að svo muni verða gert.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans sem voru skýr og skilmerkileg þó að þau væru nokkuð í aðra veru en ég átti von á. Satt að segja kemur mér það mjög á óvart hvernig staðið hefur verið að þessu máli. Þetta er mikilsvert mál sem menn voru sammála um hér á Alþingi í fyrra að nauðsyn bæri til að fá svör við, þ. e. hvernig raforkuverð myndaðist hér á landi og hverjar orsakir lægju til þess að það væri svo mjög miklu hærra en víða annars staðar. Ég er satt að segja mjög hissa á því að hæstv. iðnrh., sem ég veit að er áhugamaður um það að vilji þingsins nái fram að ganga í hverju máli, skuli ekki hafa rekið tryppin betur í þessu máli en raun ber vitni.

Nú má vera svo, sé honum unnt sannmælis, að hann hafi ekki fengið við þessu gert og ekki fengið rönd við reist hvernig hér fór. En það ber að láta í ljós þá von að þessi nefnd sem nú hefur loks tekið til starfa, skili niðurstöðum. **(Iðnrh.:** Fyrir áramótin.) Mér þykir vænt um að heyra það. Hæstv. iðnrh. skýtur hér inn í umr. að þessi nefnd ljúki störfum fyrir áramót og þá verður Alþingi væntanlega og almenningi öllum gerð grein fyrir störfum nefndarinnar. En það er gagnrýni vert hve hér var illa af stað farið eða hve illa tókst til með þetta mál sem varðar svo miklu. Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð, en læt í ljós þá von að niðurstöður þessarar nefndar megi liggja hér fyrir og verða kynntar eigi síðar en um áramót og ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir þessi svör hans.

Einingahús, fsp. 80. mál (þskj. 82). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Framleiðsla og bygging einingahúsa hefur verið vaxandi atvinnugrein nú síðustu árin. Að margra áliti hefur sá byggingarmáti auðveldað mörgum að koma sér upp húsnæði sem ella hefðu átt erfitt með það. Þar skiptir byggingartíminn meginmáli, en hann er yfirleitt aðeins 3—6 mánuðir og getur raunar verið enn skemmri. Augljóst er einnig það hagræði að geta unnið að framleiðslu húsanna að mestu leyti innan dyra í verksmiðjum og stytt þannig mjög þann tíma sem unnið er úti við á byggingarstað í misjöfnum veðrum. Þannig fæst samfelld vinna sem ekki er jafnháð veðurfari og hefðbundin byggingarstarfsemi. Auk hagræðis og sparnaðar fyrir húsakaupendur og samfelldari og þægilegri vinnu við húsagerðina má benda á að einingahús eru framleidd á ýmsum stöðum á landinu þar sem mikilvægt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði að hlúa að vaxandi atvinnugreinum.

Í greinargerð frá 3. maí 1983 vegna könnunar á íslenskum einingahúsum eru talin upp 21 fyrirtæki sem framleiða einingahús, þar af 6 á höfuðborgarsvæðinu, en hin 15 dreifð um allt landið, á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi, á Blönduósi, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Selfossi og í Vestmannaeyjum. Með samræmdum gæðakröfum og ströngu eftirliti hefur framleiðsla íslenskra einingahúsa orðið fyllilega samkeppnishæf við hefðbundinn byggingarmáta.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem byggja á hefðbundinn hátt hafa verið greidd út í þremur áföngum — fyrsti hlutinn 6 mánuðum eftir að húsið er fokhelt, en sá síðasti 18 mánuðum eftir fokheldi. Þessar úthlutunarreglur eru miðaðar við venjulegan byggingartíma steinsteyptra húsa. Byggingartími einingahúsa er hins vegar miklu skemmri og hafa úthlutunarreglur lána til kaupenda slíkra húsa því miðast við að greiða þau út á um það bil 10 mánuðum frá fokheldi. Þess ber þó einnig að geta að fokheldisstig er í raun ekki sambærilegt þar sem einingahúsin eru lengra á veg komin þegar þau eru talin fokheld.

Með þeim úthlutunarreglum sem upp voru teknar árið 1977 var því stefnt að því að jafna aðstöðumun þeirra sem kaupa einingahús og þeirra sem byggja á hefðbundinn hátt. Enn fremur áttu þær að stuðla að bættri samkeppnisstöðu innlendrar einingahúsagerðar gagnvart innflutningi slíkra húsa. Að flestra mati hefur þetta tekist. Spurningin er hvort þeim árangri sé nú stefnt í hættu með þeim nýju úthlutunarreglum húsnæðislána sem samþykktar voru í húsnæðisstjórn 19. sept. s. l. Skv. þeim reglum á úthlutun lána vegna einingahúsa að fara fram á jafnlöngum tíma og úthlutun lána vegna hefðbundinna húsa þrátt fyrir svo ólíkar aðstæður sem áður er lýst. Til þess að varpa ljósi á þetta mál og vekja athygli þm. á hagsmunum húsbyggjenda í því sambandi og stöðu þessarar iðngreinar hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 82 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða aukning hefur orðið á framleiðslu íslenskra einingahúsa s. l. þrjú ár?

2. Hvert var hlutfall einingahúsa af húsbyggingum árið 1983 í stærstu þéttbýliskjörnum annars vegar og hins vegar smáum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli?

3. Hver var á árinu 1983 meðalstærð einingahúsa í samanburði við önnur einbýlishús sem byggð voru á hefðbundinn hátt?

4. Hvaða áhrif er talið að breyttar úthlutunarreglur húsnæðislána, sem samþykktar voru í húsnæðisstjórn 19. sept. s. l., hafi:

a) á fjármögnun húsbyggjenda er kaupa og fá einingahús afhent eftir næstu áramót?

b) á framleiðslu einingahúsa sem iðnað í landinu?

c) á byggingarmarkaðinn í heild og verðlag á húsnæði?

5. Eru þessar breyttu úthlutunarreglur húsnæðislána til marks um stefnubreytingu í húsnæðismálum, og ef svo er, hvað er talið vinnast með slíkri breytingu?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Til að geta svarað sem best fsp. hv. 7. landsk. þm. á þskj. 82 hef ég óskað eftir því að Húsnæðisstofnun gæfi mér upplýsingar um það sem hér er um spurt og rök fyrir þeirri ákvörðun stjórnar Húsnæðisstofnunarinnar að gera samþykkt þá sem hér er vitnað til. Það svar sem Húsnæðisstofnun lætur í té er sem hér segir:

„Hvaða aukning hefur orðið á framleiðslu íslenskra einingahúsa s.l. þrjú ár?"

Svarið er: Fjöldi framleiddra íslenskra einingahúsa á ári frá 1975: 1975 eru framleidd 179 hús, 1976 178 hús sem er 0.6% minnkun, 1977 156 hús sem er minnkun um 12.4%, 1978 197 hús sem er aukning um 26.3%, 1979 213 hús sem er aukning um 8.1%, 1980 228 hús sem er aukning um 7%, 1981 252 hús sem er aukning um 10.5%, 1982 284 hús sem er aukning um 12.7%,

1983 300 hús sem er aukning um 5.6% og 1984 er áætlað að framleidd verði milli 400 og 450 hús. Samtals eru þetta 2436 hús á árabilinu 1975—1984.

2. spurning: „Hvert var hlutfall einingahúsa af húsbyggingum á árinu 1983 í stærstu þéttbýliskjörnum annars vegar og hins vegar á smáum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli?"

Svar stofnunarinnar: Framleiðsla einingahúsa sem hlutfall af byggðum einbýlis- og raðhúsum á árinu 1983 er á bilinu 20 — 26% miðað við allt landið og sem hlutfall af heildaríbúðarbyggingum 8 — 10% á árinu 1983. Þessi hlutföll má áætla að breytast muni á þessu ári og að heildarmarkaðshlutdeild þeirra verði þá á bilinu 10 — 12% í stað 8 — 10%. Hlutfall einingahúsa af húsum í byggingu á stór- Reykjavíkursvæðinu er um 32% á þessu ári.

3. spurning: „Hver var á árinu 1983 meðalstærð einingahúsa í samanburði við önnur einbýlishús sem byggð voru á hefðbundinn hátt?"

Svar: Meðalstærð einingahúsa er 140—150 fermetrar og meðalstærð einbýlishúsa 170—180 fermetrar.

4. spurning: „Hvaða áhrif er talið að breyttar útlánareglur húsnæðislána, sem samþykktar voru í húsnæðismálastjórn 19. sept. s. l., hafi:

a) á fjármögnun húsbyggjenda er kaupa og fá einingahús afhent eftir næstu áramót?

b) á framleiðslu einingahúsa sem iðnað í landinu?

c) á byggingarmarkaðinn í heild og verðlag á húsnæði?"

Svar stofnunarinnar:

a) Þau áhrif sem samþykktin hefur í för með sér liggja aðallega í þeim vaxtamun sem lántaki þarf annars vegar að greiða til framleiðandans, t. d. vegna lántöku í banka, og svo hins vegar þá gjaldföllnu vexti sem annars þyrfti að bera af láninu yfir sama tímabil. Ýmsar gerðir samninga eru í gangi milli framleiðenda og kaupenda og er því erfitt að segja til um þennan mun. Dæmi um samninga: 1. Húsnæðisstjórnarlánið er sett á ákveðna gjalddaga í kaupsamningi. Ef það verður dráttur á því eru dráttarvextir reiknaðir. 2. Litið er á lánið sem lán frá framleiðanda og hann reiknar sér vexti þar til lánið kemur til útgreiðslu frá stofnuninni. Þessar greiðslur eru ódagsettar.

b) Útstreymi úr Byggingarsjóði ríkisins verður hægara og eftirspurn eftir einingahúsum er eitthvað að minnka. Á það skal bent að almennt er búist við samdrætti í byggingariðnaðinum á næsta ári. Einingahúsaframleiðendur hafa einnig notið lánafyrirgreiðslu úr Seðlabanka Íslands, þ. e. þeir fá afurðalán.

c) Breyttar útlánareglur munu hafa lítil áhrif á byggingarmarkaðinn í heild. Einingahúsaframleiðslan mun sennilega eitthvað dragast saman almennt. Við útboð tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna félagslegra íbúða virðast einingahúsin ekki ódýrari byggingarmáti en hinn hefðbundni og hefur þessi framleiðsla ekki skilað sér í lækkuðu verðlagi eins og vonast var eftir. Ætla má að verðhækkun verði á einingahúsum sem nemur mismun á fjármagnskostnaði í bankakerfinu og lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Ekki er búist við að þessi samþykkt hafi áhrif á verðlag á öðru húsnæði.

5. spurning: „Eru þessar breyttu úthlutunarreglur húsnæðislána til marks um stefnubreytingu í húsnæðismálum, og ef svo er, hvað er talið vinnast með slíkri breytingu?"

Svar Húsnæðisstofnunarinnar: Sú fyrirgreiðsla sem innlendir einingahúsaframleiðendur hafa notið hjá Húsnæðisstofnuninni var í upphafi hugsuð til að koma fótum undir þessa framleiðslugrein. Nú er aftur á móti talið að framleiðendur séu búnir að ná fótfestu á þessum markaði. Í nýjum lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, lögum nr. 60/1984, er talað um viðurkennda framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Má ætla að þegar fjárhagsstaða sjóðsins gefur tilefni til þess að veita slíka viðurkenningu muni þessir framleiðendur fá hana svo framarlega að þeir geti sýnt fram á framleiðslu á góðri og ódýrri vöru.

Ég vil við þetta bæta að ég geri mér fulla grein fyrir þeirri miklu röskun sem þessi samþykkt húsnæðismálastjórnar getur haft á þróun einingahúsaframleiðslu í landinu. Jafnframt geri ég mér líka grein fyrir mikilvægi þessarar framleiðslugreinar fyrir atvinnulífið í landinu öllu, ekki síst á hinum minni stöðum víðs vegar um landið eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Þess vegna lét ég hefja könnun fyrir nokkru á stöðu einingahúsaframleiðslunnar varðandi atvinnuumsvif og atvinnuuppbyggingu á viðkomandi svæðum og hver áhrif þessi framleiðsla hefur á byggingariðnaðinn í heild. Ég mun strax að fengnum þessum upplýsingum, sem ég vænti að fá núna mjög fljótlega, ræða sérstaklega við stjórn Húsnæðisstofnunarinnar um þetta mál áður en umrædd samþykkt stjórnarinnar getur komið til framkvæmda. Ég er ekki samþykkur þessari stjórnarsamþykkt að öllu leyti og mun þess vegna í kjölfar úttektarinnar, sem ég bíð eftir, beita mér fyrir því að samþykktin verði endurskoðuð.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er sannarlega þörf á því að flytja hér fsp. af þessu tagi. Ég tek undir meginmál þess sem að baki fsp. liggur. Ég er ekki í neinum vafa um að hér er um að ræða einhverja merkustu ef ekki merkustu tilraun sem hefur verið gerð hér á landi til að lækka byggingarkostnað og auðvelda fólki að koma sér þaki yfir höfuðið. Og ég trúi því vægast sagt ekki, sem kemur frá Húsnæðisstofnun um þetta mál, að hér sé ekki um ódýrari lausn að ræða fyrir íbúðabyggjendur almennt.

Hitt er svo rétt, að þessi starfsemi hefur lengi átt undir högg að sækja og ég þekki það vel og við þekkjum það nokkrir þm. úr Ed. sem höfum verið að berjast þar fyrir því að þessi framleiðsla nyti jafnréttis við aðrar byggingar varðandi söluskattsinnheimtu. Við þekkjum hvað erfitt var að ná því í gegn t. d. bara varðandi íbúðabyggingarnar einar, hvað þá annað húsnæði. Ein leiðin til þess að greiða fyrir þessari framleiðslu og greiða um leið fyrir húsbyggjendum var enn fremur sú að breyta um lánareglur á þann hátt að ⅔ væru greiddir út. Það auðveldaði fólki mjög leikinn sem annars hefði ekki átt auðvelt með að koma sér upp húsnæði. Sama var um það að segja að þegar menn sáu vinsældir einingahúsanna tóku menn til við að flytja inn einingahús. Það var reynt að koma í veg fyrir að sá innflutningur yrði hömlulaus.

Nú virðist vera snúið af braut og Húsnæðisstofnun ríkisins ætlar að hafa forgöngu um að snúa alveg af braut. Réttlæting þessa í þeim svörum sem hæstv. ráðh. las frá stofnuninni var vægast sagt aum. Ég fullyrði að þessar breyttu lánareglur hafa bæði neikvæð áhrif á þá fjölmörgu byggingaraðila sem hafa unnið hér að með góðum árangri og ekki síður fyrir húsbyggjendur. Og ég

harma það vegna þess að þessi byggingarmáti er sjálfsögð leið til að auðvelda fólki að eignast húsnæði.

Á það ber að líta að auðvitað hefur hæstv. ráðh. hér æðsta vald. Miðað við síðustu orð hans áðan hlýtur það að vera hans að neita að samþykkja þessar vitlausu reglur, sem Húsnæðisstofnun er þarna að setja, og koma í veg fyrir að þessi breyting verði.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mig langar að taka undir þakkir síðasta ræðumanns til fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og sérstaklega að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör sem voru nánast ekki önnur en þau að hann væri ósammála álitsgerð húsnæðismálastjórnar. Það þykir mér gott að heyra.

Ég hef sjaldan hlustað á annan eins lopa og þann sem við urðum að hlýða á frá þessari stofnun. Inntakið var raunar ekki annað en það að þeir þyrftu þá minna að lána, það yrði kannske eitthvað svipað útstreymi almennt, en það yrði minna til þessarar greinar. Síðan var sagt að það hefði mátt veita lán til verksmiðjusmíðaðra húsa á meðan framleiðslan var á bernskuskeiði, en nú sé það ekki þörf lengur, nú eigi að fara að mismuna enn þá meira en gert hefur verið og þá þurfi Húsnæðisstofnunin síðar — og verr — að greiða út þau lán sem henni ber. Þetta var í rauninni inntakið í því sem Húsnæðisstofnun sagði.

Auðvitað vitum við að fjár er vant til allra mögulegra og líka reyndar, finnst sumum, til ómögulegra hluta í þessu landi og hæstv. ráðh. er auðvitað í erfiðleikum með að sinna þessu mikilvæga málefni. En hitt er gott að vita að hann ætlar sýnilega ekki að láta bjóða sér og öðrum það sem í þessari ályktun húsnæðismálastjórnar felst þannig að þessi blómlega starfsemi, sem er auðvitað enn á bernskuskeiði, verði ekki drepin. Ég vona að flestir eða allir þm. muni styrkja hæstv. ráðh. í þeirri viðleitni hans, sem fram undan er á næstu vikum og mánuðum, og láti það ekki gerast að þessi ályktun húsnæðismálastjórnar komi nokkurn tíma til framkvæmda.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Eins og aðrir hv. þm. sem hér hafa talað verð ég að lýsa vonbrigðum með þau svör sem hér voru lesin frá stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það þarf engum blöðum um það að fletta og mönnum er það ljóst að einingahúsin hafa valdið og hafa haft í för með sér verulegar breytingar í húsnæðismálum hér. Það sýnir bara sá fjöldi þeirra húsa, sem risinn er víðs vegar um land, og það sýna líka þær verksmiðjur, sem tekið hafa til starfa víðs vegar um land til að framleiða þessi hús, að þessi framleiðsla á meira en fullan rétt á sér.

Nú er svo að einingahúsaframleiðendur hafa skrifað húsnæðisstjórn vegna þessarar ákvörðunar og með leyfi forseta langar mig til að vitna til bréfs þeirra. Þar stendur:

„Meginástæða fyrir hinni greiðu afgreiðslu lána til kaupenda einingahúsa á undanförnum árum hefur verið hinn skammi byggingartími sem náðist með tilkomu einingahúsaframleiðslunnar. Þar hafa því farið saman hagsmunir húsbyggjenda sem og einingahúsaframleiðenda, sem aftur hefur leitt til lækkunar byggingarkostnaðar þessara húsa. Enn fremur hafa einingaverksmiðjurnar orðið einn vænlegasti vaxtarbroddur í húsnæðisiðnaðinum víða um land. Meginundirstaða þessarar farsælu þróunar undanfarin ár hefur einmitt verið sá skilningur, sem ríkt hefur í stjórn Húsnæðisstofnunar, að saman fari svo sem kostur er fjárstreymi og framkvæmdahraði. Ómæld áhrif þessa skilnings má sjá víða um land. Af fyrrgreindum ástæðum er óþarft að fjölyrða um hvílíkt reiðarslag ákvörðunin frá 19. sept. varð okkur sem og öllum öðrum hlutaðeigendum þessa máls. Það má t. d. benda á að þróun einingaframleiðslunnar hérlendis hefur dregið stórlega úr innflutningi húsaeininga í íbúðar- og sumarhús undanfarin ár. Þetta hefur án vafa aukið hlut þeirra sem að byggingariðnaði starfa hérlendis."

Í þessu bréfi kemur greinilega fram að þetta hefur leitt til lækkunar byggingarkostnaðar andstætt því sem haldið er fram í svari húsnæðismálastjórnar sem ég leyfi mér að draga mjög í efa að sé rétt. En ég fullyrði að hæstv. ráðh. muni hafa víðtækan stuðning við það að breyta þessari ákvörðun. Hins vegar sagði hæstv. ráðh. áðan að hann væri ekki samþykkur þessari ákvörðun stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins að öllu leyti. Og ég spyr þá hæstv. ráðh.: Er hann samþykkur þessari samþykkt að einhverju leyti eða er hann alls ekki samþykkur henni? Mér fannst það ekki koma nægilega skýrt fram í máli hans áðan. En ég er þeirrar skoðunar að það eigi að knýja á við stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins að hún breyti þessari afstöðu sinni, hún breyti þessari nýju reglu. Þetta skiptir verulegu máli fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki víðs vegar um land sem hafa farið af stað í þessari framleiðslu sem hefur gefið mjög góða raun og átti við vissa byrjunarörðugleika að etja, en ég fullyrði að stenst samkeppni og stenst þær gæðakröfur að sumu leyti betur sem gerðar eru en ýmis þau hús eða húshlutar sem flutt eru inn frá öðrum löndum, enda er þetta hannað af íslenskum iðnaðarmönnum og með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna. Það væri mikill skaði skeður ef þessi samþykkt húsnæðismálastjórnar bregður fæti fyrir eðlilega þróun í þessari framleiðslu hér.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er greinilegt að samþykkt húsnæðismálastjórnar frá 19. sept. s. l. hallar á framleiðendur einingahúsa hér á landi. Það hefur sýnt sig að þessi iðngrein á fullan rétt á sér. Ég get því með ánægju lýst því yfir að ég mun styðja hæstv. félmrh. í því að ákvörðun húsnæðismálastjórnar verði breytt.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þær spurningar sem hann leggur fyrir hæstv. félmrh. Þetta er mál sem er orðið mjög veigamikið og viðkvæmt og þarf ekki mörg orð hérna um það. Menn eru búnir að tjá sínar skoðanir á þessu máli, en ég vil undirstrika minn stuðning við það. Mér finnst samþykkt húsnæðismálastjórnar frá 19. sept. algerlega útilokuð gagnvart einingahúsaframleiðendum. Ég lýsi stuðningi mínum við félmrh. og ætlast til að þessu verði breytt. Framleiðsla einingahúsa er orðin miklu snarari atvinnuþáttur víða í landinu en margur hyggur og hús þessi eru góð. Það þorum við að fullyrða, sem höfum séð þau á öllum byggingarstigum, að þau hafa reynst vel. Og hvað er á móti því í okkar þjóðfélagi að við reynum heldur að draga saman í húsbyggingarkostnaði en að auka hann? Þessi hús eru minni og viðráðanlegri fyrir almenning en mörg stórhýsi sem hér

eru byggð. Þess vegna styð ég það að samþykkt húsnæðismálastjórnar verði breytt fyrir frumkvæði ráðh.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og þá sérstaklega fyrir þau orð hans að hann sé ekki samþykkur þessari ákvörðun húsnæðismálastjórnar og muni leggja til endurskoðun hennar.

Svör húsnæðismálastjórnar við spurningum mínum voru allathyglisverð og á ég eftir að skoða þau betur þegar þau birtast á prenti. Mér þótti þau orð raunar athyglisverðust að núgildandi reglur hafi verið settar til að koma fótum undir þessa iðngrein. Þá verð ég að segja að mér finnst hart að ætla nú að kippa fótunum undan henni. Ég legg áherslu á að hér er um mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að taka á strax.

Ég vil einnig þakka þeim þm., sem hafa tekið þátt í þessari umr., fyrir þeirra innlegg sem sýnir vonandi hug þingsins. Fulltrúar fjögurra þingflokka hafa nú lýst áliti sínu auk ráðh. og ætti það að vera honum styrkur til þess að breyta þessari samþykkt.

Að lokum vil ég taka það fram að með þessum breyttu úthlutunarreglum lána, sem fyrirhugaðar eru um næstu áramót, væri verið að auka aðstöðumun tvenns konar byggingaraðferða sem hvor tveggja á jafnmikinn rétt á sér. Þessar nýju reglur, sem við höfum verið að ræða um núna eru, að mínu mati, öllum í óhag, húsbyggjendum og byggingariðnaðinum í heild, og spurningin er hvort húsnæðismálastjórn er með þessari aðgerð að reyna að kaupa sér nokkurra mánaða frið á kostnað húsbyggjenda og einingahúsaiðnaðarins í landinu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr.

Það hefur komið hér greinilega fram áhugi manna fyrir framleiðslu einingahúsa og er það vel. Ég vil þó í leiðinni minna hv. alþm. á að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins er þingkjörin stjórn og telur sig þannig hafa nokkurt sjálfstæði í sínum umsvifum. Það er þess vegna eðlilegt að þegar ráðh. vill vefengja eitthvað eða breyta einhverju sem stjórnin hefur ákveðið brynji hann sig áður. Þess vegna lét ég hefja sérstaka rannsókn á áhrifum þessarar starfsemi víðs vegar þar sem hún fer fram. Ég mun þess vegna bera fram við stjórn stofnunarinnar rökstutt álit á því að sú samþykkt sem stjórnin hefur gert sé óheppileg og reyna að hafa áhrif á að hún verði dregin til baka.

Hv. 5. landsk. þm. dregur í efa mitt svar. Mér mæltist á þá leið að e. t. v. var hægt að draga þá ályktun að ég væri ekki í öllu mótfallinn samþykktinni. En ég vil benda á eitt sem kom fram í svari stofnunarinnar sem er tekið saman af stjórninni og starfsmönnum. Það finnst mér athygli vert og það vil ég láta athuga sérstaklega. Það er í sambandi við verðlagið á einingahúsum í landinu. Það var von allra að einingahúsaframleiðslan, sem er komin á hátt stig hjá okkur, gæti stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar. Á því þarf þjóðin að halda. Ég er þess vegna sammála Húsnæðisstofnuninni að vissu marki. Það hefur ekki náðst nægilegur árangur á því sviði og það er sérstakt rannsóknarefni út af fyrir sig. Það getur vel verið að kröfurnar séu svona miklar að það komi fram í of háu verðlagi og eins að gera þurfi á tollalögum o. fl. meiri breytingar en gert hefur verið. En þarna er eigi að síður drepið á atriði sem ég get tekið undir með stjórn stofnunarinnar því að verðlækkun hefur ekki skilað sér að þessu leyti til.

Um leið tek ég undir það að við þurfum að efla og verja þessa iðngrein. Hún hefur gífurlega mikla þýðingu, bæði þjóðhagslega og ekki hvað síst atvinnulega, víðs vegar þar sem þessi starfsemi fer fram. Það er líka mjög mikilvægt fyrir okkur sem þjóð sem býr í svo köldu landi, þar sem veðráttan er eins og hún er, að byggingartími er stuttur. Þessi framleiðsla stuðlar að því og er því mjög mikilvæg fyrir alla. Ég er búinn að kynnast mörgum málum í sambandi við innflutt einingahús sem hafa komið þannig við þá sem þau hafa keypt að það er til vansa hvernig á því hefur verið haldið. Fólk hefur orðið fyrir gífurlegu tjóni af göllum á slíkum húsum sem ekki þola íslenska veðráttu eins og mörg dæmi eru um. — En ég vona að þetta mál leysist farsællega.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir það að á þessum málum verði tekið. Það er mikilvægt að þessum reglum verði breytt aftur. Það er mikilvægt vegna þess að þetta er tvíþætt: Það er hagkvæmni í byggingum, ódýrari byggingar, og það er mikið atvinnuspursmál sem hefur orðið víða um land í sambandi við byggingu einingahúsa og hefur orðið grundvöllur fyrir með þeim reglum sem hafa verið til skamms tíma. Það er því í stuttu máli hægt að taka mjög ákveðið undir það að þessum reglum verði breytt hið fyrsta.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. vakti á því athygli að stjórn Húsnæðisstofnunar væri þingkjörin og sagði að þess vegna þyrfti hann kannske að brynja sig ef hann tækist á við þá virðulegu stjórn. Ég held nú að vald hennar sé ekki svo mikið, hið eiginlega framkvæmdavald, að ráðherra sjálfur og ríkisstj. geti ekki sagt henni fyrir verkum í þessu efni. en ef á því þarf að halda að ráðh. og ríkisstj. brynji sig gagnvart þessari virðulegu stjórn hefur ríkisstj. og ráðh. fengið þá brynju hér. Hér eru allir á einu máli um að þessari samþykkt beri að hrinda. Mér finnst nú óþarfa kurteisi af hæstv. ráðh. að vera að leita sér að nokkrum slíkum stuðningi. Ég veit að hann vill breyta þessu. En það er ábyggilega styrkur fyrir hann að hafa vilja Alþingis á bak við sig.

En ég get nú ekki stillt mig um að geta þess af þessu tilefni, þó að það eigi ekki sérstaklega við húsnæðismálastjórn, að þegar kosnar eru hér á Alþingi einhverjar stjórnir í stofnanir hist og her um þjóðfélagið og þar sem eru kannske verkefni fyrir einn eða tvo menn, þá er þetta orðið að stærðarstofnun og valdastofnun í þjóðfélaginu áður en nokkur veit af. Látum nú vera kostnaðinn, að borga nokkrum tugum manna laun, ef mennirnir eru eitthvað að vinna. En ef það er allt saman meira og minna gagnslaus vinna því að auðvitað er hægt að reka stofnun eins og Húsnæðisstofnun með sárafáum mönnum. Raunar væri sjálfsagt alveg nóg að væri þar einn maður sem tæki á móti fokheldisvottorðunum þegar um slík hús er að ræða og annar sem tæki á móti afgreiðsluseðlunum frá verksmiðjunum sem framleiddu húsin og færi með þau niður í Landsbanka þar sem peningarnir eru borgaðir út. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðh. hefur áreiðanlega stuðning þingsins líka til

þess að fækka eitthvað starfsmönnum í þessari stofnun ef svo slægist.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég er ekki viss um að húsnæðislánakerfi okkar mundi sinna þörfum húsbyggjenda mjög vel ef þar starfaði aðeins einn maður. Auðvitað á að gæta hagræðis og sparnaðar í þessum efnum. Það má alveg eins segja að það væri alveg nóg að einn maður starfaði t. d. við Morgunblaðið, einn ritstjóri. Ég hugsa að Morgunblaðið gæti jafnvel komið út fyrir því. En ég er ekki viss um að allir yrðu ánægðir með þá niðurstöðu og hvernig blaðið starfaði. (Gripið fram í.) Ég er nú ekki svo gerkunnugur innviðum þar og sjálfsagt má hagræða þar eins og annars staðar. En ég er ekki viss um að það megi reka alla starfsmennina þaðan nema einn. Ég er raunar viss um að það er hin mesta firra, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson.

En ég ætlaði að víkja aðeins að því sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan. Hann sagðist vona að þetta mál leystist farsællega. Hann sagðist mundu reyna að beita sér fyrir þessum breytingum. Nú er það svo að hæstv. ráðh. ræður þessu. Hann getur ráðið þessu og hann getur gert þessa breytingu. Ef hæstv. ráðh. vill raunverulega breyta þessu skora ég á hann að koma í þennan ræðustól og segja að hann ætli að breyta þessu. Ég hygg að það fari ekkert milli mála að ákvörðun um þessar lánareglur er alfarið á valdi félmrh. Ég skora á hæstv. félmrh. að koma í þennan ræðustól og gefa yfirlýsingu um að hann muni breyta þessari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar um lánareglur að því er varðar einingahús.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Það er nú aðeins örstutt aths. vegna þess að mér heyrist hæstv. ráðh. draga í efa að einingahús sé ódýrari byggingarkostur en sá hefðbundni. Ég vil aðeins benda á að í útlistunum húsnæðismálastjórnar týnist það ómælanlega hagræði sem húsbyggjendum er af hinum stutta byggingartíma einingahúsa, sem þýðir að þeir geta flutt inn örskömmu eftir að bygging hefst, stundum aðeins 3—4 vikum eftir að bygging hefst. Þess vegna er þetta kostur hinna efnaminni.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna einhverrar tregðu hjá hv. 5. landsk. þm. að skilja töluð orð vil ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði, að ég mun boða stjórn stofnunarinnar á fund um þetta mál og leggja fyrir stjórnina þau gögn í málinu sem ég hef sem rök fyrir því að láta breyta þessum reglum í það horf sem þær voru áður.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég harma að hæstv. félmrh. skuli ekki treysta sér til að gefa hér skýlausa yfirlýsingu um að þessum reglum verði breytt.

Seðlabanki Íslands, fsp. 90. mál (þskj. 93). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 93 leyft mér að bera fram fsp. í sex liðum til hæstv. viðskrh. varðandi Seðlabanka Íslands. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hverju nam kostnaður við nýbyggingu Seðlabankans 1. sept. s. l. í heild og á rúmmetra á núgildandi verðlagi?

2. Hvaða ráðstafanir hefur Seðlabankinn gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri, svo sem öðrum ríkisstofnunum hefur verið gert að gera?

3. Hve margir eru starfsmenn Seðlabankans?

4. Hver var heildarlaunakostnaður Seðlabankans á s. l. ári?

5. Hver er bifreiðaeign Seðlabankans?

6. Hver var risnukostnaður Seðlabankans frá s. l. áramótum fram til 1. sept. s. l.?"

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég leyfi mér að lesa svör við fsp. hv. 5. landsk. þm., en efnis til svara var aflað hjá Seðlabanka Íslands.

Svar við 1. fsp.: a. Kostnaður við nýbyggingu Seðlabanka 1. sept. s. l. nam í heild 154 millj. 242 þús. kr. — b. Kostnaður á rúmmetra á núgildandi verðlagi er 3870 kr.

Svar við 2. fsp.: Endurskipulagning og hagræðing í rekstri er erfið í framkvæmd á meðan bankinn býr við eins ófullnægjandi húsnæði og nú er, en starfsemi er skipt á hluta í fimm húsum við Austurstræti og Hafnarstræti. Reynt er að halda öllum rekstrarkostnaði niðri, sbr. litla fjölgun starfsmanna. Þeir voru 124 í árslok 1974 og eru nú aðeins fjórum fleiri, sjá svar við 3. fsp. Ýmis hagræðing er nú í undirbúningi sem mun koma í framkvæmd þegar flutt verður í nýtt húsnæði.

Svar við 3. fsp.: Stöðugildi voru 128 hinn 1. okt. 1984 auk þriggja bankastjóra.

Svar við 4. fsp.: Launagreiðslur bankans árið 1983 námu 44 millj. 987 þús. kr.

Svar við 5. fsp.: Bifreiðaeign Seðlabankans, einkum vegna bankastjórnar og bankaeftirlits, var sem hér segir 1. okt. 1984: Range Rover, árgerð 1981, Volvo 240, árgerð 1983, Audi, árgerð 1984, Range Rover, árgerð 1984 og seðlaflutningabíll, Chevrolet Suburban, árgerð 1984.

Svar við 6. fsp.: Kostnaður við fundahöld og gestamóttöku tímabilið 1. jan. til 31. ágúst 1984 nam 1 millj. 681 þús. kr.

Vona ég að skýr svör hafi verið gefin við fsp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að leggja aðeins orð í belg við þessa umr. Nokkrum sinnum hef ég gert málefni Seðlabankans að umræðuefni hér á hinu háa Alþingi. Eitt sinn gerði ég fsp. vegna hins mikla bókasafns Seðlabankans, sem fæstir þm. vissu að væri til, því síður að yfir það hefði verið byggt stórhýsi að Einholti 4. Hv. þm. stóðu hér og spurðu furðu lostnir: Hvar er þetta hús? Síðan hefur það gerst að aðeins má eygja þetta mikla bókasafn í ársskýrslu Seðlabankans, þó afar ófullkomið, og enginn hefur enn þá séð ástæðu til að skila sérstökum ársreikningi fyrir þennan mikla rekstur. Ég minnti á það þá. Nú man ég ekki hvort þetta var árið 1981 eða 1982, en þá var munur á innkaupum til bókasafns Seðlabankans og Háskólabókasafns sá, að Háskólabókasafn hafði árið áður keypt bækur fyrir 50 millj. en Seðlabankinn fyrir 30 millj. Munurinn á þessum tveimur söfnum var líka sá, að annað bókasafnið, Háskólabókasafn, á að vera miðstöð mennta og menningar í landinu á æðsta skólastigi. Inn í hitt safnið kemur enginn nema starfsmenn.

Ekki er mér kunnugt um að á þessu hafi verið tekið á

nokkurn hátt, hvorki af bankaráði Seðlabankans — og við skulum ekki gleyma því að þar sitja hv. alþm. — né heldur að gerð hafi verið við það athugasemd að Seðlabankinn fær að ráðskast með arð sinn á þennan hátt.

Í annað sinn minntist ég hér á málefni Seðlabankans við umr. um fjárlög. Þá ítrekaði ég enn þessi málefni Seðlabankans og gagnrýndi að Seðlabankinn sjálfur ráðstafaði arði sínum eða hluta af honum. Annars staðar eins og t. d. í Finnlandi rennur sá arður beint í ríkissjóð. Þá sagði hæstv. núv. fjmrh. af miklum þunga, eins og hans er háttur, að lög um Seðlabanka Íslands þyrfti að endurskoða og skyldi hann sjá til þess að það yrði gert. Þar sem hann er nú hér ekki staddur kynni að vera að hæstv. viðskrh. hefði eitthvað heyrt af áhuga hæstv. fjmrh. um endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands og þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hann: Hefur ríkisstj. rætt það að einhverju? Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að þessi stofnun okkar allra, arður af henni, skuli vera notaður til þess að byggja skrauthallir yfir hégómlega bankastjóra og til þess að safna skrautbókum í kringum enn hégómlegri embættismenn. Einhver var nú svo tungulangur hér eftir þessa umr. að segja við mig: Þú minntist ekkert á málverkasafnið. Ég veit ekkert um málverkasafnið. Ég veit ekki heldur nógu mikið um allar laxveiðiferðirnar og annað sem þessir peningar eru notaðir til. Ef hið háa Alþingi hefði rænu á, eins og hæstv. fjmrh. virtist hafa svo mikinn áhuga á, að taka af þessum mönnum ráðin, kynnu að finnast peningar sen nú vantar til að greiða íslenskum launþegum laun sem þeir geta lifað á.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Þeim mun minni peninga sem þessi þjóð á, þeim mun fínni hús byggir hún til að geyma þessar fáu og verðlitlu krónur. Þeim mun meiri erfiðleika sem við er að eiga í opinberu lífi og hjá einstaklingum, þeim mun meira fjölgar bankaútibúum og þeim mun glæsilegri verða þau. Og kórónan á öllu því sköpunarverki er stórhýsið, sem er að rísa hér norðan undir Arnarhólnum, þar sem hvergi er til sparað, þar sem hvergi er slegið af framkvæmdahraða þó að annað verði að bíða, vegna þess að þar eru nógir peningar. Ég bar þessa fsp. fram hér til að fá fram upplýsingar um byggingarkostnað þessa húss. Það verður fróðlegt að bera það saman við ýmsar aðrar opinberar byggingar, sem byggðar hafa verið, fróðlegt að bera það saman við opinberar byggingar sem við vitum um, þar sem sparnaðar og aðhalds hefur verið gætt í hvívetna og tekist að byggja ódýrari hús en kannske nokkurs staðar annars staðar á landinu. Nefni ég þar t. d. verknámshús við Fjölbrautaskólann á Akranesi og heimavistarhús við þann skóla þar sem aðhalds og sparnaðar var gætt til hins ýtrasta. En þessi bygging Seðlabankans er minnismerki sem aldrei skyldi reist hafa verið.

Ég spyr hér hvaða ráðstafanir Seðlabankinn hafi gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri og það kemur fram í svari hæstv. ráðh., sem er skýrt og skilmerkilegt, að ekkert slíkt hefur verið gert. Og menn bera því við að það sé svo erfitt að gera slíkt meðan bankinn búi við núverandi aðstæður. Það er spurt um starfsmannafjölda og það kemur í ljós að stöðugildi voru 128 auk þriggja bankastjóra. Sjálfsagt hefur þetta fólk ýmis verkefni. En ég leyfi mér að halda því fram að þarna hljóti eins og í fleiri opinberum stofnunum að vera hægt að hagræða og gæta aðhalds og sparnaðar. Ég held raunar að Seðlabanki Íslands sé dæmi um stofnun sem hefur stokkið út úr kerfinu og vex sjálf, stjórnar sér sjálf, fer sínu fram — bókasafn, málverkasafn, nýbygging — fer sínu fram án þess að nokkur geti þar rönd við reist, án þess að nokkur geti þar í rauninni gert athugasemdir. Það eru fleiri svona stofnanir í kerfinu. Ég held að Landsvirkjun sé t. d. ein þeirra. Ég held að þetta sé umhugsunarefni fyrir Alþingi og alþm. Þessi stofnun er stikkfrí.

Það var spurt um risnukostnað. 1.6 millj. frá 1. jan. til 31. ágúst. Þetta getur verið eðlilegt. En þetta getur líka verið óeðlilegt. Það var minnst hér á laxveiðileyfi. Það hefði líklega verið rétt að spyrja sérstaklega um þau. En það liggur hér fyrir þinginu önnur fsp. um þau efni svo að þar koma væntanlega fram einhver svör. Það var spurt hér um bifreiðaeign. Tvær bifreiðar af gerðinni Range Rover. Ég leyfi mér að spyrja: Hvað hefur Seðlabankinn við slíka torfærubíla að gera? Er það til að flytja menn í laxinn? Er það til að flytja peninga? En svo á hann sérstakan seðlaflutningabíl Chevrolet Suburban, svona eins og lögreglubílana, — og það veitir sjálfsagt ekkert af því. En ég leyfi mér að setja spurningarmerki við þessa bílaeign Seðlabankans. Range Rover, árgerð 1984, Audi, árgerð 1984, til hvers eru þessir bílar brúkaðir? Til að flytja menn til laxveiða eða hvað? Eru þetta bílar bankastjóranna? Ég held að þarna megi setja ýmis spurningarmerki og ég leyfi mér að draga í efa að þarna sé aðhalds gætt. Þarna sýnist mér miklu frekar sem látið sé vaða á súðum bæði í rekstri og framkvæmdum. Ég held að alþm. ættu að hugleiða hvernig á að bregðast við slíku hjá stofnunum ríkisins.

Nú er Seðlabankinn auðvitað nauðsynleg stofnun, ekki skal ég draga úr því. En þessar stofnanir verða auðvitað að fara eftir reglum. Þegar gætt er aðhalds og sparnaðar í öllum rekstri ríkisins, ekki síst því sem varðar almenning, þegar hækkaðar eru álögur á almenning t. d. fyrir lyf, lækniskostnað og því um líkt, þá er bara allt stjórnlaust annars staðar, þá eru bara keyptir dýrari og dýrari bílar. Ég held að stjórnendur þessarar stofnunar skuldi okkur skýringar, enn frekari skýringar en hér komu fram í þessu svari. En ég ítreka þakkir mínar til viðskrh. fyrir þetta svar.

Árni Johnsen: Herra forseti. Glæsilegur arkitektúr er spennandi og það er að rísa fallegt hús við Skúlagötuna, seðlabankabyggingin. En ætli það sé ekki vitlaus bygging á vitlausum tíma? Ætli það væri ekki eiginlegra að sjá slíka byggingu rísa t. d. í Arabíu þar sem glæstar hallir rísa, hvort sem það er skynsamlegt eða ekki þegar tekið er tillit til fólksins sem býr á umræddum svæðum.

Það hefur verið vikið að því að þetta væri í samræmi við þá útþenslu sem átt hefur sér stað í byggingu bankaútibúa um allt land, þó að það sé mest hér á Reykjavíkursvæðinu. Á sama tíma einangra bankar ákveðin pláss í landinu. Einn banki sér um þennan stað, annar um hinn, en síðan kemur þriðji staðurinn sem hefur kannske 4—5 banka. Þetta er aðeins hluti af þeim ósóma sem á sér stað í þróun bankamála í landinu og ástæða er til að gagnrýna.

Ég vil taka undir það að það er siðleysi að byggja

Seðlabanka Íslands á þeim tíma þegar ganga þarf að kjörum fólks í landinu til þess að rétta við vanda þjóðarinnar í heild. Ég held að slíkt ætti ekki að eiga sér stað í okkar landi þó svo að við eigum að hugsa hátt og byggja glæsilega þegar efni standa til. Þessi bygging hefur minnt mig á það þegar ég kom til Addis Ababa í Eþíópíu. Í fréttum í blöðum eru ósjaldan birtar myndir af glæsilegri götu í Addis Ababa þar sem stórhýsi eru og glæstar hallir. Það er um 1 milljón íbúa sem býr í þessari borg, en eina gatan með slíkum húsum er gatan sem sýnd er á myndum í fréttum og greinum frá þessari höfuðborg Eþíópíu. Allt í kring er svo fólkið sem býr við sult og seyru. Og þó ég sé ekki að líkja þessu saman við Ísland, þar sem fólk býr við margfalt, margfalt betri skilyrði en fólkið í Eþíópíu, þá dettur manni þetta samt í hug og er ástæða til að gagnrýna að slíkt skuli eiga sér stað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Siðleysi að byggja seðlabankahús núna, sagði hv. síðasti ræðumaður. Það var ekki talið siðleysi á síðasta Alþingi, þegar flutt var frv. hér um það að stöðva þessa byggingu, þá var slíkt ekki talið siðleysi af hv. stjórnarliðum, sem enn eru þeir sömu og stöðvuðu það frv. Það hefði verið þægilegra, a. m. k. auðveldara að telja launþegum á Íslandi trú um nauðsyn á 30% kjaraskerðingu á þessu ári, ef menn hefðu líka tekið á þeim þætti sem hér er verið að ræða um en ekki sleppt honum lausum eins og upplýsingar hæstv. ráðh. bera greinilega merki.

Það er vissulega orðin venja hér að við hv. þm. hlustum á svör — ekki ráðh. sjálfra, heldur forsvarsmanna þeirra stofnana sem spurt er um. Mér finnst alltaf hafa vantað á að hæstv. ráðherrar, sem ættu ef þeir risu undir nafni að ráða ferðinni í þessum efnum, létu uppi sína skoðun, eins og í þessu tilfelli. Telur hæstv. bankamálaráðherra að það sé með eðlilegum hætti sem seðlabankamálið hefur þróast meðan hann hefur setið við völd, á sama tíma og hæstv. ráðh. stuðlar að yfir 30% skerðingu á nauðþurftalaunum launafólks? Telur hæstv. ráðh. að Seðlabankinn þurfi nauðsynlega að eiga allan þennan bílaflota, fjallabíla ásamt öðru? Ég held að það sé vonlaust verk fyrir hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi að ætla sér að telja þjóðinni trú um að ekki séu til peningar til að borga brýnustu nauðþurftir launafjölskyldna í þessu landi á sama tíma og þeir halda hlífiskildi yfir óráðsíu af því tagi sem hér hefur verið upplýst í dag. Það hefði vissulega verið skynsamlegra og minnkað taugastríð hæstv. ráðh. sumra hverra að láta eitthvað af þessum fjármunum renna til hækkunar á launum opinberra starfsmanna. Það hefði verið nauðsynlegra þjóðfélagsins vegna heldur en að láta þróast við Skúlagötuna það siðleysi sem hv. þm. Árni Johnsen, stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. orðaði hér áðan, siðleysi í merg og bein lá við að hann segði. (**ÁJ:** Það voru orð þm.) Það voru orð þm., já en ég er að tala um hv. þm. Það er alveg rétt.

Herra forseti. Eg skal ekki lengja þetta meir. Öllum er augljóst að óráðsía hefur hér viðgengist. Það hefði verið nær af hv. Alþingi að grípa í taumana þegar tækifæri gafst á síðasta þingi og stöðva þetta a. m. k. um sinn, meðan þær þrengingar ganga yfir þjóðfélagið sem hæstv. ríkisstj. sjálf hefur sagt að væru og hefur að verulegum hluta kallað yfir íslenskt þjóðfélag. Enn er tími til að spyrna við fótum þó að ráðrúmið sé þrengra en ef það hefði verið gert fyrr. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. í lokin: Er það hans mat að hér hafi verið haldið skynsamlega á málum í ljósi þess ástands sem er í þjóðfélaginu að því er varðar peningamál? Leggur hæstv. ráðh. blessun sína yfir þessa þróun í seðlabankamálinu, eins og ekki verður komist hjá að álíta ef ekki koma greinilegri svör en hér hafa verið gefin?

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. fór til Afríku. Hann lýsti gatnagerð í Addis Ababa. Í blaðafréttum nýlega var frá því skýrt að í því landi, Eþíópíu, þar sem ríkir alvarleg hungursneyð og alþjóðlegar hjálparstofnanir m. a. hér á landi hafa reynt að koma matvælum til skila til íbúanna, hefði ríkisstjórn Mengistu, hins mikla mannúðarvinar og marxista í Eþíópíu, keypt whisky handa ráðuneytisstjórum og seðlabankastjórum þar í landi fyrir 30 millj. og þótti hneyksli í The Times of London.

Ég minnist þess frá námsárum mínum að þegar rætt var um aðstoð við vanþróaðar þjóðir í Afríku, þá var vitnað í hverja lýðfrelsishetjuna á fætur annarri, þá orðna að einræðisherrum, þar á meðal N'Krumah í Ghana, sem nýttu þá efnahagsaðstoð sem barst til þessara snauðu þjóða aðallega til að reisa sjálfum sér minnismerki. Höll Seðlabankans við Kalkofnsveg eða Arnarhól er minnismerki í afrískum stíl yfir óstjórn og siðleysi, sem viðgengist hefur a. m. k. á vitlausa áratugnum á Íslandi, hún er minnismerki um það.

Þegar spurt er hér hápólitískra spurninga og t. d. beint til hæstv. fjmrh.: Hvar eru peningarnir í þjóðfélaginu til þess að greiða fólki mannsæmandi laun? Þá á hann engin svör. En það er til marks um flottræfilshátt þessa þjóðfélags að á sama tíma og við byggjum í afrískum stíl minnismerki yfir okkar eigin óstjórn, þá eru ekki til peningar til að borga þeim konum laun sem munu skúra musterið þegar þar að kemur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Seðlabanki Íslands er nauðsynlegur, en nýbyggingin við Arnarhól er mjög gagnrýnd. Það er líka mjög gagnrýnd útþensla í byggingu banka og bankaútibúa sem sumir telja ósóma og siðleysi og þar fram eftir götunum. Vitanlega verða menn að gæta vel að því hvað þeir eru að segja í þessu falli, vegna þess að enginn efast um að nú á tímum þarf að vera þokkaleg peningastofnun í hverri byggð sem horfir fram og þar sem einhverjar framkvæmdir eru á annað borð. En það þarf að gæta hófs í þessum efnum. Og ég vil, af því að þessi mál ber nokkuð almennt á góma, geta þess að gefnu tilefni nú í lokin að þegar ég síðast vissi til, lágu fyrir í Seðlabanka Íslands 30—40 umsóknir um stofnun nýrra útibúa og afgreiðslna banka, en engin þeirra er frá Búnaðarbanka Íslands.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen:) Herra forseti. Í fyrsta lagi var beint hér sex fsp. til viðskrh. og þær birtar á þskj. Ég met það svo, að í fsp.-tíma svari ráðh. þeim fsp. sem til þeirra er beint. Menn hafa gagnrýnt að verið sé að eyða tíma Alþingis með löngum ræðum þegar hægt sé að svara spurningum. Ég hef reynt að gera það með þeim hætti og ég mun halda áfram að gera það. Ég get svo haft skoðun á byggingu Seðlabankans og látið hana koma fram þar sem umr. um seðlabankabyggingarnar sem slíka eru á dagskrá.

Hv. 10. landsk. þm. spurði hér áðan um endurskoðun

á lögum Seðlabankans og að hæstv. fjmrh. hefði vikið að því hér á síðasta þingi. Ég gerði ítarlega grein fyrir því þá að það hefur starfað nefnd sem skipuð var af þáv. viðskrh. Tómasi Árnasyni. Sú nefnd hefur skilað frv. til viðskrn. Innan tíðar mun það frv. verða lagt fyrir Alþingi og þá fá alþm. tækifæri til að koma fram með sínar tillögur um Seðlabankann, starfsemi hans og annað er þar við kemur. (**GHelg:** Hver er formaður nefndarinnar?) Formaður nefndarinnar fyrst var núv. hæstv. sjútvrh., en síðan tók við formennsku í nefndinni hv. 1. þm. Suðurl. Aðrir sem í nefndinni hafa verið eru fyrrv. viðskrh. Lúðvík Jósepsson, fyrrv. alþm. Jón G. Sólnes, fyrrv. viðskrh. Kjartan Jóhannsson og Björn Líndal deildarstjóri í viðskrn. Þessi frv., þ. e. um Seðlabankann og um viðskiptabankana, verða lögð fyrir Alþingi innan skamms tíma.

En umr. sem þessar og þau orð sem hér hafa verið sögð eru þess eðlis að mig langar til að gera þau að umtalsefni þótt örstutt verði.

Hv. fyrirspyrjandi sagði að þessar stofnanir þendust út o. s. frv. án þess að nokkur fengi rönd við reist. Ég veit nú ekki betur en Alþingi hafi kosið bankaráð Seðlabankans allt frá upphafi og a. m. k. þeir stjórnmálaflokkar sem lengst af hafa átt fulltrúa hér á Alþingi kosið fulltrúa sína í bankaráð. Þeir aðilar sem þar hafa setið hafa verið valdir af þingflokkunum og þeir þess vegna haft fullan aðgang að þessum mönnum og getað fengið að vita það sem þá lysti og ef þeir hefðu óskað eftir getað sett þeim forskrift um hegðun í bankaráðinu.

Virðum fyrir okkur hverjir hafa gegnt embætti viðskrh. undanfarin fimm ár. Það skyldi þó ekki vera að menn fyndu fulltrúa næstum allra stjórnmálaflokkanna, sem á Alþingi sitja, m. a. s. sjálfan formann Alþfl., og ég man ekki eftir því að gerðar hafi verið neinar athugasemdir í neinu tilviki. Kannske ekki ástæða til að svo hafi verið gert. Formaður Alþb. var líka viðskrh. og Framsfl. hefur átt viðskrh. og Sjálfstfl. nú. Ef menn vilja koma hér upp og „sletta úr klaufunum", eins og það er orðað, þá geta menn gert það. En það hafa allir, sem borið hafa ábyrgð á stjórn þessa lands, haft tækifæri til að koma sínum athugasemdum að.

Það eru kannske fleiri hús í þessu landi sem menn horfa á í dag. Það skyldi þó ekki vera að hv. fyrirspyrjandi ætti eftir að flytja inn í eitt af þeim. Mér er sagt að hann hafi lagt til að leggja það niður. Það tíðkast í dag að koma með tillögur um að leggja hlutina niður. En við skulum bara átta okkur á því að hér er um að ræða útvarpsráð og forustumenn útvarpsins, sem hafa tekið ákvörðun um það hvernig að þeim hlutum skuli staðið, og það er langt síðan það var gert. Að mínum dómi þýðir ekki að koma hér fram nú og ræða málin. Það má spyrja um bókasafn. Það hefur hv. 10. landsk. þm. gert og hún fékk tækifæri til að skoða það á sínum tíma. Menn tala um laxveiði, tala um málverk. Ég þekki þetta ekki svo að það verður þá að gera það undir einhverjum öðrum kringumstæðum. Ég hef hins vegar séð bókasafnið og það er mjög gott bókasafn. Ég er alltaf ákaflega hrifinn þegar ég sé falleg og góð bókasöfn. (**GHelg:** Hann hefur bara ekki efni á því að eiga það.)

Hér var verið að bera saman fjármuni sem þessi stofnun hefur notað og menn brugðu sér til Eþíópíu. Ég hef aldrei komið þangað svo að ég veit ekki hvernig hagar til þar. Hér kom hv. 5. þm. Reykv. og sagði að ráðuneytisstjórarnir og bankastjórarnir í Eþíópíu — ég las í fréttinni að marxistarnir og Leninistarnir hefðu keypt sér whisky til að halda upp á 10 ára yfirtökuafmælið, en það stóð nú ekki með að þetta væru ráðuneytisstjórar og bankastjórar. Einhver hvíslaði því að þeir væru bara ekki til þar, það væri ekki það kerfi sem þar væri starfað eftir. (Gripið fram í.) Vel má vera að hv. þm. þekki betur þar til og sjálfsagt gerir hann það. En ég held að slíkar umr. sem hér hafa farið fram eigi að eiga sér stað þegar málefni Seðlabankans verða hér til umr. Svör við þeim spurningum sem hér voru á þskj. frá hv. 5. landsk. þm. gaf ég, en fsp. hans er hér til svara. Ég get svo haft, eins og ég sagði áðan, skoðanir á þessum hlutum, en ég tel eðlilegt að þær komi fram þegar málefni Seðlabankans verða hér til umr. Ég tel að þau svör sem ég gaf séu fullnægjandi svör við þeim fsp. sem til mín var beint og það kom reyndar fram í svari fyrirspyrjanda.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Alveg er það með eindæmum hvað hinir ágætustu óbreyttir þm. geta gersamlega umhverfst um leið og þeir setjast í ráðherrastól, að því er varðar að segja sína skoðun á hlutum. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan: Ég svaraði eins og spurt var og auðvitað hef ég mína skoðun á málinu. Hún kemur auðvitað fram þar sem ég vil láta hana koma fram. Ekki hér á Alþingi. Ekki þar sem hún á fyrst og fremst að koma fram. Skoðun ráðh. þess málaflokks sem viðkomandi stofnun heyrir undir.

Ég kalla enn eftir skoðun hæstv. viðskrh., hans persónulegu skoðun á þessu máli. Geri hann ekki grein fyrir henni hér, þá hlýt ég að líta svo á og trúlega fleiri að hann sé sömu skoðunar og kemur fram í áliti þeirra sem ráða ferðinni í Seðlabankanum. Það eru auðvitað ágætismenn, það er ekki spurningin. En þeir þurfa aðhald ekki síður en aðrir. Og það er engin afsökun hjá hæstv. ráðh. þó að hann telji hér upp formann Alþfl., formann Alþb., formann Framsfl. og þó að við bættist formaður Kvennalistans, hv. þm. þar eða Bandalags jafnaðarmanna. Það er engin afsökun fyrir því að allt sé látið vaða á súðum hjá þeim sem nú stjórna þó svo að einhverjir aðrir hafi gert eitthvað álíka áður. Hér eru menn í orðaleik og eru raunar í þeirri varnarstöðu að þeir hafa engin svör við þeim spurningum sem bornar eru fram, þegar þeir sjálfir eru krafðir sagna um skoðun á málinu. Það er ekkert vandamál að fá sent úr Seðlabankanum, frá bankastjórum þar, bankaráði, þeirra skoðun á hvernig á málum er haldið í þeirri stofnun. Spurningin er auðvitað: Telja stjórnvöld að skynsamlega sé á málum haldið í þessu tilfelli? Því fást menn ekki til að svara hér. Hæstv. ráðh. fæst ekki til að svara því.

Menn eru ekkert að sletta úr klaufum hér, hæstv. ráðh. Hv. þm., sem gagnrýna þetta, eru að flytja hér inn á hv. Alþingi skoðun almennings í landinu, skoðun þess fólks sem ber uppi þessa stofnun fyrst og fremst, lætur af sínum launum til þess að þetta geti gerst. (Forseti hringir.) Þetta er óráðsía. — Hæstv. forseti, ég er að ljúka máli mínu, skal ekki tefja öllu lengur. En það er þessi skoðun hins almenna manns sem hér er verið að tala um, þess fólks sem hefur verið klipið af launum hjá yfir 30% á þessu ári undir handarjaðri núv. hæstv. ríkisstj., það er skoðun þess fólks að þarna sé illa farið með peninga, vitlaus bygging á vitlausum tíma, eins og Árni Johnsen, hv. stjórnarþm. sjálfur, orðaði

það áðan.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í þeirri fsp. sem hér er til umr. er m. a. spurt um heildarlaunakostnað Seðlabankans, bifreiðaeign og risnukostnað. Ég held að þau svör sem ráðh. gaf við þessari fsp. staðfesti augljóslega að slíkar upplýsingar, varðandi launakostnað, bifreiðaeign, risnukostnað og reyndar ferðakostnað líka, þurfi að vera upplýsingar sem stöðugt og reglulega beri að leggja fyrir hv. Alþingi vegna þess að með þeim hætti getur Alþingi betur sinnt sínu aðhalds- og eftirlitshlutverki.

Alþingi hefur reyndar tekið undir þessa skoðun mína vegna þess að fyrir rúmu ári síðan voru samþykkt hér fjögur frv. á Alþingi, varðandi Seðlabanka, Búnaðarbanka, Útvegsbankann og Landsbankann, þar sem þessir bankar voru krafðir um ítarlegri reikningsskil að því er varðar bifreiðar, risnu, ferðakostnað og launakostnað. Hæstv. ráðh. upplýsir hér að frv. að nýrri bankalöggjöf muni verða lagt hér innan tíðar fyrir hv. Alþingi. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að gefnu tilefni að því: Er það ætlan hæstv. ráðh. að leggja það frv. fyrir hv. Alþingi með því ákvæði að afnema eigi þessi lög, þessi nýsettu lög sem Alþingi setti, sem tryggja áttu að Alþingi og reyndar þjóðin öll hefði aðgang að þessum upplýsingum varðandi bifreiðar, risnu og ferðakostnað? Ég hreinlega trúi því ekki að svo sé.

Hæstv. ráðh. segir að bankaráðsmenn hafi engar athugasemdir gert í bankaráði við þessar upplýsingar um launakostnað, bifreiðar og risnukostnað og nefndi formann Alþfl. í því sambandi. (**Viðskrh.:** Nei, nei, nei, sem fyrrv. viðskrh.) Sem fyrrv. viðskrh. já. En ef þær upplýsingar sem ég hef eru réttar, þá harma ég það vegna þess að mér skilst að þeir sem hafi samið þetta nýja frv., sem leggja á fyrir Alþingi, standi allir að þessu ákvæði nema formaður Alþfl. sem skilar séráliti um það mál að afnema beri þessi nýsettu lög. Ég vil að gefnu tilefni, af því að þessi fsp. er hér til umr., spyrja hæstv. ráðh. hvort hann ætli sér að leggja fyrir Alþingi frv. með því ákvæði að þessi nýsettu lög, sem tryggja eiga þetta aðhald og eftirlit með bifreiða-, risnu- og ferðakostnaði, verði afnumin.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það hefur komið í ljós hér í þessum svörum að nýbygging Seðlabankans kostar 154 millj. kr. Og hvaðan koma þeir peningar? Þeir koma frá þjóðinni. Það er þjóðin sem leggur fram þetta fé til að byggja þetta musteri. Um það þarf enginn að velkjast í vafa.

Tvennt sem hæstv. ráðh. sagði vildi ég gera athugasemd við. Hann var að tala um þá ágætu menn sem skipa bankaráð Seðlabankans. Ekki skal ég draga úr því að þar sitji ágætir menn, kosnir af þingflokkunum. En það er mikill misskilningur hjá ráðh., a. m. k. er það mín skoðun, að þessir menn séu kosnir þangað til þess að fylgja forskriftum þingflokkanna. Það er rangt. Þeir eru kosnir í bankaráð Seðlabankans til að starfa þar af bestu sannfæringu, þekkingu og viti að þeim málum sem þar ber að starfa að. Ég á t. d. sæti í útvarpsráði, kosinn hér á Alþingi. Ég tel mig ekki vera sérstakan fulltrúa þingflokks Alþfl. þar, þannig að ég held að þetta sé misskilningur hjá hæstv. ráðh.

Í öðru lagi vék hæstv. ráðh. að öðrum byggingum sem væru að rísa á vegum ríkisins og sagði að ég væri að flytja í eina slíka byggingu. Ég kannast nú ekki við það að ég sé neitt að flytja, en hins vegar hefur hann kannske átt við það að Ríkisútvarpið væri að reisa mikla nýbyggingu. Það er rétt. Ég hef gagnrýnt þá byggingu og gagnrýni hvernig að málum var staðið þar og er staðið. Það er hlálegt til þess að hugsa að þegar sjónvarpið selur sitt húsnæði á Laugavegi 176, þá skuli — (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti, — þá skuli kannske bróðurparturinn af því sem fæst fyrir það húsnæði fara í það að borga kostnaðinn við flutninginn upp á Háaleitisbraut.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. landsk. þm. vil ég taka fram að það hefur verið reynt að vinna eins vel og unnt er að þeim hluta frv. sem varðar reikningsskil bankanna og upplýsingar. Ég er mjög fús til að skoða það sérstaklega hvort þau ákvæði sem hér hafa verið samþykkt munu ekki verða í því frv. sem endanlega verður frágengið þegar það verður lagt fyrir þingið.

Út af því sem hv. fyrirspyrjandi, hv. 5. landsk. þm. sagði og hafði eftir mér — ég orðaði það held ég svo að þingflokkarnir hefðu getað sett mönnum forskrift ef þeir hefðu kært sig um, þar sem þeir eru kjörnir hér á Alþingi í bankaráð og þeim er hér stillt upp af þingflokkunum — vil ég benda á að það verður ekki litið öðruvísi á en að þeir séu fulltrúar kosnir af þeim. En að sjálfsögðu fara þeir að störfum þar eins og við öll eftir okkar eigin samvisku og vonandi hafa þeir gert það í þessu bankaráði eins og annars staðar. Ég vakti athygli á þessu vegna þess að þm. sagði að hvergi væri hægt að koma að athugasemdum og þessar stofnanir fengju að vaða áfram eins og þeim sýndist. Ég held einmitt að það fyrirkomulag að héðan séu kosnir fulltrúar af Alþingi sé viðhaft til að tryggja að slíkt gerist ekki. Ef þm. heldur þessu fram, þá stafar það af því að hann metur það svo að þeir aðilar sem þarna stjórna, hvort sem þeir eru kjörnir af Alþingi eða þá sem starfsmenn, hafi ekki sinnt sínum störfum.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 30. okt., að loknum 11. fundi.

Samanburður á launakjörum launafólks á Íslandi og Norðurlöndum, þáltill. 113. mál (þskj. 117). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umhverfismál og náttúruvernd, þáltill. 118. mál (þskj. 122). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þrjú bréf fjármálaráðherra, þáltill. 120. mál (þskj. 124). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Úrbætur í umferðarmálum, þáltill. 121. mál (þskj. 125). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sala á íslenskri sérþekkingu erlendis, þáltill. 122. mál (þskj. 126). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu, þáltill. 11. mál (þskj. 11). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu og er það till. á þskj. 11. Markmið þáltill. er að Alþingi feli heilbr.- og trmrh. að lækka verulega hlut sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði. Sú leið sem hér er lögð til er að Alþingi feli heilbr.- og trmrh. að fella þegar í stað úr gildi í fyrsta lagi reglugerð um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði frá 25. maí 1984, í öðru lagi reglugerð um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna frá 25. maí 1984 og í þriðja lagi reglugerð um greiðslu sjúkratryggðra á sérfræðingahjálp í rannsóknum og röntgengreiningu frá 25. maí 1984.

Í þáltill. er þess í stað gert ráð fyrir að Alþingi feli heilbrmrh. að gefa út nýjar reglugerðir um lyfja- og lækniskostnað sjúklinga sem miðist við eftirfarandi.

1. Hlutur sjúklinga í áætluðum heildarlyfjakostnaði verði aldrei hærri en 25%.
2. Hlutur sjúklinga verði aldrei hærri en sem nemur 50% af lægstu gjaldskrárgreiðslu samlagslæknis eða sérfræðinga.
3. Greiðslur vegna röntgengreininga og annarra rannsókna verði þær sömu og til annarra sérfræðinga.
4. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu þó aldrei greiða meira en sem nemur helmingi af þeirri greiðslu sem gildir hverju sinni.

Auk þess skal í reglugerð kveða á um að gjald elli- og örorkulífeyrisþega til sérfræðinga falli niður sé um ítrekaðar vitjanir sérfræðinga að ræða.

Þær stórfelldu hækkanir sem urðu á lyfja- og lækniskostnaði í maí s. l. hafa að vonum verið mjög umdeildar og þykir mörgum að með þessari ráðstöfun höfum við færst áratugi aftur í tímann að því er varðar heilbrigðisþjónustu við sjúka. Þeirri stefnu hefur í öllum megindráttum verið fylgt á undanförnum árum og áratugum að tryggja öllum sem á þurfa að halda sem besta læknisþjónustu óháð efnahag fólks. Það felur auðvitað í sér mikla stefnubreytingu í heilbrigðisþjónustunni þegar svo er komið að efnalítið fólk getur ekki nýtt sér þá heilbrigðisþjónustu sem í boði er nema í ítrustu neyð. Það er ekki einasta þessi stefnubreyting sem umdeild hefur orðið og misboðið hefur réttlætiskennd fólksins í landinu, heldur og það að hæstv. ríkisstj. skuli í kjölfar mikilla kjaraskerðinga og mikillar skerðingar á lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega finna það helst ráð við efnahagsvanda ríkissjóðs að leggja stórfelldar gjaldtökur á þá sem síst skyldi í þjóðfélaginu, þannig að efnalítið sjúkt fólk þarf að hugsa sig tvisvar um áður en það leitar sér læknisþjónustu.

Hækkanir á lyfja- og lækniskostnaði hafa orðið gífurlegar á undanförnum 1—2 árum. Við getum tekið sem dæmi að á tímabilinu 1. júní 1983 til 1. júní 1984 hefur lyfja- og lækniskostnaður sjúklinga hækkað um 300—400% á sama tíma og grunnlífeyrir almannatrygginga hefur einungis hækkað um 13%. Á sama tíma má benda á að á einu ári, frá 1. ágúst 1983 til 1. ágúst 1984, hafa kauptaxtar til að mynda ASÍ-félaga aðeins hækkað um 13.3% að meðaltali.

Það segir sig vitaskuld sjálft að sú stórfellda hækkun sem hefur orðið á lyfja- og lækniskostnaði hefur bitnað með fullum þunga á þeim sem síst skyldi, þ. e. láglaunafólkinu, elli- og örorkulífeyrisþegum, ekki síst þegar þessi hækkun bætist ofan á mikla skerðingu á launum og lífeyri.

En hver var hlutur sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði fyrir þá stórfelldu hækkun sem varð í maí og hver er hann nú? Nærri lætur að með breytingunni sem gerð var í maí s. l. hafi hlutur sjúklinga hækkað úr 13% í yfir 50%. Ef tekið er til að mynda meðaltal á s. l. 10 árum, þá hefur hlutur sjúklings verið um 21—22%. Ég vil, herra forseti, fá að vitna orðrétt í grg. með þessari þáltill. eða þann kafla sem skýrir hve gífurleg aukning hefur orðið á hlut sjúklings í lyfja- og lækniskostnaði og þær stórfelldu byrðar sem lagðar voru á sjúklinga með þeirri reglugerðarbreytingu sem gerð var í maí s. l. Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Apótekarafélag Íslands gerði könnun vikuna 2.—6. apríl s. l. á greiðsluskiptingu lyfja milli sjúklinga og sjúkrasamlaga. Þar kemur í ljós að af heildarlyfjasölunni skiptust greiðslur þannig að sjúklingar greiða 13.8% og sjúkrasamlög 86.2%. Jafnframt kom fram að til þess að aðrir en aldraðir og öryrkjar yrðu látnir greiða um 25% af lyfjakostnaði þyrfti að hækka hlut sjúklings fyrir erlend lyf úr 100 kr. í 122 kr. og fyrir innlend lyf úr 50 kr. í 61 kr. Í reglugerðarbreytingunum frá því í maí s. l. hefur hlutur sjúklings hins vegar hækkað um nálega tvöfalt meira og nemur nú ca. 50% af heildarlyfjakostnaði.

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga í apríl og maí, þ. e. fyrir reglugerðarbreytingu, var rúmlega 52 millj. að meðaltali á mánuði. Ef tekið er meðaltal júlí- og ágústmánaðar, þ. e. eftir reglugerðarbreytinguna, er lyfjakostnaður sjúkratryggingadeildar tæplega 39 millj. að meðaltali á mánuði. Miðað við þessar forsendur má ráða að á ári sé um að ræða milli 150 og 160 millj. í auknum lyfjakostnaði fyrir sjúklinga.

Lækniskostnaður sjúkratrygginga var að meðaltali í apríl- og maímánuði s. l., eða fyrir reglugerðarbreytingu, rúmar 18 millj. kr. Eftir breytingu á reglugerð var meðaltal lækniskostnaðar í júlí- og ágústmánuði s. l. um 13 millj. kr. Miðað við þessar forsendur má áætla að reglugerðarbreyting heilbrrh. frá 26. maí s. l. hafi í för með sér um 60 millj. kr. viðbótarkostnað á ári fyrir sjúklinga vegna læknishjálpar.

Samtals er því aukinn lyfja- og lækniskostnaður, sem lagður hefur verið á sjúka, um 210—220 millj. kr."

Margir hafa orðið til þess að mótmæla þessum aukna kostnaði á sjúka í þjóðfélaginu. Nýlega sendu 15 félög, m. a. félög fatlaðra og aldraðra, alþm. eftirfarandi bréf sem ég sé ástæðu til að lesa, með leyfi forseta:

„Þar sem svo er komið að aðgerðir stjórnvalda eru farnar að hafa áhrif til hins verra á heilsu og afkomu skjólstæðinga okkar, svo og annarra sjúklinga með langvarandi sjúkdóma, viljum við leita liðsinnis yðar til að hindra áframhald þessara aðgerða.

Að loknum þingtíma í vor gerðust mikil ótíðindi fyrir sjúklinga þessa lands. Settar voru nýjar reglugerðir um hlut sjúklinga í greiðslu vegna sérfræðiþjónustu lækna og meðferðar á göngudeildum og kostnaður vegna lyfjakaupa var einnig stóraukinn. Auk þess var sjúkrahúsum í reynd uppálagt að loka deildum yfir sumarmánuðina. Allt var þetta samt gert í sparnaðarskyni og hjó þar sá er hlífa skyldi. Afleiðingar þessa eru skelfilegar.

Greiðslugetu langtímasjúklinga er ofboðið og heilsu þeirra og afkomu stefnt í voða. Það segir t. d. sína sögu að stórlega dregur úr aðsókn á göngudeildir sjúkrahúsanna eftir 15. dag hvers mánaðar. Lokanir deildanna og þær tafir sem þær valda á því að sjúklingar fái viðhlítandi meðferð veldur ekki síður gífurlegri röskun á högum og afkomu sjúklinga og heimila þeirra. Það er okkur einnig mikið áhyggjuefni að hækkun göngudeildagjalda og greiðslna sjúklinga vegna sérfræðiþjónustu veldur því að fólk leitar ekki aðstoðar fyrr en í óefni er komið vegna þeirra útgjalda sem slíkt veldur. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að hafa fleiri innlagnir á sjúkrahús í för með sér í stað meðferðar á göngudeildum. Þess vegna viljum við óska liðsinnis yðar til þess að þessi mál verði öll tekin til endurskoðunar í upphafi þings nú í haust og færð til betri vegar til hagsbóta fyrir landslýð allan. Að sjálfsögðu erum við reiðubúin að veita yður frekari upplýsingar ef þér óskið þess."

Undir þetta bréf skrifa eftirfarandi félög: Blindrafélagið, Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, Foreldrasamtök barna með sérþarfir, fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands: sjúklingasamtökin Ný rödd, Samhjálp kvenna og Stomasamtökin; Landssamtökin Þroskahjálp, MS-félag Íslands, Samtök gegn astma og ofnæmi, Samtök sykursjúkra, Félag heyrnarlausra, Gigtarfélag Íslands, Landssamtök hjartasjúklinga, Migrenesamtökin, Samtök aldraðra, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, Sjálfsbjörg, félag fatlaðra í Reykjavík.

Það hlýtur að vera alvarlegt mál þegar 15 félög, sem ég hef hér greint frá, lýsa því yfir að aðgerðir stjórnvalda séu farnar að hafa áhrif til hins verra á heilsu og afkomu skjólstæðinga sinna svo og annarra sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.

Það er auðvitað ljóst að lyfja- og lækniskostnaður getur verið stór útgjaldaliður í framfærslu heimilanna, eins og þær tölur sem fram koma í grg. bera reyndar með sér. Þó upphæð fyrir hverja vitjun virðist ekki vera ýkjahá í krónum talið getur læknisvitjun haft miklu meiri kostnað í för með sér en ein ferð til sérfræðings kostar. Það er t. d. ekki óalgengt að ef leita þarf til sérfræðings fylgi því sá kostnaður að greiðsla til sérfræðings er 270 kr., síðan fylgir því gjarnan röntgenmyndataka 270 kr., blóðrannsókn 270 kr. og lyfjakostnaður a. m. k. 240 kr. eða samtals á annað þúsund krónur. Kostnaðurinn getur því orðið ærinn þegar upp er staðið, ekki síst fyrir þá sem eru á stöðugum lyfjagjöfum og ítrekað þurfa að leita til sérfræðinga svo og hjá barnmörgum láglaunafjölskyldum.

Af þessu er líka hægt að gefa aðra mynd. Ótrúlega stór hópur aldraðra hefur ekki úr neinu að spila nema lífeyri almannatrygginga. Því til staðfestingar get ég vitnað til þess að í sept. s. l. voru greiðslur tekjutryggingar til aldraðra með eftirfarandi hætti. 5202 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu, 5888 fengu enga tekjutryggingu og 8198 fengu óskerta tekjutryggingu. Og hvað segja þessar tölur okkur? Samkvæmt upplýsingum Hagstofu var fjöldi 67 ára og eldri í árslok 1983 20 796. Ef litið er á fyrrgreindar tölur Tryggingastofnunar, þar sem fram kemur að tæplega 8200 aldraðir fá óskerta tekjutryggingu, þá má ráða að tæplega 40% 67 ára og eldri á Íslandi hafa einungis sér til framfæris lífeyri almannatrygginga.

Nú þegar miklar umræður standa yfir um nauðsyn kjarabóta til launafólks, þá vil ég spyrja: Hvað á að gera fyrir þennan hóp aldraðra og reyndar öryrkja einnig sem engu eða litlu öðru hefur úr að spila en lífeyri almannatrygginga? Hefur hæstv. heilbrmrh. leitt hugann að því eða hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh.? Eru þessir hæstv. ráðh. tilbúnir að lýsa því yfir hér og nú að lífeyrir almannatrygginga muni strax og um semst á vinnumarkaðinum taka ekki minni hækkun en samið verður þar um? Það er nauðsynlegt að fá svar við því frá hæstv. heilbrmrh. og hvort þessi mál hafi verið rædd í ríkisstj. Ég beini þessu hér með til hæstv. heilbrmrh. og vænti þess að hann svari því hvort þessi mál hafi verið rædd í ríkisstj.: Má vænta þess, hæstv. ráðh., að lífeyrir almannatrygginga verði hækkaður strax og samið verður og að elli- og örorkulífeyrisþegar fái ekki minni kjarabætur en um semst á almenna vinnumarkaðinum?

Það er ekki að sjá á fjárlögum að gert sé ráð fyrir neinni hækkun. Á fjárlögum 1984 var gert ráð fyrir að 685 millj. færu til greiðslu tekjutryggingar. Samkv. upplýsingum ríkisendurskoðunar er gert ráð fyrir að greiðslur lífeyristrygginga vegna tekjutryggingar verði komnar í 796 millj. í árslok eða 111 millj. fram yfir áætlun fjárlaga 1984 miðað við óbreyttan lífeyri eins og hann er í dag. Ég spyr því aftur: Hverju mega elli- og örorkulífeyrisþegar eiga von á og hvaða ráðstafanir verða gerðar til að tryggja þeim ekki lakari kjarabætur en um semst á vinnumarkaðinum? Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að fá þetta upplýst nú því það er ekki síður ástæða til að hafa áhyggjur af högum aldraðra og öryrkja í þjóðfélaginu en annarra launþega sem lifa við þröngan og óviðunandi kost í dag.

Þegar þessi þáltill. er rædd vaknar spurningin: Var þetta nauðsynlegt? Var nauðsynlegt að leggja aukinn kostnað á sjúklinga um 210 til 220 millj. á ári? Er efnahagsástandið orðið þannig að vega þurfi með þessum hætti að hagsmunum og velferð sjúkra í þjóðfélaginu? Er helst að finna í þeim hópi þá sem hrifsað hafa til sín meir en skyldi af þjóðarkökunni? Það hefur verið talað um að hér búi tvær þjóðir í einu landi. Það er ekki ofsagt. Óréttlát tekjuskipting, sem vaxið hefur ár frá ári, og gífurleg skattsvik eru einkum það sem skipt hefur þjóðinni í tvær þjóðir. Og hvor þjóðin er það sem axla hefur þurft meginþungann af efnahagsaðgerðum ríkisstj.? Kjaraskerðingin hefur auðvitað bitnað með miklum þunga á þeim sem lifa þurfa af litlu meira en strípuðum kauptöxtum verkalýðsfélaganna eða 12 til 16 þús. kr. og leggja þurfa á sig langan vinnudag til að eiga fyrir brýnustu nauðsynjum frá degi til dags og sköttum til samneyslunnar, en samt ná endar ekki saman. Hvor þjóðin skyldi það vera sem hefur að verulegu leyti fengið kjaraskerðinguna bætta með launaskriði í formi

yfirborgana, duldra greiðslna og fríðinda? Hve stór er sá hópur í raun í þessu þjóðfélagi sem getur ekki einasta skammtað sér laun sjálfur heldur og ákvarðað sjálfur hvað hann greiðir til samneyslunnar? Hefur ríkisstj. virkilega ekkert að sækja í þennan hóp? Hvað hefur orðið um þá miklu fjármuni sem á undanförnum mánuðum hafa verið færðir frá launþegum, öryrkjum og öldruðum yfir til fyrirtækjanna og atvinnurekenda? Hafa þeir skilað sér í því að treysta undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og til að skapa ný atvinnutækifæri og bæta lífskjörin í landinu? Ég fæ ekki séð það.

Ríkisstj. sagði við launafólk í upphafi starfsferils síns að launafólk yrði að færa tímabundnar fórnir fyrir betri framtíð, en sér launafólk fram á betri framtíð eftir að það hefur fórnað á stuttum tíma a. m. k. þriðjungi af launum sínum? Varla, því enn krefst ríkisstj. áframhaldandi kjaraskerðingar af launafólki. Og enn má spyrja: Er framfærslan launþegum léttbærari í dag, nú þegar verðbólgutölur sýna í septembermánuði 19% verðbólgu miðað við 12% síðustu mánuði, en þegar verðbólga var 130%, þegar ríkisstj. tók við? Ekki er hægt að sjá það þegar til þess er litið að síaukinn fjöldi þarf að leita til Félagsmálastofnunar eða sífellt þarf fleiri og fleiri vinnustundir til að standa undir matarreikningi og nauðsynjum heimilanna.

Það er óneitanlega hart til þess að vita að þegar allt í kringum okkur blasir við misrétti og ranglæti í tekjuskiptingu og lífskjörum skuli ríkisstj. sjá það ráð helst að leita í vasa hinna sjúku. Það ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem kveður á um að vernda og tryggja lífskjör þeirra sem þyngst framfæri hafa hljómar eins og argasta öfugmæli þegar til þess er litið að sú gífurlega hækkun á lyfja- og lækniskostnaði bitnar á þeim sem þyngst framfæri hafa og síst skyldi. Og ekki er úr vegi að vitna í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. frá síðustu kosningum, sem birtist í Morgunblaðinu 23. mars 1983, ekki síst þar sem það hefur komið í hlut sjálfstæðismanna eða hæstv. heilbrmrh. Matthíasar Bjarnasonar að setja reglugerðir sem fela í sér svo þungar byrðar á sjúka í þjóðfélaginu. Í stefnuskrá Sjálfstfl. segir að áhersla verði lögð á að hagsmuna aldraðra og öryrkja sé gætt. Það er erfitt að sjá að hagsmuna aldraðra og öryrkja sé gætt þegar lyfja- og læknisþjónusta hafa hækkað um 3—400% á örfáum mánuðum. Og maður spyr: Er virkilega ekki í önnur hús að venda fyrir ríkisstj.? Af hverju ræðst ríkisstj. ekki með sömu hörku að skattsvikurum eins og sjúkum í þjóðfélaginu eða milliliðum sem maka krókinn eða bruðli og sóun í rekstri ríkisstofnana og óarðbærum fjárfestingum í verslunarhöllum og bönkum, svo eitthvað sé nefnt, eða sker duglega niður það gífurlega fjármagn sem fer í milliliði og óarðbæra fjárfestingu í landbúnaði? Fleiri dæmi mætti auðvitað taka. Hvað með sjálftökustéttirnar í þjóðfélaginu, eins og t. a. m. tannlækna sem geta skammtað sér laun og tekjur sjálfir? Hvar er harka ríkisstj. gagnvart þessum aðilum? Af hverju sér ríkisstj. ástæðu til að veita bönkum og fyrirtækjum skattfríðindi á sama tíma og hún leggur gjald á sjúka í þjóðfélaginu sem ekki fá undir því risið?

Í fjárlögum fyrir árið 1985 er tekjutap vegna skattaívilnana til banka t. a. m. 75 millj. kr. á næsta ári — bankastofnana sem virðast eiga nóg fjármagn til að fjárfesta í óþarfa bankaútibúum hér og þar eins og þær lystir. Hvað er í raun að ske í þessu þjóðfélagi þegar stöðugt er verið að flytja fjármagn til þeirra betur settu á sama tíma og stöðugt er þrengt að launafólki og mannréttindi sjúkra skert í þjóðfélaginu? Og ég spyr: Var nauðsynlegt að leggja aukinn lyfja- og lækniskostnað á sjúka í þjóðfélaginu fyrst ríkisstj. taldi sig aflögufæra til að veita bönkum skattfríðindi? Hefði þeim peningum ekki verið betur varið til að greiða lyfja- og lækniskostnað fyrir aldraða og öryrkja eða láglaunafjölskyldur í landinu? Eða skattaívilnanir fyrirtækja. Hvað þýða í tekjutap á næsta ári þær skattaívilnanir sem voru samþykktar til fyrirtækja á Alþingi s. l. vetur, lækkun skattprósentu og auknar afskriftir eða fyrningarhlutfall til fyrirtækja? Það væri fróðlegt að hæstv. fjmrh. upplýsti Alþingi um tekjutap ríkissjóðs á næsta ári vegna skattfríðinda fyrirtækja.

Ég hef hevrt svimandi háar fjárhæðir nefndar í því sambandi. Ég skal fara langt niður fyrir þær tölur sem nefndar eru. Eg hygg að það sé ekki fjarri sanni að tekjutap ríkissjóðs á næsta ári vegna skattfríðinda fyrirtækja sé nálægt þeirri upphæð sem lögð var í auknum lyfja- og lækniskostnaði á sjúka í þjóðfélaginu eða kringum 200 millj. kr. Nei, manngildið hefur svo sannarlega vikið fyrir auðgildinu og mannúðar- og mannréttindasjónarmið eru svo sannarlega á undanhaldi fyrir auðhyggju- og gróðasjónarmiðum síðan þessi ríkisstj. tók við. Þegar litið er til þeirrar sóunar, bruðls og óréttlætis í tekjuskiptingu og misskiptingu á lífsgæðum í þessu þjóðfélagi hlýtur að blasa við að hægt sé að koma festu á íslenskt efnahagslíf án þess að vega að mannréttindum sjúkra í þjóðfélaginu. Það eru til peningar í þjóðfélaginu sem ná má í galtóman ríkissjóð ef ríkisstj. tekur af hörku á því misrétti og þeim skattsvikum sem hvarvetna blasa við.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Það er langur vegur í réttlæti hér á landi þegar svo er komið að efnalítið fólk þarf hvað eftir annað að standa frammi fyrir því að eiga hvorki fyrir læknishjálp né lyfjum sem það nauðsynlega þarf á að halda og ríkisstj. sér það ráð eitt að leita í vasa þessa fólks á sama tíma og hún virðist ekki sjá það misrétti sem hvarvetna blasir við í þjóðfélaginu eða telur a. m. k. ekki ástæðu til að ráðast gegn því með hörku.

Um leið og ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. vil ég leyfa mér að vænta þess að ríkisstj. sjái að sér í þessu máli og fallist á þá leið sem hér er lögð til, auk þess sem ég ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðh.

Þegar ég hóf mál mitt, herra forseti, voru þrír eða fjórir ráðh. í salnum. Þeir hafa af einhverjum sökum séð ástæðu til þess að ganga úr salnum undir þessari umr.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þessari umr. ljúki ekki fyrr en hæstv. heilbrmrh. hefur fengið tækifæri til að svara þeim spurningum sem ég hef hér lagt fyrir hann. Ég beindi því til hæstv. ráðh. hvort rætt hafi verið í ríkisstj. hvort elli- og örorkulífeyrisþegar fái einnig hækkaðan lífeyri sem eigi verði lakari kjarabætur en þær sem um semst á vinnumarkaðinum. Ég tel einnig nauðsynlegt að fá fram afstöðu hæstv. heilbrmrh. til þess bréfs sem 15 félög, m. a. samtök aldraðra og fatlaðra, hafa sent alþm. Málið er vissulega orðið alvarlegt þegar þessi félög, félög fatlaðra og aldraðra í þjóðfélaginu, lýsa því yfir að aðgerðir stjórnvalda, sem fólust í gífurlegri hækkun á lyfja- og læknisþjónustu, séu farnar að hafa áhrif til hins verra á heilsu og afkomu

fólks í landinu, afleiðingarnar séu skelfilegar, greiðslugetu langtímasjúklinga sé ofboðið og heilsu þeirra og afkomu stefnt í voða, eins og segir í þessu bréfi.

Ég vil ítreka þær óskir mínar, herra forseti, að þó að hæstv. heilbrmrh. sé hér ekki til að svara þeim spurningum sem ég hef beint til hans ljúki þessari umr. ekki fyrr en hann hefur fengið tækifæri til að svara þeim spurningum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að gefnu tilefni að hér eru engir ráðh. á fundi vegna þess að það hefur verið boðaður áríðandi ríkisstjórnarfundur núna korter yfir fimm.

Umr. frestað.

Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi, þáltill. 100. mál (þskj. 104). — Frh. fyrri umr.

Margrét Frímannsdóttir: Herra forseti. Í þáltill. þeirri sem þingflokkur Alþb. stendur að og hér er til umr. er gert ráð fyrir sérstöku átaki vegna vanda útgerðarinnar. Sú sjö manna þingnefnd sem við leggjum til að verði kosin skal skila inn tillögum um úrlausnir þessa sérstaka vanda ekki seinna en um næstu áramót. Í þeim tillögum skal nefndin leggja megináherslu á eftirtalin atriði:

a) að skapaður verði rekstrargrundvöllur fyrir togara sem ná meðalaflaverðmæti eða meira á ári miðað við venjulegar aðstæður og að treyst verði sérstaklega útgerð þar sem hún er meginforsenda atvinnulífs.

b) að benda á hvernig farið skuli með þann kostnað og þær skuldir sem útgerðin getur ekki staðið undir með eðlilegum hætti.

Nefndin skal strax í upphafi fara þess á leit við sjútvrh. að hann beiti sér fyrir því að opinberir sjóðir grípi ekki til aðgerða sem leiða mundu til stöðvunar skipa meðan unnið er að fyrsta áfanga nál.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson hafa gert till. góð skil hér á hv. Alþingi. Ástæðan fyrir því að ég stend hér upp, herra forseti, er sú að ég vildi gjarnan að hv. þm. heyrðu sögu eins þessara togara sem á næstunni má reikna með að verði boðnir upp.

Nafn togarans er Bjarni Herjólfsson ÁR-200. Nú þessa dagana liggur hann hér í Reykjavíkurhöfn og það er rétt, sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði hér s. l. fimmtudag, að Fiskveiðasjóður hefur tekið að sér að ábyrgjast að hægt sé að kaupa olíu á ljósavél skipsins þar til að uppboðið verður. En hvers vegna er svo komið? Er það vegna þess að um einstaklega slæman rekstur og kæruleysi eiganda skipsins sé að ræða? Nei. Bjarni Herjólfsson er einn úr hópi fjölda togara þar sem eigendur, rekstraraðilar hafa lagt allt sitt af mörkum til þess að rekstur gæti gengið. En skuldasöfnun þessarar ákveðnu útgerðar á sér langa sögu og hér er aðeins hægt að stikla á stóru.

Árið 1974 stofnuðu Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Selfossbær hlutafélagið Árborg. Félagið keypti togarann Bjarna Herjólfsson ÁR-200 frá Póllandi og kom hann til landsins í apríl 1977. Þegar gengið var frá smíðasamningi 1974 var gert ráð fyrir 10% eigin fjármögnun, en vegna óhagstæðrar verðlagsþróunar frá undirritun samningsins til ársins 1977 var eigin fjármögnun ekki nema um 2.5%. Það má segja að sé upphaf þeirrar slæmu þróunar sem síðar varð.

Fyrstu fjögur rekstrarár skipsins voru ein hörmungarsaga. Strax eftir fyrsta túrinn kom fram alvarleg bilun í vél, þannig að þar var um rúmlega mánaðar stopp að ræða. Það má í raun segja að á þessum fyrstu fjórum árum hafi það þótt viðburður ef skipið náði heilli veiðiferð án skakkafalla og var oft langtímum saman frá veiðum vegna bilana og að sjálfsögðu hélst þá illa á góðum skipstjórum. Skipið drabbaðist niður og vanskilaskuldir hlóðust upp og síðan háir dráttarvextir.

Á árinu 1981 var gert verulegt átak til lagfæringar á skipinu og það fór í svokallaða fimm ára klössun og þá var vél þess útbúin fyrir svartolíubrennslu. Árin 1981 og 1982 gekk rekstur Bjarna Herjólfssonar þokkalega. 1983 var aflasamsetning léleg og rekstrargrundvöllur skipsins að bresta. Þá, snemma árs, fékk útgerðin töluverða fyrirgreiðslu frá ríki, en það dugði ekki til.

Um miðjan okt. 1983 var togaranum lagt. Í júní á þessu ári fer hann aftur á stað eftir að hraðfrystistöðvarnar á Stokkseyri og Eyrarbakka höfðu tekið á sig skuldbindingar og lagt til allt það fjármagn sem þær gátu — með því að koma þá sjálfum stöðvunum í vanskil annars staðar. En þar kom að hraðfrystistöðvarnar gátu ekki meir og hreppsfélögin ekki heldur. Togarinn er aftur stopp og ekki annað sjáanlegt en að hann verði boðinn upp.

Allt atvinnulíf á Eyrarbakka og Stokkseyri byggist á fiskvinnslu og útgerð. Koma togarans Bjarna Herjólfssonar vakti vonir okkar um næga og stöðuga atvinnu fyrir fólkið á þessum stöðum, auk þeirra sem sótt hafa vinnu frá Selfossi niður á ströndina. Forráðamenn þessara tveggja sveitarfélaga og hraðfrystistöðvanna hafa frá byrjun lagt allt sitt af mörkum, og raunar farið fram úr raunverulegri getu hreppsfélaganna og hraðfrystihúsanna, til þess að halda þessari útgerð gangandi. Það segir sína sögu að þegar togarinn er keyptur áttu hraðfrystihúsin ekki verulegan hlut útgerðarinnar, en eru nú stærstu hluthafarnir. Vegna þess hve hraðfrystistöðvarnar hafa þurft að leggja togaranum mikið fé hafa stöðvarnar síðan verið í vanskilum við hreppsfélögin og þau síðan ekki getað staðið við sínar skuldbindingar. Það er í dag mörgum sveitarfélögum vel þekktur vítahringur.

Við síðustu áramót voru skuldir togarans Bjarna Herjólfssonar 96 millj. 870 þús., þar af langtímaskuldir 51.6 millj. kr. Aflatekjur skipsins voru 15.5 millj. 1983 á móti 17.1 millj. á árinu 1982. Fjármagnskostnaður var á s.l. ári 38.5 millj. á móti 23.7 1982. Skuldir skipsins við Fiskveiðasjóð námu um áramótin 40 millj. kr. Húftryggingarverðmæti skipsins var á þessum tíma, um áramót, 84 millj. Allar þessar tölur hafa hækkað síðan þá.

En úr því að staðan er svona, hvers vegna eru menn þá að halda dauðahaldi í þetta skip? kann einhver að hugsa. Svarið er einfalt. Það er lífsnauðsyn fyrir byggðarlög sem þessi að hafa skip til hráefnisöflunar. Það er forsenda þess að þar haldist byggð. En nú missa þau togarann. Og ekki bara þessi þorp, þá væri vandinn ekki stór. Sömu sögu er að segja um fjölda annarra byggðarlaga. Þau missa sín skip sé ekkert að gert. Það er fjöldi manns sem á yfir höfði sér að missa atvinnuna og þá jafnvel heimili sín um leið því þau kjör sem þetta

fólk hefur verið neytt til að búa við á síðustu tímum hafa gert því ókleift að safna í sjóð sem hægt væri að grípa til á atvinnuleysistímum. Hvaða von á þá þetta fólk? Getur það sett traust sitt á núverandi ríkisstj.? Nei, því miður. Stjórnvöld hafa ekki gert neitt. Jú annars. Með efnahagsráðstöfunum sínum hafa stjórnvöld flýtt fyrir þessari óheillavænlegu þróun.

Við að missa togarann erum við á Stokkseyri illa stödd, en ástandið á Eyrarbakka er enn verra. Þar hafa nú í einar fimm vikur 50—60 starfsmenn Hraðfrystistöðvar Eyrarbakka verið skráðir atvinnulausir vegna þess að stöðin hefur ekkert hráefni. Eyrbekkingar hafa fengið sitt hráefni hjá togaranum og leigubátum. Nú hefur hraðfrystihúsið fest kaup á rúmlega 50 tonna bát, en betur má ef duga skal. Nokkrir einstaklingar á Eyrarbakka fóru af stað og söfnuðu hlutafé til kaupa á togskipi. Á einni helgi söfnuðust 5 millj. kr. sem eru um 10 þús. krónur á hvert mannsbarn í hreppnum. Ákveðið var að festa kaup á skipinu Otto Wathne NS-90, 150 tonna stálskip, 26 metra langt, sem hentar mjög vel við suðurströndina. Kauptilboð þeirra Eyrbekkinga hljóðaði upp á 65 millj. kr. Þeir unnu þetta mál sitt vel, Eyrbekkingar, enda eygðu þeir þar von í skip sem komið gæti í stað togarans. Hver einasti íbúi Eyrarbakkahrepps fylgdist með af áhuga. Loks kom svo að ekki var annað séð en af kaupunum yrði. Ætla mætti að hæstv. ríkisstj., sem auðvitað var fullkunnugt um atvinnuástandið á Eyrarbakka eftir að togarinn fór, hafi nú stutt þá með ráð og dáð, einkum og sér í lagi hæstv. sjútvrh. En hvað gerist? Hafrannsóknastofnun sendir menn austur á firði að tilhlutan sjútvrh. og þar með misstu Eyrbekkingar þessa von sína. Þeim er sagt að þeir séu alveg út úr myndinni, Hafrannsóknastofnun taki skipið.

Herra forseti. Hæstv. ráðh. virðast vera ákveðnir í að sitja sem fastast á botnum sínum og gera ekkert til þess að leysa rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Það er hart að þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og það fólk sem við hann vinnur skuli vera í svo litlum metum hjá hæstv. ríkisstj. Sök hennar er stór og samviska hennar hlýtur að vera ljót, ef hún þá nokkurn tíma veltir fyrir sér afkomu heimilanna sem eiga allt sitt undir því að styrkum stoðum sé rennt undir þennan mikilvæga atvinnuveg. Við skuldum sjómönnum og fiskvinnslufólki þessa lands það að á þessum vanda sé tekið eins fljótt og auðið er. Alþb. vill með þessari þáltill. sinni leggja sitt af mörkum með von um skjóta og góða vinnu nefndarinnar.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig ekki mótfallinn því að sérstakri þingnefnd verði falið að fjalla um og skoða grannt rekstrarvanda sjávarútvegsins sem ég hygg að sé hvergi orðum aukinn og á þó að líkindum eftir að vaxa mjög á næstunni ef svo heldur fram sem horfir nú í launamálum í þjóðfélaginu. Ég get tekið undir það að ekkert sé á móti því að einir sjö þm. bætist í hóp þeirra sérfræðinga sem um þennan margfræga rekstrarvanda sjávarútvegs hafa fjallað og fjalla með þeim árangri sem flm. benda á með þessari till. Hitt get ég efast um, að árangur af starfi þeirra verði mjög mikill eða áþreifanlegur, a. m. k. ekki á næstunni.

Það eru þó nokkrar hliðstæður um nefndir sem slíkar. Það var sérstök nefnd send til þess að kanna og bera saman rekstur loðnuútvegs í nágrannalöndunum, Danmörku, Færeyjum og Noregi, árið 1978. Sú nefnd kom reynslunni ríkari, efast ég ekki um, en út úr þeirri athugun kom ekkert sérstakt að því er ég best veit. Það var sérstök nefnd skipuð sumarið 1979 til þess að athuga sölukostnað í útflutningsverslun með fiskafurðir. Sú nefnd safnaði mörgum og gagnlegum upplýsingum, henni dapraðist síðan starfið æ meir og hætti síðan. Fyrrv. hv. þm. Kjartan Ólafsson var formaður þeirrar nefndar. Þar sem ég var í nefndinni ásamt honum og fleiri góðum mönnum þá, þ. á m. fjórum þm. ef ég man rétt, margítrekaði ég við hann fyrirspurnir um hvort nefndarstörfum væri lokið. Hann átti við því sárafá svör. Síðan hef ég ekkert af nefndinni heyrt, en hún hefur ekki opinberlega verið leyst frá störfum svo ég viti.

Það hafa margar nefndir athugað rekstrarvanda togaraútgerðar. Ég endurtek það að að ætla þessari nefnd, nú þegar í hönd fer mesti annatími þingsins, að koma með grundvallarsvör við grundvallarspurningum fyrir áramót er mikil bjartsýni. Fyrir utan alla þessa samanburðarliði, 1—8, sem taldir eru upp, virðist nefndinni ætlað að skapa að miklu leyti fiskveiðistefnu fyrir næsta ár eða næstu ár. Maður hlýtur að spyrja: Til hvers höfum við sjútvrh. ef þessari nefnd er ætlað að sjá fyrir þessu, einu af meginhlutverkum hans?

Það er tekið fram að nefndin skuli leita eftir því við sjútvrh. sem segir, með leyfi forseta, í niðurlagi till.: „Nefndin skal strax í upphafi fara þess á leit við sjútvrh. að hann beiti sér fyrir því að opinberir sjóðir grípi ekki til aðgerða sem leiða mundu til stöðvunar skipa meðan unnið er að fyrsta áfanga nál." — Þá spyr ég hvort rétt sé yfirleitt og hverjum sé greiði gerður með því að stöðva framgang mála af þessu tagi.

Það er oft leitast við að kenna einhverjum óþekktum ráðgjöfum í bankakerfinu um það að á árunum sem liðin eru síðan 1977—1978 hafi þessir ráðgjafar nánast skipað útvegsmönnum að taka lán með afarkostum og þeir hafi nánast skrifað undir þær gerðir grátandi eins og Árni Oddsson lögmaður fyrrum tíð. Ég ætla ekki að fara að nafngreina einstaka útvegsmenn eða togara eins og hér hefur verið gert. Þeir eru þó nokkuð margir og það væri sjálfsagt hægt að telja þá í tugum. En ég held að það stríði gegn réttarvitund hins almenna þjóðfélagsborgara að beita hér einhverri pennastriksaðferð sem upp var fundin á s. l. ári.

Að lokum finnst mér að allt þetta mál beri nokkurn keim af hinum gömlu úrræðum Alþb. Reyndar segir með skýrum stöfum í fskj., sem þessu frv. fylgir, að Alþb. telur að ekki eigi að láta köld markaðslögmálin ráða úrslitum um atvinnuþróun, heldur beri að mæta framleiðslusamdrætti og fjármagnskostnaði sjávarútvegsins á skipulegan hátt á grundvelli félagslegra sjónarmiða. Ég bið menn að taka eftir þessu, að það beri að mæta framleiðslusamdrætti og fjármagnskostnaði á grundvelli félagslegra sjónarmiða. Það er alltaf verið að benda á einhverja svindlara. Það eru útvegsmenn, það eru frystihús, það eru söluaðilar. Það var fundið upp hér á árunum af hæstv. fyrrv. sjútvrh., núverandi formanni bankaráðs Landsbankans, — að vísu ekki fundið upp en notað mikið af honum, — hugtakið framleiðni. Framleiðni átti að verða allra meina bót, átti að leysa öll mál. Síðan þá hefur í stjórnarmyndunarviðræðum sem ég hef fylgst með ætíð verið reynt að finna hugtök sem hafa átt að leysa allan vanda. Safnast

hefði auður hér og þar í hendur örfárra manna. En það hefur aldrei verið gerð tilraun til þess að líta á það að þeir sem reksturinn stunda verða að bera ábyrgð á honum og það eru þeir sjálfir sem hafa komið sér í þessi vandræði að miklu leyti.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum lýsa stuðningi við meginefni þessarar till., þ. e. að kjörin verði nefnd sjö þm. til að kanna og safna upplýsingum um þau vandamál sem hér er við að stríða og benda á leiðir til úrbóta. Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja við hvern vanda togararnir eiga að stríða núna og sjávarútvegurinn í heild og ég held að mönnum hér inni sé það ákaflega vel ljóst að ef sjávarútvegurinn ekki gengur og ef útgerðin hefur ekki rekstrargrundvöll, svo að notað sé það eftirlætisorð manna nú um stundir, þá gengur ekki þetta þjóðfélag heldur. Það er alveg skýrt og klárt.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. e., vék að því hér að menn hefðu sjálfir komið sér í þann vanda sem hér væri við að etja. Ég held að það sé ekki alveg rétt. Ég held að það sé staðreynd, sem ekki verður móti mælt, að a. m. k. töluverður hluti þessa vanda, a. m. k. sumra skipanna, stafar af því að á þeim hvíla lán í dollurum og að nú hefur gengisþróun varðandi dal orðið önnur en menn ætluðu.

Ég hygg að það sé ekkert leyndarmál að það var beinlínis stefna bankakerfisins að menn tækju dollaralán. Menn sem vildu sumir hverjir taka lán í norskum krónum eða sterlingspundum voru mjög hvattir ef ekki beinlínis ýtt inn á þær brautir af bankakerfinu að taka lán í dollurum. Fyrir þessu tel ég mig hafa alveg örugga vitneskju og þess vegna bera opinberir aðilar auðvitað ábyrgð á hluta þessa vanda. Menn sjá eftir á að þau skip sem t. d. eru með lán í sterlingspundum eða norskum krónum eru yfirleitt ólíkt betur á vegi stödd en þar sem dollaralán eru og skýrir það sig sjálft ef menn skoða gengisþróun og þróun á gengi Bandaríkjadals að undanförnu. Þess vegna bera opinberir aðilar með nokkrum hætti ábyrgð á því hvernig komið er.

En hér er um margslungið vandamál að ræða. Það má vera að það taki nokkurn tíma og hlýtur að taka nokkurn tíma að komast til botns í því. En auðvitað komast menn ekkert hjá því. Það verður ekki látið ske að öllum þessum flota verði lagt, sem skuldar hvað mest, vegna þess að það þýðir neyðarástand á fjölmörgum stöðum víðs vegar um landið. Það þýðir fjöldaatvinnuleysi. Það er þjóðfélaginu miklu dýrara að láta þennan flota, sem verst er settur, stöðvast en að gera ráðstafanir til að leiðrétta það misvægi sem þarna hefur skapast því að fjármagn hefur verið fært frá sjávarútvegi með ýmsum hætti til verslunar og þjónustu t. d. sem blómstrar nú meir en nokkru sinni fyrr, a. m. k. hér í höfuðborginni og nágrenni. Það segir í fskj. með þessari till., með leyfi forseta, 6. liður:

„Gagngert verði unnið að því að tryggja ódýrari þjónustu við sjávarútveginn en nú er um að ræða. Verði sérstaklega tekið á bönkum, olíufélögum og skipafélögum í þessu sambandi sem græða nú hundruð milljóna kr. á ári. Ekki er vafi á því að uppistaðan í hagnaði þessara fyrirtækja er sótt í sjávarútveginn."

Þarna er kannske nokkuð sterkt til orða tekið, en ég held að það sé öruggt mál að töluvert af gróða þessara fyrirtækja er sótt til sjávarútvegsins. Ég bendi sérstaklega á bankakerfið sem ríkisstj. sá ástæðu til að undanþiggja sköttum á síðasta ári sem bankakerfið áður hafði greitt og létti stórlega á bönkunum. Hvert fara þeir fjármunir nú? Ætli þeir fari ekki í húsbyggingar og fleiri bankaútibú og eitthvað fleira því skylt? Það er minnst á olíufélögin hér. Menn hafa fylgst með því, og ekki bara hér í kringum höfuðborgina, hvernig olíufélögin blómstra, hvernig bensínhallirnar rísa hér hver á fætur annarri með nokkur hundruð metra millibili við þjóðvegina út úr höfuðborginni. Menn hafa fylgst með því hvernig olíufélögin færa sífellt út kvíarnar jafnframt því sem olíuverð og bensínverð hækkar. Nú liggur fyrir ein hækkunarbeiðni upp á að mér skilst 15—20% frá þessum olíufélögum samtímis því sem olía er að lækka á mörkuðum erlendis. Menn hafa líka fylgst með því hvernig þessi félög hafa opnað matvöruverslanir. Menn hafa líka fylgst með því hvernig olíufélögin hafa opnað myndbandaútleigur með Dallas og ég veit ekki hverju. Hvers vegna í ósköpunum eiga þeir sem kaupa bensín og olíur að vera að greiða niður svona vitleysu? Hvaða skylda ber olíufélögunum til að sjá mönnum fyrir sjónvarpsefni? Ég hélt að það væru nógir aðrir aðilar til þess. Eiga þeir sem kaupa bensín og olíur, eiga útgerðarmenn sem kaupa olíu, að greiða niður innkaup olíufélaganna á Dallas? Það er fáránlegt. Þessi félög eru komin langt út fyrir sitt verksvið. Það er fullkomin ástæða til þess að íhuga hvort ekki eigi að kasta þessu dreifingarkerfi, sem nú er, fyrir róða. Ríkið flytur inn olíuna, þannig að það hefur milligöngu um innkaupin. Olíufélögin taka síðan við henni og dreifa henni gegnum þrefalt dreifingarkerfi. Ég hef ekki hingað til verið talsmaður þjóðnýtingar á þessu sviði, en mér sýnist vera fullkomin ástæða til að skoða það í fúlustu alvöru hvort þessi félög séu ekki óþörf, hvort ríkið eigi ekki bara að flytja inn þessa olíu, eins og það hefur nú milligöngu um, og hvort síðan eigi ekki einstaklingar að reka þessar bensínstöðvar út um allt land og hér í Reykjavík. Á ekki bara að bjóða þær út og leyfa einstaklingum að spreyta sig á þessum rekstri? Ég get ekki ímyndað mér að það sé í andstöðu við sjónarmið þeirra sjálfstæðismanna. Ég get ekki ímyndað mér það.

Ég sé ekki betur en þessi olíufélög séu orðin dragbítur og geri það að verkum að við verðum að borga dýrara bensín og dýrari olíu en ella væri. Ég held að þetta sé mikillar athugunar virði.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég ítreka stuðning við meginefni þessarar till., þ. e. að farið verði ofan í saumana á þessu vandamáli. Það er ekkert auðleyst og engar pennastriksaðferðir duga þar, ég get alveg tekið undir það. En þetta er vandamál sem menn komast ekki hjá því að leysa. Ég held að mönnum sé líka ljóst og því fyrr sem menn átta sig á því að þetta verður að gera, því betra. Það verður að tryggja þessum togaraflota skilyrði til þess að hann geti haldið áfram að fiska.

Umr. frestað.

Aukin þjónusta vegna tannréttinga, þáltill. 60. mál (þskj. 60). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 60 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra leiða til að koma á ákveðinni skipulegri þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa."

Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alkunna að tannréttingar eru orðnar býsna algengar sem veigamikill þáttur í tannvernd. Mikill fjöldi barna og unglinga er í tannréttingum sem taka yfir langan tíma og eru bæði dýrar og kostnaðarsamar á ýmsan veg. Lætur nærri að um 30% þurfi að fara í slíkar aðgerðir. Ekki skal dregið úr nauðsyn þess að tannréttingar séu framkvæmdar á þeim sem þurfa, þó óneitanlega hafi aukning þeirra orðið mjög mikil og þyrfti vissulega að kanna það hvort þessa er í raun þörf í svo ríkum mæli sem nú er, en á það skal enginn dómur lagður. Aðeins skal á það bent" — skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið, en hafa reyndar verið dregnar í efa síðan þessi till. var flutt — „að 41% ferðakostnaðargreiðslna, sem tryggingayfirlæknir úrskurðar, eru vegna tannlækninga og tannréttingar eru þar yfirgnæfandi.

Sjúkrasamlögin taka verulegan þátt í þessum aðgerðum, bæði hvað tekur til tannréttinganna sjálfra og ferðakostnaðar þeirra sem lengra þurfa að sækja. Þáttur sjúkrasamlaga í tannréttingum er nú 50%, var 75% fyrir valdaskeið núv. ríkisstj. En þessi till. snýst fyrst og síðast um hinn þáttinn, ferðakostnaðinn sem hér af hlýst. Mun þar um verulegar upphæðir að ræða, því ekki er óalgengt að fara þurfi 12—14 ferðir á fund sérfræðings vegna meiri háttar tannréttinga. Þáttur sjúkrasamlags í þessum ferðakostnaði er flugferðin að frádregnum 800 kr. fyrir fyrstu ferð og 400 kr. fyrir aðrar. Þá er að sjálfsögðu eftir sá verulegi kostnaður sem hver einstaklingur þarf að greiða. Auk þess er greitt fyrir fylgdarmann ef þess er talin augljós þörf.

Austfirsk börn og unglingar leita ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur eftir þessari þjónustu. Fyrst er ferð á flugvöll sem getur verið talsvert dýr, svo ekki sé minnst á erfiðleika í vetrarferðum, óþægindi og aukakostnað. Síðan er svo flugferðin og þar er um verulegan kostnað að ræða sem hverjum einstökum ber að greiða. Ótalin er þá röskun vegna skóla eða vinnu, t. d. ef flug fellur niður og biðtími verður lengri af þeim sökum. Varla fer flm. þessarar till. svo um Egilsstaðavöll að þar séu ekki einhverjir að koma eða fara í þessum erindagjörðum.

Það er því augljóst að allra leiða verður að leita til að reyna að koma á hagkvæmri skipan þessara mála, færa þjónustuna að svo miklu leyti sem unnt er nær fólkinu. Á því eru sögð ýmis tormerki og verða þau ekki tíunduð hér, en ekkert úr þeim dregið. Hins vegar er hér um stærri fúlgur að ræða en svo í endurgreiðslu ferðakostnaðar frá tryggingakerfinu, svo aðeins sé nú á þann þátt litið, að ekki megi talsverðu til kosta og yrði þó umtalsverður sparnaður niðurstaðan. Hins vegar skal höfuðáhersla lögð á kostnað viðkomandi aðila sem er mjög verulegur, margs kyns óhagræði og umtalsverð röskun varðandi nám eða vinnu.

Ef þjónustan yrði a. m. k. á einum stað í fjórðungnum yrði um mjög mikla bót að ræða svo vægt sé til orða tekið. Að þessu ber því ótvírætt að stefna og fjölmargir foreldrar hafa rætt um þetta við flm. og óskað eftir því að knúið yrði á um úrbætur. Vel kann að vera að einhverjar athuganir hafi átt sér stað á möguleikum þessa, vel kann að vera að þetta verði torleyst, en að því ber rækilega að huga. Hér er um hagsmunamál fjölmargra að tefla, hér eru miklar upphæðir á ferðinni úr tryggingarkerfinu og því hlýtur að verða að kanna gaumgæfilega hvort ekki er unnt að fá sérfræðing í þessari grein til að koma til móts við fólkið eins ríkulega og unnt er. Þegar sparnaðarhjali er helst á lofti haldið væri ómaksins vert að huga hér að."

Til viðbótar við þessa grg. er kannske óþarft að hafa uppi frekari rökfærslu. Á eðlilegum tímum hefði vissulega verið unnt að fá enn nánari talnalegar upplýsingar um umfang þessa kostnaðar sem hér er sérstaklega vikið að. Það er nauðsynlegt líka vegna þess að ef unnt væri að koma þessari þjónustu nær fólkinu væri að því ótvíræður sparnaður fyrir tryggingakerfið í landinu, en venjulega eru svona þjónustuatriði talin ómöguleg í framkvæmd sakir allt of mikils kostnaðar sem þeim kynni að fylgja. Ef allir legðust nú hér á eitt og gott skipulag næðist í þessum efnum er auðsætt að sparnaður mundi af verða. Þá er að sjálfsögðu hinn stóri þáttur eftir, eins og ég kom inn á í grg., sem snýr að viðkomandi aðilum, hagræði, þægindi og minni kostnaður yfirleitt. Þetta hlýtur því að vera verðugt athugunar- og úrlausnarefni.

Að því er vikið í grg. hver þörfin sé fyrir tannréttingar almennt. Án þess lítið sé úr þeirri þörf gert þá ber vissulega að kanna það rækilega í leiðinni hvort hér sé í heildina gengið of langt, farið offari. Tölur frá Norðurlöndunum eru ákaflega misjafnar og greinilegt að ólíkt mat er lagt á þörfina, alveg sér í lagi þörfina á meiri háttar tannréttingum. Sumir tannlæknar fullyrða að við séum alveg í hámarki með þessar aðgerðir, þær séu nánast, eins og virtur maður í þeirri stétt orðaði það, „tískufyrirbrigði" sem nýtt væri til hins ýtrasta. Það er ekki launungarmál að yfirtannlæknir heilbrrn., sá ágæti maður Magnús Gíslason, telur að hér sé a. m. k. um mjög verulegt athugunarefni að ræða og ýmsar efasemdir hefur hann uppi um þýðingu þessara síauknu tannréttingaraðgerða.

Mér eru hins vegar efst í hug þolendur þessa, börn og unglingar á landsbyggðinni og aðstandendur þeirra, og hversu unnt megi reynast að minnka kostnað þeirra og auka þjónustuna með því að færa hana nær fólkinu, hvort sem það yrði með reglubundnum ferðum þeirra tannlækna sem eru sérfræðingar á þessu sviði og munu vera átta talsins, eða þá að tryggja það með búsetu þeirra og aðstöðu í a. m. k. hverjum landsfjórðungi.

Ég þekki til foreldra sem hafa verið með fjögur börn sín í tannréttingum á s. l. fjórum árum og veit gjörla um þær drjúgu upphæðir sem það heimili hefur þurft að eyða til þessa. Ég veit hins vegar að öll þessi tilvik hafa verið óhjákvæmileg og sjálfsögð fyrir viðkomandi. En svona dæmi og ótal fleiri þessu lík knýja á um að eitthvað sé gert í þessu máli og því er þessi till. flutt. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við þá till. sem hér er flutt. Hér er vissulega hreyft stóru máli, einu af þeim málum sem sýna mönnum fram á hversu miklum erfiðleikum það er háð og hversu miklu meira það kostar það fólk sem er úti á landsbyggðinni að sækja

eða nýta sér þessa þjónustu en þá sem eru hér í næsta nágrenni við hana. Þetta er einn þáttur í því félagslega óréttlæti sem ríkir í þjóðfélaginu, misvægi á þessu sviði, svo notað sé mjög margtuggið orð, misvægi réttlætisins.

Augljóst er að um gífurlega háar upphæðir er að ræða sem fjöldamörg heimili víðs vegar á landinu þurfa að inna af höndum vegna þessarar þjónustu. Þegar sá kostnaðarauki bætist ofan á ótalmargt annað sem þessir sömu aðilar þurfa að kaupa miklu dýrara verði en gerist hér á þessu svæði, þá segir það sig sjálft að vart verður við það unað öllu lengur að ekki sé reynt að draga verulega úr því óréttlæti sem landsbyggðarfólk býr við miðað við þéttbýliskjarnann hér á þessu svæði varðandi ýmiss konar félagslega þjónustu.

Ég vænti þess að almennt séu hv. þm. sammála um að hér þurfi leiðréttingar við, hér þurfi að ráða bót á. Vel má vera að ekki verði það gert í einu skrefi en með góðra manna hjálp má örugglega draga verulega úr þessum aukakostnaði sem landsbyggðarfólk þarf að greiða í þessu máli sem öðrum.

Ég ítreka stuðning minn við þessa þáltill. og vænti þess að ráðandi öfl í þjóðfélaginu taki tillit til þess kostnaðarauka sem þarna er um að ræða. Ég vænti þess að þm. almennt geri gangskör að því að mál þetta fái afgreiðslu og ekki bara það, heldur gangi síðan eftir því að framkvæmdavaldið fari eftir þeim vilja sem ég vona að sé hér á hv. Alþingi um að hér sé stigið skref til leiðréttingar frá því sem nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aukin sjúkra- og iðjuþjálfun, þáltill. 59. mál (þskj. 59). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 59 hef ég leyft mér að endurflytja svohljóðandi till. til þál.:

„*Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir* skipulegu samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans, efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu. Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega.“

Þegar ég flutti þessa till. í fyrra nokkuð síðla þings fór ég yfir grg. sem snýr að því mikla starfi sem þegar er unnið af þessum stéttum, sjúkraþjálfurum alveg sérstaklega, vegna þess að þeir eru miklu fjölmennari hér varðandi endurhæfingu ýmiss konar. En einnig benti ég á það að ef gagnsemi þeirrar starfsemi ætti að verða sú sem hún þyrfti að verða þyrfti einnig að huga verulega að forvarnarstarfi í þessum efnum. Ég vék þá að því hver nauðsyn okkur er á starfsemi þessara stétta m. a. vegna hins mikla vinnuálags sem við þekkjum öll úr þjóðfélaginu. Það er í raun einn þáttur vinnuverndar að koma þessari þjónustu að. Ég vék alveg sérstaklega að samstarfinu við skólana. Ég held að nauðsynlegt sé að samstarf komist á milli heilsugæslustöðva og skóla varðandi heilsuræktina sem kennd er í skólunum og byggist allt of mikið á fimleikaæfingum sem fyrst og fremst snúa að því að standa sig sem best, vera sem hraustastur á því sviði sem tekur til keppni og annars slíks.

Ég ætla ekki að endurtaka þessa grg., enda hafa menn hana fyrir augunum, en ég vildi aðeins minna á það að ýmsir fróðir aðilar um þessi mál hafa lagt flm. lið og til viðbótar sent honum ýmislegt efni sem ég hygg að væri rétt að skoða í þeirri n. sem þetta fær til meðferðar í stað þess að fara að rekja það hér og lengja úr hófi þessa framsögu.

En aðeins skulu nokkur atriði talin upp til frekari áherslu. Í fyrsta lagi: Stétt sjúkraþjálfara er ekki fjölmenn og það er ekki stór hópur sem útskrifast á ári hverju, enda ákveðnar takmarkanir þar á á háskólastigi. Þörfin er mikil og eru endurhæfingarstöðvar okkar gleggst dæmi þar um. Sjálfstæð starfsemi fer í vöxt, m. a. vegna lélegra launakjara þessara stétta. Það er góðra gjalda vert hvar sem aðstaða og möguleikar skapast, en brýnast mun þó að þessi þjónusta sé fyrir hendi þar sem mest þörf er á henni, svo sem í heilsugæslustöðvum og endurhæfingarstöðvum.

Iðjuþjálfar eru enn fámennari hópur enda þarf enn að leita erlendis til að ljúka því námi. Báðar stéttirnar hafa hins vegar sýnt þessu máli verulegan áhuga og heilsugæslulæknar á landsbyggðinni segja mér að á engu væri þeim meiri þörf en færum starfskröftum í þessum greinum sem um sumt fara saman.

Fullyrt hefur verið að mjög mundi létta á ofsetnum æfingastöðvum og endurhæfingarstöðvum okkar ef starfsemin færðist meira til heilsugæslustöðvanna og landsbyggðarsjúkrahúsanna og er það augljóst og rétt. Ég nefni tvö dæmi úr mínu kjördæmi. Af ýtrustu kröfuhörku og lagni tókst sjúkrahúsráðsmanni og læknum sjúkrahússins í Neskaupstað að fá endurhæfingaraðstöðu þar í kjallara sem annars var ætlunin að fylla upp í. Það hefur reynst hafa geysilega þýðingu og nú eru þar sjúkraþjálfarar að störfum með ofgnótt ærinna verkefna við ágæta aðstöðu og tækjabúnað.

Allir ljúka upp einum munni um ágæti þessa. Meðan færð er góð sækja nágrannar þessa þjónustu í ríkum mæli sem þeir annað tveggja færu alveg á mis við sér til tjóns eða þá að þeir þyrftu að leita hingað suður með ærnum óþægindum, aukakostnaði og vinnutapi, og þá venjulega enn seinna en nú er þegar þessi aðstoð býðst þar eystra.

Annað dæmi gæti ég rakið um sjúkraþjálfara á Breiðdalsvík sem þangað fluttist í fyrra og hefur síðan stundað tugi fólks þar og úr nágrannabyggðum. Tvisvar í viku fer þessi sjúkraþjálfari nú á Djúpavog og vekefnin eru ærin þar. Þessi kona fullyrðir það við mig að verulegur hópur hefði annars þurft að leita burtu í endurhæfingu eða fá ákveðna lækningu sinna meina, trúlega hér syðra. En enn þýðingarmeira kveður hún það að margt fólk kemur miklu fyrr en ella með kvilla sína og fær meðhöndlun sem á seinni stigum yrði miklu erfiðari viðfangs og tæki lengri tíma. Þó er það mest um vert að það fólk, sem til þessa sjúkraþjálfara hefur leitað, talar um betri líðan sína og minni krankleika einmitt vegna þeirrar þjónustu sem þarna er veitt.

Ég las í sumar ágæta grein eftir góða vinkonu mína í Eystra-Horni, blaði þeirra Skaftfellinga, þar sem hún hvatti til þess og taldi þá nauðsyn mesta varðandi

heilsugæslustöðina á Höfn í því fjölmenna byggðarlagi sem þar er að sjúkraþjálfun yrði komið sem fyrst á. Sjálf gat hún djarft úr flokki talað um nauðsynina sem langdvölum hefur orðið að dveljast hér syðra æ ofan í æ til þess að ná heilsu og bærilegri líðan undir umsjón sjúkraþjálfara. Hún vitnaði til fjölmargra sem hún vissi að þyrftu nauðsynlega á þessu að halda, ýmist drægju það eða vanræktu þar til í óefni væri komið eða færu suður til að leita sér lækninga og heilsubótar með verulegum aukakostnaði og vinnutapi.

Ég gæti haldið lengi áfram enn, en ég get þó ekki stillt mig um að vekja sérstaka athygli á niðurstöðum könnunar um vinnusjúkdóma sem birtist í fjölmiðlum í sumar. Vissulega voru þær tölur og þær prósentur, sem þar voru tilgreindar, umhugsunarefni. Þar var um að ræða vinnusjúkdóma vegna vinnuaðstöðu, vegna vinnutímalengdar og annarra slíkra ástæðna. Þar kom fram mjög há tíðni vinnusjúkdóma, eða hjá 75% þeirra sem vinna í frystihúsunum við grunnframleiðslu okkar. Vel mætti þetta vekja okkur til umhugsunar um „blessun" bónuskerfisins og allra þeirra sönnuðu ókosta sem því fylgja. En af því að þessi till. um forvarnarstarf í sjúkra- og iðjuþjálfun er á dagskrá mættu þessar tölur gjarnan vera ofarlega í huga þeirra sem eiga að sinna því þarfa verkefni að koma sjúkra- og síðar iðjuþjálfun úti um land sem allra víðast og tryggilegast, m. a. til að koma í veg fyrir þá tíðni atvinnusjúkdóma, sem þessi vinnusjúkdómakönnun leiddi í ljós, til frambúðar og gera þeim lífið bærilegra sem þegar hafa hlotið hér af tjón.

Vissulega mættu atvinnurekendur axla hér ákveðinn hlut og leggja til þessara mála sinn skerf, það væri verðugt verkefni. Sums staðar er mér tjáð að tilraunir séu uppi í þessa átt, takmarkaðar að vísu en spor í rétta átt. Ekki mundi atvinnureksturinn tapa á þessu, síst þegar til lengri tíma er litið, þó aðalatriðið sé hitt hvernig fólkinu megi líða bærilegar. Stórátak í þessum efnum ber því að reyna að gera til að vekja aukna athygli á þessum rökum um þarfa framkvæmd. Því er þessi tillaga flutt. Ég legg til, herra forseti, að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva, þáltill. 85. mál (þskj. 87). — Frh. einnar umr.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Þegar frá var horfið hér á dögunum þegar þetta mál var fyrst rætt hér í Ed. höfðu farið fram nokkuð almennar umr. um málið. Það eru nokkur atriði sem snerta það sem mig langar til að drepa á.

Fyrst vil ég segja það sem mína skoðun, bæði sem einstaklings og sem lögfræðings, að ég álít að þessar útvarpsstöðvar, sem kallaðar voru frjálsar útvarpsstöðvar og voru starfræktar á meðan á verkfallinu stóð, hafi verið ólöglegar. Ég er þeirrar skoðunar. Hins vegar tek ég það skýrt fram að þó að ég hafi þá skoðun, þá eru það auðvitað dómstólarnir sem fella dóm um það í réttarríki og eiga að fella dóm um fleira.

Það hefur verið sagt að til greina gæti komið að segja að rekstur þessara stöðva hafi verið réttmætur vegna þess að það hafi verið til staðar neyðarréttur. Ég álít að það sé mjög langsótt skýring, það er mín skoðun. Neyðarréttur fyrirfinnst í öllum réttarríkjum, t. d. stjórnskipulegur neyðarréttur. Það er nú heldur sjaldan sem hann er nýttur. Þó hefur það komið fyrir, t. d. hér á landi. Það kom fyrir 1941 þegar Alþingi ákvað að fresta kosningum til Alþingis. Ég held að það hafi verið 1941. Þá var það rökstutt þannig, að það væri stjórnskipulegur neyðarréttur til staðar vegna styrjaldarinnar. Sama var að segja í Noregi þegar Þjóðverjar gerðu innrás í Noreg. Þá þurfti að grípa til stjórnskipulegs neyðarréttar þar til þess að stjórnin gæti haldið áfram störfum sínum.

Í sambandi við refsiréttinn er þetta miklu skýrara, t. d. refsirétt og sjórétt. Þá er neyðarréttur réttur til þess að fórna minni hagsmunum fyrir meiri hagsmuni. Þetta er sérstaklega glöggt dæmi í sjóréttinum þegar skip er að sökkva og menn kasta útbyrðis vörum til þess að bjarga því sem eftir er af farminum. En í þessu tilviki held ég að það hljóti að verða nokkuð langsótt að ætla að rökstyðja það að til staðar hafi verið neyðarréttur í sambandi við rekstur þessara útvarpsstöðva.

Ég skal viðurkenna það, það gera sjálfsagt flestir, að þegar útvarpi og sjónvarpi er skyndilega lokað án skýringa fyrir sennilega langflesta, því að ég geri ráð fyrir því að það hafi ekki allir verið að hlusta á útvarpið þegar það hætti störfum áður en verkfall hófst, þá skapast talsvert sérkennilegt ástand í þjóðfélaginu, það er rétt, vegna þess að fjölmiðlarnir, ekki síst útvarpið, eru svo snar þáttur í mannlífinu. Ég skal ekkert fullyrða um hvort hægt er að heimfæra þetta undir neyðarrétt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta hafi ekki verið lögleg starfsemi. En dómstólarnir dæma auðvitað um það og eiga að dæma um það.

Ég var spurður að því af blaðamanni frá BSRB-tíðindum meðan þetta var að ske hvaða augum ég liti á frjálsa útvarpið. Ég sagði honum að ég vildi nú ekkert tjá mig um lögmætið, en strax daginn eftir stóð í BSRB-tíðindum að ég væri meðmæltur ólögmætum útvarpsstöðvum. Ég vil gjarnan leiðrétta það hérna.

Þetta var kallað frjálst og óháð útvarp. Það er eins og Dagblaðið sem kallar sig frjálst og óháð dagblað í tíma og ótíma. Dagblað sem leggur heilan stjórnmálaflokk nokkurn veginn í einelti, þ. e. Framsfl., er varla frjálst og óháð — dagblað þar sem einn af ritstjórunum er þm. Sjálfstfl. þó hann komi hér inn á þing og segist vera frjáls og óháður. Þetta er náttúrlega öllum ljóst að er tóm endileysa og stenst ekki. Dagblaðið er ekki frjálst og óháð dagblað. Það er málgagn Sjálfstfl. fyrst og seinast. — Ég ætla ekki að segja meira vegna þess að hv. þm. Ellert B. Schram er kominn hér í salinn, en hefur ekki málfrelsi hér og við náum ekki saman nema í Sþ. því er líklega best að hafa ekki lengri umr. um þetta hér. Nú er ég ekkert að deila á hv. þm., það er ekki það, en ég er að deila á blaðið og hvernig það heldur því fram að það sé frjálst og óháð. En það er aldrei sanngjarnt að deila á þá sem ekki hafa tækifæri til þess að verja sig á sama stað og tíma.

Það væri hægt að flytja langt erindi, og verður eflaust

gert, og langt mál um verkfallið og framkvæmd þess. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég held að menn þurfi að kólna svolítið til þess að tala um þessi mál af skynsemi. En ég er þeirrar skoðunar að þegar svo er ástatt orðið í einu landi að menn taka dómsvaldið í sínar hendur, brjóta lög og krefjast þess að verða ekki ákærðir fyrir það og þurfa ekki að þola rannsókn og meðferð skv. stjórnskipunarlögum og lögum landsins, þá sé virkilega viss hætta á ferðum. Það er náttúrlega engin spurning um að það voru brotin lög í þessu verkfalli, en ég skal ekki fara nánar út í það við þetta tækifæri.

Hér hefur verið lagt fram af hæstv. menntmrh. frv. til útvarpslaga. Ég get sagt frá því í fullri hreinskilni að ég var í miklum vafa um það í fyrra, þó ég samþykkti í mínum þingflokki að það væri lagt fram, hvort ég mundi fylgja því, en eftir þessa uppákomu er ég ákveðinn í að fylgja frv. Ástæðan fyrir því að ég hef verið í vafa er sú, að við búum hér við markað sem er 235 þús. manns og ég hef verið í vafa um að við gætum haldið úti myndarlegum útvarpsstöðvum fleirum heldur en einni og að gæðin mundu þá slakna, ef það kæmu margar stöðvar, vegna þess að markaðurinn er svo lítill og ekki mundi verða rekstrargrundvöllur fyrir því að halda uppi vönduðu útvarpi. En við ættum kannske að geta haldið uppi okkar Ríkisútvarpi eins og við gerðum í kreppunni 1930 og eftir það þó að það væri rekin t. d. ein myndarleg útvarpsstöð að auki af öðrum aðilum, þ. e. ekki af ríkinu. Hins vegar hef ég ekki trú á því að það væri skynsamlegt að gefa mörgum aðilum tækifæri til þess að reka hér útvarpsstöðvar. En ein myndarleg stöð, sem þyrfti helst að ná til alls landsins, held ég að væri þarfleg og allt að því nauðsynleg þegar svo er komið að menn labba bara út úr Útvarpinu og loka því ef menn eru ekki ánægðir með eitthvað sem gert hefur verið af stjórnvöldum. Ég vil því nota tækifærið til að lýsa yfir fylgi mínu við frv. til útvarpslaga.

Varðandi þá till. til þál. sem hér liggur fyrir um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka afskipti ráðh. og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva, þá vil ég strax taka fram að ég fylgi ekki till. Ég er á móti henni og mun greiða atkv. á móti henni. Ástæðurnar fyrir því eru ýmsar. Ég hef ekki mikla trú á rannsóknarnefndum Alþingis. Ég var við háskólanám í Bandaríkjunum fyrir rúmlega 30 árum þegar McCarthy-nefndin var að störfum sem var rannsóknarnefnd þingsins. Nú höfum við engan McCarthy hér. En ég minnist þess og það gera fleiri hvernig sú nefnd vann að málum, hvernig heiðursmenn voru teknir og auðmýktir fyrir opnum tjöldum. (**EG:** Man þm. eftir rannsóknarnefndum Kennedys öldungadeildarþingmanns?) Já, já, það eru margar rannsóknarnefndir. Ég er að taka það dæmi sem mér mislíkaði mest, en ég geri ráð fyrir því að margar rannsóknarnefndir hafi unnið gott starf, ég reikna með því. En ástæðurnar fyrir því að ég er ekki hrifinn var þessi uppákoma í Bandaríkjunum. Og ég hef yfir höfuð ekki mikla trú á rannsóknarnefndum Alþingis. Þær verða pólitískar nefndir og ég held að störf þeirra hljóti að bera allt of mikinn keim af pólitík. Þetta verður pólitísk sýning. Þetta verður kannske fyrst og fremst til þess að sýna í fjölmiðlum og skrifa um í fjölmiðlum í staðinn fyrir að rannsaka málið hlutlægt og af vandvirkni, þannig að ég er ekki hrifinn af hugmyndum um þetta. Hins vegar er það alveg rétt, sem kemur fram við flutning málsins, að heimilt er að skipa rannsóknarnefndir. En ég óttast að þarna verði fyrst og fremst um pólitíska rannsókn að ræða en ekki hlutlausa rannsókn.

Ég hef miklu meiri trú á því að hlutlausir dómarar og dómstólar rannsaki svona mál og dæmi í þeim. Ef menn þurfa að fá mál rannsökuð og dæmd eiga menn að snúa sér til dómstólanna. Við höfum ágæta dómstóla hér í landinu, að mínum dómi. Ég hef aldrei orðið var við annað. Ég hef verið starfandi lögfræðingur í 15 ár samtals og rak mikið af málum, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, og ég varð aldrei var við að það gætti rangsleitni í dómum. Það orkar oft tvímælis hvort dómar eru réttir. Um það má lengi deila. Ég geri einnig ráð fyrir því að fullnaðardómstól, sem verður að dæma, geti skjátlast eins og öllum mönnum. En ég varð ekki var við að það væri rangsleitni í sambandi við t. d. dóma Hæstaréttar. Mér hefur fundist Hæstiréttur frjálslyndur dómstóll og réttlátur dómstóll þó að ég játi að ég hef ekki alltaf verið alveg sammála niðurstöðum Hæstaréttar. Það er annað mál. Um þessi mál má oft deila.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég mun greiða atkv. á móti þessari till. Ég tel hana ekki til þess fallna að rannsaka þessi mál og því síður að fella neinn úrskurð um réttmæti þeirra eða hvort þau eru eitthvað aðfinnsluverð.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. 1. flm. þessarar till. um skipan rannsóknarnefndar til að rannsaka afskipti ráðherra af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva hefur gert ítarlega grein fyrir tilgangi flm. með till. þessari og hef ég því ekki ástæðu til þess að fara jafnítarlega í efni málsins eftir að gerð hefur verið svo ágæt grein fyrir málinu.

Í frásögnum fjölmiðla af þessum málatilbúnaði hefur verið sagt að hér væri á ferðinni rannsóknarnefnd sem beint væri gegn rekstri hinna ólöglegu útvarpsstöðva og hún eigi að rannsaka lagalega hlið þeirra mála. Þetta er á miklum misskilningi byggt. Það er ekki aðalefni þessarar till. að rannsaka lögbrot tiltekinna útvarpsstöðva sem settar voru á stofn hér fyrir fáum vikum. Dómskerfið kom til skjalanna í þeim málum. Rekstur stöðvanna var stöðvaður og rannsókn var gerð á rekstri þeirra og síðan kemur það væntanlega í hlut dómstólanna að fjalla um þau mál.

Þessi till. fjallar ekki heldur um það hvort leyfilegt eigi að vera að setja upp aðrar útvarpsstöðvar en þá einu sem nú er leyfileg. Þessi till. snýst sem sagt alls ekki um það hvort svokallað frjálst útvarp eigi rétt á sér eða ekki. Það er allt önnur hlið málsins sem þessi till. fjallar um. Þessi till. fjallar fyrst og fremst um sérkennilega hlutdeild Sjálfstfl. og forustumanna hans að rekstri þessara útvarpsstöðva. Till. fjallar um þá sérkennilegu sögu sem nýlega gerðist þegar stærsti stjórnmálaflokkur landsins, Sjálfstfl., undir forustu nýkjörins formanns, Þorsteins Pálssonar, tók lögin í sínar hendur í nokkra daga. Þessi till. fjallar sem sagt um nokkuð fáheyrðan atburð í íslenskri sögu. Þetta er sagan um það þegar sett var upp sjóræningjastöð í húsi Sjálfstfl. á ábyrgð forustumanna flokksins ásamt stöð sem rekin var af einu af stærri dagblöðum landsins. Þetta er sagan um það þegar fulltrúar Sjálfstfl. í útvarpsráði gerðu það sem þeir gátu til þess að koma í veg fyrir á sama tíma að

útvarpið tæki aftur upp starfsemi sína, að aftur heyrðist í útvarpinu. Og þetta er sagan um það þegar ráðh. sama flokks reyndu á sama tíma með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi að koma í veg fyrir að lögum væri haldið uppi í landinu. Þetta er sagan um það þegar hæstv. menntmrh. þjóðarinnar, æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins, lýsti því opinberlega yfir að ástæðulaust væri að gera neitt í málum þessara ólöglegu stöðva fyrr en verkfalli lyki. Þetta er sem sagt sagan um það þegar Sjálfstfl. og forustumenn hans reyndu að tryggja að þessar sjóræningjastöðvar, sem voru sérstaklega á ábyrgð og undir forsjá forustumanna flokksins, kæmu í staðinn fyrir sameiginlegt útvarp allra landsmanna.

Meginstaðreyndir þessa máls liggja nokkuð ljóst fyrir. Það liggur fyrir að ólögleg útvarpsstöð var rekin í húsi Sjálfstfl. og það dregur enginn í efa að það hafi verið gert með vitund og vilja forustumanna flokksins, þar á meðal vitund og vilja ráðh. flokksins og formanns hans. Það liggur líka fyrir að einn af þm. flokksins, hv. þm. Ellert Schram, bar sérstaka ábyrgð á stöð sem rekin var á vegum dagblaðsins DV. Það liggur líka fyrir og er viðurkennt af hæstv. fjmrh. að hann hafi hindrað löggæslumenn í starfi og gert það sem í hans valdi stóð til þess að koma í veg fyrir að lögbrotin væru stöðvuð.

Ég ítreka að það er ekki aðalatriði þessa máls hvort menn litu þessi lögbrot allir eins alvarlegum augum eða ekki. Það er ekki kjarni málsins hvort menn telja að leyfa ætti svokallaðan frjálsan útvarpsrekstur. Það er ekkert atriði í málinu, ekki í því máli sem hér er verið að ræða. Það eru lögbrotin sem slík, ótvíræð lögbrot, sem eru auðvitað aðalatriði og aðild alþm. og forustumanna Sjálfstfl. að þessum lögbrotum sem skiptir hér mestu máli.

Eins og ég gat um áðan er þáttur hæstv. menntmrh. mjög sérstæður og er nauðsynlegt að festa í þingtíðindum hvað um þátt þess ráðh. var sagt í Ríkisútvarpinu. Föstudaginn 13. okt. 1984 las fréttamaður útvarpsins svohljóðandi pistil, sem ég ætla að flytja hér, með leyfi forseta:

„Fréttastofan hafði samband við Þórð Björnsson ríkissaksóknara í dag, sem sagði að sér hefði borist kæra í gær," þ. e. frá útvapsstjóra, „málið væri í athugun og reynt yrði að vanda til þeirrar athugunar. Annað kvaðst ríkissaksóknari ekki geta sagt að svo stöddu.

Fréttastofan hafði einnig samband við Jón Helgason dómsmrh. Hann sagðist hafa fengið upplýsingar um að samgrn. hefði fengið skýrslu um málið og sér hefði verið tjáð að útvarpsstjóri hefði kært þetta til ríkissaksóknara. Sjálfsagt mundi Landssíminn halda áfram athugun á þeirri hlið sem að honum sneri.

Einnig hafði fréttastofan samband við Matthías Bjarnason samgrh. Hann sagði að Landssíminn annaðist öll fagleg mál fyrir Ríkisútvarpið, en að öðru leyti heyrði það ekki undir samgrn. Matthías Bjarnason sagðist ekki ætla að ganga fram fyrir skjöldu í þessu máli nema menntmrn. færi fram á það. Þá yrði það gert.

Fréttastofan hafði í kvöld samband við Ragnhildi Helgadóttur menntmrh. Hún sagði að það væri svo margt aðhafst ólögmætt þessa dagana að það yrði að skoða það í heild þegar verkfallinu lyki."

Þessi saga er með því ótrúlegasta sem gerst hefur í íslenskri pólitík um margra áratuga skeið. Þegar þjóðin öll hefur orðið vitni að lögbrotum sem framin eru daglega og samgrh. er spurður álits á því hvað hann vilji gera í málinu, þá lýsir hann því yfir að hann ætli ekkert að gera nema menntmrn. fari fram á það og vísar sem sagt málinu frá sér til samráðh. síns úr Sjálfstfl., hæstv. menntmrh. Hæstv. menntmrh. segir upp í opið geðið á allri þjóðinni... (**Menntmrh.:** Þá var búið að kæra málið.) Þá er búið að kæra málið. En hæstv. menntmrh. segir upp í opið geðið á allri þjóðinni að það sé ekki ástæða til þess að aðhafast neitt sérstaklega í þessu máli fyrr en verkfallinu lyki, þá væri kannske eðlilegt að skoða það nánar. Þetta er það sem felst í þeim orðum sem hæstv. ráðh. sagði. (Gripið fram í.) Ég held að ég þurfi ekki að endurtaka þau orð sem höfð voru eftir hæstv. ráðh. Þau fela þessa meiningu alveg augljóslega í sér og þarf held ég býsna snjalla tungu til að flækja þau orð á annan veg því að meiningin kemur býsna skýrt fram.

En á sama tíma og þetta var að gerast urðu miklar umræður um það hvort ekki væri nauðsynlegt að opna Ríkisútvarpið að nýju með einum eða öðrum hætti og þá er kannske komið að ótrúlegasta þætti þessa máls vegna þess að rekstur hinna ólöglegu útvarpsstöðva hafði einmitt verið rökstuddur með því að þjóðin þyrfti á fréttaflutningi að halda. En þegar kemur að umræðum í útvarpsráði um það hvort ekki eigi að verða við þeim tilmælum, sem fram höfðu komið, að daglegar fréttir séu fluttar tvisvar sinnum á dag til þess að tryggja öllum landsmönnum aðgang að daglegu fréttaefni til að tryggja öryggi í landinu, þá bregður svo við að fulltrúar Sjálfstfl. í útvarpsráði eru þessu ekki samþykkir. Og hverjir voru fulltrúar Sjálfstfl. í útvarpsráði? Þar var enginn annar á ferðinni en aðstoðarmaður menntmrh., Inga Jóna Þórðardóttir, og raunar annar af forustumönnum Sjálfstfl., Markús Örn Antonsson. Það liggur fyrir skv. heimildum um umræður í útvarpsráði, þar sem þessi mál voru rædd, að fulltrúar Sjálfstfl. þvældust mjög greinilega fyrir því að ákvörðun yrði tekin um að opna útvarpið að nýju. Þau lýstu sig beinlínis andvíg því að það yrði gert, greiddu í öllu falli ekki fyrir málinu og greiddu ekki atkv. með því að fréttir yrðu fluttar. Það er sérstök ástæða til þess að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort það hafi kannske verið að ráðum menntmrh. að aðstoðarmaður hans tók þessa afstöðu í útvarpsráði og hvort ekki sé greinilega nokkurt samhengi á milli þessara þriggja meginstaðreynda málsins, í fyrsta lagi þess að Sjálfstfl. stóð fyrir rekstri sjóræningastöðvar í húsi sínu, í öðru lagi að ráðherrar urðu seinir til að halda uppi lögum í landinu og menntmrh. lýsti því beinlínis yfir að hann teldi ekki sérstaka ástæðu til að grípa í taumana og svo þessarar þriðju staðreyndar að aðstoðarmaður menntmrh. og annar fulltrúi Sjálfstfl. í ráðinu, Markús Örn Antonsson, reyndu hvað þeir gátu að koma í veg fyrir að útvarpið yrði opnað á nýjan leik. — Þess má svo geta í sviga að hæstv. menntmrh. átti þess kost að verðlauna fulltrúa Sjálfstfl. í útvarpsráði, Markús Örn Antonsson, fyrir framgöngu hans í þessu máli, er hann reyndi að koma í veg fyrir að útvarpið yrði opnað á nýjan leik, með því að veita honum útvarpsstjórastöðuna sjálfa fáeinum dögum síðar.

Í þessu máli hafa hin furðulegustu rök komið fram. Við höfum hlýtt á fulltrúa Sjálfstfl. bera fram þau rök að útvarpið hafi brugðist skyldum sínum, útvarpið hafi skyldum að gegna gagnvart þjóðinni, eins og enginn mun neita, en útvarpið hafi brugðist þeim skyldum sínum og þá hafi verið réttlætanlegt fyrir hvern og einn í

þjóðfélaginu að fremja það lögbrot að setja upp ólöglegar útvarpsstöðvar. Ég verð nú að segja að fólk sem leyfir sér að standa upp hér á Alþingi og hafa uppi málflutning af þessu tagi er svo sannarlega illa hæft til þess að gegna skyldum sínum í ráðherraembætti — eða hvað á að segja um aðrar þær stofnanir ríkisins sem hafa einkarétt í störfum sínum? Við skulum taka t. d. þá ágætu stofnun, sem ég veit að allir telja ekki mjög ágæta, en ég er út af fyrir sig ekki svarnastur andstæðingur við, þ. e. Áfengisverslun ríkisins, sem heyrir undir fjmrh. Þegar starfsmenn Áfengisverslunarinnar gera verkfall má vissulega með nokkrum rétti segja að Áfengisverslunin bregðist þeirri skyldu sinni að sjá þjóðinni fyrir áfengi. (**Gripið fram í:** Neyðarástand.) Þá skapast neyðarástand hjá mörgum, ekki öllum. Ég veit að það eru ekki allir hv. þm. sem telja að slíkt sé neyðarástand. En þá skapast neyðarástand vafalaust að dómi sumra. Og er þá ekki neyðarrétturinn nærtækastur? Er ekki með sömu rökum hægt að halda því fram að hver og einn hafi þá rétt til þess að setja upp sína áfengisverslun, flytja inn áfengi frá útlöndum, úr því að Áfengisverslunin bregst þeirri skyldu sinni að sjá um að sá innflutningur eigi sér stað og annast síðan dreifinguna til neytenda? Nákvæmlega sama má auðvitað segja um Póst- og símamálastofnunina. Má ekki segja að sú stofnun, sem hefur einkarétt á dreifingu pósts hér á landi, bregðist skyldum sínum og hver og einn hafi þá út frá neyðarréttarsjónarmiði heimild til þess að hefja póstdreifingu?

Í sambandi við þennan ömurlega málflutning, sem ýmsir hæstv. ráðherrar hafa leyft sér að hafa uppi gerðum sínum til stuðnings, mætti líka spyrja: Hvernig verður með starfsmenn hugsanlegs frjáls útvarps? Eiga þeir ekki að hafa verkfallsrétt? Er ekki hugsanlegt að verkfall yrði gert í þessum stöðvum, sem ætlunin er að koma upp, eða er það hugsunin að starfsmenn þessara stöðva geti engan verkfallsrétt haft þannig að ekki geti orðið verkfall hjá þessum stöðvum?

Ég vil að endingu segja um þetta mál, því að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það frekar en búið er að gera hér af 1. flm. málsins, að handhöfum framkvæmdavaldsins sem sitja í ríkisstj. er sérstaklega trúað til þess af Alþingi að gæta laga og réttar í þjóðfélaginu og það er því mjög alvarlegt, með því alvarlegasta sem getur komið fyrir í einu þjóðfélagi, þegar handhafar þess réttar, ráðherrarnir sjálfir, gegna ekki þeirri frumskyldu sinni, að ég tali nú ekki um þegar þeir svo leyfa sér að koma fram fyrir almenningssjónir og hvetja til lögbrota eins og var í þessu tilviki. Ég tel því að till., sem flutt hefur verið um rannsókn þessara mála, sé mjög nauðsynleg.

Ég hjó eftir því áðan að hv. þm. Tómas Árnason taldi þessa till. ekki eðlilega og komst svo að orði undir lok sinnar ræðu að eðlilegast væri að láta dómstólana rannsaka mál af þessu tagi. Það er greinilegt að hv. þm. hefur ekki kynnt sér mikið efni þessara till. því að ég veit að ef hann gerði það mundi hann sem lögfræðingur vita að lögum skv. er ekki hægt að fela dómstólunum að rannsaka mál af því tagi sem hér er um að ræða. Það er ekki dómstólanna að rannsaka embættisathafnir ráðherra. Embættisathafnir ráðherra, þegar grunur leikur á um lögbrot, eru skv. stjórnarskrá landsins og lögum rannsakaðar af sérstökum rannsóknarnefndum skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Komist Alþingi síðan að þeirri niðurstöðu, eftir að rannsóknarnefnd hefur skilað áliti, eftir að hún hefur rannsakað málið, að ráðherrar séu tvímælalaust sekir um lögbrot eða um refsivert athæfi, þá er það Alþingis að ákveða endanlega hvort um frekari málarekstur verður að ræða og þá getur Alþingi hugsanlega valið þann kostinn að vísa málinu til dómstóla. En þá eru það ekki hinir almennu dómstólar sem fjalla um málið, heldur landsdómur. Sem sagt: hér hafa flm. valið þá einu löglegu leið sem fær er til þess að þetta mál fái eðlilegan gang og verði rannsakað með löglegum hætti.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á í lokaorðum sínum er hér farið fram á að farin verði fullkomlega eðlileg og lögleg leið til að rannsaka embættisgerðir ráðh. og tengist það rekstri þeirra útvarpsstöðva sem í gang fóru eftir verkfall útvarpsstarfsmanna ríkisins og kallaðar hafa verið frjálst útvarp. Ég vil í fáum orðum skýra aðild mína að þessari þáltill. vegna þess að mínar ástæður kunna e. t. v. að vera örlítið aðrar en annarra sem að ályktuninni standa.

Menn hafa sagt hér: Við erum ekki að ræða um frjálst útvarp. Það kann að vera rétt í orði kveðnu. En ég tel samt sem áður, með tilliti til þeirra mála sem hér eru fram komin á þingi, mjög gagnlegt að afskipti ráðh. verði könnuð. Ég held að það hljóti að vera jafngagnlegt bæði fyrir ráðh. og þing, sérstaklega ef ráðherrarnir sjálfir telja ekkert að sínum afskipum, vegna þess að fram er komið á þingi frv. til útvarpslaga og það frv. hefur almennt verið kennt við útvarpsfrelsi. En ég tel að frv. sé ekki um frjálst útvarp að einu eða neinu leyti. Ég tel að það tengist að nokkru leyti undangengnum málum í eðli sínu.

Það er gert ráð fyrir því í því frv. sem fyrir liggur að kosin verði svokölluð útvarpsréttarnefnd af þingi, sjö menn eftir hverjar alþingiskosningar, og þá eru þeir kjörnir af flokkum þeim sem sitja á þingi í hlutfalli við stærð þeirra. Síðan er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi formann og varaformann þessarar nefndar úr hópi nm. Þetta frv. gerir sem sé ráð fyrir mjög miklum afskiptum ríkisvaldsins af hinu frjálsa útvarpi og er það í anda þess sem á undan er gengið. Menn skulu athuga að frjálsu útvörpin sem af stað fóru, og þá sérstaklega annað þeirra, koma fram fyrir atbeina stærsta ríkisafskiptaflokks landsins, þess flokks sem taldi það hreint og beint vera hlutverk sitt að grípa inn í á þessum vettvangi þegar skapaðist glufa og upplýsa landsmenn um það sem væri að gerast í kringum þá.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um lögmæti eða ólögmæti þessara útvarpsstöðva. Ég held að enginn maður efist um að þær hafi verið ólöglegar sem slíkar. Aftur á móti greinir menn á um hversu réttmætt var að koma slíkum útvarpsstöðvum upp. Ég fyrir mitt leyti tel það afskaplega eðlilegt þegar útvarp leggst af að menn reyni að bjarga sér sjálfir um slíka hluti og tel ekki að menn þurfi að verða neitt undrandi yfir því. Ég tel það aftur á móti ekkert sérstaklega eðlilegt þegar að því stendur stærsti stjórnmálaflokkur landsins. Ég vil aðeins benda á í því tilviki að ég efast um að umburðarlyndi manna hefði verið jafnmikið og það var þrátt fyrir allt ef hér hefðu verið á ferðinni einhverjir aðrir. T. d. var mjög algengt, þegar frjálsar útvarpsstöðvar voru að fara af stað úti í Evrópu fyrir 10—15 árum, að þær væru

reknar af mjög róttæku vinstra fólki. Ég bið menn að hugleiða með sjálfum sér hvort umburðarlyndi manna hefði verið jafnmikið nú ef Fylkingin hefði orðið fyrst til að fara af stað með frjálst útvarp.

Ég skil reyndar ekki andstöðu ráðh. við þessa rannsókn né andstöðu annarra manna, sem hér hafa lýst henni, við hana því að ég tel að báðum aðilum sé það jafngagnlegt að fengin verði niðurstaða í þessu máli og það sem allra fyrst. Mér skilst af orðum ráðh. að þeir telji ekkert óeðlilegt við afskipti sín af þessu máli. Ef þeir eru þeirrar skoðunar, hreinir og óskiptir, skil ég ekki hvers vegna þeir hvetja ekki beinlínis sjálfir til þessarar rannsóknar.

Hv. 4. þm. Austurl. Tómas Árnason taldi að rannsókn þessi yrði að pólitískri sýningu. Það er landlægt í Framsfl. að þeir hafa ímugust á pólitík. Alltaf þegar framsóknarmenn hafa einhvern rökstuddan grun um að pólitísk umræða eigi að fara fram bregðast þeir mjög hart við og telja hana af því illa. Pólitísk umræða á að mati framsóknarmanna greinilega að fara fram í skúmaskotum, en ekki fyrir opnum tjöldum, það er óviðeigandi. Ég held að menn sem hugsa þannig og skýra hugsanir sínar með þessum orðum dæmi sig sjálfir í þeirri umræðu. Afstaða þeirra til þess fyrirbæris sem kallast pólitík kemur mjög greinilega fram þegar menn segja það nánast berum orðum að slíkt eigi ekki að gerast nema einhvers staðar þar sem enginn sér eða heyrir til.

Ég tel að ef niðurstaða þessarar rannsóknar yrði sú að afskipti ráðh., afskipti embættismanna eða annarra aðila, og þá á ég við stjórnmálaafla, af frjálsum útvarpsstöðvum hafi verið óeðlileg, þá sé það mikill stuðningur við þá brtt. sem BJ hefur lagt fram við frv. til útvarpslaga þar sem við leggjum einfaldlega til að svokölluð útvarpsréttarnefnd verði ekki skipuð, það sé engin útvarpsréttarnefnd aðili að heimildum til útvarpsreksturs, heldur eigi menn þar eingöngu við fyrirtæki Pósts og síma um úthlutun sendirása eða tíðni og síðan gildi landslög um ábyrgð útvarpsstöðva á rekstri sínum, en ekki allir þeir undarlegu lagakrókar sem búið er að setja fram í frv. til útvarpslaga um álíka kynlega hluti eins og það að útvarpsréttarnefnd eigi að hafa beint eftirlit eða umsögn um það hvers lags rekstrarform er á því fyrirtæki sem að útvarpsstöðinni stendur, að útvarpsstöðvarnar verði að gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir dagskrárstefnunni sem fyrirhuguð er, einnig að láta í té dagskrárefni á böndum og tilkynna líka hverjir beri ábyrgð á útvarpsefninu. Eins og það gerist ekki af sjálfu sér með þeim aðilum sem að útvarpsstöðinni standa. Eins er það að þessi útvarpsréttarnefnd sé nokkurs konar pólitískur dómstóll og geti í raun og veru valið og hafnað hverjir það eru sem að frjálsu útvarpi mega standa. Þá er frjálst útvarp ekki til nema á pappírnum, að mínu mati, og verður það ekki fyrr en flokksvaldinu, sem við búum við hér á landi, er létt af í þessum efnum sem svo mörgum öðrum og einstaklingum gefið það frelsi sem alltaf er verið að lofa þeim, en aldrei staðið við.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Till. sú til þál. sem liggur hér fyrir og er til umr. í þessari hv. deild er nokkuð sérstæð. Hún kveður á um að skipa skuli hér rannsóknarnefnd til að rannsaka starfshætti ráðherra vegna rekstrar á ólöglegum útvarpsstöðvum í nýafstöðnu verkfalli — ég vona að ég megi segja það — og hver afskipti ráðh. hafi verið af þeim málum. Hv. 5. landsk. þm. flutti framsöguræðu sem 1. flm. að þáltill. á miðvikudaginn var og fór þá nokkuð vítt yfir völl í þessum efnum. Ég ætla ekki að taka hans málflutning sérstaklega fyrir að svo komnu máli.

Áðan hélt ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. og fór mjög geyst. Hans ræða gekk svo að segja öll út á það að tilkynna hve Sjálfstfl. væri brotlegur í þessum efnum. Ég held að ég hafi skilið hv. þm. rétt. Það var megininntakið í hans ræðu. (**RA:** Það er rétt.) Hann sagði t. d., ef ég hef rétt eftir honum, að formaður Sjálfstfl. hefði tekið lögin í sínar hendur í nokkra daga, Sjálfstfl. staðið fyrir rekstri sjóræningjastöðvar í húsi sínu og annað eftir þessu. Þetta held ég að sé orðrétt eftir haft.

Ég ætla ekki að afsaka Sjálfstfl., en ég hef ekki séð það koma fram neins staðar... (Gripið fram í.) Ég held að hv. 3. þm. Norðurl. v. haldi það. Hvar er sönnunin á því að rekin hafi verið ólögleg útvarpsstöð í Sjálfstæðishúsinu? Ég spyr. Og því mætti jafnvel hv. 5. landsk. svara. Það eru miðaðar út sendingar, en það finnst þar engin stöð. Þá er beðið um að mega fara upp á þak að leita að loftneti, en neitað um það. En þetta hlýtur að koma fram þegar málið er rannsakað. Ég hefði alls ekki á móti því. Fullyrðingum hér í hv. þd. um að þetta sé á ábyrgð Sjálfstfl. mótmæli ég algerlega hreint. Rannsókn mun leiða í ljós þegar að því kemur hvort þetta er rétt. En slíkar fullyrðingar kann ég ekki við hér í hv. deild þó að þm., sumir hverjir, í stjórnarandstöðunni haldi annað og vilji trúa öðru. (**RA:** Hverju trúir þm.?) Þm. trúir engu í þessum efnum fyrr en staðreyndir liggja fyrir. Ég veit ekki til að þar hafi verið rekin útvarpsstöð á vegum Sjálfstfl., alls ekki. Ég lýsi því hér með yfir að ég veit ekki til þess. Það kemur þá fram ef það hefur verið gert á vegum Sjálfstfl., en það veit ég bara ekki um. (**RA:** Það er gott að loka augunum.) Þau eru sæmilega vel opin í mér en ég hef ekki orðið var við þessa stöð. Það á ekki að fullyrða neitt þegar rannsókn liggur ekki fyrir.

Það er veist hér sérstaklega að ráðh. Ég er ekki að mæla með því að brotin séu lög. Það gerir held ég enginn okkar hér. En það hafa verið brotin lög, eins og sagt hefur verið hér, á ýmsum sviðum undanfarnar vikur. Ég held að allir geri sér ljóst að svo hefur verið gert. Við skulum þá láta reyna á þetta fyrir réttum aðilum. Þessi mál hafa verið kærð og eru í rannsókn og við skulum láta rannsaka þau til hlítar hvert á sínu sviði og fá það rétta upp. En ég kann ekki við það að hér séu hafðar uppi fullyrðingar um atvik sem leikur kannske grunur á en ekkert liggur fyrir um þessi mál fyrr en þau hafa verið rannsökuð af dómsvaldinu.

Til viðbótar þessu vildi ég geta um það að talað er um að fólk hafi brugðist ólöglega við í frjálsum útvarpsstöðvum. Þetta má vel vera rétt og ég viðurkenni að það er lögbrot að reka slíkar útvarpsstöðvar skv. útvarpslögum sem nú eru í gildi. En hvað skeður þegar á mánudagsmorgni 1. okt. uppi í útvarpinu, Ríkisútvarpinu, sem hefur þá einokunaraðstöðu að miðla landslýð fréttum og öðru efni? Þar er haldinn starfsmannafundur fyrir hádegi og okkur hlustendum tilkynnt kl. tæplega eitt að nú sé lokað, þremur dögum áður en boðað verkfall skellur á. Þetta finnast mér vera vinnubrögð fyrir neðan allar hellur. Sem betur fer tók hv. 5. landsk.

þm. undir það í sinni framsöguræðu. Hann telur þetta ranga aðferð. Ég er honum algerlega sammála og þjóðin er honum og mér sammála um að þarna er rangt að staðið. Það var lágmark að bíða fram á verkfallsdag með vinnustöðvun, en láta hana ekki skella á fyrirvaralaust. Þá brýst út þessi reiði sem myndar jarðveg fyrir frjálsu útvarpsstöðvarnar, sem við hlustuðum öll sömul meira og minna á, einmitt af því að engar fréttir var að fá. Þetta er ólöglegt, það skal ég taka fram, en það hefur tíðkast áður.

Ég þarf ekki að minna hv. 1. flm. á það hvernig ástandið er í okkar kjördæmi, Vesturlandi. Við höfum vitað það báðir í langan tíma að þar eru lög brotin í sambandi við kapalsjónvarp. Ég held að nær 100% íbúðarhúsa í Ólafsvík tengist kapalsjónvarpi. Líkt er á komið í Borgarnesi og tíðkast töluvert mikið á Akranesi. Ég fer ekki lengra. Þetta hefur hv. þm. horft á undanfarin ár.

Hann sagði í ræðu, ef ég man rétt á öðrum degi þingsins, í Sþ. að hann hefði minnst á þessi mál í útvarpsráði, sagt frá þessu þar og reifað hvað ætti að gera varðandi kapalsjónvarp. En ég veit að innst inni er hann jafnsammála mér um það að ekki hvarflar að okkur að fara að loka fyrir þetta hjá fólkinu þar vestur á Snæfellsnesi. En við vitum báðir að þetta eru lögbrot og það er hægt að ásaka okkur fyrir að hafa ekki sagt frá þessu fyrr. (Gripið fram í.) Sagt frá því já, en látið það viðgangast, hv. þm. Í þessu felst tvískinnungurinn í þeim málflutningi sem hér er hafður í frammi. Það er núna, í þessu sérstaka tilfelli hugsanlega til þess að afla sér pólitískra vinsælda í stjórnarandstöðu, reynt að klekkja á þeim ráðherrum sem hafa með þessa málaflokka að gera og sagt að þeir hafi ekkert gert meðan þetta útvarp var rekið, en það var aldrei kvartað áður. Ég þori ekki að fara með það hvort hv. 3. þm. Norðurl. v. var menntmrh. þegar kapalsjónvarpið byrjaði. **(Gripið fram í:** Hvers vegna hlutu þeir að klekkja á?) Að klekkja á? Ég kalla það svo vegna þess að fólkið vill hafa þetta svona. Það vill hafa sitt frjálsræði í sínu sjónvarpi vestur á Snæfellsnesi og annars staðar. Það vill ekki að þm. skipti sér af því. Ég vona að við getum samið sem fyrst hér á Alþingi um það að koma á frjálsari rekstri en hefur verið í þeirri einokunarstofnun sem þarna hefur ráðið undanfarið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Valdimar Indriðason, kom hér í stól til að segja það að við skyldum láta rannsaka málin áður en fullyrðingum er slegið fram. Það er nákvæmlega það sem þessi till. hljóðar upp á og það vil ég benda hv. þm. á. Hér segir í 1. gr. að kanna skuli „embættisleg afskipti einstakra ráðh. af rekstri þeirra útvarpsstöðva er héldu uppi ólöglegri starfsemi í verkfalli opinberra starfsmanna" o. s. frv. Í 2. gr. segir að kanna skuli „afskipti embættismanna af rekstri áðurgreindra útvarpsstöðva" og síðan að nefndin skuli einnig kanna „aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist". Það er nákvæmlega það sem þessi till. hljóðar upp á, hv. þm., þ. e. að rannsaka málið. Þess vegna fæ ég ekki séð með hvaða rökum mótmæli hv. þm. eru borin hér fram.

Það hefur komið hér fram í máli annarra flm. að þessari till. að það er ekki verkefni almennra dómstóla að rannsaka embættisathafnir ráðh. heldur er það verkefni sérstakra rannsóknarnefnda sem kveðið er á um í 39. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er í raun og veru um að ræða einu löglegu leiðina sem fær er til þess að athuga þessi mál sérstaklega. Mig langar til þess að biðja hv. þm., ef hann sér sér fært að koma hérna upp aftur, að svara því hvers vegna hann er á móti því að þessi leið sé farin. Ef hægt á að vera að segja eitthvað af eða á um þetta mál, hvers vegna er þá ekki viðunandi að rannsaka það eftir þeim leiðum sem einar eru færar í rannsókn þess?

Hér er ekki verið að ræða um útvarpslög eða svokallað frjálst útvarp. En hv. þm. Stefán Benediktsson kom hér upp og gerði þau mál að atriði ræðu sinnar og mig langar til þess að minnast á eitt atriði í máli hans. Hann sagði að sér fyndist það ekkert skrýtið að menn hjálpuðu sér sjálfir þegar ákveðnar aðstæður koma upp. Ég verð að lýsa furðu minni á þessum orðum hv. þm. Mér finnst það ákaflega skrýtið og mjög ámælisvert ef menn hjálpa sér sjálfir í bága við lög hverjar svo sem aðstæður eru.

Hér hefur verið talað um neyðarrétt og að hann geti á stundum réttlætt sjálfshjálp manna. Ég held að það sé ákaflega langsótt að bera því viðkvæði við hér. Ef þetta viðkvæði væri notað almennt í daglegu lífi hér á landi má þá t. d. kona, sem ekki á fyrir brauði handa börnum sínum, ganga út í búð og taka brauðið þar? Hefur hún þann neyðarrétt? Slíkar spurningar vakna þegar menn fara að bera fyrir sig neyðarrétt í máli sem þessu. Hv. þm. Stefáni Benediktssyni fannst það sem sagt ekkert skrýtið að menn hjálpi sér sjálfir, en fannst það athugunarvert að stærsti stjórnmálaflokkur landsins gerði það. Hvílíkur barnaskapur. Hvernig má það vera að menn megi hjálpa sér sjálfir ef stærsti stjórnmálaflokkur landsins má ekki gera það? Ég fæ þetta alls ekki til þess að ganga upp. Ef allir mega hjálpa sér sjálfir, þá hlýtur jafnt yfir alla að ganga.

Það hefur verið flutt langt mál um þessa till. Ég sé enga ástæðu til að endurtaka efnisatriði þau sem hér hafa komið fram, en vil að endingu varpa fram einni spurningu: Ef allt er í sómanum með afskipti ráðh. og embættismanna af þessu máli, hvers vegna standa þeir þá gegn því og hvetja ekki til þess að það komi í ljós hversu rétt þeirra afskipti hafa verið af þessu máli?

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Það voru fáein atriði í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., sem kom hér í þennan ræðustól, sem ég vildi gera athugasemdir við hér og nú. Það sem um er deilt hér og um er rætt er rekstur þessarar útvarpsstöðvar í húsakynnum Sjálfstfl. Hv. þm. spurði: Hvar er sönnunin? Og ég skal svara því. Sönnunin er í fyrsta lagi í skýrslu radíóeftirlitsmanna sem miðuðu út þessa stöð að Háaleitisbraut 1. Það liggur fyrir skjalfest. Ég geri ráð fyrir að sönnunin sé líka í þeim lögregluskýrslum sem skrifaðar hafa verið um þetta mál en ekki hafa séð dagsins ljós enn þá en sjá það vonandi síðar. Í þriðja lagi er sönnunin fólgin í því að myndatökumenn fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar tóku þarna myndir og þessi útvarpsstöð skýrði sjálf frá því í sinni útsendingu að þetta hefði verið gert. Í fjórða lagi get ég sagt hv. þm. Valdimar Indriðasyni að ég veit að þessi stöð var starfrækt þarna og ég veit að ýmsir af frammámönnum Sjálfstfl. vita það líka. Hann ræður svo hvort hann trúir þessum orðum mínum, það er hans mál. Ég mundi ekki fullyrða þetta nema af því að ég tel

mig hafa alveg fullgildar sannanir og vitneskju fyrir því að svona var þetta. Þetta voru mistök sem mönnum hefði verið sæmst að viðurkenna strax, en það var ekki gert. Þess í stað er reynt að hylma yfir málið með ýmiss konar hálfsannleik og yfirklóri í Morgunblaðinu t. d. Það er ekki mikill mannsbragur að þeim málflutningi.

Hv. þm. vék að því að kapalkerfi væru starfrækt víðs vegar um land. Það er alveg rétt og m. a. í okkar kjördæmi. Og nú skal ég segja honum fáein atriði. Í útvarpsráði þegar á árinu 1981 liggur það fyrir í a. m. k. tveimur fundargerðum að ég gerði athugasemd við þetta og krafðist þess að haldinn yrði í útvarpsráði sérstakur fundur um þessi kapalkerfi bæði á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar. Það varð ekki. Talað var um að fá lögfræðilega álitsgerð. Það gerðist ekki vegna þess að Ríkisútvarpið hefur engan lögfræðing. Það sem gerðist var að þessu máli var, hygg ég, kastað á kerfislegan hátt milli póst- og símamálastjórnar og Ríkisútvarpsins. Annar aðilinn sagði sem svo: Þetta er fjarskiptamál. Hinn aðilinn sagði: Þetta er mál sem varðar útvarpslögin. Það var ekkert gert í þessu máli. En það var ekki vegna þess að ekki hefði verið vakin á því athygli í útvarpsráði.

Ég hef líka, hv. þm. Valdimar Indriðason, margsinnis rætt þetta mál úr ræðustóli hér á Alþingi. Nú átti þessi hv. þm. kannske ekki sæti á Alþingi þá, en honum til glöggvunar og öðrum og þannig að það liggi fyrir ætla ég að rifja upp með leyfi hæstv. forseta nokkrar setningar úr ræðu sem ég hélt hér 26. nóv. 1981. Þar segir um þessi kapalkerfi:

„Ég tel mig hafa orðið áþreifanlega varan við að fólk sem notfærir sér þetta vill að um þetta verði settar reglur. Það vill ekki vera þjófsnautar og vill ekki vera lögbrjótar. Þess vegna er auðvitað mjög brýnt að um þetta verði settar reglur. En mér finnst að það eigi ekki að leiða af sjálfu að settar verði reglur um að þessi rekstur haldi áfram eins og hann er. Ég held að það þurfi að setja mörg og margvísleg skilyrði um hvernig að slíkum rekstri skuli staðið, fyrst og fremst til þess að tryggja hagsmuni almennings. Það á auðvitað að vera það sem haft er að leiðarljósi.

Enn má á það benda að í hv. Nd. hefur verið flutt frv. til l. um héraðsútvarp sem gerir ráð fyrir að einkaréttur Ríkisútvarpsins verði afnuminn. Nú er ég raunar sannfærður um að einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarps er úr sögunni. Hann er úr sögunni af margvíslegum tæknilegum ástæðum og verður aldrei endurheimtur."

Þetta er úr þingræðu hér í nóv. 1981. Í sama mánuði bar ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. sem þá var, núv. forseti Nd., hv. þm. Ingvar Gíslason. Þessi fsp. var svohljóðandi:

„1. Hvaða ráðstöfunum hyggst menntmrh. beita sér fyrir til að tryggja almenningi eðlileg not þeirrar nýju tækni og þeirra möguleika sem myndbönd og myndvarp" — eins og ég nefndi það — „veita, þannig að lágmarksgæðakröfur séu virtar og réttur skapenda og höfunda og flytjenda sé ekki fyrir borð borinn?

2. Telur menntmrh. að starfsemi þeirra fyrirtækja, sem nú dreifa sjónvarpsefni til almennings aðallega á Reykjavíkursvæðinu um myndstrengi, sé í samræmi við fjarskiptalög nr. 30 frá árinu 1941, útvarpslög nr. 19 frá 1971 og lög um vernd barna og ungmenna?"

3. liður fsp. var á þá leið, hvort menntmrn. hafi látið kanna efnisframboð þeirra fyrirtækja sem dreifa sjónvarpsefni til almennings um myndstrengi.

Það verður að segjast eins og er að það varð heldur fátt um svör hjá hæstv. þáv. menntmrh. Að vísu kom í ljós að hann hafði látið skipa 10 manna nefnd í málið. Hann kallaði þetta barbarisma og að fólk yrði að fá að rasa út, ef ég man rétt, og eitthvað þvíumlíkt í þessum efnum og honum fannst þetta æði skoplegt í aðra röndina. Ég vil rifja hér upp ummæli sem ég viðhafði síðar í þessari umr., með leyfi forseta:

„Það, sem auðvitað liggur beinast við í þessu máli, er að nú starfar að endurskoðun útvarpslaganefnd sem þingflokkar eiga fulltrúa í. Önnur nefndarskipun í þá veru sýnist því auðvitað vera til lítils, óþörf. Auðvitað er eðlilegt að hæstv. menntmrh. feli þessari útvarpslaganefnd að gera hið fyrsta tillögur til breytinga í þessu efni á útvarpslögum og taka það verkefni út úr sem þetta mál varðar, því að heildarendurskoðun útvarpslaga hlýtur að taka meiri tíma. Það sýnist sjálfsagt og eðlilegt að þessi nefnd fjalli sérstaklega um þessi mál þannig að það ástand sé ekki viðvarandi að lög séu brotin. Það þarf þá að breyta lögunum til að aðlaga þau réttlætiskennd alls þorra fólks."

Þetta sagði ég hér 1981 og bað um að þetta yrði gert og gerði till. um það. Það var ekki gert. Svo langar mig hv. þm. til skemmtunar að rifja hér upp ummæli hæstv. núv. iðnrh., þáv. hv. þm. Sverris Hermannssonar, sem var í stjórnarandstöðu. Hans ræða var mjög stutt og ég held að það sé ástæða, virðulegi forseti, til að lesa hana. Þá var búið að ræða allítarlega hér í Sþ. um þessi ólöglegu myndbandskerfi. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði:

„Herra forseti. Hv. þm. fara að verða ýmsu vanir í ræðuhöldum hér á hinu háa Alþingi. Ég verð að játa að ég minnist þess ekki að hafa setið undir jafnfurðulegum ræðuhöldum og hæstv. tveir ráðh. hafa haft um hönd hér nú. Hæstv. menntmrh. segir að í þessu efni hafi fólk tekið lögin í sínar hendur. Og hvaða ráð sér hann þá? Hann segir að það eigi að lofa því að „rasa út". Mér dettur í hug, af því að ég var að horfa á ógnarlegan bruna í morgun, hvort væri kannske ráð að láta brennuvarginn rasa út. Það eru sumir sem halda því fram að fangelsi sé ekki góður uppeldisstaður. Og hann hefur skipað 10 manna nefnd í málið — 10 manna nefnd — og svo kemur hæstv. dómsmrh." — núv. hv. þm. Vesturl. Friðjón Þórðarson — „og fagnar þessari nefnd og segir að hann hafi enga kæru fengið, það hafi enginn hringt í lögguna út af þessu máli. Hér dynja kærurnar á sjálfri löggjafarsamkundunni frá þjóðkjörnum fulltrúum, — dynja kærurnar, lögbrot eru upplýst á allt að fjórum aðalbálkum laga, en hæstv. dómsmrh. fagnar því að hæstv. menntmrh. er búinn að setja 10 manna nefnd og meira að segja valinkunnan mann í formennsku hvað þá meir, þannig að það er vandað til hlutanna. — Ég á ekkert einasta orð yfir þessum málflutningi," sagði hv. þm. Sverrir Hermannsson. Og hann klykkti út með því að segja: „Ég verða að segja það að ef ég væri einn af þessum stjórnarsinnum hefði ég fyrir löngu gengið út úr þessum sal og hengt mig."

Þetta voru ummæli Sverris Hermannssonar. Ég vil bara upplýsa hv. þm. Valdimar Indriðason um það að þessi mál hafa verið rædd hér. Athygli stjórnvalda hefur verið vakin á þessu hvað eftir annað. Þm. hafa ekki framkvæmdavaldið í sinni hendi en við höfum bent á

hér hvernig þessum málum var háttað og það bentu mjög margir á. Hv. þm. Haraldur Ólafsson gerði það í þessari umr. hér og ég hef áður í Sþ. vitnað til hans ummæla í þessu máli, að lögin væru fótum troðin og hvort menn ætluðu að horfa á það. Það hefur verið á þetta bent. Skynsamlegasta leiðin hefði verið sú að útvarpslaganefndin hefði tekið þetta mál sérstaklega út úr. Ég held að það sé svolítill munur á því að búa til svona kapalkerfi í byggðarlögum og að senda út á öldum ljósvakans. Kapalkerfið er takmarkað við þá sem leyfa þennan kapal inn í sín hús. En ég tek fram að það er ólögleg starfsemi líka og þar hafa höfundarréttarlög verið margbrotin. Það er mjög alvarlegt mál og við getum ekki kinnroðalaust horft framan í aðra þegar við tökum hugverk núna og nýtum þau án þess að rétt gjald komi fyrir eins og t. d. er hjá Ríkisútvarpinu. Þetta er ekki vansalaust.

En ég geri mér líka fullkomlega grein fyrir því að menn fara ekki um og rífa þessa kapla upp úr jörðinni. Það verður að setja reglur um þetta mál og það verður að setja reglur sem gera það að verkum að þarna sé lýðræði virt og þarna séu hagsmunir almennings virtir. Meginatriði slíkra reglna um kapalkerfi hygg ég að eigi að vera tvö. Í fyrsta lagi held ég að sveitarfélögin eigi að eiga þessi kerfi og í öllum tilvikum verður að hafa algerlega glögg skil á milli þess sem á kerfið eða rekur kerfið og þeirra sem nota kerfið til þess að senda eftir því dagskrá. Þetta er grundvallarsjónarmið, að það má ekki vera sami aðilinn sem á kerfið og rekur það. Þannig er þetta t. d. í Bandaríkjunum að þarna eru gerð skil á milli. Á ensku er það kallað common carriers, sá sem á eða rekur þetta kerfi og síðan geta dagskráraðilar, frá einum og upp í 50 kannske, átt þarna aðgang. Það eru þessi sjónarmið sem menn hafa bara hreinlega ekkert rætt hér enn þá. En við getum ekki haldið áfram að stinga hausnum í sandinn og láta sem þetta sé ekki til. Á það tel ég mig hafa bent mörgum sinnum hér á hinu háa Alþingi, en ráðherrar hafa látið þetta sem vind um eyru þjóta.

Ég ætla bara að ítreka það, virðulegi forseti, að þetta mál, sem við erum að ræða hér, snýst eingöngu um að athuga það hvort afskipti ráðh. af rekstri þessara útvarpsstöðva hafi verið eins og vera átti. Þetta snýst ekkert um eðli þessara stöðva eða inntak heldur eingöngu það hvort afskipti ráðherranna samrýmdust réttum reglum. Ég hef efasemdir um það og þess vegna tel ég nauðsynlegt að þetta mál verði kannað. Það er ekki aðeins nauðsynlegt fyrir Alþingi, það er nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðh. líka, að það komi þá í ljós hvort þeir eru jafnblásaklausir og þeir hafa haldið fram.

Mig langar fyrst ég er hér kominn í ræðustól að víkja fáeinum orðum að ræðu hæstv. menntmrh. er hún flutti hér síðast þegar þetta mál var á dagskrá. Það fannst mér næsta undarleg ræða. Um hvað talaði hæstv. menntmrh.? Hún talaði mikið um Gróu á Leiti og tengdi þá alræmdu persónu við mína ræðu og væntanlega þá í þá veru að ég hafi hér farið með Grósögur. Það var ekki hægt að skilja hennar mál öðruvísi. Ég veit ekki hvað hún átti við. Hún skýrir það sjálfsagt nánar hér í þessum umr. Ég las skýrslu um heimsókn lögreglu og radíóeftirlitsmanna í Valhöll. Var það Gróa á Leiti, sú skýrsla? Ég vitnaði til ummæla ráðh. sem höfð voru eftir henni í fréttatíma Ríkisútvarpsins? Var það Gróa á Leiti? (**Menntmrh.:** Gróa rangtúlkaði þau.) Ég rangtúlkaði ekki ummæli ráðh. Ég vitnaði til ummæla ráðh. og ég sagði að hæstv. menntmrh. hefði seinna skýrt sín ummæli þannig að hún hefði ekki meint þau eins og flestir skildu. Ég gat þess í minni ræðu og ég lagði ekkert sérstaklega út af þeim ummælum hennar. Við höfum áður, hæstv. menntmrh. og ég, átt nokkur orðaskipti um þetta.

En það sem var kannske athyglisverðast við ræðu hæstv. menntmrh. var það að hún minntist ekki einu orði á þennan útvarpsrekstur í Valhöll. Það segir kannske meira en margt annað.

Eitthvað var hún að tala um að menn rifu hár sitt og skegg hér, þeir sem það hefðu, bætti hún við og mátti raunar skilja svo hennar orð að það væri innanflokksástandið í Alþfl. sem gerði það að verkum að ég hefði vakið máls á þessu. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. En ég held að hún ætti að hafa meiri áhyggjur af innanflokks- og innanhússvanda síns eigin flokks undir forustu nýs formanns en af ástandinu í Alþfl. Ég sé á blöðum að hún hefur lesið viðtal sem Morgunblaðið tók við Þorgeir Ibsen skólastjóra í Hafnarfirði. „Ég er sár sem sjálfstæðismaður" segir í fyrirsögn sem Morgunblaðið birti 25. þ. m. Það er býsna merkilegt og það staðfestir raunar, finnst mér, það sem ég sagði í þessum umr., sem urðu hér 11. eða 12. okt., um þá breytingu sem orðin er á Sjálfstfl. Með leyfi forseta, þá sagði Þorgeir Ibsen:

„Að endingu vil ég segja eftirfarandi sem einlægur sjálfstæðismaður. Mér finnst í dag að ég sé ekki í flokki Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar." — Þetta er hárrétt athugað, hann er í flokki Þorsteins Pálssonar núna og þar er verulegur munur á. — „Þeir voru „statesmen", sem voru virtir langt út fyrir raðir sjálfstæðismanna. Ég vil ekki að ungu mennirnir, sem við höfum lagt traust okkar á, geri flokkinn að gullastokki til að fá útrás fyrir hégómlegan metnað og valdagræðgi."

Þetta eru merkileg ummæli frá helsta forustumanni Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. En það er ekki allt búið enn. Síðan segir, með leyfi virðulegs forseta:

„„Ég var þeirrar ánægju aðnjótandi að sitja síðasta landsfund Sjálfstfl. Það ríkti mikil eining eftir langt erfiðleikatímabil og flokkurinn virtist heill og sterkur. Nú virðist mér hann farinn að líkjast stórum slöttólfi, hann er mikill vexti, en linkulegur, og er það mikið harmsefni, því vissulega hefur flokkurinn fram til þessa átt erindi við þjóðfélagið," sagði Þorgeir Ibsen að lokum."

Ég held í ljósi þessara ummæla að ástæða sé til fyrir sjálfstæðismenn að hafa svolitlar áhyggjur af sínum heimilisvanda sem frá þeirra sjónarmiði núna er sjálfsagt þyngri en tárum taki. Þorgeir Ibsen segir sitthvað fleira í þessu viðtali. Ég veit ekki hvort ástæða sérstök er til að rekja þau ummæli. Ég þóttist sjá í Morgunblaðinu að hæstv. menntmrh. hefði lesið þetta viðtal og ég geri ráð fyrir að þetta viðtal við þennan forustumann Sjálfstfl. sé forustumönnum Sjálfstfl. núv. mikið áhyggjuefni vegna þess að ég held að hann túlki skoðanir óbreyttra flokksmanna sem hafa stutt Sjálfstfl. Þetta er það sem hefur verið að gerast í Sjálfstfl., þetta eru þau vatnaskil sem orðið hafa þegar frjálshyggjugaurarnir hafa náð yfirhöndinni í flokknum, því miður að mati margra sem hugsa af meiri ábyrgð.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort ástæða er til að

hafa um þetta miklu fleiri orð. Það mætti gera hér sérstaklega að umtalsefni þátt hv. þm. Ellerts B. Schram í þessu útvarpsstöðvamáli. Ég ætla ekki að gera það að sinni vegna þess að þetta mál snýst eingöngu um afskipti hæstv. ráðh. af þessu máli.

Eins og fram kemur í skýrslu Radíóeftirlitsins að páv. póst- og símamálaráðherra gefur lögreglunni fyrirmæli í gegnum síma, eins og fram kemur í þeirri skýrslu, um það að hennar heimsókn og eftirlitsmanna sé ekki með hans vitund og vilja sem þýðir að lögreglan hverfur af vettvangi. Hvernig sem menn líta á þetta mál, þá er það ljóst að þetta símtal ráðh. verður til þess að lögreglan hverfur af vettvangi. Afskipti borgarstjórans í Reykjavík af þessu máli eru líka sérstakur kapítuli, en ég ætla ekki að gera þau að umræðuefni hér á Alþingi. Það er eðlilegt að ræða bara um afskipti ráðherranna.

Ég held að það sé öllum fyrir bestu að staðreyndir þessa máls verði dregnar fram í dagsljósið. Það er hæstv. núv. fjmrh. fyrir bestu og þeim öðrum ráðherrum sem hafa komið við sögu þessa máls. Það er nauðsynlegt fyrir þeirra starfsheiður að þetta sé rannsakað, og að þetta sé skoðað, skýrslur séu lesnar og lagðar fram, t. d. lögregluskýrslur um þessa heimsókn í Valhöll. Komi það í ljós að rétt var að staðið, gott og vel. En komi það í ljós að ráðherrar hafi þarna farið út fyrir sín eðlilegu valdmörk, þá er það sérstakt athugunarefni fyrir hinn stóra slöttólf kannske sérstaklega, Sjálfstfl., sem linkulegur er orðinn að mati Þorgeirs Ibsen.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri. Ég ítreka það, vegna þess að Morgunblaðið og Dagblaðið hafa uppi markvissa viðleitni til að snúa út úr þessu máli öllu og rangfæra það, að ég er fylgjandi því að einkaréttur Ríkisútvarpsins verði rýmkaður og fleiri aðilar fái að reka útvarpsstöðvar. Um það er enginn ágreiningur. Þetta mál snýst ekki um það. Þetta mál snýst eingöngu um það hvort afskipti ráðherranna af þessu máli voru eins og vera átti. Það er kjarni málsins. Og hæstv. menntmrh. getur komið aftur í þennan ræðustól og haldið áfram að tala um Gróu á Leiti. Hún er sjálfsagt vel kunnug ágætum verkum Jóns Thoroddsen, en það eru ýmsar fleiri persónur í hans bókum sem kannske væri ástæða til að gera að umtalsefni hér í þessum ræðustól.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að ræða hér langt mál um löglegar eða ólöglegar útvarpstöðvar. Ég á von á því að innan nokkurra vikna komi hér til umr. frv. um ný útvarpslög og þá er tækifæri til þess að ræða um ýmiss konar fyirkomulag sem hugsanlegt er á útvarpsrekstri. En ég get ekki látið hjá líða að minnast hér á örfá atriði sem hafa komið fram í þessum umr. um þáltill. um skipun rannsóknarnefndar. Þar virðist mér að menn hafi leyft sér að fara heldur vítt og breitt í stað þess að einbeita sér að kjarna málsins, þ. e. hvort ráðherrar hafi látið undir höfuð leggjast að sinna ótvíræðum skyldum sínum eða hafi með atbeina sínum torveldað réttum aðilum rannsókn þessara mála.

Ef hér væri um mjög mikilsvert mál að ræða, alveg gífurlegt mál, þá ætti slík till. fullan rétt á sér. En ég held að eðli sínu samkvæmt sé þetta mál þannig vaxið að flestir þættir þess séu næsta augljósir. Ég lít svo á að tilgangur hv. flm. till. sé fyrst og fremst að gefa ráðh. tækifæri til þess hér á hinu háa Alþingi að skýra mál sitt. Þeir hafa þegar gert það að nokkru leyti og ég á von á því að þeir muni svara ýmsum þeim spurningum sem þegar hafa komið fram.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Tómas Árnason sagði, að ég tel ekki ástæðu eðli málsins vegna til að skipa slíka rannsóknarnefnd og ég mun greiða atkv. gegn skipun hennar. En það breytir því ekki að ég tel ýmis atriði í þessu máli vera þess eðlis að full ástæða og réttmæt sé að ræða það hér á hinu háa Alþingi.

Það er aðeins ein spurning sem ég vildi leggja fyrir hæstv. menntmrh. vegna þess að hennar hefur ekki verið spurt enn þá. Það er í sambandi við Ríkisútvarpið. Það hefur farið dálítið fyrir brjóstið á mér og öðrum að hin mjög svo ótímabæra útganga útvarpsfólks kl. 1, 1. okt. s. l. hefur verið notuð til þess að réttlæta og jafnvel að varpa einhverjum ljóma á starfsemi — ég leyfi mér að segja — ólöglegra útvarpsstöðva í landinu. Ég er dálítið hissa á því núna að enn skuli þetta vera tekið upp hér í þessari umr. að það að útvarpsfólkið gekk út skuli vera notað til þess að meira en réttlæta, jafnvel að telja að nauðsynlegt hafi verið að slíkar stöðvar risu. Ég er þessu algerlega ósammála. Ég vil vísa á bug allri slíkri röksemdarfærslu.

Það er alveg augljóst mál að hinar svokölluðu frjálsu útvarpsstöðvar voru tilbúnar að hefja starfsemi þegar er verkfallið hæfist. Það voru ýmis teikn á lofti sem bentu til þess að útvarpið mundi hætta útsendingum að morgni 4. okt. A. m. k. var hæstv. fjmrh. svo viss um það að hann greiddi starfsfólki BSRB ekki laun 1. okt. á þeirri forsendu að verkfallið mundi hefjast hinn 4. En ég vil að mjög skýrt komi fram að ég tel rangt að tengja þetta tvennt. En spurning mín er þessi: Hvernig stóð á því að ekki var gripið til þeirra ráða sem ríkisstj. hafði yfir að ráða til þess að tryggja starfsemi Ríkisútvarpsins áfram í verkfallinu? Það var í lófa lagið að setja brbl., ekki um frjálsar útvarpsstöðvar, heldur um einhverja tiltekna starfsemi Ríkisútvarpsins. Til þess kom ekki fyrr en kjaradeilunefnd heimilaði mjög takmarkaða fréttaþjónustu útvarpsins. Ég veit að hæstv. menntmrh. mun hafa svar við þessari spurningu. Ég vil að hún komi fram vegna þess að hún er innlegg í þetta mál allt saman.

Að öðru leyti hef ég ekki miklu við þetta að bæta. En ég verð þó að láta í ljós dálitla undrun með það að Ríkisútvarpið skuli ekki kallast frjálst útvarp, en hins vegar útvarpsstöðvar, sem spretta upp við ýmis undarleg skilyrði, eru kallaðar frjálsar. Ég er ekki svo viss um að það sé til öllu frjálsari starfsemi á Íslandi en einmitt sú sem fram fer í Ríkisútvarpinu, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi. Ég held að einmitt það form sem þar hefur nú tíðkast um meira en hálfrar aldar skeið hafi að ýmsu leyti verið mjög heppilegt fyrir þessa fámennu þjóð og ég mun koma að því nánar þegar útvarpslagafrumvarp verður rætt hér.

Hins vegar er ég fylgjandi því og hef verið nú um skeið að önnur form útvarpsrekstrar verði tekin upp og ég tel alveg sjálfsagt að einkaréttur útvarpsins verði mjög takmarkaður og reyndar afnuminn. Ég hefði að vísu óskað eftir nokkuð lengri umþóttunartíma um þetta og það má vera að það komi fram í umr. um útvarpslagafrumvarpið. En hvort frelsi hinna frjálsu verður svo miklu meira, það er ég ekki viss um.

Það eru allmörg ár, sem betur fer, liðin síðan

málflutningur var kenndur við menn eins og Göbbels. Ég segi, sem betur fer, því að það er óréttmætt og það er rangt og við eigum ekki að stunda slíkt, hvorki í ljósvakanum né í blöðum. Þess vegna hrökk ég óneitanlega við þegar ég las í leiðara DV núna hinn 23. okt. s. l. setningu eins og þessa með leyfi virðulegs forseta:

„Lesendur þurfa ekki lengur að gera sér að góðu hlutdrægni fréttastofu Ríkisútvarpsins og hinar mjög svo vanstilltu BSRB-fréttir, sem voru skrifaðar í heiftúðugum stíl Völkischer Beobachter."

Ég átti ekki von á að þurfa að lesa svona í íslensku blaði haustið 1984. Ég held að við ættum að taka til athugunar að tjáningarfrelsi er ekki frelsi til að ausa óhróðri og kasta skít hver í annan, heldur frelsi til að ræða málin á skynsamlegan og yfirvegaðan hátt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðason, ágætur sessunautur minn, vék að ræðu minni hér áðan og fór nokkrum orðum um meginefni hennar. Mér þótti það heldur ánægjuleg ræða og um margt til fyrirmyndar vegna þess að þarna heyrðist loksins í talsmanni Sjálfstfl. sem hafði svolítinn metnað fyrir hönd síns flokks og hafði greinilega samvisku á sínum stað, það er meira en hægt er að segja um alla talsmenn þess flokks, þó hún væri að vísu ofurlítið bitin.

Honum var ekki sama hvort Sjálfstfl. og forustumenn hans væru sekir um lögbrot og hann viðurkenndi það hreinskilnislega og opinskátt að rekstur útvarpsstöðva væri lögbrot að óbreyttum lögum. Það er talsvert annað en heyra hefur mátt frá talsmönnum Sjálfstfl. á undanförnum vikum. Hann lýsti hins vegar þeirri von sinni að Sjálfstfl. væri ekki viðriðinn þetta mál. Ég skil vel þá frómu og heiðarlegu ósk hans. Ég veit að hún er af heilum hug mælt. En ég get ekki sagt að ég sé bjartsýnn fyrir hans hönd. Það er fullsannað að útsendingar þessarar sérstöku útvarpsstöðvar fóru fram frá húsi Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Það er bara reginmunur þar á.). Ja, ég verð nú að telja þetta sem fyrstu staðreynd málsins. Það er líka vitað að þegar rannsóknarlögreglan kom á staðinn meinaði framkvæmdastjóri flokksins lögreglunni aðgang að húsinu, vildi ekki að sannleikur málsins kæmi fram. Þetta er önnur staðreynd málsins. Það liggur líka fyrir að hæstv. fjmrh. gerði það sem í hans valdi stóð til þess að koma í veg fyrir að rannsókn á staðreyndum málsins færi fram og með einu símtali, eins og hér var rakið áðan, veitti hann raunar atbeina sinn til þess að lögreglan hvarf af staðnum. Það er alveg rétt, sem fram kom frá einum ágætum fulltrúa Sjálfstfl. á Alþingi í framníkallli rétt áðan, að ekki eru þetta fullgildar sannanir. Vissulega eru þetta ekki fullgildar sannanir. En þegar færðar hafa verið svo sterkar líkur að því að lögbrot sé framið í húsinu og að það sé Sjálfstfl. sem þar eigi hlut að máli skyldi maður ætla að aðaltalsmaður Sjálfstfl., formaður flokksins, tæki af skarið og hreinsaði flokkinn, vísaði þessum ásökunum á bug. Það hefði verið einfalt mál af hans hálfu. En það gerði hann ekki. Þvert á móti varði hann þessi lögbrot. Hann gaf yfirlýsingar, ekki bara á opinberum vettvangi í fjölmiðlum, heldur líka hér á Alþingi, þar sem hann lýsti ánægju sinni með þessi lögbrot, og fer þá að vera afskaplega stutt í fullnaðarsönnun að minni hyggju.

Ég hygg að þeir sem eitthvað þekkja til þessa máls og til rannsóknarlögreglunnar viti það sama og kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni áðan. Þetta er fullsannað mál. Því miður, hv. þm., er þetta fullsannað mál. Hvað svo sem frómum óskum og góðum vonum líður, sem ég kann vel að meta að eru á sínum stað, fer ekki milli mála að þarna var Sjálfstfl. að verki og bar fulla ábyrgð á. Og eins og ég nefndi áðan hafa síðan staðið hér upp tveir talsmenn Sjálfstfl. á Alþingi, bæði hv. þm. Ellert Schram og Þorsteinn Pálsson, formaður flokksins, og varið löngum tíma í að verja þessi lögbrot og meira að segja hreykt sér af þeim.

Ég ítreka það enn að frá mínu sjónarmiði er það ekki það sem mest stendur upp úr í þessu máli hvort útvarpsstöðvar voru reknar eða ekki. Það er alveg rétt, sem hv. þm. nefndi hérna áðan, að lögbrot hafa fyrr verið framin í landinu. Og á þessu sviði, þ. e. á útvarpssviðinu, er um mörg lögbrot að ræða fyrr og síðar og þá ekki síst býsna mörg núna á allra seinustu árum. Margir okkar hafa haft þungar áhyggjur af því að framkvæmd laga væri ekki í samræmi við lagabókstafinn. Það getur auðvitað ekki góðri lukku stýrt hjá þjóðinni ef lög eru brotin í langan tíma með vitund og vilja forráðamanna þjóðfélagsins. En það sem er auðvitað hneykslanlegast í þessu máli er það, að í þessu tilviki voru það ráðherrarnir sjálfir og forustumaður flokksins sem stóðu fyrir lögbrotinu og vörðu það. Það er það sem er auðvitað meginmálið í þessu sambandi. (**Menntmrh.:** Hvaða ráðh.?) Spyr nú sá sem ekki veit. Ég heyri að hæstv. menntmrh. kemur alveg af fjöllum. Hann kannast ekki við það hvaða ráðherrar Sjálfstfl. hafa verið viðriðnir þetta mál, hefur ekki heyrt þess getið. En ekki ætla ég nú að endurtaka það sem ég hef sagt hér eða það sem aðrir hafa sagt.

Ég ætla einungis að segja það, að ég heyrði á ræðu hv. þm. Valdimars Indriðasonar að honum fannst sjálfsagt að láta rannsaka málið og það tel ég góðs vita. Og ég spyr því: Er ekki eðlileg afleiðing af þessari afstöðu þm. að hann styðji till. okkar vegna þess að málið verður ekki rannsakað fyrir dómstólum? Afskipti einstakra ráðh. af þessu máli og hugsanleg brot þeirra á lögum í því sambandi verða ekki rannsökuð fyrir almennum dómstólum. Þess vegna er auðvitað langeðlilegast að hv. þm. styðji okkur í því að þessi till. verði samþykkt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég hef það sem af er þessu þingi reynt að leiða hjá mér nokkuð móðursýkislega umræðu um frjálst útvarp og það sem því fylgi þar sem fólk hefur greinilega ruglað mjög mikið saman lögbroti og einkennum þess fréttaflutnings sem fram fór í þessum svokölluðu frjálsu útvörpum. Ég get samt sem áður ekki leitt það hjá mér ef orð mín, töluð hér áðan, eru rangfærð. Ég lýsti því yfir að ég teldi hér vera um lögbrot að ræða. Ég er ekki dómari og enginn okkar hér, þannig að það er dómstóla að dæma um alvöru þessa brots. Ég lýsti því yfir líka að ég teldi það í sjálfu sér ekki alvarlegt og jafnvel eðlilegt að fólk bjargaði sér sjálft í þessum efnum þegar það hefði ekki þá þjónustu sem það er jafnvant og það er vant þjónustu Ríkisútvarpsins.

Ég er meðflm. að þessari till. vegna þess að ég tel það mjög alvarlegt ef sannast aðild ráðamanna þessarar þjóðar að þessu lögbroti. Það er allt annað en að upp spretti einhverjar útvarpsstöðvar hér og þar. Það er spurningin um aðild ráðh. og embættismanna þeirra

manna sem við höfum skipað til þess að framkvæma þau lög sem við setjum á þessu þingi. Þess vegna er ég meðflm. að þáltill. um rannsóknarnefnd í þessu máli. Ef aðild ráðamanna að lögbroti telst sönnuð eða jafnvel þó að aðeins leiki grunur á um hana, þá tel ég það mjög alvarlegt fyrir þingræðið í þessu landi og nauðsynlegt að við því verði brugðist með þeim ráðum sem tiltæk eru og okkur eru í hendur falin.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Rétt á meðan hv. 3. þm. Suðurl. lýkur símtali sínu ætlaði ég að nota tækifærið til að gera örfáar aths.

Það er ljóst að Gróa er þaulsætin yfir kaffibollanum hjá hv. 5. landsk. þm. og hefur greinilega haldið því að honum að enginn megi kæra lögbrot nema ráðherrar. Hv. þm. upplýsti það að í hans eigin kjördæmi hefðu að mér skilst þrjár ólöglegar kapalstöðvar starfað um árabil. Hann kveðst hafa vakið athygli á þessu á útvarpsráðsfundi og skilur svo ekkert í — (**EG:** Fundum.) Fundum. Ja, ég veit ekki hvenær hv. þm. vakti athygli á því síðast — og skilur svo ekkert í því að ekkert hafi í málinu gerst síðan, þ. e. að ekki hafi verið kært í málinu. Það má einna helst skilja á máli hv. þm. að hann telji að það sé vegna þess að ráðherrar eigi að framkvæma lögin. Ég vil upplýsa hv. þm. um það að hvaða löghlýðinn borgari sem er getur kært það athæfi sem ólöglegt er í þessu sambandi sem öðru, snúið sér til ríkissaksóknara ef því er að skipta. Og ef hv. þm. þykir það ámælisvert að hafa ekki gert það, þá er hann þar með að lýsa sök á hendur sjálfum sér, sök sem hann hefur borið allan þann tíma sem þessi starfsemi hefur farið fram. Þannig er nú löghlýðnin og réttarvarslan þar á bæ. (**EG:** Er hæstv. ráðh. að gefa í skyn að ég sé lögbrjótur?) Ég er að gefa í skyn að hv. þm. hafi ekki gert ráðstafanir til þess að láta framfylgja þeim lögum sem hann er að gagnrýna að ekki sé framfylgt. (**EG:** Ég gerði það hér á Alþingi með tilmælum til ráðh.) Hv. þm. hefur þetta vald í hendi sér sjálfur, að kæra slíkt ef honum sýnist svo, og hann á auk heldur sæti í útvarpsráði, í menntmn. þingsins, er formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs og hefur öll skilyrði til þess að átta sig á hvað til hans friðar heyrir í menningarmálum í þessu landi og á öllum Norðurlöndum ef því er að skipta. Er kannske ástæðan sú að hv. þm. sem og ýmsum öðrum þm. þyki frelsið ekki hafa sömu þýðingu hvar sem er á landinu? Er öðruvísi frelsi í Vesturlandskjördæmi en í Reykjavík eða annars staðar? Eða hafa annarra flokka menn rétt til annars konar frelsis en sjálfstæðismenn ef því væri að skipta? Eða er það kannske svo að aðalheimildarmaður hv. þm. eða jafnvel hann sjálfur eigi einhvern hlut að leiðarakorni sem birtist í NT nú fyrir held ég tveim dögum og hljóðar svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í því „frelsisæði" sem gengið hefur yfir landið á síðustu misserum hefur lítið borið á andspyrnu, enda erfitt að vera á móti „tíðarandanum", segir í greininni.

Það reynist mörgum erfitt þessa dagana, a. m. k. þeim sem vefja það fyrir sér að afgreiða jafnsjálfsagða réttarbót og breytingu á útvarpslögunum. — Áfram held ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er þó full ástæða til að vara fólk við að fara of geyst inn í faðm frelsisins, en vinna frekar markvisst og skipulega að þeirri för í þeim tilfellum þegar við á."

Svona hljóðar hluti af þessum leiðara. Ég held næstum því að ég verði að lesa allan þennan leiðarastúf. Hann er svo skemmtilegur að ég held að þeir sem hv. þm. kallar að mig minnir „frjálshyggjugaurana" ættu að átta sig á þessum leiðara, stækka hann, ramma hann inn og hafa hann fyrir veggspjald til þess að menn áttuðu sig á því hver þörf væri á því að innleiða sjálfsagt frelsi í landinu innan ramma laga siðaðra manna. — Í leiðaranum segir áfram:

„Íslendingar þurfa ekki annað en að líta á staðreyndirnar í kringum sig til að sannfærast um réttmæti þessarar varfærni. Á launamarkaðinum ríkja heiftúðugustu deilur síðustu áratuga vegna „frjálsra" samninga, á peningamarkaðinum ríkja hæstu raunvextir heims vegna „frjálsra" vaxta og á vörumarkaðinum sópa milliliðirnir til sín fjármagni vegna „frjálsrar" álagningar. Hvað síðasta dæmið varðar má geta þess að það hefur ævinlega verið erfitt að dæma um ágæti þess að innleiða frelsi til verslunarálagningar," — Ég skýt hér inn í tilvitnunina að það eru margir fyrirvarar í greininni. Þar er fyrirvari á eftir hverri fullyrðingu. En ég held áfram lestrinum: „þar sem ekki hefur verið hægt að fullyrða með neinu öryggi hvað hefði gerst ef frelsið hefði ekki verið innleitt. Sem betur fer eru undantekningar frá reglunni, t. d. við verðlagningu á landbúnaðarafurðum. Þar hefur verið stuðst við strangar reglur sem er hægt að nota til að bera saman verðlagningu með eða án álagningarfrelsis.

Í frétt á bls. 3 í NT í dag er tekið athyglisvert dæmi frá Verðlagsstofnun um þetta. Álagning á lambakjöti, sem var gefin frjáls í febr. s. l., hefur haft í för með sér allt að 20% hærra verð til neytenda en ef sexmannanefndin hefði notað reglur sínar og 8% að meðaltali.

Þessar niðurstöður Verðlagsstofnunar ættu að sannfæra menn um að frelsi til álagningar leiðir ekki endilega til lækkaðs vöruverðs." — Ekki endilega. — „Hér er þó ekki verið að leggjast gegn slíku frelsi, því það hefur áreiðanlega eitthvað gott í för með sér. Hér er einfaldlega verið að vara menn við þeim eilífðar áróðri frjálshyggjumanna að frumskógarfrelsið sé einungis af hinu góða fyrir alla. Staðreyndirnar tala öðru máli."

Baráttumenn frumskógafrelsis eru nú kannske fáir á okkar kalda landi, en hinir eru margir sem eiga frelsið að hugsjón og berjast fyrir því ótrauðir, og það vil ég taka fram, þegar verið er að reyna að koma óorði á formann Sjálfstfl. í sambandi við þau mál sem verið hafa til umr. hér undanfarið, að þau ummæli hygg ég að beri vott um að aðrir flokkar í landinu öfundi okkur af þeirri dugandi ungu forustu sem við höfum í Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur nefnilega ævinlega haft vit á því að hafa í forustu menn síns tíma og það er þess vegna sem Sjálfstfl. er svona stór. Sjálfstfl. staðnar ekki í kreddum, Sjálfstfl. treystir á unga hæfileikamenn og lýtur þeirra forustu. Það held ég að eigi eftir að koma í ljós að verði okkar flokki til gæfu.

Ég veit það vel að virðulegur og góður skólamaður, Þorgeir Ibsen sem vitnað var til hér áðan, notar orð eins og góðum uppalendum er títt þegar þeir vanda um við ungt fólk og tala um gullastokk þegar þeir ræða um starfsvettvang þess. Það eru þau orð sem koma fram í viðtalinu við Þorgeir Ibsen. En hitt veit ég að honum er einungis velvilji í hug og hann er meðal þeirra manna sem einmitt treysta dugandi og heiðarlegu ungu fólki eins og þeir menn eru sem eru í forustu Sjálfstfl.

Ég skil það ósköp vel að hv. stjórnarandstæðingar vilja reyna að nota sér til einhvers framdráttar skýrslu Radíóeftirlitsins. Ég skil það ósköp vel að þarna halda þeir að e. t. v. sé einhver höggstaður. Það skyldi þó aldrei vera að ráðherrar hafi staðið í þessum rekstri. Það liggur alveg ljóst fyrir að svo er ekki. Í ræðu minni þegar þessi till. var til umr. nú í síðustu viku, þá gerði ég grein fyrir því á hvern hátt rangar voru þær staðhæfingar og dylgjur sem menn höfðu uppi haft í sambandi við mín ummæli um þetta mál. Mér dettur ekki í hug, hv. 5. þm. Vesturl., — (Gripið fram í.) Landskjörinn, rétt, en kjördæmið er Vesturland, — mér dettur ekki í hug að láta slíkar dylgjur hræða mig eitt augnablik frá því að lýsa yfir eindregnu fylgi mínu við meira frelsi í útvarpsrekstri og því að berjast fyrir því. Mér þykir það hugleysi af mönnum sem þykjast vera því hlynntir og hafa á árum áður léð þeim málum fylgi sitt að gera ýmislegt til þess að þvælast fyrir framgangi jafnsjálfsagðra mála og þá þess heldur þegar þeir hafa flutt innfjálgar ræður á Alþingi, 1981 að vísu og kannske seinna, um að sjálfsagt sé að breyta lögum þannig að kapalstöðvar í þeirra eigin kjördæmi yrðu löglegar. Þeir yrðu þá að hlíta því að slíkt yrði löglegt jafnvel í öðrum kjördæmum líka og jafnvel þó að þeim líkuðu ekki skoðanir þeirra sem að slíkum stöðvum stæðu.

Þetta finnst mér ástæða til þess að taka fram því að svo dæmalaus finnst mér málflutningurinn fyrir þessari till. Hitt er svo auðvitað að deildin tekur afstöðu til þess hvort hún vill samþykkja till. um sérstaka nefnd til að rannsaka hluti sem liggja ljósir fyrir, sem eru opinberir. Það er ekki nokkurt leyndarmál í sambandi við þessa hluti af hálfu ráðh. svo að ég viti til. Þau skjöl og bréf, sem um þetta hafa farið fram og aftur í menntmrn., eru opinber skjöl og það er alveg sjálfsagt að leggja þau fram. Það þarf ekki einu sinni neina nefnd. Öll deildin getur fengið það ef henni sýnist svo, enda hygg ég nú að hv. 5. landsk. þm. hafi séð flest af því í útvarpsráði því að þeim málum, umsóknum um leyfi fyrir útvarpsstöðvum og kapalstöðvum, hef ég vísað til útvarpsins til umfjöllunar. Ríkisútvarpið hefur þann einkarétt að reka útvarp, en ríkisstj. hefur það ekki. Eftir útvarpslögum sem giltu fyrir 1971 hafði ríkisstj. þann rétt og þá munu vera dæmi til þess að ráðherrar hafi veitt slík leyfi. En eftir þann tíma er það Ríkisútvarpið sjálft sem hefur þann rétt og dæmi eru til þess að útvarpsstjóri hafi veitt slík leyfi. Þess vegna tel ég það eðlilega meðferð málsins að útvarpið hafi það forræði á meðan lög eru svo sem þau eru nú.

Reyndar er nú hv. 3. þm. Suðurl. fyrir nokkru búinn með símtal sitt og ég hafði nú ekki ætlað að tala miklu lengur, en því olli sú ástæða að ég mátti til með að koma á framfæri frelsishugsjóninni sem einhver hefur fengið ritstjórn þess ágæta blaðs NT til að birta í leiðaradálki.

Umr. frestað.

Neðri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar, frv. 29. mál (þskj. 29). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Barnalög, frv. 47. mál (þskj. 47). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Erfðalög, frv. 53. mál (þskj. 53). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 46. mál (þskj. 46). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 75). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Byggingalög, frv. 77. mál (þskj. 79). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 48). — Frh. 1. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil geta þess að 16. dagskrármálið nefnist: Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 105. mál Nd. (þskj. 109). — 1. umr. Þessi mál, 48. og 105. mál, eru mjög svo samkynja. Það er tillaga forseta að þessi mál verði rædd saman. Það var gert í fyrra þegar eins stóð á, og er það von mín að það verði samþykkt í hv. deild að þessi tvö mál verði rædd saman efnislega þó að forminu til verði að sjálfsögðu að greina þar á milli.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Síðan fyrri hluti

þessarar umr. fór fram hefur borist álit Jafnréttisráðs á þeim frv. sem hér eru á dagskrá sem 7. og 16. mál þessa fundar og ákveðið hefur verið að rædd verði bæði í senn. Álit Jafnréttisráðs barst með bréfi sem dagsett er 23.10. 1984 og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. félmn. Nd. Alþingis hefur beðið Jafnréttisráð um umsögn með tveimur frv. til l. um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Annað, 243. mál 106. löggjafarþings, er stjfrv. sem félmrh. Alexander Stefánsson flutti, en hitt, 259. mál 106. löggjafarþings, er þmfrv. þar sem flm. eru Svavar Gestsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson og Guðmundur Einarsson. Bæði frv. hafa verið lögð fram að nýju á 107. löggjafarþingi. Jafnréttisráði þykir eðlilegt að gefa umsögn sína um bæði frv. í einu þar sem þau eru bæði byggð á sömu till. endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af þáv. félmrh. Svavari Gestssyni. Þessi umsögn var samþykkt af meiri hl. Jafnréttisráðs. Einar Árnason fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands í ráðinu sat hjá við afgreiðslu málsins en óskaði þó ekki eftir að gera sérstakar athugasemdir né skila séráliti.

Virðingarfyllst,
f. h. Jafnréttisráðs,
Elín Pálsdóttir framkvæmdastjóri."

Ég mun nú, herra forseti, gera grein fyrir þessu áliti Jafnréttisráðs vegna þess að það tekur fyrir hverja grein þessara frv. beggja fyrir sig og mun ég láta umsögn ráðsins verða uppistöðuna í minni ræðu hér.

Í umsögn Jafnréttisráðs segir svo:

„I. kafli. Helstu nýmæli og samanburður á frumvörpum. Af þeim tveimur frv. sem hér er um fjallað telur Jafnréttisráð að frv. það er þm. fluttu — hér á eftir nefnt þmfrv. — gangi lengra í breytingum frá núgildandi jafnréttislögum. Helstu nýmæli eru:

a. Tilgangur laganna er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla og beinlínis að bæta stöðu kvenna en ekki einungis að stuðla að jafnrétti eins og er í núgildandi lögum, 1. gr. Þannig brjóta aðgerðir, sem sérstaklega eru ætlaðar til að bæta stöðu kvenna, ekki í bága við tilganginn né það að taka sérstaklega tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar. Einnig er hugtakið mismunun skilgreint nákvæmlega í 3. gr. þingmannafrv.

b. Atvinnurekendum eru lagðar ýmsar skyldur á herðar, m. a. er þeim gert að vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og gert er ráð fyrir öfugri sönnunarbyrði ef brotið er gegn ákvæðum þeim er fjalla um jafnrétti í atvinnulífinu.

c. Ríki, sveitarfélög og félagasamtök skulu leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á sínum vegum. Ákveðin regla skal gilda um tilnefningar í þau. Sveitarstjórnum í kaupstöðum og annars staðar sem því verður við komið er ætlað að skipa jafnréttisnefndir á sínum vegum.

d. Fulltrúum í Jafnréttisráði er fjölgað úr fimm í sjö og við bætast fulltrúar þeirra félagasamtaka sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá. Verkefni ráðsins eru og útlistuð nánar.

e. Ákvæði um refsiábyrgð eru ítarlegri, bæði er bætt við hlutlægri refsiábyrgð, reglum um tilraun og hlutdeild og Jafnréttisráði heimilað að höfða einkarefsimál í sérstökum tilvikum.

f. Gert er ráð fyrir að ríkisstj. geri framkvæmdaáætlun um jafnréttismál til fimm ára í senn og ákvæði er um að lögin skuli endurskoðuð að fimm árum liðnum frá setningu þeirra.

Það frv. sem félmrh. flytur — hér á eftir nefnt stjfrv. — gengur skemmra í breytingum frá núgildandi lögum en þmfrv. Þau atriði sem breytt eru eru nánast samhljóða breytingum í þmfrv. Eftirfarandi atriðum er helst breytt í stjfrv. frá núgildandi lögum:

a. Atvinnurekendur skulu leitast við að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í karla- eða kvennastörf. Ekki eru reglur um öfuga sönnunarbyrði, sbr. b.-lið hér að ofan.

b. Ákvæði er um að ríki, sveitarfélög og félagasamtök skuli leitast við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna innan stjórna, nefnda og ráða. Ekki eru hér reglur um hvernig að því skuli staðið, sbr. c. hér að ofan.

c. Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum, sbr. b. hér að ofan. Auk verkefna sem upp eru talin í þmfrv. er Jafnréttisráði ætlað að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér og vinna að framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh.

d. Ákvæði er um hlutlæga refsiábyrgð en ekki um tilraun og hlutdeild né um heimild Jafnréttisráðs til að höfða einkarefsimál.

e. Framkvæmdaáætlun skal gerð til fjögurra ára í senn í stað fimm í þmfrv. og lögin skal endurskoða að fimm árum liðnum frá setningu."

Síðan segir hér í II. kafla umsagnarinnar:

„Lög nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla, eru hlutlaus með tilliti til kynja. Konum og körlum er gert jafnhátt undir höfði, annað kynið fær ekki forgang fram yfir hitt. Ekki er tekið tillit til þess að staða kvenna í þjóðfélaginu er mun lakari, m. a. hvað varðar atvinnulíf, launakjör, menntun, stjórnmálaþátttöku o. fl. Jafnréttisráð telur tilgang jafnréttislaga eiga að vera þann að það kyn sem verr er sett í þjóðfélaginu skuli beinlínis fá stöðu sína bætta með þeim, enda er ekki ágreiningur um að jafnréttislög voru sett á Íslandi árið 1976 vegna ójafnrar stöðu kynjanna að miklu leyti vegna þrýstings frá kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975 og þá ekki síst kvennadeginum eða kvennaverkfallinu 24. okt. 1975.

Í aths. með núgildandi jafnréttislögum kemur fram" — væntanlega með frv. að núgildandi jafnréttislögum — „að þrátt fyrir lagalegan rétt skipi konur ekki sama sess og karlar á mörgum sviðum. Þar með er viðurkennt að löggjöfin sé sérstaklega sett til hjálpar konum til að ná jafnrétti og jafnri stöðu á við karla. Þegar löggjafinn viðurkennir þannig lakari stöðu kvenna í aths. hlýtur það að sama skapi að vera í anda jafnréttishugsjónar að viðurkenna slíkt hið sama í lögum og heimila þá aðgerðir til að breyta þessari stöðu.

Sú nefnd, sem vann að endurskoðun núgildandi jafnréttislaga, hefur gert sér grein fyrir því að algjörlega kynhlutlaus lög, jafnréttislög, ná ekki tilgangi sínum. Þau stuðla ekki að breytingu á stöðu kynjanna ef þau kveða ekki fastar á um tilgang. Þessi atriði er að finna í þmfrv., 1. gr., 3. mgr., sbr. 3. gr. Jafnréttisráð telur það miður að þetta grundvallaratriði hefur verið fellt niður í stjfrv. Þar með telur ráðið að meginávinningurinn við að breyta núgildandi jafnréttislögum sé fallinn brott.

Jafnréttisráð starfar skv. lögum nr. 78/1976 um

jafnrétti kvenna og karla. Ráðinu hefur ekki veist létt að stuðla að jafnrétti kvenna og karla eins og segir í 1. gr. laganna. Jafnréttisráði eru ekki veittir möguleikar til að hafa áhrif á raunverulega stöðu kvenna nema á mjög takmarkaðan hátt. Ráðið telur skv. reynslu sinni að kynhlutlaus lög séu áhrifalítil og breyta ekki ríkjandi ástandi í þjóðfélaginu. Á sínum tíma var setning núgildandi jafnréttislaga spor í rétta átt en þau hafa nú runnið sitt skeið og geta jafnvel veikt jafnréttisbaráttu þar sem þau ýta ekki undir nýja umr. um jafnréttismál, hlífa valdhöfum við að hafast að í jafnréttismálum og breyta stöðu kvenna lítið. Þess vegna telur Jafnréttisráð grundvallaratriði að í lögum um jafnrétti kvenna og karla séu bein ákvæði sem gefa kost á að bæta stöðu kvenna.

Öll Norðurlönd utan Finnlands hafa sett almenn jafnréttislög, ýmist um öll svið þjóðlífsins eða eingöngu um atvinnulíf. Ísland er eina landið sem ekki hefur í lögum sínum ákvæði sem veita ráðrúm til jákvæðra aðgerða til að bæta stöðu þess kyns sem verr er sett. Ekki er ágreiningur um að jafnréttisbaráttu hefur betur miðað í þeim löndum sem hafa þannig jákvæða mismunun í jafnréttislögum sínum.

Ísland hefur gerst aðili að ýmsum alþjóðasamningum og samþykktum þar sem opnaðir eru möguleikar á jákvæðum aðgerðum stjórnvalda til að bæta stöðu ákveðinna þjóðfélagshópa. Nærtækasta dæmið er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum, Convention on Elimination of all Forms of Discrimination against Women, en sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 1980."

Í 4. gr. sáttmálans, sem er birt í umsögn Jafnréttisráðs, kemur fram að tímabundnar, jákvæðar aðgerðir til þess að bæta stöðu þess hóps sem er lakar settur eru heimilar og geta verið æskilegar. „Af framansögðu má sjá að sú regla er almennt viðurkennd, m. a. í sáttmála sem Ísland hefur þegar undirritað, að sérstakar aðgerðir til að koma á raunverulegu jafnrétti gangi ekki gegn jafnréttishugsjóninni. Í lögum á Íslandi hafa verið samþykktar reglur sem beinlínis veita ákveðnum þjóðfélagshópum forgang fram yfir aðra þegna þjóðfélagsins," segir hér í áliti Jafnréttisráðs. „Því fer fjarri að um sé að ræða nýja stefnu í lögum í þessu lagafrv. þegar rætt er um jákvæða mismunun í jafnréttislögum. Sem dæmi má nefna lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, en í 24. gr. þeirra segir að þeir sem notið hafa endurhæfingar eigi öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn annarra sem sækja um starfið."

Í ræðu minni hér á dögunum nefndi ég annað dæmi um jákvæðar aðgerðir eða mismunun af þessu tagi sem okkar löggjöf gerir ráð fyrir, en það eru kosningalögin. Menn hafa allir atkvæðisrétt en misjafnlega þungan atkvæðisrétt eftir því hvar þeir búa í landinu. Þar með eru þau grundvallarlög, sem stjórnskipun okkar í raun og veru hvílir að verulegu leyti á, og starf Alþingis, byggð á þessari forsendu sem hér er gerð till. um að verði tekin upp að því er konur varðar sérstaklega.

Síðan heldur Jafnréttisráð áfram:

„Jafnréttisráð telur að ákvæði þau, sem sett eru skv. 1. gr. sbr. 3. gr. þmfrv., þar sem segir að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna, og aðgerðir, sem sérstaklega eru ætlaðar til þess, gangi ekki gegn frv., sé grundvallarregla, alþjóðlega viðurkennd og víða þegar lögleidd. Ráðið telur að eftir níu ára slæma reynslu af kynhlutlausum lögum á Íslandi geti Alþingi ekki staðið gegn breytingum í þá átt er hér að framan er greint með neinum rökum."

Síðan, herra forseti, fer Jafnréttisráð yfir einstakar greinar þessara tveggja frv. sem hér liggja fyrir til umr., annars vegar þmfrv. á þskj. 109 og hins vegar frv. hæstv. félmrh. á þskj. 48. Í umsögn um einstakar greinar frv. segir svo um 1.—3. gr. beggja frv.:

„Í þessum greinum er fjallað um tilgang laganna, en í núgildandi lögum segir að tilgangur þeirra sé að „stuðla að" jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla en í báðum frv. segir „koma á" í staðinn og telur Jafnréttisráð það til mikilla bóta. Áður hefur verið rætt um þau atriði sem fram koma í þmfrv. um þann tilgang þess að bæta stöðu kvenna og aðgerðir tengdar því í 3. gr. og vísast í því sambandi til þess sem sagt var hér á undan.

Í 3. gr. þmfrv. er hugtakið „mismunun" skilgreint. Sömu skilgreiningu er að finna í aths. með 3. gr. í stjfrv." — þ. e. þó að þetta ákvæði hafi verið fellt út úr stjfrv. þá helst það í aths. Einhverra hluta vegna virðast þeir í ríkisstj. því aðeins hafa litið á frv. en þeim hefur hins vegar láðst að breyta aths. um leið og þeir breyttu frv. Mér sýnist að þeir séu með aths. frá gamla frv., þ. e. a. s. þmfrv. og er það nokkur nýlunda í lagasmíð eða tillögugerð af hálfu ríkisstj. En látum það nú vera. — „Í þessari skilgreiningu er skýrt tekið fram að mismunun teljist atriði sem skapa mismunandi stöðu kynjanna í raun þótt lagaleg réttarstaða þeirra sé sú sama. Jafnréttisráð telur mjög þarft að hafa afgerandi skilgreiningu í sjálfum lögunum svo ekki fari milli mála hjá þeim sem lögin lesa hvert gildissvið þeirra er."

Um 4. gr. beggja frv. segir svo:

„Þessi grein er miklum mun ítarlegri en seinni hluti 2. greinar núgildandi laga. Hér er bætt við hugtakaskilgreiningum um „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf" og „kjör" í báðum frv., en ekki er skilgreiningu að finna á hugtakinu „laun" í stjfrv. eins og í þmfrv." Hér er um mjög stórt atriði að ræða. — „Í þeim eina hæstaréttardómi, sem dæmdur hefur verið á grundvelli laga nr. 78/1976, þar sem byggt var á ákvæðum laganna um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, var grundvallarkrafan viðurkennd en meiri hluti Hæstaréttar taldi ekki unnt að krefjast í dómi sömu launa en ekki annarra kjara. Tapaðist því málið á formsatriði.

Í þeirri skilgreiningu, sem er að finna á hugtakinu „laun" í þmfrv., er skýrt tekið fram að það gildi ekki eingöngu um hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup heldur einnig um hvers konar frekari þóknun sem greidd er, beint eða óbeint, hvort heldur í fé eða fríðu, og atvinnurekandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans. Með þessari skilgreiningu er komið í veg fyrir að unnt sé að skýla sér á bak við formsatriði eins og gert var í hæstaréttardómnum. Það er skoðun Jafnréttisráðs að skilgreining á hugtakinu „laun" sé nauðsynleg í sjálfum lagatextanum til þess að ekki geti orðið ágreiningur um þýðingu hugtaksins."

Um 7. gr. beggja frv. segir Jafnréttisráð:

„Ákvæði þetta er samhljóða í báðum frv. og einnig samhljóða 5. gr. núgildandi laga. Jafnréttisráð telur ákvæðið ganga skammt en breytingar þó óþarfar þar

sem því er fylgt eftir með gr. 18, sbr. 19. gr. þmfrv., en 16., sbr. 17. gr. stjfrv., og enn fremur 21. gr., 4. mgr þmfrv., sem veitir heimild til höfðunar einkarefsimáls sbr. síðar.

8. gr. beggja frv. Jafnréttisráð er sammála þeirri breytingu sem gerð hefur verið á 6. gr. í núgildandi lögum og er samhljóða í báðum frv. Hér er ákvæðið víkkað út með þeim hætti að ekki er skilyrði að um sama atvinnurekanda sé að ræða.

9. gr. beggja frv. Hér er um nýtt ákvæði að ræða og fagnar Jafnréttisráð því að það er að finna í báðum frv., en ákvæðið er beinlínis í anda 1. gr. þmfrv. Jafnréttisráð telur ákvæði þetta mjög mikilvægt vegna kyngreinds vinnumarkaðar hér á landi sem og annars staðar. Líkt ákvæði er að finna í sænsku jafnréttislögunum, en þess má geta að víða fer nú fram mikil umræða um kyngreindan vinnumarkað sem á stóran þátt í að viðhalda mismunun kynjanna í atvinnulífinu. Sem dæmi má nefna að Jafnréttisnefnd norrænu ráðherranefndarinnar er að hefja stórt verkefni til nokkurra ára í þeim tilgangi að reyna að uppræta þetta vandamál."

Um 10. gr. þmfrv. segir svo:

„Hér er innleitt nýtt ákvæði um öfuga sönnunarbyrði á þá lund að atvinnurekandi skal sýna fram á að ekki hafi verið um mismunun að ræða eftir kynferði í þeim atvikum sem ákvæði um vinnumarkaðinn fjallar um. Svipað ákvæði er að finna í sænsku jafnréttislögunum. Jafnréttisráð telur að verði ákvæði þetta lögleitt bæti það réttarstöðu aðila sem brotið er á, auk þess sem ákvæðið mundi auðvelda störf Jafnréttisráðs til muna við að komast að niðurstöðu í máli."

Síðan segir svo:

„Ráðinu þykir miður að sama ákvæði er ekki að finna í stjórnarfrv." sem hæstv. félmrh. mælti hér fyrir á dögunum.

Síðan segir um 10. gr. stjfrv. og 11. gr. þmfrv.:

„Við ákvæði þetta er bætt ábyrgðaraðila, sem er mjög nauðsynlegt að mati Jafnréttisráðs. Menntunarákvæði í núgildandi lögum hefur verið örðugt viðfangs fyrir ráðið, einkum vegna þess að ekki er kveðið á um að fræðsluyfirvöld séu ábyrg fyrir framkvæmd ákvæðisins. Augljóst er að það er ekki í valdi ráðsins að koma á fræðslu um jafnréttismál. Þess má þó geta að ráðgjafarnefnd, sem starfað hefur á vegum Jafnréttisráðs, hefur talsvert unnið að menntamálum, m. a. við endurskoðun námsefnis með tilliti til jafnréttis."

Um 11. gr. stjfrv. og 12. gr. þmfrv. segir hér:

„Hér er ákvæði sem efnislega er samhljóða 8. gr. núgildandi laga. Í frumvörpunum er þó sú breyting gerð að fleiri eru gerðir ábyrgir, og er það mjög mikilvægt að mati Jafnréttisráðs, þar sem afar erfitt hefur reynst að framfylgja ákvæðinu í núverandi mynd. Með ákvæðinu í frumvörpunum eru tekin af öll tvímæli um að t. d. dagblöð eru gerð ábyrg fyrir birtingu slíkra auglýsinga."

Um 12. gr. stjfrv. og 13. gr. þmfrv. segir svo:

„Ákvæði þetta er nýtt og að mati Jafnréttisráðs mjög jákvætt að það er að finna í báðum frv. Svipað ákvæði, sem sett var inn í norsku jafnréttislögin, hefur gefist vel. Í þingmannafrv. er sett sérstök regla um hvernig að tilnefningum skuli staðið, en það er ekki að finna í stjfrv. sem veikir gildi ákvæðisins þar."

Um 14. gr. þmfrv. segir svo, með leyfi forseta, í umsögn Jafnréttisráðs:

„Jafnréttisráð fagnar ákvæði um skipan jafnréttisnefnda, en það telur mjög mikilvægt að sveitarfélög haldi vöku sinni í jafnréttismálum. Það er og reynsla ráðsins að erfitt reynist að fá jafnréttisnefndir til starfa, þótt þær sé að finna, nema tryggt sé að í þeim sitji áhugafólk um málefnið."

Um 13. gr. stjfrv. og 15. gr. þmfrv. segir svo:

„Ákvæði þetta er nánast samhljóða í báðum frv. Hér er gert ráð fyrir breyttri skipan Jafnréttisráðs á þá lund að í ráðinu sitji sjö manns í stað fimm nú og við bætist fulltrúar frá Kvenréttindafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands, sem tryggir að í ráðinu sitji aðilar sem hafa jafnrétti kynja á stefnuskrá félaga sinna. Jafnréttisráð er sammála þessu ákvæði og telur það mjög til bóta."

Um 14. gr. stjfrv. og 16. gr. þmfrv. segir síðan:

„Á vegum Jafnréttisráðs hefur starfað ráðgjafarnefnd, sem sérstaklega hefur fjallað um langtímaverkefni, meðan mestur tími Jafnréttisráðs hefur farið í afgreiðslu mála. Ráðið telur ómetanlegt að hafa slíka nefnd á sínum snærum, en hún tók við verkefnum kvennaársnefndar á sínum tíma og er einungis ætlað að sitja út kvennaáratuginn, þ. e. til enda ársins 1985. Með þessari grein er tryggt að Jafnréttisráð njóti áfram starfa ráðgjafarnefndarinnar.

15. gr. stjfrv., 17. gr. þmfrv. Í þessum ákvæðum er fjallað um verkefni Jafnréttisráðs og er bætt við þau sem fyrir eru. Áður er nefnt að í stjfrv. er verkefni sem ekki er að finna í þmfrv., en skv. því skal Jafnréttisráð vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum og vinna að framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn fyrir félmrh. Jafnréttisráð telur ákvæði þetta jákvætt. Í þmfrv. 23. gr. er að finna ákvæði um að framkvæmdaáætlun verði gerð til fimm ára, sbr. það sem síðar verður sagt. Í báðum frv. er því verkefni bætt við að Jafnréttisráð sjái um fræðslu og upplýsingar til félagasamtaka og almennings. Ráðið hefur frá upphafi séð um slíka fræðslu, m. a. í Félagsmálaskóla alþýðu í Ölfusborgum, námsflokkum á ýmsum stöðum og á fræðslufundum félagasamtaka. Ráðið hefur einnig aukið upplýsingastarfsemi sína til muna hin síðari ár, m. a. með útgáfu og ráðstefnum. Bætt er við því verkefni Jafnréttisráðs að hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga, en þetta ákvæði er einnig til áréttingar, því ráðið hefur samband við þær eftir föngum. Með breytingum þeim á starfssviði, er hér að ofan hafa verið nefndar, telur Jafnréttisráð sjálfsagt að með auknum verkefnum verði fjárveiting aukin og starfsliði fjölgað á skrifstofu þess. Þess skal geta að eins og þeim málum er háttað núna getur ráðið ekki sinnt nema broti af þeim verkefnum sem þegar eru lögfest."

Um 17.—20. gr. stjfrv. og 19.—22. gr. þmfrv. segir svo:

„Í þessum ákvæðum er fjallað um viðurlög og réttarfar og eru þau efnislega samhljóða núgildandi lögum, en flest eru þau ítarlegri og þá aðallega 21. gr. þmfrv. sem rakið er í II. kafla e-lið breytinga þmfrv. hér að framan. Jafnréttisráð telur mjög mikilvægt að ákvæði þessi séu sem ítarlegust, því það auðveldar alla starfsemi ráðsins í heild, ekki síst ef til málshöfðunar kemur á vegum þess. Þá telur ráðið sérstaklega mikilvæga þá breytingu sem fram kemur í 17. gr. stjfrv. og 19. gr. þmfrv. um heimild Jafnréttisráðs til að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða. Ekki er alltaf um skaðabótakröfu að

ræða hjá aðila og getur ráðið þá krafist viðurkenningar á rétti án tillits til þess. Heimildin til höfðunar einkarefsimáls er mjög mikilvæg að mati Jafnréttisráðs, þar sem það getur þá sjálft höfðað refsimál ef um sérstök atriði er að ræða sem haft geta fordæmisgildi."

Um 21.—24. gr. stjfrv. og 23.—26. gr. þmfrv. segir svo:

„Hér er mikilvægt atriði í báðum frv. um framkvæmdaáætlun ríkisstj., til fjögurra ára í stjfrv., en fimm ára í þmfrv. Jafnréttisráð telur að árafjöldinn skipti ekki máli, svo framarlega sem ríkisstj. er gerð ábyrg fyrir framkvæmdaáætluninni. Í báðum frv. er ákvæði um endurskoðun laganna að fimm árum liðnum og er Jafnréttisráð sammála að þannig verði tryggt að lög sem þessi verði ekki úrelt."

Í lok þessarar umsagnar segir Jafnréttisráð:

„Í upphafi var vikið að endurskoðunarnefnd þeirri sem fyrrv. félmrh. Svavar Gestsson skipaði í aprílmánuði 1981. Jafnréttisráð átti þess kost að fylgjast rækilega með störfum þeirrar nefndar, þar sem það átti bæði fulltrúa í henni og fullt samráð var haft við ráðið meðan á endurskoðun stóð.

Það þarf því ekki að koma á óvart þótt Jafnréttisráð mæli eindregið með samþykki þess frv. er nefndin samdi og flutt er af þm., enda nær það mun lengra í átt til raunhæfra breytinga að mati ráðsins heldur en frv. það sem flutt eru af félmrh." Eins og kemur fram í þessari setningu, herra forseti, er ljóst að ef Jafnréttisráð ætti að velja á milli þessara tveggja frv. þá tæki það frekar þmfrv. en stjfrv. — „Í fyrrnefnda frv. er að finna tímabæra stefnubreytingu frá núgildandi lögum sem er í samræmi við reynslu Jafnréttisráðs á undanförnum níu árum. Eins og fram hefur komið telur Jafnréttisráð lög nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla, *hafa reynst áhrifalítil, sérstaklega vegna kynhlutleysis laganna* og því sé stefnubreytingar þörf.

Vekja má athygli á jákvæðri reynslu af svipuðum jafnréttislögum á öðrum Norðurlöndum, sem fulltrúar Jafnréttisráðs hafa fengið tækifæri til að kynnast og fylgjast með í norrænu samstarfi. Þar fara nú fram umr. um að breyta þargildandi jafnréttislögum enn frekar til samræmis við góða reynslu af jákvæðum aðgerðum til að flýta fyrir raunverulegu jafnrétti. Benda má á að er lagafrv. nefndarinnar var kynnt á ráðstefnu um jafnréttislöggjöf á vegum jafnréttisnefndar norrænu ráðráðherranefndarinnar, töldu sérfræðingar þar að fremur væri gengið of skammt til jákvæðrar mismununar en of langt.

Það hefur komið fram að nefndin, sem sá um endurskoðun laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla, hafði m. a. samband við fjölda félaga og samtaka *sem hafa jafnréttismál á stefnuskrá sinni* og þekkja mismunun í þjóðfélaginu. Af því má ráða að það frv. sem hér er lagt fram af þm. endurspegli álit fulltrúa mikils hluta kvenna hérlendis.

Eins og áður er rakið byggist stjfrv. að stofni til á tillögum títtnefndrar endurskoðunarnefndar, en þótt margt af því sem hún lagði til hafi fengið að halda sér í frv. telur Jafnréttisráð að þar sé of skammt gengið. Ráðið mælir því með samþykkt þmfrv., að viðbættri 15. gr. 2. tölul. stjfrv. um stefnumótun." — En þar segir svo í stjfrv. að ráðið hafi það hlutverk að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Síðan segir svo í áliti Jafnréttisráðs:

„Ráðið mælir því með samþykkt þmfrv. að viðbættri 15. gr. 2. tölul. stjfrv. um stefnumótun. Telur ráðið að nái það ekki fram að ganga sé jafnvel betra að una lengur við núgildandi lög en að stjfrv. verði samþykkt."

Hér er kveðinn upp nokkuð harður dómur yfir stjfrv. Að mati Jafnréttisráðs væri það frá sjónarmiði þess betra að láta stjfrv. liggja en að samþykkja það, en ráðið leggur alla áherslu á að þmfrv. verði samþykkt.

„Breytingar, sem gert er ráð fyrir í stjfrv.," segir hér, „eru aðallega lagfæringar, sem Jafnréttisráð telur að Alþingi gæti gert á einstökum greinum án nýrrar heildarlagasetningar, en þmfrv. markar hins vegar nýja stefnu sem Jafnréttisráð samþykkir."

Ég hef, herra forseti, leyft mér að lesa þessa umsögn Jafnréttisráðs um þessi tvö frv. vegna þess að hún segir að mínu mati allt það sem segja þarf á þessu stigi málsins. Ég held að það sé þess vegna óþarfi að lengja umr. með ítarlegum frekari ræðuhöldum. Á síðasta þingi flutti ég mjög ítarlega ræðu um þessi frv. bæði og gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum. Má í þeim efnum vísa til þess sem þar var sagt, það er ekki svo langt síðan sú umr. fór fram. Ljóst er að frv. hæstv. félmrh. dugir mjög skammt í þessum efnum og ég held að það væri skynsamlegt fyrir ríkisstj. og meiri hl. hér á hv. Alþingi að reyna í þessu máli að ná samkomulagi. Ef stjórnarmeirihlutinn hér í þinginu legði sig fram um það ætti að vera unnt að ná samkomulagi um breytingar á lögum um jafnrétti karla og kvenna, breytingar sem væru Alþingi *til sóma miðað við þá stöðu sem nú er í þeim* málum öllum. Það væru mistök af ríkisstj. að knýja á um sitt frv. algerlega óbreytt. Með tilliti til umsagnar Jafnréttisráðs ætti það að vera öllum ljóst, einnig *ríkisstj. sem þetta frv. flytur.*

Nú er það svo að frv. Jafnréttisráðs sem þm. hér flytja fyrst og fremst til sýningar þannig að þm. geti haft hliðsjón af því, er samkomulagstexti. Það felur í sér samkomulag mjög margra aðila, bæði áhugamannasamtaka, jafnréttissamtaka og stjórnmálasamtaka. Hérna er þess vegna ekki orðið við ýtrustu kröfum eins eða neins. En hérna er gengið eins langt og ætlað var að unnt yrði að ná samkomulagi um. Ég held að allt áhugafólk um jafnréttismál, karlar og konur, ættu að hjálpast að við að fá sem mest út úr þessari lagabreytingu og styðjast þar mjög verulega við þær ábendingar sem frá Jafnréttisráði hafa komið. Þetta er að mínu mati, hvað sem aðrir segja og hvað sem þingmannafjölda hér í salnum líður nú, eitt af stærri málum þingsins. Ég tel ekki að jafnrétti verði komið á eingöngu með lögum. En ég tel að þetta sé einn hornsteinn *í jafnréttisbaráttu* og þess vegna beri að *sýna þessu máli* fulla virðingu og tryggja að það fái eðlilega afgreiðslu og umr. á þessu þingi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þá umsögn Jafnréttisráðs sem hér liggur fyrir tel ég mjög gott innlegg í þá umr. sem hér fer fram um frv. hæstv. félmrh. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þmfrv. á þskj. 109. Á s. l. Alþingi, þegar frv. þetta var til umr., sagði ég að verið væri að fjalla um frv. til l. um staðfestingu á óbreyttu ástandi í jafnréttismálum kynjanna. Undir þessi orð mín tekur raunar Jafnréttisráð í sinni umsögn, en í umsögn Jafnréttisráðs

kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Á sínum tíma var setning núgildandi jafnréttislaga spor í rétta átt, en þau hafa nú runnið sitt skeið og geta jafnvel veikt jafnréttisbaráttuna þar sem þau ýta ekki undir nýja umræðu um jafnréttismál og hlífa valdhöfum við að hafast að í jafnréttismálum og breyta stöðu kvenna því lítið."

Einnig kemur fram að ráðið telji skv. reynslu sinni að kynhlutlaus lög séu áhrifalítil og breyti ekki ríkjandi ástandi í þjóðfélaginu. Og í lok umsagnarinnar kemur fram að ráðið mælir með samþykkt þmfrv. sem kveður á um bætta stöðu kvenna og nái það ekki fram að ganga sé jafnvel betra að una lengur við núgildandi lög en að stjfrv. verði samþykkt.

Ég tel að hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstj. geti varla komist hjá því að taka tillit til þeirra aths. og ábendinga sem fram koma hjá Jafnréttisráði. Jafnréttisráð hlýtur að vera sá aðili sem besta yfirsýn hefur yfir stöðu jafnréttismála og á skv. 10. gr. laga um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 að vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla. — Ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, segir í þessari grein og það er reyndar ítrekað í 15. gr. í þessu frv. félmrh. Nú er spurningin, þegar fyrir liggja ráð Jafnréttisráðs til stjórnvalda og Alþingis á 7 bls. í þessari umsögn og ítarlega rökstudd, hvort hæstv. félmrh. og stjórnvöld ætli að fara að þessum ráðleggingum Jafnréttisráðs eða hreinlega að hundsa þær. Það mun koma í ljós nú og reynir því á 10. gr. í núgildandi jafnréttislögum, hvort stjórnvöld ætli að fara eftir ráðleggingum Jafnréttisráðs eða hvort hæstv. félmrh. og ríkisstj. ætla að virða að vettugi ráðleggingar Jafnréttisráðs. Þá mun það auðvitað sýna sig hvort þessi grein jafnréttislaganna, sem kveður á um ráðgjafarhlutverk Jafnréttisráðs gagnvart stjórnvöldum, sé gagnslaus eins og reyndar önnur ákvæði jafnréttislaganna.

Félmrh. leggur til í 15. gr. í stjfrv. að verkefni Jafnréttisráðs sé að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Stefnumótandi, segir hæstv. félmrh. í þessari grein frv. Við skulum skoða nokkru nánar hvað hæstv. ráðh. meinar með því. Hann leggur hér fram stefnulaust frv. sem engum árangri mun skila í jafnréttisbaráttunni. Jafnréttisráð leggur hér fram umsögn sem er stefnumótandi og gæti haft afgerandi áhrif á framgang jafnréttismála hér á landi ef stjórnvöld færu eftir því sem þar segir. Og ég spyr enn: Hvers virði eru slík ákvæði í núgildandi lögum um hlutverk Jafnréttisráðs sem ráðgefandi aðila fyrir stjórnvöld og ákvæði í þessu frv. um hlutverk Jafnréttisráðs sem stefnumótandi aðila í jafnréttismálum ef stjórnvöld ætla að hundsa allar ráðleggingar og stefnumótun sem koma frá Jafnréttisráði? Í umsögn Jafnréttisráðs segir, með leyfi forseta:

„Jafnréttisráð telur tilgang jafnréttislaga eiga að vera þann að kyn sem verr er sett í þjóðfélaginu skuli beinlínis fá stöðu sína bætta með þeim, enda er ekki ágreiningur um að jafnréttislög voru sett á Íslandi árið 1976 vegna ójafnrar stöðu kynjanna að miklu leyti vegna þrýstings frá kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975 og þá ekki síst kvennadeginum 24. okt. 1975. En hver er staðan nú? Búa konur og karlar við jafnrétti? Ég nefni launamálin. Hver er staðan þar? Þar er enn langt í land að sömu laun séu greidd fyrir sömu eða sambærileg störf. Hæstv. félmrh. svaraði þeirri spurningu raunar sjálfur í framsöguræðu sinni fyrir nokkrum dögum. Hann sagði: Barátta kvenna hefur ekki skilað nægilegum árangri. Og hann sagði: Raunverulegur launamismunur hefur í sumum starfsgreinum verið mikill. Hæstv. ráðh. sagði einnig: Konum hefur reynst erfitt að fá stöðuhækkanir. Og enn fremur segir hann: Vinnumarkaðurinn hefur þróast í átt til skiptingar karla- og kvennastarfsgreina. Þetta er hárrétt hjá hæstv. ráðh. Hann virðist þarna í stórum dráttum vera með á nótunum um stöðu jafnréttismála, a. m. k. af og til, í ræðu sinni fyrir nokkrum dögum. En skilningurinn nær samt ekki lengra en svo að á öðrum stað segir hann að í jafnréttislögum eigi bæði kynin að sitja við sama borð. Hvað með raunveruleikann, hæstv. ráðh.? Sitja konur við sama borð á vinnumarkaðinum og karlar? Fá þær sömu laun fyrir sömu störf? Hvað með vinnumarkaðinn? Hafa þær jafna möguleika? Vinnumarkaðurinn hefur þróast í átt til skiptingar karla- og kvennastarfsgreina, segir hæstv. ráðh. Hvaða afleiðingar hefur það haft? Hver eru kjörin í kvennastarfsgreinunum, hjá fóstrunum, sjúkraliðunum, hjúkrunarstéttinni, Sóknarkonunum og kennarastéttinni, svo að dæmi séu tekin? Stuðlar þetta frv. að því að breyta þeirri skiptingu sem er á vinnumarkaðinum eða að bættum kjörum kvenna í láglaunastéttunum? Nei, á engan hátt að mínu mati.

Lítum nánar á orð ráðh. þegar hann segir að í jafnréttislögum eigi konur og karlar að sitja við sama borð. Hver er reynslan af þeim lagasetningum, sem frá Alþingi hafa farið, sem stuðla eiga að jafnrétti kvenna og karla? Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grg. með beiðni um skýrslu frá félmrh. um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla sem óskað var eftir hér á síðasta þingi, en ráðh. lagði ekki fram og enn hefur ekki birst hv. alþm. Hæstv. ráðh. er kannske enn að lesa sér til um allar þær lagasetningar sem settar hafa verið á undanförnum áratugum og áhrif þeirra til að koma á jafnrétti í þjóðfélaginu. Þetta frv. gefur ekki tilefni til að ætla að hann sé langt kominn í þeirri lesningu. En í grg. með beiðni um skýrslu um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla segir svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum tveim áratugum hefur Alþingi reynt að stuðla að því með setningu löggjafar um launajöfnuð kynjanna að þessi mannréttindi, sem launajafnrétti kynjanna er, væru virt í samfélaginu. Í því sambandi má benda á lög um launajöfnuð kvenna og karla frá 1961, lög um jafnlaunaráð frá 1973, fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf, lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 og nú síðast samþykkt þáltill. í apríl 1980 um úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu og samþykktir gefa allar kannanir ótvíræða vísbendingu um að langt sé í land að launajafnrétti kynjanna sé virt í reynd.

Hlutverk Alþingis á ekki einungis að vera löggjafarstarf, heldur einnig að fylgjast með framkvæmd laga og að lögum sé framfylgt í þjóðfélaginu.

Þegar svo er komið að lög um launajafnrétti kynjanna eru þverbrotin í þjóðfélaginu og a. m. k. 23 ár eru liðin síðan Alþingi kvað upp úr um að fullum launajöfnuði kynjanna skyldi náð á árinu 1967, þá ber Alþingi skylda til að grípa í taumana, endurmeta stöðuna og leita raunhæfra leiða til að fá þessi lög virt í samfélaginu. Hér eru ekki einungis í húfi mannréttindi

kvenna í samfélaginu, heldur virðing Alþingis sem ekki getur setið hlutlaust hjá þegar lög og aðrar samþykktir, sem Alþingi hefur gert í þessum málum, hafa verið brotin í áratugi."

Það liggur sem sagt fyrir að þrátt fyrir ótal lagasetningar og samþykktir héðan frá Alþingi hafa almennt orðuð ákvæði um jafnrétti engum árangri skilað og það ætti að liggja ljóst fyrir að þegar sett hafa verið lög um jafnrétti kynjanna, eins og gert hefur verið hér, þar sem tilgangur laganna er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla, þá hafa stjórnvöld þar með tekið að sér að stuðla að jafnrétti. Þegar þær lagasetningar sýna að þær eru gagnslausar og duga ekki ber Alþingi skylda til að grípa í taumana, endurmeta stöðuna og leita raunhæfra leiða til að fá jafnréttislögin virt í samfélaginu.

Enn ein marklaus lög, sem hæstv. félmrh. stefnir að að fá afgreidd héðan frá Alþingi, eru einungis viðbót án breytinga við þá lagabálka og samþykktir í jafnréttismálum sem ekki hafa skilað nægjanlegum árangri. Ég vil þó fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh. sem fram kom hér fyrir nokkrum dögum, en hæstv. ráðh. lýsti því yfir að unnið væri að því í félmrn. að leggja fyrir Alþingi til staðfestingar fullgildingu á sáttmála um afnám hvers konar misréttis gegn konum. Hæstv. ráðh. vænti þess að unnt yrði að leggja sáttmálann fyrir Alþingi til fullgildingar fyrir áramót. Þess verður því að vænta að hæstv. ráðh. sé sammála þeim ákvæðum sem í sáttmálanum felast og hafi kynnt sér þau ákvæði þó það falli ekki alveg saman við sumt sem fram kom í ræðu hans um daginn. Í sáttmálanum er að finna ákvæði um jákvæða mismunun og eins og fram kemur í umsögn Jafnréttisráðs hefur Ísland gerst aðili að ýmsum alþjóðasamningum og samþykktum þar sem opnaðir eru möguleikar á jákvæðum aðgerðum stjórnvalda til að bæta stöðu ákveðinna þjóðfélagshópa. Vísað er í að nærtækasta dæmið sé sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum. Í umsögn Jafnréttisráðs segir því að sú regla sé almennt viðurkennd að sérstakar aðgerðir til að koma á raunverulegu jafnrétti gangi ekki gegn jafnréttishugsjóninni.

Í umsögn Jafnréttisráðs segir síðan, með leyfi forseta:

„Í lögum á Íslandi hafa verið samþykktar reglur sem beinlínis veita ákveðnum þjóðfélagshópum forgang fram yfir aðra þegna þjóðfélagsins. Því fer fjarri að um sé að ræða nýja stefnu í lögum þegar rætt er um jákvæða mismunun í jafnréttislögum. Sem dæmi má nefna lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en í 24. gr. þeirra segir að þeir sem notið hafi endurhæfingar eigi öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn annarra sem um starfið sækja."

Til þess er einnig vitnað í umsögn Jafnréttisráðs að öll Norðurlönd utan Finnland hafi sett almenn jafnréttislög, ýmist um öll svið þjóðlífsins eða einungis um atvinnulíf. Ísland er eina landið sem ekki hefur í lögum sínum ákvæði sem veita ráðrúm til jákvæðra aðgerða til að bæta stöðu þess kyns sem verr er sett. Ekki er ágreiningur um að jafnréttisbaráttu hefur betur miðað í þeim löndum sem hafa þannig jákvæða mismunun í jafnréttislögum sínum.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt öllu frekar. Frv. hæstv. félmrh. er ekki til þess fallið, eins og hann hélt fram í ræðu sinni, að sætta ólík sjónarmið sem uppi eru í þessu máli. Það staðfestir umsögn Jafnréttisráðs ræki lega. Ég ráðlegg hæstv. ráðh. eindregið að taka ábendingum og rökum Jafnréttisráðs sem lögum skv. er hans ráðgjafaraðili í jafnréttismálum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Stundum gerist málflutningur svo sérstæður að maður veit satt best að segja ekki hvort maður er staddur í löggjafarsamkomu þjóðarinnar eða hvort um einhverja undirnefnd á Íslandi er að ræða sem er að halda fund og hefur fengið fyrirmæli að ofan og er að þrjóskast við að fara eftir þeim. Fær það staðist að Alþingi Íslendinga geti með lögum falið hóp úti í þjóðfélaginu vald til þess að sá hópur geti eftir 10 eða 15 ár sent tillögur inn á Alþingi um hvernig eigi að breyta lögum og það Alþingi sem þá situr sé að brjóta lög ef það fer ekki eftir tillögunum? Höfum við rétt til að ráða málum á þennan hátt fram í tímann? Hvaðan kemur mönnum sú reginfirra að láta sér detta þetta í hug? Það má hafa verið meiri hálkan á götunum undanfarið ef menn hafa dottið svo illilega á höfuðið að þetta sé afleiðingin.

Hvernig dettur mönnum í hug að það sé hægt að ganga frá því í lagasetningum, einum eða tveimur, að fela einhverjum öðrum hópum úti í þjóðfélaginu ráðgjafar- og fyrirskipunarvald og svo kæmu bara tilkynningar inn á Alþingi um að það ætti að breyta þessum lögum á þennan veg og öðrum á hinn og Alþingi ætti að hlýða og það væri ósvífni ef Alþingi hlýddi ekki. Auðvitað vita þeir hv. þm. sem svona tala að þetta er rakalaust kjaftæði. Það er meira að segja svo vitlaust að þeim dettur varla í hug að trúa því að þeirra umbjóðendur geri sér ekki grein fyrir blekkingunum sem verið er að veifa. Ég held að með fullri virðingu fyrir 10. gr. í núgildandi lögum detti engum Íslendingi í hug að Alþingi hafi afsalað sér löggjafarvaldi til einhverrar nefndar. (**JS:** Ráðgefandi aðili.) Ráðgefandi aðili sem í túlkun hv. 2. landsk. þm. á ekki aðeins að vera ráðgefandi heldur raunverulega fyrirskipandi aðili gagnvart ráðherrum og Alþingi. (**JS:** Þetta er útúrsnúningur hjá hv. þm.) Þetta er ekki útúrsnúningur. Hv. þm. getur lesið sína eigin ræðu og áttað sig á því hvað hún var að segja. Það vekur undrun þegar menn halda uppi svona málflutningi og það er síst í þágu jafnréttis sem mönnum dettur í hug að halda uppi svona málflutningi.

Þá komum við að öðru hugtaki, sem mjög hefur verið notað hér í umr., hugtakinu „jákvæð mismunun". Út af fyrir sig er það hugtakabrengl ef menn rugla saman jafnrétti og jákvæðri mismunun. Það er út af fyrir sig heil hugsun á bak við það að tala um jákvæða mismunun, en það er bara ekki jafnrétti. Það er mismunun. Annaðhvort eru menn að tala um jafnrétti eða þeir eru að tala um mismunun. (**SvG:** Það er mismunun til að ná jafnrétti.) Mismunun til að ná jafnrétti, sagði hv. 3. þm. Reykv. og löngum slunginn að snúa sig út úr hlutunum.

Ef menn vilja taka til efnislegrar gagnrýni það frv. sem hér er hljóta menn að verða að taka þar ákveðnar greinar og halda því fram að þær brjóti í bága við jafnrétti. Ef menn vilja flytja lög og lagafrv. á Alþingi um jákvæða mismunun á líka það nafn að vera á frv. Þá á ekki að vera að tala um jafnrétti. Þá á frv. að heita: Frumvarp um jákvæða mismunun og menn eiga að vera menn til að flytja það undir réttu nafni.

Stundum gerist það að yfir dynur notkun á orðum

sem eiga öll uppruna sinn í stríði. Menn hertaka byggingar hér í Reykjavík. Menn berjast fyrir málefnum. Mig undrar það andrúmsloft ófriðar sem liggur til grundvallar þeirri notkun á æsingarorðum styrjalda sem telja, ef taka má mark á þessu, stríðið öllu E. t. v. endurspeglar það innra sálarlíf þeirra manna sem telja, ef taka má mark á þessu stríðið öllu skemmtilegra tímabil en þegar friður ríkir. Mér finnst að hver og einn sem kynnist íslensku þjóðlífi hljóti að gera sér grein fyrir því að hér á sér stað hröð þróun á mörgum sviðum. Hér á sér stað mjög hröð menntunarþróun á þann veg að konur stundi sama nám og karlmenn. Þetta er af hinu góða. Uppskeran af þessari þróun verður m. a. sú, að það verður æ algengara að konur nemi land í nýjum starfsgreinum sem áður voru aðeins starfsgreinar karlmanna. Þetta er af hinu góða. Þetta er hin jákvæða framrás sem orðið hefur í jafnréttismálum á Íslandi. Þess vegna getum við vissulega státað af því að hér hafa verið að gerast góðir hlutir og hér eru að gerast góðir hlutir á sama tíma og, því miður, mjög víða í heiminum er ástandið ægilegt í orðsins fyllstu merkingu. Hvers vegna telja þá ræðumenn rétt, þegar þeir eru að flytja hér boðskap um jafnrétti, að reyna að mála skrattann á vegginn og gera hlutina miklu svartari en þeir eru? Hver er tilgangurinn með slíkum málflutningi? Er tilgangurinn sá að reyna að auglýsa sig upp sem einhverjar sérstakar jafnréttishetjur? Er það hugsunin á bak við? Kannske stríðshetjur sem vinni stríðið í jafnréttisbaráttunni miklu? Ég tel að það sé æskilegt að Alþingi Íslendinga nái friði um málefni eins og þetta og að við ruglum ekki saman hugtökum. En mér þætti vænt um það ef menn gerðu þá grein fyrir því hvaða efnisatriði það eru í þessu frv., sem hér er lagt fram, sem vinna gegn jafnrétti. Það stendur hvergi að þetta frv. sé um jákvæða mismunun. Það hefur ekki verið lagt fram neitt frv. á þinginu um jákvæða mismunun. Þingmannafrumvarpið ber sama heiti. Það frv. er lagt fram í nafni jafnréttis.

Ég hef ekki löngun til að halda uppi málþófi um þetta mál. En mig undrar það þegar í krafti hugtakablekkinga er verið að reyna að mála hvítt svart hér í þingsölum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, enda geri ég ráð fyrir að þessi frv., sem er verið hér að ræða samtímis, muni koma í þá nefnd sem ég á sæti í.

Erindi mitt hingað er fyrst og fremst að vekja athygli á því að ég held að ekki sé beitt eðlilegum vinnubrögðum þar sem hér liggur fyrir stjfrv. um sama efni og þmfrv. sem er lagt fram. Því ekki að flytja brtt. við stjfrv. þar sem það er í sjálfu sér alveg sama efnið sem er um fjallað, enda óskaði forseti deildarinnar eftir að frv. væru rædd samhliða? Ég verð að segja að ég hef lesið þessi frv. yfir og ég sé ekki að það sé eðlilegt að leggja fram heilt frv., heldur mætti flytja brtt. við nokkrar greinar stjfrv. Sumar greinarnar í þmfrv. eru alveg orðrétt teknar upp.

Ég hef hlustað með athygli á þær umr. sem hér hafa farið fram og ég verð að segja það að ef einhverjir hv. þm. halda að hægt sé að útrýma misrétti í heiminum með lagasetningu, eins og væri hægt að álíta eftir sumar þær ræður sem hafa verið fluttar, þá væri gaman að lifa, ef það væri svo einfalt. Það er sjálfsagt í þessum málum eins og öðrum að með lögum verður misrétti því miður aldrei útrýmt. Hins vegar er e. t. v. hægt að taka smáskref, eins og er verið að reyna að gera.

Þessi frv. verða skoðuð og ég hef ekki trú á öðru en að allir alþm. vilji reyna að gera sitt til þess að minnka mismunun í þjóðfélaginu. Ég vonast til þess að félmn. taki þessi frv. til athugunar með því hugarfari.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þau frv. sem nú eins og á síðasta þingi eru til umr. á sama tíma, enda um sama efni, bæði vegna þess að ég gerði ítarlega grein fyrir mínum viðhorfum í ræðu á síðasta löggjafarþingi og enn fremur vegna hins, að hæstv. menntmrh. hefur fyrr í þessari umr. gert grein fyrir sjónarmiðum Sjálfstfl. til þessara mála. Því til viðbótar vil ég nefna að þetta mál fer til hv. félmn. þessarar deildar og þar á ég sæti og hef þess vegna tækifæri til að fjalla um málið þar.

Ég vil byrja á því að þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir að lesa upp umsögn Jafnréttisráðs sem send var mér og félmn. Það er reyndar siður þegar svona mál eru til meðferðar í þinginu að mál komist fyrst til nefndar áður en þau eru send til umsagnar og um umsagnir sé fjallað samtímis, en það er út af fyrir sig ekkert athugavert við það þó að hv. 3. þm. Reykv. hafi tekið sér það bessaleyfi að lesa þessa umsögn upp. Hann hefur að sjálfsögðu meiri ástæðu en flestir aðrir hv. þm. til þess að fara að ráðum Jafnréttisráðs þó ekki væri nema vegna þess eins að hann er einn af örfáum embættismönnum íslensku þjóðarinnar sem hefur hlotið opinberlega ávítur Jafnréttisráðs á sínum tíma vegna stöðuveitingar. Það tekur nokkur ár að klóra þær ávítur af sér og gerist helst, að áliti hv. þm., með því að tala sig frá slíkum vandamálum. Er það án efa skýringin á því hvers vegna hv. þm. flytur svo ógnarlangar ræður um þessi mál þing eftir þing. Væri nær að hann, þegar hann hefur tækifæri til að sýna í verki hvernig hann vilji fylgja hugmyndum sínum eftir, færi þá að ráðum Jafnréttisráðs. Þetta segi ég vegna þess að eins og ég sagði áðan held ég að það nagi nokkuð samvisku hv. þm. að hafa lent í þeim óförum, þegar hann var ráðh. á sínum tíma, að hafa orðið fyrir barðinu á Jafnréttisráði.

Í ræðu minni í fyrra svaraði ég ýmsu því sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli. Ég minntist þar á það m. a. hve sjaldan það er í íslenskum lögum að refsiábyrgðarreglur séu með þeim hætti eins og kemur fram í þmfrv. þar sem um öfuga sönnunarbyrði er að ræða. Ég benti á að slíkt gerist auðvitað ekki í íslenskum lögum nema þegar um meiri háttar refsimál er að ræða. Ég fæ ekki skilið að slíkt eigi við í lögum eins og þessum.

Ég minnti á það enn fremur í þeirri ræðu að þegar hv. 2. landsk. þm. flutti frv. á sínum tíma og hv. 10. þm. Reykv. brtt. við það lagafrv., sem fjallaði um jákvæða mismunun sem stundum er nefnd svo eða tímabundin forréttindi, þá tóku ýmis félagasamtök, sem fengu þessi mál til meðferðar, neikvæða afstöðu til þessa atriðis. Vil ég nefna t. d. Kvenfélagasamband Íslands, en í umsögn þess kom fram að þeir sem svöruðu fyrir sambandsins hönd töldu þetta vera niðurlægjandi fyrir konur. Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Samband ísl. sveitarfélaga höfðu sömu viðhorf til þessa atriðis og sendu inn neikvæða umsögn. Hins vegar er það rétt að menn hafa talið að launakannanir og kannanir á kjörum kvenna séu góð aðferð til

þess að fá umræður um jafnréttismál og tek ég undir það, en rifja það jafnframt upp að þegar hv. 2. landsk. þm. flutti á sínum tíma till. um könnun á launakjörum karla og kvenna greiddi þáv. félmrh. Svavar Gestsson atkv. gegn þeirri till. — ásamt fleirum að sjálfsögðu — þannig að það er nú ekki allt sem sýnist þegar menn koma hér nú og þykjast hafa höndlað allan sannleikann í þessu máli.

Það er jafnframt athyglisvert hve langt hv. 3. þm. Reykv. seilist þegar hann leitar að rökum fyrir jákvæðri mismunun. Hann bendir á það að þetta sé sams konar fyrirbrigði og eigi sér stað m. a. í kosningalögum og stjórnarskrá þar sem um mismunandi kosningarrétt sé að ræða á milli landshluta. Ég vil spyrja hv. þm. Geir Gunnarsson, flokksbróður formanns Alþb., hv. 3. þm. Reykv., hvort það sé rétt að Alþb. líti á mismunandi kosningarrétt í Reykjaneskjördæmi til að mynda og Vestfjarðakjördæmi sem jákvæða mismunun og tímabundin forréttindi sem Alþb. hafi tekið afstöðu til með sama hætti og hv. 3. þm. Reykv. virðist gera þegar hann horfir á jákvæða mismunun í því lagafrv. sem hann hefur flutt hér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Er það virkilega rétt að hv. þm. Geir Gunnarsson, fulltrúi Alþb. í Reykjaneskjördæmi, þar sem menn hafa miklu minni kosningarrétt en þeir sem búa annars staðar á landinu, sé sömu skoðunar og formaður Alþb. um að þetta séu tímabundin forréttindi, jákvæð mismunun, sem sé sjálfsögð? Getur það verið? Ég spyr. Þetta eru rökin sem okkur er boðið upp á í þessum umr. (**Gripið fram í:** Forréttindi hinna sem eru úti á landi?) Það er einmitt það sem átt er við, hvort það séu tímabundin forréttindi og hvort hv. 5. þm. Reykn. — (Gripið fram í.) Hv. þm. Svavar Gestsson lýsir þessum málum og lýsir því sem rökum í málinu að þetta sé sams konar afstaða og tekin sé í kosningalögunum. Þá er ég að spyrja að því hvort það sé virkilega byggt á nákvæmlega sömu viðhorfum. Hv. þm. Svavar Gestsson fær orðið hér á eftir, hefur þegar beðið um það, og ég hlakka til þess að heyra hann skýra þetta nánar út, sem hann ugglaust gerir í þeirri ræðu sem hann á eftir að flytja.

Aðalatriði málsins er að meginmarkmiðið er að við náum hér fram lögum sem gera gagn. Ég tel ýmislegt í lagafrv. og reyndar lagafrumvörpum sem hafa komið fram vera til lítils gagns. Ég tel t. d. hættulegt eins og segir í 1. gr. lagafrv., að tilgangurinn sé að koma á jafnrétti á öllum sviðum. Þetta nefndi ég jafnframt í fyrra vegna þess að þetta er óðruvísi í lögum annarra landa, þar á meðal annarra Norðurlandaþjóða. Þar er undanskilið einkalífið. Í norsku lögunum er það t. a. m. greinilega undanskilið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að hv. Alþingi geri of mikið af því að reyra niður siðferðisafstöðu manna. Það er nefnilega sumt í þessu þjóðfélagi þess eðlis að við getum ugglaust náð meiri árangri ef við komum okkur saman um að vinna að því án þess að setja lög til þess að þvinga fólk til að gera það. Og það er ugglaust rétt, sem hv. 2. landsk. þm. sagði í ræðu áðan, að þau lög sem nú gilda hafa ekki náð tilgangi sínum í öllum atriðum. Ég held að ástæðan sé sú að þar er reynt með ýmsum hætti að ná fram með lagaþvingunum atriðum sem í raun og veru eru siðferðisatriði og hver og einn verður að gera upp með sjálfum sér. Þá er betra að nota áróður, kannanir og berjast fyrir málefnum og málstað með öðrum hætti en reyra þau í lög því að ef of mikið er gert af því að setja í lög slík atriði fer enginn að lögum og menn missa álit á lögunum og óhlýðnast þeim. Þetta á ekki eingöngu við um frv. um jafnréttismál, heldur um mörg önnur frv. og fjallar auðvitað um það um hvað lög eiga að snúast á hverjum tíma. Aðalatriðið er að markmið okkar allra er það sama. Ég efast ekkert um það í sjálfu sér að við hv. 3. þm. Reykv. erum sammála um að við viljum meira jafnrétti karla og kvenna en er nú. Okkar ágreiningur felst í því hvort það eigi að þvinga það fram með annars konar mismunun en nú gildir í lögum til þess að ná fram jafnrétti. Ég er trúaður á aðrar aðferðir og vil ekki beita lagaþvingunum til þess að ná þessu markmiði fram. Þar skilur á milli okkar skoðana um leiðir þótt markmiðið kunni að vera það sama.

Ég vonast til, herra forseti, að okkur auðnist að afgreiða þau lagafrv. sem hér hafa verið lögð fram og verða til umr. í félmrn. þannig að sett verði ný jafnréttislög á næsta ári, en á því ári lýkur svokölluðum kvennaáratug og ég held að það fari vel á því að þá verði sett ný lög um þetta efni.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. ræddi um þessi mál á svipuðum nótum og hann hefur stundum gert áður og flutti margar málefnalegar aths. máli sínu til stuðnings. Málstaðurinn er vondur, sem hann berst fyrir í þessum efnum, og það er eðlilegt að menn þurfi að grípa til gamalla spreka til þess að verja sig með, en slík barátta er dæmd til að mistakast. Ég ætla þess vegna ekki að eyða orðum mínum að þeim skætingi sem fram kom í hans máli hér. Ég tel að það sé þarflaust. Það dæmir sig sjálft vegna þess að það er ekki innlegg í málið.

Ég ætla aðeins að víkja hér að þróun þessara mála, hvernig þau hafa verið hjá okkur á þessari öld, því að það er orðið býsna langt síðan Íslendingar fóru, og Alþingi Íslendinga, að ræða um þessi mál, m. a. um jafnrétti kynjanna og hvað mætti gera af hálfu Alþingis til að stuðla að því að konur öðlist jafnan rétt á við karla.

Í upphafi lagasetningar í þessum efnum var fyrst og fremst lögð áhersla á að setja lög sem banna misrétti. Það var grundvallartónninn í lögum á fyrstu áratugum þessarar aldar að því er jafnréttismál varðar. Það voru lög um að banna misrétti, banna það að konur væru beittar misrétti þar sem það hafði átt sér stað um margra alda skeið.

Þegar frv. til l. voru lögð hér fram í þessum efnum komu til sögunnar menn eins og hv. þm. Friðrik Sophusson eins og aftan úr forneskjunni og sögðu: Þetta eru siðferðismál. Það er siðferðislegt mat sem á hér að ráða. Þetta eru einkamál. Það leysir engan vanda að setja lög. Þetta hefur alltaf verið svona og hefur blessast til þessa og það er óþarfi að vera að setja lög sem breyta því. — Svona fornaldarkarlar hafa alltaf setið hér á Alþingi undir ýmsum nöfnum og á ýmsum aldri eins og gengur. Engu að síður var það svo að lög voru sett sem bönnuðu misrétti, bönnuðu að konur væru beittar misrétti, bönnuðu að ákveðnir þjóðfélagshópar væru beittir misrétti. Öll félagsmálalöggjöf á fyrri hluta þessarar aldar gekk einmitt út á það að banna misrétti, að banna eitt og annað, m. a. á vinnumarkaðinum, sem fólk hafði verið beitt á liðnum árum og áratugum. En það komu alltaf upp svona raddir eins og heyrðust hér áðan — raddir sem vitnuðu kannske í

Mósebók eða þau lögmál sem tíðkuðust í grasgarðinum eða á einhverjum öðrum álíka fjarlægum stöðum. Fyrr á öldinni voru t. d. sett hér vökulög sem bönnuðu að sjómenn væru látnir vinna sólarhringum saman þangað til öryggi þeirra var stórfelld hætta búin. Þetta voru öryggislög fyrir sjómenn, félagslegt réttindamál, bann við misrétti. Þá kom þáv. formaður Sjálfstfl. eins og var rifjað upp hér í ákveðnu húsi á þinghúslóðinni í gær. Þáv. formaður Sjálfstfl. lýsti andstöðu sinni við þessi vökulög. En hann hafði einnig mörgum áratugum síðar látið það koma fram að það hefðu verið stærstu mistök síns stjórnmálaferils að leggjast gegn banninu við því að sjómenn væru þrælkaðir eins og gert hafði verið. Ég er alveg sannfærður um það líka með hv. 2. þm. Reykv. að hann mun þegar fram líða stundir sjá eftir þeirri neikvæðu afstöðu sem hann hefur í jafnréttismálum og fram kom hér áðan.

Eftir að lög um bann við misrétti höfðu verið hér í gildi um langt skeið tók við næsta stig þessara mála í okkar löggjöf — ekki lög um bann við misrétti heldur lög um jafnrétti. Það tók marga áratugi að koma á löggjöf í þeim efnum. Mörg frumvörp voru lögð hér fram á Alþingi af þessu tagi og þau voru rædd út og suður. Auðvitað komu þá upp eins og einnig hér í dag sýnishorn af þessum sérkennilega málflutningi, sem sé þeim að þetta sé óþarfi, þetta hafi blessast til þessa og það að setja lög um jafnrétti sé í raun og veru bara krafa um misrétti vegna þess að lögin feli í sér að það sé jafnvel verið að lítillækka konur í lagasetningu um jafnréttismál vegna þess að þar með sé verið að segja frá að þær geti ekki sótt þann rétt sem önnur lög og þjóðfélagið almennt vilja færa þeim. En lög um jafnrétti voru sett þrátt fyrir sjónarmið úrtölumanna sem núna heita Friðrik Sophusson en hétu fyrr á öldinni ýmsum nöfnum.

Svava Jakobsdóttir flutti hér á þingi fyrir líklega tólf árum eða svo frv. til l. um Jafnlaunaráð. Það mætti talsverðri andspyrnu, en þó má segja að sú umr. var grundvöllurinn að lögunum um jafnréttismál sem nú eru í gildi þó að þau séu ófullkomin. Það voru lög sem Gunnar Thoroddsen þáv. félmrh. beitti sér fyrir að sett voru. Á því þingi sem setti lögin um jafnrétti sem nú eru í gildi voru fluttar tillögur um svokallaða jákvæða mismunun, að það yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta stöðu kvenna. Sú till. fékk þá tvö atkv. Hún fékk atkv. Svövu Jakobsdóttur og Vilborgar Harðardóttur, sem þá sat hér á Alþingi. Önnur atkv. fékk till. þá ekki. Síðan eru liðin átta ár og margt hefur breyst og m. a. það að margir þeir sem þá voru á móti þessu ákvæði hafa núna skipt um skoðun og telja reyndar að það sé næsta skrefið að setja lög sem heimila sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna frá því sem nú er.

Ég veit að orðasambandið jákvæð mismunun er dálítið vont og það er ekki fundið upp af mér. En það er sem sagt tilraun til að skýra ákveðna hugsun, þ. e. þá að til þess að ná jafnrétti á ákveðnu sviði megi gera ráðstafanir eða beita jákvæðum aðgerðum til þess að bæta stöðu kvenna frá því sem hún nú er. Þetta er kallað jákvæð mismunun. Það er bókstafleg þýðing á norrænum málum. Hún er heldur vond og það væri betra að finna eitthvert annað heiti yfir þetta, en menn mega ekki vera að nota þessa kannske pínulítið vafasömu þýðingu til þess að gera þessi sjónarmið tortryggileg. Þess vegna er það ekki rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni áðan, að þetta sé mótsögn, sem felst í annars vegar svokallaðri jákvæðri mismunun og hins vegar jafnrétti, vegna þess að tilgangur allrar þessarar umræðu er sá að beitt verði jákvæðum aðgerðum — eða jákvæðri mismunun — til þess að ná jafnrétti og þessu verði beitt um skeið.

Í norrænni löggjöf um þessi mál er kveðið á um það beinlínis með þeim hætti að segja að þrátt fyrir ákvæði laga um jafnrétti megi um skeið beita slíkum tímabundnum ráðstöfunum. Þetta er í norskri, danskri og sænskri löggjöf og er núna til meðferðar í finnska þinginu. Af því að hv. þm. Friðrik Sophusson var að vitna hér í norræn lög máli sínu til stuðnings áðan mun ég gera ráðstafanir til að koma til hans gögnum um þessi mál og hvernig þau hafa þróast á Norðurlöndum. Núna á þessu ári var haldinn fundur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem fjallað var um reynsluna af jafnréttislögum og jákvæðri mismunun á hinum ýmsu Norðurlöndum og ég held það væri mjög gagnlegt fyrir félmn. að fá þessi gögn. Ég hef gert ráðstafanir til þess að hún fái þau í hendur. Ég hafði reyndar hugsað mér að gera grein fyrir því hér, en ég taldi heppilegra að nefndin fengi það mál þegar hún tekur þetta frv. til meðferðar.

Ég held að það sé út af fyrir sig alveg ljóst og um það er enginn ágreiningur að jafnréttislög geti verið góð svo langt sem þau ná. Engum dettur þó í hug að þau leysi allan vanda, það hefur aldrei verið talað um það. En ég held að kominn sé tími til að stíga næsta skref sem er það að löggjafinn opni heimildir til þess að bæta stöðu kvenna frá því sem nú er, þ. e. til jákvæðrar mismununar svo ég noti nú þessi vondu orð aftur. Ég held að það megi jafnvel færa rök að því að þessi lög eins og þau eru núna, sem banna jákvæða mismunun, því það er það sem lögin gera núna strangt tekið því till. Vilborgar Harðardóttur og Svövu Jakobsdóttur var felld, stuðli óbreytt að ríkjandi karlaveldi í þjóðfélaginu. Og ég get flutt um það mörg rök sem ég held að liggi í augum uppi þegar fólk hugsar sig um eitt augnablik í sambandi við þessi mál. Ég held þess vegna að við séum komin að þeim óhjákvæmilegu tímamótum að Alþingi Íslendinga verði að ákveða hvort það ætlar að stíga þetta skref, sem hér er gerð till. um, eða ekki.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson, vék að þeirri grein frv. sem fjallar um það að Jafnréttisráð eigi að vera stefnumótandi. Ég held að það sé sú grein sem hann var að tala um, þ. e. 2. tölul. 15. gr. ef ég man rétt. Hann telur að með því sé Alþingi að láta hluta af sínu valdi. (**ÓÞÞ:** Ég talaði um 10. gr. núgildandi laga.) Það er greinin um hlutverk Jafnréttisráðs. En ég skildi þm. svo að hann væri að tala um þann anda gildandi laga og frv. að Jafnréttisráð hefði hluta af því valdi sem segja mætti að Alþingi ætti að hafa alla jafna.

Nú er það svo að á ýmsum sviðum, t. d. varðandi framkvæmdir og fleira afsalar Alþingi sér tilteknu valdi. Og Alþingi afsalar sér þessu valdi í hendur ráðh. sem fer með framkvæmdavaldið, en er háður vilja meiri hluta Alþingis á hverjum tíma. Ég held þess vegna að hérna sé um að ræða afskaplega algengan og eðlilegan hlut í okkar löggjöf, sem hér er verið að gera till. um, enda minni ég á að núverandi félmrh. hefur tekið undir þetta sjónarmið með frv. ríkisstjórnarinnar eins og það hér liggur fyrir, að það geti komið til greina og verið

eðlilegt að afhenda einhverri slíkri stofnun eins og Jafnréttisráði stefnumótunarhlutverk. Þetta er t. d. í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo ég nefni dæmi, og ég hygg að í fleiri lögum megi finna hliðstæður þessa. Ég held þess vegna að hér sé ekki um að ræða hættulegt atriði fyrir Alþingi til eða frá.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson kom hér og sagði nokkur orð um þetta frv. Ég man eftir því að hann sagði einnig fáein orð um þetta frv. á síðasta þingi og hefur þannig sýnt þessum málum vissan áhuga. Ég vek athygli á því að þegar þessi mál voru til meðferðar í fyrra, m. a. á fundum með þm. sem Jafnréttisráð boðaði til, þá var hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að það sé eitthvað óeðlilegt að leggja fram þetta frv. endurskoðunarnefndarinnar og sagði, eins og hæstv. félmrh. reyndar líka, að Framsfl. og ráðh. mundu beita sér fyrir því að leggja fram frv. endurskoðunarnefndarinnar eins og það kom frá henni. Það voru óbreytt orð ráðh. þegar fjallað var um þetta mál á hv. Alþingi 18. okt. 1983.

Við meðferð málsins í stjórnarflokkunum voru hins vegar gerðar þær breytingar á frv. sem við höfum hér verið að ræða og eru ekki til bóta. Og ég held að það hafi verið óhjákvæmilegt, úr því að hæstv. félmrh. fór að leggja fram þetta stjfrv. jafnslæmt og það er, að þm. sýndu sitt frv., frv. endurskoðunarnefndarinnar, til þess að hægt væri að hafa þau til umr. bæði í einu. Þess vegna vil ég mótmæla því sjónarmiði, sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að það sé eitthvað óeðlilegra að leggja þetta þmfrv. fram en að flytja brtt. við einstakar greinar frv. hæstv. ríkisstjórnar. Auðvitað er það svo hugsanlegt, þegar málið kemur frá félmn. til 2. umr., að fluttar verði brtt. við álit n. og till. n. nema þar náist samkomulag. Hver veit nema samkomulag náist þó að fátt virðist benda til að svo verði.

Í ræðu minni áðan lagði ég á það áherslu að n. reyndi að komast eins langt og mögulegt er í því að ná samkomulagi. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst ræða hv. 2. þm. Reykv., þessi skætingur, sem hann flutti áðan, ekki benda til þess að þar væri neinn vilji til þess að ná neinu samkomulagi í þessu máli. Ég tel það í rauninni mjög alvarlegt ef það er þannig innan stjórnarflokkanna að þeir skilja ekki nauðsyn þess að það náist sem víðtækust samstaða um mál af þessu tagi því að að vissu leyti má segja að frv. og lögin eins og þau eru snerti mikilvæg grundvallaratriði í allri okkar stjórnskipun. Það hefur verið regla í sambandi við stjórnarskrárumr., kosningalög og fleira og fleira, það hefur verið lögð áhersla á það, að stuðla að sem bestu samkomulagi. Ég lýsi fyrir fram ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar ef hún ætlar að höggva á möguleika til samkomulags um þetta mál og slá á þá sáttahönd sem hér hefur verið rétt fram að minnsta kosti af tveimur ef ekki þremur talsmönnum þriggja stjórnarandstöðuflokka. Ég held að hæstv. ráðh. ætti að beita sér fyrir því að það næðist hér samkomulag. Ég held að það væri best fyrir hann. Ég held að hann eigi ekki að vera að pína þetta vonda frv. í gegnum þingið sem íhaldið píndi hann til þess að flytja hér. Ég held að hann eigi að stuðla að því að menn hjálpist að við þetta úr öllum flokkum, bæði stjórn og stjórnarandstöðu.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, ítreka það sjónarmið mitt í þessu máli að jafnréttisbarátta, barátta fyrir jafnrétti kvenna, sem ekki tekur á peningaþjóðfélaginu, gróðaöflunum hér í þessu landi, hún nær skammt. Það er alveg ljóst að hinn svokallaði frjálsi vinnumarkaður heldur niðri launum kvenna. Vinnuveitendasamband Íslands, sem hv. 1. þm. Suðurl. var talsmaður fyrir um árabil, hefur alltaf lagst gegn öllum jafnréttiskröfum, launajafnrétti, öllum félagslegum umbótum, alveg sama af hvaða tagi þær hafa verið. Þannig hefur einkafjármagnið hér í landinu ævinlega lagst gegn félagslegum sjónarmiðum eins og liggja til grundvallar, má segja, þeirri hugsun sem ég er hér að reyna að túlka og sumpart kemur fram í þmfrv. Ég held að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að peningaöflin í þjóðfélaginu hafa ævinlega staðið þversum gegn jafnréttisviðleitni af öllu tagi. Núverandi hæstv. félmrh. getur auðvitað ekki gert sér vonir um að bandalag hans við íhaldið dugi til þess að koma í gegn einhverju því sem þokar jafnréttismálum verulega áleiðis. Ef hann reynir það er sú tilraun þegar í stað í skötulíki eins og það frv. sem hér er á dagskrá er því miður. Ég vænti þess hins vegar að menn beiti sér fyrir því að taka á þessum málum í sameiningu, stuðli að sem víðtækastri samstöðu þeirra flokka sem hér eiga fulltrúa, vegna þess að hér er um að ræða stór mál. Ég held að viðeigandi væri að ljúka afgreiðslu svona máls á síðasta ári kvennaáratugarins og ég held að það væri þeim mun betra sem víðtækara samkomulag næðist um málið hér á hv. Alþingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefjar þessar umr. Ég vil að gefnu tilefni aðeins benda á nokkur atriði vegna þess sem fram hefur komið. Ég vísa til framsöguræðu minnar er ég mælti fyrir stjfrv. á þskj. 48. Þar ræddi ég ítarlega þessi mál og hefur raunar ekki verið fjallað um þau atriði í þeirri ræðu sem ég þarf sérstaklega að svara hér.

Ég vil segja það svona til skýringar í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem hann flutti hér í upphafi, þar sem hann las upp grg. frá Jafnréttisráði, að framsöguræða við 1. umr. stjfrv. var flutt hér á Alþingi 22. þessa mánaðar og hv. 3. þm. Reykv. bað um frestun á umr. vegna upplýsinga sem hann taldi að væru ókomnar frá Jafnréttisráði. Bréf Jafnréttisráðs til félmn. Nd. er hins vegar dagsett 23.10., daginn eftir, og er umsögn um frv. eins og þau voru til umr. hér á hv. Alþingi í aprílmánuði s. l. Jafnréttisráð hafði ekki sent frá sér álit um frv. fyrr, hvorki félmn. né félmrh. Ég tel ástæðu til að láta þetta koma hér fram til þess að það valdi ekki misskilningi síðar.

Ég ætla ekki að ræða hér um umsögn Jafnréttisráðs. Hún hefur ekki komið í mínar hendur fyrr en nú, eins og ég tók fram. Ég mun hins vegar ræða það við ráðið sérstaklega mjög fljótlega. Miðað við það góða samstarf sem hefur verið við ráðið hef ég óskað eftir því núna með formlegum hætti að teknir verði upp ákveðnir samráðsfundir milli félmrn. og Jafnréttisráðs til að ræða þessi mál öll á breiðum grundvelli, þ. e. stöðu jafnréttismála og helstu viðfangsefni eins og þau eru á hverjum tíma. Ég er með því að undirstrika þann vilja ráðuneytisins að hafa gott samstarf við Jafnréttisráð.

Í sambandi við það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áður um frv. vil ég aðeins segja að ég tel að það sé ekki óeðlilegt þegar verið er að setja lög að frekari skýringar og útfærsla á ákveðnum lagagreinum séu frekar í aths. með slíku frv. en í greinunum sjálfum þegar það eru skýringar á hugtökum sem um er verið að ræða. Það er

einmitt þannig farið að í stjfrv., bæði að því er varðar 3. og 4. gr. frv.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á að mér finnst það ákaflega óeðlilegt þegar sú fullyrðing er sett fram hér á hv. Alþingi af hv. alþm. sem hefur áhuga fyrir jafnréttismálum, eins og ég álít hv. 2. landsk. þm. hafa, að það hafi enginn árangur náðst í jafnréttisbaráttu hér á landi. (**JS:** Takmarkaður árangur, sagði ég.) Ég tel að þessi fullyrðing, ég skrifaði hana orðrétt niður hv. þm., lýsi öfgum sem séu alls ekki í neinu samræmi við raunverulega skoðun hv. þm. Auðvitað vitum við öll að það er langt í land að þessari baráttu sé lokið og hún hafi náð þeim árangri sem að er stefnt, það erum við öll sammála um, en að slá þessu fram er mjög óeðlilegt að mínu mati svo ekki sé meira sagt.

Vegna þess að hér kom 15. gr. stjfrv. til nokkurrar umr. vil ég árétta áður en ég fer hér úr ræðustól það sem ég tel ákaflega mikilvægan áfanga í þessu lagafrv. að því er varðar jafnréttismálin. Það er um verkefni Jafnréttisráðs. Til þess að rifja það upp fyrir hv. þm. vil ég lesa upp 15. gr. frv., en þar stendur:

„Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.

2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna að framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.

3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.

4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.

5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.

6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.

7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.

8. Taka ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.

9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga."

Þessi upptalning sýnir í hnotskurn að hér er um gífurlega mikið verkefni að ræða og mikið hlutverk sem Jafnréttisráð hefur. Margir segja að þessi löggjöf sé ónothæf eða til lítilla bóta. Ég sé ekki hvert það fólk stefnir. Ég sé ekki betur en að með þessu móti sé verið að tryggja framgang þessara laga umfram það sem aðrar stjórnvaldsaðgerðir hljóta að geta haft áhrif á þessi mál.

Ég vil að lokum endurtaka að ég vænti þess að félmn. þingsins og alþingismenn almennt sjái til þess að þetta mál fái framgang á þessu þingi. Og ég læt sem vind um eyrun þjóta það sem er sagt hér um okkur stjórnarþm. og ríkisstjórn, sem að þessu frv. stöndum, að við meinum ekkert með þessu. Því er þveröfugt farið. Við ætlumst til að sett sé löggjöf sem samkomulag verði um og komi þessum málum til betri vegar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Afstaða Kvennalista hefur þegar komið fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur á þessu þingi og í máli mínu um bæði þessi frv. í fyrra.

En ég gat nú ekki orða bundist við að hlusta á umræðuna. Mig langaði aðeins til að segja nokkur orð og eiginlega finnst mér leitt að ég skuli ekki hafa fleiri gögn undir höndum til þess að auðga mál mitt með. En ósköp er það nú ríkt í mannlegu eðli að þeir sem hafa öðlast vald reyna af alefli að varðveita aðgang sinn að valdinu. Og blessaðir karlarnir verja þau forréttindi, sem þeir hafa tryggt sér, með öllum ráðum. Einhver hefði nú sagt „með kjafti og klóm", hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, hvar sem þú ert staddur. Alveg er ég nú sammála hv. þm. að daglegt mál okkar er allt of mengað og illa skotið stríðsyrðum, en hv. þm., hver skyldi nú hafa stráð þessum orðum í málið? Skyldu það vera stríðsmennirnir sjálfir?

Ég ætla ekki að ræða ítarlega jákvæða mismunun núna. Við höfum tekið afstöðu til hennar og rætt hana. En ég má til með að ítreka fyrir hv. þm. að megintilgangur jafnréttisfrv. er einmitt að jafna rétt kynjanna og það er vegna þess að á annað kynið hallar. Og er þá ekki besta leiðin að lyfta því kyninu upp sem lægra er sett og hefur minni tækifæri og möguleika til að sjá sér farborða í lífinu?

Ég skil ekki alveg hvers vegna hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni er svo mikið í nöp við jákvæða mismunun. Mér datt reyndar í hug ágætt dæmi um jákvæða mismunun. Ég átti einu sinni frænda sem fékk sjúkdóm þegar hann var barn. Þannig varð annar fóturinn styttri en hinn. En til þess að báðir mættu jafnlangir verða þá var aukið undir skóinn. Þetta finnst mér vera lýsandi dæmi um jákvæða mismunun.

Hv. 3. þm. Reykv. brá sér yfir í sagnfræði í máli sínu áðan, og það vildi ég að ég hefði við hendina þær umr. sem fram fóru hér á hv. Alþingi, og ég vil benda þm. á að kynna sér þær, þegar var verið að knýja það í gegn með lagaboði, með lagasetningu, hv. 2. þm. Reykv., að veita konum kosningarétt. Það voru furðuleg hugskot sem opnuðust þá og karlar óttuðust mikið hvað verða mundi í þjóðfélaginu ef konum yrði öllum sleppt lausum í einu að kosningarétti. Ég ráðlegg hv. 2. þm. Reykv. að kynna sér þessar umr. (**JS:** Það hefur verið lesið upp hér í þingsal.) Ja, það veitti ekki af því að lesa þær aftur og aftur og enn einu sinni því að þar hrundu mörg gullkorn sem hefðu getað varpað ljósi á fordóma nútímans.

Ég er sammála hv. 2. þm. Reykv. að það er erfitt að setja löggjöf um siðferði eða hugarfar. Og víst væri betra að ekki þyrfti að setja lög í þessum efnum. En nú spyr ég eins og fávís kona: Eru ekki lög sett einmitt m. a. til þess að koma í veg fyrir siðleysi? Er það ekki siðleysi að karlar skuli hafa rúmlega 50% hærri laun en konur þrátt fyrir mikið vinnuframlag beggja aðila, er það ekki siðleysi?

Ég vona síðan að í meðferð n. og meðferð Alþingis komi eitthvað út úr þessum báðum frv. sem breytir í einhverju því ástandi sem nú er því annars væri það ekki mikils virði að hafa flutt þau.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 105. mál (þskj. 109). — 1. umr.

(Sjá umr. um 48. mál í dálki 648 og áfram.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. 123. mál (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Staðgreiðsla skatta, þáltill. 124. mál (þskj. 128). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umsvif erlendra sendiráða, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aukin sjúkra- og iðjuþjálfun, þáltill. 59. mál (þskj. 59). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aukin þjónusta vegna tannréttinga, þáltill. 60. mál (þskj. 60). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurmat á störfum kennara, þáltill. 54. mál (þskj. 54). — Frh. fyrri umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Um þetta mál er nú rætt á býsna viðkvæmu stigi. En það er þarft til íhugunar öllum hér inni og í þjóðfélaginu því að hér er um einn veigamesta uppeldis- og menntunarþáttinn að ræða. Við verðum fyrr en síðar að gera verulegt átak til að hefja veg þessa fólks svo sem vera ber.

Ég vildi aðeins segja nokkur orð um þessa þörfu till. Kennarastéttin hefur að vísu núna á undanförnum dögum eða vikum verið á nokkuð undarlegan hátt í sviðsljósinu. Ég ætla ekki að tíunda hér þau ómaklegu ummæli í hennar garð sem fallið hafa dauð og ómerk í eyrum allra þeirra sem bera minnsta skynbragð á starf og þýðingu stéttarinnar. Þar er um að ræða óráðshjal sem sprottið er af mikilli vanþekkingu eða af öðrum ástæðum.

Það er hins vegar mála sannast að kennarastarfið hefur ævinlega verið vanmetið og hvergi skipað þann sess sem því ber í siðuðu þjóðfélagi. Þetta herfilega vanmat hefur hvergi birst skýrar en í launakjörum. Ég tala að vísu ekki sem hlutlaus aðili, hafandi kennt í 18 ár og haft margvísleg afskipti af málum stéttarinnar, m. a. í kjaramálum, en nokkur reynsla og þekking á eðli og umfangi starfsins mun þó af þessu hafa hlotist. Ég man t. d. glögglega eftir þingi Sambands ísl. barnakennara þar sem menntunarmálin voru aðalmálið og spurningin um að færa menntunina á háskólastigið var mest rædd. Þar var mikill einhugur um að sjálfsagt væri að gera miklar og auknar menntunarkröfur til stéttarinnar, m. a. í ljósi nýrra tíma, nýrrar tækni og hinnar miklu og sívaxandi uppeldisþátttöku skólanna. En ég man einnig vel að menn töldu að samfélagið mundi í sama mæli meta starfið til viðunandi launakjara sakir ábyrgðarinnar og þess hversu vandasamt það er í innsta eðli sínu sakir ómældra vinnustunda sem hvergi voru né eru skráðar og ekki síður sakir lengra og meira náms og um leið þekkingarinnar sem þá lægi að baki.

Ég man að við, tveir kennarar að austan sem þarna töluðum, vorum nokkuð hjáróma í þessum kór þegar við létum í ljós miklar efasemdir um að samfélagið mundi meta það svo nokkru næmi þó að menntunin væri færð upp á háskólastigið. Við héldum því fram að allt of margir litu á þetta sem auðvelda og erfiðislausa vinnu. Mætti mikið vera ef slík viðhorf næðu ekki upp í æðstu stofnanir þjóðfélagsins. Ekki óraði mig þá fyrir þeim ósköpum sem nú hafa dunið yfir þingheim og hefðu gefið orðum okkar þá meira vægi en er um leið dapurlegra en orð fá lýst.

Launakjör kennara í dag og aðstaða öll hefur verið tíunduð svo rækilega að ekki skal það frekar gert. Þessi till. sem hér er til umr. hefur að megininntaki endurmat á störfum kennara og í kjölfarið réttmætara og verðugra mat á þeim störfum og er vissulega ekki tilkomin að ástæðulausu. Hugmyndin og framkvæmd hennar er því sjálfsagðari en svo að um þurfi mjög að ræða. Spurningar vakna hins vegar í ljósi ýmislegs af því sem hefur verið að gerast, alveg sér í lagi þess að þolinmæði kennara er eðlilega loks á þrotum. Það hefur m. a. birst í væntanlegum uppsögnum þeirra sem eina tiltæka ráðinu sem kennarar hafa séð til að vekja athygli á ófremdarástandinu. Það hefur einnig birst í hinum alvarlega flótta úr stéttinni, þar sem ég fullyrði að fólk hefur undantekningarlítið gengið í vandaminni og ábyrgðarminni störf með hins vegar miklu betri launakjörum. Meira alvörumál er þetta en svo að unnt sé að afgreiða það með axlaypptingum einum, að ekki

sé minnst á það orðfæri sem jafnvel hefur verið viðhaft úr þessum ræðustól um þessa stétt.

Nú vitum við það að í kjölfar hinna almennu samninga við BSRB koma sérkjarasamningar sem ráða mestu um það hversu fer um kennarastéttina og af þeim m. a. ræðst einnig hvað gerist í uppsagnamálum þeirra. Uppsagnamálið á sér aðdraganda, sem rakinn er í félagsblaði Kennarafélags Íslands frá sept. s. l., en þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Á fundi fulltrúaráðs Kennarafélags Íslands í ágústlok var tekin ákvörðun um að safna viljayfirlýsingum frá kennurum fyrir 1. okt. n. k. um að þeir séu reiðubúnir að segja upp stöðum sínum ef Kennarasambandið telji þess þörf til að knýja á um endurmat á kennarastarfinu og bætt kjör." Síðan eru aðstæður raktar og ber að vitna til nokkurs af því. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Kennaranámið hefur aukist og lengst. Kennsluhættir hafa breyst og vinnuálag á kennara aukist. Æ meiri tíma þarf til að fylgjast með nýjungum í starfi og nýju námsefni. Kröfur til skólanna aukast sífellt og verkefnum kennara fjölgar. Fyrir sérhæfð ábyrgðarstörf á almennum vinnumarkaði eru greidd a. m. k. helmingi hærri laun en þau sem ríkið greiðir fyrir kennslu."

Þessum orðum öllum og þessum yfirlýsingum sem hefur verið safnað um uppsagnir kennara, fylgir mikil alvara. Ég vitna til ummæla þeirrar kunnu og virtu sjálfstæðiskonu, Svanhildar Björgvinsdóttur, sem segir í þessu sama félagsblaði Kennarafélags Íslands, með leyfi virðulegs forseta, um kennaraþingið:

„Það vakti athygli mína sú einurð og eindrægni sem kom fram í stefnunni í kjaramálum þar sem lögð er áhersla á að fá þegar í stað endurmat á kennarastarfinu og lögverndun starfsheitisins. Það er greinilegt að kennarar skynja vel ábyrgð sína sem uppalendur. Þess vegna vilja þeir ekki atgervisflótta úr stéttinni. Þess vegna samþykktu þeir einróma að segja upp launaliðum samninganna 1. sept. n. k. og þess vegna hyggjast þeir fylgja kröfum sínum fast eftir."

Það eru einmitt þessi orð ásamt ýmsum fleirum sem hér væri hægt að rekja úr félagsblöðum Kennarafélags Íslands, sem fá mig til þess að staldra við efnismeðferð þessarar till. Þar er lagt til að skipuð verði nefnd sem inna á af hendi þetta endurmat á störfum kennara og á að skila áliti eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þál. sem að venju hér yrði í fyrsta lagi í desember.

Ég hef a. m. k. heyrt það á ýmsum í forustuliði kennara að þetta endurmat eigi að fara fram, svo sem Svanhildur Björgvinsdóttir bendir á, án tafar og sérkjarasamningar nú eigi að taka mið af því. Nú vitum við vel hvernig þar hefur verið gengið frá málum og hvernig þar verður mjög sennilega að unnið. Í kjölfar þess er kannske ekki mikils að vænta til viðbótar fyrir kennarastéttina eina miðað við þann grundvöll sem gengið er út frá í aðalkjarasamningum. Ég veit líka að það er síst af öllu vilji hv. flm. að draga þetta starf fram yfir næstu sérkjarasamninga. En það er spurning hversu starf af þessu tagi þarf að taka langan tíma, hversu vel þarf að vinna það. En aðalatriðið er vitanlega, eins og fram kom í máli hv. 1. flm., að vekja Alþingi til umhugsunar um alvöru þessa máls og undirstrika skjóta nauðsyn endurmats, sem færði kennurum betri stöðu í launakerfinu svo sem þeim ber. Ég vil ekki að þetta sé tekin sem nein bein aths. við tillöguflutninginn sem slíkan heldur aðeins spurning um það hversu langan tíma þetta kynni að taka og hvenær þeim árangri yrði skilað.

Ég vil einnig að gefnu tilefni taka undir þau orð, sem höfð voru eftir hv. 1. flm. þessarar till. í hljóðvarpi í gærkvöldi, að eitt af því, sem er vonbrigðaefni nýgerðra aðalkjarasamninga milli BSRB og ríkisins, er það hversu hlutur kennara batnar lítið. Ég viðurkenni að sérkjarasamningar geta ráðið þar einhverju, en það hlýtur að vakna spurning um það hvort það skipti ekki máli að gera það sem þarf til þess að við getum tryggt áfram hæfa og góða kennara í skólum landsins og þyrftum ekki áfram að horfa á flótta úr stéttinni yfir í önnur störf þar sem betri kjör eru í boði. Mín spurning er aðallega um það hverju við getum hér áorkað um réttmætt mat á þýðingu starfsins, þess óhjákvæmilega endurmats sem þyrfti að tengjast næstu sérkjarasamningum kennara, hvernig við gætum haft áhrif sem fyrst og best í sjálfstæðri réttindabaráttu kennara og um leið og ekki síður stuðlað að framtíðarvelferð þeirrar æsku, sem kennarar taka sífellt meiri þátt í að móta, fræða og ala upp á ýmsan veg.

Það er ekki úr vegi að við hugleiðum í ljósi þessarar þýðingar hversu alvarlegt það er ef virkilegur atgervisflótti verður úr þessari stétt uppalenda æskunnar. Um það mætti hafa langt mál, en e. t. v. er einhver besta og hollasta lesning fyrir fólk um kennara og þýðingu kennarastarfsins grein sem Heimir Pálsson ritaði í Helgarpóstinn 27. sept. og heitir „Lágmenntastefna eða láglaunastefna eða bréfkorn til íslenskra foreldra", þar sem spurt er m. a.: Hvaða kröfur gerir þú til kennara barna þinna? Þar segir Heimir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 1.—6. bekk grunnskólans eða barnaskólanum eru líkur til að börnin þín hafi einhvern einn kennara. Þá er nokkuð ljóst að hann er í flestum tilvikum sú fullorðin manneskja sem börnin hafa mest af að segja. Þau eru lengur samvistum við hann en þig í vöku. Þá sýnist mér fyrsta krafan hljóti að vera nokkuð augljós. Þú ætlast til þess að kennarinn sé prúðmenni og umgangist börn þín eins og mikilvæga einstaklinga, sýni þeim með fordæmi sínu hvernig ábyrg og ljúf manneskja hagar sér.

Í annan stað ætlast þú áreiðanlega til að kennari barnanna þinna kunni skilgóð svör við hverju því sem upp kann að koma í kennslustofunni. Hann hefur axlað megnið af frumfræðslunni, þeirri sem bændasamfélagið gamla dreifði á a. m. k. tvær kynslóðir og stundum allmarga einstaklinga af hverri kynslóð.

Í þriðja lagi verður kennarinn að sjálfsögðu að vera þeim vanda vaxinn að gerast huggari barnanna þinna í hverri þraut. Þú ert ekki í kallfæri því að þú ert væntanlega að sinna framfærsluskyldu þinni.

Í fjórða lagi verður kennarinn vitanlega að búa yfir og geta miðlað þeirri þekkingu sem nauðsynleg er hverjum einstaklingi í nútíma samfélagi. Þarna taka grunnskólalögin kröftuglega undir við þig.

Í fimmta lagi verður kennarinn vitaskuld að ábyrgjast að sú þekking sem hann er að miðla sé í samræmi við nútíðina, ekki liðinn tíma. Úrelt þekking kemur börnunum þínum að litlu haldi.

Í sjötta lagi — og er það reyndar fólgið í því sem áður er sagt — verður bekkjarkennarinn að kunna skil á hinum sex námsgreinum skólans auk frumgreinanna þriggja, lesturs, skriftar og reiknings og koma þar fög eins og átthagafræði, þ. e. a. m. k. saga, landafræði og

náttúrufræði og biblíusögur, það er undirstaða allrar hugmyndafræði okkar.

Í sjöunda lagi kann náttúrlega að vera að börnin þín eigi við einhvern smávægilegan vanda að stríða í hegðun eða líkamsbyggingu og þá verður kennarinn vitanlega að vera starfi sínu vaxinn og geta veitt hverjum einstaklingi þjónustu."

Síðan rekur Heimir hvernig að kennaranum er búið og er það ófögur lýsing vægast sagt, sem hér hefur verið tíunduð áður og ég ætla ekki að fara nánar út í. En síðan endar hann á samviskuspurningu, sem er eins gott að vitna til hér ef hv. þm. hefðu ekki lesið þessa grein, að ég tala nú ekki um, ef þeir hefðu ekki hugleitt þetta mjög grannt. En í lokin spyr Heimir Pálsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefurðu hugsað út í að þú greiðir kennara barnanna þinna miklu lægri laun en þú mundir greiða manni sem passaði tölvuna þína? Hefurðu gert þér grein fyrir að kennarakaupið á Íslandi er orðið þannig að tala má um vitsmunaflótta úr stéttinni? Hefurðu gert þér grein fyrir hvaða máli menntun þessarar þjóðar skiptir fyrir afkomu fólks í þessu landi? Hlustaðirðu kannske á Ingjald Hannibalsson í sjónvarpinu hér um daginn? Hefurðu velt fyrir þér hvaða framtíð þú ætlar börnunum þínum? Væri ráð að hugsa um það næst þegar þér gefst stund frá brauðstritinu til að horfa í augu þeirra? Geturðu þá sagt með góðri samvisku að þú viljir þeim aðeins hið besta?"

Þetta geta verið mín lokaorð einnig því að hægt er að taka undir hvert orð sem Heimir segir þarna.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Efni þessarar till. til þál., sem hér er til umr. um endurmat á störfum kennara, er vissulega tímabært að taka til meðferðar. Það hafa þær umr. um kjör kennara hér á hv. Alþingi að undanförnu beint sannað. Það ber vissulega að fagna þeim stuðningi sem hæstv. menntmrh. fær hjá Kvennalistanum með þessari till., en eins og fram hefur komið í umr. hefur hæstv. ráðh. lýst vilja sínum á að endurmat á störfum kennara verði framkvæmt.

Umr. um kjör kennara hefur verið hávær í nýafstaðinni kjaradeilu opinberra starfsmanna og er það að vonum. Kennarar eru láglaunastétt, hafa dregist aftur úr í launum, enginn getur dregið það í efa. Launataxtar þeir, sem sýndir eru í grg. þáltill. og víða hafa borið á góma að undanförnu, segja til um það. Þær krónutölur eru að vísu úreltar nú eftir gerð kjarasamnings, en láglaunastéttirnar, og þar með kennarar sitja eftir í þessum kjarasamningum eins og ávallt áður og séð var fyrirfram, enda ekki lögð meginhersla á að bæta þeirra kjör sérstaklega umfram aðra í nýafstöðnum kjarasamningum.

Endurmat á störfum kennara er utan við gerð aðalkjarasamnings BSRB og þarf að fara fram eftir sem áður. Það er löngu ljóst og má furðu sæta að það hafi ekki verið framkvæmt fyrir löngu síðan. Sú öra þróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu undanfarinn áratug t. d. með fjölgun kvenna á vinnumarkaðinum og þá um leið breyttar aðstæður á heimilum af þeim sökum hefur ekki síst raskað þessum málum jafnframt fjölgun kvenna í kennarastétt. Skólarnir verða í auknum mæli að taka á sig gæslu- og uppeldishlutverk auk fræðslunnar og það kallar á enn meiri ábyrgð og álag á kennarana. Við þessu verður að bregðast. Þetta er einn af þeim þáttum sem tengist nauðsyn þess að koma á betri tengslum milli heimila og skóla, meiri samábyrgð þessara aðila sem verða að vinna saman að því að ala upp og mennta íslenska æsku.

Það er t. d. nauðsynlegt að ætla kennurum þann viðverutíma í skólanum að þeir geti sinnt samstarfi við heimilið og nemendur utan sjálfra kennslustunda, en eins og nú er háttað er lítið svigrúm í þeim efnum. Efnislega er þessi till. til þál. samhljóða þeim viðhorfum sem ríkja innan þess vinnuhóps sem skipaður var af hæstv. menntmrh. á s. l. ári til þess að fjalla um aukin tengsl heimila og skóla. Við eigum báðar sæti í þeirri nefnd eða vinnuhópi, hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir, einn af flm. þessarar till., og ég. Vegna verkfalls hefur nefndin ekki getað skilað áfangaskýrslu sinni til ráðh. en skýrslan er nú í lokavinnslu.

Það má segja að það hafi gengið eins og rauður þráður í gegnum þær umr. sem fram hafa farið innan þess vinnuhóps og viðmælenda hans, að til þess að bæta samstarf heimila og skóla verður að fara fram endurmat á störfum kennara til að mæta þessum breytingum í þjóðfélaginu og aukinni ábyrgð sem þeim fylgja. Það er óhætt að segja að skilgreining og mat á vinnutíma kennara og umr. um þau mál í þjóðfélaginu almennt, ekki aðeins hér á hv. Alþingi, er því miður oft byggð á vanþekkingu vegna ónógra upplýsinga sem stafar af því að samband milli heimila og skóla er ekki nógu náið. Vanþekking á störfum kennara er oft nokkuð hliðstæð því mati sem lagt er á vinnutíma þm. sem við verðum óneitanlega oft vör við og er kannske byggt á því hvort þm. sitja á stólum sínum hér á þingfundum, t. d. er sjónvarpið bregður upp skyndimynd af þingfundi sem gæti verið af fundi í Nd. en almenningur veit ekki að tekin er í sal Sþ. og þess vegna eru a. m. k. 20 auð sæti í salnum og viðkomandi fréttamaður lætur slíkar upplýsingar ekki fylgja. Eða sú skoðun að þm. eigi allt of langt sumarfrí eins og sagt er að kennarar eigi einnig. Hitt er hins vegar staðreynd að kennarar nota meginhluta sumars til að endurhæfa sig og undirbúa næsta starfsár nákvæmlega eins og þm. þurfa að gera.

Ingólfur Ármannsson skólastjóri á Akureyri hefur einmitt tekið saman yfirlit eða samanburð á vinnutíma kennara og þm. sem birt var í Verkfallstíðindum BSRB 17. okt. og við þm. fengum reyndar sérprentað og sent í pósthólfin okkar. Meira að segja honum, sem þó hefur væntanlega kynnt sér málið, yfirsést í töflu sinni, t. d. varðandi nefndarfundi þm. Þar gleymast hjá honum fundir fastra nefnda sem eru fyrir hádegi alla daga sem þingfundir standa yfir því að fastir þingflokksfundir fylla fundarkvótann sem hann skammtar þm., en þeir eru eins og kunnugt er tvisvar í viku, tvo tíma í senn að lágmarki. Þetta nefni ég til að sýna að betra er að fara varlega í að fullyrða þegar upplýsingar eru ófullnægjandi, hver sem í hlut á.

Ég vil, herra forseti, minna á þá ábyrgð sem lögð er á kennara í starfi þeirra. Árangur uppeldis, þroska og fræðslu nemenda, sem kennurum er ætlað að sinna, ræðst af hæfni þeirra, alúð við kennslu og umhyggju fyrir velferð nemenda. Ég vil því með þessum orðum *mínum ítreka þá skoðun mína* að nauðsynlegt er að endurskoða þessi mál í heild frá grunni til að leita leiða til að auðvelda skólunum að bregðast við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu, aðstæðum sem hafa orðið til þess að auka áhrif kennara. Sú lausn þarf að verða þannig að í þessi ábyrgðarmiklu störf sé alltaf völ á

hæfasta fólkinu hverju sinni, en eins og nú háttar eru þeir æ fleiri sem sjá sig neydda til að leita annarra starfa.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í þann mund sem hæstv. fjmrh. gerðist talsmaður þeirrar útbreiddu skoðunar á Alþingi að kennarar ynnu ekki fyrir sínu lága kaupi dundaði ég mér við að telja úr sæti mínu þá hv. þm. sem ég þóttist vita með vissu að hefðu verið kennarar einhvern tíma á ævinni. Það voru ekki allir þm. í salnum, en ég taldi 17.

Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að kennaramenntun sé nokkuð góð almenn undirstöðumenntun, dugi mönnum víða til starfa í þjóðfélaginu. Það er venja úr þessum stól að ávarpa menn sem háttvirta þingmenn. Það bendir þá til þess að kennarar séu mjög háttvirtir — þegar þeir eru orðnir fyrrv. kennarar. **(Gripið fram í:** Flokkast þetta undir atgervisflótta?) Vera má að þetta sé atgervisflótti og vera má að þetta sé staðfesting á flótta úr stéttinni. Út af þeirri aths. verð ég að segja að ég er mest hissa á því að flóttinn skuli ekki vera þegar orðinn miklu meiri en raun ber vitni. Ef við lítum á starfskjör kennarastéttarinnar þá er spurningin: Hvers vegna er það, úr því að þetta er nokkuð almenn undirstöðumenntun, þar sem kennarar geta leitað víða fanga til starfa, hvernig í ósköpunum stendur á því að þeir una þessum kjörum og svara því ekki með fótunum, með því að yfirgefa sinn eina atvinnuveitanda, hæstv. fjmrh., og leita þar fyrir sér sem þeirra störf eru betur metin og reyndar betur launuð?

Þessi till. til þál. um að skipa nefnd til að meta kennara upp á nýtt er ein af þessum ákaflega fallega hugsuðu till. sem stundum koma upp á þingi. Ekki hvarflar að mér eitt augnablik að hún sé fram sett til þess að gera hosur sínar grænar í atkvæðaveiðaskyni gagnvart kennurum. Slíkt gera hv. Kvennalistakonur ekki, eins og kunnugt er. Þetta er því ákaflega vel meint. Og ég get ekki fundið einn einasta mann, hvorki innan þings né utan, meira að segja varla hæstv. fjmrh., sem mundi standa hér upp í stól til þess að andmæla svo sjálfsögðum hlut að efla beri álit og virðingu kennara í þjóðfélaginu.

Það merkilega er, af því að hér eru stundum látin falla orð um það að þarna eigi að efla manngildi en ekki auðgildi, að leiðin sem á er bent til þess að hækka álit kennara, hækka starfsmat kennara, í þjóðfélaginu er sú að meta beri störf þeirra til fjár, til meiri peninga. M. ö. o.: sú hugsun er látin í ljós, vafalaust réttilega, og endurspeglar hugsunarhátt þjóðfélagsins, að ef kennarar væru betur launaðir, þá væru þeir í meiri metum í þjóðfélaginu. Þetta er vafalaust laukrétt.

Hvaða starfsstéttir skyldu það vera í þessu tveggja þjóða þjóðfélagi okkar Íslendinga sem hafðar væru í mestum metum? Það er áreiðanlega ekki barnakennarinn sem vinnur langan starfsdag og sinnir starfi sínu af köllun. Það er ekki bóndinn. Það er ekki erfiðismaðurinn. Þrátt fyrir sjómannarómantíkina, þá er það ekki heldur sjómaðurinn. Ekki heldur vísindamaðurinn og skáldið. Það eru þeir sem vaða í peningum. En þó því aðeins að það sé nokkurn veginn augljóst að þeir hafi lítið fyrir þeim haft. Einkum og sér í lagi eru þeir taldir klókir og snjallir og hafðir í háum metum ef það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir að þeir leggja ekkert af mörkum, helst ekki neitt, til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins. Það eru fínir karlar, miklir menn og í miklum metum. Það hefur ekki hvarflað að neinum hv. þm. að flytja till. til þál. um það að slíka menn beri að endurmeta — þá niður á við eða hvað — í áliti Alþingis. Enda sýnir þetta að það er ekki hlaupið að því að flytja till. til þál. eða jafnvel setja lög um það hvernig þjóðfélagið á að meta fólk. Slíkt endurspeglar væntanlega bara það gildismat sem í þjóðfélaginu ríkir. Það er hluti af pólitík þjóðfélagsins. En hitt er rétt að ef kennurum væru greidd hærri laun yrðu þeir um leið, þegar af þeirri ástæðu einnig, í meiri metum hafðir.

Við höfum horft upp á það að undanförnu að þetta þjóðfélag hefur leystst upp í stríðandi fylkingar, í tvær þjóðir. Annars vegar þeirra sem þiggja lítil laun fyrir vinnu sína, greiða hins vegar sína skatta og skyldur til þjóðfélagsins. Og svo er hin fylkingin sem nýtur svolítið annarra kjara af hálfu þjóðfélagsins. Um hvað var þetta verkfall? Það var krafa um það að fólk sem gegnir opinberri þjónustu fengi sín störf metin til jafns við hvað? Við mat markaðarins, við markaðslaunin. Það undarlega er að þeir, sem aðhyllast lögmál markaðarins og segja að hin ósýnilega hönd markaðarins sé hinn rétti aðili, hinn hlutlausi, hlutlægi aðili, voru helstu andófsmenn í þessu máli.

Rétt er að láta það koma fram sem dæmi, ég hygg að það sé rétt, að einn æðsti embættismaður ríkisins, þ. e. æðsti stjórnandi hljóðvarps og sjónvarps, sem ætti að vera einhver mesta virðingar- og trúnaðarstaða íslensks menningarsamfélags, er áreiðanlega ekki hálfdrættingur í launum á við röskan sölumann. Ég hygg að hæstu laun opinberra starfsmanna, ef farið er eftir launatöxtum, séu nokkurn veginn lægstu laun sem borguð eru á frjálsum markaði fyrir störf sem, ef við værum að beita starfsmati eða einhverju slíku mati, þykja þrátt fyrir allt meiri virðingarembætti frá fornu fari í þjóðfélaginu. Nóg um þetta.

Er líklegt að þessi velviljaða og fallega hugsaða till. komi að einhverjum notum, að hún breyti einhverju um hag kennara? Þegar nefndin hefur skilað áliti og komist að þeirri niðurstöðu að meta beri kennara betur mun hún væntanlega leggja til að það beri að endurspegla í því að þeirra störf verði betur launuð og síðan verði þeirri till. vísað til hæstv. fjmrh. sem hefur, eins og alþjóð veit, alveg sérstakar skoðanir á því máli. Er mjög líklegt að þetta leiði til einhverrar niðurstöðu? Ég hef ekki trú á því. Hins vegar er ástæða til að spyrja: Ef við viljum bæta hag kennara og kjör og þar með virðingu þeirra í samfélaginu, eru einhverjar leiðir til þess aðrar en verkföll eða harðvítug kjarabarátta? Á að lögleiða kennslu sem lögbundið starf, eins og pípulagnir eða annað slíkt? Ég held ekki. Ég held meira að segja að við séum að sigla inn í þjóðfélag þar sem ætti að leggja allar lögbindingar niður á slíkum störfum. Ég vek athygli á því að í umr. um iðnmenntun hefur það sjónarmið þótt nýstárlegast að við séum of rígskorðuð í verkaskiptingu liðins tíma, þ. e. iðn- og tæknimenntun þurfi fyrst og fremst að vera breið almenn menntun sem geri fólki kleift alla sína starfsævi að byggja ofan á þessa menntun, og færa sig til milli starfa, af þeirri augljósu ástæðu að úrelding starfa er ör. Mörg störf, sem eru löggiltar iðngreinar, eru ýmist að hverfa eða þegar horfnar eða munu fyrirsjáanlega hverfa.

Kennarar búa við þau markaðsskilyrði að þeir eru margir. Það er slæmt ef menn vilja vera í miklum

metum og fá góð laun. Það er mikið framboð af kennurum. En sér í lagi búa þeir við það óhagræði á markaðinum að þeir eiga bara einn vinnuveitanda, ríkið. Í því efni skiptir ekki máli hvort handhafi ríkisvaldsins er hæstv. núv. fjmrh. eða aðrir menn og velviljaðri, að eigin sögn, leysi hann af hólmi, því að það hafa margir menn setið í þvísa ráðuneyti, margir meira að segja fyrrv. kennarar, án þess að það hafi endurspeglast *í stórlega bættum hag eða auknu áliti* kennarastéttarinnar. Þetta er ekki spurning um vild eða óvild.

Hvað er þá hægt að gera? Mér dettur í hug að minna á eina hugmynd, sem þeir hafa einkum og sér í lagi beitt sér fyrir, frjálshyggjupostular, sem mér finnst skoðunar verð, sem tiltölulega hleypidómalaus maður. Hún er sú að létta af kennurum því oki að búa bara við þennan eina sínka atvinnurekanda. Hugmyndin er m. ö. o. sú, svo ég vitni í hv. þm. Guðmund Einarsson — þetta hafa nefnilega frjálshyggjupostularnir lesið af útlendum fræðibókum — að kostnaður þjóðfélagsins við skólahald verði útgreiddur í sérstöku formi. Það er miðað við venjulegan „meðalnormkostnað" nemanda í skóla. Síðan gefi ríkið út ávísun í hendur foreldra, eða nemenda þegar þeir eru sjálfum sér ráðandi, og segir: „Vær so god" — hér er það sem þjóðfélagið greiðir með þér til þinnar menntunar. Síðan getur þú farið með þessa ávísun hvert sem þú vilt, í hvaða skóla sem vill við þér taka. Það þýddi þá um leið að þessi sínki vinnuveitandi, þetta voðalega leiðinlega bákn og kerfi, með allar sínar miðstjórnartilhneigingar og flatneskjutilfinningar og leiðindatilfinningar aðrar, væri bara á bak og burt. Ríkið yrði að fara að stunda samkeppni við skólann. Þ. e. góðir kennarar, afbragðs kennarar, hugsjónamenn í fræðslustarfi og upplýsingastarfi, þeir settu á stofn skóla. Smám saman færi það orð af þessum skóla að þetta væri afbragðs skóli. Og hvað mundi gerast? Jú, nemendur mundu auðvitað flykkjast þangað með ávísanirnar sínar. En ef þessi skóli færi að slaka á klónni, um leið og honum færi að förlast, um leið og það álit skapaðist að annar skóli væri nú enn þá betri, þá mundu þeir kannske snúa sér þangað. Í staðinn fyrir miðstjórnarprinsippið væri komin samkeppni. Samkeppni um hvað? Það eina sem máli skiptir — að bjóða okkur góðan skóla.

Oft gerist það í hugmyndafræðiumræðu að menn grafa sér skotgrafir og skjóta síðan á andstæðinginn alveg blint og galið. Ég er marxisti og þar af leiðandi fyrirlít ég allar skoðanir frjálshyggjupostula eða öfugt. Ég veg athygli á því að vinstrimenn á Íslandi eru öllum öðrum fremur miklir einstaklingshyggjumenn. Við sjáum það yfirleitt bara strax í klæðaburði, að þeir eru allt öðruvísi en hægrimenn í klæðaburði, miklu einstaklingsbundnari. Þeir eru alla jafnan miklir boðberar valddreifingar. Þeir eru raunverulega miklir andstæðingar ríkisbákns og kerfis og embættismennsku og hinnar dauðu handar. Þeir vilja einkaframtak ekki síst í andanum. Ekki dytti mönnum í hug að bjóða skapandi listamönnum upp á þau harmkvæli sem íslenskir nemendur þurfa að þola, allan þann námsleiða og gelda stagl sem fram fer oft og tíðum í skólum. Nei, burt með hina dauðu hönd hins lamaða ríkisvalds. Frelsum kennarana undan oki þessa eina atvinnurekanda. Gefum þeim kost á því að starfa sjálfstætt, hafa eigið frumkvæði, stofna eigin skóla og sendum síðan nemendum, þegar þeir hafa aldur, vit og þroska til, tékka fyrir skólahaldinu og útrýmum námsleiðanum og leysum vandamálin.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér hafa verið fluttar margar og margorðar ræður um nauðsyn þess að standa að því efni sem þessi till. fjallar um. Ég efast ekkert um að þessi till. sé af góðum hug fram borin og hún er um þarft mál. Mér finnst liggja í augum uppi að framkvæmd þess sem till. fjallar um tengist hluta af þeim sérkjarasamningum sem fram undan eru. Ég vil taka það fram að mér er kunnugt um að fram hefur farið nú um nokkurt skeið athugun á launaflokkaröðun háskólamenntaðra manna og kennarar eru, þótt þeir séu ekki í samtökum háskólamenntaðra manna, stétt sem hefur háskólamenntun að baki. Mér þykir eðlilegt að starfsmat kennara verði skoðað í nokkrum tengslum við það mat sem fram hefur farið á vegum BHM. Ég þykist þó vita að kennarastarfið sé ekki meðal þeirra starfa sem sérstaklega eru til skoðunar og það stafar sjálfsagt af því að þeir eru í öðrum samtökum en þar standa að verki.

Ég hygg að það sé skynsamlegt að skipa nefnd með einhverjum hætti í þá veru sem vikið er að í till. Ég skal ekki segja hvort e. t. v. ættu að vera einhverjar örlitlar breytingar á þeim hugmyndum sem þar koma fram. Það gefst tími til þess að athuga það mál þegar það fer í nefnd, en í stórum dráttum er ég hlynnt þessari till.

Nú er það svo að fyrir allmörgum árum, ég hygg að það hafi verið 1970, þá fór einmitt fram endurmat á kjörum kennara. Það var í fyrsta lagi mat sem fram fór á vegum BSRB og fjmrn., en í öðru lagi var sérstaklega tekinn fyrir sá þáttur sem laut að mati á sjálfu fræðslustarfinu og námi kennara og þess hluta fræðslustarfsins sem fyrst og fremst byggðist á námi kennara. Það voru valinkunnir heiðursmenn sem stóðu að því mati og ég efast ekki um að menn hafi sæst á þá niðurstöðu þeirra að því er þetta varðaði. En það sem olli mestri óánægju meðal kennara, að því er embættismenn tjá mér, var að ábyrgðarþátturinn í starfi kennaranna muni ekki hafa verið metinn sem skyldi. Ég hygg að það hafi byggst á því að einmitt sá þáttur hafi ekki verið innan þess verksviðs sem matsmönnum var falið að athuga.

Nú hafa mál þróast svo á undanförnum árum vegna breytilegra þjóðfélagsaðstæðna, aðstæðna sem sífellt hafa verið að breytast meira í það horf að stærri hluti af uppeldisþættinum hefur verið í höndum skólanna á þann veg að þeirra umboð frá foreldrum hefur orðið æ víðtækara. Þess vegna hygg ég einmitt að það sé mjög tímabært að nú fari aftur fram mat á þessum hlutum og þá verði ekki síður tekið tillit til ábyrgðarinnar en menntunarþáttarins. Hvort tveggja þetta þarf en ég hygg að það mat, sem þarna þurfi fram að fara, eigi að grundvallast á faglegri úttekt manna sem þar þekkja best til. Það verði einnig skoðað í samhengi við það mat sem fram hefur farið hjá Bandalagi háskólamanna og síðan verði tekið til við að koma því inn í hina raunverulegu sérkjarasamninga. Ég vonast til þess að svo margir þessara þátta liggi allljósir fyrir að þetta taki ekki mjög langan tíma og ég hvet til þess að nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, vinni að því, að vísu af nákvæmni en ekki af seinlæti.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Launamál kennara hafa verið mikið á döfinni hér að undanförnu

og komu raunar til tals hérna strax í vor af ýmsum ástæðum, t. d. í sambandi við umr. um atvinnumál. Það er augljóst að þegar er orðinn atgervisflótti úr kennarastétt. Þessi atgervisflótti er bæði þannig að fólk, sem hefur menntað sig til kennslustarfa og hafið störf í kennslu, hætti þessum störfum og líka þannig að fólk sem kannske hefði átt fullt erindi í kennslu menntar sig til annarra starfa, sem sé það að kennsla er ekki eftirsótt starf. Og það, eins og ég kem að síðar, er kannske það alvarlegasta í sambandi við þessi launamál kennara.

Þessi atgervisflótti veldur því að dýrmætir starfskraftar glatast, að dýr reynsla og þekking, kunnátta, glatast úr skólunum. Hún er kannske ekki með öllu glötuð, hún er til áfram í þjóðfélaginu, en hún er glötuð á þeim stað sem kannske mest þarf á henni að halda.

Annað atriði sem lágu launin gera er að þau valda mikilli óánægju, jafnvel örvæntingu, þeirra sem kennslustörfin stunda. Sú sára tilfinning minnkar kannske hollustu þeirra, bæði við stofnanirnar og þjóðfélagið sem þeir eru að sinna. Þessi atgervisflótti veldur því líka á endanum að stofnanirnar, skólarnir, liggja betur við höggi ósanngjarnrar gagnrýni en vera þarf. Við höfum á síðustu misserum talsvert rætt hérna á Alþingi um framtíðarþjóðfélagið. Við höfum talað um að á döfinni séu og það séu jafnvel í undirbúningi ýmsar aðgerðir til að breyta hérna atvinnuháttum. Talað er um háþróaðar aðferðir í ýmiss konar framleiðslu, líftækni, upplýsingatækni, alls konar hátækniframleiðslu af ýmsu tagi, þróunarverkefni og þekkingarframleiðslu. Menn gleyma því að kennslan og skólarnir eru undirstaðan að öllu þessu starfi.

Menn hafa Bandaríkin gjarnan til viðmiðunar sem nú veita forustu á þessum svokölluðu þekkingarframleiðslusviðum, en þeirra árangur er byggður á eflingu kennslu, á eflingu skóla og eflingu rannsókna sem hófst fyrir líklega einum 25 árum, þegar þau settu sér það markmið að koma manni til tunglsins og efldu stórkostlega rannsóknir og kennslu í öllum grundvallaratvinnuvegum og í öllum grundvallargreinum eðlisfræði, efnafræði og öðrum fræðigreinum sem hafa þarna mikilvægi. Mér dettur stundum í hug að þetta hafi bara verið skynsamlegt, pólitískt bragð að láta þannig líta út að það væri sérlega eftirsóknarvert að koma manni til tunglsins. Mér dettur stundum í hug að kannske hafi framsýnir menn séð að þetta var ágætis markmið að stefna að til þess að virkja þjóðina og það sem í henni býr til að keppa að ákveðnu marki sem um leið efldi og styrkti svo mjög þessar undirstöðugreinar. Það skiptir svo kannske litlu máli á endanum að maður komst til tunglsins. Mikilvægast er að eftir stendur, t. d. í tölvufræðum, háþróaðasta tölvutækni á þessari jörð, í efnafræði þær háþróuðustu aðferðir sem við þekkjum. Við tölum gjarnan um og allir þekkja dæmið um teflonið á pönnurnar. Það er bara eitt lítið og einfalt dæmi um þann afrakstur af þessu stórkostlega átaki í kennslu og rannsóknum sem Bandaríkjamenn gerðu.

Þannig verða menn að gera sér grein fyrir að það er á kennslunni og skólastarfinu sem þessi svokallaði þekkingariðnaður byggist og það er á störfum kennaranna sem þarf að byggja þessa framsókn. Það þýðir ekki að tala fjálglega um einhverja nýja framtíð eða nýstefnu og nýtækni og Pólinn á Ísafirði og það að renna nýjum stoðum undir atvinnugreinar eða styrkja og bæta ef undirstaðan sjálf er ekki rétt. Ég held að við verðum að tileinka okkur þann skilning að skólakerfið og starfsemi skólakerfisins er undirstöðuatvinnuvegur. Afurð skólakerfisins er þekking sem er á sinn hátt alveg jafndýrmæt og aðrar þær áþreifanlegu afurðir sem við tölum gjarnan mest um, fiskur eða kjöt. Við getum þess vegna reynt að líta á skólakerfið sem verksmiðju sem framleiðir þekkingu og sinnir bæði nýmenntun og ekki síður endurmenntun þjóðfélagsins vegna þess að eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti á eru á þessum tímum svo örar framfarir að sá sem lærir til einhverrar iðju eða lærir einhverja tækni í upphafi síns lífsstarfs hefur margsinnis breytt um stefnu áður en hann lýkur sínum störfum. Endurmenntun er því efni sem sérstaklega þarf að sinna.

Ég er alveg sammála því, sem kemur fram í þessari till., að það sé mikið gagn að því að endurmeta störf kennara, endurmeta þau til ábyrgðar, endurmeta þau til reynslu og framlags. En við eigum ekki að taka þessi kennaramál upp bara til þess að losna við að hafa óánægða kennara, kennara sem eru leiðir yfir kjörum sínum, heldur til þess að finna út hvað við þurfum að greiða kennurum í laun til þess að við fáum bestu hugsanlega starfskrafta þannig að kennarastaðan verði eftirsótt, þannig að það sé hægt að velja úr kennurum í framtíðinni, þannig að stjórnendur skóla verði umkringdir af vel hæfu fólki sem vill sinna þessum störfum, þannig að þessi verksmiðja, þessi þekkingarverksmiðja, þessi undirstöðuatvinnugrein sem skólastarfið og skólakerfið er, verði á hverjum tíma mönnuð besta fólki sem völ er á. Ég held að þetta sé aðalatriðið í þessu. Við eigum að líta á þetta í beinu efnahagslegu samhengi vegna þess að sé þetta kerfi vel mannað í framtíðinni ræður það öllu um afkomu okkar. Þetta er ekki einungis spurning um að vera laus við óánægða kennara. Þetta er spurning um að hafa bestu hugsanlegu starfskrafta sem völ er á á hverjum tíma.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umr. og lagt till. okkar lið. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. menntmrh. fyrir hennar orð og eindreginn stuðning við þessa till. Ég kvíði því ekki meðferð tillögunnar í nefnd og hér á þingi og í rn. þegar þar að kemur.

Hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan talaði um að það væri spurning hversu langan tíma þyrfti til þessa starfs. Við veltum mikið fyrir okkur hvaða tímamörk ætti að setja, og þetta varð nú niðurstaðan, eins og segir hér í till., með leyfi forseta: „Sem allra fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessarar till.“ Hugsunin á bak við það er sú að ef þessi till. verður samþykkt og afgreidd frá Alþingi fyrir næstu áramót, eins og við vonumst auðvitað til, geti niðurstöður nefndarinnar legið fyrir alls ekki síðar en um mitt næsta ár og orðið til þess að bæta kjör kennara fyrir næsta kennsluár og firra stórvandræðum á næsta ári.

Hv. 4. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttir minnti á starfshóp þann um skólamál sem hún veitir forstöðu og einn flm. þessarar till., hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, er einnig í. Af þessu tilefni vil ég láta þess getið að úr þeim hópi er till. ekki sprottin, heldur úr öðrum hópi sem starfar innan Kvennalistans og fjallar um skólamál.

Hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson sagði í hálfgerðum Austra-stíl eitthvað á þá leið að áreiðanlega

værum við Kvennalistakonur ekki á atkvæðaveiðum með þessari till., svoleiðis gerðu Kvennalistakonur ekki. Vonandi hefur hann, „tiltölulega hleypidómalaus" eins og hann segir sjálfur, ekki ætlast til að þau orð yrðu skilin sem háð. En í tilefni af þessu verð ég að segja að fáar till. sæju dagsins ljós hér á hv. Alþingi ef menn þyrðu ekki að leggja málefnum lið af ótta við að verða sakaðir um atkvæðaveiðar.

Á síðasta þingi var hér fjallað um till. til þál. um stóraukna rækt við íslenskt mál í skólum landsins. Af því tilefni ritaði sá annálaði gáfumaður Helgi Hálfdanarson grein í Morgunblaðið sem fékk þar heiðursrými sem endranær þegar hann tjáir sig þar um einhver efni. Þar sem ég veit að orð slíks manns vega þyngra en orð margra annarra, þ. á m. óbreyttra alþingismanna, langar mig að vitna í þessa grein þar sem rætt er um hlutverk kennara. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Uppeldishlutverk og ábyrgð kennarastéttarinnar fer svo mjög vaxandi að þar þyrftu til verks að ráðast vel menntaðir og dugmiklir hæfileikamenn fremur en í nokkurt annað starf í þjóðfélaginu. Hins vegar eru kjör þessarar stéttar slík að því er líkast að þangað eigi að hrekjast út úr vandræðum þeir einir sem ekki er viðlit að nota til neins annars."

Og á öðrum stað segir Helgi, með leyfi forseta:

„Með hverju ári verður brýnna að gera allt sem verða má til að laða að kennarastéttinni úrvalsfólk, minna dugir ekki þar. En það verður ekki gert nema kjör kennara verði bætt, og ekki aðeins bætt, heldur stórbætt. Án þess verða allar ályktanir Alþingis um rækt við móðurmálið sýndarmennskan tóm. Einhver er að ljúga því upp að við höfum ekki efni á að gera vel við svo fjölmenna stétt sem kennarastéttina. Þar er því einu til að svara að hafi ein af ríkustu þjóðum heims ekki efni á að ala upp sín eigin börn, þá eru einhvers staðar ranglátir ráðsmenn að verki."

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á að samþykkt þessarar till. væri Alþingi til vegsauka og hæstv. menntmrh. stuðningur eftir allt sem á undan er gengið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi, þáltill. 100. mál (þskj. 104). — Frh. fyrri umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er til meðferðar till. til þál. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Kemur þar fram að rétt sé að kjósa nefnd sjö þingmanna sem skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta. Ég skal ekki um það fullyrða hvort það sé rétt meðferð á málum að kjósa þingmannanefnd í einstaka málaflokka og hvað það megi leiða af sér. Hins vegar kemur greinilega fram í grg. að ástæður fyrir þessari till. eru m. a. þær, eins og segir hér í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Í till. er gert ráð fyrir sérstöku átaki vegna togaraútgerðarinnar þar sem stjórnvöld hafa ekki bent á leiðir í þeim efnum. Því er eðlilegt að Alþingi taki það mál sérstaklega í sínar hendur."

Það er því greinilega forsenda fyrir þessum tillöguflutningi að flm. telja að ekki hafi verið tekið á þessum vandamálum og því beri þinginu að taka þau að nokkru leyti í sínar hendur. Nú er það svo að við höfum sem betur fer aðskilið framkvæmdavald og löggjafarvald. Má því um það deila í hvaða mæli fela á þingmannanefndum að taka slíka málaflokka til meðferðar því að hér er að miklu leyti um sjávarútveginn í heild sinni að tefla.

Nú hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða í sjávarútvegi vegna þess mikla vanda sem við höfum staðið frammi fyrir. Á s. l. hausti sáum við fram á það að við yrðum að draga verulega saman afla í hefðbundnum veiðum. Á sama tíma lá það fyrir að staða sjávarútvegsins var afar veik. Rekstrarstaða hans var fremur slæm, eiginfjárstaða einnig og sjóðir sjávarútvegsins að miklu leyti tómir. Það var því mjög lítið svigrúm til að mæta þessum vanda. Að öllu eðlilegu á hver atvinnugrein að geta tekið á sig áföll, sem alltaf hljóta að koma, en þegar ein atvinnugrein hefur búið við langvarandi erfiðleika og stendur síðan frammi fyrir miklu áfalli, þá er erfitt að leysa úr því. Á þessu ári hefur t. d. verið ákveðið að beita Aflatryggingasjóði til að létta á þessum vanda. Það hefur verið endurgreiddur söluskattur af smurolíu í formi greiðslu til skipanna. Það hefur verið ákveðið að gefa sérstakan 60% vaxtaafslátt af stofnlánum í Fiskveiðasjóði, þannig að vextir eru þar 4% í stað 10. Ákveðið hefur verið að lengja stofnlán skipanna upp í allt að 25 ár. Auk þess hefur verið komið á sérstakri skuldbreytingu eftir ákveðnum reglum, en sú vinna hefur tekið langan tíma og er því miður ekki enn endanlega lokið þótt nokkuð skýrt liggi fyrir hvernig það muni endanlega fara.

Í þessari þáltill. eru sérstaklega ræddir nokkrir liðir. Það er í fyrsta lagi olíuverð til fiskiskipa. Það var gripið til þess að greiða sérstaka greiðslu til skipanna í sumar, sem samsvarar 10% af olíukostnaðinum, á meðan fram færi endurskoðun á verðlagningu olíunnar. Viðskrh. hefur beitt sér fyrir slíkri endurskoðun og þess er að vænta að sú nefnd sem það hlutverk fékk muni skila af sér innan skamms og mun þá þurfa að breyta lögum og ýmsum ákvæðum, ef menn komast að þeirri niðurstöðu að rétt sé að létta ýmsum kostnaði af olíunni. Ég á von á því að svo verði, enda er það eitt helsta vandamál fiskiskipa.

Í öðru lagi orkuverð til fiskvinnslu, svo sem frystingar og bræðslu. Þetta orkuverð er mjög hátt og m. a. er söluskattur á þessu orkuverði. Það hefur nú verið ákveðið að uppsafnaður söluskattur í fiskvinnslu og útgerð verði endurgreiddur á næsta ári sem léttir þarna nokkuð á. Það hefur verið ósk manna að lækka orkuverðið enn frekar, en því miður er það svo í okkar landi að orkuverð er afar hátt og er það m. a. vegna þess að við höfum verið óvarkárir í fjárfestingum í orkumálum sem hefur leitt til þess að kostnaður við orkuverð er mun meiri en annars hefði þurft að vera. Hvort rétt sé að það leggist í minna mæli á fyrirtækin og þá í meira mæli á almenning er að sjálfsögðu alltaf umdeilanlegt. En fiskvinnslan greiðir hátt orkuverð og að sjálfsögðu er ég talsmaður þess að það orkuverð verði lækkað, en þá þýðir það að sjálfsögðu að einhver annar verður að axla þá bagga sem þar hafa verið bundnir.

Viðhalds- og þjónustukostnaður er að sjálfsögðu mikill. Þó hefur hann ekki hækkað mjög verulega, þótt stundum komi það nokkuð skýrt fram, m. a. vegna þess

að það er mikil samkeppni meðal þeirra aðila sem annast viðhaldskostnaðinn, t. d. skipasmíðastöðvanna, og þær eiga einnig í mikilli samkeppni við skipasmíðastöðvar erlendis sem bjóða gjarnan lægra í þessa þjónustu. Það hefur að sjálfsögðu skapað þessum aðilum vaxandi erfiðleika. En slíkur kostnaður verður best lækkaður með því að tryggja þessum aðilum aðhald. Það aðhald hefur að mínu mati verið tryggt t. d. með verðsamanburði milli aðila innanlands og erlendis því að skipin fara gjarnan þangað til viðgerða og þau geta ekki tekið á sig hærri kostnað hér innanlands eigi þau kost á honum lægri annars staðar.

Í fjórða lagi er hér talað um fjármagnskostnað og fjárfestingar. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að staðið hefur verið mjög ákveðið gegn því að skipum væri bætt í flotann og það hefur einnig verið, eins og ég gat um áðan, greiddur niður fjármagnskostnaður í Fiskveiðasjóði sem þýðir að sjálfsögðu að þau skip sem þar skulda mest fá langmesta afsláttinn hlutfallslega.

Flutningskostnaður á útflutningsafurðum hefur verið mjög hár og það hefur leitt til þess að útflutningsaðilar hafa boðið út þessa þjónustu meðal skipafélaganna. Hillir nú loks undir að þessi kostnaður muni lækka.

Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál lið fyrir lið. Ég vildi aðeins geta þess að að sjálfsögðu er ávallt verið að takast á við þessi vandamál, ekki aðeins af stjórnvöldum heldur einnig þeim aðilum sem í þessari atvinnugrein vinna. Ég fagna því að sjálfsögðu að hv. þm. skuli sýna þessu máli áhuga. Ég hef áður sagt að ég hafi ekki fundið fyrir þeim áhuga þegar hér hafa verið afgreidd mikilvæg mál sjávarútvegsins, t. d. á s. l. vetri. Vildi ég ráðleggja hv. 1. flm., Steingrími J. Sigfússyni, að lesa þær ræður sem hann þá flutti, m. a. þegar var verið að ákveða að beita Aflatryggingasjóði til hjálpar skipunum, m. a. þegar ákveðið var að skipta afla á skip til þess að koma við hagræðingu og sparnaði miðað við það litla aflamagn sem þar var til skiptanna.

Það kemur fram í grg. að sú hætta sé nú yfirvofandi að útgerð í landinu verði eingöngu ákveðin á forsendum fjármagnsins. Það er að sjálfsögðu alrangt að svo muni verða. Hitt er svo annað mál að fjármagnið mun skipta máli í því sambandi. Fiskiskipin hafa verið smíðuð að langmestu leyti fyrir erlend lán, lán sem eru tekin á alþjóðavettvangi, og við verðum að sjálfsögðu að greiða þau lán.

Það hefur verið ákveðið að skuldbreyta lánum skipanna. Frestur til að ganga frá því var til 15. okt., en hefur nú verið framlengdur, m. a. vegna verkfalls opinberra starfsmanna, en það var vegna þess að póstur barst ekki. Mörg skipanna hafa þegar gengið frá sínum málum, en það liggur fyrir að nokkur skip eiga þar í miklum erfiðleikum. Er þar fyrst og fremst um að ræða skip sem smíðuð hafa verið hér innanlands. Hefur kostnaður þeirra farið fram úr öllu hófi, bæði vegna þess að þessi skip eru fullkomin, vel útbúin, og einnig hafa þau lán, sem til smíðinnar hafa verið tekin, verið mjög dýr. Hins vegar eru þetta ekki mörg skip, sem þar standa eftir, og um þeirra vanda verður sérstaklega fjallað þegar allir aðrir hafa gengið frá sínum málum. En það liggur að sjálfsögðu fyrir að þeir aðilar sem í þessa fjárfestingu réðust á sínum tíma verða að vera ábyrgir sinna gerða eins og annað fólk í þessu landi og það er ekki einhlítt hvernig um slík mál er fjallað. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að ræða málefni einstakra skipa, ég tel það ekki rétt, og tel rétt að bíða þess að Fiskveiðasjóður ljúki við að vinna úr þessum málum.

Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur þá umr. sem hér varð um þetta mál um daginn, en mér hefur verið tjáð að við umr. s. l. þriðjudag hafi hv. 4. þm. Suðurl. haldið því fram, vegna þess vandamáls sem upp er komið á Eyrarbakka, að sjútvrh. og ríkisstj. hafi lagt sérstakt kapp á að ná til Hafrannsóknastofnunar skipi sem annars hefði verið keypt til Eyrarbakka og bjargað atvinnumálum þar. Ég vildi vegna þessara orða aðeins upplýsa hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig. Ég vil mótmæla því að með þessu hafi sérstaklega verið — eins og mér fannst vera látið í skína — vegið að því fólki sem býr við þá miklu erfiðleika sem nú eru á Eyrarbakka.

28. ágúst s. l. gekk stjórn Hafrannsóknastofnunar á minn fund, nánar tiltekið kl. 5, og ræddi um þau vandamál sem eru hjá stofnuninni. Þau eru að eitt af rannsóknaskipunum, ms. Dröfn, sem er afar þýðingarmikið skip og stundar rannsóknir á grunnslóð, t. d. rækjumiðum, skelmiðum og miðum sem hafa gefið mikið af sér á undanförnum árum, er úr sér gengið. Þetta skip hefur fundið mikið af fiskimiðum og fært þjóðarbúinu mikil verðmæti. Þetta er gamalt tréskip og er orðið má segja ónýtt. Það mundi kosta 15—20 millj. að gera við það þannig að það væri sæmilega haffært. Mönnum hefur komið saman um að ekkert vit sé í því að gera það, en hins vegar verði að leysa skipið af hólmi. Það var hugmynd mín eftir að ég kom í sjútvrn. að reynt yrði að nota eitt af þeim raðsmíðaskipum, sem til eru í landinu og hafa verið í smíðum, til þessa verkefnis og annarra verkefna og gert væri mjög vel við Bjarna Sæmundsson og Árna Friðriksson, en Hafþór yrði settur í önnur verkefni. Þessi stefna hefur verið framkvæmd með því að leigja ms. Hafþór til rækjuveiða sem eru jafnframt má segja rækjurannsóknir. Sú tilraun hefur gefist afar vel. Það er nýlega búið að setja í hann frystitæki og hann kom úr sinni fyrstu veiðiferð með fullfermi af Dohrnbanka. Er greinilegt að hér hefur verið um merkilega tilraun að ræða. — Það kom hins vegar í ljós, þegar kannað var betur hvort rétt væri að nota eitt af þessum raðsmíðaskipum, að þau væru mjög dýr og með þeim breytingum sem þurfti að framkvæma á einu af þessum skipum mundi það væntanlega kosta um 150 millj. kr. a. m. k. og var það fyrir um ári. Það var því ekki talið mögulegt að gera það, enda töldu menn að þetta skip væri óhentugt til rannsókna á grunnslóð og of dýrt í rekstri til að athafna sig á innfjörðum og í þeim verkefnum sem ms. Dröfn hefur verið í.

Á þessum fundi var um það rætt hvort eitthvert af þeim skipum, sem nú eiga í miklum rekstrarvanda og geta ekki staðið undir þeim lánum sem á þeim hvíla með góðu móti, gæti orðið til sölu. Það var um það talað að ekki væri ólíklegt að Otto Wathne mundi fara á söluskrá vegna þess að hann stóð í nokkrum vanskilum við Fiskveiðasjóð. Togarinn hafði fiskað mjög vel á árinu. Ég held að ég fari með rétt mál að hann hafi fiskað um 1400 tonn, en samt vantar nokkuð upp á að staðið verði undir fjárfestingarkostnaði. Það var strax upp úr því farið að kanna hvort þetta skip mundi verða til sölu og svo reyndist vera. Voru aðilar, Hafrannsóknastofnun og eigendur þessa skips, í sambandi upp frá því og er það löngu áður en Eyrbekkingar sýna því

áhuga að kaupa þetta skip.

Vegna orðróms um að við værum með þessu móti að koma í veg fyrir að leysa vanda þessa fólks, sem ég tel að sjálfsögðu að verði að reyna að leysa, kannaði ég hvort búið væri að tryggja að þessir aðilar gætu fengið þetta skip, ef Hafrannsóknastofnunin féllist á það. Mér var sagt í Landsbankanum að það væri alls ekki frágengið og engin loforð gefin þar um. Mér var sagt hjá Byggðasjóði að ekki hefðu verið gefin loforð og jafnvel væri ólíklegt að Byggðasjóður gæti gert það. Mér var sagt hjá Fiskveiðasjóði að þeir sæju ekki fram á að þessir aðilar gætu með nokkru móti staðið undir afborgunum af þessu skipi. Þess vegna væri líklegt að það fengi ekki góðar undirtektir í stjórn Fiskveiðasjóðs.

Nú skal ég ekkert um þetta fullyrða, og ég endurtek að að sjálfsögðu þarf að reyna að finna lausn á hráefnisvandamálum þessa staðar, en ég tel ekki viðkunnanlegt að það sé með þessum hætti verið að stilla málinu þannig upp að þessi ákvörðun og þessar umleitanir Hafrannsóknastofnunar beinist sérstaklega gegn þessu fólki, eins og hv. þm. var í reynd að gefa í skyn. Það má vel vera að slíkt passi ágætlega í áróðrinum sem alltaf er í gangi, en það er rangt að stilla málum svona upp og mér þykir miður að svo skuli gert og endurtek að það er nær að halda áfram að vinna að því að fá skip fyrir þessa aðila þannig að þar megi halda áfram að vinna fisk eins og áður hefur verið gert. Alltaf er eitthvað af skipum sem eru á lausu svo að ég trúi ekki öðru en það sé hægt að finna lausn á því.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meir um þessa till. Ég fagna því að flm. skuli sýna máli þessu áhuga, en tel till. óþarfa og ónauðsynlegt að fara að kjósa nefnd þm. til þess að skilgreina þessi vandamál. Þau liggja fyrir. Það verður að vinna að úrlausn þeirra. Það er verið að gera það á hverjum einasta degi. Ég tel ekki breyta þar miklu um þótt sjö manna þingmannanefnd bætist í þann hóp.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég er algerlega ósammála hæstv. sjútvrh. um að ónauðsynlegt sé að kanna þau mál sem hér um ræðir, þ. e. vandann í íslenskum sjávarútvegi, á vegum þingsins. Ég held að það sé einmitt hollt og að þessi till. sé að því leytinu nýt. Sannleikurinn er sá, að við eigum mjög mikið undir okkar sjávarútvegi og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Við eigum í rauninni næstum allt undir hversu til tekst í þeim efnum. Ég held að það liggi ljóst fyrir að okkur hafi ekki tekist sérlega vel til á undanförnum árum og í rauninni má segja að sú ræða sem hæstv. sjútvrh. hélt hér áðan sanni betur en nokkuð annað að ekki hafi sérlega vel til tekist því að hans ræða var að langmestu leyti upptalning á hjálparaðgerðum sem hefðu verið gerðar eða ætti að gera. Ef hér hefði mjög vel til tekist þyrfti ekki að hyggja að málinu með þeim hætti, þá þyrfti ekki að ræða hjálparaðgerðir í mörgum greinum og smáatriðum. En hitt er ljóst, að fyrir þá sök hvernig til hefur tekist stöndum við frammi fyrir enn stærri vanda í þessu máli en ella.

Vandinn er í hnotskurn sá, að ekki einasta stendur greinin mjög illa, heldur getur hún ekki staðið undir nægilega góðum launum til þeirra sem í greininni starfa. Og þá erum við komin að kjarna málsins í atvinnulífi Íslendinga. Við verðum að snúa okkur að því eftir fremsta megni að halda þannig á málum að því er atvinnuvegi okkar varðar að þeir geti greitt og greiði lífvænleg laun. Það eru margir sem starfa í sjávarútveginum og ekki síst þar verður að vinna að þessu markmiði. Ég held að skýringin á því hversu illa gengur að greiða lífvænleg laun, laun sem eru sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar sem hafa svipaðar þjóðartekjur, felist m. a. og ekki síst í mistökum sem við höfum gert í skipulagi greinarinnar. Ég skal ekki tíunda það í smáatriðum, en ég er sannfærður um að við stöndum frammi fyrir mjög veigamiklu skipulagsverkefni í þessari grein. Og ég held að sú till. sem hér er flutt ætti að beinast m. a. að því verkefni hvernig eigi að taka á skipulagi sjávarútvegsins. Ég er ekki að biðja um ofskipulagningu eða miðstýringu sem ég held að eigi mjög illa við í þessari grein, nema að því er viss atriði varðar, eins og í öðrum atvinnugreinum. En það er ljóst að sá vandi sem við eigum við að stríða krefst þess að við tökum á þessu máli.

Vitaskuld vinnur sjútvrn. að málum af þessu tagi, en ég held að það geti engan skaðað og orðið til góðs að þm. og þingið sjálft vinni einnig að þessu máli. Það mundi væntanlega verða til þess að glæða áhugann á þessari undirstöðuatvinnugrein. Hæstv. sjútvrh. kvartaði einmitt undan því að sá áhugi væri ekki nægur svo einnig að því leytinu held ég að þetta gæti orðið til góðs og til þess að gleðja hæstv. ráðh.

Um orðalag í till. geta menn sjálfsagt deilt og greint á og það er ýmislegt þar sem ég mundi kannske hafa kosið að orða öðruvísi, en það gefst tækifæri til að fjalla um það í n. Mér finnst t. d. að það skorti á að þegar menn biðja um samræmi milli veiða og vinnslu minnist menn þess líka að það þarf að vera samræmi milli afrakstursgetu fiskistofnanna og veiðanna og þar með stærðar skipastólsins.

Það hefði verið ástæða til þess að fjalla sérstaklega um ýmis atriði sem koma fyrir og eru upp talin í þessari till. til þál., svo sem eins og viðhalds- og þjónustukostnað, þar sem það hefur undrað mig að svo sterk samtök sem samtök útvegsmanna og fiskverkenda skuli ekki hafa bundist samtökum um að ekki sé yfir þá velt verðlagshækkunum að óþörfu eins og manni virðist að hafi gerst á undanförnum misserum. Ég held að það væri verkefni fyrir ríkisstj. að bindast samtökum með þessum aðilum um að veita eðlilegt verðlagsaðhald í þessum efnum.

Það er líka merkilegt að flutningskostnaður útflutningsafurða skuli vera ég leyfi mér að segja upp úr öllu valdi hér á Íslandi. Það birtist einmitt um þessar mundir í blöðunum niðurstaða úr könnun sem Sjómannasambandið hefur látið gera sem gefur m. a. til kynna að það sé þrisvar sinnum dýrara að flytja kíló af rækju frá Íslandi til Englands en frá Grænlandi og Norður-Noregi. Þetta getur ekki verið eðlilegt. Og það hefur komið í ljós að þegar aðrir aðilar hafa fengist í litlum mæli við flutninga til landsins, t. d. til Seyðisfjarðar, færeyskir aðilar, þá hafa þeir boðið langtum lægri fragtir en þau skipafélög sem hér eru rekin og þar á meðal það skipafélag sem hefur verið nefnt „óskabarn þjóðarinnar". Þetta er virkilega íhugunar- og umhugsunarefni og óviðunandi með öllu að fragtirnar til landsins skuli vera jafnháar og raun ber vitni og alveg sérstaklega að fragtirnar á útflutningsvörunum skuli vera eins háar og vitað er að þær eru og hefur verið vitað og eins og kemur berlega fram í þeirri könnun sem

hefur verið birt um þessar mundir og Sjómannasambandið hefur látið gera. Hérna er verkefni sem verulega þyrfti að að vinna og ástæða er til þess að beita sér í sérstaklega og það þegar í stað. Ég skora á hæstv. sjútvrh. og aðra ráðh. í ríkisstj., ef einhverjir eru hér staddir, að beita sér einkanlega og sér í lagi í þessu máli.

Hæstv. sjútvrh. minntist svolítið á olíuverðið líka sem hér er gert að umtalsefni í þessari till. til þál. Olíuverð til fiskiskipa er væntanlega á bilinu 40—50% hærra hér en í grannlöndum okkar. Þetta hefur verið mjög gagnrýnt að undanförnu. Ég hef aldrei getað skilið hverjar orsakir liggi til þess að olíuverð til fiskiskipa þurfi að vera eða eigi að vera svona miklu hærra hér en erlendis. Vitanlega getur verið að vegna legu landsins, stærðar og þar fram eftir götunum þurfi einhver munur að vera. En fyrr má nú rota en dauðrota.

Hinn 31. júlí s. l. gaf ríkisstj. út brbl. Þá voru gerðar merkar ráðstafanir, tímamótaráðstafanir eins og það heitir nú venjulegast, af hálfu ríkisstj. þar sem var hugmyndin að draga úr þenslu og stuðla að lausn á vanda sjávarútvegsins. Einn sá þátturinn sem þar var heitið að á yrði tekið var endurskoðun á verðlagningu á olíu og er undir liðnum II. 2. svo menn geti fundið það. Þar er sagt að þessari endurskoðun á verðlagningu olíu verði lokið fyrir lok októbermánaðar. Októbermánuði lauk í gær. Hvar er verðlækkun á olíu? Það var gripið til sérstakra ákvæða í lögum til að greiða 3% til útgerðar fiskiskipa tímabundið til 31. okt. s. l., en þann dag átti verðlækkun á olíuvörum að koma til framkvæmda samkv. fyrirheiti ríkisstj. Það segir að þessi tímabundna viðbót, þessi 3% sem séu greidd úr Aflatryggingasjóði, verði endurgreidd úr ríkissjóði, en falli niður 31. okt., eins og segir í lögunum, vegna þess að þá muni endurskoðun á verð- og skattlagningu olíu koma til framkvæmda og það muni létta kostnaði af útgerðinni. Hvernig stendur á því að þetta fyrirheit ríkisstj. hefur ekki komið til framkvæmda? Tíminn er liðinn. Greiðslan, sem greidd er til þess að mæta háum olíukostnaði, féll niður í gær. Hún féll niður í gær vegna þess að ríkisstj. lofaði því að í dag væri komið lægra olíuverð. Hvernig stendur á því að við höfum ekki séð neitt eða heyrt um þessa lækkun á olíuverðinu? Ég vil geta þess í leiðinni að þegar þessar efnahagsráðstafanir ríkisstj. voru kynntar á sínum tíma, hinn 31. júlí, lét formaður LÍÚ, Kristján Ragnarsson, þess getið að það merkasta í þessum ráðstöfunum væri sú lækkun á olíuverði sem gefin væru fyrirheit og loforð um að kæmu til framkvæmda fyrir 1. nóv., þ. e. fyrir daginn í dag. Þetta merkasta nýmæli, þetta merkasta fyrirheit hefur ekki séð dagsins ljós á réttum tíma. Og ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvað tefur? Hvers vegna er ekki staðið við þetta fyrirheit? Er ekki hugmyndin að standa við þetta fyrirheit og hvenær megum við vænta þess að þetta fyrirheit verði efnt? Og verður það þá afturvirkt að því er varðar olíuverð til fiskiskipa frá og með deginum í dag? Og hversu há prósenta má gera ráð fyrir að hér verði á ferðinni? Verður þetta 40% til að jafna metin við útlönd? Verður það meira eða verður það hugsanlega eitthvað minna? Mér finnst nauðsynlegt að á þessum degi og í þessari umr. svari hæstv. sjútvrh. þessu undandráttarlaust vegna þess að tími fyrirheitsins er liðinn.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það var ekki sérlega borubrattur hæstv. ráðh. sem sté hér í stólinn áðan og sagði nokkur orð um þá till. til þál. sem hér er til umr. Það læddist að mér sá grunur að hæstv. ráðh. hefði litið yfir dagblöðin í morgun og séð þar á forsíðum, ekki minna en tveggja dagblaða, fréttir sem þar eru aðaluppslátturinn hvor í sínu blaðinu og báðar tengjast með beinum hætti viðfangsefni þessarar till. Ég á hér við forsíður Dagblaðsins og Þjóðviljans.

Á forsíðu Þjóðviljans er vitnað í könnun sem Sjómannasamband Íslands lét gera á farmgjöldum skipa, annars vegar til og frá Íslandi og með samanburði við nálæg lönd. Þar kemur það í ljós, eins og hv. síðasti ræðumaður vitnaði til hér áðan, að flutningskostnaður frá landinu á afurðum sjávarútvegsins — í þessu tilfelli rækju — er þrefaldur borið saman við það sem gerist á sambærilegum vegalengdum í nálægum löndum. Þennan mikla mun, sem að mínu mati er með öllu ómögulegt að útskýra, fjallar þessi till. m. a. um. Það er einn af átta liðum þessarar till. að farið verði rækilega ofan í saumana á þessum mun, hann greindur og gerðar um það tillögur með hvaða hætti er hægt að draga úr því okri sem þarna á sér bersýnilega stað.

Forsíða Dagblaðsins fjallar hins vegar um uppboð á togaranum Óskari Magnússyni sem fara eigi fram núna eftir helgina. „Tvö frystihús hætta og 180 missa vinnuna", segir þar með leyfi herra forseta. Síðan er vitnað í bæjarstjóra Akraness og hann staðfestir að þetta uppboð og atvinnumissir þar af leiðandi standi fyrir dyrum. Hann segir enn fremur, með leyfi forseta, bæjarstjórinn Ingimundur Sigurpálsson, að mikið hafi verið rætt um lausn á þessum vanda, bæði af hálfu hv. þm. kjördæmisins, bæjaryfirvalda, verkalýðsfélagsins og atvinnurekenda, en núna væri engin lausn í sjónmáli. Ég endurtek þetta, herra forseti, með leyfi: en núna væri engin lausn í sjónmáli í þessu máli. Þannig snýr þetta mál nú við bæjarstjóranum á Akranesi þar sem menn horfa fram á uppboð eins aðalatvinnutækis í byggðarlaginu og yfirvofandi atvinnuleysi 180 manna ef svo fer sem horfir.

Það er því von, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. hafi ekki verið ýkja borubrattur þegar hann kom hér upp og fjallaði um þessa till. Reyndar sagði hann í upphafi máls síns að hann ætlaði ekki, hæstv. ráðh., að dæma um þá málsmeðferð sem hér væri gerð tillaga um. En í lokin komst hæstv. ráðh. þó að þeirri niðurstöðu að till. væri óþörf.

Hvers vegna er till. óþörf að mati hæstv. ráðh.? Vegna þess, eins og hann rakti um fyrstu fimm liði till., að nú væri verið að gera þetta eða hitt, það hillti undir þetta eða hitt o. s. frv. Þannig hillir t. d. undir það, að mati hæstv. sjútvrh., að flutningskostnaður á sjávarafurðum okkar frá landinu lækki eitthvað. Og hæstv. ráðh. telur að það geri það vegna aukinna útboða. Nú er það svo að þær ásifregnir sem birtust í blöðum um mikla lækkun af völdum útboða eru að dómi kunnugra ekki nema rétt svo sem eins og lagfæring vegna þeirra gengisbreytinga sem orðið hafa og ef tekin eru þau tímabil sem velja má í þessu sambandi er sú lækkun sem varð af völdum útboðs og flutningum til Japan reyndar nokkurn veginn gengisbreytingin sem viðkomandi flutningsaðili fær sér til hagsbóta á sama tíma. Að mínu mati þarf því að gera eitthvað meira en aðeins að láta hilla undir það að flutningskostnaður lækki, ekki síst ef hann er nú allt að því þrefaldur héðan borið saman við nálæg lönd.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson, 5. þm. Norðurl. e., tók til máls í umr. um þessa till. s. l. þriðjudag hér í hv. Sþ. og komst nokkurn veginn efnislega að þeirri niðurstöðu að þeir útgerðaraðilar sem nú stæðu frammi fyrir miklum vanda með sín skip, ættu þar í miklum vanskilum, gætu að verulegu leyti sjálfum sér um kennt. Hann sagði, með leyfi herra forseta:

„En það hefur í raun og veru aldrei verið gerð tilraun til þess að líta á það að þeir sem reksturinn stunda verði að bera ábyrgð á þessum hlutum. Það eru þeir sjálfir sem hafa komið sér í þessi vandræði að miklu leyti."

Ég hef undir höndum, herra forseti, upplýsingar um skip, ég ætla ekki að nafngreina það hér, en þetta skip tók á árinu 1981 lán í dollurum að upphæð 5 millj. þess gjaldmiðils. Þegar það lán var tekið var gengi Bandaríkjadollars 7,30 kr. Á sama tíma var gengi sterlingspunds 14,44 kr. Þessar 5 millj. dollara umreiknaðar í pund á því sama tímabili eru 2 millj. 529 þús. 957. Ef við lítum á þessa tvo gjaldmiðla í dag og athugum hvernig þetta lán hefur þróast á þessum þremur árum er gengi dollars á árinu 1984, þegar þessir útreikningar voru gerðir, 32,55 kr., en gengi pundsins 41,79 kr. Það þýðir að þetta 5 millj. dollara lán er núna 162 millj. 750 þús. ísl. kr., en sambærilegt lán í pundum er 105 millj. 737 þús. kr. Mismunurinn á þróun þessara tveggja gjaldmiðla umreiknaður í ísl. kr. á þessu þriggja ára tímabili er því 57 millj. kr. Það hefur þetta skip mátt bera. Hefði það tekið sitt 5 millj. dollara lán í pundum, sem þá hefði verið 2 millj. 529 þús. pund, og borgað af þeim síðan væri það núna 57 millj. kr. ríkara, — ef hægt er að nota það orðalag um þetta margblessaða skip. Reyndar vantar inn í þessa útreikninga að á öllu þessu tímabili hafa vextir af dollaralánum verið hærri en af lánum í pundum.

Svona hafa nú örlögin leikið útgerðarmenn sem á þessu ári tóku þetta lán og mér er spurn: Er það skoðun hæstv. sjútvrh. að þetta sé þeim rétt mátulegt, þeim mönnum sem þarna tóku lán, þeir verði sjálfir að bera ábyrgð á þeim duttlungum örlaganna að gengisþróun hefur verið á þennan veg, eða er með einhverri sanngirni hægt að segja að þessi þróun sé utan og ofan við það sem eðlilegt geti talist og það beri þá að líta á það sem verkefni samfélagsins að grípa inn í þegar málin taka þessa stefnu? — Það vill nú svo til að þessar 57 millj. kr. eru rúmlega öll vanskil af þessu skipi sem er eitt í hópi þeirra verst stöddu.

Ég tek undir orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar í umr. um þessa till. á þriðjudaginn var þegar hann sagði að í raun og veru væri ekki við þá menn að sakast sem vildu gera út og höfðu kjark til að kaupa ný skip og var vísað á það að taka lán í þessum margnefnda gjaldmiðli og stóð reyndar í flestum tilfellum ekki annað til boða. Ég hef einnig vitneskju um það að í þeim örfáu tilfellum þar sem menn höfðu viðskipti sín í öðrum gjaldmiðlum var gjarnan farið fram á það við þá að þeir breyttu þeim lánum, að þeir færðu af öðrum gjaldmiðlum yfir í dollara. Ég get lagt fram upplýsingar því til staðfestingar ef þess er óskað. Þeir menn, sem af einhverjum þráa eða einhverjum öðrum ástæðum eða vegna þess að þeir voru meiri efnahagssérfræðingar þegar á reyndi en aðrir sem hafa nú mest höndlað með þessi mál þjóðarinnar, gerðu ekki það sem fyrir þá var lagt eða til var mælst, héldu sínum lánum í öðrum gjaldmiðlum, hafa sem sagt notið góðs af þessari þróun, en þeir eru því miður fáir.

Hæstv. forsrh. hefur í umr. á hv. Alþingi tekið undir það að ástæða væri til að fara ofan í saumana á ýmsum kostnaðarliðum útgerðar og fiskvinnslu í landinu og þar mætti, ef ég fer rétt með hans orð, án efa ná einhverjum árangri. Þetta hefur hann sagt í umr. á hv. Alþingi og hann hefur látið hafa efnislega hið sama eftir sér í fjölmiðlum. Þess vegna kom það mér nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar hæstv. sjútvrh. og flokksbróðir hans töldu þessa till. óþarfa og ástæðulaust að vinna svo að málunum. Ég er þeirrar skoðunar að þær ráðstafanir sem hann rakti hér og varða 1.—5. lið till. áður en hann þraut örendi og hann ákvað að rekja þetta ekki frekar, nái ákaflega skammt. Sjálfur viðurkenndi hann að vandi þeirra skipa sem verst væru stödd væri miklu, miklu meiri en svo að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið dygðu til að leysa hann. Af sama toga tel ég að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í sambandi við olíuverð dugi skammt ef við ætlum okkur að ná niður þeim mikla mun sem sannanlega er á olíuverði til fiskiskipa hér og í nálægum löndum. Þá vék hæstv. sjútvrh. ekki að 6.—8. tölul., sem eru söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum, launakostnaður í veiðum og vinnslu og ríkisstyrkir í sjávarútvegi í nálægum löndum sem auðvitað hafa áhrif á afkomu þessa atvinnuvegs hér.

Seinni hluti till. er um sérstakar aðgerðir til lausnar þeim vanda sem þau skip eiga nú við að glíma sem eru undir hamrinum eða á leið undir hamarinn og eins og forsíður dagblaða í dag bera merki má ekki draga lengi að gera eitthvað í þeim málum. Þess vegna er það till. okkar flm. að þeim hluta verksins verði hraðað og reynt að skila niðurstöðum hvað það varðar fyrir áramót.

Ég er sannfærður um það, eins og ég sagði reyndar í framsögu með þessari till., herra forseti, að það þættu góðar fréttir í mörgu byggðarlaginu, þar sem menn eru nú mjög uggandi um sinn hag, ef þær fréttir bærust héðan af hv. Alþingi að nefnd þm. væri að hefja störf til að greina þennan vanda sjávarútvegsins og til að gera tillögur til úrbóta. Því yrði fagnað. Ég er hins vegar ekki eins viss um að því verði fagnað ef það fréttist héðan af hv. þingi að þær ráðstafanir sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera eða hyggst gera eigi að duga einar sér. Það mætti í sjálfu sér fara rækilega yfir það lið fyrir lið hvað stjórnin hefur verið að gera og bera það saman við þann mikla vanda sem við er að glíma í þessum atvinnuvegi, en ég tel að það sé ekki tími til þess hér nema þá að taka í það miklum mun lengri tíma en ég tel vera við hæfi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég var ekki hér á þingi þegar upphaf umr. um þessa till. átti sér stað og ætlaði mér ekki að fara að blanda mér í umr., en eftir að hæstv. sjútvrh. hafði látið á sér skiljast að við Alþb.-menn, þ. e. flm. þessarar till., hefðum ekki sýnt það á síðasta þingi að við hefðum mikinn áhuga fyrir sjávarútvegsmálum með þeirri afstöðu sem við hefðum haft til þeirra mála sem hann hefði flutt hér á hv. þingi fannst mér ekki ástæða til annars en að mótmæla slíkum málflutningi. Við vorum ekki sammála hæstv. sjútvrh. um þá leið sem hann lagði til að farin yrði í stjórnun fiskveiða og við vorum ekki sammála hæstv. sjútvrh. í því hvernig hann breytti fiskmati ríkisins, en ég mótmæli því að það hafi verið vegna þess að við hefðum ekki áhuga á sjávarútvegsmálum eða vildum ekki veg

sjávarútvegsins sem mestan. Það er okkar skoðun og var mín skoðun þá varðandi bæði þau stóru mál sem sjútvrh. flutti frv. um á síðasta þingi að ekki hefði verið haldið rétt á máli. Mín skoðun var sú og skoðun flestra þm. Alþb. að breytingin á fiskmati ríkisins eða Framleiðslueftirliti sjávarafurða hafi verið röng stefna og það er að koma í ljós núna að þar hefur ýmislegt ekki farið á þann veg sem sagt var og talið var að mundi eiga sér stað eftir bær breytingar sem þar voru gerðar. Það væri t. d. gaman að fá upplýsingar um hve mikið kostnaður við rekstur þess fyrirtækis hefði minnkað á yfirstandandi ári. Reyndar hafa þær sögur heyrst að rekstur þess fyrirtækis hafi orðið ansi miklu kostnaðarsamari en áður var. Þó var eitt af höfuðatriðum breytinganna að spara í rekstri þess fyrirtækis.

Sama er að segja í sambandi við stjórnun fiskveiða. Við vorum ekki sammála ráðh. um hvernig þar skyldi fara að. Við höfðum aðrar tillögur þar uppi þó að við umr. væri ekki beint hægt að koma þar með brtt. Það hefur einnig sýnt sig að á þeirri leið sem sjútvrh. valdi og samþykkt var hér á hv. Alþingi voru stórir gallar og einmitt hafa þeir gallar sem við bentum á komið berlega í ljós.

Ég vil hafa alveg sömu orð og hæstv. sjútvrh. hafði í ræðustól áðan að svona umræða passar ekki í áróðrinum. Það passar ekki að hæstv. sjútvrh. dæmi heilan þingflokk sem andstæðing einnar atvinnugreinar vegna þess að hann fallist ekki á hans skoðanir í ákveðnu máli. Það er mitt mat að slík umræða passi ekki í áróðrinum.

Hæstv. sjútvrh. lét þá skoðun í ljós að óþarfi væri og ónauðsynlegt að kjósa nefnd til að athuga rekstrarvandann í íslenskum sjávarútvegi. Sjútvrn. ætti að leysa þessi mál, þ. e. framkvæmdavaldið væri í höndum þess, og ekki væri ástæða til að fela sjö manna nefnd þessa vinnu. Ég geri ráð fyrir því að þeir aðilar vítt um landið sem nú standa frammi fyrir vanda sjávarútvegsins, hvort sem það eru sveitarstjórnir, útvegsmenn eða sjómenn, líti svo á að það þurfi eitthvað annað en það sem gert hefur verið í sjútvrn. á undanförnum mánuðum til þess að leysa þann vanda eða finna þær leiðir sem fara á til að leysa vanda sjávarútvegsins.

Staða sjávarútvegsins í dag, ef hún er aðeins tekin í einföldu dæmi, er á þann máta að vonlaust er að reka nýtt fiskiskip við þær aðstæður sem sjávarútveginum eru búnar. Hvaða atvinnugrein önnur mundi þola þá stöðu? Sýnist hv. þm. að verslunin mundi þola þá stöðu? Er ekki annað þar uppi á teningnum? Er ekki verið að byggja hverja verslunarhöllina á fætur annarri til að þjóna þeim þætti í okkar þjóðfélagi? Er ekki verið að byggja hverja bensínhöllina á fætur annarri? Það er ekki hægt að komast nema nokkra kílómetra jafnvel um vegi landsins öðruvísi en að sjá nýjar bensínhallir. Þannig mætti nærri því telja upp hverja einustu þjónustugrein, þó við nefnum ekki bankana.

En íslenskur útvegur þarf helst að notast við 10—15 ára gömul skip til þess að einhver rekstrargrundvöllur sé finnanlegur. Þessi staða í íslenskum sjávarútvegi bendir til þess eins að þeir sem hafa farið og stjórnað sjávarútvegsmálum á undanförnum mánuðum og undanförnum árum hafi ekki staðið í stykkinu. Og hvað er þá eðlilegra og sjálfsagðara en Alþingi sjálft grípi í taumana og skipi nefnd til þess að kanna stöðu sjávarútvegsins og benda á leiðir út úr þessum ógöngum? Rekstur íslensks sjávarútvegs er ekki kominn á réttan og eðlilegan grundvöll fyrr en svo verður komið að hægt sé að reka nýtt fiskiskip, með það fyrir augum að það geti borið sig. Þegar talað er um að leysa þurfi sérstaklega vanda ákveðins hluta togaraflotans vegna þess að hann sé nýrri en aðalhluti flotans bendir það eingöngu til þess að rekstursgrundvöllur sjávarútvegsins sé skakkur og þurfi leiðréttingar við.

Ég vildi nefna annan þátt í sambandi við umr. í dag. Það er nýbúið að gera kjarasamninga og er verið að ræða um að þessir kjarasamningar verði verðbólguvaldur. Það blasir við að fella þurfi gengi — ja, maður heyrir ýmsar tölur, 8%, sumir nefna ekki nema 5%, — til þess að mæta þeirri kauphækkun sem nú hefur orðið og þeim kostnaðarauka sem fellur á framleiðsluatvinnugreinarnar. En hvernig skyldi staðan hafa verið áður en farið var í þessa kjarasamninga og áður en þessir kjarasamningar voru gerðir? Ætli það hafi ekki vitað það flestir sem fengust við sjávarútveg, og ég er ekki í nokkrum vafa um að það hefur verið í hugskoti hæstv. sjútvrh., að staðan hafi verið þannig í lok september, u. þ. b. sem BSRB var að fara í verkfall, að til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins þyrfti einhverja ákveðna tilfærslu í þjóðfélaginu, þyrfti jafnvel 5 eða 8% gengisfellingu. En það hefur ekki verið nefnt. Því hefur frekar verið haldið fram að staða sjávarútvegsins væri nokkuð sæmileg. Staðreyndin er hins vegar sú, að jafnvel þau fyrirtæki sem hafa staðið sig vel og átt nokkuð eigið fjármagn, verði að mati margra mjög vel rekstrarhæf, standa nú frammi fyrir miklum vanda. Það má segja að í stórum hóp sjávarútvegsfyrirtækja hefur farið logi um eigið fjármagn þeirra á síðustu mánuðum. Það hefur lítið og ekkert verið gert til þess að laga stöðu þeirra. Skuldbreytingin, sem lofað var strax á síðustu mánuðum fyrra árs, er að sumu leyti að koma til framkvæmda núna og öðru leyti ekki. Mikill hluti skuldbreytinganna er á þann veg að menn treysta sér ekki til að framkvæma þær. Því er þann veg farið að skuldbreytingin nær til 40% skuldarinnar, en ýmsum þjónustuaðilum ber að lána hinn hlutann. Það þýðir raunverulega að verið er að kippa fótunum undan þjónustufyrirtækjum sem starfa við sjávarútveginn. Í mörgum tilfellum gengur þetta því alls ekki upp. Ýmsa aðra þætti mætti nefna í sambandi við skuldbreytinguna sem eru á þann veg að kemur að litlu gagni fyrir sjávarútvegsfyrirtækin.

Þegar rætt er um fjárfestingu og endurnýjun á fiskiskipastólnum vilja menn oft byrja á því að tala um að fjárfestingin hjá sjávarútvegnum sé næg og það séu of mörg fiskiskip að veiðum á ofnýttum fiskistofnum. Þegar aftur á móti kemur að því, sem við blasir núna í nokkrum byggðarlögum, að sum fiskiskipin eru að fara undir hamarinn og það geti jafnvel komið upp sú staða að þau verði flutt milli byggðarlaga, þá kemur sú staðreynd í ljós að ekkert byggðarlag þolir að eitt eða neitt af þeirra framleiðslutækjum, síst af öllu skipin, hverfi úr byggðarlögunum. Þá kemur einnig í ljós að flest þessi skip eru fullnýtt og hafa verið það á undanförnum mánuðum. Hér á ég við togarana. En á meðan talað er um að fjárfestingin sé of mikil í fiskiskipaflotanum og þar megi helst ekki bæta við einu einasta skipi eða endurnýja það neitt, heldur sé best að gera út 10—15 ára gömul skip, er það að gerast að íslenski kaupskipaflotinn er að endurnýja sig dag frá degi. Það er varla flett upp í dagblaði eða opnað útvarp

öðruvísi en að þess sé getið að Eimskip sé nú að kaupa nýtt skip, Hafskip sé að kaupa nýtt skip og skipadeild Sambandsins o. s. frv. Fyrir stuttu — núna í miðju verkfallinu — heyrðum við að Eimskip væri að kaupa tvo nýja Fossa, en því miður hefði einhvern ákveðinn tíma þurft að hafa á þessum skipum þýskar áhafnir. Hraðinn og ákefðin eru það mikil í þessum fyrirtækjum að þau hafa ekki tíma eða möguleika til að ráða á skipin íslenskar áhafnir, kaupin verða að ganga það hratt fyrir sig að þýskir sjómenn þurfa að sinna þessari þjónustuþörf fyrir Íslendinga.

Hvað skyldu þessir aðilar segja ef þeim væri skipað að vera með 10—15 ára gömul skip í þjónustunni? Það væri ekkert gámaskip á markaðnum hér á Íslandi. Hvernig skyldi staðan vera? Ég er ansi hræddur um að þessi þáttur sjávarútvegsrekstrar á Íslandi væri svolítið skrýtinn ef sömu aðferðum væri beitt gagnvart þeim og gagnvart fiskiskipaflotanum.

En hvernig er svo þessum rekstri þessa hluta sjávarútvegsins íslenska háttað? Það er ekki eins og með fiskiskipaflotann sem við sem betur fer sjáum æðioft koma fulllestaðan til hafnar. Við horfðum á það núna rétt fyrir hádegið að hér voru að sigla inn loðnuskip og við vitum um það að hringinn í kringum landið er það nú að eiga sér stað að loðnuskip koma drekkhlaðin af miðunum. Síldarskipin eru að koma drekkhlaðin af miðunum og togararnir líka. Víða er sömu sögu að segja. En hvernig skyldi vera með hinn flotann? Skyldi hann nú vera hlaðinn? Ef við löbbum inn í Sundahöfn og spyrjum verkamennina þar: Hvað voruð þið lengi að afgreiða þennan Fossinn sem var að koma frá Evrópuhöfnum? eru mestar líkur fyrir því að þeir mundu segja: Ja, það tók okkur nú tvo tíma. — Hvað voruð þið lengi að lesta hann svo að hann mætti sigla út aftur? — Ja, það þurfi bara að loka lúgunum og hann sigldi beint út.

Þannig er nýtingin í þeirri grein íslensks sjávarútvegs. Ég er ekki að segja að þetta sé gegnumgangandi, en þessa eru dæmi og þau eru allt of mörg þessi dæmi, að fragtskipin íslensku, Hafskip, Eimskip og SÍS-skipin, sigli hlið við hlið galtóm á milli Evrópu og Íslandsstranda. Og hver er útkoman út úr þessu? Útkoman er sú að við borgum helmingi hærri fragtgjöld á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Og hverjir borga þessi fragtgjöld? Vitaskuld enginn annar en útgerðin íslenska eins og alla aðra þjónustuþætti í þjóðfélaginu. Það er sjávarútvegurinn sem heldur því uppi. Og við þessar aðstæður segir hæstv. sjútvrh.: Það er ástæðulaust að kjósa nefnd til að rannsaka rekstrarvanda sjávarútvegsins. Þetta er allt verið að laga og þetta er allt verið að skoða í mínu ágæta rn. og það verður unnið áfram eins og unnið hefur verið á undanförnum mánuðum að því að laga þessi mál. En við vitum það, flm. þessarar till. vita það og fólkið í landinu veit það, að sú vinna sem unnin hefur verið í rn. á undanförnum mánuðum hefur ekki verið á þann máta að vandamál sjávarútvegsins hafi verið leyst. Vandamálin eru hrikalegri núna en nokkru sinni fyrr, þrátt fyrir þá skuldbreytingu sem ráðh. var að lýsa hér áðan og þrátt fyrir ýmsar aðgerðir sem í bígerð eru eins og hæstv. ráðh. lýsti hér.

Ég tel því sjálfsagt að Alþingi samþykki þessa till. og að þessi nefnd hefji sem fyrst störf og leggi fyrir þing tillögur sínar um leiðir til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Ég vænti þess að eftir þeim tillögum verði farið og sem jafnan fyrr þegar farið er að tillögum Alþb. í sjávarútvegsmálum verði horfið á rétta leið. Það mun sjaldan eða aldrei hafa verið stjórnað betur sjávarútvegsmálum á Íslandi en þegar forveri hæstv. sjútvrh. í þingmennsku á Austfjörðum, Lúðvík Jósepsson, stjórnaði þeim málum, og ég mótmæli öllum ummælum hæstv. sjútvrh. um að við Alþb.-menn höfum í einu eða neinu staðið gegn eða verið á móti réttlátri stefnu í sjávarútvegsmálum á Íslandi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var ekki nokkur vafi á því í hugum okkar Alþb.-manna að nauðsynlegt væri og rétt að Alþingi tæki á sjávarútvegsmálunum, rekstrarvandanum í íslenskum sjávarútvegi. Það var þess vegna sem við fórum að flytja þessa þáltill. sem allur okkar þingflokkur stendur að. Ef eitthvað hefur nýtt komið fram til sannindamerkis um nauðsyn þessarar till. hér á hv. Alþingi í dag eru það orð hæstv. sjútvrh. Afstaða hans í þessum málum er með þeim hætti að það hlýtur að vekja mikla undrun.

Það er eins og kunnugt er mjög algengt að hv. Alþingi kjósi þingmannanefndir til að fjalla um einstök mál eða ráðh. skipi nefndir þm. til verka. Ég vil í þessu sambandi nefna það að í gær skilaði nefnd sem samgrh. skipaði, nefnd um öryggismál sjómanna, sínu áliti. Í þeirri nefnd voru eingöngu þm. Það hefur aftur og aftur gerst að settar eru á laggirnar nefndir til að fjalla um mál hér á vegum þm., en þegar hæstv. sjútvrh. kemur svo hér upp og heldur hér ræðu lýsir hann því yfir að þetta sé óþarfi. Hann kærir sig sem sagt ekki um að Alþingi taki á þessu alvarlega efnahags- og atvinnuvandamáli íslensku þjóðarinnar.

Ég held að það hafi aldrei gerst — a. m. k. ekki þann tíma sem ég hef verið hér — að menn hafi með þessum hætti afþakkað stuðning alþm. við að taka á vandamálum eins og þessu. Sérstaklega er þetta auðvitað furðuleg afstaða hjá sjútvrh. þegar þess er gætt að allt í kringum landið horfir fólk fram á að það getur misst vinnuna hundruðum saman, heilu byggðarlögin, nú þegar eða á næstunni. Þegar þannig er komið og þessi byggðarlög mæna á það sem hugsanlega kæmi frá Alþingi, sem ætti auðvitað að fjalla rækilega um þetta grundvallarmál íslenska þjóðarbúsins, þá ákveður hæstv. sjútvrh. að mæta þessu með því að berja frá sér og segja: Þessi till. er þarflaus og við höfum ekkert með hana að gera.

Það er köld kveðja til þeirra sem eru að missa atvinnu í landinu núna þegar sjútvrh. landsins kemur fram með þeim hætti sem hann gerði áðan. Það er köld kveðja til þess fólks. Það er köld kveðja til þeirra sem eru að missa atvinnu eða hafa misst atvinnu að landið skuli búa við sjútvrh. sem neitar að taka á þessum málum með eðlilegri samvinnu við Alþingi sjálft. Auðvitað er þessi afstaða sjútvrh. ekkert annað en dæmigerð um afstöðu núv. ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum. Þar er í rauninni ekkert gert annað en að hlaða undir verslunina og íþyngja grundvallaratvinnuvegunum. Þar er stefna ríkisstj. sögð í einni setningu, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson rakti hér rækilega áðan. Verslunin ræður hér þessu landi. Verslunarráð Íslands samdi í raun og veru verkefnalista þessarar ríkisstj. og Verslunarráðið hefur mótað þær áherslur sem uppi hafa verið. Sjávarútvegurinn hefur ekki í tíð núv. ríkisstj. fengið þá

aðhlynningu sem eðlilegt væri sem grundvöllur alls lífs sem lifað er í þessu landi. Það er alveg sama hvort unnið er í heilbrigðisþjónustu, í skólum, hér á Alþingi, á fjölmiðlum eða hvar það er, það er sjávarútvegurinn sem skapar þau verðmæti sem við lifum á hér. Ríkisstj. sem vill ekki að Alþingi aðstoði við að taka á þeim málum er á hálum ís. Sú ríkisstj. veit ekki hvað er brýnasta vandamálið fyrir okkar þjóð að glíma við í dag.

Nú á dögunum, fyrir einum og hálfum sólarhring eða svo, var gengið frá tillögu að kjarasamningi opinberra starfsmanna. Og Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands eru að fjalla um kjarasamning þessa dagana. Það var ekki fyrr búið að skrifa undir þessa kjarasamninga í Karphúsinu en fram komu hugmyndir um það frá einstökum ráðh. að þessum kjarasamningum yrði að mæta með gengisfellingu og þessir kjarasamningar mundu hafa það í för með sér að verðbólgan margfaldaðist frá því sem nú er. Það er m. ö. o. ætlun ríkisstj. að gera launafólk í landinu að blóraböggli fyrir þá verðbólgu sem hún ætlar sér vísvitandi að magna á næstunni. Það hefur komið fram bæði hjá forsrh. og fjmrh. að þeir ætla sér að svara samningum launafólks með því að magna verðbólguna á næstunni og fella gengið. Og það á að kenna verkalýðshreyfingunni um.

En staðreyndin er auðvitað sú að meginvandinn og meginástæðan fyrir þessu liggur í sjávarútveginum. Ríkisstj. hefur ekki fengist til að taka á vanda sjávarútvegsins. Hún hefur ekki fengist til að skera niður milliliðakostnaðinn í sjávarútveginum. Hún hefur ekki tekið á því. Hún hefur ekki lækkað vexti í sjávarútveginum, heldur hækkað. Hún hefur ekki lækkað fragtir, heldur hafa þær hækkað. Það hefur ekki lækkað umbúðakostnaður hjá frystingunni, heldur hækkað. Þannig mætti lengi telja. Og ríkisstj. ætlar að nota sér kjarasamningana til að koma fram gengislækkunaraðgerðum sem eiga fyrst og fremst rætur að rekja til þess vanda sem ríkisstj. hefur skilið eftir sig í sjávarútveginum. Hún ætlar að kenna launafólki og verkalýðshreyfingunni um þann slóðaskap sem hún ber sjálf ábyrgð á í sjávarútveginum. Það er kjarni málsins.

Hæstv. sjútvrh. flutti hér þá tölu sem gjarnan er flutt af BJ og ég vissi nú ekki að væri orðin sérstakt stefnumál varaformanns Framsfl. Þetta stefnumál gengur út á það að ekki megi rugla saman á neinn hátt eða starfa saman framkvæmdavald og löggjafarvald, en það hefur sem kunnugt er verið eitt meginstefnumál BJ að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald. Hæstv. sjútvrh. sagði með þjósti miklum hér áðan að það ætti nú ekki að vera að blanda saman löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi með því að þm. væru að grauta í framkvæmdaratriðum eins og þessi till. gerði ráð fyrir. Þetta er í rauninni mjög sérkennileg afstaða, eins og ég hef hér rakið. Og ég kannast ekki við það að þeir framsóknarmenn hafi áður brugðið fyrir sig stefnumálum BJ til þess að reyna að bjarga sér á hundasundi út úr þeim vanda sem þeir eru í í þessu máli og öðrum.

Herra forseti. Það er alvarlegur hlutur að horfa fram á það og heyra það að sjútvrh. landsins skuli ekki fást til að taka vel á móti þeirri tillögugerð sem hér er á dagskrá. Í till. Alþb. er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að skipuð verði nefnd sjö þm. til að skilgreina rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safna saman upplýsingum og benda á leiðir til úrbóta. Nefndin á að fá ákveðin verkefni sem tiltekin eru í þessari þáltill. Í öðru lagi er það meginverkefni nefndarinnar að taka á þeim sérstaka vanda sem nú er um að ræða við útgerð togara í þessu landi. Og það er gert ráð fyrir því að nefndin skili áliti að því er þetta atriði varðar alveg á næstunni. Gögn liggja fyrir. Upplýsingar liggja fyrir. Það sem vantar er tillögur og ákvörðun um m. a. fjármögnun á þeim kostnaði sem af því kann að hljótast að létta einhverjum fjármagnskostnaði af togaraútgerðinni og af því kann að hljótast að leggja skipum sem óhagkvæm þykja í þeim byggðarlögum sem þola að missa skip. Hér er þess vegna gerð tillaga um að taka á því vandamáli sem stærst er núna í okkar efnahagskerfi, og þó að það væri ekki annað en þessi þáttur sem snýr að togurunum væri það auðvitað fullkomlega réttlætanlegt að Alþingi tæki á þeim málum.

Hér er í hv. Ed. Alþingis til meðferðar till. til þál. um rannsóknarnefnd samkv. stjórnarskránni vegna vinnubragða ákveðinna ráðh. í sambandi við útvarpsmál. Það væri full ástæða til þess að setja á laggirnar rannsóknarnefnd til að fara yfir vandamál togaraútgerðarinnar og það hvernig að þeim málum hefur verið staðið nú að undanförnu. Ég skora í framhaldi af þessu á hæstv. sjútvrh. að taka vel þeirri aðstoð sem Alþb. vill fyrir sitt leyti leggja fram við að taka á þeim vanda sem hér er uppi. Ég held að það sé skynsamlegast fyrir ráðh. að gera það vegna þess að það vandamál er stórt sem hér um ræðir.

Ég hef, herra forseti, oft í umr. hér á Alþingi og einnig annars staðar bent á þann mikla vanda sem sjávarútvegurinn á við að glíma vegna óhóflegs milliliðakostnaðar. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon rakti mjög glöggt dæmi um það áðan hvernig lán hafa hækkað í krónum vegna þess að þau voru tekin í dollurum langt umfram það sem verið hefði ef sömu lán hefðu verið tekin t. d. í sterlingspundum. Það munaði á fáeinum árum hjá því skipi sem hann nefndi 57 millj. kr. Ég held að þetta dæmi ætti að sýna okkur að við erum með hér í landinu mörg vel rekin skip, góðar útgerðir, sem hafa fengið á sig aukapinkla vegna hinnar sérstöku hækkunar dollarans á undanförnum árum. Og þegar það gellur við að hér sé um að ræða skussa og annað þvíumlíkt sem eru að reka þessi skip er það auðvitað hrein fjarstæða í langflestum tilvikum því að hér er um að ræða skuldahækkanir sem eru til orðnar af ytri ástæðum sem útgerðarmenn þessara skipa geta í engum tilvikum ráðið við.

Við höfum bent á það, Alþb.-menn, að það séu t. d. tveir þættir sem sérstaklega íþyngja frystingu, vinnslu og veiðum um þessar mundir. Það er annars vegar hinir háu vextir sem útgerðin og vinnslan verður nú að taka á sig. Það eru vextir sem eru langt umfram raunvaxtastig. Það er ekki verið að gefa þessum aðilum neina peninga. Það er ekki verið að borga með þeim af öðrum, eins og stundum var áður sagt í þessum efnum. Sjávarútvegurinn borgar fulla raunvexti og langt yfir það í sumum tilvikum. Ég tel að með því einu að setja þá reglu að venjulegt sjávarútvegsfyrirtæki borgi aldrei meira en sem samsvarar u. þ. b. verðlagsþróun, þ. e. nokkurn veginn raunvexti og ekkert þar umfram, mætti létta afkomu þessarar grundvallaratvinnugreinar mjög verulega frá því sem nú er, þannig að það muni nokkrum prósentum í afkomu t. d. fiskvinnslunnar. Ég er einnig sannfærður um að með því að fyrirskipa lækkun á

frögtum útflutningsins megi styrkja stöðu hans mjög verulega frá því sem nú er.

Það er athyglisverð frétt hér í Þjóðviljanum í dag, sem vitnað hefur verið í áður, um að farmgjöld frá Íslandi séu þau hæstu í heimi. Í könnun sem Sjómannasamband Íslands lét gera kom fram að það kostar þrjár krónur íslenskar að flytja eitt kíló af rækju frá Kirkenes í Norður-Noregi á markað í Danmörku og Englandi og liðlega þrjár krónur íslenskar á kíló að flytja rækju frá Holsteinsborg á Grænlandi á sömu markaði. Það kostar hins vegar níu krónur á kíló af rækju að flytja hana frá Íslandi á þessa sömu markaði. Hér er eitthvað meira en lítið að. Og áður en sjútvrh. slær því föstu að hér sé ekkert hægt að gera annað en að láta þetta drabbast svona niður eins og gerst hefur að undanförnu og jafnvel að fyrirtæki fari á hausinn, þá væri það algjört lágmark að gert væri átak til að lækka þennan fragtkostnað. Það komu hér fram upplýsingar um það áðan að menn væru að tala um að ýta undir samkeppni í þessum efnum á milli skipafélaganna. Ég held að það sé ágætt að það verði gert. En ég held að þarna verði að ganga miklum mun lengra.

Í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga, herra forseti, að heildarhagnaður skipafélaganna þriggja á s. l. ári nam 300 millj. kr. Og hver ætli hafi borgað þennan hagnað nema útflytjendur fyrst og fremst og neytendur í landinu. Auðvitað hefði ríkisstj. átt, þegar hún fór að líta á þessi dæmi í sumar, að byrja á því að skera þennan kostnað niður, lækka fragtirnar um ⅓ eða ¼ og setja sér það mark að keyra vextina og fjármagnskostnaðinn niður. En það var nú eitthvað annað sem gert var eins og kunnugt er. Ríkisstj. tók ekki ákvörðun um það að lækka vextina, heldur að hækka þá. Það var nú afrekið sem þeir ákváðu í sumar þarna rétt fyrir verslunarmannahelgina.

Stærsta skref í peningamálum í 25 ár, hét þessi vaxtahækkun hjá helsta talsmanni ríkisstj., Þorsteini Pálssyni, og á eftir kemur þessi undirfyrirsögn í Morgunblaðinu 31. júlí s. l., það er rétt að skrá hana í þingtíðindin: „Bjargföst ákvörðun að hefja ekki gengisfellingarleikinn.“ — Bjargföst ákvörðun. Mönnum verður hugsað til þeirra útvarða Íslands sem heita Látrabjarg og annarra slíkra hornsteina þessa lands. (**Gripið fram í:** Hornbjarg.) — Og Hornbjarg. Bjargföst ákvörðun að hefja ekki gengislækkunarleikinn. Þetta mælti hv. 1. þm. Suðurl. í framhaldi af ákvörðuninni um að hækka vextina. Hann taldi sem sagt að hækkun vaxta og fjármagnskostnaðar hjá fiskvinnslunni í landinu væri sérstakt innlegg í að tryggja stöðugt gengi og undirstaða þess bjargs sem yfirlýsing hans var — bjargföst ákvörðun um að hefja ekki gengislækkunarleikinn. Staðreyndin er sú að með þessum vaxtahækkunum, sem ríkisstj. leyfði í sumar, var verið að íþyngja stórkostlega sjávarútveginum frá því sem áður var. Og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. í framhaldi af spurningu hv. 3. þm. Reykn. hér fyrr í dag: Er það ætlun ríkisstj. að gera einhverjar ráðstafanir til að létta aftur vaxtaokrinu af sjávarútveginum? Hvað hefur ríkisstj. á prjónunum í þeim efnum?

Hæstv. sjútvrh. vill taka á afstöðu og till. okkar Alþb.-manna í sjávarútvegsmálum líkt og hann brást við útgerðarmönnum á Austurlandi í sumar þegar hann var spurður að því í sjónvarpinu: Hvernig er það, ráðh., dugir þetta til þess að leysa vandann? Hann sagði: Ja, ég veit ekkert um það, og þar með punktur. Hæstv. sjútvrh. núv. ríkisstj. virðist vera þeirrar skoðunar að það sé ekki hans mál að taka á vandamálum einstakra útgerðarsvæða og byggðarlaga í þessu efni þó að atvinnuleysi blasi við. Hann vill ekki koma nálægt málum, eins og hér er lagt til í þessari till. Alþb., og lýsir því yfir að till. sé í rauninni óþörf vegna þess að hlutirnir séu í svo góðu lagi hjá honum í sjútvrn. Ég er alveg sannfærður um að hann er eini maðurinn í landinu sem er þessarar skoðunar. Ég er alveg sannfærður um að hann er eini Íslendingurinn sem er þeirrar skoðunar að allt sé í besta lagi í sjávarútvegsmálum og ekkert þurfi að gera af hálfu Alþingis í þeim efnum. Ég hef enga trú á því að nokkur maður hér á Íslandi taki undir þetta — ekki sjómannasamtökin, ekki samtök útgerðarmanna, ekki samtök fiskvinnslunnar. Þessa dagana birtast fréttir í blöðunum um að það er verið að loka hverju frystihúsinu á fætur öðru. Á Akranesi og víðar eru frystihús að loka. Það er köld kveðja til þessa fólks sem ræða hæstv. sjútvrh. var hér í dag.

Í grg. með till. okkar Alþb.-manna er bent á þá hættu að útgerð í landinu verði framvegis ákveðin á forsendum fjármagnsins og hæstv. ráðh. gerði nokkrar aths. við þessi ummæli. Hvað er það sem við eigum við með þessum orðum? Við eigum við það að skip falli úr útgerð, útgerðin leggist niður á einstökum stöðum einvörðungu eftir því hversu hár fjármagnskostnaður er á viðkomandi skipum. Það verði sem sagt hagsmunir fjármagnsins, fjármagnseigendanna og kröfuhafanna, sem verði látnir ráða en ekki þess fólks sem lifir og hrærist af þeim verðmætum sem þessi skip draga að landi. Við teljum að eina leiðin í þessum efnum sé hins vegar félagsleg leið þar sem reynt verði að afla með samfélagslegum aðgerðum fjármuna til að skera niður fjármagnskostnað af þeim skipum sem eru með þyngstar fjármagnsbyrðar og bersýnilegt er að ekki verða gerð út með þeim fjármagnskostnaði sem á þeim hvílir nú. Þetta verður ekki gert öðruvísi en í gegnum einhverja opinbera sjóði, t. d. Fiskveiðasjóð eða einhvern aðila sem er nátengdur honum. Í þessu skyni á að afla fjármagns og þess fjármagns á auðvitað að afla með skattlagningu á þá aðila sem hafa verið að hirða stórfé af sjávarútveginum á síðustu misserum, m. a. af skipafélögunum og bönkunum svo að dæmi séu nefnd. Hér er um alveg sérstakt ástand að ræða og ríkisstj. á auðvitað að taka á málinu með þeim hætti, afla fjármuna til að tryggja að útgerð í landinu geti verið með eðlilegum hætti og til þess að tryggja að atvinna haldist á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru og háðastir útgerð og fiskvinnslu. Ég skora þess vegna, herra forseti, á sjútvrh. að endurskoða hina neikvæðu afstöðu sína til þessarar till.

Hitt er svo ljóst, og það ætla ég að segja hér að lokum, að það er ætlun ríkisstj. þessa daga að nota kjarasamningana, nota verkalýðshreyfinguna, kenna henni um þá verðbólgu og þær gengishækkanir sem ríkisstj. ætlar sér að setja af stað. Það er alvarlegt mál þegar menn standa þannig að málum, ætla sér á kostnað launafólks að leysa þann vanda sem slóðaskapur ríkisstj. í sjávarútvegsmálum á síðustu mánuðum hefur skilið eftir sig í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það er ekkert álitamál að staða íslensk sjávarútvegs er erfið í dag.

Þetta vitum við öll hér á hv. Alþingi og þarf engum að koma spánskt fyrir sjónir eða eyru. En því miður er þessi staða ekki að koma upp nú á þessu ári eða því síðasta. Hv. síðasti ræðumaður mætti minnast stöðunnar eins og hún var orðin í maímánuði 1983. Hún var óglæsileg að ekki sé meira sagt. Ég þóttist þekkja nokkuð til þessara mála, en þegar maður sá ofan í þennan pakka þá reyndist hann miklu verri en ég gat búist við. Þetta er ég ekki að segja hv. þm. til lasts. En þetta eru staðreyndir sem við höfum orðið að búa við og taka við. Þannig var þetta búið að ganga í nokkur ár. Það var búið að flytja fjármagn frá sjávarútveginum í aðra starfsemi í þjóðfélaginu án þess að valdhafar tækju raunverulega eftir því. Sú uppbygging og gróska sem við sjáum í fjölda fyrirtækja hér á stór-Reykjavíkursvæðinu og úti á landi byggjast á því fjármagni sem var tekið frá sjávarútveginum og — ég orða það þannig — lenti inn á þessar brautir. Þessi atvinnuvegur, sem hefur verið undirstaða þessa þjóðfélags frá því að það mátti með réttu kallast þjóðfélag í nútíma skilningi hefur gleymst í þeim darraðardansi sem hér hefur verið stiginn undanfarin ár. Ég ætla ekki að ásaka einn eða neinn. Þarna eiga allir stjórnmálaflokkar hlut að máli. Þetta hefur gleymst í því velferðarþjóðfélagi sem við höfum verið að leika okkur í undanfarin ár. En nú er komið að skuldadögunum. Þetta gengur ekki lengur.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan: Svo á að fara að kenna launþegum um þá verðbólgu og þær gengislækkanir sem hér verða á næstunni. Það stendur ekki til að kenna einum eða neinum um, en hv. þm. má best ljóst vera að þegar kaupgjald stígur í þessum undirstöðuatvinnuvegi, sem allt byggist á, þá hefur það sín áhrif. Ég er ekki að andmæla því að fólkið þurfi meira kaup. En hver á að borga það þegar að því kemur? Þessi atvinnuvegur sem hefur ekki annað úr að spila en tekjur af framleiðslu á lækkandi markaði? Hvar á að taka fé til þess? Á að leggja á aukna skattbyrði? Hver ætlar að skila því aftur sem búið er að taka? Auðvitað á þjóðin að gera það sjálf. Er hún reiðubúin að skila því aftur sem búið er að taka til annarra þarfa í þjóðfélaginu? Ég dreg það í efa.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessi mál hér. Það er búið að ræða þau mikið. Um þessa till. til þál. sem hér liggur fyrir ætla ég að vera fáorður. Ég fagna því aðeins að bætast skuli liðsstyrkur í þann hóp sem vill vinna að þessum málum hér á hv. Alþingi sem annars staðar. Ég sé ekkert athugavert við það og tel það raunar sjálfsagt að leita allra ráða til lausnar á þeim. Miklar upplýsingar liggja fyrir alls staðar. Það má safna þeim saman. Og þó að ég sé ekki sammála öllum leiðum sem Alþb. vill fara, þá má kannske notast við einhverjar þeirra. Ég vil ekki slá á útrétta hönd þess eða annarra sem vilja leysa þessi mál af heilindum á farsælan hátt. Þetta er mín skoðun á málinu. Þess vegna leggst ég ekki gegn þessari till.

En það er ýmislegt í grg. till. sem væri freistandi að fjalla svolítið um. T. d. það sem sagt er um raforkuverðið. Ég er algerlega sammála því. Það þarf að lækka raforkuverð til fiskiðjuveranna í landinu. Núna er t. d. raforkan til loðnubræðslanna 40% dýrari en ef hún væri framleidd með dísilvélum. Þetta er okkar innlenda raforka. Auðvitað stafar þetta af kolvitlausri fjárfestingu í orkugeira okkar undanfarin ár. Það hefur gleymst að taka tillit til arðseminnar og eiga kannske ýmsir sök á. Það verður einhvern veginn að skila þessu aftur. Hvernig á að gera það, það er annað mál. Ætli það sé ekki með skattinum einu sinni enn sem þarna kemur til með að verða að borga, hvernig sem að því verður farið.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi dæmi áðan um misgengi dollars og punds á okkar gjaldeyrismörkuðum. Ég dreg ekki í efa að útreikningar hans í þessum efnum eru réttir. Það er einmitt þetta sem hefur skeð. Bankamenn — og ég segi valdhafar í þjóðfélaginu hafa beint atvinnurekstrinum inn á þá braut að taka dollaralán í þeirri trú að dollarinn væri að lækka. Það hefur verið skoðun manna á undanförnum árum. En það hefur því miður alltaf orðið á hinn veginn, að hann hefur hækkað. Það hvarflar ekki að mér að halda að sá ágæti maður hv. 3. þm. Reykv., sem var, ef ég man rétt, bankamálaráðherra 1978 — 1979, þegar mikið var tekið af dollaralánum, hafi gert það vegna þess að hann vildi þjóðinni illa, alls ekki. Þetta var bara það sem allir mæltu með á þeim tíma og það er þetta sem við erum að súpa illilega seyðið af í dag. Þannig er til orðin staðan í Fiskveiðasjóði. Þar er búið að ræða þau mál mikið.

Ég óska ekki eftir að ræða hér sérstaklega um það ágæta skip Óskar Magnússon sem hér hefur verið fjallað um. Það mál er enn þá í athugun og ég vona að það verði leyst, en vil ekki tala meira um það hér. Það eru því miður nokkur skip í Fiskveiðasjóði sem liggja með þennan hala. En uppboðið á Óskari Magnússyni er ekki af Fiskveiðasjóðs hálfu, heldur einkaaðila sem óskar uppboðs á skipinu. Mér vitanlega hefur Fiskveiðasjóður ekki enn þá farið fram á uppboð á neinu þessara skipa. Þeir bíða eftir niðurstöðu um þetta skuldbreytingalán, sem boðið er upp á, að menn tjái sig um það hvort þeir treysta sér til eða geta sinnt því. Fyrr verður ekki tekin um þetta ákvörðun. En því miður eru þetta nokkur skip sem illa er ástatt um og það eru okkar innlendu smíðar, okkar innlenda vandamál. Það eru nær eingöngu skip smíðuð hér á landi sem eru í mestum kröggum í Fiskveiðasjóði. Það ber að harma að þegar við byggðum upp myndarlegan skipasmíðaiðnað og eignuðumst ágæta fagmenn verður það óbeint til þess að útgerðin er látin borga þessa framleiðslu á þessu himinháa verði og enginn ræður við neitt. Við skulum bara gera okkur ljóst að svona liggur í málinu. Það eru sárafá, ef þá nokkur skip, smíðuð erlendis, nema hugsanlega tvö smíðuð í Portúgal á vegum ríkisstj. á sínum tíma, sem eru í basli með lán sín á vegum Fiskveiðasjóðs og ríkisábyrgðasjóðs. Þetta vil ég aðeins minna á hér svo að menn viti hvar þau mál standa.

En eins og ég sagði ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég fagna því aðeins að hér skuli koma til umræðu um sjávarútveginn. Hún hefur ekki verið mikil í þjóðfélaginu og því miður hefur hún verið neikvæð. Við verðum að hafa það hugfast að þrátt fyrir sjálfsagða uppbyggingu á öðrum sviðum í atvinnulífinu verður íslenskur sjávarútvegur um ókomin ár sú undirstaða sem við verðum að lifa á. Og við verðum að sinna því verkefni með sóma hér á hv. Alþingi að gera hlut þess atvinnuvegar sem mestan.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það hefur komið fram sérstaklega hjá hv. 3. þm. Reykv. að hann undrast það að ég skuli ekki vera sammála því að ástæða sé til að kjósa sérstaka þingnefnd vegna rekstr-

arvanda íslenska sjávarútvegsins. Það væri köld gusa til þeirra sem eru að missa atvinnuna, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það. Nú er það að svo margvísleg mál koma hér fyrir Alþingi sem varða sjávarútveginn. Eitt af þeim málum sem við höfum unnið að undirbúningi að er fiskveiðistefna næsta árs. Það er afar mikilvægt mál að því er varðar skilyrði sjávarútvegsins og afkomu hans. Mikilvægast fyrir sjávarútveginn í heild er að sjálfsögðu hvað mikið er hægt að afla og með hvaða hætti þessi afli er sóttur. Það hafa verið fundir um þau mál með sjávarútvegsnefndum þingsins og sjútvn.-mönnum voru áður en þing hófst afhentar þær upplýsingar sem lágu þá fyrir um afkomu sjávarútvegsins. Nauðsynlegt er að hafa sem besta samvinnu við þingið og eiga samstarf við þá menn sem sérstaklega starfa í sjávarútvegsmálum um öll þessi mál. Og ég tek undir það að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að hafa slíka samvinnu einnig við fulltrúa stjórnarandstöðu.

Eitt af því sem er nauðsynlegt að gera og ég hef rætt við sjútvn. þingsins er að skipa nefnd til að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins. Ég hef farið þess á leit við sjútvn. þingsins að þaðan verði tilnefndir menn til að starfa með hagsmunaaðilum og fleirum að því máli. Það er því útúrsnúningur hjá hv. þm. að ég sé með þessum hætti að hafa á móti því að þm. starfi í þessum málum. Hann gerði að vísu mikið úr því að ég hefði talið að aðskilja ætti framkvæmdavald og löggjafarvald. Það vill nú svo til að það eru orðin mjög mörg ár síðan ég flutti um það frv. hér á Alþingi hvernig best væri að styrkja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdavaldinu. Ég taldi að það yrði best gert með því að auka eftirlitshlutverk þingsins og sú stofnun sem nú er undir fjmrh., Ríkisendurskoðun, yrði tæki þingsins til eftirlits með löggjafarvaldinu. Ég taldi það hina einu leið til þess að löggjafarvaldið gæti öðlast styrk gagnvart framkvæmdavaldinu. Það væri ekki rétt að fara þá leið, sem mér hefur oft sýnst að farin væri, að þm. yrðu beinir þátttakendur í framkvæmd mála. Að sjálfsögðu er þarna erfitt að skilja á milli og þarna er ekkert eitt endilega rétt. En ég setti fram þessar skoðanir mínar löngu áður en Bandalag jafnaðarmanna var stofnað og þær koma mjög skýrt fram í grg. með þessu frv. og málflutningi þeim sem ég hafði þar uppi. Ég hef ekki breytt um skoðun og mér hefur fundist þessi skoðun eiga vaxandi fylgi að fagna hér á Alþingi.

Ég vil því mótmæla því að ég sé andvígur því að þm. taki þátt í þessum málum og vinni að þeim. Ég tel það reyndar mjög eðlilegt og nauðsynlegt að sjávarútvegsnefndir þingsins, eins og ýmsar aðrar nefndir, geri miklu meira af því að kalla fyrir sig aðila í sjávarútvegi og vinna að athugun á ýmsum málum, ekki aðeins í tengslum við þingmál heldur í þessum málum almennt. Ég er hins vegar efins um að það beri að koma á föstum þingmannanefndum í einstökum málaflokkum í miklum mæli. Þar ræður nokkru um að nefndir þingsins eru oft á tíðum illa búnar til að takast á við slík verkefni vegna þess að þær hafa engan starfsmann. Ég er sannfærður um að það væri mjög til bóta að nefndirnar hefðu á að skipa starfskröftum til aðstoðar í hinum ýmsu málum. Skortur á starfsliði er áreiðanlega ástæðan fyrir því að þingnefndir hafa oft og einatt ekki geta sinnt málum eins og skyldi.

Hins vegar get ég ekki fallist á að mæla með till. sem er flutt á þeirri forsendu eins og hér segir að „gert sé ráð fyrir sérstöku átaki vegna togaraútgerðarinnar þar sem stjórnvöld hafa ekki bent á leiðir í þeim efnum. Því er eðlilegt að Alþingi taki það mál sérstaklega í sínar hendur". Það er e. t. v. eðlilegt að stjórnarandstaða og stjórnarandstöðuþm. hafi þær skoðanir að ekkert hafi í þessum málum verið gert og þess vegna sé það eina rétta að þeir taki það sérstaklega í sínar hendur. Ég skil þessa setningu þannig. Og mönnum finnst það afar undarlegt að ég skuli ekki taka undir þetta. Ég er ekki þeirrar skoðunar að ekkert hafi verið í þessum málum gert. Og ég get ekki séð að meiri skipulagsbreytingar hafi verið gerðar á styttri tíma í íslenskum sjávarútvegi við afar erfiðar aðstæður. Ég hef aldrei haldið því fram að þar sé allt í lagi. Það er eitt af því sem hv. þm. Svavar Gestsson hafði rangt eftir mér. Ég hef aldrei haldið því fram. Ég hef alltaf sagt að sjávarútvegurinn eigi við mjög mikla erfiðleika að etja og muni eiga við þessa erfiðleika að etja næstu árin.

Svo að vikið sé að einstökum fyrirspurnum, sem hér hafa komið fram, þá sagði hv. þm. að menn héldu því fram að þeir kjarasamningar sem nú væri verið að gera yrðu tilefni ráðstafana. Það er nú svo að sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem stendur undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og tekjur sjávarútvegsins eru undir því komnar hvaða söluverð fæst fyrir afurðir okkar á erlendum mörkuðum. Og þær hækkanir sem verða í þjóðfélaginu lenda í verulegum mæli á lokastigi á sjávarútvegi. Þess vegna hefur það verið mín skoðun mjög lengi að það væri grundvallaratriðið til að rétta sjávarútveginn við að komast út úr þeirri verðbólgu sem við höfum búið við. Ég veit að hv. 3. þm. Reykv. er mér ekki sammála í þessum efnum. Hann telur það mikilvægara að halda við verðtryggingarkerfi sem viðheldur verðbólgunni. Ég man það vel að við ræddum þessi mál mjög ítarlega um áramótin 1980—1981 og komumst að þeirri niðurstöðu þegar við störfuðum saman, ég sem stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. sem hann sat í, að rétt væri að rjúfa þennan vítahring. Og við gerðum það í nokkrum mæli veturinn 1982. Við héldum því fram að þessu bæri að halda áfram. Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að það ætti ekki að gera. Ég man ekki betur en hann teldi það raunverulega miklu mikilvægara að halda við þessu kerfi og síðan væri nauðsynlegt að fiskverð hækkaði ekki til samræmis við það, þannig að sjávarútvegurinn gæti rétt sinn hlut gagnvart öðrum atvinnugreinum og öðrum þáttum í þjóðfélaginu. En þennan tekjuskiptingarvanda hafa menn alltaf verið að glíma við og hann hefur orðið til þess ásamt mörgu öðru að vegur sjávarútvegsins hefur ekki verið nægilega mikill og ég taldi það algert grundvallaratriði að út úr þessari verðbólguþróun verði komist. Ég taldi það svo mikilvægt að betra væri að sjávarútvegurinn byggi við einhvern hallarekstur um tíma, þrátt fyrir afar erfið skilyrði, ef það mætti verða til þess að við kæmumst út úr verðbólgunni í von um það að við ættum betri tíð í vændum á næstu árum. Mér eru það því afar mikil vonbrigði að sú niðurstaða skuli nú liggja fyrir að menn vilji hækka laun langt umfram getu þessa atvinnuvegar eins og hún er í dag. Það er mikið áhyggjuefni og mun ekki færa þjóðinni kjarabætur. Við vitum það af langri og biturri reynslu að slíkar prósentuhækkanir færa okkur ekki aukna velsæld.

Það tekur hins vegar áreiðanlega alllangan tíma að við komumst út úr þeim miklu erfiðleikum sem við

höfum átt við að glíma á undanförnum árum, þ. á m. þeim hugsunarhætti sem hefur verið ríkjandi meðal þjóðarinnar. Sjálfsagt þurfa menn að sætta sig við að það taki alllangan tíma. Ég hef að vísu alltaf verið þeirrar skoðunar að menn yrðu að gera það.

Varðandi vextina vil ég svara fyrirspurn hv. þm. þannig, að þær ráðstafanir sem gerðar voru í sumar voru m. a. gerðar til að tryggja sjávarútveginum fjármagn til þess að hann gæti breytt skuldum sínum í lengri lán. Bankarnir töldu ekkert slíkt fjármagn vera fyrir hendi. Það þyrfti að taka að láni erlendis. Ráðstafanir voru gerðar sem áttu að tryggja það að meira fjármagn kæmi inn í bankana til að þessi nýju lán ykju ekki þenslu í þjóðfélaginu. Þetta er að sjálfsögðu allt saman umdeilanlegt. Þeir háu vextir sem nú eru við lýði eru að mínu mati komnir úr böndum. Sá aðili sem á að hafa eftirlit með því að slíkt gerist ekki, Seðlabanki Íslands, hefur ekki sinnt þessari eftirlitsskyldu í nægilegum mæli. Það er hins vegar ljóst að vextir sjávarútvegsins, t. d. í Fiskveiðasjóði, eru mun lægri en þessir vextir. Afurðalánavextir eru núna bundnir við erlend lán, sem eru mun lægri en oft hefur áður verið. En að sjálfsögðu ber þá sjávarútvegurinn þá gengisáhættu sem því fylgir. Einnig var það skuldbreytingalán sem tekið var í japönskum jenum fremur hagstætt.

Vegna þess hvað við erum háðir erlendu fjármagni verðum við að sætta okkur við að borga þessa vexti. Ríkisstjórn, hvort sem hv. þm. Svavar Gestsson situr í henni eða einhver annar, getur ekki ráðið vöxtunum á alþjóðapeningamarkaðnum. Þó að hann vilji gjarnan stjórna ýmsu með fyrirskipunum, eins og hann orðaði það hér, að best væri að stjórna þjóðfélaginu með margvíslegum fyrirskipunum úr ráðherrastólunum, og sýnir það hvernig hann vill gjarnan beita sínu valdi, þá getur hann ekki gefið alþjóðapeningamarkaðnum fyrirskipanir. Ég trúi því vart að þeir auðjöfrar sem þar stjórna muni hlýða honum í einu og öllu. Það er ekki eins einfalt og hv. þm. vill vera láta að koma þessum málum í höfn með fyrirskipunum.

Hv. þm. sagði hér að þessi ríkisstjórn gerði sér sérstaklega far um að hlaða undir verslunina. Það eru hans orð. Hann hefur verið viðskrh. Ég hef að vísu aldrei heyrt mjög hástemmdar þakkarræður af hálfu kaupmanna fyrir frammistöðu hans þar. En það er mér minnisstætt frá þeim dögum þegar ég var nýlega kominn á þing og fór í ferð hér um borgina, ég held í boði Kaupmannasamtakanna og Verslunarráðs, við fórum allir nm. í fjh.- og viðskn., að þá sagði sá sem þar var í forsvari að hann þakkaði fyrrverandi viðskrh., alveg sérstaklega viðskrh. Alþb. sem var, hvað hann hefði staðið sig vel fyrir þeirra hönd og það væri nú einhver munur ef hann væri í forsvari í dag.

Ég tel að oft hafi verið of mikið hlaðið undir verslunina og ég veit að margur í þeirri stétt hefur of mikið milli handanna í dag. En ekki ætla ég að dæma um það hver staðið hefur sig best í að hlaða þar undir.

Að því er varðar t. d. skipafélögin þá voru í gildi verðlagsákvæði um þau í tíð síðustu ríkisstjórnar. Skipafélögin voru undir verðlagseftirliti. Samt hækkuðu fragtir skipafélaganna, bæði þá og í tíð ríkisstjórnarinnar þar á undan, afar mikið. Þannig að þótt í valdastólum sitji ráðherrar sem geta beitt fyrirskipunum leiðir það ekki alltaf til þess að verðlag og kostnaður lækki mikið í landinu.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þessa till. fleiri orð. Þó að ég sé ekki sammála till. vil ég á engan hátt draga úr því að þm. beri að leggja alúð við þessi mál. Og ég tel mig hafa, a. m. k. að sumu leyti, sýnt að ég vilji hafa við þingið góða samvinnu í þeim efnum. Mörg mál munu áreiðanlega koma fyrir þingið sem verða þess valdandi að nauðsynlegt er að kafa ofan í margt af því sem hér er nefnt. Það mun þá verða gert í viðkomandi n. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að skipa sérstaka þingmannanefnd í þessi mál með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. (**Gripið fram í:** Hvernig er með olíulækkunina?) Já, það er sama spurningin og hv. þm. Svavar Gestsson spurði hér um. (Gripið fram í.) Ég skal reyna að svara þessum spurningum báðum.

Í fyrsta lagi varðandi olíuna, þá er það alveg rétt að ákveðið var í sumar að greiða úr ríkissjóði sérstaka greiðslu til að lækka reksturskostnað skipanna. Þessi greiðsla var hlutfall af aflaverðmæti. Deila má um hvort það skuli gert með þessum hætti eða sem beina niðurgreiðslu á olíu. Það var gert til þriggja mánaða og þá gert ráð fyrir því, eins og hér kom fram réttilega hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að það mundi liggja fyrir endurskoðun á olíuverðlagi. Sú endurskoðun liggur ekki fyrir og fyrir því eru þær ástæður að hún hefur reynst mikið verk eins og oft vill verða í slíkum endurskoðunum. Þar á meðal er um það að ræða að breyta verðjöfnunarkerfinu. Það liggur fyrir að olían sem fer á fiskiskipin ber að miklu leyti aðra verðjöfnun í landinu og aðilum finnst það ekki sanngjarnt að það leggjist sérstaklega á fiskiskipaflotann. Þá eru inni í olíuverðlagningunni þættir eins og landsútsvar, hafnar- og uppskipunargjöld, án þess að mikill kostnaður sé þar á móti, sem þykir óeðlilegt að lagt sé á olíuna.

Ég vænti þess að þessar tillögur liggi fyrir hið fyrsta. En þessi dráttur verður til þess að sú ákvörðun að greiða þessa uppbót í þrjá mánuði kemur til endurskoðunar, þ. e. hvort hún skuli framlengd. Ég vil taka það fram að ekkert fjármagn hefur verið tryggt til þess og engin ákvörðun um það tekin. Þetta mál verður óhjákvæmilega að útkljá núna alveg á næstunni. En þetta er greitt með uppbót af afla eftir á, þannig að það er ekki orðið alveg brýnt þessa dagana þó að auðvitað hefði verið æskilegt að það hefði legið fyrir nú þegar. Þessi endurskoðun hefur seinkað og það ber að harma, en fyrir því eru fullgildar ástæður.

Í öðru lagi varðandi Ríkismat sjávarafurða, þá hef ég ekki á takteinum tölur um kostnað þar. Það er verið að vinna að því að fækka þar starfsliði. Maður frá fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur unnið að þeim málum nú um langt skeið og m. a. þess vegna lágu fjárlagatillögur þessarar stofnunar ekki fyrir þegar fjárlög voru sett fram. En mér hefur verið sagt að þetta starf sé nú á lokastigi og þá mun það að sjálfsögðu koma fram við afgreiðslu og meðferð fjárlaganna. Ég vænti þess að þær upplýsingar verði þá sem gleggstar. En ég hef því miður ekki tölur á takteinum nú sem stendur.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls um þetta mál, en ég sá mig tilknúinn að koma hér í ræðustól þó ekki væri nema til að leiðrétta þann misskilning sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. Ég vil kalla það misskilning en ekki rógburð að rugla saman einhverju einfaldasta atriði í

málefnagrundvelli BJ og þokukenndri pólitík Framsfl.

Sú þingnefnd sem hér er lagt til að sett verði á laggirnar er sjálfsagður hlutur. Hún er sjálfsögð bæði í því ástandi sem nú ríkir og hún er líka sjálfsögð út frá hlutverkaskiptingu löggjafarvalds og framkvæmdavalds.

Hæstv. sjútvrh. kom hér í stól og lýsti tillögum sem hann hafði lagt fram á þingi fyrir nokkrum þingum síðan, þar sem greinilega kom fram að skilningur hans á aðskilnaði framkvæmdavalds og löggjafarvalds hafði, a. m. k. á þeim tíma, verið mjög ámóta og skilningur BJ eða skilningur minn. En skilningur hans nú á dögum á því hvernig skuli starfa að því að kanna og leysa vanda sjávarútvegsins virðist vera orðinn þó nokkuð annar ef skoðaðar eru þær hugmyndir hans að setja á laggirnar nefnd þar sem starfi saman annars vegar fulltrúar þingnefnda og hins vegar fulltrúar framkvæmdavalds og úr atvinnulífi. Því að þar er náttúrlega verið að rugla saman reytum framkvæmdavalds, atvinnulífs og löggjafarvalds með eins rækilegum hætti og hægt er að hugsa sér.

Sú þingnefnd sem hv. þm. Alþb. leggja til að mynduð verði er að mínu mati fullkomlega eðlileg. Hennar hlutverk er að leggja fram gögn og tillögur og að því loknu takist menn hér á Alþingi á um lausnir. Ég er ekkert viss um að hugmyndir mínar um lausnir fari saman við hugmyndir hv. 3. þm. Reykv. eða annarra, en þykir þó nauðsynlegt að lýsa því hér að ég styð þessa till. Auðvitað er það skiljanlegt að hv. 3. þm. Reykv. verði þessi misskilningur á því að í alræði öreiganna er náttúrlega ekki gert ráð fyrir þeim aðskilnaði löggjafarvalds og framkvæmdavalds sem BJ hefur verið að reyna að berjast fyrir.

Menn hafa talað hér mjög mikið um ábyrgð og nauðsyn afskipta ríkisvalds af þeim vanda sem nú er hér fyrir dyrum og nefnt til ýmis dæmi þar sem vandanum er lýst. Nú er það auðvitað þannig að ábyrgðin af þessum vanda getur aldrei endanlega eingöngu hvílt á ríkisvaldinu. Hún hlýtur að einhverju leyti að dreifast á alla þátttakendur þessa vandamáls. Flokkarnir hafa á undanförnum árum og áratugum kappkostað að tengja eða flækja saman sína hagsmuni og hagsmuni þessarar atvinnugreinar, einkum og sér í lagi vegna þess að þetta er svo mikilvæg atvinnugrein í okkar þjóðlífi. En afskipti þeirra af þessari atvinnugrein hafa, ef þróunin er skoðuð, leitt til þess glundroða og ömurlega ástands sem við búum við nú.

Við getum þó ekki hafnað því algjörlega að þeir einstaklingar eða félög sem að þessari starfsemi standa beri sjálf að einhverju leyti ábyrgð á því hvernig ástandið er orðið. Auðvitað hafa hin síauknu afskipti flokka og ríkisvalds gert þessa aðila hægt og sígandi nánast ábyrgðarlausa á sinni eigin afkomu. Samt sem áður er ekki hægt að bera á borð fyrir okkur dæmi eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan um lántökur í *ameríska dollurum og beinlínis horfa fram hjá því að* þeir einstaklingar sem að slíkri lántöku standa hefðu ekkert getað gert á þessum tíma til þess að bæta þar um. Ríkisvaldið hefði auðvitað getað gert eitthvað, t. d. að skrá gengið rétt. Ef gengið væri skráð núna rétt væri staða þessara aðila ekki eins slæm og hún er í dag. En þeir eiga þess náttúrlega kost, ef áhugi er fyrir hendi og framtak, að breyta svona láni. Lánamarkaður er þannig í dag að hægt er að færa lán frá einum aðila yfir til annars og bæta þar að sumu leyti kjör sín. Eins er það með flutningskostnað sem nefndur var hér og talað um að ríkisvaldið eigi að hlutast til um að bæta úr eða breyta. Auðvitað eiga útgerðaraðilar kost á því að semja við þá aðila sem flytja framleiðslu þeirra til útlanda. Það sýnir sig glöggt núna, þegar allt í einu, eftir áratuga hefð með öðru móti, er farið að bjóða út þennan flutning. Sama gildir náttúrlega um aðra kostnaðarliði, eins og umbúðakostnað o. fl. Og við vitum líka að ef gengið væri skráð rétt ættu fyrirtækin a. m. k. þau sem sæmilega standa, auðveldara með að þola þær launahækkanir sem þau eiga í vændum.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um félagslega leið til úrbóta eftir að hafa lýst leið fjármagnsins, eins og hann kallaði það. En félagslega leiðin fólst reyndar í því að safna fjármagni til þess að greiða götu þeirra sem verst eru staddir í útgerð og fiskvinnslu í dag, til að tryggja, eins og hann sagði, afkomu sjávarútvegs á þeim stöðum þar sem hann stendur illa.

Það má kannske að lokum spyrja með tilliti til hugsanlegra afskipta ríkisvalds af þessum málum eða öðrum, hvort ekki kæmi til greina að nota þá fjármuni sem þannig söfnuðust til að skapa aðra og þá e. t. v. tryggari atvinnu á þeim stöðum sem verst eru farnir í dag.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég óska eftir að hæstv. sjútvrh. sé í salnum, annars þjónar ræða mín engum tilgangi. (**Forseti:** Það skal tekið fram að upplýst er að hæstv. sjútvrh. er í fréttaviðtali hér í húsinu og er upptekinn í bili.) Hann hlýtur að gera hlé á því, enda er hann hér kominn. (**Forseti:** Hér kemur hæstv. ráðh.)

Herra forseti. Ég kom hér í fyrsta lagi upp til að segja að ég harma mjög að ég skildi ekki umbeðið svar hæstv. sjútvrh. í sambandi við olíumálið og óska því eftir að hann endurtaki það svar hér á eftir í nokkuð skýrara máli en hann lýsti því áðan.

Ég skil heldur ekki alveg hvers vegna hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. eru svo varkár í aðgerðum þegar um er að ræða einn aðalatvinnuveg þjóðarinnar. Vissulega segir hér að endurskoðun á verðlagningu á olíu og endurgreiðslu olíuskatta til fiskiskipa skuli fara fram fyrir 1. nóv. Allt er það gott og blessað, en því miður hefur það ekki verið gert. En ríkisstj. hefur verið öldungis ófeimin að gera aðrar aðgerðir mjög snemma á valdatíma sínum og án þess að gera þyrfti nokkra endurskoðun.

Og skal nú getið þess helsta. Ríkisstj. þurfti ekki langa endurskoðun til þess að afnema skatt af vaxtatekjum. Vaxtaokrið hefur auðvitað blómstrað síðan. Ríkisstj. þurfti ekki mikla endurskoðun til þess að hækka frádrátt til skatts til eignamanna um 57%. Ríkisstj. þurfti ekki langa endurskoðun til að lækka eignarskatta um 20% að raunvirði. Að ógleymdum ótal öðrum frádráttarheimildum til fyrirtækja af öllu tagi. *Arðskattur fyrirtækja var t. d. lækkaður um 23%.*

Menn eru auðvitað misvarkárir í ríkisstj. en ég held að meiri ástæða hefði verið til að vera nokkru djarfari við aðgerðir sem varða sjávarútveginn heldur en kaupmannastéttina og gróðaöflin í landinu, enda sjáum við nú hér árangurinn. Og er þó satt að segja vandræðalegt að vitna í annað eins og hér segir frá í Dagblaðinu í dag. Hér er fyrirsögn, með leyfi forseta: „Stórfyrirtæki stálu íslenska útvarpsfélaginu." Og hverjir skyldu það

hafa verið sem stálu íslenska útvarpsfélaginu. Ég les hér, með leyfi forseta:

„Hulduherinn svonefndi eða stuðningshópur Alberts Guðmundssonar“ — til upplýsingar er það hæstv. fjmrh. — „skrifaði sig fyrir um 16% hlutafjár. Fyrir hans hönd var Þorvaldur Mawby, tengdasonur Alberts, í framboði við stjórnarkjörið, en hann náði ekki kosningu.“

Það eru þessir eignamenn, sem hæstv. fjmrh. hefur verið svo hugulsamur við, sem eru að stela atvinnuvegum þjóðarinnar. Þarna liggja peningarnir. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því að ef þm. leggur áherslu á að hæstv. sjútvrh. svari einhverju í ræðu hennar, þá væri mjög þýðingarmikið að hún lyki því af sem hún þarf að eiga orðaskipti við ráðh. um því að hann þarf eftir nokkrar mínútur að hverfa vegna starfa sinna af þingi.)

Herra forseti. Ég skal að fullu virða það, enda hafði ég nær lokið máli mínu. Mér þótti aðeins rétt að benda hæstv. sjútvrh. á þá einföldu staðreynd hvar peningarnir í þjóðfélaginu eru komnir. En í sambandi við þá spurningu sem ég bar hér fram og skal hlífa hv. þm. við ræðu, þá verð ég enn að endurtaka það að ég skildi ekki það sem hann sagði, og það skal tekið fram að ég spurði tvo aðra þm., sem eru hógværari menn en ég, og þeir skildu svörin ekki heldur.

(**Forseti:** Það skal tekið fram að það er ekki ætlunin af hálfu forseta að stytta mál hv. 10. landsk. þm. Hv. 10. landsk. þm. getur haldið áfram tali sínu hér á eftir þegar hæstv. ráðh. hefur talað. Hann tekur nú til máls.)

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal reyna að endurtaka það í mjög stuttu máli sem ég sagði. Mér þykir leitt ef það varð ekki skilið. Ég gat um það að þessari endurskoðun átti að ljúka fyrir 1. nóv. Henni er enn ekki lokið. Hins vegar lagði hæstv. viðskrh. fram skýrslu um þetta mál á ríkisstjórnarfundi í morgun og ég vænti þess að þessari endurskoðun muni ljúka nú alveg á næstunni. Ég sagði jafnframt að ákvörðunin um þriggja mánaða greiðslu hefði verið tekin til að skapa svigrúm fyrir þessari endurskoðun og útgerðin fengi þessar uppbætur á meðan. En vegna þess að endurskoðuninni er ekki lokið og þessar greiðslur eru raunverulega runnar út, þá þarf að taka ákvörðun um framhald þeirra þangað til niðurstaða liggur fyrir um endurskoðun á olíuverði.

Ég get því miður ekkert annað um þetta sagt, en vænti þess að þetta sé nægilega skýrt til að það skiljist, jafnvel þótt vera kunni að það sé ekki fullnægjandi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég ætlaði að fara nokkrum orðum um það sem hæstv. sjútvrh. nefndi hér áðan, en ég geri enga tilraun til að teppa ráðh. hér vegna þess að hann er bundinn í öðru. Ég vona að hann virði mér það þó til vorkunnar að ég svari engu að síður nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hans til þess að það sé bókað í þingtíðindi.

Eitt aðalatriðið í máli hæstv. ráðh. var það að hann væri á móti tillögu okkar Alþb.-manna vegna þess að honum líkuðu ekki forsendurnar í grg. En það er mikill misskilningur að það sé tillaga Alþb. að þingið samþykki grg. Það er ekki nein tillaga uppi um það hér, heldur er einungis gert ráð fyrir því að till. sem slík verði samþykkt. Það liggja hér ýmsar ágætar tillögur fyrir þinginu sem maður gæti út af fyrir sig hugsað sér að samþykkja þó að í grg. sé eitt og annað sem maður á ákaflega erfitt með að fallast á. Mér fannst líka að í seinni ræðunni drægi hæstv. ráðh. nokkuð í land í þessu efni og viðurkenndi að till. væri út af fyrir sig góð, en forsendurnar slæmar. Þegar málið kemur næst hér til meðferðar, sem verður vonandi fljótt eftir meðferð atvmn., verður það auðvitað bara tillögugreinin sem verður til afgreiðslu. Þess vegna geri ég ráð fyrir því að hún fái stuðning hæstv. ráðh. samkvæmt þeim orðum sem hann lét falla hér áðan.

Varðandi þau atriði sem hann nefndi vildi ég sérstaklega svara þessu: Hæstv. ráðh. hélt því fram að Alþb. hefði verið sérstaklega áhugasamt um það að halda við verðbólgu, við hefðum verið á móti því að gera nokkuð til að keyra niður verðbólguna. Þetta er rangt. Vandinn var hins vegar sá, að í síðustu ríkisstjórn vildi Framsfl. ekki lækka verðbólguna nema með því að lækka kaupið. Það var auðvitað forsenda sem við gátum ekki gengið inn á og þess vegna urðu átök innan þeirrar stjórnar um það, ekki hvort, heldur hvernig ætti að ná verðbólgunni niður. Síðan fékk Framsfl. bandamann sem dugði vel í þessu efni. Það var íhaldið sem var tilbúið að keyra verðbólguna niður með því einu að lækka kaupið eins og kunnugt er.

Varðandi þróunina í þessu efni undanfarin ár og það sem hv. þm. Valdimar Indriðason nefndi vil ég aðeins halda því hér til haga að ég kannast ekki við það að sjútvrh. eða viðskrh. Framsfl. hafi flutt eina einustu tillögu í fráfarandi ríkisstjórn um að bæta þann vanda sjávarútvegsins sem nú er sérstaklega við að glíma. Ég man aldrei eftir slíkri tillögu. Þvert á móti ýttum við, sem vorum með þeim í umræddri ríkisstjórn, iðulega á ýmsa þætti, en það tókst ekki vegna þess að það var lítill áhugi, sérstaklega í viðskrn., á því að koma til móts við það sem við vorum að gera tillögur um.

Ég tel nauðsynlegt að hafa það í huga, þegar menn eru að líta til fortíðarinnar, hverjir fóru með sjútvrn. og viðskrn. á síðustu árum og að þeir voru gjörsamlega tillögulausir í sambandi við þau vandamál sjávarútvegsins sem við stöndum núna frammi fyrir.

Einnig kom fram hjá hæstv. ráðh. hin gamla aðferð þeirra framsóknarmanna að kenna Seðlabankanum um stöðuna núna. Seðlabankinn hefði í raun og veru brugðist eftirlitsskyldu sinni í sambandi við vextina. En hvað gerðist nákvæmlega? Ríkisstjórnin samþykkti að gefa vaxtaskráninguna frjálsa í hendur viðskiptabankanna. Það var það sem þarna gerðist. Seðlabankinn átti að vísu að hafa þarna eitthvert eftirlitshlutverk. En það var erfitt fyrir hann að sinna því eftirlitshlutverki, eins og t. d. hv. þm. Stefán Benediktsson hefur bent á á opinberum vettvangi, það var erfitt fyrir Seðlabankann að sinna því eftirlitshlutverki á sama tíma og ríkisstj. hafði ákveðið að svipta Seðlabankann sínum eftirlitsskyldum. Í ákvörðunum ríkisstj. í vaxtamálum í sumar stangaðist því hvað á annars horn. Ég held þess vegna að það sé alveg fráleitt að ætla sér að skjóta sér á bak við Seðlabankann í þessu efni. Staðreyndin er hin. Ríkisstj. ætlaði að taka þessa miklu ákvörðun um frjálsa vexti, mesta framfaraspor í sögu þjóðarinnar í 25 ár. Þannig var Seðlabankinn tekinn út úr myndinni í raun og veru og viðskiptabönkunum afhent þetta með þeim afleiðingum sem menn sjá.

Hæstv. sjútvrh. rökstyður sitt sjónarmið með því að það hafi orðið að hækka vextina til að fá meira peningamagn inn í bankann. Ætli það hafi nú skilað

árangri? Menn sjá tölur um innlánsaukningu bankanna og sjá náttúrlega að þar hefur ekkert lagast. Ég held að ríkisstj. verði að átta sig vel á því að sú mikla hækkun vaxta sem orðið hefur dregur peninga út úr atvinnulífinu yfir í eitthvað annað. Það er kjarni málsins. Það er verið að rífa fjármuni út úr atvinnulífinu og leggja þá í alls konar hluti eins og verðbréf og gull og hvað eina, sem verið er að fjárfesta í núna á hinum svokallaða „frjálsa peningamarkaði". Þessi ákvörðun um hina frjálsu vexti svokölluðu, á sama tíma og það er bara eftirspurn eftir fjármagni en ekki framboð, gengur ekki upp. Hún sogar fjármunina út úr bönkunum út á hinn svokallaða frjálsa peningamarkað, sem hét okur þegar ég var að alast upp hér í bæ fyrr á árum.

Ég hefði margt viljað segja fleira í framhaldi af ræðu hæstv. sjútvrh. M. a. þótti mér fróðlegt það sem hann sagði um viðskipti mín við Kaupmannasamtökin. Það var ansi athyglisvert og að þeir hefðu alveg sérstaklega saknað mín úr rn. (**VI:** Maður hefur heyrt þetta.) Maður hefur heyrt þetta, segir hv. þm. Valdimar Indriðason. En það er auðvitað þannig með kaupmennina að þegar fólk hefur kaup, þá geta þeir selt. Og það er e. t. v. það atriði sem einhverjir þeirra hafa áttað sig á, að þegar þær ríkisstjórnir voru við völd sem Alþb. var aðili að, þá höfðu menn kaupmátt sem menn hafa ekki nú. (**Gripið fram í:** Menn höfðu verðbólgugróða, hv. þm.) Skattalögum var breytt til þess að taka af þeim þennan verðbólgugróða eins og kunnugt er, m. a. almennum skattalögum, og lagður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það er því alveg ljóst að það var mjög saumað að þessum aðilum í tíð fráfarandi ríkisstj., enda voru þá í gildi verðlagsákvæði sem núna er búið að afnema. Þessir aðilar geta hækkað sína vöru og þjónustu eins og þeim sýnist.

Að lokum vil ég biðja Bandalag jafnaðarmanna velvirðingar á því að hafa ruglað þeim saman við Framsfl. En það var að gefnu tilefni.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Vegna þess að hæstv. sjútvrh. virtist hér áðan reisa andstöðu sína við þessa till. fyrst og fremst á ákveðnum setningum í grg. með till., en tók að öðru leyti ekki sérstaklega afstöðu til hennar efnislega nema þá á þann hátt að telja flutning hennar óþarfan í flestum greinum, þá vil ég sem 1. flm. lýsa þeim skilningi mínum yfir á þeim setningum í grg. sem hæstv. ráðh. vitnaði til, að við höldum því þar að sjálfsögðu ekki fram að ekkert hafi verið gert í neinum tilfellum í þessum málum, heldur höldum við hinu fram, að þær ráðstafanir og þær leiðir sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. hafa fram að þessu verið að reyna að feta sig til úrlausnar á þessum vandamálum dugi ekki til. Þær ráðstafanir gangi of skammt og þær leiðir séu ekki færar til úrlausnar á þessum miklu vandamálum.

Ég bendi á það að ef andstaða hæstv. ráðh. við till. er fyrst og fremst af þessum toga, þá er auðvelt mál að mínu mati í nefnd að breyta því þannig að við getum allir sameinast um að standa að henni, ef menn eru á annað borð sammála um að þörfin á slíkri vinnu sé fyrir hendi og að rétt sé að hv. Alþingi taki á því máli með þessum hætti. Það er í raun og veru það sem málið snýst fyrst og fremst um. Ef menn eru þeirrar skoðunar að hér sé þörf á að taka til hendi og að réttlætanlegt sé að Alþingi geri það sjálft með þessum hætti, þá ætti ekkert að verða því til fyrirstöðu að menn nái saman um breytingar á orðalagi í grg.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka þær umr. og eftir atvikum undirtektir sem þessi till. hefur hér fengið. Margir hv. þm. hafa lýst efnislegum stuðningi við innihald till. Að lokum legg ég á það höfuðáherslu að hv. atvmn., sem ég legg til að fái till. til meðferðar að lokinni þessari umr., hraði störfum vegna þess að úrlausn ýmissa þeirra vandamála sem hér er fjallað um þolir alls enga bið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskifélag Íslands, þáltill. 22. mál (þskj. 22). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég tel í raun að till. sú, sem ég leyfi mér hér að mæla fyrir, þurfi ekki langra skýringa við. Þetta er till. á þskj. 22 til þál. um að hætta þátttöku í starfsemi Fiskifélags Íslands. Eins og ég segi tel ég ekki ástæðu til að skýra markmið hennar nema þá í fáum orðum, en áður en ég sný mér að því vildi ég leyfa mér að fjalla örlítið um þá skoðun sem till. þessi og aðrar tillögur, tólf að tölu til viðbótar, sem ég hef leyft mér að bera fram, byggjast á.

Greinargerðir allra þessara tillagna eru sem næst samhljóða, þ. e. að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins eða þátttöku sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti. Hér mundi ég þá vilja leyfa mér að gera nánari grein fyrir þeim orðum sem notuð eru til þess að lýsa ástæðum tillögugerðarinnar.

Það er þá fyrst þar sem talað er um starfsemi ríkisins eða þátttöku. Ég er þeirrar skoðunar að fremsta hlutverk ríkisvaldsins sé að tryggja frelsi og réttlæti þannig að hvorugt geti án annars verið. Réttlætinu tel ég best þjónað með því að allar aðgerðir okkar miði að því að hámarka velferð hinna verst settu í þjóðfélaginu. Kjör manna verða aldrei jöfn, en kjaramunur er réttlætanlegur ef kjaramununrinn stuðlar að betri hag þeirra sem við lægri kjör búa. Þetta er hægt og þetta er að nokkru leyti iðkað í dag þó að framkvæmd þess sé oft handahófskennd eða þokuleg. Flestir munu sammála mér um að eðlilegt sé að ríkið starfi að þeim málum sem tryggja fólki öryggi án tillits til kjara á vissum sviðum. Hér á ég við öryggi í heilbrigðismálum, öryggi í húsnæðismálum, öryggi í menntun og öryggi í afkomu.

Nú búum við í dag við efnahagslegan glundroða hér á landi. Sá óréttláti kjaramunur, sem nú ríkir, er afleiðing þessa glundroða og glundroðinn er verk stjórnvalda. Atvinnuvegir með 1100 ára aðlögunartíma ramba enn óstyrkum fótum eins og kornabörn. Það væri auðvelt að takast á við þennan vanda ef hægt væri að draga þá til ábyrgðar sem valdir eru að þessum glundroða. En afskipti ríkisvaldsins og þátttaka í atvinnulífi er það víðtæk að ríkisvaldið getur ekki skotið sér undan því að það ber mesta ábyrgð allra þátttakenda á því glundroðaástandi sem við búum við í dag. Ef það er hlutverk ríkisins fremur öðru að gæta réttlætis, þá getur það ekki gerst með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru. Handahófskennd þátttaka ríkisins í atvinnulífi ásamt vinnubrögðum hugmyndasnauðra kerfiskarla í efnahagslífi leiða til ábyrgðarleysis allra þátttakenda. Það er

ekki hægt að krefjast ábyrgðar af einstaklingum ef ríkið gengur á undan með ábyrgðarlausu fordæmi. Eitt afskaplega skýrt dæmi þessa ábyrgðarleysis er nýlegt og fyrir augum okkar í dag. Það er dæmi um þátttöku ríkisins í atvinnulífi.

Hér suður með sjó er risið fyrirtæki sem kallast Sjóefnavinnslan, öðru nafni saltverksmiðjan. Til þessarar verksmiðju hafa verið lagðir fjármunir að upphæð 264 millj. kr. Að mestu leyti er þetta fé fengið að láni. Aðalhluthafi í fyrirtækinu, yfir 90%, er ríkið og aðalábyrgðaraðili fyrir þessum lánum, sem öll eru erlend, er ríkið. Það kemur núna í ljós öllum að óvörum, þrátt fyrir viðvörunarorð á fyrri tímum, að þessi verksmiðja getur ekki staðið undir sér. Það voru reyndar allir búnir að segja. Varan sem hér á að framleiða er svo ódýr að það er ekki nokkur leið að framleiða hana ódýrar hér á Íslandi. Þvert á móti verður framleiðsla hennar miklu dýrari en ef um innflutning væri að ræða. Horfum til þess að nýlega var verið að semja við starfsmenn ríkisins í samningum fjmrn. við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Sá samningur mun koma til með að kosta ríkið, að því er fróðir menn segja, um 400 millj. kr. 60% af þeirri launahækkun eru falin og týnd í þessari verksmiðju. Ef menn hefðu látið þetta vera hefðu þeir verið 60% nær því að standa undir þessum aukna launakostnaði sem flestum viðsemjendum í hópi starfsmanna ríkisins þykir trúlega ekki nóg. Hver er ábyrgur fyrir þessari ákvörðun? Hver er ábyrgur fyrir þátttöku og hlutverki ríkisins við stofnun þessarar verksmiðju?

Ég veit að hægt er að kalla menn hér upp í stól og skamma þá og hægt er að kjósa aðra í alþingiskosningum í þeirri von að þeir geri betur, en það flökrar að manni að það sé bara alls ekki nóg. Svona framferði ætti nánast að varða við lög, að hægt sé að fara með fjármuni almennings með þessum hætti og almenningur eigi ekki nokkra vörn í þessu máli aðra en að kjósa einhverja aðra kerfiskarla yfir sig og þá hugsanlega alveg jafnvonda.

Breyttir atvinnuhættir, tækni og viðkiptahættir eiga hér líka hlut að máli þegar þessi tillöguhugmynd mín kemur fram því að þeir gera það að verkum að þær röksemdir sem notaðar hafa verið í gegnum tíðina til að réttlæta þá starfsemi á vegum ríkisins, sem hér er lagt til að lögð verði niður, eru ekki gildar lengur. Það er þarflaust að ríkið sé að dreifa kröftum sínum með þeim hætti sem nú er. Það er meira en þarflaust, það er hreint og beint vitlaust, því að sá litli árangur sem kann að nást á einhverju sviði er étinn upp á öðru sviði og oft og tíðum með jafnógnvænlegum hætti og það dæmi lýsir sem ég nefndi hér áðan.

Þessi dreifing krafta miðar að vexti báknsins, stækkun kerfisins, vaxandi miðstýringu. Þessi miðstýring eykur ekki frelsi einstaklinga né heildar og stuðlar ekki að réttlæti til handa einstaklingum eða heild. Þessi starfsemi er annað hvort eða hvort tveggja í senn óþörf eða óhagkvæm. Í engu þessara 13 tilfella er hægt að sanna að þessi starfsemi skili meiru fyrir þjóðfélagið en ef hún væri í höndum einstaklinga.

Herra forseti. Fiskifélag Íslands er gamalt félag. Fiskifélag Íslands var framtak einstaklinga sem höfðu áhuga á því að stuðla að framförum í íslenskum sjávarútvegi. Fiskifélag Íslands er frumkvöðull að ýmiss konar rannsóknastarfsemi í sjávarútvegi, bæði í veiðum og vinnslu. M. a. má segja að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eigi sín upptök hjá Fiskifélagi Íslands. Fiskifélag Íslands er nú í dag á framfæri hins opinbera. Það má auðvitað segja að þeir fjármunir sem til Fiskifélagsins renna séu hvorki stórir né miklir að vöxtum. Skv. fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir því að tæplega 15 millj. renni til Fiskifélagsins og að Fiskifélagið skili tæplega 1 millj. til baka aftur af þeim, þannig að endanlega er hér um tæplega 14 millj. kr. útgjöld fyrir ríkið að ræða. En þetta eru 14 millj. sem ríkið getur alveg látið vera að eyða. Ef menn hafa áhuga á því að halda áfram hlutverki og starfi Fiskifélags Íslands geta þeir áhugamenn sem það vilja gert það án atbeina ríkisvaldsins og það geta þeir miklu frekar í dag en fyrir tæplega 60 árum þegar Fiskifélagið var stofnað. Í þessu felst einfaldlega till. mín, að ríkið hætti þátttöku í útgerð Fiskifélags Íslands vegna þess að það verður ekki séð að af þeirri þátttöku leiði neinn beinan ávinning fyrir almannaheill eða einstaklinga í voru þjóðfélagi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Fréttaritari Ríkisútvarpsins í Kaupmannahöfn skýrði frá því í fréttauka í gær að skv. fréttamati þarlendra manna, vegna tíðinda sem bárust handan um Atlantshafið af verkalli opinberra starfsmanna, hefði það þótt merkilegast að uppi hafi verið áætlanir um valdarán í höfuðborg Íslands í þessu verkfalli. Sem og þótti það skv. þarlendu fréttamati merkilegt að kennarar hefðu ákveðið að yfirtaka Ríkisútvarpið, leggja það undir sig, eins og byltingarmenn byrja gjarnan, til þess að útvarpa þaðan kröfum sínum og tilkynningum. Illa mun hafa gengið að leiðrétta það við blöð og fréttastofnanir á Norðurlöndum að þetta muni nú ekki hafa verið tilfellið, vegna þess að þetta þóttu svo spennandi fréttir og merkar. Þannig er það nú með mat fréttamanna.

Í tilefni af þessu máli, sem hér liggur fyrir, hefur því verið hampað og það komið fram í blöðum og ég hef ályktað það af umfjöllun þess meðal fjölmiðlamanna að skv. fréttamati þeirra þykir þeim fréttamönnum þetta vera eitt almerkasta mál sem lagt hefur verið fram á Alþingi Íslendinga til þessa, ef ekki endilega hið merkasta í þingsögunni. Þetta segir kannske meira, eins og þeir orða það stundum Bandalagsmenn, þetta segir kannske meira um fréttamat fréttamanna en um málið sjálft.

Hvers vegna finnst fréttamönnum þetta vera svona afburða merkilegt mál? Ég get náttúrlega engan veginn lagt þeim nein orð í munn. Vera kann að það komi fréttamönnum eitthvað á óvart að flokkur sem kennir sig við jafnaðarstefnu leggi fram tillögur um afnám ríkisstofnana í tylftartali. Ef það væri tilfellið sýnir það kannske fyrst og fremst að fréttamenn fylgjast ekki [illegible] vel með. Ég skal taka það fram, áður en [illegible] haldið, að ég er eiginlega ekkert að setja út á þá hugsun sem fram kemur í till. og í framsögu hv. frsm. M. ö. o.: það er ekkert óeðlilegt við það að taka til endurskoðunar löggjöf, sem sett var einhvern tíma fyrir áratugum, við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður, um að settar skyldu á stofn ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki til að gegna hinum og þessum störfum. Það er ekkert athugavert við það. Og þarf engan veginn að hrapa að þeirri ályktun að það sé enginn munur á hv. flm. Stefáni Benediktssyni, svona út frá hugmyndafræðinni, og annáluðum fréttamanni með mjög merkilegt fréttamat, Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, sem kom mjög við

sögu verkfallsdagana. Ég gæti ímyndað mér að báðir yrðu þessir menn sammála um að þetta væri skynsamlegt mál, og kannske merkasta mál á þessu þingi. Það þarf ekki endilega að vera á sömu forsendum — og þó. Í máli flm. kom fram í mjög stuttorðri og knappri greinargerð að till. væri flutt vegna þess að breyttir atvinnuhættir réttlættu ekki lengur þessa starfsemi, m. ö. o. að þessum störfum eða þessu hlutverki í efnahagslífi væri hægt að sinna með betri og hagkvæmari hætti, skattgreiðendum að kostnaðarlausu, væntanlega með því að færa þessa starfsemi í hendur einkaaðila. Það kemur ekki fram í grg. hvort það á aðeins við í þessu tilviki, þ. e. að því er varðar þessi 13 mál, eða hvort flm. er þeirrar skoðunar að þetta muni kannske eiga almennt við. Það er ein af þeim spurningum sem mig mundi langa til að beina til hv. flm.

Hvers vegna bara Fiskifélag Íslands eða þátttöku ríkisins í rekstri þess? Hvers vegna bara tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og síðan upp að telja? Hvers vegna bara þessi fyrirtæki, þessar stofnanir, en ekki ótalmargar aðrar?

Út af fyrir sig dugir hugmyndafræðin ein sér ekki til þess að svara þessum spurningum. Menn geta verið þeirrar skoðunar yfirleitt að það sé mikil sólund, bruðl og annað spandelsi í ríkiskerfinu yfirleitt. Menn geta verið þeirrar skoðunar að embættismenn í þjónustu ríkisins séu ekki best til þess fallnir að reka framleiðslustarfsemi eða þjónustu sem hugsanlega ætti að geta staðið undir sér. Og menn geta verið þeirrar skoðunar að samkeppni einkaaðila á markaði skili bestum árangri fyrir neytendur, leiði að lokum til lágmörkunar á kostnaði, vegna þess að kostnaður í einkarekstri skiptir máli, leiðir til sparnaðar, hagkvæmni. Þegar þessi kenning er sett fram í sinni hreinræktuðustu mynd, kallast hún frjálshyggja. Og það er til siðs hjá vinstrimönnum að fordæma þessa skoðun almennt út frá einhverjum hugmyndafræðilegum forsendum. Þar af álykta menn líka oft að þarna sé víglínan dregin í pólitískri baráttu: Vinstrimenn séu ríkisforsjármenn, vinstrimenn vilji auka sem mest ríkisgeirann, rekstur og þjónustu á vegum ríkisins. En það sé hins vegar hægrimennska að gæta hagsmuna neytenda og skattgreiðenda og benda á rök af því tagi að sum starfsemi sé betur komin í höndum einkaaðila, að markaðurinn gegni ákveðnu hlutverki og meira að segja mjög þýðingarmiklu hlutverki fyrir almenning, launþega, neytendur o. s. frv. Út frá þessari framsetningu málanna er meira að segja hefðbundin pólitík og hefðbundin skipting í hægri og vinstri rekin. Og ef menn vilja spyrja um hverjir hafi rétt skilríki upp á vasann um kórréttar skoðanir leita menn fyrst og fremst einmitt til svona framsetningar.

Nú virðist mér augljóst mál að flm. þessarar till., hv. þm. Stefán Benediktsson, sé ekki þessarar skoðunar. Það er augljóst mál að hann, a. m. k. að því er varðar þessar skoðanir, tekur undir málflutning sem í opinberri umræðu hér á landi og víðar er kennd við hina örgustu hægrimennsku — markaðshyggju, sem boðberum þeirrar skoðunar þóknast að kenna við frjálshyggju, en er út af fyrir sig hugtakabrengl. Ég held að eigi að heita markaðshyggja, það er það.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég tek það fram að ég er lítill ríkisforsjármaður sjálfur. Ég gæti þess vegna tekið undir röksemdir flm. af þessu tagi í mjög mörgum tilvikum. Þó ekki væri nema bara af hagkvæmnissjónarmiðum. Allir menn ættu nú orðið að þekkja tilhneigingar ríkisbákns, skriffinnskuveldis, til þess að þengjast út. Flestir menn, sem eitthvað kynnast opinberum rekstri, kannast bæði við Parkinson og Péturslögmál. Og þó ekki væri nema út frá hreinum hagnýtum sjónarmiðum væri hægt að fallast á slíka röksemdafærslu. Það er æskilegt að í umræðum um þessi mál stigi menn upp úr skotgröfunum og hætti að hefja á loft ævagamla stimpla og merkimiða vegna þess að það er augljóst mál að sú gamla rökræða er full af þversögnum. Sá flokkur sem vill vera valddreifingarflokkur, sá flokkur sem telur sig vera fyrst og fremst málsvara almennra launþega, þarf ekki af þeim sökum að vera ríkissósíalistaflokkur í hefðbundnum stíl. Og sú skoðun að það séu ákveðnir hlutir sem eru betur komnir fyrir launþega, neytendur og allan almenning í höndum einkaaðila, vegna þess að þeir nýta betur framleiðsluþætti, þar er kostnaði betur haldið í skefjum, þar er verði betur stillt í hóf, m. a. fyrir áhrif samkeppni, — það eru fullgild sjónarmið í þágu launþega. Og það er algerlega ástæðulaust fyrir menn sem kenna sig við jafnaðarstefnu eða vinstristefnu að afsala sér slíku til einhverra gróðahyggjumanna eða láta flækja sig í vitlausum og úreltum röksemdum ríkisforsjár. Þetta er allt saman gott og blessað og af hinu góða.

Engu að síður er ég ekki alveg sáttur við þetta mál. Ég hefði kosið að hv. flm. hefði lagt ögn meiri vinnu í þetta mál og þá á ég fyrst og fremst við þetta. Hér er lögð fram þáltill., þrettánföld, þar sem hv. þm., 1/60 partur löggjafarvaldsins, skorar á hæstv. ríkisstj. hægri aflanna að framfylgja þessari hugsjón og stefnu Bandalags jafnaðarmanna. Látum nú vera að ályktunin er sett fram á málfari einhverra kerfiskarla, sem er náttúrlega alveg gersamlega ósamboðið svo ungum og ferskum þingflokki, sbr. orðalagið „að annast framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til". Þetta heitir á íslensku: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins." Látum nú vera með þennan kerfiskarla kansellístíl. Þetta er ábending til viðvörunar, að menn mega ekki verða samdauna kansellíinu svo fljótt að þeir fari að tala og hugsa á máli kansellíkarla.

En ég hefði viljað sjá miklu frekar þann framgangsmáta að hv. þm. hefði flutt frv. til l. um að lög, sem á bak við þessar stofnanir eru og í krafti hverra þær starfa, yrðu numin úr gildi og þá með ákveðnum aðlögunartíma. Þetta er algeng aðferð í löggjafarstarfi nú til dags, þ. e. að flytja brtt. um lög sem kveða á um sólarlagsákvæði. Einhvern umþóftunartíma þarf. Ég held að þetta hefði verið miklu réttari leið en leggja þetta í vald ríkisstj. Sér í lagi held ég að þetta hefði verið meira í samræmi við yfirlýsta skoðun þeirra þm. Bandalags jafnaðarmanna, sem er sú að leggja mikla áherslu á löggjafarþáttinn í starfi alþm. Þeir hafa öðrum fremur haft á orði að þeir litu svo á að löggjafarstarfið sé aðalþátturinn í starfi þm. Þeir hafa jafnvel gengið svo langt að leggja fram þáltill. þar sem hv. þm., sem á sínum tíma mætti ekki til þings og viðhafði þau orð að hann nennti ekki að verða hér messagutti á Alþingi, og taldi sig geta haft meiri áhrif á stjórnmálabaráttu í landinu utan þingsala en innan, skyldi víkja af þingi. Því held ég að það væri ekki nema eðlilegt að þeir hinir sömu, sem þessar skoðanir hafa, legðu á sig ögn meiri vinnu í

löggjafarstarfinu með því að flytja slíkt frv. og láta því frv. fylgja ítarlega greinargerð, lið fyrir lið, um hvert einstakt mál. Við erum allavega að tala hér um atvinnu eitthvað um 300 einstaklinga eða svo taldist mér til við fljótlegan yfirlestur á árlegri skrá yfir starfsmenn ríkisins. Að vísu voru ekki heimildir um einar tvær af þessum stofnunum, en þær sem heimildir voru um höfðu 288 starfsmenn. Og ef þetta eru fyrirvinnur fjölskyldna er verið að tala um afkomu eitthvað um 1000 manns eða svo. Fjárhagslega séð, að því er varðar ríkisbúskapinn, er ekki verið að tala hér um stórar upphæðir. Sumar af þessum stofnunum eru reyndar ríkissjóði eða skattgreiðendum engin byrði, svo sem eins og t. d. Ferðaskrifstofa ríkisins eða Jarðboranir, vegna þess að þær selja sína þjónustu og afla tekna, þannig að nettóframlag ríkisins er ekkert, og má vera í sumum tilvikum að um einhvern hagnað sé að ræða. En þegar á heildina er litið, á stofnanirnar allar saman, er hér um að ræða 150 millj. Það er peningur líka, ekki segi ég það. En engu að síður er á það að líta að hér er um að ræða starf og lífibrauð umtalsverðs fjölda fólks og hér er um að ræða starfsemi sem ekki verður slegið föstu að liggi í augum uppi að megi bara leggja niður með einni handarhreyfingu, án þess að velta fyrir sér spurningu um hvað eigi að koma í staðinn, með hvaða hætti þetta eigi að gerast, — já, nákvæmlega hvernig ríkið eigi að losa sig hér við þessa hluti. Það hafa fleiri menn, og þá einkum stjórnarsinnar, haft á stefnuskrá sinni að selja ríkisfyrirtæki. Ég man ekki betur en það hafi komið fram að hæstv. fjmrh. hafi í sínu ráðuneyti látið útbúa 22 frv. til l. um sölu á ríkisfyrirtækjum. Ég man ekki betur en það hafi fengið heldur óblíðar viðtökur í ríkisstj. M. a. hafi hæstv. iðnrh. bent hæstv. fjmrh. á að hann væri fullfær um að annast málefni síns rn. sjálfur og þyrfti ekki milligöngu fjmrh. til. Niðurstaðan varð sú að fjmrh. hefur lítið orðið ágengt. Þeir litlu tilburðir sem hann hefur haft uppi í þessu efni hafa sætt alvarlegri gagnrýni vegna þess að hann hefur haft nánast engar viðmiðunarreglur sem hægt væri að sætta sig við um verðlagningu á þeim eignum ríkisins sem hér um ræðir. Þar er erfitt um að fást þegar ekki er vel starfandi verðbréfamarkaður í landinu þar sem hægt væri að meta þessar eignir til fjár á hlutafjármarkaði. Augljóst er af mörgum dæmum að það hefur nánast verið um að ræða gjöf fremur en sölu.

Þetta eru allt saman alvarleg mál fyrir löggjafarvaldið, fyrir þm. sem vill leggja áherslu á hlutverk sitt sem löggjafa og fyrir þm. sem vitað er að ber þrátt fyrir allt ekkert allt of mikið traust til hæstv. ráðh. núv. ríkisstj. Þó ekki væri nema vegna þess að hann hefur þegar flutt fram vantraust á þá ríkisstj. Þess vegna er þetta fyrst og fremst ábending um vinnubrögð. Hvers vegna ekki að leggja fram lagafrv. um þetta? Hvers vegna ekki að beita sólarlagsaðferðinni? Hvers vegna ekki að svara augljósum spurningum sem ég hygg að starfsmenn þessara stofnana vildu fá svör við, um hvaða aðlögunartími á að vera, hvenær þetta ætti að koma til framkvæmda? Hefur flm. hugsað til enda hvernig þeirri starfsemi verði haldið uppi með öðrum hætti, hvernig sala eigna eigi að fara fram o. s. frv.? Þarna hlýtur að vera um að ræða nauðsynlegan aðlögunartíma, því að ekki hvarflar það að mér að fyrir flm. vaki að þessum mönnum verði sagt upp störfum í skyndingu. Það er engan veginn ósennilegt að ef þessi starfsemi væri færð með skaplegum aðlögunartíma í hendur einkaaðila gæti hagsmunum starfsmanna verið ekki síður borgið í slíkum rekstri og miða ég þá bara við þekktar staðreyndir um kjör opinberra starfsmanna.

En hv. flm., hvers vegna bara þessi fyrirtæki og hvers vegna nákvæmlega þessi? Er þess að vænta að Bandalag jafnaðarmanna útfæri þessa stefnu sína í fleiri málum nú á þessu þingi, m. ö. o. þá stefnu að selja ríkisstofnanir, að koma starfsemi sem nú er í þjónustu ríkisins í hendur einkaaðila þar sem líklegt væri að hún skilaði meiri hagkvæmni, minni kostnaði og gæti orðið skattgreiðendum og launþegum og almenningi, þjóðinni allri, hagkvæmari?

Í tilefni af þessu máli renndi ég í gegnum núverandi fjárlagafrv. Það er eins og kunnugt er sett fram af hæstv. fjmrh. sem hafði hæst orð um nauðsyn þess að selja ríkisfyrirtæki. Það er sett fram af fjmrh. í nafni ríkisstj. sem hefur á stefnuskrá sinni að selja beri ríkisfyrirtæki. Af þessu hlýtur að mega ályktа að ríkisstj. og þingflokkur Bandalags jafnaðarmanna séu sammála í meginatriðum um þessa stefnu. Ég hygg að flutningur þessara mála hafi vakið upp spurningar í hugum margra, t. d. starfsmanna sem vinna hjá ríkisstofnunum, um hvort ekki sé þess að vænta að haldið verði áfram á þessari braut. Verða fluttar sams konar ályktunartillögur sem enga vinnu þarf að leggja í aðra en svo sem eins og hér er gert og er kannske minni vinna í lögð en sú margfræga húsmóðir sem skrifar stundum Velvakandabréf gerir öðru hverju?

En lítum á fleiri dæmi: Á að leggja niður fleiri ríkisstofnanir sem ætla má að skili meiri hagkvæmni í höndum annarra aðila? Hvað t. d. með stofnanir í skólakerfinu sem heita húsmæðraskólar? Eins og þm. er kunnugt er ráð fyrir því gert í starfi framhaldsskóla að þar séu sérstakar námsbrautir sem leiða til starfsréttinda í sambandi við matreiðslu, framreiðslu og hvers kyns slíka hluti. Aðstæður eru gerbreyttar að því er varðar húsmóðurstarf, atvinnuþátttöku eiginkvenna og kvenna í sambúð. Hvaða hlutverki gegna húsmæðraskólar nú? Það eru a. m. k. sjö húsmæðraskólar starfandi í landinu. Er þess að vænta að Bandalag jafnaðarmanna leggi fram tillögur um að þessi starfsemi verði lögð niður? Gilda ekki sömu rök um þetta? Breyttar þjóðfélagsaðstæður eru ein skýringin.

Þjóðfélagsaðstæður hafa náttúrlega gerbreyst frá því að héraðsskólar voru stofnaðir víða um land. Margir þeirra eru nú í leit að nemendum. Margir þeirra eru jafnvel í leit að nýju hlutverki. Þeir eru a. m. k. átta talsins. Það er að vísu mjög misjafnlega fyrir þeim komið að því er varðar aðsókn og annað slíkt. En engu að síður hefur á undanförnum árum komið í ljós að blómaskeiði þessara skóla virðist e. t. v. vera lokið, sumra hverra, og í öðrum tilvikum hafa verið uppi hugmyndir um að reyna að finna þeim nýtt hlutverk.

Úr því að við tölum um stofnun eins og Ríkismat sjávarafurða, hvað um mat á landbúnaðarafurðum? Er ekki þess að vænta að verði fluttar tillögur um að leggja það niður? Hvað um Veiðimálaskrifstofu? Hvers vegna á ríkið að reka einangrunarstöð holdanauta í Hrísey, með leyfi að spyrja, hv. þm.? Er þess að vænta að Bandalag jafnaðarmanna taki á því máli? Eins og komið er fyrir íslenskum landbúnaði, er ástæða til og forsenda fyrir því að reka tvo bændaskóla í landinu eða eru hagkvæmnisrök fyrir því að gera það aðeins á einum

stað? Hvað er að segja um hluti eins og Bifreiðaeftirlit ríkisins? Það hafa verið uppi hugmyndir um að það væri starfsemi sem vegna gerbreyttra aðstæðna í þjóðfélaginu ætti að breyta í grundvallaratriðum, jafnvel að færa að hluta til yfir á bifreiðaverkstæði í einkaeign. Er þess að vænta að það mál verði tekið upp í samvinnu Bandalags jafnaðarmanna, hæstv. fjmrh. og þeirra stjórnarsinna sem telja æskilegt að selja ríkisfyrirtæki og hafa það á stefnuskrá sinni? Hvað um stofnanir eins og eftirlitsstofnanir margs konar? Er ekki eðlilegt að fyrirtæki og atvinnuvegir, sem þessar stofnanir þjóna eða hafa eftirlit með, greiði sjálf kostnaðinn við það, alveg eins og ef það er ætlan flm. að því er varðar Ríkismat sjávarafurða?

Hvað um Hollustuvernd ríkisins? Hvað um lyfjanefnd ríkisins? Því ekki það alveg eins og Fasteignamat ríkisins, skipulagsstjórn og Ríkismat sjávarafurða? Skipaútgerð ríkisins er eitt af þessum málum, ef ég man rétt, herra forseti. Hvað um aðra stofnun, sem til er í fjárlögum, þessu tengd og heitir rekstrardeild ríkisskipa? Er það kannske ... (**Gripið fram í:** Það er búið að leggja það niður.) Það er búið að leggja það niður. Jæja, guð láti gott á vita. — Hvað um Siglingamálastofnun? Væri það ekki stofnun sem þá ætti að selja þjónustu sína og þeir aðilar sem njóta þeirrar þjónustu að standa straum af henni? Það er talað um Ferðaskrifstofu ríkisins sem að vísu er ekki byrði á skattgreiðendum af því að hún selur sína þjónustu. En hvað um Ferðamálaráð? Ætti ekki ferðaiðnaðurinn, sem er öflugur og vaxandi atvinnuvegur, að standa undir kostnaði af því? Hvað um Rafmagnseftirlit ríkisins? Hvað um tilraunastöðvar landbúnaðarins? Ég fann a. m. k. fjórar við fljótan lestur í fjárlögum. Væri ekki eðlilegt að landbúnaðurinn sem slíkur, bændur eða vinnslustöðvar landbúnaðarins, landbúnaðurinn sem atvinnuvegur, sæju um að bera kostnað af þessari starfsemi ef hún telst raunverulega nauðsynleg og skila landbúnaðinum umtalsverðum arði?

Úr því að talað er um starfsemi sem styðst kannske ekki við nein rök að ríkið reki og væri hagkvæmari í höndum annarra aðila: Af hverju er ríkið að reka fyrirtæki sem heitir Fóðuriðjan í Ólafsdal? Hvers vegna er ríkið að reka fyrirtæki sem heitir grænfóðurverksmiðja í Flatey eða laxeldisstöð í Kollafirði? Úr því að það er lagt til að ríki hætti að vera með fingurna í Síldarverksmiðjum ríkisins, hvers vegna þá þetta?

Það má lengi spyrja: Er það eðlilegur atvinnuvegur fyrir ríkið að stunda lyfjaverslun? Eru einhver sterkari rök fyrir því en að ríkið stundi verslun með áfengi og tóbak? Mörgum þykir það nánast óþolandi hneisa, óþolandi siðferðilegur blettur á ríkinu, ef menn eru þeirrar skoðunar að þetta séu vímuefni, mannskemmandi og heilsuskemmandi, að ríkið stundi þessa verslun, taki sér meira að segja einokun á því og réttlæti síðan þessa starfsemi með því að hún hafi af þessu mikinn gróða. Auðvitað er hægt að hugsa sér að koma því fyrir á annan veg, þ. e. þeir fjármálamenn eða viðskiptaaðilar sem hafa umboð fyrir innflutningi á þessum varningi og þiggja fyrir nánast enga þjónustu og enga fyrirhöfn og engan kostnað mjög álitleg umboðslaun í erlendum gjaldeyri, bera engan kostnað af innflutningi, tollafgreiðslu, lagerhaldi, dreifingu, sölu, markaðssetningu. Auðvitað væri hægt að hugsa sér annan hátt á. Ríkið gæti haldið öllum sínum tekjum með því að skattleggja þetta þegar í stað í innflutningi í tolli, en látið þessa gróðaaðila hins vegar hafa fyrir því sem til þarf til þess að flytja þetta inn. Þar með væri ríkisvaldið losað undan þeirri siðferðilegu smán sem í því á að vera fólgin að stunda þessa verslun.

Hvað með ríkisprentsmiðjuna Gutenberg? Er einhver nauðsyn, út frá röksemdafærslu hv. þm., að ríkið sé að reka prentsmiðju og keppa við einkaaðila í þeim efnum? Landssmiðjan er farin úr safninu. Það er helst hæstv. iðnrh. sem hefur hug og dug í að koma stefnumálum ríkisstj. og Bandalagsins í framkvæmd að þessu leyti. Það urðu geysilegar deilur um þvottahús ríkisspítalanna á sínum tíma, þótti takast heldur snautlega til um útboð í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Já, var það ekki?) En hvað með það? Er þess að vænta að þessi stassjón falli undir þessa skilgreiningu, þ. e. starfsemi á vegum ríkisins sem betur væri komin vegna hagkvæmni og breyttra atvinnuhátta í höndum einkaaðila? Hvað með Háskólabíó? Eru einhver rök fyrir því að Háskóli Íslands reki bíó og forstjóri þess reki síðan vídeóleigur? Mér sýnist alveg augljóst mál að þessi stofnun ætti að falla undir þetta. Hvað með Sölu varnarliðseigna? Með hvaða rökum er það að ríkið versli með „djönk" erlends setuliðs sem hér er í landinu? Fellur það ekki undir sama smánarblettinn? (**Gripið fram í:** Það er í stefnuskránni.) Er það í stefnuskránni? Þ. e. það er væntanlegt. Hvað með landshafnir? Hvernig stendur á því að ríkið rekur landshafnir sums staðar, á einum þremur stöðum á landinu. (Gripið fram í.) Í Þorlákshöfn, Keflavík/Njarðvík, Rifi. (**Gripið fram í:** Þær eru fjórar.) Og hver er sú fjórða hv. þm? (**Gripið fram í:** Þær eru þrjár.) Þær eru bara þrjár. Og síðan má spyrja að því, af því að þarna er nefnd framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins: Hvað með Innkaupastofnun ríkisins? (Gripið fram í.) Það er nefnilega það.

Þetta er lítill listi. Hann er engan veginn tæmandi. Þetta er listi upp á 99 stofnanir og fyrirtæki sem nú eru rekin á vegum ríkisins. Inni á þessum lista eru 12 þeirra sem hv. þm. hefur lagt til að verði lagðar fyrir róða. Ég hef bara talið upp sum, sleppt öðrum, og gæti afhent hv. þm. þennan lista. Þetta eru 87 fyrirtæki sem kæmu þá til álita skv. þessum grundvallarreglum til viðbótar. Ef við værum að ræða þáltill., þar sem ég mundi gera þá brtt. um orðalag, þ. e. fella út kansellímálið „að annast framkvæmd þeirra aðgerða", þá gæti sama grg. væntanlega dugað fyrir þeim öllum 87. Þá færi ég nú að skilja mat fréttamanna þess efnis að þetta væri orðið dálítið merkilegt mál. Víst er í mörgum tilvikum langur tími liðinn frá því að hugsjónamenn, einkum til vinstri, töldu brýna nauðsyn bera til, vegna ríkjandi þjóðfélagsaðstæðna, að þessum stofnunum yrði komið á fót og jafnvel ekki grunlaust um að sumir hefðu nú talið það vera í anda jafnaðarstefnu, vinstristefnu, sósíalisma eða guð má vita hvað, að slíkt yrði gert. En svona leikur tíminn okkur grátt, að það sem einu sinni þótti alveg bráðnauðsynlegt vegna ríkjandi aðstæðna þykir nú kannske með ærnum rökum alveg bráðnauðsynlegt að leggja af. Það sem hefur þá breyst eru aðstæðurnar fremur en innrætið eða lífsskoðanir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Ég lýsi mig reiðubúinn til að afhenda hv. flm. þennan lista og þætti mjög gaman að eiga við hann orðastað um frekari útvíkkun á þeim grundvallarreglum sem liggja til grundvallar þessum málflutningi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég get verið sammála grg. þeirri sem fylgir till., en það er ekki grg. sem á að samþykkja eða hafna. Grg. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti."

Hv. frsm. fór ekkert út í það hvernig haga skyldi starfsemi þeirri, sem fram fer hjá Fiskifélagi Íslands, á annan máta eða með hagkvæmari hætti. Aftur á móti virtist hann allt í einu hafa fundið rök fyrir þessari till. sinni í fréttum í Morgunblaðinu í dag eða í gær um saltvinnsluna á Reykjanesi. Rök flm. fyrir því að það skyldi leggja niður aðrar ríkisstofnanir voru þau að upp hefði komið að öll plön um saltvinnsluna á Reykjanesi hefðu verið röng og þar væri um stórkostlegan „skandal" að ræða sem raunverulega varðaði við lög, eins og hv. flm. orðaði það.

Það mætti kannske spjalla aðeins um saltvinnsluna, en mér finnst það dálítið einkennilegt að rökin fyrir þessari till. skuli vera sótt í það mál sem ég held að hafi ekki verið orðið að opinberu máli þegar hv. flm. lagði þessar tillögur sínar allar fram á hv. Alþingi. En aðeins í sambandi við saltvinnsluna, af því að ég get ekki borið á móti því að ég hef nokkurn áhuga fyrir því máli og er svolítið svekktur yfir þeirri skýrslu sem birtist í Morgunblaðinu í dag um það fyrirtæki, þá er óhætt að fullyrða að jafnvel þó að nú líti þannig út með saltvinnsluna á Reykjanesi að hún verði stórhallafyrirtæki hefur hún með tilvist sinni lækkað saltverð á Íslandi. Það mætti segja mér að saltverðið væri innan við 25% af því verði sem áður var vegna samkeppni og ótta við það að verið væri að bjóða nýja vöru hér á markaði. Dæmið um saltvinnsluna er því ekki alveg rétt. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að fara að halda því fram að það fyrirtæki eigi að halda áfram eða þar hafi ekki verið ýmsir gallar í útreikningi og ætla ekki í einu eða neinu að réttlæta þá uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað, bæði í sambandi við stjórnun framkvæmda og undirbúning verksins, en ég tel mjög vafasamt að taka til rökstuðnings fyrir þessu máli hér slíkt mál sem saltvinnslan á Reykjanesi er.

Ætlun flm. mun vera að leggja niður stofnanir og breyta til betri vegar svo að hægt verði að sinna málum á hagkvæmari hátt. Því væri fróðlegt að fara yfir þá starfsemi sem Fiskifélag Íslands er með.

Fiskifélag Íslands annast um allar aflaskýrslur, fylgist með því hve mikill afli berst á land á Íslandi og hefur t. d. um það mjög nákvæmar skýrslur. Að mörgu leyti byggist starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar nú á þeim skýrslum sem Fiskifélag Íslands hefur aflað í áraraðir. Þær skýrslur sem Fiskifélag Íslands hefur haldið og heldur enn þá eru öruggustu skýrslur sem við höfum um afla og fiskisókn á Íslandi. Er hagkvæmara að flytja þá skýrslugerð til annarrar stofnunar? Er kannske hagkvæmara að gera Hafrannsóknastofnunina dálítið stærri? Ég efast um það og ég er alveg á móti því. Ég tel að Fiskifélag Íslands hafi sinnt mjög góðu starfi og sinni og væri mjög vafasamt ef ætti að leggja niður starfsemi þess.

Alþingi hefur samþykkt að stjórna skuli fiskveiðum á Íslandi með aflakvóta, það sé ákveðinn afli á hvert skip. Þessi stjórnun fer að meginhluta til fram á vegum Fiskifélags Íslands vegna þess að þar eru til grundvallargögn til að vinna að þessu máli og allar skýrslur og upplýsingar fara í gegnum þessa stofnun. Á að færa þessa starfsemi inn í sjútvrn. og búa til nýtt bákn þar? Ég er ansi hræddur um að grg. færi þá að verka öfugt, það sé ekki verið að leita hagkvæmari hátta heldur leiði það til aukins kostnaðar.

Fiskifélag Íslands hefur í áraraðir annast útgáfu sjómannaalmanaks — gagns sem er nauðsynlegt og er skylda að sé um borð í hverju einasta skipi. Það hefur ekki þurft að greiða útgáfukostnað sérstaklega úr ríkissjóði, heldur hefur Fiskifélag Íslands selt þessa þjónustu sína. Hana hafa viðkomandi aðilar keypt. Er æskilegt að færa þessa þjónustu og þessa skyldufram-kvæmd yfir til annarra en Fiskifélags Íslands? Ég mótmæli því. Í þessu plaggi eru allsherjar upplýsingar fyrir sjófarendur, bæði um siglingaleiðir, reglugerðir og ýmsa aðra þætti, sem alveg nauðsynlegt er að séu í höndum hvers skipstjórnanda.

Til skamms tíma og væntanlega enn þá hefur Fiskifélag Íslands annast stjórnun, eftirlit og reikningshald fyrir Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins — tryggingastofnun sem hefur verið talin mjög nauðsynleg en hefur núna aðeins verið færð til hliðar í sambandi við þá stjórnun fiskveiða sem á sér stað. Ég tel alveg rangt að fara að búa til einhverja aðra nýja stofnun vegna þessa sjálfsagða og nauðsynlega þáttar í sambandi við sjávarútveg á Íslandi.

Það má áfram telja önnur smáverkefni, og mörg verkefni, sem Fiskifélag Íslands hefur tekið að sér fyrir opinbera aðila og félagasamtök sjávarútvegsins í áranna röð.

Fiskifélag Íslands er ein þeirra stofnana sem komið hefur verið upp sem nauðsynlegri samfélagsstofnun til að annast ákveðna þjónustu. Undarlegt er að það skuli nú koma á daginn að þeir sem telja sig vinstri menn, boða sig sem jafnaðarmenn, skuli leggja til að slík stofnun verði lögð niður. Ekki eru færð nein rök fyrir hvert þessi verkefni skuli fara, heldur að leggja beri starfsemi þessa niður og með þeim rökum að leita verði hagkvæmari leiða.

Fiskiþing mun hafa verið sett í dag eða gær og er svo sem ágætt að umr. um þessa till. eigi sér stað á hv. Alþingi á sama tíma og sú merka stofnun heldur þing. Fiskifélagið er ein af merkari stofnunum sem sjávarútvegurinn hefur haldið uppi. Fiskiþingið hefur verið — það er óhætt að segja það — að nokkru leyti frjáls samtök að öðru leyti en því að þingið hefur verið kostað af ríkinu. Fiskifélagið hefur kostað það að meginhluta. Ég held að íslenskir skattgreiðendur þurfi ekki að sjá eftir þeim peningum sem hafa farið til þess þinghalds. Undir flestum kringumstæðum eða oftast nær hafa tillögur Fiskiþings verið merkar tillögur og verið stefnumótandi fyrir sjávarútveg á Íslandi. Þær hafa vitaskuld valdið umræðum og deilum í þjóðfélaginu, en þaðan hafa oft og tíðum komið ábendingar um aðgerðir í sjávarútvegsmálum sem fylgt hefur verið.

Flokkur BJ og hv. frsm. halda því fram að nauðsynlegt sé að dreifa valdi. Ég sé ekki að tillaga um að leggja niður Fiskifélag Íslands hafi önnur áhrif en að takmarka vald. Þá væri verið að fella niður félagslega stofnun í þjóðfélaginu — félagslega stofnun sem hefur reynslu og

hefur af flestum verið viðurkennd sem mjög góður umræðuvettvangur í sambandi við íslenskan sjávarútveg.

Ég ætla ekki að fjalla um þær aðrar tillögur sem sami flutningsmaður flytur hér. Þær eru víst tólf. Ég hef heyrt nefnda þá tölu, en hef ekki talið þær sjálfur. Mér finnast þær flestar vera sama markinu brenndar og allar eru þær með samhljóða greinargerð sem hver og einn getur vitaskuld samþykkt. En þær eru flestar því marki brenndar að það er verið að leggja til að leggja niður félagslegar stofnanir sem byggðar hafa verið upp á undanförnum áratugum og eru grundvöllur þjóðskipulags okkar að meira eða minna leyti. (**StB:** Fasteignamat ríkisins.) Ja, ekki allar kannske. Fasteignamatið er nauðsynlegt að hafa innan stofnunar sem er ekki í einkarekstri. Ég nefni fyrst og fremst þætti eins og Fiskifélagið. Þegar slík stofnun flækist inn í þennan tólf tillagna hóp, þá hlýtur sú tillaga að brennimerkja hinar allar á þann veg að þær hljóti að ýmsu leyti að vera með svipuðum hætti. Það hlýtur að vera af vangá að flm. taka með stofnun eins og Fiskifélagið, nema þeir vilji þá leggja niður allar ríkisstofnanir eins og síðasti ræðumaður ræddi um áðan. Þá erum við komnir inn á frjálshyggju.

Mér finnst það ömurlegt hlutskipti BJ að standa fyrir því að leggja til við Alþingi að stofnanir á borð við Fiskifélag Íslands verði lagt niður. En ég mundi eindregið mælast til þess að afgreiðslu þessarar einu till. verði hraðað svo sem kostur er. Best væri að koma henni til nefndar í dag og ef hægt væri að hafa umræðu í nefnd á morgun, þannig að hægt væri að senda hana til umsagnar Fiskiþings.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að svara hv. 4. þm. Vesturl.

Ég dró ekkert jafnaðarmerki milli Fiskifélags Íslands og saltvinnslunnar. Það má ekki misskilja orð mín þannig. Ég dró jafnaðarmerki milli óhollra afskipta ríkisvalds af atvinnulífi og milli saltvinnslunnar. Fiskifélag Íslands er ekki ríkisstofnun. Fiskifélag Íslands er í raun sjálfstætt félag sem ríkið hefur hægt og sígandi gerst æ stærri aðili að, uns það er nánast að 95% á framfæri ríkisins. Ef fullyrðingar hv. 4. þm. Vesturl. eru réttar gæti það sannast, ef ríkið hætti þátttöku sinni í starfsemi Fiskifélagsins, að eftir sem áður þyrfti ríkið að einhverju leyti á þjónustu þess að halda. Þá er sanngjarnt að það kaupi þá þjónustu því verði sem hún verður seld. Ég legg áherslu á það, sem hv. 4. þm. Vesturl. benti á, að Fiskifélagið þjónar annars vegar opinberum aðilum og hins vegar félagasamtökum sjávarútvegsins. Og ég ætla ekkert að kasta neinni rýrð á starf Fiskifélagsins, hvorki að því sem viðvíkur skýrslugerð né útgáfustarfsemi eða öðru slíku, en það er eðlilegt að sú þjónusta þess sem ríkisstofnanir og ráðuneyti hafa þörf fyrir fari fram annaðhvort hjá ráðuneytinu sjálfu eða þá af hálfu Fiskifélagsins og sé seld því verði sem standi undir kostnaði við hana.

Aftur á móti get ég ekki orðið sammála hv. 4. þm. Vesturl. um að almenningur hafi stórfenglegt gagn af því að kosta Kristján Ragnarsson á Fiskiþing. Ég held það sé mjög erfitt að færa sönnur á það. (**Gripið fram í:** Ég held það kosti ekki neitt.) Það kosti ekki neitt? Fiskiþing hefur nú stundum verið haldið annars staðar en í Reykjavík, á Akureyri t. d. (**Gripið fram í:** Nei, það er bara LÍÚ.) Það er bara LÍÚ. Jæja. En geti menn ekki einu sinni kostað sig sjálfa í bæinn á Fiskiþing segir það náttúrlega sitt um ástand sjávarútvegsins, það þurfi ríkisstyrki til. Ég get ekki endilega séð að það réttlæti tilvist Fiskifélagsins út af fyrir sig. Ég held einfaldlega að ef ríkið hættir þátttökunni í þessu félagi komi í ljós hvort hagsmunaaðilar telja sig hafa einhvern ávinning af því að halda rekstri þess áfram og nota þjónustu þess, sem þeir hafa notið hingað til, og kosta hana sjálfir. Það sem er verið að leggja til er ekki merkilegra eða mikilfenglegra.

Menn skyldu athuga að þau fyrirtæki, sem hér er almennt lagt til að lögð verði niður, eru æðimisjöfn að eiginleikum og það kunna að vera fleiri rök fyrir því að leggja þau niður en eingöngu þau að hér sé ekki um nauðsynlega félagslega þjónustu að ræða. Ég nefni mismunandi dæmi. Annars vegar Jarðboranir ríkisins, sem hér voru nefndar, og svo hins vegar Fasteignamat ríkisins. Seinna verður nú komið að báðum þessum fyrirtækjum. Eiginleikar þessara fyrirtækja eru mjög ólíkir. En í báðum tilvikum er ekki hægt að færa nein rök fyrir því hvers vegna ríkið eigi endilega að fást við rekstur þessara fyrirtækja. Í öðru tilvikinu er um að ræða fyrirtæki sem hreint og beint er hægt að leggja niður, þ. e. Fasteignamatið, án þess að það sjái högg á vatni þar sem þjónusta þess er gjörsamlega ónauðsynleg. Þá þjónustu er hægt að fá með öðrum hætti, einfaldlega með því að nota aðra viðmiðunarstuðla en Fasteignamatið. Jarðboranir ríkisins eru aftur á móti fyrirtæki sem til verður nánast í ákveðinni atburðarás. Sjálfsagt og eðlilegt var á einhverjum ákveðnum tíma að koma þessu fyrirtæki upp til þess að annast ákveðnar rannsóknir, en í sjálfu sér mætti alveg eins kaupa þjónustu þess.

Hvað viðvíkur orðum hv. 5. þm. Reykv. langar mig til að fara fyrst yfir hans erindi í aðalatriðum. Þar bar kannske hæst ákveðna gagnrýni í minn garð um vinnubrögð. Áður en ég svara þeirri gagnrýni mætti ég kannske leyfa mér að gagnrýna hann á móti.

Hann taldi upp fjölda fyrirtækja sem hugsanlega hefði líka mátt leggja til að leggja niður. Það kom ekki fram í hans máli hvort hann vildi eða vildi ekki. Ég kalla það líka óvönduð vinnubrögð í málflutningi komi það ekki skýrt fram af hálfu þeirra hv. þm. sem hér tala hver þeirra skoðun er á þeim málum sem þeir eru að fjalla um.

Hann spurði: Hvers vegna bara þessar stofnanir? Hvers vegna ekki fleiri. Til að byrja með vil ég svara því að þessar till. hefðu að mínu mati mátt vera fleiri. Ég takmarkaði mig við þessar stofnanir. Það var hrein og bein ákvörðun. Það að þetta eru þáltill. en ekki frv. liggur einfaldlega í því að mér fannst eðlilegt að byrja á því að kanna vilja þm. og ríkisstjórnar til þessara hugmynda og fá fram þær skoðanir sem hér kunna að vera ríkjandi meðal þm. sem hér sitja á þessum málum. Í framhaldi af því mundi ég, ef þessi mál ekki næðu fram að ganga, leggja fram frv. Ég ætla mér ekki að láta þetta mál niður falla upp við Grænlands köldu kletta. Málflutningur af þessu tagi um þessi fyrirtæki og fleiri er því örugglega í vændum.

Enn vil ég líka minnast á það að hér er alls ekki í öllum tilfellum verið að tala um að sú þjónusta, sem hér skuli lögð niður, verði þar með almenningi kostnaðar-

laus. Ég er einfaldlega að tala um að greiðsla og samningar um þessa þjónustu fari fram með öðrum hætti þar sem hún er nauðsynleg.

Ég biðst afsökunar á kansellístílnum. Ég skal taka það til greina að reyna að bæta mig í þeim efnum.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi upp fjölda fyrirtækja. Til að byrja með ætla ég ekki að væna hann um að hann hafi sofið á seinasta þingi, en minna hann þó á að hann getur flett því upp í fjárlagaumræðunni að við í BJ lögðum til að margar af þeim stofnunum, sem hann þar nefndi, yrðu felldar út úr fjárlögum, en það náði ekki fram að ganga. Þessi málflutningur er því í ákveðnu sögulegu samhengi. Við erum að hnykkja á málum sem þegar voru til umræðu í fjárlagaumræðunni í fyrra. — Það mætti kannske segja um þessa umræðu alla að það sé leitt að hæstv. ríkisstj. skuli vera fjarverandi upphaf fjárlagaumræðunnar.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði: Hvers vegna Fasteignamat og hvers vegna ekki Hollustuvernd. Ég þarf vonandi ekki að fara út í skilgreiningar eða lýsingar á því að það er ákveðinn munur á Hollustuvernd ríkisins og Fasteignamati ríkisins hvað þjónustu við almenning snertir. Önnur stofnunin starfar að því að viðhalda ákveðnu öryggi hvað heilsu og hollustu snertir á meðan hin er að dingla við að gera eitthvað sem engin þörf er fyrir, þ. e. tilbúin þörf, og skiptir í engu öryggi landsmanna, hvorki hvað menntun, heilbrigði, húsnæði né annað snertir.

Ég veit ekki hvort þingheimur hefur tekið eftir því hversu margar af þeim stofnunum sem hv. 5. þm. Reykv. nefndi eru í vörslu eða undir yfirstjórn landbrn. Af því að í augnablikinu eru ekki neinir framsóknarmenn viðstaddir get ég viðurkennt það opinberlega að ég hef hugleitt alvarlega hvort ætti að leggja fram frv. um að leggja landbrn. niður. Menn hafa spurt mig þeirrar spurningar: Hvað er landbrn. að gera? Reyni ég að svara þeirri spurningu kemst ég óhjákvæmilega að þeirri niðurstöðu að landbrn. geri í raun og veru ekki neitt — ekki neitt sem gagn getur kallast.

Við lögðum til í fjárlagaumræðunni í fyrra að leggja niður Sölu varnarliðseigna. Eins og hv. 5. þm. var minntur á er það reyndar ákveðið stefnuskráratriði BJ.

Ég get ekki lagt Háskólabíó að jöfnu við þær stofnanir sem hér um ræðir. Háskólabíó er í vörslu stofnunar sem er í eigu ríkisins og Háskólinn reynir þar af veikum mætti að afla aukinna tekna. Stór hluti þeirra tekna, hvort sem um Háskólabíó eða happdrætti er að ræða, rennur beint í vasa ríkissjóðs. Við lögðum reyndar til í fjárlagaumr. í fyrra að þeirri skattheimtu yrði aflétt þannig að þetta skilaði einfaldlega meiri tekjum til Háskólans en það gerir í dag.

Í framhjáhlaupi, vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. sem er nú horfinn af vígvellinum, sýnist mér að sú einfalda hótun að setja upp saltverksmiðju hefði hugsanlega nægt til að lækka saltið. Það hefði ekki þurft að fara út í 264 millj. kostnað til að ná 25% lækkun saltverðs.

Er þetta markaðshyggja eða er þetta frjálshyggja? spurði hv. 5. þm. Reykv. Það er auðvelt að segja nei, þ. e. þetta er hvorki markaðshyggja né frjálshyggja. Markaðshyggja eða frjálshyggja er hugsunarháttur þar sem einnar og hálfrar aldar gamlar kenningar um nytjastefnu eru gerðar að nokkurs konar trúaratriði, þar sem ekki er spurt spurninga um réttlæti eða það sem menn mundu almennt kalla heilbrigða skynsemi. Markaðshyggjan eða frjálshyggjan hafnar t. d. nánast algerlega öllu því sem kallast gæti kristilegt siðferði. Hérna er eingöngu um það einfalda og ekki flóknara atriði að ræða en það að það verður einhvern veginn ekki sannað að mínu mati með nokkru móti að það skaðist nokkur aðili á því að leggja niður þá starfsemi sem hér er gerð tillaga um að hætta. Aftur á móti verður það fullyrt með nokkrum rétti, tel ég, að sé dregið úr umsvifum ríkisins, og þá á ég ekki endilega við umsvif þess í peningalegu tilliti, heldur einfaldlega stærð þess, gæti það hugsanlega leitt til þess að árangur af starfsemi ríkisins á öðrum sviðum gæti batnað þar sem menn þyrftu ekki að dreifa athygli sinni yfir jafnflókinn og margbrotinn rekstur.

Hv. 5. þm. Reykv. benti á að hérna væri um atvinnu u. þ. b. 300 manns að ræða og þar héngi trúlega afkoma u. þ. b. þúsund manns á spýtunni. Hérna er um u. þ. b. 150 millj. í ríkissbúskapnum að ræða. Það má benda á að þessar 150 millj. plús saltverksmiðjan samsvara í heild sinni útgjaldaaukningu ríkisins vegna samningsins við BSRB.

En þetta dæmi er ekki svona einfalt. Ég tel að ef þörf er á eða eftirspurn er eftir þeirri þjónustu sem þarna er rekin, — ég geri mér grein fyrir því að svo er það alls ekki í öllum tilvikum, það er engin eftirspurn eftir þjónustu Fasteignamatsins, — þá sé ekki um atvinnuöryggi 300 manns að ræða heldur miklu færri. Samt sem áður get ég ekki réttlætt að þessum stofnunum sé viðhaldið eingöngu vegna þess að þær eru atvinnuskapandi fyrir einhvern tiltekinn hóp manna.

Eins og ég sagði í upphafi var ekki algjörlega hægt að ráða það af orðum hv. 5. þm. Reykv. hvort hann vildi eða vildi ekki. Það fór ýmislegt í taugarnar á honum í sambandi við þennan tillöguflutning. Það voru vinnubrögðin, það var spurningin um það hvers vegna þessar stofnanir væru tilnefndar og ekki fleiri og þar fram eftir götunum. Hann lýsti því reyndar að í ákveðnum grundvallaratriðum væri hann hugsanlega ekki andsnúinn þessu eða jafnvel sammála þessum hugmyndum að einhverju leyti. En þó fannst mér skína í gegn einhver almennur pirringur. Ég get ekki alveg gert mér grein fyrir því vegna hvers þessi pirringur er til kominn. Ég minnist þess reyndar að einhvern tíma hafi það, hugsanlega fyrir tíð hv. 5. þm. Reykv., verið í lögum Alþfl. að menn skyldu stefna að því að öllu jöfnu að ráða flokksbræður sína í stöður hjá því opinbera. Þessi grein mun hafa verið felld úr lögum fyrir ekki löngu. Þá má kannske spyrja að því að lokum: Er þessi pirringur hugsanlega tengdur því að það séu í þessum stofnunum óvenjulega margir kratar? Ég hef ekki kannað það mál til hlítar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mig langar fyrst að lýsa þeirri skoðun minni að ég tek undir það, sem kom fram hérna í þessum stól áðan, að það er held ég til skaða að þessi umr. skuli fara hérna fram án þess að það sé nokkur úr ríkisstjórninni við vegna þess að þessi mál koma augljóslega mjög við umr. um fjárlög og hlutverk ríkisvaldsins. Við erum ekki að leika okkur. Þetta er umræða um grundvallaratriði. Ég vil þess vegna leggja til að þessari umr. verði frestað þangað til fleiri þm., og þá sérstaklega ráðherrar, geta verið viðstaddir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram

að sá ráðherra sem fer með mál þess félags sem hér er verið að ræða um vissi að þetta mál yrði tekið hér fyrir. Við höfum ekki í valdi okkar að fyrirskipa ráðherrum að vera við og við verðum að halda áfram umr. þó að ráðherra sé ekki við. Ráðherrar hafa ekki forsvar fyrir málum sem þm. bera fram.

Ég vil enn fremur taka það fram að þegar umr. hófust um þetta mál voru allmargir hér í þingsalnum og þannig hafa menn vitað um að þessi umræða færi fram.

Guðmundur Einarsson: Nú, þá skulum við halda áfram. Fyrst langar mig að víkja að ýmsu sem hefur til fallið varðandi frjálshyggju og önnur grundvallaratriði. Það er kannske meinið í hugsanagangi ýmissa þeirra sem gjarnan telja sig á vinstri vængnum að leggja að jöfnu stofnanir eins og skóla og sjúkrahús og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar. Skólar, sjúkrahús, elliheimili, dagvistarstofnanir og ýmsar slíkar varða milliliðalaust velferð og hamingju fólks í landinu, bæði sem heildar og sem einstaklinga. Við Bandalagsmenn höfum margoft lýst bæði í stuttu máli og löngu áherslum okkar á eflingu þeirrar þjónustu sem þar fer fram. Við höfum krafist þess, nú síðast t. d. við umr. sem fóru fram hér út af launamálum á þessu hausti, að í þessum málaflokkum sé varið réttlæti. Við höfum lagt áherslu á skyldu ríkisvaldsins til að sinna þessum efnum sem ég nefndi, t. d. skólamálum, sjúkrahúsmálum, elliheimilismálum, dagvistarstofnunum og ýmsu slíku. Þetta varðar sem sé velferð einstaklinga milliliðalaust, jöfnuð þeirra og réttlæti í þjóðfélaginu. En við teljum okkur alls ekki skylt að þessu gefnu að standa síðan jafndyggilega vörð um allar mögulegar og ómögulegar stofnanir í bænum sem gegna hinum ólíkustu hlutverkum misjafnlega vel og, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vék að í máli sínu hér fyrr í kvöld, eru frá ýmsum tíma og í mörgum tilfellum frá tíma þegar þeirri starfsemi varð ekki með góðu móti á annan hátt komið á fót.

Það er á þessum grunni sem við stöndum sem jafnaðarmenn. Þetta er dæmi um okkar jafnaðarmennsku. Við viljum gæta og verja velferð og hamingju fólksins í þessu landi, en við teljum það á hverjum tíma skyldu stjórnmálamanna að endurskoða þær aðferðir sem beitt er og við teljum að sú varðstaða um velferðina eigi ekki að ná til þeirra stofnana sem við höfum rætt um hér í kvöld. Starfsemi þeirra varðar ekki umræðu um grundvallaratriði í velferðarpólitík.

Mér þykir mjög miður að hv. þm. Skúli Alexandersson skuli vera farinn. Það kom ýmislegt fróðlegt fram í hans ræðu um Fiskifélag og Saltverksmiðju. Skemmtilegast þótti mér að hv. þm. Alþb., vinstri maðurinn og vörðurinn um öll kompaníin lýsti því yfir í byrjun síns máls hvernig kostir samkeppninnar hefðu valdið verulegri lækkun á saltverði. Ef þessi hugsunarháttur væri ríkjandi í meira mæli í ræðum og tillögusmíð á þeim bæ gæti vel verið að ýmislegt horfði til betri vegar.

Í upptalningu sem hv. þm. upphóf um starfsemi Fiskifélagsins kom ekkert fram sem ekki væri hægt að sinna á annan hátt en með sérstöku kompaníi utan um það eins og Fiskifélaginu. Það var nefnd skýrslugerð. Við höfum ýmsar stofnanir sem sjá um skýrslugerð, eins og Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Það var talað um úrvinnslu aflakvóta. Við höfum bæinn fullan af kompaníum sem eru með tölvur og alls kyns útbúnað til að vinna að slíku. Það var talað um sjómannaalmanak. Við erum með samtök sjómanna, við erum með samtök útvegsmanna, við erum með útgáfufélög og ýmsan rekstur sem mundi vafalaust ekki telja eftir sér að uppfylla þá þörf sem augljóslega er fyrir handbók af þessu tagi. Það má því óhikað velta fyrir sér hvort ástæða sé til að hafa þessa starfsemi í því formi sem Fiskifélagið er.

En það má líka taka hinn pólinn í hæðina og segja einfaldlega að þeir aðilar sem njóta þeirrar þjónustu beint sem Fiskifélagið veitir skuli meta hvort þeir vilja reka þessa starfsemi í sömu mynd eða einhverri breyttri mynd. Mér þótti þessi upplestur um Fiskifélagið því alls ekki sannfærandi. Sérstaklega slæmt þótti mér að ræðu hv. þm. skyldi ljúka með yfirlýsingum um að Fiskifélagið væri dæmi um félagslega stofnun sem væri hluti af grundvelli okkar lífs og okkar tilvistar sem þjóðar. Og þar er ég einmitt aftur kominn að því sem ég byrjaði á, þessum almennu atriðum, að það er kannske eitt bráðnauðsynlegasta verkefnið í íslenskri pólitík að menn skoði nú hug sinn um það hvort vera þurfi jafnaðarmerki milli sjúkrahúsa og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins eða Fiskifélags Íslands.

Svo mörg voru þau orð. Það kom ýmislegt ágætt fram í vinsamlegum orðum hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þar gætti að vísu ákveðinnar tvíhyggju að því leyti að lögð var áhersla á gagnrýni á framkvæmd, og helst virtist gagnrýnt að upptalningin hefði ekki verið algerlega tæmandi, þó að í aðra röndina virtist hv. þm. fylgjandi þeirri meginstefnu sem í þessum frv.-flutningi kemur fram. Maður veltir því helst fyrir sér hvort hv. þm. hafi fundist frv. súr. Það var vikið að orðalagi og það var viðvörun um að verða ekki samdauna kerfinu. Ég held að ég geti fyrir hönd okkar Bandalagsmanna meðtekið þessa viðvörun af fúsum og frjálsum hug frá fulltrúa þingflokks sem hefur þegar brennt sig.

Í öðru lagi var rætt um áherslu á löggjafarstarfið. Ég er alveg sammála því að á það ber að leggja mikla áherslu í starfi þm. Raunar tel ég að þar séu BJ og Alþfl. sammála. Það þarf auðvitað að velja þá aðferð sem hentar hverju sinni. Eins og hv. þm. Stefán Benediktsson benti á í sínu máli völdum við á síðasta þingi þá aðferð að flytja brtt. við fjárlög. Hún virðist greinilega ekki hafa verið nógu sterk því að enginn virðist hafa tekið eftir því að þar er í raun og veru opnuð þessi pólitíska askja sem við erum nú enn að opna fyrir þingheimi. Að þessu sinni var valin sú aðferð að flytja um þetta þáltill. Með því er beðið um að tekin sé „prinsip"-afstaða og síðan sé ríkisstjórn og hennar starfsfólki falið að framkvæma þær aðgerðir sem þarf. Þetta er því miður ekki einsdæmi um þá leið sem löggjafarfúsir þm. verða stundum í nauðvörn að fara. Það er öllum ljóst að aðstaða sú sem þm. og þingflokkar búa við veldur því að löggjafarstarfið hefur að verulegu leyti færst úr þeirra höndum þó þeir leitist kannske við með tillöguflutningi að halda þó enn þá að einhverju leyti um stjórnvölinn til þess að ráða stefnunni. Það er alveg rétt að deila má um hvort þessi aðferðin sé betri. Kannske kemur það í okkar hlut næsta haust, ef guð lofar, að flytja þessi mál í frv.-formi. Þá verðum við e. t. v. búnir að ganga þennan veg. En aðrir flokkar hafa því miður einnig þurft að beygja sig fyrir þessum staðreyndum hins daglega lífs okkar.

Það sem hv. þm. gerði mest mál úr var í raun og veru hvers vegna einungis þessi fyrirtæki eða þessar stofnanir væru teknar fyrir. Það er náttúrlega bara spurning um mat. Einhvers staðar verður að byrja. Og ég er ekki viss um að menn hefðu látið neitt betur yfir þessu máli þó að þeir hefðu fengið 98 þáltill. inn á borð sitt í byrjun þings.

Mér þótti hins vegar mjög vænt um að heyra að þessi tillöguflutningur hefur augljóslega vakið upp ýmsar mjög jákvæðar hugmyndir hjá hv. þm. Á þeim lista sem hann taldi upp eru stofnanir eins og Fóðuriðjan í Ólafsdal, Laxeldisstöðin í Kollafirði, Gutenberg, Háskólabíó og fleiri sem full ástæða er til að athuga gaumgæfilega hvort ekki eigi að sleppa taumum af. Ég dreg enga dul á það að ég tel að Laxeldisstöðin í Kollafirði sé t. d. löngu komin út fyrir sitt hlutverk. Það er þörf fyrir rekstur hennar sem rannsóknarstöðvar á Íslandi í fiskifræðum og fiskirækt. Hins vegar eru mörg ár síðan hún hætti að gegna því hlutverki svo vel væri, en tók upp fyrirtækjarekstur og selur seiði út um allt land.

Háskólabíó er líka umdeilanlegt að mínu mati sem gamals starfsmanns Háskólans. Það var mjög umdeilt á sínum tíma. Hins vegar vildi svo til einmitt um þetta leyti að Háskólinn átti peninga og það var ýmislegt í þjóðlífinu sem olli því á þeim tíma að fólk fór að sækja út fyrir heimili sín til að leita sér afþreyingar. Bíórekstur var um þær mundir verulega ábatasamur og þá hrapaði háskólaráð að því að byggja þetta bíó sem síðan í mörg, mörg ár var hinn versti og þyngsti baggi. Mjög margir starfsmenn skólans telja það, og með réttu, alls ekki hlutverk Háskóla Íslands að reka bíó, sem í þokkabót hentar síðan ekkert allt of vel til síns brúks.

Það var ágætt að fá þessar vísbendingar og leiðbeiningar og þar með ákveðna forvinnslu á því hvernig mætti útvíkka þessa hugmynd og þennan málarekstur. Við getum kannske fylgt því eftir einhvern tíma síðar. En það sem ég held að sé það mikilvægasta í þessari umr. og það sem veldur því að ég harma að hún skuli fara fram á þessum tíma, án þess að hv. þm. hafi séð ástæðu til að vera viðstaddir, er að hér er rætt um að ég tel grundvallaratriði í pólitík. Þær skoðanir sem hér hafa komið fram, þar sem sett eru jafnaðarmerki á milli reksturs skóla og sjúkrahúsa og reksturs stofnana eins og Innkaupastofnunar eða Jarðborana ríkisins, eru til sannindamerkis um það að þessi umr. á það skilið að fara fram aftur og á öðrum tíma dags.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég láta það koma skýrt fram að það hefur ekkert verið óeðlilegt að taka þetta mál á dagskrá þegar það var gert. Hins vegar hefur forseti eða einstakir þm. ekki vald til þess að fyrirskipa mönnum að hlýða á umr.

Það er ekkert óeðlilegt að umr. standi til kl. 7 eða jafnvel til 8, ef ekki er kvöldfundur. Og það er sérstök ástæða til þess að nýta þennan tíma sem við höfum í dag til umr. um þáltill. vegna þess að það líða tvær vikur án þess að við getum tekið þessi mál á dagskrá í Alþingi. Það er vegna þess að á næsta þriðjudegi verður 1. umr. fjárlaga og ekki annað. Það er vegna þess að næsta fimmtudag fer fram útvarpsumr. um vantraust á ríkisstj. Það verður ekkert annað til umr. í Sþ. Það er vegna þess að það er gert ráð fyrir að í næstu viku þar á eftir verði ekkert annað en fsp. á þriðjudag og á fimmtudaginn í þeirri viku verði stefnuræða forsrh. sem verður útvarpað.

Ég hygg að þegar þetta er haft í huga sjái menn að það er ekkert athugavert við það þó að við höfum haldið þessari umr. áfram á þessum fundi. Þetta er aðeins sagt að gefnu tilefni, en ekki í ásökunarskyni við einn eða neinn. Það er forseta jafnmikið áhyggjuefni og öðrum ef fáir eru á fundum. En við það verður ekki ráðið og það er ekkert óeðlilegt við þennan fund sem hér er nú.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Í tilefni af síðustu orðum forseta vil ég taka fram að orð mín voru alls ekki mælt í ávirðingarskyni við fundarstörf forseta. Ég ber til hans fyllsta traust og hef alltaf gert, en hins vegar lýsti ég áhyggjum mínum um hugarfar þm. og það pólitíska ástand sem lýsir sér í því að hér skuli vera rætt um verulega mikilvæg grundvallaratriði í íslenskum stjórnmálum án þess að þeir sjái ástæðu til að vera viðstaddir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. þm. hefur ítrekað lýst sínu sjónarmiði og forseti hefur ekkert við það að athuga.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er ekki við hæstv. forseta að sakast þótt hæstv. ráðherrar hafi ekki áhuga á stjórnmálum. Það er ekki við hæstv. forseta að sakast þótt hér séu hæstv. ráðherrar sem telja það smámál þótt lögð sé fram og rædd á Alþingi tillaga um að lögð sé niður ríkisstofnun sem heyrir undir embætti viðkomandi ráðh. Það er ekkert við forseta að sakast þótt hv. þm., utan fulltrúar tveggja þingflokka, hafi ekki áhuga á stjórnmálum, ekki á undirstöðuatriðum stjórnmála, ekki á aðalatriðum stjórnmála og nenni ekki að sitja á þingi að sínum skyldustörfum þegar slíkar umr. fara fram. Það er alls ekki við hæstv. forseta að sakast, heldur við hlutaðeigandi aðila.

Hv. flm., 8. þm. Reykv., sá ástæðu til þess að biðjast afsökunar á einu í sambandi við þetta mál. Það var á kansellístílnum og málfarinu. Eftir að hafa talað í annað skipti finnst mér endilega að hann hafi ástæðu til þess að koma aftur hingað upp í ræðustól og biðjast aftur afsökunar. Í þetta skipti fyrir ósannindi og rætni. Hann lauk nefnilega máli sínu með því að fara með þau ósannindi að það hafi einhvern tíma verið í lögum flokks íslenskra jafnaðarmanna að forustumenn flokksins skyldu ráða flokksmenn eða veita flokksmönnum forgöngu til starfa. Það eru ósannindi að slíkt hafi nokkru sinni verið í lögum Alþfl. á Íslandi.

Um rætnina er það að segja, að þar sem vitað er að hv. þm. var í mörg ár flokksbundinn Alþfl.-maður og þar sem hv. þm. var m. a. frambjóðandi á vegum Alþfl. til skamms tíma, sat m. a. í nefndum og ráðum á vegum flokksins, þá væri það ámóta mikil rætni af minni hálfu að gera honum upp þær hvatir að hann hafi sagt sig úr flokknum vegna þess að þessum lögum kynni að hafa verið breytt. Hann sæi á eftir einhverju sem þessi svokallaði gamli kerfisflokkur ætti að geta veitt honum. Ég þarf ekki að taka það fram, herra forseti og hv. þm., að ekkert slíkt hvarflar að mér. En ég legg það svona að jöfnu, þessi ósannindi og þessa rætni, eins og ef ég gerði honum upp slíkar hvatir.

Hv. þm. fann að því og reyndar hv. 4. landsk. líka, að ég hefði ekki tekið skilmerkilega afstöðu til málsins. Ég hefði ekki lýst því yfir afdráttarlaust hvort ég væri fylgjandi því að umrædd stofnun yrði lögð niður, þ. e. í þessu tilviki Fiskifélagið. Þá er ekki um að ræða að leggja niður ríkisstofnun, heldur um að hætta þátttöku af hálfu ríkisins, skattgreiðenda, við að halda Fiskiþing. Það er sem sé undan því kvartað að ég hafi ekki tekið skilmerkilega afstöðu til þess. Það er þá fremur af vangá að ég hafi ekki gert það í þessu tilviki. Það er svo sjálfsagður hlutur að því er varðar samkomuhald hagsmunaaðila í þjóðfélaginu, hvort heldur er í sjávarútvegi, landbúnaði eða öðrum atvinnuvegum, að viðkomandi fyrirtæki og stofnanir í þeim atvinnuvegi eru að sjálfsögðu fullkomlega bærar til þess að hafa kostnað af sínu þinghaldi sjálfar. Það er út af fyrir sig ákaflega einfalt mál. Ég tek eindregið undir það sjónarmið að ef ríkið drægi til baka framlög sín í þessu efni, þá kæmi einmitt á daginn hvort þessir hagsmunaaðilar teldu þá þjónustu sem þessar stofnanir veita vera þess virði fyrir sína starfsemi, fyrir atvinnuveginn, að þeir vilji kosta nokkru til. Og það er besti mælikvarðinn á þjónustuna, hvort menn vilja borga fyrir hana. Það er einfalt mál.

Hins vegar tók ég ekki afstöðu til allra hinna málanna. Það er reyndar ekki vegna þess að þau eru ekki hér formlega á dagskrá, þó að það sé eðlilegt, herra forseti, að ræða þessi mál í samhengi — það er einfaldlega vegna þess að ég átaldi vinnubrögð hv. þm. Ég hefði talið eðlilegt, sjálfsagt reyndar, að gera þá kröfu til hans sem löggjafaraðila að leggja þessi mál fram með ítarlegri upplýsingum, ítarlegri greinargerðum um það með hvaða hætti þetta ætti að gerast, innan hvaða aðlögunartíma þetta ætti að gerast, hvernig ráðstafa ætti eignum ríkisins, hvaða skilyrði ætti að setja fyrir því, með hvaða hætti ástæða væri til í sumum tilvikum að leysa það atvinnuleysisspursmál sem af kynni að hljótast o. s. frv. Ef hv. flm. telur gagnrýnisvert að ég taki ekki afstöðu til þessara mála, þá er svarið ósköp einfaldlega þetta: Þáltill. er of billeg; hún er of illa unnin. Hv. flm. hefur ekki lagt nægilega vinnu í málið. Hv. flm. hefur ekki gert þá kröfu til sjálfs sín að upplýsa þá, sem taka eiga afstöðu til málsins, nægilega um það hvað í slíkri ákvörðun felst. Það er fjarri því.

Ég tek undir allt sem fram hefur komið hjá hv. þm. Stefáni Benediktssyni og Guðmundi Einarssyni í ávítunartón í garð hæstv. ráðh. og þm., sem leitt hafa þessar umr. hjá sér. Það er nefnilega ekki oft sem umr. úr þessum ræðustól snertir grundvallaratriði. Ég tel að þessi umr. geri það. Og sem slík er hún bæði þörf og gagnleg. Hún er kannske upphafið að fjárlagaumr. Já, það er ein af stærstu spurningunum, sem liggja fyrir alþm., að taka afstöðu til útgjalda ríkissjóðs, kostnaðar ríkissjóðs. Það er að taka afstöðu til þess með hvaða hætti þm. telja rétt að leysa vandamál á kostnað skattgreiðenda. Og hvernig þeir sem ábyrgir aðilar telja sig best geta forsvarað það hvernig fjármunum almennings er ráðstafað. Það er kannske hægt að líta á þessi einstöku mál, án nokkurrar tilvísunar til hugmyndafræði út af fyrir sig, það er mikið rétt. Það er hægt að segja sem svo: Hér er verið að setja fram praktísk sjónarmið, eingöngu hagkvæmnissjónarmið lið fyrir lið, stofnun fyrir stofnun, fyrirtæki fyrir fyrirtæki og spyrja einfaldra spurninga. Er sú starfsemi, sem þarna fer fram, þörf? Og ef hún er það ekki, ef það er mat manna að hún sé bara óþörf, þarna sé um að ræða einhver fyrirtæki eða stofnanir, sem hefur dagað uppi og eru til af því bara, og engan varðar um, atvinnubótavinna, að leggja hana niður. Það þarf ekki mikinn rökstuðning fyrir því. En ég held að að því er varðar sumar af þessum stofnunum og sum af þessum fyrirtækjum, þá verði nú að krefjast ítarlegri rökstuðnings.

Það hefði verið ákaflega fróðlegt að fá að heyra betur og rækilegar sjónarmið ýmissa talsmanna Alþb. í þessu máli. Forsmekkur af því kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. Hann var talsvert hneykslaður, hneykslaður á þeirri hugmynd að ríkið ætti að láta ógert að styrkja samtök atvinnurekenda til þinghalds. Hann kallaði samtök atvinnurekenda, árlega samráðsstofnun þeirra, „félagslega stofnun". Hann taldi að þeim peningum almennings væri ekki illa varið sem væri varið til þess að styrkja samkundur hagsmunasamtaka atvinnurekenda. Mér kemur þetta ekkert á óvart. Ég þekkti dálítið til hvernig þeir þenkja slík mál, Alþb.-menn Ég kannast við tvíhyggjuna, rökleysurnar í afstöðu þeirra til þessara hluta, þó þeir klæði hana í einhvern hugmyndafræðibúning svona á tyllidögum á safnaðarfundum. Það er alveg stórmerkilegt að Alþb. hefur, eins og við höfum reynslu af því í ríkisstjórnum árum saman, rekið atvinnurekendapólitík sem oft gengur lengra í misnotkun á almannafé í þágu atvinnurekenda en jafnvel flestir aðrir flokkar — kannske að Framsfl. undanskildum. Ég man ákaflega vel þegar Alþfl. hóf baráttu sína fyrir því að hætt yrði þeirri geigvænlegu tekju- og eignatilfærslu frá launþegum, öldruðu fólki, sem kallast sparifjáreigendur, yfir til atvinnurekenda, skuldakónga, skjólstæðinga bankakerfisins, þeirra sem fengu lán sem voru hreinir styrkir. Og notuðu það til þess að færa skuldir og vaxtakostnað frá tekjum sínum, sluppu þannig við tekjuskatta, en notuðu styrkina til fjárfestingar, oft gersamlega óþarfrar fjárfestingar, óskynsamlegrar fjárfestingar. Og uppskáru að sjálfsögðu verulega eignaaukningu. Þetta er það sem hv. fyrrv. þm. Magnús Kjartansson kallaði „gróðamyndunaraðferð verðbólgunnar". Og fáir stjórnmálaflokkar hafa gengið jafn langt í því efni. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort það muni vera langt í að hann ljúki ræðu sinni. Þessa er ekki spurt til þess að leggja neinar hömlur á það hvað hv. ræðumaður talar lengi.)

Herra forseti. Þar sem ég sé ekki fram á að með neinu móti verði beitt forsetavaldi til þess að hér fjölgi áheyrendum eða ráðherrar megi heyra þetta mál, þá sé ég ekki ástæðu til þess að svo stöddu að lengja þetta mál. En ræðu minni er ekki lokið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég hygg að það verði ekki bornar brigður á það, að forseti hafi viljað fyrir sitt leyti ljúka þessari umr. í dag, þ. e. ef henni yrði lokið innan skynsamlegra marka. Nú er svo komið að klukkan er að verða hálfátta og hv. ræðumaður á töluvert eftir að ræðu sinni og einn er á mælendaskrá. Því þykir forseta rétt að fresta þessum fundi og biður hv. ræðumann að fresta ræðu sinni þar sem hann telur að heppilegt sé að fresta henni. Og þá frestum við umr. og fundinum (**JBH:** Með ánægju, herra forseti.)

Hv. ræðumaður hefur frestað ræðu sinni. Umræðunni er frestað.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 14. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseta hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 1. nóv. 1984.

Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed.“

Jón Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur forseta borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 5. nóv. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Samtaka um kvennalista, Málmfríður Sigurðardóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.“

Með því að Málmfríður Sigurðardóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður þarf að rannsaka kjörbréf hennar sem hér fylgir með. Ég leyfi mér að óska eftir að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréfið til athugunar. Á meðan er fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Málmfríðar Sigurðardóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista sem tekur sæti á þingi sem 3. landsk. þm. í forföllum Guðrúnar Agnarsdóttur.

Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Málmfríður Sigurðardóttir, 3. landsk. þm., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Málmfríður Sigurðardóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég býð hana velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Vöruhappdrætti SÍBS, frv. 134. mál (þskj. 138). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga. Frv. þetta er flutt vegna beiðni stjórnar happdrættisins. Dráttardagar hjá happdrættinu eru bundnir í lögum 10. jan. og síðan 5. hvers mánaðar. Reynsla happdrættisins er sú að tíminn frá áramótum — en þá hefst endurnýjun og sala happdrættismiða að marki — og fram að dráttardeginum 10. jan. sé of naumur. M. a. hefur orðið að veita sérstakar undanþágur vegna ófærðar og illviðra tvo síðustu vetur. Er því óskað eftir rýmkun á þessum tíma. Dráttardagar eru ekki fastákveðnir í lögum um hin föstu happdrættin, happdrætti Háskólans eða happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna. Er talið eðlilegt að breyta lögunum um vöruhappdrætti þannig að dagsetning dráttar verði eigi bundin í lögum frekar en hjá hinum happdrættunum sem starfa á sams konar lagagrundvelli. Verði þá kveðið á um þetta atriði í reglugerð fyrir happdrættið og þar tekið tillit til þarfa þess.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Ég flyt hér öðru sinni frv. um breytingu á lögum nr. 55/1981, um breytingu á umferðarlögum nr. 40/1968. Frv. er mjög einfalt í sniðum og fjallar um það að viðurlög komi til noti menn ekki bílbelti við akstur bifreiða. Á síðasta þingi flutti ég framsögu fyrir þessu máli og byggðist sú framsaga að mestu leyti á þeirri grg. sem

fylgir frv. nú. Var frv. mjög vel tekið hér í hv. Ed. og var samþykkt samhljóða. Síðan var málið tekið fyrir í Nd. þar sem það strandaði og varð því ekki útrætt. Okkur flm. er það óskiljanlegt hvers vegna þetta mál strandaði þar. Kannske að hæstv. dómsmrh. viti hvers vegna svo var.

Í þessari deild vita menn hversu mikil nauðsyn það er að tekið sé hart á því að menn noti bílbelti við akstur bifreiða. Menn hafa horft upp á það hvernig dauðaslys hafa átt sér stað, hvernig menn hafa orðið örkumla alla ævi vegna þess að þeir notuðu ekki bílbelti. Þrátt fyrir það að áróður hafi verið hafður uppi um það að nota þessi öryggistæki, þá hefur sá áróður ekki skilað nægilega miklum árangri. Árangurinn hefur verið nokkur en hvergi nærri nógur.

Í nágrannalöndum okkar, reyndar hvarvetna í Evrópu hefur það verið upp tekið að beita viðurlögum við því ef menn nota ekki bílbelti. Og reynslan af því hefur verið öll á sama veg. Notkun þessara öryggistækja hefur aukist mjög verulega og afstýrt fjölmörgum dauðaslysum og forðað fólki frá því að verða örkumla alla sína ævi.

Einhvern tíma var því borið við að ekki mætti samþykkja breytingu líka þessu vegna þess að umferðarlög væru í allsherjar endurskoðun. Þessi endurskoðun hefur tekið alllangan tíma, ótrúlega langan tíma og skil ég ekki hvers vegna ekki er hægt að samþykkja þessa breytingu þess vegna. Ég skil það ekki þegar ljóst er að meðan menn bíða eftir þessu deyja fjölmargir menn þess vegna, verða fjölmargir menn örkumla alla sína ævi þess vegna. Ég segi aðeins að mikil er ábyrgð þeirra manna sem koma í veg fyrir að þessi breyting verði gerð.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni. Ég bið hv. dm. að kynna sér grg. sem hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Að endingu vil ég spyrja hæstv. dómsrh. hvernig standi á því að endurskoðun umferðarlaga skuli hafa dregist frá því í sept. 1980 og hvort hann kunni skýringar á því að frv. þetta var ekki samþykkt í Nd. í fyrra. En ég ítreka að mikil er ábyrgð þeirra sem standa í vegi fyrir því að þessi breyting verði gerð.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ekki kem ég hér upp til að andmæla þessu frv., síður en svo. Ég kem hér aðeins upp vegna umhugsunar sem hefur á mig leitað varðandi þetta mál í heild, spurningar sem ég hef velt afar mikið fyrir mér í ljósi ýmissa atburða sem gerst hafa og ég þekki til í þessum efnum. Ég tek undir það að öll mál sem geta skapað aukið öryggi í umferðinni, allt sem getur forðað þeirri miklu vá sem þar er á ferðinni er af hinu góða. Ég er sannfærður um að þetta mál er eitt af þeim. Þetta er einn þáttur þess stóra máls sem stundum er kölluð umferðarmenning okkar, en ætti kannske frekar að kalla umferðarómenningu. Maður sér daglega dæmi um hana, nú síðast á leið minni niður í Alþingi, sorgleg dæmi um að enginn réttur var virtur og aðeins hrein mildi að ekki varð af stórslys. Þannig horfir maður á þessa hluti æ ofan í æ.

Þetta mál hefur ekki verið deilumál hér í Ed. eins og 1. flm. tók fram. Ég man að þegar það var fyrst til umr. hvort ætti að lögleiða bílbeltin þá voru aðeins tveir hv. dm. hér sem sátu hjá. Ég var annar þeirra og hitt var virðulegur forseti þessarar deildar. Ekki stafaði það af andstöðu okkar heldur ýmsu sem við létum koma fram í þeim umr. Ég lýsi því enn þá yfir að svo sannfærður sem ég er um gildi bílbeltanna í akstri hér í þéttbýlinu og svo sannfærður sem ég er um gildi þeirra einnig við árekstra úti á þjóðvegunum, ef þeir koma til, þá verð ég að játa að enn þá er í huga mér nokkur efi varðandi útafkeyrslur sem verða úti á landi. Ég er hins vegar sannfærður um að langoftast eru bílbeltin af hinu góða.

Ég tel hins vegar rétt og skylt að geta um tvö nýleg atvik úr mínu nánasta nágrenni, þar sem það bjargaði ótvírætt lífi bifreiðarstjórans að vera ekki í bílbelti. En þetta eru vitanlega einstök tilfelli. Ég gæti líka nefnt hin hörmulegri tilfelli þar sem bílbelti hafa ekki verið notuð og það hefur valdið banaslysum. Ég er því ekki að segja þetta til að gera lítið úr þessu máli, síður en svo. Ef við setjum lög um að bílbelti skuli vera í bílum, þá á vitanlega að setja viðurlög við því að brjóta þau lög. En ég nefndi bara eitt dæmi sem gerðist núna fyrir réttri viku síðan í næsta nágrenni mínu. Þar ók ungur drengur út af rétt upp í hamravegg og kastaðist út úr bílnum nokkrum augnablikum áður en bíllinn slóst upp að hamraveggnum. Hann slapp með handleggsbrotið eitt. Þeir sem sáu þennan bíl segja mér að það hefði verið gjörsamlega útilokað að hann hefði komist lífs af úr bílnum ef hann hefði verið í honum alveg á fararenda.

En ég get líka nefnt hörmulegt dæmi um það að drengur, sem kastaðist út úr bíl, varð undir bílnum og lést af þeim ástæðum hefði trúlega sloppið ef hann hefði verið í bílbelti miðað við ásigkomulag bílsins þegar að honum var komið.

Ég er þess vegna enn á þeirri skoðun að þó að við eigum að herða allan áróður fyrst og fremst fyrir bættri umferðarmenningu hjá okkur, þá eigum við að líta á þessi undantekningartilfelli varðandi landsbyggðarkeyrsluna alveg sérstaklega, útafkeyrsuna alveg sér í lagi. Enn þá vil ég sem sagt vara við því að hafa uppi allt of einhliða áróður fyrir því að bílbelti geti í öllum tilfellum bjargað. Ég veit að það verður aldrei fyrir öllu séð, en ég vildi aðeins koma þessari athugasemd enn á framfæri að gefnum tveimur tilefnum nýlega sem maður getur ekki annað en sagt frá hér þegar slík mál eru til umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég get því miður ekki svarað spurningu hv. 6. landsk. þm., af hverju þetta frv. strandaði í hv. Nd. í fyrra. Ég varð fyrir því eins og fleiri, kannske flestir þm., að það strönduðu í nefndum frv. sem ég flutti í fyrra og lágu sjálfsagt ýmsar ástæður þar að baki. En ég lagði síður en svo stein í götu þessa frv. Ég greiddi því atkv. í fyrra í þessari hv. deild.

Spurningunni um endurskoðun umferðarlaganna skal ég hins vegar svara. Allt frá því að ég tók að mér embætti dómsmrh. hef ég reynt að ýta fram þessari endurskoðun, sem ég hélt satt að segja að væri miklu lengra á veg komin en hún var. Hún hefur þó þokast það áfram að ég hygg að ef ekki hefði komið til verkfalls opinberra starfsmanna í síðasta mánuði væri henni lokið nú. Ég var síðast í morgun að ræða þetta og reyna að fá því framgengt að lokið yrði við verkið í þessari viku. Ég skal ekki segja hvort það tekst. En þetta er sem sagt nú alveg á lokastigi. Það hefur tekið miklu lengri tíma en ég vonaði að það gerði, en farið hefur verið mjög ítarlega yfir lögin og ég vænti þess að þetta verk sé því mjög vandlega unnið eins og Alþingi

væntanlega gefst kostur á að sjá innan skamms.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að draga í efa að hv. 2. þm. Austurl. hefur nokkuð fyrir sér í því að í einstaka tilvikum hafi menn bjargast vegna þess að þeir voru ekki í bílbelti. Hitt er hygg ég alveg ljóst að samdóma álit allra þeirra sem mest fjalla um öryggi í umferðinni er á þann veg að bílbeltin séu óumdeilanlegt öryggisatriði. Tilvikin séu svo miklu, miklu fleiri þar sem bílbeltin verða bæði bílstjórum og farþegum til bjargar að annað sé óhæfa en reka nokkuð stríðan áróður fyrir því að þau verði notuð.

Hitt kann að vera álitamál í hugum sumra hvort eigi að hafa einhver viðurlög við því að bílbelti eru ekki notuð. Ég var þeirrar skoðunar í fyrra og er það enn að rétt sé að gera ekki undantekningu í þessu efni. Þarna er um lög að ræða og þegar lagabrot á sér stað fylgir því refsing. Það má auðvitað deila um það hvað refsingin sem slík áorkar að einstaklingar fari að lögum. Ég ætla ekki að fara út í þá umr. hér.

En vegna orða hv. 2. þm. Austurl., sem ég vék fyrst að hér, þ. e. að til væru þau tilvik að einstaklingar hefðu bjargast vegna þess að þeir notuðu ekki belti, þá hef ég nýlegt dæmi um bílveltu úti á landi þar sem einstaklingur bjargaðist óumdeilanlega vegna þess að hann var í belti. Svona geta menn sagt tíðindi frá atvikum, í sumum tilvikum í belti og í öðrum ekki.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason vék að því í sinni ræðu að málið hefði ekki fengið framgang í Nd. Reyndar hygg ég að ég hafi tekið rétt eftir að hann vék orðum sínum í þeim efnum til dómsmrh. án þess að hæstv. dómsmrh. hefði hugmynd um hvernig á því hefði staðið. Ég vil geta mér þess til, svo sem eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefði kannske getað gert, að skoðanir fara ekki alltaf saman í Ed. og Nd. Ég hygg að hv. þm. hefði auðveldlega getað kynnt sér umr. um þessi mál í deildinni, hafi þær einhverjar orðið.

Ég stóð hér upp fyrst og fremst til að lýsa fylgi mínu við þetta frv. Ég er eindregið fylgjandi notkun bílbelta og ég mundi fremur hyggja að því að auka þá notkun, þ. e. að bílbelti yrðu jafnframt notuð í aftursætum bifreiða. Ég skal játa það að framan af var ég fremur tregur í taumi vegna notkunar á bílbeltum. Ég skal ekkert segja um af hverju það stafaði. En eftir að ég fór að kynna mér þessi mál, bæði það sem sérfræðingar höfðu skrifað um þau og athugað sem og reynslu hins almenna manns og skýringar og frásagnir af atvikum, þá hef ég mjög styrkst í þeirri skoðun minni að bílbelti verði áfram lögleidd og ekki einasta það heldur varði brot á þeim hluta umferðarlaganna jafnframt sektum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins hvetja til þess að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu í þessari deild. Það fer væntanlega til hv. allshn. og þykist ég vita að menn muni þar ekki liggja á liði sínu að koma málinu fram svo sem var á síðasta þingi. Því miður báru þeir félagar okkar í hv. Nd. ekki gæfu til að koma þessu máli fram. Það dagaði uppi. Ég held að það sé alveg tilgangslaust að koma hér í ræðustól og rekja dæmi um slys og óhöpp þar sem menn halda að bílbelti hefðu e. t. v. valdið limlestingu eða dauða. Mín niðurstaða er sú, eftir að hafa lesið mjög mikið um þessi mál, að í nær öllum tilvikum þar sem þessu er haldið fram, reynist það við nánari athugun ekki hafa við rök að styðjast. Sjálfsagt eru einhver slík tilvik þó til, en þetta er niðurstaða ýmissa erlendra sérfræðinga og ég held að akstursmáti, ökulag og ökuaðstæður séu ekkert öðruvísi hér og geri þetta ekkert á annan veg.

Ég bendi á það að rannsóknir í nágrannalöndum okkar, bæði rannsóknir lækna og annarra sérfræðinga, svo sem sérfræðinga á sviði umferðarmála, hafa leitt til þess að þar hefur verið sett löggjöf þar sem menn eru skyldaðir til þess að nota bílbelti. Ég hygg að það sé nú orðið í öllum löndunum hér í kringum okkur. Það er hreint ekki að ástæðulausu. Það er bara vegna þess að beltin bjarga mannslífum og það er heldur ekki að ástæðulausu að það er nú í undirbúningi í sumum þessara landa að skylda menn einnig að nota öryggisbelti er þeir sitja í aftursætum bifreiða, eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, minntist á hér áðan. Og ég er alveg sannfærður um að það kemur að því hér líka, að um það verða settar reglur. Við virðumst bara vera svolítið íhaldssamir, svolítið seinir að taka við okkur í þessum efnum, því miður.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér dæmi um slys eða óhöpp, nýlega eða löngu liðin. En ég vara við því að menn séu að tína til hér mikið af dæmum þar sem menn halda að beltin hefðu gert skaða, vegna þess, og ég ítreka það, að sérfræðingar hafa komist að því að slíkar ályktanir, sem menn draga af svona umferðaróhöppum, eru yfirleitt rangar þó að þess megi e. t. v. finna dæmi að menn telji sig geta fullyrt það með nokkurri vissu. En slík dæmi eru örugglega sárafá og hér er um svo sjálfsagt atriði að ræða að mér finnst það satt best að segja til háðungar fyrir hið háa Alþingi hversu lengi þetta mál hefur verið hér að velkjast. Það er reynsla allra annarra þjóða að þessum ákvæðum er ekki fylgt eftir nema við þeim séu viðurlög eins og eðlilegt sé og ég held að það sé mjög brýnt að taka þetta upp.

Hér hefur verið vikið nokkuð að endurskoðun umferðarlaga í þessum umr. Ég verð að harma það að hún hafi dregist á langinn og nú veit ég að það er ekki við hæstv. dómsmrh. að sakast. Fyrir því eru engin rök að hún skuli hafa þurft að taka svo langan tíma og fyrir því eru heldur, að ég hygg, engar afsakanir. Þarna hefur bara ekki verið unnið af nægilegu kappi. Ég vona að þess verði ekki langt að bíða að þessi lög verði endurskoðuð fyrir Alþingi og raunar mátti ráða það af máli hæstv. ráðh. að þess yrði ekki langt að bíða. En að endingu vil ég bara hvetja menn til að hafa snarar hendur um að afgreiða þetta mál sem við afgreiddum raunar einnig í fyrra. Þetta frv. var flutt óbreytt og ætti því ekki að þurfa svo ýkja langa athugun í nefnd.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þar sem ég er einn af meðflm. þessa frv. hefði ég kannske ekki þurft að koma hér í stólinn, en það var kannske vegna orða hv. 2. þm. Austurl. þar sem hann minnti á að ég hefði verið annar þeirra þm. í þessari hv. deild sem sat hjá við atkvgr. þegar frv. um lögleiðingu bílbelta var afgreitt héðan úr hv. Ed. á sínum tíma að ég taldi rétt og skylt að staðfesta það og jafnframt einu sinni enn að skýra frá því að ástæðan fyrir minni hjásetu á þeim tíma var fyrst og fremst sú að mér fannst ég ekki hafa kynnt mér málin nógu vel til þess að taka þá afstöðu til lögleiðingar. Ég fór hins vegar sjálf að nota bílbeltin um leið og frv. var lagt hér fram í þinginu og umr. fór hér fram og

það hef ég gert síðan og betur og betur sannfærst um þýðingu þess að bílbeltanotkun var lögleidd.

Hv. 5. landsk. þm. nefndi að við ættum ekki að vera að taka dæmi um hvort notkun bílbelta bjargaði mannslífum í einstaka tilfellum eða ekki. Ég get tekið undir það með honum. Það er áreiðanlega erfitt að dæma um slíkt. Þó getum við nefnt mörg dæmi um það að ef fólk sem lendir í aftanákeyrslu hefði ekki svikist um að fara að lögum og nota bílbelti hefði það sloppið við meiðsli, ýmist á hálsi eða skurði í andliti. Tvö slík dæmi þekki ég frá s. l. sumri um tvær konur sem einmitt lentu í slíkum árekstri. Hvorug þeirra notaði bílbeltin illu heilli og hafa báðar sagt mér að síðan þetta gerðist að sjálfsögðu setjist þær ekki undir stýri án þess að setja á sig belti. En það má segja að það hafi verið nokkuð seint að gert.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vil aðeins taka undir það að deildin afgreiði þetta mál snarlega frá sér til Nd. og ég vænti þess að hv. Nd. sjái nú að sér og afgreiði þetta mál einnig frá sér svo að sektarákvæðin verði lögleidd, en eins og kemur fram í grg. var það skoðun m. a. Umferðarráðs að lögum um skyldunotkun verði að fylgja refsiákvæði eins og reyndar umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. En eins og við munum sem hér áttum sæti á hv. Alþingi þegar það frv. var afgreitt var einmitt þetta ákvæði fellt niður. Það má segja að ekki hafi verið óeðlilegt að veita þarna vissan aðlögunartíma, en ég held að þeim aðlögunartíma sé nú lokið og orðið tímabært að lögleiða refsiákvæðin.

Það er ánægjulegt að heyra frá hæstv. dómsmrh. að endurskoðun umferðarlaga sé nú senn að ljúka. Þetta er orðinn nokkuð langur tími. Þessi endurskoðun laganna hefur tekið 4 ár a. m. k. En ég vil samt bæta því við í lokin að ég hef fyrirhugað að endurflytja það frv., sem ég flutti hér ásamt fleiri hv. þdm. á síðasta þingi, um notkun ökuljósanna og varðandi merkingu skólabifreiða, nú á næstunni. Ég vænti þess að það fái jákvæða afgreiðslu úr þessari hv. deild þegar þar að kemur, en bæði þessi frumvörp eru liður í því að vinna fyrirbyggjandi starf varðandi umferðarmálin.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til umhugsunar. Ég er flm. að þessari till. og tel að þegar sé búið að flytja þau rök sem ættu að nægja til þess að sannfæra menn um gildi hennar. Bifreiðar eru í dag orðnar nánast lífsnauðsyn. Í nútímasamfélagi þarf mannskepnan á þessum aukna hreyfanleika að halda til þess að geta verið sæmilega virkur þátttakandi í þjóðlífi. Bifreiðar auka á þá áhættu sem menn taka yfirleitt með lífi sínu vegna þess að þær eru ekki allt of örugg farartæki. Bílbeltin eru ákveðin leið til þess að draga úr þessu óöryggi í umferðinni vegna þess fjölda óhappa sem verða á ári hverju í umferð.

Bílbeltin gera sitt gagn. Það fer ekkert á milli mála. Langstærstur hluti umferðaróhappa á sér þannig stað að bifreiðin sjálf skemmist ekki nema lítillega, en afleiðingar af árekstri eða annars konar óhöppum geta valdið stórskaða á fólki þegar það ekki notar bílbeltin. Aftur á móti hafa verið tínd hér til dæmi sem eru alveg rökstyðjanleg um það að miðað við þær gerðir bifreiða sem við yfirleitt notum getur það jafnvel aukið á líkurnar á því að menn slasist alvarlega eða jafnvel týni lífi að vera með bílbelti.

Þá erum við kannske komin að því sem ég ætlaði að minnast á. Við Íslendingar erum ekkert allt of gjarnir á að fara aðrar leiðir í ýmsum málum en nágrannar okkar, en við gætum hugsanlega af öryggisástæðum hugleitt það að fara hér svolítið aðra leið en nágrannar okkar gera og hreint og beint bara gera það að skyldu við innflutning og sölu á bifreiðum hérlendis að þær séu með öryggisgrindum eða styrktum burðargrindum. Við þær sérstöku aðstæður sem við búum við hérna með þessa dreifðu byggð út um allt land og mjög misjafna fjallvegi þar sem hættur á bílveltum og útafkeyrslum eru meiri en þekkist meðal nágranna okkar, skapar slíkur búnaður einfaldlega það öryggi að bifreiðarnar haldist í því formi við slík slys að líftrygging bílbeltanna komi að gagni. En aðalvandinn er sá að maður með bílbelti inni í bifreið sem leggst gersamlega saman við veltu eða mjög harðan árekstur, á erfitt með að koma sér undan slíkri hættu. Ég hef í raun og veru ekki hugleitt þessa hluti út í æsar, en þó segja mér menn, sem hér hafa stundað svokallaðan rallý-akstur, að framleiðsla og ísetning grinda af þessu tagi sé ekki það mikið fyrirtæki að það þyrfti að auka verð bifreiða ýkja mikið. Ríkisvaldið gæti þá hugsanlega komið á móti mönnum í því að létta aðeins á sínum tollum til að lækka verð bifreiðanna með öryggissjónarmið í huga.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að fram komi aftur það sem ég sagði áðan að þetta væri óumdeilanlegt öryggisatriði í yfirgnæfandi tilfella. Ég legg áherslu á það. Það fær mig hins vegar ekkert til þess að hætta að hugleiða þau tilfelli sem ég hygg að ég geti tíundað með þokkalegri samvisku um það að þessi alhæfing eigi ekki alltaf við. Ég tel það miklu frekar skyldu mína, einmitt þegar ég lýsi yfir fortakslausum stuðningi við þessa notkun og viðurlög við því að beltin séu ekki notuð, að minna þó á þessi atriði. Sérfræðileg sönnun utan úr löndum hamlar mér ekki í því að segja það sem samviskan býður mér um það að alhæfing þessi eigi ekki fullkomlega við. Ég lýsi því aðeins yfir.

Ég dreg nefnilega ekkert úr gildi bílbeltanna í langflestum tilfellum. Ég segi þetta einmitt hér vegna þess að ég hafði miklu meiri efasemdir uppi um þetta á þeim tíma sem þessi lögleiðing fór hér fram og var með ýmis dæmi þá sem fróðir aðilar höfðu þá fengið mér í hendur um hið gagnstæða.

Ég vil hins vegar aðeins segja það almennt að varðandi umferðarmál okkar í heild þá hljóta bílbeltin að vera bara einn þáttur, að vísu veigamikill þáttur. Vankantarnir eru nefnilega það margir að það verður aldrei of mikið gert til úrbóta með markvissri fræðslu, með ákveðnum áróðri, með betri löggjöf, sem þá yrði reynt að tryggja að yrði haldin betur en núverandi umferðarlöggjöf. Okkur vantar ekki fyrst og fremst nýja umferðarlöggjöf og fyllri, heldur að sú umferðarlöggjöf sem í gildi er sé haldin og menn fari nokkurn veginn eftir henni. Það er því miður ekki svo eins og menn vita í allt of mörgum tilfellum.

Ég skal ekki tíunda nein frekari dæmi hér, en ég áskil mér allan rétt til að tíunda þau hvenær sem ég þykist viss um að þau séu sönn. En það breytir engu um það að undantekningar í þessum tilfellum geta sannað þá meginreglu að bílbelti skuli nota.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva, þáltill. 85. mál (þskj. 87). — Frh. einnar umr.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég verð að biðja um að hv. þm. Ragnar Arnalds sé kallaður í sal hv. deildar. Ég vil gjarnan að hann heyri mál mitt. Þm. er hér í húsinu. (**Forseti:** Það skal gert.)

Það var ósmekklegt hjá hv. þm. Ragnari Arnalds í umr. á síðasta fundi hv. Ed. að núa formanni Sjálfstfl. því um nasir að hann hefði lýst yfir ánægju sinni með lögbrot, með rekstur útvarpsstöðva gegn landslögum. Hv. þm. kvað sjóræningjastöðvar hafa verið reknar á vegum Sjálfstfl. Hann kvað útvarpsrekstur gegn lögum hafa verið á vegum Sjálfstfl. Slík ummæli eru þvílíkt blaður og staðlausir stafir að ekki er hægt að komast hjá því að mótmæla slíku.

Sjálfstfl. fiskar ekki í gruggugu vatni, eins og hv. þm. fjallar um í sínu máli, og vill ekki vinna á slíkan hátt og það er hans aðalsmerki að fara að lögum. Það er ekki eins og hjá Alþb. sem fiskar í gruggugum sjó og hefur slíkt sem eyrnamerki.

Það er ástæða til þess að vitna til ummæla hv. þm. Þorsteins Pálssonar formanns Sjálfstfl. til þess að sýna fram á staðlausa stafi í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds. Ég held að það hljóti að vera að þm. hafi ekki verið á fundi í Sþ. 11. okt. þegar formaður Sjálfstfl. fjallaði um þetta mál, en allt um það er ástæða til að lesa hér, með leyfi forseta, úr þingtíðindum og vitna í ræðu Þorsteins Pálssonar þar sem segir:

„Þessar kjaradeilur hafa auðvitað haft í för með sér ýmsa röskun í þjóðfélaginu. Ég hygg að einna veigamest sé sú röskun sem hefur orðið á allri upplýsingamiðlun með því að blöð hafa ekki komið út í nokkuð langan tíma vegna verkfalls bókagerðarmanna og síðan stöðvuðust útsendingar Ríkisútvarpsins nokkrum sólarhringum áður en verkfall opinberra starfsmanna tók gildi og þjóðfélagið varð þannig fjölmiðlalaust. Það er fátítt, hygg ég, og sennilega einsdæmi að slík aðstaða komi upp í þjóðfélaginu. Og það er vafalaust að ef þetta ástand hefði varað lengi hefði það magnað spennuna til muna og gert vandamálin erfiðari úrlausnar. Ég hygg að það sé þess vegna ekkert óeðlilegt að borgarar í landinu víðs vegar um land hafi gripið til sinna ráða í því skyni að koma upplýsingum á framfæri.

Það er einnig svo, að í þessum efnum búum við við einokun á tjáningarfrelsi að því er útvarpsrekstur varðar. Það hefur ekki verið úr því skorið hvort þessi einokun stenst þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem tryggja mönnum rétt til prentfrelsis. Um það hafa farið fram umræður og hljóta að blandast inn í þær umræður sem hafa orðið um útvarpsmál að undanförnu. En ljóst er að þær aðgerðir sem áttu sér stað á þessu sviði leiddu til þess að Ríkisútvarpið var að hluta til opnað á nýjan leik. Menn geta auðvitað haft mörg orð um hvort starfsemi af þessu tagi sé lögleg eða ólögleg og að sönnu er það svo, að lög bjóða að Ríkisútvarpið hafi einkarétt á útvarpssendingum."

Þetta er mergurinn málsins. Þarna er undirstrikað að lög eru í þessu landi, en einnig undirstrikað að það er ekki að ástæðulausu að skiptar skoðanir séu uppi um réttmæti þeirra laga, en tekin af öll tvímæli um hver lögin eru.

Það hefur verið sérstætt í sambandi við hinar svokölluðu frjálsu útvarpsstöðvar, sem að mínu mati eru ólöglegar útvarpsstöðvar, það fer ekkert milli mála, að reynt hefur verið að velta Sjálfstfl. upp úr þeim rekstri. Ég er að vísu sammála því að það á að gera meiri kröfur til Sjálfstfl. en annarra flokka og það er gert. En það er furðulegt að slíkur málflutningur skuli eiga sér stað sem átti sér stað í þeim umr. sem hafa verið á undan fundinum í dag.

Það var einnig ótrúlega mikil umhyggja sem hv. þm. Eiður Guðnason bar fyrir Sjálfstfl. í sínum málflutningi, en það er þó ágætt að eiga slíkan hug hjá góðum mönnum og kannske koma þeir í skipspláss fyrr en varir hjá Sjálfstfl. Það er ómögulegt að segja um slíkt. En þarna er fiskað á undarlegan hátt. Þessi málflutningur hefur meira og minna byggst upp sem áróður á ráðh. Sjálfstfl., áróður á flokkinn í heild. Og þetta á sér ekki eingöngu stað á hv. Alþingi. Þetta átti sér stað í Ríkisútvarpinu í fréttum. Það var t. d. athyglisvert að þegar Ríkisútvarpið fjallaði um fréttir af útvarpsstöð í húsi Sjálfstfl., Valhöll, var þar talað um að sendingar hefðu átt sér stað í félagsheimili Sjálfstfl. — orð sem hafa aldrei áður verið notuð um skrifstofu Sjálfstfl. og er ekki ástæða til að nota.

Það er svo sem ekki nýtt að hv. þm. Eiður Guðnason fyllist heilagri vandlætingu og sigli fram á sjónarsviðið með ýmsa glæpi sem hann vill meina að eigi sér stað í þjóðfélaginu. Það má minna á að stundum hefur kappið verið meira en forsjáin. Ég minnist eins dæmis um slík vinnubrögð hjá hv. þm. þegar hann sem fréttamaður sjónvarps, á fyrstu árum sjónvarps, kallaði í sjónvarpssal Þorgeir í Gufunesi, ef ég man rétt. (**EG:** Nei, nei, nei, alveg rangt.) Ja, hestabóndi var það. (Gripið fram í.) Hestabóndi var það. Málið var að hestar höfðu verið á beit í Engey frekar en Viðey. Á því er ekki meginmunur. En með mikilli og heilagri vandlætingu stillti fréttamaður því upp að nú hefði átt sér stað mikill glæpur, mikil valdbeiting gegn dýrum og níðingsháttur. Síðan dró fréttamaðurinn spýtu upp úr pússi sínu og vildi undirstrika með því að svo væru hestarnir svangir að þeir nöguðu spýturnar. Auðvitað vissu allir, sem eitthvað þekkja til hesta, að slíkt var ekki óeðlilegt því að hestar leita í salt og oft er rekaviður þannig nagaður af hestum. Þetta var dæmi um hvernig átti að krossfesta bónda fyrir glæp, en málflutningurinn var á vitlausum forsendum. (Gripið fram í.) Sá maður sem á hesta er bóndi hvað sem þm. kallar fram í.

Hv. þm. Eiður Guðnason fjallaði einnig um það að nú væru vatnaskil í Sjálfstfl. Auðvitað er Sjálfstfl. búinn þeim eiginleikum að þar gætir flóðs og fjöru, þar er titringur og lífsmark, þar eru skiptar skoðanir. Það er þess vegna sem svo stór hluti þjóðarinnar aðhyllist stefnu þess flokks og fylgir honum. En það er ekki um Sjálfstfl. að segja eins og Alþfl. að þar sé sífellt háfjara og ekki hægt að tala um nein vatnaskil. Þess vegna kom það úr hörðustu átt að hv. þm. Eiður Guðnason skyldi taka upp þessar samlíkingar. (**Gripið fram í:** Vatnaskil eru á fjöllum.) Já, það er einmitt styrkur Sjálfstfl. að það er fjallað þar um landið og miðin í heild.

Það var ástæða til að undirstrika að hér hefur málflutningur byggst á útúrsnúningum, vangaveltum norður og niður og á þeim nótum kannske eðlilegast að

svara viðkomandi ræðumönnum. En fyrst og fremst fannst mér ástæða til þess að benda hér á staðreyndir þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds reisti níðstöng formanni Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteini Pálssyni.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Þar sem mér leiðist svona tal, þegar menn geta einfaldlega ekki talað hreint út og kallað svart svart og hvítt hvítt, vildi ég leyfa mér að spyrja hv. 3. þm. Suðurl. tveggja spurninga.

Fyrri spurningin er með smáaðdraganda. Það er minn skilningur að þegar menn starfa í flokki, gegna embættum fyrir hann, séu þeir það mikill hluti af honum að sú umsýsla sem þeir takast á hendur tengist þessu hlutverki fyrir flokkinn meira og minna. Þess vegna langar mig til að spyrja hann hvort hann gangi þeirrar trúar að Sjálfstfl. hafi alls enga aðild átt að útvarpi sem kennt var við Valhöll.

Önnur spurningin væri þá, og ég bið hann að hugsa sig vel um áður en hann svarar, hvort hann kannist ekki við að undirbúningur útvarps af hálfu aðila sem a. m. k. tengjast mjög náið Sjálfstfl. hafi þegar átt sér stað fyrir 1. okt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Í tilefni af aths. hv. 3. þm. Suðurl. Árna Johnsen verð ég að ítreka það, sem ég sagði þegar málið var seinast til umr. hér, að ég varð því harla feginn þegar ég varð var við að þm. Sjálfstfl. blygðast sín fyrir afskipti forustumanna sinna af þessu máli. Og ég er harla feginn því að nú skuli enn einn þm. flokksins hafa bæst í hópinn og dregið í efa að Sjálfstfl. sé ýkja mikið viðriðinn þetta mál. Það sýnir þó, þrátt fyrir ókunnugleikann sem felst í aths., að hv. þm. blygðast sín fyrir að Sjálfstfl. sé dreginn inn í þetta mál eins og hlýtur að vera gert.

Auðvitað er Sjálfstfl. rammflæktur í þetta mál. Það er vitað og er ekki mótmælt af einum eða neinum að rekin var sjóræningjastöð í húsi flokksins og þegar lögreglan kom á vettvang gerðist það, sem mörgum kom á óvart, að í staðinn fyrir að greiða fyrir því að leit gæti farið fram, þannig að úr því fengist skorið hverjir þarna voru að verki, beitti framkvæmdastjóri flokksins aðstöðu sinni til að hindra það að leit færi fram. Í kjölfar þess er líka vitað að ráðherrar flokksins hindruðu að lögreglan gegndi skyldustörfum sínum til að finna þessa stöð í húsinu.

Það er líka sérkennileg staðreynd málsins að þegar taka átti ákvörðun um hvort Ríkisútvarpið hæfi aftur störf með fréttasendingum voru fulltrúar Sjálfstfl. afar tregir til að veita atbeina sinn til þess að slíkt mætti gerast og vildu helst greinilega viðhalda því ástandi sem lengst að sjóræningjastöðvarnar væru í fullum gangi, en Ríkisútvarpið hljótt. Þetta er staðreynd. Þetta eru allt staðreyndir.

En svo er aftur komið að hlutdeild formanns Sjálfstfl. Það má vel vera að menn túlki mismunandi þau orð hans sem mælt voru í Sþ. á öðrum þingdegi. Ég átti von á því að ef formaður Sjálfstfl. minntist á þetta mál hér í þingræðu mundi hann fordæma þau lögbrot sem framin voru á útvarpslögum, en það gerði hann ekki. Og það er það sem er það athyglisverða í málinu. Í stað þess að fordæma lögbrotin lýsti hann því yfir, eins og hér kom fram, að ekkert væri óeðlilegt við að menn settu upp svona stöðvar og var greinilega að hreykjast af því að þessar stöðvar hefðu verið settar upp og Ríkisútvarpið væri óvirkt. Hann var greinilega að nota þetta mál til framgangs og stuðnings ákveðnum baráttumálum Sjálfstfl. Það er þess vegna sem hlutdeild formanns Sjálfstfl. hlýtur að vera dregin inn í myndina.

Að lokum, vegna þess að umr. hefur snúist hér um hvort umrædd starfsemi hafi átt sér stað í húsi Sjálfstfl. eða ekki og tveir hv. þm. hafa dregið það mjög í efa, vil ég benda á í allri hógværð að mér er sagt að einn af hv. þm. Sjálfstfl. sem sæti á í þessari deild viti gjörla hvernig málum var háttað og geti upplýst greiðlega hvort það sé rétt að umrædd útvarpsstöð hafi verið rekin í húsi Sjálfstfl. eða ekki. Sá hv. þm. heitir Eyjólfur Konráð Jónsson og á sæti hér í deild. Ég mundi eindregið mælast til þess, ef hann sæi sér það fært, að hann gerði grein fyrir vitneskju sinni um þetta mál. Ég er ekki að segja að hann hafi staðið fyrir þessum útvarpsrekstri í húsi Sjálfstfl., ég hygg að hann hafi verið lítt hrifinn af þeirri starfsemi, en ég hygg einnig, og hef það eftir ýmsum heimildum, að hann hafi komið nokkuð við sögu þegar stöðin var fjarlægð úr húsinu og mundi því geta veitt mikilvægar upplýsingar í þessu sambandi úr því að hv. þm. Sjálfstfl. eru að leyfa sér þann munað að draga í efa að þessi stöð hafi verið þar starfrækt sem allur landslýður veit og mun sannarlega koma á daginn þegar rannsókninni lýkur.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Þetta mál fer nú að verða allítarlega rætt hér í þessari hv. deild og ég hefði satt best að segja ekki kvatt mér hljóðs hér aftur ef ekki hefði komið til sú endemis ræða, leyfi ég mér að segja, sem hv. þm. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., flutti áðan. Ég vona sannarlega að hans flokksblað geri þessari ræðu hans mjög ítarleg skil á morgun og birti hana helst orðrétta. Þá væri raunar ástæða til þess að blaðið birti þannig fleiri ræður sem þessi hv. þm. flytur, þannig að hans kjósendur á Suðurlandi megi gjörla sjá og lesa með hverjum hætti málflutningur hans er á hinu háa Alþingi.

Hann ræddi um að það hefði verið ýjað að því að þessi útvarpsrekstur í Valhöll hefði verið á vegum Sjálfstfl. og nú skal ég segja hv. þm. Árna Johnsen hvers vegna menn segja það.

Í fyrsta lagi hefur framkvæmdastjóri Sjálfstfl. greint frá því í viðtali við Morgunblaðið að hann hafi staðið að þessum útvarpsrekstri og átt að honum aðild og haft þar nokkurt frumkvæði. Hann vissi að vísu ekki nákvæmlega hvað sent var út allan tímann, eins og hann orðaði það í viðtalinu við blaðamanninn.

Það kemur fram líka í þessu viðtali að það hafi verið sent út úr bíl sem hafi staðið þarna á Valhallarhlaðinu. Halda menn að radíóeftirlitsmenn Landssímans, sem komu með miðunartæki þarna á staðinn, hefðu ekki fundið það og séð ef útsending hefði átt sér stað út úr bíl þarna fyrir framan húsið?

Það hefur líka komið fram í þessum umræðum að framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstfl. átti aðild að þessu máli og starfaði við þetta útvarp.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að þessar útsendingar fóru fram úr húsi Sjálfstfl., Valhöll. Það var sagt frá því í þessu útvarpi að teknar hefðu verið myndir fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar af þessari starfsemi. Þær voru teknar í Valhöll.

Hvers vegna koma menn ekki hreint fram í þessu

máli og viðurkenna það sem rétt er, viðurkenna að þarna hafi orðið mistök? Þá hefði aldrei orðið neitt mál úr þessu, menn hefðu bara viðurkennt það og harmað að þetta skyldi hafa átt sér stað undir verndarvæng stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar. Menn kusu að gera það ekki. Það er verið að hylma yfir þetta í Morgunblaðinu og búa til einhvers konar nýjan hálfsannleik. Svo er verið að velta Sjálfstfl. upp úr þessu, sagði hv. þm. Er það nokkuð óeðlilegt? Þessar staðreyndir liggja fyrir. Og við sem flytjum þessa till. til þál., sem hér er til umr., viljum að hér verði staðreyndirnar dregnar fram í dagsljósið og að ljós verði afskipti ráðh. af þessu máli. Hvers vegna máttu radíóeftirlitsmennirnir ekki fara upp á þak Valhallar og skoða þar loftnet og leiðslur? Hvers vegna? Ef menn höfðu ekkert að fela í því húsi eða þar uppi á þaki, hver var þá ástæðan fyrir þessari neitun?

Hv. þm. seilist langt þegar hann rifjar upp 16 eða 17 ára gamla frétt úr sjónvarpinu þar sem ég átti viðtal við Aðalstein ráðsmann á Korpúlfsstöðum. Það var ekki Þorgeir í Gufunesi og það var enginn bóndi sem þarna kom við sögu. Kveikja þessarar fréttar var sú að Dýraverndunarfélagið, minnir mig, benti okkur á, sem störfuðum á fréttastofu sjónvarpsins, þetta var um miðjan vetur, sjálfsagt í febrúar, að úti í Engey væru hross, en þar væri ekkert vatnsból og þar væri ekkert skjól, aðeins berangur. Hv. þm. Árni Johnsen getur haft hvaða skoðun á því sem hann vill hver minn hlutur að þessu máli var. Staðreynd málsins var sú að hrossin voru flutt burt úr Engey strax eftir þetta viðtal vegna þess að vera þeirra þar stangaðist áreiðanlega á við dýraverndarlög. Ég veit ekki hversu mikill dýravinur hv. þm. Árni Johnsen er, ég veit það ekki. (Gripið fram í.) Já, ég heyri að hv. þm. Valdimar Indriðason minnist á súludráp í Eldey. Ég ætla ekki að gera það neitt að sérstöku umtalsefni. Það kemur svo sem ekki þessu máli við. (**ÁJ:** Hvaða súludráp í Eldey?) Eða súludráp í Súlnaskeri. (Gripið fram í.) Hann hefur víða komið við sögu súlunnar, þessi hv. þm. Ég ætla ekki að gera það að sérstöku umtalsefni hér. En mér finnst það nú harla einkennileg röksemdafærsla að þegar verið er að verja málstað Sjálfstfl. í þessu máli skuli seilst 16 ár aftur í tímann, þegar fréttastofa sjónvarpsins var að fjalla um það sem ég held að hafi verið misþyrming á dýrum, og ég er sannfærður um að var misþyrming á dýrum úti í Engey. Ég sé ekki eftir þeim hlut sem ég átti að því máli og tel mér það heldur til tekna frekar en hitt að hafa bent á að þarna var verið að pynta skepnur. (**Gripið fram í:** Það er samlíkingin.)

Já, það voru ýmsar samlíkingar sem komu fram í ræðu hv. þm., og þó að hann kunni ekki skil og mun á vatnaskilum og flóði og fjöru, þá er engin ástæða til að fara sérstaklega út í það. En það var athyglisvert að þegar hann vitnaði í ræðu síns formanns og samþm. af Suðurlandi las hann ekki alveg nógu langt. Hann hefði átt að hafa tilvitnunina svolítið lengri, þegar hans formaður, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, fór að tala um ástandið í Póllandi og Suður-Ameríku, þar sem í Póllandi hefðu menn stofnað frjáls verkalýðsfélög, og var að bera þetta tvennt saman. Ég held að þetta hafi verið ákaflega óheppilegar samlíkingar hjá hv. formanni Sjálfstfl. Hann sagði líka og það man ég orðrétt, hv. þm.: „Menn hafa fundið æðra lögmál.“ Hv. þm. getur flett þessu upp í þingtíðindunum. Hann bara las ekki nógu langt. Menn hafa fundið æðra lögmál. — Og með því var formaður Sjálfstfl. að segja að þeir sem tóku lögin í sínar hendur og fóru að reka útvarpsstöðvar hér hefðu fundið æðra lögmál. Nú er þetta röksemd sem haldið hefur verið fram í þessu máli, en ég átti satt að segja ekki von á að heyra hana frá formanni Sjálfstfl. Það hefði verið ólíkt meiri mannsbragur að því af hálfu þessa flokks að biðja þjóðina afsökunar á því löglausa athæfi sem átt hafði sér stað í húsakynnum flokksins.

Ég tel alveg víst að þetta hafi ekki verið gert með samþykki formannsins eða annarra stjórnenda flokksins, annarra en þeirra sem ég hef þegar getið, framkvæmdastjóra flokksins og framkvæmdastjóra þingflokksins. Ég held að þetta hafi verið frumhlaup og hrikalegt dómgreindarleysi. En hefðu menn áttað sig á því að biðjast velvirðingar á því sem gerst hafði hefði þetta mál aldrei orðið það mál sem það er núna. Ég hygg líka að hæstv. ráðherrar, sumir hverjir, hafi ástæðu til þess að biðjast afsökunar á sínum afskiptum af þessu máli.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri og held að þetta mál fari senn að verða útrætt að sinni.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það var ágætt að fá upprifjun hv. þm. á fréttinni góðu á sínum tíma, en skemmtilegt hefði nú verið að sjá á ný svipbrigðin á þáverandi fréttamanni þegar hann dró upp spýtuna.

Hv. þm. Eiður Guðnason minntist á súlnadráp í Eldey, átti þar reyndar við súlnadráp í Súlnaskeri. Hann ýjaði hér að gerð fræðslukvikmyndar sem gerð var fyrir sjónvarpið um súlnaveiði í Súlnaskeri við Vestmannaeyjar. Þar slóst sjónvarpið í för í þeim eina tilgangi að gera fræðslumynd um þennan gamla veiðimáta. Hv. þm. Eiður Guðnason gerði texta fyrir hönd sjónvarpsins við þessa mynd. Sem dæmi um það hvernig menn eiga ekki að vinna og hvernig þar var unnið á óeðlilegan hátt var ein setning þar sem veiði átti sér stað, en textahöfundur Eiður Guðnason setti inn þessa setningu: „Hvað skyldu dýraverndunarmenn segja nú?“ Slík setning á ekki heima í hlutlausri fræðslumynd, hvorki á vegum sjónvarpsins né einstakra opinberra fyrirtækja. Þetta er enn eitt dæmið um hvernig ruglað er saman málum.

Það var loðinmulluleg spurning sem hv. þm. Stefán Benediktsson vildi fá svar við, klippt og klárt svar, og er auðvelt að gefa slíkt. Sjálfstfl. hefur enga aðild átt að rekstri útvarpsstöðva á Íslandi.

Svar við annarri spurningunni, um það hvort undirbúningur aðila sem tengjast Sjálfstfl. hafi ekki átt sér stað: Þetta er spurning sem ég býst nú við að þm. ætlist ekki til að sé svarað hér því þar væri verið að hnýsast í persónulega hætti fólks og ég blanda mér ekki í slíkt hreint út sagt. (**StB:** Þú vilt sem sé ekki svara.)

Hv. þm. Ragnar Arnalds ítrekaði það sem skoðun sína að Sjálfstfl. væri rammflæktur í útvarpsrekstrinn og er þá orðið þéttriðið netið, en nefndi sem dæmi að ráðherrar Sjálfstfl. hefðu staðið í vegi fyrir að leit ætti sér stað í húsinu Valhöll sem hýsir starfsemi margra fyrirtækja — og grundvallaratriðið varðandi þann þátt og þá að öllum líkindum staðreynd að frá þessu húsi komu sendingar. Hann gerði því hins vegar ekki skil hvort laganna verðir hefðu réttar heimildar til þess að ganga inn á ákveðin svæði, að þeir færu að lögum. Það er mergurinn málsins. Frá öllum hliðum séð verður að

ætlast til þess að menn fari að lögum ekkert síður lið lögreglunnar en annarra.

Hann vék einnig að því að sjálfstæðismenn hefðu verið á móti því að útvarpsrekstur hæfist í Ríkisútvarpinu. Þetta er auðvitað í sama dúr, útúrsnúningur og blaður. Málið hefur fremur snúist um það, eins og í mörgu öðru er varðaði verkfall BSRB, hvort kjaradeilunefnd væri sá aðili sem ætti að afgreiða mál eða verkfallsnefnd BSRB. Að íslenskum lögum er það kjaradeilunefnd sem á að vera eins konar hæstiréttur í deilumálum er upp kunna að koma og annað er óeðlilegt. Það getur ekki staðist að einstaka verkfallsaðilar, úr hvaða stétt sem er, geti tekið að sér að stjórna Íslandi.

Það má minnast á það, vegna ummæla hv. þm. Ragnars Arnalds um að sendingar hafi átt sér stað frá Valhöll, að ég reikna ekki með að þingflokkur Alþb. vilji bera ábyrgð á því sem þingflokkur Alþfl. samþykkir á þingflokksfundum sínum þótt þeir séu haldnir í sama húsi, þ. e. í hv. Alþingi. En þannig standa nú málin samt. Það er verið að nudda saman vangaveltum og spurningum um það hvort Sjálfstfl. hafi staðið að einhverju ólöglegu eða hvort menn, sjálfstæðir menn, *standi að einhverju. Þar verður að gera greinarmun á.*

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. 8. mál (þskj. 8). — 1. umr.

Flm. (Kristófer Már Kristinsson): Herra forseti. Á þskj. 8 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni að leggja fram frv. til l. um breytingu á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í I. kafla þeirra laga sem ber yfirskriftina Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda, segir svo með leyfi forseta:

„1. gr. Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

2. gr. Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag."

Herra forseti. Það frv. til l. er ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir því að á eftir þessari grein komi grein sem hljóði svo, *með leyfi forseta:*

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna geta launþegar (vinnuseljendur), sem taka laun hjá sama atvinnurekanda, stofnað félag á vinnustað sem hafi með samninga að gera og taki í einu og öllu við réttindum og skyldum stéttarfélaga. Þetta getur gerst að undangenginni skriflegri og leynilegri atkvgr. þar sem ⅔ hlutar þátttakenda hafa lýst sig samþykka þessu fyrirkomulagi, enda starfi fleiri en 25 launþegar á vinnustaðnum. Félmrn. skal setja reglugerð um framkvæmd atkvgr."

Síðan er í frv. mælt fyrir um nauðsynlegar breytingar, verði þessi grein samþykkt. Það skal strax tekið fram að þær töluviðmiðanir sem koma fram í frv. eru flm. ekki fastar í hendi, mjög kemur til greina að endurskoða þær, a. m. k. hvað snertir fjölda launþega í fyrirtækjum.

Í grg. með frv. segir m. a., með leyfi forseta:

„Frv. gerir aðeins ráð fyrir einni meginbreytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, að launþegar á sama vinnustað — og þá er vinnustaður skilgreindur þannig að til hans teljast allir þeir sem taka laun sín hjá einum og sama vinnuveitandanum — geti ákveðið, þ. e. ⅔ hlutar þeirra, að stofna eigið félag sem fari með samninga um kaup og kjör og önnur réttindi og aðrar skyldur sem stéttarfélög þeirra fóru með áður og þá skiptir ekki máli hvers konar störf viðkomandi launþegi leysir af hendi."

Jafnframt segir:

„Leggja verður áherslu á að hér er verið að auka við réttindi launafólks sem það getur nýtt sér, ef það vill, en þarf þó ekki að gera. Eins er verið að opna fyrir þann möguleika að betri samvinna og meiri skilningur verði milli þeirra sem við fyrirtæki starfa og hinna sem það reka."

Herra forseti. Þetta frv. til l. er nú lagt hér fram á hv. Alþingi í fimmta sinn. Það hefur frá því að það kom fyrst fram orðið tilefni allnokkurrar umr. um skipulagsmál launþegasamtakanna, vakti þá umræðu af Þyrnirósarsvefni, eins og einhver orðaði það. Hins vegar verður ekki séð að nokkur hafi hirt um að skrifa niðurlag á ævintýrinu. Rétt er að leggja á það áherslu að það verður ekki gert hér á hinu háa Alþingi. Launþegasamtökin hljóta að verða að sinna því sjálf. Alþingi ber þó að mínu mati skylda til að blása lífi í prinsinn, jafnvel þó að ekki dugi til annars en að hann verði kontóristi hjá ASÍ. Hér er átt við að það er ekki hlutverk Alþingis að hlutast til um innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar frekar en annarra félaga yfirleitt. Ég held hins vegar að því verði ekki á móti mælt að lög þau sem hér um ræðir, þ. e. lög um stéttarfélög og vinnudeilur, hljóti að vera sá rammi sem allt skipulag launþegasamtakanna miðast við. Það er skoðun flm. að full ástæða sé til að rýmka þennan ramma og skapa þannig forsendur til valddreifingar, aukinnar félagslegrar þátttöku og ábyrgðar einstaklinga. Það verður ekki fram hjá því gengið að vinnulöggjöf varðar grundvallarmannréttindi og Alþingi hefur tvímælalausar skyldur við þjóðina í þeim efnum.

Herra forseti. Ákjósanlegast væri að nema lög um stéttarfélög og vinnudeilur úr gildi og tryggja rétt þeirra sem selja vinnu sínu í stjórnarskránni en að öðru leyti réðu hefðir og samkomulag á milli hinna svokölluðu aðila vinnumarkaðarins. Þannig yrði verkalýðshreyfingin frjáls að svo miklu leyti sem það er, allra hluta vegna, mögulegt. Þetta væri hið ákjósanlega. Einnig mætti hugsa sér að sérhver launþegi semdi fyrir sig án afskipta annarra um réttmæt laun fyrir vinnu sínu. Það er sennilega hið óframkvæmanlega.

Herra forseti. Verkalýðsforustan og Vinnuveitendasambandið felldu frv. sem var samhljóða þessu í Ed. þann 28. mars. s. l. Af umræðum verður ekki séð að

andstaða hv. þm. hafi verið jafn eindregin og niðurstöður atkvgr. gáfu til kynna, heldur reið álit umsagnaraðila baggamuninn. Frv. var fellt vegna þess að stjórn Alþýðusambands Íslands vildi það. Frv. var fellt vegna þess að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja vildi það. Frv. var fellt vegna þess að stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur vildi það. Frv. var fellt vegna þess að stjórn Verkalýðsfélagsins Einingar á Akureyri vildi það. Frv. var fellt vegna þess að stjórn Vinnuveitendasambands Íslands vildi það.

Hv. þm. deildarinnar höfðu allir uppi það álit að heildarendurskoðun á lögunum væri nauðsynleg. En það virðist helst hafa þá merkingu hér í þessari virðulegu stofnun að hv. þm. geti ekki, vilji ekki og nenni ekki að taka af skarið gagnvart umdeildum og viðkvæmum málum.

Herra forseti. Þess varð ekki vart að leitað hefði verið umsagnar og álits þolenda þeirra laga þess skipulags sem hér um ræðir, þ. e. launþega á vinnustöðum og starfsmannafélaga sem víða eru til, fólks sem ekki hefur beinna persónulegra hagsmuna að gæta innan valdastofnana stéttarfélaganna, heldur var leitað til þeirra sem af skammsýni eru vísir til að telja sér best borgið við óbreyttar aðstæður, óbreytt ástand, þ. e. fulltrúa í alls kyns valdastofnunum. Sú gagnrýni sem þetta frv. hefur orðið fyrir hefur ekki verið ýkja margvísleg en hún hefur verið áköf og nánast heiftúðug á stundum. Því er haldið fram og þykir vont að verið sé að dreifa valdi innan launþegasamtakanna, brjóta niður samtakamáttinn, sundra heildarsamtökunum, spilla samstöðunni og ganga erinda Vinnuveitendasambandsins og hlýtur afstaða Vinnuveitendasambands Íslands til þessa máls að teljast næsta einkennileg í því ljósi.

Ef vikið er að samstöðunni sem verið er að sundra má spyrja: Samstöðu um hvað? Eitt markmið, t. d. hag hinna lægst launuðu, einn leiðtoga, eina skoðun, einn sameiginlegan óvin í samræmi við það nítjándu aldar ævintýri sem sumir sækja stéttarvitund sína í, eitt dýrt húsnæði, eitt símanúmer?

Herra forseti. Um hvað sameinast launþegar undir núverandi skipulagi samtaka sinna? Stjórnarmenn, orlofsbúðir, samþjappað vald hjá kontóristum sem ástunda vinnustaðasamninga sín á milli vegna þess að kjarasamningar sem þeir gera eru ónothæfir, a. m. k. fyrir þá. E. t. v. er samstaðan um framtíðarsýn Vinnuveitendasambandsins. Þ. e. heils árs kjaftavaðalssamkundu um meðaltalsafkomuútreikninga og þá næringargildi þeirrar naglasúpu sem samkomulag yrði um að bera við og við fyrir launþegana til þess að samsuðuselskapurinn sannaði tilverurétt sinn.

Þetta frv. hefur verið kallað stéttarsamvinnufrv. og er helst að skilja að það sé marxískt skammaryrði. Mér þykir hins vegar stéttarsamvinna hljóma vel og tel hana vera af hinu góða, enda var Stalín dauður þegar ég fermdist. Ég vara menn við því að vera að lesa eitthvað út úr þessu hugtaki, stéttarsamvinna, sem ekki er þar og ekki er ætlað að vera þar. Það er ekki verið að tala um misnotkun, stéttarkúgun eða arðrán undir rós heldur samvinnu jafnvígra aðila um það sem hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál þeirra.

Ég fæ ekki séð að dreift vald sé í eðli sínu minna eða lítilvægara en samþjappað vald. Ég er þeirrar skoðunar að með samningsrétti smárra eininga hljóti samstaða vinnuveitenda að rofna og mér sýnist þeir vera á sömu skoðun. Það kemur bæði fram í afstöðu þeirra til þessa frv. og einnig í þeirri staðreynd að vinnuveitendur fóru fram á heildarkjarasamning í sumar á meðan ASÍ hafði uppi efasemdir um gildi stóra samflotsins. Vinnuveitendasambandinu er tvímælalaus akkur í heildarkjarasamningum þar sem allt er í einum pakka vegna þess að í þeim er hægt að beita meðaltalsfátæktarsvipunni til að berja niður kröfur launþega. Í þeim er hægt að draga verkalýðsforustuna á asnaeyrunum mánuðum saman og halda henni uppi á snakki um ekki neitt undir kaffiþambi og ropvatnsdrykkju. Og ekki síst er í þeim hægt að nota tékkhefti fjmrn. og jólapakka frá ríkisstj. allri. Það verður ekki fallist á að samningar um kaup og kjör eigi að fara þannig fram.

Hér er verið að gefa kost á nýjum leiðum í kjarabaráttu, opna möguleika á einu baráttutæki enn fyrir launþega og verið að gera vinnustaðina að minnstu einingum í kjarabaráttunni. Það er ljóst að þessu verður ekki náð með einfaldri skipulagsbreytingu innan launþegasamtakanna vegna þess að lög heimila ekki fólki að vinna að samningum um kaup og kjör öðruvísi en í gegnum lögformlega skipuð verkalýðsfélög. Til þess að opna þennan möguleika verður að koma til lagabreyting og slíkt verður ekki gert, a. m. k. enn þá, nema hér á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Það er á það bent að sú breyting sem hér er lögð til muni orsaka launamun á milli fyrirtækja innan sömu framleiðslugreinar. Þetta er sennilega rétt og er maklegt. Það verður ekki séð að ástæða sé til þess að banna vel stæðu fyrirtæki, sem á þá velgengni sína m. a. góðu starfsfólki að þakka, að láta þetta starfsfólk njóta ávaxta erfiðis síns. Jafnframt yrði þetta launþegum hvatning að leita vinnu hjá fyrirtækjum sem forsmá ekki þau verðmæti sem hendur þeirra skapa. Þetta kallast að kasta launa- og kjarajöfnunarstefnunni fyrir borð, það kann að vera rétt enda verður ekki séð að henni hafi verið ætlað annað hlutverk en að halda launum þeirra sérstöðulausu niðri, eða sú er a. m. k. niðurstaða hennar. Hinir fá yfirborganir, eru í launaskriðinu sem auðvitað er ekkert annað en vinnustaðasamningar þeirra sem hafa sérstöðu og hafa vit á því að notfæra sér hana. Með þessu frv. er gerð tilraun til þess að skapa möguleika á að jafna þennan aðstöðumun.

Það er einnig á það bent að hér sé verið að skapa stundargróða eða sókn starfsmanna í stundargróða. Það er þá a. m. k. meira en hægt er að segja um þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið undanfarin ár. Þeim hefur fyrst og fremst verið ætlað að ná aftur hluta þess sem þegar var búið að hirða úr launaumslögunum. Hér er gefinn kostur á vopni sem getur snúið vörn í sókn. Sú gagnrýni hefur komið fram að á engan hátt sé gerð fyrir því grein hvernig flm. þessa frv. hugsa sér að það gangi upp, hvaða skipulagsbreytingar eru nauðsynlegar og hvernig tengsl vinnustaðafélaga við núgildandi félagskerfi verði.

Í fyrsta lagi er ekki verið að leggja lagalega skyldu til breytinga af neinu tagi á fólk. Gert er ráð fyrir því að ákvörðunin sé því í sjálfsvald sett, kjósi það svo. Í öðru lagi er það andstætt skoðunum flm. að Alþingi fjalli um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar. Við erum hins vegar að sjálfsögðu reiðubúnir að leggja verkalýðshreyfingunni lið, fari svo vel að þetta frv. verði að lögum, fólk kjósi að nýta sér þá möguleika sem það skapar og verkalýðsforustan kæri sig um liðsinni okkar.

Herra forseti. Andstaða þeirra, sem hafa verið verkalýðsrekendur langt líf og halda sig ekki kunna annað, við þetta frv. er á ýmsan hátt skiljanleg. Þeir óttast að verið sé að leggja þá niður með lagasetningu. Ég hef enga trú á því að til þess þurfi lög frá Alþingi, er enda á móti því. Það er hins vegar ljóst að ef til vinnustaðasamninga kemur mun reyna enn frekar á styrk og samtakamátt launþegasamtakanna en fram til þessa. Erindrekstur hlýtur að eflast, tæknileg aðstoð við samningagerð, mat á samningum og stöðu fyrirtækja og þannig mætti lengi telja. Það er einnig ljóst að þessa þjónustu er einnig hægt að kaupa hjá nánast hvaða viðskiptafræðingi, hagfræðingi eða endurskoðanda sem er og það verður gert ef forusta launþega verður sofandi.

Herra forseti. Að lokum vil ég leggja áherslu á nokkur atriði. Áhugi fólks á því að hafa aukin áhrif á kjör sín og aðbúnað hefur vaxið. Samfara betri menntun, greiðari upplýsingamiðlun og bættum efnahag finnur fólk sig hæfara til sjálfsbjargar í þessum efnum. Hér er mælt með því að Alþingi leggi sitt af mörkum til þess að svo megi verða. Vinnustaðasamningar um kaup og kjör eru víða staðreynd, bæði innan stóriðjunnar og eins á hinum almenna vinnumarkaði í formi yfirborgana. Með áframhaldandi afskiptaleysi stuðla hv. alþm. að því að festa það misrétti, sem felst í ríkjandi viðhorfum, í sessi.

Kjarasamningar eru frumskógi líkastir og túlkun þeirra ekki nema á færi sérfræðinga, fyrst og fremst vegna þess að í heildarsamningum forðast menn raunverulegar kauphækkanir sem síðan verður til þess að sérkjarasamningar yfirfyllast af alls konar kjaftæði um fríðindi og sporslur, reikningskúnstir þar sem sjálfsagðir hlutir og mannréttindi eru reiknaðir til launahækkunar. Fyrst er gerður aðalkjarasamningur, þá sérkjarasamningur, síðan samkomulag í tvíriti sem geymt er undir borði, þar næst bókanir um hitt og þetta og loks þegjandi samkomulag. Allt leiðir þetta til óskiljanlegrar þvælu fyrir venjulegt fólk, alls kyns sértúlkanir byggjast jafnvel á einhverju sem hvergi er á blað sett, launþeginn er nánast varnarlaus. Benda má t. d. á að opinberir starfsmenn eru ofurseldir túlkun einhvers undirkontóríста í launadeild fjmrn. um textaskýringar og mat á kjarasamningum sínum og eiga vart annarra kosta völ en að sækja rétt sinn til dómstóla sem tekur mörg ár. Samstarfsnefnd launþega og launagreiðenda, sem starfar, fæst helst ekki við mál einstaklinga, hefur sjálfsagt ærið annað að starfa.

Þannig er á ýmsan hátt í kjarasamningum dregið úr áhuga og möguleikum fólks til vinnu í dagvinnutímanum vegna þess að hinn launaði vinnutími hefst ekki fyrr en með eftirvinnutímunum. Það er líklegt að fólk sem gerði sjálft sína kjarasamninga, legði áherslu á að hafa þar inni raunverulegar kjarabætur, þannig að stuðlað yrði að löngu tímabærri hreinsun og einföldun á kjarasamningum. Það er heldur ekki lítilvægt atriði að við þetta fyrirkomulag er loku fyrir það skotið að fámennar stéttir með lykilaðstöðu geti stöðvað fyrirtæki og heilar atvinnugreinar. Verkfallsrétturinn verður hjá launþegum innan fyrirtækis og verður beitt í samræmi við vilja meiri hluta starfsmanna hvert svo sem starf þeirra er.

Hér er ekki verið að leggja niður stéttarfélög, þau munu starfa áfram sínu fólki til halds og trausts. Það er heldur ekkert sem bannar fyrirtækjum að greiða hærri laun en kveðið er á um í kjarasamningum ef þau svo kjósa. Í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun. Það er hins vegar alveg ljóst að launagreiðslur mega aldrei verða geðþóttaákvörðun atvinnurekenda en í það stefnir hraðbyri vegna þess hve vondir heildarkjarasamningarnir eru og langt frá raunverulegum þörfum fólksins.

Herra forseti. Að síðustu legg ég áherslu á eftirfarandi sem fram kemur í grg. með frv.:

Við teljum eðlilegt að hlutdeild starfsfólks sé aukin með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og þannig beinlínis tengd afkomu fyrirtækisins. Ef fyrirtækið eykur framleiðslu sína vegna tækniframfara og tækninýjungar er eðlilegt að starfsfólk við þetta fyrirtæki geri auknar kaupkröfur. Það er einnig eðlilegt að starfsfólk taki þátt í rekstri með þeim hætti t. d. að það hægi á kaupkröfum sínum til þess að gera fyrirtæki kleift að fjárfesta í nýrri og betri vélum sem þannig skili sér í auknum kaupmætti þegar fram líða stundir.

Það kerfi, að sérhvert fyrirtæki sé með þessum hætti samningseining út af fyrir sig, býður upp á miklum mun meiri sveigjanleika en núverandi kerfi heildarsamninga gerir. Hins vegar geta starfsgreinafélög myndað samböndin á milli sem þá gera samninga fyrir alla félagsmenn.

Vitaskuld er með þessu frv. til l. lögð fram mjög róttæk grundvallarbreyting á fyrirkomulagi samninga um kaup og kjör. Flm. telja þó, eftir að hafa gefið sér þá forsendu að þessi breyting sé nauðsynleg, að í þessu frv. sé eins hægt farið í sakirnar og frekast er kostur og að öðru leyti sé aðilum vinnumarkaðarins látið eftir hvernig þessum skipulagsmálum verður háttað. Það er einnig mat flm. að það sé staðreynd að í samningum á undanförnum árum hafi þeir sem lægst hafa launin ekki fengið þá uppbót sem þeim beri. En með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að leggja til, er stefnt að auknum launajöfnuði. Það er einnig röksemd, sem styður þá breytingu sem hér er verið að leggja til, að í svokölluðum heildarsamningum, eins og þeir hafa verið byggðir upp, eru sáralítil tengsl á milli annars vegar afkomu fyrirtækis og framleiðslugreinar og hins vegar samninga um kaup og kjör.

Það er gjörsamlega útilokað að fáeinir samningamenn, sem fyrir þessu samfloti standa, geti haft tilfinningu fyrir afkomu einstakra fyrirtækja eða framleiðslugreina. Leiða má rök að því að stundum leiði þetta til þess að samningar verði óraunhæfir þannig að ekki séu til verðmæti fyrir þeim samningum sem gerðir eru, og ríkisvaldið skakki síðan leikinn með tilfærslum eins og t. d. gengisfellingum. En það má einnig leiða rök að því að þessi skortur á tilfinningu verði til þess í öðrum tilvikum að launþegar njóti ekki ávaxta af aukinni framleiðslu fyrirtækis eða framleiðslugreinar.

Það sem hér er verið að leggja til á einfaldlega að stuðla að því að launþegar fái laun í réttu hlutfalli við verðmæti þeirrar framleiðslu á vöru eða þjónustu sem þeir vinna við. Þá má benda á að þetta nýja fyrirkomulag gerir í raun ráð fyrir vaxandi þátttöku vinnuseljenda í rekstri fyrirtækja. Að þessu sinni er ekki verið að leggja til löggjöf um atvinnulýðræði, þ. e. að tiltekinn hluti starfsfólks skuli hafa rétt til setu í stjórnum, en slíkt gæti vel verið löggjafaratriði síðar. En gera má ráð fyrir að þegar um beina samninga er að ræða milli fyrirtækis og starfsfólks, þá sjái fyrirtækið sér hag í því

að fulltrúar starfsfólks sitji í stjórn, fylgist sem best með rekstri og afkomu fyrirtækis til þess að auðvelda og liðka fyrir skynsamlegum kjarasamningum án þess að gengið sé á hag fyrirtækja.

Flm. telja raunar að mjög aukin þátttaka starfsfólks í rekstri sé af hinu góða og æskileg framtíðarþróun.

Herra forseti. Allnokkur umr. hefur átt sér stað um félagslega deyfð ekki eingöngu innan launþegasamtakanna heldur vítt um þjóðfélagið. Ég er þeirrar skoðunar að þessi félagslega deyfð sé mest áberandi og tilfinnanlegust í félögum og samtökum sem byggja á svokölluðu fulltrúalýðræði, þar sem fulltrúakosningar fara jafnvel fram á tveimur til þremur þrepum áður en kemur að þeirri samkomu sem hefur umboð og vit til að taka ákvarðanir sem skipta máli. Ég held að launþegasamtökin og kaupfélögin séu gott dæmi um almenningshreyfingar sem eru félagslega og skipulega á villigötum. Það er líkt með kaupfélagsdeildum og verkalýðsfélögum að nánast eina fundartilefnið er kosning fulltrúa á einhverjar samkomur þrepi ofar. Ég trúi því að fólk sé fúst til þátttöku í lifandi félagsstarfi þar sem það hefur völd, tekur ákvarðanir sem varða það sjálft og axlar ábyrgð. Vinnustaðafélög með þeim réttindum og skyldum sem frv. þetta gerir ráð fyrir uppfylla þessi skilyrði að mínu mati.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að eðlilegt er að þessu máli sé vísað til félmn. en ekki allshn. og vil gera till. um að farið sé að þingvenjum í þeim efnum.

Ég vil aðeins segja í tilefni af þessu frv. að hér er hreyft mjög athyglisverðri hugmynd, sem er síður en svo ný af nálinni, þar sem gert er ráð fyrir því að launþegar, sem taki laun hjá sama atvinnurekanda, geti stofnað félög á vinnustað sem hafi með samninga að gera og taki í einu og öllu við réttindum og skyldum stéttarfélaga. Ég álít nauðsynlegt, ekki síst í ljósi nýlegra atburða, að sú n. sem fær þetta til meðferðar, félmn. að ég ætla, taki þetta mál til athugunar á jákvæðan hátt og velti því fyrir sér hvernig hægt sé að bæta það skipulag sem nú hefur verið um nær hálfrar aldar skeið lögfest um stéttarfélög og vinnudeilur.

Reynslan t. d. af prentaraverkfallinu eða verkfalli bókagerðarmanna sýnir okkur að ótímabær verkföll einstakra starfsgreinahópa geta stofnað atvinnuöryggi annarra hópa í hættu, eins og gerðist um blaðamenn í því verkfalli. Í nauðvörn gripu fyrirtæki til þess að setja verkbann á blaðamenn til að draga úr því tjóni sem verkfallið hafði á rekstur viðkomandi fyrirtækja. Sérstaklega með hliðsjón af því að bókagerðarmenn bættu síður en svo aðstöðu sína í verkfallinu er ljóst að þarna var mjög rasað um ráð fram og ávinningurinn af þessu verkfalli enginn, hvorki fyrir bókagerðarmenn eða aðra. Á hinn bóginn má færa fyrir því gild rök að þetta ótímabæra verkfall hafi valdið því að viðkomandi fyrirtæki hafi ekki sömu aðstöðu og áður til að vinna að hagræðingu innan sinna veggja og taka nýja og betri tækni í þjónustu sína.

Ég skal ekki í þessu samhengi ræða það hvílík aðför að prentfrelsinu, hinu frjálsa orði, er fólgin í ótímabærum verkföllum af þessu tagi. Til þess gefst tilefni síðar. En það er að sjálfsögðu alveg ljóst að við því verður að reisa einhverjar skorður að einstakir hópar geti valdið öðrum hópum mjög verulegu tjóni. Það gerðist í þessu verkfalli, um það hygg ég að allir séu sammála. Ég er á hinn bóginn ekki sannfærður um að lagagreinin eins og hún er orðuð hér í frv. sé nægilega hugsuð. Kemur þar margt til. Margvísleg starfsemi stéttarfélaga veitir félögum sínum vissulega mikil réttindi og vernd og þarf mjög að athuga sinn gang áður en höggvið er á hnútinn með þessum hætti.

En ég ítreka það að hér er fylgt úr hlaði mjög merkilegu máli sem nauðsynlegt er að taka afstöðu til. Ég vænti þess að sú n. sem fær málið til meðferðar reyni að hraða afgreiðslu frv. og kryfja efni þess þannig að afstöðu verði hægt að taka á því þingi sem nú situr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef fylgst með starfi verkalýðsfélaga og verkalýðshreyfingar í um 26 ár og ég man ekki til þess að hafa heyrt talað af jafnmikilli vanþekkingu um starfsemi og starfsháttu stéttarfélaganna í landinu og í framsögu fyrir því frv. sem hér er nú til umr.

Ég er ekki með þessum orðum að segja að ekki sé nauðsynlegt, því að það verður auðvitað alltaf nauðsynlegt, að ræða stöðugt hvað megi betur fara í starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar svo og annarra félagasamtaka í landinu. En ég held a. m. k. að málflutningur af þessu tagi, sem hér var uppi hafður í framsöguræðu fyrir þessu frv., sé ekki sprottinn af því að menn vilji breytingar til hins betra fyrir það fólk sem menn í orði kveðnu hafa talið að þyrfti að bæta sérstaklega um fyrir.

Ég ræddi nokkuð um frv. sem var efnislega svipað þessu á þingi ekki alls fyrir löngu og þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta. Mín afstaða til málsins hefur ekkert breyst. Ég held að með því að taka upp það sem hér er gert ráð fyrir væri verið í orðsins fyllstu merkingu að innleiða hér á vinnumarkaðinn lögmál frumskógarins. Það er a. m. k. ekki í mínum huga sem jafnaðarmanns að það fyrirkomulag mundi bæta stöðu hinna smæstu eininga og þeirra sem verst eru settir að því er varðar kjör á hinum almenna vinnumarkaði.

Nú veit ég út af fyrir sig ekki, og kannske skiptir það ekki meginmáli, hvaða starfi hv. frsm. þessa máls hefur gegnt um ævina, en mér þykir ólíklegt að hann þekki af eigin raun það starf sem fram fer í hinum einstöku stéttarfélögum eða innan verkalýðssamtakanna sem heildar. Menn sem þekkja til mundu a. m. k. ekki tala jafnóskynsamlega um þessi mál og hv. þm. gerði áðan. Þar fyrir utan er mjög vinsælt nú að gagnrýna og ata hv. þm. auri. Ég hjó eftir því að hv. þm. sagði að þingmenn gætu ekki, vildu ekki og nenntu ekki að taka af skarið í umdeildu máli. Hér á hv. þm. trúlega við alla aðra en tilheyra hans flokki. Trúlega yrði bót ráðin á ef þar fjölgaði innan dyra. Ég held nú samt að það sé ekki til þess að vinna málum fylgi að tala í þeim dúr sem hv. þm. gerði áðan.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv. Ég held, eða a. m. k. er það mín skoðun, að það dæmi sig sjálft gjörsamlega óraunhæft til þess að bæta stöðu þeirra verst settu innan stéttarfélaga. Ég held þvert á móti að slík breyting yrði til þess að skipta einingunum miklu meira upp, gera þær smærri og fleiri og þannig vanmáttugri til að gegna því hlutverki sem þær eiga að gegna og hafa vissulega gert. Mér er hins vegar alveg

ljóst að ýmsu mætti breyta til hins betra í starfsháttum. En það gerist ekki með frv.-flutningi álíka þeim sem hér er nú á dagskrá.

Nú tala ég kannske fyrst og fremst um svæði sem ég þekki hvað best, en ég veit að á Vestfjörðum, tökum t. d. mitt sveitarfélag Bolungarvík, yrði þetta til þess að hið raunverulega verkalýðsfélag, sem sér um samningsgerð bæði fyrir landverkafólk á hinum almenna vinnumarkaði og sjómenn, yrði að mínu viti, yrði farið yfir í breytingu eins og hér er lagt til, miklu vanmegnugra til að standa í stykkinu við að bæta kaup og kjör sinna umbjóðenda. Uppbygging eins og hér er lagt til yrði miklu frekar til þess að styrkja stöðu þeirra sem kannske eru sterkastir fyrir. Hinir yrðu skildir eftir. A. m. k. hefur mér fundist nógu langt gengið í þeim efnum að skilja á milli hinna betur settu og þeirra sem verr eru settir. Hitt er auðvitað alveg rétt að það má gagnrýna og gagnrýni er út af fyrir sig nauðsynleg og góð sé hún fram sett með því hugarfari að bæta. Það má vissulega gagnrýna að í mörgum tilfellum hefur verkalýðshreyfingunni mistekist við það margyfirlýsta verkefni að bæta fyrst og fremst kaup og kjör sinna umbjóðenda sem verst eru settir, minnst hafa borið úr býtum og minnst hafa sér til lífsviðurværis.

Hér er ekki fyrst og fremst um það að ræða að einn og einn forustumaður eða verkalýðsrekandi eins og nú er vinsælt orð, hafi ráðið ferðinni. Ég hef alltaf haldið því fram og það er mín bjargföst sannfæring að forusta í stéttarfélagi fer aldrei lengra í þessum efnum en það sem fólkið sjálft vill að hún fari. Það er óafsakanleg vankunnátta og lítil þekking á starfi og starfsháttum stéttarfélags að halda því fram að það sé t. d. formaður sem ræður þar ferðinni að eigin vild. Hann fer ekki lengra en það fólk í félaginu, sem að baki honum er, vill að hann fari. Sé málum ekki þannig farið, sem ég tel og tel mig hafa fulla reynslu til að dæma um, eru menn að tala um allt annað fyrirkomulag en í reynd er samkvæmt lýðræðislegu skipulagi. Ég held því að menn ættu, áður en menn eru með sleggjudóma í þessum efnum sem og öðrum, að kynna sér eilítið betur raunveruleikann sem að baki stéttarfélögunum og verkalýðshreyfingunni sem heild býr.

Við skulum taka eitt dæmi um hvernig mér sýnist að svona fyrirkomulag yrði á hinum smærri stöðum. Við skulum taka frystihús þar sem vinna kannske 30—40 manns. Það þarf ekki nema 25 manns til að ákveða samkvæmt þessu frv. að stofna vinnustaðafélag. Hvað með hina 5 eða 10 sem væru andvígir slíku? Nú sýnist mér að þeim væri heimilað að vera áfram í hinu gamla stéttarfélagi sínu. Væri það styrkur við þetta fólk að taka 25 manns af kannske 30—35 á vinnustaðnum, þannig saman settan hóp, sem hefði betri tök á því að skara eld að eigin köku en gæta hins sem minna hefur? Ég hygg að flestir sjái að með slíkum vinnubrögðum væri verið að ýta þeim sem minnst hafa enn frekar niður og gera möguleika þeirra minni á því að ná áhrifum til þess að minnka muninn miðað við þá sem ofar eru.

Ég tók eftir því að hv. 1. flm. þessa máls sagði að þetta mál hefði verið fellt í hv. Ed. Hvers vegna? Jú, menn höfðu skýringu á því. Vegna þess að stjórn Alþýðusambandsins væri á móti því, stjórn BSRB, vondu mennirnir hér í VR-stjórninni í Reykjavík, stjórnin í Einingu á Akureyri og stjórn VSÍ. Hér eru menn ekki bara að gefa í skyn heldur staðhæfa að hv. þm. í Ed. hafi kastað hugsjónum sínum og sannfæringu fyrir róða og gengið erinda þessara tilteknu samtaka. Mér finnst þetta stór fullyrðing, að nánast allir hv. þm. í Ed. Alþingis hafi í þessu tilfelli gengið erinda þeirra samtaka sem hér voru tilgreind af hv. þm. Kristófer Má Kristinssyni. Sé þetta rétt væri nauðsynlegt að fá nánari heimildir og frekari staðfestingu á svona staðhæfingum. Ekki vildi ég a. m. k. sitja undir slíku sem þm. án þess að betri heimildir fengjust og sannari.

Hv. þm. sagði líka áðan að nánast eina fundarefni stéttarfélags væri að kjósa fulltrúa á fundi sem væru þrepi ofar. Ég er alveg sannfærður um að ekki einn einasti hv. þdm. hér inni, að undanteknum þessum hv. þm., hefur hugrenningar í átt við það sem hér er fullyrt. Ég kannast a. m. k. ekki við neitt stéttarfélag í þessu landi sem hefur ekki ærin fundaverkefni önnur og meiri við að vera en að kjósa fulltrúa á einhverja tiltekna ráðstefnu þrepi ofar en félagið sjálft er. Slíkar fullyrðingar eru auðvitað slíkt svartnætti aftan úr grárri forneskju að engu tali tekur. Það hryggir mig sem sannan jafnaðarmann að það skuli vera þm. sem kennir sig við sambærilega stefnu og þá sem ég tel mig hafa tileinkað mér sem hagræðir tali sínu með þeim hætti sem hér var gert áðan og í þessum dúr. Meira að segja þarf ekki nema meðalgreint fólk til að sjá hvílíkir fordómar og vanþekking eru á ferðinni hjá þeim sem tala með þeim hætti. Alla hina, fyrir ofan meðalgreindina, þarf ekki um að tala, og þeir eru margir.

Hv. þm. sagði áðan, ég hef vikið að því áður, að með þessu frv. væri ekki verið að leggja niður stéttarfélög. Í rauninni er verið að gera það því með þessu frv., ef að lögum yrði og samkvæmt þeim breytt, væri verið að skilja eftir handa hinum gömlu stéttarfélögum, sem nú eru fyrir, það sem langerfiðast er að framkvæma í starfinu. Ég sé ekki að okkar þjóðfélag, svo margt sem þar er að vinna, hafi efni á því að beina hinni fjölmennu launþegahreyfingu í þann farveg sem lagt er til með þessu frv. Það er nærri mér að segja að með slíku væri verið að leggja til að hnefarétturinn ætti að gilda. Ég sé ekki heldur, eins og ég vék að áðan, að ef þetta yrði reyndin væri stefnt, með þessu fyrirkomulagi, að auknum launajöfnuði. Ég held að stefnan yrði í þveröfuga átt. Hér yrði, með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til að upp verði tekið, aukið misræmi í launum. Trúlega finnst mér að það gengi verulega miklu lengra í átt til ójafnaðar en það sem við þó nú búum við. Finnst mér þó a. m. k. og fleirum nóg um.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég vil þó segja að þó að mér sé augljóst að margt megi betur fara og hafi mátt betur fara í starfsháttum verkalýðsfélaganna og verkalýðssamtakanna í heild talað, þá verður þetta frv., ef að lögum yrði, ekki til þess að bæta það starf fyrir þann sem fyrst og fremst þarf á því að halda.

Hv. þm. kom hér einnig inn á yfirborganirnar og var réttilega á bent að þær eru miklar í þjóðfélaginu. Því miður komumst við varla hjá því að um slíkt verði að ræða að einhverju marki. Dettur einhverjum í hug að þó að lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur yrði breytt á þann veg sem hér er lagt til legðust yfirborganir niður um leið? Slíkt er auðvitað fáviska. Það verður því miður ekki komið í veg fyrir að slíkt verði alltaf í einhverjum mæli. Vonandi tekst að draga úr slíku þó að ég telji að breyting í þá átt sem hér er lögð til verði síst

til þess fallin að draga úr.

Hv. þm. sagði líka að það yrði óðruvísi umhorfs í þjóðfélaginu og kjör fólks yrðu með öðrum hætti og betri ef fólkið sjálft gerði sína kjarasamninga. Enn eitt dæmið um svartnættisvankunnáttu, forneskjulegan hugsunarhátt aftan úr gráustu fornaldarsögunni. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. úr kjördæminu? Þýðir nú að bera það á borð fyrir nokkurn meðalgreindan mann, ég tala nú ekki um fyrir ofan það, að það sé ekki fólkið sjálft sem tekur ákvörðun í sambandi við samningamál? A. m. k. þekki ég það ekki. Sé slíkt ekki gert eru það einhver bolabrögð sem eru svo fjarri mínum heimaslóðum að ég hef ekki haft vitneskju um. Kannske talar hv. þm. vegna eigin reynslu af heimaslóð. Sé ástandið þannig þar þarf að skipta um mennina. Það er ekki lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur um að kenna. Ef þetta er svona á Vesturlandi er illa á málum haldið af stjórnunum.

Hv. þm. sagði líka að samningarnir hefðu verið og væru gersamlega ónothæfir. Mér dettur í hug hvort að það yrði lausn í þessu efni, eins og þm. hv. í BJ telja í sumu öðru, að leggja allt heila klabbið gersamlega niður. Það virðist vera lausnin á þeim bæ á hinum ýmsu vandamálum. Það er símaskrárforskriftin að því að leggja allt niður. Ég bið menn í mestu vinsemd, af því að mér er svo sannarlega mjög vel við þessa ágætu menn sem ættu að vera mínir flokksbræður, a. m. k. skoðanalega séð, að hugsa eilítið meira áður en þeir slengja hinu og þessu fram annaðhvort af vanþekkingu eða slíkum fordómum að engu tali tekur. (**SV:** Nema hvort tveggja sé.) Nema hvort tveggja sé, segir hv. þm. Stefán Valgeirsson. Já, það kann svo að vera, en ekki fór það út úr mínum munni. — Nei, ég held að menn eigi frekar að sameinast um að gera breytingar þar sem þess er talið þörf til þess að styrkja fyrst og fremst starfsemi stéttarfélaganna sem þarf að vera sterkari en hún er og þá tala ég fyrst og fremst um þau stéttarfélög sem eru á hinum fámennari stöðum. Hin fjölmennu sjá sér betur farborða og ráða betur við þau verkefni sem stéttarfélagi er ætlað að sinna og á að sinna, en hinum fámennari stöðum er það höfuðatriði að stækka einingarnar en ekki að smækka þær og fjölga þeim. Það þarf að stækka þær og fækka þeim, en ekki að smækka þær og fjölga þeim. Slík breyting þýddi það að tugir félaga á hinum smærri stöðum yrðu miklu verr settir til að gegna því hlutverki sem þau eiga að gegna en þau þó eru nú. Þetta held ég að menn ættu að gera sér ljóst.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort það hefur verið ætlan hv. frsm. hér áðan, þegar hann orðaði það svo að frv. svipaðs eðlis hefði verið fellt í hv. Ed. vegna sérkennilegra tengsla hv. þm. þar við félagastjórnir úti í bæ, eða hvort hv. þm. gerir ráð fyrir að slíkt hið sama gerist hér í hv. Nd. En eitt get ég sagt hv. þm. strax, að það skiptir mig a. m. k. ekki meginmáli hvaða skoðanir miðstjórn Alþýðusambandsins, BSRB-stjórnin, VR-stjórnin, Einingar-stjórnin eða VSÍ-stjórnin hafa á þessu máli. Ég tel mig það dómbæran á þessi mál vegna reynslu að því er varðar framkvæmd að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv., komi til þess að það komi hér til atkvgr. í Nd., fyrst og fremst vegna þess að ég tel að framkvæmd þess, ef að lögum yrði, mundi valda þeim, þeim sem ég vil a. m. k. trúa að hv. flm. vilji vinna fyrir, meira tjóni en þeir hafa nú þegar orðið fyrir.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Síðasti hv. ræðumanni varð svo tíðrætt um meðalgreind að ég vil taka það fram í upphafi að mér hefur láðst að fara í greindarvísitölupróf svo að ég veit ekki hvort ég er hæfur til að fjalla um það mál sem hér er á dagskrá. (Gripið fram í.) Ég ætla þó að hætta á það.

Fyrsti flm. frv. tók fram í upphafi máls síns að þetta frv. hefði efnislega verið flutt hér fjórum sinnum áður og hann væri nú að flytja það hér í fimmta skipti. Og þar sem ég hef ekki tjáð mig um það áður, þó að ég hafi auðvitað fylgst með umr. um þetta mál, þá tek ég nú til máls og vek í upphafi athygli á því að það segir sína sögu um þróunina á þessum vettvangi á undanförnum fimm árum að ég minnist þess að þegar málið var fyrst flutt þótti það hálfgerð framúrstefna og fjarstæðukennt að til greina kæmi að samþykkja eitthvað í þessa áttina. Ég held að þróunin og atburðarásin á síðustu árum og jafnvel mánuðum hafi verið þannig að við getum flest verið sammála um að þetta mál er allrar athygli vert og þess virði að það sé skoðað með opnum huga. Við tökum t. d. eftir því að í þeim samningaviðræðum sem að vísu er nú u. þ. b. að ljúka en hafa staðið mjög lengi, þá voru það fyrstu viðbrögð Alþýðusambands Íslands, forustunnar þar, að gefa samningana frjálsa ef svo má segja, þ. e. að vísa samningaviðræðum og kröfum um bætt kjör meira heim til föðurhúsanna, til hinna einstöku stéttarfélaga. Auðvitað gerir Alþýðusambandið þetta vegna þess að það telur að árangur náist betri og meiri með þessum vinnubrögðum. Og þetta gekk eftir. Það var yfirleitt samið á þessu ári og til að byrja með gengu samningar út á það að einstök stéttarsambönd og jafnvel einstök stéttarfélög sóttu á um bætt kjör, hvert á sínum stað. Þannig að þróunin er augljós, hún er í þá áttina að völd og umsvif einstakra stéttarfélaga, jafnvel starfsmannafélaga aukast með tímanum.

Þrátt fyrir skelegga ræðu síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vestf., hefur það gerst um nokkuð langt skeið að ýmis sambönd innan verkalýðshreyfingarinnar hafa ávallt lagt áherslu á sjálfstæði sitt þegar til kjarasamninga kemur. Ég minni á þá gömlu hefð sem hefur ríkt vestur á fjörðum. Alþýðusamband Vestfjarða hefur lagt megináherslu á það að fá að standa sjálfstætt og semja fyrir sig. Það hafa þeir Vestfirðingar gert og áreiðanlega náð góðum samningum fyrir sína umbjóðendur. Þetta hafa þeir gert vegna þess að það hefur verið þeim hagstæðast. Og hvers vegna má ekki heimfæra þessi vinnubrögð upp á ýmsa aðra?

Nú skil ég ekki þetta frv. svo að verið sé að hafna landssamtökum eða kasta rýrð á hlutverk þeirra. Hvað sem frsm. þessa frv. hefur látið sér um munn fara áðan, þá held ég að hnútukast í garð landssamtaka innan verkalýðshreyfingarinnar sé óþarft. Samtökin eiga fullan rétt á sér. Þau eiga að standa vörð um hin félagslegu réttindi launþeganna. En á sama tíma eiga þau ekki heldur að vera þröskuldur eða ljón í veginum fyrir því að launþegarnir geti náð betri kjörum með öðrum vinnubrögðum ef þess er kostur. Þess vegna eiga landssamtökin eða málsvarar þeirra ekki fyrir fram að dæma þetta frv. dautt og ómerkt, heldur að átta sig vel á því hvort það kunni að vera í þágu hagsmuna umbjóðenda verkalýðsforustunnar að þetta frv. eða eitthvað í þessa áttina verði samþykkt.

Mér líst sem sagt alls ekki illa á þetta frv. Ég held að vel geti komið til greina að breyta lögunum um

stéttarfélög og vinnudeilur í þessa áttina. Um leið og ég tel það ámælisvert að vera í sömu andránni með hnútakast í garð landssamtaka innan verkalýðshreyfingarinnar tel ég líka alveg óþarft fyrir sjálfskipaða málsvara Alþýðusambandsins eða hinnar hefðbundnu verkalýðshreyfingar að láta það allt út úr sér fara sem síðasti ræðumaður gerði hér. Hann talar um að það ríki bara hnefarétturinn ef þetta frv. verði samþykkt, hefur stór orð um að hér muni ríkja lögmál frumskógarins. Það er ákaflega einkennilegt að í hvert skipti sem menn vilja auka frelsið á einum eða öðrum vettvangi þá er alltaf talað um lögmál frumskógarins. Það virðist alveg útilokað að treysta fólki fyrir nokkrum sköpuðum hlut í þessu landi, þá sé það allt í einu bara orðinn frumskógarrétturinn sem ráði. Ég held að það sé alger óþarfi að vera með þessa viðkvæmni þegar verið er að gagnrýna eitt og annað í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar eða stéttarfélaganna. Við vitum öll að þar er pottur brotinn. Verkalýðshreyfingin sjálf hefur haft áhyggjur af því hvað félagsstarf er dautt og hvað hinn almenni launþegi tekur lítið virkan þátt í kröfugerð eða almennum félagsstörfum innan hreyfingarinnar. Þetta er almennt viðurkennt vandamál og áhyggjuefni þeirra sem í forustu verkalýðshreyfingarinnar eru. Menn eiga ekki að vera með neinn tvískinnung eða viðkvæmni út af því þótt á þetta sé drepið hér í þessum umr.

Þegar lögð eru fram frv. í þessum anda er því miður tilhneiging hjá þeim sem völdin hafa að bregðast við með neikvæðum hætti. Því miður verður ekki annað sagt um þessa síðustu ræðu en að hún hafi verið öll í þá áttina að drepa þetta mál strax í upphafi, í fæðingu. Ég leyfi mér að fullyrða að þar sé ekki um að ræða lögmál frumskógarins heldur lögmál tregðunnar.

Síðasti hv. ræðumaður hafði áhyggjur af því að hinir smæstu og verst settu í verkalýðshreyfingunni mundu gjalda þess ef þetta form yrði tekið upp. Ég er ekki svo viss um það. Ég held jafnvel þvert á móti að hugsanlegt sé að kjör hinna verst settu kynnu jafnvel að batna að mun við það að einstök starfsmannafélög fengju að semja um sitt kaup og sín kjör. Ef laun hækka í einu frystihúsi t. d., þá er það grundvöllur fyrir starfsfólk í öðrum frystihúsum til þess að segja: Þessir menn hafa fengið hækkun. Af hverju ekki við líka? Samningar hljóta alltaf að ganga upp á við og það knýr á um að aðrir fái sambærileg kjör.

Við höfum rætt um það nýlega hér á þingi og það hefur verið aðalvandamál þjóðfélagsins hvernig mætti leysa kjaradeilu opinberra starfsmanna og ríkisins. Það var minnst á það hér fyrir helgi kannske meira í gamni en í alvöru, að kannske væri réttast að stofna einkaskóla til þess að kennarar gætu ráðið sig þar og fengið betri kjör. Nú veit ég ekki hversu mikil alvara var á bak við þetta. En samt getum við ekkert útilokað það að til greina kæmi að stofna einkaskóla til hliðar við grunnskólana og framhaldsskólana, sem eru á vegum ríkis og sveitarfélaga, svo að einhver samanburður fengist um kjör. Ef einkaskólar geta boðið betur, þá ætti það að vera hvatning og þrýstingur á það að hið opinbera borgi kennurum hærri laun. Slíkt er alls ekki útilokað.

Mér finnst sem sagt ekki ná nokkurri átt að líta fyrir fram svo á að þetta frv., sem hér er til umfjöllunar, leiði til þess eins að hinir verst settu verði enn þá verr settir. Auk þess finnst mér styðja þetta frv. sú staðreynd að það er að miklu leyti í samræmi við veruleikann. Við vitum að yfirborganir eða aukagreiðslur eru mjög almennar á Íslandi í mjög fjölmennum stéttum. Við skulum bara nefna eina stétt, verslunarmenn. Þar eru taxtar almennt mjög lágir en gífurlega mikið um yfirborganir, hvort sem menn vilja viðurkenna það eða ekki. Af hverju stafa þær yfirborganir? Það er vegna þess að fyrirtækin, sem þetta verslunarfólk vinnur hjá, bjóða upp á betri kjör en samningar segja til um af því að þau verða að bjóða upp á betri kjör og þau vilja bjóða upp á betri kjör. Þessi þróun hefur verið fyrir hendi og frv. í þessa áttina stuðlar að aðlögun að þeim raunveruleika sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu.

Hér var minnst áðan á verkfall prentaranna og réttilega bent á það að sex eða sjö vikna verkfall prentara hafi leitt til þess að önnur stétt, þ. e. blaðamenn, hafi goldið þessa langa verkfalls á þá lund að þeir voru settir í verkbann. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En til viðbótar við það má nefna að prentarar eru stétt sem vinnur hjá fjölmörgum fyrirtækjum, stórum og smáum, og þeir hafa líka mjög mismunandi kjör. Þetta verkfall, sem stóð yfir hátt á annan mánuð, kom engan veginn öllum prenturum til góða. Kannske hefur stór hópur innan þessarar stéttar fengið út úr þessum samningum það sem hann hafði áður. Það er einn gallinn á núverandi fyrirkomulagi á stéttarfélögum og vinnudeilum að boðað er til verkfalls með atkvæðum tiltölulega fárra einstaklinga innan stéttarinnar, verkfalls sem allir verða að sjálfsögðu að taka þátt í, en hafa mjög mismunandi hag af því. Það fyrirkomulag sem nú er er því engan veginn einhlítt eða fullkomið fyrir launþega í hvaða stétt sem er.

Ég held að í allra næstu framtíð séu stórfelldar breytingar bæði nauðsynlegar og æskilegar á þessum vettvangi. Með breytingum á vinnulöggjöfinni finnst mér að eigi að nálgast viðfangsefnin þannig að starfsfólkið verði í nánari snertingu við vinnuveitandann og framleiðsluna, svo að það hafi bæði félagslega og faglega aðstöðu til þess að láta meira að sér kveða á sínum starfsvettvangi. Ég held að starfsfólk eigi þess vegna að fá að njóta þess arðs sem þess vinna skilar, og að afkoma þess, launalega og með öðrum hætti, geti batnað mjög við það að starfsfólk á hverjum vinnustað, hvort sem það tilheyrir þessu stéttarfélagi eða öðru, geti staðið meira saman um sín eigin kjör, um aðstöðuna sem innan fyrirtækisins ríkir og það geti orðið bæði vinnuveitanda og launþeganum til bóta.

Þessi orð vildi ég láta hér falla, herra forseti. Ég hef ekki haft tækifæri til að tjá mig um þetta frv. fyrr. Ég tel það alls góðs maklegt og að það eigi að fá jákvæða athugun. Ég held að það stefni tvímælalaust í rétta átt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þetta hefur verið fróðleg umr. Ég held að það sé, áður en við ræðum um einstök atriði sjálfs frv. og einstaka punkta sem hafa komið fram í máli ræðumanna, ástæða til að líta í kringum sig og athuga hvað gerist almennt í þjóðmálum bæði hérlendis og erlendis.

Það er mjög áberandi að hvert sem litið er er vilji og viðleitni til að dreifa valdi. Við sjáum þetta fyrir okkur víða, bæði hér á Íslandi og í útlöndum. Við sjáum þetta t. d. hérna á Íslandi. Menn viðurkenna að með breyttum atvinnuháttum, breyttri tækni, breyttum lífsháttum og breyttum kröfum, sem fólk gerir til sín og annarra, er uppi mjög sterk viðleitni til að færa

ákvarðanatöku og áhrif um ýmislegt sem líf okkar varðar nær fólkinu sjálfu. Þannig eru t. d. sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga sífellt að taka við verkefnum frá ríkisvaldi vegna þess að þau hafa orðið aðstöðu, þekkingu og vilja til að sinna þeim. Þetta sést t. d. víða erlendis í því að þar hefur verið lengi mjög virk stefna sem hefur verið kennd við það að smátt sé fagurt, þ. e. þar hefur verið virk sú stefna að færa bæði völd og fé nær einstaklingum, til samtaka þeirra, til fyrirtækja og annarra sem næst verkefnunum standa. Við höfum séð þetta t. d. á blaðamarkaði. Gífurlega mikið er orðið til af sérritum og sums staðar erlendis er því spáð að stórblöðin eins og við þekkjum þau muni hverfa. Það er orðið til mikið af sérrásum í sambandi við útvarp eða sjónvarp. Það sem skiptir máli í þessu sambandi eru hin óbeinu tengsl sem þetta hefur við vinnustaðafrv., sem sé að fólk vill fá að hafa meira um sín eigin mál að segja og það vill að þau standi sér nær.

Í öðru lagi held ég að ef við víkjum að sjálfum umræðum um kjarasamninga sé mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að afkoma fyrirtækjanna, sem verið er að semja um launin hjá, er mjög mismunandi. Það hefur margsinnis komið í ljós á undanförnum misserum hér að t. d. í sjávarútvegi er afkoma fyrirtækjanna svo mismunandi að undrun sætir. Það munar stórkostlegum upphæðum á því hverju einstök fyrirtæki skila í ágóða. Þegar fyrirliggjandi eru svona miklar upplýsingar um mjög mismunandi afkomu fyrirtækja hlýtur að liggja í hlutarins eðli að við verðum að taka tillit til þess þegar samið er um laun fólks sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum. Við getum ekki horft annars vegar á fyrirtæki sem svona mismunandi afkomu hafa og sett síðan á þau gömlu góðu meðaltalsregluna og sagt: Þið eigið öll að borga þetta kaup. — Á endanum hjálpar þessi meðaltalsleið til við að halda lífi í illa reknum og ónýtum fyrirtækjum og losar þau sem betur eru rekin undan því að greiða starfsfólki sínu réttlátan hluta í afurðum rekstrarins. Út frá þessum sjónarhóli einum er því augljóst að samningar um kaup og kjör hljóta að verða að taka meira mið af einstökum fyrirtækjum af því að ekki er hægt að setja öll fyrirtæki undir einn hatt. Þau eru eins mismunandi og þau eru mörg.

Ef við göngum út frá því að finna verði leið til þess að nálgast hvert fyrirtæki á þennan hátt til þess að ná því sem það getur lagt af mörkum, þá kann menn að greina á um leiðir. Að okkar mati er sú leið langvirkust að það sé starfsfólkið sjálft, sem vinnur hjá fyrirtækinu, — fólkið sem veit hvernig reksturinn gengur, fólkið sem veit hversu mikið liggur fyrir af pöntunum, sem semur um launin. Fólk sér umsvif fyrirtækisins. Fólk sér afkomu fyrirtækisins birtast á ýmsan hátt, kannske í Range Rover-kaupum forstjórans. Þetta fólk á náttúrlega að setjast niður og semja formlega um sín laun. Það er enginn til þess bærari og það hefur enginn betri vitneskju um afkomu fyrirtækisins en þetta fólk sjálft. Þetta er að okkar mati lykilatriði málsins, að þeir sem hjá fyrirtækjunum vinna eru allra manna til þess best bærir að meta hverju fyrirtækin skuli skila starfsfólkinu til baka. Þetta held ég að sé afskaplega mikilvægt atriði.

Það má taka um þetta ýmis dæmi. Þar sem þetta hefur verið reynt hérlendis, eins og í Straumsvík og á Grundartanga, sýnir það sig að laun eru almennt hærri en er á almennum markaði og í öðru lagi er launajöfnuðurinn innan vinnustaðarins meiri. Þeir sem í öðrum samningakerfum koma undir sérsamninga t. d. verkamannafélaga, Sóknar eða Dagsbrúnar eða slíkra, fylgja með í heildarsamningapakkanum og afkoma ýmissa slíkra hópa, sem stundum eru kallaðar láglaunastéttir, verður betri með þessu fyrirkomulagi en ella.

Í öðru lagi hafa menn haft við þessar aðstæður talsverðar áhyggjur af því hvað mundi gerast á smæstu stöðunum ef fólk fengi að semja um sín laun sjálft. Reynslan er sú, ef litið er á launaskrið eða yfirborganir eins og núna tíðkast, að á smæstu vinnustöðunum eru yfirborganir hvað mestar. Þar sem tengsl eigenda eða yfirmanna og almenns starfsfólks eru mest nýtur fólk oft bestra kjara. Þó að áhyggjur af afkomu smærri staðanna eigi vissulega rétt á sér er alls ekki hægt að segja að neitt bendi til þess að fólk á smærri vinnustöðum fari neitt verr út úr slíku fyrirkomulagi en hinir.

Ég vík þá að ýmsum athugasemdum sem komu fram hérna hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Reyndar snertu fæstar þeirra sjálf efnisatriði þessa máls. Það má eiginlega flokka þessar athugasemdir í nokkra flokka. Fyrsti flokkurinn af athugasemdum gekk út á það að viðkomandi framsögumaður hefði ekkert vit á því sem hann væri að segja. Það heyrist að vísu oft sú nauðhyggja hér í þingsölum að menn eigi að halda sér saman um allt annað en þeir hafa einhvern tilskilinn stimpil til. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur reynslu í verkalýðsmálum og er víst, að hans mati, fullfær um að tjá sig um þessi mál. Hins vegar hefur hv. þm. sem betur fer verið óspar á að tjá sig í ýmsum öðrum málaflokkum þó að ýmsir mundu segja að skort gæti sérstaka sérfræðiþekkingu. Mergurinn málsins er sá að ekki er gerð til slíkrar sérfræðiþekkingar nein krafa á Alþingi. Við erum að reyna að vinna á öðrum vettvangi. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur oft byggt Seðlabanka, en hann hefur mjög oft úr þessum stól haft uppi aths. um hvernig málin gangi fyrir sig þar. Aths. hans um reynsluleysi eru því ómerkar.

Í öðru lagi talaði hv. þm. mjög um að þessar till. væru óskynsamlegar án þess að tilgreina nákvæm dæmi um hvers vegna. Þær aths. falla líka ómerkar. Ef tekið er mið af almennum vinnumarkaði hér er afkoma fyrirtækja svo ólík, eins og t. d. í sjávarútvegi, að full ástæða er til að finna til þess virka og formlega leið að launþegar geti gengið að sínum réttmæta arði hjá fyrirtækjum sem geta skilað honum. Þetta er ein leið til þess. Við Bandalagsmenn erum fúsir til að hlusta á aðrar tillögur, en þær hafa ekki komið fram.

Einn flokkur aths. sem fram komu var að með þessu yrði verkalýðshreyfingin samsett af fleiri og smærri einingum. Ef við tökum þetta út af fyrir sig gerist það að viðsemjendum verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekendum, fjölgar líka vegna þess að fyrir hvern vinnustað sem ákveður að semja sjálfur kemur einn vinnuveitandi sem semur á þeim vettvangi. Ef menn vilja halda því fram að samningsaðilar í verkalýðshreyfingunni verði fleiri og smærri verða þeir líka að taka með í reikninginn að þeir verða það líka vinnuveitendamegin.

Því var haldið fram að smæð verkalýðsfélaga mundi leiða til þess að fólk bæri minna úr býtum, en það er alls ekki rétt. Við höfum, eins og ég sagði áðan, ýmsar vísbendingar um að kjör fólks, eins og núna er þar sem launaskriðið er, séu kannske með bestu móti á smæstu vinnustöðunum þar sem tengsl milli manna eru kannske

mest og best.

Ég held að ég fari að láta máli mínu lokið. Ég held að hv. þm. Karvel Pálmason ætti að líta á þann raunveruleika sem við okkur blasir. Verkalýðshreyfingin, sem um áratugi hefur barist við að reyna að rétta hlut þeirra sem verst eru settir, á greinilega langt í land. Hún þarf greinilega að taka upp aðrar baráttuaðferðir eða aðrar forsendur. Ég held að það sé verðugt verkefni fyrir alþm. að sinna því að leita að og móta nýjan vinnugrundvöll. Í þessum hugmyndum okkar Bandalagsmanna er enginn skyldaður til neins. Það er enginn skyldaður til að stofna vinnustaðafélag. Mönnum er það einungis heimilað með lýðræðislegum kosningum á vinnustaðnum ef þeir telja að það muni skila þeim betri árangri. Ég tel að það beri enn þá frekar vott um vanþekkingu og fordóma að reyna ekki að stíga ný skref og að reyna ekki nýjar leiðir. Það er staðreynd að einungis með því að prófa sig áfram, einungis með því að breyta munum við taka einhverjum framförum.

Síðustu orð hv. þm. Karvels Pálmasonar um að verðugustu verkefnin séu þau að stækka einingarnar og fækka þeim eru mér áhyggjuefni. Það gengur þvert á móti öllu því sem er að gerast að öðru leyti í okkar þjóðlífi þar sem tilhneigingin er til valddreifingar, tilhneigingin er sú að færa völd og áhrif nær fólkinu. Eins og kemur fram í fskj. þessa frv. hefur það verið viðfangsefni hugsuða verkalýðshreyfingarinnar, sem hv. þm. mundi væntanlega flokka fyrir ofan meðalgreinda menn, það hefur verið þeirra viðfangsefni og þeirra hugsun að vinnustaðurinn sjálfur eigi að vera einingin sem starfsemi hreyfingarinnar snýst um.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að taka þátt í þessum umr. Ég held að út af fyrir sig sé ekkert á móti því að hv. Alþingi fjalli um mál af þessu tagi og það er að mörgu leyti þakkarvert að þeir þm. BJ skuli hafa komið þessu máli á dagskrá hér þing eftir þing eins og þeir hafa gert þó að ég sé ekki sammála þeirra till., því fer víðs fjarri. Þau rök sem ég hef uppi í þeim efnum eru eftirfarandi — og ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta mál þó að það væri kannske ástæða til að ræða um það mjög ítarlega. Rökin eru í fyrsta lagi þau að ég tel að það fyrirkomulag sem hér er gerð till. um mundi veikja samtakamátt verkalýðsstéttarinnar í heild. Það er röksemd nr. eitt og ég held að hún sé í raun og veru þýðingarmest í þessu sambandi. Það kann að vera að á einstaka vinnustað gætu menn náð fram meiri kauphækkunum hjá fyrirtækjum sem eru mjög efnum búin og eiga mikinn afgang til þess að dreifa hugsanlega til sinna starfsmanna. En í það heila tekið er ég þeirrar skoðunar að fyrirkomulag á verkalýðshreyfingunni af því tagi sem hér er verið að tala um muni veikja samtakamátt verkalýðsstéttarinnar í heild. Það er röksemd nr. eitt í mínum huga.

Í öðru lagi tel ég að það sé út af fyrir sig ekkert á móti því að Alþingi ræði mál af þessum toga. En ég er þeirrar skoðunar að í þeim efnum þurfi áður að hafa átt sér stað ítarleg umræða um þessi mál á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég er ekki að segja að þeir eigi að ráða þessu endilega í einu og öllu 100%, en ég held að það sé mjög óráðlegt að Alþingi fari að fyrirskipa samskiptareglur á hinum almenna vinnumarkaði, eins og hér er gerð tillaga um, með því að taka eitt ákveðið atriði út úr. Það út af fyrir sig er nægileg röksemd fyrir mig til þess að setja spurningarmerki við þetta frv.

Í þriðja lagi minni ég á það að þing Alþýðusambands Íslands stendur ný fyrir dyrum og þar verður sérstaklega, ef ég man rétt, fjallað um þessi skipulagsmál og þá einkum um samþykktina frá 1958, hvort menn eiga áfram að reyna að glíma við að hrinda henni í framkvæmd. Ég skal ekkert um það segja hver verður niðurstaða þessa Alþýðusambandsþings núna. Mér heyrist þó að margir séu þeirrar skoðunar að hæpið sé að gera ráð fyrir því að unnt verði að framkvæma þá stefnu til hlítar sem var verið að glíma við á árunum 1958—1960. Síðan er liðinn heill aldarfjórðungur og þetta hefur ekki þokast neitt áleiðis að marki að öðru leyti en því að stofnuð hafa verið svokölluð starfsgreinasambönd. Ástæðan til þess að þetta hefur ekki þokast neitt áleiðis er ekki sú að það hafi ekki margir í verkalýðshreyfingunni viljað taka á þessum skipulagsmálum og að það séu ekki margir sem sjá að þar er víða um að ræða mjög alvarlegan skipulagslegan vanda, t. d. þegar mjög mörg verkalýðsfélög gera samninga fyrir fólk á sama vinnustaðnum, eins og þetta er núna. Það eru dæmi um fjölda verkalýðsfélaga á einum og sama vinnustaðnum og menn benda á að það fyrirkomulag sé með vissum hætti veikleiki hjá verkalýðshreyfingunni. Það eru margir sammála um það í verkalýðssamtökunum. En menn hafa ekki komist fram úr þessu máli af ýmsum ástæðum. Því ráða margvísleg sjónarmið. Oft eru þau að vísu þannig að það er varla ástæða til að hrópa ferfalt húrra fyrir þeim. En það eru þó sjónarmið sem eru gild og hafa ráðið þarna úrslitum.

Í viðtali sem ég tók við Björn Jónsson og Guðmund J. Guðmundsson fyrir tímaritið Rétt 1976 og vitnað er til í grg. með frv. hv. flm., 1. landsk. þm. og hv. þm. Guðmundar Einarssonar kemur það fram að Guðmundur J. Guðmundsson telur að ein ástæðan til þess að skipulagsmálin hafi ekki þokast áleiðis sé það sem hann kallar „smákóngasjónarmið". Það getur vel verið að eitthvað slíkt hafi flækst fyrir mönnum í þessum efnum. En reynslan af samþykktinni frá 1960 er sú — þó að á bak við hana hafi verið að heita má einróma vilji Alþýðusambandsins á þeim tíma — að ekkert hefur þokast að marki í þessa átt, ef frá er talin stofnun starfsgreinasambandanna sem er vissulega mikilvægt skref.

Að undanförnu hafa verið í gangi viðræður og umræður innan verkalýðshreyfingarinnar um vissar breytingar í samræmi við þessa samþykkt, t. d. fyrir starfsfólk í húsgagnaiðnaði. Þar hefur verið rætt um það að eðlilegt væri að bæði faglært og ófaglært starfsfólk í húsgagnaiðnaði væri í sama stéttarfélaginu. Þessi mál hafa verið tekin fyrir á vettvangi Alþýðusambandsins og það hefur komið í ljós að um er að ræða mjög flókin markatilfelli á milli verkalýðsfélaga sem menn hafa því miður ekki ráðið fram úr. En hitt er ljóst, að ekki er hægt að saka verkalýðshreyfinguna um að hún hafi ekki fengist til að taka á þessum málum. Það hefur hún vissulega gert þó að það hafi í raun og veru þokast heldur hægt. En mér skilst að næsta Alþýðusambandsþing ætli sér að taka á þessum málum og gera upp þá reynslu sem fengin er af þessari 25 ára gömlu samþykkt Alþýðusambands Íslands.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að það launakerfi sem notað er í landinu er út af fyrir sig

hægt að gagnrýna og vafalaust má kenna verkalýðshreyfingunni um eitthvað af ágöllum þess. En hitt er þó aðalatriðið, að menn átti sig á því að megingallarnir í launakerfinu eru núna þeir að kauptaxtarnir sem slíkir eru allt of lágir. Hinn svokallaði „frjálsi markaður" hefur lagt sig fram um að brjóta það kauptaxtakerfi niður með þeim hætti sem menn þekkja nú að undanförnu, þannig að verulegur hluti teknanna, og stærri hluti en áður, er núna fólginn í yfirborgunum. Það er auðvitað eðlilegt að menn taki við yfirborgunum og semji um yfirborganir þar sem menn geta boðið upp á þær. En það er engu að síður ljóst að þetta tvöfalda launakerfi, annars vegar kauptaxtar og hins vegar yfirborganir, veikir þegar fram í sækir samstöðumöguleika verkalýðshreyfingarinnar í heild. Ég held að einmitt yfirborganakerfið, eins og það hefur verið að undanförnu, færi okkur heim sanninn um það að sú tillaga sem hér er flutt af hv. þm. BJ er ekki alveg á réttu róli. Hún mundi í raun og veru staðfesta það frumskógakapphlaup sem er í gangi á vinnumarkaðnum núna, þar sem ríku fyrirtækin geta borgað miklu meira en þau sem eru lakar sett. Ég held að þetta sé mál sem þurfi að taka tillit til líka. Við höfum í raun og veru reynslu af þessu nú þegar að hluta til í yfirborganakerfinu og ég held að það sé ekki það sem verkalýðshreyfingin í landinu eigi að keppa að. Ég held að hún eigi þvert á móti að leggja áherslu á samstöðuna, vegna þess að þegar allt kemur til alls þá reisir hún fyrst þá sem lakast eru settir, það sýnir reynslan, jafnvel þó þeir vinni hjá fyrirtækjum sem eru illa á sig komin eins og oft er t. d. í sjávarútveginum.

Menn ræða nokkuð um lýðræði í verkalýðshreyfingunni í þessu sambandi og það er talað um að það sé lítið. Staðreyndin er þó sú, að valdið í verkalýðsfélögunum er hjá hinum einstöku verkalýðsfélögum um allt land og samböndin, t. d. Alþýðusambandið og fjórðungssamböndin, taka ekki þetta vald af hinum einstöku verkalýðsfélögum. Samningsvaldið er hjá verkalýðsfélögunum sjálfum. Ég hygg því að þegar við lítum yfir verkalýðshreyfinguna á Íslandi annars vegar og hins vegar verkalýðshreyfinguna í Skandinavíu, á Norðurlöndum, þá komumst við að þeirri niðurstöðu að möguleikar verkafólksins til þess að hafa áhrif eru mun meiri hér en þar.

Reynslan er hins vegar ólygnastur vottur um að það er samtakamátturinn sem ræður úrslitum. Það sjáum við úr síðasta verkfalli BSRB. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það var sú ríka samstaða sem þar var um að ræða sem gerði það að verkum að BSRB náði þeim árangri sem þrátt fyrir allt liggur fyrir. Ég er viss um að ef einstök félög hefðu þar verið að reyna að brjótast um hefði verið mun örðugra fyrir þau að ná þeim árangri sem heildarsamtökunum tókst. Ég held þess vegna að BSRB-verkfallið sýni okkur ákaflega vel hvað samtakamátturinn getur skilað miklu, jafnframt því sem BSRB-verkfallið er dæmi um lýðræði í verkalýðshreyfingunni, þar sem fólk tekur þátt í störfum hennar í stórum stíl, mjög virkan þátt. Ég held að við verðum einfaldlega að viðurkenna að það eru allir möguleikar fyrir fólk til að hafa áhrif á störf sinna verkalýðsfélaga, það eru möguleikar til þess. Spurningin er hins vegar um það hvernig fólk nýtir þessa möguleika í fyrsta lagi. Og auðvitað í öðru lagi: Hvað gerir forustan í viðkomandi verkalýðsfélagi til að laða fólk til að nota þessa möguleika? Ég hugsa að það sé mjög misjafnt. Sums staðar er ekki nærri nógu vel að verki staðið í hinum einstöku verkalýðsfélögum. Mætti ýmislegt um það segja.

Ég held sem sagt að þó að það sé gagnlegt að þessi umr. fari fram, og ég hef ekkert við það að athuga og fagna því að þeir Bandalagsmenn skuli koma þessu máli hér á dagskrá þing eftir þing, þá breytir það ekki því að ég hlaut að koma á framfæri þeirri afstöðu minni að ég tel að þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, lagi ekki neitt. Það gæti heldur orðið til bölvunar, gæti heldur orðið til þess að veikja samtakamáttinn. En samtakamátturinn er þrátt fyrir allt og allt besta kauptryggingin sem verkafólkið í landinu hefur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég skal ekki lengja þetta mikið.

Hv. þm. Ellert Schram vitnaði hér til Alþýðusambands Vestfjarða um að það samband hefði haft sérstöðu í samningum áður. Það er út af fyrir sig rétt. Hér er ekki um að ræða að sérstök sambönd verði sér. Hér er gerð tillaga um að 25 menn á sama vinnustað geti tekið sig út úr því stéttarfélagi sem þeir nú tilheyra og stofnað sérstök samtök. Það er því verið að veikja stöðu stéttarfélaga verði þetta gert. Ég held að það hljóti hver og einn að sjá. Ég er að tala um það sem ég þekki best, hina smærri staði. Vera kann að þetta geti frekar og geti hugsanlega orðið til góða á hinum stærri stöðum, í hinum stærri félögum, en hin smáu félög, ef með þessum hætti yrði brotist út, mundu verða gersamlega vanmáttug til þess að standa í stykkinu og framkvæma það sem þeim ber. Það er sú hætta sem ég a. m. k. sé í þessu máli fyrst og fremst. Þetta veikir þá sem eru þegar veikir fyrir.

Að vísu var hv. þm. Ellert Schram ekki á síðasta þingi og þarf þá að kynnast því enn betur, en það er síður en svo að ég sé viðkvæmur fyrir gagnrýni. Ég vil að menn tali hreint út og segi sína skoðun. En að sjálfsögðu áskil ég mér þá rétt til að segja mína skoðun á móti. Það getur enginn bannað. Ég hverf ekki frá því að ég tel, a. m. k. skv. þeirri reynslu sem ég hef af þessum málum, að hér sé um það að ræða að veikja þá sem eru veikir fyrir, en vera kann að þetta skipti ekki miklu máli fyrir hina. Þó sé ég ekki að þetta mundi bæta ástandið og færa þeim bætt kjör sem hafa þau verst fyrir.

Valddreifing, sagði hv. þm. Guðmundur Einarsson, færa valdið nær fólkinu. Síður en svo hef ég á móti því að það verði gert. En ég tek undir það, sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér áðan, að valdið er auðvitað hjá fólkinu. Hvert og eitt einasta stéttarfélag hjá Alþýðusambandi Íslands hefur þann rétt að semja á þann hátt sem það kýs sjálft og það fólk sem í félaginu er vill að verði gert. Þannig má segja: Valdið er hjá þessu fólki nú þegar. Það er svo spurningin hvort það vill nota það. Auðvitað eru misjafnar skoðanir á því hvernig það hefur verið notað, en valdið er þar.

Það er rétt hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni að það þarf enga sérfræðiþekkingu til að sjá að seðlabankabyggingin var vitlaus bygging á vitlausum tíma. Það held ég að allir geti verið sammála um. En ég er ekki jafnsannfærður um að þeir hv. þm. sem ekki hafa kynnt sér starfsháttu og starfsemi hinna einstöku stéttarfélaga innan Alþýðusambandsins séu jafndómbærir á að segja til um hvað kynni að verða til hins betra í breyttum starfsháttum þar. Ég dreg það mjög í efa. Ég held að í

því tilfellinu þurfi menn, ef ekki að fá reynsluna sjálfir, þá a. m. k. að kynna sér starfsháttuna til hins ýtrasta áður en þeir fella dóm um hvernig slíku hefur verið farið á undangengnum árum og áratugum.

Menn segja að þetta frv. hafi fengið harkalegar viðtökur. Það má vera. Og menn segja líka: Fólkið vill þessa breytingu. Fólkið vill hafa málið svona. Nú er mér um það kunnugt að tvö frv., bæði það sem hér er *nú til umr. og annað svipaðs efnis, sem áður hefur verið* flutt, hafa verið rædd í fjöldamörgum stéttarfélögum, en ég veit ekki um neitt einasta stéttarfélag, þar sem þetta hefur verið rætt á félagsfundum, sem ályktað hefur á þann veg að til þessarar breytingar eigi að grípa. — Fólkið sjálft, segja menn. Það er einmitt fólkið sjálft sem segir til um hvað það vill. Mér vitanlega hefur ekkert stéttarfélag innan Alþýðusambands Íslands ályktað í þá veru að það óski slíkrar breytingar á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég veit ekki til þess. Það má vera að það finnist einhver slík dæmi, en sé svo eru þau mér ókunn og ábyggilega fá. Ég held ekki að menn geti sagt að það séu einstakir forustumenn, sjálfskipaðir forustumenn eins og hv. þm. Ellert B. Schram sagði hér áðan, úr verkalýðshreyfingunni. (**Gripið fram í:** Sjálfskipaðir talsmenn.) Sjálfskipaðir talsmenn. Hafa skal það sem sannara reynist. — Ég held að það sé ekki rétt að segja að eingöngu sjálfskipaðir talsmenn verkalýðsforustunnar hafi ýmislegt við þetta mál að athuga. Ég held að reynslan í umræðunni í þjóðfélaginu, í umræðunni hjá stéttarfélögunum sjálfum hafi sýnt að félagsfólkið sjálft telur þessa breytingu ekki til hins betra frá því sem nú er. Það er auðvitað það fólk sem á að ráða ferðinni í þessum málum, en ekki sjálfskipaðir talsmenn, eins og menn segja nú, hvorki stjórnmálaflokka né einstakra stétta, hvort sem um er að ræða lögfræðinga eða annað slíkt. Það eru félagsmennirnir, hinir óbreyttu félagsmenn í hinum fjöldamörgu stéttarfélögum innan verkalýðshreyfingarinnar, sem fyrst og fremst eiga að hafa áhrif á hvað þeir vilja að gert verði til breytinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjutap ríkissjóðs vegna undanþága frá söluskatti, fsp. 38. mál (þskj. 38). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. fjmrh. um áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna undanþága frá söluskatti. Fsp. eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef söluskattur (óbreytt álagningarhlutfall) yrði lagður á allar þær vörur (tollskrárnúmer) og þjónustu sem nú eru lögum skv. án söluskatts?

2. Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef allar undanþágur frá söluskatti á annars skattskylda vöru og þjónustu yrðu afnumdar?

3. Hver gæti tekjuauki ríkissjóðs orðið, að mati fjmrh., vegna bættrar innheimtu söluskatts ef allar undanþágur skv. lögum, heimildum og reglugerðum yrðu afnumdar?

4. Hvað mætti þá lækka núverandi söluskattsálagningu mikið, ef miðað er við að halda tekjum ríkissjóðs af söluskatti óbreyttum frá því sem nú er, til þess að lækka vöruverð?"

Herra forseti. Þetta er af minni hálfu tilraun til þess að knýja hæstv. fjmrh. til svara um einhver þýðingarmestu mál sem nú eru uppi í íslensku þjóðfélagi. Á sama tíma og þjóðfélagið er að gliðna í tvennt, í tvær þjóðir, annars vegar þá þjóð sem ber þunga skattbyrði en þiggur lág laun fyrir vinnu sína, eru hins vegar uppi háværar raddir um að önnur þjóð sé í landinu sem skammti sér sjálf kjör, ákvarði laun sín sjálf, ákvarði að verulegu leyti skatta sína sjálf og að undan séu dregnir skattar skv. lögum til ríkisins með löglegum eða ólöglegum hætti svo að nemi mörgum milljörðum kr. Ég minni á umr. vegna tveggja tillagna hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á seinasta þingi, um rannsókn á umfangi skattsvika og tillögur til úrbóta.

Sjálfur er ég sannfærður um að í svari fjmrh. hlýtur að koma fram að þær upphæðir sem hér um ræðir séu afar háar og það er fróðlegt fyrir þm. að leggja við hlustir þegar umr. fer annars vegar fram um það að ríkissjóður er rekinn með halla og atvinnurekendur og ríkisvald svara launþegum í landinu með því að peningar séu ekki til til að greiða mannsæmandi laun.

Að lokum, herra forseti. Þessi spurning hefur vakið nokkra athygli og nú skal ég skýra frá því að til mín kom, áður en ég mætti til þings í dag, maður sem rekur sjoppu, en það er útbreiddur og mikilsvirtur atvinnuvegur á Íslandi. Hann bað mig að færa hæstv. fjmrh., með leyfi forseta, varning af tvennu tagi sem hann selur í sinni sjoppu. Þetta mun vera mjög algeng næring fyrir skólabörn á Íslandi. Annað heitir Hraunbitar og er í pakka, hitt heitir víst bara Hraun og er í poka. Hraunpakkar eru án söluskatts og flokkast undir matvæli. Hraun í poka er hins vegar söluskattsskylt. Það er sælgæti.

Maðurinn sagðist hefði getað tæmt lagerinn af hillum sínum og hrúgað hér inn með spurningu til hæstv. fjmrh. um hvernig í veröldinni ætti að framfylgja söluskattsreglum sem svona væru og nefndi eitt dæmi enn.

Maður kemur inn í búð og biður um heita samloku. Það er matur, söluskattslaus. Hann kemur inn og biður um þessa sömu samloku í plastpoka, kalda, með söluskatti. Þetta eru aðeins tvö dæmi, einföld og auðskilin dæmi, um undanþágufargan frá þessum skatti sem er meginástæðan fyrir því að milljónir kr. eru, að mati margra sem til þekkja, dregnar undan þessum skattskilum til ríkissjóðs. Þetta er stórmál hv. þm. Herra forseti. Ég vænti greiðra svara frá hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hélt augnablik að virðulegur 5. þm. Reykv. ætlaði að hætta við að færa mér þetta, að gegna þeirri skyldu sinni, sem hann tók að sér fyrir sjoppueiganda, að gefa mér gott hér í ræðustólnum. Ég get ekki svarað hvernig á því stendur að önnur tegund þessa varnings er söluskattsfrjáls og hin ekki, en mér þykir gott að fá þessi

sýnishorn. Þetta eru glögg dæmi um að sams konar vara, mismunandi stór og öðruvísi pökkuð inn, er seld annars vegar án söluskatts og hins vegar með söluskatti. Og ég fagna því að verslunareigandi þessi er það löghlýðinn og honum liggur mikið á hjarta að fá líklega söluskatt á það sem er söluskattsfrjálst þannig að ríkissjóður fái þá meiri tekjur.

Ég vil ekki meina að fsp. séu almennt til að knýja ráðherra til eins eða annars. Það er eins og með fsp. í þetta sinn sé verið að pína ráðh. fjármála til að svara spurningum sem hann hefur þá, eins og tekið var til orða, hugsanlega neitað að svara. Þetta gefur alranga mynd af því sem hér fer fram á þessu augnabliki. Fsp. hafa verið lagðar fram á hefðbundinn hátt og fjmrh. svarar þeim að sjálfsögðu á hefðbundinn hátt. Það þarf ekki að knýja hann til þess að gera það. Hann er ekkert neyddur til þess.

Það blandaðist hér inn í ræðu hv. 5. þm. Reykv. um skattamál fsp. frá öðrum þm. Alþfl. sem koma á á dagskrá seinna í dag. Ég sé ekki ástæðu til að fara að svara því eða ummælum hans um skattsvik í sambandi við þær spurningar sem fyrir mig hafa verið lagðar af hv. 5. þm. Reykv.

Spurningar hv. þm., ef ég sný mér að þeim, eru á þskj. 38 og hann hefur sjálfur lesið þær upp þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að ítreka það, en svör mín eru svohljóðandi:

Undanþágur frá hinni almennu söluskattsskyldu eru ákaflega margþættar og verður að telja fráleitt að unnt sé eða skynsamlegt að afnema þær með öllu. Þannig er söluskatturinn almennt bundinn við síðasta stig viðskipta og sala á vörum því skattfrjáls til aðila sem kaupir vöruna til að selja þær aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru sem hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja. Þetta skattfrelsi endursöluvöru væri fráleitt að afnema, enda mundi söluskatturinn þá hlaðast margfaldlega upp í vöruverði. Önnur undanþága sem útilokað sýnist að afnema eru undanþágur við vörusölu úr landi. Væri skattur lagður á sölu útflutningsvara væri fótunum gersamlega kippt undan samkeppnisaðstöðu íslenskrar framleiðslu erlendis, enda alþjóðleg regla að neysluskattar leggist ekki á útflutningsvörur. Ég vil því leyfa mér að skilja fsp. hv. þm. þannig að átt sé við tekjuauka af niðurfellingu annarra undanþága en þeirra er að framan greinir.

1. liður fsp. hljóðar svo: „Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef söluskattur (óbreytt álagningarhlutfall) yrði lagður á allar þær vörur (tollskrárnúmer) og þjónustu sem nú eru lögum skv. án söluskatts?“

2. fyrirspurnarliðurinn er svohljóðandi: „Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef allar undanþágur frá söluskatti á annars skattskylda vöru og þjónustu yrðu afnumdar?“

Ekki er fullljóst hver munurinn er á þessum spurningum, en líklega munu þær beinast að því að sundurliða tekjuáhrif af brottfellingu þeirra undanþága annars vegar sem beinlínis eru lögbundnar og annarra undanþága hins vegar.

Þessi skipting milli undanþága skv. lögum og annarra undanþága er fjarri því að vera skýr. Allar undanþágur frá söluskatti byggjast á lögum eða heimildum í lögum. Sumar vörur eru beinlínis undanþegnar söluskatti í lögum og undanþágan þar nokkuð skýrt mörkuð. T. d. tilbúinn áburður annar en í smásölu. Í reglugerð er þessi undanþága endurtekin með þeirri skýringu þó, að með smásöluumbúðum sé átt við að hver sölueining fari ekki yfir 5 kg. Í öðrum ákvæðum er ráðh. ætlað meira svigrúm til skilgreiningar. Þannig segir t. d. í 8. tl. 7. gr. söluskattslaga að undanþegin söluskatti séu lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta eftir því sem ráðh. ákveður. Með 10. tölul. 14. gr. söluskattsreglugerðar hefur ráðh. ákveðið hvaða þjónusta teljist hliðstæð við þá sem upp er talin í lagagreininni, þar á meðal þjónusta endurskoðenda. Telja menn að flokka eigi undanþágu endurskoðunarþjónustu undir undanþágu skv. lögum eða aðrar undanþágur? Það er spurning.

Enn þá skýrari verða mörkin milli undanþágu skv. lögum og annarra undanþága ef litið er á ýmsar hinar veigamestu undanþágur. Í brbl. nr. 96 frá 8. sept. 1978, 6. gr., segir að fjmrh. sé heimilt að fella niður söluskatt af matvörum. Sama dag er gefin út breyting á reglugerð um söluskatt þar sem heimildin er nýtt og nær öll matvæli eru undanþegin söluskatti. Þessi undanþáguheimild er síðan staðfest af Alþingi, sbr. 6. gr. laga nr. 121 frá 1978. Sama verður uppi á teningnum varðandi niðurfellingu söluskatts af vélum til samkeppnisiðnaðar. Þar hefur á undanförnum árum verið í 6. gr. fjárlaga ákvæði er heimilar ríkisstj. að fella niður söluskatt af vélum þessum og fela fjmrn. að setja reglur um framkvæmd ákvæðisins. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa síðan verið settar almennar reglur um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar.

Á grundvelli framansagðs tel ég óraunhæft að sundurliða undanþágur á þann hátt sem fyrirspyrjandi virðist gera og mun því svara tveimur fyrstu liðunum í einu lagi.

Miðað við að allar vörur aðrar en endursöluvörur, hráefni og útflutningsvörur og öll þjónusta yrðu söluskattsskyldar mundi skattstofn söluskatts lauslega áætlað tvöfaldast. Brúttótekjuauki ríkissjóðs yrði því nálægt 9 milljörðum kr. á árinu 1985 miðað við forsendur fjárlagafrv. og að enginn hluti tekjuaukans rynni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Er miðað við að söluskattur leggist m. a. á aðföng framleiðslunnar og opinberar framkvæmdir þannig að um það bil 10% af tekjuaukanum verði aftur beinn útgjaldaauki fyrir hið opinbera. Beinn tekjuauki gæti því verið nálægt 8 milljörðum kr.

Ég vil taka það skýrt fram að í þessum útreikningi er við það miðað að söluskattur leggist á alla þjónustu, þar á meðal á heilbrigðisþjónustuna og ýmsa félagslega þjónustu. Þá er miðað við að allar undanþágur falli niður sem ætlað hefur verið að styrkja samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja, svo sem í samkeppnisiðnaðarvélum, skipum og flugvélum. Skattskyldusviðið er því geysilega víðtækt, víðtækara en þekkist í nokkrum grannlöndum okkar og mun víðtækara en gert var ráð fyrir í virðisaukaskattsfrv. Þessar tölur ber því frekar að líta á sem fræðilega athugun en raunhæfan möguleika á tekjuauka ríkissjóðs.

Í 3. lið fsp. er spurt hvaða mat fjmrh. hafi á tekjuaukningu ríkissjóðs vegna bættrar innheimtu söluskatts ef allar undanþágur skv. lögum og reglugerðum yrðu afnumdar. — Því er til að svara að ákaflega erfitt er að leggja tölulegt mat á þessi áhrif. Er reyndar starfandi nefnd til könnunar á umfangi skattsvika í samræmi við þáltill. sem samþykkt var á s. l. vori. Ég

vil geyma mér fullyrðingar um þessi efni þar til niðurstaða af störfum þeirrar nefndar liggur fyrir. Ljóst er þó að niðurfelling á ýmsum núverandi undanþáguliðum, einkum á undanþágum einstakra vörutegunda, mun stórbæta möguleika til söluskattseftirlits. Ekki eru þó allar undanþágur þessu marki brenndar. Niðurfelling sumra þeirra mundi leiða til fjölgunar skattskyldra aðila og þar með aukinnar þarfar á eftirliti.

Í 4. lið er spurt hvað mætti lækka núverandi söluskattsálagningu mikið ef miðað er við að halda tekjum ríkissjóðs af söluskatti óbreyttum frá því sem nú er. — Sé tekið mið af þeirri útvíkkun söluskattsskyldusviðsins sem fram kom í svari mínu við fyrstu tveimur liðum fsp. lætur nærri að 12% söluskattur skilaði ríkissjóði sömu tekjum og núverandi skattkerfi. Ég vil hins vegar ítreka að svo víðtæk skattskylda er ekki raunhæfur eða framkvæmanlegur möguleiki.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi svarað fsp. fyrirspyrjanda á þann hátt að hann uni vel við og þakka fyrir sendinguna sem hann færði mér.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Að þessu sinni get ég með glöðu geði sagt að ég þakka hæstv. fjmrh. greinargóð, skilmerkileg og stórmerk svör. Hæstv. ráðh. tók þann kost að draga saman tvær fyrstu fsp. í eina. Og þá er spurningin: Hver yrði tekjuauki ríkissjóðs ef söluskattsundanþágur yrðu afnumdar á vöru og þjónustu? Í svari hæstv. ráðh. kemur þetta fram: Miðað við að allar vörur aðrar en endursöluvörur, hráefni og útflutningsvörur yrðu söluskattskyldar þá mundi skattstofn söluskatts lauslega áætlað tvöfaldast og bruttótekjuauki ríkissjóðs yrði því nálægt 9 milljörðum kr. Miðað við að hluti af þessum 10% af tekjuaukanum kæmi í hlut hins opinbera yrði nettótekjuauki nálægt 8 milljörðum kr., hvorki meira né minna. Og við erum að ræða um fjárlög af stærðinni 20 milljarðar. Ég endurtek: Hér er um að ræða áætlaðan tekjuauka ríkissjóðs þrátt fyrir að ekki yrði lagður söluskattur á endursöluvörur vegna útflutnings. Engu að síður er um svona gífurlegar upphæðir að ræða.

Þriðja spurningin var: Hver gæti tekjuauki ríkissjóðs orðið vegna bættrar innheimtu ef allar undanþágur yrðu afnumdar? Ég vil bæta hér einu við: Í umræðum um skattalækkunarleið var talað um það í alvöru að lækka tekjuskatt sem svaraði kannske 1100 millj. kr. Í fjárlagafrv. hæstv. ráðh. er í framhaldi af þáltill. Alþfl. og Sjálfstfl. frá fyrra þingi talað um verulega lækkun tekjuskatts eða um 600 millj. Þetta mundi þýða, ef gengið væri lengra í þá átt að afnema hinn óréttláta tekjuskatt, að starfslið skattstofa gæti einbeitt sér að eftirliti með einfaldara og skilvirkara söluskattskerfi, enda segir hæstv. ráðh. í svörum sínum: Ljóst er að niðurfelling á ýmsum núverandi undanþáguliðum, einkum á undanþágum einstakra vörutegunda, mun stórbæta möguleika til skatteftirlits. — Og í því efni vek ég athygli á þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem samþykkt var á seinasta þingi og spurt er um efndir á hér á eftir undir öðrum dagskrárlið, þ. e. hvað líði störfum nefndar um aukið eftirlit með innheimtu skatta. Niðurfelling á undanþágum mundi þess vegna hvorki meira né minna en hugsanlega geta tvöfaldað tekjur ríkissjóðs fyrir utan það að einfaldara kerfi og bætt eftirlit mundi að áliti hæstv. ráðh. stórbæta möguleika til skatteftirlits.

Þá er komið að þriðja meginatriðinu: Hvað mætti þá lækka núverandi söluskattsálagningu mikið, ef miðað er við að halda óbreyttum tekjum, til þess að ná því markmiði að lækka vöruverð? Þessu svarar hæstv. ráðh. á þá leið að það láti nærri að 12% söluskattur í stað 23.5% skili ríkissjóði sömu tekjum og núverandi skattkerfi. Ef við sleppum öllum fyrirvörum hæstv. ráðuneytismanna um að hér sé gengið lengra en í ýmsum öðrum löndum um afnám undanþága, ef við gefum þeim til eða frá nokkur prósentustig af þeim sökum, þá er það engu að síður staðreynd að að mati ráðuneytisins mætti lækka söluskattinn um helming og halda sömu tekjum og er þó vafalaust ekki að fullu komið til skila hver tekjuaukningin yrði við bætta innheimtu. Nú ætla ég ekkert að halda því fram að ekki séu örðugleikar á svo víðtæku afnámi á undanþágum. Ef sú leið yrði farin er augljóst mál að hluta af tekjuaukanum yrði að verja til beinna greiðslna á móti til barnmargra fjölskyldna í formi barnabóta eða fjölskyldubóta til þess að bæta þeim upp hækkun á matvörum. En engu að síður leiða svör hæstv. ráðh. í ljós að hér er um slíkt stórmál að ræða í ríkisbúskapnum að fátt þolir þar samanburð.

Hér stóð hv. Alþingi á öndinni mánuðum saman á s. l. vetri til þess að ræða eitt visið fjárlagagat upp á 2 milljarða. Hæstv. ríkisstj. kunni engin önnur ráð en þau að leysa það að lokum með auknum erlendum lántökum sem eru ávísun á nýja skatta í framtíðinni. En það hvarflaði ekki að hæstv. ríkisstj. að fara þá leið að viðurkenna þær staðreyndir að við búum við hriplekt skattakerfi sem skilar ríkissjóði ekki nema broti af því sem ætla mætti lögum skv. og á það bæði við um söluskatt og tekjuskatt. (Forseti hringir.) — Ég þakka, herra forseti.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég held að það sé óeðlilegt að tala þannig, og á ég við hvaða þm. sem er, að auðvelt sé að leggja söluskatt á alla þjónustu og alla samneyslu yfirleitt á þann hátt sem hv. 5. þm. Reykv. gaf í skyn þegar hann talaði í annað sinn. Hann spurði í sínum fjórum spurningum hversu hár söluskatturinn mundi vera ef engin undanþága væri veitt og ég gaf honum þær upplýsingar. Það var eðlilegt svar við hans spurningu. En ég reikna ekki með að það hafi farið fram hjá neinum að til þess að ná þeirri upphæð að hægt væri að minnka söluskattsálagninguna niður í 12% þarf að leggja á allt það sem nú er undanþegið söluskatti og þar með alla samneyslu og heilbrigðisþjónustu og ýmsa félagslega þjónustu. Ég efast um að það finnist þm. í hv. Sþ. sem væri reiðubúinn til að ljá því atkvæði sitt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í fsp.-tíma er ekki aðstaða til að rökræða um skattamál eins flókin og þau eru, en ég get ekki látið hjá líða að andmæla þeim yfirlýsingum fyrirspyrjanda og þeim ályktunum fyrirspyrjanda að svar fjmrh. hafi gefið tilefni til hugleiðinga um stórfelldar breytingar á þessu söluskattskerfi í þá átt sem hv. fyrirspyrjandi var að lýsa. Ég er sem sagt ekki þeirrar skoðunar að margar þeirra undanþága frá söluskatti, sem eru í gildandi kerfi, séu komnar til af engu og ég teldi það litla framför, að ekki sé nú meira sagt, ef hækka ætti matvörur um 22 eða 23% eða leggja 22—23% skatt á alla heilbrigðisþjónustu eða alla menningarstarfsemi. Þessir þættir eru undanþegnir söluskatti

í dag og ég hygg að ef þeir yrðu áfram undanþegnir yrði nú ekki mikið eftir af tekjuaukanum sem hv. fyrirspyrjandi var að gera svo mikið stórmál úr áðan. Vissulega má velta fyrir sér einstaka tilvikum í þessu sambandi, hvort er réttlætanlegt að hafa þessa undanþáguna eða hina, en í grófum dráttum ítreka ég að þessar undanþágur eru ekki komnar til af engu. Það er verið að hlífa einhverju því sem talin er sérstök ástæða til þess að hlífa og ég mundi ekki mæla með því að þær breytingar yrðu gerðar á söluskattskerfinu að söluskattur yrði lagður á mikilvægar vörur sem almenningur kaupir, eins og matvörur eða á heilbrigðisþjónustuna eða menningarstarfsemina í landinu.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta hv. 3. þm. Norðurl. v. því að hér er ekki fyrst og fremst um að ræða mínar ályktanir. Ég lagði fram spurningar til hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. svaraði á þá leið hvað mætti álykta af gefnum staðreyndum um tekjuauka ríkissjóðs. Ég hef ekki slegið neinu föstu um hvort sú leiðin væri réttari að halda áfram afnámi söluskatts á hluti eins og heilbrigðisþjónustu, en vil vekja athygli á því að í tillögum um upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts byggja allar fram komnar tillögur á því að virðisaukaskatturinn geti því aðeins orðið framför að hann verði í stórum dráttum án undanþága. Hér væri því um það að ræða, ef við stefnum á virðisaukaskatt, að stíga skref í þá sömu átt, m. ö. o. hæfileg aðlögun að virðisaukaskatti. — Hitt kemur mér ekki á óvart að hæstv. fyrrv. fjmrh. skuli vera mikill andstæðingur þess að afnema undanþágur þar sem hann var mjög mikilvirkur undanþágusmiður sjálfur.

Skoðun fiski- og skemmtibáta, fsp. 67. mál (þskj. 68). — Ein umr.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Jóhann Ársælsson, varamaður minn, sem sat hér á hv. Alþingi fyrstu fundi þingtímans, bar fram þá fsp., sem nú hefur verið tekin á dagskrá, fyrir hæstv. samgrh., en ekki gafst tækifæri til að svara fsp. á þeim tíma sem Jóhann var hér á þingi. Ég flyt útskýringu Jóhanns á fsp. eins og hann hafði samið hana. — En fsp. er svohljóðandi:

„Hvernig hefur Siglingamálastofnun ríkisins háttað skoðun á opnum fiskibátum og skemmtibátum á sjó og vötnum?"

Þá segir Jóhann:

Öryggismál sjómanna hafa verið mikið til umræðu að undanförnu og er það vel. Sú umræða hefur þó beinst að ákveðnum þáttum í öryggisbúnaði stærri báta og skipa. Eftirlit með bátum og búnaði þeirra í þeim stærðarflokkum sem eru tilgreindir í þessari fsp. er í megnasta ólestri. Ég þekki það og fullyrði að svo er. Allt í kringum landið eru á floti bátar sem menn nota, sumir sér til skemmtunar aðrir sér til framfæris að hluta eða öllu leyti. Með langflestum þessara báta er ekkert eftirlit. Það hefur ekkert eftirlit verið með bátum styttri en 6 metrar og skemmtibátum á sjó og vötnum svo að ég viti til, nema með smíði nýrra báta.

Bátum af þessu tagi fjölgar mikið um þessar mundir. Það virðist vera mikill áhugi á alls konar útivist tengdri sjómennsku, veiðiskap eða siglingum. Það er þess vegna mikil ástæða til að yfirvöld geri upp við sig hvaða eftirlit verður að telja nauðsynlegt með þessum fleytum. Fsp. mín er þó fyrst og fremst fram komin til að draga athygli yfirvalda að öryggismálum sjómanna á opnum vélbátum. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að bátar í þessum flokki eru 3.3 tonn að meðaltali samkvæmt síðustu skrá Siglingamálastofnunar. Þetta eru þess vegna alvörufiskibátar og víða róið mestallt árið. Eftirliti með þessum bátum er mjög ábótavant. Og innan um þennan flota eru margar manndrápsfleytur sem hafa ekki verið skoðaðar áratugum saman. Það er þó skylda að láta skoða þessa báta árlega.

Ég vona að í svari hæstv. samgrh. komi fram að hve miklu leyti þessum reglum er framfylgt og hvers vegna Siglingamálastofnun hefur ekki fylgt þessum reglum eftir. Einnig hvort uppi eru áform um að bæta þetta eftirlit.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. 1. janúar 1984 var alls 1461 opinn vélbátur á skrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins, stærð þeirra samtals 4835 brúttólestir. Af þessum opnu vélbátum eru 1430 skráðir fiskibátar með samtals 4725 brúttólestir. Skráðir skemmtibátar voru 1. jan. 1984 alls 31, samtals 110 brúttólestir, og 15 seglbátar voru á skrá þá, samtals 67 brúttólestir. Bátar sem eru 6 metrar eða lengri eru skráningar- og skoðunarskyldir og ber eigendum þeirra að fara fram á árlega skoðun hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Eins og kunnugt er eru opnir fiskibátar mismunandi mikið í notkun. Nokkur fjöldi þessara opnu fiskibáta stundar fiskiveiðar reglulega hluta úr árinu og eru þeir því í notkun sem atvinnutæki. Þessir bátar eru langsamlega flestir skoðaðir árlega og eru yfirleitt í sæmilegu eða góðu ástandi. Mikill fjöldi opinna fiskibáta er mjög lítið notaður. Skoðun á opnum fiskibáti er tilgangslaus nema eigandi bátsins sé viðstaddur og hafi um borð allan þann búnað sem krafist er. Engin leið er yfirleitt fyrir eigendur að hafa allan lausan búnað um borð í opnum bátum sem liggja fyrir legufærum, liggja við bryggju eða eru dregnir upp á land. Slíkur búnaður mundi fljótt hverfa úr bátum sem ekki eru í notkun. Siglingamálastofnun ríkisins hefur enga möguleika á að leita uppi eigendur opinna vélbáta til að framkvæma skoðun þeirra, enda ber eiganda skylda til að fara fram á skoðun. Auk þess er alls ekki hægt að treysta því að skráður eigandi opins vélbáts sé raunverulegur eigandi hans þótt hann standi á skrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Töluvert er um að opnir bátar séu seldir eða þeim fargað án þess að báturinn sé umskráður eða strikaður út af skrá. Með nokkru millibili hefur Siglingamálastofnun ríkisins endurskoðað þessa skrá fyrir opna vélbáta og þá með aðstoð skipaskoðunarmanna vítt um land. Þeir bátar sem ekki finnast eru þá oft strikaðir út af skrá. Opnir vélbátar eru auðveldir í flutningi. Þeir eru oft fluttir langar leiðir og sumir jafnvel geymdir heima við hús eða bæi langt frá sjó.

Af framansögðu er augljóst að því fer fjarri að allir opnir vélbátar í landinu 6 metrar og lengri séu rétt skráðir og skoðaðir árlega eins og reglur gera ráð fyrir. Siglingamálastofnun hefur því lagt megináherslu á að opnir vélbátar, sem eru í notkun, séu skoðaðir reglulega, en stofnunin hefur hvorki starfslið né fjármuni til að leita opinna vélbáta sem ekki eru í notkun og leita

eigenda þeirra vegna ársskoðana.

Varðandi skemmtibáta þá eru þeir líka skoðunar- og skráningarskyldir ef þeir eru 6 metrar eða lengri. Eigendum þessara báta ber einnig að fara fram á skoðun árlega. Til að auka aðhald við skoðun opinna vélbáta, bæði fiskibáta og skemmtibáta, væri hægt að taka upp skyndiskoðanir þessara báta á vegum Siglingamálastofnunarinnar, en til þess þarf hins vegar starfslið og rekstrarfé til ferðalaga. Ég tel æskilegt að það sé aukið, en hins vegar er útilokað að ná til allra þessara báta til skoðunar eins og háttar enn.

Fyrirspyrjandi fékk mér í hendur nokkru eftir að fsp. var lögð fram fjórar spurningar sem hann óskaði eftir að ég svaraði um leið og hinni prentuðu fsp. Hann sagði það vegna þess að hann væri óvanur þingstörfum, enda kominn á þing í fyrsta sinn. Þessar spurningar eru þannig og svör við þeim þessi:

1. Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda þessara báta síðustu fimm árin? — Skráðir opnir bátar 6 metrar og lengri miðað við 1. jan. ár hvert voru: 1979: 944 og samtals 3182 brúttólestir, 1980: 1026 eða 3388 lestir, 1981: 1148 eða 3748 lestir, 1982: 1267 eða 4117 lestir, 1983: 1366 eða 4474 lestir og á þessu ári: 1461 eða 4835 lestir.

2. Hvaða reglur gilda um hve oft skoðun eigi að fara fram? — Ákvæði laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, ná til allra íslenskra skipa og báta sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna. Þannig eru allir þessir bátar skoðunarskyldir árlega.

3. Hve margir bátar voru skoðaðir 1983? — Skoðaður var nálægt helmingur af þeim bátum sem skráðir voru. Flestir eru um átta metrar. Þeir sem eru í stöðugri notkun til fiskveiða voru allir skoðaðir.

4. Hvort er uppi breyting á þessu eftirliti? — Þessu atriði er almennt svarað í því sem ég sagði hér á undan. Eftirlit með opnu bátunum sem ekki eru í stöðugri notkun er erfitt, en einna helst kæmu til greina skyndiskoðanir. En þær krefjast starfsliðs og fjárveitinga til aukinna ferðalaga.

Ég vil segja til viðbótar þessu að í sambandi við þá vinnu sem nú er lögð í öryggismál sjómanna tel ég rétt að auka þessa skoðun með þeim hætti að taka upp skyndiskoðun. Hitt yrði allt of þungt og erfitt í vöfum þar sem þessir litlu bátar eru fluttir jafnvel marga tugi ef ekki hundruð kílómetra. Það yrði erfitt fyrir opinbera stofnun að elta uppi, fyrir utan hvað það er dýrt og aldrei hægt að ná til allra. En hins vegar er vakning uppi í þeim efnum að hvetja menn til aukinnar varkárni og til þess að fara eftir settum reglum. Það er mönnum að lærast í ríkara mæli á seinni árum þó enn vanti mikið á að það sé fullnægjandi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Jóhann Ársælsson er vel kunnugur þeim málum sem hann var að spyrja um og hafði búið sig undir svarið. Flest af því sem þar kemur fram kemur beint heim við það sem hæstv. samgrh. sagði til að svara fsp. og þeim aukaspurningum sem Jóhann hafði borið fram. Ég sé því ekki neina ástæðu til annars en flytja hér það sem Jóhann hafði undirbúið til að svara ráðh. í sambandi við fsp. Ég held að það stangist ekki í einu eða neinu á við þau svör sem hæstv. ráðh. gaf hér:

Svarið er því miður staðfesting á því, sem ég hélt fram í máli mínu hér á undan, að það er ekki allt eins og það á að vera í framkvæmd þessa eftirlits. Ég vil fyrst segja hvað varðar báta styttri en 6 metra og skemmtibáta á sjó og vötnum að þeir hafa ekki verið skráningarskyldir. Það verða oft slys á bátum af þessu tagi og er full nauðsyn á að koma á eftirliti með þeim og búnaði þeirra. Ég vil hvetja til að Siglingamálastofnun verði falið að koma á nauðsynlegu eftirliti með bátum í þessum flokki.

Aðaltilgangurinn með fsp. var að draga athyglina að öryggismálum opinna vélbáta. Ég vil taka fram að eftirlit með smíði þessara báta er í nokkuð góðu lagi af hendi Siglingamálastofnunar, a. m. k. þar sem ég þekki til. Það er ástæða til að gefa þessum málum sérstakan gaum nú vegna mikillar fjölgunar þessara báta á síðustu árum. Þeim fjölgaði, þ. e. opnum vélbátum, úr 944 1. jan. 1979 í 1430 1. jan. 1984. Bátar í þessum flokki eru að meðaltali 3.3 tonn að stærð. Þetta eru fyrst og fremst fiskibátar. Þessa báta ber að skoða árlega. Skoðun er hins vegar ekki framkvæmd nema eigandi óski þess. Þetta hefur það auðvitað í för með sér að aðeins lítill hluti þessa flota er skoðaður árlega. Þeir bátar, sem menn vita að uppfylla ekki öryggiskröfur, eru aldrei færðir til skoðunar. Afleiðingin af þessu er að langflestir eru þessir bátar með ófullnægjandi öryggisbúnað, margir í mjög lélegu ásigkomulagi og sumar fleyturnar hreinlega ónýtar. Menn geta svo gert sér í hugarlund hvaða hættur eru þessu samfara. Þessar lélegustu fleytur ganga gjarnan kaupum og sölum og eru keyptar í grandaleysi af mönnum, kannske óvaningum, sem sitja uppi með bát sem er stórhættulegur, jafnvel ónýtur eða kostar stórfé að gera nothæfan.

En hvers vegna sér Siglingamálastofnun þá ekki um að þetta eðlilega öryggiseftirlit fari fram? Siglingamálastjóri ber því við að hann hafi árum saman reynt að fá aukið starfslið í þeim tilgangi að sinna þessum ótvíræðu skyldum stofnunarinnar, en ekki orðið ágengt. Hann segist hafa óskað eftir þremur og hálfu stöðugildi skoðunarmanna vegna fjárlaga nú, en verið synjað. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort hann telji ekki að ástæða sé til að endurskoða þessa afgreiðslu á beiðni Siglingamálastofnunar. Hvernig ástand halda menn að yrði á bílaflota landsmanna ef Bifreiðaeftirlitið hefði ekki mannskap til að framkvæma eðlilegt eftirlit og menn réðu því sjálfir hvort þeir færðu bíla sína til skoðunar?

Ég vil biðja hv. alþingismenn að gefa gaum að þessum málum. Það er óverjandi að stofnun eins og Siglingamálastofnun ríkisins geti ekki rækt skyldu sem þessa vegna fjárskorts. Það kann vel að vera að það megi spara með því að draga úr eða leggja niður eitthvað af starfsemi Siglingamálastofnunar. Mér finnst sjálfsagt að það sé athugað. Ég vil t. d. benda á til athugunar að tollar eru eftirgefnir af hverri vél sem inn er flutt í fiskibáta. Það er eftir því sem ég best veit, starfsmaður í stofnuninni í því að fylgjast með þessu og skrifa upp á þessar tollaniðurfellingar. Væri ekki einfaldara að þessi innflutningur væri tollfrjáls? Þá gæti Siglingamálastofnun sparað sér þetta eftirlit og útgerðarmenn losnuðu við hvimleiðan eltingaleik við bankatryggingar og fleira sem fylgir því að fá tolla eftirgefna.

Herra forseti. Ég fullyrði að það eru miklar hættur því samfara að fylgja ekki þessu eftirliti eftir. Ég skora á hæstv. samgrh. að hann beiti sér fyrir því að Siglingamálastofnun verði gert mögulegt að koma á eðlilegu

eftirliti með þessum bátum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Varðandi orð hv. 4. þm. Vesturl. vil ég svara því til að ég mun gjarnan beita mér fyrir því og vinna að því að Siglingamálastofnunin fái fjárveitingu til þess að sinna betur þessu hlutverki. En ég hygg að skoðun allra slíkra báta sé óframkvæmanleg. En það má með skyndiskoðunum koma í veg fyrir og finna ýmsa ágalla sem núna eru, það er rétt hjá hv. þm.

Varðandi þann starfsmann í Siglingamálastofnuninni sem skrifar upp á tollaeftirgjöf þori ég nú ekki að segja neitt því að ég vil ekki fara inn á verksvið annarra rn. Best er að passa sig mjög á landamærum þar. En sjálfsagt er fjmrh. að hugsa málið því að hann heyrði til hv. þm.

Sala á íslenskum frímerkjum erlendis, fsp. 65. mál (þskj. 66). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. í fjórum liðum til hæstv. samgrh. á þskj. 66. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hverjar voru tekjur Pósts og síma af sölu íslenskra frímerkja til annarra landa árið 1980—1983?

2. Hvernig er staðið að kynningu og sölustarfsemi?

3. Eru tekjur af þessari sölu í samræmi við tekjur annarra Norðurlandaþjóða af sambærilegri starfsemi?

4. Hve miklu fé er varið árlega til kynningar á íslenskum frímerkjum erlendis og hversu margir starfsmenn Pósts og síma annast hana?"

Ástæðurnar fyrir fsp. minni eru þær að mikill munur er á sölu íslenskra frímerkja erlendis og sams konar sölu hjá nágrannaþjóðum okkar. Frímerkjasala er arðvænleg atvinnugrein í hæsta máta og getur skilað umtalsverðum tekjum auk mikilsverðrar landkynningar. Því skyldi maður halda að leggja bæri áherslu á öfluga upplýsingastarfsemi og kynningu á hverri nýrri útgáfu íslenskra frímerkja.

Færeyingar hafa t. d. lagt áherslu á útflutning frímerkja til safnara og er frímerkjasala nú 1% af heildarútflutningi eyjanna, þ. e. næst á eftir útflutningi fiskafurða. Hafa þeir nú 70 þús. fasta áskrifendur að hverju nýju frímerki, sem þar er út gefið, en til samanburðar má nefna að einungis 14 þús. fastir áskrifendur eru að íslenskum frímerkjaútgáfum.

Sú deild Pósts og síma sem annast sölu frímerkja hérlendis og erlendis til safnara nefnist Frímerkjasalan. Þar vinna nú átta manns. Til samanburðar má geta þess að fimm manns vinna í þeirri deild er annast skráningu fjarvista starfsmanna. Hljóta þessi hlutföll að vera í meira lagi undarleg og ekki bera vott um að mikil áhersla sé lögð á sölu frímerkja. Það er enda ljóst að mikið vantar á að Frímerkjasalan ráði við annað en að afgreiða þær pantanir sem berast. Hún hefur nær engin afskipti af kynningarstarfseminni, enda telst hún ekki í verkahring hennar. Hana annast aðrir í stofnuninni og er útgáfa kynningarrita vægast sagt dapurleg. Sem dæmi um dauflegan áhuga stofnunarinnar á kynningu á nýjum útgáfum má nefna að árið 1983 birtist engin auglýsing frá íslensku póststjórninni í helstu ritum frímerkjasafnara á Norðurlöndum.

Til þess að hv. þm. hafi einhverja hugmynd um hverjar tekjur hér er um að ræða, hafi einhverjum fundist nokkuð smátt farið í málin hér þegar talað er um frímerki, skal upplýst að Færeyingar seldu frímerki til safnara fyrir 30 millj. d. kr. árin 1980—1981. Það eru rúmar 90 millj. ísl. kr. Á sama tíma seldi Frímerkjasalan á Íslandi, árið 1980 fyrir 5 millj. og árið 1981 fyrir 9 millj. Á þessu er töluverður munur.

Á tímum kreppu og niðurskurðar sýnist hér ekki haldið á málum sem skyldi og ekki að sjá að mikill áhugi sé á þessum augljósa tekjuauka. Í nýbyggðu húsi Pósts og síma við Suðurlandsbraut 28 hefur Frímerkjasalan aðeins 130 fermetra til umráða og er augljóst að skortur á rými hamlar starfseminni nú þegar. Ekkert tillit var heldur tekið til tillagna starfsmanna, sem síðar verður aðeins vikið að, við byggingu hússins.

Mikilvægur þáttur í kynningu á íslenskum frímerkjum er þátttaka í samsýningum víða um lönd. Deildarstjóri Frímerkjasölunnar hefur sáralítil afskipti af ákvörðun um þátttöku í þeim, enda hefur af þeim þætti veg og vanda íslensk kona, búsett í Stokkhólmi, en hún er raunar ekki starfsmaður stofnunarinnar né félagi í samtökum póstmanna. Rétt er að geta þess að frú Svana Karlsson, sem hér um ræðir, hefur rækt þetta starf ötullega og á síðustu árum með aðstoð dætra sinna, en það hlýtur að teljast með öllu óeðlilegt að þessi mikilvægi þáttur í starfsemi stofnunarinnar sé unnin án samstarfs við þá deild sem söluna á að annast. Persónuleg sambönd eru mikilvæg í þessari sölustarfsemi og þess vegna afar óheppilegt að þau séu ekki beint við þá aðila sem söluna eiga að annast, þ. e. starfsmenn Frímerkjasölunnar. Hefur enda komið fyrir að starfsmenn hennar hafa ekki haft hugmynd um hvaða sýningum Íslendingar taka þátt í.

Það má margt fleira segja um þetta. T. d. vil ég geta þess að árið 1958 hófst útgáfa „fyrstadagsumslaga" svokallaðra, og seljast nú um 25 þús. slík umslög hverju sinni. Stimplun á slíkum umslögum og raunar öðrum frímerkjum til safnara erlendis er hér heldur frumstæð og verður starfsmaður enn að handstimpla hvert umslag. Annars staðar hafa menn fyrir löngu tekið upp tölvuvæðingu við þetta verk. Einhver vél mun hafa verið keypt til stofnunarinnar, en starfsmenn hafa gefið þá skýringu að enginn tími hafi unnist til þess að koma þeirri vél í notkun.

Það er auðvitað mikilvægt að vandað sé til útgáfu frímerkja hverju sinni og magn hvers frímerkis sé skynsamlega ákveðið. Hér hefur sérstök nefnd það verkefni að ákveða útgáfu og hafa frímerkjasafnarar þar fulltrúa. Póststjórnin ákvarðar hins vegar magnið og er algengast að nýtt frímerki sé gefið út nú í 1 millj. upplagi. Starfsmenn Frímerkjasölunnar koma hins vegar hvergi nálægt þátttöku í ákvörðunum um nýjar útgáfur.

Hér skal staðar numið, herra forseti, þó að ég gæti haft margt fleira að segja um þetta mál. Ég mun doka við þar til svör hæstv. ráðh. hafa borist. En ég vil þó minna hann á að árið 1981 fól fyrrv. hæstv. samgrh. hópi manna að gera tillögur til úrbóta í málefnum Frímerkjasölunnar. Þeim tillögum var síðan skilað 1983, en lítið sýnist hafa verið gert með þær enn þá.

Ég tel fulla ástæðu til að óska upplýsinga um það hvort hér sé veruleg tekjulind vanrækt, sem telja verður undarlegt á tímum fjárskorts og niðurskurðar auk þess

sem hér er um menningarstarf að ræða sem gæti verið öflug kynningarstarfsemi á landi og þjóð, enda hefur starfshópurinn, sem áður var nefndur, lagt til að tekið verði upp samstarf við Ferðamálaráð. En það er fyrst og fremst áhugavert að Íslendingar lærðu nú smátt og smátt að afla fjár á annan hátt en að fá það lánað. Því vænti ég að heyra skoðun hæstv. ráðh. og fyrirætlanir hans í þessum efnum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti.

Fyrsta spurningin er: „Hverjar voru tekjur Pósts og síma af sölu íslenskra frímerkja til annarra landa árin 1980—1983?"

Svar: Tekjur Frímerkjasölu Pósts og síma af sölu frímerkja til annarra landa á þessu tímabili voru sem hér segir:

Árið 1980 3 millj. 345 þús. Aukning frá fyrra ári 33%.

Árið 1981 6 millj. 254 þús. Aukning frá árinu á undan 87%.

Árið 1982 9 millj. 584 þús. Aukning frá árinu á undan 53%.

Árið 1983 18 millj. 620 þús., aukning frá árinu á undan 94%.

Önnur spurning: „Hvernig er staðið að kynningu og sölustarfsemi?"

Svar: a) Upplýsingabréf á fimm tungumálum (íslensku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku) um ný frímerki eru send föstum viðskiptavinum, blöðum, tímaritum, söfnum, frímerkjaklúbbum o. s. frv. um víða veröld, samtals yfir 20 þús. eintök hverju sinni.

b) Almennir kynningarbæklingar, þar sem annars vegar er gerð grein fyrir útgáfustefnunni almennt og hins vegar þjónustu Frímerkjasölunnar við safnara (föst áskrift að nýjum frímerkjum o. s. frv.) eru látnir liggja frammi á frímerkjasýningum og víðar og hafa verið þýddir á ýmis tungumál eftir því sem við hefur átt.

c) Með þátttöku í frímerkjasýningum og eftir atvikum með sérstakri söludeild eða með því að hafa til sýnis íslensk frímerki. Þannig hefur Frímerkjasalan tekið þátt í sölusýningum erlendis, bæði vestan hafs og austan, en sleppt að fara til fjarlægari landa, svo sem Austurlanda nær og fjær og Ástralíu, svo að dæmi séu nefnd. Þátttaka í sölusýningum var sem hér segir: Árið 1980 í 12 sýningum, 1981 í 13, 1982 í 13, og 1983 í 8 en 11 eru ráðgerðar á yfirstandandi ári.

d) Með því að hafa á boðstólum (innanlands og utan) söluvarning til þess fallinn að gera íslensk frímerki eftirsóknarverðari t. d. til gjafa. Það eru m. a. ársmöppur svonefndar. Enn fremur má í þessu sambandi nefna gerð póstkorta með myndum af frímerkjum (maxikort), sérstaka stimpla til notkunar á sýningum o. fl.

e) Með auglýsingum í sýningarskrám og blöðum og tímaritum í sambandi við þátttöku í sýningum.

Þriðja spurning: „Eru tekjur af þessari sölu í samræmi við tekjur annarra Norðurlandaþjóða af sambærilegri starfsemi?"

Svar: Eftir því sem best er vitað eru tekjur Frímerkjasölunnar af sölu frímerkja til safnara erlendis hlutfallslega síst lakari, þegar á heildina er litið, en tekjur hinna Norðurlandanna að Færeyjum undanskildum. Fastir áskrifendur erlendis eru nú um 11 þús. Handbærar upplýsingar er að fá úr skýrslu sænsku póststjórnarinnar fyrir fjárhagsárið 1982—1983, 1. júlí til 30. júní, og var heildarsala sænsku frímerkjasölunnar 123.5 millj. sænskra kr., en það eru um 6—7% af heildarpósttekjum þar sem eru 8 170.9 millj. sænskra kr. Samsvarandi tölur hér á landi eru 18 millj. 620 þús. kr., en það eru um 7% af heildarpósttekjum sem nema 262 millj. kr.

Í skýrslu norsku póststjórnarinnar fyrir 1982 er hvergi minnst á tekjur af frímerkjasölu til safnara sérstaklega. Aðeins er þess getið í skýrslu um frímerkjasölu póststöðva í Noregi að sala frímerkjadeildarinnar í Osló hafi verið 26 millj. norskra kr. Heildartekjur norska póstsins voru sama ár 3 977 millj. norskra kr. þannig að fyrrnefnd sala virðist innan við 1% af heildarpósttekjum.

Fjórða spurning: „Hve miklu fé er varið árlega til kynningar á íslenskum frímerkjum erlendis og hversu margir starfsmenn Pósts og síma annast hana?"

Svar: Það má ætla að þetta verkefni útheimti starf samsvarandi einu til tveimur ársverkum. Ef við lítum á þátttöku í sýningum erlendis þá var kostnaður vegna þátttöku í sölusýningum frímerkja erlendis á árinu 1981, þ. e. kostnaður Svönu M. Karlsson, 479 þús. ísl. kr., en sala 655 þús. kr. tæpar. Árið 1982 var kostnaður við sölusýningar Svönu M. Karlsson 720.2 þús. ísl. kr. en brúttósala 1 millj. 238 þús. kr. Þá tekur íslenska frímerkjasalan fyrst þátt í því og varð kostnaður hennar það ár 45.2 þús. kr. en heildarsala 47 þús. kr. Árið 1983 var kostnaður Svönu M. Karlsson 643 þús. ísl. kr. en sala 1 millj. 202 þús. Hjá Frímerkjasölunni varð kostnaður 165.4 þús. kr. en sala 168.5 þús.

Árið 1984, á þessu ári, til 1. ágúst var kostnaður Svönu M. Karlsson 1 millj. 59 þús. kr. en heildarsala til 1. ágúst 2 millj. 512 þús. Kostnaður Frímerkjasölunnar varð 446 þús. kr. en heildarsala 502 þús. kr.

Ég skal játa það að ekki hefur verið gert nóg að því á undanförnum árum að vinna að aukinni sölu frímerkja, þó að þróunin sé í þá átt eins og ég hef sýnt fram á með tölum. En ég tel ekkert athugavert við það að því brautryðjendastarfi sem þessi ágæta kona hefur unnið haldi hún áfram að vissu leyti, ákveðinni hlutdeild í kynningu, á sama tíma sem íslenska frímerkjasalan er að auka sín umsvif í frímerkjum.

Ég ætla hvorki að tala um húsnæði, tölvur eða annað sem hv. þm. ræddi um, um það var ekki spurt, en ég get auðvitað flutt um það langa ræðu eða svarað því ef fram kæmu um það fsp. Ég hélt að fsp. væru fluttar í þeim tilgangi að fá svör við þeim en ekki að búið væri að fá svör fyrir fram og bæta svo við spurningum þegar fsp. kemur hér inn til umr. En nú skil ég af hverju fyrirspyrjandi hefur ekki getað mælt fyrir fsp. fyrr. Hún hefur þurft að fá svör annars staðar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir þessa fsp. Ég tel að hér hafi verið hreyft mjög merku máli. Mig undrar það ekkert þó hæstv. samgrh. beri sig illa yfir því að spurt sé um fleira en ráðh. hefur undir höndum upplýsingar um, því að það kom fram í máli hv. 10. landsk. þm. að hún hefur kynnt sér mjög vel þetta mál. Og niðurstaðan er einfaldlega sú, að jafnvel í þessum málaflokki getum við margt lært af Færeyingum. E. t. v. þurfum við að fá ráðgjafa frá Færeyjum til að fræða póst- og símamálastjórnina íslensku um það hvernig eigi að standa að

sölumálum á frímerkjum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör. Hins vegar hélt ég að það þyrfti ekki að koma honum á óvart að fyrirspyrjandi vissi e. t. v. örlítið um það efni sem gerð er fsp. um. Það er ekki mikil ástæða til að standa hér upp og spyrja hæstv. ráðh. landsins: Hvernig er að vera ráðh.? Svarið væri eflaust: Gaman. Fsp. á hinu háa Alþingi eru ekki þess eðlis. Fsp. eru til komnar vegna þess að fyrirspyrjandi hefur ástæðu til að ætla að einhverju sé ábótavant sem e. t. v. megi lagfæra. Og þess vegna búast hv. þm. auðvitað ekki við að fá bara blönk svör um nákvæmlega það sem spurt er bókstaflega um, heldur auðvitað einhver stefnumið ráðh. í viðkomandi málaflokki.

Ég þakka svörin sem sagt, en vil aðeins fá að gera aths. við þau og skal ekki tala lengi, herra forseti.

Sú hækkun sem hæstv. ráðh. talar um á upphæðum fyrir sölu frímerkja fylgir að mestu leyti verðbólgu, a. m. k. milli áranna 1980, 1981 og 1982 og er þess vegna engin umtalsverð aukning. Tvímælalaust mætti selja þarna miklu meira og afla miklu meiri tekna með sölu frímerkja.

Síðan gat hæstv. ráðh. ýmislegs þess sem um var spurt, svo sem hvað væri gert til að kynna íslensk frímerki. Þeir upplýsingabæklingar sem hann nefndi eru tvímælalaust ófullnægjandi — og ég vildi reyndar að ég hefði ekki skilið þá eftir úti í skrifstofu minni heldur komið með þá svo að hægt væri að bera saman hina íslensku útgáfu og hina erlendu. Sem dæmi má taka að þegar vinir okkar, Færeyingar, gefa út ný frímerki og svokallaðar ársmöppur, þá útbúa þeir afskaplega skemmtilega hannaða litmyndabæklinga með landslagsmyndum og atvinnulífsmyndum frá landi sínu, þannig að þetta er aðgengileg og skemmtileg vinargjöf eða hlutur fyrir ferðamenn til að taka með sér heim. Þeir hafa t. d. samstarf við atvinnufyrirtæki þjóðarinnar á þann veg að þegar þeir gefa út frímerki með myndum úr atvinnulífinu, þá sjá þeir til þess að þeir sem þann atvinnuveg stunda noti þessi frímerki sérstaklega og annað slíkt. Þessir bæklingar, ef bæklinga skyldi kalla, þessi blöðungur sem um árabil hefur verið sendur frá íslensku póststjórninni er í fyrsta lagi ekki í litum og satt að segja afskaplega dapurlegt plagg sem lítt er líklegur til þess að vekja áhuga á íslenskum frímerkjum.

Ráðh. gat þess eftir því sem ég best heyrði að sölusýningum færi hreinlega fækkandi. Ég vil enn ítreka það að ég var ekki að ýja að því að frú Svana Karlsson hefði ekki rækt starf sitt af mestu prýði. Ráðh. gat þess einnig að á þeim sýningum sem starfsmenn Pósts og síma hefðu annast sjálfir hefði orðið minni ágóði. Það er ekkert óeðlilegt, hæstv. ráðh., vegna þess að hér hefur ekki verið um nóg samstarf að ræða. Sölustarfsemi af þessu tagi krefst mikilla persónulegra sambanda, þekkingar á áhugasviðum og áhugamálum hinna ýmsu safnara víða um heim. Auðvitað hafa starfsmenn Pósts og síma ekki haft minnsta tækifæri til að komast í þessi sambönd. Ég vil eindregið taka undir það með hæstv. ráðh. að auðvitað er alveg sjálfsagt að frú Svana Karlsson gegni þessu starfi á meðan hún það kýs og vill, en vitaskuld í nánu samstarfi við starfsmenn Pósts og síma sem hvenær sem er væru síðan tilbúnir til að taka við. Þess eru dæmi að um sölu hefur verið að ræða gjörsamlega fram hjá Pósti og síma á frímerkjum sem e. t. v. voru uppseld hér heima. Slíkt á auðvitað ekki að geta átt sér stað.

Ég var áður búin að segja að auglýsing í blöðum og tímaritum, sem hæstv. ráðh. minntist á, hefði nú ekki verið merkilegri en svo, að það var engin auglýsing í frímerkjatímaritum á Norðurlöndum árið 1983.

Hæstv. ráðh. minntist á að að sínu mati þyrfti 1—2 ársverk til að annast kynningu og þátttöku í sölusýningum. Mér er mjög til efs að það sé nægilegt, án þess að ég vilji nú hafa um það alveg heimasaumaðar meiningar, en trúa mín er sú að þar þyrfti til að koma meiri starfskraftur og ekki síst kannske samhæfing innan stofnunarinnar á þessum verkefnum. Auðvitað ættu þeir hinir sömu og sölustarfsemina annast að hafa hönd í bagga með kynningu. Ég held því að hér sé fyrst og fremst um skipulagningu að ræða. (Forseti hringir.)

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. Ég hefði kosið að víkja örlítið að tillögum starfshópsins sem falið var að gera tillögur til úrbóta, en ég skal ekki eyða tíma í það, enda forseti þegar búinn að hringja. En ég vil mælast til þess að hæstv. ráðh. kynni sér þær vandlega og athugi hvort ekki megi þarna úr bæta svo nokkru meiri sómi sé að.

Síðast en ekki síst held ég að það sé tvímælalaust orðið brýnt að þessi tvö stórveldi, Póstur og sími, verði að nokkru aðskilin hvað stjórnun varðar. Ég held að það sé óvenjuleg sparsemi af hálfu hins íslenska ríkis að ætla einum manni að stýra bæði pósti og síma. Sú tíð er liðin að það sé verkefni fyrir einn mann.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. kaus auðvitað að leggja vitsmuni inn í þessar umr. eins og hans var von og vísa. En til þess að fyrirbyggja allan misskilning þá er það hrein fjarstæða hjá honum að ég hafi verið að bera mig eitthvað illa. Ég var aðeins að svara hér fsp. Hann má auðvitað leggja það út eins og hans náttúra stendur til fyrir mér. Ég mun hvorki bera mig vel eða illa yfir því.

Varðandi frímerkjasöluna og frímerkjaútgáfu er það rétt, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, að sérstök frímerkjaútgáfunefnd hefur nýlega verið skipuð af því að skipunartími hinnar var liðinn. Ég held að yfirleitt hafi tekist nokkuð vel um útgáfu frímerkja á Íslandi. Um það er ekki deilt verulega. Það hafa verið gefin út einstaka frímerki sem menn hafa ekki verið ásáttir með, en mörg íslensk frímerki hafa verið sérlega falleg og vel hönnuð.

Þessi nefnd hefur sjálfstætt verksvið eins og við vitum og auðvitað eru takmörk fyrir því hversu margir fulltrúar eiga að vera. Póstmálafulltrúi á sæti í þessari nefnd, maðurinn sem ræðir við og hefur höfuðsamskipti við póststjórnir allra annarra landa og þar af leiðandi um leið þá sem hafa áhuga fyrir frímerkjum. Því er enginn hlutur eðlilegri en að hann eigi aðild að þessari nefnd.

Það er verið að undirbúa ýmsar breytingar í sambandi við frímerkjasöluna sem ég ætla ekkert að tíunda hér, tölvunotkun o. fl. Þessi mál hafa verið rædd í sumar við póst- og símamálafulltrúa og framkvæmdastjóra þeirrar stofnunar sem þessi deild heyrir undir. Mál sem þessi verða ekki leyst á örstuttum tíma, en vitaskuld má margt betur fara. Það bið ég menn að hafa hugfast að ég er ekki að segja að hér sé allt slétt og fínt og engrar breytingar sé þörf, síður en svo.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þá yfirlýsingu sem ég vil hér leggja sérstaka áherslu á. Hann sagði að nú væri verið að vinna að úrbótum í málefnum Frímerkjasölunnar. Ég fagna því að sjálfsögðu og vil leggja áherslu á það svar svo það fari ekki fram hjá neinum.

Forræðislausir foreldrar, fsp. 72. mál (þskj. 73). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á Alþingi 1981 voru samþykkt barnalög. Með ákvæði 40. gr. þeirra laga átti að tryggja að forræðislausir foreldrar gætu notið samvista við börn sín þó um sambúðarslit eða hjónaskilnað væri að ræða og eins að tryggja umgengnisrétt föður óskilgetins barns við barn sitt. Því hefur verið haldið fram, m. a. í ítarlegri blaðagrein í Helgarpóstinum s. l. sumar, að lögin er þetta varðaði væru gagnslaus og raunin sú að forræðislausir feður væru nær varnarlausir gagnvart fyrrverandi konum sínum ef þær neita þeim að njóta samvista við börn sín. Til að leiða hið rétta í ljós og fá fram hvort breytinga er þörf á lögum er þetta varða til að tryggja betur umgengnisrétt forræðislausra foreldra við börn sín er borin fram eftirfarandi fsp., með leyfi forseta:

„1. Hafa ákvæði 40. gr. barnalaga, nr. 9/1981, stuðlað að auknum umgengnisrétti forræðislausra foreldra við börn sín?

2. Hafa komið í ljós vandkvæði við framkvæmd þessarar greinar barnalaganna?

3. Hversu margir úrskurðir hafa verið kveðnir upp til samþykktar eða synjunar á umgengnisrétti forræðislausra foreldra við börn sín?

4. Hversu oft hefur þurft að beita dagsektum, sbr. ákvæði 3. mgr. 40. gr. barnalaganna?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. hefur borið fram fsp. til mín á þskj. 73 um umgengnisrétt forræðislausra foreldra. Við fyrstu spurningu vildi ég segja þetta:

Fyrir gildistöku barnalaga áttu einungis foreldrar skilgetinna barna lögbundinn rétt til umgengni við börn sín. Við gildistöku barnalaga 1. jan. 1982 var lögmælt sú skipan að það foreldri sem ekki hefur forsjá barns hafi rétt og skyldu til umgengni við barnið og barnið rétt til umgengni við það. Gildir það jafnt um foreldra skilgetinna og óskilgetinna barna. Það var því nýmæli að viðurkenndur var umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barn sitt, auk þess sem fjallað er um umgengnisréttinn bæði er varðar gifta og ógifta foreldra og skiptir ekki máli hvort foreldrar hafa búið saman. Nær öruggt má telja að ákvæði barnalaga hafi stuðlað að auknum umgengnisrétti forsjárlausra foreldra við börn sín. Kemur þar ekki síst til að stór hópur foreldra, þ. e. foreldrar óskilgetinna barna, hafa nú fengið umgengnisrétt skv. lögum sem þeir höfðu ekki áður.

Þá þarf að hafa í huga að til úrlausnar hjá dómsmrn. koma einungis þau umgengnisréttarmál þar sem ágreiningur er milli foreldra um umgengnisréttinn eða inntak hans. Gera má ráð fyrir að þau tilvik séu mun fleiri þar sem foreldrar koma sér saman um tilhögun umgengnisréttar á eigin spýtur og þurfa því ekki á aðstoð dómsmrn. að halda. Án efa hefur tilvist hinna nýju reglna haft sín áhrif í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni umgengni forsjárlausra foreldra við börn sín. Engin kerfisbundin athugun hefur þó farið fram á þessu sviði og samanburður við fyrri réttarstöðu erfiður vegna breyttra reglna svo sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Í öðru lagi: Vandkvæði við framkvæmd 40. gr. barnalaga eru ekki önnur en efni hennar gefur tilefni til. Við úrlausn umgengnisréttardeilna er áhersla lögð á að ná samkomulagi við foreldra um framkvæmd umgengnisréttarins, sem vissulega er tímafrekt starf en skilar oft góðum árangri, þar sem samkomulag foreldra er að sjálfsögðu æskilegri grundvöllur fyrir umgengnisrétti foreldris við barn heldur en yfirvaldsákvörðun.

Þegar samkomulag foreldra næst ekki sker rn. úr deilum þeirra varðandi umgengnisréttinn og leitar umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til. Gífurlegt vinnuálag er á barnaverndarnefnd Reykjavíkur og fleiri bæjarfélaga. Verður það iðulega til að draga niðurstöðu máls á langinn, sem eðli málsins samkvæmt er mjög bagalegt. Þyrfti þar úr að bæta.

Í þriðja lagi, svar við 3. spurningu: Alls 71 úrskurður. Þar af hefur umgengni foreldris við barn tvisvar verið hafnað.

Og við fjórðu spurningu: Enn hefur ekki til þess komið en tvær beiðnir um álagningu dagsekta liggja nú fyrir í rn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst næstum því sorglegt að fsp. af þessu tagi skuli þurfa að koma fram og hér skuli þurfa að tala um dagsektir til foreldra sem umgangast ekki börn sín lögum samkvæmt. Vitaskuld á hvort tveggja rétt á sér vegna stöðu mála eins og þau eru í dag. Þó vil ég minna hæstv. ráðh. á að þessi leiðinlegu hugtök „skilgetin" og „óskilgetin" börn hélt ég að hefðu horfið með barnalögum vegna þess að þá féllu úr gildi lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna annars vegar og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna hins vegar. Ég held að það sé okkur öllum farsælast að gera ekki greinarmun á því hvernig samband foreldrar hafa haft þegar barnið varð til. Það er ekki spurt að því síðar, þegar þau koma út í þjóðfélagið til þess að vinna sínu landi og þjóð.

Mín skoðun er sú í stuttu máli að hér þurfi gjörbreytingu á hugarfari og því miður er ekki hægt að gera hana með lögum. En auðvitað ættu foreldrar, hvernig sem þau kjósa annars að búa, að bera bæði forsjá barna sinna. Og þess vegna ætti allt sem heitir forræði að hverfa úr málinu og úr lögunum. Það er auðvitað fráleitt að tvær manneskjur, sem hafa eignast barn saman, skuli ekki bæði hafa forræði barnsins, hvort sem þau kjósa að vera gift eða ógift, í sambúð eða ekki sambúð. Þetta er ábyrgð sem engin siðmenntuð manneskja getur afsalað sér. Og það er beinlínis skelfilegt að nokkur manneskja þurfi að afsala sér forræði yfir sínu eigin barni.

Í Danmörku hefur mál af þessu tagi verið lagt fyrir þingið, þar sem kom fram frv. til l. um að forræðishugtakið skyldi afnumið og báðir foreldrar sjálfkrafa hafa forræði barna sinna, hvernig sem þeirra sambúð væri annars háttað. Ég vildi aðeins segja frá þessu vegna þess að ég hef um nokkurt skeið verið dálítið að vinna í

þessu, og vel má vera að það takist að leggja fram mál af þessu tagi hér fyrir hið háa Alþingi. Ég tel að þm. hljóti að geta verið sammála um það að annað foreldri eigi aldrei að hafa forræði yfir barni sínu eitt saman, heldur foreldrarnir báðir.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans. Mér fannst þess gæta í máli dómsmrh. að varðandi þetta ákvæði barnalaganna væri þetta í frekar góðu lagi allt saman. Ég get ekki verið alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það. Ég held að þarna sé einmitt nokkuð stór brotalöm að því er varðar umgengnisrétt forræðislausra foreldra við börn sín. A. m. k. hafa forræðislausir feður séð ástæðu til að hafa með sér samtök um hagsmunamál sín og er þar m. a. sett á oddinn þetta mál, að geta notið umgengnisréttar við börn sín. Ég held að feður sérstaklega eigi verulega undir högg að sækja og dæmi séu um það að feður þurfi að berjast í því langan tíma, jafnvel mörg ár, að fá umgengnisrétt við börn sín og fái jafnvel ekki að sjá þau á þeim tíma.

Hæstv. dómsmrh. gefur hér upplýsingar um að 71 úrskurður hafi fallið í slíkum málum, þar af umgengnisréttarkröfu tvívegis hafnað. Ég held að jafnvel þó úrskurðir dómsmrn. séu feðrum í vil þá virðist það ekki nægja. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi ekki frekari upplýsingar en fram komu í hans máli. Jafnvel þó þessir úrskurðir hafi gengið, 71 úrskurður, hvernig hefur gengið að framfylgja þessum úrskurðum? Ég held að það sé nokkuð mikilvægt að fá það fram.

Ég geri mér grein fyrir því að hér er vissulega um flókin og viðkvæm mál að ræða og kannske bitnar það ekki síst á börnunum ef þeim er meinaður umgengnisréttur við foreldra sína. Ég held líka að umgengnisréttarmál taki of langan tíma í dómskerfinu. Margir telja að mjög sé á reiki hvernig ákvæði um dagsektir eigi að beita og hver eigi að innheimta slíkar dagsektir, enda kemur í ljós í máli hæstv. dómsmrh. að slíkum dagsektum hefur ekki verið beitt. Því vil ég spyrja hann í framhaldi af þessu hvort erfiðleikar séu á framkvæmd við þessar dagsektir þar sem þeim hefur ekki verið beitt hingað til, og hvernig hafi gengið að framfylgja þessum 71 úrskurði sem hann upplýsti að hafi fallið í slíkum málum. Ég held að það sé mikilvægt að fá það fram vegna þess að jafnvel þó þessir úrskurðir hafi gengið feðrum í vil þá held ég að það sé mjög erfitt um alla framkvæmd á þeim.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég er ekki hér með greinargerð yfir það hver hefur orðið niðurstaða í þessum 71 úrskurði og hvernig framhaldið hefur þar orðið og veit ekki hversu auðvelt er að afla þeirra upplýsinga. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég held að hafi komið hér fram hjá báðum síðustu ræðumönnum, að þessi mál eru ákaflega viðkvæm og erfið. Vissulega er hörmulegt að það skuli þurfa að koma til úrskurðar um umgengnisrétt, því að æskilegt er að samkomulag geti orðið milli foreldra um það hvernig umgengnisréttinum yrði hagað þrátt fyrir að þau hafi ákveðið að slíta samvistir.

En vegna þess sem hv. 10. landsk. þm. sagði, að ekki ætti að gera greinarmun á skilgetnum og óskilgetnum börnum eins og ég hefði gert í mínu svari, þá held ég að það sé ómögulegt annað en gera það í sambandi við þá breytingu sem varð á lögunum. Ég sé ekki hvernig í ósköpunum ég hefði átt að gera það á annan hátt vegna þeirrar breytingar sem einmitt varð á þessu atriði við lagabreytinguna. Ég held að í mínu máli hafi hvorki komið fram neinn dómur eða sakfelling á þessi börn, heldur var ég aðeins að skýra frá staðreyndum lagabreytingarinnar.

En sá annmarki sem ég hef orðið var við er fyrst og fremst sá sem ég gat um í mínu svari, þ. e. dráttur á svari frá barnaverndarnefndum þegar til þeirra hefur þurft að leita. Og jafnframt að þessi mál taka nokkurn tíma því að það hlýtur að verða að skoða þau rækilega til þess að kveða þar ekki upp einhverja sleggjudóma heldur reyna að leita þeirrar lausnar sem er sanngjörnust og best, fyrst og fremst auðvitað fyrir barnið en síðan þá einnig fyrir foreldrana.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Hæstv. dómsmrh. upplýsir að hann geti ekki frætt okkur um það hvernig hefur gengið að framfylgja þessum 71 úrskurði. Ég tel það mjög veigamikið atriði að fá slíkt upplýst. Ég held að einmitt þegar slíkar upplýsingar lægju fyrir væri hægt að leggja mat á það hvort ástæða væri til að breyta á einhvern hátt þessu ákvæði 40. gr. barnalaganna. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann sé reiðubúinn að láta kanna hvernig hefur gengið að framfylgja þessum úrskurðum og leggja það þá hér fram fyrir hv. Alþingi með skriflegu svari.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. við þessa síðustu spurningu. Ég held það sé ákaflega varhugavert að leggja hér fram niðurstöður um hvern einasta úrskurð og hvernig hvert mál hefur gengið. Ég held það sé svo persónulegt mál að ég treysti mér ekki til að gera það.

Löggæsla á Reyðarfirði, fsp. 78. mál (þskj. 80). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 80 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hvað veldur þeirri breytingu á löggæslu á Reyðarfirði sem á er orðin og hver tók ákvörðun um þá breytingu?“

Þetta kallast víst ekki stórmál hér, en skiptir nokkru fyrir heimaaðila. Og ástæða fsp. er alleinkennileg.

Nú í haust flutti lögregluþjónn sá sem á Reyðarfirði var út á Eskifjörð og hefur nú búsetu þar. Tveir áratugir eru síðan sérstakur lögregluþjónn var ráðinn til starfa á Reyðarfirði og að sjálfsögðu hefur hann verið búsettur þar alla tíð. Í dómsmálaráðherratíð Friðjóns Þórðarsonar var uppi hugmynd um breytingu, en rn. hans snérist öndvert við — ég hygg að mestu hafi ráðið afstaða ráðh. sjálfs — enda fá rök fyrir þessari breytingu.

Að þessari skipan er vægast sagt lítið hagræði og enn minni sparnaður. Það skal ekkert úr því dregið að vísu hversu löghlýðnir sveitungar mínir eru, en ýmis verkefni eru þó alltaf í 750 manna þorpi þar sem er t. d. mikill gegnumakstur, tíðar skipakomur, umsvif á síldarvertíð o. s. frv. og hafi þörf verið fyrir lögregluþjón að

störfum fyrir 20 árum hlýtur svo að vera enn. Og nágrannar mínir, Eskfirðingar, hafa ekki sótt hér á og ekki veit ég til þess að viðbótarlöggæslu sé þörf á Eskifirði, enda sjálfur sýslumaðurinn búsettur þar og yfirlögregluþjónn embættisins einnig. Vegalengdin er alls ekki löng þarna á milli, 15 kílómetrar, en oft ærið seinfarin á vetrum ef eitthvað gerist. Eftirlit það er lögreglan annast verður ærið kostnaðarsamt, fullyrði ég, ef sí og æ þarf að aka þarna á milli.

Ég spyr einnig að því hver tók ákvörðun um þá breytingu sem á er orðin því að ég hef heyrt að sýslumaður fullyrði að rn. hafi ákvarðað, svo sem er vafalaust eðlilegt, og svo aftur öfugt. Fróðlegt væri því að fá úr því skorið í svari hæstv. ráðh. og einnig um ástæður þessarar skipunar, sem mér þykir alveg ógerlegt að sjá hverjar eru og einnig eru þær óskiljanlegar frá sjónarmiði íbúanna að maður tali nú ekki um hver sparnaður eigi af að verða, nema traust ráðamanna á Reyðfirðingum sé svona ótakmarkað og trú þeirra á að þar gerist yfirleitt ekkert sem lögreglu varðar um. Þá hafa lögregluþjónar undangenginna tveggja ára hins vegar verið heldur þýðingarlitlir og spurning um það vaknar hvort ekki megi fækka um einn lögregluþjón hjá sýslumannsembættinu á Eskifirði.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Aðdragandi þessa máls er nokkur. Í árslok 1978 skipaði þáv. *dómsmrh. nefnd til* að kanna möguleika á aukinni hagræðingu hjá löggæslunni í landinu. Í tillögum, sem nefndin skilaði í aprílbyrjun 1979, segir m. a. svo um Suður-Múlasýslu:

„Í þessu umdæmi teljum við að gera þurfi þá breytingu að löggæslan á Eskifirði og Reyðarfirði verði sameinuð og vakt gangi út frá Eskifirði.“ Með tilkomu hins nýja sýsluhúss á Eskifirði, sem tekið var í notkun fyrr á þessu ári, opnaðist fyrst möguleiki til þess að sameina löggæsluna á Reyðarfirði og Eskifirði. Í sýsluhúsinu er fullkomin lögreglustöð með fangageymslum, en fram að þeim tíma var engin lögreglustöð fyrir á Eskifirði og aðstaðan á Reyðarfirði líka ófullnægjandi.

Með bréfi dómsmrn., dags. 18. maí s. l., var sýslumanni Suður-Múlasýslu tilkynnt eftirfarandi:

„Með tilkomu hinnar nýju lögreglustöðvar á Eskifirði er ástæða til að endurskoða skipulag löggæslunnar á svæðinu Reyðarfjörður/Eskifjörður, en eins og yður er kunnugt, herra sýslumaður, hefur rn. lengi stefnt að því að lögreglumaðurinn á Reyðarfirði gengi vaktir ásamt lögreglumanninum á Eskifirði, en vegna andstöðu sveitarstjórnarmanna á Reyðarfirði o. fl. hefur enn ekki orðið af því. Tímabært þykir að lögreglumennirnir gangi í sameiginlega vakt með aðsetur í nýju lögreglustöðinni á Eskifirði og sinni hinu sameiginlega varðsvæði. *Fjarlægðar vegna hafa þeir góð tök á að sinna útköllum á Reyðarfjörð.*

Í skipunarbréfi lögregluvarðstjórans á Eskifirði, dags. 18. apríl 1983, segir að hann skuli gegna störfum við embætti yðar, en hvergi er tilgreint hvar hann á að hafa aðsetur né hvar hans starfsvettvangur eigi að vera. Telur rn. því ótvírætt að þér getið falið honum að gegna stærra starfssvæði en áður var með beinu lögreglustjóravaldi.

Ekki þarf að lýsa því fyrir yður, herra sýslumaður, hversu mjög aðstaðan batnar með hinu breytta skipulagi, en af því leiðir bætta svörunarskyldu, lengri viðveru lögreglumanns dag hvern, betri nýtingu húsnæðis, bifreiða og annars búnaðar o. fl. Þess er vænst að þér kynnið þessar breytingar fyrir hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og lögreglumönnunum tveimur sem í hlut eiga. Ef samþykki þeirra fæst fyrir því að hefja störf á Eskifirði 1. júní n. k. fer best á því að miða breytinguna við það tímamark. Ef ekki fæst samþykki skal setja upp nýju varðskrána fyrir 1. júní og láta breytinguna taka gildi 1. júlí 1984.

Mikilvægt er að löggæslu á Reyðarfirði verði áfram sinnt í ríkum mæli og fer best á því að þeir setji ítarleg fyrirmæli um hversu oft eftirlitsferðir skuli farnar á Reyðarfjörð, viðdvöl þar, hvaða sérstökum verkefnum eigi að sinna o. s. frv. Einnig ber að huga að því hvernig tryggja megi fullnægjandi löggæslu á Reyðarfirði að vetrarlagi þegar ófært verður milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.

F. h. ráðherra.
Baldur Möller.
Hjalti Zóphóníasson.“

Breytingin fór fram 1. júní s. l. og hafa lögreglumennirnir frá þeim tíma gengið sameiginlega vakt frá Eskifirði. Tekið hefur verið fullt tillit til óska Reyðarfjarðarhrepps um að aðstöðu verði komið upp fyrir lögreglu á Reyðarfirði, þannig að skýrslutaka geti farið fram á staðnum o. fl. er varðar störf lögreglunnar. Í þessu skyni var skrifstofuherbergi tekið á leigu á Reyðarfirði 1. okt. s. l. Af hálfu sýslumanns er lögð rík áhersla á að lögreglan fari í eftirlitsferðir á Reyðarfjörð og hafi þar viðdvöl. Daglega er það nákvæmlega bókað í dagbók lögreglunnar hvernig löggæslu á Reyðarfirði er sinnt. Þetta er í stórum dráttum skýringin á þeirri breytingu sem átt hefur sér stað varðandi löggæslu á Reyðarfirði.

Rétt er að taka fram að það var rn. sem tók þessa ákvörðun. Varðandi búsetu lögreglumannsins, sem starfaði og bjó á Reyðarfirði en er nú fluttur búferlum til Eskifjarðar, er rétt að láta þess getið að aldrei hefur af hálfu sýslumanns eða rn. verið sett neitt skilyrði um búsetu hans, hvort heldur hann byggi á Reyðarfirði eða Eskifirði eða annars staðar á löggæslusvæðinu. Rn. telur sig skorta vald til að skylda lögreglumenn til að búa á ákveðnum stöðum. T. a. m. búa margir lögreglumenn, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavík. Einnig starfa margir lögreglumenn í Kópavogi, Reykjavík og Hafnarfirði sem eiga búsetu í Mosfellssveit o. s. frv. Það eina sem unnt er að krefjast í þessu sambandi er að lögreglumenn sem gegna útkallsvöktum, en þannig háttar til um lögreglumenn í Suður-Múlasýslu, eigi ekki um langan veg að sækja til að sinna útköllum.

Til fróðleiks skal þess að lokum getið að á s. l. áratug hefur löggæsla verið sameinuð á fleiri stöðum og má þar nefna að fyrir fimm árum var löggæsla á Hellissandi og Ólafsvík sameinuð. Og eins var löggæslan í Sandgerði sameinuð Keflavíkurlögreglu í hagræðingarskyni þegar Gullbringusýsla var skilin frá Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Keflavík varð jafnframt sýslumaður hennar í stað bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Fjarri sé mér sem 5. þm. Reykv. að skipta mér af hvort heldur er kristnihaldi undir Jökli eða eftirsjá þeirra Reyðfirðinga

eftir lögregluþjóni sínum. En þar sem fyrirspyrjandi er hv. 2. þm. Austurl. vil ég rifja upp að flokkur hv. þm. hefur mjög mótaða stefnu í þessu máli. Sú stefna kom fram á ráðstefnu um sveitarstjórnarmál þar sem rædd var reglugerð um nauðsyn löggæslu og hversu margir lögregluþjónar skyldu vera til halds og trausts per íbúafjölda. Þá stóð upp merkasti bæjarstjórnarmaður þeirra Alþb.-manna, Bjarni Þórðarson, og hélt stystu en merkustu ræðu þessarar ráðstefnu, en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Samkv. þessari reglugerð ættum við í Neskaupstað að hafa tvo lögregluþjóna. Við höfum einn, þurfum engan. Takk fyrir."

Með vísan til þess að Neskaupstaður er hin rauða borg og hið sterka vígi Alþb. í sveitarstjórnarmálum, svo sem eins og áður voru rauðu bærnir Ísafjörður og Hafnarfjörður hjá okkur krötum, þá lít ég svo á að þetta sé stefnumarkandi fyrir Alþb. og vil þess vegna að gefnu tilefni koma þeirri stefnu á framfæri.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsrh. svör hans og alveg sér í lagi það að allt er þetta frá hans ágæta rn. komið. Í því undarlega nál. sem hann las upp hér áðan kom m. a. fram að ein ástæðan fyrir þessu væri sú að það væri komin góð fangageymsla á Eskifirði og þar af leiðandi væri sjálfsagt að flytja lögregluþjóninn út á Eskifjörð — eða þannig gat maður skilið það á þessu téða nál.

Ég hef ekkert á móti því að það sé það hagræði viðhaft í þessum efnum að þetta svæði sé sameinað. Það kann vel að vera skynsamlegt og ágætt. Búsetan er vitanlega alls óskyld þessu. En ég veit mætavel, þó að ég viti ekki hvort hæstv. dómsmrh. er kunnugt um það, að það hefur verið kappsmál embættisins á Eskifirði að lögregluþjónn yrði þarna búsettur og væri þess vegna betur, eins og hann kallar það, til taks. Engu að síður ætla þeir sérstaklega að gæta þess að það sé fullnægjandi vakt á Reyðarfirði yfir vetrarmánuðina. Þá sjá menn hagræðið af þeim akstri sem þar fylgir á milli stöðugt því að þessi skýrslugerð, sem oft hefur verið rætt um í sambandi við lögregluþjón á Reyðarfirði, skýrslugerð hans út á Eskifjörð, er að mínu viti alveg óskiljanleg nema í undantekningartilfellum vegna þess að það er til sími þarna eystra alveg eins og annars staðar á landinu. Það hlýtur að vera hægt fyrir viðkomandi lögregluþjón að gefa embættinu skýrslu í síma um það sem minna máli skiptir. Þá þarf ekki nema einhverja stóratburði til þess að hann þurfi að gegna skyldum sínum á Eskifirði vegna skýrslugerðar og mundi nægja einu sinni í viku, giska ég á í því efni, með hin meiri mál.

Ég minni á að nýlega hefur hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps mótmælt þessu harðlega, enda ómögulegt að sjá hvað veldur því að þessi tveggja áratuga hefð er nú rofin varðandi búsetu þessa lögregluþjóns.

Ég minni sér í lagi á það öryggi, ef öryggi skyldi kalla, sem óumdeilanlega verður minna. Það fer auðvitað eftir því hvort á að taka orð þess ágæta manns, látna manns, Bjarna Þórðarsonar, bókstaflega að löggæslu sé yfir höfuð ekki þörf á Austfjörðum og sér í lagi ekki í Neskaupstað. Það er rétt og á það má benda að við erum orðnir það nægilega rauðir á Reyðarfirði að vel kann að vera að dómsmrn. þyki að löggæslu sé ekki mjög mikillar þörf þar.

En síðast en ekki síst er ég sannfærður um að það verður augljós kostnaðarauki ef sinna á starfinu á annað borð og lögregluþjónn að gegna svipuðum störfum og hann hefur gegnt á Reyðarfirði. Það er það sem skiptir auðvitað öllu máli í þessu, en ekki spurning um búsetuna til eða frá eða hvar maðurinn situr.

Ég hygg að það verði mín niðurstaða af þessum svörum og nál. sem dómsmrn. hefur tekið gott og gilt að óhætt sé að flytja við fjárlögin breytingu um lækkun á liðnum löggæsla á Reyðarfirði og Eskifirði — það er sér liður enn þá fyrir Reyðarfjörð — eða fella hann niður með öllu og fella þá um leið niður starf eins starfsmanns.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki talað nægilega skýrt í svari mínu áðan til þess að það hafi komist til skila þar sem hv. þm. telur að á bak við liggi að draga eigi úr þessari löggæslu. Í svarinu var einmitt lögð áhersla á að henni yrði þarna haldið uppi ekki síður en hingað til og með samvinnu þessara tveggja manna væri þá alltaf einhver til taks, einhver á vakt, sem er vitanlega útilokað ef aðeins er einn maður. Ég talaði um skýrslugerð og sagði að aðstæða væri á Reyðarfirði til þeirra hluta þannig að þeir sem væru svo óheppnir að þurfa að gefa lögreglunni skýrslu þyrfti ekki að fara til Eskifjarðar þrátt fyrir þessa breytingu. Það er, eins og í svarinu kom fram einnig, búið að útvega húsnæði fyrir lögregluna á Reyðarfirði líka.

En ég vil ítreka að rn. hefur ekki möguleika á að setja skilyrði um hvar menn búa ef menn mæta til starfa þar sem þeim er það skylt. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að heppilegra hefði verið að þessi lögregluþjónn hefði ekki flutt sína búsetu núna því að það er óskylt þessari skipulagsbreytingu og hann hefði búið áfram á Reyðarfirði. En þar munu persónulegar ástæður hafa legið á bak við sem rn. hefur ekki í sínu valdi að hafa áhrif á.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Það getur verið örstutt. Ég skildi alveg mál hæstv. dómsmrh. og þau undarlegu rök sem hann tilgreindi fyrir þessari ráðstöfun. Það er alveg greinilegt að hans rn. og sýslumannsembættið á Eskifirði ætla að halda þessari löggæslu uppi að fullu eftir þessu að dæma og jafnvel auka hana, en það á greinilega ekki að horfa í kostnaðinn.

Búseturéttaríbúðir, fsp. 81. mál (þskj. 83). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér tvær fsp. til hæstv. félmrh. um búseturéttaríbúðir. Þær eru svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvenær er að vænta frv. til l. um „stefnumörkun um byggingu leiguíbúða ..., búseturéttaríbúðir og kaupleigusamninga" sem félmrh. boðaði á Alþingi 14. og 16. maí s. l. að yrði „lagt fyrir í byrjun næsta þings"?

2. Hefur náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um tilverurétt búseturéttaríbúða og hlut húsnæðissamvinnufélaga í hinu opinbera húsnæðislánakerfi? Ef svo er, hvaða tillögur hafa verið mótaðar um fjármögnun

slíkra lána og lánskjör?"

Af þessu tilefni vil ég rifja upp að á seinasta þingi urðu miklar deilur um þetta mál. Því var haldið fram m. a. í fjölmiðlum og jafnvel héðan úr þessum ræðustól að stjórnarflokkarnir hefðu samið innbyrðis um það að hæstv. fjmrh. félli frá áformum sínum um skattlagningu á tilteknu fyrirtæki undir pólitískri vernd Framsfl. gegn því að félmrh. seldi réttindi Búsetahreyfingarinnar fyrir þann baunadisk. Hvað sem um það er, þá vil ég vekja athygli, herra forseti, á nýlegri grein sem birtist í Þjóðviljanum eftir Jón Rúnar Sveinsson, einn af forustumönnum Landssambandsins um samvinnufélög í húsnæðismálum, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Niðurstaða Búsetamálsins á Alþingi varð sú að félagasamtökum, sem byggja leiguíbúðir ætlaðar til útleigu með hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja, sé ætlað rými í þessum lögum hverju svo sem ýmsir þm. hafa haldið fram."

Þetta færir hann sönnur á með því að vitna til félagslegrar samsetningar Búsetafélagsins, þar sem hann bendir á að rúmlega 30% félagsmanna tilheyri þeim hópum sem þarna um ræðir, þar af væru 20% námsfólk og 13% félagsmanna væru einstæðir foreldrar. Enn fremur segir hér að Búsetafélögin hafi fylgt þessu eftir með því að lagðar hafi nú verið fram umsóknir um bæði lóðir og lán til byggingar 56 íbúða í Reykjavík, 12 á Akureyri og 8 á Selfossi eða samtals 76 íbúða. Þess vegna er ástæða til að spyrja: Er það skilningur hæstv. félmrh. að búseturéttaríbúðir hafi sinn rétt lögum skv. eins og þessi forustumaður heldur fram og félmrh. hélt fram lengi vel? Og þá í öðru lagi: Ef svo er, hefur verið tekin einhver afstaða til lánsumsókna á vegum þessa félagsskapar?

Þetta eru ákaflega þýðingarmikil mál fyrir mjög fjölmennan hóp landsmanna. Þessi hreyfing hefur nú þegar mörg þúsund einstaklinga innan sinna vébanda og það skiptir ákaflega miklu máli að ekki séu tómar vífilengjur og vafningar um hver réttur þeirra er. Þetta fólk bíður eftir því að fá skýr svör við því. Eru þau inni, hafa þau sinn rétt skv. lögum hvað svo sem kom fram í umr. á Alþingi? Er þess þá að vænta að umsóknir þeirra verði teknar til greina? Að vísu hafa umr. þegar leitt í ljós hér á hinu háa Alþingi í tilefni af svörum hæstv. félmrh. við fsp. um fjármögnun húsnæðislánakerfisins að það er allt í skötulíki að sjálfsögðu og að lokum snýst þetta mál um peninga. En engu að síður er ástæða til að spyrjast fyrir um það hvað hefur verið gert frá því að seinasta þingi lauk til að skýra það mál sem hæstv. félmrh. boðaði að lagt yrði fram frv. um í byrjun næsta þings. Enn fremur er óskað upplýsingar um það, ef þessar lánsumsóknir eru til afgreiðslu, hvort settar hafi verið reglur um það hvernig verði staðið að fjármögnun slíkra íbúðarbygginga og hvaða reglur gildi um lán og lánakjör þeirra.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Svar við fsp. frá hv. 5. þm. Reykv. á þskj. 83 þykir mér rétt að gefa á þessa leið:

Hann spyr í fyrsta lagi: Hvenær er að vænta frv. til l. um „stefnumörkun um byggingu leiguíbúða ..., búseturéttaríbúðir og kaupleigusamninga" sem boðað var á Alþingi 14. maí s. l. að yrði lagt fram í byrjun næsta þings?

Með bréfi dags. 27. júní s. l. skipaði ég fimm manna nefnd í samráði við ríkisstj. sem skyldi hafa það hlutverk að semja frv. til l. um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir. Jafnframt skyldi nefndin gera till. um með hvaða hætti leiguíbúðum og framangreindum íbúðaformum verði best fyrir komið í húsnæðiskerfinu. Þess var óskað að nefndin hraðaði störfum svo sem kostur væri og skilaði tillögum sínum og frv. til l. um framangreint efni fyrir samkomudag Alþingis á hausti komanda. Í nefndina voru skipaðir Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðh., sem var skipaður formaður nefndarinnar, Friðrik Friðriksson hagfræðingur, Magnús L. Sveinsson borgarfulltrúi, Stefán Guðmundsson alþm. og Páll R. Magnússon húsasmíðameistari.

Þessi nefnd hefur haldið marga fundi um málið ásamt því að safna sér gögnum bæði innanlands og erlendis frá og síðan átt viðræður við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast þessum málum. Skv. upplýsingum frá nefndarmönnum er ekki ástæða til að ætla annað en að nefndin nái saman um tillögur sínar, hverjar sem þær kunna að verða. Hér er um allviðamikið verkefni að ræða og því mun eitthvað dragast enn að nefndin ljúki störfum. En ég hef óskað sérstaklega eftir því að nefndin hraði þessu starfi sínu svo sem nokkur kostur er. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að það muni ekki dragast mjög lengi úr þessu að niðurstöður komi frá nefndinni.

Því miður hefur ekki tekist að hraða þessu verkefni meira en hér kemur fram, en til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður. Ein ástæðan er sú að einn nefndarmaðurinn var upptekinn í samningagerð í kjaramálum og töfðust störf nefndarinnar nokkuð af því tilefni. En aðalatriðið er að sjálfsögðu að hér komi fram heilsteyptar tillögur sem ríkisstj. getur tekið afstöðu til áður en þær verða lagðar hér fram á Alþingi.

Önnur spurning hv. fyrirspyrjanda er: „Hefur náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um tilverurétt búseturéttaríbúða og hlut húsnæðissamvinnufélaga í hinu opinbera húsnæðislánakerfi? Ef svo er, hvaða tillögur hafa verið mótaðar um fjármögnun slíkra lána og lánskjör?"

Að sjálfsögðu standa stjórnarflokkarnir einhuga að starfi þessarar nefndar og hlutverki hennar og mótaðar tillögur um fjármögnun lána og lánskjara varðandi hlut húsnæðissamvinnufélaga sérstaklega bíða því tillagna umræddrar nefndar. En vegna þeirra aths. sem hv. fyrirspyrjandi bar fram hér í fsp. sinni, þá vil ég aðeins svara því. Það er náttúrlega alveg útilokað og raunar ósæmilegt af hv. þm. að halda því fram að einhvers konar hrossakaup hafi átt sér stað í sambandi við meðferð þessa máls á hv. Alþingi þegar lögin um Húsnæðismálastofnun voru til meðferðar og samþykktar. Slíkt er alger fjarstæða. Það kom aldrei til neinnar slíkrar umr. milli stjórnarflokkanna um þetta mál. Það er algerlega úr lausu lofti gripið. Hins vegar lá alveg opið fyrir um hvaða ágreining var hér að ræða og það fór ekkert leynt hvernig á því máli var tekið. Niðurstaðan varð sú að gerð var breyting á c-lið 33. gr. laganna, en það gerir m. a. að verkum að eftir stendur það nýmæli í lögunum varðandi Byggingarsjóð verkamanna að aðilar sem hyggjast byggja leiguíbúðir fyrir námsmenn, öryrkja og aldraða eiga rétt til lána úr sjóðnum.

Mér er vel kunnugt um að þau samtök sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér, Búseti, hafa sent inn umsóknir um slík lán til Húsnæðisstofnunar ríkisins til bygginga á næsta ári. Húsnæðismálastjórn hefur ekki enn tekið

afstöðu til þessara umsókna, enda ekki eðlilegt, þar sem ekki er enn búið að samþykkja fjárlög né lánsfjárlög fyrir árið 1985, svo að vitað sé hvað miklu fjármagni Húsnæðisstofnun kann að hafa yfir að ráða til útlána á árinu 1985. Ég geri mér hins vegar miklar vonir um það, eins og kom fram í svörum mínum hér fyrr á þinginu, sem hv. þm. var að reyna að gera lítið úr, að það verði einmitt frekar um aukningu að ræða til byggingar á félagslegum grundvelli á næsta ári og þar af leiðandi séu vonir til þess að hægt verði að sinna að hluta til þessu verkefni. Það er a. m. k. mín von og stefna í þessu máli. Ég vænti þess að þau mál skýrist þegar Alþingi er búið að ganga frá samþykkt fjárlaga og lánsfjárlaga.

En Húsnæðismálastofnun hefur ekki enn tekið afstöðu til þessara umsagna og það þarf í raun og veru ekki að blandast saman við það sem þessi nefnd er að vinna að. Hún á að marka þarna ákveðna stefnu til langframa og taka sérstaklega fyrir þessi mál og ég veit ekki annað en að það sé samstaða um það í nefndinni að skila mótuðum tillögum um þessi efni.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðh. svör hans kemst ég ekki hjá að átelja að ekki er staðið við gefnar yfirlýsingar ráðh. í svo veigamiklum málaflokki.

Þann 14. og 16. maí s. l. sagði hæstv. ráðh. að stefnt yrði að því að slíkt mál yrði lagt fram í byrjun næsta þings. Nefndin hefur haft bráðum tæpt hálft ár til starfa og enn liggja ekki fyrir svör um starfslok hjá henni. Hæstv. ráðh. vísaði á bug þeim fullyrðingum úr fjölmiðlum og frá þm. að hrossakaup ættu sér stað í þessu máli. Ég kann enga skýringu á slíkum drætti á störfum nefndarinnar, ef kærleikurinn á stjórnarheimilinu er slíkur sem ráðh. vill af láta, aðra en þá að enn sé slíkur ágreiningur milli stjórnarflokkanna í þessu máli að hann reynist óleysanlegur. Vegna þess að þetta mál er út af fyrir sig tiltölulega einfalt til afgreiðslu og tæknilega ekki flókið. Spurningin er hér sem oft áður um pólitískan vilja.

Ég verð að segja fyrir mig að mér ógnar að horfa upp á ástandið í húsnæðismálum Íslendinga. Hvernig blasir það við? Annars vegar horfum við á látlausar og linnulausar lúxus-villu-byggingar. Hvernig eru þær fjármagnaðar? Þær eru fjármagnaðar oft á tíðum og byggðar af fólki sem athugun á skattframtölum leiðir í ljós að hefur slík vinnukonuútsvör að ekki er ætlandi að það hafi neinar tekjur til þess arna. Hvernig er það í reynd fjármagnað? Það er fjármagnað úr gjaldþrota opinberum sjóðum. Því að ef byggingarstarfsemin er almennt fyrst og fremst fólgin í villubyggingum, þá er hér raunverulega um að ræða niðurgreiðslur í stórum stíl frá efnalitlu fólki og leigjendum til þeirra sem villurnar byggja, því að þeir sem byggja fá auðvitað lán úr opinberum sjóðum og geta dregið vexti frá sínum sköttum. Það kemur því ekki á óvart, sem fram kom í upplýsingum hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að hér væri raunverulega um að ræða niðurgreiðslur á tekjuskattsstofni upp á 1.2 milljarða.

Hversu lengi ætlar hæstv. félmrh., sem hefur gefið mörg og fögur loforð um úrlausn í húsnæðismálum, að horfa upp á það að á sama tíma og þörfin er brýnust fyrir litlar íbúðir í fjölbýli er því takmarkaða fjármagni sem hér er til ráðstöfunar fyrst og fremst varið til að byggja villur yfir fámenna forréttindahópa? Hvers konar þjóðfélag er þetta eiginlega?

Það er fyrst og fremst eitt sem þarf að taka afstöðu til í „Búseta-málinu". Það er þetta: Hvernig viljum við hafa hið félagslega kerfi ef við viljum hafa það á annað borð? Það eru ákveðnir sambúðarerfiðleikar þegar um er að ræða þrjú kerfi: 1. almennt húsnæðislánakerfi, 2. séreignarkerfi í formi verkamannabústaða en með betri kjörum og 3. leigumarkað, sem á undanförnum árum hefur náttúrlega verið frumskógarmarkaður, þar sem eignalítið fólk sætir afarkostum og okurkjörum.

Búseturéttarkerfið hefur ákveðna kosti umfram verkamannabústaðakerfið. Í fyrsta lagi er á það að líta að það fólk sem nú er á götunni getur ekki leitað til verkamannabústaðakerfisins vegna þess að þar er ekkert til nema biðlistar. Í öðru lagi vegna þess að þar er ekki verið að byggja neinar nýjar íbúðir. Í þriðja lagi vegna þess að það er engin fjármögnun.

Í öðru lagi eru í verkamannabústaðakerfinu sett ákvæði um tekjumörk umsækjenda. Menn verða m. ö. o. að sanna fátækt sína.

Í þriðja lagi: Það fólk sem nær þessum rétti verður þá að komast inn á biðlista. Og í raun og veru gengur það þannig fyrir sig að það verður að þekkja verkalýðsforingja eða beita pólitískum kunningjatengslum í kunningjaþjóðfélaginu til þess að eiga von.

Verulegir fjármunir í verkamannabústaðakerfinu fara í endursölu og endurfjármögnun. Inn í verkamannabústaðakerfið koma íbúðir með niðurgreiddum kjörum en að lokum fara þær út úr því á markaðskjörum. Þetta er óeðlilegt. Út frá sjónarmiði ríkisins og fjármögnunarþarfa er búseturéttarfyrirkomulagið hagkvæmara kerfi vegna þess að þar fer ekki fram nein endursala, það er ekkert fé bundið í því, um enga kaupskyldu að ræða eða endurfjármögnun. En því hefur verið haldið fram af sjálfstæðismönnum að meðan Búseti setji ekki reglur inn í sín félagslög um það að meðlimir þurfi að sanna fátækt sína, en þeir hafa sem kunnugt er þá reglu að það verður dregið um íbúðir, þá falli þeir ekki undir þetta kerfi, þ. e. hið félagslega kerfi. Og úr þeim deilum virðist seint ætla að fást skorið.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að húsnæðisstefna hæstv. ríkisstj. og stefna fyrrv. ríkisstj. í húsnæðismálum sé raunverulega engin stefna. Hafi hún einhver verið þá er hún fjárhagslega gjaldþrota, eins og kemur rækilega fram ekki bara af mínum ummælum eða svörum ráðh., heldur í umfjöllun forustumanna Búseta um málið, t. d. í umræddri grein eftir Jón Rúnar Sveinsson, þar sem hann segir að fjármagnsskortur húsnæðiskerfisins sé það sem allt strandar á. Það höfum við Alþfl.-menn reyndar margsinnis sagt og flutt tillögur um að bæta þar úr. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins að lokum segja: Það þarf að endurskoða þessi lánsréttindi. Í raun og veru er spurning hvort ekki ætti að taka upp þá stefnu að lánað verði miðað við hóflega íbúðarstærð til allra og þá almennileg lán sem raunverulega eru viðráðanleg. Í öðru lagi verði lögð áhersla á uppbyggingu félagslegs kerfis í formi búsetuíbúða. Og í þriðja lagi farin sú leið að setja skilyrði fyrir lánveitingu G-lána til kaupa á eldri íbúðum með þeim hætti að þannig takist að þrúkka niður útborgunarverð með verðtryggðum eftirstöðvum, en það er eina leiðin til að nýta hið eldra húsnæði almennilega og gera það við-

ráðanlegt fyrir ungt fólk.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að nota þessar fáu mínútur til þess að standa í endurteknum umr. um þessi mál. Ég virði að sjálfsögðu skoðanir hv. 5. þm. Reykv. í þessu máli. En ég vil aðeins benda honum á það að við höfum lög til að fara eftir og við höfum þingkjörna húsnæðismálastjórn. Og þessi þingkjörna húsnæðismálastjórn hefur verið sammála um þær útlánareglur sem hún hefur starfað eftir. Hins vegar get ég upplýst það hér að hún er að mínu frumkvæði að endurskoða þessar útlánareglur og sú endurskoðun miðar að því að reyna að stýra skynsamlegar þeim fjármunum sem þessi stjórn hefur til úthlutunar.

Það er hægt að tala endalaust um það hvort einhver sjóður er gjaldþrota eða ekki gjaldþrota. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég hef sagt hér áður: það er búið að meira en tvöfalda útlánamöguleika sjóðanna, sérstaklega Byggingarsjóðs ríkisins, og hann mun hafa til útlána á þessu ári um 1400 millj. kr. en Byggingarsjóður verkamanna um 400 millj. kr. Hér er því ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Ef hv. þm. vill svo stimpla alla þá sem hafa fengið lán úr Byggingarsjóði á þessu ári, sem munu vera um 4000 lán, sem lúxusíbúðahafendur, þá er það hans einkamál.

Ég vil aðeins ítreka það að Húsnæðismálastofnunin er núna að endurskoða sínar útlánareglur sem verða kynntar í sambandi við útlán á næsta ári. Það ætti einmitt að sýna hv. 5. þm. Reykv. fram á það að það starf sem þessi ágæta nefnd er að vinna — og hefur ekki enn getað skilað sínum till. — er ekki svo lítið þegar grannt er skoðað. Eins og fram kom einmitt í gagnrýni hv. 5. þm. Reykv. þá rekum við okkur á það þegar farið er að skoða nánar þessi mál að það er brýn nauðsyn að taka til skoðunar um leið það félagslega íbúðalánakerfi sem við höfum í landinu. Ég get vel tekið undir það með hv. þm. að það er visst áhyggjuefni hvernig komið er fyrir t. d. Byggingarsjóði verkamanna eða framkvæmd þeirra laga sem um hann fjalla, því að með hverju ári sem líður eykst hinn mikli fjöldi endursöluíbúða, sem þurfa að fá oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og oftar en þrisvar nýtt fjármagn, eftir því sem kerfið býður upp á. Þetta er nauðsynlegt að taka til athugunar. Og ég vonast til þess að í sambandi við tillögur þessarar ágætu nefndar komi tækifæri til að ræða þau mál sérstaklega.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Að því er varðar þær tölur sem hæstv. ráðh. fór með um það sem veitt hefði verið og ætlunin væri að veita til húsnæðismála vil ég aðeins vekja athygli á því að það er að mínu mati ekki boðleg leið að ætla að fjármagna húsnæðislán á Íslandi með erlendum lánum, né heldur að sökkva húsnæðislánunum í fen mörg hundruð milljón króna lána, sem tekin eru á miklu hærri vöxtum og til miklu skemmri tíma en aftur er lánað út með þeim afleiðingum, eins og reyndar kemur fram í umræddri grein formanns Búseta, að við því má búast, ef ekki á næsta ári, þá á því þarnæsta, að helsti tekjustofninn, sem eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða, verði neikvæður. M. ö. o. að það sem húsnæðislánasjóðirnir þurfa að endurgreiða lífeyrissjóðunum þegar á næsta ári eða þarnæsta ári verði, eins og þegar er orðið með skyldusparnaðinn, hærri upphæðir en nokkur möguleiki er að þeir fái til baka.

Skattar af Mjólkursamsölunni, fsp. 89. mál (þskj. 92). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. tengist nokkuð hinu fyrra. Það er fsp. til hæstv. fjmrh. um innheimtu skatta af Mjólkursamsölunni og rannsókn á verðmyndun blandaðra mjólkurdrykkja. Þetta mál var ákaflega vinsælt í þingsölum á síðasta þingi, gekk þá undir nafninu „Mangó og Jógó"-málið og varð tilefni skrautlegra fyrirsagna í blöðum: „Vopnahlé í kókómjólkurdeilunni. Nefnd fjögurra ráðh. sett í að leysa málið". Og geysilangur og ítarlegur leiðari í Morgunblaðinu 15. apríl: „Deilt um kakómjólk". Reyndar var þetta eitt af stærri málum hæstv. ríkisstj. á s. l. vetri. Af því tilefni vil ég, með leyfi herra forseta, beina eftirtöldum fsp. til hæstv. ráðh.:

1. Er þess að vænta að fjmrh. leggi fram á Alþingi frv. til l. um breytingu á lögum frá 23. júní árið 1936, sem staðfest voru af Christian hinum X., af guðs náð konungi Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertoga í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Samband ísl. fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti, sbr. yfirlýsingu ráðh. á Alþingi 26. apríl s. l.?

2. Hefur fjmrh. framfylgt yfirlýsingu sinni á Alþingi frá 26. apríl s. l. um að hann telji sig „fyllilega einfæran um að annast innheimtu vörugjalds og söluskatts" af Mjólkursamsölunni?

Og það má bæta við, þar sem ráðh. er einfær um þetta, hefur ekki svo verið gert þegar, hæstv. ráðh.?

3. Hvenær má vænta þess að fjmrh. kynni Alþingi niðurstöður nefndar sem falið var að „kanna nákvæmlega með hvaða hætti verðmyndun á kakómjólk, mangósopa og jóga á sér stað til þess að fá úr því skorið hvort verð á þessum vörum sé óeðlilega hátt"? Þessi fsp. er innan tilvitnunarmerkja og þar er vitnað í ummæli hæstv. ráðh. frá umr. á seinasta þingi orðrétt.

Herra forseti. Þessar fsp. eru til þess að fylgja eftir umr. utan dagskrár sem urðu á síðasta þingi. Þær urðu að frumkvæði þess sem hér stendur og snerust fyrst og fremst um það hvort hæstv. fjmrh. ætlaði að framfylgja lögum um skattheimtu af þessum fyrirtækjum eða hvers vegna svo væri komið að sett væri upp sérstök ráðherranefnd og sérfræðinganefnd til þess að semja innbyrðis um það hvort fyrirtækin skyldu áfram undanþegin lögum.

Hæstv. ráðh. svaraði mjög afdráttarlaust á þeirri tíð. Hann sagðist vera fullfær um að gera þetta. Hann sagðist ekki mundu hvika frá ákvörðun sinni. Og hann sagðist hafa skipað nefnd ráðgjafa sinna til að rannsaka verðmyndun í þessum bransa m. a., með vísan til þess að það var þá upplýst að Mjólkursamsalan í Reykjavík er eitt af þessum fyrirmyndarfyrirtækjum sem ekki þurfa einu sinni að leita bankalána á þessum erfiðu tímum til að standa undir stórbyggingum, musterum, sem þó er vitað að muni kosta hundruð milljóna króna. Kannske er skýring að nokkru fengin ef fyrirtækið er skattlaust að því er varðar útsvar, aðstöðugjald, vöru-

gjald og söluskatt.

Ég vil aðeins minna á, herra forseti, að þetta mál var eitthvert stærsta mál samstarfsflokks hæstv. ráðh., þ. e. framsóknarmanna, á seinasta þingi. Og svo mikill varð undirgangurinn að það lá við að óbreyttir þm. héldu að um stjórnarslit væri að ræða. Þeir framsóknarmenn brugðu hart við og fluttu tvö mál, frv. til l. um að staðfesta það að þessi fyrirtæki skyldu undanþegin lögboðnum gjöldum og viðurkenndu þar með að lagabreytingu þyrfti til þess að þau greiddu ekki sína skatta.

Þetta var m. ö. o. stórt mál. Það varðar lög og rétt í landinu hvort fyrirtæki og framleiðendur skuli vera jafnir fyrir lögum. Það er grundvallaratriði í málinu. En í annan stað er hér auðvitað um að ræða fjárhagsmálefni sem varðar fjárhag ríkissjóðs.

Í þriðja lagi vakti þetta mál mikla kátínu í þingsölum. Ekki veitir nú af því. Það er ævinlega til bóta. Er þá ekki úr vegi að rifja upp hið undur hugljúfa ljóð, sem hv. 11. landsk. þm., Guðmundur Einarsson, fór með af þessu tilefni eftir Harry Belafonte, og leyfði sér að fara með það á íslensku: „Listen, my woman is calling to me". Því miður saknaði ég þess þá að hv. þm., sem er fremur lagvís maður að sögn, skyldi ekki syngja þetta fyrir þingheimi og ég sakna þess ákaflega að hann skuli ekki vera hér á sínum stað til þess að bæta úr því.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég tek ekki undir það með hv. 5. þm. Reykv. að ég sakni svo mjög hv. 4. landsk. þm., hvað þá að ég óski eftir því að hann færi að syngja hér fyrir okkur lög eftir Harry Belafonte, því að ég held að hann hefði ekki bætt umr. um þessi mál með sínu framlagi frekar en þeir Bandalagsmenn gera yfirleitt þegar þeir taka hér til máls. Því að hér er ekki um neitt gamanmál að ræða. Hér er um það að ræða að menn átti sig á því að mörg af þeim lögum sem nú gilda í landi voru eru sett um bændasamfélag. En þjóðfélagið hefur þróast langt frá því að vera bændasamfélag og er nú má segja iðnvætt nýtiskuþjóðfélag. Lögin eru því að stórum hluta úrelt og því á mörgum sviðum erfitt að fara eftir þeim, eins og kom fram hjá prófessor Sigurði Líndal á fundum fjh.- og viðskn. Nd. fyrir nokkru.

Ég vil rekja nokkuð gang þessa máls. Ég byrja á því að vitna hér í samkomulag sem var gert í þessu máli á milli hæstv. landbrh. og fjmrh. Þar segir í fjórum liðum:

„Fjmrh. er reiðubúinn að standa að samkomulagi um gjaldtöku á kakómjólk, mangósopa og jóga á eftirfarandi grundvelli:

1. Innheimtu vörugjalds og söluskatts á umræddum vörum verði frestað með beitingu undanþáguheimildar laga.

2. Verð umræddra vara lækki verulega, a. m. k. um 20% frá útsöluverði.

3. Gengið verði úr skugga um vilja Alþingis varðandi þessa gjaldtöku og önnur atriði í verðlagningu landbúnaðarvara þegar á næsta hausti.

4. Verðmyndunarkerfi landbúnaðarins í heild verði tekið til rækilegrar rannsóknar og endurskoðunar á vegum ríkisstj. og niðurstöður kynntar Alþingi í haust.

Í framhaldi af þessu leggur fjmrh. til að málið verði afgreitt í ríkisstj. með eftirfarandi samþykkt:

Landbrh. hefur ákveðið að beita sér fyrir nákvæmri úttekt á verðmyndun landbúnaðarafurða sem fram fari á næstu mánuðum og verði kynnt Alþingi næsta haust.

Þar til þessari könnun er lokið og Alþingi hefur tekið afstöðu til hennar og hugsanlega nýrra tillagna um þessi mál mun fjmrh. nýta lagaheimildir til að undanþiggja kakómjólk, mangósopa og jóga vörugjaldi og söluskatti, enda beiti landbrh. sér fyrir því að þessar vörur lækki verulega í verði til almennings nú þegar."

Eins og menn muna hófst sala á þessari vörutegund frá Mjólkursamsölunni aftur eftir að landbrh. hafði beitt sér fyrir því að prósentulækkun, sem nam svo til innheimtu söluskatts, eða 20%, hafði verið samþykkt af framleiðendum. Má segja að þar með hafi gjöld á þessari vörutegund verið innheimt á þann hátt að neytendur nutu þess, en skatturinn rann ekki beint í ríkissjóð, eins og heföbundið er og lög gera ráð fyrir, meðan sú lagaheimild sem hv. 5. þm. Reykv. vitnaði hér til er könnuð og gengið úr skugga um það hvort þessi gömlu lög nái yfir þau gjöld sem lögð hafa verið á síðan lögin tóku gildi, þ. e. nýja skatta.

Þessi könnun er í gangi, og ég vildi leyfa mér að lesa hér upp svar. En fyrst vil ég geta þess að drög að frv. þessu voru reyndar kynnt í ríkisstj. s. l. vor og ég hef þegar ákveðið að leggja það fyrir ríkisstj. að nýju.

En til svars við öðrum og þriðja lið fsp. skal þess getið að s. l. vor var gerð bráðabirgðaathugun á verðmyndun blandaðra mjólkurvara í kjölfar áforma um að innheimta af vörum þessum vörugjald og söluskatt eins og lög sýnast standa til. Á grundvelli þessarar athugunar náðist samkomulag í ríkisstj. um að fresta gjaldtöku af þessum vörum þar til nánari athugun hefði farið fram á verðmyndunarkerfi mjólkurvara. Að henni er nú unnið en ekki er hægt að svo stöddu að greina frá því hvenær henni muni verða lokið. Þeir menn sem vinna að þessari athugun, sem nær til fleiri þátta en mjólkurvaranna sem hv. fyrirspyrjandi gerir hér að umræðuefni, heldur tekur til verðmyndunar á landbúnaðarvörum almennt, eru Guðmundur Sigþórsson úr landbrn. og Þorvaldur Búason fyrir hönd fjmrn.

Ég vona að ég hafi svarað fsp. fyrirspyrjanda í málinu.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði. Hæstv. ráðh. skýrir frá því í svörum sínum, sem ég þakka fyrir, að um þetta mál hafi verið samið í ríkisstj. Um hvað er verið að semja? Það er verið að semja um undanþágu til tiltekins fyrirtækis frá annars lögboðnum gjöldum. Að vísu nú með ákveðnum skilyrðum. Þeim skilyrðum að þetta skattalausa forréttindafyrirtæki skuli þar á móti láta svo lítið að lækka verð sitt, a. m. k. til bráðabirgða, um svona nokkurn veginn þá upphæð sem ella ætti að renna í ríkissjóð.

Þetta er ákaflega sérkennileg afgreiðsla á málum. Lög eru í landinu um það að fyrirtæki og samkeppnisaðilar eigi að standa jafnt að vígi með því að greiða slíka skatta og slík gjöld og allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum. Og ef um er að ræða að einhver fyrirtæki greiði ekki slík gjöld, eins og t. d. vörugjald og söluskatt, eru við því hin ströngustu viðurlög, jafnvel lokun á rekstri fyrirtækisins og sektir og hegningar. En hér hafa ráðh. náð pólitískri samstöðu um að þetta fyrirtæki skuli njóta alveg sérstakrar fyrirgreiðslu. Þetta er alveg sérstakt pólitískt fyrirgreiðslufyrirtæki, einn hornsteinninn að þessu makalausa millilíðakerfi Framsfl. í landbúnaðarmálum.

Ég verð að segja fyrir mig að ég gef enn ekki upp alla von vegna svara hæstv. ráðh. Hann sagði þó að þetta væri tímabundið ástand, að lengra hefði hann ekki komist fyrir ofríki framsóknarmanna í báðum flokkum og í ríkisstj. Hann hefði þó komið því til leiðar að verðið yrði lækkað til neytenda þangað til niðurstöður kæmu og þær ætti að leggja fyrir þing í haust. Af því sjá menn að það var ekki út í hött að spyrja. Og viturleg ákvörðun hjá herra forseta að leyfa þessar utandagskrárumræður á sínum tíma. Það er ástæða til að halda þessu máli vakandi. Það er ástæða til að spyrja: Hvenær lýkur þessari úttekt og þessari rannsókn á hinni óeðlilegu verðmyndun sem hér um ræðir? Ég ber fyllsta traust til þeirra manna sem um þetta fjalla. Ég þykist hins vegar vita að annars vegar fulltrúi landbrh. og hins vegar eðlisfræðingur Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum, *Þorvaldur Búason, eigi langa leið áður en þeir ná* sameiginlegum niðurstöðum um þetta.

En kjarni málsins er sá að við bíðum enn eftir niðurstöðum. Og þetta er ekkert ómerkilegt mál. Þetta er ekkert smámál og þetta er ekkert gamanmál. Þetta er *mál sem snertir grundvallaratriði eins og það hvort* menn eru jafnir hér fyrir lögum eða ekki. Og það snertir vægast sagt gífurlega pólitíska hagsmuni. Það eru engar ýkjur þegar sagt er að sjaldan hafi hrikt jafnrækilega í feysknum máttarstoðum þessa stjórnarsamstarfs eins og í þessu máli, sbr. þau frv. sem þm. Framsfl. lögðu fram en að vísu gufuðu upp í meðförum þings.

Ég vil aðeins, herra forseti, um leið og ég endurtek þakkir mínar til ráðh. fyrir þessi svör, árétta að þessu máli verður haldið vakandi, því verður fylgt eftir, það verður spurst fyrir um það í framhaldi af þessu og ef langur dráttur verður á endanlegum niðurstöðum leitast við að fá þær kynntar hér á hinu háa Alþingi. Ég vitna enn til þess að hæstv. ráðh. er í þeirri stöðu að hann hefur sagt: Ég er einfær um að framfylgja lögum í þessu landi, ég þarf enga ráðherranefnd mér til halds og trausts í því efni. Hins vegar hefur hann sagt: Það er sjálfsagt að taka þetta mál í víðara samhengi og rannsaka til hlítar þá verðmyndun sem lýsir sér í því að fyrirtæki af þessu tagi geta stundað stórkostlega fjárfestingu án þess að leita til lánastofnana, m. ö. o. með því að taka það úr rekstri og velta kostnaðinum jafnóðum yfir á neytendur. Drög að frv. voru kynnt s. l. vor, sagði hæstv. ráðh. Og ef ég man rétt úr umr. á seinasta þingi höfðu þau þegar verið kynnt ríkisstj. fyrr. Hæstv. ráðh. hefur ákveðið að leggja þetta frv. fyrir ríkisstj. á ný.

Þessu máli verður haldið vakandi. Ég verð að játa að þetta er óeðlileg afgreiðsla á máli sem raunverulega, ef einhver Jón Jónsson úti í bæ ætti hlut að máli, væri dómstólamál.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta hv. 5. þm. Reykv. þegar hann segir að hér hafi verið samið um undanþágu fyrir viðkomandi fyrirtæki um niðurfellingu á sköttum. Það er alls ekki rétt. Það er ekki verið að semja við fyrirtæki um niðurfellingu á sköttum, heldur er málið í biðstöðu hvað ákvörðun snertir vegna þess að beðið er eftir réttri túlkun á lögunum. Og hér er ekki um sérstaka pólitíska fyrirgreiðslu að ræða. Það er hægt að hártoga allt og gera allt tortryggilegt. Hér er um að ræða skulum við segja sérstaka pólitíska fyrirgreiðslu með konungsákvörðun frá 1936, eins og hv. þm. vitnaði til í upphafi máls síns. Það er verið að vefengja þau lög sem þá voru sett af konungi og eiga alls ekki við þjóðfélagið eins og það er í dag. Lögin eru sett sérstaklega um þetta fyrirtæki og þess vegna rís deila um þau lög. Það er ekki fyrirtækið sem er að brjóta af sér.

Ég mundi ekki treysta því, þrátt fyrir það mat, sem er nú ekki mitt, að ég sé einfær um að framfylgja lögum í þessu landi, öllum lögum. Ég get framfylgt lögum sjálfur sem einstaklingur, en ég get ekki fengið alla aðra Íslendinga til að framfylgja lögum og brjóta þau ekki. Það er rangt mat. Mér þykir vænt um það álit sem þm. hefur á mér sem slíkum, en ég treysti mér ekki til að standa undir þessu hóli hans.

Ég vil undirstrika að þessi mál eru í rannsókn og rannsóknin nær lengra en yfir mjólkurafurðir eða þær *níu tegundir af drykkjarvörum sem Mjólkursamsalan* hefur sett á markaðinn. Þessi rannsókn nær yfir landbúnaðarafurðir almennt. Ég tel það stórt skref og mikilvægt að einmitt Framsfl., í góðu samstarfi við Sjálfstfl., lagði á það áherslu að þessi mál yrðu *rannsökuð í heild sinni.* — Hvenær rannsókninni lýkur? Ég vona að ekki sé langt í það. En hún varð viðameiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Leita þarf upplýsinga víðs vegar að frá útlöndum og þar af leiðandi tefst hún eitthvað.

Herra forseti. Það er ákaflega erfitt að hafa sjónvarpsmenn galandi í kapp við ræðuna. Það er varla að ég fái lokið máli mínu. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að þetta væri stöðvað, en það hefur ekki verið gert.)

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli hér einu sinni enn. Það er alveg ljóst að fyrirtæki eins og Mjólkursamsalan rekur sína starfsemi á þann hátt að hún á síst af öllu skilda undanþágu frá sköttum vegna þess að vörur frá henni til neytenda eru ósvífnislega dýrar. En það eiga þessi fyrirtæki sameiginlegt, Mjólkursamsalan og Osta- og smjörsalan, sem upphaflega áttu að rekast á félagslegum grundvelli, að hafa gerst kapitalískari en flest önnur og undan því sviður á flestum heimilum landsins. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt hvernig komið er fyrir verðlagi á landbúnaðarafurðum í þessu landi.

Ég vil leyfa mér að benda á að það er samhengi í öllum aðgerðum hæstv. fjmrh. í skattamálum. Þeim í þjóðfélaginu sem græða verulega, hafa arð af sínum fyrirtækjum, er yfirleitt hlíft við sköttum. Það nægir að nefna hér frétt í einu dagblaðanna í dag þar sem það skipafélag sem skilaði bestum arði á s. l. ári fær undanþágu frá aðflutningsgjöldum á krana, sem það hafði verið að kaupa, sem það hafði aldeilis full efni á að borga sín gjöld af. Það virðist hins vegar ekki vera stefna hæstv. fjmrh., sem eitt sinn taldi sig umfram allt bera fyrir brjósti hag hinna tekjulægstu í þjóðfélaginu, að létta neinu af þeim. Þessar ívilnanir og undanþágur eru miskunnarlaust teknar af fólkinu í landinu, sem svo er ekki hægt að greiða sómasamleg laun, og hellt út í verðlagið í allt of mikilli álagningu á brýnustu nauðsynjavörum.

Ég bendi á þetta því að hæstv. fjmrh. hefur verið að afnema skatta af öllum mögulegum aðilum nema þeim sem borga brúsann, hinum láglaunuðu skattgreiðendum. Hann hefur afnumið skatta af vaxtatekjum.

Vaxtaokrið blómstrar. Hann hefur hækkað frádrátt til skatts um 57% til eignamanna. Arðskattur fyrirtækja hefur lækkað um 23% o. s. frv. Í þessu er samhengi. Þannig mætti bókstaflega spyrja um hvert einasta þessara atriða og fá sömu svörin, að nú sé verið að kanna hvort eigi að breyta þessu eitthvað.

Mér þykir nú heldur lélegt svar ef hæstv. fjmrh. hefur ekki séð ástæðu til að breyta lögum vegna þess að Christian konungur X. setti þau einhvern tíma. (Gripið fram í.) Vissulega mun það hafa verið Christian konungur X. sem hæstv. fyrirspyrjandi gat um að hefði undirskrifað lögin og mörg lög hafa nú verið endurskoðuð á styttri tíma.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Þetta er aðeins til að leiðrétta eða fyrirbyggja misskilning.

Hæstv. ráðh. komst svo að orði að hér væri alls ekki um neitt samkomulag að ræða, heldur væri beðið túlkunar á réttum lögum. Við erum að tala um tvennt. Annars vegar eru til umræðu hin gagnmerku lög Kristjáns konungs, hans hátignar, sem eru um að þessi fyrirtæki skuli undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti. Ef beðið er einhverrar túlkunar á þessum lögum spyr ég hæstv. fjmrh.: Er þetta mál fyrir dómstólum eða hverjir eru það sem ætla að túlka þessi lög? Þurfa þessi lög einhverrar túlkunar við?

Um hitt atriðið þarf ekki að deila. Hæstv. ráðh. sagði: Það hefur verið gert samkomulag í ríkisstj. og milli hæstv. ráðh. landbúnaðar- og fjármála. Um hvað? Um að fresta gjaldtöku af lögboðnum sköttum þ. e. söluskatti og vörugjaldi, meðan rannsókn fer fram á verðmyndun í þessum bransa. Það er auðvitað ekkert annað en pólitískt samkomulag.

Það er því tvennt til: Annars vegar er pólitískt samkomulag gert milli ráðh. og innbyrðis innan ríkisstj., hins vegar eru auðvitað lög sem gilda í landinu. Þar er mjög forvitnilegt að vita: Fyrir hvaða dómstólum er það mál?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það er ekki tími til að fara langt út í þetta mál, en ég undrast að hv. 5. þm. Reykv. og hv. 10. landsk. þm. skuli láta í ljós óánægju sína yfir því að ekki skuli vera lagður söluskattur á mjólkurvörur. Það vita allir að ef söluskattur er lagður á vöru hækkar hún í verði. Þegar vara er jafnmikið notuð, t. d. af börnum, skólabörnum, og kakómjólk, þá finnst mér alveg furðulegt að þau skuli leggja áherslu á að þarna sé verið að hlífa einhverjum óverðskuldað með því að nýta heimild sem ótvírætt er í lögum fyrir fjmrh. að fella þetta niður. (**JBH:** Þurfti ekki að lækka verð um 20%?) Það þurfti ekki. Hins vegar var það ósk mín að það væri gert og m. a. vegna þess að mér var ljóst að lækka þyrfti verðið í bili til þess að ná upp sölu aftur af því hún hafði stöðvast. Þessi vara hefur ekki enn þá náð sömu sölu og áður. En það er dálítil mótsögn í því að vera að hneykslast á því að ekki skuli vera lagður söluskattur á þessa vöru og tala þá jafnframt um ósvífnislega dýrar vörur. Vitanlega hækkar vara í verði ef lagður er söluskattur á hana. Það er augljóst mál.

En þegar sagt er að vara hækki í verði vegna þess að Osta- og smjörsalan annast dreifingu hennar vil ég benda á að kostnaður af heildsöludreifingu á smjöri og ostum stórlækkaði þegar Osta- og smjörsalan tók til starfa. Það liggur alveg fyrir. Áður var kostnaðarhluti deild heildsöludreifingar 10%, en fór þegar niður í 4% og hefur verið á bilinu 2—4% síðan. Það er því augljóst hagræði fyrir neytendur af þessari starfsemi.

Hér hefur verið minnst á byggingu Mjólkursamsölunnar. Ég tel rétt að fram komi hér á Alþingi vegna þeirra umræðna er fram hafa farið að Mjólkursamsalan átti yfir 50 búðir hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Það var ákveðið að aðrir aðilar tækju að sér mjólkurdreifingu. Þá voru þessar búðir seldar og ákveðið að nýta fjármagnið til að byggja upp betri aðstöðu fyrir mjólkurdreifingu. Á því er tvímælalaust mjög brýn þörf hér í Reykjavík því mjólkurstöðin, sem nú er notuð, var byggð á árunum milli 1940 og 1950 fyrir miklu færri íbúa. Enn fremur voru vöruflokkarnir þá ekki nema sex, en núna eru þeir orðnir á annað hundrað og er dreift frá Mjólkursamsölunni til 800—900 útsölustaða á þessu svæði.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það að þetta mál sé eitthvað sérstakt mál hv. 5. þm. Reykv. Þetta mál er dregið fram í dagsljósið af fjmrh. þegar hann fer að skoða lög, m. a. um Mjólkursamsöluna. Og það er vegna þess að fjmrn. er ætlað að leggja á þessa mjólkurdrykki söluskatt og vörugjald eins og tekið er af öðrum þeim drykkjum sem eru seldir í samkeppni við þessa mjólkurdrykki. Þetta er mál sem fjmrh. kom sjálfur fram með og hefur vakið athygli og umræður, og inn í þessar umr. eiga náttúrlega skattamál ekki að koma. Ég sem fjmrh. hef ekki lagt á einn einasta skatt. Það er alrangt að ég sé að afnema skatta af vaxtatekjum þeirra sem fá þær. Það var búið að gera löngu áður. Vextir hafa verið skattfrjálsir í langan tíma. Meira að segja í stjórnartíð Alþb. Þau mál og launamál eiga því ekki erindi inn í umr. um fsp. hv. 5. þm. Reykv.

En verðið á þessum mjólkurdrykkjum lækkaði þó við þessa umr. um 20%. Það er staðreynd. Heimilin borga 20% minna en þau gerðu vegna þess að fjmrh. dró þetta mál fram í dagsbirtuna. Hvers vegna hafa þessi lög ekki verið endurskoðuð á styttri tíma eða fyrr? Oft er það nú gert að lög eru endurskoðuð. Af hverju hafa þau ekki verið endurskoðuð fyrr? Um það get ég ekki sagt. En ég dró þau þó fram til endurskoðunar, þannig að ég á ekki skilið að vera barinn og laminn í bak og fyrir af hv. 10. landsk. þm. Það væri nær lagi að hún færi að hæla mér fyrir að hafa komið með þetta mál en ekki öfugt.

Sérdeild við sakadóm Reykjavíkur, fsp. 92. mál (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í þáltill. sem samþykkt var á Alþingi í maí 1984 er kveðið á um tafarlausa framkvæmd ýmissa verkefna til að draga úr skattsvikum og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú er. Í þeirri fsp. sem hér er fram borin er óskað svara frá hæstv. dómsmrh. um framkvæmd ákveðinna verkefna í umræddri þáltill. sem er á verkefnasviði dómsmrn. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hefur dómsmrh. beitt sér fyrir endurskoðun laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn

o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, svo og laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, með síðari breytingum, í samræmi við ákvæði þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1984?

2. Hvenær má búast við að eftirtalin verkefni, sem ríkisstj. var falin tafarlaus framkvæmd á, komist til framkvæmda:

a) að stofnuð verði sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem fái m. a. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot.

b) fjölgun sérhæfðra starfsmanna hjá embætti saksóknara.

c) að starfsemi rannsóknarlögreglu ríkisins verði efld í þessum málaflokkum?"

Hér er um mikilvæg mál að ræða sem lið í að herða allt skattaeftirlit og meðferð skattsvikamála. Vona ég að hæstv. dómsmrh. hafi þegar hafist handa um framkvæmd þessara liða sem ég hef hér greint frá í samræmi við ályktun Alþingis frá í maí 1984.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Samkv. þál., sem samþ. var á Alþingi 3. maí s. l., um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum var ríkisstj. m. a. falið að endurskoða lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, svo og lög um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974 í þeim tilgangi að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem fengi m. a. til meðferðar eftirtalin brot: Skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot. Lögin um meðferð opinberra mála eru í heildarendurskoðun hjá réttarfarsnefnd og hefur því þótt eðlilegast að fela þeirri nefnd að fjalla einnig um þessar tillögur.

Hvort sem stofnuð verður sérdeild við sakadóminn eða ekki, þá er ljóst að meginhluti þeirra mála sem hér er fjallað um kemur til meðferðar þess dómstóls. Og þá skiptir mestu máli að hann hafi nægu starfsliði á að skipa svo að meðferð þeirra verði hröð. Álag á dómstólnum er nú það mikið orðið að nauðsynlegt er að bæta þar við fulltrúa og var óskað eftir því við undirbúning fjárlagafrv. nú í vor. Ekki var fallist á þá starfsliðsaukningu við undirbúning fjárlagafrv., en það erindi verður væntanlega skoðað nánar af hv. fjvn. með hliðsjón af fyrrnefndri þál. og vænti ég þess að þá fái það jákvæða afgreiðslu.

Þá var lagt fyrir í þál. að fjölga skyldi sérhæfðum starfsmmönnum hjá embætti ríkissaksóknara. Með tilliti til stöðu mála þar hefur að svo stöddu ekki verið óskað eftir fjölgun starfsliðs þess embættis þar sem talin var enn þá brýnni þörf að bæta við annars staðar, bæði við sakadóm og svo, eins og síðar kemur fram, hjá rannsóknarlögreglunni þar sem nú er brýnust þörfin á fjölgun.

Í þriðja lagi var lagt fyrir að efla skyldi starfsemi rannsóknarlögreglu ríkisins í þessum málaflokki. Til þess að mæta auknu álagi vegna aukinnar starfsemi skattyfirvalda að rannsókn skattsvika og auknum fjölda almennra mála var óskað eftir fimm nýjum stöðum rannsóknarlögreglumanna hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Á þetta var ekki heldur fallist við undirbúning fjárlagafrv., en ef unnt á að vera að sinna auknum málafjölda á sviði skatta- og viðskiptabrota þá verður að skoða þessa beiðni nánar nú við afgreiðslu fjárlagafrv. eins og í sambandi við sakadóm.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans um leið og ég harma það að ekki hafi verið samþykkt nú í fjárlagafrv. nægileg fjárveiting til þess að hrinda í framkvæmd þeim liðum sem fram koma í fyrirspurninni. Í 6. lið þál., sem væntanlega verður hér til umr. á eftir, er einmitt fjallað um það að veita á fjárlögum nauðsynlegu fjármagni til að stórauka allt skatteftirlit og rannsókn skattsvika.

Ég held, herra forseti, að hér sé mjög brýnt mál á ferðinni. Því vil ég spyrja, þar sem hæstv. dómsmrh. upplýsir að verið sé að endurskoða lögin um meðferð opinberra mála og ekki verði tekin afstaða um það fyrr en að því loknu hvort lagt verði fyrir Alþingi að stofnuð verði sérdeild við sakadóm Reykjavíkur, hvenær megi vænta að þeirri endurskoðun ljúki. Ég held að það sé mjög brýnt að stofnuð verði sérdeild við sakadóm Reykjavíkur. Það eru ekki margir mánuðir síðan fram kom í blöðum t. a. m. að þrjú stór skattsvikamál væru búin að velkjast í kerfinu í marga mánuði og dæmi væru til þess að dómsmeðferð í skattsvikamálum tæki jafnvel allt að áratug. Og maður veltir því fyrir sér hver sé skýringin á því. Er ástæðan sú e. t. v. að dómskerfið sé yfirhlaðið skattsvikum? Því svarar reyndar Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri fyrir nokkru í yfirheyrslu hjá Helgarpóstinum. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Það hefur vakið athygli hversu langur tími líður frá því að rannsókninni lýkur þar til í fyrsta lagi ákæran er gefin út og í öðru lagi þar til dómur fellur.

Til viðbótar þessu má kannske nefna að í einu skattsvikamáli, sem var vísað til ríkisskattstjóra 1972, féll ekki dómur fyrr en tæpum níu árum síðar. Það er þessi seinagangur í meðferð skattsvikamála sem veldur okkur talsverðum áhyggjum."

Og Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri segir einnig í Þjóðviljanum 1. nóv. 1983, með leyfi forseta:

„að undanfarin ár hefðu aðeins mjög fá mál verið send í dómsmeðferð, þannig að skýringin á þessum drætti gæti ekki verið sú að dómskerfið væri yfirhlaðið af flóknum skattsvikamálum. Við sendum aðeins fá stór og einföld mál þessa leiðina," sagði hann, „mál þar sem allar tölur eru sannaðar eða sannanlegar og þar sem ekki er deilt um upphæðir, einmitt til þess að málin komist fljótt í gegnum kerfið. Það hefur hins vegar dugað skammt."

Það veldur auðvitað furðu að þetta skuli taka svona langan tíma gegnum dómskerfið, og hlýtur að vera ástæða til þess að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur, eins og Alþingi hefur reyndar ályktað um í þál. hér í maí. Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri hefur slegið því fram hvort verið gæti að það vantaði einhvern pólitískan vilja til þess að gera átak í skattsvikamálum. Hann segir einnig í þessari yfirheyrslu Helgarpóstsins, með leyfi forseta:

„Frumforsendan er auðvitað sú, að þær stofnanir sem vinna að þessu máli starfi í góðu framhaldi hver af annarri. Það er dálítið niðurdrepandi að sjá mál rykfalla þegar menn hafa lagt sig alla fram um að upplýsa þau og rannsaka. En það er kannske ekki bara við saksóknara, dómskerfið og okkur að sakast. Það vantar einhvern pólitískan vilja til þess að gera átak í þessum málum."

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem skattamálin eru til umr., en þessi umr. virðist ekki kveikja á perunni hjá þeim sem fara með vald til þess að láta til skarar skríða. Hæstv. dómsmrh. bendir á að þessi mál séu nú til endurskoðunar og það sé verið að endurskoða lögin um meðferð opinberra mála og að niðurstöðu sé beðið um það hvort framfylgt verði þeim vilja Alþingis sem fram kemur í þál. Ég tel þetta ekki nægjanlegt svar. Ég tel að þegar þm. eru að beina fsp. til hæstv. ráðh. þá séu þeir að óska eftir afstöðu hæstv. ráðh. til mála eða til þeirra fsp. sem lagðar eru hér fram. Ég vil því af þessu tilefni spyrja hæstv. dómsmrh.: Hver er afstaða hans til þess að stofnuð verði sérdeild við sakadóm Reykjavíkur? Telur hann það ekki rétt og eðlilegt með tilliti til þess seinagangs sem virðist vera í dómskerfinu varðandi skattsvikamálin? Og einnig ítreka ég þá fsp. hvenær megi vænta að þeirri endurskoðun ljúki sem hæstv. dómsmrh. greindi frá.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Í svari mínu kom fram að ég hefði lagt það til að farin væri sú fljótvirkasta leið sem hægt væri til að bæta úr þessum málum fyrir sakadómi, þ. e. með fjölgun starfsliðs, án þess að tekin væri afstaða til þess hvernig skipulagningunni yrði háttað í framtíðinni. Og ef það er einhver skortur á pólitískum vilja þá held ég að ekki sé rétt að ásaka dómstólana um það. Þeir eru sjálfstæðir og óháðir. En að því leyti sem komið gæti til greina að pólitískur vilji hefði áhrif á þetta væri það í sambandi við fjárveitingar til dómstólanna. Það er Alþingi sem ákveður þær fjárveitingar. Því hefur dómsmrn. ekki eitt forráð yfir.

Ég vil taka undir það að ákaflega nauðsynlegt sé að reyna að hraða afgreiðslu mála hjá dómstólunum og hef látið þá skoðun mína oft í ljós. Hins vegar verðum við að gæta þess að gera ekki þá kröfu svo stífa að þar sé ekki gætt fyllsta réttaröryggis í meðferð mála. Við vitum það að ýmis mál, fjársvikamál sérstaklega, eru það flókin að það tekur því miður alltaf langan tíma að fara rækilega í gegnum þau. En varðandi þetta sérstaka atriði, hvort það mundi greiða fyrir framgangi mála að hafa deild innan sakadóms sem sérstaklega hefði þetta með höndum, þá hefur það verið stefnan hér undanfarin ár að fækka dómstólum. Þess vegna væri það stefna í öfuga átt að fara að búa til sérdómstóla. Nú er að vísu ekki svo langt gengið í þessu. Þarna er aðeins lögð til sérdeild og þarna væri því um að ræða verkaskiptingu innan sakadóms sem ætla mætti að gæti verið jákvæð að sumu leyti, en þó hafa dómarar sem sagt verið á móti því að sérhæfa það algerlega. Og þess vegna hef ég óskað eftir því að fá afstöðu réttarfarsnefndar til þessa og leggja það að því búnu fyrir Alþingi. (**JS:** Hvenær lýkur þeirri endurskoðun?) Ég get ekki fullyrt það eins og er en ég mun reyna að ýta á eftir því eins og kostur er.

Ólöglegur innflutningur og dreifing ávana- og fíkniefna, fsp. 94. mál (þskj. 98). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í des. s. l. var samþykkt á Alþingi ályktun um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Dómsmrh. skipaði í janúar s. l. starfshóp til að gera tillögur í samræmi við ákvæði þáltill. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum 5. mars s. l. Tillögur starfshópsins voru mjög ítarlegar og umfangsmiklar og snertu skipulagsbreytingar, m. a. tillögur um verkaskiptingu við rannsókn fíkniefnamála, löggæslu, svo sem aukinn mannafla, aukinn tækjakost í hverju lögregluumdæmi, menntun, svo sem aukin kennsla í Lögregluskólanum, einkum kennsla vegna starfsaðferða við upplýsingaöflun, reglur um skráningu, meðferð og miðlun upplýsinga. Þær snertu úrbætur á sviði tollgæslu, svo sem bættan tækjabúnað og hjálpargögn, eftirlit með höfnum, menntun, svo sem og aukin kennsla í Tollskóla ríkisins á sviði fíkniefnamála, aukin samvinna lögreglu og tollyfirvalda, breyttar rannsóknaraðferðir, alþjóðasamvinnu og hert viðurlög, svo að dæmi sé tekið.

Þess er nú óskað að dómsmrh. geri Alþingi grein fyrir hvort framkvæmd eða undirbúningur sé hafinn um hvert einstakt atriði — og ég ítreka það: Um hvert einstakt atriði — í tillögum starfshópsins sem ég hef hér lauslega rakið. Einnig er spurt um hvort dómsmrh. muni við framkvæmd mála taka tillit til ábendinga og aths. sex rannsóknarlögreglumanna við tillögur starfshópsins og hvert sé álit dómsmrh. á þeim aths.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, sem sendar voru rn. 5. mars á þessu ári, hafa verið til meðferðar og úrvinnslu í rn. Ég mun nú rekja tillögur starfshópsins og hverra aðgerða þær gefa tilefni til og hvað gert hefur verið eða er í undirbúningi.

Fyrsti þáttur tillagnanna fjallar um skipulag þessara löggæslumála. Starfshópurinn leggur til að frumrannsókn verði í höndum lögreglustjóra á hverjum stað. Hér er gert ráð fyrir óbreyttu skipulagi miðað við núgildandi reglur. Þá er lagt til að stofnuð verði sérstök starfsdeild í dómsmrn. til að vinna að samræmingu starfa hjá löggæslumönnum og fræðslu þeirra, svo og að hafa samband við erlend yfirvöld þessara mála. Hefur tveimur deildarstjórum rn. verið falið að annast þennan málaflokk sérstaklega. Hópurinn leggur til að lögreglustjóranum í Reykjavík verði falið að annast söfnun og miðlun upplýsinga á þessu sviði. Nú er unnið að skipulagningu slíkra upplýsinga, slíks upplýsingabanka.

Ein tillaga starfshópsins, er varðar skipulagningu, er sú að komið verði á fót samstarfshópi til að skipuleggja aðgerðir löggæslu og tollgæslu og annarra aðila á þessu sviði. Þessi samstarfshópur hefur verið skipaður og eiga í honum sæti sextán fulltrúar frá níu embættum og auk þess tveir fulltrúar dómsmrn. Þau embætti sem eiga fulltrúa í starfshópnum eru ríkissaksóknari, sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, Rannsóknarlögregla ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík, Tollgæslan, bæjarfógetinn í Kópavogi, bæjarfógetinn í Hafnarfirði, bæjarfógetinn í Keflavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Starfshópur þessi hefur tekið til starfa og hið helsta sem hann hefur hrint af stokkunum er undirbúningur upplýsingabanka, eins og getið var um hér að framan. Þá lagði starfshópurinn til breytingu á skipulagi sakadómsins í ávana- og fíkniefnamálum þannig að hann starfi í tengslum við sakadóm Reykjavíkur og valdsvið dómsins utan Reykjavíkur verði takmarkað. Unnið er að athugun á þessari tillögu en lagabreytinga

er þörf til þess að hún komist í framkvæmd. Hugsanlegt er að lagt verði fram frv. á yfirstandandi þingi um breytingu á skipulagi dómstólsins.

Annar þáttur tillagna starfshópsins fjallar um löggæsluna. Er þar ítrekuð skylda allra löggæslumanna til að hafa eftirlit með þessum málum. Lagt er til að fjölgað verði um sex lögreglumenn í lögreglunni í Reykjavík vegna þessara verkefna. Dómsmrn. hefur óskað eftir heimild til að fá fjölgun um sex lögreglumenn, en af hálfu fjárveitingavaldsins hefur enn ekki verið fallist á slíka fjölgun. Starfshópurinn benti á þörf á auknum tækjabúnaði við rannsókn þessara mála. Hefur dómsmrn. gert ákveðnar tillögur hér að lútandi til fjárveitingavaldsins, en á fjárlögum yfirstandandi árs er innt af hendi nokkur fjárveiting til þessa og hefur þetta verið sent fjmrn. Starfshópurinn lagði til að þekking þeirra sem vinna við þessi mál verði aukin, bæði með því að kynna þeim starfsaðferðir erlendis og með sérstakri kennslu í Lögregluskóla ríkisins. Kennsluskrá hefur verið samin að viku námskeiði sem fyrirhugað er að halda í þessum mánuði. Fræðsla um fíknimál er auk þess allnokkur í almennu skólanámi lögreglumanna. Í undirbúningi er að senda lögreglumenn til nokkurra vikna dvalar til Norðurlanda, en þar gilda reglur um starfsemi fíkniefnalögreglu og starfsaðferðir sem eru mjög svipaðar íslenskum reglum. Þá er aukið samstarf milli lögregluumdæma talið brýnt til að efla löggæslu á þessu sviði. Telja verður að samstarfshópur sá, sem komið hefur verið á fót, geti að hluta til gegnt því hlutverki að auka samskiptin.

Þriðji þáttur tillagnanna lýtur að tollgæslunni. Þar bendir starfshópurinn á nauðsyn þess að tækjakostur Tollgæslunnar verði efldur og hún fái sérstakan hund til leitar að fíkniefnum í skipum. Einnig að Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli fái tvo leitarhunda. Dómsmrn. hefur ritað fjmrn. bréf varðandi nauðsynlega tækjaaukningu hjá Tollgæslunni. Varðandi nauðsyn þess að efla þekkingu tollvarða á þessum málaflokki bentí starfshópurinn á svipaðar leiðir og hjá lögreglunni. Verður væntanlega unnið að því að efla þekkingu tollvarða á þessu sviði, enda gegna þeir mjög veigamiklu hlutverki í löggæslu á þessu sviði. Er nauðsynlegt að Tollgæslan eigi greiðan aðgang að öllum sömu upplýsingum og lögreglan varðandi þessi mál.

Fjórði þáttur tillagna starfshópsins lýtur að rannsóknaraðferðum. Tillögurnar beinast ekki að breyttum rannsóknaraðferðum, heldur eru þær aðallega ábendingar um að kannað verði við endurskoðun þá á lögum um meðferð opinberra mála sem nú stendur yfir hvort þörf sé á rýmkuðum heimildum fyrir þær rannsóknaraðferðir sem nauðsynlega þarf að beita í þessum málum til að aukinn árangur náist. Þessar ábendingar verða teknar til athugunar hjá réttarfarsnefnd.

Fimmti þáttur tillagnanna lýtur að alþjóðasamvinnu og bendir starfshópurinn þar á nauðsyn þess að halda uppi tengslum við löggæslu og tollgæslu í nágrannalöndunum. Svo sem verið hefur verður haldið uppi samvinnu á ýmsum sviðum löggæslu og tollgæslu varðandi þessi mál. Sérstaklega verður lögð aukin áhersla á samvinnu við hin Norðurlöndin, svo og samvinnu innan Interpol og Tollasamvinnuráðsins.

Sjötti þátturinn fjallar um könnun á neyslu fíkniefna. Sú könnun, sem skýrt er frá í tillögunum, stendur nú yfir og þess er að vænta að niðurstöður liggi fyrir í byrjun næsta árs. Þá hefur landlæknir einnig birt niðurstöður könnunar sem fram fór á hans vegum um útbreiðslu og neyslu fíkniefna.

Sjöundi þáttur tillagna starfshópsins fjallar um viðurlög við fíkniefnabrotum. Leggur starfshópurinn til að viðurlög við brotum á lögum um ávana- og fíkniefni verði hækkuð úr tveimur árum í sex ára fangelsi. Einnig verði athugað hvort ekki sé tímabært að hækka hámark 173. gr. a. í almennu hegningarlögunum sem nú er tíu ára fangelsi. Dómsmrn. ritaði heilbr.- og trmrn. 16. mars s. l. og óskaði eftir því við rn. að það flytti frv. til l. í samræmi við tillögur starfshópsins um breyt. á lögum um ávana- og fíkniefni. Hegningarlaganefnd verður falið að kanna hvort æskilegt sé að hækka tíu ára refsihámarkið í almennu hegningarlögunum.

Í kjölfar tillagna starfshópsins bárust rn. 20. mars s. l. aths. frá sex lögreglumönnum sem starfa eða starfað hafa við fíkniefnarannsóknir. Lýsa þeir andstöðu sinni við ýmsa þætti tillagna starfshópsins, svo sem um skipulag rannsókna á Reykjavíkursvæðinu, og leggja til að stofnuð verði sérstök deild til að fara með þessi mál, auk þess sem henni yrði falið að gegna landshlutverki á ýmsum sviðum. Má segja að kjarninn í tillögum þessum og gagnrýni beinist að skipulagi rannsóknanna á Reykjavíkursvæðinu og yfirstjórn þessara mála.

Það meginsjónarmið, sem fram kemur í till., að færa eigi sem mest af löggæslu á stór-Reykjavíkursvæðinu undir eina stjórn, hefur verið mikið rætt og við endurskoðun löggæsluskipulags þess svæðis, sem áformað er að vinna að sem allra fyrst, munu þessar tillögur einnig verða kannaðar.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. mjög greinargóð og ítarleg svör við þeirri fsp. sem ég hef hér lagt fram. Ég tel að af svörum hæstv. ráðh. megi ráða að þessi verkefni séu vel á veg komin og ef vel verður staðið að framkvæmdinni jafnhliða megi vænta árangurs í því máli að skipulagðar aðgerðir geti fyrirbyggt frekar ólöglegan innflutning og dreifingu ávana- og fíkniefna. Allt kostar þetta fjármagn og hæstv. dómsmrh. hefur leitað eftir því að fá fjármagn núna á fjárlögum til ýmissa þessara verkefna.

En ég sé ástæðu til þess að spyrja hæstv. dómsmrh. að því, þar sem við fjárlagaafgreiðslu á s. l. Alþingi var samþykkt að heimilt væri að ráðstafa upptækum hagnaði af ólöglegri fíkniefnasölu til fyrirbyggjandi aðgerða í fíkniefnamálum, hvort einhverjar tekjur hafi komið af því á þessu ári, hve miklar þær hafi verið og hvernig þeim hafi þá verið ráðstafað.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Þær tekjur sem mér er kunnugt um að hafi komið inn fyrir þetta, munu nema tæpri 1 millj. kr. og runnu þær til fjmrn. og munu þar vera til ráðstöfunar til þeirra verkefna sem dómsmrn. hefur gert tillögur um að unnin væru í þessu skyni.

Skattsvik, fsp. 95. mál (þskj. 99). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á Alþingi í maí s. l. voru samþykktar tvær þáltill.

er snerta aðgerðir stjórnvalda til að koma í veg fyrir skattsvik, í fyrsta lagi till. í sex liðum um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum og í öðru lagi ályktun Alþingis um skipan starfshóps sem gera á úttekt á umfangi skattsvika. Þess er óskað með þessari fsp. að hæstv. fjmrh. geri Alþingi grein fyrir framkvæmd þessara ályktana sem ríkisstj. var falin tafarlaus framkvæmd á.

Óskað er eftir að hæstv. fjmrh. geri Alþingi grein fyrir framkvæmd hvers verkefnis fyrir sig í þáltill. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Í fyrsta lagi: Hefur, eins og fram kemur í till., í auknum mæli verið beitt sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum? Hafa verið undirbúnar nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum nr. 51/1968 og reglugerðum þar að lútandi, svo og lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum auk framtalsreglna, sem tryggi ítarlegri og samræmdari sundurliðun á reikningsliðum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri með skýrari og fjölþættari upplýsingum en nú er fyrir skattayfirvöld? Hefur endurskoðun á frádráttarliðum farið fram af tekjum, svo sem endurskoðun risnukostnaðar, bifreiðafríðinda og launamat? Hefur verið gerð gagnger endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það að markmiði að koma á skilvirkara eftirliti með innheimtu söluskatts? Hefur heimild í 17. gr. laga um söluskatt til að fylgjast með fjármagnsinnstreymi fyrirtækja verið notuð þar sem því verður við komið og athugun á því hvort hægt sé að hafa betri skil á söluskatti með því að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt? Hvað hefur verið gert til að auka hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala? Hefur fjölgun átt sér stað á sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknarstjóra svo og hjá skattstjórum? Er á fjárl. fyrir árið 1985 gert ráð fyrir auknu fjármagni til skatteftirlits og rannsókna skattsvika þannig að unnt sé að hrinda áformum þáltill. í framkvæmd? Má vænta þess að ítarleg rannsókn verði gerð á fleiri skattframtölum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri en í þáltill. er gert ráð fyrir, að hægt sé árlega að taka til ítarlegrar skoðunar a. m. k. 10% framtala fyrirtækja í atvinnurekstri?

Þeir liðir sem ég hef hér lesið upp koma allir fram í þeirri þáltill. sem samþykkt var um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum á Alþingi 3. maí 1984. Í annan stað er spurt: Hefur starfshópur sá sem gera átti úttekt á umfangi skattsvika, sbr. þál. um það efni frá 3. maí s. l., verið skipaður?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fyrri hluti fsp., sem hv. 2. landsk. þm. hefur borið fram, lýtur að því hvað líði framkvæmd þáltill. frá 3. maí s. l. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig, sbr. áðurnefndan 6. tölul. þál. Um þetta er það að segja að verkefni þau, sem um getur í 2.—5. tölul. umræddrar þál. og eru mjög viðamikil og vandasöm, eru nú til skoðunar í fjmrn. Athugun þessi tengist eðli málsins skv. mjög vinnu við frv. til l. um virðisaukaskatt sem ég mun væntanlega leggja fram innan tíðar hér á Alþingi, auk þess sem hún tengist öðrum skattalagabreytingum sem fyrirhugað er að komi fram á þessu þingi.

Um framkvæmd á 6. tölul. nefndrar þál. er þess að geta að í júlí s. l. voru samþyktar 20 viðbótarstöður skatteftirlitsmanna í skattkerfinu sem hafa munu það meginverkefni að sinna skatteftirliti, einkum með heimsóknum í fyrirtæki og rannsóknum á skattsvikum. Nú þegar hafa níu skatteftirlitsmenn hafið störf og um áramótin er fyrirhugað að ráða í þær ellefu stöður skatteftirlitsmanna sem skv. framansögðu eru enn ómannaðar. Þá hefur verið og er enn unnið að skipulagningu þessa starfs og þjálfun hinna nýju starfsmanna.

Seinni hluti fsp. lýtur að því hvort starfshópur sá sem gera á úttekt á umfangi skattsvika, sbr. þál. um það efni frá 3. maí s. l., hafi verið skipaður. Um þessa spurningu er það að segja að nú nýlega tókst loks að manna starfshóp þennan. Hann skipa þeir Eyjólfur Sverrisson löggiltur endurskoðandi, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri, Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri, Jónatan Þórmundsson prófessor og Þórólfur Matthíasson hagfræðingur. Mér þykir rétt að geta þess hér að í þál. er gert ráð fyrir að niðurstöður starfshóps þessa skuli leggja fyrir Alþingi ekki síðar en 1. mars n. k. Þar sem mjög hefur dregist að fullskipa hópinn tel ég einsýnt að honum verði ekki gert að skila niðurstöðum til Alþingis fyrr en haustið 1985.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans þó þau hafi ekki verið eins ítarleg og greinargóð og ég hafði vænst af hæstv. ráðh. Varðandi lið 2—5 bendir hann einungis á að þessi mál séu til skoðunar og tengist þeim virðisaukaskatti og öðrum skattabreytingum er fram komi á þessu þingi. Tengist öðrum skattalagabreytingum sem fram koma á þessu þingi, segir hæstv. ráðh. Má þá vænta þess að lagðar verði fyrir Alþingi þær breytingar sem þarf til þess að hrinda þessum liðum, sem fram koma þarna, sem ég sé þá ekki ástæðu til þess að telja upp, nr. 2—5, í framkvæmd?

Ég sé ástæðu til að nefna sérstaklega 3. liðinn. Ég tel mjög nauðsynlegt að fram fari endurskoðun á frádráttarliðum af tekjum, svo sem risnukostnaði og bifreiðafríðindum og launamat. Ég nefni þessa liði sérstaklega. Mér finnst viðmiðunarreglur eins og þær sem notaðar eru hjá ríkisskattstjóra til að reikna laun við eigin atvinnurekstur þurfa rækilegrar endurskoðunar við. Því til staðfestingar vil ég benda á að t. d. í framtöldum tekjum núna fyrir 1984 koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar sem mér finnst vert að gefa gaum.

Ég hef fyrir framan mig framtaldar tekjur launþega á þessu ári eins og þær koma fram á skattframtölum. Þar er um að ræða 133 þúsund einstaklinga sem hafa í launatekjur 26 milljarða og 44 millj. kr. Það þýðir að að meðaltali hafi launþegar haft 195 þús. kr. í tekjur á s. l. ári. Ef við förum aftur á móti í reiknuð laun við eigin atvinnurekstur kemur í ljós að það eru 21 367 einstaklingar sem hafa í tekjur eða höfðu á s. l. ári 2 milljarða 489 millj. kr., eða 116 þús. í meðaltekjur á s. l. ári. Sem sagt, atvinnurekendur, sem telja fram, virðast þarna hafa 116 þús. í meðaltekjur á s. l. ári, en launþegar 195 þús. Ef við skilgreinum þetta nánar, eins og fram kemur í þessari skýrslu sem ég er með, þá er þetta skilgreint t. d. eftir eiginmönnum, launþegum, þeir höfðu að meðaltali á s. l. ári 309 þús. en eiginmenn sem höfðu atvinnurekstur höfðu í meðaltekjur á s. l. ári, skv. þeim upplýsingum sem ég hef, 157 þús.

Þetta hlýtur að segja okkur að það sé mikil brotalöm að því er þetta ákvæði varðar og þær viðmiðunarreglur, sem ríkisskattstjóri notar við að reikna laun við eigin atvinnurekstur, þurfi endurskoðunar við. Skilgreiningin á reiknuðum launum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi við atvinnurekstur maka eða við atvinnurekstur og starfsemi sem unnin er í sameign með öðrum er að launin séu sambærileg við það sem þau hefðu orðið ef starfið væri unnið á vegum óskylds eða ótengds aðila. Ég tel að þarna sé um allt of lágt launamat að ræða. Auðvitað mætti gera þessu miklu ítarlegri skil og fara yfir þetta lið fyrir lið. Það kom fram á s. l. Alþingi að menn meta það svo þó að það sé ekki staðfest, og til þess er þessari úttekt hrundið af stað sem Alþingi samþykkti að yrði gerð með þessari þál. að á Alþingi hefur verið rætt um það að skattsvikin gætu numið 10—11% af þjóðartekjum. Það er vissulega um stórar fjárhæðir að ræða og vonandi koma fram upplýsingar sem eitthvað er hægt að byggja á þegar þessi starfshópur skilar niðurstöðum, en ég vænti þess að hæstv. ráðh. reyni að ýta á að hann hraði störfum eins og kostur er.

Við höfum það fyrir okkur að árangur skatteftirlitsins er mjög lítill, einfaldlega vegna þess að það er illa búið að mannskap. Og eins og við vitum hefur skatteftirlitið eingöngu beinst að þessum launamannaframtölum, en síður að flóknum framtölum fyrirtækja. Skv. upplýsingum sem ég hef voru árið 1982 einungis skoðuð 0.9% af framtölum félaga og einstaklinga í atvinnurekstri. Ég tel að þarna þurfi að fara fram miklu ítarlegri skoðun og þarna þurfi að fara fram skoðun á miklu fleiri framtölum, enda er gert ráð fyrir því í þáltill. að það verði um 10% framtala sem fái þá skoðun á hverju ári. Eins tel ég mjög brýnt að skattsektir séu stórhækkaðar, eins og hérna kemur fram, og ég vil spyrja hæstv. ráðh. sérstaklega að því hvort hann muni beita sér fyrir því á yfirstandandi Alþingi að lagðar verði fram breytingar á tekjuskattslögunum þannig að skattsektir verði hækkaðar. Algengast í framkvæmd er nú að þó að það sé heimilt vegna skattsvika að leggja á allt að tífaldri fjárhæð sem undan er dregin, þá er það svo í framkvæmd að algengast er að það sé einungis 0.5 og í mesta lagi tvöföldun á þeirri fjárhæð sem undan er dregin sem sektirnar eru. Á árinu 1981 voru það t. d. aðeins um 206 þús. og á árinu 1983 fram í des. um 389 þús. Það er því ýmislegt sem þarf að athuga í þessu máli og ég ítreka fsp. mína til hæstv. fjmrh. og spyr sérstaklega um launamatið sem ég hef greint hér frá og eins sektarákvæðin. Má vænta þess að þær breytingar verði lagðar fram á yfirstandandi þingi sem tryggi að efni þessarar þáltill. komist til framkvæmda?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég sat nú og hugsaði, þegar ég hlustaði á hv. 2. landsk. þm., að kannske væri ekki svo vitlaust að fara að leita í aðra átt að þessum skattsvikum en við höfum verið að beina athygli okkar að hingað til, úr því að árangurinn er ekki betri en fram kemur í upptalningu í athyglisverðri ræðu hennar. Talað er um laun reiknuð af eigin atvinnurekstri og gerður samanburður á atvinnutekjum atvinnurekenda, 116 þús. að meðaltali á ári, og 196 þús. kr. meðaltekjum launþega. Ég hefði gaman af að fá að sjá þennan útreikning, sjá hvernig er komist að þessari niðurstöðu og hvort þarna er tekinn með sá gríðarlegi fjöldi af atvinnurekendum sem verður að greiða laun þó að afrakstur af atvinnurekstrinum hrökkvi ekki til, fé sem fyrirtækin og einstaklingurinn, sem er ábyrgur fyrir atvinnurekstrinum, þarf kannske að fá lánað hjá peningastofnunum, bönkum o. fl., og standa einn eftir ábyrgur þegar fyrirtækið fer fallit.

Við skulum átta okkur á því að það er ekki alltaf hægt að sækja gull í greipar annarra. Það verður svolítið að líta sjálfum sér nær. En það getur vel verið, og ég efast ekkert um það, að þarna er brotalöm sem þarf að athuga. Ég get ekki svarað öðruvísi en að vinna sú sem hefur verið sett í gang skv. þáltill. er í gangi og meðan hún er í gangi vil ég biðja hv. þm. að bíða eftir niðurstöðum. Það gat ég um áðan — og svara nú kannske kjarna í þessu skattsvikatali — að virðisaukaskattur verður vonandi samþykktur og settur á og þá losnar um alls konar kontrol sem gert er ráð fyrir í þessari till.

En oft finnst mér fullyrðinga- og meiningasamar ræður um skattsvik annarra kalla á rannsókn á okkur sjálfum hér. Við skulum ekki ætla öðrum að þeir geri eitthvað annað en við gerum sjálf. Við skulum þá bara láta rannsaka okkur um leið og við látum rannsaka aðra.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að gefnu tilefni vegna orða hæstv. fjmrh. að þær tölur, sem ég fór með áðan, komu fram á s. l. Alþingi þegar þessar till. voru ræddar. Þetta eru upplýsingar sem eru fengnar beint frá skattrannsóknastjóra að því er varðar skattsektirnar, hve mörg framtöl eru skoðuð o. s. frv. Þær tölur, sem ég kom hér fram með varðandi framtalin laun launþega og reiknuð laun við eigin atvinnurekstur, eru tölur yfir álagningu gjalda fyrir 1984 sem ég hef beint frá ríkisskattstjóra. Ég er því sjálf ekki að fara með neitt fleipur hér. Ég vona að þær tölur, sem ég hef hér borið fram, séu alveg réttar. Tölur um launin eru komnar beint frá ríkisskattstjóra, og upplýsingar um eftirlit með skattframtölum eru komnar frá skattrannsóknastjóra. Ég treysti því að þessar tölur séu réttar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu reikna ég með að þær tölur sem hér koma fram séu réttar. En eins og málið hefur verið kynnt er það gert tortryggilegt að atvinnurekendur skuli hafa minni meðaltekjur en launþegar. Það er þetta sem ég er að gera athugasemd við, að ræða skuli vera flutt þannig að jafnvel upplýsingar frá opinberum stofnunum séu þar með misnotaðar.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég verð að játa það að mér blöskrar þegar að hæstv. fjmrh. ber hv. þm. á brýn misnotkun á opinberum gögnum þegar um það er að ræða að hv. þm. hefur lagt mikla vinnu í að afla sér upplýsinga frá embættismönnum hæstv. fjmrh. og frá sjálfstæðum aðilum í skatteftirlits- og dómskerfinu um þessa hluti. Hvernig hvarflar það að hæstv. ráðh. að bera hv. þm. á brýn misnotkun á tölum? Við getum haft skoðun á skattamálum. Við getum haft skoðun á því hversu háar upphæðir eru dregnar undan skatti eða hvort þær eru engar. En skoðun er sitthvað annað en staðreyndir. Og tölur eru tölur og um þær eiga menn ekki að hafa neinar skoðanir aðrar en þær að hugsanlegt er að hafa þá skoðun að þessar tölur séu allt

of lágar, það megi vefengja þær, það megi færa rök að því.

Í þeim gögnum og í þeirri vinnu sem hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt hér fram, t. d. í málum sínum s. l. vetur eða í fyrra, um rannsókn á umfangi skattsvika, þá studdist hún eingöngu við opinber gögn, opinberar tölur. Hún leitaði til aðila eins og Þjóðhagsstofnunar, skattrannsóknastjóra og ríkisskattstjóra og hefur ekki í einu einasta tilviki farið með neinar tilgátur. Ég minni hins vegar á að í sjónvarpsþætti, þar sem þessi mál voru rædd að viðstöddum löggiltum endurskoðanda, skattrannsóknastjóra, og í viðtali við forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, þá lögðu þessir aðilar ýmislegt mat á slíkar tölur. En þó minni ég á að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar viðurkenndi og lagði ákveðið mjög varfærið mat á skattundandrátt í íslensku þjóðfélagi.

Ég held að við ættum að reyna að ræða þessi mál alveg hleypidómalaust. En það er auðvitað stórmál fyrir hæstv. fjmrh. þegar fram fara umræður og lagðar eru fram tölur af opinberum aðilum sem gefa til kynna að um sé að ræða óeðlilega hluti eins og t. d. þegar hinar áætluðu viðmiðunartölur sjálfstæðra atvinnurekenda, sem hv. Alþingi fjallar ekki um á ári hverju heldur eru ákveðnar af ríkisskattstjóra, eru miklum mun lægri en framlögð opinber gögn um meðaltekjur launþega í viðkomandi atvinnurekstri.

Hér er ekki verið að fara með neinar getsakir. Hér er verið að vitna í staðreyndir og þær staðreyndir vekja upp ákveðnar spurningar. Það er svo annað mál að það er komið undir pólitísku mati og pólitískum vilja hvort hæstv. fjmrh. sér ástæðu til að aðhafast eitthvað, t. d. þegar upplýsingar hafa verið lagðar fram hér á hinu háa Alþingi á þessum degi um það hversu mikils tekjuauka hæstv. fjmrh. mætti vænta ef t. d. verulegur hluti af óteljandi undanþágum vegna söluskatts yrði afnuminn. Sjálfur svaraði hæstv. ráðh. á þá leið að hér væri um að ræða marga milljarða kr.

Herra forseti. Þetta eru örfá orð að gefnu tilefni. En ég vil ekki láta því ómótmælt að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sé borin á brýn misnotkun á tölum í þessu efni.

Mat og skráning fasteigna, fsp. 107. mál (þskj. 111). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. á þskj. 111 ásamt Karvel Pálmasyni, sem er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. þeirrar sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981 þar sem ríkisstjórninni var falið að láta hraða undirbúningi þess að koma á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum sem annast mat og skráningu fasteigna í landinu?"

Fsp. þessari er beint til fjmrh. þar sem Fasteignamat ríkisins heyrir samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands undir fjmrn.

Ástæðan til þess að þessi fsp. er fram borin af mér og Karvel Pálmasyni, sem var annar flm. till. 1981, er sú að nú þegar á allan hátt er verið að leita leiða til sparnaðar í rekstri ríkisins og ríkisstofnana, sem á ýmsan hátt hefur komið illa við þegna landsins, þá er eðlilegt að kannað verði m. a. rækilega hvort unnt sé að koma við sparnaði og hagræðingu hjá þeim aðilum sem annast mat og skráningu fasteigna í landinu og jafnframt að koma í veg fyrir að þar eigi sér stað tvíverknaður á nokkru sviði þar sem fleiri en einn aðili hafi um mörg undanfarin ár átt hér hlut að máli.

Þegar fyrrgreind þál. var flutt var því í framsöguræðu haldið fram að mikill tvíverknaður ætti sér stað og mikill aukakostnaður við mat fasteigna í landinu. Annars vegar brunabótamat og hins vegar fasteignamat. Öll nýbyggð hús eru metin brunabótamati strax og þau eru tilbúin til notkunar. Kostnað við það greiða húsbyggjendur sjálfir. Þau tryggingafélög sem annast brunatryggingar fasteigna láta svo gjarnan á fimm til átta ára fresti endurskoða brunabótamat í hinum ýmsu byggðarlögum eftir því sem tilefni er talið til. Kostnað við það greiða tryggingafélögin. Auk þess getur svo hver og einn hvenær sem er óskað eftir endurmati á húseign sinni, en að öðru leyti fylgir brunabótamatið ársfjórðungslegum breytingum á byggingarvísitölu.

Ekki er vitað nákvæmlega um heildarkostnað við brunabótamat á landinu öllu, en áætla má, samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá forstjóra Brunabótafélags Íslands, að hann sé tæplega 5 millj. kr. á þessu ári. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1985 er hins vegar áætlaður kostnaður við Fasteignamat ríkisins 13.1 millj. kr. Auk þess leggja sveitarfélögin fram talsverða vinnu við undirbúning fasteignamatsins.

Halda má því fram að hér sér að mestu leyti um óþarfan tvíverknað að ræða og miðaði þessi þál. á sínum tíma að því að draga mjög verulega þar úr, brunabótamat hvers húss sé miðað við endurbyggingarkostnað sams konar húsnæðis. Fasteignamatið gengur í stórum dráttum út frá því sama, en matsupphæðin er lækkuð með fyrningarstuðli. Einn höfuðtilgangur fasteignamatsins er að meta eignir sem grundvöll skattlagningar: eignarskattur til ríkissjóðs, fasteignaskattur til viðkomandi sveitarfélags, vatnsskattur og fleira. Spurningin er því einfaldlega sú, hvernig nota megi grundvöll brunabótamatsins í sama tilgangi. Það ætti að vera auðvelt að nota fyrningarstuðul við ákvörðun skatta ef það á annað borð er talið æskilegt. Það ætti einnig að vera auðvelt að setja inn ákveðinn verðbreytingarstuðul fyrir hvert byggðarlag. Þegar meta þarf til skatts nýjar lóðir og lendur og endurskoða matið á nokkurra ára fresti þá er það einnig unnt samkvæmt þessu. Þar eð hér er fyrst og fremst um að ræða mat til skattlagningar er eðlilegt að ríkisskattstjóri annist það og endurskoðun þess á nokkurra ára fresti í samráði við viðkomandi sveitarfélög eða samtök þeirra og með aðstoð Þjóðhagsstofnunar, sem hefur m. a. yfir að ráða öllum nauðsynlegum upplýsingum sem varða landbúnað í því tilviki. Allir útreikningar og upplýsingar, bæði hjá Fasteignamati ríkisins og tryggingafélögum, eru unnar og geymdar í tölvum og því ætti að vera auðvelt að samræma þær og sameina.

Svo sem ég sagði hér í upphafi er tilgangur þessarar fsp. sá að hvetja til sparnaðar á þessu sviði í rekstri ríkisins. Það mun ekki af veita og mörg eru þau mál sem ekki hafa náð fram að ganga vegna fjárskorts hins opinbera. Ég vil í því sambandi minnast hér sérstaklega á eitt mál sem var mjög til umr. hér í þinginu á síðasta vetri — mál sem strandaði á skorti á fjármagni til framkvæmda. Ég tek það aðeins sem dæmi hér. Það var stofnun hjartaskurðlækningadeildar við Landspítalann. Ég skal ekki fara að rekja hér þá miklu nauðsyn sem er

á því að það mikilvæga mál nái fram að ganga sem allra fyrst. En vel má vera að þær millj. sem hér mætti e. t. v. spara nægðu til þess að koma slíkri hjartaskurðlækningadeild á laggirnar, svo aðeins eitt ákveðið dæmi sé tekið. Um það efast enginn að slíkt væri hið mesta þjóðþrifaverk og er raunar dæmi um það hve mikilvægt *það er að því fjármagni sem ríkið hefur yfir að ráða sé á* hverjum tíma ráðstafað til þeirra þarfa sem brýnastar eru.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég fagna því þegar þm. flytja till. sem, eins og hér var sagt, fluttar eru til að auka sparnað í rekstri ríkisins. Það er rétt að ekki mun af veita. En ég harma það að ef einhvers staðar skyldi nást fram sparnaður þá ráðstafi þeir hinir sömu þm. þeim sparnaði þegar í stað og í sömu ræðu aftur. En svona til upplýsingar, eins og þm. muna, voru fjárlög skorin niður um 1000 millj. og síðan voru þau endurskoðuð um mitt árið og afgreidd hér í maí með öðrum 1000 millj. niðurskurði og nú er rekstrarútkoman líklega nálægt 1000 millj. betri en áætlað var. Ég get því fullvissað hv. 2. þm. Reykn. að það hefur verið gert mikið og allt sem mögulegt er til þess að reyna að spara.

En fsp. sem beint er til mín á þskj. 111 er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. þeirrar sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981 þar sem ríkisstj. var falið að láta hraða undirbúningi þess að koma á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum sem annast mat og skráningu fasteigna í landinu?"

Það er skemmst frá því að segja að í þessu máli hefur ekkert skeð fyrr en þessi ríkisstj. tók við völdum og félmrh. með samþykki ríkisstj. skipaði nefnd til að endurskoða matskerfi Fasteignamats ríkisins og brunabótamat, uppbyggingu þeirra og framkvæmd. Réttara hefði því verið að félmrh. svaraði fsp. þessari. En félmrh. skipaði þann 9. ágúst 1983 eftirtalda menn í nefnd þessa: Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðing, tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guttorm Sigurbjörnsson forstjóra, tilnefndan af Fasteignamati ríkisins, Héðin Emilsson deildarstjóra, tilnefndan af Samvinnutryggingum, Inga R. Helgason forstjóra, tilnefndan af Brunabótafélagi Íslands, Kristin Á. Guðmundsson deildarstjóra, tilnefndan af Húsatryggingum Reykjavíkurborgar og Pétur Stefánsson verkfræðing, formann nefndarinnar. Félmrh. skilgreinir verksvið nefndarinnar í skipunarbréfi þannig:

„Verkefni nefndarinnar í sambandi við endurskoðun matskerfis fasteignamats og brunabótamats er einnig að gera till. um að samræma grundvöll matsins, jafnframt hvernig mögulegt er að eitt matskerfi gildi fyrir allar fasteignir í landinu til afnota fyrir almennar upplýsingar um fasteignir, vegna fasteignagjalda, brunatrygginga, kaups og sölu, lántöku o. fl. Nefndin skal hraða störfum eftir því sem kostur er."

Nefndin tók fljótlega til starfa og hefur samkvæmt upplýsingum forstjóra Fasteignamats ríkisins haldið milli 35 og 40 bókaða fundi. Auk þess hafa nefndarmenn hver á sínu sviði aflað mikilla upplýsinga til úrvinnslu við tillögugerð. Formaður hefur boðað á fund nefndarinnar fjölda aðila, sem á einhvern hátt hafa not af skráningu og/eða mati fasteigna við starfsemi sína, ef fá mætti heildarmynd af þörfum einstakra starfsgreina á þessu sviði. Grg. nefndar þessarar til félmrh. er að vænta alveg á næstunni samkvæmt upplýsingum forstjóra Fasteignamats ríkisins.

Ég hef ekki meira um þetta að segja annað en það að ég vil undirstrika að þessi þáltill., sem gerir ráð fyrir þeirri framkvæmd sem ég hef nú lýst, var samþykkt á Alþingi 21. maí 1981, en það er ekki fyrr en þessi ríkisstj. kemur til starfa sem framkvæmdir hefjast.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar sem komu fram í svari hans við fsp. á þskj. 111. Það er ánægjulegt að heyra að nú er loks tekið að framkvæma þá till., sem samþykkt var fyrir þremur árum hér á þingi, og að núverandi ríkisstj. hefur látið það verða eitt af sínum fyrri verkum að hefja þá framkvæmd.

Hér er um nauðsynjamál að ræða, eins og ég vék að í orðum *mínum* hér áðan þegar ég kynnti þessa fsp. Hér er mál sem gæti horft til verulegs sparnaðar og einföldunar á sviði sem mikilvægt er þar sem það snertir allar fasteignir landsmanna í bæ og í byggð.

Það var ætlunin með flutningi þáltill. að koma hér á nýju og betra skipulagi og það var ætlunin með því að bera fram þessa fsp. að ítreka þann tilgang, ekki síst ef það mætti horfa til sparnaðar og hagræðingar, en það eru tvö atriði sem ég veit að hæstv. fjmrh. eru sérlega hugleikin.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 6. nóv., að loknum 15. fundi.

Úthlutunarreglur húsnæðislána, þáltill. 131. mál (þskj. 135). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, þáltill. 130. mál (þskj. 134). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Löggiltir endurskoðendur, frv. 138. mál (þskj. 143). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég flyt hér á þskj. 143 frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Með frv. þessu er lagt til að ákvæði laga, er takmarka heimild til að endurtaka verkleg próf til löggildingar í endurskoðun, verði rýmkuð. En skv. gildandi ákvæðum er engum

heimilt að endurtaka próf þessi nema einu sinni.

Reynslan hefur sýnt að erfitt er að standast þessi próf. Komið hefur fyrir að prófmenn hafa fallið tvívegis og þar með endanlega fyrirgert rétti sínum til þess að þreyta prófið. Skv. núgildandi reglum þurfa menn að hafa lokið prófi við viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið auk þess að hafa starfað í þrjú ár að endurskoðun undir stjórn löggilts endurskoðanda til þess að mega þreyta prófið. Það er því viðurhlutamikið að koma í veg fyrir að mönnum gefist tækifæri til að sanna þekkingu sína með endurtekningu prófs, þar sem þeir hafa þá þegar 10 ár að baki í námi til að öðlast réttindi sem löggiltir endurskoðendur.

Þá er einnig á það að benda að skilyrði til endurtöku prófa í Háskóla Íslands eru rýmri en til umræddrar endurtöku verklegs prófs í endurskoðun skv. núgildandi ákvæðum. Ég tel þessa breytingu sjálfsagða réttlætiskröfu og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um hana.

Um leið og ég legg til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. legg ég áherslu á að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem nokkur kostur er, þar eð löggildingarpróf eru fyrirhuguð í des. n. k.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til hv. fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Sala Landssmiðjunnar, frv. 133. mál (þskj. 137). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 137 flyt ég frv. til l. um heimild til handa ríkisstj. að selja Landssmiðjuna. Þetta mál átti sér þann aðdraganda að í febrúarmánuði s. l. fól ég Helga Þórðarsyni verkfræðingi að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Markmið könnunarinnar var m. a. að auðvelda ákvörðun umfangs áframhaldandi úttektar á fyrirtækinu og aðstoða starfsmenn við að meta möguleika þeirra á að kaupa fyrirtækið, en þeirri hugmynd hafði ég hreyft á s. l. ári. Úttekt þessari, sem unnin var í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins, var lokið í júní 1984. Helstu niðurstöður voru þessar:

1. Ekki er nauðsynlegt að ríkið eigi og reki fyrirtækið til þess að markmiðum þess verði náð.

2. Viðskipti Landssmiðjunnar eru dreifð á marga aðila og verkefni fjölbreytt. Viðskipti ríkisfyrirtækja voru 35% af heild árið 1983. Þáttur innflutningsverslunar var um 40% 1983. Aukning viðskipta frá þeirri lægð, sem verið hefur, er töluvert bundin velgengni í sjávarútvegi og auknum virkjanaframkvæmdum.

3. Verkefni framleiðsludeilda voru 1983 að framleitt var eftir reikningi 55%, tilboðsverk 38% og framleitt á lager 7%.

4. Um rekstursafkomu verksmiðjunnar árin 1981—1983 er það að segja að tekjuafgangur 1981 var tæpar 2 millj., tap 1982 rúmar 2 millj. og tap 1983 tæpar 4 millj. Stofn til verðbreytingafærslu myndast á lántökum vegna framkvæmda við Skútuvog 7 og því óviðkomandi rekstri Landssmiðjunnar þessi ár.

5. Orsaka hallans er að leita í versnandi ytri skilyrðum í málmiðnaði. Harðnandi samkeppni hefur leitt til naumari tilboða og halla á tilboðsverkum. Hugsanlega hefði mátt bregðast við með því að draga saman seglin.

6. Forsendur fjárfestingar að Skútuvogi 7 hafa brostið með því að horfið var frá áformum um skipaverkstöð við sundin.

7. Fela þyrfti rannsóknarstofnunum (fiskiðnaðarins eða Iðntæknistofnun) að leiða til lykta tilraunir með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju, sem lengi hefur verið þar á stokkunum í tilraunaskyni.

8. Framlegðarstig einstakra deilda sýnir lakasta útkomu í plötusmiðju. Hún hefur enda hæst hlutfall tilboðsverka, eða 60%.

Í tengslum við úttekt þessa og samhliða endurskipulagningu á rekstrinum hófust óformlegar viðræður milli fulltrúa starfsmanna og iðnrh. um möguleika á sölu á fyrirtækinu til starfsmanna. Hinn 8. mars 1984 stofnuðu 52 af starfsmönnum Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll að samkomulagi við iðnrn. um kaup á Landssmiðjunni, kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis og kynna félagsmönnum niðurstöður kannana. Þá var félaginu falið að undirbúa stofnsamning hlutafélags ef niðurstöður bentu til þess að af kaupum gæti orðið. Kaus þetta undirbúningsfélag sér fimm manna stjórn og var formaður þeirrar stjórnar Sigurður Daníelsson núv. framkvæmdastjóri Landssmiðjunnar.

Félag þetta fól stjórninni umboð sitt til viðræðna og samningsgerðar við iðnrn. varðandi kaup starfsmanna á Landssmiðunni með fyrirvara um samþykkt félagsfundar. Með bréfi til iðnrh. dags 9. mars 1984 óskaði stjórn félagsins eftir viðræðum um kaup á fyrirtækinu. Með bréfi dags 15. mars 1984 skipaði iðnrh. eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður um sölu Landssmiðjunnar: Halldór J. Kristjánsson formann, deildarstjóra í iðnrn., og með honum Gunnlaug Claessen deildarstjóra í fjmrn. og Guðmund Malmquist hdl. í Framkvæmdastofnun ríkisins. Með nefndinni hefur Helgi G. Þórðarson verkfræðingur starfað. Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Landssmiðjunnar og aðra þætti er varða söluverð fyrirtækisins, svo sem rekstrarhorfur, ástand véla og tækja, viðskiptavild og horfur í málmiðnaði almennt.

Nefndin átti allmarga fundi með ofangreindri viðræðunefnd félags starfsmanna og 13. júlí s. l. náðist samkomulag um meginþætti í kaupsamningi milli aðila. Þegar samningsgrundvöllur þessi lá fyrir ákváðu 23 starfsmenn Landssmiðjunnar að ganga til samstarfs í hlutafélagi, sem hlaut nafnið Landssmiðjan hf., með það fyrir augum að ganga til lokasamninga um kaup á Landssmiðjunni. Var við það miðað að yfirtaka á rekstrinum færi fram fyrir 1. janúar 1985.

Á fundi ofangreindra starfsmanna 25. júlí 1984 voru kosnir fimm menn í undirbúningsstjórn fyrir hið væntanlega hlutafélag og varð Sigurður Daníelsson áfram formaður þeirrar fimm manna stjórnar. Undirbúningsstjórn þessi og viðræðunefnd ríkisins áttu með sér nokkra fundi í ágústmánuði og var frá texta kaupsamningsins gengið á viðræðufundi 23. ágúst í ár.

Stofnfundur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. var haldinn 13. sept. 1984 og voru stofnendur 23 starfsmenn Landssmiðjunnar. Hlutafé var ákveðið 4 020 000,00 kr. og skrifuðu stofnendur sig fyrir hlutum á bilinu frá 100 þús. kr. til 210 þús. kr. Í stjórn hins nýstofnaða hlutafélags voru eftirtaldir menn kosnir: Þorleifur Markússon formaður, Guðmundur Finnbjörnsson,

Þórður G. Guðlaugsson, Finnbogi Jónsson og Sigurður Daníelsson, allt starfsmenn Landssmiðjunnar.

Kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf. var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstj. og Alþingis hinn 20. sept. 1984 og er kaupsamningurinn, ásamt fylgiskjölum, fylgiskjal með frv. þessu. Með frv. þessu er lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að selja hinu nýstofnaða hlutafélagi ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

Meginatriði kaupsamningsins eru:

a) Ríkissjóður selur hlutafélaginu Landssmiðjunni hf. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum, sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum, hlutabréfum í Tollvörugeymslunni hf. og viðskiptakröfum eins og þær verða þann 31. des. 1984 og er kaupverðið ákveðið 22 115 638,00 kr. Undanskilin sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands og Sameinuðum verktökum hf., tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar s. l. ár, og fasteignir Landssmiðjunnar.

b) Kaupverðið greiðist þannig að kaupverð véla, tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun, en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til átta ára. Viðskiptakröfur greiðast með yfirtöku viðskiptaskulda og andvirði vörubirgða greiðist með verðtryggðu skuldabréfi til fjögurra ára. Lán vegna kaupanna eru tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum.

c) Áskilið er af hálfu ríkisins að hlutafé í Landssmiðjunni verði eigi minna en kr. 4 millj. Þar sem hið nýja félag kaupir ekki fasteignir Landssmiðjunnar hefur seljandi skuldbundið sig til að veita kaupanda veðleyfi í núverandi fasteignum Landssmiðjunnar að fjárhæð 4 millj. kr. Slíkt veðleyfi verður aðeins veitt vegna efnis, tækja og vélakaupa, sem fasteignaveðs er krafist fyrir, og þá með baktryggingu í hinum keyptu vörum.

d) Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda núverandi fasteignir Landssmiðjunar til allt að 15 ára. Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu kaupanda með eins árs fyrirvara.

e) Seljandi skuldbindur sig til að beita sér fyrir því að erlendir aðilar, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, veiti samþykki sitt fyrir því að umboðin verði yfirfærð til Landssmiðjunnar hf. Samþykki helstu erlendra viðskiptaaðila Landssmiðjunnar á yfirfærslu umboða til Landssmiðjunnar hf. liggur nú fyrir.

f) Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.

g) Miðað er við að yfirtaka starfsmanna á rekstrinum fari fram 1. jan. 1985.

Síðan er hér í grg. og aths. nánar vikið að greiðslukjörum og kaupverðinu, fasteignum Landssmiðjunnar og endurskipulagningu á rekstri Landssmiðjunnar, sem hv. þdm. geta kynnt sér. Þessu frv. fylgir kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstj. Íslands og Landssmiðjunnar hf., sem dags. er 20. sept. 1984, ásamt fskj.

Nánar tiltekið vil ég taka fram að undanskilið sölu þessari á Landssmiðjunni eru, eins og ég gat um, hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands og Sameinuðum verktökum hf., enn fremur fasteignir Landssmiðjunnar, sem eru í fyrsta lagi fasteignin Skútuvogur 7, Reykjavík, í öðru lagi fasteignin Sölvhólsgata 13, Reykjavík og í þriðja lagi fasteignin Skúlagata 8, Reykjavík. Þá er undanskilin í sölunni tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar s. l. ár. Skuldir vegna fasteigna ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar og tilraunafiskimjölsverksmiðju, sbr. 8. lið í ársreikningi Landssmiðjunnar 1983, eru Landssmiðjunni hf. óviðkomandi.

Síðan eru hér ýmsar upplýsingar varðandi fyrirtækið sjálft. En fskj., sem hv. þdm. geta kynnt sér, fylgja hér með, í fyrsta lagi stofnsamningur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. frá 13. sept., í öðru lagi verðmat á vélum og tækjum Landssmiðjunnar, í þriðja lagi eru sameiginlegir minnispunktar um verðmat á vörubirgðum Landssmiðjunnar vegna sölu fyrirtækisins og í fjórða lagi er hér sem fskj. húsaleigusamningur milli ríkissjóðs og Landssmiðjunnar hf. um leigu á Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8, sem er dags. 20. sept. 1984, og er fyrirtækinu mjög mikilsverður.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Með frv. því sem hér liggur fyrir er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að selja ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna. Í aths. við frv. kemur fram að kaupsamningur milli ríkissjóðs og nýs hluthafafélags, Landssmiðjunnar hf., hafi verið undirritaður 20. sept. s. l. með fyrirvara um samþykkt Alþingis. Að hlutafélaginu Landssmiðjan hf. standa 23 af 70 starfsmönnum fyrirtækisins. Umsamið kaupverð telst vera rúmar 22 millj. kr. þar af viðskiptakröfur um 10 millj. kr.

Í frv. felst sá þáttur stefnu núv. ríkisstj. að selja sem flest ríkisfyrirtæki. Til að ná fram þessu stefnumarki er greinilega lögð áhersla á að hafa sem hraðastar hendur — á kostnað vandaðs undirbúnings. Mér sýnist að í sambandi við þetta mál, sölu þessa ríkisfyrirtækis, Landssmiðjunnar, sem hér er rætt um, hafi menn ekki gefið sér nægan tíma til að spyrja og fá svar við hvort þessi sala fyrirtækisins sé hagkvæm fyrir núverandi eiganda, ríkið, og hvaða markmiðum hún þjóni.

Það kemur einnig fram að undirbúningur að þessari sölu er ekki slíkur að það sé raunverulega trúverðugt. Það kemur ekkert fram í frv. hvað skuli gera við ákveðnar eignir verksmiðjunnar eins og t. d. grunninn við Skútuvog né heldur hvað skuli gera við tilraunaverksmiðju þá eða það þróunarverkefni sem Landssmiðjan var með í undirbúningi.

Upplýsingar sem koma fram í frv. um rekstur verksmiðjunnar stangast einnig nokkuð á við það sem kemur fram í skýrslu hæstv. iðnrh. sem hann lagði hér fyrir Alþingi um starfsemi ríkisfyrirtækja árið 1983. Í því plaggi er sagt að rekstur Landssmiðjunnar hafi gengið vel á árinu 1983 og hagnaður hafi orðið af starfsemi fyrirtækisins. Það er reyndar ekki fullkomlega borið á móti því í frv. en þar er þó sagt að tekjuafgangur hafi orðið mínus án verðbreytinga og aukafyrninga. Útskýringar hvors plaggsins um sig stangast því á.

Þetta mál kemur fyrir þá nefnd sem ég á sæti í. Ég mun því ekki við þessa umr. hafa um þetta langt mál og sé ekki ástæðu til þess, en tel ástæðu til að frv. verði skoðað vel. Eins og ég sagði hér fyrr lít ég svo á að þessu máli hafi verið hraðað meira en þörf hafi verið á

og það þurfi rækilegrar skoðunar við og þá fyrst til þess að fá svar við þeirri spurningu hver var ástæða þess að ríkissjóður taldi sig þurfa að selja þetta fyrirtæki og hvaða markmiðum það þjónar öðru en einhverjum pólitískum markmiðum þeirrar ríkisstj. sem nú situr að losa sig við ríkisfyrirtæki. Sú stefna ríkisstj., hverrar sem er, að breyta eignarráðum í fyrirtækjum á stuttum valdaferli, er að mínu mati nokkuð vafasöm ef hún þjónar ekki einhverjum ákveðnum tilgangi öðrum.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að spurt sé við þessa umr. hvers vegna sá hraði er hafður á sem nú er auðsær við að selja ríkisfyrirtæki og hvort það er gert af trúarbragðaástæðum. Þá á ég við það hvort þær skoðanir hæstv. ráðh., að ríkið eigi sem minnst að eiga af fyrirtækjum, ráði því að farið er í þetta svo skyndilega eða hvort það er vegna þess að verksmiðjan getur ekki starfað af sama þrótti undir núverandi eignarformi og það gæti gert undir öðru eignarformi.

Það virðist allt benda til þess að hagur Landssmiðjunnar hafi verið nokkuð góður þrátt fyrir lítils háttar tap síðustu árin. Helgi G. Þórðarson hefur gert úttekt á rekstri Landssmiðjunnar þar sem hann kemur með ýmsar tillögur um úrbætur. Ljóst er að ef þær tillögur hefðu komist í framkvæmd hefði mátt gera rekstur smiðjunnar allþokkalegan.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem tekur þetta mál fyrir og þar mun ég ásamt öðrum nefndarmönnum kynna mér það frekar hvernig þessum málum er háttað. Ég hef ekki haft aðstöðu til að gera það enn. Hins vegar vil ég lýsa því yfir að áður en þær upplýsingar, sem þar koma fram eru mér ljósar, hef ég ekki fyrir fram neina skoðun á því hvort selja eigi Landssmiðjuna eða ekki. Það er ekki ástæða til þess að mér finnst að Landssmiðjan sé rekin í ríkiseign bara til þess að reka hana í ríkiseign, heldur er það höfuðatriðið hvernig þessum rekstri verði best fyrir komið. Ég minni á það að í fyrra var ákveðið að selja Siglósíld á Siglufirði. Það voru uppi ýmsar efasemdir um það hjá mörgum hvort rétt væri að gera það. Þar bundu menn sig nokkuð í gömul prinsipp en ég hygg að það hafi sannast að sú ákvörðun var rétt og það fyrirtæki hafi verið rekið af meiri þrótti nú en gert var áður.

Það er líka gersamlega ómögulegt að reka ríkisfyrirtæki þar sem viðkomandi ríkisvald er á móti því að hlúa að þeim fyrirtækjum. Ég hygg að svo hafi verið hjá síðustu ríkisstj. og þess vegna hafi afkoma Siglósíldar verið mjög erfið. Á ég ekki von á því að umönnun eða hugur núv. ríkisstj. sé sterkari til þessa rekstrarforms en þeirrar sem var á undan. En ég minni á að það er ekki neitt sjálfgefið hvað gefur bestan árangur. Ég ítreka það að sú ákvörðun sem tekin var á síðasta þingi hafi verið rétt og það má vera að eðlilegt sé að gera þetta, en fyrir fram vil ég ekki hafa þá skoðun á þessu máli að ríkið eigi ekki að selja þessa verksmiðju. Það hlýtur að fara eftir því hvaða rök fylgja því, en þau eru að mínu mati ekki komin fram enn þá.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég tek þá áhættu að koma hér upp þó að ég hafi það hálfvegis á tilfinningunni að það sé farið að líta á mig sem sérstakan sölufulltrúa ríkisins í því verkefni að losa ríkið við sem flest fyrirtæki.

Mér finnst að tveir hv. ræðumenn hér á undan mér hafi í raun spurt skynsamlega en kannske samt sem áður ekki réttu spurninganna. Það má líka spyrja að því: Eru fyrir því einhver haldbær rök hvers vegna ríkið ætti ekki að selja Landssmiðjuna? Ég held að menn þurfi ekki að hafa kynnt sér þetta mál neitt ítarlega til þess að átta sig á því að það eru raunverulega afskaplega fá, í mínum huga engin, rök sem finnast fyrir því hvers vegna ríkið ætti að vera að halda í þetta fyrirtæki.

Þetta fyrirtæki þjáist með öðrum fyrirtækjum undan þeim vandræðum sem þjónustustofnanir af þessu tagi hafa átt við að etja undanfarin ár og þar á ég við þær stöðvar sem sinnt hafa skipasmíðum og viðgerðum. Þetta fyrirtæki ætladi reyndar út í stóraukna þátttöku í skipasmíðum og viðgerðum sem nú hefur verið hætt við — mér liggur við að segja guði sé lof. Menn skulu minnast þess að þau fyrirtæki hérna í landinu, sem stunda sambærilega starfsemi og Landssmiðjan, eru mörg hver nánast á framfæri ríkisins, þ. e. algerlega háð forsjá eða fyrirgreiðslu á opinberum vettvangi hvað rekstrargrundvöll sinn snertir og að ríkið standi síðan í samkeppni við þessi fyrirtæki með eigin rekstri og auki þannig raunverulega á þann vanda sem það síðan þarf að leysa. Þetta finnst mér að hljóti að hljóma svo óskynsamlega í eyrum allra að þeir sjái hversu eðlilegt mál það er að losa sig við rekstur sem þennan og láta reynsluna um það að skera úr um hvort þessi rekstur á sér einhvern grundvöll eða ekki. Upp á seinni tíma er kannske ágætt að viðhafa ákveðin viðvörunarorð um það að þegar ríkið selur fyrirtæki með þeim hætti sem núna er gert, þá fylgi því nánast í yfirlýsingum heitstrengingar um það að ríkið muni ekki hlaupa undir bagga með þessu fyrirtæki þó að forn ættarbönd tengi ríkið fyrirtækinu þegar á móti blæs síðar meir.

Ég held að þegar menn skoða hug sinn grannt átti þeir sig á því að hlutverk ríkisins í þessum efnum liggur ekki í því að halda úti rekstri einstakra fyrirtækja. Hann liggur fyrst og fremst í því að reyna að þvælast ekki of mikið fyrir rekstrargrundvelli í atvinnustarfsemi og þá hugsanlega að hjálpa til þar sem tök eða kraftar leyfa.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. Það er sjálfsagt auðvelt að finna ýmis rök fyrir því að selja starfsmönnum þetta ríkisfyrirtæki og sjálfsagt af hinu góða að gera slíkt í ýmsum tilvikum þegar báðir geta kannske haft af því nokkurn hag. Þessi hæstv. ríkisstj. sem nú situr hefur mjög stært sig af því að hún vilji helst selja sem mest af eignum ríkisins og sem mest af eignaraðild ríkisins í ýmsum fyrirtækjum. Þetta er í ýmsum tilvikum góðra gjalda vert og í öðrum miður, en þessi ríkisstj. er hins vegar ekki sjálfri sér samkvæm í þeim efnum og er þar langur vegur frá.

Í þessu fjárlagafrv., þeirri fágætu bók sem lögð hefur verið á borð þm. hér og merkt mönnum mjög rækilega og tryggilega og er ekki til nema í rúmum 60 eintökum, er liður á fjárlögum sem heitir lánahreyfingar út og er 135 millj. Þar er m. a. fjallað um hlutafjárframlög ríkisins til ýmissa fyrirtækja. Á sama tíma og verið er að selja og selja og allt á helst að vera á útsölu er ríkið að gerast stór hluthafi í steinullarverksmiðju norður á Sauðárkróki upp á 12 millj. kr. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna um stofnun hlutafélaga til eflingar iðnþróun, tækninýjungum og rannsóknum, sem eftir orðanna hljóðan er kannske hið ágætasta mál,

en er sennilegast allt í skötulíki hjá ríkisstj. svo að notað sé eftirlætisorð hæstv. iðnrh., eiga þar að fara 50 millj. í hlutafé. Svo er hér ætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlagafrv. og heimildir í ýmsum sérlögum. Það er smáræði á þennan mælikvarða, alls 1.5 millj. eða þar um bil. Hér rekur sig óneitanlega hvað á annars horn.

Og það er fleira sem ríkið hefur verið að sullast í og hefur kostað drjúgan skilding. Ég nefni sjóefnavinnslu á Reykjanesi sem virðist vera að breytast í eitt allsherjarævintýr með öfugum formerkjum. Þar hefur ríkið lagt fram mikla fjármuni sem ekki verður séð á þessari stundu hvernig muni skila sér eða hvort muni skila sér. Óskað hefur verið eftir skýrslu um það mál hér á hinu háa Alþingi og er vissulega ærin ástæða til. Þar þarf að reka tryppin vel því að staðreyndir þess máls þurfa að liggja fyrir fljótt.

En ég vildi bara við þessa umr. benda á þetta, að þessi ríkisstj. er langt frá því að vera sjálfri sér samkvæm í þessum efnum því að meðan eitt er selt er annað keypt. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram hér við þessa umr. og skal ég ekki, virðulegi forseti, hafa fleiri orð um þett hér að sinni. Til þess gefast önnur betri tækifæri síðar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég er eftir atvikum ánægður með þessa umr. Menn taka ekki af um afstöðu sína sem ekki er kannske von því að nefnd á eftir að glöggva sig miklu betur á málinu. Ég held að það sé ofgert hjá hv. 5. landsk. þm. að telja að hvað reki sig á annars horn í stefnu ríkisstj. þar sem hún sé að selja ríkisfyrirtæki en á sama tíma að leggja fram fjármagn til þess að eignast hlut í öðrum. Þá er þess að geta — og ég tek það fram að það er mín afstaða — að svo kann í mörgu falli að vilja til að eðlilegt sé að ríkið styðji og styrki fyrirtæki við að komast á fót. Að setja fyrirtæki á laggirnar getur í mörgu falli verið rétt stefna. Ég vísa því reyndar frá mér að það sé undan mínum rifjum runnið að ríkið stendur að byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Um það voru lög í landinu þegar ég kom að því embætti sem nú gegni ég. Yfirleitt og almennt séð er það afstaða mín og míns flokks að ríkið eigi ekki að vera að vasast í slíkum hlutum. En ég tek samt fram að það getur verið réttlætanlegt og þá alveg sérstaklega í atvinnuskyni ef svo stendur á að ríkið taki áhættu og stuðli að því að fyrirtæki, sem veiti fólki nauðsynlega atvinnu, komist á fót. Það vil ég að fram komi.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef haft afar gaman af því hversu vel starfsmenn Landssmiðjunnar hafa tekið við sér í þessu máli og hve mikill áhugi er þar ríkjandi um að setja þetta fyrirtæki á skrið. Þetta er gamalgróið fyrirtæki sem að vísu hefur stundum átt undir högg að sækja í viðskiptum sínum við eigandann, þar sem til að mynda má vel nefna að afar treglega hefur gengið innheimta reikninga fyrir mjög vænar fjárhæðir, til að mynda vegna viðgerða á ríkisskipum eða varðskipum og öðru sem ríkið hefur þurft að láta vinna fyrir sig. Það kom þessu fyrirtæki afar illa í óðaverðbólgu sem að líkum lætur, því að ég er hræddur um að það hafi oft á tíðum ekki verið háar dráttarvaxtagreiðslur, sem inntar voru af hendi til fyrirtækisins, þótt það tæki kannske meira en ár að fá reikninga greidda.

Ég finn það á samstöðu þessa fólks, sem þarna hefur tekið sig til og stofnað hlutafélag um kaup og rekstur þessa fyrirtækis, að því er afar vel treystandi. Ég held þess vegna að rétt sé og sjálfsagt að standa þann veg að málinu. En ég tek það fram að þeirra upplýsinga, sem gefnar voru í fyrri skýrslum mínum um þetta fyrirtæki og eins þessara sem nú eru framlagðar, er aflað hjá fyrirtækinu sjálfu, þannig að ef eitthvað er missagt í þeim fræðum, þá mun ég beita mér fyrir því að gerð sé grein fyrir því og þá leiðrétt eftir því sem við á.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Í tilefni orða hv. 5. landsk þm. og orða hæstv. ráðh. vildi ég, úr því að þetta mál hefur hér verið nefnt, gjarnan mega spyrja hæstv. iðnrh. á þessum stað og þessari stundu hvort hann eða ríkisstj. hafi virkilega í hyggju að halda áfram þátttöku í því vitleysisævintýri, sem steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki er, eða hvort þeir hugsa sér þar einhverjar breytingar á.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég minnist þess hvað ég oft tók grimmilega á því þegar hv. þm. eða ríkisstj. sniðgekk í orðum sínum og athöfnum vald Alþingis. Ég held mér fast við þá afstöðu mína að framkvæmdavaldið verður að gá vel og miklu betur en jafnan hefur verið gert að því að hlíta ákvörðunum hins háa Alþingis. Hér eru lög í landinu sem þetta fyrirtæki varða. Þeim verður framfylgt og þau verða framkvæmd út í hörgul meðan þeim er ekki breytt af hinu háa Alþingi. Þetta vil ég taka afar skýrt fram, því menn misstíga sig svo oft í þessum sökum.

Ég hef sagt — og ég ætla að reyna að verða maður til þess á meðan ég gegni embætti ráðh. — að ég muni reyna að framfylgja — ég tala nú ekki um — lögum um þetta, en einnig því sem Alþingi ályktar að framkvæmdavaldið skuli beita sér fyrir. Svar mitt er því afar einfalt. Það eru lög sem við hljótum að fara eftir í þessu efni.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að iðnrh. hefur lagt hér fram frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Landssmiðjuna. Það var skv. till. sem ég gerði í ríkisstj. að ríkisfyrirtæki fóru á þennan almenna sölumarkað. Síðar var það samþykkt í ríkisstj. að fjmrh. skyldi ekki fara með söluna, eins og upphaflega var í till., heldur hver fagráðh. fyrir sig sæi um að selja og koma yfir í hendur einstaklinga eins miklu af ríkisfyrirtækjum og þeir gátu og réðu yfir. Því miður er lítið annað en hlutabréfaeign í fjmrn. Ég hef því fá eða engin fyrirtæki til að selja, en vona að sala verði þó á hlutabréfum innan tíðar.

Ég kem hér upp vegna þess að hv. 4. þm. Vesturl. talaði um að það væru aðeins 23 starfsmenn af 70 sem tækju þátt í þessu nýja hlutafélagi og vil draga athygli að einmitt þeirri staðreynd. Hún kemur fram á bls. 6 í aths. með þessu frv. En þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með ofangreindum ráðstöfunum er gert ráð fyrir að fækka megi núverandi starfsfólki um 15—20, þ. e. úr 65—70 mönnum í um 50 starfsmenn án nokkurs samdráttar í rekstri."

Eigum við að skilja það svo að þessir menn, sem hafa rekið Landssmiðjuna og ætla sér að reka hana áfram, geti sparað sem svarar 15—20 manns í rekstri fyrirtækisins án þess að það verði nokkur samdráttur í rekstri? Hvað hafa þessir forstöðumenn fyrirtækisins verið að

gera? Hafa þeir verið trúverðugir starfsmenn eða ekki? Ef þetta er tilfellið um marga þá starfsemi sem rekin er á vegum ríkisins, þá held ég að þessi ríkisstj. sé á réttri leið með því að fínkemba það kerfi sem við búum við og byggst hefur upp, að því er virðist, án eftirlits í gegnum tíðina. Sem sagt, ég vil fagna þessu frv.

Ég vil benda hv. 6. landsk. þm. á það að þetta kjörtímabil núv. ríkisstj. er nú bráðum hálfnað. Það er komið eitt og hálft ár — (Gripið fram í.) Er kannske bráðum búið, ég skal ekki segja um það. Kannske Alþfl. haldi enn þá við þá kröfu sína að koma inn í ríkisstj. með forsrh. sem skilyrði — ég veit það ekki. — En kjörtímabilið er nú bráðum hálfnað og hraðinn á því að selja ríkisfyrirtækið hefur alls ekki verið mikill. Ég held að það verði mjög vel athugað. Tilboð, sem bárust áður en sú ákvörðun var tekin að hver fagráðh. skyldi fara með sölu á fyrirtækjum, hafa legið fyrir frá því að ríkisstj. kom fyrst fram með þessar tillögur.

Það hafa fleiri aðilar skoðað möguleikana á því að kaupa Landssmiðjuna, en þeir féllu frá kaupum. Það er því búið að skoða þann möguleika að selja hana til fleiri aðila en starfsfólksins.

Ég hef ekki meira um þetta að segja. Ég vil bara óska iðnrh. til hamingju með þann árangur sem hann hefur náð í þessari mikilvægu vinnu, bæði hvað snertir söluna á þessu fyrirtæki sem hér er á dagskrá og eins með Siglósíld á Siglufirði, sem hefur tekið fjörkipp, hefur verið endurnýjuð og skapar nú miklu fleira fólki vinnu á staðnum en áður var. Sama er með Iðnaðarbankann og fleira sem hann hefur unnið að með alþekktum krafti sem í honum býr.

En ég vil taka undir það sem kom fram hér hjá hv. 5. landsk. þm. Ég er ekkert ánægður með það að hafa þurft að fara að þeim lögum sem skylduðu fjmrh. til þátttöku í steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki og það er eflaust enginn hv. þm. búinn að gleyma þeim tilraunum sem ég gerði til að komast hjá því að taka þátt í þeirri fjárfestingu. En lög eru lög, eins og hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, og að lögum varð að fara. Iðnþróunarfélagið er fyrirtæki sem á að koma á laggirnar nýjum fyrirtækjum til þess að skapa ný atvinnutækifæri með þátttöku ríkisins og þátttöku almennings með það í huga að koma fyrirtækjum af stað, skapa ný atvinnutækifæri og losa svo ríkið við þau fyrirtæki aftur. Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi ætla ég ekki að tala um, þar held ég að séu mistök á ferð og hef ég ekki breytt um skoðun frá því að hún var hér fyrst á dagskrá. En ég vona að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu í gegnum hv. Alþingi.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef ekki haft mikla aðstöðu til að kynna mér það mál sem hér liggur fyrir til umr. Það hafa ekki miklar umr. orðið um það á opinberum vettvangi. En nú fer málið til nefndar og þar gefst kostur á að fá ýmsar þær upplýsingar um málið sem þörf er á og hef ég þá að þessu sinni engu við það að bæta sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði hér áðan um þetta mál.

Ég vil hins vegar segja það almennt um aðild ríkisins að atvinnurekstri að í þeim efnum hefur Alþb. ekki tileinkað sér nein kreddusjónarmið. Það er ekki haldið neinni kreddu af því tagi að ef um ríkisfyrirtæki sé að ræða þá beri endilega að selja það. Við erum heldur ekki haldnir þeirri kreddu að ef um einhvern rekstur sé að ræða eigi hann endilega að vera í höndum ríkisins. Við teljum að aðstæður verði að ráða því hvaða kostur er valinn og hvaða eignarhald er haft á fyrirtækjum. Oft getur verið bráðnauðsynlegt og óhjákvæmilegt að ríkið sé aðili að atvinnurekstri. Oft hefur ríkið haft frumkvæði í atvinnumálum sem enginn annar hefði haft. Oft hefur ríkið lyft grettistökum í atvinnumálum og ætti enginn að harma það.

En svo eru aftur önnur tilvik þar sem segja má að ekki sé endilega nein sérstök nauðsyn að ríkið sé aðili atvinnurekstrar. Ef góð tilboð berast frá t. d. starfsmönnum fyrirtækis um það að yfirtaka rekstur fyrirtækisins og engin önnur sérstök rök mæla gegn því eða kjör eru ekki talin óeðlileg á einn eða annan hátt ellegar byggðasjónarmið koma þar ekki við sögu, þá er sjálfsagt að athuga það með jákvæðu hugarfari hvort slíkt sé eðlilegt. Ég vil ekki fullyrða á þessu stigi málsins hvort um það er að ræða í þessu tilviki. Ég veit það að ríkið var búið að leggja í verulegan kostnað í sambandi við þetta fyrirtæki á árinu 1983, m. a. var ríkið nýlega búið að kaupa húsnæði Landssmiðjunnar og búið að leggja drög að nýsmíði húss yfir starfsemina, byggingu sem átti að vera talsvert vegleg og tengjast væntanlegri skipaverkstöð í Reykjavík. Þar var búið að leggja í verulega fjárfestingu. Mér er satt að segja ekki alveg ljóst hvað um þá fjárfestingu verður eða þá fjármuni sem ríkið hefur þar í lagt. En allt verður þetta nánar skoðað í nefnd og að sjálfsögðu verður það gert með jákvæðu hugarfari.

En þegar svo aftur talið berst að steinullarverksmiðju á Sauðárkróki, þá get ég ekki orða bundist vegna þess sem hér var sagt um það mál áðan. Alþingi hefur falið ríkisstj. að reisa steinullarverksmiðju og veitt henni heimild til fjáröflunar í því skyni, á fjárlögum hefur verið fjármagn sem notað hefur verið til þess að borga inn hlutafé til verksmiðjunnar og lán hafa verið útveguð. Verksmiðjan er nú, ef svo mætti segja, hálfbyggð og ætti að geta hafið rekstur innan tíðar. Án þess að fjölyrða mikið frekar um þetta mál vil ég bara segja það eitt að ég er sannfærður um að þetta er eitt af efnilegri fyrirtækjum sem nú er verið að reisa hér á landi og ég er sannfærður um að það á eftir að spara landsmönnum verulega mikinn gjaldeyri. Og ég er sannfærður um að það frumkvæði og sú forusta, sem ríkisvaldið hefur haft í sambandi við byggingu þessa fyrirtækis, var heilbrigð og sjálfsögð og á eftir að skila þjóðinni arði.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Út af ummælum hæstv. fjmrh. og stuðningsyfirlýsingu hans við þetta frv. og því einnig að hann vildi eigna sér þetta frv., að frv. væri undan hans rifjum runnið frekar en hæstv. iðnrh., langaði mig til að spyrja ráðh. um það — og það er gott að fá upplýsingar um það áður en málið fer í nefnd — hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að ávaxta þá fjármuni sem hafa verið festir í grunninum við Skútuvog, sem skv. upplýsingum úr skýrslu iðnrh. um starfsemi ríkisfyrirtækja var 31. des. 1983 58 millj. tæpar. Einnig vil ég spyrja hæstv. fjmrh., fyrst hann hefur haft forustu í þessari sölu, hvaða hugmyndir hann hefur í sambandi við framhald þess verkefnis sem Landssmiðjan var með í sambandi við fiskmjölsvinnslu.

Hæstv. fjmrh. vakti athygli á því að með skipulagsbreytingum hjá Landssmiðjunni væri hægt að fækka starfsmönnum um 15—20. Ég skildi að vísu ekki hvað

það kom því máli við hvort fjöldi hluthafa var 23, 50 eða 70, sem ég undirstrikaði í fyrri ræðu minni. En þetta er merkileg ábending og ég undirstrika það. En mér finnst stórt til orða tekið hjá hæstv. fjmrh. þegar hann segir að þessi staðreynd lýsi því að þeir menn, sem hafi stjórnað og verið starfsmenn Landssmiðjunnar áður, hafi ekki verið trúverðugir. Það þarf ekki mikið meira að gera en að fletta við yfir á fyrri blaðsíðu og sjá að slík orð um starfsmennina hæfa ekki og eru langt frá því að vera réttlætanleg. Þar kemur það fram að starfsmenn verksmiðjunnar í því eignarformi sem hún er í enn þá hafa verið að breyta rekstri fyrirtækisins og eru þegar búnir að því. Það kemur fram í yfirliti yfir sölu tækja fyrirtækisins að m. a. með tölvuvæðingu hafi fyrirtæki breytt rekstrarþáttum hjá sér og getað sparað við það mannskap. Hæstv. fjmrh. ræðir svo um það að starfsmenn hafi ekki verið trúverðugir á sama tíma og það er undirstrikað að þeir menn, sem eru að taka við starfsemi verksmiðjunnar og eignum, séu trúverðugir, þeir séu ágætismenn. Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, sem áður var, er einn af stjórnarmönnum fyrirtækisins sem nú er búið að stofna. Ég taldi sem sagt ástæðu til að mótmæla því að upplýsingar þær, sem hér eru í frv. um þennan möguleika að fækka starfsfólki séu í neinum tengslum við það að starfsmenn fyrirtækisins hafi ekki sýnt fyrri eigendum sínum fullan trúnað og á hinn veginn að það séu neitt meiri líkur fyrir því að þessir ágætu menn sýni meiri trúnað í þágu sjálfs sín en þeir hafa gert í þágu ríkisins.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það kom fram hér áðan að hæstv. fjmrh. taldi sig vera upphafsmann að því að þetta fyrirtæki yrði selt. Það mun rétt vera og hann gaf út yfirlýsingar um fleira, t. d. það að selja mikið fleiri ríkisfyrirtæki og hlutabréf ríkisins í hinum ýmsu fyrirtækjum. Ég man eftir einu fyrirtæki sem ríkið á stóran hlut í, þ. e. Íslenskir aðalverktakar. Það kom og fram hjá hæstv. iðnrh. að Landssmiðjan á víst allmikið af hlutabréfum í Sameinuðum verktökum sem eru hluti af Íslenskum aðalverktökum, en hæstv. fjmrh. kvaðst vilja selja hlut ríkisins í því fyrirtæki. Ég veit að ýmsir hafa óskað eftir að kaupa hlut í því fyrirtæki. Ég veit að stórt félag verkafólks á Suðurnesjum, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, hefur einmitt óskað eftir því að fá að kaupa eitthvað af hlut ríkisins í þessu fyrirtæki og hefur sent erindi til fjmrh. um það efni en ekkert svar fengið. Ég spyr: Hvað veldur? Voru þetta marklausar yfirlýsingar hér áður eða hafa einhverjir kippt í spottann?

Hvað varðar Landssmiðjuna og hugleiðingar um það hvort starfsmenn eru trúverðugir eða ekki, þá finnst mér það ekki efni til að ræða hér. En ég minni á að Sjálfstfl. hefur haft iðnrh. mjög oft og kannske lengst af sem hafa verið skrifaðir fyrir því að stjórna þessu fyrirtæki, Landssmiðjunni. Þykir mér það allharður dómur yfir þeim mönnum ef þeim er ætlað að hafa stuðlað að því að hafa miklu fleira fólk í hinum og þessum ríkisfyrirtækjum — og þá einkum þessu fyrirtæki — en þörf var á. Það er alveg ljóst að eigi ríkið fyrirtæki verður að stjórna þeim af fullum þrótti og sinna þeim á þann veg að þau geti vaxið og dafnað en ekki láta þau lympast niður þannig að þegar upp er staðið vilji menn henda þessu öllu frá sér vegna þess að ráðamenn hafa dregið lappirnar.

Ég ítreka það að ég tel rekstrarformið ekki skipta öllu máli. Ég er sömu skoðunar og hv. þm. Ragnar Arnalds lýsti hér áðan að það er ástæðulaust að vera með neinar kreddur í þessum efnum og Alþfl. hefur heldur ekki sýnt það að hann sé með kreddur í þessum efnum. En ég óttast að núverandi ráðamenn séu nokkuð kreddufullir þó vissulega geti hist svo á að þeir hafi rétt fyrir sér.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það er ekki af stríðni sem ég kem hér upp heldur af því að mig langar til þess að fá svör. Ég get ekki sleppt hæstv. iðnrh. með það svar sem hann gaf mér hér áðan. Ég veit að hann er löghlýðinn maður, ég veit að hann er löghlýðinn þm. og ég veit að hann er löghlýðinn ráðh. En ég veit líka að flestöll þau fyrirtæki, sem ríkið fyrirhugar að losa sig við eða selja, eru bundin lögum að meira eða minna leyti. Það er því ekki þannig að ríkisstj. geti ekki hugsað sér að hafa áhrif til breytingar á þeim. Ef hann ekki vill þá láta skoðun sína í ljósi sem ráðh. þá getur hann hugsanlega gert það sem þm. með tilliti til afstöðunnar til þessa steinullarævintýris á Sauðárkróki. Ég er ekki sammála hv. 3. þm. Norðurl. v., sem reyndar hefur nú gengið úr salnum, um að þetta fyrirtæki eigi eftir að veita birtu og yl frekar en önnur fyrir landsmenn. Hann nefndi reyndar eitt orð áðan sem ég tel öllu skipta um stjórnarstefnu í svona málum. Hann sagði: Aðstæður skulu ráða.

Þarna er tekið fyrst og fremst á hlutverki ríkisins og það er hlutverk þess að skapa aðstæðurnar þannig að heilbrigt, atvinnulíf geti þróast. Að lokum má minna á það að grettistök hafa gjarnan tilhneigingu til þess að missast ofan á tærnar á manni.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég fer bara eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja með því frv. sem hér var lagt fram. Að ráðum hv. 4. þm. Vesturl. fletti ég fram á 5. bls. að upphafi 6. gr. þar sem talað er um endurskipulagningu á rekstri Landssmiðjunnar. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í tengslum við úttekt Helga G. Þórðarsonar á rekstri fyrirtækisins og samhliða viðræðum um yfirtöku starfsmanna á fyrirtækinu hefur staðið yfir víðtæk endurskipulagning á rekstrinum og hafa starfsmennirnir haft forustu um þá endurskipulagningu. Helstu markmið sem unnið hefur verið að " o. s. frv.

Þetta er það sem starfsmennirnir gera þegar þeir eru að skoða hvort það er ráðlegt frá þeirra sjónarmiði að gerast eigendur að þessu fyrirtæki, Landssmiðjunni. Þessi skoðun þeirra, sem gerð er með það í huga að taka ákvörðun um það hvort þeir eigi að gerast eignaraðilar eða ekki, leiðir til þess að þeir ákveða að hægt sé að fækka um 15—20 manns. Þetta eru þeir sömu starfsmenn og rekið hafa fyrirtækið með fullri ábyrgð fyrir hönd ríkisins. Þeir svara sér sjálfir.

Ég var spurður af sama hv. þm.: Hvernig ætlar fjmrh. að ávaxta fé fast í grunninum sem kostar um 58 millj. kr.? Þetta er spurning sem ég hef oft velt fyrir mér. Hvernig er hægt að fara út í stórar fjárfestingar í nokkru fyrirtæki — nema þá kannske helst ríkisfyrirtæki vegna þess að ríkið er ábyrgt fyrir því öllu — án þess að hafa nokkurt eigið fé til að fjárfesta í framkvæmdum. Ég veit ekki betur en fyrrv. fjmrh., samflokksmaður fyrirspyrjanda, hafi veitt heimild til erlendrar lántöku til að hefja

framkvæmdir í Skútuvogi. Þessi lán og framkvæmdir hafa hlaðið á sig kostnaði á dýrum vöxtum. Með gengisbreytingum, sem síðar hafa orðið, hefur þessi grunnur í krónutölu orðið langtum dýrari en framkvæmdakostnaður er í dag. Ég held að erfitt verði að selja þennan grunn fyrir meira en brot, innan við 15% af því sem hann er skráður hér sem eign ríkissjóðs. (**Gripið fram í:** Er þetta tilboð?) Þetta er ekki tilboð. Það er langt frá því. En það hefur farið fram ákaflega lauslegt mat á því hvað þessi framkvæmd, eins og hún stendur í dag, mundi kosta ef hún yrði framkvæmd á því verðlagi sem er í dag. Ég geri mér því ekki nokkra von um að hægt sé að ná til baka skráðu verði á þeim grunni sem þarna stendur. Ég er ansi hræddur um að hér sé eitt ævintýrið til viðbótar mörgum öðrum úr fyrri tíð. Ég er þá ekki að tala um seinustu ríkisstj. frekar en margar aðrar þar sem fjárfesting hefur átt sér stað og fellur svo á ríkissjóð þegar upp er staðið.

Hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason beindi til mín spurningum varðandi sölu á fleiri fyrirtækjum, t. d. Íslenskum aðalverktökum. Ég fer ekki sem fjmrh. með söluna á því fyrirtæki. Það er utanrrh. eftir því sem ég best veit. Það er nú orðið meira en ár síðan á minn fund gengu aðilar sem áður höfðu sent mér bréf. Það eru aðilar sem virðulegur þm. minntist á og þeir fengu þar svar frá mér. Er óskað eftir því hér að því verði svarað frekar? Svarið sem ég gaf var það að ríkisstj. tók ákvörðun um að hver fagráðherra sæi um sölu á þeim fyrirtækjum sem honum tilheyrðu eða hlutabréfum þar að lútandi, þannig að það er úr mínum höndum. En ég skal svara því skriflega ef óskað er. Bréfin á ég enn þá til.

En sem sagt, ég fagna því að iðnrh. skuli sýna þann dugnað sem raun ber vitni í sölu á ríkisfyrirtækjum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. 8. mál (þskj. 8). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur komið fram gagnrýni á slæleg vinnubrögð nefnda þingsins og hve mál hafa verið seint og oft fljótfærnislega unnin, enda oftast í afgreiðslu í þinglok þegar annir eru mestar. Hefur þá engu skipt hversu snemma málin hafa verið lögð fram. Ég vil vekja athygli á því að nú hefur þingið starfað í tæpan mánuð og aðeins fjórar nefndir hafa haldið fund til þessa, til annars en þess en að kjósa sér formann.

Fyrir 14 af 23 nefndum þingsins liggja nú fyrir 34 mál. Sýnist því full ástæða til að þær hefji störf nú þegar. Það hlýtur að skoðast sem virðingarleysi við mál þau er þm. leggja fram, ekki síst þá stjórnarandstöðuþm., að þessum málum sé ekki sinnt og nefndir hefji ekki störf fyrr en eftir dúk og disk. Ég skora þess vegna á hæstv. forseta Nd. að orða það við aðra forseta, hv. forseta Ed. og forseta Sþ., að þeir beiti sér fyrir því að nefndir þingsins hefji störf nú þegar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Af þessu tilefni skal tekið undir þau tilmæli hv. þm. að þetta mál verði rætt á forsetafundi.

Stjórnarskipunarlög, frv. 7. mál (þskj. 7). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944. Þetta er 7. mál á þskj. 7. Flm. auk mín eru hv. þm. Kristófer Már Kristinsson.

Þetta frv. var flutt á 106. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er því endurflutt óbreytt. Ég hafði fyrir því framsögu einnig á síðasta þingi og ætla ég að taka nokkur atriði upp úr ræðu minni þá, sem ég flutti til framsögu með málinu, til þess að vekja athygli á því sem að baki því liggur.

Í frv. er lagt til annars vegar að felldur verði niður þingrofsréttur forseta og hins vegar að afnuminn verði réttur til útgáfu brbl. Þessi atriði eiga það bæði sameiginlegt að koma í veg fyrir óeðlilega íhlutun ríkisstjórnar í störf þingsins og eru þess vegna flutt hér saman á einu þskj. Fyrri greinin afnemur rétt ráðherranna til að senda þjóðkjörið Alþingi heim og seinni greinin útilokar að ríkisstjórnin setji lög að löggjafarsamkundunni forspurðri.

Þingrofsréttur forseta, ef við snúum okkur fyrst að honum, er arfur frá þeim tíma þegar almenningur þurfti að sækja rétt sinn í hendur erfðakónga og einræðisherra. Ef í odda skarst milli þings og þjóðhöfðingja gátu þeir síðarnefndu rofið þingið og þar með ógilt umboð þm. sem þó voru kosnir af þjóðinni.

Ákvæði um þingrof hafa aldrei verið í norsku stjórnarskránni og eru alls ekki óhjákvæmilegur þáttur í framkvæmd lýðræðis. Það er raunar augljóst að þetta vald samrýmist á ýmsan hátt illa seinni tíma hugmyndum um samskipti þings og stjórnar.

Ágreiningsmál, sem kunna að koma upp á milli þessara aðila, verður að leysa með samningum án þess að handhafar framkvæmdavaldsins hóti þm. með svipu þingrofsins.

Efnahagskerfi hverrar þjóðar er flókið og viðkvæmt. Þar er m. a. lífsnauðsyn að hægt sé að gera góðar framtíðaráætlanir og góðar framtíðarspár. Þessu höfum við kynnst á síðustu misserum. Slíkar framtíðaráætlanir eru mjög undir því komnar að menn geti treyst á frambúðargildi stjórnvaldsathafna. Sú óvissa um gerðir stjórnvalda, sem þingrofsmöguleikanum fylgir, er ekki holl gróandanum í efnahagslífi. Menn hafa alveg síðan í sumar spurt sig ýmissa spurninga. Menn hafa spurt sig

að því hvort niðurstöður af samningum geti leitt til þingrofs og nýrra kosninga. Menn hafa spurt sig að því hvort ný forusta í Sjálfstfl. hyggi á landvinninga með stjórnarþátttöku og með því að kalla fram kosningar. Þetta eru einungis dæmi um þá óvissu sem þingrofsmöguleikanum fylgja. Og þetta er dæmi um óvissu sem við teljum að sé ekki holl fyrir þá frammámenn í atvinnulífinu t. d. sem eru að reyna að skipuleggja rekstur fyrirtækja sinna.

Þau tilefni, sem gjarnan eru notuð til að réttlæta þingrof, eru engin þess eðlis að ekki megi bregðast við þeim á annan og nútímalegri hátt. Ef stjórnvöldum þykir ástæða til að leita álits kjósenda í mikilvægum málum, sem koma upp á kjörtímabili þings, þá er unnt að skjóta þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að til þingrofs þurfi að koma. Og það er athyglisvert að velta því fyrir sér fræðanna vegna að handhafar forsetavalds geta rofið þing — þ. e. handhafarnir, ekki forsetinn — og það er einnig hægt að rjúfa þing sem aldrei hefur komið saman. Í þessu sambandi er fróðlegt að minnast þess ástands sem ríkti á Íslandi sumarið 1983 þegar ríkisstjórn synjaði nýkjörnu þingi um að koma saman og tveir handhafar forsetavaldsins af þremur sátu í þessari sömu ríkisstjórn.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar, sem gefin var út í janúar 1983, er lögð til sú meginbreyting að ekki verði unnt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs.

Með hliðsjón af því sem ég hef talið upp hér að framan um áhrif óstöðugleika í stjórnarathöfnum, kúgunaráhrif þingrofssvipunnar og að auki það ægivald, sem ríkisstjórnir vitanlega hafa yfir þingflokkum sínum hverju sinni, telja flm. þessa frv. að tillögur stjórnarskrárnefndarinnar gangi of skammt. Við teljum að þingrofsréttinn eigi með öllu að afnema.

Snúum okkur nú að bráðabirgðalagasetningu. Ýmislegt hefur verið rætt og ritað um það að Alþingi hafi glatað að talsverðu leyti frumkvæði í lagasetningu. Orsakir þess eru vafalaust margar og hafa ýmsar verið nefndar. Í fyrsta lagi er augljóst að ráðherrar hafa yfirburðaaðstöðu til gagnasöfnunar og tæknilegrar úrvinnslu sem varða lagasmíð. Það hefur leitt til þess að sífellt stærri hluti löggjafarstarfsins er framseldur til ráðuneyta. Þetta gerist bæði með samþykkt þáltill. og sömuleiðis ákvæðum sem sett eru í lög sem þingið samþykkir, ákvæðum sem kveða á um reglugerðasmíð embættismanna til nánari útskýringar með lögum. Um þetta má ýmislegt segja. Þetta getur átt ýmsar skýringar og sumar eðlilegar. Nútíma lagabálkar geta verið býsna langir og við smíði þeirra þarf að taka afstöðu til mjög margra atriða og upplýsingar um fjöldamörg atriði þurfa að liggja fyrir. Þess vegna er í mörgum tilfellum eðlilegt að útfærsla þeirra sé í höndum tæknimanna. Hins vegar verður að gæta þess í löggjafarstarfinu að tilætlan löggjafans a. m. k. glatist ekki í meðförum embættismannakerfisins.

Annað atriði, sem hefur verið mönnum kannske enn meiri þyrnir í augum, er að ríkisstjórnir hér hafa misnotað mjög meira en aldargamalt ákvæði í stjórnarskrá um setningu brbl. Þetta frv. miðar að því að ná aftur til þingsins hluta frumkvæðisins til lagasetningar með því að afnema rétt framkvæmdavaldsins til setningar brbl.

Rétturinn til að setja brbl. á rætur sínar að rekja til þess tíma er þing starfaði aðeins tvo mánuði á ári og þá einungis annað hvert ár. Þá var augljóst að stjórnkerfið vann ekki án þessa réttar, enda hafa ákvæði um þetta staðið í stjórnarskrá síðan hún var sett 1874. Auk þessa voru samgöngur mjög erfiðar á landinu og þess vegna mikið sambandsleysi bæði milli manna og milli landshluta. Þótt ástæður hafi þannig verið ærnar á þeim tíma fyrir heimildarákvæði sem þessu voru engu að síður gerðar þær kröfur á þeim tíma í þessari sömu stjórnarskrá að brýna nauðsyn — mjög brýna nauðsyn þyrfti að bera til ef brbl. væru sett. Þær fórnir, sem alþýða álfunnar þurfti að færa til að sækja lýðréttindi sín í hendur valdastéttanna, voru lagasmiðunum líklega í mjög fersku minni. Þess vegna var áskilið að einungis í undantekningartilfellum, þ. e. þegar brýna nauðsyn bæri til, væri þjóðhöfðingjum og ríkisstjórnum leyfilegt að setja lög.

Það leikur ekki minnsti vafi á því að ríkisstjórnir allra flokka hafa á síðari árum misnotað þennan rétt stórkostleg, réttinn til brbl.-setningar. Þær hafa vaðið áfram í setningu brbl. og alls ekki virt þessa gömlu varúðarreglu um brýna nauðsyn. Það hvarflar raunar að manni nú orðið að ríkisstjórnum virðist kærast að setja stórvirk lög um efnahagsmál í þinghléum um jól eða páska eða milli þinga. Ef það gerist, þá eru þingmönnum meinuð eðlileg skoðanaskipti um lögin, um kosti þeirra og galla, þeir verða að láta þau skoðanaskipti bíða þar til eftir gildistöku þeirra, þegar menn standa frammi fyrir þeim sem gerðum hlut. Við þessar aðstæður gefst ríkisstj. tækifæri til að króa eigin þingflokka af í herbergjum sínum og beygja þá til fylgis án þess að frjáls og eðlileg skoðanamyndun með þátttöku stjórnarandstöðu og fjölmiðla fái að eiga sér stað. Þannig koma þá fundir þingflokkanna — þingflokka ríkisstj. — fyrir luktum dyrum í stað eðlilegra skoðanaskipta og opinberrar og þinglegrar meðferðar.

Ýmsir hafa sagt þessu atferli til afsökunar að ríkisstj. gæti þess gjarnan að tryggja þingmeirihluta fyrir brbl. sínum. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi að mínu mati og okkar flm., vegna þess að þó að þingræður þyki ekki hafa stórvægileg áhrif á afgreiðslu mála í þingi, þá ber þess þó að gæta að þær opnu umræður að viðstöddum áheyrendum og fulltrúum fjölmiðlanna eiga að segja fólkinu í landinu hvernig línur skerast og hvaða skoðanir menn hafa í viðkomandi málum. Mikilvægur þáttur lýðræðisins er upplýsingin, fjölmiðlunin sem tryggir að öll sjónarmið fái að koma fram í viðkomandi máli. Með því er tryggður réttur almennings og minni hluta til þess að hafa áhrif. Um þetta snýst lýðræði. Meiri hlutinn þarf ekkert lýðræði til þess að ráða. Hann ræður hvort sem er í krafti styrks síns og yfirburðaaðstöðu. Þegar brbl. eru sett er þessi mikilvægi þáttur lýðræðisins vanræktur.

Við höfum fjöldamörg dæmi um misnotkun brbl.-heimildar. Stærst og frægust eru kannske dæmin frá sumrinu 1983, þegar sett voru brbl. um alls kyns hluti, stóra og smáa, allt frá afnámi lýðréttinda í sambandi við kjarasamninga til tollmeðferðar á gráfíkjum.

Ef svo stór tilefni gefast að ástæða þykir til að bregðast við með lagasetningu, þá er augljóst að tilefni hlýtur einnig að vera til að kalla Alþingi saman til þess að eðlileg skoðanaskipti geti farið fram. Nú orðið er hægt að gera slíkt með örstuttum fyrirvara og án nokkurs kostnaðarauka. Alþm. eru á launum allt árið. Með því boðskiptakerfi og þeim samgöngum sem nú

eru er þeim engin vorkunn að koma saman með stuttum fyrirvara. Ef mjög bráða atburði ber að, t. d. styrjaldir eða þess háttar, þá er neyðarréttur stjórnvalda hins vegar ávallt í gildi. Þannig hafa stjórnvöld ráðrúm til að bregðast við á nauðsynlegan hátt ef svo ólíklega vill til að Alþingi næst ekki saman nægilega fljótt. Af þessum ástæðum og kannske ýmsum fleirum er augljóst að brbl.-setningu þarf að endurskoða mjög vandlega. Það er fullkomlega ástæða til að efa að brbl. séu siðferðilega réttlætanleg eða nauðsynleg í sambandi við störf stjórnkerfisins.

Þegar brbl.-setning er gagnrýnd, eins og var gert óspart hér s. l. haust er slíkri gagnrýni svarað á ýmsan hátt. T. d. á þann hátt sem gert var s. l. haust þegar hæstv. forsrh. taldi upp fjölda brbl. yfir ákveðið tímabil og sagði síðan að hæstv. núverandi ríkisstj. væri svo sem ekkert verri en aðrar. Það getur vel verið. En það eru hins vegar ekki rök sem hæfir að nota. Þau rök að alltaf sé verið að setja brbl. á ekki að nota sem afsökun fyrir setningu brbl. Það að alltaf er verið að setja brbl. eru einmitt rökin gegn því að þessi aðferð sé notuð.

Ríkisstjórnum virðist sem sagt beinlínis ekki treystandi til þess að fara með það vald sem í brbl.-setningunni felst. Því teljum við að rétt sé að taka þennan beiska kaleik frá þeim. Það er vont að hafa svona freistingar fyrir þeim, því að til þess eru freistingarnar að falla fyrir þeim, eins og sagt er, og það hafa ýmsir góðir drengir fallið í þær grafir að hagnýta sér þessi réttindi.

Við höfum heyrt ýmsar réttlætingar á þessu. En mér finnst einna skemmtilegust sú sem birtist í dagblaðinu Tímanum s. l. sumar og ég ætla að lesa upp, með leyfi forseta. Þetta er skrifað í framhaldi af umræðum í fjölmiðlum um brbl.-setningu. Þá ritar þáverandi ritstjóri Tímans, Þórarinn Þórarinsson:

„Það gat verið álitamál hvort kalla ætti þing saman í sumar. Ýmis rök mæltu með og önnur ekki. Mikilvægust voru þau að ríkisstjórnin þyrfti tíma til að undirbúa frekari aðgerðir, t. d. varðandi fjármagnskostnaðinn, og myndi þinghald tefja þennan undirbúning. Betra væri líka að nokkur reynsla væri fengin af aðgerðunum áður en þingið fjallaði um þær. Þessi viðhorf réðu úrslitum."

Í þessum stutta kafla kemur margt merkilegt fram. Í fyrsta lagi kemur fram að þinghald mundi tefja undirbúning lagasetningar. Það er fróðlegt fyrir alþm. og Alþingi að fá það upplýst að þeir þvælist fyrir löggjafarstarfinu í landinu. Í öðru lagi er mjög forvitnileg sú skoðun að það sé gott að setja brbl. til þess að prófa framkvæmd þeirra á þjóðinni áður en þingið fjalli síðan um þau. Þetta er mjög athyglisvert viðhorf í lagasetningu og verðskuldar kannske einhverja umr.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar, sem ég vitnaði til hér fyrr, frá janúar 1983 er lögð til breyting á 28. gr. stjórnarskrárinnar um brbl. Í ljós kemur við lestur brtt. að þar er vald stjórnar til brbl.-setningar í raun og veru ekki þrengt samkv. tillögum nefndarinnar heldur eru lagðar til breytingar á meðferð mála. Þannig er kveðið á um að efni brbl. skuli kynnt fyrir þingnefnd áður en lögin eru sett og að lögin skuli lögð fyrir þing í þingbyrjun.

Þetta mundi út af fyrir sig horfa til bóta en breytir ekki eðli málsins, sem sé því að brbl. séu til óþurftar nema í algjörum neyðartilfellum. Og það atriði að lög skuli lögð fyrir þing í þingbyrjun er náttúrlega sjálfsögð framkvæmdaregla sem ætti að viðhafa. Við kynntumst því hér s. l. vetur, ef ég man rétt, að við vorum að samþykkja undir vor brbl. sem höfðu verið sett sumarið áður. Sá skikkur var náttúrlega algjörlega óviðunandi. En eins og ég segi, þetta er út af fyrir sig til bóta en hefur ekki áhrif á þann andlýðræðislega hátt sem er fólginn í beitingu brbl. Og jafnvel þótt brbl. væru kynnt fyrir þingnefndum, þá eru fundir þingnefnda ekki fyrir opnum tjöldum, fólkið í landinu fær ekki að vera vitni að þeim skoðanaskiptum sem þar fara fram. Þetta er því eins og ég segi leiðrétting á vondri framkvæmd en tekur ekki á kjarna málsins að mínu mati. Þessi tillaga stjórnarskrárnefndar er tilraun til að mýkja svolítið þessa ósæmilegu aðferð en tekur ekki á aðalvandanum.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem ég hef talið hér upp að framan, telja flm. þessa frv. brtt. stjórnarskrárnefndar ófullnægjandi og vilja því leggja til með flutningi þessa máls að þetta úrelta ákvæði, þetta 100 ára gamla ákvæði verði fellt úr stjórnarskrá lýðveldisins.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. Ég hef lokið máli mínu.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til stjórnarskipunarlaga fjallar um tvo þætti af reyndar fleiri þáttum sem snerta samband eða samskipti löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Ég held það sé nauðsynlegt að slík umr. fari fram hér á hv. Alþingi við og við til þess að reyna að meta stöðuna, til þess að kanna hvort sú regla sem okkar stjórnskipun hvílir á, þ. e. reglan um tvískiptingu valdsins, hvort hún sé haldin og hvort hallist á einhverja grein í ríkisvaldinu. Að vísu er það svo að stjórnarskráin er nú til heildarendurskoðunar, og ég vonast eindregið til þess að sú endurskoðun nái fram á þessu kjörtímabili þannig að hægt sé að ganga frá nýrri stjórnarskrá áður en næstu kosningar til Alþingis fara fram.

Þessar umr. um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdavalds eru ekki nýjar af nálinni og mönnum sýnist sitt hverjum oft um það hvar valdmörkin milli þessara höfuðgreina ríkisvaldsins eigi að liggja. Ég er þeirrar skoðunar, og hef látið það álit í ljós hér úr þessum ræðustól áður, að ég tel að það sé ótvírætt að framkvæmdavaldið hafi hægt og sígandi verið að teygja sig til æ meiri valda á kostnað löggjafarvaldsins og Alþingi hafi a. m. k. oft á tíðum látið sér það lynda, svo ekki sé meira sagt.

Það eru nokkur atriði í þessu sambandi sem koma í hugann. Þar af skipta að sjálfsögðu miklu máli þau tvö sem fjallað er um hér í þessu frv., þ. e. annars vegar brbl. og hins vegar þingrofsrétturinn.

Heimild ríkisstjórnar til að gefa úr brbl. var tekin í stjórnarskrá þegar í upphafi árið 1874. Segja má að þá hafi verið brýn þörf á slíkri heimild þegar reglulegt Alþingi var aðeins annað hvert ár og samgöngur allar mjög erfiðar. Í núgildandi stjórnarskrá segir: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út brbl. milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Nú samþykkir Alþingi ekki brbl., og falla þau þá úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið."

Í framkvæmd hefur þetta ákvæði verið túlkað mjög rúmt í tímans rás. Þannig hefur það verið talið heimilt

að gefa út brbl. í þinghléum, eins og oft hefur verið gert í jólaleyfi þingsins, og ákvæði um brýna nauðsyn hefur verið skilið þannig að í raun er það lagt í vald ráðh. eða ríkisstj. að meta nauðsynina og hafa þeir í reynd haft um það síðasta orð. Ég held að því fari fjarri að ríkisstjórnir hafi túlkað þetta ákvæði stranglega.

Í sambandi við útgáfu brbl. hafa oft komið upp umr. um það hvort viðkomandi brbl. njóti þingmeirihluta þegar þau eru gefin út. Hvort svo er skiptir ekki máli um gildi þeirra, og stjórnskipulega þarf ríkisstj. ekki að ganga úr skugga um það fyrir fram hvort brbl. njóti þingmeirihluta, þótt frá stjórnmálalegu og siðferðilegu sjónarmiði sé það auðvitað æskilegt.

Útgáfa brbl. hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Löggjafarstarf í heild hefur að vísu farið mjög vaxandi. Ég hef ekki tölur um það hvernig hlutfallið er á milli útgáfu brbl. og annarrar löggjöfar, en bættar samgöngur, lengri seta Alþingis en áður og möguleikar á lengri setu en nú tíðkast hefðu þó átt að gera útgáfu brbl. nauðsynjaminni en ella. Ríkisstjórnir hafa örugglega vaxandi tilhneigingu til að gefa út brbl. Ef ríkisstj. er veik á Alþingi og vafamál um þingstyrk hennar í einstökum málum er þægilegt að geta gripið til brbl. og losna þannig við óþægilegar pólitískar umr. á þingi og samningaviðræður við erfiða þm. innan stjórnarliðsins. Það er allt annað fyrir þm. að standa síðan frammi fyrir orðnum hlut og setja þannig stimpil samþykkis síns á brbl. heldur en að eiga að samþykkja þau fyrir fram sem venjulegt þingmál.

Ég er þeirrar skoðunar að í stjórnarskránni eigi að takmarka mun meira en nú er gert útgáfu brbl. Ég tel þó að slík heimild eigi að vera fyrir hendi, en ég tel að hún eigi að takmarkast við alveg sérstök tilvik t. d. stríðsástand, náttúruhamfarir eða ef einhvern skyndilegan þjóðarvoða ber að höndum. Núverandi heimild stjórnarskrárinnar, eins og hún hefur verið notuð, er allt of rúm og færir of mikið vald frá Alþingi, hinu raunverulega löggjafarvaldi til ríkisstjórnar sem er æðsti handhafi framkvæmdavaldsins.

Hinn þátturinn, sem þetta frv. grípur á, er þingrofsrétturinn. Þingrofsréttur var tekinn upp í stjórnarskrána þegar árið 1874 og þá með fyrirmynd í dönsku stjórnarskránni. Samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár verður þingrof aðallega með tvennum hætti. Það er skylt að rjúfa þing þegar breyting á stjórnarskránni hefur náð samþykki og ef Alþingi hefur samþykkt að víkja frá forseta Íslands með ákveðnum hætti. Á þetta hefur ekki reynt. En forsrh. hefur heimild til að rjúfa þing og sú heimild hefur reynst allvíðtæk. Reyndar er það oftast svo — að — í stjórnarsáttmála viðkomandi stjórnar er um það samið að það verði ekki gert nema með samykki allra þeirra flokka sem aðild eiga að ríkisstj.

Ég held að þessi þingrofsréttur sé of víðtækur. Og hann hefur reyndar stundum valdið mjög óeðlilegri niðurstöðu. Árið 1979 kom t. d. upp sú óvenjulega staða að meiri hluti Alþingis vildi rjúfa þing og efna til kosninga en þáv. forsrh. vildi það ekki. Þess vegna varð að skipta um ríkisstj. sérstaklega til að koma fram þingrofi og efna til kosninga. Á hinn bóginn getur forsrh. líka rofið þing eftir að ríkisstj. hefur misst meiri hluta á Alþingi án þess að meiri hluti þingsins vilji í raun rjúfa þingið. Og fullkominn möguleiki gæti verið á því að myndun nýrrar ríkisstj. tækist á Alþingi.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að taka þetta atriði, þingrofsréttinn til athugunar. Það er rétt, eins og fram kom hjá hv. flm., að í norsku stjórnarskránni er þingrofsréttur ekki. Hann er hins vegar í stjórnarskrám ýmissa annarra lýðræðis- og þingræðisríkja, eins og t. d. Bretlands. En ég er þeirrar skoðunar að ef þessi réttur, á að vera fyrir hendi, þá eigi hann að vera í höndum Alþingis en ekki í höndum forsrh., þannig að það sé Alþingi sem getur ákveðið að leysa sjálft sig upp og efna til nýrra kosninga, en forsrh. hafi ekki þetta vald einn eins og hann hefur nú.

Það eru reyndar önnur atriði einnig sem koma til álita í sambandi við samskipti þings og löggjafarvalds sem ekki er fjallað um í þessu frv. og ég skal rétt drepa á lauslega. Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að lengja ætti starfstíma Alþingis og talið að lengri starfstími ætti að tryggja vandaðri vinnubrögð í löggjafarstarfinu og gera síður nauðsynlega þá hraðafgreiðslu mála sem mjög oft tíðkast hér á hv. Alþingi, bæði fyrir jólaleyfi og fyrir sumarleyfi. Ég tel að Alþingi ætti þá líka auðveldara með að taka til meðferðar ýmis önnur mikilvæg mál, sem ekki snerta beint löggjafarstarf, t. d. ýmsa mikilvæga flokka eins og utanríkismál.

Það hefur tíðkast hér á Alþingi að ég held allar götur síðan ég kom hingað 1979 að skýrsla utanrrh., sem er veigamikil skýrsla og fjallar um stöðu Íslands í alheiminum og stefnu okkar í utanríkismálum, hefur orðið hálfgert hornreka. Umræður um hana hafa oft fallið saman við lokaannir þingsins og stundum jafnvel farið fram að næturlagi. Það tel ég ekki góð vinnubrögð. Ég tel að með lengri starfstíma væri unnt að skipa umræðum um mikilvæg mál eins og þessi á annan veg. Það mætti hugsa sér að stytta verulega sumarleyfi en hafa t. d. Alþingi starfandi í þremur meginönnum, þ. e. haustönn fram undir áramót, sem gæti þá hafist fyrr á haustin, síðan mætti hafa miðsvetrarhlé, sem mætti hugsa sér lengra, en jólaleyfi er nú, og hefja aftur störf t. d. í byrjun febrúar og starfa þá t. d. í tvo til þrjá mánuði. Síðan mætti hugsa sér sumarþing einnig. Þessu má auðvitað koma fyrir á ýmsan annan hátt, en meginatriðið tel ég vera að Alþingi eigi að starfa lengur. Þingmennska er nú launuð sem fullt starf og af þeim sökum er hægt að gera þá kröfu að þingið sitji lengur en nú tíðkast.

Ég hef einnig talið, þó það sé kannske meira formsatriði en efnis, að starfskjör og stöðu æðstu embættismanna þingsins ætti að taka til endurskoðunar. Ég hef verið þeirrar skoðunar að staða og embættiskjör forseta Sþ. ættu t. d. að vera fyllilega sambærileg við stöðu og starfskjör ráðherra. Sama má reyndar segja um forseta deilda. Þetta eru þeir menn sem bera ábyrgð á starfi þingsins. Þeir eru yfirmenn allra starfsmanna þingsins. Þeir bera ábyrgð á móttöku gesta, sem eru allmargir til þingsins, bæði erlendra og innlendra. Starf þeirra er því í rauninni miklu umfangsmeira og meira en starf almennra þingmanna. Því hef ég talið að stöðu og starfskjör þessara æðstu embættismanna ætti að taka til gagngerðrar endurskoðunar og gera þau sambærileg starfskjörum og stöðu ráðherra. Ég tel að þó að það sé eins og ég sagði, meira formsatriði heldur en efnisatriði sé það þó liður í því að gera Alþingi jafn rétthátt og ríkisstjórnina, þ. e. að löggjafarvaldið sé að þessu leyti sambærilegt við framkvæmdavaldið.

Ég vil nefna enn eitt atriði sem snýr fyrst og fremst að

þinginu sjálfu og þm. Það hefur tíðkast og fer vaxandi, eftir því sem mínar athuganir benda til, að við samningu mjög flókinna og umfangsmikilla lagabálka er Alþingi stöðugt að afsala sér meira valdi til framkvæmdavaldsins í því formi að kveða á um að ákveðnum efnisatriðum skuli skipa með reglugerðum. Þessi atriði eru mjög veigamikil í mörgum lagabálkum. Í því felst í raun og veru það að Alþingi er að afsala sér valdi til framkvæmdavaldsins til að kveða á um mjög mikilvæga þætti. Það er nú reyndar svo að margir umfangsmiklir lagabálkar eru samdir í stjórnarráðinu, í hinum einstöku ráðuneytum, af embættismönnum oft á tíðum. Og það er grunur minn, þó að ég skuli ekkert um það fullyrða, að þeim hinum sömu embættismönnum þyki það ekkert óþægilegt að setja inn í lögin og fá þar með í hendur vald til þess að kveða á um mikilvæga þætti sem samkvæmt eðli máls eru löggjafaratriði, en sem Alþingi afsalar sér síðan til embættismannanna með því að kveða á um að þeim skuli skipað með reglugerð. Þetta snýr auðvitað að okkur þm. sjálfum, að láta ekki slík lög fram hjá okkur fara án þess að gera breytingar þar á, en mér finnst þetta vera mjög vaxandi tilhneiging í seinni tíð.

Ég vildi, herra forseti, í tilefni af þessu frv. gera þessar athugasemdir. Ég tel nauðynlegt að hér fari fram á Alþingi við og við umræður um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu. Það frv. sem hér er fjallað um er að sjálfsögðu liður í breytingu á stjórnarskrá, en ýmislegt annað af því sem ég hef þó minnst á og skiptir máli fyrir afstöðu þings til framkvæmdavalds eru atriði sem hægt er að breyta án stjórnarskrár, jafnvel einfaldlega með breytingu á starfsháttum sjálfs Alþingis.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti vil lýsa yfir stuðningi við 1. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 7. Hún fjallar um afnám réttar til þingrofs. Ég held að hvert það þing sem kjörið er verði að bera ábyrgð á stjórn landsins þau fjögur ár sem til er ætlast. Ég tel að þingrofsréttur geti verið ákaflega viðsjárverður. Að mínu mati er hægt að leika sér með hann hreinlega í pólitískum tilgangi eins og fram hefur komið. Ég hef hins vegar meiri efasemdir um algert afnám réttar til að setja brbl. Ég tel að slík staða geti hugsanlega komið upp að það sé alger nauðsyn að nota hann, en vissulega á miklu, miklu takmarkaðri hátt en gert hefur verið. Ég vil hins vegar aðeins fá að leggja orð í belg um starfsemi Alþingis og taka undir ýmislegt af því sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér í ræðustól.

Ég held að nauðsynlegt sé að taka upp nokkuð önnur vinnubrögð hér. Það er alveg augljóst að tíminn endist okkur ekki. Ég vil minna á að sú var tíðin að hér var unnið föstudaga sem aðra daga. Ekki veit ég hvenær það var afnumið að þingfundir væru á föstudögum. En sú breyting var vísast hugsuð til þess að þm. hefðu þá möguleika á að undirbúa mál og vinna að málum. Nú hefur sú þróun orðið að sérstaklega þm. sem búa utan Reykjavíkur eru fjarverandi úr bænum þennan dag. Það er auðvitað ósköp skiljanlegt frá mannlegu sjónarmiði. En það er alveg augljóst að fjögurra daga vinnuvika er ekki nægileg. Vel mætti hugsa sér að þingfundir stæðu lengur fyrstu fjóra daga vikunnar, en síðan færu nefndarfundir að meira eða minna leyti fram á föstudögum. Ég held að annaðhvort verði að gera þessa breytingu nú eða lengja þingtímann, en það kemur vissulega til greina.

Ég vil hins vegar, ekki síst vegna þeirra utanþingsmanna sem hér eru staddir, enn einu sinni leggja áherslu á það að ég held að of mikið sé gert úr þessu langa svokallaða leyfi þm. Persónulega hef ég a. m. k. ekki haft nein sex mánaða sumarleyfi, og satt að segja á þessu ári ekkert sumarleyfi. Ég er alltaf dálítið hrædd um að það valdi miklum misskilningi þegar talað er um þetta langa sumarleyfi. Vitaskuld eru þm. að vinna mestan hluta ársins. Spurningin er kannske meira um það hversu skipulega þeir eru að vinna.

Það er hárrétt, sem fram kom í máli hv. 4. þm. Reykv., að það er stundum ekki tími til að gera skil mikilvægum málaflokkum, svo sem eins og skýrslum ráðh. Ég vil leyfa mér að minna á að hér er lögð fram árlega skýrsla um starfsemi Norðurlandaráðs. Það hefur nákvæmlega engin umr. farið fram hér í þinginu þau fimm ár sem ég hef setið hér um Norðurlandaráð. Okkur sem þar sitjum sem fulltrúar þingsins er nánast falið sjálfdæmi í ákvörðunum sem varða norræna samvinnu. Þetta er auðvitað engan veginn heppilegt. Þar er verið að fjalla um mikilsverð mál, sem varða vissulega hag íslensku þjóðarinnar ekki síður en annarra norrænna þjóða, og vissulega gætum við þarfnast tíma til að fjalla um þessa starfsemi. Að ekki sé minnst á þá fulltrúa sem sitja þing Sameinuðu þjóðanna. Hér er afar lítið rætt um þau mál áður en þeir fulltrúar fara, og ekki öllu meira eftir að þeir koma. Sýnist mér að þar muni utanrrn. gersamlega segja þm. fyrir verkum, hver sem þar situr, og þeir geri allir sem einn eins og rn. skipar þeim. Slíkt er auðvitað ekki sæmandi fyrir þjóðkjörna fulltrúa, sem sitja á Alþingi Íslendinga, að starfa þannig á alþjóðlegum þingum.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist hér aðeins á gerð frv. sem er áhugavert að ræða líka. Það er öldungis rétt, sem hann sagði, að í mörgum tilvikum eru það embættismenn framkvæmdavaldsins sem meira eða minna semja frv. Ástæðunnar fyrir því er ekki síst að leita hér innan dyra. Vilji þm. gera drög að frv., vinna það, hafi þeir fengið hugmynd að einhverju sem þeir vilja breyta, þá er því miður ekki í neitt hús að venda hér innan stofnunar til að fá aðstoð við að búa þetta frv. til. Slíkt ætti auðvitað að vera hér á boðstólum. Þm. eru þess vegna oft neyddir til að leita aðstoðar embættismanna viðkomandi málaflokka úti í framkvæmdakerfinu til þess að setja saman frv.

Ég hef áður minnst á það hér í ræðustól að auðvitað er það einn af hornsteinum lýðræðisins, hins raunverulega lýðræðis, að hver sá sem kjörinn er inn á þing hafi alla aðstöðu til að fá hugsanir sínar um breytingar á einhverju sem varðar hag þjóðarinnar tæknilega orðaðar hér innan dyra. Það á hver einasta manneskja að geta skilað frv. en ekki að beinlínis sé komið í veg fyrir það af tæknilegum ástæðum. Hér vantar auðvitað starfslið, tæknimenn. Á meðan þeir eru ekki hér halda embættismenn þjóðarinnar áfram að búa til frv. handa sér til að framkvæma. Og ekki nóg með það. Þegar frv. hefur verið vísað til n. eru þessir hinir sömu embættismenn kallaðir til umsagnar um hvernig þm. eigi að afgreiða viðkomandi frv. Þetta benti margoft á hv. fyrrv. þm. Vilmundur Gylfason. Það var hárrétt sem hann sagði um þetta. Hann mótmælti því hvað eftir annað að sömu embættismenn og hann vissi að höfðu samið viðkom-

andi frv. væru svo til kvaddir að segja sitt álit á ágæti þess. Það segir sig sjálft að þetta getur auðvitað ekki gengið.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi fá að koma hér á framfæri um leið og ég lýsi stuðningi mínum við fyrri gr. en efasemdum á 2. gr. frv. þeirra hv. þm. BJ.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og Guðrúnu Helgadóttur fyrir ágæt orð í þessu sambandi og líka þarft verk að vekja athygli á ýmsum öðrum málum í sambandi við þingið svo sem starfstíma þess. Ég er fyllilega sammála hv. þm. Birgi Ísleifi um að það er alls ekki ástæða til að láta hormónastarfsemi sauðkindarinnar ráða starfstíma þingsins lengur en orðið er. (**BÍG:** Sagði ég það?) Ég held að við þurfum að gera á því bragarbót. Mér virðist að þessir hv. þm. séu að ýmsu leyti sömu skoðunar og við Bandalagsmenn um misnotkun og órýmilega vídd þessara ákvæða sem eru í stjórnarskránni. Ég veit að vísu ekki hvort þeir túlka sjónarmið viðkomandi þingflokka. En mér finnst greinilega full ástæða til að taka þessi mál dálítið rækilega til skoðunar. Og náttúrlega er það ekki vansalaust hvað endurskoðun á stjórnarskránni, sem lengi hefur verið í gangi, hefur dregist gífurlega.

Það er augljóst að þm. liggur margt á hjarta sem stjórnarskrána varðar, enda ekki furða þar sem hún er nokkuð komin til ára sinna. Ég held því að fyllsta ástæða sé til að taka þessi mál mjög sterklega upp til endurskoðunar. Varðandi það sem fram kom hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni um heimild til bráðabirgðalöggjafar má segja að hann sé flm. að því leyti sammála að algerlega einstakar aðstæður þurfi til þess að réttlæta útgáfu brbl. Að mati okkar hafa stjórnvöld þennan rétt sem neyðarrétt án þess að um það þurfi síðan önnur sérstök ákvæði en þannig að segja má að það sé kannske tæknilegur ágreiningur.

Í sambandi við þingrofsrétt var vísað til þess í máli hv. þm. að þingrofsréttur væri í ýmsum ríkjum í kringum okkur, t. d. í Bretlandi og Frakklandi líka. Um þessi atriði eru ólíkar skoðanir í viðkomandi löndum. Þingrofsrétturinn í frönsku stjórnarskránni er að ýmsu leyti til kominn vegna sérstakra aðstæðna. Franska stjórnarskráin er má segja klæðskerasaumuð handa ákveðnum forustumanni, de Gaulle, í frönskum stjórnmálum og menn hefur síðan talsvert greint á um þetta ákvæði þar. Þó eru aðstæður nokkuð sérstakar þar vegna sérkennilegrar sambúðar framkvæmdavalds og löggjafar.

Ég er alveg sammála því sem fram kom í máli hv. þm. í sambandi við starfsaðstöðu og starfskjör forseta og sömuleiðis um meðferð utanríkismála á þessu þingi, sem ég tel að sé mjög ábótavant. Málið er nefnilega það, að við getum sagt að með þeim aðferðum sem nú eru hafi Alþingi í raun og veru einungis umsagnarrétt um það sem utanrrh. aðhefst á hverjum tíma. Sú hefur orðið raunin í þessum málaflokki að Alþingi mótar ekki stefnu í utanríkismálum en er má segja á þeim endanum sem tekur við skýrslum frá ráðh. um það sem hans rn. hefur ákveðið og framkvæmt í þeim efnum. Og í þokkabót gefst kannske varla tími, eins og hv. þm. sagði, til að ræða þessa skýrslu þegar að henni kemur síðan. Að öðru leyti fara umræður um utanríkismál fram sem fyrirspurnir eða umr. utan dagskrár eða á einhvern hátt utan þeirra eðlilegu farvega sem utanríkismál ættu að hafa.

Í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur kom fram stuðningur við niðurfellingu þingrofs en efasemdir um algert afnám réttarins til að setja brbl. sem hún taldi nauðsynlegan við sérstakar aðstæður. Segja má að það sé samhljóða því sem hv. þm. Birgir Ísleifur sagði, að við ákveðnar aðstæður, svo sem eins og styrjaldaraðstæður eða náttúruhamfarir, þyrfti þessi réttur að vera fyrir hendi. Síðan er ég sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um hlutdeild ráðuneytamannanna í lagasetningunni. Það er nefnilega orðið þannig, að sá hluti lagasmíðarinnar sem er hreinlega ekki framseldur beint til rn., annaðhvort með reglugerðasmíði, eins og ég sagði áðan, eða með því að meðtaka stjórnarfrv., — sá hluti sem enn er þó að forminu til í höndum þingsins fer í raun til ráðuneytamanna líka, vegna þess að til þeirra er leitað um ráðleggingar, orðalag, upplýsingar og annað sem málið varðar, og síðan eru það þeir sem oftast er leitað til um upplýsingar þegar viðkomandi frv. er rædd í n.

Mér eru mjög minnisstæðar þær umr. sem fóru fram í hv. sjútvn. á síðasta þingi þegar rætt var um svokallað kvótafrv. Ég held ég muni það rétt að á hverjum einasta fundi sjútvn. Nd. sat ráðuneytisstjóri sjútvrn. Það er kannske fulllangt gengið að segja að hann hafi verið þar fundarstjóri, en hann var þar nánast fundarritari og tók að mínu mati óeðlilegan þátt í starfsemi þingnefndarinnar. Þó að viðkomandi ráðuneytisstjóri sé auðvitað ágætur maður og fullkomlega fær um að sinna sínu hlutverki, þá voru það ekki eðlileg vinnubrögð. En þau eru því miður ekkert einsdæmi.

Til viðbótar við þau atriði sem hér hafa verið til umr. um starfsemi þingsins og samskipti valdþáttanna eru þm. BJ með fleiri mál. Þar er annars vegar um að ræða eftirlitsstörf Alþingis í sambandi við starfsemi þingnefnda og umboðsstörf þingmanna í stofnunum framkvæmdavaldsins. En að þeim efnum munum við koma þegar mælt verður fyrir þeim málum sérstaklega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. 31. mál (þskj. 31). — 1. umr.

Flm. (Kristófer Már Kristinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni að flytja á þskj. 31 frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

44. gr. núgildandi stjórnarskrár hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Embættismenn þeir sem kosnir verða til Alþingis þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt sem stjórnin telur nægja."

Í tillögum stjórnarskrárnefndar er lagt til að niðurlag fyrri málsgr. og önnur málsgr. öll falli niður. Í því frv. sem ég tala hér fyrir er gert ráð fyrir því að fyrri málsgr. standi óbreytt, en önnur málsgr. hljóði svo, með leyfi forseta:

„Alþingismenn setja lög og hafa eftirlit með framkvæmd laga, en er óheimilt að vinna umboðsstörf í þágu framkvæmdavalds og stofnana þess."

51. gr. núgildandi stjórnarskrár hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi og eiga þar rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins að þeir séu jafnframt alþingismenn."

Í tillögum stjórnarskrárnefndar er gert ráð fyrir að þessi grein hljóði svo, með leyfi forseta:

„Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins að þeir séu jafnframt alþingismenn."

Í þeim brtt. sem ég mæli hér fyrir er gert ráð fyrir að ráðherrum sé óheimilt að vera jafnframt alþingismenn og lagt til að 51. gr. hljóði svo, með leyfi forseta:

„Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt."

Herra forseti. Mörgum þykir undarlega hljótt hafa verið um skeið um stjórnarskrá og breytingar á henni. Líkleg skýring er að breytingarþörf stjórnmálaflokkanna hafi verið fullnægt í síðustu kosningum þegar fulltrúar þeirra laumuðust með leiðréttingar á stundarhagsmunum sínum í gegnum þær. Það er það sem menn hafa kallað rassvasabreytinguna vegna þess að frambjóðendur flokkanna véku nær allir í engu að tilefni kosninganna, sem var breyting á stjórnarskránni, ekki til að leysa úr brýnu óréttlæti gagnvart þegnunum, heldur til að leiðrétta sundurdráttarmisvægi í hinu pólitíska dilkfélagi fjórflokkanna. Þessa framferðis gagnvart þjóð og stjórnarskrá verður minnst meðan byggð er í þessu landi.

Hér skal ítrekuð sú skoðun að stjórnarskrá er ekki ætlað að tryggja tilveru eða hagsmuni stjórnmálaflokka, heldur réttindi þegnanna og tilveru samfélags þeirra. Jafnframt er lögð áhersla á að þegnarnir eiga heimtingu á því að segja álit sitt á stjórnarskránni og fyrirhuguðum breytingum á henni með beinni og ótvíræðari hætti en í almennum þingkosningum, þar sem eins víst er að það henti ekki frambjóðendum að gefa kjósendum nokkurra kosta völ. Hv. alþingismenn hafa ekkert umboð til þess að semja sín á milli um breytingar á stjórnarskránni án þess að kjósendum gefist kostur á að láta álit sitt í ljós á ótvíræðan hátt.

Ég er þeirrar skoðunar að boða eigi til þjóðfundar. Til hans á að kjósa í almennum kosningum með jöfnum atkvæðisrétti. Hlutverk hans á að vera að fara yfir tillögur þær sem fram hafa komið og fram kunna að koma til breytinga á stjórnarskránni og leggja frv. til stjórnarskipunarlaga fyrir Alþingi, sem skal þó í engu bundið af niðurstöðum þjóðfundar. Jafnframt er ég þeirrar skoðunar að til þess að einfalda þjóðinni að segja álit sitt á nýrri stjórnarskrá eigi hið háa Alþingi að samþykkja nú þegar, eða tímanlega fyrir næstu kosningar, 83. gr. tillagna stjórnarskrárnefndar, sem kveður á um þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni. Í rauninni hefði sú grein verið skikkanlegt tilefni til kosninga og vafalítið er að málstaður hv. þm. væri öllu skárri, jafnvel góður, ef þessi breyting hefði verið tilefni síðustu kosninga.

Herra forseti. Í grg. sem fylgir frv. segir, með leyfi forseta:

„BJ telur að mörg helstu varnarákvæði þjóðarinnar megi rekja til skerðingar á löggjafarhlutverki Alþingis og eðlilegra tengsla hinna ólíku valdþátta þjóðfélagsins. Tillaga sú til breytinga á stjórnarskipunarlögum, sem hér er flutt, tekur til starfshátta og tilhögunar á Alþingi. Þessar breytingar mundu að mati flm. styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og auka sjálfstæði þess með því að banna þm. umboðsstörf í þágu framkvæmdavaldsins.

Alþingi hefur, að mati BJ, orðið að eins konar afgreiðslustofnun ríkisstjórna og af þeim sökum sett ofan, ekki einungis í augum þjóðarinnar heldur og í raun. Framangreindar breytingar mundu auka traust fólksins í landinu á Alþingi og þeim störfum sem þar eru unnin.

Hlutverk Alþingis á að vera að setja almennar leikreglur fyrir þjóðina en framkvæmdavaldsins að framkvæma og taka sértækar ákvarðanir. Samband þessara tveggja ólíku þátta ríkisvaldsins, eins og því er nú háttað, hefur leitt þjóðina út í alvarleg efnahagsvandræði sem ekki munu leysast fyrr en um þessi nánu tengsl verður losað. Nægir í því sambandi að nefna vanda þann sem blasir við þjóðinni í orku-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

Til að forðast óeðlilegt samkrull hinna ólíku þátta ríkisvaldsins verður það að vera ein af grundvallarreglum stjórnskipulagsins að sami maðurinn megi ekki gegna áhrifastöðum í tveim eða þrem ólíkum valdþáttum á sama tíma. Mannlegt eðli leyfir ekki að menn skipti um ham kl. 14 þegar þingfundir hefjast. Maður, sem tekur sértækar ákvarðanir á morgnana, er ekki hæfur til að setja almennar leikreglur eftir hádegi. Til að koma í veg fyrir þetta er lagt til að bundið verði í stjórnarskrá að alþingismenn megi ekki gegna umboðsstörfum í þágu framkvæmdavaldsins. Er með því átt við að allir þeir, sem hafa á einhvern hátt vald eða heimild til að taka ákvarðanir í umboði framkvæmdavalds, ráða menn til vinnu eða hafa áhrif á stjórn banka eða ríkisstofnana eða fyrirtækja o. s. frv., verði að láta af slíkum störfum hljóti þeir kosningu til Alþingis, eða öfugt. Æðstu menn framkvæmdavaldsins eru ráðherrar. Stöðu sinnar vegna hljóta þeir að eiga sæti á Alþingi og vera tengiliður löggjafans og framkvæmdavaldsins. Hins vegar hlýtur það að teljast óeðlilegt að þeir geti haft áhrif á störf löggjafans með atkvæði sínu. Ráðherravöldin ein ættu að nægja.

Herra forseti. Ég ítreka þá skoðun flm. þessa frv. að það sé fullkomlega óeðlilegt að hv. þm. séu að vasast í bankaráðum, sjóðum og stjórnum fyrirtækja sem heyra undir ríkisstjórnir. Því verður vart haldið fram að skortur á hæfum einstaklingum utan þings sé meginástæða þess að hv. þm. fórna dýrmætum tíma sínum í störf af þessu tagi. Nú kann að vera að hv. þm. geti ekki án þeirra þóknana verið sem fyrir þessi störf fást. Þó hef ég enga trú á því að þar sé um stórar upphæðir að ræða. En sé þetta raunin verða hv. þm. að hafa í sér einurð og kjark til að tryggja sér þingfararkaup sem geri þeim kleift að sinna þingstörfum af þeirri samviskusemi og reisn sem hugur þeirra stendur til. Það verður ekki fram hjá því gengið í þessu sambandi að þau völd sem fylgja umboðsstörfum freisti hv. þm. og jafnvel heldur ekki með öllu óhugsandi að þar ráði brennandi þjónustulund gagnvart landi og þjóð.

Herra forseti. Samt sem áður teljum við slíkt algerlega óverjandi. Ekki er einungis að með þessu sé

virðingu hins háa Alþingis misboðið og þar með þjóðarinnar allrar, heldur er sjálfstæði þingsins bæði til lagasetningar og eftirlits í hættu stefnt. Það er einnig ekki lítilvæg röksemd í þessu efni að ástæðulaust virðist með öllu að hv. þm. séu að þvælast fyrir framkvæmdavaldinu með setu í stjórnum og ráðum sem snerta valdsvið þess. Má ætla að framsæknum og róttækum ríkisstjórnum sé ærið viðfangsefni að kljást við tregðuna í embættismannakerfinu gagnvart breytingum þó að við varðhunda stjórnmálaflokka sé ekki einnig að fást.

Herra forseti. Nú skal ekki gera því skóna að allir fulltrúar, sem hið háa Alþingi kýs til setu í stjórnum og ráðum, séu varðhundar eða hagsmunagæslumenn eins eða neins, nema þá eigin sannfæringar og drengskapar.

Herra forseti. Hér er einnig lagt til að ráðherrar séu ekki jafnframt alþingismenn. Augljóst er, a. m. k. að mati flm., að aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds hlýtur að vera gagnkvæmur. Enda verður ekki annað séð en að starfi ráðh. sé ærinn þó svo að ekki bætist þar ofan á þingmannsskyldur. Það er mjög mikilvægt í þessu samhengi að leitast sé við að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum. Virkt og ábyrgt eftirlit og aðhald af hálfu löggjafarvaldsins er mun skynsamlegri og farsælli leið en það samkrull þessara þátta sem hefðir hafa skapast um hérlendis.

Herra forseti. Hér er að mati flm. tekist á um grundvallaratriði í pólitík. Við viljum leggja á það áherslu að verði þessar breytingar að lögum þá verði hér á hinu háa Alþingi lag til þess að fjalla minna um bókhald og skrifstofustörf af ýmsu tagi og hv. þm. geti snúið sér í auknum mæli að ábyrgu frumkvæði í lagasetningu, og fjalli um grundvallaratriði í stefnumörkun, t. d. í málefnum undirstöðuatvinnuveganna. Ég á við t. d. að í sjávarútvegi er að mínu mati tekist á um tvö grundvallaratriði. Annars vegar réttlæti gagnvart þeim sem byggja lífsafkomu sína á atvinnugreininni og jafnvægi í byggð. Hins vegar er þörfin fyrir hagkvæmasta gjaldeyrisöflun, það er hámarkshagkvæmni og efnahagslegan bata. Þetta eru andstæð sjónarmið, ekki ósættanleg, en á mati á þessum þáttum hlýtur framtíðarstefna okkar að byggjast.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Fimmtudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 148 flytur ríkisstj. frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Með þessu frv. er lagt til að lögfest verði samkomulag er tekist hefur með ríkisstj. og Swiss Aluminum Ltd. um tilteknar breytingar á aðalsamningi þeirra frá 28. mars 1966, með síðari breytingum, um álbræðslu við Straumsvík, samfara breytingum á rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf., er honum fylgir. Eru breytingar þessar settar fram í svonefndum þriðja viðauka við aðalsamninginn, dags 5. nóv. 1984, sem iðnrh. hefur undirritað fyrir hönd ríkisstj. með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis.

Viðauki þessi er lagður fram sem hluti af frv., en honum fylgja eftirtaldir viðaukar við fylgisamninga aðalsamningsins er gerðir voru samtímis og eru lagðir fram til upplýsingar sem fskj. með greinargerð þessari:

1. Þriðji viðauki við rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og ÍSALs.

2. Þriðji viðauki við aðstoðarsamning — rekstur milli ÍSALs og Alusuisse.

3. Breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenska álfélagið hf.

Þá eru lagðir fram til upplýsingar sem fskj. með grg. þessari tveir samningar sem einnig voru undirritaðir hinn 5. nóv. 1984 jafnframt undirritun þriðja viðauka við aðalsamninginn. Þar er þessara fskj. að geta:

1. Sáttargerðarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. varðandi lausn deilumála milli aðilanna í framhaldi af því sem um var samið í því efni í 1. gr. bráðabirgðasamnings milli aðila frá 23. sept. í fyrra.

2. Samkomulagsbréf milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. varðandi framhald viðræðna um tiltekin málefni skv. öðrum greinum í nefndum bráðabirgðasamningi.

Efni þeirra samninga sem hér um ræðir eru í þremur meginþáttum:

Í fyrsta lagi hefur náðst fullt samkomulag milli ríkisstj. og Alusuisse um lausn á öllum deilumálum þeirra vegna liðins tíma, og þá sérstaklega þeirra ágreiningsefna varðandi framleiðslugjald ÍSALs sem lögð voru fyrir dómnefndir lögfræðinga og skattasérfræðinga á s. l. vetri skv. ofangreindum bráðabirgðasamningi er kynntur var á Alþingi í okt. 1983. Felst samkomulag þetta í umræddum sáttargerðarsamningi er hefur verið staðfestur sem dómsátt fyrir dómnefndum þessum og mun taka gildi sem slíkur ef frv. þetta verður að lögum.

Í öðru lagi er samið um tilteknar breytingar á nokkrum ákvæðum aðalsamningsins um álbræðsluna sem gerðar eru í tengslum við sáttargerðarsamninginn. Varða nokkrar þeirra framleiðslugjald ÍSALs og fjalla um sum þeirra atriða er urðu að deiluefni á liðnum tíma, en aðrar fjalla um eignaraðild að ÍSAL og er ætlað að gera Alusuisse kleift að framselja hluti í félaginu til dótturfélaga sinna í einkaeign og einnig til óskyldra aðila, sem svarar allt að 50%. Eru þetta þær heimildir sem ráðgerðar voru skv. mgr. 3.3 í bráðabirgðasamningnum og er ætlað að greiða fyrir möguleikum á stækkun álbræðslunnar. Samfara þessum atriðum er gerð breyting á ákvæðum í aðstoðarsamningi — rekstri milli ÍSALs og Alusuisse og á stofnsamningi og stofnsamþykktum ÍSALs.

Í þriðja lagi er samið um grundvallarbreytingar á ákvæðum rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSALs sem fela í sér endanlegt samkomulag um verðlag á orku til álbræðslunnar næstu 20 árin, þ. e. þau tæplega 10 ár sem eftir eru af yfirstandandi samningstímabili og næsta 10 ára tímabil þar á eftir. Jafnframt eru ákvæði um

hversu með skuli fara, ef samningar verða framlengdir eftir þann tíma, þ. e. á síðara 10 ára viðbótartímabilinu sem til greina getur komið skv. núgildandi samningum. Í hinum nýju ákvæðum um orkuverð felst stórfelld breyting til hækkunar frá fyrra verði, auk þess sem tryggðir eru möguleikar til endurskoðunar á samningsskilmálum eftir breyttum aðstæðum í framtíðinni. Með þeim er að fullu lokið þeirri endurskoðun á rafmagnssamningnum sem að var stefnt með bráðabirgðasamningunum frá 1983.

Auk þess er staðfest með ofangreindu samkomulagsbréfi að viðræðum verði haldið áfram milli aðila um önnur málefni, þ. e. fyrst og fremst um skattamál ÍSALs og möguleika á stækkun álbræðslunnar.

Við framlagningu samninganna á Alþingi er við það miðað að þeir hljóti sömu meðferð og var í upphafi um álsamningana frá 1966. Var aðalsamningurinn þá staðfestur með lögum nr. 76/1966 og honum veitt lagagildi, en aðrir samningar lagðir fram sem fskj. til kynningar. Þessari aðferð var einnig fylgt við gerð fyrsta viðauka við samningana, sbr. lög nr. 19 frá 1970, er samið var um að flýta byggingu annars kerskála bræðslunnar og lengja hinn fyrsta, og annars viðauka við samningana, sbr. lög nr. 42 frá 1976, er samið var um breytingar á reglum um framleiðslugjald ÍSALs, hækkað orkuverð fyrir rafmagn til álversins frá Landsvirkjun og heimild til stækkunar hjá ÍSAL.

Í samræmi við þetta og 51. gr. aðalsamningsins er hinn nýi þriðji viðauki við aðalsamninginn lagður fram til staðfestingar af hálfu Alþingis sem hluti af frv. þessu, en hinir samningarnir til kynningar. Jafnframt er gildistaka allra samninganna, þar á meðal sáttargerðarsamningsins, tengd gildistöku viðaukans við aðalsamninginn, þannig að þeir öðlist ekki gildi fyrr en frv. um staðfestingu hans er orðið að lögum. Á meðan gilda ákvæði bráðabirgðasamningsins um orkuverð eins og verið hefur að undanförnu.

Hér á eftir fylgir stutt greinargerð um aðdraganda samninganna og almennt efni þeirra. Í þessari framsögu mun ég gera nánari grein fyrir samningunum og einstökum atriðum málsins. Jafnframt geri ég ráð fyrir því að koma megi að frekari skýringum við meðferð málsins á Alþingi, eftir því sem ástæða þykir til og vík ég að því síðar.

Með greinargerð þessari fylgir umsögn forstjóra og aðalforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi hennar. Síðan fylgir henni íslenskur texti hinna svonefndu fylgiviðauka með viðaukanum við aðalsamning, þ. e. viðaukans við rafmagnssamninginn, viðaukans við aðstoðarsamning — rekstur og breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenska álfélagið. Þar á eftir fylgir hinn íslenski texti sáttargerðarsamningsins, og að lokum er samkomulagsbréfið í íslenskri þýðingu. Ég vil þá fyrst víkja að aðdraganda samninganna.

Samkomulagið milli ríkisstj. og Alusuisse um lausn deilumála og samningar þeir, sem nú liggja fyrir, eru árangur af því starfi sem unnið hefur verið á vegum ríkisstj. frá því á miðju sumri 1983, skömmu eftir að hún tók við völdum. Á þeim tíma höfðu ágreiningsmál út af skattlagningu ÍSALs varað í nær þrjú ár. Hafði fjmrn. endurákvarðað framleiðslugjald félagsins fyrir árin 1976—1980 og bætt við það viðurlögum, og jafnframt boðað lögtaksaðgerðir til að framfylgja greiðslukröfum á hendur félaginu. Til að afstýra þeim vísaði Alusuisse málinu í alþjóðlegan gerðardóm á vegum ICSID (International Center of Settlement of Investment Disputes) með bréfi dags. 29. apríl 1983. Hafði iðnrn. fallist á þá málsmeðferð fyrir sitt leyti með bréfi 9. maí 1983, enda var hún í samræmi við ákvæði samninga um álbræðsluna.

Núverandi ríkisstj. ákvað hins vegar að kanna möguleika á að taka málið öðrum tökum. Hinn 14. júní 1983 skipaði ég sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, sem m. a. var falið að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins og um að orkuverð yrði hækkað og viðræður hafnar milli aðila um endurskoðun gildandi samninga um rekstur álbræðslu Íslenska álfélagsins í Straumsvík.

Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar, formaður, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og dr. Gunnar G. Schram prófessor og alþm. Með nefndinni hefur starfað Páll Flygenring ráðuneytisstjóri og Hjörtur Torfason hrl., lögfræðilegur ráðunautur iðnrn. í stóriðjumálum. Ritari nefndarinnar hefur verið Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

Á fundum samninganefndarinnar með fulltrúum Alusuisse og ÍSAL þá um sumarið náðist samkomulag sem staðfest var af ríkisstj. og undirritað af mér í formi áðurgreinds bráðabirgðasamnings hinn 23. sept. 1983. Í þeim samningi var annars vegar kveðið á um aðferðir til að leita skjótari lausnar á yfirstandandi deilum með því að leggja ágreiningsefni fyrir tvær sérstakar dómnefndir og hins vegar um að stofna til viðræðna um orkuverð og önnur málefni varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar í Straumsvík. Jafnframt var samið um verulega hækkun á orkuverði þann tíma sem viðræður um endurskoðun samninga stæðu yfir.

Strax eftir undirskrift bráðabirgðasamningsins var hafist handa um undirbúning frekari samningaviðræðna, og komu samninganefndir aðilanna saman til fundar í okt. 1983, þar sem ákveðið var um fyrirkomulag viðræðnanna og skipun undirnefnda vegna nauðsynlegrar upplýsingaöflunar og undirbúningsstarfs fyrir hinar eiginlegu samningaviðræður. Þar var annars vegar um að ræða undirnefnd til að afla upplýsinga um orkukostnað áliðnaðar í Evrópu og Ameríku sem og samkeppnisstöðu álframleiðslu á Íslandi, og hins vegar undirnefnd sem ætlað var að fjalla um og gera athuganir á breyttu skattkerfi fyrir ÍSAL.

Að því er varðar samningaviðræður um endurskoðun orkuverðs hefur samninganefnd um stóriðju haft samráð við sérstaka stjórnarnefnd stjórnar Landsvirkjunar, sem skipuð var í lok okt. 1983 til þess að annast samningaviðræðurnar af hálfu Landsvirkjunar. Í nefnd þessari eiga sæti Baldvin Jónsson hrl., formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. og Böðvar Bragason sýslumaður. Nefndin og fulltrúar hennar hafa tekið þátt í samningafundum samninganefndar um stóriðju þegar endurskoðun rafmagnssamningsins hefur verið á dagskrá. Í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamningsins fór fram umfangsmikil gagnasöfnun á vegum nefndanna varðandi orkuverð og aðra samkeppnisstöðu álbræðslunnar í Straumsvík í samanburði við sambærileg fyrirtæki, einkum í Evrópu og Norður-Ameríku.

Fyrsti samningafundurinn eftir undirritun bráða-

birgðasamningsins, var haldinn í Reykjavík í ársbyrjun. Annar samningafundur var haldinn í byrjun febr. og höfðu nefndirnar þá skipulagt tíða fundi fram á vorið. Um þetta leyti forfallaðist einn af aðalsamningamönnum Alusuisse vegna veikinda og urðu aðilar sammála um að gera hlé á fundum meðan á því stóð. Var tíminn notaður til frekari vinnu að athugunum á samkeppnisstöðu álframleiðslu á Íslandi og öðrum tæknilegum þáttum málsins, sem reyndust tímafrekari en áætlað hafði verið.

Í maímánuði var aftur tekið til við eiginlegar samningaviðræður og í júní var kominn á þær verulegur skriður að því er tók til endurskoðunar orkuverðs. Hins vegar var þá jafnframt orðið ljóst að meðferð deilumála fyrir dómnefndum ætti enn langt í land. Sú skoðun kom fram hjá báðum aðilum að þetta gæti orðið verulegur hemill á framvindu samningsviðræðnanna og árangur af þeim, þannig að ástæða væri til að kanna hvort unnt væri að leysa deilumálin með öðrum hætti, þ. e. með sáttargerð. Á fundi samninganefndanna í Reykjavík í lok júlí var þetta tekið gagngert til umræðu samhliða öðrum málefnum sem fyrir fundinum lágu. Samkomulag náðist um að vinna að sáttargerð á grundvelli tiltekinna efnisatriða og yrði sáttargerðin liður í þeim heildarsamningum aðila sem að var stefnt með bráðabirgðasamningunum. Í samræmi við þetta var lögmönnum aðila falið að óska eftir því við dómnefndirnar tvær að frekari málsmeðferð hjá þeim yrði frestað meðan aðilar könnuðu til botns hvort ná mætti sáttum í málinu.

Á samningafundum í ágúst til okt. einbeittu aðilar sér að þessari könnun samtímis því að viðræðum um rafmagnssamninginn var haldið áfram.

Sá árangur hefur nú náðst að sáttargerðarsamningurinn hefur verið undirritaður. Jafnframt hefur tekist fullt samkomulag um endurskoðun rafmagnssamningsins, eins og að framan greinir. Aðrir þættir þeirrar endurskoðunar á samningum aðila, sem ákveðin var með bráðabirgðasamningnum, hafa allir verið til umfjöllunar á samningafundum það sem af er, þó að ekki hafi verið unnt að leiða þá til lykta að svo stöddu. Hafa aðilar orðið sammála um að ganga endanlega frá þeim þáttum, sem meðferð er lokið á, bæði vegna mikilvægis þeirra sjálfra og svo hins, að bið eftir frekari viðræðum um aðra þætti mundi valda mjög verulegri seinkun á afgreiðslu þeirra og þá einnig nokkurri óvissu um afdrif málsins.

Með frv. þessu er leitað staðfestingar Alþingis á þeim niðurstöðum viðræðnanna sem þannig hafa náðst í þessum áfanga. Jafnframt verður viðræðum um aðra þætti haldið áfram, eins og fyrr greinir.

Um starf dómnefndanna er þetta að segja: Í fyrsta kafla bráðabirgðasamningsins frá 23. sept. í fyrra var fjallað um lausn á deilu aðila út af framleiðslugjaldi ÍSALs, fyrir árin 1976—1980, sem upp kom í árslok 1980 og var komin í alþjóðlegan gerðardóm. Mátti við því búast, að sú meðferð málsins yrði flókin og langvinn, þar sem deilan var margþætt og engin samstaða um meðferð hennar. M. a. var alls óvíst hvort unnt yrði að ljúka málinu í einni lotu, án þess að frávísunaratriði og deilur um málsmeðferð eða um einstaka þætti yrðu til að tefja fyrir framvindu þess í heild. Gæti deilan þannig staðið a. m. k. 2—3 ár og orðið kostnaðar- og fyrirhafnarsöm að því skapi.

Ekki var grundvöllur til að ná sáttum um málið haustið 1983, en hins vegar náðist samkomulag um að einfalda meðferð þess í verulegum mæli og gera hana hraðvirkari. Var aðferðin til þess einkum sú að skipa deiluefnunum í tvo aðalflokka, sem hvor um sig yrði falinn sérstakri dómnefnd sérfræðinga til álitsgerðar eða úrskurðar samhliða. Loks yrði tölulegur útreikningur í málinu falinn þriðju dómnefndinni, sem mundi annast endurreikning framleiðslugjaldsins ef og eftir því sem við ætti í ljósi álitsgerða hinna nefndanna. Að sjálfsögðu var erfitt að fullyrða hversu langan tíma þessi málsmeðferð tæki, en samninganefndir aðila töldu ástæðu til að ætla að niðurstöður aðalnefndanna tveggja gætu legið fyrir þegar um vorið 1984. Skyldi að því stefnt að svo yrði innan sex mánaða frá skipun þeirra.

Af dómnefndunum skyldi hin fyrsta skipuð þremur lögfræðingum, sérfróðum um samskipti af alþjóðlegum toga, og a. m. k. formaðurinn vera af hlutlausu þjóðerni. Þeirri nefnd var m. a. ætlað að skila álitsgerð um ágreiningsatriði í sambandi við verðlagningu á hráefnum (súráli og anóðum) frá Alusuisse til ÍSALs og beitingu hinnar umsömdu reglu um að fara eftir hlutlægum mælikvarða í viðskiptaháttum milli óskyldra aðila (reglunni um viðskipti í seilingarfjarlægð, at arm's length).

Aðilarnir skipuðu fulltrúa í þessa dómnefnd í okt. 1983. Alusuisse tilnefndi Leon Silverman, kunnan lögmann í New York. Ég tilnefndi Stanley S. Surrey, prófessor í skattarétti við lagadeild Harvard-háskóla. Þessir tveir dómnefndarmenn völdu síðan sameiginlegan formann nefndarinnar, Philip F. Vineberg, lögmann í Montreal. Hann var skipaður í byrjun desembermánaðar 1983. Prófessor Surrey lést í lok ágústmánaðar s. l. Í hans stað tilnefndi ég Hugh J. Ault, prófessor í skattarétti við lagadeild Boston College, í dómnefndina. Þinghöldum dómnefndanna var valinn staður í New York.

Önnur dómnefndin skyldi skipuð þremur íslenskum skattasérfræðingum og skila álitsgerð um tiltekin málefni, sem meira voru af bókhaldslegum toga, svo sem um afskriftareglur og meðferð á gengistöpum. Þessi dómnefnd var skipuð í okt. 1983. Þar sátu af hálfu ríkisstj. Ólafur Nílsson, löggiltur endurskoðandi, en af hálfu Alusuisse Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi. Þeir tilnefndu með samkomulagi Guðmund Skaftason, hrl. og löggiltan endurskoðanda, sem formann dómnefndarinnar. Þinghöld þessarar nefndar voru ákveðin í Reykjavík.

Gert var ráð fyrir að þriðja dómnefndin yrði skipuð þegar hinar tvær hefðu lokið störfum. Áttu ríkisendurskoðandi og endurskoðendur ÍSALs, sem færu með eitt atkvæði saman, að skipa dómnefnd þessa ásamt formanni sem aðilar kæmu sér saman um.

Til að annast flutning mála fyrir dómnefndum af Íslands hálfu skipaði ég þrjá talsmenn, þá Ragnar Aðalsteinsson hrl., Eirík Tómasson hrl. og Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í iðnrn. Þessir lögfræðingar hafa farið sameiginlega með málin og haft um þau samráð við dr. Gunnar G. Schram og Hjört Torfason, vegna samninganefndar um stóriðju. Charles J. Lipton, lögmaður í New York, hefur verið lögfræðilegur ráðunautur vegna dómnefndarmálsins þar í borg og hafði raunar verið aðallögfræðilegur ráðunautur fyrrv. ríkisstj. við rekstur málsins fyrir gerðardóminum.

Fyrsta þinghald dómnefndarinnar í Reykjavík fór fram í des. 1983. Málflutningur fyrir nefnd þessari var einfaldur að því leyti að ekki þurfti að koma til mikillar sjálfstæðrar gagnaöflunar með söfnun upplýsinga eða framburði vitna, þar sem málið snerist fyrst og fremst um útlistun eða túlkun á samningslegum og bókhaldslegum atriðum og reglum á grundvelli upplýsinga sem þegar lágu fyrir í meginatriðum. Hins vegar fór verulegur tími í samningu og framlagningu þeirra greinargerða sem aðilar skiptust á.

Ekki tókst að ljúka málsmeðferð fyrir dómnefndinni vorið 1984, en hún var komin á lokastig í júlímánuði og fór þá fram munnlegur flutningur í málinu og það var lagt í úrskurð. Þó hafði Alusuisse gert kröfu um að úrskurður nefndarinnar um hluta af málinu yrði látinn bíða úrslita í hinu málinu, og var lagt á vald dómnefndarinnar sjálfrar að skera úr um það atriði.

Fyrsti fundur dómnefndarinnar í New York var haldinn í des. 1983 og í framhaldi af honum lögðu aðilar fram frumgreinargerðir. Fyrsta þinghald í málinu var síðan í febr. 1984. Þar var lagður grundvöllur að rekstri málsins og teknar ákvarðanir um réttarfarsatriði. Tvenn málflutningsþinghöld fóru fram, í lok apríl og lok júní, og gert var ráð fyrir frekara málflutningsþinghaldi um miðjan sept. Ljóst var þannig á miðju sumri að málið mundi taka verulegan tíma og jafnvel ná fram á árið 1985.

Þessi gangur málsins átti sér eðlilegar orsakir, þótt hann yrði þannig seinvirkari en aðilar höfðu búist við. M. a. kom í ljós að fram þyrfti að fara allumfangsmikil gagnasöfnun og yfirheyrsla á sérfróðum vitnum, jafnframt því sem taka þurfti tillit til þess, að hinir tilkvöddu dómnefndarmenn urðu að gegna starfi sínu við hlið annarra mikilvægra skyldustarfa, og varð því lengra en ella á milli þinghalda.

Ljóst er um dómnefndirnar að í þær völdust hinir mætustu menn, sem ríkisstj. hefur borið fyllsta traust til, og einnig hafa talsmenn ríkisstj. haldið vel á málum. Hefur sáttaleiðin ekki verið tekin af því að eitthvað hafi skort á í þessum efnum, heldur vegna þeirra kosta sem hún hefur umfram dómstólaleiðina. Enda þótt ákveðið hafi verið á sínum tíma að leggja deilumál aðila fyrir dómnefndir til álitsgerðar eða úrskurðar var það ekki fyrir þá sök, að þetta væri hin eina leið til að leysa úr málunum, heldur vegna hins, að ekki voru möguleikar á að ná fullum sáttum eins og þá var statt. Hefur það verið eindregin skoðun þeirra, sem um málin hafa fjallað, að halda bæri á þeim eins og hverju öðru dómsmáli, þannig að ekki bæri að vísa á bug neinum raunhæfum möguleikum, er skapast kynnu til að leysa úr málinu með sátt á viðunandi grundvelli, heldur gæti slík sátt verið fullgild leið til að ljúka málinu, og málareksturinn sjálfur ein af leiðunum til að skapa grundvöll fyrir sáttinni.

Sáttargerð sú, er tekist hefur milli aðila með þessum samningi, er liður í samningaviðræðum þeirra um þau málefni, sem um getur í bráðabirgðasamningnum, og til þess ætluð að treysta grundvöllinn að samningslegum tengslum þeirra og vinsamlegum samskiptum í framtíðinni. Hún felur í sér heildarlausn á öllum ágreiningsefnum þeirra í milli, sem gerð er án þess að tekin sé afstaða til einstakra málefna aftur í tímann. Var það samdóma niðurstaða aðila að rétt væri að gera sáttina á þessum grundvelli, ef hún ætti að takast á annað borð.

Aðalefni sáttargerðarsamningsins er á þessa leið:

a) Ríkisstj. og Alusuisse samþykkja að ljúka öllum deilum sín í milli varðandi framleiðslugjald ÍSALs með sátt fyrir dómnefndunum tveimur og að fella inn í þá sáttargerð allan ágreining sín í milli.
b) Ríkisstj. leysi Alusuisse og ÍSAL undan öllum framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma, og félögin falla að sínu leyti frá öllum kröfum sem um gæti verið að ræða af þeirra hálfu.
c) Alusuisse fellst á að ÍSAL greiði ríkisstj. 3 millj. Bandaríkjadala með lækkun á skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði skv. gildandi samningum.
d) Aðilar eru ásáttir um að gera tilteknar breytingar á ákvæðum gildandi aðalsamnings og annarra samninga, eins og að verður vikið hér síðar í framsögu minni.
e) Tekið er fram að samningurinn feli ekki í sér neina viðurkenningu af hálfu aðila á neinni ábyrgð eða á gildi neinna krafna, staðhæfinga eða röksemda, sem farið hafi þeirra í milli.
f) Samningurinn verður lagður fyrir dómnefndirnar í málum aðila og staðfestur þar sem dómsátt, með þeim fyrirvara að frv. þetta verði að lögum, sem fyrr segir. Á gildistökudegi hans falla allar kröfur fyrir dómnefndunum endanlega niður og málum þar talið endanlega lokið, auk þess sem ofangreint gerðardómsmál á vegum ICSID, þ. e. gerðardómsins í New York, sem Alusuisse kærði okkur fyrir í upphafi, er endanlega fellt niður.

Sáttargerðin er m. a. byggð á því viðhorfi, að deilur aðila hafi fyrst og fremst staðið um túlkun og framkvæmd á samningum aðilanna, en ekki um vanefnd á þeim, og feli í sér skoðanaágreining sem unnt eigi að vera að leysa með vinsamlegum hætti. Andófsmenn gegn álbræðslunni í Straumsvík hafa stundum hyllst til að lýsa ágreiningnum á þá leið, að Alusuisse hafi haft í frammi sviksamlegt athæfi gagnvart Íslendingum. Í þessu efni er aðstaðan hins vegar sú, að ríkisstjórn Íslands hefur aldrei sakað Alusuisse um sviksamlegt athæfi, eins og fram hefur komið í yfirlýsingum ráðherra í fyrri ríkisstjórnum, og í málarekstri fyrir dómnefndunum hefur aldrei komið til greina að hafa slíkar ásakanir í frammi. Ég minni á og rifja upp að fyrrv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, og fyrrv. ráðh. í þeirri ríkisstjórn, Steingrímur Hermannsson, gáfu þessar yfirlýsingar á Alþingi 1982, um að ekki væri um ásakanir um sviksamlegt athæfi að tefla af hálfu Alusuisse í garð Íslendinga.

Þá vil ég aðeins víkja að þriðja viðauka við aðalsamninginn, sem hér með fylgir.

Samningur þessi fjallar um nokkrar breytingar á aðalsamningnum frá 1966, sem áður hefur verið breytt með viðauka við aðalsamning 1969 og 1975. Er form hans með svipuðu sniði og áður hefur verið fylgt. Í inngangi er gerð stutt grein fyrir aðdraganda hans og í 1. gr. er fjallað um skýrgreiningar.

Í 2. gr. er að finna breytingar á tilteknum ákvæðum í VI. kafla aðalsamningsins um skatta og gjaldskyldu. Er þar tekið á nokkrum atriðum, sem orðið hafa að ágreiningsefni milli aðila, og þá með framtíðarlausn í huga, en ekki uppgjör vegna liðins tíma.

Í mgr. 2.01 er sett ný regla um afskriftir á mengunarvarnarbúnaði við núverandi kerskála álversins. Er búnaði þessum áætlaður sérstakur afskriftatími, eins og

endurskoðendur ríkisstj. töldu eðlilegt, en hins vegar er hann hafður mun styttri en afskriftatími verksmiðjunnar, sem um var samið í öndverðu, og styðst það við eðlileg sjónarmið. Í mgr. 2.02 og á fylgiblaði er gerð töluleg grein fyrir stöðu þessara afskrifta.

Jafnframt er heimilað um gengistöp að byrjað sé að afskrifa þau á því ári er þau verða til og er það í samræmi við þau sjónarmið sem fylgt hefur verið í íslenskum skattalögum á síðari árum.

Í mgr. 2.03 er heimilað með breytingu á mgr. 27.03(d) að ÍSAL geti leiðrétt framlög í varasjóð innan hinna leyfilegu marka (20% af nettótekjum) ef breyting eigi sér stað á þeim tekjum, sem skattur er reiknaður af, eftir að þær eru upphaflega taldar fram. Þessi regla er í fullu samræmi við þær reglur sem fylgt hefur verið við almenna skattlagningu fyrirtækja hér á landi.

Í mgr. 2.04 er gerð veruleg breyting á mgr. 29.05—29.07, er fjalla um framtal og endurskoðun á tekjum ÍSALs. Er nú kveðið á um skyldubundna árlega endurskoðun á reikningum ÍSALs, í stað þess að hún var áður valkvæð og ekki framkvæmd reglulega, t. d. ekki fyrir árin 1978 og 1979, svo undarlegt sem það kann nú að virðast. Af þessari breytingu leiðir að ekki á að þurfa að koma til afturvirkrar endurskoðunar á framleiðslugjaldinu, eins og um var að ræða vegna áranna 1976—1979, þegar árleg endurskoðun fór ekki fram. Er því einnig svo á kveðið, að afturvirkar aðgerðir af því tagi eigi ekki að koma til, þannig að ekki sé unnt að vefengja framleiðslugjald ÍSALs eftir á, nema endurskoðun hafi farið fram fyrir tilskilinn endurskoðunartíma (1. sept. næsta árs).

Í mgr. 2.05 og 2.06 eru gerðar orðalagsbreytingar vegna tilfærslu ákvæða í mgr. 29.05 og 29.06.

Í mgr. 2.07 er samið um nýjan stofn skattinneignar ÍSALs samkvæmt mgr. 29.09 í aðalsamningnum, sem leiðir af hinni umsömdu lækkun inneignarinnar vegna ákvæða sáttargerðarsamningsins. Einnig er þar um samið að skuldajöfnuð vegna skattinneignarinnar skuli jafnan miða við 1. febr. árs hvers.

Í mgr. 2.08 er kveðið svo á með breytingu á mgr. 33.01 í aðalsamningnum að ekki skuli lögð á viðurlög vegna framleiðslugjalds ÍSALs í sambandi við endurskoðun sem um ræðir í mgr. 29.06 og 29.07, þ. e. hina árlegu endurskoðun samkvæmt þeim greinum vegna ákvörðunar á nettótekjum félagsins. Hér er fyrst og fremst átt við að ekki komi til álita að beita viðurlögum hliðstæðum við þau, sem um ræðir í 106. gr. tekjuskattslaga, vegna galla eða vöntunar á framtali. Enda þótt þessi viðurlög séu talin eðlilegur þáttur í almennum tekjuskattslögum eiga þau ekki vel við um aðila eins og ÍSAL af ýmsum ástæðum, ekki síður eins og ákvæðum aðalsamningsins um greiðslu og uppgjör framleiðslugjaldsins verður nú breytt. Í fyrsta lagi er framleiðslugjald ÍSALs ekki hreinn tekjuskattur og þannig ekki með öllu sambærilegt. Í öðru lagi er ÍSAL aðili, sem sætir sérstökum framtalsreglum og sérstakri endurskoðun, en venjuleg viðurlög eru ætluð til aðhalds gagnvart hinum ótiltekna hópi skattborgara þar sem útilokað er að skattyfirvöld geti endurskoðað hjá hverjum og einum. Og í þriðja lagi er m. a. á það að líta, að hin árlega athugun á nettótekjum ÍSALs er að verulegu leyti gerð til samanburðar og leiðréttingar á skatti, sem félagið er þegar búið að greiða þegar athugun fer fram, en ekki til skattálagningar frá grunni. Má í því sambandi vísa til ákvæðanna um greiðslu skatts samkvæmt grunntaxta við útskipun áls og skatts samkvæmt leiðréttum taxta snemma á næsta ári, auk þess sem áður var nefnt um skuldajöfnuð vegna skattinneignar.

Á hinn bóginn er þessu nýja ákvæði ekki ætlað að taka til þess, hvað gera ætti ef ÍSAL gerist sekt um sviksemi í framtali tekna, og í samningum aðila hefur aldrei komið til umræðu að slíkt atferli kæmi til greina. Í því tilviki væri komið út fyrir svið venjulegra viðurlaga og inn á svið refsinga og um þær mundi þá fara eftir almennum hegningarlögum.

Í 3. gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum mgr. 49.01 um gildistíma aðalsamningsins til samræmis við breytingu á 15. gr. rafmagnssamnings, er um ræðir í grg. um hann. Er hún í því fólgin að ekki þurfi að taka endanlega ákvörðun um tíu ára framlengingu samninganna í síðara skiptið, sem hún kemur til greina, fyrr en sex mánuðum fyrir valdag, þ. e. eftir að fyrir liggur hvaða orkuverð muni eiga að gilda fyrir það tímabil.

Í 4. gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum 22. gr. aðalsamningsins um hluti og hluthafa í ÍSAL. Í fyrsta lagi er Alusuisse heimilað að selja þriðja aðila allt að 50% af hlutafé ÍSALs í stað 49% áður og skilgreiningu samningsins á „minnihluta hluthafa" í mgr. 1.01 (g) breytt í samræmi þar við í „samþykktan hluthafa". Ráðstöfun af þessu tagi verður að öllu leyti háð samþykki ríkisstj., sem yrði frjálst að setja hvers konar skilyrði í þessu sambandi, eins og um ræðir nánar í mgr. 22.03.

Jafnframt er bætt við aðalsamninginn nýrri mgr. 22.04, þar sem Alusuisse er heimilað að framselja hlutabréf í ÍSAL til dótturfyrirtækja í einkaeign sinni, þ. e. til lögaðila, þar sem Alusuisse á 100% hlutafjár eða eignaraðildar. Tekið er fram að Alusuisse ábyrgist réttar og skilvísar efndir slíks aðila á skuldbindingum gagnvart ríkisstj., Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstað, eftir því sem við á hverju sinni.

Þessi ákvæði 4. gr. eru sett í framhaldi af mgr. 3.3 í bráðabirgðasamningnum frá 1983. Jafnframt þeim er gert ráð fyrir breytingu á ákvæðum í stofnsamningi og samþykktum ÍSALs á fskj. C með viðaukanum.

Í 5. og 6. gr. viðaukans er fjallað um tengsl hans við hina viðaukana og þá fylgisamninga aðalsamningsins, sem þeir breyta, svo og tengslin við gildandi aðalsamning. Í mgr. 6.02 er svo fjallað um gildistöku viðaukans í samræmi við þau sjónarmið sem lýst var í upphafi grg.

Þá vil ég víkja hér að viðauka við aðstoðarsamning er snertir rekstur ÍSALs.

Á fskj. B með viðaukanum við aðalsamning er gerð breyting á ákvæðum mgr. 2.03 (e) í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs, þar sem fjallað er um tæknilega aðstoð hins fyrrnefnda við innkaup á hráefnum og öðrum aðföngum handa hinu síðarnefnda. Hefur grein þessi verið mjög til umræðu í deilumálum aðila vegna ákvæða hennar þess efnis, að Alusuisse skuli jafnan leitast við að tryggja að ÍSAL geti fengið þessi aðföng með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru.

Með breytingu þessari er það gert ótvírætt, að umrædd ákvæði 2.03 (e) um „bestu skilmála" eigi við í þeim tilvikum, þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Frá sjónarmiði Alusuisse skiptir þessi

túlkun ákvæðisins ekki aðeins máli gagnvart ríkisstj., heldur einnig gagnvart hugsanlegum samstarfsaðila í ÍSAL samkvæmt hinum nýju ákvæðum þar um, og hefur fyrirtækið því lagt áherslu á að fá aðstoðarsamningnum breytt að þessu sinni.

Eftir sem áður verður það mgr. 27.03 í aðalsamningnum, um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli óháðra aðila, sem geymir aðalákvæðin um mat á viðskiptum Alusuisse og ÍSALs. Við það mat er það meginálitaefni, hvaða viðskipti óháðra aðila séu sambærileg við viðskiptin hjá ÍSAL, og á það álitaefni getur reynt með svipuðum hætti hvort sem aðstoðarsamningnum er breytt eða ekki. — Gert er annars ráð fyrir að reglur mgr. 27.03 verði meðal þeirra atriða, sem til umræða komi í framhaldsviðræðum aðilanna um skattamál, sem fyrirhugaðar eru.

Um rafmagnssamninginn vil ég segja að útlistun á honum og umsögn um hann er að finna í fskj. frá forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar. Á þessi atriði vil ég drepa:

a. Orkuverð verður í framtíðinni breytilegt þannig að grunnverð verður 15 mill á kwst. Verðið breytist í samræmi við vísitölu álverðs, þó þannig að orkuverðið verður aldrei undir 12.5 mill á kwst. og ekki yfir 18.5 mill á kwst. Vísitalan er reiknuð út frá hreyfingum fjögurra álverða, sem nákvæmlega eru skilgreind í rafmagnssamningnum.
b. Ný grein kveður svo á um að á fimm ára fresti geti hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samningunum, ef átt hafa sér stað ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar breytingar á aðstæðum, sem leiða til röskunar á jafnvægi samningsins og harðréttis fyrir aðila, eins og það er orðað.
c. Ef annar hvor aðilinn neitar að verða við ósk um viðræður um endurskoðun má skjóta slíkri neitun til úrskurðar gerðardóms, sem taka verður afstöðu til þess, hvort breyttar forsendur liggi fyrir þannig að aðilum beri að hefja viðræður um endurskoðun samningsins. Ef slíkar viðræður leiða ekki til niðurstöðu, þá má skjóta þeim ágreiningi til gerðardóms.
d. Hinar nýju breytingar á rafmagnssamningnum taka gildi um leið og þriðji viðauki við aðalsamning ríkisstj. og Alusuisse, þ. e. að fenginni staðfestingu Alþingis.
e. Gildistími hins nýja orkuverðs er 20 ár, þ. e. frá því nú og þar til 35 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, enda hafi aðalsamningurinn verið framlengdur frá 1994 til 2004. Að þeim tíma loknum getur hann framlengst um tíu ár til viðbótar ef aðalsamningurinn er þá framlengdur. Komi til slíkrar framlengingar skal samið um nýtt rafmagnsverð ef ósk kemur fram um það af hálfu annars hvors aðilans. Í samningunum er að finna ákvæði um viðmiðun við ákvörðun nýs rafmagnsverðs sem eru hagstæð Landsvirkjun. Fimm ára endurskoðunarreglan gildir einnig á þessum síðustu tíu árum aðalsamningsins.

Ég vil þá aðeins víkja að umsögn Landsvirkjunar um hinn nýja rafmagnssamning. Segir svo í þeirri umsögn, með leyfi forseta:

„Veigamesta breytingin á rafmagnssamningnum snertir orkuverðið, en hún felur í sér u. þ. b. tvö- til þreföldun á því orkuverði frá ÍSAL sem Landsvirkjun bjó við áður en bráðabirgðasamningur ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse gekk í gildi þann 23. sept. 1983. Til þess að lýsa því frekar hvaða áhrif þetta hefur á tekjur Landsvirkjunar er vísað til meðfylgjandi myndar, sem hér er birt, sem sýnir samanburð á orkuverði samkvæmt núverandi samningi og því orkuverði sem áætlað er að hinn nýi samningur færi Landsvirkjun. Samanburðurinn sýnir rauntölur frá ársbyrjun 1979 og áætlun um framtíðarorkuverð sem byggjast á spám frá Chase Econometrics og sérfræðingunum James Kings og Robin Adams. Spáin, sem sýnd er á myndinni, er nokkurn veginn meðaltalið af áðurnefndum spám. Eins og lesa má af meðfylgjandi mynd eru helstu niðurstöður þessar:

1. Viðbótartekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL skv. nýja samningnum á tímabilinu 1985—1989 eða næstu fimm ár áætlast tæpar 2.100 millj. kr. á öllu tímabilinu eða um 415 millj. kr. á ári að jafnaði.
2. Viðbótartekjur Landsvirkjunar skv. nýja samningnum og bráðabirgðasamningnum áætlast u. þ. b. 2.230 millj. kr. fram til ársloka 1989.
3. Til þess að átta sig betur á þýðingu nýja samningsins hefur einnig verið reiknað út hvað hann hefði gefið í aðra hönd miðað við raunverulega þróun í verðlagningu á áli og sést þá að orkuverðið hefði sveiflast milli 12.5 og 16.5 milla á kwst. á tímabilinu 1979 fram til þessa dags.

Meðalorkuverð í Evrópu til álvera er nú talið á bilinu 14—15 Bandaríkjamill á kwst. og í Noregi er það nú um og innan við 9 Bandaríkjamill á kwst., en Noregur er einmitt það land sem Alusuisse hefur einna helst talið að ætti að miða við í samkeppnisaðstöðu ÍSALs. Orkuverð í Norður-Ameríku til álvera er töluvert hærra en í Evrópu eða um 20 mill á kwst., en nú á allra síðustu tímum hafa nokkur helstu raforkufyrirtæki þar boðið upp á verulega verðlækkun raforku, tímabundið, meðan áliðnaðurinn er í þeirri kreppu sem nú stendur yfir. Þá hafa sérfræðingar þeir, sem komið hafa við sögu við undirbúning samningaviðræðna við Alusuisse, komist að þeirri niðurstöðu að samkeppnisaðstaða ÍSALs væri með þeim hætti að orkuverð hér þyrfti að vera um 4 Bandaríkjamillum á kwst. lægra miðað við Evrópu og um 5 millum á kwst. lægra miðað við Norður-Ameríku til þess að ÍSAL stæði fjárhagslega jafnfætis sambærilegum bræðslum á þessum svæðum.

Hinn nýi samningur gerir einnig ráð fyrir því að aðilar hafi möguleika á að opna samninga á fimm ára fresti hvað varðar orkuverð og afhendingarskilmála. Er hér um nýmæli að ræða, þar sem ekkert slíkt ákvæði hefur áður verið fyrir hendi í rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ÍSALs. Eru hin nýju ákvæði hér að lútandi mjög mikilvæg fyrir Landsvirkjun, þar sem þau veita fyrirtækinu æskilegan rétt til opnunar samninga ef tilteknar aðstæður eru fyrir hendi.

Upphaflegi rafmagnssamningurinn gerir ráð fyrir því að hann gildi í 25 ár, þ. e. til ársins 1994, en sé síðan tvívegis framlengdur um tíu ár í senn, þannig að hann fylgi hugsanlegum framlengingum ríkisstj. eða Alusuisse af því tagi á aðalsamningnum. Komi til slíkra framlenginga er heimilt að endurskoða rafmagnsverðið eftir ákveðnum reglum með hliðsjón af þróun álverðs í Noregi og heimsmarkaðsverði á áli. Í drögunum að þriðja viðauka rafmagnssamningsins er gert ráð fyrir 20 ára samningstíma með áðurnefndum ákvæðum varð-

andi breytingar á orkuverði á fimm ára fresti, svo og möguleika á tíu ára framlengingu á þann hátt sem greinir frá í lið 3 í grg. hér að framan. Komi til slíkrar framlengingar gilda þargreindar verðbreytingareglur, sem telja verður að séu Landsvirkjun hagstæðari en þær sem fyrir eru. Samkvæmt þriðja viðaukanum getur samningurinn skv. þessu gilt til 1. okt. árið 2004 eða til 1. okt. árið 2014, komi til umræddrar framlengingar, þ. e. jafnlengi og núverandi samningur getur gilt lengst.

Með hliðsjón af framangreindu er það álit okkar", segja forstjórar Landsvirkjunar, „að samkomulag það sem lögð hafa verið drög að um breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ÍSALs sé Landsvirkjun mjög í vil og fyrirtækinu til verulegra hagsbóta."

Ég vildi þá aðeins — og mun nú stytta mjög mál mitt — stikla á höfuðatriðum hinna nýju álsamninga:

1. Gerð er sátt sem tekur til allra deilumála vegna liðins tíma.
2. Sáttin er heildarlausn og felur ekki í sér tilraun til að gera upp í einstökum málum eða fá annan aðila til að viðurkenna ábyrgð eða gildi röksemda hins.
3. Ríkisstj. leysir Alusuisse og ÍSAL undan öllum kröfum vegna liðins tíma og félögin aftur á móti leysa ríkisstj. undan hugsanlegum kröfum.
4. ÍSAL greiðir ríkisstj. 3 millj. dollara í sáttafé. Skattinneign lækkar úr 7 081 071 dollar í 4 081 071 dollar.
5. Sáttargerðarsamningurinn er staðfestur fyrir dómnefndum sem dómsátt, að vísu háð samþykki hins háa Alþingis, eins og margsinnis hefur verið tekið fram.
6. Sáttargerðarsamningurinn er tengdur breytingum á aðalsamningi.
7. Settar eru nokkrar nýjar skattareglur í aðalsamning:
   a. Sett er ný afskriftaregla um mengunarvarnabúnað (átta ára afskrift).
   b. Byrja má að afskrifa gengistöp á sama ári.
   c. ÍSAL má breyta framlagi í varasjóð ef framtölum er breytt.
   d. Ákveðið er að endurskoðun hjá ÍSAL fari fram árlega en sé óbreytt að öðru leyti. Ekki má vefengja framleiðslugjald ÍSALs eftir á nema endurskoðað hafi verið.
   e. Ákveðinn er nýr höfuðstóll skattinneignar vegna lækkunar skattinneignar. Leyst er úr ágreiningi um reikning á vöxtum af skattinneign, þ. e. miðað við 1. febr., en þar hafði Alusuisse haldið fram 1. maí.
   f. Tekin eru af tvímæli um að ekki sé unnt að beita ÍSAL venjulegum skattaviðurlögum eins og ég vék að hér áðan.
8. Alusuisse er heimilað að selja allt að 50% hlutafjár í ÍSAL að áskildu samþykki ríkisstj.
9. Alusuisse er heimilað að selja hlutabréf í ÍSAL til dótturfélaga í einkaeign og verður þá að ábyrgjast efndir af þeirra hálfu.
10. Gerð er breyting á gr. 203 í aðstoðarsamningi — rekstri — þess efnis að ákvæði um að reyna að tryggja bestu skilmála gildi í viðskiptum við þriðja aðila.
11. Samið er um nýtt orkuverð á bilinu 12.5—18.5 mill í stað 6.4—7.5 milla eftir fyrra samningi og 9.5 milla eftir bráðabirgðasamningi frá liðnu ári. Orkuverð er miðað við álverð innan þessara marka eftir fjórum mismunandi mælikvörðum.
12. Heimilt skuli vera að endurskoða orkuverð og aðra skilmála á fimm ára fresti ef um breyttar aðstæður er að ræða.
13. Hið nýja orkuverð gildir til 1. okt. 2004, í tæp tuttugu ár, að áskildri nefndri endurskoðun.
14. Ef samningar eru framlengdir um tíu ár eftir 1. okt. 2004 verður samið um nýtt orkuverð.

Ég hef þá lokið að flytja framsögu mína fyrir þessu mikilsverða máli. Ég vil hér koma á framfæri þakklæti mínu sérstöku til nefndarmanna í samninganefnd um stóriðju, þeirra Jóhannesar Nordals, hv. þm. Gunnars G. Schram og Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings. Þeir hafa unnið frábært starf að mínum dómi. Ég held þó að á engan sé hallað þó ég taki sérstaklega fram að formaðurinn, Jóhannes Nordal, hefur gegnt lykilhlutverki í þessum viðræðum og frammistaða hans og framlag til þessarar samningsgerðar verður seint að verðleikum metið. Ég vil enn fremur nefna til menn eins og Hjört Torfason, sem er lögfræðilegur ráðunautur iðnrn. í stóriðjumálum og Garðar Ingvarsson hagfræðing.

Ég mun nú, virðulegi forseti, leggja til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn. Ég fer fram á það að nefndir beggja deilda starfi saman að málinu. Ég hef gert samninganefndarmönnum um stóriðju viðvart um það að þeir yrðu að vera til taks fyrir nefndirnar til þess að þeim gefist kostur á að yfirheyra þá eins og þeim þykir ástæða til og efni standa til. Ég mun fara fram á það við nefndaformenn, sérstaklega nefndarformann þessarar hv. deildar, hv. 4. þm. Vestf., að allir flokkar fái að eiga, ef þeir eiga ekki formlega nefndarmanni á að skipa í viðkomandi nefndum, kost á því að hafa áheyrnarfulltrúa, þannig að alls sé gætt í að gefa öllum flokkum og þeim sem þess óska sem fyllstar upplýsingar um allt innihald og gerð þessara samninga. Ég læt þess auðvitað getið að það er dýr hver stundin í þessu máli, það eru allmiklir fjármunir sem hér er um að tefla. Því fyrr sem við getum náð þessu frv. fram til laga, sem ég vona sannarlega og veit raunar að meiri hluti er fyrir hér á hinu háa Alþingi, þeim mun fyrr kemur hið nýja orkuverð til skjalanna. Hér er um að tefla að lágmarki tæpar 400 þús. kr. á sólarhring, sem okkur munar auðvitað mjög um.

En þrátt fyrir þetta tek ég það mjög skýrt fram að ég vil ekki beita neinum óþarfa þrýstingi og engum umfram það sem allir stjórnmálaflokkar geta komið sér vel ásamt um. Ég tek þetta alveg skýrt fram. Og að mönnum gefist eins góður tími til þess að ígrunda þessi mikilvægu mál og þeir kjósa sér. Ég mun í engu falli hafa í frammi neinar ávirðingar í garð eins eða neins um það að mér þyki lopinn teygður þótt þetta frv. verði hér í meðförum hins háa Alþingis einhverjum dögum lengur en ég gerði mér í upphafi vonir um að takast mundi að afgreiða það á. Þetta vildi ég að fram kæmi hér við þessa 1. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur gert hér grein fyrir frv. því sem hann flytur fyrir hönd ríkisstj. um gerð nýs samnings milli Íslands og Swiss Aluminium til 20 ára um álbræðsluna í Straumsvík. Það hefur þegar komið fram í fjölmiðlum

að við Alþb.-menn erum andvígir þessum samningi og teljum hann betur ekki gerðan. Ástæður fyrir því eru í meginatriðum þessar:

Í fyrsta lagi teljum við að verðið, sem samið er um á orkunni, verði áframhaldandi allt of lágt, bendum á að það er töluvert miklu lægra en kostnaðarverð á framleiddri orku í virkjunum Landsvirkjunar og verulega miklu lægra en það meðalverð sem Swiss Aluminium greiðir í álbræðslum sínum víða um heim.

Við teljum það í öðru lagi ekki til hagsbóta fyrir Íslendinga að hengja orkuverðið aftan í ríkjandi álverð á hverjum tíma, teljum það afar hæpinn ávinning að tengja þetta tvennt saman og óttumst að afleiðingin verði sú að orkuverðið verði í lágmarki um langt skeið.

Í þriðja lagi vörum við við því að gerður sé skuldbindandi samningur um nýtt orkuverð sem ekki er hærra en hér hefur verið lýst til 20 ára með jafnóljósum og flóknum endurskoðunarákvæðum eins og þar er að finna, enda ljóst að vonir um hækkun eftir hálfan áratug, eftir fimm ár, eru vægast sagt mjög hæpnar.

Í fjórða lagi teljum við fráleitt með öllu að kröfur vegna skattauppgjörs séu lagðar á hilluna. Við bendum á að verið er að fórna háum fjárhæðum með þessu. Við teljum þetta siðlaust réttarfar að skattgreiðanda sé sleppt við að bera ábyrgð á skattgreiðslum sínum og greiða þær ef honum ber að gera það skv. dómi. Við teljum þetta illt fordæmi fyrir framtíðina.

En í fimmta lagi andmælum við því alveg sérstaklega að þessu fyrirtæki sé veittur forgangsréttur að nýrri orku á næstu árum að 80 megawöttum til stækkunar álvers, til að auka afköst þess um 40 þús. tn.

Þetta eru þær fimm meginástæður sem við berum fram til rökstuðnings þeirri skoðun okkar að fella beri þetta frv. Álsamningurinn var mikið hitamál hér á Alþingi fyrir 18 árum þegar frv. um samninga við Swiss Aluminium var samþykkt veturinn 1966. Við Alþb.-menn vorum algjörlega andvígir þessari samningsgerð, við vöruðum við henni. Í umr. hér á Alþingi, bæði hér í Ed. og Nd., bentum við á að í fyrsta lagi væri orkuverðið allt of lágt. Það var þá ákveðið 3 mill sem var þá þegar eitthvert lægsta orkuverð sem finnanlegt var í veröldinni. Hvergi hafði Swiss Aluminium á þeim tíma komist yfir slíkan happafeng að semja um svo lágt orkuverð sem þá var gert, árið 1966. Sérstaklega er mér minnisstætt að strax daginn eftir að samningurinn var undirritaður hélt forstjóri Swiss Aluminium frétta-mannafund hér í Reykjavík og skýrði þá umbúðalaust frá því að þeir hefðu hvergi í veröldinni komist yfir samning um jafnlágt orkuverð eins og þarna var verið að gera. Hann hældist um og gat svo sannarlega haft efni á.

Við Alþb.-menn vorum einnig andvígir því að verksmiðja yrði reist hér á Íslandi sem væri alfarið í eigu erlends auðhrings. Við óttuðumst það að þetta fyrirtæki félli illa inn í íslenskt atvinnulíf. Hér væru á ferðinni risi sem mundi byggja sitt borgríki hér. Það voru einnig gagnrök okkar í þessu máli að í þessu borgríki áttu ekki að gilda íslensk skattalög. Í þessu borgríki áttu íslenskir dómstólar ekki að hafa dómsvald.

Í fjórða lagi andmæltum við því alveg sérstaklega að hér væri reist verksmiðja án nokkurra megnunarvarna. Það var satt best að segja þá þegar nokkuð einstætt í veröldinni að verksmiðja væri byggð án þess að nokkuð væri hugsað um mengunaráhrif frá henni. Þessu var alveg sérstaklega andmælt hér á Alþingi og einn af samþingsmönnum mínum í Alþb., Alfreð Gíslason læknir, hélt hér langa ræðu og varaði við því heilsutjóni sem menn gætu hlotið af verksmiðjurekstri þar sem ekki væri gætt mengunarvarna. En á aðvaranir hans var ekki hlustað. Það leið langur tími áður en annarra flokka menn, menn úr öðrum flokkum en Alþb., tóku undir þá kröfu að komið yrði upp fullkomnum mengunarvörnum við álbræðsluna í Straumsvík. Í kringum 1970 hafði þó tekist að sýna fram á með skýrslum bæði lækna og heilbrigðissérfræðinga að starfsmönnum í álverinu stafaði veruleg hætta af starfsemi þess. Þar reyndust veikindi tíðari en í öðrum verksmiðjum og komu fram greinilegir atvinnusjúkdómar.

Magnús heitinn Kjartansson, sem var iðnrh. sumarið 1971, tók þetta mál sérstaklega til meðferðar. Hann lét gera úttekt á heilsufræðilegum áhrifum á starfsemi verksmiðjunnar og á grundvelli hennar hótaði hann álbræðslunni að hann mundi taka einhliða ákvörðun, sem fæli í sér fyrirskipun til verksmiðjunnar að setja upp mengunarvarnir, ef ekki næðist samkomulag um þetta efni og ef þeirri fyrirskipun væri ekki hlýtt þá yrði verksmiðjunni lokað. Það fór svo að þá fyrst þegar þeim var sýnd full harka gáfu þeir sig og samþykktu að setja upp hreinsitæki við álverksmiðjuna í Straumsvík.

Þessi hreinsitæki áttu að koma árið 1973, árið eftir, en það dróst að þau væru sett upp. Býsna lengi létu menn kyrrt liggja vegna þess að á hverju árinu var því haldið fram að uppsetning hreinsitækjanna væri alveg á næsta leiti. Menn sýndu ótrúlegt langlundargeð, voru ótrúlega þolinmóðir, treystu á loforð álbræðslunnar. En hvað halda menn svo að hafi liðið mörg ár frá því að hreinsitækin áttu að vera komin upp samkvæmt loforði svissnesku álherranna og þangað til þeir efndu loforðið? Það leið tæpur áratugur, það liðu níu ár. Ég hef nefnt þetta hér í upphafi ræðu minnar sem dæmi, reyndar bara eitt af mörgum dæmum, um það hvernig viðskipti Íslendinga við þessa eigendur Swiss Aluminium hafa reynst.

Á fyrri hluta seinasta áratugs, áttunda áratugsins, var það ljósara með hverju árinu sem leið að samningurinn um orkuverðið varð óhagstæðari með hverju árinu sem leið og var hann þó býsna óhagstæður í öndverðu. Ástæðan var einkum sú að olíukreppa skall yfir á árinu 1973 og beint í kjölfar hennar veruleg alþjóðleg verðbólga, sem hafði í för með sér mikla verðrýrnun allra eða vel flestra mynteininga, vissulega mismunandi eftir því hvaða mynt átti í hlut. En sú myntin, sem hér skipti mestu máli, þ. e. dollarinn, varð ekki síst fyrir barðinu á þessari alþjóðlegu þróun og rýrnaði verulega með hverju misserinu og hverju árinu.

Raunverðið á orkunni var mjög lágt í upphafi en það snarlækkaði á þessum árum. Þá sannaðist það, sem við Alþb.-menn höfðum varað við, að það reyndist býsna erfitt fyrir Íslendinga að sækja rétt sinn samkvæmt þeim samningi sem gerður hafði verið. Þrátt fyrir þessa þróun var ekki veruleg sóknarstaða komin í málinu. Þáverandi iðnrh. Magnús Kjartansson hóf þó viðræður við Swiss Aluminium um endurskoðun orkuverðsins en ekki gekk vel að fá þá til að skilja nauðsyn þess.

Svo urðu stjórnarskipti á árinu 1974 og áfram héldu þessar viðræður undir forustu nýs iðnrh. dr. Gunnars Thoroddsen. Eftir býsna langar samningaviðræður fékkst þó að lokum niðurstaða í þessar viðræður hinn

10. des. 1975 þar sem varð samkomulag um hærra verð á orkunni. Orkuverðið hækkaði úr þeim 3 millum — en eins og kunnugt er er 1 mill þúsundasti hluti úr Bandaríkjadollar — í 6—6½ mill. Sú hækkun varð á árabilinu frá því að samningurinn var gerður, en hann gekk í gildi 12. júní 1976, og var komin að fullu til framkvæmda á árinu 1980. Þetta þótti mönnum vafalaust býsna jákvæð þróun, að orkuverðið skyldi hækka úr 3 í 6—6½ mill á þessum árum. En þeir vöruðu sig ekki á því að það fylgdi böggull skammrifi. Það reyndist sem sagt vera svo að enn einu sinni voru samningamenn Swiss Aluminium klókari og undirförlari en menn höfðu áttað sig á. Þessi samningur varð til lítils happs fyrir Íslendinga. Það var nefnilega ákveðið í þessum samningi að breyta samhliða ákvæðum um skattgreiðslur álversins. Afleiðing þeirrar samningsgerðar var bersýnilega þegar horft er til baka óhagstæðari skattareglur en áður höfðu gilt. Þessar óhagstæðu skattareglur gleyptu bókstaflega talað allan ávinninginn af þeirri orkuverðshækkun sem fékkst á árabilinu 1975—1981.

Í þessu sambandi nægir að benda á rauntölur um orkuverð og skattgreiðslur á þessu árabili. Staðreynd er að framleiðslugjaldið, sem Swiss Aluminium greiddi, minnkaði um upphæðir sem voru nokkurn veginn jafnháar á öllu þessu tímabili og nam allri hækkuninni á raforkuverðinu. Ef ég man rétt var þarna um 13 milljarða gamalla kr. að ræða.

Strax eftir að Alþb.-maður settist í sæti iðnrh. öðru sinni, haustið 1978, var hafist handa um rannsókn og úttekt á málefnum álversins. Vissulega þurfti að leggja í það gífurlega vinnu að komast til botns í þeirri svikamyllu sem álhringurinn hafði ástundað um árabil. En ég held að enginn geti haldið öðru fram en að þar væri um að ræða mjög vandaða rannsókn sem fram fór undir forustu Inga R. Helgasonar á vegum iðnrn. Þessi rannsókn beindist sérstaklega að verðlagningu álbræðslunnar á súráli og öðrum aðföngum til verksmiðjunnar og á þeim bókhaldskúnstum auðhringsins sem seinna hlutu nafnið hækkun í hafi. Ég held að í þessu sambandi sé ekki úr vegi að rifja upp fyrir hv. alþingismönnum í hverju svonefnd hækkun í hafi var fólgin.

Eins og kunnugt er rekur Swiss Aluminium fyrirtæki og verksmiðjur víða um heim. Fyrirtækið græðir fé í mörgum löndum, mikið fé, og enginn fær gert við því. Það er ekki málið. En þetta fyrirtæki á dótturfyrirtæki hér á landi, svonefnt ÍSAL. Þetta fyrirtæki ásamt Swiss Aluminium er að sjálfsögðu skuldbundið til þess að upplýsa skattayfirvöld hér á landi um raunverulegan hagnað af rekstri ÍSALs og síðan að greiða skatta í samræmi við þennan hagnað. Í samningnum sem gerður var á sínum tíma var gert ráð fyrir því að Swiss Aluminium annaðist kaup á aðföngum til ÍSALs, þ. á m. á súráli, og keypti síðan alla framleiðslu ÍSALs aftur og seldi í öðrum löndum. Ég þarf ekki að segja neinum hv. alþm. að með þessu öðlast Swiss Aluminium alveg sérstaklega þægilega aðstöðu til að hagræða innkaupsverði á súráli og svo aftur söluverði á fullunnu áli frá álbræðslunni. Þetta var þægileg aðstaða fyrir Swiss Aluminium en ekki að sama skapi þægileg staða fyrir íslensk skattyfirvöld. En svona var það, þannig var um þetta samið. Þetta var að sjálfsögðu mjög gagnrýnt á sínum tíma.

En samkvæmt gildandi samningi bar Swiss Aluminium og álbræðslunni skylda til að upplýsa á hvaða verði súrálið væri raunverulega keypt. Og það er þarna sem svikin komu fram. Það er þarna sem þeir brugðust skyldum sínum. Þeir neituðu að gefa upp raunverulegar tölur. Það var þess vegna sem iðnrn. sendi fulltrúa sinn Inga R. Helgason í sérstaka ferð til Ástralíu til að komast á snoðir um það, hvert væri söluverð súrálsins þegar það færi frá Ástralíu, sem sagt að reyna að sannreyna hvernig þeir hagræddu innkaupsverðinu þaðan. Það var einmitt þetta, sem Ingi R. Helgason sýndi fram á og síðan margir sérfræðingar í kjölfar þess, að útsöluverðið í Ástralíu, verðið á vörunni þegar hún færi frá Ástralíu, var miklu lægra en verðið sem gefið var upp þegar varan kom hér til Íslands. Þetta er það sem kallað var hækkun í hafi.

Á tímabilinu frá 1974 til miðs árs 1981 borgaði ÍSAL móðurfyrirtæki sínu Alusuisse 47 millj. dollara hærra verð fyrir súrálið en Alusuisse keypti það af Gove Aluminia Ltd. í Ástralíu. Ég bið menn að athuga að þetta var hærri fjárhæð en samanlögð raforkukaup álversins á þessum sama tíma. Hækkunin í hafi nam sem sagt hærri fjárhæðum en allt orkuverðið sem féll í hlut Landsvirkjunar á þessu tímabili.

Svo tala menn um það fyrr og nú eins og hér sé eitthvert smámál á ferðinni, eitthvert mál sem í raun og veru skipti engu máli í þessu sambandi og best sé bara að fá út úr heiminum sem allra fyrst. Þetta þýddi að ríkissjóður varð af miklum tekjum, álverið leyndi skattstofnum sem þessu nam og slapp við skatta að fjárhæð í kringum 10 millj. dollara. Það var þess vegna sem fjmrn. ákvað í minni tíð að endurákvarða framleiðslugjald ÍSALs aftur í tímann. Þetta var gert þrívegis fyrir tímabilið 1976—1980, í sept. 1981, des. 1982 og 18. apríl 1983.

Með þessari ákvörðun fjmrn. var krafist greiðslu á viðbótarsköttum, áföllnum vöxtum ásamt viðurlögum fyrir 1. maí, að viðlögðum lögtaksaðgerðum. Eins og hæstv. ráðh. hefur þegar rakið vísaði Alusuisse málinu í alþjóðlegan gerðardóm með bréfi dags. 29. apríl 1983. Íslensk stjórnvöld féllust þá á það — þetta var sem sagt í fyrri stjórn — fyrir sitt leyti að málið gengi til gerðardóms með bréfi dags. 9. maí 1983.

Ég vil í þessu sambandi minna á að það var ekki aðeins við kaup á súráli frá Ástralíu sem Swiss Aluminium beitti þessum óheiðarlegu aðferðum — það vil ég segja alveg afdráttarlaust að þær eru, vegna orða hæstv. iðnrh. hér áðan. Swiss Aluminium hefur allan tímann ástundað þá aðferð að selja sjálfum sér álið frá álbræðslunni á lægra verði en hægt hefur verið að fá það á á almennum markaði. Swiss Aluminium hefur beitt nákvæmlega sömu aðferðum við kaup á svonefndum anóðum sem er eitt dýrasta hráefni sem notað er í álbræðslunni. Ég minni á að hið virta breska endurskoðunarfyrirtæki Coopers & Lybrand hefur staðfest þetta. En ég minni líka á að í svari við fsp. Hjörleifs Guttormssonar fyrir tæpum mánuði síðan, þ. e. 23. okt. s. l., upplýsti hæstv. iðnrh. að endurskoðendurnir Coopers & Lybrand, sem eru sem sagt endurskoðendur iðnrn. hefðu komist að þeirri niðurstöðu nýlega við endurskoðun á ársreikningum ÍSALs fyrir árið 1983 að, eins og kom fram í svari ráðh., leiðrétta bæri ársreikning fyrirtækisins ÍSALs um 9.6 millj. Bandaríkjadala eða um 326 millj. íslenskra kr. fyrir þetta ár, árið 1983. Sem sagt, það eru bara fáeinar vikur síðan

hæstv. ráðh. upplýsti hér á Alþingi að samkvæmt útreikningum Coopers & Lybrand héldi Swiss Aluminium uppteknum hætti. Það lét ekki við það sitja að svindla á Íslendingum á árabilinu milli 1975 og 1981. Það lét ekki staðar numið eftir að málið hafði verið kært til alþjóðlegs gerðardóms. Það hefur haldið áfram, það heldur þessu áfram enn þann dag í dag og mun væntanlega halda þessu áfram enn um nokkurt skeið.

Ég vil því segja að þeir, sem eru nú að semja við svissneska álhringinn um nokkra hækkun á orkuverði til álbræðslunnar, eru fyrst og fremst að hirða uppskeruna af starfi iðnrh. í fyrri stjórn og samverkamanna hans. Þeir eru að hirða uppskeruna af því sem Hjörleifur Guttormsson sáði til á sínum tíma. En gallinn er bara sá að akurinn hefur verið harla illa hirtur seinasta eitt og hálfa árið, tíminn hefur verið illa nýttur og uppskeran er því harla léleg og aðeins hálf að vöxtum miðað við það sem gæti verið ef vel hefði verið á málum haldið.

Það er það hörmulegasta við þennan samning að hið gífurlega starf sem fólst í því að afhjúpa hækkun í hafi er að engu gert. Auðhringurinn á að sleppa með að borga ákveðna upphæð, 100 millj. kr. í eitt skipti fyrir öll, en það er aðeins brot af þeirri fjárhæð sem honum ber að greiða skv. niðurstöðum endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand.

Ég hef sagt í fjölmiðlum að upphæðin 100 millj. sé aðeins 1/3 af þeim kröfum sem gerðar voru fyrir gerðardómi. En ég vil vekja á því athygli að til viðbótar koma svo kröfur sem hefði átt að gera vegna áranna 1983 og 1984. Hæstv. ráðh. hefur einmitt nýlega upplýst að þar eru engar smáupphæðir á ferðinni til viðbótar. Eins og ég var að enda við að lesa áðan ber að leiðrétta ársreikninga fyrirtækisins ÍSALs um tæpa 10 millj. Bandaríkjadala til viðbótar. Þá væri heildarleiðréttingin komin upp í 60 millj. Bandaríkjadala og þá er eftir að telja með árið 1974.

Hæstv. ráðh. upplýsti áðan, og raunar kemur það fram í frv., að þessa upphæð, eitt hundrað millj. kr., ætti að færa á skattreikning fyrirtækisins. Sem sagt, þegar fyrirtækið er búið að hafa aðstöðu til þess í átta ár að safna innistæðum á skattreikningi með blekkingum í bókhaldi þá er aðeins tekið brot af því sem fyrirtækið skuldar okkur raunverulega vegna þessara skattablekkinga og það er fært inn á þennan stóra skattreikning með þeim afleiðingum að sjálfsögðu að hann lækkar lítillega. En sennilega verður aldrei um að ræða að þessi upphæð komi nokkurn tíma í kassann hjá hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni.

Þessi afgreiðsla málsins er þeim mun furðulegri þegar fyrri yfirlýsingar hæstv. iðnrh. eru hafðar í huga. Við þurfum ekki að fara lengra aftur í tímann en bara fram á s. l. vor þegar umr. urðu hér á Alþingi um álmálið. Það mun hafa verið í maímánuði 1983 — (Gripið fram í.) — eða marsmánuði, ég sé það ekki alveg í hendi mér, en það skiptir ekki öllu máli, það er á síðari hluta þings í fyrra. Ég heyri að hæstv. ráðh. kannast við hvað ég ætla að fara að lesa upp. Hann kannast við hvað hann hefur sagt í þessu máli og er það gott að honum er ekki alls varnað. Ég hygg, hæstv. ráðh., að þetta hafi verið 10. maí í utandagskrárumr. á Alþingi. Þá sagði ráðh., með leyfi virðulegs forseta:

„Og til þess að taka af allan vafa strax liggur það fyrir — og það veit hv. þm. — að kröfur okkar nú, mínar eða ríkisstjórnarinnar skulum við segja, eru óbreyttar um að endurákvörðun framleiðslugjaldsins verði staðfest."

Þetta sagði hæstv. ráðh. fyrir bara nokkrum mánuðum síðan hér á Alþingi. Og hann bætti við:

„Það lá alveg ljóst fyrir að ég gat aldrei sætt mig við neina niðurstöðu í þessum málum nema þá sem gæti talist dómur eða dómsígildi, það vil ég leggja áherslu á. Það kom aldrei til greina þótt eftir væri leitað að ég væri til viðræðna um samninga um þessi deiluatriði."

Það eru bara örfáir mánuðir síðan hæstv. ráðh. gefur þessa yfirlýsingu hér á Alþingi. Og nú er hann búinn að selja öll deilumálin á einu bretti fyrir eina litla upphæð. Er von að ég spyrji hæstv. ráðh.: Hvað kom yfir hann? Hvað hefur gerst í millitíðinni sem hefur snarsnúið ráðh., eins og ég hef hér lýst? Það er sannarlega ofar mínum skilningi með jafnágætan mann og hæstv. ráðh. er þrátt fyrir allt.

Ráðh. ákveður að veita Alusuisse syndakvittun á einu bretti og er þar með að sjálfsögðu að mælast til þess að svikamyllan fái að halda áfram, ekkert verði gert í málum sem snerta árið 1983 eða 1984. Hann fer meira að segja fram á að Alþingi leggi blessun sína yfir það. Í öðrum lið sáttargjörðar ríkisstj. við Alusuisse segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ríkisstj. samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum, hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þ. á m. öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum, sem ríkisstj. hefur nokkru sinni átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstj. kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir árið 1984."

Á hvað minnir svona texti einna helst? Ég verð að segja alveg eins og er, þegar ég les þennan texta þá minnir hann mig skuggalega á gamlar særingarþulur sem þeir menn fóru með sem gerðu viðskipti við ónefndan mann á ónefndum stað. **(Gripið fram í:** Þetta er lögfræðingatal.) Ef um lögfræðingatal væri að ræða í heiðarlegum viðskiptum er ég hræddur um að orðalagið væri með eitthvað öðrum hætti. Eða svo ég lesi hér aðeins áfram:

„Alusuisse samþykkir að leysa ríkisstj., og leysir hana hér með, frá öllum kröfum, hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, sem Alusuisse og/eða ÍSAL getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn ríkisstj. af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum, sem Alusuisse og/eða ÍSAL kunna að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir árið 1984."

Svo kemur hér seinna:

„Hvorki þessi sáttargerðarsamningur eða neinir af skilmálum hans né neinar samningaviðræður eða málarekstur í sambandi við hann skulu vera eða verða túlkuð sem sönnun um viðurkenningu af hálfu Alusuisse eða ÍSALs eða ríkisstj. um neina ábyrgð af nokkru tagi, eða um gildi neinna krafna, staðhæfinga eða röksemda, þ. á m. þeirra, sem fram hafa verið færðar fyrir dómnefndunum, eða um haldleysi neinna varna eða andsvara sem höfð hafa verið uppi gegn þeim. Eigi heldur skal sáttargerðarsamningur þessi eða nokkur af skilmál-

um hans, né neinar samningaviðræður eða málarekstur í sambandi við hann, vera færð fram eða við þeim tekið í sönnunarskyni eða til annarrar notkunar í neinum málaferlum gegn öðrum hvorum aðilanum, nema varðandi gildistöku og framkvæmd sáttargerðarsamnings þessa."

Það er sannarlega munur á því hvort menn heita Jón eða séra Jón. Það sýndi sig þegar hæstv. ráðh. tók sér fyrir hendur að útskýra hvers vegna lög og réttur ættu ekki að ganga yfir þetta fyrirtæki eins og venjulega þegna þjóðfélagsins. Það er svo sannarlega ástæða til að spyrja í framhaldi af þessu: Geta íslenskir skattþegnar fengið eitthvað hliðstæða meðferð hjá hv. ríkisstj. og Swiss Aluminium hefur nú fengið, að skulda milljónir kr. árum saman vaxtalaust og sleppa svo með að greiða brot af heildarskuldinni? — Og það á að heita greiðsla í eitt skipti fyrir öll og fyrir alla framtíð.

Ljóst er að það var Swiss Aluminium mikið keppikefli að losna úr þessum málaferlum. Því gerði hæstv. ráðh. sér góða grein fyrir lengst af. Þess vegna gaf hann yfirlýsingar af þessu tagi sem ég var að vitna til áðan. Hann var sjálfur sannfærður um að síst af öllu mættum við sleppa frá okkur því stóra trompi sem þessi málaferli eru, þeirri sóknaraðstöðu sem í þeim var fólgin. Málareksturinn var undirstaða þess að við gátum hafið þá sókn gegn Swiss Aluminium sem nú hefur dottið niður á miðri leið. Þessi málarekstur var fleinn í holdi hins alþjóðlega auðhrings. Það er ekki sérlega hagstætt fyrir alþjóðlegan auðhring að vera hýddur á almannafæri fyrir bókhaldsblekkingar og undirheimaaðferðir í viðskiptum.

Það er nokkuð ljóst miðað við fyrri reynslu að þessi harðvítugi auðhringur hefði aldrei samið um neina hækkun á raforkuverði ef þessi höggstaður hefði ekki verið fundinn á honum. En þeir kaupa sig sem sagt frá frekari málarekstri með hækkun raforkuverðs og 100 millj. kr. syndakvittun.

Nú spyrja menn kannske: Er það ekki ávinningur að fá hækkun raforkuverðs? Er hægt að vera á móti því að raforkuverðið sé hækkað? Auðvitað er svarið það að Landsvirkjun bætir hag sinn með hækkuðu raforkuverði og var svo sannarlega kominn tími til. En þar skilur á milli mín og hæstv. ráðh., eða okkar Alþb.-manna og ríkisstj., að við hefðum viljað nota tímann talsvert öðruvísi en gert hefur verið seinustu 17 mánuði. Við hefðum viljað hraða sókn á hendur auðhringnum, við hefðum viljað reka auðhringinn á enn frekara undanhald. Við hefðum viljað knýja hann til þess að samþykkja a. m. k. 17—18 mill á kwst. í orkuverð. Í því skyni hefðum við verið reiðubúnir, á sama hátt og Magnús Kjartansson hótaði álhringnum lokun ef hann setti ekki upp hreinsitæki á sínum tíma, að hóta einhliða hækkun orkuverðs og framkvæma þá hækkun ef nauðsynlegt hefði reynst.

Ég vil í þessu sambandi minna á að hæstv. iðnrh. hefur unnið að þessu máli með talsvert öðrum hætti en fyrrv. iðnrh. Fyrrv. iðnrh. lagði áherslu á samstöðu um málið og í öllu falli að allir flokkar fengju tækifæri til að fylgjast með því. Flokkur Sverris Hermannssonar, hæstv. iðnrh., fékk allan tímann að eiga fulltrúa í þeim nefndum sem um málið fjölluðu og fylgdist mjög vel með hverju einu sem gert var í þessu máli. En eftir að hæstv. iðnrh. tók við þessum málum hafa önnur vinnubrögð verið viðhöfð. Þingflokkur Alþb. hefur t. d. hvergi komið nærri þessu máli, ekki átt fulltrúa í neinni þeirri nefnd sem undirbúið hefur málið og fengið fréttir af málatilbúnaði með höppum og glöppum. Ég hygg að eitthvað svipað eigi við um fleiri þingflokka, ég þekki það ekki svo nákvæmlega.

Staðreyndin er auðvitað sú að það voru núverandi stjórnarflokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., sem rufu samstöðuna í þessu máli. Það var Framsfl. sem lét fulltrúa sinn í álviðræðunefndinni segja sig úr nefndinni vegna ágreinings. Það var Guðmundur G. Þórarinsson sem sagði sig úr nefndinni og olli þannig friðslitum um þetta mál. Í kjölfar þess beitti Sjálfstfl., sem var í stjórnarandstöðu, áhrifum sínum á Framsfl. til þess að hér var flutt þáltill. um að taka málið úr höndum þáv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar. Till. var í raun og veru um það að setja hæstv. iðnrh. af. Upp á þessa till. skrifuðu nokkrir þm. þáv. stjórnarflokks, Framsfl. illu heilli.

Ekki tókst þessi ásetningur tillögumanna á sínum tíma. En friður var rofinn, samstaða var rofin um málið og það var sannarlega illt spor sem þá var stigið. Við Íslendingar höfum auðvitað fyrst og fremst þurft á því að halda að sköpuð væri sem best samstaða um þetta mál og við stæðum sameinaðir í baráttu við þennan alþjóðlega risa á sama hátt og við reyndum a. m. k. löngum að standa sameinaðir í landhelgisdeilunni á sínum tíma.

En þegar ljóst var að Sjálfstfl. hafði lokkað Framsfl. í samvinnu við sig í þessu máli þótti okkur þm. Alþb. við hæfi að við birtum stefnu okkar í þessu máli. Því fluttum við þáltill. hér á Alþingi um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins. Í þessari till. var gert ráð fyrir að orkuverðið til álhringsins yrði hækkað einhliða til bráðabirgða upp í 12.5 mill og fyrir árslok 1983 í 15—20 mill eftir nánari ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar og að loknum frekari viðræðum við Swiss Aluminium. En það var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að ef ekki næðust samningar um endurskoðun raforkuverðsákvæðisins fyrir ákveðinn tíma yrði farið í hart og um einhliða ákvörðun yrði að ræða á bilinu 15—20 mill á kwst. sem orkuverðið yrði ákveðið eftir nánari ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar.

Við lítum því svo á að sú niðurstaða í sambandi við orkuverð, sem hér er verið að semja um og ég ætla að ræða hér svolítið betur á eftir, þ. e. 12.5—14 mill, sem er hið raunverulega innihald þessa samnings fyrst um sinn að því er manni virðist, sé uppgjöf. Það er gefist upp á miðri leið. Við lítum svo á að íslenska ríkisstj. sé nánast að þiggja það sem að henni er rétt. Við lítum svo á að ríkisstj. leggist líka býsna lágt þegar hún lætur hafa sig í það að þiggja það sáttafé sem svo er nefnt og ég hef hér gert að umtalsefni þá makalausu syndaaflausn sem hún hefur samþykkt.

En ekki nóg með þetta. Þessi alþjóðlegi auðhringur hefur sannarlega leyft sér að fétletta Íslendinga um árabil. Hann hefur þráast við það árum saman, eins og ég hef hér lýst, að viðurkenna nokkur sanngirnissjónarmið í þessu máli eftir að dollarinn fór að rýrna og beit sig fastan í samningana frá 1966 og 1975 og vildi aldrei tapa einni einustu krónu sem hann hafði náð til sín með samningunum 1966, þrátt fyrir að augljóst væri hverju mannsbarni að allar forsendur fyrir samningunum 1966 voru löngu, löngu brostnar og það viðurkennt út um allan heim. Auðhringurinn varð þar að auki uppvís að stórfelldum bókhaldsblekkingum og fékkst ekki, eins og nú er komið í ljós, til að hækka raforkuverðið

raunverulega fyrr en búið var að afhjúpa hann opinberlega. Hann sveikst um að setja upp hreinsitæki í níu ár eins og ég lýsti hér áðan. Þessi mesti syndaselur í íslenskri atvinnusögu fyrr og síðar, sem hefur sannarlega reynst Íslendingum verr en nokkurt annað erlent fyrirtæki sem þeir hafa átt viðskipti við — og er þá mikið sagt þegar rifjuð er upp saga fyrri ára — á, auk þess sem ég hef nú talið, að fá alveg sérstök aukaverðlaun fyrir frammistöðu sína með því að hann fái forgangsrétt að íslenskri orku fram yfir öll önnur fyrirtæki nú næstu árin, allt að 80 mw. til þess að geta aukið afköst verksmiðju sinnar um 50%.

Það er vissulega mál út af fyrir sig hvort við eigum að auka erlenda stóriðju í landinu, hvort við eigum að auka við veldi erlendra auðhringa, hvort það sé skynsamlegt og eðlilegt að byggja atvinnulíf Íslendinga upp með þeim hætti. Einhverjir munu nú spyrja þegar stækkun álversins kemur til tals hvaða verð við eigum að fá fyrir orkuna í þetta sinn, hvort enn einu sinni á að láta Íslendinga greiða með væntanlegri orkusölu um langa framtíð.

Þegar við erum nú að lofa 80 mw. af orkuforða íslenskra fallvatna erum við þá að endurtaka gömlu söguna frá 1966 sem svo mjög hefur kostað íslenska skattgreiðendur og orkunotendur á liðnum árum? Það á allt eftir að koma í ljós. Nú er mikið talað um erlendar skuldir. Menn hafa þungar áhyggjur af skuldahlutfalli Íslendinga út á við, sem komið er upp í 61%, og menn eru í óða önn ár eftir ár að skera niður allra nauðsynlegustu lántökur með öllum ráðum og með þeim rökum að erlendar skuldir séu orðnar allt of miklar. Menn eiga jafnvel ekkert lánsfé handbært til að lána í annars konar stóriðju, eins og stóriðju í laxeldi, svo ég nefni dæmi, af því að erlendar skuldir eru orðnar svo miklar. Er ekki á slíkum tímum gott að rifja það upp og hafa það í huga að við framleiðum ekki 80 mw. til viðbótar í þágu erlendrar álbræðslu með engum tilkostnaði. Það kostar mikið fé að byggja orkuver sem framleitt getur 80 mw. Ég minni á að Blönduvirkjun sem er 150 mw. er talin kosta um 4 þús. millj. kr. í stofnkostnaði, þ. e. um 26 millj. á hvert mw. 80 mw. mundu þá þýða skuldasöfnun Íslendinga erlendis upp á rúmar 2 þúsund millj. kr.

Eins og ég hef þegar minnt á eru erlend lán Íslendinga, langtímalán, komin yfir 60%. Þau voru í árslok 1983 komin í 60.6% og voru þá talin vera um 36 milljarðar kr. Miðað við það skuldahlutfall er það einfaldur þríliðureikningur að þessi nýja fyrirgreiðsla íslensku ríkisstj. við Swiss Aluminium, að lofast til að selja þeim 80 mw. til viðbótar, það eitt mun auka skuldabyrði Íslendinga út á við bersýnilega um a. m. k. 3—4%.

Að lokum ætla ég hér að víkja að nokkrum staðreyndum í sambandi við raforkuverðið. Hvers vegna er það að okkar dómi ófullnægjandi? Samningurinn hljóðar upp á 12.5—18.5 mill. En verðið á að breytast í hlutfalli við heimsmarkaðsverð á áli eins og hæstv. ráðh. hefur hér lýst. Vísitala álverðs er hins vegar sett á 100 miðað við meðalverð á tímabilinu 1. jan. 1983 til 30. júní 1984, en það verð er talið hafa verið — og er þá auðvitað um meðalverð að ræða — 64.75 cent á lbs.

Svo einkennilega er til orða tekið í þessu sambandi að talað er um grunnverðið 15 mill. En hvað skyldi álverðið vera núna þegar samningurinn er gerður? Og hvað skyldi orkuverðið vera í samræmi við það? Rétt er að benda á að álverðið núna nær ekki einu sinni þessari vísitölu 100 sem er meðalverðið sem miðað er við í þessum samningum. Það er langtum lægra, sennilega innan við 50 cent á lbs., ef það er reiknað eftir sama mælikvarða og gert er í þessum samningi. Enda er það staðreynd að orkuverðið, sem á að greiða skv. þessum samningi miðað við þessa nýju viðmiðun, nær ekki einu sinni 13 millum, það er innan við 13 mill, sennilega nær 12.5.

Talið er að meðalverðið á orku skv. þessum samningi næstu árin verði alls ekki þessi 15 mill sem menn tala um sem grunnverð og eru að reyna að flagga í tíma og ótíma. Það er viðurkennt hér í þessum plöggum að á næstu árum muni meðalverðið sennilegast vera í kringum 13.7 mill og er sem sagt eins og nú standa sakir innan við 13.

Ég vil upplýsa það hér að álverðið þarf að hækka um 100% frá því sem nú er til þess að því marki sé náð að verðið komist upp í 18.5 mill. Miðað við þetta meðalverð, sem gefur álvísitöluna 100, þarf verðið að hækka um 55% til að ná 18.5 millum.

Íslendingar eru ekki þeir einu sem stríða við alþjóðlega auðhringa. Það er alþjóðlegt vandamál sem margar þjóðir stríða við. En það er bæði þjóðleg og alþjóðleg réttarregla að allir samningar eru byggðir á ákveðnum forsendum. Þessar forsendur geta brostið við breyttar aðstæður. Hvað er það þá sem hefur breyst frá því að samningar voru gerðir um þessi mál 1966 og 1975? Hvað er það sem gefur okkur vald til þess að segja ef þessir menn neita að ganga að samningaborðinu með okkur: Við breytum orkuverðinu einhliða. Hvaða réttur er það sem veitir okkur þetta vald? Jú, það er sá réttur sem felst í því að samningurinn standist ekki lengur vegna brostinna forsendna. Þessar brostnu forsendur stafa af því að orðið hefur gífurleg hækkun á verði orkugjafa, fyrst og fremst á olíu, og mynteiningar um víða veröld, og þá ekki síst Bandaríkjadollar, hafa verulega fallið í verði, þegar á lengra tímabil er litið, vegna alþjóðlegrar verðbólgu. Í þessu sambandi má ekki rugla því saman þótt dollarinn hafi nokkuð styrkt sig á seinustu árum í hlutfalli við aðrar mynteiningar sem vissulega skiptir máli í þessu sambandi en kemur þó ekki í veg fyrir það að hann, eins og allar aðrar mynteiningar, fellur jafnt og þétt í verði vegna alþjóðlegrar verðbólgu. Enda þarf engum að segja það að þrátt fyrir þessa styrkingu dollarans nú á seinni árum er gífurlega mikill munur á verðgildi hans nú og þess sem var fyrir t. d. 10 árum síðan, að maður tali ekki um fyrir 20 árum.

Þetta eru þær breyttu forsendur sem valda því að við getum leyft okkur að standa á því, eins og margir aðrir aðilar, að viðsemjandi okkar sé skyldugur til að hækka orkuverðið. Í þessu sambandi er líka rétt að hafa í huga að margar þjóðir hafa staðið frammi fyrir þessu vandamáli og niðurstaðan hefur yfirleitt orðið að orkuverðið hefur hækkað verulega miklu meira en hér er gerður samningur um. Ég minni á að ríkisstjórn Ghana samdi nýlega við álhring í þeirra landi um hækkun orkuverðs í 17.5 mill. Þar var miðað við álverðið 76 cent pr. pund. Grikkir fengu ákvörðun fyrir gerðardómi s. l. sumar um 20.5 mill. Bandarískar rafveitur, sem knúnar eru með vatnsafli, selja áliðnaði orkuna á 22—27 mill.

Hvert er svo það verð sem Swiss Aluminium þarf að greiða í öllum álbræðslum sínum? Ég hef þegar nefnt þá

tölu. Það eru 19.7 mill skv. seinustu upplýsingum. Það var greinilega á misskilningi byggt, sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni í sjónvarpsviðtali hér fyrir nokkrum dögum síðan, að talan væri 16.5 mill. Þar held ég að sé um rangar upplýsingar að ræða, enda hef ég þessar upplýsingar eftir óyggjandi heimildum.

Það er líka vert að velta því fyrir sér hver er framleiðslukostnaður virkjana Landsvirkjunar. Ég heyrði ágætan þm. Kvennalistans segja í sjónvarpinu í gær að framleiðslukostnaður virkjana Landsvirkjunar sé 16 mill. Ég veit að það er skv. upplýsingum Landsvirkjunar og ég hef séð þá útreikninga. En ég vil leyfa mér að benda á að ef við ósköp einfaldlega tökum ársreikninga Landsvirkjunar og ársskýrslu fyrir s. l. ár, árið 1983, þá kemur þar fram að heildarframleiðslukostnaður Landsvirkjunar var 1551 millj. kr. Meðalgengi á árinu 1983 á Bandaríkjadollar er talið hafa verið 25.032 kr. Heildarframleiðslukostnaður, ef hann er umreiknaður í Bandaríkjadali, er þá 61 999 millj. Bandaríkjadala og heildarsalan í gwst. 3280.7 gwst. Það er mjög einfalt reikningsdæmi, út frá þessum tölum sem ég hef hér rakið, að reikna út hver er meðalframleiðslukostnaður Landsvirkjunar úr öllum sínum virkjunum, gömlum — sumum afgömlum — og nýjum. Skv. þessu reikningsdæmi er kostnaðurinn 18.9 mill á kwst. Þetta er á árinu 1983. Ég hygg að miðað við þær og þá þróun sem orðið hefur síðan, þar sem ár er liðið, þá hljóti þessi tala frekar að vera hærri en lægri á árinu 1984 og væntanlega á árinu 1985. Það er með þessum rökum sem ég segi að framleiðslukostnaður virkjana Landsvirkjunar sé um og yfir 20 mill. Ég hef hins vegar séð þessa meðaltalsútreikninga Landsvirkjunar, þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu að meðalverðið hjá þeim sé 16. Ég hygg að það megi mjög deila um ýmsar forsendur sem þeir gefa sér í þessum útreikningum. En þannig er reikningsdæmið eins og ég set það upp og ég hygg að það sé síst fráleitara en aðrir útreikningar í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Ég skal nú fara að ljúka máli mínu þó ég verði að viðurkenna að margt á ég eftir órætt í þessu sambandi. En ég hef fallist á það að reyna að flýta afgreiðslu þessa máls og reyna að tryggja að málið komist til nefndar í dag þannig að hægt sé að vinna að nefndarstörfum yfir helgina. Ég verð að viðurkenna að við Alþýðubandalagsmenn ættum að hafa fleiri tækifæri en þetta til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum okkar og læt því bíða til betri tíma frekari rökstuðning fyrir því að við höfnum þessu samkomulagi.

En ég minni að lokum á meginatriðin í sambandi við orkuverðið. Þau meginatriði eru að orkuverðið er bersýnilega aðeins 12.5—14 mill á þessu og næstu árum og þó sennilega frekar nær fyrri tölunni, en ætti að vera 17—20 að okkar áliti. Það er mikil óvissa um frekari hækkun orkuverðsins skv. þessum samningi. Það er talsverð hætta á því að orkuverðið verði í þessum botni, 12.5 mill, um langt skeið. Þar að auki er orkuverðið fast í dollurum og verður að sæta verulegri verðrýrnun dollarans á komandi árum eins og verið hefur á undanförnum árum.

Áður en ég lýk máli mínu kemst ég ekki hjá því að nefna bara sem dæmi í þessu sambandi að miðað við 5% alþjóðlega verðbólgu á ári, þ. e. 5% verðrýrnun dollarans, mundi verð, sem í dag væri talið vera 18.5 mill, þýða lækkandi raunverð orkunnar niður í 14.5 mill á fimmta árinu. Þetta nefni ég bara til að minna á að menn verða að taka þetta inn í myndina, þessa stöðugu verðrýrnun mynteininga sem ekki aðeins skiptir máli fyrir liðinn tíma heldur einnig fyrir þau ár sem í hönd fara. Það verð, sem nú er verið að semja um og virðist í reynd vera einhvers staðar í kringum 13—14 mill, á bersýnilega eftir að rýrna á næstu árum. Það má gott heita ef það lafir í því að halda yfir 10 mill að fjórum, fimm árum liðnum.

Ég tel að ég hafi fært næg rök fyrir því hér að verðið á orkunni er algjörlega ófullnægjandi. Ég ítreka að þetta er vondur samningur og að við Alþýðubandalagsmenn hljótum að greiða atkvæði gegn honum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hér hafa menn talað langt mál, enda efnið mikið sem hér er til umr. Þó hefur þetta þingmál nokkra sérstöðu. Það hefur þá sérstöðu að hér er engin aðstaða til að koma fram á því einni eða neinni breytingu. Hér er lagður fram samningur til samþykktar eða synjunar, þannig að það er annaðhvort um það að ræða að menn segi já eða nei eða velji þá afstöðu skoðanaleysisins að sitja hjá.

Þetta er flókið mál og kannske ekki á annarra færi en sérfræðinga, sem því hafa helgað mikinn tíma, að setja sig inn í allar hliðar þess. Það er alþjóðlegt lögfræðimál, torf, á þeim plöggum sem hér hafa verið fyrir okkur lögð, en hins vegar eru meginstaðreyndir málsins tiltölulega einfaldar. Ætla ég ekki að taka langan tíma í þessum umr., en freista þess að draga fram það sem ég tel vera meginefni þessa máls.

Fyrst vil ég geta þess að Alþfl. átti á sínum tíma aðild að því og bar ábyrgð á því að hluta að álver var reist í Straumsvík. Við teljum að það hafi verið skynsamleg ákvörðun og að sá samningur sem þá var gerður hafi verið góður samningur í ljósi þess tíma þá er hann var gerður. En síðan hefur ákaflega margt breyst. Síðan eru forsendur orðnar allar allt aðrar. Í heiminum hefur orðið svokölluð orkuverðssprenging, olíuverðssprenging — ekki einu sinni heldur töluvert oftar. Og það gerði öll ákvæði þessa samnings um orkuverð úrelt og setti þau raunar algjörlega út úr kortinu. Þannig er ekki ágreiningur um að það orkuverð sem við bjuggum við samkvæmt samningi var gjörsamlega óviðunandi og langt fyrir neðan öll velsæmismörk, ef þannig má taka til orða, í viðskiptum.

Hæstv. iðnrh. knúði fram á þessu nokkra lagfæringu. Ég sagði þá, er þau mál voru til umr., að það væri aðeins skref í rétta átt, en skref sem ekki bæri að vanmeta. Nú hefur verið gengið lengra því að nú hefur verið gert samkomulag sem okkur er hér ætlað að taka afstöðu til og það er gert með heldur óviðurkvæmilegum hætti, leyfi ég mér að segja, þegar menn eru settir andspænis því að það kosti svo og svo mikið á dag, það kosti svo og svo mikið á hverja klukkustund sem líður frá því að þessi samningur var gerður uns hann hefur hlotið fullnaðargildi að lögum. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð, enda þótt hæstv. ráðh. hafi tekið skýrt og skilmerkilega fram að hann sé ekki að þrýsta á um þetta með neinum hætti, en hins vegar hefur hann bent á þessa veigamiklu þætti málsins. Auðvitað hefði þetta frekar og miklu fremur átt að gerast með þeim hætti að þessar hækkanir og þessar breytingar tækju gildi við undirskrift, enda þótt samningurinn öðlaðist ekki gildi að lögum fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu á hinu

háa Alþingi. Þetta hefðu að mínu mati verið hin eðlilegu vinnubrögð.

Þegar þetta fyrirtæki kom til og starfsemi þess í Straumsvík urðu um það mjög harðar deilur. Afstaða Alþb. í því máli var alla tíð mjög ljós. Alþb.-menn voru andsnúnir þessu og ég hygg að framsóknarmenn hafi verið það líka á sínum tíma, enda báðir þessir flokkar þá í stjórnarandstöðu. Þetta er nú nokkuð breytt, þ. e. Alþb. hefur enn sömu afstöðu, en Framsfl. hefur skipt um skoðun.

Það hefur komið fram af hálfu Samtaka um kvennalista að þau samtök eru þessu andvíg eins og þau eru andvíg allri stóriðju. (Gripið fram í.) Iðja og iðnaður rúmast ekki á hinu þrönga áhugasviði Samtaka um kvennalista. Það er engin vitleysa, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Ég minnist þess að þegar rætt var í Sþ. um þáltill. til að greiða fyrir því að stofnuð yrðu smáiðnaðarfyrirtæki á fríðnaðarsvæði, t. d. í grennd við Keflavíkurflugvöll eða einhverja höfn, þá lögðust þm. Kvennalista gegn þeirri till. Þetta liggur allt saman fyrir í Alþingistíðindum og getur hver flett því upp sem kærir sig um að kanna þau mál. Iðja og iðnaður tilheyra ekki hinum mjúku gildum sem þessi flokkur kennir sig einkum við og leggst því gegn þeim málum sem ekki eru á hans áhugasviði. Þetta er auðvitað afstaða út af fyrir sig og mjög skýr og ágætt að hún komi fram, eins og hún mun sjálfsagt gera í umr. á eftir. Þetta er utan áhugasviðs Samtaka um kvennalista.

Mér er ekki ljóst hver afstaða BJ til þessa máls er. Það hefur ekki komið glöggt fram enn sem komið er.

Þetta mál er lengi búið að vera deilumál. Í síðustu ríkisstjórn var þetta mál í höndum Alþb. Forusta þess í þessum málum var ekki góð og langur vegur frá. Þeir eru, eins og ég sagði áðan, andvígir þessum stóriðjurekstri og hafa alla tíð verið og það er mjög hrein afstaða og þeir höfðu, fullyrði ég, engan áhuga á samningum í þessu máli. Þeir vildu drepa málinu á dreif, flækja það, klúðra því, koma því í ógöngur. Það tókst þeim mjög rækilega, m. a. með því t. d. að reka málið ekki á réttum vettvangi á ýmsum stigum. Það var byrjað á því að reka það í fjölmiðlum áður en það var kynnt hér á Alþingi. Þegar hæstv. þáv. iðnrh., núv. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hafði sem hæst í þessu máli byrjaði hann sinn málarekstur á blaðamannafundum en ekki á Alþingi eins og eðlilegast og réttast hefði auðvitað verið. Það er mín eindregna skoðun að hversu lengi sem Alþb. hefði haft sinn fulltrúa á stóli iðnrh. hefði aldrei verið samið í þessum málum. Þess vegna vorum við Alþýðuflokksmenn fylgjandi því að gengið yrði til samninga. Við vorum eindregið fylgjandi því vegna þess að það var okkar sannfæring og skoðun að þetta mál yrði að leysa með samningum. Það hefur nú verið gert, en þeir samningar eru ekki að okkar skapi og er þar langur vegur frá og mun ég koma að því hér síðar.

Vissulega er það rétt, sem mjög er nú hampað, að þetta hefur í för með sér tekjuaukningu. Hún mátti nú vera meiri og hún mátti vera fyrr til komin. En af því að hv. 3. þm. Norðurl. v., sem var hér á undan mér í þessum ræðustól, rakti nokkuð hvernig hið raunverulega verð, sem við fáum nú fyrir orkuna, mundi breytast vegna alþjóðlegrar verðbólgu og verðrýrnunar Bandaríkjadals vildi ég rekja þá sögu örlítið lengra hæstv. ráðh. til glöggvunar þó að hann hafi sjálfsagt séð einhverja útreikninga þessum líka.

Mér sýnist að sé miðað við 5% alþjóðlega verðbólgu á ári muni raungildi þeirra talna sem hér er verið að tala um verða sem hér segir: 12.5 mill eða millidalir verði í lok samningstímans að 20 árum liðnum að raungildi 4.7 og 18.5 mill, millidalir sem menn nú tala um, yrðu að 20 árum liðnum í kringum 7 mill. Það eru ekki góðar tölur, hæstv. iðnrh.

Það varð snemma ljóst að vinnuaðferðir þær sem beitt var við þetta mál voru ekki af hinu góða. Það var t. d. ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuflokka. Kannske lái ég hæstv. iðnrh. það ekki þó hann hafi ekki verið mjög fús til samstarfs við forvera sinn í embætti, en ég minni hann á að Alþfl. var stuðningsflokkur þessa máls á sínum tíma og okkur Alþfl.-mönnum hefði ekki fundist óeðlilegt að við hefðum fengið að fylgjast ögn betur með því sem gerðist og var að gerast á þessum vettvangi en raun bar vitni.

Þingflokkur Alþfl. mótmælti þessum vinnubrögðum nú í september með svofelldri ályktun, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþfl. mótmælir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í svonefndum ÍSAL-samningum. Engar staðfestar upplýsingar eru birtar um efnisinnihald samkomulagsins. Samningamenn tjá sig opinberlega um ágæti þess sem enginn fær að vita hvað er, nema að Íslendingar eiga að taka vaxandi áhættu af rekstri ÍSALs. Með þessu er verið að kæfa málefnalega umræðu um stórkostlegt hagsmunamál þjóðarinnar. Vinnubrögð af þessu tagi eru móðgun við þjóðina og til vansæmdar fyrir iðnaðarráðherra. Þingflokkur Alþfl. krefst þess að samningsdrögin verði birt þegar í stað og undanbragðalaust í stað þeirra huldufrétta sem birst hafa."

Nokkru áður hafði þingflokkur Alþfl. gert aðra ályktun um þetta mál og ég vil leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa þá ályktun, hún er stutt. Hún er gerð 31. ágúst:

„Þingflokkur Alþfl. varar eindregið við því að gengið verði til samninga við Alusuisse um undirverð á raforku. Framleiðslukostnaður á raforku í nýjum orkuverum er nú talinn 18—20 millidalir. Það verð þarf að tryggja í komandi samningum og leggja megináherslu á verðtryggingu og endurskoðunarákvæði. Þingflokkurinn varar við því að tengja raforkuverðið álverði þannig að sveiflum í verði á áli verði veitt með fullum þunga inn í íslenskt efnahagslíf. Allt frá upphafi hefur stefnan verið sú að taka sem minnsta áhættu og á því grundvallaðist hin upphaflega samningsgerð. Þingflokkurinn telur ótækt að ríkisstj. hverfi frá því að láta gerðardóma úrskurða um ágreiningsefnin í skattamálum og gefist þannig upp við að fá óhagganlega niðurstöðu í þeim mikilvægu málum."

Hvert einasta af þeim atriðum, sem við vöruðum við, í þessari ályktun í lok ágúst hefur reynst hafa við rök að styðjast. Það hefur verið samið um of lágt orkuverð, um undirverð á raforku. Verðtrygging, hver er hún? Hæstv. ráðh. svarar því væntanlega hér á eftir. Endurskoðunarákvæði eru afar óljós. Raforkuverðið er tengt álverði, þannig að sveiflur á því koma niður á okkur. Það er tekin áhætta sem ekki var fyrir hendi í samningunum sem áður giltu. Og Alusuisse fær syndakvittun, í formi þeirrar særingarþulu sem hér var höfð yfir áðan og ég ætla ekki að endurflytja hér. Þetta eru meginatriði.

En annað kemur mér nú í hug í þessu máli. Hér er

fjallað um breytingar á skattareglum og afskriftareglum. Þau mál heyra í raun undir fjmrn. ef mér ekki skjöplast. Er það ekki rétt hæstv. iðnrh.? (**Iðnrh.**: Yfirleitt er það.) Já, þessi mál heyra undir fjmrn. og nú spyr ég: Var hæstv. fjmrh. hafður með í ráðum þegar þetta var gert? Þessi skattamál ÍSALs hafa a. m. k. að einhverju leyti verið hjá fjmrn. ef mér ekki skjöplast. Og ég spyr og óska svara við því hér á eftir: Voru hæstv. fjmrh., hans sérfræðingar og embættismenn hafðir með í ráðum? Var þetta borið undir þá? Var leitað til þeirra eða hvað? Ég hef grun um að það hafi ekki verið gert. En það verður væntanlega úr því skorið í umr. á eftir ef þessum spurningum verður svarað.

Ég ætla nú að víkja að nokkrum atriðum sem ég tel að skipti verulegu máli í sambandi við umfjöllun þessa máls — víkja að endurskoðunarákvæðinu t. d. Það segir í þessu mikla plaggi:

„Ný grein kveður svo á um að á fimm ára fresti geti hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samningnum ef átt hafa sér stað ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar breytingar á aðstæðum sem leiða til röskunar á jafnvægi samningsins og harðréttis fyrir aðila."

Þetta er afar óljóst orðalag og raunar býður mér í grun að þetta endurskoðunarákvæði sé ónýtt að það sé hægt að teygja það og toga í það endalausa, svo óljóst sem þetta hér er orðað, þannig að endurskoðun á þessum samningi verði mjög erfið ef ekki útilokuð. Hverjar aðstæður eru ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar? Hverjar breytingar hafa menn í huga þegar þannig er til orða tekið?

Í þeim samningi sem áður var í gildi voru ákvæði um hráefniskaup, að verksmiðjan í Straumsvík skyldi þar njóta bestu skilyrða. Þetta er fellt niður. Í staðinn er talað um „að leitast við", ef ég man þetta rétt, að það skuli leitast við. Þarna er sem sagt slakað á og gefið eftir. Þetta er síður en svo til bóta. Þetta er eitt af því sem við höfum athugasemdir við að gera í þessum samningi en menn standa frammi fyrir orðnum hlut, sem ekki er hægt að breyta hér, og menn verða annaðhvort að segja já eða nei við. Þetta var varðandi hráefniskaupin.

Við teljum það líka af hinu slæma að mál skuli ekki hafa verið látin ganga til úrskurðar varðandi þær deilur sem uppi voru og voru komnar í gerðardóm. Og það var fróðlegt að hlýða á þau ummæli sem hæstv. iðnrh. hafði í þingræðu um þau mál hér í fyrra eða fyrir fáeinum mánuðum og vitnað var til í ræðu hv. síðasta ræðumanns og ég ætla ekki að rekja aftur. En hvað veldur því að hæstv. iðnrh. skipti svo mjög um skoðun? Hvað veldur þessari hugarfarsbreytingu um grundvallaratriði, að hér fékkst aldrei og fæst aldrei úr þessu, ef þetta verður samþykkt, úrskurður um deilumálin? Þau eru bara lögð til hliðar með allsherjarsyndakvittun.

Svo er gert mikið úr því að Íslendingar fái greiðslu, 3 millj. dollara. En hvernig er sú greiðsla? Ef ég hef lesið þetta rétt er búin til að nýju skattinneign ÍSALs sem áður var búið að strika út. Það eru skrifaðar tölur á blað og síðan er þessi skaðabótagreiðsla, þessar 3 millj. dollara, dregin frá þessari skattinneign á blaðinu, þannig að inneign fyrirtækisins hjá íslenska ríkinu verður heldur minni. Hér er ekki um neinar raunverulegar greiðslur að ræða, heldur er þetta bara bókhaldsleikfimi. Styrkleikanum, sem áður var í samningum, hefur nú verið fórnað. Og hæstv. iðnrh. skuldar okkur skýringu á sinni hugarfarsbreytingu í þessum efnum.

Og hvað með stækkun fyrirtækisins? Eru þar einhverjar kvaðir á Svisslendingum? Ekki nokkrar sýnist mér. Er líklegt að þessi stækkun muni eiga sér stað? Ég held að menn séu sammála um að það er umframframleiðslugeta í heiminum á áli sem verður væntanlega fram yfir 1990. Það er ekki fyrr en einhvern tíma á næsta áratug að þörf verður fyrir nýja verksmiðju.

Svo er líka ástæða til að spyrja sig þeirrar spurningar hvort Alusuisse hafi þann orðstír í viðskiptaheiminum á sviði alþjóðaviðskipta að menn verði mjög fíknir í það að ganga til samstarfs við það fyrirtæki. Þetta er spurning sem menn þurfa líka að velta fyrir sér.

Varðandi orkuverðið, sem ég vék að áðan, hlýtur að verða að spyrja þeirrar spurningar: Ef fyrirtæki sem er alveg búið að afskrifa bókhaldslega, eins og bræðslan í Straumsvík, getur ekki borgað hærra verð fyrir raforku en þessi samningur gefur til kynna, hvað geta þá ný fyrirtæki borgað fyrir orkuna, fyrirtæki sem bera þungar fjármagnsbyrðar fyrstu árin? Ég held að ef algjörlega afskrifað fyrirtæki eins og bræðslan í Straumsvík getur ekki borgað hærra en þetta geti ný fyrirtæki ekki borgað þetta verð, heldur töluvert lægra. Og þá sýnist mér nú að fari að þrengjast kostir okkar á þessu sviði og verða fátt um fína drætti á stóriðjumiðunum — eða hvað telur iðnrh., fyrst þetta er það hámark sem afskrifað fyrirtæki getur borgað, að ný fyrirtæki geti greitt okkur fyrir raforku? Það væri fróðlegt að fá svör við því.

Virðulegi forseti. Það er skoðun okkar í Alþfl. að þetta sé ekki góður samningur, hér hafi veigamiklum hagsmunum verið fórnað. Staða okkar eftir gerð þessa samnings, þrátt fyrir nokkru hærra orkuverð, ég ætla ekki að gera allt of lítið úr því eða gerast algjör úrtölumaður þess vegna, er með ýmsum hætti lakari og við erum verr settir en áður. Ég held að ekki hafi verið látið sverfa alveg til stáls í þessum samningum. Mín skoðun er sú að við hefðum átt að freista þess að ganga fetinu lengra og kannske fetunum lengra til þess að styrkja og tryggja okkar stöðu.

Mér er alveg ljóst að þetta eru ekki auðveld verkefni við að fást, vandasöm, en ég held samt að þarna hafi þurft betur á að halda.

Ég hef nefnt hér nokkur atriði sem ég tel skipta meginmáli í sambandi við gerð þessa samnings. Við höfum gagnrýnt vinnubrögðin.

Í fyrsta lagi teljum við endurskoðunarákvæðin of veik.

Skilyrðin um aðföng hafa verið milduð. Alusuisse mun leitast við að tryggja „að sú útvegun og innkaup eigi sér stað fyrir ÍSAL með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru", segir hér í samningnum, þegar um aðra aðila er að ræða en Alusuisse og dótturfélög þess. Áður var þetta ekki skilyrt, heldur bara sagt „með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru". Þessi breyting er ekki til bóta.

Í þriðja lagi tökum við áhættu af því að tengja orkuverðið álverði í heiminum. Ég hef heyrt hæstv. iðnrh., ef mig ekki misminnir, lýsa þeim skoðunum sínum að í sambandi við rekstur af þessu tagi ættum við sem minnsta áhættu að taka. Mig minnir að hann hafi látið orð í þessa veru falla þá er rætt var um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga — og hefði betur verið að við hefðum minni áhættu tekið þar. Ég var honum sammála um þetta. Við eigum að tryggja okkur í

orkuverðssamningum eins og við getum því að við höfum ekki bolmagn eða fé til að vera mjög virkir þátttakendur í svona alþjóðarekstri þar sem velta íslenska ríkisins er hér um bil eins og skiptimynt þegar borið er saman við veltu risafyrirtækjanna sem ráða þessum málum í veröldinni, hvort sem okkur líkar það betur eða ver. Við höfum ekkert bolmagn til að standa þar einir sér. Því verða menn að játa. Þess vegna eigum við ekki að vera áhættuaðilar að þessum rekstri og það er einn veigamikill galli á þessum samningi.

Í fjórða lagi hefur ekki verið skorið úr þessum ágreiningsmálum heldur eru þau lögð til hliðar og öll látin niður falla rétt eins og þau hafi aldrei átt sér stað. Það er svipað og Morgunblaðið er að gera núna með útvarpsreksturinn í Valhöll sem allir vita að átti sér stað, en Morgunblaðið segir að atburðurinn hafi aldrei gerst og þá er það auðvitað hið rétta. Eins er með þessi deilumál, að þau eru bara afskrifuð á einu bretti í staðinn fyrir að láta reyna á þau. Það tel ég bera m. a. vott um að hæstv. iðnrh. hefur verið vantrúaður á okkar málstað í því máli og ekki treyst til að láta það ganga til dóms til að fá í eitt skipti fyrir öll úrskurð um þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég hef hér tínt til nokkur þau atriði sem við gerum athugasemdir við í sambandi við þennan samning. Hann er ekki hér til umræðu til breytinga. Hann er til umræðu til synjunar eða staðfestingar, eins og ég hef áður sagt. Við Alþýðuflokksmenn teljum þessa veikleika samningsins svo veigamikla að við munum greiða atkvæði gegn samningnum þegar hann kemur hér til atkvæða. Það er hrein afstaða. Hún táknar ekki að Alþfl. hafi skipt um skoðun í stóriðjumálum. Síður en svo. Við teljum að við eigum að leita þar áfram að ákjósanlegum valkostum og tækifærum til að nýta okkar orku, en við verðum a. m. k. að fá fyrir orkuna það verð sem það kostar okkur að framleiða hana. Það er auðvitað grundvallarforsenda. Ég veit að hæstv. fjmrh., sem rekið hefur heildsölu, skilur að hann getur ekki keypt vörur og selt þær aftur á lægra verði. Hann mundi þá ekki lengi starfrækja fyrirtæki. En er það ekki nákvæmlega það sem menn eru að gera hér, þegar framleidd er raforka og seld á lægra verði en kostar að framleiða hana? Það er auðvitað það sem er meginatriði þessa máls.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Samningur hæstv. iðnrh. við Swiss Aluminium um álbræðsluna í Straumsvík, sem nú loksins hefur borist inn á borð hv. þm. og hæstv. ráðh. hefur hér greint frá, er samningur sem ber þess öll merki að íslensku samningamönnunum hafi verið settir afarkostir af hálfu Alusuisse og ekki fengið við neitt ráðið í viðskiptum sínum við þennan alþjóðlega risa frekar en fyrri daginn.

Hæstv. ráðh. hefur í þessum samningi lagt mesta áherslu á að ná fram hækkun raforkuverðs til ÍSALs, eftir því sem hann hefur sjálfur sagt og samningurinn ber með sér, og það er ljóst af þessum samningi að hæstv. ráðh. hefur selt bókstaflega allt sem seljanlegt var með það sjónarmið í huga. Til þess að ná fram orkuverðshækkun sem í reynd er upp á fáein mill hefur hann gengið inn á allar meginforsendur Alusuisse. Hann hefur fallist á að tengja orkuverðið heimsmarkaðsverði á áli, hann hefur fallist á að þeir fái að stækka álbræðsluna í Straumsvík um helming ef samningar nást um orkuverð til stækkunarinnar og hann hefur fallist á að leyfa þeim að taka nýjan eignaraðila inn í fyrirtækið til þess að auðvelda þeim að standa straum af fjármagnskostnaði við stækkun þess. Að síðustu hefur hann fallið frá öllum kærumálum á hendur Alusuisse og látið sér sæma að sættast á ákveðna peningagreiðslu upp á u. þ. b. þriðjung af skaðabótakröfum á fyrirtækið og lætur þar með allan málarekstur niður falla.

Þessi orkuverðhækkun, sem samningurinn kveður þó á um, er dýru verði keypt og því liggur beinast við að ætla að hún sé umtalsverð. Því fer hins vegar víðs fjarri. Í samningnum er kveðið á um að orkuverð skuli vera á bilinu 12.5—18.5 mill og breytast í samræmi við heimsmarkaðsverð á áli. Í dag mun þetta þýða að orkuverðið er um 12.8 mill á hverja kwst. og samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðh. hér í þinginu 25. október s. l. áætlar Landsvirkjun að meðalverð orkunnar á árunum 1985—1989 verði um 13.7 mill á kwst. Meðalverð hverrar kwst. úr virkjanakerfinu er aftur á móti í dag 16 mill samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar. Hv. 3. þm. Norðurl. v. dró það reyndar í efa áðan og vildi meina að það væri 18.9 mill. Ekki er nú unnt að sannreyna þessa reikninga, hvorki reikninga Landsvirkjunar né hv. þm., á þeim tíma sem hér gefst, en a. m. k. held ég að okkur sé óhætt að miða við þau 16 mill sem Landsvirkjun gefur upp. Sem sagt: þessi dýrkeypta raforkuverðshækkun nær ekki einu sinni framleiðsluverði orkunnar á næstu árum. Ef þetta er ekki að kaupa köttinn í sekknum, þá veit ég ekki hvað það er.

Þrátt fyrir háar fjárhæðir, sem ráðh. hefur hér nefnt að koma muni í okkar hlut þegar samningurinn tekur gildi, þ. e. hækkun á orkuverðinu, þá munum við samt sem áður samkvæmt þessum samningi halda áfram að afhenda Alusuisse orkuna á verði sem er undir kostnaðarverði hennar. Landsvirkjun mun ekki fá eðlilegan arð af orkusölunni í sinn hlut og tapið á orkubúskapnum munu landsmenn áfram bera.

Þessi orkusölusamningur er gerður á sama tíma og önnur lönd, t. a. m. Ghana og Grikkland eins og hér hefur verið nefnt, hafa samkvæmt gerðardómi fengið fram mun hærra orkuverð til álvera en hér er á ferðinni og á meðan við vitum að Alusuisse þarf að greiða töluvert hærra orkuverð. Ráðherra nefndi sjálfur í þinginu 25. október 16.5 mill í því sambandi. Aðrir vilja meina að það sé hærra. Alusuisse þarf þá að greiða a. m. k. 16.5 mill annars staðar í heiminum. Það er ekki að undra að á sama tíma og Alusuisse er að leggja niður álbræðslur sínar annars staðar, t. a. m. í Bandaríkjunum, vilja þeir stækka álbræðslu sína hér, enda geri ég ráð fyrir að það sé leit að öðru eins gósenlandi ódýrrar raforku og Íslandi.

Ekki efast ég eitt andartak um að Alusuisse er erfiður samningsaðili og að okkur væri nær að halda okkur í framtíðinni frá öllum viðskiptum við alþjóðleg risafyrirtæki af þessu tagi. En því er ekki heldur að neita að miðað við stöðu álmála í heiminum í dag og miðað við samningsstöðu okkar í upphafi þessarar samningalotu höfum við í þessum samningi samið svo rækilega af okkur að með ólíkindum er.

Það er sem sagt ljóst að þetta hækkaða orkuverð mun ekki ná framleiðsluverði orkunnar hér á landi á næstu árum. Og það er líka ljóst að með því að tengja orkuverðið til ÍSALs við heimsmarkaðsverð á áli erum

við að opna íslenska hagkerfið, sem er a. m. k. landsfrægt fyrir að vera viðkvæmt, fyrir sveiflum á erlendum mörkuðum í enn auknara mæli en þegar er. Hér er að mínu viti á ferðinni ákaflega hættuleg stefna í orkusölumálum og stórundarleg miðað við skoðun þess hæstv. ráðh. sem þennan samning gerir, en hún er sú — og nú leiðréttir ráðh. mig ef rangt er eftir haft — að Íslendingar eigi ekki að taka á sínar herðar þá áhættu sem óhjákvæmilega fylgir stóriðjurekstri. Þetta er eitt af örfáum atriðum sem við hæstv. ráðh. höfum hingað til verið sammála um í þessum málum þótt á mismunandi forsendum sé þar sem hann vill reisa hér erlenda stóriðju, en ég vil hér enga frekari stóriðju, hvorki innlenda né erlenda. Miðað við þessa margyfirlýstu skoðun ráðh., hvers vegna fellst hann þá á þessa tengingu raforkuverðs við heimsmarkaðsverð á áli sem þýðir að við tökum á okkur hlutdeild í þeirri áhættu sem stóriðjurekstri fylgir og ekki aðeins hvað varðar slíkan rekstur hér á landi, heldur í heiminum öllum? Eru þarna á ferðinni afarkostir Alusuisse einn ganginn enn? Er það svarið? Og hvernig ætlar hæstv. ráðh. að eiga við orkusölusamninga, sem hann kann að vilja gera í framtíðinni við aðra aðila, með þetta fordæmi á bakinu? Ef hér er búið að marka framtíðarstefnu Íslendinga í orkusölumálum, þá er ekki aðeins á ferðinni vondur orkusölusamningur heldur stórhættulegur líka — stórhættulegur vegna þess að aðrir viðsemjendur hæstv. ráðh., eins og t. d. auðhringurinn Alcan sem hefur hug á því að reisa álver við Eyjafjörð, koma til með að vilja fá svona fínan samning líka og þannig koll af kolli, ef hæstv. ráðh. er sjálfum sér samkvæmur, þangað til ekki verður lengur við neitt ráðið og sá tekjustofn landsmanna sem orkan á að vera — ég endurtek: hún á að vera það — sveiflast til og frá eftir markaðsaðstæðum í heiminum hverju sinni. Ekki er það fögur framtíðarsýn.

En það er fleira ófagurt í þessum samningi en orkusölumálin. Fyrst eru það deilumálin svokölluðu sem hæstv. ráðh. selur fyrir þá smánarlegu orkusöluskilmála sem ég hef hér fjallað um. Ekki gefst tími til að ræða þau mál ítarlega við þessa umr., en í stuttu máli eru í þessum samningi öll kærumál okkar á hendur Alusuisse niður felld og hæstv. ráðh. lætur sér sæma að sættast á að taka við ákveðinni peningaupphæð, u. þ. b. þriðjungi þeirrar upphæðar sem kröfugerð okkar á Alusuisse hljóðaði upp á, til þess að þagað verði um aldur og ævi um þau svik sem ástæða er til að ætla að Alusuisse hafi haft í frammi í okkar garð. Mútur er það orð sem óhjákvæmilega kemur upp í huga mér og þess þá frekar þar sem hæstv. iðnrh. hefur sjálfur upplýst hv. Alþingi, það mun hafa verið 23. október s. l., að Alusuisse haldi áfram uppteknum hætti í sínu margfalda reikningsbókhaldi og láti hvergi deigan síga í þeim efnum — eða hvernig á að skilja þessa málsmeðferð öðruvísi? Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að gera því skóna að hæstv. iðnrh. hafi persónulega þegið mútur, heldur er ég að segja að Alusuisse hafi með þessu samkomulagi mútað íslensku þjóðinni til að láta öll sín kærumál niður falla og samkvæmt orðalagi í samningnum þröngvað okkur til að gefa Alusuisse skínandi hreint siðferðisvottorð um framferði sitt.

Þannig er um hnútana búið í þessum samningi og samkvæmt honum hefur Alusuisse um aldur og ævi hreinan skjöld gagnvart okkur hvað varðar þau ár sem þegar eru liðin og á þau svik sem þá kunna að hafa verið uppi höfð er ekki lengur hægt að benda ef þessi samningur er lögfestur. Aumir erum vér nú orðnir, Íslendingar, undir forustu hæstv. iðnrh.

Þá er það stækkun álbræðslunnar í Straumsvík um helming. Í svokölluðu „letter of agreement", sem fylgir með þessum samningi og skoðast sem hluti hans, er Alusuisse heimilað að stækka álbræðsluna um helming við fyrsta tækifæri, náist samkomulag um orkuverð til þessa hluta bræðslunnar og aðra skilmála varðandi hana, samkvæmt orðanna hljóðan í plagginu. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að við göngumst undir það að reisa nýja virkjun, væntanlega Blönduvirkjun, fyrir Alusuisse sem þarf 80% af orkuframleiðslu þeirrar virkjunar fyrir stækkun bræðslunnar. Þetta þýðir einnig að við verðum enn háðari Alusuisse um orkunýtingu hér á landi en við þegar erum og þetta þýðir líka gríðarlega erlenda skuldasöfnun til virkjanaframkvæmda — söfnun sem gæti endanlega kollkeyrt okkur ef áfram heldur svo sem á undan hefur gengið.

Landsvirkjun áætlar að verð á hverri kwst. af orku úr Blöndu sé á bilinu 18—20 mill. Nokkuð lágt mat að sumra mati, en hvað um það. Það á eftir að semja við Alusuisse um orkuverðið til stækkunarinnar. Og nú spyr ég: Gefur sá samningur sem við erum hér að fjalla um ástæðu til að ætla að hægt sé að semja við Alusuisse um að það kaupi orku Blöndu á því verði sem kostar að framleiða hana? Gefur þessi samningur og öll viðskipti okkar við þennan auðhring tilefni til þess að ætla að það borgi sig fyrir okkur að eiga aukin viðskipti við hann og verða enn þá háðari honum eða orkunýtingu í landinu? Alveg örugglega ekki. Ég tel þessa stækkunarheimild svo fráleita að það jaðri við barnaskap að bera hana fyrir Alþingi Íslendinga til samþykktar.

Virðulegi forseti. Að öllu samanlögðu er hér gersamlega um óviðunandi samning að ræða. Þetta er samningur þar sem íslensku þjóðinni eru settir afarkostir af hálfu Alusuisse og þingmenn Kvennalista munu greiða atkvæði gegn lögfestingu hans.

Að lokum langar mig til að eyða örfáum orðum á framkomu hæstv. ráðh. gagnvart hæstv. Alþingi í þessu máli. Eins og menn vita hafa þm., og þá ekki síst þm. stjórnarandstöðunnar, þráfaldlega farið þess á leit við hæstv. ráðh. að fá að fylgjast með gangi samninga við Alusuisse og skoða þau samningsdrög sem legið hafa fyrir. Þessu hefur hæstv. ráðh. staðfastlega neitað og hefur í þeim efnum ekki gert neinn greinarmun á því að kynna þingflokkunum samninginn og að opinbera hann almennt. Þó verður ekki undan því vikist, hvað svo sem opinberunarákvæði í samningnum kveða á um, að það eru kjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga sem fjalla eiga um þennan samning og greiða um hann atkvæði. Og hver er þá réttur okkar hv. þm. á haldbærum upplýsingum frá ráðh. í því efni? Enginn virðist sá réttur því miður vera. Okkur er ekki fengið plaggið í hendurnar fyrr en allt er frágengið og undirritað úti í Zürich. Og nú höfum við haft þrjá sólarhringa til að skoða þetta stóra mál áður en það er tekið á dagskrá hér á hv. Alþingi. Varla eru þessi vinnubrögð sæmandi fyrir nokkurt þjóðþing. En þó tók steininn úr þegar þess var getið í hádegisfréttum í Ríkisútvarpinu á mánudaginn var í tengslum við viðtal við hæstv. iðnrh. úti í Zürich að hver sá dagur sem Alþingi tæki sér til að fjalla um þetta mál kostaði þjóðina 400 þús. kr. Alþm., sem vilja vinna störf sín af samviskusemi, eru þá samkvæmt þessu

að ræna þjóðina dag hvern álitlegri peningaupphæð. Hversu langt er hægt að ganga í vanvirðingu við hæstv. Alþingi? Ég sakna þess að hæstv. forseti Sþ., sem á sæti í þessari deild, skuli ekki vera hér viðstaddur til að svara þessari spurningu. Því má bæta við, ef menn vilja ræða þetta mál á svona lítilmótlegum grunni, að samkvæmt bráðabirgðasamkomulaginu frá 23. september 1983 áttu samningar að hafa gengið saman 1. apríl s. l. Síðan þá eru liðnir 220 dagar eða jafnvirði 88 millj. ísl. kr. samkvæmt sömu útreikningum. Á þá Alþingi að standa upp og segja: Hæstv. ráðh. er búinn að ræna þjóðina 88 millj. kr. með seinagangi í samningagerð? Fyrir utan allt sem kallast má rán eða ekki rán í samningnum sjálfum. Slíkum málflutningi tek ég ekki þátt í og ég frábið mér að sitja undir slíku hvort sem um er að ræða ráðh. eða aðra. En héðan úr ræðustól get ég ekki farið án þess að mótmæla fyrir hönd minna samtaka og minna umbjóðenda þeirri vanvirðingu sem hæstv. ráðh. hefur sýnt Alþingi með framkomu sinni í þessu máli öllu.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Við erum hér þátttakendur í lokakafla máls sem hefur tekið mikið pláss í íslenskum stjórnmálum undanfarið. Viðaukasamningur milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium liggur fyrir. Samið hefur verið um orkuverð, samið hefur verið um skuldakröfur íslenska ríkisins á hendur Swiss Aluminium eða ÍSAL og samið hefur verið um stækkun álbræðslunnar. Hér spyrja menn um gæði þessa samnings og svara sér í þeim efnum. Til að byrja með vil ég lýsa því yfir að ég fagna því að deilu þessari skuli lokið. ÍSAL-málið er ekki mesta vandamál Íslendinga í dag. Mál þetta hefur verið blásið upp af ýmsum aðilum í stærðir sem ekki standa í neinu hlutfalli við þýðingu þess fyrir land og þjóð. Alþb. hefur tekist að leika hér svipaðan leik og í herstöðvamálinu, þ. e. að láta eins og það stefndi að grundvallarbreytingum í þessum málum. Sjálfstfl. hefur látið eins og andstaða við Alusuisse væru landráð og Morgunblaðið hefur gengið þar fram fyrir skjöldu.

Ég tel að fagna beri því að þetta mál er að baki vegna þess að það hefur nú í nálægt fimm ár lamað störf iðnrn. og hreint og beint tafið þátttöku þessa rn. í uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Að öðru leyti er þessi samningur ekki neitt afrek. Þó að það beri að virða hann sem málalok er hann enginn sigur. Árangur þessa samnings liggur fyrst og fremst í endalokum innanlandsóeirða þar sem stærstu stjórnmálaflokkarnir fórnuðu hagsmunum umbjóðenda sina í margra ára pólitískt skítkast. Sagan mun dæma þessa flokka og menn fyrir óábyrga hegðun þeirra í von um pólitískan ávinning. Auðvitað er það ávinningur en ekki ósigur að ná fram tvöfalt hærra orkuverði. En það er enginn stórsigur að nálgast meðalverð á orkuverði á heimsmarkði eða innanlandsmarkaði. Ég held að því verði ekki mótmælt að Alusuisse geti vel við unað. Dráttur samningsins á þessu ári miðað við 400 þús. kr. á dag hefur þegar kostað okkur Íslendinga 88 milljónir, eins og hv. 11. þm. Reykv. benti á. Hér hefur Alusuisse því einnig hagnast á kostnað okkar Íslendinga.

Það má geta þess að samninganefndin hefur hingað til kostað okkur 13 millj. ísl. kr. eða jafnvirði einnar heilsugæslustöðvar. Syndakvittun ríkisstj. er auðvitað ekki sigur heldur tap. Ég er þeirrar skoðunar að sú styrjöld hafi verið töpuð fyrir löngu. Sú styrjöld tapaðist þegar Morgunblaðið hóf herferð sína gegn kröfum fyrrv. hæstv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar og síðan fylgdu eftir Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Þar með var sú samstaða rofin sem þurfti til að fylgja þeirri kröfu eftir.

Það var líka ábyrgðarlaust og óskynsamlegt þegar hæstv. fyrrv. iðnrh. ætlaði að vinna þetta mál einn og að miklu leyti í fjölmiðlum. Það er ekki sagt honum til ávirðingar því ég efast ekki um að ásetningur hans hafi verið vel meintur. Að fá þriðjung út úr þessari kröfu, sem breytt hefði skattinneign í skattskuld, er ekki sigur heldur tap. Sjálfstfl. tók þá óheillastefnu í þessum málum sem reynist okkur afdrifarík í dag. Hvers vegna þurfti Sjálfstfl. að taka mark á Morgunblaðinu sem dómara í þessum málum? Hvers vegna máttu Íslendingar ekki hagnast á viðskiptum sínum við ÍSAL? Hvers vegna máttu ekki dómstólar skera úr um réttmæti kröfu Íslendinga? Ég vil meina að afstaða Sjálfstfl. á örlagastund hafi verið andíslensk og furðuleg í ljósi þess að hann telur sig sérstaklega gæta íslenskra hagsmuna.

Endalok þessarar deilu eru í samræmi við upphaf hennar. Af því að Sjálfstfl. var hræddur um að Alþb. væri að slá sér upp á svindli ÍSALs lét Sjálfstfl. hagsmuni landsmanna lönd og leið í skiptum fyrir flokkspólitíska hagsmuni. Hann beit sig þar í afstöðu sem gerir það að verkum að hann hefur enga samningsstöðu nú. Ég hef eina ósk, ég á reyndar ekki von á því að hún rætist, en ósk mín er sú að menn hætti nú að nota mál, sem þeir geta í engu lengur breytt, sér til pólitísks framdráttar og snúi sér að lausn viðblasandi vandamála. En ef koma skyldi upp slíkt mál sem þetta í framtíðinni þá læri menn af reynslunni og standi saman þrátt fyrir flokkapólitík.

Eitt atriði í þessum samningi er vont. Það er stækkunin. Hún er vond vegna þess að æskilegt hefði verið að eiga eins og eitt tromp á hendi í samningunum við Alusuisse í framtíðinni. Stækkunin er líka vond í ljósi þess ástands sem hér ríkir í efnahags- og atvinnulífi. Í von um 250 störf í fjarlægri framtíð á nú að reiða fram í snatri 2 milljarða í virkjun og vel að merkja, þetta gerist án þess að samið sé um orkuverð eða orkuverðsviðmiðun í orkusölu til þessarar stækkunar. Það er lítill ávinningur fyrir Íslendinga en stór ávinningur fyrir Alusuisse því að þar með eru þeir búnir að fá heimild fyrir endanlegri stærð þessa iðjuvers og því ekkert um að semja á þessum vettvangi meir.

Ég held að ekki fari milli mála hver fór með lengri endann út úr þessum samningi og hvor með þann styttri. Ég álít að hér sé um lokaþátt að ræða í máli sem hefði mátt leiða betur til lykta, mál sem hefur tekið upp tíma þings og stjórnar allt of lengi og tafið úrlausn annarra brýnna mála. Endalok þessa máls eru ekki til að hreykja sér yfir en það má vona að menn læri af þessu máli sem öðrum og hagi sér skynsamlegar í framtíðinni.

Virkjanasaga Íslendinga er slysasaga þegar horft er til þess litla afrakstrar sem hún hefur enn skilað okkur. Minna má á það að þessa dagana eru stjórnvöld að leggja 20 þús. kr. skuldakröfu undir koddann hjá hverjum starfandi Íslendingi vegna yfirtöku ríkisins á þrotabúi Kröfluvirkjunar. Reynslan af ÍSAL-málinu og reynslan af Kröflumálinu, reynsla fortíðarinnar, verður

að fara að skila skynsamlegum vinnubrögðum. Við höfum ekki efni á fleiri slysum.

Virðulegi forseti. Ég hef tvær spurningar fram að færa til hæstv. ráðh. Sú fyrri er: Hvað gerum við í orkuverðsmálum ef dollarinn fellur mikið? Hin spurningin er: Hvenær á að semja um orkuverð til stækkunar verksmiðjunnar í Straumsvík?

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Þetta er orðin nokkuð löng og ströng umr. eins og vænta mátti, enda er hér um mjög mikilvægt mál að ræða. Þess hefur verið getið hér að nokkuð væri ýtt á þetta mál, það væri unnið undir allmikilli pressu, og skal ég játa að svo er.

Hér í umr. hefur verið vikið að forsögu þessa máls. Ég mun í engu víkja að þeirri forsögu, en ég hef löngum haft þá skoðun að of oft hafi verið þyrlað upp pólitísku moldviðri í kringum svo mikilvægan málaflokk sem orkumálin og orkusala Íslendinga eru.

Hér er um nokkuð flókið mál að ræða, það skal viðurkennt. Ég vil þrátt fyrir allt taka undir með fyrrv. þm. Alþb., sem á sæti í stjórn Landsvirkjunar, þar sem hann í sérstakri bókun hefur fagnað þeim áfanga sem nú hefur náðst. Í þeirri bókun er sú niðurstaða sem nú hefur fengist í samningum talin áfangi sem fagna beri. Ég vil taka undir þetta.

Það er að sjálfsögðu eitt og annað hægt að vefengja við lok samningagerðar. Reyndin er sú að einu gildir um hvað samningar hljóða, á þá reynir ekki fyrr en í framkvæmd. Það eru staðreyndir.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að víkja að forsögu þessara mála. Ég kemst þó ekki hjá því að bera þá niðurstöðu, sem nú hefur fengist varðandi orkuverð, saman við þann málatilbúnað sem farið var af stað með hér á hv. Alþingi snemma árs 1983, þ. e. þá var lagt til af ákveðnum aðilum í frv.-formi að við hækkuðum raforkuverðið einhliða. Ég vil minna á að sú hækkun sem getið er þar um, 12.5 mill, er sú sama og það lágmarksverð sem gildir í þessum samningi. Niðurstaða þessa samnings er, að mínum dómi, fengin í frjálsum samningum. Beri menn það saman við einhliða ákvörðun eins og ákveðnir aðilar lögðu til á sinni tíð. (**EgJ:** Þér er nú alveg óhætt að nafngreina þá.) Ég efast ekki um að hv. alþm. er fullkunnugt um við hvað ég á. Ég er með þessum orðum alls ekki að kveða upp einhvern áfellisdóm yfir fyrrv. ráðh. sem ég bar að sjálfsögðu fulla ábyrgð á sem stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. sem þá sat.

Aðalatriði þessa samnings er að mínum dómi hækkun orkuverðsins. Í umr. hafa menn vikið að því að það orkuverð stæðist ekki í reynd nema skamman tíma vegna ýmissa atriða. En ég vil spyrja: Hvernig stæðu menn hefðu þeir engan nýjan samning? Það væru sömu atriði sem orkuðu á orkuverðið eigi að síður og það væri enn lægra.

Ég vil alls ekki gera lítið úr því endurskoðunarákvæði sem er í þessum samningi. Það má vafalaust deila um orðalag á því, en ég vil leggja áherslu á að sá þáttur er nýr í þessu máli öllu að koma inn endurskoðunarákvæði. Við getum þó aldrei séð fyrir í einu og öllu um framkvæmd einstakra atriða. Það er nánast útilokað. Ég efast satt að segja um að Alusuisse líðist og komist upp með að verjast því, þegar þar að kemur, að endurskoða orkusölusamninginn. Því er gjarnan haldið fram að varðandi dómsáttina hafi verið slegið verulega af. Ég skal játa að í því efni hefur hugsanlega verið slegið af nokkrum hagnaði, fjármunum. Hugsanlegt er það. Ég vil þó minna á að samningagerð hlýtur ætíð að vera af því tagi að báðir aðilar slá eitthvað af ýtrustu kröfum. Annað er ekki samningur. Annað eru einhliða ákvarðanir og ekkert annað. Ég skal ekki leggja dóm á það hér og nú varðandi þau atriði, sem voru látin niður falla fyrir fullt og fast á grundvelli þessarar sáttagerðar, hvort hugsanlegt var að fara aðra leið. Með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem nú er fengin sætti ég mig við þessa málsmeðferð. Vík ég þá aftur að því sem er aðalatriði þessa máls og er ég þá með þá fjármuni í huga sem þarna eru í taflinu, þ. e. orkuverðið. Það set ég ofar öllu í þessu máli.

Það fer ekki hjá því að þegar hugsað er til þessara samninga sé reynt að gera sér í hugarlund það umhverfi sem okkar samningamenn voru í. Ég tel að þeir hafi staðið sig vel með tilliti til aðstæðna. Mér finnst í allri umræðunni vera ruglað nokkuð saman því að hér er verið að semja um orkuverð til gamallar verksmiðju. Var að því vikið hér áðan, og mig minnir að það hafi verið hv. 5. landsk. þm. sem undraðist það, að ekki væri hægt að greiða hærra verð í gömlum afskrifuðum verksmiðjum. Ég man ekki betur en margoft hafi verið gefnar skýringar á þessu, þ. e. að allar nýrri verksmiðjur eru miklum mun hagkvæmari í rekstri og ekki síst af þeim sökum er kleift að greiða hærra raforkuverð.

Það er auðvitað alveg ljóst að aðili eins og Swiss Aluminium er engin góðgerðastofnun. Ég hygg að það blandist engum hugur um það. Auðvitað ganga Svisslendingarnir eins langt í allri samningagjörð og þeim er frekast unnt. Því hefur verið lýst hér í umr. og farið nokkuð aftur í tímann hversu óbilgjarnir í öllum viðskiptum þessir aðilar eru. Með tilliti til þess vil ég halda því fram að okkar samningamenn hafi staðið sig allvel — ég segi aftur: með tilliti til þess hversu harðsvíraðir samningamenn fulltrúar Swiss Aluminium eru.

Ekki get ég gert að því að mér finnst sumir hv. alþm. rugla þessum samningi saman við það samkomulagsbréf sem gert var, þ. e. samkomulagsbréf milli ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium varðandi framhald viðræðna um tiltekin málefni skv. öðrum greinum í títtnefndum bráðabirgðasamningi. Stækkun álversins er ekki hluti af þeim samningi sem hér er verið að fjalla um. Mér finnst eins og sumir líti svo á að afgreiðsla þessa frv. varði lagagildingu á samkomulagsbréfinu. Að mínum dómi er ekki svo.

Virðulegi forseti. Þótt ekki sé það vegna þess að hver mínútan er dýr, heldur hins, að það er ýmsum öðrum hnöppum að hneppa mun ég stytta mál mitt. Ég skal fúslega játa að slík stórmál sem þessi þyrfti e. t. v. að bera að með eilítið öðrum hætti. Það hefur verið vikið að því hér í umr. að þinginu væri stillt upp við vegg. Það er nokkuð til í því að svo sé. Ég verð að viðurkenna að það er líklega engin aðstaða til að breyta einu eða neinu, hvorki varðandi lagatextann sjálfan né samningana sem hér er um að ræða. Þó skal ég ekki útiloka að löggilding samninganna með tilliti til frv. gæti verið með einhverjum öðrum hætti. Ég hef ekki skoðað það nógu vel, en efast þó um að á því séu möguleikar.

Vissulega skal ég taka undir með þeim sem hér hafa talað um hagstæðari samninga og ég hefði sjálfur tekið við betri samningi en hér er um að ræða, en ég hef þegar lýst því yfir að ég teldi saminginn mjög viðunandi. En hver hefði slegið hendinni á móti betri samningi? Ekki get ég að því gert að mér finnst á orðræðu sumra, sem þátt hafa tekið í þessari umr., að menn vilji bæði halda og sleppa. Menn vilja fara samningaleiðina. Flestir vilja það. En því er haldið fram að samningamenn okkar hafa ekki verið nógu harðir. Í öðru orðinu er sem sagt sagt að við eigum að vera harðari, en þess er jafnframt krafist að samningum verði náð. Það getur verið erfitt að greina þarna á milli.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta viðunandi áfanga í þessu máli að flestu leyti. Vonandi náum við betri samningum í framtíðinni. Ég lít svo á að menn verði að meta þennan samning með tilliti til aðstæðna nú — meta samninginn sem slíkan, en láta ekki um of stjórnast af fortíðinni.

Ég geri ráð fyrir því að það verði orðið við tilmælum hæstv. iðnrh. í því efni að vinna eins hratt að þessu máli og frekast er kostur. Ég vil þó taka það fram að sem nm. í iðnn. Ed. mun ég stuðla að því að þetta mál fái svo þinglega meðferð sem kostur er.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín einni spurningu Hún var á þá leið hvort leitað hefði verið til sérfræðinga fjmrn. í sambandi við gerð samninga sem hér eru til umr. Ég vil svara því á þá leið að sérfræðingar fjmrn. í skattamálum hafa fylgst með þróun þessara mála og að sjálfsögðu sér í lagi þeirri hlið sem snýr að sköttum.

Þá vil ég nota þetta tækifæri, þó að ég hafi þegar svarað spurningunni, til að undirstrika að það var alger samstaða í ríkisstj. um málsmeðferð þá sem iðnrh. hefur kynnt, og ég vil undirstrika að ég lýsi samstöðu minni með hæstv. iðnrh. og fagna þeim áfanga sem hann hefur náð til sátta og hér liggur nú fyrir hv. Alþingi til afgreiðslu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég ítreka það að gefnu tilefni að ég mun hafa alla þolinmæði með því að þm. fái að kynna sér þetta mál og það fái þá meðferð sem óskað verður eftir, enda þótt að ég hafi tekið fram að mér auðvitað blæðir í augum, án þess að mér blæði froða út af þeim peningum sem við verðum af við mjög langan drátt á málinu.

Ég mun nú reyna að víkja að þeim atriðum sem helst hafa fram komið í umr. En því er við að bæta að þótt ákjósanlegt sé að ná þessu máli til nefndar, þá er auðvitað tíminn mjög takmarkaður nú og mjög óvenjulegt vissulega að nefndafundir séu haldnir þá daga sem umr. eiga að fara fram að kvöldi, eins og er nú, og auðvitað sýnir eitt með öðru vilja manna til að leggja þessu máli lið.

Auðvitað má endalaust deila um orkuverðið. En ég verð að minna hv. 3. þm. Norðurl. v. á það, að það er eins og menn kannist eitthvað við töluna 12.5 þegar þeir hefja umr. um þetta mál. Það er eins og hún sé kunnugleg, enda kom það í ljós að svo hafði til borið að þeir höfðu flutt þáltill. um það á sínum tíma að setja þetta verð fram sem lágmarkskröfu þá, og bættu síðan við að það yrði síðar tekin ákvörðun um orkuverðið 15—20 mill. En það eru sögur sem hafa gengið af þessu og upplýsingar sem hafa legið fyrir á hinu háa Alþingi um gang mála, og það upplýstist einu sinni að samninganefndin, sem svo átti að heita að stundaði samningaumleitanir í þessu máli í tíð forvera míns, hefði gert tillögu um 20% hækkun frá gamla verðinu 6.5 mill. En sérlegur fulltrúi fyrrv. iðnrh., Ingi R. Helgason, hefði bætt um betur og gert tillögu um 25% hækkun. Á einu stigi máls var þetta upplýst í umr. á hinu háa Alþingi. Svo getur maður reiknað út hve mörg mill það gerir að setja 25% ofan á 6.475 mill.

Það hefur komið fram í máli mjög margra að óhagstætt væri að tengja orkuverð álverði og menn rugla því saman við þá afstöðu mína að ég vilji ekki taka of mikla áhættu af rekstri slíkra stóriðjufyrirtækja. Það er undarlegur málflutningur, að ekki sé meira sagt. Ég geri ráð fyrir, án þess að geta um það dæmt til fullnustu, að við hefðum kannske getað náð einni tölu um orkuverð upp undir 13 mill, aldrei mikið yfir 100% hækkun frá því sem orkuverðið var á sínum tíma, og allar tölur fastar, og átt þá enga möguleika á því að eiga ágóðavon ef álverð hefði hækkað eins og við eigum nú og eins og sérfræðingar segja, sem eru jafnvel enn betur að sér í þessum málum en hv. 11. þm. Reykv., að séu líkur á að muni verða yfir 17 mill að meðaltali á samningstímabilinu. Mér þykir miður að frúin er fjarstödd, en ekki fæ ég við því séð. (**Forseti:** Hún er rétt ókomin, hv. 11. þm. Reykv., en mundi vilja vera hér og hlusta á hæstv. ráðh.) Það er huggun harmi gegn. Þetta vil ég um það segja.

Eins og ég segi, þeir ráðgjafar sem við höfum ráðgast við telja þróunina þessa, að við megum gera ráð fyrir því að að meðaltali á fimm ára bili munum við ná 500 millj. til viðbótar vegna þessa nýja orkusölusamnings, 2500 millj. alls. En það þarf ekki spádómsmenn til að segja frá því hvað þessi nýi samningur hefði gefið okkur í aðra hönd frá árinu 1979, ef við hefðum náð honum þá, vegna þess að við höfum auðvitað bókað álverð fyrir allan þann tíma. Þessi samningur hefði gefið okkur 1800 millj. kr. það tímabil. — Dýr mundi Hafliði allur, og verður mér nú hugsað til fyrirrennara míns, en dreg við mig að hafa í frammi háværa gagnrýni á hann að honum fjarstöddum, ekki í þessari deild og auk þess ekki í þessari heimsálfu. — Svo geta menn lagt á það hóflega vexti. Menn voru að tala um að það gæti orðið allsherjarlausn í vinnudeilum að bjóða fram 1100 millj. kr. skattalækkun af hálfu hins opinbera til viðbótar við 300 millj. kr. útsvarslækkun. Hér eru 1800 millj. og það er ekki of í lagt að gera það að 2500 millj. eða álíka fjárhæð eins og við eigum í vændum næstu fimm ár. Það er hár reikningur sem þjóðin á þar ósendan til Alþb. — og þykir mér líka verra að hv. 3. þm. Norðurl. v. er fjarri.

Menn vara við 20 ára samningi og það hafa fleiri gert en hv. 3. þm. Norðurl. v. En ég vil minna Alþfl. á það — sem einu sinni var ábyrgur flokkur, að vísu undir okkar stjórn, og hefur mikið linast og fækkað skynsamlegum verkum hjá honum síðan við misstum á honum taumhaldið — að hann gerði ásamt okkar flokki 25 ára

samning, með engu endurskoðunarákvæði, upp á 2.5 mill. Ég ætla ekkert að fara að rifja það upp. Það var rétt í þeirri stöðu, það er ég sammála um og sannfærður um. En þetta var gert. Og eitt hið mikilsverðasta sem við náðum fram í upphafi þessa stríðs, hins síðasta stríðs, sem ég hef staðið fyrir, var að ná inn endurskoðunarákvæði í bráðabirgðasamningunum hinn 23. sept. í fyrra.

Fráleitt taldi hv. þm. Ragnar Arnalds að semja um sættir. Og menn vísa til orða minna um það að ég mundi ekki geta fellt mig við annað en dómsúrskurð eða ígildi dóms. Hver er besta niðurstaðan þar í máli í öllu falli, betri en allir dómar, svo til undantekningarlaust? Auðvitað er besta niðurstaða málareksturs sættir af frjálsum og fúsum vilja af beggja hálfu. Og að kalla að það sé ekki ígildi dóms að ná frjálsum sáttum með þessum hætti er undarlegur smekkur. En ég verð að leiða vitni, vitni sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kallaði hið ábyrga endurskoðunarfyrirtæki Coopers & Lybrand. Ég er búinn að geyma þetta bréf eins og sjáaldur auga míns í nærri eitt og hálft ár vegna þess að í umsögnum þessa ábyrga endurskoðunarfyrirtækis koma fram atriði sem hefðu orðið Alusuisse stórkostlega til hjálpar í öllum málarekstrinum, ef upplýst hefðu verið. Ég minnist þess ekki að ég hafi gætt trúnaðarmáls ræki-legar.

Það er Schilvers aðalforstjóri Coopers & Lybrands, sem er að segja okkur sína afstöðu og álit á þessu máli hinn 28. júlí 1983, þegar menn gerðu fsp. þangað um þeirra álit, þessa endurskoðunarfyrirtækis, sem hafði endurskoðað reikninga fyrirtækisins og gerir enn, og menn draga ekki í efa, hvar í flokki sem þeir standa, að er ábyrgt fyrirtæki, gagnmerkt fyrirtæki. Hann segir á einum stað:

„Mér segir helst hugur um að það hefði alvarlega ókosti í för með sér fyrir ríkisstj. að halda gerðar-dómsmeðferðinni áfram og mun æskilegra væri að jafna deiluna með samningsgerð."

Hann segir enn hér:

„Eftir því sem ég hef fylgst með þróun deilunnar virðist mér helst„ — og taki menn nú eftir — „að tillit til stjórnmála hafi að nokkru leyti magnað hana. Skýrslur okkar hafa verið notaðar á þann hátt sem við höfðum ekki búist við og umræður um niðurstöður okkar virðast ekki hafa gengið nógu langt til að skapa fastan grundvöll fyrir röksemdafærslu í málflutningi fyrir gerð-ardómi."

Hvað ætli hið ábyrga fyrirtæki sé að segja hér nema það, að þær niðurstöður sem þeir komast að voru notaðar í pólitískum tilgangi og út af þeim er lagt með þeim hætti?

Hér segir hann enn, forstjóri Coopers & Lybrands:

„Fyrir hendi eru fjölmörg vandamál og óvissuþættir, sem mundu samkvæmt minni reynslu skapa örðugleika í hvers kyns málflutningi fyrir gerðardómi."

Og enn kom það margsinnis fram að menn gerðu ráð fyrir því að við gætum átt í þessum málarekstri fyrir gerðardómnum í fjölmörg ár, enda hafði reynslan af öðrum málum sýnt að svo hafi verið.

Forstjórinn segir hér enn:

„Það er vegna þessara vandamála sem við höfum komist að þeirri niðurstöðu að mjög æskilegt væri að semja um reikningsskil. Þá yrði komist hjá óvissu og talsverðum útgjöldum í sambandi við langdregna gerð-ardómsmeðferð."

Og hann segir svo hér í tillögu til okkar um hvernig við skulum standa að málinu:

„a) Ríkisstj. mundi leggja kröfu sína um að endurmeta skattgjöld ÍSALs fyrir tímabilið 1975—1979 til hliðar."

Til hliðar, segir þetta endurskoðunarfyrirtæki. Hvers vegna? Vegna þess að þeir telja þá kröfu-gerð vonlausa, að við munum tapa henni fyrir dómstólnum.

„b) Ríkisstj. mundi semja um uppgjör viðbótarskatts, sem krafist er fyrir árið 1980. Núverandi upphæð, sem krafist er, nemur um 2.6 millj. Bandaríkja-dala."

Þarna er hann að nefna upphæðina sem hann telur skynsamlegt að við mundum semja um. Við náðum þremur millj. Bandaríkjadala.

Hann segir svo hér að þriðja aðalatriði málsins sé að Alusuisse mundi fallast á að greiða raunsýnna orkuverð í framtíðinni. Allt þetta bréf frá endurskoðunarfyrirtæk-inu ábyrga, sem þekkir innviði málsins, gengur út á eindregin meðmæli um sættir í málinu, samning í málinu um allt ofan í 2.6 millj. dollara, og að leggja til hliðar kröfur okkar fyrir 1975—1980 vegna þess að það mundi vera glötuð kröfugerð. Og svo undarlegt sem það nú er, þá var ekki einu sinni haft fyrir því að biðja um endurskoðunarreikninga þessi ár af hálfu stjórnvalda á Íslandi.

En ég kem með annað vætti hér, sem ætti ekki að vera þýðingarminna fyrir þá sem hafa staðið að rekstri þessa máls frá upphafi, og það er Charles Lipton, lögfræðingur í New York, sem er aðalráðgjafi frá upphafi um rekstur málsins fyrir gerðardómi, ráðinn af fyrirrennara mínum til þeirra starfa, harðsnúinn lög-fræðingur að allra dómi, sem ekki gefur eftir fyrr en í lengstu lög, og mjög nýttur í baráttu og málarekstri vanþróaðra ríkja ýmislegra fyrir gerðardómum og á alþjóðavettvangi. Hann var ekki ráðinn þess vegna fyrir Ísland að hann væri sérlega þjálfaður í þeim sökum — það ber ekki að skilja svo — en hann þykir harðsækinn maður og þess vegna treyst til þess að rétta hlut lítilmagnans. Ég leyfi mér að vitna í bréf hans, sem hann skrifar núna að þessu gerðu, hinn 4. okt., eða þegar til lykta dregur um sættir og samningsgerð. Hann segir svo, með leyfi forseta virðulegs:

„Ef ætla má að væntanleg lausn leiði einnig til orkuverðs skv. rafmagnssamningnum milli Landsvirkj-unar og Íslenska álfélagsins hf., sem ríkisstj. getur sætt sig við, er það því skoðun mín að uppgjör krafanna um framleiðslugjöld fyrir árin 1978—1980, á þeim grund-velli að Alusuisse greiði ríkisstj. 3 millj. Bandaríkja-dala, mundi vera mjög viðunandi lok skattadeilunnar og réttlæting afstöðu ríkisstj. frá upphafi.

Kröfur ríkisstj. fyrir árin 1976—1979 voru gerðar afturverkandi skv. aðalsamningnum og eru þess vegna ekki eins ákveðnar og krafan fyrir árið 1980." — Hann er að segja það sama eins og dr. Schilvers frá Coopers og Lybrand.

„Það mundi taka meiri tíma að halda málarekstrinum áfram, leiða til talsverðs aukakostnaðar og eflaust frekari tafa á samningnum varðandi endanlegt orku-verð. Það er vafasamt að ríkisstj. gæti vænst betri árangurs en þeirra 3 millj. Bandaríkjadala, sem Alu-suisse býður til uppgjörs, ef málarekstrinum skv. bráða-

birgðasamningnum yrði haldið áfram til loka og dómnefnd sérfræðinga í lögum mundi gefa álit sitt eða úrskurð undir þessum kringumstæðum."

Ég get auðvitað ekki fengið sterkari vitni um það sem við nú höfum gert heldur en umsagnir þessara tveggja aðila. Ég veit enda, og það hefur raunar komið fram, að ekki verður álit þeirra í efa dregið, að þar sé skynsamleg afstaða tekin til niðurstaðnanna.

Þá sagði hv. 3. þm. Norðurl. v. að það væri frágangssök eða forkastanlegt — og gagnrýndi það hörðum orðum — að Alusuisse ætti einhvern forgangsrétt að nýrri orku, 80 megawatta eins og hann tók fram, vegna stækkunar álbræðslunnar. Að vísu skil ég ekkert hvaðan þessum 80 megawöttum rignir niður, vegna þess að ef af stækkun álversins verður um 50% þá þarfnast sú stækkun til sín 600 gwst., sem eru 4/5 af framleiðslugetu Blöndu. Og ef hann notar sama mælikvarða af afli Blöndu, 4/5, þá eru það ekki 80 megawött heldur 120 sem þarna er um að tefla.

En forgangsrétt hafa þeir engan. Hins vegar eru forsendur fyrir Blöndu vissulega þær að við getum komið svo miklu af orku hennar í lóg strax. Það mundi létta stórkostlega á þessari framkvæmd. En Blanda er eftir sem áður nauðsynleg vegna raforkukerfisins. Þeir eiga engan forkaupsrétt og forgangsrétt að þessari orku, við eigum eftir að semja um þetta. Það liggur líka ljóst fyrir að við munum semja á hærri nótum fyrir þessa nýju álbræðslu heldur en hina gömlu.

Menn spyrja, ég man ekki hvort það var hv. 5. landsk. þm., ég trúi þó að svo hafi verið, sem spurði hvernig það mætti vera að ný álbræðsla gæti borgað hærra verð en gömul. Þá er frá því að segja t. a. m. að þessi 50% stækkun álversins þarf til sín 600 gwst. á ári til þess að framleiða 50% af því magni sem gamla verksmiðjan hefur gert. En gamla verksmiðjan þarf nærri 1400. Þannig að ef gamla tæknin hefði verið notuð þá hefði álverið í Straumsvík þurft 100 gwst. meira á ári til framleiðslunnar heldur en hin nýja. Svo er að því einnig að gá að verksmiðja sem er byggð við hlið gamallar eins og þessarar er talin kosta í byggingarkostnaði aðeins 2/3 hluta af því sem verksmiðja sem byggð er frá grunni mundi kosta. Þannig að þetta eru nokkrar skýringar á því hvernig þetta má verða.

Ég sinni ekki nú að rifja upp 18 ára forsögu þessa máls. Ég var þar hvergi nær þegar þessum málum var ýtt úr vör. Eg minni enn fremur á, vegna ummæla hv. 3. þm. Norðurl. v., að það voru ráðherrar í hans ríkisstjórn, hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnar Thoroddsen og Steingrímur Hermannsson, hæstv. núv. forsrh., sem á árinu 1982 — og ég get fundið þetta í þingtíðindum — lýstu því yfir mjög skýrum orðum hér á hinu háa Alþingi að það væru ekki ákærur um sviksemi á hendur Alusuisse af hálfu íslenskra stjórnvalda, mjög skýrlega tekið fram. Og það má auðvitað rifja upp hvað varð um fyrstu ásakanir og stóra tilhlaupið um sviksemina, sem svo var kölluð af hálfu Alþb.-manna, um hækkun í hafi.

Já, það getur Alþb. haft eins og því sýnist, að hér séum við að hirða uppskeruna af allri hinni miklu sáningu Hjörleifs Guttormssonar í hina frjóu jörð sína. Ég skipti mér ekkert af því. Það mun vafalaust síðar verða skrifuð sagan og þá koma þeir dómar, sem ég kvíði öngvu um hvernig hljóða munu, og þarf ekki þess vegna sjálfur að hafa í frammi neinar yfirlýsingar í því sambandi, síst að forvera mínum fjarstöddum.

Ég var búinn að víkja að sakaruppgjöf, eins og hún er kölluð, af hv. 3. þm. Norðurl. v. og fleirum. Hann las þarna upp lögfræðingamál, sem mér var nú alveg satt að segja nóg boðið sjálfum að lesa. En þetta er nú torfið þeirra og ætti hann að vera einna síðstur manna til að lasta það, því að ég veit ekki betur en að hann sé svona eins og hálfur þeirrar gerðar — og auðvitað fram í ættir, og allt erfist nú. En ég ber ekki ábyrgð á því og vísa því frá mér.

Síðan er sagt — ég hef rakið það einnig: Hvaða ástæður lágu til þess að sættirnar voru valdar? Það er sem ég segi, það varð að hraða öllu málinu því að það eru stórkostlegir fjármunir sem við eigum í boði. Og eins og ég hef áður rakið, þeir sem gerst þekkja til telja að þetta hafi verið besta leiðin til úrslita í málinu.

Þessi stórkostlega raforkuverðshækkun til Landsvirkjunar hefur auðvitað valdið því, bráðabirgðasamningurinn frá því í fyrra, að við höfum getað haldið orkuverði óbreyttu frá því 1. ágúst 1983. Hinn 1. ágúst s. l. hefði þetta þýtt raungildislækkun um 15.8% orkuverðsins til almennings. Við höfðum í huga að reyna að halda þessu verði út næsta ár, en það kann vel að verða að verðbólgusamningar Alþb. og stjórnar BSRB verði til þess að við eigum þess ekki kost. Það er hugsanlegt. En það var ætlun okkar. Og ef það hefði tekist, að halda því óbreyttu til 1. ágúst næsta ár, þá hefði verið orðin um fjórðungs raungildislækkun á orkuverði til almennings — og enda má vel vera að þetta geti orðið nokkurn veginn svo, miðað við framfærsluvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu eftir þær hækkanir sem nú hafa orðið. Það getur vel verið að okkur takist það.

En að því verður a. m. k. gáð að Landsvirkjun verði aldrei aftur rekin með bullandi tapi, eins og tíðkaðist í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj., slíku ógnartapi að það stefndi í 400 millj. kr. halla þegar að var komið í lok maí í fyrra.

Það hefur verið kvartað undan því að ég hafi ekki haft nóg samráð við hið háa Alþingi og ég finn til þess að þá gagnrýni á ég skilið. Ég fékk því hins vegar ekki ráðið. Það var sett fram sem mjög gallhörð krafa að engar upplýsingar yrðu gefnar um innihald þessara samninga nema báðir aðilar samþykktu. Ekki einu sinni eftir fundinn í London 8. og 9. okt., þar sem ég hafði þó látið lýsa því yfir að ég mundi líta svo á að okkur væri heimilt að upplýsa um innihald samninganna. Það tókst ekki og það þykir mér verra. Aftur á móti eru ýmsir sem eiga að bera sig meir upp undan því en Alþfl., sbr. það sem fram kemur í yfirlýsingu Baldvins Jónssonar í Alþýðublaðinu í gær, þar sem hann lýsir því yfir að hann hafi gefið þingflokki Alþfl. mjög greinargóðar upplýsingar um gang samningamálanna núna undanfarna mánuði. Hef ég svo ekki neinu við það að bæta sjálfur. En þetta gildir almennt, að það er rétt að mér tókst ekki að veita þær upplýsingar sem ég hefði ella kosið. Ég taldi ekki ráð, miðað við þá reynslu sem við höfum haft af gangi mála hér á hinu háa Alþingi í tíð fyrirrennara míns, að kalla til stjórnarandstöðuna að beinni samningagerð.

Hvað sagði svo í fræðum fyrrv. stjórnarmanna um samvinnuna og samstarfið hjá fyrirrennara mínum hæstv.? Guðmundur G. Þórarinsson upplýsti í umr. á Alþingi 9. des. 1982 að allt það ár hefði þáv. iðnrh. ekkert samráð haft við stjórnskipaða samninganefnd í þessu máli. Hún var skipuð 1981 og eitthvað fram eftir því ári hafði verið haft samráð við hana, en á árinu 1982

alls ekki neitt. Hann sagði sig úr nefndinni og sagðist ekki vilja vera viðriðinn mál sem hæstv. þáv. iðnrh. ræki eins og rússneskt hænsnabú, svo menn rifji það upp fyrir sér, sem ég að vísu skil ekki af því ég þekki ekki *til hænsnarekstursins þar eystra.*

Þetta var nú frá samráðinu að segja þá. Þá var verið að látast vera að hafa samráð. Þá voru menn með yfirhilmingar og látalæti í málinu. Það hef ég ekkert verið. Ég tilkynnti að ég mundi reyna að hafa það samráð við hið háa Alþingi og stjórnarandstöðuna líka sem kostur væri. Ég hef sagt frá því hvernig það gekk til og hef engu við það að bæta. Mér fellur það miður að hafa ekki getað lofað öllum hér á hinu háa Alþingi að fylgjast betur með en raun varð á.

Menn spyrja um verðtryggingar, menn spyrja um raungildið. Hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason taldi að raungildi þessa samnings yrðu 4.7 *mill* að 20 árum liðnum miðað við að dollarinn félli svo og svo mikið. Hvað verður um skuldir okkar ef raungildi dollarans fellur? Hvað um það ef við tökum að láni vegna Blönduvirkjunar svo og svo mikið, eins og menn töluðu um, — í Bandaríkjadollurum? Hvað verður um raungildi þeirra skulda ef Bandaríkjadollari fellur að raungildi? Menn geta haldið áfram að reikna þetta út eins og þeim sýnist.

Auðvitað erum við ekki einir í heiminum og verðlagsþróun hlýtur að bitna á okkur eða veita okkur hag eftir því hvernig vindur blæs. Við ætlum nú vonandi að fara að sjá betur fyrir okkur en við höfum hingað til gert í þeim efnum.

Hæstv. fjmrh. svaraði fsp. hv. þm. varðandi skattamálaumræðuna. Ég þarf ekki að minna á það að nú fljótlega munu hefjast viðræður um skattamálin, þar sem menn leita eftir nýjum leiðum, öruggari viðmiðunarleiðum en áður hafa verið, og við höfum sett okkur *það mark að ljúka þeim fyrir 1. júní n. k. Ég minni á að* það hefði tafið mjög fyrir hækkuðu orkuverði ef við hefðum haldið fast við það að ljúka öllum þessum málum, líka stækkunarviðræðunum. Það var því ekkert spursmál um að velja það að ná fram orkuverðinu hið fyrsta, vegna þess að skv. þessum samningi erum við kannske að tala um nærri 20 millj. dollara vegna orkuverðsins, en skattar eru hins vegar aðeins 1.6 millj. dollara. Og þar eru föst ákvæði, sem við þurfum ekki að óttast að breyti neinu um upphæðina, heldur erum við að deila kannske um einhver 10—15% til eða frá. En við höfum sett það að skilyrði í sáttunum að fundin yrði *ný viðmiðun, öruggari viðmiðun, þannig að menn* þyrftu ekki að eiga í þessum endalausu deilum eins og við höfum átt í.

Mér þykir það leitt, og er nú Bleik brugðið, að Alþfl. skuli ætla að greiða atkvæði gegn þessum samningum. En við það verður að sitja. Við það verður að sitja þótt ég hefði annars vænst. Og er það sem jafnan vill verða í stjórnarandstöðu, þá gá menn ekki að sér þegar þeir eru að smíða sér vopnin sem þeir svo kalla. En þau eiga stundum til líka að snúast í höndum manna. Og er nú, eins og ég segi, illa komið fyrir þessum flokki sem einu sinni var allgóður flokkur í afstöðu sinni og ábyrgur. En við skulum vona að Eyjólfur hressist þó síðar verði því ekki er öll nótt úti enn.

Ég dreg nú við mig í tímaþröng að eiga orðastað við hv. 11. þm. Reykv., enda er frúin fjarstödd. Það sýnir sig að þær Kvennalistakonur eru lengra úti í eyðimörkinni en nokkurn tíma Alþb. En þær heyra þó til þeirra því að allt apa þær eftir þeim, það er alveg greinilegt. Og alltaf greiða þær atkvæði eins, þannig að þetta eru skilvísar fylgikonur Alþb. í þeirri merkingu, og ég vona nú að menn snúi ekki út úr þessum orðum mínum, því að ég var ekki að tala um lagskonur í þessu sambandi. Ég endurtek það vegna ummæla hennar að enda þótt hér séu miklir peningar í húfi frá degi til dags, þá verður því ekki borið við að menn fái ekki ærinn og nægjanlegan tíma, sem þeir fara fram á, að gaumgæfa þessi mál öll sömul.

Ég finn hins vegar að klukkan slær öðruvísi hjá BJ og þakka Stefáni Benediktssyni, hv. 8. þm. Reykv., fyrir hans orð sem voru skynsamleg mörg. Já, það er þessi fsp. sem hann gerði, sú hin fyrri: Hvað gerum við í orkuverðsmynduninni ef dollarinn fellur mikið? Við *höfum þessi fimm endurskoðunarákvæði á fimm ára* fresti. Menn kalla að þau séu óljós, en ég minni á að það stendur skýrum stöfum að við getum sótt til dómstóla um það ef okkur verður neitað um endurskoðun. Ég hef ekki um þetta að segja annað en það að ýmislegt annað breytist einnegin ef dollarinn lækkar í raungildi.

Svo var í öðru lagi spurt: Hvenær á að semja um orkuverð til stækkunar álvers í Straumsvík? Það verður tekið til við það þegar að loknum þessum samningum, sem ljúkast ekki fyrr en við gildistöku þessa frv. En það er ljóst, við höfum ekki tekið endanlega afstöðu þar til orkuverðsins, *við erum mjög að ræða þessi mál*, einnig vegna þeirra viðræðna sem eiga sér stað vegna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Það eru margir möguleikar, sem til greina koma, en þó ófrávíkjanlegt að þegar til lengri tíma er litið þá verðum við að hafa rúmlega fyrir framleiðslukostnaði okkar. Það er undirstaðan.

Að öðru leyti þakka ég fyrir það að menn gera undantekningu á eldhúsdegi og leyfa umræður um þetta mál. Ég vona að þessi mín ræða hafi ekki orðið til þess að menn verði nú málþola mjög að lengja umr. frá því sem þegar er orðið. En ég er hins vegar tilbúinn til þess að sitja fyrir svörum eins og mönnum sýnist við 2. og 3. umr., bæði hér í hæstv. Ed. og eins þegar málið kemur til þeirra í neðra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Sameinað þing, 17. fundur.

Fimmtudaginn 8. nóv., kl. 8 síðdegis.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. 55. mál (þskj. 55). — Ein umr. (útvarpsumr.)

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur, sem skiptast í tvær umferðir, 15—20 mínútur í þeirri fyrri og 10—15 mínútur í þeirri seinni. Röð flokkanna verður þessi: Alþb., Framsfl., Alþfl., BJ,

Sjálfstfl., SK. Ræðumenn verða fyrir Alþb. í fyrri umferð: Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., og Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., og í þeirri síðari Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv. — Fyrir Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson forsrh. í fyrri umferð og Alexander Stefánsson félmrh. í þeirri seinni. Ræðumenn Alþfl. verða Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn., í fyrri umferð og Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Bandalags jafnaðarmanna talar Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm., í fyrri umferð og Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., í þeirri seinni. Fyrir Sjálfstfl. talar Albert Guðmundsson fjmrh. í fyrri umferð og Sverrir Hermannsson iðnrh. í þeirri síðari. Af hálfu Samtaka um kvennalista talar Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., og Málmfríður Sigurðardóttir, 3. landsk. þm., í fyrri umferð en í þeirri síðari Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls 1. flm., Svavar Gestsson, hv. 3. þm. Reykv., og talar af hálfu Alþb.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um vantraust á ríkisstj. Steingríms Hermannssonar. Till. er flutt af stjórnarandstöðuflokkunum fjórum og munu talsmenn hinna flokkanna gera grein fyrir sínum sjónarmiðum í umr. hér á eftir.

Það er óvenjulegt að till. um vantraust á ríkisstj. komi fram jafnsnemma á valdaferli ríkisstj. og hér gerist. Í þetta skipti er það öll stjórnarandstaðan, fjórir um margt ólíkir þingflokkar, sem stendur að till. Þar með eru flokkarnir þeirrar skoðunar að ríkisstj. eigi að fara frá og að efnt skuli til kosninga strax og fært þykir eða ný stjórn mynduð.

Fyrir hönd Alþb. tek ég fram að við erum ekki reiðubúin til myndunar ríkisstj. án kosninga. Við teljum óhjákvæmilegt að þjóðin fái að kveða upp úrskurð sinn áður en ný ríkisstj. verður mynduð því að sá úrskurður verður vafalaust á allt annan veg en varð í síðustu alþingiskosningum. En það sem veldur till. um vantraust á ríkisstj. er sú staðreynd að stefna hennar hefur beðið skipbrot. Strandkapteinninn heitir Steingrímur Hermannsson og stýrimaðurinn Þorsteinn Pálsson. Sá síðarnefndi rær nú að sögn lífróður við að koma sér í stól. Barátta hans og forustu Sjálfstfl. snýst þessa dagana um stóla en ekki stefnur, enda má segja að það eina sem eftir standi af ríkisstj. séu stólarnir. Stefnu hennar treystir enginn lengur. Ég mun nú rekja nokkur dæmi um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og hvernig fyrir þeim þáttum er komið.

1. Ríkisstj. sagðist ætla að tryggja fulla atvinnu. Staðreyndin er sú að stöðvun hefur blasað við framleiðslunni um allt land og fyrirtækjum hefur aftur og aftur verið lokað. Ríkisstj. hefur svikið þetta fyrirheit um fulla atvinnu og atvinnuöryggi. Hún hefur lagt þyngri og þyngri gjöld á atvinnuvegina með hækkun vaxta, hækkun farmgjalda og hún hefur svikist um að lækka olíuna eins og lofað var að kæmi til framkvæmda 1. nóv. s. l. Í staðinn er nú rætt um það í stjórnarráðinu að hækka olíu næstu daga um 10—15% til fiskiskipanna.

2. Ríkisstj. ætlaði að koma á jafnvægi í peningamálum. Staðreyndin er sú að viðskiptabankarnir eru skuldugri en nokkru sinni fyrr við Seðlabankann og erlenda banka. Fjármagnið sogast út úr bönkunum og þar með frá atvinnulífinu og einstaklingum sem skipta við bankakerfið yfir á okurlánamarkaðinn, sem er nú blómlegri en áður með allt að 18% raunvexti á fjármagninu.

3. Ríkisstj. ætlaði að hækka öll húsnæðislán í 80%. Það loforð hefur verið svikið, en í staðinn verður fólk að bíða mánuðum lengur en áður eftir afgreiðslu á lánum frá Húsnæðisstofnun, sem hefur jafnvel orðið að loka afgreiðslum sínum á þessu ári. Samt hefur verið tekið erlent lán til þess að bjarga húsnæðiskerfinu í fyrsta sinn í sögunni.

4. Ríkisstj. hefur lækkað skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, á fyrirtækjum og gróðaaðilum, en hún hefur lagt sömu skatta á sjúklinga sem þurfa að kaupa lyf og læknishjálp.

5. Ríkisstj. ætlaði að lækka erlendar skuldir. Þær hafa hækkað og eru nú í fyrsta sinn í sögunni notaðar til þess að fjármagna rekstur ríkissjóðs, jafnvel uppgjör barnsmeðlaga milli ríkisstofnana.

6. Forsrh. lofaði því að lækka vexti er hann flutti stefnuræðu sína hér í fyrra niður í 10% í lok þessa árs. Vextir eru einhverjir þeir hæstu í heimi núna og húsbyggjendur og þeir sem hafa keypt íbúðir eru að kikna undir vaxtaokinu samhliða þeim vanda sem óstjórn húsnæðismála skapar þessu fólki að öðru leyti.

7. Ríkisstj. varð að taka erlent lán til þess að standa undir ríkisrekstrinum á þessu ári. Ríkisstj. hefur hent út úr ríkissjóði 1/2—1 milljarði kr. Þegar ríkisstj. boðar skattalækkunarleið reyndist engin innistæða vera til fyrir henni eins og fjmrh. lýsti margoft yfir. Ríkissjóður er þannig í óreiðu og ólestri.

8. Ríkisstj. segist hafa tekið við 130% verðbólgu. Staðreyndin er sú að verðbólgan síðasta heila árið áður en stjórnin tók við var um 86%. Hækkunin frá því stafaði af því að núv. ríkisstj. hleypti öllum hækkunum lausum og hún reiknar verðbólguhámarkið frá því sem var eftir að hún hafði sjálf setið í nokkrar vikur. Á sama hátt og forsrh. landsins reynir að kenna fyrri ríkistj. um verðhækkanaskriðuna sem hans eigin stjórn hleypti af stað gerir hann tilraunir til þess að kenna fyrri ríkisstj. um skerðingu kaupmáttar. Staðreyndin er sú að þá skertist kaupmáttur launa um sama hlutfall og nam lækkun þjóðartekna, en eftir að ríkisstj. Steingríms Hermannssonar tók við hefur kaupmáttur launa hrapað margfalt á við lækkun þjóðartekna. Þegar forsrh. reynir að bjarga sér frá skömminni með því að kenna fyrrv. ríkisstj., sem hann var reyndar í sjálfur, um allan vandann er það til marks um það að forsrh. er rökþrota, fölsuð línurit breyta þar engu um. Það stendur ekki steinn yfir steini í efnahagsstefnu ríkisstj. og dýrtíðin blasir við hverju heimili og sú staðreynd er ærin ástæða til að samþykkja vantraust á ríkisstj.

En auk þess, sem hér hefur verið nefnt, mætti bæta við í þessa vantraustsumr. mörgum öðrum málaflokkum, eins og t. d. álmálinu og utanríkismálunum. Í álmálinu hefur ríkisstj. selt Alusuisse syndaaflausn og samið um raforkuverð sem er langt undir framleiðslukostnaði. Þar var ekki samningsharkan eins og gagnvart opinberum starfsmönnum. Jafnframt er ljóst að tekjuauka Landsvirkjunar af samningunum á ekki að nota til þess að lækka húshitunarkostnað, eins og ríkisstj. hafði lofað.

Í utanríkismálunum blasir við ofstækisfull vígbúnaðarstefna þar sem í fyrsta sinn er rætt um það í fullri

alvöru hvernig Ísland muni notað til þátttöku til að verja Bandaríkin í kjarnorkustríði. Þó að menn hafi greint á um varnir landsins og öryggismál, ætti þó öllum að vera ljós nauðsyn þess að við stöndum saman um að varðveita lífið og halda fram hlut þess gegn dauðanum. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er sammála utanríkisstefnu á forsendum friðar og lífs en ekki stríðs, þó að ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. kjósi að ganga lengra í útþenslu hernámsins en nokkur önnur stjórn hefur gert hér á landi.

Herra forseti. Það sem blasir við núna sem brýnast verkefni íslenskra stjórnmála er að allt verði gert sem unnt er til þess að tryggja kaupmátt þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið, til þess að tryggja fulla atvinnu og til þess um leið að halda aftur af gengislækkuninni og verðbólguholskeflunni, sem núv. ríkisstj. ætlar bersýnilega að láta steypast yfir landslýðinn á næstunni. Með tilliti til þess vanda, sem ríkisstj. hefur skapað, leggur Alþb. áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Ríkisstj. ber að miða allar sínar ákvarðanir í efnahagsmálum við að tryggja kaupmátt þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið að undanförnu. Hér er átt við ákvarðanir í vaxtamálum, verðlagsmálum, gengismálum og aðra þá þætti efnahagsmála sem beinlínis snerta kaupmátt launanna.

2. Alþb. telur að tafarlaust eigi að lækka vexti og banna um leið okurvextina á hinum svokallaða frjálsa markaði. Með þessu móti er komið til móts við launafólk og þannig bættur kaupmáttur þess um leið og svigrúm atvinnufyrirtækjanna er aukið verulega, þar sem vaxtakostnaðurinn er sums staðar stærsti útgjaldaliðurinn. Ljóst er að fjöldi fyrirtækja í verslun og þjónustu getur borgað það kaup sem nú er samið um án þess að velta því af sér út í verðlagið. Það hafa þessi fyrirtæki þegar sannað með yfirborgunum á undanförnum mánuðum.

3. Alþb. vill sérstakt eftirlit með innflutningsverslun inni þar sem hvatt er til hagkvæmari innkaupa um leið og birtar verði niðurstöður kannana á innflutningsverði eins og birst hafa um smásöluverð. Stöðva ber hækkanir opinberra aðila.

4. Alþb. telur að lækka eigi farmgjöld skipafélaganna sem eru einhver þau hæstu í heimi. Með þessu móti væri stuðlað að lækkun vöruverðs til landsins og auknum tekjum útflutningsatvinnuveganna sem að mestu leyti standa undir okrinu á farmgjöldunum.

5. Alþb. vill afnema hægri skattana eins og sjúklingaskattinn og standa vörð um þá félagslegu ávinninga sem fyrri ríkisstj. beitti sér fyrir. Við höfnum þeirri stjórnarstefnu sem ýtir undir það að konur sæti verri kjörum en karlar, að fatlaðir og sjúkir beri hærri gjöld en aðrir, að börn njóti lakari þjónustu í dagvistun og skólum landsins en verið hefur.

6. Alþb. er reiðubúið að taka þátt í að afla tekna til að standa undir ráðstöfunum sem treysta stöðu útflutningsatvinnuveganna, draga úr verðbólgu og stuðla að bættum kaupmætti. Við bendum á eftirfarandi:

1. Hagnaður Seðlabankans verði gerður upptækur og fjármunirnir notaðir í þágu útflutningsatvinnuveganna.

2. Lagður verði skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og kanna ber hvort ekki sé rétt að leggja tímabundinn veltuskatt á þau fyrirtæki sem mest hafa grætt á undanförnum þremur misserum frá því að þessi ríkisstj. tók við.

3. Leggja ber veltuskatt á banka eins og gert var 1982 og um leið á að fella niður lög þau um lækkun bankaskattanna sem núv. ríkisstj. knúði fram við þinglok s. l. vor.

4. Ég tel einnig sjálfsagt að breytt verði reglum um skattfrelsi vaxtatekna. Þar með verði vaxtatekjur allar framtalsskyldar og skattskyldar eftir ákveðnum reglum. Með þessu móti má einnig skapa aðhald að okurlánastarfseminni, enda verði opinberum aðilum gert skylt að skrá öll skuldabréf á nafn svo að unnt verði að fylgjast með því hverjir það eru sem raka saman milljónum á milljónir ofan í neðanjarðarhagkerfinu.

Með þeim ráðstöfunum, herra forseti, sem hér hefur verið gerð grein fyrir væru peningar fluttir til frá milliliðum, þjónustu og verslun og gróðaaðilum yfir til framleiðslunnar. Með þessum aðgerðum má vinna þrennt í senn, halda kaupmætti kjarasamninganna hærri en ella, veita viðnám gegn verðbólgu og tryggja fulla atvinnu.

Alþb. er ábyrgur stjórnmálaflokkur, ábyrgt gagnvart kjósendum sínum og hagsmunum launafólks í landinu. Í stjórn tökum við þátt í að leysa málin þó þau geti verið erfið og í stjórnarandstöðu látum við okkur ekki nægja að gagnrýna, við flytjum einnig tillögur til úrbóta eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessar tillögur fjalla um róttækar umbætur á þjóðfélaginu, aðgerðir sem eru framkvæmanlegar hér og nú. Þetta er pólitísk leið til að tryggja kaupmátt launanna, eina svarið sem í rauninni dugir.

Herra forseti. Forsrh. líkir ríkisstj. við slökkvilið. Hann ætlar henni að slökkva þá elda sem ríkisstj. hefur sjálf kveikt að undanförnu með harðýðgi og lögbrotum. En vissulega mun ríkisstj. ekki takast að kæfa þá baráttuglóð sem fer um samfélagið þessa daganna. Hún lifir, sú glóð, og yljar og kveikir til samstöðu, samúðar og samvinnu til að berjast fyrir því nýja Íslandi jafnréttis, lýðræðis, raunverulegs frelsis mannsins, menningar og þjóðfrelsis. Launamenn, sem eiga sér glóð, snúa nú baki við kaupránsflokkunum tveimur. Þessu fólki er ljóst að það er ekkert náttúrulögmál að verðbólgubálið æði af stað vegna þeirra takmörkuðu kauphækkana sem samið var um. Hér hefur verið sýnt fram á að unnt er að vernda kaupmáttinn og veita viðnám gegn verðbólgu í senn ef stjórnvöld vilja. Þessu fólki er líka ljóst að vandinn sem skapaðist við samdrátt þjóðarteknanna er ekki síðferðislegur vandi, spurningin um það hver á að bera byrðarnar. Það er siðlaust að leggja þær á fatlaða, aldraða og öryrkja. Það er til marks um siðferðisstig samfélags hvernig búið er að þeim sem hafa erfiðastar aðstæður. Ríkisstj. hefur sýnt að hún skilur ekki þá staðreynd. Hún hefur ekki skilning á því hvað er siðleysi, því sjálf er hún siðleysið uppmálað. Þess vegna þarf hún að fara frá sem fyrst. Hún er stærsta efnahagsvandamálið á Íslandi um þessar mundir. Hún er reyndar þegar á flótta. Nú er að reka flóttann. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú eru 17 mánuðir síðan tjaldið var dregið frá þjóðlífssviðinu og 10 þjóðfrægir söngvarar gengu prúðbúnir inn á sviðið og hófu stórfenglegan söng í hetjuóperunni miklu, sem ýmist gengur undir nafninu efnahagsundrið undursamlega eða gátan mikla gengur upp. Mikilfenglegur var kórinn í upphafi, sem hófst svo, lækkun

verðbólgu lausn allra meina. Og blíðróma bakraddir ómuðu: Erfið er tíð og allir skulu fórna og enn lægra:

Ógnvaldurinn eini,
öllu veldur meini,
launin ljót og há.

Og þegar lófatakið kvað við hófst kynngimagnað kórlag:

Reiðum upp hjör
og rýrum kjör.

Verðbólguþrúguð þjóðin tók enn undir því að hún vildi allt til vinna að sjá bjarta tíð með blóm í haga. Óperan mikla hélt sinn gang sem vera bar, en oft var textinn torkennilegur. Vinum sínum skal maður í raun reynast ef ríkir eru. Og í beinu framhaldi af því: Ég leitaði litla mannsins sem loksins í Stigahlíð fannst. Og 11. aðalsöngvarinn bættist í hópinn og skipaði sér við hlið hetjutenórsins með björtum barítón og saman sungu þeir:

Í sáttmálaleik er saman gott að una,
í svart/hvítu er best að greina tilveruna.

En að því búnu var honum vísað út af sviðinu. Og kórinn söng frelsissönginn við lag Friedmans:

Frelsið er vídeóvætt,
vextir og álagning frjáls,
en kaupið skal fast í fjötrum.

Og þegar alvaran utan frá barst inn á sviðið var ítrekað sungið:

Frelsi gróðans fyrst og síðast
helsi á þá sem múðra og mögla.

Alveg sér í lagi var aðdáunarvert hversu framsóknarkvartettinn tileinkaði sér tóngæði og innileik í textaflutningi. Gáleysishjal á viðsjárverðri tíð eða hvað? En fólkið í landinu hefur séð í gegnum sápuóperuna, fundið afleiðingar hennar á eigin heimilisreikningum og nú springa sápukúlurnar á sviðinu hver af annarri. Alvaran er vissulega ærin og ógnvekjandi fyrir verðmætasköpunina í landinu, fyrir byggðina í landinu, fyrir vinnandi fólk. Við höfum drýgt dáð, undrið mikla er okkar, er hrokafullt andsvarið sem fólkið hefur fengið. Með því að heimta hærri laun eruð þið að eyðileggja allt. Við erum að flytja og færa til og fólkið á að fylgja fjármagninu. Verið þið ekki að strita og streða í fáránlegu fiskislori, verið þið ekki að hokra með kindur og kýr, verið ekki að ástunda þessa iðjusemi í framleiðslunni. Þangað liggja ekki farvegir fjármagnsins, hljómar söngur frjálshyggjunnar.

Beint og óbeint eru vinnuframlag og verðmætasköpun fólksins lítilsvirt með þessum hætti, með þessari ótvíræðu einstefnu á einkagróðanum, þar sem það ýkjukennda verðmætamat ræður ríkjum að vídeóleigan skapi meiri þjóðarard en fiskiskipið, pylsusjoppan sé þjóðhagslega arðbærari en bújörðin. Svo brenglar fjármagnshyggjan og brjálar allt. Byggðaröskunin er eðlileg afleiðing, gott ef ekki æskileg. Við höfum afrekað, er sagt með stolti og stærilæti. Fólkið í landinu, bændur, sjómenn, launafólk í fiskinum og iðnaðinum, í þjónustustörfum samneyslunnar, þetta fólk hefur unnið afrek, það hefur fórnað, enda voru því gefin glæst loforð ef þolinmæði og biðlund yrðu sýnd. En þegar þolinmæðin var loks á þrotum af því að árangurinn var hvergi finnanlegur í lífskjörum, aðstöðu og aðbúnaði var svarið aðeins eitt. Engir peningar til, komið þið með peningana. Hrokinn og hortugheitin leyndu sér hvergi og viðbrögðin verkfallsdagana segja allt sem þarf.

Og hverjir skyldu votta traust söngvurum sápuóperunnar miklu? Er það máske öryrkinn sem fékk ríkulegan skerf skerðingar á sínar tæpu tryggingabætur, öryrkinn, sem oft þarf að leita læknis og fékk þar á sig 170% hækkun á s. l. vori, og þarf á lyfjum að halda sem hækkuðu um 140% á s. l. vori? Er það máske einstæða foreldrið, sem aðeins hefur fyrir brýnustu nauðþurftum, sem hækkað hafa ótæpilega, einstæða foreldrið, sem þurfti að fá bankalán fyrir fyrirframleigunni, sem sífellt hækkar von úr viti, og þarf að borga okurvexti af lánum sínum? Er það máske bónuskonan í frystihúsinu á landsbyggðinni þar sem óttinn og öryggisleysið liggur í lofti og þó að unnið sé daglangt eftir afkastahvetjandi kerfinu góða er afraksturinn lítið annað en langvarandi vinnusjúkdómar? Ekki skín henni neinn ljómi af lystihöllum verslunar og viðskipta í Reykjavík sem þó voru og eru reistar fyrir hennar fé. Er það máske húsbyggjandinn eða húskaupandinn sem fékk loforðin fögru um gull og græna skóga, löngu háu lánin hans Alexanders sem allir þekkja, eða hvað? Er það máske landsbyggðarfólkið sem sér fjármagnið hverfa úr byggðunum frá grunngreinunum beint í braskið hér syðra? Eða er það máske kennarastéttin eftir hina ótvíræðu traustsyfirlýsingu frá fjmrh.? Sú stétt hefur a. m. k. að sögn ekki mikið annað við að vera en votta stjórnarherrum virðingu og traust.

Það er sannarlega auglýst eftir trausti fólksins í landinu. En frá hinum breiða fjölda horft, þá má finna þá sem þakka og votta vegsemd og traust. Þeir sem fengu sinn hlut ríkulega sem aðrir fórnuðu, þeir fjármagnseigendur sem fengu hinar einu sönnu skattalækkanir á síðasta þingi, okrararnir sem græða á tá og fingri og eru í samkeppni við ríkisstj. um það hvorir megi sín betur í að féfletta þá sem í vanda eiga, stórlaxarnir í verslun og viðskiptum sem fengu álagninguna sína alfrjálsa og fá nú að taka lán í útlöndum á lágum vöxtum, þeir hljóta að hneigja sig og þakka. Stigahlíðarfólkið í víðustu merkingu, sem fær nú allar utanlandsreisurnar sínar án gjaldtöku til samfélagsins, fólkið sem sleppur við allar kvaðir um þátt í hinum sameiginlega rekstri þjóðarbúsins. Og ekki má gleyma garminum honum Katli. Þeir sem með frelsishjal á vörum tala fyrir frjálsu útvarpi, stundum kennt við þjóðina alla, þeir munu vissulega lýsa einlægri aðdáun og fyllsta trausti á þá sem telja lögbrot þeirra æðra lögmál.

Vonandi hefur nú launafólkið á Íslandi kennt söngvurum sápuóperunnar sína lexíu, en af þeim er einskis góðs að vænta. Hér þarf einfaldlega að snúa snarlega af braut. Aftur þarf að hefja í öndvegi þá atvinnustefnu sem byggir á auðlindum sjávar og lands í innlendri eign. Fjármunina þarf að færa til á ný frá afætum ýmiss konar, sem nú blómstra, til þeirra grunngreina, sem allt byggist á, og fólksins sem þar vinnur. Það eru vissulega til fjármunir í þessu þjóðfélagi en þeir hafa aldrei verið í eins ríkum mæli á röngum stöðum og í dag. Þeir fjármunir blasa hvarvetna við á höfuðborgarsvæðinu og gnæfa við himin. Frjálshyggja ær fer um báknið ógurlega, samneysluna okkar, sem hefur fært okkur aukið öryggi, velferð og jöfnuð. En frjálshyggjan á annað bákn, sem hún vill enn frekar þenja út á kostnað hins, á kostnað almennings. Það bákn er þannig uppbyggt að hinn sterki og meiri háttar skal einn fá frelsi. Hinir eiga að taka við molunum sem falla af frelsisborði viðskipt-

anna. Hið nýja, eflda bákn skal byggja á siðlausri og blindri gróðafíkninni einni saman. Byggingariðjan við það bákn er í fullum gangi og byggingarnefndin leggur sína fullu blessun þar yfir, enda sjálf ríkisstjórn Íslands.

Félagshyggjufólk þarf vissulega að vera vel á verði. Það þarf að snúast af alefli og fullri alvöru gegn þessum eyðandi öflum sem nú ætla að brjóta niður þjóðskipulag jafnaðar og velferðar. Launafólk hefur nú sýnt samtakamátt sinn, það mikla afl sem það á. Ekki síður hér þarf það að taka í taumana. Frelsi fjöldans felst nefnilega ekki í því að líða auglýsingaútvarp gróðaaðila. Það felst heldur ekki í því að fá bjórkrár og búlur á hverju götuhorni. Það felst enn síður í frelsi fárra til að hirða arðinn af annarra striti. Það fæst ekki undir merkjum grimmdar samkeppni þar sem auðsvonin er öllu ofar sett. Og talandi um frelsi fjöldans, frelsi þjóðar felst ekki í því að selja land sitt til afnota fyrir erlenda byssubófa til að kynda undir vígbúnaðarbrjálæðið og vá dauðans. Frelsi þjóðar felst heldur ekki í því að veita erlendum auðhringum aðgang að auðlindum okkar, gefa þeim aðgang að ódýrri orku og enn ódýrara vinnuafli eins og draumar ýmissa eru um.

Góðir Íslendingar. Margur verður af aurum api. Apar frjálshyggjunnar hafa í raun ráðið atlögunni að launafólki að undanförnu. Apar frjálshyggjunnar sveifla sér nú í gróðatrjánum og á þá skín sól stjórnarherranna í stórri velþóknan. Íslensk þjóð hlýtur að höggva þessi tré og fá þeim, sem þar sveifla sér nú, önnur og þjóðnýtari verkefni ef unnt er. Velferðarþjóðfélagið þarf að þróast enn frekar í jafnréttis- og jafnaðarátt. Sem ein stór fjölskylda ber okkur að þjappa okkur saman, virða rétt hvers annars, hjálpa hverju öðru. Ríkisstj., sem reiðir sig á apana í frumskógi frjálshyggjunnar, á ekki erindi við íslenska þjóð. — Góðar stundir.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég skal ekki fara mörgum orðum um ræðu síðasta hv. þm. Hann hefur lengi verið einn helsti skemmtikrafturinn í hópi þm. og hann brást heldur ekki að þessu sinni. Ég vil að vísu taka undir það með hv. þm. að félagshyggjufólk þarf ætíð að standa á verði um velferðarþjóðfélagið og félagshyggjuna, en það verður ekki gert með því að frjósa fastir í aldagömlum hjólförum. Vitanlega þarf félagshyggjufólk eins og annað fólk að fylgjast með því sem gerist og því sem breytist í þjóðfélögunum í kringum okkur.

Ég vona hins vegar að menn hafi hlustað vandlega á ræðu hv. 1. flm. vantraustsins, Svavars Gestssonar. Ég gerði það a. m. k. og vildi þá leita að einhverjum góðum rökstuðningi fyrir vantrausti á ríkisstj. nú. Ég heyrði ekkert annað en kokhraustan stjórnarandstæðing halda því fram að ríkisstj., sem hann er svo mikið á móti, væri vond og að sjálfsögðu væri hann einn fær um að ráða málum þjóðarinnar. Að vísu var það afar athyglisvert að hlusta á hv. þm. halda því fram að Alþb. væri ábyrgur stjórnmálaflokkur. Ég er ekki viss um að honum hafi tekist að sannfæra þjóðina um það.

En hvers vegna er þá vantraustið flutt? Er vantraustið flutt vegna þess að ríkisstj. hefur óumdeilanlega tekist að færa verðbólgu úr u. þ. b. 130% niður í 15% á rúmlega einu ári? Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Svavar Gestsson að halda því fram að verðbólgan hafi verið um 86% þegar ríkisstj. tók við. Þetta eru opinberar tölur, tölur sem Hagstofan hefur birt, tölur sem voru byggðar á síðustu þremur mánuðum fyrir ríkisstjórnarskiptin. Verðbólgan var þá 130% og allir vita að íslenskir atvinnuvegir hefðu aldrei staðist þá verðbólgu. Það vita allir og einnig þessi hv. þm. að atvinnulífið hefði stöðvast og fjöldaatvinnuleysi hefði orðið. Frá þessu hefur ríkisstj. bjargað þjóðinni. Er vantraustið flutt þess vegna?

Er vantraustið flutt vegna þess að í raun og veru hefur ríkisstj. bjargað þjóðinni frá þeirri hættu að glata sínu efnahagslega sjálfstæði? Ég leyfi mér að fullyrða að þjóð, sem er með erlendar skuldir sem nema um það bil 60% þjóðarframleiðslu, hefði ekki lengi staðist það að atvinnulífið stöðvaðist og atvinnuleysi yrði, að tekjur fengjust ekki til að standa undir erlendum skuldum. Ætli við værum þá ekki í hópi Suður-Ameríkuþjóða? Er það þess vegna sem hv. þm. flytur vantraustið? Er það vantraust á ríkisstj. fyrir að hafa bjargað frá þessari holskeflu?

Hv. þm. leyfir sér að halda því fram að atvinnuleysi hafi skapast. Þó sýna opinberar tölur að atvinnuástand hefur verið mjög viðunandi, atvinnuleysi u. þ. b. 1%, eða aðeins lítið eitt hærra en það var þegar hann gegndi ráðherrastörfum. Að sjálfsögðu hafa atvinnufyrirtæki hingað og þangað um landið stöðvast, eins og gerðist í þá tíð. En er hv. þm. að halda því fram að atvinnuleysi hefði ekki orðið þegar sjávarútvegsfyrirtæki stöðvuðust t. d. á Eyrarbakka, Bíldudal, Þórshöfn o. s. frv.? Vitanlega var þá gripið til ráðstafana til að endurreisa þau fyrirtæki og endurskapa atvinnuna og það hefur þessi ríkisstj. einnig gert. Einstök fyrirtæki lenda ætíð í erfiðleikum og við því verður ekki gert. Af ýmsum ástæðum gera þau það.

Nei, atvinnuöryggi hefur verið gott þrátt fyrir hrakspár hv. stjórnarandstæðinga og ekki síst þessa þm., sem lesa má í þskj. frá s. l. vetri þegar hann hélt því fram, og endurtekið var á síðum Þjóðviljans, að atvinnuleysi hér yrði gífurlegt, varla reiknanlegt, það yrði svo mikið í kjölfar ráðstafana ríkisstj. Þetta hefur reynst algerlega rangt. Ef þetta veldur hv. þm. vonbrigðum, þá ætti hann að fela þau vonbrigði.

Hv. þm. talar mikið um það að kaupmættinum sé rænt og hann er að reyna að afsaka það, sem hann alls ekki þarf að gera, að kaupmátturinn féll á árinu 1982. Hann leyfir sér meira að segja að kalla línurit, sem birtist og dreift hefur verið nú á borð þm. í útgáfu kjararannsóknarnefndar nr. 65, falsrit, hann segir að það sé falsað. Þetta rit og þær tölur sem því fylgja sýna svo að alls ekki verður um deilt að kaupmátturinn féll frá miðju ári 1982 og þar til ríkisstj. tók við um a. m. k. 15% eða svona nærri ¾—¾ af því sem kaupmátturinn hefur fallið. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að vitanlega féll þessi kaupmáttur vegna þess að þjóðartekjur voru fallandi. Sá kaupmáttur verður aldrei varinn sem ekki hefur þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur að baki nema menn vilji taka erlend lán, en það vildi hv. þm. ekki frekar en allir í þeirri ríkisstj. gera. Við vitum allir að erlendar skuldir þjóðarinnar eru orðnar of háar.

Hv. þm. segir gjarnan að fólkið hafi greitt herkostnað við að koma verðbólgunni niður þrátt fyrir það að hann hefur nú fengist til að viðurkenna að kaupmátturinn hlaut að falla þegar þjóðartekjur falla. En þegar hann segir að stolið hafi verið fjórðu hverri krónu úr umslagi launþegans, þá getur hann þess aldrei að við Íslending-

ar höfum nú gengið í gegnum lengsta samdráttarskeið sem við höfum orðið að þola í 30 ár. Þá getur hann þess aldrei að þjóðartekjur hafa fallið um u. þ. b. 9%. Þá getur hann þess aldrei heldur að við Íslendingar höfum því miður lifað oft og lengi við viðskiptahalla eða m. ö. o. safnað erlendum skuldum. Hann getur þess aldrei að erlendar skuldir, sem eru um 60%, mega ekki aukast.

Þessi þjóð getur ekki haldið áfram á þessari braut. Þessi þjóð getur ekki haldið uppi kaupmætti með viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Frá því hefur þessi ríkisstj. einnig bjargað þjóðinni. Ríkisstj. hefur spornað við því að erlendar skuldir aukist. Erlendar skuldir á þessu ári hafa ekki aukist nema u. þ. b. 1% og það er minni aukning erlendra skulda en verið hefur í áratug hingað til. Hv. þm. getur þess heldur ekki að krónurnar, sem mennirnir fá í launaumslögin nú, eru ólíkt meira virði en þær sem þeir fengu eftir vísitöluhækkanir verðbólguáranna. Á fundi ekki alls fyrir löngu gat ég þess að vísitöluhækkanir launa hefðu allar verið uppétnar af verðhækkunum á einum mánuði. Þá stóð upp einn skynsamur maður og sagði: Þetta er rangt, ég fylgdist vandlega með þessu og ég leyfi mér að fullyrða að verðbætur launa voru búnar eftir tvær vikur. Það er þess vegna sem kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur minnkað miklu minna en kaupmáttur kauptaxta m. a.

Hv. þm. heldur því fram að ríkisstj. muni ekki kappkosta að varðveita þann kaupmátt sem raunhæfur er. Hann hefur að vísu, sýnist mér, dregið það nokkuð í land, hann mælir ekki gegn því að kaupmátturinn hljóti eitthvað að falla. Í sjónvarpinu s. l. þriðjudag heyrðist mér hins vegar hann segja hvað eftir annað að vitanlega ætti að varðveita þann kaupmátt sem um hefði verið samið. Ég spurði hv. þm. að því þá hvort hann teldi ekki að bændur ættu að fá svipaða tekjuhækkun og launamenn hafa fengið og sjómenn sömuleiðis sama og menn hafa fengið í landi. Eftir nokkra hringsnúninga viðurkenndi hann það, að svo hlyti að verða. En ég vil þá gjarnan spyrja hv. þm. að því hvort hann telji að landbúnaðarverð hljóti þar með ekki að hækka. Launakostnaðurinn í vinnslu og framleiðslu landbúnaðarafurða er u. þ. b. 40% heildarkostnaðar. Mér sýnist ljóst að landbúnaðarvörur hljóti að hækka a. m. k. sem því nemur. Er þá önnur kostnaðarhækkun ekki með talin. Eða telur hv. þm. t. d. að byggingarkostnaður hljóti ekki að hækka með útseldri vinnu? Útseld vinna hlýtur að hækka eins og launin hafa hækkað. Ég sá nýlega í blöðum t. d. að bækur muni hækka um allt að 15%. Þetta eru allt saman hækkanir sem ríkisstj. ræður ekki við og þetta eru allt saman hækkanir sem munu byrja að draga til baka þann kaupmátt sem um hefur verið samið.

Ég heyrði að hv. þm. viðurkenndi að sjómenn hlytu að fá svipaða launahækkun. Launahækkun og kostnaðarhækkun í fiskvinnslunni þar með verður orðin á bilinu 15—18%. Hv. þm. heldur því fram að þetta eigi að bæta með því að draga úr milliliðakostnaðinum. Ég tek undir það með hv. þm. að sjálfsagt er að leggja áherslu á það. En dettur nokkrum heilvita manni það í hug að unnt sé að draga svo úr þeim 25%, sem eftir eru af kostnaði fiskvinnslunnar, að unnt sé að mæta slíkum kostnaðarhækkunum hjá fiskvinnslunni í heild? Nei, vitanlega dettur engum heilvita manni það í hug og ekki einu sinni hv. þm.

Ríkisstj. mun leggja áherslu á að þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt verður að grípa til, tryggi atvinnuöryggi. Undir það vil ég taka með hv. þm., enda er þetta fyrsta atriðið á stefnuskrá ríkisstj. og hefur tekist vel. Því verður haldið áfram. Ég er þeirrar skoðunar að atvinnuöryggi sé eitt hið mikilvægasta fyrir Íslendinga. Íslendingar hafa lengi byggt tekjur sínar á mikilli atvinnu. Atvinnuleysi væri því ákaflega skaðlegt.

Ég tek einnig undir það með hv. þm. að að sjálfsögðu ber að leggja áherslu á að ýmsir milliliðakostnaðir lækki, eins og t. d. farmgjöldin. Það er auðveldast að gera með því að bjóða út flutningana. Ég get t. d. upplýst að nýlegt útboð SH á flutningum á fiski mun leiða til mjög verulegrar lækkunar. Þá leið á tvímælalaust að fara. Staðreyndin er hins vegar sú að fragtgjöldin hækkuðu mest árið 1982 vegna þess að þau eru, eins og hv. þm. sagði, bundin í erlendum gjaldeyri og gjaldeyrir féll mest á því ári.

Ég vil einnig taka undir það með hv. þm. að gæta verður þess á meðan verðbólgualda gengur yfir að vextirnir fylgi henni ekki upp. Vitanlega verður það gert. En ég spyr hv. þm.: Treystir hv. þm. sér til að lækka þá vexti sem t. d. eru nú á erlendum lánum? Treystir hv. þm. sér til þess að lækka t. d. dollaravextina sem eru 9.5% umfram verðbólgu? Staðreyndin er vitanlega sú að fjármagn í íslensku atvinnulífi er gífurlega mikið háð erlendum vöxtum, eins og erlendu skuldir þjóðarinnar bera glöggan vott um.

Ég tek einnig undir það með hv. þm. að halda verður verðlagi niðri eins og frekast er kleift. Nýlegt yfirlit, sem ég fékk frá Hagstofu og Verðlagsstofnun, var lagt fram á ríkisstjórnarfundi í dag og sýnir athyglisverðar niðurstöður. Það sýnir að hækkun á því, sem hefur verið losað undan verðlagseftirliti, er umtalsvert minni en á því sem er undir verðlagseftirliti eða undir hámarksverðlagi. Ég held satt að segja að hv. þm. mættu skoða þetta. Þetta sýnir okkur að næg samkeppni, en þannig eru þau lög sem farið er eftir, leiði til verðlækkunar.

Góðir Íslendingar. Alþb. ætlar að koma ríkisstj. frá. Það beitti sér fyrir því í verkföllunum og var mörgum saklausum einstaklingnum fórnað í því skyni, fyrst prenturum og síðan opinberum starfsmönnum. Það tókst ekki. Þetta vantraust er flutt á fyrstu dögum þingsins og átti að innsigla slíkan sigur. Það sem Alþb. hefur tekist er að kynda eld verðbólgunnar á ný. Ríkisstj. mun taka á þessum málum af festu. Ríkisstj. mun kappkosta að treysta atvinnuöryggi, treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna, tryggja þann kaupmátt sem raunverulegur er og mun gera sérstakar ráðstafanir til þess að þeir, sem lökust hafa kjörin, beri sem mest úr býtum. Ríkisstj. leggur áherslu á að slökkva þann verðbólgueld sem Alþb. reynir að kynda.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þrátt fyrir kokhreysti hæstv. forsrh. fer ekkert milli mála að ríkisstj. er gersamlega trausti rúin. Neyðarópin vegna stöðu ríkisstj. berast meira að segja innan úr stjórnarflokkunum sjálfum, bæði í þeirra eigin málgögnum og í málflutningi einstakra þingmanna. Það er mála sannast að ríkisstj. hefur algerlega misst tökin á efnahagsmálunum og hún hefur efnt til úlfúðar í þjóðfélaginu í stað þess að stilla til friðar. Þessi ríkisstj. hefur

gersamlega brugðist og þess vegna er þetta vantraust flutt og þess vegna á að samþykkja þetta vantraust.

Ef við svipumst um á sviði efnahags- og atvinnumála blasir gjaldþrot ríkisstjórnarstefnunnar við. Sjávarútveginum hefur verið siglt meira og minna í strand. Mörg fyrirtæki hafa gefist upp og önnur eru við það að gefast upp. Fólk missir atvinnuna í hrönnum. En ríkisstj. situr með hendur í skauti og hefst ekki að. Þetta er alvarlegt ábyrgðarleysi hjá ríkisstj. sem bitnar á miklum fjölda fólks. Í landbúnaðarmálum hefur keyrt út í slíkar ógöngur að margir bændur vita ekki sitt rjúkandi ráð. Viðskiptahalli og halli á ríkissjóði blasir við þrátt fyrir allar yfirlýsingar um jafnvægi. Landið er sokkið dýpra í fen erlendra skulda en nokkru sinni fyrr. Byrðunum af óstjórninni núna er velt yfir á börn okkar, yfir á komandi kynslóðir. Dýpra geta menn varla sokkið.

Þannig, herra forseti og góðir hlustendur, er í grófum dráttum mynd hinna almennu efnahagsmála og þar stendur ekki steinn yfir steini. En jafnframt hefur ríkisstj. lagt efnahag margra heimila launafólks í rúst. Ráð ríkisstj. hefur sífellt verið að skerða kjör launafólks og hún hefur engin önnur ráð kunnað. Það merkilega er hins vegar að á sama tíma og margt launafólk berst í bökkum sjáum við að aðrir raka saman peningum, nýjar lúxuskerrur, sem kosta milljón eða meir, hafa rúllað hér inn á göturnar í sumar og haust. Stórbyggingar á vegum ríkisins og milliliða rísa eins og ekkert hafi í skorist. Þ. á m. má nefna seðlabankahús, útvarpshús, mjólkurstöðvar, verslunarhallir og afgreiðslumusteri olíufélaganna. Það eru til nógir peningar fyrir þessari óþarfafjárfestingu á sama tíma og ekki má borga lífvænleg laun. Fólkinu í landinu er í raun skipt upp í tvær þjóðir: hinn mikla fjölda sem verður sífellt fátækari og hina sem vaða í peningum.

Frjálshyggju- og peningamagnspostularnir hafa talað mikið um frelsi. Við höfum fengið að sjá þeirra frelsi. Það er frelsi til þess að raka saman peningum. Það er frelsi til ofsagróða. Það frelsi hafa þeir fengið innleitt og árangurinn blasir við. Hann blasir við í sligun undirstöðuatvinnuveganna, í auknu misrétti í þjóðfélaginu og í byrðum á launafólki. En það frelsi sem felst í efnahagslegu sjálfstæði einstaklingsins hafa þeir fótum troðið. Frjálshyggjupostularnir í Sjálfstfl. og Framsfl. skilja ekki það frelsi og vilja ekki skilja það að án efnahagslegs sjálfstæðis er enginn frjáls. En það er einmitt þetta frelsi, frelsi frá efnahagslegum fjötrum, frá öryggi og frá óttanum um afkomuna, sem er langmikilvægasta frelsið.

Misskiptingin, það misrétti sem birtist í því að sumir græða á tá og fingri og vaða í peningum meðan fjöldi launafólks á varla til hnífs og skeiðar, er eitt höfuðvandamálið sem við okkur blasir. Á þessu vandamáli verður að taka. Réttlætiskennd okkar krefst þess og meðan misréttið er ekki lagað verður engin stöðugleiki í íslensku efnahagslífi. Einmitt með því að stemma stigu við peningamokstri gróðaaflanna og með því að stemma stigu við skattsvikunum fæst svigrúm til að bæta kjör fólksins. Slíkri leiðréttingu fylgir engin verðbólga. Og með því að draga úr fjárfestingu milliliðanna og ríkisins, sem við blasir hvarvetna, fæst líka svigrúm til að bæta kjör launafólks og draga úr erlendri skuldasöfnun. Það mun ekki heldur hafa nein verðbólguáhrif. Það er á þessum verkefnum sem ríkisstj. ætti að taka og ætti að hafa tekið fyrir löngu. En það hefur hún látið undir höfuð leggjast.

Núv. ríkisstj. fékk óskabyr í upphafi síns starfsferils. Fólk var orðið slituppgefið á þeirri verðbólgu sem Alþb. og Framsfl. hvolfdu yfir þjóðina í seinustu ríkisstj. og sem betur fer hefur verðbólgan hjaðnað, en árangurinn náðist með því einu að skerða kjör launafólks. Ríkisstj. lagði ekkert af mörkum sjálf. Í því brást hún algerlega. Það sýndu allir þolinmæði framan af og ríkisstj. fékk tækifæri til að sýna og sanna stefnu sína. Og það liggur nú fyrir. Það liggur fyrir hvers konar ríkisstj. við höfum fengið, hvað hún vill, hvað hún getur og hver stefna hennar er í reynd. Hafi einhver verið í vafa um það í upphafi hvers konar ríkisstj. væri í landinu liggur það nú ljóst fyrir að hún er hreinræktuð hægristjórn, yst til hægri á litrófi stjórnmálanna.

Við skulum rekja feril þessarar ríkisstj. í grófum dráttum. Hún byrjaði á því að skerða kjör launafólks, en jafnframt afnam hún samningsréttinn — og það var ótætisbragð, en menn undu því um sinn. Næstu aðgerðir ríkisstj. voru í raun að ráðast gegn þeim sem síst mega sín í þjóðfélaginu. Þegar kom að því að spara á vegum ríkisins sá ríkisstj. það eitt til ráða að ráðast gegn sjúkum, gegn ellilífeyrisþegum og gegn börnum. Gjald fyrir læknisvitjanir var stórhækkað, gjald fyrir lyf var margfaldað og kaupmáttur ellilífeyris var rýrður sérstaklega. Meðan matvæli hækkuðu um allt að 80% hækkuðu grunnlífeyrisgreiðslur almannatrygginga einungis um 14%. Fyrir hverjar 100 kr. sem ríkisstj. ætti nú að greiða í ellilífeyri til að viðhalda kaupmætti hjá gamla fólkinu greiðir hún einungis 80 kr. 20 kr. af hverjum 100, sem gamla fólkið á í rauninni rétt á, hefur ríkisstj. stungið í eigin vasa. Og áfram var haldið. Námslán voru skert. Jöfn aðstaða til menntunar skipti ekki lengur máli. Og það var ráðist gegn hinu almenna skólakerfi. Það var skorið niður og reyndar gerðar tilraunir til að skera það enn frekar niður en þó tókst. Sömu sögu er að segja í húsnæðismálum. Húsnæðismálasjóðurinn er nánast gjaldþrota og umsækjendur verða að bíða mánuðum saman eftir því að fá úrlausn. Allar yfirlýsingar um að efla og bæta húsnæðislánakerfið fuku lönd og leið. Þetta voru ráð ríkisstj. þegar þurfti að spara.

Myndin er ófögur. Það var ráðist gegn hverju félagsmálasviðinu á fætur öðru. En sagan er ekki öll. Þar næst fann ríkisstj. það helst til ráða að hækka vexti upp úr öllu valdi. Með því voru grundvallaratvinnuvegirnir sligaðir og launafólk þrautpínt. Og af skattamálum er sömu sögu að segja. Í þeim efnum valdi ríkisstj. að þyngja skattana á einstaklingum og draga þannig enn frekar úr kaupmætti þeirra meðan skattar á fyrirtækjum voru stórlækkaðir.

Í öllum þessum verkum hefur ríkisstj. fylgt fordæmi annarra hægristjórna víðs vegar í Evrópu. Hún hefur reynst miskunnarlaus sú ríkisstj. sem við höfum, hreinræktuð hægristjórn. En við höfum reyndar fengið fleira að sjá. Þegar launafólk þoldi ekki kjaraskerðinguna lengur og bað um aukinn kaupmátt birtist viðhorf ríkisstj. til launafólksins enn einu sinni.

Í upphafi gerði ríkisstj. allt sem hún gat til að hræða fólk frá því að sækja bætt kjör. Yfirlýsingar Þorsteins Pálssonar um að þjóðfélagið mundi sporðreisast ef kjörin yrðu eitthvað bætt eru öllum í fersku minni. Hann sagði reyndar að kjörin ættu enn frekar að rýrna. Og í verkfalli BSRB sýndi ríkisstj. launafólkinu enn hug

sinn. Ríkisstj. efndi til úlfúðar í stað þess að stilla til friðar. Hún magnaði til átaka og hún dró verkfallið vísvitandi á langinn. Markmiðið var augljóslega að reyna að brjóta á bak aftur þessi almennu samtök launafólks. Fyrir bragðið varð baráttan í verkfalli opinberra starfsmanna ekki einungis fyrir bættum kjörum, heldur líka og jafnframt fyrir réttindum til þess að semja um kjör sín, fyrir rétti félagasamtaka launafólks.

Ríkisstj. hefur með þessari framkomu sinni sýnt og sannað að hún er ekki hætishót betri en íhaldsstjórn Tatchers í Bretlandi. Ríkisstj. ræðst gegn þeim sem minnst mega sín og ríkisstj. er að brjóta niður þá velferð sem við Íslendingar höfum verið að byggja upp á liðnum áratugum. Hún brýtur þá velferð niður með sama hætti og hægri flokkar um alla Evrópu hafa myndast við að brjóta niður velferðina í sínum þjóðfélögum. Ríkisstj. ræðst gegn öryggi gamla fólksins og hún fótumtreður þá samhygð og félagshyggju sem felst í því að hinir betur settu styðji hina ver settu.

Ekki boðuðu ríkisstjórnarflokkarnir þetta fyrir kosningar. Um þessi áform sín voru þeir heldur fáorðir fyrir kosningar. Ég veit að þeir fengu ekki kjörfylgi sitt út á það að þeir ætluðu að ráðast gegn þeim sem minnst mega sín. Þeir hefðu aldrei fengið þetta kjörfylgi, sem þeir fengu, ef þeir hefðu skýrt frá því fyrir kosningar að þessi væru áformin. Ég er þess fullviss að þjóðin hafnar þessari stefnu ríkisstj. afdráttarlaust og eindregið. Við Alþfl.-menn fordæmum þessa stefnu ríkisstj. og það misrétti sem ríkisstj. hefur verið að magna í þjóðfélaginu á undanförnum misserum.

Á liðnum árum fengum við að reyna þá ríkisstj. sem Alþb. og framsókn mynduðu hér með tilstyrk nokkurra sjálfstæðismanna. Árangurinn af því var nánast sagt ömurlegur. Erlendum skuldum var hlaðið upp og ríkisstj. steypti yfir okkur óstöðvandi óðaverðbólgu, langt um meiri en nokkru sinni áður hefur gerst. Þessa stefnu viljum við aldrei aftur, en núverandi stjórnarstefna er jafnforkastanleg á sinn hátt og þjóðin hafnar henni með sama hætti og hún hafnaði þeirri stefnu sem birtist í samstjórn Alþb. og framsóknar á síðasta kjörtímabili.

Við Íslendingar viljum að byggt sé upp þjóðfélag efnahagslega sjálfstæðra einstaklinga þar sem menn geta búið við öryggi um hag sinn og sinna. Við Íslendingar viljum að það ríki stöðugleiki í efnahagsmálum og heilbrigt efnahagslíf. Verkefnin á þessu sviði blasa hvarvetna við. En ríkisstj. sinnir þeim ekki. Meðal hinna stærstu er að sjá til þess að hér á landi séu greidd lífvænleg laun fyrir alla vinnu. Sannleikurinn er sá að með óráðsíu, rangri fjárfestingu, jafnt einkaaðila og hins opinbera, hafa lífskjörin verið stórlega rýrð, bæði á undanförnum árum og að því er varðar stöðu okkar í dag. Staða atvinnuveganna hefur verið þrengd að sama skapi með rangri stjórnarstefnu. Verkefni okkar nú á að vera að byggja upp atvinnuvegi sem greiða og geta greitt lífvænleg laun. Mér er ljóst að það kostar vissulega mikið og skipulegt átak og ný tök í atvinnumálum. Það kostar einhverjar þrautir, en það verk verður að vinna. Sannleikurinn er sá ef við náum því ekki að hér séu sambærileg kjör og í grannlöndum okkar, þar sem svipaðar þjóðartekjur eru, þá er mikil vá fyrir dyrum, þá er hætta á að bresti á landflótti á Íslandi og atgervisflótti. Þess vegna verður að gera allt sem hægt er til að byggja upp atvinnuvegi sem geta greitt og greiða lífvænleg laun. Á sama hátt er það nauðsynlegt nú að allt sem mögulegt er sé gert til þess að standa vörð um þann kaupmátt sem náðist í nýafstöðnum samningum. Sé sú leið farin, sem við Alþfl.-menn höfum bent á, að draga úr misréttinu og draga úr óþarfafjárfestingu og færa þannig fé til launafólksins má ná miklum árangri í þessum efnum.

Á sama hátt verður að ráðast gegn skattsvikunum og hamla skattsvikum til þess að ríkissjóður hafi bærilega afkomu og þá fæst líka aukið svigrúm til þess að bæta kjör launafólksins í landinu. Verkefnið á jafnframt að vera að draga úr misréttinu sem hefur magnast hjá núverandi ríkisstj.

Sú ríkisstj., sem nú situr, hefur komið íslensku þjóðfélagi á vonarvöl. Núv. ríkisstj. mun ekki taka á atvinnumálunum og misréttinu í þjóðfélaginu með þeim hætti sem nauðsynlegt er til þess að tryggja hér réttlátt þjóðfélag sem byggt er á skynsamlegri atvinnustefnu. Þessi ríkisstj. getur það ekki vegna þess að í ríkisstjórnarflokkunum hafa gróðasjónarmið milliliðanna náð undirtökunum og af þeim sökum munu vandamálin einungis magnast áfram með sama hætti og þau hafa verið að magnast hingað til.

Það er þess vegna sem þetta vantraust er flutt, vegna þess að það er þjóðþrifamál að ríkisstj. fari frá, vegna þess að án þess að ríkisstj. fari frá horfum við upp á áframhaldandi ógöngur. — Góðar stundir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég lýsi vantrausti á þessa ríkisstjórn í kvöld af þremur höfuðástæðum. Sú fyrsta er að ríkisstjórnin hefur misboðið réttlætiskennd og sjálfsvirðingu þjóðarinnar. Önnur ástæðan er sú að ríkisstjórnin hefur algerlega brugðist í því hlutverki sínu að búa hér í haginn fyrir framtíðina í efnahagslegu og atvinnulegu tilliti. Þriðja ástæðan er sú að ríkisstjórnin er hrunin. Hún nýtur hvorki trausts fólksins í landinu né þingmanna sinna og stjórnarflokkarnir virðast hættir að treysta hver öðrum.

Um hvað fjalla stjórnmál? Fjalla þau um það hvort einhver þrep í skattstiga eigi að vera 30 eða 35%? Fjalla þau um það hvort húsnæðislán eigi að greiðast á einum, tveimur eða þremur gjalddögum?

Um hvað talar fólkið á götunni? Þegar ég ræði skattamál við kunningja minn þá ræðum við kannske um skattprósentuna en það kemur enginn glampi í augun á honum. Glampinn kemur þegar talið berst að þeim sem enga skatta greiða, svíkjast um að greiða til velferðarkerfisins sem hjúkrar sjúkum og öldruðum og menntar börnin okkar.

Þegar ég ræði húsnæðismál við hann erum við sammála um að auðvitað sé greiðslufyrirkomulag lánanna óviðunandi, en það kemur enginn glampi í augun á honum. Hann kemur þegar talið berst að kynslóðamisréttinu. Fæstir þeirra sem byggðu fyrir 1975 skilja vandkvæði unga fólksins í dag. Nú leggur fólk ekki hart að sér í 3 eða 4 ár til þess að eignast húsnæði. Ef það á annað borð eignast húsnæði þarf það að fórna til þess allri ævinni við núverandi ástand.

Ég þekki fullorðin hjón. Þau eiga fjögurra ára gamlan bíl. Á næsta ári verður húsbóndinn að hætta að vinna og láta ellilífeyrinn og eftirlaunin nægja. Þá verða þau að selja skrjóðinn sinn eins og þau segja, og það

kemur þessi sami glampi í augun á þeim. Svona er ástandið eftir samanlagt 110 ára starfsævi þeirra. Verðlaun samfélagsins til handa gamla fólkinu, fólkinu sem hefur komið okkur öllum á legg, eru að halda því við hungurmarkið.

Hver er samnefnarinn úr þessum dæmum, um skattamálin, húsnæðismálin og lífeyrismálin? Samnefnarinn er óréttlæti. Ójöfnuðurinn á milli kynslóða og starfsstétta er orðinn óbærilegur. Við þekkjum fleiri dæmi. Kynjamisréttið er eitt. Misrétti til náms er annað dæmi.

Fólk vill ekki láta beita sig óréttlæti. Það er höfuðhlutverk ríkisstjórnar að gæta jafnaðar og réttlætis. Þessu hlutverki hefur ríkisstj. brugðist. Þess vegna hefur þjóðin lýst vantrausti á hana og þær niðurstöður birtust okkur fyrir skemmstu í skoðanakönnunum og verkfallsaðgerðum.

Ég sagði í byrjun að ríkisstjórnin hefði misboðið sjálfsvirðingu fólksins. Hvað hefur sjálfsvirðing með þetta mál að gera? Hvað er sjálfsvirðing? Hluti sjálfsvirðingar er staðföst vissa einstaklingsins um það að vera metinn að verðleikum, að samfélagið hafi trú og traust á því sem hann tekur sér fyrir hendur. Þess vegna er það árás á sjálfsvirðingu opinberra starfsmanna þegar fjármálaráðuneytið lýsir því yfir á haustdögum að það hafi ekki ætlað sér að greiða þeim mannsæmandi laun. Það er árás á sjálfsvirðingu kennara þegar fjármálaráðherrann, ráðherra sem á að þjóna öllum landsmönnum en ekki sérvisku sinni einni, lýsir því yfir að kennarar séu ekki launa sinna verðir vegna þess að þeir vinni ekki eins og menn. En þó er stærsta árásin á sjálfsvirðingu fólksins sú staðreynd að fjöldi fólks, duglegs heilbrigðs fólks, getur ekki með fullri vinnu séð fyrir nauðþurftum heimila sinna, svo að við tölum ekki um þá sem búa við sjúkdóma eða skerta starfsorku. Framkoma ríkisstjórnarinnar við þetta fólk er árás á sjálfsvirðingu þess.

Ameríski heimspekingurinn John Rawls, sem fyrir rúmum 10 árum síðan skrifaði bókina Kenning um réttlæti, telur sjálfsvirðinguna til grundvallarlífsgæða. Hann setur hana á bekk með frelsi, mannréttindum, heilbrigði og öðru slíku. Ég tel þetta rétt. Árás ríkisstj. á sjálfsvirðingu fólks og réttlætiskennd er skýring á því að meiri hluti landsmanna skildi og studdi launabaráttu opinberra starfsmanna. Þetta eru líka ástæðurnar fyrir því að borgarstarfsmenn felldu samningana. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ríkisstj. er að missa stuðning fólksins í landinu.

En ráðamenn leita annarra skýringa. Þeir segja að kommarnir hafi verið að æsa fólkið upp. Þeir segja að Kristján Thorlacius hafi komið með svo mergjaðan áróður gegn borgarsamningunum í einum hádegisfréttatíma um það leyti er fólk gekk til atkvæða um samningana og það hafi ráðið úrslitum. Þeir segja að fólk skilji ekki nauðsyn aðhalds og sparnaðar í efnahagsmálum.

Þeir stjórnmálamenn, sem í grunnhyggni og einfeldni leggja slíkan dóm á hlutina, ættu að vara sig. Það eru að gerast merkilegir hlutir í íslenskri pólitík. Í æ ríkara mæli er fólk farið að láta skoðanir sínar frekar en flokksskírteinin ráða gerðum sínum. Fólkið í landinu þekkir muninn á réttu og röngu, réttlæti og óréttlæti. Þessi stóri dómur hefur þegar fellt sinn úrskurð.

Þetta var um það hvernig ríkisstjórnin hefur vegið að réttlætiskennd og sjálfsvirðingu fólksins í landinu. Snúum okkur nú að framtíðinni.

Á næstu 15 árum, þ. e. til aldamóta, mun gífurlegur fjöldi ungmenna koma á vinnumarkaðinn, líklega nærri 20 þúsund manns. Vegna samdráttar og breyttra atvinnuhátta, svo sem aukinnar sjálfvirkni og tölvuvæðingar, munu landbúnaður og sjávarútvegur ekki taka við auknum fjölda fólks á komandi árum. Þvert á móti mun störfum þar fara fækkandi, jafnvel svo að þúsundum skiptir. Það er því brýnt að nýr atvinnurekstur komi í staðinn.

Hvað þarf að gera til að bæta lífskjörin til frambúðar? Í fyrsta lagi þarf að hyggja að ýmsum gömlum fyrirtækjarekstri og uppræta þar ýmis rótgróin vandamál íslensks þjóðarbúskapar, sem eru m. a. fjáraustur í ríkisrekinn hallærisfyrirtæki, glórulausar fjárfestingar í sjávarútvegi og landbúnaði, millifærslur og ölmusugjafir. Í þessum tilfellum er í engu sinnt sjálfsögðum kröfum um arðsemi og heilbrigðan rekstur fyrirtækja sem framtíðarþróun öflugs efnahagslífs verður að byggjast á. Þessi rekstur er heldur ekki samboðinn fólki sem vill standa á eigin fótum. Það er staðreynd að atvinnurekendur og launafólk á Íslandi eru orðin langþreytt á því að þurfa að vera bónbjargarmenn við borð stjórnmálamannanna. Þetta fólk vill bera ábyrgð á gerðum sínum. Það þarf að byggja ný fyrirtæki undir forsjá fólksins í landinu. Þessi fyrirtæki eiga að byggja á framtaki einstaklinga og frjálsum samtökum þeirra. Þau þurfa að fá að bera arð til nýsköpunar og fjárfestingar og til að greiða aðstandendum sínum eðlilegan hagnað. Með slíkum atvinnurekstri er hægt að endurreisa lífskjörin í landinu.

Kunnáttumenn telja að Vesturlönd muni hafna stóriðjukostinum í síauknum mæli en snúa sér frekar að nýtæknigreinum eins og tölvutækni, líftækni, fjarskiptatækni, geimtækni og þess háttar. Þessi staðreynd ætti að vera Íslendingum til umhugsunar, sem um árabil hafa fylgt þeirri stefnu að nýting fallvatna til stóriðju væri eina von þeirra til aukinnar hagsældar. En á Vesturlöndum er stóriðjan því að verða stefna gærdagsins.

En hvað gerum við í þessum málefnum framtíðarinnar? Það er heldur lítið. Við erum á kafi í gömlu iðnbyltingunni og við erum að skuldbreyta í landbúnaði og sjávarútvegi svo milljónahundruðum skiptir. Byltingamenn stóriðjudraumanna okkar eru á ferðalögum um allan heim til að laða hingað atvinnuhætti gærdagsins. En þeir eru því miður einni iðnbyltingu á eftir. Ef við ætlum okkur hlut í framtíðinni verðum við að kaupa hlutabréf í henni strax í dag. Við gerum það með því að segja námsfólki okkar frá möguleikunum og með því að segja þeim frá hugmyndum okkar um lífshætti morgundagsins. Það gerum við t. d. með því að styrkja rannsóknir á íslenskum möguleikum. Rannsóknarmönnum okkar mundi muna stórkostlega um fjárstyrk sem ekki næmi meiru en ferðastyrkjum og dagpeningum stóriðjunefndarinnar.

Við skulum fara að þurrka móðuna af framrúðunni áður en 21. öldin rennur upp. Ef við horfum einungis í baksýnisspegilinn gætum við orðið heiminum nokkurs konar Árbæjarsafn í atvinnuháttum. Undirstaða þessarar framtíðar er þekking og hugvit eins og áður sagði. Bismarck sagði einu sinni að framtíðin væri þeirra þjóða sem ættu bestu skólana. Þjóð sem á í efnahagsörðugleikum og býr sig undir sókn til bættra lífskjara, ætti því að styrkja skólakerfi sitt og bæta aðbúnað nemenda og kennara. Maður skyldi því halda að það væri stjórn-

völdum landsins ærið umhugsunarefni að kennslustörf eru hér á öllum stigum skólakerfisins að verða láglaunastörf. Menn skyldu spyrja sig hvort þannig sé tryggt að þjóðin njóti bestu leiðsagnarinnar inn í 21. öldina, sem verður öld menntunar, þekkingar og hugvits.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur að vísu uppgötvað framtíðina. En á sama tíma veldur hún samdrætti í skólakerfi landsins, hún veldur því að kennarar flýja störf sín og það er undir mati ríkisbankastjóranna komið hvaða námsmenn hefji nám hér á næstu árum á æðri menntastigum. Námslánakerfið, sem átti að vera efnalitlu fólki trygging til að geta sótt sitt nám, er það ekki lengur. Nú verður unga fólkið að mæta hjá bankastjórunum og þeir, sem ekki eiga nógu álitlega ábyrgðarmenn fyrir víxlana, fara ekki í skóla. Þetta er enn eitt dæmið um óréttlætið sem magnast hefur í tíð þessarar stjórnar. En þetta er líka dæmi um það að peningamálastefna skammsýnnar ríkisstj. kemur í veg fyrir að þjóðin fái að njóta gáfna og starfskrafta sumra sinna bestu manna. Ríkisstjórnin vanrækir skóla- og menntakerfið. Þess vegna m. a. lýsi ég vantrausti á hana. Henni finnst menntun fólksins dýr, en það er ekki þorandi að leyfa henni að sýna okkur hvað fáfræði þjóðarinnar muni kosta.

Herra forseti. Ég lýsi vantrausti á þessa ríkisstj., eins og ég hef sagt í ræðu minni, vegna þess að hún hefur misboðið réttlætiskennd og sjálfsvirðingu fólks og hún hefur svikist um að byggja hér upp atvinnuhætti fyrir framtíðina. En þetta vantraust nær um leið til stjórnarhátta síðustu áratuga á Íslandi. Öllum ríkisstj. hefur mistekist að gæta réttlætis. Allar ríkisstj. hafa verið að baslast í sjávarútvegi og landbúnaði, sem þrátt fyrir ellefu hundruð ára aðlögunartíma virðast ekki kunna fótum sínum forráð.

Allar ríkisstj. hafa byggt hérna upp óvirkt og lamandi kerfi flokksítaka og sérhagsmunavörslu. Í stofnunum ríkisins út um allan bæ eru skrifborð og á stólbökum hanga jakkar. En hvað eru eigendur jakkanna að gera? Þótt einhvern tíma hafi verið ástæða til að setja upp stofnanir til að sinna ýmsum verkefnum fyrir þessa þjóð er full ástæða til þess að endurskoða hvort ýmsri slíkri starfsemi sé ekki hægt að sinna nú á tímum á annan hátt.

Stefán Benediktsson þm. BJ flutti nýlega tillögur um að ríkið hætti þátttöku í eða legði niður ýmsar af þeim stofnunum sem hér hafa hrannast upp á undanförnum áratugum. Viðbrögð þm. voru býsna forvitnileg. Einn þm. Alþb. lagði þær að jöfnu við árás á velferðarkerfið. Hann setti sem sé samasemmerki á milli Jarðborana ríkisins og dagvistarheimila eða framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og sjúkrahúsa eða húsameistara ríkisins og barnaskóla. Það er nefnilega svo að kerfiskarlarnir bæði innan þings og utan eru löngu hættir að greina á milli þeirra stofnana, sem milliliðalaust varða velferð einstaklinga, menntun þeirra og heilbrigði, og ýmiss konar skriffinnskustofnana sem hugsanlega áttu einhvern tíma rétt á sér en eru nú orðnar eins og steinrunnar tröllkerlingar í dagrenningu. Þessar stofnanir skipta tugum og rekstur þeirra kostar milljónahundruð.

BJ vill standa dyggan vörð um það velferðarkerfi fólksins í landinu sem hér hefur risið upp í samvinnu allra flokka á undanförnum áratugum. Nú eru gerðar að því kerfi áður óþekktar atrennur. En sú varðstaða bandalagsins nær ekki tilvelferðarstofnana pilsfaldakapítalistanna og kerfiskarlanna.

Herra forseti. Ég minntist hér fyrr í ræðu minni á ýmis atriði er varða uppbyggingu atvinnuvega á Íslandi. Þýðing sjávarútvegsins fyrir okkur Íslendinga markast fyrst og fremst af þeirri staðreynd að 70—80% af gjaldeyristekjum okkar aflast vegna sölu ýmiss konar sjávarafurða. Þessi gjaldeyrisöflun verður að gerast á sem hagkvæmastan hátt fyrir alla þjóðina. Svo mikilvæga atvinnugrein er ekki hægt að reka eins og félagsmálastofnun. Þar verður að minnka íhlutun ríkisvaldsins, afskipti þess af verðlagsmálum greinarinnar verða að hætta. Til greina kæmi að breyta gjaldeyrismeðferð. Sölukerfin þarf að opna og það þarf að kanna miklu meira en nú er gert hvort íslensk kunnátta í sjávarútvegi og íslensk fyrirtæki geti ekki haslað sér völl erlendis.

Herra forseti. Í upphafi máls míns nefndi ég þriðju höfuðástæðuna fyrir því að ég stæði hér að flutningi vantrauststillögu í kvöld. Hún var sú að ríkisstj. hefði glatað trausti fólksins í landinu og þm. sinna og að innviðir hennar væru að hrynja. Um þessi atriði þarf í raun ekki að hafa svo mörg orð. Þau skýra sig af fréttum undanfarinna daga þar sem stjórnarþm. hafa vegist á.

Framsfl. virðist að talsverðu leyti kominn með annan fótinn út fyrir borðstokkinn og Páll Pétursson þingflokksformaður framsóknarmanna hefur lýst andstöðu sinni við flestallt sem ríkisstj. hefur gert frá því í vor, t. d. í peningamálum, launamálum og útvarpsmálum, svo nokkur dæmi séu nefnd. Hæstv. forsrh. er hættur í pólitík og er kominn í einkastríð við hv. þm. Svavar Gestsson. Það er orðið dálítið þreytandi fyrir þjóðina, fyrst í sjónvarpinu um daginn og nú í kvöld, að hlusta á þetta uppgjör. Ég legg til að ráðh. taki hv. þm. Svavar Gestsson með sér í næstu ferð á kjördæmisþing framsóknarmanna í Austurlöndum nær og þeir geri út um sín mál úr fyrri ríkisstj. án þess að þjóðin þurfi að horfa upp á það.

Sjálfstfl. er sýnilega ekki í neinu ástandi til þess að vera aðili að ríkisstj. Menn voru farnir að venjast því að hann væri klofinn, en nú er hann sundraður, tvístraður. Hann er eins og brotinn spegill á baðherbergisgólfi. Þessum stóra flokki ólíkra sjónarmiða og ólíkra hagsmuna var áður haldið saman af sterkum forustumönnum, törframönnum, sem voru þyngdarpunkturinn í flokksstarfinu og allra augu mændu til. Nú er þessi stóri flokkur að vakna úr álögum, nú horfa hinir almennu flokksmenn ekki út fyrir raðir sínar til sterkra foringja, heldur horfa þeir inn á við og þeir horfa hver á annan og segja: Er ég í flokki með honum? Og kennararnir í Sjálfstfl. segja: Er ég virkilega í flokki með fjmrh.? Og launþegarnir segja: Erum við í flokki með strákunum uppi í Garðastræti? Þetta er eins og upprisa af Þyrnirósarsvefni. Raunveruleikinn blasir við og hann er sár. En það er augljóst að þessi flokkur getur á engan hátt verið aðili að ríkisstj. eins og fyrir honum er komið.

BJ lýsir vantrausti sínu á þessa ríkisstj., á þá stjórnarhætti sem hafa komið okkur í þær þrengingar sem við erum nú í og á það stjórnkerfi sem hefur aldrei átt neinar lausnir á vandamálum samtímans. Tilvist BJ, hvert einasta prósent í fylgi þess, er raunar ein allsherjar vantraustsyfirlýsing á ríkjandi stjórnarháttu. — Góða nótt.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég furða mig á málefnafátækt síðasta ræðumanns sem þurfti að grípa til þess að ráðast á mig persónulega og sem fjmrh. Ég vísa þeim ummælum öllum á bug sem ómerkum og er fyllilega reiðubúinn til þess að bera saman mitt lífshlaup og hv. þm. Guðmundar Einarssonar hvað snertir störf mín fyrir aldraða, fatlaða, einstæða foreldra og íslenska íþróttaæsku og æskumenn yfirleitt. Ég veit ekki til þess að hann hafi komið nálægt neinum slíkum málum eða öðrum góðgerðamálum.

Það er með ólíkindum að hlýða á málflutning stjórnarandstæðinga við þessar umr. Nú, þegar á miklu veltur að landinu sé stjórnað af festu og af ábyrgð, er lagt til að ríkisstj. verði felld með vantrausti og þjóðinni stefnt út í algjöra óvissu um framhaldið. Stjórnarandstaðan hefur þó ekki getað boðið þjóðinni neinn annan kost um stjórn landsins, hvað þá að stjórnarandstaðan hafi boðið almenningi upp á sameiginlega stefnu ef tækist að koma stjórninni frá. Slíkur málatilbúningur, vantraustsumræður sem greinilega hafa það eitt markmið að koma flm. með flutning sinn í Ríkisútvarpið, dæmir sig auðvitað sjálfur.

Sú staðreynd sem stjórnarandstaðan sættir sig ekki við er að núv. ríkisstj. er ríkisstjórn fólksins og fólkið treystir henni. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum í maí 1983 steðjuðu að geigvænleg vandamál á sviði efnahagsmála. Ríkisstj. tók þegar föstum tökum á þeim vanda sem við blasti. Meginorsakir þess vanda voru þær að þjóðartekjur landsmanna höfðu minnkað stórlega án þess að fyrri ríkisstj. tæki í taumana og aðlagaði þjóðarbúskapinn tekjufallinu. Því höfðu safnast gífurlegar erlendar skuldir, viðskiptahallinn var mjög mikill og verðbólga meiri en nokkurn tíma hefur þekkst á Íslandi. Við blasti algjört þrot í atvinnulífinu og þar með stórfellt atvinnuleysi. Einnig blasti við gífurlegur halli á ríkissjóði. Ríkisstj. tók þegar til hendinni og lagði til atlögu við öll þessi vandamál samtímis. Það hefur vissulega kostað fórnir, en árangurinn er kominn í ljós. Sú neyðaráætlun sem Alþb. boðaði fyrir kosningar í fyrra hefur reynst óþörf, þó ástandið væri vissulega slæmt, því stjórnin hefur haft góð tök á málunum.

Fráfarandi ríkisstj. vann gegn fólkinu. Árangur núv. ríkisstj. er góður því hann náðist í samstarfi við fólkið í landinu.

Verk núv. ríkisstj. hafa beinst að tveim meginverkefnum. Hið fyrra var að takast á við þau gífurlegu vandamál sem blöstu við efnahags- og atvinnumálum þegar stjórnin tók við og hið síðara að skapa skilyrði fyrir nýsköpun í íslensku atvinnulífi sem er forsenda þess að hér ríki stöðugleiki í efnahagsmálum og að þjóðin búi við aukna hagsæld. Ríkisstj. hefur því gert ráðstafanir í fjárlögum 1985 sem munu stuðla að uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra um langa framtíð.

Verðbólgan í landinu er nú orðin minni en hún hefur verið í meira en áratug. Það er í sjálfu sér meiri kjarabót en margur gerir sér grein fyrir. Þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið að undanförnu setja að vísu nokkuð strik í reikninginn. En þess er þó að vænta að það efnahagslega jafnvægi, sem blasti við að óbreyttu, náist þegar um mitt næsta ár.

Það hefði verið mikið ábyrgðarleysi af ríkisstj. að hlaupa frá þeim vandamálum sem nú steðja að og frá þeim árangri sem náðst hefur. Engar líkur eru á því að ósamstæð ríkisstjórn smáflokka og upplausnarafla geti náð betri árangri en sú stjórn sem nú situr. Hvað sem áróðursmeistarar rauðliða segja til að villa fólki sýn stendur núv. ríkisstj. sterk og samstæð heild sem mun hvergi hopa frá vandamálum líðandi stundar. Með samstöðu ykkar, góðir vinir, sigrum við hvaða stjórnarandstöðu sem ræðst á hagsmuni heildarinnar.

En vitaskuld hefur almenningur í landinu orðið að færa fórnir. Þær fórnir stafa ekki af því að efnahagsstefna ríkisstj. hafi verið röng. Þær fórnir stafa eingöngu af því að þjóðin hefur haft úr minnu að spila en áður. Efnahagsstefna ríkisstj. snýst á hinn bóginn um það að tryggja varanlega hagsæld í landinu til lengri tíma, þannig að kjör allra landsmanna geti batnað. Allir sjá í hendi sér að þegar þjóðin eyðir meiru en hún aflar verður að grípa í taumana. Og þegar tekjur minnka og þjóðin heldur áfram að eyða um efni fram kemur auðvitað að skuldaskilunum. Það var það sem gerðist á síðasta ári.

Þjóðin var að gera upp gamla reikninga og greiða fyrir umframeyðslu undanfarinna ára. Það er mikill misskilningur að halda því fram að barátta ríkisstj. og almennings í landinu við verðbólguna hafi í sjálfu sér haft í för með sér kjaraskerðingu. Það er miklu nær lagi að halda því fram að kjaraskerðing hafi orðið í landinu vegna minnkunar þjóðartekna þrátt fyrir aðgerðir ríkisstj. gegn verðbólgunni.

En þjóðin hefur sýnt það að hún var og er reiðubúin til að takast á við endurreisnarstarfið með ríkisstj. Ríkisstj. var og er ljóst að þjóðin gerir kröfur til stjórnarinnar og ætlast til þess að hún í störfum sínum beri sinn hlut af þeim byrðum sem nauðsynlegar voru og eru til endurreisnar og uppbyggingar efnahagslífs landsmanna. Þetta hefur ríkisstj. gert.

Ríkisstj. hefur tekist að skapa atvinnuvegunum þau skilyrði, þrátt fyrir versnandi ytri aðstæður, að full atvinna er í landinu. Þetta er mikilvægt atriði sem menn verða að hafa í huga þegar rætt er um fórnir í þessu sambandi. Ekkert þeirra ríkja, sem búa við svipað hagkerfi og við Íslendingar og nú státa að nýju af hvað mestum hagvexti, hefur náð því marki án þess að til hafi komið mikið atvinnuleysi.

Ríkisstj. hefur tekist með ráðstöfunum sínum að tryggja kjör lífeyrisþega og annarra sem njóta bóta frá tryggingakerfinu. Enn fremur hefur ríkisstj. í gegnum skattakerfið bætt kjör hinna lægst launuðu. Ríkisstj. hefur aukið framlög til félagsmála, sérstaklega með auknum framlögum til húsbyggingarsjóða ríkisins, og í fjárlagafrv. fyrir 1985 er gert ráð fyrir tvöföldun framlaga til þessara málaflokka.

Ríkisstj. hefur tekist, þrátt fyrir aukin framlög til tryggginga og félagsmála, að draga úr heildarumsvifum ríkisins sem hlutfalls af þjóðarframleiðslunni. Ef borinn er saman hlutur ríkisins í þjóðarframleiðslunni á árinu 1983 og í ár kemur í ljós að ríkið tekur rúmlega 1 milljarð kr. minna til sín í ár en var á árinu 1983 þrátt fyrir að þjóðarframleiðslan hafi dregist saman milli áranna. Á næsta ári verður enn stigið skref til að minnka ríkisumsvif, eins og fram kemur í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Ríkisstj. hefur ekki setið aðgerðarlaus. Hún hefur unnið dyggilega að velferð þjóðarinnar í nútíð og til framtíðar og mun gera það svo lengi sem þjóðin treystir okkur. Sá mikli árangur, sem náðst hefur í að draga úr

verðbólgunni á s. l. einu og hálfu ári, hefur skapað heilbrigðan grundvöll fyrir nýsköpun í íslensku atvinnulífi þar sem vinnusemi, framtak og eðlileg arðsemi njóta viðurkenningar.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá því í sept. s. l. eru settar fram markvissar tillögur til uppstokkunar á núverandi sjóðakerfi og verulegum fjármunum mun verða ráðstafað á árinu 1985 til stórátaka í nýsköpun atvinnufyrirtækja. Þá hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um að söluskattur á aðföngum til sjávarútvegsins verði felldur niður. Þetta er ein af fjölmörgum ráðstöfunum sem ríkisstj. hyggst framkvæma til að tryggja rekstrargrundvöll þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar. Þessi ákvörðun veldur ríkissjóði tekjutapi sem nemur tæpum 4000 millj. kr. á árinu 1985. Ríkissjóði verður ekki bætt þetta tekjutap með auknum sköttum, heldur verður að mæta þessu tekjutapi með lækkun útgjalda. Aðgerðir þessar eru mikilvægt skref í þá átt að auka þjóðartekjur landsmanna á ný, en án þess verður hagur heimilanna í landinu ekki bættur.

Undanfarnar vikur hafa átt sér stað mikil átök í þjóðfélaginu. Þeim er nú sem betur fer lokið með samkomulagi og vinnufriður vonandi tryggður til loka næsta árs. Hitt er annað mál að þeir samningar, sem gerðir hafa verið, fara langt fram úr þeim markmiðum sem ríkisstj. hafði sett sér fyrir næsta ár. Þær launahækkanir, sem um er samið, eru verulega meiri en hægt er að búast við að þjóðarbúskapurinn fái risið undir. Þetta er því miður dapurleg staðreynd og okkur Íslendingum ætlar seint að lærast að sníða stakk eftir vexti. Afleiðingar þessa verða vafalaust þær að verðbólga verður töluvert meiri en ríkisstj. hafði sett sér að markmiði, en þó er von til þess að um mitt næsta ár náist jafnvægi á ný og því starfi verði haldið áfram að koma verðbólgunni niður í það sem hún er í okkar helstu nágranna- og viðskiptalöndum.

Ríkisstj. mun hér eftir sem hingað til kosta kapps um að tryggja og treysta atvinnuöryggið í landinu. Upphafsaðgerðir hennar í fyrra beindust að því að forða fjöldaatvinnuleysi — og það tókst. Stjórnin mun að sjálfsögðu leggja áherslu á að þeir kjarasamningar, sem gerðir hafa verið, kippi ekki stoðunum undan atvinnulífinu og stefni þar með atvinnu fjölda manna í hættu.

En þau átök, sem átt hafa sér stað, leiða einnig hugann að fányti hefðbundinnar verkfallsbaráttu. Launafólkið, sem þátt tók í verkfallinu, verður lengi að vinna upp tekjutapið, sem verkfallinu fylgdi, og hæpið að það vinnist upp á samningstímanum. Tap þjóðarbúsins og óþægindi alls almennings eru ómæld og kjarasamningarnir, sem knúnir voru fram á endanum, skila fólki í raun ekki meiru en því sem hægt hefði verið að semja um án átaka.

Ég hef ekki hugsað mér að vera langorður um framkvæmd verkfalls opinberra starfsmanna, en vil aðeins segja að óhjákvæmilegt virðist að gera breytingar á þeim lögum sem um þessi mál gilda, m. a. til þess að komast hjá harkalegum deilum um valdsvið t. d. kjaradeilunefndar. Enn fremur tel ég nauðsynlegt að aðilar efli til muna samstarf sín á milli á samningstímanum og miðli upplýsingum til hvers annars. Þannig ætti mönnum að vera ljósari staða hvers aðila þegar að samningum kemur. Það er jafnþýðingarmikið fyrir ríkið sem atvinnurekanda og fyrir önnur atvinnufyrirtækjum að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem er sátt við vinnu sína og þann sem unnið er fyrir. Án þess getur ríkið ekki veitt þá þjónustu sem því er ætlað að veita þegnum þessa lands, og þeir eiga kröfur á.

Stjórnarandstaðan reyndi að gera sér mat úr vinnudeilunum, en mistókst það. Leiðtogar hennar höfðu ekkert jákvætt til málanna að leggja um lausn þessarar deilu og forusta Alþb. getur ekki á heilli sér tekið af óánægju yfir því að deilurnar skuli nú til lykta leiddar með samningum. Oft var þess krafist í nýafstaðinni kjaradeilu að tryggt yrði með nýjum samningum að kaupmáttur launa héldist sá hinn sami og var á seinasta ársfjórðungi 1983. En aldrei, aldrei fóru samningamenn BSRB fram á að fá þann kaupmátt sem var í stjórnartíð Alþb., aldrei. Ég veit að þjóðin hafnar forsjá þessara manna. Þeir hafa áður fengið sín tækifæri og misnotað þau hrottalega. Það mun þessi ríkisstj. ekki gera. Sú vantrauststillaga sem nú er til umr. er dæmigerð fyrir sýndarmennsku stjórnarandstöðunnar og henni ber að hafna.

Góðir áheyrendur. Land okkar, Ísland, er sem hugljúf móðir sem gerir vel við börnin sín. Ungir Íslendingar eru tápmiklir og hraust fólk, verðugir arftakar aldamótakynslóðar, svo enginn þarf að kvíða framtíð þjóðarinnar. Þjóðin nýtur trausts meðal erlendra þjóða. Látum nú ekki fámenna hópa innan hinnar íslensku fjölskyldu sá óánægju meðal okkar. Stöndum vörð um frið innan fjölskyldunnar og göngum saman mót bjartri framtíð undir forustu ríkisstjórnar fólksins. Ég legg til að vantraustið á ríkisstj. verði fellt. Göngum síðan til starfa sátt og glöð. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í kvæðinu Blysför segir Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi:

Þeir, sem gefa þjóðum lög,
þurfa mikið veganesti,
verða að skynja dulin drög,
drauma fólksins, hjartaslög,
bænir þess og bresti.
Þeim er skylt að eygja í anda
inn í framtíð sinna landa,
miða þó sín miklu tök
við manndóm sinn og æðstu rök.
Löggjafar, sem lítið skilja,
lúta aldrei fólksins vilja,
koma öllu á vonarvöl,
verða sjálfir — þjóðarböl.

Betur verður ekki orðuð meginástæða þess að núv. ríkisstj. er nú rúin trausti landsmanna.

Þessi ríkisstj. hefur allt frá upphafi ferils síns virst gjörsamlega úr tengslum við almenning í landinu. Það verður henni að falli. Ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstfl. undir forsæti Steingríms Hermannssonar hefur gert sig seka um valdahroka og miskunnarleysi gagnvart almennu launafólki. Hún hefur gert sig seka um algjört skilningsleysi á neyð hinna verst stöddu í þjóðfélaginu. Hún hefur þyngt byrðar hinna veikustu, lagt aukin útgjöld á sjúka og aldraða. Hún hefur stöðvað uppbyggingu í dagvistarmálum. Hún hefur brugðist vonum húsbyggjenda sem trúðu loforðaflaumnum í kosningabaráttunni fyrir tæpum tveimur árum. Hún hefur vegið að menntakerfinu, veigamestu undirstöðu þess að hér sé áfram sjálfstæð þjóð. Hún hefur ráðist að rótum

velferðarþjóðfélagsins sem hefur verið að byggjast upp hér í landinu okkar undanfarna ártugi. Hún hefur grafið undan tiltrú fólksins í landinu, svipt það sjálfstrausti og trú á framtíðina. Þess vegna vantreystir Kvennalistinn þessari ríkisstjórn.

Núverandi ríkisstjórn hafði óskabyr fyrstu mánuði ferils síns. Þjóðin var orðin skaðbrennd af eldtungum verðbólgubálsins og vildi flest til vinna að sjá þær slokkna. Almennt launafólk var reiðubúið að sætta sig við kjaraskerðingar og rýrari kost ef það mætti verða til hjálpar við endurreisn efnahagslífsins og uppbyggingu atvinnulífsins. Nú finnst þessu fólki það hafa verið svikið. Það ætlaði aldrei að standa eitt að niðurgreiðslu verðbólgunnar. Þolinmæði þess er þrotin.

Ríkisstjórnin notaði ekki tækifærið sem fólkið lagði henni upp í hendurnar — eða hvar er sú alhliða uppbygging atvinnulífsins sem svo oft hefur verið minnst á? Hvar er nýsköpunin margumtalaða? Hverjar eru þær ráðstafanir í atvinnumálum sem svo nauðsynlegar eru samhliða samdrætti í fiskveiðum og vinnslu? Hvað hefur þessi stjórn gert í þeim efnum? Enn bíða landsmenn eftir því að tekið verði á vanda sjávarútvegsins sem er og verður áfram meginundirstaðan undir efnahagslífi okkar. Enn er verið að velta fyrir sér sömu atriðum og mörg undanfarin ár. Olían er of dýr, orkuverðið of hátt, skipin eru of mörg, fiskarnir of fáir, flutningskostnaður er of hár. En ríkisstjórnin kann engin ráð. Meginundirstaða íslensks efnahagslífs berst svo í bökkum að fólkið sem vinnur við sjávarútveginn hefur ekki mannsæmandi laun þrátt fyrir gengdarlausa vinnu. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið á vanda sjávarútvegsins og hún hefur ekki sýnt neina tilburði til uppbyggingar á öðrum sviðum atvinnulífsins heldur. Þess vegna treystir þjóðin ekki þessari ríkisstjórn.

Það sást best í nýafstöðnum kjaradeilum. Ríkisstjórnin vildi ekki hækka laun fólksins, en boðaði skattalækkanir sem kjarabót. Kannske var sú leið nokkuð góð, með vissum annmörkum þó, því hún hefði ekki nýst þeim sem lægst hafa launin og því litla sem enga tekjuskatta. Samt var þessi lausn líklega með því skársta sem þessi ríkisstj. hefur haft fram að færa. En þessi lausn kom of seint. Margir vildu reyna þessa leið, en meiri hluti launafólks treysti ekki ríkisstj. Það óttaðist að stjórnvöld tækju þá kjarabót aftur í formi nýrra skatta. Og það hefðu þau áreiðanlega gert. Ríkisstj. ónýtti sjálf þessa leið með því að boða aukna neysluskatta í stað lækkunar tekjuskatta. Og hún hefur lýst vantrausti á sjálfa sig með því að hóta nú fólki að taka aftur það sem nýbúið er að semja um í samningum sem hún er sjálf aðili að. Hver treystir þá þessari ríkisstj. þegar hún gerir það ekki einu sinni sjálf?

Skoðanakannanir hafa sýnt ört minnkandi fylgi við ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sem hefur þó yfirburðaaðstöðu hér á Alþingi. En þessar skoðanakannanir hafa líka sýnt annað. Þessi ríkisstj. hefur alltaf notið mun minna fylgis kvenna en karla. Konur treysta ekki þessari ríkisstj. og skyldi engan undra þegar litið er til þess sem hún hefur gert og ekki síður til þess sem hún hefur ekki gert. Hvað hefur þessi ríkisstj. gert fyrir konur? Spyrjum heimavinnandi húsmæður, konurnar í fiskvinnslunni sem búa við síversnandi atvinnuöryggi, spyrjum kennarana og fóstrurnar, spyrjum konurnar sem að stærstum hluta fylla láglaunahópana. Konur eru búnar að fá nóg af skilningsleysi stjórnvalda á kjörum þeirra. Þær eru löngu búnar að fá nóg af ráðh. sem ræða um lífskjör þeirra og vinnuframlag af fullkomnu skilningsleysi og vanþekkingu. Þær þekkja kjörin af eigin raun.

Umræður um kjaramál hafa nú allra síðustu árin leiðst inn á undarlegar og vafasamar brautir. Nú er ekki lengur litið á tekjur einstaklinga, heldur er klifað á afkomu fjölskyldnanna, ráðstöfunartekjum heimilanna, eins og það er kallað. Konur hafa leitað út á vinnumarkaðinn í stórauknum mæli síðustu árin, ýmist viljugar eða nauðugar. Konur hafa í vaxandi mæli menntað sig til ákveðinna starfa og þarf ekki að rökstyðja það mörgum orðum að bæði þeim sjálfum og þjóðfélaginu í heild er nauðsynlegt og ákjósanlegt að sú menntun nýtist. Þær konur eru því miður einnig fjölmargar sem hafa ekkert val um það hvort vinnuframlag þeirra á sér stað inni á heimilinu eða úti á hinum launaða vinnumarkaði. Vegna þeirrar láglaunastefnu sem rekin er í landinu hafa konur í sívaxandi mæli orðið að taka þátt í öflun heimilisteknanna og ekki þarf að tíunda aðstæður einstæðra foreldra.

Viðbrögð stjórnvalda við þessum aðstæðum eru þau að láta sem þeim komi þetta ekki við. Þau daufheyrast við kröfum um lengingu fæðingarorlofs og öryggi barnanna meðan foreldrarnir afla teknanna. Og þau býsnast yfir kostnaði við umönnun sjúkra og aldraðra. Slíkt telst ekki til sjálfsagðra mannréttinda að mati stjórnvalda, ef marka má orð hæstv. fjmrh. hér áðan þar sem hann líkti málefnum fatlaðra, sjúkra og aldraðra við góðgerðastarfsemi. Og ráðamenn nota neyðarvörn fólksins sem afsökun fyrir lágum launum þess. Lág laun einstaklinga eru réttlætt með því að yfirleitt séu tveir sem afla heimilisteknanna. Slíkt er bæði rangt og ósanngjarnt. Heimilistekjur gefa e. t. v. einhverja mynd af ástandi á íslenskum heimilum, en það er fullkomlega óeðlilegt og óréttlátt að draga slíka viðmiðun inn í umræður um launamál. Konur, sem að stærstum hluta fylla hóp hinna lægst launuðu, verða að eiga von um betri kjör og möguleika á að breyta þeim. Heimilisaðstæður eru því miður hverfular, traustustu heimili leysast upp, hjónaböndum er slitið, makar falla frá. Hvaða gildi hafa þá fjölskyldutekjur? Þegar slíkar breytingar kollvarpa tekjuöflun heimilanna blasir fátæktin við og þá eru það konurnar sem verða verst úti. Hið brothætta afkomuöryggi kvenna verður að styrkja. En að því verðum við sjálfar að vinna. Reynslan sýnir að aðrir gera það ekki fyrir okkur.

Konur eru vaxandi afl í þjóðfélagi okkar. Þær reyndust skeleggar í nýlokinni kjarabaráttu og sýndu þar þrautseigju og dugnað. Framganga þeirra þar hlýtur að verða öllum konum hvatning að vinna að bættum kjörum sínum og barna sinna. Sterk viðleitni kvenna nú til að rétta hlut sinn er mikið fagnaðarefni og staðfestir að konur vilja ekki lengur vera meðsekar um áhrifaleysi sitt. Konur þekkja sinn vitjunartíma. En ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks þekkti ekki sinn vitjunartíma. Hún nýtti ekki tækifærið sem þjóðin gaf henni. Þess vegna lýsum við vantrausti á þessa ríkisstjórn. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Málmfríður Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ný ríkisstjórn sest að völdum hlýtur nokkur eftirvænting að ríkja meðal þegnanna. Hvað mun hún gera? Hvernig mun hún reynast? Mun hún

hlúa áfram að því velferðarþjóðfélagi sem hér hefur þróast undanfarna áratugi? Ég hef verið að fletta stefnuyfirlýsingu þeirri sem hæstv. ríkisstj. gaf út þegar hún settist í ráðherrastóla. Þetta er fyrir margra hluta sakir fróðlegt plagg. Bæði fyrir það sem þar er sagt og það sem ekki er sagt. Og í því sambandi vil ég benda á að þar stendur ekki eitt orð um uppeldismál, skólamál eða menntamál yfirleitt. Við Íslendingar höfum haft það orð á okkur að við séum vel menntuð þjóð. Við höfum verið stolt af því áliti. Og við höfum gert okkur ljóst hve miklu varðar að grunnþættir menntunarinnar séu í góðu lagi, bæði hvað varðar skipulag og framkvæmd, og sömuleiðis að aðstaða til menntunar sé sem jöfnust hvar sem er á landinu, bæði hvað varðar grunnskólamenntun og framhaldsmenntun. Þetta hafa fyrri stjórnvöld einnig gert sér ljóst. Og því voru grunnskólalögin sett og þess vegna hafa fjölbrautaskólar og menntaskólar risið úti um landsbyggðina og það er vel. En núverandi hæstv. ríkisstj. virðist ekki gera sér grein fyrir því hversu mjög framtíð þjóðar okkar er undir því komin að eiga vel menntað fólk.

Atvinnuuppbygging í framtíðinni hlýtur í miklu meiri mæli en áður hefur verið að grundvallast á vísindamönnum til rannsóknarstarfa svo og margs konar sérmenntuðu og tækniþjálfuðu fólki. En ríkisstj. er stefnuyfirlýsingu sinni trú og hefur menntamálin að hornreku. Hún þrengir á allan hátt að menntunarmöguleikum ungs fólks í landinu. Hún hefur velt viðhalds- og rekstrarkostnaði grunnskólanna yfir á sveitarfélögin án þess að nýir tekjustofnar komi á móti. Dæmi eru þess að allt að 90% útsvarsálagningar eins sveitarfélags fari til skólamála. Fámenn sveitarfélög hljóta að kikna undan þeirri fjárhagslegu byrði. Ef til vill segja einhverjir að þarna muni Jöfnunarsjóður sveitarfélaga koma til hjálpar. Ég vil upplýsa að í fjárlögum þeim sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að lögboðið framlag til hans verði skert um 140 millj.

Og það er ekki gert endasleppt við menntamálin. Á síðst liðnu vori kom bréf frá menntmrn. til allra námsstjóra og skólastjóra við grunnskólann. Boðskapur þessa tilskrifs var í stuttu máli að skera skildi niður kennslustundafjölda um 2.5% og annan skólakostnað, svo sem gæslu, akstur og laun við mötuneyti, um 5%. Ég get nefnt það sem dæmi um hvernig þessi sparnaðarherferð bitnar á þeim sem minnst mega sín að í Norðurl. e. er framlag til sérkennslu skorið niður um ¾ af áætlun. Trúlega er þetta svipað í öðrum landsfjórðungum. Þannig er búið að þessum okkar minnstu bræðrum.

Þá má minnast á fleira af svipuðu tagi, svo sem skert fjárframlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Háskóli Íslands fær aðeins lítinn hluta af því fé sem hann fer fram á til launa og rekstrar. Fjárbeiðni hans til nýbygginga er synjað með öllu og öll rannsóknastarfsemi er í algjöru fjársvelti.

Kennarar hafa um árabil búið við sultarlaun, svo sem yfirleitt er um þær vinnustéttir þar sem konur eru fjölmennar. Kjörum þeirra er svo komið að talað er um flótta í stéttinni. Þeir fengu að vísu nokkrar úrbætur í nýafstöðnum samningum, en ennþá er langt frá því að kjör þeirra séu viðunandi.

Þannig er búið að þeim sem eiga að sjá um menntun uppvaxandi æsku og þannig er búið að menntamálum í þjóðfélaginu yfirleitt. En meðan fjárveitingavaldið daufheyrist við öllum beiðnum námsstjóra, skólastjóra og rektora um fé til bráðnauðsynlegra námsgagnakaupa og brýnna framkvæmda og svarar öllum á þá leið að ekkert fé sé til, þá fer hæstv. menntmrh. í ferðalag út um heim með fimm manna föruneyti. Að vísu er látið í veðri vaka að þessi för sé boð, en hitt mun þó raunar sannara að þetta ferðalag kosti menntmrn. Og gagnsemi þessa ferðlags liggur ekki í augum uppi fyrir venjulegu fólki. En ekki er að undra þótt tómahljóð sé í fjárhirslunni ef þetta er dæmigerð forgangsröðun verkefna á þeim bæ. Og ég spyr: Er þessi stjórnun menntamála það sem kjósendur báðu um fyrir einu og hálfu ári?

Samtök um kvennalista leggja áherslu á að stuðla beri að jafnri aðstöðu til náms hvar sem er á landinu. Einmitt nú, þegar gildi menntunar fer vaxandi, er brýnt að slaka hvergi á kröfum. Lykilatriði í uppbyggingu atvinnulífsins er menntun og við vörum við afleiðingum þess að þrengja að menntakerfinu. Slíkt getur valdið óbætanlegu tjóni fyrir menningu þjóðarinnar og nýja atvinnuhætti.

Sparnaðarráðstafanir ríkisstj. hafa í ýmsum tilvikum komið harkalega niður og einnig þar sem síst skyldi. Siðmenning þjóðar er oftlega metin eftir því hverja aðbúð hún veitir lítilmagnanum, hverrar aðstoðar aldraðir, sjúkir og öryrkjar eiga kost. Við vitum hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekið á þeim málum. Það er ekki vansalaust að fólkið sem hefur byggt upp íslenskt atvinnulíf af þeim skörungsskap að Íslendingar teljast nú sjötta ríkasta þjóð veraldar hefur nú varla til hnífs og skeiðar og hefur engin efni á að greiða þá heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast, svo rýr er sá ellilífeyrir sem skammtaður er úr sameiginlegum sjóðum okkar og þeirra.

Sparnaðaraðgerðir hæstv. ríkisstj. hafa nú þegar leitt til þess að hér eru að spretta upp einkaskólar og sjálfstæðar heilbrigðisstofnanir. Við treystum ekki stjórnvöldum sem vanrækja menntun uppvaxandi æsku, vanrækja aðbúnað aldraðs fólks og telja að sjúklingar eigi að fá læknishjálp í hlutfalli við tekjur.

Hæstv. ríkisstj. hefur gengið illa að skipta því sem til skiptanna er og erfitt er að sjá hvers konar réttlætissjónarmið vaka fyrir henni. Ég hef lýst því hvernig sparnaður hennar kemur fram í menntamálum og heilbrigðismálum, en það eru til hlutir sem ekkert virðist þurfa að spara til og það sanna nýútkomnir ríkisreikningar berlega. Í ráðuneytisreikningum eru óskilgreindir liðir við skrifstofuhald sem nefnast ýmis starfsmannagjöld eða ýmis rekstrargjöld. Risnugjöld eru aftur á móti hvergi svo að ætla má að í þessum liðum sé sá þáttur falinn. Hjá einu ríkisfyrirtæki fara þessir kostnaðarliðir, ýmis útgjöld, fram úr fjárlögum um rúmar 63 millj. á síðasta ári og fleiri dæmi má nefna þó að í minna mæli sé. Hjá hinum ýmsu ráðuneytum leikur þessi kostnaður á bilinu frá 2 millj. og upp í tæpar 10 millj. Það er fjmrn. okkar sem þarna á metið í því að fara fram úr fjárlögum hvað varðar ýmis starfsmannaútgjöld og ýmis rekstrargjöld. Ráðuneytum stjórna þeir sem segja okkur að engir peningar séu til og allir þurfa að spara. Hvernig væri að skylda ráðuneytin til þess að sundurgreina þessa „ýmsu útgjaldaliði" svo að við sjáum hvernig þeir fara að því að spara? Til hvers eru fjárlög ef slíkum gjaldaliðum eru engin takmörk sett?

Sveinn Björnsson fyrrum forseti mótaði fyrsta sendi-

ráð Íslendinga erlendis. Í endurminningum sínum segir hann, með leyfi hæstv. forseta.:

„Ég gerði mér það ljóst í upphafi, að íburður og óhófleg risna yrði ekki til þess að auka virðingu lítillar þjóðar."

Það er trú mín að ráðamönnum okkar væri hollt að íhuga þessi orð. Sú stjórn sem nú situr hefur berlega sýnt að hún er ekki í neinum tengslum við hversdagslíf almennings í landinu. Hún hefur engan skilning á högum hans né þörfum. Á erfiðum tímum hefur hún reynst okkur illa og við treystum henni ekki til að sýna hagsýni, ráðdeild né framsýni þó að betur ári. — Góðar stundir.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég held að það sé ekkert um það að deila að með ráðstöfunum ríkisstj. þegar hún tók við völdum, þá var kjaraskerðingin það harkaleg að í raun og veru gerði hún nær allt launafólk að láglaunafólki. Ég held að það fari heldur ekkert á milli mála að skerðingin hafi verið milli 25 og 30% hvort sem laun voru há eða mjög lág. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. — og nú nýtur hann þess að hér er ekki sjónvarp — að veifa plaggi hér og í sjónvarpi og byggja málflutning sinn á því að hann dregur línu á röngum stað. Skv. þessu plaggi, sem hæstv. forsrh. flaggaði hér áðan og í sjónvarpi, má sjá að kjaraskerðing er um 8% í tíð fyrrv. ríkisstj., það sem af er því ári, en 27 eftir að tekið er við. Ég get spjallað seinna um þetta við hæstv. forsrh. og er ósmeykur við það.

Það sem af er þessu ári varð nokkurt atvinnuleysi víða um land — á nokkrum stöðum alvarlegt ástand svo að teknir séu staðir eins og Akranes og Selfoss þar sem atvinnuleysi virtist vera viðvarandi. Einnig var mjög minnkandi vinna víða og samdráttur í tekjum, t. d. á Akureyri svo að tekið sé bara eitt dæmi. Aftur á móti var atvinna mjög góð og spenna á vinnumarkaði í Reykjavík og stór-Reykjavíkursvæðinu, sér í lagi á s. l. sumri. Ekki er ég að harma það, öðru nær. En þetta kom þannig út að meginhluti hvers konar verslunar- og þjónustustarfsemi rakaði saman gróða. Fyrir árið 1983 voru nokkur fyrirtæki sem skiluðu yfir 100 millj. kr. hagnaði, m. a. vegna þess að skattareglum fyrirtækja hafði hljóðlega verið hagrætt á þann veg að tekjuskattar þeirra lækkuðu um helming. Sú breyting fór mun hljóðlegar en auglýsingar ríkisstj. um tekjuskattslækkun launafólks.

Byggingarframkvæmdir hafa aldrei verið meiri á stór-Reykjavíkursvæðinu en á þessu ári. Það er alltaf verið að tala um seðlabankabyggingu. Ekki gerist ég talsmaður hennar, en a. m. k. 15 stórhýsi hafa verið í byggingu á stór-Reykjavíkursvæðinu á vegum opinberra aðila, hálfopinberra aðila og auðugra fyrirtækja. Þetta á ekki síst við um fyrirtæki landbúnaðarins, svo að minnt sé nú á orð forsrh. Það er verið að byggja eina stærstu mjólkurstöð á Norðurlöndum og Sláturfélag Suðurlands er að byggja hér hús sem slagar upp í seðlabanka. Íbúðarhúsabyggingar hafa sjaldan verið fleiri á Reykjavíkursvæðinu, — ekkert nema gott um það að segja, en þær hafa verið nokkuð undarlegar. Dregið hefur verið úr fjárveitingum til verkamannabústaða og aldrei hafa menn þurft að bíða lengur eftir húsnæðismálalánum. En á þessum íbúðabyggingum á Reykjavíkursvæðinu er það eftirtektarvert að stórum og dýrum einbýlishúsum hefur fjölgað. Ekki hef ég á móti því að byggð séu fleiri einbýlishús, því verður hver og einn að ráða sjálfur, en það sem athygli vekur er að mjög margir þeirra sem standa í að byggja þessi stóru og dýru einbýlishús eru menn sem skv. skattaframtölum eru algerir öreigar. Stigahlíðarævintýrið var slys þar sem hluti kaupenda voru algerir öreigar skv. skattaframtali. Þetta varð að blaðamáli, en þær eru margar Stigahlíðarnar á Íslandi þótt þær fari hljótt.

Á sama tíma og þessi þróun á sér stað á Reykjavíkursvæðinu hafa íbúðarhúsabyggingar í heilum landshlutum stöðvast og í sjávarplássum með mikla gjaldeyrissköpun hefur jafnvel ekki verið byrjað á einu einasta húsi á þessu ári. Í tugum kaupstaða og kauptúna eru tugir íbúða og húsa til sölu vegna þess að íbúarnir ætla að flytja suður eins og það heitir. Ég heyrði það á miðju sumri að menn töluðu um ákveðna gámakaupstaði og gámakauptún. Ég spurði hvað þetta þýddi. Jú, skilurðu það ekki? sögðu vinir mínir. Þetta eru staðir þar sem 10.—15. hvert hús eru gámar sem fólk er að fylla með búslóð sinni því að það er að flytja „suður". Þessi þróun er hvorki holl fyrir íslenskt atvinnulíf né stór-Reykjavíkursvæðið.

En fjarri fer því að hjá öllum á Reykjavíkursvæðinu hafi ríkt gullöld og gleðitíð. Mjög margir vinna þar eftir hinum lágu kauptöxtum þar sem með öllu er vonlaust annað en bæði hjónin vinni úti og dugar ekki til. Hins vegar er því ekki að neita að margir, aðallega í verslunargreinum, þjónustu og byggingariðnaði, voru verulega yfirborgaðir meðan aðrir voru á kauptaxta klipptum og skornum.

Það er höfuðlygi að verðbólga hér á landi sé aðeins 15%. Vera má að slíkt megi reikna út eftir sérstökum formúlum sérfræðinga, en verðlag á ýmsum nauðsynjavörum og hvers konar smávörum hefur sífellt farið hækkandi, þannig að almennir kauptaxtar duga verr frá viku til viku. Tíminn leyfir ekki upptalningu í þessum efnum, en vill einhver útskýra það hvernig á því getur staðið að eitt venjulegt tvinnakefli skuli kosta 50 kr., þ. e. 5 þús. kr. skv. gömlu myntinni? Vill einhver halda því fram að þetta sé í samræmi við kaupþróunina í landinu?

Vextir hafa stórhækkað. Þetta bitnar ekki einungis á þeim sem eru að byggja, heldur einnig þeim sem keypt hafa eða byggt íbúðir á undanförnum árum, ekki síst ungu fólki. Yfir þetta fólk hafa hrunið fjárskuldbindingar sem það hefur ekki minnstu möguleika á að standa undir. — Það koma bara gluggaumslög heim til mín, sagði barnið. Ég spyr ykkur öðru fremur, ungt fólk, kannist þið nokkuð við nauðsyn þess að taka lán til að greiða lán? Kannist þið við það að vextir og afborganir hækki sífellt og að því meiri vinnu sem þið leggið á ykkur, því innar komist þið í vítahring skattakerfisins? Kannist þið við misréttið í launamálum, misréttið í skattamálum, þar sem kunningi ykkar lifir flott og er skattlaus meðan þorri ykkar launa fer í skattahítina? Haldið þið að það sé hugsanlegt eitthvert samband milli þeirra sem stinga söluskattinum í eigin vasa og hluta þeirra manna sem byggja stóru og dýru einbýlishúsin? Það er álitið að fjórðungur til fimmtungur söluskattsins fari fram hjá ríkinu. Hann fer ekki til þín, almenni launamaður.

Vitanlega kallar slíkt misrétti á að fólk rísi upp gegn þessu ástandi. Heldur nokkur maður, utan ráðh., að

BSRB heyi mánaðarverkfall með algerri samstöðu fólks úr öllum stjórnmálaflokkum ef því ofbyði ekki misréttið og ranglætið í þjóðfélaginu? Það er ekki nóg með að hluti ráðh. í ríkisstj. sé meira og minna í útlöndum, heldur virðast þeir lifa í allt annarri veröld en fólkið í landinu.

Þegar Verkamannasambandið hélt formannafund í júní og gekk frá útlínum í launakröfum sínum var því rækilega lýst yfir af þessu sambandi, sem hefur 25 þús. manns innan sinna vébanda, að allar verðlækkanir yrðu metnar sem kauphækkanir. Við vorum að benda ríkisstj. á að verðlækkanir, skattalækkanir og aðrar slíkar lækkanir yrðu metnar til jafns við hærri laun, en þeir ráðherrar sem heima sátu hlustuðu ekki. Þetta var þeim framandi boðskapur. Röskum mánuði síðar voru allir vextir stórhækkaðir og bankar lýstu því yfir að innheimtuaðgerðir yrðu hertar. Hinn ráðuneytislausi formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, lýsti því yfir að þetta væri bylting, ein besta aðgerð í sögu peningamála á Íslandi frá landnámstíð. Lélegur byltingarmaður Þorsteinn Pálsson. Byltingin hans bitnaði á launafólki með miklar fjárskuldbindingar og hún bitnaði á útgerð sem á við erfiðleika að etja. Það skal engan undra þó þessi maður vilji verða ráðh.

Í upphafi samningaviðræðna lagði Verkamannasambandið áherslu á að sett yrði þak á gengislækkanir þannig að þær færu ekki fram úr ákveðnu marki á samningstímanum. Við lögðum mjög eindregið til að þar sem vísitala væri afnumin á laun yrðu aðrar vísitölur einnig afnumdar, t. d. lánskjaravísitala, byggingarvísitala og aðrar sjálfvirkar hækkanir í kerfinu, vextir yrðu lækkaðir, sérstakar ráðstafanir gerðar vegna fólks sem hefði miklar fjárskuldbindingar vegna íbúðarhúsnæðis. Við lögðum til að opinberar hækkanir yrðu takmarkaðar við einhverja ákveðna prósentutölu, en yfirleitt hafa ríki og borg verið fyrst til að hækka sína taxta. Ekki síst lögðum við til skattalækkanir á launafólki og við lögðum til verðlækkanir á almennum nauðsynjavörum. Þessar ráðstafanir hefðu ekki aukið verðbólguna, heldur þvert á móti dregið úr henni.

En hvað um þetta tvöfalda launakerfi sem við vildum afnema? Í því fólst að taxtar frá 10 500 kr. á mánuði upp í 12 900 kr. á mánuði yrðu afnumdir, meira að segja afnumdir í áföngum, — ja þvílíkt hneyksli!

En ríkisstj. hlustaði aldrei á nein rök fyrir verðlækkunarleið til kjarabóta fyrr en einhvern tíma um miðjan október að forsrh. og Þorsteinn Pálsson, hinn ráðuneytislausi, buðu fram 1100 millj. kr. skattalækkun án þess að það tilboð hefði verið rætt í ríkisstj. Tíminn til þess að vinna úr þessu tilboði var því mjög skammur og mikið verk að vinna. Þetta átti að bjóða í sumar eftir að Verkamannasambandið hafði sett fram sitt boð. Þá hefði það náð fram að ganga, enda er það sannfæring mín að meiri hluti launþega sé hlynntur skattalækkunarleiðinni. Ríkisstj. ætti ekki að ásaka verkalýðshreyfinguna fyrir verðbólgusamninga. Hún hafnaði öllum verðlækkunarleiðum og valdi sjálf þessa leið og ætlar síðan að nota hina nýju samninga til þess að magna upp gengislækkanir og nota allar hugsanlegar ráðstafanir til að taka allar kauphækkanir til baka og meira til. Hún ætlar sér enn að skerða kaupmáttinn meira en hann hafði verið skertur fyrir þessa samninga.

Virðulegur og réttlátur forseti Alþingis hefur sent mér nótu um að tími minn sé búinn. Að sjálfsögðu hlýði ég réttlátum forseta Alþingis. En ég vil benda á að ríkisstj. er búin að glata trausti hins almenna fólks í landinu. Hún getur þybbast eitthvað við að segja af sér. En ég treysti einhverjum góðum manni til að kenna henni kvæðið sem endar einhvern veginn á þessa leið: Það vinnur aldrei neinn sitt dauðastríð.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Undur og stórmerki hafa gerst á Alþingi. Sú sundurlausasta stjórnarandstaða sem hér hefur setið hefur orðið sammála um eitt einasta mál: að flytja vantraust á ríkisstj.

Það er vissulega ástæða til að hvetja áheyrendur til að leggja eyrun við málflutningi stjórnarandstöðunnar af þessu tilefni. Þið hafið nú þegar heyrt gagnrýnina og brigslyrðin í garð ríkisstj. og þeirra flokka sem að henni standa. En það fer minna fyrir útlistunum á þeim ráðum sem stjórnarandstöðuflokkarnir þykjast hafa til lausnar þeim mikla vanda sem við blasir.

En vel að merkja, kemur það nokkuð á óvart? Hver býst í raun og veru við því að Alþb. t. d. geti sett fram heilsteypta stefnu í efnahags- og atvinnumálum? Bandalag þar sem allt logar í illdeilum á milli þeirra sem aðhyllast forsjá ríkisins á öllum sviðum, þjóðnýtingu og samyrkjubú, og hinna sem telja sig lýðræðisjafnaðarmenn. Á milli þessara hópa er hyldýpisgjá sem forusta Alþb. vill ekki og þorir ekki að brúa vegna þess að þá þurfa þeir heiðursmenn að svara spurningum um það hvort Alþb. er kommúnistaflokkur eða bara venjulegur krataflokkur. Þessari grundvallarspurningu þora forustumenn Alþb. ekki að svara vegna þess að ef þeir gera það leysist þetta bandalag, sem ranglega er kennt við alþýðuna, upp í frumeindir sínar og eftir standa sértrúarhópar sem dýrka þá Lenín, Stalín og Trotskí. Þetta er ástæðan fyrir því að okkur framsóknarmönnum gekk svo illa að fá Alþb.-menn til að takast á við efnahagsvandann í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens.

En það eru fleiri sem þykjast hafa góð ráð og telja sig hafa efni á að standa að þessu vantrausti. Við framsóknarmenn áttum hér á árum áður ágæta vopnabræður. Með þeim lögðum við grundvöllinn að því velferðarþjóðfélagi sem Íslendingar búa nú í. Þetta voru baráttuglaðir hugsjónamenn sem vildu að alþýða þessa lands, bændur og verkamenn, tækju höndum saman við að byggja upp atvinnuvegina, vinna bug á atvinnuleysi, gefa börnum alþýðuheimilanna kost á góðri menntun og búa þannig um hnútana að réttur þeirra, sem hefðu lokið langri starfsævi, eða fatlaðra væri ekki fyrir borð borinn. Þessir menn kölluðu sig Alþfl.-menn og voru í flokki sem hét Alþfl. Að mati okkar framsóknarmanna var það allt annar flokkur en sá sem nú flaggar því nafni. Alþfl. dagsins í dag er stefnulaus flokkur óánægjuafla í þjóðfélaginu sem nærist á neikvæðu umtali um menn og málefni. Eru forustumenn slíks flokks líklegir til átaka þegar á reynir? Ég þarf ekki að svara þeirri spurningu. Þjóðin hefur reynsluna frá haustdögunum 1979, þegar Alþfl. hljóp úr ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar.

En það eru fleiri en Alþb. og Alþfl. sem telja sig hafa ráð undir rifi hverju í efnahags- og atvinnumálum. Til sögunnar má telja flokka sem hvor um sig voru stofnaðir í kringum eitt mál og eru í raun og veru ekki stjórnmálaflokkar í venjulegum skilningi þess orðs, þ. e. þeir hafa ekki fullmótaða stefnu í helstu málaflokkum sem komu til kasta Alþingis.

Það var því ekki fýsilegur valkostur fyrir Framsfl. að eiga samvinnu við núv. stjórnarandstöðu um landsstjórnina að afloknum kosningum á seinasta ári. En eftir margra vikna árangurslaust þref við tilraunir til að mynda starfshæfa ríkisstj. hafði hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, forgöngu um að mynda samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. Við framsóknarmenn höfum reynslu af samstarfi við Sjálfstfl. og vissum að slíkt samstarf hefur ekki verið vinsælt meðal okkar kjósenda. Svo mikið ber á milli flokkanna. En þegar þjóðarhagur býður og hættuástand er þjóðfélaginu, eins og var vorið 1983, þá erum við framsóknarmenn reiðubúnir að taka þær ákvarðanir og gera þær ráðstafanir sem þarf til varnar því velferðarþjóðfélagi sem við höfum átt stóran þátt í að byggja upp þótt slíkt kynni að valda flokknum tímabundnum óvinsældum. Ástandinu vorið 1983 hefur margoft verið lýst, en sannleikurinn er sá að fólk er furðufljótt að gleyma, eins og nýgerðir kjarasamningar bera með sér. Þess vegna er ástæða til að minna enn þá einu sinni á það hvert stefndi þetta vor.

Stefnuleysi Alþb., neikvæð stjórnarandstaða veturinn 1982—83, kom í veg fyrir að hægt væri að takast á við þann efnahagsvanda, sem upp kom á seinni hluta árs 1982. Afleiðingin varð óðaverðbólga sem náði 130% árshraða á tímabilinu frá febr. til maí 1983. Atvinnuvegir landsmanna stefndu hraðbyri í strand með fjöldaatvinnuleysi sem afleiðingu. Það var undir þessum kringumstæðum sem framsóknarmenn sáu sig knúða að taka höndum saman við Sjálfstfl. og koma í veg fyrir þá hrollvekju sem var í augsýn. Eins og alltaf þegar um samsteypustjórn er að ræða þurfa aðilar að slá af. En það voru þó tvö málefni sem við settum á oddinn: Að verðbólgan yrði kveðin niður og að tryggð yrði full atvinna í landinu. Frá þessu hefur ekki verið hvikað. Verðbólga síðustu 12 mánuði er um 13—14% og atvinnuleysið í ágúst var 0.7% eða það langlægsta í allri Vestur-Evrópu. Þessi árangur ríkisstj. hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli heima og heiman.

Á næstu árum er meiri þörf fyrir átak í atvinnumálum en nokkru sinni fyrr. Stærri árgangar ungs fólks koma inn á vinnumarkaðinn en áður. Endurskipuleggja verður atvinnureksturinn til þess að ná fram meiri hagkvæmni þannig að atvinnulífið geti staðið undir launahækkunum án þess að velta þeim út í verðlagið. Við venjulegar aðstæður skapast jafnan mörg ný atvinnutækifæri vegna framtakssemi einstaklinga og fyrir samvinnu þeirra. Svo mun einnig verða nú. Hins vegar þarf að gera svo stórt átak nú að það er engin von að það verði gert án forustu eða þátttöku ríkisvaldsins, ef nauðsynlegur árangur á að nást. Nýjum atvinnugreinum þarf að ýta úr vör og það gerist ekki án margvíslegrar aðstoðar og aðgangs að fjármagni. Til þess að ná þeim lífskjörum, sem Framsfl. telur nauðsynlegt að keppa að, verður mikill hluti nýrra starfa að vera á framleiðslusviðinu.

Við framsóknarmenn vörum við þeirri skoðun að hefðbundnir atvinnuvegir þjóðarinnar bjóði ekki upp á frekari möguleika í sókn til bættra lífskjara. Við Íslendingar erum fyrst og fremst matvælaframleiðendur og höfum sérstöðu á því sviði, bæði hvað varðar hráefni og reynslu. Stórkostlegir möguleikar eru fyrir hendi í vinnslu og markaðsmálum, t. d. með útflutningi í neytendaumbúðum og sölu á ferskum fiski. Stórátak í vinnslu- og sölumálum í matvælaiðnaði ætti að geta orðið álíka lyftistöng fyrir þjóðarbúið og útfærsla landhelginnar á sínum tíma. Þess vegna ber að leggja áherslu á að tengdar greinar, svo sem líftækniiðnaður, þróist samhliða matvælaiðnaði eins og gerst hefur í nágrannalöndum okkar.

Eitt af þeim atriðum í sambandi við nýsköpun í atvinnulífinu, sem nauðsyn ber að athuga sérstaklega að mínu mati, er að afla framleiðsluleyfa fyrir fjölmargar vörutegundir sem nú er fluttar tilbúnar til landsins. Á sama hátt verði kannaðir möguleikar á uppbyggingu samsetningarverksmiðja hér á landi, t. d. í rafeindaiðnaði og jafnvel í bílaiðnaði. Á vegum félmrn. vinnur starfshópur. Honum er ætlað gera úttekt á áhrifum nýrrar tækni á atvinnuvegi landsmanna og leggja á ráðin um það hvernig bregðast eigi við þeim gífurlegu þjóðfélagsbreytingum sem örtölvutæknin leiðir af sér. Við framsóknarmenn erum þeirrar skoðunar að þessi nýja tækni opni smáþjóð eins og okkur margvíslega möguleika sem áður voru lokaðir. Þess vegna eigum við Íslendingar að leggja höfuðáherslu á hagnýtingu þessarar nýju tækni.

Stjórnarandstaðan hefur jafnan upp þann áróður að núv. ríkisstj. hafi það markmið að brjóta niður félagslegar umbætur í landinu. Þessu er slegið fram án þess að rökstuðningur fylgi. Ríkisstj. hefur stóraukið framlög til félagsmála langt umfram það sem áður hefur þekkst. Þetta eru staðreyndir. Ég nefni húsnæðismálin sem hafa verið mikið til umr. hér á Alþingi. Hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson skildi þannig við þann málaflokk í fyrrv. ríkisstj. að húsbyggjendur í landinu voru ráðþrota. Vísa ég þar til hins fræga Sigtúnsfundar.

Núv. ríkisstj. varð að byrja á því á miðju ári 1983 að gera sérstakar ráðstafanir til að rétta hlut húsbyggjenda. Milli 500 og 600 millj. kr. var bætt við húsnæðiskerfið 1983 í þessu skyni einu. Ég tel rétt að gefa hér smá sýnishorn af því hvernig þessi mál hafa þróast í samanburði við stjórnarár hv. 3. þm. Reykv., Svavars Gestssonar. Heildarútlán byggingarsjóðanna voru sem hér segir: 1981 398 millj. kr., 1982 633 millj., 1983 1 milljarður 101 millj. og 1984 miðað við 1. okt. s. l. 1 milljarður 315 millj. kr. Hámarkslán til fjögurra manna fjölskyldu 1981 var 129 þús. kr., 1982 205 þús., 1983 583 þús. og 1984 667 þús.

Hver skyldi samanburður á hlutfalli tekna byggingarsjóðanna af ráðstöfunarfé hafa verið, sem talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa hrópað að núv. ríkisstj. hafi sett í rúst? Ég tek árið 1982, síðasta stjórnarár hv. þm. Svavars Gestssonar, sem dæmi. Framlag ríkissjóðs árið 1982 var 19.2%, 1983 43.4%, tekin lán til sjóðanna 1982 50.8%, 1983 39%. Næsta ár, 1985, hækkar framlag ríkissjóðs um 100% úr 400 millj. í 800 millj. Ráðstöfunarfé sjóðanna 1985 er áætlað 2.2 milljarðar kr. Þessa dagana stendur yfir útborgun lána að fjárhæð 180 millj. kr. og nú er unnið að fjármögnun útlána fyrir desembermánuð n. k.

Annar mikilvægur flokkur félagsmála er málefni fatlaðra. Á allra síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í málefnum þeirra. Á þessu ári verða opnaðar 14 nýjar stofnanir fyrir fatlaða og á næsta ári, 1985, koma í rekstur átta nýjar stofnanir til viðbótar. Hér er um að ræða sambýli, þjónustumiðstöðvar, verndaðir vinnustaðir og skammtíma vistun. Ég legg áherslu á þá stefnu að þjónusta og stofnanir fyrir fatlaða verði byggð upp

sem næst þeim sem þurfa á þeim að halda. Ríkisstj. er sammála um forgang þessara mála. Fjármagn til málefna fatlaðra hefur margfaldast sem gleggst sést á því að 1982 eru útgjöld félmrn. 7 millj. kr. til þessa málaflokks. Í ár 1984 verða til rekstrar 151 millj. auk þess hefur Framkvæmdasjóður 60 millj. til umráða.

Í fjárlagafrv. ársins 1985 er gert ráð fyrir að til málefna fatlaðra renni 217 millj. til rekstrar og 60 millj. til Framkvæmdasjóðs. Þrátt fyrir þessar staðreyndir segir stjórnarandstaðan að ríkisstj. sýni fötluðum fjandskap og taki ekkert tillit til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Verkefnum Vinnumálaskrifstofunnar hefur fjölgað mjög mikið síðustu misseri, t. d. samfara aðild Íslands að sameiginlegum vinnumarkaði Norðurlanda. Ljóst er því að hana verður að efla enn frekar svo að hún geti sinnt því þjóðfélagslega hlutverki sem henni er ætlað, en það er að stuðla að betri nýtingu mannafla og atvinnutækja í þjóðfélaginu.

Nýafstaðnar kjaradeilur leiða hugann að öðru vinnumarkaðsmáli sem aðilar vinnumarkaðarins verða að hafa frumkvæði og forustu um að ræða og leysa. Það er endurskoðun laga um stéttarfélög og vinnudeildur sem eru frá árinu 1938. Í nútíma þjóðfélagi, sem býr yfir svo mikilli þekkingu á öllum sviðum, hlýtur að vera hægt að koma sér saman um aðrar leiðir til að skipta þjóðartekjunum en með verkföllum sem valda öllum aðilum tjóni. Galli núverandi fyrirkomulags er að mínu mati sá helstur að það leiðir til þess að þeir aðilar, sem eru í betri aðstöðu til að þvinga fram kröfur sínar, fá mest, en hinir, sem eru í raun verst settir í þjóðfélaginu, bera minnst úr býtum og sitja alltaf eftir. Um þetta eru allir sammála. En enginn gerir neitt í að breyta þessu vitlausa skipulagi. Það er mitt mat að farsælast sé að aðilar vinnumarkaðarins annist sjálfir umbætur á þessari löggjöf sem er svo mikilvæg fyrir heildina.

Herra forseti. Í byrjun sept. s. l. var endurnýjað samkomulag stjórnarflokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og um breytingar á stjórnkerfinu. Stefnan var þannig ákveðin og sköpuð umgjörð efnahagsmála fyrir árið 1985 þar sem miðað er við að verðbólga í lok ársins verði ekki yfir 10%, atvinnuöryggi verði tryggt, svigrúm verði skapað til aukinnar framleiðslu, framleiðni og nýsköpunar í atvinnulífinu, m. a. með sérstöku fjármagni, 500 millj., á árinu 1985. Ríkisstj. vinnur að uppstokkun í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði, sem miði að því að styrkja stöðu þeirra, m. a. breytingu á sjóðakerfi þessara atvinnugreina. Uppsafnaður söluskattur í rekstrargjöldum verður endurgreiddur frá næstu áramótum og olíuverð lækkað. Aukin verði fjölbreytni í framleiðslu sjávarútvegs og nýtingu fiskistofna og úrvinnslu aukaafurða í fiskiðnaði. Markaðsleit og markaðsstarfsemi verði stóraukin og samræmd.

Ísland án atvinnuleysis, Ísland án verðbólgu eru tvö mikilvæg verkefni sem ríkisstj. og þjóðin öll þurfa að sameinast um að vinna að. Núv. ríkisstj. hefur sannað það á stuttum valdatíma sínum að hægt er að framkvæma þessi tvö markmið. Þess vegna er fram komin vantrauststillaga tímaskekkja og hrein rökleysa.

Góðir áheyrendur. Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. seinasti ræðumaður veittist að okkar jafnaðarmönnum fyrir að hafa laumast undan ábyrgð í ríkisstjórn 1979. Það heitir á máli annarra en framsóknarmanna að standa við stefnu sína. Það geta þeir ekki af auðskiljanlegum ástæðum, þeir hafa enga.

Hæstv. forsrh. sagði hins vegar í sjónvarpi í fyrrakvöld að hann sæi eftir því mest á ævinni að hafa ekki forðað sér í tæka tíð úr faðmlagi Alþb. í ríkisstjórn 1983. Það gat hann að sjálfsögðu ekki. Hann var límdur við ráðherrastólinn, hafði enga stefnu til að standa við. Þeir eru sjálfum sér samkvæmir, framsóknarmennirnir.

Herra forseti. Pólitík er að vilja. Ef við vitum hvað við viljum getum við í sameiningu breytt þjóðfélaginu. Minnumst þess að það er ekki ranglæti hinna illviljuðu sem er verst. Það versta er afskiptaleysi hinna góðviljuðu.

Hvernig vill Alþfl. breyta þjóðfélaginu? Fyrst: Hver eru vandamálin sem okkur skiptir mestu að finna nú lausn á? Ég nefni tvö.

S. l. tvö ár höfum við sameiginlega orðið fyrir tekjumissi vegna minna sjávarfangs, óhagstæðari aflasamsetningar og markaðserfiðleika sem má áætla á bilinu 5—6 milljarða kr. Þetta er tap sem þarf að jafna niður á þjóðina.

Hitt vandamálið þarfnast skýringa. Bestu hagfræðingum okkar ber saman um að við erum nú a. m. k. 25 milljörðum kr. fátækari en við værum ef verðbólgunni hefði ekki verið sleppt lausri s. l. áratug, ef erlendu lánin, sem við slógum eins og nýríkir flottræflar í innkaupaleiðangri, hefðu skilað okkur lágmarks arði. Þetta var áratugur hinna glötuðu tækifæra.

Ef Kröfluflokkarnir þrír hefðu aldrei fengið að reisa íslensku hugviti níðstöng við Kröflu, allt í skuld, sem kostar okkur á ári jafnmikið í vexti og afborganir og að reka Háskóla Íslands, ef seinustu tuttugu Steingrímstogararnir hefðu aldrei verið keyptir, ef Alþb. hefði ekki í fimm ár haft af okkur 2.5 milljarða í erlendum gjaldeyri fyrir tapaða orkusölu, ef við hefðum varið þeim 13 milljörðum sem við höfum greitt með offramleiðslu og milliliðakerfi landbúnaðarins s. l. sex ár öðruvísi, ef við hefðum í tæka tíð stöðvað fjárflóttann frá heilbrigðu atvinnulífi í bankahallir, sláturhús, undanrennumusteri, verslunarhallir og villur hinna nýríku, ef við hefðum ekki hegðað okkur eins og nýríkir olíufurstar í gleðihúsi, þá værum við nú 25 milljörðum kr. ríkari en við erum. Þá spyrði enginn hvort íslenskir atvinnuvegir gætu greitt mannsæmandi laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag.

Pólitík er að vilja, sagði ég. Þetta sýnist vera það sem meiri hlutinn vildi. Við jafnaðarmenn vöruðum við í tæka tíð. Okkur var ekki trúað þá. Áður en við segjum hvernig við viljum nú leysa vandann skulum við fyrst líta á hvernig hæstv. ríkisstj. hefur reynt að leysa hann.

1. Hún hefur ekki hróflað við rótum vandans. Þær liggja í hinu pólitíska fyrirgreiðslukerfi kerfisflokkanna, þessu samábyrga velferðarkerfi fyrirtækjanna sem okkur hefur reynst svo dýrt, enda eru það ær og kýr framsóknarmanna og hluta Sjálfstfl.

2. Ríkisstj. brást við 6 milljarða tekjutapi þjóðarbúsins með því að færa 7—8 milljarða úr launaumslögum fólksins til fjármagnseigenda. Launþegar í landinu hafa því þegar greitt fyrir skakkaföllin og 40% í viðbót upp í skuldirnar frá stjórnartíð þeirra félaga, Steingríms og Svavars.

3. Ríkisstj. hefur horft aðgerðarlaust á hið hripleka tekju- og söluskattskerfi. Því til viðbótar hefur hún lækkað skattbyrði fyrirtækja um 1—2 milljarða, annarra fjármagnseigenda um 600—700 millj. Á sama tíma hefur skattbyrði launafólks vegna beinna skatta, útsvara og óbeinna skatta hækkað um rúma 2 milljarða.

Og meira: Hluti útgerðar og fiskvinnslu er sokkinn í skuldir. Ríkisstj. býður smávegis greiðslufrest og ný lán. Það er eins og að lengja hengingaról hins dauðadæmda. Skuldafjötrar, hengingaról, á það að vera líflínan?

Herra forseti. Þessi pólitík stjórnarflokkanna hefur afhjúpað alvarlega bresti í undirstöðum íslensks samfélags. Gliðnunin, sem byrjaði á verðbólguáratugnum, er að verða að óbrúanlegri gjá. Nú er svo komið að landið byggja tvær þjóðir. Það er aðeins önnur þjóðin sem ber byrðarnar fyrir hina. En það er til önnur þjóð í þessu landi. Hún hefur engar fórnir fært. Hún skammtar sér sjálf lífskjör. Hún greiðir ekki sinn hlut í sameiginlega sjóði landsmanna. Hún lifir um efni fram. Hún styður hæstv. ríkisstj. Það er þessi þjóð sem byggir í Stigahlíðinni. Þessar tvær þjóðir eru nú í þann veginn að segja sig úr lögum hvor við aðra.

Nú spyr ég ykkur, þúsundirnar sem kusuð Sjálfstfl. í seinustu kosningum: Vissuð þið hvað þið vilduð? Sáuð þið fyrir hvað þið hrepptuð? Var þetta það sem þið vilduð? Hver er niðurstaðan? Einn kjósandi Sjálfstfl., kannske fyrrverandi, frá seinustu kosningum orðar það svo:

„Staðreyndin er sú að fólki er nóg boðið, því er misboðið, því er ofboðið."

Pólitík er að vilja, sagði ég. Ég er hér málsvari Alþfl., flokks íslenskra jafnaðarmanna. Hvað viljum við? Hvernig viljum við breyta þessu þjóðfélagi?

1. Við viljum brjóta á bak aftur spillt fyrirgreiðslu- og skömmtunarkerfi kerfisflokka og hagsmunasamtaka í lánasjóðum og bankakerfi. Í staðinn viljum við leysa úr læðingi áræði, hugvit og atorku nýrrar kynslóðar og brjóta okkur braut í nýjum vaxtargreinum framtíðaratvinnuveganna.

2. Við viljum afnema velferðarkerfi fyrirtækjanna. Við erum tilbúnir að draga úr ríkisrekstri þar sem hagkvæmnisrök sýna að sá rekstur væri betur kominn í höndum annarra. Við viljum enga bakdyraþjóðnýtingu tapsins.

3. Vegna þess að jafnaðarmenn voru og eru baráttumenn fyrir þeim afskiptum ríkisvaldsins sem stuðla að tekjujöfnun og félagslegu öryggi viljum við forðast að atvinnulífið lendi á framfæri skattgreiðenda. Það á þvert á móti að skila þeim verðmætum sem samfélagið óskar að verja til sameiginlegrar þjónustu.

4. Þegar fullyrt er að atvinnulífið geti ekki greitt laun sem nægja til framfærslu fjölskyldu er okkar svar einfalt: Breytum því. Hvernig? Með því að færa fjármuni frá þeim sem hafa makað krókinn til hinna sem hafa fært fórnir. Við viljum ekki líða það að allsnægtir og örbirgð þrífist hlið við hlið í okkar litla samfélagi, enda mun slíkt þjóðfélag ekki fá staðist. Hvernig á að gera þetta?

1. Við viljum afnema tekjuskatt á launatekjur allt að 35 þús. kr. á mánuði. Fyrir því höfum við barist á hverju þingi í áratug. Nú vildu allir þá Lilju kveðið hafa.

2. Við erum reiðubúnir að mæta tekjumissi ríkisins af þeim sökum með niðurskurði ríkisútgjalda og sölu ríkisfyrirtækja þar sem það styðst við hagkvæmnisrök.

3. Við erum eini flokkurinn á Alþingi sem hefur s. l. tvö ár haldið uppi látlausri umræðu um skattsvikin, þetta krabbamein íslensks þjóðfélags, og aðgerðir gegn þeim. Tillögur okkar í þeim efnum liggja fyrir lið fyrir lið og fleiri eru í smíðum. Ég skal nefna tvö dæmi: Við viljum afnema undanþágur frá söluskatti að mestu leyti. Við viljum taka söluskatt af innflutningi í tolli. Í svari við fsp. minni á Alþingi s. l. þriðjudag upplýsti hæstv. fjmrh. að tekjuauki ríkissjóðs af slíkum aðgerðum gæti numið 8 milljörðum kr., tvöföldun á núverandi tekjustofnum söluskatts. Því til viðbótar má slá föstu að bæta mætti við 2—4 milljörðum kr. vegna stórbættrar innheimtu.

Þannig vinnst allt í senn:

1. Ríkissjóður fær auknar tekjur í stað þess að vera rekinn á erlendum lánum.

2. Unnt er að verja hluta af þessum fjármunum til þess að lækka söluskattinn verulega og þar með vöruverð, sem þjóðin býður eftir.

3. Hækkun matvæla, sem nú eru undanþegin söluskatti, má mæta með því að endurgreiða barnafjölskyldum ríflegar fjölskyldubætur af stórauknum tekjum.

Í næstu viku munum við Alþfl.-menn leggja fram till. um nýjan stighækkandi eignarskatt til tveggja ára. Hverjir eiga að greiða hann? Þau fyrirtæki og stóreignamenn sem á verðbólguáratugnum nutu stórkostlegrar eignatilfærslu frá almenningi í skjóli verðbólgu, neikvæðra vaxta og hins hripleka skattakerfis. Tekjunum á að verja til þess að gera stórátak í húsnæðismálum unga fólksins sem nú hefur verið úthýst eða sætir afarkostum á leigumarkaði.

Þetta, herra forseti, væru kjarabætur í ósvikinni mynt án verðbólgu. Þetta væru umbætur í réttlætisátt.

Stefnu okkar jafnaðarmanna má draga saman í þessum niðurstöðum: að létta skattbyrði launafólks, að uppræta skattsvik forréttindahópa, að tryggja lækkun verðlags, að létta skuldabyrði húsbyggjenda, að lækka vexti og fjármagnskostnað atvinnulífs og einstaklinga, að auka jöfnuð og réttlæti í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég hef hér nefnt dæmi um hvað við jafnaðarmenn viljum gera, hverju við viljum breyta. Nú er röðin komin að þér sem mál mitt heyrir. Hvað vilt þú? Hverju vilt þú breyta? Ég beini máli mínu til ykkar, þúsundanna sem kusuð Sjálfstfl. í góðri trú fyrir seinustu kosningar og til ungu kynslóðarinnar í landinu sem þessi ríkisstj. lofaði gulli og grænum skógum í húsnæðismálum og hefur nú allt svikið. Leyfist mér að leiða fram eitt vitni þeirra þúsunda sem hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum með hinn nýja Sjálfstfl. þeirra Þorsteins Pálssonar, Alberts Guðmundssonar og Davíðs Oddssonar. Þorgeir Ibsen skólastjóri í Hafnarfirði segir í viðtali við Morgunblaðið:

„Sú ríkisstj., sem sat á undan þessari, var vond ríkisstj." Ég er sammála. „Þessi, sem nú situr, fór vel af stað." Það er dálítið til í því. „En nú hefur hún brugðist hrapallega, m. a. með þeim afleiðingum að misrétti og ranglæti í þjóðfélaginu er nú meira en verið hefur um langt skeið."

Herra forseti. Þetta er vantraust á hæstv. ríkisstj. flutt af kjósendum Sjálfstfl. sem hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum.

Ríkisstj. þekkti ekki sinn vitjunartíma, því miður.

Þess vegna er hennar tími liðinn. Ég spyr, herra forseti: Hvaða samleið á maður sem svona hugsar með þeim Sjálfstfl. sem orðinn er í hans eigin orðum „að gullastokki til að fá útrás fyrir hégómlegan metnað og valdagræðgi forréttindahópa í þjóðfélaginu?"

Ég skora á ykkur sem standið í sömu sporum og Þorgeir Ibsen skólastjóri, þúsundum saman, að hugsa það til enda. Eigið þið ekki samleið með íslenskum jafnaðarmönnum? Þarf ekki þetta þjóðfélag á að halda sameiningarafli jafnaðarhugsjónarinnar — ekki aðeins í orði heldur líka í verki? Og ég spyr þig, ungi Íslendingur: Átt þú ekki samleið með eina flokknum á Alþingi sem varaði við afleiðingum af framferði kerfisflokkanna á ártug hinna glötuðu tækifæra, sem hefur lagt einn flokka fram framkvæmanlegar tillögur um skilvirkt og réttlátt skattakerfi, sem þorir í stjórnarandstöðu að leggja fram tillögur um að skattleggja hina ríku til að bæta fyrir misgerðir þjóðfélagsins við hina ungu? Hugsið þið málið, unga fólk á Íslandi.

Sumir segja, herra forseti, að Alþfl. sé of veikur. Þá er það ykkar, kjósendur góðir, að breyta því, því að pólitík er að vilja, eins og Gunnar Thoroddsen heitinn sagði, og að framkvæma.

Íslenskir jafnaðarmenn halda senn flokksþing sitt. Við eigum nú brýnna erindi við þjóðina en nokkru sinni fyrr. Þess vegna þurfum við að taka af tvímæli um það hverjir við erum, hvar við stöndum og hvað við viljum. Í því efni skiptir þetta mestu:

Við eigum að hasla okkur völl vinstra megin við miðju í hinu íslenska flokkakerfi.

Við eigum að gera Íslendingum ljóst að við erum róttækur umbótaflokkur í efnahagsmálum.

Við eigum að vísa á bug öllum hugmyndum um samruna og kosningasamstarf við Alþb., þó ekki væri nema vegna hörmulegrar reynslu þessarar þjóðar af ríkisstjórnarþátttöku þess flokks.

Við eigum að taka af tvímæli um að við erum ekki gamaldags ríkisforsjárflokkur. Við erum róttækur umbótaflokkur, en ekki kerfisflokkur. Við viljum virkara lýðræði og valddreifingu í þessu þjóðfélagi. Um slíka stefnu eigum við að vera reiðubúnir til stjórnarsamstarfs við öfl sem undir þá stefnu vilja taka.

Herra forseti. Við lýsum ábyrgð á hendur þeim einstaklingum sem á örlagastundu s. l. vor rufu einingu íslenskra jafnaðarmanna og bera ábyrgð á hörmungum þjóðarinnar undir núverandi stjórnarstefnu. Það voru mistök. Enn er hins vegar ekki of seint að bæta fyrir þau mistök og það vex hver af því sem reynir slíkt. Við skulum vona að sameiginlega beri jafnaðarmenn gæfu til þess.

Herra forseti. Í Gerplu Laxness segir frá landstjórnarmanni, Ella kóngi Engilsaxa, sem svo var heillum horfinn að hann tegldi fogla í friði, en seldi upp í ófriði og bauð aldrei liði út nema til að herja á eigin þegna. Þá kemur mér hann í hug, Ella kóngur, þegar ég horfi úr þessum ræðustól á núverandi landstjórnarmenn, hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson og aðstoðarmann þeirra, hv. 1. þm. Suðurl. Þeir tegldu fogla í friði sumarsins, en þeir seldu upp stjórnarstefnunni í ófriði haustmánaða og nú er svo fyrir þeim komið að þeir geta ekki einu sinni boðið út liði gegn þegnum sínum lengur því að það er brostinn flótti á liðið.

Góðir Íslendingar. Þennan flótta þurfum við að reka heim til föðurhúsa. Við skulum ekki láta okkur vaxa það í augum. Minnumst orða Þorgeirs Ibsens, þess sem ég vitnaði til áður, hins óánægða — og sáróánægða — sjálfstæðismanns, þegar hann lýsti flokknum sem einu sinni var flokkur Bjarna Benediktssonar og Ólafs Thors. Nú horfir hann á þennan flokk og lýsir honum svo, með leyfi forseta:

„Nú virðist mér að hann sé farinn að líkjast stórum slöttólfi. Hann er mikill vexti, en linkulegur, garmurinn. Og er það mikið harmsefni því að vissulega hefur flokkurinn fram til þessa átt erindi við þjóðfélagið."

Herra forseti. Víst var sú tíð, en hún er núna fátíð. Nú þurfum við frjálslyndir menn á Íslandi, raunverulegir jafnaðarmenn á Íslandi, að taka höndum saman um að fylla upp í þetta tómarúm. Það er framtíðarverkefni íslenskra jafnaðarmanna.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég vil byrja orð mín á því að taka undir orð hæstv. fjmrh., þau skáldlegu orð þegar hann sagði: Látum ekki fámenna hópa sá óánægju meðal vor. Ég er sammála. Þessi ríkisstj. hefur þegar sáð nægilega mikilli óánægju í þessu þjóðfélagi.

Ráðherrar eru loforðaglaðir í kvöld. En halda þeir virkilega að þjóðin viti ekki að stjórnartími þeirra er ekki að hefjast? Hann hófst fyrir rúmu einu og hálfu ári síðan og hann er á góðri leið með að renna út.

Ræða hæstv. forsrh. var táknræn fyrir störf þessarar ríkisstj. Forsrh. hefur engar skoðanir sjálfur að flytja. Nei, hann flytur eingöngu tölur og niðurstöður frá Seðlabanka, Hagstofu og Þjóðhagsstofnun. Þetta eru að vísu merkar upplýsingar en þetta er ekki pólitík.

Herra forseti. Það þótti að vísu létt verk og löðurmannlegt að berja á veslingnum honum Katli skræk. Og það er líklega hverjum manni ljóst að það er í senn létt verk og þá líklega næsta löðurmannlegt fyrir þann vaxandi fjölda stjórnarandstöðumanna, sem hér sitja þing, að lýsa vantrausti sínu á þessari ríkisstjórn, ríkisstjórn sem á skemmri tíma en áður þekkist á dögum lýðveldisins hefur rúið sig trausti almennings og bakað sér óvinsældir sem ná langt út fyrir öll landamæri flokkanna. Það er ekki erfitt að lýsa vantrausti á forsrh., sem segir eitt í dag og annað á morgun eða þýtur til útlanda þegar mest ríður á. Það er ekki erfitt að lýsa vantrausti á fjmrh. sem sýnir þvermóðsku og mannfyrirlitningu í samningamálum og opinberar jafn ljóslega vanþekkingu sína eins og raun ber vitni. Það er ekki erfitt að lýsa vantrausti á félmrh. sem leikur húsbyggjendur og aðra lántaka svo grátt að hundruð heimila standa nú frammi fyrir gjaldþroti. Það er ekki erfitt að lýsa vantrausti á menntmrh. sem ætlar að tengja atvinnulíf, heimili og skóla með þeim hætti að gera fólki ógerlegt að stunda nám, þannig að nemendur verði annaðhvort að fara heim eða út að vinna. Það er ekki erfitt að lýsa vantrausti á heilbr.- og trmrh., sem ætlar að bæta heilbrigði landsmanna með því að gera þeim ókleift, sérstaklega þeim öldruðu, að standa undir læknis- og lyfjakostnaði. En það er engin ástæða til að hafa þessa rullu yfir því að þjóðin veit þetta allt saman mætavel. Og þjóðin hefur þegar fellt sinn dóm. Við erum ekki hér til þess að lýsa yfir vantrausti á íslenska þjóð, heldur til þess að lýsa yfir vantrausti á þá kollsigldu ríkisstjórn sem enn lafir í stjórnartaumunum. Það eru ekki einstakir ráðherrar sem okkur ber að lýsa

vantrausti á, heldur ríkisstjórnin öll. Ríkisstjórnin sjálf er reyndar búin að gefa út yfirlýsingu um eigið vantraust. En ríkisstjórnin gengur þeirrar trúar að hún geti bætt sig með því að skipta um ráðherra. Ég fullyrði að það er allt annar vandi sem þessi ríkisstjórn á að glíma við. Íslensk þjóð gerir kröfu til þess að ráðamenn hennar, þing og ríkisstjórn, glími við þann vanda sem þjóðin sjálf býr við.

Þessi ríkisstjórn hefur enn engan vanda leyst. Þótt verðbólgan hafi lækkað hafa atburðir undanfarandi vikna sýnt okkur að stjórnarhættir hennar hafa þvert á móti aukið á vandann. Þegar þessi ríkisstjórn tók við embætti fór enginn í grafgötur um þann efnahagsvanda sem við blasti. Hún leyfði sér samt að stjórna landinu í eitt og hálft ár án þess að hafa neina efnahagsstefnu, ekki einu sinni á pappírnum. Hún gekk á rétt launafólks með valdi og borgaði niður verðbólguna með launum þess. En það fylgdu engar aðgerðir í kjölfarið, engar ráðstafanir til þess að réttlæta þær fórnir sem voru færðar. Þessi ríkisstjórn er eins og aðrar enn að sólunda almannafé í fjárfestingarslys. Þessi ríkisstjórn er enn eins og aðrar að hygla skjólstæðingum sínum. Þessi ríkisstjórn hefur opinberað sig sem andstæðingur þjóðarinnar í kjaramálum. Þessi ríkisstjórn rekur enn þá óbyggðastefnu í landbúnaði, sem ríkt hefur hér í fjölda ára, og stundar enn þá niðurgreiðslur á útflutningi á ofbeit. Þessi ríkisstjórn lítur á verðbólguna sem náttúruöfl. Hvað er að þessari ríkisstjórn? Þessa ríkisstjórn skortir hugmyndaflug, áræði og framkvæmdavilja.

Þeir vinna og þeir tala í raun eins og bókhaldarar í steinrunnu stjórnkerfi, stjórnkerfi sem þekkir ekki eða viðurkennir ekki nema tvenns konar efnahagsaðgerðir, þ. e. sjóðasukk og gengisfellingu. Það hlýtur hverjum manni að vera orðið ljóst að meðan þessu stjórnkerfi verður ekki breytt, þá verða allir, sem við völdum taka, að bókhöldurum og kontóristum þessa kerfis. Stjórnmál eru ekki skrifstofustörf. Stjórnmál eru ekki heldur vísindi. Stjórnmál eru barátta fyrir framkvæmdum og hugsjónum og stjórnmál þarfnast áræðis.

Stjórnarflokkana skortir áræði. Þeir ætla ekki að leggja niður sjóðakerfið. Nei, þeir ætla að steypa öllum sjóðunum í einn. Það er auðveldara að stjórna, það er auðveldara að sinna skrifstofustörfunum þannig. Þeir ætla ekki að selja ríkisbankana. Nei, þeir ætla að sameina þá. Þannig er auðveldara að stjórna þeim úr skrifstofustólnum. Þeir ætla ekki að dreifa valdi til sveitarfélaga. Nei, þeir vildu helst að landið væri allt saman eitt sveitarfélag. Þá væri hægt að stjórna því úr einum skrifstofustól.

Þessi ríkisstjórn starfar ekki á grundvelli hugmynda og hugsjóna. Nei, hún er á kafi í snarreddingum og kemst aldrei til að stjórna. Hvernig er hægt annað en að vantreysta ríkisstjórn sem kemur fram við fólk, talandi eins og kontóristaklíka? Kassinn er tómur, segja þeir. Halda þeir að almenningur viti það ekki að ríkissjóður er aldrei tómur? Halda þeir að almenningur viti það ekki að mestur hluti peninga í þessu þjóðfélagi rennur í gegnum þennan ríkiskassa? Halda þessir menn virkilega að hægt sé að mæla efnahag og efnahagsvanda á tommustokk? Við hverja halda þessir menn að þeir séu að tala?

Herra forseti. Hverjir styðja þessa ríkisstjórn? Eru það stjórnarflokkarnir? Er það Sjálfstæðisflokkurinn? Hvar er þá flokkurinn sem ætlaði að spara og draga saman? Hvar er flokkurinn sem ætlaði að hagræða og spara í rekstri? Hvar er flokkurinn sem ætlaði að draga úr erlendum lántökum? Hvar er flokkurinn sem var kosinn út á þessi mál í síðustu kosningum? Er þessi flokkur enn þá stjórnarflokkur? Styður þessi flokkur enn þá þessa ríkisstjórn? Ég þarf ekki að spyrja að því hvort Framsóknarflokkurinn styðji þessa ríkisstjórn því að flestallir þingmenn hans eru búnir að koma hér í stól á undanförnum vikum og lýsa yfir vantrausti á þessa ríkisstjórn. Þeir hafa gagnrýnt og fordæmt hverja einustu aðgerð hennar síðan í vor.

Verkefni þessrar ríkisstjórnar liggja í hrönnun fyrir fótum hennar. Hvenær ætlar hún að snerta við einhverju þessara verkefna? Það er sama hvert litið er. Alls staðar er hægt að taka til hendinni.

Skattamál hafa mikið verið til umræðu núna á undanförnum vikum og því liggur náttúrlega beint við að benda ríkisstjórninni á það sem verkefni, því að hún virðist ekki hafa séð það. Hvernig væri nú að einfalda skattheimtu, spara í skattheimtu, gera hana einfaldari og ódýrari, t. d. bara með því að afnema þá 15 gjaldaliði sem nú eru greiddir af launum fólks? Þá á ég við tekjuskatt, útsvar, kirkjugarðsgjald, sjúkratryggingagjald, sóknargjald, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald atvinnurekenda, lífeyristryggingagjald, atvinnuleysistryggingagjald, launaskatt og vinnueftirlitsgjald. Einnig lífeyrissjóðsiðgjald, stéttarfélagsgjald og framlag í sjúkra- og orlofssjóði. Leggja mætti eitt gjald á öll laun, eitt álagshlutfall. Taka mætti upp staðgreiðslu. Lífeyrisréttindi, áunnin starfsréttindi og réttindi til sjúkragjalds og orlofs og réttur til atvinnuleysisbóta gætu tengst þessu greidda gjaldi, en tilfærslur eins og barnabætur og húsnæðishjálp vegna launþega færu síðan í gegnum tryggingakerfið. Með þessu hyrfu tekjutryggingarvandkvæði og grundvöllur gæti skapast til þess að hafa fast hlutfall milli hæstu og lægstu launa. Heildarinnheimta gæti lækkað sem næmi mismun tilkostnaðar við rekstur gamla og nýja kerfisins.

Fámenn þjóð hefur ekki efni á flóknum leikreglum í fábrotnu efnahagslífi. Við erum ekki að biðja um að þessi ríkisstj. skipti sér meira af hlutunum, heldur minna. Það er ærið verkefni. Það er hart að þurfa að benda þessum mönnum á að stjórnartími er til að stjórna. Úrræðin, sem beita á, eiga að vera tilbúin áður en stjórnarstarf hefst. Það er enginn tími að leita lausna þegar starfið er hafið.

Ég veit að þessi orð eru töluð fyrir daufum eyrum. Ég veit að þessi ríkisstj. mun engu breyta í þessum málum frekar en svo mörgum öðrum sem henni var falið að leysa. Ég veit að þessi ríkisstj. hefur ekki kjark til þess að reyna nýjar leiðir í stjórn efnahagsmála hér á landi. Ég veit að hún þorir ekki að ráðast á skattsvindlið. Ég veit að hún þorir ekki að draga úr íhlutun sinni í líf og hagi fólks. Ég veit að hún þorir ekki að afnema sjóðakerfið. Ég veit að hún þorir ekki að lækka tolla, aðflutningsgjöld eða skatta og reyna þannig einu sinni í sögu íslenskrar þjóðar hvernig íslensk þjóð bregst við bættum kjörum og auknum umráðum yfir eigin fé. Og af því ég veit þetta og af því ég veit að íslensk þjóð veit þetta líka, þá vantreysti ég þessari ríkisstj. Ég styð þessa tillögu um vantraust vegna þess að ég veit að það er hægt að gera betur. Og ég vil að þessi þjóð eignist betri kjör og betra mannlíf en hún býr við nú.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fjölfróður maður, Stefán Benediktsson, en ekki óskeikull.

Ósköp hafði það undarleg áhrif og dapurleg á mig að heyra Kjartan Jóhannsson, núv. formann Alþfl., tala um að einhverjir aðrir séu gjörsamlega trausti rúnir. Svavar Gestsson ber fram vantraust á ríkisstj. á ýmsum forsendum sem hann býr sér til og þuldi hér upp áðan fyrir hlustendur. Það er sama hvenær Svavar formaður Alþb. gerir gagnrýnishróp að öðrum. Allt hittir það hann sjálfan fyrir.

Hann gagnrýnir núv. ríkisstj. fyrir erlenda skuldasöfnun. Í ríkisstjórnartíð hans hækkaði hlutfall erlendra skulda úr 30% af þjóðarframleiðslu í 60% og má heita óbreytt síðan formaðurinn hraktist úr stjórn.

Alþb.-formaðurinn minntist á skattaálögur núv. ríkisstj. Í hans stjórnartíð hækkuðu skattar um 11 þús. kr. á hvert mannsbarn sem lífsanda dró í landinu.

Heyrði ég rétt að verðbólgupostuli Alþb. minntist á skort á jafnvægi í peningamálum nú? Tölur eru til um það að í hans stjórnartíð hafi erlendur gjaldeyrir hækkað fimmfalt.

Var Svavar formaður Alþb. að ræða um að núv. ríkisstj. rændi launþega kaupmætti þeirra? Hvernig tókst honum til þegar hann stjórnaði landinu með Hjörleifi og Ragnari Arnalds? Fjórtán sinnum krukkuðu þeir í kaup launþega, þrisvar sinnum 1979, fjórum sinnum 1980, þrisvar sinnum 1981 og fjórum sinnum 1982. Samtals skertu þessir herrar kaup launþega um nær 50% með þessum aðgerðum sínum.

Var Svavar Gestsson að tala um háa vexti? Hvernig lék hann og félagi hans Ragnar Arnalds sparifjáreigendur í landsstjórnartíð sinni? Ég hef ekki tölur fyrir ríkisstjórnarár þeirra út af fyrir sig, en á tímabilinu 1972—1980 er talið að sparifjáreigendur hafi verið rændir um 2 340 millj. kr. með þeirri vaxtapólitík sem þá var rekin.

Hvert var það stefnuskráratriði sem allir flokkar og flokksbrot settu öllu öðru ofar í síðustu alþingiskosningum? Allir sem einn lýstu þeir yfir því sem grundvallarstefnu að vinna bug á verðbólgunni, ella væri allt annað unnið fyrir gýg. Hvað er orðið um þessi kosningaloforð stjórnarandstöðustóðsins, Kvennalista, BJ, Alþfl. og Alþb.? Nú eru þeir svardagar allir grafnir og gleymdir.

Alþb.-formaðurinn taldi að landið hefði rétt einu sinni verið selt með gerðum samningum um álverið í Straumsvík. Í Ed. kom í dag til 1. umr. nýr samningur við Svisslendinga um álverið í Straumsvík. Með þeim samningi er ákveðið að orkuverð hækki tvöfalt að lágmarki og þrefalt að hámarki. Sérfræðingar telja að samningurinn muni gefa í aðra hönd að meðaltali 500 millj. kr. á ári eða 2 500 millj. kr. á næstu fimm árum. Ef þessi samningur hefði gilt fimm ár Alþb. í ríkisstj., sem fór með forsvar í orkumálum, hefði hann gefið okkur 1 800 millj. kr. aukalega. 1 800 millj. kr. fyrir utan vexti er reikningurinn sem íslenska þjóðin þarf að senda Alþb. fyrir hina körgu kreddumennsku sem það beitti í málinu og stefndi í algjöra sjálfheldu.

Bráðabirgðasamningurinn um orkuverð til stóriðjunnar frá því í sept. í fyrra gjörbreytti orkuverðsmyndun til almennings. Orkuverð hefur haldist óbreytt frá 1. ágúst 1983. Hinn 1. ágúst 1984 hafði raungildi orkuverðsins skv. framfærsluvísitölu lækkað um tæp 16%. Áfram verður stefnt að lækkun orkuverðsins til almennings og markið sett á lækkun um fjórðung þótt hinir nýju verðbólgusamningar Alþb. séu vissulega ljón á veginum. Að endurskipulagningu orkumála er nú unnið í hagkvæmni- og sparnaðarskyni svo og úttekt á rekstri ríkisfyrirtækja og lætur árangur ekki á sér standa.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. voru öll fyrirtæki sem heyra undir iðnrn. rekin með bullandi tapi. T. d. stefndi Landsvirkjun í 400 millj. kr. taprekstur á síðasta ári, og öllu var alltaf mætt með erlendum lántökum, svo og vegna ýmissa verkefna sem hér verða ekki talin upp, þar sem beisla átti íslenska hugvitið, eins og það þá var nefnt. Öllu slíku verður miskunnarlaust hætt ef úttektir sýna að ekki skili arði. Það er meginstefna að ríkið sé ekki að vasast í atvinnurekstri nema tímabundið til að hindra atvinnuleysi. Þess vegna er unnið fullum fetum að sölu ríkisfyrirtækja með góðum árangri.

Um stöðu iðnaðar er það að segja að hagur hans hefur farið batnandi hin síðari misseri, framleiðsla og framleiðni aukist, atvinnutækifærum fjölgað og framfarir orðið á flestum sviðum. Í undirbúningi er stórátak í markaðsmálum og vöruþróun og til þess ætlaðir fjármunir í mjög auknum mæli. Ríkisstj. vinnur nú að því að skoða allar aðstæður eftir gerð nýrra kjarasamninga. Enn einu sinni hafa verið gerðir verðbólgusamningar. Flestir hefðu eftir á sjálfsagt kosið að samningagerðin hefði verið með öðrum hætti og leið skattalækkana valin í stað stórfelldra launahækkana, sem menn óttast nú að muni síður en svo leiða til varanlegra kjarabóta, nema ríkisvaldið geti fundið leiðir til að draga úr verðlagshækkunum og tryggja með þeim hætti kaupmátt launa.

Víst skal það játað að það voru djarfar ráðstafanir sem ríkisstj. gerði í fyrrasumar. En hitt verða menn líka að játa að þær báru þann tilætlaða árangur að ná tökum á verðbólguþróuninni. Nú skal ég gera þá játningu að ríkisstj. varð of sein til á þessu ári að átta sig á því að boginn var of þaninn. Hitt játa ég hins vegar ekki, að allur árangurinn í slagnum við verðbólguna sé runninn út í sandinn. Þvert á móti er enn unnt að tryggja í senn velfarnað og stöðugleika í fjármálum og atvinnumálum, en þó því aðeins að stjórnvöld sýni þá dirfsku sem til þarf. En um þau úrræði er nú einmitt fjallað í ríkisstj. og stjórnarflokkum.

Þessar hugmyndir eru ekki alveg nýjar þótt þær séu djarfar. Þannig markaði þingflokkur Sjálfstfl. mjög ítarlega stefnu í efnahags- og atvinnumálum í febrúarmánuði 1981 eftir brbl. frægu þá, um áramótin. Menn komust að þeirri niðurstöðu að ríkið yrði að vera þátttakandi í baráttu gegn verðbólgu því að atvinnuvegirnir og alþýða gæti ekki án aðstoðar ríkisins tekið á sig þær byrðar sem væru samfara því að koma verðbólgunni á viðunandi stig.

Við sjálfstæðismenn sögðum þá að ríkið yrði að slaka á klónni, það yrði að létta skattheimtu bæði að því er varðaði beina skatta og ekki síður neysluskattana, sem ætíð hefði verið úrræðið til þess að rétta við fjárhag ríkisins, og rýra þau kjör sem samið hafði verið um í frjálsum samningum, að ógleymdri allri vísitölufölsuninni þar sem allar þær vörur voru teknar út sem ekki voru þungar í vísitölugrunninum og á þær hlaðið stanslausum sköttum.

Við stjórnarmyndunina í fyrra var ákveðið að fyrsti

liður í svokölluðum mildandi aðgerðum ætti að vera sá að lækka verulega tolla og skatta á brýnustu lífsnauðsynjar heimilanna til að vega upp að nokkru óhjákvæmilegar kjaraskerðingar. Því miður var þetta aðeins gert í litlum mæli, allt of litlum skal ég játa, því að nú fyrr á þessu ári hefði einmitt átt að grípa til þessa úrræðis í samráði við launþegasamtökin til að hindra að knúðar yrðu fram allt of miklar launahækkanir.

Sjálfsagt þýðir ekkert að loka augunum fyrir því að gengi krónunnar er fallið, og það verulega, ef ekki verða gerðar víðtækar ráðstafanir til að hindra að kauphækkanir fari viðstöðulaust út í verðlagið. En áhrif nauðsynlegrar gengisbreytingar má að sjálfsögðu vega upp að verulegu leyti með niðurfellingu vörugjalda og lækkun tolla, þannig að innflutt vara þurfi lítið að hækka, og þá einkum brýnustu nauðsynjavörur sem nú eru mjög hátt tollaðar. Mjög æskilegt væri að þessi breyting gæti tekið gildi fljótt, t. a. m. um næstu áramót, og jafnframt yrði af fremsta megni spyrnt við hækkunum á þjónustu og vöruverði til þess tíma þegar lækkanir yrðu að veruleika.

Ekki yrði komist hjá því að vextir yrðu hér á landi eitthvað sambærilegir við það sem gerist í nágrannalöndunum, enda ber brýnustu nauðsyn til að auka innlendan sparnað. Og auðvitað ljá menn ekki fjármuni sína til annarra án þess að fá sanngjarnt endurgjald fyrir.

Nú segja menn sjálfsagt að veruleg hækkun á neysluskattum til að hamla gegn verðhækkunum mundi leiða til halla á fjárlögum og vera má að hann yrði einhver. En ég hygg þó að of mikið sé úr þessu gert. En jafnvel þótt einhver halli yrði á fjárlögum er það engin goðgá þegar verið er að vinna bug á þeim skaðvænlega sjúkdómi sem verðbólgan er. Þennan halla á að vega upp með innlendum lántökum og það ætti að reynast auðvelt þegar sparnaður eykst og hagur atvinnuvega og heimilanna batnar.

Enn er þess að gæta að nú er ákveðið að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Það er með virðisaukaskattinn eins og önnur mannanna verk að hann hefur vissulega sína ágalla. Kostirnir eru þó miklu meiri, enda er hann nú fyrir alllöngu kominn í stað söluskatts í nágrannalöndum okkar. Virðisaukaskattur mundi leggjast á fleiri vörutegundir og þjónustu en söluskatturinn gerir, en verða miklum mun lægri prósentutala. En þar að auki er um að ræða að vissu marki sjálfvirkt aðhald að skattgreiðslunum því að einn skattgreiðandinn gætir annars, ef svo má að orði kveða, þar sem skatturinn leggst einungis á verðmætisaukningu á hverju vinnslu- og þróunarstigi.

Gegn hvers konar skattsvikum verður snúist af alefli. Eins og ég sagði áðan eru öll þessi atriði nú rædd í stjórnarflokkunum og má vænta þess að ekki muni líða á löngu þar til heilsteyptar tillögur koma fram. Vissulega er hér um djarfar áætlanir að ræða, en fyllsta ástæða er til að ætla að þær beri þann tilætlaða árangur að varðveita kaupmátt launa eins og frekast er unnt, samhliða því sem hagur atvinnuveganna batnar og nýtt átak mun verða gert í atvinnumálum almennt, sérstaklega þó í nýjum greinum, t. a. m. fiskiræktinni, en enginn efi er á því að þar eru gífurleg tækifæri og þar er hægt að byggja upp öflugan atvinnurekstur á skömmum tíma, sem gæti farið að skila þjóðinni mjög miklum verðmætum innan nokkurra ára, enda ekki vansalaust að við skulum hafa dregist langt aftur úr nágrannalöndum okkar þótt aðstæður séu betri til fiskiræktar hér en þar, og miklu betri.

En til þess að árangur náist svo unnt verði að efla nýja og eldri atvinnuvegi og tryggja fjárhagslegt öryggi heimilanna og einstaklinga þarf að verða breyting í peningamálum. Hér hafa menn trúað því að unnt væri að ráða við verðbólgu með því að takmarka seðlamagn í umferð. Raunin hefur orðið öll önnur eins og hver einn veit nú og skilur. Þess vegna er unnið að því í bankakerfinu að aflétta skömmtunarstjórninni og koma á svipuðum háttum á lánamarkaði og er í öðrum löndum og var hér raunar allt fram á síðasta áratug. Peningamagnskenningin svonefnda hefur alls staðar beðið skipbrot, bæði hér og erlendis.

Það er mikill misskilningur, sem við höfum heyrt utan að okkur síðustu vikurnar og hér í kvöld, að stjórnarflokkarnir væru að gefast upp á því verkefni sínu að kveða verðbólguna í kútinn og efla atvinnuvegi sem síðan gætu staðið undir sífellt batnandi lífskjörum. Þvert á móti er nú kappsamlega að þessu unnið og hygg ég að ég hafi í fáum orðum gert mönnum nokkra grein fyrir þeim kostum sem fyrir hendi eru. En væntanlega er öllum ljóst að ríkisstj. er ekki ráðalaus. Þvert á móti ræðir hún þau úrræði sem til bjargar munu verða. Menn skulu því ekki halda að nein kreppa eða afturför sé fram undan í íslensku þjóðlífi. Þvert á móti höfum við öll skilyrði til þess að efla bæði atvinnuvegi vora og bæta hag landsmanna allra. — Góða nótt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Góðir hlutstendur. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur nú setið að völdum í rúma 17 mánuði og á þessum 17 mánuðum hefur henni tekist að gera slíkan usla í ríkinu með vanhugsuðum og óréttlátum stjórnaraðgerðum að menn vita ekki lengur sitt rjúkandi ráð, einkum þeir sem í ríkisstj. sitja. Á ríkisstjórnarheimilinu er daglega spurt margra spurninga, eins og: Eigum við að halda áfram að vera saman í stjórn eða eigum við að stokka upp í stjórninni? Eigum við að halda áfram með sömu stjórnarstefnu eða eigum við að reyna eitthvað annað? Hefðum við kannske átt að leggja meiri áherslu a skattalækkunarleiðina í samningunum eða hvað? Og hvað eigum við að gera núna í kjölfar samninganna? Eigum við að fella gengið, hækka eða lækka vexti o. s. frv., o. s. frv.?

Þannig er nú spurt í hæstv. ríkisstj., eins og menn geta lesið um í blöðum og heyrt í fjölmiðlum. Spurningarnar eru óteljandi, en svörin engin enn sem komið er þótt hæstv. iðnrh. tali hér stórkarlalega eins og hans er vandi til.

Þótt ráðaleysi hæstv. ríkisstj. hafi e. t. v. aldrei verið meira en nú á þessum haustdögum er það síður en svo nýtt af nálinni. Fyrir réttu ári var alþjóð birt svokölluð svört skýrsla um ástand íslenska þorskstofnsins og þá þegar var ljóst að undir eins yrði að leita nýrra leiða í íslenskum atvinnumálum. Fyrirsjáanlegur var gríðarlegur samdráttur í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútvegnum. Þetta var okkur öllum ljóst fyrir heilu ári. Og hvað gerir ríkisstj.? Hún tekur sér tíu mánaða umhugsunarfrest um málið og loksins 6. sept. s. l. sendir hún frá sér plagg sem hún nefndi: Samkomulag stjórnarflokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Þær tilögur sem þar var að finna voru ákaflega lauslegar og á þeim var ekki nokkur leið að sjá hvernig ríkisstj. hugsaði sér að láta atvinnu- og efnahagsmáladæmi þjóðarinar ganga upp, enda hefur þessu samkomulagi ekki verið flíkað síðan, heldur hefur það legið í þagnargildi í ráðaleysiskistu ríkisstj.

Eitt var þó alveg ljóst af þessu samkomulagi og það var að launafólki í landinu var ætlað að halda áfram að greiða niður verðbólguna. En í grein 2.6. í skjalinu segir, með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrv. verður miðað við að kauptaxtar verði að meðaltali um 5% hærri en þeir verða nú í árslok."

Þótt nýsköpun atvinnuveganna hafi verið óljós lá ljóst fyrir að halda átti áfram með þá launaskerðingarstefnu sem þessi ríkisstj. hefur rekið ótrauð allan sinn valdaferil. Allt tal hennar um að láta skattalækkanir koma á móti áframhaldandi kjaraskerðingu var hjóm eitt því ríkisstj. lagði aldrei fram neinar tillögur um hvernig hún ætlaði að mæta því tekjutapi sem ríkissjóður yrði fyrir ef þessi leið væri farin.

Og svo urðu menn hissa þegar verkföll skullu á. Og hæstv. fjmrh. fór á kostum eins og menn vita og heimsfrægt er orðið. Hann lét eftir sér hafa hverja yfirlýsinguna á fætur annarri sem ekki var hægt að skilja nema á þann veg að það fólk sem fór í verkfall til að krefjast mannsæmandi launa væri helstu óvinir lands og þjóðar, virti ekki lög og reglur og hygðist rústa íslenskt lýðræði. Sá hinn sami fjmrh. greiddi hins vegar ekki opinberum starfsmönnum laun sín eins og lög gera ráð fyrir og hefur sjálfur viðurkennt hér á Alþingi að hafa hindrað lögregluna í að sinna skyldustörfum sínum og rannsaka meint lögbrot vegna útvarpsreksturs svo sem henni er skylt að gera samkv. lögum.

Það er ekki fólkið í landinu sem stendur fyrir því að rústa íslenskt lýðræði. Það er ríkisstj. sem það gerir með þessari framkomu sinni. Og það er ríkisstj. sem ber ábyrgð á því langa verkfalli sem opinberir starfsmenn stóðu í. Það gerir hún vegna stefnu sinnar í launamálum, vegna þeirra þungu byrða sem hún hefur lagt á herðar þeirra sem síst mega við því og vegna þess að hún hefur ekkert gert til að stöðva þá peningasöfnun sem á sér stað annars staðar í þjóðfélaginu — annars staðar en hjá launafólki.

Ríkisstj. hafði í upphafi ferils síns töluvert fylgi við stefnu sína. Landsmenn voru tilbúnir til að leggja nokkuð á sig til að ná niður verðbólgunni. En það er þetta blóðuga misrétti, þessi hrapallega misskipting þeirra verðmæta sem til skiptanna eru og úrræðaleysi ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum sem gerir það að verkum að hún nýtur ekki lengur fylgis meiri hluta landsmanna.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Þessi ríkisstj. hefur talað hátt um frelsi; frelsi í útvarpsmálum, frelsi þess sterkari til að gera það sem honum best líkar. En hverjar eru hugmyndir hennar um frelsi í launamálum? Þær eru dálítið aðrar.

Í tíð þessarar ríkisstj. hafa mönnum verið skömmtuð laun með lögum og ekki spurt um frelsi í þeim efnum, t. d. frelsi til að hafa fyrir nauðþurftum með því að vinna fulla vinnu. Ekki hefur verið spurt um frelsi til að lifa mannsæmandi lífi af ávöxtum vinnu sinnar. Og hvað hyggst ríkisstj. nú gera í kjölfar samninga sem ganga þvert á efnahagsstefnu hennar? Við því hafa ekki enn fundist nein svör. Við hlustuðum á hæstv. forsrh. hér áðan og í máli hans var engar tillögur til úrbóta að finna, enda ekki um auðugan garð að gresja í úrræðasmiðju ríkisstj.

En þótt engin úrræði séu sýnileg hjá ríkisstj. er margt sem er og hefði verið hægt að gera. Það hefði t. d. verið hægt að leggja áherslu á krónutöluhækkun launa í stefnumarkandi samningum við opinbera starfsmenn í stað prósentuhækkunar, eins og við Kvennalistakonur höfum þráfaldlega bent á. Þannig hefðum við getað tryggt töluverða hækkun lægstu launa sem var lífsspursmál fyrir þá sem ekki gátu séð sér og sínum farborða af vinnulaunum sínum.

Það var og er enn hægt að dreifa byrðunum réttlátar með því að skattleggja þá sem í dag maka krókinn og engan speking þarf til að sjá að gera það býsna gott og vel það í skjóli þessarar ríkisstj. Þannig er hægt að afla fjár til félagslegra úrbóta og nýrrar atvinnuuppbyggingar sem tryggja bættar aðstæður landsmanna allra.

Það er einnig hægt að spara ríkisfé og fjárfesta það á margvíslegan annan máta en nú er gert og afla þannig landsmönnum öllum aukinna tekna. Svo eitthvað sé nefnt má t. d. verja því fé sem nú fer í að byggja Blönduvirkjun fyrir svissneska auðhringinn Alusuisse — og þar er ekki um smáar upphæðir að ræða — til að byggja upp nýjar atvinnugreinar byggðar á innlendu hráefni og innlendri þekkingu á þeim stöðum þar sem atvinna er nú að leggjast niður sökum margvíslegra erfiðleika í sjávarútvegi.

Það má gera ótalmargt til að tryggja hag lands og þjóðar, en það er einfaldlega ekki gert. Stefna þessarar ríkisstj. leyfir það ekki. Stefna þessarar ríkisstj. leyfir ekki að jafnt sé látið yfir alla landsmenn ganga í baráttunni við verðbólguna. Hún leyfir ekki að tryggð sé afkoma og félagslegt öryggi allra landsmanna. Hún leyfir ekki skattlagningu millilíða og annarra sem hagnast af núverandi efnahagsástandi. Hún leyfir ekki að allir landsmenn sitji við sama borð án tillits til kynferðis, aldurs eða hvar þeir búa á landinu. Hún leyfir ekki að nýrra leiða sé leitað í atvinnuuppbyggingu og látið af gamla stóriðjudraumnum sem fyrir löngu er orðinn að martröð. Og núna síðustu vikurnar virðist hún ekki leyfa svo óyggjandi sé að lög séu haldin í landinu. Slík ríkisstjórnarstefna á ekki rétt á sér og því lýsa Samtök um kvennalista yfir vantrausti á hendur ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

ATKVGR.

Till. felld með 35:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, MF, GeirG, GE, GJG, MálmS, GHelg, HS, SveinnJ, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KMK.

nei: PS, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG, JHelg, BD, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, ÞK.

Tveir þm. (EBS, HÓ) fjarstaddir.

Efnisskrá.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands (130. mál) 816.
Álbræðsla við Straumsvík (143. mál) 843.
Búseturéttaríbúðir (81. mál) 790.
Drengskaparheit unnið 734.
Forræðislausir foreldrar (72. mál) 783.
Löggiltir endurskoðendur (138. mál) 816.
Löggæsla á Reyðarfirði (78. mál) 786.
Mat og skráning fasteigna (107. mál) 813.
Ólöglegur innflutningur og dreifing ávana- og fíkniefna (94. mál) 805.
Rannsóknarnefnd til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva (85. mál) 741.
Sala á íslenskum frímerkjum erlendis (65. mál) 777.
Sala Landssmiðjunnar (133. mál) 817.
Sérdeild við sakadóm Reykjavíkur (92. mál) 802.
Skattar af Mjólkursamsölunni (89. mál) 796.
Skattsvik (95. mál) 808.
Skoðun fiski- og skemmtibáta (67. mál) 773.
Stéttarfélög og vinnudeilur (8. mál) 747, 829.
Stjórnarskipunarlög (7. mál) 830.
Stjórnarskipunarlög (31. mál) 840.
Tekjutap ríkissjóðs vegna undanþága frá söluskatti (38. mál) 767.
Um þingsköp 829.
Umferðarlög (129. mál) 734.
Úthlutunarreglur húsnæðislána (131. mál) 816.
Vantraust á ríkisstjórnina (55. mál) 888.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 733.
Vöruhappdrætti SÍBS (134. mál) 734.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 733, 734, 888.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 830.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 895.
Félmrh. Alexander Stefánsson 791, 795, 918.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 768, 772, 797, 799, 802, 809, 811, 812, 815, 816, 824, 828, 881, 907.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 774, 777,779, 782.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 817, 823, 824, 843, 881, 929.
Landbrh. Jón Helgason 734, 736, 783, 785, 786, 787, 790, 801, 803, 805, 806, 808.
Árni Johnsen 741, 746.
Birgir Ísl. Gunnarsson 733, 834.
Davíð Aðalsteinsson 737, 879.
Eiður Guðnason 737, 744, 822, 868.
Ellert B. Schram 758.
Guðmundur Einarsson 760, 830, 839, 902.
Guðmundur J. Guðmundsson 915.
Guðrún Helgadóttir 777, 781, 783, 784, 800, 829, 837.
Gunnar G. Schram 813, 816.
Halldór Blöndal 753.
Helgi Seljan 735, 740, 786, 789, 790, 892.
Jóhanna Sigurðardóttir 783, 785, 786, 802, 804, 805, 808, 810, 812.
Jón Baldvin Hannibalsson 767, 771, 773, 788, 790, 793, 795, 796, 798, 801, 812, 921.
Karl Steinar Guðnason 734, 821, 827.
Karvel Pálmason 754, 766.
Kjartan Jóhannsson 898.
Kristín Halldórsdóttir 910.
Kristófer Már Kristinsson 747, 840.
Málmfríður Sigurðardóttir 912.
Ólafur Þ. Þórðarson 780.
Ragnar Arnalds 743, 772, 825, 856.
Salome Þorkelsdóttir 738.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 873, 932.
Skúli Alexandersson 773, 775, 820, 826.
Stefán Benediktsson 739, 743, 821, 824, 828, 877, 926.
Svavar Gestsson 763, 889.

Sameinað þing, 18. fundur.

Mánudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseta hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 8. nóv. 1984.

Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Magnús H. Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur forseta borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 9. nóv. 1984.

Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Sverrir Sveinsson veitustjóri, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Sverrir Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 8. nóv. 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Kristínar Ástgeirsdóttur. Það þarf athugunar við og ég fer þess á leit að hæstv. kjörbréfanefnd taki kjörbréf þetta til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Alþt. 1984. B. (107. löggjafarþing).

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Kristínar Ástgeirsdóttur og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Kristín Ástgeirsdóttir undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Kristín Ástgeirsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég býð hana velkomna til starfa á Alþingi Íslendinga.

Efri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 12. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 151). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til sjómannalaga. Frv. þetta var lagt fram á síðasta Alþingi og vísað þá til samgn. Fyrstu almennu siglingalög Íslendinga eru frá 1913 en voru ári síðar, 1914, endurútgefin sem lög. Þar er að finna allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum og þau endurskoðuð og sett í sjómannalög það ár. Núgildandi sjómannalög eru frá 1963. Þau eru að mörgu leyti unnin að fyrirmynd laga annarra Norðurlandaþjóða. Breyting var gerð á 18. gr. þeirra laga árið 1980 þar sem aukin voru réttindi sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði.

Á síðustu tveimur áratugum hefur orðið talsverð þróun í kjaramálum sjómanna sem og annarra launþega og hafa aðrar Norðurlandaþjóðir þegar endurskoðað sín sjómannalög. Þar sem ljóst þótti að gildandi sjómannalög þurftu endurskoðunar við skipaði þáverandi samgrh. nefnd 8. sept. 1981 til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna, svo og um líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar tilnefndir af þessum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda og Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerðar. Páll Sigurðsson dósent var skipaður formaður nefndarinnar.

Við skipun framangreindra nefndarmanna var m. a. leitast við að gæta þess að í nefndinni ættu sæti fulltrúar hinna helstu hagsmunasamtaka eða hagsmunaaðila í

íslenskum sjávarútvegi. Nefndin skilaði sínu nál. í janúar á þessu ári með því frv. sem hér er nú lagt fyrir öðru sinni. Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir í frv. frá þeim sjómannalögum sem nú gilda, miða fyrst og fremst í þá átt að gera mikilvæg atriði ljósari og lögin í heild aðgengilegri til notkunar en nú er, enda mikilvægt að réttarstaðan í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna sé sem skýrust.

Á hitt er þó að líta að aldrei verður með lögum mælt fyrir um allt það er hugsanlega getur valdið ágreiningi á milli sjómanna og útgerðarmanna og hefur frv. helst að geyma ákvæði um þau svið sem reynslan hefur sýnt að raunhæft er að lögbinda. Mörg atriði er heppilegra að skera úr um í kjarasamningum milli þeirra stétta sem við sjómennsku, siglingar og sjávarútveg starfa. Það er erfitt að semja frv. sem átt getur við um alla sjómenn á íslenskum skipum. Hins vegar má fullyrða að sjómannalög Íslendinga sem og annarra þjóða hafa einkennst af ákvæðum sem fremur lúta að stöðu farmanna en fiskimanna. Má e. t. v. einnig finna þess merki í þessu frv. enda þótt sjónarmiða fiskimanna og fiskiskipaútgerðarinnar hafi einnig verið gætt.

Efni þessa frv. skiptist í sex kafla.

Í I. kafla eru almenn ákvæði um gildissvið laganna og skýrð eru meginhugtök sem notuð eru í frv.

II. kaflinn fjallar um ráðningarsamning o. fl. Ákvæði kaflans eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í gildandi sjómannalögum en eru um margt fyllri. Hann skiptist svo aðallega í tvo undirkafla, annars vegar um samningsgerðir og hins vegar um ráðningartíma.

III. kaflinn er um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skipi. Þar eru nokkrar breytingar og nýmæli frá gildandi lögum.

Í IV. kafla er fjallað um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi. Um þetta er nú ákvæði í lögunum frá 1963. Þó er það nýmæli í síðara hluta að sá sjómaður, sem starfað hefur í 15 ár eða lengur í þjónustu sama útgerðarmanns, á rétt til sérstakrar uppbótar sem nemur eins mánaðar launum, sé um yfirmann að ræða, en 15 daga launum, sé um undirmann að ræða.

V. kaflinn fjallar um kaup skipverja, en ákvæði þess kafla fjalla að nokkru leyti um það sama og nú er í 18.—25. gr. laganna frá 1963.

VI. kaflinn er um umönnun og kaup sjúkra skipverja og er ítarlegur kafli um þessi atriði.

Ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir efni þessa frv. að öðru leyti þegar ég lagði það fram seint á síðasta þingi á þessu ári og sé ekki ástæðu til að fara skýrar út í það hér. Hér er um að ræða langt starf þeirra manna sem að samningu þessa frv. hafa staðið. Ég vil þó taka fram að þó að samvinna hafi verið góð í nefndinni og sameiginlegt nál. þá skiluðu þrír nm. sérstakri tillögu um orðalag 36. gr. frv. sem nm. hv. deildar sjá þegar þeir rekja nánar efni þessa frv.

Í vor skýrði ég frá því að ég gerði ekki kröfu til þess að samgn. afgreiddi málið þá, heldur var það fyrst og fremst flutt á því þingi til þess að sýna málið, því hér er um veigamikinn lagabálk að ræða. En ég vænti þess að n. taki frv. til gagngerðrar athugunar og afgreiðslu á þessu þingi þar sem það er flutt svo snemma þings.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 154). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér með að mæla fyrir frv. til siglingalaga. Þetta frv. er mikill lagabálkur upp á 243 greinar. Það er því sjáanlegt á öllu að samgn. þessarar hv. deildar kemur til með að hafa ærið verk að vinna, enda eru þar hraustir og harðir menn sem ég veit að taka fljótt til hendi.

Þetta frv. var lagt fram eins og fyrra frv. á síðasta Alþingi en varð ekki útrætt. Því var vísað til n. og þá tekið fram að ekki væri ætlast til þess að Alþingi afgreiddi það þá. En nú fer ég þess mjög ákveðið á leit að þetta frv. fái afgreiðslu sem fyrst á þessu þingi.

Á síðasta áratug 19. aldar eignuðust Norðmenn, Svíar og Danir samræmda siglingalöggjöf sem var árangur norrænnar samvinnu á því sviði. En það var árangur af starfi samnorrænnar nefndar sem árið 1883 var skipuð til að vinna að undirbúningi nýrra samræmdra siglingalaga meðal Norðurlandaþjóða. Íslendingar tóku ekki þátt í þessu starfi. Skömmu eftir að stjórn Íslandsmála fluttist inn í landið var þó farið að huga að setningu íslenskra siglingalaga, en fram til þess tíma giltu hér að mestu úrelt ákvæði Jónsbókar, hinnar fornu lögbókar Íslendinga, um siglingar og siglingamálefni, einkum ákvæði í svokölluðum Farmannalögum Jónsbókar.

Árið 1913 voru sett siglingalög sem að öllu verulegu leyti voru samin að fyrirmynd hinna norrænu siglingalaga. Þessum lögum var síðan breytt á næsta ári og þá gefin út í heild sem lög, eða árið 1914. Meginstofn þeirra laga stóð allt til ársins 1963 er gerðar voru talsverðar breytingar á lögunum og þau síðan gefin út sama ár og sjómannalögin sem við ræddum áðan. Með þeim lögum var m. a. leitast við að samræma lögin ýmsum alþjóðasáttmálum á sviði siglinga. Enn fremur var haft mið af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á norrænni siglingalöggjöf. Lögunum frá 1963 hefur ekki verið breytt að neinu marki síðan. Þó hefur ákvæðum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna verið breytt fyrst og fremst til samræmis við alþjóðasamþykkt frá árinu 1957.

Siglingar eru alþjóðleg starfs- og viðskiptagrein sem tekur stöðugum breytingum, m. a. vegna tækniframfara og nýjunga í viðskiptaháttum. Slíkri þróun fylgja ný lögfræðileg vandamál sem bregðast verður við með fullnægjandi löggjafarbreytingum meðal siglingaþjóða. Alþjóðlegrar samræmingar hefur mjög gætt meðal siglingaþjóða varðandi siglingalöggjöf og einstaka þætti hennar og hafa margir alþjóðasáttmálar verið gerðir á því sviði.

Á því 21 ári sem liðið er frá setningu laganna hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar gert heildarendurskoðun á sinni siglingalöggjöf. Ef undan er skilin breyting, sem gerð var á reglunum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna 1968 og ég hef áður getið um, hafa íslensku siglingalögin alls ekki verið færð til samræmis við hin endurskoðuðu norrænu siglingalög. Þar sem ljóst var að

lögin frá 1963 þurftu endurskoðunar við þannig að samræmd yrðu lögum annarra Norðurlandaþjóða, en að jafnframt yrði tekið nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna eða sérþarfa á þessu sviði, þá skipaði þáv. samgrh. 8. sept. 1981 nefnd til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna, svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar sömu aðila og sömdu frv. til sjómannalaga og var formaður nefndarinnar Páll Sigurðsson dósent. Starf nefndarinnar birtist í þessu frv. Þar er fjallað um flest hin sömu eða sambærileg efnissvið og getur að finna í núgildandi siglingalögum, en í frv. eru þó ýmsar veigamiklar og víðtækar breytingar frá því sem er eftir gildandi siglingalögum. Margar þessar breytingar eiga rætur að rekja til nýlegra alþjóðasáttmála á sjóréttarsviði sem íslenska ríkið á ekki aðild að.

Efni frv. skiptist í 16 kafla sem ég rakti nokkuð hér í framsögu í vor en ætla ekki að fara að þreyta menn með að fara nánar út í, enda er þetta mjög á sérsviði sem n. kemur til með að fara ítarlega í gegnum og leita umsagnar um frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 12. nóv., að loknum 12. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. 153. mál (þskj. 158). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv., sem hér er lagt fyrir, er flutt að beiðni nefndar sem skipuð var til þess að ræða skipulagningu heilsugæslunnar á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, sem sett voru 1973 og tóku gildi 1. jan. 1974, var m. a. kveðið á um að heilsuverndarstarf skyldi haldast óbreytt eins og það var samkv. lögum frá 1955 þar til heilsugæslustöðvar hefðu verið skipulagðar til þess að annast það. Það var enginn tímafrestur settur til þeirrar skipulagningar. Við endurskoðun laganna um heilbrigðisþjónustu, sem fór fram 1977 og 1978, var þessu bráðabirgðaákvæði ekki breytt, en við síðustu endurskoðun, sem stóð yfir seinni hluta ársins 1982, en þá voru þessi áðurnefndu tvenn lög felld saman um heilbrigðisþjónustu, er í ákvæðum til bráðabirgða gefinn frestur til að koma á heilsugæslukerfi til n. k. áramóta. Það var talið nauðsynlegt að rekið yrði eitt kerfi á þessum vettvangi í landinu öllu og ekki væri seinna vænna að koma því kerfi á, en það var upphaflega ákveðið með lögum, eins og ég sagði áður, fyrir rúmum áratug.

Á s. l. vori komu forsvarsmenn sveitarstjórna hér á höfuðborgarsvæðinu til fundar í rn. til að ræða skipulag heilsugæslunnar á svæðinu með hliðsjón af þeim fresti sem rennur út nú um áramót. Á þeim fundi komu fram ýmis tormerki varðandi skipulagninguna og raddir sem töldu heilsugæslukerfið ekki eiga við á svæðinu að öllu leyti.

Í framhaldi af áðurnefndum fundi ákvað ég í samráði við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að setja á fót nefnd til að gera tillögur um skipan þessara mála innan svæðisins og var nefndin skipuð 20. júní s. l. Með bréfi sem kom frá nefndinni 22. okt. s. l. lýsir nefndin því yfir að vonlaust sé að leggja til fullmótaðar tillögur fyrr en í lok janúar n. k. Því sé talið nauðsynlegt að flytja hér frv. um að framlengja umræddan frest í ákvæðum til bráðabirgða vegna þeirra heilsugæsluumdæma á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki hafa þegar tekið upp heilsugæslukerfið að fullu, til 31. des. 1985. Því er þetta frv. flutt.

Ég tel vonlaust með öllu að gildistaka sem þessi fari fram nema um áramót. Hins vegar vil ég taka fram að ekki er um fleiri staði að ræða á landinu. Á Akureyrarsvæðinu tekur hið nýja kerfi gildi frá næstu áramótum og þar er ekki um nein slík vandkvæði að ræða sem hér eru. Þetta nær því eingöngu til höfuðborgarsvæðisins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 12. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Stjórnarskipunarlög, frv. 7. mál (þskj. 7). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 31. mál (þskj. 31). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Land í þjóðareign, frv. 87. mál (þskj. 90). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv. sem hér er flutt hefur áður verið í tvígang flutt á

Alþingi. Tilgangur þess er að lýsa óbyggðir Íslands þjóðareign, þ. e. öll þau landsvæði sem aðrir en ríkið hafa ekki eignarheimildir fyrir, lýsa þau eign þjóðarinnar í umsjá ríkisins og Alþingis. Eignin næði til allra fasteignarréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra þeirra réttinda sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi og veiðiréttindi yrðu óbreytt frá því sem nú er.

Þegar þetta mál var hér síðast til umfjöllunar gerði ég fyrir því allítarlega grein og mun því ekki gera jafnítarlega grein fyrir því nú, þó ég telji ástæðu til að árétta ýmis atriði í þessu sambandi.

Það er ekki ýkja langt síðan dómur gekk í Hæstarétti um mál af þessu tagi. Samkvæmt þeim hæstaréttardómi á enginn beinan eignarrétt að afréttum, en Alþingi getur ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum og yrði það ekki talið eignarnám. Í þessum hæstaréttardómi er nánast bent á það að löggjöf skorti um þetta efni.

Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður hefur ritað um þetta mál sérstaklega grein í tilefni af 75 ára afmæli Sigurðar Ólasonar hrl. sem flutti einmitt það mál sem hér um ræðir af hálfu fjmrn. fyrir hönd ríkissjóðs. Greinin var endurprentuð í Morgunblaðinu 26. jan. 1982. Ég held að það sé vel við hæfi, enda er það gert með leyfi greinarhöfundar, Gunnlaugs Claessens ríkislögmanns, að rekja meginefni greinarinnar með leyfi forseta:

„Deiluefnið hefur verið kennt við Landmannaafrétt" — þ. e. það deiluefni sem hér um ræðir og hæstaréttardómur hefur gengið í — „og varðar spurninguna um hinn beina eignarrétt að þessu landsvæði. Jafnframt hefur dómurinn almenna þýðingu varðandi það álitaefni, hver teljist réttur eigandi almenninga og öræfa landsins.

Hér verður ekki farið út í flókin réttarfarsatriði, sem mjög settu mark sitt á gang málsins. Málið hafði áður hlotið umfjöllun Hæstaréttar vegna formsástæðna, en efnisdómur var kveðinn upp í Hæstarétti 28. des. 1981.

Í samráði við landbrh. höfðaði fjmrh. f. h. ríkissjóðs eignardómsmál fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu í ársbyrjun 1975. Krafa stefnanda var sú, að ríkissjóði yrði tildæmdur hinn beini eignarréttur að svokölluðum Landmannaafrétti. Fyrir dóm var stefnt öllum þeim sem andmæla vildu eignartilkalli ríkisins að umræddu landsvæði.

Til andmæla gáfu sig fram hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins, hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins, eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. hreppsins og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og hreppsnefnd Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins. Allir þessir aðilar mótmæltu eignartilkalli ríkisins á þeim grundvelli, að þeir væru sjálfir eigendur hins umrædda landsvæðis. Fyrir héraðsdómi urðu málalok þau, að meiri hluti réttarins (tveir dómarar af þrem) féllust á kröfu fjmrh., og viðurkenndu eignarrrétt íslenska ríkisins að Landmannaafrétti.

Allir áðurgreindir heimaaðilar áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar. Kröfðust þeir þess að dóminum yrði hrundið og synjað um viðurkenningu á eignarrétti ríkisins að afréttinum.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að geta þess, að í byrjun sjötta áratugarins höfðaði Landmannahreppur mál út af veiðirétti í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Málsaðilar í því máli voru flestir þeir sömu og urðu málsaðilar í því máli, sem dæmt var í des. 1981 og áður eru taldir upp. Í dómi Hæstaréttar í þessu eldra máli, sem gekk hinn 25. febr. 1955, segir m. a. svo:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti ... Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðilar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941, um rétt til veiði í vötnum á afréttum ..."

Í síðari hæstaréttardómnum, þ. e. þeim sem féll í des. 1981, segir svo m. a.:

„Málflutningur þeirra, er andmælt hafa kröfum ríkisins í máli því, sem hér er til úrlausnar, lýtur að því, að þeir eigi afréttarlandið og gangi eignartilkall ríkisins í berhögg við það. Um þessa málsvörn er þegar dæmt í dómi Hæstaréttar frá 25. febr. 1955, að því er varðar framangreinda aðila þessa máls ...

Í máli þessu verða því andmæli framangreindra aðila gegn eignartilkalli ríkisins, sem á því eru reist, að þeir eigi afréttarsvæði það, sem málið lýtur að, ekki tekin til greina." Ég endurtek: „Í máli þessu verða því andmæli framangreindra aðila gegn eignartilkalli ríkisins, sem á því eru reist, að þeir eigi afréttarsvæði það, sem málið lýtur að, ekki tekin til greina."

Þannig segir í dómi Hæstaréttar. Og lögmaðurinn heldur áfram:

„Eignarréttur heimamanna að afréttinum, hvort heldur hreppsfélaganna eða eigenda og ábúenda jarða, er þannig ekki fyrir hendi. Þess ber hins vegar að geta, að í þessu dómsmáli viðurkenndi stefnandi, fjmrh., rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög leyfa eða venjur eru fyrir.

Því næst kom til úrlausnar í dóminum, hvort fjmrh. f. h. ríkisins hefði gert viðhlítandi grein fyrir eignarrétti sínum að þessu afréttarsvæði, þannig að eignardómur yrði kveðinn upp skv. 220. gr. laga nr. 85/1936.

Svo fór, að Hæstiréttur varð ekki sammála í afstöðu sinni til þess atriðis: Meiri hlutinn, þ. e. þrír dómarar af fimm, taldi óyggjandi sönnun fyrir eignarrétti ríkisins ekki hafa tekist og tók því ekki til greina kröfu fjmrh. f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti til handa ríkinu á margnefndu landsvæði. Minni hlutinn taldi hins vegar öll skilyrði uppfyllt til að fallast mætti á viðurkenningarkröfur ríkisins."

Og lögmaðurinn heldur áfram:

„Í forsendum meirihlutans kom fram, að Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið. Í framhaldi af því segir efnislega, að um eignartilkall ríkisins sé þess fyrst að geta, að eigi hafi af þess hálfu verið settar fram fullnægjandi röksemdir fyrir því, að ríkið hafi eignast landsvæði þetta þegar við stofnun allsherjarríkis á landi hér. Lög þjóðveldisaldar veiti þeirri skoðun eigi stoð eða önnur gögn frá því réttarsögutímabili. Síðan sagði, að gögn fyrir því, að ríkið hafi eignarrétt á þessu landsvæði fyrir eignarhefð, séu eigi haldbær. Þá er þess getið, að skráðar réttarreglur um eignarréttarlega stöðu afrétta séu af skornum skammti

og hið almenna eignartilkall í skilningi einkaréttar, sem ríkið hafi uppi í þessu máli, styðjist eigi við slíkar reglur. Einstök lagaákvæði, sem fjmrh. f. h. ríkisins ber fyrir sig í málinu, svo sem námulög, vatnalög og eldri lög um nýbýli, veiti eigi slíkri almennri reglu stoð.

Í niðurlagi forsendna meiri hlutans segir:

„Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir.“ Um það efni verður þó eigi fjallað hér frekar, eins og mál þetta horfir við.“

Niðurstaðan er nánast sú, að enginn eigi beinan eignarrétt að afréttinum. Eignarrétti heimamanna er alfarið synjað og meiri hlutinn telur ríkið ekki hafa sannað sinn rétt nægjanlega. Niðurlag forsendnanna er hins vegar athyglisvert. Það er ljóst, að Alþingi getur ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum, og slík löggjöf yrði ekki metin sem eignarnám, a. m. k. ekki gagnvart þeim sem voru aðilar þessa máls.“

Þetta er grein Gunnlaugs Claessens ríkislögmanns. Og ég ítreka enn og aftur: Samkvæmt niðurstöðum Hæstaréttar og samkvæmt þessari grein lögmannsins, sem ég hef hér lesið, er ljóst að niðurstaðan er nánast sú að enginn eigi eignarrétt á afréttinum. Eignarrétti heimamanna, ef ég má orða það svo, er alfarið hafnað. Og síðan skortir á að ríkið geti sannað eignarrétt sinn, að áliti meiri hluta hæstaréttardómara. Minni hlutinn, tveir af fimm, telur að þetta sé eign ríkisins. En það athyglisverðasta af þessu öllu er það að meiri hlutinn telur að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem hér er um að ræða. Vel að merkja, hér er gert ráð fyrir því að beitarréttur og annar sá réttur honum skyldur, sem helgaður er af hefð, gildi áfram.

Það frv. sem hér er flutt er beinlínis flutt í samræmi við þennan hæstaréttardóm og tilgangur þess er sá — og sá einn að lýsa þær óbyggðir, sem ekki eru eignarheimildir fyrir, eign þjóðarinnar í heild, í umsjá ríkisins. Og ég vil endurtaka að í raun og sannleika hefur Hæstiréttur beðið um að lög af þessu tagi yrðu sett.

Um þetta frv. vil ég enn fremur segja það, að það er í rauninni þáttur í stefnumörkun Alþfl. um sameign þjóðarinnar á landi sínu. Hér voru fyrr á árum fluttar þáltill. á þessa lund, í fyrstu af Braga Sigurjónssyni alþm. og reyndar í fyrsta skipti árið 1970. Þær till. voru síðan endurfluttar í breyttri mynd árið 1972 og 1976, en náðu í ekkert skiptið fram að ganga. Það varð hins vegar að ráði hjá Alþfl. fyrir nokkrum árum að í stað þess að halda áfram að flytja þessar þáltill. skyldum við flytja nokkur lagafrv. sem vörðuðu einmitt þetta efni, þ. á m. lagafrv. um sameign þjóðarinnar á djúphita í jörðu, en frv. um það efni höfðu líka verið flutt áður bæði af þm. Alþfl. og þm. annarra flokka.

Ég vil beina því til hv. deildar, sérstaklega með tilliti til þess dóms sem þegar hefur gengið í Hæstarétti, að taka nú þetta frv. til raunverulegrar afgreiðslu en láta það ekki sofna í n. eins og gerst hefur áður.

Í framkvæmd mundi þetta þýða, eins og ég hef sagt, að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign ásamt flestum eða öllum afréttum og hálendissvæðum. Á þeim svæðum mundi íslenska þjóðin gera tilkall til allra fasteignarréttinda, sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi, sem fylgja einstökum bújörðum, upprekstrarfélögum eða sveitarfélögum, stæðu óskert, svo og veiðiréttindi og allar aðrar eignarheimildir annarra en ríkisins sem sönnun er færð fyrir.

M. ö. o. er ekki í frv. gerð tillaga um eignaupptöku, um það hefur Hæstiréttur þegar úrskurðað, né heldur eignarnám á landsvæði, hlunnindum eða öðrum eignarréttindum sem eru eign annarra en ríkisins. Samþykkt frv. mundi engu breyta um það efni. Einasti tilgangur frv. er sá að lýsa því yfir að land og landsréttindi, sem aðrir eigendur finnast ekki að, skuli eftirleiðis talin eign þjóðarheildarinnar og um þá þjóðareign verði settar ákveðnar reglur sem tryggi bæði rétt og skyldur almennings gagnvart slíku landi og landgæðum.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vænti þess að það sé þdm. allkunnugt en ég legg áherslu á nauðsyn þess að Alþingi setji nú lög um þetta efni og taki þetta mál til alvarlegrar umfjöllunar og afgreiðslu. Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hæstv. fjh.- og viðskn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta er, að ég ætla, flutt nálega óbreytt frá því sem var hér á ferðinni á síðasta Alþingi. Mál af þessu tagi hafa verið flutt á vegum Alþfl., eins og fram kom hjá hv. 1. flm., allt frá árinu 1970. Í flest skipti þegar slík mál hafa verið flutt hef ég tekið til máls. Stundum hef ég, á meðan þáltill. voru á ferðinni, talað með svipuðum hætti og hv. 1. flm., óskað eftir því að Alþingi tæki nú rögg á sig og afgreiddi málið og þá í því skyni að fella það. En ég hef nú held ég ekki tekið svo stórt upp í mig síðan þessu var breytt yfir í frv. Það má hins vegar vera leiðigjarnt að tala í máli eins og þessu þing eftir þing og vafalaust væri ástæða til þess að Alþingi tæki á þessu máli á einhvern hátt. Það var hins vegar einkanlega ein setning í máli hv. 1. flm., sem hann endurtók að ég ætla þrisvar sinnum, sem varð til þess að ég sá mér ekki fært annað en að koma hér einu sinni enn upp í þennan ræðustól.

Hv. flm. mælti svo að niðurstöður Hæstaréttar hefðu sannað að um engan beinan eignarrétt væri að ræða að afréttum og vitnar síðan til greinar Gunnlaugs Claessens ríkislögmanns þar sem hann segir þetta á þennan máta: „Niðurstaðan er nánast sú að enginn eigi beinan eignarrétt að afréttinum.“ Er þar átt við einn afrétt, þ. e. Landmannaafrétt. Þessa niðurstöðu í grein Gunnlaugs Claessens alhæfir síðan 1. flm. þessa máls hér og þrítekur fram í sinni ræðu, eins og hann sagði orðrétt, „að um engan beinan eignarrétt er að ræða að afréttum.“

Það er nauðsynlegt að hafa það í huga að eignarheimildir varðandi afrétti á landinu eru mjög mismunandi. Ég tel að það sé fjarri lagi, sem hér hefur verið haldið fram, að um afrétti landsins séu ekki til gildar eignarheimildir og þess vegna muni frv., sem afgreitt yrði sem lög í þessu formi, fela það í sér að hálendi landsins og óbyggðir allar yrðu lýst þjóðareign. Þetta er að mínum dómi rangt og sumpart er það notað að víkja til orðalagi til þess að reyna að koma því inn hjá hv. þingdeild að hér sé farið með eins konar niðurstöðu Hæstaréttar.

Ég verð auðvitað að segja það, eins og ég held ég hafi nú komist að orði hér á Alþingi þegar um þetta mál var

rætt á síðasta þingi, að það má auðvitað vera nokkuð óljóst hvað t. a. m. Hæstiréttur metur fullgildar eignarheimildir. Ég hafði þá yfir orð eftir kunnum lögfræðingi sem gáfu mér tilefni til þess að vera með miklar efasemdir um niðurstöðu dómstóla um þessi efni. Ég hafði hlustað á mjög kunnan lagaprófessor flytja erindi um eignarrétt á landi þar sem hann komst í raun að þeirri niðurstöðu að eignarheimildir, skjallegar eignarheimildir, sem gefnar væru út og þinglýstar samkvæmt þeim kröfum sem í gildi væru hverju sinni, kynnu að vera markleysa vegna þess að ekki væri hægt að sanna að þetta tiltekna landsvæði hefði gengið á milli eigenda allt frá landnámstíð þannig að í hvert skipti hefði verið um lögleg afsöl að ræða. Og ef lagaprófessorar leita svo langt til þess að lýsa vantrausti og upphefja gildi eignarheimilda, sem gefnar eru út lögformlega og skjallega miðað við þær reglur sem verið hafa í gildi nú síðari áratugi eða kannske allt að einni öld, þá fer mér að þykja nóg boðið. Þess vegna eru þessar efasemdir mínar enn kynntar hér. Það kynni að mega teljast með ólíkindum hvaða niðurstaða yrði ef skorið væri úr um það atriði sem segir hér í frv.: „þar sem eignarheimildir finnast ekki fyrir."

Nú vitum við um marga afrétti á landinu þar sem slíkar skjallegar eignarheimildir eru til staðar, þinglýstar og lögformlega frá gengnar miðað við það sem gerðar hafa verið kröfur um á þeim tíma. Það væri sannarlega einkennilegt ef þær væru upphafnar vegna þess að ekkert væri hægt að sanna um eigendaskipti á t. a. m. 13. og 14. öld. Þá fer málið mjög að vandast.

Ég er að sjálfsögðu ekki lagamaður eins og allir vita, en það hefur komið mér mjög á óvart að dregið skuli í efa að lög um hefð nái yfir eignarréttindi á óbyggðum og afréttum. Ég ætla ekki að ræða það frekar hér, en það vita sjálfsagt mjög margir og vafalaust allir hv. þm. í þessari deild hvernig þau ákvæði eru. Og það er mjög einkennilegt ef það er niðurstaða Hæstaréttar að lagaákvæði um hefð skuli ekki gilda þegar í hlut eiga afréttarlönd.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma að þessu sinni að öðru leyti en því, að ég er því ekki samþykkur sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að fjmrn. skuli annast meðferð og eignarhald landsvæða í eigu ríkisins, og tel betur komið og eðlilegra að það verði sem verið hefur á hendi landbrn. Ég tel einnig að með þessu frv. væri stefnt að mjög miklu starfi fyrir lögfræðinga með tilheyrandi kostnaði og miklum deilum og málaferlum sem ég held að við höfum ekki neina sérstaka þörf fyrir og hefðum annað þarfara að sýsla en að efna til slíks ófriðar sem af því mundi leiða. Ég tel þó jafnframt að landsvæði þau sem hér er verið að ræða um séu hvergi betur komin en í höndum þeirra sveitarfélaga sem næst liggja og nýtt hafa þessar afréttir frá því að land okkar byggðist og ekki þörf að breyta þar um, og koma þeim að formi til í hendur ríkisins.

Ég skal ekki lengja mál mitt. Aðeins var það þessi setning, sem mér fannst gera það óhjákvæmilegt að ég kæmi hér í ræðustól, sem hv. 1. flm. þessa máls sagði í þrígang, að niðurstaða Hæstaréttar væri sú að í raun væri um engan beinan eignarrétt að ræða að afréttum.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hin þrítekna setning, sem verður hv. þm. Pálma Jónssyni tilefni til ræðuhalda hér, átti vitaskuld við þann dóm sem hér var um að ræða, en að öðru leyti getur verið ástæða til þess að ítreka fáein atriði.

Eins og fram kemur í grg. með frv. og ég tel að komið hafi fram í ræðu minni þá er hér um það að tefla að í tilteknu dæmi hefur Hæstiréttur úrskurðað að það sé í raun enginn eigandi að afréttum í því dæmi. Og það gerist með þeim hætti að eignarrétti heimamanna er alfarið synjað og meiri hlutinn telur að ríkið hafi ekki sannað sinn rétt, en jafnframt ljóst að Alþingi geti ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum og slík löggjöf yrði ekki metin sem eignarnám.

Þá vil ég á það benda að ekki er verið að alhæfa um alla afrétti í því frv. sem hér er flutt, heldur einungis eins og segir í 1. gr. frv.: „Þau landsvæði skulu teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir," þ. e. þau landsvæði sem sama gildir um eins og þau afréttarsvæði sem hinn tilvitnaði hæstaréttardómur gekk um.

Hv. þm. Pálmi Jónsson taldi að mál þessi væru betur komin í höndum landbrn. Mér þykir sjálfsagt og eðlilegt að það sé íhugað hvort umsjón með nytjum landsins, þ. e. nytjun afréttanna til beitar o. þ. h. í þágu landbúnaðar skuli vera í höndum landbrn. sem fer með slík mál. Það á að vera regla hjá okkur að eignir ríkisins heyri undir fjmrn. og þess vegna er hér gert ráð fyrir því að fjmrn. annist framkvæmd þessara laga og hafi umsjón og eftirlit með þessum eignum. En ef það má verða einhverjum til hugarhægðar að nytjum í þágu landbúnaðar skuli fara um hendur landbrn. þá er sjálfsagt að taka það til íhugunar.

En varðandi eignarréttinn sjálfan þá er það tekið fram í 5. gr. frv. að fjmrn. skuli láta kanna eignarrétt á landinu og landgæðum utan heimalanda lögbýla svo að ekki þarf hv. þm. Pálmi Jónsson að hafa áhyggjur af bréfum vegna heimalanda lögbýla. Hann vitnaði hér til þess að það kynnu að vera glötuð einhver skjöl aftan úr forneskju. Ég hef enga trú á því að menn ætli sér að fara út í einhverjar hártoganir þess vegna. Ég bendi sem sagt á að í 5. gr. frv. er það tekið fram að hér sé um könnun á eignarrétti lands að ræða sem er utan heimalanda lögbýla. Það eru meira að segja sett rúm tímamörk á þetta verkefni. Samkvæmt sömu 5. gr. er stefnt að því að þessari könnun skuli vera að fullu lokið árið 1995.

Og í þriðja lagi, varðandi þetta mál, þá er það ekki ætlun okkar flm. frv. að fjmrn. skuli á neinn hátt taka sér dómsvald eða úrskurðarvald ef um ágreining er að ræða. Því að í þessari sömu 5. gr. segir: „Þar sem óvissa þykir ríkja um eignarrétt og land eða landgæði og kynnu hugsanlega að vera þjóðareign, sbr. 1. gr. laga þessara, skal leita úrskurðar dómstóla um eignarréttinn."

Seinasti punkturinn í máli hv. ræðumanns Pálma Jónssonar var sá að með þessu móti fengju lögfræðingar mikið að starfa og að við hefðum öðru þarfara að sinna. Ég held að þetta sé býsna þarft starf fyrir lögfræðinga og langtum þarfara að þeir sinni þessu starfi, sem varðar þjóðina alla, heldur en fasteignaviðskiptum í þeim mæli sem þeir gera. Hér sé einmitt fundið starf fyrir lögfræðinga að því leyti sem til þess þarf að grípa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Orkulög, frv. 88. mál (þskj. 91). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. er af sama toga, má segja, eins og hið fyrra frv., sem ég mælti hér fyrir rétt áðan, um sameign þjóðarinnar á landinu. Hér er um að ræða þá stefnumörkun að sú orka sem fólgin er í háhitasvæðum sé sameign þjóðarinnar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að verulegt átak þarf til að virkja háhitasvæðin. Það er kostnaðarsamt fyrirtæki. Ekki verður séð nein réttlæting fyrir því að sumir menn skuli geta gerst auðugir á því að landskorpan undir fótum þeirra sé eitthvað þynnri á þeim stað þar sem þeir búa en annars staðar. Þess vegna virðist liggja beint við þegar af þessum tveimur ástæðum að háhitasvæði séu lýst þjóðareign í umsjá ríkisins.

Frv. um þetta efni hafa áður verið flutt hér á þingi. Það frv. sem ég geri hér grein fyrir hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum og er að stofni til eldra eins og greint er frá í grg. með frv. En efnisþáttur frv. er sá að djúphiti á háhitasvæðum yrði almannaeign, en jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Sú veigamikla breyting hefur verið gerð í þessu frv. til l. frá frv. sem voru flutt hér fyrr á árum að hér er gert ráð fyrir því að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem hafa keypt sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, haldi þessum rétti sínum óskertum. Við flm. lítum sem sagt svo á að sveitarfélögin séu í þessu tilviki fulltrúar þjóðarinnar, fulltrúar almannavaldsins.

Ef sveitarfélög eða aðilar á þeirra vegum hafa sem sagt keypt jörð eða hluta úr jörð með vinnslu háhita í huga eða hafið vinnslu háhita á háhitasvæði áður en þessi lög taka gildi þá skal í engu við því hrófla og sá réttur haldast óskertur. En að öðru leyti gildi um land á háhitasvæði að sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt að háhitasvæði á sínu landsvæði þó að það sé í umsjá ríkisins.

Eins og ég gat um í upphafi hefur þetta frv. áður verið flutt og er í efnisatriðum tiltölulega einfalt, nefnilega að háhiti skuli vera þjóðareign. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða öllu frekar um það nema hvað ég vil ítreka enn einu sinni að þetta er, rétt eins og varðandi það frv. sem ég var að mæla fyrir hér áðan, efnisatriði sem skortir lög um á Íslandi. Um þetta eru engin lög á Íslandi. Um þetta efni skal vitnað til prófessors Ólafs Lárussonar en hann segir einmitt um þetta atriði í bók sinni Eignarréttur á bls. 46: „Ekki er í íslenskum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeiganda niður á við, en talið hefur verið að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign." Það verður alls ekki talið að nýting djúphita, sem til þarf mikla tækni sem nýlega er til komin, geti fallið undir þessa skilgreiningu. Þess vegna ber Alþingi skylda til að setja lög um þetta efni rétt eins og það efni sem ég fjallaði um hér áðan.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 19. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, fsp. 71. mál (þskj. 72). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Á þskj. 72 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til forsrh. um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hyggst ríkisstj. leggja fyrir Alþingi, það sem nú situr, frv. til stjórnarskipunarlaga um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar? Ef svo er, hvenær er þess að vænta að slíkt frv. verði lagt fram?"

Það er kannske ekki að ófyrirsynju, herra forseti, að þessu máli er hreyft hér í fsp.-formi að þessu sinni vegna þess að lengi hefur stjórnarskrá lýðveldisins Íslands verið í endurskoðun. Það eru nú þegar liðnir meira en fjórir áratugir síðan menn fóru fyrst að fást við það verk, en eins og kunnugt er er stjórnarskráin að stofni til frá árinu 1874.

Á þeim árum sem stofnun lýðveldisins var í undirbúningi þótti einsýnt að endurskoða skyldi stjórnarskrána frá 1874 í heild en ekki gera einungis þær breytingar sem leiddu af því að lýðveldi var upp tekið í stað konungsríkis. Það verk reyndist hins vegar svo viðamikið að ekki tókst að ljúka því 1944, en til þess stóðu þó efni á þeim tíma.

Tvær nefndir störfuðu um þessar mundir að endurskoðun stjórnarskrárinnar, önnur undir formennsku Gísla Sveinssonar, hin var ráðgjafarnefnd undir forustu Sigurðar Eggerz. Nokkrum árum síðar, 1974, tók við stjórnarskrárnefnd sem Bjarni Benediktsson var formaður fyrir og vann einnig mikið og gott verk að áframhaldandi endurskoðun. Þar kom að árið 1972 var enn ný stjórnarskrárnefnd skipuð og var Hannibal Valdimarsson formaður hennar. Miðaði verkinu þó nokkuð áfram meðan sú nefnd sat. Síðast gerist það að í des. 1978 var skipuð stjórnarskrárnefnd, sem síðan hefur starfað, og var formaður hennar Gunnar heitinn Thoroddsen, en núverandi formaður er Matthías Bjarnason heilbrmrh. Sú stjórnarskrárnefnd hefur starfað, eins og ég segi, síðan 1978.

Í ágústmánuði 1980 sendi sú nefnd frá sér tvær skýrslur. Önnur þeirra geymdi yfirlit um ýmis atriði sem komu til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar, í hinni voru hugmyndir um breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi.

2. des. 1982 gaf nefndin út skýrslu um kjördæmamálið og skömmu seinna, fyrir rúmu einu og hálfu ári, í janúar 1983, gaf hún út skýrslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild. Það má heita að sú skýrsla

hafi verið að vissu leyti lokaskýrsla frekar en áfangaskýrsla nefndarinnar um þetta mál. Í formála þeirrar skýrslu, sem þm. hafa ugglaust flestir undir höndum, segir að ýmsum greinum stjórnarskrárinnar hafi verið breytt allverulega frá því sem nú er, en aðrar greinar séu óbreyttar. Samstaða hafi náðst í nefndinni um að senda þingflokkunum þessa skýrslu sem grundvöll að umræðum innan þeirra um textann. Nm. höfðu gert fyrirvara um afstöðu flokka sinna og sína þegar málið kæmi fyrir Alþingi, eins og segir í formála þessarar síðustu heildarskýrslu.

Þetta var í ársbyrjun 1983, fyrir rúmu einu og hálfu ári. Síðan hefur ekki mikið gerst í þessum málum. Það munu aðeins tveir þingflokkanna af þeim fjórum sem upphaflega fengu skýrsluna í hendur hafa sent inn álit sitt á þeim tillögum stjórnarskrárnefndar sem þarna komu fram í heildstæðu formi. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það, hv. ræðumaður?) Mér skilst að það séu Alþfl. — ánægjulegt að geta upplýst fyrirspyrjanda um það — og Alþb. ef ég man rétt.

Þó svo ekki næðist samstaða innan nefndarinnar eru í þessum tillögum stjórnarskrárnefndar mjög merk nýmæli. Það er kannske of langt að telja þau öll hér upp, en þar er m. a. ákvæði um að þingrofsrétturinn, sem verið hefur deiluefni á Alþingi nýlega. Hann er hér mjög þrengdur. (Forseti hringir.) Sömuleiðis heimild til útgáfu brbl., ýmis merk nýmæli í mannréttindamálum, ákvæði um auðlindir og umhverfisvernd.

Á vorþinginu 1983 bar þáverandi formaður stjórnarskrárnefndar og þáverandi forsrh., dr. Gunnar Thoroddsen, fram frv. til stjórnarskipunarlaga sem byggðist á þessum tillögum nefndarinnar. Þetta yfirgripsmikla frv. náði þá ekki fram að ganga, enda seint fram borið, og það var ekki endurflutt á síðasta þingi, en hins vegar gerðar breytingar á kosningakafla stjórnarskrárinnar eingöngu eins og mönnum er kunnugt. Það er því ekki ástæðulaust að spurt er hér hvaða áform ríkisstj. hafi uppi um flutning frv. á þessu þingi um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem svo lengi hefur verið í undirbúningi. Mikil vinna hafði verið lögð í það af hálfu allra flokka að undirbúa tillögur sem frv. dr. Gunnars Thoroddsens byggðist á. Því má segja að ekki ætti að vera neitt að vanbúnaði í þessu efni. Miklu fremur mætti halda fram að dregist hafi úr hömlu að koma málinu í heila höfn, svo langan tíma sem meðferð þess öll hefur tekið.

Að lokum þetta: Það er skoðun mín að tímabært sé að setja lýðveldinu nýja og vandaða stjórnarskrá sem taki mið af viðhorfum nýs tíma og tryggi grundvallarreglur þingræðis, lýðræðis og jafnréttis á Íslandi. Ég hef beint þessari fsp. til forsrh. því að það er hann, af eðlilegum ástæðum, sem hefur forgöngu alla í þessu máli.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrirspyrjandi hefur rakið allítarlega aðdraganda þessa máls, endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Sú endurskoðun hefur staðið lengi yfir og mikil vinna verið í hana lögð. Frv. var eins og hann gat um, lagt fram af fyrrv. hæstv. forsrh. Gunnari Thoroddsen sem var formaður nefndarinnar. Það frv. var þó ekki að fullu afgreitt frá nefndinni og tók hún það til meðferðar að nýju. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá formanni nefndarinnar og reyndar hafa áður komið hér fram, var frv. sent til umsagnar þeirra þingflokka sem fulltrúa eiga í stjórnarskrárnefnd. Eins og einnig kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hafa svör ekki borist frá Sjálfstfl. og Framsfl. Formaður nefndarinnar hefur tjáð mér að hann hafi hug á að skila frv. fullbúnu í lok janúarmánaðar á næsta ári, en telur þó, miðað við þann drátt sem hefur orðið, litlar líkur til þess að það muni takast. Ég tel því ákaflega ólíklegt að ríkisstj. leggi frv. fyrir það þing sem nú situr. Ljóst er að þegar frv. kemur frá nefndinni þarf vitanlega enn að fjalla um það í flokkunum, tryggja sem breiðasta samstöðu.

Ég vil hins vegar taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að mjög tímabært er að stjórnarskráin sé endurskoðuð og ég vona að því verki megi hraða. Það er lokaspretturinn sem nú er um að ræða. Ég vona því að við getum á þessu kjörtímabili afgreitt nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir glögg og greið svör við fsp. minni. Það kom fram í máli hans að ekki er líklegt að frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga, þ. e. um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, verði reiðubúið í tæka tíð fyrir þinglausnir þannig að unnt verði að leggja það fram á þessu þingi, en ég skildi orð hans svo að ríkisstj. hefði fullan hug á því að koma málinu fram strax og slíkt frv. liggur fyrir og afgreiða það á þessu kjörtímabili. Ég læt í ljós þá von að það geti þá orðið þegar við upphaf eða snemma á næsta þingi. Eins og ég sagði í orðum mínum áðan eru meira en fjórir áratugir síðan þetta verk hófst. Það væri sómi Alþingis að ljúka því sem allra fyrst þó svo það verði ekki á þessu þingi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á algjöru áhugaleysi stjórnarflokkanna um að ljúka því verki sem fyrrv. formaður stjórnarskrárnefndar og hæstv. forsrh., Gunnar heitinn Thoroddsen, hóf og starfaði að samfellt með góðri verkstjórn og þó nokkurri fylgni. Frv. liggur fyrir, en upplýst er af hv. fyrirspyrjanda að þingflokkar stjórnarflokkanna hafi hvorugur haft fyrir því svo mikið sem að svara erindum nefndarinnar. Það er næsta fáheyrt að heilir þingflokkar, sem hafa átt fulltrúa í nefndinni, séu ekki einu sinni bærir til þess vikum, mánuðum og misserum saman að svara einföldu bréfi hvað þá annað. Þrátt fyrir fögur ummæli hæstv. forsrh. í þessu efni ber frekar að líta á verkin en orðin. Í verki hafa þeir sýnt algjört áhugaleysi sitt á þessu máli.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í fyrsta lagi er ljóst að ef vel væri unnið að þessu máli væri vel hægt að leggja fyrir þetta þing frv. að nýrri stjórnarskrá. Ég held að þó að þar sé eitthvað óunnið, að því er formaður stjórnarskrárnefndarinnar hefur upplýst mig um, ætti að vera hægt að vinna það hratt, ef menn vilja og áhugi er á þessu máli, að frv. verði skilað inn í þingið í vetur. Það er satt að segja ekki vansalaust ef það verður ekki gert. En þegar þeir flokkar sem standa að ríkisstj. sýna málinu ekki meiri áhuga en raun ber vitni um og nenna ekki einu sinni að skila aths. til stjórnarskrárnefndarinnar er kannske ekki á góðu von. Ég held að full ástæða sé til að ítreka það sjónarmið, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv., að hér er auðvitað um að ræða

vinnubrögð af hálfu þessara þingflokka sem ber að gagnrýna mjög harðlega og hvet ég þá jafnframt til þess að gera nú hreint fyrir sínum dyrum og skila áliti um þessi mál þannig að þingið geti tekið nýtt stjórnarskrárfrv. til meðferðar þegar á þessu þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er mjög skiljanlegt eftir að nýbúið er að fella vantraust að menn kanni hvort hægt sé að fá þingheim til að samþykkja nýja stjórnarskrá því að þá yrði að sjálfsögðu strax að rjúfa þing og efna til kosninga. En ég tel að það sé ekki síður brýnt að sú nefnd, sem skipuð var til að gæta jöfnuðar meðal þegna landsins og var skipuð í tengslum við niðurstöðu af kjördæmamálinu skili áliti inn til þingsins á þessum vetri.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er greinilegt að þeir sem ferðinni ráða hér á hv. Alþingi í þessu efni, sem hér er nú verið um að ræða, virðast ekki hafa jafnmikinn áhuga á að ljúka því starfi og þeir höfðu þegar um var að ræða breytingu á kosningalögum. Þá var lögð nótt við dag af ákveðnum aðilum til að knýja fram breytingar á þeim þætti mála og tókst, en í þessum þættinum liggur allt eftir. Ég tek undir það sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði um þá nefnd sem skipuð var og er að störfum, það ég best veit, að hún hraði störfum og ljúki þeim, og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hvað störfum þessarar nefndar líður og hvenær þess megi vænta að hún skili af sér þeim störfum og tillögum sem henni var falið að inna af hendi. Það er full ástæða til að ítreka og reka á eftir slíku starfi, ekki síst í ljósi þess að það var eitt af loforðum allra formanna stjórnmálaflokkanna sem hér áttu setu á Alþingi að slíkt skyldi gert. Enn hefur lítið sést af því þó að liðin séu nú hátt í tvö ár síðan lofað var að skipa þessa nefnd og hún skyldi setjast að störfum.

Ég ítreka, ef hæstv. forsrh. gæti upplýst það: Hvað líður störfum þessarar nefndar? Má ekki vænta þess að hún fari að skila af sér tillögum til leiðréttingar á því ófremdarástandi sem er að því er þennan þátt mála varðar meðal þegna í þjóðfélaginu?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Vestf. að nefnd sú, sem skipuð var af þingflokkunum til að vinna að því að skoða jöfnuð á milli dreifbýlis og þéttbýlis í tengslum við stjórnarskrána, þarf að ljúka störfum. Eins og margsinnis var rakið hér var þessu lofað af þingflokkunum þegar breyting var gerð á stjórnarskránni vegna breytingar á kosningalögum. Það var ekki mitt verkefni að kalla þá nefnd saman eða halda henni að störfum. Ég tók það hins vegar að mér þegar undan var kvartað og fékk tilnefningar frá öllum þingflokkum og sat einn fund með nefndinni. Mér sýndust þetta allt vera úrvalsmenn og áhugasamir mjög um verkefnið. Ég hef síðan ekki fylgst með störfum þeirrar nefndar, enda er hún ekki á mínum vegum. En ég efast ekki um að þeir áhugasömu menn drífa starf hennar áfram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör hér. Hér hygg ég að sé einnig a. m. k. einn hv. þm. sem gæti bætt um betur og upplýst okkur hina um gang starfa hjá umræddri nefnd. (**HS:** Miklu fleiri.) Miklu fleiri, segir hv. þm. Helgi Seljan, og ekki er það verra ef við fengjum upplýsingar úr fleiri áttum en einni. — Ég vil beina fsp. til hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, en ég hygg að ég muni rétt að hann eigi sæti í þeirri nefnd. Ég vil gjarnan spyrjast fyrir um hvað líði starfi þessarar nefndar, sem hann sjálfur spurði hér um, og vildi gjarnan fá að vita hvenær ætla megi að hún ljúki störfum.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði, að í þessari ágætu nefnd á sæti hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ég er í þessari nefnd einnig, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir er í þeirri nefnd og, vel að merkja, formaður þingflokks hv. þm. Karvels Pálmasonar, Eiður Guðnason, sem ég efa ekki að gefi þingflokknum daglegar skýrslur um það hvernig þessu nefndarstarfi líður. Hv. 3. þm. Vestf. þarf því ekki að leita lengra en þangað til að fá svar við fsp. um það virka nefndarstarf sem þar hefur farið fram. (**KP:** Er það virkt?)

Til að skýra það orð innan gæsalappa vildi ég segja að þessi nefnd hefur farið hægt og gætilega af stað undir traustri forustu hv. fyrrv. þm. Lárusar Jónssonar og hún hefur haldið fundi sem ég hygg að sé hægt að telja í — ja, kannske ekki í mínútum, en líklega klukkutímum. Það var ákveðið á síðasta fundi hennar, sem stóð þennan venjulega hálftíma eða klukkutíma, að nú ætti að fara að komast skriður á nefndarstarfið og það yrði reynt að flýta í einhverju tillögum frá nefndinni. (**KP:** Og er langt í það?)

Hins ber að geta, hv. þm., að við höfum haft nokkurt samstarf við byggðadeild Framkvæmdastofnunar og fáum þaðan glöggar upplýsingar, eins og er að vænta frá þeirri ágætu stofnun, um ástand þessara mála og horfur í þeim málum. Ég vænti þess að það samstarf, ásamt samstarfi við landshlutasamtökin, sem auðvitað skipta hér langmestu máli, skili einhverjum árangri. En miðað við þetta gætilega nefndarstarf til þessa er ekki að vænta þess að árangurinn skili sér mjög fljótt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er sjálfsagt að leysa úr samgönguleysi innan Alþfl. og gera grein fyrir störfum nefndarinnar. En satt best að segja er ekki innan hennar sá einhugur sem var meðal þingflokksformanna eða formanna stjórnmálaflokkanna í landinu þegar þeir skipuðu nefndina. Mér sýnist að vinnan þar fari nú mest út og suður og menn telji tryggara að vera í bankastjórastöðum en á þingi eftir að þær niðurstöður verði birtar. Ég á ekki von á því að þessi nefnd skili einu né neinu af viti um þessi mál.

Hins vegar hafa orðið þar ákaflega skemmtileg skoðanaskipti og fulltrúi Alþfl. hefur ekki verið neinn eftirbátur annarra hvað það snertir. (**EG:** Áttirðu von á því?)

Það vekur aftur á móti — vakti og vekur — undrun mína að hv. 2. þm. Austurl. hælir nefndinni fyrst og fremst fyrir gætni. Það er höfuðeinkenni allra þeirra sem engu vilja breyta.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í þær umr. sem hafa orðið í nefndinni um hin ýmsu mál. Hitt get ég upplýst að hv. 5. þm. Vestf. hefur tekið meginpartinn af þeim mínútum sem nefndin hefur starfað í langar ræður, að því er hann segir til að upplýsa okkur hina um grundvallarmál sem við höfum aldrei

hugleitt. Og meðan nefndarstarfið fer fram í þeim einræðum hv. þm. er ekki von á því að vel fari. Og ég vil alveg frábiðja mér, þó ég hafi orðað þetta eins og ég gerði, vantrausti á formann nefndarinnar um þetta mál. Hitt er annað mál að hann hefur átt mjög erfitt með að hemja málgleði hv. þm. í nefndinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það var nú fyrst og fremst út af ummælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um að hann teldi að þessi nefnd mundi ekki skila einu eða neinu af viti. Mér finnst ástæða fyrir hæstv. forsrh., í ljósi þess að ég hygg að hann trúi og treysti ummælum þessa ágæta þm., að hafa hönd í bagga með störfum þessarar nefndar þar sem hann hafði frumkvæðið að því að hún yrði sett á laggir, ef það sýnist rétt vera, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson heldur að verði og á að vera dómbær um, að þaðan komi ekki eitt eða neitt af viti.

Ég hafði heyrt hið sama af því er varðaði málsnilld hv. þm. Ólafs Þórðarsonar í nefndinni. Vildi ég að sjálfsögðu ekki hafa að fyrra bragði orð á slíku, enda orðvar maður, enda kom það í hlut annarra að hafa orð á því. En ég held að það sé full ástæða til þess, ekki síst fyrir þá sem bera ábyrgð á því sem gert er með breytingu á kosningalögunum og þar með að draga úr hlut dreifbýlis hér á Alþingi, að huga betur að þeim loforðum sem gefin voru í tengslum við þessa breytingu. Það þýðir ekki fyrir hæstv. forsrh. eða formenn stjórnmálaflokka, sem hér eiga hlut að máli, að skjóta sér undan því. Það voru þeir sem gáfu þessi loforð og fyrirheit í nafni tiltekinna flokka. Auðvitað ber þeim að standa við þau og hefðu átt að vera búnir að því. En enn er tími til þess að bæta ráð sitt og ég treysti því að hæstv. forsrh., í ljósi ummæla flokksbróður síns Ólafs Þ. Þórðarsonar, hafi gát á nefndinni, ef við orðum það svo, og sjái til þess að eitthvað komi þaðan af viti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi nefnd, sem hér er nokkuð rætt um, var skipuð samkv. yfirlýsingu formanna flokkanna þegar kosningalögunum var breytt. Það var auðvitað ætlast til þess að það yrði unnið samkv. þessari yfirlýsingu. Nú kemur í ljós að einn nm. stjórnarflokkanna lýsir því yfir að þessi nefnd muni engu skila að gagni, hún sé ónýt með öllu. Þar með sé ég ekki betur en annar stjórnarflokkanna líti svo á að starfsemi þessarar nefndar sé markleysa. Ég tel það ákaflega alvarlega yfirlýsingu. Það er óhjákvæmilegt að þeir aðrir sem stóðu að þessari yfirlýsingu formanna flokkanna á sínum tíma íhugi þessi mál mjög vel í ljósi þess sem fram hefur komið hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni. Ef þessi nefnd ætlar ekki að skila neinu er ekki staðið við það sem lofað hafði verið og á að standa við.

Í öðru lagi, herra forseti, tók hæstv. forsrh. þannig til orða að hann hefði kallað nefndina saman og í rauninni kæmi nefndin honum ekki við eftir það. Þetta er nokkuð athyglisvert. Vill þá hæstv. forsrh. líta þannig á að þessi nefnd sé ekki á vegum ríkisstj.? Ef svo er hlýtur nefndin að vera á vegum Alþingis, þ. e. á ábyrgð hæstv. forseta Sþ. Ef þessi afstaða er rétt, sem út af fyrir sig getur verið, held ég að eðlilegt væri fyrir formenn flokkanna, sem stóðu að yfirlýsingunni á sínum tíma, að snúa sér að hæstv. forseta Sþ. og knýja á um að hann sjái til þess að nefnd þessi vinni eins og ætlast verður til að hún geri. Ég mun fyrir mitt leyti ræða þetta mál sérstaklega við forseta Sþ. eftir þær alvarlegu upplýsingar sem fram koma hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, sem svo að segja drap nefndina af hálfu Framsfl. áðan, og einnig eftir þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. og formanns Framsfl. að nefndin komi Framsfl. og forsrn. a. m. k. ekkert við.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins stutt aths. Eins og fram kemur í því þskj. sem fylgdi afgreiðslu stjórnarskrárbreytingar í tengslum við kosningalögin kemur skýrt fram að þingflokkarnir sammæltust um að setja á fót umrædda nefnd. Ég skýrði frá því áðan, þar sem því var beint til mín í umr. að nefndin hæfi störf sem fyrst, að ég ræddi við formenn allra þingflokkanna, fékk tillögur um menn í nefndina og sat einn fund með henni. En ég lít svo á að hún sé á vegum þingflokkanna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er rétt að hér komi fram að ég hef hvorki drepið þessa nefnd með málgleði eða á annan veg. Hitt er rétt að ég hef haft meira að segja um byggðamál en aðrir menn í nefndinni og skyldi engan undra. Það sem mest stendur nefndinni fyrir þrifum er að hver þingflokkur fyrir sig fékk sínum nefndarmönnum ekkert veganesti að því er virðist. Satt best að segja hefur álit mitt á niðurstöðunum ekkert breyst frá því sem ég sagði hér áðan.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að benda á að hér á að fara fram umr. um fyrirspurn um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Nú þykir mér hv. þm. vera komnir út og suður frá því dagskrármáli þar sem umr. snýst um störf allt annarrar nefndar en störf stjórnarskrárnefndar.

Launakjör kvenna og karla, fsp. 91. mál (þskj. 94). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á Alþingi 27. mars s. l. var svofelld fsp. lögð fyrir hæstv. forsrh.:

„Er forsrh. tilbúinn til að beita sér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir verði gerðar á launakjörum kvenna og karla í öllum starfsstéttum, jafnt á launatöxtum sem öðrum kjaraþáttum, og að niðurstöður liggi fyrir í lok samningstímabils á vinnumarkaðnum?“

Í svari hæstv. forsrh. við þessari fsp. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Í raun og veru gæti ég látið nægja sem svar við þessari fsp. eitt já. Ég er tilbúinn að beita mér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir eins og hér er spurt um verði gerðar.“

Enn fremur sagði hæstv. forsrh.:

„Ég er tilbúinn að beita mér fyrir athugun af þessu tagi og er tilbúinn að láta fara fram athugun á því hvað hún mundi kosta. Þá er ég tilbúinn að beita mér fyrir því að fjárveiting verði veitt í þessu skyni.“

Nú er mér kunnugt um að strax í apríl beitti forsrn. sér fyrir athugun á því hvernig best mætti standa að slíkri könnun. Var m. a. í því skyni leitað til framkvæmdanefndar um launamál kvenna um að nefndin

léti í té tillögur sínar um það, hve nánar tilgreind og skýrð ættu að vera markmiðin með samanburðarkönnun af þessu tagi. Í maí s. l. sendi framkvæmdanefnd um launamál kvenna forsrn. bréf með ítarlegum tillögum sínum um hvernig best yrði staðið að könnuninni, hvaða markmiðum þyrfti að ná fram og að hverju upplýsingaöflunin ætti að miða.

Nú, *hálfu ári síðar, er ekki vitað á hvaða stigi þessi* könnun er eða hvort hún hefur í raun hafist. En vænta verður þess miðað við þann góða vilja og jákvæðu viðbrögð sem fram komu hjá forsrh. á Alþingi s. l. vetur.

Því er nú spurt: „Hefur sú samanburðarkönnun hafist á launakjörum kvenna og karla í öllum starfsstéttum, jafnt á launatöxtum sem öðrum kjaraþáttum, sem forsrh. tilkynnti á Alþingi 27. mars s. l. að hann væri tilbúinn að beita sér fyrir í samráði við aðila vinnumarkaðarins?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. og fyrirspyrjanda urðu hér umr. um þetta mál á Alþingi á s. l. vetri eða vori og ég játaði því þá að slík athugun yrði gerð. Ég fól síðan aðstoðarmanni mínum að undirbúa þá athugun og munu hv. fyrirspyrjandi og Helga Jónsdóttir, aðstoðarmaður minn, hafa rætt þessi mál.

Bréf kom frá hv. fyrirspyrjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir hönd framkvæmdanefndar um launamál kvenna, dagsett 7. maí. Var því síðan komið á framfæri við Þjóðhagsstofnun sem hefur unnið að þessu máli. Þjóðhagsstofnun upplýsir að málið sé mjög viðamikið og skal ég aðeins nefna atriði því máli til stuðnings.

Í bréfi hv. fyrirspyrjanda, sem var skrifað fyrir hönd framkvæmdanefndar, er óskað eftir því að leitað verði eftir upplýsingum um aldur einstaklinga, hjúskaparstöðu, sambúðarstöðu, börn á framfæri innan 16 ára, skólagöngu, lögheimili eða búsetu, fullt starf eða hlutastarf, stéttarfélag, atvinnugrein, heildarlaun, samsetningu launa, þar með talið fyrir dagvinnu, fyrir yfirvinnu, fyrir vaktavinnu, fyrir bónus, premíu eða aðra kaupauka, fyrir bílastyrk og önnur hlunnindi, fyrir álag umfram samningsbundinn taxta. Einnig eru nefnd nokkur fleiri atriði, sem fróðlegt væri, eins og segir í bréfinu, að fá upplýsingar um. Ég er því sammála að ef þessi samanburður á að vera vel marktækur þarf að fá upplýsingar um þetta allt saman og jafnvel fleira.

Í svari Þjóðhagsstofnunar segir að Þjóðhagsstofnun hafi haft erindi þetta til umfjöllunar. Eru athuganir hennar reistar á skattframtölum og launamiðum og felast í úrvinnslu tekna eftir starfsstéttum, kyni, hjúskaparstétt, landshlutum og atvinnuþátttöku. Þessum athugunum verður lokið á næstu vikum, en ýmis atriði um málið liggja þegar ljós fyrir.

Upplýsingar úr skattframtölum eða tiltækum tekjuskýrslum nægja ekki til samanburðarkönnunar af því tagi sem hér er stefnt að. Ástæðan er fyrst og fremst skortur á upplýsingum um vinnutíma og um að störf og starfsskilyrði séu sambærileg. Könnun af því tagi sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna hefur gert tillögu um yrði ákaflega yfirgripsmikil og að líkindum mjög kostnaðarsöm. Að auki virðist sýnt að það yrði mjög erfitt að afla marktækra upplýsinga frá hópum kvenna og karla sem væru nákvæmlega sambærilegar hvað varðar alla þá þætti starfs, skilyrði til starfa og einkahagi sem ofangreind tillaga gerir ráð fyrir.

Að áliti Þjóðhagsstofnunar kæmi helst til greina að reisa þessa könnun á tekjudreifðri úrtaksathugun úr skattframtölum eftir starfsstéttum, sem síðan yrði fylgt eftir með viðbótarupplýsingum, sem m. a. yrði aflað beint frá launþegum. Þannig mætti fá ýmsar grunnupplýsingar með einföldum og öruggum hætti frá öllum tekjuhópum. Þjóðhagsstofnun kveðst á næstunni geta gefið ákveðnar ábendingar um hvernig að þessu megi standa og hvaða aðilum ætti að fela slíkt verk, segir í *þeirri samantekt sem aðstoðarmaður minn hefur tekið* saman, að höfðu samráði við Þjóðhagsstofnun og byggt á upplýsingum þaðan.

Svarið er sem sagt að þessi vinna er í gangi. Mér þykir hún hafa tekið nokkuð langan tíma og ástæða *til* að reka þarna á eftir. En hún er í fullum gangi og verkið er ansi viðamikið, en á næstu vikum, eins og þarna segir, eru væntanlegar upplýsingar sem vonandi verða nokkurs virði, og þá er hægt að ákveða hvernig starfinu verður haldið áfram og hvernig það verður kostað. Ég tel sjálfsagt að ljúka þessu verki og mun ganga eftir því að til þess fáist fjárveiting.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Ég er sama sinnis og hann, ég tel að þessi undirbúningur hafi tekið nokkuð langan tíma, með tilliti til þess að hann er ekki kominn lengra á veg en hæstv. forsrh. upplýsir.

Þjóðhagsstofnun leggur að vísu til þarna ákveðnar leiðir, hvernig vinna eigi að þessari könnun, en telur sig þurfa einhverjar vikur í viðbót til að leggja endanlega fyrir forsrn. hvernig beri að standa að þessari könnun. Það mikilvægasta í þessu er að mínu mati að forsrh. hefur, með því sem hann hefur hér sagt og sem hann sagði í mars s. l., lýst því yfir að hann sé tilbúinn að standa fyrir þessari könnun. Ég lít því svo á að þessari *könnun verði hrundið af stað. Og ég tel hana raunar* forsendu fyrir því að hægt sé að leita raunhæfra leiða til að bæta kjör kvenna á vinnumarkaðnum. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu forsrh. að þessari könnun verði hrundið af stað innan skamms og ekki síður því, að hæstv. forsrh. mun beita sér fyrir því að fjárveiting fáist til að standa straum af könnuninni.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh., ef það liggur nú fyrir kannske innan fárra vikna hvernig standa eigi að þessari könnun, hvort vænta megi þá þess að hann beiti sér fyrir því núna við afgreiðslu fjárlaga að fjármagn fáist til að gera þessa könnun. Það er að sjálfsögðu forsenda þess að hægt sé að fara af stað með hana.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég legg á það áherslu að fá tillögur Þjóðhagsstofnunar um framhald þessa verks svo að unnt verði að fá fjárveitingu á fjárlögum næsta árs. Ég vil aðeins taka það fram að ég lít svo á að þessari könnun sé reyndar hrundið af stað nú þegar, því að það er verið að vinna þarna mjög mikilvægt undirbúningsstarf og þaðan koma ákveðnar upplýsingar sem eru væntanlega einhvers virði.

En mín niðurstaða er sú, að þessu verki eigi að ljúka eins fljótt og frekast er unnt.

Nám á háskólastigi á Akureyri, fsp. 96. mál (þskj. 100). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. um nám á háskólastigi á Akureyri. Það er 96. mál á þskj. 100. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hvernig hyggst menntmrh. fylgja eftir niðurstöðum nefndar um nám á háskólastigi á Akureyri?

2. Má ætla að slíkt nám hefjist á Akureyri á næsta ári?"

Nefnd sú, hverrar verk hér er rætt um, var skipuð af fyrrv. menntmrh. 27. maí 1982 og skilaði áliti í maí s. l. Tillögur nefndarinnar eru í fjórum liðum. Þar af er einn um nám á háskólastigi á Akureyri. Nefndin gerir það að tillögu sinni að það nám hefjist á næsta ári, haustið 1985, a. m. k. í einhverjum greinum, sem til eru nefndar, og verði tillögur nefndarinnar helst að fullu komnar til framkvæmda á árinu 1986.

Nefndin gerir um það tillögur í stuttu máli að kennsla á háskólastigi verði tekin upp á Akureyri á vegum Háskóla Íslands og nefnir til nokkrar greinar, svo sem eins og tölvugreinar, fyrrihlutanám í viðskiptafræði, greinar sem nýtast mundu sem áfangi til BA-prófs í bóklegum greinum, námsefni fyrsta árs í verkfræði og raunvísindum og auk þess í nokkrum klínískum greinum, þ. á m. í hjúkrunarfræði, en eins og alkunnugt er er mikill skortur á hjúkrunarfræðingum í landinu. Auk þess gerir nefndin tillögur um nám á æðri skólastigum í tónmennt, listnámi og fjallar um fræðilega fyrirlestra. Enn fremur um rannsóknir og annað menningarstarf þó það sé ekki beint það sem þessi fsp. fjallar um.

Nefndin gerði einnig í starfi sínu könnun á því hversu umfangsmikið mætti vænta að nám á háskólastigi yrði á Akureyri ef í boði væri. Kannað var viðhorf nemenda í Menntaskólanum á Akureyri til að hefja nám eða jafnvel að ljúka námi á Akureyri stæði það til boða. Könnunin náði til um 200 nemenda. Þar af svöruðu 175. Þetta voru nemendur á öðru og þriðja ári. Talið var eðlilegt að kanna hug þeirra fremur en að taka með nemendur á fyrsta ári og nemendur á síðasta námsári sem þegar eru í mörgum tilfellum búnir að ákveða námsbraut sína. Það kom í ljós að rúm 75% af þeim sem spurðir voru vildu hefja nám á háskólastigi á Akureyri, stæði það til boða, og rúm 52% vildu stunda allt sitt háskólanám á Akureyri ef það stæði til boða.

Af þessari niðurstöðu dregur nefndin síðan þá ályktun að fjöldi nemenda sem stunda mundi nám á háskólastigi yrði á stuttum tíma ekki færri en 200. Auk þess er rétt að minna á í þessu sambandi að stofnaður var formlega og settur í fyrsta sinn á þessu hausti verkmenntaskóli á Akureyri. Væntanlega munu vaxandi umsvif þess skóla hafa áhrif á þessa tölu til verulegrar hækkunar í framtíðinni, en þar munu verða innan tiltölulega fárra ára, að mati forráðamanna þess skóla, um 1000 nemendur við nám.

Ég vil að lokum, herra forseti, geta þess að fyrir þessu máli er mjög mikill áhugi í héraði og reyndar í fjórðungnum öllum. Heimamenn fylgjast grannt með því hver viðbrögð þessi tillaga stjórnskipaðrar nefndar um háskólanám á Akureyri muni hljóta. Því er hæstv. menntmrh. hér spurður um það hvort vænta megi þess að tillögum nefndarinnar verði hrundið í framkvæmd og þá innan þeirra tímamarka sem nefndin sjálf gerir tillögu um.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hinn 27. maí 1982 skipaði þáverandi menntmrh., Ingvar Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um hvernig vinna megi að því að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Skyldi í því sambandi höfð í huga margs konar menningarstarfsemi, en sérstaklega var nefndinni ætlað að kanna hverjir möguleikar væru á því að taka upp kennslu á háskólastigi á Akureyri.

Í nefndina voru skipaðir þeir Birgir Thorlacius, þáverandi ráðuneytisstjóri, formaður, dr. Guðmundur Magnússon háskólarektor og Tryggvi Gíslason, skólameistari Menntaskólans á Akureyri.

Nefndin skilaði ítarlegri álitsgerð í maímánuði s. l. eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. Þar er lagt til að kennsla á háskólastigi verði hafin á Akureyri á vegum Háskóla Íslands í þessum greinum:

1. Gagnavinnslu eða tölvugreinum, eins til tveggja ára nám.
2. Viðskiptafræðum, fyrrihlutanám.
3. Greinum er nýtast megi sem áfangi til BA-prófs, t. d. í tungumálum, uppeldisfræði, m. a. til kennsluréttinda, og fjölmiðlun.
4. Verkfræði- og raunvísindagreinum, námsefni fyrsta árs, er ekki krefst aðstöðu til tilraunastarfsemi umfram það sem fyrir er, og e. t. v. hluti af námi í matvælafræði.
5. Í nokkrum klínískum greinum læknisfræði og verkþjálfun í hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun.

Jafnframt verði stofnað til endurmenntunar í ýmsum greinum, t. d. fyrir kennara, svo og frjáls háskólanáms, þ. e. kennslu með aðstoð sjónvarps og útvarps frá Reykjavík og Akureyri, er nýtist öllum landsmönnum. Að því er varðar annað nám á háskólastigi telur nefndin að unnt sé að stofna til tónmenntanáms, þ. e. kennaranáms við Tónlistarskólann á Akureyri í samvinnu við aðrar skólastofnanir, og bendir á að listnám, kennaranám, hönnun þurfi að stórauka, einkum í tengslum við iðnframleiðslu.

Loks telur nefndin að halda ætti fræðilega fyrirlestra á Akureyri á vegum Háskóla Íslands og annarra skóla og rannsóknastofnana. Á sviði rannsókna telur nefndin eðlilegt að efla rannsóknastarfsemi sem tengist kennslunni, vinnu við rannsóknaverkefni frá rannsóknastofnunum með útibú á Akureyri, svo og að sinna sérstökum verkefnum, t. d. í náttúruvísindum. Loks nefnir hún þjóðháttarannsóknir í tengslum við Þjóðminjasafn Íslands.

Í samræmi við erindisbréf sitt gerði nefndin einnig tillögur er varða annað menningarstarf, en þær verða ekki raktar hér að neinu leyti nema að það skal nefnt að tillögurnar eru til umsagnar hjá þeim stofnunum sem koma þar við sögu.

Í tillögum sínum um háskólakennslu á Akureyri, sem ég hygg að sé það atriði sem menn á Akureyri leggja mesta áherslu á, leggur nefndin áherslu á að sú starfsemi verði á vegum Háskóla Íslands. Menntmrn. hefur því talið eðlilegt að tillögurnar komi til athugunar í tengslum við skýrslu þá sem svokölluð þróunarnefnd á vegum háskólaráðs lagði fram í ágústmánuði s. l., en ráðgert er að sú skýrsla verði höfð til hliðsjónar við

vinnu að stefnumörkun um þróun Háskóla Íslands næstu árin.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun að svo komnu máli um að kennsla á háskólastigi verði hafin á Akureyri á næsta ári, en þó getur komið til þess. Í álitsgerð nefndarinnar segir að lausleg kostnaðaráætlun bendi til að kostnaður við framkvæmd þeirra tillögu liða sem lúta að tveggja ára námi í gagnavinnslu og fyrrihlutanámi í viðskiptafræðum yrði um 7 millj. á verðlagi fjárlaga þessa árs, en kostnaður við hvert þriggja eininga námskeið í öðrum greinum yrði 50—100 þús. kr. Í fjárlagafrv. því sem lagt hefur verið fram fyrir 1985 er ekki gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum í þessu skyni.

Að lokum skal tekið fram að ég tel tillögur nefndarinnar allrar athygli verðar og sjálfsagt að þeim verði gaumur gefinn við undirbúning ákvarðana um starfsemi Háskóla Íslands á næstu árum og að þær verði athugaðar í sambandi við þróunarskýrslu Háskólans og áætlun um framkvæmd mála á grundvelli hennar.

Ég tel að það geti vissulega orðið mjög til góðs að tekin verði upp á Akureyri kennsla í vissum greinum, sem með hægu móti gæti farið fram annars staðar en nákvæmlega í Háskóla Íslands, svo sem t. d. á byrjunarstigum í námi í tungumálum og fleiri greinum. Mér er það ljóst að slík framkvæmd mála gæti komið til góða ekki síst mörgum konum á Akureyri, í kjördæmi hv. fyrirspyrjanda, en ég hygg að einmitt slík tilhögum gæti e. t. v. ráðið úrslitum um það hvort þær hæfu háskólanám eða ekki.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég tel rétt að vekja athygli á því að í raun og veru er ekki fyrst og fremst rætt um fjárfrekar framkvæmdir, steinsteypu eða annað slíkt, í þessu máli. Fyrst og fremst er hér verið að spyrja um það, hvort þær nýju greinar sem menn telja að óhjákvæmilega verði teknar upp í háskólanámi hér á landi á næstu árum, svo og fyrstu áfangar í ýmsu almennu námi, komi til með að verða kenndar í háskóla norðan heiða eða ekki. Hér er líka spurt um eflingu Háskóla Íslands því að sjálfsögðu yrði háskólanám á Akureyri samkvæmt þessum tillögum á vegum Háskóla Íslands. Þar með erum við að ræða um eflingu Háskóla Íslands sem slíks og ekki um stofnun nýs háskóla.

Ég harma það að ekki er gert ráð fyrir neinum fjárveitingum í samræmi við þessar tillögur á næsta ári. En að sjálfsögðu hefur fjárlagafrv. ekki verið afgreitt. Enn gefst því tóm til að breyta þar og bæta úr ef samstaða næst um það hér á hv. Alþingi.

Ég tel rökin, herra forseti, fyrir því að hefja háskólanám á Akureyri margvísleg. Fyrst vil ég þar nefna eflingu Háskóla Íslands sem ég tel brýnt verkefni. Þá má nefna ýmis menningarleg og menntunarleg rök sem of langt mál yrði að telja upp hér. Óhjákvæmilega líta menn á þetta sem byggðamál, sem ákveðinn prófstein á viðhorf í byggðamálum. Það má nefna einnig skipulagsleg rök margvísleg fyrir því að hefja háskólanám á öðrum stað en í Háskóla Íslands hér í Reykjavík, t. d. þau að ýmsar háskóladeildir eru nú þegar orðnar svo stórar og árgangar það fjölmennir að fyllilega réttlætanlegt er að skipta kennslu í þeim námsgreinum upp í smærri einingar, t. d. tvær. Þar á ég við m. a. fyrri hluta eða fyrsta ár í fjölmennustu greinum Háskóla Islands, t. a. m. viðskiptafræði.

Ég vil enn og aftur undirstrika það sem ég sagði hér áðan að fyrir þessu máli er mikill áhugi á Akureyri og í nálægum byggðum. Akureyri sem skólabær hefur dregið til sín og dregur til sín nemendur víðar að en af Norðurlandi. Það kemur í ljós, þegar kannað er, að áhugi nemenda, jafnt þeirra sem eiga sín lögheimili á Akureyri og hinna sem koma um nokkurn veg þangað í skólanám, fyrir því að halda áfram námi sínu á Akureyri er mikill. Nemendur festa þannig tryggð við bæinn og vilja halda þar áfram ef þess gæfist kostur. Þess vegna tel ég að tilkoma verkmenntaskóla og vaxandi fjöldi nemenda, sem ljúka nú stúdentsprófi frá Akureyri og eru þannig tilbúnir til að hefja háskólanám, gefi fullkomlega tilefni til að taka þar upp slíkt nám. Ég hvet hæstv. menntmrh. og ríkisstjórn eindregið til þess að hrinda tillögum nefndarinnar, sem hér hefur verið rætt um, í framkvæmd.

Skipti eða sala aflakvóta, fsp. 108. mál (þskj. 112). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvrh. um skipti eða sölu aflakvóta milli skipa:

„1. Hversu mikil brögð eru að kvótaskiptum, sbr. 18. gr. reglugerðar um stjórn botnfiskveiða 1984:

a. milli skipa frá sömu verstöð,

b. milli verstöðva og

c. að öðru leyti, sbr. lokamálsgr. 18. gr., að fengnu samþykki sjútvrn. og umsögn sveitarstjórna og sjómannafélaga í viðkomandi stöð?

2. a. Er rn. kunnugt um viðskipti með aflakvóta milli útgerða?

b. Hefur rn. heimilað slík viðskipti, sbr. ákvæði í reglugerð?

3. Ef svo er, getur rn. upplýst:

a. á hvaða verði tonnið af þorski gengur í slíkum viðskiptum?

b. hversu mikið aflamagn hefur þannig gengið kaupum og sölum?

c. Hver er hlutur áhafna þeirra skipa, sem selt hafa hluta af aflakvóta sínum, eða kemur hagnaður eingöngu í hlut útgerðarinnar?“

Hér er verið að spyrja grundvallarspurninga um útfærslu á kvótakerfi. Hæstv. ráðh. f. h. ríkisstj. gefur út ávísanir á þessi verðmæti sem hingað til hafa verið ótakmörkuð og frjáls og ekki sætt markaðsverði. Spurning er: Er þessum ávísunum beint til útgerðaraðilanna eingöngu? Eru þeir eigendur fiskistofnananna eða eru sjómennirnir, sem draga þennan afla um borð, hluthafar í þessari þjóðareign?

„4. Ef rn. er, á þessu stigi málsins, ókunnugt um slík kvótaskipti mun það beita sér fyrir rannsókn málsins?“

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Skv. reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984 er heimilt að færa aflakvóta í heilu lagi eða að hluta milli skipa með fernum hætti:

1. Færa má aflakvóta milli skipa í eigu sömu útgerðar.

2. Færa má aflakvóta milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð.

3. Færa má aflakvóta milli skipa, sem ekki eru gerð út

frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða.

4. Færa má aflakvóta milli skipa, sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, án þess að skipti á aflakvótum eigi sér stað, að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð og að fengnu samþykki sjútvrn.

Heimildir þessar til að færa aflakvóta milli skipa þóttu nauðsynlegar þegar reglur um kvótaskiptingu botnfiskaflans 1984 voru settar, þar sem kvótar einstakra fiskiskipa ráðast af veiðum þeirra undangengin þrjú ár. Kvótareglurnar binda því einstök skip talsvert í fortíð sinni og því er svigrúm þeirra til að mæta nýjum kringumstæðum, eins og breyttum útgerðarháttum eða annarri aflasamsetningu, takmarkað. Í slíkum tilvikum hjálpa heimildir til færslu á kvótum upp á sakirnar og gera kleift að koma á hagræðingu í rekstri skipa, sérstaklega hjá þeim útgerðum sem eiga mörg skip, sem sum hver fá e. t. v. lítinn kvóta, sem vart borgar sig að hefja veiðar á.

Fram til þessa hefur rn. heimilað 169 færslur á aflakvóta milli skipa. Þessar færslur skiptast milli áðurnefndra heimilda eins og hér segir:

a) Milli skipa í eigu sömu útgerðar 51 færsla. Magn fisks, sem fært hefur verið, er 8821 tonn.

b) Milli skipa, sem gerð eru út frá sömu verstöð, 97 færslur. Magn fisks, sem fært hefur verið, 8323 tonn.

c) Milli skipa á grundvelli jafnra skipta fimm færslur. Magn fisks, sem fært hefur verið, 497 tonn.

d) Milli skipa að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags á viðkomandi stað 16 færslur. Magn fisks, sem fært hefur verið, er 1902 tonn.

Ég vil taka það fram að þessar tölur eru fram að þeim tíma að verkfall opinberra starfsmanna hófst, en upplýsingamiðlun öll tafðist mikið við það og vantar enn þá allar aflatölur frá Fiskifélaginu bæði fyrir september- og októbermánuð.

Í 12 tilvikum hafa aflakvótar verið færðir í heilu lagi milli skipa. Í langflestum tilvikum er um að ræða tiltölulega litla kvóta loðnubáta sem ekki hafa farið til botnfiskveiða. Í 10 tilvikum er um jöfn skipti að ræða milli báta og eru 6 tilvik innan sömu verstöðvar. Magn fisks, sem heimilað hefur verið að færa, er því alls u. þ. b. 19543 tonn sem skiptist þannig: Þorskur 9698 tonn, ýsa 2217 tonn, ufsi 2601 tonn, karfi 2464 tonn, skarkoli 720 tonn, grálúða 876 tonn, steinbítur 965 tonn.

Varðandi seinni hluta fsp. 2., 3. og 4. lið, má segja að allar þessar færslur eru í eðli sínu viðskipti, en hvort peningar eða önnur verðmæti koma þar við sögu vil ég ekki um segja. Að sjálfsögðu hefur það komið fram í umræðum, en það var ekki talið í okkar verkahring í sjútvrn. að fylgjast með slíku. Að sjálfsögðu telja þeir aðilar, sem t. d. hafa ákveðið að leggja sínum skipum, að þeim beri að fá eitthvað upp í fastan kostnað viðkomandi skips og hafa þar af leiðandi farið fram á það að sá, sem aflann fær, taki þátt í þeim kostnaði. Ég get ekkert um það sagt, sem hér er spurt um, á hvaða verði tonnið af þorski gengur í slíkum viðskiptum. Í öllum tilvikum sem færslur hafa verið heimilaðar hefur rn. farið eftir settum reglum og fram til þessa hefur ekkert komið fram sem bendir til að rannsóknar sé þörf í málinu.

Um hlutdeild sjómanna úr fiski, sem færður er, er það að segja að hann verður að sjálfsögðu ekki veiddur án þeirra þátttöku þannig að þeir koma til með að fá sinn hlut þegar þessi fiskur veiðist.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég þakka sjútvrh. fyrir svör hans svo langt sem þau náðu. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það að kvótakerfið væri óframkvæmanlegt ef ekki væru heimildir fyrir viðskiptum milli útgerðar og skipa. Ástæðan fyrir því er sú, og það er kannske megingalli þessa kvótakerfis, að það bindur menn við einhver meðaltöl um árangur úr fortíðinni og er þess vegna stórhættulegt, þegar til framtíðar er litið, að því leyti að það er hætt við því að það setji skorður við nýjungum, breytingum. Eina undankomuleiðin í þessu kerfi frá því er að sjálfsögðu heimildin um undanþágu, um frávik frá þessu kerfi. Af þessu tilefni væri kannske ástæða til að fara þess sérstaklega á leit við hæstv. ráðh. að reynslan af þessu kerfi það sem af er verði tekin til sérstakrar rannsóknar og skýrsla um það gefin á Alþingi Íslendinga.

Einn helsti tilgangurinn með kvótakerfi var sá að draga úr útgerðarkostnaði vegna takmörkunar á veiðanlegum afla. Þá er spurningin: Hefur þetta kvótakerfi skilað tilætluðum árangri? Hefur raunverulega tekist að draga úr tilkostnaði eða virkar það kannske að sumu leyti öfugt? Virkar það þannig að með því að úthluta bundnum kvóta á skip er skipinu haldið til veiða með öllum þeim útgerðar- og olíukostnaði sem því fylgir, en það sem upp úr krafsinu hefst, sá takmarkaði afli sem leyfður er með kvótum, er kannske í mörgum tilvikum ekki nægjanlegur til þess að réttlæta útgerðarkostnaðinn.

Ég endurtek: Það væri ástæða til og gefst kannske tækifæri til þess síðar að fara þess á leit við hæstv. ráðh. að um þetta verði gerð sérstök skýrsla og lögð fyrir Alþingi. Eins og menn minnast, þá er kvótakerfið tilraun. Því var yfir lýst á sínum tíma að árangur þess yrði síðan metinn. Nú stöndum við frammi fyrir því á þessu hausti að þurfa að taka ákvarðanir um það, hvort framlengja á þetta kerfi eða gera á því breytingar eða jafnvel víkja algerlega frá því. Það verður ekki gert nema fyrir liggi gaumgæfileg úttekt á árangrinum, kostum og göllum.

Hæstv. ráðh. sagði það ekki í verkahring síns rn. að upplýsa okkur um það hvert væri markaðsverð á þorski í slíkum viðskiptum. Um það ganga miklar tröllasögur í verstöðvum landsins. Menn kannast við að ástandið í útgerð og fiskvinnslu er ekki gott. Það er talað um að hæstv. ríkisstj. muni einhvern næstu daga taka ákvörðun um gengislækkun. Það er upplýst að hæstv. forsrh. getur ekki flutt stefnuræðu sína af einfaldri ástæðu. Stefnan er ekki fundin enn þá. Ef mikil brögð eru að því að útgerðir treysti sér til að greiða viðbótarverð umfram umsamið fiskverð, þá kann það að benda til þess að afkoman sé ekki svo slæm. Kannske staðfestir þetta það, sem við raunar vitum, að hún er mjög misjöfn. Sumar útgerðir eru vel reknar, bera sig betur en aðrar og hafa kannske efni á því að greiða hærra verð fyrir aðgang sinn að þessari auðlind. Og það væri mjög fróðlegt, hvort heldur rn. telur það í sínum verkahring eða ekki, að fá slíkar upplýsingar fram í dagsljósið.

Hæstv. ráðh. sagði, að því er varðaði hlut áhafna, að allur fiskur, sem á land berst, væri veiddur af sjómannshöndum og þeir sem veiða þennan fisk fengju sinn

aflahlut. Það var ekki mín spurning. Að sjálfsögðu fær viðtökuútgerðin, viðtökuskipið, sinn hlut af veiddum afla skv. hlutaskiptareglum. En hver er hlutur sjómanna á þeim skipum sem gerð eru út af útgerðum, sem selja sinn kvóta, afsala sér heimildum til veiðanna? Þessar útgerðir fá greiðslu fyrir þann kvóta sem þær afsala sér. Ég spyr og spyr enn og vænti svara frá hæstv. ráðh.: Fá þeir sjómenn, sem þarna eiga hlut að máli, ekkert í sinn hlut af því verði, þeim viðskiptum sem þarna hafa átt sér stað?

Lífeyrismál sjómanna, fsp. 109. mál (þskj. 113). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram til hæstv. sjútvrh. svohljóðandi fsp.:

„Hvað líður endurskoðun á lögum og reglum um lífeyrismál sjómanna þar sem öllum sjómönnum verði tryggð sömu lífeyrisréttindi við 60 ára aldur?"

Á síðasta þingi flutti ég ásamt öðrum þm. Alþb. till. til þál. sem hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að athuga lífeyriskjör sjómanna og gera tillögur um samræmingu lífeyrisréttinda þeirra.

Nefndin skal skipuð af ráðh. skv. tilnefningu sjómannasamtakanna og samtaka útgerðarmanna auk fulltrúa fjmrn., heilbr.- og trmrn. og sjútvrn.

Nefndin skal sérstaklega kanna mismunandi lífeyrisréttindi sjómanna innan Lífeyrissjóðs sjómanna og mismunandi aðstöðu sjómanna til lífeyris um 60 ára aldur, svo og þann kostnaðarauka, sem leiða kann af samræmingu lífeyrisréttinda, og hvernig þeim kostnaði verði best mætt, þ. e. hvort það gerist með auknum iðgjaldatekjum lífeyrissjóðanna eða með öðrum hætti."

Þessi till., sem ég lagði hér fram á síðasta þingi ásamt öðrum þm. Alþb., á sér nokkurn aðdraganda eins og kunnugt er. Það eru nokkur ár liðin síðan tekin var um það ákvörðun hér á hv. Alþingi að sjómenn skyldu eiga rétt til lífeyris frá almannatryggingum við 60 ára aldur. Jafnframt var tekin sú ákvörðun um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna að þeir sjómenn, sem þar eru sjóðfélagar, skyldu einnig eiga rétt á lífeyri við 60 ára aldur.

Nú er það svo að ekki greiða allir sjómenn iðgjald til Lífeyrissjóðs sjómanna, því að nokkrir sjómenn eru einnig innan nokkurra almennra lífeyrissjóða. Þar er um að ræða Lífeyrissjóð Vestfirðinga, Lífeyrissjóð Bolungarvíkur, Lífeyrissjóð verkamanna á Hvammstanga, Lífeyrissjóð stéttarfélaga í Skagafirði, Lífeyrissjóð Austurlands og Lífeyrissjóð Vestmannaeyja. Þess vegna var ljóst að með breytingunni á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna voru ekki tryggð réttindi allra sjómanna til lífeyris við 60 ára aldur.

Þetta hefur skapað margvísleg vandamál og er því nauðsynlegt að á þessum málum verði tekið. Á síðasta þingi þá komu þessi mál til nokkurrar umr. M. a. kom þá fram í ræðu, sem hæstv. sjútvrh. flutti, að þessi mál væru til nokkurrar athugunar á vegum hans rn. Sömuleiðis hafa þessi mál verið til sérstakrar athugunar á vegum fjmrn. sem fer með málefni lífeyrissjóðanna. Einnig snertir þetta mál heilbr.- og trmrn. sem fer með málefni Tryggingastofnunar ríkisins. Það eru því þrjú ráðuneyti sem hér koma við sögu. Ég taldi engu að síður rétt að beina þessu máli sérstaklega til hæstv. sjútvrh., þar sem þessi mál snerta auðvitað hans rn. mjög verulega og kjaramál sjómanna. Þess vegna, herra forseti, ber ég fram fsp. á þessa leið:

„Hvað líður endurskoðun á lögum og reglum um lífeyrismál sjómanna þar sem öllum sjómönnum verði tryggð sömu lífeyrisréttindi við 60 ára aldur?"

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Á vegum sjútvrn. er ekki unnið að endurskoðun á lögum eða reglum er lúta sérstaklega að því að tryggja öllum sjómönnum sömu lífeyrisréttindi við 60 ára aldur. Rétt er að minna á að með lögum nr. 48/1981 var lögum um Lífeyrissjóð sjómanna breytt á þann veg að ellilífeyrisaldur sjómanna var lækkaður í 60 ár að uppfyllum vissum skilyrðum. Lagafrv. var flutt af páv. fjmrh. Í framhaldi af lagasetningunni mun fjmrh. hafa skipað nefnd þann 6. des. 1982 sem mun hafa fjallað um það með hvaða hætti Lífeyrissjóður sjómanna og aðrir lífeyrissjóðir, er hafa sjómenn innan sinna vébanda, geta staðið undir þeim kostnaðarauka sem af lækkun ellilífeyrisaldurs sjómanna stafar.

Þann 1. júní s. l. skipaði sjútvrh. nefnd sem í eiga sæti fulltrúar sjómanna og útvegsmanna svo og sjútvrn. og fjmrn. Í skipunarbréfi til nefndarmanna segir svo:

„Undanfarið hafa farið fram allmiklar umræður um lífeyrismál sjómanna. Fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafa farið þess á leit við sjútvrh. að hann beiti sér fyrir lagasetningu í þá veru að stofn fyrir iðgjald til lífeyrissjóða sjómanna verði samræmdur og verði hinn sami fyrir alla sjóðfélaga, sem stunda sjó, þannig að iðgjald verði framvegis greitt af heildarlaunum allra sjómanna. Þessar hugmyndir hafa mætt andstöðu útgerðarmanna, enda um talsverðan kostnaðarauka að ræða fyrir útgerðina ef til þessarar breytingar kæmi. Jafnframt því telja útgerðarmenn að mál þetta sé fyrst og fremst samningamál.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af stöðu annarra mála, sem þessa aðila varða, hefur rn. ákveðið að láta kanna mál þetta nánar og skipa nefnd til að fjalla um og gera tillögur um málið. Í upphafi var gert ráð fyrir að nefndin skilaði áliti sínu í lok sept., en af því hefur ekki orðið. Mun að því stefnt að nefndin skili áliti í þessum mánuði. Gert er ráð fyrir að tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi og við það miðað að þær gætu tekið gildi á næsta ári."

Um þetta hef ég í sjálfu sér ekki meira að segja. En ég veit hins vegar að hæstv. fjmrh. hefur að sjálfsögðu með höndum upplýsingar um það mál sem hér er sérstaklega spurt um, þ. e. að tryggja öllum sjómönnum sömu lífeyrisréttindi við 60 ára aldur.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fsp. hv. 3. þm. Reykv., þeirri sem hér er til umr. og er beint til sjútvrh., tel ég rétt að gera grein fyrir eða skýra frá afskiptum fjmrn. af þessu máli. Ég tel það best gert með því að lesa hér upp greinargerð nefndar er fjallaði um málið og raunar undirstrikar í hvers konar flækju það er. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp plaggið, en það er dags. 6. mars 1984 og stílað til fjmrh. og hljóðar svo:

„Með bréfi dags. 6. des. 1982 vorum við undirritaðir

skipaðir í nefnd af Ragnari Arnalds, þáv. fjmrh., til að fjalla um lífeyrismál sjómanna.

Nefndin hefur á þrem fundum rætt um með hvaða hætti lífeyrismál sjómanna gætu staðið undir þeim kostnaðarauka sem hlýst af lækkun á ellilífeyrisaldri sjómanna er ákveðin var með lögum nr. 48 frá 29. maí 1981. Nefndin hefur einnig rætt um þann vanda sem upp er kominn í öðrum sjóðum, sem hafa sjómenn innan sinna vébanda, svo og þá erfiðleika sem upp gætu komið vegna flutnings á réttindum til sjóðsins.

Eigi lögin um Lífeyrissjóð sjómanna að standa óbreytt í framtíðinni er varla nema um tvær leiðir að ræða til að afla fjár til að standa straum af hinum aukna kostnaði. Önnur er sú að stjórnvöld beri ábyrgð á lagasetningunni og tryggi það fjármagn sem til þarf, eins og þau hafa raunar gert með því að útdeila fé úr gengismunarsjóði til Lífeyrissjóðs sjómanna og SAL-sjóða sem hafa sjómenn innan sinna vébanda. Hin leiðin er sú að staðið verði undir auknum kostnaði með verulegri hækkun á iðgjöldum.

Ekki hefur náðst samstaða í nefndinni um málið. Formaður nefndarinnar, Höskuldur Jónsson, hefur lýst því yfir að ríkissjóður hafi ekki í hyggju að bera þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda hafa sérstaklega tekið fram að engin vilyrði hafi verið gefin af hálfu sambands þeirra um að atvinnurekendur standi undir umræddum kostnaði með hærri iðgjöldum af þeirra hálfu. Fulltrúar launþega ítreka að sjómannasamtökin hafi í viðræðum við ríkisvaldið alltaf haldið þeirri skoðun fram að ríkissjóður eigi að greiða kostnaðinn og vísa í því sambandi til greinargerðar sinnar um málið sem fylgir bréfi þessu.

Með tilvísun til framanritaðs er ljóst að frekara starf nefndarinnar skilar ekki árangri á meðan afstaða stjórnvalda er óbreytt. Nefndarmennn leggja áherslu á að Alþingi samþykkti breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna samhljóða. Það hlýtur því að vera hlutverk Alþingis að sjá til þess að þessi mál verði færð til þess vegar að framkvæmanleg séu. Allur dráttur á málinu er aðeins til þess fallinn að gera það erfiðara úrlausnar.

Virðingarfyllst,
Höskuldur Jónsson
Bolli Héðinsson
Guðjón Ármann Einarsson
Guðmundur Hallvarðsson
Hermann Þorsteinsson
Jóhannes Sigurgeirsson
Rafn Magnússon."

Ég tek þátt í þessum umr. til að upplýsa hvað fram kom frá nefndarmönnum og hef kosið þá leið að láta þá sjálfa skýra málið eins og það stendur í dag og vísa til bréfs þeirra.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem gefin hafa verið við fsp. minni. Það kom greinilega fram að þeir eru sammála því sjónarmiði að við samræmingu á lífeyrisréttindum sjómanna verði að ganga út frá því að allir sjómenn fái þennan rétt við 60 ára aldur. Þess vegna sé ekki ágreiningur um það heldur hitt, hvernig þessi lífeyrisréttur sjómanna við 60 ára aldur verði fjármagnaður. Mér skildist af svari hæstv. sjútvrh. að hann vonaðist eftir nál. um þessi mál í þessum mánuði og hann gerði ráð fyrir að nýtt kerfi í þessum efnum gæti tekið gildi á næsta ári.

Vandinn í þessu máli hefur auðvitað verið sá, að menn hafa viljað fá réttinn, en það hefur gengið illa að fá menn til að samþykkja að borga fyrir hann. Annars vegar hafa verið uppi hugmyndir um að þetta yrði greitt með framlögum úr ríkissjóði. Hins vegar hafa verið uppi hugmyndir um að iðgjaldastofninn af launum sjómanna verði hækkaður verulega frá því sem verið hefur. Sjómannasamtökin, þ. e. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, hafa verið tilbúin fyrir sitt leyti að fallast á það, en útgerðin, sem greiðir einnig iðgjöld til lífeyrissjóðanna, hefur ekki fallist á það fyrirkomulag.

Ljóst er að ef þetta heldur áfram með þeim hætti sem verið hefur í mörg ár, þá skapar það verulegan vanda og misrétti. Sem dæmi um þann vanda sem hér er við að glíma má nefna það sem gerst hefur í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Þar var ákveðið á fundi 21. okt. 1982 að hefja greiðslur ellilífeyris til sjómanna með sama hætti og Lífeyrissjóður sjómanna gerir og greiðslan var skuldfærð á ríkissjóð. Á fulltrúafundi sjóðsins 24. okt. 1982 var samþykkt samhljóða að breyta reglugerð sjóðsins til samræmis við þær breytingar sem gerðar höfðu verið á Lífeyrissjóði sjómanna hvað varðar rétt til töku ellilífeyris við 60 ára aldur.

Þetta er dæmi um þann stóra vanda sem hér er um að ræða. Í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja voru snemma á þessu ári 14 sjómenn, sem nutu þessara sérstöku lífeyrisgreiðslna frá 60 ára aldri, þó að ekki hefði verið af aðilum aflað sérstakra tekna til að standa undir þessum útgjöldum.

Það er eðlilegt að stjórn lífeyrissjóðsins reyni að koma til móts við sitt fólk. En hitt er auðvitað stórhættulegt ef það gerist víða án þess að um leið sé tryggt hvernig lífeyrissjóðirnir geta í raun og veru staðið undir þessu án þess að ganga á sinn iðgjaldsstofn umfram það sem er varðandi önnur lífeyrisréttindi.

Mér heyrist á hæstv. ráðh. að þetta mál sé á réttri leið og vona að við fáum fréttir af því eftir áramót að lagt verði fram á Alþingi frv. um málið til að taka af tvímæli um að allir sjómenn eigi jafnan rétt við 60 ára aldur. Ég skil yfirlýsingu ríkisstj. svo að ætlunin sé að leggja fram slíkt stjfrv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft stóru máli og máli sem ekki er vansalaust að ekki er búið að ráða bót á. Það eru auðvitað engin tök á því að ræða það mikið í fyrirspurnatíma. Ég vil aðeins vekja athygli á því í þessum umr., út af því sem hér hefur komið fram, að það er skoðun fulltrúa sjómanna og sjómannasamtakanna að hér hafi verið um að ræða loforð fyrrv. ríkisstj., varðandi lausn kjaradeilu sjómanna á þeim tíma, sem ekki hefur verið staðið við. Í því ljósi er sú ákvörðun tekin að stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja greiðir þetta og skuldfærir ríkissjóð fyrir greiðslunni, vegna þess að því er haldið fram af hálfu sjómannasamtakanna að því hafi verið lofað að ríkissjóður tæki að sér að standa skil á þessari greiðslu þannig að allir sjómenn nytu jafnréttis í þessum efnum.

Hér er í rauninni um enn eitt dæmi að ræða þar sem

launþegar, í þessu tilfelli sjómenn, hafa keypt — slétt skipti voru einhvern tíma nefnd — hafa keypt félagsmálapakka og greitt hann í raun og veru með minni kauphækkun en ella hefði orðið, en síðan er ekki staðið við það sem lofað var. (**Iðnrh.:** Hvenær var þetta?) Þetta var í tíð fyrrv. ríkisstj., hæstv. iðnrh., líklega á árinu 1982, ef ég man rétt, en um það er hægt að fá gleggri upplýsingar ef hæstv. ráðh. æskir þess. En ég hygg að það séu líka hér inni hv. þm. sem muna þetta öllu gleggra, þm. sem nær stóðu málinu og komu nær því á þeim tíma þegar þetta var gert, þ. á m. fyrrv. hæstv. ráðh. í þeirri ríkisstj.

En þetta er skoðun sjómannasamtakanna, að við þetta loforð hafi ekki verið staðið. Því er málið komið í það óefni sem það nú er í og gífurlegur mismunur orðinn milli sjómanna, annars vegar í Lífeyrissjóði sjómanna og hins vegar í blönduðu lífeyrissjóðunum, sem sjómenn eru líka aðilar að. Að hinu ógleymdu, að ekki mun líða langur tími þar til Lífeyrissjóður sjómanna verður gjaldþrota, haldi málið áfram á þeirri braut sem það hefur verið.

Það er líklega þriðja nefndin sem nú er að starfi og fjallar um þetta mál og engin lausn eygist enn í þeim efnum. En það er fullkomlega ástæða til að undirstrika það sérstaklega að hér er slíkt stórmál á ferðinni að ekki er vansalaust af hálfu stjórnvalda og Alþingis að láta lengur reka á reiðanum.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þessi mál hafa verið til meðferðar um nokkurt árabil. Það sem gerðist í tíð fráfarandi ríkisstjórnar var þetta:

Í fyrsta lagi var lögum um almannatryggingar breytt til þess að tryggja sjómönnum þessi réttindi við 60 ára aldur. Í öðru lagi var lögum um Lífeyrissjóð sjómanna breytt til þess að tryggja sjómönnum þessi réttindi við 60 ára aldur. Og í þriðja lagi var skipuð nefnd 6. des. 1982 sem fékk þessi mál til meðferðar. Sú nefnd skilaði áliti eftir að núverandi ríkisstjórn tók við.

Ásakanir í þessum efnum um loforð frá fyrri tíð, sem hafi verið svikin, eru auðvitað ekki innlegg í þessar umræður að mínu mati. Ég tel að það hafi aldrei legið fyrir að hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar að ríkissjóður ætti skilyrðislaust að taka þennan kostnaðarauka á sig. Ég tók það a. m. k. fram fyrir mitt leyti aftur og aftur við samtök sjómanna að um það væri ekki að ræða að slíkt loforð lægi fyrir af hálfu þáverandi ríkisstjórnar. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. geti staðfest það vegna þess að við vorum saman í þessum viðræðum við Farmanna- og fiskimannasambandið og Sjómannasambandið á sínum tíma. Það er heldur ekki aðalatriðið í þessu máli hvort ævinlega þarf að stökkva hér upp í ræðustóla til þess að nudda mönnum upp úr svikum eða ekki svikum, heldur er hitt aðalatriðið að menn geri sér grein fyrir því og viðurkenni í fyrsta lagi að hér er um að ræða stóran vanda og í öðru lagi að menn séu sammála um hvernig á að taka á þeim vanda, þannig að allir sjómenn eigi rétt á lífeyri við 60 ára aldur með þessum hætti. Sú afstaða hefur raun og veru ekki legið fyrir. En ég tel að hún liggi nú fyrir með þeirri yfirlýsingu sem fram er komin hjá sjútvrh. og fjmrh. Skæting hv. 3. þm. Vestf. læt ég mér að öðru leyti í léttu rúmi liggja.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég heyrði það á hv. 3. þm. Reykv. að eitthvað kannast hann við þetta mál og ber sig fremur illa undir efndum þeirra loforða sem sjómannasamtökunum voru gefin. Auðvitað er misjafnt mat manna á því hvort það er innlegg í umræður um mál að rifja upp loforð og sýna fram á að ekki sé við þau staðið. Ég held að það geti verið af hinu góða og ætti a. m. k. að geta orðið til þess að þeim sem slík loforð gefa og svíkja síðan verður vart treyst lengur í enn frekari loforðagerð. Ég held því að það sé fullkomlega eðlilegt að rifja upp, ekki síst í máli sem þessu, loforð til handa sjómannastéttinni, sem ekki hefur verið staðið við, og vekja athygli á því að það er til þess ætlast, í þessu tilfelli af sjómönnum, að við þau loforð sem ráðherrar gefa sé staðið.

Ég tel, hv. 3. þm. Reykv., fullkomlega eðlilegt innlegg í umræður sem þessar að bent sé á hverjir það eru sem hér eiga hlut að máli og vart við því að búast að þeim sem svíkja verði treyst aftur.

Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda, fsp. 110. mál (þskj. 114). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 114 að flytja fyrirspurn til félmrh. um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvenær hyggst félmrh. leggja fyrir Alþingi til staðfestingar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, sem kveður á um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda og samþykkt var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1982?“

Í þessari samþykkt kemur fram að síðan tillagan frá 1963, um uppsögn af hálfu atvinnurekenda, var gerð hefur orðið veruleg framþróun í lögum og framkvæmdaáætlun margra aðildarríkja varðandi þau efni sem tillagan fjallar um. Telur Alþjóðavinnumálastofnunin að vegna þessarar framþróunar sé tímabært að setja nýjar alþjóðareglur um efnið, sér í lagi með tilliti til hinna alvarlegu vandamála á þessu sviði, sem eru afleiðing efnahagslegra erfiðleika og tæknilegra nýjunga, sem fram hafa komið á síðari árum í mörgum löndum.

Ég tel, herra forseti, mikilvægt að Ísland fullgildi þessa samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og að hún muni verða verulegur stuðningur til að tryggja starfsöryggi launafólks. Þess vegna er þessi fyrirspurn fram borin.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég svara þessari fyrirspurn um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda. Það svar sem ég get gefið er þess eðlis að ég vil hafa að því svolítinn formála.

Meginregla íslensks réttar er og hefur verið sú, að vinnuveitandi getur sagt upp starfsmanni sínum án þess að hann verði krafinn skýringa á ástæðum. Vinnuveitandinn þarf einungis að virða lög og samningsbundinn uppsagnarfrest gagnvart starfsmanninum. Frá þessari meginreglu eru vissar undantekningar, sem varða suma opinbera starfsmenn, og auk þess njóta trúnaðarmenn vissra réttinda samkvæmt lögum og/eða kjarasamningum. Þá hvílir jafnframt tilkynningarskylda til vinnumálaskrifstofu félmrn. og til viðkomandi verka-

lýðsfélags á atvinnurekanda, sem ráðgerir samdrátt eða aðrar varanlegar breytingar í rekstri, sem leiða til uppsagnar a. m. k. fjögurra starfsmanna, sbr. 55. gr. laga nr. 13/1979.

Ef Ísland staðfestir samþykktina tekst það jafnframt á hendur þá þjóðréttarlegu skuldbindingu að setja lög sem tryggja að launþegar njóti þeirra réttinda með uppsögn af hálfu atvinnurekenda sem samþykktin ákveður sbr. 1. gr. Samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar skal gildissvið slíkra laga ná til alls launafólks og allra greina atvinnulífsins, en þó er heimilt að undanskilja tiltekin afmörkuð svið sem aðallega varða tímabundnar ráðningar og ráðningar til reynslu eða þjálfunar. Það er því ljóst að samþykktin á að tryggja að sú skipan við uppsögn af hálfu atvinnurekenda sem þar er ákveðin skuli vera meginregla í vinnurétti þess ríkis sem staðfestir samþykktina.

Í 4. gr. samþykktarinnar kemur fram aðalefni hennar. Þar er ákveðið að ekki sé heimilt að segja upp starfsmanni nema til þess sé gild ástæða. Gildar ástæður geta verið tvenns konar:

a) Hæfni eða hegðun viðkomandi starfsmanns.

b) Rekstrarlegar ástæður hjá viðkomandi vinnuveitanda. Aðrar ástæður heimila vinnuveitanda ekki uppsögn.

Í 5. og 6. gr. eru talin upp atriði sem ekki teljast gildar ástæður til uppsagnar. Sú upptalning er ekki tæmandi, heldur sett fram í leiðbeiningar- og dæmaskyni.

Í 7. gr. er lögð sú skylda á atvinnurekandann að gefa starfsmanni kost á því að tjá sig um aðfinnslur atvinnurekandans varðandi hæfni eða hegðun starfsmannsins ef slíkt á að vera gild ástæða uppsagnarinnar.

Ákvæði 8.—10. gr. varða rétt starfsmannsins til þess að bera lögmæti uppsagnar undir úrskurðaraðila. Í því sambandi er m. a. gert ráð fyrir að lögfestar verði sérstakar réttarfarsreglur starfsmönnum í hag til þess að koma í veg fyrir að sönnunarbyrðin um það hvort uppsögn teljist lögmæt eða ekki hvíli eingöngu á honum.

11. gr. samþykktarinnar um uppsagnarfrest virðist samrýmast 1. gr. laga nr. 19/1979 og 12. gr. stangast ekki á við gildandi reglur.

Í 13. gr. er skylda lögð á atvinnurekanda, sem hefur í hyggju uppsagnir af rekstrarlegum ástæðum, að hann skuli tilkynna þá fyrirætlan trúnaðarmönnum viðkomandi starfsmanna. Jafnframt skal hann taka þátt í viðræðum við fulltrúa starfsmanna um hvernig megi draga úr þörfinni fyrir uppsagnirnar. Heimilt er viðkomandi ríki, sem staðfestir samþykktina, að binda framangreindar tilkynningar og viðræðuskyldu við tilvik þar sem a. m. k. tiltekinn fjöldi starfsmanna getur átt von á uppsögnum.

14. gr. samþykktarinnar leggur ríka skyldu á vinnuveitanda um að tilkynna fyrirhugaðar uppsagnir af rekstrarlegum ástæðum til stjórnvalda, eins og nú er gert í 55. gr. laga nr. 13/1979. Skyldan samkvæmt samþykktinni virðist þó víðtækari.

Í 15.—22. gr. er fjallað um fullgildingu samþykktarinnar og atriði henni tengd.

Samþykktin felur í sér grundvallarbreytingu á réttarstöðu vinnuveitanda og starfsmanns ef vinnuveitandi ætlar sér að segja starfsmanni upp. Það er meginregla íslensks vinnuréttar að vinnuveitandi getur sagt starfsmanni upp án þess að færa fyrir því nokkur rök. Þessi regla sætir þó undantekningu, sbr. 1. tölulið hér að framan. Vinnuveitandinn þarf einungis að tilkynna uppsögnina með ákveðnum hætti og virða reglur laga og kjarasamninga um uppsagnarfrest. Samþykktin snýr þessari meginreglu við. Samkvæmt henni er meginreglan sú að ekki er heimilt að segja starfsmanni upp störfum nema til þess séu gildar ástæður. Gildir þar einu hversu uppsagnarfrestur er langur. Í samþykktinni er nánar fjallað um hvaða ástæður teljast gildar og jafnframt nefnt í leiðbeiningar- og dæmaskyni hvaða ástæður teljist ekki gildar. Hvar mörkin milli gildrar ástæðu og ógildrar yrðu dregin er ómögulegt að fullyrða um, svo tæmandi sé, en ljóst er að slík mörk yrðu dregin smám saman í gegnum úrlausnir dómstóla. Sérstök ástæða er til að ætla að 1. tölul. 6. gr. geti gefið tilefni til álitamála.

Annað sem felst í samþykktinni er að setja þurfi sérstakar réttarfarsreglur um sönnunarbyrði í málum sem varða gildi uppsagna. Samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum er meginreglan sú að sá sem vill byggja rétt sinn á staðhæfingum þarf að sanna réttmæti hennar. Samþykktin snýr þessu við. Samkvæmt henni þyrfti atvinnurekandinn að sanna að um gilda uppsögn væri að ræða ef til ágreinings kæmi.

Í þriðja lagi skyldar samþykktin vinnuveitanda til þess að tilkynna fulltrúum starfsmanna fyrir fram rekstrarlegar breytingar, sem kynnu að leiða til fækkunar starfsfólks, og jafnframt til þess að gefa fulltrúum starfsfólksins kost á viðræðum með það að markmiði að draga úr þörfinni fyrir fækkun starfsmanna. Eigi slíkar viðræður að vera annað en formið eitt virðist augljóst að vinnuveitandinn yrði að gefa viðmælendum sínum kost á því að kynna sér öll gögn varðandi fyrirtækið sem máli kunna að skipta varðandi ákvörðun um starfsmannafjölda. Hér gæti verið um mjög viðkvæmar upplýsingar að ræða innan fyrirtækjanna sem fyrir fram má reikna með að stjórnendur séu ófúsir að láta út fyrir eigin raðir.

Í fjórða lagi felur samþykktin í sér skyldu fyrir vinnuveitanda að tilkynna stjórnvöldum fyrirhugaðar rekstrarbreytingar sem leiða kynnu til fækkunar starfsfólks. Yrði sú skylda víðtækari en núgildandi íslenskar lagareglur um sama efni.

Niðurstaða mín er því þessi: Staðfesting samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 kallar á lagabreytingar sem ég tel nauðsynlegt að undirbúa vel. Efni samþykktarinnar er þess eðlis að það varðar atriði sem aðilar vinnumarkaðarins hafa tekist á um í kjarasamningum fram að þessu, að verulegu leyti án afskipta löggjafans. Mér virðist því óeðlilegt að Ísland staðfesti samþykktina nema áður hafi farið fram vönduð undirbúningsvinna að nauðsynlegri lagasmíð sem þarf að koma í kjölfar staðfestingarinnar. Ég tel því nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins tilnefni fulltrúa sem fylgjast með og taka þátt í þeirri lagasmíð ásamt starfsmönnum félmrn. Undirbúningur þessa verks er þegar hafinn.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. í umræddri samþykkt er um mjög mikilvæg og brýn ákvæði að ræða, sem tryggja eiga starfsöryggi launafólks, kannske ekki síst vegna

tæknivæðingar og tækniþróunar í atvinnulífinu, fjarvistar úr starfi vegna veikinda og slysa, fjarvistar vegna fæðingarorlofs og bætur vegna atvinnumissis og fleira.

Hæstv. ráðh. telur að undirbúa þurfi lagasetningu áður en Alþingi staðfestir þessa samþykkt. Ég tel að það mundi flýta fyrir því að þær lagabreytingar yrðu gerðar ef Alþingi hefði áður samþykkt fullgildingu á þessari samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Fyrir því eru fordæmi að Alþingi hafi fullgilt alþjóðasamþykkt en á eftir hafi síðan fylgt lagasetning til samræmis við þær samþykktir. Ég nefni t. d. fullgildingu á alþjóðasamþykktum um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf frá 1958, en lög voru síðan sett 1961 þar að lútandi. Ég tel því, herra forseti, að það mundi flýta fyrir ef Alþingi fullgilti þessa samþykkt og lagabreytingar kæmu þá á eftir.

Mér er kunnugt um að launþegahreyfingin leggur mikla áherslu á að Alþingi staðfesti þessa samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Og ég fæ ekki séð að þann undirbúning þurfi sem ráðh. gerir ráð fyrir áður en Alþingi samþykkir þessa samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda vil ég aðeins geta þess hér að ég hef leitað ráða hjá mönnum sem hafa unnið í þessum málum og eru m. a. lögfræðingar hjá bæði launþegahreyfingunni og atvinnurekendum. Þeir hafa fullvissað mig um að þetta sé mjög viðkvæmt mál og þess vegna sé fullkomin ástæða til, til þess að ná einingu um það að staðfesta þennan mikilvæga sáttmála, að búið sé að gera ráðstafanir til að ná samkomulagi um nauðsynlegar leiðréttingar á gildandi lögum svo að ekki þurfi að standa í deilum eftir á um þetta mál. Á þeim grundvelli hyggst ég vinna að þessu máli, til þess að það þurfi ekki að vera deilumál hér inni á hv. Alþingi.

Greiningarstöð ríkisins, fsp. 114. mál (þskj. 118). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. félmrh. svofellda fyrirspurn:

„Hefur nefnd sú, sem skipuð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, skilað áliti? Ef svo er, hvenær hyggst ráðh. gera grein fyrir áliti nefndarinnar og leggja tillögur hennar um framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins fyrir Alþingi til staðfestingar?"

Í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum um málefni fatlaðra segir svo:

„Félmrh. skal þegar í stað skipa fimm manna nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntmrh. skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrrh. einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félmrh. einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar."

Það eru þessar tillögur sem ég er hér að vitna til í fyrirspurninni og spyrja hæstv. ráðh. um hvenær hann hyggist leggja fyrir Alþingi, tillögur þeirrar nefndar sem hér um getur.

Um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er fjallað í IV. kafla laganna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum skv. 6. gr. skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og heyrir hún undir félmrn. Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.

2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.

3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.

4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.

5. Starfræksla leikfangasafn.

6. Þjálfun starfsstétta sem annast þjónustu við fatlaða skv. 6. og 7. gr.

7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.

8. Veita svæðisstjórnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.

9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félmrn. og svæðisstjórnir.

10. Vera félmrn. til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga.

11. Hjálpartækjaþjónusta."

Eins og sjá má af þessari upptalningu, herra forseti, er hér um viðamikið og flókið verkefni að ræða sem þessari stofnun er ætlað að sinna. Þegar þessi stofnun kom til meðferðar og umræðu hér á hv. Alþingi urðu nokkrar deilur um starfssvið hennar og hvernig hún ætti að haga vinnubrögðum sínum í framtíðinni. Niðurstaðan varð algert samkomulag hér á hv. Alþingi sem fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu stóðu að. M. a. átti núv. hæstv. félmrh. aðild að því samkomulagi sem félmn.-maður á þeim tíma og beitti sér í nefndarvinnunni fyrir því að þetta samkomulag tókst. Þess vegna hefði ég talið að ekki ætti að vera neitt að vanbúnaði að leggja þessar tillögur hér fyrir hv. Alþingi. Því er fyrirspurnin fram borin.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mun svara fyrirspurn á þskj. 118 frá hv. 3. þm. Reykv. þar sem spurt er hvort sú nefnd, sem skipuð var skv. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983 hafi skilað áliti og hvenær ráðh. hyggist gera grein fyrir áliti nefndarinnar og leggja tillögur hennar um framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins fyrir Alþingi til staðfestingar. Þetta bráðabirgðaákvæði

hljóðaði svo:

„Félmrh. skal þegar í stað skipa fimm manna nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntmrh. skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrrh. einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félmrh. einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar."

Félmrh. skipaði þann 15. júní 1983 nefnd skv. þessu bráðabirgðaákvæði í lögunum. Í nefndina voru skipaðir Gunnar Biering, fulltrúi vökudeildar Barnaspítala Hringsins, tilnefndur af heilbrrh., og var hann skipaður formaður nefndarinnar, Jón Sævar Alfonsson, fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar, Arinbjörn Kolbeinsson, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands, Sævar Halldórsson, fulltrúi Athugunar- og greiningardeildar Kjarvalshúsi, tilnefndur af menntmrh.

Bjarni Kristjánsson, forstöðumaður Sólborgar á Akureyri, var skipaður fulltrúi svæðisstjórna. Bjarni Kristjánsson sá sér hins vegar ekki fært að taka þátt störfum nefndarinnar og baðst lausnar 31. ágúst 1983. Var Eggert Jóhannesson, starfsmaður svæðisstjórnar á Suðurlandi, skipaður í hans stað. Ritari nefndarinnar var Margrét Margeirsdóttir í félmrn.

Nefndin skilaði ítarlegri greinargerð og tillögum skv. ákvæði laganna til félmrh. í lok aprílmánaðar s. l. Ég hugðist þá leggja þessa greinargerð fyrir hér á hv. Alþingi. En bæði var að Alþingi var um það leyti að ljúka störfum og eins það að menn voru ekki á einu máli um það hvernig þessar tillögur eins og þær komu frá nefndinni ættu að leggjast fyrir Alþingi. Niðurstaðan varð sú að eðlilegt væri að leggja þetta fram sem þáltill. ásamt öllum gögnum. Var ákveðið að vinna að því að leggja málið í því formi fyrir þing sem nú situr. Síðan hefur verið að þessu unnið og núna er þessi þáltill. ásamt með öllum fylgigögnum, sem eru mjög fyrirferðarmikil og fræðandi, til lokafrágangs í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg.

Ég vænti þess fastlega að geta mælt fyrir þessari þáltill. og tillögum nefndarinnar hér á hv. Alþingi næstu daga. Ég vona að það dragist ekki. Próförkin var til lokafrágangs núna þessa dagana og ég held að það geti ekki skipt nema fáum dögum þangað til till. verður lögð fram. Annað hef ég ekki að segja um málið að þessu sinni.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. ráðh. að nú á næstu dögum verði lögð fram þáltill. um þetta efni þó að vísu megi segja að það hafi tekið töluvert langan tíma að komast að niðurstöðu og leggja þetta mál hér fyrir Alþingi. Ljóst er að jafnvel þótt Alþingi verði sammála um með hvaða hætti eigi að taka á þessu máli um framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins muni það taka nokkurn tíma. Miðað við það fjármagn t. a. m. sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur til umráða er borin von að það geti orðið á næstu árum nema veruleg breyting verði þar á og framkvæmdasjóðurinn fái aukið fjármagn eða greiningarstöðinni verði með öðrum hætti tryggt fjármagn. Þegar til þess er litið að þetta getur allt tekið nokkurn tíma er auðvitað brýnt að finna bráðabirgðalausn fyrir þá starfsemi sem fram fer í Kjarvalshúsi.

Auk ákvæðis til bráðabirgða þar sem fjallað var um þá nefndarskipan sem hér um ræðir var einnig annað ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að menntmrn. skuli þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.

Í beiðni um fjárframlag til Kjarvalshúss og nýjar stöðuveitingar kemur fram að í samræmi við bráðabirgðaákvæðið í lögunum um málefni fatlaðra voru á árinu 1983 fest kaup á húseigninni að Sæbraut 2 og átti þar með að bæta úr því neyðarástandi sem ríkt hefur. Áætlað er að hefja starfsemi að Sæbraut 2 haustið 1984, en nýjar stöðuheimildir eru forsenda þess að hægt sé að auka þjónustumöguleika greiningarstöðvarinnar í Kjarvalshúsi.

Ljóst er að þarna þarf verulega úr að bæta vegna þess að það er um tveggja ára biðlisti að koma börnum að í þessari athugunar- og greiningardeild og nú eru 65 börn á biðlista. Því er auðvitað brýnt að þessar stöðuheimildir fáist. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvað fyrirhugað sé í því efni. Verður það tryggt á fjárlögum nú að þessar stöðuheimildir fáist til þess að hægt sé að taka þetta bráðabirgðahúsnæði í notkun?

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið við fsp. minni. Það er greinilegt að þetta mál kemur hér til meðferðar á hv. Alþingi núna næstu daga og þá verður hægt að taka afstöðu til þess. Ég mun leggja áherslu á það fyrir mitt leyti, að svo miklu leyti sem ég kem nálægt þessu máli, að meðferð þáltill. verði hraðað, enda geri ég þá ráð fyrir að hún sé í góðu samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna. Jafnframt því sem ég þakka ráðh. fyrir svörin vil ég ítreka fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hún bar hér fram áðan varðandi stöðuheimildir í greiningarstöðinni, og vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara henni núna þegar í þessum fsp.-tíma.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Varðandi þær fsp. eða umr. sem hér hafa farið fram vil ég endurtaka að í þessari þáltill., sem er um það bil að koma inn á borð þm., eru ákveðnar tillögur um hvernig með þetta mál sé eðlilegast að fara. Ég held að það sé heppilegast að geyma frekari umr. um málið þangað til það liggur hér fyrir. Eins og fyrir var lagt í 2. lið ákvæðis til bráðabirgða var þegar hafist handa um að kaupa húsnæði að Sæbraut 2.

Framkvæmd þess máls er enn í höndum menntmrh. Ég reikna með því að í meðförum hv. Alþingis næstu daga verði þessi mál færð til þess vegar sem þáltill. og þessi endurskoðunarnefnd gerðu ráð fyrir. Ég geymi mér þess vegna frekari svör við málið þangað til að ég geri grein fyrir till.

Verðjöfnunargjald af raforku, fsp. 116. mál (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Fyrir u. þ. b. ári var tekið til umr. frv. sem fól í sér heimild til þess að innheimta verðjöfnunargjald af raforku til ársloka 1984. Gjaldið skyldi vera óbreytt og

skipting þess einnig. Það eru sem kunnugt er kaupendur raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða sem fyrst og fremst njóta góðs af þessari verðjöfnun.

Enginn efast í raun um að það var af nauðsyn sem verðjöfnunargjaldið var sett á. Kaupendur raforku frá þessum fyrirtækjum borguðu hæsta raforkuverð í landinu, en á undanförnum árum hefur dregið verulega úr þessum mun og allt stefnt í átt til jöfnunar, þ. e. þegar horft er, eins og við gerum svo gjarnan, á verðmun raforku til heimilisnota frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða annars vegar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar.

En hvað ef við skoðum ýmsar smærri veitur úti um landsbyggðina? Þar er útkoman ekki sú sama. Þessar smærri veitur selja margar rafmagn til heimilisnota á mun hærra verði en veiturnar tvær sem verðjöfnunargjaldsins njóta. Og það er ekki vegna þess að þessar veitur séu að safna gildum sjóðum. Rekstrarafkoma þeirra er mjög slæm og flestar eru þær stórskuldugar. Ef sérstök úttekt yrði gerð á rekstri þeirra yrði að öllum líkindum lagt til að þeim yrði endurgreitt verðjöfnunargjald það sem innheimt hefur verið af raforkusölu þeirra, eins og reyndar hefur verið gert í einu tilviki. Það er því orðin spurning hvort verðjöfnunargjaldið stendur enn undir því hlutverki sem því var ætlað og hvort ekki þurfi að leita nýrra leiða til verðjöfnunar.

Það frv. sem ég gat um hér í upphafi og flutt var á árinu 1983 var ekkert nýnæmi hér á Alþingi. Sams konar frv. hafa verið lögð fram árlega í mörg ár og hv. alþm. farnir að líta á það nánast sem kunningja sem saknað er ef hann kemur ekki á tilsettum tíma.

Í umr. um frv. þetta á s. l. ári kom m. a. fram hjá hæstv. iðnrh. að hann mundi undirbúa áfangalækkun verðjöfnunargjalds eða niðurfellingu með breyttum álagningarreglum, en sjá jafnframt til þess að rekstrarafkoma raforkusölufyrirtækja í landinu yrði tryggð. Þar sem ekki bólar á frv. um áframhaldandi óbreytta innheimtu verðjöfnunargjalds spyr ég hæstv. ráðh.:

Hefur iðnrn. uppi áætlanir um breytingu á reglum um álagningu verðjöfnunargjalds af raforku á árinu 1985? Ef svo er, í hverju felst þá sú breyting?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Í lok janúar s. l. skipaði ég nefnd til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku. Formaður nefndarinnar er Birgir Ísl. Gunnarsson, hv. alþm. Verkefni nefndarinnar var samkv. skipunarbréfi að taka til athugunar gildandi lög um verðjöfnunargjald með það fyrir augum að lækka gjaldið eða afnema það með öllu, enda verði með öðrum hætti séð fyrir fjárhag þeirra orkufyrirtækja sem notið hafa gjaldsins. Jafnframt skyldi nefndin hafa í huga þá stefnu mína að jafnað verði, eftir því sem kostur er, raforkuverði í landinu til heimilisnota. Nefndin hefur unnið markvisst að þessu verkefni með margvíslegri gagnasöfnun og úrvinnslu og eru tillögur hennar nú í mótun og á lokastigi. Er stefnt að því að lækka gjaldið í áföngum og afnema með öllu á næstu fjórum árum. Mun lagabreytingartillaga um fyrsta áfanga lækkunarinnar verða lögð fyrir Alþingi fyrir áramót og óskað eftir afgreiðslu á því lagafrv. að sjálfsögðu, sem nauðsyn ber til.

Ég get aðeins upplýst það að stefnt er að því að lækkunin verði úr 19%, eins og það er nú, í 10% og að sú tala gildi fyrir tvö ár, en síðan mundi það lækka í 5% og renna út með öllu að fjórum árum liðnum. Þetta eru þau áform sem uppi eru, en að fullu er ekki lokið við þessa tillögumótun enn sem komið er.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Eins og þetta gjald er í dag greiða þeir hæst verðjöfnunargjald sem hæst verð greiða fyrir raforkuna. Það er auðvitað ekkert vit í því. Það hefði verið hægt fyrir löngu, og ætti að gera sem allra fyrst, að breyta gjaldinu úr prósentugjaldi á selda raforku í ákveðið gjald á hverja orkueiningu. Auðvitað mætti vera eitt gjald fyrir heimilisnotkun, annað fyrir stórrekstur o. s. frv. En það er fráleitt, finnst mér, að láta þá borga hæsta skattinn sem borga mest fyrir raforkuna. Því verður að breyta.

Ég fagna því auðvitað að til stendur að lækka verðjöfnunargjaldið og afnema á fjórum árum eða svo, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. En ég tel að sjálfsagt sé að breyta því úr prósentugjaldi af orkuverði í ákveðinn skatt á hverja selda orkueiningu.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Fram kom hjá hæstv. ráðh. að fyrirhugað sé að fella niður verðjöfnunargjaldið á næstu fjórum árum, en jafnframt tryggja að verðlagning raforkunnar til heimilisnota verði sem réttlátust. Ég vil í framhaldi af fsp. Margrétar Frímannsdóttur spyrja með hvaða hætti hæstv. ráðh. hyggist tryggja afkomu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og bæta þeim fyrirtækjum þann tekjumissi sem þau fyrirtæki verða fyrir við niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans og fagna því að nefnd sú sem sett var til starfa skuli vera komin á lokastig vinnu sinnar og að þm. fái að fjalla um þetta fyrir áramót. En ég tel varhugavert ef nefndin horfir í tillögum sínum aðeins til þeirra veitna sem hafa notið verðjöfnunargjaldsins því þetta er mál sem varðar landið allt. Í þeim tillögum sem koma má ekki einungis taka tillit til þeirra svæða sem tilheyra Rafmagnsveitum ríkisins. Einnig mætti í þessum tillögum taka tillit til atvinnuvega okkar. Fiskvinnslan greiðir t. a. m. fullt verðjöfnunargjald og söluskatt fyrir sína raforku. Þar er ástandið mjög slæmt. Nægir að minna á fiskverkunarhús sem staðið hefur til að loka vegna vangoldinna raforkureikninga. Það er því æðimargt sem þessi nefnd þarf að hafa í huga þegar verðjöfnunargjaldið hefur þjónað sínum tilgangi og því hlutverki sem það fékk. Þá þarf að leita nýrra leiða til verðjöfnunar þannig að hún verði á víðara sviði en hún verið hefur.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Eins og kom fram í þessum orðum hv. 4. þm. Suðurl. er þetta auðvitað gífurlega mikið hagsmunamál fyrir fiskvinnsluna í landinu eins og hennar sakir standa nú. Undirbúningur þessara tillagna er á lokastigi og ég vænti þess að geta kynnt frv. og dreift því hér á hinu háa Alþingi alla vega í þessum mánuði. Að öðru leyti verða nákvæmari svör við fsp. hv. 5. þm. Austurl. að bíða.

Aðveitustöð hjá Prestbakka, fsp. 117. mál (þskj. 121). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Rafmagnsmál sveitanna austan Mýrdalssands hafa nú í langa tíð verið í megnasta ólagi. Íbúar og forráðamenn sveitarfélaganna þar eystra hafa á undanförnum árum ítrekað vakið athygli á þessu stóra vandamáli byggðarlags síns sem stendur allri atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum. Hvergi á landinu eru t. a. m. dísilstöðvar keyrðar eins mikið og á þessu svæði nema í Grímsey, þar er notkun þeirra aðeins meiri.

Árið 1983, 3. júní, gerði hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps eftirfarandi bókun og sendi hæstv. iðnrh. ásamt þm. Suðurl.:

„Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps, Vestur-Skaftafellssýslu, harmar þá töf sem fyrirsjáanleg er á framkvæmdum við Suðurlínu og beinir þeim tilmælum til þm. Suðurl. að þeir standi allir fast saman um það að Suðurlína verði forgangsverkefni á árinu 1984, eins og hæstv. iðnrh. hafði látið um mælt. Í samþykkt þessari er ítrekað mikilvægi Suðurlínu ásamt tilheyrandi spennustöð við Prestbakka á Síðu fyrir sveitina milli sanda."

12. mars 1984, þegar ljóst var að Suðurlína yrði tekin í notkun á árinu, skrifar svo atvinnumálanefnd Kirkjubæjarhrepps bréf til stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins og stjórnar Landsvirkjunar.

Atvinnumálanefndin beinir þeim eindregnu tilmælum til þessara stjórna að hvergi sé hvikað frá þeirri áætlun Rafmagnsveitna ríkisins að sett verði upp og *tekin í notkun aðveitustöð við Prestbakka á Síðu 1985.*

Tildrög þessara bréfa atvinnumálanefndarinnar eru þau að 10. nóv. 1983 var haldinn fundur hjá Rafmagnsveitum ríkisins þar sem mættir voru fulltrúar Rafmagnsveitnanna og fulltrúar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Þeir ræddu um hugsanlega staðsetningu nýrra iðnfyrirtækja á Suðurlandi með tilliti til raforkunotkunar. Þar kom fram að stofnlínukerfi Vestur-Skaftafellssýslu er það veikt að útlokað er að staðsetja þar fyrirtæki og jafnvel ekki einu sinni að stækka þau sem fyrir eru. Þetta kemur fram í bréfi sem sent var út eftir fundinn til Samtaka sveitarfélaga þar sem farið var fram á að þessi staðreynd sé höfð í huga þegar nýir iðnaðarkostir eru skoðaðir.

Í þessu bréfi frá Rafmagnsveitum ríkisins er þess einnig getið að reiknað sé með aðveitustöð við Prestbakka á Síðu innan fárra ára. Það voru þessi orð, „innan fárra ára", sem urðu kveikjan að því bréfi sem atvinnumálanefndin sendi frá sér og ég gat um áðan.

Herra forseti. Allar stofnlínur í sveitunum sem þarna um ræðir eru einfasa. Álagið á línurnar er komið í algjört hámark. Kerfi þetta hefur takmarkaða flutningsgetu og er stórhættulegt vegna skref- og snertispennu í bilanatilvikum. Bygging aðveitustöðvar við Prestbakka er til verulegra bóta fyrir spennuástandið á þessu svæði. Útilokað er fyrir íbúa þessa byggðarlags að breyta frá olíuhitun yfir í rafhitun. Möguleikar til aukins atvinnureksturs, stofnun nýrra fyrirtækja til að taka við auknu vinnuafli, eru útilokaðir því að í dag er staðan þannig að þeir bændur og aðrir atvinnurekendur sem þarna voru fyrir fá hvergi nærri þá raforku sem þeir þarfnast. Ástandið er sem sé óviðunandi. Fyrsta skrefið í átt til úrbóta var stigið þegar Suðurlína var tekin í notkun. Næsta skref er aðveitustöð við Prestbakka á Síðu.

Við spurningunni hvort staðið verði við framkvæmdaáætlun RARIK og aðveitstöðin byggð á árinu 1985 hafa sveitarstjórnarmönnum Kirkjubæjarhrepps borist svör frá Rafmagnsveitum ríkisins. Í þeim kemur fram að það, hvort staðið verði við gerða áætlun, sé undir stjórn Landsvirkjunar komið, en Landsvirkjun mun koma til með að eiga hluta í aðveitustöðinni og verður því fyrir sitt leyti að samþykkja framkvæmdaáætlunina. Stjórn Landsvirkjunar hefur hins vegar ekki enn svarað og því ber ég fram þessar spurningar til hæstv. iðnrh.:

Verður staðið við gerðar áætlanir um uppsetningu aðveitustöðvar hjá Prestbakka á Síðu árið 1985?

Ef svo verður, hvenær má þá búast við að stöðin verði tekin í notkun og hver mun annast framkvæmdir við verkið?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Aðveitustöð þessi mun verða sameign Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar og hafa báðir aðilar gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir næsta vor og ljúka þeim á árinu 1985. Þannig gera Rafmagnsveitur ríkisins ráð fyrir að verja tæpum 14 millj. kr. — eða nákvæmlega 13 millj. 750 þús. kr. — á næsta ári til þessarar framkvæmdar og Landsvirkjun um 7 millj. kr. Gert er ráð fyrir að spennistöðin breyti 132 kv., sem er spennan á byggðalínunni, Suðurlínunni, niður í 19 kv., sem er dreifispennan á þessu svæði.

Eins og fram kom í svari mínu við fsp. hv. 6. þm. Suðurl. á liðnu þingi var gert ráð fyrir að spennistöð þessi risi á árinu 1984 þegar, en af tveimur ástæðum, fyrir fátæktar sakir, en þó kannske öllu fremur vegna þess að þess hafði ekki verið gætt að panta nauðsynlegt efni í tíma, þá er þessi framkvæmd ekki leyst af hendi fyrr en á næsta ári.

En ég vil upplýsa eftirfarandi í fyrsta lagi úr framkvæmdaáætlun Rafmagnsveitna ríkisins fyrir 1985 um Prestbakka: Hér er gert ráð fyrir að ný aðveitustöð rísi við Prestbakka 1985. Upphæðin — hér er verið að tala um þá upphæð sem lagt er til, þessar 13 millj. 750 þús., — er fyrir hluta Rafmagnsveitna ríkisins í stöðinni sem er í aðalatriðum 132ja og 19 kv. afls spennir ásamt öllum 19 kv. búnaði ásamt hluta jarðvinnu og húsi. Með tilkomu Prestbakkastöðvarinnar minnka töp í flutningslínum um hvorki meira né minna en 500 kw. og við það lækkar kostnaður á orkukaupum um 2.8 millj. kr.

Úr framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar 1985 er þetta að segja:

Í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um yfirtöku byggðalína o. fl. er aðveitustöð að Prestbakka á Síðu eitt þeirra mannvirkja sem eru í undirbúningi og Landsvirkjun yfirtekur að hluta. Að ósk iðnrh. hafa RARIK sett byggingu þessarar stöðvar á framkvæmdaáætlun árið 1985 og er áætlað að ljúka smíði hennar á því ári. Hlutur Landsvirkjunar í aðveitustöðinni yrði 132ja kv. rofabúnaður og hlutdeild í húsi, lóð og girðingum.

Svarið við fsp. er því að þessi framkvæmd muni fram fara og stöðin verði tekin í notkun að því er ég best veit að áliðnu sumri eða að hausti 1985.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi svör, sem ég hef hér fengið, og sérstaklega fyrir upplýsingar um áætlanir Landsvirkjunar varðandi þetta mál því að þeir hafa ekki séð ástæðu til að senda upplýsingar austur þrátt fyrir

ítrekaðar beiðnir sveitarstjórnarmanna. Ég efa ekki ánægju íbúa þessara sveita, sem hér um ræðir, með þessar niðurstöður, sérstaklega þegar haft er í huga að þarna munu opnast möguleikar til sköpunar nýrra atvinnutækifæra fyrir það unga fólk sem nú þegar hefur flust í burtu frá þessum stöðum vegna ónógrar atvinnu, en vildi svo gjarnan geta séð sér og sínum farborða í heimabyggð sinni, sveitinni milli sanda.

Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna, fsp. 141. mál (þskj. 146). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að beina fsp. til hæstv. fjmrh. um útgjaldaauka ríkissjóðs vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna:

„1. Hversu hárri fjárhæð hefðu launagreiðslur til ríkisstarfsmanna, sem féllu niður á meðan á verkfallinu stóð, numið?

2. Hver er áætlaður útgjaldaauki ríkissjóðs vegna kauphækkana ríkisstarfsmanna.

a. á mánuði,

b. á einu ári?

3. Hversu stór hluti útgjalda ríkissjóðs má ætla að skili sér aftur í ríkissjóð í formi beinna og óbeinna skatta ef tekið er tillit til margfeldisáhrifa aukinnar neyslu?"

Herra forseti. Þetta eru einfaldar og skýrar spurningar. Þær eru um tölulegar upplýsingar. Þeim þarf ekki að fylgja úr hlaði að öðru leyti en því að vekja athygli á einu.

Menn minnast þess að hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, sagði í sjónvarpi, frægu sjónvarpsviðtali áður en kom til kjarasamninga við opinbera starfsmenn og meðan sáttatillagan um 10% kauphækkun á einu ári, sex plús fjögur, var enn til umræðu, að af samþykkt slíkrar tillögu hlyti að leiða atvinnuleysi og óðaverðbólgu. Svo himinhátt fannst hv. þm. að sáttatillagan færi umfram hinn nú löngu gleymda kjararamma ríkisstj. sem átti að vera upp á 5% og átti að vera þær skorður sem allt varð að miðast við ef ekki ætti allt að fara á hvolf í þjóðfélaginu.

Síðan hófu þeir sitt stríð og eftir að þeir voru búnir að lama þjóðfélagið í einn mánuð gengu þeir að samningaborði, kapparnir allir, með öll loforðin gjörsamlega gleymd og fyrir bí og skrifuðu undir mánuði of seint, eftir að hafa verið gersigraðir af samtakamætti fólksins í landinu, 20, 22, 23%, og spurðu: Hvort viljið þið Kópavogssamninga eða Seltjarnarness?

Nú er spurningin: Er það rétt, sem þessir menn segja, að það sé óhjákvæmileg afleiðing þessara kjarasamninga að hér eigi að hljótast af óðaverðbólga, upplausn? Ég þekki eitt bæjarfélag í næsta nágrenni þar sem tölurnar voru þannig: Þegar athugað var hvað umræddur kaupstaður hafði sparað sér í ógreiddum launum verkfallsdagana til sinna starfsmanna annars vegar og það borið saman við útgjaldaaukann sem leiddi af þessum samningum, þá var niðurstaðan skýr. Niðurstaðan var sú að sparnaðurinn vegna þeirra útgjalda sem féllu niður einn mánuð varð ívið meiri en útgjaldaaukinn.

Ég geri að vísu ráð fyrir því að þetta verði ekki sama niðurstaða í ríkisdæminu af sérstökum ástæðum. En ef það verður eitthvað svipað, þá spyr ég: Ef þessar niðurstöður væru yfirfærðar út á landið, hvar er þá allur sá köstur verðbólgubáls sem hæstv. ráðh. eru að tala um? Hvert er tilefni óðaverðbólgu ef raunverulegur nettókostnaðarauki er ekki meiri en þetta? Hann er auðvitað enginn, fyrir nú utan það að það er á valdi hæstv. ríkisstj. að fara nú að taka til í sínu eigin húsi, moka sinn eigin flór, gera þær ráðstafanir sem allir vita að ráðh. hafa slegið á frest að gera, gera upp skuldaþrotabú sjávarútvegsins úr sjávarútvegsráðherratíð hæstv. núv. forsrh., framkvæma þar fjárhagslega endurskipulagningu, finna síðan rekstrargrundvöll sjávarútvegsins og færa síðan fjármagnið til frá þeim nýríku svindlurum sem hafa skarað eld að sinni köku, makað krókinn, ekki bara í tíð núv. ríkisstj., heldur líka hinnar fyrrv. og á öllum vitlausa áratugnum — færa til fjármagnið frá þeim sem engar fórnir hafa fært til hinna og leysa um leið vandamálin. Til þess eru ríkisstjórnir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fyrirspyrjandi, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hóf mál sitt með því að lesa upp fsp., sem til mín er beint á þskj. 146, og fannst mér hann vera að stefna í eina bestu ræðu sem ég hef heyrt hann flytja, en þau orð sem fylgdu upplestrinum voru eflaust sögð til að hefja hér almennar umr. um allt annað en spurt er um með stóryrtum fullyrðingum. Læt ég þeim ósvarað og held mig við að svara skriflegri fsp. á því þskj. sem ég gat um.

Svar við fsp. á þskj. 146, um útgjaldaauka ríkissjóðs vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna, er:

Kjarabreytingar, sem í samningi BSRB felast, hafa verið áætlaðar sem hér segir og eru þá laun í ágúst 1984 lögð til grundvallar: Hækkun launa í nóv. 10%, hækkun launa í des. 14.4% frá ágústlaunum og hækkun launa í maí 1985 18.24% frá ágústlaunum. Meðalhækkun launa á tímabilinu ágúst 1984 til des. 1985 er því 14.25%. Við þessa tölu má síðan bæta hækkun að því marki sem vaktaálag og persónuábót hækka umfram taxtabreytingar, svo og vegna sérgreiðslna í sept. og í nóv. Áhrif þessara breytinga eru rúmlega 2%, þannig að meðaltalið fyrir framangreint tímabil í heild verður 16.3%.

Áhrif samninganna á laun á árinu 1985 eru með sama hætti áætluð 17.25% til hækkunar. Í tölum þessum hefur ekki verið gert ráð fyrir áhrifum af sérkjarasamningi. Sé áætlað að af þeim leiði eins flokks hækkun að jafnaði verður heildarhækkunin fyrir árið 1985 21% miðað við laun í ágúst 1984.

Útgjaldaáhrif þessara samninga eru enn nokkuð óljós þar sem áhrif þeirra á aðra kjarasamninga eru ekki enn komin fram. Lausleg áætlun, sem miðar við það að aðrir launataxtar sem ríkið greiðir eftir hækki með svipuðum hætti og ákveðið er í kjarasamningum BSRB, gerir ráð fyrir því að þau launaútgjöld sem innt eru af hendi af launadeild fjmrn. hækki um nærri 240 millj. kr. umfram það sem orðið hefði að óbreyttum samningum. Með sömu forsendum er áætlað að launaútgjöld ríkissjóðs á árinu 1985 hækki um 955 millj. kr. frá því sem hefði verið með óbreyttum samningum. Af þessari fjárhæð fara um 430 millj. kr. til félaga í BSRB, en mismunurinn til þeirra sem taka laun hjá ríkinu skv. öðrum kjarasamningum.

Ótalin eru hér áhrif kjarasamninga á daggjalda-

greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins og aðrar hliðstæðar greiðslur og lífeyrisgreiðslur. Ætla má að þessir liðir hækki um ca. 150 millj. kr. á árinu 1984 og um ca. 600 millj. kr. á árinu 1985, taki þeir hliðstæðum breytingum og laun BSRB-manna.

Tekið skal fram að tölur þessar eru reiknaðar frá samningunum eins og þeir hefðu orðið að óbreyttu, en ekki frá grundvelli fjárlaga sem var nokkuð hærri.

Frá útgjaldaauka ársins 1984 má draga þá lækkun launagreiðslna sem varð í verkfalli BSRB. Frádráttur vegna fastra launa var um 100 millj. kr., en að auki má lauslega reikna með að lækkun yfirvinnugreiðslna á verkfallstímabilinu sé um 25 millj. kr. Á móti þessu kemur að ýmis þau verkefni sem ekki var sinnt í verkfallinu hafa hlaðist upp og bíða úrlausnar eftir að því lauk. Má gera ráð fyrir verulegri aukningu yfirvinnu af þeim sökum í nóvember og síðar, þannig að enn er óljóst hver lækkun launagreiðslna vegna verkfallsins verður í raun.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. mjög svo fróðlegar upplýsingar og þarfar. Þær eru gott innlegg í þá umræðu sem fram mun fara, bæði innan launþegahreyfingarinnar og meðal stjórnmálamanna og hv. alþm., um spurninguna: Hvað þarf að gera til þess að tryggja að þær kjarabætur, sem opinberir starfsmenn og annað erfiðisvinnufólk á Íslandi áunnu sér, leiði ekki til vaxandi verðbólgu heldur tryggi viðvarandi kaupmátt?

Skv. þessum upplýsingum er meðalhækkun launa að því er varðar opinbera starfsmenn um 16.3% á árinu 1985 miðað við óbreytta samninga, ekki forsendur fjárlaga, að gefnum ákveðnum forsendum um sérkjarasamninga, vaktaálag, persónuuppbót o. s. frv. Þetta þýðir á árinu 1985 955 millj. kr. útgjaldaauka fyrir utan tengdan útgjaldaauka vegna lífeyrisgreiðslna, daggjalda o. s. frv. Þessi upphæð er því rúmur milljarður kr. Þar á móti kemur að niður féllu í launagreiðslum ríkissjóðs 125 millj. vegna verkfallsins. Í stórum dráttum mætti þess vegna ætla að útgjaldaauki ríkissjóðs af þessum sökum væri um 1 milljarður kr. og kannske rúmlega það.

En þá er eftir að svara þriðju spurningunni sem var ekki síst áhugaverð, hæstv. fjmrh. Þá var spurt: Hversu stór hluti útgjalda ríkissjóðs (skv. spurningu 2) má ætla að skili sér aftur í ríkissjóð í formi beinna og óbeinna skatta ef tekið er tillit til margfeldisáhrifa aukinnar neyslu? Þetta var kannske kjarni spurningarinnar, sem ég vildi fá hæstv. fjmrh. til þess að leggja mat á, vegna þess að ef bráttótekjuaukinn væri rúmur milljarður er enginn vafi á því að verulegur hluti þess útgjaldaauka skilar sér beint í ríkissjóð aftur. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir því að hækkuð laun leiði til aukinnar neyslu — og hver er helsti tekjustofn ríkissjóðs? Það er söluskattur, það er vörugjald, það eru aðflutningsgjöld. Ég rifja upp að talað hefur verið um dálítinn bata í ríkisfjármálum vegna aukinna tekna. Af hverju stafar það? Það stafar af því að það er innflutningsæði vegna ódýrs innflutnings á vitlausu gengi. Sem þýðir hvað? Sem þýðir það að ríkissjóður hefur verið að fá meiri og meiri tekjur af innflutningi, ekki síst t. d. af mjög svo ríflegum bílainnflutningi lúxusstéttarinnar í landinu. Það er þetta sem er kjarni málsins. Spurningin er: Hvað mun stór hluti af þessum útgjaldaauka leita beint til ríkissjóðs aftur í formi óbeinna skatta sem ríkissjóður leggur á neyslu landsmanna?

Í annan stað er eftir að vita hver er stefna ríkisstj. eins og fyrri daginn. Það er búið að lýsa yfir að fresta verði stefnuræðu á meðan verið er að leita að henni. En hver verður stefna ríkisstj.? Stendur kannske ekki til hjá hæstv. ríkisstj. að bæta sér upp tekjumissi vegna niðurfellingar á þriðjungi af tekjuskatti með auknum sköttum? Stendur kannske til að leggja á aukna óbeina skatta? Á kannske að hækka söluskatt, þetta tekjuöflunartæki ríkissjóðs sem er svo hriplekt að það leka út um það margir milljarðar? Minni ég þar á umr. okkar fyrir nokkrum dögum. Það væri fróðlegt að heyra það.

Ég held að þessi útgjaldaauki sé smámál fyrir ríkissjóð. Þetta er hins vegar stórmál fyrir framleiðsluatvinnuvegina. Vandi þeirra er allt annars eðlis, jafnvel þótt árið í ár reynist fimmta besta aflaár Íslandssögunnar sem nú bendir allt til, og sannar það að ég fór með réttar tölur í deilum mínum við hv. þm. Halldór Blöndal um aflabrögð hér fyrstu níu mánuði ársins. Jafnvel þótt aflabrögð yrðu að stórum hluta betri bjargar það ekki hag sjávarútvegsins. Af hverju? Það er vegna þess að hluti hans er sokkinn í skuldir. Hvenær gerðist það? Það gerðist í sjávarútvegsráðherratíð hæstv. núv. forsrh. Þau vandamál verða ekki leyst nema með sérstökum aðgerðum og ég get fallist á það.

Ég er að beina máli mínu hér, herra forseti, beinlínis að kjarna málsins sem er greiðslugeta atvinnuveganna án verðbólguhættu. Vandinn er þar fólginn í framleiðsluatvinnuvegunum, samkeppnisatvinnuvegunum, vegna þess að ríkisstj. hefur brugðist þeirri skyldu sinni að tryggja atvinnuvegunum rekstrargrundvöll og leysa grunnvandamál úr óstjórnartíð fyrirrennara sinna. En að því er varðar ríkissjóð sé ég ekki að þetta sé nokkurt mál vegna þess að það er alveg augljóst mál að skv. hagfræðiformúlu þeirra fjármálaráðuneytismanna og Þjóðhagsstofnunarmanna fer a. m. k. helmingurinn af þessum útgjaldaauka beint í ríkissjóð aftur á árinu.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, fsp. 142. mál (þskj. 147). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 147 og er fsp. svohljóðandi:

„Hvenær er þess að vænta að fjmrh. leggi fyrir Alþingi tillögur um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum, svo sem fyrir var mælt í þál. þeirri sem samþykkt var á Alþingi 22. maí s. l.?“

Með leyfi forseta langar mig að lesa þessa þál. frá 22. maí 1984 svo að ljóst sé hvað í henni felst, þ. e. þál. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum og á hvern hátt megi breyta skattheimtu að öðru leyti og spara og hagræða í ríkisrekstrinum til að ná þessu markmiði án þess að minnka þjónustu.“

Forsaga þessa máls er sú, að fyrir síðustu alþingiskosningar í apríl á síðasta ári markaði Sjálfstfl. mjög skýra og glögga stefnu í skattamálum einstaklinga. Í kosningayfirlýsingu flokksins sagði eftirfarandi um

tekjuskattinn, með leyfi forseta:

„Tekjuskattur á almennar launatekjur verði afnuminn jafnframt því sem persónufrádráttur nýtist launafólki að fullu. Tekjum hjóna verði skipt á milli þeirra fyrir álagningu skatta."

Þetta atriði var undirstrikað með því að tekjuskattslækkunin var efst á blaði af sextán atriðum sem upp voru talin í þeim kafla kosningastefnuskrárinnar sem fjallaði um bætt lífskjör í þessu landi.

Það var til efnda á þessum fyrirheitum að við nokkrir þm. Sjálfstfl. fluttum hér á síðasta vetri þáltill. um þetta efni. Efni þeirrar till. hlaut einróma samþykki í Sþ. eftir að hlutaðeigandi þingnefnd hafði um hana fjallað ásamt annarri till. — það er rétt að taka það fram hér — um þetta sama efni sem Alþfl.-menn höfðu borið fram.

Samþykkt ályktunarinnar var fagnaðarefni og hún markaði tímamót þar sem Alþingi hafði þá ekki í nær aldarfjórðung lýst vilja sínum með slíkri samþykkt í skattamálum, ályktað um afnám tekjuskattsins. Munu önnur þjóðþing raunar aldrei hafa gert svo merka samþykkt svo að vitað sé. Því var það að vonum að menn fögnuðu þessari nýju stefnumótun og skiptu þar flokksböndin engu máli, enda samþykktu þm. allra flokka þessa till.

Ástæðuna til þess er auðvelt að skilja. Tekjuskatturinn er aðeins um 10% af tekjum ríkissjóðs, en hann er sennilega ranglátasti skatturinn sem á landsmenn er lagður. Það er vegna þess að hann er fyrst og fremst launamannaskattur og kemur af þeim sökum mjög misjafnt niður. Á suma leggst hann með fullum þunga, en aðra ekki. Heildarupphæð tekjuskattsins er á þessu ári um 1800 millj. kr. nettó. Verði hann afnuminn í áföngum, eins og till. gerir ráð fyrir, og þá á þremur árum t. d., er hér um jafnvirði 600 millj. kr. að ræða. 600 millj. kr. eru einmitt sú upphæð sem gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga að lækka tekjuskattinn um á næsta ári. Það þarf þó að hafa í huga að tekjutap ríkisins, eins og fram kom raunar í máli síðasta fyrirspyrjanda, er ekki sú tala heldur miklu lægri upphæð þar sem reikna má með að allt að helmingur 600 millj. skili sér aftur í ríkissjóð í mynd ýmissa gjalda fyrir vörur og þjónustu.

Kjarabótin, sem af afnámi tekjuskattsins mun leiða, er augljós þegar litið er á einstök dæmi. Á þessu ári mun, skv. töflu ríkisskattstjóra, einstaklingur greiða 68 þús. kr. í tekjuskatt af 380 þús. kr. tekjum, sem eru rúmlega meðaltekjur á þessu ári, eða tæp 15%. Ef við tökum dæmi af barnlausum hjónum þar sem fyrirvinnan er ein greiða þau 110 þús. kr. í tekjuskatt á þessu ári af 550 þús. kr. tekjum eða tæp 17%. Prósentin eru vitanlega örlítið lægri af lægri launum.

Af þessu sést hver hagur það er öllu launafólki að tekjuskatturinn sé afnuminn. Ef við lítum á alla skattgreiðendur mundi afnám hans jafngilda 11—12% launahækkun í landinu og það án nokkurra verðbólguáhrifa. Hér er því um mál að ræða sem miklu máli skiptir að nái sem fyrst fram að ganga. Um það bil 80% launþega landsins hafa svokallaðar meðaltekjur og minna. Til þeirra allra nær því þessi till. Hún mun einnig hafa í för með sér að tekjuskatturinn lækkar mjög hjá þeim sem hærri laun hafa en almennar launatekjur.

En það eru ýmis atriði sem líta þarf á þegar hugað er að framkvæmd þessa máls og því var í vor beðið um tillögur fjmrn. í þeim efnum:

1. Hvernig á að veita þeim, sem svo litlar tekjur hafa í dag að þeir greiða engan tekjuskatt, sambærilega kjarabót við aðra? Hag þeirra þarf að tryggja í þessu sambandi og eru til þess ýmsar leiðir.

2. Hvernig er fyrirhugað að framkvæma afnám þessa skatts? Verður það gert með hækkun persónuafsláttar og þá e. t. v. einnig með breytingu eða afnámi neðsta þrepsins í skattstiganum þannig að skattgreiðsla af meðaltekjum verði á þann hátt afnumin?

3. Hvernig er ráð fyrir því gert að ríkissjóður mæti því tekjutapi sem af afnámi tekjuskattsins leiðir, þeim 10% sem hann færir nú í ríkissjóð? Sé miðað við þrjá áfanga sýnist það einboðið að engar nýjar álögur komi í staðinn, heldur standi ríkissjóður undir þessari aðgerð án nokkurra nýrra gjalda.

Um atriði sem þessi þarf að fjalla í tillögum fjmrh. og ég efast ekki um að svo mun verða gert þegar þær sjá dagsins ljós hér í þingsölum.

Að lokum þetta: Flm. þáltill. töldu á síðasta vori að mikilsvert væri að hún næði samþykki Alþingis og kæmist sem fyrst til framkvæmda. Á tímabilinu voru á því góðar horfur í samningunum nú í vetur við verkalýðshreyfinguna að tekjuskatturinn yrði afnuminn að ⅔ hlutum, en því miður náði skattalækkunarleiðin svokallaða ekki fram að ganga. Það er þó fullljóst að afnám tekjuskattsins er ekki aðeins stórfelld kjarabót fyrir alla launþega þessa lands, heldur má einnig fullyrða að slík framkvæmd er lykillinn að kjarabótum án verðbólgu og því ein besta leiðin sem við höfum í þessu þjóðfélagi til að tryggja kaupmátt launa.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil svara nokkrum orðum þeirri fsp. sem hv. þm. Gunnar G. Schram ber fram á þskj. 147. Þetta er mitt svar:

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1985 var gert ráð fyrir að lækka tekjuskatt um 600 millj. kr. frá því sem hann annars yrði miðað við óbreytt skattalög. Sú till. hefur því þegar séð dagsins ljós. Þessi tekjuskattslækkun er hugsuð sem fyrsti áfangi af þremur í afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum, sbr. þál. um það efni frá 22. maí s. l. og samþykkt ríkisstj. frá 7. sept. s. l.

Eins og kunnugt er hafa forsendur að baki spám um verðlags- og tekjuþróun milli áranna 1984 og 1985 breyst verulega í kjölfar nýgerðra kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins og hin mikla óvissa sem ríkt hefur um niðurstöður þeirra og þar með áhrif þeirra á tekju- og verðlagsþróun hefur tafið mjög vinnu og undirbúning sem nauðsynleg eru við frágang á nauðsynlegum skattalagabreytingum ef framkvæma á umrædda tekjuskattslækkun. Samningar hafa nú tekist um kaup og kjör hjá flestum aðilum vinnumarkaðarins og því er nú hægt að meta áhrif þeirra á tekju- og verðlagsþróunina.

Að mati Þjóðhagsstofnunar hækka tekjur á mann um 25% á milli áranna 1984 og 1985 í stað 11.4% hækkunar eins og ráð var fyrir gert við gerð fjárlagafrv. Þrátt fyrir þetta verður haldið fast við fyrri áform um afnám tekjuskatts í áföngum af almennum launatekjum. Af þessu tilefni verður bráðlega lagt fram hér á Alþingi frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, sem nú er unnið að í fjmrn., sem ætlað er að ná því marki sem stefnt er að í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við þeirri fsp. sem ég bar fram og fagna því, sem kom fram í svari hans svo langt sem það náði, að ákveðið er og fyrirhugað, eins og raunar kemur fram í forsendum fjárlaga, að ríða hér á vaðið með 600 millj. kr. lækkun skattsins eða um þriðjung. Jafnframt að haldið verði síðan áfram næstu tvö ár á þeirri braut. Að vísu hefði verið æskilegt að unnt hefði verið að vinna hraðar að þessum málum, en í till. er þó talað um að afnámið eigi sér stað í áföngum.

Einnig var fróðlegt að heyra að væntanlegt er frv. á næstunni frá fjmrh. um tekju- og eignarskatt. Án þess að hann tímasetti það nákvæmlega er greinilegt að sennilega mun ekki líða langur tími þar til það sér dagsins ljós. Væntanlega munu þá þau atriði skýrast sem ég vék að í fsp.

Eitt af þeim mikilvægustu er það að hér sé ekki aðeins um nafnbreytingu á skattheimtu að ræða, — að þegar niður fellur þriðjungur beinna skatta, þ. e. tekjuskattsins, komi óbeinir skattar í einhverri mynd í staðinn þannig að menn standi í sömu sporum. Hér er *um grundvallaratriði að ræða. Ég treysti því að fjmrh.*, miðað við hina mjög bættu rekstrarstöðu ríkissjóðs um allt að því 1 milljarð, sjái til þess að hér verði um nettólækkun að ræða. Það er raunverulega það sem málið snýst um. — Það má bæta því við í svigum að óbeinir skattar eru í sjálfu sér ekki jafnþungbærir og sá skattur sem til umr. er nú í dag.

Annað atriði, sem ugglaust kemur einnig fram í frv., og ég er þá ekki að inna frekar hér eftir svari fjmrh., er hvernig að framkvæmdum verður staðið, þ. e. hvort hér verður fyrst og fremst um lækkun að ræða sem varðar lægstu tekjurnar — í sjálfu sér er það réttlætismál — eða hvort lækkuninni verður dreift yfir víðara bil í tekjustiga launþega.

Ég vil að svo búnu endurtaka þakkir mínar fyrir þær nýju upplýsingar sem fram komu í svari hæstv. fjmrh.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að það sé mesti misskilningur hjá þeim sem líta svo á að með þeirri lækkun tekjuskatts sem fyrirhuguð er á árinu 1985 sé verið að framkvæma kjarabætur eins og menn tala hér um. Það er gert ráð fyrir í fjárlagafrv., þó að ekki sé ástæða til þess að ræða það hér, hvorki tímans vegna né vegna gerbreyttra viðhorfa og forsendna að því er það varðar, að ná þessum 600 millj. með annarri skattlagningu, þannig að augljóst er að ekki er um það að ræða að lækka skatta á almenning í landinu. Hér er um það að ræða að færa skatta til, taka þá með öðru móti en að því er varðar tekjuskattinn af þessum 600 millj. Ég held að það væri hvað mest um vert ef hægt væri að fá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um að með þessari stefnumörkun væru menn í reynd að lækka skatta en ekki breyta nafni. Það er það sem máli skiptir fyrir þá sem þessa eiga að njóta. Eins og málið er sett fram í aths. fjárlagafrv. og frv. sjálfu er víðs fjarri því að um slíkt sé að ræða. Hér er einvörðungu um að ræða að fella niður 600 millj. í tekjuskatti en taka 600 millj. með öðrum hætti í annarri skattlagningu. Af því hlýst engin kjarabót.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að ég hef þegar látið gera svokallað módel af þessari umræddu skattalækkun upp á 600 millj. og í þeirri hugsmíð er ekki gert ráð fyrir að um tilfærslu skatta verði að ræða frá óbeinum sköttum yfir í söluskatt. Ég mun beita mér af alefli fyrir því að þessar 600 millj. verði skattalækkun, eins og dæmið hefur verið hugsað, en ekki tilfærsla á sköttum, eins og talað hefur verið um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég fagna mjög þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. og hef ástæðu til að ætla að hans meining sé þessi. En þá er það þvert á það sem fram kemur í fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar er gert ráð fyrir að taka þessar 600 millj. með öðrum hætti í sköttum. En ég fagna sérstaklega þessari yfirlýsingu og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. takist að ná yfirhöndinni í glímunni við aðra þá sem hér eiga hlut að *máli þannig að hér verði í raun og veru um* skattalækkun að ræða en ekki tilfærslu.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 13. nóv., að loknum 19. fundi.

Saga íslenskra búnaðarhátta, þáltill. 151. mál (þskj. 156). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárframlög til níunda bekkjar grunnskóla, þáltill. 137. mál (þskj. 142). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Málefni aldraðra, þáltill. 64. mál (þskj. 64). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um umbætur í málefnum aldraðra, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson og Karvel Pálmason.

Meginmarkmið þessarar till. er að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt yrði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlanagerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar fara fram ítarlega úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra og nái hún a. m. k. til eftirtalinna þátta:

1. húsnæðis- og vistunarmála,
2. félagslegrar stöðu,
3. framfærslukostnaðar og fjárhagslegrar afkomu,
4. atvinnu með tilliti til hlutastarfa.

Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er. Á grundvelli þeirra skal ríkisstj. í samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra leggja fram heildaráætlun um skipulegt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum sem tryggi betur en nú er félagslegt öryggi og fjárhagsafkomu aldraðra, sem og húsnæðisaðstöðu og atvinnu við hæfi

aldraðra sem þess óska."

Ég tel, herra forseti, að engum blandist hugur um að stór hópur aldraðra býr við mjög slæma fjárhagslega afkomu og ótrúlega stór hópur aldraðra hefur ekki úr neinu að spila nema lífeyri almannatrygginga. Kannske sést það best á þeim upplýsingum sem fram koma í grg. með þessari þáltill., en þar kemur fram að á landinu öllu voru 1. sept. 8200 ellilífeyrisþegar sem fengu óskerta tekjutryggingu. Þetta þýðir að tæplega 40% aldraðra 67 ára og eldri á Íslandi hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Hér er því um að ræða mjög stóran hóp aldraðra sem býr við mjög þröngan kost og hefur lítið sem ekkert annað sér til framfærslu en þann litla lífeyri sem hann fær frá almannatryggingum.

Engin úttekt hefur verið gerð á félagslegri stöðu þessa fólks, til að mynda húsnæðisaðstöðu, hve stór hluti þessara 8200 ellilífeyrisþega býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði eða hvernig afkomu þeirra eða framfærslumöguleikum sé að öðru leyti háttað. Nefna má sem dæmi að til að aldraðir fái óskerta tekjutryggingu mega þeir ekki hafa aðrar tekjur, hvorki úr lífeyrissjóði né launatekjur, hærri en samtals 42 þús. kr. á ári. Tryggingastofnun ríkisins hefur engar upplýsingar um hve margir af þessum 8200 einstaklingum hafi tekjur upp að þessu frítekjumarki eða þá hvernig sú skipting er innbyrðis milli þessara hópa.

Þó telja megi víst að stór hópur aldraðra búi við mjög erfiða fjárhagslega og félagslega stöðu er ekki hér um hópa að ræða sem bera erfiðleika sína á torg. Aldraðir hafa eins og aðrir þurft að bera sinn hluta af byrðinni á undanförnum mánuðum og árum í þeim efnahagsaðgerðum sem gerðar hafa verið. Lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega hefur því ekki verið hlíft og hefur hann sætt mikilli skerðingu ekki síður en kjör launþega. Til marks um það má geta þess að skv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar er hækkun framfærslukostnaðar 1. jan. 1983 til 1. sept. 1984 82.8%, en á sama tíma hefur grunnlífeyrir almannatrygginga einungis hækkað úr um 44.9%, en grunnlífeyrir almannatrygginga að viðbættri tekjutryggingu hefur á þessu tímabili hækkað um 60.3%. Svo mikil skerðing, sem orðið hefur á framfærslueyri þeirra öldruðu sem við verst kjör búa, getur vissulega haft víðtæk áhrif á hag og afkomu aldraðra.

Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. heilbrmrh. fyrir 10 dögum hvað hæstv. ríkisstj. hygðist gera varðandi lífeyri aldraðra, hvort þeir mættu vænta þess að lífeyrir þeirra tæki eigi minni hækkun en um hefur samist á vinnumarkaðinum. Hæstv. heilbrmrh. hefur enn ekki svarað þeirri fsp. þó langt sé hér um liðið, en ég vænti þess að hæstv. fjmrh., sem hér situr í hliðarsal og ég veit að ber hag aldraðra fyrir brjósti og hefur mikið unnið að þeim málum, upplýsi þingheim um hvort ríkisstj. hafi rætt um hvort hækka eigi lífeyri ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega til samræmis við eða eigi um lægri upphæð en samist hefur um á vinnumarkaðinum. Ég tel mikilvægt að fá þetta upplýst og þar sem hæstv. heilbrmrh. hefur ekki verið til svara þegar þessi fsp. hefur verið lögð fram vænti ég þess að hæstv. fjmrh. geti upplýst um hvort þessi mál hafi verið rædd í ríkisstj. og hvenær, og það er mikilvægt, ellilífeyrisþegar megi vænta þess að fá hækkun á sínum lífeyri.

Ég tel vissulega tímabært að fram fari sú könnun, sem hér er gert ráð fyrir með þessari þáltill., á framfærslukostnaði og fjárhagslegri afkomu aldraðra, en það er einn liður þessarar till. Ekki síður er ástæða til þess að úttekt verði gerð á húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra.

Ég vil, herra forseti, lesa þann stutta kafla sem fylgir sem grg. með þessari þáltill. og fjallar um vistunarmál aldraðra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Óhætt er að fullyrða að neyðarástand ríki í vistunarmálum aldraðra einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það segir sína sögu að á sama tíma og 900 umsóknir liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg um vistunarrými fyrir aldraða skuli aðeins vera í byggingu eitt vistheimili í Hjallaseli sem áætlað er að taka í notkun á árinu 1985 eða 1986. Það veitir aðeins 70—80 öldruðum úrlausn. Talið er að af 900 öldruðum, sem bíða eftir vistunarrými á höfuðborgarsvæðinu, séu 300 þeirra í mjög brýnni þörf fyrir úrræði og þoli enga bið. Athyglisvert er einnig að tæplega 150 þeirra, sem á biðlista eru eftir vistunarrými, eru 86 ára og eldri.

Í grein, sem Þórir S. Guðbergsson, ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar, ritar í Morgunblaðið 31. maí 1984, kemur fram að um 320 þeirra, sem á biðlista eru, búi enn í leiguhúsnæði á almennum markaði og tugir manna í þessum aldurshópi eigi sífellt á hættu á hverju ári að verða sagt upp húsnæði og búi því við stöðugt öryggisleysi. Að auki má ætla að húsaleigan vegi þungt í framfærslubyrði aldraðra, ekki síst á almenna markaðinum, og ekki er óvarlegt að áætla að 50—70% af lífeyri aldraðra úr almannatryggingum fari í húsnæðiskostnað.

Í sömu grein Þóris S. Guðbergssonar kemur einnig fram að margir, sem á biðlista eru, eigi sínar eigin íbúðir eða sitji í óskiptu búi en geti nánast ekki lengur verið heima vegna lasleika eða öryggisleysis."

Af þessu má sjá, herra forseti, að það ríkir mikið neyðarástand í vistunarmálum aldraðra. E. t. v. er það eitt af brýnustu verkefnum að því er varðar umbætur í málefnum aldraðra að á vistunarmálunum sé tekið. En það er ekki að sjá að nein viðunandi lausn sé í sjónmáli eða gerðar hafi verið heildaráætlanir til lengri tíma um það hvernig mæta eigi vistunarþörfinni.

4. liður þessarar till. fjallar um að fram fari úttekt á atvinnumöguleikum aldraðra með tilliti til hlutastarfa. Ég held að ef vilji væri fyrir hendi væri vissulega möguleiki til þess á vinnumarkaðinum að skapa öldruðum skilyrði til að vera lengur á vinnumarkaðinum ef þeir þess óska.

Í könnun Jóns Björnssonar sálfræðings á vinnugetu og atvinnumöguleikum aldraðra hér í Reykjavík á árunum 1974—1975 eru settar fram tillögur um úrbætur í atvinnumálum aldraðra. Þar kemur fram að af fjölmörgum tillögum sem settar hafa verið fram til úrbóta muni trúlega engin gagnast eins stórum hluta aldraðra í atvinnuvanda eins og ein sú kostnaðarminnsta sem þar er talin, þ. e. sú að skipta heilsdagsstörfum í hálfsdagsstörf þar sem því verður með góðu móti við komið.

Ég vil, herra forseti, einnig vitna í orð Jóns Björnssonar þar sem hann dregur upp mynd af viðhorfum eldra fólks til starfsloka. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá kom fram í áðurnefndri könnun að flestir virðast hætta að stunda launavinnu af illri nauðsyn en ekki samkvæmt eigin ósk. Eldra fólk heldur í vinnuna dauðahaldi af ýmsum ástæðum. Bætur almannatrygginga duga ekki til lífsframfæris nema við bestu aðstæður svo að margt eldra fólk er beinlínis nauðbeygt til þess að

halda í nokkrar vinnutekjur. Tekjuskattur knýr marga til að halda áfram vinnu. Ýmsar félagslegar og sálrænar aðstæður eru þó síst léttvægari heldur en hinar fjárhagslegu. Eldra fólki, sem vissulega er af mjög vinnusamri kynslóð, sem lítið hefur þekkt til tómstunda, finnst að drjúgur hluti manngildisins felist í því að geta séð fyrir sér sjálfur og vera ekki upp á aðra kominn. Margir óttast einangrunina þegar litið er á vinnuna o. s. frv., sakna vinnufélaganna, tilbreytingarinnar og þeirrar lífsfyllingar sem vinnan gefur."

Í þessum orðum felst örugglega mikill sannleikur sem stjórnvöldum ber skylda til að gefa gaum. Hvaða áhrif hefur það á aldrað fólk við sæmilega heilsu og með löngun til að stunda vinnu við sitt hæfi þegar það skyndilega er rifið burt af vinnumarkaðinum vegna laga og reglna sem sveitarfélög eða einstök fyrirtæki hafa sett? Á því hefur engin könnun verið gerð.

Herra forseti. Út af fyrir sig er hægt að hafa langt mál um efni þessarar till. og nauðsyn þess að sú úttekt fari fram sem hér er lögð til og í framhaldi af því verði gert skipulegt átak til að koma á umbótum í málefnum aldraðra. Það er skoðun flm. þáltill. að fallist Alþingi á að fela ríkisstj. ítarlega úttekt á fjárhagsstöðu, afkomu og félagslegri stöðu aldraðra mundi slík úttekt auðvelda allar ákvarðanir og stuðla að aukinni velferð aldraðra í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Í máli mínu beindi ég ákveðinni fsp. til hæstv. fjmrh. sem nú virðist flúinn úr salnum. — Þarna mætir hæstv. fjmrh. í salinn. Ég trúði því varla að hann væri flúinn þegar slík spurning væri lögð fyrir hann. Honum ætti að vera ljúft að svara þeirri spurningu sem ég ber fram. (**Fjmrh.:** Hver er spurningin, hv. þm.?) Spurningin er sú hvort elli- og örorkulífeyrisþegar megi vænta þess að lífeyrir þeirra, sem þeir fá úr almannatryggingum, verði hækkaður um eigi lægri fjárhæð en um hefur verið samið á almenna vinnumarkaðinum og hvenær þeir megi þá vænta þess að lífeyrir þeirra taki slíkum hækkunum. Um er spurt hvort þessi mál hafi verið rædd í ríkisstj.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísða til hv. allshn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Svarið við þeirri spurningu sem hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fyrir mig er stutt. Já, það hefur verið rætt í ríkisstj. Hvenær það kemur til framkvæmda? Ég verð að viðurkenna að ég man ekki hver niðurstaðan var og sé enga ástæðu til þess að gefa aðrar upplýsingar en þær sem ég veit að eru réttar. Ég hefði gjarnan viljað láta heilbr.- og trmrh. svara þessari spurningu, en hann er nú því miður ekki viðstaddur. En sem sagt, svarið er já. Þetta hefur verið rætt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stuðningur við ungmenna- og íþróttahreyfinguna, þáltill. 58. mál (þskj. 58). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 58 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og Steingrími J. Sigfússyni að endurflytja svohljóðandi till. til þál. um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og semja löggjöf um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna. Skal í því sambandi haft náið samband við fjöldahreyfingar á þessu sviði, svo sem UMSÍ og ÍSÍ.

Meðal ábendinga í löggjöf þessari skulu vera:

1. Sérstök rækt verði lögð við almenningsíþróttir og hvernig laða megi sem flesta til líkamsræktar.
2. Samstarf skóla og félagasamtaka um eflingu íþrótta verði stóraukið.
3. Hvers konar íþróttastarfsemi verði skipulega nýtt í þágu baráttunnar gegn vímuefnaneyslu.
4. Tekið verði upp ákveðnara og skipulegra form þess fjárhagsstuðnings sem hið opinbera veitir til íþróttastarfsemi.
5. Tryggð verði sem best nýting þess fjármagns sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar í því skyni að stórauka þátttöku almennings og þá ungs fólks alveg sérstaklega."

Tillögu þessari fylgir ítarleg greinargerð sem ég vitnaði mjög til í fyrra með framsögu þá. Þar eru flest þau meginatriði tíunduð sem máli skipta. Þar er vitnað til þessara mála frá þeim aðilum eystra sem þekkja gleggst til af margra ára ötulu félagsmálastarfi þar í þágu ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Þar er einnig vitnað til mjög greinargóðrar skýrslu frá Íþróttasambandi Íslands. Rennir margt þar styrkum stoðum undir till. af þessu tagi. Ég þarf því ekki nú að hafa uppi langt mál um þessa till. Árið 1985 mun vera alþjóðaár æskunnar og æskuna í landinu snertir þess till. öðrum fremur. Verðugt átak af einhverju því tagi sem þessi till. vísar til hlýtur að vera æskilegt viðfangsefni á ári æskunnar.

Mönnum verður eðlilega tíðrætt hér um ýmis vandamál æskufólksins og margt er þar vissulega svo, að við þarf að snúast af fyllstu alvöru. Í því sem öðru gildir það beina og óbeina forvarnarstarf sem skilar farsælustum árangri ef rétt er staðið að málum. Holl líkamsrækt, heilbrigð tómstundaiðja, frjó og lifandi félagsmálastörf hljóta að vera æskunni sem öðrum farsælir fylginautar og um leið einhver besta vörnin gegn ýmissi þeirri vá sem að þeim steðjar úr öllum áttum. Fjármagn samfélagsins til þessara mála hefur oft verið sorglega lítið og því er ekki heldur að neita að mjög oft vill þetta fjármagn til fárra fara, þ. e. til keppnisgreina margs konar sem vissulega á og þarf að styrkja og eru sjálfsagðar út af fyrir sig. En okkur flm. er miklu ríkara í huga að fjöldinn megi vera sem mestur, sem nýtur þessara fjármuna, að hinn almenni félagi í hreyfingunni verði ekki út undan af því að hann hleypur ekki hraðast, stekkur lengst eða hittir oftast í mark. Fjöldahreyfingar eins og hér er um að ræða þurfa vitanlega að huga að hinum almenna félaga fyrst og síðast þó eðlilegt sé einnig að hlynna að þeim sem til afreka eru líklegir. Á þetta leggjum við höfuðáherslu.

Formaður Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, Hermann Níelsson, skrifaði í fyrra grein í DV þar sem hann fullyrti að samþykkt tillögu af þessu tagi væri góð gjöf til þessara virku æskulýðssamtaka, gjöf sem þau í UÍA væru tilbúin að ávaxta vel í framtíðarvelferð æskunnar. Um það efast enginn sem þekkir það blómlega og sívaxandi almenna starf, sem þar er unnið, og þann mikla fjölda sem kemur þar nálægt. Í ágætri grein forustumanns í þessari hreyfingu á Höfn kom fram

mjög svipuð skoðun. Vissulega má athuga betur hin ýmsu áhersluatriði tillögunnar, breyta þar til og bæta úr, en megininntak hennar um virkan skipulegan stuðning, samþættingu félagasamtaka og menntakerfis, samstarf við heilsugæsluna og fleira af því tagi hlýtur þó að skipta mestu að nái fram að ganga.

Þessi framsaga þarf nú við endurflutning ekki að verða lengri, en ég vitna til greinargerðar, þar sem orðið hefur fyrrv. framkvæmdastjóri UÍA, Sigurjón Bjarnason, og segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrennt tel ég hins vegar að beri að leggja stóraukna áherslu á:

Í fyrsta lagi íþróttaiðkun almennings sem ekki hefur keppni eða hámarksárangur að leiðarljósi. Þarna er fyrst og fremst þörf skipulagningar og áróðurs.“ Hann velur svo austfirsk dæmi þessu til sönnunar, en heldur svo áfram:

„Í öðru lagi ber að efla hvers konar æskulýðsstarf í félögunum, tryggja þar með framtíð hreyfingarinnar og leggja uppeldisstarfi þjóðar lið. Þetta er í raun megintilgangur hreyfingarinnar og þarna má hún í engu bregðast.

Í þriðja lagi þurfa félög og sambönd að huga betur að alhliða félags- og menningarstarfsemi. Í fámennari byggðarlögum er þetta sérstaklega brýnt og ég bendi fólki í þéttbýli eindregið á þá möguleika sem felast í því að efna til nýbreytni í starfi viðkomandi félaga.“

Hér talar sá sem um árabil hefur verið í forustu í þessum málum og hefur mörg s. l. ár unnið ótrúlegt afrek ásamt traustri liðsveit að þeim glæsilega árangri sem náðst hefur á sambandssvæðinu með hinni miklu virkni og meiri þátttöku en almennt gengur og gerist.

Þetta geta því verið mín lokaorð við þess umr., en að þessum hluta umr. lokinni legg ég til að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurreisn Viðeyjarstofu, þáltill. 76. mál (þskj. 78). — Ein umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir till. til þál. um endurreisn Viðeyjarstofu. Flm. ásamt mér eru þeir hv. alþm. Friðrik Sophusson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram, Haraldur Ólafsson, Kjartan Jóhannsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson og Svavar Gestsson.

Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eynni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Byggingin verði færð í upprunalegt horf en að því stefnt að þar megi stunda veitingarekstur og ráðstefnuhald. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Þá verða tvær aldir liðnar frá því að höfuðborg Íslands fékk kaupstaðarréttindi. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga 1985.“

Herra forseti. Það er rétt að gera í örstuttu máli eilítið nánari grein fyrir þessu máli og nauðsyn þess.

Upp úr siðaskiptum lagðist af klausturhald í Viðey. Fer eftir það fáum sögum af staðnum í tvær aldir þangað til Skúli landfógeti settist þar að og gerði garðinn frægan á ný. Skúli valdi „Innréttingunum“, sem eru fyrsti vísir atvinnubyltingar á Íslandi á 18. öld, sama stað í „Hólminum“ þar sem nú heitir Reykjavík. Að sögn Jóns Aðils í sögu Skúla fógeta segir: „Var þar eigi önnur bygging fyrir en bæjarhús nokkur og hrörlegir moldarkofar.“ Það er upphaf höfuðborgar Íslands.

„Stofnanir Skúla fógeta voru fyrsti vísir Reykjavíkurbæjar. Mætti því vel telja hann annan höfund Reykjavíkur, sé Ingólfur landnámsmaður talinn fyrstur,“ segir Jón Aðils. Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar.

Fyrir skömmu eignaðist Reykjavíkurborg bróðurpart eyjarinnar. Í borgarstjórn eru uppi hugmyndir um að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Er það að mati flm. vel til fundið. Viðeyjarfélagið og Snarfari, félag skemmtibátaeigenda, njóta nú þegar nokkurrar aðstöðu í eynni.

Sjálf Viðeyjarstofa og nokkur landspilda umhverfis hana er hins vegar ríkiseign. Viðeyjarstofa er í umsjá þjóðminjavarðar og miðar að sögn hægt endurreisn stofunnar, enda fjárveitingar naumar. Fyrir flm. þessarar till. vakir að hraða þessu endurreisnarstarfi, enda verði veittir til þess nauðsynlegir fjármunir á fjárlögum 1985 og 1986. Eins og fyrr segir verða þann 18. ágúst 1986 tvær aldir liðnar frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Af því tilefni væri við hæfi að mati flm., þótt seinna komi til ákvörðunar, að íslenska ríkið færi höfuðborg sinni að gjöf eignarhluta sinn í Viðey og endurreisi þar Viðeyjarstofu til minningar um Skúla fógeta, föður Reykjavíkur.

Sá gjörningur mætti einnig vera til heiðurs og í minningarskyni um einn stórbrotnasta Íslending, sem uppi hefur verið, sem er Jón biskup Arason á Hólum. Meðal sögufrægra ábóta, sem setið hafa Viðey, má nefna Ögmund Pálsson, seinasta Skálholtsbiskupinn í kaþólskum sið, en þeir fóstbræður stóðu seinastir uppi til andófs gegn ásælni dansks konungsvalds á 16. öld. Frægust er för Jóns biskups til Viðeyjar þegar hann flæmdi þaðan brott hirðstjóra Dana, Laurentius Mule og orti af því tilefni:

> Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur
> — víða trúi ég hann svamli, sá gamli.
> Við Dani var hann djarfur og hraustur.
> Dreifði hann þeim á flæðarflaustur
> með brauki og bramli.

Megi minning Jóns biskups Arasonar lifa meðan land byggist og íslensk tunga er töluð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almenn stjórnsýslulöggjöf, þáltill. 112. mál (þskj. 116). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt nokkrum öðrum þm. till. til þál. á þskj. 116 um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar. Aðrir flm. eru Guðrún Agnarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Friðrik Sophusson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að

semja frv. að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.“

Till. um þetta efni var flutt á síðasta löggjafarþingi og er þessi till. samhljóða. Hér er um endurflutning að ræða því að till. varð þá ekki útrædd og sér því hér aftur dagsins ljós.

Það má segja að í raun er efni þessarar till. að veita einstaklingnum stuðning í viðskiptum sínum við kerfið, eins og það er stundum kallað. Hann hefur staðið hingað til að mörgu leyti höllum fæti og sennilega kemur hann alltaf til með að standa höllum fæti, einstaklingurinn í þjóðfélaginu, gagnvart kerfinu. En allavega er þó nauðsynlegt að veita honum þann stuðning og þann styrk í þeim viðskiptum sem löggjafinn hefur á sínu færi. Því er það markmið þessarar þáltill. að sett verði löggjöf þar sem fram koma skýrar og ótvíræðar reglur um það hvernig stjórnvöld eiga að afgreiða erindi manna, sem þeir beina til þeirra, hvaða rétt stjórnvöld raunverulega hafa, hve langt þau mega ganga og hvað þau mega ekki gera. Slíkar réttarreglur, þótt undarlegt sé, skortir í íslensk lög enda þótt þau séu á öðrum réttarsviðum mjög ítarleg og sinni sínum tilgangi þar ágætlega.

Skýrar og ótvíræðar réttarreglur um stjórnsýslu ríkisins eru einfaldlega nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöldin. Það er kjarni málsins hér. Eins og ég sagði eru ekki nein almenn stjórnsýslulög til hér á landi sem geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni. Nauðsynlegt er að setja ákvæði um bæði form og efnisreglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þar á meðal ákvæði um réttindi þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum þegar þeir leita til stjórnvalda út af erindum sínum.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru fáar. Afleiðing þess er einfaldlega sú að þeir sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum standa vegna þessa höllum fæti þar sem þeir geta ekki bent á nein tiltekin og ákveðin ákvæði sem styðja þeirra rétt og þeirra málafærslu. Oft er ekki ljóst hver er réttur manna við málsmeðferðina, m. a. hvort þeir mega koma á framfæri skoðunum sínum og sjónarmiðum við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá að hve miklu leyti. Hér er um að ræða stjórnvöld allt frá ráðuneytum, opinberum stofnunum til stjórnvalda sem dreifð eru út um allt land.

Þar að auki skortir skráðar eða óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttarins sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Dæmi má taka um leyfi. Mjög algengt er að menn sæki um leyfi. Menn standa í því daginn út og daginn inn að sækja um ýmis leyfi þó að það sé að vísu síður nú en áður fyrr. Þar er yfirleitt ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvöld skuli rökstyðja synjun um leyfi. Leyfisbeiðandinn fær synjun, en það liggur ekki ljóst fyrir af hverju. Er stjórnvaldinu skylt að rökstyðja synjunina, segja hlutaðeigandi hvers vegna hann fær neitun eða ekki? Um það þurfa vitanlega að vera skýrar reglur.

Þá er ekki að finna neinar ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin byggist á. Maður hefur fengið synjun á erindi sínu, hann vill fá að vita ástæðurnar. Það er ekkert ákvæði til um skyldu stjórnvaldsins til þess að veita slíkar upplýsingar. Það sama gildir, að það skortir reglu um skyldu stjórnvalda til þess að rökstyðja úrskurði sína. Það er eitt meginhlutverk stjórnvalda að kveða upp úrskurði á grundvelli laga og reglugerða, fyrst og fremst og ekki síst á grundvelli reglugerða. Það eru stjórnvöld sem framkvæma lögin sem hið háa Alþingi setur. Þar skortir mjög skyldu til þess að þau rökstyðji úrskurði sína. Menn vita einfaldlega ekki á hverju slíkir úrskurðir eru byggðir.

Í þriðja lagi skortir okkur settar reglur um heimild manna til þess að koma fram andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrlausnar eða úrskurðar hjá stjórnvöldum. Menn vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri, menn vilja andmæla einhverju því sem aðrir, andstæðingur eða aðrir hagsmunahafar, halda fram, en við höfum engar reglur um það hver er réttur manna á þessu sviði.

Í fjórða lagi vantar okkur einnig reglur um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Almennt eru menn sammála um það að sú regla eigi við sem gildir í réttarfari, en við höfum mjög ítarlega löggjöf um meðferð mála, bæði einkamála og opinberra mála, fyrir dómstólum. Þar gildir sú regla almennt að skv. íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans, þannig að hann er raunverulega vilhallur eða gæti verið vilhallur. Þessa reglu skortir skráða í íslenskan stjórnarfarsrétt, stjórnsýslulöggjöf. Og því er ekki að neita að þessi grundvallarregla, sem víkur raunverulega að réttaröryggi manna í þjóðfélaginu, hefur verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu. Það þarf að taka fyrir þá hættu sem slíkt hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér.

Hér hef ég nefnt nokkur atriði, herra forseti, sem sýna hve við erum vanbúnir, hve borgarinn er raunverulega hjálparlítill, máttvana gagnvart stjórnvöldum, gagnvart kerfinu, vegna þess að hann skortir réttargrundvöllinn ljósan og óvefengjanlegan. Úr þessu hefði mátt bæta ef Alþingi hefði á sínum tíma, og það eru ugglaust um 20 ár síðan, tekið jákvætt undir þau frv. sem fram komu um að sett yrði á stofn hér á landi embætti umboðsmanns Alþingis, áþekkt því sem við þekkjum það á hinum Norðurlöndunum. En það mál, þó að það væri hér nokkrum sinnum flutt, hefur aldrei náð fram að ganga. Hlutverk umboðsmannsins lýtur mjög að þessu sviði sem ég hef hér verið að nefna. Það er hlutverk hans að taka við kærum og kvörtunum frá hinum almenna borgara sem telur að yfirvöld hafi á einhvern hátt gengið á hlut sinn. Þá er unnt að koma fram leiðréttingum. Hann kannar málið og ef hann telur að kvörtunin eða kæran sé réttmæt, þá kemur hann fram leiðréttingum vegna aðgerða stjórnsýsluyfirvalda og beinir fyrirmælum til þeirra um að menn fái leiðréttingu mála sinna.

Menn geta velt því fyrir sér í þessu sambandi hvort ekki væri ástæða til — þó svo að við fengjum slíka stjórnsýslulöggjöf — að lögleiða slíkt embætti. En þar sem það er ekki fyrir hendi er enn þá brýnni nauðsyn en ella væri á virkri stjórnsýslulöggjöf til þess að vernda rétt borgaranna gagnvart yfirvöldunum.

Ég vil fagna því áður en ég lýk máli mínu, sem fram kom í samkomulagi stjórnarflokkanna nú fyrir

skemmstu, þar sem á það var minnst að nauðsyn væri á þessum vetri, á þessu þingi, að hugað yrði að þessu máli, þ. e. setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar. Á það var minnst í samkomulagi ríkisstjórnarflokkanna. Ég tel það mikinn árangur tillöguflutningsins hér á síðasta þingi að það skuli þó hafa vakið menn til umhugsunar um að hér er nauðsyn á bragarbót í löggjöf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Staðgreiðsla skatta, þáltill. 124. mál (þskj. 128). — Ein umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur leyfi ég mér á þskj. 128 að bera fram eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á staðgreiðslukerfi skatta eigi síðar en tveimur árum eftir samþykkt þessarar ályktunar."

Í grg. með till. segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrir tæpum 20 árum, eða árið 1965, lýsti þáverandi ríkisstjórn því yfir að hún vildi taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Allar götur síðan hefur mikil vinna farið í undirbúning þess að taka upp slíkt kerfi og á þessum hartnær 20 árum hafa margar ríkisstjórnir haft staðgreiðslu skatta á stefnuskrá sinni. Tvisvar sinnum hafa verið lögð fram frv. um þetta efni, árin 1978 og 1981, án þess að hljóta endanlega afgreiðslu á þingi.

Með flutningi þessarar till. vilja fulltrúar Kvennalistans láta í ljósi afstöðu sína til þessa máls. Sú afstaða mótast af hagsmunum skattgreiðenda og þá fyrst og fremst þeirra sem hafa sveiflukenndar tekjur. Má þar sérstaklega nefna sjómenn og fiskvinnslufólk, svo og konur sem þurfa að minnka við sig störf utan heimilis eða hverfa tímabundið af vinnumarkaði til að gæta bús og barna."

Við flm. teljum tvímælalaust að staðgreiðsla skatta væri til mikilla bóta, henni fylgja margvíslegir kostir sem vert er að hafa í huga.

Í fyrsta lagi myndast ekki skattskuld hjá skattgreiðendum eins og nú er. En slík skuld kemur almennu launafólki oft illa í koll ef tekjur sveiflast frá ári til árs, eins og t. d. hjá sjómönnum, eða þeim sem veikjast og verða fyrir tekjuskerðingu af þeim sökum. Þá hefur staðgreiðslukerfið þann kost að það fylgir hagsveiflunni, ef svo mætti að orði komast, þ. e. það innheimtir mikla skatta á velgengnistímum og aftur minna á þeim tímum þegar illa árar. Með núverandi kerfi kemur innheimta af tekjum veltiárs næsta ár á eftir þegar aðstæður geta verið verri.

Í þriðja lagi má ætla að innheimta tekjuskatta verði betri þegar greitt er strax af tekjunum heldur en þegar á að gera grein fyrir tekjunum allt að ári síðar og greiða síðan skatta af þeim. Þetta er því atriði sem kæmi ríkiskassanum til góða. Í millitíðinni vilja oft myndast tækifæri til að láta tekjur „gleymast" og gefa þær ekki upp. Slík tækifæri koma að sjálfsögðu helst fyrir hjá sjálfstæðum tekjuaðilum og þeim sem betur eru settir, en almennt launafólk fær venjulegast allt gefið upp á sig. Þannig má ætla að staðgreiðslukerfið skapi betri heimtur sem óbeint komi launafólki til góða.

En kerfinu fylgja óneitanlega líka ókostir, einkum fyrir hið opinbera, og er þar líklega að finna meginástæðu þess að staðgreiðslu skatta hefur enn ekki verið komið á, þrátt fyrir ótvíræðan áhuga í öllum flokkum, að því er séð verður. Trúlega verður slíkt kerfi dýrara í rekstri, auk þess sem það kostar nokkra fyrirhöfn að koma því á. Þá hefur upptaka staðgreiðslukerfis það í för með sér að einu tekjuári verður að sleppa úr. Ef staðgreiðslukerfi væri t. d. tekið upp í byrjun næsta árs mundu skattar af því ári verða greiddir af tekjum ársins 1985, en skattar á þessu ári eru greiddir af tekjum ársins 1983, þannig að árið 1984 yrði í raun skattfrjálst. Gefur auga leið að allir mundu sem mest reyna að hnika tekjum sínum yfir á skattfrjálsa árið. Og fyrir slíkt er nú nokkuð mikið svigrúm, sérstaklega hjá þeim sem eru með sjálfstæðan rekstur. Svigrúm hins almenna launafólks er hins vegar ekkert.

En eins og ég sagði hér áðan, þrátt fyrir að þetta sé sennilega dýrara í rekstri, þá mundu skila sér, að við teljum, meiri tekjur til ríkissjóðs sem mundu vega þar talsvert upp á móti. Útkoman yrði því trúlega svipuð þegar allt kæmi til alls. Ég vil ítreka að það er fyrst og fremst með hagsmuni almenns launafólks í huga sem Kvennalistinn vill lýsa fylgi sínu við staðgreiðslukerfi skatta. Mætti hafa hér ýmis orð um það og nefna þá hópa sem mestan hag hefðu af slíku kerfi. Ég held þó að þess gerist naumast þörf. Það er í rauninni augljóst um hvaða hóp er fyrst og fremst að ræða. Það eru þeir sem, eins og segir í grg., hafa sveiflukenndar tekjur og t. d. þeir sem eru að minnka við sig launuð störf. Við getum nefnt konur sem kjósa að helga sig heimili og barnauppeldi um skeið. Við getum nefnt fólk sem minnkar við sig launuð störf vegna sjúkleika eða aldurs. Við getum nefnt fólk sem fer til náms eftir að hafa stundað launuð störf um lengri eða skemmri tíma. Og við getum nefnt fólk sem stundar ígripavinnu, t. d. við sjávarútveg, sem gefur ákaflega sveiflukenndar tekjur og oft miklar tekjur sem viðkomandi hafa ekki alltaf möguleika eða forsjálni til að geyma að hluta til til greiðslu á sköttum.

Við þekkjum áreiðanlega öll til einhverra slíkra tilvika þar sem viðkomandi hefði skipt það miklu máli að sitja ekki uppi með skuldabagga vegna vangoldinna skatta. Og ég vil aðeins að lokum taka það fram að við flm. þessarar till. teljum ástæðu til að ætla að staðgreiðslukerfi skatta eigi sér fylgi innan allra flokka og stjórnmálasamtaka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi. Með afgreiðslu þessarar þáltill. kæmi þá í ljós hvort um meirihlutafylgi er að ræða.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þetta mál fari til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 155). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 frá 31. maí, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Fyrir u. þ. b. einu ári síðan stóðum við eins og oft áður í vandasömum sporum þegar farið var að undirbúa af fullum krafti þá fiskveiðistefnu sem við höfum búið við fyrir árið 1984. Var það sérstaklega eftir að álitsgerð fiskifræðinga um ástand helstu fiskistofna barst, en þar kom fram að stofnarnir væru í mikilli lægð og sérstaklega væri þorskstofninn í mjög verulegri hættu.

Eftir að menn höfðu fjallað um mál þetta alllengi og afgreidd höfðu verið heimildarlög hér á Alþingi í des. s. l. komust menn að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gera grundvallarbreytingu á stjórnun veiðanna í ljósi nýrra aðstæðna og yrði sú breyting gerð í tilraunaskyni í eitt ár. Í framhaldi af þessu var skipuð ráðgjafarnefnd til þess að fjalla um reglugerð á grundvelli þeirrar lagaheimildar sem ég áður gat um. Þessi nefnd vann mjög gott starf undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, og skilaði ítarlegum niðurstöðum sem síðan urðu grundvöllur að stjórn veiðanna. Í þessari nefnd áttu sæti aðilar sem eru tengdir helstu hagsmunasamtökum í sjávarútvegi eins og fram kemur í grg. með frv. Áður en þessi reglugerð var sett var einnig haft samráð við sjútvn. Alþingis. Þar var fjallað ítarlega um reglugerðardrögin og gerðar voru á þeim nokkrar breytingar eftir þá fundi sem haldnir voru um málið með sjútvn. þingsins.

Eftir þá reynslu, sem við höfum nú öðlast af stjórn veiðanna, er að sjálfsögðu rétt og skylt að reyna að meta það hvort þessi tilraun hefur vel tekist, hverjir eru helstu gallar þess sem fram hefur komið. Við verðum að draga af því sem mestan lærdóm við ákvörðun stefnunnar fyrir næstu ár.

Það var ljóst þegar í upphafi að fram kæmu margvísleg ágreiningsefni varðandi skipan þessara mála. Það var að sjálfsögðu gagnrýnt að reynst gæti vandasamt fyrir sjútvrn. að skera úr þeim ýmsu málum sem þar mundu upp koma og ýmsir gagnrýndu það að rn. skyldi fengið svo mikið vald til að úrskurða um slík mál. Ákveðið var að sérstök nefnd skyldi fjalla um málefni sem slík. Í þá nefnd voru skipaðir Stefán Þórarinsson deildarstjóri í sjútvrn., formaður, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, af hálfu útgerðarmanna og Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, af hálfu sjómanna.

Nefnd þessi hefur unnið mjög mikið starf á árinu og hefur úrskurðað um margvísleg vafamál. Þessir úrskurðir hafa verið kveðnir upp eftir mjög ítarlegar umr. og hefur mikil og góð samvinna verið innan nefndarinnar og rn. átt við hana mjög gott samstarf. Tekist hefur að leysa úr þeim málum sem upp hafa komið án ágreinings, ekki þannig að þeir sem við þessa úrskurði áttu að búa væru allir ánægðir, það er langt í frá, en hins vegar hefur tekist að ná um þá samstöðu. Það er að mínu mati mjög til eftirbreytni hvernig ýmsir hagsmunaaðilar hafa verið tilbúnir til að leggja sig fram til að ná samstöðu um þessi erfiðu og viðkvæmu mál.

Ég tel rétt að rifja upp í ljósi reynslunnar þau rök sem voru fyrir því fyrirkomulagi sem ákveðið var við stjórnun veiðanna og þau markmið sem þar voru lögð til grundvallar. Eftir að Hafrannsóknastofnunin lýsti því yfir að þorskstofninn væri í mikilli lægð eftir nokkur aflasæl ár og lagði til að veiðar yrðu mjög verulega takmarkaðar úr stofninum, varð fljótlega ljóst að um tvær meginstjórnunarleiðir væri að velja, annaðhvort sóknartakmarkanir, eins og stuðst hafði verið við á undanförnum árum, eða svokallað aflamarksfyrirkomulag. Aflamarksfyrirkomulagið varð í grundvallaratriðum fyrir valinu og voru fyrst og fremst fjórar ástæður fyrir því að svo varð.

Fyrsta ástæðan var sú að í reynd var ekki hægt að koma við frekari sóknartakmörkunum á þorksveiði en þegar hafði verið gripið til og hætt væri við að slík takmörkun leiddi aðeins til þess að sóknin í aðra botnlæga fiskistofna yrði aukin, t. d. ýsu, karfa, ufsa og grálúðu, en þessir stofnar voru þá þegar taldir fullnýttir. En þegar hið svokallaða skrapdagakerfi var tekið upp á sínum tíma var gengið út frá því að þessir stofnar væru flestir hverjir vannýttir og í reynd ákveðið að greiða sérstakar uppbætur á bæði karfa og ufsa til að auka sóknina í þá. Þessi forsenda var ekki lengur fyrir hendi og því var ekki talið að réttlætanlegt væri að beina sókn úr þorskstofninum frekar í þessa stofna.

Önnur ástæðan var sú að talið var mjög erfitt, eins og fyrri reynsla hafi sýnt, að takmarka þorskveiðina með sóknartakmörkunum við tiltölulega nákvæm aflamörk. Það var álitið mjög mikilvægt gagnvart þorskstofninum að svo yrði á þessu ári vegna þess að talin var hætta á hruni stofnsins og þess vegna væri mikilvægara en nokkru sinni fyrr að veiðar færu ekki verulega fram úr settu marki. Ef litið er til bráðabirgðatalna Fiskifélags Íslands um botnfiskaflann má ráða af því að tekist hafi fram til þessa að takmarka aflann við þau mörk, sem sett voru í upphafi og síðan bætt við, og bendir flest til þess að svo verði það sem eftir er ársins.

Þriðja ástæðan og ekki sú veigaminnsta var sú að aflamarksleiðin tryggði betur en nokkur önnur leið við stjórn fiskveiða að sá afli, sem til skipta væri, dreifðist eins jafnt og réttlátlega á byggðarlög og fiskiskip allt umhverfis landið og kostur yrði. Við vitum að aflahrotur koma á miðum, sem betur fer. En þegar lítið er til skiptanna og stöðva á við ákveðin mörk er mjög hætt við því að aflinn sé fyrst og fremst tekinn á afmörkuðu svæði og síðan verði nánast lítið eða ekkert fyrir aðra aðila til að sækja í. Sóknartakmarkanir á fiskiskipum fela í sér samkeppni um aflann þann tíma sem þau mega vera að veiðum og það má leiða að því sterk rök að þorskaflahrotur þær, sem t. d. komu á Breiðafirði s. l. vetur og Vestfjarðamiðin í sumar, hefðu leitt til ójafnari skiptingar fiskaflans en raun varð á, hefði sóknartakmörkunum verið beitt. Þannig má einnig segja að reynslan hafi verið varðandi smábáta undir tíu lestum en þeir fiska úr sameiginlegu heildarmarki.

Aflasæld þessara báta hefur verið nokkuð misjöfn við landið og því hafa takmarkanir á sókn bitnað harðar á einstökum landshlutum en öðrum. Þessi reynsla hefur einnig verið að því er varðar síldveiðarnar á þessu hausti þótt þar sé notast við aflamark í verulegum mæli. Þar er

kapphlaupið með öðrum hætti. Þar er kapphlaupið um það að veiða sem mest áður en söltun er lokið. Nú hefur öðrum verkunaraðferðum lítt eða ekkert verið sinnt fyrr en söltun hefur verið lokið og þeir sem þá hafa lítið veitt sitja nú eftir með sárt ennið.

Ég vil ekki draga úr því að að sjálfsögðu er samkeppni nauðsynleg. En þegar við búum við miklar takmarkanir í okkar auðlindum verður óheft athafnafrelsi í fiskveiðum til þess að auka þjóðfélagslega mismunun og sérstaklega til að ganga á tekjumöguleika komandi kynslóða. Og jafnvel þótt við séum vön því og viljum hafa mikla samkeppni í veiðunum þá hljóta að vera fyrir því takmörk hvað við látum slíkt leiða til mikillar mismununar í þjóðfélaginu eða hvað við látum núverandi kynslóð taka mikið í sinn hlut og það verði þá til þess að þær næstu hafi lítið sem ekkert.

Fjórða ástæðan fyrir því að þessi leið var valin var sú að með henni mætti koma við sparnaði og meiri hagkvæmni í rekstri fiskiskipa en eftir öðrum leiðum, m. a. vegna þess að þá yrði hægt að færa aflakvóta milli skipa og fækka þar með skipum í rekstri og einnig í hefðbundnum veiðum. Um þennan þátt er að sjálfsögðu erfitt að fullyrða en ljóst er að margir hafa reynt að spara og auka hagkvæmni í sínum rekstri, t. d. með því að sameina kvóta skipa og beina öðrum skipum í veiðar á vannýttum fiskistofnum, t. d. úthafsrækju. Veruleg aukning hefur orðið í úthafsrækjuveiðum og er álitið að þær muni allt að tvöfaldast á þessu ári frá því sem áður var sem er veruleg aukning og hefði áreiðanlega verið meiri ef ekki hefði orðið verðfall á rækju. Þessi stofn er ekki nægilega þekktur og við töldum nauðsynlegt að beina fleiri skipum í hann.

Það er enginn vafi á því að skipulag veiðanna hefur orðið til þess í verulegum mæli að hagkvæmni hefur orðið meiri og þar með hefur verðmætasköpunin í þjóðfélaginu aukist af þeim sökum. Við vitum einnig að nýting veiðarfæra varð betri og fiskgæði á vetrarvertíð jukust frá árinu áður samkvæmt þeim gæðaskýrslum sem við höfum fengið frá Fiskifélagi Íslands. Auðvitað má alltaf um það deila hvers vegna svo sé, en það er almennt talið að stjórnun veiðanna eigi þar nokkurn þátt.

Þegar á heildina er litið má segja að fyrrgreindar höfuðástæður fyrir því að aflamarksleiðin var valin hafi staðist í stærstu dráttum og þeim markmiðum sem stefnt var að hafi verið í stórum dráttum náð. Það er því eðlilegt að við spyrjum í ljósi þessarar reynslu hvort við höfum valið rétta kostinn og hvort aðrar leiðir hefðu tryggt okkur betri framtíð og skilað okkur meiri verðmætum í þjóðarbúið. Ég svara því fyrir mitt leyti hiklaust játandi að við höfum valið rétta kostinn á því ári sem nú er að líða.

Við þurfum einnig að spyrja okkur hvort þær forsendur sem voru fyrir hendi á s. l. hausti hafi að einhverju leyti breyst. Fyrsta spurningin í því sambandi er að sjálfsögðu sú hvort það megi búast við því að heimilað verði að veiða meira úr fiskistofnunum á næsta ári en í ár.

Hafrannsóknastofnunin hefur þegar lagt til að hámarksafli 1985 verði 200 þús. tn í þorski, 45 þús. tn í ýsu, 60 þús. tn í ufsa, 90 þús. tn í karfa og 25 þús. tn í grálúðu. Það verður að sjálfsögðu að meta þessar tillögur í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við, en það er ekki hægt að reikna með því að afli á næsta ári verði meiri en hann hefur orðið á þessu ári eða þar er vart hægt að reikna með miklum mun.

Það hefur verið áætlað, eins og kemur fram í fskj. með frv. frá Hafrannsóknastofnun, að stofnstærð þorsks verði 970 þús. tonn í ársbyrjun 1985, en það var áætlað að stofnstærð hans væri 1130 þús. tonn í ársbyrjun 1984 og ákvarðanir voru við það miðaðar þegar þær voru teknar á sínum tíma. Hins vegar hefur það gleðilega gerst að minnkun stofnsins er ekki eins hættuleg og annars hefði verið vegna þess að það hafa komið til mjög bætt skilyrði í hafinu. T. d. hefur hlutfall kynþroska þorsks í aldursflokkunum aukist. Ef þessi bættu skilyrði hefðu ekki nú komið til er áreiðanlegt að það hefði t. d. ekki verið rétt að auka við þorskaflann á s. l. vetri, en þá voru menn þegar farnir að sjá fyrir nokkurn bata varðandi ástandið í sjónum og þess vegna þótti mönnum fært að taka þá ákvörðun.

Það er hins vegar mikil ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að hlutfall fjögurra og fimm ára þorsks er 55% aflans 1984 og það er áætlað að hlutfall fjögurra og fimm ára þorsks verði 67% aflans 1985. Það vantar eldri árgangana inn í. Sjö, átta og níu ára þorskur hefur ekki veiðst í þeim mæli sem reiknað var með á s. l. hausti. Hins vegar hefur veiðin í fjögurra og fimm ára þorski verið mun meiri en gert var ráð fyrir. Það liggur alveg fyrir að það er rétt, ef hægt er, að lofa þessum fiski að vaxa, og þegar vaxtarskilyrðin eru jafngóð og raun ber vitni í sjónum er út frá þeim sjónarmiðum rétt að lofa þessum fiski að vaxa og verða kynþroska. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hvað við getum lagt á okkur efnahagslega til að byggja upp stofninn. En að mínu mati er afar þýðingarmikið að vinna að því að eldri fiskurinn verði stærri hluti í stofninum. Við sjáum af reynslu undanfarinna ára að það hefur nánast lítið sem ekkert af eldri fiski komið á vetrarvertíð. Á s. l. vetri var mjög mikil deyfð í sjónum víða umhverfis landið þó að sem betur fer væru nokkrar undantekningar þar á.

Það er hins vegar okkar helsta von að það gerist að sá árgangur sem hefur verið að alast upp við Grænland frá 1977 komi inn í veiðina á næsta ári, en það gerist oft að nokkur hluti seiðanna fari í þá áttina. T. d. var árgangur frá Grænlandi uppistaðan í vertíðarveiðinni 1981. Það er hins vegar talið að þessi stofn sameinist okkar stofni og þar með hrygningarstofninum. Er að sjálfsögðu einnig mikilvægt að hann aukist nokkuð því að hann er orðinn afar lítill.

Það hefur einnig gerst í ár að hluti af seiðunum hefur farið til Grænlands. Það virðist gerast þannig að kaldur sjór kemur norðan úr höfum og klýfur þá leið sem seiðin ganga um þannig að nokkur hluti þeirra fer til vesturs og annar hluti til austurs. Vitað er að nokkuð mikið af seiðum fór yfir til Grænlands á s. l. vori. Það er þá væntanlega fiskur sem gæti komið aftur á okkar mið eftir 7—8 ár. Það má því segja að ástand stofnanna, þótt þar hafi sem betur fer aðeins birt yfir, gefi ekki mikið tilefni til þess að veruleg breyting verði í stjórnun veiðanna.

Ég ætla ekki að fara yfir það álit sem hér hefur komið frá Hafrannsóknastofnuninni, það er birt hér sem fskj., en að sjálfsögðu mun Hafrannsóknastofnunin þurfa að gefa sjútvn. ítarlegri upplýsingar um þessi mál og afar þýðingarmikið að góður tími gefist til þess þannig að menn fái sem besta innsýn í þá vitneskju sem við höfum

um þessi mál.

Það má einnig spyrja hvort við getum treyst því að svipuð stjórn og var beitt við fiskveiðarnar áður fyrr, t. d. með svokölluðu skrapdagakerfi, tryggi að það verði ekki farið fram úr þeim takmörkunum í heildarafla sem sett verða á árinu. Ég get ekki séð að það verði auðvelt. Eins og ég gat um áður eru einnig komnar upp þær aðstæður, sem ekki voru þegar það kerfi var tekið upp, að aðrir stofnar voru taldir vannýttir, en flestir eru um það sammála að karfastofninn sé þegar til lengri tíma er litið í verulegri hættu. Það hefur verið sótt mjög stíft í hann á undanförnum árum, fyrst og fremst vegna þess að þorskafli dróst mjög saman. Ég er a. m. k. þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að takmarka sókn í karfastofninn þegar sá dagur kemur að við getum aukið verulega sóknina í þorskinn.

Það má einnig spyrja hvort önnur leið sé fær til þess að tryggja öllum byggðarlögum í landinu og öllum skipum sinn hlut úr þeim tiltölulega litla afla sem er til skiptanna með annarri leið en aflamarksleiðinni. Það er erfitt að sjá að svo sé, en eins og ég gat um áður er meiri hætta á því að tiltölulega lítill hluti eða ákveðinn hluti flotans fái þá mjög mikinn meiri hluta af því sem til skiptanna er.

Það má einnig spyrja hvort einhverjar aðrar leiðir séu betri til að auðvelda hagkvæmni og sparnað í rekstri sjávarútvegsins, en það er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið, ekki bara fyrir sjávarútveginn, heldur einnig þjóðfélagið í heild. Það má einnig spyrja hvort miklar líkur séu á því á næsta ári að hægt verði að auka verulega framboð á okkar fiskmörkuðum. Það var svo t. d. á árinu 1981 að þá var hægt að verka afla í verulegum mæli í skreið og koma honum á Nígeríumarkað. Það eru ekki líkur til þess eins og núna er útlitið að við getum verulega aukið framboð á fiskmörkuðum okkar á næsta ári og það er að sjálfsögðu engum til góðs að við söfnum upp birgðum í landinu, hvort sem það er af frystum fiski eða skreið. Þá er að sjálfsögðu betra að fiskurinn syndi áfram í sjónum þar til aðstæður á mörkuðum leyfa að við sendum meira magn inn á þá. Það er verulega mikið magn til af frystum fiski og við höfum verið að safna þar upp óþarflega miklum birgðum. Að sjálfsögðu þarf fiskveiðistefna okkar að taka verulegt mið af þessum aðstæðum. Fiskur sem ekki selst er einskis virði og þótt aflasæld sé nauðsynleg þarf einnig að hafa það í huga út frá okkar sameiginlegu hagsmunum að markaðirnir geti tekið við því magni sem á land kemur.

Þótt ég hafi með þessum orðum reynt að draga fram nokkur þau helstu atriði sem höfð voru í huga þegar þetta fyrirkomulag var tekið upp til reynslu í eitt ár á að sjálfsögðu ekki að líta fram hjá því að það eru einnig verulegir gallar samfara slíkri stjórnun og nauðsynlegt er að breyta og lagfæra ýmsa ágalla sem fram hafa komið. Ég er þeirrar skoðunar að að ýmsu leyti hafi framkvæmd aflamarksins tekist vel. Útgerðarmenn og sjómenn virðast hafa aðlagað sig nokkuð vel þessari breyttu stjórnun eftir ýmsa eðlilega byrjunarörðugleika. Samskipti rn. við útgerðarmenn og sjómenn hafa verið ágæt þó að ekki sé því að neita að þeir síðarnefndu hafi í mjög mörgum tilvikum rekið mál sín af miklu harðfylgi. Einnig höfum við mjög notið góðs samstarfs við Fiskifélag Íslands sem hefur reiknað út allar úthlutanir til einstakra fiskiskipa. Það hefur tekist afar vel í flestum atriðum. Auðvitað hafa komið fyrir ýmiss konar mistök eins og alltaf er, en almennt má segja að Fiskifélagið hafi reynst mjög vel í þessu sambandi.

Það er einn helsti galli þessa svokallaða kvótakerfis að það er ekki nægilega sveigjanlegt í mörgum tilvikum. Það stafar af því að skipin eru bundin af meðaltali afla s. l. þrjú ár. Þetta meðaltalsveiðimynstur, ef svo má kalla, sem þannig hefur myndast, hefur í mörgum tilvikum ekki hentað við þær aðstæður sem skipin búa við. Þetta á t. d. við um minni báta þar sem sveiflur eru tiltölulega miklar á milli ára. Þetta á einnig við um skip sem færast á milli landshluta og svo má lengi telja. Þetta kemur einnig fram í mismunandi aflasamsetningu á milli ára. Má t. d. nefna að mörg skipanna eiga verulegt magn eftir af ýsukvóta sínum, sérstaklega togararnir. En þessir kvótar voru ákvarðaðir á grundvelli reynslunnar þegar ýsuveiðin var mun betri en reyndin hefur orðið í ár, en ýsuveiðin hjá togurunum hefur að nokkru leyti brugðist.

Samtenging allra veiða, bolfiskveiða og sérveiða, var að mörgu leyti erfið á árinu. Það stafar m. a. af því að reglur og fyrirkomulag um sérveiðar voru ekki frá gengnar í meginatriðum um leið og reglurnar voru settar um aflamarkið. Það sama má einnig segja í nokkrum tilvikum varðandi samtengingu veiða og vinnslu. Þar hefur nokkuð skort á. Það bar t. d. á því á s. l. vetrarvertíð og í sumar þegar afli var sem mestur á Vestfjarðamiðum.

Framsal aflakvóta yfir til annarra skipa hefur mælst misjafnlega fyrir. Framkvæmd þessara framsala hefur gengið bærilega. Ég hef áður rakið það hér á Alþingi hve mikið hefur verið fært á milli, en það eru samtals 19 543 tonn. Það er í langmestum mæli framsal milli skipa í eigu sömu útgerðar og innan viðkomandi verstöðvar, en tiltölulega mjög lítið magn hefur verið flutt á milli verstöðva og hefur það ekki verið gert nema að fengnu samþykki sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð. Ég er ekki í nokkrum vafa um að rétt var að setja þessar hömlur á, eins og kom skýrt fram hér við umr. á Alþingi í fyrra. Þm. lögðu á það mikla áherslu að settar yrðu hömlur á það að færa á milli byggðarlaga og að viðkomandi byggðarlög fjölluðu mjög ítarlega um það áður en það yrði gert. Það hefur orðið til þess að byggðarlögin hafa betur en ella getað nýtt sér þann afla sem komið hefur til viðkomandi byggðarlags. Hitt er svo annað mál að ég er ekki með því að segja að það eigi að útiloka framsal milli byggðarlaga, langt í frá. Ég er aðeins að segja að nauðsynlegt er að um það sé fjallað og hinir ýmsu hagsmunir viðkomandi byggðarlags, sem þessu er tengt, metnir og ræddir.

Heimildir til að framselja aflakvóta á milli skipa voru almennt taldar nauðsynlegar þegar reglur um kvótaskiptingu botnfiskaflans voru settar, fyrst og fremst vegna þess að kvótar einstakra fiskiskipa réðust af veiðum þeirra undangengin þrjú ár, eins og ég gat um áður. Reglurnar binda því einstök fiskiskip talsvert í fortíð sinni og því er svigrúm þeirra til að mæta nýjum kringumstæðum, eins og breyttum útgerðarháttum eða annarri aflasamsetningu, takmarkað. Í slíkum tilvikum hjálpa þessar heimildir verulega upp á sakirnar og gera það kleift að koma á hagræðingu í rekstri skipanna, sérstaklega hjá þeim útgerðum sem eiga mörg skip sem sum hver hafa e. t. v. lítinn aflakvóta. Eftir því sem

meiri hömlur eru settar á slík framsöl þeim mun minni verða möguleikarnir að sjálfsögðu. En það eru önnur sjónarmið sem þar verður einnig að hafa í huga og tel ég að þær takmarkanir, sem hafa gilt, hafi orðið til þess að slík sjónarmið hafa fremur verið tekin til umhugsunar.

Það hefur einnig komið í ljós að þessi möguleiki til framsals, eins og ég hef áður sagt, hefur ýtt undir úthafsrækjuveiðar og þar með fækkað skipum á hinum hefðbundnu botnfiskveiðum. Þessar reglur um framsal eru því grundvöllur þess að koma megi við hagræðingu og sparnaði og eru því óhjákvæmilegar í fyrirkomulagi eins og aflamarksleiðinni. Það er hins vegar grundvallaratriði að aflamark sérhvers skips sé sniðið sem best að þörfum þess og að sjálfsögðu nauðsynlegt að leitast við að gera það. T. d. er nauðsynlegt, ef aflamarksfyrirkomulagið verður ákveðið, að endurskoða kvóta skipanna í ljósi reynslunnar. Í nokkrum tilfellum hafa skip fengið meðalkvóta vegna atvika sem upp hafa komið, skipstjóraskipta, eigendaskipta og annarra atriða, og síðan komið í ljós að skipin hafa ekki ráðið við þessa meðalkvóta og hafa þeir verið framseldir að hluta og ekki notaðir af viðkomandi skipum. Einnig hafa rækjuskip og loðnuskip framselt töluvert magn. Það hefur orðið til þess að fleiri skip hafa farið til rækjuveiða og í mörgum tilfellum orðið til þess að loðnuskipin hafa ekki farið á hefðbundnar botnfiskveiðar. Það er að mínu mati mun eðlilegra að endurákvarða ýmsa kvóta í ljósi aðstæðnanna og reglur um skerðingu vegna annarra veiða en að útiloka millifærslu milli skipa og þá möguleika sem slíkt gefur til hagræðingar og sparnaðar.

Það má margt um það segja hvað við eigum að gera í ljósi þessarar reynslu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að endurskoða reglur um stjórn fiskveiðanna á næsta ári í ljósi þessarar reynslu sem kallar á að nokkrar breytingar verði gerðar. Hægt er að hafa viðmiðun við aflamark fiskiskipanna, sem þau fengu, á árinu 1985 í stórum dráttum. Það þarf hins vegar að endurskoða núverandi meðalkvóta eftir föngum með — (Gripið fram í.) Já, ég hef kannske sagt vitlaust ár. Ég er að tala um það sem gæti orðið á næsta ári í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum orðið fyrir. Ég er að segja að að verulegu leyti mætti miða við þann aflakvóta, sem skipin fengu úthlutað í ár, á næsta ári, þó með ýmsum mikivægum breytingum, t. d. að endurskoða núverandi meðalkvóta eftir föngum, m. a. með tilliti til þess hvernig þessi svokölluðu meðalkvótaskip hafa aflað í ár.

Ég tel einnig mjög mikilvægt að öllum útgerðum fiskiskipa verði boðið upp á sóknarmark sem annan valkost. Það er nú svo að reynslan af meðalkvótunum er ekki nægilega góð og það hefur einnig komið í ljós að sveigjanleiki kerfis, sem aflamarksfyrirkomulagið er, er ekki nægilega mikill. Það er ekki hægt að binda veiðarnar í því mynstri sem þær hafa verið í á þessum þremur árum sem miðað hefur verið við. Þess vegna verður að finna leið til að þeir, sem telja sig afskipta og hafa farið illa út úr skiptingunni, hafi möguleika til að brjótast út úr því og bæta sinn hag. Með því að heimila öllum að velja svokallað sóknarmark yrði ekki lengur þörf fyrir meðalkvótana. Þeir sem teldu sig afskipta gætu þá sýnt fram á það hvað þeir geta innan ákveðinna sóknarmarka. Það er hins vegar nauðsynlegt að binda þetta sóknarmark ákveðnum hámarksafla í helstu tegundum, t. d. þorski og karfa, eigi að tryggja það að ekki verði farið verulega fram úr þeim heildarmörkum sem sett eru.

Það kemur einnig til álita að ekki verði heimilt að breyta um val og ekki verði heimilt að skipta á kvótum eða sóknardögum milli skipa í sitt hvoru fyrirkomulaginu. Það hefur t. d. komið fram í áliti Fiskiþings að ekki sé rétt að heimila framsal á sóknardögum almennt þannig að ef skip velur þá leið þá verður það með því að sýna fram á hvað það getur.

Það er áreiðanlegt að margt má vera óbreytt í núverandi reglum og getur því reglugerðin verið n. k. beinagrind fyrir reglurnar á næsta ári. Frávikin gætu falist í ýmiss konar útfærslu reglnanna, t. d. að því er varðar ýmsar sérveiðar. Það er ljóst að ýmsar greinar núverandi reglna mega falla út eða breytast verulega, t. d. má nefna ákvæði um frátafir eiganda og skipstjóraskipti o. fl. slíkt. Margt getur verið óbreytt. T. d. má nefna ákvæði um veiðileyfi, flokkun skipa í útgerðarflokka og stærðarflokka, skiptingu aflans milli flokka og skipa, framkvæmd, eftirlit, viðurlög og margt fleira. Það er sérstaklega mikilvægt að þessi endurskoðun á núverandi reglum taki einnig sérstakt mið af gildistíma reglnanna og leyfisveitinganna, t. d. til hve langs tíma veiðileyfin eru gefin út. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að gefa út veiðileyfi til lengri tíma en þess sem lögin gilda. Það er hins vegar afar óheppilegt að vera að gera veigamiklar breytingar á hverju einasta ári og það er einnig mjög óheppilegt að vita lítið eða ekkert um það með hvaða hætti veiðunum verði stjórnað á næsta ári. Það skapar mikla óvissu hjá þeim sem þessa atvinnugrein stunda.

Einnig þarf að huga sem best að því að reglurnar geti auðveldað flutning skipa á milli landshluta og einnig auðveldað það að hægt sé að taka upp breytta útgerðarhætti. Verið er að vinna að því í rn. að útfæra sóknarmarkið betur og endurskoða það með tilliti til veiðarfæra, útgerðarhátta og stærðar skipa. Sú ráðgjafarnefnd, sem var að störfum í fyrra, er einnig að störfum nú. Ég tel það afar mikilvægt að það takist að útfæra sóknarmarkið það vel að það geti verið fýsilegur valkostur fyrir þá sem ekki vilja búa við aflamark, t. d. fyrir þá aðila sem vilja breyta um útgerðarhætti, fyrir þau skip sem hafa verið flutt á milli landshluta, þar sem um eigendaskipti hefur verið að ræða og þar sem nýjar áhafnir hafa komið og vegna annarra atriða sem alltaf koma upp í þessari atvinnugrein. Það getur því verið mjög hættulegt að binda menn í allt of fastar skorður í þessum efnum.

Hins vegar verðum við að hafa það í huga að fiskveiðistefnan verður að gera það kleift að auka gæði fiskaflans og bæta afkomu útgerðar og sjómanna í heild sinni. Við verðum einnig að hafa það í huga að þessi sama fiskveiðistefna tryggi sem best heildarhagsmuni landsmanna. Við verðum að hefja þessa hluti upp fyrir stundarhagsmuni og togstreitu einstakra aðila sem alltaf mun verða fyrir hendi. Þetta er erfitt verk en það verður best leyst með því að menn reyni að hafa sem besta samvinnu um að leysa verkefnið en flýja ekki frá því, enda mun það aðeins auka vanda okkar. Það er höfuðskylda stjórnvalda, Alþingis, sjómanna, útgerðarmanna og annarra landsmanna að standa vörð um fiskistofnana og sjá svo til að þeir séu sem best nýttir fyrir okkar þjóðfélag.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta mikilvæga mál. Hér er lagt fram frv. sem byggir á því frv. sem flutt var á s. l. ári og gerir ráð fyrir því að veittar séu heimildir til að stjórna fiskveiðunum. Það gerir ráð fyrir því að bæði sé heimilt að gera það með því að setja aflamark á einstök skip og einnig að sóknartakmarkanir eða sóknarmark á einstök skip sé notað. Þær breytingar sem hér eru helstar frá frv. á s. l. ári eru að betur koma fram heimildir til að úthluta svokölluðu sóknarmarki. Þá er einnig gert ráð fyrir því að hægt sé að úthluta aflamarki skips sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða til útgerðarfyrirtækis skips eða fiskvinnslufyrirtækis þess sem skipið hefur einkum lagt upp afla hjá. Það er nú svo að skip eru ekki annað en tæki til að afla fólki lífsbjargar og ef eitt byggðarlag missir sitt skip þá er þörfin hin sama fyrir hráefni til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Hins vegar setja þau þessum byggðarlögum takmarkanir varðandi stækkun fiskiskipaflotans. Ég tel eðlilegt að einhver slík heimild sé fyrir hendi þó að hún sé vandmeðfarin. Ég tel nauðsynlegt að um það sé fjallað hér á Alþingi hvort slík heimild skuli vera fyrir hendi og með hvaða hætti megi beita henni.

Þá kemur fram í lögunum að settar verði reglur um úthlutun eða framsal á aflamarki og sóknardögum og riftun á þessu sama aflamarki ef talin er ástæða til. Það er nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að setja frekari reglur um þetta atriði, ekki með því að útiloka það, eins og ég sagði áður, heldur að þar séu takmarkanir fyrir hendi og það þurfi að fara í gegnum ákveðna vinnslu.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að lög þessi gildi frá 1. jan. 1985 til ársloka 1987. Það er einfaldlega lagt til til þess að ekki þurfi á hverju einasta ári að leita nýrra heimilda til stjórnunar veiðanna, m. a. svo að hægt sé að svara því hvað muni gilda á næsta ári og skapa meiri vissu fyrir þá aðila sem við reglurnar eiga að búa. T. d. getum við litlu um það svarað við hvað menn eiga að búa á næsta ári. Jafnvel þótt um það séu ýmsar hugmyndir er engu hægt að svara þeim mönnum sem spyrja slíkra spurninga svo víst geti talist vegna þess að lög þau, er nú gilda, falla úr gildi um n. k. áramót.

Á næstunni munu ýmsir aðilar fjalla um þessi mál. Fiskiþing hefur þegar ályktað um stjórn veiðanna á næsta ári. Einnig hefur þing Sjómannasambands Íslands fjallað nokkuð um þau mál. Sú ráðgjafarnefnd, sem nú er að störfum, mun leggja á það áherslu að ljúka starfi sínu sem fyrst. Hins vegar er eðlilegt að það taki nokkurn tíma og ég vænti þess að hæstv. sjútvn., sem fjallar um þessi mál, fái tækifæri til að kalla á alla þessa aðila og leita upplýsinga um málið.

Það væri afar þýðingarmikið að hægt væri að afgreiða frv. þetta eins fljótt og nokkur kostur er. Því vildi ég mega fara fram á það við sjútvn.-menn og formann n. að leitast sé við að samstarf verði haft við sjútvn. Nd. Ég veit að áreiðanlega er ekkert því til fyrirstöðu, enda mikið tímahagræði að því þegar leita þarf eftir margvíslegum upplýsingum víða að um mál þetta. Það var afar slæmt hversu stuttan tíma sjútvn. höfðu til umfjöllunar á máli þessu fyrir jólaleyfi á s. l. ári þótt verulega væri úr því bætt með fundum um málið eftir áramót. Því vænti ég þess að nú verði betri tími til að fjalla um málið.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Frv. um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi, sem við nú ræðum, er sams konar frv. og við höfðum til meðferðar á síðasta þingi og samþykkt var sem lög nr. 82/1983. Þeim lögum var ætlað að gilda aðeins í eitt ár eða frá 1. jan. 1984 til ársloka 1984. Frv. því, sem við nú höfum til meðferðar, er ætlað, ef að lögum verður, að taka við af hinum fyrri lögum og gilda í þrjú ár.

Frv. þetta er í grundvallaratriðum framlenging á lögunum frá því í fyrra. Það er staðfesting á kvótafyrirkomulaginu sem þá var innleitt. Svo var látið heita að kvótakerfið ætti að vera til reynslu í eitt ár. Í því hlaut að felast að kvótakerfið yrði ekki framlengt nema reynslan sýndi að réttlætanlegt yrði. Ég er andvígur kvótakerfinu og var á móti setningu laga nr. 82/1983, sem ég tel hafa verið alvarleg mistök. Ég tel að reynslan af kvótakerfinu hafi staðfest þetta. Þess vegna er ég andvígur frv. því sem hér er til umr.

Þegar rætt er um kvótakerfið skyldi gera greinarmun á tvennu: annars vegar stefnunni sem liggur til grundvallar kvótakerfinu og hins vegar framkvæmd kvótakerfisins. Ég tek fram að ég er andvígur stefnunni á hvern veg sem framkvæmdin er. Að mínu mati gengur kvótafyrirkomulagið eða skipting hámarksafla milli skipa þvert á grundvallaratriði sem okkur ríður á að halda í heiðri. Ég ræddi um þetta sérstaklega við 1. umr. hér í hv. deild um frv. að lögum nr. 82/1983 og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Framleiðnin í íslenskum sjávarútvegi er meiri en annars staðar þekkist. Sú staðreynd skapar okkur yfirburði fram yfir aðra. Þrátt fyrir mikilvægi góðs skipakosts og veiðarfæra og tækjakosts er hugur og hönd mannsins það sem er mikilvægast. Sókn og keppni íslenskra sjómanna er og hefur verið drifkrafturinn. Þess vegna er mest um vert að afburðamennirnir sæki sjóinn og fái að njóta sín.

Það er ekki einungis mikilvægt að hver einstök útgerð beri sig heldur varðar það mestu þjóðarhag. Þetta á ekki síður við eins og ástandið er í dag. Nú er sóknarmáttur fiskiskipastólsins of mikill miðað við þann takmarkaða þorskstofn sem um er að ræða. Það er ekki aðalatriðið að halda öllum skipaflotanum til veiða heldur hitt að þau skip, sem haldið er úti, hafi sem bestan rekstrargrundvöll og skili sem mestum arði í þjóðarbúið. Einungis með því móti hafa stjórnvöld möguleika til að mæta með raunhæfum úrræðum þeim erfiðleikum og vandamálum sem óhjákvæmilega hljóta að koma til þegar veiðiskip heltast úr lestinni. Það fjármagn, sem til þessa þarf, verður ekki tekið af öðru en því sem sjávarútvegurinn sjálfur leggur til þjóðarbúsins sem höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar.

En hvernig kemur það frv., sem við hér ræðum, heim og saman við þau grundvallaratriði sem ég hef hér vikið að? Kvótafyrirkomulagið eða skipting hámarksafla milli skipa, sem hér er lagt til, gengur þvert á þau grundvallaratriði sem ég hef hér vikið að. Þetta kvótafyrirkomulag á að stuðla að því að halda sem flestum skipum á veiðum. Þetta er í raun gert á kostnað þeirra sem m. a. vegna aflasældar hafa haft þolanlegastan rekstrargrundvöllinn, þó að þau skip séu ekki aflögufær heldur þvert á móti hafi barist í bökkum. Afleiðingin verður augljóslega sú að rekstri þessara skipa verður stefnt í tvísýnu.

Á hinn bóginn verður þetta ekki heldur til að tryggja hlut þeirra sem verst voru settir áður. Þar þarf meira að koma til. Afleiðingar kvótafyrirkomulagsins, sem hér er lagt til, gætu vissulega orðið kvíðvænlegar. Stefnt er að jöfnuði með því að vængstýfa þá sem möguleika hefðu til að bjarga sér og stungið tálbeitu að hinum sem ekki geta hvort sem er náð sér til flugs nema meira komi til. Þegar útgerðin hefur verið þannig leikin með stjórnvaldsráðstöfunum á hún ekki annars úrskosta en að segja við stjórnvöld að þau verði að taka afleiðingunum af eigin gerðum og skapa skipunum rekstrargrundvöll því að nauðsyn krefur að róið sé til fiskjar. Þegar svo væri komið gæti kvótakerfið, sem hér er lagt til, orðið örlagaríkt skref til þjóðnýtingar í sjávarútvegi með þeim afleiðingum sem þá blasa við. Ekki yrði þá öruggt nema síður sé að við nytum þeirra yfirburða í þessari atvinnugrein gagnvart öðrum þjóðum sem við höfum gert fyrir framtak einstaklinga og félagssamtaka þeirra."

Það var með tilvísun til slíkra sjónarmiða sem ég lagði strax í upphafi áherslu á að aðalatriðið væri að við færum ekki inn á braut kvótafyrirkomulagsins. Við ættum ekki einu sinni að taka fyrsta skrefið í þá átt til reynslu.

En hvað mátti verða til þess að svo varhugavert skref væri tekið við stjórnun fiskveiða sem fólst í kvótafyrirkomulaginu? Menn báru fyrir sig alvarlegt ástand þorskveiðistofnsins og tillögur fiskifræðinga um minnkun þorskveiða. Og hvað átti þá að vinnast með því að taka upp kvótafyrirkomulagið á árinu 1984? Á árinu 1983 var gert ráð fyrir að veidd yrðu 290 þús. tonn af þorski. Af þessu magni veiddi loðnuflotinn 25 þús. tonn en bátaflotinn, sem stundaði bolfiskveiðar, og togaraflotinn veiddu því skv. þessu 265 þús. tonn. Með því að ákveðið var að kvótahámark fyrir þorsk á árinu 1984 yrði 220 þús. tonn þýddi þetta að gert var ráð fyrir að minnka sóknina í þorskinn á árinu 1984 um 45 þús. tonn frá því sem var árið áður. Þá var gert ráð fyrir að loðnuflotinn færi ekki á þorskveiðar á árinu 1984 og því ekki reiknað með loðnuflotanum bæði árin.

Skv. þessu átti að stíga hið varhugaverða spor til kvótafyrirkomulagsins til þess að minnka þorskaflann um 45 þús. tonn. Við 1. umr. um frv. í fyrra hér í hv. deild benti ég á að ef að líkum léti mætti ætla að þessi 45 þús. tonna tala gæti lækkað ef svo færi sem oft áður að aflakvóti yrði hækkaður síðar á árinu frá því sem áætlað væri í ársbyrjun. Síðan sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Ætla má því að það sem á að nást með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, gæti orðið að raungildi miklu minna en 45 þús. tonna skerðing á þorskveiðum eða jafnvel óveruleg frá árinu í ár. Það er þá til að ná m. a. slíkum árangri sem frv. þetta er flutt. Til þess eru refirnir skornir."

Þetta var sagt fyrir rúmu ári síðan. En hver hefur reynslan orðið? Kvótahámark á þorskveiðum er nú ákveðið fyrir árið 1984 257 þús. tonn. Auk þess kemur til viðbótar því sem áætlað er 40 þús. tonn og er fólgið í eftirfarandi:

1. Leyfilegt er að auka kvóta um 10% með tilfærslu frá öðrum fisktegundum.
2. Helmingur línuafla var utan kvóta fyrri hluta ársins.
3. Smáfiskur sem berst að landi telst ekki til kvóta.

Skv. þessu geta þorskveiðar numið 297 þús. tonnum á árinu 1984, en ekki 220 þús. tonnum eins og gengið var út frá þegar nauðsynlegt var talið að taka upp kvótakerfi til að koma við minnkun þorskafla. Raunin verður sú að í stað þess að þorskafli minnki á árinu 1984 frá fyrra ári kemur hann til með að aukast á árinu 1984 frá fyrra ári.

Það var yfirlýst að kvótakerfi þyrfti að koma til svo að hægt væri að minnka þorskaflann. Kvótakerfið var tekið upp og þorskaflinn jókst. „Vituð ér enn — eða hvat?"

En hverju fleira höfðu þá talsmenn kvótakerfisins til að dreifa? Þeir töldu að kvótakerfið mundi minnka kostnaðinn við veiðarnar og bæta gæði hráefnisins. Hvað segir reynslan í þessum efnum? Ég læt vafningalaust heyrast rödd frá Fiskiþingi sem nú er nýlokið. Varafiskimálastjóri, Jón Páll Halldórsson, flutti þar merka ræðu sem birtist í Morgunblaðinu 7. þ. m. Þar segir um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er þetta eina ár senn á enda og ég hef ekki séð að breytingin hafi á nokkurn hátt orðið til bóta. Hún hefur hvorki dregið úr tilkostnaði við veiðarnar né fært okkur betra hráefni að landi. Talsmenn breytingarinnar hafa bent á að veiðarfærakostnaður netabáta hafi verið minni á síðustu vertíð en áður, en aðrir telja að hann sé miklu fremur afleiðing af hagstæðara tíðarfari. Sama er að segja um hráefnisgæði netafisks. Þau voru betri en árið áður, sérstaklega vegna hagstæðara tíðarfars á vetrarvertíðinni.

Breytingin hefur hins vegar sett á sjávarútveginn meiri viðjar en hann hefur þurft að búa við nokkru sinni fyrr. Hún hefur því sannfært mig enn betur en áður um að fyrirfram ákveðið aflamark á hvert veiðiskip er óæskileg leið við stjórnun botnfiskveiða, þegar horft er til hagsmuna sjávarútvegsins sem heildar, þ. e. bæði til veiða og vinnslu. Kerfið gengur einfaldlega ekki upp og skapar óviðunandi öryggisleysi fyrir þá sem við atvinnuveginn starfa, sjómenn og fiskvinnslufólk. Til rökstuðnings þessari staðhæfingu vil ég benda á eftirfarandi:

1. Það er augljóst hagsmunamál útgerðar og sjómanna, sem hafa fengið úthlutað ákveðnu aflamarki, að veiða þann afla á sem skemmstum tíma með lágmarkstilkostnaði. Slíkt kallar óhjákvæmilega á aflatoppa sem nýtast illa fyrir alla aðila.
2. Hagsmunir fiskvinnslunnar og fiskvinnslufólks byggjast aftur á móti á jafnri dreifingu aflans yfir allt árið, þannig að vinnslan sé í sem mestu jafnvægi. Aflatoppar, þar sem ekki hefst undan að vinna, en síðan hráefniskostnaður á öðrum árstímum, er báðum þessum aðilum afar óhagstætt.

Hér stangast alvarlega á hagsmunir veiða og vinnslu. Þessa árekstra tókst að verulegu leyti að koma í veg fyrir með tegundamarkinu, en slíkt er á allan hátt örðugra með fyrirfram ákveðnu aflamarki á hvert veiðiskip, eins og reynslan frá liðnu sumri sýnir okkur. Ég bendi á í þessu sambandi að árin 1983 og 1984 veiddu togararnir 106 þús. lestir af þorski hvort árið á átta fyrstu mánuðunum, jan.—ágúst. Árið 1983 veiddu þeir 38 þús. lestir í júlí og ágúst, eða 36% þorskaflans, en árið 1984 voru veiddar 48 þús. lestir á sama tíma, eða 45% þorskaflans. Er nú líklegt að slík breyting á sóknarmynstri hafi leitt til bættra hráefnisgæða? Ég trúi því ekki og það sannfærir mig enginn um að þetta sé

hagkvæm stjórn á botnfiskveiðum þegar litið er á alla þætti málsins. Hún kann hins vegar að virðast hagkvæm þegar málið er aðeins skoðað frá annarri hliðinni. Það er hægt að ákveða við skrifborð eða nefndarborð hér í Reykjavík að skipstjóri eigi að draga veiðarfæri sín úr sjó þegar afli glæðist og sigla til lands með þann afla sem kominn er í skipið. Hlutirnir gerast bara ekki svona í reynd."

Rök þeirra sem haldið hafa því fram að kvótakerfið minnki tilkostnað og bæti gæði hráefnisins eru léttvæg fundin. Reynslan er ólygnust í þessum efnum sem öðrum. Menn geta ekki lokað augunum fyrir reynslunni eða hafnað staðreyndum. Og menn verða að draga réttar ályktanir af staðreyndum. Ef menn gera það, þá hljótum við að hafna þessu frv. Við höfum haft kvótakerfið til reynslu í eitt ár. Sú reynsla sýnir okkur að engin efni standa til þess að við festum kvótakerfið til frambúðar, heldur þvert á móti að við afnemum það. Leiðin til þess er að frv. þetta nái ekki fram að ganga. Þá standa eftir þær heimildir í lögum sem þarf til þess að banna megi veiðiskipum þorskveiðar á ákveðnum tímum, eins og gert var fram til 1984, þ. e. að fara þá leið sem varafiskimálastjóri kennir við „tegundamark" og hafna bæði aflamarki og sóknarmarki.

En hvað er í húfi ef við bregðumst ekki rétt við? Ég vísa á ný til ræðu varafiskimálastjóra þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fljótu bragði mætti ætla að sá bátur, sem fékk úthlutað flestum þorskígildum skv. hinu nýja kerfi, ætti að geta stundað veiðar með nokkuð eðlilegum hætti og skipshöfn hans byggi við sæmilegt atvinnuöryggi. Svo er þó alls ekki. Ef samsetning aflans verður önnur heldur en hún var á viðmiðunartímabilinu fer allt úr skorðum. Kerfið fjötrar allt fast. Í sumar var ís fyrir Norðurlandi svo að línubátar gátu ekki nýtt sér aflamagn sitt af grálúðu. Sumarvertíðin fór því að verulegu leyti úr skorðum. Aflabrögð hafa hins vegar verið hagstæð á haustvertíð svo að línubátar eru þegar búnir að veiða aflamark sitt.

Ég bið þingfulltrúa að hugleiða það öryggisleysi, sem sjómaður býr við, sem lendir í mislukkaðri sumarvertíð og er svo gert að hætta á miðri haustvertíð vegna þess að aflamark bátsins er búið. Telja menn líklegt að þessi atvinnuvegur hafi aðdráttarafl fyrir unga og framsækna menn eða þá fiskvinnslufólk sem vinnur að vinnslu aflans og veit ekki hve lengi það hefur atvinnu vegna óvissu um hve lengi aflamarkið endist? Ég staðhæfi að það getur enginn atvinnuvegur byggt framtíð sína á slíku öryggisleysi. Hann er dæmdur til að lognast út af."

Þetta eru alvarleg orð. Og þeim fylgir meiri þungi fyrir það að hér mælir ekki einungis maður sem hefur mikla þekkingu til að bera um þessi efni. Hér talar líka maður sem er einn þeirra sem taldi rétt að tilraunin með kvótakerfið yrði gerð í eitt ár. Það vildu margir að þessi tilraun yrði gerð til að afla reynslu og leiðbeininga um stjórnun fiskveiða. Nú eru menn reynslunni ríkari.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Fyrir tæpu ári byrjuðum við hér í þessari hv. deild að fjalla um frv. til l. um breyt. á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í því frv., sem síðar varð að lögum, var gerð veruleg kerfisbreyting, ef svo má segja um tilhögun veiða í fiskveiðilögsögunni, frá því sem áður var. Tekin var upp ákveðin skipting á aðalfisktegundunum og var tegundum skipt upp á milli veiðiskipa og sett á hið svokallaða kvótakerfi sem unnið hefur verið eftir nú á árinu 1984. Einnig voru sjútvrh. fengnar auknar heimildir frá fyrri lögum til þessara framkvæmda. Þetta frv., sem varð að lögum í des. 1983, skyldi gilda í eitt ár og falla þá úr gildi um næstu áramót. Þess vegna hefur hæstv. sjútvrh. nú lagt fram nýtt frv. um stjórnun fiskveiða sem tæki gildi um næstu áramót.

Enginn er hrifinn af því að þurfa að viðhalda því kerfi sem við búum við og allra síst hv. 4. þm. Vestf. Það er enginn okkar hrifinn af að þurfa að halda kvótakerfinu við, sem við höfum búið við þetta ár, sem býður upp á aukna miðstýringu í aðalatvinnugrein okkar. Þar er ég þm. sammála. En þá er spurningin sem við veltum fyrir okkur í fyrra og gerum enn: Hvað skal gera í því ástandi sem nú ríkir hjá okkur í þessum efnum?

Fiskifræðingar okkar boða okkur að fiskistofnanir við landið séu það illa á sig komnir nú að það verði að sýna verulega aðgætni í veiðum svo að við eyðileggjum ekki afkomumöguleika þjóðarinnar um alla framtíð. Það er ekki aðeins verið að hugsa 2—3—4 ár fram í tímann. Þessi verðmæti verðum við að ganga vel um. Við megum ekki skilja eftir auðn, þegar aðrir taka við, í þessum efnum. Vissulega eru ekki allir sammála um niðurstöður fiskifræðinga okkar um stofnstærðarmælingar og væntanlega fiskgengd. En eins og ég sagði tel ég að við höfum ekki efni á að sniðganga algerlega álit þeirra og spár í þessum efnum. Það teldi ég vera rangt því að þó að sannað sé að vísindagreinin sé ekki óskeikul er ekki verjandi fyrir okkur, sem á að heita að stjórnum þessu landi, að ganga algerlega á snið við niðurstöður vísindamannanna sem um þessi mál fjalla.

Vissulega olli það okkur miklum vonbrigðum að sjá á haustdögum spána um þorskstofninn fyrir 1985, að hann væri aðeins 200 þús. lestir, en það er sama spáin og var gerð fyrir 1984. Við höfðum flest vonað, ég var a. m. k. þannig hugsandi, að þetta mundi lagast töluvert á næsta ári vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í lífríkinu í sjónum kringum landið, heitari sjávar og aukins ætis, þannig að maður gæti átt von á að eitthvað glæddist frekar á miðunum en verið hefur. En því miður er sú ekki niðurstaða þeirra rannsókna sem búið er að gera. Það er að vísu veruleg fjölgun seiða. Klak hefur tekist vel og vonandi mun það koma okkur til góða eftir ákveðinn tíma, en því miður eru 3—4 ár þar til hægt er að veiða þá stofna. Við verðum að horfast í augu við þetta með fullri einurð og djörfung. Okkur tók sárt að þurfa að taka upp takmarkanir í þessum efnum, en samt verðum við að búa við það um einhvern tíma, það fer ekki milli mála.

Það frv. sem hér liggur fyrir gerir ekki ráð fyrir, að mínum dómi, verulegum breytingum frá fyrra frv., en þó er kveðið þar nokkru fastar að orði og heimildir ráðh. auknar. Þótti þó mörgum nóg um í frv. í fyrra. En það vil ég taka sérstaklega fram, að þrátt fyrir hinar miklu heimildir sem ráðh. voru fengnar með þeim lögum sem við settum í fyrra er það mín skoðun að hann hafi staðið vel að verki og starfsmenn hans ásamt ráðgjafarnefndinni og þeir hafi leitast við í þessu viðkvæma máli að fara um þetta eins nærum höndum og ég tel mögulegt að hægt sé. Auðvitað verða árekstrar, en þessum mönnum er mikill vandi á herðar lagður. Ég held að enginn óski eftir að bera hann á sínum herðum, en menn verða að gera fleira en gott þykir. Ég held

samt að dómurinn verði sá að farsællega sé að þessu staðið eftir atvikum. Við komumst ekki hjá því að meðan við höfum þessa stjórnun verður einhver að hafa úrskurðarvaldið. Ég tel það hvergi vera betur sett en einmitt í höndum sjútvrh. og sjútvrn.

Ég sagði að í þessu frv., sem liggur fyrir, fælust litlar breytingar, en þó má benda á að í frv. er ekki lagt til neitt ákveðið um kvótafyrirkomulagið eða hvernig veiðunum skuli hagað. Það er einnig minnst á sóknarmarkið, eins og kom fram hjá ráðh. áðan. Ef ég skil ályktun Fiskiþings rétt, það sem varð ofan á í atkvgr. þar, leggur það til að þarna verði valkostir uppi, annaðhvort svokallaður aflamarkskvóti, sem við erum með, eða sóknarkvóti.

Einnig má benda á að í þessu frv. er lagt til, sem verður nokkuð umdeilt, að ráðh. fái heimild til þess að úthluta aflamarki skips, sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða, til útgerðarfyrirtækis skips eða fiskvinnslufyrirtækis þess sem skipið hefur einkum lagt upp afla hjá. Ég hef þegar heyrt nokkrar gagnrýnisraddir um það og geri ráð fyrir að um þennan lið verði töluvert rætt, hvort slíkri heimild skuli beitt eða ekki. Það verður töluvert rætt um þennan lið.

Í þriðja lagi vil ég benda á, sem hér hefur komið til umr. einnig, að þessi lög skulu gilda til ársloka 1987 um stjórnun veiðanna. Þetta mun einnig verða mikið rætt.

Vegna aðildar minnar að sjútvrn. ætla ég ekki að leggja neinn dóm á þessi atriði hér. Þau munu verða ítarlega rædd í sjútvn. þegar að því kemur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að segja öllu fleiri orð núna. Eins og ég sagði kemur frv. til sjútvn. þessarar hv. deildar og þar mun ég leggja áherslu á að hægt sé að vinna saman í nefndum beggja deilda til að spara tíma. En nefndirnar þurfa áreiðanlega nokkurn tíma til umfjöllunar því að þarna er um mikið mál að ræða og menn þurfa að tjá sig um þá reynslu sem fengist hefur af kvótakerfinu. Ég legg áherslu á að við reynum að ljúka afgreiðslu málsins sem fyrst vegna þess að þeir sem þetta kerfi snertir, sem hv. Alþingi mun leggja dóm á á næstunni, þurfa að gera sínar áætlanir til þess að vinna eftir á næstu árum eins og frv. gerir ráð fyrir.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hér er tæplega ársgamall kunningi á ferð. Rétt fyrir jólin í fyrra 1983 var líkt frv. til umr. hér í hv. efri deild og var þá eins og nú kallað kvótafrv. Þó er í eðli sínu ekki verið að samþykkja einn eða neinn kvóta með því frv. sem hér liggur fyrir, heldur er verið að samþykkja það hverjir skuli stjórna og hvernig skuli stjórna fiskveiðum. Aðalinntak þessa frv. finnst mér vera það að verið er að leita eftir samþykkt til að heimila ráðh. allsherjar fiskveiðistjórnun á miðunum umhverfis Ísland næstu þrjú árin.

Þetta stingur dálítið í stúf við þá umr. sem hæstv. ráðh. hélt uppi á fyrstu mánuðum eða vikum stjórnarferils síns þegar hann fór um landið og hélt fundi með útvegsmönnum og sjómönnum. Þá lét hann í það skína m. a. að frv. þessu líkt hefði verið niðri í skúffu hjá honum þegar hann tók við ráðherraembætti, það hefði verið undirbúið af fyrirrennara hans, hæstv. núv. forsrh., og í því fælist m. a. að fela skyldi ráðh. þessi miklu völd, að hann hefði skipunarvald til þess að segja að svona skyldi fiskað, svona skyldi sótt á sjó næsta árið. Þá var talað um, eins og hér hefur komið fram í umr., að þetta skyldi vera gert í tilraunaskyni til eins árs. Það var mjög undirstrikað hér í umr. í fyrra að þetta skyldi eingöngu vera til eins árs vegna þess að flestallir voru sammála um að hér væri verið að fara inn á mjög hættulega braut, inn á þá braut sem enginn atvinnuvegur mundi geta staðist til lengdar öðruvísi en það hefði mjög neikvæð áhrif á atvinnuveginn.

Nú blasir við að eftir eins árs reynslu af þessari stjórnun og þessu valdi í sjútvrn. þá hefur það orðið ofan á að leggja til að Alþingi samþykki að þetta vald skuli vera ákveðið til þriggja ára. Þau rök eru færð fyrir því að það sé voðalega erfitt fyrir þá sem stunda atvinnugreinina að vita ekki hvað þessi eða hin stjórnunin muni lengi ríkja yfir þeim og það sé miklu æskilegra að fá það fram nú þegar að þessi háttur skuli hafður á, ekki í eitt ár eins og sagt var að mundi nægja í fyrra og þá var reyndar talað um að væri mjög hættulegt, heldur að nú skuli þetta vera ákveðið í þrjú ár.

Ég vil undirstrika það að þetta sé sá þátturinn sem við fyrst og fremst eigum að ræða í sambandi við þetta frv. Umr. um þennan þátt tók þó nokkurn hluta Fiskiþings og ég vil leyfa mér að lesa hér upp hluta úr ræðu eins fiskiþingsfulltrúans, eins af frammámönnum íslensks sjávarútvegs í áraraðir, Þorsteins Jóhannessonar í Garði. Hann sagði um þennan þátt og um það frv. sem hér liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er í undirbúningi frv. um stjórn fiskveiða þar sem sjútvrh. er falið slíkt alræðisvald við stjórnun veiða og ákvörðun hámarksafla að það vantar ekkert á nema hakakrossinn."

Þetta eru ansi stór orð þekkts sjávarútvegsleiðtoga, en ég er hræddur um að þeir séu margir, jafnvel þeir sem hafa að ýmsu leyti staðið að kvótakerfinu og talið það nauðsynlegt, sem óttast þá þróun að leitað verði lengra og lengra í þá átt að það verði allsherjar stjórnun opinberra aðila á þessum atvinnuvegi. Ég lýsi mig algerlega andvígan þessu. Ef ríkisstj. er á því að halda skuli áfram kvótakerfinu þá er nægilegt að biðja um þetta vald í eitt ár. Það breytir engu í sambandi við stjórnun fiskveiðanna hvort þetta vald er framlengt til eins árs eða þriggja. En þarna er verið að fara inn á braut sem ég tel vera mjög vafasama og neikvæða fyrir atvinnuveginn.

Áður en ég fjalla frekar um frv. vil ég nefna að ég bjóst við því að við 1. umr. hér í deildinni fengjum við að heyra mun ákveðnari skoðun frá hæstv. sjútvrh. um það að hverju yrði stefnt í sambandi við stjórnun fiskveiða en kom fram í ræðu hans áðan. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að svo skyldi ekki hafa verið. En svo virtist vera að allt stefndi að því að þegar væri ákveðið að hverju skyldi stefna um stjórnun fiskveiða næstu árin fyrir nokkrum vikum eða fyrir Fiskiþing. Ráðh. kom á fund suður á Suðurnesjum og hann kom á Fiskiþing og lýsti með ansi ákveðnum orðum eftir því sem eftir honum var haft að hverju skyldi stefnt. En ræða hans hér áðan benti til annars og ég fagna því að það skuli vera umræða um það í rn. að leita annarra leiða en farnar voru á s. l. ári sem að ýmsu leyti hafði verið þannig um rætt að manni virtist að þær væru þegar ákveðnar.

Í grg. frv. er nefnt og ráðh. nefndi það hér í sinni ræðu að sú ákvörðun í fyrra að fara að aflamarksfyrirkomulaginu hefði verið tekin eftir að Hafrannsókna-

stofnun lýsti því yfir að þorskstofninn væri í mikilli lægð. Ég hafði þá tilfinningu að eftir að Hafrannsóknastofnun lýsti því hvernig þorskstofninn stæði í fyrrahaust hefðu menn verið í nokkrum vafa um hvað gera skyldi og ýmis umr. fór fram í þjóðfélaginu um það hvað nú skyldi til bragðs taka. Þing LÍÚ kom saman og þeim tókst ekki að taka þar neina ákvörðun um hvað gera skyldi, hvernig mæta skyldi þeim vanda sem við blasti og það kom ekki nein sérstök ábending frá rn. fyrr en allt í einu eftir að Fiskiþing hafði verið haldið. En á síðasta fiskiþingi var samþykkt með meginþorra atkv. fiskiþingsmanna að fara út í aflakvóta. Mér hefur því alltaf fundist að ákvörðunartekt í sambandi við það hvernig fiskveiðum var stjórnað á s. l. ári hafi fyrst og fremst farið eftir till. Fiskiþings og það hafi komið fyrst og fremst sá hvati sem varð til að þessi leið var valin. Eftir að Fiskiþing hafði samþykkt þessa leið komu reyndar samþykktir frá öðrum samtökum bæði útvegsmanna og sjómanna hlynntar því að þessi leið yrði farin. Bak við það hefur sjálfsagt verið sá spádómur Hafrannsóknastofnunar að þorskstofninn væri jafnilla kominn og þeir höfðu upplýst.

Fram kemur í grg. að aflamarksfyrirkomulagið varð fyrir valinu og þar hafi fyrst og fremst fjórar ástæður vegið þyngst. Sú fyrsta var sú að frekari sóknartakmörkun á þorskveiði en þegar hefði verið gripið til yrði ekki komið við þar sem slíkt leiddi aðeins til aukinnar sóknar í aðra botnlæga fiskistofna, svo sem ýsu, karfa, ufsa og grálúðu, sem þegar voru taldir fullnýttir að mati Hafrannsóknastofnunar. Ég hef aldrei og get ekki enn þá fundið fullkomin rök fyrir því að ekki hefði verið hægt að einhverju leyti að draga úr sókn í þessa stofna án þess að beita því aflatakmarksfyrirkomulagi sem beitt var á s. l. ári. Það fyrirkomulag veldur því nú að svo virðist sem það takist ekki að veiða þann fiskistofninn sem er dýrmætastur af þeim stofnum sem hér eru upp taldir, þ. e. ýsuna. En eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan virðist sem svo að togararnir hafi ekki getað náð ýsunni eins og þeirra kvóti gefur tilefni til.

Það eru ýmsar raddir uppi um karfann. Það má vel vera að þar sé allt á ystu mörkum og þar hafi verið sótt ógætilega á síðustu árum. En ýmislegt bendir þó til að á karfastofninn t. d. hér suður með landinu, á Reykjaneshrygg og Rockallsvæði, mætti ekki leggja aukinn þunga í sókn. Og í sambandi við ufsann þá var varla búið að setja kvótann á fyrr en allt í einu var undanþegin sókn í ufsann hér fyrir Suðurlandi. Rökin fyrir þessum þætti finnst mér því vera ansi léttvæg.

Önnur ástæða, sem hér er tilgreind er sú að mjög erfitt sé talið, eins og fyrri reynsla hefur sýnt, að takmarka þorskveiðina með kvótatakmörkun við nákvæm mörk. Það var nú svo. Hv. 4. þm. Vestf. lýsti því hér áðan í ræðu sinni hvernig sú takmörkun hefur raunverulega farið og að hverju stefnir með þorskveiðina. Það virðist sem svo að sú takmörkun, sem um var rætt, hafi farið langt fram úr þeirri takmörkun. Til viðbótar býður þessi leið þeirri hættu heim að afli, sem dreginn hefur verið á skip, komi alls ekki að landi. Því miður hefur þetta átt sér stað í allt of mörgum tilfellum og í ótrúlega stórum mæli. Ég hef heyrt þessu mótmælt. M. a. hefur hæstv. ráðh. sagt: Ég trúi því ekki að íslenskir sjómenn geri slíkt. Þar er vísað til þess að íslenskir sjómenn viti hvað okkar fiskur er dýrmætur og það megi ekki eiga sér stað að þessu dýrmæta hráefni okkar sé kastað. En þegar fiskimaðurinn stendur frammi fyrir því að ef hann kemur með lélegan afla að landi er hann að skerða þann möguleika að hann geti við aðrar aðstæður komið með góðan afla og kannske líka að stuðla að því að hann þurfi að kaupa sér kvóta til þess að koma með góðan afla á landi síðar á árinu og halda áfram veiðum, er það þá ekki neyðin, bæði varðandi rekstrargrundvöll hans eigin skips og atvinnu skipshafnar hans, sem kallar á þessa ákvörðun? Ég fullyrði að þetta hefur því miður átt sér stað í allt of mörgum tilfellum.

Ég held þess vegna að betur hafi tekist að setja sóknartakmörkuninni ákveðin mörk með skrapdagakerfinu. Við vissum þá nokkurn veginn upp á hár hvað fiskað var og sú hætta að við fiskuðum of mikið og það yrði ekki mælt inn í kvótann, eins og hv. 4. þm. Vestf. benti á áðan, var ekki fyrir hendi. Við nálgumst miklu frekar hættu á hruni stofnsins með þeirri leið sem við völdum í ár en með þeirri aðferð sem við notuðum áður.

Þriðja ástæðan, sem hér er tilnefnd, er sú að aflamarksfyrirkomulagið tryggi betur en nokkur önnur leið við stjórn fiskveiða að sá afli, sem til skipta er, dreifist eins jafnt og réttlátlega á byggðarlög og fiskiskip og kostur er á. Það er nú svo. Eins og hv. alþm. er kunnugt var aflamarkið metið út frá þriggja ára reynslu og sjálfsagt var ekki hægt að finna aðra leið til að búa til aflamark en þá sem valin var. En eins og við sem höfum fengist við sjávarútveg og flestir Íslendingar þekkja getur afli á þriggja ára tímabili á ákveðnu svæði á Íslandi verið tregur og meðaltal þessara þriggja ára komið illa út á heilu landssvæði. Það er því af og frá að kvótaleiðin hafi tryggt eitthvert réttlæti í skiptingu á milli landshluta eða á milli báta.

Við segjum það t. d., Breiðfirðingar, að við höfum komið mjög illa út úr kvótaskiptingunni, m. a. vegna þess að hin miklu aflaár 1981 og 1982 sótti þorskurinn ekki mjög mikið á mið Breiðfirðinga. Þar af leiðandi fórum við illa út úr kvótanum þegar farið var að reikna út meðaltal. Við fórum reyndar ekki aðeins illa út úr kvótanum vegna þess heldur líka vegna þess að landssvæðin eru breytileg gagnvart þessum ákveðnu fiskistofnum sem verið er að skipa upp. Kvótinn var jafn ranglátur gagnvart þessum þætti sem öðrum.

Fjórða ástæðan er sú að með aflamarksfyrirkomulaginu megi koma við sparnaði og hagkvæmni í rekstri fiskiskipa, m. a. vegna þess að hægt sé að færa aflakvóta á milli skipa, fækka þar með skipum í rekstri og fleira er hér talið upp. Þetta var eitt af aðalatriðunum. Nú skyldi koma á hagkvæmni í rekstri. Okkur var sagt það hér í umr. og okkur var sagt í umr. úti í þjóðfélaginu að nú gætu duglegir skipstjórar og þeir sem vildu haga rekstri sínum vel bara kippt aflanum upp, ef hann býðst, á nokkrum dögum. Maður heyrði það jafnvel eftir frammámönnum í sjávarútveginum. Og svo væri bara hægt að leggja flotanum.

En þegar líður fram á sumarið fara að heyrast raddir um að kvótinn sé búinn, þetta skipið og hitt skipið sé búið með kvótann sinn og í þessu eða hinu byggðarlaginu blasi við atvinnuleysi o. s. frv. Þá kom allt í einu annað hljóð í strokkinn. Þá var talað um ábyrgðarleysi þeirra skipstjóra og útgerðarmanna, sem hefðu leyft sér að moka upp fiskinum og notfæra sér þetta sjálfsagða

kerfi sem hafði verið búið til. Þá voru þeir fyrirhyggjulausir menn. Þessi röksemd fellur því líka um sjálfa sig. Reynslan af þessari röksemd kom fram um mitt sumarið í sumar. Það hefur lítið verið nefnt núna undanfarið. Hún var túlkuð á þann veg að það ætti ekki að beita henni.

Þá er að nefna þá skoðun að kvótakerfið leiði til sparnaðar eins og fullyrt er hér í grg.: „Þá kom einnig á daginn að nokkuð dró úr veiðarfæranotkun á vetrarvertíð því að bátar réru með færri net en áður.“ Það mun satt vera að bátar réru með færri net. Og ég ætla að bæta því við að á vetrarvertíð í vetur var nokkuð um það sem mun ekki hafa tíðkast mikið fyrr en þá, og ég er alveg hissa að það skuli ekki koma fram hér í grg., að bátar tóku upp net um helgar. Þeir gerðu þó nokkuð af því að taka upp net um helgar og forða því þar með að fiskur yrði tveggja nátta. En hvað hafði gerst samhliða því að bátar höfðu fækkað netum? Það hafði gerst að skipstjórar og útvegsmenn höfðu fækkað mönnum um borð í bátunum. Hvað þýðir þetta? Tíðarfarið s. l. vetur var með eindæmum gott. Það féll ekki úr einn einasti róðrardagur á Breiðafjarðarmiðum á stærri bátum og svipað er að segja um Suðurlandsmið. En ef tíðarfar hefði verið í einhverri líkingu við það sem var á vetrarvertíð 1983 hefði fækkun fólks um borð í bátunum þýtt það að eftir landlegu hefði verið nær ómögulegt að draga þau net sem í sjó voru. Þetta hefði ekki aðeins þýtt aukna veiðarfæranotkun heldur hefði komið verri afli að landi eða þau ósköp hefðu skeð að meiri fiskur hefði farið í sjóinn aftur. Þessi röksemd hefur því ekki staðist dóm reynslunnar frekar en flestar aðrar í sambandi við kvótann.

Það er sagt hér í grg.: „Nýting veiðarfæra varð betri og fiskgæði á vetrarvertíð jukust frá árinu áður skv. gæðaskýrslu Fiskifélags Íslands.“ Ég veit að þetta er rétt og það hefði verið ómögulegt annað en svo hefði orðið vegna tíðarfarsins á s. l. vertíð miðað við tíðarfarið á vetrarvertíð 1983. En sagan er reyndar ekki öll sögð með því heldur hinu, sem ég hef nefnt áður, að kvótinn kom því til leiðar að menn pössuðu sig um helgar. Það er ljós punktur í sambandi við kvótann. Ég efast um að það sé beinlínis hægt að eigna kvótanum það, heldur hafa sjómenn og útvegsmenn gert sér grein fyrir því að það er þörf á því að sækja sjó á þann máta eða taka veiðarfæri úr sjó yfir helgar. En ég er ekki frá því að kvótinn hafi ýtt á það að sú þróun komst af stað.

Það kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf. að það er ekki alveg víst að þó að gæði aflans hafi orðið betri á vetrarvertíð þá hafi farið eins á sumarvertíð. Þar skeðu þau ósköp að afli á viðkvæmasta tímabilinu, þ. e. í júlí og ágúst, stórjókst frá fyrra ári. Ég held að það hafi verið viðurkennt að þó að margt hafi farið öðruvísi á vetrarvertíð og þó nokkuð hafi farið úrskeiðis og fiskur hafi verið lélegur á vetrarvertíð, þá hafi ekki átt sér stað eins mikill skaði og yfir miðsumarið, vegna þess að á vetrarvertíðinni hefur verið og er enn hægt að koma aflanum í aðrar verkunaraðferðir. Skreiðin hefur þar bjargað miklu, hún gerði það líka á s. l. vetri, en þó munar mest um saltfiskinn. Það er verið að veiða annan fisk. Yfirleitt er það miklu stærri fiskur og betri til vinnslu í saltfisk en sá togarafiskur sem aðallega er veiddur yfir sumarið. Ef kvótinn hefur því komið einhverju góðu til leiðar yfir vetrarvertíðarmánuðina í sambandi við gæði þá hefur það því miður farið á hinn veginn yfir sumarið, að meira hefur farið úrskeiðis í sambandi við gæðin þá en áður vegna kvótans.

Skv. því sem haldið er fram í grg. hefur þeim markmiðum verið náð í stórum dráttum sem stefnt var að í upphafi. Eins og ég hef sagt hér á undan er það mín skoðun að þeim markmiðum sem stefnt skyldi að með kvótanum hafi ekki verið náð að meginhluta til. Það kemur hér fram í grg. að hagsmunasamtök sjávarútvegsins hafa tekið þátt í mótun og stutt þá stefnu sem fylgt var. Ég gat þess hér í upphafi að svo var. Það hefur farið mikil umr. fram meðal útvegsmanna og sjómanna um þessi mál. Ég geri ráð fyrir því að á næstu vikum verði haldin þing Landssambands ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þegar hefur verið haldið Fiskiþing og Sjómannasambandsþing. Við megum vænta þess að öll þessi félagasamtök sendi frá sér álitsgerð um stjórnun fiskveiða, bæði um liðið ár og komandi ár. Það fór svo á Fiskiþingi að tillaga um áframhaldandi kvótaskiptingu, eins og var á s. l. ári, var reyndar samþykkt, en á mjög merkilegan hátt. Hún var samþykkt þar með 14 atkv. af 35 manna þingi. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hve margir fulltrúar hafa verið á móti, en mér býður í grun — (**ÞK:** Var það lokaatkvgr.?) Það var önnur atkvgr., en ég hef grun um að meiri hluti Fiskiþings hafi ekki treyst sér til þess að samþykkja till. (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. 4. þm. Vesturl. á því að við erum að komast í tímaþröng, þannig að ef hann hefur hugsað sér að tala öllu lengur þyrfti ég að fresta umr. nú í miðri ræðu hans.) Já, virðulegi forseti. Ég mun stytta mál mitt, enda kemur þetta frv. fyrir þá nefnd sem ég á sæti í og, eins og formaður n. hefur tekið hér fram, verður þetta frv. skoðað þar.

En ég vil nefna ákvæði 5. gr., þ. e. að opna ákveðin svæði til veiða á vannýttum fiskitegundum. Sjálfsagt er þetta góðra gjalda vert, en þarna þarf að fara með ansi mikilli varúð. Sú opnun, sem átti sér stað á Breiðafirði í haust til þess að ná þar kola, var gerð á þann máta sem ég held að sé ekki til fyrirmyndar, þ. e. hún var auglýst og Breiðfirðingar fundu þar fyrst og fremst fyrir valdinu. En með því að opna svæðið svo að togararnir hefðu möguleika til að komast að kolanum var um leið verið að loka svæði þar sem línubátar hefðu getað náð afla eins og þeim dýrmæta fiski ýsu. Verið var að loka svæðum þar sem heimabátar við Breiðafjörð höfðu í áraraðir stundað línuveiðar á þessum sama tíma. Ég vil bara vekja sérstaka athygli á þessu ákvæði. Ég vil koma mótmælum Breiðfirðinga, a. m. k. við utanvert Snæfellsnes, gegn þessari breytingu á framfæri.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar. Ýmislegt fleira hefði ég getað sagt við þessa umr. en ég sé ekki ástæðu til að lengja hana frekar en orðið er.

Umr. frestað.

Neðri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. 32. mál (þskj. 32). — 1. umr.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni að flytja á þskj. 32 frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að 39. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo, með leyfi forseta:

„Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Fastanefndir Alþingis hafa eftirlit með framkvæmd laga.

Nefndir Alþingis hafa rétt til að heimta hvers konar skýrslur bæði af embættismönnum og einstaklingum. Fundi nefnda Alþingis skal halda í heyranda hljóði."

Þessi frvgr. er að því leyti frábrugðin tillögum stjskrn. að hún kveður á um eftirlitsskyldu fastanefnda Alþingis með framkvæmd laga og að fundir nefnda Alþingis skuli vera opnir öllum.

Herra forseti. Bandalag jafnaðarmanna hefur haldið því fram og lagt á það áherslu að orsakir margra af stærstu og alvarlegustu vandamálum íslensku þjóðarinnar sé að finna í meingallaðri útfærslu á stjórnkerfinu. Til þess að leggja áherslu á þær breytingar sem BJ telur óhjákvæmilegar hafa þm. þess flutt tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum lýðveldisins. Það er rétt að ítreka það að þm. BJ munu ekkert draga í land með þennan tillöguflutning á komandi þingum. Þeir munu halda áfram að flytja þessar tillögur og aðrar sem stuðla að þeirri valddreifingu, nýsköpun og virkni, sem stjórnkerfi okkar þarfnast svo brýnt, á meðan tilefni gefst til, sem að öllum líkindum verður lengi enn. Það er skoðun okkar að hv. þm. sé hollt að ræða ekki bara við og við heldur nánast daglega grundvallaratriði sem snerta valdsvið einstakra þátta ríkisvaldsins, hlutverk löggjafans og möguleika hans á að gegna hlutverki sínu af trúmennsku og reisn.

Herra forseti. Við höfum lagt á það áherslu að réttur til útgáfu brbl. og þingrofs sé úreltur í nútíma samfélagi og hafi verið gróflega misnotaður af stjórnmálaflokkum hérlendis. Við teljum hv. þm. kjörna til löggjafarstarfa og að kjörbréf þeirra eigi ekki að vera ávísun á bankastjóra- eða kommissaraembætti úti í bæ. Það eru líka rök í þessu máli að okkar mati að hv. þm. eigi ekki að þvælast fyrir framkvæmdavaldinu með setu í stjórnum og ráðum sem eru á þess vegum. Glíman við atgervislítið og steinrunnið embættismannakerfi er ærið verkefni fyrir metnaðarfullar ríkisstjórnir.

Við leggjum áherslu á að kjósendum séu sköpuð skilyrði til þess að velja á milli einstaklinga á mismunandi framboðslistum í kosningum í kosningum en ekki einungis á milli lista. Jafnframt leggjum við áherslu á að hv. þm. eru eða eiga að vera fulltrúar fólks en ekki fermetra.

Herra forseti. Það kemur okkur engan veginn á óvart að tillöguflutningur okkar vekur hvorki almennan áhuga né hrifningu hér í þessari virðulegu stofnun. Okkur er ljóst að við erum að þessu leyti talsmenn breyttra viðhorfa, annars gildismats en tíðkast innan dyra hjá stjórnmálaflokkum hérlendis. Þegar verið er að gagnrýna störf hins háa Alþingis verður ekki fram hjá því gengið að aðstæður hv. þm. til að sinna hlutverki sínu eru á flestan hátt óviðunandi. Sama gildir um starfsaðstöðu þess fólks sem ætlað er að létta hv. þm. störf þeirra. Þetta réttlætir þó alls ekki að hv. þm. leiti útrásar fyrir starfslöngun sína og vilja til góðra verka úti í bæ. Verðugra viðfangsefni væri að skapa hér á hinu háa Alþingi þau starfsskilyrði sem gerðu hv. þm. kleift að sinna löggjöf og eftirliti með henni á viðunandi hátt, að veita framkvæmdavaldinu það aðhald sem dygði og það þarfnast svo brýnt.

Herra forseti. Það frv. sem hér er talað fyrir miðar að því að taka af öll tvímæli um eftirlitsskyldu þingnefnda með framkvæmd laga. Það er ljóst, að þetta er vandasamt og tímafrekt hlutverk. En flm. telja þetta mikilvægasta verkefni löggjafans næst á eftir lagasetningu. Valdaafsal hv. þm. til embættismanna í ráðuneytum er ástæðulaust og niðurlægjandi. Það er óviðunandi að sömu aðilarnir semji lagafrv., geri við þær athugasemdir, veiti umsagnir og sjái síðan um framkvæmd þeirra. Þessu verður að breyta og því verður ekki breytt annars staðar en hér á hinu háa Alþingi.

Það er skoðun flm. að með virku eftirliti með framkvæmd laga muni skapast þær aðstæður að hv. þm. veiti ríkisstjórn og sjálfum sér aðhald og að frumkvæði verði til í nefndum bæði til lagabreytinga og setningar nýrra laga. Það er jafnframt skoðun flm. að með því að halda fundi þingnefnda fyrir opnum tjöldum sé verið að veita þegnunum þau sjálfsögðu lýðréttindi að fylgjast með störfum löggjafans enn frekar en núverandi aðstæður gera ráð fyrir. Sömuleiðis er ekki ósennilegt að eitthvað dragi úr þrugli og óþarfa málþófi og málæði á nefndarfundum.

Herra forseti. Þetta frv. til breytingar á stjórnarskipunarlögum flytjum við eins og aðrar breytingar á sömu lögum vegna þess að við trúum því að stjórnkerfið sé á villigötum og að forsenda betra og göfugra mannlífs með þessari þjóð sé að gera grundvallarbreytingar á því. Við þm. BJ höfnum þeirri 19. aldar skoðun að í pólitík séu einungis tvö sérleyfi, annað á vinstri kanti og hitt á hægri kanti í gagnstæða átt. Við áskiljum okkur rétt til ferðafrelsis í pólitík, eftir því sem samviska okkar og skynsemi býður, án þess að vera til vinstri eða hægri eða þá vinstra eða hægra megin við miðju. Við teljum gömlu öfgasérleyfin úrhelt og höfnum einstefnu, hvort sem er á vinstri eða hægri kanti, en tökum undir allar hugmyndir og tillögur sem stuðla að betra mannlífi þar sem reisn einstaklingsins, réttur hans til lífsgæða og hamingu er í fyrirrúmi.

Herra forseti. Við teljum að þetta frv., verði það að lögum, muni þumlunga okkur í rétta átt. Að lokum geri ég það að till. minni að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 51. mál (þskj. 51). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um endurmat á störfum láglaunahópa á þskj. 51. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristófer Már Kristinsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason og Pétur Sigurðsson.

Í 1. gr. þessa frv. segir að markmið þessara laga sé að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á kjörum og

störfum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélagingu.

Þegar frv. þetta var til umr. á síðasta þingi hlaut það góðar undirtektir við 1. umr. og meðal annars lýsti hæstv. félmrh. stuðningi við frv. Þó frv. hafi verið lagt fram í byrjun síðasta þings eða í októbermánuði fékk það litla sem enga umfjöllun í félmn. Nd. Engu að síður bárust allmargar umsagnir um frv. og þykir mér rétt að gera í stuttu máli nokkra grein fyrir þeim umsögnum.

Í umsögn Kvenfélagasambands Íslands kemur fram að Kvenfélagasambandið telur brýnt að störf láglaunahópa verði endurmetin og fagnar því lagafrv. sem fram er komið um þetta mál.

Í umsögn frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands kemur fram að stjórnin álítur að þær hugmyndir sem fram eru settar í frv. séu mjög af því góða, svo sem allar rannsóknir sem sýnt geta fram á hver raunveruleg kjör þeirra manna eru sem í landinu búa.

Í umsögn framkvæmdanefndar um launamál kvenna kemur fram að nefndin fagnar fram komnu frv. og tekur sem slík undir markmiðsgrein þess. Ljóst sé að hin svokölluðu kvennastörf séu lægst metin á almennum vinnumarkaði og brýnt sé að leita leiða til þess að þau störf njóti sama réttar og önnur störf sem eru hærra metin. Endurmat og hlutlaus rannsókn á störfum og kjörum láglaunahópa og úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu virðist sjálfsögð byrjun á því máli og fellur að þeim verkefnum sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna hefur sett sér að vinna.

Í umsögn Kvenréttindafélags Íslands kemur fram að stjórnin fagnar fram komnu frv. og telur það gott framlag til þeirrar umr. sem fram hefur farið undanfarið um kjör láglaunahópa og þá sérstaklega kjör kvenna á vinnumarkaðinum. Í umsögn sinni greinir Kvenréttindafélagið nokkuð frá samantekt um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna lét gera. Síðan segir í umsögn Kvenréttindafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Stjórn Kvenréttindafélags Íslands telur því nauðsynlegt að fram fari víðtæk rannsókn á því hvers vegna konur eru lakar launaðar en karlar í þjóðfélaginu og það við mjög sambærileg störf. Stjórn KRFÍ tekur ekki afstöðu til þess hvort Kjararannsóknarnefnd eða sérstök láglaunanefnd framkvæmi slíka rannsókn, en bendir á að Jafnréttisráð er e. t. v. þriðji valkosturinn."

Í umsögn Starfsmannafélagsins Sóknar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir að gerð verði mjög yfirgripsmikil rannsókn um endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Varðandi 2. gr. telur stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar að láglaunanefnd eigi að kalla til sín til samráðs fulltrúa frá verkalýðssamtökum og Jafnréttisráði. Stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar telur það rétt að ríkissjóður beri kostnað af slíkri könnun sem kemur þjóðfélaginu til góða. Stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar er hlynnt þessu frv. og telur það mjög brýnt."

Efnislega samhljóða umsögn Sóknar er umsögn frá Verkakvennafélaginu Framsókn.

Í umsögn frá Jafnréttisráði kemur fram að Jafnréttisráð lýsir ánægju sinni með fram komið frv. og telur mjög brýnt að skipuð verði láglaunanefnd eins og gert er ráð fyrir í frv. Jafnréttisráð vill þó gera athugasemd við skipan nefndarinnar og telur nauðsynlegt að í nefndinni sitji einhver sem vinni láglaunastörf og að nefndin sé skipuð bæði konum og körlum.

Í umsögn Kjararannsóknarnefndar kemur fram að í ljósi þess að samtök þau sem að Kjararannsóknarnefnd standa hafi haft málið til umsagnar hafi verið ákveðið að verða ekki við beiðni um umsögn og vísað til umsagnar viðkomandi samtaka.

Í umsögn ASÍ kemur fram að efni frv. sé í ýmsum atriðum hliðstætt þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum sem samþykkt var á Alþingi 28. apríl 1980. Varðandi þessi atriði vísar ASÍ til sameiginlegar umsagnar ASÍ, VSÍ og VMSÍ sem fylgdi með.

Ég tel rétt að geta um í þessu sambandi að þessir aðilar voru samþykkir því, þegar þeir sendu umsögn til Alþingis 1980, að kannanir færu fram á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu, en það er hluti af efni þessa frv. Þrátt fyrir að fjögur ár séu nú liðin frá því að till. þessi var samþykkt á Alþingi hefur framkvæmdavaldið ekki farið að efni þessarar till. og ekki hefur farið fram sú úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum sem framkvæmdavaldinu var falið af Alþingi að framkvæma. Var það ekki síst þess vegna sem flm. þessa frv. sáu ástæðu til að flytja um það sérstakt frv. til að skylda framkvæmdavaldið til að framkvæma fyrrnefnda könnun.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir síðan m. a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambandsins harmar það viðhorf, sem í frv. opinberast, að samtökum vinnumarkaðarins er ætlaður lítill hluti í starfi láglaunanefndar, en er hins vegar uppálagt að greiða kostnað af starfseminni. Alþýðusambandið frábiður sér skattheimtu af því tagi og bendir á að slíkt hátterni brýtur beinlínis í bága við samþykkt ILO sem staðfest er af hinu háa Alþingi."

Fram kemur að ítarlegar kannanir á stöðu hinna ýmsu þjóðfélagshópa verði ekki hristar fram úr ermi nni. Slíkar kannanir kosti mikið fé og þeim verði að ætla rúman tíma. Upplýsingar séu helsta forsenda skoðanamyndunar, en þegar um svo flókið mál er að tefla sem kjaramál og þjóðfélagsstöðu reynist þær sjaldan svo einhlítar að ágreiningsmálin leysist sjálfkrafa. Í lokin ítrekar miðstjórn ASÍ fyrri umsókn um kannanir á úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu og mælir gegn því að frv. verði samþykkt í núverandi mynd.

Í umsögn Verkamannasambands Íslands segir að í frv. sé hreyft mjög athyglisverðu og nauðsynlegu máli. Á þetta sérstaklega við um þá könnun sem 3. gr. staflið a gerir ráð fyrir, sbr. einnig staflið e, en í staflið a kemur fram að upplýsa eigi hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör séu innan starfsgreina og milli og þeirra og í staflið e að gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almenna vinnumarkaðinum hins vegar. Verkamannasambandið mælir mjög eindregið með því að slík könnun verði látin fara fram. Raunar þyrfti könnun af þessu tagi að vera reglubundin, t. d. á fimm eða tíu ára fresti, segir í umsögn Verkamannasambands Íslands.

Enn fremur er Verkamannasambandið eindregið meðmælt tekjuskiptingar- og launakjarakönnun af þessu tagi, en bendir á ýmsa ágalla á frv. sem sníða þyrfti af

áður en það yrði að lögum. Er þar tilnefnt að það sýnist með öllu óeðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru nefndir, eigi ekki beina aðild að könnun þessari og langeðlilegast sýnist að fela rannsóknina Kjararannsóknarnefnd, t. d. í samvinnu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og að nefndinni verði tryggt það fjármagn sem til þarf.

Einnig segir að fráleitt sé að Alþingi ákveði einhliða með lagabreytingu að leggja kostnað af þeim störfum sem frv. gerir ráð fyrir á verkalýðssamtökin nema um það sé samið sérstaklega. Að lokum segir að Verkamannasambandið telji hæpið að blanda saman hjá einum aðila rannsókn og starfsmati svo sem frv. gerir ráð fyrir. Kerfisbundið starfsmat hafi víða farið fram í þjóðfélaginu og ávallt verið unnið sameiginlega af viðkomandi samningsaðilum og þá gjarnan með einhvers konar oddamanni ef aðilar hafi ekki náð saman með öðrum hætti. Sumt af því efni sýnist einnig býsna erfitt í framkvæmd t. d. stafliður b í 3. gr., en þar er um að ræða skilgreiningu á hvað er láglaunahópur og hverjir skipa slíka hópa. VMSÍ sýnist því eðlilegt að fyrsta verkefnið sé að ljúka könnuninni og taka hinn þáttinn fyrir á eftir. Verkamannasambandið minnir á að til þess að kerfisbundið starfsmat gagnist fólki til aukinna launa og betri vinnuskilyrða þurfi um það að vera fullt samkomulag milli aðila.

Í umsögn fjmrn. er bent á að trúlega mætti vinna könnun þessa með ódýrari hætti ef nýtt yrði sú reynsla og aðstaða sem er fyrir hendi hjá þeim sem hingað til hafa fengist við kjararannsóknir.

Enn fremur segir í umsögn fjmrn., með leyfi forseta:

„Flestum er kunnugt um að launakjör eru ákveðin með samningum, bæði samningum milli félags vinnuveitenda og félags launþega og samningum milli einstakra vinnuveitenda og einstakra félaga. Launakjör sem þannig eru ákveðin og sú skipting í hálauna-, millilauna- og láglaunahópa, sem þar kemur fram, er starfsmat sem trauðla verður gert með nefndarskipan eða a. m. k. ekki meðan kjör eru ákveðin í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Að sjálfsögðu getur starfsmat, unnið af sérfræðingum á vísindalegum grundvelli, komið að gagni við ákvörðun launa og launahlutfalla. Slíkt mat getur þó ekki þjónað tilgangi sínum nema það sé viðurkennt af báðum samningsaðilum því nauðsynlegt er að þeir standi báðir sameiginlega að gerð þess."

Vegna þessara athugasemda fjmrn. skal á það bent og einnig vegna þess sem fram kemur bæði í umsögnum ASÍ og VSÍ, sem ég geri grein fyrir hér á eftir, að þess misskilnings virðist gæta í umsögnunum að fari slík úttekt fram á tekjuskiptingu og launakjörum og í kjölfar þess endurmat á störfum láglaunahópa, sem framkvæmt yrði af sérfróðum aðilum í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, eins og ráð er fyrir gert í frv., þá verði slíkt starfsmat ákvarðandi um launakjör fyrir aðila vinnumarkaðarins. Þetta er alrangt, eins og fram kemur í greinargerð með þessu frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu að síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess", segir í grg., „hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu."

Hér er beinlínis tekið fram að það endurmat sem fram á að fara eigi að vera leiðbeinandi við gerð kjarasamninga, en ekki að niðurstaða nefndarinnar skuli gilda sem ákvörðun um launahlutföll í landinu.

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands kemur fram að Vinnuveitendasambandið taki undir þau sjónarmið sem að sumu leyti virðist liggja til grundvallar flutningi frv. þessa, þ. e. að efla kjararannsóknir og afla sem víðtækastrar vitneskju um vinnumarkaðsmál almennt. Á það er bent að að þessu verkefni starfi ýmsir aðilar, en þó fyrst og fremst Kjararannsóknarnefnd sem starfi á grundvelli sérstaks samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins. Vinnuveitendasambandið telur að störf Kjararannsóknarnefndar séu mikilvæg í þessu efni og bindur vonir við að á næstunni takist að efla þau enn. Fær VSÍ ekki séð að von sé á meiri árangri annarra í þessu efni, enda byggist starf Kjararannsóknarnefndar á áralangri reynslu og þekkingu sem aðrir hafa vart til að bera.

Síðan bendir Vinnuveitendasambandið á að það megi heita undantekningarlaus regla að öllum störfum sé raðað í einhvern hinna 24. launaflokka hins samræmda launastiga sem samstaða er um milli ASÍ og VSÍ. Röðun í framangreinda launaflokka byggist að sjálfsögðu, að því er segir í umsögn VSÍ, á mati samningsaðila á eðli starfa, þ. m. t. menntunarkröfu, ábyrgð, vinnuálagi, áhættu, óþrifnaði, erfiði og öðrum þáttum er áhrif kunna að hafa á kaup og kjör. Síðan segir að Vinnuveitendasamband Íslands fái ekki séð annað form á starfsmati en það sem birtist í frjálsum samningum milli aðila vinnumarkaðarins geti haft þýðingu ef áfram á að leggja til grundvallar samningsfrelsi á vinnumarkaðinum.

Ég sé ástæðu til að ítreka, herra forseti, vegna þeirra orða sem þarna koma fram, eins og ég áður greindi frá, að hér er um mikinn misskilning að ræða á því frv. sem hér er lagt fram því einungis er ætlunin að sú úttekt sem á að fara fram skv. efni þessa frv. og endurmat á störfum láglaunahópanna verði leiðbeinandi við gerð kjarasamninga er gætu orðið grundvöllur þess að láglaunahópar fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf.

Ég sé ástæðu, herra forseti, til þess að ítreka þetta þegar svo villandi túlkun er uppi í umsögn eins og hjá VSÍ og reyndar ASÍ einnig, enda segir áfram í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands:

„Sé það hins vegar mat löggjafans að laun og launahlutföll eigi að ákveða með öðrum hætti, t. d. með löggjöf líkt og þekkist í mörgum ríkjum utan Vestur-Evrópu, væri sú skipan sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að laun og launahlutföll skuli ákveðin að bestu manna yfirsýn, fullkomlega eðlileg.

Ég ítreka að það ber að harma að VSÍ skuli hafa svo villandi túlkun upp í sinni umsögn um þetta frv., eins og þessar setningar gefa tilefni til að ætla, þegar markmið frv. er allt annað en það að lögfesta hvernig tekjuskiptingu eða launahlutföllum skuli háttað hér á landi.

Að lokum mótmælir Vinnuveitendasambandið kostnaðarþátttöku aðila vinnumarkaðarins vegna þeirra starfa sem fram eiga að fara skv. efni frv. og mælir að lokum gegn samþykkt þess.

1. flm. þessa frv. bárust einnig umsagnir nokkurra stéttarfélaga um þetta mál.

Í umsögn Félags bókagerðarmanna kemur fram að stjórnin álítur að það beri að fagna flutningi þessa frv. og óskar því góðs gengis í gegnum Alþingi og hefur stjórnin engar athugasemdir eða ábendingar fram að færa við efni frv.

Í bréfi Fósturfélags Íslands kemur fram að Fósturfélag Íslands lýsir ánægju sinni með framkomið frv. um endurmat á störfum láglaunahópa. Fósturfélagi Íslands finnst löngu tímabært að metið verði hvað sé láglaunahópur án tillits til kynferðis, en lýsir engu að síður yfir efasemdum um að nefnd sérfróðra aðila geti verið hlutlaus.

Í umsögn Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga kemur fram að stjórn félagsins hefur kynnt sér efni frv. og lýsir yfir ánægju sinni með frv. Bendir stjórnin jafnframt á hvort ekki væri viðeigandi að kveðja til ráðuneytis aðila frá Bandalagi háskólamanna þar eð innan bandalagsins eru fagfélög þar sem meiri hluti félagsmanna eru konur í hefðbundnum kvennastörfum.

Í umsögn Félags ísl. sjúkraþjálfara kemur fram að félaginu þykir mjög tímabært að slíkt frv. komi fram og lýsir yfir ánægju með efni frv.

Það sem er raunar athyglisvert við þessar umsagnir er að sjö stéttarfélög, sem senda umsögn um þetta mál, lýsa jákvæðri afstöðu við efni þessa frv. og mæla með samþykkt þess, en í umsögnum heildarsamtaka launafólks, eins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þó sérstaklega Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þó að lýst sé nauðsyn á að fram fari ítarleg úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu, þá hefur sérstaklega Alþýðusamband Íslands efasemdir um einstakar greinar frv. Eins er á það að benda að kvennasamtökin í landinu, svo sem Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, framkvæmdanefnd um launamál kvenna svo og Jafnréttisráð, lýsa öll jákvæðu viðhorfi til efnis þessa frv. svo og Farmanna- og fiskimannasambandið eins og áður er getið.

Ég tel, herra forseti, að í heild megi líta á þessar umsagnir þannig, að nauðsynlegt sé að fram fari mjög ítarleg úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. En ég harma þá villandi túlkun sem kemur fram í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands. Annaðhvort misskilja þessir aðilar vísvitandi efni þessa frv. eða hafa hreinlega ekki skilið tilganginn eða markmiðið með framlagningu þessa frv.

Á síðasta þingi, þegar þetta mál var til 1. umr., flutti ég mjög ítarlega ræðu um nauðsyn þess að úttekt yrði gerð á tekjuskiptingu og launum í þjóðfélaginu og að endurmat færi fram á störfum láglaunahópa. Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fara í gegnum alla þá efnisþætti, eins og ég gerði á síðasta þingi, en vil engu að síður reifa örfá atriði.

Síðan þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi höfum við enn einu sinni gengið í gegnum miklar kjaradeilur. Ég tel að hafi efni þessa frv. verið tímabært á síðasta þingi sé það ekki síður nú. BSRB-menn hafa með nokkrum rétti haldið fram sinni sérstöðu í þeirri kjaradeilu sem uppi hefur verið. Þeir hafa byggt sínar kröfur að miklu leyti á því að miklar yfirborganir eigi sér stað á vinnumarkaðnum og ýmsar hlunnindagreiðslur sem bæti upp kauptaxtana hjá stórum hópi á almenna vinnumarkaðnum. Þeir hafa bent á, og þá ekki síst kennarastéttin, að störf þeirra séu mjög vanmetin og krafist endurmats á störfum sínum og raunar uppstokkunar á launakerfinu. Það er einmitt um þetta mál sem frv. þetta fjallar. Hlutlaus úttekt og endurmat eru tvímælalaust nauðsynleg á launakjörum og störfum í þjóðfélaginu, ekki síst fyrir aðila vinnumarkaðarins, til þess að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni.

Með þessu frv. er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betur grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðnum. Sérstaklega skal athuga hvort nægilegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðlisþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun. Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ. e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta eða hærri launaðra stétta í þjóðfélaginu sé í eðlilegu samræmi við laun láglaunahópa og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Til þess að hægt sé að leggja á það réttlátt mat þarf að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Ég hef ítrekað bent á það hér á hv. Alþingi að nauðsynlegt sé að fá fram hvað yfirborganir, kaupaukarnir, ómælda yfirvinnan, bílastyrkirnir og duldu greiðslurnar á vinnumarkaðnum, séu mikill hluti af raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, hver er hlutur láglaunahópanna í því sem greitt er fram hjá kjarasamningum og hvort reyndin sé ekki orðin sú að stærstum hluta séu það ófaglærða verkafólkið og konurnar sem sitji eftir á töxtunum og hlutdeild þeirra í yfirborgunum og kaupaukum sé lítil.

Ég tel að forsendan fyrir því að hægt sé að koma á hér sanngjarnri tekjuskiptingu sé að þessar upplýsingar liggi fyrir. Á annan hátt sé ég ekki að hægt sé að jafna með skynsamlegum hætti tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Það er gjarnan talað um að það sé verðmætasköpunin sem skipti máli, sem sé grundvöllur þess sem til skiptanna er í þjóðfélaginu. Það er auðvitað ljóst að verðmætasköpunin hvílir ekki síst á hinu óbreytta verkafólki, láglaunafólkinu sem þungi framleiðslunnar hvílir á. Við getum tekið sem dæmi að í landbúnaði, í fiskvinnslunni, í iðnaðinum, við fiskveiðarnar, öllum okkar helstu framleiðsluskapandi atvinnugreinum, unnu ófaglærðir 16 461 ársverk af 25 802 ársverkum á árinu 1982 eða 64% af öllum ársverkum í þessum greinum. Í þessum greinum unnu eigendur og þeir sem unnu við sérfræði- og stjórnunarstörf 9% af öllum ársverkum. Ársverk faglærðra og skrifstofustörf voru 26% af heildarársverkum. Markmið þessa frv., sem felur í sér hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, er í raun og veru um að breytt verði verðmætamati á vinnuframlagi í þjóðfélaginu þannig að a. m. k. vottur af samsvörun sé milli afraksturs vinnu láglaunahópanna í þjóðfélaginu fyrir þjóðar-

búið og þess sem þeir bera úr býtum.

Það er erfitt að sjá hvaða þjóðfélagslegt réttlæti er í því að fólk, sem slítur sér út fyrir aldur fram með líkamlegri erfiðisvinnu og vinnuþrælkun við undirstöðuatvinnugreinar þjóðfélagsins, skuli varla eiga fyrir nauðþurftum meðan aðrir, sem ekki verður séð að leggi meira vinnuframlag fram til þjóðarbúsins, lifa við kjör sem svo mikill munur er á sem raun ber vitni.

Það hefur oft verið talað um að þá misskiptingu, sem er á lífskjörum í þessu landi, megi ekki síst rekja til þess að sumir séu í aðstöðu til að skammta sér ekki aðeins laun, heldur einnig ákveða hvað þeir greiði til samfélagslegra þarfa. Í till. sem við þm. Alþfl. höfum lagt fram um aðgerðir gegn skattsvikum, sem samþykkt var sem ályktum Alþingis á síðasta þingi, er lögð áhersla á að endurskoða þurfi það launamat sem lagt er til grundvallar hjá einstaklingum með atvinnurekstur. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það launamat sem lagt er til grundvallar eða viðmiðunarreglur er taka til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds hjá einstaklingum í atvinnurekstri séu allt of lágar. Við álagningu skatta 1983 vegna tekna 1982 voru t. a. m. viðmiðunartekjur einstaklinga í atvinnurekstri, sem ríkisskattstjóri ákvarðar, ákvarðaðar frá 95 þús. kr. og þær hæstu voru 279 þús. kr. á ári. Til samanburðar má taka launþega á árinu 1982, en á árinu 1982 var lágmarkstekjutrygging 82 þús. kr. Árstekjur samkvæmt úrtaki Kjararannsóknarnefndar voru á árinu 1982 hjá konum 106 þús. kr. upp í 165 þús. kr. og hjá karlmönnum frá 150 þús. upp í 232 þús. Niðurstaðan er sú skv. þessu að þeir sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geta ákvarðað sér lægri laun en konur sem lægst höfðu launin skv. úrtaki Kjararannsóknarnefndar, þ. e. konur í fatasaumi sem höfðu samkvæmt úrtakinu 106 þús. kr. árstekjur, en samanborið við það voru lægstu viðmiðunarreglur samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra á árinu 1983 vegna tekna 1982 aðeins 95 þús. kr.

Þegar rætt er um hvernig tekjuskipting er háttað hér á landi og hver hin raunverulegu launa- og lífskjör eru hljóta þessir þættir einnig að koma til skoðunar því hvað menn greiða til samneyslunnar er snar þáttur af lífskjörum hvers og eins.

Ég hef hér greint frá þeim viðmiðunarreglum sem útgefnar voru af ríkisskattstjóra vegna skattframtala 1983, þ. e. vegna tekna við eigin atvinnurekstur 1982. En þær reglur segja auðvitað ekki alla söguna því þegar upp er staðið hlýtur, ef samanburð á að gera á tekjum launþega uppgefnum til skatts og hins vegar reiknuðum launum við eigin atvinnurekstur, að verða að líta á hverjar eru hinar raunverulega framtöldu tekjur til skatts.

Ef málefnaleg umræða á að fara fram um tekjuskiptingu og lífskjör í þjóðfélaginu verða að liggja fyrir upplýsingar um stöðuna eins og hún blasir við. Í umr. hér um daginn um fsp. mína til hæstv. fjmrh. um þál. um aðgerðir gegn skattsvikum gerði ég þann þátt sem snýr að launamati og framtöldum tekjum vegna reiknaðs endurgjalds í atvinnurekstri að umtalsefni og studdist þar við opinber gögn máli mínu til stuðnings. Hæstv. fjmrh. brást ókvæða við og taldi mig vera að misnota opinber gögn og gera framtöl atvinnurekenda tortryggileg. Ég sé ekki af hverju einhver leynd þarf að ríkja yfir hverjar séu heildartekjur einstaklinga framtaldar til skatts og hverjar séu framtaldar tekjur vegna reiknaðs endurgjalds af eigin atvinnurekstri. Hér er um að ræða upplýsingar sem snerta tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og þau mál þurfa alþm. og aðrir, sem ákvarðanir taka í þjóðfélaginu er lúta að tekjuskiptingunni, að vera upplýstir um.

Samkvæmt opinberum gögnum um álagningu skatta fyrir árið 1984 vegna tekna ársins 1983 kemur fram að rúmlega 133 þús. launþegar höfðu samkvæmt framtöldum tekjum til skatts rúmar 26 milljarða kr. í tekjur á árinu 1983. Meðaltal tekna allra þaunþega samkvæmt þessum upplýsingum var því á árinu 1983 195 þús. kr. Reiknuð laun við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sýna að framtaldar tekjur undir þessum lið vegna eigin atvinnurekstrar voru tæplega 2.5 milljarðar kr. og fjöldi framteljenda var 21 367. Ef tekið er meðaltal af framtöldum reiknuðum launum við eigin atvinnurekstur á árinu 1983 vegna skattaframtala 1984, miðað við þessar tölur, er um að ræða 116 þús. kr. í meðaltalstekjur á árinu 1983 vegna reiknaðra launa við eigin atvinnurekstur.

Í leiðbeiningum við útfyllingu skattframtala einstaklinga 1984 eru reiknuð laun vegna eigin atvinnurekstrar skilgreind þannig, með leyfi forseta:

„Hér skal færa reiknuð laun við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, við atvinnurekstur maka eða við atvinnurekstur og starfsemi sem unnið er að í sameign með öðrum. Launin skulu vera sambærileg við það sem þau hefðu orðið ef starfið væri unnið á vegum óskylds eða ótengds aðila."

Og í 59. gr. skattalaga segir m. a. um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein."

Og enn fremur segir:

„Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti."

Niðurstaðan samkvæmt skattframtölum árið 1984 er sem áður greinir að framtaldar tekjur allra launþega sýna að meðaltal tekna launþega á árinu 1983 var 195 þús. kr., en meðaltal vegna reiknaðra launa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi var á árinu 1983 116 þús. kr. Framtaldar meðaltalstekjur launþega á árin 1983 eru því 68% hærri en framtaldar meðaltalstekjur vegna reiknaðra launa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starsemi.

Hér er um að ræða alla framteljendur. Ef teknir eru aftur á móti kvæntir karlar í launþegastétt og hins vegar kvæntir karlar í atvinnurekendastétt kemur eftirfarandi í ljós: Kvæntir karlar í launþegastétt voru 40 583 og höfðu samanlagt í framtaldar tekjur 12 milljarða 580 millj. kr. Kvæntir karlar með eigin atvinnurekstur voru 10 491 og höfðu samtals í framtaldar tekjur samkvæmt reiknuðum launum við eigin atvinnurekstur 1 milljarð 648 millj. kr. Niðurstaðan samkvæmt framtöldum tekjum kvæntra karla er því að meðaltalstekjur kvæntra karla í launþegastétt voru 309 þús. á árinu 1983, en kvæntra karla í atvinnurekendastétt 157 þús. eða nálægt helmingi lægri en hjá launþegum.

Ef teknar eru giftar konur sem þiggja laun hjá öðrum

er um að ræða 35 520 konur sem höfðu í tekjur 4 milljarða 370 millj. kr. samkvæmt framtöldum tekjum eða rúmar 123 þús. kr. að meðaltali í tekjur á s. l. ári. Ef teknar eru giftar konur sem unnu við eigin atvinnurekstur og litið á framtaldar tekjur þeirra á árinu 1983 samkvæmt reiknuðum launum við eigin atvinnurekstur kemur í ljós að þær eru 5773 og höfðu samkvæmt framtöldum tekjum við eigin atvinnurekstur 410 millj. 720 þús. eða að meðaltali 71 þús. kr. á árinu 1983.

Ef þessar niðurstöður eru dregnar saman kemur í ljós að samkvæmt reiknuðum launum við eigin atvinnurekstur 1983 höfðu kvæntir karlar að meðaltali á mánuði 13 þús. kr., en kvæntir karlar í launþegastétt að meðaltali samkvæmt framtöldum tekjum 25 750 kr. á mánuði á árinu 1983. Giftar konur í launþegastétt höfðu samkvæmt framtöldum tekjum á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 að meðaltali á mánuði 10 250 kr. og giftar konur samkvæmt framtöldum tekjum við eigin atvinnurekstur 6 þús. kr. á mánuði. Skýringin á svo miklum mun hér á konum og körlum helgast að hluta til af því að konur vinna mikið hlutastarf sem lækkar meðaltal heildartekna kvenna verulega. Sú skýring er þó ekki einhlít á svo miklum mun t. a. m. í launþegastétt að framtaldar tekjur karla vegna tekna ársins 1983 skuli vera 25 750 kr., en kvenna aðeins 10 250 kr. Nú læt ég mér það í léttu rúmi liggja þó hæstv. fjmrh. hafi talið að með þessum upplýsingum sé ég að gera framtaldar tekjur vegna reiknaðra launa við eigin atvinnurekstur tortryggilegan. Hér er ég aðeins að tilgreina staðreyndir úr opinberum gögnum.

Á þessum tölum og upplýsingum má sjálfsagt finna að einhverju leyti eðlilegar skýringar og menn draga sjálfsagt af þeim mismunandi niðurstöður, en engu að síður tel ég þær gagnlegar fyrir þá umræðu sem mikið er á döfinni núna um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, en umræða er sífellt í gangi um það gífurlega óréttlæti sem ríkir í tekjuskiptingunni og eru þessar upplýsingar ein staðfesting af mörgum á að gagngera uppstokkun þarf að gera á launakerfinu og þeirri tekjuskiptingu sem við búum við í þjóðfélaginu. Eins eru þessar upplýsingar rökstuðningur fyrir því, sem ég hef haldið fram, að endurskoða þarf launamat í atvinnurekstri og viðmiðunarreglur sem gilda um reiknuð laun vegna eigin atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi. Með því er ég einungis að benda á að um brotalöm er að ræða og göt í skattakerfinu sem þarf að lagfæra en ekki að gera framtöl allra atvinnurekenda tortryggileg og ég dreg ekki í efa að margir hverjir greiði skilvíslega það sem þeim ber til samneyslunnar.

Aðra mynd er hægt að draga upp af tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu ef litið er til könnunar sem gerð var á vegum viðskipta- og hagfræðinga í maímánuði s. l. á launakjörum stjórnenda á almenna markaðinum. Þar kemur fram að meðallaun framkvæmdastjóra voru 55 þús. kr., fjármálastjóra 50 þús. kr., deildarstjóra 44 þús. kr. á mánuði, sérfræðinga 40 þús. kr., skrifstofumanna 35 þús. kr. á mánuði og fulltrúa 34 þús. kr. á mánuði. Þessar upplýsingar staðfesta hve yfirborganir umfram taxta eru orðnar snar þáttur í kjörum margra í þjóðfélaginu meðan láglaunastéttirnar sitja eftir á kauptöxtum sem enginn fær lifað af.

Allir eru um það sammála að kjaramálin og tekjuskiptingin hér í þjóðfélaginu séu orðin alger endaleysa og þurfi algjörrar uppstokkunar við, en samt virðist svo að ekkert raunhæft sé gert til þess að leggja grundvöll að því að slík uppstokkun geti átt sér stað. Það er erfitt að horfa upp á það hvernig teknar eru að ég vil segja handahófskenndar ákvarðanir varðandi launamálin og þegar upp er staðið eru það oftast þeir sem lægst hafa launin sem undir verða. Það virðist vanta allar forsendur, þekkingu og yfirsýn yfir þann frumskóg sem kjaramálin og launamál almennt eru komin í og ákvarðanir um tekjuskiptinguna byggjast á. Ég hygg að aðilar vinnumarkaðarins geti ekki svarað því hvað liggur til grundvallar því að þeir sem hvað mest leggja á sig við að vinna í undirstöðuatvinnugreinum í þjóðfélaginu beri minnst úr býtum og hvaða rök liggja til grundvallar taxtauppbyggingunni, flokkaröðuninni og öðrum kjaraatriðum, duldum greiðslum og yfirborgunum sem þróað hafa það launamisrétti sem við búum við. Staðreyndin er einnig sú að atvinnurekendur hafa í gegnum árin komist upp með að ráða meira og meira einhliða tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Þegar svo er komið lít ég svo á að það sé hlutverk stjórnvalda, eins og hér er lagt til, að upplýsa eins og kostur er um staðreyndir í þessu máli og leggja grunn að þeim upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að stokka launakerfið upp á nýtt. En það er m. a. hægt með þeim hætti, sem hér er lagt til, að stjórnvöld beiti sér fyrir með rannsóknum og könnunum að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Ég hygg að aðilar vinnumarkaðarins geti ekki svarað því hvað liggur til grundvallar því að þeir sem hvað mest leggja á sig að vinna í undirstöðuatvinnugreinum í þjóðfélaginu beri hvað minnst úr býtum og hvaða rök liggja til grundvallar taxtauppbyggingunni, flokkaröðuninni og öðrum kjaraatriðum, duldum greiðslum og yfirborgunum sem þróað hafa það launamisrétti sem við búum við. Hvað ræður því í raun hvað þeir bera úr býtum fyrir sitt vinnuframlag? Er hugsanlegt að það sé frekar röðun í virðingar- og metorðastiga, sem þróun þjóðfélagsuppbyggingarinnar hefur leitt af sér, en röðun byggð á vinnurannsóknum, um gildi og eðli vinnunnar og áhrifaþætti hennar, bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og skerf hans til verðmætasköpunar í þjóðfélaginu, bæði í skilningi mannlegra og efnislegra verðmæta? Ef auka á hlut láglaunahópanna í þjóðfélaginu á sanngjarnan hátt og uppræta launamisrétti kynjanna verðum við að vita með allgóðri vissu hvernig undirheimar kjaramálanna og kaupaukanna eru sem ekki koma fram í kauptöxtum og kjarasamningum. Við verðum að fá fram hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakerfum almennt þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakerfa sé mest ákvarðandi um launatekjur hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutekjur, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir. Það er forsenda þess að hægt sé að skipta því sem til skiptanna er á sanngjarnan og eðlilegan hátt og raunar brýnt einnig er endurmeta á störf láglaunahópanna.

Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja um kjaramálin er ekki hægt að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun launa- og kjaramála undanfarin ár og áratugi. Raunhæfir mælikvarðar byggðir á vinnurannsóknum um eðli vinnunnar, þar sem gert er ráð fyrir að hinir fjölbreytilegu eðlisþættir hennar geti á einhvern hátt vegið upp hver á móti öðrum, hljóta að vera nauðsynlegir til að hægt sé á sanngjarnan hátt að

ákveða kaup og kjör skv. flokkaröðun eða á annan hátt þegar ákvarðanir eru teknar um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Það sem einkum hefur verið lagt til grundvallar er, að því er næst verður komist, ábyrgð, sjálfstæði í starfi, menntun, starfsaldur hjá sama aðila, en ekki starfsreynslan sem slík. Á þessa þætti virðist helst horft þegar talað er um starfsmat eða mat á störfum í þjóðfélaginu.

Aðrir þættir, sem ættu að koma láglaunahópunum til góða og leggja ætti á vogarskálarnar þegar meta á vinnuframlag þeirra og kjör, eru þættir eins og áhætta, streita, óþrifnaður í starfi, erfiði starfans. Þessir þættir eru sjaldnast í umræðunni þegar lagt er mat á störfin í þjóðfélaginu, en þeir vega þungt í vinnuframlagi láglaunahópanna og því sem láglaunafólk leggur fram til verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. Það er einmitt þessum þáttum sem verður að gefa meira vægi. Það eru einmitt þessir þættir sem rík áhersla er lögð á í því frv. sem hér er lagt fram um endurmat á störfum láglaunahópanna, að gefið verði aukið vægi við mat á störfum ásamt því að þegar lagt er mat á þátt eins og ábyrgð í starfi sé jafnt tekið tillit til ábyrgðar á mannlegum sem efnislegum verðmætum. Það eru einmitt mannlegu verðmætin sem oft vilja gleymast. Það þarf ekki mikinn rökstuðning að sjaldnast er litið á mannlegu verðmætin þegar störfin eru metin. Það bera kjörin í ýmsum greinum með sér. Hverjir vinna þau störf þar sem þungt ætti að vega ábyrgð á mannlegum verðmætum? Það eru oftast konurnar í þjóðfélaginu sem vinna að umönnunar- og uppeldismálum, fóstrurnar, hjúkrunarstéttin, kennararnir, ekki síst í grunnskólunum, svo dæmi sé tekið. Og ég spyr: Hefur það hvarflað að nokkrum að líta á hin mannlegu verðmæti í þjóðfélaginu þegar verið er að meta störfin eða taka ákvarðanir um launakjör starfsstétta? Ég hygg að svarið sé nei, enda bera þau laun sem greidd eru fyrir umönnunar- og uppeldisstörf í þjóðfélaginu þess glöggt vitni að þetta virðast vera hornrekustörf í þjóðfélaginu að mati þeirra sem ákvarðanir taka um hvernig skipta beri launum í þjóðfélaginu. Og það er sorglegt til þess að vita að það er einmitt fólkið í framleiðslugreinunum sem minnst ber úr býtum, en ber hitann og þungann af verðmætasköpun og framleiðslu okkar sem lífskjör okkar byggjast á. Þetta fólk vinnur oft nauðsynlegustu þjónustustörfin, erfiðustu og óþrifalegustu störfin í þjóðfélaginu, en engu að síður ber það samt minnst úr býtum og fær í raun aðeins brot af því sem er til skiptanna í þjóðfélaginu.

Í þessu frv. er lagt til að meta eigi hvort og þá hvers vegna láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa. Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athugað hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðnum er að ræða, svo sem ýmis störf sem snerta umönnun, uppeldismál, matargerð, þvotta eða ræstingu, þjónustu, fatasaum o. þ. h. Til grundvallar verði lagðir þættir þeir sem ég rakti hér áðan og lítið virðast hafa verið metnir hingað til.

Fyrir nokkrum mánuðum, það var reyndar í byrjun þessa árs, tók ég saman hversu starfsreynsla hefði verið metin á vinnumarkaðnum að því er heimilisstörfin varðar og þó tölurnar hafi breyst eru hlutföllin hin sömu. Vil ég nú rifja þær upp.

Við getum tekið dæmi af konunum sem starfa í iðnaði, við fatasaum. Byrjunarlaun þeirra voru þá, þegar ég gerði þessa athugun, 9825 kr. samkvæmt taxta og engu breytti þó að konan hefði 20 ára reynslu við fatasaum á heimili. Það var einskis metið. Þar sem ekki mátti greiða lægri laun en 10 961 byrjaði konan í fatasaumi á þeim launum. Þegar hún er búin að vera sex ár í fatasaumi á vinnumarkaðnum hækkar hún úr 10 961 í 11 053. Það gefur henni í hækkun heilar 92 kr. á sex ára tímabili.

Hvað leggja þessar konur fram til verðmætasköpunar í þjóðfélaginu? Af því er hægt að gefa dæmi. Í vefjariðnaði, en honum tilheyra m. a. ullar og prjónavöruframleiðsla, voru á árinu 1980 unnin 2453 ársverk, þar af 1608 ársverk sem unnin voru af konum eða 65.6% af heildarársverkum. Heildartekjur í vefjariðnaði voru á árinu 1980 557 millj. kr. og að frádregnum aðföngum var vinnsluvirði 241 millj. kr. Undir þessum miklu verðmætum stóðu konur að ⅔ — konur sem hafa í laun á mánuði kannske 13 000 kr.

Dæmi af því hvernig heimilisstörf eru metin á vinnumarkaðnum má sjá í aðalkjarasamningi Verkamannasambandsins, en þar skal meta heimilisstörf til eins árs starfsreynslu. Við getum tekið dæmi um það hvað það gefur ráðskonu. Frá því ég gerði þessa athugun hafa tölurnar eitthvað breyst, en hlutföllin eru þau sömu að því ég best veit. Á þeim tíma, sem er sennilega fyrir tæpu ári, var staðan sú að í stað 61 kr. 34 aura á tímann fékk matráðskonan starfsreynslu sína metna þannig að hún fékk 62,87 á tímann. Sem sagt: konan sem hafði áratugastarfsreynslu við matargerð á heimili fékk aðeins 1 kr. 53 aurum meira á tímann, þ. e. 12 kr. 24 aura á dag eða 61,20 kr. á viku, þegar hún fer út á vinnumarkaðinn.

Starfsmannafélagið Sókn hefur fengið starfsreynslu í heimilisstörfum metna mun lengur eða allt að fjórum árum. Í samningi Sóknar segir að við almenn störf, svo sem heimilishjálp, eldhússtörf og ræstingu skal tekið tillit til starfsreynslu í skyldum greinum, þ. m. t. heimilisstörf. Getur starfsmaður með slíka starfsreynslu fengið hana metna til allt að fjögurra ára starfsreynslu. Á þeim tíma sem ég gerði þessa athugun, fyrir nokkrum mánuðum, var niðurstaðan sú að í stað 58.18 kr. á tímann fékk viðkomandi starfsreynslu sína metna og fékk greitt 62,07 á tímann. Áratugastarfsreynsla við ýmiss konar heimilisstörf var því aðeins metinn á 3,88 kr. meira á tímann þegar út á vinnumarkaðinn var komið.

Þessar litlu upphæðir sýna hve lítið heimilisstörfin eru metin við skyld störf í þjóðfélaginu og þær sýna meira: þær sýna ljóslega og gefa um það ótvíræða vísbendingu hvað hefðbundin kvennastörf eru lágt metin á vinnumarkaðnum.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að á síðasta þingi hefði ég haldið mjög ítarlega framsöguræðu um þetta frv. Ég sé því hvorki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, þó um þetta mál mætti tala ítarlegar og hafa mjög langt mál, né tel ég nauðsyn að skýra frekar einstakar greinar þessa frv. og vísa í því sambandi til framsöguræðu minnar á síðasta þingi.

Sú eina breyting sem gerð hefur verið á frv. frá síðasta þingi er að kostnaður við störf láglaunanefndar greiðist úr ríkissjóði í stað þess að í frv. á síðasta þingi var lagt til að að hluta til greiddu aðilar vinnumarkaðarins kostnað við þá úttekt sem fara á fram samkvæmt

þessu frv. Með tilliti til þeirrar gagnrýni, sem fram kom frá aðilum vinnumarkaðarins um að þeim væri gert skylt með lögum að taka þátt í þessum kostnaði, er það mat flm. að rétt sé að falla frá því nú þegar frv. er lagt fram að nýju ef um það gæti tekist samkomulag.

Ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja frv. frekar nema tilefni gefist til. Ég vísa aftur til þeirra mörgu umsagna sem liggja fyrir Alþingi frá síðasta þingi þar sem fjölmörg stéttarfélög hvetja til þess að þetta frv. verði samþykkt og taka eindregið undir efni þess. Í ljósi þess vænti ég að frv. fái ítarlega umfjöllun í nefnd og er ég að sjálfsögðu opin fyrir öllum breytingum á einstökum greinum frv. sem til betri vegar má færa til að ná þeim markmiðum, sem sett eru í þessu frv., sem eru að fram fari hlutlaus rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

Ég vil sérstaklega, með tillliti til þeirra umræðna sem fram hafa farið um laun opinberra starfsmanna, vísa í þann lið í 3. gr. frv. sem kveður á um að gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almenna vinnumarkaðnum hins vegar. Ef fram á að fara endurskoðun á launakjörum opinberra starfsmanna tel ég einmitt að sú könnun og endurmat sem hér er lagt til muni flýta verulega fyrir því að eitthvert réttlæti verði í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og að láglaunahóparnir fái réttláta og sanngjarna hlutdeild af því sem er til skiptanna hverju sinni.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Eftir að hafa hlustað á hinn langa lista sem lesinn var hér upp í upphafi þingfundar um fjarvistarbeiðnir frá þm. get ég ekki orða bundist að segja hér örfá orð þar sem kvartað hefur verið undan því að nefndir þingsins störfuðu ekki eðlilega. Það tefur nefndarstörf í þinginu verulega að hér skuli ekki vera fullskipað Alþingi og jafnmikið sé um fjarvistir. Ég vil í því sambandi, með leyfi forseta, lesa hér upp 34. gr. fundarskapa:

„Skylt er þm. að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Heimilt er forseta að veita þm. brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu nema deildin samþykki."

Það sem ólesið er af greininni fjallar um annað efni. 138. gr. kosningalaga, sem ég vil einnig með leyfi forseta fá að lesa hér, hljóðar svo:

„Varamenn þm. í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 111. gr. þegar þm. þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þm. listans það er."

Það er rétt að geta þess að það sem ólesið er af þessari grein fjallar um annað efni.

Nú ber svo til að kosningalögin eru ný, svo til. Þau eru frá árinu 1983 og í þeirri endurskoðun þótti ekki rétt að breyta þessum ákvæðum eða slaka á þeirri kröfu að þingið væri fullskipað. Ég tel að það sé orðið heldur hvimleitt að það virðist vera geðþóttaákvörðun þm., þegar þeir fara burtu og eru m. a. erlendis, hvort þeir kalla inn varamenn eða ekki. Ekki veit ég hvort prófkjörin hafa einhver áhrif á það, en undarlegt má það vera ef menn telja að þetta komi ekki niður á störfum þingsins. Ég vil því eindregið beina því til forseta að hann færi það í tal við forseta Sþ. hvort ekki sé hægt að fá hreinni línur í þeim efnum hvenær eigi að kalla inn varamenn og hvenær ekki og jafnframt að forsetar þingsins geri sér grein fyrir því að þetta hefur veruleg áhrif á störf nefnda hér í þinginu.

(**GJG:** Herra forseti. Var þessi ræða um láglaunahópa eða utan dagskrár?)

(**Forseti:** Til upplýsingar fyrir hv. 7. þm. Reykv. var þetta um þingsköp, hvorki utan dagskrár né um láglaunahópa.)

Forseti (Karvel Pálmason): Hv. 5. þm. Vestf. hefur lokið máli sínu eins og heyra má og þar með væntanlega af sér létt því sem á okkur hefur hvílt undanfarna daga. Ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til að koma þessu áleiðis til hlutaðeigandi aðila sem eru mér æðri hér. En eins og menn hafa heyrt er ærið gagnrýnisefni sem hv. 5. þm. Vestf. var hér um að fjalla og skulu ekki fleiri orð um það höfð.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 51. mál (þskj. 51). — Frh. 1. umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það olli nokkrum vonbrigðum að ekki fékkst afgreiðsla þessa máls á síðasta þingi. 1. umr. um það var á margan hátt fróðleg og sýndi að mínu mati — að vísu alls óreyndri hér inni — töluverðan áhuga þm. á því. Þeir virtust telja þetta hið þarfasta mál og nauðsynlegan þátt í því að auðvelda þeim hópum, sem hér um ræðir, leið til bættra lífskjara. Það er hreint og beint mannréttindamál og hreint engin óhófskrafa að hver og einn geti fætt sig og klætt af launum sínum. Þeir sem taldir eru til láglaunahópa eiga jafnan rétt og aðrir á þeim launum fyrir fulla dagvinnu að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Þetta virðast því miður ekki allir vilja viðurkenna. Það sýnir ástandið eins og það nú er orðið.

Umræður um launamál hafa nú allra síðustu árin leiðst inn á undarlegar og vafasamar brautir. Nú orðið er naumast litið á tekjur einstaklinga í tengslum við starf þeirra, heldur er sífellt stagast á afkomu fjölskyldna í heild. Það er litið á sameiginlegar tekjur hjóna og ráðstöfunartekjur heimilanna eins og það er kallað. Orsök þessa er að stærstum hluta sú að konur hafa leitað út á vinnumarkaðinn í stórauknum mæli síðustu árin. Þær hafa gert það ýmist viljugar eða nauðugar. Konur hafa í vaxandi mæli menntað sig til ákveðinna starfa og ætti ekki að þurfa að færa rök í mörgum liðum fyrir því að bæði þeim sjálfum og þjóðfélaginu er nauðsynlegt og einnig ákjósanlegt að sú menntun nýtist.

Þær konur eru því miður einnig fjölmargar sem hafa ekkert val um það hvort vinnuframlag þeirra á sér stað inni á heimilinu eða úti á hinum launaða vinnumarkaði. Vegna þeirrar láglaunastefnu, sem rekin er í landinu, hafa konur í sívaxandi mæli orðið að taka þátt í öflun

heimilisteknanna og ekki þarf að tíunda aðstæður einstæðra foreldra.

En svo gerist það sem verra er, að farið er að réttlæta lág laun einstaklinga með því að yfirleitt séu nú tveir um að afla heimilisteknanna. Þar erum við komin inn á afar varasama braut og bið ég hv. þm. að gaumgæfa þetta vandlega, því hvar gæti ekki slíkt endað? Innan tíðar gæti farið svo að hjón treystu sér ekki í barneignir því heimilistekjurnar dygðu ekki til framfærslu barna. Yrði þá líklega stutt í það að stjórnvöld og atvinnurekendur héldu því fram að fólk þyrfti ekki hærri laun vegna þess að það hefði ekki fyrir börnum að sjá. Svona geta neyðarráðstafanir fólks leitt til enn meiri neyðar þess, þ. e. neyðarráðstafanir þeirra eru notaðar gegn þeim.

Heimilistekjur gefa hugsanlega einhverja mynd af ástandi á íslenskum heimilum en varast ber að draga sílka viðmiðun inn í umræður um launamál. Konur, sem að stærstum hluta fylla hóp hinna lægst launuðu, verða að eiga von um betri kjör og möguleika á að breyta þeim. Það er í raun ekki gerlegt og þaðan af síður réttlátt að meta vinnuframlag einstaklings til lágra launa vegna hárra launa makans. Sú er samt sem áður raunin. Allt of margir eru þeirrar skoðunar að tekjur kvenna beri að meta með hliðsjón af því að þær séu yfirleitt ekki megintekjustofn heimilisins. Þetta er alrangur hugsunarháttur. Tekjur sambýlisaðila eiga ekki að koma þessu máli við. Heimilisaðstæður eru hverfular, traustustu heimili leysast upp, hjónaböndum er slitið, makar falla frá. Hvaða gildi hafa þá fjölskyldutekjur? Þegar slíkar breytingar kollvarpa tekjuöflun heimilisins blasir fátæktin við og þá eru það næstum alltaf konurnar sem verða verst úti.

Hið brothætta afkomuöryggi kvenna verður að styrkja og það gerum við fyrst og fremst með því að styrkja stöðu láglaunahópanna, meta störf þeirra að verðleikum, endurmeta störf þeirra, eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér til umr. Auðvitað á ríkisvaldið að létta undir með þeim sem þyngstar byrðar bera með barnabótum, mæðralaunum og t. d. neikvæðum tekjuskatti. En engar slíkar leiðréttingar geta breytt þeirri gömlu og sjálfsögðu kröfu að laun eigi að nægja til framfærslu og að enginn þurfi að svelta sem vinnur fulla vinnu. Úrræði, eins og upp voru talin hér áðan, eiga að minnka vandann, ekki auka hann, þ. e. aðstoð ríkisvalds í formi barnabóta, mæðralauna o. s. frv. á ekki að verða atvinnurekendum afsökun fyrir lélegum launum starfsmanna sinna. Ríkisvaldið, atvinnurekendur og verkalýðsforustan hafa ýmist með aðgerðum eða aðgerðaleysi komið láglaunafólki í hræðilega aðstöðu. Þar hefur ekkert lagast undanfarna áratugi og bólar því miður ekki á breytingum. Þeir sem betur mega sín í þessu þjóðfélagi bera þunga ábyrgð. Þeir hafa aldrei viljað slaka á eigin kröfum svo að hægt væri að bæta laun láglaunafólksins hlutfallslega meira. Láglaunafólkið situr alltaf eftir þegar meðal- og hátekjufólkið stendur upp frá samningaborðinu. Skv. frv., sem hér er til umr., á sérstök láglaunanefnd m. a. að skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipa slíka hópa.

Ég trúi því að niðurstöður slíkrar nefndar yrðu þessum hópum styrkur í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Sjálfsagt höfum við öll á takteinum einhverjar skilgreiningar á því hverjir tilheyri láglaunahópum, misjafnlega vel grundaðar. Sjálf er ég ekki í vafa um að mikill meiri hluti þeirra sem skipa láglaunahópana eru konur. Mörgum finnst e. t. v. við konurnar setja of ákveðið jafnaðarmerki á milli láglaunahópa og kvenna. Þeirra sjónarmiða gætti hjá sumum þeim sem tóku þátt í umræðu um þetta frv. á síðasta þingi. Það er þó svo ótal margt sem styður þessar fullyrðingar okkar og ég er a. m. k. ekkert hrædd um að karlarnir sitji eftir þótt sjónum sé sérstaklega beint að konum í þessu sambandi.

Í síðasta hefti tímaritsins Veru, 4. hefti 1984, er fjallað um kjör kvenna á vinnumarkaðnum og er þar ýmsar athyglisverðar upplýsingar að finna. Þar er m. a. rætt við sex konur í jafnmörgum stéttarfélögum sem öll hafa konur í meiri hluta innan sinna vébanda. Þessar konur fella þunga áfellisdóma yfir þeim sem ráða ferðinni, t. d. í samningum. Mig langar til að vitna hér að nokkru til orða þessara kvenna. Fyrst er hér rætt við Guðlaugu Pétursdóttur, félaga í Sókn. Félagafjöldi þar er á milli fjögur og fimm þúsund, karlar eru um 12 talsins, hitt eru allt saman konur. Guðlaug segir hér á einum stað, með leyfi virðulegs forseta:

„Við á mínum aldri höfum þurft að hlusta á það að við værum ekkert að vinna til að sjá fyrir heimilinu, heldur bara svona fyrir okkur. Eins og okkar vinna væri minna virði. Þetta er að breytast, en það er líka af því að nú verða allir að vinna úti til að sjá fyrir sér. En störf kvenna eru svo vanmetin, sem sést t. d. af því að þegar konur komast í meiri hluta í einhverri starfsstétt þá verður starfið láglaunastarf. Mér finnst að það skipti ekki máli hvert starfið er. Ef það er vel og samviskusamlega unnið, þá er það virðingarvert starf."

Matthildur Björnsdóttir er félagi í Sambandi íslenskra bankamanna. Þar er hlutfall kynjanna að konur eru 68%, karlar 32%. Hins vegar er mismunur á meðallaunum kvenna án starfsaldursálags og karla án starfsaldursálags 19.1% körlum í vil. Matthildur segir hér, með leyfi forseta:

„Vinnuveitendur og þessir herramenn, sem semja fyrir okkur, eru úr tengslum við fólkið sjálft. Þeir eru á góðum launum en ættu að prófa að lifa af mínum, svo ekki sé minnst á laun iðnverkakonu. Það er þjóðarskömm að ætla manneskju að lifa á 12—13 þús. kr. á mánuði. Að mínu mati ættu lágmarkslaun að vera á bilinu 25—30 þús. kr. á mánuði. Og réttast væri að hver einasta kona færi til síns atvinnurekanda og legði spilin á borðið fyrir hann og segði: „Svona mikið fæ ég í laun og þetta á ég eftir þegar búið er að draga af mér. Treystir þú þér til að lifa af þessu?" "

Og á öðrum stað segir hún:

„Við þurfum hugarfarsbreytingu. Karlar eru ekki bara fyrirvinnur, konur eru það líka og eiga að líta á sig sem slíkar. Ef ég væri í sambúð eða gift kærði ég mig ekki um að vera sett á óæðri bás. Ég vildi vera jafngild fyrirvinna og maðurinn minn."

Í VR er félagafjöldi u. þ. b. 6500, ⅔ eru konur og ⅓ karlar. Mismunur á greiddum meðallaunum kvenna og karla er 18% körlum í vil. Guðfinna Friðriksdóttir og Kristín systir hennar eru hér til viðtals í Veru og segja m. a., með leyfi forseta:

„Karlmenn í VR eru að öllum jafnaði mun betur borgaðir en konur. Samkvæmt samningum og lögum á að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. En það er staðreynd að karlmenn hafa alltaf yfirhöndina. Atvinnurekendur yfirborga karlmönnum vegna þess að þeir eru taldir stabílli vinnukraftur og auk þess þykir

þeim ekki bjóðandi upp á annað. Á vinnustöðum eins og t. d. stórmörkuðum, þar sem nær öllum konum er borgað eftir töxtum, eru karlar miklu frekar yfirborgaðir. Þessu er komið við á ýmsan hátt. Það er t. d. skellt á karlmanninn einhverjum titli sem tryggir honum þá hærri laun en konunni sem stendur við hlið hans og gerir nákvæmlega sama starfið. Önnur aðferð hefur verið að láta karlmenn inn á hærri starfsaldurstaxta en konur. Þetta fer auðvitað ósköp leynt og sérstaklega af hendi þeirra aðila sem hlut eiga að máli."

Það er einnig talað hér við Guðbjörgu Ársælsdóttur sem er í BSRB þar sem 61.4% eru konur og 38.6% karlar. Hins vegar er þar ekki að finna upplýsingar um mismun á meðallaunum karla og kvenna. En hún segir hér í niðurlagi viðtals síns, með leyfi forseta:

„Það er komið mikið af ungum, vel menntuðum konum út á vinnumarkaðinn sem stefna hátt. En þó reka þær sig á veggi á ólíklegustu stöðum, t. d. hjá yngri karlmönnum í yfirmannsstöðum. Viðhorfið hefur ekki breyst mikið þar. Auðvitað þurfa þær tíma til að vinna sig upp og sanna ágæti sitt en það er staðreynd að það er erfiðara fyrir vel menntaða konu að vinna sig upp en jafnmenntaðan karlmann."

Hér er einnig viðtal við Sigurbjörgu Sveinsdóttur í Iðju, þar sem konur eru 57% en karlar 43% og mismunur á greiddum meðallaunum er 17.9% körlum í vil. Hún segir hér m. a., með leyfi forseta:

„Launin hjá okkur iðnverkakonum í dag eru svo lág að það er ekki lengur hægt að tala um að maður lifi af þeim. Vandamálið er orðið að skrimta og komast af til næstu mánaðamóta. Sjálf er ég betur stödd en margar aðrar konur vegna þess að ég er gift og börn mín eru uppkomin. Þær konur sem eru verst staddar eru einstæðar mæður en þær eru margar í Iðju. Sumar þeirra neyðast til að afla aukatekna annars staðar til þess að ná endum saman. Mér er t. d. kunnugt um konu sem er ein með þrjá unglinga í heimili og til þess að framfleyta sér og þeim neyðist hún til þess að vinna aukalega 12—15 kvöld í mánuði á skyndibitastað í bænum. Það er óhætt að segja að slíkri vinnu er ekki á bætandi eftir daglanga slítandi bónusvinnu.

Iðnaður er um þessar mundir mjög vel í stakk búinn til þess að borga betur en gert er. Það eru að vísu iðnrekendur sem eru tilbúnir til þess að borga betur, en Vinnuveitendasambandið heldur öllu í greipum sér."

Loks er hér viðtal við Báru Óskarsdóttur í Verkakvennafélaginu Framsókn þar sem eru tæplega 4 þús. konur og einn karl. Hún segir hér m. a., með leyfi forseta:

„Ég hef oft brotið heilann um það hvers vegna konur eru svona lágt launaðar. Það er eins og konur séu ekki meðvitaðar um að þær séu sjálfstæðir einstaklingar sem eigi að geta lifað af launum sínum. Margar giftar konur eru sofandi á verðinum. Þær hrista bara hausinn og segja: „Svona hefur þetta alltaf verið." Þær líta líka flestar fyrst og fremst á sig sem húsmæður sem skreppa út á vinnumarkaðinn til að hjálpa svolítið til, og meta sig ekki til hærri launa. Þótt það sé kaldhæðnislegt að segja það, þá er eins og þær þyrftu að missa eiginmanninn og standa uppi einar. Þá fengju þær skell og færu kannske að gera eitthvað í málunum. Ef við stæðum allar saman hefðum við gott vopn í höndunum til þess að krefjast launahækkunar."

Þessi kona fellir ekki aðeins áfellisdóma yfir atvinnurekendum og verkalýðsleiðtogum, heldur yfir konunum sjálfum og er vafalaust nokkuð til í því.

Herra forseti. Það væri freistandi að vitna frekar í þessar ágætu konur, sem Vera ræðir hér við, en ég vil nú ekki reyna allt of mikið á þolinmæði hv. þm. En hér er að lokum blaðagrein, sem nefnist Konur í ánauð, og mig langaði til þess að vitna örlítið í hana og skal nú skýra það betur að lestri loknum. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Stundum erum við að furða okkur á fréttum utan úr heimi, þar sem menn, bara vegna þess að þeir eru svartir, fá lægri laun fyrir vinnu sína en hvítir menn og fólk er undirokað og kúgað einungis vegna litarháttar, og við erum harmi lostin yfir óréttlætinu og mannvonskunni. En um leið og við erum svo samúðarrík og full skilnings yfir fjarlæg höf og heimsálfur finnst okkur ekkert við það að athuga þó að hér hjá okkur sjálfum sé það sama uppi á teningnum þó í annarri mynd sé — að vísu ekki vegna litarháttar heldur kyns. Og þó framgangsmátinn á kúguninni sé kannske raffíneraðri hérna er það stigsmunur en ekki eðlis. Í báðum tilfellum eru það ekki vinnuafköstin eða vinnugæðin sem lögð eru til grundvallar, heldur gamlir fordómar. Það jaðrar við þrælahald hvernig búið er að konum í atvinnu- og launamálum. Konur sem fara út á íslenska vinnumarkaðinn fá yfirleitt miklu lægri laun fyrir vinnu sína en karlar þótt um sams konar eða hliðstæð störf sé að ræða, einungis vegna þess að þær eru konur og verða þær þannig að gjalda kyns síns. Og vaninn hefur sljóvgað svo siðgæðisvitund fólks að því finnst ekki mikið við þetta að athuga. M. a. s. fjölda manns finnst þetta sjálfsagt. Að vísu er jafnlaunasamþykktin á döfinni og á að ganga í gildi í þessum mánuði, ef ég man rétt. En það er ekki nóg ef ekkert verður meira að gert. Það eru um þrettán ár liðin síðan það urðu lög á Íslandi að starfskonur ríkisins fengju sömu atvinnu- og launaréttindi og karlar. Þau lög hafa verið sniðgengin til þessa. Og svo er hefðin á undirokun og kúgun kvenna rík að sjálft ríkið skirrist ekki við að brjóta landslög og stinga árlega í ríkiskassann stórfúlgum sem það dregur vísvitandi af vinnulaunum starfskvenna sinna.

Það er eftirtektarvert að flestar launamálanefndir eru skipaðar nær eingöngu körlum þótt þær eigi að meira eða minna leyti að fjalla um launakjör kvenna. Þannig eru það t. d. 17 karlar sem skrifa undir kjarasamninga Verkamannafélags Reykjavíkur, þar af sex fyrir hönd félagsins sjálfs, en engin kona."

Og á öðrum stað í þessari grein segir:

„Konur hafa mikið langlundargeð. Það virðist vera kominn tími til þess að þær hristi af sér helsið og taki launa- og atvinnumál í sínar eigin hendur og fari sjálfar að setjast að samningaborðinu þegar launamál þeirra eru á dagskrá. Ég vil skora á konur innan hinna ýmsu stéttarfélaga að vera vel á verði í þessum málum og koma á öflugu samstarfi sín á milli í stéttarfélögunum og krefjast þess að gömlu vinnusamningarnir verði endurskoðaðir og ógiltir í því formi sem þeir eru og nýir samningar gerðir í anda og samræmi við jafnlaunasamþykktina. Sömu laun fyrir sömu vinnu, sem er siðferðisleg skylda þeirra sem um þessi mál fjalla, og þar verði ekki kvikað um hársbreidd.

Það er nú mikil vakningaralda meðal íslenskra kvenna um að láta ekki halda áfram að hlunnfara sig í starfs- og launamálum. Konur í öllum stéttum og

flokkum þjóðfélagsins munu sameinast um að hafa vakandi auga með hverjum nýjum kjarasamningi sem kann að verða gerður fyrir kvenna hönd og fylgja því fast eftir að hlutur kvenna verði ekki fyrir borð borinn. Um það mál munu allar konur á Íslandi standa samhuga um. Það er búið að berjast of mikið og of lengi fyrir jafnlaunasamþykktinni til þess að konur taki því þegjandi og möglunarlaust að hún verði virt að vettugi."

Á þessa leið skrifar Hulda Bjarnadóttir skrifstofustúlka í grein sem birtist í Þjóðviljanum 9. mars 1958, þ. e. fyrir hartnær 27 árum. Því miður hefur ekki meira gerst á þessum árafjölda en svo að þessi grein hefði að miklu leyti a. m. k. getað verið skrifuð á því herrans ári 1984. Það er sannarlega umhugsunarvert.

Herra forseti. Ég vil láta í ljós einlæga ósk okkar fulltrúa Kvennalistans, sem eru meðflm. að þessu frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að, að þetta frv. hljóti ekki sömu örlög og á síðasta þingi heldur fáist afgreitt úr n. og hljóti samþykkt þingsins. Þótt þar með sé ekki björninn unninn lítum við á þetta mál sem skref á leið til bættra kjara þess fólks sem hér um ræðir. Það er þingi og þjóð til skammar að gera ekki eitthvað í þessum málum sem til úrbóta gæti talist.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er hreyft merku málu, en óneitanlega vekur það mjög margar spurningar að hlusta á þær upplýsingar sem komið hafa fram í máli frsm. Sérstaklega vekur það athygli að bæði meðal bankamanna og BSRB er meiri hluti hinna starfandi aðila konur. Og samkvæmt rökréttri hugsun er ekkert því til fyrirstöðu að þær stjórni báðum þessum samtökum og skipi þannig annan hópinn við samningaborðið. M. a. s. samkvæmt þeim leikreglum sem nú gilda í verkalýðshreyfingunni, þar sem ekki er um hlutfallskosningar að ræða, gætu þær haft völdin.

Ég hygg að það sé ekki síður verkefni fyrir félagsfræðing að meta það hvers vegna þetta hefur ekki gerst. Hvers vegna hefur það gerst, þrátt fyrir þennan mikla fjölda, að karlmenn eru þarna kosnir til forustu jafnákveðið og raun ber vitni? Er ástæðan e. t. v. sú að það eru ekki hlutfallskosningar, að það eru ekki leyfðar hlutfallskosningar? Er það eitt af því sem þarf að taka upp í stéttarfélögunum, að leyfa þar hlutfallskosningar, til að auðvelda t. d. konum að ná þeirri hlutdeild í stjórnum þessara félaga sem eðlilegt er?

Ég hygg að það sé alveg rétt metið hjá hv. 7. landsk. þm. að það hefur áhrif hverjir skrifa undir kjarasamningana, það hefur áhrif. Og vafalaust er mjög þarft að fá fram þá athugun sem hér er verið að óska eftir. En það breytir ekki þeirri staðreynd að ef aðilar vinnumarkaðarins standa þannig að þessum málum að það leiði til mismununar á þann veg, að ef konur ná meiri hluta í einhverri starfsgrein þá lækki hún sem heild í launum og verði metin sem kvennastarfsgrein, þá hlýtur það að hluta til að vera vegna þess að þeir sem sitja við samningaborðið og skrifa undir samningana hafa þessa afstöðu. Og þá verður öll baráttan til einskis nema konur fylki liði og nái réttlátri hlutdeild í þessum stofnunum. Þar á ég við í verkalýðshreyfingunni. Ég tel það mjög tímabært að þær geri það og vek athygli á þeirri sterku stöðu sem þær hafa hjá þessum stéttarfélögum til að ná þar meiri hluta og stýra þeim.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fæðingarorlof, frv. 139. mál (þskj. 144). — 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 144 höfum við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson leyft okkur að flytja brtt. við lög nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof, sem var breyting á lögum um almennar tryggingar, nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum. Þetta frv. var flutt á 105. löggjafarþinginu. 1. flm. var þá hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson, meðflm. þeir sem endurflytja frv. nú.

Ein efnisbreyting er gerð á frv. frá fyrri flutningi þess, sú að í stað þriggja mánaða fæðingarorlofs komi fjórir mánuðir.

Flm. telja mikilvægt að móðir sé ekki neydd til að vinna utan heimilis fyrstu mánuðina eftir barnsburð. Hvað sá tími þarf að vera langur mun vera einstaklingsbundið. Enginn vafi leikur á því að æskilegt er að fæðingarorlof sé a. m. k. 9 mánuðir og að því beri að stefna að ná því marki. Í Svíþjóð er fæðingarorlof t. d. 9 mánuðir og þó fá konur þar, sem þurfa eða vilja vera lengur yfir börnum sínum, viðbótargreiðslu allt að því 1 ár eða 3 mánuði til viðbótar. Flm. er það hins vegar ljóst að því marki verður tæpast náð nema í áföngum, jafnvel þótt efnahagsástandið væri skárra en það er talið vera þessa stundina.

Aðalbreytinging frá gildandi lögum er að allar konur fái sama fæðingarorlof, hvort sem þær vinna aðeins heimilisstörf eða úti á vinnumarkaðinum.

Ef frv. þetta verður að lögum óbreytt þá mun útgjaldaaukningin, sem af því mun leiða, verða rúmar 100 millj. sem skiptast þannig:

Full orlofsgreiðsla 1. nóv. s. l. var 15 866 kr. á mánuði. Tryggingastofnun ríkisins greiddi fæðingarorlof til 4266 kvenna árið 1982 og til 4258 kvenna árið 1983 sem skiptist þannig:

Óskertar þriggja mánaða greiðslur 2401 fæðingar.
Til þeirra sem fengu ⅔ hluta 853 fæðingar.
Til þeirra sem fengu ⅓ hluta (heimavinnandi konur) 1012 fæðingar.

Á árinu 1983 var skiptingin þannig:

Óskertar 3 mánaða greiðslur 2718 fæðingar.
Til þeirra sem fengu ⅔ hluta 778 fæðingar.
Til þeirra sem fengu ⅓ hluta 762 fæðingar.

Ef skiptingin yrði eins og hún var árið 1982 mundi kostnaðaraukinn við það að allar konur fengju sama fæðingarorlof, er Tryggingastofnun ríkisins innti þá af hendi, verða um 47 millj. kr. miðað við þá greiðslu sem nú er, eða 15 866 kr. á mánuði. Ef skiptingin yrði eins og hún var 1983 mundi það kosta tæpar 37 millj. kr.

Að lengja fæðingarorlof um einn mánuð og að allar konur fái sömu greiðslu, eins og frv. gerir ráð fyrir, mundi þá kosta um 68 millj. kr. á ári miðað við greiðslur eins og þær eru í nóvembermánuði nú.

Breyting sú sem gerð var á 16. gr. laganna á síðasta þingi og varðar fleirburafæðingar er tekin óbreytt inn í þetta frv.

Segja má að það sé orðið 30 ára stríð að ná því marki að allar konur í landinu búi við svipaða aðstöðu er fæðingarorlof varðar, þ. e. ef það frv. sem hér er nú til umr. verður samþykkt. Það var árið 1954 sem þeim konum sem starfa hjá hinu opinbera, þ. e. hjá ríkinu og

bönkunum, var tryggt þriggja mánaða fæðingarorlof. En það eru 10 ár síðan allar útivinnandi konur öðluðust rétt til fæðingarorlofs, þá líka í þrjá mánuði. Það var gert með því móti að Atvinnuleysistryggingasjóður var látinn standa undir þeim greiðslum fram til 1980 að Tryggingastofnun ríkisins tók við þeim. Allar konur fengu þá fæðingarorlof, en heimavinnandi konur þó í raun og veru aðeins einn mánuð eða ⅓ af fullri mánaðargreiðslu.

Í umr. á Alþingi þegar það frv. var lögfest sem tryggði útivinnandi konum fæðingarorlof kom fram mikill vilji hjá mörgum þm. að stíga skrefið til fulls að tryggja öllum konum í landinu svipuð réttindi varðandi fæðingarorlof. Eftir miklar umr. var sett í þau lög ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Síðan þessi lög voru sett fyrir10 árum hafa þessi mál verið iðulega til umr. hér á Alþingi. Ég sé það í þingtíðindum t. d. að 9. mars 1976 hef ég talað fyrir fsp. á Alþingi, sem hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að framkvæma könnun um það á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu fæðingarorlof sem um ræðir í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 56 frá 1975 um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof)?"

Í umr. út af þessari fsp. spurði ég m. a. hvort þessi könnun hefði farið fram og hvaða valkostir væru fyrir hendi til að allar konur í landinu gætu notið fæðingarorlofs. Ég spurði hvað mikill hluti kvenna byggi við það öryggi að verða þeirra hlunninda aðnjótandi að fá fæðingarorlof og hvað hinn hlutinn væri stór sem fengi það ekki.

Ég spurði enn fremur hvað það mundi kosta fyrir almannatryggingakerfið ef að því yrði horfið að það yrði látið bera kostnað af fæðingarorlofi þeirra kvenna sem engar slíkar greiðslur fengu þá. Ég sagði þá einnig, með leyfi forseta:

„Þó að miklir fjárhagsörðugleikar hrjái okkar þjóðfélag nú, þá réttlætir það ekki að mismuna konum á þennan hátt, því að eins og þessi mál standa nú get ég ekki betur séð en að þær konur, sem eru í mestri þörf fyrir fæðingarorlof, fái það ekki. Það væri líka hægt að hugsa sér að ná þessu marki í áföngum á einhverju árabili, t. d. á þremur árum."

Þetta kom fram í fsp. minni 1976 og ég held að það sé hægt að undirstrika það nú, ekki síður en þá, að einmitt þær konur sem fá nú minnstar greiðslur, þ. e. heimavinnandi konur sem eru bundnar yfir börnum sínum, séu í mestri þörf fyrir þessar greiðslur. Það er viðurkennt að ekkert veiti af því að báðir foreldrarnir vinni utan heimilis til að afla fjármuna fyrir þörfum fjölskyldunnar og þess vegna sé þörfin mjög brýn að styrkja þær og fjölskyldur þeirra sem hafa ekki möguleika til að vinna utan heimilis og afla tekna.

Ég vil ekki trúa því að hv. alþm. séu ekki sammála um það að úr þessu misrétti verði að bæta nú svo að allar konur fái sama fæðingarorlof. Það er von flm. að þetta frv. verði lögfest á þessu þingi og það fyrir áramót, til þess að árið 1985, en á því ári er 30 ára afmæli þess að konur á Íslandi fengu fyrst fæðingarorlof, geti hafist með því að allar konur standi að þessu leyti jafnt að vígi. Það er nóg af misréttinu hér í þjóðfélaginu þó að þessi leiðrétting eigi sér stað. Það er ekki vansalaust að okkur finnst að draga það lengur. Hitt er annað mál að þó að brýnt sé að lengja fæðingarorlofið, þá teljum við flm. betra að stíga skrefin og reyna að tryggja það að þau fáist stigin heldur en að gera tillögur um það stór stökk í þessu efni að útilokað sé að ná samkomulagi um að stíga slík skref.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég held að ég verði að byrja á því að taka undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um þingsköp hér áðan. Maður hlýtur að furða sig á því hvað þm. sækja slælega þingfundi. Í tilefni af því máli sem hér er til umr. minnist ég þess að á síðasta þingi stóð hér þm. í ræðustóli og ræddi raunar mál, sem ekkert var þessu skylt, en við sátum tveir eða þrír þm. í salnum og hlýddum á. Þá kom þm. inn og spurði: Hvað er hér eiginlega til umræðu? Og þegar hann fékk að vita það sagði hann: Nú, ég hélt að þetta væri eitthvert kvennamál af því að það voru svona fáir að hlusta. En þetta var útúrdúr.

Hér er að sjálfsögðu um hið þarfasta mál að ræða. Það er breyting á lögum um fæðingarorlof, mál sem mundi vissulega rétta hlut foreldra og barna ef að lögum yrði. Við það vil ég þó gera vissar athugasemdir. Reyndar átti ég von á að þetta mál kæmi fram sem stjfrv. Mig minnir að hæstv. félmrh. hafi gefið loforð þar um á síðasta þingi, enda var hann 1. flm. samhljóða frv. sem flutt var á 105. löggjafarþingi. Það rýrir vissulega vonir um stuðning stjórnarliðsins við þetta mál að það skuli nú lagt fram af tveimur þm. úr aðeins öðrum stjórnarflokknum.

Þrátt fyrir nokkrar úrbætur varðandi fæðingarorlof, sem hér eru lagðar til, er hér of stutt skref stigið að mati Kvennalistans, eins og ljóst má vera af samanburði við frv. Kvennalistans sem flutt var á s. l. þingi og liggur nú öðru sinni fyrir hv. Ed. á þskj. 153.

Í fyrsta lagi teljum við lágmark að foreldrar eigi rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða fólk í ólaunuðum störfum utan vinnumarkaðar. Við tökum ekki undir þann söng að þjóðfélagið hafi ekki efni á því. Við tökum ekki undir þann söng að þjóðfélagið hafi ekki efni á því að búa vel að börnum sínum. Væri nær að nefna aðra útgjaldaliði ríkisins í því sambandi þó ég fari ekki út í þá sálma hér.

Í öðru lagi leggjum við til að orlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris, en verði þó aldrei lægri en 15 866 kr. á mánuði miðað við 1. okt. 1984 og breytist skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi. Við gerum ráð fyrir að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris þannig að foreldri verði ekki fyrir fjárhagslegu tapi vegna fæðingarorlofs svo sem nú er.

Í fyrsta lagi er með þessu verði að viðurkenna að störf þau er lúta að umönnun og uppeldi barna eru engu síður þjóðhagslega mikilvæg en störf á hinum almenna vinnumarkaði og að foreldrahlutverkið er a. m. k. jafnmikils virði og fyrirvinnuhlutverkið í krónum talið. Í öðru lagi er hér um beint fjárhagsatriði að ræða fyrir konur sem annars lækka í launum við töku fæðingarorlofs og óvíst er að fjárhagur heimilanna geti borið.

Sama gildir um feður, sem í flestum tilfellum eru hærra launaðir en mæðurnar, og mundu því velflestir lækka mikið í launum við töku fæðingarorlofs. Hér er því einnig um að ræða mikilvægan þátt þess að feður geti nýtt sér þessi réttindi og borið aukna ábyrgð á umönnun barna sinna. Það er ekkert vafamál að þetta atriði er þröskuldur í vegi fyrir því að feður taki fæðingarorlof. En eins og nú er málum háttað er það afar sjaldgæft og stafar vitanlega af því að heimilið hefur einfaldlega ekki efni á því tekjuhrapi sem þetta fyrirkomulag býður upp á.

Auk þess leggjum við til að fæðingarorlof framlengist um a. m. k. tvo mánuði sé um tvíburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns að ræða. Þetta eru þeir meginþættir sem ganga lengra í okkar tillögum um breytta skipan fæðingarorlofs heldur en gert er ráð fyrir í frv. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar í smáatriðum, enda er flm. frv. Kvennalistans, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, ekki enn búin að mæla fyrir því í Ed. Ég vil aðeins að lokum leggja áherslu á að hér er ekki aðeins um hagsmunamál kvenna að ræða heldur einnig karla — og þó miklu frekast barna. Því til áréttingar vil ég vitna í grg. með frv. Kvennalistans á þskj. 153, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir velferð og þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Þó að allt sé betra en ekkert í þeim efnum hefur löngum verið miðað við a. m. k. sex mánuði sem æskilegan lágmarkstíma brjóstagjafar, en eftir þann tíma fer ónæmiskerfi barnsins að geta annað eigin vörnum. Jafnframt er brjóstagjöf mjög virk til að mynda sterk tilfinningatengsl milli móður og barns. Eins og nú er dugar þriggja mánaða fæðingarorlof ekki til að uppfylla þessar lágmarkskröfur."

Því til áréttingar vil ég láta þess getið að við höfum fengið ákaflega margar stuðningsyfirlýsingar bæði frá konum og körlum víðs vegar um landið við okkar frv. og enn fremur álitsgerð lækna um þetta efni, sérstaklega það sem ég síðast vitnaði til um þýðingu brjóstagjafar fyrir heilsu ungbarna og einstaklingsins síðar á æviskeiðinu.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. síðasta ræðumanni, Kristínu Halldórsdóttur, á það, að það kom fram bæði í grg. frv. og enn fremur í minni ræðu að þetta er aðeins skref sem við erum að reyna að stíga. Við höfum reynslu fyrir því, sem erum búin að berjast fyrir þessu máli í 10—15 ár, að það hefst ekki öðruvísi en í skrefum og við viljum heldur taka lítil skref en ekkert. Stundum þýðir ekki annað en vera raunsær í slíkum málum. En það mundi engan gleðja meira en mig ef hægt væri að ná samkomulagi hér á Alþingi um að stíga stærra skref en þetta. En ég verð að játa að ég var í miklum vafa um hvort þyddi að taka bæði þessi skref, þ. e. að allar konur fengju sama fæðingarorlof og hitt, að lengja það aðeins um einn mánuð. En ég tel að það sé komin reynsla af því t. d. í Svíþjóð. Ég hef reynt að kynna mér þessi mál og þar er, eins og ég sagði, níu mánaða fæðingarorlof. Það er styst í Noregi, ekki nema þrír mánuðir, en nú er verið að ræða um að lengja það verulega. En í Svíþjóð er það eins og hv. þm. gat um, að miðað er við þau laun sem konan hefur haft, en hún fær þó ekki nema 90% af þeim launum.

Ég sé nú ekki ástæðu til að rekja þetta frá einu landinu í annað. Ég tel að með þeirri greiðslu sem við miðum þarna við, 8. launaflokki, sé út af fyrir sig allsæmilega séð fyrir því. Ég fellst ekki á og margar konur, sem hafa haft samband við mig, fallast heldur ekki á að það sé eðlilegt að mismuna konum að þessu leyti og að það fari eftir launum þeirra. T. d. ef læknir eða einhver annar, sem hefur há laun, fengi fæðingarorlof ætti það endilega að fara eftir þeim launum sem hún hefur haft. Hitt sé eðlilegra að það séu jafnar greiðslur. Margar þessar konur, sem við mig hafa talað, og konur sem starfa einmitt að þessum málaflokki telja þessa leið réttari. Það sé réttlátara en að fara eftir því hvað konurnar hafa í laun.

Ég vona bara að Alþingi beri gæfu til þess að stíga þetta skref. Og eins og ég sagði, ef hægt er að fá samstöðu um að stíga stærra skref, þá væru það mikil gleðitíðindi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Föstudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Yfirtaka ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu, þáltill. 156. mál (þskj. 161). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, beiðni um skýrslu (þskj. 139). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Skýrslan leyfð með 34 shlj. atkv.

Endurmat á störfum kennara, þáltill. 54. mál (þskj. 54). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi, þáltill. 100. mál (þskj. 104). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Stuðningur við ungmenna- og íþróttahreyfinguna, þáltill. 58. mál (þskj. 58). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Málefni aldraðra, þáltill. 64. mál (þskj. 64). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurreisn Viðeyjarstofu, þáltill. 77. mál (þskj. 78). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Almenn stjórnsýslulöggjöf, þáltill. 112. mál (þskj. 116). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Staðgreiðsla skatta, þáltill. 124. mál (þskj. 128). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu, þáltill. 11. mál (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir um lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu, fjallar um að fella þegar í stað úr gildi ákveðnar reglugerðir sem settar eru í samræmi við tiltekin lög. Jafnframt er heimild til þess að gefa út nýja reglugerð um lyfja- og lækniskostnað sem miðist við tilteknar forsendur.

Í sjálfu sér er hér um mjög óvenjulega till. til þál. að ræða. Ég minnist þess ekki að hafa séð í þál.-formi að Alþingi álykti að fella úr gildi ákveðnar reglugerðir sem gefnar eru út með stoð í lögum og síðan aftur að fela tilteknum ráðh. að gefa út nýjar reglugerðir sem eiga að miðast við ákveðnar forsendur. Þetta eru alveg ný ákvæði sem ég kannast ekki við að hafa séð eða heyrt. En þetta eru kannske nýjar reglur sem flm. þessarar till. telja sjálfsagt eða eðlilegt að innleiða. En þá held ég að ýmislegt fleira þurfi að koma til sem þarf að athuga nánar. Á að taka upp þessi nýmæli hér í störfum Alþingis eða ekki? En þetta er sagt án þess að leggja neinn dóm á efnisatriði þessarar þáltill.

Nú, þegar fjárlög ársins 1985 eru til afgreiðslu, er fróðlegt að rifja upp þá staðreynd að árið 1965 voru 24.9% heildarútgjalda fjárlaga ætluð til heilbrigðis- og tryggingamála. Árið 1970 var hlutfallið orðið 31.7% og 1975 var það 33.7%. Árið 1980 stendur þetta hlutfall í stað og er þá 33.4%, en á yfirstandandi ári, 1984 verður þetta hlutfall það hæsta sem það hefur verið, eða nokkuð innan við 38%.

Í fjárlagafrv. því sem fyrir liggur er gert ráð fyrir að 37.7% af heildarútgjöldum fjárlaga sé varið til heilbrigðis- og tryggingamála. Af þessu má sjá að núv. ríkisstj. hefur, þrátt fyrir að á móti blási og þjóðarframleiðsla hafi dregist saman meira en dæmi eru um áður, gætt þess að heilbrigðis- og tryggingakerfið haldi sínu. Á þremur árum hefur hlutfall heilbrigðisþjónustu af þjóðarframleiðslu aukist úr u. þ. b. 8% í rúm 10%. Skýringin er samdráttur í þjóðarframleiðslu án þess að sambærilegur samdráttur verði í heilbrigðisþjónustu.

Ef við viljum ekki draga saman þjónustu heilbrigðis- og tryggingakerfisins þýðir það einfaldlega hærri skatta eða beinar greiðslur almennings fyrir þjónustuna. Fyrri ríkisstjórnir hafa leyst slíkan vanda með ýmsum hætti. Á árunum fram til 1971 greiddu menn til viðbótar sköttum sínum upphæð, sem svarar til nær 8 þús. kr. á ári miðað við verðlag yfirstandandi árs, fyrir hvern fullorðinn í sérstakar sjúkrasamlags- og almannatryggingabætur. Á þessum árum voru fyrir utan beinar greiðslur til lækna og fyrir lyf þannig innheimt sérstök tryggingaiðgjöld. Aðeins þau námu um 35% af heildarútgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála á árinu 1971. Það þætti stór og mikill skattur í dag ef þetta fyrirkomulag væri tekið upp. Þetta gerðist á þeim árum sem flokkur flm. þessarar till. fór með tryggingamálin, ekki í örfá ár, heldur hátt á annan áratug. Í dag greiða menn engin slík sérstök iðgjöld vegna heilbrigðisþjónustu eða almannatrygginga nema hið svokallaða sjúkratryggingagjald sem kemur á hæstu tekjur.

Annars eru menn ýmsu vanir þegar ríkissjóð hefur vantað peninga. Á árinu 1978 um haustið þegar myndað hafði verið ný ríkisstj. skelltu menn á afturvirkum viðbótarskatti og létu sig ekki muna um að hækka tekju- og eignarskatt í september um ein lítil 13.5% og innheimta allt draslið fyrir áramót. M. ö. o., það er lagður tvisvar sinnum tekjuskattur og eignarskattur á sömu tekjurnar frá árinu á undan. Það hefur engri ríkisstj., hvorki fyrr né síðar, dottið þetta snjallræði í hug.

Ég skal ekkert segja hver á þetta uppátæki. En það er dálítið undarlegt að Alþfl. skrapp inn í ríkisstj. í rúmt ár, einmitt þegar þetta gerðist. Hann skrapp líka fljótt út úr henni, en síðan hefur þetta ekki verið gert. Hér koma svo aftur hv. þm. Alþfl. grátandi hver um annan þveran þannig að tárin renna niður kinnarnar yfir þeim ofboðslegu sköttum sem lagðir eru á almenning núna. Af því að flokksþing Alþfl. er nú ekki hafið ætla ég að biðja hv. þm. flokksins að þurrka af sér tárin og fara að reyna að tala skynsamlega um þessi mál og málefnalega. (**Gripið fram í:** Eru þetta ekki krókódílstár?) Við

skulum sjá hvort þeir ná ekki aftur áttum. (**SvH:** Hann átti við það.) Ég veit ekkert hvers konar tár það eru sem formannsefnin þar gráta, ég læt mig það engu skipta.

Ísland hefur á undanförnum árum verið að flytjast í hóp þeirra ríkja þar sem hlutfall opinberrar fjármögnunar gegnum skattakerfið er alhæst, eða um 90%, og erum við þar með ríkjum eins og Bretlandi og Svíþjóð. Hjá ýmsum þjóðum þar sem talið er að heilbrigðis- og velferðarþjónusta standi með blóma, t. d. í Hollandi, Kanada, Vestur-Þýskalandi og víðar, er þetta hlutfall mun lægra, eða um 80%. Reynslan kennir okkur að allt sem er ókeypis er ofnotað. Það er því mikilvægt að gæta þess að almenningur í landinu skynji að heilbrigðisþjónusta kostar stórfé. Þá skiptir engu hvort fjármuna er aflað með sköttum eða beinum greiðslum. Beinar greiðslur stuðla hins vegar að því að almenningur veiti heilbrigðisþjónustunni aðhald.

Á s. l. ári og fyrr á þessu ári, þegar rætt var um samdrátt og sparnað, kom nokkuð til umræðu á hvern hátt mætti draga úr kostnaði í heilbrigðis- og tryggingamálum. Það var fljótlega ljóst að ekki var vilji fyrir því í ríkisstj. eða á Alþingi að minnka bætur almannatrygginga. Þvert á móti voru bæði barnalífeyrir og mæðralaun hækkuð mjög verulega með þeim ráðstöfunum sem gerðar voru af ríkisstj. í sambandi við almenna kjarasamninga snemma á þessu ári. Fram til 1. nóvember s. l. höfðu hinar almennu hækkanir lífeyristrygginga numið samtals 12.4% á árinu meðan laun í almennri verkamannavinnu og viðmiðunarlaun hafa ekki hækkað nema um 7.1% á sama tíma.

Til að mæta þeim vanda, sem óneitanlega bitnar á okkur öllum þegar þjóðartekjur dragast saman, var ákveðið 1. mars s. l. að hækka einstaka bótaflokka verulega umfram kaupgjaldshækkanir. Þetta var gert til að tryggja sérstaklega hagsmuni þeirra sem verst eru settir. Þannig hækkaði tekjutrygging og heimilisuppbót um 22.46% og barnalífeyrir ásamt meðlögum hækkaði um 62.38%. Mæðra- og feðralaun hækkuðu einnig um 146% fyrir eitt barn, 83% fyrir tvö börn og 62% fyrir þrjú börn. Óhætt er að segja að í stað þess, eins og stjórnarandstaðan hefur haldið fram, að draga úr bótum lífeyristrygginga hefur þess verið gætt rækilega að þær fylgdu þróun launa og verulega bætt úr fyrir þá verst settu.

Þessu til viðbótar hefur ríkisstj. á öðrum sviðum, t. d. með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1984 II. kafla, gert breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt til að bæta hag barnafólks og létta skattbyrði þeirra sem mestan framfærslukostnað hafa. Þessari stefnu verður haldið áfam. Ég hef nýlega falið tryggingaráði að breyta reglum við útreikning skerðingarákvæða vegna örorkustyrks þannig að eingöngu verði miðað við eigin tekjur en ekki eins og verið hefur að tekjur maka séu lagðar við tekjur umsækjanda. Þetta er réttlætismál sem mun verulega bæta hag þessara einstaklinga og taka mun gildi frá og með næstu áramótum. Hér verður um verulega útgjaldaaukningu að ræða fyrir sjúkratryggingarnar.

Nokkrar umr. urðu um það hvort einstaklingar skyldu taka meiri þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar en nú er og fóru fram athuganir á greiðslu sjúkratryggðra fyrir sjúkrahúsvist, að þeir sem lægju skamman tíma greiddu lágar upphæðir. Í sjálfu sér virðist ekki ósanngjarnt að fólk, sem fer úr fullri vinnu á fullu kaupi til skammtíma dvalar á sjúkrahúsi greiði a. m. k. lítinn hluta kostnaðarins á sjúkrahúsinu. En fljótlega var ljóst að ekki var vilji fyrir því að gera slíkar breytingar hér og var því horfið frá því ráði, enda kom í ljós að innheimta hefði orðið hlutfallslega mjög kostnaðarsöm miðað við þær hugmyndir sem uppi voru um þessa gjaldtöku. Aftur á móti var samkomulag um það að almenningur tæki meiri þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar utan sjúkrahúsa og í lyfjakostnaði en verið hefur og tóku reglugerðir þar að lútandi gildi hinn 1. júní s. l. Um það má deila hvort það er sanngjarnara að láta greiða fyrir slíka þjónustu utan sjúkrahúsa en ekkert innan þeirra. Ég tel að það fyrirkomulag sem verið hefur komi verr niður en ef hitt hefði verið tekið upp, að láta þá eina greiða t. d. hámarksgjald í 10 daga á ári sem fara inn á sjúkrahús á fullu kaupi en hinir allir hefðu eftir sem áður ekkert þurft að greiða. Ég skal fúslega viðurkenna að það er ekki sanngjarnt að þeir, sem ekki komast inn á sjúkrahús og þurfa að leita læknis, þurfa að fara í rannsókn, séu látnir greiða en hinir, sem eru þess aðnjótandi að fá aðstöðu til þess að komast inn, sleppi. Þetta skal ég fúslega játa. En þetta hefur verið í gildi, ekki endilega frá þessu ári, þetta er búið að vera núna þrotlaust í gildi frá 1974 ef ég man rétt.

Það er enginn nýr skattur lagður á þá sem leita læknis eða leita til röntgendeildar, blóðrannsókna, eða göngudeilda eða kaupa lyf. Það er aðeins um hækkun að ræða á sköttum sem fyrir eru. Kór stjórnarandstöðunnar í vantraustsumr. hér um daginn söng að búið væri að leggja á nýjan sjúklingaskatt. Bara af því að einum þeirra datt í hug að ljúga því þá söng allur kórinn þetta sama. Ég skora á stjórnarandstöðuna að benda á hvaða nýr skattur hefur verið lagður á og standa við stóru orðin. Hann er bara ekki til. En það er eins og hún hugsi ekki, stjórnarandstaðan. Hún æðir áfram, enda er hún alltaf blaut í fæturna. Hún veður alltaf í pollana og gætir sín aldrei að fara rólega yfir heldur eru stígvélin alltaf barmafull. Ég ráðlegg henni í fullri vinsemd að fara hægt og gætilega yfir og reyna að halda fótunum þurrum. Þá verður annað eftir því. (**JBH:** Á hún ekki að fá sér bússur bara?)

Ég tel að skynsamleg gjaldtaka fyrir lyf og læknisþjónustu utan sjúkrahúsa geti stuðlað að aðhaldi og sparnaði í lyfjanotkun og aðhaldi með læknisþjónustu. Hvað varðar þann þátt till., sem fjallar um lyfjakostnað, er tilgangur gjaldtöku tvíþættur. Í fyrsta lagi að reyna að draga úr óþarflega mikilli lyfjanotkun. Við vitum það öll og þurfum ekkert að fara í launkofa með það að lyfjanotkun er oft óhóflega mikil. En hún er líka og miklu oftar brýn nauðsyn sem enginn er að fetta fingur út í. Það ber að tryggja eins og unnt er að skammtar séu ekki stærri en svo að sem minnst úreldist í lyfjaskápum heimilanna.

Í öðru lagi ber að beina neyslu að ódýrari innlendum lyfjum. Lækkandi útgjöld sjúkratrygginganna þýða því vonandi ekki hækkað hlutfall sjúklinga heldur líka í raun sparnað í útgjöldum þjóðfélagsins vegna lyfja. Ég tel nauðsynlegt til að þessi markmið náist að greiðsla fyrir lyf sé það há að kaupandinn taki eftir og munur á innlendum og erlendum lyfjum sé slíkur að máli skiptir.

Till. eins og sú sem hér liggur fyrir, um að sjúklingur greiði 25% fyrir lyf, er að mínum dómi fráleit. Dýr lyf geta kostað allt að 10 000 kr. fyrir venjulegan skammt.

Það þýðir að sjúklingur greiddi 2500 kr. Þá tala ég ekki um lyf eins og t. d. Interferon sem kostar hundruð þúsunda. Nýlega hafa menn séð og heyrt í blöðum að deila sé uppi milli tveggja opinberra stofnana um það hver eigi að borga Interferon sem tilteknum sjúklingum hefur verið gefið.

Mér finnst rétt að skýra það í leiðinni, því að þetta á erindi til Alþingis, að hér er ekki deila um það að sjúklingurinn eigi að greiða Interferon. Hér er deila um það hvort sjúkrasamlagið og þar með sjúkratryggingarnar eigi að greiða það eða ríkisspítalarnir. Þetta mál er nýkomið til rn. og úrskurður hefur ekki verið felldur. Menn tala um að hér sé jafnvel um lyfjameðferð að ræða sem kosti á ákveðinn sjúkling allt upp í 250 þús. kr. Þessi lyf eru gefin sjúklingum í meðferð á spítölum eins og stóra spítalanum hérna þar sem sérfræðingarnir eru. Það gerir það að verkum að viðkomandi sjúklingar geti verið heima hjá sér og jafnvel verið starfandi. En ef þetta væri ekki gefið væru mestar líkur á að þeir lægju inni á þessum dýrustu sjúkrahúsum. Ef við gerðum greinarmun á því hvað kostar að liggja inni þá verður það, þegar allt kemur til alls, ekkert dýrara fyrir samfélagið að greiða þessi lyf og þar með að gefa viðkomandi persónu tækifæri til að vera heima hjá sér, vera hjá sínum og jafnvel taka þátt í starfi í samfélaginu. Við megum því ekki líta á þessi mál frá aðeins einu þröngu sjónarmiði.

Fast gjald, sem stillt er í hóf, kemur sjúklingi mun betur að mínum dómi en einhver hundraðshluti af lyfjakostnaði. Nú efast ég ekkert um að flm. till. hafi viljað vel í þessu sambandi. En ég held að hér sé um misskilning að ræða þegar þess er gætt hvað einstaklingur getur þurft að borga mikið. Þetta bitnar fyrst og fremst á þeim sem eru mjög veikir og þurfa að nota sín lyf og komast ekki inn á sjúkrahús. Til að tryggja sem best hag þeirra sem verst eru settir greiða sjúkrasamlögin að fullu lyf sem nauðsynlegt er að nota við ákveðnum langvinnum sjúkdómum. Ég hlustaði ekki á alla ræðu flm. þegar hún mælti fyrir till. vegna þess að ég var að fara á ríkisstjórnarfund, en í þeim hluta sem ég hlustaði á heyrði ég aldrei neina skýringu á því hvernig greiðslu fyrir lyf væri háttað.

Í þessum tilfellum, að sjúkrasamlög greiða að fullu lyf sem notuð eru við ákveðnum langvinnum sjúkdómum, þá er í dag um 126 lyf að ræða. Ég skal nefna nokkrar tegundir sjúkdóma sem útheimta notkun lyfja sem greidd eru að fullu. Það er t. d. astma 23 lyf, flogaveiki 10, gláka 11, hjartasjúkdómar, hjartaöng og hjartsláttartruflanir 26, krabbamein 18, skjaldkirtilsjúkdómur 6, sykursýki 17. Þessu til viðbótar eru 118 lyf sem greiða má að fullu að fengnu samþykki trúnaðarlæknis samlags. Þ. á m. eru 48 lyf við geðveiki, 19 við hjartaöng og hjartsláttartruflunum, 11 við parkinsonssjúkdómum og 22 við psoriasis og exemi, svo dæmi séu nefnd. Hér eru því undanbragðalaust greidd að fullu 126 lyf og að fengnu samþykki trúnaðarlæknis 118 lyf, eða samtals 244 lyf. Þetta mætti fylgja með þegar rætt er um lyfjakostnað.

Þessu til viðbótar hefur reglugerðin nr. 261 frá 25. maí á þessu ári, sem getið er í þáltill., verið felld úr gildi og ný sett, dagsett 30. ágúst. Þar er heimilað að skammtastærð við hverja afgreiðslu megi vera fyrir allt að 120 daga í stað 60 daga sem kveðið var á um í hinni fyrri. En það er miðað við fyrri reglugerðir.

Það er engin reglugerð og ekkert ákvæði sett sem er fullkomið. Oft verður að læra af reynslunni og það var gert í þessu tilfelli. Þannig hefur verið komið mun meira til móts við þá sem hafa langvinna sjúkdóma en gert er ráð fyrir í framkominni till. Sjúklingar með langvinna sjúkdóma ættu því t. d. varla að þurfa að greiða fyrir lyf oftar en þrisvar til fjórum sinnum á ári og flestir þeirra fá sín lyf ókeypis.

Til viðbótar þessu skal bent á að Tryggingastofnun ríkisins getur úrskurðað uppbætur á elli- og örorkulífeyri, skv. 13. gr. reglugerðar nr. 351 frá 1977, þegar um óvenjulegan sjúkrakostnað er að ræða sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo sem kostnað við lyf og læknishjálp. Þar geta þeir, sem verða að standa undir miklum kostnaði, fengið uppbót.

En ég vil benda á að þessi heimild er ekki fyrir hendi varðandi barnmargar fjölskyldur og þar er galli á. Ekki þarf að taka það fram, það vita það allir alþm., að elli- og örorkulífeyrisþegar greiða aldrei meira en 50% af kostnaði miðað við aðra. Það er búið að gilda lengi og það er engin nýlunda sem þar kemur fram. Til fróðleiks vil ég geta þess að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 1983 vegna lyfja voru 493 milljónir. Lyf, sem sjúkrahúsin greiddu voru, því til viðbótar 145 milljónir. Hluti af þessum kostnaði eru lyf sem sjúklingar fá afhent gjaldfrítt á göngudeildum sjúkrahúsanna. Allir legusjúklingar fá sín lyf án gjalds. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef má ætla að hlutur sjúklings í heildarlyfjakostnaði heilbrigðisþjónustu sé nú milli 15 og 20%, þá bæði innan og utan sjúkrahúsa. Sýnist því tilgangur þess að auka hann í 25 sá að auka tekjur ríkissjóðs á kostnað aldraðra, öryrkja og barnmargra láglaunafjölskyldna, svo notuð séu orð talsmanns Alþfl.

Hvað viðvíkur lækniskostnaðinum er tilgangurinn með reglugerðarákvæðinu sá að hafa gjald fyrir viðtal hjá samlagslækni sem lægst, en þó ekki lægra en svo að máli skipti með tilliti til þess að almenningur veiti aðhald. Var það mat manna að gjaldið mætti ekki vera lægra en 75 kr. Jafnframt var ákveðið 270 kr. gjald fyrir komu til sérfræðings og vegna rannsóknar.

Hvað varðar elli- og örorkulífeyrisþega greiða þeir hálft gjald og aldrei meira en fyrir 12 skipti á ári. Það er inni í reglugerðinni, það hefur lítið verið um það talað. En mér finnst að það mætti vera með ef menn vilja vera sanngjarnir og heiðarlegir í málflutningi. 270 kr. gjöld í 12 skipti eru 3240 eða 1620 kr. fyrir elli- og örorkulífeyrisþega á ári. Þessu gjaldi er þannig stillt að það sé hvati til að nota ódýrasta þátt þjónustu, samlagslækni, heimilislækni sjúklinga. Jafnframt er þess gætt að þeim verst settu sé ekki íþyngt um of.

Ég minni aftur í 13. gr. reglugerðar frá 1977. Þegar um óvenjulegan sjúkrakostnað er að ræða má úrskurða uppbætur á elli- og örorkulífeyrisþega. Tryggingastofnun ríkisins hefur haft það mál í sérstakri athugun. Ef þar er um athugasemdir að ræða í sambandi við framkvæmd þarf auðvitað úr því að bæta. Útreikningar og samanburður á greiðslu fyrir læknishjálp í apríl og maí og síðan í júlí og ágúst þykja mér ekki marktækir. Allur samanburður á kostnaði í mánuðum þegar stór hluti þjóðarinnar tekur sumarleyfi sitt, þ. á m. læknar, er mjög misvísandi, að ekki sé meira sagt.

Á fundi héraðslækna úr öllum héruðum landsins, sem haldinn var 29.—30. okt. s. l., var kannað hvort læknar teldu að aðsókn að heilsugæslu hefði breyst við hækkun

gjalds á sjúklinga. Enginn héraðslækna taldi að svo væri. Aðeins í einu héraði á Austurlandi var talið að aðsókn hefði minnkað, en það þakkaði héraðslæknir góðu árferði og góðri heilsu og ég óska Austfirðingum til hamingju með það. Þarna skýtur skökku við. Í blaðinu fjölritaða, sem flm. las upp, kom fram að fólkið væri nú eiginlega hætt að leita sér læknishjálpar vegna þessa gífurlega kostnaðar. Sérstaklega er áhugavert að líta á þau félög sem eru stofnuð og starfa fyrir sjúklinga með ákveðna langvarandi sjúkdóma sem fá öll sín lyf greidd að fullu. Ég hefði haft gaman af að hafa nafn þess með sem skrifaði undir þetta bréf fyrir hönd þessara félaga. Ég hefði haft gaman af að hlusta á þau rök sem fram hefðu komið hjá þeim félögum. En það er svona alltaf þegar farið er að safna undirskriftum, þegar á að koma einhverjum áróðri fram, þá eru menn oft mjög fljótir að skrifa undir án þess að hugsa. Það er helst að menn hugsa ef þeir eru beðnir að skrifa sem ábyrgðarmenn á víxla eða eitthvert slíkt blað. En þarna er ekki verið að því.

Ég vil bæta því við að ýmsir stóru sjúklingahóparnir, sem illa eru settir og oft þurfa að heimsækja göngudeildir ríkisspítala, greiða í dag ekki neitt. Þar má nefna krabbameinssjúklinga og geðsjúklinga. Þessir sjúklingahópar eru illa settir — og það vitum við og erum sammála um það — og þurfa títt að heimsækja viðkomandi stofnanir, fá þar læknismeðferð, rannsóknir og lyf án nokkurs gjalds. Þannig hefur þetta verið og þannig er það. Þess hefur verið gætt að hlífa þeim verst settu, hinir eru látnir greiða sanngjarnt gjald. Þannig höldum við fullum seglum í heilbrigðisþjónustunni þó að þjóðartekjur fari minnkandi þrjú síðustu árin, en hlutfall til heilbrigðis- og tryggingamála í okkar landi er nú með því hæsta sem til er.

Ég vil minna á að heilbrigðisþjónusta er einn kostnaðarsamasti þáttur í opinberum gjöldum. Nauðsynlegt er að tryggja verðskyn almennings hvað varðar þessi útgjöld. Það tryggir aðhald með heilbrigðiskerfinu. Þess vegna verður að gæta þess að hlutfall beinnar fjármögnunar með innheimtu gjalds þegar heilbrigðisþjónusta er veitt sé ávallt slíkt að aðhald skapist.

Ég er einn þeirra sem ekki vilja að verið sé að hægja á uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar eða almannatryggingakerfisins. Ég get hins vegar vel hugsað mér að þeir sem eru best settir greiði heldur meira og þeir verst settu minna. Á þann veg vil ég vinna. Ég vil minna á að við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var aukning á starfsemi sjúkrastofnana á þessu ári í sjúkratryggingum upp á 24 750 milljónir og á ríkisspítölum upp á 17 550 millj. eða 42.3 millj. kr. Heildaraukningin í heilbrigðis- og tryggingakerfinu fram yfir verðhækkanir er því 155 millj. kr. á þessu ári. Okkur hlýtur öllum að vera ljóst að einn og sami málaflokkur getur ekki alltaf tekið til sín hærra hlutfall af þjóðartekjunum nema hlutfall til annarra málaflokka minnki. Þetta fer ekkert milli mála. Og þá spyr ég: Hvað er sanngjarnt að ganga langt í heilbrigðis- og tryggingamálum? Eigum við að ganga lengra en ríkustu þjóðir veraldar á sama tíma og þjóðarframleiðslan hefur minnkað um 10%? Hins vegar er okkur mikils virði að fara sem best með þá fjármuni sem varið er til þessa málaflokks.

Ég tel að fram undan sé að taka ákvarðanir um veigamikil atriði í heilbrigðiskerfinu. Það er margt sem má þar betur fara, en það er oft ekki gott að snúa frá því sem einu sinni er komið á. Við þurfum að fara miklu meira og betur út í forvarnarstarf, sem sagt að koma í veg fyrir sjúkdómana, en við megum ekki jafnframt láta undir höfuð leggjast að sinna þeim sem eru orðnir sjúkir. Þarna verðum við að fara bil beggja.

Við höfum verið að byggja upp sjúkrahúsakerfið á undanförnum árum, og alveg sérstaklega eftir að lögin um heilbrigðisþjónustu tóku gildi 1974, og jafnhliða því höfum við náð mjög góðum árangri á þessum tíma. Þá er ég ekki að kasta rýrð á neinn þeirra sem hafa verið heilbrmrh. þann tíma. Allir þessir menn hafa reynt að gera sitt besta, en allir verða þeir að sækja undir fjárveitingavaldið á hverjum tíma. Það varð ég að gera líka á s. l. ári. Það voru uppi háværar kröfur um að skera miklu, miklu meira niður. Ég gat auðvitað valið þann kostinn að segja: Ekkert nýtt verður tekið inn. Ég valdi ekki þann kostinn að neita því að taka allt inn, sem var óframkvæmanlegt. Það gerði ég ekki, heldur fór ég fram á ákveðin fjárframlög frá fjvn. til að taka ákveðið tiltekið verkefni inn.

Það er líka orðinn æðilangur tími sem fer í að byggja upp ákveðnar stofnanir sem eru búnar að vera í byggingu jafnvel yfir áratug. Það er kominn tími til þess að fara að ljúka þeim verkefnum. Nýjar stofnanir bætast við. Við þurfum að glíma við sjúkdóma sem herja á sífellt fleiri. Hjartasjúkdómar eru okkur kostnaðarsamir. Þar missum við flesta. Bæði verða þar flest dauðsföllin og sömuleiðis einna mest vinnutap eða heilsutjón. Fyrsta skilyrði til þess að byggja upp hjartalækningar fyrir einhverja alvöru var að ráðast í að kaupa ný rannsóknatæki og byggja yfir þau. Ég beitti mér fyrir því. Ég hefði ekki klárað það einn. Það var annað gott fólk hér á Alþingi sem stóð að því einnig að sú fjárveiting fékkst. Þessi tæki eru nú u. þ. b. að koma og ég vona að rannsóknastarfsemin verði komin í gott horf í lok 1. ársfjórðungs á næsta ári. Fram undan er þá að taka hér upp innan ekki langs tíma almennar hjartaskurðlækningar, eins og við kransæðasjúkdómum, og að þeirri ákvarðanatöku er nú komið. Þar verðum við að byggja á því að hraða þeim framkvæmdum á þann veg að slíkar skurðlækningar verði teknar upp eigi síðar en seint á árinu 1986. Sumir segja: Er það orðið tímabært að taka upp hjartaskurðlækningar? Erum við ekki of lítið þjóðfélag með of fá tilfelli? Fara hjartaskurðlækningar ekki að minnka með tilkomu nýrra greina í hjartalækningum? Þetta eru vissulega sterk ákveðin og skynsamleg rök, sem þarna koma fram, og þetta getur orðið svona, en hjartaskurðlækningar eru forsenda þess að hægt sé að taka upp aðrar lækningar við hjartasjúkdómum, sem eru sífellt að ryðja sér meira til rúms, eins og æðaútvíkkun. Það er ekki hægt að fara í þær lækningar hér nema hjartaskurðlækningar séu á bak við. Hins vegar vitum við að skurðaðgerðir við ákveðnum hjartasjúkdómum verða ekki fluttar til landsins svo langt sem við sjáum, eins og meðfæddir hjartagallar, hjartalokur o. s. frv., vegna fæðar okkar.

Annað mál er það sem líka knýr mjög á. Það er bygging K-byggingar á Landspítala. Þar var uppi hugmynd um gífurlega fjárfestingu sem alltaf strandaði á. Stjórnvöld hafa lofað í mörg undanfarin ár að fara í þessar framkvæmdir, en það var ekki fyrr en á liðnu ári að við fengum sérfræðing til að gera allt aðrar tillögur um hönnun hússins sem gerir það að verkum að ég,

fyrir mitt leyti, taldi það vera kleift að hefja þessa byggingu helst á þessu ári. Og smávegis fjárveiting var leyfð, en því miður hefur ekki fengist samþykkt vegna þeirra niðurskurðaráforma sem áttu sér stað. Ég held mig mjög fast við þessa skoðun hvað varðar K-bygginguna. Við erum mjög langt á eftir hvað snertir lækningar á krabbameini. Þetta er það sem ég tel að sé langþýðingarmest að gera í læknisfræðilegu tilliti hjá okkur á næsta ári og næstu árum.

Ég tel því að ekki sé rétt að afnema svo að segja kostnað einstaklingsins sem hefur fullar tekjur. Ég held að ódýrasti sendill á Íslandi hafi verið heilsugæslulæknir og sé það enn. Það er hægt að senda þá hvert sem er innan lögsagnarumdæmis með lyfseðlana fyrir 75 kr. Það þætti ekki mikið hjá þeim sem púa sígarettur daginn út og daginn inn og hvað þá heldur þeim sem drekka mikið brennivín. Það þætti ekki þungur skattur. Og jafnvel þótt þeir drekki lítið brennivín þætti þetta ekki þungur skattur.

Ég ferðaðist um landið í sumar sem heilbrmrh. og boðaði til tveggja funda í hverju kjördæmi að Reykjavík undanskilinni. Þar gerði ég þessi mál að umræðuefni að fyrra bragði og það mjög ítarlega. Ég held að það hafi um 90 manns tekið til máls samtals á þessum fundum, en það var ekki einn einasti maður sem gerði athugasemd við þessar greiðslur til lækna að undanskildum tveim. Annar þeirra var læknir. Hann fann til með blessuðum sjúklingunum, en ekki heyrði ég á honum að honum þætti læknum vera sérstaklega vel borgað, frekar hitt. Í hinu tilfellinu var það mjög hógvær athugasemd sem kom fram og skýringar. Miðað við það sem við höfum í huga gagnvart þeim sem eru aldraðir og/eða öryrkjar og þar af leiðandi standa verst að vígi, þá er þetta ekki hár skattur að mínum dómi. En ég skal játa að ekki er séð fyrir barnmörgum fjölskyldum ef þær verða fyrir miklu áfalli. Það ber að laga. Ég vil líka segja það að vitaskuld er 120—240 kr. skattur tilfinnanlegur fyrir þá sem eiga lítið og hafa úr litlu að spila, en við hin, sem ríkið borgar eða aðrir, erum ekkert of góð til að borga þetta. Við eigum bara að skammast okkar fyrir að tala um það, miðað við þá eyðslu sem er í þessu þjóðfélagi á flestum sviðum.

Ég tel sjálfsagt að verða við þeim óskum að endurskoða sérstaklega þann hluta reglugerðarinnar sem fjallar um rannsóknir sem eiga sér stað á svipuðum tíma eins og alltaf kemur fyrir, t. d. blóðrannsókn, röntgen, göngudeild, sérfræðingar o. þ. h., og breyta því hjá ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum þannig að láta það allt falla undir þessar 12 greiðslur á ári. Ég held að við þurfum ekki að deila neitt sérstaklega um þetta atriði.

Ég tel að við verðum fyrst og fremst að byggja á að lífeyristryggingarnar verði ekki á eftir. Eins og ég sagði í upphafi hefur núv. ríkisstj. gengið mun lengra í hækkun lífeyrisbóta en hefur orðið í hækkun á launum almennt í landinu, sem betur fer, og er ekkert nema gott um það að segja.

Hv. flm. þessarar till. spurði að því hvað liði hækkun bóta lífeyristrygginga. Ég get sagt flm. till. að það hefur aldrei staðið á því að hækka bætur lífeyristrygginga lögum samkvæmt þau ár sem ég hef verið heilbr.- og trmrh., eins og 1974—1978 og svo aftur núna í tæplega eitt og hálft ár, og það mun verða gert. Hins vegar er nú töluverður vandi á höndum að meta hver sú hækkun á að vera. Í fyrsta lagi eru viðmiðunarkaupgjaldsflokkarnir að hverfa, sem áður voru, og því er það nokkur vinna að meta það og einnig verður að meta það sem aðrir fá í þjóðfélaginu. Því má ég ekki vera of fljótur að gefa reglugerðina út. En ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að reglugerðin mun gilda fyrir sama tíma og samningarnir. Hins vegar hækkuðu lífeyristryggingar um 3% frá 1. sept. eða jafnmikið og aðrir launþegar áttu að fá sem ekki sögðu upp sínum kjarasamningum. Ég tók þá ákvörðun að sú hækkun ætti að koma þá strax til framkvæmda fyrir allar lífeyrisgreiðslur því ekki höfðu lífeyrisþegar sagt upp neinum samningum og því síður farið í verkfall. Mat liggur ekki fyrir af þessari ástæðu, en að því er unnið að fá upplýsingar og verður það mat í samræmi við annað það sem gert er fyrir aðra launþega í landinu. Það er þess vegna sem ég hef ekki nú þegar gengið frá reglugerðinni. Ég vil fá fyllri upplýsingar um það mat, þannig að þær bætur sem lífeyrisþegar fá verði ekki lægri en það sem aðrir fá.

Ég tel því að þessi till. sé í sjálfu sér óþörf. Við getum alltaf deilt um aðgerðir stjórnvalda á hverjum tíma. En það vil ég þó segja þingheimi að lokum að það er ákaflega lærdómsríkt fyrir menn að koma nærri þessum málaflokki og það svo nærri sem ég hef gert og í þetta langan tíma. Þar koma upp æðimörg vandamál og erfiðleikar í mannlegum samskiptum og þar verður oft að reyna að leiðrétta og rétta hlut þeirra sem telja sig misrétti beitta. En alltaf er nú betra að reyna með lagni að koma því fram og enginn einn maður getur gert allt svo að öllum líki.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það var vissulega fróðleg lesning sem hæstv. ráðh. flutti okkur og mörg þau atriði sem hann kom inn á er hægt að taka fyllilega undir. Hann fór hins vegar yfir vítt svið, heilbrigðissviðið allt, tryggingasviðið sömuleiðis. Það er ekki mitt mat að þarna sé allt í kalda koli og niðurníðslu, eins og mátti skilja af orðum hæstv. ráðh. að stjórnarandstaðan almennt héldi fram. Vissulega er þarna eytt miklum fjármunum. Vissulega tökum við einnig undir það að í þessum stóra málaflokki og víðfeðma sé þörf aðhalds og sparnaðar. Ég hygg að enginn vafi sé á því hvar fyrst og fremst eigi að taka á, þ. e. varðandi sjúkrahúsin fyrst og fremst. Það er ekki í sambandi við heilsugæslustöðvarnar heldur sjúkrahúsin fyrst og fremst sem þarf að taka á málum.

Þá kem ég að því sem hæstv. ráðh. sagði um forvarnarstarfið, að það þyrfti að vera í öndvegi. Undir það skal vissulega tekið. Enda er það aðaltema heilsugæslulaganna frá 1974 og hefur margt áunnist í þeim efnum.

Mér þykir hins vegar undravert hversu hógværir fundargestir hafa verið hjá hæstv. ráðh. á sumrinu sem leið. Það hafa verið hljóðir og hógværir menn sem hann hefur þar greinilega kveðið niður með sínu tali. Það getur ekki verið að hæstv. ráðh. sé alvara með því að telja að það bréf sem hv. 2. landsk. þm. las hér upp frá 15 félögum um skelfilegar afleiðingar ráðstafananna í vor, m. a. varðandi greiðslugetu sjúklinga og annað slíkt, sé ekki marktækt vegna þess að menn skrifi undir hvað sem er. Það mætti þá kannske benda hæstv. ráðh. á að ekki eru allir viðhlæjendur vinir og ekki víst að þeir, sem hafa talað mjúklega í eyru hans á þessum fundum og ekki hafa yfir neinu að kvarta, eftir því sem hann segir, muni gera það í annan tíma. A. m. k. hef ég

bærilega orðið var við það á fundum hjá mér og ferðum mínum um mitt kjördæmi, þrátt fyrir góðu tíðina í sumar og heilsufarið margnefnda, sem hæstv. ráðh. óskaði okkur til hamingju með, að menn hafa vissulega hér undan kvartað.

Eins og þessi hæstv. ráðh. gerir oft fór hann á kostum í líkingamáli sínu varðandi stjórnarandstöðuna og sagði að ef einhver úr stjórnarandstöðunni ljúgi einhverju færu venjulega allir í kjölfarið. Hann nefndi sem dæmi að öll stjórnarandstaðan hefði sungið hér um sjúklingaskatt í umr. um vantraustið um daginn. Ég vil taka það fram af því að ég tók þátt í þessum umr. að ég nefndi þar aðeins hvaða prósentuhækkanir hefðu orðið á þessum greiðslum. Ég veit að hæstv. ráðh. hlýtur að líka það vel því hann var svo slyngur í prósentutalnameðferð hér áðan að undrum sætti.

Ég skal taka undir það að margt er vel gert í þessum málum enn þá. Skárra væri það nú ef þessari hæstv. ríkisstj. hefði tekist að brjóta niður það velferðarkerfi, sem hér hefur verið byggt upp í þessum efnum, á jafnstuttum tíma og hún hefur haft til umráða. Enda trúi ég því ekki á hæstv. ráðh. að hann sé á þeim buxunum. Ég held nefnilega að það sé meginmálið hvernig þessi hækkun á greiðslum er til komin. Og þar er eitt undrunarefni varðandi hæstv. ráðh. Því af mörgum undarlegum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. kom þessi mest á óvart. Við höfðum nefnilega upplifað það á s. l. þingi að horfa upp á linnulaust afsal tekna til ríkissjóðs, til samneyslunnar. Þar var verið að færa til fjármuni til þeirra sem betur mega sín, til fjármagnseigendanna, til hluthafa í fyrirtækjum, til bankanna t. d. Þetta var það sem kom mönnum helst í hug þegar þeir ætluðu að fara að fylla á ríkistankinn hjá hæstv. fjmrh. þeim áfyllingarmönnum sem það önnuðust. Ég segi það alveg hiklaust: Ekki dettur mér í hug að hæstv. ráðh. vilji bera saman gjöfina góðu til sólarlandafaranna, sem ríkisstjórnin veitti þeim í upphafi, og þessa skattlagningu. Ég ætla honum ekki þær hugleiðingar. Ég þykist þekkja hæstv. ráðh. þessara mála það vel að mér kom það alveg sérstaklega á óvart að hann skyldi með þessum hætti bjarga kærum félaga sínum og vini, hæstv. fjmrh. sérstaklega í ljósi þess sem hann sagði áðan um réttlætismál sem hann væri með á döfinni, m. a. varðandi skerðingu á tekjutryggingunni sem ég fagna mjög að hann beiti sér fyrir breytingum á.

Ekki þarf að tíunda neitt frekar um það hvar þessi tollur hefur komið alveg sérstaklega við og hvað hann hefur verið óvægilega grimmur mörgum þeim sem hann hittir verst fyrir. Bréfið, sem hér var vitnað til, er örugglega marktækt. Það er frá þeim fjölmörgu félögum sem vita best hvar skórinn kreppir. Mér finnst sá áfellisdómur þungur og að ekki sé hægt að afgreiða hann með þeim hætti sem hæstv. ráðh. gerði áðan, að undirskriftir af þessu tagi séu hreinlega ekki marktækar því menn skrifi undir hvað sem er nema víxla. Kjör þess fólks, sem hér er sérstaklega verið að tala um, leyfa engar álögur. Kjör þessa fólks eru ærið áhyggjuefni og hafa verið það fyrir álagningu þessa viðbótarskatts. Þessi staðreynd breytir engu um það sem hæstv. ráðh. kom mjög inn á til afsökunar og afbötunar þessum gjörningi að aðrir megi taka á sig gjaldtökuhækkun af þessu tagi. Mér skildist að hann væri að beina þessu alveg sérstaklega til okkar þm., að við ættum ekki að vera fyrir okkar hönd að víla og vola, við þyldum þetta mæta vel. Slík afsökun er óhæfa gagnvart þessu fólki þó að hún sé réttmæt gagnvart þeim sem vissulega þola.

Ég er ekkert að bera á móti því að ofnotkun lyfja og óþarfa læknaheimsóknir kunni að eiga sér stað hjá ýmsum. En það réttlætir ekki þessi verk. Og af því að hæstv. ráðh. hafði mörg orð um þetta væri fróðlegt að spyrja hann hvort hann hafi einhverjar handbærar upplýsingar um það hvort úr þessari ofnotkun hafi dregið hjá því fólki sem að þarflitlu leitar læknis eða neytir lyfja í of ríkum mæli miðað við þörf og heilsu. Mig undrar það a. m. k. ef hæstv. ráðh. hefur einhverjar upplýsingar um það að úr því hafi dregið. Ég held nefnilega að slíkt muni halda áfram vegna þess að það eru þeir sem hafa efni á því sem stunda þetta. En það er hitt fólkið, hin þjóðin, sem geldur þessa grimmilega. Ég trúi því ekki enn, þó hæstv. ráðh. hafi talað af slíku gáleysi um bréf þessara félagasamtaka áðan, að hann fari að taka undir kenningu hæstv. fjmrh. að allt séu þetta bara kommúnistar sem þarna séu á ferðinni. Ég hlýt því að spyrja í beinu framhaldi af þessu um þennan sparnað sem orðið hefur af þessari gjaldtöku, hvar hann hafi orðið og hvar hann hafi komið niður. Því að hér er um þá afsökun að ræða sem hæstv. ráðh. telur helst til gildis hækkun á þessum gjöldum.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mjög mörg orð um þetta að öðru leyti. Ég gæti tekið mörg dæmi um þennan aukatoll og þessa miklu hækkun. Ég efast t. d. ekkert um að það sem sveitungi minn sagði mér í sumar sé rétt. Hann er talnaglöggur maður ekki síður og vel að sér í prósentureikningi ekki síður en hæstv. ráðh. Hann hafði leitað læknis, þurft ákveðna skoðun, fékk tvo lyfseðla og eitthvað fleira. Hann sagði frá því að vísu með nokkru stolti, því hann hafði efni á því, að hann hefði fyllt fjárlagagatið um 1500 kr. á þessari rúmu viku. (Gripið fram í.) Hv. 11. landsk. þm. segir að þetta muni ekki miklu hjá þessum manni.

En þá er komið að hinum. Hv. 11. landsk. þm. er alltaf hittinn á hlutina. Hann gaf mér einmitt tilefni til að vitna í DV frá mánudeginum s. l. þar sem einmitt er viðtal við ágætan frænda minn, móðurbróður minn, sem er undir fyrirsögninni „Gamla fólkið er að kikna undan háu lyfjaverði.“ Vafalaust er það ekki marktækt eins og annað sem menn láta frá sér fara um þessi efni, heldur einungis það sem menn segja á fundunum hjá hæstv. ráðh. þegar hann les mönnum lesturinn. Þar segir hann frá því að hann taki tíu lyf daglega til að halda lífinu og segist fara með 1000 kr. á mánuði bara í lyf, sem er 1/8 af hans ellilífeyri. Þó veit ég að það er rétt sem hæstv. ráðh. tók hér fram að sum þessara lyfja eru ekki á þessari skrá þannig að hann þarf ekki að greiða fyrir þau sérstaklega. Hann tíundar svo hvernig þetta er. Í framhaldi af því að hv. 11. landsk. þm. greip frammí áðan vil ég segja að niðurlagsorð konu hans, Ragnheiðar, eru býsna lýsandi fyrir þetta fólk. Ég vitna orðrétt til hennar í lokin, með leyfi forseta:

„En við höldum vel utan um hlutina og kvörtum ekki meðan við fáum lyfin og eigum fyrir mat.“

Ég er ansi hræddur um að það sé svo ástatt um býsna marga. Ég kem nefnilega, hæstv. ráðh., á nokkuð margar stofnanir þar sem þetta fólk er vistað og veit nokkuð vel um það við hvaða lífskjör þetta fólk býr. Það hlýtur að læðast að manni sá óþægilegi en áleitni grunur að einmitt vegna nægjusemi þessa fólks, vegna þess hversu hógvært það er, vegna lítilla krafna þess

til lífsins gæða og að það lætur að mestu í þögn og þolinmæði slíka hluti yfir sig ganga, sjái menn ástæðu til að vega sérstaklega í þennan knérunn og skattleggja þetta fólk sér í lagi. Á meðan er létt af þeim sem þola, sem við lúxuskjör búa, eins og þessum sveitunga mínum sem hv. 11. landsk. þykist alveg vita hver er, en hefur haft olnbogarými sér til handa til umsvifa og eignasöfnunar. Ég vil ekki trúa þessu, allra síst á hæstv. heilbr.- og trmrh. En ég veit að baklið hans, stuttbuxnastrákarnir hans sem honum eru kærir, hugsar nákvæmlega á þessum nótum. Það er það baklið sem hæstv. ráðh. byggja hvað mest á og treysta best í öllum sínum gerðum. Ég hef stundum heyrt það á hæstv. ráðh. að hann væri kannske ekki allt of hrifinn af þessu liði. En engu að síður er það fast bakland og það sem meira er, að Framsfl. hefur alveg séð sérstaka ástæðu til að taka þessa frjálshyggjupostula upp á arma sína. Ef þeim hefur fundist einhver brotalöm hjá íhaldinu vera í því að taka ekki nógu mikið tillit til þeirra þá hefur Framsfl. hlaupið þar inn í og komið á ný fótunum undir þessa þokkapilta.

Um tryggingamálin og kjör elli- og örorkuþega væri vissulega ástæða til að ræða í víðara samhengi, eins og hæstv. ráðh. fór inn á hér áðan. Hann nefndi margar prósentutölur. Ég segi aðeins að því ber að fagna ef framkvæmt verður eins réttlátt mat og mögulegt er á þeirri prósentuhækkun sem ellilífeyrisþegar og örorkuþegar fá nú. Á það ber hins vegar að líta og það er meginmálið og það veit hæstv. ráðh. vel, að sá grunnur, sem þar er reiknað út frá, er lágur, það er lægsti tekjugrunnurinn í þjóðfélaginu. Prósentureglan skilar því ekki miklu á þennan lága grunn frekar en oft áður. Það þarf því annað og meira til að létta af þessu fólki og rétta kjör þess og aðstöðu því hér er að yfirgnæfandi hluta um láglaunafólk að ræða í allra lægsta tekjukanti í þjóðfélaginu. Þess vegna segja prósentutölur til eða frá ekki alla söguna. Eða vill hæstv. ráðh. halda því fram í framhaldi af öllum háu prósentutölunum, sem hann nefndi áðan um bættan hlut þeirra verst settu á s. l. vetri, að kaupmáttur þessa fólks hafi aukist í stjórnartíð hans? Mér þætti, þrátt fyrir allar hans prósentur, með miklum ólíkindum ef hann gæti sannað það. En vitanlega mun hann gera það ef hann getur.

Ég skal taka tillit til óska hæstv. forseta um að lengja ekki þessar umr. úr hófi þó að hæstv. ráðh. hafi farið hér það vítt yfir að full ástæða væri til að taka þetta mál upp í víðasta samhengi, tryggingamálin alveg sérstaklega, bætur og kaupmátt elli- og örorkuþega, þeirra sem ekki eiga rétt á þokkalegum hlut úr lífeyrissjóðum til viðbótar. En ég skal ekki gera það nú. Ég vil að lokum geta þess að okkar flokkur hyggst flytja um það frv. að kostnaðarhækkanir við lyf og læknisþjónustu verði í samræmi við breytingar elli- og örorkulífeyris hverju sinni, að kostnaðarhækkun þessa fólks verði aldrei meiri af svo lífsnauðsynlegum hlutum en sem nemur hlutfallslegri hækkun elli- og örorkulífeyris hverju sinni. Hefði þeirri grunnreglu verið fylgt hefði þessi hópur ekki orðið svo hart úti í vor sem raun bar vitni. Þetta eru þeir þjóðfélagshópar sem við verður að miða varðandi þessa gjaldtöku í heild sinni og taka fyllsta tillit til þegar ákvarðanir eru teknar í þessum efnum. Það verður í framtíðinni að mínu viti að vera hin eðlilega viðmiðun og forsenda allra breytinga af þessu tagi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég lýsi fullum stuðningi Kvennalistans við þessa till. þm. Alþfl. sem hér er til umr. Fyrsta gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Þetta er metnaðarfull lagagrein og andi hennar lýsir réttlæti og umhyggjusemi. En sparnaðaraðgerðir ríkisstj. á þessu sviði hafa skapað mörgum þær aðstæður að þessi lagagrein verður fjarstæðukennd og það sem verra er, afleiðingar þessara aðgerða stríða gegn anda laganna. Sá hækkandi kostnaður sem ríkisstj. fyrirskipaði að lagður skyldi á læknishjálp, lyf og rannsóknir dregur fólk í dilka hvað varðar getu til að greiða fyrir slíka þjónustu og þar með að njóta hennar. Það fer ekki alltaf saman þörfin fyrir slíka þjónustu og getan til að greiða fyrir hana, sérstaklega á þessum dögum kjaraskerðinga og lágra launa.

Gjald fyrir komu til sérfræðings var hækkað úr 100 kr. í 270 kr., rannsókn á rannsóknastofu hækkaði úr 100 kr. í 270 kr., innlend sérlyf úr 50 í 120 kr. og erlend sérlyf úr 100 kr. í 240 kr. Þá hækkaði einnig hlutur sjúklings í ferðakostnaði um helming.

Fyrir þann sem aðeins stöku sinnum þarf á slíkri þjónustu að halda eru þetta upphæðir sem litlu skipta. Öðru máli gegnir um þá sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sem krefjast stöðugs eftirlits, lyfjameðferðar eða ítrekaðra rannsókna, eða þá sem haldnir eru illkynja sjúkdómum og þurfa e. t. v. að reyna mörg mismunandi lyf til að finna þau sem best henta til að halda í skefjum eða lækna sjúkdóminn og eyða verkjum, eða lítil börn sem fá þrálátar eyrnabólgur fyrstu árin og eiga e. t. v. einstæða móður að einasta bakhjalli.

Ótal dæmi mætti nefna um einstaklinga og hópa sem hafa brýna þörf fyrir þá fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita, eins og segir í lögum um heilbrigðisþjónustu, en hafa enga möguleika vegna lágra launa til að standa undir þeim kostnaði sem krafist er. Sá andi sem kemur fram í þeirri lagagrein sem áður var vitnað til lýsir einmitt skilningi á því hve aðstæður manna í veikindum eru misjafnar en þörf allra jafnbrýn fyrir úrlausn. Ýmsar rannsóknir og lækningaaðgerðir eru þess eðlis að þær krefjast ekki sjúkrahúslegu meðan á þeim stendur. Margir sjúklingar, sem þarfnast þeirra, hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða þann kostnað sem af þeim hlýst. Þetta ástand mun óhjákvæmilega hvetja til þess að fleiri sjúklingar verði lagðir inn á sjúkrahús, af mannúð fremur en nauðsyn. Þannig bakar ríkisstj. sér meiri kostnað en ætlað var, þegar til lengri tíma er litið, með því að sýna þessa ófyrirleitni. Sú breyting sem nú hefur verið gerð á kostnaðarhlut sjúklinga við læknisþjónustu er tilraun til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Hún er lítilvæg til að þyngja þá þyngju, en bitnar mest og verst á þeim sem minna mega sín og standa höllum fæti. Getur það verið að raunveruleiki þessa fólks eigi ekki greiðan aðgang að og skili sér ekki að stefnumótun og fjárlagagerð ríkisstj.?

Við höfum heyrt svo ótalmörg dæmi um afleiðingar þeirrar stefnu sem hér um ræðir, þótt svo virðist sem sumir kjósi að loka eyrum og augum. Það er eins og hún

hugsi ekki, stjórnarandstaðan sagði hæstv. heilbrmrh. hér áðan, og fólst greinilega í þeim orðum að eitthvað væri þeim nú öðruvísi farið á stjórnarheimilinu. Það er sem sagt hugsun á bak við það að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur á þann hátt sem við erum hér að tala um. Á sama tíma er skilningurinn og samúðin í lagi þegar byggja þarf sundlaug við embættisbústaði í útlöndum, greiða reikninga fyrir veislur og ferðalög á vegum hins opinbera og hvern þann kostnað sem hlýst af þátttöku í opinberu lífi.

Að öllum líkindum vildi enginn sem nú situr í ríkisstj. kannast við það að hafa komið gömlu fólki til að gráta í lyfjabúðum vegna auraleysis. Ef þeir væru þarna viðstaddir væri þeim miklu fremur trúandi til að taka budduna sína og borga fyrir gömlu manneskjuna svo hún gæti fengið lyfin sín og hætt að gráta. Það er einmitt hið sama sem ríkissjóður þarf að gera. Það er ekki nóg að beita áræði og festu við að reikna efnahagsdæmið ef mannúð og réttlætiskennd skortir.

Eins og hér hefur áður verið drepið á í dag stefnir heilsuvernd nútímans og framtíðarinnar sífellt meira frá því að vera viðgerðaþjónusta í þá átt að koma í veg fyrir sjúkdóma með fyrirhyggju og heilsusamlegu líferni. Slík heilsuvernd fjárfestir í lengra lífi og meiri vellíðan auk þess sem mikil útgjöld munu sparast við dýra heilbrigðisþjónustu sem leitast við að bæta úr orðnum skaða. Nægir þar að nefna slysavarnir sem dæmi, þar sem fljótt og vel má spara bæði mannslíf og miklar fjárhæðir. Enn fremur má nefna þann mikla ávinning sem verður í auknum vinnuafköstum vegna færri veikindadaga. Þessi tegund heilsuverndar krefst skilnings og áhuga almennings til virkrar þátttöku í eigin heilsugæslu.

Sú stefna sem nú hefur verið tekin með því að hækka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustu stuðlar að því að letja þorra fólks og fæla frá því að leita læknis þar til of seint er e. t. v. að beita virkri heilsuvernd. Þetta yrði stórt skref aftur á bak og mundi valda ómetanlegu tjóni á því uppbyggingarstarfi sem þegar hefur verið unnið á þessu sviði.

Heilbrigðis- og tryggingakerfið er vissulega stór útgjaldaliður í fjármálum ríkisins og sjálfsagt er að leita þar sparnaðar eins og annars staðar. Þannig mætti ná eðlilegum og varanlegum sparnaði með aukinni fyrirbyggjandi heilsuvernd, heilbrigðisfræðslu og rekstrarlegri hagkvæmni án þess að neytandinn, sjúklingurinn biði tjón af. Sú leið að láta sparnaðaraðgerðir bitna verst á þeim sem þurfa mest á læknishjálp að halda er þó aldrei réttlætanleg, eins og allir heiðvirðir menn hljóta að sjá. Jafnframt má benda á það að væntanlega fást stærri fúlgur í ríkissjóð úr fylgsnum skattsvikara en þeir fáu aurar sem fást hjá veiku fólki. Það er ekki að ófyrirsynju að fjölmörg sjúklingasamtök hafa mótmælt sparnaðaraðgerðum ríkisstj. og að sameiginlegur fundur stjórna læknaráða Borgarspítalans, Landakotsspítala og Landspítala hefur varað við afleiðingum þeirra í rekstri spítalanna. Þessir aðilar finna glöggt fyrir því að þessar aðgerðir bitna fyrst og fremst á sjúklingum. Sú spurning er áleitin þessa dagana hvort við séum á leið út úr tímabundnu velferðarþjóðfélagi inn í frumskóginn þar sem lögmál hinna sterku, kappsömu og efnuðu er einrátt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Við eigum að skammast okkar fyrir að ræða hér á Alþingi um hækkaðar álögur sem sérstaklega bitna á sjúku fólki og öldruðu, segir hæstv. heilbr.- og trmrh. Þetta er ekki hár skattur, segir ráðh. Það má vel vera að hann sé ekki mjög hár í krónum þegar upp verður staðið, en hann bitnar á röngum aðilum. (**Heilbr.- og trmrh.:** Er þm. farinn að heyra illa?) Þú færð sjálfsagt orðið hér á eftir, hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. býsnast mjög yfir þeim hækkunum í prósentum sem heilbrigðiskerfið tekur til sín frá ári til árs. Þetta á alls staðar við og er reyndar víða miklu hærra eða nokkru hærra en hjá okkur ef tekið er mið af þjóðartekjum. Þetta á sérstaklega við hér og er ekkert óeðlilegt vegna þess að gömlu fólki fjölgar mjög mikið frá ári til árs hér á landi. Það er því engin furða þó að fjármagn, sem fer í þennan þátt, aukist meira en nemur verðbólgunni.

En þá er spurningin: Hvað fáum við í staðinn fyrir þetta? Hæstv. ráðh. talar alltaf um þetta sem hrein útgjöld. Við fáum í staðinn fyrir þetta ekki bara bætta líðan, það eru ekki bara mannúðarástæður sem liggja á bak við þetta. Við fáum hundruð, við fáum þúsundir af fólki í fulla vinnu, sem borgar fullan skatt, en lægi annars í kör, ef kerfið væri ekki eins gott og það er. Þannig efast ég um að þegar upp er staðið sé það mjög dýrt fyrir þjóðfélagið að halda uppi svona góðri þjónustu.

Ráðh. segir að sérstakt tillit hafi verið tekið til þeirra sem búa við verst kjör. Þetta er ekki rétt, því miður. Kaupmáttur grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisbóta hefur lækkað mun meira en lágmarkslaun. Ef við leggjum saman grunnlífeyri og tekjutryggingu, þá hefur það lækkað álíka mikið og laun í landinu. Það hefur lækkað meira en lágmarkslaun og er það nú allnægilegt fyrir fólkið að bera. Framfærslukostnaður hækkaði frá því í jan. 1983 þangað til í sept. 1984 um 82.8%. Grunnlífeyrir almannatrygginga hækkaði á sama tíma um 44.9%. Ef við tökum tímabilið frá júní 1983, þegar hæstv. ríkisstj. tók við, fram í ágúst 1984, þá hafa bætur bótaþega almannatrygginga hækkað á þeim tíma um 13%. Á sama tíma hækkaði lækniskostnaður, lyfjakostnaður og göngudeildarkostnaður um 300—400%. Er ekki nægilegt, hæstv. ráðh., að þetta fólk beri jafnmikið og meira en aðrir af þeim byrðum sem á þjóðina hafa verið lagðar vegna lækkandi þjóðartekna? Þarf líka að bæta á það viðbótarsköttum? Hæstv. ráðh. sagði að þetta væru ekki nýir skattar. Það er rétt. Þessi nöfn voru öll sömul til, en það er búið að fjór- og fimmfalda þessa skatta. Er það ekki nýr skattur þó að nafnið sé einhvers staðar til?

Sumt af því sem núna var verið að hækka liggur við að sé orðið hreint okur. Þannig kostar það sjúklinginn 270 kr. að láta taka eina þvagprufu. Þetta tekur 5 mínútur á rannsóknarstofu. Það þætti nú góð álagning einhvers staðar. Og þá er spurningin: Hverjir eru það sem borga þennan skatt? Hverjir eru það sem þurfa á þessu að halda? Jú, það er auðvitað sjúkt fólk, það er barnafólk og það eru elli- og örorkulífeyrisþegar.

Hæstv. ráðh. segir að það sé til ýmislegt af heimildarákvæðum. Það er rétt. Það eru mörg heimildarákvæði til. En það er verulegur munur á heimildarákvæðum og því sem ákveðið er í öðrum reglugerðum. Það þarf að sækja um slíkt. Og hvaða trygging er fyrir því að þeir sem þurfa mest á því að halda viti það að þeir geti sótt um uppbót til Tryggingastofnunar? Það er engin trygg-

ing fyrir því að gamalt fólk og sjúkt viti um þessi heimildarákvæði. Ég væri alveg tilbúinn í það að greiða hærra sjúkratryggingagjald og greiða hvaða skatt annan sem væri til þess að losna við að þetta fólk greiði þessar fáu krónur, eins og hæstv. ráðh. talar um, lítill skattur, litlar upphæðir. Við eigum að skammast okkar fyrir að ræða um það, segir hann.

Hæstv. ráðh. talaði um að sumir borguðu ekkert. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert. En það er yfirleitt fólk sem hefur enga peninga til að borga með hvort sem er svo það breytir ekki ýkja miklu. Hæstv. ráðh. talaði um að það ætti að fara sem best með fjármuni sem væri varið í þessu skyni. Þar er ég honum hjartanlega sammála. Forvarnarstarf og annað því um líkt, eins og hann minntist á réttilega, ber að styrkja. En þessar ráðstafanir, að hækka útgjöld fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa og göngudeilda sjúkrahúsa, draga ekki úr kostnaði. Þær auka þrýstinginn á sjúkrahúsin, sem eru margfalt dýrari, þannig að ég er sannfærður um að þessi skattur, sem hér er verið að tala um að lækka, eykur kostnað heilbrigðiskerfisins en dregur ekki úr honum.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Hæstv. heilbrmrh. sá ástæðu til þess að hafa langt og ítarlegt mál um þá till. til þál. sem hér er til umr., enda veit hæstv. ráðh. upp á sig skömmina þó að það væri ekki að heyra í máli hans áðan að hann skammaðist sín hið minnsta fyrir hækkun á gjöldum sem lögð hafa verið á sjúka í þjóðfélaginu.

Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan ég hafði framsögu fyrir þessu máli og rökstuddi ítarlega hve ranglega hefði hér verið að staðið með því að hækka lyfja- og læknakostnað sjúkra í þjóðfélaginu og hve brýnt væri að ná samstöðu um lækkun á þessum gjöldum. Ég tel ekki ástæðu tímans vegna til þess að hafa ítarlegt mál nú um þetta. En hæstv. ráðh. kom víða við í sínu máli og væri auðvitað ástæða til þess að fjalla um ýmsa þá þætti sem fram komu í hans máli.

Hæstv. ráðh. sagði til að mynda að ef draga ætti úr þessari skattlagningu á sjúka í þjóðfélaginu þýddi það vitaskuld hærri skatta. Ég er alls ekki sammála hæstv. ráðh. í því efni vegna þess að það má færa til fjármuni í þessu þjóðfélagi án þess að leggja þurfi á nýja skatta. Það er til að mynda harla einkennilegt að á sama tíma og þessi gjöld voru lögð á sjúklinga í þjóðfélaginu skuli hæstv. ríkisstj. telja sig aflögufæra til þess að veita bankastofnunum skattaívilnanir eða skattfríðindi til fyrirtækja sem samþykkt voru á síðasta þingi, t. d. lækkun á skattprósentu, auknar afskriftir og fleira. Það væri fróðlegt að fá að vita hvert er heildartap ríkissjóðs af þeim sökum. Það er a. m. k. sú upphæð, sem hér um ræðir, sem lögð hefur verið á sjúka í þjóðfélaginu.

Í máli mínu hér um daginn lagði ég tvær spurningar fyrir hæstv. ráðh. Önnur var um það hvernig væntа mætti þess að elli- og örorkulífeyrisþegar fengju hækkun á lífeyri sínum. Ég fagna svörum hæstv. ráðh. í því efni að elli- og örorkulífeyrisþegar fái hækkun sem verði eigi lægri en launþegar hafa almennt fengið. Sérstaklega ber að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh. að þær hækkanir muni gilda frá sama tíma og launþegar fengju sínar kjarabætur. Ráðh. upplýsir hér að þetta muni að vísu taka einhvern tíma, en ég treysti því að hæstv. ráðh. sjái til þess að allri framkvæmd verði hraðað eins og kostur er því að það er erfitt fyrir aldraða og öryrkja að bíða eftir hækkun á sínum lífeyri.

Hin spurningin, sem ég lagði fyrir ráðh., var hver væri afstaða ráðh. til bréfs 15 félagasamtaka, þ. á. m. félagasamtaka aldraðra og fatlaðra, sem sent var þm. Svör ráðh. ollu mér vonbrigðum. Ráðh. segir hreint út að þetta bréf sé bara áróður. Það ber vissulega að harma þau orð ráðh. vegna þess að hér er á ferðinni aðvörun sem ber að taka mark á. Ég leyfi mér a. m. k. að taka eins mikið mark á því sem fram kemur í bréfi þessara félagasamtaka eins og læknum sem hæstv. ráðh. hefur frekar tilhneigingu til að trúa.

Hæstv. heilbrmrh. hlýtur að verða að taka það alvarlega þegar 15 félög lýsa því yfir að aðgerðir stjórnvalda séu farnar að hafa áhrif til hins verra á heilsu og afkomu skjólstæðinga sinna, svo og annarra sjúklinga með langvarandi sjúkdóma. Það er nefnilega svo að það eru ótrúlega margir elli- og örorkulífeyrisþegar sem hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Þegar ég grennslaðist fyrir um það mál kom í ljós að 8200 aldraðir fá óskerta tekjutryggingu. Það eru 40% allra 67 ára og eldri hér á landi. Og ef litið er til þess fjölda sem þarf að lifa á og hefur einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga, þ. e. örorkulífeyrisþegar, þá eru það 59% af þeim sem fá örorkulífeyri eða um 1800—1900 manns sem hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Þetta er mjög stór hópur. Þessi hækkun á gjaldtöku kemur, hvað sem orðum ráðh. líður, illa við þennan hóp fólks.

Hæstv. ráðh. reyndi að gera tortryggilega þáltill. sem hér er flutt og reyndi að færa rök fyrir því að hér væri verið að leggja til hækkun á lyfjakostnaði sjúkra. Þetta er auðvitað alrangt og ekkert annað en útúrsnúningur hæstv. ráðh. Hann ber það á borð hér að ef þetta yrði samþykkt eins og hér er lagt til, og hann nefnir dæmi um tiltekin lyf, gætu sjúklingar þurft að greiða 2500 kr. þar sem þeir þyrftu að greiða 25% af ákveðnum lyfjum sem hann nefndi. Þetta er ekkert annað en útúrsnúningur. Í þessari till. til þál. segir að hlutur sjúklinga í áætluðum heildarlyfjakostnaði verði aldrei hærri en 25%. Í grg., með leyfi forseta, segir um þetta:

„Apótekarafélag Íslands gerði könnun vikuna 2.—6. apríl s. l.“, og ég tek fram að það er áður en þessi gjöld voru hækkuð, „á greiðsluskiptingu lyfja milli sjúklinga og sjúkrasamlaga. Þar kemur í ljós að af heildarlyfjasölunni skiptust greiðslur þannig að sjúklingar greiða 13.8% og sjúkrasamlög 86.2%. Jafnframt kom fram að til þess að aðrir en aldraðir og öryrjar yrðu látnir greiða um 25% af lyfjakostnaði þyrfti að hækka hlut sjúklings fyrir erlend lyf úr 100 kr. í 122 kr. og fyrir innlend lyf úr 50 í 61 kr. Í reglugerðarbreytingunum frá því í maí s. l. er hlutur sjúklings hins vegar hækkaður nálega tvöfalt meira og nemur nú 50% af heildarlyfjakostnaði.“

Ég tel að þetta, sem fram kemur hjá Apótekarafélagi Íslands, sé miklu nær sanni en það sem fram kemur hjá ráðh. þegar hann heldur því fram að nú sé hlutur sjúklinga í heildarlyfjakostnaði — ráðh. leiðréttir mig þá ef ég fer ekki rétt með — 15 til 20%. Það er nefnilega svo, og um það hef ég staðfestar upplýsingar, að á s. l. tíu árum hefur hlutur sjúklings verið að meðaltali um 20—22% í lyfjakostnaði, og það er fyrir hækkunina. Hækkunin er a. m. k. 170%, þannig að þarna er um helmingshækkun að ræða að mínu mati.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa

miklu fleiri orð um þetta mál.

Hæstv. ráðh. telur að ekki standi efni til þess að breyta neitt þeirri gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu sem á var lögð s. l. sumar, en telur þó að endurskoða þurfi þann hluta reglugerðarinnar er fjallar um rannsóknir á elli- og örorkulífeyrisþegum og hann tekur jafnframt fram að endurskoða þurfi þetta gjald hjá barnmörgum fjölskyldum. Það er vissulega skref í rétta átt ef það er gert og vænti ég þess að hæstv. ráðh. standi við það.

En það er ekki öll nótt úti enn. Það er Alþingi, að mínu mati, sem á að hafa síðasta orðið í þessu efni. Alþingi á eftir að fjalla um þessa till. Hún á eftir að fara til nefndar og ég leyfi mér enn að vona að það geti náðst samstaða um þetta mikilvæga mál.

Annað sem ég vil segja að lokum er að ég fagna því sem kom fram í máli hæstv. ráðh. er hann lýsti því yfir að frá og með næstu áramótum eigi að hætta skerðingu á örorkustyrk vegna tekna maka. Hér er vissulega mikið réttlætismál á ferðinni sem hæstv. ráðh. bendir á. Nú kom þetta mér ekki á óvart vegna þess að þetta mál hefur verið til umfjöllunar í tryggingaráði í heilt ár. Þar lagði ég fram tillögur um þetta efni, að hætt yrði skerðingu á örorkustyrk vegna tekna maka. Af eðlilegum ástæðum tók tryggingaráð sér nokkurn tíma í að athuga kostnað þessu samfara. Í sumar var samþykkt í tryggingaráði tillaga þessa efnis og send hæstv. heilbrmrh. og óskað eftir því að hann féllist á hana. Hæstv. ráðh. hefur vissulega tekið vel í þessa tillögu sem fram hefur komið í tryggingaráði, þó endanlega hafi ekki borist skriflegt svar til tryggingaráðs um samþykki ráðh. við þessu. Nú liggur það endanlega fyrir, þegar ráðh. hefur lýst því hér í ræðustól, að eftir þessari tillögu tryggingaráðs verði farið og vil ég í lokin fagna því sérstaklega.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður þó að ræður hér hafi gefið tilefni til annars.

Mér þykir leitt hversu hv. þm., sem talaði næstsíðastur, er farin að förlast heyrn. Hann segir að ég hafi sagt að ellilífeyrisþegar ættu að skammast sín. Ég sagði að við ættum að skammast okkar sem hefðum tekjurnar að vera að kvarta undan þessu gjaldi. Það er töluvert annað. Ég held að hv. þm. sé ekki kominn á ellilífeyrisaldur frekar en ég svo að hann ætti að skilja þetta. Ég hélt að þetta væri svo auðskilið að það þyrfti ekkert að vera að snúa út úr með svona vitleysu.

Út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá hef ég skrifað þetta bréf og sent það. Annars hefði ég ekki komið með það hérna inn í umr. Ég get ekki gert að því þó að tryggingaráð hafi ekki allt séð bréfið. Ég skrifaði ekki hverjum manni í tryggingaráði, heldur til formanns tryggingaráðs. Það er því afgreitt mál. En það hefði kannske mátt taka þetta til athugunar eitthvað fyrr. Treystir hv. þm. engum til þess nema ráðh. Sjálfstfl.? Alþfl. átti ráðh. 1978—1979. Ekki tók hann þetta upp. Það hefur enginn minnst á iðgjöldin sem voru 1971 og það mikla hlutfall.

En það er dæmigert fyrir fulltrúa Kvennalistans hvernig hann talar því að Alþb. kemst aldrei með tærnar þar sem Kvennalistinn hefur hælana í ábyrgðarleysinu, enda eru þær sprettharðar þar á bæ. Sanngirni var ekki til þar. Ekki sá fulltrúi Kvennalistans þær breytingar sem hér er verið að gera. Alls ekki. Ekki var fulltrúi Kvennalistans á því að viðurkenna að framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hefðu hækkað. Nei, það var bara tekið svo og svo mikið af einstaklingunum, einstaklingunum, einstaklingunum. Þetta land leggur hlutfallslega mest til heilbrigðis- og tryggingamála í veröldinni ásamt tveimur öðrum löndum sem ég mun koma inn á. Nei, fulltrúi Kvennalistans sá það ekki, enda á ekki fulltrúi Kvennalistans að sjá nema bara 3, 4, 5 málefni. Þessir þm. mega ekki sjá meira. Ég skil það. Ég geri engar kröfur til þess að fulltrúi Kvennalistans sjái meira. Sjónarsviðið er ekki víðara en þetta.

Ég vil minna á hvernig bótategundir almannatrygginga hafa hækkað frá því að þessi ríkisstj. tók við og til þessa dags og eru nú hækkanir fram undan. Mæðra- og feðralaun hafa hækkað um 78 millj. kr. á ári, barnalífeyrir um 35 millj., tekjutrygging ellilífeyrisþega um 160 millj., tekjutrygging örorkulífeyrisþega um 26 millj. og heimilisuppbótin um 7 millj. Ef við berum þetta saman við hækkun kauptaxta, þá hækkuðu mæðra- og feðralaun umfram hækkun kauptaxta um 133.4%, barnalífeyrir um 16.5%, tekjutrygging ellilífeyrisþega um 32%, tekjutrygging örorkulífeyrisþega um 25% og heimilisuppbót um 12%. Og við skulum hafa samanburðinn alveg fullkominn og segja: Hvað hefur þessi hækkun orðið mikil umfram framfærsluvísitölu? Mæðra- og feðralaun hafa hækkað um 116.5%, barnalífeyrir um 1.8%, tekjutrygging ellilífeyrisþega um 15.3%, tekjutrygging örorkulífeyrisþega um 9.2%, en heimilisuppbót er mínus 2.2% undir framfærsluvísitölu. (**MHM:** En grunnlífeyririnn?) Ég er að tala hér um hækkun bóta í millj. kr., hækkun í hlutfalli við hækkun kauptaxta og svo hækkun umfram framfærsluvísitölu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárframlög til níunda bekkjar grunnskóla, þáltill. 137. mál (þskj. 142). — Ein umr.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 142 er till. til þál. um fjárframlög til 9. bekkjar grunnskóla. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að tryggja að ríkissjóður gegni sömu skyldum hvað varðar fjárframlög við 9. bekk grunnskóla og við aðra bekki grunnskólans, án þess þó að skólaskylda komi til."

Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Í þáltill. þessari felst að nemendur 9. bekkjar njóti sömu réttinda og aðrir nemendur grunnskóla.

Skólaskylda 9. bekkjar hefur ekki enn komist til framkvæmda, m. a. vegna mjög skiptra skoðana skólamanna og annarra um þau mál. Þrátt fyrir það er hróplegt óréttlæti að nemendur 9. bekkjar skuli ekki sitja við sama borð og aðrir nemendur grunnskóla hvað varðar framlög úr ríkissjóði.

Nú er nám í 9. bekk undanfari alls náms á framhaldsstigi og reynslan sýnir að um 95% nemenda, sem ljúka námi í 8. bekk, halda áfram. Því virðist skólaskylda 9. bekkjar ástæðulaus.

Nú er það svo að unglingar innan 16 ára aldurs teljast ekki fullgildir á vinnumarkaðinum og hafa því lágt kaup. Þrátt fyrir það eru lögð á þá útgjöld umfram aðra grunnskólanema, svo sem námsbókakaup.

Í dreifbýlinu gengur þessi mismunun enn lengra þar sem nemendur þurfa búsetu vegna að vera í heimavistarskólum. Öll börn og unglingar, sem í heimavist eru, greiða hráefniskostnað í mötuneyti. En auk þess er nemendum 9. bekkjar gert að standa straum af launakostnaði starfsfólks í mötuneyti. Má því ljóst vera að útgjaldaaukning heimilanna vegna þessa er umtalsverð.

Till. þessi er því réttlætismál, ekki aðeins til að jafna aðstöðu nemenda innan grunnskólans heldur og að draga úr þeim aðstöðumun sem ríkir milli fólks í dreifbýli og þéttbýli."

Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir 9 ára skólaskyldu. Gildistöku þessa ákvæðis hefur þó hvað eftir annað verið frestað af ýmsum ástæðum, m. a. vegna skiptra skoðana um það mál. Í ljósi þess að um og yfir 95% nemenda 8. bekkjar setjast í 9. bekk og að reynslan hefur einnig sýnt að nokkuð af hinum 5% skilar sér þangað aftur, þótt seinna sé, er tæpast ástæða til að þetta ákvæði sé lögbundið. En með frestun gildistöku 9 ára skólaskyldu hefur ríkissjóður í leiðinni komið sér undan þeirri sjálfsögðu skyldu að taka þátt í kostnaði vegna námsbóka og í launakostnaði starfsfólks í mötuneyti í 9. bekk.

Það fyrirkomulag sem hefur verið á stöðu 9. bekkjar síðan grunnskólalögin tóku gildi veldur mismunun innan grunnskólans sjálfs. 9. bekkjar unglingum, sem litlar sem engar tekjur hafa, er gert að standa undir sama eða svipuðum námskostnaði og nemendum framhaldsskóla. Námsbækur eru dýrar og þær verða nemendur 9. bekkjar að greiða. Fleira kemur til sem kemur harðast niður á nemendum í dreifbýli því þar eru mötuneyti við grunnskólann. Allir grunnskólanemendur greiða fyrir hráefni til matar en ríkissjóður greiðir mestan hluta launa starfsfólks við mötuneytið, eða um 85%, nema fyrir nemendur 9. bekkjar. Þann kostnað verða þeir sjálfir að bera. Og ég fæ ekki séð að slík mismunun á kjörum unglinga innan sama skóla sé réttlætanleg.

Nákvæmar tölur um þennan aukakostnað í 9. bekk liggja ekki fyrir en samkv. upplýsingum frá menntmrn. mun mötuneytiskostnaður 9. bekkjar umfram aðra bekki grunnskólans vera á bilinu 15—16 þús. kr. Bókakostnaður er 3—4 þús. kr. og þá eru orðabækur ekki taldar með, en orðabækur þær sem 9. bekkjar nemandi við gagnfræðaskóla á Akureyri átti að hafa í höndum í haust kostuðu um 7 þús. kr. Ég tók þá tölu ekki inn í dæmið vegna þess að ætla má að þær bækur nýtist nemandanum við allt það nám sem hann kann að stunda eftir það. En allt um það verður nemandinn á þessu stigi að leggja þetta út.

E. t. v. munu einhverjir segja að þessa kostnaðarliði geti sveitarfélögin sjálf annast. En nú er það svo að kostnaður vegna grunnskóla hefur í æ ríkara mæli færst yfir á herðar sveitarfélaga án þess þó að nýir tekjustofnar komi á móti. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn að ætlast til slíks, einkum ef í hlut eiga fámenn sveitarfélög þar sem nú er svo ástatt hjá þeim að næstum öll útsvarsálagning fer til skólamála. Ég get nefnt sem dæmi Svarfaðardalshrepp þar sem 90% útsvarsálagningar fer til skólahalds. Dreifbýlisstyrkurinn, sem er hugsaður sem styrkur vegna ferðalaga til handa þeim sem langt eiga að sækja, jafnar nokkuð aðstöðumun innan 9. bekkjar, þar sem margir þeirra hafa ekki tök á því að stunda það nám í sinni heimabyggð. En eftir stendur mismununin innan grunnskólans sjálfs.

Á hringferð Kvennalistans um landið í sumar kom berlega í ljós hve aðstöðumunur er mikill til náms í dreifbýli og þéttbýli. Menntunarmál barnanna eru meðal þeirra mála sem heitast brenna á foreldrum í dreifbýli. Erfiðleikarnir við að kljúfa kostnaðinn, sem því fylgir að senda unglinga langa vegu til langdvalar, er mörgum eiginlega um megn. Þjóðfélaginu ber skylda til að skapa öllum þegnum sínum sem jafnastan rétt og sem jafnasta aðstöðu til þeirrar grunnmenntunar sem sjálfsagt þykir að allir hafi. En til þess að svo megi verða og til þess að sveitarfélög og heimili sitji við sama borð hvar sem er á landinu hlýtur ríkissjóði að bera skylda til að jafna út eða draga úr þeim kostnaðarmun sem er við mismunandi byggðarlegar og félagslegar aðstæður.

Ég vænti þess að hv. þm. sýni þessu máli skilning og stuðning og leyfi mér að vísa þessari till. til allshn.

Umr. frestað.

Efnisskrá.

Aðveitustöð hjá Prestbakka (117. mál) 978.
Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum (142. mál) 984.
Almenn stjórnsýslulöggjöf (112. mál) 994, 1045.
Drengskaparheit unnið 938.
Endurmat á störfum kennara (54. mál) 1044.
Endurmat á störfum láglaunahópa (51. mál) 1020, 1034.
Endurreisn Viðeyjarstofu (76. mál) 993, 1045.
Fjárframlög til níunda bekkjar grunnskóla (137. mál) 988, 1064.
Fæðingarorlof (139. mál) 1040.
Greiningarstöð ríkisins (114. mál) 973.
Heilbrigðisþjónusta (153. mál) 941.
Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar (71. mál) 950.
Land í þjóðareign (87. mál) 942.
Launakjör kvenna og karla (91. mál) 956.
Lífeyrismál sjómanna (109. mál) 965.
Lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu (11. mál) 1045.
Málefni aldraðra (64. mál) 988, 1045.
Nám á háskólastigi á Akureyri (96. mál) 959.
Orkulög (88. mál) 949.
Saga íslenskra búnaðarhátta (151. mál) 988.
Siglingalög (149. mál) 940.
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi 1044.
Sjómannalög (146. mál) 938.
Skipti eða sala aflakvóta (108. mál) 962.
Staðgreiðsla skatta (124. mál) 997, 1045.
Stjórnarskipunarlög (7. mál) 942.
Stjórnarskipunarlög (31. mál) 942.
Stjórnarskipunarlög (32. mál) 1018.
Stuðningur við ungmenna- og íþróttahreyfinguna (58. mál) 991, 1045.
Um þingsköp 1033.
Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda (110. mál) 970.
Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna (141. mál) 981.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 937.
Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (150. mál) 999.
Verðjöfnunargjald af raforku (116. mál) 976.
Yfirtaka ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu (156. mál) 1044.
Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi (100. mál) 1044.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 937, 938.
Forseti Nd. Karvel Pálmason 1034.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 951, 953, 956, 957, 958.
Félmrh. Alexander Stefánsson 970, 973, 974, 976.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 966, 982, 986, 987, 991.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 938, 940, 941, 1045, 1063.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 977, 978, 980.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 960.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 962, 966, 999.
Gunnar G. Schram 950, 952, 984, 987, 994.
Haraldur Ólafsson 938.
Helgi Seljan 954, 991, 1054.
Jóhanna Sigurðardóttir 956, 958, 970, 972, 975, 988, 1020, 1061.
Jón Baldvin Hannibalsson 952, 962, 964, 981, 983, 993.
Karvel Pálmason 953, 955, 968, 969, 987, 988.
Kjartan Jóhannsson 942, 947, 949.
Kristín Halldórsdóttir 997, 1034, 1042, 1058.
Kristófer Már Kristinsson 1019.
Magnús H. Magnússon 978, 1059.
Margrét Frímannsdóttir 976, 978, 979, 980.
Málmfríður Sigurðardóttir 1064.
Ólafur Þ. Þórðarson 953, 954, 956, 1033, 1039.
Pálmi Jónsson 946.
Salome Þorkelsdóttir 956.
Skúli Alexandersson 1013.
Stefán Valgeirsson 1040, 1043.
Steingrímur J. Sigfússon 959, 961.
Svavar Gestsson 952, 955, 965, 967, 969, 973, 976.
Sveinn Jónsson 978.
Valdimar Indriðason 1011.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1008.

Leiðrétting. Í 3. hefti, 511. dálki, í ræðu Árna Johnsen, 13. og 25. línu að ofan: Mr. Bagets, les: Mr. Baggage.

Sameinað þing, 22. fundur.

Mánudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 16. nóv. 1984.

Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geir Hallgrímsson utanrrh., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Geir Hallgrímsson hefur áður tekið sæti sem alþm. á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur mér einnig borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. nóv. 1984.

Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í **Reykjavíkurkjördæmi, Björn Líndal lögfræðingur,** Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk **um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.**

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Björn Líndal hefur ekki áður setið á Alþingi og þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Ég bið kjörbréfanefnd að athuga kjörbréf hans. Verður gefið 5 mínútna fundarhlé á meðan það fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Björns Líndal deildarstjóra sem er 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík.

Kjörbréfanefnd hefur ekki neinar athugasemdir við kjörbréfið að gera og leggur til að það verði samþykkt og kosning Björns Líndal tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Björn Líndal, 9. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Helgi Seljan): Björn Líndal hefur undirritað drengskaparheit. Býð ég hann hér með velkominn til starfa.

Efri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af því að í fjölmiðlum s. l. laugardag birtist tilkynning frá sjútvrn. þar sem tilkynnt var að frá og með næsta miðvikudegi, 21. nóv., væru veiðar á smábátum, þ. e. bátum undir 10 tonnum, stöðvaðar. Þetta var samkvæmt tilkynningu rn. gert af því að þessir bátar hefðu þegar aflað upp í það aflamark sem þeim hefði verið ákveðið samkvæmt þeirri reglugerð og þeim lögum sem samþykkt voru um kvóta á s. l. vetri.

Þessi ákvörðun rn. er að mínu mati ansi sérstök. Hún er í fyrsta lagi sérstök vegna þess að þeir smábátaeigendur, sem höfðu leitað til rn. á undanförnum dögum og spurst fyrir um hvort að því stefndi að kvóti þeirra væri að verða búinn og þeir mættu búast við því að róðrar þeirra yrðu stöðvaðir, fengu yfirleitt þau svör að það stæði ekki til, það væri ekkert vitað a. m. k. um að svo væri komið.

Í annan stað gefur þessi fréttatilkynning aðeins fjögurra daga frest. Hvað skyldi nú vera um aðrar atvinnustéttir á landinu? Hvað ef þeim væri sagt upp vinnu með fjögurra daga fyrirvara?

Þessi vinnubrögð eru að mínu mati mjög vafasöm og ég kem hér upp til að mótmæla þeim. Ég lít svo á að ef grípa átti til ráðstafana á borð við þessar hefði verið nauðsynlegt að gefa mun lengri frest en hér hefur verið gefinn. Hér er aðeins um fjögurra daga frest að ræða. Það gefur auga leið að þeir sem hafa stundað veiðar á þessum litlu bátum hafa enga möguleika til að breyta rekstraráætlunum sínum eða atvinnuáætlunum í einu eða neinu og standa þar af leiðandi frammi fyrir atvinnuleysi og hafa litla möguleika til þess að breyta þar neinu um.

Eins og hv. þm. er kunnugt voru þessum bátum ákveðnar veiðar úr sameiginlegum kvóta. Þorskveiði**kvóti þeirra var um 8300 tonn og kvótanum skipt niður í fjögur tímabil, þ. e. í janúar—apríl þar sem voru** 1350 tonn, maí og júní 2500 tonn, júlí og ágúst 3230 tonn og **september—desember 1220 tonn. Þessi skipting sýnir** að þeir fáu sem raunverulega hafa þetta sem atvinnugrein sækja ekki mikinn afla í sjó. Tímabilið janúar — apríl er kvóti þeirra 1350 tonn og tímabilið sept. — des. er kvóti þeirra 1220 tonn.

Ég geri ráð fyrir því að þessi kvóti hafi verið áætlaður á nákvæmlega sama máta og annar kvóti út frá reynslu síðastliðinna þriggja ára. Hvað segir þetta þá? Það segir að meiri hluti kvótans fer til þeirra sem ekki hafa smábátaútgerð sem aðalatvinnuveg. Aðalkvótanum er úthlutað yfir mitt sumarið. Í þeim hópi eru sjálfsagt ansi margir sportveiðimenn eða frístundaveiðimenn sem stunda þennan veiðiskap yfir sumarið. Ég ætla ekki að

fara að mótmæla slíkum veiðiskap, en hann er annars eðlis en sá veiðiskapur sem stundaður er allt árið. Mér býður í grun að mikið af þeim afla sem dreginn var að landi á miðsumarstímabilunum, maí—júní, júlí—ágúst, hafi ekki verið skráð eins og skyldi og þar af leiðandi sé nú að koma í ljós að afli smábáta sé meiri en gert var ráð fyrir fyrr á árinu. Það bitnar á þeim mönnum sem hafa smábátaútgerð sem aðalatvinnuveg að meira var sótt í aflann í sumar en upp hefur komið þar til nú.

Það var stoppað tvisvar í sumar til að draga úr sókn í þennan kvóta og að vísu komu upp nokkrar óánægjuraddir vegna þess, en að mínu mati var það að öllu leyti réttlætanlegt. Það hefði þó verið eðlilegra að hafa lengri **kvótatímabil en aflastopp þegar þessi floti sækir minnstan afla og fyrst og fremst þeir sem stunda** þetta sem aðalatvinnuveg. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh.: Er nú verið að stöðva sóknina vegna **óeðlilega mikilla veiða á tímabilinu sept.—des. eða er** verið að stöðva veiðar vegna þess að í ljós hefur komið að sókn hefur verið meiri á öðrum tímabilum en vitað var áður? Ég vil bæta því við: Ef í ljós kemur í svari hæstv. ráðh. að það sé vegna þess að afli sé meiri á yfirstandandi tímabili en áður var, vil ég benda á að ég geri ekki ráð fyrir að það sé vegna þess að það sé verið að sækja á fleiri bátum, heldur vegna þess að meiri aflasæld sé á þeim miðum sem þessir bátar sækja á, og fer nú ýmislegt öðruvísi en ætla mætti. Í öðru lagi: Hyggst ráðh. halda við þessa ákvörðun sína gagnvart þeim smábátum sem nú stunda veiðar og afla nær eingöngu ýsu eða að meginhluta til ýsu? Mér er kunnugt um að t. d. er afli þeirra báta sem nú sækja sjó frá Akranesi svo gott sem hrein ýsa. Eins og okkur er **kunnugt um blasir við að ýsukvótinn verði ekki nýttur** eða því aflamarki sem gert var ráð fyrir að sótt yrði verður ekki náð.

Í þriðja lagi: Verður staðið við það að trillukarlar fái ekki að kaupa kvóta og bjarga sér á þann máta sem aðrir hafa gert þar sem kvóti hefur klárast? Fá þeir ekki að njóta þessa góða þáttar markaðarins sem svo mikið hefur verið um talað? Fyndist mér það stinga nokkuð í stúf ef svo verður ekki, ef „ágæti" markaðarins á ekki að fá að ganga jafnt yfir trillukarlana sem aðra í sjávarútvegi.

Þetta eru þær spurningar sem ég hef áhuga fyrir að hæstv. ráðh. svari og jafnframt hvort hann muni ekki **endurskoða þessa afstöðu og hvort honum finnist ekki** stórt í ráðist eða það mætti kannske frekar orða það á hinn veginn, lítið í ráðist, að fara að gera að engu atvinnu þessara fáu trillukarla sem stunda sjósókn árið um kring. Er slíkt ekki misráðið?

Ég vil svo upplýsa það að hv. 1. þm. Vesturl. hafa borist tvö símskeyti af Vesturlandi í sambandi við þetta mál og ég vil leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa skeytin upp. Það er þá í fyrsta lagi hraðskeyti til Friðjóns Þórðarsonar, 1. þm. Vesturl., Alþingi, frá Hellissandi:

„Við undirritaðir óskum þess að þú komir á framfæri mótmælum okkar gegn óskynsamlegum vinnubrögðum sjútvrh. þar sem hann með stoppi sínu þann 21. kippir **undan fjölda manns atvinnu og lífsviðurværi með** aðeins fjögurra daga fyrirvara. Við óskum einnig eftir því að fá að útskýra okkar sjónarmið betur."

Undir þetta skrifa 22 menn. (**Gripið fram í:** Þar á meðal þú.) Það er nú ekki svo gott að ég sé trillukarl heima. (**Gripið fram í:** Þú sendir bara skeytið.) Ég sendi ekki skeytið, hæstv. ráðh.

Í öðru lagi er svohljóðandi símskeyti frá Akranesi:

„Við leitum aðstoðar þingmanna kjördæmisins til að koma í veg fyrir stöðvun veiða báta undir 10 tonnum."

Undir þetta skrifa tíu Akurnesingar.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Með reglugerð um stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1984, sem gefin var út 8. febr. 1984 að höfðu samráði við sjútvn. þingsins og fleiri, var ákveðið að minni bátar, 10 brúttólestir og þar undir, skyldu veiða úr sameiginlegu heildaraflamarki og var því skipt á tímabil.

Á fyrsta tímabili var gert ráð fyrir því að aflamarkið væri 1770 lestir eftir að þorskaflinn var hækkaður um 10%. Skráð veiði er 1483.8 lestir eða nokkru minna. Hins vegar hefur Fiskifélag Íslands skýrt mér frá því að trúlega vanti þarna nokkuð upp á því að skráning hafi ekki verið fullnægjandi á fyrsta tímabilinu og þar af leiðandi sé líklegt að afli hafi farið nokkuð yfir sett mörk.

Á öðru tímabili var aflamark 3185 lestir, en aflinn var 3678.9 lestir.

Á þriðja tímabili, júlí til ágúst, var aflamarkið 4600 lestir, en skráður afli er 4863.4 lestir.

Á síðasta tímabili bárust upplýsingar mjög seint vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Okkur bárust þær upplýsingar seinni partinn s. l. fimmtudag eða á föstudagsmorgun, ég get ekki alveg fullyrt hvort var, en mér var kunnugt um það á föstudagsmorgun. Þá berast þær upplýsingar að aflinn sé orðinn á þessu tímabili, í september og október 2326.7 lestir, en aflamarkið var ákveðið 2080 lestir fyrir allt tímabilið, þ. e. að nóvember- og desembermánuði meðtöldum.

Í samræmi við þessar ákvarðanir og þessa reglugerð bar okkur að stöðva þessar veiðar. Nú má alltaf um það deila hvernig afla skuli skipt og hvernig skuli ganga fram í slíkum málum. Ég get verið sammála hv. þm. um það að hér er um tiltölulega lítið mál að tefla. Hins vegar ber að geta þess að það eru aðrir bátar sem hafa þurft að veiða úr kvóta eða aflamarki og fengið aflamark hver fyrir sig. Það eru oft og tíðum bátar sem eru 11 lestir og hafa þurft að stöðvast um alllangan tíma. Sjómönnum á þessum bátum hefur þótt þeir vera beittir miklu órétti því að minni bátar, sem hafa haft svipaða möguleika, hafi getað veitt mun meira en þeir. Því miður er hér oft um samanburð að ræða sem erfitt er að ráða við og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að **hafa ekki aðeins þær reglur í heiðri sem varða þessa** báta heldur einnig þær reglur sem varða hina minni sameiginlega.

Nú er það svo að þeir hafa veitt samtals í janúar til október 12352.8 lestir. Fiskifélagið gerir ráð fyrir að hér geti verið um skekkjumörk að ræða upp á 8—9%. Þar að auki á eftir að berast aflinn fyrir nóvembermánuð. Okkur þótti að það væri skylt að fara eftir þessum reglum með sama hætti og við höfum gert varðandi einstök skip og mér kemur það á óvart ef einhver hefur fengið þau svör að það stæði ekki til að stöðva þessar veiðar. Ég get til þess vitnað að 16. október svaraði ég fyrirspurn hér á Alþingi um þessi mál og þar segi ég, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er á hinn bóginn sýnt að þeir, þ. e. þessir bátar, stöðvast að líkindum í nóvember, en þá er afli tekinn að

tregast hjá þessari bátastærð og veður farin að gerast válynd til sjósóknar á þeim."

Það hefur því alltaf legið fyrir að til þessa mundi koma. Hins vegar sýnir þetta e. t. v. betur en margt annað hvað það getur verið erfitt að stöðva veiðar ákveðinnar bátastærðar og veiðar úr sameiginlegu heildaraflamarki. Ef við hefðum látið alla báta við landið veiða úr sameiginlegri heild á s. l. vetri þá er mjög líklegt að það hefði þurft að stöðva veiðar þessara skipa allsnemma á vertíðinni og þá hefðu ýmsir staðir og ýmsir landshlutar orðið algerlega útundan. Það færir rök að því að í slíkum tilvikum sé hentugra að hver og einn viti nokkurn veginn hvað hann má taka.

Nú er það svo að sú ákvörðun að þessir bátar veiði úr sameiginlegu aflamarki hefur orðið til þess að nokkuð hefur bæst í þennan hóp og fleiri komið inn í hann og sótt fastar sem orðið hefur til þess að aflinn hefur orðið meiri. Ég vil vitna til þess sem ég áður sagði að þeir hafa í reynd farið nokkuð fram úr. Það er mjög erfitt að verja það gagnvart þeim sem eiga stærri báta, 11 til 12 tonn t. d., og hafa þurft að stöðva við ákveðið aflamark, að þeir skuli þurfa að gera það en ekki skuli sett takmörk á minni báta.

Það var ákveðið að reyna að fylgja þessum reglum sem mest á þessu ári. Að sjálfsögðu þarf að taka ýmislegt til endurskoðunar og hvort sem mér eða öðrum líkar það betur eða verr þá verður þar eitt að gilda um alla.

Hitt er svo annað mál að ég get á margan hátt tekið undir það með hv. þm. að hér er um mjög stuttan fyrirvara að ræða. Það kemur til af því að upplýsingar um október-aflann bárust afskaplega seint vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Hins vegar tel ég einsýnt að menn hefðu mátt vita að til þessarar stöðvunar kæmi. Það sem gerir hana e. t. v. sárari nú en annars hefði orðið er það hvað tíð hefur verið óvenjugóð og veður verið tiltölulega góð til sjósóknar fyrir þessa bátastærð því að yfirleitt hefur dregið mjög úr veiðum þessara báta þegar þessi tími er kominn.

Ég vildi að lokum svara þeirri fsp. hv. þm. um tilflutning á afla. Þessir bátar veiða úr sameiginlegu aflamarki og það er óheimilt að flytja afla frá öðrum skipum sem fá sérstakt aflamark inn í þennan flokk báta. Ég tel það eðlilegt, enda væri það mjög breytilegt hverjir gætu fengið slíkan afla fluttan frá öðrum skipum og því hefur ávallt verið svarað þannig að það væri óheimilt. Þegar stöðvun var í eina viku í sumar komu margar fyrirspurnir um þetta. Það var í engu tilviki heimilað og svo er enn.

Ég vænti þess að þessi svör skýri í nokkru það sem hv. þm. spurði um. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að hér er um sárt mál í mörgum tilvikum að tefla. Hins vegar verðum við að hafa það í huga að samanburðurinn á milli bátastærða getur einnig oft verið erfiður. Það var gert ráð fyrir því í þessari 5. gr. að ýsan væri þar með talin. Hún er 700 tonn og þar af leiðandi er ekkert um annað að ræða varðandi þessa báta en að það verður að stöðva þá. Það er ekki hægt að leyfa þeim veiðar á einhverri sérstakri tegund og hefur aldrei verið gert ráð fyrir því vegna þess að í þeirra heildarkvóta er þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli og steinbítur samtals 11 630 tonn og það má gera ráð fyrir því að afli þeirra sé farinn að nálgast 14 þús. tonn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft mikilvægu máli. Hins vegar má kannske benda á að þessi mál eru á dagskrá hér síðar í dag. En ég dreg ekkert úr því að nauðsynlegt var að vekja sérstaka athygli á þessu máli eins og að því hefur nú verið staðið.

Ég skal vissulega virða þau tilmæli forseta að vera ekki langorður. Mér er það ljóst eftir að hafa hlýtt á málflutning hæstv. sjútvrh. að eins og þetta mál er vaxið hefur hann vissulega nokkuð til síns máls. Ég get alveg tekið undir það með honum að erfitt er að gera þarna hörð skil á milli þeirra báta sem eru undir 10 tonnum og þeirra sem eru 11 eða 12 tonn. Það sem er fyrst og fremst gagnrýnivert við þessa ákvörðun er það hve þessi fyrirvari er skammur. Það eru, eins og hæstv. ráðh. raunar viðurkenndi, óafsakanleg vinnubrögð af hálfu hans rn.

Og með fullri virðingu fyrir hv. 4. þm. Vesturl., þar sem hér er um að ræða mál sem er verulegt hagsmunamál ýmissa af okkar umbjóðendum, hefði ég persónulega kunnað þeim vinnubrögðum betur að fá eitthvað um þetta að heyra frá honum fyrr en þegar klukkuna vantaði 10 mín. í tvö. Ég vil líka vekja athygli á því, svo að það sé rétt sem rétt er, að skeyti það sem hann las hér frá Akurnesingum til hv. 1. þm. Vesturl., Friðjóns Þórðarsonar, hljóðar svona:

„Leitið aðstoðar annarra þingmanna kjördæmisins. Komið í veg fyrir stöðvun veiða báta undir 10 tonnum."

Hann las þetta skeyti nú ekki alveg svona. Það getur vel verið að hann hafi ekki verið með rétt gleraugu. En svona hljóðar skeytið. Ég held að það hefði verið affarasælla ef við þm. kjördæmisins hefðum haft um það samráð og samstöðu hvernig að þessu máli skyldi staðið. En ég skal ekki áfellast hv. þm. Skúla Alexandersson fyrir að nota þetta tækifæri til að koma þessu máli á framfæri. Ég vil bara spyrjast fyrir um það hjá hæstv. sjútvrh., sem ég veit að er maður sanngjarn og skynsamur, hvort hann sé ekki fáanlegur til að endurskoða þessa ákvörðun með einhverjum hætti, þó ekki sé nema til að gefa mönnum betra ráðrúm. Því að eins og segir í þeim skeytum sem vitnað hefur verið til standa þessir menn allt í einu uppi atvinnulausir og það er ekki einfalt mál. Ég beini því mjög eindregið til hæstv. sjútvrh. hvort hann geti ekki hliðrað svolítið til þar sem þetta mál er þannig vaxið að það eru engin stóraflaskip sem hér er um að ræða. Jafnvel þótt þessi heimild væri rýmkuð og þó að tíð hafi verið bærileg að undanförnu og verði það vonandi áfram, þá held ég að sá afli, sem þessir bátar færa að landi, skipti ekki sköpum fyrir kvótakerfið. Hann getur hins vegar skipt miklu fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga. Það er svo aftur annar handleggur hvernig í kvótamálunum á að bregðast við þessum smábátum og raunar línuveiðunum og fleiru. En það ætla ég ekki, virðulegi forseti, að ræða hér og nú, enda er það mál á dagskrá þessa fundar seinna í dag.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér ekki að blanda mér í þessa umr. Ég skal játa að hv. 4. þm. Vesturl. gat þess við mig hér úti á bílastæði þm. um hádegisbilið að hann mundi stofna til utandagskrárumræðu um það efni sem hér er fjallað um. Þegar hann ræddi það við mig var ekkert getið um nein símskeyti í þessu efni. Ég vil satt að segja efast um að það sé eða hafi verið vilji hv. 1. þm. Vesturl. að þannig sé farið

með skeyti til okkar þm. Vesturl., skeyti sem er í raun til okkar allra sameiginlega. Ég vil að þessu leyti taka undir gagnrýni hv. 5. landsk. þm. á þessi vinnubrögð. Ég vil sjálfur finna að þesssum vinnubrögðum og tel **óeðlilegt að farið sé með málaleitan til þm. með þessum hætti. Ég vil halda því fram að það sé afskaplega óeðlilegt að fundi þm. einstakra kjördæma beri að með** þessum hætti. Ég skal ekkert um það fullyrða hvort málsmeðferð hefði orðið önnur en hér hefur orðið, þ. e. utandagskrárumr., hefðum við sameiginlega, þm. Vesturl., fjallað um þessi símskeyti. Hins vegar ítreka ég það sem ég fyrst vék að, ég mótmæli svona vinnubrögðum. Sú ástæða var fyrst og fremst fyrir því að ég sá mig tilneyddan að taka þátt í þessari umr.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Hér er fjallað um mál sem snertir vissulega stóran hóp manna og ástæða er til að ræða um. Þeir sjómenn, sem stunda sjó á 10 tonna bátum og þar undir, hafa nokkra sérstöðu í okkar sjósókn. Í fyrsta lagi eru sjómenn á þeim bátum mest háðir veðri. Í öðru lagi eru þetta þeir sjómenn sem ekki hafa kauptryggingu. Það tel ég vega þyngst í málinu þegar það er rætt á þeim grunni sem hér er gert.

Hér er annars vegar um að ræða svokallaða áhugasjómenn, helgarsjómenn, tómstundasjómenn og hins vegar atvinnusjómenn og þeir eru í miklum minni hluta. Það er alveg sama hvar maður fer um landið og kannar stöðuna í þessu. Við getum nefnt á Akureyri. Þar eru tæplega 100 trillur undir 10 tonnum. Það eru innan við 10 atvinnusjómenn á þeim flota. En allflestir skila einhverjum afla, að vísu nokkrir sem skila engum. Þarna má segja að þeir hafi jafnréttisgrundvöll, atvinnusjómennirnir og áhugasjómennirnir. Það er auðvitað galli þegar svona staða kemur upp, að þeir, sem hafa fulla atvinnu af þessari sjósókn, tapa vinnunni, en hinir geta gengið áfram til sinnar vinnu þó að sóknin sé skert á þennan hátt.

Á Ísafirði eru 25—30 trillubátar. Það er enginn sem hefur fulla atvinnu af sjósókn á þeim flota, ef ég man rétt. Það má taka Borgarfjörð eystri. Þar eru u. þ. b. 15 trillubátar sem eru undir 10 tonnum. Þar er líklega u. þ. b. helmingurinn sem hefur meiri og minni atvinnu af sjósókn, en hinn helmingurinn fulla atvinnu. Við getum tekið eina verstöð enn, Vestmannaeyjar. Þar eru 50—60 trillubátar. Það eru ekki nema 7—8 menn sem hafa fulla atvinnu af sjósókn á þessum bátum, en allmargir sem skila þó nokkrum afla í land í aukavinnu. **Þarna raskast hlutfallið. Þetta er þeim mun erfiðara** þegar það kemur upp varðandi þá, sem hafa hvorki **kauptryggingu né aðra atvinnu að ganga að. Ég held að** ástæða væri til að kanna það sérstaklega og beina þeim tilmælum til ráðh. að hann kannaði til fulls hvort unnt væri að ganga þarna til móts við menn. Þetta er svolítið misjafnt eftir því hvar er á landinu á þessum árstíma, en það kemur auðvitað upp í slíkri einmuna tíð sem nú er að menn vilja sækja sjóinn þegar gefur, sérstaklega á þessum litlu bátum.

Það má líka benda á það af því að ég minntist á **Vestmannaeyjar að það kemur sér sérstaklega illa fyrir** bátana þar. Þeir lentu þar í mánaðarlöngu sumarleyfisstoppi. Síðan lenda þeir í nær mánaðar stoppi vegna lokunar frystihúsa þannig að þeir verða illa úti. Svo þegar gefur á sjóinn er þetta mjög mikið vandamál sem full ástæða er til að benda á og taka á með góðvild og jákvæðum hug til lausnar. Um er að ræða áhugamenn sem hafa staðið jafnfætis atvinnumönnunum sem verða að treysta á þessa atvinnu. Það er því misræmi í reglunum sem erfitt er við að eiga þegar ekki er kveðið nánar á um hvernig taka eigi á þessum málum, eins og hæstv. ráðh. hefur bent á hér. Ég vil hvetja til þess að reynt verði að finna leið til þess að þeir aðilar, sem hafi fulla atvinnu af slíku, geti gert það á meðan tíð er. Ég vil benda á að Fiskifélag Íslands á á auðveldan hátt að geta fundið út hverjir eru atvinnumenn til fulls.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég þakka svör ráðh. þó að ég fallist ekki á niðurstöður þær sem í svörum hans lágu. Í fyrsta lagi vil ég nefna veiðimagnið, þann afla sem borist hefur að landi á þessu síðasta tímabili. Skv. upplýsingum ráðh. er þegar búið að fiska í þann kvóta sem áætlaður var fyrir þetta tímabil og 250 tonn umfram. Það þýðir ef afli yrði svipaður áfram að svo gæti farið að þessi bátafloti færi rúm 1000 tonn fram úr á þessu tímabili.

Mitt mat er það að þarna sé um svo lítið magn að ræða að það hafi verið gengið of langt þegar þetta lá fyrir, bæði í því að stöðva með svo litlum fyrirvara sem gert var og einnig að ákveða þessa stöðvun, að lofa þessum bátum ekki að halda áfram að fiska fram að þeim tíma sem flotinn verður stöðvaður fyrir jól. Ég held að þetta sé svo lítið magn að það sé mjög vafasamt með tilvísun til annarra þátta kvótans að telja að þetta hafi verið óréttlátt. Óréttlætið felst mest í því að hafa stöðvað veiðar þessara báta.

Eins er það með ýsuna. Það hefur verið upplýst og það er vitað að okkur tekst ekki að veiða þennan dýrmæta fisk eins og áætlað var. Samt er þessum bátum meinað að halda áfram veiðum á þessum fiskistofni alveg eins og þorskveiðar hafa verið stöðvaðar. Þetta finnst mér ansi merkileg fiskveiðistjórnun.

Í þriðja lagi er þessum bátum meinað að kaupa sér kvóta, komast inn í þennan frjálsa markað á miðunum okkar. Ég get fallist á þau rök, sem ráðh. var með, að þetta hefði ekki verið leyft í sumar og það væri ekki leyft að selja kvóta á milli. Þau rök falla að sumu leyti um sjálf sig þegar við hugsum til þess ' vernig fært var á milli síldarkvóta — og þar var líka um óbundinn kvóta á bát að ræða og þorskveiðikvóta. Frávikin og dæmin eru því á ýmsan máta. Það er því ekki hægt að segja að þarna sé í eðli sínu verið að brjóta neinar reglur. Jafnvel voru þarna fyrirmyndir fyrir hendi.

Ég mun virða ósk virðulegs forseta um að eyða hér ekki löngum tíma. En í sambandi við það, sem hv. samþm. *mínir* úr kjördæminu nefndu áðan, að ég hefði farið hér með rangt mál í sambandi við upplestur á skeyti, þá ætla ég ekki að bera á móti því og ekki síst þar sem tveir hv. þm. bentu á þetta. Sjálfsagt er að hafa það sem sannara reynist, enda höfðu þeir bæði plöggin í hendinni og gátu endurskoðað það sem ég sagði. Ef svo hefur verið, þá hefur það verið af einhverjum misgáningi mínum, en alls ekki með neinni tilætlan — (**EG:** Og **gleraugum.**) — **og gæti verið, eins og hv. þm. Eiður** Guðnason segir, að það hafi verið gleraugunum að kenna. Ég er ekki með Hagkaupsgleraugun eins og hann, ég hef gleymt Hagkaupsgleraugunum heima.

Hv. 5. þm. Vesturl. sendi mér ákveðinn tón. Ég þakka honum óskaplega vel fyrir það að gera því allt að því skóna að ég hafi verið að flytja hér rangar upplýs-

ingar. Ég frábið mér að það hafi verið ætlun mín en viðurkenni það að sjálfsögðu, þar sem upplýsingar hafa komið fram um að hér hafi verið rangt með farið. Ég biðst velvirðingar á því. En það er af og frá að ég hafi ætlað að fara að lesa hér rangt upp úr skeyti. Þessi skeyti bárust hv. 1. þm. Vesturl. og komu ekki í mínar hendur fyrr en þau komu í hendur annarra þm. Vesturl. Þau voru ekki á einn eða neinn hátt á mínum vegum.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera þetta skeyti að umræðuefni. Það er ekkert stórmál þó að það komi hér inn á borð og við þingmenn Vesturlands höldum fund í þessari hv. deild. Ég ætla ekki að álasa hv. 4. þm. Vesturl. fyrir að ræða skeytið hér.

Ég hafði því miður ekki um málið heyrt fyrr en núna að ég kom í þingið. Það hafði enginn haft samband við mig út af þessu máli. Mér er því málið ókunnugt hvað þetta snertir og ætla ekki að blanda mér í það að öðru leyti en því að við gerðum okkur alltaf ljóst að við hlytum að lenda í ákveðnum vanda með kvótamálin á vissum sviðum. Ég vil minna hv. 4. þm. Vesturl. á að við höfum lagt töluvert á okkur á þessu ári, og í vetur einkum, til að reyna að rétta hlut þeirra sem hafa 10 tonna báta eða stærri, bæði vestur á Snæfellsnesi og á Akranesi. Það var mjög slæmt að geta ekki hjálpað þessum mönnum því að þeir voru órétti beittir. Það er mín sök og annarra. Það er verið að þreifa sig áfram með þessi mál, við hvað skyldi miða bátastærðina. Ég er þess fullviss að rangt er að miða við 10 tonn. Það var ekkert gaman að horfa upp á það á vetrarvertíðinni s. l. vetur að við hlið 10 tonna bátanna, sem fengu meðalkvóta, 37 og upp í 50 tonn með tilfæringum, þá gátu hinir, 9 tonn að stærð eða 9.9, óhindrað verið með netin áfram og veitt óhindrað þegar aðrir voru búnir með sinn kvóta. Þetta var ósanngjarnt. Þess vegna spyr ég: Er réttlætanlegt núna að veita bátum undir 10 tonna markinu aukaskammt þegar þetta er liðið á árið og hinir eru búnir að lifa við sult og seyru í þessum efnum, tveim tonnum eða jafnvel hálfu stærðar tonni fyrir ofan það mark sem sett var?

Þarna verður að fara varlega. Reglur reynast misvel. Þessar reglur um tonnastærð báta eru að mínu mati rangar. Þær þarf að endurskoða verði áfram haldið. Ekkert réttlætir það samt að fara að breyta reglum nú síðast á árinu til að láta vissan hóp hafa þegar búið er að mismuna öðrum. Ég sé á undirskriftum undir þessum skeytum að það eru margir góðir vinir mínir sem skrifa undir. En ég get ekki mælt með því að fara að veita þeim núna aukaskammt þegar búið er að neita hinum mestallt árið sem eru örlitlu tonnabroti umfram mörkin sem eru í reglugerð.

Og svo er það með ýsuna, svo að ég minnist á hana aftur. Það veit hv. 4. þm. Vesturl. einnig — ég vona að hann heyri til mín — að við beittum okkur mjög fyrir því í haust að fá að veiða meira af ýsu. Það liggur fyrir að upp í þann kvóta sem búið er að úthluta veiðist ekki. — Við vildum fá þessu breytt til að bátar gætu veitt ýsuna á línu, bæði á Snæfellsnesi og annars staðar, og nýtt þennan kvóta, en slíkt var ekki talið fært vegna mismununar við aðra sem þegar voru búnir með sína kvóta. Þó að þetta sé svona er ég það harður, kannske of harður, í þessu máli að ég segi: Annaðhvort setjum við reglur til að standa við þær eða ekki. Þess vegna verður þetta reglugerðarákvæði að vera óbreytt. Ég tek undir það með hv. þm. Árna Johnsen að sportveiðimennirnir eiga að hafa sérstök leyfi. En það er ákveðinn hópur manna sem hefur atvinnu við þessar smábátaveiðar og þyrfti jafnvel að setja um það reglur og flokka það niður hverjir hefðu það raunverulega að atvinnu, væru alvörufiskimenn. — En ég get ekki mælt með þeim breytingum sem hér er farið fram á.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 160). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, þskj. 160, um tekju- og eignarskatt.

Með frv. þessu er lagt til að menn sem láta af störfum fyrir aldurs sakir geti dregið launatekjur sínar síðustu tólf starfsmánuðina að fullu frá skattskyldum tekjum. Eins og þingheimi er kunnugt flutti ég ásamt ellefu öðrum þm. úr flestum flokkum frv. í ársbyrjun 1983 er kvað á um að þeim sem láta af störfum vegna aldurs sé heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum helming hreinna launatekna sinna síðustu tólf starfsmánuðina. Frv. hlaut mjög góðar viðtökur og náðist samstaða þm. úr öllum flokkum um skjóta afgreiðslu þess. Frv. **var samþykkt með hraði og kom til framkvæmda strax** við álagningu opinberra gjalda á árinu 1983. Sú reynsla sem fengist hefur af lögunum svo langt sem þau ná er mjög góð. Að mínu mati ganga þau þó ekki nægilega langt þar sem þau heimila aðeins frádrátt á helmingi launatekna þeirra sem undir heimildina falla.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja að greiðslukerfi beinna skatta hérlendis skapar ætíð erfiðleika þegar tekjur manna minnka snögglega. Sá hópur manna sem hvað harðast verður fyrir barðinu á þessu eru þeir sem leggja niður störf fyrir aldurs sakir. Hefur þetta m. a. leitt til þess að fólk vinnur lengur en það hefði að öðrum kosti kosið þar sem það telur sig ekki í stakk búið til að greiða skatta vegna skatta síðasta starfsársins. Lagabreytingin frá 1983, sem ég gat um hér áðan, var skref í þá átt að bæta stöðu þeirra sem hætta störfum fyrir aldurs sakir.

Með frv. þessu er lagt til að skrefið verði stigið til fulls þannig að allar hreinar launatekjur síðustu tólf starfsmánuðina verði frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum. Verði frv. þetta að lögum ættu skattgreiðslur framvegis ekki að koma í veg fyrir að fólk láti af störfum fyrir aldurs sakir þegar það kýs sjálft. Eins og fram kemur í grg. með frv. mun tekjutap ríkissjóðs nema um 30 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1984 verði það að lögum.

Ég tel ekki rétt að fjölyrða frekar um þetta mál sem ég hygg að meginþorri fólks telji sanngirnis- og réttlætismál. Að endingu vil ég þó láta í ljós þá von mína að sambærileg samstaða þm. úr öllum flokkum náist um afgreiðslu þess og fyrra frv. um sama efni sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Að lokum geri ég tillögu um að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það ber nýrra við að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. geri eitthvað af viti í

skattamálum. Og það ber enn þá nýrra við að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. skuli gera eitthvað gott í skattamálum. Ég fagna því að þetta frv. skuli hér vera fram komið. Við Alþfl.-menn munum styðja það og greiða götu þess í gegnum þessa deild og í gegnum þingið.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar sé ég mig ekki knúinn til að hafa um það hér mörg orð. En eitt vildi ég þó gera hér að umtalsefni og leita svara við hjá hæstv. fjmrh. Það eru fleiri tilvik í lífinu þar sem kringumstæður ekki óáþekkar þessum koma upp og þar sem ástæða væri til að breyta lögum í sömu veru og hér er fyrirhugað að gera. Við skulum, hæstv. fjmrh., hugsa okkur tilvik þar sem fyrirvinna heimilis fellur frá, aðalfyrirvinna skulum við segja, sem sjálfsagt er í langflestum tilvikum karlmaður. Skiptir það þó ekki máli, en ég hygg það sé engu að síður svo. Ég sé að hv. þm., fulltrúi Kvennalistans glottir. Það má aldrei úr þessum ræðustóli minnast á karlmenn öðruvísi en þm. Kvennalistans hafi við það einhverjar sérstakar athugasemdir að gera. En í mörgum tilvikum er það svo að karlmaður er aðalfyrirvinnan eða a. m. k. tekjuhærri fyrirvinnan. Því miður hefur launajafnréttið ekki náð lengra. Og þá getur sú aðstaða skapast og skapast býsna oft, að eftir situr ekkja með lágar tekjur og skattabyrði sem hún þarf að greiða.

Í öðrum tilvikum er þetta auðvitað andhverft, þannig að eiginmaður, ekkill, einstæðingur, situr uppi og þarf að greiða skatta af tekjum látins maka. Ég held að í slíkum tilvikum geti aðstæður oft verið mjög erfiðar og kannske erfiðari í raun en það sem hér er um fjallað.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé ekki til viðræðu um það að þetta verði fest í lögum. Ég geri ekki ráð fyrir að tekjulega muni það skipta mjög miklu fyrir ríkissjóð og afkomu hans. En fáist hæstv. ráðh. ekki til þess vil ég greina honum frá því að við Alþfl.-menn munum taka það mál til sérstakrar athugunar og þá flytja um það brtt. hér í þinginu.

Nú veit ég að í gildandi lögum um tekju- og eignarskatt mun vera heimild til þessara hluta. En ég held að nauðsynlegt sé, á sama hátt og þetta er lögfest, því að heimild var fyrir þessu sem ekki var notuð, að taka hitt skýrt upp í lögin. Ég held að hér sé um afar mikið réttlætismál að ræða. Og ég ítreka að aðstæður undir þeim kringumstæðum sem ég hef rakið eru oft erfiðari en í þeim tilvikum sem þetta frv. tekur til. Ég skora á hæstv. fjmrh. að taka þessi tilmæli mín til alvarlegrar athugunar og umhugsunar. Ég ítreka það að þetta frv. er að sjálfsögðu af hinu góða og ég lýsi fullum stuðningi við það. En ég hvet hæstv. fjmrh. til að hjálpa okkur nú, sem viljum hafa þetta örlítið öðruvísi. Hjálpa okkur til að gera betur. Eigum við ekki að sameinast um það? Ég held að peningalega skipti þetta heldur litlu máli fyrir ríkissjóð.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég hef í sjálfu sér ekki efnislegar athugasemdir við þetta frv. Ég tek undir meginefni þess. En ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. einnar spurningar í tilefni af frv. Hér stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa töluliðar við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann."

Það er gert ráð fyrir því skv. frv. að frádrátturinn varði tekjur síðustu 12 mánaða. Nú er það auðvitað staðreynd að menn geta talið sig láta af störfum og gera það iðulega á miðju ári, miðju tekjuári, miðju skattári. Og þá er það spurning mín til hæstv. fjmrh. hvort þessi frádráttur, enda þótt tekið sé fram að hann sé aðeins einu sinni, hvort hann tekur yfir tvö tekju- og skattár?

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég get tekið undir það með hv. 5. landsk. þm. að svo fágætt sem það er að menn geti fagnað frv. frá hæstv. ríkisstj., þá er sjálfsagt að gera það hér í ræðustól. Og svo enn fágætara sem það er að hægt sé að þakka sérstaklega frv. frá hæstv. ríkisstj., vegna þess að þar sé um virkileg réttlætismál að ræða, þá er það enn skyldara að gera það hér úr þessum ræðustól. Ég geri það hér með og veit reyndar að hæstv. fjmrh. hefur á þessum málum hinn besta skilning eins og ég hef oft tekið fram hér í þinginu og kemur út af fyrir sig ekki á óvart að hann flytji frv. af þessu tagi.

Varðandi það atriði sem hv. 5. landsk. þm. vék að varðandi slys sem valda örkumlum eða fráfall eða eitthvað því um líkt, sem veldur gífurlegri tekjuröskun og breytingum á högum heimila og einstaklinga, veit ég ekki annað en a. m. k. heimildir séu þar um. Og mér segir hv. 7. þm. Reykv. að þar sé um skylduákvæði að ræða nú orðið. Ég veit ekki hvernig með þetta er farið í hinum einstöku skattumdæmum. Ég þekki þetta aðeins úr mínu kjördæmi eystra, frá skattstjóra þar, og ég veit að þar er í öllum tilfellum þannig með þetta farið að þessar tekjur eru felldar niður til skattstofns hjá skattstjóra þar. Því hygg ég, þó að ég hafi það ekki í höndunum, að það sé rétt að við slík tilvik sé þetta þegar skylt í skattalögum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég segi eins og hv. 2. þm. Austurl.: Það er ánægjulegt að geta komið hér í stól og þakkað vinnu ríkisstj., í þessu tilviki fjmrh. Ég tel að hér sé viturlega að málum staðið. Ég geri mér grein fyrir því að þessa koma ýmsir aðilar til með að njóta sem mönnum finnst kannske á vissum augnablikum að ættu það ekki algerlega skilið þar sem aðstæður manna, sem á eftirlaunaaldur komast, eru auðvitað misjafnar. En vegna þess að 1. gr. frv. höfðar aðallega til A-liðar 7. gr. laga um tekju- og eignarskatt langar mig í þessu sambandi að forvitnast um atriði sem ekki er beinlínis þessu nátengt. Hér á landi eru verðlaun, heiðurslaun, happdrættisvinningar og annað slíkt framtalsskyld og skattskyld, en löggjafinn ákveður undantekningar í ákveðnum tilvikum, aðallega til happdrætta.

Ég held að ég fari rétt með það að hingað til hafi þrír Íslendingar fengið svokölluð „bjartsýnisverðlaun" dansks fyrirtækis sem heitir Brøste. Öllum þeim aðilum sem þessi verðlaun hafa fengið ber saman um það að þau gufuðu upp við afhendingu vegna þess að þau hyrfu að stórum hluta í ríkissjóð sem skattskyldar tekjur. Mig langaði til að spyrjast fyrir um það hvort ekki væri fyrirhugað að gera á þessu einhverja breytingu því að manni finnst það óneitanlega býsna hart að þurfa að horfa upp á það að bjartsýni skuli vera skattskyld á Íslandi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. 8. þm. Reykv. að það er ansi sárt fyrir þá sem hafa notið viðurkenningar á einhvern hátt að sjá eftir hluta þeirrar viðurkenningar í ríkissjóð. Ég minnist þess að þegar skattalögin voru tekin til endurskoðunar á þeim tíma sem ég sat í fjh.- og viðskn. gerði ég margar tilraunir til að fá þessu breytt. En það tókst ekki. Það er alveg nauðsynlegt að endurskoða þessar reglur. Þetta á ekki bara við um peningaverðlaun, þetta á við um íþróttaverðlaun og viðurkenningar fyrir eiginlega hvað sem er. Það er að sjálfsögðu mjög sárt að sjá á eftir slíku. Það er því full ástæða til að endurskoða þessa grein skattalaganna þó að ég sé ekki með tillögur um það á þessu stigi.

Ég vil svara hv. 5. þm. Vesturl., Davíð Aðalsteinssyni. Hann spyr: Hvernig fer um menn sem hætta störfum á miðju ári? Fá þeir skattfrádrátt fyrir þann tíma sem liðinn er af því ári eða lengri tíma? Með leyfi forseta les ég fyrstu línurnar í athugasemdum með því frv. sem hér er til umr.:

„Með frv. þessu er lagt til að menn sem láta af störfum fyrir aldurs sakir geti dregið að fullu frá skattskyldum tekjum sínum hreinar launatekjur sínar síðustu 12 starfsmánuðina."

Hér er um 12 starfsmánuði að ræða og ég vil túlka þetta þannig að hér sé ekki nauðsynlega farið eftir almanaksárinu. Ég tek það fram hér í þessum virðulega ræðustól til þess að hv. fjh.- og viðskn. hafi það í huga og það sé skráð í þingtíðindi ef síðar þarf á að halda.

Ég tek undir það með hv. 5. landsk. þm. að það er alveg nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort hægt er að misskilja 66. gr. skattalaganna. Fyrir líklega tveimur árum fluttum við saman, hv. 7. þm. Reykv. og ég, frv. í Nd. Alþingis þar sem þessari heimildargrein var breytt í skyldu. Ég veit þess vegna ekki betur en að þetta sé komið í lög. Ég vona að það fullnægi sem svar við því sem þar kom fram.

Menn telja hér ástæðu til að fagna því sérstaklega að einhvern tíma á starfsferli ríkisstjórnarinnar og þá einkum hlutaðeigandi ráðh. sé eitthvað gott gert í skattamálum. Það gefur óbeint til kynna að hingað til hafi hann verið að gera illt eitt í skattamálum. En ég vil benda hv. þm. á það að þann tíma, ekki langan, sem ég er búinn að vera fjmrh., hafa engir nýir skattar verið lagðir á en þó nokkrir gamlir skattar verið teknir úr umferð.

Ég fagna þeim undirtektum sem þetta frv. hefur fengið og vona að við getum sameinast um að koma því eins fljótt og hægt er í gegnum Alþingi svo að það komi til framkvæmda um næstu áramót.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að karpa um skattamál við hæstv. fjmrh., ekki í löngu máli a. m. k. Það sem ég tel að ríkisstj. hafi gert slæmt í skattamálum er m. a. það að létta skatta á stóreignamönnum og stórfyrirtækjum en herða og þyngja skattbyrði almennings. Undan þessu verður ekki vikist né heldur verður þessu neitað með neinum rökum. En það var nú ekki, virðulegi forseti, ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs heldur það að skylt er ævinlega að hafa það sem sannara reynist.

Ég er hér með útgáfu af lögum um tekju- og eignarskatt frá 1981 og var raunar líka búinn að fletta upp í lagasafni, hinu nýja, en þar eru þessi ákvæði ekki. Hins vegar hefur mér verið bent á það og það komið hér fram að á árinu 1983 var samþykkt till. til breytingar á þessum 7. lið, eins og hæstv. fjmrh. gat hér réttilega um, og að hans frumkvæði m. a. En mín ósk er hins vegar sú, og ég mun beita mér fyrir því í nefndinni, að endurskoðað verði hvort þetta ákvæði sé nægilega skýrt og ótvírætt, þannig að hér sé ekki hverju sinni um geðþóttaákvarðanir skattyfirvalda að ræða, heldur sé þetta alveg skýrt og ótvírætt. Ég fagna því að við hæstv. fjmrh. erum alveg sammála um þetta atriði. Og komi það í ljós að þetta ákvæði er ótvírætt og skýrt og skilmerkilega orðað þá er auðvitað engin ástæða til að breyta því. En komi hins vegar í ljós að þarna sé nokkur vafi og ástæða til að breyta, þá munum við auðvitað gera það. Ég fagna því að nefndin skuli þá hafa stuðning hæstv. fjmrh. til að breyta þessu á þann veg að taka af öll tvímæli ef einhver eru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 155). — Frh. 1. umr.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Aðeins eitt eða tvö orð um þær utandagskrárumræður sem fóru hér fram í upphafi fundar. Það eina sem ég vildi um þær segja er það að þeir sem þessara kvóta nutu vissu mætavel að reglurnar voru skýrar og auk þess hafði ráðh. tekið það fram í umr. 16. okt. s. l. Hann tók það fram að nú gerast veður válynd og það er vart við mjög mörgum róðrum að búast hér eftir. Það eina sem ég gæti hugsað mér að breyttist í þessu skyni er það að tekin yrði upp einhvers konar landshlutaskipting við þessar veiðar. En ekki meira um það.

Það hefur verið margítrekað að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er vel kunnugt þm. þar sem það er nær því samhljóða kvótafrv. frá því í fyrra. Þar sem ég átti þá ekki sæti á hv. Alþingi langar mig til að gera hv. þd. grein fyrir afstöðu minni. En fyrst langar mig þó til að víkja nokkrum orðum að því sem fram hefur komið í umr. hingað til.

Ég tel, þvert ofan í álit hv. 4. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vesturl., að þessi fiskveiðistefna, þ. e. kvótaskiptingin, hafi gengið betur fram en menn óttuðust í fyrra. Þrátt fyrir það að andstæðingarnir 12 væru nokkuð háværir á nýloknu Fiskiþingi voru þeir þó ekki nema 12 af 35 fulltrúum og samþykktir fiskideildanna hvaðanæva af landinu bera vott um yfirgnæfandi meirihlutafylgi við málið. Aðeins þrengst hugsandi eiginhagsmunamenn t. d. á Vestfjörðum og við Breiðafjörð, vildu skrapdagakerfið til þess að geta haldið áfram að moka að sér fiski í hrotum vegna nálægðar við miðin. Það var m. a. s. svo á Snæfellsnesi hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni fiskideildarfulltrúa að þeir heimtuðu kvóta á togarana en ekki á netabátana. Þar var nú ekki mikið verið að hugsa um gæðin eða dýrustu afurðir heldur þrengstu eigin hagsmuni. Og tvisvar á árinu upphófust háværar raddir um skaðsemi kvótakerfisins og óréttlæti og illar afleiðingar. Fyrst var það í aflahrotunni í

Breiðafirði í marsmánuði. Þá skildist manni á fjölmiðlum að það yrði almennt atvinnuleysi um allt Snæfellsnes það sem eftir væri ársins. Til gamans má geta þess að heima hjá hv. 4. þm. Vesturl. eða þar í grennd, á Sandi, Ólafsvík og Rifi, var í okt. ekki einn einasti atvinnuleysisdagur. I sept. var einn maður atvinnulaus og í ágúst tveir.

Svo í sumar, þegar togarar mokveiddu í einar 2—3 vikur fyrir norðvestan land, var gerð önnur tilraun til að brjóta þetta kerfi á bak aftur. Þá kom t. d. eitt af toppskipum Vestfirðinga með 30 tonn í kös á millidekki. Meira en helmingurinn af því var dæmdur frá vinnslu. Annað skip frá Suðurnesjum ruddist austur á firði með hauga af fiski á millidekki í sól og sumaryl sem þá var. Það var mestallt ónýtt þegar austur kom og sumt af því fór bókstaflega í bræðslu. Það var þessi fágæti dýrmæti þorskur okkar. Svo segja þessir menn að kvótakerfið eigi sök á þessu háttalagi.

Nú er enn nokkur hávaði vegna dágóðs línuafla fyrir vestan land og menn draga af þeim fiskisögum hinar ótrúlegustu ályktanir um stofnstærð þorsks. Það er svo gersamlega út í bláinn þegar menn eru að leggja til 350 þús. tonna þorskafla út frá svona lausafregnum að það tekur engu tali. Eru menn búnir að gleyma því að það náðust ekki nema 294 þús. tonn í fyrra þrátt fyrir að búið var að slaka á öllu skrapdagakerfi, stækka möskva, opna friðuð svæði og hvað eina? Nú um 1. nóv. er búið að landa um 238 þús. tonnum af þorski. Skv. reynslu fyrri ára gætu veiðst 25—30 þús. tonn til áramóta, þó líklega tæplega það. Heildaraflinn gæti m. ö. o. orðið um 265 þús. tonn í stað 257 sem að var stefnt. Það er alveg furðuleg niðurstaða, sem lesin var upp hér úr þessum ræðustól um daginn, að 297 þús. tonn af þorski mundu veiðast. Ellegar þá á innsíðu Morgunblaðsins s. l. laugardag, þar sem því er slegið föstu að 300 þús. tonn af þorski mundi veiðast á árinu. Og þetta á að vera allt saman til þess að sýna fram á galla kvótakerfis. Það voru gerðar vissar tilslakanir og tilhliðranir í sérstökum tilvikum, sem ekki virtust óeðlilegar á sínum tíma, en hafa eflaust orkað tvímælis. Sjálfsagt hefur þar verið teflt á tæpasta vað að því er varðar afkomu þorskstofnsins. En það var raunar alltaf við því að búast að þessar tilslakanir þyrfti að gera. Svo má heldur ekki gleyma því að hver einstakur þorskur er nú 15% þyngri en jafnaldrar hans voru í fyrra.

Þá vil ég víkja nokkrum almennum orðum að fiskveiðistjórnun og stjórnunarleiðum almennt. Fiskveiðar hafa mikla sérstöðu meðal atvinnuvega okkar þar sem svo háttar að margir aðilar nýta í sameiningu takmarkaða auðlind. Hagsmunir einstaklinga og heildarinnar fara ekki saman. En hvað gerist svo ef veiðarnar eru látnar afskiptalausar? Fyrr eða síðar kemur að því að heildarafli minnkar og fiskstofnar verða ofnýttir og jafnvel skapast hætta á að þeim verði gersamlega eytt. Sú atburðarás er Íslendingum mætavel kunn og þeir sem vinna við sjávarútveg þekkja hana best af reynslunni. Það hefur því verið gripið til aflatakmarkana og fleiri fiskverndunaraðgerða. Það þarf ekki að rekja dæmin um ofveiði flestra eða allra síldarstofna í Norður-Atlantshafi. En það þarf heldur ekki að rekja mjög góðan árangur friðunaraðgerða á íslensku Suðurlandssíldinni t. d. og Norðursjávarsíldinni — og reyndar skv. nýlegum fréttum á norsk-íslenska síldarstofninum. Þetta eru dæmi um mikilvægar, skynsamlegar friðunaraðgerðir og hagkvæmni þess fyrir fólkið sem greinina stundar til sjós og lands og fyrir þjóðarbúið í heild.

Stjórnleysi mun fyrr eða síðar leiða til ófarnaðar og vesældar meðan skynsamleg fiskveiðistjórnun felur í sér árvissan afrakstur og tekjumöguleika fyrir sjómenn og landverkafólk og bætta afkomu heildarinnar. Nú á tímum má telja það til undantekninga að auðlindir séu nýttar á sameignargrundvelli. Ástæðan er sú að reynslan af því fyrirkomulagi er afar slæm. Það má heita að fiskveiðar séu eina umtalsverða atvinnugreinin í heiminum þar sem þetta fyrirkomulag er enn við lýði þó að það sé á hröðu undanhaldi eftir tilkomu 200 mílnanna. Dæmi um þetta eru úr landbúnaði þar sem beitarlönd eru nýtt sameiginlega. En munurinn er sá að það er mun auðveldara að bæta skaðann á beitilöndum heldur en ef fiskstofnar eyðast.

Ég held því fram að öllum þorra landsmanna sé löngu orðið ljóst að það verður ekki komist hjá því að stjórna fiskveiðum Íslendinga á einn eða annan hátt. Það má rekja það allt til skýrslu frá Nýbyggingarsjóði á árinu 1945 að menn gerðu sér grein fyrir því að auðlindin, þ. e. fiskstofnarnir, er takmörkuð og óheft stækkun flota og sóknaraukning mun leiða til ófarnaðar. Ég held því líka fram að margendurtekið höfuðmarkmið fiskveiðistjórnunar, að veiða hverju sinni æskilegt magn úr hverjum stofni á sem ódýrastan hátt og ná þannig hámarksafrakstri veiðanna en tryggja jafnframt endurnýjun auðlindarinnar, sé óumdeilanlegt markmið. Þetta markmið hefur ekki náðst vegna þess að stjórnunartilraunir hafa mistekist í tveim veigamiklum atriðum. Fiskveiðiflotinn hefur stækkað jafnt og þétt og það ásamt öðru hefur stuðlað að auknum tilkostnaði við veiðarnar. Í öðru lagi hefur ekki tekist að halda aflamagni innan fyrir fram settra marka. Þau hafa þó oftast verið mun rýmri en vísindamenn hafa talið ráðlegt. Eftir þrjú ár minnkandi þorskafla er það held ég endanlega viðurkennt með þjóðinni að tími frjáls og ótakmarkaðs aðgangs að Íslandsmiðum er liðinn þó að deilurnar um stjórnunarleiðir séu enn þá heitar.

Hyggjum þá að því hvaða stjórnunarleiðir koma til greina. Fyrst er rétt að gera sér grein fyrir því hvaða aðferðum hefur hingað til verið beitt til að reyna að stjórna fiskveiðum Íslendinga. Í skýrslu rannsóknaráðs um þróun sjávarútvegs frá 1981 eru taldar upp sjö aðferðir sem með réttu eða röngu mega kallast nokkuð mismunandi í eðli sínu. Það eru svæðalokanir, það eru tímatakmörk, það eru heildarkvótar, það eru reglur um veiðarfæri, fjármögnun skipakaupa, veiðileyfi og svo verðlagning.

Með lokun svæða er átt við samfellda lokun, t. d. fyrir botnvörpu, eða tímabundnar lokanir einstakra svæða, t. d. vegna smáfisksgengdar. Þeirri stjórnun hefur verið beitt í allríkum mæli að banna veiðar ákveðinna fisktegunda, einkum þorsks, yfir ákveðin tímabil og hefur verið kölluð skrapdagar. Þessi bönn hafa eflaust hlíft þorskstofninum nokkuð. Hins vegar eru ýmsir annmarkar á framkvæmd slíks banns. Heildarkvóta eftir tegundum, þ. e. veiði hefur verið bönnuð þegar árskvóta hefur verið náð, hefur ekki verið beitt við botnfisk, en á hinn bóginn hafa skelfisk- og síldveiðar verið takmarkaðar á þennan hátt og enn fremur var svo tekinn upp kvóti á loðnuveiðar.

Hér á landi hefur tæknitakmörkunum og reglum um búnað veiðarfæra einkum verið beitt sem möskvastækk-

un og reglum um fjölda neta í sjó. Formlegt leyfi hefur aldrei þurft til skipakaupa, en í reynd kemur stjórnun lánveitinga eins út. Frá 1975 hefur verulega verið hamlað gegn lánveitingum, en með undantekningum **þó. Þessu stjórntæki var beitt í allríkum mæli án þess** þó að um heilsteypta stefnu hafi verið að ræða og **undansláttur hefur stundum eyðilagt árangur fyrri ára.** Aflakvótum til skipa hefur verið beitt á síldveiðum og að nokkru leyti í skelfiskveiðum. Það hefur ekki orðið ýkjamikil breyting á þessari stjórnunaraðferð frá 1975, nema þegar aflakvóti var tekinn upp við loðnuveiðar árið 1980. *Þá hefur í nokkur ár verið reynt að stýra sókn í fisktegundir með verðbótum, einkum á karfa og ufsa.*

Þessar reglur höfum við notað. Þær hafa vissulega gert sitt gagn til að vernda fiskistofna, en þó ekki nóg, og þær hafa haft lítið hagrænt gildi. Víðast hvar í heiminum, þar sem fiskveiðar skipta einhverju máli sem atvinnuvegur, hafa stjórnvöld afskipti af veiðum á einn eða annan hátt, stundum með styrkjum frá ríkisvaldinu. En þar sem fiskveiðar eru undirstaða efnahagslífs okkar munum við aldrei hafa efni á að styrkja þær, heldur þvert á móti verðum við að haga öðrum þáttum efnahagslífsins eftir velgengni veiðanna, og þá gengur sú leið ekki hér hjá okkur.

Sköttun er önnur leið til þess að stjórna veiðum. Það eru til menn sem hafa haldið því stíft fram að auðlindaskattur væri sú leið sem fara skyldi og með því móti mætti fækka fiskiskipum. Postulum auðlindaskatts fer nú fækkandi, enda er ekki vitað til þess að neinum meiri háttar fiskveiðiskap í heiminum sé stjórnað með auðlindaskatti. Auðlindaskatti má líka hafna af öðrum orsökum. Aðferðin er nánast ófær um að halda afla innan fyrir fram ákveðinna marka og því gagnslaus til að stjórna veiðum í stofna sem menn óttast að séu í hættu vegna ofveiði. Til þess þarf veiðileyfi fyrir ákveðnu aflamagni og oftast einnig kvótakerfi. Ég þekki að vísu ekki til fiskveiðistjórnar allra meiri háttar fiskveiðiþjóða heimsins en ég veit að eftirtaldar þjóðir hafa komið á hjá sér veiðileyfi og kvótakerfi í einhverri mynd: Norðmenn, Danir, Kanadamenn, Japanir og Færeyingar og nú síðast Grænlendingar. Ég skal ekki segja um það hvort erlendar fyrirmyndir hafa haft nokkur áhrif á bestu manna yfirsýn í okkar sjávarútvegi í fyrra. En niðurstaðan varð sú sama: leyfisbinding allra veiða og kvótaskipting er illskásta stjórnunaraðferðin við þær aðstæður sem við nú búum við.

Það hafa vissulega verið upphugsaðar ýmsar tegundir kvótakerfa. Heildarkvótar, þar sem öll skip veiða þar til leyfilegum hámarksafla er náð, hafa verið reyndir hér en ekki reynst nothæf tilhögun við botnfiskveiðar auk þess sem kapphlaupskostnaðurinn hefur verið gífurlegur. Menn hafa stundum imprað á landfræðilegri kvótaskiptingu eða skiptingu afla á vinnslustöðvar án þess þó að hafa, að því er virðist, hugsað þá hugsun til enda. En það er ekki nóg að menn samþykki að skipta afla á skip. Það er líka hægt að gera það með ýmsu móti. Fyrst verður að gera það upp við sig hvort menn vilja aflakvóta, þ. e. skiptingu eftir fjölda eða þunga, eða einhvers konar sóknarkvóta, þ. e. leyfi til að halda skipum af ákveðinni stærð og ákveðinni gerð úti í ákveðinn tíma með tiltekin veiðarfæri. Á þessu afbrigði kvótaskiptingar, sem vissulega gefur aflamönnum betra færi á að njóta sín, eru nokkrir alvarlegir gallar. Sóknarkvóti gerir það t. d. næstum ómögulegt að halda sig við fyrir fram ákveðinn heildarafla nema aflamarki sé beitt líka. Það mun í gildi nú gagnvart þorski og hugsanlega eiga að gilda á næsta ári líka.

Í öðru lagi þá hafa menn þurft vegna eftirlitsins að segja fyrir fram um það hvenær þeir ætla að vera á sjó **samkvæmt sóknarkvóta, hvað sem fiskgengd og gæftum** líður. Síðan er svo í þriðja lagi hættan á því að þeim sem fastast vilja sækja sinn rétt finnist þeir verða að fara í öllum veðrum af því að þeir eiga svo fáa veiðidaga. **Sóknarmarkið þarf að endurbæta og breyta ef það á að** verða til bóta. Sóknarkvótinn gæti allt að því verið hættulegur, eins og hann hefur e. t. v. stundum verið á rækjuveiðum.

Aflakvótanum má líka skipta á fleiri en einn veg. Það er mögulegt að úthluta skipstjóra eða áhöfn. Það er möguleiki á að úthluta útgerðarfyrirtæki aflanum. Það má hugsa sér að binda aflakvótann skipum. Það má hugsa sér að hafa aflamarkið jafnt á öll skip, það má deila eftir stærð og það má deila eftir frammistöðu eða reynslu, þ. e. hlutfallslegu aflamagni skipanna undangengin tímabil eða ár. Þegar um margs konar veiðiskap er að ræða flækir það málið og menn geta talið réttlátt að taka líka tillit til verðmæta kvóta þess sem aflað er í heild.

Það eru eflaust til fleiri möguleikar og það skal fúslega viðurkennt að valið á afbrigði af aflakvótum er erfitt. Ég get t. d. ekki gert það ótvírætt upp við mig hvaða tegund aflakvóta mér mundi falla best við. En við völdum okkur þessa leið í fyrra. Það var aðalleiðin og það var gert á lýðræðislegan og að mínu mati samviskusamlegan hátt. Ég ætla því ekki að fjalla mikið um kosti og galla annarra afbrigða aflakvóta sem hugsanlega hefðu komið til greina. Þó vil ég geta þess að breyttur sóknarkvóti, þar sem mönnum er gefinn kostur á að bæta úr því ef illa hefur gengið á viðmiðunarárunum, hlýtur að vera freistandi t. d. fyrir Norðlendinga sem bjuggu við sjávarkulda og aflaleysi viðmiðunarárin 1981 til 1983. Blönduð leið, þar sem að nokkru leyti er stuðst við frammistöðu eða reynslukvóta eins og nú en að nokkru leyti skipt jafnt á öll skip sömu stærðar, hlýtur líka að koma til greina.

Ef við hyggjum þá að ókostum þess aflakvóta sem við höfum búið við, þá legg ég ekki mikið upp úr því, eins **og sumir virðast gera, að aflakóngar fái ekki að njóta** sín. Góðir fiskimenn munu halda áfram að njóta virðingar á Íslandi, en í framtíðinni verður vonandi lagt meira upp úr gæðum og hagkvæmni en magni. Auk þess var, hvort sem það var rétt eða rangt, tekið tillit til **þessara sjónarmiða í fyrra. Hættan á því að smáfiski og** lélegum netafiski verði fleygt er fyrir hendi. En ákvæði í reglugerð í fyrra um smáfisk utan kvóta ættu að hafa dregið úr þessari hættu. Það er auðvitað erfitt að hafa eftirlit með þessu og yfirleitt er erfitt að hafa eftirlit með framkvæmd kvótaskiptingar. En ég kannast ekki við að neitt eitt kvótakerfi sé verra en önnur *í því tilliti.* Auðvitað hafa verið einhverjar kjaftasögur á kreiki um það að netamorku hafi verið fleygt. Það hefur alltaf verið gert eftir langar landlegur í einhverjum mæli. Það var líka gert í landi áður. Það kannast ég við frá vertíðunum 1961 og 1965 í Vestmannaeyjum. Það var líka gert þegar menn slæddu upp net sem misfarist höfðu. *Fiskinum var hent.* En að gefa í skyn að að þessu hafi verið mikil brögð í fyrra, það eru a. m. k. ýkjur. Ég hef spurst fyrir um það meðal manna sem reru frá

Hellissandi og Ólafsvík í vetur. Og þó menn hafi heyrt þetta nefnt þá er það eins og fjöðrin sem orðið hefur að fimm hænum hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni.

Um smáfiskinn hef ég tölur til 25. sept. Þá hafði verið landað samtals 1665 tonnum af smáfiski af togaraflotanum. Nú hefur smáfiskurinn væntanlega allur komið að landi. Jafnvel gæti verið að eitthvað af stærri fiski hefði verið talinn til smáfisks þó að ekki sé gott að henda reiður á því. En þetta er óvera, ef svo má segja, þetta er um 1,5 til 2% af aflamagni togaranna á þessum tíma. Það skyldi þó aldrei vera að öll upphlaupin undanfarin ár um smáfiskadráp hafi verið af þessari stærðargráðu, 1,5%, og ekki haft við meiri rök að styðjast.

Þeirri fagurfræðilegu þegnréttarspurningu hvort eðlilegt sé að úthluta mönnum sem þennan atvinnurekstur stunda, þ. e. fiskveiðar, einkaleyfum til að gera það áfram get ég ekki svarað. Reyndar sé ég fyrir mér að ýmis vandamál hljóti að koma upp þegar nýjar útgerðir vilja fá kvóta í framtíðinni. Kanadamenn hafa lent í vandræðum vegna þessa og ég reikna með að við lendum það líka. En ég vil skjóta því inn í og ítreka það að tal um atvinnuleysi vegna kvótaskiptingar á fiskafla er út í hött. Aftur á móti hefur atvinna sums staðar dregist saman vegna minnkandi afla. En það er allt annað mál. Kvótinn minnkar ekki heildaraflann. Hitt hef ég svo andstæðinga kvótakerfisins grunaða um, að vilja ekki halda sig við fyrir fram ákveðinn afla, hvort sem það eru fiskifræðingar eða stjórnvöld sem ákveða hann.

Ég vil ekki gerast langorður um rökin sem mæla með þessari skömmtunaraðferð, þ. e. kvótakerfinu, frekar en öðrum. Ég vil aðeins telja nokkur þeirra upp.

Í fyrsta lagi hlýtur tilkostnaður hjá hverri útgerð að minnka ef menn ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir taka þann afla sem þeim er ætlaður. Og það er hægt að sýna fram á það að sóknarminnkun hjá togaraflotanum samsvarar a. m. k. fimm til átta togurum á árinu. Það er verra að áætla bátasóknina enn þá sem komið er.

Í öðru lagi mun takmarkað aflamagn hafa stuðlað að betri meðferð afla þar sem tonnafjöldinn er nú gefinn og tekjurnar ráðast af gæðunum. Gæðin hafa batnað þegar á heildina er litið, hvernig sem menn vilja reyna að snúa út úr því. Það er náttúrlega markleysa að vera að telja með flottrollsfiskinn sem ég var að ræða um áðan.

Í þriðja lagi er líklegt að ýmis aukaafli og aukaafurðir verði frekar tekið til handargagns þar sem ekki þarf að nota allar smugur fyrir meiri þorsk núna.

Í fjórða lagi ætti einmitt að verða hægt að koma við betri samræmingu veiða og vinnslu þar sem kappið við að missa ekki af hrotunni ætti nú að vera mikið til úr sögunni. Það er einkennilegt að halda því fram að kvótakerfi trufli samræmingu veiða og vinnslu. Útgerðarmenn og fiskverkendur verða bara að stjórna sínum skipstjórum, skipuleggja veiðarnar, eins og margir hafa gert þetta ár, t. d. Útgerðarfélag Akureyringa og BÚR, svo einhverjir séu nefndir. Ég vil spyrja menn hvort þeir vilji láta tölvustýra sókninni úr Reykjavík ef þeir svo ekki ráða við sína skipstjóra.

Í fimmta lagi munu útvegsmenn og skipstjórar hafa betra næði til að hyggja að öðrum afla þegar hann gefst þar sem þeir fá sinn þorskskammt hvort sem er. Og síðast en ekki síst: með þessu móti helst afli innan þeirra marka sem stjórnvöld ákveða og fiskverkendur og seljendur geta byggt áætlanir sínar á þekktum forsendum. Þetta kalla ég samræmingu veiða og vinnslu. Hvort við veiðum í ár 265 þús. tonn eða 257, það tel ég sömu töluna.

Allt frá því 1979 var mér orðið ljóst að hið svokallaða skrapdagakerfi var orðið gjörsamlega ónýtt og gagnslaust og fyrr eða síðar mundum við þurfa að leyfisbinda allar veiðar og taka upp kvótakerfi í einhverri mynd. Ég vil benda mönnum á grein í Ægi, 5. tbl. 1980 af þessu tilefni. Mér er það nú ljóst að þar þurfti meira en einhver fiskifræðileg eða hagfræðileg tölvurök til þess að þetta kæmist á, enda voru þorskaflaspár frá þessum árum vægast sagt lítið traustvekjandi. Menn urðu að reka sig á aflaleysi sem ekki nægði að afsaka með einhverjum hindurvitnum. Þetta hélt ég líka að hefði verið skoðun hf. þm. Kjartans Jóhannssonar. Ég skildi ekki afstöðu Alþfl. til þessara mála í fyrra. Hvort eitthvað hefur breyst síðan skal ég ekki segja um. Ég býst a. m. k. við að hv. þm. Magnús H. Magnússon hafi kynnt sér vilja Vestmanneyinga í þessum efnum. Það var alla tíð ljóst að það yrði afskaplega óvinsælt að koma þessari skömmtun á, einkum ef aðstæður væru orðnar eins og nú og í fyrra, að verulegur aflasamdráttur var óhjákvæmilegur samhliða breytingunni. Hins vegar kann ég ekki lýðræðislegri framgang á máli heldur en hafður var á.

Það var margtekið fram að kerfið væri aðeins sett upp til reynslu í eitt ár og yrði endurskoðað frá grunni að því loknu. Það verður gert. Þessu trúa sumir ekki og halda að upp sé komið viðvarandi skömmtunarkerfi. Það má vel vera að kvótakerfi á þorsk og annan botnfisk haldi áfram, eins og reyndar er staðreynd við allar aðrar veiðar. En reynslukvóti frá 1981—1983 gengur auðvitað ekki til eilífðar.

Aðrir segja að þetta fyrirkomulag bjóði upp á einræðisvald sjútvrh. sem geti með því móti mismunað gæðingum og samtökum. Þetta tel ég hina mestu firru og það sé einmitt nú fyrst sem lög gera ráðh. skylt að hafa samráð við Alþingi og hagsmunaaðila um mótun fiskveiðistefnu. Fyrir utan það að enginn ráðh. hefur getað né mun geta framkvæmt fiskveiðistefnu í andstöðu við sjómenn og útvegsmenn. En hingað til hafa ráðh. einmitt getað eyðilagt alla vitræna fiskveiðistefnu með lánum til skipakaupa.

Þá vil ég að lokum geta þess, virðulegi forseti, að ýmsir, m. a. sjálfstæðismenn, létu í ljósi vonbrigði með það í fyrra — og gera enn að aðrir flokksmenn og þm. skuli geta samþykkt fiskveiðistjórnarfar sem þeir kalla sósíalisma, jafnvel sósíalisma andskotans. Líklega mun það vera fremur óvanalegt fyrir Kristján Ragnarsson og aðra í stjórn LÍÚ að vera sakaðir um slíkar tilhneigingar. En það er dálítið kaldhæðnislegt að sósíalistar og Alþb.-menn skuli vera hatrömmustu andstæðingar þessa forms á veiðistjórnun. Ég er sannfærður um að þessi viðleitni hagsmunasamtaka sjávarútvegsins til að bjarga því sem bjargað varð af undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar verður til góðs. Og það er lágmarkskrafa til þeirra sem hæst láta í gagnrýni á þessa fiskveiðistjórnun að þeir bendi á aðrar leiðir að sömu markmiðum. Að ætla að lengja jólin og verslunarmannahelgina um nokkra daga er tilgangslaust kák og út í hött.

Ég vík þá aðeins örfáum orðum að þeim atriðum sem breytt hefur verið í því frv. sem nú liggur fyrir. Frv. er að vísu að mestu leyti óbreytt og hefði kannske átt að

vera algjörlega óbreytt. Það hefur auðvitað meginþýðingu hvernig reglugerðirnar verða sniðnar eftir lögunum og ég vona að þm. fái að fylgjast grannt með smíði þeirra.

Það ákvæði sem breytt er í 1. gr., að ráðh. er heimilt að úthluta aflamarki skips, sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða, til útgerðarfyrirtækis skips eða fiskvinnslufyrirtækis þess sem skipið hefur einkum lagt upp afla hjá, er betur orðað en í fyrsta uppkasti sem ég sá. Ég er þó ekki viss um að ég sætti mig fyllilega við þetta orðalag.

Við ákvæði um framsal sóknardaga neðar í sömu grein: „Ráðh. getur heimilað framsal úthlutaðs aflamarks og sóknardaga og sett reglur um skilyrði framsals og riftun þess telji hann ástæðu til“ vil ég ekki gera athugasemd í sjálfu sér. En sala á kvótum er vandmeðfarið mál yfirleitt. Það er vandmeðfarið og það gengur auðvitað ekki til lengdar að einstaklingar í útgerðarmannastétt geti fengið ávísun upp á sameiginlega auðlind íslensku þjóðarinnar og sjómannastéttarinnar sér í lagi, að þeir geti fengið ávísun ár eftir ár og selt hana. Það gengur ekki til frambúðar. Mér finnst fyllilega koma til greina að skoða hvert einstakt tilfelli þar sem kvóti hefur verið seldur og hvort það skip eigi að fá hann aftur. Það þarf að skoða það mjög vandlega. Þetta er vandmeðfarið mál.

Í þriðja lagi held ég að 6. gr. geti ekki gengið. Það eru enn margir afskaplega ósáttir við kvótakerfið og ég held að Alþingi og ráðh. verði að taka það á sig að breyta því og endurbæta árlega meðan þarf. Hagræði vinnslunnar og söluaðila er auðvitað nokkuð takmarkað, þó svo að við hefðum þriggja ára kvóta, því að kvóti sá gæti aldrei orðið gefinn út nema sem lágmark vegna óvissunnar í fiskifræðinni. Við gætum t. d. ákveðið að menn skyldu ekki veiða nema 200 þús. tonn í það minnsta næstu þrjú ár og bætt svo við þegar vitað er meira um stofnstærðina. En til hvers væri það fyrir söluaðila og vinnslu?

Virðulegi forseti. Þetta er orðið nokkuð langt mál en ég taldi nauðsynlegt af þeim orsökum sem ég gat um í upphafi að fara um þetta allnokkrum orðum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 19. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Stjórnarskipunarlög, frv. 32. mál (þskj. 32). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 51. mál (þskj. 51). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. 139. mál (þskj. 144). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 136. mál (þskj. 141). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965. Flm. ásamt mér eru hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, og hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal. Þetta er 136. mál Nd. á þskj. 141.

Frv. felur í sér í stuttu máli að komið verði á fót sjálfstæðri rannsóknarstofnun sem nefnist Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins og heyri undir iðnrn. Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt og er nú endurflutt því sem næst óbreytt.

Ég ætla þá, herra forseti, að víkja nokkrum orðum að uppbyggingu frv. og innihaldi þess og skýra nokkrar greinar þess. Uppbygging og skipulag þessarar rannsóknarstofu er í öllum aðalatriðum sniðin eftir köflum III—VII í gildandi lögum um þær rannsóknarstofnanir atvinnuveganna sem fyrir eru. Þó er rétt að vekja athygli hv. þd. á nokkrum atriðum varðandi einstakar greinar frv.

Í 55. gr. er kveðið á um það að Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins skuli staðsett á Akureyri eða í nágrenni. Um það atriði segir í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Gerð er tillaga um að Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins verði valinn staður á Akureyri. Er það m. a. gert vegna þess að hér þarf nánast að byggja frá grunni nýja stofnun og gefst því gott tækifæri til að sýna í verki vilja til dreifingar ríkisstofnana um landið. Einnig má á það benda að á Eyjafjarðarsvæðinu fellur mikið til af hráefnum frá landbúnaði og sjávarútvegi sem ætla má að geti orðið undirstaða öflugs lífefnaiðnaðar. Þá mundi tilkoma slíkrar rannsóknarstofnunar efla skólastarf á æðri stigum á viðkomandi stað og verða lyftistöng í menntunarmálum jafnt sem í atvinnulegu tilliti.“

Í fyrirspurnartíma hér á hv. Alþingi fyrir nokkrum dögum var til umr. álit nefndar sem fjallaði um möguleika á eflingu Akureyrar sem miðstöðvar menningar og vísinda utan höfuðborgarinnar. Sú nefnd fjallaði m. a. um nám á háskólastigi á Akureyri og gerði till. um að það yrði tekið upp þegar næsta ár. Einnig fjallaði sú nefnd um vísindarannsóknir og taldi nauðsynlegt að efla þann þátt á Akureyri. Við þetta mætti svo bæta því að á Eyjafjarðarsvæðinu hefur undanfarin ár horft alvarlega um atvinnumál. Rökstyður það svo sannarlega að þar er þörf fyrir nýsköpun í atvinnulífi. Koma slíkrar rannsóknarstofnunar á það svæði, eins og hér er flutt frv. um, og sú þekking, sem þar með mundi

flytjast inn í byggðarlagið og þróast upp, getur haft margháttuð jákvæð áhrif á atvinnulíf á viðkomandi stað. Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að norðanlands sé fyrir hendi mikill áhugi á því að nýta möguleika lífefnatækninnar til nýrrar sóknar í atvinnulífi. Þess hef ég orðið var víða í fjórðungnum. Ég tel því, herra forseti, að till. um að þessi rannsóknarstofnun verði byggð upp á Akureyri sé í góðu samræmi við niðurstöður nefndar þeirrar sem ég vitnaði til hér áðan og í góðu samræmi við þá ríku þörf sem talin er vera á rannsóknum sem forsendu allra framfara á þessum sviðum.

Í 58. gr. er ákvæði um það að forstjóri stofnunarinnar skuli skipaður til fjögurra ára í senn. Ég vek athygli á þessu vegna þess að í gildandi lögum um aðrar rannsóknarstofnanir atvinnuveganna eru engin tímamörk sett hvað þetta varðar. Ákvæði þetta er hins vegar hliðstætt lögum um Iðntæknistofnun Íslands.

Í 60. gr. er talið upp hverjir skuli tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefnd þessarar stofnunar. Það eru: Alþýðusamband Íslands, bæjarstjórn Akureyrar, Iðntæknistofnun Íslands, rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, einn fulltrúa hver, verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Vinnuveitendasamband Íslands og svo á forstjóri stofnunarinnar sæti í nefndinni eins og venja er. Þessar tilnefningar skýrast að hluta til af staðsetningu rannsóknarstofnunarinnar, þ. e. hvað bæjarstjórn Akureyrar og Verkmenntaskólann á Akureyri og hugsanlega fleiri aðila á viðkomandi svæði varðar. Einnig þótti rétt, m. a. með hliðsjón af staðsetningu og eðli starfseminnar, að aðrar rannsóknarstofnanir atvinnuveganna ættu aðild að ráðgjafarnefndinni svo og Iðntæknistofnun og verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins er í þessu tilfelli jafn sjálfsögð og þegar um aðrar hliðstæðar stofnanir er að ræða.

Í 61. gr. er verksvið stofnunarinnar skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Verkefni Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins skulu m. a. vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir lífefnaiðnaðinn í landinu.
2. Rannsóknir á nýtingu innlendra hráefna til lífefnaiðnaðar.
3. Rannsóknir og þróun framleiðslutækni og aðferða í lífefnaiðnaði og aðstoð við að koma á fót nýjum framleiðslugreinum.
4. Uppbygging og rekstur tilraunaverksmiðju á sviði lífefnaiðnaðar.
5. Nauðsynleg rannsóknarþjónusta við lífefnaiðnaðinn.
6. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965 er kafli um almenn ákvæði svo sem um tekjur hinna ýmsu rannsóknarstofnana. Einnig segir í núverandi 63. gr. áðurnefndra laga að nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, megi setja með reglugerð. Þ. á m. er heimilt að ákveða breytingar á verksviði einstakra stofnana, enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknarstofnana að kenna við Háskóla Íslands. Með lögunum er því einungis verið að setja starfseminni lagaramma og skilgreina verkefni eða verksvið einstakra stofnana í grófum dráttum. –

Um nauðsyn slíkrar rannsóknarstofnunar á sviði lífefnaiðnaðar mætti hafa langt mál, herra forseti. Í áfangaskýrslu nefndar um lyfja- og lífefnavinnslu, sem skilað var í maí árið 1974, segir að lífefnaiðnaður muni almennt eiga bjarta framtíð fyrir sér og mikið magn sé til af hráefnum fyrir slíkan iðnað. En nefnd þessi tók jafnframt fram að umfangsmiklar og skipulegar rannsóknir væru forsenda þess að kanna grundvöll lífefnaframleiðslu og ráða þyrfti sérstakt starfsfólk til að sinna slíkum rannsóknum.

Lífefnaiðnaður hefur verið talsvert til umr. undanfarið. Ég tel óþarft að telja hér upp allar þær glæstu framtíðarspár, sem menn hafa haft um framtíð þessarar atvinnugreinar. Hv. þm. hafa fengið send gögn um þetta efni á þessum vetri og fyrri vetrum og eflaust kynnt sér þau gaumgæfilega. Þau tala sínu máli um það nánast samhljóða álit allra sem til þekkja, að þessi tegund atvinnurekstrar eigi sér mikla framtíð. Því er þetta mál hér flutt með tilvísan til þess.

Það má eflaust deila um þá tilhögun, herra forseti, sem hér er gerð till. um, þ. e. að komið verði á fót sérstakri rannsóknarstofu sem sérhæfi sig í þessum rannsóknum. Sjálfsagt telja ýmsir eðlilegra og handhægara að fela einhverjum af þeim rannsóknarstofnunum, sem fyrir eru og liggja nálægt þessu verksviði, þetta verkefni. Því er til að svara að séu möguleikar lífefnaiðnaðarins eða líftækninnar sem aðferðar slíkir sem flestir telja, þá muni umfang þeirrar rannsóknar- og tilraunastarfsemi fyrr eða síðar verða slíkt að heppilegast væri að um eina sjálfstæða stofnun væri að ræða. Ég tel einnig ýmsa kosti því samfara að sameina þegar í upphafi kraftana í einni stofnun og á einum stað. Ég vek athygli á því að hér er ekki um að ræða ýkja fjárfreka uppbyggingu. Laun starfsfólks og nauðsynlegasta vinnu- og rannsóknaraðstaða er það sem fyrst þarf til að koma.

Ég lít svo á, herra forseti, að afstaða manna til mála eins og þessa sé ákveðinn prófsteinn á vilja þann sem liggur að baki almennum yfirlýsingum sem nokkuð eru algengar þessa dagana um nauðsyn á nýsköpun í atvinnulífi. Ég vil taka fram að tillöguflutningur þessi er ekki á nokkurn hátt vantraust á þær stofnanir og þá menn sem af miklum áhuga hafa sinnt merkum athugunum á möguleikum líftækninnar hér. Það samstarf, sem ýmsir aðilar á þessu sviði hafa nú tekið upp, er spor í rétta átt, að sameina kraftana og varða veginn fram á við.

Þá er það ekki ólíklegt að einhverjir þykist sjá á því vankanta að byggja slíka starfsemi upp annars staðar en í Reykjavík. Því er til að svara í því tilfelli að ef menn gefast sífellt upp fyrir slíkum raunverulegum eða ímynduðum erfiðleikum verður auðvitað ekkert af því nú og enn síður í framtíðinni að stofnanir af þessum toga byggist upp utan höfuðborgarsvæðisins. Þá má heldur ekki gleyma því að því geta fylgt ýmsir kostir að setja niður starfsemi af þessum toga á stað eins og Akureyri. Í minna samfélagi skapast nánari tengsl milli manna, stofnana og atvinnulífs og skóla. Með öflugan sjávarútveg og landbúnað og ríka iðnaðarhefð, m. a. í matvælaiðnaði, hefur Akureyri upp á fyrsta flokks aðstæður að mínu mati að bjóða til að hýsa slíka stofnun. Og hvað sem öllu öðru líður, herra forseti, hefur mér vitanlega enginn sannað enn þá að mönnum gangi verr að hugsa vestan við Borgarfjörð, norðan við Holtavörðuheiði

eða austan við Flóa svo að ekki ætti það að vera til fyrirstöðu í þessu tilfelli.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. iðnn.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég fagna því að við fáum hér tækifæri til að ræða málefni þessarar fyrirhuguðu atvinnugreinar. Hún hefur blessunarlega komið nokkuð oft til tals síðustu tólf mánuðina á hæstv. Alþingi og það horfir til bóta ásamt þeim vaxandi áhuga sem menn sýna nýsköpun í atvinnuháttum og framtíðinni.

Ég hef vissar efasemdir um að stofnunar sé þörf í þessum efnum, a. m. k. fyrsta kastið. Líftækni má kalla þvergrein. Hún sækir efni til mjög margra og ólíkra greina. Hún er samsett af þekkingu úr eðlis- og efna- og tæknifræði. Hún er samsett af þekkingu úr líffræði, lífefnafræði, líffeðlisfræði og ótal ólíkum greinum. Þegar fyrstu spor líftækni voru stigin erlendis varð hennar fyrst vart á hinum ólíkustu stöðum í ýmiss konar grundvallarrannsóknum sem voru í ákveðnu sambandi við deildir eða stofnanir sem þá þegar voru fyrir hendi. Það er á þeim margþætta grunni sem líftæknin hefur vaxið síðan. Síðan hefur raunin orðið sú að þegar hún hefur eflst og magnast og ákveðin verkefni hafa verið tekin fyrir hafa bæði verið stofnuð utan um líftækni sérstök fyrirtæki og sömuleiðis hafa verið stofnaðar sérstakar deildir. En það eru að mínu mati skref sem menn ættu að stíga síðar á þróunarferlinum en við erum komin.

Líftækninnar hefur orðið vart hér á Íslandi á þennan sama hátt. Það eru rannsóknarmenn t. d. á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, það eru rannsóknarmenn á Keldum, á veirustofu Háskóla Íslands, frá Líffræðistofnun Háskólans, frá Raunvísindastofnun Háskólans og víðar sem hver frá sínu sjónarhorni hafa fengið áhuga á þessum málum. Á þessum grunni hafa þeir byggt sínar tillögur og stigið sín fyrstu spor. Ef þessum mönnum væri steypt saman í eina stofnun er á vissan hátt verið að breyta því umhverfi sem verið hefur undirrótin. Á þessum stofnunum er nú þegar ýmiss konar aðstaða. Þar eru bækur, bókasöfn og gagnasöfn, þar er tækjabúnaður, þar er ýmiss konar þekking og ýmiss konar reynsla fyrir hendi. Slíks þarf ekki að afla eða kaupa að nýju þó að ákveðnir aðilar hneigist meira og meira að líftæknirannsóknum.

Það sem hefur gerst blessunarlega á allra síðustu misserum í sambandi við líftækni hér á Íslandi er nákvæmlega það að menn frá þessum ólíku stofnunum hafa komið sér saman um og skipulagt rannsóknarverkefni. Nýjasta dæmið er skýrsla sem er nýlega búið að taka saman af nokkrum aðstandendum líftækninnar. Það hefur myndast vísir að samráði og samstjórn varðandi fjármögnun, fjáröflun og skipulagningu rannsóknanna. En eftir sem áður vinnur hver á sínum stað. Menn vinna áfram þar sem þeir hafa tæki, gögn, aðstoðarfólk og aðgang að upplýsingum og þekkingu. Það er því ekki rétt að mynda sérstaka stofnun á þessu stigi líftækniþróunar á Íslandi.

Hins vegar, eins og ég lýsti í upphafi máls míns, má vel vera að það komi að því síðar, ef verkefni verða stærri og öflugri og ef fólkinu fjölgar sem við þau vinnur. E. t. v. kemur sú stund að mönnum þyki skynsamlegt að koma á laggirnar sérstakri stofnun eða deild. Þá tel ég að Akureyri geti mjög vel komið til greina. Við vitum að þekkingarmiðlun nú til dags er auðveld og möguleikar til að hafa samband sín á milli með tölvum og ýmiss konar nýjustu tækjum eru miklir. Mönnum er því ekkert til fyrirstöðu að hafa nána samvinnu eða miðla upplýsingum á milli landshluta. Ég geri því engar aths. við staðarvalið út af fyrir sig, en ég tel að í augnablikinu sé stofnunin sjálf ekki tímabær og legg áherslu á þær fjölþættu rætur sem líftæknin á í tækni og þekkingu.

Ég held að það sé kannske brýnna verkefni á þessum misserum að fjármagna þá viðleitni sem þegar er hafin. Á þeim stofnunum sem ég vísaði til áðan er fyrir þekking, fólk í vinnu, tækjabúnaður, húsnæði. Ég held að ástæða sé til að verja þeim peningum sem menn vilja verja til líftækninnar á einhvern hátt til að styrkja þá viðleitni sem þegar er hafin og láta stofnunarmyndunina sjálfa bíða enn um sinn.

En ég ítreka að það er gott og kærkomið að fá tækifæri til að ræða þessi mál, ekki síst þar sem ég veit að hv. fjvn. hafa verið afhent gögn um ákveðin þróunarverkefni í líftækni og að ýmsir eru um þessar mundir vongóðir um að við megnum e. t. v. á allra næstu misserum að stíga þar djarfleg spor.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það í sambandi við þetta frv. að mikla nauðsyn ber til þess að efla sjálfstæða rannsóknastofnun með starfsemi úti á landi og einnig þarf að gefa því meiri gaum og fylgja því fastar eftir en gert hefur verið að opinberar stofnanir verði staðsettar á öðrum stöðum en á stór-Reykjavíkursvæðinu. Fyrir utan það að hér er hreyft athyglisverðu og nauðsynlegu máli með hliðsjón af eflingu lífefnaiðnaðar hér á landi er áhersla lögð á að miðstöð slíkrar rannsóknastarfsemi verði á Akureyri, sem ég tel jákvætt, og er það ástæðan fyrir því að ég gerist meðflm. að þessu frv. Ég vil leggja áherslu á að sú þingnefnd sem fær málið til meðhöndlunar athugi þetta mál ofan í kjölinn og geri sér grein fyrir hvernig að þessu þýðingarmikla máli skuli staðið.

Ég vil í öðru lagi leggja áherslu á að Akureyri hefur frá fornu fari verið mikil menningar- og skólamiðstöð. Út af ummælum hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég jafnframt leggja áherslu á það að að minni hyggju er kannske brýnasta málið fyrir skólabæinn Akureyri um þessar mundir að efla verkmenntaskólann sem þar er verið að byggja og nauðsynlegt í tengslum við hann að stuðla að því að almenn iðnþróun geti gerst í tengslum við þann skóla, í nágrenni við hann verði skipulagt sérstakt svæði fyrir iðnfyrirtæki og með samstarfi þeirra fyrirtækja sem munu rísa við verkmenntaskólann, gagnkvæmum tengslum, takist að hrinda fram verulegri iðnþróun þar nyrðra, enda sýnir reynslan að annars staðar á landinu er ekki vænlegra að nýjar iðngreinar skjóti rótum.

Ég vil í þriðja lagi leggja áherslu á að flutningur till. af þessu tagi eða tal um lífefnaiðnað eða iðnþróun almennt þar nyrðra má ekki láta í gleymsku falla þá höfuðnauðsyn að myndarlegt fyrirtæki rísi hið skjótasta við Eyjafjörð sem geti orðið byggðarlögunum þar næg vítamínssprauta til þess að byggðir þar fari aftur vaxandi og meiri bjartsýni gæti þar en verið hefur um hríð. Ég hef orðið var við að ýmsir fulltrúar ýmissa stjórnmálaflokka telja sjálfsagt að stóriðjufyrirtæki rísi beggja vegna við Eyjafjörð, bæði á Húsavík og í Skagafirði, en

á hinn bóginn virðast fulltrúar ýmissa flokka reyna að slá keilur með því að stinga Eyjafjörð svefnþorni í þeirri atvinnuuppbyggingu sem nú er hvað hröðust og mest á dagskrá. Ég vil þess vegna, um leið og ég legg áherslu á að þingnefnd taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, leggja áherslu á hitt, sem raunar kom fram í máli flm. hér áðan, að þetta frv. dregur ekki úr nauðsyn uppbyggingar á nýjum iðnaði, nýiðnaði, þar nyrðra og getur ekki orðið til þess að draga úr þeirri áherslu sem þm. Norðurl. e. hljóta að leggja á stóriðjuver við Eyjafjörð ef þeir vilja vera trúir því byggðarlagi sem þeir eru kjörnir á þing fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég er nú ekki nógu vel undirbúin undir þetta mál, en mig langaði til þess að segja nokkur orð.

Ég efast um það að heppilegast væri á þessu stigi málsins að stofna rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins á Akureyri, jafnvel þó að það kynni að verða ákjósanlegt síðar. En ég vil hins vegar leggja áherslu á að það er nauðsynlegt að íhuga mjög vel einmitt núna hver stefna okkar Íslendinga verður í þróun líftækni og lífefnaiðnaðar og ekki síst í þróun þeirrar þekkingarsköpunar sem er grundvöllur og óhjákvæmileg undirstaða undir slíkan iðnað. Og þess vegna álít ég að stuðningur við slíka þekkingarsköpun hljóti að vera forgangsverkefni okkar núna.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Guðmundur Einarsson var að segja hér áðan, að það væri e. t. v. ekki ákjósanlegt að setja á fót stofnun núna á þessu stigi málsins með tilliti til þess hversu fjölþættar rætur þessi hugsanlega atvinnugrein eða þverstæða vísindagrein ætti, tel ég að það sé e. t. v. rétt, en jafnframt held ég að það sé lífsnauðsynlegt fyrir bæði þekkingarsköpunina og líka fyrir það samstarf sem nauðsynlegt er, aðila úr hinum ýmsu vísindagreinum, að tryggður sé lágmarks samstarfsgrundvöllur og hann verður að vera staðbundinn. Samstarf þrífst oft ekki á milli bygginga. Það er jafnvel stundum erfitt á milli hæða. En það verður að vera einhvers konar stofnun í formi samstarfs þó að hún sé ekki hús. Ég held að það sé eitt af aðalatriðunum að það verður að fjármagna einhverja lágmarksstarfsemi þar sem hinir ólíku aðilar ná saman til þess að virkja saman þekkingu sína. Og það held ég að sé íhugunarefni núna fyrir okkur í þeirri stefnumótun sem við stöndum frammi fyrir í dag hvernig við stöndum að því.

Mig langar til að geta þess — af því ég kom hér upp — að ég átti þess kost í síðustu viku að vera stödd í breska þinginu. Þar stóð upp hver þingmaðurinn á fætur öðrum og varaði fjmrh. Nigel Lawson alvarlega við þeim niðurskurði í menntamálum sem ætti sér stað á þeim fjárlögum sem lögð voru fram með stefnuræðu forsrh. og var verið að ræða þessa viku í þinginu. Meðal annarra var James Callaghan og hann varaði alvarlega við því hvað slíkt mundi hafa í för með sér fyrir atvinnuþætti á Bretlandi í náinni framtíð og lauk máli sínu með því að segja að Bretar væru hröðum skrefum á leið með að verða minjasafn meðalmennskunnar og yrðu ekki aflögufærir eða gætu séð sér farborða, yrðu einungis þiggjendur á öld hinnar nýju tæknibyltingar ef ekki yrði gripið í taumana. Mér varð nú hugsað til okkar hér uppi á Íslandi þegar ég hlustaði á áhyggjur þessa manns. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir okkur að við mörkum okkur stefnu sem fyrst og reynum síðan að fylgja ötullega eftir þeirri stefnu sem við höfum markað.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég ætla ekki undir þessum dagskrárlið að fara út í almennar umræður um atvinnuástand í Norðurl. e. Ég vil þó geta þess að í þeim efnum trúi ég því að margt smátt geri eitt stórt. Hér er kannske eitt af þessu smáa á ferðinni sem með öðru og í fyllingu tímans getur átt drjúgan þátt í að efla atvinnulíf hvort sem það er á Norðurl. e. eða annars staðar.

Ég vil vegna orða hv. 4. landsk. þm. Guðmundar Einarssonar vekja athygli hans á því að í frv. þessu er ekki talað um stofnun, heldur um rannsóknastofu. Á þessu má gera nokkurn greinarmun. Það er ekki verið að flytja hér till. um mjög stóra stofnun og mikið af steinsteypu, heldur fyrst og fremst talað um rannsóknaaðstöðu sem hafi þó yfir sér það stjórnunarform sem einkennir aðrar rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Ég hef þegar skýrt hvers vegna ég tel heppilegast að standa svo að málum frá byrjun.

Í tilefni af orðum hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og Guðmundar Einarssonar vil ég vekja athygli á því að menn kunna að segja sem svo að ekki sé tímabært á þessu stigi málsins að hefja starfsemi af þessu tagi á einum stað og í einni stofnun. Og menn kunna að telja skynsamlegra að verja nokkru fé — og ekki er ég í sjálfu sér mótfallinn því — til slíkrar starfsemi í hinum ýmsu stofnunum. En þá vek ég athygli á því að ég þykist glöggt sjá hvað verður um þá hugmynd að byggja þessa rannsóknastofu norður á Akureyri og gera Akureyri að miðstöð þessarar starfsemi ætli menn að láta eins og tíu ár eða fimmtán líða áður en hugmyndinni verður hreyft að nýju. Á sama tíma verður vonandi auknu fé varið til þessarar starfsemi og hún hleður utan á sig hvar sem hún verður ástunduð. Þá þykist ég glöggt sjá að ekki þýði að koma á hv. Alþingi og gera þá tillögu um að flytja þessa tegund starfsemi norður yfir heiðar. Þá verður við ýmiss konar erfiðleika að etja í því sambandi sem ekki eru fyrir hendi ef menn grípa tækifærin þegar þau gefast, þegar þarf að byggja upp nýja tegund starfsemi sem hvergi er fyrir. Menn reka sig á marghátt-uð vandamál, m. a. mannlegs eðlis, ef taka á upp starfsemi, sem þegar er komin á fót á einum stað, og flytja hana annað. Þess vegna held ég að það sé þeim mun mikilvægara að menn láti ekki lönd og leið þau tækifæri sem enn gefast til að byggja upp nýja starfsemi sem á að fara af stað úti á landi, ef menn á annað borð meina eitthvað með tali sínu um jafnvægi í byggð landsins og flutningi á opinberum stofnunum út um land. Það er margfalt auðveldara viðfangs að byggja upp nýja starfsemi en flytja aðra sem þegar er komin á fót. Á það vil ég leggja ríka áherslu í þessu sambandi.

Þar með er ég ekki að segja að ekki skuli stutt vel við bakið á þeim stofnunum og þeim mönnum sem nú eru að sinna þessu verkefni. Ég hef þegar tekið það fram og ég dáist að framtaki þeirra. En ég vek aftur athygli á því að það sem hingað til hefur verið gert er fyrst og fremst í formi kannana og athugana og sú starfsemi er dreifð um ýmsar stofnanir og vegalengdir í Reykjavík eru orðnar býsna miklar. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði um nauðsyn þess að menn starfi saman og hafi náinn samgang í slíkum verkum. Einmitt þess vegna tel ég að staður eins og Akureyri, sem hefur

að mínu mati allt sem til þarf upp á að bjóða, hafi einnig mikla kosti í þessu sambandi, m. a. vegna þess að þar er samfélag af hóflegri stærð sem gefur færi á nánu samstarfi slíkra rannsóknastofnana, menntastofnana og yfirleitt allra sem þessum málum tengjast.

Ég verð að vekja athygli hv. þm. Guðmundar Einarssonar á því að það eru einnig til bækur norðanlands og það eru einnig til rannsóknastofur norðanlands. Og í bæjarfélagi eins og Akureyri, sem á sér mikla iðnaðarhefð og hvar er að finna t. a. m. iðnrekstur Sambands ísl. samvinnufélaga, einhvern hinn stærsta af þeim toga á landinu, öflugan matvælaiðnað, eru auðvitað fyrir hendi þekking, rannsóknaaðstaða og bækur sem hægt er að nýta í þessu skyni. Það er einnig til húsnæði á Akureyri. Þar er laust íbúðarhúsnæði á jafnvel betri kjörum en bjóðast í Reykjavík. Ég gæti lengi talið það fram sem Akureyri sem slík hefur upp á að bjóða í þessum efnum. Ég tel því ekki ástæðu til þess að gefast upp að órannsökuðu máli fyrir þeim erfiðleikum sem hugsanlega eru á því að hleypa þessari starfsemi af stað norðan heiða. Ég bið hv. þm., hvort sem þeir eru af landsbyggðinni komnir eða úr Reykjavík, að athuga að ef við viljum vinna að jafnvægi í byggð landsins er mikilvægt að hvert slíkt tækifæri, sem kemur upp í hendurnar á okkur til að hleypa af stokkunum starfsemi sem á að fara af stað einhvers staðar á landinu, verði ekki látið ónotað því nægir eru erfiðleikarnir á því samt að finna þau tækifæri sem upp á þetta bjóða. Og ég minni aftur á þá erfiðleika sem því eru samfara að ætla sér að flytja starfsemi sem þegar er fyrir hendi og þegar er búin að festa rætur, sem þm. hafa hér rætt um, í einhverju ákveðnu byggðarlagi.

Ég er að leggja til að þessi starfsemi verði frá upphafi — þegar henni verður hleypt af stað með skipulegum hætti sem vonandi verður á næstu árum — sett niður á Akureyri og hún fái frá upphafi að festa sínar rætur þar. Ég geri mér grein fyrir því að þetta verk kann að taka nokkurn tíma, ég er ekki hér að flytja um það tillögu að þetta verði hafið á morgun, en ég tel þó nauðsynlegt, m. a. vegna þess mikilvægis sem menn telja að þessi atvinnustarfsemi geti skipað í framtíðinni, verði rétt á málum haldið, að ekki verði eytt meiri tíma til einskis og málin þegar í stað könnuð.

Herra forseti. Þetta mál fór hér í gegnum eina umr. á hv. Alþingi í hv. Nd. Alþingis á síðasta þingi og var sent út af hv. iðnn. til umsagnar. Ég vænti þess að eitthvað af þeim umsögnum hafi þegar borist n. Hún mun þá að sjálfsögðu skoða þær og jafnvel óska annarra ef hún telur þess með þurfa. En ég vona að hún taki þetta mál til jákvæðrar meðhöndlunar og það sem fyrst.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Á undanförnum mánuðum og misserum hafa málefni líftækni eða lífefnaiðnaðar verið mjög til umræðu þegar rætt hefur verið um nýskipun atvinnulífs í landinu. Það er sjálfsagt að vonum því að hefðbundnir atvinnuvegir eiga við ýmiss konar erfiðleika að etja og þá er von að menn hyggi að því hvað framtíðin ber helst í skauti sér og reyni að finna leiðir til úrbóta og til að efla fjölbreytni í íslensku atvinnulífi.

Málefnum lífefnaiðnaðarins var líklega fyrst hreyft hér á Alþingi fyrir þremur eða fjórum árum er nokkrir þm. Framsfl. lögðu fram till. til þál. um lífefnaiðnað. Því miður varð minna úr framkvæmdum í framhaldi af samþykkt þeirrar till. en æskilegt hefði verið, en nú hefur þessi umræða vaknað aftur í þjóðfélaginu og er mikið rætt um þá framtíð sem lífefnaiðnaðurinn gæti átt og þá möguleika sem kunna að vera hér á Íslandi fyrir rannsóknir og úrvinnslu ýmiss konar á þessu sviði.

Ég held að mjög þýðingarmikið sé að okkur takist að samræma og sameina krafta allra þeirra rannsóknaraðila sem við höfum hér í landinu til að undirbúa vel þessa atvinnugrein því að ég þykist þess fullviss að hún eigi mikla framtíð fyrir sér.

Á fundum sem undirnefnd fjvn. Alþingis hélt með ýmsum rannsóknastofnunum atvinnuveganna síðari hluta sumars kom mjög skýrt fram hjá öllum að þeir bundu miklar vonir við þessa atvinnugrein og allir höfðu uppi hugmyndir um rannsóknir á þessu sviði og óskir um fjárveitingar til verkefnisins. Við nm., sem sátum á þessum viðræðufundum, lögðum á það áherslu að rannsóknastofnanir atvinnuveganna sameinuðu þar krafta sína og reynt yrði að gera átak sem skilaði verulega markvissri vinnu svo að það fjármagn sem varið yrði til þessara rannsókna nýttist sem best. Reyndar kom þar líka fram, sem einnig er getið í fskj. með þessu frv., að þá þegar hafði Rannsóknaráð ríkisins skipað starfshóp til að vinna að þessum verkefnum. Nú nýlega komu á fund fjvn. fulltrúar þriggja eða fjögurra stofnana, sem höfðu þá unnið gott starf til undirbúnings að þróunarverkefni, og báru upp óskir um fjárveitingar til að geta hrundið fram þeim rannsóknum og hugmyndum sem þeir voru með. Þar voru á ferðinni Iðntæknistofnun Íslands, Háskóli Íslands, Líffræðistofnun Háskólans og Raunvísindastofnun Háskólans, ef ég man rétt, svo og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Þá vil ég einnig minna á að í fyrirheitum ríkisstj. um verulegt fjármagn til þróunarverkefna á sviði nýsköpunar í atvinnulífinu er einmitt um það rætt að verja til ýmiss konar upplýsingastarfsemi og þróunarverkefna verulegu fjármagni. Rætt hefur verið um allt að 500 millj. kr. Auðvitað ætti lífefnaiðnaðurinn að fá verulegan skerf af því fjármagni til að undirbúa þessa framtíðaratvinnugrein. Við vitum að hér er um að ræða mikilvægar rannsóknir, en eru skammt á veg komnar. Hér er trúlega ekki um verkefni að ræða sem gerist á næstu mánuðum. Líklega er eðlilegra að hugsa í árum og svo mun sjálfsagt verða. Varðandi þetta frv., þegar við ræðum um að stofna sérstaka rannsóknastofu til að vinna að þessum verkefnum, vil ég leggja aftur og enn áherslu á að menn samræmi og sameini þá krafta sem kunna að vera fyrir í landinu.

Ég vil taka undir það, sem kemur fram í málflutningi flm. með frv. þessu, að vissulega er þörf á að dreifa þjónustustarfsemi í landinu víðar en gerst hefur að undanförnu. Nánast öll þjónustustarfsemi, hvort sem hún er á sviði rannsókna eða á öðrum sviðum, er hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á ekki eingöngu við um þetta tiltekna mál heldur almennt. Þar bera stjórnvöld undanfarinna ára sjálfsagt öll sameiginlega ábyrgð. Þó oft hafi verið um það rætt að þjónustu bæri að dreifa hefur minna orðið úr því, minna orðið um efndir, meira verið um orð. Ég legg því áherslu á að sú n. sem fær þetta mál til athugunar skoði sérstaklega hvort rétt sé og skynsamlegt að setja á fót slíka rannsóknastofu t. d. á Akureyri eins og hér er lagt til.

Að undanförnu hafa verið nokkrar umræður um hvort setja bæri upp háskóla á Akureyri eða færa hluta

af starfsemi Háskóla Íslands til Akureyrar. Ég held, og vil minna á það hér í þessum umræðum einnig, að það sé fyllilega þess virði að skoða það mál ítarlegar og ýmislegt fleira mætti hugsa um. Þetta frv. vekur okkur einmitt til umhugsunar um hvort ekki sé nú, og kannske aldrei fremur en nú, ástæða til að huga að einmitt þeim sjónarmiðum að dreifa þjónustu meira um landið en gert hefur verið.

Ég legg því til fyrir mína parta að iðnn. hugi vel að því, jafnframt því sem hún skoðar það mál ítarlega hvort stofna beri sérstaka rannsóknastofu á þessu sviði til samræmingar og til þess að sameina þá krafta sem við höfum á þessu sviði, hvort þessi starfsemi, ef af verður skuli hafa sitt aðsetur á Akureyri. Það kom einnig fram í umr. hér áðan að tækni er orðin svo mikil á ýmsum sviðum samskipta, s. s. fjarskipta ýmiss konar eins og upplýsingamiðlunar milli staða eftir ýmsum leiðum, að það ætti ekki að hamla hér eða torvelda. Ég hygg að það gefi einmitt tilefni til að athuga í nýju ljósi að setja stofnanir niður víðar um land en verið hefur á undanförnum árum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að taka fram aftur að það eru tvö atriði í þessu máli sem menn ættu að ræða sitt í hvoru lagi. Annars vegar er það hugmyndin um að setja upp ákveðna rannsóknastofu eða stofnun í líftækni og hins vegar staðarvalið. Ég hélt að það hefði komið fram í máli mínu að ég er jafnmikið efins um að ástæða sé til að setja upp sérstaka stofu eða stofnun einhvers staðar í Reykjavík. Ég hef miklar efasemdir um að það þjóni hagsmunum okkar á þessu stigi málsins að setja upp sérstaka stofu eða stofnun um líftæknina eina saman — og jafnvel þó að hún væri á háskólalóðinni þar sem flestir þeirra, sem við þetta starfa, eru nú.

Fyrirmyndin í þessu frv. er komin frá rannsóknastofnunum ríkisins eins og við þekkjum þær. Þar hefur verið sett á fót ein stofnun á hverju stóru sviði. Ég hef miklar efasemdir um að stofnanaaðferðin sé sú rétta í þessu. Reyndar sjáum við hið gagnstæða í svona greinum víða erlendis. Menn reyna í lengstu lög að komast hjá því að setja upp sérstakar stofnanir, en reyna með þeim aðferðum sem eru orðnar til í upplýsingamiðlun og samskiptum fólks að örva samskipti á milli þeirra stofnana sem fyrir eru frekar en að setja upp nýjar. Ég lýsi því yfir að ég hef mjög miklar efasemdir um að stofu- eða stofnunarhugmyndin sé sú rétta í þessu tilfelli.

Það má hins vegar vel vera að ef bjartsýnustu spár manna rætast um umfang þessarar atvinnugreinar í framtíðinni, menn hafa kallað hana „atvinnugrein 21. aldarinnar", geti vel komið að því að menn sjái ástæðu til að setja upp svona stofnun. En þá vil ég líka minna á að ef svo fer munu öflug fyrirtæki í líftækniiðnaði reka svona starfsemi sjálf. Sú er reynslan erlendis að rannsóknastarfsemi og þróunarstarfsemi í þessari grein fer mjög mikið fram úti í atvinnulífinu. Menn sóttu í fyrstunni upplýsingar og hugmyndir til stofnana sem voru fyrir hendi, en síðan hafa ýmist verið stofnuð um þetta sérstök fyrirtæki eða menn hafa sett upp rannsóknaaðstöðu hjá öðrum fyrirtækjum sem fyrir voru. Þetta hefur því á sér ýmsar myndir.

Ég ítreka að það eru efasemdir mínar um gagnsemi sérstakrar stofu eða stofnunar sem eru undirrótin að því að ég kem hérna upp í stól. Ég held að til þess að tryggja og koma á fastari fót samstarfinu sem er þegar komið á fót í þessu, svo ég víki að orðum hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, séu ýmsar leiðir færar. Menn þurfa að eiga ákveðinn samastað. Það eru ýmsar leiðir til þess. Menn geta skipst á um það í misseravís eða áravís að veita þessari rannsóknasamvinnu forstöðu og menn geta komið sér saman um miðsvæði fyrir hana einhvers staðar. En ég held að ekki sé ástæða til að setja að öðru leyti saman um þetta sérstaka stofnun.

Að lokum ætla ég að segja að ég ber fyllsta traust til Akureyrar í þessum efnum, hvort sem verður sett upp þar sérstök rannsóknastofnun lífefnaiðnaðarins eða ekki. Ég þekki það til Akureyringa að þeir eru duglegir menn að bjarga sér og þar er þegar mikil starfsemi á þessum sviðum. Þar eru ýmis stærstu líftæknifyrirtæki landsins sem við þekkjum. Það er líftækniiðnaður í Sana, það er líftækniiðnaður í sútunarverksmiðjum Sambandsins og það er líftækniiðnaður í mjólkurstöð KEA. Auðvitað er það ekkert annað en líftækni. — Þar eru duglegir menn og ég trúi því að þeir bjargi sér, eins og þeir hafa gert hingað til, þó að ríkissjóður leggi ekki til sérstakt fé til að setja þarna upp stofu.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það er bara eitt annað atriði sem ég held að eigi erindi í þessa umr. og mig langar að bæta við.

Ekkert okkar, sem höfum talað í þessari umr., hefur skilgreint hvað við meinum með orðinu líftækni eða lífefnatækni eða lífefnaiðnaður. Í raun er um afar víðtækt svið að ræða sem spannar allt frá vinnslu hvata eða virkra efna úr afgangi eða úrgangi fiska eða sláturdýra allt til flutnings erfðaeiginda á milli lífvera og ýmsa framleiðslu því tengda. Og það er kannske nauðsynlegt fyrir okkur að vera nákvæmari í orðavali í raun og veru vegna þess að það gilda ekki sömu lögmál um það hvernig þarf að standa að þekkingarsköpun og þróun um hina ýmsu þætti innan þessa breiða sviðs. Það getur vel verið að það megi velja stað norðan heiða og efast enginn hvorki um hæfni einstaklinga né aðrar aðstæður þar. Það getur vel verið að sumt af þessu eigi heima hvar sem er á landinu og sé einmitt mjög vel fallið til þess að skapa atvinnu og virkni þar sem hún er ekki fyrir.

En þar sem er um að ræða grundvallarþróunarverkefni sem þarfnast ákveðinnar þekkingarþéttni, einhverrar lágmarksþekkingarþéttni, þá er óhjákvæmilegt að þeim sé fundinn staður í þéttbýliskjarna eins og t. d. Reykjavík og er sumt jafnvel varla lífvænlegt þar, vegna þess að einstaklingarnir eru ekki nógu margir og þekkingin er sem stendur ekki nægileg til þess að nauðsynleg víxlfrjóvgun hugmynda fari fram. Við verðum nefnilega held ég að hyggja að lágmarksþekkingarþéttni, þekkingarsköpun. Það er grundvöllur undir þessu öllu. Síðan kemur útfærslan í atvinnuvegina síðar. Sumt af því er e. t. v. tilbúið til þess að virkja það í atvinnuhætti eða þarf ekki langa þróun til. Annað er í ljósára fjarlægð frá okkur. Að lokum: ég held að við verðum að vera nákvæmari í orðavali þegar við erum að tala um líftækni. Ég skal reyna að vera það næst.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af þessum umr.

Ég vil byrja á því að taka undir með hv. 3. landsk.

þm. Að sjálfsögðu þarf að skilgreina og er nauðsynlegt að skilgreina hvað átt er við með orðinu líftækni. Það mun óhjákvæmilega verða gert þegar menn komast lengra áfram á þeirri braut sem við erum að byrja að feta okkur eftir nú. En ég held að við hljótum fyrst og fremst að vera á höttum eftir þeim ávinningum innan líftækninnar sem aðferðar sem snúa að hagnýtri framleiðslu og þá fyrst og fremst í tengslum við okkar sérstöku íslensku möguleika, hráefni frá sjávarútvegi og landbúnaði, og hugsanlega það svið sem snýr að möguleikum þeirra örvera sem við höfum umfram aðra, hitaþolnar örverur úr hverum og möguleika þá sem þær bjóða upp á. Ég held að þau svið líftækninnar sem vissulega eru fyrir hendi og vissulega eru umrædd úti í hinum stóra heimi, sem liggja hins vegar lengra frá okkur, eins og rannsóknir á sviði erfðafræði, séu tæplega á okkar valdi eins og staðan er í dag og verði það tæplega á næstu árum. Hins vegar held ég að við hljótum að snúa okkur fyrst og fremst, svo ég endurtaki það, að þeim möguleikum þar sem við teljum að okkar sérislensku aðstæður kunni að bjóða okkur upp á, möguleikum þar sem við getum verið fyllilega samkeppnisfærir, jafnvel haft forustu umfram aðra á þessu sviði. Fróðir menn telja að ástæða sé til að ætla að okkar aðstæður bjóði upp á talsverða möguleika að þessu leyti.

Ég vil taka það fram að ég skil efasemdir hv. þm. Guðmundar Einarssonar um réttmæti þess aðferðafræðilega að standa að uppbyggingu þessarar rannsóknarstarfsemi, en ég held ég vísi til þess sem ég sagði hér áðan um nauðsyn þess að þegar í upphafi verði hugað að því hvar þessi starfsemi eigi að byggjast upp til framtíðar. Ég endurtek einnig að ég geri mér grein fyrir að hér er á ferðinni mál sem ekki er á dagskrá í dag né alveg næstu daga, heldur er hér um framtíðarverkefni að ræða.

Ég vil vekja athygli á því að þeir menn sem standa í þessum rannsóknum í dag við erfiðar aðstæður og við lítil efni eru að sjálfsögðu ekki líklegir til að gera tillögur um annað en að þeir fái fjármagn og aðstöðu til þess að sinna þeim verkum sem þeir standa í. Það liggur í hlutarins eðli. En ég held að það sé hlutverk okkar stjórnmálamannanna að reyna að móta framtíðarstefnuna og reyna að sjá yfir allt sviðið, reyna að líta fram hjá þeim hagsmunum sem hver og einn hefur í sambandi við þá starfsemi sem hann stendur í og af þeim áhugamálum sem hann er að sinna þá og þá stundina.

Ég tók það fram að ég styð þær fjárveitingabeiðnir sem komið hafa frá aðilum sem standa í rannsóknum á þessu sviði þó e. t. v. sé réttara að nefna þær kannanir eða athuganir. Við erum hér hins vegar að fjalla um það sem yrði raunverulegar rannsóknir, jafnvel tilraunaframleiðsla, á þessu sviði. Þá erum við komin lengra út á brautina.

Það var vikið að þeim tillögum sem ræddar voru hér á hv. Alþingi fyrir nokkrum dögum um nám á háskólastigi á vegum Háskóla Íslands á Akureyri og einnig var hér minnt á verkmenntaskólann á Akureyri. Ég held að þetta allt saman, háskólanám, verkmenntaskóli, starfsemi tengd rannsóknum og menningu og listum, styðji hvert annað og það hljóti að bera að skoða möguleika Akureyrar sem slíkrar út frá þessu öllu. Sé það rétt að hæstv. ríkisstj. hyggist verja miklum upphæðum til nýsköpunar í atvinnulífi og þ. á m. óhjákvæmilega til undirbúningsrannsókna og ýmiss konar rannsóknarstarfsemi, þá gefst hér e. t. v. lag til að hrinda úr vör með myndarlegri hætti en maður hefði þorað að vona ella. Ég skora þá á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál, sem og auðvitað fjöldamörg önnur sem þar hljóta að koma til skoðunar, með þegar eða ef þessu myndarlega átaki hæstv. ríkisstj. verður hrint úr vör á næstu mánuðum.

Herra forseti. Ég held ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég þakka þær umr. sem hér hafa orðið um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 23. fundur.

Þriðjudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. forseta og forsrh. fyrir að gefa pláss hér og nú fyrir þessa utandagskrárumr. sem ég bað um vegna þeirrar gengislækkunar sem var tilkynnt í gær. Gengislækkunin er 12% eða 13.64% hækkun á verði erlends gjaldeyris, en að undanförnu hefur verið verulegt gengissig þannig að samtals nemur gengislækkunin 15.9% eða 18.9% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Frá því að ríkisstj. tók við hefur svokölluð gengisvísitala hækkað um 56.4%. Eins og kunnugt er átti fastgengisstefna að vera einn hornsteinninn í efnahagsstefnu ríkisstj. Það er bersýnilegt að sá hornsteinn hefur þegar verið molaður niður af ríkisstj. sjálfri. Vegna þessarar gengislækkunar vil ég benda á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi hefur gengislækkunin það í för með sér að öll kauphækkunin, sem samið var um í kjarasamningum í okt. og nóv. 1984, hefur verið tekin aftur og meira til.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir hér í þinginu aftur og aftur í utandagskrárumr. meðan kjaradeilurnar stóðu yfir að ríkisstj. mundi miða við að kaupmáttur launa yrði ekki lægri en á 4. ársfjórðungi 1983. Hann kallaði það glæsta mynd sem þá blasti við íslenskum launamönnum. Við bentum þá á að frá því að samningarnir voru gerðir í febr. s. l. hefði komið í ljós að þjóðarframleiðsla varð nokkru meiri og þess vegna teldum við að þetta væri óeðlileg viðmiðun með öllu. Þessi ákvörðun, sem ríkisstj. hefur nú tekið um gengislækkun, gerir það að verkum að kaupmáttur launa á árinu 1985 verður að meðaltali lakari en 4. ársfjórðungur 1983. Þannig hefur ríkisstj. komið aftan að fólki miðað við þær yfirlýsingar sem frá henni höfðu komið og miðað við það að hún stóð sjálf að kjarasamningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og bar þannig auðvitað fulla ábyrgð á kjarasamningunum og innihaldi þeirra.

Í öðru lagi liggur það fyrir að með þessari ákvörðun ríkisstj. eykst verðbólguhraðinn mjög verulega og fer upp í 25—30% á tólf mánaða grundvelli, eins og nú

virðist blasa við.

Í þriðja lagi er þessi gengislækkun einstaklega fráleit vegna þess að þær kostnaðarhækkanir í þjóðfélaginu, sem gert er ráð fyrir að gengislækkunin mæti, eru ekki komnar fram, hvorki hjá útflutningsgreinum né öðrum aðilum, fyrir utan þær launahækkanir sem gerðar hafa verið samningar um.

Í fjórða lagi er það sérstaklega gagnrýnisvert að þessi gengislækkun er tilkynnt án þess að ríkisstj. hafi kynnt neinar hliðarráðstafanir af einu eða neinu tagi. Það hafa að vísu borist fréttir um að einstakir ráðh. og ráðherrahópar hafi setið á fundum undanfarna sólarhringa, en ríkisstj. ekki komist að neinni niðurstöðu og það eru engar upplýsingar um það enn þá opinberlega að ríkisstj. hafi gengið frá neinum hliðarráðstöfunum, nema þá helst þeim, sem voru tilkynntar fyrir nokkrum dögum, að afurðalánin, þ. e. viðbótarlánin sem hafa komið í gegnum viðskiptabankana, hafa nú verið flutt yfir á gengisgrundvöll með einhliða ákvörðun ríkisstj. og þar með er útflutningsframleiðslan svipt möguleikum á gengismun.

Ég tel að í þessum ráðstöfunum ríkisstj. og þessari ákvörðun sé hið alvarlegasta það að þessi ákvörðun leysir engan vanda og í yfirlýsingum, sem fram hafa komið, hefur forsrh. viðurkennt að stefna ríkisstj. hafi beðið skipbrot. Það tilkynnti hann þjóðinni í gærkvöldi um leið og hann tilkynnti gengislækkunina. Hæstv. forsrh. ætlar hins vegar að halda áfram, að því er best verður skilið, með sína ríkisstj. Á þessu brotna fari ætlar hann að leggja út á ólgusjó komandi mánaða, á því braki sem stjórnarstefnan er nú orðin samkv. hans eigin yfirlýsingu.

Ég tel að það sé nauðsynlegt, herra forseti, í þessu sambandi að benda á að í þessum ráðstöfunum felst líka sérstök hefndarráðstöfun gegn verkalýðshreyfingunni. Það á að sýna launafólki í tvo heimana. Það á að segja við launafólk með þessum ráðstöfunum: Það þýðir ekkert fyrir ykkur að gera verkföll. Það þýðir ekki að hækka kaupið vegna þess að ríkisstj. mun taka það allt af ykkur aftur. Hér er um að ræða tilraun til þess að brjóta verkalýðshreyfinguna niður sem er í beinu framhaldi af framkomu ríkisstj. í upphafi verkfalls BSRB.

Ég tel að einnig sé nauðsynlegt, herra forseti, að minna á í þessu sambandi að á undanförnum árum hefur það iðulega gerst að ríkisstjórnir hafa komist í verulegan vanda í efnahagsmálum sem mætt hefur verið með svipuðum ráðstöfunum og þessum að öðru leyti en því að verðbætur voru greiddar á laun hér um margra ára skeið þannig að menn fengju í kaupi sínu endurgreiddar þær verðhækkanir sem urðu vegna gengisbreytinganna. Engu að síður liggur það fyrir að þær ákvarðanir höfðu þann svip að þær leystu ekki vandann til langs tíma. Sú reynsla sem nú liggur fyrir er að við höfðum haft undanfarna áratugi alltaf ýmist báða núverandi stjórnarflokka eða annan hvorn þeirra í ríkisstjórn landsins. Það er kominn tími til þess að þjóðin átti sig á því að það er útilokað að leysa neinn vanda til frambúðar öðruvísi en að það takist að skapa nýtt landsstjórnarafl í landinu þannig að það verði unnt að mynda ríkisstj. án fésýsluflokkanna. Reynsla okkar, bæði Alþb. og Alþfl., af samstarfi við þessa flokka á undanförnum áratugum sýnir að það er hugsanlega hægt að halda í horfinu um skeið, það er hugsanlega hægt að halda uppi nokkrum kaupmætti um skeið eins og tókst í síðustu ríkisstj., en það tekst ekki að ráðast á grundvallarmeinsemdir hagkerfisins vegna þess að þessir tveir flokkar standa eins og varðhundar um það kerfi óbreytt. Það er það grundvallaratriði sem íslenskir launamenn og alþýða þessa lands þurfa að læra af þeirri reynslu sem nú liggur fyrir.

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

1. Hver verður kaupmáttur launa að hans mati að meðaltali 1985 miðað við 4. ársfjórðung 1983?

2. Hyggst ríkisstj. á einhvern hátt takmarka áhrif gengislækkunarinnar með því að takmarka verslunarálagningu, t. d. samkv. svokallaðri 30%-reglu sem var iðulega beitt hér á fyrri árum, m. a. af viðreisnarstjórninni, síðustu ríkisstj. og ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar?

3. Hyggst ríkisstj. takmarka tekjuauka ríkissjóðs við gengislækkunina, t. d. með því að taka upp krónutöluálagningu á óbeinum sköttum eins og fjmrh. hefur margoft rætt um?

4. Hvenær mun ríkisstj. kynna hliðarráðstafanir í einstökum atriðum? Hvenær verður gefin út reglugerð um hækkun elli- og örorkulífeyris sem ríkisstj. lýsti yfir að yrði gefin út strax, en hefur ekki séð dagsins ljós enn þá þó að kjarasamningarnir séu í raun og veru búnir að vera í gildi frá 6. nóv. s. l.?

5. Hyggst ríkisstj. biðjast lausnar í framhaldi af yfirlýsingu forsrh. um að stjórnarstefnan hafi beðið skipbrot?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að svara spurningum hv. þm. með því að fara yfir greinargerð Seðlabanka Íslands með tillögu hans um gengisbreytingu.

Í I. kafla þeirrar grg. er greint frá því að Seðlabankinn geri tillögu um að gengi krónunnar verði fellt um 12% og það til viðbótar þeirri 4.4% lækkun sem orðin var með gengissigi á undanförnum tveimur vikum. Nemur þessi lækkun samtals 15.9%. Einnig er upplýst í I. kafla grg. að hækkun erlendra gjaldmiðla nam 6% frá 27. maí 1983 og þar til gengið tók að síga aftur í kjölfar kjarasamninganna. Ég hygg að þetta svari þeirri fullyrðingu hv. þm. að gengið hafi breyst mjög mikið á þessu tímabili. Seðlabankinn upplýsir að frá 27. maí 1983 breyttist gengi um 6% og er það mjög í samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. boðaði í upphafi og nefnd hefur verið stefna fasts gengis.

Þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa úr grg. II. kafli fjallar um gengistilefni. Þar segir:

„Hinar miklu launahækkanir, sem samið hefur verið um að undanförnu, hafa gjörsamlega sprengt þann ramma sem yfirlýstri gengisstefnu var ætlað að vera um þróun framleiðslukostnaðar í landinu, er því óhjákvæmilegt að taka gengið til endurmats út frá sömu grundvallarforsendum og áður, en óháð þeim stefnuyfirlýsingum sem gefnar hafa verið. Eðlilegt er í því sambandi að byggja á þróun framleiðslukostnaðar frá árinu 1983, þegar afstaða gengisins til framleiðslukostnaðar var tekin til gagngerðs endurmats, m. a. í ljósi þeirra áfalla sem sjávarútvegurinn hafði orðið fyrir fram til þess tíma. Í formlegum útreikningum er gengistilefnið því metið nú til jafnstöðu við árið 1983 í heild, þ. e. við afstöðu gengisins til almenns framleiðslukostnaðar á því ári, að teknu tilliti til þróunar framleiðni og afurðaverðs frá þeim tíma. Álitamál er þó hvort með

þessu sé nægilegt tillit tekið til rekstrarskilyrða atvinnuveganna þar sem veruleg ófullnægð gengislækkunarþörf ríkti á þennan kvarða fyrstu mánuði 1983. Miðað við 2.—4. ársfjórðung ársins má meta gengislækkunarþörfina rúmum 2% meiri en miðað við árið í heild. Styðst sú viðmiðun m. a. við það að viðskiptahallinn hefur reynst óviðunandi bæði árin 1983 og 1984 og horfur á framhaldi hans á næsta ári þrátt fyrir háa raunvexti.

Þar sem aðlögun verðlags að breytingum launa og gengis er snar þáttur gengistilefnisins og óvíst hve ör sú aðlögun verður er örðugt að tímasetja nauðsynlega gengisaðlögun nákvæmlega. Mjög miklar launahækkanir í upphafi samningstímans leiða til þess að meginhluti hækkunarinnar verði þegar kominn fram hinn 1. jan. eða 18.4% á kvarða fiskvinnslutaxta samkv. ASÍ-samningunum, en nokkru meiri samkv. samningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Enn fremur er nauðsynlegt að taka tillit til áforma ríkisstj. um tafarlausa upptöku fiskverðs er þá gildi út vetrarvertíðina til maíloka. Til lausnar þeim vanda sem felst í ákvörðun fiskverðs og rekstrargrundvallar sjávarútvegsins er æskilegt að ná meginhluta gengisaðlögunar fram þegar í upphafi. Á það því fremur við sem fiskvinnslulaun munu hinn 1. jan. n. k. hafa því sem næst náð meðaltali þeirra á tímabilinu 6. nóv.—31. maí.

Útreikningur gengistilefnis staðfestir þessa aðlögunarþörf í meginatriðum. Með því að setja orðið gengissig og þá 12% gengislækkun sem nú er gerð tillaga um inn í feril gengis og kostnaðartilefna þess næst að heita má jafnstaða við 1983 eða síðari þrjá fjórðungana fram eftir árinu 1985, enda gerist ekkert óvænt svo verulegu nemi frá þeim forsendum sem þar er reiknað með. Aðlögun með gengissigi á komandi ári má svo haga innan settra marka með hliðsjón af breytilegum skilyrðum og öðrum hagstjórnarþáttum sem enn eru í deiglunni."

Þá kemur kafli sem fjallar um raungengi:

„Áhrif þessa ferils á raungengi krónunnar yrðu þau að lækka það á ný til 1983—84 stigs, nokkuð mismunandi eftir mælikvörðum þess. Miðað við 100 árið 1978, en þá varð jákvæður viðskiptajöfnuður, yrði raungengi á verðkvarða 86.3 aðeins um 1% hærri en 1983. Á launakvarða verður raungengið nokkuð lægra en meðaltalið 1983. Ættu þessar afstöður að endurreisa þá hvatningu sem þörf er á til þess að vinna rauntekjur af útflutningi upp úr stöðnun þeirra frá árinu 1978."

Staða atvinnuveganna:

„Sem fyrr segir var raungengi breytt verulega 1983 til þess að koma til móts við grundvallarskilyrði sjávarútvegsins og framleiðsluatvinnuveganna í heild. Eigi að síður var eftir skilinn allmikill sérstakur aðlögunarvandi í sjávarútvegi sem ráða yrði bót með sérstökum aðgerðum og eigin ráðstöfun fyrirtækja og hagsmunaaðila þess atvinnuvegar. Var hér einkum um að ræða verulega umframafkastagetu og uppsafnaðar skuldir af völdum rekstrarhalla undanfarandi ára og óhagstæðrar gengisþróunar lántökugjaldmiðla. Sú gengisfelling, sem nú er ráðgerð, megnar ekki að leysa úr þessum sérstaka vanda og þyrfti að vera langtum meiri til þess að úr greiddist á skömmum tíma. Samkv. lauslegum áætlunum Þjóðhagsstofnunar mun rekstur sjávarútvegsins enn verða mjög örðugur þrátt fyrir aðgerðirnar og ekki er heldur með þeim ráðið fram úr vanda sjóðakerfis sjávarútvegsins. Enda þótt ekki sé ráðið fram úr slíkum vanda með gengisfellingu er afar brýnt að hún veiti svigrúm fyrir þá rekstrarafkomu sem til lengri tíma litið gerir sjávarútveginum kleift að vinna sig fram úr vandanum með því skipulags- og hagræðingarátaki sem í mesta lagi verði af honum vænst."

Viðskiptahallinn:

„Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985 kemur út með viðskiptahalla sem nemi 4.4% þjóðarframleiðslu í framhaldi af 5.2% halla á þessu ári. Hækkun peningalauna, sem ekki væri vegin upp af gengis- og verðaðlögun, mundi leiða til nálægt því samsvarandi hækkunar einkaneyslu og að nokkru einnig fjárfestingar. Þar með mundi innflutningur og viðskiptahalli stóraukast svo að stefndi í greiðsluþrot þjóðarbúsins. Hið eina sem hamlað gæti slíkri þróun væri rekstrarstöðvun atvinnuveganna sem stæðu engan veginn undir slíkri tekjumyndun.

Þrátt fyrir þá gengisbreytingu, sem hér er til meðferðar ásamt meðfylgjandi aðlögun, munu venjubundnar tafir verðaðlögunar væntanlega skila launafólki nokkurra prósentustiga kjarabótum næsta misserið frá því sem orðið hefði samkv. fyrri forsendum. Þetta veikir enn viðskiptajöfnuðinn. Heildarniðurstaða ársins mun nokkuð háð því hvort sams konar framvinda mun endurtaka sig með upptöku kjarasamninga á síðasta fjórðungi næsta árs. Virðist af þessum sökum mega búast við a. m. k. 1% aukningu viðskiptahallans að tiltölu við þjóðarframleiðslu. Er það raunar meira en við verði unað og kallar á allt það aðhald í fjármálum og peningamálum sem við verði komið."

Ríkisstj. fjallaði að sjálfsögðu ítarlega um grg. þessa og að vandlega athuguðu máli, og þá sérstaklega með tilliti til stöðu sjávarútvegsins, taldi ríkisstj. óhjákvæmilegt að fallast á tillögu Seðlabankans.

Ég vil geta þess að gengismunur verður ekki tekinn af fiskvinnslunni, enda er það rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. gat um, að viðbótarlánum, afurðalánum hefur nú verið breytt í gengistryggð lán og því að sjálfsögðu ekki svigrúm fyrir upptöku gengismunar. Þessi lán nema þó ekki nema 75% af verðmæti afurðanna og fiskvinnslan heldur því eftir gengismun sem nemur fjórðungi af verðmæti birgða.

Mér þykir einnig rétt að hér komi fram að í endurmati Þjóðhagsstofnunar á þjóðarframleiðslu, miðað við breyttar aðstæður, dregur Þjóðhagsstofnun mjög úr spá sinni um aukningu þjóðarframleiðslu á næsta ári, því miður, og telur að þjóðarframleiðsla á næsta ári verði rúml. ½ í stað 2% sem áður var talið. Þetta dregur að sjálfsögðu mjög úr því svigrúmi sem talið var bæði til þess að bæta stöðu atvinnuveganna og til þess að styrkja kaupmáttinn að einhverju leyti.

Hv. þm. ræddi um hliðarráðstafanir. Þær verða gerðar. Eins og kom réttilega fram í ræðu hans, að mér heyrðist, hljóta þær að tengjast afgreiðslu fjárlaga. Fjárlagadæmið er allt til meðferðar. Það hefur verið endurreiknað af fjmrh. og mönnum hans og er til meðferðar í ríkisstj., en verður kynnt í fjárlagaræðu eftir viku. Ég ætla ekki að rekja hér þær ráðstafanir sem þar eru til umræðu. Þær eru allmargar og hljóta að verða metnar með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa til kjarabóta og til að draga úr áhrifum verðhækkana á kjör almennings og sömuleiðis með hliðsjón af því svigrúmi sem er hjá ríkissjóði. En ég get fullvissað hv. þm. um að greiðslur úr almannatryggingum verða ríflega hækkaðar og geri ég ráð fyrir því að tillögur þar

að lútandi muni liggja fyrir frá hæstv. heilbr.- og trmrh. í lok þessarar viku.

Ekki er hægt að nota svokallaða 30%-reglu við álagningu þar sem verðlag hefur að verulegu leyti verið gefið frjálst og því ekki fyrir hendi það verðlagseftirlit sem að nokkru leyti tryggir framkvæmd slíkrar reglu. Hins vegar mun verða lögð áhersla á að heimildir til hækkana verði takmarkaðar sem frekast má vera á þeim vörum sem verðlagseftirlit er með og er í höndum Verðlagsráðs. Sýnist mér skynsamlegt að takmarka jafnframt heimildir á hækkun opinberrar þjónustu ýmiss konar við það að viðkomandi fyrirtæki þurfi ekki að taka erlend lán, eins og því miður var allt of mikið um á fyrri árum, til reksturs.

Hv. þm. spyr um kaupmátt launa. Að sjálfsögðu skerðist sá reiknaði kaupmáttarauki sem launasamningar gáfu. Hann var hins vegar aldrei raunhæfur. Kaupmáttur launa ræðst ekki eingöngu af verðlagi, heldur einnig af þeim ráðstöfunum sem ég hef nefnt og því ekki unnt að gefa hér upp kaupmátt launa fyrr en þær eru ákveðnar. En ég geri mér fastlega vonir um að það takist að standa við það markmið ríkisstj. að lífskjörin versni ekki á næsta ári.

Hv. þm. ræddi um það sem ég hef kallað skipbrot. Því verður alls ekki neitað að sú stefna ríkisstj. að verðbólga færi jafnt og þétt hjaðnandi og yrði komin niður fyrir 10% í lok næsta árs hefur beðið verulegan hnekki um sinn. Því miður hygg ég að að það verði ekki þjóðarbúi eða launþegum til góðs. Verðbólga mun taka mikið stökk upp á við. Hjá því verður alls ekki komist. Jafnvel þótt menn hefðu ákveðið að fella ekki gengið er ljóst að verðbólga hefði vaxið mikið af innlendum hækkunum, vegna áhrifa hærri launa á framleiðslukostnað innanlands, vegna áhrifa á byggingarkostnað o. s. frv. Þannig mætti lengi rekja.

Verðbólga mun að öllum líkindum á þriggja mánaða tímabili verða í kringum 30—35%, en líklega frá upphafi til loka ársins um 20—25%. Það er hins vegar gert ráð fyrir að hún fari mjög hjaðnandi aftur á næsta ári. Ríkisstj. stefnir að því með þessum og öðrum aðgerðum, sem hún mun kynna á næstunni, að rétta við þjóðarskútuna, gera við brotið þannig að við getum aftur tekið upp feril gengisfestu og hjaðnandi verðbólgu. Eitt af því allra mikilvægasta sem ríkisstjórnar og Alþingis og þjóðarinnar bíður er að koma sér saman um slíka stefnu sem geti svo orðið grundvöllur skynsamlegri kjarasamninga að ári.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. forsrh. er hraðlæs á kansellístíl þeirra seðlabankamanna. Það er ekki eins ánægjulegt að heyra hversu trúgjarn hann er á þann boðskap.

Fyrsta spurningin um gengislækkunartilefni er þessi: Er gengislækkunin óhjákvæmileg og rökrétt niðurstaða og afleiðing af kjarasamningum ríkisins við opinbera starfsmenn? Nýkjörin framkvæmdastjórn Alþfl. hefur í dag gert um þetta sérstaka ályktun, svarað þessari spurningu og mig langar til að koma þeim boðskap á framfæri við hið háa Alþingi, með leyfi forseta. Þar segir svo:

„Nýkjörin framkvæmdastjórn Alþfl. fordæmir þau ummæli forsætisráðherra, er hann viðhafði í sjónvarpsviðtali í gær og endurtók reyndar í máli sínu hér í dag, þess efnis að kjarasamningar ríkisins við opinbera starfsmenn væru pappírslaunahækkanir, þ. e. ekki virði þess pappírs sem þeir voru skrifaðir á. Þetta er köld kveðja til þeirra þúsunda opinberra starfsmanna sem lögðu á sig dýrkeyptar fórnir í fjögurra vikna verkfalli í trausti þess að þeir væru að semja við ábyrgan aðila, sjálfa ríkisstjórn Íslands.

Framkvæmdastjórn Alþfl. telur það skyldu ríkisstjórnarinnar að standa við gerða samninga. Ríkisstjórninni ber skylda til að tryggja með viðeigandi ráðstöfunum varðandi rekstrargrundvöll útflutningsgreina, efnahagsstjórn, atvinnustefnu og ekki síst róttækar umbætur í skatta- og peningamálum, að samningar, sem fjmrh. hefur undirritað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, séu haldnir en ekki eyðilagðir að óþörfu í nýrri verðbólguskriðu.

Framkvæmdastjórn Alþfl. vekur athygli landsmanna á að Alþfl. hefur markað raunsæja og framkvæmanlega stefnu um það hvernig tryggja megi kaupmátt launa án verðbólgu.

Framkvæmdastjórnin hvetur alla hugsandi Íslendinga til að kynna sér stefnu og úrræði Alþfl. í þessum málum á næstu dögum og vikum."

Herra forseti. Fyrsta mál á dagskrá þegar við ræðum þessa gengislækkun er að ganga úr skugga um það hverjar eru staðreyndirnar. Vegna þess að þeim ber alls ekkert saman. Ég leitaði mér upplýsinga í Seðlabanka Íslands í gær um hver gengisþróunin hefði verið frá síðustu áramótum. Nú er sú mynd dregin upp af fjölmiðlum að hæstv. ríkisstjórn hafi að undanförnu fylgt einhverju sem kalla megi fastgengisstefnu og þessi stefna hafi allt í einu beðið skipbrot núna. Það hafi orðið snögg umskipti. Þetta er alrangt. Þetta stenst ekki dóm staðreyndanna. Staðreyndirnar eru allt aðrar. Staðreyndirnar eru þær að frá ársbyrjun til 31. okt. s. l. var meðalgengisbreyting hér 11.3%. Ég vek sérstaka athygli á því að þann 31. ágúst s. l. var framkvæmd dulbúin gengislækkun. Hún var að vísu kölluð skrautlegum nöfnum eins og tíðkast hefur í tíð ríkisstjórna að undanförnu. Af því tilefni að ég sé hér fyrir framan mig hv. fyrrverandi fjmrh., þá munum við hugtök eins og gengissig, hratt gengissig og hvað var það? (**Gripið fram í:** Landavog.) — Jú, landavogin er náttúrlega nýrra hugtak.

Þegar upp var tekin landavogin, þ. e. breytt um hlutföll í innkaupakörfu þjóðarinnar, var framkvæmd á einum degi gengislækkun sem var að meðaltali 3%. En ég endurtek: Kjarni málsins er sá, að meðaltalsgengisbreyting frá áramótum til 31. okt., burtséð frá öllu sem lýtur að kjarasamningum, kemur þeim ekki nokkurn skapaðan hlut við, var að meðaltali 11.3%. Og ef litið er á dollarann einan er hækkunin hvorki meira né minna en 17.6%. Þetta er samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands. Þess vegna erum við raunverulega ekki að tala um 12% gengisfellingu. Við erum að tala um meðaltalsgengisbreytingu það sem af er árinu upp á 23.3%. Og ef við miðum við verðhækkun dollars gagnvart íslensku krónunni á sama tíma erum við að tala um breytingu sem nemur 29.62%, hvorki meira né minna.

Þeir sem þekkja samhengi milli gengisbreytingar af þessari stærðargráðu og verðbólgu, og það gera allir Íslendingar, vita að stefna ríkisstj. var hrunin löngu áður en reyndi á kjarasamningana. Vegna þess að afleiðingar þessara breytinga í aukinni verðbólgu eru

gamalkunnar, fyrirsjáanlegar og auðútreiknanlegar.

En ég vil leggja á það áherslu, hvað svo sem líður fullyrðingum þeirra kansellímanna í Seðlabanka um eitthvað sem þeir kalla gengisbreytingarþörf — það er nú ekki hagfræðilegt hugtak, ég veit ekki hvar þeir hafa lært það, hvort það var í félagsfræðideild London School of Economics, að gengisbreytingarþörf er, ef hún er eitthvert pólitískt hugtak, pólitískt ákvörðunarefni. Mér dettur ekki í hug að trúa því að ábyrg ríkisstjórn í landinu geri ekkert annað en að fallast á svona pólitískan áróðurspappír frá Seðlabankanum. Hún á ekkert að skjóta sér undan því. Þetta eru pólitískar ákvarðanir.

Þetta eru staðreyndir um gengisþróunina áður en kom til kjarasamninga. Nú, hvaða gagn er að gengisfellingu við þessar kringumstæður?

Í fyrsta lagi er það að segja að gengisfelling er auðvitað það sem kallast á fínu máli „fait accompli". Hún er bara orðinn hlutur. Hún er staðfesting á þróun sem hefur átt sér stað. Hún er viðurkenning stjórnvalda á því að efnahagsstefnan hefur brugðist, þeim hefur ekki tekist að viðhalda jafnvægi í efnahagsstarfseminni, halda eðlilegu jafnvægi milli kostnaðarhækkana innanlands og erlendis. Gengisbreytingarnar fyrir kjarasamninga sýndu að þetta hafði ríkisstj. ekki tekist, þrátt fyrir alla kjarasamninga. Hún er þess vegna örþrifaráð. Og hún er staðfesting og játning á því að ríkisstj. hefur mistekist.

Því næst má segja: Hvaða vanda leysir gengisfelling? Jú, jú, kenningin segir: Gengisfellling á auðvitað að leysa vanda útflutningsgreina, þ. e. auka tekjur útflutningsgreinanna í innlendri mynt. Í annan stað á gengisfelling að gera innflutning dýrari og verka þannig í þá átt að draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Víst er það rétt að svo gjörsamlega hefur hæstv. ríkisstj. mistekist öll stjórn efnahagsmála. Mælikvarðinn á það birtist hér á forsíðu þessa blaðs í dag:

„Viðskiptahalli stefnir nú í 4.6 milljarða — eða 1.2 milljörðum meira en spáð var í þjóðhagsáætlun."

Eini ljósi punkturinn í þessari þróun er auðvitað fyrir hæstv. fjmrh. vegna þess að eina bjargráðið í ríkisfjármálunum er þessi aukni viðskiptahalli metinn á 1200 millj. í viðbót. Hvað þýðir hann? Hann þýðir eins og hér segir að ríkissjóður fær „langleiðina bætt þau auknu útgjöld sem leiða af kjarasamningunum." Ég endurtek: ríkissjóður fær langleiðina bætt þau auknu útgjöld sem leiða af kjarasamningunum. M. ö. o., hæstv. ríkisstj. er komin í alveg sömu súpuna og allar þessar vitlausu og ónýtu ríkisstjórnir á vitlausa áratugnum, sem hagfræðingar Vinnuveitendasambandsins kalla virðulegra nafni, „áratug hinna glötuðu tækifæra." Það lýsir sér í því að ríkisbúskapnum er haldið uppi á innflutningsæði, viðskiptahalla og þeim tekjum sem ríkissjóður fær af lúxusinnflutningnum, af öllum drossíunum, bílunum, lúxusnum, eyðslunni, bruðlinu, sólundinu, vitleysunni. Það er það sem heldur hæstv. fjmrh. nú á floti. Og það er mikið flot í þeim manni.

Hér segir enn fremur, með leyfi forseta: „Samkvæmt heimildum DV er ólíklegt að ríkisstjórnarflokkarnir nái samstöðu um frekari aðgerðir en áður voru áformaðar til þess að draga úr viðskiptahallanum, þrátt fyrir ný viðhorf." Alveg er þetta dæmigert.

Herra forseti. Það er dapurlegt að hafa tilefni til þess nærri því annan hvern dag að samhryggjast stjórnarflokkunum og hæstv. ráðherrum yfir öllum þeim auma hrakfallabálki sem einkennir orðið þeirra stjórnartíð. Það er nærri því ekkert í lagi, það er enginn ljós blettur á þessu. Það eru helst álsamningarnir hjá hæstv. iðnrh.

Það er ein ástæða fyrir því að gengislækkun af þessu tagi er gagnslaus ráðstöfun við ríkjandi skilyrði í íslensku efnahagslífi. Hún er þessi: A. m. k. fjórðungur fyrirtækja í sjávarútvegi er fyrir löngu síðan sokkinn í skuldir, þetta gerðist í sjútvrh.-tíð hæstv. forsrh. Þetta gerðist þrátt fyrir það að árið 1982 var metaflaár. (**Gripið fram í:** 1981.) — 1981—1982. Hvaða áhrif hefur þessi gengislækkun á þennan hluta sjávarútvegsins? Ja, ég veit ekki hvað er hægt að vera sokknari en sokkinn. Hafi hann marað í hálfu kafi þá er hann greinilega sokkinn til botns með þessari aðgerð. Hvað þýðir þetta? Gengislækkun af þessari stærðargráðu þýðir að vextir og afborganir þeirra fyrirtækja sem verst eru sett í sjávarútvegi munu hækka um meira en samsvarar meðalaflaverðmæti togara, og hana nú. Þetta er nákvæmlega hið sama og gerðist við gengislækkunina í upphafi ferils hæstv. ríkisstj. Og þá spyr maður: Hvaða vanda er verið að leysa?

Grunnvandinn í þjóðfélaginu er vandamál sjávarútvegsins. Gengislækkun leysir ekki þann vanda. Hún gerir þann vanda erfiðari úrlausnar. Hún skapar ný vandamál, fleiri og erfiðari en hún leysir. Gengislækkun við þessi skilyrði er ekki almenn efnahagsráðstöfun þar sem við getum notið þeirra kosta, sem hún á almennt að hafa, að draga úr innflutningi og færa fé til sjávarútvegsins.

Ríkisstjórnin hefur allt of lengi slegið á frest að ráðast að grunnvanda atvinnuveganna, að endurskipuleggja fjárhag þess hluta sjávarútvegsins sem kominn var í gjörgæslu áður en hæstv. ríkisstj. tók við, í sjútvrh.-tíð hæstv. núverandi forsrh. Meðan hún frestar þeim vanda er gengislækkun út í hött ein sér. Hægt væri að hugsa sér hana sem lið í samræmdum aðgerðum öðrum, sem miðuðu að því að lækka framleiðslukostnað og tilkostnað sjávarútvegsins og bæta samkeppnisstöðu, en ein sér er hún bara hreint og klárt hagfræðileg heimska og ekkert annað.

Hvað hefði hæstv. ríkisstj. getað gert til þess að þurfa ekki að standa frammi fyrir orðnum hlut? Hvað hefði hún getað gert í tæka tíð til þess að minnka þetta vandamál, afstýra þessum vanda áður en allt hefði snarast um á dróginni? Það er ófátt sem hún auðvitað hefði getað gert. Og það þýðir ekkert að vera að tala um pólitík í páskildagatíð úr þessu. Ríkisstjórnin er búin að vera og það verður að hafa sinn gang. Þjóðin situr uppi með hana einhvern tíma enn.

En auðvitað er þetta ekkert náttúrulögmál. Auðvitað er sú kenning að ekkert sé til nema gömlu íhaldsúrræðin, sem einhvern tíma voru lögð í munn hv. þm. nú bónda í Selárdal, auðvitað er það ekki kórrétt hagfræði. Það er bara vonleysi, pólitískt vonleysi. Auðvitað eru til, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson veit manna best, önnur og betri úrræði. En það eru engin úrræði til ef ekki er til þeirra gripið í tæka tíð. Þetta er staðfesting á því að ríkisstj. hefur ekki lengur neitt vald á atburðarásinni. Hún bara hrekst undan atburðarásinni, hún er bara á reki. Hana bara rekur fyrir veðri og vindum og bráðum rekur hana í strand. Og þar mun hún brjóta sitt skip og verða fáum harmdauði. Við skulum hins vegar reyna að gera út björgunarleiðangur

svo að það verði ekki mannskaði.

Hver var efnahagsvandinn sem hæstv. ríkisstj. átti við að glíma? Hann var þessi: Við höfðum orðið fyrir skakkaföllum. Það er alveg rétt. Við höfðum orðið fyrir tekjumissi í þjóðarframleiðslu frá miðju ári 1982 sem má meta upp á 5.5 milljarða kr. Þetta var efnahagsvandinn sem hæstv. ríkisstj. tók við, fyrir utan auðvitað skuldasúpuna sem hæstv. forsrh. tók í arf frá sjálfum sér og fjandvini sínum og fósturbróður, hv. 3. þm. Reykv. En sem kunnugt er er það orðið umkvörtunarefni með þjóðinni að þessir tveir menn mega hvergi hittast orðið hvorki í sjónvarpssal eða í fjölmiðlum, án þess að það sé orðinn plagsiður þeirra að hjónaerjum þeirra frá fyrra hjónabandi sé öllum dengt yfir þjóðina. Það er ekki lengur hægt að ræða pólitík í landinu fyrir þessum reimleikum.

Þetta var efnahagsvandinn. Hvað gerði hæstv. ríkisstj. til að leysa þann vanda? Hver var hennar leið? Það er fljótsagt. Ríkisstjórnin gerði tvennt:

Í fyrsta lagi: Hún valdi auðveldustu leiðina. Það er hinn beini og breiði vegur sem liggur lóðbeint til ..., þið vitið. Það fyrsta sem hún gerði var að minnka hlut launþega í þjóðartekjum og sem hlutfall af framleiðslukostnaði fyrirtækja. Þegar hv. 3. þm. Reykv. ræðir um raungengi, eins og fram kom líka í kansellíbréfi Seðlabanka, þá er það rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að kostnaður, raunkostnaður launa almennt í framleiðslu útflutningsatvinnuveganna sem hlutfall af heildarframleiðslukostnaði hefur minnkað, ekki hækkað, þrátt fyrir kjarasamninga.

Í öðru lagi: Hvað gerði ríkisstjórnin í viðbót við þetta? Hún beitti sér fyrir nýrri viðbótarskuldasöfnun erlendis. Í fyrsta lagi með því að leysa fjárlagagat hæstv. fjmrh. með sláttumennsku erlendis, með því að láta það líðast að bankakerfið hrannaði upp 3—5 milljörðum kr. í erlendum viðskiptaskuldum og með því að láta það líðast að viðskiptahallinn seig stöðugt á ógæfuhlið.

Í þriðja lagi beitti svo ríkisstjórnin sér fyrir samdrætti félagslegra útgjalda í fjárlögum, aukinni skattbyrði launþega, aukinni kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Slík úrræði leysa engin efnahagsleg vandamál en eru þung byrði fyrir þá sem þetta eiga að bera. Því næst sneri hæstv. ríkisstj. sér að lækkun á skattbyrði fyrirtækja og fjármagnseigenda og stórfelldum fjármagnsflutningi frá þeim sem síst skyldi og minnst efnin höfðu til hinna sem betur eru settir. Vandinn var upp á 5.5 milljarða. Tilfærslan frá launþegum til fyrirtækja og fjármagnseigenda var upp á 7 til 8 milljarða. Og skattbyrðinni var síðan víxlað yfir á herðar þeirra sem minnsta höfðu greiðslugetuna. Þetta var svar ríkisstj. við vandanum. Og þetta var eins vitlaust svar og hægt var að gefa.

Hvað gat ríkisstjórnin gert í staðinn? Hún gat byrjað á byrjuninni. Hún hefur nefnilega ekki hróflað við þeim grunnvandamálum í sjávarútvegi sem hún tók við. Kvótakerfið er tilraun til eins árs. Ég veit ekki til þess að niðurstöður liggi fyrir um það að þetta kvótakerfi hafi skilað þeim árangri að það taki af tvímæli um að við eigum að halda því áfram. Ég efa ekki að það er hægt að færa fyrir því nokkur rök og nokkur dæmi um að það hafi dregið úr kostnaði. En engan veginn, held ég, eins og menn gerðu sér vonir um.

Í annan stað: Við skuldastöðu mesta hlutans, þess hluta sjávarútvegsins sem verst var staddur, hefur ekkert verið hróflað. Skuldbreyting, lenging skulda í þessu dæmi er, eins og ég hef orðað það áður, að lengja í hengingaról hins dauðadæmda. Og það er ekki beinlínis það sem miskunnsami Samverjinn átti að gera. Að lokum erum við allir dauðir og það breytir litlu hvort við frestum útförinni um nokkra daga eða vikur.

Ég spyr: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert á undanförnum mánuðum til þess að draga úr framleiðslukostnaði í sjávarútvegi? Hvað hefur hún gert til þess að lækka kostnaðarhlut að því er varðar olíu? Það er staðreynd að olíukostnaður íslenskra fiskiskipa er u. þ. b. 30—40% hærri en keppinauta okkar annars staðar. Öll þjóðin horfir upp á það að þetta þríeina olíueinokunarfyrirtæki kerfisflokkanna, helmingaskiptaflokkanna, blóðmjólkar sjávarútveginn á sama tíma og það kemur undan og felur hagnað sinn og tekjur í gjörsamlega óréttlætanlegri fjárfestingu í nýjum og nýjum steinsteypubáknum sem eiga að versla hér með bensíngutl. Hvers vegna var þetta ekki stöðvað? Hvers vegna er ekki tekið á olíueinokunarhringunum? Hvers vegna er ekkert gert í því að lækka fraktkostnað útflutningsgreinanna þegar nefnd eru um það sannanleg dæmi að fraktkostnaðurinn er allt að þrefaldur á við það sem gerist á heimsmarkaði? Hvers vegna gerir ríkisstjórnin ekkert í því að lækka fjármagnskostnað útflutningsatvinnuveganna?

Má ég spyrja hæstv. forsrh., sem oftar en einu sinni á undanförnum árum hefur veist að okkur jafnaðarmönnum með getsakir og brigsl um svokallaða hávaxtastefnu kratanna, hvert var tilefni þess? Tilefni þess var það að við börðumst fyrir og komum loksins í gegn þeirri einu hagstjórnarumbót sem framkvæmd var á áratug „hinna glötuðu tækifæra", að sparifé almennings í landinu væri vel tryggt, með a. m. k. 0% raunvöxtum. Staðreyndin var sú að þetta sparifé bar oft neikvæða ávöxtun allt að 17—20%. Meðan það ástand varaði átti sér stað stórkostleg eigna- og tekjutilfærsla frá almenningi í landinu til nýríkra stétta fjármagnseigenda og fyrirtækja. Það er hroðalegt til þess að hugsa, hv. 3. þm. Reykv., að þetta skuli hafa gerst undir þinni stjórn og undir fjármálastjórn Alþb. Ég tala nú ekki um svokallaðan félagshyggjuflokk Framsfl., sem eins og allir vita er reyndar ekkert annað en erkikerfisflokkur gerður út af einum auðhring á ríkissjóð og skattgreiðendur.

Hvar er stefna þessa hæstv. ráðh.? Hvernig stendur á því að hæstv. ráðh., sem nú er forsrh. Íslands, segist hafa barist gegn hávaxtastefnu kratanna, sem var nú ekki meira en verðtrygging og 0% raunvextir, segist hafa verið plataður, eins og hann sagði svo þjóðfrægt varð, til þess að styðja þessa stefnu. Hvernig stendur á því að hann býður íslensku atvinnulífi og íslenskum útflutningsgreinum núna upp á ránvexti a la Reagan, og reyndar hærri en Reagan sjálfur? Hvernig stendur á því þegar allt er að sligast hér í sjávarútvegi að einstakir ráðh. tala ævinlega tungum tveim? Hæstv. félmrh. segir að þetta nái ekki nokkurri átt. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að hann hafi enga trú á því að þessi vaxtastefna fái staðist. En hvers vegna er ekkert gert? Hvers vegna er horft á vandamálið vikum og mánuðum og misserum saman og svo þegar allt er komið í óefni þá er gripið til gengislækkunar, sem er gagnslaus ráðstöfun einmitt til þess að leysa þennan grunnvanda sjávarútvegsins? Hvers vegna, hæstv. forsrh., er allt látið reka á reiðan-

um? Er ekki skipper í brúnni? (Gripið fram í.) Ja, það er nú það. Hvað þýðir gengislækkunin í hækkun á erlendum aðföngum í sjávarútvegi? Hafa menn áttað sig á því, fyrir utan áhrifin á skuldabyrðina?

Ég hef áður gert grein fyrir því að tilraun hæstv. ríkisstjórnar til þess að skella skuldinni á kjarasamningana við opinbera starfsmenn að þeir séu verðbólguvaldur, þau rök fá ekki staðist. Kauphækkun opinberra starfsmanna skilar sér svo til öll, a. m. k. 70% beint aftur í ríkissjóð. Það er ekki vandamálið. Þar að auki er það heldur ósannfærandi þegar sagt er: Það eru kjarasamningarnir sem valda þessu. Í fyrsta lagi er það staðreynd að gengið seig og seig löngu áður en kjarasamningar voru gerðir. Í öðru lagi er það staðreynd að hlutur launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja, hlutur launþega í þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum er minni núna en hann var fyrir ári síðan. Það eru þá önnur kostnaðarhækkanatilefni sem eru lögð til grundvallar skilgreiningu þeirra kansellímanna í Seðlabankanum á svokallaðri gengislækkunarþörf. Gengislækkunarþörf er væntanlega það fall eða sú kúrva sem lýsir árangursleysi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Á bak við þessa aðgerð hæstv. ríkisstj. býr einfalt pólitískt mat. Ríkisstj. er að segja það sem atvinnurekendur á Íslandi hafa sagt alla tíð, það sem fulltrúar vinnuveitenda hafa sagt uppi í Garðastræti frá því að sú stofnun var stofnuð, en allir vita út af fyrir sig að ber ekki að taka bókstaflega: Það eru engir peningar til. Það er ekki hægt að borga mannsæmandi laun á Íslandi. Það eru ekki peningar til. Það er þetta sem liggur til grundvallar hinu pólitíska hugtaki seðlabankamanna um gengislækkunarþörf. Það eru auðvitað engir peningar til.

Síðan koma ráðherrarnir og seðlabankakansellímennirnir, sem eru að byggja höllina, minnismerkið yfir peningamálaóstjórn s. l. áratugar, þeir dirfast að koma fram fyrir almenning í landinu og segja án þess að blána eða blikna: Það eru engir peningar til. Þið hafið lifað um efni fram. — Heyr á endemi. Það er von að almenningur segi: Látum nú vera með umræður um ýmsar leiðir í efnahagsmálum. En ástæðan fyrir því að ríkisstjórn hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar og þeirra sjálfstæðismanna, ástæðan fyrir því að hún og hennar stefna er nú hrunin er fyrst og fremst ein. Hún er sú, að þessi ríkisstj. hefur ofboðið og misboðið réttlætiskennd allra sómakærra Íslendinga vegna þess að hún gegnir ekki skyldum sínum. Hún horfir aðgerðarlaust á að misrétti, misskipting tekna og eigna er svo hraðvaxandi að á sama tíma og hluti þjóðfélagsþegnanna ber allar byrðarnar, borgaði fyrir allan hinn ytri vanda, þessa 5.5 milljarða, og 40% að auki upp úr launaumslögunum sínum fyrir fjárglæfra fyrrv. ríkisstj., á sama tíma kemur hæstv. ríkisstj. fram, sem ekkert gerir í efnahagsmálum annað en þetta, og segir: Það eru engir peningar til, hvergi. Engir peningar til.

Hvar eru þessir peningar, hæstv. forsrh.? Það er kannske rétt að rifja það upp hvar þessir peningar eru. Hvers vegna er ekki hægt að greiða vinnandi fólki laun sem duga til framfærslu fjölskyldu fyrir heiðarlegt vinnuframlag? Á það að vera eitthvert náttúrulögmál? Á seðlabankastjórn að vera einhver úrskurðaraðili um það hvort það eru til peningar eða ekki peningar? Ef það væri staðreynd að það væru ekki til peningar í grundvallaratvinnuvegunum til þess að greiða vinnandi fólki heiðarleg laun, þá á að breyta því. Því að pólitík er að vilja og pólitík er að breyta og pólitík er að framkvæma. Til þess höfum við ríkisstj. að hún á að leysa vandamál en ekki hrekjast undan þeim. Og það er hægt að breyta þessu, hæstv. forsrh.

Leyfist mér að vitna, herra forseti, í hagfræðing, einn snjallasta hagfræðing okkar af yngri kynslóð, sem starfar fyrir Vinnuveitendasamband Íslands. Ég vona að hæstv. ráðh. rengi ekki þann góða mann. Hann heitir Vilhjálmur Egilsson og hefur nýlega birt frábæra úttekt á fórnarkostnaði verðbólgunnar á áratug hinna glötuðu tækifæra. Og sérfræðingar meðal hagfræðinga eru almennt sammála honum. Reikningurinn, sem þessi maður segir að kerfisflokkarnir þrír, sem hafa farið með stjórn ríkisins á s. l. hálfum öðrum áratug, hin þríeina pólitíska forusta þessara flokka, skuldi þjóðinni, er upp á 25 milljarða kr. Það er fórnarkostnaður vitlausa áratugarins. Það er meira en veltan í ríkisbúskapnum á einu ári, mun meira.

Það væri ekki við mikinn vanda að fást í íslensku þjóðfélagi ef þessi verðmæti væru til staðar. Það væri ekki við mikinn vanda að fást ef öll þessi hrikalegu fjárfestingarmistök hins pólitíska ríkisforsjár- og skömmtunarkerfis þessara flokka, sem kenna sig m. a. s. við frjálshyggju, einkaframtak og ég veit ekki hvað og hvað, hefðu aldrei yfir þessa þjóð gengið.

Peningarnir eru auðvitað horfnir, þessir sem áttu að skila arðinum til að standa undir sómasamlegum lífskjörum. Það mundi ekki vanta peninga, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, til að standa rækilega við skyldur okkar að því er varðar greiðslur til aldraðra og öryrkja, annarra bótaþega almannatrygginga, til þess að halda uppi almennilegum skólastofnunum, til þess að greiða kennurum og öðrum slíkum góð laun, ef ekki hefði verið fyrir það að í stjórnartíð Alþb. og Framsfl. s. l. átta ár höfum við orðið fyrir þessu áfalli, sem er meira en Vestmannaeyjagosið, sem hlaust af stjórnartíð þessara flokka. Kenna sig síðan við vinstrimennsku, félagshyggju og guð má vita hvað.

Herra forseti. Ef við tækjum nú þá fullyrðingu stjórnarflokkanna alvarlega að það hafi verið kjarasamningarnir, sem hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á og undirritaði við opinbera starfsmenn, og síðan kjarasamningarnir sem Verkamannasambandið gerði í kjölfar þeirra, ef við tækjum þá fullyrðingu alvarlega og segðum: Já, gengislækkunin er bein afleiðing af þessu. Gengislækkunarþörf Seðlabankans stafar af þessum kjarasamningum. Þá spyr maður: Var til önnur leið í kjarasamningum? Jú, þið munið eftir skattalækkunarleiðinni. Hverjir vildu fara hana? Ekki er undan því að kvarta að forustumenn Verkamannasambandsins lögðu sig fram um það að fara þessa leið. Ekki er undan því að kvarta að forstöðumenn Vinnuveitendasambandsins vildu fara þessa leið. Í hverju fólst þessi leið? Hún fólst í því að semja upp á nýtt, rífa þetta vitlausa fjárlagafrv. sem hér liggur og semja annað fjárlagafrv., sem fólst m. a. í því að skera niður fituna af fjárlögum, skera niður svolítið af fjárlögunum til velferðarkerfis fyrirtækjanna, skera svolítið niður af ríkisforsjárdekrinu til þess að mæta tekjumissi ríkissjóðs við myndarlega lækkun tekjuskatta. Þetta var skattalækkunarleið.

Nú hefur framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins lýst því yfir í erindi sem hann flutti nýlega, staðfest það sem við héldum hér fram við umr. á þingi

fyrir nokkru síðan, að það var ríkisstj. sjálf með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar sem brást í því að þessi leið gæti verið farin. Hver er ástæðan? Ég get ekki fullyrt það en mig grunar að ástæðan sé þessi: Hæstv. forsrh. og þeir aðrir ráðh. Framsfl. vissu mætavel að ef þessar tillögur hefðu verið lagðar á borð þeirra hv. þm. Framsfl. í þingflokksherbergi þeirra þá hefðu þeir aldrei samþykkt þetta. Þeir hefðu kallað þetta, eins og þeir gerðu 1979, grálúsugar kratatillögur — af því að þær voru skynsamlegar, ábyrgar og nauðsynlegar. Það er alveg vitað mál pólitískt séð að Framsfl. hefði aldrei samþykkt þetta nýja fjárlagafrv. Framsóknarmennirnir í Alþb. kannske ekki heldur og ekki framsóknarmennirnir í Sjálfstfl. Það var enginn meiri hluti innan stjórnarflokkanna fyrir þessari leið. Það er staðfest af Magnúsi Gunnarssyni, sem gjörla mátti vita, að það var ekki fyrir viljaleysi verkalýðshreyfingarinnar, verkalýðsforustunnar, það var vegna frumkvæðisleysis og vinnuleysis ríkisstj. að þessi leið var ekki farin. Það var talað og talað í síbylju um að þessi leið væri í boði, stundum var hún ekki í boði. Nú, þegar það var harmað þá var hún í boði, en það var bara aldrei lögð fram vinna í að skilgreina það um hvað var verið að tala.

Það er hlutverk stjórnarandstöðunnar að svara því skilmerkilega um leið og hún gagnrýnir stjórnarflokka og valdhafa: Hvað viljið þið láta gera í staðinn? Ég leyfi mér að halda því fram hér úr þessum ræðustól að við í þingflokki Alþfl. höfum reynt það eftir bestu getu og kannske lagt okkur meira fram um það en ýmsir aðrir þingflokkar að svara þessum spurningum. Það eru fyrst og fremst tvær spurningar sem þarf að svara nú í íslenskum stjórnmálum. Þær eru þessar: Í fyrsta lagi: Hvernig getur íslenska þjóðin unnið sig út úr ríkjandi kreppuástandi, tryggt til frambúðar efnahagslegt sjálfstæði sitt og haldið til jafns við grannþjóðir í lífskjörum þegar fram í tímann er litið?

Okkar svar við því er svo ég vísi aðeins á stikkorð:

1. Brjótum á bak aftur þetta pólitíska ríkisforsjár- og skömmtunarkerfi kerfisflokka, hagsmunaaðila í sjóðakerfi og lánastofnunum.

2. Afnemum eða öllu heldur léttum byrðunum, sem skattgreiðendur bera af velferðarkerfi fyrirtækjanna í fjárlögum, sem eru upp á 2.5—3 milljarða, af þeim.

3. Mótum markvissa nýja atvinnustefnu allt til aldamóta.

4. Tryggjum nýjum framtíðargreinum í íslensku atvinnulífi ekki lakari vaxtarskilyrði að því er varðar aðgang að lánsfé, rekstrarfé og lánskjörum heldur en hinar hefðbundnu greinar njóta sem fyrir eru.

Um þetta mundu auðvitað allir skynsamir hv. þm. taka undir sem markmið. En við höfum lagt það á okkur í þeirri stefnuyfirlýsingu sem birt verður nú í vikunni að lýsa því lið fyrir lið hvernig við viljum að þessi leið verði farin, hvernig hún verði fjármögnuð, hvernig fjár verði aflað. Og ég hvet hv. þm. til að kynna sér þær tillögur fordómalaust. Hitt er svo annað mál að við ríkjandi aðstæður er spurningin þessi: Hvað getum við gert, jafnvel einmitt núna þegar minna er til skiptanna en áður var, til þess að jafna eigna- og tekjuskiptinguna með réttlátari hætti en nú er gert. Það er dauðasynd þessarar ríkisstj. að hún hefur hvorki haft siðgæðisvitund, réttlætisvitund né manndóm til þess að hafa áhrif á það að jafna eigna- og tekjuskiptinguna í landinu. Þess vegna hefur hún safnað glóðum elds að höfði sér. Þess vegna er það að almenningur hefur kveðið upp yfir henni dauðadóm vegna þess að stefna ríkisstj. er ekki aðeins hagfræðilega eða tæknilega vitlaus, hún er siðferðilega fordæmanleg og það gengur ekki í lýðræðisþjóðfélagi.

Herra forseti. Við höfum lagt fram tillögur að því er þennan vanda varðar og beint því sérstaklega til hæstv. fjmrh. Ég hef bent honum á að með því að afnema að verulegu leyti undanþágufargan söluskatts er hægt að tryggja í ríkissjóð nettó 8 milljarða auknar tekjur. Með bættri innheimtu á söluskatti 2 milljarða til viðbótar. Það er hægt að verja þessari upphæð að verulegu leyti til þess að lækka söluskatt og verðlag. Ég lýsi því hér yfir að ég er reiðubúinn til samvinnu við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson sem hefur sett fram skilmerkilegar tillögur um hvaða aðgerðum eigi að beita í ríkisfjármálum og tollamálum og aðflutningsgjaldamálum til þess að neyða verslunina til að lækka vöruverð. Þjóðin á kröfu á því, heimtingu á því að ríkisvaldið svari því, stjórnmálamenn svari því, stjórnmálaflokkar svari því: hvaða aðferðir kunnið þið og viljið fara til þess að lækka vöruverð í landinu? Þetta viljum við gera.

Við viljum líka í annan stað ganga lengra en hér hefur verið boðað í að lækka tekjuskatt á launþega. Við teljum að það eigi að gera afdráttarlaust á mánaðartekjur allt að 35 þús. kr. Og við höfum lagt til hvernig á að endurskipuleggja ríkisfjármálin til þess að nýjar tekjur mæti þeim tekjumissi. M. ö. o., við erum ekki að boða nýja skatta nema einn. Við boðum það að það sé bæði hagfræðilega skynsamlegt og siðferðilega réttlætanlegt og nauðsynlegt að leggja núna um tveggja ára skeið stóreignaskatt á verðbólgugróða hinna nýríku til þess síðan að bæta fyrir misgjörðir þessa þjóðfélags við ungu kynslóðina í landinu sem nú kemur að lokuðum dyrum og er úthýst á húsnæðismarkaðnum. Þetta eru raunsæjar og framkvæmanlegar tillögur til skamms tíma, fyrst sú kerfisbreyting sem ég var að lýsa áðan, það er sú leið sem við þurfum að fara til lengri tíma.

Herra forseti. Það hefur aldrei fyrr í íslensku þjóðfélagi síðan á kreppuárum verið brýnni nauðsyn en nú að gera allt sem gera má til þess að brúa það bil, brúa þá gjá sem myndast hefur milli hinna tveggja þjóða, forréttindastéttanna og hins vinnandi fjölda. Það hefur aldrei m. ö. o. verið brýnni nauðsyn fyrir úrræði jafnaðarstefnu, sem sameinar það tvennt að vera hagfræðilega skynsamleg, gleyma því ekki að hagvöxturinn er undirstaða velferðarkerfisins, en um leið að hún er fram borin af þeim aflvaka sem er réttlætiskennd, eðlileg, heiðarleg samkennd með fólki sem á í erfiðleikum, án þess endilega alla daga að vera að fara með flærð og smjaður, því að Íslendingar eru aldir upp við hörku og nenna ekki að hlusta á smjaður og bull.

Herra forseti. Leyfist mér að lokum að árétta og draga saman þessa stefnu Alþfl. eins og hún hefur verið birt í útdrætti af mörgum stefnuyfirlýsingum seinasta flokksþings, með leyfi forseta:

„Mikilvægustu verkefni íslenskra stjórnmála eru að móta skýr svör við tveimur spurningum:

1. Hvernig getur þjóðin unnið sig út úr ríkjandi kreppuástandi, haldið til jafns við grannþjóðir í lífskjörum í framtíðinni og tryggt efnahagsöryggi sitt?

2. Hvernig er unnt að tryggja jafnari eigna- og tekjuskiptingu en nú er einmitt vegna þess að minna er til skiptanna um sinn?

Ríkisstj. Steingríms Hermannssonar og sjálfstæðismanna hefur unnið það sér til óhelgi að láta launþega eina standa undir öllum kostnaði vegna skakkafalla þjóðarbúsins og vegna fjárglæfra fyrirrennara hennar á stjórnarstólum að auki. Ríkisstj. hefur í engu hróflað við grunnvandamálum atvinnuvega og efnahagsstjórnar. Hún valdi þá leið að flytja fjármagn í stórum stíl frá launafólki til fyrirtækja og fjármagnseigenda. Þessi stefna stjórnarflokkanna er nú hrunin og ríkisstj. búin að vera.

Brennimark ranglætisins var ekki sviðið í ásýnd íslensks samfélags fyrst í tíð núv. ríkisstj. Aðgerðir hennar hafa hins vegar afhjúpað óaðlaðandi ásýnd þess brenglaða verðbólguþjóðfélags sem festist í sessi á s. l. hálfum öðrum „áratug hinna glötuðu tækifæra". Á þessu tímabili hafa þrír stjórnmálaflokkar farið með völd lengst af, Framsfl., Alþb. og Sjálfstfl. Þjóðmálaforusta þessara flokka hefur brugðist. Sérfræðingum ber saman um að við hefðum nú 25 milljörðum króna meira fé til skiptanna en nú er, ef fjármunir þjóðarinnar hefðu nýst jafnvel og þeir gerðu áður en verðbólgunni var sleppt lausri. Þjóðmálaforusta þríflokkanna skuldar þjóðinni þessa upphæð og reyndar 2½ milljarð í viðbót frá Alþb. fyrir óselda orku á fimm ára tímabili. Það eru 27½ milljarður.

Fórnarkostnaður verðbólguáratugarins birtist okkur nú í hruni hluta af sjávarútveginum, bágbornum lífskjörum vinnandi fólks, sárum vonbrigðum kjósenda og dökkum framtíðarhorfum. Landið byggja nú þegar tvær þjóðir. Önnur hefur fært þungbærar fórnir án árangurs, hin þjóðin hefur brugðist skyldum sínum og er orðin að forréttindahópi í þjóðfélaginu. Unga kynslóðin kemur að lokuðum dyrum, henni hefur verið úthýst.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur því beðið skipbrot vegna þess að hún hefur misboðið réttlætiskennd þjóðarinnar. Launþegar og unga kynslóðin eru í uppreisnarhug gegn ranglátu þjóðfélagi. Það kallar á róttækar þjóðfélagsumbætur í anda jafnaðarstefnu og mannúðar.

Alþfl. lítur á það sem meginviðfangsefni sitt á næstu vikum, mánuðum og misserum að brúa bilið milli hinna tveggja þjóða. Til þess eru úrræði jafnaðarstefnunnar best fallin. Svar Alþfl. við fullyrðingum ráðh. og sumra atvinnurekenda um að þjóðfélagið hafi ekki efni á að greiða mannsæmandi laun er einfalt: Þá ber að breyta því.

Flokksþingið samþykkti róttæka stefnuyfirlýsingu um leiðir til að jafna eigna- og tekjuskiptingu og tryggja þjóðfélagslegt réttlæti. Stefnu Alþfl. má draga saman í þessar niðurstöður:

Að lækka framleiðslu-, fjármagns- og vaxtakostnað atvinnulífsins.

Að létta skattbyrði launþega, sérstaklega fjölskyldna með eina fyrirvinnu.

Að uppræta skattsvik forréttindahópa.

Að lækka verðlag með lækkun söluskatts og aðflutningsgjalda.

Að lækka skuldabyrði húsbyggjenda, sérstaklega yngri kynslóðarinnar.

Að tryggja aukinn jöfnuð og þjóðfélagslegt réttlæti.

Alþfl. minnir á tillögur sínar á Alþingi um hvernig þetta megi gerast:

Að afnema tekjuskatt á laun allt að 35 þús. kr. á mánuði.

Að lækka söluskatt og þar með vöruverð með afnámi á undanþágum.

Að leggja stóreignaskatt á verðbólgugróða hinna ríku og verja tekjunum til að bæta fyrir misgjörðir þjóðfélagsins við hina ungu og hina snauðu.

Að stöðva óráðsíu Seðlabankans og útþenslu bankakerfisins.

Þetta eru fá dæmi af mörgum um róttækar umbótatillögur Alþfl. sem eiga það sameiginlegt að flytja fjármagn frá forréttindahópum, sem hafa makað krókinn, til vinnandi fólks sem hefur fært fórnir. Þetta eru kjarabætur í ósvikinni mynt án verðbólgu. Þetta eru þjóðfélagsumbætur sem stefna að réttlæti. Svar Alþfl. við spurningunni um hvernig tryggja megi efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og sambærileg lífskjör við grannþjóðir — (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort hann ætli að nota fundartímann allan?) Herra forseti. Ég á eftir tvær mínútur, eina og hálfa til tvær mínútur af minni ræðu. (**Forseti:** Þá er það í lagi.) Þakka, herra forseti.

Svar Alþfl. við spurningunni um hvernig tryggja megi efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og sambærileg lífskjör á við grannþjóðir byggir á þessum undirstöðuatriðum:

Að brjóta niður hið spillta pólitíska ríkisforsjár- og skömmtunarkerfi kerfisflokka og hagsmunasamtaka í sjóðakerfi og lánastofnunum.

Að létta „velferðarkerfi fyrirtækjanna" af herðum skattgreiðenda.

Að skapa hagvaxtargreinum framtíðaratvinnulífs bætt vaxtarskilyrði.

Að marka nýja atvinnustefnu allt til aldamóta.

Þess vegna tekur flokksþingið af öll tvímæli um að Alþfl. er ekki — eins og oft er á hann borið — gamaldags kerfis- og ríkisforsjárflokkur, heldur róttækur umbótaflokkur sem vill breyta þjóðfélaginu í átt til valddreifingar og virkara lýðræðis.

Alþfl. býður nú vonsviknum kjósendum nýjan valkost um þrennt:

1. Róttæka umbótastefnu í efnahags- og félagsmálum.

2. Íhaldssemi á farsæla stefnu í öryggis- og varnarmálum.

3. Frumkvæði um myndun sameiningarafls jafnaðarmanna og frjálslyndra afla vinstra megin við miðju íslenskra stjórnmála.

Alþfl. lýsir sig reiðubúinn til samstarfs um stjórn landsins með þeim öflum sem vilja leggja þessari stefnu lið. Samstaða þjóðarinnar, stétta og aldurshópa, atvinnugreina og landshluta um framtíðarverkefni þjóðfélagsins er undir því komin að þessi stefna fái aukið brautargengi.

Forseti (Helgi Seljan): Ég óskaði eindregið eftir því í upphafi þessa fundar að góð samvinna gæti tekist við þm. um hóflegan ræðutíma svo að sjónarmið allra kæmust hér að. Því miður hefur ekki verið orðið við því. Ég harma það þar sem sjónarmið margra eiga enn eftir að komast að. En fundinum lýkur skilyrðislaust kl. hálf fjögur vegna þess að þá hefur verið boðaður fundur í Ed. Ég mun freista þess að koma a. m. k. að sjónarmiðum þeirra tveggja þingflokka sem ekki hafa komist hér að, fulltrúa þeirra sem þegar hafa beðið um orðið.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Ég lofaði þingheimi því að vera stuttorðari en þessi Castró íslenska þingsins, hv. 5. þm. Reykv.

Þegar það nú liggur fyrir að hæstv. ríkisstj. Steingríms Hermannssonar hefur valið þann kost að fella gengið og kosið að grípa til gamalla ráða, sem um árabil hafa kallað fram endalausa hringavitleysu, sækir sú hugsun á að sér grefur gröf sem grefur. Með þessu nýjasta tiltæki stjórnarinnar hafa herlúðrarnir verið teknir upp að nýju og blásið hraustlega og það er ríkisstj. sem blæs enn einu sinni.

Gengisfelling um 12% eða hvað hún nú endanlega verður, auk þess gengissigs sem á undan var komið, þýðir ekki annað en það að næsta haust verður launafólk að hefja nýja sókn á hendur ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sitji hún enn. Hart var sótt í haust, en harðari verður atlagan næsta haust ef árangur samninganna 1984 verður fokinn út í veður og vind.

Það er undarlegt og umhugsunarvert að íslenskar ríkisstjórnir skuli alltaf grípa til sömu ráðanna þegar við efnahagsvanda er að glíma þrátt fyrir þá slæmu reynslu sem af þeim er. Hvað veldur? Jú, einfaldlega það að þeir sem sitja í stjórnarstólunum hverju sinni ráðast alltaf á garðinn þar sem hann er lægstur, en láta stóru steinana í þjóðarhleðslunni vera óhreyfða. Það er auðveldasta lausnin að ráðast á launin og skerða þau og reyndar orðin viðtekin regla hjá gömlu flokkunum að það sé leyfilegt að skerða kjörin ef þjóðartekjur minnka. Þeir deila bara um það hvort skerða beri meira, jafnmikið eða minna en fallinu nemur. Aldrei virðist um neinar aðrar lausnir að ræða. Aldrei er um það rætt að breyta skiptingu þjóðartekna, færa fjármagn frá þeim öflum sem endalaust skara eld að sinni köku. Engin ríkisstjórn í manna minnum hefur tekist á við þann vanda sem ég tel vera eitthvert mesta misrétti og efnahagsmein sem viðgengst í þessu landi, skattsvikin. Fólk sem nær varla endum saman og selur vinnuafl sitt t. d. fiskvinnslunni eða ríkisvaldinu má horfa upp á það ár eftir ár hvernig verslunareigendur, sjálfstæðir iðnaðarmenn og sjálfsagt fleiri hópar lifa kóngalífi en segja skattayfirvöldum að þeir lepji dauðann úr skel. Engin tilraun er gerð til að takast á við milliliðina, t. d. olíufélögin sem hafa kverkatak á útgerðinni. Það er ekki einu sinni hægt að fá upplýsingar um það hverjir eiga þessi olíufélög, hvað þá meira. Meðan sjúklingar þurfa að greiða tvisvar og þrisvar sinnum meira fyrir lyf og læknisskoðun en áður en ríkisstj. tók við völdum fær verslunin að leika sér með álagningu og bankarnir með vextina. Það sýnir hvað best hið undarlega ástand sem hér ríkir að þrátt fyrir mikla kjaraskerðingu dregur lítið úr veltu og innflutningi. Það segir okkur einfaldlega að hér í landi er stór hópur fólks sem hefur sand af seðlum, enda hafa laun hækkað verulega á hinum almenna vinnumarkaði utan við samninga. Kjaraskerðingin hefur ekki komið við þann hóp.

Það er þetta endalausa misrétti og dekur við gróðaöflin sem smám saman er að sporðreisa efnahagskerfið. Rangar fjárfestingar áratugum saman og atvinnustefna stóriðjunnar eru orðnar nógu dýrkeyptar og mál að linni. En það mun ekkert gerast meðan stjórn Steingríms Hermannssonar situr við völd.

Það er mikið talað um uppbyggingu nýrra atvinnugreina sem læknislyf, en forsenda allrar uppbyggingar í þeirri tækniþróun sem nú á sér stað byggist á menntun. Mér er það óskiljanlegt hvernig á að byggja upp atvinnulífið ef skólakerfið er svelt og barið. Í þeim fjárlögum sem lögð hafa verið fram kemur í ljós að í öllu talinu um atvinnuuppbyggingu eru fjárveitingar til Háskóla Íslands skornar niður. Tækniskólinn er einn þeirra skóla sem hangir á horriminni. Og svo ætla menn sér stóran hlut í nýjum atvinnugreinum!

Þegar sameining þýsku ríkjanna hófst fyrir u. þ. b. 130 árum voru menn svo framsýnir í Þýskalandi að sjá að framtíðin lá í menntun þjóðarinnar. Peningum var dælt í skólakerfið og greinar eins og efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði fengu mikið vægi. Eftir svo sem 20 ár var þýskur stál- og efnaiðnaður kominn í fremstu röð og þýskir vísindamenn lögðu heiminum til nýja þekkingu og kenningar. Þýska kerfið ól af sér Einstein. En ef menn halda að Coca cola, SÍS eða IBM, svo dæmi séu nefnd, eigi eftir að leggja hornsteina nýrra atvinnugreina er ég hrædd um að þeir hinir sömu verði fyrir vonbrigðum. „Undirstaðan sé réttlig fundin", segir í gömlu kvæði, og það gerist einungis í öflugu og frjóu skólakerfi. Því er byrjun nýrrar uppbyggingar og uppskurðar á efnahagslífinu að efla menntunina í landinu í stað þess að skera niður, og þá mun gamla Ísland smám saman rétta úr kútnum.

En fleira verður að koma til. Við þurfum á hugarfarsbyltingu að halda. Ekki á þann hátt eingöngu að verðbólgualgleyminu linni. Það fær nú reyndar byr undir báða vængi við nýjustu aðgerðir ríkisstj. Nei, þá hugsun að láta misréttið ekki lengur viðgangast, hafna þeim öflum sem fylla kornhlöður hinna ríku meðan aðrir mega hirða það sem hrynur úr sekkjunum.

Það er ljóst að efnahagsstefna ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hefur strandað á þeim hafnargarði sem hún sjálf byggði. Stefnan byggðist og byggir á því einu að halda launum niðri til þess að halda verðbólgunni í skefjum. En bólga verður ekki læknuð með skurðhníf eða kreistingum, hún þarf meðul og smyrsl. Lækningin hefur mistekist. Gamlar mixtúrur duga ekki heldur og sjúkdómurinn breiðist út. Við þær aðstæður er um það eitt að ræða að skottulæknarnir drífi sig heim og hleypi öðrum að. Að áliti Samtaka um kvennalista á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að segja af sér. Henni hefur mistekist ætlunarverk sitt. Peningaöflin leika lausum hala, en ríkisstj. kann það eina ráð að seilast ofan í vasa launafólks og láta það borga brúsann. Sú aðgerð sem nú hefur verið gripið til kallar á mótleik frá launafólki og þannig mun leikurinn halda áfram nema að gripið verði í taumana og skynsemin fái að komist.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Hv. þm. Jóni B. Hannibalssyni, nýráðnum skipstjóra á mb. Alþýðuflokki, var mikið niðri fyrir, skiljanlega. Það er út af fyrir sig ekki undrunarefni að hv. þm. kjósi að greina frá nýjum veiðarfærum Alþfl., en tilefnið er óskynsamlegt, a. m. k. tillitslaust við þingið, það mál sem hér er til umræðu og þennan fund. Ég mun hins vegar reyna að fara að tilmælum forseta og stytta mál mitt svo sem unnt er.

Vegna gengisfellingar hæstv. ríkisstj. vil ég taka fram eftirfarandi: Þessi gengisfelling er ódrengileg aðgerð. Henni er ætlað það eitt að ónýta nýgerða kjarasamninga og dylja skipbrot ríkisstj. Það er skoðun mín að drengilegra hefði verið að afnema samningsréttinn með

lögum strax í haust.Hér skal ítrekuð sú skoðun að 15 þús. kr. mánaðarlaun eru ekki lág laun. 15 þús. kr. mánaðarlaun eru engin laun. 25 þús. kr. laun eru hins vegar lág laun. Ríkisstj. bar að leita færra leiða til að koma til móts við brýnar þarfir launþega í landinu með því að stíga út úr þeim sporvagni eymdarinnar sem á sér ekki aðra áfanga en að krukka í kaupið og fella gengið. Þessu ráðþroti ríkisstj. er stefnt gegn þjóðinni.

En ég spyr: Hvað er verið að laga eða hvern er verið að blekkja? Hverjar eru pólitískar forsendur aðgerða af þessu tagi? Rétt væri að spyrja t. d. hæstv. forsrh.: Hver voru gjaldeyriskaup ríkissjóðs s. l. föstudag? Það er ljóst að þessi gengisfelling eins og aðrar er að þeim hluta þjóðinni að kenna að hún kýs andlausa kontórista til að stjórna landinu. Orsakanna er ekki að leita í verkföllum og nýgerðum kjarasamningum, heldur í pólitísku náttúruleysi manna sem hugsa eins og bókhaldarar. Á þessu verður engin breyting fyrr en fólkið í þessu landi kýs svo.

Herra forseti. Það kom fram í blöðum fyrir helgina að skuldir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar næmu 1 milljarði kr. Sjálfsagt hefur hæstv. iðnrh. sent þeim heillaskeyti með hamingjuóskum með 1200 millj. sem þeir skulda að öllum líkindum í dag. Sama gildir um útgerðina í landinu, Landsvirkjun og ríkissjóð sjálfan. Það hlýtur þó að vera þjóðinni og launþegum öllum töluverð huggun og von að fyrir dyrum standi svokallaðar hliðarráðstafanir og mildandi aðgerðir þar sem hagur hinna verst settu — þ. e. þjóðarinnar allrar — verður settur á oddinn.

BJ hafnar þeirri pólitísku eymdarheimspeki sem liggur að baki aðgerðum af þessu tagi. Gengisfelling sem pólitískt stjórntæki er ónýt og þessi þjóð hlýtur að eiga betri og hæfari stjórnmálamenn skilið.

Svavar Gestsson: Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að þakka fyrir þær umr. sem hér hafa farið fram þó að þær hafi farið nokkuð úr böndunum, miðað við það sem gert hafði verið ráð fyrir, vegna þess m. a. að einum þátttakenda í umr. var mikið niðri fyrir og hann vildi koma á framfæri löngum og ítarlegum texta. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi því miður ekki svarað þeim spurningum, sem ég lagði fyrir hann, þannig að viðunandi sé, en úr því að tíminn er forhlaupinn, svo sem raun ber vitni um, verður að halda þessari umr. áfram síðar.

Efri deild, 16. fundur.

Þriðjudaginn 20. nóv., kl. 3.30 síðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148, n. 169, 170, 175 og 176). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Ég mun hér fara yfir nál. meiri hl. iðnn. um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Eins og fram hefur komið vil ég þó geta þess í upphafi að nefndin varð síður en svo einhuga um afgreiðslu þessa máls og ég geri ekki ráð fyrir öðru en því að fulltrúar minni hluta álitanna muni hér á eftir gera grein fyrir sínum skoðunum í þessu máli.

Frv. þetta fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi við gildandi aðalsamning milli ríkisstj. og Alusuisse um álbræðslu í Straumsvík um breytingar á rafmagnssamningi vegna álbræðslunnar og sáttargerðarsamningi milli ríkisstj. og Alusuisse í tilefni af þeim ágreiningi sem staðið hefur um nokkurt skeið varðandi framleiðslugjald ÍSALs.

Samningar þessir eru ávöxtur af þeim samningaviðræðum sem átt hafa sér stað milli aðilanna síðan á fyrra ári á grundvelli bráðabirgðasamnings ríkisstj. og Alusuisse frá 23. sept. 1983 þar sem ákveðið var að leita lausnar á yfirstandandi deilu um framleiðslugjald ÍSALs og taka upp viðræður um endurskoðun á orkuverði og öðrum tilteknum málefnum varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar. Fela samningarnir í sér þær niðurstöður sem náðst hafa í viðræðunum til þessa, þ. e. endanlega lausn á deilum vegna liðins tíma og endurskoðun á orkuverði og öðrum skilmálum rafmagnssamningsins fyrir núverandi álbræðslu.

Viðræður um önnur málefni skv. bráðabirgðasamningnum munu hins vegar halda áfram á næstu mánuðum, þ. e. um endurskoðun á ákvæðum aðalsamnings um skattkerfi fyrir núverandi álbræðslu, um hugsanlega stækkun álbræðslunnar í samvinnu við þriðja aðila og um möguleika á því að íslenska ríkið gerist hluthafi í ÍSAL. Þessi fyrirætlun er staðfest í samkomulagsbréfi milli ríkisstj. og Alusuisse frá 5. nóv. 1984.

Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar á nokkrum fundum og m. a. rætt við formann og aðra nefndarmenn samninganefndar um stóriðju sem iðnrh. skipaði 14. júní 1983 til að annast viðræðurnar við Alusuisse, svo og ritara nefndarinnar og lögfræðilegan ráðunaut. Einnig hefur hún rætt við forstjóra Landsvirkjunar og nokkra starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækisins. Sömuleiðis hefur nefndin rætt við ýmsa sérfræðinga, er önnuðust samskipti við Alusuisse í tíð fyrrv. iðnrh. á árunum 1980—1983. Jafnframt hefur nefndin rætt við lögmenn ríkisstj. er önnuðust málflutning fyrir dómnefndum í Reykjavík og New York skv. bráðabirgðasamningnum.

Meginatriði þessara samninga eru þríþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir sátt milli ríkisstj. og Alusuisse um öll deilumál vegna liðins tíma er taki gildi sem dómsátt fyrir ofangreindum dómnefndum ef frv. þetta verður að lögum. Þessi sátt felur í sér eina heildarlausn allra mála án þess að reynt sé að gera þau upp í einstökum atriðum eða fá annan aðilann til að viðurkenna röksemdir hins. Það er að mörgu leyti eðlilegur grundvöllur að sátt af þessu tagi og einkum með tilliti til þess að megintilgangur sáttargerðarinnar er að gera aðilum kleift að ganga til samninga um skipan mikilvægra framtíðarmálefna sín í milli án þess að karp um liðinn tíma sé því til hindrunar.

Aðalefni sáttarinnar er það að ríkisstj. leysir ÍSAL og Alusuisse undan framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma, en Alusuisse samþykkir að ÍSAL greiði ríkisstj. 3 millj. dollara í sáttafé. Lögmenn í dómnefndarmálunum og lögfræðingur samninganefndar hafa því orðið sammála um að fjárhæð þessi megi teljast viðunandi miðað við stöðu þeirra mála og má telja ljóst að niðurstaðan hefði getað orðið lægri allt eins og hærri — þá vikið að fjárhæðum — ef málin

hefðu verið rekin til enda. Greiðslan fer fram með lækkun á skattinneign ÍSALs sem félagið á skv. samningum frá tímabilinu fyrir 1. okt. 1975 og er það að flestu leyti eðlileg tilhögun.

Í öðru lagi er samið um nokkrar breytingar á aðalsamningi um álbræðsluna og breytingu á aðstoðarsamningi milli ÍSALs og Alusuisse. Varða sumar breytingarnar framleiðslugjald ÍSALs og eru ætlaðar til skýringar varðandi sum þeirra atriða sem orðið hafa aðilum að deiluefni, án þess að afstaða sé tekin til þeirra aftur í tímann. M. a. er nú kveðið svo á að endurskoðun á reikningum ÍSALs skuli fara fram árlega þannig að ekki séu tvímæli um stöðu framleiðslugjaldsins og teljum við nefndarmenn að það sé rétt spor miðað við óbreytta tilhögun gjaldsins. Annars ber að skoða allar þessar breytingar í ljósi þess að aðilar munu halda áfram viðræðum um endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs þar sem skattamál álbræðslunnar verða tekin fyrir á breiðum grundvelli og geta niðurstöður þeirra viðræðna leitt til þess að breytingarnar verði úreltar að einhverju leyti. M. a. verður það til umræðu hvort taka skuli upp breyttar bókhaldsreglur og breyttar reglur um mat á viðskiptum milli Alusuisse og ÍSALs ásamt því meginatriði hvort ástæða sé til þess að taka upp veltuskatt á fyrirtækið í stað skatts sem byggður er að hluta á nettótekjum.

Aðrar breytingar í aðalsamningi varða hlutabréf í ÍSAL þannig að Alusuisse verður nú heimilt að selja hlutabréf í ÍSAL til dótturfélaga, sem það tekur ábyrgð á, og til þriðja aðila með samþykki ríkisstj., allt að 50% í stað 49% áður. Þetta síðast talda getur orðið til að greiða fyrir stækkun bræðslunnar, en heimildin tekur þó aðeins til félagsins eins og það er nú og felur ekki í sér neina sjálfstæða heimild til stækkunar. Sú heimild verður til umræðu á komandi mánuðum og er háð samþykki Alþingis.

Í þriðja lagi hefur verið samið um gagngera endurskoðun á ákvæðum rafmagnssamnings um orkuverð til ÍSALs, þannig að þau ákvæði mega heita ný frá grunni. Skv. þeim verður orkuverð á bilinu 12.5 — 18.5 mill á kwst., en það felur í sér tvöföldun til þreföldun á því verði sem nú mundi gilda skv. fyrri samningi. Þetta verð breytist innan þessara marka í hlutfalli við álverð skv. fjórþættri viðmiðun þar sem tillit er tekið bæði til verðskráningar á opnum markaði og framleiðendaverðs til óháðra aðila. Þessu verði er ætlað að gilda í 20 ár með fyrirvara um endurskoðun á 5 ára fresti. Það endurskoðunarákvæði er byggt á tilliti til breyttra aðstæðna og er þannig ætlað að tryggja að unnt verði að koma við nauðsynlegri breytingu orkuverðsins með tilteknu millibili á tiltölulega breiðum grundvelli.

Önnur aðferð við ákvörðun orkuverðsins hefði svo sem getað verið sú að tiltaka ákveðið verð með ákveðnum verðbreytingarreglum til langs tíma. Það má telja líklegt að með þeirri aðferð hefði orkuverðinu verið mun þrengri stakkur skorinn en með ofangreindri tilhögun. Það er mjög erfitt að setja verðtryggingarreglur til langs tíma, hvort heldur er á grundvelli álverðs, kostnaðarbreytinga eða almennra verðlagsbreytinga, án þess að þrengja í verulegum efnum það svið viðmiðunaratriða sem unnt er að taka tillit til. Hið umsamda endurskoðunarákvæði er ekki takmarkað á þennan hátt og enda þótt eflaust megi deila um orðalag þess verður að telja ljóst að það muni í reynd tryggja nauðsynlega endurskoðun álverðsins með reglulegu millibili.

Samningurinn um hið nýja orkuverð er byggður á ítarlegum samanburði á orkuverði til stóriðju og samkeppnisstöðu álvera í Evrópu og Ameríku og stenst fullkomlega allan eðlilegan samjöfnuð í þeim efnum. Hin mikla hækkun á verðinu er þeim mun athyglisverðari þegar þess er gætt að hér er um að ræða orkuverð til starfandi álvers en ekki til nýrrar verksmiðju sem byggir á nýjustu tækni annars vegar og orku frá nýjum virkjunum hins vegar.

Það er ljóst af framansögðu og fjölmörgum gögnum málsins að samningarnir eru íslensku þjóðarbúi til verulegra hagsbóta. Með tilliti til þess orkar ekki tvímælis að rétt er að staðfesta viðaukasamningana sem hér er um að ræða. Þess vegna leggur meiri hl. hv. iðnn. til að frv. þetta verði samþykkt.

Undir þetta nál. rita Þorv. Garðar Kristjánsson, sá sem hér stendur, Davíð Aðalsteinsson, Björn Dagbjartsson og Egill Jónsson.

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni þakka fyrir gott samstarf í iðnn. Það var margsinnis að því vikið við upphaf umr. um þetta mál að enda þótt hvíldi nokkur pressa á þinginu fengi það svo þinglega meðferð sem tök væru á. Ég held að segja megi að þar hafi allt staðist. Ég skal játa að ég hefði fremur kosið, sem formaður nefndarinnar nú, að þetta mál hefði komið til umr. s. l. mánudag, en svo gat ekki orðið af ýmsum ástæðum. Ég ítreka þakklæti mitt til annarra nefndarmanna fyrir gott samstarf í nefndinni.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús H. Magnússon): Virðulegi forseti. Það er óviðunandi að Alþingi skuli þá fyrst fá að fjalla um þann samning sem hér er á dagskrá þegar hann er fullfrágenginn og undirritaður. Alþingi gefst enginn kostur á breytingum. Það er sett upp við vegg. Annaðhvort á að samþykkja samninginn óbreyttan eða fella hann sem væntanlega þýðir óbreytt raforkuverð í svo og svo langan tíma. Þetta eru að mínu mati óeðlileg vinnubrögð og óviðeigandi þrýstingur á Alþingi.

Samningurinn gerir ráð fyrir því að öll eldri deilumál við Alusuisse verði lögð niður gegn 3 millj. dollara greiðslu fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það er nokkurs konar syndaaflausn. Alþfl. telur að staða okkar í málinu hafi verið sterk og sjálfsagt hefði verið að láta gerðardóma fella sína úrskurði, enda málflutningi svo til lokið og skammt að bíða uppkvaðningar úrskurða. Á síðasta stigi var málið stöðvað gegn ákveðinni greiðslu mótaðila.

Um sjálfa upphæðina er það að segja að ýmsir, sem nálægt málum hafa komið, telja hana viðunandi ef eingöngu er litið til krafna vegna ársins 1980. Málatilbúnaður okkar náði þó einnig til áranna 1976—1979, en menn greinir á um stöðu okkar varðandi þau ár vegna formgalla, vegna þess að ekki var krafist endurskoðunar á réttum tíma ár hvert. Um þetta atriði eru skoðanir nokkuð skiptar. Sumir telja stöðu okkar gagnvart þessum málum sterka, aðrir ekki.

Í hinum nýja samningi eru ákvæði til að forðast sams konar ágreining í framtíðinni. Það út af fyrir sig er gott. En í öllum tilvikum túlkar samningurinn þau sjónarmið sem Alusuisse hefur haldið fram í málflutningi sínum. T. d. eru ákvæði í grein 2.03 c í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs um að ÍSAL geti fengið þau aðföng

„með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru" felld niður þegar um viðskipti Alusuisse við ÍSAL er að ræða, en það ákvæði var mjög sterkt frá sjónarmiði Íslendinga. Þess í stað eiga ákvæði í gr. 27.03 í aðalsamningi að gilda í þessum tilvikum, þ. e. „um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli ólíkra aðila", svokallaða arm's length-reglu, en þau ákvæði eru miklu teygjanlegri en ákvæði um „bestu kjör" og Alusuisse hefur túlkað þau mjög sér í vil. Þessi grundvallarbreyting nær til um það bil 98% af aðföngum ÍSALs. Það verða þá samkv. samningum aðeins um það bil 2% aðfanga sem áfram njóta bestu kjara.

Sama má segja um ágreining vegna afskrifta. Sjónarmið Alusuisse í þeim efnum eru staðfest í samningnum.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort við séum að gera svipaðan samning og gerður var 1975. Þá var samið um nokkra hækkun raforkuverðsins og sú hækkun gaf okkur í aðra hönd 26.2 millj. kr. á tímabilinu frá 1975—1982. Það hefur mikið verið talað um þennan samning og menn hafa haldið að þarna væri um miklar hagsbætur að ræða fyrir Ísland. En skattabreytingar, sem jafnframt var samið um árið 1975, hafa lækkað skattatekjur okkar um 26.7 millj. kr. á sama tímabili. Þegar upp er staðið var það því Alusuisse sem þénaði á samningnum 1975, ekki Íslendingar. Mér sýnist af ýmsu í þessum nýja samningi að við séum að feta í þau fótspor. Þetta má ekki endurtaka sig.

Í samningnum nú er ÍSAL tryggður forgangsréttur að orku frá nýjum virkjunum, en engar skuldbindingar koma þar á móti, aðeins einhliða réttur Alusuisse.

Versti galli samningsins eru þó endurskoðunarákvæði hans. Að sumra áliti eru þau verri en engin því að nú verður aðeins unnt að óska endurskoðunar á 5 ára fresti hvað svo sem skeður í millitíðinni. Ef engin ákvæði væru, segja þessir sömu menn, væri unnt að óska endurskoðunar ef og þegar eitthvað ófyrirséð kæmi upp. Ekki treysti ég mér til að leggja dóm á þetta atriði hér og nú.

Í endurskoðunarákvæðunum er það sett sem skilyrði fyrir endurskoðun raforkuverðs „að orðið hafi teljandi og ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrri þann aðila sem í hlut á."

Ef við gefum okkur að verðbólga í Bandaríkjunum verði 5% á ári að jafnaði, eins og hún er um þessar mundir, að raungildi dollarans minnki um 5% á ári, þá getur það hvorki talist „ófyrirsjáanleg breyting" né að það valdi Landsvirkjun „óeðlilegu harðrétti" — en hvort tveggja þarf til að koma til þess að unnt sé að óska endurskoðunar á raforkusamningnum og þá aðeins á 5 ára fresti. Nokkur alþjóðleg verðbólga er staðreynd. Hún er orðin hluti af efnahagslífi heimsins segja ýmsir hagfræðingar.

Ef áætlanir um þróun álverðs á næstu árum standast og ef 5% verðbólga verður í Bandaríkjunum að jafnaði á samningstímanum verður raforkuverðið í upphafi 12.6 mill (þúsundustu partar úr dollar) pr. kwst., hækkar í 18.5 mill eftir 4—5 ár, en raunverðið verður þá komið niður í 15.2 mill. Þá verður hámarkinu náð og verðið síðan óbreytt í dollurum næstu 16 árin. Eftir 10 ár verður núvirði komið niður í 11.5 mill og eftir 20 ár niður í 7 mill pr. kwst. Það er því ekki, miðað við þessar forsendur, verið að tala um 15 mill pr. kwst. sem meðalverð á samningstímanum, heldur 10—11 miðað við núverandi verðmæti. Verði verðbólga í Bandaríkjunum t. d. 7—8% verður hrap raforkuverðsins mun örara, en þó vafasamt að unnt verði að heimfæra það undir „ófyrirsjáanlegar breytingar".

Samningurinn frá 1966 var um flest mjög góður miðað við aðstæður. Þá var dollarinn talinn gulls ígildi, enda hafði gullverð í dollurum ekki breyst svo árum skipti. Besta verðtrygging þá var talin viðmiðun við dollara. Þetta brást eins og allir vita. Nú stendur til að gera 20 ára samning sem byggist á viðmiðun við dollara án verðtryggingar nema allra fyrstu árin, og án haldbærra endurskoðunarákvæða. Samningamennirnir frá 1966 hafa gilda afsökun, en það komum við ekki til með að hafa þegar við göngum frá þessum samningi. Við vitum að verðbólga verður nokkur í Bandaríkjunum eins og annars staðar í heiminum. Okkar afsökun verður engin.

Alþfl. átti aðild að og ber að sínum hluta ábyrgð á því að álverið var reist við Straumsvík. Það var skoðun Alþfl. og er enn að nýta beri þá auðlind í vaxandi mæli sem í fallvötnum og jarðhita felst til að skjóta fleiri styrkum stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar með margbreytilegum iðnaði og stóriðju þar sem það á við. Stóriðja verður þó að greiða kostnaðarverð raforkunnar og rúmlega það ef hún á að verða sú lyftistöng sem að er stefnt. Sá samningur um raforkusölu sem nú er lagður fyrir Alþingi til staðfestingar gerir það ekki, a. m. k. ekki ef litið er yfir samningstímabilið allt. Í upphafi samningstímans má segja að umsamið verð nái nokkurn veginn framleiðslukostnaði eldri virkjana, en fer ört minnkandi að raungildi þegar kemur fram á samningstímann ef að líkum lætur.

Virðulegi forseti. Fyrrv. ríkisstj. var búin að koma samskiptum okkar við Alusuisse í illeysanlegan hnút og voru samningar því nauðsynlegir. Þó að samningur sá sem hér er til umfjöllunar geri ráð fyrir talsverðri hækkun raforkuverðs allra fyrstu árin getur hann engan veginn talist nægjanlega hagkvæmur fyrir okkur þegar lengra er litið fram á veginn. Ég legg því til, hæstv. forseti, að frv. verði fellt, en mun þó ekkert gera til að tefja afgreiðslu málsins hér á hinu háa Alþingi.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég get ekki til að byrja með tekið alveg heils hugar undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, 6. landsk. þm., að Alþfl. sé algerlega stikkfrí í þessu máli því að upphafsvandinn í þessum samningaviðræðum öllum og hefur verið frá upphafi liggur falinn í upphaflegri gerð samningsins, þ. e. þeim grunni samningsins að einn aðili semur í raun og veru fyrir tvo, þannig að alltaf blandast saman hagsmunir tveggja óskyldra aðila, annars vegar raforkusalans, sem er Landsvirkjun, og hins vegar ríkissjóðs, sem á að hirða opinber gjöld af þessu fyrirtæki. Þegar menn gengu til samninga núna enn eina ferðina hlaut náttúrlega alltaf um ákveðin hrossakaup að vera að ræða þar sem verslað yrði með hagsmuni þessara tveggja óskyldu aðila. Auðvitað bar að leggja höfuðáherslu á það að sá aðilinn sem lagt hefur út fé, fjárfestingarnar og kostnaðinn vegna tilkomu þessa

fyrirtækis fengi sem mest út úr þessum samningum. Ekki það að ríkissjóður eigi ekki allt gott skilið. En endanlega réttlætast hans tekjur ekki með útlögðum kostnaði, heldur er þar um aðgerðir að ræða, þar sem horft er til þess að eitthvað jafnt gangi yfir alla sem í þessu tilfelli á heldur ekki við þar sem um sérstakan aðila er að ræða eins og ÍSAL.

Ég stóð ekki að meirihlutaáliti þar sem mælt er með samþykkt þessa samnings. Þar komu aðallega tvær ástæður til. Annars vegar það að ég var ekki á landinu þegar frá þessu áliti var gengið. Hins vegar það að ég get ekki tekið þátt í því að hrópa húrra fyrir þessum samningi. Þessi samningur er að mínu mati ákveðinn áfangi, en hann er ekkert afrek.

Ég ætla ekki að tíunda sérstaklega efni eða innihald míns nál., en ég vil þó taka örfá atriði fram sem lúta að því að ég tel mjög nauðsynlegt að sú umr. sem fór af stað í kringum þennan samning lognist ekki út af og að menn tali hreint úr pokahorninu um þau vandamál, sem þarna er við að etja, sérstaklega í þeim tilgangi að reyna að læra af þeim í framtíðinni.

Það eru auðvitað uppi skiptar skoðanir hér á landi um hvaða leið beri að fara í sambandi við orkufrekan iðnað eða stóriðju. En eitt er víst. Með vaxandi þátttöku Íslands í alþjóðlegri starfsemi hlýtur einhvern tíma að reka að því að við tökum þátt í fyrirtæki svipuðu og þessu hér á landi. Og þá er ákaflega mikilvægt að menn haldi rétt á spöðunum og mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þeim mistökum sem hafa átt sér stað í fortíðinni og þeim göllum sem finna má á þessum samningi, en þeir eru auðvitað fyrir hendi. Það er mjög mikilvægt að menn safnist ekki í hópa og hrópi annaðhvort halelúja eða fordæmi þennan samning, heldur horfist í augu við þau vandamál sem þegar eru fyrir hendi í honum og við er að glíma í framtíðinni.

Til að byrja með er eitt atriði mjög mikill ljóður á þessum samningi, það sem ég minntist á í upphafi og verður ekkert við gert, því að það er hluti af gamla aðalsamningnum og því verður trúlega seint breytt. En þetta atriði ber að mínu mati að hafa mjög sterklega í huga í framtíðinni, sem sé það að þetta er einn samningur við tvo aðila, en ætti að vera tveir samningar, við sinn aðilann hvor þeirra, annars vegar við ríkissjóð og hins vegar við Landsvirkjun. Ég nefni bara sem dæmi þá uppákomu sem járnblendiverksmiðjan er fyrir Landsvirkjun, þar sem Landsvirkjun undir hælnum á ríkisvaldinu er fyrirskipað að tapa á sínum viðskiptum. Þar eru allt aðrir og miklu, miklu alvarlegri hlutir á ferðinni heldur en nokkurn tíma í Straumsvík. Þar er fyrirtækið gagngert að tapa og landsmenn allir verða að borga brúsann.

Annað atriði er öllu erfiðara, það sem tengir annars vegar lánstíma og hins vegar afskriftir. Lánstími á almenna lánamarkaðinum í heiminum er um þessar mundir nokkuð stuttur. Þó er hann að lengjast. Hann er að verða hagstæðari. Menn töldu áður fyrr að 25 ára lánstími væri mjög eðlilegur fyrir virkjanir af því tagi sem þarna er um að ræða. En lán sem aflað hefur verið nýlega til sambærilegra framkvæmda, eins og í Hrauneyjafoss og Sigöldu, hafa verið 10 ára lán. Í raun og veru er það með öllu óviðunandi að fara út í virkjanir á lánagrundvelli sem þessum, að taka 10 ára lán til að fjármagna framleiðslu sem getur enst a. m. k. 100 ár. Það er náttúrlega út í hött, enda hefur komið glögglega fram hvað þetta hefur haft mikil áhrif á kostnað framleiðslunnar.

Afskriftatími þessara virkjana er líka rangur í ljósi staðreynda. Afskriftatíminn er 40 ár á virkjunum sem hæglega geta enst 100—150 ár. Að sjálfsögðu drægi stórlega úr framleiðslukostnaði ef afskriftatímanum væri breytt. Þetta er eitt þeirra atriða sem ég tel að menn verði að skoða í ljósi þess að ef endurskoðunarákvæði samningsins, sem núna er verið að fjalla um, duga ekki til að halda í við raunvirði þeirrar orku sem samið hefur verið um, þá verði að horfa til einhverra slíkra hluta til að halda kostnaði framleiðslunnar niðri, þ. e. að Íslendingar eða réttara sagt Landsvirkjun geti haft einhvern ábata af þessum samningi.

Það er öllum ljóst að Alusuisse er mjög erfiður samningsaðili. Það er líka ljóst að enn þá eru fyrirsjáanleg vandamál í sambúð Íslendinga og Alusuisse. Þessi samningur hefur ákveðna galla. Gallarnir eru margupptaldir. Einn þeirra eru endurskoðunarákvæðin sem eru loðin og þýða í raun að það verður harður bardagi á fimm ára fresti um hvað telja megi harðræði og hvað sé ófyrirsjáanlegt. Eins og hér hefur verið minnst á veit hvert einasta mannsbarn það orðið að það verður 5% verðbólga á ári fram til aldamóta og jafnvel lengur og ekki hægt að kalla slíkt ófyrirsjáanlegar aðstæður. Menn verða þess vegna að hengja hatt sinn á eitthvað annað þegar þeir ætla að knýja fram hærra orkuverð.

Annað atriði er stækkunin. Mér er ekki alveg ljóst, jafnvel eftir að hafa bæði lesið frv. og tekið þátt í nefndastörfum, hvort það er í raun og veru ásetningur ríkisstj. að fara með þau mál sem varða stækkun verksmiðjunnar, kjör og skilmála um raforkusölu í gegn algerlega án þinglegrar meðferðar. Þetta atriði varðar svo mikið þjóðhagslegar stærðir að ég tel óhugsandi að leiða þar eitt eða neitt til lykta án þess að þar sé unnin mjög rækileg og nákvæm vinna hvað þjóðhagslega hagkvæmni snertir og án þess að málið fái rækilega umfjöllun hér í þingsölum. Ég tel að árangur þessa samnings sé raforkuverðið með þeirri, hvað eigum við að segja — áhættu sem falin er í endurskoðunarákvæðunum. Ég tel að þarna hafi að því leyti verið skynsamlega á málum haldið að sá aðilinn sem þurfti á ábata að halda í þessum samningaviðræðum fékk þó góða lausn sinna mála miðað við ástand dagsins í dag.

Í sambandi við þann vanda sem Íslendingar hafa átt við að glíma og glíma við enn þann dag í dag í raforkuverðsmálum langar mig til að benda hér á einn hlut sem ég tel að skipti mjög miklu máli og við hjá Bandalagi jafnaðarmanna höfum lagt þó nokkra vinnu í að skoða og munum flytja hér á næstunni sem þingmál.

Ef maður rifjar upp söguna þá er það árið 1953 sem efnahagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna í Evrópu gerir ákveðna bókun sem er kölluð bókun 188. Þessi bókun lýtur að verðbótum í samningum aðila við byggingu á framleiðslutækjum eða sölu á vélum. Í grófum og einföldum dráttum felur þessi bókun það í sér að hækkun verðbóta í slíkum viðskiptum skuli aldrei vera meiri en meðalhækkunin á viðmiðunartímanum.

Hér á Íslandi er yfirleitt, með örfáum undantekningum þó, verðbætt með þeim hætti að öll gengisbreytingin á viðmiðunartímanum er tekin sem verðbót inn í uppgjör. Þetta þýðir það að ef við setjum upp karamelluverksmiðju á Íslandi og karamelluverksmiðju í Danmörku verður tilkostnaðurinn við byggingu þessara

verksmiðja ekki sambærilegur að því leyti að fjármagnsþörfin við byggingu þeirrar íslensku er því meiri sem þessum verðbótaaðferðum nemur. Það þýðir að karamellurnar sem við framleiðum á Íslandi hljóta alltaf að verða dýrari en þær sem framleiddar eru í Danmörku. Þetta á náttúrlega við um miklu fleiri þætti. Þetta á líka við um raforku. Þetta kann að vera ein af veigameiri skýringum á því að við Íslendingar erum ekki samkeppnisfærari en við erum í sölu raforku í dag. Þessi atriði varða ekki hvað síst byggingu þeirra raforkuvera sem byggð hafa verið á verðbólguáratugunum, þ. e. Sigöldu og Hrauneyjafoss. Ég tek ekki Kröflu með í þetta dæmi vegna þess að þar er náttúrlega allt annað á ferðinni og enn þá verra en bara verðbólguástandið.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að lesa nál. mitt. Menn geta haft fyrir því sjálfir. Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt. Ég tel að með því gætum við staðið að ákveðnum kaflaskiptum í málefnum raforkusölu og orkufreks iðnaðar á Íslandi og hugsanlega skapað grundvöll til samstöðu meðal allra pólitískra afla í framtíðinni þegar við sams konar vandamál er að glíma. — [Fundarhlé.]

Frsm. 3. minni hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Hinn 5. nóvember 1984 undirritaði hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson svokallaðan þriðja viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. Samningur þessi var kominn hér til umr. í frv.-formi í hv. deild fimmtudaginn 8. nóv. og var vísað til iðnn. deildarinnar samdægurs. Skv. tilmælum ráðh. hafa verið haldnir sameiginlegir fundir iðnn. beggja deilda um málið og hafa þeir fundir verið undir traustri forustu formanns iðnn. Ed., hv. 4. þm. Vestf. Frv. var yfirfarið og rætt mjög ítarlega á þremur sameiginlegum fundum og tveimur sérstökum fundum Ed.-nefndarinnar. Ég tel ástæðu til að taka það fram að formaður fór eftir þeirri ósk hæstv. iðnrh. við 1. umr. frv. í deildinni að takmarka ekki svo tíma þann sem tekinn yrði til meðferðar málsins í iðnaðarnefndum að nefndarfólki gæfist ekki tími til skoðunar á samningunum. Formaður hélt að vísu liði sínu vel að vinnu, kallaði það til starfa kl. 8 og hélt síðan uppi stanslausum umræðum fram yfir kl. 12 fundadagana. Ég þakka formanni iðnn. fyrir stjórn hans á málsmeðferð og öflun upplýsinga í sambandi við nefndarstörfin.

Ég hef ekki talið saman hve fjölmennur sá hópur var sem kom til viðræðna við iðnaðarnefndir. Ætli það hafi ekki verið vel á öðrum tugnum. En það var ánægjulegt að heyra málflutning gesta okkar og verða þess var hvað við eigum góða kunnáttumenn á sviði þessara málefna, orkusölu og álframleiðslu og samningagerð þar að lútandi.

Við lukum nefndarstarfi s. l. miðvikudag. Meiri hl. n. skilaði þá samdægurs nál. þar sem lagt er til að samningurinn verði samþykktur. Ég gerði formanni iðnn. strax grein fyrir því að það mundi taka mig nokkurn tíma að semja nál. Bæði var að miklar upplýsingar komu fram í nefndinni, sem ég taldi mér skylt að koma á framfæri í mínu nál., svo og var fram undan flokksráðsfundur okkar Alþb.-manna sem stóð frá föstudegi til sunnudags. Eftir að ég hafði gengið frá nál. að meginefni taldi ég nauðsynlegt að fara yfir það á fundi í þingflokknum, en eins og allir hv. þm. vita hefur öllum upplýsingum um gang mála í sambandi við samningagerð og aðra meðferð mála verið haldið leyndum fyrir stjórnarandstöðunni og mun ég koma að þeim þætti síðar. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt og reyndar sjálfsagt að ræða málið allítarlega í þingflokknum við þessa yfirferð og var það gert í gærkvöld. Það er svo ekki að orðlengja það að forseti hv. Ed. lagði á það mikla áherslu í gær að frv. yrði til umr. í deildinni í dag frekar en að draga það til morguns á venjulegum degi til deildafunda. Ég taldi mig reyndar þurfa daginn í dag til frekari undirbúnings við nál., en með því að halda áfram til kl. að ganga tvö í nótt komst handritið að nál. í vinnslu og þar með var sýnt að ósk virðulegs forseta gat náð fram að ganga hér í Ed. í dag. Frá því að ég skrifaði þetta, sem ég er að lesa upp, hefur reyndar komið í ljós að nál. mitt er ekki komið enn þá og hefur ekki verið dreift hér í Ed. sem mér þykir miður. Ég taldi ekki ástæðu til að óska eftir neinum sérstökum drætti á umr. þrátt fyrir að þannig væri komið málum, en ég vænti þess að stutt sé í að nál. komi á borð hv. þm.

Eins og ég sagði í upphafi taldi ég nauðsynlegt og mér reyndar skylt að láta koma fram í mínu nál. þær upplýsingar sem fram komu á fundum nefndanna um frv., m. a. sem svör við spurningum okkar Alþb.-manna í nefndunum, mín og hv. þm. Sveins Jónssonar, svo og annarra nm. Þær upplýsingar voru margháttaðar og eru þeim að sjálfsögðu ekki gerð tæmandi skil í nál., en ég tel að þar komi fram þau aðalatriði sem fram komu í svörum viðmælenda okkar.

Hv. þm. Ragnar Arnalds gerði frv. þessu og viðskiptum okkar við ÍSAL og Alusuisse ítarleg skil í ræðu hér í Ed. við 1. umr. málsins. Ég vísa til þeirrar ræðu nú við 2. umr. og bið hv. þm. að lesa þá ræðu sér til halds og trausts.

Frv. þetta er þriðji viðauki við aðalsamning ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse um álverið í Straumsvík, en hann var dags. 28. mars 1966 og staðfestur með lögum nr. 76/1966. Við aðalsamninginn, sem hefur lagagildi, eru tengd tiltekin fskj. sem eru forsendur aðalsamningsins. Með frv. þessu er, auk sjálfs þriðja viðaukasamningsins, lagt til að eftirfarandi fskj. sé breytt:

1. Rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ÍSALs.
2. Aðstoðarsamningi milli ÍSALs og Alusuisse.
3. Stofnsamningi ISALs.
4. Samþykktum Íslenska álfélagsins hf.

Auk þessara fskj. er lagt fram með frv. þessu skuldbindandi bréf iðnrh. til Alusuisse, dags. 5. nóv. 1984. Þar er að finna ótímabundið loforð um að ríkisstj. muni afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun til um 40 þús. tonna stækkunar álversins. Er þetta loforðabréf varðandi framhald viðræðna milli Alusuisse og ríkisstj., eins og hin fskj., ein af forsendum þriðja viðaukans.

Krafan um endurskoðun álsamninganna var samþykkt í fyrri ríkisstjórn í des. 1980 að tillögu Hjörleifs Guttormssonar þáv. iðnrh. um leið og varpað var ljósi á skattsvik ÍSALs, sem Alusuisse hafði skipulagt kerfisbundið allt frá árinu 1974 að telja. Allt frá því að álsamningarnir voru endurskoðaðir að hluta til árið 1975 og til haustsins 1980 hafði engin slík krafa um endurskoðun samninganna, þ. á m. um hækkun raforkuverðs, komið fram opinberlega frá öðrum en

talsmönnum Alþb.

Fram til stjórnarskipta vorið 1983 fór fram á vegum stjórnvalda afar umfangsmikil athugun á áliðnaði með sérstöku tilliti til álversins í Straumsvík og samningaumleitana við Alusuisse. Þær athuganir voru jafnóðum kynntar fulltrúum þáverandi þingflokka sem allir áttu aðild að álviðræðunefnd sem starfaði á vegum iðnrn.

Núv. ríkisstj. hefur getað byggt á þessum vandaða málatilbúnaði. Sá árangur sem talsmenn hennar telja að felist í fyrirliggjandi samningi er einvörðungu reistur á efnisrökum og sóknarstöðu sem byggð var upp í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnrh. Miðað við sterka málefnastöðu af Íslands hálfu verður eftirtekjan ótrúlega rýr í þeim samningi sem hér er leitað eftir að Alþingi staðfesti.

Ekki verður hér rakin saga álmálsins, enda er hún geymd í þskj. og verður eflaust rifjað upp í öðrum umr. Hins vegar verður hér vikið að undirbúningi málsins eins og það er nú lagt fyrir Alþingi.

Samningurinn var þannig lagður fyrir Alþingi að annaðhvort verður að samþykkja hann óbreyttan eða hafna honum alveg. Sú aðferð við löggjafarstörf er ófær og raunar móðgun við Alþingi, nema þm., bæði stjórnarsinnar og þeir sem eru í stjórnarandstöðu, hafi átt þess kost að fylgjast með þróun efnisþátta við samningsgerðina og koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en skrifað er undir. Við undirbúning málsins hefur þess hins vegar verið sérstaklega gætt að þm. stjórnarandstöðunnar fengju þar hvergi nærri að koma. Þeir hafa verið útilokaðir frá samningaumleitunum og upplýsingum og hafa því ekki haft aðstöðu til að leggja neitt til málanna. Slíkt er einsdæmi í þingsögunni varðandi álverið í Straumsvík þar sem blandaðar nefndir þm. og fulltrúar þingflokka hafa ætíð fengið að fylgjast með þróun samningamála, a. m. k. á lokastigum þeirra fyrir framlagningu á Alþingi. Þetta er þeim mun ámælisverðara sem hinni þinglegu meðferð er hraðað með þeirri röksemd að hver dagur eftir 5. nóv. 1984 kosti Landsvirkjun 400 þús. kr. Þessi síðasta samningslota hefur hins vegar staðið í 17 mánuði. Þau vinnubrögð sem hér hafa verið rakin eru ótæk og vís til að leiða til ófarnaðar eins og frv. um breytingar nú ber með sér. Hér á Alþingi verður því að gera þær kröfur að þessi vinnubrögð verði aflögð.

Einkanefnd Sjálfstfl. og Framsfl., sem hefur staðið í viðræðum við Alusuisse, undirbúið samningana í leynd og samið frv., er greinilega óhæf til þessara verka. Það gengur alls ekki að stjórnarandstaðan sé útilokuð frá viðræðum og upplýsingum um gang mála. Hver svo sem niðurstaða verður á Alþingi um þetta frv. verður við framhald viðræðna að opna samninganefnd Íslands vegna þeirra veigamiklu þátta sem enn er ósamið um, þ. e. um skattareglur og stækkun álversins í Straumsvík sem boðuð hefur verið. Iðnrh. hefur lýst því yfir að leyndin yfir þessum samningaviðræðum allt að framlagningu þessa frv. sé viðhöfð að kröfu Alusuisse. Er þá illa komið fullveldi þjóðarinnar þegar ríkisstj. telur sig þurfa að haga samskiptum sínum við Alþingi á þennan hátt að fyrirlagi erlends auðfélags.

Við framlagningu þessa frv. um þriðja viðauka er því haldið fram að í þessari lotu sé verið að leysa raforkuverðið, stækkunina og deilumálin fyrir dómnefndum, en skattamálin fái áframhaldandi meðferð og samningum um þau muni ljúka vorið 1985. Það er mikil fásinna að gera réttarsátt við Alusuisse út af deilumálum og breyta jafnvel tilteknum skattaákvæðum að þeirra ósk, en ljúka ekki um leið heildarsamningum um skattalega meðferð ÍSALs. Það er á allra vitorði að Ísland hefur til þessa haft mjög sterka samningsstöðu þar sem allar horfur voru á að Alusuisse hlyti áfellisdóm fyrir dómnefndum. Sannað var og um leið viðurkennt af Alusuisse að súrálsverðið frá Ástralíu var „hækkað í hafi" um eigi minni fjárhæðir en fram komu í rannsóknum fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar á því atriði. Á síðustu stigum málsmeðferðarinnar í New York, þegar Alusuisse var ljóst að fyrirtækið var með tapaða stöðu, greip auðhringurinn til þess bragðs, til að koma í veg fyrir áfellisdóm, að bjóða svokallaða réttarsátt. Alusuisse bauð fram 100 millj. kr. greiðslu til að forðast dóm. Um þennan þátt væri hægt að segja ýmislegt, en aðstæður leyfa það ekki hér. Lögmenn í dómnefndarmálum létu iðnn. Ed. í té upplýsingar sem trúnaðarmál. Við slíkar aðstæður finnst mér furðulegt að meiri hl. n. skuli draga lögmennina fram sem vitni í nál. sínu og rangfæra einnig niðurstöður þeirra. Það var svo endurtekið af frsm. meiri hl. n. hér við umr.

Á fundi iðnn. Ed. með lögmönnunum kom ekki fram sú sameiginlega skoðun þeirra að dómsáttarféð, 3 millj. dollara, væri viðunandi miðað við stöðu mála. Ríkisstj. gekk að tilboði Alusuisse og eyðilagði þar með sterka samningsstöðu Íslands. Fram hefur komið að ástæðan fyrir þessari ákvörðun sé sú að sáttatilboðinu fylgdi raforkuverðshækkun sem ríkisstj. gat sætt sig við og mat hún stöðuna þannig að lengra yrði ekki komist í þeim efnum. Þetta var afdrifarík ákvörðun. Einmitt á því augnabliki átti iðnrh. að kanna afstöðu stjórnarandstöðunnar og leita samstöðu innan þingsins um niðurstöðu sem hefði borgið íslenskum hagsmunum. Það var ekki gert. Nú er deginum ljósara að mat iðnrh. og viðræðunefndar ríkisstj. á samningsstöðu Íslands var rangt. Afleiðingar þess eru að Alusuisse er gefinn kostur á að semja sig út úr erfiðri stöðu og jafnframt leyft að fresta samningum um skattamálin til næsta vors, en þá hefur öllum þrýstingi vegna starfa dómnefnda verið aflétt.

En það eru tvær aðrar ástæður fyrir því að hér var rasað um ráð fram. Hin fyrri er sú að tiltekin öfl í báðum stjórnarflokkunum, í viðræðunefnd þeirra máttu ekki til þess hugsa að „hækkun í hafi" yrði staðfest fyrir dómnefndinni þar sem með því yrði viðurkennt að málatilbúnaður fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar á árunum 1980—1983 hefði haft við rök að styðjast og árásir þessara sömu afla á hann vegna þess málatilbúnaðar hafi í raun verið þjónkun við erlenda hagsmuni. Síðari ástæðan er sú að þau öfl í stjórnarflokkunum, sem hafa erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi efst á stefnuskrá sinni og vilja öllu fórna til að fá erlenda stóriðju inn í landið, máttu ekki heldur til þess hugsa að „hækkun í hafi" yrði staðfest fyrir dómnefndinni þar sem með því yrði viðurkennt að hinn erlendi aðili hefði brotið á okkur samninga. Að þeirra mati hefði það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir tilraunir þessara afla til að lokka hingað nýja aðila í erlenda stóriðju í framtíðinni.

Í öllum þeim breytingum sem gerðar eru á skattaákvæðum aðalsamningsins skv. frv. þessu er farið að óskum og kröfum Alusuisse og öllu breytt í þágu auðhringsins. Þröngar skorður eru m. a. settar við

möguleika íslenska ríkisins til að endurskoða ársreikninga ÍSALs, veitt er undanþága frá þeirri grundvallarreglu íslensks skattaréttar að endurákvarða megi skattgreiðslur aftur í tímann og íslenska ríkinu er gert að endurgreiða Alusuisse svonefnda skattinneign frá árinu 1975 sem nemur 4 millj. 81 þús. dollara um leið og endurákvörðun framleiðslugjalds frá 10. febr. 1983 er ógilt. Við framlagningu þessa frv. kemur í ljós að þvert ofan í orð ráðh. hefur skattaákvæðum verið breytt á þann veg að niður er felld samningsbundin skylda Alusuisse til að útvega ÍSAL hráefni með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru. Þessi ákvæði þýddu í raun að Alusuisse skuldbatt sig af skattaástæðum til að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlegu verði (og fær fyrir það þóknun) og að hreinan hagnað ÍSALs skuli reikna út á grundvelli seilingarverðs milli óskyldra aðila.

Strax á árinu 1974, þegar súrálsviðskiptin við Ástralíu hófust, tók Alusuisse að hækka súrálsverðið „í hafi" og fara þannig í bág við loforð sín og fyrirmæli samninga. Í skýrslu sinni árið 1975 segir Coopers & Lybrand tæpitungulaust að hráefnisverðið frá Alusuisse sé of hátt og Alusuisse starfi ekki í samræmi við samninga. Þessari skýrslu var stungið undir stól og þm. fengu ekkert um hana að vita þegar þeir samþykktu annan viðauka aðalsamningsins 1975. Þá voru sömu flokkar og nú aðilar að ríkisstj. og Jóhannes Nordal var einnig formaður samninganefndar.

Þegar Hjörleifur Guttormsson varð iðnrh. árið 1980 fékk hann vísbendingar um mikið yfirverð á súráli frá Ástralíu. Flutningsskýrslur voru skoðaðar og kom þá í ljós að innkaupsverð á súráli frá Ástralíu var ranglega gefið þar upp af framkvæmdastjóra ÍSALs. Þá var Ingi R. Helgason hrl. sendur til Ástralíu í því skyni að fá upp rétt útflutningsverð. 8. des. 1980 gaf hann iðnrh. ítarlega skýrslu um ferð sína og það sem hann varð áskynja um í ferðinni um útflutningsverð á því súráli sem ÍSAL fékk frá Ástralíu. Meginniðurstöður Ástralíuferðarinnar voru þær að skv. lögum í Ástralíu verða útflutningsaðilar á súráli, hverjir sem þeir eru, að fá útflutningsleyfi og það er háð því skilyrði að selja súrálið á seilingarverði. Tveir aðilar selja Alusuisse súrálið handa ÍSAL og ekki nákvæmlega á sama verði. Þegar allir súrálsfarmar frá Ástralíu til Íslands á tímabilinu 1974 til miðs árs 1980 voru reiknaðir út varð ljóst að Alusuisse hafði lagt ofan á súrálsverðið frá Ástralíu hvorki meira né minna en 47.5 millj. dollara. Þegar þessi fjárhæð er borin saman við þá fjárhæð sem ÍSAL greiddi Landsvirkjun fyrir raforku á sama tímabili, 42 millj. dollara, sést best hvernig Alusuisse virti þá samninga sem fyrirtækið hafði gert við Íslendinga.

Tölulegar niðurstöður Inga R. Helgasonar voru staðfestar af Coopers & Lybrand áður en iðnrh. birti þær opinberlega. Alusuisse var beðið skýringar á þessu verði og hækkuninni í hafi. Í febr. 1981 var því harðlega neitað af auðhringnum að um nokkurt yfirverð væri að ræða. Alusuisse hélt því fram að sér óvinveittur pólitískur ráðh. væri að reyna að koma óorði á Alusuisse og spilla því góða samkomulagi sem alltaf hefði ríkt milli Íslands og Alusuisse. Þegar litið er til baka vekur furðu hversu margir innlendir aðilar veittust að fyrrv. ráðh., sem í skyldustörfum sínum byggði á raunréttum upplýsingum til að ná fram samningsbundnum rétti, og að nokkrir þm. skyldu fást til að flytja þáltill. um að taka málið úr höndum hans.

Því er haldið fram að skyldur Alusuisse í því efni að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlegu verði skipti ekki máli þar sem skattgjaldið ætti ætíð að meta og ákvarðast af seilingarverðum. Þetta sjónarmið kemur einnig fram í grg. með frv. þessu og er því rétt að minnast á að Jóhann Hafstein þáv. iðnrh. sagði um þetta efni, þegar hann flutti framsögu sína um álsamninginn 1966, með leyfi forseta:

„Öllu mikilvægara er, að í samningum ÍSALs eru strangari ákvæði um skyldur Alusuisse til þess að útvega hráefni til bræðslunnar og selja framleiðslu hennar með hagstæðum kjörum og heimildir fyrir ríkisstj. til þess að láta endurskoða reikningsuppgjör fyrir slík viðskipti. Auk þess er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þeirra ákvæða í samningnum á milli Alusuisse og dótturfyrirtækisins, að það er ekki heimilt að breyta þeim samningum án samþykkis ríkisstjórnarinnar ..."

„Því er svo ekki að leyna, að önnur ástæða fyrir þessu formi á skattgreiðslu er sú, að það var talið af sérfræðingum, bæði erlendum og íslenskum, sem við höfum samráð við, að það væri mjög erfitt að fylgjast með skattframtölum slíkra fyrirtækja, sem væru raunverulega hlekkur í langri framleiðslukeðju, sem öll er í höndum sama aðila. Ég get upplýst að bæði Norðmenn, sem við höfum samband við, og eins ensk fyrirtæki töldu, að það væri mikið hagræði og meira öryggi fyrir okkur að hafa skattgjaldið í því formi, sem hér er um að ræða. Sjálfur hef ég heyrt gagnrýnda mjög samninga í sambandi við álbræðsluna í Húsnesi vegna þess, hve Alusuisse hefði þar óbundnar hendur um verð á hráefni verksmiðjunnar og um söluverð á framleiðslu verksmiðjunnar."

Á framangreindum ákvæðum hafa Íslendingar byggt rétt sinn og ríkisstjórn Íslands sett fram kröfur um aukið skattgjald gagnvart ÍSAL. Upplýst er með óyggjandi tölum að Alusuisse hefur hagrætt verðinu á aðföngum til ÍSALs í því skyni að draga úr sköttum sínum hér á landi. Kröfur ríkisstj. eru rúmlega 10 millj. dollara og nú er það niðurstaða í samningum aðila að lækka þessa fjárhæð ofan í 3 millj. dollara að teknu tilliti til annarra sjónarmiða. Það er pólitísk aðgerð út af fyrir sig og er gagnrýnd hér og þá verður undanlátssemi við hinn erlenda auðhring meiri en tárum taki þegar Alusuisse fær það í kaupbæti að ríkisstj. fellir niður ákvæði aðstoðarsamningsins svo að þau ákvæði séu ekki oftar að þvælast fyrir. Mér er sagt að skv. lögskýringarreglum megi líta á niðurfellingu á tiltekinni skyldu sem heimild og hér sé raunverulega verið að leggja til að lögheimila „hækkun í hafi".

Virðulegi forseti. Til að stytta ræðu mína vísa ég til væntanlegs nál. míns um þá þætti skattalegrar eftirgjafar sem felast í styttingu fyrningartíma mengunarvarnabúnaðar, um breytingu á reglum á rétti ÍSALs til framlags í varasjóð fyrirtækisins og um endurskoðun ársreikninga ÍSALs. Allar eru þessar breytingar á sömu bókina lærðar á þann veg að láta undan kröfum Alusuisse til fjárhagslegs tjóns eða skerðingar á rétti okkar í viðskiptum við auðhringinn. Ég bendi á að sáttargerðartalan 3 millj. dollara er vísindalega fundin sem vaxtatekjur af skattainneign allan tímann og að sú greiðsla er aðeins millifærsla. Íslenska ríkið skuldar Alusuisse enn þá þær 4 millj. dollara sem það skuldaði fyrirtækinu 1975. Í lok þessarar greinar segir:

„Ef einhverjar eftirstöðvar verða af þessari skattinneign þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið skulu þær greiddar ÍSAL í reiðufé."

Hér er staðhæft, hvað sem líður tilliti til annarra sjónarmiða í erfiðum samskiptamálum Alusuisse og Íslands, að um er að ræða hrapallega niðurstöðu í skattamáli fullvalda ríkis gagnvart erlendu auðfélagi. Sáttargreiðslan nemur aðeins reiknuðum vöxtum af innistæðu sem í raun var ekki til og fyrir þessa sáttargreiðslu fær auðfélagið mikilvægar breytingar á skattaákvæðum sér í hag, sleppur með lágmarksraforkuverð og eftir eru allir samningar um framtíðarfyrirkomulag skatta.

Eitt þýðingarmesta fskj. með þessu frv. er rafmagnssamningurinn milli Landsvirkjunar og ÍSALs og breytingar þær sem á honum eru gerðar á fskj. A. Stjórn Landsvirkjunar hefur fylgst með þessum breytingum og samþykkt þær fyrir sitt leyti, en ekki einróma því að fulltrúi Alþb. í stjórn Landsvirkjunar, Ólafur Ragnar Grímsson, greiddi atkv. gegn samningnum og lét bóka í fundargerð um afstöðu sína. Sú bókun felur í sér meginafstöðu Alþb. gagnvart rafmagnssamningnum sérstaklega og samhengi hans við önnur atriði samninga Alusuisse og íslenska ríkisins. Bókun Ólafs Ragnars fylgir nál. mínu sem fskj.

Á undanförnum misserum hefur legið fyrir að raforkuverð ÍSALs væri langt undir því sem eðlilegt gæti talist. Réttlætiskrafa Íslendinga um stórhækkun orkuverðsins til álbræðslunnar í Straumsvík hefur m. a. byggst á tilvísun til gjörbreyttra forsendna frá því að rafmagnssamningurinn var gerður 1966 og frá því að hann var endurskoðaður 1975. Þær gjörbreyttu forsendur sem hér um ræðir eru m. a.:

1. Þegar álsamningarnir voru gerðir 1966 var sú skoðun ríkjandi að almennt orkuverð í heiminum mundi fara lækkandi á komandi áratugum vegna tilkomu kjarnorkustöðva. Í stað þess hefur almennt orkuverð í heiminum margfaldast og framleiðslukostnaður í kjarnorkustöðvum reynst miklu hærri en áætlað var.

2. Raforkuverðið til ÍSALs tók í upphafi mið af áætluðum kostnaði við framleiðslu á raforku á Íslandi. Þessi kostnaður hefur reynst miklu hærri en gert var ráð fyrir. Mjög takmörkuð leiðrétting hefur fengist á orkuverðinu til ÍSALs og af þeim sökum hefur almenningur og innlendir atvinnuvegir þurft að bera óeðlilega stóran hluta af kostnaði Landsvirkjunar við framleiðslu raforku. Meðalframleiðslukostnaður Landsvirkjunar á raforku er nú um 20 mill.

3. Raforkuverð til ÍSALs var á sínum tíma ákveðið með hliðsjón af því að greiða þyrfti 7% toll af áli sem selt væri á álmörkuðum Vestur-Evrópu. Vegna samninga sem Ísland gerði við Efnahagsbandalagið á fyrri hluta síðasta áratugar hefur ÍSAL nú tollfrjálsan aðgang að einum helsta álmarkaði heimsins. Hér er um að ræða mikla grundvallarbreytingu frá upphaflegum samningsforsendum sem styður enn frekar kröfu Íslendinga um leiðréttingu á raforkuverði til ÍSALs.

4. Raforkuverð til álvera í heiminum hefur stórhækkað á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum, sem er besta dæmið um viðskipti óháðra aðila í orkusölu til áliðnaðar og jafnframt langstærsta álframleiðslusvæði heimsins, hefur raforkuverð til áliðnaðar sexfaldast á s. l. 10 árum, þ. e. hækkað úr um það bil 4 millum 1974 í um það bil 24 mill að meðaltali um síðustu áramót.

Með hliðsjón af framansögðu og öðrum aðstæðum má færa að því ótvíræð rök að raforkuverðið til ÍSALs eigi að hækka að lágmarki í 18—20 mill miðað við núgildandi verðlag. Flest bendir til þess að samningsstaða okkar nú til að knýja fram slíka hækkun hafi verið óvenjusterk. Ástæðan var sú, svo sem ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, að Alusuisse vildi ekki að kveðinn yrði upp áfellisdómur í New York um viðskipti þess við ÍSAL á undanförnum árum.

Sá rafmagnssamningur, sem lagt er til að verði gerður með samþykkt þessa frv., er hins vegar algerlega óviðunandi fyrir Íslendinga. Skv. honum verður raforkuverð um 13.7 mill að meðaltali á næstu 5 árum miðað við verðlag 1984 og bjartsýnustu spár um þróun álverðs á tímabilinu. Á næstu 15 árum þar á eftir yrði raforkuverð skv. samningnum að meðaltali um 9 mill miðað við núgildandi verðlag, nema unnt verði að brjóta upp samninginn á grundvelli þeirra mjög svo veiku endurskoðunarákvæða sem í honum eru. Þegar hafðar eru í huga þær miklu breytingar sem Alusuisse hefur fengið í gegn á öðrum sviðum og óvenjusterk samningsstaða okkar vegna réttarhaldanna í New York verður að telja þennan raforkusamning ótrúlega veikan fyrir Landsvirkjun. Í þessu sambandi er rétt að benda á eftirtalin atriði:

1. Raforkusamningurinn gildir í 20 ár og skv. honum yrði meðalraforkuverð á þessu tímabili 10.3 mill miðað við núgildandi verðlag og að ekki verði hægt að endurskoða hann til hækkunar á tímabilinu. Til þess að raforkuverðið gæti talist viðunandi til ÍSALs vantar a. m. k. 80—100% ofan á umsamið verð skv. frv.

2. Í raforkusamningnum eru hámarks- og lágmarksákvæði og eru bæði þessi ákvæði algerlega óverðtryggð. Hámarksákvæðið, sem nú er 18.5 mill, verður komið niður í um það bil 6 mill í lok samningstímabilsins miðað við spár sérfræðinga Landsvirkjunar um verðbólguþróun á næstu árum. Lágmarksverðákvæði sem nú er 12.5 mill verður þá komið niður í um það bil 4 mill. Það verða að teljast meiri háttar afglöp í samningnum að gefa eftir að þessi ákvæði séu verðtryggð, ekki síst þar sem einn helsti ráðgjafi Landsvirkjunar benti sérstaklega á að nauðsynlegt væri að verðtryggja lágmarks- og hámarksákvæðin. Lágmarksákvæðið taldi hann eðlilegt að breyttist í takt við breytingar á framleiðslukostnaði Landsvirkjunar á raforku. Ekkert tillit var tekið til þessara ábendinga.

3. Landsvirkjun eða ÍSAL geta á 5 ára fresti óskað eftir endurskoðun á samningnum. Þar sem Landsvirkjun er fyrirtæki sem hefur stærri hluta tekna sinna frá almenningsveitum og hagar verðlagningu raforkunnar þannig að afkoma fyrirtækisins sé viðunandi á hverjum tíma er ljóst að þessi endurskoðunarákvæði samningsins, eins og þau eru orðuð, eru mjög veik fyrir Landsvirkjun. Endurskoðunarákvæði eitt sér veitir því miður litlar vonir um að unnt verði að leiðrétta raforkuverðið að 5 árum liðnum.

4. Með samningnum er farið inn á þá hættusömu braut að láta raforkuverðið sveiflast með álverði sem að hluta til er meira að segja ákveðið af Alusuisse. Þetta mun valda mikilli óvissu um tekjuöflun Landsvirkjunar á næstu 6 árum og getur leitt til ýmissa vandræða í rekstri fyrirtækisins.

Á það má einnig minna í þessu sambandi að ein höfuðröksemdin fyrir uppbyggingu stóriðju hér á landi hefur verið sú að með stóriðju mætti draga úr þeim óæskilegu sveiflum hjá þjóðarbúinu sem væru svo tíðar hjá okkur í gömlu atvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi. Þessi röksemd hefur nú verið lögð til hliðar sem fleira af því sem ágætast þótti til að mæla stóriðju bót.

5. Með samningnum er Alusuisse veittur forgangsréttur til frekari stóriðju hér á landi. Það verður að teljast furðulegt að ríkisstj., sem boðar markaðshyggju og útboð á öllum sviðum, skuli veita einum aðila slíkan rétt og í svo stóru máli.

Í nál. mínu er gerð ítarleg grein fyrir rafmagnssamningnum almennt og er þar byggt á gögnum og tölulegum staðreyndum sem Finnbogi Jónsson og Ragnar Árnason lögðu fram og upplýstu á fundum iðnn. Allt hnígur það í þær áttir að á annan veg er bent á að Landsvirkjun vanreikni sitt raforkuverð og á hinn veginn að gert sé of mikið úr því verði sem ÍSAL er ætlað að greiða.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt. Í rafmagnssamningnum er tækifæri til endurskoðunar bundið við í fyrsta lagi teljandi og ófyrirséða breytingu til hins verra sem hafi í för með sér í öðru lagi alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs. Sú líklega þróun raunvirðis raforkuverðsins, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon gerði ítarlega grein fyrir í nál. sínu og hér í ræðu sinni áðan, sýnir glöggt þýðingu þess að unnt reynist að endurskoða rafmagnssamninginn á samningstímanum. Í endurskoðunarákvæði því sem í samningnum felst virðist hins vegar ekki vera neitt hald hvað verðrýrnun orkuverðsins snertir.

Fullljóst er að sú raunverðsþróun getur ekki talist ófyrirséð. Þvert á móti hefur Landsvirkjun þegar gert ráð fyrir henni í skýrslum sínum. Þannig virðist því miður augljóst að téð endurskoðunarákvæði er í raun inni afar nálægt því að útiloka endurskoðun á grundvelli verðrýrnunar raforkuverðsins. Að þessu leyti a. m. k. er endurskoðunarákvæðið afturför frá sjónarmiði Íslands þar sem með skírskotun til almenns réttar og jafnræðis aðila er vafalítið unnt að krefjast endurskoðunar núgildandi rafmagnssamnings af þessari ástæðu.

Ósanngirni ákvæðisins verður enn augljósara þegar hugað er að seinna skilyrðinu, alvarlegra áhrifa á efnahagsstöðu aðila. Landsvirkjun er meginstoð í efnahagslífi þjóðarinnar og hefur sem slík ekki verið sett í alvarlega efnahagsstöðu þrátt fyrir allt of lágt raforkuverð til stóriðju. Ósennilegt virðist að viðhorf breytist að þessu leyti. Vegna bókhaldsvenja Alusuisse hefur ÍSAL hins vegar lengi verið í mjög alvarlegri efnahagsstöðu. ÍSAL virðist því geta skírskotað til endurskoðunarréttar í kjölfar hvaða ófyrirséða andstreymis sem er, t. d. ef verkamannalaun á Íslandi hækka verulega, eða ef Landsvirkjun getur ekki staðið við orkuafhendingarskilmála. Þrátt fyrir að raforkuverð í Evrópu og Ameríku hækkaði mjög verulega, t. d. tvöfaldaðist, gæti Landsvirkjun hins vegar ekki beðið um endurskoðun. Efnahagsstaða Landsvirkjunar verður nefnilega ekki fyrir áhrifum af slíkri breytingu.

Við þetta bætist að endurskoðunarleiðin er ákaflega torsótt, jafnvel þótt öllum skilyrðum fyrir henni sé fullnægt. Fyrst á sáttanefndaraðili að reyna að ná samkomulagi um það hvort skilyrðin séu raunverulega fyrir hendi. Ef ekki næst samkomulag í sáttanefndinni verður að vísa þeim ágreiningi fyrir gerðardóm sem á að skera úr um hvort skilyrði endurskoðunar séu fyrir hendi. Verði úrskurðurinn jákvæður eiga aðilar enn að reyna að ná samkomulagi um endurskoðun sín á milli. Náist það ekki verður að vísa þeim ágreiningi fyrir nýjan gerðardóm til úrskurðar. Ljóst er, m. a. af upplýsingum iðnrh. um starfshraða gerðardóma og kostnað við slíkan málarekstur, að umrætt endurskoðunarferli gæti bæði orðið langvinnt og kostnaðarsamt. Jafnvel gæti tekið 4—7 ár að fá úrskurð slíks gerðardóms.

Fskj. VI með frv. þessu er bréf sem iðnrh. Sverrir Hermannsson skrifaði Alusuisse 5. nóv. 1984. Þetta bréf er eins og opinn víxill þar sem æðsta stjórnvald iðnaðarmála lýsir því yfir að ríkisstj. muni „afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi raforku frá Landsvirkjun“ til þeirrar stækkunar álversins upp í 40 þús. tonna afkastagetu sem aðilar höfðu samið um að vinna að í bráðabirgðasamningi sínum frá 23. sept. 1983.

Engin gögn eru með þessu fskj. svo að engin tök eru að vita hverju menn eru að lofa. Ég leyfi mér að krefjast þess að stjórnin sendi ekki bréf af þessu tagi fyrr en hún hefur ráðfært sig við alla þingflokka og Landsvirkjun, en upplýst var á fundi iðnn. Ed. að stjórn Landsvirkjunar hefði fyrir sitt leyti hafnað því að senda Alusuisse slíkt bréf þar sem raforkuverð til stækkaðs álvers yrði gefið upp áður en frá samningum um stækkunina yrði gengið að öðru leyti. Þá þarf enn fremur að framkvæma athugun á því hvort þjóðhagslega sé hagkvæmt fyrir Íslendinga að reisa stórvirkjanir til að auka afkastagetu álversins í Straumsvík og kynna þær athuganir áður en bréfið verður sent.

Að lokum leyfi ég mér að benda á að áhættan af fjárfestingu í orkuveri er að sjálfsögðu síst minni en iðjuveri. Sá arður, sem hinir erlendu aðilar fá út úr stækkun álversins, verður því hér eftir sem hingað til fluttur úr landi. Fjárfesting af þessu tagi verður auðvitað útilokandi fyrir önnur framkvæmdaáform í landinu á sviði innlends iðnaðar og alveg sérstaklega varðandi innlenda orkunýtingu.

Þegar á heildina er litið eru raforkusamningurinn og frv. algerlega ófullnægjandi. Ég legg því til að þetta frv. verði fellt.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Ég stíg hér í stólinn til að ítreka þá skoðun Samtaka um kvennalista að það frv. sem hér er til 2. umr. beri að fella. Þetta er vondur samningur og Alþingi til lítils sóma að staðfesta hann.

Skv. því áliti meiri hl. iðnn. sem hér liggur fyrir er meiningin að staðfesta samninginn þrátt fyrir öll þau rök sem komið hafa fram gegn honum. Það skín út úr nál. að hv. nm. meiri hl. eru ekki meira en svo sannfærðir um ágæti verka hæstv. iðnrh. og samningamanna hans. Varfærnin í orðalagi drýpur af hverri línu.

Þau rök sem mæla gegn samningnum eru einkum eftirfarandi:

1. Þessi samningur gerir ráð fyrir nokkurri hækkun orkuverðs til ÍSALs, þó það nú væri, en mun þó ekki ná framleiðslukostnaði á næstu árum, enda allar líkur til þess að raunverð muni heldur fara lækkandi þegar líður á samningstímann. Almenningur á Íslandi mun því halda áfram að greiða niður orkuna til álversins. Hvort

sem við göngum út frá því að framleiðslukostnaður á hverri kwst. sé 16 eða 18.9 mill verður meðalverðið á *næstu 5 árum skv. upplýsingum Landsvirkjunar* langt undir kostnaðarverði eða 13.7 mill. Þá er orkuverðið tengt heimsmarkaðsverði á áli, sem getur þýtt verulegar sveiflur, sem er nú ekki það sem hið viðkvæma íslenska hagkerfi þarf mest á að halda. Nóg er af sveiflunum samt. Þá verður tenging við heimsmarkaðsverð að teljast mjög slæmt fordæmi sé litið til annarra áforma um samstarf við erlend stórfyrirtæki. Það er þó skiljanlegt að þetta ákvæði hefur verið Alusuisse mikið hjartans mál því fátt kemur þeim betur þegar illa árar í áliðnaði.

2. Endurskoðunarákvæðið, sem er að finna í samningnum, segir að báðir aðilar geti farið fram á endurskoðun samningsins ef orðið hafi teljandi eða ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum. Hvað þýðir þetta í raun? Hvað eru ófyrirsjáanlegar breytingar á aðstæðum? Varla verðbólga eða sveiflur á gengi dollars, launahækkanir eða hækkun á framleiðslukostnaði orku eða hvað? Þýðir þetta ekki einfaldlega að sami skollaleikurinn hefst upp á nýtt með endalausum eltingarleik við auðhringinn og klækibrögð hans? Væri ekki betra að hafa ekkert endurskoðunarákvæði fremur en þetta sem bæði er háð tíma og fyrirvörum?

Það er alkunna að auðhringasamsteypur þykja ekkert lamb að leika sér við, hvorki í viðskiptum né pólitík. Þær svífast einskis, ef þeim býður svo við að horfa, og steypa jafnvel heilum ríkisstjórnum. Eru samskipti ríkja Mið- og Suður-Ameríku margfræg dæmi um það.

Þá má minna á hvert mútuhneykslið á fætur öðru sem náð hafa alla leið inn í konungsfjölskyldur Evrópu og hinn ljúfa Bilderbergklúbb. Margur þm. og ráðh. hefur orðið að segja af sér vegna mútuþægni. En þegar kemur að samskiptum íslenska ríkisins við Alusuisse er eins og álhringurinn hafi frá upphafi verið álitinn eins konar góðgerðastofnun á við barnahjálp Sameinuðu þjóðanna eða eitthvað álíka, enda hafa samningamenn ríkisins verið sem leir í höndum álrisanna.

Það vakna margar spurningar við lestur sögu álmálsins. Hvað er það sem veldur því að hvað eftir annað semja samningamenn íslenska ríkisins af sér? Hverra hagsmuna er verið að gæta?

3. Í samningnum er ákvæði um að endurskoða megi reikninga ÍSALs árlega. En drottinn minn dýri. Eftir allt sem á undan er gengið, endurskoðun Coopers & Lybrand á margra ára rekstri og svo er bara gefin syndakvittun. Svona ákvæði eru orðin tóm þegar tekið er tillit til þess hvernig Alusuisse tekst alltaf að draga málin á langinn og koma þeim út úr heiminum.

4. Það verður ekki betur séð en að samningastaða Íslendinga hafi verið mjög góð þegar hinn kokhrausti iðnrh. tók við málinu og lýsti því yfir að hann mundi semja með hraði. Það tók nú tímann sinn og árangurinn liggur hér á borðum. Það er undarlegt, miðað við alla þá vinnu og upplýsingaöflun um viðskiptahætti Alusuisse, þar sem búið er að sýna fram á margháttuð undanbrögð fyrirtækisins, að íslenska ríkisstjórnin skuli spila svo illilega af sér að láta málin ekki fara í dóm. Í stað þess var gerð sáttargerð og Alusuisse selt aflátsbréf fyrir litlar 3 millj. dollara. Hefði það eflaust þótt góð sala í páfagarði fyrr á öldum. Með þessum gerningi hæstv. iðnrh. Sverris Hermannssonar hefur íslenska ríkisstjórnin hneigt sig í duftið frammi fyrir álhringnum. Ég er illa svikin ef ekki verður kátt í höllinni hjá Alusuisse ef ljóst verður að hið alræmda hugarfar fer *með sigur af hólmi í þingsölum*.

5. Það sem er hvað verst í þessu máli öllu er að fyrirhuguð er stækkun álversins. Það þýðir ósköp einfaldlega að áfram verður haldið á sömu braut. Nú verður að hraða virkjun Blöndu, taka ný lán og auka þar með enn skuldahalann sem íslenska þjóðin dregur á eftir sér vegna stóriðjuóranna. Ótímabærar virkjanir og orkusala undir kostnaðarverði er þegar orðin okkur dýrkeypt. Er ekki komið nóg af svo góðu?

Það verður Blanda sem á að veita álverinu þau 80 megawött sem þarf til að auka framleiðsluna um 40 þús. tonn. Nú er talið að framleiðslukostnaður á hverja kwst. verði 18—20 mill við stöðvarvegg, en ég minni á að meðalverðið sem Alusuisse á að greiða fyrir orkuna sem það þegar fær er talið munu verða 13.7 mill. Að *fenginni reynslu tel ég afar ólíklegt að takast muni* að semja við auðhringinn um mun hærra orkuverð vegna stækkunarinnar, ekki síst þegar hann getur veifað þessum frábæra samningi og beitt því góða lagi sem hann hefur á íslenskum samningamönnum.

Fleira mætti telja, sem er að finna í þessum samningi, en verður ekki gert að svo stöddu.

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en að Alusuisse hafi farið með algeran sigur af hólmi í samningum við íslensku ríkisstjórnina. Það er hvítþvegið af öllum fyrri gerðum. Það greiðir orkuverð sem er mun lægra en það þarf að sæta annars staðar þar sem það framleiðir sitt ál. Íslenskir neytendur halda áfram að borga með Alusuisse.

Ég dreg ekki dul á þá skoðun mína að allt þetta mál sýni í hnotskurn hvernig atvinnustefna sú sem Sjálfstfl. hefur verið hvað ákafastur talsmaður fyrir, stóriðjustefnan, hafi beðið algert skipbrot. Frá því á viðreisnarárunum hefur orðið að súpa seyðið af því glapræði að hleypa erlendum auðhring inn í landið svo að ekki sé minnst á þá sem á eftir komu. Afleiðingin er gífurleg skuldasöfnun erlendis og sú virkjanakeðja sem þjónar Alusuisse fyrst og fremst: Búrfell og Sigalda, sem selja orkuna á útsöluprís, og Blanda er næst á dagskrá. Stóriðjustefnan hefur falið í sér að Íslendingar hafa verið að reyna að troða sér inn á yfirfulla markaði og freista framleiðenda með sölu á ódýrri orku með alkunnum afleiðingum. Það sem skiptir þó meira máli er að í þeirri stóriðjustefnu, sem einkennt hefur norðurhluta jarðar í um það bil 200 ár eða svo, felst eyðing á auðlindum jarðarinnar, sóun og sú mikla mengun sem nú drepur lungu jarðarinnar, skógana, og eitrar vötn og höf. Ég er sannfærð um að á næstu áratugum á mannkynið um það eitt að velja að draga stórlega úr allri stóriðjuframleiðslu og leita annarra lausna sem ógna ekki lífinu á jörðinni. Því er áframhaldandi stóriðja gamaldags og dauðadæmd hvað sem dauðastríðið kann að vera langt.

Virðulegi forseti. Þessi samningur, sem hér liggur fyrir til staðfestingar eða synjunar, er enn einn kaflinn í sorgarsögu stóriðjunnar á Íslandi. Hæstv. iðnrh., ekki meir, ekki meir.

Samtök um kvennalista hafna þessum samningi og ég mun greiða atkv. gegn honum. Ég á þá ósk heitasta til handa íslenskum stjórnvöldum að þau læri af endalausum *mistökum og víxlsporum í dansinum við* Alusuisse og láti erlendan auðhring lönd og leið hér eftir.

Við eigum sjálf að byggja upp atvinnulífið í landinu — atvinnulíf sem tekur mið af framtíðinni og er öllu lífi þóknanlegt. Til þess eigum við næga orku, vit og þekkingu.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Eftir ítarlega ræðu og það vandaða nál. sem 3. minni hl. iðnn., hv. þm. Skúli Alexandersson, hefur gefið út hér og flutt í máli sínu að nokkru leyti hér áðan er ekki ástæða til að bæta miklu við. En það vill svo til að ég hef samið um það við hæstv. forseta Sþ., Þorv. Garðar Kristjánsson, að ég taki ekki þátt í atkvgr. hér og mér þótti því viðkunnanlegra að segja örfá orð svo að enginn velkist í vafa um afstöðu mína í þessu máli og ef vera mætti e. t. v. til frekari áherðingar á þeirri afstöðu. Ég skal því ekki lengja þessar umr., en koma inn á nokkur atriði lítillega sem þó hefur verið komið inn á áður í þessum umr.

Vinnubrögðin hafa t. d. verið rakin varðandi þennan álsamning og að vonum. Leyndin og pukrið hafa einkennt þau öll, svipað og önnur myrkraverk. Er það ólíkt því sem kröfur voru gerðar um til fyrrv. iðnrh. En fjölmiðlana þarf til, alveg sérstaklega ríkisfjölmiðlana. Fjölmiðlarnir hafa ekki verið yfirgangssamir eða eftirgangssamir við núv. hæstv. iðnrh. og samningasveit hans, þá fríðu riddara er hann valdi sér til fylgdar í þennan leiðangur. Ég vil aðeins minna hér á, af því að það er full ástæða til þess, hversu hart var gengið að Hjörleifi Guttormssyni á sínum tíma sem iðnrh., svo oft lá við í yfirheyrslum í ríkisfjölmiðlum, að hann væri sem sökudólgur í þessum leik, enda brást það tæpast að hverju sinni var leitað álits þeirra ÍSALs-manna þar sem núverandi formaður Verslunarráðsins var ævinlega fenginn til að sjá um varnarræðuna fyrir álhringinn á eftir til þess að mönnum væri nú ljóst að ekki mætti blettur falla á álhringinn. Hvítþveginn skyldi hann vera. Þessir fjölmiðlar hafa verið þöglir mjög alla valdatíð núv. hæstv. iðnrh. Og athygli vekur að þá sjaldan hann hefur verið spurður hefur ekki þótt ástæða til að kalla til andsvara einhvern frá álhringnum eða umboðsaðilum hans og segir það kannske sögu sem er athyglisverðari en annað í ljósi allra niðurstaðna.

Talandi um hvítþveginn álhring er samningurinn nú með því megineinkenni að svo er að sjá sem samninganefndarmennirnir íslensku hafi lagt allt kapp á syndakvittunina álhringnum til handa. Pappírskvittunin fyrir okkur upp á 100 millj. er hins vegar mikils virði fyrir auðhringinn, sem vill halda virðingu sinni, sem enn mun vera einhver í álheiminum, sönnun þess að vísu að sekur er hann í raun fundinn, sönnun þeirrar sektar var í sjónmáli, en okkur er þessi yfirfærsla á skattareikningi einskis verð nema þá, og ég skal viðurkenna það, að vegna þeirrar sektar sem augljóslega var nær sönnuð féllst auðhringurinn þó á raforkuverðshækkunina, sem nú er þó orðin, og hefur trúlega gripið feginn tækifærið til að fá þennan þvott. Og þó að nú væri að hún fengist út á það hve vel og vandlega þessi samningur hefur þvegið álhringinn af öllu fyrri syndum — öllum fyrri sönnuðum syndum. Það telst nú varla þakkarvert, enn síður aðdáunarvert eða afrekakennt. Ótti minn er sannarlega bundinn því gagnstæða, að þegar öll kurl koma til grafar muni það einróma dómur manna að afrekið fræga sé Alusuisse megin.

Sporin frá 1975, sigursporin sem víðfræg voru á þeim tíma, hræða því í engu var sú vaska víkingasveit lakari en nú og vígdjörf að eigin sögn og ærin afrek höfðu þeir fræknu kappar unnið, en ávinningurinn reyndist í algeru frostmarki þegar upp var staðið og skylt er nú skeggið hökunni þar. Hér skal ekki sú saga rakin, en ekki verður frá upphafinu vikið, hversu sú saga hófst er leitt hefur okkur að þessum áfanga nú, hversu svo sem hann reynist nú þegar allt kemur til alls. Menn muna það nefnilega enn þá sem betur fer, þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hóf sína baráttu, hver viðbrögðin voru. Fékk hann ekki fullan stuðning t. d. sjálfstæðismanna? Voru þeir kappar ekki á fullu í kröfugerð á hendur álhringnum? Það mætti kannske spyrja hæstv. iðnrh. um þann stuðning. Það mætti spyrja enn nánar um hvenær kröfugerð þeirra vösku orðháka í Sjálfstfl. á hendur álhringnum um hærra orkuverð hófst. Hvenær var sú krafa sett fram af sjálfstæðismönnum í ljósi reikningsins sem hæstv. ráðh. hefur haft hátt um að hann hygðist senda Alþb.? Sú reikningsfærsla hlýtur að miðast við það þegar Sjálfstfl. setti fram kröfuna um hærra orkuverð, þegar stuðningur þeirra við páv. iðnrh. varð staðreynd, hinn öflugi bakstuðningur með íslenskum hagsmunum gegn álhringsherrunum. Og hvenær í ósköpunum skyldi það nú hafa verið sem Sjálfstfl. datt í hug að fara að setja fram einhverjar kröfur um hærra orkuverð? Jú, þegar kosningar voru í nánd. Þá fór örlítið að æmta í því liði, en ekki fyrr. Það væri gaman að heyra þá glæstu sögu um kröfugerð sjálfstæðismanna á hendur álhringnum um hærra orkuverð, um áfellisdóma þeirra varðandi sviksamlegt athæfi álhringsins og varðandi bakstuðninginn við Hjörleif Guttormsson á sínum tíma þegar honum reið allra mest á — eða man nokkur eftir orðum eins og „órökstuddar ásakanir á hendur góðum viðskiptaaðila“ eða „skemmdarverk gagnvart heiðarlegum vinum okkar“? Slíkar orðræður heyrðust. Og úr hvaða herbúðum? Það var reyndar undir lokin að það varð býsna margradda kór úr því og þar tóku þeir framsóknarmenn liðlega undir og var ágætis undanfari að þeim söng sem þeir syngja með íhaldinu í dag. Kannske hefur það einmitt orðið til þess að tengja þessa þokkapilta saman.

En hver trúir því í einlægni í dag að árangur hefði náðst án þessarar viðspyrnu í upphafi gegn álhringnum, án þessarar kröfugerðar svo rækilega undirbyggðrar, án þess að svo væri á málum haldið að auðhringurinn átti í vök að verjast alla tíð, ef — og ég segi enn hið stóra ef — ef baklandið hér heima hefði verið slíkt sem vera ætti. Skyldi annars, og það skyldu menn hugleiða, skyldi annars kröfugerð um hærra orkuverð yfir höfuð hafa verið á dagskrá nú ef Alþb. hefði ekki um tíma unnið að þessu máli svo vel sem raun bar vitni um — vinna sem hefur þó skilað okkur því sem hér er skilað á borð til okkar þó betur hefði átt að róa, ef menn hefðu ekki gengið hoknir til leiks.

Sagan mun dæma þennan samning. Endurskoðunarákvæðin munu eiga eftir að minna á sig óþyrmilega. Samtengingin við álverið mun líka eiga eftir að sýna sínar neikvæðu hliðar. Raunveruleikinn í raforkuverðinu í dag er 5 millum lægra en það sem ráðherrar höfðu talið lágmark frammi fyrir alþjóð á þessu ári æ ofan í æ. Það segir sitt. Og stækkun álversins er sérkapituli.

Það er óþarft að lengja þetta mál eftir svo ítarlegar umr. hér og það nál. og þá ræðu sem hv. þm. Skúli Alexandersson flutti hér áðan og afhjúpar þessi mál, þennan heimagerning. Það segir sína sögu að álflokk-

arnir í ríkisstj. standa nú þó einangraðri en fyrr. Og ég segi enn: Það hryggir mig hlutskipti framsóknar í ljósi liðinna ára, í ljósi þess hvernig þar var tekið á í upphafi. En þar hafa riddarar undanhaldsins og afsláttarins ráðið ferðinni. Ástæðurnar læt ég liggja á milli hluta.

Sagan mun dæma þessar gerðir. En fyrst og síðast mun hún segja sitt um gerðir fyrrv. iðnrh., þá reisn í kröfugerð og vandaðan málatilbúnað sem einkenndu þær gerðir, sem þó hafa skilað þessu, sem hér liggur til umfjöllunar í dag, þrátt fyrir deigan hug og litla djörfung svo að ekki sé meira sagt. Þeim dómi verður ekki áfrýjað. Þeim dómi kvíði ég ekki.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég um efni þess allítarlega og hef ekki þar mörgu við að bæta. *Fulltrúi Alþb. í hv. iðnn.*, Skúli Alexandersson, hefur líka gert glögga grein fyrir meginsjónarmiðum okkar Alþb.-manna og í mjög ítarlegu og vönduðu nál., sem hann hefur gefið út, er að finna mjög vel rökstudda greinargerð um þau efnisatriði sem við höfum sérstaklega fært hér fram því máli okkar til stuðnings að fella beri þennan samning.

Ég minnti á það þegar málið var hér til 1. umr. að það væru fyrst og fremst fjögur meginatriði sem væru því valdandi að við Alþb.-menn værum eindregið andvígir þessum samningi.

Í fyrsta lagi bentum við á að orkuverðið væri of lágt. Í grg. og nál. Skúla Alexanderssonar er mjög ítarlega farið út í að rökstyðja þessa fullyrðingu okkar og hygg ég að ekki sé annars staðar að finna í málsskjölum betri grg. um orkuverðið til ÍSALs, en einmitt í þessum skjölum sem hér hafa verið lögð á borð þm. Ég vil sérstaklega benda á að á bls. 12 er minnt á skipun starfshóps sem í áttu sæti sérfræðingar frá Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun og fjölluðu um þá spurningu hvert væri orkuverð til álvera í Evrópu og Norður-Ameríku. Niðurstaða þessarar nefndar, sem skipuð var sérfræðingum frá öllum helstu stofnunum íslenska lýðveldisins á þessu sviði, voru þær að raforkuverð til álvera á árinu 1981 væri frá 18.2 og upp í 20.6 mill í Norður-Ameríku og Evrópu á árinu 1981, en 22.6—25.6 mill á árinu 1984. Þetta ættu menn að hafa til hliðsjónar og í huga þegar menn eru að hlusta hér á fullyrðingar um að raforkuverðið til álvera í nálægum löndum sé annað og miklu minna en varð niðurstaða þess starfshóps, einróma niðurstaða. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að lágmarksverð á orku, sem seld væri Swiss Aluminium eða ÍSAL, ætti að vera 15—20 mill. Það er auðvitað langt frá því að þeim árangri hafi verið náð.

Eins og kunnugt er eru allar horfur á því að næstu 5 árin verði meðalverðið á orkunni til ÍSALs um 13.7 mill. Því er mjög veifað og m. a. af einum hv. þm. Gunnari G. Schram, í grein sem hann skrifar í Morgunblaðið líklega í gær (**GGS:** Í dag.) eða í dag að grunnverðið teljist 15 mill. Það er alveg rétt að talað er um grunnverðið 15 mill, en það er auðvitað ekkert annað en blekking að því leyti að það eru allar horfur á því að meðalverðið verði miklu lægra. Þetta grunnverð er ekki það verð sem er líklegt að við fáum eða samningar í meginatriðum miða við. Það er ósköp einfaldlega grunnstærð sem þarna er valin, mitt á milli 12.5 og 18.5 milla, og hefur enga þýðingu hvað snertir raunverulegt verð á orku til álhringsins. Eg benti á það við 1. umr. málsins að raunverulegt verð á orku frá Landsvirkjun á árinu 1983 væri 20 mill á kwst., þ. e. 19.8 mill. Við heyrum það hins vegar frá talsmönnum þessa samnings að raunverulegt verð á orkunni frá Landsvirkjun sé 16 mill og það er sú tala sem glymur stöðugt í eyrum. En það er fróðlegt fyrir menn að átta sig á því hver er munurinn á þessum tveimur tölum. Lægri talan, 16 mill, er fengin með því að miða við fræðilega hámarksraforkusölu Landsvirkjunar alveg óháð því hvort virkjunin hefur yfirleitt selt slíkt orkumagn eða ekki. Það er miðað við það sem kallað er sölupunktur á árinu og sölupunkturinn er það sem væri fræðilega hugsanlegt að Landsvirkjun seldi á hverjum tíma. Það er hins vegar viðurkennd staðreynd að á undanförnum árum, það er auðvelt að sýna fram á það og sanna það, hefur raunveruleg raforkusala Landsvirkjunar úr eigin kerfi einungis numið 80% af sölupunkti þessa árs. Það er þessi munur sem gerir að verkum að í öðru tilvikinu kemur út talan 20 mill og í hinu tilvikinu kemur út 16 mill. Ég miðaði hér við raunverulega meðalsölu Landsvirkjunar á orku, en talsmenn þessa frv. og þar á meðal talsmenn Landsvirkjunar eru stöðugt að tala um þetta akademíska hugtak, sölupunkt á árinu, hámarksframleiðslu, afköst virkjunarinnar fræðilega séð.

Í þessu sambandi verður líka að hafa í huga, eins og ég benti á við 1. umr. málsins, að tölurnar sem nefndar eru í þessum samningi eru ekki raunverð til lengdar vegna alþjóðlegrar verðbólgu, vegna verðrýrnunar dollarans á komandi árum, en gera má ráð fyrir því að dollarinn rýrni að meðaltali um ekki minna en 5% á ári á komandi áratugum. Auðvitað getur enginn spáð neinu um það hver sú rýrnun verður, en kunnugir telja ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir a. m. k. 5% verðbólgu, raunar 5.6 eftir því sem haft er eftir þeim spám sem kenndar eru við Data Resources þar sem mjög hefur verið um þessi mál fjallað og mikið er miðað við. Þessi alþjóðlega rýrnun dollarans og þessi rýrnun alþjóðlegra mynta kemur til með að valda því að þessar tölur, 18.5 og 12.5, geta orðið algjörlega óraunhæfar tölur að tiltölulega skömmum tíma liðnum. Ég tala nú ekki um ef svo færi, sem margir spá, að dollarinn eigi eftir að rýrna verulega í verði miðað við aðrar myntir, það sé ekki einungis hin alþjóðlega þróun sem má gera ráð fyrir að feli í sér 5% rýrnun alþjóðlegra mynta burtséð frá innbyrðis gildi þeirra. Það gæti sem sagt gerst að til viðbótar kæmi veruleg rýrnun dollarans miðað við aðrar myntir. Sumir spá því að gera megi ráð fyrir allt að 18% rýrnun dollarans miðað við aðrar myntir á næstu fjórum árum. Þetta eitt breytir tölum samningsins og viðmiðunum mjög verulega og gegn hvorugu þessu erum við Íslendingar tryggðir því að samningurinn er algerlega óverðtryggður þrátt fyrir það þótt ráðgjafi Landsvirkjunar hafi lagt mjög þunga áherslu *einmitt á það atriði* að það yrði að verðtryggja tölur samningsins með einum eða öðrum hætti og þá væntanlega helst með því að miða við hugsanlega aukinn framleiðslukostnað Landsvirkjunar reiknað í einhverri alþjóðlegri mynt, væntanlega dollurum, þann aukna framleiðslukostnað sem hlýst af því að alþjóðlegar myntir og raunar allar myntir rýrna í verði. En það var ekki hlustað á þennan sérfræðing Landsvirkjunar. Þetta telja margir að sé kannske stærsti ágallinn á þessum samningi, að tölurnar í samningnum eru ekki verð-

tryggðar. Staðreyndin er sú að ekki er ósennilegt að tölur sem í dag heita 18.5 mill verði í raun orðnar 6 mill að tiltölulega fáum árum liðnum. Þær tölur sem heita hér 12.5 mill eru þá komnar niður í 4 mill ef sú þróun verður sem menn telja í dag líklegasta í alþjóðlegum gjaldmiðlum og ef ekki næst fram breyting á þessum samningi að fimm árum liðnum.

Þá er ég kominn að atriði nr. 2, sem við gagnrýndum mjög alvarlega strax við 1. umr. málsins, en það er að endurskoðunarákvæði samningsins eru ekki nægilega tryggð. Það er ljóst að endurskoðun samningsins á fyrst og fremst að byggjast á því hvort þörf er fyrir Landsvirkjun á raforkuverðshækkun vegna afkomu sinnar. Nú er það vitað að Landsvirkjun verður að haga verðlagningu á innlendri orku á þann veg að afkoma fyrirtækisins sé tryggð. Við Íslendingar höfum ekki efni á því að stefna þessu fyrirtæki í gjaldþrot vegna þess eins að við þurfum á röksemdum að halda gagnvart þessum erlenda auðhring. Við verðum auðvitað að hækka orkuverðið til innlendra nota í réttu hlutfalli við afkomu fyrirtækisins og þar af leiðandi er hætt við að eftir 5 ár og eftir 10 ár verði afkoma fyrirtækisins út af fyrir sig ekki svo slæm að það eitt út af fyrir sig réttlæti endurskoðun raforkusamningsins. Menn sjá sem sagt í hvers konar hnappheldu við Íslendingar erum settir. Við verðum að tryggja afkomu þessa fyrirtækis vegna þess að þetta er eitt af undirstöðufyrirtækjum íslenskra atvinnuvega og íslensks efnahagslífs, en vegna þess að við verðum að tryggja afkomu fyrirtækisins með hækkun á innlendu orkuverði glötum við möguleikum til þess að bera fram sterkar röksemdir sem gætu haft í för með sér hækkun raforkuverðsins til Alusuisse. Þetta er svo sannarlega þokkalegur vítahringur sem við höfum verið settir í.

Þriðja atriðið sem við höfum sérstaklega gagnrýnt er að álverinu verði veittur forgangsréttur að nýrri orku. Auðvitað er það algert einsdæmi að ríkisstj. lofist til þess með sérstökum bréfaskriftum að afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi raforku frá Landsvirkjun, án þess að nokkuð sé vitað um á hvaða verði við ætlum að selja orkuna eða hver útkoma verður á skattaviðskiptum þjóðarinnar við þetta fyrirtæki á komandi árum. Ég verð að ítreka hér þá kröfu sem sett er fram í nál. Skúla Alexanderssonar og krefjast þess að ríkisstj. sendi ekkert bréf af þessu tagi fyrr en hún hefur ráðfært sig við alla þingflokka og við Landsvirkjun, en mér hefur skilist að þetta mál hafi verið tekið fyrir í stjórn Landsvirkjunar og hún hafi fyrir sitt leyti hafnað því að senda Alusuisse slíkt bréf þar sem raforkuverð til stækkaðs álvers yrði gefið upp áður en frá samningum um stækkunina yrði gengið að öðru leyti.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvað hann hafi í huga í þessu sambandi. Hvenær hefur hann hugsað sér að bréf af þessu tagi verði sent til Alusuisse? Og hvert á innihald þess að verða? Og hverja ætlar hann að hafa með í ráðum áður en hann skrifar þetta bréf? Verður Alþingi haft með í ráðum og verða allir þingflokkar hafðir með í ráðum, eins og var í tíð fyrri stjórnar þegar iðnrh. kom úr Alþb. og taldi það sjálfsagt að allir þingflokkar, þar á meðal stjórnarandstöðuflokkar, þar á meðal fulltrúar Sjálfstfl., ættu sæti í samráðsnefnd um þessi mál? Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. iðnrh. gæti hugsað sér að breyta til um vinnubrögð í þessu efni og taka upp þau vinnubrögð, sem ein eru sæmandi, að hafa samráð við alla þingflokka.

Við Alþb.-menn erum að sjálfsögðu algerlega andvígir því að álverinu verði veittur forgangsréttur að nýrri orku. Við teljum að þetta fyrirtæki hafi yfirleitt ekki sýnt sig í því að vera slíkt snilldarfyrirtæki í garð okkar Íslendinga að það sé ástæða til þess að verðlauna það sérstaklega með því að gefa því forgangsrétt að nýrri orku hér á landi. En þar fyrir utan teljum við það lágmark, ef stjórnarflokkarnir ætla sér að semja við álverið í Straumsvík um stækkun þess eða við eiganda álversins, Swiss Aluminium, um 50% stækkun álframleiðslunnar og raforkusöluna þangað, að Alþingi verði haft með í ráðum og þar á meðal allir þingflokkar.

Að lokum vil ég nefna þá ósvinnu, sem felst í þessum samningi, að kröfum vegna skattauppgjörs er fórnað í eitt skipti fyrir öll fyrir eina slétta upphæð, 100 millj. kr., upphæð sem kemur svo aldrei til greiðslu hér vegna þess að ekki er gert annað við hana en strika hana út á bókhaldsreikningi Íslendinga og álhringsins. Þar kemur hún til lækkunar og mun aldrei koma í kassann hjá hæstv. fjmrh.

En kannske er ekki aðalatriði málsins að Íslendingar hafi orðið af nokkurri fjárupphæð vegna skattanna. Ég a. m. k. álít að það sé ekki meginatriðið, það séu aðrar hliðar málsins sem séu miklu alvarlegri og svívirðilegri. Hvers vegna gátu stjórnarflokkarnir ekki hugsað sér að fylgja þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. hér á Alþingi á s. l. vori að láta málið ganga til dóms? Hæstv. iðnrh. lýsti því hér yfir að hann teldi alveg sjálfsagt mál að dómur gengi í þessu máli, það væri fráleitt að fá ekki dómsniðurstöðu. Nú hafa stjórnarliðar skipt um skoðun. Nú semur iðnrh. um að dómur fáist ekki þó að viðurkennt sé af öllum að mjög skammt sé í dómsniðurstöðu og menn væru mjög bjartsýnir um útkomuna. Öllum var ljóst að Swiss Aluminium pressaði heiftarlega á að þessi niðurstaða fengist. Hæstv. iðnrh. var hins vegar búinn að gefa yfirlýsingu um allt annað. Hann var búinn að gefa þá yfirlýsingu að sjálfsagt væri að fá dóm. Og hann gat staðið við hana, hann gat samið við Swiss Aluminium án þess að fara að gefa þetta eina atriði eftir. En hvers vegna gerði hann það? Hvers vegna féllust stjórnarliðar á að málið gengi ekki til dóms? Ég álít að ástæðan sé engin önnur en sú að þeir gátu ekki hugsað til þess að í ljós kæmi fyrir dómi að fyrrv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson hefði haft rétt fyrir sér, að það hefði verið ástæða til að rannsaka mál Swiss Aluminium, að það hefði verið ástæða til að senda Inga R. Helgason til Ástralíu, að það hefði verið ástæða til þess að hafa uppi þessi illindi í garð Swiss Aluminium eins og Morgunblaðið, málgagn þeirra sjálfstæðismanna, hefur svo oft nefnt þetta.

Það væri nefnilega býsna fróðlegt, ef maður leyfði sér að gefa sér tíma til þess að lesa upp ýmis ummæli sem féllu hér í umr. fyrir 3—4 árum þegar svonefnd „hækkun í hafi" var hér á dagskrá. Ég minnist mjög merkilegra yfirlýsinga sjálfstæðismanna sem reyndu að gera gys að Hjörleifi Guttormssyni fyrir að sækja þetta mál. Ég minnist jafnvel yfirlýsinga frá nýkjörnum formanni Alþfl., Jóni Baldvini Hannibalssyni, sem taldi þetta nú ekki merkilegt erindi sem Hjörleifur Guttormsson ætti við eigendur Swiss Aluminium. Allt þetta má rifja upp og vonandi verður það gert þegar mönnum gefst örlítið

betra tóm til umr. um þetta mál en við höfum tekið okkur hér í Ed. Við höfum fallist á að afgreiða þetta mál með nokkrum hraði, gáfum fyrst og fremst nefndinni góðan tíma, en höfum ekki tekið mikinn tíma til þess að ræða málið hér í Ed. og við erum alveg ásáttir við að senda málið frá okkur til Nd. þegar í dag. Þess vegna ætlum við ekki að hafa hér í frammi mikinn upplestur á því sem menn sögðu um málsmeðferð Hjörleifs Guttormssonar á þessu máli sem leiddi til þess að þrír flokkar gerðu sérstaka tilraun til að koma Swiss Aluminium til bjargar hér á vormánuðum 1983, reyndu að taka málið úr höndum Hjörleifs Guttormssonar með sérstakri þáltill. vegna þess að hann hafði gerst svo djarfur að láta rannsaka mál Swiss Aluminium og þá „hækkun í hafi" sem hafði þá verið sönnuð af sérfræðingum iðnrn.

Auðvitað er það hin pólitíska staðreynd í þessu máli að hæstv. iðnrh., hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. kærðu sig ekki um að það kæmu fyrirsagnir í íslenskum blöðum um að Íslendingar hefðu unnið þetta mál fyrir gerðardóminum og það hefði verið sjálfsagt og eðlilegt að hafa uppi þá málsókn sem þeir eru sjálfir búnir að fara háðulegum orðum um allan þennan tíma.

Ég tel sérstaklega ánægjulegt að við meðferð málsins hér í Ed. hafa þrír þingflokkar komist að sameiginlegri niðurstöðu um að mæla gegn þessum samningi. Alþfl. bar vissulega ábyrgð á því að samningur þessi var gerður á sínum tíma og tók þátt í herferðinni gegn páv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni vorið 1983, þegar þáltill. var flutt sem átti að taka málið úr höndum hans. En þm. Alþfl. hafa skoðað þetta mál á þeim grundvelli sem það liggur fyrir í dag fordómalaust og án tillits til þess hver er fyrri afstaða þeirra í þessu máli og þó að þeir séu ekki líklegir til að taka neitt aftur af því sem þeir þegar hafa sagt um málið fyrr á árum tel ég það lofsverða hreinskilni að þeir skuli taka skýra afstöðu gegn þessum samningi sem þeir sjá svo marga ágalla á. Fulltrúar Kvennalistans hafa líka tekið afstöðu til þessa máls á sama grundvelli og við Alþb.-menn. Það verður sannarlega tekið eftir því víðar en hér á Íslandi að stjórnarandstaðan að meginhluta til mælir gegn þessum samningi.

Um afstöðu Bandalags jafnaðarmanna ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Þeir gagnrýna samninginn með ýmsum hætti, en komast samt að þeirri niðurstöðu að líklega sé nú rétt eftir atvikum að greiða honum atkvæði. Í raun og veru koma fram alveg sömu gagnrýnispunktar hjá talsmönnum Bandalags jafnaðarmanna og fram hafa komið hjá okkur Alþb.-mönnum. En hins vegar er það greinilegt að af pólitískum ástæðum telja fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna ekki taktískt rétt fyrir sig að skipa sér við hlið okkar Alþb.-manna í þessu máli. A. m. k. er það áberandi að í nál. þeirra er hvergi að finna neina efnislega gagnrýni á afstöðu okkar Alþb.-manna og röksemdir. Það er einungis sagt að Alþb. hafi notað sér þetta mál í pólitískum tilgangi og verið með pólitískt upphlaup, en það er ekki nánar skýrt. Ég geri ekki mikið með þá gagnrýni, en get svo sem vel skilið að flokkur sem á margan hátt miðar málflutning sinn fyrst og fremst við að ná atkvæðum frá Sjálfstfl. telur það ekki henta sínum hagsmunum að taka afstöðu sem er allt of langt í burtu frá afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli af ótta við að það verði eitthvað misskilið af þeim sem ekki hafa gert sér fulla grein fyrir röksemdum okkar Alþb.-manna í þessu máli. Þeir eru margir, því miður, vegna þess að auðvitað vantar mikið á að okkur Alþb.-mönnum hafi tekist að koma sjónarmiðum okkar til fulls til almennings í landinu vegna þess hversu veikir við stöndum að vígi á fjölmiðlasviðinu.

Menn geta svo sem sagt að við Alþb.-menn höfum átt þess kost að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. En tökum bara sem dæmi: Hvað var mikið sagt frá afstöðu okkar Alþb.-manna og röksemdum í þessu gríðarlega flókna máli eftir 1. umr. þessa máls? Jú, við fengum eina og hálfa mínútu í sjónvarpi og útvarpi og áttum þar að koma á framfæri öllum okkar sjónarmiðum. Sama gilti raunar um aðra flokka. Þetta sýnir auðvitað hversu víðs fjarri það er að hægt sé að ætlast til þess að allur almenningur geri sér grein fyrir meginstaðreyndum svo flókins máls þegar umfjöllun í helstu fjölmiðlum okkar er ekki miklu meiri en þetta.

Hv. talsmenn þessa frv. hafa verið að leika sér að því að reikna út hvað það hafi kostað þjóðina mikið fé eða Landsvirkjun að samningur af þessu tagi skyldi ekki gerður fyrir fjórum árum. Ég spyr: Er ekki ruglið orðið ansi lágkúrulegt þegar menn leggjast svo lágt að stilla upp útreikningum af þessu tagi? Það liggur fyrir að það tók núv. ríkisstj. eitt og hálft ár að ná þessum samningi við Swiss Aluminium og það er vitað að yfirvofandi dómsniðurstaða í gerðardóminum milli Swiss Aluminium og Íslands rak mjög sterklega á eftir Swiss Aluminium að ganga til samninga. Málsóknin gegn Alusuisse var undirstaða þess að þeir fengust þó á endanum til að undirrita þennan samning. Auðvitað er það ekkert annað en rugl og fjarstæða að Swiss Aluminium hefði verið reiðubúið til að hækka raforkuverðið árið 1980, áður en að upplýsingarnar um hækkun í hafi lágu fyrir, enda minnist ég þess ekki að Swiss Aluminium hafi á nokkurn hátt gefið undir fótinn með það á þeim tíma eða nokkurn tíma á árunum eftir að endurskoðun samningsins fór fram 1975. Þetta er því bara rugl út í loftið sem ekki tekur að eyða orðum að. Satt best að segja væri miklu frekar að menn reyndu að reikna út hvað það hefur kostað þjóðina að ráðh. Sjálfstfl. undirrituðu álsamninginn á sínum tíma, árið 1966, með einhverju lægsta raforkuverði sem þá þekktist í heiminum, áttu auðvitað að knýja þá fram a. m. k. tvöfalt hærra verð, og hafa pressað þjóðina um mismuninn á þeim tíma sem liðinn er. Sá reikningur mundi sannarlega ekki vera fallegur, enda hef ég ekki séð talsmenn Sjálfstfl. gera tilraun til að koma honum á blað.

Auðvitað neitar því enginn að nokkurt fé fæst frá Swiss Aluminium með tilkomu þessa samnings. En við teljum að það séu aðrir ágallar sem vegi þarna meira og þyngra og þá fyrst og fremst að verðið er of lágt og verðið er ekki verðtryggt til frambúðar eins og þyrfti að vera.

En ég vildi segja að lokum, vegna þess að hæstv. iðnrh. státar mjög af því að mikið fé komi inn í landið með gerð þessa samnings: Skiptir ekki nokkru máli hvað við það fé verður gert? Ég vil vekja á því athygli að enginn einn þáttur veldur jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Um 30% þjóðarinnar greiða margfaldan kostnað fyrir hita frá rafveitum og dýrum hitaveitum miðað við það sem almennt gerist. Þessi þriðjungur þjóðarinnar greiðir tvöfalt til þrefalt meira fyrir hitun híbýla sinna en þau 60% þjóðarinnar sem njóta ódýrra hitaveitna. Fyrr-

nefndi hópurinn, sá sem býr við löku kjörin, þarf að verja í húshitun að meðaltali sem svarar 8—12 vikna launum lágtekjufólks, miðað við tekjutryggingu í dagvinnu, en síðartaldi hópurinn þarf aðeins að verja í þessu skyni um fjögurra vikna launum. Þarna er hvað mest óréttlæti í okkar þjóðfélagi og þetta veit ég að hæstv. iðnrh. skilur allvel því að hann kemur úr kjördæmi þar sem þessa gætir mjög.

Því langar mig til að spyrja hann að því að endingu: Er ekki tími til kominn að þeir sem hafa orðið verst úti vegna gömlu Landsvirkjunarsamninganna og hafa orðið að borga þetta gífurlega háa orkuverð til húshitunar fái nú loksins að njóta sérstaklega þess að eitthvað kemur meira í kassann hjá Landsvirkjun? Ég skora á hæstv. iðnrh. að gefa hér yfirlýsingu um að þeir sem hita hús sín með dýrri raforku eða olíu verði sérstaklega látnir njóta þess á næstu vikum og mánuðum og árum að verðið frá Alusuisse hækkar eitthvað í kjölfar þessa samnings. Ég vil sem sagt spyrja hann að því hvort ekki megi treysta því að svo verði.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki nota nema á að giska 10% af ræðutíma síðasta ræðumanns. Ég vil fyrst og fremst lýsa ánægju minni með að þetta mál er nú að komast í höfn þrátt fyrir hálfs mánaðar töf í hæstv. nefnd. Það var ekki aðeins peningahliðin og hin bætta samningsaðstaða sem ég vildi lýsa ánægju minni með, heldur endurunninn trúnaður, að við séum hugsanlega viðræðuhæfir menn á erlendum vettvangi, að við stöndum við samninga okkar en stöndum þó fast á okkar rétti og séum lausir við skugga af illvilja og óhróðri sem einkenndi allan málflutning síðasta hæstv. iðnrh.

Nei, ég ætla ekki að tefja málið mikið. Þó verð ég að gefa ákveðna skýringu, einkum og sér í lagi af því að hv. þm. lýstu undrun sinni á að ég notaði orðið „töf" í hæstv. nefnd. Það var þannig að á fyrsta fundi nefndarinnar um málið lögðu fulltrúar Alþb. fram óskalista um vitni sem þeir óskuðu að kveðja til. Þar var Ingi R. Helgason fyrrv. Ástralíufari. Þar var Finnbogi Jónsson aðstoðarmaður fyrrv. iðnrh. Þar var Ragnar Aðalsteinsson fyrrv. lögfræðingur Gervasoni. Þar var Ólafur Ragnar Grímsson fyrrv. alþm. Ég leyfði mér þá að spyrja hvort þetta gæti ekki tekið ansi langan tíma. Ég var snarlega afgreiddur af hv. 4. þm. Vesturl. með því að það væri auðséð að ég væri ekki þingvanur maður og kynni ekki á vönduð vinnubrögð þingnefnda.

Síðan hófust fimm daga vitnaleiðslur. Sjálfsagt höfum við haft gott af því allir saman að heyra ferðasögu Inga R. Helgasonar til Ástralíu einu sinni enn í klukkutíma ræðu. Örugglega höfum við líka haft gott af því að heyra raunasögu Ólafs Ragnars Grímssonar úr Landsvirkjunarstjórn. En mér kom það á óvart þegar vitnin voru að spyrja aðra menn, sem kvaddir höfðu verið til, kalla fram í, biðja um orðið og það upphófst svona kýt og jag á milli þeirra sem voru kvaddir til hv. nefnda. Ég veit ekkert hvort þetta eru vönduð vinnubrögð en ég vildi gjarnan fá að vita það. Fyrir utan það að þessar ræður þóttist ég þekkja við fljótlegt yfirlit í grg. 3. minni hl. n.

Það var annað einkennilegt í þessum nefndarstörfum. Þar er áheyrnarfulltrúi, sem að vísu sat ekki á þingi þá, og hann spurði vitnin stöðugt og óskaði sérstaklega eftir að mega kveðja til vitni, óhlutdræga lögfræðinga iðnrh. — og ég man nú ekki eftir fleirum. Nú veit ég ekki heldur hvort það er venja að áheyrnarfulltrúar hafi sama rétt og aðrir nm. Það getur vel verið. Ég veit ekki heldur hvort hv. þm. sem ekki sitja á þingi eiga að taka þátt í nefndarstörfum, hvorki sem áheyrnarfulltrúar né annað. Og ég hefði gaman af að vita hvort þetta einkennir allt vönduð vinnubrögð þingnefnda. Ég vil ekki vera að ósekju í framtíðinni að ásaka hv. Alþb.-menn eða fylgdarkonur þeirra um töf, viljandi töf. Þess vegna vildi ég gjarnan fá að vita, það þarf ekki að svara mér nú, ég get fengið þær upplýsingar einslega líka, hvort þetta eru einkenni á vönduðum vinnubrögðum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég talaði við 1. umr. þessa máls og skal svo sem ekki endurtaka neitt af því hér. En það voru fáein orð sem hv. 3. þm. Norðurl. v. mælti hér áðan sem gáfu mér tilefni til að segja örfá orð. Hann talaði um að Alþfl. hefði á sínum tíma staðið að og borið ábyrgð á þeim samningum sem upphaflega voru gerðir. Það er auðvitað hárrétt. Og ég hygg að í ljósi síns tíma og þeirra aðstæðna sem þá voru, bæði í hinum alþjóðlegu gengismálum og einkum þó að því er varðaði alþjóðlegt orkuverð þá, hafi það verið góðir samningar. Þessa skoðun hef ég enn.

Hv. þm. vék síðan að því að við hefðum gagnrýnt vinnubrögð iðnrh. Alþb., hv. núverandi þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það er alveg rétt. Og við gagnrýnum þau vinnubrögð enn. Þau voru hreint ekki til fyrirmyndar. Hv. þm. tók þannig til orða um þá sem væru andvígir þessum samningi að þeir hefðu skipað sér við hlið Alþb. Þetta er rangt. Þó svo að við Alþfl.-menn greiðum atkvæði gegn þessum samningi þá höfum við ekkert skipað okkur við hliðina á Alþb. í því máli. Fulltrúi Alþfl. í iðnn., hv. þm. Magnús H. Magnússon, skilaði sérstöku nál. Hitt er svo aftur hárrétt hjá hv. þm. að það hafa aðrir skipað sér við hlið Alþb. í þessu máli, Samtök um kvennalista, sem ævinlega sitja við hlið Alþb. í öllum málum og heyrir nú ekki til neinnar nýlundu hér á þingi að þarna verður ekki lengur skilið á milli með neinum hætti. Ég vildi bara að þetta kæmi hér skýrt fram.

Auðvitað er sá samningur sem lagður er hér fyrir nú til synjunar eða samþykktar ekki alvondur. Því höfum við ekki haldið fram. Við höfum hins vegar haldið því fram, og á því byggist okkar afstaða, að á honum séu mjög veigamiklir annmarkar í ýmsum greinum. Ég gerði grein fyrir því hér við 1. umr. málsins og það kemur einnig fram í nál. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar. Þetta fannst mér rétt að láta koma hér fram.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, ítreka það sem hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði, að við munum ekki gera neitt til þess að tefja fyrir framgangi þessa máls hér. Það er lagt fyrir til synjunar eða samþykktar. Við höfum greint frá okkar afstöðu og við munum ekki tefja málið með neinum hætti. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð að okkar mati.

Hins vegar skal ég svo að síðustu láta þess getið að ég mun ekki taka þátt í atkvgr. núna þar sem einn af hv. þm., stuðningsmönnum ríkisstj., fór þess á leit við mig að við létum jafnast. Hann þurfti að vera fjarverandi vegna fyrri skuldbindinga. Taldi ég eðlilegt og ekki ósanngjarnt að verða við þeim tilmælum eins og venja er hér í þingmannahópnum þegar þannig stendur á. Þetta vildi ég aðeins að lægi ljóst fyrir.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hljóðs er að fram hefur komið í þessum umr. nokkur gagnrýni á Framsfl. og hans vinnu og afstöðu í þessum málum. Það er eingöngu af því gefna tilefni að ég kveð mér hljóðs og ég skal reyna að vera mjög stuttorður.

Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því þegar rætt er um þessi mál að við Íslendingar gerðum samning 1966 til 25 ára og vorum að sjálfsögðu bundnir við þann samning. Framsfl. var á móti þeim samningi, við greiddum atkv. gegn honum eins og kunnugt er. Ég hef alltaf talið að helsti gallinn á þeim samningi hafi verið sá að hann var gerður til mjög langs tíma án þess að í honum væru endurskoðunarákvæði um orkuverðið. Ég skal viðurkenna að auðvitað urðu gífurleg straumhvörf í orkumálum, orkusprengingin í kjölfar olíuverðshækkananna 1973 og 1978 varð miklu meiri en nokkurn óraði fyrir fram til þess tíma. Ég held að það hafi í raun og veru verið þá sem að alþjóðalögum voru brostnar forsendur fyrir orkuverðssamningnum — ekki fyrir samningnum sem slíkum í heild, heldur fyrir orkuverðsákvæðum hans. En menn verða að hafa í huga í sambandi við umr. um þetta mál, að við erum bundnir samningi. Það má svo deila endalaust um það hvort samningurinn hafi verið viðunandi þegar hann var gerður. Framsfl. greiddi atkv. á móti honum en það verður að viðurkenna að þetta var fyrsti samningur þessarar gerðar sem gerður hefur verið hér á Íslandi.

Sá samningur sem nú er til umr. hér í hv. Ed. felur að sjálfsögðu í sér verulegt hagræði. Um það þarf ekki að ræða. Orkuverðið hækkar verulega eða úr 6.5 millum tæpum á kwst. upp í 12.5—18.5 mill. Það er auðvitað gífurlega mikil hækkun. Það kemur fram í aths. við frv. að Landsvirkjun muni hagnast á þessum samningi á næstu fimm árum um 2100 millj. kr. Það þarf því ekkert að deila um það að auðvitað felur þessi samningur í sér stórkostlegt fjárhagslegt hagræði.

Þá er gert ráð fyrir að deilunni um skattana ljúki á þann veg að Alusuisse greiði 3 millj. dollara. Hér er einnig um stórkostlegt hagræði að ræða. Um það þarf ekki að deila. Hvort þetta er nógu mikið, hvort þetta er nógu hagstæð breyting á grundvallarsamningnum, um það geta menn áreiðanlega deilt endalaust. Skal ég ekki gerast neinn dómari í því efni.

En tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs, auk þess að lýsa fylgi við málið, var það að Alþb. og Framsfl. skildu að skiptum í sambandi við þetta mál í seinustu ríkisstj. Ástæðan fyrir því var fyrst og fremst sú, að enda þótt ég telji og ýmsir fleiri að forsendur orkuverðsins hafi verið brostnar eftir olíuverðssprengingarnar þá nýttist ekki sú staða til fulls í samningum vegna þess að lagt var til stórorustu við álhringinn opinberlega, í sjónvarpi, útvarpi og á Alþingi (**Gripið fram í:** Að ástæðulausu?) — í stað þess að snúa sér að því að nýta samningastöðuna sem var til staðar ásamt hagstæðum ytri skilyrðum á árunum um 1980 og reyna að ná samningum. Það liðu þarna 4—5 ár án þess að nokkur einasti árangur næðist fjárhagslega. (**EG:** Það stóð aldrei til.) Það vil ég nú ekki segja en þetta er staðreynd. Árangurinn var enginn, hann var núll um árabil. Ég veit að þeir Alusuisse-menn eru harðdrægir í samningum, það er mín skoðun, og ég skal ekki vera með neinar fullyrðingar til eða frá í þessu efni, en staðreyndin er sú að niðurstaðan varð engin, árangurinn varð enginn. Það kann að vera rétt að það hafi að vissu leyti verið lagður grunnur að framhaldinu en árangurinn varð enginn.

Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma fram — ég vil ekki taka fyrrv. hæstv. iðnrh. sérstaklega inn í það — að Alþb. í heild hafi metið það meira á þessum árum að reyna að styrkja flokksstöðu sína í þessu máli heldur en þá þjóðarhagsmuni að ná samningum um hærra orkuverð. Þess vegna skildi á milli Framsfl. og Alþb. í þessu máli.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég bið hv. þdm. að láta sér ekki ofbjóða þó ég sé hér með allþykkan skjalabunka með mér. Til trausts og halds tók ég hér gömul Alþingistíðindi, þ. á m. sérprentun á frv. til l. um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins upp á 360 bls., sem voru fskj. og rökstuðningur með frv.-gerð Alþb.-manna á sínum tíma í þessu máli. Geri ég þetta nú aðeins til að fá sögulega upprifjun en vík kannske örfáum orðum að því seinna.

En hv. 6. landsk. þm., Magnús H. Magnússon, lýsti afstöðu Alþfl., sem vissulega kemur mér á óvart og veldur mér vonbrigðum, en ekkert er um það að segja. Það er að vísu svo að flokkum hættir dálítið til sveiflu, mikillar sveiflu eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. En þegar maður rifjar það upp að hans flokkur ásamt mínum gerði á sínum tíma samninga til 25 ára án endurskoðunarákvæðis, þá verður mér dálítið um að heyra talsmenn Alþfl. gagnrýna sérstaklega endurskoðunarákvæði á fimm ára fresti, eins og nú er og biðja um verðtryggingarákvæði o. fl. Þetta munu hafa verið 2.5 mill sem þá var samið um. En þá lifðum við á allt öðrum tímum. Og ekki er ég hingað kominn til þess að gagnrýna þá samningsgerð á sínum tíma. Hún var áreiðanlega frumforsenda einhverrar mestu byltingar í orkumálum og með langmestu byltingum í orkumálum, og einnar mestu byltingar í atvinnumálum og atvinnusögu þessa lands á síðustu áratugum sem við höfum lifað. Á þessu er enginn vafi. Frumforsenda alls þess sem á eftir fór í beislun íslenskra fallvatna, sem er eins og ég segi — og Kvennalistinn þarf að fara að æfa sig á því — ein af undirstöðum þess að við getum búið betur um okkur í landinu en við gerum nú. Að hlusta á þessar blessaðar konur tala um ótímabærar virkjanir, þar sem þetta er augljóslega einn af hornsteinum þess að við getum búið hér við vaxandi hagsæld, er dapurlegt, ungar myndarkonur. En þær hafa kosið sér þessa afstöðu og er ekkert við því að segja að sjálfsögðu.

Ég ætla ekki að elta ólar við útreikninga og meðferð manna á tölum. En það er hreint og beint með ólíkindum að heyra þá talnaromsu sem menn hafa uppi og búa sér til í þessu máli, fram og aftur og út og suður, upplýsingar sem þeir gefa sér sjálfir og nefna jafnvel virðuleg fyrirtæki eins og Íslandsvirkjun sem heimild. Ég elti ekki ólar við þetta.

En það var eftir öðru að hv. 4. þm. Vesturl., frsm. 3. minni hl., hóf upp tölu um hækkun í hafi, 47.5 millj. dollara. Heyrði ég það ekki rétt? (**SkA:** Jú, jú.) Hjörleifur Guttormsson var með þessa tölu í fyrsta tilhlaupi. En í hverju endaði hann? Og vilja menn nú ekki reyna aðeins að fara með eigin tölur þannig að trúverðugt sé. Hann endaði í kröfunni 16.2 millj. dollara. Þessu getur Alþb. flett upp hjá sér. Það er vafalaust í þessum ógnardoðrant hér að sjá. Allt tilhlaupið endaði nefnilega þannig að þeir urðu að gefa

eftir í kröfum sínum, Alþb.-menn.

Hitt er annað mál, virðulegi forseti, að ég hlýt mjög að draga við mig allar stórárásir eða stórþrætur nú, vegna þess að þetta mál snýr svo einkanlega að fyrrverandi iðnrh., hv. 5. þm. Austurl., að ég hlýt þess vegna að geyma mér að mestu allar frekari útlistanir nú eða þrætubókarlist um málið, vegna þess að ég geri mér vonir um það að hv. þm. verði mættur til leiks þegar þetta mál verður til meðferðar í Nd. þar sem hann á sæti. Því að ég þarf ekki að lýsa því fyrir þeim sem þekkja alla forsöguna að svo rækilegur málsvari hefur hann verið í málinu af hálfu síns flokks að það á ekki við að ég þæfi þetta mál um of, einnegin vegna þess hvernig stendur á um tíma, og menn hafa vikist vel undir það að við reynum að ljúka báðum síðari umr. þessa máls í hv. deild.

Það hefur verið mikið rætt um dómsáttina. Ég rifjaði upp við 1. umr. málsins hvernig það mál allt var í pottinn búið. Ég vitnaði til bréfa frá endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand, sem menn eru nú allt í einu hættir að nefna en hv. 3. þm. Norðurl. v. margtók fram að væri mjög traust og virðulegt endurskoðunarfyrirtæki. Það fyrirtæki skrifaði okkur til á miðju sumri 1983, þar sem það hvatti eindregið til þess að reyna að þoka sér út úr málaferlunum og ná sáttum í málinu. Taldi það til þess margháttuð rök og mátti vera best kunnugt um það hvernig það mál allt var í pottinn búið.

Þetta var auðvitað ekki hægt að upplýsa meðan á allri þessari þrætu stóð því að þær röksemdir sem þar voru færðar fram hefðu auðvitað orðið málstað Alusuisse til góða. Niðurstöðu höfðum við náð. Og ég minni enn á meðmæli aðalráðgjafa fyrirrennara míns í dómsmeðferðinni fyrir alþjóðagerðardóminum í New York, Liptons. Hann skrifar einnig bréf, sem ég vitnaði til, þar sem hann lýsti yfir sinni afstöðu til þess að hann teldi þetta mjög vel viðunandi lausn sem við náðum með dómsáttinni sjálfri.

Menn verða svo að meta þetta að eigin vild og smekk. En að kalla það að ekki hafi náðst dómsígildi með sátt í úrslitum máls er gagnstætt öllu mínu áliti. Vegna þess að það eru auðvitað bestu úrslitin ef menn ná að sættast í máli þannig að báðir geti vel við unað.

Við höfum meðmæli hinna færustu manna og þeirra sem gerst til þekkja í málafærslu af þessu tagi og málsatvikum eins og Coopers & Lybrand hafði. Þess vegna var það að þegar ég sá eins og málum var þá komið hvernig mál stóðu þá var ég hiklaus í þeirri ákvörðun minni að gera þessa sátt, sem og varð til þess að við náðum fram hækkun orkuverðsins miklu fyrr en ella.

Menn þykjast vita um það, sem er gersamlega úr lausu lofti gripið, að við höfum verið komnir eitthvað nærri því að fá niðurstöðu í dómnefndunum. Því fór víðs fjarri. Ég er sannfærður um það að þeir höfðu alla tilburði til þess, lögmenn Alusuisse, að þæfa það mál um lengri, lengri tíma. Það sýndi sig að í dómnefndinni í New York höfðu þeir ekkert lipurlegri handatiltektir og voru ekkert léttari í vöfum í allri málafærslunni en maður gat búist við fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi, þar sem menn höfðu áralanga reynslu af því að mál gátu tekið fjölda ára í meðferð. Og raunar er það líka upplýsandi að af öllum þeim ótal málum, sem sótt hafa verið og varin fyrir alþjóðagerðardómnum um slík fjárfestingarmál í New York, eru þau mál teljandi á fingrum annarrar handar sem hafa komið til dómsniðurstöðu, því að yfirgnæfandi flest þeirra hafa hlotið sáttarniðurstöðuna.

Ég rifjaði upp hér við 1. umr. til hvers bráðabirgðasamningurinn frá 23. sept. í fyrra hefði leitt fyrir orkuneytendur í landinu. Ég held ég megi fullyrða að ég hafi rifjað það upp. Það hækkaði verðið úr 6.475 millum í 9.5 mill eins og menn þekkja. Það varð til þess að hægt var að halda orkuverðinu í landinu til neytenda í smásölunni óbreyttu. Frá 1. ágúst 1983 til 1. ágúst 1984 hafði raungildi orkunnar lækkað til neytandans um 15.8%. Við höfðum haft það að stefnumarki og miði, og höfðum leitað til þess raunar til Landsvirkjunar, að haldið yrði áfram á sömu braut miðað við þá hækkun sem nú fæst. Þetta hefði leitt til þess með sama áframhaldi og miðað við þær verðlagsforsendur sem við gáfum okkur þá að 1. ágúst 1985 hefði raungildi orkunnar lækkað um tæp 24% til neytenda.

Nú eru forsendur allar breyttar. En eftir sem áður mun ég beita mér fyrir því að hinn almenni neytandi í landinu, sér í lagi sá sem býr við hið sára og þunga orkuverð til hitunar híbýla sinna, fái notið þess sem þessi samningur gefur okkur í aðra hönd. Ég segi ekki að það séu nein rök fyrir því sem ég hef staðið fyrir nú, þó ég vitni til þeirra tillagna sem Alþb. átti í þessu máli fyrir rúmu 1 1/2 ári síðan, til þess frv. sem þeir Alþb.-menn fluttu á Alþingi í lok þinghaldsins, í mars trúlega, 1983, eftir að hin mikla þræta hafði staðið um málsmeðferðina alla, þar sem Framsfl. snerist gegn samstarfsflokki sínum í þessu máli, og öllum er í fersku minni, líka þeim sem hér áttu ekki sæti, svo mikið tók undir í öllu þjóðfélaginu vegna þeirra átaka.

Þeir fluttu frv. í Nd. hv. þm. Alþb. og Hjörleifur Guttormsson, hv. 5. þm. Austurl., í fararbroddi að sjálfsögðu. Hvað skyldi það frv. hafa innihaldið? Hverjar voru tillögur þeirra þá, fyrir rúmlega einu og hálfu ári, þar sem þeir höfðu nú jafnvel við orð að færa sig upp á skaftið og taka þetta fyrirtæki eignarnámi ef ekki vildi betur til.

Í 1. gr. segir: „Verð á raforku frá Landsvirkjun til Íslenska álfélagsins h. f. samkvæmt rafmagnssamningi dags. 28. júní 1966 með viðaukum dags. 28. okt. 1969 og 10. des. 1975 skal vera 12.5 mill.“ Kannast einhver við þessa tölu? (**Gripið fram í:** Lesa meira.) Ég á eftir að lesa meira. Það er ævinlega þannig að þegar maður tekur til við að ræða um málafærslu Alþb., og þarf nú ekki nema svona eitt og hálft eða tvö ár aftur í tímann, þá er allt sem þeir segja í dag pólitískt „boomerang“ á þá sjálfa miðað við það sem þeir héldu fram þá.

Nú held ég áfram, með leyfi virðulegs forseta.

Í 2. gr. þessa lagafrv. segir aðeins þetta: „Ákvæði í 13. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. um orkuverð svo og önnur ákvæði í samningnum, sem fara í bága við ákvæði 1. gr. laganna, eru úr gildi numin.“ Það gefur auga leið og þarfnast ekki skýringar.

Síðan kemur 3. gr. og 4. gr. Nú byrjum við á 3. gr.:

„Lög þessi falla úr gildi, þegar samningar hafa tekist milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun raforkuverðsákvæðis rafmagnssamningsins, sem að framan greinir.

Sú endurskoðun byggist á eftirfarandi:“ — Og nú eru þeir að semja við Alusuisse.

„a) Þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr.

laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið;

b) Raforkuverði því, sem álver annars staðar í heiminum greiða;

c) Framleiðslukostnaði raforku hér á landi;

d) Heimsmarkaðsverði á áli."

Nú nú, þetta er grunnurinn sem þeir ætla að semja um við Alusuisse. En ef það tekst nú ekki? Ef ekki tekst að semja við þrjótana á þessum grunni, hvað ætlar Alþb. þá að gera? Það segir í 4. gr. hvað þá skuli til bragðs taka: „Fari svo, að ekki náist samningar um endurskoðun raforkuverðsákvæðis samkvæmt 3. gr. fyrir árslok 1983, skal stjórn Landsvirkjunar með stoð í þessum lögum ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill."

Þetta ætluðu þeir að ákveða þegar þeir voru einráðir. Þegar öllu var lokið við Alusuisse, öllum tilraunum um samningsgerð á grundvellinum sem sagði í 3. gr., þá ætluðu þeir að taka einhliða ákvörðun um að raforkuverðið skyldi vera 15—20 mill. Var það hv. 3. þm. Norðurl. v. sem reiknaði út að 12.5 mill mundu verða orðin 4 mill eftir fimm ár eða þar um bil í þessum ruglingslegu, heimskulegu útreikningum sem enginn grundvöllur er fyrir eða botn í?

Menn kannast nú eitthvað við þessar tölur, 15—20 mill. Við erum með grunntöluna 15 í sérstakri formúlu sem er fyrir þessu og við náum fyrir þetta gamla álverð upp í 18.5. Hvar er svo verðtryggingin? Við hvað skyldi nú vera miðað þegar þeir eru orðnir einráðir? Þegar þeir eru að setja sér sjálfir lög um hvað skuli gilda. (**Gripið fram í:** Er ekki ákvæði til 20 ára?) Já, hvar ætli það sé nú? Hvar ætli séu endurskoðunarákvæðin í þessu líka? Við skulum lesa áfram. Ég er ekki kominn nema að því þar sem þeir hafa ákveðið að þegar þeir taka völdin og öllum samningum er slitið við Alusuisse, þá ætla þeir að ákveða með lögum að verðið skuli vera 15—20 mill á kwst. „frá og með 1. jan. 1984 og breytist verðið eftir það í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli —." Hvers lags viðmiðun er þetta eiginlega? Er ekki verið að gagnrýna okkur fyrir það að hafa samið um formúlu sem tekur mið af fjórum tegundum álverðs, vestur í Bandaríkjunum hjá Alcoa, hjá Alcan, hjá Alusuisse og miðað við London Metals Exchange? Og svo heldur áfram: —„heimsmarkaðsverði á áli, eins og það er skilgreint í ákvæðum 20.02 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. dags. 28. mars 1966" með viðaukunum tveimur seinni.

Sem sagt, þarna var viðmiðunin og öll tryggingin þeirra, heimsmarkaðsverð á áli, eins og það var skilgreint í gamla samningnum milli Alusuisse og ríkisstjórnar Íslands. Og svo er ekkert meira, — annað en það að lögin öðlist gildi. Hér er m. ö. o. það sem þeir lögðu til að gert yrði í málinu þegar þeir væru búnir að taka lögin í sínar hendur, búnir að slíta öllum samningum við Alusuisse, og einráðir. Þá var þetta óskaniðurstaðan þeirra í samningum, í því sem skyldi gilda fyrir þessi efni. Ég þarf engu við þetta að bæta. En ég sá mér ekki annars kost en benda á þetta eftir þá gagnrýni sem fram hefur komið frá talsmönnum Alþb. einkum og sér í lagi. Ég get nú ekkert verið að eiga orðastað við Kvennalistann, sem eru aftaníossur Alþb. í öllum málum svo að hvergi kemst hnífur á milli, og er eins og ég sagði hálfdapurlegt til þess að vita með svo myndarlegt fólk. Ég varð þess vegna að rifja þetta upp, sem sýnir eitt með öðru hvernig menn sveiflast til í afstöðu sinni, eftir því hvernig þeim finnst byrinn blása þá og þá.

Ég vísa því með öllu á bug að hér hafi menn dregið af sér við að ná þeim haldbestu samningum fyrir Íslands hönd sem hugsanlegt var í stöðunni. Ég hef engar áhyggjur af því að sagan dæmi mig fyrir það að hafa fyrirgert rétti og hagsmunum Íslands. Það geri ég ekki. Ég vísa til þess sem þeir segja sem gerst til þekkja í þessu, sérfræðingar og fyrirsvarsmenn Landsvirkjunar, sem meta það verð sem við höfum náð nú til stórfelldra hagsbóta fyrir Landsvirkjun, og þar með auðvitað þjóðina í heild vegna þess að Íslandsvirkjun er þar á ferðinni.

Ég minnist þess allt í einu að í lokin þarf ég að bæta við svari við spurningu sem hv. 3. þm. Norðurl. v. varpaði fram, um áframhaldandi samningsgerð við Alusuisse vegna stækkunar álverksmiðjunnar um 50% og um skattamálin. Engar ákvarðanir hafa auðvitað verið teknar enn þá um orkuverð fyrir nýja álverksmiðju eða viðbótina. Við erum ekki komnir að niðurstöðu um hvaða tölur við eigum að nefna í því sambandi. Menn hafa nefnt tölurnar 18—20 mill en mjög er erfitt, sem allir skilja ef þeir vilja, að hafa uppi umræður á almannafæri eða í heyranda hljóði um slík mál vegna viðsemjendanna. Um þetta get ég ekki dæmt enn. Vegna byggingar nýrrar álverksmiðju eða viðbótar við álverksmiðjuna verður engin kröfugerð send fyrr en menn eru orðnir á eitt sáttir um það hvernig hún eigi að hljóða. Við vitum hins vegar, og höfum gert upp hug okkar um það, að það verður hærra en fyrir þessa gömlu verksmiðju, einnig vegna tækninýjunga sem álverksmiðjur eru núna búnar en hinar eldri ekki.

Ég veit að það er ótalmargt annað sem ástæða hefði verið til að víkja að hér. En ef þess er kostur, sem ég veit nú ekkert hvort er, að ljúka þessum tveim umr. eins og menn hafa haft í orði, þá vil ég leggja mitt af mörkum til þess að svo verði. Það kann að vera að eitthvað í máli mínu egni til þess að stjórnarandstæðingar sjái ástæðu til að lengja þessar umr. En ég vil aðeins nota tækifærið til þess að víkja þakklæti mínu til iðnn. hv. deildar og raunar beggja nefndanna, sem unnu saman, og til þeirra sem þar í fyrirsvari stóðu fyrir ágætlega unnið verk og vandað að því er mér virðist. Og sérstaklega fagna ég því ef þeim sem stjórna hefur tekist að gera stjórnarandstöðunni til hæfis, eins og mér skildist á frsm. 3. minni hl., hv. 4. þm. Vesturl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Nú er forseta nokkur vandi á höndum að meta hvort tekst að ljúka þessum fundi og setja nýjan fund og ljúka honum á þeim örskamma tíma sem er fram að venjulegum kvöldmatartíma kl. 7. En ef hv. þdm. hafa ekki við það að athuga mætti kannske hafa fundinn svo sem eins og hálftíma fram yfir það og sleppa þannig við kvöldfund. Ég vænti þess að ýmsir hv. þdm. hafi verið búnir að ráðstafa sér annað og því væri flestum í hag ef hægt væri að sleppa kvöldfundi. Gef ég nú orðið síðasta ræðumanni á mælendaskrá að svo komnu máli, hv. 3. þm. Norðurl. vestra.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég tek undir það að æskilegt er að reyna að ljúka þessari umr. fyrir kvöldmat þannig að atkvgr. geti farið fram. En miðað við þá ræðu sem hæstv. iðnrh. hélt áðan og miðað við að nú lifa aðeins 10 mínútur tímans til kl. 7 sýnist mér á öllu að við verðum að gera ráð fyrir að fundi ljúki ekki fyrr en nokkuð er farið að halla í áttunda tímann.

Ég hafði spurt hæstv. iðnrh. nokkurra spurninga og ég verð að segja alveg eins og er að ég fékk ekki mikil svör við þeim. Ég spurði hvort heita mætti tryggt að húshitunarkostnaður almennings yrði lækkaður úr því að Landsvirkjun fengi auknar tekjur. Það varð ekki miklu meira en eitthvert uml í þá átt að athugað yrði nánar um þá hlið málsins, en ekki vildi hæstv. ráðh. gefa neinar yfirlýsingar í þá áttina.

Ég spurði um það í ræðu minni við 1. umr. og ítrekaði þá fsp. hérna áðan hvað hefði eiginlega komið yfir ráðh. eftir að hann gaf yfirlýsingu sína hér á Alþingi um að ekki kæmi til greina að gefa eftir gerðardómsmálin eða fara að semja um þau, þau væru það langt komin. Hvað kom þá yfir ráðh. að hann skyldi breyta þessari afstöðu sinni og snarsnúast í málinu með þeim hætti sem raun varð á? Ekki fékk ég neitt svar frá hæstv. ráðh. um þetta. Hann er hins vegar enn að tönnlast á því bréfi frá forstöðumanni Coopers & Lybrand sem hann mun hafa minnst á hér við 1. umr. Ég var því miður ekki á fundinum þá stund þegar hann nefndi þetta bréf, en það er helst að skilja á hæstv. ráðh. og á fjölmiðlum að málið sé allt komið á hreint með þessu bréfi frá forstöðumanni Coopers & Lybrand vegna þess að forstöðumaður fyrirtækisins mun hafa tekið þannig til orða að skynsamlegt gæti verið að þoka sér út úr þessum málaferlum.

Ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að fyrirtækið Coopers & Lybrand er mjög traust og virðulegt endurskoðunarfyrirtæki, en ég leyfi mér að benda hæstv. ráðh. á að þetta er ekki ráðgjafarfyrirtæki um lögfræðileg málefni. Satt að segja blöskrar mér ekki lítið að í umræðum um þessi mál skuli vera veifað svo sem raun ber vitni þessu bréfi frá forstöðumanni Coopers & Lybrand þar sem hann er að gefa góð ráð um þá hlið málsins sem er alls ekki í hans verkahring. Í hans verkahring var að segja okkur hver krafa okkar á hendur álhringnum ætti að vera. Og það gerðu þessir ágætu menn hjá Coopers & Lybrand. Ekki hefur staðið á því að þeir gæfu okkur upplýsingar um þá hliðina. Þessir menn starfa ekki við að gefa mönnum lögfræðilegar leiðbeiningar um hvort það eigi að reka mál fyrir þessum dómstólnum eða hinum eða draga kröfur til baka. Ég tel að forstöðumaður Coopers & Lybrand hafi satt best að segja skrifað ákaflega dularfullt bréf þegar hann tók sér fyrir hendur að gefa þessa ráðleggingu, að því er sagt er og að því er komið hefur fram að eigin frumkvæði, þó maður dragi það vissulega mjög í efa að svo hafi verið og um málefni sem hann er ekki á nokkurn hátt sérfróður um. Auðvitað eru það hinir lögfræðilegu aðilar málsins sem gefa okkur ráðleggingar um hvort hyggilegt sé að standa í málaferlum á grundvelli þeirrar kröfu sem endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrand hefur reiknað út.

Ég spurði líka hæstv. ráðh. að því hvort haft yrði samráð við stjórnarandstöðuna þegar mótuð yrði krafa um nýtt orkuverð. Ég fékk ekkert svar við því. Hann sagði að ekki væri komið að því að ákvörðun yrði tekin um hvert yrði nýtt orkuverð í viðskiptum við álhringinn þegar að því kæmi að stækka. En hann vildi ekki svara því áður hvort eðlilegt samráð yrði haft við stjórnarandstöðuflokkana. Og ég vek athygli á því að enn virðist hann ætla að stunda allt önnur og lakari vinnubrögð í þessum efnum en fyrirrennari hans gerði.

Það hefur komið fram í þessum umr., og kom m. a. skýrt fram hjá hv. þm. Birni Dagbjartssyni, að meginástæðan fyrir því — frá þeirra sjónarmiði séð — að taka málið úr gerðardómi hafi verið sú að það væri ekki skynsamlegt að standa í þrætum við svissneska álhringinn. Þarna sjáum við nú hvers eðlis þessi viðskiptavinur er. Það er ekki talið skynsamlegt að standa í lögmætum þrætum við hann af ótta við einhverjar hefndaraðgerðir. Það væri þokkalegt ef íslenska ríkið treysti sér ekki til að standa í þrætum við skattsvikara innanlands af einhverjum ókenndum ótta. Ég held að fátt sýni betur að ekki er sérlega hyggilegt fyrir okkur Íslendinga að eiga viðskipti við auðhring af þessu tagi ef menn þurfa að óttast það að eiga í þrætum við hann. Auðvitað er ein helsta ástæðan fyrir því að gerðardómsmálið var fellt niður að menn vildu forðast að sú niðurstaða fengist að fyrrv. iðnrh. hefði haft rétt fyrir sér að stofna til þessara málaferla sem menn nú telja svo hættuleg.

Hæstv. ráðh. vék hérna að frv. okkar Alþb.-manna um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins. Við fluttum þetta frv. fyrir einu og hálfu ári á Alþingi. Hann var að gera tilraun til að gera lítið úr frv. eða telja mönnum trú um að í því fælist eitthvert boomerang fyrir okkur Alþb.-menn. Auðvitað er það fjarstæða að við höfum lagt það til að raforkuverðið yrði til frambúðar 12.5 mill. Hann ætlaði greinilega að reyna að telja mönnum trú um það með því að lesa ekki lengra. Þar var um að ræða að Alþingi ákvæði það sem lágmarksverð, 12.5 mill, til fimm mánaða og að þessum fimm mánuðum liðnum átti að hækka verðið upp í 15—20 mill. Svo er hæstv. ráðh. að reyna að gera eitthvert mál úr því að ekki sé verðtryggingarákvæði í frv., eins og hann geri sér ekki fulla grein fyrir því að auðvitað er hægt, ef aðferðin að hækka verðið einhliða er valin, að flytja nýtt frv. og ákveða nýtt verð á Alþingi ef menn telja að þess gerist þörf og ef þess hefði gerst þörf í framhaldi málsins. Ég vænti þess að allir hv. þm. geri sér fulla grein fyrir hversu innantóm þessi gagnrýni ráðh. á okkar frv. er. Hér er ekki um það að ræða að við höfum lagt til að gerður væri samningur til 20 ára sem miðaðist við orkuverð 15—20 mill, heldur einhliða ákvörðun. Ef talið hefði verið nauðsynlegt að hækka það verð að fimm árum liðnum hefði auðvitað verið hægt að taka þá ákvörðun með einhliða hætti þegar nauðsyn krafðist.

Það er hins vegar rétt hjá ráðh. að í þessu frv. er minnst á að til greina komi að miða við heimsmarkaðsverð á áli. Ég vil taka það fram að í málflutningi okkar Alþb.-manna hefur þetta atriði ekki verið eitt af aðalatriðum í gagnrýni okkar á þessum samningi, enda segir það sig sjálft að vissulega getur það komið til álita, en þó eru tvær hliðar á því, bæði neikvæð og jákvæð. Auðvitað skiptir þá öllu máli, ef miðað er við álverð, við hvaða lágmarksvísitölu er miðað. Megingallinn á því álverði, sem hér er miðað við, er að orkuverðið er tengt álverðinu þegar álverðið er algjörlega í botni og orkuverðið sem á að greiða samkvæmt núgildandi samningi er rétt um 12.5 mill. Við erum algerlega í

lágmarkinu þar sem orkuverðið er tengt álverðinu. Og miðað við að síðan geta orðið enn frekari sveiflur á álverði er mjög tvíeggjað að gera þetta með þessum hætti.

Ég þarf ekki að víkja mörgum orðum að máli hv. talsmanns Alþfl. Eiðs Guðnasonar hér áðan. Hann sagði það, sem satt er í málinu, að Alþfl. var fylgjandi byggingu álverksmiðjunnar á sínum tíma. Ég hygg að ég hafi ekki heldur sagt neitt annað um afstöðu Alþfl. en það sem rétt er.

Ég verð hins vegar að víkja örfáum orðum að málflutningi talsmanns Framsfl. Tómasar Árnasonar áðan og bið hann að vera nærstaddan ef hann vildi gera svo vel. Ég vil segja að það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að hafa uppi hér langan afsökunarformála þegar hann stígur í stól og tekur til máls um þetta mál hér eins og hann gerði áðan. Hann þarf ekkert að afsaka sig. Það er mjög eðlilegt að hann vilji koma sjónarmiði sínu á framfæri. Framsfl. stóð á sínum tíma með Alþb. þegar álsamningurinn var hér til meðferðar fyrir 18 árum þó að núverandi formaður Framsfl. væri annarrar skoðunar og fylgdi ekki flokknum í þessu máli. En staðreyndin er sú að Framsfl. hefur snarsnúist í þessu máli og nú ætlar hann sér að ganga undir það jarðarmen að fallast á stækkun álbræðslunnar um 50%, þessarar sömu álbræðslu sem hann var andvígur að yrði hér byggð á sínum tíma vegna ýmissa ákvæða samningsins. Framsfl. gerði sér fulla grein fyrir því á sínum tíma, og þar á meðal formaður flokksins, að það fylgdu því býsna margar hættur að hleypa svo miklu risafyrirtæki inn í landið. Flokkurinn ætti þá að gera sér grein fyrir því að ekki væri sérlega skynsamlegt að efla völd og áhrif þessa sama fyrirtækis hér í landinu.

Hv. þm. talaði um að megingallinn á málsmeðferð fyrrverandi iðnrh. hefði verið sú að hann hefði hafið stórorustu á hendur álhringnum í stað þess að snúa sér að samningi. (**Gripið fram í:** Í fjölmiðlum.) Í fjölmiðlum. Telur hv. þm. virkilega að fyrrverandi iðnrh. hefði verið stætt á því að halda þessu máli leyndu? Telur hæstv. iðnrh. að álhringurinn hafi á nokkurn hátt gefið það í skyn á þessum tíma að hann væri reiðubúinn að semja um stórhækkað orkuverð? Hvar eru heimildir um það að álhringurinn hafi á nokkurn hátt gefið það í skyn að hann vildi nú fallast á hærra orkuverð en áður var? Því miður komu ekki fram sjónarmið af því tagi frá álhringnum fyrr en við vorum búnir að hefja málsóknina á hendur honum af fullum krafti. Þá fyrst fór hann að gefa sig og taka það í mál að ræða við okkur um hækkun orkuverðs. Það gerðum við og þarf ekkert að ásaka fyrrverandi iðnrh., hv. þm. Hjörleif Guttormsson, um að hafa ekki reynt samningaleiðina við Alusuisse vegna þess að hann reyndi hana svo sannarlega á mjög mörgum samningafundum. Hann var hins vegar ekki á því að gera neina smánarsamninga við álhringinn.

Virðulegi forseti. Ég skal fara að stytta mál mitt því að ég skal fúslega fallast á að lengja ekki þennan fund um of, en ég taldi alveg óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um efnislegan málflutning þeirra þriggja þm. sem ég hef nú nefnt. Ég hef hins vegar ekki sagt mikið um ræðu hv. þm. Björns Dagbjartssonar því hún var vægast sagt mjög sérkennileg og óvenjuleg að ekki sé meira sagt. Ekki tókst mér að finna ein einustu efnisleg rök í máli hv. þm. Björns Dagbjartssonar fyrir því að við ættum að samþykkja þennan samning. Ekki er gerð minnsta tilraun til að andmæla þeim efnislegum rökum sem ég hafði fært fram í þessu máli og sem felast meðal annars í nál. minnihlutamanna.

Hann fór hins vegar að gera að aðalmáli að nefndarstörfin hefðu verið of ítarleg og að þm. hefðu haft of frjálsar hendur. Ég get fullvissað hv. þm. um að það er mjög óvenjulegt að þm. kvarti yfir því hér úr ræðustól Alþingis að þingstörf hafi verið of ítarleg eða þm. hafi haft of frjálsar hendur. Staðreyndin er sú að fundir þingnefnda eru yfirleitt mjög frjálslegir og það vil ég segja bæði formanni nefndarinnar og varaformanni nefndarinnar, hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og Davíð Aðalsteinssyni, til hróss að þeir héldu prýðilega á málsmeðferð í nefnd og héldu uppi heiðri nefndarinnar með því að leyfa þar frjálsleg vinnubrögð eins og eðlilegt er. Tel ég að við, sem erum í minni hluta í þessu máli, höfum ekkert yfir vinnubrögðum að kvarta í nefndunum.

Staðreyndin er sú að gestir geta spurt á nefndarfundum ef þeir óska eftir og það er ekkert nýmæli. Þeir geta einnig kvatt sér hljóðs og beðið um að fá að segja nokkur orð þar ef þeir óska eftir því o. s. frv. Allt er þetta mjög eðlilegt og sjálfsagt og það er m. a. s. ekki óalgengt að þingflokkar sendi annan mann á nefndarfund en þann sem er formlega kjörinn í þingnefnd ef þannig stendur á og talin er nauðsyn á því. Liggur það í hlutarins eðli að einn þingflokkur hlýtur að geta sent aðalmann sinn kjörinn í nefndina á nefndarfund í stað varamanns, sem situr fyrir hann á þingi, ef þingflokkurinn telur það sérstaklega nauðsynlegt vegna eðlis máls. Ég vil hins vegar segja að það er einsdæmi í þessari deild og í þinginu yfirleitt að það orðbragð sé viðhaft af þm. á þingfundum sem hv. þm. leyfði sér í ræðu sinni áðan.

Sama gildir raunar um hæstv. ráðh. hér áðan. Ef þm. leyfa sér að nefna einn af þingflokkum hér á þinginu fylgikonur einhvers annars flokks (Gripið fram í.) eða fylgdarkonur einhvers annars flokks eða, eins og hæstv. ráðh. nefndi hérna áðan, aftaníossa, þá á forseti deildarinnar að hringja bjöllunni og segja: Þetta er vítavert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Varðandi aths. hv. síðasta ræðumanns til forseta um að hann hefði ekki vítt hæstv. ráðh. í orðræðu, þá hefur forseta þótt ástæða til að fara varlega í slíkar aðgerðir. Oft hefur hvarflað að forseta að gera mætti aths. við orðalag manna, en hefur þó látið kyrrt liggja eins og var gert að þessu sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TÁ, VI, AG, BD, DA, EKJ, BL, JHelg, KolJ, SalÞ.

nei: RA, KÁ, SkA, MHM.

5 þm. (ÞK, ÁJ, EgJ, EG, HS) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 11:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 17. fundur.

Þriðjudaginn 20. nóv., að loknum 16. fundi.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 155). — Frh. 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða eitt þýðingarmesta og um leið eitt vandasamasta mál sem ríkisstj. og Alþingi hafa með að gera, sjálft fjöregg þjóðarinnar. Við verðum að tryggja viðgang fiskistofna við landið sjálfra okkar vegna og barna okkar. Fiskiskipaflotinn er of stór og afkastageta hans of mikil miðað við afrakstursgetu fiskistofna. Við verðum að taka afleiðingum þess hvort sem okkur líkar betur eða verr. Undan því komumst við ekki og því er hér ár eftir ár verið að ræða um miklar aflatakmarkanir.

Aflamark, aflakvóti er að mínum dómi besta eða öllu heldur skásta leiðin sem til umræðu hefur komið fram til þessa um takmörkun afla. Aflakvótinn leiðir tvímælalaust til aukinnar hagkvæmni, minni olíueyðslu, minni veiðarfærakostnaðar en t. d. skrapdagakerfið. Sú er reynslan af aflakvóta við loðnuveiðar og svipuð hlýtur reynslan að verða af öðrum veiðum þegar menn hafa lagað sig að kerfinu.

Skipstjórar og útgerðarmenn í Vestmannaeyjum segja mér að kvótakerfið við loðnuveiðar dragi u. þ. b. 30% úr olíueyðslu og svipaður sé sparnaðurinn í veiðarfærum. Þetta segja menn sem voru illir hér áður fyrr þegar fyrsta loðnunefndin tók til starfa og þó var það lítið annað en tilkynningarskylda.

Loðnunótin dugir til ákveðins fjölda kasta, segja þessir sömu menn, og skiptir þá engu máli hvort loðna kemur í nótina eða ekki. Kvótakerfið gerir það að verkum að þeir kasta ekki nótinni nema að vera nokkuð vissir um afla. Hamagangur og kappstím fyrri daga út og suður er ekki lengur fyrir hendi. Svipað hlýtur að verða uppi á teningnum þegar menn hafa fengið nægilega reynslu af kvótakerfi við aðrar fiskveiðar.

Í þessari umr. hefur komið fram að kvótakerfið valdi því að miklu sé hent í sjóinn af smáfiski og fiski sem fari í lægri verðflokka. Ég á erfitt með að trúa þessu, en sé svo, þá verðum við að finna aðrar leiðir til að bæta úr. Það er sagt að hæstv. sjútvrh. hafi mikið vald skv. núgildandi lögum og valdið aukist að mun við samþykkt þessa frv. Það er rétt. En ég sé ekki aðra heppilegri leið til stjórnunar veiða eins og aðstæður eru í dag. Og núv. hæstv. sjútvrh. er manna ólíklegastur til að misnota það vald.

Ýmsir ágallar hafa að sjálfsögðu komið fram á því kvótakerfi sem við lýði hefur verið og þarf að finna ráð til að bæta úr þeim. T. d. þarf að finna leiðir til að jafna aflanum betur yfir árið í hinum einstöku verstöðvum, samræma betur veiðar og vinnslu, eins og hæstv. ráðh. orðar það. Þó að ég sé í öllum aðalatriðum samþykkur kvótakerfi sem slíku þarf ýmislegt að endurskoða í ljósi fenginnar reynslu. T. d. þarf að skoða hvort ekki sé unnt að rýmka reglur verulega varðandi línu- og færafisk og veiðar allra smæstu bátanna, hvort ekki sé unnt að undanþiggja þá veiðitakmörkunum að einhverju eða öllu leyti. En þarna er auðvitað við þau vandamál að stríða að stærðarmörkin eru óljós, að lítill munur er á smæstu bátum og þeim sem eru kannske svolítið stærri.

Um 1. gr. frv. vil ég segja að mér finnst hæpið að miða aflamagn allt of mikið við afla fyrri ára nú þegar lögin eiga að gilda í þrjú ár. Ýmislegt breytist, fiskigöngur breytast, afli gæti t. d. minnkað við Snæfellsnes og aukist við Reykjanes frá því sem verið hefur undanfarin ár. Viss sveigjanleiki verður að vera fyrir hendi. Frjálsari kaup og sala á vannýttum aflakvótum ætti að geta hjálpað okkur við að tryggja aflakóngum að þeir gætu nýtt hæfileika sína. Verði skip skylduð til að selja ákveðinni vinnslustöð afla sinn verður að finna leið til að tryggja greiðslu á þeim afla sérstaklega.

Þá tel ég að svipting veiðileyfa væri áhrifaríkari en þau sektarákvæði sem um getur í 4. gr. frv.

6. gr. gerir ráð fyrir að lögin gildi til ársloka 1987. Ég tel nauðsynlegt að setja inn í lögin ákvæði um árlega endurskoðun.

Virðulegi forseti. Ég styð í höfuðatriðum það frv. sem hér er til umr., en áskil mér auðvitað rétt til að leggja fram brtt. við afgreiðslu málsins í sjútvn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Í umr. um kvótafrv., eins og það hefur verið kallað, í fyrra lýstum við Bandalagsmenn andstöðu okkar við þetta frv. með vissum rökum. Sú gagnrýni, sem við höfðum uppi, hefur í raun ekkert breyst. Við erum enn þá að tala um valdaafsal Alþingis, við erum enn þá að tala um blanka ávísun til handa sjútvrh. um stjórnun þessara mála. Við erum enn þá að tala um að enn hefur engin úrvinnsla á reynslu komið fram sem skilaði einhverjum upplýsingum í þessu máli eða skýrari línum. Það hefur enn engin tillaga komið fram í ljósi þessarar reynslu. Og það sem mikilvægast er, enn hefur ekki komið fram neitt markmið með þessari stjórnun fiskveiða. Við horfum ekki á neitt mat á árangri síðasta árs.

Þess vegna er það, sem aðallega vantar í þetta frv., í raun og veru pólitík. Þetta er tæki til að stjórna með. Kvóti eða ekki kvóti er í raun og veru ekki spurningin hérna, kvótinn er bara ákveðið tæki. Við verðum að spyrja okkur fyrst og fremst hver tilgangurinn er. T. d.: Hafa menn gert sér í hugarlund hversu mörg skip eigi að stöðvast á þeim tíma sem núna er gert ráð fyrir að þetta frv. gildi og þá hvaða skip eigi að stöðvast? Hafa menn gert sér grein fyrir því hve mörg fiskiðjuver eigi að stöðvast og þá hvaða fiskiðjuver eigi að stöðvast? Hafa

menn gert sér grein fyrir því hvaða aðgerðir eigi þá að fylgja fyrir þá staði sem í hlut eiga? Eða á allt að vera með sama hætti áfram, reka á reiðanum í raun og veru eins og það hefur gert hingað til? Ég spyr vegna þess að annaðhvort er þessu frv. ætlað að hafa áhrif eða ekki á rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins er það sem öllu máli skiptir nú sem áður fyrr. Ef þetta frv. á ekki að hafa áhrif er alveg eins gott að láta það liggja, þá er það bara ónýtt, þá er það ekkert tæki. Ef þessu frv. aftur á móti er ætlað að hafa áhrif eigum við, sem hér sitjum, rétt á því að fá að vita hver áhrifin eiga að vera. Við eigum rétt á því að fá að vita hvaða pólitík við eigum í raun og veru í vændum, að hverju er stefnt. Það sem þá er næst uppi á teningnum er að gera verður áætlanir um aðgerðir, þ. e. hvernig eigi að bregðast við þessum áhrifum. Í heild finnst manni pólitík ríkisstj. í garð sjávarútvegsins vera með þeim hætti að það er eins og hún þori ekki að taka á málinu í heild, hugsanlega af ótta við það að flokkspólitískir skjólstæðingar hennar verði fyrir barðinu á öðrum lausnum.

Ég tel ekki að þetta frv. sé nein lausn. Eins og ég sagði áðan er þetta bara tæki og þetta tæki er meira að segja mjög vafasamt að því leyti að það er opið fyrir spillingu. Núv. sjútvrh. er traustvekjandi maður. En ég er hræddur um að hv. þm. Stefán Valgeirsson t. d. mundi ekki treysta þm. BJ fyrir þessu sama valdi sem hér er verið að afsala.

Það er út af fyrir sig erfitt að lýsa afstöðu sinni til þessa frv. sem slíks vegna þess að hér er eingöngu verið að leggja fram frv. um stjórntæki þar sem markmiðin eru ekki ljós. Maður getur ekki tekið afstöðu til markmiðanna án þess að fá upplýsingar um fyrirætlanir manna um áhrif þessa frv. í framtíðinni. Er meiningin að þetta frv. leiði til þess að skipum fækki, þ. e. sóknarþungi flotans minnki? Er það meiningin að úrvinnslustöðvum fækki þannig að nýting fjárfestingar verði betri í framtíðinni en hún er í dag? Eða er þessu frv. áframhaldandi ætlað einfaldlega, eins og á síðasta ári, að jafna út þeirri aðstöðu sem fyrir hendi er, annars vegar fiskistofnunum og hins vegar aðstöðunni til að nýta þessa fiskistofna í landi, með þeim afleiðingum sem við höfum fyrir augunum að málið í heild, þ. e. staða sjávarútvegsins hefur í raun og veru ekkert breyst? Hún hefur versnað eins og allir menn vita og ekkert fyrirsjáanlegt að þetta tæki frekar en eitthvert annað hafi áhrif til bóta.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að aðilar, sem núna starfa eftir þeim aðferðum sem þessi stjórnun fiskveiða gerir ráð fyrir, eru ekkert ýkja óánægðir með það vegna þess að þessi stjórnun kemur í veg fyrir að þeir bíti hver annan á barkannn. Röksemdir fiskimanna fyrir ágæti kvótafrv. eru dálítið dapurlegar því að þeir segja sem svo: Ef þetta frv. væri ekki, ef ekki væri kvótastjórn, þá væri ég æðandi út um allan sjó, eyðandi veiðarfærum og olíu og árangurinn af mínum athöfnum og minni starfsemi yrði miklu minni en hann er í dag. Ég minni bara á orð hv. 6. landsk. þm. áðan sem lýsti nákvæmlega þessari afstöðu sjómanna til kvótastjórnunar.

Eins og ég sagði áðan er erfitt að segja að maður sé hreint og beint á móti þessu frv. sem slíku. En ég er á móti því og við Bandalagsmenn erum á móti þessu frv. ekki vegna þess sem í því stendur heldur vegna þess sem í það vantar. Á meðan engin markmiðasetning fylgir þessu frv. getum við ekki annað en verið á móti því.

Kristín Ástgeirsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um sjávarútveginn almennt, en víkja síðan að frv. því sem hér er til umr. og greina frá afstöðu Samtaka um kvennalista til þess. Innan skamms er væntanleg á markað bók eftir Sigfús Jónsson landfræðing og núverandi sveitarstjóra á Skagaströnd. Þessi bók fjallar um sögu íslensks sjávarútvegs frá aldamótum og fram til þessa dags. Þar hefur höfundur dregið saman gífurlegt magn af upplýsingum um sjávarútveginn og þróun hans. Því nefni ég þetta að ég held að við getum margt lært af sögu fyrri áratuga, þeim mistökum sem gerð voru með stjórnlausum veiðum og gegndarlausum fjárfestingum í skipum og verksmiðjum, sem urðu svo verkefnalausar þegar allt hrundi vegna ofveiða.

Það má segja að hver áratugur hafi átt sitt töfraorð í sjávarútveginum allt frá aldamótum. Fyrst var það saltfiskurinn, þá síldin, þorskurinn, síldin aftur, loðnan og þorskurinn enn á ný. Menn voru nokkuð lengi að átta sig á því að auðlindum hafsins væru takmörk sett og síaukin afkastageta skipanna og vinnslunnar í landi hlyti fyrr eða síðar að fara yfir þau mörk sem fiskistofnarnir þyldu. Þær raddir heyrast þó enn sem segja sjóinn iðandi af lífi og tómt bull sem kemur frá fiskifræðingum. Það vill oft gleymast að fiskurinn, þessi undirstaða alls lífs á Íslandi, er líf sem getur af sér nýtt líf og eins og aðrir dýrastofnar þarf fiskurinn góðar aðstæður til að geta vaxið og fjölgað sér, ekki aðeins æti og sæmilegan sjávarhita heldur líka frið. Dýr sem eru hundelt og trufluð með sífelldu skaki og skruðningum eru varla vænleg til að verða að feitum og vænum þorskum, sérstaklega þegar uppáhaldsæti hans er mokað upp og sett í bræðslu. Ég vil með þessum orðum undirstrika að við þurfum að hugsa um fiskinn sem lífverur, ekki eins og járn eða gull sem grafið er upp. Umfram allt má ekki raska þeirri keðju sem líf sjávarins byggir á. Það er hið rétta jafnvægi sem nú ber að stefna að og stjórnun fiskveiðanna ber að taka mið af.

Það efast tæplega nokkur um það lengur að stjórnunar sé þörf til að koma í veg fyrir algert hrun og til þess að þeir bær, sem byggja að mestu á sjávarútvegi, sitji nokkurn veginn við sama borð hin mögru ár sem við nú lifum. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr eru dagar hinnar frjálsu samkeppni á hafinu liðnir. Formennirnir, sem áður áttu sín skip eða hlut í skipi og kepptu um sæti aflakóngs, eru nú flestir orðnir launamenn hjá útgerðinni og verða að sætta sig við takmarkaðan afla. Hinir ungu og efnilegu menn, sem hv. 4. þm. Vestf. ber svo mjög fyrir brjósti, verða því að sætta sig við fyrirmæli stjórnvalda nema stjórnun fiskveiða komist í annarra hendur.

Það er svo annað mál hvernig stjórnunin á að fara fram, hve langt hún á að ganga og til hve langs tíma ákvarðanir eigi að taka. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnun fiskveiða sé nauðsynleg og að hún eigi að taka mið af hagsmunum allrar þjóðarinnar þegar leiðin er valin, ekki einstakra byggðarlaga eða landshluta. Kvótinn kemur niður á öllum, skrapdagakerfið líka. Við eigum í vanda, fiskistofnarnir eru í lægð og það er til umræðu hvaða kostur af mörgum vondum sé skástur.

Ég get skilið þá fulltrúa útgerðarinnar, t. d. á Vestfjörðum, sem kvarta sárlega undan kvótakerfinu af því

að það kemur verr við þá en skrapdagakerfið. En ég minni á að í öðrum landshlutum, t. d. í Vestmannaeyjum, einni stærstu verstöð landsins, hefur kvótakerfið mælst sæmilega fyrir og menn sætta sig við sinn slaka hlut í von um betri tíð. Kvótakerfið var enda samþykkt á Fiskiþingi þrátt fyrir allt.

Þegar hv. þingdeildarmenn taka afstöðu til þess máls sem hér er til umræðu hljóta þeir að meta hvernig kvótakerfið hefur komið út í heild, ekki hvernig það hefur snert Breiðfirðinga eða Vestfirðinga eingöngu. Það er auðvitað ekki hægt að taka stjórnina út úr öllu fiskveiðidæminu. Það verður að horfa á málið í heild. Með ýmsum aðgerðum má bera smyrsl á sárin og draga úr harmakveini útgerðarmanna. Ég vona að innan skamms liggi á borðum þm. heildaráætlun um ráðstafanir til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Eða hvað líður aðgerðum til að draga úr olíukostnaði, milliliðakostnaði, flutningsgjöldum og orkukostnaði vinnslunnar? Og hvað um markaðsmálin?

Að mínum dómi ættu útsendarar útgerðarinnar að vera á þeysireið um Svíaveldi og Finnland til að rifja upp með þarlendum bragðgæði íslensku síldarinnar sem nú er aftur orðin fáanleg. Síldin var um aldir aðalfæða almennings á Norðurlöndum og er ein næringarríkasta og eggjahvítuauðugasta fæða sem til er. Það þarf nefnilega að undirbúa markaðinn áður en farið er að selja. En er það gert? Ég spyr.

Það sem meira er, það er ekki hægt að líta á sjávarútveginn án tengsla við annað atvinnulíf í landinu. Það eru flestir sammála um að sjávarútvegurinn muni áfram verða meginundirstaða hagsældar á Íslandi, en það verður að hyggja að því í tíma að hann á eftir að breytast. Með síaukinni tækni má gera ráð fyrir að störfum í sjávarútvegi fækki til muna í landi og þá má einnig gera því skóna að framtíðin liggi í frystiskipum þar sem aflinn er unninn um borð, enda er rekstur slíkra skipa mun hagkvæmari en annarra og aflinn verðmætari.

Íbúar sjávarplássanna eru því vanir að atvinnuástand sé sveiflukennt. Þar koma aflahrotur en síðan deyfð þess í milli þó svo að atvinna í fiskiðnaði sé reyndar mun stöðugri nú en hún var fyrir nokkrum áratugum. Tímabundið atvinnuleysi hefur verið að skjóta upp kolli æ oftar og æ víðar á undanförnum árum, m. a. vegna samdráttar í afla. Ef áframhaldandi samdráttur eða lægð verður í fiskveiðum og sjá má fram á æ færri störf í sjávarútvegi, hvað er þá til ráða? Hvaða atvinnu á að bjóða fólki út um land ef ekki á að stefna að því að byggð þéttist enn meir á suðvesturhorninu þar sem þjónustugreinarnar blómstra? Það strandar allt á uppbyggingu nýrra atvinnugreina, hvort sem sjávarútvegurinn rís upp að nýju eður ei.

Virðulegi forseti. Skal nú vikið að því frv. sem hér er til umr. Frv. gerir ráð fyrir því að vald hæstv. sjútvrh. til stjórnunar fiskveiða verði framlengt til þriggja ára. Á það geta Samtök um kvennalista ekki fallist. Annars vegar vegna þess að við teljum mjög óeðlilegt að leggja svo mikið vald í hendur ráðh. í svo langan tíma og hins vegar vegna þess að við teljum réttara að ákvarðanir um stjórnun fiskveiða séu teknar til eins árs í senn. Rökin sem mæla með eins árs stefnumótun eru m. a. þau að Hafrannsóknastofnun setur fram sínar tillögur um hámarksafla til eins árs í senn. Síðan kemur Fiskiþing og samþykkir sínar tillögur og ráðh. reynir að fara bil beggja, en það leiðir aftur af sér að Hafrannsóknastofnun þarf að reikna út frá nýjum forsendum næsta ár. Því er erfitt að sjá að um einhverja stefnumótun til margra ára verði að ræða hvað varðar aflamark. Það hlýtur því að teljast eðlilegt að stefna sé mótuð til eins árs í senn. Ég þykist vita að hæstv. sjútvrh. vilji gjarnan spara sér árlegar umr. í þinginu um stefnumörkun veiðanna, en þegar um svo mikilvægt mál er að ræða er eðlilegt að reynsla hvers árs sé vegin og metin.

1. gr. frv. skilgreinir hið margumrædda vald ráðh. og verður að segjast eins og er að slæmt er fordæmið og stór biti að kyngja í einu. Má þó vera að hann renni niður ef tíminn verður takmarkaður við eitt ár og að því tilskildu að þm. gefist kostur á að fylgjast vel með og að hæstv. sjútvrh. beiti sem mestum sveigjanleika og mýkt þegar hann veifar veldissprotanum. Meginniðurstaða mín er því sú, virðulegi forseti, að Kvennalistinn getur ekki stutt þetta frv. óbreytt, en leggur eindregið til að vald ráðh. verði bundið við eitt ár.

Að lokum þetta: Það dregur enginn í efa að útgerðin á við vanda að stríða, mismunandi mikinn eftir því hvar er á landinu og eftir því hvernig fyrirtækin eru rekin. Það vita allir sem það vilja vita að laun í fiskiðnaði eru allt of lág og þar viðgengst heilsuspillandi bónuskerfi sem bitnar hvað mest á þeim konum sem við fiskinn vinna. Það er brýnt að bæta stöðu sjávarútvegsins þannig að hann geti greitt sínu fólki mannsæmandi laun. En það vita líka allir sem til þekkja að þrátt fyrir kveinstafi er ekki allt sem sýnist. Þess eru dæmi að útgerðin haldi uppi lúxuslífi nokkurra fjölskyldna í útgerðarbæjum landsins og að rekstur heimila þessa fólks sé skrifaður hjá útgerðinni eða mötuneyti frystihússins.

Það er líka vitað að fyrirtækin eru mjög misjafnlega vel rekin. Fyrir fáeinum vikum lokuðu nokkur af stærstu fiskvinnslufyrirtækjunum í Vestmannaeyjum og stöðvuðu vinnsluna að sögn vegna rekstrarvanda og óhagstæðrar aflasamsetningar. Án þess að gera lítið úr vanda þessara fyrirtækja vil ég geta þess að það var altalað í bænum að það væru fyrst og fremst tvö fyrirtæki sem ættu í vanda, hin stæðu nokkuð vel. Samstaða útgerðarmanna krafðist þess að allir lokuðu. Útgerðarmenn sögðust sitja uppi með óseljanlegan ufsa og karfa sem reyndar er nýbúið að selja. En meðan allt var lokað og konurnar sendar heim — ég endurtek, konurnar — sigldu skipin og seldu erlendis. M. a. seldi eitt þeirra 100 tonn af þorski. Því var ekki hampað í fréttum að eitt hinna stóru fyrirtækja lokaði alls ekki, enda staðan sæmileg á þeim bæ.

Því rek ég þessa sögu að það er margt sem þarf að athuga áður en vandi sjávarútvegsins verður endanlega skilgreindur. Því miður hættir mörgum sjómönnum og útgerðarmönnum til að einblína um of á eigin hag, stundarhag, en huga of lítið að framtíðinni. Það sést m. a. á fullyrðingum þeirra um spriklandi líf í sjónum. Maður sér fyrir sér að svo þröngt sé orðið um þorskinn að hann stökkvi upp úr sjónum eins og frændi hans laxinn. Þá má minna á fréttir um smáfiskadráp og það sem kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. um að menn köstuðu undirmálsfiski. Slíkt grefur að sjálfsögðu undan aflasæld komandi ára.

Loks má geta þess hvernig stöðugt er alið á tortryggni í garð vísindamanna. Með fullri virðingu fyrir sjó-

mönnum og störfum þeirra, sem við vissulega lifum á, vil ég segja að betra er að fara hægt í sakirnar og veiða minna, taka mögru árunum með stóískri ró en njóta þess því betur þegar góðu árin koma, hvort sem það verður eftir þrjú ár, fimm eða sjö eins og hjá Faraó konungi forðum. Framtíð komandi kynslóða er í húfi. Það ber að skila þeim öruggri afkomu, golþorski á hvers manns disk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Kerfisbundin skráning á upplýsingum, frv. 164. mál (þskj. 171). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni sem flutt er á þskj. 171. Lagafrv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er þannig til komið að í gildandi lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, nr. 63/1981, er mælt fyrir um að dómsmrh. skuli láta endurskoða lögin og leggja fram frv. þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984. Það varð að ráði, sem eðlilegt má telja, að fela tölvunefnd að vinna að þeirri endurskoðun. Hún hefur nú starfað skv. lögum í nærri þrjú ár frá því að lögin tóku gildi. Sá kostur var tekinn að bera frv. þetta fram með þeim breytingum frá gildandi lögum sem nm. voru sammála um að mæla með að gerðar yrðu á lögunum.

Þær aðrar hugmyndir um breytingar, sem ræddar voru í nefndinni en ekki var einhugur um, koma fram í bréfi tölvunefndar sem rakið er í aths. við frv. Þær breytingar, sem í frv. þessu eru gerðar till. um að verði gerðar á lögunum, eru yfirleitt ekki veigamiklar enda telur tölvunefnd að lögin hafi reynst vel í framkvæmd og að ekki hafi komið fram verulegir gallar á þeim. Dómsmrn. er sammála nefndinni í þessu mati hennar á reynslu af framkvæmd laganna. Má þá jafnframt hafa í huga að tölvunefnd hefur haft með höndum mjög veigamikil frumherjastörf þar sem hvort tveggja er að sú tækni, sem mest var fjallað um, er í hugum flestra nýstárleg og viðbrögð við hagsmunagæslu í því samhengi mjög ný af nálinni og raunar sífellt í mótun svo ör sem tækniþróun er á þessu sviði.

Eins og áður var sagt eru brtt. sem í frv. felast yfirleitt ekki veigamiklar. En ein sker sig þó úr og er þess að vænta að hún muni þykja tímabær. Er það ákvæði í nýrri mgr. sem bætist við 13. gr. laganna og fjallar um neytenda- og skoðanakannanir. Er þar að finna fyrirmæli um vinnubrögð þeirra sem framkvæma neytenda- og skoðanakannanir sem falla undir ákvæði laganna. Er rétt að skoða þau ákvæði í samhengi við 1. gr. laganna. Er þess vænst að hv. alþm. muni skoða þessi ákvæði náið og má vonast til þess að mönnum þyki hófsamlega á þessu mikilsverða málefni tekið.

Ég vil óska þess að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta frv. skuli nú fram komið hér í þessari hv. deild endurskoðað, því að eins og hæstv. dómsmrh. rakti hér áðan var dómsmrh. lögð sú lagaskylda á herðar í þingbyrjun haustið 1981 að láta endurskoða þetta mál og leggja fram frv. þar að lútandi. Hér er því vel að verki staðið í hvívetna. Mig langar aðeins við þessa 1. umr. málsins að lýsa ánægju minni með það sem segir hér í aths. við frv., með leyfi virðulegs forseta:

„Lög nr. 63/1981 hafa verið í gildi í tæp tvö ár og því fengin nokkur reynsla af framkvæmd þeirra. Segja má að lögin hafi reynst vel í framkvæmd og hafa ekki komið fram stórvægilegir gallar á þeim."

Mér finnst eðlilegt að þess sé getið við þessa umr. málsins að þegar lagafrv. um þetta efni var lagt hér fram á Alþingi á sínum tíma var því vísað til hv. allshn. þar sem við áttum raunar báðir sæti þá, sá sem þetta mælir og hæstv. núv. dómsmrh. Okkur leist ekkert á það frv. sem þá var lagt fram og um það var einhugur í nefndinni. Það varð því úr að nefndin fór þá leið að kveðja til sérfræðinga þá sem gerst þekktu til þessara mála. Var það einkum Þorkell Helgason stærðfræðingur, tölvuþekkingarmaður mikill. Lyktir urðu þær að hann var ráðinn í þjónustu allshn. til að endurvinna þetta frv. með okkur sem nefnd hafði samið. Nefndin hélt ekki færri en tólf fundi þar sem fjallað var um þetta mál og niðurstaðan varð sú að allt var frv. gert einfaldara og miklum mun skýrara.

Nú er þess auðvitað að gæta í þessu sambandi að hér erum við að ræða mál sem eru í eðli sínu mjög flókin. Og ekki aðeins það, heldur mál sem eru í eðli sínu ný. Um þetta var engin löggjöf hér í landslögum áður. Í þriðja lagi kemur það til að öll taka þessi mál mjög örum breytingum. En mér þykir það næsta gott, hafandi haft nokkuð af þessu máli að segja sem formaður allshn. á sínum tíma og þakka líka að sjálfsögðu meðnm. mínum úr þessari deild, sem áttu ekki lítinn þátt í þessari vinnu, að hér hafi sæmilega vel til tekist. Mér sýnist það vera staðfest í aths. við þetta frv.

Ég mun eiga þess kost í nefnd að gera aths. við þær efnisbreytingar sem hér eru lagðar til og eru raunar ekki stórvægilegar og geri þær ekki að sérstöku umtalsefni hér. Hins vegar væri nokkur ástæða til að hafa aftur í þessu frv. einhvers konar ákvæði um endurskoðun að ákveðnum tíma liðnum vegna þess að þessi mál breytast svo ört, þróunin er svo hröð, eins og raunar kemur hér fram. En það er vissulega ánægjuefni að þessi löggjöf skuli hafa reynst eins bærilega og fram kemur hér í aths. og einnig kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 172). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út hinn 17. júlí s. l. En eins og fram kemur þar var leyfi til undanþágu, sem hefur verið í lögum, úr gildi fallið. Nauðsynlegt var að fá heimild til slíks áfram því að þrátt fyrir uppbyggingu nýrra slátur-

húsa á undanförnum árum eru enn þá allmörg sláturhús þannig að þau þurfa undanþágu til að slátrun megi fara þar fram.

Í brbl. er þessi heimild veitt eitt ár til viðbótar, til 1. júní 1985. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að við meðferð málsins hér á Alþingi verði þarna um eitthvað lengra svigrúm að ræða, þar sem enn, eins og ég sagði, eru mörg hús sem þurfa undanþágu. Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til að geta þess að nauðsynlegt er að taka málefni og skipulag sláturhúsanna nokkuð til endurskoðunar og athugunar, m. a. vegna breyttra aðstæðna.

Eins og öllum er kunnugt hefur sláturfénaði fækkað nokkuð síðustu árin. Ásettu fé hefur fækkað um 200 þús. á síðustu fimm árum. Það hefur haft í för með sér að rekstrargrundvöllur hefur breyst, sérstaklega hjá sumum nýrri húsanna sem lent hafa í erfiðleikum. Þáltill. um það mál var samþykkt á síðasta Alþingi og viðræður hafa farið fram um það mál, m. a. við Framleiðsluráð landbúnaðarins sem hefur með þessi mál að gera, á hvern hátt þarna muni hægt að bæta úr. Einnig hefur Framkvæmdastofnun verið fengið málið til athugunar og hún mun vera að gera úttekt á því varðandi þau hús sem versta hafa aðstöðuna. En eins og ég sagði áðan þarf að gera þar rækilegri úttekt til þess að skipuleggja megi þessi mál á eins hagkvæman hátt og kostur er.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Örfá orð um þetta mál og raunar önnur því tengd sem hæstv. landbrh. kom reyndar inn á síðast í sínu máli. Ég fagna því sem fram kom í hans máli að verið væri að vinna að þessum málum. Ég hef komið nokkuð nálægt þeim vanda sem hér er að vikið, m. a. verið í nefnd sem gerði allróttækar tillögur um sláturhúsamálið í landinu öllu. Vandamálin felast m. a. í þessum litlu húsum og ófullkomnu sem hér var vikið að og glöggt má þó gera þannig úr garði að heilbrigðisskilyrðum sé fullnægt og vinnuaðstaða viðunandi. Þau eru ekkert höfuðvandamál í þessu að mínu viti. Ég dreg hins vegar ekkert úr nauðsyn þess að slíkar lagfæringar séu gerðar og eins því að þar sem þetta er illkleift þá verði að veita mjög stuttan frest til úrbóta og leggja síðan sláturhúsin af að öðrum kosti þar sem það er ekki gert.

Viðkvæmnisatriði eru þarna vissulega ærin á ferð. Hrepparígur með atvinnusjónarmiðum kemur ríkulega inn í myndina. Sums staðar skiptir þetta verulegu máli fyrir byggðina og er t. d. sláturhúsið á Fagurhólsmýri í Öræfum glöggt dæmi um þetta. Það er alveg óhætt að segja að það er mikil lyftistöng fyrir þessa byggð að hafa þessa atvinnu á haustin, verulegt öryggisatriði varðandi byggðina þar og tekjuaukning fyrir byggðarlagið. En annars staðar eru það nánast marklaus rök að þessi sláturhús, sem eru mjög ófullkomin og í raun og veru ekki hægt að lappa upp á þau, þurfi endilega að vera í viðkomandi byggðarlögum. Ég nefni byggðarlag hið næsta mér eins og t. d. á Eskifirði þar sem er gott dæmi um það að sjálfsagt var að leggja slátrun af. Þó var það býsna erfitt.

Hins vegar eru önnur vandamál miklu stærri en undanþágumálin og inn á þau kom hæstv. landbrh. Ég flutti um þessi vandamál till. til þál. í fyrra og tvö meginatriði hennar voru samþykkt, eins og hæstv. ráðh. gat hér um. Þau horfa bæði til framtíðarskipunar. Ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi virðulegs forseta, þál. eins og hún var samþykkt:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m. a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbyggja eldri sláturhús svo að viðunandi sé eða ráðast í nýbyggingar."

Hæstv. ráðh. upplýsti að nokkur hreyfing væri á þessum málum í hans rn. í tengslum við þessa samþykkt Alþingis og ber að fagna því. Það veltur á miklu að hér verði eins skipulega að staðið og unnt er.

Menn verða að gera sér ljósa grein fyrir notkunartíma þessara dýru bygginga og leita allra leiða til að lengja þennan notkunartíma og koma öðrum verkefnum inn í þessi hús. Það verður að segjast eins og er að miðað við notkunartíma er víða um hreina offjárfestingu að ræða þrátt fyrir það að fjárfækkun hafi orðið. Ég segi það hiklaust hér að stærðarkröfur og aðrar kröfur varðandi þessar byggingar hafa í raun og veru verið í öfgafyllstu köntum og undarlegar, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Ég deili ekki á það að sláturhús séu góður vinnustaður og þau eru vitanlega nauðsynleg til síns brúks. En ég held að skynsamleg fjárfestingarstefna hafi verið víðs fjarri varðandi þessi hús, einkanlega í ýmsu sem snertir stærð þeirra. Vænst skal réttra viðbragða rn. við samþykkt Alþingis sem er býsna ótvíræð hvað þetta varðar.

En þá er komið að þeim hluta till. sem felldur var út og ég tel að menn hafi ekki treyst sér til að taka á þó að hæstv. ráðh. kæmi inn á það áðan að nú væri einnig unnið að þeim málum. Þar er um það að ræða að tryggður verði sem bestur rekstrargrundvöllur þeirra sláturhúsa sem nú standa lakast. Sum mál þola þar orðið enga bið. Eins og hæstv. ráðh. veit og menn vita kannske almennt hér, þá skera tvö sláturhús sig þar úr, þ. e. á Patreksfirði og á Breiðdalsvík. Þar hefur vissulega verið fjárfest í of dýrum byggingum. Ég man að nógu erfitt var á sínum tíma að fá að minnka sláturhúsið á Breiðdalsvík um ríflegan fjórðung frá upphaflegum teikningum að því húsi. Ég man eftir að við gengum í það í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins með atfylgi Framleiðsluráðs að minnka þetta hús. Sú barátta var ærið harðsótt. Mín trú og vissa er sú að tillögur okkar um ríflega helmingsstærð af því sem varð hafi verið skynsamlegar. Allir viðurkenna það nú, jafnt heimamenn sem aðrir sem þar að málum komu. Þá hefði trúlega ekki staðið eins illa um allan rekstur og nú gerir þar. Vissulega — og það skal skýrt tekið fram — hafa síðar komið inn atriði sem skipta sköpum og voru óséð þá. Það gildir um bæði húsin. Fækkun fjár almennt kemur þar inn í eins og hæstv. ráðh. minnti á varðandi sláturhúsin í heild sinni. En mestu skiptir þó að á báðum þessum svæðum hefur riðuveikin herjað á óvægilega. Ég hygg að einsýnt sé að á Patreksfirði verði húsið hreinlega nýtt til annars og það muni vera kleift.

Í Breiðdal hefur sláturfé fækkað úr u. þ. b. 16 þús. þegar sláturhúsið var byggt niður í tæp 10 þús. og rekstrargrundvöllurinn eðlilega skekkst að því sama marki, svo að ekki sé meira sagt. Staða þessa sláturhúss er afleit og í raun er það á algeru uppboðsstigi. Hins vegar er slátrun á þessum stað nauðsyn vegna aðstæðna en erfitt um aðra nýtingu hússins. Athuganir hafa farið

fram á möguleikum þar að lútandi en út úr því hefur ekkert komið að svo stöddu. Við höfum átt að því hlut, ég og hv. 4. þm. Austurl. sem framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins, að koma á athugun af þessu tagi. Hún hefur því miður ekki leitt neitt í ljós sem gæti leyst þetta mál. Hins vegar er hér um einkennandi byggðamál að ræða og því hefur verið reynt að fá Byggðasjóð inn í dæmið. En eins og hv. 4. þm. Austurl. veit best um sem framkvæmdastjóri þar munu ekki allir á þeim bæ vera sáttir við að þar verði veitt bein aðstoð. Það munu einhverjir vera býsna neikvæðir þótt hér sé um ótvírætt byggðamál að ræða. Ég lýsi því hins vegar yfir að frá Stofnlánadeildarinnar hálfu er sjálfsagt að liðka þar til svo sem unnt er, en það nægir þó engan veginn. Vandamálið verður að leysa. Þar verða allir að leggjast á eitt, heimamenn, fjárfestingarsjóðir og stjórnvöld.

Ég hlýt, úr því að sláturhúsin koma inn í þessa umr., að minnast stuttlega á þetta sérstaklega í tengslum við þetta frv., svo mjög sem málin eru skyld. Hér er úrlausnarefni einkum og sér í lagi varðandi húsið á Breiðdalsvík sem ég bið hæstv. landbrh. að huga sérstaklega að.

Um sláturhúsamálin í heild mætti hafa langt mál. Sú saga er ekki allra besta dæmið um skynsamlega og arðbæra fjárfestingu. Vandamálin eru víða en hins vegar er engin einföld lausn á því heldur hvernig á þeim eigi að taka svo að úr megi bæta. Ég rakti þessi mál hins vegar almennt í fyrra í ræðu og skal ekki endurtaka neitt af því en vildi aðeins koma þessu á framfæri við hæstv. ráðh. Hann vék að því áðan hvað liði framkvæmd þál. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að spyrja hvað stjórnvöld hyggist gera varðandi þau sláturhús sem í allra mestum vanda eiga og hvort þar sé eitthvað á döfinni annað en það sem við vitum um sem erum að vinna að þessum málum í fjárfestingarsjóðunum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu styð ég samþykkt brbl. og einmitt með þeirri breytingu sem hæstv. ráðh. hefur lagt til að annahvort verði heimildin til lengri tíma eða ótímabundin. Hæstv. ráðh. gat þess einmitt að hann óskaði eftir að þetta mál yrði athugað í nefnd og þar á ég sæti og mun um það fjalla. En þessi undanþáguheimild er algerlega nauðsynleg og því styð ég þetta mál.

Ég vil gjarnan taka undir margt af því sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Helgi Seljan, sagði um vanda sláturhúsanna, ekki hvað síst hinn stutta nýtingartíma og raunar líka þessa miklu offjárfestingu. Það er ýmislegt til úrræða varðandi nýtingartímann. Þessi stóru og fínu hús eru komin, vitanlega allt of dýr og allt of mikið í lagt að óþörfu og af einhvers konar misskildum metnaði, en þá er að reyna að gera það besta úr málinu.

Það er tvennt sem liggur nokkuð beint við. Það fyrra er að vinna kjötvöruna meira heima í hinum ýmsu héruðum. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur áhuga á að stuðla að því. Ég sé ekki neina sérstaka ástæðu til að flytja endilega beinin öll með kjötinu til Reykjavíkur og láta vinna þessa vöru mest hér þar sem atvinna hefur verið nóg. Ég held að allir séu sammála um það, hvort sem þeir eru Reykvíkingar eða landsbyggðarfólk, að nú hallist nokkuð á og það þurfi að styrkja sérstaklega atvinnulífið úti um hinar dreifðu byggðir. Þá liggur beint við að nota þessi hús að einhverju leyti til að vinna kjötvöruna meira en gert hefur verið, hvort heldur um er að ræða dilkakjöt eða stórgripakjötið. Þess vegna skýtur það raunar nokkuð skökku við að eitt stærsta sláturfélagið, Sláturfélag Suðurlands, skuli nú vera að byggja að mér skilst geysilega stóra og dýra kjötvinnslustöð hér í borginni til að flytja hráefnið hingað í vinnslu í stað þess að stuðla að því að vinna það að einhverju leyti utan höfuðborgarsvæðisins. Ég hygg að þar sé enn um offjárfestingu að ræða sem við höfum verið svo gjarnir á undangengna áratugi. Það hefur svo oft verið fjárfest um of vegna þessa misskilda metnaðar ýmissa stjórnenda fyrirtækja og raunar kannske líka vegna þess að oft hafa þar ráðið menn sem raunverulega báru enga ábyrgð á framkvæmdunum, a. m. k. enga fjárhagslega ábyrgð. Skal ég ekkert fara lengra út í þá sálma núna.

En það er annað atriði sem ég held að liggi líka nokkuð beint við. Það er að leitast við að nota þessi bestu sláturhús — flest þeirra mætti kannske hugsa sér að nota — til fiskiræktar með ákveðnum hætti. Þegar sláturtíð lýkur væri hægt að klekja út í þessum húsum og síðan að startfóðra, eins og það er kallað á máli fiskiræktarmanna, þ. e. að koma hrognunum af kviðpokastigi yfir í smáseiði og síðan að ala þau þar fram eftir sumri. Þá heita þau á máli fiskiræktarmanna sumaralin seiði. Á þessu tímabili eru bæði hrognin og síðan seiðin langsamlega viðkvæmust og þurfa mjög góða umönnun, góð húsakynni, gott vatn og hæfilegan hita. Raunar er það mjög lítið vatn sem þarf til þessarar fyrstu ræktunar. Hægt er að hafa gífurlegt magn af smáseiðum í tiltölulega litlu vatni. Jafnvel mætti hugsa sér að hægt væri að nota sláturhúsin þar sem ekki er um jarðvarma að ræða, en hann er raunar mjög víða þar sem þessi sláturhús eru og þar liggur þetta auðvitað alveg beint við. En eins og ég segi, vatnið er það lítið að jafnvel þó að það þyrfti að kaupa rafmagnshitun á það þá er hægt að gera þetta.

Eldishús eru mjög dýr og kannske óþarflega dýr hér á Íslandi. Kannske fjárfestum við þar líka dálítið óvarlega. Víða erlendis er notast við útitjarnir fyrir öll seiði sem eru orðin stærri en þau sem kölluð eru sumaralin. Auðvitað er veðrátta hér erfiðari, en það þarf a. m. k. ekki jafndýr hús til að halda ræktuninni áfram eitt ár til viðbótar þar til seiði eru orðin sjógönguseiði.

Það er ánægjulegt að geta um það hér að tilraunastöð í Lóni í Kelduhverfi hefur núna náð mjög góðum árangri. Þar er ákveðið að fara í meiri háttar rekstur. Hún fékk með mjög góðu samkomulagi og velvilja yfirvalda á Húsavík yfir sláturhúsinu þar leyfi til að prófa þetta í þeirra húsi. Þetta var að vísu í mjög smáum stíl en þetta virðist geta fallið mjög vel saman. Það þarf kannske að færa til einhverja rekka eða tæki til að rýmka um pláss en þegar þarna er um meira en hálfs árs notkun að ræða eða u. þ. b. væri kannske hægt að spara mjög mikla fjárfestingu í sambandi við fiskiræktina einmitt með slíkri samvinnu.

Það er alveg ljóst að það sem lögð verður áhersla á hér á næstu árum er stórfelld fiskirækt. Við eigum ekki að setja okkur neitt lægra mark en það að ná Norðmönnum, komast á það stig sem þeir eru á nú á svona þrem til fjórum árum. Það er mjög vel hægt. 20 þúsund tonn af laxi getum við framleitt hér eftir u. þ. b. fimm ár ef við ákvæðum að gera það í dag. Það eru jafnmikil verðmæti og af öllum togaraflotanum okkar og nánast engin gjaldeyrisnotkun. Það eina sem þyrfti að flytja

inn til rekstrarins eru kannske einhver vítamín í fóðrið ef loðnumjöl er kölluð íslensk afurð og rækjuskelin sem hent er í sjóinn. Þetta er svo ljóst mál að út í þetta verður farið. Enginn er svo ríkur að hafa efni á því að fara ekki út í þetta. Þegar við erum fátækir, eins og menn segja, getum við alls ekki haft efni á því að fjárfesta ekki í þessari atvinnugrein.

Þessi fjárfesting, sem ég er að tala um, 20 þús. tonn af laxi, er eitthvað nálægt því sem við fjárfestum í Japanstogurunum og nokkrum togurum öðrum sem smíðaðir voru hér á einu ári. Þetta mundi kosta eitthvað nálægt fjórum milljörðum kr. eins og togararnir á því eina ári kostuðu á núvirði, en framleiðslan yrði á við hundrað togara. Norðmenn fluttu út í fyrra 17 016 tonn nákvæmlega, flytja út eitthvað yfir 20 þús. núna, framleiða nákvæmlega jafnmikið án allrar gjaldeyrisnotkunar. Við höfum sem sagt ekki efni á því að fjárfesta ekki í þessu, en við getum sparað okkur þó nokkra fjárfestingu með því að hagnýta sláturhúsin og þeirra hagur gæti þar með líka eitthvað batnað.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma þessari ábendingu á framfæri, ekki vegna þess að ég viti ekki að hæstv. ráðh. hefur á báðum þessum málum mjög mikinn áhuga, en aðeins til að vekja aðra hv. þm. til umhugsunar um hve auðvelt er að bæta hag þjóðarinnar. Kannske að dragi þá eitthvað úr voli og víli um það að allt sé að fara yfir um á þessu landi. Við höfum búið við erfiðleika vegna ýmiss konar ofstjórnar í þessu þjóðfélagi. En það er mál að því linni og við förum að stunda arðvænlegan atvinnurekstur sem getur skilað þjóðinni afrakstri fljótt og vel og þá ekki síst þennan skemmtilega atvinnurekstur sem fiskiræktin er. Á ég þá ekki eingöngu við vatnafiska heldur sjávarfiska líka, enda fleygir því nú mjög fram í nágrannalöndum okkar að rækta t. d. sandhverfu, lúðu og annan dýrindis sjávarfisk.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Við sveiflum okkur hér úr sjávarútvegi yfir í landbúnað. Það frv., sem hér liggur fyrir, er mjög eðlilegt í ljósi aðstæðna og fjallar um lausn á ákveðnum vandamálum sem ekki er nokkur leið önnur en að bregðast við. Enn þá einu sinni tengist það mál sem hér er á ferðinni fjárfestingarkostnaði og spurningum um þá hluti. Þessi fjárfestingarkostnaður kemur okkur við vegna þess að hann verður til að hluta til með opinberri aðstoð. Þar sem sú framleiðsla, sem hér um ræðir, er verðlögð af því opinbera, þ. e. ríkisvaldið er þátttakandi í verðlagningu framleiðslunnar, hlýtur ríkisvaldið um leið að verða og mega hafa skoðun á því hvernig stofnað sé til þeirra fjárfestinga sem hér um ræðir.

Eins og áður er gagnlegt að auglýsa hér eftir pólitík, þ. e. stefnumörkun. Hvað ætlast menn fyrir á næstu árum í þessum málum? Eða telja þeir þau komin í þann farveg sem leiði til endanlegrar lausnar? Er meiningin að slátrun verði sinnt hér í stórum og fáum sláturhúsum eftirleiðis eða litlum og mörgum? Ef sláturhúsin eru stór og fá má gera ráð fyrir því að þau séu nýtt nánast allt árið, öðruvísi á maður ekki von á því að menn séu að fara út í slík ævintýri. Ef þau eru mörg og lítil, er spurningin um það hvort nýtingartími þeirra er stuttur eða langur eða hvort hann er allt árið. Verð eða kostnaður þessarar fjárfestingar hlýtur þá að verða að vera í einhverju samræmi við það.

Ég vil benda á það, þó að það sé kannske ekki beinlínis mitt hlutverk, að erlendis hafa menn leyst þennan vanda, sem menn búa við með svipuðum hætti og víða, með afskaplega ódýrum lausnum sem hafa gefið mjög góða raun, jafnvel í miklu heitara loftslagi en hér hjá okkur. Þetta er gert með færanlegum byggingum sem fyrir nokkrum árum eða áratug voru skírðar á íslensku „uppblásningar", þ. e. hús sem eru blásin upp. Þau eru flytjanleg, það eina sem þarf að vera fyrir hendi eru ákveðnar lagnatengingar á þeim stað þar sem atvinnustarfsemin á að fara fram. Húsin eru flutt á staðinn og reist með þeim hætti að aðallega loftþrýstingur heldur þeim uppi. Loftþrýstingurinn leysir það vandamál að sýklavörn þarf nánast engin að vera í húsinu vegna yfirþrýstingsins sem inni er. Hann leysir líka það vandamál að halda þar inni þeim hita sem ákjósanlegur er hverju sinni. Þú getur nánast valið hvort þú vilt hafa þarna inni hitabeltishita eða heimskautafrost. Svona tæki — því að ég vil frekar líta á svona lagað sem tæki en byggingu — mætti hugsanlega nota í fleiri en einu sveitarfélagi þar sem sláturtíð er stutt.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Austurl. — hann snerti hjartað í mér áðan þegar hann minntist á Fagurhólsmýri í Öræfum — að það er mjög gagnlegt fjárhagslega í litlum sveitarfélögum að hafa þarna tekjumöguleika. Þetta er ekki síðri félagslegur þáttur að ýmsu leyti. Ekki bara það að fólk kemur þarna saman heldur líka að sjónarmið vörugæða og vörueftirlits verða að nokkurs konar samábyrgð lítils hóps og leiða til hollrar samkeppni sem ég held að menn skyldu ekki forsóma.

Svo að ég hafi nú haft ástæðu til að koma hér upp þá lýsi ég því yfir að við munum styðja þetta frv. og teljum það eðlilegt. En eins og ég sagði áðan, æskilegt væri að fá að heyra, og það sem allra fyrst, skoðanir yfirvalda, ekki síst hæstv. ráðh. á því hvernig þessum málum á að vera háttað í framtíðinni ef ríkisvaldið á að hafa þar eins mikla hönd í bagga og það hefur í dag.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektir þeirra ræðumanna sem hér hafa tekið til máls um þetta frv. og ýmsar þær ábendingar sem þeir hafa sett fram í tengslum við þetta mál. En það eru örfá atriði sem ég vildi víkja að. Það er þá fyrst spurning hv. 2. þm. Austurl. um vanda þessara tveggja húsa. Það kom kannske ekki nægilega skýrt fram í máli mínu að Framkvæmdastofnun var beðin um að gera úttekt á því máli nú í sumar eða haust. Ég hef ekki enn þá fengið skýrslu þar um og skal ekki segja hvað út úr henni kemur. En ég átti við þau einnig þegar ég ræddi um það að með skipulagsbreytingum á þessum málum væri e. t. v. hægt að styrkja eitthvað aðstöðu þeirra.

Hér hefur verið talað nokkuð um fjárfestingu og yfirfjárfestingu. Ég vék að því að þegar sláturhúsin voru í uppbyggingu, þau sem nú eru til, meiri hluti nýrri húsanna, var sauðfé í landinu að fjölga heldur og komst upp í allt að 900 þús. vetrarfóðraðar kindur. Menn miða alltaf fjárfestingu við það ástand sem er og þær horfur sem menn telja líklegar miðað við reynslu liðins tíma.

Það er vissulega rétt, sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv., að áhrif ríkisvaldsins á þetta voru æði mikil og þá kannske sérstaklega vegna þeirrar ákvörðunar sem viðreisnarstjórnin tók árið 1960 með ábyrgð útflutningsbóta. Sú ábyrgð skapaði grundvöll fyrir miklu meiri

sauðfjárrækt í landinu en ella hefði verið, sérstaklega vegna þess að á þeim árum, 1960—1970, gat það verð, sem við fengum fyrir útflutt dilkakjöt, verið mjög nálægt því sem skráð innanlandsverð var. Ef það náðist ekki alveg þurfti þar mjög litlu við að bæta til þess að 10% verðtrygging nægði á gríðarmikið magn. Við þessa ákvörðun, sem ríkisvaldið hafði tekið, gátu bændur því reiknað með mjög mikilli framleiðslu. Þetta voru þær aðstæður sem við bjuggum við þegar hin svokallaða sláturhúsaáætlun var gerð og eftir henni farið.

Ég held að við megum, hvað sem líður stærð húsanna, samt þakka fyrir að þessar byggingar eru komnar svo víða því að þær skapa þó möguleika til að þessi nauðsynlega starfsemi fari fram og jafnframt er fjármagnskostnaðurinn hjá flestum þeirra orðinn tiltölulega lítill. Núna er aðeins í byggingu eitt nýtt stórt sláturhús. Kemur það í staðinn fyrir tvö önnur, sem eru orðin mjög gömul, ég veit ekki hvað margra áratuga gömul. Allir sem í þau koma hljóta að undrast að slík starfsemi skuli geta farið fram við slíkar aðstæður og efast ekki um nauðsyn þess að þar sé úr bætt.

En ég held að við hljótum við stefnumótun að miða við það að nýta þá fjárfestingu sem núna er fyrir hendi. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að við þær aðstæður sem núna eru sé ekki eðlilegt að leggja út í mikla nýja fjárfestingu á þessum sviðum heldur að halda í horfinu með því sem við höfum.

Hins vegar get ég ekki fallist á þá hugmynd, sem kom fram hjá 8. þm. Reykv., að ef við hefðum bara nógu fá sláturhús væri hægt að slátra í þeim allt árið. Ég hélt að flestir þekktu nú það vel til að þeir vissu að sauðfé verður að slátra á ákveðnum árstíma. Það þýðir ekkert að breyta því með því að fækka húsum og keyra lengri leiðir. Málið er því miður ekki svo einfalt útlausnar.

Ég tel það mjög athyglisvert sem hv. 4. þm. Norðurl. v. drap hér á, að nota þessi hús til fiskiræktar. Hann minntist á fiskiræktina og mér skilst að hans fyrirtæki hafi reyndar þegar nýtt þessi hús að einhverju leyti til slátrunar á fiskinum eða frágangs á honum. Þegar þessi ræktun vex skapast því kannske grundvöllur til að lengja nýtingu húsanna til slátrunar fyrir utan þann tíma sem slátrun sauðfjár fer fram.

En með samdrætti húsa og betri hagnýtingu kemur inn þessi félagslegi þáttur og atvinnuþáttur sem hér var vikið að á undan. Það er vandi að velja á milli atvinnusjónarmiða fámennra byggðarlaga og hagkvæmnissjónarmiða sem sýndu fram á að með færri og stærri einingum væri hægt að koma við einhverjum sparnaði. Þetta sama gildir einnig um kjötvinnslu. Við þurfum vissulega á því að halda að efla hér kjötvinnslu. Aðstæðurnar krefjast þess að varan sé sífellt betur unnin. En þá er spurning um hagkvæmni hennar. Er hægt að reka fullkomna og nýtísku kjötvinnslu í mjög smáum einingum fjarri markaði? Eða er ódýrara og hagkvæmara að hafa hana nálægt markaðinum og á færri stöðum? Þarna verður að velja á milli og þá er spurningin hverjir eigi að bera þann kostnað. Eiga neytendur að gera það með því að greiða heldur hærra verð fyrir þetta eða eiga bændur að taka það á sig með því að fá lægra verð fyrir sína vöru? Þarna hljótum við að reyna að rata þá leið sem okkur sýnist hagkvæmust og skynsamlegust og aðstæður krefjast á hverjum stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Lausn deilu verkalýðsfélaga og sláturleyfishafa, frv. 166. mál (þskj. 173). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um lausn deilu verkalýðsfélaga og sláturleyfishafa á Suðurlandi sem er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út hinn 26. sept. s. l. Aðdragandi þessa máls er sá að í upphafi sláturtíðar um miðjan sept. s. l. boðuðu verkalýðsfélög á Suðurlandi til verkfalls í sláturhúsum þar við sauðfjárslátrun eingöngu. Hafði það verið boðað með viku fyrirvara. Viðræður höfðu byrjað nokkrum dögum áður milli þessara aðila og sáttasemjari hafði fengið málið til meðferðar. Þeim viðræðum var haldið áfram eftir að verkfall var boðað.

Þegar vika var liðin og ekki hafði neitt gengið í málinu átti ég viðræður við báða aðila. Það var mjög knýjandi að úrlausn fengist sem allra fyrst því að ekki er gott að slátrun sauðfjár dragist lengi því að í sumum sláturhúsunum tekur hún tiltölulega langan tíma. Í þeim viðræðum lagði ég áherslu á að aðilar reyndu að koma sér saman. Báðir aðilar sögðust miða við að greidd yrðu sömu laun og í öðrum sláturhúsum eða við sambærilega vinnu. Þegar hins vegar sest var niður hjá sáttasemjara og átti að reikna þessi sambærilegu laun út virtist bera svo mikið á milli að ekki væri unnt að ná saman. Ég óskaði eftir því við sáttasemjara að hann héldi áfram fundum með deiluaðilum og reyndi til þrautar að ná samkomulagi. En að lokum fór svo að allir þessir aðilar, sáttasemjari og báðir deiluaðilar, töldu að þarna bæri svo mikið í milli um það hvernig þessi sambærilegu laun skyldu út reiknast að frekari fundahöld virtust árangurslaus.

Þess vegna samþykkti ríkisstj. að gefa út brbl. þessi sem fela það í sér að með verkfalli sé óheimilt að knýja fram þessar breytingar en gerðardómi falið að skera úr um það hver þessi sambærilegu laun eru. Sá gerðardómur tók til starfa svo fljótt sem hægt var eftir að lögin höfðu verið gefin út og hefur kveðið upp sinn úrskurð fyrir nokkru.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Kristín Ástgeirsdóttir: Virðulegi forseti. Ég stend hér upp til að lýsa því yfir að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. Að sjálfsögðu stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut, en mín afstaða er sú að ég er því ákaflega mótfallin og harma þá þróun sem við höfum horft upp á á undanförnum árum að ríkisvaldið grípur æ oftar inn í vinnudeilur og kjarabaráttu. Við höfum séð þess mörg dæmi á undanförnum árum, með lagasetningum, brbl., jafnvel fyrirmælum um það upp á hvað beri að semja og alls konar þökkum sem ríkisvaldið býður fólki, stundum til góðs og stundum ekki til góðs.

Ég skil að sjálfsögðu þann vanda sem bændur stóðu frammi fyrir. En meginmálið er að það fólk sem á í kjaradeilu og er að reyna að bæta kjör sín á þetta sterka

vopn, verkföllin, þegar allt um þrýtur og samningar nást ekki án frekari aðgerða. Verkfallsvopninu hefur verið beitt oft og iðulega hér á landi, allt frá 1912 að því er ég best veit. Ég er því algjörlega andvíg að þetta vopn sé tekið af fólki og að ríkisvaldið beiti sér á þann hátt sem gert var í sláturhúsadeilunni. Ég mun því greiða atkv. gegn þessum brbl.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Til þess að afstaða BJ í þessu máli verði færð til bókar tek ég fram að við munum verða á móti þessu frv. af þeim tveimur einföldu ástæðum að við erum á móti brbl. annars vegar og hins vegar á móti íhlutun ríkisvalds í samninga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 159. mál (þskj. 164). — 1. umr.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir): Virðulegi forseti. Á þskj. 164 leyfi ég mér að leggja til svohljóðandi breytingu á lögum nr. 60 1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins:

„Við c-lið 33. gr. bætist: svo og aðra þá sem þurfa á leiguhúsnæði að halda eða vilja leigja."

Með frv. þessu er lagt til að fleirum en námsmönnum, öldruðum og öryrkjum verði gefinn kostur á að taka á leigu húsnæði, sem byggt er sem leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga, ríkisins eða félagasamtaka og nýtur lána úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra íbúða.

Sú skilgreining sem núgildandi lög kveða á um varðandi byggingu leiguhúsnæðis er ákaflega þröng og undarleg í svo ungum lögum miðað við það ástand sem ríkir á leigumarkaði, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það er gengið út frá því að það séu mjög afmarkaðir hópar fólks sem þurfi á leiguhúsnæði að halda, enda takmarka lögin byggingu slíks húsnæðis.

Eins og nú háttar er það ekki fýsilegur kostur fyrir þá sem hafa fjármagn milli handa að beina því í fasteignakaup eða byggingu húsnæðis til leigu vegna mikils kostnaðar, enda vita þeir sem til þekkja á leigumarkaði að æ fleiri keppa um æ færri íbúðir, þ. e. leiguíbúðir.

Þeir sem sækjast eftir leiguhúsnæði eru ekki eingöngu námsmenn, aldraðir og öryrkjar, heldur fjölmennur hópur. T. d. einstæðir foreldrar, fólk sem er nýkomið heim úr námi, fólk sem flytur í bæinn, hver sem sá bær er, og allir þeir sem gjarnan vilja leigja. Þótt það kunni að hljóma undarlega í eyrum sumra þá eru þeir til og eru nokkuð margir sem gjarnan vilja leigja. Hins vegar hefur ástandið í húsnæðismálum verið með þeim hætti að fólk hefur neyðst til að hella sér út í íbúðarkaup nauðugt viljugt. Mér er kunnugt um Íslendinga búsetta erlendis, á Norðurlöndunum og reyndar víðar, sem ekki treysta sér til að flytja heim vegna þess ástands sem hér ríkir í húsnæðismálum. Þá eru ónefndir þeir sem ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa undir háum útborgunum, miklum fjármagnskostnaði og afborgunum.

Hæstv. félmrh. sagði eitthvað á þá leið í útvarpsþætti í fyrra, í þann mund sem umr. um húsnæðismál stóðu sem hæst, að Íslendingar væru nú einu sinni þannig gerðir að þeir vildu eiga sitt eigið húsnæði. Ég er algjörlega á öndverðum meiði og tel að eðlishvatir og eignarþrá skipti litlu máli. Það er fyrst og fremst stefna hvers tíma sem ræður því hvers konar húsnæði er í boði og hver það á. Um margra áratuga skeið hefur sú stefna verið ríkjandi hér á landi að hverjum og einum bæri að eiga sitt eigið húsnæði. Það hefur kostað margan manninn mikla vinnu, nánast þrældóm að uppfylla þessa kröfu og ekki um annað að velja. Það hefur þó aðeins örlað á breytingum undanfarin ár með eflingu verkamannabústaðanna, þ. e. þeir sem eiga þeirra kost búa við mun skárri kjör en gerast á almennum markaði.

Það verður þó ekki annað séð en að verkamannabústaðirnir eigi heldur í vök að verjast nú um stundir, enda tekst engan veginn að svara þörfinni. Síðast þegar íbúðir voru auglýstar til sölu bárust 900 umsóknir en aðeins 300 fengu úrlausn sinna mála. Um byggingu leiguhúsnæðis hefur tæplega verið að ræða um margra ára skeið, enda er svo komið að algjört neyðarástand ríkir á leigumarkaði og birtist það í okurleigu, yfirboðum og skuldasöfnun leigjenda sem verða að leita í annarra vasa til að standa undir fyrirframgreiðslum og hárri mánaðarleigu. Við þessu ástandi ber að bregðast, virðulegi forseti, og það verður best gert með því að stuðla að byggingu leiguhúsnæðis, einkum á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka, sem standi opið öllum þeim sem þurfa á leiguhúsnæði að halda.

Jafnframt því frv. sem hér er til umr. hef ég lagt fram þáltill. á þskj. 165 þar sem lagt er til að 200 millj. verði varið til byggingar leiguhúsnæðis. Sú upphæð dugir þó hvergi nærri til að bæta úr brýnni þörf, en er þó skref í rétta átt. Þegar hvort tveggja leggst saman, fjármagn og heimild í lögum um að allir sem þurfa eigi kost á leiguhúsnæði, ætti það að virka sem hvatning sveitarfélögum og félagasamtökum að hefjast handa. Er þess að vænta að á fáum árum takist að draga verulega úr þeirri spennu sem nú ríkir á leigumarkaðnum, nái frv. þetta og þáltill. fram að ganga.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, benda á að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki síst fyrir þær konur sem fylla láglaunahópa þessa lands, einkum og sér í lagi þær konur sem búa einar með börnum sínum. Það er okkur síst til sóma hvernig búið er að börnum í þessu þjóðfélagi, en þó tekur steininn úr þegar mæður þurfa að flytja jafnvel oft á ári vegna þess að leigusamningur rennur út. Börnin þurfa þá að skipta um skóla, jafnvel dagheimili og eru rifin upp með rótum hvað eftir annað. Það er því ekki um það eitt að ræða að fólk geti skapað sér sitt eigið heimili og búið þar sæmilega öruggt, heldur er um framtíð margra barna að tefla. Því betur sem börnum líður í æsku, því meiri líkur eru á að þau verði hamingjusamir einstaklingar er þau vaxa upp. Það verður best tryggt með því að búa þeim öruggt skjól.

Það er nú einu sinni svo í okkar þjóðfélagi að mörg börn fæðast utan hjónabands og hefur svo lengi verið. Hjónaskilnuðum fjölgar af ýmsum ástæðum og það er margt sem veldur því að heimilum fjölgar þar sem aðeins einn fullorðinn einstaklingur stendur fyrir búi. Það munu vera um 40% heimila í Reykjavík þar sem þannig háttar. Það er þessi hópur svo og allt láglaunafólk þessa lands sem á erfitt með að finna leið sér til

bjargar í frumskógi húsnæðiskerfisins. Því er í frv. þessu lagt til að ný leið verði rudd gegnum myrkviðinn og sú stefna tekin upp að stuðla markvisst að byggingu leiguhúsnæðis. Það mun vonandi verða til þess að auka möguleika fólks til að velja um það í hvers konar húsnæði það býr, hver svo sem eigandinn er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Á síðasta þingi urðu miklar umr. um húsnæðismál hér í hv. deild, en þó enn meiri í Nd. vegna þess að okkur gafst nú ekki langur tími til að fjalla um þau stóru og viðamiklu mál hér, og var nokkur fljótaskrift á þeirri afgreiðslu svo ekki sé meira sagt. Það er kannske dæmigert um afgreiðslu á málum sem ekki eiga að vera þannig að önnur þd. sé með þau mestallan veturinn án alls samráðs við hina deildina, en síðan eigi önnur hvor deildin, hvor sem það er nú, ég tala nú ekki um ef það er Ed. sem á eftir að fjalla um þau, þá skuli hún hafa svo knappan tíma sem við höfðum í þessum málum í fyrra.

Það er kannske ekki ástæða til að tíunda það sem ég sagði þá í þeim umr., en á örfá atriði er rétt að benda. Ég hlýt auðvitað að styðja þetta frv. svo sjálfsagt sem það er gagnvart því að þessi liður laganna verði útvíkkaður á þann veg sem þarna er lagt til. Hins vegar fer með þessa framkvæmd að sjálfsögðu eftir þeim áherslum sem stjórnvöld eru með hverju sinni á hinum ýmsu þáttum húsnæðiskerfisins og reyndar á því hvert fjármagnið í þjóðfélaginu á að renna. Þrátt fyrir stórar yfirlýsingar í þeim efnum er það auðvitað alveg ljóst að áherslan er ekki á þessum málum í dag.

Það er vitanlega rétt, og kannske meginatriði þessa máls sem kom fram í máli hv. flm., að það er félagslega kerfið sem er eitt fært um að bjarga vissum hópum í þessu landi varðandi húsnæðismál. Það er eina lausnin sem þetta fólk á, það er alveg augljóst. Um það þekkir maður allt of mörg dæmi. Ég tek undir þá upptalningu sem hv. flm. hafði á þeim hópum.

Ég man eftir því að í ítarlegri till., sem ég flutti ásamt Vilborgu Harðardóttur á sínum tíma um úrlausnir í húsnæðismálum, komum við mjög inn á áhersluna á það að eiga jafnan möguleika á því að leigja og eiga íbúð. Ég man eftir því að einu viðbrögðin við þeirri tillögu voru neikvæð. Þá var reyndar bent á að í gangi væri áætlun um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga. Þar kæmi þetta inn í og þyrfti ekki frekar að athuga.

Vissulega var talsvert gert í sambandi við byggingu á leigu- og söluíbúðum sveitarfélaga og sveitarfélögin höfðu talsverðan áhuga á að ná í lán til þess arna. En þar sem ég þekki til fór það svo að innan skamms tíma voru svo til allar íbúðirnar seldar. Menn höfðu þá aðeins í huga að það þyrfti að útvega kennara, að það þyrfti að hafa lausa íbúð fyrir þá eða kannske væntanlegan sveitarstjóra. Því var kannske ein íbúð skilin eftir, jafnvel af 16—20 íbúðum sem byggðar voru. Og meðan þannig er að þessu staðið er ekki von að vel fari, því að á öllum þessum stöðum, sem ég þekki til eða nefni sérstaklega í þessu tilfelli, var eftirspurn eftir leiguhúsnæði mjög mikil allan tímann meðan verið var að selja þessar íbúðir.

Ég geri mér hins vegar grein dyrir því að sveitarfélögin höfðu lítið bolmagn til að ráða við þetta. Þar sem leigt var, eða a. m. k. þekki ég það frá einu sveitarfélagi, fóru þeir þá leið að láta fólkið standa undir því með í raun og veru óhóflegri leigu til að halda þessum íbúðum í leigu.

Ég get ekki stillt mig um að geta þess, því hér var verið að ræða um þá þörf sem hér er, að ég var einmitt í morgun að ræða við tvo forsvarsmenn verkamannabústaða hér á höfuðborgarsvæðinu og við fulltrúa tveggja félagsmálastofnana á sama svæði. Það voru ófagrar lýsingar sem mér voru gefnar þar og komu mjög heim og saman við þær upplýsingar og tölur sem hv. flm. nefndi. Ég heyrði t. d. á þeim sem núna standa í því að ætla að fara að úthluta verkamannabústöðum í Kópavogi að þeir eru í algjörri hönk, svo notað sé algengt orð, varðandi það hvernig með eigi að fara og úr eigi að velja, svo margir verðugir eru þar sem vonlaust er að veita nokkra úrlausn. Þrátt fyrir þá miklu uppbyggingu sem hefur orðið hér í Reykjavík á síðustu árum hefur vandinn engu að síður í litlu minnkað, enda fólksflæðið hingað aukist aftur í seinni tíð.

Ég vil hins vegar fullyrða að því miður sé það svo, að sérstaklega á þessu svæði sé ekki nægilegt eftirlit með því hvernig þessum íbúðum er ráðstafað. Það er auðvitað rangt í þingræðu að vera að nefna dæmi sem maður hefur haft fyrir augunum. Ég get samt ekki stillt mig um að nefna dæmi um tvær íbúðir í sama stigaganginum hér í verkamannabústöðum sem var úthlutað til mjög þurfandi aðila á sínum tíma, þar sem hagir gerbreyttust svo að hinir sömu aðilar gátu reist sér ágæt hús og leigja svo út á okurkjörum þessar sömu framkvæmdanefndaríbúðir. Það er auðvitað engin leið annað en að nefna svona dæmi sem maður hefur beinlínis fyrir augunum.

Ég held að það sé full ástæða til þess og ég hef komið því á framfæri við þá sem þessum málum stjórna að mjög brýn nauðsyn væri að gera virkilega úttekt á því hvernig um þessar íbúðir hefur farið og hverjir eru í þeim í dag. Ég veit að þarna er um viðkvæmt mál að ræða og vandmeðfarið. En ég held að misnotkun sé í mörgum tilfellum allt of mikil til þess að menn geti lokað augunum fyrir því.

Ég dreg ekkert úr því að einstæðir foreldrar séu gífurlega illa settir. Ég nefni það t. d. að einstæð móðir var að ræða við mig núna í hádeginu og segja mér frá þeim vítahring sem hún væri í. Henni gengur heldur illa að sannfæra úthlutunarnefnd verkamannabústaða um að hún hafi greiðslugetu til að standa við sinn hluta sem hún á að greiða í sambandi við íbúð, sem sé 20%, og þarf nú enginn að vera undrandi á því. Hins vegar upplýsti hún mig um það að hún borgaði nú í húsaleigu með öllu og öllu um 15 þús. kr. á mánuði. Og 15 þús. kr. á mánuði eða 180 þús. á ári er bara talsverð greiðslugeta til þess að komast inn í litla íbúð í verkamannabústöðunum. En hana er auðvitað ekkert auðvelt að sanna. Til þess að ná því marki þarf hún að fá bankalán — og því miður nýtt bankalán, því að til þess að greiða fyrirframleigu þurfti hún auðvitað bankalán áður. Vítahringurinn var alger. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta dæmi, en önnur álíka fær maður inn á borð sín ég vil segja í hverri viku, svo ekki sé meira sagt, fregnir af fólki sem þannig er ástatt um.

Ég skal ekki lengja þetta mál en segja það aðeins að lokum að í hópum fatlaðra sérstaklega er ástandið núna hreint skelfilegt. Hjá Öryrkjabandalaginu fékk ég þær upplýsingar núna að ásókn þar og vandræði fólks væru meiri en nokkru sinni fyrr. Auðvitað vitum við af

hverju það stafar. Það stafar auðvitað af því að greiðslugeta þessa fólks er miklu lakari en áður. Menn verða auðvitað að gæta þess að möguleikar þessa fólks til að eignast íbúðir eru hverfandi. Lífeyrisréttindi þess eru yfirleitt engin, þessara illa settu í þessum efnum. Þeir hafa aldrei áunnið sér nein lífeyrisréttindi eða þá svo takmörkuð að þaðan er engrar aðstoðar að vænta. Og jafnvel þó þetta fólk gæti fengið lán þá er auðvitað vonlaust að það gæti staðið við skuldbindingar af þeim lánum. Ég vil því ítreka það, jafnframt því sem ég styð þetta mál og tek undir þetta með einstæðu foreldrana, að við þurfum að huga alveg sérstaklega að húsnæðismálum fatlaðra, þ. e. þeirra sem verst eru fatlaðir, og gera þar stórátak í rauninni. En þar gildir auðvitað hið sama og varðandi málið í heild. Ef áherslan á hinu félagslega kerfi er í raun og veru engin, eins og manni sýnist að nú sé stefnt að, þá er engra úrbóta og enn síður *átaka að vænta*.

Magnús H. Magnússon: Virðulegi forseti. Efni þess frv. sem hér er til umr. er auðvitað af hinu góða á margan hátt. En þó er hætt við, ef ekki verða útvegaðir peningar sérstaklega til þessa viðbótarlánaflokks, að lán til annarra þátta í starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna skerðist. Og það má ekki ske. Í dag vantar mikið á að Byggingarsjóður verkamanna standi í skilum miðað við skuldbindingar skv. núgildandi lögum. Það er því varla á hann bætandi nema um leið að fá meira fjármagn.

Það er vissulega rétt hjá hv. flm. að mikið hefur skort á valfrelsi fólks í þessum efnum. Auðvitað ættu menn að geta valið milli þess að kaupa eða leigja húsnæði. Ég tel að ein besta leiðin að þessu marki séu svokallaðir kaupleiguskilmálar sem hafa tíðkast t. d. í Svíþjóð en þó mest í Bretlandi. Þar hefur þróunin orðið mest. Þar getur fólk valið á milli þess að kaupa eða leigja. Og það getur breytt sinni ákvörðun hvenær sem er, getur komið inn í kaup hvenær sem er þó það byrji á að leigja. Fólk borgar ákveðna grunnleigu á mánuði, síðan getur það, ef það vill, til að eignast íbúðina bætt við nokkurri viðbótargreiðslu sem er þá sem kaupverð íbúðarinnar. Það getur verið sú íbúð sem það hefur til afnota og síðan getur það gengið á milli íbúða.

Ef fólkið hættir nú við að vilja eignast íbúðina og vill halda áfram að leigja, þá hættir það við þessar greiðslur, þá borgar það bara grunnleiguna. Og þá getur það, hvort sem það vill, geymt þá inneign sína sem það hefur greitt til seinni tíma, ef það treystir sér að byrja aftur, eða fengið hana endurborgaða með verðbótinni. Það getur sem sagt á hverjum tíma valið á milli þess að bara leigja eða að vera um leið að eignast íbúðina. Og það getur breytt því ef það vill flytja á milli húsa, vill stækka við sig eða minnka, þá er það auðvelt. Ef það vill flytja á milli staða þá er það líka auðvelt, það flytur bara með sér réttindin. Þau verða svo og svo mikil, virt á svo og svo mikið.

Ég hefði haldið að það væri nauðsynlegt að reyna að koma einhverju slíku kerfi á hér. Það væri auðvitað ekki hægt nema þá í samvinnu sterkra aðila. Þá dettur mér í hug samvinna sveitarfélaga, húsnæðismálastjórnar og lífeyrissjóðanna, sem gætu þá á þann hátt tryggt rétt sinna meðlima til húsnæðis, hvort sem þeir meðlimir vilji stefna að því að eignast húsnæði eða leigja það. Ég held að það ætti að skoða þetta kerfi betur og reyna að koma því á og fá sterka aðila inn í þá mynd, sveitarfélög, húsnæðismálastjórn og lífeyrissjóði. Hugsanlega gætu einhverjir fleiri komið þar inn og þá um leið tryggt réttindi sinna meðlima þó að sveitarfélögin yrðu auðvitað að hugsa um réttindi allra og ekki síst þeirra aðila sem hv. flm. ræddi um hér sérstaklega.

Virðulegi forseti. Ég styð þetta frv. en bendi jafnframt á nauðsyn þess að aukið fjármagn komi inn í Byggingarsjóð verkamanna til til að standa undir þessum viðbótarlánum.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fagna því að íbúðarhúsamál skuli koma hér á dagskrá þrátt fyrir það að leiguhúsnæði sé angi af stærri heild. Sú skylda hvílir á stjórnvöldum hverju sinni að sjá til þess að hver þjóðfélagsþegn eigi þess kost að hafa yfirráð yfir húsnæði fyrir sig og sína fjölskyldu, hvort sem það er gert með því að auka húsnæðismálalán til leigu- eða eignaríbúða. Ég tel að það þurfi að fara báðar þessar leiðir því að það er alltaf stór hópur fólks sem hvorki hefur áhuga né getu til þess að eignast eigið húsnæði.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hvað varðar öryrkja og einstæða foreldra, en vil aðeins benda á ástandið eins og það er í dag. Ég sakna þess að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur því að nýjar upplýsingar sem ég hef frá húsnæðismálalánasjóðunum eru þær að þeir sem eru að byggja sína fyrstu íbúð og áttu að fá lán í september hafa ekki fengið neitt enn. Þau einu svör sem þeir fá eru að peningar komi hugsanlega í desember. Þetta skýtur skökku við þær *upplýsingar sem félmrh. gaf hér á dögunum sem svar* við fsp. frá mér í Sþ. Nú er mér tjáð að það vanti 300 millj. til að standa við þau lánsloforð sem gefin hafa verið á þessu ári. Þessa dagana er því fjöldi fólks að hlaupa á milli bankastofnana og krjúpa í auðmýkt og biðja bankastjórana um að framlengja lán vegna dráttar á greiðslum sem þeir bjuggust við að vera búnir að fá í hendurnar.

Ég mun því styðja þetta mál. Og reyndar var á s. l. ári gerð brtt. við frv. sem þá var til umr. um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem var mjög í þessa veru en náði ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Karvel Pálmason): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 21. nóv. 1984.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til

Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
4. þm. Reykv."

Guðmundur H. Garðarsson hefur setið á Alþingi áður á þessu kjörtímabili og þarf ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 148 er flutt ríkisstjfrv. þar sem lagt er til að lögfest verði samkomulag er tekist hefur með ríkisstj. og Swiss Aluminium Ltd. um tilteknar breytingar á aðalsamningi þeirra frá 28. mars 1966, með síðari áorðnum breytingum frá 1969 og 1975, um álbræðsluna í Straumsvík, samfara breytingum á rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf., er honum fylgir. Eru breytingar þessar settar fram í svonefndum þriðja viðauka við aðalsamninginn og er hann dagsettur 5. nóv. s. l., sem ég undirritaði f. h. ríkisstj. með fyrirvara um staðfestingu af hálfu hins háa Alþingis.

Viðauki þessi er lagður fram sem hluti af frv., en honum fylgja eftirtaldir viðaukar við fylgisamninga aðalsamningsins er gerðir voru samtímis og eru lagðir fram til upplýsingar sem fskj. með grg. þessari:

1. Þriðji viðauki við rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og ÍSALs.
2. Þriðji viðauki við aðstoðarsamning — rekstur milli ÍSALs og Alusuisse.
3. Breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenska álfélagið hf.

Þá eru lagðir fram til upplýsingar sem fskj. með grg. þessari tveir samningar sem einnig voru undirritaðir hinn 5. nóv. s. l. jafnframt undirritun þriggja viðauka við aðalsamninginn.

1. Sáttargerðarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. varðandi lausn deilumála milli aðilanna í framhaldi af því sem um var samið í því efni í 1. gr. bráðabirgðasamnings milli þeirra frá 23. sept. árið 1983.
2. Samkomulagsbréf milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium varðandi framhald viðræðna um tiltekin málefni samkv. öðrum greinum í nefndum bráðabirgðasamningi.

Efni þeirra samninga sem hér um ræðir er í þremur meginþáttum:

Í fyrsta lagi hefur náðst fullt samkomulag milli ríkisstj. og Alusuisse um lausn á öllum deilumálum þeirra vegna liðins tíma, og þá sérstaklega þeirra ágreiningsefna varðandi framleiðslugjald ÍSALs sem lögð voru fyrir dómnefndir lögfræðinga og skattasérfræðinga á s. l. vetri skv. ofangreindum bráðabirgðasamningi er kynntur var á Alþingi í okt. 1983. Felst samkomulag þetta í umræddum sáttargerðarsamningi en hefur verið staðfestur sem dómsátt fyrir dómnefndum þessum og mun taka gildi sem slíkur ef frv. þetta verður að lögum.

Í öðru lagi er samið um tilteknar breytingar á nokkrum ákvæðum aðalsamningsins um álbræðsluna sem gerðar eru í tengslum við sáttargerðarsamninginn. Varða nokkrar þeirra framleiðslugjald ÍSALs og fjalla um sum þeirra atriða sem urðu að deiluefni á liðnum tíma, en aðrar fjalla um eignaraðild að ÍSAL og er ætlað að gera Alusuisse kleift að framselja hluti í félaginu til dótturfélaga sinna í einkaeign og einnig til óskyldra aðila, sem svarar til allt að 50%. Eru þetta þær heimildir sem ráðgerðar voru samkv. mgr. 3.3 í bráðabirgðasamningnum frá í fyrra og er ætlað að greiða fyrir möguleikum á stækkun álbræðslunnar. Samfara þessum atriðum er gerð breyting á ákvæðum í aðstoðarsamningi um rekstur milli ÍSALs og Alusuisse og á stofnsamningi og stofnsamþykktum ÍSALs.

Í þriðja lagi er samið um grundvallarbreytingar á ákvæðum rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSALs sem fela í sér endanlegt samkomulag um verðlag á orku til álbræðslunnar næstu 20 árin, þ. e. þau tæplega tíu ár sem eftir eru af yfirstandandi samningstímabili og næsta tíu ára tímabil þar á eftir. Jafnframt eru ákvæði um hversu með skuli fara, ef samningar verða framlengdir eftir þann tíma, þ. e. á síðara tíu ára viðbótartímabilinu sem til greina getur komið skv. núgildandi samningum. Í hinum nýju ákvæðum um orkuverð felst stórfelld breyting til hækkunar frá fyrra verði, auk þess sem tryggðir eru möguleikar til endurskoðunar á samningsskilmálum eftir breyttum aðstæðum í framtíðinni. Með þeim er að fullu lokið þeirri endurskoðun á rafmagnssamningnum sem að var stefnt með bráðabirgðasamningnum frá því í fyrra.

Auk þess er staðfest með ofangreindu samkomulagsbréfi að viðræðum verði haldið áfram milli aðila um önnur málefni, þ. e. fyrst og fremst um skattamál ÍSALs og möguleika á stækkun álbræðslunnar.

Við framlagningu samninganna á Alþingi er við það miðað að þeir hljóti sömu meðferð og var í upphafi um álsamningana frá 1966. Var aðalsamningurinn þá staðfestur með lögum nr. 76 það ár og honum veitt lagagildi, en aðrir samningar lagðir fram sem fskj. til kynningar. Þessi aðferð var einnig viðhöfð við gerð fyrsta viðauka við samninginn, sbr. lög nr. 19 frá 1970, er samið var um að flýta byggingu annars kerskála bræðslunnar og lengja hinn fyrsta, og annars viðauka við samninginn, sbr. lög nr. 42 frá 1976, er samið var um breytingar á reglum um framleiðslugjald ÍSALs, hækkað orkuverð fyrir rafmagn til álversins frá Landsvirkjun og heimild til stækkunar hjá ÍSAL.

Í samræmi við þetta og 51. gr. aðalsamningsins er hinn nýi þriðji viðauki við aðalsamninginn lagður fram til staðfestingar af hálfu Alþingis sem hluti af frv. þessu, en hinir samningarnir til kynningar. Jafnframt er gildistaka allra samninganna, þ. á m. sáttargerðarsamningsins, tengd gildistöku viðaukans við aðalsamninginn, þannig að þeir öðlist ekki gildi fyrr en frv. um staðfestingu hans er orðið að lögum. Á meðan gilda ákvæði bráðabirgðasamningsins um orkuverð eins og verið hefur að undanförnu.

Með grg. frv. fylgir umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar. Síðan fylgir hinn íslenski texti hinna svonefndu fylgiviðauka með viðaukanum við aðalsamning, þ. e. viðaukans við rafmagnssamning, viðaukans við aðstoðarsamning og breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenska álfélagið hf. Þar á eftir fylgir hinn íslenski texti sátta-

gerðarsamningsins og að lokum er samkomulagsbréfið í íslenskri þýðingu.

Ég vil þá rekja aðdragandann að samkomulagi þessu.

Samkomulagið milli ríkisstj. og Alusuisse um lausn deilumála og samningar þeir, sem nú liggja fyrir, eru árangur af því starfi sem unnið hefur verið á vegum ríkisstj. frá því á miðju sumri 1983, skömmu eftir að hún tók við völdum. Á þeim tíma höfðu ágreiningsmál út af skattlagningu ÍSALs varað í nær þrjú ár. Hafði fjmrn. endurákvarðað framleiðslugjald félagsins fyrir árin 1976—1980 og bætt við það viðurlögum, og jafnframt boðað lögtaksaðgerðir til að framfylgja greiðslukröfum á hendur félaginu. Til að áfrýja þeim vísaði Alusuisse málinu í alþjóðlegan gerðardóm á vegum ICSID (International Center of Settlement of Investment Disputes) með bréfi dags. 29. apríl 1983. Hafði iðnrn. fallist á þá málsmeðferð fyrir sitt leyti með bréfi 9. maí 1983, enda var hún í samræmi við ákvæði samningsins um álbræðsluna.

Núv. ríkisstj. ákvað hins vegar að kanna möguleika á að taka málið öðrum tökum. Hinn 14. júní 1983 skipaði ég sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, sem m. a. var falið að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins og um að orkuverð yrði hækkað og viðræður hafnar milli aðila um endurskoðun gildandi samninga um rekstur álbræðslu Íslenska álfélagsins í Straumsvík.

Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar, formaður, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og dr. Gunnar G. Schram prófessor og núv. hv. þm. Með nefndinni hefur starfað Páll Flygenring ráðuneytisstjóri og Hjörtur Torfason hrl., lögfræðilegur ráðunautur iðnrn. í stóriðjumálum. Ritari nefndarinnar hefur verið Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

Á fundum samninganefndarinnar með fulltrúum Alusuisse og ÍSALs þá um sumarið náðist samkomulag sem staðfest var af ríkisstj. og undirritað af mér í formi áðurgreinds bráðabirgðasamnings hinn 23. sept. 1983. Í þeim samningi var annars vegar kveðið á um aðferð til að leita skjótari lausnar á yfirstandandi deilum með því að leggja ágreiningsefni fyrir tvær sérstakar dómnefndir og hins vegar um að stofna til viðræðna um orkuverð og önnur málefni varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar í Straumsvík. Jafnframt var samið um verulega hækkun á orkuverði þann tíma sem viðræður um endurskoðun samninga stæðu yfir.

Strax eftir undirskrift bráðabirgðasamningsins var hafist handa um undirbúning frekari samningaviðræðna og komu samninganefndir aðilanna saman til fundar í lok okt. 1983, þar sem ákveðið var um fyrirkomulag viðræðnanna og skipun undirnefnda vegna nauðsynlegrar upplýsingaöflunar og undirbúningsstarfs fyrir hinar eiginlegu samningaviðræður. Þar var annars vegar um að ræða undirnefnd til að afla upplýsinga um orkukostnað áliðnaðar í Evrópu og Ameríku sem og samkeppnisstöðu álframleiðslu á Íslandi, og hins vegar undirnefnd sem ætlað var að fjalla um og gera athuganir á breyttu skattakerfi fyrir ÍSAL.

Að því er varðar samningaviðræður um endurskoðun orkuverðs hefur samninganefnd um stóriðju haft samráð við sérstaka stjórnarnefnd stjórnar Landsvirkjunar, sem skipuð var í lok okt. 1983 til þess að annast samningaviðræðurnar af hálfu Landsvirkjunar. Í nefnd þessari eiga sæti Baldvin Jónsson hrl., formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. og Böðvar Bragason sýslumaður. Nefndin og fulltrúar hennar hafa tekið þátt í samningafundum samninganefndar um stóriðju þegar endurskoðun rafmagnssamningsins hefur verið á dagskrá. Í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamningsins fór fram umfangsmikil gagnasöfnun á vegum nefndanna varðandi orkuverð og aðra samkeppnisaðstöðu álbræðslunnar í Straumsvík í samanburði við sambærileg fyrirtæki í Evrópu og Norður-Ameríku.

Fyrsti samningafundurinn eftir undirritun bráðabirgðasamningsins var haldinn í Reykjavík í ársbyrjun. Annar samningafundur var haldinn í byrjun febrúar og höfðu nefndarmenn þá skipulagt tíða fundi fram á vorið. Um þetta leyti forfallaðist einn af aðalsamningamönnum Alusuisse vegna veikinda og urðu aðilar sammála um að gera hlé á fundum meðan á því stóð. Var tíminn notaður til frekari vinnu að athugunum á samkeppnisstöðu álframleiðslu á Íslandi og öðrum tæknilegum þáttum málsins, sem reyndust tímafrekari en ætlað hafði verið.

Í maímánuði var aftur tekið til við eiginlegar samningaviðræður og í júní var kominn á þær verulegur skriður að því er tók til endurskoðunar orkuverðs. Hins vegar var þá jafnframt orðið ljóst að meðferð deilumála fyrir dómnefndum ætti enn langt í land. Sú skoðun kom fram hjá báðum aðilum að þetta gæti orðið verulegur hemill á framvindu samningaviðræðnanna og árangur af þeim, þannig að ástæða væri til að kanna hvort unnt væri að leysa deilumálin með öðrum hætti, þ. e. með sáttargerð. Á fundi samningnefndanna í Reykjavík í lok júlí var þetta tekið gagngert til umræðu samhliða öðrum málefnum sem fyrir fundinum lágu. Samkomulag náðist um að vinna að sáttargerð á grundvelli tiltekinna efnisatriða og yrði sáttargerðin liður í þeim heildarsamningum aðila sem að var stefnt með bráðabirgðasamningnum. Í samræmi við þetta var lögmönnum aðila falið að óska eftir því við dómnefndirnar tvær að frekari málsmeðferð hjá þeim yrði frestað meðan aðilar könnuðu til botns hvort ná mætti sáttum í málinu.

Á samningafundum í ágúst til október einbeittu aðilar sér að þessari könnun samtímis því að viðræðum um rafmagnssamninginn var haldið áfram.

Sá árangur hefur nú náðst að sáttargerðarsamningur hefur verið undirritaður. Jafnframt hefur tekist fullt samkomulag um endurskoðun rafmagnssamningsins, eins og að framan greinir. Aðrir þættir þeirrar endurskoðunar á samningum aðila, sem ákveðin var með bráðabirgðasamningnum, hafa allir verið til umfjöllunar á samningafundum það sem af er, þó ekki hafi verið unnt að leiða þá til lykta að svo stöddu. Hafa aðilar orðið sammála um að ganga endanlega frá þeim þáttum, sem meðferð er lokið á, bæði vegna mikilvægis þeirra sjálfra og svo hins, að bið eftir frekari viðræðum um aðra þætti mundi valda mjög verulegri seinkun á afgreiðslu þeirra og þá einnig nokkurri óvissu um afdrif málsins.

Með frv. þessu er leitað staðfestingar Alþingis á þeim niðurstöðum viðræðnanna sem þannig hafa náðst í þessum áfanga. Jafnframt verður viðræðum um aðra þætti haldið áfram, eins og fyrr greinir.

Um starf dómnefndanna er þetta að segja: Í I. kafla bráðabirgðasamningsins frá 23. sept. í fyrra var fjallað

um lausn á deilu aðila út af framleiðslugjaldi ÍSALs, fyrir árin 1976—1980, sem upp kom í árslok 1980 og var komin í alþjóðlegan gerðardóm, eins og ég gat um áðan. Mátti við því búast, að sú meðferð málsins yrði flókin og langvinn þar sem deilan var margþætt og engin samstaða um meðferð hennar. M. a. var alls óvíst hvort unnt yrði að ljúka málinu í einni lotu, án þess að frávísunaratriði og deilur um málsmeðferð eða um einstaka þætti yrðu til að tefja fyrir framvindu þess í heild. Gæti deilan þannig staðið a. m. k. 2—3 ár og orðið kostnaðar- og fyrirhafnarsöm að því skapi.

Ekki var grundvöllur til að ná sáttum um málið haustið 1983, en hins vegar náðist samkomulag um að einfalda meðferð þess í verulegum mæli og gera hana hraðvirkari. Var aðferðin til þess einkum sú að skipa deiluefnum í tvo aðalflokka, sem hvor um sig yrði falinn sérstakri dómnefnd sérfræðinga til álitsgerðar eða úrskurðar sameiginlega. Loks yrði tölulegur útreikningur í málinu falinn þriðju dómnefndinni, sem mundi annast endurreikning framleiðslugjaldsins ef og eftir því sem við ætti í ljósi álitsgerða hinna nefndanna. Að sjálfsögðu var erfitt að fullyrða hversu langan tíma þessi málsmeðferð tæki, en samninganefndir aðila töldu ástæðu til að ætla að niðurstöður aðalnefndanna tveggja gætu legið fyrir þegar um vorið 1984. Skyldi að því stefnt að svo yrði innan sex mánaða frá skipun þeirra.

Af dómnefndunum skyldi hin fyrsta skipuð þremur lögfræðingum, sérfróðum um samskipti af alþjóðlegum toga, og a. m. k. formaðurinn vera af hlutlausu þjóðerni. Þeirri nefnd var m. a. ætlað að skila álitsgerð um ágreiningsatriði í sambandi við verðlagningu á hráefnum frá Alusuisse til ÍSALs og beitingu hinnar umsömdu reglu um að fara eftir hlutlægum mælikvarða í viðskiptaháttum milli óskyldra aðila.

Aðilarnir skipuðu fulltrúa í þessa dómnefnd í okt. 1983. Alusuisse tilnefndi Leon Silverman, kunnan lögfræðing í New York. Ég tilnefndi Stanley S. Surrey, prófessor í skattarétti við lagadeild Harvard-háskóla. Þessir tveir dómnefndarmenn völdu síðan sameiginlega formann nefndarinnar, Philip Vineberg, lögmann í Montreal. Hann var skipaður í byrjun desembermánaðar 1983. Prófessor Surrey lést í lok ágústmánaðar s. l. Í hans stað tilnefndi ég Hugh Ault, prófessor í skattarétti við lagadeild Boston College, í dómnefndina. Þinghöldum dómnefndarinnar var valinn staður í New York.

Önnur dómnefndin skyldi skipuð þremur íslenskum skattasérfræðingum og skila áliti um tiltekin málefni, sem meira voru af bókhaldslegum toga, svo sem um afskriftareglur og meðferð á gengistöpum. Þessi dómnefnd var skipuð í okt. 1983. Þar sátu af hálfu ríkisstj. Ólafur Nílsson, löggiltur endurskoðandi, en af hálfu Alusuisse Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi. Þeir tilnefndu með samkomulagi Guðmund Skaftason, hrl. og löggiltan endurskoðanda, sem formann dómnefndarinnar. Þinghöld þessarar nefndar voru ákveðin í Reykjavík.

Gert var ráð fyrir að þriðja dómnefndin yrði skipuð þegar hinar tvær hefðu lokið störfum. Áttu ríkisendurskoðandi og endurskoðendur ÍSALs að skipa dómnefnd þessa ásamt formanni sem aðilar kæmu sér saman um.

Til að annast flutning mála fyrir dómnefndum af Íslands hálfu skipaði ég þrjá talsmenn, þá Ragnar Aðalsteinsson hrl., Eirík Tómasson hrl. og Halldór J. Kristjánsson lögfræðing, deildarstjóra í iðnrn. Þessir lögfræðingar hafa farið sameiginlega með málin og haft um þau samráð við dr. Gunnar G. Schram alþm. og Hjört Torfason hæstaréttarlögmann vegna samninganefndar um stóriðju. Charles Lipton, lögmaður í New York, hefur verið lögfræðilegur ráðunautur vegna dómnefndarmálsins þar í borg.

Fyrsta þinghald dómnefndarinnar í Reykjavík fór fram í des. 1983. Málflutningur fyrir þessari nefnd var einfaldur að því leyti að ekki þurfti að koma til mikillar sjálfstæðrar gagnaöflunar með söfnun upplýsinga eða framburði vitna, þar sem málið snerist fyrst og fremst um útlistun og túlkun á samningslegum og bókhaldslegum atriðum og reglum á grundvelli upplýsinga sem þegar lágu fyrir í meginatriðum. Hins vegar fór verulegur tími í samningu og framlagningu þeirra greinargerða sem aðilar skiptust á.

Ekki tókst að ljúka málsmeðferð fyrir dómnefndinni vorið 1984, en hún var komin á lokastig í júlímánuði og fór þá fram munnlegur flutningur í málinu og það var lagt í úrskurð. Þó hafði Alusuisse gert kröfu um að úrskurður nefndarinnar um hluta af málinu yrði látinn bíða úrslita í hinu málinu, og var lagt á vald dómnefndarinnar sjálfrar að skera úr um það atriði.

Fyrsti fundur dómnefndarinnar í New York var haldinn í des. 1983 og í framhaldi af honum lögðu aðilar fram frumgreinargerðir. Fyrsta þinghald í málinu var síðan í febr. 1984. Þar var lagður grundvöllur að rekstri málsins og teknar ákvarðanir um réttarfarsatriði. Tvenn málflutningsþinghöld fóru fram, í lok apríl og lok júní, og gert var ráð fyrir frekara málflutningsþinghaldi um miðjan sept. Ljóst var þannig á miðju sumri að málið mundi enn taka verulegan tíma og jafnvel ná fram á árið 1985.

Þessi gangur málsins átti sér eðlilegar orsakir, þótt hann yrði þannig seinvirkari en aðilar höfðu búist við. M. a. kom í ljós að fram þyrfti að fara allumfangsmikil gagnasöfnun og yfirheyrsla á sérfróðum vitnum, jafnframt því sem taka þurfti tillit til þess, að hinir tilkvöddu dómnefndarmenn urðu að gegna starfi sínu við hlið annarra mikilvægra skyldustarfa, og varð því lengra en ella á milli þinghalda.

Ljóst er um dómnefndirnar að í þær völdust hinir mætustu menn, sem ríkisstj. hefur borið fyllsta traust til, og einnig hafa talsmenn ríkisstj. haldið vel á málum. Hefur sáttaleiðin ekki verið tekin af því að eitthvað hafi á skort í þessum efnum, heldur vegna þeirra kosta sem hún hefur fram yfir dómstólaleiðina. Enda þótt ákveðið hafi verið á sínum tíma að leggja deilumál aðila fyrir dómnefndir til álitsgerðar eða úrskurðar var það ekki fyrir þá sök, að þetta væri hin eina leið til að leysa úr málunum, heldur vegna hins, að ekki voru möguleikar að ná fullum sáttum eins og þá var statt. Hefur það verið eindregin skoðun þeirra, sem um málin hafa fjallað, að halda bæri á þeim eins og hverju öðru dómsmáli, þannig að ekki bæri að vísa á bug neinum raunhæfum möguleikum, er skapast kynnu til að leysa úr málinu með sátt á viðunandi grundvelli, heldur gæti slík sátt verið fullgild leið til að ljúka málinu, og málareksturinn sjálfur ein af leiðunum til að skapa grundvöll fyrir sáttinni.

Sáttargerð sú, er tekist hefur milli aðila með þessum samningi, er liður í hinum heildarlegu samningaviðræðum þeirra um þau málefni, sem um getur í bráða-

birgðasamningnum og til þess ætluð að treysta grundvöllinn að sameiginlegum tengslum þeirra og vinsamlegum samskiptum í framtíðinni. Hún felur í sér lausn á öllum ágreiningsmálum þeirra í milli, sem gerð er án þess að tekin sé afstaða til einstakra mála aftur í tímann. Var það samdóma niðurstaða aðila að rétt væri að gera sáttina á þessum grundvelli, ef hún ætti að takast á annað borð.

Aðalefni sáttargerðarsamningsins er á þessa leið:

a) Ríkisstj. og Alusuisse samþykkja að ljúka deilum sín í milli varðandi framleiðslugjald ÍSALs með sátt fyrir dómnefndunum tveimur og að fella inn í þá sáttargerð allan ágreining sín í milli.
b) Ríkisstj. leysir Alusuisse og ÍSAL undan öllum framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma, og félögin falla að sínu leyti frá öllum kröfum sem um gæti verið að ræða af þeirra hálfu.
c) Alusuisse fellst á að ÍSAL greiði ríkisstj. 3 millj. Bandaríkjadala með lækkun á skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði skv. gildandi samningum.
d) Aðilar eru ásáttir um að gera tilteknar breytingar á ákvæðum gildandi aðalsamnings og annarra samninga, eins og að er vikið hér á eftir.
e) Tekið er fram að samningurinn feli ekki í sér neina viðurkenningu af hálfu aðila á neinni ábyrgð eða á gildi neinna krafna, staðhæfinga eða röksemda, sem farið hafa þeirra í milli.
f) Samningurinn verður lagður fyrir dómnefndirnar í málum aðila og staðfestur þar sem dómsátt, með þeim fyrirvara að frv. þetta verði að lögum, sem fyrr segir. Á gildistökudegi hans falla allar kröfur fyrir dómnefndunum endanlega niður og málum þar talið endanlega lokið, auk þess sem ofangreint gerðardómsmál á vegum ICSID gerðardómsins er endanlega fellt niður.

Sáttargerðin er m. a. byggð á því viðhorfi, að deilur aðila hafi fyrst og fremst staðið um túlkun og framkvæmd á samningum aðilanna, en ekki um vanefnd á þeim, og feli í sér skoðanaágreining sem unnt eigi að vera að leysa með vinsamlegum hætti. Andófsmenn gegn álbræðslunni í Straumsvík hafa stundum hyllst til að lýsa ágreiningnum á þá leið, að Alusuisse hafi haft í frammi sviksamlegt athæfi gagnvart Íslendingum. Í þessu efni er aðstaðan hins vegar sú, að ríkisstjórn Íslands hefur aldrei sakað Alusuisse um sviksamlegt athæfi, eins og fram hefur komið í yfirlýsingum ráðherra í fyrri ríkisstjórnum, og í málarekstri fyrir dómnefndunum hefur aldrei komið til greina að hafa slíkar ásakanir í frammi.

Um þriðja viðauka við aðalsamninginn er þetta að segja:

Samningur þessi fjallar um nokkrar breytingar á aðalsammningnum frá 1966, sem áður hafði verið breytt 1969 og 1975. Er form hans með svipuðu sniði og áður hefur verið fylgt. Í inngangi er gerð stutt grein fyrir aðdraganda hans og í 1. gr. er fjallað um skýrgreiningar.

Í 2. gr. er að finna breytingar á tilteknum ákvæðum í VI. kafla aðalsamningsins um skatta og gjaldskyldu. Er þar tekið á nokkrum atriðum, sem orðið hafa að ágreiningsefni milli aðila, og þá með framtíðarlausn í huga, en ekki uppgjör vegna liðins tíma.

Í mgr. 2.01 er sett ný regla um afskriftir á mengunarvarnarbúnaði við núverandi kerskála álversins. Er búnaði þessum áætlaður sérstakur afskriftatími, eins og endurskoðendur ríkisstj. töldu eðlilegt, en hins vegar er hann hafður mun styttri en afskriftatími verksmiðjunnar, sem um var samið í öndverðu, og styðst það við eðlileg sjónarmið. Í mgr. 2.02 og á fylgiblaði er gerð töluleg grein fyrir stöðu þessara afskrifta.

Jafnframt er heimilað um gengistöp að byrjað sé að afskrifa þau á því ári er þau verða til og er það í samræmi við þau sjónarmið sem fylgt hefur verið eftir íslenskum skattalögum á síðari árum.

Í mgr. 2.03 er heimilað með breytingu á mgr. 27.03 að ÍSAL geti leiðrétt framlög í varasjóð innan hinna leyfilegu marka ef breyting eigi sér stað á þeim tekjum, sem skattur er reiknaður af, eftir að þær voru upphaflega taldar fram. Þessi regla er í fullu samræmi við þær reglur sem fylgt hefur verið við almenna skattlagningu fyrirtækja hér á landi.

Í mgr. 2.04 er gerð veruleg breyting á mgr. 29.05—29.07, er fjalla um framtal og endurskoðun á tekjum ÍSALs. Er nú kveðið á um skyldubundna árlega endurskoðun á reikningum ÍSALs, í stað þess að hún var áður valkvæð og ekki framkvæmd reglulega. Af þessari breytingu leiðir að ekki á að þurfa að koma til afturvirkrar endurskoðunar á framleiðslugjaldinu, eins og um var að ræða vegna áranna 1976—1979, þegar árleg endurskoðun fór ekki fram. Er því einnig svo á kveðið, að afturvirkar aðgerðir af því tagi eigi ekki að koma til, þannig að ekki sé unnt að vefengja framleiðslugjald ÍSALs eftir á, nema endurskoðun hafi farið fram fyrir tilskilinn endurskoðunartíma.

Í mgr. 2.05 og 2.06 eru gerðar orðalagsbreytingar vegna tilfærslu ákvæða í mgr. 29.05 og 29.06.

Í mgr. 2.07 er samið um nýjan stofn skattainneignar ÍSALs samkvæmt mgr. 29.09 í aðalsamningnum, sem leiðir af hinni umsömdu lækkun inneignarinnar vegna ákvæða sáttargerðarsamningsins. Einnig er þar um samið að skuldajöfnuð vegna skattinneignarinnar skuli jafnan miða við 1. febr. árs hvers.

Í mgr. 2.08 er síðan kveðið svo á með breytingu á mgr. 33.01 í aðalsamningnum að ekki skuli lögð á viðurlög vegna framleiðslugjalds ÍSALs í sambandi við þá endurskoðun sem um ræðir í mgr. 29.06 og 29.07, þ. e. hina árlegu endurskoðun samkvæmt þeim greinum vegna ákvörðunar á nettótekjum félagsins. Hér er fyrst og fremst átt við að ekki komi til álita að beita viðurlögum hliðstæðum við þau, sem um ræðir í 106. gr. tekjuskattslaga, vegna galla eða vöntunar á framtali. Enda þótt þessi viðurlög séu talin eðlilegur þáttur í almennum tekjuskattslögum eiga þau ekki vel við um aðila eins og ÍSAL af ýmsum ástæðum, ekki síður eins og ákvæðum aðalsamningsins um greiðslu og uppgjör framleiðslugjaldsins verður nú breytt. — Mér virðist þessi setning ekki með öllu hnökralaus málfræðilega séð og mun ég athuga það síðar. — Í fyrsta lagi er framleiðslugjald ÍSALs ekki hreinn tekjuskattur og þannig ekki með öllu sambærilegt. Í öðru lagi er ÍSAL aðili, sem sætir sérstökum framtalsreglum og sérstakri endurskoðun, en venjuleg viðurlög eru ætluð til aðhalds gagnvart hinum ótiltekna hópi skattborgara þar sem útilokað er að skattyfirvöld geti endurskoðað hjá hverjum og einum. Og í þriðja lagi er m. a. á það að líta, að hin árlega athugun á nettótekjum ÍSALs er að verulegu leyti gerð til samanburðar og leiðréttingar á skatti, sem félagið er búið að greiða þegar athugun fer fram, en

ekki til skattálagningar frá grunni. Má í því sambandi vísa til ákvæðanna um greiðslu skatts samkvæmt grunntaxta við útskipun áls og skatts samkvæmt leiðréttum taxta snemma á næsta ári, auk þess sem áður var nefnt um skuldajöfnuð vegna skattinneignar.

Á hinn bóginn er þessu nýja ákvæði ekki ætlað að taka til þess, hvað gera ætti ef ÍSAL gerist sekt um sviksemi í framtali tekna, og í samningum aðila hefur aldrei komið til umræðu að slíkt atferli kæmi til greina. Í því tilviki væri komið út fyrir svið venjulegra viðurlaga og inn á svið refsinga og þær mundu þá fara eftir almennum hegningarlögum.

Í 3. gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum mgr. 49.01 um gildistíma aðalsamningsins til samræmis við breytingu á 15. gr. rafmagnssamningsins, er um ræðir í grg. um hann. Er hún í því fólgin að ekki þurfi að taka endanlega ákvörðun um tíu ára framlengingu samninganna í síðara skiptið, sem hún kemur til greina, fyrr en sex mánuðum fyrir valdag, þ. e. eftir að fyrir liggur hvaða orkuverð muni eiga að gilda fyrir það tímabil.

Í 4. gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum 22. gr. aðalsamningsins um hluti og hluthafa í ÍSAL. Í fyrsta lagi er Alusuisse heimilað að selja þriðja aðila allt að 50% af hlutafé ÍSALs í stað 49% áður og skilgreiningu samnings á „minnihluta hluthafa" í mgr. 1.01 breytt í samræmi við í „samþykktan hluthafa". Ráðstöfun af þessu tagi verður að öllu leyti háð samþykki ríkisstj., sem yrði frjálst að setja hvers konar skilyrði í því sambandi, eins og um ræðir nánar í mgr. 22.03.

Jafnframt er bætt við aðalsamninginn nýrri mgr. 22.04, þar sem Alusuisse er heimilað að framselja hlutabréf í ÍSAL til dótturfyrirtækja í einkaeign sinni, þ. e. til lögaðila, þar sem Alusuisse á 100% hlutafjár eða eignaraðild. Tekið er fram að Alusuisse ábyrgist réttar og skilvísar efndir slíks aðila á skuldbindingum gagnvart ríkisstj., Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstað, eftir því sem um er að ræða.

Þessi ákvæði 4. gr. eru sett í framhaldi af mgr. 3.3 í bráðabirgðasamningnum frá 1983. Jafnframt þeim er gert ráð fyrir breytingum ákvæðum í stofnsamningi og samþykktum ÍSALs á fskj. C með viðaukanum.

Í 5. og 6. gr. viðaukans er fjallað um tengsl hans við hina viðaukana og þá fylgisamninga aðalsamningsins, sem þeir breyta, svo og tengslin við gildandi aðalsamning. Í mgr. 6.02 er svo fjallað um gildistöku viðaukans í samræmi við þau sjónarmið sem lýst var í upphafi.

Á fskj. B með viðaukanum við aðalsamning er gerð breyting á ákvæðum mgr. 2.03 í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs, þar sem fjallað er um tæknilega aðstoð hins fyrrnefnda við innkaup á hráefnum og öðrum aðföngum handa hinu síðarnefnda. Hefur grein þessi verið mjög til umræðu í deilumálum aðila vegna ákvæða hennar þess efnis, að Alusuisse skuli jafnan leitast við að tryggja að ÍSAL geti fengið þessi aðföng með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru.

Með breytingu þessari er það gert ótvírætt, að umrædd ákvæði 2.03 um „bestu skilmála" eigi við í þeim tilvikum, þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Frá sjónarmiði Alusuisse skiptir þessi túlkun ákvæðisins ekki aðeins máli gagnvart ríkisstj., heldur einnig gagnvart hugsanlegum samstarfsaðila í ÍSAL samkvæmt hinum nýju ákvæðum þar um, og hefur fyrirtækið því lagt áherslu á að fá aðstoðarsamningnum breytt að þessu leyti.

Eftir sem áður verður það mgr. 27.03 í aðalsamningnum, um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, sem geymir aðalákvæðin um mat á viðskiptum Alusuisse og ÍSALs. Við það mat er það meginálitaefnið hvaða viðskipti óháðra aðila séu sambærileg við viðskiptin hjá ÍSAL, og á það álitaefni getur reynt með svipuðum hætti hvort sem aðstoðarsamningnum er breytt eða ekki. — Gert er annars ráð fyrir að reglur mgr. 27.03 verði meðal þeirra atriða, sem til umræðu komi í framhaldsviðræðum aðilanna um skattamál, sem hefjast á næstunni.

Í sérstakri umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, sem fylgir frv. sem fskj. nr. I, er að finna lýsingu þriðja viðauka við rafmagnssamninginn, en meginatriði eru eftirfarandi.

1. Orkuverð verður í framtíðinni breytilegt þannig að grunnverð verður 15 mill á kwst. Verðið breytist í samræmi við vísitölu álverðs, þó þannig að orkuverðið verður aldrei undir 12.5 mill á kwst. og ekki yfir 18.5. Vísitalan er reiknuð út frá hreyfingum fjögurra álverða, sem nákvæmlega eru skilgreind í rafmagnssamningnum.
2. Ný grein kveður svo á um að á fimm ára fresti geti hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samningunum, ef átt hafa sér stað ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar breytingar á aðstæðum, sem leiða til röskunar á jafnvægi samningsins og harðréttis — eins og það er nefnt — fyrir aðila.
3. Ef annar hvor aðilinn neitar að verða við ósk um viðræður um endurskoðun má skjóta slíkri neitun til úrskurðar gerðardóms, sem taka verður afstöðu til þess, hvort breyttar forsendur liggi fyrir þannig að aðilum beri að hefja viðræður um endurskoðun samningsins. Ef slíkar viðræður leiða ekki til niðurstöðu má einnig skjóta þeim ágreiningi til gerðardóms.
4. Hinar nýju breytingar á rafmagnssamningnum taka gildi um leið og þriðji viðauki við aðalsamning ríkisstj. og Alusuisse, þ. e. að fenginni staðfestingu Alþingis.
5. Gildistími hins nýja orkuverðs er 20 ár, þ. e. frá því nú og þar til 35 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, enda hafi aðalsamningurinn verið framlengdur frá 1994 til 2004. Að þeim tíma loknum getur hann framlengst um tíu ár til viðbótar ef aðalsamningurinn er þá framlengdur. Komi til slíkrar framlengingar skal samið um nýtt rafmagnsverð ef ósk kemur fram um það af hálfu annars hvors aðilans. Í samningunum er að finna ákvæði um viðmiðun við ákvörðun nýs rafmagnsverðs sem eru hagstæð Landsvirkjun. Fimm ára endurskoðunarreglan gildir einnig á þessum síðustu tíu árum samningsins.

Ég vil þá víkja aðeins að umsögn Landsvirkjunar um hinn nýja rafmagnssamning. Segir svo í þeirri umsögn, með leyfi forseta:

„Veigamesta breytingin á rafmagnssamningnum snertir orkuverðið, en hún felur í sér u. þ. b. tvö- til þreföldun á orkuverði frá ÍSAL sem Landsvirkjun bjó við áður en bráðabirgðasamningur ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse gekk í gildi hinn 23. sept. 1983. Til þess að lýsa því frekar hvaða áhrif þetta hefur á tekjur Lands-

virkjunar er vísað til meðfylgjandi myndar, sem hér er birt og fylgir þessum upplýsingum, sem sýnir samanburð á orkuverði samkvæmt núverandi samningi og því orkuverði sem áætlað er að hinn nýi samningur færi Landsvirkjun. Samanburðurinn sýnir rauntölur frá ársbyrjun 1979 og áætlun um framtíðarorkuverð sem byggja á spám frá Chase Econometrics og sérfræðingunum James Kings og Robin Adams. Spáin, sem sýnd er á myndinni, er nokkurn veginn meðaltalið af áður greindum spám. Eins og lesa má af hinni meðfylgjandi mynd eru helstu niðurstöður þessar:

1. Viðbótartekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL skv. nýja samningnum á tímabilinu 1985—1989 eða næstu fimm ár áætlast tæpar 2.100 millj. kr. á öllu tímabilinu eða um 415 millj. kr. að jafnaði."
   — Það skal fram tekið að þessir útreikningar eru byggðir á gengisskráningu sem er nú liðin saga, þannig að þessar tölur ber að umreikna, en ég tel að það skipti ekki máli. Öllum hv. þm. er fullkunnugt um þá atburði. Og þótt við nefnum hærri tölur núna eru þær ekki verðmætari.
2. „Viðbótartekjur Landsvirkjunar skv. nýja samningnum og bráðabirgðasamningnum áætlast u. þ. b. 2.230 millj. kr. fram til ársloka 1989.
3. Til þess að átta sig betur á þýðingu nýja samningsins hefur einnig verið reiknað út hvað hann hefði gefið í aðra hönd miðað við raunverulega þróun í verðlagningu á áli og sést þá að orkuverðið hefði sveiflast milli 12.5 og 16.5 milla á kwst. á tímabilinu 1979 fram til þessa dags.

Meðalorkuverð í Evrópu til álvera er nú talið á bilinu 14—15 Bandaríkjamill á kwst. og í Noregi er það nú um og innan við 9 Bandaríkjamill á kwst., en Noregur er einmitt það land sem Alusuisse hefur einna helst talið að ætti að miða við í samkeppnisaðstöðu ÍSALs. Orkuverð í Norður-Ameríku til álvera er töluvert hærra en í Evrópu eða um 20 mill á kwst., en nú á allra síðustu tímum hafa nokkur helstu raforkufyrirtæki þar boðið upp á verulega verðlækkun raforku, tímabundið, meðan áliðnaðurinn er í þeirri kreppu sem nú stendur yfir. Þá hafa sérfræðingar þeir, sem komið hafa við sögu við undirbúning samningaviðræðna við Alusuisse, komist að þeirri niðurstöðu að samkeppnisaðstaða ÍSALs væri með þeim hætti að orkuverð hér þyrfti að vera um 4 Bandaríkjamillum á kwst. lægra miðað við Evrópu og um 5 millum á kwst. lægra miðað við Norður-Ameríku til þess að ÍSAL stæði fjárhagslega jafnfætis sambærilegum bræðslum á þessum svæðum.

Hinn nýi samningur gerir einnig ráð fyrir því að aðilar hafi möguleika á að opna samninga á fimm ára fresti hvað varðar orkuverð og afhendingarskilmála. Er hér um nýmæli að ræða, þar sem ekkert slíkt ákvæði hefur áður verið fyrir hendi í rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ÍSALs. Eru hin nýju ákvæði hér að lútandi mjög mikilvæg fyrir Landsvirkjun, þar sem þau veita fyrirtækinu æskilegan rétt til opnunar samninga ef tilteknar aðstæður eru fyrir hendi.

Upphaflegi rafmagnssamningurinn gerir ráð fyrir því að hann gildi í 25 ár, þ. e. til ársins 1994, en sé síðan tvívegis framlengdur um tíu ár í senn, þannig að hann fylgi hugsanlegum framlengingum ríkisstj. eða Alusuisse af því tagi í aðalsamningnum. Komi til slíkra framlenginga er heimilt að endurskoða rafmagnsverðið eftir ákveðnum reglum með hliðsjón af þróun álverðs í Noregi og heimsmarkaðsverði á áli. Í drögunum að þriðja viðauka rafmagnssamningsins er gert ráð fyrir 20 ára samningstíma með áðurnefndum ákvæðum varðandi breytingar á orkuverði á fimm ára fresti, svo og möguleika á tíu ára framlengingu á þann hátt sem greinir frá í lið 3 í grg. hér að framan. Komi til slíkrar framlengingar gilda þargreindar verðbreytingareglur, sem telja verður að séu Landsvirkjun hagstæðari en þær sem fyrir eru. Samkvæmt þriðja viðaukanum getur samningurinn skv. þessu gilt til 1. okt. árið 2004 eða til 1. okt. árið 2014, komi til umræddrar framlengingar, þ. e. jafnlengi og núverandi samningur getur gilt lengst.

Með hliðsjón af framangreindu er það álit okkar", segir forstjóri Landsvirkjunar, „að samkomulag það sem lögð hafa verið drög að um breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ÍSALs sé Landsvirkjun mjög í vil og fyrirtækinu til verulegra hagsbóta."

Ég mun nú stytta mál mitt í þessari grg., en vil aðeins stikla á höfuðatriðum hinna nýju samninga:

1. Gerð er sátt sem tekur til allra deilumála vegna liðins tíma.
2. Sáttin er heildarlausn og felur ekki í sér tilraun til að gera upp í einstökum málum eða fá annan aðila til að viðurkenna ábyrgð eða gildi röksemda hins.
3. Ríkisstj. leysir Alusuisse og ÍSAL undan öllum kröfum vegna liðins tíma og félögin aftur á móti leysa ríkisstj. undan hugsanlegum kröfum.
4. ÍSAL greiðir ríkisstj. 3 millj. dollara í sáttafé. Skattinneign lækkar úr 7 081 071 dollar í 4 081 071 dollar.
5. Sáttargerðarsamningurinn er staðfestur fyrir dómnefndum sem dómsátt, að vísu háð samþykki hins háa Alþingis, eins og margsinnis hefur verið tekið fram.
6. Sáttargerðarsamningurinn er tengdur breytingum á aðalsamningi.
7. Settar eru nokkrar nýjar skattareglur í aðalsamning:
   a. Sett er ný afskriftaregla um mengunarvarnabúnað.
   b. Byrja má að afskrifa gengistöp á sama ári.
   c. ÍSAL má breyta framlagi í varasjóð ef framtölum er breytt.
   d. Ákveðið er að endurskoðun hjá ÍSAL fari fram árlega en sé óbreytt að öðru leyti. Ekki má vefengja framleiðslugjald ÍSALs eftir á nema endurskoðað hafi verið.
   e. Ákveðinn er nýr höfuðstóll skattinneignar vegna lækkunar skattinneignar. Leyst er úr ágreiningi um reikning á vöxtum af skattinneign, þ. e. miðað er við 1. febr., en þar hafði Alusuisse haldið sér við 1. maí.
   f. Tekin eru af tvímæli um að ekki sé unnt að beita ÍSAL venjulegum skattaviðurlögum eins og ég vék hér að áðan.
8. Alusuisse er heimilað að selja allt að 50% hlutafjár í ÍSAL að áskildu samþykki ríkisstj.
9. Alusuisse er heimilað að selja hlutabréf í ÍSAL til dótturfélaga sinna í einkaeign og verður þá að ábyrgjast efndir af þeirra hálfu.
10. Gerð er breyting á gr. 2.03 í aðstoðarsamningi þess efnis að ákvæði um að reyna að tryggja bestu skilmála gildi í viðskiptum við þriðja aðila.
11. Samið er um nýtt orkuverð á bilinu 12.5—18.5 mill

í stað 6.4—7.5 milla eftir fyrra samningi og 9.5 milla eftir bráðabirgðasamningnum frá liðnu ári. Orkuverð er miðað við álverð innan þessara marka eftir fjórum mismunandi mælikvörðum.

12. Heimilt skuli vera að endurskoða orkuverð og aðra skilmála á fimm ára fresti ef um breyttar aðstæður er að ræða.
13. Hið nýja orkuverð gildir til 1. okt. 2004, í tæp tuttugu ár, að áskildri margnefndri endurskoðun.
14. Ef samningar eru framlengdir um tíu ár eftir 1. okt. 2004 verður samið um nýtt orkuverð.

Ég hef þá lokið að flytja framsögu mína fyrir þessu mikilsverða máli. Ég vil hér koma á framfæri þakklæti mínu sérstöku til nefndarmanna í samninganefnd um stóriðju, þeirra Jóhannesar Nordals, hv. þm. Gunnars G. Schram og Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings. Þeir hafa unnið frábært starf að mínum dómi. Ég held þó að á engan sé hallað þó ég taki sérstaklega fram að formaðurinn, Jóhannes Nordal, hefur gegnt lykilhlutverki í þessum viðræðum og frammistaða hans og framlag til þessarar samningsgerðar verður seint að verðleikum metið. Ég vil enn fremur nefna til menn eins og Hjört Torfason, sem er lögfræðilegur ráðunautur iðnrn. í stóriðjumálum og Garðar Ingvarsson hagfræðing.

Herra forseti. Ég legg til að þegar 1. umr. um mál þetta lýkur í hv. Nd. verði því vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Það var við tilmælum mínum orðið, að nefndir í báðum hv. deildum störfuðu sameiginlega að vinnslu þessa máls, og vænti ég að það komi neðrideildarnefndinni — og veit með vissu — til góða þegar hún tekur nú til við þetta mál. Ég hef sagt — og endurtek það hér — að þótt málið sé brýnt og fjármunir í húfi vil ég engum ónauðsynlegum þrýstingi beita eða ákefð að málið nái fram að ganga öðruvísi en allir aðilar megi vel við una og að menn taki sér þann tíma sem þeim sýnist eðlilegur og nauðsynlegur. Á morgun er hálfur mánuður liðinn síðan framsaga var flutt fyrir málinu í hv. Ed., þannig að ærinn tími hefur gefist til að ígrunda málið, en allt að einu kann iðnn. Nd. enn að þurfa að glugga í ýmis skjöl og leita sér fleiri upplýsinga og er ekkert við því að segja. Ég legg áherslu á, herra forseti, ef þess er nokkur kostur, að mál þetta nái til n. í dag, en ég get auðvitað ekkert um það sagt hvort þess er kostur. Vil ég þó biðja hæstv. forseta að athuga hvort færi gefst á því að nýta tímann t. a. m. milli 6 og 7 til umr., en það verður þá að arka að auðnu hvernig til tekst. Ég vildi aðeins með þessum orðum koma á framfæri tilmælum mínum um að málinu verði flýtt sem kostur er, en endurtek að hv. þm. verða að fá lágmarkstíma til að kynna sér allt málið. Það vill nú svo vel til að einstaka málsmetandi manni er málið mjög vel kunnugt, þannig að það kann líka að stytta tíma í meðferð málsins. En þetta eru sem sagt tilmæli mín til viðbótar við þá till. sem ég gerði um vísun málsins til 2. umr. og iðnn.

Forseti (Karvel Pálmason): Út af orðum hæstv. iðnrh. um málsmeðferð nú við 1. umr. skal af hálfu forseta tekið fram að hann er allur af vilja gerður til þess að sú ósk hæstv. ráðh. megi verða að veruleika. En til þess þurfa fleiri að koma. Það eru tilmæli mín til þingflokka — ég held að þeir geti líka spilað stórt í þessu — hvort þeim mundi ekki nægja þingflokksfundatími til kl. hálfsex þannig að við gætum þá byrjað fund aftur hálfsex og til kl. sjö. Ég á ekki von á að menn verði andvígir því og vil hér með beina því til þingflokksformanna hvort þeir gætu hugsað sér að deildin fengi þó ekki væri nema hálftíma af þingflokksfundatíma í dag til að halda áfram umr. Mér þykir einsýnt að málið verður ekki útrætt á fundartíma deildarinnar, þannig að lengri tíma þarf, en þetta verður allt kannað.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er komið til Nd. frá hv. Ed. frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Hér er á ferðinni stærsta mál sem komið hefur fyrir þingið um langan tíma og þess væri því að vænta að vandaður undirbúningur lægi að baki þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj. og að leitað hefði verið samstöðu og samráðs við stjórnarandstöðuna við mál þetta á undirbúningsstigi af hálfu ríkisstj.

Eins og fram hefur komið við umr. hér um þetta mál fyrir nokkrum vikum í hv. deild þá er því ekki svo háttað, því miður, heldur liggur fyrir að ríkisstj. valdi þann kost við málsmeðferð alla frá því að hún tók við völdum vorið 1983 að halda stjórnarandstöðunni með öllu frá upplýsingum og samráði um þetta stóra mál. Aðstaðan var meira að segja þannig að þessu leyti að þegar hæstv. iðnrh. svaraði hér fsp. þann 25. okt. s. l. hafði hann tunguhaft sem á hann hafði verið sett af gagnaðila og treystist ekki til að svara hér á Alþingi Íslendinga framlögðum fsp. nema að hluta til vegna þess að gagnaðilinn hafði sett honum stólinn fyrir dyrnar og hann varð að taka meira tillit til hans í þessu tilviki en til Alþingis Íslendinga.

Þetta mál er margþætt eins og oft hefur komið fram. Sumir vilja líta á það að verulegu leyti sem tæknilegs eðlis og vissulega hefur það slíka þætti að geyma, ekki fáa. En það er þó öðru fremur pólitískt mál sem er háð mati þeirra sem um fjalla og þeim aðstæðum sem skapast í samskiptum við það fyrirtæki, sem hér á í hlut sem samningsaðili íslenskra stjórnvalda.

Það verður að segja að niðurstaða hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. í þessu máli er með þeim hætti að með ólíkindum verður að teljast hvernig núv. ríkisstj. hefur tekist að fara með þetta mál miðað við þá stöðu sem hún hafði til að fylgja því fram til viðunandi árangurs fyrir Íslands hönd. Leyndin, sem valin var í málsmeðferðinni, á eflaust þátt í þeirri niðurstöðu sem kynnt er með þessu frv. Það var ekki reynt að skapa þjóðarsamstöðu um málið. Raunar höfðu komið fram mjög skýrar brotalamir á slíku í tíð fyrrv. ríkisstj. en nú var slíkum tilraunum hafnað með öllu og það þrátt fyrir það að t. d. þingflokkur sjálfstæðismanna gagnrýndi það sérstaklega með bréfi 5. maí 1982 að ekki hefðu verið höfð fullnægjandi samráð að hans mati við þáv. stjórnarandstöðu, en slík full samráð væru skilyrði árangurs í máli sem þessu að mati þingflokks Sjálfstfl. Ég rifjaði upp nokkra efnisþætti úr þessu bréfi hér við umr. fyrir nokkrum vikum utan dagskrár og ætla ekki að endurtaka það hér. En það er kaldhæðnislegt fyrir núv. stjórnarflokka og ekki síst fyrir þingflokk Sjálfstfl. að hafa þá stefnu sína skjalfesta í sérstöku bréfi til fyrrv. ríkisstj. að þörf væri slíkrar samstöðu og samráðs allra flokka til að árangri mætti ná. Þó átti Sjálfstfl., sem í stjórnarandstöðu var í tíð síðustu ríkisstj., fulltrúa í þeirri nefnd sem iðnrh. skipaði, álviðræðunefnd, sem hélt 54 bókaða fundi á meðan hún starfaði og fékk hér

allar upplýsingar sem málið varðaði hverju sinni til meðferðar og mats.

Það mun hafa gerst einu sinni í tíð núv. ríkisstj. að hæstv. iðnrh. sá ástæðu til að kveðja fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna á sinn fund til þess að greina þeim frá stöðu málsins. Það var í sept. s. l. en þá með því fororði að með þær upplýsingar væri farið sem algert trúnaðarmál og málið komið algerlega á lokastig af hans hálfu. Þetta er nauðsynlegt að rifja hér upp í upphafi.

Ég vil einnig minna á það að síðast þegar þessi mál voru til umr. af svipuðu tilefni hér á Alþingi Íslendinga, endurskoðun á samningum við Alusuisse veturinn 1975—1976, þá hafði þó að vissu marki verið skár að verki staðið hvað snerti samráð við þáv. þingflokka á undirbúningsstigi þótt ófullkomið væri vissulega. Þá var lögð fyrir Alþingi niðurstaða samninganefndar sem tók á endurskoðun álsamninganna við Alusuisse. Þar var um heildaruppgjör að ræða í álsamningaumleitunum milli aðila. Nú er máli ekki þannig háttað. Hér er ekki verið að leggja á borð alþm. eitthvert heildaruppgjör af endurskoðun álsamninganna, eins og sumpart hefur verið reynt að halda fram, heldur er hér aðeins á ferðinni hluti af þeirri heild sem ríkisstj. markaði með bráðabirgðasamningi 23. sept. 1983 og ætlaði sér að ljúka samningum fyrir 1. apríl 1984.

1. apríl er löngu liðinn og þrátt fyrir það er hér engin heildarniðurstaða á ferð heldur eru skildir eftir mjög veigamiklir þættir þessa máls, þ. e. endurskoðun á skattkerfi, sem ákveðið var að taka til endurskoðunar skv. bráðabirgðasamkomulagi, endurskoðun á skattareglum varðandi ÍSAL. Þær er hér ekki að finna að öðru leyti en þeirri meðgjöf sem fylgir í þessum hluta pakkans af hálfu ríkisstjórnar Íslands inn á Alþingi Íslendinga.

Annar þáttur þessa máls, sem skilinn er útundan af því sem til var tekið í bráðabirgðasamkomulaginu 1983, er stækkun álversins sem hér er ekki lögð fyrir samningslega séð en þó með bókun sem veitir Alusuisse forgangsrétt að raforku íslenskra orkuvera til 50% stækkunar álversins svo fremi um orkuverð semjist. Þessi forgangsréttur er ekki takmarkaður hvað tíma snertir.

Ég vil vekja alveg sérstaka athygli hv. þdm. á þessari stöðu málsins vegna þess að hvað sem segja má um innihaldið í þessu frv. hér, þá er það alveg ljóst að með því að kljúfa samningspakkann, sem ætlunin var að ganga frá skv. bráðabirgðasamkomulagi ríkisstj., hefur Alusuisse tekist að skapa sér stöðu í þessu máli sem ekki er séð fyrir endann á hvernig niðurstaða verður af. Alþekkt er viðleitni fjölþjóðafyrirtækja að leitast við að ná fram sínum hlut í áföngum gagnvart aðilum sem þau telja sig hafa tök á að hlunnfara eða þar sem þeir telja sig sterkari aðila. Því miður hefur ríkisstjórn Íslands af fljótræði leyft auðhringnum að láta þetta dæmi sitt ganga upp og því er ekki hægt að leggja neitt endanlegt mat á það sem fyrir liggur í þessu frv. með tilliti til heildarniðurstöðu endurskoðunar samninganna vegna álversins í Straumsvík.

Ég vil að sjálfsögðu á þessu stigi ekki vera með neinar fullyrðingar um það hvernig fara muni varðandi þann hluta pakkans sem ósamið er um. En ef marka má innihaldið í þessu frv. hér er síst ástæða til bjartsýni að þessu leyti. Þegar þjóð, og það smáþjóð eins og Íslendingar, á í viðskiptum við erlenda aðila skiptir það afar miklu að hægt sé að halda sem best friðinn og samstöðu hér innanlands til þess að fá viðspyrnu varðandi íslenska hagsmuni. Þetta ætti að vera öllum dagljóst. Af þessu höfum við reynslu, tiltölulega góða reynslu úr landhelgisbaráttu okkar á liðnum áratugum, en því sama er því miður ekki að heilsa þegar um er að ræða það stórfyrirtæki, sem hér er gagnaðili íslenska ríkisins, Alusuisse. Þar hefur tekist til með allt öðrum og verri hætti. Þar hefur þessu fjölþjóðafyrirtæki tekist að sundra þjóðinni, sundra íslenskum stjórnmálaflokkum og hagsmunaaðilum hér innanlands með þeim afleiðingum að það hefur allt aðra stöðu til að ná fram sínum hagsmunum en ella væri.

Þetta mál var tekið upp í framhaldi af endurskoðuninni 1975 á árinu 1980 með samþykkt ríkisstj. um kröfu á hendur Alusuisse um endurskoðun álsamninganna. Um þá kröfugerð ríkti í ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens framan af allgóð samstaða og samvinna og flokkar í stjórnarandstöðu slógust í hópinn mismunandi viljugir þó til þess að eiga samstarf og samvinnu um þetta stóra mál. Alþfl. t. d. tók á þessum tíma mjög einarðlega undir kröfugerð ríkisstj. að þessu leyti og Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu skipaði sinn fulltrúa í álviðræðunefnd. Það horfði því framan af í meðferð þessa máls í tíð fyrrv. ríkisstj. ekki óvænlega um að hægt væri að brjóta upp álsamningana og fá fram á þeim mjög verulegar breytingar Íslandi til hagsbóta. Ástæðan fyrir því að staðan var sterk í málinu og hefur verið það efnislega allt fram undir þetta er sú að íslensk stjórnvöld höfðu dregið það fram í dagsljósið að þessi viðsemjandi og samstarfsaðili íslenska ríkisins um álverið í Straumsvík hafði brotið gróflega samninga á Íslendingum og hlunnfarið íslensk stjórnvöld og orkuyfirvöld með svo grófum hætti að ekki er aðeins óþekkt hérlendis heldur leitun á því að slíkt hafi verið dregið fram með svo skýrum hætti á alþjóðavettvangi. Þessi staða málsins veitti okkur möguleika á því að ná fram mjög verulegum ávinningi fyrir Íslands hönd.

Það gerðist hins vegar fljótlega að talsmenn auðhringsins tóku að leita hófanna hjá þeim sem þeir töldu vini sína og tryggðamenn, bandamenn hér innanlands og fóru að bera sig upp yfir þeim óskaplegu ásökunum sem fram væru bornar af þáv. iðnrh. landsins, sem væri að svelta fyrirtækið og stórskaða á alþjóðavettvangi. Nú yrðu þeir að koma til hjálpar og koma í veg fyrir að hið góða samstarf liðinna ára yrði að engu gert. Það er rétt að nefna það hér, án þess að ég ætli að fara út í þá sálma ítarlega, að auðhringurinn hafði ótrúlega mikla uppskeru af sinni viðleitni. Það sem var sérstaklega afdrifaríkt í þessu máli var það í tíð fyrrv. ríkisstj. að stærsti stjórnarflokkurinn í þeirri ríkisstj., Framsfl., tók að kikna í þessu máli. Hann tók að taka undir málflutning auðfélagsins og vinna að því leynt og ljóst að brjóta niður þá samstöðu sem tekist hafði innan þáv. ríkisstj. og reyndar með stjórnarandstöðu líka. Þetta gerðist þegar á fyrstu mánuðum ársins 1982 þótt ekki yrði alþjóð kunnugt á þeim tíma vegna þess að auðvitað var reynt að berja í brestina. En síðan gerðist það, sem allir hv. þm. muna eftir, að fulltrúi Framsfl., Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, sá ástæðu til þess viku af des. 1982 að setja fram úrslitakosti í álviðræðunefnd um það sem hann taldi að ætti að verða samningstilboð til Alusuisse. Þegar ekki

var undir það tekið sagði hann sig úr nefndinni frammi fyrir upptökuvélum íslenska sjónvarpsins og rauf þannig formlega þá samstöðu sem leitast hafði verið við að varðveita fram að þeim tíma.

Það þarf ekki að hafa um það mörg orð með hvaða hætti sterkur aðili eins og gagnaðili Íslands í þessu máli hagnýtir sér slíkar aðstæður. Það var dagljóst og mér fullkomlega ljóst þegar leið á árið 1982 að líkurnar á því að hægt væri að ná viðunandi samkomulagi miðað við þáverandi aðstæður í þessu máli voru hverfandi og fóru síminnkandi vegna innbyrðis deilna hérlendis. Þessar deilur kristölluðust síðan með þeim sérstaka hætti að þegar kom fram í febrúarmánuð 1983 tóku sig saman fulltrúar þriggja þingflokka hér á Alþingi Íslendinga og afgreiddu út úr atvmn. Sþ. till. um ályktun um viðræður við Alusuisse sem fólu í sér undirtektir við mikilsverðar kröfur auðhringsins, m. a. um stækkun álversins. Á þessari till. voru með öðrum ekki óþekktari menn en núv. hæstv. iðnrh. og núv. hæstv. sjútvrh. Flutningur þessarar till. var afar skýr. Í honum fólust afar skýr boð til gagnaðilans. Síðan kom kosningabarátta og kosningar með sínum úrslitum. I framhaldi af þeim settust á stóla þeir flokkar sem stóðu að endurskoðuninni 1975 og hæstv. núv. iðnrh. tók við ábyrgð á þessum málum. Ég hef þegar getið um leyndina sem hann kaus að hjúpa þetta mál gagnvart stjórnarandstöðunni og hann gaf Alþingi skýringu á þeirri leynd hér fyrir fáum vikum. Ástæðan var sú að hans sögn og sú ein tiltekin að ekki hafi verið fært að sýna Alþb. á spilin. Það hafi verið með öllu útilokað að leyfa stærsta stjórnarandstöðuflokknum aðgang að þessu máli og leita við hann samstarfs og samvinnu við meðferð þess.

Hæstv. ráðh. kaus að setja á fót sérstaka samninganefnd einvörðungu skipaða trúnaðarmönnum núv. ríkisstj. og hann kaus að skipa sem oddvita í þá nefnd þann mann, sem hér var nefndur með sérstöku þakklæti í framsögu hæstv. ráðh., Jóhannes Nordal doktor og seðlabankastjóra og stjórnarformann Landsvirkjunar. Ég gagnrýndi þessa nefndarskipun alveg sérstaklega þegar bráðabirgðasamningurinn var til umr. hér í nóv. s. l. Mér er ómögulegt að skilja það hvaða nauður rekur til þess að vera að setja jafnágætan mann og dr. Jóhannes Nordal í þann vanda að fara að taka enn einu sinni á þessu máli, sem hann er búinn að kljást við frá því upp úr 1960 og fylgja eftir sem samningamaður íslenska ríkisins, því miður ekki með þeim árangri sem æskilegt hefði verið og ljósast liggur fyrir á síðustu endurskoðun þessara samninga á árinu 1975 þegar niðurstaðan varð núll varðandi íslenska heildarhagsmuni og reyndar lakari en það. Það var upplýst á Alþingi fyrir einum tveimur árum síðan hvernig sú útkoma lá fyrir að mati ríkisendurskoðunar. Þeim tölum hefur í engu verið hnekkt og þeim dómi, að fram að þeim tíma, 1982, hafi íslenska ríkið orðið af jafn miklum skatttekjum vegna breytinga á skattareglum 1975 og raforkuverðið til Landsvirkjunar hafði hækkað á þessu tímabili. Ýmis fleiri atriði komu inn í þá samningamynd sem renna stoðum undir þá fullyrðingu að heildarniðurstaða þessarar endurskoðunar var neikvæð fyrir Ísland.

Það er ekki heldur við hæfi að mínu mati að einn helsti bankastjóri landsins sé settur í þá aðstöðu, það tvöfalda gervi, að sinna ráðgjöf og stýringu á fjármálum þjóðarinnar, undirstöðuþáttum í efnahagsmálum landsins og peningamálum og bankamálum, og gera hann jafnframt að formanni í samningum af þessu tagi. Það er ekki við hann að sakast heldur þá sem setja hann til verka. Auðvitað er það ekki við hæfi að sami bankastjóri sé settur í það hlutverk, eins og gert hefur verið síðan 1965, að gegna stjórnarformennsku í stærsta orkufyrirtæki landsins. Alþb. eitt flokka, sem á fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar, greiddi atkv. gegn þeirri ráðstöfun þegar það átti kost á því síðast þegar á þessi mál reyndi.

Ég tel enga ástæðu til að draga fjöður yfir það að ég tel að hér hafi mjög ólánlega til tekist að þessu leyti, ekki síst vegna þess að í ljós hefur komið í málsmeðferðinni að hæstv. iðnrh. hefur nánast í blindni, að því er mér virðist, treyst á þessa samninganefnd sína varðandi málafylgju alla.

Fulltrúi Framsfl. var þarna einn að verkum tilkvaddur. Og hver var það nú? Það var maðurinn sem rauf samstöðuna, samvinnuna innan álviðræðunefndar á árinu 1982. Honum var að mati Framsfl. alveg sérstaklega til þess treystandi að taka nú á þessu máli. Það er væntanlega vegna þess að hann á trúnað öðrum fremur núv. hæstv. forsrh., sem fyrstur áhrifamanna í Framsfl. gerðist talsmaður álsamninganna þegar þeir voru í mótun 1965 og 1966 og var þá í miklum minni hl. í sínum flokki.

Framsfl. hélt áttum í þessu álmáli þangað til hann lenti í samstjórninni með íhaldinu 1974 og truflaðist þá verulega þó að enn mætti sjá glætu hjá stöku þm., eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Norðurl. v. sem fluttu, að ég man, þáltill. hér á Alþingi á þessum stjórnarárum um það að reynt yrði að tryggja að a. m. k. næðist framleiðslukostnaðarverð vegna orkusölu til stóriðju. Ég vænti þess þó að svo illa sem fyrir Framsfl. er komið í þessu máli nú miðað við framlagningu þessa frv. sem stjfrv., séu þar enn á bæ menn sem hafi augun opin og hafi ekki tekið þátt í því heljarstökki sem forusta Framsfl. hefur tekið undir stjórn hæstv. núv. forsrh. í álmálinu.

Ég nefndi það að hæstv. iðnrh. hefði greinilega treyst mjög á þá samninganefnd sem hann skipaði í júní 1984. Og því skyldi hann ekki gera það úr því að hann valdi hana til verka? Ekki er kannske ástæða til að gagnrýna það sérstaklega. En í stóru og vandasömu máli sem þessu, þar sem pólitísk álitamál hljóta að vera við hvert fótmál, skiptir miklu að viðkomandi ráðh. og fulltrúi framkvæmdavaldsins setji sig inn í málin, fylgist með málunum stig af stigi og helst að hann upplýsi almenning í landinu um stöðu þess, a. m. k. Alþingi. En við höfum beðið hér á Alþingi eftir upplýsingum frá hæstv. ráðh. Við höfum fengið glefsur í fjölmiðlum. Þegar málið hefur verið tekið upp af stjórnarandstöðunni á Alþingi hefur hæstv. ráðh. reynt að veita einhverja úrlausn. En það verður að segja það eins og er að mínu mati, að mikið af því, sem hann hefur fram boðið, hefur afhjúpað vanþekkingu hans á stöðu málsins og í vissum tilvikum hafa verið gefnar upplýsingar sem ástæða er til að ætla að séu vísvitandi rangar, og það hér á Alþingi Íslendinga. Ég spyr: Hverju eigum við að treysta í svo stóru og vandasömu máli, ef ekki er hægt að gera ráð fyrir því að aðalábyrgðarmaður þess beri fram hér á Alþingi Íslendinga rétt mál flutt eftir bestu vitund en fari ekki með staðlausa stafi?

Ég sé ástæðu til að finna þessum orðum mínum stað

því að þau eru stór. Ég stóð hér í þessum stóli 25. okt. s. l. og þá spurði ég hæstv. ráðh. svohljóðandi spurningar sem hann hafði fengið í hendur skriflega daginn áður. Með leyfi forseta vitna ég í þingtíðindi:

„Hefur í núgildandi samningsdrögum við Alusuisse, sem samninganefndarmenn hennar gengu frá í London 9. okt. s. l., verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. á ákvæðum aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum? Samningamenn iðnrh. hafa greint frá því að alveg sé eftir að semja um endurskoðun á skattaákvæðum við Alusuisse. Þá skiptir að sjálfsögðu öllu máli að við höldum öllum okkar rétti til haga. Til að taka af allan vafa um það efni er ofangreind spurning borin fram."

Og hverju svarar hæstv. ráðh. þessari spurningu sólarhring eftir að hann fékk hana skriflega í hendur ásamt fleiri fsp.?

Hann segir, með leyfi forseta:

„Síðan kemur fjórða spurning:

Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum? Svarið er nei."

Ég sá ástæðu til að fagna þessum upplýsingum hæstv. ráðh. í annarri ræðu minni við þessa umr. utan dagskrár með svofelldum orðum, með leyfi forseta.

„Það vakti athygli mína afdráttarlaust svar hæstv. ráðh. við 4. lið fyrirspurnarinnar. Ég fagna því að það skuli ekki hafa verið gefinn neinn ádráttur um túlkun á aðstoðarsamningi — rekstri um bestukjaraákvæði. Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Reykn. hlýddi á mál mitt, samningamaðurinn Gunnar G. Schram, og ég túlka hans þögn hér í þessu máli þannig að þessar upplýsingar séu tryggar og efa það ekki að eftir gangi þegar öll mál sem þessu tengjast niður í smáatriði verða upplýst hér á hv. Alþingi innan fárra vikna."

Síðan líða 10 dagar. Þá kemur hér fram á Alþingi frv. sem hæstv. ráðh. hafði fyrirliggjandi í drögum undirritað af samninganefnd sinni þegar hann svaraði fsp. mínum hér á Alþingi. Og hvað kemur á daginn þegar það frv. er opnað? Reyndist neitandi svar ráðh. vera á rökum reist? Við skulum fletta upp á bls. 43 í þessu frv., þar sem er að finna fylgiskjal B með þriðja viðauka við aðstoðarsamning — rekstur. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Málsgrein 2.03 í aðstoðarsamningi — rekstri er hér með breytt með því að fella niður orðin „með bestu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru" í lok síðasta málsliðar í staflið (c), setja punkt á eftir orðinu „hráefni" næst á undan þeim orðum og bæta þar á eftir inn nýjum málslið, svo hljóðandi," sem þar stendur:

„Hvenær sem hráefni þessi eða önnur aðföng eru, eftir ákvörðun Alusuisse og ÍSALs, útveguð eða keypt frá aðilum öðrum en Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse eða öðrum hluthöfum í ISAL, mun Alusuisse leitast við að tryggja að sú útvegun og innkaup eigi sér stað fyrir ÍSAL með bestu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru."

Breytingin á aðstoðarsamningi — rekstri er fólgin í því að nú eru Alusuisse og öll dótturfélög þess fríuð við að sjá ÍSAL fyrir aðföngum með bestu fáanlegum skilyrðum. Það er aðeins ef um þriðja utanaðkomandi aðila er að ræða sem í reynd skiptir litlu sem engu máli eins og rekstri álversins í Straumsvík hefur verið háttað á undanförnum árum frá því að fyrirtækið hóf starfsemi.

Hér er svo alvarlegt mál á ferðinni að ég hlýt að óska eftir því að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því hér við þessa umr. hvernig í ósköpunum það má gerast að hann við tiltekinni og hnitmiðaðri spurningu hér á Alþingi Íslendinga svarar neitandi atriðum sem hann er búinn að láta sína samninganefndarmenn skrifa upp á. Og samninganefndarmaðurinn dr. Gunnar G. Schram, hv. 2. þm. Reykn., situr hljóður og hnípinn og sér ekki ástæðu til að koma samflokksmanni sínum til hjálpar hafi hann talið hann fara með fleipur, og ég verð þó að ætla að a. m. k. þessi hv. þm. hafi vitað hvað hér var á ferðinni. Er það svo um fleiri atriði í þessu máli? Er það svo að hæstv. iðnrh., sem í nóv. 1983 hét því á Alþingi Íslendinga að upplýsa þingið í öllum smáatriðum um gang þessara mála, endurtók það 10. maí s. l., standi síðan uppi sem ósannindamaður í sambandi við einn gildasta þátt þeirrar endurskoðunar sem snýr að skattamálum sem hér er um að ræða? Hvar er komið okkar hag? Hvar er komið stöðu okkar gagnvart öflugum viðsemjanda ef pólitískir áhrifamenn og íslenskir ábyrgðarmenn sjá ekki fótum sínum forráð með öðrum hætti en hér hefur verið rakið? Það er sannarlega dökkt fyrir stafni þegar horft er til framhalds þeirra mála sem óuppgerð eru.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að rekja fleiri dæmi um brigður í sambandi við yfirlýsingar hæstv. núverandi iðnrh. um þetta mál þó að þau megi finna með tilvitnunum í þingtíðindi — brigður á því að upplýsa Alþingi um stöðu mála og jafnframt að koma fram í rauninni með málflutning sem með öllu er óeðlilegt að hagsmunagæslumaður Íslands í máli sem þessu hafi uppi, málflutning sem væri gagnaðilans að setja fram og upplýsa. Ég skal nefna eitt dæmi um það:

Hæstv. ráðh. hélt því fram lengi vel í þessu máli að hann ætlaði að láta deilumálin um skattsvik Alusuisse á liðnum árum ganga til dóms, þar skyldi ekkert undan skorið. Og í bráðabirgðasamkomulaginu, sem hann stóð að í sept. 1983, var ekki að finna nokkur minnstu tengsl á milli skattadeilnanna, sem áttu að afgreiða með skjótvirkum og vinsamlegum hætti, annars vegar og hins vegar frambúðarsamninga um stöðu ÍSALs áframhaldandi. Engin tengsl. En hver er það sem kemur síðan með þau mál samtvinnuð fram fyrir alþjóð? Var það Alusuisse sem var látið hafa fyrir því að tvinna þráðinn, tvinna þessi mál saman í samningaviðræðum og tefla þeim fram fyrir alþjóð? Nei. Þess gerðist ekki þörf. Það var hæstv. iðnrh. landsins sem tók af þeim ómakið og sagði fjölmiðlum, m. a. dagblaðinu Tímanum, í marsmánuði 1984 að sennilega væri alls ekki hægt að ganga frá þessum samningamálum við Alusuisse um framtíðarmálefni og endurskoðun raforkuverðs fyrr en búið væri að ganga frá gömlu deilumálunum. Í maí taldi hann hins vegar að þau ættu að leiða til lykta með dómi eða dómsígildi. En í júlímánuði upplýsir hann nú við umr. hér áðan að honum hafi snúist hugur, það hafi verið þau boð í frammi höfð að hann hafi endurskoðað þessa afstöðu sína og ákveðið að fallast á kröfu Alusuisse um að

skipta upp pakkanum, taka út úr skattadeilumálin og raforkuverðið og skilja skattareglu framtíðarinnar eftir og samninga um stækkun álversins.

Við fréttum hins vegar ekki af því með nákvæmum hætti á þeim tíma. Ég varð ekki var við það í fjölmiðlum. Og nú er komið sem komið er að Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir frv. til laga um breytingu á hluta af álsamningunum með annan hlutann ófrágenginn og það með þeim hætti að þinginu er ekki kleift að hagga þar nokkrum hlut, annaðhvort skal það samþykkja eða synja. Ríkisstj. hefur skuldbundið sig. Málið er þannig frá gengið samningslega að það er ekkert val fyrir Alþingi.

Hér er með öllu ósæmilega að verki staðið. Og þegar svo er farið að líta í innihald þessa frumvarps, í þennan hluta pakkans sem fram hefur verið reiddur, tekur því miður ekki betra við. Það ætti að vera auðvelt fyrir Alþingi að gera upp hug sinn í þessu máli, forða því að hér hendi enn eitt slys, fjórði ósigurinn í samskiptum okkar við Alusuisse, svo notað sé orðalag leiðarahöfundar DV, *fyrir tveim til þrem mánuðum þar sem hann* orðaði það svo m. a. að orkuverð sem fæli í sér eitthvað minna en 17 mill á kwst. væri gjöf.

Ég ætla nú, virðulegi forseti, að líta á einstaka þætti þessa samkomulags, fara um þá nokkrum orðum, skattamálefni og raforkuverð og hina bókuðu heimild sem þar er að finna til stækkunar álversins.

Á sama tíma og hlaupist er frá því verkefni að ganga frá frambúðarreglum um greiðslur skatta af ÍSAL, sem samkvæmt bráðabirgðasamkomulaginu frá 23. sept. átti skýlaust að ljúka ásamt öðrum atriðum varðandi framtíðarstarfsemi ÍSALs og raunar fyrir 1. apríl s. l. eins og ég gat um, er nú fallist á allar kröfur, sem Alusuisse hafði sett fram á fyrri stigum, um túlkun og breytingar á skattaákvæðum. Af Íslands hálfu er þar engu til haga haldið, en auðhringnum í leiðinni veitt fortakslaus syndakvittun vegna skattsvika á liðnum árum.

Alusuisse var, *eins og þegar hefur raunar komið fram* í fjölmiðlum, með gjörtapaða stöðu fyrir dómnefndunum og það má segja að hæstv. iðnrh. hafi staðfest það, þótt með óbeinum hætti væri, í framsögu sinni áðan, gjörtapaða stöðu fyrir þeim nefndum sem komið var á fót í fyrra að kröfu auðhringsins í staðinn fyrir gerðardóm sem málið var komið til í tíð fyrri ríkisstjórnar í samræmi við ákvæði aðalsamningsins um álverið frá 1966. Út úr þessari klemmu, sem auðhringurinn var staddur í á liðnu sumri, hleypir ríkisstj. honum gegn 100 millj. kr. eða 3 millj. Bandaríkjadala greiðslu sem svarar tæplega þriðjungi af upphaflegri kröfugerð um viðbótarskattgreiðslur og verðlaunar Alusuisse í leiðinni með margvíslegum hætti. Tölulega séð, eins og ég hef getið, sér enginn fyrir endann á því nú hvern beinan hag þetta fjölþjóðafyrirtæki hefur af þeirri undanlátssemi, en engum, jafnvel ekki hæstv. núverandi iðnrh., *mun koma í hug* að staðhæfa að þar hafi verið skipt á sléttu í skattamálum.

Auðvitað felst í þeirri staðreynd, að Alusuisse greiðir íslenska ríkinu að nafninu til 100 millj. kr. til að forða sér frá úrskurði dómnefndanna, viðurkenning auðhringsins á „hækkun í hafi" eða „transfer pricing", eins og það er kallað á ensku máli, og öðrum bókhaldsfölsunum gagnvart dótturfyrirtækinu í Straumsvík. Enginn sem kærður er fyrir skattsvik innir slíkar greiðslur af hendi að ástæðulausu, síst af öllu hinir harðdrægu samningamenn frá Zürich. Sakaruppgjöfin, sem svo vandlega er pakkað inn í orðalag sáttargerðarsamningsins eins og hann er kallaður á fylgiskjali V með þessu frv., er þannig að jafnvel hæstv. iðnrh. ætti að verða flökurt þegar hún er lesin yfir, en skiptir Alusuisse hins vegar miklu meira máli en 3 millj. eða 10 millj. Bandaríkjadala, hvort sem um væri að ræða. Upphafleg kröfugerð íslenska ríkisins um viðbótarskatta hljóðaði upp á 10 millj. dala.

Fjölþjóðafyrirtæki, sem fær á sig dóm og er þannig sannað að sök, fellur í áliti um allan heim. Það blikkar rauðu í öllum bankastofnunum og kauphöllum frá Zürich til Wall Street, frá Sidney til Lundúna. Hlutabréfin falla í verði og stólarnir verða fljótt valtir undir forstjórunum í Zürich. Syndakvittunina kölluðu þeir dr. Müller og dr. Weibel, sem ég átti tal við hér á árum fyrr, gjarnan hvíta skyrtu. Og þeir lágu á hnjánum frammi fyrir gömlum vinum sínum hérlendis og báðu þá ásjár til að þvo af sér aurinn og blettina sem þeir töldu að fallið hefðu á ásýnd fyrirtækisins vegna þessa skattsvikamáls. *Í þessum ótta og gífurlegu hagsmunum*, sem í húfi voru fyrir auðhringinn, fólst styrkur Íslands. En áhrifamiklir stjórnmálamenn hérlendis, innan og utan ríkisstjórnar, neituðu að taka mark á þeirri staðreynd, sumir kannske vegna fákunnáttu um málavexti, og sökuðu mig og minn flokk, Albb., um sérstaka kveistni og ósanngirni gagnvart auðhringnum sem ylli því að hann fengist ekki til að margfalda raforkuverðið, nánast á stundinni mátti skilja. Það var talað um „ásakanir" mínar í garð auðhringsins og „þjark um sviksamlegt athæfi", svo að notað sé orðalag hæstv. núverandi forsrh. frá aprílmánuði 1983, en hann „hefði tafið", eins og hann orðaði það í viðtali við Tímann þá, „satt að segja allar viðræður í hálft annað ár."

Nú hefur iðnrh. hæstv. og ríkisstj. undir forsæti sama manns afhent Alusuisse hvítu skyrtuna margumbeðnu eftir 17 mánaða þjark og gefið þeim dr. Sorato og dr. *Ernst kjólföt í kaupbæti. Hvíta skyrtan* er afhent með svofelldum orðum í sáttargerðarsamningi. — Ég má til með að lesa smákafla, herra forseti, upp fyrir hv. þdm. Hann er ekki langur, en er að finna á bls. 49 í frv. Þar segir:

„Ríkisstjórnin samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum... sem ríkisstjórnin hefur nokkru sinn átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstjórnin kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir árið 1984."

Það var mikið að aflausnin skyldi ekki líka látin gilda fyrir yfirstandandi ár. En raunar gildir hún um mörg atriði varðandi skattgreiðslur fram í tímann og kem ég þá að kjólfötunum sem fylgja hvítu skyrtunni frá hæstv. iðnrh. Sverri Hermannssyni og hæstv. fjmrh. sem falla nú frá öllum kröfum sem ríkisstj. hefur nokkru sinni átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem það er.

Ég vil rekja hér í aðalatriðum þær breytingar sem

gerðar eru í aðalsamningi og aðstoðarsamningi um rekstur og snerta skattaákvæði og allar eru Alusuisse í vil.

Aðstoðarsamningi um rekstur er breytt á afgerandi hátt, eins og ég hef þegar minnst á í sambandi við alrangar upplýsingar hæstv. ráðh. til Alþingis 25. okt. s. l. Með breytingunni er Alusuisse leyst undan þeirri kvöð samkvæmt núgildandi samningum að færa sér í nyt viðskiptasambönd sín til að aðstoða ÍSAL og tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð af hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru, svo vitnað sé í orðalag núgildandi samnings. Sem kunnugt er selur Alusuisse sjálft ÍSAL mestöll aðföng til álbræðslunnar í Straumsvík, m. a. súrál frá eigin verksmiðju í Ástralíu, og rafskaut frá eigin rafskautaverksmiðju í Hollandi, og kaupir af ÍSAL framleitt ál. Fyrir þessa þjónustu, sem svo er kölluð samkvæmt aðtoðarsamningi um rekstur, greiðir ÍSAL Alusuisse hvorki meira né minna en 2.2% af bruttótekjum ÍSALs af sölu á áli og auk þess 1.5% samkvæmt aðstoðarsamningi fyrir að sjá um sölu afurða álbræðslunnar í Straumsvík. Þessi þjónustugjöld svokölluð eða þóknanir upp á 3.7% af bruttótekjum ÍSALs fær fyrirtækið að draga frá hagnaði fyrir skatta og hér eru engar smáupphæðir á ferðinni. Þjónustu þessa annaðist Alusuisse hins vegar með þeim ágætum, að mati endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand á árunum 1975—1983, að draga undan skatti 60 millj. Bandaríkjadala. Ætli það svari ekki til eitthvað á þriðja milljarð ísl. kr. samkvæmt núverandi gengisskráningu, ég hef ekki litið eftir henni nákvæmlega, hver hún er í dag, eftir gengisfellinguna í gær. Jafnframt var ÍSAL látið safna — og það skiptir ekki minna máli — bókhaldslegum skuldum í svo ríkum mæli að leitun er á slíku hjá álbræðslum þannig að bræðslan má teljast bókhaldslega gjaldþrota, allt til þess að komast hjá skattgreiðslum í framtíðinni þegar afskriftir lækka stórlega og erfiðara hefði að óbreyttu orðið að beita svikamyllunni sem þekkt er undir heitinu „hækkun í hafi". Það er raunar rangt, sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. hér á Alþingi 23. okt. s. l. er hann svaraði fyrirspurn minni um endurskoðun ársreikninga ÍSALs vegna 1983, að leiðrétting Coopers & Lybrand um nær 10 millj. dollara fyrir það ár hafi ekki áhrif á skattgreiðslur vegna bókhaldslegs taps ÍSALs þetta ár sem talið var 11.5 millj. dollara. Með því að brúa þetta bókhaldslega tap áfram með lántökum er Alusuisse að draga úr hagnaði og um leið skattgreiðslum á komandi árum. En af slíkum smámunum þarf auðhringurinn raunar ekki að hafa áhyggjur framar, ef Alþingi skrifar upp á þann samning sem hér er leitað staðfestingar á, því að syndakvittunin nær einnig til ársins 1983. Efnisbreytingin á aðstoðarsamningi um rekstur er í því fólgin, eins og ég gat um áðan, að nú eru undanskilin aðföng keypt frá Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse, þ. e. nær öll aðföng til álbræðslunnar, en eftir stendur óbreytt skattfrjáls þóknun til Alusuisse sem nemur 2.2% af bruttótekjum.

Hér er raunverulega verið að leggja til að Alþingi lögheimili svikamylluna „hækkun í hafi" eða „transfer pricing" og eigi þau sérstaðu fríðindi einnig að gilda sem tálbeita fyrir hugsanlegan þriðja aðila sem yrði hluthafi að fyrirtækinu við stækkun bræðslunnar, eins og hæstv. ráðh. gat um hér í framsöguræðu sinni áðan.

Við umræður um upphaflegu álsamningana 1966 vísaði þáverandi iðnrh. Jóhann Hafstein sérstaklega til ákvæða eins og hann orðaði það „um skyldur Alusuisse til að útvega hráefni til bræðslunnar og selja framleiðslu hennar með hagstæðum kjörum", sem tryggingu fyrir réttlátum skattgreiðslum. Nú er þeim ákvæðum kastað út í vindinn og hæstv. iðnrh. gerist í leiðinni ósannindamaður gagnvart Alþingi. Ætli megi ekki segja að hér hæfi skel kjafti?

Annað atriði, um fyrningar.

Með samkomulaginu frá Zürich er fallist á þá kröfu Alusuisse að afskrifa megi mengunarvarnabúnaðinn sem komið hefur verið upp í álverinu eftir mikla eftirgangsmuni og það á 8 árum í stað 15 ára. Gengur þetta þvert á sjónarmið og tæknilega úttekt ráðgjafa iðnrn. og með þessu ákvæði einu eru færðar nokkrar millj. dollara til tekna fyrir Alusuisse á ári hverju. Rök samninganefndar ríkisstj. fyrir þessari meðgjöf eru þau ein að þessi breyting á afskriftatíma styðjist við, eins og hún telur, „eðlileg sjónarmið". Alls skipta eftirstöðvar afskriftastofna vegna mengunarvarnabúnaðar háum upphæðum, eins og rakið er í frv.

Í þriðja lagi varðandi varasjóð og viðurlög.

Í upphaflegu álsamningunum voru engin ákvæði sett um varasjóð sem leggja mætti í fjármuni til frádráttar skattskyldum tekjum. Við endurskoðun 1975 var að hluta fallist á kröfu Alusuisse um slíkan varasjóð, en nú er gengið lengra með því að veita fullkomið frelsi varðandi slíkan varasjóð upp að 20% markinu, svipað og hjá íslenskum hlutafélögum, með heimild sem er að finna á bls. 3 í frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„ÍSAL á hvenær sem er rétt til að inna framlag í varasjóðinn á hverju tilteknu ári, og að hækka eða lækka hvert það framlag til að halda samræmi við þá takmörkun um 20%, sem sett er hér að ofan, þar til nettóhagnaður ÍSALs fyrir það ár hefur verið endanlega staðfestur með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eða endanlega ákvarðaður með öðrum hætti samkvæmt samningi þessum."

Þannig fær ÍSAL að njóta fríðinda íslenskra skattalaga til viðbótar því að vera undanþegið íslenskum skattareglum um viðurlög vegna óframtalins og ógreidds framleiðslugjalds, en sú undanþága er einstæð gagnvart fyrirtækjum hérlendis. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi miklu ólokið af ræðu sinni?) Virðulegi forseti. Það eru nokkrar blaðsíður samkvæmt texta. Ég gæti giskað á um 15 mín. í töluðu máli eða sem því nemur. (**Forseti:** Nú er liðinn fundartími deildarinnar, þannig að ég hygg að við munum fresta fundi ef því er ekki mótmælt. Fundi er nú frestað til kl. hálfsex.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég er reiðubúinn fyrir mitt leyti að halda áfram máli mínu, en kynni þá betur við að hv. iðnrh. væri í salnum áður en ég tek til þess sem frá var horfið. (**Forseti:** Iðnrh. var kominn í salinn en hann hefur gengið út. Það verða gerðar ráðstafanir til þess að láta hann vita.) Ég var þar kominn í máli mínu að fjalla um einstaka þætti skatta, mála og ívilnana til Alusuisse. Ég tek næst fyrir það sem snýr að breytingum á aðalsamningi varðandi endurskoðun ársreikninga ÍSALs.

Með ákvæðum í gr. 2.04 í frv. er enn látið undan kröfum Alusuisse, eins og í þeim þáttum sem ég gat um áður, og hér reynt að fyrirbyggja að íslensk skattyfirvöld geti leiðrétt ársreikninga ÍSALs hvað skattbyrði

snertir aftur í tímann þótt í ljós komi að fyrirtækinu hafi ekki verið gert að greiða skatta af öllum tekjum sínum á reikningsárinu. Um þetta segir svo varðandi breytingu á gr. 29.07 í aðalsamningi á bls. 4 í frv., með leyfi forseta:

„Endurskoðun endurreiknings skýrslunnar, sem ríkisstj. lætur fram fara, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ÍSAL eigi síðar en 1. sept. á endurreikningsárinu. Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig tilkynntar ÍSAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir umrætt ár eftir 1. sept. á endurreikningsárinu."

Með þessu ákvæði er Ísland sem fullvalda ríki að afsala sér þeim mikilvæga rétti sem felst í skattmati. Á sama tíma er ekki gerð nein tilraun til að lögskylda Alusuisse til að gefa upplýsingar og afhenda gögn sem máli skipta vegna skattamála ÍSALs þrátt fyrir þá óskemmtilegu reynslu sem fyrir liggur um þau efni frá liðnum árum. En fyrirtækið hefur ítrekað neitað alþjóðlegum endurskoðendum um aðgang að upplýsingum í sambandi við mat á verði aðfanga. Hér er enn eitt dæmið um einhliða fríðindi og eftirgjöf gagnvart Alusuisse og það þrátt fyrir að ólokið er sem sérstöku viðfangsefni að fjalla um skattareglur fyrir ÍSAL. Hér hefur Alusuisse sem víðar fengið að ná forskoti á sæluna gagnvart íslenskum stjórnvöldum og Alþingi er ætlað að innsigla hér óhæfuna.

Í fimmta lagi nefndi ég skuldajöfnun við skattinneign svokallaða. Þar er um að ræða atriði sem myndar dreggjarnar í þeim bikar sem hér er réttur að Alþingi. Það snýr að hinni svonefndu skattinneign ÍSALs sem var til fyrir endurskoðun álsamninganna 1975. Við þá endurskoðun samdi þáv. samninganefnd um það þvert ofan í ráðgjöf bandarískra lögfræðinga, sem leitað var álits hjá, að þessi upphæð, sem nam þá rúmum 4 millj. Bandaríkjadala, skyldi færð ÍSAL til eignar. Með endurákvörðun á skattgreiðslum ÍSALs í tíð fyrri ríkisstj. og ákvörðunum Ragnars Arnalds sem fjmrh. var þessi inneign öll tekin upp í vangreitt framleiðslugjald álversins og krafa gerð um nær 6 millj. dollara greiðslu til viðbótar eða samtals um 10 millj. dollara. Nú er sú stjórnvaldsathöfn að engu gerð með sáttargerðarsamningnum svonefnda. Skattinneignin er færð til baka til ÍSALs og sett á hæstu dollaravexti þannig að hún reiknast nú vera um 7 millj. dollarar. Síðan er kveðið á um það með breytingum skv. lið 2.07 í frv. að aflausnargjaldið upp á 3 millj. dollara vegna skattsvika fyrri ára skuli fært til frádráttar á þessari sérstæðu skattinneign. Kemur þá í ljós að hún svarar til vaxta sem safnast hafa upp á þetta gjafafé til ÍSALs frá árinu 1975 að telja. Syndakvittunin verður fyrirtækinu því ekki sérlega þungbær. Hér er nánast um millifærslu að ræða gagnvart þeim vöxtum sem skattinneignin hefur á sig hlaðið.

Það er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort það hafi verið ofætlan gagnvart íslensku samninganefndinni að hnekkja ákvæðum samningsins frá 1975 varðandi skattinneign ÍSALs og slétta a. m. k. reikningana hvað þetta varðar þannig að hún hyrfi úr sögunni í eitt skipti fyrir öll. Slíkt hefði allténd dregið úr þeim ófarnaði og hrapalegu niðurstöðu sem eftir stendur varðandi skattaþáttinn það sem af er í þessari samningsgerð að því er skatta áhrærir. Það eru hins vegar enn ekki öll kurl komin til grafar. Samninganefndir aðila ætla sér tíma fram til 1. júní 1985 til að fjalla um önnur atriði skattamála. Ekki er þó líklegt að neitt verði aftur tekið af því sem Alusuisse er veitt í forgjöf skv. samningnum frá 5. nóv. s. l.

Herra forseti. Ég vík þá að öðrum gildum efnisþætti þessa máls, þ. e. breytingu á rafmagnssamningnum milli Landsvirkjunar og ÍSALs sem er að finna í fskj. með frv. Ég vil geta þess strax að fulltrúi Alþb. í stjórn Landsvirkjunar, Ólafur Ragnar Grímsson fyrrv. alþm., greiddi atkv. gegn samningnum og fylgdi atkv. hans bókun sem ég tel rétt að koma hér á framfæri. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar Alþb. undir forustu fyrrv. iðnrh. hóf baráttu fyrir hærra orkuverði til Alusuisse og sýndi fram á svik fyrirtækisins í viðskiptum við Íslendinga voru margir aðstandendur ÍSALs-samningsins andvígir þessari stefnu. Þeir töldu gildandi samning góðan og vöruðu við ásökunum í garð Alusuisse. Niðurstaða viðræðnanna við Alusuisse nú felur í sér fulla viðurkenningu á kröfunni um endurskoðunarrétt. Alusuisse hefur nú samþykkt að tvöfalda orkuverðið og játa sekt sína með því að fallast á 100 millj. kr. sektargreiðslu. Þessum áfanga í baráttunni ber því að fagna. Hann er ávöxtur þess mikla undirbúningsstarfs sem fyrrv. iðnrh. hafði forustu um. Engu að síður er fyrirliggjandi niðurstaða í uppkasti að nýjum samningi engan veginn viðunandi. Helstu ástæðurnar eru þessar:

1. Orkuverðið til Alusuisse yrði skv. hinum nýja samningi töluvert undir kostnaðarverði á framleiddu rafmagni í núverandi virkjanakerfi Landsvirkjunar. Orkuverðið samrýmist því ekki þeim arðgjafarkröfum sem gera verður ef eðlileg uppbygging Landsvirkjunar á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli á að verða að veruleika.

2. Með þessum samningi er Landsvirkjun að halda inn á þá hættulegu braut að tengja orkuverð afkomu stóriðjufyrirtækjanna og heimsmarkaðsverði á málmum. Engin alvarleg umræða hefur farið fram í stjórn Landsvirkjunar um slíka stefnu í sölumálum þótt undirritaður hafi á s. l. tólf mánuðum ítrekað óskað eftir að hún fari fram.

3. Nýlega hafa verið gerðir samningar og felldur gerðardómsúrskurður um orkuverð til álvera í Grikklandi og Ghana sem gefa mun hærra verð en þessi samningur.

4. Orkuverð til ÍSALs yrði áfram verulega minna en orkuverðið sem Alusuisse þarf að greiða í öðrum löndum.

5. Endurskoðunarákvæðin í samningnum eru mjög óljós og Íslendingum óhagstæð. Þau veita ekki vonir um að hægt verði að hækka orkuverðið eftir fimm ár.

6. Áhrif verðbólgu og gengisbreytinga eru mjög vanmetin í samningnum og munu, ef ekki fæst veruleg bót við endurskoðun eftir fimm ár, gera samninginn í framtíðinni verulega óhagstæðari en hann er nú.

Auk þessara sex ástæðna er óhjákvæmilegt að geta þess að Alusuisse er sleppt við að hlíta úrskurði gerðardóms í deilumálum fyrri ára. Fyrirtækið fær að sleppa með 100 millj. kr. sekt þegar krafa Íslendinga um endurskoðun var þrisvar sinnum hærri. Enda sýna nýjar upplýsingar um árið 1983 að Alusuisse heldur áfram fyrri svikum. Einnig á eftir að semja um ný skattaákvæði og bendir ýmislegt til að þar geti Alusuisse fengið til baka hluta af þeirri orkuverðshækkun sem felst í hinum nýja samningi. Til viðbótar kemur svo hagnaðurinn sem launastefna ríkisstjórnarinnar hefur

fært fyrirtækinu í gegnum fjórðungsskerðingu á launagreiðslum til starfsmanna ÍSALs. Því er ljóst að reikningsuppgjör Íslendinga og Alusuisse er enn í ósamræmi við hagsmuni og eðlilegar kröfur Íslendinga. Með vísun til fyrrgreindra atriða greiði ég atkv. gegn hinum nýja samningi og legg til að stjórn Landsvirkjunar hefji umræður um ný vinnubrögð og aðrar leiðir í samningum við stóriðjufyrirtæki."

Þetta er bókun fulltrúa Alþb. í stjórn Landsvirkjunar, Ólafs Ragnars Grímssonar, á fundi stjórnarinnar hinn 1. nóvember 1984, þegar greidd voru atkv. um rafmagnssamninginn sem þá lá fyrir í Landsvirkjun til afgreiðslu.

Í þessari bókun koma fram meginatriði í þeirri gagnrýni sem Alþb. hefur fram sett í sambandi við þennan endurskoðaða raforkusamning. Við teljum það að sjálfsögðu til bóta að á honum fáist leiðréttting og vissulega er þarna um breytingu að ræða sem stefnir í rétta átt. Hins vegar eru einnig slíkir agnúar á þessum rafmagnssamningi að Alþb. telur fjarri lagi að hægt sé að greiða atkv. með honum jafnvel þótt hann einn út af fyrir sig lægi hér fyrir. Staðan, eins og hún hefur verið í þessu máli, átti að gefa kost á allt annarri og hagstæðari niðurstöðu varðandi raforkuverðið. Ég vil geta þess líka að varamaður Alþb. í stjórn Landsvirkjunar, Finnbogi Jónsson hagfræðingur og verkfræðingur, varaði við þeim samningsdrögum, sem kynnt voru á fundi stjórnar Landsvirkjunar 4. okt., og taldi það ótímabært að taka afstöðu til þeirra eins og þau lágu þá fyrir fundi eins og til hafði verið ætlast.

Þess ber að geta þegar litið er á það verð, sem gert er ráð fyrir í þessum rafmagnssamningi, að meðalframleiðslukostnaður raforku úr kerfi Landsvirkjunar nú er skv. bókhaldi og ársreikningum fyrirtækisins um 20 mill á kwst. Skv. áætlunum Landsvirkjunar um framleiðslukostnað út úr kerfinu fer þetta verð hækkandi á þessu ári og hinu næsta. Þess má jafnframt geta að þegar þessar tölur eru athugaðar er engan veginn öllu til haga haldið sem snertir raunverulegan framleiðslukostnað raforku hjá Landsvirkjun. Farið hefur verið yfir það og sýnt fram á það tölulega að varleg áætlun um raunverulegan framleiðslukostnað úr kerfi Landsvirkjunar á næstu árum sé að minnsta kosti nálægt 23 millum á kwst. og jafnvel nokkuð þar til viðbótar. Þetta þýðir að jafnvel þó að við gerum ráð fyrir að orkusalan til stórnotenda sé lægri en nemur meðalframleiðslukostnaði, eins og ýmis rök hafa verið leidd að, þá þurfi raforkan til stóriðjunotenda nú, til þess að standa undir sem nemur ⅔ af kostnaðarverði sem almenningsveitum er ætlað að greiða, að vera mjög nálægt 20 millum á kwst., ekki öllu lægra en það, ef öllum kostnaðarþáttum, þar með fjármagnskostnaði, er til haga haldið. Þetta eru staðreyndir sem menn verða að hafa fyrir augum þegar litið er á þennan samning sem stjórn Landsvirkjunar að meiri hluta til hefur þegar samþykkt.

Hver eru þau mörk sem sett eru í þessum raforkusamningi? Þau hafa verið kynnt og ekki ástæða til að fara yfir þau í smáatriðum af minni hálfu. En samningurinn á að gefa verð, eins og kunnugt er, á bilinu 12.5 mill til 18.5 mill á kwst. Þessi rammi á að gilda til 20 ára með tengingu við álverð. En vel að merkja — og það skiptir mestu í þessu sambandi — bæði hámarks- og lágmarksákvæðið í rafmagnssamningnum er óverðtryggt.

Ef litið er til viðmiðunar á álverð, eins og það er nú, er ljóst að á yfirstandandi ársfjórðungi gæfi þessi samningur aðeins raforkuverð sem væri á bilinu 12.5—13 mill. Sýnilegt er að lágmarksverðið, botninn, 12.5 mill, yrði það raforkuverð sem Landsvirkjun fengi greitt á kwst. á fyrsta ársfjórðungi komandi árs 1985 vegna þeirrar verðþróunar sem verið hefur á áli og þeirra viðmiðana sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Það skýtur mjög skökku við þegar hæstv. ráðh. og reiknimeistarar þeir, sem að baki standa hans orðum og ég hygg að séu starfsmenn Landsvirkjunar, eru að reyna að halda því fram hér að eitthvert grunnverð í þessum samningi sé 15 mill. Það hafa ekki sést öllu ómerkilegri blekkingar að mínu mati en þessi talnaleikur, einhvers konar meðaltalstala á milli 12.5 og 18.5. Það er svo langt frá því að þar sé um eitthvert grunnverð að ræða. Það verður þeim mun ljósara þegar litið er á bjartsýnar áætlanir Landsvirkjunar og þeirra sérfræðinga, sem hún styðst við, varðandi verðþróun á áli á næstu fimm árum. Þá kemur í ljós, eins og hæstv. iðnrh. raunar upplýsti hér sjálfur aðspurður 25. okt. s. l., að það meðalverð, sem gert er ráð fyrir að samningurinn skili Landsvirkjun á verðlagi ársins 1984, er ekki 15 mill, ekki 18.5 mill, því að það hámark kemur þarna hvergi við sögu, heldur 13.7 mill. Ég ítreka að þessi tala er skv. spám um þróun á álverði sem að margra mati teljast vera bjartsýnar.

Menn vilja benda á að í þessum rammasamningi séu endurskoðunarákvæði. Ég mundi sannarlega fagna því, ef svo illa tekst til að þessi samningur verði hér samþykktur á hv. Alþingi, að slík endurskoðunarákvæði gætu gefið Íslandi viðspyrnu til endurskoðunar á samningnum, rafmagnssamningnum sem öðrum þáttum, að fimm árum liðnum. En varðandi raforkuverðið eru sýnilega miklir agnúar á að slíkt verði. Það er jafnframt sýnilegt miðað við tiltölulega hógværa spá um verðbólguþróun og þá staðreynd að hámarks- og lágmarksákvæðin eru óverðtryggð, að raforkuverðið á samningstímanum, 20 árum, miðað við að ekki fáist endurskoðun á því, yrði vegna verðrýrnunar að raungildi aðeins um 10.3 mill miðað við núverandi verðlag og heldur hærra á fyrstu 5 árunum en á seinni 15 árunum. Miðað við áætlun um 5% eða 5.7% verðbólgu, sem sérfræðingar Landsvirkjunar byggja sinn útreikning á, yrði verðið aðeins um 9 mill á tímabilinu 1990—2004. Þegar menn líta á þessar tölur, þessar áætlanir sem byggja á gildum forsendum, sjá menn hvað þessi rafmagnssamningur felur í raun í sér. Til þess að raforkuverðið gæti talist viðunandi miðað við núverandi stöðu mála vantar 80—100% ofan á það sem þessi samningur gerir ráð fyrir og þá með tekið að ákvæðin væru raunverulega verðtryggð.

Þess má geta að skv. útreikningum miðað við verðbólguþróun á komandi árum lækkar þetta hámark 18.5 mill á samningstímabilinu. Það væri komið niður í um 6 mill við lok samningstímans og lágmarksákvæðið upp á 12.5 mill væri komið niður í 4 mill á kwst. að raungildi þegar að 20 árum liðnum. Það er því stórkostlega afdrifaríkt atriði og alveg sérstaklega ámælisvert í sambandi við þennan raforkusamning að inn í hann vantar algerlega verðtryggingu á þeim ramma sem raforkuverðinu er markaður og ætlað að hreyfast inni í miðað við þróun á áli. Einnig sú viðmiðun innan þess ramma er aðeins að hluta til verðtryggð, eða sem nemur

nálægt 70% miðað við breytingar á þeim vísitölum á álverði sem þar er við miðað.

Á endurskoðun ákvæða samningsins er vísað sem einhvers konar haldreipi. En það er sannarlega veikur þráður, svo ekki sé meira sagt, því að krafan um endurskoðun er bundin því að orðið hafi ófyrirséð breyting til hins verra sem hafi í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs. Verðbólguþróun á dollara, sem nemur 5% t. d., er engin ófyrirséð breyting sem hægt sé að vísa til í sambandi við endurskoðun á þessum rafmagnssamningi. Ég held að það séu vandfundnir þeir sérfræðingar í efnahagsmálum sem ekki gera ráð fyrir slíkri verðbólgu. Og ákvæðið um alvarleg áhrif á efnahagsstöðu aðila, Landsvirkjunar eða ÍSALs, veldur því að skírskotun til breytinga á orkuverði almennt í heiminum er ekki til sem rök í sambandi við endurskoðunarkröfur skv. þeim ákvæðum sem er að finna í þessum samningi. Vonandi væri hægt að finna rök fyrir því að öðru leyti. En hér erum við þó búin að skrifa upp á formúlu sem alveg er ljóst að gagnaðilinn mun halda í í rauðan dauðann til að verja sína hagsmuni. Því er það eðlilegt mat, sem heyrist frá mönnum sem á þessi mál líta, að þetta endurskoðunarákvæði geti í reynd gert aðstöðu Íslendinga erfiðari en er skv. gildandi samningi til þess að ná fram endurskoðun og leiðréttingum á þessum rafmagnssamningi.

Við skulum líka veita því athygli að ákvæðið er gagnkvæmt. Einnig ÍSAL og eigandi þess, Alusuisse, geta gert kröfu til breytinga á raforkuverðinu og þá væntanlega til lækkunar sér í hag. Það er ekki að efa að slíkar gagnkröfur munu koma fram þegar á á að herða. Endurskoðunarleiðin og það ferli sem markað er skv. samningnum er einnig afar flókin og torsótt leið eins og öllum má ljóst vera sem fara yfir það mál. Frá hvaða tíma á t. d. endurskoðað raforkuverð að gilda? Ég hef kannske ekki lesið nógu grannt í málið til að sjá hvort það er inni í þessum samningi og inni hæstv. ráðh. eftir því. Ætti endurskoðað verð að gilda nákvæmlega 5 árum frá gildistöku samningsins og þá afturvirkt eftir að búið er að fara í gegnum þær veltur sem gert er ráð fyrir að fylgi slíkri endurskoðun með tvenns konar gerðardómsmeðferð, sem skv. upplýsingum hæstv. ráðh. getur tekið fleiri ár, kannske 2, kannske 4 ár, eða ætti slíkt endurskoðað verð að gilda frá því að slíkur dómur félli? Þetta skiptir einnig máli þegar litið er á þetta ákvæði. Og ekki þarf að fjölyrða um að sú tenging sem gerð er við álverð í þessum samningi eykur á áhættu Íslendinga af rekstri álversins. Það er auðvitað matsatriði hvort menn byggja slíka tengingu inn og taka þannig á sig aukna áhættu á þessum rekstri, en eins og um hnútana er búið að öðru leyti í þessum samningi verður það að teljast meira en lítið vafasamt að taka upp slíka viðmiðun. Hér er um að ræða ferns konar vísitölur, verðviðmiðun á áli, og ein af þeim er í hendi Alusuisse sjálfs, sérstök vísitala, sem gert er ráð fyrir að þeir leggi inn í þetta púkk, og það gæti nú verið ástæða til að átta sig á því hvernig að slíkum útreikningi er staðið.

Með þessu frv. er að finna sem fskj. álitsgerð frá forstjórum Landsvirkjunar. Ég ætla ekki að fara að hafa stór orð um fjarstadda embættismenn, en ég vil þó segja að ég tel það vera satt að segja mjög furðulegt að menn í þeirri stöðu, sem rita undir þá umsögn, og einnig stjórnarmenn Landsvirkjunar, sem hafa sumir hverjir komið við sögu þessarar samningsgerðar, þar sem er formaður stjórnarinnar, skuli telja sér henta að gylla þennan rafmagnssamning með þeim hætti sem fram kemur í fskj. og sem einnig má lesa í Morgunblaðinu nú nýverið í viðtali við Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, þann 17. nóv. s. l.

Það má segja, þegar litið er yfir þessar greinar og umsagnir, að þessir starfsmenn Landsvirkjunar telji þennan rafmagnssamning svo góðan, svo frábæran, að þar hefði nánast alls ekki verið hægt að gera hótinu betur, hann færi Landsvirkjun slíkan ávinning og sé svo góður, nánast hvernig sem á málið er litið, að betur hefði vart verið á kosið. Það er auðvitað spurning hversu lítilþægir menn eru í þessum efnum eða hvaða mælistiku menn leggja á samning af þessu tagi. Ég get vel skilið að menn sem hafa unað því hljóðalaust um árabil að búa við það raforkuverð sem Landsvirkjun hefur fengið í sinn hlut frá álverinu í Straumsvík séu ósköp fegnir að sjá það tvöfaldast. Mig undrar það ekki út af fyrir sig og það er vissulega breyting til bóta. En dagur er eftir þennan dag og við vorum að ræða hér endurskoðunarákvæði. Er það nú vænlegt til þess að undirbyggja stöðu Íslands varðandi endurskoðun á þessum samningi að íslenskir aðilar, sem ætlast er til að séu marktækir, reiði fram rök og sjónarmið varðandi þennan rafmagnssamning sem þeir fá síðan beint í andlitið frá gagnaðilanum þegar þeim verður ætlað að gera kröfur um endurbætur og endurskoðun á þessum samningi? Og hvernig ætla þeir hinir sömu menn, sem væntanlega er gert ráð fyrir að komi eitthvað nálægt þeim samningi um raforkusölu til stækkunar álversins sem hér er bókað um í fskj., — hvernig ætla þeir að leggja hæstv. núverandi iðnrh. eða öðrum sem í hans sæti væru rök upp í hendurnar, og stjórn Landsvirkjunar þar með talin, um að fá viðunandi verð inn í slíkan rekstur, inn í slíka stækkun ef svo færi að um hana yrði samið? Ég er ansi smeykur um að Alusuisse eigi eftir að vísa í gyllinguna, fagurgalann frá þessum sömu mönnum um þann samning sem hér er verið að gera sem ég veit að hæstv. iðnrh. telur og hefur reyndar sagt að væri óhæfur að hans mati ef um stækkun álversins væri að ræða.

Það er mikil blinda ef menn halda að þessi rafmagnssamningur, sem hér er lagt til að samþykktur verði og staðfestur af Alþingi, verði ekki notaður sem rök í umræðum og samningaviðræðum annarra aðila og einnig Alusuisse sem hér vildu ná í viðbótarorku út úr íslensku orkukerfi, og í ljósi þess ber einnig að líta á þennan samning. Hvaða ástæða er til að ætla að ný fyrirtæki í orkuiðnaði standi undir einhverju verulega hærra raforkuverði en gullmyllan í Straumsvík sem er að verða afskrifuð? Framleiðslukostnaður á tonn af áli er nú metinn vera nálægt 1500—1700 dollara á tonn, þar af breytilegur kostnaður 900—1000 tonn. Ætli hann sé ekki eitthvað nálægt 1000 tonnum í Straumsvík? En hver skyldi fjármagnskostnaðurinn vera annars vegar í nýju álveri og hins vegar í nær afskrifuðu fyrirtæki í Straumsvík? Ég hygg að hann teljist í nýju álveri fyrstu 5—6 rekstrarárin vera svona 500—600 dollarar á tonn. En ætli hann sé mikið meira en 150—200 dollarar á tonn í álbræðslunni í Straumsvík núna? Það er því mikill misskilningur ef menn eru að gefa sér það að ný fyrirtæki í orkufrekum iðnaði séu eitthvað til muna aflögufærari eða færari um að greiða hærra orkuverð en

fyrirtæki eins og 15 ára gömul álbræðsla í Straumsvík. Ég vil því með þessum orðum m. a. vara hæstv. iðnrh. við því að taka undir þær gyllingar sem hann hefur fengið í hendur á þessum rafmagnssamningi og ég tel það mikla blindu hjá mönnum að ganga fram með þeim hætti, eins og gert hefur verið af aðstandendum þessa samnings, að telja hann í rauninni fullkominn miðað við allar aðstæður þegar nánari skoðun sýnir okkur eitthvað allt allt annað, eins og ég hef hér rakið.

Herra forseti. Ég fer að stytta mál mitt þó að margt sé ósagt um þennan samning. Hér er t. d. að finna í sérstakri bókun ríkisstj. ótímasett fyrirheit til Alusuisse um forgang að raforku til 50% stækkunar álversins í Straumsvík. Ég ræddi stækkun álversins utan dagskrár hér 25. okt. s. l. og ég spurði hæstv. iðnrh. m. a. nokkurra spurninga þar að lútandi. Ég innti hann eftir því hvort fyrir lægi sérstök úttekt á því hvort stækkun álversins í Straumsvík væri þjóðhagslega skynsamur kostur í atvinnuuppbyggingu á Íslandi, þ. á m. í orkuiðnaði, og alveg sérstaklega í orkuiðnaði þó að aðrir þættir og annað atvinnulíf eigi einnig að koma inn í slíkan samanburð. Hverju haldið þið að hæstv. ráðh. hafi svarað? (**Gripið fram í:** Ég veit það ekki, ég er farinn.) Ég ætla ekki að fara að vitna orðrétt til þess, en efnislega sagði hann á þá leið að Landsvirkjun hefði verið að líta á það með hvaða kjörum hægt væri að selja orku til slíkrar stækkunar, en hitt, að þetta væri allra besti kosturinn í atvinnuuppbyggingu á Íslandi, það þyrfti nánast ekki að rökstyðja, það lægi í augum uppi nema hjá kredduföstum mönnum af tagi þeirra sem hér talar nú úr þessum stól.

Það er því viðurkennt af hæstv. iðnrh., sem er hér að leggja til að veita bréf upp á forgang Alusuisse að íslenskri orku frá þeirri virkjun sem nú er byrjað að byggja hér, að engin marktæk hagfræðileg úttekt liggi fyrir á því hvort slík fjárfesting í virkjun og orkusala sé þjóðhagslega skynsamleg fyrir Íslendinga miðað við ýmsa aðra kosti sem við ættum völ á í okkar atvinnulífi. Hvað segja menn um vinnubrögð af þessu tagi, að ana þannig blindandi áfram þegar um er að ræða fjárfestingu, þegar litið er á hugmyndir um 100% stækkun álversins sem er á dagskrá og er bréfað um í bráðabirgðasamningi frá í fyrra, kostnað, fjárfestingu sem nemur 450 millj. dala eða um 15 milljörðum ísl. kr., og þetta á sama tíma og heildarskuldir Íslendinga um síðustu áramót voru tæpar 1300 millj. Bandaríkjadala?

Við skulum líka hafa í huga, af því að við erum að tala um þörfina á að fjölga störfum í iðnaði í landinu, að þessi mikla fjárfesting, jafnvel tvöföldun, í álverinu í Straumsvík kallar nú ekki á fleira fólk en 220 manns í störfum. Það er því jafngott að þá sé tryggt og menn hafi sannfæringu fyrir því að slík fjárfesting gefi raunverulega eitthvað inn í íslenskt þjóðarbú og eitthvað meira en annað sem við ættum völ á.

Ég ætla ekki að tína til önnur og veigamikil rök sem ég tel að liggi fyrir því að það sé ekki aðeins vafasamt, heldur ólíklegt að nokkurt vit sé í því að heimila Alusuisse að ráðast í þessa stækkun álversins í Straumsvík, jafnvel þó að þar kæmu aðrir aðilar með í samfloti, eins og verið er að gera ráð fyrir með þessum samningi og þessu bréfi um samkomulag varðandi þennan þátt mála. En ég vildi nefna eitt hér sem snertir þetta mál, og það er heimild, sem smeygt er inn í frv. og gert var ráð fyrir í bráðabirgðasamkomulaginu í fyrra að flutt yrði um sérstakt frv. í októbermánuði 1983, um það efni að heimila Alusuisse að framselja þriðja aðila ekki 49% heldur 50% í álverinu í Straumsvík, að framselja þriðja aðila, þar með talið nýtt dótturfyrirtæki. Þetta flýtur með í þessum pakka núna eins og einn *lítill moli*. En við skulum átta okkur á því að þetta atriði, sem hér er verið að leita heimilda fyrir, að leyfa Alusuisse að taka helminginn af hlutafé ÍSALs út úr samsteypunni, skiptir fyrirtækið gífurlega miklu máli fjárhagslega, ekki síst miðað við slaka og lélega stöðu þess á undanförnum árum. Þannig er þetta ekkert sjálfsagt mál, sem þarna er á ferðinni, þetta er ekki léttvægt mál, heldur geysilega mikið hagsmunamál fyrir Alusuisse, sem skýrist m. a. af því að með þessu getur auðhringurinn tekið allar skuldir, allar þær stóru háu skuldir sem hann hefur safnað á þetta dótturfyrirtæki í Straumsvík vitandi vits og skipulega, út fyrir sviga Alusuissesamsteypunnar strax og 50% markinu er náð og létt þannig stöðu sína gagnvart bankastofnunum. Ætli menn hafi haft mikið auga á þessu þegar undir þetta var tekið og þessu var smeygt hér inn? Málið lá þannig í fyrra að hæstv. iðnrh. kinokaði sér við að standa við ákvæði bráðabirgðasamningsins frá sept. 1983 um þetta atriði. Hann hafði skrifað undir að hann mundi leggja svona frv. fram í okt. Hann sagði í nóv.: Það kemur eftir viku. En hann áttaði sig á því að það væri ekkert glæsilegt að fá umr. hér á Alþingi Íslendinga um þetta atriði eitt saman. En nú ætlar hann að smeygja því hér í gegn nánast orðalaust. Ég man ekki eftir að hann minntist á þetta áðan í ræðu sinni og kann það þó að hafa flotið með.

Hæstv. ráðh. kom að orkuverði annars staðar í ræðu sinni og margt mætti um þau rök og það mál segja. Með svipuðum hætti og talsmenn þessa samnings, samninganefndarmenn og fleiri, eru að gylla raforkusamninginn sem slíkan, þá má segja að það taki steininn úr þegar menn fara að bera á borð vitandi vits rangar upplýsingar um þróun orkuverðs til áliðnaðar annars staðar í heiminum. Það gerði hæstv. ráðh. hér áðan og kinokaði sér ekki við að séð væri. Hann endurtók þær tölur sem samninganefndarmennirnir íslensku létu sig hafa að taka inn sem samkomulagsatriði með Alusuisse varðandi raforkuverð til álvera í Evrópu og sem tönnlast er á hér af talsmönnum þessa samnings að sé núna á bilinu 14—15 mill, raforkuverð sem í fyrsta lagi er rangt útreiknað og rangt fengið og í öðru lagi ósambærilegt og skiptir ekki máli í þeim viðskiptum sem um er að ræða við Alusuisse vegna álversins í Straumsvík.

Það er líka sagt hér, og var endurtekið í dag, að raforkuverð til álvera í Bandaríkjum Norður-Ameríku væri um 20 mill. Hæstv. ráðh. bætti því við að svo hefðu *þeir verið að semja um tímabundna lækkun núna* að undanförnu. Hvað skyldi vera til í þessu? Hvaða bakhjarl vill ráðh. nefna hér um þessi atriði, um þessi 20 mill til álvera í Bandaríkjunum? Sannleikurinn er sá að sú orkuveita sem selur mesta raforku til áliðnaðar í Bandaríkjum Norður-Ameríku, BPA orkuveitan, sem selur 18 terawattstundir til áliðnaðar eins — við framleiðum alls fjórar á Íslandi, — hefur samning fyrir álverin, sem hún selur til, upp á 27.7 mill. (**Iðnrh.:** Og hvað er nú verð til álvera þar?) 27.7 mill. Og hún samdi 1. sept. s. l. um tímabundna lækkun á þessu verði um sex mánaða skeið, niður í 22.3 mill, gegn því að álverin héldu uppi fullri framleiðslu þessa sex mánuði, en eftir

stendur grundvallarsamningur um 27.7 mill og TVA orkuveitan, Tennessee Valley Authority, er með orkuverð til álvera á sínum vegum upp á 30 mill og þar yfir. (**Iðnrh.**: Það er verið að loka á þá.) Síðan fáum við rökin af þessu tagi og síðar étur hæstv. iðnrh. hér upp eftir Alusuisse upplýsingar um að verið sé að loka álverum. Og svo kom samningurinn frá Ghana, sem er að semja við Kaiser-auðhringinn með nær vatnslausa virkjun, ætli það sé nú staða sem þeir eru í, og hvað fáum við að heyra um þann samning? Að hann er rakkaður niður af þeim mönnum sem ættu að nota þennan samning sem vopn í sinni hendi til að sækja rétt Íslendinga til eðlilegs raforkuverðs til álversins í Straumsvík. Morgunblaðið hefur það eftir í umsögn um þennan samning, og styðst þar við einn samninganefndarmanninn, Gunnar G. Schram hv. 2. þm. Reykn., að miðað við núverandi álverð mundi hann gefa 5.6 mill þegar sannleikurinn er sá að botninn í þessum samningi er 10 mill ef orkuseljandinn getur ekki afgreitt nema ⅗ til viðkomandi álvers, Valco í Ghana. Það eru vinnubrögð af þessu tagi sem hrópa í himininn. Það er eðlilegt að Alusuisse reyni að koma slíku inn í hausinn á Íslensingum, reyni að framreiða slíkar tölur. Að íslenskir samninganefndarmenn skuli vera að berjast um hugi Íslendinga með röngum upplýsingum er fyrir neðan allt velsæmi. En þannig er það því miður með fleiri þætti sem snúa að þessum samningi.

Ég hef, herra forseti, vikið hér efnislega að þeim þáttum sem eru inni í þessum hluta pakkans, þeim atriðum sem ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á. Við sjáum hvað snertir skattamálin, skattaþættina, að þar er samið um alla þætti Alusuisse í hag, áður en farið er að takast á um framtíðina, að sagt er. Og síðan kemur raforkusamningur sem er þannig sniðinn að í hann vantar verðtryggingarákvæði og það meðalverð, sem Landsvirkjun telur með bjartsýnum áætlunum að fáist á næstu 5 árum, skilar langt undir framleiðslukostnaði, jafnvel þó menn vilji slá ríflega af til orkusölu til stórnotenda.

Já hluti pakkans sem kominn er inn á borð Alþingis er því þannig vaxinn að hv. Alþingi ætti ekki að þurfa að hugsa sig lengi um hver afstaðan ætti að vera. Það eru blindir menn eða menn sem ekki hafa haft fyrir því að gæta þeirrar ábyrgðar, sem þeir taka á sig með því að sitja hér á þessari samkomu, sem ætla að rétta upp hendurnar með þessum samningi. Ég vænti því að í þessari deild takist að opna augu manna fyrir því að hér er hæstv. iðnrh. með ríkisstj. að baki að etja Alþingi út í ófæru. Hér eru menn að ganga út í fjórða ósigurinn í glímu við það fyrirtæki sem efnt var til samstarfs við 1966. Ég legg áherslu á að hér er um viðskiptalega hagsmuni að ræða. Við eigum ekki af neinni haturskennd að ganga fram gagnvart Alusuisse í samskiptum. Við eigum að sýna þeim sanngirni. En við eigum að krefjast þess einnig á móti að okkar hagsmunir séu virtir. Það er ekki von til þess að það sé gert nema við kunnum að halda saman um þá hagsmuni. Þá fyrst er árangurs að vænta. Og það er nöturlegt að það skulu vera flokkar, og þar í forustu flokkur sem kennir sig við viðskiptaleg sjónarmið, frjálst framtak, Sjálfstfl., sem virðast hafa bundið fyrir bæði augu þegar um er að ræða viðskiptalega hagsmuni Íslendinga í samskiptum við þetta stóra fyrirtæki.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þessi samningur er að mörgu leyti hið versta mál, ekki síst vegna þess að með einu atkvæði, jái eða neii, þurfa menn að taka afstöðu til gerólíkra þátta, þar sem er rafmagnsverð, skattamál og svo óumdeilanleg stefnumörkun til langs tíma í orkumálum hvað sem menn vilja síðan segja um það hversu mikilvægt bréf það sé sem þessu fylgir.

Við Bandalagsmenn höfum ýmislegt alvarlegt við þennan samning að athuga eins og þegar hefur komið fram í Ed. Hann er ávöxtur margra ára skotgrafahernaðar þar sem hagsmunir annarra en þjóðarinnar virðast oft og einatt hafa verið settir á oddinn. Við höfum tekið þá afstöðu að styðja samninginn vegna þess að hann færir umtalsverða fjármuni til landsins með hækkun orkuverðs og að okkar mati er ekki sýnt að núverandi pólitískar aðstæður séu þess megnugar að ná þar betri árangri. Það er sá lærdómur sem við með þungum huga verðum að draga af sögu þessa máls frá byrjun. Hvorki fyrrv. stjórn né núv. stjórn megnaði að ná hér betri árangri. Það er hin bitra staðreynd sem við stöndum frammi fyrir.

Athugasemdir okkar eru eins og ég sagði í byrjun af ýmsum toga. Í fyrsta lagi get ég tekið undir gagnrýni sem fram hefur komið um það hvernig staðið hefur verið að sjálfri samningsgerðinni. Í fyrsta lagi hve upplýsingar til Alþingis hafa verið af skornum skammti og raunar engar á síðasta sprettinum. Í öðru lagi tel ég að formennska seðlabankastjóra í samninganefndinni orki mjög tvímælis, svo að ekki sé sterkar að orði komist, vegna þeirrar margföldu aðstöðu sem hann hefur umsvifa sinna vegna. Hann situr miklu víðar við þetta sama borð íslenskra þjóðmála en góðu hófi gegnir. Þarna er á ferðinni valdþjöppun sem við teljum alls ekki viðunandi.

Eins og ég sagði áðan er hér á ferðinni mál sem er af mörgum og ólíkum toga. Þar höfum við í fyrsta lagi samninginn um rafmagnið. Vegna hans hækkar orkuverðið óumdeilanlega verulega mikið. Hundruð milljóna króna munu fást til Íslands vegna ákvæða hans á næstu árum. Um það er ekki deilt. Það sem hins vegar er varhugavert og umræðuvert í sambandi við rafmagnssamninginn er endurskoðunarákvæðið. Ýmsar augljósar upplýsingar virðast benda til þess að óbreyttur muni samningurinn valda því að raunverð orkunnar lækki verulega á komandi árum. Það er eiginlega það mikilvægasta í sambandi við rafmagnsverðið sjálft.

Í nefnd þar sem ég átti þess kost að sitja sem áheyrnarfulltrúi í fyrstu kom fram að staðhæfingar þeirra sem að samningnum stæðu um að orkuverð lægi við aðfellur samningsins, 18.5 mill eða 12.5 mill, tímum saman sýndu augljóslega að forsendur samningsins væru brostnar vegna þess að þar með væri brott fallinn sá sveigjanleiki sem augljóslega er ætlunin að fá fram með vísitöluformúlunni. Þetta eru rök sem út af fyrir sig eru gild.

Einnig kom fram í þessum umr. að annars staðar í gögnum þessara samninga, þ. e. í bráðabirgðasamningnum og svo í samningunum þessum sjálfum, er vikið að atriðum sem menn telja að hafa verði í huga í sambandi við orkuverð samninga. T. d. ef til framhaldssamninga kæmi eða endurnýjunar á þessum samningum séu tiltekin atriði úr hinu almenna pólitíska og orkufræðilega umhverfi sem verði að hafa til hliðsjónar við gerð nýrra samninga.

Á sama hátt megi leiða að því sterk rök að þessi sömu atriði verði að hafa í huga við endurskoðun á fimm ára fresti á þessum samningum hér. Þetta eru þau rök sem hafa komið fram í málinu.

Ég lagði til á þessum sameiginlegu nefndarfundum sem ég sat að aflað væri óháðrar álitsgerðar á styrkleika þessa ákvæðis frá fagmönnum í lögfræði og samningagerð, öðrum fagmönnum en þeim sem viðriðnir væru gerð þessa samnings. Ég legg þetta til enn. Ef ég fæ tækifæri til að fylgjast með nefndarstörfum í Nd. mun ég leggja til að svo verði gert því að augljóst er að endurskoðunarákvæðið er umdeilanlegt og styrkur þess þarf í raun og veru nánari skilgreiningar við.

Annað atriði vil ég gera að umræðuefni hér í kvöld varðandi stækkun álversins. Það er óumdeilanlegt að bréf iðnrh., sem er fylgiskjal með þessum samningi, markar ákveðna framtíðarstefnu í sambandi við íslenska orku og atvinnupólitík. Ef bréfið gerði það ekki þá væri það ekki innlegg í þessum samningi. Það er einfaldlega í þessum samningi vegna þess að það hefur vægi og mun hafa í framtíðinni. Þess vegna er það þarna. Menn hefðu ekki sett einskisverða, ónýta stefnuyfirlýsingu þarna. Það er verið að stíga þarna ákveðið skref. Það er þetta atriði sem ég lýsi eindreginni andstöðu við af ýmsum ástæðum.

Í fyrsta lagi hefur ekki farið fram umræða hér á Alþingi um framtíðarstefnu í íslenskri orku- og iðnaðarpólitík. Við höfum bitra reynslu í þessum málum. Við höfum lent í því að virkjunarframkvæmdir hafa reynst margfalt dýrari en efni stóðu til. Við höfum lent í ýmsum örlagaríkum slysum í okkar orkumálum. Við höfum lent í gufulausum virkjunum. Við höfum lent í lekum lónum. Allt eru þetta uppákomur sem kosta okkur hundruð millj. kr. Á fundum iðnaðarnefndanna, sameiginlegu fundunum, komu fram útreikningar þar sem leitast var við að reikna raunverulegt kostnaðarverð orku út úr okkar orkuframleiðslukerfi, m. a. reiknaðir inn í dæmið vextir af eigin fjármunum sem þegar höfðu verið lagði fram. Menn nefndu þær tölur að raunverulegt kostnaðarverð í þessum samanburði væri jafnvel á bilinu 30—40 mill ef tekið væri mið af því að hægt hefði verið að setja þessa peninga í aðra hluti og arðbærari. Þetta leiðir allt saman hugann að því sem ég sagði áðan að væri framtíðarstefna, framtíðarmál í íslenskri orkupólitík, í íslenskri atvinnumálapólitík. Um þetta hefur ekki farið fram sú þinglega umræða sem er nauðsynleg né sú almenna gagnasöfnun sem hlýtur að verða að fara á undan stefnumótun í slíkum málum. Það hefur t. d. ekki mér vitanlega verið aflað upplýsinga frá Þjóðhagsstofnun um gildi eða fýsileika þeirra atriða sem hér er fjallað um.

Þetta, í fyrsta lagi um hlutverk þingsins, í öðru lagi um framtíðarstefnumál í íslenskri orkupólitík, er mjög mikilvægt.

Í þriðja lagi vildi ég nefna það að ég tel ekki að það sé íslensku efnahagslífi hollt að hafa einn svo stóran aðila eins og ÍSAL er og yrði enn þá stærra með stækkun. Við höfum séð á undanförnum árum að fyrirferð ÍSALs og Alusuisse og alls sem því fylgir í íslenskum stjórnmálum er einfaldlega svo mikil að það skaðar okkur á öðrum sviðum. Við erum með heilar stofnanir — við erum með Landsvirkjun, við erum með iðnrn. og við erum með fleiri stofnanir — sem eru meira og minna undirlagðar af ÍSAL og orkumálum ár eftir ár og við höfum ekki getað sinnt á viðunandi hátt öðrum kostum í atvinnumálum.

Það voru birtar gagnlegar upplýsingar um daginn um útkomu úr mjög athyglisverðu verkefni sem hafið var í iðnrn. í tíð fyrrv. iðnrh. sem varðaði kynningu á smáfyrirtækjarekstri. Niðurstaða þessa verkefnis er mjög jákvæð. Hins vegar er þetta eins og dropi í hafið. Þetta er svo lítið, þetta er svo veikt og þetta er svo smár vísir að það er hörmulegt. Þarna er bæði of lítið og of seint unnið og maður spyr: Hvað hefði gerst í þessu iðnrn. og iðnrn. fortíðarinnar ef þau hefðu ekki verið undirlögð af stóriðjumálunum, ÍSAL og orkunni?

Við sjáum þessi áhrif stærðarinnar líka ef við lítum á útkomu samningaferilsins við auðhringinn frá byrjun. Það er kannske auðvelt að segja þetta eftir á og menn læra af reynslunni, en það er ýmislegt sem bendir til að við höfum kannske aldrei og munum hugsanlega aldrei eiga í fullu tré við þennan risa vegna yfirburðaaðstöðu í sambandi við upplýsingaöflun, í sambandi við alþjóðlega lögfræðikunnáttu og fleira og fleira. Ýmislegt bendir því til að við eigum ekki að hyggja á það að róa af meiri krafti á þessi mið í framtíðinni.

Í fjórða lagi varðandi stækkun má spyrja hvort reynslan af Alusuisse sýni að það sé góður félagi til þess að ganga með inn í framtíðina. Mér sýnist nú raunar að svo sé ekki, því miður.

Í fimmta og sjötta lagi mætti líka spyrja hvort áliðnaður sé til þess að veðja á í framtíðinni í sambandi við það að ætla okkur vöxt, auknar þjóðartekjur og aukna velmegun. Þær upplýsingar, sem hafa komið fram um áætlaðan vöxt í áliðnaði í framtíðinni, eru ekki þess eðlis að það sé beinlínis feitan gölt að flá. Það er spáð fram til aldamóta, ef ég man rétt, 2—4% vexti og það virðist ekki vera að áliðnaðurinn sé sá göltur sem við gætum feitastan fengið til flánings.

Af þessum ástæðum, sem ég hef talið hérna upp varðandi stækkunarmálin, tel ég illa farið ef við, vegna þeirrar nauðungar að verða að fá fram hækkun á orkuverði til verksmiðjunnar sem fyrir er, verðum að stíga fyrstu skrefin inn á braut aukinna umsvifa stóriðju og áliðju á Íslandi. Þá tel ég illa farið. Og þótt hæstv. ráðh. hafi margítrekað í umr. og þeir samningamenn hafi ítrekað sömuleiðis að engu sé lofað um framtíðina, menn séu ekki bundnir af þessu á neinn hátt, er þó augljóst að bréfið markar stefnu og þess vegna er það til og það mun hafa vægi. Þess vegna vill Alusuisse fá þetta bréf. Þess vegna er það partur af þessum heildarpakka. Ég er andvígur þessari málsmeðferð. Ég er andvígur þessum stækkunaráformum, sem verið er að stíga fyrstu skrefin til, vegna þess að ég hef um það svo ríkar efasemdir að stóriðja eigi að verða okkar framtíð. Ef við lítum í kringum okkur er hún á undanhaldi mjög víða á Vesturlöndum. Í Bandaríkjunum og í Vestur-Evrópu er allt annars konar atvinnurekstur, allt annars konar iðnaður að skjóta rótum sem menn verða ríkir af og menn verða hamingjusamir af að vinna við. Það er, eins og margoft hefur komið fram í þessum stól, alls kyns iðja í kringum þekkingu og í kringum þróun og stóriðjuhugmyndirnar eiga þar hvergi heima.

Ég lýsi mig sem sagt andvígan þeim stækkunaráformum sem mér sýnist vera verið að læða inn með þessum margslungna samningi þar sem þm. eru settir í þá óviðunandi aðstöðu að þurfa með einu atkv. sínu að taka afstöðu til svo margra og ólíkra þátta. En vegna

hins bráða vanda, eins og mönnum er tíðrætt um í þessum stól, hef ég tekið þá ákvörðun að greiða atkv. með þessum samningi vegna þess að hann leysir hið áragamla vandamál um orkuverðið frá Búrfelli til álversins í Straumsvík. Það mál hefur allt of lengi verið óleyst. Við verðum og eigum að stíga þetta skref sem pólitíkin á Íslandi er megnug um að stíga í dag. En ég vil ekki að við setjum fleiri egg í þessa körfu ÍSALs. Ég tel að við höfum haft af þessu nóg ónæði á undanförnum árum og að íslensk pólitík verði að finna sér einhver uppbyggilegri verkefni að fást við á sviði atvinnumála.

Sverrir Sveinsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa að nokkru verið uppgjör mismunandi aðferða tveggja stjórnmálaflokka um nálgun á möguleika landsins til þátttöku ríkja í þeirri verðmætasköpun sem felst í stóriðnaði eða orkufrekum iðnaði. Ætla ég ekki að blanda mér í þær, en öllum hér er ljóst að Framsfl. studdi fyrrv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson í viðleitni hans til að ná samningum við Alusuisse þar til Guðmundi G. Þórarinssyni verkfræðingi, sem var fyrir flokkinn í álviðræðunefndinni, var ekki ljóst hvort ráðh. vildi ekki eða þyrði ekki að semja og setti fram tillögur til samkomulags sem ekki varð samstaða um. Væri fróðlegt að fá það framreiknað hverju við höfum tapað á því að leiðir skildu og ekki var samið um þær tillögur sem Guðmundur lét steyta á.

Aðdróttanir fyrrv. iðnrh. um að Guðmundur G. Þórarinsson og núv. forsrh. og formaður Framsfl. Steingrímur Hermannsson hafi leikið einhvern einleik í flokknum eru ekki á rökum reistar. Framsfl. hafði þá þegar ályktað, bæði á flokksþingi og í miðstjórn, um áform í orkufrekum iðnaði og nýtingu auðlinda okkar í fallvötnum og háhita til verðmætasköpunar sem nýja leið til atvinnuþróunar í framtíðinni.

Stefna Framsfl. er, eins og ríkisstj. hefur þegar gert að sinni, að þrefalda orkufrekan iðnað til aldamóta. Stefna Framsfl. er hins vegar að í þessum málum höfum við virk yfirráð eða virka aðild sem þýðir að Íslendingar byggja þennan iðnað upp í samvinnu við erlenda aðila, en séu þátttakendur sjálfir á öllum sviðum eignaraðildar tæknimála, markaðsmála, sölumála o. fl.

Um aldamótin getur þessi iðnaður orðið helmingur af útflutningi þjóðarinnar. Samtímis stefnum við að því að jafna olíureikninginn við útlönd. Þarna eru engin smámál á ferðinni og verður að líta á þennan samning sem einn áfanga á þeirri leið.

Á sameiginlegum fundum iðnaðarnefnda beggja þingdeilda beindi ég þeirri fsp. til sérfræðings ríkisstj. við þessa samningsgerð m. a. um skattgreiðslur ÍSALs, vegna deildra meininga um þær reglur sem eru í gildi og menn álíta að hafi verið farið í kringum með „hækkun í hafi", hvort ekki væri hægt að breyta þessu og taka upp annað skattform, t. d. aðstöðugjald eða veltuskatt, þannig að ekki fengist tækifæri til að hagræða hagnaði. Þessu svaraði Hjörtur Torfason hrl. þannig, að vissulega kæmi þetta til greina og einnig að það mundi verða athugað þegar nýir samningar yrðu gerðir. Þetta gæti orðið vegvísir okkar í samningum við aðra aðila í framtíðinni.

Um rafmagnssamninginn vil ég vekja athygli á því sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar rætt er um kostnaðarverð raforku úr kerfi Landsvirkjunar. Ef kostnaðarverðið á kwst. er reiknað á hverju ári sem hlutfallið milli rekstursútgjalda, kostnaðarafskrifta og vaxta og seldra kwst. kemur út breytileg tala frá ári til árs sem fer eftir því hversu vel kerfið er nýtt hverju sinni. T. d. verður kostnaðarverðið hæst strax eftir að búið er að taka nýja virkjunaráfanga í rekstur, en fer síðan lækkandi með vaxandi sölu kwst. Hluti af lánum Landsvirkjunar er með breytilegum vöxtum, sem geta breyst til hækkunar eða lækkunar. Lán eru greidd upp og ný tekin í staðinn með öðrum kjörum. Kostnaður okkar á kwst. er því breytilegur frá ári til árs af þessum sökum einnig.

Kostnaðarverð til almenningsveitna er annað en til stóriðju þar sem ekki þarf að leggja í jafnmikinn kostnað vegna þeirrar raforkusölu til aðila sem kaupa orkuna á annarri spennu og nýta aflið öðruvísi, þannig að allt annað verð er á 220 kílóvolta spennunni og með 8000 klukkustunda nýtingu eða 132 kílóvolta spennunni þar sem 5000 klukkustunda nýting er lögð til grundvallar. Um útreikning á kostnaðarverði á raforku frá einstökum hlutum kerfisins er sömu sögu að segja, sem hér að ofan er greint, nema þar við bætist óvissa um hvernig skipta eigi vaxtagreiðslum og stjórnunarkostnaði vegna kerfishlutanna.

Eins og ljóst má vera af ofangreindu er hugtakið kostnaðarverð frá virkjunum Landsvirkjunar vandmeðfarið í umr. sem þessari og getur valdið misskilningi við hvað er átt nema ítarlegar skilgreiningar fylgi. Ég vek athygli á því að metið verð til almenningsveitna er núna 14.5 mill án flutningskerfisins og til stóriðjunnar 9.7 með flutningskerfinu. Þar er allt flutningskerfið meðreiknað, en hægt er að láta stóriðjuna bera kostnaðinn til jafns við almenning, eins og gert er í útreikningunum hér að ofan, og nægir í því efni að minna á byggðalínuhringinn sem á engan hátt getur talist nauðsynlegur vegna núverandi stóriðju. Sé hann tekinn með er verðið til almenningsveitnanna 19 mill, en til stóriðjunnar 12.7.

Í frv. sem lagt var fram á 105. löggjafarþingi á þskj. 363, frv. til l. um nýtt raforkuverð til álversins, er lagt til að verðið sé 12.5 mill. Þessi samningur, sem við erum að ræða hér, gerir ráð fyrir lágmarksverði 12.5 mill til 18.5 mill á kwst. Þessi samningur er að mínu mati mjög hagstæður raforkukerfinu, þjóðfélaginu og okkar áfangi í þeirri leið sem ég nefndi áðan að við viljum stefna að. Þar sem ég á þess ekki kost að vera við umr. eftir helgi vil ég lýsa því yfir að ég er sammála því sem kemur fram í áliti meiri hl. iðnn. Ed. og vil leyfa mér að nota lokaorð þess meirihlutaálits, með leyfi forseta:

„Samningurinn um hið nýja orkuverð er byggður á ítarlegum samanburði á orkuverði til stóriðju og samkeppnisstöðu álvera í Evrópu og Ameríku og stenst fullkomlega allan eðlilegan samjöfnuð í þeim efnum. Hin mikla hækkun á verðinu er þeim mun athyglisverðari þegar þess er gætt að hér er um að ræða orkuverð til starfandi álvers en ekki til nýrrar verksmiðju sem byggir á nýjustu tækni annars vegar og orku frá virkjunum hins vegar.

Ljóst er af framansögðu og öðrum gögnum málsins að samningarnir eru íslensku þjóðarbúi til verulegra hagsbóta. Með tilliti til þess orkar ekki tvímælis að rétt er að staðfesta viðaukasamningana sem hér um ræðir."

Þess vegna legg ég til að þessi samningur verði samþykktur.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það væri auðvitað ástæða til þess að ræða og setja á lengri tölu vegna ýmislegs þess sem fram hefur komið í máli hv. þdm., sem talað hafa, en fæst var nú nýtt af því sem fram kom til að mynda í máli hv. 5. þm. Austurl. og ætla ég að geyma mér það til 2. umr. að svara ýmsu því sem þar kom fram. Ég tel enda ekki örvænt um að afstaða hans kunni í einhverju að breytast við það að fá þær upplýsingar í iðnn. sem þar liggja fyrir eftir vinnslu málsins í nefndunum og vildi þess vegna gjarnan fá að sjá nál. hans, sem ég tel víst að hann muni standa fyrir, og veit raunar, þar sem hann er eini fulltrúi síns flokks í nefndinni, áður en ég sé ástæðu til þess að orðlengja þetta meir líka tímans vegna. Ef gott samkomulag næst um það að koma þessu máli til nefndar vænti ég þess fastlega að nefndin sjái sér fært að 2. umr. um málið verði á mánudag.

En það er eitt atriði í máli hv. 5. þm. Austurl. sem ég get auðvitað ekki látið liggja í þagnargildi, heldur óska eftir því að það atriði verði sérstaklega rannsakað af iðnn., og það eru fullyrðingar hans og áburður um að ég hafi vísvitandi farið með rangt mál í svörum mínum við fsp. frá honum sem hann varpaði fram í utandagskrárumr. hinn 25. okt. s. l. En þar var 4. spurning í fyrirspurnalista hans á þessa leið:

Hefur í núverandi samningsdrögum Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga hvað skattareglur snertir, t. d. ákvæða aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum?

Ég svaraði þessu neitandi. Það hafði engin breyting verið lögð fram við aðstoðarsamninginn 25. okt. Ég bið hv. þm. að nótera það hjá sér hvort það hafi ekki fyrst komið fram aðfaranótt hins 3. nóv. að breyting væri gerð á aðstoðarsamningi um þetta efni. Þetta er það fyrsta og ég óska eftir því sérstaklega að nefndin kalli Hjört Torfason hrl. á sinn fund til þess að útskýra þessi ákvæði nákvæmlega vegna þess að auðvitað get ég ekki stundinni lengur legið undir áburði um það að ég hafi farið með rangt mál. Og ég bið nú hv. þdm. að hugleiða hvernig það má vera að ég hefði hagað mér þannig vísvitandi hafandi það alveg fyrir augum að slík sviksemi í orðum og athöfnum mundi upp koma á borð manna innan tíðar þar sem ég átti það auðvitað fyrir *höndum að leggja alla samningsgerðina fyrir hið háa* Alþingi.

En ég vil enn fremur minna á að þessi breyting á aðstoðarsamningum er málsútlistun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi, 27.03, og ég ítreka og endurtek: það er túlkun Hjartar Torfasonar og lögfræðilegra ráðunauta okkar á ákvæðinu í aðalsamningi sem þarna er tekið fram í breytingunni á aðstoðarsamningnum. Þess vegna er það heldur ekki breyting á honum, sem þarna er komin fram, heldur lagaleg útlistun okkar manna — um þetta var þrætt af miklum móð á sínum tíma — og skilningur á þessari grein. Með þessari breytingu, sem ekki er efnisbreyting, er það gert ótvírætt að umrætt ákvæði 2.03 (c), um bestu skilmála, eigi við í þeim tilvikum þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Gamla aðalsamninginn skilja okkar lögfræðiráðunautar og túlka á þessa vísu. Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlistun, tekin af tvímæli. En ég endurtek: Þetta var ekki þegar ég svaraði hv. þm. (**Gripið fram í:** Hver fór fram á breytinguna á þessu, hæstv. ráðh.?) Ég fer fram á að nefndin rannsaki þetta mál gaumgæfilega og fái þær upplýsingar og kalli á samninganefndarmennina, að vísu á einn hv. þm. sæti í þeirri nefnd, formanninn og Hjört Torfason. Ég vænti nú þess að Hjörtur Torfason verði ekki talinn það pólitískt skyldur þessu máli að menn trúi og treysti orðum hans. Ég vil þess vegna engar frekari fullyrðingar hafa í frammi í þessu máli, en hlýt að óska þess eindregið og mun reyndar fylgja því eftir. Ég veit að ég get treyst hv. 5. þm. Austurl. í því efni að hann muni vilja fá það fram og hafa það sem sannara reynist í þessu máli.

Þetta er það sem ég vildi láta koma fram núna vegna þess hvernig á stendur að öðru leyti fyrir okkur um tíma og annað sem að framgangi málsins lýtur.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég skil ofurvel að hæstv. ráðh. vill reyna að hraða þessu máli og koma því til nefndar og ég ætla ekki að bregða fæti fyrir það að svo geti orðið. Iðnn. þessarar hv. deildar þarf að sjálfsögðu að fjalla um þetta mál og þó að haldinn hafi verið einn sameiginlegur fundur nefndanna hlýtur iðnn. Nd. að ætla sér tíma til að fara ofan í ýmsa þætti málsins og þar hef ég aðstöðu til að taka á því sem einn af nm. í henni.

En vegna upplýsinga og yfirlýsinga hæstv. iðnrh. hér og skýringa á hans orðum 25. okt. s. l. vil ég í fyrsta lagi ekkert vera að vefengja að þar sé rétt og satt greint frá að þetta ákvæði, sem liggur fyrir í þessu frv. um aðstoðarsamning — rekstur, hafi komið fram og inn á eftir að sú umr. fór fram. Það er sjálfsagt að fá það leitt í ljós. Hins vegar kemur það meira en lítið spánskt fyrir sjónir ef vinnubrögð í þessum samningum hafa verið með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. var hér að upplýsa, og þá fer maður nú að skilja eitt og annað sem komið er á blað og undirritað hefur verið af samninganefnd hæstv. ráðh. ef þannig hefur tiltekist kannske með fleiri atriði eftir að búið var að ganga frá samningi af hálfu samninganefndar íslenska ríkisins til fullnustu því að ekki var annað upplýst en svo væri.

Ég man ekki betur en það hafi verið 8. og 9. okt. sem *þeir stigu hér á land, hv. samninganefndarmenn þrír,* mjög brosleitir og ánægðir sérstaklega með uppskeruna, komu akandi með þetta í körfum út af Keflavíkurflugvelli og voru sem sagt kampakátir. Maður átti satt að segja von á að upp úr körfunni kæmi allt annað heldur en hér liggur nú fyrir, miðað við stemmninguna sem þarna ríkti við landgöngu þeirra frá Zürich. Síðan kemur hæstv. iðnrh. hér í utandagskrárumr. 25. okt. og hafði sólarhring áður fengið hnitmiðaðar fsp. af minni hálfu sem dreift var hér til þm., þ. á m. um það atriði sem ég gerði hér að umtalsefni. Um nokkrar fsp. gaf hann þær skýringar að hann gæti ekki veitt Alþingi svör vegna þess að á það hefði verið fallist, ég skildi það nú svo nánast, mót hans vilja, af samninganefndinni, án þess að ég vilji um það fullyrða, að ekki yrði upplýst um önnur atriði samninga en sem báðir aðilar féllust á að greint yrði frá, en um annað ríkti þögn uns ríkisstj. og Alusuisse hefðu formlega staðfest þá með sinni undirskrift. Það varðaði m. a. þriðju spurninguna, sem laut að því hvaða greiðslu Alusuisse hefði boðið inn í hina

svokölluðu sáttargerð. Þar taldi ráðh. sig hafa tunguhaft sem Alusuisse hefði á hann lagt.

Síðan kom þessi þáttur um aðstoðarsamning — rekstur og þá kemur hæstv. ráðh. hér og skýrir málið með því að þetta atriði, sem hér er mjög gilt og gífurlega stórt atriði í þessu frv. upp á okkar samningsstöðu alla í þessu máli og skattalega aðstöðu Íslendinga gagnvart Alusuisse, hafi bara ekki verið komið á blað í Zürich 8. og 9. okt. — hér er nú einn hv. samninganefndarmanna undir þessari umr. sem ætti um það að vita, löglærður að auki, hv. 2. þm. Reykn., — og þessi túlkun, eins og hæstv. ráðh. orðar það, hafi fyrst fæðst 3. nóv., *jafnvel að næturlagi, án þess að ég tæki nú alveg glöggt* eftir því, og ekki aðeins að hún hafi þá komið á blað, heldur að hún hafi verið uppfundin af sérfræðingi íslensku ríkisstjórnarinnar, nafngreindum lögmanni, Hirti Torfasyni, sem niðurstaða úr athugun þessa máls og væri nánast bara lagaleg túlkun sem þessir heiðursmenn vildu af eðlilegum ástæðum halda til haga og byggja inn í þennan samning. Ja, svo mikil ástæða sem það kynni að vera að athuga nefndar dagsetningar hæstv. ráð., en ég ætla ekki að vefengja hér nú, þá er nú orðin mun ríkari ástæða til þess að kanna í iðnn. þessarar hv. þd. hvernig hafi verið staðið að samningagerðinni á hinum ýmsu stigum. Það gæti verið ástæða til þess fyrir hv. iðnn. að óska eftir því að fá aðgang að bókunum samninganefndarinnar á hinum ýmsu stigum, allt það sem á blað var fest í samningaáþreifingum við Alusuisse frá því að bráðabirgðasamningurinn var gerður 23. sept. 1983 til þess dags er íslenska ríkisstj. undirritaði samninginn 5. nóv. s. l. eða a. m. k. fram til þess tíma sem heiðursmennirnir þrír gengu frá samningi fyrir hönd íslensku ríkisstj. í Zürich 9. okt. s. l. Ég hygg að hér opinberist hv. þd. enn frekar en orðið er og með enn skýrari hætti en mér var kleift í orðum mínum áðan í hvaða stöðu hæstv. iðnrh. hefur sett sig í þessu stóra máli og hvernig hann er á sig kominn sem hagsmunagæslumaður Íslands að þessu leyti.

Hæstv. ráðh. kemur hér væntanlega í bestu trú og *einfeldni og upplýsir Alþingi um það að einn aðalráðgjafi* Íslands í þessum samningum, Hjörtur Torfason lögmaður, hafi troðið þessu afbrigði inn til að létta á samvisku sinni á allra síðustu stigum máls tveimur dögum áður en íslenska ríkisstj. og Alusuisse skrifuðu undir þennan samning. Er það hugsanlegt að eitthvert það farg hvíli á íslenskum samninganefndarmönnum sem hafa lengi vélað um þetta mál — og í þeim hópi er nefndur lögmaður sem hefur fylgt því álíka lengi, að ég hygg, sem traustur förunautur, formaður íslensku samninganefndarinnar nú, og a. m. k. má sjá á myndum frá undirskrift álsamninganna 1966 — að þeir séu hættir að gera greinarmun á því hvar íslenskir hagsmunir liggja og hvar hagsmunir auðhringsins sem við er að fást í þessu samhengi? Ég vil ekki trúa því að óreyndu. Ég þekki Hjört Torfason m. a. sem fulltrúa í álviðræðunefnd að góðum samskiptum og glöggskyggni á marga þætti mála og mér er það með öllu fyrirmunað að trúa því að hann hafi borið fram kröfu um það og sérstaka ósk að þau ákvæði, sem er að finna í þessu frv. um aðstoðarsamning, rekstur sem eins og ég segi skipta hér gífurlega miklu máli fyrir íslenska hagsmuni og ekki síður fyrir hagsmuni Alusuisse, hafi komið fyrir hans tilstilli og annarra ráðgjafa Íslands inn í þennan samning. Hæstv. ráðh. kemur svo hér í sinni einfeldni og lýsir því yfir að þetta sé nánast ekki breyting, efnisbreyting sé þetta ekki, þetta sé lagaleg útlistun, hér sé verið að gera hlutina ótvíræða.

Vissulega er þetta lagaleg útlistun, en í hvers þágu? Og fyrir hvaða hagsmuni er hér verið að tala? Hefur hæstv. iðnrh. kynnt sér lögfræðilegar álitsgerðir sérfræðinga iðnrn. um þessi efni frá fyrri tíð, þ. á m. álit breskra lögfræðiráðgjafa? Veit hann hversu þungt þetta atriði hlaut að vega fyrir þeim dómnefndum sem fyrir hans tilstilli voru að starfi til skamms tíma? Er honum kunnugt um það? Svo kemur það hér sem eins konar hreinsunaraðgerð af hálfu íslenskra sérfræðinga, eftir *því sem ráðh. upplýsir, að koma þessu hér inn á elleftu* stundu. Mikill er nú máttur Alusuisse ef það hefur tekist með þeim hætti.

Maður hefur að vísu heyrt í ansi mörgum búktölurum í tengslum við þetta mál í gegnum árin og maður veit um það úr sögu þessa máls að Alusuisse hefur oft og iðulega í flóknum samningaviðræðum á fyrri stigum tekist að smeygja á elleftu stundu inn þungvægum atriðum í samningagerð og leikið sér með þeim hætti að samningamönnum Íslands eða komið í bakið á þeim á elleftu stundu, eins og einnig mætti orða það. Ég tek undir það, hæstv. iðnrh., á þetta atriði verður að varpa ljósi. Ég vænti þess að ráðh. stuðli að því að það verði hægt og einnig á aðra þætti sem snerta samningsgerðina að nú þegar henni er lokið af hálfu hæstv. ráðh. og málið komið fyrir Alþingi komi öll gögn og bókanir funda samninganefnda Íslands og Alusuisse á fyrri stigum fram í hv. iðnn. Nd. Það er ekkert minna sem hægt er að biðja um hér í tengslum við þetta þegar draugagangur af því tagi sem hér er upplýst af hæstv. ráðh. hefur orðið fáum nóttum áður en ráðh. setti nafn sitt undir samningana. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði.

Ég ætla hins vegar að vekja athygli hæstv. ráðh. á einum þætti máls sem ekki er kannske stór, ekki í neinni líkingu við það sem hér var verið að nefna, en er á bls. 50 í þessu frv. Þar segir í sáttargerðarsamningi svonefndum undir 9. lið:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans.“

Það getur farið að vandast málið, einnig varðandi það atriði sem ég gerði að umtalsefni áðan og hæstv. ráðh. vék að. En það er ekki það sem ég er með í huga heldur greinarstúf sem birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 16. nóv. 1984 eftir Ragnar Halldórsson framkvæmdastjóra álversins í Straumsvík og sérstakan trúnaðarmann þess fyrirtækis og eiganda þess, Alusuisse. Þar er verið að rekja hluta, hygg ég, úr ræðu sem framkvæmdastjórinn hélt miðvikudaginn 7. nóv. s. l. í tilefni þess að milljónasta áltonnið var framleitt í Straumsvík. Framkvæmdastjórinn segir þarna m. a.:

„Svo skemmtilega vill til að einmitt í dag lagði Sverrir Hermannsson iðnrh. samkomulagið fyrir Alþingi. Með því er endir bundinn á þær deilur sem fyrrv. iðnrh. hóf á ofanverðum vetri 1980. Í fjölmiðlum hefur ranglega verið skýrt frá því að ÍSAL greiði skaðabætur að upphæð 3 millj. dollara. Hið rétta er“ — Hér er túlkun á ferðinni. — „að skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði verður lækkuð um 3 millj. dollara sem samsvarar vöxtum af inneigninni frá 1975, þegar síðast var samið. Þetta var samþykkt með tilliti til þess mikla kostnaðar

sem áframhaldandi málaferli hefðu haft í för með sér og vegna þess, sem skiptir miklu máli, að leyfi hefur fengist til stækkunar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Ríkisstj. hefur jafnframt lýst yfir að Alusuisse og ÍSAL hafi ekki í neinu brotið gegn fyrri samningum, þ. e. ágreiningurinn var um skilning á samningsákvæðum."

Hvernig fer þetta, hæstv. iðnrh., saman við þá yfirlýsingu í sáttargerðarsamningi sem ég vitnaði til? Er hugsanlegt að mati ráðh. að Alusuisse sé hér tekið að vanefna þann samning sem félagið gerðist aðili að 9. okt. s. l. og forráðamenn þess höfðu undirritað 5. nóv. ásamt hæstv. ráðh.? Mér sýnist að svo geti verið með tilvitnuðum ummælum framkvæmdastjóra álversins í Straumsvík sem Morgunblaðið hefur séð ástæðu til að taka upp orðrétt og sérstaklega 16. nóv. s. l.

Það væri í rauninni ekki rétt af mér að víkja hér úr stóli og gleyma garminum honum Katli með öllu. Hér kvaddi sér hljóðs talsmaður Framsfl., hv. þm. Sverrir Sveinsson, 2. þm. Norðurl. v. og ég hygg nú formaður iðnn. í fjarveru Páls Pétursonar. Hann gaf yfirlýsingar um það að Guðmundur G. Þórarinsson fyrrv. alþm. hafi túlkað stefnu og afstöðu Framsfl. í einu og öllu þegar hann tók sínar ákvarðanir í álviðræðunefnd og setti þar úrslitakosti. Ég vænti að hv. þm. sé hér í húsinu enn þá af því að hann tók til máls og ég hefði kunnað því betur að hann heyrði þau orð sem ég vildi við hann mæla.

Ég lét að því liggja í mínu máli að Guðmundur G. Þórarinsson hafi talið sig eiga nokkurn bakhjarl í Framsfl. þegar hann steig sín skref 6. og 7. des. 1982. En að hann hefði haft Framsfl. sameinaðan bak við sig og nánast verið að framkvæma stefnu hans og flokksþingssamþykktir með sínum tilþrifum, það er alveg nýtt og mjög fróðlegt að fá það upplýst hér á Alþingi Íslendinga. Ég vænti þess að virðulegur forseti hafi gert ráðstafanir til að kanna hvort hv. þm. sé í húsinu. (**Forseti:** Já, forseti hefur gert ráðstafanir til þess og væntanlega er hv. þm. ekki farinn úr húsinu. Enn hefur ekki borist vitneskja þar um.) Ég held að nauðsynlegt sé að rifja hér aðeins upp í samþjöppuðu máli, því að það er auðvelt, till. Guðmundar G. Þórarinssonar í álviðræðunefnd þann 6. des. 1982. Ég hef hana hér fyrir framan mig eins og hún var þar lögð fram. Hún var í sjö liðum og hljóðaði þannig, með leyfi virðulegs forseta.:

„1. 20% hækkun raforkuverðs frá og með 1. febr.

2. Aðilar eru samþykkir lið 1 a—c í símskeyti Alusuisse frá 10. nóv. með breytingum, ótilteknum að öðru leyti.

3. Aðilar samþykkja tafarlaust viðræður um raforkusamning skv. lið 2 a í sama símskeyti með verðhækkunarformúlu.

4. Aðilar samþykkja tafarlausar viðræður um endurskoðun aðalsamnings varðandi ákvörðun framleiðslugjaldsins skv. lið 2 b í sama símskeyti.

5. Ríkisstj. samþykkir sem meginatriði (í prinsippinu): a) Stækkun álbræðslunnar skv. frekari samningaviðræðum, m. a. 3. og 4. lið hér að ofan. b) Þáttöku nýs hluthafa í ÍSAL.

6. Alusuisse samþykkir sem meginatriði (í prinsippinu) að gefa ríkisstj. Íslands kost á að gerast hluthafi í ÍSAL.

7. Samningaviðræðum skal vera lokið fyrir 1. apríl 1983." Undir þessu er fangamarkið GGÞ.

Staðan í álviðræðunefnd þann dag, sem Guðmundur G. Þórarinsson bar fram þessa kröfu og lét reyna á hana til úrslita og tók síðan sínar ákvarðanir, var sú að Alusuisse hafði þá enn og aftur neitað nokkurri hækkun raforkuverðsins án skilyrða svo sem sett var fram af hálfu íslensku álviðræðunefndarinnar, þ. e. ráðuneytis, og með stoð í samþykktum ríkisstj. frá 26. febr. 1982. Því höfðu þeir staðfastlega neitað.

Í öðru lagi höfðu þeir þann sama dag sett fram kröfu um það — og um það var Guðmundi G. Þórarinssyni fullkunnugt — að Íslendingar léttu af kaupskyldu álversins á raforku úr 85% niður í 50%. Þessar kröfur stóðu á Íslendingum þegar Guðmundur G. Þórarinsson gerir um það till. í álviðræðunefnd að fá fram 20% hækkun raforkuverðsins upp í 7.8 mill frá 1. febr. 1983 að telja og jafnframt yrði gengist inn á ákveðin meginatriði sem Alusuisse hafði teflt fram 10. nóv. í símskeyti til ríkisstjórnar Íslands, þ. á m. að í prinsippi yrði skrifað upp á stækkun álversins og hið stóra atriði auðhringsins að fá heimild til þess að draga helming hlutabréfa út fyrir sviga samsteypunnar og létta því af bankareikningum fjölþjóðafyrirtækisins. Þessu var neitað af mínum fulltrúa í álviðræðunefnd og ekki tekið undir það af fulltrúum annarra flokka sem gerðu sér þessa stöðu ljósa og hversu fráleit hún var.

Það er fróðlegt að fá það hér upplýst af fulltrúa Framsfl., hv. 2. þm. Norðurl. v., að Guðmundur G. Þórarinsson hafi ekki verið einn. Nei, hann var að framkvæma stefnu Framsfl. eins og frá henni hafði verið gengið á þingum og í stofnunum flokksins.

Hvað hafði formaður álviðræðunefndar aðspurður að segja um þessa frammistöðu fulltrúa Framsfl. í Tímanum þann 10. des. 1982. Með leyfi forseta sagði hann þetta í stuttu viðtali við Tímann undir yfirskriftinni „Vilhjálmur Lúðvíksson um till. Guðmundar G. Þórarinssonar í álviðræðunefndinni: „Algerlega úr samhengi"."

„Það voru allir nefndarmenn sammála um að það þyrfti með einhverjum hætti að kalla fram viðbrögð hjá Alusuisse til að sjá hvort þeir hefðu vilja til að hækka raforkuverð. Það var þó matsatriði með hvaða hætti ætti að kalla þessi viðbrögð fram, en allir nefndarmenn voru sammála um að það ætti ekki að setja fram úrslitakosti á þessum fundum, sagði Vilhjálmur Lúðvíksson formaður álviðræðunefndar í samtali við Tímann.

Vilhjálmur sagði að þó nefndarmenn hefðu e. t. v. verið að leita að því sem kalla mætti ýtrustu tilraun, sem þá væri forsenda úrslitakosta, þá hefðu allir verið sammála um að engir úrslitakostir yrðu lagðir fram að þessu sinni. Guðmundur G. Þórarinsson hefði sjálfur nefnt og talið sanngjarnt að Alusuisse yrðu gefnar ein til tvær vikur til að svara.

Um till. Guðmundar G. Þórarinssonar sagði Vilhjálmur: — Ég verð að segja sem formaður þessarar nefndar að ég skil ekki hvernig á því stendur að Guðmundur skuli krefjast þess af ráðh. hálfri klukkustundu fyrir lokafundinn með Alusuisse að þessi till. hans, sem ekki var búið að ganga frá í nefndinni, yrði tekin upp við Alusuisse. Þetta hafi verið enn fráleitara í ljósi þeirrar kröfu sem fulltrúar Alusuisse lögðu fram um lækkun kaupskyldu úr 85% í 50%. Þá hafi slíkir hagsmunir verið í veði að till. Guðmundar um 20% hækkun raforkuverðs hafi algjörlega verið úr samhengi.

Um stöðu álviðræðunefndarinnar nú eftir þessa síð-

ustu atburði sagði Vilhjálmur að það væri ljóst að nefndin væri ekki starfhæf í bili. Það væri aðstandenda nefndarinnar að taka ákvörðun um framhaldið, en enn sem komið væri hefðu engin fyrirmæli borist þar að lútandi."

Ég taldi nauðsynlegt að upplýsa hv. þdm., þá aðra en þm. Framsfl., um þetta efni. Það er fróðlegt að það skuli hafa verið staðfest hér úr ræðustóli þessum að forusta Framsfl. hafi öll verið í fylkingu á bak við Guðmund G. Þórarinsson varðandi þau vinnubrögð sem hér var um að ræða. En till. hans var svohljóðandi skv. bókun þriðjudaginn 7. des., hún er ekki löng, virðulegi forseti:

„Á fundi álviðræðunefndar sem haldinn var þriðjudaginn 7. des. 1982 milli kl. 14 og 15.30 gerði Guðmundur G. Þórarinsson svohljóðandi bókun:

„Verði till. mín frá í gær, með breytingu í svipuðum dúr og formaður nefndarinnar lagði til, ekki borin fram á fundi iðnrh. og dr. Müller hér á eftir sem svartilboð af Íslands hálfu lít ég þannig á að grundvöllur samráðs í nefndinni sé brostinn og segi ég mig hér með úr nefndinni og lýsi allri ábyrgð á framgangi samningaviðræðnanna á hendur iðnrh."

Síðan segir í þessari bókun nefndarinnar: „Bókun þessi var borin undir Guðmund G. Þórarinsson í símtali í dag og frá orðalagi bókunarinnar gengið. Lýsti hann því jafnframt yfir að fyrst slík till. hefði ekki verið lögð fram kæmi bókun hans til framkvæmdar og hann væri genginn úr nefndinni."

Ég vona satt að segja að hv. þm. Sverrir Sveinsson hafi mælt sín orð hér án þess að kunna glögg skil á þeirri mynd sem ég er hér að draga upp varðandi þau skref sem Guðmundur G. Þórarinsson tók sem fulltrúi Framsfl. í álviðræðunefnd 7. des. 1982. En á meðan annað er ekki upplýst hlýtur það að standa sem hér hefur verið sagt um þau efni og vissulega kom mér ekkert á óvart að hann átti hauka í horni innan forustu Framsfl.

Ég kom að því hér fyrr í dag að sú pólitíska meginbreyting, sem varð á stöðunni í samskiptum við Alusuisse, gerðist innan Framsfl. Fylgi Sjálfstfl. að meiri hl. til og þess liðs, sem var í stjórnarandstöðu á þessum tíma, lá fyrir út af fyrir sig og kom ekkert á óvart. Þó sýndi þingflokkur Sjálfstfl. þann lit að starfa innan álviðræðunefndar þar sem allir þingflokkar áttu sinn fulltrúa og það voru ekki þeir sem rufu þennan samstarfsvettvang þótt í stjórnarandstöðu væru. Það var fulltrúi stærsta stjórnarflokksins sem það gerði.

Það mætti margt segja um þá sérkennilegu þróun sem varð innan Framsfl. frá þeim árum, sem núv. formaður og hæstv. forsrh. var þar í bullandi minni hl. 1965 og 1966 þegar álsamningarnir voru á dagskrá, og þar til sjónarmið hans urðu að meirihlutasjónarmiði innan flokksins á síðasta áratug smám saman og kristölluðust í þeirri afstöðu og aðstöðu sem Framsfl. setti sig í í álmálinu á seinni hluta stjórnarsamstarfs ríkisstj. dr. Gunnars Thoroddsens.

Svo kom hv. þm. Sverrir Sveinsson hér að lokum síns máls og rétt tæpti á þeirri áróðurslummu sem á að hjálpa Framsfl. í því máli, sem hann stendur nú í við hlið hæstv. iðnrh. og Sjálfstfl., að berja hér fram á Alþingi Íslendinga þá óhæfu sem er að finna í því frv. sem hér er til umr. Þessi aðalbjarghringur flokksins er ekki betur fenginn en svo að hann byggir á lygum og fölsunum. Og ætli sá sem kveður í þeim kór hafi ekki verið að tala yfir fulltrúaráði Framsfl. í hádeginu í gær og haft vísuna yfir? Hún var endurtekin hér úr stólnum, hv. talsmaður, en hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði ekki fyrir því að taka skýrt til orða. Hann sagði að komið hefði fram frv. á Alþingi í fyrra, held ég að hann hafi sagt, þar sem gert var ráð fyrir orkuverðinu 12.5 mill. Í hvað ætli sé verið að vitna hér? Af hverju setja framsóknarmenn sig í þá stöðu að ætla að byggja sína vörn á ósannindum og hálfkveðnum vísum?

Ég lagði hér fram í Nd. Alþingis í febr. 1983 frv. til l. um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins hf. Flm. með mér á þskj. 363 á 105. löggjafarþingi voru þm. Alþb. hér, þáv. þm. í þessari þd. Frv. er í fimm greinum. Það er rétt að rifja það upp, með leyfi forseta, að gefnu tilefni og væri ágætt fyrir þm. Framsfl., sem hér eru, að fá frv. í skjalavörslu Alþingis og hafa það með sér næst þegar þeir taka undir þá plötu sem forusta flokksins hefur sett á til að reyna að fleyta sér í þeirri stöðu sem flokkurinn nú er í í þessu máli:

„1. gr. Verð á raforku frá Landsvirkjun til Íslenska álfélagsins hf. skv. rafmagnssamningi dags. 28. júní 1966 með viðaukum dags. 28. okt. 1969 og 10. des. 1975 skal vera 12.5 mill á kwst. (0.0125 Bandaríkjadalir á kwst.).

2. gr. Ákvæði í 13. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. um orkuverð svo og önnur ákvæði í samningnum, sem fara í bága við ákvæði 1. gr. laganna, eru úr gildi numin.

3. gr. Lög þessi falla úr gildi þegar samningar hafa tekist milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun raforkuverðsákvæðis rafmagnssamningsins sem að framan greinir.

Sú endurskoðun skal byggjast á eftirfarandi:

a) Þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið;
b) Raforkuverði því sem álver annars staðar í heiminum greiða;
c) Framleiðslukostnaði raforku hér á landi;
d) Heimsmarkaðsverði á áli.

4. gr. Fari svo, að ekki náist samningar um endurskoðun raforkuverðsákvæðis skv. 3. gr. fyrir árslok 1983, skal stjórn Landsvirkjunar með stoð í þessum lögum ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill á kwst. (0.015—0.020 Bandaríkjadalir á kwst.) frá og með 1. jan. 1984 og breytist verðið eftir það í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli, eins og það er skilgreint í ákvæðum 26.02 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. dags. 28. mars 1966 með viðaukum dags. 28. okt. 1969 og 10. des. 1975.

5. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í skýringum við þennan lagatexta er m. a. kveðið á um að verðbreytingar með viðmiðunum við heimsmarkaðsverð á áli, sem um er að ræða, „alcan price" geti aðeins verið til hækkunar frá því lágmarki sem gert er ráð fyrir að ákveðið verði á bilinu 15—20 mill á kwst. og engin skerðingarákvæði eins og eru í gildandi samningi, sem gerir ráð fyrir skertri verðtryggingu í gildandi samningum á verðbilinu frá 40 cent á pund upp í 70 cent á pund. Miðað við 70 cent á pund, þá er

verðtryggingin aðeins 40% eða ⅖. Þetta er það mál sem Alþb. lagði hér fyrir. Það er skýrt og ef eftir því hefði verið farið og undirtektir væru við það værum við í annarri stöðu nú en raun ber vitni.

Það er hins vegar undir frostmarki og sýnir í hvaða stöðu Framsfl. telur sig vera og hvaða meðul hann telur sér henta að nota í áróðri þegar hann gefur út dagskipun til sinna manna um að breiða það út að Alþb. hafi gert ráð fyrir að lögfesta raforkuverð til Íslenska álfélagsins í 12.5 millum og láta þar við sitja. Ég hef þegar heyrt þessa plötu leikna. Ég hef þegar heyrt utan úr bæ marga bera vitni um það að hún er í fullum gangi á vegum Framsfl. Ég segi við hv. þingbræður hér úr Framsfl. og þdm.: Verði þeim að góðu. Ef málstaðurinn er ekki betri og trúin á hann en svo, að grípa þurfi til áróðurs af þessu tagi, þá verði þeim að góðu. Svo lengi sem þeir vilja fylkja liði um stefnu Guðmundar G. Þórarinssonar í álmálinu, þá er það að sjálfsögðu þeirra mál. En ég er ansi hræddur um að það hafi á sínum tíma farið um marga fyrrv. heiðarlega stuðningsmenn Framsfl., sem urðu vitni að vinnubrögðum flokksforustunnar og þessa fulltrúa flokksins í álviðræðunefnd á sínum tíma, og þeir séu margir, sem enn binda e. t. v. einhverjar vonir við flokkinn, sem væntu þess að hann væri snúinn frá þeirri villu síns vegar. Svo virðist því miður ekki vera.

Virðulegi forseti. Það var brýn ástæða til þess að gefnu tilefni ráðh. og stjórnarþm. að koma þessum athugasemdum á framfæri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, SvH, ÞP, ÞS, GHG, EH, EBS, FÞ, GB, GE, GSS, HBl, HG, KMK, MB, SvS, PJ, PS, StG, SV, KP.

18 þm. (StH, AS, GeirH, MF, GeirG, GJG, GA, GHelg, HÁ, IG, JS, JBH, KJ, KH, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, RH) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 24. fundur.

Fimmtudaginn 22. nóv., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (sjónvarps- og útvarpsumr.).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röðin verður þessi: Framsfl., Alþfl., Bandalag jafnaðarmanna, Sjálfstfl., Samtök um kvennalista og Alþb.

Af hálfu Framsfl. talar auk forsrh. í fyrri umferð Halldór Ásgrímsson sjútvrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. tala í fyrri umferð Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., og Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., og í seinni umferð Magnús H. Magnússon, 6. landsk. þm. Fyrir Bandalag jafnaðarmanna tala í fyrri umferð Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk., þm., og Kristófer Már Kristinsson, 1. landsk. þm. Í síðari umferð Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm. Ræðumenn Sjálfstfl. verða í fyrri umferð Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., og Matthías Á. Mathiesen viðskrh. í þeirri síðari. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala í fyrri umferð Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., og Kristín Ástgeirsdóttir, 11. þm. Reykv., og í þeirri seinni Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm. Fyrir Alþb. talar Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., og Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., í fyrri umferð og Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn., í þeirri síðari.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð steðjuðu miklir efnahagserfiðleikar að íslensku þjóðinni. Annars vegar fór verðbólga mjög vaxandi, en hins vegar þjóðartekjur fallandi. Ríkisstj. tók þessi mál föstum tökum. Í stefnuyfirlýsingu er fyrstu aðgerðum ríkisstj. lýst og einnig stjórn efnahagsmála eftir að verðbólgan hafði verið færð niður. Eftir því samkomulagi hefur verið unnið.

Í byrjun september birtu stjórnarflokkarnir samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og um breytingar á stjórnkerfi. Það samkomulag er eðlilegt framhald á stefnuyfirlýsingunni og reyndar á henni byggt. Samkomulag þetta er birt í Þjóðhagsáætlun, sem dreift hefur verið á Alþingi. Það mun ég ekki endurtaka í þessari ræðu, en fjalla fyrst og fremst efnislega um efnahagsmálin og nýsköpun í atvinnulífi.

Þjóðhagsáætlun var, eins og venja er, dreift í upphafi þings. Með samningum um kaup og kjör verða óhjákvæmilega miklar breytingar á þeirri áætlun, sem ég mun að hluta rekja. Sömuleiðis var stefnuræðu dreift fljótlega eftir að þing var sett. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að gera miklar breytingar á stefnuræðu. Hefur kafli um efnahagsmál verið aukinn og stefnuræða að nýju send þingmönnum. Í því sem þm. hefur verið sent er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir áformum einstakra ráðuneyta, en sökum þess hve kafli um efnahagsmál hefur lengst get ég ekki flutt þann kafla, en læt nægja að vísa til þess sem segir í því sem þm. hafa fengið.

Við stjórnarmyndun fyrir einu og hálfu ári var hraði verðbólgunnar orðinn yfir 130% og stefndi hærra. Við þjóðinni blasti stöðvun atvinnuvega og atvinnuleysi. Fyrsti áfangi í efnahagsaðgerðum ríkisstj. einkenndist því af markvissum lögbundnum aðgerðum, sem óhjákvæmilegar voru til þess að bjarga þjóðinni frá því hruni sem óðaverðbólgunni hefði fylgt. Þetta tókst án þess að til atvinnuleysis kæmi og var verðbólga nálægt 20% þegar í byrjun þessa árs.

Í öðrum áfanga voru mikilvæg skref stigin í þá átt að koma á heildarjafnvægi í efnahagslífinu með því að ákveða því fyrirfram fasta umgjörð. Þetta var gert með því að tilkynna hvað gengissig yrði mest á árinu, að erlendar skuldir sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu yrðu ekki auknar og aðhaldi yrði beitt í peninga- og ríkisfjármálum. Þetta hefur einnig að mestu tekist.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands höfðu erlendir gjaldmiðlar hækkað á grundvelli vegins meðaltals um aðeins 6% frá 27. maí 1983 þar til gengi tók að síga samfara kjarasamningum í lok október s. l.,

þ. e. í 17 mánuði hreyfðist gengið ekki meira en 6%. Erlendar skuldir hafa jafnframt haldist í rúmlega 60% þjóðarframleiðslu. Eftir margra ára verðbólgu og hraða hjöðnun hennar á s. l. ári hefur öldurót þó verið mikið og er nokkuð í land að gott jafnvægi hafi náðst, einkum í peningamálum. Mikið hefur þó áunnist, mjög hefur dregið úr hækkun verðlags og verðbólga því enn farið hjaðnandi. Hún var fyrir gerð kjarasamninga nú í október 13% á grundvelli framfærsluvísitölu síðustu þrjá mánuðina á undan, en um 10% miðað við byggingarvísitölu. Síðustu tólf mánuði mælist verðbólga 15% miðað við framfærsluvísitölu, en 10% samkvæmt byggingarvísitölu. Er það minnsta slík breyting vísitölu sem mælst hefur frá því í upphafi síðasta áratugar. Niðurstöður kjarasamninganna og nauðsynlegar ráðstafanir í kjölfar þeirra til að tryggja landsmönnum næga atvinnu hafa nú gjörbreytt horfum í verðlagsmálum, eins og komið verður að hér á eftir.

Í öðrum áfanga efnahagsaðgerðanna var ákveðið að láta lög um Verðlagsráð og verðlagseftirlit koma til framkvæmda, en því hefur verið frestað í allmörg ár vegna mikillar verðbólgu. Verðlagsráð hefur í samræmi við það gefið verðlagningu frjálsa í ýmsum greinum þar sem samkeppni er talin næg. Lögð hefur verið aukin áhersla á verðlagseftirlit og verðlagsupplýsingar.

Samkvæmt nýlegum upplýsingum hefur verðlag á matvælum og öðrum nauðsynjum hækkað fyrstu níu mánuði ársins á grundvelli framfærsluvísitölu um 11%. Mestar hafa verðhækkanir orðið á landbúnaðarafurðum, ekki síst vegna minni niðurgreiðslu, en hins vegar engar á t. d. raforku og þjónustu Pósts og síma. Athyglisvert er að vörur með frjálsa álagningu hafa hækkað um 9%, en þær sem falla undir verðlagsákvæði um 12%. Þessar tölur tala skýru máli um þá gjörbreytingu sem orðið hefur í verðlagsmálum í tíð þessarar ríkisstj.

Þegar á heildina er litið hefur atvinna verið næg. Spádómar um mikið atvinnuleysi samfara aðgerðum ríkisstj. hafa ekki ræst. Atvinna hefur þó verið minni en fyrr á Norður- og Norðausturlandi og er ástæðan fyrst og fremst minni þorskafli. Hins vegar hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið of mikil á höfuðborgarsvæðinu og á það sinn þátt í þenslu og viðskiptahalla.

Afar brýnt er að lækka erlendar skuldir þjóðarinnar. Það er óhjákvæmilegt á næstu árum. Svigrúm til þess er þó lítið á næsta ári, ekki síst vegna þess að ríkisstj. telur nauðsynlegt að nota þann litla bata sem fram undan er talinn til þess að örva fjárfestingu til nýsköpunar í atvinnulífinu sem stuðli að auknum hagvexti í framtíðinni.

Mestum erfiðleikum veldur tvímælalaust erfið rekstrarstaða í sjávarútvegi á meðan ýmsar aðrar atvinnugreinar, eins og t. d. stór hluti iðnaðar, verslunar og þjónustu, hafa haft allgóða eða góða afkomu. Má segja að gengi hafi verið hagstætt fyrir þessar greinar, en hins vegar óhagstætt fyrir sjávarútveginn. Erfiðleikar sjávarútvegsins stafa bæði af miklum samdrætti í afla og erfiðleikum á mörkuðum.

Fremur en að bæta stöðu sjávarútvegsins aðeins með breytingu á gengi hefur verið leitast við að lagfæra afkomuna með öðrum aðgerðum, eins og t. d. með fjárhagslegri endurskipulagningu, með víðtækum skuldbreytingum og lengingu lána og með því að hvetja til endurskipulagningar á rekstri fyrirtækjanna.

Í upphafi ársins var gert ráð fyrir því að viðskiptahalli yrði 1—2% af þjóðarframleiðslu. Nú er talið að hann verði um 5%. Útgjöld þjóðarinnar hafa orðið meiri en að var stefnt. Vaxandi viðskiptahalli er því nú eitt helsta efnahagsvandamálið. Til þessarar hallamyndunar liggja ýmsar ástæður.

Þensla hefur, eins og fyrr segir, verið of mikil á höfuðborgarsvæðinu. Launaskrið virðist hafa orðið allverulegt í iðnaði, byggingariðnaði, þjónustu og verslun. Í ljós hefur komið að einkaneysla hefur orðið meiri á árinu en búist var við á grundvelli áætlana um breytingar á ráðstöfunartekjum almennings.

Því miður hefur fjárhagslegur sparnaður ekki aukist þrátt fyrir háa raunvexti og eftirspurn eftir lánum hefur haldist mikil. Svo virðist sem verðbólguhugsunarhátturinn ráði enn miklu. Að sjálfsögðu er einnig ljóst að erfitt er að auka sparnað umtalsvert á tímum þegar glímt er við alvarlegan samdrátt í þjóðartekjum. Lítill sparnaður og eyðsla umfram efni veldur viðskiptahalla. Það mein verður að lækna.

Í þeirri viðleitni að auka sparnað og draga úr viðskiptahalla féllst ríkisstj. á s. l. sumri á nokkra hækkun vaxta, en jafnframt var komið á verulegu frjálsræði innlánsstofnana um vaxtaákvarðanir. Enn er ekki fengin nægileg reynsla af þeim breytingum á vaxtakerfinu, sem í þessu fólust, en þær vaxtahækkanir, sem í kjölfarið fylgdu, hafa þó orðið meiri en búist hafði verið við, enda var lausafjárstaða bankanna orðin mjög erfið og verðbólguótti vaxandi vegna kjaradeilna. Eftir allmikla hækkun vaxta af verðtryggðum útlánum bankanna hefur Seðlabankinn að tilmælum ríkisstj. beitt sér fyrir lækkun þeirra. Æskilegt væri að síðar verði hægt að lækka þessa vexti enn frekar.

Svo virðist sem eftirspurn eftir fjármagni sé nú svo mikil að lántakendur séu reiðubúnir til þess að greiða mjög háa raunvexti, eins og m. a. kemur fram í frjálsri sölu skuldabréfa. Einnig verður ekki hjá því komist að vextir í heiminum, sem eru alls staðar ákaflega háir, hafi áhrif á vaxtastig hérlendis. Hinir háu raunvextir, sem af þessu stafa, eru þó engu að síður áhyggjuefni og þeir geta, ef þeir standa til langframa, orðið þrándur í götu framfara. Enginn vafi er á því að meginskilyrði lækkandi raunvaxta er að jafnvægi náist á peningamarkaðinum samfara hjaðnandi verðbólgu og á það verður því að leggja megináherslu. Jafnframt er mikilvægt að reynt verði að hamla gegn hækkun raunvaxta nú á næstunni á meðan sú verðbólgualda, sem rís í kjölfar launasamninganna, er að ganga yfir. Hefur Seðlabanki Íslands verið beðinn um tillögur um eftirlit á vegum bankans sem að því stuðli. Lækkandi verðbólga síðar á næsta ári mundi svo skapa skilyrði til þess að vextir færu aftur lækkandi.

Þriðji áfanginn í efnahagsaðgerðum ríkisstj. kemur fram í samkomulagi stjórnarflokkanna, sem birt var í byrjun september s. l. Eins og þar kemur fram gerði ríkisstj. ráð fyrir því að fylgja á árinu 1985 í meginatriðum sömu stefnu í efnahagsmálumog fylgt hafði verið á þessu ári. Að því var stefnt að hámarksbreyting á gengi yrði innan við 5% og erlendar skuldir ekki yfir 61% af þjóðarframleiðslu í lok ársins 1985. Í þessu fólst almenn umgjörð fyrir efnahagslífið. Með því móti hefði verðbólga hjaðnað og verið komin niður í eða niður fyrir 10% í lok ársins 1985. Innan þessa ramma var talið að meðallaunahækkun á milli ára gæti orðið 10%, næg

atvinna yrði tryggð og lífskjör almennings versnuðu ekki á næsta ári.

Þegar ljóst varð að kjarasamningar mundu ekki takast innan ofangreindra marka ákvað ríkisstj. að bjóða víðtæka lækkun tekjuskatts og beita sér fyrir lækkun útsvars, enda yrðu peningalaunahækkanir minni og alls ekki meiri en svo að hjöðnun verðbólgu og jafnvægi í efnahagsmálum yrði tryggt á árinu 1985. Um þetta varð því miður ekki samkomulag, heldur var farin heföbundin leið peningalaunahækkana. Þeir heildarsamningar sem gerðir hafa verið fela í sér a. m. k. 24% hækkun launa á næstu 14 mánuðum í stað 10—11% hækkun launa, eins og gert var ráð fyrir í forsendum þjóðhagsáætlunar. Jafnframt eru launahækkanir þessar fyrst og fremst á fyrri hluta samningstímans.

Ljóst var að mikil alda verðhækkana mundi rísa í kjölfar þessara samninga. Öll innlend framleiðsla hækkar í verði, sérstaklega þar sem vinnulaun vega þungt. Útseld vinna í byggingariðnaði hækkar svipað og launin og byggingarkostnaður, sem breyst hefur tiltölulega lítið á þessu ári, hækkar mikið. Öll sanngirni mælir með því að sjómenn fái án tafar leiðréttingu á sínum kjörum. Því hefur sjútvrh. lagt fram frv. til laga þar sem gert er ráð fyrir því að fiskverð verði tekið til nýrrar ákvörðunar og gildir sú ákvörðun frá 21. nóvember s. l., þ. e. í gær. Bændur munu að sjálfsögðu fá svipaða hækkun tekna sem mun leiða til mikillar hækkunar á landbúnaðarafurðum 1. des. n. k. Slík hækkun á innlendri framleiðslu, sem enginn fær við ráðið, mun þegar á næstu vikum draga mjög úr þeim kaupmætti sem um hefur verið samið og leiða til mikillar kostnaðarhækkunar fyrir útflutningsatvinnuvegina sem þeir hafa ekkert bolmagn til að mæta eins og nú er ástatt.

Við afleiðingum þessarar þróunar er óhjákvæmilegt að snúast án tafar. Það mun ríkisstj. gera og þá hafa eftirgreind meginmarkmið að leiðarljósi:

1. Að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna verði tryggður og að atvinnuöryggi haldist.
2. Að lífskjör verði ekki lakari á árinu 1985 en í ár og hagur þeirra, sem lægstar tekjur hafa, verði sérstaklega tryggður.
3. Að gætt verði ýtrasta aðhalds í erlendum lántökum.
4. Að úr verðbólgu dragi að nýju á seinni hluta ársins 1985.

Á þessu ári hefur komið í ljós umtalsvert misgengi í íslensku atvinnulífi sem hefur valdið verulegum mismun á afkomu fyrirtækja og einstaklinga. Þessi munur á stöðu greina hefur valdið spennu á vinnumarkaði og launaskriði. Ef ná á viðunandi jafnvægi í íslensku efnahagslífi er óhjákvæmilegt að draga úr misgengi þessu með markvissum efnahagsaðgerðum sem ríkisstj. mun ákveða á næstunni.

Eftir umrædda kjarasamninga var öllum ljóst að gengi íslensku krónunnar hlaut að falla. Ríkisstj. taldi þó rétt að fara eins hægt í sakirnar og frekast væri unnt. Því var ákveðið að láta gengið síga til að byrja með. Þannig lækkaði gengi íslensku krónunnar um 4.4% á síðustu vikum.

Fimmtudag og föstudag í síðustu viku jókst hins vegar gjaldeyrisútstreymið gífurlega. Varð þá ljóst að ekki yrði unnt að halda gjaldeyrissölu áfram að óbreyttu gengi. S. l. mánudag gerði Seðlabanki Íslands tillögu til ríkisstj. um lækkun á gengi íslensku krónunnar um 12%. Var sú tillaga samþykkt. Gengi krónunnar hefur þannig lækkað um 15.9% frá því í október. Með þessari gengislækkun er við það miðað að staða útflutningsatvinnuveganna versni ekki þrátt fyrir þær kostnaðarhækkanir sem fram eru komnar og koma fram á næstu dögum og vikum.

Eftir þessa gengislækkun er það stefna ríkisstj. að aftur verði horfið til festu í gengismálum og fylgt verði í meginatriðum sömu gengisstefnu og fylgt var 17 mánuði á undan.

Í kjölfar þeirrar gengisbreytingar, sem nú er orðin, mun ríkisstj. leggja fram tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum sem draga úr áhrifum verðhækkana á afkomu heimilanna, einkum þeirra sem við lakari kjör búa. Það mun verða gert, eins og þegar hefur reyndar verið tilkynnt, með greiðslum almannatrygginga, sem hækka umfram það sem hin almenna launahækkun krefst, með lækkun tolla á nokkrum nauðsynjum og lækkun tekjuskatts. Verður það ákveðið nánar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga.

Vegna hættu á miklum viðskiptahalla og vaxandi erlendum skuldum þjóðarinnar er þó nauðsynlegt að stefna að því að ríkisbúskapur verði sem næst hallalaus á næsta ári.

Til þess að bæta nokkuð stöðu sjávarútvegsins verða þó opinber gjöld af olíu, bæði til ríkis og sveitarfélaga, að mestu felld niður.

Uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi mun, eins og kunnugt er, verða endurgreiddur frá og með næstu áramótum. Verður því fjármagni varið til þess að lagfæra stöðu Aflatryggingasjóðs þannig að á árinu 1985 megi áfram greiða úr sjóðnum óbreytta uppbót á fiskverð.

Útlánareglur Húsnæðisstofnunar verða teknar til endurskoðunar, þannig að auka megi fyrirgreiðslu við þá sem byggja íbúðir af hæfilegri stærð og byggja eða kaupa í fyrsta sinn, og til athugunar eru leiðir til að útvega aukið fjármagn til að standa við þau loforð sem hafa verið gefin og ekki hafa fengist greidd úr lífeyrissjóðum og hjálp við þá sem í mestum erfiðleikum eiga í húsnæðismálum.

Margir spyrja að sjálfsögðu: Var gengisfelling eina leiðin? Lítum aðeins nánar á það. Hvað hafði gerst? Launakostnaður atvinnuveganna hafði verið hækkaður með einu pennastriki um fimmtung fram að næstu áramótum og reyndar um fjórðung á næstu sex mánuðum. Í kjölfar þessa hlaut að fylgja veruleg hækkun fiskverðs til sjómanna og útvegsmanna. Þetta tvennt hlaut að setja fiskvinnsluna í vonlausa stöðu og var hún þó erfið fyrir. Þetta er önnur hlið vandans sem við blasti. Ef ekkert hefði verið að gert hlaut að verða rekstrarstöðvun í fjölmörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Sum hefðu e. t. v. getað fleytt sér eitthvað áfram skamma hríð á lánum og með því að brenna upp eigið fé sitt, önnur ekki. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hverjar afleiðingar hefðu orðið; afkomubrestur og atvinnuleysi. Þetta eru því miður blákaldar staðreyndir. Ég veit að fólk í sjávarplássum, sem á allt sitt undir fiski, skilur þetta mætavel. Þetta verða allir að skilja.

Með gengisfellingu hefur tekist að afstýra þessu um sinn. En gengisfelling er ekkert töframeðal. Hún leysir engan vanda varanlega. En hún getur skapað svigrúm til annarra og varanlegri aðgerða ef rétt er á haldið. Þegar að er gáð féll gengið þegar skrifað var undir

kjarasamningana. Framhaldið var formsatriði.

Önnur úrræði eru: aukin hagkvæmni í rekstri, betri nýting fjármuna, arðbærari fjárfesting. Allt eru þetta atriði sem þarf að stuðla að, en þau koma einfaldlega ekki að gagni í stöðunni í dag. Þetta eru allt atriði sem beinast að varanlegri lausn rekstrarvandans í sjávarútvegi, en ekki þeim bráða vanda sem við blasti í kjölfar samninganna.

Það kann að vera að einhverjir hefðu viljað leggja meiri áherslu á þessa leið og fella gengið minna, taka afleiðingum launahækkana, leyfa fyrirtækjum að stöðvast og treysta á seinvirka endurskipulagningu í fjárhag og rekstri. Ríkisstj. valdi annan kost. Hún ákvað að horfast í augu við raunveruleikann, sem við blasti, og freista þess að skapa — án atvinnuleysis — svigrúm til þess að leysa vandann. En það svigrúm þarf að nýta, ella stöndum við von bráðar frammi fyrir sömu vandamálum.

Hin hlið vandans, sem við blasti, er viðskiptahallinn gagnvart útlöndum. Með samningunum var ljóst að stefndi í umtalsverðar verðhækkanir innanlands, eins og ég hef þegar rakið. Innlendar vörur hefðu orðið dýrari en innfluttar vörur. Þetta hefði þýtt meiri innflutning, minni kaup á innlendum vörum, útstreymi gjaldeyris og þannig valdið enn vaxandi viðskiptahalla. Gengisfellingunni er einnig ætlað að bregðast við þessum vanda, þannig að samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu sé ekki stefnt í hættu og þannig jafnframt að draga úr viðskiptahalla.

Að vísu, eins og ég hef áður sagt, verður viðskiptahalli enn mikill eða nálægt 5% í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Ríkisstj. telur þó ekki unnt við núverandi aðstæður að takmarka útgjöld þjóðarinnar meira en felst í þessum viðskiptahalla, enda kæmi það óhjákvæmilega niður á atvinnu og lífskjörum fólksins.

Með þeim aðgerðum, sem ég hef lýst og nánar verða ákveðnar við afgreiðslu fjárlaga, telur ríkisstj. að verja megi kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna milli áranna 1984 og 1985 með nokkurri kjarabót fyrir þá sem við lökust kjör búa.

Tilgangur þeirra efnahagsaðgerða, sem ríkisstj. hefur nú lagt drög að, er að tryggja að sá bati framleiðslu og tekna, sem að var stefnt með þjóðhagsáætlun, náist á árinu 1985. Síðasta endurmat á þjóðhagsspá í ljósi efnahagsaðgerða þeirra, sem hér hafa verið ræddar, gefur þá niðurstöðu að þjóðarframleiðslan aukist nálægt ½ til 1% eða minna en áður var spáð. Landsframleiðsla og þar með umsvif innanlands ætti samkvæmt þessu að aukast um 1 til 1½%, þannig að atvinnuöryggi á að haldast. Óheft framvinda hefði án vafa leitt til atvinnuleysis.

Áætlað er að meðalhækkun verðlags á milli áranna 1984 og 1985 verði um 26 — 28%, en verðhækkun frá upphafi til loka ársins 1985 rúmlega 20% í staðinn fyrir 9—10%, eins og gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá. Í lok ársins 1985 standa þó vonir til að hraði verðbólgunnar verði á ný kominn í það horf sem var fyrir kjarasamningana. Ríður því á miklu að betur takist til við næstu kjarasamninga en í þeim síðustu. Þá verður að leggja áherslu á að gera skynsamlega samninga sem stuðli að hjöðnun verðbólgu og batnandi lífskjörum á traustum grunni 1986 og árin næst á eftir. Ríkisstj. mun bjóða aðilum vinnumarkaðarins til viðræðna um undirbúning slíkra samninga.

Þriðji áfanginn í stefnu og starfi ríkisstj. mun einkennast fyrst og fremst af öflugu átaki til þess að hefja þjóðarbúið upp úr þeirri alvarlegu kreppu sem það hefur verið í. Í ár hefur þjóðarframleiðslan enn dregist saman. Þetta þriggja ára samdráttarskeið er orðið það lengsta sem við Íslendingar höfum orðið að þola í 30 ár. Ætlað er að þar með sé botni lægðarinnar náð og hagvöxtur geti hafist að nýju á næsta ári, þótt lítill verði.

Á þessu þriggja ára samdráttarskeiði hefur komið skýrt í ljós veikileiki hins íslenska efnahagslífs. Frá stríðsárum hefur þjóðarframleiðsla hér á landi aukist að meðaltali um 3.5%. Það er mikill vöxtur. Fyrst og fremst hefur hann byggst á vaxandi sjávarafla og fiskvinnslu. Fiskvinnslan krefst mikils vinnuafls og er verðmætasköpunin því tiltölulega lítil á hverja vinnustund miðað við ýmsar háþróaðar atvinnugreinar. Þessi mikla aukning þjóðarframleiðslunnar og góð lífskjör hafa því einnig og ekki síður byggst á mjög mikilli atvinnu, löngum vinnutíma og mikilli atvinnuþátttöku kvenna.

Nú bendir flest til þess að sjávarafli verði ekki lengur aukinn ár frá ári og þótt með betri nýtingu megi eflaust auka verðmæti úr sjónum er vafalaust að renna verður fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf, ekki síst með háþróuðum atvinnugreinum, ef hagvöxtur hér á landi á að verða svipaður og hann hefur verið og spáð er í nágrannalöndum okkar. Í vanrækslu á þessu sviði felst veikleiki hins íslenska efnahagslífs.

Þótt svigrúm sé lítið á næsta ári vegna mikilla erlendra skulda og lítils hagvaxtar telur ríkisstj. þó nauðsynlegt að stíga ákveðið byrjunarskref til nýsköpunar í atvinnulífinu. Þeim aðgerðum mun ég nú lýsa í fáum orðum:

Að sjálfsögðu verður sjávarútvegurinn enn um langa hríð meginstoð í íslensku efnahagslífi. Eins og fyrr segir tel ég þó ólíklegt að auka megi afla að ráði frá því sem nú er. Hins vegar ber að leggja mikla áherslu á aukna tæknivæðingu, einkum í vinnslunni, þannig að verðmætasköpun fyrir hverja vinnustund geti aukist verulega. Aðeins þannig verður unnt að greiða viðunandi laun í fiskvinnslu án óhóflegs vinnutíma. Aðeins á þennan máta getur fiskvinnslan keppt um vinnuafl við þær atvinnugreinar þar sem verðmætasköpun er mikil og launin hærri. Þetta er að mínu mati eitt mikilvægasta verkefnið í nýsköpun atvinnulífs.

Um langan aldur hefur landbúnaður verið mikilvæg grein íslensks atvinnulífs. Útflutningur landbúnaðarafurða, einkum kjöts, var áratugum saman arðbær. Á þessu hefur orðið mikil breyting á undanförnum árum. M. a. vegna vaxandi styrkja og verndaraðgerða í viðskiptalöndum okkar er útflutningur landbúnaðarafurða nú nálægt útilokaður. Í nokkur ár hefur því verið ljóst að takmarka yrði framleiðslu á kjöti og mjólkurafurðum sem mest við innanlandsþarfir.

Náðst hefur samkomulag við samtök bænda um að draga úr kjöt- og mjólkurframleiðslu skipulega á næstu fimm árum þannig að útflutningsbótaþörf verði ekki að þeim tíma liðnum. Aftur á móti mun ríkisvaldið stuðla öfluglega að því að nýjar búgreinar og atvinnutækifæri skapist í dreifbýli landsins. Mun verulegum hluta af því fjármagni, sem sparast með minni útflutningsbótum og öðrum aðgerðum á næstu árum, verða varið í því skyni.

Í þessu sambandi eru vel skipulögð loðdýrarækt og fiskeldi sérstaklega álitlegar greinar. Ef rétt er á málum

haldið tel ég vafalaust að þannig megi koma í veg fyrir óæskilega byggðaröskun og skapa mikil verðmæti til útflutnings. Það er sannfæring mín að sá landbúnaður, sem upp úr þessari nýsköpun rís, muni reynast enn öflugri og mikilvægari fyrir íslenskt þjóðarbú en landbúnaður hefur verið undanfarin ár.

Nú er einnig óhjákvæmilegt að endurskoða verðlagningarkerfi landbúnaðarins. Sexmannanefndin svokallaða starfar í reynd ekki lengur, eins og ætlunin var í upphafi. Semja verður um leið sem bæði bændur og neytendur geta unað við. Bændur eiga að sjálfsögðu rétt á svipuðum tekjum og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þeir eiga einnig ótvíræðan rétt á því að skipuleggja framleiðslu sína og hafa eigin samtök eins og þeir kjósa. Hins vegar verður að tryggja að innan landbúnaðarins sé stöðugt keppt að aukinni framleiðni og lægra vöruverði. Það er eðlileg krafa og réttur neytenda.

Einna mikilvægast er jafnframt að skapa jarðveg fyrir nýjar og háþróaðar atvinnugreinar. Staðreyndin er að við Íslendingar höfum dregist verulega aftur úr öðrum þjóðum í allri þróun nýsköpunar í atvinnulífinu. Ég hef þegar nefnt fiskeldi og loðdýrarækt, þar sem aðstaða er mjög góð. Ég nefni rafeindaiðnað, sem að litlu leyti hefur hér haslað sér völl. Líftækniiðnaður, sem vaxið hefur gífurlega í nágrannalöndum okkar, er talin álitleg iðngrein hér á landi. Unnið er að rannsóknum á því sviði sem geta fljótlega leitt til byrjunarframkvæmda. Þannig gæti ég ýmislegt fleira talið.

Ríkisstj. er ákveðin í því að efla rannsókna- og þróunarstörf til nýsköpunar í atvinnulífinu. Jafnframt mun verða tryggt fjármagn og aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki sem vilja halda út á slíkar brautir. Með minni verðbólgu og vaxandi stöðugleika í efnahagsmálum er slíkt nú unnt.

Ríkisstj. hefur því ákveðið að setja á fót sérstakt þróunarfélag með þátttöku ríkis og þeirra aðila í þjóðfélaginu sem þess óska. Því félagi verður ætlað verulegt fjármagn sem það mun ráðstafa til rannsókna á þróunarstarfsemi, til þátttöku í fyrirtækjum á byrjunarskeiði og til útlána og styrkja til nýrra atvinnugreina og fyrirtækja. Þróunarfélag þetta eða stofnun verður arftaki Framkvæmdastofnunar ríkisins. Verður um það sérstakt frv. flutt á Alþingi fljótlega.

Ríkisstj. hefur einnig ákveðið að endurskoða starfsemi þriggja fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna með það fyrir augum að útlán þeirra verði markvissari og beinist sem mest að arðbærum framkvæmdum, nýsköpun og framleiðniaukningu innan núverandi atvinnuvega.

Byggðasjóður mun verða gerður að sérstakri öflugri byggðastofnun sem geti á eigin spýtur sinnt mikilvægum byggðaverkefnum og komið í veg fyrir alvarlega byggðaröskun.

Vegna stöðu þjóðarbúsins út á við og þeirrar undiröldu sem enn gætir í efnahagslífinu er slík nýsköpun enn að ýmsu leyti erfiðleikum háð. Ríkisstj. telur slíkt skref þó svo mikilvægt að ekki sé ráð að bíða lengur með markvisst og skipulegt átak á þessu sviði. Það er sannfæring mín að með þessu sé brotið í blað og það er von mín að með því hefjist nýtt öflugt framfaraskeið í íslensku þjóðfélagi.

Góðir Íslendingar. Því verður ekki neitað að með þeirri öldu verðhækkana sem fram undan er næstu mánuði hefur orusta í viðureigninni við verðbólguna tapast. Það mun þýða um það bil ársfrestun á þeirri hjöðnun verðbólgu og því jafnvægi í efnahagsmálum sem var að nást. Það er alvarlegt mál, ekki síst fyrir þjóð sem er skuldum hlaðin og leggur kapp á að standa í skilum.

Þetta þýðir þó ekki að stríðið sé tapað, langt frá því. Með þeim efnahagsaðgerðum, sem ég hef lýst og nánar munu koma fram á næstu vikum, mun takast að slökkva þennan verðbólgueld og taka stefnuna að nýju með hjaðnandi verðbólgu, nýsköpun í atvinnulífi og raunverulegar kjarabætur að markmiði.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Mitt fyrsta verk þegar ég kom af flokksþingi Alþfl. um seinustu helgi var að fara á fund hafnarverkamanna í Reykjavík. Þar flutti ég mína stefnuræðu. Ég skal játa að þetta var að sumu leyti gert af tilfinningaástæðum. Þetta var líka gert til heiðurs skörulegasta og eftirminnilegasta leiðtoga Alþfl. í Reykjavík og leiðtoga hafnarverkamanna í Reykjavík, Héðni Valdimarssyni. Við rifjuðum það upp að ef svo væri komið að verkamenn á Íslandi styddu ekki við bakið á Alþfl. sýndist mér að þeirra kjarabarátta bæri lítinn árangur. En ég kom ekki þarna til að rifja upp sögulegar minningar fyrst og fremst, heldur til að eiga við þá eldhúsdag í matartímanum. Það var ein spurning sem bjó á bak við allar þessar umr.: Hvernig stendur á því að svo er komið í íslensku þjóðfélagi að það er ógerningur að framfleyta fjölskyldu af launum fyrir heiðarlegt vinnuframlag? Þetta var sama daginn og hæstv. forsrh. tilkynnti sína gengislækkun, tilkynnti þá þjóðarnauðsyn að taka til baka allan þann árangur, hverja einustu krónu, sem hafst hafði með kjarasamningum og langvinnu verkfalli opinberra starfsmanna nú í haust.

Ræðu hæstv. forsrh. má draga saman í eina setningu: Það eru engir peningar til. Og skýringin er líka aðeins í einni setningu: Þjóðin hefur lifað um efni fram. Ef atvinnurekendur eru spurðir, þá segja þeir: Ja, skýringin er sú að það er svo lítil framleiðni í íslensku atvinnulífi. Verkamenn skilja þetta gjarnan svo að verið sé að segja við þá: Nú, já, vinnum við ekki nógu langan vinnudag? Eru líka vinnusvik framin á Íslandi? Ríkisstjórnin og ráðherrarnir segja: Nei, þjóðin hefur lifað um efni fram: Skyldu atvinnurekendur og ríkisstj., ráðherrar, nokkurn tíma líta í eigin barm? Skyldu atvinnurekendur nokkurn tíma leiða hugann að því hvort þeir kunni að hafa offjárfest í sínum fyrirtækjum, hvort einhverju sé ábótavant í stjórnun í þeirra fyrirtækjum? Skyldu ráðherrar nokkurn tíma líta í eigin barm og spyrja sjálfa sig? Eða skyldu þeir fá þessar upplýsingar frá Seðlabanka, ráðgjafa þeirra í ríkisstj. — þessari stofnun sem er fræg orðin með þjóðinni fyrir aðhald og ráðdeild í opinberum rekstri, þessari stofnun sem byggði sér smáhöll fyrir nokkur hundruð milljóna sem minnismerki yfir sína aðgætnu peningamálastjórn á undanförnum áratug sem við þm. Alþfl. höfum nú lagt til að verði þjóðnýtt, tekin af þeim?

Frumlegust er auðvitað kenning hv. 1. þm. Suðurl. Hann hefur sett fram þá kenningu að þjóðin hafi eyðilagt frábæran árangur ríkisstj. Af þeim orðum hans má kannske ályktа að þeir stefni að því að skipta um þjóð. Kannske það sé ekki tilviljun að hæstv. forsrh. er í mestum metum þeim mun fjær sem dregur landinu, þ. e. hjá Hússein Jórdaníukonungi.

Það hefur aldrei þótt karlmannlegt né drengilegt á Íslandi að skella skuldinni af óförum sjálfs sín yfir á aðra. Ég spyr: Hvarflar það aldrei að þeim að líta í eigin barm? Líta þeir aldrei í helga bók þar sem stendur orðræða nokkur um flísina í auga bróður þíns og bjálkann í eigin auga? Hvað hefur orðið af verðmætum vinnandi handa sem sköpuð voru á s. l. hálfum öðrum áratug?

Þegar ég fór á fund hafnarverkamanna dreif ég úrklippu úr dagblaðinu Tímanum, málgagni forsrh., á borð þeirra allra. Þar stendur: „Huldumaðurinn er tekjulaus, en á eignir upp á 35 millj. kr. Ein hjón eiga í sameiningu skuldlausar eignir fyrir 65 millj. kr.“ Gæti verið að þetta væri einhver skýring á spurningunni: Hvar eru verðmætin? Hvað er orðið af peningunum? Hvers vegna er ekki hægt að greiða laun á Íslandi? Kynni það að vera satt að arðinum væri dálítið hrikalega misskipt?

Má ég leiða fram annað vitni? Í þjónustu Vinnuveitendasambandsins er ungur hagfræðingur sem heitir Vilhjálmur Egilsson. Ég hygg að það sé ekki logið að hv. 1. þm. Suðurl. hafi þegið góð ráð hjá honum þegar hann var í forsvari fyrir vinnuveitendur. Vilhjálmur nýtur virðingar sem einn snjallasti hagfræðingur þjóðarinnar. Hvað segir hann? Hvernig svarar hann spurningunni um það hvað hafi orðið af verðmætunum s. l. hálfan annan áratug hinna glötuðu tækifæra? Hann segir að ef þjóðmálaforusta Sjálfstfl., Framsfl., hæstv. forsrh., og Alþb., — hvar er félagi Svavar? — ef þessi þríeina þjóðmálaforusta hefði ekki stjórnað eins og hún gerði á „áratug hinna glötuðu tækifæra“ værum við núna 25 milljörðum ríkari en við erum í dag. Og síðan skulum við bara spyrja einnar spurningar: Haldið þið hafnarverkamenn, þögli fjöldinn sem stendur hér í virðulegri mótmælastöðu úti, að það væri hægt að greiða fólki mannsæmandi laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag ef þessi peningar væru enn í okkar höndum? Hvarflaði það aldrei að hæstv. forsrh., þegar hann flutti ræðu sína, að hann ætti kannske nokkra sök á því hvernig komið væri, en ekki hinn þögli fjöldi sem sannanlega hefur ekki haft efni á því að lifa um efni fram? Hæstv. forsrh. fellir gengið. Hvað segir Kristján Ragnarsson, talsmaður sjávarútvegsins á Íslandi, um þá ráðstöfun? Hann segir, með leyfi forseta:

„Rekstrarstaða útgerðarinnar verður engu betri en hún var fyrir, því að öll aðföng hækka í verði, laun hækka og verðtryggð lán hækka. Afraksturinn af öllu saman er aukin verðbólga og áframhaldandi taprekstur sjávarútvegsins.“

Vitnin eru góð: Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur Vinnuveitendasambandsins og framkvæmdastjóri LÍÚ.

Af hverju hvarflaði ekki að hæstv. ráðh. að það væri ástæða til að taka svolítið í lurginn á hinum þríeina olíuauðhring Íslendinga, sem blóðsýgur sjávarútveginn *og byggir sér síðan musteri fyrir sínar földu tekjur í* eilífum bensínstöðvum út um allar trissur? Hefur aldrei hvarflað að hæstv. ráðh. að þeir gætu dregið úr þessari gengislækkunarþörf með því að lækka okurvextina a la Reagan?

Ég var beðinn, herra forseti, að skila kveðju til félaga Svavars frá hafnarverkamönnum og til forustu Alþb. og biðja þá um að svara þremur spurningum hér á eftir.

Fyrsta spurningin, félagi Svavar: Hvernig stóð á því að í valdatíð þinni og þíns róttæka flokks átti sér stað meiri tekju- og eignatilfærsla frá hinum snauðu til hinna ríku en nokkurn tíma fyrr í sögu þjóðarinnar? Hvernig stendur á því, félagi Ragnar Arnalds, að í fjármálaráðherratíð þinni sast þú aðgerðarlaus og horfðir upp á hriplekt og svívirðilegt skattsvikakerfi, tekjuskatt og söluskatt, og gerðir ekki neitt? Spurning til líffræðingsins frá Leipzig, félaga Hjörleifs Guttormssonar: Hvernig stóð á því að í fimm ár hafðir þú af okkur í viðskiptum við erlendan auðhring a. m. k. 2.5 milljarða kr.? — Það eru fleiri en hafnarverkamennirnir sem bíða svars, félagar.

Það er ekki karlmannlegt af hæstv. forsrh. að skella skuldinni á aðra. Svarið við spurningum hans er nefnilega þetta: Það er aðeins hluti þjóðarinnar, kjósendur Sjálfstfl., sumir skjólstæðingar Framsfl., aðrir, sem sannanlega hefur lifað um efni fram. Það er ekki fjöldinn hérna úti. Hin þríeina forusta þessara kerfisflokka *hefur því miður brugðist þjóðinni. Hún skilur við* þjóðina í skuld og hún skuldar þjóðinni 25 milljarða.

Niðri á höfn spurðu þeir: Og hvaða svör hefur þú, félagi Jón Baldvin, við þessum vandamálum? Ég sýndi þeim róttækustu tillöguna sem lögð hefur verið fram á Alþingi Íslendinga í vetur. Hver er hún? Hún er um stóreignaskatt á skattsvikna verðbólgugróðann. Til hvers á að nota hana? Það á að nota hann til að bæta fyrir misgerðir þjóðfélagsins við hina ungu og hina snauðu. Það á að verja honum til að gera stórátak í húsnæðismálum unga fólksins. Ég sýndi þeim fleiri plögg. Ég sýndi þeim tillögurnar okkar um að afnema tekjuskatt á launatekjur upp að 35 þús. kr. Ég skýrði fyrir þeim tillögurnar um afnám söluskattsundanþágunna, að taka söluskatt af innflutningi í tolli og skapa þannig ríkissjóði 8 milljarða í auknum tekjum.

„Pólitík er að vilja og framkvæma,“ sagði hæstv. fyrrv. forsrh., Gunnar Thoroddsen. Þessar tillögur eru raunhæf svör við spurningum sem nú brenna á vörum alþýðu manna. Svarið er: Flytjum fjármagnið til baka frá þeim sem hafa makað krókinn, skotið sér undan skyldum sínum, til þeirra sem hafa fært fórnir. En þessi ríkisstj. hefur því miður brugðist. Þetta væru kjarabætur í ósvikinni mynt, kjarabætur án verðbólgu. Ef þær hefðu verið framkvæmdar í tíð núv. ríkisstj. hefði aldrei til verkfalla komið. Þá hefði enga gengislækkun þurft. Niðurstaðan er einföld. Við höfum aldrei í jafnríkum mæli síðan á kreppuárunum þurft á að halda úrræðum jafnaðarmanna, sem eru fyrirbyggjandi umbætur í þjóðfélagsmálum, vegna þess að allt sem gerst hefur í tíð fyrrv. ríkisstj. á verðbólguáratugnum er brot á grundvallarreglum og hugsjónum jafnaðarstefnunnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag, en þær dyggðir eiga Íslendingar að hafa í hávegum.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. hefur frá upphafi valdaferils þessarar ríkisstj. haft það hlutskipti að boða þjóðinni og standa í forsvari fyrir leiftursókn íhaldsaflanna sem hann hafnaði sjálfur á árinu 1979. Þá sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Málsvarar Sjálfstfl. geta engan veginn rökstutt að þessi mikli samdráttur, þessi mikla vaxtahækkun, verðlagsfrelsið, afnám allrar vísitölutengingar launa geti þýtt nokkuð annað en heiftarlega kreppu og gífurleg átök á vinnumarkaðinum.“

Og enn boðar hæstv. forsrh. áframhald þeirrar

stefnu.

Fullvíst má telja að harðnandi stéttaátök, kjaradeilur og réttmæt gremja fólks í garð stjórnvalda eigi rót sína að rekja til sívaxandi misréttis í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Sá hluti þjóðarinnar sem minna hefur úr að spila og sem við þrengstan kost býr þarf enn að fórna meðan aðrir sleppa og njóta einnig þeirra forréttinda að skammta sér laun og ákveða sjálfir hvað þeir greiða til samneyslunnar. Meðan þeir verr settu færa þungbærar fórnir uppsker þessi forréttindastétt allan gróðann.

Látlaus tekjutilfærsla frá þeim.efnaminni til forréttindahópa og þeirra betur settu virðist ekki koma þessari ríkisstj. við. Ekki er að finna orð í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um þessi mál.

Ekkert virðist að í þjóðfélaginu þó gróði safnist á fárra manna hendur eða þótt tveir eða þrír tugir einstaklinga eigi eignir sem metnar eru á 600 millj. kr. og sumir þeirra skattlausir. Ríkisstj. lokar augum og eyrum fyrir gífurlegum skattsvikum sem þó má áætla að nemi a. m. k. 7—8 milljörðum eða þriðjungi af tekjum ríkissjóðs.

Framtaldar tekjur eru oft í hrópandi ósamræmi við lífskjörin. Ríkisstj. telur það ekkert mál og hefur ekkert við það að athuga þó að álagning skatta fyrir árið 1984 sýni að meðaltal atvinnutekna í launþegastétt var á árinu 1983 195 þús. kr., en meðaltal reiknaðra launa vegna eigin atvinnurekstrar hafi verið 116 þús. kr. eða að karlar í launþegastétt hafi haft skv. skattframtali að meðaltali 309 þús. kr. í tekjur á árinu 1983, meðan meðaltal launa í atvinnurekendastétt skv. skattskýrslum sýnir 157 þús. kr. árstekjur.

Þessi ríkisstj. hefur brugðist réttlætiskennd fólksins og trúnað á sjálfsvirðingu þess. Þrátt fyrir langan vinnudag og tvær fyrirvinnur heimilisins á launafólk með lágar meðaltekjur varla fyrir brýnustu framfærslu heimilanna þó þjóðartekjur á mann á Íslandi séu með þeim hæstu sem þekkjast. Í sífellt auknum mæli þarf fólk sem vinnur fullan vinnudag að leita á náðir Félagsmálastofnunar til að eiga til hnífs og skeiðar. Nú er svo komið að 25% einstæðra foreldra í Reykjavík eða 700 einstæðir foreldrar þurfa árlega að leita sér fjárhagsaðstoðar eða fyrirgreiðslu hjá Félagsmálastofnun.

Ekki vantar að hæstv. forsrh. lofi vinnuframlag kvenna í þessari stefnuyfirlýsingu sinni. Aukning þjóðarframleiðslu og góð lífskjör segir forsrh. að byggist ekki síst á löngum vinnutíma og mikilli atvinnuþátttöku kvenna. Mikið rétt. En þessi orð þín, hæstv. forsrh., hljóta að hljóma biturlega í eyrum einstæðu móðurinnar, Sóknarkonunnar á spítalanum, Iðjukonunnar á saumastofunni, konunnar í versluninni, á skrifstofunni eða í bankanum og allra þeirra þúsunda kvenna sem hafa 14 þús. kr. sér til framfærslu á mánuði — eða bónuskonunnar í fiskvinnslunni sem slítur sér út fyrir aldur fram með vinnuþrælkun. Allar þessar konur spyrja þig og krefjast svara við því hvernig þú hafir ráðstafað þjóðarauðnum því þær þekkja af afspurn þau góðu lífskjör sem þú talar um.

Þessar konur spyrja og bíða svars: Er það okkar hlutskipti að byggja upp þjóðarauðinn, en annarra að njóta hans? Líka má spyrja: Veit hæstv. forsrh. sem talar um góð lífskjör að 8200 aldraðir eða 40% 67 ára og eldri á Íslandi hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga? Veit hæstv. heilbrmrh. að 1900 öryrkjar eða 59% allra þeirra sem fá örorkulífeyri hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga?

Ríkisstj. veit það varla því hún taldi helst þangað að leita þegar hún skattlagði sjúka um 210 millj. á ári fyrir lyfja- og læknisþjónustu á sama tíma og fyrirtæki og fjármagnseigendur fengu skattfríðindi svo að hundruðum milljóna skipti. Hæstv. heilbrmrh. veit það heldur ekki því hann talar bara um áróður þegar 15 félagasamtök sjúkra og aldraðra í landinu benda honum á að afleiðingar sjúklingaskattsins séu skelfilegar, greiðslugetu sjúklinga ofboðið og heilsu þeirra og afkomu stefnt í voða.

Fatlaðir hafa einnig fengið kalda kveðju frá þessari ríkisstj. því sjóðir þeirra eru skertir um 60 millj. kr. milli ára og aðför stjórnvalda á undanförnum fjórum árum að þessum sjóði fatlaðra er með endemum því hann hefur verið skertur um 200—300 millj. kr.

Banka skortir ekki fé til að reisa bankaútibú á hverju horni, né Seðlabanka til að byggja Mammonsmusteri. Samt sjá stjórnvöld ástæðu til að veita bönkum skattfríðindi á sama tíma og fjórða hver króna er hirt úr launaumslagi ungu hjónanna sem koma að lokuðum dyrum glæstra bankastofnana þegar þau leita fyrirgreiðslu til að eiga fyrir víxlinum sem fallinn er í bankanum á hinu horninu. Sjálfsvirðing þeirra er fótum troðin. Ungu hjónin eru bæði bitur og reið því að þrátt fyrir langan vinnudag beggja eiga þau ekki fyrir framfærslu heimilanna né 25 þús. kr. afborgun og vöxtum sem mánaðarlega falla vegna íbúðakaupa.

Vaxtafrelsi, sem formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson gladdist svo yfir á haustdögum og líkti við efnahagsundur, hefur breyst í vaxtaokur og eykur enn á fjárhagsörðugleika þessara ungu hjóna, enda viðurkennir forsrh. í þessari stefnuyfirlýsingu að hann og Þorsteinn Pálsson hafi gert skyssu því að þar er vaxtaokrinu samfara vaxtafrelsinu lýst sem þrándi í götu framfara.

Góðir Íslendingar. Alþfl. vill breyta því þjóðfélagi sem ekki getur greitt vinnandi fólki mannsæmandi laun eða tryggt afkomuöryggi aldraðra og fatlaðra í þjóðfélaginu. Alþfl. krefst breytinga á þeirri stjórnarstefnu sem umsvifalaust hirðir aftur kjarabætur launafólks. Alþfl. hefur lagt fram ítarlegar tillögur á Alþingi um það grundvallaratriði að koma á meiri jöfnuði í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sem er forsenda þess að ná þjóðarsáttum um nýjar leiðir til bættra lífskjara. Þm. flokksins hafa einnig lagt fram frumvarp um endurmenntun vegna tæknivæðingar sem er ein helsta forsenda nýsköpunar atvinnulífsins og miðar að því að tryggja atvinnuöryggi launafólks og framfærslueyri meðan á endurmenntunarnámi stendur. Spurningin stendur ekki um það hvort þjóðin hafi efni á því, heldur snýst hún um það hvort við höfum efni á því að gera það ekki.

Alþfl. hefur einnig lagt til á Alþingi að endurmat fari fram á störfum og launakjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu, að lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks verði tryggð og starfsreynsla þeirra metin á vinnumarkaðinum, að jöfnuð verði skattbyrði hjóna, hvort sem annar maki eða báðir vinna fyrir tekjum heimilisins, að stórfelld lækkun verði á lyfja- og lækniskostnaði sjúkra í þjóðfélaginu, að ítarleg úttekt verði gerð á fjárhagsstöðu og framfærslukostnaði aldraðra og að átak verði gert í vistunarmálum þeirra þar sem nú ríkir neyðarástand.

Góðir hlustendur. Ríkisstjórn sem stjórnað hefur gegn réttlætisvitund þjóðarinnar og setur auðgildið ofar manngildinu á að fara frá því að hún á ekkert erindi við fólkið í landinu. — Góðar stundir.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þrátt fyrir fögur fyrirheit ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar um festu og aðhald í fjármálum og aðhald í erlendri lántöku hefur annað komið á daginn. Nú stendur ríkisstj. stefnulaus frammi fyrir alþjóð og kennir launþegum um hvernig komið er. Launþegar, öryrkjar, ellilífeyrisþegar sýndu þolinmæði og fórnfýsi í 16 mánuði frammi fyrir kjaraskerðingunni sem núverandi stjórn lét verða sitt fyrsta verk á stjórnarferli sínum. Samt hafði stjórnin hvorki dug né þor til þess að nýta sér það svigrúm til þess að ráðast að rótum verðbólguvandans, sem er brenglað stjórnkerfi og óarðbærar fjárfestingar. Ekki veitti hún heldur fjármagn til nýrra atvinnutækifæra né efldi hún menntunar- og rannsóknastarfsemi sem er þó undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu.

Eftir síðustu kjarasamninga var eilítil bjartsýni meðal launþega um að sú kjarabarátta sem þeir lögðu út í leiddi til lítils háttar leiðréttingar. Þessi vonarneisti var slökktur í einu vetfangi með hröðu gengissigi og síðan gengisfellingu. Þá er loksins í ljós komin pennastriksaðferð ríkisstj. Nú er það ekki pennastrikið yfir skuldir útgerðar, eins og hæstv. fjmrh. boðaði hér á s. l. vetri. Nei, nú er pennastrikið yfir kjarasamninga.

Hvað verður um hag húsbyggjenda sem nú þegar eru að sligast undan lánabyrði? Lán hækka langt umfram kaupmátt, sem veldur því að þrátt fyrir óhóflegt vinnuálag og hlaup á milli bankastofnana nást endar ekki saman. Þrátt fyrir samviskusemi, dugnað og þrotlausa baráttu við afborganir og vexti sjá fjölskyldur ekki út úr skuldasúpunni.

Ekki léttir byggingarlánasjóður ríkisins róður húsbyggjenda eða húskaupenda. Nú vantar 300 millj. í Byggingarsjóð ríkisins til þess að honum sé kleift að standa við lánsloforð. Þeir sem áttu að fá lán sín í september og treystu á loforð hæstv. ríkisstj. hafa ekki séð krónu enn og eru svörin sem fást að jafnvel sé von á peningum í desember.

Nei, það virðist ekki skipta miklu máli hjá núv. stjórnvöldum hvort hagur heimila og fjölskyldna er góður eða slæmur. Það virðist ekki skipta þau miklu máli hvort almennir launþegar, öryrkjar eða ellilífeyrisþegar eiga ofan í sig eða á, hvað þá heldur að þeir þurfi þak yfir höfuðið. Nei, meðaltalsútreikningar frá Þjóðhagsstofnun segja þeim það, sem vilja fá að heyra, að ástandið sé ekki svo slæmt þrátt fyrir að staðreyndir tali öðru máli.

Ekki líða þó allir fjárskort til framkvæmda. Það sést á seðlabankamusterinu margumtalaða og höll Mjólkursamsölunnar, svo að ekki sé minnst á flugstöðina á Keflavíkurflugvelli sem fær á næsta ári jafnmikið framlag og fer til byggingar á grunnskólamannvirkjum og kennarabústöðum á öllu landinu.

Ekki má gleyma olíufélögunum sem etja nú kappi sín á milli um veglegri og dýrari útsölustaði um allt land og fara svo fram á 20—30% hækkun á olíu og bensíni.

Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að bjóða landsmönnum upp á í okkar samfélagi. Það er ekki hægt að segja endalaust: Það eru engir peningar til, því fólk hefur augu og eyru og það þarf ekki að láta segja sér hve ójöfnuðurinn er orðinn gífurlegur og fer vaxandi með degi hverjum.

Spyrja má að gefnu tilefni: Hvað verður um hagnað Seðlabankans þegar hann er búinn að byggja? Á sama tíma og stjórnvöld geta aðeins séð af 30 millj. kr. til uppbyggingar dagvistunarstofnana veita þau bönkunum verulegan skattaafslátt. Tekjutap ríkissjóðs vegna skattaafsláttar á bindiskyldu innlána nemur 75 millj. kr. á næsta ári. Auk þess hafa fleiri skattar verið lækkaðir á bönkum sem nemur tugum milljóna.

Það má virða hæstv. ríkisstj. það til vorkunnar að hún virðist ekki hafa stjórn á efnahagsmálum hér á landi, heldur eru það seðlabankastjórinn og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar sem í raun og veru stjórna. Ríkisstj. fellst aðeins á þeirra tillögur.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. fyrir rúmu ári segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn landsmála felst ekki eingöngu í því að beita þeim tækjum sem stjórnvöld ráða yfir á líðandi stundu, heldur einnig í því að bæta sjálft stjórn- og hagkerfið. Því ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir umtalsverðum breytingum í stjórnkerfinu."

Þetta eru fögur fyrirheit, en fátt er um efndir. Ef eitthvað er þá er það útþensla í stjórnkerfinu. Og ráðuneytin gefa sér vel á garða, eins og kemur fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þar hækkar framlag til yfirstjórnar forsrn. um 54% á milli ára og hæstv. fjmrh. lætur sitt ekki eftir liggja og fjölgar stöðugildum í sínu rn. um fimm.

Í sömu ræðu sagði hæstv. ráðh.:

„Vextir verða lækkaðir eins hratt og hjöðnun verðbólgu leyfir og ættu því að vera komnir niður undir 10% í lok næsta árs."

Þetta áform rann út í sandinn, eins og allir vita, og það löngu áður en kjarasamningar voru gerðir.

Einnig talaði hæstv. ráðh. um gengismál í fyrrnefndri ræðu. Hann sagði:

„Í l. lið, um efnahagsmál, í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir: „Festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgjörð ákvarðana í efnahagslífinu."

Í samræmi við þetta stefnir ríkisstj. að sem mestri festu í gengismálunum á næsta ári. Seðlabankinn mun halda gengi krónunnar sem stöðugustu á næsta ári, innan markanna 5% til hvorrar áttar, eftir því sem nánar verður ákveðið."

Síðan sagði hæstv. ráðh.:

„Ég vil nota tækifærið og vísa algerlega á bug fullyrðingu þess efnis að gengisfelling verði á næsta ári. Það er alrangt."

Dæmi svo hver fyrir sig hvort mark sé takandi á stefnuyfirlýsingum hæstv. ríkisstj.

Mér er spurn: Hvar er lýðræðið í þessu landi? Hver kaus yfir sig núv. ríkisstj., ríkisstj. sem nú þegar hefur tvívegis gert tilraun til að moða saman stjórnarstefnu á rúmu ári, ríkisstj. sem situr nú stefnulaus og biður landsmenn að bíða og sjá hvort ekki finnist einhver lausn á efnahagsvandanum? Hæstv. ríkisstj. er kannske að bíða eftir að gullskipið finnist á Skeiðarársandi til þess að leysa útgerðarvandann. Ekki leysti gengisfellingin þann vanda. Hún ein og sér olli 800—1000 millj. kr. hækkun á lánum útgerðarinnar.

Það er nákvæmlega sama hver af kerfisflokkunum

situr við stjórnvölinn. Þeir hafa hvorki bolmagn né getu til þess að stokka upp í kerfinu. Því þá mun hrikta í innviðum flokkanna. Það er því ekki ástæðulaust að BJ var stofnað til höfuðs flokkakerfinu. Það stoðaði lítið að skipta um formenn, því að meira þarf en breyttar umbúðir á sama pakka til að innihaldið skáni.

Herra forseti. Ágætu áheyrendur. Þessu verður ekki breytt fyrr en til valda koma stjórnmálamenn sem ekki eru flæktir í þetta kerfi. Það er ekki hæstv. ríkisstj. sem hefur stjórn á kerfinu, heldur er það kerfið sem hefur stjórn á ríkisstjórninni. — Góðar stundir.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í ræðu sinni lagði hæstv. forsrh. áherslu á að helsta vandamál þjóðarinnar væri efnahagsmálin. Þetta er ekki rétt. Helsta vandamál þjóðarinnar er hæstv. ríkisstjórn. Það er heldur ekki rétt að meginvandi hæstv. ríkisstjórnar sé viðskiptahallinn. Nei, *meginvandi hæstv. ríkisstjórnar er þjóðin, fólkið í* þessu landi, fólk sem vill vinna fyrir sér, sjá sér og sínum farborða, eignast þak yfir höfuðið og fá sanngjörn laun fyrir vinnuframlag sitt.

Hæstv. ríkisstj. er í stríði við þetta fólk. Hún fer með hernað á hendur heimilum í landinu með því miðalda hugarfari að ná í ránsfeng til þess að standa undir *herkostnaði sínum. Margir eru sælir í þeirri trú að í* pólitík á Íslandi séu tvö sérleyfi, annað á vinstri kanti en hitt á hægri kanti í gagnstæða átt. Þetta er misskilningur. Í íslenskri pólitík er ekkert sérleyfi. Þar ferðast allir í sama vagni, sporvagni eymdarinnar. Í sporvagni eymdarinnar eru tvö farrými. Á fyrsta farrými ferðast ríkisstjórnin á hverjum tíma, en á öðru farrými stjórnarandstaðan, *hrópandi vígorð gegn því sem hún heldur að* sé stefna ríkisstjórnarinnar og með það markmið helst í farangrinum að koma vagninum út af sporinu. Síðan skipta menn endrum og eins um farrými og slagorð og telja sér trú um að þeir séu að fara í hina áttina.

Alvarlegasti og versti misskilningurinn liggur í því að íslenskir stjórnmálamenn lögðu ekki sporið undir þennan vagn. *Það gerðu hálfdanskir embættismenn fyrr á* öldinni. Vörslumenn þess eru síðan pólitískir varðhundar sem sitja eftir í atgervi rúnum og náttúrulausum stjórnarstofnunum af sömu ástæðum og þeir lentu þar í upphafi. Þeir fá ekki annars staðar vinnu. Þjóðin var notuð í púkk undir teinana. En nú er bjartara fram undan. Hæstv. forsrh. hefur í stefnu sinni gefið þjóðinni *nýja von og háleit markmið að vinna að í sátt og* samlyndi, nægjusemi og hógværð, af stillingu og festu, og síðast en ekki síst samkvæmt forskrift Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans.

Sagt er: Allt sem þarf í pólitík er vilji. Það stenst ekki vegna þess að ljóst er að ekki skortir hæstv. ríkisstj. vilja til góðra verka. Það verður a. m. k. að trúa því. Hana skortir áræði og vit til þess að hafa frumkvæði. Hæstv. ríkisstj. er eins og frístundamálari sem af smásálarlegri nákvæmni málar eftir númeraforskrift án þess að vita hvert viðfangsefnið er. Og þar liggur hundurinn grafinn. Númeramálarinn ræður aldrei myndinni, hvorki gerð hennar né tjáningu. Hann kemst aldrei með tærnar þar sem hinn skapandi listamaður hefur hælana. Dundarinn er ekkert verri fyrir bragðið, en myndir hans verða tilfinningalega sljóar, þær flytja engan boðskap og höfða ógjarnan til umhverfis síns, vegna þess að þær eru andlaus útfærsla á forskriftarverkefnum annarra. Þannig er hæstv. ríkisstj. farið. Hennar forskriftir koma frá opinberum stofnunum.

Hæstv. forsrh. gat þess í upplestri sínum úr þeirri ritröð sem komið hefur út í pésum undanfarið og kallast *Stefnuræða ríkisstjórnarinnar, að hæstv. ríkisstj. hefði* fallist á nokkra hækkun vaxta. Hver skyldi hafa lagt það til? Jafnframt sagði hæstv. forsrh. að Seðlabankinn hefði verið beðinn um tillögur um eftirlit á vegum bankans með Seðlabankanum og öðrum bönkum.

Lán fóru fram úr því sem reiknað var með í forsendum Þjóðhagsstofnunar. Það olli því að endurskoða *varð það sem kallað er stefna ríkisstj. en er í rauninni* númeraforskrift búin til af Þjóðhagsstofnun. Ríkisstjórnin féllst á tillögu Seðlabankans um gengisfellingu. Einnig kemur fram að gengið hafi í rauninni verið fellt þegar skrifað var undir kjarasamningana. Hitt allt, sem á eftir kom, var formsatriði. Hvar er frumkvæði þessarar ríkisstjórnar?

Herra forseti. Er nokkur furða þó að fólk velti fyrir sér í alvöru hvort ekki megi spara umtalsverðar fjárhæðir í ríkisrekstrinum með því að senda ríkisstjórnina heim og nota í staðinn pósthólf og sjálfvirkan símsvara til að taka við tillögum utan úr bæ. Stjórnmálamenn á Íslandi hafa á sér yfirbragð kontórista. Skoðanir sínar tjá þeir í óskiljanlegum runum hundraðshlutatalna og meðaltalsbulli úr testamentum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans. Einungis sá sem hugsar eins og kontóristi tekur meira mark á Þjóðhagsstofnun en þjóðinni sjálfri. Einungis sá sem hugsar eins og kontóristi trúir því að hægt sé að mæla velferð þegnanna með tommustokk og lesa niðurstöðurnar úr meðaltölum. Einungis andlausum kontóristum hefði tekist það sem íslenskum *stjórnmálamönnum hefur tekist. Þeir hafa komið dug*legustu þjóð í heimi á vonarvöl. Þeir hafa gert hana ósjálfbjarga í peningamálum, þeir hafa spillt möguleikum hennar á að sjá sér farborða og eru á góðri leið með að koma henni á uppboð í útlöndum.

Herra forseti. Í stefnuræðu sinni vék hæstv. forsrh. að skólamálum og sagði, með leyfi forseta:

„Sérstaklega verður hugað að gæðum menntunar. Í landi fárra auðlinda gegnir menntakerfið lykilhlutverki í nýsköpun atvinnulífs."

Ég tek heils hugar undir þessa skoðun en harma jafnframt þá tilraunastarfsemi sem stjórnvöld með fjmrn. í broddi fylkingar hafa stundað í skólakerfinu með athugunum sínum á því hversu langt væri hægt að fara með kennara niður í launum. Það er ljóst að þessi tilraun hefur mistekist með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Í upptalningu á svokölluðum grunnatvinnuvegum þjóðarinnar vill skólakerfið oft gleymast, og sú staðreynd að þekkingarverksmiðjan er sú stóriðja sem framtíðarmöguleikar allra atvinnugreina hljóta að byggjast á. Þess vegna er stefna hæstv. ríkisstj. í menntun hættuleg þeirri framtíð sem þessi þjóð ætlar sér. Sagt er að verðbólgualdan rísi nú í kjölfar kjarasamninga og orsaka hennar sé ekki síst að leita í óbilgjörnum og óraunsæjum kröfum opinberra starfsmanna. Um þessa skoðun virðist gott samkomulag í ríkisstj. En kjaramál opinberra starfsmanna eru engin einkamál þeirra og ríkisvaldsins. Kjör ríkisstarfsmanna skipta sköpum í möguleikum þegnanna til þess að njóta þeirrar opinberu þjónustu sem þeir hafa gott samkomulag um að reka.

Láglaunastefna ríkisstjórna allra tíma hefur spillt

þessu kerfi, hrekur þaðan hæft vinnuafl og veldur sorglegri vannýtingu á dýrri fjárfestingu. Það ætti að vera metnaðarmál hverrar ríkisstjórnar að skapa starfsmönnum ríkisins þannig kjör að í hverju starfi sé sem hæfast og best fólk. Þegnarnir eiga kröfu á að fjárfesting í opinberum stofnunum nýtist betur en tómstundaverkefni hv. alþingismanna á borð við Kröflu og Sjóefnavinnslu. Það er þess vegna sanngjörn krafa að stjórnmálaflokkar sem bjóða fram til Alþingis hafi stefnu í launamálum opinberra starfsmanna og birti hana. Ekki vegna afkomu starfsmannanna, heldur vegna þess að stefna í launamálum ríkisstarfsmanna er fyrst og fremst stefna í þjónustu ríkisins við þegnana, gæðum hennar og nytsemi.

Herra forseti. Að vanda boðar hæstv. ríkisstj. svokallaðar hliðarráðstafanir og mildandi aðgerðir. Um þessi áform er lítt fjallað í stefnuræðu hæstv. forsrh. Þó er upplýst að auka á greiðslur almannatrygginga og lækka tolla á nokkrum nauðsynjum. Þetta þýðir samkvæmt reynslunni að lækkaðir verða tollar t. d. á gráfíkjum og súputeningum og Þjóðhagsstofnun mun síðan reikna litla manninum grjónagraut í hvert mál og franskbrauð í hverja skúffu á grundvelli þeirra aðgerða.

Þá verður elli- og örorkulífeyrisþegum haldin meðaltalsveisla með því að hækka lífeyri kannske um 4—500 kr. og úthluta nokkrum fríum afnotagjöldum af síma í viðbót. Ríkisstj. virðist ekki átta sig á því að litli maðurinn í meðaltalsafkomudæmi Þjóðhagsstofnunar er löngu dauður.

Herra forseti. Bandalag jafnaðarmanna hafnar útfærslu ríkisstj. á þeirri stefnu sem hún boðar. Bandalag jafnaðarmanna hafnar þeirri pólitísku eymdarheimspeki sem liggur að baki aðgerðum ríkisstj. Ríkisstj. ráfar nú að því er virðist stefnulaus um hallærisplan framsóknaráratugarins og enginn veit hvar hún endar. Bandalag jafnaðarmanna trúir því að þjóðin eigi betra skilið.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Umbrot og sundrung hafa öðru fremur einkennt íslenskt þjóðlíf undangengnar vikur eftir að innanlandsfriðnum var slitið í sundur í verkfallsátökum. Við slíkar aðstæður reynir meira á Alþingi og forustuhlutverk þess en í annan tíma. Ekkert er auðveldara en að hagnýta sér aðstæður sem þessar til þess að ala á sundurlyndi, kynda undir óánægju og auka á vonleysi manna. Gagnkvæmar ásakanir stjórnar og stjórnarandstöðu duga skammt til þess að móta farsæla framtíðar- og uppbyggingarstefnu og þétta raðir fólksins í landinu til þess að takast sameiginlega á við þau verkefni sem við blasa.

Ég ætla ekki í þessum umr. í þrætur um það sem liðið er. En eigi að síður er óhjákvæmilegt að draga upp í einföldum dráttum mynd af því sem gerst hefur.

Óðaverðbólgan hafði verið kveðin niður. Það hafði tekist að viðhalda jafnvægi milli verðlags og launa frá haustmánuðum síðasta árs fram á haustmánuði þessa árs. Í febrúarsamningunum náðist víðtæk samstaða við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í skatta- og tryggingamálum til þess að verja hagsmuni þeirra sem lakast eru settir. Allar aðstæður voru því fyrir hendi til þess að viðhalda jafnvægi og verja kaupmátt. Það hafði á sannast með hjöðnun verðbólgunnar að auðveldara var að verja kaupmáttinn en áður, enda varð meginhluti lífskjaraskerðingarinnar á þeim tíma sem verðbólgan tvöfaldaðist í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Á haustmánuðum átti þjóðin um tvo kosti að velja: annars vegar að leysa kjarasamninga með hefðbundnum hætti á þann veg að fjölga verðlausum verðbólgukrónum í launaumslögunum eða á hinn bóginn að finna nýjar leiðir þar sem því tvíþætta markmiði yrði náð að verja kaupmátt og viðhalda því efnahagslega jafnvægi sem náðst hafði. Til þess að brjótast fram með nýjum hætti gerði ég tillögur um það í fyrri hluta septembermánaðar að aðilum vinnumarkaðarins yrði boðið til þríhliða viðræðna með stjórnvöldum. Tilgangur þeirra yrði sá að finna farveg fyrir sameiginlega lausn á kjaradeilunum með víðtækum skattalækkunum. Í sjónvarpsviðtali af þessu tilefni gat ég þess að hin hefðbundna leið mundi einungis leiða til atvinnuleysis eða gengisfellingar. Þessi ummæli urðu tilefni til mikillar mótmælaöldu og gagnrýni er leiddi til þess að úr hömlu dróst að aðilar vinnumarkaðarins kæmu til viðræðna við stjórnvöld um þessi efni.

Þegar á reyndi kom í ljós að mjög almennur vilji var til þess að troða nýjar slóðir út úr þeim erfiðleikum sem við óneitanlega vorum í. Það var auðvitað enginn hægðarleikur að leysa málið með þessum hætti, en það var þó auðveldara og giftusamlegra en að fara hina gömlu verðbólguleið. Þrátt fyrir hin kröftugu mótmæli í upphafi varð niðurstaðan sú að forustumenn landssambandanna innan ASÍ sýndu að lokum mikinn áhuga til þess að takast á við kjarasamningana á þessum grundvelli. Einsýnt virðist að þjóðarsátt hefði tekist með þessum hætti ef Alþýðusambandið hefði haft aðstöðu til að móta og hafa forustu um lausn kjaradeilunnar. En því miður var þessi tilraun brotin á bak aftur á öðrum vettvangi. Þegar nýir kjarasamningar höfðu verið undirritaðir lýsti formaður Verkamannasambandsins yfir því að enn á ný hefðu verið gerðir verðbólgusamningar.

Þannig kom á daginn að þau aðvörunarorð sem ég mælti í septembermánuði voru ekki hótun, heldur kaldur veruleiki sem við verðum nú að horfast í augu við. Hjól tímans hefur þannig verið fært aftur á bak. En það er með öllu ástæðulaust að láta hugfallast. Við verðum að hefja baráttuna á nýjan leik og læra af þeirri dýrkeyptu reynslu sem fengist hefur síðustu vikur. Við þurfum nú að gera umbætur og kerfisbreytingar til þess að geta hagnýtt okkur tækniþróunina í sókn til bættra lífskjara. Þær ákvarðanir sem við tökum núna munu ráða úrslitum um það hvort þessi þjóð mætir nýrri öld með framförum og vaxandi hagsæld ellegar hvort við drögumst aftur úr öðrum þjóðum sem við viljum jafna okkur til.

Það er í ljósi þessarar ábyrgðar sem við og aðilar vinnumarkaðarins eigum að ráðast til atlögu við viðfangsefnin. Við úrlausn vandamála dagsins verðum við að hafa hugfast að við erum að skapa framtíð þessarar þjóðar.

Í kjölfar þeirra kjarasamninga, sem gerðir hafa verið, hækka bætur almannatrygginga til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á launatekjum, þannig að lífeyrisþegar dragast í engu aftur úr þeirri almennu launaþróun sem átt hefur sér stað. Um leið verður ýtt í framkvæmd fyrsta áfanga lækkunar tekjuskatts af almennum launatekjum. Loks verðum við nú þegar að hefja undirbúning fyrir endurnýjun kjarasamninga á

næsta ári. Fyrir þá sök er brýnt að leita á ný að lausn til þjóðarsáttar í þríhliða viðræðum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Við eigum ekki að kasta þeirri hugmynd frá okkur þótt hún hafi ekki náð fram að ganga að sinni. Þvert á móti tel ég brýnna en nokkru sinni fyrr að stofnað verði til slíkra viðræðna því að viðreisn atvinnuvega og lífskjara hefst ekki í innanlandsófriði, heldur með sáttum milli stétta og byggðarlaga.

Viðræður af þessu tagi geta enn byggt á því að verja kaupmátt með lækkun skatta eða aðflutningsgjalda og aðhaldssamri gengisstefnu er haldið gæti niðri verðlagi m. a. á opinberri þjónustu og ýmsum lífsnauðsynjum. Endurskipulagning húsnæðislánakerfisins gæti einnig orðið veigamikill þáttur í þessum viðræðum.

Alþb. hefur nú forustu um að ala á þeirri sundrung og úlfúð sem óneitanlega greip um sig í hinum hatrömmu vinnudeilum. Ugglaust ræður það mestu um óábyrga afstöðu Alþb. að þau öfgaöfl, sem um nokkurt skeið hafa starfað utan þess, eru nú á ný að verða þar ráðandi afl. Kvennalistinn er eins og angi af Alþb., enda greiða fulltrúar hans aldrei atkvæði á annan veg á Alþingi en móðurskipið. Nýkjörinn formaður Alþfl. hefur í kastþröng valið þann kost að skríða undir regnhlíf gömlu félaganna í Alþb. með þær þverstæðukenndu yfirlýsingar á vörunum að þannig ætli hann að ná fylgi frá Sjálfstfl.

Það er meginstefið í gagnrýni þessara svokölluðu alþýðuflokka að mikil tilfærsla á fjármunum hafi átt sér stað í þjóðfélaginu frá launafólki til atvinnufyrirtækja. Sannleikurinn er sá að báðir aðilar, atvinnufyrirtækin og launafólkið, hafa orðið fyrir áföllum vegna minnkandi þjóðartekna. Hagtölur sýna að hlutdeild launa í verðmætasköpun þjóðfélagsins er nú talsvert meiri en árið 1980, en nokkru lægri en síðustu tvö árin. Fátt bendir því til þess að þessar fullyrðingar stjórnarandstöðunnar hafi við rök að styðjast. En ég tel að það gæti verið rétt, í því skyni að treysta heilbrigða samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu og til þess að stuðla að málefnalegum umræðum að sett verði niður nefnd þessara aðila, og hugsanlega einnig með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, er hefði það verkefni að gera ítarlega úttekt á tekjuskiptingu og hlutdeild launa í verðmætasköpun og þjóðartekjum. Sú vinna gæti komið að gagni fyrir endurnýjun kjarasamninga á næsta ári. Ég mun beita mér fyrir því að þetta verði gert og stjórnarandstaðan fái aðild þar að.

En við skulum ekki loka augunum fyrir því að það hefur átt sér stað tekjutilfærsla. Þessi tekjutilfærsla er ekki frá launafólki til innlendra fjármagnseigenda. Hún er frá íslensku launafólki og hún er frá íslenskum atvinnufyrirtækjum til erlendra fjármagnseigenda. Sú skuldasöfnunarstefna sem Alþb. stóð fyrir og boðar enn hefur leitt til þess að vaxtagreiðslur þjóðarinnar til útlendinga í hlutfalli af atvinnutekjum hafa tvöfaldast frá árinu 1978. Þessi skuldasöfnun hefur ekki leitt til aukins hagvaxtar, þvert á móti. Frá árinu 1972 hafa þessar vaxtagreiðslur til útlendinga fimmfaldast. Það þýðir 3000 millj. kr. tilfærslu til útlendinga. Það er af þessari braut, sem Alþb. markaði í upphafi, sem íslenska þjóðin þarf nú að hverfa.

Við þurfum nú að setja okkur markmið um aukinn hagvöxt. Við getum ekki sætt okkur við að þjóðartekjur á Íslandi minnki ár frá ári meðan aðrar þjóðir sækja fram á við. Við þurfum því í þröngri stöðu að skapa svigrúm til aukinnar arðsamrar atvinnuuppbyggingar um land allt. Um þetta markmið kunna menn að vera sammála en greina á um leiðir. Alþb. boðar nú sem fyrr allsherjarskipulagsstjórn í atvinnumálum. Öll framþróun og nýsköpun á að vera að opinberri forskrift. Sjálfstfl. stendur gegn þessum gömlu úreltu sósíalísku kreddukenningum. Hitt er nær nútíðinni að byggja hér upp á grundvelli félagslegs markaðsbúskapar. Við viljum m. ö. o. láta atvinnulífið standa á eigin fótum og hafa aðstöðu til þess. Atvinnufyrirtækin eiga ekki að vera á félagslegu framfæri undir ríkisskipulagi. Reynslan sýnir okkur að aukið sjálfstæði atvinnuveganna hefur hvarvetna leitt til mestra framfara og alhliða uppbyggingar. Á hinn bóginn viljum við nota afrakstur þessa skipulags til þess að byggja upp velferðarkerfið sem auðvitað er forsenda þess að við getum lifað sáttir, Íslendingar, sem ein sameinuð þjóð í þessu landi.

Í atvinnumálum stöndum við sannarlega frammi fyrir miklum vanda. Í rótleysi verðbólgutímans gátum við ekki tryggt að fjárfestingarfjármagnið skilaði þeirri ávöxtun sem nauðsynleg er til að standa undir batnandi lífskjörum. Því er brýnt að þær umfangsmiklu kerfisbreytingar í fjárfestingarmálum, sjóðakerfi og bankamálum, sem samkomulag varð um milli stjórnarflokkanna í haust, verði sem fyrst að veruleika. Við verðum að aðlaga stjórnkerfið og fjármagnskerfið að kröfum nýs tíma — kröfum um mikla arðsemi, aukinn hagvöxt og bætt lífskjör fólksins í landinu.

Engum blandast hugur um að brýnustu úrlausnarefnin í atvinnumálum eru nú í sjávarútvegi. Með öllu var útilokað að leysa allan rekstrarvanda sjávarútvegsins með gengisbreytingu. Þar þurfa því enn að koma til margháttaðar aðgerðir, bæði af opinberri hálfu og fyrirtækjanna sjálfra. Þótt við ætlum að sækja fram með nýjungar á ýmsum sviðum í atvinnumálum verður sjávarútvegurinn enn um ókomna tíð meginuppistaða gjaldeyrisöflunar landsmanna og atvinnu landsbyggðarfólksins. Þess er að vænta að samkomulag sem náðst hefur um endurskipulagningu í landbúnaðarmálum eigi eftir að treysta þá mikilvægu atvinnugrein og um leið að skapa sættir á milli framleiðenda og neytenda, enda er nú höfuðmál að ljúka því stríði sem of lengi hefur staðið um landbúnaðinn. Við þessar aðstæður hafa iðnaður og verslun og margs konar þjónusta verið í framfarasókn þrátt fyrir hrakspár.

Máttur þjóðarinnar til nýsköpunar í atvinnumálum er ekki síst fólginn í menntun hennar. Það er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að við stöndum að öflugu skólastarfi og leggjum rækt við alhliða rannsóknir. Í þessum efnum hafa miklar breytingar átt sér stað. Við þurfum auðvitað að huga að því hvort í öllum greinum hafi verið stefnt í rétta átt. Brýnt er að aðlaga menntakerfið sem mest má verða að þörfum atvinnulífsins. Tæknibyltingin, skólarnir og atvinnulífið eiga að vera og þurfa að verða ein samrofa heild. Þá verðum við að huga að því að breyttir þjóðlífshættir kalla á endurskipulagningu skólastarfsins með tilliti til hagsmuna heimilanna. Samfelldur skóladagur og sveigjanlegur vinnutími eru kröfur nútíma lifnaðarhátta. Til kennara eru og verða gerðar miklar kröfur. Það er auðvitað ekki óeðlilegt að kjör þeirra séu metin í samræmi við það og þær margháttuðu skipulagsbreytingar sem íslenskt skólakerfi þarf nú vafalaust að ganga

í gegnum.

Þessar umræður tengjast og nýjum viðfangsefnum sem við getum ekki lokað augunum fyrir og lúta að stöðu kvenna á vinnumarkaði og heimilum. Við þurfum í skattalegum efnum að koma á meiri jöfnuði milli þeirra sem starfa innan veggja heimilisins og hinna sem vinna úti í atvinnulífinu. Um leið getum við horft á það gerast að tiltekin störf verði kvennastörf og almennt verr borguð en önnur. Gegn þessari þróun þarf að snúast með ýmsum hætti og löggjafinn þarf að sjá svo um að kynferði manna hvorki ívilni né hamli þeim við starfsval. Öll helgast þessi verkefni af hræringum sem eru að gerast í heiminum umhverfis okkur. Ísland er sannarlega eyja í Norður-Atlantshafi, en Íslendingar verða aldrei aftur eyland í samfélagi þjóðanna.

Á þeim tíma sem Sjálfstfl. hefur farið með stjórn utanríkismála, nú í annað sinn frá því að flokkurinn hafði forustu um það 1949 að landið gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, hefur enginn þurft að fara í grafgötur um stefnu þjóðarinnar í utanríkis- og öryggismálum. Þá barðist Sjálfstfl. fyrir því að Íslendingar yrðu þátttakendur í samstarfi vestrænna þjóða í hinum víðtækasta skilningi og um varnarmál sérstaklega. Nú er það stefna Sjálfstfl. að Íslendingar verði eins virkir í þessu samstarfi og verða má, axli sjálfir meira af þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera sjálfstæð og fullvalda þjóð.

Verulegar umræður hafa orðið um stríð og frið á Vesturlöndum undanfarin ár. Þær hafa nú breytt um svip. Af því má í stuttu máli draga einn lærdóm. Enn einu sinni hefur verið staðfest að stefna þeirra sem vilja treysta sameiginlega varðstöðu lýðræðisríkjanna nýtur meira fylgis en hinna sem telja friðkaup við einræðisríki sósíalista besta kostinn. Svokallaðar friðarhreyfingar ala á stríðsótta á meðan við tölum um leiðir til að varðveita friðinn. Áróðursstríð af þessu tagi heldur áfram, en mestu máli skiptir að tapa ekki áttum. Við höfnum hlutleysi milli einræðis og lýðræðis, milli mannréttinda og frelsis.

Án frelsis og öryggis getur þjóðin ekki gengið til daglegra starfa og notið sín í samskiptum við aðrar þjóðir, hvort heldur er í menningarlegum efnum eða viðskiptalegum. Einnig á þeim sviðum alþjóðlegra samskipta þurfum við að vera virkir. Við verðum að laða fram bestu krafta á meðal þjóðarinnar og styrkja þá í harðri samkeppni við aðrar þjóðir, setja markið hátt að þessu leyti, ekki síður en að gera kröfur um sömu lífskjör og þær þjóðir sem næst okkur standa. Alþjóðleg upplýsingabylting, bættar samgöngur og aukin ferðalög eiga eftir að tengja okkur umheiminum enn frekar en áður. Til að njóta okkar í auknu návígi við aðrar þjóðir verðum við að hlúa sem best að því sem skapar okkur sérstöðu sem þjóð í sögunni, í ljóðinu, í tungunni og upprunanum, þeirri arfleif sem okkur var trúað fyrir og við megum ekki glata.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Gott fólk. Vinnudeilurnar nú síðsumars og fram eftir hausti voru harðar, einhver hörðustu átök í íslensku samfélagi um langt skeið. Pólitísk átök auðvitað öðrum þræði en hreint ekki flokkspólitísk. Þetta voru kjaradeilur sem því miður hafa ekki leitt til batnandi kjara. Um það ættu allir að geta verið sammála.

Nú eftir á mættum við líka að því hyggja að þrátt fyrir allt urðu engin þau slys sem ekki verður bætt fyrir, engir þeir árekstrar eða sár sem lengi standa ógróin ef menn gleyma ofsögðum orðum. Ég er ekki viss um að auðfundið sé það þjóðríki sem státað gæti af þessari gæfu eftir það sem á undan er gengið eða lært af mistökunum sem við vonandi gerum.

Menn deila vart um það lengur að stefna sú, sem mörkuð var við myndun ríkisstj. í fyrra, hafi verið rétt og árangurinn í glímunni við verðbólguna ótrúlega skjótur og mikill. Fyrstu tilraunir til myndunar samstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. fóru út um þúfur því að tölvumeistarar og spekingar margir utan þings höfðu reiknað það út að ekkert minna mætti gagn gera en svipta fólk öllum bótum fyrir þriggja mánaða kjararýrnun í 130% ársverðbólgu. Síðari tilraunin tókst. Laun voru hækkuð um 8% og síðan 4% 1. okt. Þetta gat fólk þolað. Menn glöddust yfir árangrinum og langt fram eftir þessu ári undu menn kjaraskerðingunni í von um að árangur yrði varanlegur svo að athafnalífið gæti eflst og kjörin farið batnandi. En boginn var ofþaninn og því fór sem fór.

Eitt mikilvægasta ákvæði stjórnarsáttmálans var að finna í III. kafla hans þar sem segir að ríkisstj. hafi ákveðið að bæta hag þeirra sem verst eru settir með eftirgreindum kjarabótum, eins og orðrétt segir: 1. Skattar og tollar, sem nú leggjast með miklum þunga á ýmsar nauðsynjavörur, verði lækkaðir. Síðan eru í fimm liðum taldar aðrar aðgerðir.

Í fyrravetur var mikil vinna í það lögð, m. a. í þingnefnd, að undirbúa efndir þessa mikilvæga ákvæðis, því að oft tekur ríkið með tollum og sköttum 200% ofan á verð vörunnar á hafnarbakkanum þannig að vara sem kostar 100 kr. komin hér á land er seld út úr búð á 400 kr. Hér er um að ræða margar brýnustu nauðsynjar hvers einasta heimilis. En þá komu reiknimeistararnir og hagspekingarnir til skjalanna, fundu gífurlegt gat á fjárlögum og töldu með öllu ábyrgðarlaust að stjórnin lækkaði tolla og vörugjöld undir þessum kringumstæðum. Þó hefði hvert mannsbarn átt að skilja að mikil lækkun vöruverðs væri öflugasta ráðið til að kveða niður verðbólgu, enda yrði ekki gengið nær launum fólks.

Þess er svo einnig að gæta að ríkisútgjöldin eru nánast ekkert annað en launagreiðslur, beinar og óbeinar, og gjaldeyrisnotkun þegar upp er staðið. Því var ljóst að ríkisútgjöldum mátti halda niðri nokkurn veginn til jafns við hugsanlegt tekjutap ríkisins ef fólk gat sætt sig við minni kauphækkanir og genginu var hægt að halda sæmilega stöðugu.

Við stöndum nú frammi fyrir því að gengið er fallið, kjarabætur hafa orðið minni en efni stóðu til og vandi útgerðarinnar óleystur. Þetta er vandinn sem ríkisstj. og stjórnarflokkar glíma við. Á lausn hans veltur það auðvitað hvort ríkisstj. tekst það ætlunarverk sitt að kveða verðbólguna í kútinn og treysta grundvöll atvinnuveganna. Þarf engan að undra þótt tíðir fundir séu haldnir og menn hafi nokkuð ólík sjónarmið í stjórnarflokkunum né þá hitt að umr. þessi hefur dregist og er kannske varla tímabær í kvöld þar sem viðbrögðin við nýjum aðstæðum eru enn ekki fullmótuð.

Íslendingar hafa af því bitra reynslu nokkuð á annan áratug að verðbólga hefur verið keyrð áfram með því annars vegar að hækka sífellt skatta í kjölfar gengisbreytinga, einkum þau gjöld sem leggjast á vöruverð,

og hins vegar með skömmtunarstjórn í peningamálum, svokallaðri peningamagnsstefnu. En þessi stefna hefur ekki einungis verið eldiviður verðbólgunnar gagnstætt því sem tilgangurinn var, heldur er peningakerfið í bókstaflegri merkingu fyrir löngu hrunið samhliða útþenslu banka og hinna margháttuðu peningastofnana. Hér vinnst ekki tími til að fara lengra út í þá sálma. En aðeins skal á það bent að það þjóðfélag er siðlaust, þar sem menn geta ekki fengið minni háttar lán þótt lífsnauðsyn sé og eignir og tryggingar séu nægilegar. Peningar eiga ekki að vera neitt annað en ávísanir á verðmæti og verðmæti eru mikil til á Íslandi. Bankana á því að opna strax og breyta þeim eins fljótt og unnt er í almenningshlutafélög, enda þekkist það hvergi í lýðfrjálsu landi að ríkið einoki peningakerfið og mismuni mönnum og fyrirtækjum að geðþótta skömmtunarstjóranna.

Eins og margsinnis hefur komið fram — og nú síðast í stefnuræðu forsrh. og máli formanns Sjálfstfl. — keppir ríkisstj. að því að efla bæði gróna atvinnuvegi og stuðla að því að nýgræðingur festi þróttmiklar rætur. Það og einmitt það er að vinna sig út úr vandanum. Að þessu hlýtur ríkisstj. að beina sjónum sínum strax og menn fá hvílt augun frá því að rýna í marklitlar tölvuspár og fjárlagatölur sem eiga vafasama stoð í veruleikanum, enda hefur þeim um langt skeið verið hagrætt með lánsfjáráætlunum, sérlögum og flutningi fjármagns þjóðarinnar frá hinu svokallaða fjárveitingavaldi til margvíslegra stofnana sem ganga meira og minna sjálfala út og suður um þjóðlífið án gæslu sem orð er á gerandi af hálfu Alþingis.

Ég vil hér aðeins geta um eitt þessara verkefna, sem nærtækust eru og ég hef nokkurn kunnugleika á, en það er fiskiræktin. Með henni einni gætum við á örskömmum tíma unnið okkur út úr vandanum með fjárfestingu sem væri mun minni en við vörðum á einu ári til kaupa Japanstogara en út í það get ég víst ekki lengra farið.

En ég get ekki lokið máli mínu svo að víkja ekki að hafréttarmálunum. Þar hefur vel verið að verki staðið undir forustu utanrrh. Á það við um undirbúning þess að við tryggjum yfirráð okkar á Reykjaneshrygg allt að 350 mílum og réttindin á Rockallhásléttu og einnig réttargæslu á Jan Mayen-svæðinu. Öll þessi mál og samskiptin við Færeyinga, Grænlendinga og Norðmenn, jafnvel líka Kanadamenn, um verndun og nýtingu nyrstu hafsvæða Atlantshafsins eru nú að komast í brennidepil. Þá er ómetanlegur sá mikli og vandaði undirbúningur sem utanríkisþjónustan hefur lagt okkur í hendur. Verkefnaskortur er enginn hjá ríkisstj. eða Alþingi öllu því að um það get ég borið að í hafréttarmálunum hefur öll stjórnarandstaðan unnið vel og alger samstaða verið um aðgerðir Íslendinga. Hygg ég að einnig gæti náðst góð samvinna um átak í atvinnumálunum því að fleira er það áreiðanlega sem sameinar okkur en sundrar. Þess vegna getum við jafnvel í erfiðleikum verið hóflega bjartsýn og þess vegna ber framtíðin líka áreiðanlega hagsæld í skauti sínu. — Góða nótt.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar við stóðum hér á s. l. hausti og ræddum stefnuræðu hæstv. forsrh. hafði ríkisstj. hans meðbyr og stuðning þess fólks sem vildi leggja hönd á plóginn og færa einhverjar fórnir, einkum til að ná niður verðbólgunni. Þá hóf ég mál mitt með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Siðmenning þjóðar er ekki síst metin eftir þeirri mannúð sem hún sýnir lítilmögnum sínum, jafnt á velgengnistímum og eins þegar á móti blæs."

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Og í dag, rúmlega ári síðar, stöndum við aftur og ræðum stefnuræðu hæstv. forsrh. En nú er annar andblær í þjóðlífinu og vindáttin hefur snúist frá meðbyr í mótbyr. Í kvöld standa meðlimir stéttarfélaga hér utan Alþingishússins til að mótmæla því siðleysi sem þessi ríkisstj. hefur sýnt. Í huga margra er reiði, gremja og biturleiki.

Eftir fjögurra vikna verkfallslotu, þar sem fólk lagði hart að sér og sýndi mikla samstöðu í von um raunverulega kjarabót, hefur næstum öllum ávinningum verið kippt aftur, jafnvel áður en fólk fékk hana í hendurnar. Ég tel að ríkisstj. hafi að verulegu leyti borið ábyrgð á þeim verkföllum sem nú er nýlokið vegna þeirrar stefnu sem hún hefur rekið. Sömuleiðis tel ég að hún hafi ráðið því að samningarnir urðu verðbólgusamningar. Þær skattalækkunarleiðir, sem hún bauð upp á, voru ekki færar vegna þess að allar upplýsingar skorti um viðbrögð ríkissjóðs við því tekjutapi sem slíkt mundi kosta hann. Menn óttuðust að neysluskattar mundu verða notaðir til að mæta því. Skattalækkunarleiðin var því aldrei fær því að hún var ekki nógu skýrt mörkuð, hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, sem lætur sig hafa það að fylgja fordæmi flokksfélaga sinna og ítreka árásir á Kvennalistann, e. t. v. til að vernda atkvæði sín. En launafólkið situr eftir með sárt ennið og skilur ekki hvers vegna var samið svo illa.

Hæstv. forsrh. fór ekki í felur með yfirvofandi gengisfellingu og gjaldeyrir streymdi úr bönkunum. Ekki var það þó launafólk sem fór í banka að kaupa gjaldeyri því að það beið enn eftir launauppbót sinni. En gengisfellingin var réttlætt með hækkunum sem höfðu ekki einu sinni haft tíma til að komast út í verðlagið. Og brosandi réttir seðlabankastjóri hæstv. forsrh. í gær niðurstöður nýrrar könnunar um gildismat og mannleg viðhorf Íslendinga og segir, með leyfi forseta:

„Við höfum hér mynd af hamingjusamri þjóð sem lent hefur í tímabundnum efnahagslegum erfiðleikum."

Í umr. í fyrra gagnrýndi ég Seðlabankann og þá áráttu að vilja byggja glæsihallir yfir peninga. Þá var Seðlabankinn nánast húsgrunnur, varla nema ein hæð. Nú er hann allt í einu risinn og gnæfir yfir Kolbeinshaus, svört fráhrindandi sorgarhöll, enda byggð yfir ónýtan gjaldmiðil. En varla verður steini kastað úr því húsi því að það er allt úr gleri.

„Ekki er að spauga með íslenskt sjómannsblóð," kvað Ólína Andrésdóttir, með leyfi forseta. Hæstv. forsrh. og seðlabankastjóri. Ég mundi vara mig á því að spauga með Íslendinga. Það eru engir peningar til. Hljómar þetta ekki kunnuglega í eyrum? „Ég er orðin 70 ára gömul og það þýðir ekkert að segja mér að engir peningar séu til. Ég veit að það eru til peningar í þessu landi. Þeir rata bara ekki á réttu staðina." Þannig mæltist konu í sundlaugunum um daginn, með leyfi forseta.

Það er talað um þjóðarsátt. Hvað þýðir það? Í mínum huga þýðir það þjóð sem er sátt við sjálfa sig, sátt innbyrðis. Það er líka talað um að í landinu búi tvær

þjóðir, sú sem getur áfallalaust haldið uppi eyðslu sinni þrátt fyrir efnahagsvanda og samdrátt í þjóðarbúskapnum og hin sem berst í bökkum og getur tæplega séð sér farborða. Meðan önnur þjóðin hagnast á ástandinu kemur það hinni á vonarvöl. Þessar tvær þjóðir verða að sættast og það gera þær ekki meðan hér situr ríkisstj. sem stíar þeim sífellt lengra í sundur þar til þær komast úr kallfæri, stjórnar gegn fólkinu en ekki fyrir það, sundrar í stað þess að sameina.

Það er sagt að enginn sé búmaður nema hann kunni að berja sér. Það hef ég aldrei skilið hvers vegna búmenn þurfa að vera með barlóm. En hitt veit ég fyrir víst að ekki verður búandi í þessu landi á mannsæmandi hátt ef okkur lærist ekki að skipta jafnara á milli okkar.

Á upplýsingaöld komumst við ekki hjá því að sjá og vita að Afríka sveltur. Og meðan flugurnar leita á máttvana og deyjandi fólkið er okkur sagt að hershöfðingjarnir hafi keypt áfengi fyrir eina millj. sterlingspunda til að gera sér dagamun. Við erum agndofa og hneyksluð á þvílíku misrétti. En samtímis gáum við ekki að okkur og misréttið læðist inn fyrir okkar eigin dyr og hreiðrar um sig mitt á meðal okkar. En það er lítilvægt og viðráðanlegt miðað við misréttið sem ríkir á milli okkar og Afríku. Við þurfum að rækta garðinn okkar, uppræta það illgresi sem misréttið er og viðurkenna að við erum heppin þjóð í góðu landi, aflögufær með dugnað og bjartsýni eins og skjalfest er í könnuninni góðu sem hæstv. forsrh. var fengin í hendur í gær. Þar kemur einnig fram, með leyfi forseta, að engin þjóð í könnuninni velur jafnrétti ofar frelsi jafnoft og Íslendingar, þ. e. að enginn þurfi að búa við misrétti og að stéttaskipting sé ekki mikil.

Við skulum heldur ekki gleyma því sem Stephan G. Stephansson sagði í Íslendingadagsræðu, með leyfi forseta:

„Það er óskaland íslenskt sem að yfir þú býr," og það er í höndum okkar sjálfra, þessarar fámennu en dugmiklu þjóðar, að byggja þetta land með réttlæti. Þá varðar okkur miklu að velja þá menn til forustu sem ekki steypa okkur í glötun.

Til umr. er stefnuræða hæstv. forsrh. Það er leiðinlegt hlutverk að þurfa stöðugt að gagnrýna. Þess vegna var það léttir að sjá og heyra að stefna stjórnarinnar er víða jákvæð og ekki mikill vandi að styðja hana og hvetja til dáða á ýmsum sviðum. En þá rámar mig allt í einu í vinnuplöggin fyrir þessar góðu hugmyndir. Það eru jú fjárlögin sem við eigum að ræða á þriðjudaginn. Það er hrópandi ósamræmi milli þessarar fyrirheitaríku en loftkenndu stefnuræðu og niðurskorinna og samansaumaðra fjárlaganna. Hvernig í ósköpunum ætla mennirnir að framkvæma þessar hugmyndir sínar innan þess svigrúms sem fjárlögin gefa?

Nú er litið vonaraugum til nýsköpunar í atvinnuháttum eins og hv. 1. þm. Suðurl. minntist á. Til að auka á fjölbreytni og um leið stöðugleika í atvinnulífi okkar, til að vega upp á móti sveiflukenndum meginatvinnuvegum, þá er helst talað um að skapa jarðveg fyrir nýja tækni og háþróaðan iðnað. En það er eins og fjárlagasmiðirnir skilji ekki að einn af hornsteinum framtíðarkosta okkar er það hugvit og sú þekking sem þjóðin ræður yfir. Ræktun og beiting þess hugvits, sem getur mætt framtíð breyttra atvinnuhátta, byggir á menntun. Til þess að nýjar hugmyndir geti blómstrað þarf ákveðna lágmarksþekkingarþéttni og það er m. a. sá jarðvegur sem þarf að skapa.

En hvað blasir við? Kennarar eru láglaunastétt, skólar vanbúnir, óviðunandi misrétti ríkir milli þéttbýlis og dreifbýlis í menntunarmálum. Lánasjóður námsmanna sveltur, fjárframlög til Háskólans skorin illilega niður. Í þessu felst kórvilla. Börn okkar munu seint fyrirgefa okkur slíkan sparnað.

Skortur á markvissri peningastjórn hefur valdið þeirri þenslu sem hefur umfram annað komið óreiðu á efnahagsdæmi ríkisstj. og hávaxtastefna hefur ekki dregið úr viðskiptahalla. Áfram eru tekin erlend lán í óarðbærar fjárfestingar og þó að afar brýnt þyki að lækka erlendar skuldir þjóðarinnar en ekki að auka þær, þá segir ríkisstj. eins og sá sem ætlar að venja sig af ávana: Ekki í dag, á morgun, á morgun. Ríkisstj. verður að skilja það að það er ekki launafólk á Íslandi sem eru erkióvinir efnahagsdæmisins. Þar tel ég að rangar fjárfestingar, sóun verðmæta og sjónarmið stundargróða séu mun veigameiri ástæður. Ríkisstj. verður líka að skilja að efnahagsvandinn verður ekki leystur með niðurskurði félagslegrar þjónustu sem íslenskt launafólk hefur lagt áherslu á í samningum undanfarin ár, jafnvel á kostnað launahækkana.

Á bls. 18 í stefnuræðu hæstv. forsrh. er mjög mikilvægur kafli þar sem greint er frá mildandi aðgerðum til þeirra sem við lakari kjör búa. Þar eru mjög óljós fyrirheit t. d. um tollalækkanir á nokkrum nauðsynjavörum, lækkun tekjuskatts og greiðslur almannatrygginga. Það getur hreinlega haft úrslitaþýðingu fyrir mörg heimili hvernig staðið verður að þessum þáttum. Á bls. 23 segir, með leyfi forseta:

„Þessi mikla aukning þjóðarframleiðslu og þau góðu lífskjör, sem okkur Íslendingum hefur tekist að skapa, hafa því einnig og ekki síður byggst á mjög mikilli vinnu, löngum vinnutíma og mikilli atvinnuþátttöku kvenna. Samt hefur þessi mikla atvinnuþátttaka kvenna verið gróflega vanmetin og konur eru hálfdrættingar í meðallaunum miðað við karla. Enda una konur því ekki lengur að störf þeirra séu vanmetin eða að laun þeirra dugi ekki til framfæris. Konur una því heldur ekki að störf þeirra séu ekki metin sem ábyrgðarstörf, hvort sem þau lúta að fólki, menntun barna, hjúkrun sjúkra og umönnun aldraðra eða vinnslu hráefnis og öðrum framleiðslustörfum, grundvallarstörfum sem eru forsenda þess að þjóð sjái sér farborða og haldi mennsku sinni. En konur vinna víðar en í launuðum störfum á vinnumarkaðinum. Ólaunað en ómetanlegt og ómælt vinnuframlag kvenna á heimilum sínum stuðlar að daglegri velferð þjóðfélagsins. Það er samt lítið metið til starfsreynslu á hinum almenna vinnumarkaði þó að örli á breytingum til batnaðar í þeim efnum nýlega. Sömuleiðis er réttindaleysi heimavinnandi húsmæðra algerlega óviðunandi og þarfnast bráðra úrbóta."

Það var einu sinni kóngssonur í Danmörku sem lét það vefjast fyrir sér hvort hann ætti að vera eða vera ekki. Þessi ríkisstj. virðist spyrja sjálfa sig sömu spurningarinnar. Og mér heyrist hún líka segja: Það góða, sem ég vil, gjöri ég ekki, en það illa, sem ég vil ekki, gjöri ég.

Sumir segja að fólk fái þá stjórn sem það á skilið. Ég ansa því ekki. Íslendingar eiga skilið miklu betri stjórn. Eftir móðuharðindin var íslenska þjóðarfjölskyldan ekki nema tæplega 40 þús. manns, enda hart að henni sorfið, eldgos, sjúkdómar, veðurharðindi og fátækt. Þá

dugði henni best til að halda á sér hita og lífi að standa þétt saman og líta vel eftir sínum og skipta jafnt því sem til skiptanna var. Í dag er íslenska fjölskyldan næstum því sex sinnum stærri og neyð hennar sem betur fer þess eðlis að hún getur ráðið við hana ef hún vill. En jafnt og áður dugir henni best að standa þétt saman til að leita réttar síns og tryggja afkomu sína og skipta jafnt því sem til skiptanna er. Og henni er jafn nauðsynlegt og áður að forðast þá forustusauði sem slegnir eru blindu og gætu leitt hana í glötun. — Ég þakka áheyrnina.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Íslendingum er svo lýst nú um stundir að þeir séu hamingjusamir, trúaðir og bjartsýnir. Kannske kemur einhverjum þetta á óvart þegar haft er í huga að það er mjög til siðs að hafa uppi barlóm, einkum meðal stjórnmálamanna og fjölmiðla. Þeir telja gjarnan allt á niðurleið, enda ofbeldi og ófarir nánast það eina sem talið er fréttnæmt. Sem betur fer er nú komið í ljós að Íslendingar trúa blöðunum allra þjóða verst, enda vita þeir sem er að við megum teljast heppin miðað við flestar aðrar þjóðir heims. Við eigum nægilegt vatn, meiri mat en við getum torgað og erum laus við lögreglusveitir sem hundelta fólk. Við eigum auðvitað við okkar vanda að stríða, en Íslendingar vita sem er að þeir búa í gjöfulu landi.

Í Íslandsklukku Halldórs Laxness lýsir Jón Hreggviðsson fyrir frú Arneus á eftirfarandi hátt þeirri góðu eign, Íslandi, sem hann kveður Snæfríði Íslandssól eiga, en hún er sem tákn íslenskrar reisnar.

„Sagðirðu peninga, — hún á meiri peninga en nokkur kvenmaður í Danmörk, sagði Jón Hreggviðsson. Hún á alla peninga Íslands. Hún á silfur og gull framanúr öldum. Hún á öll höfuðból landsins og hjáleigurnar með, hvort sem henni tekst að stela þeim aftur frá kónginum eða ekki: skógarjarðir og laxár kona; rekajarðir þar sem ein júferta dugir til að byggja upp Konstantínópel ef maður ætti sög; flæðiengi og starmýrar; afrétti með fiskivötnum og beitilöndum uppí jökla; varpeyar útí hafsauga þar sem þú veður æðardúninn í hné kona; iðandi fuglabjörg þverhnípt í sjó þar sem heyra má glaðan sigmann bölva niðrá sextugu á jónsmessunótt. Og þó er þetta minnst af öllu sem hún á, og ég endist aldrei til að telja."

Þannig sá bóndinn á Rein kosti landsins. Við sem nú lifum getum bætt við bústofni og nýrækt, vegum og brúm, húsum og bílum, skólum og sjúkrahúsum, leikhúsum og óperum að ógleymdri sjálfri lífsbjörginni, fiskinum í sjónum. Við eigum enn gull framan úr öldum og verk þeirra kynslóða sem á undan okkur hafa gengið. Við, sem erum aðeins 240 þús. manns, rétt á við eina meðalborg í Evrópu, ættum að vera komin þjóða lengst í að skapa réttlátt þjóðfélag. Tæplega nokkur þjóð í heimi á aðra eins möguleika til að vera fyrirmynd í viturlegri stjórn, réttlæti og friði við aðra menn vegna þess að við erum fá og við byggjum kostajörð. Ef þjóðartekjunum væri jafnt skipt gætu allir haft góð laun og gamla fólkið og öryrkjar búið við öryggi.

Ef störf kvenna væru metin að verðleikum mundi það gerbreyta öllu gildismati og útrýma kynjamisrétti á vinnumarkaðinum. Ef allir þeir, sem telja sig yfir það hafna að greiða sinn skerf til samfélagsins, gerðu fullnaðarskil væri hægt að búa enn betur að skólum, heilbrigðisþjónustu og húsnæði fólks og þá gætu allir valið um það í hvernig húsnæði þeir byggju. Ef því fé, sem varið er í bankamusteri, væri varið til dagvistunarstofnana væri börnunum vel borgið. Ef ytri tákn, eins og risavaxin flugstöð, væru látin lönd og leið væri hægt að bæta allar samgöngur. Ef olían væri seld á eðlilegu verði væri útgerðin ekki svo aðkreppt. Ef orka til stóriðju væri ekki seld undir kostnaðarverði gætu landsmenn allir setið við sama borð og hitað eða lýst híbýli sín án þess að það sligi heimilið. Ef ekki væri bruðlað og sóað gæti menningin blómstrað í nýsköpun og hugmyndaauðgi. Ef stjórnað væri viturlega og af réttlæti fengju sjónarmið kvenna að njóta sín og þær sætu jafnt á við karla alls staðar þar sem ákvarðanir eru teknar. Ef Íslendingar ættu frumkvæði að því að lýsa land sitt kjarnorkuvopnalaust og hafna öllum vígbúnaði og hernaðarlausnum yrði stigið skref í átt til friðar og afvopnunar. Ef það jafnrétti, sem Íslendingar vilja að ríki manna á meðal, væri til staðar liti samfélagið öðruvísi út. Kostir landsins væru þá nýttir í allra þágu.

En því miður. Jafnréttisþjóðfélagið á langt í land. Þrátt fyrir velferð og uppbyggingu á mörgum sviðum hafa stjórnvöld um áratuga skeið valið að viðhalda í megindráttum stefnu sem byggir á stjórn karla á nánast öllum sviðum. Launamisrétti, skattamisrétti og kynjamisrétti. Öllu þessu hefði verið hægt að útrýma fyrir löngu ef vilji hefði verið til þess.

Það hefur margur lagt mikið á sig í þágu betra þjóðfélags, t. d. kvennahreyfingin og verkalýðshreyfingin. En hér hafa peningaöflin löngum leikið lausum hala og fengið að skara eld að eigin köku í friði, aldrei þó í betri friði en síðustu 18 mánuði.

Sú ríkisstj., sem nú situr og hefur í kvöld kynnt landsmönnum stefnu sína, trúir á frelsi — frelsi í bönkum, frelsi í verslun, frelsi í útvarpi og stóriðjufrelsi að ógleymdu frelsinu til að semja af sér. En þeir ríkisstjórnarmenn vita sem er að frelsinu eru takmörk sett. En þau takmörk ná skv. þeirra skilningi m. a. til kjarasamninga, verkfalla og húsnæðismála.

Já, það er einkennilegt, þetta frelsi. Verslunin og bankarnir fá að leika sér að vild, en landbúnaðurinn og útgerðin eru svipt nánast öllu frelsi og mega sæta skipunum, kvótakerfi og niðurskurði. Ekki ber ég á móti því að stjórnunar sé þörf í undirstöðuatvinnuvegunum. Það er bara skilgreining ríkisstj. á frelsinu sem hljómar undarlega í mínum eyrum.

Það er kátt í verslunar- og bankahöllunum þessa dagana, að ekki sé nú talað um álhöllina. En í kotum launafólks ríkir ekki mikil gleði eftir að árangur margra vikna baráttu fyrir bættum kjörum var hrifsaður aftur skv. skipun seðlabankastjóra. Sá maður leyfir sér að tala um nauðsyn gengisfellingar áður en fólk hefur svo mikið sem fengið þá launahækkun sem á að valda svo mikilli þenslu. Heldur fólk að það hafi verið BSRB-félagar sem hömstruðu gjaldeyri rétt fyrir gengisfellinguna? Heldur fólk að konurnar í Bæjarútgerðinni hafi hlaupið til og keypt vídeótæki? Nei, það eru þeir sem þegið hafa gjafir ríkisstj. á silfurbakka, verslunarálagninguna frjálsu, lækkun á lúxussköttum og launahækkanir hjá einkafyrirtækjum sem hafa bolmagn til að halda uppi óbreyttri veltu í þjóðfélaginu og stöðugum innflutningi.

Ríkisstj. Steingríms Hermannssonar er vel kunnugt um afleiðingar stjórnarstefnunnar og hún hyggst berja í brestina með sköpun nýrra atvinnuvega. Þeirra er

vissulega þörf vegna þess að á næstu árum má búast við fækkun starfa í fiskiðnaði sem öðrum iðnaði og jafnvel einstaka þjónustugreinum. En það er allt á sömu bókina lært hjá stjórninni. Vinstri höndin bendir á nýsköpun en sú hægri sveiflar hnífnum, álhnífnum, og sker og sker sjálfa undirstöðuna, menntun þeirrar kynslóðar sem á að fleyta nýjum atvinnugreinum áfram.

Það á að veðja á stækkun álversins í Straumsvík um 50% og nýtt álver, væntanlega við Eyjafjörð, þrátt fyrir það að Íslendingar hafa árum saman orðið að greiða niður orkuna til álversins og eru í þann veginn að samþykkja að halda því áfram þrátt fyrir það að spáð er lækkandi álverði og slíkar verksmiðjur draga nú saman seglin eða loka. Stóriðjudraumarnir hafa þegar kostað okkur mikla skuldasöfnun erlendis, og valda því að orkan, sem á að vera okkur drjúg tekjulind, er seld á útsöluprís til stóriðjunnar meðan fiskvinnslan og almenningur fær að borga fullt verð og meira en það.

Uppbygging nýrra atvinnuvega gerist ekki eins og hendi sé veifað. Hún tekur mörg ár ef rétt er að staðið. Hún á ekki að verða með þeim hætti að troðast inn á yfirfulla markaði heldur þannig að þau hráefni, sem við eigum, séu fullnýtt og að sú orka og hugvit, sem við búum yfir, fái notið sín. Allt er þetta spurning um val og stefnu. Því miður eru nú ráðandi þeir sem þekktir eru fyrir dekur við auðhyggju og hafa litla samúð með þeim sem minna mega sín. Þeir eru nú sem óðast að spilla þeirri kostajörð sem við eigum sameiginlega. En því er hægt að breyta. Það kemur að skuldaskilum. Sá dagur rennur upp er bókhaldið hjá ríkisstj. Steingríms Hermannssonar verður gert upp.

Ég vil að lokum beina orðum mínum sérstaklega til kvenna. Það er greinilegt að mikil vakning á sér stað meðal kvenna um allt land. Konur eru búnar að fá nóg af valda- og áhrifaleysi sínu og því hvernig störf þeirra eru vanmetin jafnt heima fyrir sem úti á vinnumarkaðinum. Konur eru orðnar þreyttar á því að horfa upp á sóunina, bruðlið og misréttið og það hvernig börnin eru sett út á guð og gaddinn í þessu yfirvinnuþjóðfélagi. Þær telja sig hafa margt gott til málanna að leggja enda byggja þær á reynslu þeirra kynslóða kvenna sem hafa borið ábyrgð á umönnun fólks, búsýslu og börnum.

Ég trúi því að konur geti gert kraftaverk ef þær sameinast um að hafna stefnu stjórnar Steingríms Hermannssonar og velja stefnu sem er vinsamleg öllu lífi, hvort sem er á landi eða í sjó, stefnu sem neitar að horfa aðgerðarlaus á misréttið, stefnu sem vill stíga skref til að tryggja frið á jörðu, stefnu sem vill að bæði karlar og konur fái notið sín eins og þeim er eðlilegt, stefnu sem lítur á börn sem mestu auðlegð þjóðarinnar, stefnu sem vill skapa samfélag þar sem við getum öll vaðið æðardúninn í hné. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í haust hafa löngum verið óvenjulegar stillur og bjartviðri um land allt. Það sama verður ekki sagt um þjóðlífið. Þar hefur geisað stormur með þungu brimi. Og undir niðri í hugarfylgsnum fólksins í landinu hafa ekki síður verið þungir straumar, augu manna hafa opnast, skoðanir breyst og flokksbönd trosnað og slitnað.

Núverandi ríkisstj. hefur starfað í 1½ ár. Öllum ber saman um að lengi framan af hafi stjórnin siglt á sléttum sjó. Hún hóf sína siglingu eins og kunnugt er með leiftursnöggri árás á lífskjör almennings og náði á nokkrum mánuðum fjórðu hverri krónu úr launaumslagi fólks. En það merkilega gerðist að launafólk og samtök þeirra létu kyrrt liggja lengi vel svo að hvergi kom til átaka á vinnumarkaði fyrsta árið.

Hvernig má þá skýra þessa miklu þolinmæði fólks og langlundargeð sem ríkisstj. naut svo lengi? Vafalaust er skýringin sú að fólk vonaði og trúði því að skerðing launanna stæði aðeins í takmarkaðan tíma. Það treysti á að þegar verulega hefði dregið úr verðbólgu yrði því skilað aftur sem tekið hafði verið og fólk fengi að njóta ávinningsins af lækkun verðbólgunnar, eins og lofað hafði verið. Þess vegna biðu menn átekta og skoðanakannanir sýndu að ríkisstj. átti óvenjulega miklu fylgi að fagna.

En fljótt skipast veður í lofti. Fyrsta blikan birtist með svonefndu fjárlagagati. Meðferð ríkisstj. á þessu vandamáli þótti ekki traustvekjandi — og síst af öllu þegar endirinn varð sá að erlendar lántökur leystu vandann að verulegu leyti. Í tvo mánuði var fjárlagavandinn að velkjast milli stjórnarliða eins og vindlaus knöttur um grýtta urð, frá fjmrh. til ríkisstj., þaðan til þingflokka og þannig hring eftir hring. En í miðjum þessum miklu þrengingum út af halla ríkissjóðs tók stjórnin sig til og afhenti atvinnurekendum á annað hundrað milljónir með beinum skattalækkunum og hnykkti svo á skömmu síðar með því að gefa bönkum landsins á fjórða hundrað milljónir. Þarna hafði ríkisstj. rekist á litla manninn margumtalaða og jós nú óspart úr ríkissjóði. Til að afla tekna á móti ákvað svo stjórnin að leggja sérstakan skatt á sjúklinga. Greiðslur fyrir heimsóknir til heimilislæknis og sérfræðinga voru hækkaðar um hátt í 200% og sérlyf hækkuðu um 140%.

Rangsleitni ríkisstj. gagnvart því fólki sem minna má sín, samhliða örlæti hennar í garð stórfyrirtækja, banka og fjármálamanna — allt átti þetta vafalaust sinn þátt í því nú seinasta hálfa árið að vonir og traust tengt lækkandi verðbólgu fóru smám saman að snúast upp í vantraust og vonbrigði. Skipherrann, Steingrímur Hermannsson, lét þó ekkert á sig fá þótt móti blési. Því meira sem óánægjan jókst, því meiri tröllasögur sagði hann um verðbólgu í tíð seinustu ríkisstj. Stundum fullyrti Steingrímur að verðbólgan hefði verið rúmlega 100% við stjórnarskiptin, stundum talaði hann um 130% og þegar hann var virkilega í essinu sínu nefndi hann tölur allt upp í 180%.

Hvernig stóð á þessum ólíku tölum sem jafnvel góðir og gegnir framsóknarmenn áttu mjög erfitt með að kyngja? Í almennum umr. hafa menn í áratugi rætt um verðbólgu og ávallt átt við hækkun verðlags á seinustu 12 mánuðum. Í þessari viðurkenndu merkingu fór verðbólga yfir 80% á seinasta ári stjórnar Gunnars Thoroddsen eftir að sú stjórn hafði misst meiri hluta sinn á Alþingi og beðið var kosninga. Þeir sem fá út allt aðrar og miklu hærri prósentur miða verðbólgutölur sínar við brot úr ári, kannske nokkrar vikur. Þannig er auðvelt að fá út risastórar tölur um verðbólguhraða, t. d. strax eftir að gengi krónunnar er fellt, ef verðbólgan er þá mæld á viku eða hálfsmánaðargrundvelli og árshraðinn síðan margfaldaður út frá því. Með útreikningum af þessu tagi má sjálfsagt sýna fram á að verðbólga á Íslandi hafi iðulega rokið upp í 400—500%.

Þetta nefni ég hér sem dæmi um blekkingar sem

óspart hefur verið beitt og ríkisstj. hefur reynt að fleyta sér á, því að óneitanlega trúa því býsna margir í raun og veru að verðbólgan hafi rokið upp í 130% hjá seinustu stjórn. En þrátt fyrir velheppnaðar talnakúnstir af þessu tagi lætur fólk ekki blekkjast til lengdar. Það veit sem er að í tíð núverandi stjórnar hafa lífskjör versnað. Fleiri vinnustundir þarf til að greiða sama magn af vöru. Þrátt fyrir hægari snúning verðbólguhjólsins hefur dýrtíð verið meiri. Fólk hefur því sagt sem svo: Skítt með alla talnaleiki. Það eina sem máli skiptir er að vita hvenær á að skila því sem tekið hefur verið. Og sé það alls ekki ætlunin er þá um annað að ræða en að boða verkfall? Þannig fóru menn að hugsa og tala á s. l. sumri, fólk úr öllum stjórnmálaflokkum.

Ekki varð það til að draga úr tortryggni fólks þegar Þorsteinn Pálsson og Steingrímur Hermannsson sömdu um það í sumar að gefa vextina frjálsa með hörmulegum afleiðingum fyrir alla þá sem verst eru settir og skulda fé í bönkum. Afleiðingin varð sú að raunvextir ruku upp á fáum vikum um 5—6% og hafa aldrei verið hærri.

Hitt er svo allt annað mál að framsóknarmenn, vinir mínir, reyna mjög að sverja af sér ábyrgð á hækkun vaxtanna. Reyndar er það þeirra síður að koma ábyrgðinni yfir á aðra. Þeir sátu allra flokka lengst í ríkisstj. þau tíu ár sem verðbólgan var hvað mest. En að sjálfsögðu var verðbólgan aldrei þeim að kenna.

Auðvitað ber Framsfl. fulla ábyrgð á þeim ógöngum sem ríkisstj. er komin í með vaxtamálin. Auðvitað ber Framsfl. fulla ábyrgð á því að undirstöðugreinar atvinnulífsins úti um land, sjávarútvegur og landbúnaður, eru í miklum kröggum um þessar mundir, m. a. vegna fáránlegrar stefnu í vaxtamálum. Bændur hafa ekki síður en aðrir orðið fyrir barðinu á þessari stjórn. Auðvitað ber Framsfl. fulla ábyrgð á því að einmitt þessi misserin er verið að snúa byggðastefnu seinasta áratugs upp í andstæðu sína. Fyrirtæki í verslun og viðskiptum, sem eðli sínu samkvæmt eyða gjaldeyri, blómstra sem aldrei fyrr meðan fyrirtækin, sem framleiða og afla gjaldeyris, standa höllum fæti. Afleiðingin er stórfelld byggðaröskun enn á ný. Hundruð iðnaðarmanna leita utan af landi suður á höfuðborgarsvæðið þar sem mikill fjöldi stórbygginga er í gangi samtímis. En á sama tíma er lagt til í fjárlagafrumvarpi að framlög til grunnskóla og heilsugæslustöðva úti um land verði skorin niður um 26% að framkvæmdagildi, dregið verði úr vegaframkvæmdum og framlög til hafna skert um 58%. Flugstöð á Keflavíkurvelli fær hins vegar aukin framlög, 100 milljónir, og álverið í Straumsvík á að stækka um 50%. Er þetta byggðastefna? Nei, þetta er andbyggðastefna og á henni ber Framsfl. fulla ábyrgð.

Framsfl. var einu sinni andvígur erlendri stóriðju í Straumsvík af sömu ástæðum og Alþb. En nú vill flokkurinn meiri orkusölu til álversins og stærri álbræðslu. Stjórnarflokkarnir mega ekki til þess hugsa að það sannist fyrir alþjóðlegum dómi að málsókn Hjörleifs Guttormssonar gegn álhringnum út af skattamálunum hafi verið sjálfsögð og á fullum rökum byggð. Þess vegna fórna þeir íslenskum hagsmunum og samþykkja að auðhringurinn kaupi sig frá gerðardómi fyrir lítið fé.

Er hugsanlegt að íslenskur skattgreiðandi, sem uppvís yrði að skattsvikum, fengi að kaupa sig frá dómi? Svari hver fyrir sig. En menn sem fengið hafa niðurgreidda orku árum saman á kostnað íslenskra neytenda virðast komast upp með hvað sem er.

Og Framsfl. axlar ábyrgðina með Sjálfstfl. Enda sagði Sverrir Hermannsson iðnrh. orðrétt nú nýlega samkvæmt frásögn Morgunblaðsins að „formanni Sjálfstæðisflokksins hefði tekist að sveigja framsóknarmaddömuna til rétts vegar og bætti við: „Þetta er gerbreyttur ektefelle."" — Já, Framsfl. er breyttur. Og nóg um ástarhjal samlyndra hjóna.

Jón Hannibalsson talaði hér áðan. Hann er bersýnilega ekki kominn í forustulið stjórnarandstæðinga til að sameina kraftana. Hann ætlast til þess í fúlustu alvöru að ég fari að eyða dýrmætum tíma mínum hér til þess að skattyrðast við hann — stjórnarandstæðinginn. Nei, það geri ég ekki. Verkalýðshreyfing og vinstri menn á Íslandi þurfa nú á öðru að halda. Ég neita því alfarið að eyða púðri mínu á dauða fugla.

Nei, stærsta ástæðan fyrir storminum í vetrarbyrjun er enn ótalin hjá mér — og hún skiptir meira máli. Í haust, þegar fólk fór að leita leiða til að bæta kjör sín, birtist formaður Sjálfstfl. í sjónvarpi og lýsir því yfir að nú þurfi að lækka launin enn þá meira en orðið er. Þorsteinn er fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins og hefur lært sína lexíu. Hann bætti því við að ríkisstj. mundi örugglega sjá til þess, ef fólk leyfði sér að knýja fram hækkuð laun, að allur ávinningur nýrra samninga yrði tekinn aftur með aðgerðum stjórnvalda.

Nú fyrst blöskraði fólki. Það fékkst ekki til að trúa því og fæst aldrei til að trúa því — sem betur fer — að launakjör verði að vera 25% lakari en þau voru fyrir tveimur árum, auk þess sem allt er gert á sama tíma til að hlaða undir stórfyrirtæki og fjármagnseigendur. Þess vegna skall yfir eitt harðasta verkfall, sem hér hefur verið háð, og stóð í tæpan mánuð. Kaupið hækkaði um 10—12% strax og rúm 10% á næsta ári. Nú sjáum við svar ríkisstj. Það birtist í fyrradag. Innfluttar vörur eru hækkaðar í verði um 16% með einu pennastriki þegar í stað og annað eins boðað á næsta ári. Það hvarflar ekki að ríkisstj. að reyna að koma í veg fyrir verðbólgu, reyna að varna því að atvinnurekendur velti hækkun launanna út í verðlagið. Þvert á móti gengur ríkisstj. á undan til að magna upp verðbólgu með miklu stærri og meiri gengisfellingu en nam hækkunum launa og miklu fyrr en unnt er að segja með nokkrum rétti að þær þyngi atvinnurekendum.

Vonandi átta menn sig á því sem allra flestir að gengisfelling ríkisstj. er ekki efnahagsleg nauðsyn. Þetta er pólitísk aðgerð. Henni er ætlað það hlutverk að sannfæra fólk um að það geti ekki bætt kjör sín. Með þessari gengisfellingu er ríkisstj. að refsa launafólki um leið og því er sagt að hvers konar kjarabarátta sé til ills eins.

En þetta seinasta andsvar ríkisstj. er sem betur fer einum of gróft, einum of snemma á ferð, til þess að nokkur geti mark á því tekið. Hver maður með opin augu sér að þessi gengisfelling er fyrst og fremst pólitískt áróðursverk. Eða hafa menn ekki einmitt heyrt í þessum umr. nú í kvöld að mennirnir, sem felldu gengið í fyrradag, hlakka nú yfir verðbólgunni sem á eftir mun fylgja eins og fram kom hér hjá forsrh. áðan? Hann ætlar sér svo sannarlega að kenna öðrum um. En tekst þeim það? Tekst þeim að telja fólki trú um að ekki sé minnsti möguleiki á að bæta kjör fólks frá því sem nú

er? — Það veltur á ykkur, hlustendur góðir.

Við Alþb.-menn erum á annarri skoðun. Við höfum sýnt fram á, nú seinast með ítarlegum tillögum, að með tilteknum millifærsluaðgerðum í efnahagsbúskap landsmanna er unnt að tryggja kaupmátt nýgerðra samninga án aukinnar verðbólgu. En núv. ríkisstj. þekkir engin önnur úrræði en lækka kaupið.

Kynnið ykkur tillögur Alþb., stærsta stjórnarandstöðuflokksins. Ef nógu margir sjá í gegnum gerðir þessarar ríkisstj. og gera sér fullkomlega ljóst að þessi seinasta gengisfelling er fyrst og fremst pólitískt herbragð gegn samtökum launafólks, þá kemur að því senn að fólki tekst að snúa vörn í sókn. Þá er betri tíð í vændum. — Ég þakka fyrir. Góða nótt.

Guðrún Helgadóttir: Virðulegi forseti. Háttvirtu áheyrendur. Til hvers er stefnuræða flutt? Hún er flutt í alþjóðaráheyrn til þess að landsmenn fái að heyra að hvers konar mannlífi ríkisstj. stefni og hvaða leiðir hún hafi valið sér að því marki. Hún er flutt til þess að íslenska fjölskyldan fái að vita við hvaða kjör hún á að búa í nánustu framtíð.

Sú stefnuræða, sem hér var flutt í dag, er innihaldslaus orðavaðall um vanda atvinnuveganna, röskun á efnahagsjafnvægi, viðureignina við verðbólgubálið og þess háttar, skrifuð á tungumáli kerfiskarla í glæstum sölum Seðlabankans og ráðuneytanna sem hafa ekki hugmynd um hvað stendur á bak við dálkana í doðröntum þeirra, sem er þrældómur og strit fólksins í landinu. Eina skiljanlega niðurstaðan í 27 síðna vélritaðri ræðu, sem lögð var fram í gær, er að efnahagsstefna ríkisstj. hafi beðið skipbrot vegna óhóflegra launakrafna fólksins í landinu.

Og til þess að bjarga atvinnuvegunum í bili varð að lækka gengið um 12% til viðbótar við það gengissig sem þegar er orðið. Launahækkanir fólksins voru teknar aftur, af sumum áður en þær höfðu komið til greiðslu, t. d. af elli- og örorkulífeyrisþegum landsins sem enn þá hafa enga hækkun fengið.

Þjóðfélag, sem býður þegnum sínum mannsæmandi líf, byggir á þrem meginatriðum: Réttlátri skiptingu þjóðartekna, stöðugleika í uppbyggingu framleiðslutækja og frjóu og blómlegu menningarlífi sem allir eiga aðgang að. Flestar ríkisstj. hafa a. m. k. þóst stefna að þessu marki. En núv. ríkisstj. hefur gert aðför að öllum þessum meginatriðum. Skipting þjóðartekna er nú óréttlátari en um áratugaskeið. Ég hef áður haldið því fram og ýmsir tekið undir að hér í landi búi tvær þjóðir við mjög ólík lífskjör. Önnur — sú hin minni — ber hitann og þungann af rekstri samfélagsins og tekur laun skv. gerðum kjarasamningum, hin skammtar sér laun sjálf og svíkst undan að borga það sem henni ber til samfélagsins. Meðan launþegar greiða fyrir þetta fólk skólagöngu barnanna þess, heilbrigðisþjónustu þess, vegagerð og annað sem við þurfum til að lifa í þessu landi, viðheldur þetta fólk taumlausri eyðslu og sóun í þjóðfélaginu og safnar fasteignum.

„Lögfræðingar kjaradeilunefndar," segir í einu dagblaðanna í dag, „tóku 200 þús. kr. hver á einum mánuði," eða 14 mánaða laun þorra þess fólks sem verið var að semja fyrir. Fulltrúi fjmrn. staðfesti að víst hafi orðið að tryggja það að þeir færu ekki verr út úr þessari vinnu en sínum venjulegu störfum. En mánaðarlangt verkfall tryggði á engan hátt að það fólk sem hefur 1/14 af þessum mánaðarlaunum geti hugsanlega lifað af sínum launum. Það er þessi grimmilegi tekjumismunur sem er hinn raunverulegi efnahagsvandi þessarar þjóðar.

Það er ekki vegna skorts á fjármagni að ekki er hægt að greiða launþegum laun, heldur vegna þess að fjármagn þjóðarinnar er á of fárra höndum. Ríkisstj. hefur breikkað bilið milli ríkra og fátækra og hæstv. ráðh. láta sem þeir viti það ekki. Þeir hljóta þó að vita að enginn getur framfleytt sér á 13—15 þús. kr. á mánuði. Ein laun duga engri fjölskyldu til framfærslu, ekki einu sinni tvenn í mörgum tilvikum, jafnvel ekki fleiri. Sex þúsund íslensk börn búa á heimilum einstæðra mæðra sem flestar eru með laun af þessari stærðargráðu. Vitanlega vinna þær því tvöfalda vinnu og heimilisstörfin eru sú þriðja.

Finnst hæstv. ráðh. þetta mannsæmandi líf? Er þeim alvara þegar þeir tala um óhóflegar launakröfur þessa fólks, svo mikil alvara að þeir hafa tekið góðan þriðjung af þeim launahækkunum sem fólkið var að fá í nýgerðum kjarasamningum — í sumum tilvikum án þess að það væri búið að fá þessar launahækkanir greiddar?

Elli- og örorkulífeyrisþegar hafa enn enga hækkun fengið, hæstv. heilbrmrh., einungis enn frekari kjaraskerðingu eftir að búið var að bæta ofan á þá skatti, mörg hundruð prósenta hækkun á lyfjakostnaði. Vita hæstv. ráðh. að elli- og örorkulífeyrisþegi hefur nú 10 900 kr. á mánuði í ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. (**Félmrh.:** Þetta er allt þvaður.) Vogar ráðh. sér að rengja þetta? (**Félmrh.:** Já. Hlustar ekki þm. á fréttir?) — Á þetta fólk að bjarga atvinnuvegum þjóðarinnar? Þetta er grimmileg aðför að fólkinu í landinu og leysir engan vanda.

Hefur svo kjaraskerðing launamanna farið í að efla og byggja upp framleiðslufyrirtækin? Nei, öðru nær. Þar hefur ríkt nær stöðnun. Tekjur launamanna hafa verið fluttar til milliliðanna, til fyrirtækja sem nota þá í óarðbærar fjárfestingar og sjóðir landsmanna eru notaðir til sjálfvirkrar lánafyrirgreiðslu. Sáralítið af þessu fé hefur farið í nýjar atvinnugreinar. Útgerðarfyrirtækin hafa vanrækt að greiða í Verðjöfnunarsjóð svo að hann hefur verið gagnslítill þegar sveiflur verða í afla. Gengisfelling leysir ekki vanda sem skapast af aflarýrnun. Þvert á móti hækkar hún afborganir og eykur kostnað og það fé er tekið af launþegum.

Þriðja aðförin að lífi þessarar þjóðar hefur ekki farið fram hjá neinum. Ótrúleg aðför hæstv. ráðh. að menntun og menningu í landinu er alþjóð kunn. Við Íslendingar höfum verið stoltir af því að eiga gott skólakerfi fyrir alla þá sem það vilja nýta, góðar bækur og góða list sem íslenskur almenningur á betri möguleika á að njóta vegna þess að allur þorri manna er á svipuðu menningarstigi og hefur sömu getu til að njóta góðra bóka og góðra lista. Lánasjóður íslenskra námsmanna átti að tryggja öllum ungmennum landsins sama rétt til náms, sem er undirstöðuatriði jafnréttisþjóðfélags. Að öllu þessu er nú vegið. En peningar landsmanna skulu þess í stað fara til þess að greiða raforkuverð auðhringsins í Straumsvík.

En þess skulu menn minnast að þær bækur, sem átti að skrifa núna, verða ekki skrifaðar seinna. Það verða aðrar bækur um aðra tíma. En vegina, sem átti að leggja í dag, má e. t. v. leggja seinna án þess að meiri háttar skaði sé skeður. Íslensk menning er ekkert

sparigagn. Hún er lífsgrundvöllur þessarar þjóðar.

„Alþingi er sá landsins partur sem þenkir og ályktar," sagði Konráð Gíslason. Þess eru lítil merki að svo sé nú. Þó rofar til. Mitt í álviðræðunum efndi seðlabankastjóri til könnunar á því hvort Íslendingar séu hamingjusamir og lagði að sjálfsögðu fram til þess fé. Niðurstaðan er fengin. Þeir eru hamingjusamir. Þeir eru hægri sinnaðir og hamingjusamir. Að vísu hafa þeir nokkrar áhyggjur af afkomu sinni, en það ku vera tímabundið. En þessar áhyggjur getur hinn mikilvirki seðlabankastjóri auðveldlega létt mönnum svo þeir verði alsælir.

Fyrir er séð að Seðlabankinn mun skila umtalsverðum arði á næsta ári þar sem helstu skuldunautar hans eru nú bankar landsins og þeir greiða hærri vexti en ríkissjóður. Þennan arð er seðlabankastjóra nú í lófa lagið að leggja til þjóðarinnar allrar og gera þannig kleift að borga henni laun. Seðlabankabygginguna er ég viss um að hann lætur bíða.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að leyfa mér að skila kveðju til ráðherra ríkisstj. sem gömul kona bað mig fyrir í morgun. Hún ól upp sjö börn einsömul, sagði hún, af því að maðurinn hennar fór í sjóinn. Og hún var ekkert sérlega hamingjusöm, ein af fáum. Svo sagði hún orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég skil ekki þetta tal um efnahagsvanda. Ég veit bara að þó ég eigi 27 barnabörn hef ég alltaf potað á greyin háleista og vettlinga. Nú á ég ekki lengur fyrir bandspotta. Segðu þeim það."

Svei slíkri ríkisstjórn, hæstv. ráðherrar. — Ég þakka áheyrnina og hef lokið máli mínu.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Um síðustu kosningar lá það fyrir að mikill vandi var á ferðinni í íslensku þjóðfélagi. Framsfl. viðurkenndi þennan vanda og gekk til þeirra kosninga undir því kjörorði að það þyrfti að skapa festu í þessu þjóðfélagi til þess að við gætum sótt fram til betri framtíðar. Sá vandi, sem þá blasti við, kom einkum fram í verðbólgu, skuldasöfnun erlendis, aflasamdrætti og skipulagsvanda sjávarútvegsins sem m. a. hafði leitt til ofveiði stofnanna. Þetta skapaði mikla rekstrarörðugleika í okkar atvinnustarfsemi sem í reynd ógnaði öllu okkar skipulagi og skipulegri starfsemi í þjóðfélaginu.

Upphafsaðgerðir ríkisstj. voru að ráðast gegn þeirri miklu verðbólgu sem hv. þm. Ragnar Arnalds var að reyna að endurreikna áðan. Það var staðfest af Þjóðhagsstofnun þá að verðbólgan væri 130%. Það er í reynd furðulegt að margir hv. þm. skuli ráðast hér að þeirri stofnun sem hefur almennt traust í þjóðfélaginu og ekki bara ríkisstj. heldur Alþingi og hagsmunaaðilar byggja á í þjóðfélaginu. Það er nánast furðulegt. Og ég vildi upplýsa hv. þm. Ragnar Arnalds um að verðbólgan í Ísrael var líka fyrir nokkru rúmlega 100% og það tók aðeins örfáa mánuði þar til hún var orðin 1000%.

Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði að Framsfl. hefði fórnað íslenskum hagsmunum í álmálinu. Hið rétta er að Alþb. fórnaði þeim til þess að þjóna áróðurshagsmunum sínum. Þetta vildi Framsfl. ekki búa við. Alþb. hefur aldrei viljað semja um okkar ágreiningsmál við erlenda aðila, hvorki í landhelgismálinu né þessu máli. Nú hefur því verið komið í höfn. Það má gagnrýna alla samninga, en samningsleiðin er sú eina sem til er í slíku máli.

Já, ég hvet ykkur einnig, góðir hlustendur, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér áðan, að kynna ykkur tillögur Alþb. Þær hafa ekkert breyst. Þær eru löngu kunnar og eru því miður ónothæfar.

Annað það vandamál sem var mjög ríkjandi í þjóðfélaginu, eins og ég kom að hér áðan, var fiskveiðistefnan, fiskveiðistjórnunin, sem hafði orðið til þess að stofnarnir voru ofveiddir. Þetta kom sérstaklega fram á s. l. hausti þegar það kom í ljós að þorskstofninn var mjög illa kominn. Þá var einnig gripið til mjög ákveðinna aðgerða af núv. ríkisstj. með því að skipta afla upp á hvert skip í landinu og reyna með því að dreifa aflanum réttlátlega um landið og reyna einnig að dreifa honum réttlátlega milli skipa og þar með þess fólks sem lifir á þessari starfsemi. Á s. l. hausti var því spáð að þetta mundi leiða til þess að mikið atvinnuleysi yrði ríkjandi í landinu á haustmánuðum. Annað hefur komið í ljós. Gæði fisks hafa aukist mjög verulega, sóknarkostnaður hefur minnkað, t. d. hafa togararnir aflað álíka mikils og á s. l. ári nú. Hins vegar hefur sókn þeirra dregist saman um 10—15% a. m. k. Skipum hefur verið lagt og verulegur sparnaður hefur átt sér stað. Rækjuafli hefur tvöfaldast og loðnuafli hefur komið á ný sem sýnir að það er rétt að vernda stofnana.

Það hefur í sjálfu sér verið sárt að takmarka afla, en það er enn þá sárara að eyðileggja þessa auðlind. Það er einnig sárt að rýra kaupmátt. En það er enn þá sárara að safna upp óreiðuskuldum erlendis og láta komandi kynslóðir um það.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði áðan að það væri rétt fyrir aðila í þjóðfélaginu, ríkisstj. og atvinnugreinar að líta í eigin barm. Ég tek undir það. Ég vil halda því fram að engin önnur atvinnugrein hafi litið jafnríkulega í eigin barm og íslenskur sjávarútvegur á því ári sem er að líða. Það hefur tekist þrátt fyrir mikla erfiðleika að endurskipuleggja margt í íslenskum sjávarútvegi sem mun skila miklu í framtíðinni, þannig að það er ekki rétt hjá honum að enginn hafi litið í eigin barm, en ég held að það eigi ekki síður við hv. stjórnarandstöðu sem hér hefur talað í kvöld.

Til marks um hvað íslenskur sjávarútvegur hefur lagt af mörkum í þjóðfélaginu á undanförnum áratugum stendur nú til og er ákveðið að endurgreiða honum uppsafnaðan söluskatt á næsta ári sem nemur 500 millj. kr. Þá fjárhæð hefur þessi atvinnugrein lagt til uppbyggingar ýmissa þátta í þjóðfélaginu á undanförnum árum og jafnvel áratugum. Það er eðlilegt að slík atvinnugrein sé ekki vel stödd þegar hún hefur aldrei fengið að safna upp sjóðum. Þeir hafa jafnóðum verið teknir til annarrar uppbyggingar í þjóðfélaginu.

Þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst hefur okkur skilað af leið. Sjávarútvegurinn gat ekki staðið undir þeim kostnaðarhækkunum sem nú hafa dunið yfir okkur. Það var engin leið. Áföllin hafa verið mikil á undanförnum árum. Útflutningsverðlag lækkaði um 2% 1981, 9.5% 1982, 1.5% 1983 og um 4% í ár. Það er ekki hægt að reikna með því að þegar slíkt ástand er og aflasamdráttur á sér stað gangi okkur vel að sækja hratt fram á veg. Á undanförnum árum höfum við byggt upp mikið í þessu þjóðfélagi, m. a. þjónustukerfi. Það er eðlilegt að þegar undirstöðuatvinnugreinin gengur jafnilla og raun ber vitni þurfi að draga úr útgjöldum ríkisins. Þetta hefur þurft að gera, draga úr framkvæmdum, draga úr ýmiss konar þjónustu, en það

hefur verið nauðsynlegt.

Stjórnarandstaðan hefur sagt hér í kvöld aðallega frá þeim erfiðleikum sem einstaklingar eiga í í þjóðfélaginu. Það er allt saman rétt. Þeir eiga í miklum erfiðleikum. En vandamálið er fyrst og fremst hvernig á að brjótast út úr þessum erfiðleikum og hvernig á að komast frá þeim. Framsfl. hefur alltaf haldið því fram að verðmætasköpunin í þjóðfélaginu væri undirstaða alls. Fyrst þegar hún er komin og við höfum staðið okkur á því sviði getum við farið að miðla því og skipta því sem við höfum aflað.

Það er einnig nauðsynlegt að hafa ávallt í huga jöfnunaraðgerðir, þannig að jafnað verði sem best meðal þegnanna í þjóðfélaginu. Íslenska skattkerfið er á margan hátt gallað og þarf stöðugt að vera í endurskoðun. Það er einnig nauðsynlegt í dag að halda áfram þeirri endurskoðun til að jafna tekju- og eignaskiptinguna í þjóðfélaginu. Með sama hætti er nauðsynlegt að halda áfram því mikla átaki, sem hefur verið gert í húsnæðismálum, sem er mikill þáttur í jöfnunaraðgerðum í þjóðfélaginu.

Við höfum, Íslendingar, byggt upp þjóðfélag mikilla framfara. Við viljum stöðugt sækja fram. Engin þjóð kemst hjá því að staldra við og verja það sem áunnist hefur. Boðskapur stjórnarandstöðunnar hér í kvöld er verðbólga, erlend skuldasöfnun og áhugaleysi um aukna verðmætasköpun. Ríkisstj. mun óhikað og ótrauð verja þá undirstöðu sem við höfum byggt upp á undanförnum árum og byggja á henni sókn í atvinnumálum og í bættum lífskjörum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteinn Pálsson sögðu að sérstakt tillit hafi verið tekið til þeirra sem verst hafa kjörin, sem við verst kjörin búa. Þetta eru ófugmæli. Grunnlífeyrir almannatrygginga, sá lífeyrir sem flestir bótaþegar byggja afkomu sína á, lækkaði úr því að vera 36% af lágmarkslaunum á vinnumarkaði í maí 1983, þegar ríkisstj. tók við, í það að vera 26.7% í ágúst s. l. Hann lækkaði um hvorki meira né minna en einn fjórðung ef miðað er við lægstu laun á vinnumarkaði.

Hvernig má þetta vera, hæstv. ráðh. og hv. þm., ef sérstakt tillit hefur verið tekið til þeirra sem verst eru settir? Vera má að þær breytingar sem skýrt var frá í útvarpsfréttum í kvöld bæti hér lítillega úr, en miklu betur má ef duga skal.

Íslensk þjóð stendur nú á tvennum tímamótum, bæði efnahagslegum og stjórnmálalegum. Í efnahagsmálum er nú að baki „áratugur hinna glötuðu tækifæra", eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson orðaði það, áratugur þegar þjóðarauðurinn brann á bálkesti verðbólgunnar, áratugur eyðslu og erlendrar skuldasöfnunar, áratugur rangra fjárfestinga, áratugur pólitískra dekurverkefna. Afrakstrinum af erfiði þúsunda hefur verið sólundað. Við byggðum við Kröflu og borgum þau mistök með milljón kr. á degi hverjum, en enginn virðist ábyrgur. Fleiri Kröflur höfum við reist, ekki kannske eins stórar og ekki jafndýrar, en Kröflur samt. Minnisvarða um hagsmuna- og kjördæmapot. Minnisvarða um pólitískan oflátungsháttt, skammsýni og þröngsýni.

Eftir áratug sjómannsins við færið, verkamannsins við hakann, bóndans við ljáinn, eru þjóðartekjur nú hinar sömu á mann og fyrir 10 árum. Ekkert hefur unnist í þessum efnum, ekkert miðað úr stað. Það eru hrapalleg eftirmæli þess áratugar sem ýmist er kenndur við verðbólgu eða Framsfl. Umfram allt er þessi stöðnun sú áminnig til þeirra stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna sem mótað hafa umgjörð íslensks atvinnulífs í áratugi.

Við erum á tímamótum vegna þess að við getum ekki gengið þennan veg lengur. Við verðum að breyta um stefnu ef við ætlum okkur framtíð í þessu landi.

Hin nýja stefna á að vera frá atvinnugreinum sem skila okkur útgjöldum í stað tekna, frá hallarekstri sem haldið er gangandi með uppbótum og styrkjum af almannafé og dregur niður lífskjörin í landinu. Hin nýja stefna á að fela það í sér að fjármagninu verði beint í framsæknar en umfram allt arðbærar atvinnugreinar. Greinar sem auka þjóðartekjur, borga mannsæmandi laun og bera uppi kostnaðinn af rekstri velferðarþjóðfélags á Íslandi.

Ég nefni nýiðnað og nýtækni ýmiss konar, svo sem rafeinda- og lífefnaiðnað. Ég nefni fiskirækt í sjó og vötnum og ég nefni útflutning íslensks hugvits og sérþekkingar. Af nógu er að taka, tækifærin eru óþrjótandi. Aðrar þjóðir notfæra sér þessi nýju tækifæri í ört vaxandi mæli. Við sitjum með hendur í skauti og notum fjármagnið til annarra hluta.

Þann áratug sem atvinnuvegina hefur flatrekið með afleiðingum sem þjóðin þekkir og ég hef lýst, hafa forsætisráðherrar æði oft fjölyrt í stefnuræðum sínum um nauðsyn nýsköpunar í atvinnulífinu. Við þekkjum orðið eins og gamla kunningja orðatiltækin „stefnt verður að", „leita verður leiða", „unnið að", „áhersla á það lögð" og stefnuræða núv. hæstv. forsrh. var að þessu leyti ekki frábrugðin hinum fyrri.

Því miður hefur reynslan sýnt að slíkar ráðagerðir duga skammt þó meiningin kunni að vera góð.

Sú stefnubreyting sem ég hef gert að umtalsefni getur aldrei orðið án mikilla átaka. Eigi að afnema hið spillta kerfi skömmtunar og ríkisforsjár verður að hrófla við hagsmunum, hirða spón úr aski hinna öflugustu milliliða og gróðaafla þjóðfélagsins. Til þess treysti ég núv. ríkisstj. ekki. Til þess eru aðildarflokkar hennar um of hallir undir og háðir þeim öflum sem hagsmunina verja. Enda er það svo að í frv. stjórnarinnar til fjárlaga fyrir næsta ár örlar lítið á dögun breyttra tíma.

Við eflum ekki fiskirækt með þeim 130 millj. sem á að verja á næsta ári til að ræsa fram mýrar. Við eflum ekki nýiðnað eða nýtækni með þeirri rúmu millj. sem á að greiða í útflutningsbætur á kjöt og smjör á hverjum einasta degi á næsta ári. Sú upphæð jafngildir 47% af árslaunum verkamanns.

Útgjaldaliðir fjárlagafrv. núv. ríkisstj. eru hinir sömu og áður, fjárfestingin í sama farvegi. Þessi stjórn er bara að tala um að breyta. Í raun er hún ekki að breyta neinu.

Á nýafstöðnu flokksþingi Alþfl. samþykkti Alþfl.-fólk stefnuyfirlýsingu sem m. a. fjallar um atvinnu- og efnahagsmál. Sú yfirlýsing felur í sér ferskar og róttækar umbótatillögur — tillögur sem sanna að einnig hér á landi eru jafnaðarmenn sér þess meðvitandi að velferðarþjóðfélag verður ekki reist og fær ekki staðist til lengdar nema stoðir þess, atvinnustarfsemi og verðmætasköpun, séu ófúnar og reistar á traustum grunni. Þessa stefnuyfirlýsingu sem er svar við ákalli alls

hugsandi fólks um betri stjórnarhætti munum við kynna um land allt á næstu vikum og mánuðum. Ég hvet þjóðina til þess að hlusta vel.

Ég sagði í upphafi máls míns að við stæðum á tvennum tímamótum. Um efnalegu hliðina hef ég nokkuð rætt, hin er pólitísk. Við erum nú að kynnast viðhorfum stjórnarstefnu sem ber meiri keim af íhaldssemi og hægri öflum en við höfum átt að venjast hér á landi. Við höfum horft upp á lífeyri öryrkja og aldraðra stórlega skertan, jafnvel meira en sem nemur almennri kjaraskerðingu í landinu og greiðslur sjúkra fyrir lyf og læknishjálp margfaldaðar til að spara útgjöld þeim ríkissjóði sem á sama tíma hafði ráð á að lækka skatta af skrifstofuhúsnæði og verslunarhöllum. Við höfum séð kaupmátt launa keyrðan niður með valdboði og skattbyrði launafólks þyngda á meðan bönkum og eignafólki voru réttar digrar ívilnanir. Við horfum á skattsvikin vaða uppi, en ungu fólki úthýst af húsnæðismarkaðinum. Við höfum séð ríkisvaldið magna kjaradeilur með óbilgirni og þjösnaskap, síðan að hóta launafólki og reyna að kúga það til hlýðni.

Það er sannfæring mín að ef atvinnurekendur hefðu gengið að mjög svo hóflegum kröfum Verkamannasambandsins s. l. sumar og ef ríkisstj. hefði þá haft ákveðnar og útreiknaðar tillögur um alvöruskattalækkanir, þá hefðu náðst skynsamlegir samningar á vinnumarkaðinum. Samningar sem hefðu tryggt áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og þá hefði líklega ekki komið til neinna verkfalla. Þessu tækifæri var glutrað niður af klaufaskap og hrokagikkshætti nokkurra markaðshyggjupostula Sjálfstfl. og ístöðuleysi framsóknarmanna. Og nú síðast höfum við séð ríkisstj. hirða af fólki í einni svipan árangur langrar kjarabaráttu áður en blekið af samningunum var þornað, áður en komið var til greiðslna á einni krónu af umsömdum kjarabótum. Svona mikil gengisfelling og svona fljótt getur varla talist efnahagsaðgerð samninganna vegna. Hún líkist miklu frekar hefndarráðstöfun heldur en efnahagsaðgerð. En spurningin er áleitin og hún er sú: Er ekki verið að hefnast á röngum aðila? Þessi afstaða er okkur framandi, Íslendingum, því að okkar stjórnmálahefð er af allt öðrum toga.

Hér á landi hafa ríkt viðhorf samhjálpar og félagshyggju allt frá setningu elstu laga á þjóðveldisöld. Þau viðhorf hafa átt hljómgrunn í öllum stjórnmálaflokkum og hjá öllum þeim stjórnmálamönnum sem þjóðin telur til mikilhæfra leiðtoga sinna. Mér eru minnisstæð ummæli í ræðu sem Gunnar heitinn Thoroddsen flutti um stefnu Sjálfstfl. árið 1976, þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Frelsisþráin og sjálfstæðiskenndin annars vegar og félagslyndi og gagnkvæm samhjálp hins vegar hafa einkennt íslensku þjóðina, Íslendingseðlið alla stund."

Hér kveður við annan tón en þegar nú tala hinir nýju markaðshyggjupostular sama flokks. Einnig hér eru tímamót. Nýir siðir banka á dyr, það hillir undir stefnu sem er ófélagslynd og andstæð samhjálpinni. Skiptingu fólksins í auðuga og snauða stjórnmálamenn með annars konar Íslendingseðli en Gunnar Thoroddsen talaði um.

Herra forseti. Í þessu máli þarf þjóðin að taka afstöðu, afstöðu til grundvallarlífsviðhorfa, og til þess gæti komið fyrr en varir því að þessi ríkisstj. verður ekki ellidauð. Seglabúnaður hennar er brotinn, stefna hennar strand. Þó er það verst að hún hefur misboðið réttlætiskennd okkar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í kvöld er rætt um stefnu. Ég ætla að byrja á því að hyggja aðeins að málefnum framtíðarinnar. Hún hefur verið þó nokkuð til umr. hér í kvöld og það er ekki seinna vænna því að hún er raunar þegar hafin.

Á síðasta þingi flutti Bandalag jafnaðarmanna ótal tillögur um eflingu atvinnulífs. Í fjárlagaumr. á síðasta þingi, þ. e. fyrir ári, lögðum við til við endurskipulagningu ríkiskerfis eflingu lánasjóða atvinnulífsins og mikla aukningu fjármagns til rannsókna og nýsköpunar. Þetta var áður en ríkisstj. hafði uppgötvað framtíðina og þetta voru fyrstu tillögur þessa kjörtímabils sem vörðuðu stefnumörkun um atvinnuhætti og atvinnulíf á næstu árum, áratugum og fram á næstu öld. Þar að auki lagði BJ til að vald yrði fært til landshluta frá Reykjavík með því að setja upp þróunarstofu landshlutanna sem hefði að leiðarljósi sjálfsforræði, frumkvæði og ábyrgð heimamanna. Á þennan hátt töldum við og teljum að tryggð sé best nýting fjármuna og að byggð haldist á eðlilegan hátt.

Bandalag jafnaðarmanna lagði til enn meira um mótun framtíðarinnar. Við lögðum fram þáltill. um stuðning við stofnun smáfyrirtækja, um eflingu upplýsingakerfis í byggingariðnaði og um kynningu á líftækni. Síðastnefnda till. var raunar samþykkt og er vonandi að þar eflist verulega áhugi á þessari mikilvægu atvinnugrein framtíðarinnar. Hugmyndir úr hinum þingmálunum birtast á ýmsan hátt í tillögusmíð ríkisstj. sem við sjáum bæði í sumar á óskalista þeirra forsrh. beggja og nú í stefnuræðu hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar.

En enn þá miðar hægt. Forsrh. sagði sjálfur í kvöld að við Íslendingar hefðum óneitanlega dregist aftur úr í atvinnuháttum. Það er harður dómur yfir ríkisstjórnum síðasta áratugar. Það er harður dómur hæstv. forsrh. yfir eigin verkum því að hann átti sjálfur sæti í þessum stjórnum.

En hvers vegna hefur málefnum framtíðarinnar miðað svo hægt? Hvers vegna getur fjórflokkakerfið einungis talað um nýsköpun en ekki fundið henni farveg? Vegna þess m. a. að hagsmunir flokkakerfisins rekast á við hagsmuni fólksins. Í hvert skipti sem einhverju á að breyta með hagsmuni þjóðarinnar fyrir augum er stigið ofan á rófuna á einhverjum flokkseigandanum, hagsmunum hans er ógnað og ekkert verður úr framkvæmdum. Flokkarnir eru úr tengslum við fólkið. Það sést best á því að þegar fylgi þeirra fellur dettur þeim það eitt í hug að skipta um formenn. Sjálfstfl. gerði það í fyrra, og hvað hefur það gagnað honum? Og nú leitar Alþfl. sömu ráða. Skotgrafahernaður flokkakerfisins er orðinn okkur býsna dýr. Flokkshagsmunirnir eru orsök offjárfestingar í sjávarútvegi, ringulreiðar í málefnum landbúnaðarins og milljarðataps á orkusölu til ÍSALs undanfarin ár, svo að einungis örfá dæmi séu nefnd. Þetta kerfi hefur reynst algerlega ófært um að bjarga okkur. Það hefur fengið sinn reynslutíma og hann er orðinn þjóðinni býsna dýrkeyptur.

Þegar Bandalag jafnaðarmanna hóf göngu sína hér í þessum stól í beinni útsendingu fyrir tveimur árum var lýst þeirri ætlan þess að brjóta múra þessa lokaða, staðnaða og nöturlega flokkaveldis. Verkið er hafið.

Það hriktir í kerfinu. Sjálfstfl. engist sundur og saman, forustulaus, sundurlaus og stefnulaus. Þar sem áður var talað um að stétt stæði með stétt standa nú stéttirnar andspænis hvor annarri og andúðin er augljós. Flokkurinn sakar BJ í leiðara í Morgunblaðinu um að hafa stolið stefnumálum sínum. Hvaða stefnumálum? Hefur Sjálfstfl. stutt frjálsa samninga? Nei. Hefur hann minnkað sjóðasukkið? Nei. Geta flokkar helgað sér stefnumál með því að skrifa þau í fundagerðarbækur sínar, en vinna aldrei að framkvæmd þeirra og birta þau aldrei almenningi? Nei.

Alþb. engist í sárri kvöl vegna flóttans yfir á Kvennalistann. Framsfl. er orðinn einangraður sérvitringahópur, og það verður sífellt augljósara að hann er aðeins fræðslu- og áróðursdeild sambandsauðhringsins. Og Alþfl., minnsti kerfisflokkurinn, er búinn að setja gamla vínið sitt á nýjan belg og vill hlaupa til að styðja og styrkja flokksmúra fjórflokkakerfisins sem loksins eru farnir að riða.

BJ hafnar hvers konar sameiningarbónorðum. Við ætlum að halda áfram því verki sem hófst fyrir réttum tveimur árum. Við ætlum ekki að gefast upp með sameiningu við einhvern kerfisflokkanna fjögurra. Verkið er hafið og við stefnum að því að ljúka því. En hvernig stendur á því að hjá þjóð sem er ein sú duglegasta í heimi og sannnarlega í hópi ríkustu þjóða í heimi er fjöldi fólks orðinn fórnarlömb fátæktar? Aflafénu hefur augljóslega verið illa varið. Það er nauðsynlegt að gera þær breytingar á stjórnsýslunni að þekking, reynsla og ábyrgð sitji þar í fyrirrúmi. Við viljum afnema þann sið að menn taki toppstöður í stjórnkerfinu að launum fyrir stjórnmálavafstur. Sá hugsunarháttur virðist ríkja að menn í pólitík hafi það ósköp „trist", en fái síðan bitling og öðlist þar með á himninum sæluvist. Í þetta himnaríki stjórnkerfisins á að velja eftir hæfileikum en ekki pólitískri fortíð. En hverjir gæta lyklanna að Gullna hliðinu? Er það fólkið? Nei. Lyklarnir eru hluti af sameign flokkakerfisins og þar hleypir hver inn sínum manni. Við munum dæmin frá liðnum árum. Tryggingastofnunin og Brunabótafélagið. Í sumar var það bankastjórastaða Útvegsbankans og bráðlega ætlar einhver að smokra sér inn í Seðlabankann. Við munum setja strangar leiðbeiningar til að koma í veg fyrir að opinberir hagsmunir og einkahagsmunir rekist á í stjórnkerfinu.

Ólafur Jóhannesson sagði í einni ritsmíð sinni að auðsætt væri hve mikilsvert það væri að hlutlæg sjónarmið réðu gerðum stjórnvalda svo að almenningur gæti treyst réttsýni þeirra. Hann sagði einnig að ef stjórnvöld ættu sérstakra eða persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun um eitthvert málefni mætti að jafnaði gera ráð fyrir nokkurri víðsýni vitandi eða óafvitandi af þess hálfu. Þarna lýsir fræðimaðurinn nauðsyninni á því að ekki falli minnsti skuggi vantrausts á opinbera stjórnsýslu og að hætta sé á hlutdrægni ef hagsmunir rekist á.

Í löndunum í kringum okkur eru víða gefnar út nákvæmar leiðbeiningar til allra starfsmanna stjórnsýslunnar um þessi efni. Allir þekkja hörku bandaríska þingsins og eftirgangssemi um einkahagi stjórnmála- og embættismanna. Í Kanada hafa gilt nákvæmar reglur um hvað starfsfólk stjórnkerfisins megi og megi ekki, að ráðherrunum meðtöldum. Nýlegt dæmi er frá Bretlandi þar sem einn æðsti yfirmaður Scotland Yard varpaði nýlega fram þeirri spurningu hvort aðild að Frímúrarareglunni gæti farið saman við skyldur lögregluþjóns við lögreglu og almenning. Hann tók skýrt fram að þessar aths. ætti ekki að skoða sem gagnrýni á sjálfa regluna, en taldi aðild að henni vinna gegn því að lögreglumaður gæti talist óhlutdrægur. Yfirmaðurinn ráðlagði lögreglumönnum að sleppa aðild að reglunni en njóta í staðinn óskoraðs trausts almennings, svo að notuð séu orð hans sjálfs. Í leiðara eins Lundúnablaðanna sagði um málið, með leyfi forseta:

„Lögreglumaður getur auðvitað verið frímúrari og samtímis gætt þess að hafa ekki áhrif á vinnu hans. En það er óumflýjanlegt að á því leiki alltaf viss vafi t. d. ef lögreglumaður sem er frímúrari þarf að rannsaka mál manns sem er grunaður um afbrot og er félagi hans úr reglunni."

Síðar í leiðaranum segir:

„Óhlutdrægni lögreglunnar þarf að vera hafin yfir allan grun. Hvort sá grunur er á rökum reistur eða ekki skiptir því miður engu máli."

Þessi dæmi lýsa vel þeim almennu sjónarmiðum að það sé ekki nóg að stjórnkerfið starfi innan ramma laganna, heldur megi aldrei leika minnsti vafi á að menn starfi innan ramma laganna.

Nú þegar almannavaldið gerist stöðugt umsvifameira og ýmiss konar stjórnarathafnir verða þar af leiðandi mikilvægari er fyllsta ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að setja reglur og leiðbeiningar eins og rætt hefur verið um hér að framan. Við ættum t. d. að spyrja okkur hvort ekki sé ástæða til þess að gera a. m. k. jafnmiklar kröfur til yfirmanna dómskerfisins á Íslandi og Bretar gera til götulögreglumanna sinna.

Hér hef ég lýst dæmum um nauðsynlegar og eðlilegar umbætur á stjórnkerfi. Áður lýsti ég nokkrum tillagna okkar um uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni. Við skulum huga vel að framtíðinni. Þó að við höfum verið heldur kærulaus um hana er alveg víst og öruggt að börnin okkar munu þurfa á henni að halda.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ræður nokkurra hv. stjórnarandstæðinga og fullyrðingar hér í kvöld gefa mér tilefni til að víkja sérstaklega að ástandi þjóðmála við síðustu alþingiskosningar sem fóru fram fyrir aðeins einu og hálfu ári. Okkur var þá öllum ljóst að við óvenjumikla örðugleika var að etja í íslensku þjóðlífi og um það efaðist enginn að grípa þyrfti til róttækra aðgerða ef ekki ætti illa að fara. Verðbólgan mældist þá 130% og ég skil mjög vel að hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, vilji gleyma því í dag. Viðskiptahallinn var á árinu 1982 kominn í 10% af þjóðarframleiðslu. Gengi íslensku krónunnar hafði verið fellt átta sinnum frá því í sept. 1978, auk gengissigs. Gengislækkunin þetta tímabil nam 87%. Þá var öllum ljóst að atvinnuvegir landsmanna höfðu verið reknir með miklum halla þrátt fyrir einstök aflabrögð á þessum árum. Fyrirsjáanleg var stöðvun fjölda atvinnufyrirtækja sem leitt hefði til atvinnuleysis.

Þeir sem gerst þekktu og tóku þátt í stjórn landsins mestan hluta þessa tímabils lýstu afrakstri starfa sinna með þeim hætti að hér hefði skapast neyðarástand. Alþb. birti tillögur sínar á þeim grundvelli og lagði fram neyðaráætlun til fjögurra ára. Þannig var ástandið að

þeirra dómi. Þannig var ástandið að dómi hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnars Arnalds.

Þrátt fyrir hið hörmulega ástand sem ríkti hér við síðustu kosningar og þá skoðun sumra að fjögur ár þyrfti til að rétta þjóðarskútuna við hefur tekist á því 1½ ári sem ríkisstj. hefur starfað að ná umtalsverðum árangri í efnahagsmálum. Í upphafi varð ríkisstj. að grípa til róttækra efnahagsráðastafana, sem fólu í sér viðurkenningu staðreynda, og rauf þann vítahring sem svo lengi hafði kynt undir báli verðbólgunnar. Meginsjónarmið ríkisstj. var að ná niður verðbólgunni og tryggja fulla atvinnu.

Auk nýsköpunar í atvinnulífinu lagði ríkisstj. áherslu á að bæta starfsskilyrði hinna hefðbundnu atvinnuvega og gera sérstakt átak í útflutningsmálum. Jafnframt var lögð áhersla á að hefja á ný uppbyggingu stóriðnaðar sem undir forustu Alþb. hafði verið bannfærður í fimm ár og með því verið komið í veg fyrir aukningu þjóðartekna. Jafnframt þessu voru og gerðar margs konar ráðstafanir til að tryggja hag þeirra sem lakast voru settir, m. a. ellilífeyrisþega og öryrkja og þeirra sem staðið hafa í húsbyggingum, og enn í dag hefur heilbrmrh. gert grein fyrir ákvörðun ríkisstj. þar sem tryggð er leiðrétting fyrir tryggingaþega, ekki aðeins miðað við það ástand sem er í dag, heldur aftur í tímann frá þeim tíma sem hv. þm. Svavar Gestsson var heilbrmrh.

Eitt af þýðingarmiklum atriðum í stefnu ríkisstj. hefur verið að draga úr hvers kyns hömlum og leitast við að skapa einstaklingum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum aukið frelsi til ákvörðunartöku og athafna, öllum til hagsbóta, ekki hvað síst neytendum. Gerðar hafa verið breytingar í verðlagsmálum. Reynslan af því hefur fært okkur heim sanninn um það, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram, að frjáls verðmyndun skilar neytendum hagstæðara vöruverði. Á s. l. sumri var bönkum og sparisjóðum fengin í hendur ákvarðanataka í vaxtamálum. Nokkrir úr hópi hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa sérstaklega gagnrýnt þessar breytingar hér í kvöld. Þeir fullyrða að aukið frelsi viðskiptabanka og sparisjóða til að ákveða þann arð sem þessar stofnanir eru reiðubúnar að greiða sparifjáreigendum hafi leitt til vaxtahækkana sem ekki sé unnt að þola. Svo virðist sem þessir hv. alþm. séu nú búnir að gleyma sparifjáreigendunum, gamla fólkinu, börnunum, sem á liðnum árum hafa ekki fengið réttmætan arð af sparifénu sínu.

Þegar líða tók á þetta ár varð mönnum ljóst að aðgerðir ríkisstj. höfðu skilað umtalsverðum árangri og markmiðin í sjónmáli. Verðbólgan stefndi í 13% miðað við framfærsluvísitölu, viðskiptahallinn hafði minnkað um helming frá 1982, gengi íslensku krónunnar hafði verið stöðugt, staða ríkissjóðs fór batnandi, nafnvextir lækkuðu og í fyrsta sinn um langan tíma hlutu sparifjáreigendur raunvexti, verðlagsbreytingar urðu í samræmi við þróun kaupgjalds. Þrátt fyrir minnkandi afla hefur sjávarútvegurinn haft betri afkomu en á aflaárunum 1981 og 1982. Starfsskilyrði iðnaðar hafa ekki verið betri um langt árabil. Þetta gerðist þrátt fyrir minnkandi þjóðarframleiðslu þriðja árið í röð.

Þegar lagt var á brattann voru menn misjafnlega bjartsýnir, en árangurinn lét ekki á sér standa. Stjórnarflokkarnir gerðu því með sér samkomulag á haustmánuðum um áframhaldandi aðgerðir til þess að fylgja eftir þeim góða árangri sem náðst hafði. Við því hefði mátt búast að menn væru reiðubúnir að staldra aðeins við og leggja mat á stöðu mála, meta þann árangur sem kominn var í ljós, átta sig á því að ekki væri fyrir hendi aukin verðmætasköpun sem til skipta gæti komið. Stjórnarflokkarnir lögðu því áherslu á lausn kjarasamninga er grundvallaðist á tilfærslu tekna í þjóðfélaginu. Ríkisstj. var reiðubúin til verulegra skattalækkana sem stuðlað gætu að skynsamlegum launasamningum, sem kæmu þeim lægstu launuðu að sem mestu gagni. Slíkt samkomulag átti mikinn hljómgrunn á meðal landsmanna. Því miður varð niðurstaðan á annan veg og með afleiðingum sem allir gerðu sér grein fyrir fyrir fram.

Ríkisstj. mun bregðast við með nauðsynlegum ráðstöfunum sem tryggi að markmið stjórnarflokkanna í efnahagsmálum frá því í sept. nái fram þótt um nokkurn tíma beri okkur af leið.

Áherslu verður að leggja á nýsköpun í atvinnulífinu til aukningar þjóðartekna og er þar horft mjög til fiskiræktar. Án þess getum við ekki vænst þess að lífskjör okkar batni.

Góðir Íslendingar. Ég hef þá trú að fólk vilji að fenginni reynslu staldra við og horfast í augu við tímabundna erfiðleika, leggja grundvöll að bættum lífskjörum í framtíðinni á forsendu þeirrar stefnu sem ríkisstj. vinnur að og gerð hefur verið grein fyrir hér í kvöld, þannig að sú þjóðarsátt, sem formaður Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á, geti tekist. — Góða nótt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hin langþráða stefnuræða forsætisráðherra, sem hér er til umræðu, er í rauninni laglegasta ræða full af góðum áformum og viljayfirlýsingum sem Kvennalistinn tekur undir — býsna margar. Auðvitað vantar líka sitt af hverju sem við leggjum áherslu á — þó nú væri.

En furðumargt lýsir framsýni og góðum vilja og mundi í framkvæmd leggja þann grundvöll að farsælu þjóðlífi sem við viljum auðvitað öll búa við í okkar góða landi. Hvað er þá að? Hvað er að þessum góðu áformum og snoturlegu viljayfirlýsingum sem við höfum hlustað á hér í kvöld? Hvaða nöldur er þetta sífellt í stjórnarandstöðunni?

Svarið er einfalt: Við vitum að hugur fylgir ekki máli. Stefna ríkisstj. birtist alls ekki í stefnuræðu forsrh. Stefnan birtist í framkvæmd og gerðum ráðherranna og hún birtist í fjárlögum.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 verður rætt hér næsta þriðjudag og þá ræðum við stefnu ríkisstj. eins og hún er í raun og veru. Ræðan, sem lesin var yfir okkur í upphafi þessarar umræðu, er marklaus. Hún er í hæsta lagi viljayfirlýsing. Kannske hafa stefnuræður alltaf verið svona, ég veit það ekki.

Ég fæ ekki að því gert að við lestur þessarar ræðu hæstv. forsrh. datt mér í hug máltækið fræga: „Vegurinn til glötunar er varðaður góðum áformum.“ Sem dæmi skulum við taka kaflann um menntamál í ræðu forsrh. sem hann að vísu las ekki allan áðan, en liggur fyrir í prentuðu máli. Niðurlag kaflans hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstaklega verður hugað að gæðum menntunar. Í landi fárra auðlinda gegnir menntakerfið lykilhlutverki í nýsköpun atvinnulífs. Á það jafnt við bókgreinar og list- og verkgreinar. Skólarnir þurfa að geta miðlað

nýrri þekkingu, svo að unnt sé sem fyrst að koma við nútímatækni á öllum sviðum atvinnulífsins. Stefnt er að því að nýta sem best til rannsókna og fræðslu þá sérþekkingu sem Háskóli Íslands og stofnanir hans hafa yfir að ráða."

Þetta þykir mér góður texti. Þarna er í mjög stuttu máli sagt nokkurn veginn alveg það sama og ég sagði í blaðagrein sem birtist á s. l. sumri undir fyrirsögninni „Lykilatriðið er menntun". Ekki má þó skilja orð mín svo að ég sé að gefa í skyn að stefnumótun ríkisstj. taki mið af greinaskrifum Kvennalistakvenna. Það væri nú skárra og því fer auðvitað víðs fjarri. Þetta sýnir aðeins að við erum sammála um þetta grundvallaratriði, að sú uppbygging atvinnulífsins sem allir vilja stefna að byggist fyrst og fremst á aukinni menntun, aukinni þekkingu og aukinni rannsókna- og tilraunastarfsemi. Ef við viðurkennum þetta ekki og breytum samkvæmt því missum við einfaldlega af lestinni. Við verðum undir í samkeppni við aðrar þjóðir um framleiðslu okkar. Við missum hæfileikafólk til annarra þjóða.

Þegar spurt er um auðlindir Íslands koma flestum fyrst í hug fiskimið okkar, jarðvarmi og fallvötn, jafnvel sérstæð fegurð landsins sem dregur að sér ferðamenn og gæti gert það í ríkari mæli ef unnið væri skipulega að því. Helsta auðlind okkar er þó fólkið sem byggir þetta land, hugvit þess og þekking, og framtíð okkar er fyrst og fremst undir því komin að við hlúum að þessari auðlind. Góð menntun uppvaxandi kynslóðar er öllu öðru mikilvægari og raunverulega það eina sem við getum ekki með nokkru móti sparað við okkur. Menntun er tvímælalaust arðbærasta fjárfesting þjóðarinnar. Einmitt nú á tímum, þegar gildi menntunar í atvinnulífinu fer sívaxandi, er sérstaklega brýnt að slaka hvergi á kröfum. Lykilatriðið í uppbyggingu atvinnulífsins er menntun.

Við lifum á tímum örrar tækniþróunar þar sem sífellt er krafist meiri sérþekkingar. Aukin tækni og sjálfvirkni minnkar þörf fyrir ófaglært vinnuafl. Okkur er lífsnauðsyn að gera fólki kleift að tileinka sér þá þekkingu sem þarf til að mæta þessum nýju aðstæðum í atvinnumálum. Það er því fullkomið glapræði að þrengja að menntakerfinu eins og nú er gert, markvisst að því er virðist, þrátt fyrir fögur orð í stefnuræðu.

Það er sama hvert litið er, alls staðar blasir við fjársvelti, til bygginga, til tækjakaupa, til þjálfunar kennara. Lánasjóður námsmanna er sveltur og kjaramál kennara eru í ólestri, eins og ýmsir hafa bent á hér á undan mér í kvöld.

Metnaðarfull yfirlýsing í stefnuræðu forsrh. um að skólar þurfi að geta miðlað nýrri þekkingu, svo að unnt sé sem fyrst að koma við nútíma tækni á öllum sviðum atvinnulífsins, er í hrópandi ósamræmi við þann veruleika sem t. d. Tækniskóli Íslands og Fiskvinnsluskólinn búa við. Versta dæmið er þó líklega hvernig búið er að Háskóla Íslands og rannsóknarstofnunum í tengslum við hann. Með stöðugu fjársvelti er Háskólanum gert illmögulegt að gegna hlutverki sínu, og rannsóknarstofnanir hans verða að byggja starfsemi sína æ meira á þjónusturannsóknum í stað grundvallarrannsókna.

Hér er ekki tími til að fara frekar út í málefni Háskólans. Nægja verður að vísa til þess að allar þær greinar sem líklegastar þykja sem atvinnugreinar framtíðarinnar, svo sem rafeindaiðnaður, fiskeldi og líftækni, krefjast menntunar á háskólastigi, mikillar sérhæfðrar kunnáttu og rannsókna. Sérstakt þróunarfélag til eflingar nýsköpunar í atvinnulífi virðist því miður ótrúverðugt framtak með tilliti til alls þessa. Því hvað gagna okkur félög og sjóðir án vel menntaðs fólks með hugvit og þekkingu til að nýta þau tækifæri sem stjórnvöld eiga réttilega að hafa í boði?

Ég heiti á alla sem skilning og áhuga hafa á þessum málum að beita öllum sínum áhrifamætti til að hindra hrun í menntakerfi okkar. Markmiðið hlýtur að vera meiri og betri aðstæður til náms og rannsókna. Lágmarkskrafan er að aðstæður versni a. m. k. ekki. Afturför er glapræði.

Góðir hlustendur. Mér hefur orðið tíðrætt um aðeins einn þáttinn í stefnuræðu hæstv. forsrh. En sá þáttur er svo mikilvægt atriði í mótun þeirrar framtíðar sem við viljum búa börnum okkar að mér finnst réttlætanlegt að leggja á það áherslu umfram allt annað. Ég skelfist það andvaraleysi sem virðist ríkja í þessum málum. En ráðherrar telja sig áreiðanlega ekki bera ábyrgð á því frekar en öðru. Þeirra háttur er að setja upp hryggðarsvip og kenna vondu fólki um allt sem miður fer. Þeir vilja ekki einu sinni axla ábyrgðina af nýgerðri gengisfellingu, heldur varpa þeir allri ábyrgð á herðar fólksins sem er nýbúið að standa í löngu örvæntingarfullu verkfalli, fólksins sem er nýbúið að semja um kauphækkanir og ekki einu sinni búið að fá þær í budduna sína. Enn einu sinni hefur ríkisstj. brugðist trausti fólksins og enn einu sinni þver hún hendur sínar og neitar ábyrgð. Hvernig getur ríkisstj. vænst þess að fólk taki oftar mark á viljayfirlýsingum? Það eru verkin sem tala. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvers vegna studdi meiri hluti launafólks þær aðgerðir núv. ríkisstj. að skera niður raungildi kaupmáttar kauptaxta um 25% eða fjórum sinnum meira en nam rýrnun þjóðartekna á mann á sama tíma? Vegna þess að launafólk trúði því að með því að taka þátt í að kveða niður verðbólguna yrði rekstrargrunnur framleiðsluatvinnuveganna treystur og þeim ykist svo ásmegin til aukinnar verðmætasköpunar að launaskerðingin yrði aðeins tímabundin. Hvers vegna hefur svo meiri hluti þjóðarinnar snúist gegn stjórnarstefnunni í sumar og haust, bæði í skoðanakönnunum og þó einkum í verki í mjög eindreginni stéttabaráttu á vinnumarkaðinum? Vegna þess að öllum var orðið ljóst að launþegar höfðu ekki verið þátttakendur í því að kveða niður verðbólguna. Þeir höfðu einir fórnað.

Þær fórnir sem komu fjölmörgum fjölskyldum á vonarvöl urðu ekki til þess að efla grundvallarframleiðsluna til lands og sjávar, heldur hafði fjórðungur af lífibrauði almennings einfaldlega verið færður beint í hendur þjónustu og milliliða hvers konar og þeirra aðila sem gera sér gjaldeyrinn að féþúfu. Blekkingarvefurinn, sem vafinn var um fyrirheit stjórnarstefnunnar fyrir einu og hálfu ári, hefur hrunið og nú blasir við hverjum manni að launafólk var vélað til að umbera allan þennan tíma markvissa og yfirvegaða stjórnarstefnu í þágu milliliða og braskara. Almenningur var vélaður til að umbera stjórnarstefnu sem er fyrst og fremst hagsmunavarsla fyrir auðstéttina í landinu í þeirri stéttabaráttu sem látlaust er háð í þjóðfélagi okkar.

Gróðastéttin boðaði þessa stefnu í Morgunblaðinu 9. nóv. 1979, stefnu sem hlaut meðal almennings nafnið

„leiftursókn gegn lífskjörunum". Henni höfum við nú fengið að kynnast í raun. Þar er einkagróðinn settur í öndvegið, en félagshyggja, samhjálp þjóðfélagsins og ábyrgðartilfinning fyrir afkomu hvers og eins er markvisst upprætt. Margs kyns ráðstafanir í skattamálum ásamt auknu athafnafrelsi milliliða, allt eftir uppskrift Verslunarráðs Íslands, hefur stóraukið gróða þessara aðila á sama tíma og launakjör almennings hafa verið skorin niður um fjórðung. Og réttur þeirra sem byggja afkomu sína á bótum almannatrygginga hefur ekki verið rýrari um áratugi, nema e. t. v. í lok stjórnartímabils viðreisnarstjórnarinnar þegar ráðherrar Alþfl. höfðu farið með málefni almannatrygginga í rúman áratug. Það var framlag Alþfl. þegar hann réði afkomu hinna fátækustu í landinu.

Þann mikla árangur sem náðist varðandi lífsafkomu öryrkja og lífeyrisþega þegar Alþb. fór með málefni þessa fólks hefur núv. ríkisstj. að verulegu leyti afmáð á einu og hálfu ári. Í þeim efnum sem öðrum er stéttabaráttan viðvarandi og enginn árangur er endanlega tryggður, heldur hverfur í þeirri andrá sem launafólk gerir skyssur í kosningum. Það sést best þessa dagana þegar ríkisstj. staðfestir með harkalegri gengislækkun að hún ætlar ekki að láta launalægsta fólki í landinu takast að endurheimta nokkurn hlut af þeim fjórðungi launa sinna sem ríkisstj. færði gróðastéttunum á silfurfati í fyrrasumar.

Þegar óheft frelsi einkagróðans hefur nú verið sett í öndvegi í þjóðfélaginu er ekki spurt um arðsemi út frá hagsmunum þjóðarheildarinnar, heldur þann arð sem hver og einn fjármagnseigandi getur skóflað inn með nýfengnum fríðindum og því olnbogarými sem stjórnarflokkarnir hafa verið að keppast við að færa þeim að undanförnu. Kjör þeirra sem stunda hina raunverulegu frumverðmætasköpun, sjómanna, fiskvinnslufólks og bænda, eru rústuð niður og ekkert gert til þess að tryggja rekstur útgerðar og fiskvinnslu. Þvert á móti verða aðgerðirnar í peninga- og vaxtamálum nú í haust rothöggið á mörg fyrirtækin, eins og reynslan er að sýna. Vextir eru gefnir frjálsir og settir á uppboðsmarkað og fjármagnsfrekar atvinnugreinar í framleiðslu, þar sem greiða þarf af mikilli fjárfestingu og af hráefni á löngu framleiðsluferli, hvort sem er í sjávarútvegi eða landbúnaði, eru ofurseldir vaxtaokrinu sem vegur miklu meir til útgjaldaauka en þær launahækkanir sem nú er verið að gera að engu. Slík arðsemi sem vaxtastefnan gerir kröfur til er, eins og málum er háttað og ef ætlunin er að greiða mannsæmandi laun, óhugsandi nema hjá þeim sem búa við ívilnanir ríkisstj. í milliliðastarfsemi og braski. Þessi stefna er að leggja í rúst grundvallaratvinnulífið í landinu, þar sem innt er af hendi það erfiði sem ekki verður hjá komist ef okkur á að takast að lifa hér norður á hjara heims, það erfiði sem er undirstaða allra lífskjara þjóðarinnar og alls þess gróða sem nú hleðst upp þar sem síst skyldi. Þessi grundvallarstörf eru innt af hendi af sjómönnum, fiskvinnslufólki, bændum, útgerðarmönnum og eigendum fiskvinnslustöðva. Og hafi einhver haft áhyggjur af því að útgerðinni hafi einhvern tíma verið gefið eitthvað í sambandi við skipakaup geta hinir sömu létt af sér þeim áhyggjum. Það hefur þá a. m. k. verið tekið til baka nú að undanförnu og kannske ríflega það.

Þegar verið er að fórna atvinnuöryggi launafólks á altari gróðaliðsins á Reykjavíkursvæðinu og brenna eigið fjármagn í sjávarútvegi á báli markaðshyggju ríkisstj., þá er þáttur í þessum ófarnaði að innan Sjálfstfl., sem áður fyrr gætti nokkuð hagsmuna útgerðarinnar, á sjávarútvegurinn nú enga þá málsvara sem flokksforustan telur þörf á að taka nokkurt minnsta tillit til. Eins og að sjávarútveginum er nú sótt af stjórnarstefnu sem hefur hagsmuni milliliða og fjármagnseigenda að leiðarljósi, þá eru það sameiginlegir hagsmunir sjómanna og fiskverkunarfólks og þeirra sem annast rekstur útgerðar og fiskvinnslu að stefnu núv. ríkisstj. verði hnekkt, en grundvallarákvarðanir í stjórnmálum markist fyrst og fremst af hagsmunum þeirra sem framleiða þau verðmæti í þjóðfélaginu sem við öll lifum á.

Tvær fréttir sem birtar voru um næstsíðustu helgi lýsa e. t. v. best hvað er að gerast í kjölfar stjórnarstefnu núv. ríkisstj. Þær sýna í senn hvers konar starfsemi situr í fyrirrúmi í þjóðfélagi frjálshyggjunnar og hvað er á hinn bóginn að gerast varðandi stöðu grundvallarframleiðslunnar í landinu. Í annarri fréttinni var sagt frá því að boðinn hefði verið upp togari á nauðungaruppboði í útgerðarbænum Akranesi, og það er aðeins upphafið í þeim efnum. Í hinni síðari fréttinni var greint frá högum dekurbarna stjórnarstefnunnar. Ný verslun var að hefja starfsemi í Reykjavík og auglýsti með nær heilsíðulitmyndaauglýsingum í dagblöðunum að nú væri það nýjast um ráðstöfun á gjaldeyri þjóðarinnar, sem sjómenn hætta lífi sínu til að afla, að þessi nýja verslun sinnti því einu að selja handunnið konfekt sem flutt væri vikulega með flugi frá Svisslandi. Og svo örugglega uppfyllti þetta fyrirtæki kröfur markaðsstefnunnar um arðsemi umfram útgerð og fiskvinnslu, sem verið er að drepa, að um leið var boðað að innan skamms yrði opnuð önnur sams konar verslun ofar við Laugaveginn.

Þetta er ríkisstjórnarstefnan í hnotskurn. Þegar frumverðmætasköpunin er að stöðvast, verið er að brenna upp eigið fjármagn útgerðarinnar, þegar hallir verslunarinnar fá innlenda lánsfé, en útgerðin dollaralánin með 22% raunvöxtum, þegar fiskvinnslufólk er að missa atvinnuna og allt lægst launaða fólkið í landinu að horfa upp á ríkisstj. hrifsa aftur árangurinn af varnarstríði þess í launamálum, þá segja stjórnarherrarnir, íhald og framsókn, við gjaldþrota útgerðina og þrautpíndan almenning: Má ekki bjóða ykkur handunnið konfekt frá Sviss? Ég segi aftur: Þetta er stjórnarstefnan í hnotskurn.

Er ekki kominn tími til að hver launamaður, hvort sem hann er nú launaflokknum hærri eða lægri en vinnufélaginn, geri sér ljóst að spurningin um lífibrauð heimilisins er spurningin um árangur í stéttabaráttu, spurning um skiptingu verðmætanna milli fjármagnseigenda og þeirra sem í raun eiga ekkert nema vinnuafl sitt, vinnuafl sem er undirstaða allrar verðmætasköpunar í landinu? Það er grundvallaratriði að menn geri sér ljóst að stéttabaráttan, sem ræður úrslitum um afkomu heimilanna, er háð á tvennum vígstöðvum: á vinnumarkaðinum, þar sem þúsundir launamanna þjöppuðu sér fyrir skemmstu saman í órofa heild, og í stjórnmálum, þar sem þessar þúsundir sundruðust og eru þess vegna að tapa því þessa dagana sem vannst með samstöðunni í kjarasamningunum. Það er grátlegt að fólk, sem stóð saman hlið við hlið í kjaradeilunum, varð sér með sundrungunni í síðustu þingkosningum úti um forsrh. sem veitir launamanni

með innan við 10 þús. kr. útborguð mánaðarlaun þessi svör: Hefurðu ekki eftirvinnu, næturvinnu eða vaktaálag? Er þetta ekki í lagi? Áttu ekki maka sem vinnur úti?

Það fólk sem stendur saman í kjarabaráttunni verður að gera sér ljóst að ástæðan til þess að ríkisstjórnarflokkarnir gátu myndað ríkisstjórn eftir kosningarnar 1983, þótt þeir töpuðu samanlagt í þeim kosningum, var fyrst og fremst sú að andstæðingar þeirra deildu sér í fleiri flokka en nokkru sinni fyrr. Afleiðingarnar brenna nú á örvilnuðum fyrirvinnum alþýðuheimilanna um allt land. Sú staðreynd að launafólk þjappar sér ekki saman í órofa heild í pólitísku baráttunni á sama hátt og í stéttarfélögum sínum er grundvallarorsök þess að Verslunarráðinu tókst með þeim pólitísku tækjum sem Sjálfstfl. og Framsfl. eru að gera leiftursókn gegn lífskjörunum að stjórnarstefnu í landinu, stjórnarstefnu sem er þvinguð fram í þágu milliliða og fjármagnseigenda og nú er verið að treysta í sessi með hefndaraðgerðum vegna nýgerðra kjarasamninga.

Alþb. er baráttutæki launafólks í stéttabaráttunni á því pólitíska sviði sem verður ekki skilið frá faglegri baráttu verkalýðsfélaganna. Án samstillingar á báðum þessum sviðum næst enginn varanlegur árangur. Hann er hrifsaður burt á Alþingi eins og við höfum séð. Enginn árangur í launabaráttunni verður tryggður fyrr en það fólk sem stóð hlið við hlið í kjarabaráttunni byggir upp jafnöfluga samstöðu um eflingu þess pólitíska baráttutækis launafólks sem Alþb. er. — Góða nótt.

Efri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 174). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Aðdragandi þessa frv. er m. a. bréf er sjútvrn. ritaði Verðlagsráði sjávarútvegsins 13. nóv. 1984, svo hljóðandi:

„Að undanförnu hafa verið gerðir nýir kjarasamningar hjá meginþorra launþega í landinu. Þessir samningar raska í verulegum atriðum forsendum fiskverðsákvörðunar þeirrar er tekin var í júní s. l. og gilda skal til áramóta, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs nr. 12/1984".

„Í ljósi þessa og með tilliti til þess að Verðlagsráðið ákveður sjálft verðtímabil fiskverðs lögum samkvæmt, beinir ráðuneytið því til Verðlagsráðs hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð, sem taki gildi fyrr en áður var ákveðið.

Með tilliti til allra aðstæðna telur ráðuneytið ekki óeðlilegt að nýtt verðtímabil hæfist á næstu vikum í stað áramóta og stæði til eigi skemmri tíma en loka vetrarvertíðar og ef til vill lengur m. a. með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga. Ráðuneytið telur að Verðlagsráð geti tekið slíka ákvörðun, ef um það er samkomulag í ráðinu.

Telji Verðlagsráð að atbeina ráðuneytisins eða Alþingis þurfi til að ákveða megi nýtt fiskverð fyrr en frá næstu áramótum, er ráðuneytið reiðubúið til að beita sér fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að svo geti orðið. Óskað er álits og tillagna Verðlagsráðs um mál þetta við allra fyrstu hentugleika."

Í framhaldi af þessu bréfi barst sjútvrn. bréf frá Verðlagsráði sjávarútvegsins dagsett 16. nóv., einnig hér meðfylgjandi frv., svo hljóðandi:

„Á sameiginlegum fundi allra deilda Verðlagsráðs sjávarútvegsins í gær var lagt fram bréf Sjávarútvegsráðuneytisins dags. þann 13. þ. m. , þar sem ráðuneytið beinir m. a. því til Verðlagsráðsins, hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð, fyrr en áður var ákveðið o. fl."

Eftirfarandi bókun var samþykkt svo hljóðandi:

„Með tilliti til álitsgerðar Sveins Finnssonar, framkvæmdastjóra ráðsins, telur Verðlagsráð sér ekki heimilt, að óbreyttum lögum, að taka upp lágmarksverð á sjávarafla til nýrrar ákvörðunar, sem taki gildi áður en gildandi verðtímabil er útrunnið."

Meðfylgjandi er ljósrit af tilvitnaðri álitsgerð framkvæmdastjóra ráðsins, sem lögð var fram á fundinum.

Enn fremur fylgja með verðtilkynningar ráðsins um sjávarafla, sem lágmarksverð hefur verið ákveðið á til 31. desember 1984."

Hér fylgir með frv. sú álitsgerð sem Sveinn Finnsson framkvæmdastj. ráðsins gerði fyrir ráðið og er hún hér sem fylgiskjal III. Í framhaldi af þessu bréfi var ákveðið að leggja fram frv. til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins og þar kæmi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi fyrir tímabilið 21. nóv. 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985, varðandi almennt fiskverð.

Þetta ákvæði þýðir að með þessu mundi væntanleg fiskverðsákvörðun gilda a. m. k. til 1. júní 1985 að því er varðar almennt fiskverð. En hvað aðrar tegundir varðar, eins og loðnu, rækju, hörpudisk og ýmsar aðrar tegundir þar sem sífellt getur þurft að taka upp verðlagninguna vegna breyttra aðstæðna, þá er frv. óbreytt þannig að hana verði hægt að taka upp hvenær sem er. Hins vegar varðandi almennt fiskverð er það yfirleitt ekki svo að aðstæður t. d. á markaði breytist svo skyndilega að slík heimild þurfi að vera fyrir hendi og er venja að ákveða það verð til lengri tíma. Þess vegna hefur þótt eðlilegt að það gildi til loka vetrarvertíðar eins og almennt er. Úr því á að taka verðið upp nú vegna nýrra aðstæðna og síðan að nýju um áramót, hlýtur að teljast mjög vafasamt, að það gildi eigi skemmri tíma en til loka vetrarvertíðar enda kemur það fram í bréfi rn. til verðlagsráðsins.

Ég tel að allir geti verið sammála um það að full ástæða sé til, vegna þessara nýju viðhorfa með tilliti til kjaramála sjómanna og einnig með tilliti til afkomu útgerðar, að hafa þennan hátt á. Olía hefur t. d. hækkað nýlega og ef ekki kemur á móti hækkað fiskverð þá hefur það mjög neikvæð áhrif á afkomu útgerðar í landinu.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umr. mun nú koma fyrir þá nefnd sem ég á sæti í og ég mun ekki fara mörgum orðum um það hér. Ég vek athygli á því að hér er verið að fara inn á nýja braut og verið að breyta lögum til að mæta þeim aðstæðum sem eru í þjóðfélaginu í dag. Fyrir mitt leyti get ég verið sammála því að nauðsynlegt sé að nú sé tekið til við breytingu á fiskverði. En það bendir á þá sérstöku stöðu sem við búum við. Og ég vil undirstrika að ég lít svo á að það sé alls ekki fyrst og fremst vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum vikum sem nauðsynlegt er nú að breyta fiskverði fyrr en ætlað var. Það er fyrst og fremst þeirri efnahagsþróun að kenna sem átt hefur sér stað. Og raunverulega hefði þurft að breyta fiskverði miklu fyrr til að bæði tekjur sjómanna og tekjur útgerðar bötnuðu. Það held ég að hafi verið almennt álit manna að þegar á haustmánuðum eða þegar í lok sumars hafi rekstrargrundvöllur útgerðar verið þannig að nauðsynlegt væri að hækka fiskverð. Það þurfti í engu falli að bíða eftir að kaupsamningar væru gerðir í landinu til að svo hefði verið gert. Í sambandi við hvað fiskverðið skuli vera lengi í gildi sýnist mér allt benda til að það verði erfitt að halda fiskverði föstu frá því nú í nóvember og þar til 1. júní. Allar líkur benda til þess að efnahagsþróunin verði á þann veg að breytinga þurfi við fyrr en þá.

Eins er það að kjarasamningar sjómanna eru lausir og búast má við því að fiskverð hljóti að einhverju leyti að bindast lausn þeirra mála ef ekki á að stefna beint í þá áttina að sjómenn búi eingöngu við fast kaup eins og nú er meira og minna kröfur uppi um.

Eins og ég sagði veit ég að þetta mál verður skoðað í þeirri nefnd sem ég á sæti í og ég mun ekki fjalla frekar um það að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 103, n. 181, 182). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Menntmrn. sendi þetta frv. á síðastliðnu vori til umsagnar sóknarnefndum víðs vegar á landinu og hafa umsagnir verið að berast. Jafnframt hefur nefndin rætt þetta mál ítarlega bæði á síðastliðnu vori og núna í haust.

Eins og fram kemur á þskj. 181 mælir nefndin með samþykkt frv. með brtt. á þskj. 182. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Ég vek athygli á því að ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti sem lög eru sett um þá einingu sem sókn er kölluð. Ég vil einnig vekja athygli á því að í sérstakri nefnd er nú fjallað um eignir þjóðkirkjunnar og einstakra kirkna og er þess að vænta að nefnd sem hefur það mál nú til meðhöndlunar muni skila áliti til hæstv. kirkjumálaráðherra jafnvel á þessu ári.

Brtt. á þskj. 182 eru auðskiljanlegar. Við 5. grein er sú brtt. gerð að prófastur skuli víkja sæti í þeirri nefnd sem fjallar um ágreining sem upp kann að rísa um eignir kirkjunnar ef kirkjusókn er skipt eða ný sókn tekin upp.

Þá er hér brtt. við 6. gr. um að sérstakt ákvæði komi inn varðandi bændakirkjur sem hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Sé um bændakirkju að ræða er leggja skal niður og söfnuður hennar sameinast annarri sókn, en bændur eða bóndi á bæði kirkjuhúsið og alla muni kirkjunnar, skal hann þá hafa ráðstöfunarrétt á eign þeirri. Þó skal honum skylt að hafa samráð við prófast um slík mál og getur prófastur, ef ekki næst samkomulag milli hans og kirkjubónda, vísað ágreiningsmálum til biskups sem tekur lokaákvörðun í hverju slíkra mála nema ákvæði annarra laga grípi þar inn í." Ég hygg að þessi breyting sé æskileg og hefur nefndin af þeim sökum flutt hana.

Þá er sú brtt. við 22. gr. að menntmrn. er sammála um að eðlilegra sé að aðalsafnaðarfundur kjósi safnaðarfulltrúa til setu á héraðsfundi en ekki sóknarnefnd eins og lagt er til í frv. Hér verði haldið þeirri reglu sem verið hefur um það hverjir kjósi fulltrúana en hún ekki þrengd eins og gert er ráð fyrir í frv.

Við 25. gr. er smábreyting þar sem lagt er til að hafa orðalag skýrara en er í frv.

Við 26. gr. er lagt til að fella niður þessi orð: „Skulu sóknarnefndir sjá um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað." Nefndin sér ekki hvaða erindi setning af þessu tagi á í lög, svo sjálfsagt sem það er að menn sem rækja opinber störf fái greiddan útlagðan kostnað við þau störf.

Í 28. gr. er svo lagt til að fella niður það ákvæði í lögunum að ágreiningi um störf starfsmanna innan sóknar skuli vísað til héraðsfundar. Okkur finnst eðlilegt að slíkum ágreiningi sé vísað beint til biskups.

Ég vil svo taka það fram, herra forseti, að í nefndinni var viss ágreiningur varðandi 9. gr. Þar er í fyrsta skipti reynt að ákveða það með lögum hversu oft sóknir eigi rétt á almennri guðsþjónustu og er miðað þar við fjölda sóknarbarna. Ég vek athygli á því að í greininni er þetta orðað „að jafnaði". Það er sagt: „Sóknarmenn eiga rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum er skal að jafnaði miðað við eftirfarandi tilhögun", sem auðvitað dregur úr gildi greinarinnar sem slíkrar. Má færa rök fyrir því að þessi grein sé óþörf og er það skoðun sumra nm., þó svo að þessi hafi orðið niðurstaðan, að flytja ekki brtt. um að greinin falli niður.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. menntmrn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég mun ekki gera aths. við þær brtt. sem nefndin hefur orðið sammála um að flytja. Mig langar þó að láta í ljós þá skoðun mína að ég er í vafa um að sú breyting sem nefndin leggur til á 22. gr. sé til bóta. Eins og greinin er orðuð í frv. er gert ráð fyrir að safnaðarfulltrúar séu kosnir af sóknarnefnd. Nefndin leggur hins vegar til að þetta verði óbreytt frá þeirri skipan sem nú er, að það séu safnaðarfundirnir sem kjósa safnaðarfulltrúa. Með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frv. held ég að þetta hefði tengt sóknarnefndirnar betur saman.

En eins og ég sagði mun ég ekki gera ágreining um þetta atriði, enda er um að ræða óbreytt ástand frá því sem nú er sem nefndin leggur þarna til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 182,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 182,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
13.—21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 182,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 182,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 182,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 182,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
29.—36. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
37.—38. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88). — 1. umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum,

nr. 82/1969. Flm. ásamt mér eru hv. 6. þm. Reykv. Ellert B. Schram, hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson, hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er skilgreindur svo í grg.:

„1. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,
2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,
3. að afla ríkissjóði tekna,
4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,
5. að samræma áfengislöggjöfina."

Og mætti kannske bæta því við í 6. lagi: að láta af þeirri hræsni og þeim tvískinnungshætti sem einkennt hefur afstöðu stjórnvalda í þessu máli.

Herra forseti. Þetta mál er endurflutt frá síðasta þingi. Þá voru flm. hv. þm. Jón Magnússon, sem þá gegndi starfi varaþingmanns á vegum sjálfstæðismanna, og sá sem hér stendur. Þetta mál fékk þá mjög rækilega umfjöllun við 1. umr. Hv. þm. Jón Magnússon fylgdi málinu úr hlaði með mjög ítarlegri ræðu. Þegar af þeirri ástæðu sé ég ekki ástæðu til að hafa framsöguræðu mína ítarlega að þessu sinni. Ég vil aðeins rifja upp hvernig um þetta mál var fjallað á seinasta þingi.

Á 106. löggjafarþingi voru flutt tvö mál er bæði vörðuðu breytingu á gildandi áfengislögum. Hið fyrra var þál. um almenna atkvgr. um heimild til bruggunar og sölu meðalsterks áfengs öls um leið og gengið yrði til kosninga. Flm. voru Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson, sbr. fylgiskjal II á þessu þskj. Till. kom fyrst til umr. í Sþ. 1. mars s. l. Þær umr. eru reyndar birtar hér á fskj. III. Umr. var síðan frestað og málið dagaði uppi.

Síðara málið var frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, en flm. voru eins og fyrr segir Jón Magnússon og sá sem þetta mál flytur. Frv. kom til 1. umr. í Nd. 13. apríl s. l. Jón Magnússon fylgdi því úr hlaði, enda höfundur frv., sbr. fylgiskjal I á þessu þskj. Frekari umr. urðu ekki um málið, en því var vísað til allshn.. þar sem það dagaði uppi.

Hér með er þetta frv. til laga endurflutt með þeirri einu breytingu að gildistaka skv. 4. gr. frestast til 1. október 1985, sbr. aths. við einstakar greinar frv. þar sem segir um 4. gr.:

„Miðað er við að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. október 1985. Þessi tímamörk eru sett til að veita innlendum framleiðendum og þeim, sem hyggja á ölframleiðslu, ákveðið svigrúm. Verði þetta frv. að lögum þurfa stjórnvöld, snemma á aðlögunartímanum, að leita nauðsynlegrar lagaheimildar er kveði á um tilhögun sölu og dreifingar, skatta- og verðstefnu o. s. frv."

Í grg. með þessu frv. er saga áfengisneyslu á Íslandi að nokkru tíunduð og sérstaklega vakin athygli á því að öldum saman var neysla áfengs öls eða mjaðar þjóðlegur siður á Íslandi, en lagðist því miður af, einkum fyrir tilstuðlan nýlenduherra Dana sem voru langt komnir með að drekkja þjóðinni í brennivíni strax á 17. öld.

Í annan stað er saga þessa máls á Alþingi rakin allt frá því síðla á 19. öld. Það er gerð grein fyrir aðdraganda þess að Íslendingar gerðu tilraun með algjört bann á framleiðslu og innflutningi á áfengum drykkjum til landsins, hver reynslan var af því og hvers vegna Íslendingar tóku að lokum þá ákvörðun að láta af þeirri tilraun.

Loks er hér tíundað að aðstæður allar í íslensku þjóðfélagi eru nú mjög breyttar frá því sem var fyrir nokkrum árum að því er varðar aðgang þjóðarinnar að áfengu öli. Sá kafli er það athyglisverður að ég leyfi mér að árétta hann með því að vitna til hans, með leyfi forseta:

„Bruggun, sala og neysla áfengs öls á sér stað meðal allflestra þjóða heims. Styrkleiki ölsins er mismunandi eða upp að 13.2% að rúmmáli sá sterkasti. Algengasti styrkleiki áfengs öls, sem neytt er, mun vera um eða undir 5% vínandi að rúmmáli. Í Norður-Ameríku, á Englandi og Norðurlöndum mun algengast að styrkleiki áfengs öls sé frá um 3.2% til 5% af vínanda að rúmmáli. Í öllum nágrannalöndum okkar er neysla áfengs öls mikil miðað við annað áfengi.

Nú geta farmenn, flugliðar og ferðamenn, sem koma frá útlöndum, keypt takmarkað magn af áfengu öli og flutt það með sér inn í landið. Fullyrða má að verulegu magni af áfengu öli sé á ári hverju smyglað inn í landið. Því er raunar haldið fram að bjórkassi með 24 flöskum (33 cl) af millisterku áfengu öli hafi hér ákveðið fast markaðsverð og nokkurt framboð sé af slíku öli þó að óleyfilegt sé miðað við núverandi áfengislöggjöf að flytja það inn. Af þessu áfenga öli hefur íslenska ríkið engar tekjur og innlendir framleiðendur eru dæmdir úr leik.

Með auknum ferðalögum til útlanda hafa Íslendingar í síauknum mæli komist í kynni við neyslu áfengs öls og sama gildir um þá námsmenn sem stunda nám erlendis.

Ljóst er að töluvert stór hópur þjóðarinnar kýs að hér sá áfengt öl á boðstólum. Í því sambandi má m. a. benda á að í Reykjavík er nú selt áfengt öllíki á allmörgum stöðum og þeim fer fjölgandi þar sem sterku áfengi er blandað í ölið, þannig að styrkleikur drykkjarins er sagður svipaður eða meiri en gerist um áfengt öl í grannlöndum okkar. Þeir sem neyta þessa öllíkis vita í raun ekki um hvaða áfengisstyrkleika er að ræða eða hvers konar áfengis þeir neyta. Ekkert eftirlit eða prófun á sér stað á þessu áfengi. Skv. því sem næst hefur verið komist er styrkleiki þessa öllíkis almennt um 5% af vínanda að rúmmáli. Einnig má benda á að ölgerðarefni eru seld í matvörubúðum og innflutningur og sala þessara ölgerðarefna er töluverð.

Aðstaðan er því breytt í veigamiklum atriðum frá því sem hún var þegar síðast var lagt fyrir Alþingi frv. til l. um bruggun og sölu áfengs öls. Það er því ekki vansalaust fyrir Alþingi að horfa upp á þessa þróun án þess að móta löggjöf sem er í samræmi við tíðarandann og er til þess fallin að vinna gegn drykkjusýki. Mikilvægast er að horfast í augu við staðreyndir. Nú getur hver, sem eldri er en 20 ára, keypt öllíki sem er um eða yfir 5% af vínanda að rúmmáli. Veikustu áfengistegundir í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eru um eða undir 9% af vínanda að rúmmáli.

Þessar staðreyndir tala sínu máli og sýna glögglega hversu ófullkomin áfengislöggjöfin er og hversu fráleitt það er að meina bruggun áfengs öls og sölu þess hér á landi. Miðað við þá þróun, sem orðin er í áfengismálum, er það alveg ljóst að spurning er ekki hvort innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verður leyfð, heldur hvenær þessi síðasta angi bannlaganna verður afnuminn."

Herra forseti. Það er ástæðulaust að tíunda hér í löngu máli rök með og móti þessu frv. Það hefur þegar verið gert ítarlega. Auk þess hygg ég að enginn hv. alþm. móti að lokum afstöðu sína eftir þeim rökræðum sem fram fara hér í þingsölum. Það er mjög algengt að menn taki tilfinningalega afstöðu til þessa máls, móti sér afstöðuna fyrst af einhverjum ástæðum og tíni síðan til þau rök sem henta máli sínu til stuðnings eftir á.

Ég vil aðeins segja að því er varðar áhyggjur og kvíða þeirra manna sem halda því fram að framleiðsla eða innflutningur á áfengu öli á Íslandi muni leiða til aukinnar drykkjusýki eða leiða til þess að Íslendingar muni í stórum stíl reynast ófærir til vinnu vegna ölvímu að um þetta geta menn rökrætt fram og aftur. Ég vil láta mér nægja að benda á að Alþingi og stjórnvöld hafa í hendi sér að stýra því að verulegu leyti hvernig fer, sérstaklega með því að beita þeim tækjum sem stjórnvöld hafa í hendi sér og heita verðstýring, en hér er auðvitað ráð fyrir því gert að sala og dreifing verði með óbreyttum hætti, þ. e. hún verði í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, og síðan gera flm. ráð fyrir að snemma á aðlögunartímanum verði sett nánari löggjöf og reglur um sölu, markaðssetningu, dreifingu og verðlagningu og skattlagningu á þessa framleiðslu. „Miðað við þessar forsendur", segir hér í grg., „er afar ólíklegt að tilkoma áfengs öls leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum, aukinnar drykkju unglinga eða valdi því að unglingar hefji drykkju yngri en nú gerist." Þetta er einfaldlega skoðun flm. Um þá skoðun geta menn deilt, en um hana verður ekki fullyrt fyrirfram.

Þá er á það að líta að því fer fjarri að hér sé rekin af hálfu stjórnvalda nein sérstök stefna að því er varðar framleiðslu og neyslu áfengs öls. Í því efni leggjum við flm. mesta áherslu á að gegn misnotkun áfengis og drykkjusýki, sem er væntanlega hér á landi með því mesta sem þekkist, verður að vinna með samræmdum hætti, ekki hvað síst með því að bjóða fram samræmda ítarlega fræðslu og aðrar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem hægt er að beita til að draga úr þessu. Tilkoma áfengs öls breytir engu ein út af fyrir sig hvorki til né frá með þetta vandamál. Það er staðreynd. Hægt er að gera ýmislegt til þess að fyrirbyggja útbreiðslu þess, en þær ráðstafanir verða, að mati flm., að byggjast fyrst og fremst á fræðslu og upplýsingum fremur en boði og bönnum.

Herra forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því að þessu þskj., 86. máli, fylgja mjög ítarleg fskj. Þar eru raktar umr. sem urðu um þetta mál á seinasta þingi. Það fylgir framsöguræða 1. flm. frá seinasta þingi. Þar fylgja einnig sem fskj. tillögur nefndar um sérstakt átak í áfengismálum, en sú nefnd var skipuð til að marka opinbera stefnu í áfengismálum. Það stefnuplagg gengur nokkuð í aðra átt en hér er. Loks eru birtar hér niðurstöður af skoðanakönnunum sem framkvæmdar voru á vegum DV á s. l. vetri og leiddu í ljós afdráttarlausan meirihlutavilja þjóðarinnar um að láta nú af hræsni og skinhelgi í þessu máli og viðurkenna staðreyndir með því að samþykkja frv. af því tagi sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. 1. flm. þessa máls á seinasta þingi fylgdi því úr hlaði með ræðu sem bæði var ítarleg og fróðleg og hafði reyndar að geyma nokkrar bókmenntaperlur. Mönnum til gagns, gamans og gleði vil ég ljúka máli mínu með því að vitna í það.

Hv. 1. flm. skýrir frá því í ræðu sinni að fjöldi fólks hefði haft samband við hann og án undantekninga lýst miklum áhuga á framgangi málsins. Síðan segir hann:

„M. a. sendi einn áhugamaður norðan af landi mér eftirfarandi kvæði eftir Baldur Eiríksson frá Dvergasteini sem heitir Egill og ölið. Er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

Á Alþingi forðum fjörugt var,
flokkadrættir og stympingar
og umræður æríð snarpar.
Sátu þeir þar með sorfið stál,
sömdu um grið og vígamál
Egill og aðrir garpar.

Við höfum það fræga Alþing enn,
á því sitja nú spakir menn
og eru í ærnum vanda.
Með atkvæðabrask og orðatog,
útreikninga á máli og vog
hve mjöð okkar megi blanda.

Aldrei hefði hann Egill nennt
orðaskaki um tvö prósent
né daufum drykkjum að sinna.
Vísað hefði hann broti á bug
og bara látið það standa á tug
svo bragð mætti að bjórnum finna.

Niðjar Egils um aldaröð
ómælt supu hinn sterka mjöð
og vóðu í svima og villu.
Okkur með réttu er nú kennt
hve eitt eða jafnvel hálft prósent
má orka miklu og illu.

Brott eru horfin brekin forn,
brottu hin stóru drykkjarhorn,
margt er þar fleira farið.
Ýmislegt mundi Agli nú
allgott þykja um föng og bú
en minna í mjöðinn varið.

Egill var sinnar aldar barn,
ekki til spardatínings gjarn
og viðskotaillur að vonum.
En handtökin snör við hlíf og stál,
hornadrykkju og skáldamál
voru hundrað prósent hjá honum.

Herra forseti. Ég legg til að þessu merka máli verði vísað til allshn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að draga það að lýsa afstöðu minni til þess máls sem hér liggur fyrir í fáeinum orðum og eins og það er lagt fyrir. Það segir í fylgigögnum með þessu frv., gott ef ekki í sjálfri grg., að tilgangur flm. með frv. þessu sé m. a. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja. Ég hafna þessari röksemdarfærslu flm. Því að ég held að reynsla annarra þjóða hafi því miður sýnt hið gagnstæða. Ég hef enga ástæðu til að ætla að það yrði öðruvísi hér. Áfengt öl og neysla þess, ef hún yrði lögleidd með þeim hætti sem hér er gerð till. um, mundi því bætast við þá áfengisneyslu sem fyrir er. Reyndar hefur neysla sterkra drykkja vaxið hlutfallslega meira hjá þeim þjóðum sem hafa fyrir áfengt öl eða hafa lögleitt það á undanförnum árum eða áratugum. Því er ekki spurning um það eitt hvort neysla áfengra drykkja

minnkar eða stendur í stað, heldur kannske frekar um hvort hún kæmi til með að vaxa hlutfallslega meira en hún hefði annars gert, ef ekki væri áfengt öl lögleitt í landinu.

Annað mun óhjákvæmilega fylgja neyslu áfengs öls hér og aukinni áfengisneyslu almennt. Það er aukinn kostnaður í heilbrigðis- og félagsþjónustunni. Í hópi þess fólks, sem glímir við þau vandamál sem af ofnotkun áfengis og annarra vímuefna leiðir, hef ég varla heyrt nokkurn mann efast um að í framhaldi af lögleiðingu áfengs öls kæmi aukinn þrýstingur og aukinn kostnaður í glímunni við áfengissýkina og þykir þó mörgum nógu dýrt fyrir að halda uppi þeirri þjónustu sem þar er rekin í dag. Ég vil að menn hugleiði einnig að þá þarf að sjá fyrir því fjármagni og þeirri aðstöðu sem þarf til að bregðast við á þessu sviði. Það sé ég hins vegar ekki að hafi haldið vöku fyrir flm. þessa frv. og hvergi er á það minnst hér.

Ég er einnig mótfallinn því, herra forseti, án þess að ég sé þar með endilega að lýsa afstöðu minni til neyslu á áfengu öli, að menn flytji þetta mál með þessum hætti, án þess að á nokkurn hátt séu gerðar tillögur um aðrar breytingar á áfengislöggjöfinni. Ég hefði út af fyrir sig verið tilbúinn að ræða það og skoða hvort heppilegt væri að breyta áfengislöggjöfinni á þann hátt að hér yrði leyfð neysla, sala og framleiðsla á áfengu öli ef menn hefðu þá haft tillögur um það að öðru leyti hvernig mætti tryggja að áfengisneyslan í heild sinni ykist ekki. Það kann vel að vera að á því yrðu vissir möguleikar að breyta þannig til, t. d. þá með öðrum takmörkunum sem gengju í gildi og drægju að sama skapi úr neyslu sterkra drykkja. Ég er þeirrar skoðunar að ölneysla sem slík, ef um áfengisneyslu er að ræða á annað borð, geti verið betri en neysla t. d. sterkra brenndra drykkja. Ef við ættum þannig um það að velja að breyta drykkjuvenjunum og færa þannig til neysluna held ég að vel gæti komið til greina, og ég mundi skoða hug minn um það, að styðja slíkar breytingar. En eins og þetta mál er flutt hér mun ég ekki treysta mér til að veita því brautargengi. Það vil ég að liggi ljóst fyrir, herra forseti.

Ég lít á áfengt öl, eins og reyndar allt annað áfengi, sem vímugjafa. Þess vegna furðar mig sá málflutningur ýmissa manna og kvenna að tala um það sem mannréttindi að eiga óheftan aðgang að vímugjöfum. Ég held að menn verði að skilja þarna á milli. Mér vitanlega hefur enginn látið sér detta í hug að við hefðum hér lögleidda neyslu á ýmsum öðrum vímugjöfum sem taldir eru mun hættulegri. Ég vek athygli á og bendi á að þar er um mjög erfitt skilgreiningaratriði að ræða, að flokka vímuefni sem slík. Ég held að öll vímuefnaneysla sé varasöm og kannske jafnhættuleg þegar hún gengur úr hófi og verður að sjúkdómi.

Það mætti halda hér langa ræðu um líkleg áhrif þess að lögleiða öl á t. d. heimilin í landinu, á vinnustaðina í landinu, á umferðina í landinu. Ég ætla ekki að gera það hér, en ég vildi ekki að þetta mál færi hér í gegnum þessa umr. án þess að ljóst lægi fyrir að ég mun ekki, eins og það liggur hér fyrir, veita því stuðning minn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lögverndun á starfsheiti kennara, frv. 119. mál (þskj. 123). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara. Mál þetta er flutt á þskj. 123. Ásamt mér eru flm. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Kristófer Már Kristinsson. Frv. þetta er í sjö greinum og koma efnisatriði þess fram í fyrstu fjórum greinunum svo og í ákvæði til bráðabirgða. Ég vil leyfa mér að vitna hér í þessar greinar með leyfi forseta:

„1. gr. Rétt til að bera starfsheitið kennari hefur sá einn sem fullnægir skilyrðum laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

2. gr. Óheimilt er að ráða til kennslustarfa við skólastofnanir á vegum opinberra aðila aðra en þá sem réttindi hafa skv. 1. gr., með þeim undantekningum sem leiða af ákvæðum 3. gr.

3. gr. Takmarkað og/eða tímabundið leyfi til kennslustarfa má veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 1. gr.

4. gr. Sérstök nefnd, skipuð fulltrúum menntmrn. og stjórnar Bandalags kennarafélaga að jöfnu, skal veita umsögn um allar ráðningar skv. 2. gr. og leyfisveitingar skv. 3. gr."

Í 7. gr. frv. er m. a. gert ráð fyrir að úr gildi falli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra, og 3. málsl. 8. gr. sömu laga.

2. mgr. 7. gr. umræddra laga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sæki enginn um stöðu kennara sem fullnægir ákvæðum þessara laga um menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd telur hæfan."

Og 3. málsl. 8. gr. hljóðar þannig: „Sæki enginn um stöðu skólastjóra sem fullnægir ákvæðum þessarar greinar varðandi menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólanefnd telur hæfan."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því að þessi ákvæði í lögunum um embættisgengi kennara og skólastjóra falli brott til samræmis við ákvæði þessa lagafrv. Síðan er sérstakt ákvæði til bráðabirgða í frv. svohljóðandi:

„Komi upp sú staða við skóla að enginn með tilskilin réttindi sæki um auglýsta stöðu getur skólanefnd sótt um leyfi til menntmrn. til þess að ráða starfsmenn til að sinna kennslustörfum til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Nefnd skv. 4. gr. skal einnig veita umsögn um ráðningu slíkra starfsmanna. Leitast skal við af hálfu ráðuneytis og skólanefndar að fækka slíkum undanþágum. Með það í huga skal endurmeta þetta ákvæði um heimild til að veita undanþágur ekki síðar en að þrem árum liðnum frá gildistöku laga þessara."

Í grg. með frv. er að finna í senn lýsingu á aðdraganda þess að flm. leggja það hér fram og rökstuðning fyrir efnisatriðum frv. Markmiðið með flutningi frv. er að treysta stöðu kennara í landinu með því að lögvernda starfsheiti þeirra sem hafa full kennararéttindi og heimilt er að ráða til starfa hjá opinberum skólastofnunum jafnframt því sem veitt er eðlilegt svigrúm til aðlögunar og undanþágu tímabundið skv. 3. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða.

Það var í septembermánuði s. l. að Bandalag kennarafélaga, nýlega stofnað, snéri sér til þingflokka á Alþingi og kynnti fyrir þeim áhugamál sín og stefnumið.

Í bréfi þessu dags. 11. sept., var sérstök áhersla lögð á það baráttumál kennarastéttarinnar að kennarastarfið verði lögverndað og það gert óheimilt að ráða aðra til kennslustarfa en þá sem hafa aflað sér réttinda til starfsins.

Eftir að þetta erindi barst þingflokki Alþb. hóf ég vinnu til undirbúnings að þessu lagafrv. og tók síðan upp samvinnu við fulltrúa úr öðrum þingflokkum sem gerðust samstarfsmenn um þetta mál og ákváðu að flytja það hér með mér.

Á mótunarstigi þessa máls var einnig haft sérstakt samráð við stjórn Bandalags kennarafélaga. Þangað snéri ég mér með bréfi þann 15. okt. og óskaði eftir umsögn um þau drög sem fyrir lágu. Stjórn Bandalags kennarafélaga svaraði með bréfi viku síðar, þann 22. okt., og gaf ýmsar ábendingar um þau drög sem höfðu verið kynnt því og í framhaldi af því voru gerðar breytingar á þeim frumvarpsdrögum sem fyrir lágu og þau felld í það form sem hér liggur fyrir. Ég vil ekki leyna því að Bandalag kennarafélaga hafði uppi óskir um það að ganga jafnvel enn lengra en gert er með frv. þessu varðandi lögfestingu á starfsheiti kennara og verndun á stöðu þeirra sem full réttindi hafa. Get ég þessu til áréttingar vitnað í bréf frá stjórn Bandalags kennarafélaga frá 22. okt. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Markmið Bandalags kennarafélaga er að enginn stundi kennslu sem ekki hefur til þess tilskilin réttindi. Þess vegna er ekki talið rétt að í lögunum séu tíundaðar undanþáguheimildir af neinu tagi. Hins vegar gæti í bráðabirgðaákvæðum með ákveðinni tímasetningu komið fram hvernig bregðast skuli við þegar enginn með tilskilin réttindi sækir um auglýst starf. Bandalag kennarafélaga leggur á það höfuðáherslu að hafa úrskurðarvald þegar fjallað verður um slíkar undanþágur."

Fleiri ábendingar komu fram í þessu erindi sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér, enda var, eins og ég hef áður greint frá, tekið tillit til ýmissa af ábendingum stjórnar Bandalags kennarafélaga við mótun málsins.

Við flm. töldum hins vegar ekki rétt að ganga þannig fortakslaust til verka að ekki væri veitt svigrúm fyrir þá aðila sem nú stunda kennslustörf án þess að hafa til þess full réttindi. Því er hér að finna í 3. gr. ákvæði til þess að veita takmarkað og tímabundið leyfi til kennslustarfa þeim sem eru í starfi þegar lögin öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 1. gr., auk þess sveigjanleika sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða. Það getur að sjálfsögðu ekki verið markmið löggjafans að standa þannig að máli að neyðarástand skapist við skólastofnanir í landinu vegna þess að ekki sé hægt að ráða til þeirra hæfa krafta með full réttindi. Því er eðlilegt að mati okkar flm. að veita þann aðlögunartíma og svigrúm sem fram kemur í þessu frv.

Meginrökin fyrir því að sett sé löggjöf af þessu tagi eru þau að styrkja þurfi stöðu skóla og fræðslustarfs í landinu með því að búa þannig að kennurum, sem hafa undirbúið sig undir starf sitt, að þeir leiti til starfa í skólum landsins og þannig fái skólakerfið notið krafta þeirra. Það ástand hefur skapast, og reyndar má líta nokkuð langt til baka, að í skólum landsins er við störf allverulegur fjöldi fólks sem ekki hefur lokið tilskildu námi og ekki fengið tilskilin kennsluréttindi. Það eru engar slíkar hindranir í vegi fyrir því að ráða slíka aðila til starfa að það hafi reist við því verulegar skorður. Þau ákvæði sem er að finna í þessu frv. eiga að sporna hér við þannig að því fólki, sem hefur búið sig undir kennarastarfið og aflað sér til þess fullra tilskilinna réttinda, sé tryggður forgangur til starfa og stefnt sé að því innan ekki langs tíma að eingöngu slíkir aðilar verði ráðnir til starfa í skólum landsins.

Það eru vissulega mörg fordæmi þess, og þeim hefur farið fjölgandi á undanförnum árum, að starfsréttindi einstakra starfshópa eða starfsstétta séu lögvernduð. Í grg. með frv. er vitnað til slíkra fordæma. Þau er að finna m. a. á heilsugæslusviðinu. Við minnumst einnig frv. til l. um bókasafnsfræðinga, sem er nýjasta dæmið af þessu tagi, en það var samþykkt sem lög á síðasta þingi.

Við höfum trú á því, þó að auðvitað sé alltaf álitamál hversu langt skuli ganga í þessum efnum, að lögfesting á starfsheiti kennara og réttindum þeirra til starfa með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir verði til þess að tryggja skólunum hæfari krafta og kennurum með full réttindi þann aðbúnað og launakjör að þeir kjósi að starfa í skólunum og leggi kennarastarfið fyrir sig til lengri tíma og geri það helst að sínu ævistarfi.

Reynslan hefur orðið sú á undanförnum árum, vegna þess hve mjög kjör kennara hafa versnað, að margir gamalreyndir kennarar hafa horfið frá kennslu. Nú er ástandið raunar þannig sem kunnugt er að um eða yfir 50% grunnskólakennara hafa veitt samtökum sínum heimild til að segja störfum þeirra lausum frá tilteknum tíma og 70% kennara á framhaldsskólastigi. Frestað hefur verið ákvörðun af hálfu kennara á grunnskólastigi og samtaka þeirra um það hvenær þessum uppsögnum yrði beitt og ákveðið nú nýverið að doka við og sjá hvort stjórnvöld í landinu sjá til þess að bæta aðstöðu og kjör kennara með þeim hætti sem vonir hafa verið gefnar um, m. a. af hæstv. menntmrh. á þessu þingi. Framhaldsskólakennarar hafa enn ekki tekið afstöðu til þess hvort uppsögnum verði beitt, eins og heimilda hefur verið aflað til, til þess að leggja áherslu á réttindabætur þeim til handa. En þessi mikla samstaða kennara í landinu á bak við kröfuna um bætt kjör og ákvörðun af þeirra hálfu að hætta í rauninni til starfi sínu með uppsögn með þeim hætti sem kynnt hefur verið segir sína sögu.

Það eru ekki aðeins launakjörin sem koma inn í þessa mynd, þó að þau vegi eðlilega þyngst, heldur aðrar starfsaðstæður kennara. Það er ekki nokkur vafi á því að á undanförnum árum hefur álag á kennara í starfi og kröfur, sem til þeirra eru gerðar, aukist mjög verulega og launakjörin í engu fylgt þar á eftir. Sama er uppi á teningnum þegar störf kennara eru borin saman við störf aðila sem starfa utan hins opinbera kerfis að marghátturðum störfum sem eru síst vandameiri eða ábyrgðarmeiri en kennarastarfið þar sem gjörólík kjör eru í boði. Nefnd eru dæmi um tvöföld launakjör sem kennurum bjóðast ef þeir leita til starfa utan skólanna og jafnvel þaðan af hærri upphæðir. Það þarf því engan að undra þótt megnrar óánægju gæti hjá kennurum, vaxandi óánægju miðað við það hvernig kjör þeirra eru og þá einnig með tilliti til vaxandi krafna sem til þeirra eru gerðar.

Það er ástæða til að vænta þess að á gildistíma þessara laga, ef frv. þetta verður afgreitt hér frá Alþingi, verði lögð áhersla á að þeir kennarar, sem ekki hafa lokið

fullu kennsluréttindanámi, eigi kost á að bæta þar úr til þess að afla sér tilskilinna réttinda. Það var raunar gengið út frá því þegar sett voru lög nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra, að sérstaklega yrði greitt fyrir því á vegum Kennaraháskóla Íslands að þeir gætu fullnægt þeim skilyrðum sem sett voru með þeim lögum. Við flm. þessa frv. ítrekum það að við slík ákvæði verði staðið en svo hefur ekki orðið í reynd á undanförnum árum. Aðgangur að námskeiðum á vegum Kennaraháskóla Íslands hefur verið takmarkaður, bæði vegna ónógra fjárveitinga og einnig hins, að námskeiðin hafa verið þannig upp byggð að kennslufræðilegur bakgrunnur hefur verið talinn nauðsynlegur til þess að kennarar hefðu not af þeim.

Það er tekið fram í grg. með þessu frv. að á grunnskólastigi séu það um 400 kennarar sem ekki hafa tilskilin réttindi eða 15% kennara á því skólastigi. Ástandið í þessum efnum er mjög misjafnt eftir landshlutum. Utan suðvesturhornsins er ástandið mun lakara en hér á Reykjavíkursvæðinu og segir það sína sögu. Það er því mikil nauðsyn að greiða sérstaklega fyrir því að kennarar á landsbyggðinni, sem vilja stunda kennslustörf og afla sér til þess fullra réttinda til frambúðar, eigi þess kost að bæta úr því sem á vantar að þeir hafi fyllstu réttindi.

Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð að í hópi starfandi kennara, sem ekki hafa aflað sér fyllstu kennsluréttinda, er að finna fjölda af ágætisfólki sem veldur sínu starfi vel. Hins vegar er full ástæða til að ætla að það væri enn betur í stakkinn búið til þess eftir að hafa aflað sér fullra réttinda.

Mér er um það kunnugt og það hefur reyndar komið hér fram á þinginu að hæstv. menntmrh. hefur haft áhuga á því að taka undir þau efni sem fram komu í erindi Bandalags kennarafélaga á sínum tíma. Þann sama dag sem frv. þetta var lagt hér fram í Nd. mun hafa verið sett á laggirnar sérstök nefnd með aðild Bandalags kennarafélaga til að undirbúa sérstakt stjfrv. um þessi efni. Ég fagna því auðvitað ef um þetta baráttumál kennarastéttarinnar og annarra sem unna menntun og skólastarfi í landinu getur tekist sem víðtækust samstaða hér á Alþingi. Ég á ekki von á því að aðrir aðilar sem færu ofan í saumana á þessu máli kæmust að mjög ólíkri niðurstöðu við þá sem fram kemur hér í þessu frv. Ég vænti því að frv. þetta verði til að greiða fyrir löggjöf um þessi efni. Ekki er ég heldur í vafa um það að slík lögverndun á starfsheiti kennaranna verði til þess að auka gæði skólastarfsins og tryggja þá undirstöðu sem mikilverðust er, þ. e. kennslukraftana, að þar fáist valinn maður í hvert sæti. Það er markmiðið með því frv. sem ég hef mælt hér fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð vegna þess máls sem hér er til umr.

Strax í haust hafði skólamálahópur Samtaka um kvennalista ákveðið í samvinnu við þm. samtakanna að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um fyrirætlanir hennar varðandi lögverndun á starfsheiti kennara. Bæði er að þetta er einlægt baráttumál þeirra kennara sem sitja í áðurnefndum skólamálahópi og jafnframt er það brýnt réttindamál allra kennara, enda er lögverndun kennarastarfsins eitt af þeim fjórum meginmarkmiðum sem tilgreind eru fyrir hið nýstofnaða Bandalag kennarafélaga. Jafnframt var á fulltrúaþingi Kennarasambands Íslands á s. l. vori gerð eftirfarandi samþykkt sem ég vil lesa með leyfi forseta:

„Þriðja þing Kennarasambands Íslands samþykkir að fela stjórn sambandsins að hefja nú þegar viðræður við menntmrn. um undirbúning frv. til l. er verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi um lögverndun starfsheitis grunnskólakennara."

Frv. hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar og annarra varð tilbúið eftir að ég hafði lagt fsp. um sama efni fram á þinginu og beið eftir svari ráðh. Fannst okkur þm. Kvennalista rétt að heyra svar ráðh. við fsp. minni áður en við flyttum frv. um sama mál, en áform Samtaka um kvennalista voru að heyra skoðun hæstv. ráðh. og fyrirætlan í þessum efnum en leggja síðan fram frv. til l. um sama efni ef þurfa þætti. Um efnisatriði þessa máls vísa ég að öðru leyti til framsögu minnar þegar ég bar fram fsp.

Af svari hæstv. ráðh. mátti ráða að hún ætlaði að sinna þessu máli. Og það sem meira er, því er ætlað að verða tilbúið til flutnings mjög fljótt. En ég vil vitna til orða hæstv. ráðh. við fsp. minni í Sþ. þann 23. okt. s. l. Þá sagði ráðh.:

„Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. spyr: Er hafinn undirbúningur að frv. til l. um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara?

Svarið er já. Nú fyrir u. þ. b. þremur vikum kom formaður Kennarasambands Íslands að máli við mig og ræddi m. a. þetta atriði og ég tjáði mig fúsa til þess að vinna að slíku lagafrv. og vinna að framgangi þess, hafði enda hugleitt það mál allmikið. Nú nýlega hefur rn. farið þess á leit við Bandalag kennarafélaga að það tilnefni þrjá menn í nefnd til að undirbúa ásamt starfsmönnum rn. frv. til l. um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Vænti ég þess að það líði ekki mjög margir dagar áður en slíkt frv. verður tilbúið."

Það er augljóst af fsp. minni, svörum hæstv. ráðh. og flutningi þessa frv. hv. 5. þm. Austurl. o. fl., ásamt og með þeim viðhorfum annarra þm. sem komið hafa fram í umr. hér á Alþingi um málefni kennara, að mikill áhugi er fyrir því hér á þinginu að mál þetta nái fram að ganga. Það er því von mín að þeirri undirbúningsvinnu sem ráðh. hefur þegar sett á laggirnar verði senn lokið og vildi ég beina fsp. til hæstv. ráðh. um það hvað því máli liði.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Einungis til þess að auðvelda störf hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta frv. til umfjöllunar, vil ég taka fram að innan tíðar er væntanlegt stjfrv. um þetta efni. Það mundi kannske auðvelda vinnuna að þessu máli að fjallað yrði um þessi frv. samtímis. E. t. v. hefðu það líka verið heppileg vinnubrögð og sparnaður á tíma þingsins að láta nú þessar hugmyndir einhvern veginn falla saman eða ná samkomulagi um þetta mál. Ég sé ekki að þetta mál sé þess eðlis að ástæða sé til að hafa uppi pólitískt kapphlaup um það, eins og ýmislegt í þessu sambandi og flutningi málsins bendir til. En við sjáum það, ef við athugum þetta frv., að þar hefðu nokkur atriði haft gott af því að fá nánari umhugsun. Hv. flm., sem ég hygg að sé maður glöggur og greindur hlyti að hafa séð gallana á því ef hann hefði hugsað nokkru nánar um málið.

Þá er fyrst til að taka, ef við löggildum starfsheiti

kennara, að kennarar starfa vitanlega við margs konar skólastofnanir á vegum hins opinbera. Nú er það svo að lögin um embættisgengi kennara og skólastjóra varða fyrst og fremst grunnskóla og framhaldsskóla. En aftur á móti er ekkert á móti því að fólk með annars konar menntun en tilgreind er í embættisgengislögunum starfi t. d. sem kennarar í lögregluskólanum, í póstskólanum, við kennslu í flugumferðarstjórn eða ljósmæðraskólanum. Fleira má telja. Ég hygg því að við lendum fljótlega í ógöngum ef við höfum þetta ekki betur afmarkað. Ég hef a. m. k. ekki enn þá komið auga á betra ráð — að löggilda beri sérstaklega starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Því veldur eiginlega bæði tilfinningin fyrir hinni víðtæku merkingu orðsins kennari og svo einnig hitt, ef við höldum okkur einungis við þá sem eru kennarar í ýmsum skólum hins opinbera eða sem hið opinbera á einhvern hlut að, þá er oft og tíðum um að ræða fólk sem fullnægir ekki skilyrðum laganna um embættisgengi kennara og skólastjóra, heldur hefur annars konar þekkingu til að bera sem hefur þótt nauðsynleg í þeim störfum sem umræddir skólar miðast við.

Ég er þeirrar skoðunar að einnig sé heppilegra að hafa í nýjum lögum einungis lögverndun starfsheitisins. Starfsréttindi kennara hafa verið lögvernduð í mörg ár í lögunum um embættisgengi kennara og skólastjóra. Ég hygg að engin ástæða sé til þess að flytja ákvæði þeirra laga yfir í ný lög, heldur láta hin nýju lög einungis fjalla um þau atriði sem lög vantar um. Ég held líka að sá samanburður, sem menn oft og einatt hafa í huga við lögverndun starfsheita annarra stétta, sé dálítið misvísandi. Menn tala þá oft og einatt um verndun starfsheitis og starfsréttinda í sama orðinu. Hér voru t. d. nefnd áðan lög, sem samþykkt voru á Alþingi í fyrra, um löggildingu starfsheitis bókasafnsfræðinga. Það stendur einmitt svo á um það mál að þar var starfsheitið lögverndað. Í því felst í rauninni ekki annað en að menn vita að á bak við það tiltekna starfsheiti er tiltekin menntun og tilteknum skilyrðum fullnægt til þess að það starfsheiti sé borið. Síðan er fjallað um það annars staðar hvaða störf séu sérstaklega ætluð þeim sem hið lögverndaða starfsheiti hafa. Um það þykir mér eðlilegra að fjalla í öðrum lögum, ýmist þeim sem um þær stofnanir fjalla sem starfa á við eða þá lögum sem enn frekar kveða á um starfsréttindin sérstaklega, eins t. d. lögin um embættisgengi kennara og skólastjóra. Á þennan veg held ég að framkvæmdin verði skýrust. Annars eru þessi atriði til umfjöllunar í nefnd sem ég gat um fyrr í vetur þegar fsp. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur var á dagskrá. Sú nefnd hefur nú verið að störfum í nokkurn tíma og ég vona að ekki sé langt í að hún ljúki störfum. Hún hafði ekki lokið störfum í síðustu viku, en ég held að þeim sé u. þ. b. að verða lokið.

Aðalatriðið er að sá tilgangur náist að skýrt verði hvað felst í þeim starfsheitum sem við ætlum að og viljum löggilda. Ég hygg að auðveldara verði að gera það skýrt með því að binda lögin við starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, þannig að við séum ekki að fara að óþörfu inn á svið kennara á allt öðrum sviðum, danskennara, póstskólakennara, lögreglukennara, flugumferðarkennara o. s. frv. Það er ekki það sem ætlunin var að fjalla um, heldur einmitt grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Ég hygg nú að við nánari umhugsun muni hv. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Austurl., leggja því lið sem verði framkvæmanlegt. Það held ég að verði þeim hópum, sem hér hafa hagsmuna að gæta, mest til hjálpar og skólunum til framdráttar að sett verði um þetta efni glögg lög.

Ég vildi gjarnan fara örfáum orðum um önnur atriði, sem tengjast almennt skólastarfi og hv. flm. frv. vék nokkrum orðum að, og þá sérstaklega í sambandi við réttindanámskeið kennara. Það er að vísu ekki hluti af þessu frv., en ósköp eðlilegt að menn ræði um það, hvernig menn afla sér réttinda ef þeir hafa þau ekki. Ég vil geta þess að það hefur verið mikið áhugamál í menntmrn. að koma svo sem verða má á sumarnámskeiðum til réttinda. Sumarnámskeiðin geta einmitt leyst vandann fyrir þá sem starfað hafa um nokkurt skeið án þeirra umræddu réttinda sem í lögum er getið. Sumarnámskeiðin eru í raun og veru oft eina færa leiðin fyrir ýmsa kennara utan af landsbyggðinni. Slíkt námskeið var m. a. haldið s. l. sumar og ætlunin er að reyna að halda slíku áfram. Að sjálfsögðu leysa sumarnámskeiðin ekki allan vanda, en ég tel að nauðsynlegt sé að hafa þau enn um nokkurt skeið til að koma betri skipan á þessa hluti.

Ég tel að ekki sé sérstök ástæða til að fara mörgum orðum um önnur atriði sem hv. þm. fjallaði um. Hann nefndi hér nokkrum orðum hugmyndirnar um uppsagnir kennara og heimildir sem þeir hefðu veitt sínum samtökum til að beita þeim uppsögnum. Mér virðist aftur á móti að heimildir liggi raunverulega ekki fyrir fyrr en ljóst er hvenær má beita þeim. Það verður auðvitað að liggja fyrir hvenær slík plögg má nota til þess að hægt sé að fullyrða að heimildin liggi fyrir. Ég hygg að það sé enn þá ekki orðið alveg ljóst. Ég vil segja sem betur fer því að það sér hver maður. Ég hygg að margir kennarar séu þeirrar skoðunar að þarna sé verið að fjalla um mjög viðkvæmt efni, ekki síst þegar staðið hefur fjögurra vikna verkfall í skólunum og nemendur hafa farið á mis við kennslu þann tíma. Það segir sig sjálft að það hefur ekki áhrif til bóta á skólastarfið ef sífellt er verið að ræða um að skólinn standi e. t. v. ekki nema til 1. mars. A. m. k. er það svo, ef menn taka það bókstaflega að uppsagnir kennara yrðu í stórum stíl frá þeim tíma og þær látnar koma til framkvæmda um leið, að sú yrði auðvitað niðurstaðan. Ég tek fram að ég geri ráð fyrir því að það yrði einhver frestur á þeirri framkvæmd um nokkrar vikur, en oft virðist að því látið liggja að til þess geti komið að skólastarf falli niður, a. m. k. af hendi einhverra kennara, á þessum tíma.

Ég vona nú að hægt sé að vinna að lausn þessara mála án þess að til slíkra óyndisúrræða komi og líka á þann veg að skólastarf geti gengið eðlilega og án slíks þrýstings. Það er vitað mál að það er fullur vilji fyrir því að vinna að framkvæmanlegri lausn þessara mála og ég sé ekki að hótanir um uppsagnir bæti vinnuna að þeim málum eða geri starf skólanna léttara eða greiðara á neinn veg.

Ég vil, herra forseti, sérstaklega beina því til n. sem mál þetta fær til umfjöllunar að athuga þau atriði sem ég hef hér nefnt og að fá upplýsingar frá þeim sem vinna nú að samningu stjfrv. um þetta efni. Vona ég að það geti orðið til þess að samkomulag verði um afgreiðslu þess máls.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að á vegum menntmrn. er einhver skriður á undirbúningi þess frv. sem hæstv. ráðh. boðaði hér fyrir nokkrum vikum að væntanlegt væri inn í þingið, um svipað efni og það mál sem hér er á dagskrá. Ég tel nú alveg óþarft fyrir hæstv. ráðh. að halda því fram að um þetta mál hafi staðið eitthvert pólitískt kapphlaup, hvað þá að betur hefði verið farið með tíma þingsins með því að mál þetta væri ekki fram komið sem hér er til umr. Ég tel að þingið verji í rauninni of litlum tíma til þess að ræða um skóla og fræðslumál og það mætti benda á ýmislegt sem kannske frekar mætti bíða, án þess að ég ætli að fara að tíunda það hér, og sem minna máli skiptir og varðar færri heldur en starfið í skólum landsins og störf og staða þeirra sem þar eru að vinnu, bæði sem kennarar og nemendur. Ég hef ekki minnsta samviskubit yfir því að hér fari svolítill tími í hv. deild, hvað þá að ég sjái eftir þeim tíma sem ég í samvinnu við aðra flm. þessa máls hef lagt að því.

Ég vænti þess vissulega að um þetta efni megi takast víðtæk samvinna og framlagning þessa máls og umr. sem hér hefur farið fram nú þegar um það verði til þess að hraða lagasetningu í þá veru sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Er ég þá að sjálfsögðu reiðubúinn til að hlusta á allar raddir um aðra tilhögun í hv. menntmn. Nd., sem ég legg til að fái málið til meðferðar að lokinni þessari umr.

Hæstv. ráðh. benti á það að álitamál gæti verið hversu víðtæk lögverndun á starfsheiti kennara skyldi vera og benti á að mestu vörðuðu grunnskólakennarar og framhaldsskólakennarar í þessu samhengi. Ég get alveg verið ráðh. sammála um að það eru stærstu hóparnir sem hér eiga í hlut og ýtt hafa á eftir þessu máli sem hér er fram komið, svo sem eðlilegt er. En ég tel þó *rétt að þetta mál sé skoðað í enn víðara samhengi en* einvörðungu varðandi þessi skólastig, þó með fullum vilja til að sýna eðlilegan sveigjanleika.

Með lögverndun á starfsheitinu kennari hjá opinberum skólastofnunum og þeim skólastigum sem mestu varða er í rauninni verið að gera ráð fyrir því að þeir, sem ekki hafa tilskilin réttindi, noti ekki það starfsheiti. Hæstv. ráðh. vék að nokkrum sérskólum sem eðlilegt væri að aðrar reglur giltu um. Ég skal á þessu stigi ekki leggja mat á það hvað eðlilegt telst í því samhengi. Ég vil aðeins að fram komi að ég tel að menntun og þjálfun í kennslu, skv. þeim kröfum sem settar eru, sé holl öllum þeim sem við kennslustörf fást á hvaða skólastigi og í hvaða skóla sem er. Hins vegar er ekki eðlilegt að opinberir aðilar fari að grípa inn í verksvið einkaskóla að þessu leyti og reyna að hafa takmarkandi áhrif þar að lútandi. Því er í frv. kveðið á um að þessi lögverndun taki til kennslustarfa við skólastofnanir á vegum opinberra aðila.

Ég vil geta þess að þessi skoðun mín, varðandi æskilega þjálfun kennara í kennslustarfinu sem slíku og því sem þar til heyrir, fyrir utan faglega þekkingu sem þarf auðvitað að vera til staðar, hún á einnig að gilda varðandi háskólastig. Full ástæða væri til að taka það til athugunar og setja um það reglur hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem annast kennslu á háskólastigi varðandi kennsluréttindin. Það skiptir miklu að menn hafi í því þjálfun að miðla þekkingu og umgangast þá sem hennar eiga að njóta með eðlilegum hætti. Ég er ansi smeykur um að í ljós komi ef litast er um í háskólum, ég tek ekki Háskóla Íslands hér sérstaklega út úr, og ég þekki það raunar af eigin reynslu, að þá lærðu menn, sem þar standa í pontum til að miðla sinni þekkingu, skorti oft á tíðum lyklana að hugum, eyrum og augum þeirra sem þeirra fræðslu eiga að njóta, sumpart vegna þess að þeir hafa ekki fengið til þess tilskilda þjálfun.

Vissulega eru fyrstu skólastigin að mínu mati allra mikilvægust. Grunnskólastigið og forskólastigið líka skipta sem mótandi ár í uppvexti barnsins meira máli en nokkuð það sem á eftir kemur. Því endurspeglar það rangt mat að launa kennara á grunnskólastigi lakar og ætlast til meiri vinnu af þeirra hálfu fyrir minna kaup en t. d. kennara á framhaldsskólastigi. Í þessu birtist afar forneskjulegur hugsunarháttur og vanþekking á þeim mjúka leir sem barnið og barnshugurinn er. Á þessu þarf að verða breyting. Ég held raunar að nokkur viðhorfsbreyting hafi þegar orðið og viss leiðrétting til jafnaðar í þessum efnum, ekki síst fyrir tilstuðlan samtaka kennara. Ég geri það heldur ekki að neinu máli hvernig þau efni, sem hér er tekið á með flutningi þessa frv., koma inn í lagasafnið og er alveg reiðubúinn til að líta á aðrar hugmyndir í því efni. Meginatriðið eru efnisatriði málsins svipað og þau hafa verið lögð hér fyrir og með þeim breytingum sem hægt er að sannfæra hv. þm. um að séu til bóta og færu betur.

Hæstv. ráðh. vék hér í máli sínu að námskeiðum til að greiða götu kennara til að afla sér kennsluréttinda. Ég fagna því ef fyrir tilstuðlan hæstv. ráðh. verði greidd gata manna sem áhuga hafa á til að bæta við sína þekkingu og afla sér aukinna réttinda að þessu leyti. Ég nefni það líka að auk sumarnámskeiða fyrir starfandi kennara sem vildu auka sín réttindi þurfi einnig að athuga möguleika á því að halda slík námskeið utan höfuðstaðarins ef það mætti verða til að auðvelda þátttakendum að sækja slík námskeið með viðráðanlegum kostnaði.

Varðandi það, sem hæstv. ráðh. sagði hér um heimild sem kennarar hafa veitt samtökum sínum til að segja upp störfum fyrir sína hönd, mætti ýmislegt segja. Svo virtist sem hæstv. ráðh. teldi óljóst hvað í þessum heimildum fælist. Mér sýnist það nokkuð einsýnt að um 50% eða vel það af *grunnskólakennurum hafi veitt* samtökum sínum sjálfdæmi um það hvenær þau notfæri sér þær heimildir sem þeir sem einstaklingar hafa veitt þessum samtökum. Samtök grunnskólakennara og þar til kvatt ráð hefur ákveðið að doka við og sjá hverju fram vindur, að mér skilst, fram eftir vetri. Fyrirhugað mun vera að kveðja til sérstakt þing, líklega í marsmánuði n. k., til að fjalla um stöðu mála þá. Framhaldsskólakennarar eru með þetta mál enn til athugunar á grundvelli heimilda frá um 70% kennara á því skólastigi, að því er upplýst hefur verið nýlega.

Ég vil aðeins hvetja stjórnvöld, og hæstv. menntmrh. ekki síst, til að nota tímann vel og alveg sérstaklega að taka í þá hönd, sem samtök grunnskólakennara hafa rétt fram nú með því að ákveða að doka við með fjöldauppsagnir, til að tryggja á komandi vikum og allra næstu mánuðum að úrbætur verði tryggðar sem leiði til þess að kennarar geti með góðri samvisku og vilja endurskoðað sinn hug og sína stöðu. Ég held að þetta skipti gífurlega miklu máli. Við verðum að horfast í

augu við það hér á hv. Alþingi og ekki síst hæstv. ríkisstj. að kennarar, óháð stjórnmálaskoðunum og slíkum viðhorfum, eru með réttu orðnir svo langþreyttir og óánægðir með kjör sín að þeir eru reiðubúnir til að grípa til ráða, sem stundum hefðu verið talin örþrifaráð, til að knýja á um úrbætur.

Umræður fyrr á þessu þingi um kjör kennara hafa því miður ekki alltaf endurspeglað þann vilja og þann skilning valdamikilla aðila í landinu sem þyrfti að vera á kennarastarfinu og aðbúnaði og kjörum kennara. Við skulum vona að sú umr. sem fram hefur farið það sem af er þings verði til að opna augu sem flestra hv. alþm., ekki síst innan ríkisstj., fyrir nauðsyn þess að bæta hér um og það mjög verulega því ekkert minna dugar að mínu mati.

Herra forseti. Ég vænti þess að mál þetta fái þinglegan framgang og skoðun í hv. menntmn. þessarar deildar og vænti þess að þar liggi einnig sem fyrst fyrir það frv. sem hæstv. menntmrh. hefur boðað að fram komi innan skamms af hálfu ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Átak í byggingu leiguhúsnæðis, þáltill. 160. mál (þskj. 165). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Raforka til vatnsdælingar hitaveitna, þáltill. 163. mál (þskj. 168). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skattbyrði hjóna, þáltill. 171. mál (þskj. 180). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, þáltill. 172. mál (þskj. 183). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 168. mál (þskj. 177). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnulíf á Norðurlandi vestra, þáltill. 174. mál (þskj. 186). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1985, frv. 1. mál (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1985, þskj. 1.

Af ástæðum sem þingmönnum eru vel kunnar hefur nokkur dráttur orðið á því að unnt væri að mæla fyrir fjárlagafrv. fyrir 1985. Á þeim tíma sem upphaflega var ráðgert að flytja framsöguræðu fyrir frv. stóð yfir verkfall opinberra starfsmanna og þar sem útlit var fyrir að samningar við opinbera starfsmenn mundu raska þeim tekju- og útgjaldagrunni, sem frv. var byggt á, þótti eðlilegt að bíða með framsögu þar til samningar lægju fyrir og menn hefðu skýra mynd af áhrifum þeirra á ríkisbúskapinn. Einnig þótti eðlilegt, eftir að samningar lágu fyrir, að bíða með að gera grein fyrir fjárlagafrv. og breytingum á því þar til heildaraðgerðir ríkisstj. í kjölfar kjarasamninganna lægju fyrir. Þessar ráðstafanir hafa nú verið ákveðnar, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra s. l. fimmtudag. Á næstu dögum munu síðan koma til meðferðar Alþingis þau mál sem þessum aðgerðum tengjast og lagabreytinga þurfa við.

Í kjölfar þeirrar breytingar á gengi íslensku krónunnar sem óhjákvæmilegt var að gera og kom til framkvæmda í síðustu viku hefur ríkisstj. ákveðið ýmsar aðgerðir til að milda áhrif gengisfellingarinnar fyrir almenning. Þegar hefur verið greint frá verulegum hækkunum bóta almannatryggingakerfisins sem í nokkrum tilfellum eru umfram hinar almennu peningalaunahækkanir. Alls hækka tryggingabætur 1985 um rúmlega 100 millj. kr. umfram verðlagshækkanir. Einnig hefur verið ákveðið að greiðslur fyrir lyf og lækniskostnað hækki ekki á næsta ári. Þá hækka framlög til niðurgreiðslna til samræmis við áætlaðar verðlagsbreytingar, þannig að niðurgreiðslur á vöruverði verði á næsta ári sama hlutfall og ráð var fyrir gert í fjárlagafrv. Þá hefur, eins og ég hef áður skýrt frá, verið ákveðið að lækka tekjuskatt um 600 millj. kr. á næsta ári og mun sú lækkun koma til framkvæmda með þeim hætti að skattar allra gjaldenda lækka frá því sem verið hefði, en skattur hinna tekjulægstu og heimila með eina fyrirvinnu þó mest. Í frv. sem ég mun brátt mæla fyrir hér á Alþingi er gert ráð fyrir að skattþrep einstaklinga verði 20, 31 og 44% í stað 23, 32 og 45% í ár. Hámarksmismunur á sköttum hjóna eftir því hvort fyrirvinna er ein eða tvær mun minnka stórlega frá því sem verið hefur eða úr rúmlega 80 þús. kr. í rúmlega 56 þús. kr. Mun ég gera nánari grein fyrir þessari skattalækkun þegar ég mæli fyrir frv. um þau efni. Ég vil í þessu sambandi einnig minna á stjfrv. það sem ég lagði nýlega fram og gerir ráð fyrir skattfrelsi manna á fyrsta ári eftir að þeir láta af störfum. Mun sú ráðstöfun mjög milda og auðvelda þau viðbrigði er verða við starfslok hjá almennu launafólki.

Þær ráðstafanir til að létta undir með fólki með lækkun skatta sem ég hef rakið ættu að taka af öll tvímæli um það hver hugur minn og ríkisstj. er til lækkunar skatta. Ber að harma að ekki reyndist unnt að tengja þessar skattalækkanir kjarasamningunum fyrr á þessu hausti.

Þeir kjarasamningar sem knúðir voru fram í lok október setja um margt strik í reikning þess árangurs í

efnahagsmálum sem náðst hafði frá því núverandi ríkisstj. tók við völdum í maí í fyrra. Búið var með margháttuðum ráðstöfunum að ná fram ótrúlega mikilli hjöðnun verðbólgu á þessum tíma og margt benti til þess að verðhækkanir á næsta ári gætu orðið innan við 10%. Samningarnir, sem gerðir voru, voru langt frá því að geta rúmast innan þessa ramma og því þarf engum að koma á óvart þótt verðbólga vaxi á ný næstu tvo ársfjórðunga eða svo. Hins vegar ætti að vera unnt að tryggja með þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur nú ákveðið og með mikilli aðhaldssemi í peningamálum og fjármálum ríkisins á næsta ári að verðbólgan eftir mitt næsta ár verði ekki meiri en hún var áður en kjarasamningarnir voru gerðir. Þá verður væntanlega unnt að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið við að reyna að koma verðbólgunni á það stig sem hún almennt er í okkar helstu viðskipta- og nágrannalöndum þannig að atvinnulífið og efnahagsstarfsemi í landinu geti búið við þann stöðugleika og það öryggi sem nauðsynlegt er til að geta skapað hér ný atvinnufyrirtæki og batnandi lífskjör. Vænti ég þess að aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar ríkisvaldsins taki höndum saman á næsta ári, reynslunni ríkari, til þess að tryggja raunhæfari kjarasamninga en nú voru gerðir.

Áður en ég sný mér að fjárlagafrv. sjálfu vil ég segja nokkur orð um starfsmannamál ríkisins sem voru mjög í sviðsljósinu í nýafstöðnu verkfalli BSRB.

Það er ekki síður þýðingarmikið fyrir ríkið sem atvinnurekanda en önnur atvinnufyrirtæki að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem er sátt við vinnu sína og þann sem unnið er fyrir. Án þess getur ríkið sem atvinnurekandi ekki vænst þess að geta veitt þegnum sínum þá þjónustu sem því er ætlað og þeir eiga kröfu á.

Ég skal ekki verða langorður um framkvæmd verkfalls opinberra starfsmanna. En í ljósi þeirrar reynslu sem þá fékkst virðist óhjákvæmilegt að gera breytingu á þeim lögum sem um þessi mál gilda, m. a. til þess að komast hjá harkalegum deilum um valdsvið kjaradeilunefndar.

Þá tel ég líka nauðsynlegt að aðilar efli til muna samstarf sín í milli á samningstímanum og miðli upplýsingum hvor til annars. Þannig ætti aðilum að vera ljósari staða og viðhorf hvors aðila þegar að samningum kemur.

Þá hef ég óskað eftir því að kannað sé á hvern hátt koma megi á fastmótaðri stefnu í starfsmannahaldi hjá ríkinu þar sem m. a. yrði reynt að hafa skýrari afmörkun verka og ábyrgðar, bætta starfsaðstöðu og búnað, koma á hvetjandi vinnuumhverfi, auka endurmenntunarmöguleika starfsmanna og að starfsmenn ríkisins verði sér meira meðvitandi um vinnuframlag og vinnugæði. Þá tel ég ekki síður mikilvægt að reynt sé að skapa þau skilyrði að starfsmenn ríkisins geti átt þess kost að skipta tíðar um störf innan ríkiskerfisins, en með því ætti mönnum að vera meira í mun að sýna hæfni í störfum sínum.

Á hinum almenna vinnumarkaði hefur á síðustu árum verið innleitt svonefnt hvetjandi launakerfi. Spurningin er sú hvort ekki sé æskilegt að taka upp slíkt fyrirkomulag hjá ríkinu þar sem því verður við komið. Gæti þetta auðveldað ríkinu að halda í sinni þjónustu hæfu og góðu starfsfólki. Hins vegar er ljóst að ekki mun vera hægt að koma slíku fyrirkomulagi við í fjölmörgum störfum vegna þess að erfitt mun reynast að koma á mælingu vinnu og afkasta, en eigi að síður tel ég mikilvægt að þessi mál séu skoðuð og þá í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna.

En eitt ætti mönnum að vera ljóst, að sú hefðbundna verkfallsbarátta sem nú tíðkast gefur ekki aðilum þær kjarabætur sem menn vonast eftir. Opinberir starfsmenn, sem þátt tóku í verkfallinu, verða lengi að vinna upp það tekjutap sem verkfallinu fylgdi og hæpið að það vinnist upp á samningstímanum. Tap þjóðarbúsins og óþægindi alls almennings er ómælt. Ég er þeirrar skoðunar að þeir kjarasamningar, sem knúðir voru fram á endanum, skili fólki í raun ekki meiru en því sem hægt hefði verið að semja um án átaka.

Fjárlagafrv. ríkisstj. og þjóðhagsáætlun voru byggð á samræmdum forsendum og var þar lögð til grundvallar sú stefna sem mörkuð er í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá 7. sept. s. l. Að undanförnu hefur verið unnið að mati á áhrifum breyttra launa-, verðlags- og gengisforsendna á fjárlagafrv. Sú endurskoðun leiðir eftirfarandi í ljós með hliðsjón af fyrirliggjandi fjárlagafrv.: Tekjur hækka um 13.2% og verða sem næst 24.99 milljarðar kr., gjöld hækka um 12.2% og verða nálægt 25.3 milljarðar kr.

Í þessu endurmati kemur fram að laun, rekstrargjöld almannatryggingabætur, vextir o. fl. hækka um 2200 millj. frá frumvarpinu, en að auki hefur verið ákveðið að hækka framlög til vegagerðar um 192 millj. og til húsnæðismála um 104 millj. kr. Vegna sérstakrar hækkunar lífeyrisbóta nú í nóvember þarf að áætla fyrir 100 millj. kr. 1985 og framlag vegna niðurgreiðslna hækkar jafnframt um 70 millj. kr., eins og ég hef þegar rakið. Þá munu almennar framkvæmdir einnig hækka nokkuð. Hefur í endurmatinu verið gert ráð fyrir 75 millj. kr. hækkun framlaga til almennra framkvæmda og mun fjvn. skipta því fé.

Á tekjuhlið frv. er gert ráð fyrir almennri tekjuhækkun ríkissjóðs vegna verðlags- og veltubreytinga að fjárhæð 2290 millj. kr. Gert er ráð fyrir 300 millj. kr. hækkun tekna af hagnaði ÁTVR og af vöxtum. Loks hefur ríkisstj. ákveðið sérstaka fjáröflun að fjárhæð allt að 320 millj. kr. sem kynnt verður síðar.

Endurskoðunin gefur því til kynna að rekstrarhalli ríkissjóðs nemi 300—400 millj. kr. og er það nokkur lækkun frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, en þar var hallinn áætlaður 531 millj. kr. Jafnframt leiða hinar breyttu verðlagshorfur til þess að afborganir af skuldum ríkissjóðs hækka um 125 millj. kr., en á móti er talið að innlend lánsfjáröflun hækki um 50 millj. kr. Niðurstaðan er því sú að unnt sé að lækka erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir eða úr 1.3 milljarði í 1.1—1.2 milljarða kr.

Hér að framan hef ég greint í stuttu máli frá þeim breytingum sem verða á frv. því sem ég mæli hér fyrir og má rekja beint til breyttra efnahagsforsendna sem ekki voru fyrir séðar við samningu frv. Ljóst er að taka þarf þessar breytingar inn í meðferð Alþingis á frv. og sé ég ekki ástæðu til að fjalla um þær frekar að svo stöddu. Ég mun nú fjalla nokkuð um fjárlagafrv. eins og það var lagt fram í þingbyrjun.

Við ákvörðun launa-, verðlags- og gengisforendna fyrir 1984 og 1985 byggði fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun á samræmdum forsendum. Áætlun um tekjur og gjöld byggði á þeirri forsendu að kaupmáttur ráðstöfunartekna héldist óbreyttur milli áranna 1984 og 1985.

Tekið var tillit til lækkunar tekjuskatts og reiknað með um 5% hækkun kauptaxta innan ársins 1985.

Í tekjuáætlun upphaflega frv. er reiknað með að viðskiptavelta 1985 aukist um 1—2% milli ára. Reiknað er með auknum innflutningi olíuvara um 2% að magni til og einnig er reiknað með verðhækkun olíu á erlendum mörkuðum. Öllum skatt- og tekjustofnum ríkissjóðs er haldið óbreyttum frá árinu 1984 nema tekjuskatti einstaklinga sem er 600 millj. kr. lægri vegna fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskattsálagningar.

Gjaldahlið frv. einkennist af aðhaldssemi í fjárlögum. Leitast hefur verið við að meta rekstrarfjárveitingar sem raunhæfast. Markvisst hefur verið dregið úr framlögum til framkvæmdaverkefna og hvers konar starfsemi sem ríkissjóður er óbundinn af og eru margar stofnkostnaðarfjárveitingar óbreyttar að krónutölu eða lægri en í fjárlögum fyrir árið 1984.

Unnið hefur verið að endurskoðun á ýmsum þáttum, er varða ríkisreikning og fjárlög, með tilliti til framsetningar. Þessi endurskoðun hefur leitt til þess að nú er gerð nokkur breyting á framsetningu fjárlagafrv. Sams konar breyting verður gerð á framsetningu ríkisreiknings fyrir árið 1985 og þess gætt að framvegis verði fullt samræmi í tölusetningu stofnana og viðfangsefna í fjárlögum og ríkisreikningi.

Segja má að um þrjár meginbreytingar sé að ræða:

Í fyrsta lagi verður tekinn upp nýr bókhaldslykill fyrir ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Byggir frv. á hinum nýja lykli og er ákveðið að bókhald allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja fylgi hinum nýja bókhaldslykli frá ársbyrjun 1985.

Í öðru lagi verður tekið í notkun nýtt véltækt bókhalds- og áætlanakerfi hjá öllum A-hluta stofnunum á árinu 1985 og er með því stefnt að því að gera bókhaldið að virkara eftirlits- og stjórnunartæki. Aukin áhersla er lögð á umfjöllun fjárframlaga til viðfangsefna hjá stofnunum, en á móti fækkar gjaldategundum. Fjárveiting til einstakra viðfangsefna er því sýnd á undan skiptingu útgjalda á gjaldategundir.

Í þriðja lagi hefur verið tekin upp ný skilgreining á því sem telst til rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Minni háttar viðhald er nú fært með öðrum rekstrargjöldum, en meiri háttar viðhaldsverkefni eru sýnd sem sérstök viðfangsverkefni. Svipaður greinarmunur er gerður á fjárveitingum til stofnkostnaðar.

Að lokum er bryddað á þeirri nýjung í athugasemdum frv. að sýnd er framsetning fjárlaga 1984 og fjárlagafrv. 1985 miðað við þann uppgjörsmáta sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur útbúið. Megintilgangur þess að færa ríkissjóð upp á þennan hátt er sá að geta séð hvar áherslur í tekjuöflun og útgjöldum til einstakra málaflokka liggja. Þá má enn fremur segja að framsetning á lánveitingum og lántökum ríkissjóðs verði bæði gleggri og skýrari en fram kemur í 1. gr. fjárl. Þá vil ég fjalla nokkuð um tekjur.

Áætlað er að heildarinnheimta tekna ríkissjóðs verði skv. frv. 21 981 millj. kr. á árinu 1985, samanborið við 19 512 millj. kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1985 nemur því 2 469 millj. eða 12.7% frá endurskoðaðri áætlun 1984. Mælikvarði á umsvif ríkisins er hlutfall tekna af þjóðarframleiðslu. Á þennan mælikvarða lækka tekjur hlutfallslega úr 29% 1984 í 28.5% skv. frv. fyrir 1985 og í um 28.8% skv. nýjustu áætlun. Með samanburði við fyrri ár kemur í ljós að á þessu ári eru innheimtar tekjur ríkissjóðs taldar hækka um 28.8% frá 1983, en næstu þrjú árin á undan hækkuðu tekjur ríkissjóðs um nálægt 60% að jafnaði.

Eins og áður er komið fram er nú samkvæmt endurmati talið að tekjur ríkissjóðs geti orðið um 24.9 milljarðar kr. árið 1985 og er það um 27.6% hækkun frá áætlaðri útkomu 1984. Samkvæmt frv. eru óbeinir skattar tæplega 84% af heildartekjum ríkissjóðs en beinir skattar aðeins tæplega 13%. Arðgreiðslur og ýmsar tekjur eru rúm 3%.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1985 skv. fjárlagafrv. eru áætluð 22 513 millj. kr. og er það 23.1% hækkun frá fjárlögum ársins 1984, en aðeins 15% hækkun frá áætlaðri útkomu gjalda 1984. Eins og ég hef áður að vikið er nú talið að gjöldin geti numið um 25.3 milljörðum kr. og hækka þau því um 27.6% frá áætlaðri útkomu 1984.

Útgjöldum ríkissjóðs hefur oft verið þröngur stakkur skorinn, en ef til vill sjaldan sem nú. Mörgum ráðherrum þykir án efa illa að sér vegið þar sem mörgum áhugaverðum verkefnum hefur verið hafnað. Oft hefur verið að því fundið hvað erfitt er að sveigja starfsemi stofnana til. Tel ég brýnt að athuga þetta mál gaumgæfilega.

Ég mun nú fjalla um veigamestu útgjaldaflokka frv. og fyrst og fremst um þau atriði sem fela í sér stefnubreytingu frá því sem gilti á síðasta ári. Að öðru leyti vísa ég til athugasemda með fjárlagafrv.

Að meginefni til er reiknað með því í frv. að til reksturs ríkisins, þ. e. greiðslu launa og rekstrargjalda, verði alls varið 8 396 millj. kr. og er það um 15.2% hærri fjárhæð en talið er að verði 1984. Sé verðbreyting sú milli ára, sem frv. byggir á, höfð til hliðsjónar má segja að umsvif ríkisins í beinum rekstri haldist lítt breytt frá árinu 1984.

Annar mjög veigamikill útgjaldaliður, sem vex uggvænlega, eru greiðslur vaxta og afborgana. Í greinargerð frv. er gefið yfirlit um skuldastöðu ríkissjóðs og þær kvaðir sem á ríkissjóði hvíla vegna fjármagnskostnaðar. Áætlaðir vextir og afborganir af umsömdum lánum A-hluta ríkissjóðs nema 2 884 millj. kr. í frv. Þar af eru vextir 1 183 millj. og afborganir 1 701 millj. kr. Að auki er áætlað fyrir 166 millj. kr. vegna yfirdráttarvaxta ríkissjóðs í Seðlabankanum sem stafa af árstíðabundnum sveiflum í tekjum og gjöldum. Vegna breytts gengis og verðlags á næsta ári hækka þessir liðir um tæpar 230 millj. kr.

Auk beinnar greiðslu vaxta og afborgana hefur verið dregið saman hvað það er raunverulega mikið sem greitt er í fjármagnsútgjöld hjá ríkisjóði. Ég nefni stærstu liði í þessu sambandi:

Orkusjóði hefur um árabil verið heimiluð lántaka til endurlána til jarðhitaleitar, sveitarafvæðingar og fleiri verkefna. Af þessum lánum mun ríkissjóður skv. frv. þurfa að greiða um 128 millj. kr. á næsta ári. Á Ríkisábyrgðasjóði hvíla verulegar skuldbindingar. Talið er að af þessum sökum þurfi ríkissjóður að greiða 134 millj. kr. á næsta ári. Þá má nefna lán Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en árin 1981 og 1982 voru tekin erlend lán til að standa undir útflutningsuppbótum. Af þessum lánum þarf að greiða á næsta ári rúmar 80 millj. kr. Auk þessa eru nokkrir smærri liðir. Samtals nema útgjöld ríkissjóðs í frv. sem tengjast greiðslu fjármagnsútgjalda

tæpum 3.3 milljörðum kr. eða tæpum 16% heildartekna ríkissjóðs. Hér er mál að linni. Ef til vill er það uggvænlegast að arðsemi sumra verkefna sem lán hafa verið tekin til er mjög vafasöm svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Um framlög til almannatrygginga er það að segja að útgjöld lífeyristrygginganna eru metin þannig að núverandi fyrirkomulag bótagreiðslna haldist óbreytt, en taki hækkun eins og við á um laun. Því til viðbótar kemur sú sérstaka hækkun bóta sem ég hef áður minnst á. Útgjöld sjúkrasamlaga hafa aukist mjög hröðum skrefum undanfarin ár. Einn liður í því efni eru lyf og læknishjálp, en veigamesti útgjaldaliður sjúkrasamlaga eru þó vistgjöld á sjúkrahúsum og sjúkrastofnunum. Til þessa liðar er áætlað í frv. að verja þurfi alls 1 075 millj. kr. og er þá eingöngu áætlað fyrir óbreyttri starfsemi og ekki gert ráð fyrir fjölgun sjúkrarúma í sjúkrahúsum sem eru í byggingu. Við endurmat gjalda hefur verið tekið tillit til sérstakrar hækkunar vegna 14% hækkunar tryggingabóta nú nýverið. Alls er talið að útgjöld til almannatrygginga þurfi að hækka um 950 millj. kr. frá því sem fram kemur í frv.

Stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að takmarka útgjöld ríkissjóðs til útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Miðað við það að útflutningsbótaréttur inn 1984 verði um 450 millj. kr. er ekki ósennilegt að sambærileg tala fyrir 1985 yrði yfir 500 millj. kr. Miðað við gerðar samþykktir leggur ríkisstj. til að 380 millj. kr. að hámarki verði varið til útflutningsuppbóta árið 1985.

Niðurgreiðslur á rafhitun hafa farið þannig fram að greiðslur fara til RARIK og annarra orkusölufyrirtækja til þess að draga úr hækkun raforkutaxta til húshitunar. Ráðgert er að halda áfram á þessari braut 1985 og verja í þessu skyni 200 millj. kr. Auk þessa framlags hyggst ríkisstj. beita sér fyrir því að aflað verði 150 millj. kr. lántöku sem ætluð er til endurlána til húseigenda þar sem koma má við orkusparandi aðgerðum.

Þá vil ég geta framlaga og fjármála Lánasjóðs ísl. námsmanna, enda hafa þau borið töluvert á góma á þessu ári. Í fjárlögum 1984 og lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá því í maí s. l. var ákveðið 658 millj. kr. hámark á samanlagða lántöku og fjárveitingu til sjóðsins á þessu ári. Í frv. fyrir 1985 er samanlögð fjárveiting og lánsfjáröflun til sjóðsins alls 781 millj. kr. og hækkar því heildarfjáröflun til sjóðsins um 18.7% frá árinu í ár. Með þessari fjárveitingu kemur fram sú stefna að lánshlutfall haldist óbreytt frá því sem nú er eða 95% af umframfjárþörf svokallaðri. Einnig er ráðgert að víxillánum vegna haustlána fyrsta árs nema verði vísað til viðskiptabankanna eins og gert var í ár og gaf góða raun.

Þá vil ég sérstaklega nefna að í frv. eru gjaldfærðar 380 millj. kr. vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að frá áramótum skuli þessi endurgreiðsla fara fram til þess að jafna aðstöðu atvinnugreinarinnar og greiða fyrir samkomulagi um hóflega fiskverðsákvörðun.

Mörgum þm. sem lesið hefur fjárlagafrv. þykir sjálfsagt knappt skammtað til framkvæmda. Þetta er að mörgu leyti rétt og ekki að ástæðulausu. Þó eru tveir málaflokkar framkvæmda sem taka til sín drjúgan skerf allra framlaga til framkvæmda. Það eru framlög til vegamála sem eru um 730 millj. kr. og til byggingarsjóðanna fara alls 800 millj. kr. Er þetta um helmingur alls framkvæmdafjár. Báðir þessir liðir hækka vegna endurmats, eins og ég hef þegar getið um. Ríkisstj. hefur sett þessi tvö málefni sem forgangsverkefni, enda skipta þau almenning í landinu meira máli en margt annað. Framlög til ýmissa annarra málefna, eins og skólabygginga, hafna og sjúkrahúsa, miðast við að standa við gerða verksamninga og halda áfram með byggingu þeirra húsa sem standa hálfbyggð.

Umfram þetta tel ég ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um einstaka fjárveitingarliði. Þó vil ég geta þess að framlög til fjölmargra smærri liða hafa ýmist verið felld niður eða þau sameinuð í stærri óskipta liði sem fjvn. mun ugglaust þurfa að taka til umfjöllunar með öðrum málum. Það sem fyrir mér vakir með þessari ráðstöfun er ekki síst að gengið verði úr skugga um að hve miklu leyti þessi framlög eru nauðsyneg, en oft er hér um hreina smámuni að ræða.

Ég hef lagt alla áherslu á það við þá aðila, sem að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun vinna, að áætlunin verði lögð fram eins fljótt á eftir framlagningu fjárlagafrv. og kostur er. Aðstæður eru nú gjörbreyttar og hafa m. a. í för með sér að þau lánsfjáráætlunardrög sem fyrir lágu fyrr í haust þarf að endurskoða.

Á lánsfjáráætlun eru tvær hliðar, þ. e. ráðstöfun fjár til verklegra framkvæmda eða annarra þarfa ríkissjóðs, einnig fjárfestingarlánasjóða og einkaaðila og hins vegar lánsfjáröflun til þess að mæta fyrirhugaðri ráðstöfun.

Lánsfjáröflun til þess að standa undir ráðstöfun er nú ótryggari en oft áður. Í fjárlagafrv. er skýrt hvernig innlenda lánsfjáröflunin til ríkissjóðs bregst á þessu ári og að mikil óvissa ríki þar um á komandi ári.

Veigamesta uppspretta innlends lánsfjár er skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Þeir eru langstærsti aðili til fjárútvegana fyrir húsnæðislánakerfið.

Ég hef að undanförnu gengist fyrir fundum með forsvarsmönnum lífeyrissjóðanna með það í huga að koma fastari skipan á skuldabréfaviðskipti sjóðanna og hinna opinberu fjárfestingarlánasjóða. Mér virðist flestir þeirrar skoðunar að farsælast sé, ef unnt er, að staðið sé að þessum viðskiptum án lagaþvingana. Hitt er svo að sú óvissa sem ávallt ríkir um skuldabréfakaup þessi veldur einkum húsbyggingarsjóðunum miklum erfiðleikum.

Ríkissjóður hefur ekki fremur en aðrir farið varhluta af því mikla umróti sem verið hefur á fjármarkaðinum. Fjölbreytni í ávöxtunarkjörum sparifjár hefur m. a. valdið því að innlausn verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs hefur verið langt fram yfir það sem áætlað var á þessu ári. Á tímabilinu janúar-október hafa verið innleyst bréf fyrir alls 1369 millj. kr., en ný bréf og svokölluð skiptibréf hafa einungis verið seld fyrir 480 millj. kr.

Áætlun um sölu spariskírteina ríkissjóðs á árinu 1985 er nú mun hóflegri en hún var á þessu ári. Alls er talið í fjárlagafrv. að afla megi 550 millj. kr. með þessum hætti. Hitt er áhyggjuefni að innlausn eldri bréfa getur orðið svo milljörðum skiptir. Heildarinnlausnarverð útgefinna spariskírteina nam í lok september um 4.4 milljörðum kr. Þar af eru einungis um 600 millj. kr. kröfuhæfar eftir árslok 1985. Sú innlausn sem á ríkissjóð getur fallið fram til áramóta í ár og á næsta ári

nemur því alls um 3.8 milljörðum kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að til innlausnar spariskírteina komi 650 millj. kr., en það er sama fjárhæð og reiknað er með að innheimtist af spariskírteinafé sem endurlánað hefur verið. Hér ríkir mikil óvisa og augljóst að mikill vandi getur steðjað að ríkissjóði ef ekki kemst meira jafnvægi á fjármagnsmarkaðinn en nú er.

Ekki má skilja við lánsfjármálin án þess að fjalla um erlendu lántökurnar. Það er ljóst að erlendar skuldir þjóðarbúsins eru langt umfram það sem æskilegt getur talist. Sérstaklega verður að draga úr erlendri lántöku til A-hluta ríkissjóðs, en í upphaflega frv. var ráðgert að afla rúmlega 1.3 milljarða kr. Samkv. því endurmati á stöðu ríkissjóðs sem gert hefur verið í framhaldi af breyttum *forsendum launa og verðlags og skattaáformum* eru nú horfur á að erlendar lántökur til A-hluta ríkissjóðs geti heldur lækkað og verði milli 1100 og 1200 millj. kr. 1985.

Þá er ekki síður nauðsynlegt, ef menn ætla að halda erlendum lántökum þjóðarbúsins innan ákveðinna marka, að horfið verði af þeirri braut að leysa sífellt rekstrarvanda atvinnuveganna og fjárþörf með erlendum lántökum. Á þessu ári hafa verið veittar viðbótarheimildir til erlendrar lántöku um 1 milljarð kr., þar af til sjávarútvegsins 800 millj. kr. Þessu til viðbótar er ljóst að erlendar lántökur er langlánanefnd veitir heimild fyrir munu nema eigi lægri fjárhæð en 1.5 milljarði kr. sem er um helmingi hærri fjárhæð en upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir.

Sé hugað að þeim áformum sem eru í sjónmáli um nýsköpun í íslensku atvinnulífi, þar með taldar stóriðjuframkvæmdir, er ljóst að þjóðin stendur frammi fyrir þeim staðreyndum að ekki er unnt að fjármagna þær nema að til komi erlendar lántökur í ríkum mæli. Þar sem erlendar lántökur á undanförnum árum eru nú taldar komnar að hættumörkum sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni virðist lítið svigrúm vera til þeirra áforma nema menn sætti sig við að erlenda skuldahlutfallið aukist á næstu árum frá því sem nú er. Afar brýnt er að það takmarkaða svigrúm sem er til erlendrar lántöku verði aðeins nýtt til arðbærra verkefna.

Eitt af meginmarkmiðum við gerð fjárlaga fyrir árið 1984 var að ríkisbúskapurinn yrði veigamikill þáttur í endurreisn efnahagsmála hér á landi. Ríkisfjármálin eru mikilvægur liður í almennri efnahagsstjórn og fjárlög ríkisins áhrifamikið hagstjórnartæki.

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1984 eru nú nokkuð betri en gert var ráð fyrir skv. fjárlögum. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að greiðsluhalli A-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni yrði um 400 millj. kr., en nú er aftur á móti viðbúið að tekjur og gjöld standist svo til á í lok þessa árs.

Það sem mestu veldur um að nú horfir nokkru betur um hag ríkissjóðs er að útgjöld hans hafa ekki hækkað til jafns við almenna verðlagsbreytingu í landinu. Meðaltalshækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1983 og 1984 er talin nema 29%. Áætlun um útgjöld A-hluta ríkissjóðs sýnir að þau muni hækka um 20% milli áranna 1983 og 1984. Á árinu 1984 hefur því tekist að leggja að baki áfanga á þeirri braut að draga úr ríkisumsvifum.

Áætlað er að tekjur A-hluta ríkissjóðs hækki frá árinu 1983 til jafns við hækkun framfærsluvísitölu eða um 29%. Þannig hefur tekist á þessu ári að halda jafnvægi í ríkisfjármálum og ná því markmiði að draga saman seglin í ríkisútgjöldum og þar með auka hlut atvinnulífsins og heimila í þjóðartekjum landsmanna.

Í umræðum hér á hv. Alþingi við afgreiðslu laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum á árinu 1984, gerði ég grein fyrir breyttum horfum um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Mun ég því nú einkum fjalla um þau atriði sem framvinda ríkisfjármála það sem af er árinu gefur tilefni til að verði á annan veg en áætlanir frá því í maí gerðu ráð fyrir.

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði þessa árs varð jákvæð um 350 millj. kr. Er það betri afkoma í samanburði við sama tímabil síðastliðið ár sem nemur 1.5 milljarði kr. Gjöld námu 14.5 milljörðum kr. og hafa hækkað frá árinu 1983 um 29%. Tekjur námu tæpum 14.9 milljörðum kr. og hafa hækkað um 42% frá árinu 1983. Greiðsluáætlanir þessa árs, sem byggðar voru á afkomuhorfum frá því í maí s. l., gerðu ráð fyrir að greiðsluhalli yrði hjá ríkissjóði að fjárhæð 1.0 milljarður kr. í septemberlok. Greidd gjöld voru samkvæmt áætlun, en hins vegar eru tekjur rúmlega 1.4 milljarði kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hækkun einstakra teknaliða frá áætlun sýna að gjöld af innflutningi ásamt veltusköttum innanlands gefa meiri tekjur en áformað var.

Staða lána- og viðskiptareikninga í septemberlok sýndu minna innstreymi en áætlað var, sem nemur um 150 millj. kr., sem skýrist af því að A-hluti ríkissjóðs tók ekki erlent lán, sem áformað var í septembermánuði, sem nam 200 millj. kr.

Afkomuhorfur í árslok eru nú metnar á þann veg að tekjur og gjöld verði á jöfnu í stað 400 millj. kr. halla samkvæmt fjárlögum og 1 milljarðs kr. samkvæmt maíáætlun. Heildartekjur eru nú áætlaðar 19.6 milljarðar kr. sem er hækkun frá fjárl. um 9%. Heildargjöld eru áætluð 19.6 milljarðar kr. eða sama fjárhæð og maíáætlun gerði ráð fyrir. Hækkun gjalda frá fjárlögum nemur um 7%.

Aukafjárveitingar til septemberloka, sem ég hef samþykkt og fjvn. og fulltrúum stjórnarandstöðu hafa verið kynntar, nema tæpum 250 millj. kr. og er það innan þeirra marka sem óvissum útgjöldum var áætlað í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum o. fl. frá því í maí s. l. Miðað við útgjaldaáætlanir ársins hafa gjöld hækkað frá fjárlögum um tæpa 1.3 milljarða kr. sem er ⅔ þess sem gjöld á árinu 1983 hækkuðu umfram fjárlög ársins 1983.

Þegar tekið hefur verið tillit til lána- og viðskiptareikninga nemur fjárþörf ríkissjóðs 1.4 milljarði kr. Er það um 130 millj. kr. lægri fjárhæð en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins og tæpum 1 milljarði kr. lægri fjárhæð en í maíáætlun. Við fjárlagagerð var áætlað að ríkissjóður aflaði tæplega 1 milljarðs kr. af innlendu lánsfé, en erlend lántaka næmi um 600 millj. kr.

Horfur um innlenda fjáröflun til A-hluta ríkissjóðs benda til að aðeins sé hægt að afla 230 millj. kr. eða 715 millj. kr. lægri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir. Það sem einkum hefur valdið því að innlend fjáröflun hefur farið úr böndunum er innlausn spariskírteina ríkissjóðs. Áætlað er nú að innlausn geti numið um 1.0 milljarði kr. í stað 170 millj. kr. í áætlun fjárlaga. Ástæðu þess að eigendur spariskírteina innleysa þau nú í ríkum mæli, þrátt fyrir að boðin hafa verið svonefnd skiptibréf sem

bera yfir 8% raunvexti, má rekja til þeirra breytinga sem hafa orðið á innlendum fjármagnsmarkaði eftir að vextir voru gefnir frjálsir.

Vegna þess brests á innlendri fjáröflun sem nú er ljós mun ríkissjóður, þrátt fyrir áætlun um betri rekstrarafkomu, mæta minnkandi innlendri fjáröflun með erlendri lántöku. Hún er nú áætluð tæpir 1.2 milljarðar kr. sem er helmings hækkun frá áætlun fjárlaga, en tæpum 600 millj. kr. lægri fjárhæð en samkvæmt maíáætlun. Aukning erlendrar lántöku stafar öll af því að innlend fjáröflun hefur brugðist, eins og ég gat um áðan.

Þó svo að nokkuð betur horfi um afkomu A-hluta ríkissjóðs á þessu ári og að jöfnuður náist á rekstri A-hluta ríkissjóðs er fjárþörf allveruleg vegna afborgana lána. Þessar staðreyndir sýna að ekkert svigrúm er til að auka ríkisútgjöld, heldur þvert á móti, að áfram verður að vinna að víðtækri endurskoðun og umbótum í útgjöldum ríkisins af fullri festu á komandi árum.

Mun ég nú greina frá helstu niðurstöðum ríkisfjármála á árinu 1983 samkvæmt ríkisreikningi.

Ríkisreikningur, A-hluti, fyrir árið 1983 hefur verið afhentur alþm. og jafnframt yfirskoðunarmönnum Alþingis til meðferðar. Ríkisreikningur fyrir B-hluta aðila verður afhentur alþm. mjög fljótlega. Ríkisreikningurinn mun síðar verða lagður fram til endanlegrar afgreiðslu Alþingis með athugasemdum yfirskoðunarmanna, ef einhverjar verða, svörum mínum og tillögum þeirra.

Árið 1983 varð A-hluta ríkissjóðs mjög óhagstætt. Á því ári komu mjög glöggt fram tvö megineinkenni ríkisfjármálanna. Hið fyrra er hve óbeinar tekjur ríkissjóðs eru háðar ytri aðstæðum í efnahagsmálum og hve áhrifa af breytingu þeirra gætir fljótt hjá ríkissjóði. Hið síðara er að útgjöld ríkissjóðs eru að mestu leyti bundin af ákvæðum laga, ásamt því að erfitt hefur reynst á skömmum tíma að draga úr eða breyta umfangi þeirrar þjónustu sem ríkið veitir þegnum þessa lands. Umskiptin sem urðu í efnahagsmálum þjóðarinnar á árinu 1983 leiddu til þess að tekjur ríkissjóðs urðu minni en almennar verðlagsbreytingar, en hins vegar hélst aukning útgjalda í hendur við þær.

Afkoma A-hluta ríkissjóðs skv. rekstrarreikningi fyrir árið 1983 varð neikvæð um 1.4 milljarð kr. Það er verri afkoma sem nemur 2.3 milljörðum kr. en 1982. Gjöld reyndust 17.7 milljarðar kr. sem er hækkun frá fyrra ári um 87%. Tekjur urðu 16.3 milljarðar kr. og hafa hækkað frá árinu 1982 um 58%.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs til lengri tíma námu á árinu 1983 3.3 milljörðum kr., en endurlánað var af þeirri fjárhæð tæpar 700 millj. kr. Nettólántökur umfram veitt lán og afborganir á árinu 1983 námu 1.7 milljörðum kr.

Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs til lengri og skemmri tíma, að frádregnum skammtímakröfum og veittum lánum, nema í árslok 1983 5.2 milljörðum kr. og hafa aukist á árinu um 3.7 milljarða kr., þar af vegna endurmats á árinu að fjárhæð 2.0 milljarðar kr.

Hlutur innheimtra skatttekna sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu var á árinu 1983 28.6%, en 30.2% 1982 og 28.8% 1981. Hefur því skattheimta ríkisins lækkað milli áranna 1982 og 1983 um 1.6% af þjóðarframleiðslu.

Áður en ég læt lokið umfjöllun um afkomu ríkissjóðs á árinu 1983 mun ég gera stutta grein fyrir helstu niðurstöðum B-hluta ríkisreiknings svo og stöðu lánareikninga bæði er varðar A- og B-hluta ríkissjóðs.

Afkoma fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings sýnir að rekstrarjöfnuður var hagstæður um 2.2 milljarða kr. sem er 1.6 milljarði betri afkoma en á árinu 1982. Heildartekjur námu 2.3 milljörðum kr. sem er hækkun frá árinu 1982 um 94%. Gjöld námu 18.1 milljarði kr. og hafa hækkað frá fyrra ári um 84%. Hafa ber í huga við mat á afkomu B-hluta fyrirtækja að framlög frá A-hluta, sem færð eru til tekna, nema á árinu 1983 6.5 milljörðum kr. Þegar tekið hefur verið tillit til tekna og gjalda, sem tengjast framlögum A-hluta til B-hluta aðila, er afkoma annarra þátta jákvæð um 506 millj. kr.

Heildarskuldir ríkissjóðs í A- og B-hluta eftir endurmat voru í árslok 1983 33.6 milljarðar kr. og jukust á árinu um 15.5 milljarða kr. Innlend lán námu 11.3 milljörðum kr. eða tæpum 34% af heildarskuldum ríkisins. Erlend lán voru 22.3 milljarðar kr. og hækkuðu á árinu um 88%. Af heildarskuldum hafa 14.9 milljarðar kr. verið endurlánaðar eða sem svarar 44% af heildarskuldum. Nettóstaða lána hjá A- og B-hluta aðilum nemur 18.7 milljörðum kr. og hefur hækkað frá árinu 1982 um 8.5 milljarða kr. Nettóstaða lánareikninga A- og B-hluta ríkissjóðs í árslok 1983 sýnir að skuldir þessara aðila nema um helmingi af heildartekjum þeirra á árinu 1983.

Þess hefur gætt í æ ríkara mæli á undanförnum árum að leitað hefur verið eftir ríkisábyrgðum. Er nú svo komið að heildarfjárhæð ríkisábyrgða nam í árslok 1983 10.4 milljörðum kr. Í lögum um ríkisábyrgðir er kveðið svo á að ríkissjóði sé ekki heimil ábyrgðarskuldbinding nema hún sé veitt í lögum. Ég tel að oft hafi það gerst að Alþingi veiti ríkisábyrgðir, sem hefði alls ekki átt að gera, svo og að Alþingi hafi valið þá leið að veita ríkisábyrgð í stað þess að taka afstöðu til viðkomandi máls, þannig að lagt væri raunhæft mat á það hvort viðkomandi ríkisábyrgð væri ekki í reynd ígildi fjárveitingar. Þær meginreglur sem fara skal eftir er að gera á svipaðar kröfur til þeirra er ríkisábyrgðar eiga að njóta og gerðar yrðu til sömu aðila væri um lánveitingar að ræða. Það er algjörlega ófært að litið sé á ríkisábyrgðir sem fjárveitingarígildi.

Greiðslur sem falla á Ríkisábyrgðasjóð vegna ríkisábyrgða hafa farið stöðugt vaxandi undanfarin ár og voru á árinu 1983 meiri en nokkru sinni fyrr. Á árinu 1983 námu greiddar ríkisábyrgðir 193 millj. kr., en á móti komu endurgreiðslur ríkisábyrgða sem fallið höfðu á sjóðinn að fjárhæð 91 millj. kr. Þannig urðu útgreiðslur Ríkisábyrgðasjóðs um 102 millj. kr. Á árinu 1982 nam sambærileg fjárhæð 22 millj. kr. Greiðslur Ríkisábyrgðasjóðs í ár eru áætlaðar um 100 millj. kr. Á næsta ári er gert ráð fyrir útgreiðslum á bilinu 100 til 150 millj. kr.

Á vegum fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Seðlabankans, sem fer með framkvæmd ríkisábyrgða, hefur verið og er unnið að athugun þessara mála, sem m. a. felur í sér að flokka skuldbindingar í áhættuflokka, en þannig er hægt að gera sér betur grein fyrir hugsanlegum áföllum Ríkisábyrgðasjóðs til nokkurra ára í senn. Þá verður enn fremur gerð athugun á því hvort nauðsynlegt sé að breyta lögum eða reglugerðum til að tryggja betur framkvæmd þessara mála. Vænti ég

niðurstöðu og tillögugerðar til úrbóta á næstunni.

Þá er ekki síður sú staðreynd áhyggjuefni þeirra sem fara með ríkisfjármálin að A-hluti ríkissjóðs hefur yfirtekið lán sem tekin hafa verið af aðilum í B-hluta fjárlaga og áttu að fást endurgreidd af þjónustutekjum. Hér er fyrst og fremst um að ræða lántökur vegna framkvæmda sem tengjast orkuiðnaðinum svo og fyrirtækjum með meirihlutaeignaraðild ríkisins. Ætla má að hér geti verið um að ræða lántökur sem nema allt að 3.5 milljörðum kr.

Hér má nefna að þegar Landsvirkjun yfirtók byggðalínur varð ríkissjóður að yfirtaka lán, sem ekki fengust endurgreidd í sölu þeirra mannvirkja, er nema um 1.0 milljarði kr. Þá hefur ríkissjóður tekið til sín hluthafalán sem veitt hafa verið til Járnblendifélagsins hf. og nema þau um 500 millj. kr. Að undanförnu hafa farið fram viðræður við Landsvirkjun um yfirtöku fyrirtækisins á Kröfluvirkjun. Ætla má að ríkissjóður muni þurfa að yfirtaka lán, sem tekin hafa verið vegna Kröfluvirkjunar, sem geta numið um 1.5 milljörðum kr., sem ekki fæst í söluverði virkjunarinnar. Á árinu 1982 tók verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lán í sambandi við loðnuverðsákvarðanir. Lán þetta er fallið í gjalddaga og nemur það um 150 millj. kr. sem ríkissjóður verður að greiða. Að lokum má nefna að lántökur sem jarðvarmaveitur og Jarðboranir ríkisins hafa tekið á undanförnum árum og nemur um 200 millj. kr. eru að meginhluta í vanskilum og ekki séð að þessar stofnanir muni geta staðið í skilum á lánum þessum á næstu árum. Afborganir og vaxtagreiðslur vegna þessara lána nema á bilinu 400—500 millj. kr. á árinu 1985. Ef þessi mál þróast áfram á þann veg sem verið hefur má gera ráð fyrir að innan fárra ára hrökkvi skatttekjur ríkisins vart til að mæta greiðslum vegna afborgana og vaxta af lántökum liðinna ára.

Herra forseti. Nú mun ég víkja almennt að tekjuöflunar- og útgjaldamálum ríkissjóðs.

Þegar þjóðartekur fara minnkandi eða vöxtur þeirra staðnar verða ráðstöfunartekjur almennings ekki auknar nema með því að draga úr opinberum umsvifum og skattheimtu ríkisins. Í samræmi við þessi sjónarmið er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í raungildi ríkissjóðstekna á næsta ári.

Önnur meginstefna í skattamálum sem felst í frv. þessu er minnkandi hlutdeild beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs. Ég vil því gera tekjuskattslækkunina að sérstöku umtalsefni hér ásamt þeirri endurskipulagningu á skattkerfi óbeinna skatta sem óhjákvæmileg er eigi þeir til frambúðar að geta gegnt hlutverki sem meginstoðir skattheimtu ríkisins.

Á s. l. vori var samþykkt hér í þinginu þáltill. um að fela fjmrh. að gera tillögur um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum. Þegar í vor lét ég hefja vinnu við undirbúning tillögugerðar um þetta efni. Varð það niðurstaðan að stefna að niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum í þremur áföngum og skyldi fyrsti áfanginn nema um 600 millj. kr. og koma til framkvæmda á næsta ári. Er þetta staðfest í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. sept. s. l.

Þegar litið er á tekjuskattinn hættir mönnum við að skoða einungis þann hluta hans er skilar nettótekjum í ríkissjóð og draga þær ályktanir af þeirri skoðun að niðurfelling skattsins í heild ætti að vera tiltölulega auðveld þar sem hlutur nettótekjuskatts sé hlutfallslega lítill í heildartekjum ríkissjóðs. Þannig er nú áætlað að innheimtur tekjuskattur einstaklinga 1984 nemi u. þ. b. 1.7 milljarði kr. og verði nálægt 9% af heildartekjum ríkissjóðs. Innheimtur nettótekjuskattur til ríkisins gefur þó alls ekki rétta mynd af mikilvægi tekjuskattsins í heild þar sem allverulegum hluta álagðs tekjuskatts er varið til greiðslu á álögðum útsvörum þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu eða til útborgunar á barnabótum til lágtekjufólks, og er óhugsandi að afnema þetta tekjujöfnunarkerfi, án þess að annað komi í staðinn. Miðað við núverandi aðstæður sýnist því ekki raunhæft að afnema tekjuskatt einstaklinga með öllu og tel ég að stefna beri að því að í framtíðinni dugi álagður tekjuskattur á hina tekjuhærri a. m. k. til útborgunar á persónuafslætti og barnabótum vegna þeirra sem lakar eru settir. Tilraunir hafa sýnt að hækkun skattfrelsismarka í tekjuskatti næst best með því að lækka skatthlutfall í neðsta þrepi skattstigans. Er nú á lokastigi í fjmrn. gerð frv. sem breytir álagningarkerfi tekjuskattslaga í þessa átt og er þess að vænta að það verði lagt fram nú alveg á næstu dögum. Mun ég geyma frekari umfjöllun um þetta málefni til umræðna um það frv.

Tvær meginstoðir óbeinna skatta ríkissjóðs eru söluskatturinn og aðflutningsgjöldin. Núverandi lagaákvæði um þessi efni eiga það sammerkt að vera úrelt og erfið í framkvæmd. Í fjmrn. hafa því verið undirbúin frv. til laga um heildarendurskoðun á þessum tekjustofnum og er þess að vænta að þau verði lögð fyrir Alþingi á næstunni. Hér á ég annars vegar við frv. til l. um virðisaukaskatt, sem endurflutt verður nær óbreytt frá því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi, og hins vegar frv. til tollalaga sem ætlað er að koma í stað núgildandi ákvæða laga um tollskrá, laga um tollheimtu og tolleftirlit og laga um tollvörugeymslur.

Eftir áratugalangar umræður og skýrsluskrif hér á landi um upptöku virðisaukaskatts var málinu loks komið á vettvang Alþingis er ég lagði á síðasta þingi fram viðamikið frv. um það ásamt ítarlegri greinargerð. Var það von mín að frv. hlyti rækilega umfjöllun í þinginu, enda hljóta tillögur um meginbreytingar á langstærsta tekjustofni ríkisins að teljast meðal mikilvægustu viðfangsefna Alþingis. Því miður dagaði málið uppi á síðasta þingi án þess að línur skýrðust um afstöðu þm. til þess. Það er einlæg von mín að endurfluttu virðisaukaskattsfrumvarpi verði ekki tekið með sama tómlæti á þessu þingi og raunin varð í fyrra. Í þessu efni er mál til komið að afstaða verði tekin af eða á um hvort neysluskattsinnheimta hér á landi skuli byggð á virðisaukaskattsgrunni.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. hef ég látið vinna að gerð frv. til tollalaga um breytta skipan tollamála þar sem jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna hefur verið höfð að leiðarljósi, jafnframt því sem gert hefur verið ráð fyrir einföldun og hagræðingu í framkvæmd þeirra mála. Það er von mín að hægt verði innan tíðar að leggja þetta frv. fram hér á hv. Alþingi. Mér er ljóst að hér er um viðamikið mál að ræða og því nauðsynlegt að þm. geti sem fyrst fengið frv. til athugunar. Hitt er jafnljóst að ekki verður öllu lengur búið við það ástand sem skapast hefur í tollamálum á undanförnum árum með handahófskenndum breytingum á tollskrárlögum og öðrum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs. Þegar þar að kemur vænti ég því fulltingis þm. við afgreiðslu jafnsjálfsagðs máls og hér

er á ferðinni.

Þótt fyrirhugaðar breytingar á tollalögum muni hafa í för með sér umtalsverðar tollalækkanir og niðurfellingu ýmissa annarra gjalda er ekki gert ráð fyrir að þær hafi áhrif á heildartekjur ríkissjóðs. Mun samhliða frv. til tollalaga verða flutt frv. til l. um vörugjald til tekjuöflunar að því marki sem ekki reynist unnt að mæta tollalækkunum með niðurskurði útgjalda.

Jafnframt því sem unnið hefur verið að undanförnu að endurskoðun tollskrárlaga svo og reglna um tollmeðferð á vörum hafa ýmis önnur mál varðandi tollheimtu og tolleftirlit verið til athugunar. Á s. l. vori skipaði ég nefnd til að gera tillögur um endurbætur á þjónustu og verkefnum tollstjóraembættisins í Reykjavík. Nefndin lauk störfum í ágúst s. l. og skilaði þá skýrslu um störf sín þar sem hún gerir tillögur um ýmsar breytingar á skipulagi og starfsháttum við embættið. Hafa nú þegar að tilhlutan tollstjórans í Reykjavík komið til framkvæmda fyrstu tillögur nefndarinnar um einfaldari og hraðari tollafgreiðsluhætti sem ég vona að eigi eftir að skila viðskiptamönnum embættisins bættri þjónustu og leiða til hagræðis og sparnaðar jafnt fyrir innflytjendur sem ríkissjóð. Aðrar tillögur nefndarinnar eru nú til nánari athugunar í fjmrn.

Varðandi tekjuöflunarmál ríkisins vil ég að lokum fara nokkrum orðum um hert skatteftirlit og aðgerðir til að bæta skattskil.

Á síðasta þingi voru samþykktar tvær þáltill. varðandi þetta málefni, önnur um úttekt á umfangi skattsvika en hin um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Í samræmi við fyrri ályktunina hef ég þegar skipað fimm manna starfshóp til að gera grein fyrir þeim atriðum varðandi umfang skattsvika sem þál. fjallaði um. Er þess að vænta að hann skili niðurstöðum á fyrri hluta næsta árs. Slík könnun verður án efa fróðleg en meira máli skiptir þó að hrinda í framkvæmd raunhæfum aðgerðum til herts skatteftirlits. Í því skyni voru á s. l. vori veittar 20 nýjar stöðuheimildir á skattstofunum og hjá skattrannsóknarstjóra. Er þessum skattrannsóknarmönnum einungis ætlað að sinna eftirlitsstörfum og starfa mestmegnis við heimsóknir til fyrirtækja. Mun skattrannsóknarstjóri sjá um þjálfun þeirra og verkefnaval og fylgjast með árangri af eftirlitinu. Fjölgun skatteftirlitsmanna og aukin tækni við val verkefna mun skila árangri í bættri skattheimtu þó að ég vari menn við að búast við of skjótum umskiptum í þessum efnum þar eð slík mál taka alltaf nokkurn tíma. Hitt tel ég jafnljóst, að í gott horf komast þessi mál aldrei nema hugarfarsbreyting verði hjá þjóðinni í þessum efnum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er kveðið svo á að draga skuli úr ríkisumsvifum. Ég hef ekki farið dult með það viðhorf mitt að draga beri úr ríkisumsvifum í þjóðarbúskapnum og að ríkið sé ekki að vasast í verkefnum sem einstaklingar eða félög þeirra geta sinnt.

Um árangur af þeirri viðleitni að draga úr ríkisumsvifum er það að segja að á árinu 1983 var hlutur ríkisins í þjóðarframleiðslunni 30.7%. Í ár er gert ráð fyrir að hlutfall ríkisins nemi 29.4% og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1985 mun hlutur ríkisins enn lækka í 29.2%. Í fjárhæðum talið er hér um að ræða um 1.3 milljarða kr. sem ríkið tekur minna til sín í ár en á árinu 1983 þrátt fyrir að þjóðarframleiðsla dragist saman milli áranna.

Þegar litið er til meginútgjaldaþátta ríkisfjármála fer um helmingur útgjaldanna til verkefna sem ríkið sjálft stjórnar. Hinn helmingurinn fer annars vegar til aðila utan ríkisgeirans, sem veita þjónustu með þátttöku ríkisins í hluta kostnaðarins, og hins vegar er tilflutningur á fjármunum til einstaklinga og fyrirtækja og til áhrifa á framleiðslu- og verðmyndunarkerfi í landinu.

Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi geri sér betur grein fyrir hve fjölmargar lagasetningar, sem afgreiðslu fá hér á hinu háa Alþingi, auka útgjöld ríkisins í bráð og lengd. Í öðru lagi er mikilvægt að starfsemi ríkisins geti aðlagað sig að breyttum þörfum og nýjum möguleikum til úrlausnar þeim markmiðum sem henni er gert að uppfylla án aukins tilkostnaðar. Hér er ekki hvað þýðingarminnst að stjórnendur og starfsmenn leggi fram hugmyndir sem leiða til bættrar þjónustu með minni tilkostnaði. Í því sambandi skiptir miklu að starfsmenn ríkisins séu sér meðvitandi um hlutverk sitt og hvaða þjónustu þeim er falið að veita þegnunum. Tel ég að gera þurfi stórátak í því að veita starfsmönnum ríkisins aukna fræðslu og leiðbeiningu í þessum málum. Ég er fullviss um að slík fræðsla muni skila sér í betra starfi starfsmanna og þar með betri þjónustu ríkisins. Sama gildir um þá þjónustu sem ríkið tekur þátt í að greiða, en framkvæmd er af öðrum aðilum í þjóðfélaginu.

Ríkisstj. einsetti sér í upphafi síns ferils að stuðla að hagræðingu og endurskoðun á ýmsum þáttum í stjórnkerfinu. Eins og þm. þekkja hefur nokkuð verið unnið að og rætt um endurskoðun á stjórnkerfinu, skiptingu verkefna milli rn., tengsl löggjafans og framkvæmdavaldsins og samskipti ríkis og sveitarfélaga. Öll eru þessi mál margslungin og tekur tíma að hrinda í framkvæmd.

Annar þáttur, sem markvisst hefur verið starfað að á undanförnum mánuðum, er ýmiss konar hagræðing í opinberum rekstri og endurskoðun á vinnubrögðum í stjórnkerfinu. Hrundið hefur verið af stað athugun á fjárlagagerð og vinnubrögðum þar að lútandi.

Af stofnunum fjmrn. hef ég beitt mér fyrir endurskoðun á starfsemi tollstjóraembættisins, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og Innkaupastofnunar ríkisins, þ. m. t. framkvæmdadeild. Nefndir þær sem gerðu athugun á tollstjóraembættinu og ÁTVR hafa skilað til mín áliti og í framhaldi þar af hafa ýmsar umbætur þegar komist á hjá tollstjóraembættinu, eins og ég hef áður nefnt, og aðrar eru í vinnslu. Verðlagning á útsöluvörum ÁTVR hefur verið tekin til gagngerrar endurskoðunar og birgðamál stofnunarinnar eru til athugunar. Nefnd sú sem vinnur að endurskoðun á starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins og framkvæmdadeildar hefur enn ekki skilað endanlegu áliti, en það verður mjög bráðlega.

Í samvinnu iðnrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur að undanförnu verið unnið að athugun á starfsemi Orkustofnunar, Sementsverksmiðju, Rafmagnseftirlits ríkisins og fleiri stofnana sem undir iðnrh. heyra.

Þá er unnið að endurskoðun á skipulagi félmrn. sem félmrh. hefur beitt sér fyrir.

Á vegum samgrh. eru nú til athugunar ýmsir þættir í rekstri og starfsemi Hafnamálastofnunar.

Þá er ekki síður mikilvægt að stöðugt sé lagt mat á nauðsyn ríkisframlaga til framleiðslu og verðmyndunarkerfis landsins. Það er einkum á sviði landbúnaðarmála sem hlutur ríkisins er umtalsverður. Í því samkomulagi sem stjórnarflokkarnir hafa gert með sér er tekist á við

þessi mál á þann veg að á næstu árum munu ríkisframlög lækka til þessara verkefna.

Loks vil ég nefna nauðsyn þess að áfram sé leitað leiða til að færa verkefni frá ríkinu til annarra aðila í þjóðfélaginu sem talið er að geti veitt betri og ódýrari þjónustu en ríkið gerir. Í þessu sambandi hefur verið horft til sveitarfélaganna í landinu sem aðila er ættu og gætu tekið að sér aukin verkefni frá ríkinu. Í fjölmörg ár hafa þessi mál verið til umfjöllunar, en því miður hefur lítill sem enginn árangur orðið. Tel ég mjög mikilvægt að niðurstöður fáist sem fyrst í þessum málum. Ef það kemur í ljós að ekki er fyrir hendi grundvöllur til þessa verkefnaflutnings verður að gera gleggri skil á rekstri og fjárhagsábyrgð aðila, þannig að hvor aðili um sig hafi þá alfarið full yfirráð yfir viðkomandi starfsemi og geti hagað henni eftir efnum og ástæðum á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég er nú kominn að lokum þessarar ræðu.

Sá árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum frá því að núverandi ríkisstj. tók við völdum er áfangi á langri og erfiðri leið. Vandinn, sem við Íslendingar eigum við að glíma í efnahagsmálum um þessar mundir, er ekki síst afleiðing þeirrar minnkunar þjóðartekna sem við höfum orðið fyrir undanfarin þrjú ár. Vandinn birtist nú einkum í viðskiptahalla við útlönd og aukningu erlendra skulda þjóðarbúsins, verðbólgu sem magnast mun á næstu mánuðum, en þó vonandi tímabundið, og miklum rekstrar- og fjárhagsvanda í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Ljóst er að meðan ekki er sigrast á viðskiptahalla og verðbólgu er atvinnuástand ótryggt. Því er nauðsynlegt að þau stefnumið, sem ríkisstj. hefur sett sér í stjórnun fjármála og peningamála, nái fram að ganga. Í því ljósi verður að skoða það fjárlagafrv. fyrir árið 1985 sem nú hefur verið lagt fram.

Við Íslendingar erum ekki einir þjóða sem átt hafa í erfiðleikum með að vinna bug á viðskiptahalla og verðbólgu. Fjölmörgum þjóðum heims hefur með ströngum aðgerðum í efnahagsmálum tekist að rétta við efnahag sinn, draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, en samfara þeim aðgerðum hefur komi til mikið og vaxandi atvinnuleysi. Því böli höfum við Íslendingar komist hjá og allt verður gert til að svo verði áfram. Það er einnig reynsla ýmissa okkar nágrannaþjóða að þar sem illa gengur að ná tökum á verðbólgunni hefur hagvöxtur verið lítill eða enginn. Það skulum við Íslendingar einnig hafa í huga.

Það er mikilvægt að gætt sé hófs í útgjöldum ríkisins og í skattlagningu þegnanna. Það getur ekki verið rétt leið til að leysa vandamál að beina ríkiskerfinu að því með auknum ríkisútgjöldum. Þessar staðreyndir hafa mörgum þjóðum orðið ljósar og því hafa menn einbeitt sér að því að draga úr ríkisumsvifum. Það verður að leita annarra hagkvæmari og ódýrari leiða en sífelldri beitingu ríkisútgjalda til að fullnægja óskum manna. Þá er ekki heldur hægt að ganga út frá því að unnt sé að mæta auknum útgjöldum ríkisins með auknum sköttum. Þvert á móti hafa þær staðreyndir komið í ljós að háir skattar draga úr vilja manna til að starfa og grafa undan heilbrigðum fjárhag atvinnulífsins.

Þessara staðreynda verða menn að taka tillit til við mótun efnahagsstefnu hér á landi og fjármál ríkisins eru ekki undanskilin. Það fjárlagafrv. sem hér er lagt fram hefur m. a. mótast af þessu.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. til fjárlaga er spegilmynd stjórnarstefnunnar á hverjum tíma eðli sínu samkvæmt. Eitt helsta einkenni fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er byggðafjandsamleg stefna sem felst í miklum niðurskurði á framkvæmdaframlögum til sveitarfélaga, m. a. á framlögum til hafna, heilsugslustöðva, skóla og dagvistunarstofnana, svo og niðurskurður á ýmsum framlögum til mennta- og heilbrigðismála, t. d. til Lánasjóðs námsmanna og Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þessi niðurskurður á framlögum ríkissjóðs til ýmissa nauðsynjamála leiðir þó ekki til jafnvægis í ríkisfjármálum, eins og hefði þó mátt vænta, vegna þess að skattar á fyrirtæki og banka hafa samtímis verið verulega lækkaðir. Það er einmitt annað aðaleinkenni frv. að ríkissjóður er áfram rekinn með verulegum halla. Aðhaldsstefna frv., sem m. a. felur í sér fráhvarf frá byggðastefnu, vaxandi misrétti námsmanna og verulega seinkun framkvæmda í þágu fatlaðra, kemur því miður að litlu haldi því að skattaívilnanir fyrirtækja, fjárfestingaraðila, hlutabréfaeigenda og banka slétta sparnaðinn út.

Þótt prósentutölur, sem reikna má út frá þessu frv. til marks um breytingar milli ára, séu yfirleitt lágar og sumar hverjar meira að segja í mínus, eins og nánar verður vikið að síðar, á það ekki við um allar hundraðstölur frv. Hækkun rekstrarhalla frá seinustu fjárlögum og hækkun á erlendum lántökum í ríkisrekstrinum eru þær prósentur í fjárlagafrv., eins og það var lagt fram a. m. k., sem hækka hvað mest. Það segir kannske sína sögu. Rekstrarhallinn eykst skv. framlögðu fjárlagafrv. um 35% og erlendar lántökur um 62%.

Önnur helsta ástæða rekstrarhallans er miklar greiðslur af almannafé til að mæta ábyrgðum útgerðarmanna sem ekki hafa greitt skuldir sínar. Þessum greiðslum er sem sagt mætt með erlendri skuldasöfnun ríkissjóðs. Það þarf engan að undra að skuldahlutfall þjóðarbúsins út á við fari jafnt og þétt hækkandi í tíð ríkisstj. þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, en þetta er staðreyndin, að skuldahlutfallið er á hraðri leið upp á við jafnt og þétt þrátt fyrir hátíðleg loforð ríkisstj. um hið gagnstæða. Þessi stefna fjárlagafrv. er í fullu samræmi við þær afleiðingar í þjóðfélagi okkar sem stjórnarstefnan hefur haft.

Áhrifin af stefnu stjórnarinnar á kjör fólks og fyrirtækja eru mjög mismunandi eftir því hverjir eiga í hlut. Ég hef þegar rætt um þau kjör sem ýmsir forgangsaðilar í þjóðfélaginu njóta hjá þessari ríkisstj., hef minnt á skattalækkanir í þágu banka, í þágu stórfyrirtækja, í þágu hlutabréfaeigenda og fjárfestingaraðila. Ég þarf ekki að minna á að allir atvinnurekendur hafa mjög notið þess að launagreiðslur hafa verið hlutfallslega mjög lágar síðan þessi stjórn tók við. En hverjir eru það sem tapa þá helst undir þessari stjórnarstefnu? Jú, það er fyrst og fremst launamenn, bændur, sjómenn og tekjulítið fólk sem orðið hefur fyrir þungum búsifjum, bæði sjúklingar, námsmenn og fleiri tekjulágir hópar. Launamenn hafa á einu ári misst um það bil fjórðu hverja krónu af launum sínum. Þeir hafa að vísu náð fram nokkurri hækkun launa á síðustu vikum, en eins og kunnugt er virðist ríkisstj. staðráðin í því að ná aftur öllum þessum launahækkunum sem orðið hafa og hefur

nú sett verðbólguverksmiðju sína í fullan gang. Og verðbólguverksmiðjan malar. Hún framleiðir verðbólgu sem á að vera nógu mikil til að éta upp þær hækkanir launa sem náðst hafa fram á undanförnum vikum. Þetta er gert, eins og kunnugt er, bæði með gengisfellingum, með vaxtaokri og ýmsum fleiri ráðstöfunum.

Fjmrh. hæstv. hefur lagt fram nýja útreikninga um hækkanir verðlags á komandi ári og eru það sannarlega mjög fróðlegar upplýsingar því þær segja okkur hversu mikil framleiðslan á að vera í verðbólguverksmiðju ríkisstj. á næsta ári. Þar er gert ráð fyrir, í útreikningum hæstv. fjmrh., að um verði að ræða 28% hækkun verðlags á árinu, enda á verð á erlendum gjaldeyri að hækka um 22—23% og er þá í báðum tilfellum átt við meðaltal, verðlag innanlands og meðaltal verðlags á erlendum gjaldeyri, á árinu 1985 miðað við meðaltal ársins 1984.

Ég vil í þessu sambandi minna á að bændur hafa ekki síður mátt þola mikla kjaraskerðingu, enda eru laun þeirra reiknuð út frá launakjörum lágtekjumanna. Þeir hafa bæði tekið á sig þá miklu kjaraskerðingu sem orðið hefur afleiðing rýrnandi lífskjara, en auk þess hafa þeir fengið á sig að lækkaðar niðurgreiðslur hafa leitt til hlutfallslega meiri hækkunar á búvöruverði en öðrum vörum án þess að meira kæmi í hlut bænda. Neysla landbúnaðarvara hefur því verið að dragast saman og það á eftir að draga enn frekar úr tekjum bænda.

Ég vík þá að tekjuhlið frv.

Tekjuhlið frv. mótast að sjálfsögðu af gildandi skattalögum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þeim á undanförnum árum. Ekki þarf að segja nokkrum að afnám álags á ferðagjaldeyri á árinu 1983 eða lækkun fyrirtækja- og bankaskatta á síðasta ári hafi ekki hvort tveggja mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs á árinu 1985. Eina nýnæmið sem nú er hins vegar á ferðinni er áform um lækkun tekjuskatts sem hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir. Í fjárlagafrv. var frá því greint að á móti lækkun tekjuskatts kæmi hækkun söluskatts, en nú hefur verið ákveðið að hætta við það. Þó vil ég leggja áherslu á það og benda hv. þm. á að áframhaldandi verður að sjálfsögðu um skattaskipti að ræða frekar en raunverulega skattalækkun. Í stað 600 millj. kr. tekjuskattslækkunar, sem hæstv. ríkisstj. áformar, hefur hæstv. fjmrh. gert okkur grein fyrir að til standi að hækka ýmsa óbeina skatta, t. d. álagningu á áfengi og tóbak, sem á að veita ríkissjóði tekjur umfram tekjur vegna venjulegra verðlagsbreytinga að upphæð 150 millj. kr., og einnig eru uppi áform um hækkun ýmissa aukatekna sem virðast munu hækka um kringum 100 millj. kr. Svo kemur þar til viðbótar sérstök ný tekjuöflun, sem hæstv. fjmrh. hefur gert hér grein fyrir, upp á 320 millj. kr. Þannig er hér greinilega um samanlagða tekjuöflun að ræða sem nemur tæpum 600 millj. kr. (**Fjmrh.:** Það er allt inni í þessum 320 millj.) Nei, það er ekki allt inni í þessum 320 millj., hæstv. ráðh., svo mikið veit ég. Ég veit að hér er um að ræða nýja tekjuöflun upp á 320 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. hefur ágætlega gert þegar grein fyrir, og það er misskilningur hjá ráðh. að hækkun áfengis og tóbaks sé inni í þeirri tölu. Sú hækkun er þar fyrir utan, upp á 150 millj., auk hækkunar á ýmsum aukatekjum upp á 100 millj., þannig að samanlagt eru þetta hækkanir á tekjupóstum upp á tæpar 600 millj. kr. Ég er undrandi á því að hæstv. ráðh. skuli nú hrista höfuðið vegna þess að þetta stendur alveg skýrt og greinilega á yfirlitsblaðinu, sem hæstv. ráðh. hefur afhent okkur í stjórnarandstöðu, þar sem sérstaklega eru teknir til þessir tveir tekjupóstar, annar upp á 300 millj. og ný tekjuöflun upp á 320 millj. Er því greinilega um einhvern misskilning að ræða hjá hæstv. ráðh. Það vantar hins vegar á að hann hafi upplýst hver þessi nýja tekjuöflun verði. Það er það eina sem vantar. Hann hefur upplýst okkur um að til standi að hækka ýmsar aukatekjur ríkissjóðs og hann hefur sagt okkur að til standi að hækka áfengi og tóbak sérstaklega um 150 millj., en við höfum ekki fengið að vita hvernig þessara 320 millj. kr. verður aflað. Ég verð að segja alveg eins og er að auðvitað er það mjög forkastanlegt af hæstv. ríkisstj. að gera hér ekki fulla grein fyrir því hvernig þessara tekna verður aflað. Ég er ekki sérstaklega að ásaka hæstv. fjmrh. um það, vegna þess að ég hygg að hann hljóti nú þegar að hafa gert einhverjar tillögur í þessum efnum. Sennilega stendur á ríkisstj. að samþykkja þær og afgreiða þær en ríkisstj. hefur haft nægan tíma til umfjöllunar um þessi mál. Það er forkastanlegur trassaskapur að geta ekki gengið frá því og skýrt Alþingi frá því um hverja tekjuöflun verður hér að ræða og í stað þess þurfi að vera um óútfyllta ávísun á skattgreiðendur að ræða þegar fjallað er um fjárlög við 1. umr.

Það þarf ekki að taka það fram að ýmsir aðrir lausir endar eru í tekjuhlið frv. Hæstv. ráðh. gat þess sérstaklega að við mundum hugsanlega eiga von á stórfelldum breytingum á tollalöggjöf og þá er hugsanlegt að þar komi einhver önnur tekjuöflun á móti. Auðvitað hefði verið eðlilegast að þetta lægi nú þegar fyrir. Eins er ýmislegt óljóst varðandi innlenda lánsfjáröflun. En það er ekki annað að gera á þessu stigi en vona að þetta eigi eftir að skýrast áður en afgreiðsla fjárlaganna á sér stað svo að þessi fjárlög hljóti ekki sömu örlög og þau hin seinustu að vera til umfjöllunar hjá ríkisstj. og Alþingi fram á vordaga.

Sé litið á gjaldahlið frv. er um mikinn niðurskurð á framkvæmdaframlögum að ræða, eins og ég hef þegar rakið. Mér virðist að framkvæmdir á vegum sveitarfélaga fari einna verst út úr þessum niðurskurði ríkisstj. Tölurnar sem segja til um framkvæmdaframlög voru sannarlega ljótar í fjárlagafrv. eins og það var lagt fram, en enn þá ljótari verða þessar till. eftir að upplýsingar hafa fengist um væntanlegt endurskoðað frv. Hæstv. ráðh. upplýsti okkur stjórnarandstæðinga um það í gær að til þess að vega upp á móti þeim verðlagsbreytingum sem áformaðar væru á næsta ári þyrftu framkvæmdaframlög, fyrir utan vegaframkvæmdir, að hækka um 200 millj. kr., en nú mun áformað að hækka þessi framlög um aðeins 75 millj. kr. og er það svo lítil upphæð að hætt er við að margir mikilvægir útgjaldapóstar verði algerlega út undan.

Ég vil benda á það að eins og frv. liggur nú fyrir er raunverulega um að ræða niðurskurð á framlögum til bygginga grunnskóla eða bygginga heilsugæslustöðva víðs vegar um land um ein 26% frá því sem var á liðnu ári ef tekið er tillit til áætlaðra verðbreytinga milli ára. Þó er niðurskurðurinn hvergi rosalegri en þegar kemur að hafnargerð víðs vegar um land, en það er sá framkvæmdaþáttur sem er hvað mikilvægastur víða og er þess eðlis að hann kemur fyrst og fremst landsbyggðinni að notum. Það fer heim og saman að þar sem

landsbyggðin er annars vegar og framkvæmdir þar er niðurskurðurinn langmestur. Eins og ég hef sagt er niðurskurðurinn á framkvæmdaframlögum til hafna hvorki meiri né minni en 58% á þessum fjárl. hvað svo sem síðar kann að verða.

Greinilega er mikill niðurskurður á framlögum til vegagerðar þrátt fyrir áformaða viðbót upp á 192 millj. kr. til vegamála, eins og hæstv. ráðh. hefur þegar gert grein fyrir, og hlutfall vegagerðarframkvæmda af þjóðarframleiðslu mun því verulega falla. Við höfðum stefnt á að þetta hlutfall yrði allt að 2.3% af þjóðarframleiðslu skv. samþykkt Alþingis fyrir tveimur árum og við vorum komnar með það upp í 2.2%, en nú á það að falla niður í 1.9%. Við höfum mikla sókn í vegaframkvæmdum á árinu 1980 skv. þeirri vegáætlun sem samþykkt var á árinu 1979. Sú sókn hefur skilað feikilegum árangri víðs vegar um land, en því miður virðist nú vera veruleg hætta á því að úr þessari sókn verði dregið mjög verulega.

Eins má nefna sem dæmi ýmsa aðra framkvæmdaliði sem lækka ískyggilega mikið að framkvæmdagildi frá því sem var á s. l. ári. Vil ég alveg sérstaklega nefna framlög til dagvistunarstofnana, sem auðvitað eru allt of lág og hafa rýrnað mjög verulega í tíð þessarar stjórnar. Framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru langt fyrir neðan það sem á að vera skv. lögum um þann sjóð, sennilega rétt aðeins um helmingur af því sem á að vera lögum skv., og sama gildir um Lánasjóð ísl. námsmanna svo að annað dæmi sé nefnt. Þar var um verulegar þrengingar að ræða á þessu ári og er bersýnilegt að þær þrengingar halda áfram að vaxa. Eitt dæmi um niðurskurð á nauðsynjamálum þrátt fyrir nýleg áform Alþingis um hið gagnstæða eru framlögin til Kvikmyndasjóðs. Við vorum á s. l. vori að samþykkja ný lög um Kvikmyndasjóð þar sem gert var ráð fyrir að framlög til hans yrðu í nokkru hlutfalli við söluandvirði aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og söluskattstekjur ríkissjóðs af þeim. Menn höfðu gert ráð fyrir að tekjur Kvikmyndasjóðs yrðu um 30 millj. kr. skv. því á árinu 1985. Þetta var Alþingi að samþykkja s. l. vor, en það er í þessu frv. skorið niður í 8 millj. kr. Sama gildir um landverndaráætlunina sem samkomulag hafði tekist um að fengi ákveðin framlög í hlutfalli við samninga þar að lútandi fyrir tveimur árum, en þar er um verulegan niðurskurð að ræða. Enn má nefna Erfðafjársjóð, sem aðeins fær hluta af erfðafjárskatti, 20 millj. af 25 millj., og skemmtanaskattinn sem ekki skilar sér nema að sáralitlu leyti til þeirra verkefna sem honum eru sérstaklega tileinkuð, þ. e. aðeins 10 millj. ganga til menningarstarfsemi af þeim 26 millj. sem eiga að gera það lögum skv. Þetta hef ég aðeins nefnt hér sem dæmi og læt þar við sitja.

Ég vil svo að lokum fara nokkrum orðum um afkomu ríkissjóðs á liðnum árum og þá sérstaklega á seinasta ári, en hæstv. ráðh. vék nokkuð að því í ræðu sinni áðan.

Það liggja nú fyrir reikningar um afkomu ríkissjóðs þau fjögur ár sem tengdust ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens. Þrjú af þessum árum, árin 1980—1982, voru mjög hagstæð. Afkoma ríkissjóðs var þá jákvæð um 3.7% fyrsta árið, 2.9% annað árið og 9% þriðja árið. Hitt er flestum kunnugt, að fjórða árið skar sig verulega úr, það var stjórnarskiptaárið 1983, en þá var afkoman miklu lakari en áður hafði verið. Hún var neikvæð um 2.1% ef miðað er við regluleg útgjöld ríkissjóðs, eins og ég vík að síðar. Meðaltal þessara ára er þó jákvætt sem nemur 3.4%.

Við fjárlagaumr. á s. l. ári benti ég á að eftir að núv. ríkisstj. hefði komið til valda hefðu ýmsar ákvarðanir verið teknar sem ýmist fólu í sér minnkaðar tekjur ríkissjóðs eða aukin útgjöld ríkissjóðs án þess að nokkrar ráðstafanir væru gerðar til að afla tekna á móti eða til að skera önnur útgjöld niður á móti minnkandi tekjum. Ég benti á að vegna vegamála væri um að ræða fjárvöntun, þ. e. vöntun á tekjuöflun, upp á 120 millj. — ellegar þá vöntun á niðurskurði ef menn vilja hafa það svo. Í öðru lagi kostuðu mildandi aðgerðir á því ári 405 millj. án þess að nokkurt fé kæmi þar á móti. Álag á ferðagjaldeyri var afnumið sem nam 50 millj. kr., tollalækkanir námu 30 millj. kr. og niðurgreiðslur umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir námu 194 millj. Alls var þarna um að ræða upphæð sem nam 800 millj. kr.

Við 1. umr. fjárlaga tók ég svo til orða um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ég hef alltaf dregið í efa að þegar upp yrði staðið í lok þessa árs yrði rekstrarafkoman neikvæðari um hærri upphæð en ég nefndi nú. Ég hef talið að í ríkisreikningi fyrir árið 1983 yrði halli ársins, miðað við útlitið eins og það er, minni en nemur þessari tölu, þegar haft er í huga að afgangur ársins 1982 var hvorki meira né minna en 850 millj. Því er ljóst að ef tekna hefði verið aflað í stað þeirra tekna og tekjupósta sem lagðir voru niður eða útgjöld lækkuð þar á móti, þá hefði ríkissjóður komið nokkuð örugglega út á sléttu á þessu ári, jafnvel skilað einhverjum afgangi. En allt kemur þetta í ljós síðar meir."

Ég vil leyfa mér nú við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1985 að benda á að þessi orð mín um afkomuna 1983 hafa reynst rétt. Raunverulegur rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu 1983, þ. e. munur á raunverulegum tekjum og gjöldum, nam um 369 millj. kr. og ef afkoma ríkissjóðs á þessu ári hefði ekki verið rýrð um áðurnefndar 800 millj., sem ég hef þegar gert grein fyrir, hefði orðið afgangur á því ári sem numið hefði yfir 400 millj. kr. Hitt er svo allt annað mál að í ríkisreikningi fyrir árið 1983 er hallinn talinn meiri vegna þess að í bókhaldi ársins 1983 eru færð nokkur stór útgjöld sem ekki koma rekstri ársins við hið minnsta, útgjöld sem nema rúmum 1000 millj. kr., og því verður útkoman 1983 neikvæð sem nemur rúmum 1400 millj. kr., þ. e. sem nemur þeim 369 sem ég nefndi áðan plús rúmum 1000 millj. til viðbótar.

Hver voru þá þessi gífurlegu útgjöld upp á 1066 millj. sem færð voru á árinu 1983 og urðu þess valdandi að svo mikill halli varð á því ári? Jú, þessi gjaldfærsla stafaði af því að á árinu 1983 tók Landsvirkjun yfir byggðalínurnar og við yfirfærsluna varð ríkissjóður að yfirtaka skuldir og auka eigið framlag til Landsvirkjunar svo nam tæpum 1000 millj. kr. En það er rétt að vekja á því athygli í þessu sambandi að ekki ein einasta króna rann úr ríkissjóði á árinu 1983 þess vegna. Öll þessi upphæð er uppgjör vegna liðins tíma. Sumt af henni rekur sig aftur í fjármálaráðherratíð Tómasar Árnasonar, annað og raunar miklu stærri partur upphæðarinnar rekur sig aftur í fjármálaráðherratíð Matthíasar Mathiesen og stórar fjárhæðir í þessu sambandi rekja sig jafnvel allt aftur í fjármálaráðherratíð Halldórs E. Sigurðssonar. En öll var þessi upphæð gerð upp á einu bretti með því

að Landsvirkjun tók við línunum og ríkissjóður og Landsvirkjun skiptu á milli sín skuldunum og það sem féll á ríkissjóð var allt fært sem gjöld, tæpar 1000 millj., rétt eins og á að giska 4000 ríkisstarfsmenn hefðu verið ráðnir í vinnu snögglega þetta árið og hætt svo vinnu í lok ársins. En staðreyndin var sú að hér var ekki um raunveruleg útgjöld að ræða, eins og þegar menn eru ráðnir í vinnu og til þess þarf að kosta tæpum 1 milljarði, heldur var hér fyrst og fremst um bókfærsluatriði að ræða. Í fjárlögum var ekki heldur reiknað með þessum færslum til gjalda á árinu. Ég vil hins vegar taka það fram að ég er alls ekki að vefengja rétt hæstv. fjmrh., eftirmanns síns, til að færa alla þessa upphæð til gjalda á þessu tiltekna ári. En ég vona bara að öllum sé ljóst sem hlýða á mitt mál hér, að þessar 1000 millj., sem færðar voru til gjalda þótt þær eigi ekkert skylt við raunveruleg útgjöld þessa árs, gerbreyta afkomu ríkissjóðs á árinu og valda því að sú mynd sem við fáum af afkomu ríkissjóðs á þessu ári er vægast sagt mjög villandi.

Í skýrslu fjmrh., sem dags. var 29. júní 1984, var hins vegar gerð grein fyrir þessari sérstöku útgjaldafærslu og áhrifum hennar á afkomu ríkissjóðs. Í þessari skýrslu eru þessar færslur nefndar óregluleg gjöld og er þá átt við færslur til gjalda vegna afhendingar byggðalína til Landsvirkjunar að upphæð 984 millj. svo og uppgjör vegna skulda Vestmannaeyjakaupstaðar síðan í gosi þar um slóðir, en þar var um að ræða hliðstæða bókfærslu upp á 82 millj. Samanlangt eru þessi svonefndu óreglulegu gjöld talin nema 1066 millj. kr.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að í þessari skýrslu fjmrh. frá því í sumar, sem ekki hefur verið birt alþm., gera menn sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir að það verður að halda þessum óreglulegu gjöldum aðskildum ef menn ætla að geta lesið eitthvað af viti út úr ríkisreikningi um afkomu ársins 1983. Þess vegna segir í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Án óreglulegra gjalda, sem færð hafa verið í rekstrarreikningi A-hluta á árinu 1983, varð rekstrarafkoma ríkissjóðs neikvæð um 369 millj. kr."

Ég harma hins vegar að hvorki í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, þar sem hann fjallaði um afkomu ríkissjóðs á árinu 1983, né í ríkisreikningi fyrir árið 1983 var að finna nokkra vísbendingu um það gífurlega misræmi sem skapast í reikningnum vegna þessara sérstöku gjaldfærslna á sama hátt og gert var þó í skýrslu fjmrh. til stjórnarandstæðinga sem gefin var í júnímánuði s. l., en eins og ég tók fram áðan hefur sú skýrsla ekki verið opinberlega birt. Þess vegna eru það væntanlega nýjar fréttir fyrir flesta alþm. en engu að síður réttar fréttir að raunveruleg afkoma ríkissjóðs á þessu ári var 369 millj. í halla en ekki um 1400 millj. eins og er hin opinbera tala. Það þarf því enginn lengur að efast um að árið 1984 hefði komið jákvætt út rekstrarlega séð ef sú stjórn sem við tók vorið 1983 hefði ekki ákveðið við stjórnarskiptin að eyða 800 millj. kr. ýmist með auknum útgjöldum eða minnkaðri tekjuöflun.

Menn kunna nú að spyrja hvers vegna ég eyði svona löngu máli til að ræða þessa staðreynd. Menn kunna kannske að spyrja: Skiptir máli þegar allt kemur til alls hvernig þessari bókfærslu er háttað? Ja, skiptir bókfærsla máli? Áreiðanlega finnst fjölmiðlum bókfærsluatriði af þessu tagi skipta litlu máli. Þegar fjárlagafrv. er í smíðum er löngum eytt miklu rúmi í fjölmiðlum til að rökræða um hvort gat sé í fjárl., hvort væntanlega sé mikill halli á þeim. En þegar svo aftur á móti útkoman liggur fyrir er ekki áhugi lengur til staðar og lítið um það rætt á hvern veg útkoman var. Satt best að segja hefur mér fundist að það væri trúarsetning fjölmiðla hér á Íslandi að það sé halli á öllum fjárl., það sé bara regla. Ég vil minna í þessu sambandi á að fréttamenn útvarpsins fullyrtu í fyrravetur blákaldir, þegar rætt var um svonefnt fjárlagagat, að alltaf hefði verið halli á fjárlögum og þetta væri auðvitað engin undantekning á því ástandi sem löngum hefði verið. Skýringin væri ósköp einfaldlega sú að menn hefðu verið iðnir við það á liðnum árum að jafna hallann út með aukafjárveitingum. Mér þótti þetta nú heldur aum speki þegar ég heyrði hana í útvarpinu á sínum tíma og óskaði eftir að fá að koma á framfæri leiðréttingu, benti á að afkoma ríkissjóðs hefði verið mjög jákvæð á árunum 1980—1982, en sú sérstaka leiðrétting fékkst nú ekki birt. Ég vildi benda á að það hefði verið afgangur á þessum árum þrátt fyrir þær aukafjárveitingar sem veittar voru.

Í þessu sambandi er kannske rétt að nefna að minn ágæti eftirmaður, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson er vanur að segja, þegar þessi mál ber á góma, að ekki þurfi nú vitnanna við um rekstur ríkissjóðs, skuldasöfnun þjóðarinnar í útlöndum segi sína sögu. Hann er sem sagt orðinn nokkuð vanur því að blanda saman annars vegar aukningu langra lána þjóðarinnar allrar út á við í viðskiptum við aðrar þjóðir og hins vegar afkomu ríkissjóðs. Þó þarf auðvitað ekki að segja neinum að aukning erlendra lána, sem mest er talað um, stafar bæði af erlendum lántökum einkaaðila, erlendum lántökum Landsvirkjunar, erlendum lántökum sveitarfélaga vegna hitaveituframkvæmda og þó er aukningin ekki síst vegna breytinga á raungengi ákveðinna mynta og þá fyrst og fremst vegna hækkunar á dollar. Auk þess stafar breytingin á þessu skuldahlutfalli í prósentum talið bæði af hækkandi raungengi dollarans, eins og ég nefndi, og um leið af minnkandi þjóðarframleiðslu og útflutningsframleiðslu sem eru deilitölurnar í slíkum útreikningum. Ekkert af þessu, sem ég nú hef nefnt, skiptir máli varðandi afkomu ríkissjóðs undanfarin ár. En auðvitað er ósköp auðvelt að hræra þessu öllu saman í huga fólks ef vilji er fyrir hendi.

Ég tel hins vegar að það skipti verulegu máli hvort ríkissjóður reynist rekinn með miklum halla eða ekki og hvort menn viðurkenna og þekkja staðreyndir í því sambandi eða ekki. Það er ekki aðeins nauðsynlegt vegna skattgreiðenda í framtíðinni. Ástæðan er líka sú að ef menn fara að ganga út frá halla á ríkissjóði sem sjálfsögðum hlut, ef menn fara að trúa því að það sé alltaf halli á ríkissjóði hvort sem svo er eða ekki, ef menn snúa vísvitandi öllum staðreyndum á hvolf svo að fólkið í landinu veit aldrei annað en að alltaf sé allt í mínus hjá ríkissjóði þótt allt annað sé staðreynd, þá er hætt við því að fjmrh. framtíðarinnar og Alþingi sjálft hafi harla lítinn metnað fyrir hönd ríkissjóðs, þá er hætt við að sígi fljótt á ógæfuhliðina. Þá keppast menn við að lækka skatta án þess að nokkuð komi á móti og auka útgjöld án þess að afla tekna á móti, eins og þessi stjórn hefur ástundað af sem mestu kappi. En staðreyndin um afkomu ríkissjóðs á árinu 1983 liggur fyrir og er, eins og ég hef nú gert grein fyrir, að halli ársins var þá ekki nema 369 millj. kr. sem sýnir að það hefði verið unnt að

ná hallalausri afkomu á þessu ári ef ríkisstj. hefði ekki ákveðið þegar hún kom til valda að stefna á halla hjá ríkissjóði með þeim 800 millj. kr. tekjumissi og útgjaldaauka sem hún stóð fyrir án þess að nokkuð kæmi á móti.

Ég vil svo að endingu eindregið vara við því að ríkissjóði verði stefnt í mikinn hallarekstur á komandi ári. Viðskiptahalli sem verður til við það að fyrirtæki taka lán, að skip eru keypt til landsins eða Landsvirkjun byggir virkjanir eða sveitarfélög byggja hitaveitur er ekki ýkjahættulegur fyrir þjóðarbúið. Það er auðvitað alltaf erfitt að fjármagna alla fjárfestingu af tekjum líðandi árs og erlendar lántökur geta því verið fullkomlega réttlætanlegar og raunar óhjákvæmilegar og þær eru ekki hættulegar meðan um er að ræða fyrirtæki sem standa í skilum eða eru líkleg til að geta fullkomlega staðið undir þeim lánum sem er verið að taka. En lántökur ríkissjóðs til A-hluta reksturs, þ. e. í almennan rekstur ríkissjóðs, eru auðvitað ekkert annað en ávísun á skattgreiðendur framtíðarinnar. Á þessu tvennu er reginmunur.

Með lántökum í almennan rekstur er ríkisstj. sannarlega komin út á mjög hálan ís og það er einmitt þess vegna mjög óheppilegt þegar stjórnmálamenn og fjölmiðlar rugla þessu öllu saman, hræra þessu öllu saman og sjá ekki mun á því hvort um er að ræða lántökur til sjálfstæðra fyrirtækja annars vegar eða lántökur í almennan rekstur ríkissjóðs. Þessa dagana er ríkissjóður t. d. að taka fullverðtryggð lán með 7—8% vöxtum. Vextirnir eiga eftir að tvöfalda þessi lán á aðeins tíu árum. Ef skattgreiðendur í dag geta ekki staðið undir þeim útgjöldum sem út af standa í A-hluta fjárlaganna er þá líklegt að skattgreiðendur geti staðið undir tvöfaldri upphæðinni að tíu árum liðnum ofan á þau vandamál sem þá verða við lýði? Það er óábyrg stefna að afgreiða fjárlagafrv. vísvitandi með halla og ætti aldrei að þekkjast.

Menn kunna kannske að segja að Reagan hinn bandaríski, forseti bandarísku þjóðarinnar, hafi svo sannarlega gefið hægri sinnuðum skoðanabræðrum sínum víða um heim þetta fordæmi. En ég vil minna á að ábyrgðarleysið sem þarna er á ferðinni minnkar ekki við það þótt bent sé á útlend fordæmi. Ég segi því að lokum: Ríkisstj. ber skylda til að tryggja hallalaus fjárlög á árinu 1985. Hún á ekki að draga úr tekjum ríkissjóðs eða auka útgjöld verulega án þess að þar komi örugglega eitthvað annað á móti. Núverandi stefna, sem fylgt hefur verið frá því að þessi stjórn kom til valda, getur ekki gengið og hlýtur að valda ómældum erfiðleikum í stjórn ríkisfjármála á komandi árum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil draga saman fáeina þætti sem ég tel vera megineinkenni þess fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi er stóralvarlegt að ríkissjóður er nú rekinn í vaxandi mæli á erlendum lánum. Skv. yfirliti sem birt er með fjárlagafrv. og er skv. framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er skuldaaukning ríkissjóðs í erlendum lánum á árinu 1985 áætluð um 3.4 milljarðar. Ráðh. lét þess einmitt getið í framsöguræðu sinni að sú framsetning, sem þarna væri valin, væri gleggri og skýrari en sú framsetning sem menn hefðu fylgt hingað til. Þetta svarar til þess að allt menntakerfið í landinu sé rekið á erlendum lánum, svo að menn hafi eitthvað til samanburðar, og slagar upp í það að vera jafnhá upphæð og allar tolltekjur ríkisins. Vaxtabyrðin af þessu er vitaskuld sífellt að þyngjast, og það gerði ráðh. einmitt að umtalsefni og sagði að mál væri að linnti. En skv. þessu sama yfirliti verður um mikla aukningu að ræða á erlendri skuldasöfnun ríkisins á milli áranna 1984 og 1985 svo að enn stefnir í meira óefni en fyrr.

Annar meginþáttur þessa frv. er framhald af þeirri stefnu að skerða hinn félagslega þátt. Það varðar skóla og heilsugæslu, það varðar dagvistun og það varðar Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þar er skerðingin um 60 millj. kr. Það varðar Framkvæmdasjóð aldraða til þess að byggja elliheimili eða dvalarstaði fyrir gamalt fólk. Þar er óbreytt krónutala milli ára þrátt fyrir allar verðlagshækkanir. Og það varðar alla samhjálp. Í því sambandi getum við tekið sem dæmi, sem ráðh. gerði sérstaklega að umtalsefni áðan, að meiningin væri að verja 100 millj. kr. til að auka kaupmátt hjá elli- og örorkulífeyrisþegum umfram það sem hann hefði verið að undanförnu. Þetta er 4% aukning í kaupmætti. Þar er gert ráð fyrir því að umfram verðlagsþróun, umfram launaþróun aukist elli- og örorkulífeyrisbætur um 4%. Þetta er varla stórmannlegt eftir að búið er að skerða kaupmáttinn hjá þessu fólki um yfir 20%. Gamla fólkið verður lengi með þessu móti að vinna upp þá skerðingu sem gerð hefur verið í tíð núv. ríkisstj. og á seinasta ári hæstv. ríkisstj. Gunnars heitins Thoroddsens á kaupmætti þess.

Þriðja meginatriðið sem ég vil benda á er að sú tekjuskattslækkun, sem boðuð er, er öll tekin til baka í nýjum sköttum. Ég mun gera það að umtalsefni frekar hér á eftir.

Í fjórða lagi er ekki úr vegi að benda á að um leið og talað er um aðhald er það aðhald æðimisjafnt. Þegar kemur að yfirstjórninni, ráðuneytunum sjálfum, er hækkunin tvöföld, þreföld, jafnvel fjórföld á við hinar almennu verðhækkunarforsendur frv. Í iðnrn. er um tvöfalda hækkun að ræða, þ. e. 26%, meðan verðlagsforsendur töldust vera 13%, og í félmrn. er um þreföldun að ræða eða 37% hækkun. En forsrn. slær metið. Það er fjórfalt meiri hækkun á því að reka það rn. en almennar verðlagsforsendur gera ráð fyrir. Það er munur á Jóni og séra Jóni.

Ef við lítum þá fyrst á afkomu ársins 1984, sem bæði núv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh. gerðu að umtalsefni, þá má segja að það sé sama marki brennd útkoman fyrir árið 1984 og útkoman fyrir árið 1983, nefnilega því markinu að með því að það er viðskiptahalli hefur ríkið svo miklar tekjur af viðskiptahallanum að það tekst nokkurn veginn að jafna þær tölur sem menn hafa sett sér í upphafi, ná þeim jöfnuði sem menn þykjast vera að ná á pappírnum, þeim A-hluta jöfnuði sem menn hafa gjarnan gumað af, en sem virðist nú ekki eins merkilegur þegar litið er á það yfirlit sem hæstv. fjmrh. segir að gefi gleggri og skýrari mynd, þ. e. skv. framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er með þessum hætti sem tekist hefur að ná endunum saman skv. staflið A í fjárlögunum eða því sem næst að ná þeim saman, bæði í ráðherratíð Alberts Guðmundssonar og í ráðherratíð Ragnars Arnalds.

Ráðið er einfalt: Látum ríkissjóð taka lán erlendis til þess að jafna hallann hjá sjálfum sér. Búum þannig til viðskiptahalla sem verður til þess að jafna þann mun sem menn vilja svo gjarnan veifa að enginn sé, en er

samt mjög mikill þegar betur er að gáð.

Ég kemst ekki hjá því að gera sérstaklega að umtalsefni hinar erlendu lántökur og það yfirlit sem yfir þær er gert og aðra þætti sem varða ríkissjóð í töflum sem fylgja þessu fjárlagafrv. og eru upp settar samkv. framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar sést að skv. fjárl. á árinu 1984 eru erlendar lántökur nettó 1950 milljarðar kr., en þær verði hvorki meira né minna en 3431 milljarður kr. skv. frv. fyrir 1985 — að vísu fyrir leiðréttingu sem svarar til um 100 millj. kr. samkv. nýjustu upplýsingum. Hækkun á erlendum lántökum til þess að reka ríkissjóð er þá 75.6% milli áranna 1984 og 85. Þetta er vissulega umhugsunarefni því að þessi fjárhæð er ekki svo lítil eins og ég gat um áðan. Hún svarar til þess sem kostar að reka allt menntakerfi Íslendinga, allt frá grunnskóla og upp í háskóla.

Í öðru yfirliti, sem birt er, kemur í ljós að þær tölur, sem íslenskir ráðamenn hafa notað varðandi umsvif ríkisins, eru allar meira og minna ómark. Þær eru ekki samanburðarhæfar við það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Allt tal um að umsvif ríkisins hér séu svo og svo miklu minni en meðal erlendra þjóða er þess vegna ekki rétt. Þar skeikar um 10% að því er tekjuhliðina varðar og þar skeikar um 20% að því er gjaldahliðina varðar. Þessu hlýt ég að vekja athygli á vegna þess að þegar við berum okkur saman við aðrar þjóðir verðum við að vera með sambærilegar tölur.

Hæstv. fjmrh. gerði nokkuð að umtalsefni skattastefnu ríkisstj. Já, hver er hún? Því var heitið í upphafi, því var heitið þegar fjárlagafrv. var lagt fram, að frv. um skattstiga og skattvísitölu yrðu lögð fram við upphaf þings. Ekkert af þessum frv. höfum við séð enn þá. Það eina sem við höfum fengið að vita var upplýst hér í dag og í dag í fyrsta skipti, að jaðarprósentur skattstigans mundu breytast eilítið, mundu lækka um 3% í neðsta þrepi, um 1% í næstneðsta þrepi og um 1% í hinu efsta þrepinu. Þetta eru allar upplýsingarnar sem við fáum um framkvæmd þeirrar skattastefnu að lækka tekjuskattinn um 600 millj. kr. Þetta er heldur magurt. Að vísu segir ráðh. að jafnframt eigi að létta á þeim sem verst eru settir og þar sem ein fyrirvinna er. Þetta eru ágæt markmið, ég er sammála þeim, en mér finnst ríkisstj. hafa tekið sér nokkuð langan tíma til þess að ganga frá þessu frv. og að það sé orðið nokkuð langt í efndirnar á því að þessi frv. yrðu lögð fram við upphaf þings.

En þegar betur er að gáð kemur í ljós að sú lækkun sem á að eiga sér stað á tekjuskatti einstaklinga upp á 600 millj. kr. á að leiða til skattahækkunar annars staðar, tekjuaukningar ríkissjóðs annars staðar, sem er samkv. nýjustu upplýsingum hæstv. fjmrh. upp á 620 millj. kr. Þar af er upplýst að um 150 millj. komi með því að láta áfengi og tóbak hækka u. þ. b. 10% umfram það sem verðlagshækkanir verða. En hvað um afganginn? Hvað um hinar 470 milljónirnar? Hversu glöggar upplýsingar hefur þingið um það úr ræðu hæstv. ráðh. eða þeim upplýsingum sem hafa komið fram? Jú það er talað um að hugsanlega megi hækka ýmsa liði um upphæð sem svari til 150 millj. kr. Það eru alls konar gjöld, skráningargjöld, leyfisgjöld, væntanlega veðbókarvottorð og hvað þeir heita þessir fjölmörgu smáskattar sem eru hér og hvar notaðir sem tekjuliðir og eins og frumskógur í fjárlagafrv. Þessir liðir eiga allir að hækka, væntanlega um önnur 10% umfram verðlagshækkanir, og verða þá að gera það strax við upphaf ársins. Þetta tvennt svarar þó ekki til nema 300 millj. kr. Þá eru eftir 320 millj. kr. sem eru skattlagning sem engin einasta grein er fyrir gerð hér af hvaða tagi muni verða.

Hæstv. fjmrh. hefur afneitað því að þetta yrði fólgið í hækkun söluskatts. Hann hefur þá væntanlega líka afneitað því að það yrði fólgið í því að það yrði víðtækari grunnur undir söluskattinum, eins og var nú ein setningin í grg. með þessu fjárlagafrv. Ég skil það svo að víðtækari grunnur undir söluskattinum þýði að undanþágum verði fækkað. Ef engin breyting á að eiga sér stað á söluskattinum er ekki heldur um það að ræða að undanþágum verði fækkað. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari því afdráttarlaust hvort innifalið í hans svari um að ekki verði um hækkun á söluskatti að ræða sé einnig að það verði ekki um að ræða víðtækari álagningargrunn, eins og það hét á skrifstofumáli því sem er í grg. þessa fjárlagafrv.

En skattlagning verður það. Í hvaða mynd vitum við ekki. Við Alþfl.-menn mundum ekki hafa á móti því að það yrði í sköttun á stóreignum. En þá vildum við verja því, a. m. k að verulegu leyti, til þess að bæta hlut húsnæðislánakerfisins til þess að sjá til þess að menn þyrftu ekki að bíða ár eða svo eftir því að þau lán fáist afgreidd sem þeim er lofað, eins og einmitt er tilfellið núna.

Annars er fróðlegt að skoða tekjuáætlun þessa frv. og hversu raunhæf hún muni vera. Það er gerð sérstök grein fyrir tekjuáætluninni í forsendum með þessu fjárlagafrv. Og það er ákaflega fróðlegt að sjá forsendurnar undir því að tekjur verði þær sem gert er ráð fyrir bæði að því er varðar eignarskatt og tekjuskatt. Þar segir að vegna áætlaðra eftirstöðva ógreiddra skatta í árslok 1984 að því er eignarskatt varðar er gert ráð fyrir að innheimta eignarskatts hækki meira en sem svarar álagningu milli ára. Hækkun álagningar milli ára á að vera 12.5%, en hækkun innheimtunnar á að vera 17% hjá einstaklingum og 21% hjá félögum. Og rökstuðningurinn er því sá að menn hafi staðið svo illa í skilum árið 1984 að þeir hljóti að standa langtum betur í skilum árið 1985.

Nú geta menn metið hvað valdi því að menn hafi staðið illa í skilum á árinu 1984. Það gæti t. d. verið léleg afkoma að því er einstaklinga varðar. Eftir því sem ríkisstj. hefur boðað verður nú lítill munur á kaupmætti launa hjá launþegum á árinu 1985 miðað við árið 1984 og varla svo að það svari til einhverra stórupphæða.

Af því er fyrirtækin varðar gæti verið að þetta væri vegna þess að fyrirtæki í undirstöðuatvinnugreininni, sjávarútvegi, hefðu barist í bökkum, hefðu ekki borgað skattana sína. Ég er hræddur um að nokkur dæmi séu um það. Er útlit fyrir það núna að í upphafi árs 1985 verði glimrandi afkoma í sjávarútveginum, þannig að þessi fyrirtæki rjúki til og borgi upp allar eftirstöðvar af sköttum sínum og skaffi þannig ríkissjóði stórkostlegar tekjur?

Alveg það sama, alveg sams konar röksemdafærsla, er uppi á teningnum þegar kemur að tekjuskattinum. Sú nettóálagning sem hér er um að ræða er sögð lækka um 20%, en tekjur ríkissjóðs vegna nettóálagningar upp á 20% lækka ekki nándar nærri svo mikið. Þær lækka bara um 11%. Og það er sama röksemdafærslan:

það voru svo lélegir greiðendur 1984 að þeir hljóta að verða góðir greiðendur 1985. Þetta er ákaflega merkileg röksemdafærsla og ég kemst ekki hjá því að biðja hæstv. fjmrh. um að gera eilítið nánari grein fyrir því hvernig á þessu standi, hvernig svona röksemdafærsla fái staðist, hvernig hann ætli að koma því til leiðar að menn verði svo langtum skilvísari á árinu 1985 en á árinu 1984 að ekki einungis borgi þeir hærra hlutfall af skatti sínum, heldur líka eftirstöðvarnar eins og hér er sagt.

Ég mun nú, herra forseti, víkja að fáeinum öðrum þáttum sem fram koma hér varðandi forsendur og tölur sem uppi eru í þessu fjárlagafrv.

Ég vil þá fyrst gera að umtalsefni útflutningsbætur. Hér virðist vera á ferðinni mjög merkileg stefnubreyting hjá ríkisstj. Hæstv. fjmrh. lét þess getið að útflutningsbótaþörfin, eins og hún væri nefnd, væri um 450 millj. árið 1984, en hámarksgreiðslugeta var sett við 468 millj. eins og kunnugt er. En hann lét þess einnig getið að útflutningsbótaþörfin, eins og hún væri nú venjulega skilgreind, yrði 500 millj. á árinu 1985. Engu að síður er ekki gert ráð fyrir því að greidd verði hærri fjárhæð en 380 millj. kr. Þarna skeikar 120 millj. miðað við útflutningsbótaþörfina. Hér er greinilega verið að stíga skref í þá átt að komast út úr útflutningsbótakerfinu og það er vel, en ég hefði gjarnan viljað fá upplýst hjá hæstv. ráðh. hvernig eigi að framkvæma úthlutun á mismuninum, ef ég má orða það svo, hvernig eigi að jafna byrðunum af þessum 120 millj. sem þarna ber í milli — eða gerist þess engin þörf? Verður það ekki eitt af því sem ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir? Hefur ríkisstj. ekki hugsað út í það með hvaða hætti hún ætli að gera það, hvernig því eigi að jafna á bændur og sláturhús og mjólkurbú hér í landinu? Ég tel skipta verulegu máli hvernig því verður jafnað og að hve miklu leyti það verður borið af bændum eða af milliliðunum sem hafa verið að reisa hallir allt í kringum okkur. Ég óska eftir því að hæstv. ráðh. gefi glöggar upplýsingar um þetta.

Þetta atriði gefur tilefni til þess að gera sérstaklega að umræðuefni þau lagaákvæði sem gilda um hámark útflutningsbóta, en sem venjulega hefur verið talið sem útflutningsbótaþörf, og útreikning á því í gildandi lögum. Það er talað um 10% af allri landbúnaðarframleiðslu. Nú er það svo að hér eru komnar upp ýmsar búgreinar sem teljast nú stundum aukabúgreinar eða vaxtarbúgreinar og ganga undir margvíslegum fögrum nöfnum af því tagínu. Það gæti vissulega verið aukabúgrein að steypa gangstéttarhellur ef það væri gert á bóndabýli. Fellur það undir landbúnaðarframleiðslu?

Það hefur verið talið að hlunnindi ýmiss konar féllu undir landbúnaðarframleiðslu, þ. á m. tekjur af laxveiðileyfum, æðardúnstekja og þar fram eftir götunum. Verða þá ekki líka skv. þessu hluti af landbúnaðarframleiðslunni, sem reikna á 10% af, allar þær nýju búgreinar sem við erum að koma upp vegna þess að við höfum ekki efni á að reka þær gömlu í eins ríkum mæli og raun ber vitni? Hvað um refarækt, minkarækt, laxarækt, silungsrækt, fiskirækt yfirleitt? Allt heyrir þetta undir landbrn. Er ekki tími til kominn að þingið taki nú á sig rögg og endurskoði þessi lög, setji bæði hámarksupphæð á komandi ár, ekki bara þetta eina ár, heldur í framhaldinu, og skilgreini með hvaða hætti eigi að reikna þessa upphæð, ef hún á að vera prósentutala af einhverri landbúnaðarframleiðslu, hver sú landbúnaðarframleiðsla er og hvort þar sé þá innifalið að steypa gangstéttarhellur, ef það er gert á bændabýli, eða fiskiræktin eða refræktin eða minkaræktin? Og í annan stað: Hvernig ætla menn að komast þann veg sem fara verður?

Auðvitað hefði Alþingi getað tekið á sig rögg langtum fyrr og tekið á þessum málum. Ég minni á að þegar á árinu 1980 flutti ég lagafrv. sem varðaði einmitt þessi atriði og Alþfl.-menn hafa áður flutt lagafrv. sem varða þau skilgreiningaratriði sem ég hef nú gert að umtalsefni.

Ég fór fáeinum orðum áðan um það hversu ríkissjóður væri rekinn með miklum halla og hvernig erlendar skuldir söfnuðust upp. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að það hefði reynst brösótt og erfitt að afla innlends lánsfjár. Og hver var höfuðskýringin? Höfuðskýringin var sú að ríkisstj. hafði sjálf skipt um stefnu í vaxtamálum. Hæstv. fjmrh. fór ekkert leynt með að það ástand sem ríkt hefði í vaxtamálum og það vaxtakapphlaup sem nú hefði verið uppi hefði þýtt að ríkissjóður hefði orðið af stórum fúlgum og gæti ekki selt skuldabréfin sín og gömlu spariskírteinin, þau væru innleyst í mjög ríkum mæli. Útstreymið hefði numið um 900 millj. kr. eða upp undir milljarði og þetta væri vegna þess að miðað við gildandi vaxtakjör hafi menn hlaupið til með spariskírteinin sín og heimtað að ríkissjóður greiddi þau, en yfirleitt ekki keypt nein í staðinn. Það var ekki nema von að hæstv. ráðh. hefði áhyggjur af þessari stöðu. Hann benti mönnum góðfúslega á að innlausn eldri skírteina gæti numið milljörðum, það væru nefnilega 3.8 milljarðar í svona spariskírteinum sem þegnar þessa lands gætu innleyst hvenær sem væri á næsta ári. Þeir hafa vaknað til vitundar um það, eigendur þessara skírteina, að miðað við þá stefnu sem ríkt hefur í vaxtamálum og sem ríkisstj. hefur innleitt sé auðvitað ekkert vit í að eiga þessi skírteini. Ja, það er ekki nema von að hæstv. fjmrh. vari við.

Ein nýjung var þó fundin upp af hálfu ríkisins til þess að bjarga afkomu ríkissjóðs — nýjung sem var auglýst, nýjung sem var mikið talað um, nýjung sem átti að verða algjör kaflaskipti að því er ríkisfjármálin varðaði. Það voru ríkisvíxlarnir. Þá átti nú aldeilis að næla í peninga í ríkissjóð. Það átti að næla í 158 millj. kr. með þeim hætti. En það tókst ekki að selja ríkisvíxla nema fyrir 70 millj. kr. og þá reyndar með afarkjörum. Það má reyndar halda því fram að það vaxtastig sem ákvarðaðist hér í þjóðfélaginu í ýmiss konar innlendum viðskiptum hafi einmitt hæstv. fjmrh. ákveðið þegar hann gekk frá og gekk að tilboðum í sambandi við fyrsta útboðið á ríkisvíxlunum. Þá var í rauninni boðuð sú stefna fjmrn. að á skammtímaskuldbindingum skyldu vera u. þ. b. 26% vextir. Það var því ekki einungis sú ákvörðun, sem tekin var á miðju sumri af hálfu ríkisstj. eða 1. ágúst, ef ég man rétt, varðandi vaxtafrelsið og var kölluð tímamótaákvörðun, sem er sem ól um háls hæstv. fjmrh., heldur bjó hann til drjúgan hluta af ólinni sjálfur þegar hann ákvað að skammtímavextir á ríkisvíxlum skyldu vera um 26%. Þar var hann kominn í samkeppni við sjálfan sig og búinn að kippa stoðunum undan því að menn keyptu spariskírteinin í neinum verulegum mæli. Svona hafa mistökin rekið hvert annað í þessu kerfi ríkisstj.

Annað var það sem ríkisstj. boðaði af miklum þrótti. Það var að nú skyldu ríkisfyrirtæki seld. Þau skyldu seld í stórum stíl. Ég man ekki hvað þau áttu að vera mörg til að byrja með þegar hæstv. fjmrh. birti listann sinn, en mörg voru þau. Þau voru líklega einhvers staðar á bilinu 15—20, ef ég man rétt. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því, ef einkaaðilar geta rekið fyrirtæki sem ríkið er með og veitt sambærilega þjónustu, að þetta sé flutt yfir til einkaaðila úr hinum opinbera geira, en það er dálítið ankannalegt þegar þeir sem sérstaklega boða að ríkið eigi alls ekki að eiga í fyrirtækjum leggja fram fjárlög þar sem aftur og aftur er tekið fram að nú eigi ríkið að fá heimild til að kaupa hlutafé í hinu og þessu. Svo er einnig um þessi fjárlög. Enn er heimilað að kaupa hlutafé í steinullarverksmiðjunni, í hlutafélagi til eflingar iðnþróunar og í ýmsum fyrirtækjum skv. liðum 5, 6, 7 og 8 á bls. 232 í þeirri grg. sem fylgir þessu frv. Ég hef ekki á móti því að ríkið kaupi annað veifið hlutabréf í ýmsum fyrirtækjum. En ég set þetta fram sem áminningu um að menn eru ekki eins galvaskir í málflutningi sínum um að ríkið megi alls ekki eiga í fyrirtækjum og ýmsir forsvarsmenn ríkisstj., og þó alveg sérstaklega hæstv. fjmrh., hafa verið að undanförnu.

Ég gerði hér áðan að umtalsefni lánsfjáröflun og skuldastöðu ríkissjóðs. Fyrir utan það sem ég hef þegar nefnt í þessum efnum kemst ég ekki hjá því að benda alveg sérstaklega á eitt atriði sem fram kemur í grg. með frv. Á bls. 210 er sagt afar hæversklega:

„Þess er þá að geta að vegna mjög erfiðrar greiðslufjárstöðu ríkissjóðs síðari hluta árs 1983 var tekið 619.2 millj. kr. lán fyrir milligöngu Seðlabankans. Það lán er bundið við SDR og endurgreiðist á árunum 1985—1986. Eftir áramót 1983/1984 var síðan tekið annað sams konar lán til þess að standa reikningsskil á yfirdrætti ríkissjóðs í árslok 1983. Það lán er að fjárhæð 687 millj. kr. og á að endurgreiðast á árunum 1986—1989."

Hérna eru sem sagt tekin neyðarlán upp á 1.3 milljarða til þess að ríkissjóður geti staðið í skilum við skuldunauta sína. Þetta er eiginlega utan við allt sem menn hafa gert að umræðuefni hér varðandi afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs og þess vegna kemst ég ekki hjá því að gera það sérstaklega að umtalsefni.

Ég mun ekki, herra forseti, fara mörgum orðum um einstaka liði að því er varðar rekstur rn. En það er eitt atriði sem mér þykir þó ástæða til þess að leggja spurningu fyrir hæstv. ráðh. um. Í landbrn. er til liður sem heitir Jarðeignir ríkisins. Framlag ríkissjóðs verður 4 millj. 905 þús. kr., stendur í þessu fjárlagafrv. Látum það vera. En hvar eru tekjurnar af þessum jörðum? Ætli ríkið sé ekki stærsti jarðeigandi á Íslandi. Það á margar stórjarðir. Það á margar jarðir með miklum hlunnindum. Hverjar eru leigutekjurnar af þessum jörðum? Hrökkva leigutekjurnar af öllum þessum jörðum með öllum þessum hlunnindum fyrir launum eins starfsmanns í rn. sem hefur með þeim umsjón eða hrökkva þær fyrir framlagi ríkissjóðs upp á 4.9 millj. kr.? Hvað eru þessar tekjur miklar? Getur verið að ríkið reki eigur sínar með þeim hætti að tekjur, m. a. af ýmsum hlunnindum, sem leigjendur ríkisins hafa, séu margfaldar á við þá leigu sem ríkið tekur fyrir þessar jarðir? Ég hefði gjarnan viljað fá þetta upplýst hjá hæstv. ráðh. Og ef það skyldi nú vera svo að eitthvað af þessu tagi kæmi fyrir í ríkisgeiranum vildi ég gjarnan spyrja ráðh. hvort honum finnist ekki tími til kominn að menn skoði þessi mál svolítið nánar og aðgæti hvort leigutekjur ríkisins á jarðeignum þess séu með öllu eðlilegar. Hvort það geti ekki verið að þarna sé tekjupóstur sem hafi gleymst, hvort það geti ekki verið að ástæða sé til að endurskoða alla þessa leigusamninga og gera það á einu bretti. Það vantar nefnilega oft sporslur. Það gæti komið sér vel fyrir hæstv. ráðh. að nota þetta til að kíta upp í eitthvert gatið sem sjálfsagt kemur fram á þessu fjárlagafrv. og mætti verða til að lækka skattlagninguna á almenningi, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir, upp á 320 millj. af þeim 620 sem hugmyndin er að auka skattlagningu á almenningi í landinu um.

Við gerum það stundum að umtalsefni að afkoman sé léleg hjá okkur hérna á Íslandi og við spyrjum stundum: Hvernig stendur á því að lífskjörin eru svona léleg? Hæstv. fjmrh. gaf nú að hluta til svar við þeirri spurningu, bæði í því frv. sem hann hér flytur og í þeim upplýsingum sem hann gaf í ræðu sinni áðan. Tökum minnisvarðann yfir vitlausa fjárfestingu á Íslandi. Tökum Kröfluvirkjun. Í upplýsingum með frv. á bls. 207 er sagt að alls sé talið að vextir og afborganir áhvílandi lána nemi 498.5 millj. kr. á árinu 1985. Gengið er út frá því að fyrirtækið skili úr rekstri minnst 98.5 millj. til þessa, en að því verði jafnframt heimiluð lántaka að hámarki 400 millj. kr. Það skortir sem sagt 400 millj. kr. upp á að þetta fyrirtæki geti staðið undir vöxtum og afborgunum sem því ber að gera. Það er engin smáræðis upphæð sem hér er um að ræða. Ef ekki hefði verið lagt í Kröfluævintýrið ætti hæstv. ráðh. þarna 400 millj. kr. meira úr að moða á þessu ári. Hann hefði getað haft skattana 400 millj. kr. lægri bara út á þessa einu framkvæmd, þennan eina minnisvarða.

En minnisvarðarnir eru fleiri, og hæstv. ráðh. gerði þá að umtalsefni. Ég vil gjarnan að það komist í Alþingistíðindi að þetta eru minnisvarðar yfir það hvers vegna lífskjör eru lakari á Íslandi en annars staðar, hvernig ríkið hefur lagt í ýmsar framkvæmdir sem ekki rísa undir sér. Hann minntist á Járnblendiverksmiðjuna, ½ milljarð sem ríkið yrði sjálfsagt að yfirtaka. Ef Landsvirkjun tæki nú við Kröflu yrði ríkið sjálfsagt að yfirtaka 1½ milljarð. Byggðalínurnar hefðu þýtt yfirtöku á lánum upp á 1 milljarð. Jarðboranir ríkisins hefðu þýtt yfirtöku upp á 200 millj. Og svo er það líka komið á daginn, sem menn bjuggust alltaf við, að lán sem tekin voru vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í sambandi við loðnudeild hans upp á 150 millj. yrði ríkið líka að borga. Við höfum hér fjölþætt kerfi. Við höfum vitlausar fjárfestingar ríkisins sem birtast í hærri skattlagningu þegnanna. Við höfum vitlausar ákvarðanir í framkvæmdum á vegum ríkisins. Og við höfum vitlausar ákvarðanir um framkvæmdir á vegum einkaaðila. Hvort tveggja birtist í rauninni í lélegri lífskjörum á Íslandi en ella vegna þess að það eru tekin erlend lán til að jafna þennan mun og hvort heldur það gerist vegna þess að ríkissjóður sé rekin á erlendum lánum eða vegna þess að lagt er í fjárfestingar á vegum einkaaðila eða annara sem standa ekki undir sér og ríkið verður síðan að hlaupa undir bagga með, þá bitnar það á lífskjörunum. Þetta er sannleikurinn í þessu máli.

Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt fram voru höfð fögur orð og fyrirheit af hálfu hæstv. fjmrh. um hvernig við skyldum nú standa að vinnubrögðum núna. Ég

kemst ekki hjá að minna á eilítið af því. Fyrirheitin voru fáein. Það var sagt að í þingbyrjun yrði lagt fram sérstakt lagafrv. með nánari útfærslu á skattbreytingunni varðandi lækkun á tekjuskatti. Þar var fyrsta loforðið. Þar var talað um það að skattvísitala yrði jafnframt kynnt í þingbyrjun. Þar var talað um í þriðja lagi að frv. um breytta skipan tollamála mundi koma fram á þessu þingi. Ekki sér enn fyrir því. Og loks var sagt að samhliða fjárlagafrv. yrði fjallað um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ekkert af þessu, sem hér var talið fram og lofað þegar fjárlagafrv. var lagt fram, hefur verið efnt enn þá. Verst af öllu er að þetta gerist ár eftir ár, að fjárlagafrv. kemur hér til umfjöllunar án þess að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé lögð fram samtímis. Og ég segi það vegna þess að það gerir allt yfirlit yfir ríkisfjármálin og stöðu þjóðarbúsins langtum erfiðara sé fjallað um þetta í pörtum og bútum eins og okkur er gert að gera.

Það er líka merkilegt að rifja upp niðurlagsorð inngangsins í grg. með þessu frv. Þar segir að það sé meginstefna ríkisstj. og veigamikill þáttur í efnahagsstefnunni að miða að því að draga úr erlendri skuldasöfnun. Þetta eru falleg orð, en þegar þau eru borin saman við þá niðurstöðu að erlendar skuldir, ekki einungis þjóðarinnar heldur ríkissjóðs sér í lagi, aukast ár frá ári, þá þykir mér málið orðið fullþversagnarkennt. Menn geta borið þessi orð saman við það sem kemur fram í yfirlitinu með frv. sem sýnir að aukning á erlendum skuldum hjá ríkinu á árinu 1985 skv. fyrirliggjandi frv. verði 3.3 milljarðar kr.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja öllu frekar um þetta.

Alvarlegasti þátturinn er sá að það er stórfelld skuldasöfnun hjá ríkissjóði, það er óvissa um innlenda lánsfjáröflun og erlend lán eru stórlega aukin frá ári til árs.

Í öðru lagi eru umsvif ríkisins vanmetin. Hér kemur fram að þau hafa verið vanmetin árum saman, miðað við hvernig þau eru metin í öðrum löndum, og nemur það um 10%.

Þriðja einkenni frv. er framhald á þeim niðurskurði sem uppi var hafður á síðasta ári á félagslegum þáttum og það gildir jafnt hvort um er að ræða sjóði til styrktar lömuðum og fötluðum eða öldruðum eða verklegar framkvæmdir sem snúa að menntamálum eða heilbrigðismálum.

Í fjórða lagi er lækkun tekjuskattsins tekin til baka í öðrum sköttum.

En það er eitt atriði, sem varðar hinn félagslega þátt, sem ég hlýt þó að spyrja hæstv. ráðh. sérstaklega um hér og nú. Það eru gjöldin sem taka á fyrir lækna- og lyfjaþjónustu. Í forsendum fjárlagafrv. er sagt að þessi gjöld muni hækka hlutfallslega með verðlagi. Nú segir hæstv. ráðh. að þau hækki ekki. Hvað er rétt í þessum efnum? Verða þau óbreytt í krónutölu eða verða þau (Gripið fram í.) það ekki? Hvergi hefur verið gerð grein fyrir því að hér væri um einhvern peningamismun að ræða, sem þyrfti að mæta, og þess vegna er spurningin borin fram hæstv. ráðh. Það er verulegur mismunur á því hvort þau hækka með verðlagi eða hvort þau standa í stað að krónutölu og menn geta haldið því fram að hvort um sig sé ekki hækkun vegna þess að hækkun með verðlagi sé að standa í stað eins og allt er í pott búið á Íslandi. En í forsendum fyrir hinu upprunalega fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að það fylgi verðlagi. Það hefur ekkert komið fram í krónum og aurum um það að þær forsendur hafi breyst. Hæstv. ráðh. gat þess sérstaklega að 100 millj. væru til þess að mæta hækkun á elli- og örorkulífeyri sem næmi 4% svo að þar fauk það og ekki hefur það farið í þennan lið. Þess vegna þarf þetta að liggja skýrt fyrir.

Að endingu þetta: Allar hugmyndir um að það sé jöfnuður í ríkisfjármálum, allt tal um það, eru út í hött. Það sýnir það yfirlit sem fylgir þessu fjárlagafrv. og ég hef gert hér að umtalsefni. Ef það væri jöfnuður væri ekki svona mikil erlend lántaka. Þetta eru þeir þættir sem ég geri sérstakar aths. við að því er varðar efnisinnihald frv. En það er ástæða til að rekja líka í fáeinum orðum hvað ekki er gert sem hefði átt að gera. Það er látið ógert að fara ofan í hvern lið og athuga hvort gera megi hlutina með betri hætti, að ganga úr skugga um hvort atriði sem vikið er að geti verið í höndum annarra sem inni þá jafnvel af hendi. Það er líka látið vera að taka ákvörðun um að byggja hæfilega stórt í staðinn fyrir að byggja of stórt og hætta öllum íburði en byggja látlaust þannig að það svari tilgangi sínum. Og það er ekki heldur tekið á því, sem hefur verið einkenni fjárlagafrv., að hafa hæfilega stóra áfanga. Það er sífellt verið að búta svo smátt í verklegum framkvæmdum að helmingurinn af kostnaðinum fer í að flytja tækin á milli verka. Á því er ekki tekið. Og það er ekki heldur tekið á gjaldafrumskóginum eða á tollafrumskóginum. Það er ekki heldur tekið á því að bankarnir eigi að borga langtum lægri skatt á árinu 1985 en 1984. Þetta hefði nú verið ástæða til að skoða sérstaklega. Og það er ekki heldur tekið á því að herða skattaeftirlit sem gæti skilað miklu. Það er ekki heldur tekið á því að stokka upp söluskattskerfið sem hefði getað skilað miklu. Á stóreignaskatt er ekki minnst. Hann hefði líka getað skilað verulegu og verið mjög réttlátur. Óréttlætið heldur áfram. Ellilífeyrisþegar og örorkulífeyris mega hins vegar vænta þess að fá 4% til baka af þeim 20 sem búið er að skerða kaupmátt þeirra um. Það er nú allt réttlæti þessarar ríkisstj.

Herra forseti. Með þeim orðum um misréttið í þjóðfélaginu og skerf ríkisstj., 4% skerf ríkisstj., til þess að draga úr misréttinu sem eitt af því sem sé boðskapur þessa frv. mun ég ljúka máli mínu.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., taldi að það fjárlagafrv. sem hér er til umr. væri fjandsamlegt byggðastefnu og reyndi að færa að því nokkur rök, m. a. að dregið væri verulega úr ýmsum framkvæmdaliðum. Honum gleymdist hins vegar, þeim góða manni, að taka tillit til allrar þeirrar auknu þjónustu sem fylgir í kjölfar nýrra skóla, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o. s. frv. Þegar gæta þarf aðhalds og sparnaðar vegna samdráttar í þjóðartekjum hlýtur að vera eðlilegt að leggja fremur áherslu á þjónustu þessara stofnana þó um sinn þurfi að hægja eitthvað á framkvæmdum.

Hvað heldur hv. þm. að ríkisútgjöld hafi aukist á Sauðárkróki, sem er í hans kjördæmi, við það að þar er starfræktur fjölbrautaskóli? Heldur hann ekki að ríkisreksturinn aukist eitthvað á Sauðárkróki við það að þar er byggð heilsugæslustöð og þar er stækkað sjúkrahús? Sömu sögu má einnig segja frá bæði Hvammstanga og Blönduósi sem einnig eru í kjördæmi hv. þm. Þar er

verið að byggja heilsugæslustöðvar og stækka sjúkrahús. Auðvitað er þetta byggðastefna sem ber að fagna þó að ég geti tekið undir með honum að betur má ef duga skal og kem ég aðeins nánar að því síðar. Við verðum hins vegar að viðurkenna staðreyndir og horfast í augu við raunveruleikann. Það hefur hins vegar aldrei verið sterka hlið þeirra Alþb.-manna.

Hv. þm. ræddi einnig um það í ræðu sinni hér áðan að skuldasöfnun og óráðsía væri mikil í ríkisfjármálum. Hann kenndi þar um störfum núv. hæstv. fjmrh., svo og ýmissa annarra hæstv. fjmrh. sem hefðu setið hér fyrr á árum, svo sem eins og Tómasar Árnasonar, Matthíasar Á. Mathiesen, jafnvel Halldórs E. Sigurðssonar, en gleymdi einhverra hluta vegna að fjalla um það tímabil sem hann sat sjálfur í stóli hæstv. fjmrh. Staðreyndin er þó sú, og vert er að minna á það hér og nú, að í skýrslu stjórnar Seðlabanka Íslands, sem fram var lögð á aðalfundi bankans vorið 1979, kom fram að mikil umskipti hefðu orðið og mjög til bóta í fjármálum ríkisins vegna ráðstafana í ríkisfjármálum og lagasetninga sem hv. þm. Tómas Árnason, þáv. hæstv. fjmrh., hafði beitt sér fyrir. Staðreyndin er því sú að hv. þm. Ragnar Arnalds tók við mjög góðu búi, er hann settist í stól fjmrh. á sínum tíma, og bjó að því.

Ríkisfjármál eru sá þáttur í hagkerfi hverrar þjóðar sem einna mestu máli skiptir við stjórnun efnahagsmála. Fjárlagafrv. það sem hér er nú til umr. er engin undantekning frá venju að þessu leyti. Fjárlög ríkisins hljóta að hafa verulega þýðingu, jafnvel skipta sköpum, í þeirri efnahagsstefnu sem mótuð er hverju sinni. Á þetta að sjálfsögðu einnig við um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög svo og öll umsvif ríkissjóðs á hverjum tíma.

Í því fjárlagafrv. sem hér er nú til umr. hefur að venju verið reynt að gæta aðhalds og sparnaðar og viðleitni sýnd til að draga úr útgjöldum ríkisins. Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði 29.2% af þjóðarframleiðslu sem er lægra hlutfall en verið hefur frá árinu 1981. Á þennan hátt hefur ríkisstj. viljað stuðla að því að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga og mæta þannig að einhverju leyti þeirri skerðingu á kjörum almennings í landinu sem ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að grípa til á síðasta ári. Einnig er með þessu hugsað að auka svigrúm til athafna fyrir einstaklinga, félög þeirra og fyrirtæki til að gera þeim mögulegt að bæta sinn hag, efla og treysta atvinnulífið og auka hagvöxtinn svo að þjóðin geti á komandi árum bætt afkomu sína á traustari grunni en verið hefur á undanförnum árum.

Nokkur nýmæli eru í þessu fjárlagafrv. sem ég vil gera sérstaklega að umræðuefni en koma síðar í ræðu minni að einstökum þáttum í frv. er ég vil vekja sérstaka athygli á, án þess þó að ég ætli mér að fara ítarlega í gegnum frv. í heild sinni. Það hefur hæstv. fjmrh. að sjálfsögðu gert í sinni framsöguræðu, auk þess sem hann hefur gert grein fyrir þeim breyttu forsendum sem skapast hafa á undanförnum vikum og hafa veruleg áhrif á tekju- og gjaldahlið frv. Um þau mál öll hefur einnig verið rætt hér í þinginu í stefnuræðu hæstv. forsrh. í seinustu viku og umr. um hana, svo og við ýmis önnur tækifæri, þannig að ekki er ástæða til að fjölyrða um þau atriði hér og nú.

Í fyrsta lagi vil ég fjalla um að nú er gert ráð fyrir að verulega verði lækkaðar tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga. Er hér gert ráð fyrir lækkun að upphæð 600 millj. kr. Hér er um að ræða áfanga í þeirri stefnu ríkisstj. að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum.

Á undanförnum árum hefur skapast það ástand í þjóðfélaginu að fleiri og fleiri skattgreiðendur hafa fundið smugur í skattalögunum og komist undan að greiða til samfélagsins það sem þeim hefur borið. Þó mikið sé rætt manna á milli um margvísleg skattsvik og undanslátt virðist sem mikill fjöldi fólks sé í raun tilbúinn að taka þátt í þessum leik beint eða óbeint. Margvíslegar duldar greiðslur eða greiðslur undir borðið eru keðjuverkandi og gætu ekki átt sér stað nema þátttakendur í leiknum séu fjölmargir. Aðeins á þann hátt getur hið svokallaða neðanjarðarhagkerfi þrifist. Almennur hugsunarháttur er því miður slíkur að svo virðist sem útilokað sé að ná til þessara skattsvikara með lögum eða stjórnvaldsaðgerðum.

Tekjuskattur sem slíkur er m. a. hugsaður sem tekjujöfnunarleið, aðferð til að jafna tekjur milli þeirra sem minna mega sín og hinna sem meira bera úr býtum, aðferð til að láta þá sem hærri tekjurnar hafa greiða stærri hluta af okkar samfélagslegu þörfum, en því miður hefur það ástand skapast að nú er, að mínu mati, ekki lengur hægt að una við það misvægi og það ranglæti sem ríkir varðandi þessi mál. Stórir hópar þjóðfélagsþegna greiða ekki sinn hluta af sameiginlegum útgjöldum ríkis og sveitarfélaga og virðast þó með sinni einkaneyslu sýna að þeir hafi úr allmiklu að spila þótt skattframtölin beri það ekki með sér. Vissulega má telja að það sé uppgjöf stjórnvalda að hverfa að þessu leyti frá tekjujöfnunarhugmyndinni sem í tekjuskattinum felst, en ástandið er orðið slíkt að ég tel það nú óumflýjanlegt hvort sem við köllum það uppgjöf eða stefnubreytingu. Við náum ekki lengur með þessari aðferð til fjölda fólks sem virðist hafa miklar tekjur en greiðir litla skatta. Eina ráðið virðist því vera að ná greiðslum frá þessum þjóðfélagsþegnum til samfélagsins í gegnum neyslu þeirra, þ. e. að auka hlut óbeinna skatta eða neysluskatta í tekjuöflun ríkisins.

Að því verður vissulega að gæta þegar tekjuöflunin er færð frá tekjusköttum til neysluskatta að gætt sé hagsmuna þeirra sem minna mega sín og þyngst framfæri hafa. Séu neysluskattar lagðir í æ ríkara mæli á almennar neysluvörur, svo sem matvæli, hlýtur það að koma mjög þungt niður á þessum aðilum, t. d. barnmörgum fjölskyldum. Því ber að reyna að finna leiðir þar sem skattbyrði yrði aukin á ýmiss konar neyslu sem þeir veita sér er meiri tekjur og fjárráð virðast hafa.

Varðandi neysluskatta ber einnig að geta þess að því miður er talið að þar eigi sér líka stað veruleg skattsvik og álagður söluskattur skili sér t. d. ekki líkt því allur til ríkissjóðs. Skattyfirvöld hafa ávallt talið mjög erfitt að bæta innheimtu söluskattsins, vegna þess hve margvíslegar undanþágur eru veittar frá álagningu hans, og því lagt áherslu á að ef verulega eigi að efla innheimtuaðgerðir og bæta innheimtu skattsins þurfi jafnframt að afnema allar undanþágur. Mundi þetta að sjálfsögðu koma harðast niður á matvörum sem eru að mestu leyti undanþegnar söluskattsálagningunni. Ef þessi leið verður farin ber að hafa í huga að með einhverjum aðferðum verður að mæta skattíþyngingu þeirra fjölskyldna sem þungt framfæri hafa, eru barnmargar eða tekjulágar. Það þarf að gera með einhvers konar

fjölskylduafslætti og hækkuðum barnabótum.

Ég hef hins vegar enga sannfæringu fyrir því að þetta sé rétt mat hjá skattyfirvöldum. Ég hef ekki þá trú að skattsvik séu meiri hjá þeim sem versla með matvöru en hjá ýmsum öðrum og þá einkum hvers konar þjónustuaðilum sem engar undanþágur hafa, heldur draga undan verulegan hluta af sinni heildarveltu með aðstoð almennings, þ. e. þeirra sem kaupa þjónustu en gera engar kröfur til að fá kvittun fyrir greiðslu sinni. Þessu verður að breyta, en þá þarf líka að koma til hugarfarsbreyting hjá almenningi. Hér þarf verulega að efla eftirlit og er þá full ástæða til þess að skatteftirlitið og skattstofurnar snúi sér í æ ríkara mæli að því að innheimta þann söluskatt sem ríkinu ber og vinnubrögð verði skipulögð á þann hátt að það megi takast. Verði teknir upp neysluskattar í æ ríkara mæli þarf að leggja enn meiri áherslu á þann þátt skatteftirlitsins sem fylgist með skilum á álögðum neysluskattsköttum.

Ég vil taka skýrt fram að þetta er ekki sagt í neinum ámælistón í garð starfsfólks í skatteftirliti eða á skattstofum, heldur aðeins sem ábending um hvort ekki sé rétt og nauðsynlegt að breyta áherslu og endurskipuleggja vinnubrögð.

Þá vil ég einnig minna á að á verðbólgutímum undanfarinna ára hefur myndast hópur manna í þjóðfélaginu sem á verulegar eignir sem þeir hafa lítið þurft að hafa fyrir að eignast á meðan verðbólgan greiddi niður skuldir þeirra. Ég tel því vel koma til greina að hækka eignarskatt og hafa hann jafnvel stighækkandi eftir því sem skuldlausar eignir manna eru meiri. Í því sambandi þarf á skipulagðan hátt að endurskoða allt fasteignamat og ganga úr skugga um að allar fasteignir séu skráðar og af þeim séu greidd gjöld, bæði eignarskattur og fasteignagjöld, eins og vera ber. Heyrst hefur að jafnvel sé svo komið að sumar eignir séu hreint ekki á fasteignaskrá og því engar greiðslur inntar af hendi af þeim. Þá þarf einnig að gæta þess að mat sé rétt miðað við það verðgildi sem í þessum eignum felst.

Ég hef nýlega heyrt þá sögu að stórhýsi sem byggt var fyrir skömmu hér í borg fyrir um 16 millj. kr. sé nú að söluverðmæti ekki undir 60 millj. Af hvaða mati skyldi eigandi þessarar eignar greiða sín fasteignagjöld og sinn eignarskatt? Fróðlegt væri að vita það. Og ábyggilega má finna fjölmörg dæmi svipuð þessu.

Þessar hugleiðingar um breytingar á sköttum geri ég að umræðuefni til að benda á hvað þarf að varast og hvaða leiðir ég álít m. a. koma til greina til að bæta stöðu ríkissjóðs. Einnig vil ég leggja áherslu á nauðsyn þess að skera upp herör gegn skattsvikum og neðanjarðarhagkerfi. Þessi starfsemi er að vísu því miður ekki ný í okkar þjóðfélagi og verður að telja ámælisvert að stjórnvöld skuli ekki fyrir mörgum árum hafa tekið á þessum málum af festu.

Miðstjórn Framsfl. ályktaði á fundi sínum 10. og 11. nóv. s. l. að gerð skyldi róttæk atlaga gegn skattsvikum og neðanjarðarhagkerfi. Í framhaldi af því munu nokkrir þm. Framsfl. leggja fram till. til þál. um að skipuð verði fimm manna nefnd til að gera úttekt á atvinnustarfsemi sem ekki greiðir lögboðin opinber gjöld og benda á leiðir til úrbóta.

Annað atriði í frv., sem ég vil nefna og fara örfáum orðum um, er hið svokallaða þróunarfélag, en í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá því í haust er gert ráð fyrir því að stofnað verði hlutafélag einstaklinga, félaga, stofnana og fyrirtækja í atvinnurekstri, banka og ríkissjóðs sem starfi að rannsóknar- og þróunarverkefnum, eflingu iðnþróunar og tækninýjunga í atvinnulífinu og er hér gert ráð fyrir 50 millj. kr. hlutafjárframlagi ríkisins í hinu nýja félagi. Ég álít að hér sé um mjög mikilvægt og þýðingarmikið atriði að ræða.

Við vitum öll að undirstöðuatvinnuvegirnir, sem stundum eru nefndir svo, landbúnaður og sjávarútvegur, eiga nú við margvíslega erfiðleika að etja. Gert er ráð fyrir að bæta nokkuð stöðu sjávarútvegsins og jafna aðstöðu hans gagnvart öðrum atvinnugreinum með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt að upphæð um 400 millj. kr. Þá er þess vænst að þörf fyrir útflutningsbætur verði minni en útflutningsbótarétturinn gæti gefið tilefni til. Ekki er enn vitað um framleiðsluverðmæti né hver bótaþörfin kann að verða á næsta ári og er því upphæðin áætluð 380 millj. kr., en útflutningsbótaþörf verður mætt svo sem lög gera ráð fyrir.

Ég ætla ekki að þessu sinni að eyða fleiri orðum að stöðu þessara atvinnuvega. Vandi þeirra er öllum ljós og því enn meiri þörf að leggja mikla áherslu á nýsköpun í atvinnulífinu. Við stöndum að vissu leyti á vegamótum hvað þetta varðar.

Talað hefur verið um að á næstu árum verði bylting í atvinnulífi þjóða um allan heim, ekki ólíkt því sem var á sínum tíma er iðnvæðingin gekk yfir, hvaða nafn sem menn vilja gefa þessu breytingaskeiði nú, örtölvubylting, þróunarbylting eða þekkingarbylting, en ýmislegt slíkt hefur verið nefnt. Allavega er ljóst að þörf er verulegra breytinga og til að gera þær mögulegar þarf að útvega mikið fé. Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá því í haust er gert ráð fyrir að útvega þessu nýja félagi 500 millj. kr. á árinu 1985 til þeirrar nýsköpunar og uppbyggingar í atvinnulífinu sem nauðsynleg er.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri og minna aðeins á þá þróun sem orðið hefur í atvinnulífinu á undanförnum mánuðum eða misserum.

Uppbygging hefur orðið geysileg hér á suðvesturhorninu. Skapast hefur mikið þensluástand hér á sama tíma og samdráttur hefur orðið út um land svo að vart verður við unað. Í umr. um fjárlagafrv. á s. l. vetri nefndi ég einnig þetta ástand, sem þá var farið að bera á, og því miður virðist svo sem nú megi endurtaka nokkurn veginn það sem þá var sagt því að ekki hefur tekist að breyta um svo sem æskilegt hefði verið. Þá sagði ég eitthvað á þá leið að ríkisstj. legði mikla áherslu á að halda fullri atvinnu og tryggja atvinnuöryggi og mundi fylgjast vandlega með þróun atvinnumála um allt land. Þar var reyndar vitnað til orða hæstv. fjmrh. í framsöguræðu hans fyrir frv. Ég bætti síðan við, með leyfi forseta:

„Það er ekki vafi á því að á undanförnum árum hefur ríkt töluverð umframeftirspurn á vinnumarkaði og enn mun nokkurrar spennu gæta, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, umfram það sem er víða úti á landi ... Að þessu verður ríkisstj. að gæta vandlega og bregðast við í tæka tíð og á réttan hátt ef verulegra breytinga eða misræmis fer að gæta í atvinnuástandinu. Einnig þarf að hafa þessi atriði í huga þegar skipt verður því takmarkaða framkvæmdafjármagni sem frv. gerir ráð fyrir."

Því miður eiga þessi orð svo sannarlega við ekki síður í dag en var fyrir ári því það verður að játast að ekki hefur tekist að skapa það æskilega jafnvægi sem þarf að ríkja í atvinnulífinu um land allt.

Varðandi nýsköpun atvinnulífsins nú ber að hafa þetta ástand sérstaklega í huga. Á seinasta áratug átti sér stað mikil uppbygging, t. d. í sjávarútvegi í kaupstöðum og sjávarplássum úti um land, og nú þegar dregur úr möguleikum sjávarútvegsins, a. m. k. um sinn, kemur þetta mjög harkalega niður á atvinnulífinu þar sem það er einhæfast. Þetta hygg ég að stjórnvöld verði að hafa í huga og beita öllum ráðum sem þau hafa tiltæk til að sem mest jafnræði ríki í þessum efnum.

Ég vil skjóta hér fram þeirri hugmynd að hið nýja þróunarfélag verði sett á fót og hafi sitt aðalaðsetur á Akureyri. Það hefur margsinnis verið rætt um flutning ríkisstofnana út á land, en meira verið í orði en á borði. Nú er hins vegar kjörið tækifæri til að sýna vilja stjórnvalda í þessu efni. Samgöngur fara sífellt batnandi og tækni á sviði hvers konar fjarskipta eykst með degi hverjum svo að upplýsingamiðlun á að geta verið auðveld milli landshluta og hinna ýmsu stofnana sem þurfa að hafa samskipti við hið væntanlega þróunarfélag. Hins vegar er ljóst að þjónustan er og verður vaxandi atvinnuvegur, trúlega sá sem mestan mannafla tekur til sín á næstu árum, og ríkið verður stækkandi vinnuveitandi á því sviði. Því er það bráðnauðsynlegt að stjórnvöld hafi víðsýni til að dreifa þjónustustofnunum sínum um landið í æ ríkari mæli en verið hefur og nú er bæði tækifæri og lag til að gera svo.

Það er nánast óviðunandi ef þær fréttir, sem oft heyrast, lýsa raunverulega ástandi, að þeir sem ekki hafa næga atvinnu víða úti um land geti flutt hér til höfuðborgarsvæðisins, fengið þar svo mikla vinnu sem þeir nánast þola að inna af hendi og fái síðan greitt 50—100% hærra kaup en gerðist á meðan þeir höfðu vinnu í sinni heimabyggð. Jafnvel fylgir þessum fréttum að hluti af kaupi þessu sé ekki talinn fram til skatts og ber því saman við þá miklu umræðu sem nú fer fram í þjóðfélaginu um skattsvik og neðanjarðarhagkerfi sem ég hef fjallað um fyrr í minni ræðu.

Þar að auki má og benda á að það eru engu landsvæði til góðs þessir miklu búferlaflutningar, hvorki þeim svæðum sem flutt er frá né heldur þeim svæðum sem flutt er til. Þetta sanna e. t. v. best umræður sem áttu sér stað á nýafstöðnum aðalfundi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Skv. fréttum kom þar mjög skýrt fram að fulltrúar á þessum aðalfundi töldu að stöðva þyrfti fólksflóttann frá landsbyggðinni. Í viðtali sem NT átti við Júlíus Sólnes, formann Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kemur fram að hann telur að nánast sé að skapast ófremdarástand í umferðarmálum þessa svæðis. Það kalli á stórátak í uppbyggingu vegaframkvæmda sem væru dýrar framkvæmdir og kostnaðarsamar fyrir sveitarfélögin á þessu svæði.

Nýjasta og ljósasta dæmið um þetta er sú staðreynd að á 1—2 árum er að verða til byggð á við heilan kaupstað úti á landi hér uppi í Grafarvoginum með allri þeirri þjónustu sem hlýtur að fylgja og vera nauðsynleg fyrir nýjan byggðarkjarna, svo sem eins og skólamannvirki, dagvistarstofnanir, heilbrigðisstofnanir, svo að eitthvað sé nefnt. Allt þetta mætti í raun spara eða framkvæma mikið hægar ef eðlilegt jafnvægi ríkti í búsetumálum í landinu. Í þessu tilvitnaða blaðaviðtali sem NT átti við Júlíus Sólnes segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Af öðrum málefnum, sem til umfjöllunar voru, nefndi Júlíus framtíðarskipulag almenningsamgangna, samvinnu í vatnsveitumálum og eins yrði að takast á við þá óheppilegu þróun í fólksfjölgun sem væri að skapast á ný með flótta frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Lægi ljóst fyrir að það yrði að hamla á móti þessari þróun sem kæmi illa við byggðarlögin á Reykjavíkursvæðinu. Það mundi kosta óhemju uppbyggingu ef öll þjóðin ætlaði að flytja suður."

Á þessum orðum sést best að það er öllum til óhagræðis að þessi byggðaröskun eigi sér stað, bæði þeim sem hér ráða ríkjum og eins hinum sem missa fólk frá byggðarlögum sem oft og tíðum þurfa á öllu sínu að halda til að eðlileg byggð geti haldist og hægt sé að halda uppi nauðsynlegri samfélagslegri þjónustu fyrir íbúa þeirra svæða. Þetta vildi ég nefna hér og nú til að leggja áherslu á hversu nauðsynlegt er að stjórnvöld fylgist vel með þeirri þróun sem nú á sér stað og taki í taumana svo að ekki leiði til ófarnaðar fyrir alla aðila.

Í beinu framhaldi af þessu og þeim hugmyndum mínum um nauðsyn þess að dreifa þjónustustarfsemi ríkisins sem mest um landið vil ég minna á þær hugmyndir sem uppi hafa verið um að hefja háskólanám á Akureyri. Svokölluð háskólanefnd skilaði á s. l. vori skýrslu til menntmrn. með tillögum um hvernig vinna mætti að því að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Þar var hreyft þeirri hugmynd að þegar á næsta hausti, þ. e. haustið 1985, yrði hafin kennsla á háskólastigi á Akureyri, sem einkum beindist að tölvuvinnslu og verslunargreinum, og þar kom einnig fram að töluverður hluti þeirra nemenda sem á hverju vori ljúka stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri hefði fullan hug á því að stunda sitt háskólanám þar einnig ef þeir ættu þess kost. Þá hafa komið fram þær hugmyndir frá skólamönnum að fyrstu námsár á háskólastigi gætu verið á Akureyri, en síðari árin í Háskólanum í Reykjavík ef ekki er talið skynsamlegt eða hagkvæmt að hafa einstakar námsgreinar einvörðungu fyrir norðan.

Þá vil ég í þriðja lagi fara örfáum orðum um framkvæmda- eða fjárfestingarlið frv. Tveir þættir hafa þar nokkurn forgang, en það eru annars vegar fjárveitingar til vegagerðar og hins vegar til húsnæðismála.

Hvað vegagerð varðar er í frv. gert ráð fyrir fjárveitingum sem nemi 1.9—2% af vergri þjóðarframleiðslu. Þetta er nokkru minna fjármagn en langtímaáætlun um vegagerð gerði ráð fyrir, en skv. upplýsingum frá Vegagerð ríkisins er útlit fyrir að nokkurn veginn megi standa við þau framkvæmdaáform sem fyrirhuguð voru skv. langtímaáætluninni. Stafar það m. a. af því að verðlagsþróun hefur orðið önnur og hagstæðari en ráð var fyrir gert þegar langtímaáætlunin var samin og hins vegar af því að útboð á framkvæmdum hafa leitt til allmiklu lægri framkvæmdakostnaðar en kostnaðaráætlanir gerðu upphaflega ráð fyrir.

Varðandi útboðin vil ég þó nefna að þau hafa leitt til þess að verkefni hafa að verulegu leyti flutst burt frá íbúum sveitarfélaganna þar sem framkvæmdir hafa átt sér stað til annarra aðila, stórra verktaka sem jafnvel hafa komið héðan af höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur að sjálfsögðu bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að verkin hafa reynst ódýrari en kostnaðaráætlanir gerðu ráð fyrir, svo sem ég gat um áðan, en gallarnir þeir að tekjur hverfa burt úr sveitarfélögunum. Þar standa oft og tíðum öflug atvinnutæki ónotuð eða a. m. k. illa nýtt

og getur það ekki talist hagkvæmt. Ég vil varpa fram þeirri hugmynd til umhugsunar og athugunar fyrir hæstv. samgrh. og Vegagerðina hvort ekki megi a. m. k. í sumum tilfellum takmarka útboðin eða hafa þau svæðisbundin, þannig að heimamenn á afmörkuðum svæðum hafi vissan forgang. Þó það kunni í fyrstu að virðast eitthvað dýrara en almennt opið útboð er ég þess fullviss að þegar allt er reiknað er þetta ekki þjóðhagslega óhagkvæmara en flytja vélar og tæki aftur og fram um landsbyggðina með ærnum tilkostnaði og jafnframt að flytja verulegt fjármagn á milli sveitarfélaga með ófyrirsjáanlegum afleiðingum sem jafnvel geta leitt til eða ýtt undir fólksflutninga og ótímabæra fjárfestingu sem ég gerði hér að umræðuefni áðan.

Varðandi framlög til húsbyggingarsjóðanna vil ég aðeins geta þess að nú eru stórauknar þær fjárveitingar sem ætlaðar eru beint af fjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Þetta mun að sjálfsögðu leiða til þess að eiginfjárstaða sjóðanna verður mikið betri en verið hefur um árabil og þó nokkur óvissa ríki enn um lántökur til hins opinbera húsnæðislánakerfis er ljóst að svo mikil aukning á beinum framlögum frá ríkissjóði hlýtur að hafa afgerandi áhrif á stöðu þeirra og gera byggingarsjóðnum mikið betur kleift en ella að þjóna því hlutverki sem þeim er ætlað. Það er full ástæða að geta þess hér að ríkisstj. hefur nú ákveðið að útvega fé til byggingarsjóðanna þannig að þeir geti á þessu ári staðið við þær útlánaáætlanir sem gerðar hafa verið og húsbyggjendur og íbúðakaupendur, sem hafa beðið eftir láni undanfarnar vikur, geta nú reiknað með lánum sínum fyrir áramót svo sem til var ætlast.

Um aðra framkvæmdaliði verður því miður að segjast að vegna þeirrar aðhaldsstefnu sem frv. gerir ráð fyrir var óhjákvæmilegt að draga mjög úr framlögum til þeirra þátta. Sérstaklega vil ég nefna fyrirhugaða fjárveitingu til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, en frv. gerir aðeins ráð fyrir að til þeirra verkefna verði veittar 55 millj. kr. sem er helmingi minni upphæð í krónum talið en á fjárlögum þessa árs. Sjálfsagt má telja að skynsamlegt sé að fresta nánast alveg framkvæmdum við einn framkvæmdalið og reyna þá frekar að gera ívið betur við annan heldur en hafa alla liði allt of þrönga. Ýmsum finnst sjálfsagt einkennilegt að þá skuli einmitt hafnarmannvirki hafa orðið fyrir valinu þar sem framkvæmdir í höfnum eru svo geysiþýðingarmiklar fyrir sjávarplássin, útgerðarstaðina allt í kringum land. Á það ber hins vegar að líta að verulegar framkvæmdir hafa átt sér stað víðast hvar á undanförnum árum og öflug og traust hafnarmannvirki risið svo að varla er hægt að segja að neyðarástand ríki nokkurs staðar miðað við það sem var sé litið nokkur ár til baka. Framkvæmdum á nokkrum stöðum er þó nánast útilokað að fresta vegna stöðunnar í einstökum verkáföngum. Einnig má benda á að framkvæmdir við hafnarmannvirki eru allajafnan ekki eins atvinnuskapandi heima í byggðarlögunum og t. d. framkvæmdir við skólabyggingar, byggingar heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa eða dagvistunarstofnana, svo að eitthvað sé nefnt. Að því leytinu til ætti samdráttur í fjárveitingum til hafnarmannvirkja ekki að hafa eins mikil áhrif á atvinnuþróun og atvinnulíf hinna ýmsu staða og ef dregið væri meira úr öðrum framkvæmdaliðum.

Varðandi framkvæmdaliðinn sem ber yfirskriftina Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra er alveg ljóst að þar verður mjög þröngur stakkur sniðinn. Skv. fjárl. ársins í ár eru um 150 framkvæmdir í gangi og má þá öllum vera ljóst að ef 100 millj. kr. er deilt niður á svo margar framkvæmdir verður lítið í hlut hverrar og einnar. Væri jafnt skipt væru það 600—700 þús. kr. á framkvæmd. Hins vegar hefur komið fram í viðtölum fjvn. við fulltrúa sveitarstjórna að undanförnu að óskir og þarfir eru að sjálfsögðu langt umfram þetta. Einstök sveitarfélöög hafa jafnvel óskað eftir fjárveitingum sem skipta tugum millj., svo að hér hlýtur að vera erfitt og vandasamt verk fyrir dyrum.

Á seinasta ári settu stjórnvöld sér það sem markmið að hleypa ekki nýjum framkvæmdum af stað. Átti þetta að gilda um sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, skóla, dagvistarstofnanir, íþróttamannvirki og aðra þá framkvæmdaliði sem ríkið er þátttakandi í á móti sveitarfélögum. Nú er hins vegar orðið ljóst að þessi regla hefur því miður ekki haldið alls staðar. Sum sveitarfélög hafa hafið framkvæmdir, sem ekki var ráðgert að hleypa af stað, vafalaust víðast hvar af brýnni þörf eða jafnvel neyð. Þetta hefur á hinn bóginn valdið verulegri mismunun gagnvart þeim sveitarfélögum sem virtu stefnumið stjórnvalda og héldu að sér höndum svo sem ráð var fyrir gert.

Ég álít því að afar erfitt verði að setja sér þá reglu sem markmið fyrir næsta ár að ekki verði farið af stað með neinar nýjar framkvæmdir. Það sýndi sig líka að reglan hélt ekki á þessu ári. Það er afar erfitt að ætla svo að segja við sveitarstjórnir í mörg ár í röð að ekki megi hefjast handa við ný verkefni og allra síst þær sem virtu þó settar reglur. Þetta er e. t. v. hægt að gera í eitt og eitt ár í senn þó reynslan hafi sýnt að ekki var hægt að standa við það markmið að fullu og öllu. Við verðum því að búa okkur undir að eitthvað fari af stað af nýjum framkvæmdum eða verkefnum á næsta ári sem ríkið þarf að taka þátt í á móti sveitarfélögum.

Í fjórða lagi vil ég nefna að svo virðist sem viðhaldi ýmissa eigna ríkisins víða um land sé mjög ábótavant. Hér verður að ráða bót á því að sjálfsögðu er algerlega óviðunandi að svo fari með þessar eignir að þær grotni nánast niður eða liggi undir stórskemmdum vegna þess að vanáætlað sé fyrir nauðsynlegum viðhaldsverkefnum. Við fjárveitinganefndarmenn heyrum nánast á hverjum degi í viðtölum okkar við forsvarsmenn ríkisfyrirtækja og stofnana að þeir kvarta undan því að viðhaldi sé ábótavant. Ég tel að til greina komi að ráða sérstaka eftirlitsmenn til að fara um landið, gera úttekt á þessum eignum ríkisins og útbúa síðan tillögur um það til fjárveitingavaldsins og Alþingis hvernig best megi standa að framkvæmd sérstakrar áætlunar sem miði að úrbótum á þessu viðhaldsverkefni á tilteknu árabili.

Fimmta atriðið, sem ég vil geta um varðandi framsetningu fjárlagafrv., er sú meginregla að ekki verði fjölgað starfsfólki hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum á næsta ári né nýrri starfsemi hleypt af stað. Ein veigamikil undantekning er þó frá þessari reglu og er það varðandi málefni fatlaðra. Á þessu ári hófu starfsemi 15 ný heimili og stofnanir, sum að vísu nú nýlega, sem þýðir að rekstrarútgjöld þeirra hljóta að hækka verulega. Þá er og gert ráð fyrir að hefja starfsemi níu nýrra heimila fyrir fatlaða og eins leiktækjasafns á næsta ári. Stöðum mun því fjölga um 40. Alls er þá gert ráð fyrir fast að 400 stöðugildum á næsta ári til að vinna að

málefnum fatlaðra.

Þó þörfin sé vissulega brýn fyrir þessa starfsemi og sjálfsagt finnist ýmsum ekki nóg að gert verður því varla móti mælt að í þeirri þröngu stöðu sem ríkisfjármálin eru í nú og frv. ber með sér hafa stjórnvöld reynt að veita málefnum fatlaðra nokkurn forgang og fjárveitingar aukist verulega til þessa málaflokks.

Í sjötta og síðasta lagi vil ég svo nefna að sú breyting hefur nú verið gerð á ýmsum safnliðum einstakra rn. við uppsetningu þessa fjárlagafrv. að smáliðir, sem þar hafa, margir hverjir, verið inni um árabil með sáralitlum upphæðum, eru nú annaðhvort strikaðir út eða sameinaðir í einum lið sem hefur þá gjarnan yfirskriftina Ýmis framlög. Einkum á þetta við í safnliðum undir menntmrn., þar sem veittir hafa verið ýmsir smástyrkir til einstaklinga, félaga og stofnana, en þetta á einnig við um önnur rn., svo sem dóms- og kirkjumrn., félmrn. og heilbr.- og trmrn. Með þessari breytingu var ekki endilega meiningin að setja alla þá sem áður hafa fengið einhverja fjárveitingu á fjárlögum ríkisins út af þeim lista og hafna þar með óskum þeirra um fjárveitingu, heldur að reyna að fækka þessum liðum eitthvað, einfalda gerð frv. og fjárlaga og síðan væri það þá í valdi fjvn. og viðkomandi rn. hvernig þessum safnliðum væri skipt. Það má hugsa sér að slíkt sé gert með bréfi frá fjvn. og Alþingi til rn. og einnig er ekki ólíklegt að eitthvað af þeim liðum sem felldir voru niður við gerð frv. komi aftur inn í fjárlög í meðförum fjvn. og þings. Sá háttur hefur verið á við frv.-gerð á undanförnum árum að flestir þessir liðir hafa verið settir upp í frv. óbreyttir í krónutölu frá því sem verið hefur í fjárlögum líðandi árs, þannig að fjvn. hefur hverju sinni orðið að fara yfir alla þessa liði og taka tillit til óska og umsókna og leiðrétt eftir því sem hún hefur talið þörf á eða ástæðu til hverju sinni. Að þessu leyti verða vinnubrögð með svipuðu sniði og að undanförnu.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir nokkra þá liði í fjárlagafrv. sem ég taldi sérstaka ástæðu til að nefna og vil þá að lokum aðeins nefna örfá smærri atriði sem ég tel að verði að koma til umfjöllunar og athugunar í fjvn. sérstaklega.

Fyrst vil ég geta þess varðandi rekstur grunnskóla að fjárveiting til aksturs skólabarna er ekki nægjanlega há til að séð verði fyrir því verkefni í óbreyttu formi út næsta ár. Þetta tel ég að verði að leiðrétta. Sjálfsagt er að leita allra leiða til að spara í skólaakstrinum, leita samkomulags við sveitarfélögin um hvernig best verði að þessu staðið og reyna að draga úr útgjöldum svo sem kostur er. Jafnvel mætti hugsa sér að óska eftir útboðum á skólaakstrinum ef það gæti leitt til sparnaðar. En að gera ekki ráð fyrir að nokkurn veginn sé séð fyrir þessum kostnaðarlið í fjárlögum tel ég fráleitt og álít því að fjvn. verði að ráða þar bót á.

Þá eru og tveir tiltölulega litlir framkvæmdaliðir sem oft hefur borið á góma í viðtölum fjvn. við fulltrúa sveitarfélaga.

Annars vegar er það liðurinn Styrkir til vatnsveituframkvæmda. Svo virðist sem margvísleg verkefni séu fram undan hjá mörgum sveitarfélögum á þessu sviði, mörg hver mjög kostnaðarsöm, og því ljóst að miðað við óbreytt lög hlýtur ríkið að þurfa að leggja verulega upphæð til þessara verkefna á næstu árum.

Hitt atriðið er fjárveiting til sjóvarnargarða. Tjón af völdum landbrots verður ótrúlega víða um land og óskir frá sveitarstjórnum koma hvaðanæva að. Sums staðar er búið að gera sérstaka úttekt á ástandinu og setja fram áætlun um hvernig megi að þessum verkefnum standa. Þetta verða stjórnvöld að skoða. Ljóst er að hér er um allverulegar upphæðir að ræða. Á undanförnum árum hefur þessum lið verið skipt milli einstakra sveitarfélaga á þann hátt að veittar hafa verið nokkur hundruð þús. kr. á hvern stað, en ljóst er að verkefnin eru víða miklu stærri en svo að 200—400 þús. dugi til. Það er varla hægt að ráðast í kostnaðarsöm og stór verk fyrir ekki stærri upphæðir og mörg sveitarfélög hafa sýnt fram á þörf fyrir milljónir króna til að framkvæmdir megi verða að gagni. Hins vegar þarf einnig að setja einhver ákvæði um það hver skuli vera hlutur ríkisins og hver skuli vera hlutur sveitarfélaga í verkefnum sem þessum ef ríkið á að veita í þetta verulega auknu fjármagni. Mætti e. t. v. hugsa sér að kostnaðarskipting yrði svipuð og gerist nú í flestum hafnarframkvæmdum, þannig að ríkissjóður greiði 75% af kostnaði við framkvæmdina og viðkomandi sveitarfélag þá 25% á móti. Þetta er tillaga sem ég set hér fram til umhugsunar, en ég tel ljóst að setja verði einhverjar reglur um þetta.

Að lokum langar mig svo til að fara örfáum orðum um málefni Orkusjóðs og þær framkvæmdir sem honum er ætlað að standa fyrir. Þar má t. d. nefna lán til jarðhitaleitar, sveitarafvæðingu, styrkingu dreifikerfis í sveitum og lán til einkarafstöðva. Ég hygg að flestir þessir liðir séu of lágt áætlaðir og þó einkum liðurinn Styrking dreifikerfis í sveitum þar sem gert er ráð fyrir að verja aðeins 20 millj. kr. til þessa verkefnis. En augljóst er af áætlunum, sem þegar hafa verið lagðar fyrir fjvn., að óskir og þarfir eru miklu meiri en svo að 20 millj. kr. dugi til að leysa úr brýnustu vérkefnum.

Þá vil ég einnig nefna fjárveitingalið sem settur er undir Ýmis orkumál og hefur yfirskriftina „háhitarannsóknir". Til hans er ætlað að verja 1 millj. kr. skv. frv. Fyrir 1 millj. kr. verður lítið unnið að rannsóknum á háhitasvæðum. Hér er um að ræða svæði á nokkrum stöðum á landinu sem enn þá hafa lítt verið könnuð, þó aðeins sum hver. Alþingi hefur fyrir nokkrum árum samþykkt sérstaka þál. sem gerir ráð fyrir því að svæði þessi séu rannsökuð ítarlega og upplýsingar liggi fyrir um orkumagn og vinnslumöguleika þeirra og hvernig best verði staðið að virkjun og nýtingu orkunnar, sem þar kann að vera fyrir hendi, ef upp koma atvinnugreinar sem hafa þörf fyrir og geta nýtt þessar veigamiklu orkulindir.

Herra forseti. Það er ljóst af því sem hér hefur komið fram að í frv. þessu er mjög þröngur stakkur sniðinn ýmsum brýnum þörfum og nauðsynlegum verkefnum. Svo hlýtur það að verða þegar þjóðartekjur dragast saman og þegar minna er úr að spila jafnt hjá einstaklingum sem opinberum aðilum. Við höfum oft heyrt og heyrum ekki síst nú þá kröfu að ríkið sýni fordæmi og taki einnig á. Þegar að herðir sé ekki eingöngu tekið það ráð að velta byrðunum á launþega landsins. Ég tel að fjárlagafrv. þetta sýni að stjórnvöld hafa reynt til hins ýtrasta að gæta aðhalds og sparnaðar og draga úr ýmsum verkefnum, sumum hverjum e. t. v. minna nauðsynlegum en öðrum að sjálfsögðu meira nauðsynlegum. Svo hlýtur það að verða að vera eins og málum er nú háttað.

Fjvn. á erfitt verk fyrir höndum við að reyna að leysa úr þörfum og óskum manna eins og best verður á kosið

miðað við þessar þröngu aðstæður. Fjvn. hefur undanfarnar vikur átt viðtöl við ýmsa aðila, fyrst sveitarfélög, síðan fulltrúa frá hinum ýmsu félagasamtökum og stofnunum og nú síðast við fulltrúa rn. og ríkisstofnana. Hún mun svo á næstu dögum setjast niður við það verkefni að skipta þeim framkvæmdaliðum sem frv. gerir ráð fyrir að n. geri tillögur um til þingsins svo og reyna að leiðrétta þá liði sem óhjákvæmilegt er að lagfæra, eins og ávallt hefur reynst nauðsynlegt í meðhöndlun fjvn. á fjárlagafrv. Ég vænti góðs samstarfs við meðnefndarmenn mína í því starfi sem fram undan er.

Herra forseti. Ég hef nú gerst nokkuð langorður, langorðari en ég ætlaði mér í upphafi. Ég hef e. t. v. einnig farið aðeins út fyrir efnið með almennri umr. um skattamál, atvinnuuppbyggingu og byggðamál. Ég segi mér það hins vegar til málsbóta að ég fer ekki í þennan ræðustól á hverjum degi og mælist því ekki í mörgum dálksentimetrum í Alþingistíðindum. Ég vænti því að mér fyrirgefist að þessu sinni og ég hafi ekki farið mjög illa með tíma hins háa Alþingis og hv. alþm.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Eftir lestur þessa frv. verður það eftirminnilegast að á sama tíma og dregið er stórlega saman í framkvæmdum á vegum hins opinbera hækka framlög til stjórnarstarfsemi ríkisins langt fram úr forsendum frv. Ef framvinda þessara mála verður áfram á þennan veg verður ekki rúm fyrir annað innan fjárlaga íslenska ríkisins en framlög til yfirstjórnar og greiðslu afborgana og vaxta af skuldasúpunni.

Ekki fækkar nú Kröfluæfintýrunum. Það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. að ríkissjóður mun yfirtaka allt að 3500 millj. kr. lán vegna óarðbærrar fjárfestingar sem er tapað fé. Þar af eru 1000 millj. vegna byggðalínu, 500 millj. vegna járnblendiverksmiðjunnar, 1500 millj. vegna Kröflu, 150 millj. vegna loðnuverðsákvörðunar, 200 millj. vegna jarðvarmaveitna og Jarðborana ríkisins. Afborganir og vextir af þessum lánum munu nema 4—500 millj. kr. á næsta ári. Sú upphæð er helmingi hærri en rennur til málefna fatlaðra á því ári.

Málefni fatlaðra fá hækkun umfram forsendur frv. og ber að fagna því sem spori í rétta átt. En þrátt fyrir þessa hækkun er engu fjármagni varið til endurhæfingarstöðva sem ætlað er að annast þessa hópa fólks. Þessu verður vonandi kippt í lag við umfjöllun hv. fjvn. Ég hef ekki trú á því að það sé ætlun hæstv. fjmrh. að endurhæfingarstöðvarnar verði að hætta starfsemi sinni vegna fjármagnsskorts.

Nú þegar rætt er um frv. til fjárlaga fyrir árið 1985, sem er annað frv. hæstv. núv. fjmrh., er ekki úr vegi að rifja upp nokkur ummæli hæstv. ráðh. er hann mælti fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1984. Þá sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Það er reyndar fátítt að hægt sé að ræða samtímis á Alþingi um fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun þrátt fyrir lagafyrirmæli um það að lánsfjáráætlun skuli fylgja fjárlagafrv. Núverandi ríkisstj. einsetti sér hins vegar að ganga frá báðum þessum skjölum um svipað leyti, þannig að hægt væri að fjalla um þau samtímis á Alþingi, enda brýn nauðsyn að svo sé, jafnnáskyld og þessi plögg eru."

Ég minni sérstaklega á þessi ummæli þar sem lánsfjárlög hafa ekki sést hér enn þrátt fyrir það að sagt sé að það sé von á þeim bráðlega.

Í aths. við fjárlagafrv. þetta kemur fram að með aðhaldi munu fjármál ríkissjóðs áfram vera veigamikill þáttur í efnahagsstefnu ríkisstj. sem miði að því að draga úr erlendri skuldasöfnun og undirbúa nýja lífskjarasókn á grundvelli nýsköpunar í atvinnulífinu. Þetta eru góð og gild stefnumörk. En ég vil leyfa mér að draga það stórlega í efa að þetta markmið náist.

Lántökuþörf A-hluta ríkissjóðs verður mjög mikil á árinu 1985 skv. þessu frv., eða um 1791 millj. kr. Af þeirri upphæð er fyrirhugað að fá 600 millj. kr. innlent lánsfé. Ekki liggur mikið raunsæi að baki þessari tölu ef miðað er við reynslu yfirstandandi árs. Í lánsfjárlögum fyrir 1984 var áætlað að innlend lántaka yrði 945 millj. kr. En reyndin varð önnur. Íslendingar hafa ekki þetta fjármagn til reiðu handa ríkissjóði, þrátt fyrir háa vexti sem í boði eru, því að einungis fékk ríkissjóður tæplega ⅓ af þessari upphæð eða um 300 millj. kr. Það er þó ekki endanleg tala þar sem árið er ekki liðið. Erlend lántaka fyrir A-hluta ríkissjóðs er áætluð 1191 millj. kr. og líklegast er að sú tala hækki ef miða má við reynslu um innlent lánsfé. Erlend skuldasöfnun hefur aukist á yfirstandandi ári og er nú komin í 61.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er því haldið áfram að lifa um efni fram og skrifa innistæðulausar ávísanir á börn framtíðarinnar.

Að undirbúa nýja lífskjarasókn á grundvelli nýsköpunar í atvinnulífinu er framsækið markmið. En hvar er þessu markmiði ætlaður staður í frv.? Jú, það á að veita 50 millj. til þróunarstofnunar. Henni er ætlað það hlutverk að efla iðnþróun, tækninýjungar og rannsóknir. Á þessum stað í frv. hélt ég að prentvillupúkinn hefði læðst inn en það var nú ekki svo vel. Ég verð að segja að maður getur ekki varist þeirri hugsun hvort hæstv. ríkisstj. sé full alvara með nýsköpun í atvinnumálum. Eða gerir hún sér væntingar um að þessi upphæð, sem mun vera um ⅓ af nýlegum togara, fleyti þjóðinni yfir sker stöðnunar í atvinnuuppbyggingu sem við höfum strandað á?

Ég get ekki látið hjá líða að minnast nokkrum orðum á niðurgreiðslur og útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir. Á næsta ári er áætlað að verja 380 millj. kr. til útflutningsuppbóta og jafnframt 81 millj. til að greiða niður lán sem tekið var á árunum 1981—82 vegna útflutningsbóta. Niðurgreiðslur innanlands munu nema 620 millj. kr. Þetta eru því alls 1800 millj. kr. Ef við áætlum að um 5000 bændur séu hér á landi nemur þessi upphæð um 216 þús. á hvern bónda. Auk þess eru um 20 600 kr. á hvern bónda í jarðræktarstyrki. Það er því full þörf á að endurskoða landbúnaðardæmið í heild og kanna hvort það séu í raun og veru bændur sem njóta góðs af þessu fyrirkomulagi eða hvort milliliðir fái þar e. t. v. stærstan skerfinn.

Samtals nema útgjöld ríkissjóðs til greiðslu fjármagnsútgjalda rösklega 3 milljörðum króna. Þetta er svipuð upphæð og fer til menntamála á öllu landinu. Það ætti því öllum að vera ljóst að draga þarf úr erlendum lántökum og eyðslu þar sem arðsemi kemur ekki til skila.

Spara þarf í rekstri ríkisstofnana án þess að það komi niður á velferðarkerfi sjúkra, aldraðra eða öryrkja. Þessi hópar eiga að hafa forgang umfram aðra í samneyslu þjóðarinnar. Á þessu ári var ákveðin sérstök hækkun á þætti sjúklinga í sjúkrakostnaði. Bitnar hún mjög hastarlega á þeim sem leggjast ekki inn á sjúkra-

hús en þurfa meðferð á göngudeildum eða hjá sérfræðingum eða þurfa að gangast undir smáaðgerðir. Ég veit dæmi þess að smáaðgerð á barni, sem kostaði foreldra þess 500 kr. í upphafi þessa árs, þar sem sjúkrasamlagið tók þátt í greiðslum, kostar nú sömu foreldra 1600—1700 kr. Fjárútlát af þessum sökum verða foreldrum þungur baggi þegar endurtaka þarf slíkar aðgerðir á tveggja mánaða fresti, en það er ekki óalgengt þegar um börn er að ræða. Þegar svo við bætist ferðakostnaður og vinnutap, ef um landsbyggðarfólk er að ræða, verður dæmið mun alvarlegra. Þessi aukni hluti sjúkra í lækniskostnaði er því stórt skref aftur á við í velferðarkerfi þjóðarinnar.

Í tekjuhlið frv. er gert ráð fyrir tekjutapi ríkissjóðs upp á 75 millj. kr. vegna skattbreytingar innlánsstofnana. Þessi skattur hefur verið innheimtur mánaðarlega sem 0.06% bindiskylda af innlánum. Með lögum nr. 51 frá 1984 var ákveðið að frá og með árinu 1985 skyldi gjaldhlutfallið lækka um helming. Ég get ekki látið hjá líða að gagnrýna slíkar skattalækkanir á sama tíma og framlag til byggingar dagvistarstofnana lækkar að raungildi um 12—14 millj. frá fjárlögum yfirstandandi árs og mun aðeins nema 30 millj. kr. Þetta tel ég vera skammsýni þar sem hæstv. ríkisstj. ætti að vera það ljóst að síaukin atvinnuþátttaka kvenna krefst verulegra úrbóta í dagvistarmálum um allt land. Þetta ófremdarástand í dagvistarmálum bitnar ekki aðeins á foreldrum heldur einnig á þeim sem síst skyldi, börnunum.

Ekki verður skilið við fjárlagafrv. án þess að fara nokkrum orðum um skólamál. Framlög til byggingar grunnskóla lækka frá fjárlögum 1984 og er áætlað að þau nemi 100 millj. kr. alls 1985. Það er sama upphæð og fer í flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Enda þótt framlag til flugstöðvarinnar sé lántaka, þá verður það greitt úr ríkissjóði. Ég tel að forgangsröðun verkefna hafi brenglast verulega hjá hæstv. ríkisstj. þegar hún tók þessar ákvarðanir. Að ósekju mátti fresta framkvæmdum við flugstöðina og búa frekar betur að grunnskólum landsins. En nú er talið að þurfi 250 millj. til að bæta þar úr brýnni þörf.

Framlög til menntmrn. eru 15% á fjárlögum. Það er ekki hátt hlutfall þegar litið er á að innan þessa málaflokks eru framlög til allra mennta- og menningarmála. Ef vel ætti að vera þyrfti að auka framlög til þessa málaflokks með það að markmiði að jafna aðstöðu til menntunar og efla þær greinar sem lúta að nýjum atvinnuþáttum, svo sem rafeinda- eða líftæknimenntun, sem mjög hefur verið um talað undanfarið sem góða kosti í nýrri atvinnuuppbyggingu. Auk þess þarf að hlúa betur en gert er að menntun varðandi nýtingu sjávarafla. Þar er nærtækast að efla Fiskvinnsluskólann, en fjárveiting til hans hækkar aðeins um 18.8% á fjárlögum 1984, eða mun minna en forsendur frv., sem voru 23.1% áður en gengisfellingin kom til.

Ekki er hægt að átta sig fyllilega á forsendum nýja fjárlagafrv., sem er fljótlesið, er aðeins þrjár síður og notaði ég fyrst stærðarhlutföllin úr eldra frv., sem er ágætis bók upp á 320 síður, a. m. k. nóg að lesa þó maður sé ekki sammála öllum tölunum sem í því standa.

Kreppuástand og niðurskurður nær sér ekki alls staðar eins vel á strik. Á milli áranna 1982 og 1983 hækkuðu fjárveitingar til skrifstofu ráðuneytanna um 50—65% þegar almennt var gert ráð fyrir 40% hækkun á milli ára. Í fjárlögum fyrir árið 1984 var gífurleg hækkun milli ára á yfirstjórn ráðuneyta réttlætt með því að verið væri að taka raunverulegan kostnað rn. inn í fjárlög. Ekki er því óeðlilegt að ætla að þessi liðir hækkuðu ekki umfram verðlagsforsendur þessa frv. sem hér liggur fyrir. En það er nú öðru nær, a. m. k. hjá sumum þessum hv. rn.

Liðurinn yfirstjórn forsrn. hækkaði um 107.6% á milli áranna 1983 og 1984 en hækkar nú um 53.8% eða 30.7% umfram verðlagsforsendur frv. ef miðað er við heildarútgjaldaaukninguna sem er 23.1%. Þessi munur er enn meiri ef miðað er við launaforsendur frv., en þær eru 13.5% hækkun á milli ára.

Aðalskrifstofa landbrn. fær 48.2% hækkun á milli ára.

Ekki get ég látið hjá líða að nefna fjmrh., en þar skyldi maður ætla að ríkti festa og aðhald. Ég leyfi mér að vitna orðrétt í athugasemd við frv. á bls. 287. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og sjá má hækkar fjárveiting til allra viðfangsefna aðalskrifstofu heldur meira en verðlagsforsendur frv. gefa tilefni til. Einkum eru það laun sem hækka mikið. Ráðningarnefnd ríkisins heimilaði í maí 1984 að grunnheimildum á yfirstjórn skyldi fjölgað um eina og eru þær nú 34,17, en af þeim flytjast tvær á embætti ríkislögmanns. Þá eru í þessu frv. viðurkennd sú aukning á starfsemi sem þar hefur orðið, einkum í launadeild, og lausráðnum starfsmönnum fjölgað um sem svarar til fimm stöðugilda. Vegna þessa hækka laun um 1 millj. 82 þús. kr. Af sömu ástæðu hefur yfirvinna aukist á yfirstjórn. Í ríkisbókhaldi eru 18,5 grunnheimildir og hefur þeim ekki verið fjölgað um langan tíma, þó svo að umfang starfsemi kalli á fleiri starfsmenn. Í fjárlögum 1984 var áætlað að fyrir launum 22 stöðugilda, en nú er horfst í augu við þá aukningu sem hefur orðið á starfseminni og ætlað fyrir launum 26,5 stöðugilda. Vegna þessarar viðbótar hækka laun um 865 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að auka yfirvinnugreiðslur um 682 þús. kr. frá fjárlögum 1984."

Þessir liðir hækka á milli áranna 1983—1984 um 62.3% og hækka nú um 32.3%. Það er víða sem niðurskurðarkutinn bítur alls ekki. Eða á að líta á þessar hækkanir sem vantrú hæstv. ráðh. á hjöðnun verðbólgu? Eða ætla þeir öðrum að draga saman seglin þegar þeir eru gersamlega ófærir um það sjálfir og horfast aðeins í augu við þá aukningu sem hefur orðið á starfsemi sinni?

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. til fjárlaga enda vonast ég til að það eigi eftir að taka miklum breytingum til batnaðar í umfjöllun fjvn. Alla vega fannst mér hv. þm. Guðmundur Bjarnason gefa tilefni til eilítillar bjartsýni í þeim efnum í ræðu sinni hér áðan og vona að það eigi eftir að rætast. En það blæs ekki byrlega fyrir þjóðarskútunni. Er því enn brýnna en áður að marka framfaraspor með gerð fjárlaga. Það þarf að styrkja stoðir nýrra atvinnutækifæra. Það þarf að stuðla að markaðskönnun og markaðssetningu fyrir íslenskar afurðir. Það þarf að efla menntun sem er undirstaða nýsköpunar í atvinnulífi. Það þarf að tryggja afkomu öryrkja, aldraðra og sjúkra. Það þarf að búa vel að skóla- og uppeldismálum barna þessa lands. En það er því miður langt í land að þessum markmiðum verði náð. Þessum markmiðum verður ekki náð nema með breyttri stjórnarstefnu og stjórnar-

háttum. Það þarf að draga verulega úr miðstýringu þjóðfélagsins. Á meðan allt er óbreytt í stjórnháttum landsins er lítil von til þáttaskila við gerð fjárlaga.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. S. l. fimmtudag stóðum við hér og ræddum stefnuræðu forsrh. Í dag ræðum við stefnuna eins og hún birtist í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985. Og eins og ég sagði í umr. s. l. fimmtudag er hér aldeilis ekki um sömu stefnu að ræða. Yfirlýsingar um uppbyggingu í þjóðfélaginu og lykilhlutverk menntakerfis í nýsköpun atvinnulífs verða aðeins hjákátlegar þegar veruleikinn er lesinn út úr niðurstöðutölum fjárlagafrv. Og ekki verður séð af þessum tillögum að ríkisstj. sé í raun orðið ljóst að mikil aukning þjóðarframleiðslu og lífskjarabati undanfarinna ára eða áratuga byggist á mjög mikilli vinnu, löngum vinnutíma og mikilli atvinnuþátttöku kvenna. Þessi síðustu orð eru þó tekin beint upp úr stefnuræðu hæstv. forsrh. Svona yfirlýsingar minna aðeins á gamla sönginn um mikilvægi heimilanna og gildi húsmóðurstarfanna sem menn telja nóg að lofa í orðum því ekki er að sjá og heyra að annað fylgi á eftir. En við snæðum ekki orð og orðin borga ekki launin okkar og orðin passa ekki börnin okkar. Sá tími er liðinn að konur láti sér lofsyrði nægja. Tölurnar á vinnuplaggi hæstv. fjmrh. benda þó ekki til að ríkisstj. sé það ljóst. Þó segði ég ekki satt ef ég héldi því fram að þetta frv. hafi valdið mér vonbrigðum. En það er af þeirri einföldu ástæðu að ég átti ekki von á neinu góðu. Ekkert hafði komið fram á þessu ári sem benti til þess að von væri á breyttu gildismati og annarri forgangsröðun verkefna. Í þessu frv. felst aðeins sú stefna ríkisstj. sem boðuð var í upphafi og birtist nú hér svikalaust. Stefnubreyting virðist ólíkleg á þeim bæ.

Þessi umr. fer nú fram við allóvenjulegar aðstæður. Á síðasta ári fór 1. umr. um fjárlagafrv. fram 27. okt. eða réttum mánuði fyrr en nú. Þá var einnig búið að leggja fram lánsfjáráætlun og því nokkuð hægt að gera sér grein fyrir hvernig dæmið átti að líta út í heild sinni. Á bls. 217 í því frv. sem hér er til umr. er sagt að fjallað verði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun samhliða fjárlagafrv. enda sé það forsenda þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peningamálum og fjármálum hins opinbera. Ekki treysti hæstv. ráðh. sér til að fræða okkur nánar um það í dag hvenær lánsfjáráætlun yrði lögð fram. Margt annað er óljóst og gerir erfitt um vik að ræða málin. Óhjákvæmilegar breytingar á frv. vegna gerbreyttra forsendna eru enn ófrágengnar nema sem einhverjar afrúnnaðar tölur sem lítið er unnt að festa hendur á.

Hæstv. fjmrh. kallaði fulltrúa stjórnarandstöðunnar á sinn fund í gær og afhenti þeim vinnuplagg dagsett 17. nóv. Ég vek athygli á dagsetningunni 17. nóv. Hæstv. ráðh. hefði vel mátt sýna þá tillitssemi að veita okkur þessar upplýsingar fyrr, þótt ófullkomnar séu, úr því að þær voru fyrir hendi. Ég vona þó hans vegna að hann hafi í rauninni ætlað að gera það en ekki bara hrokkið við af því að ég gerðist svo djörf að hringja til hans í gærmorgun og spyrja eftir þessum upplýsingum. En við hefðum sannarlega viljað fá þessar upplýsingar fyrr til að geta áttað okkur á þeim og leitað skýringa og viðbótarupplýsinga.

Í þessu vinnuplaggi frá 17. nóv. kemur m. a. fram að áætlaðar tekjur hækka úr tæpum 22 milljörðum í frv. í um 24.9 milljarða, sumpart vegna breyttra forsendna og sumpart vegna nýrra gjalda á almenning. Þar kemur m. a. fram að stefnt er að sérstakri 10% hækkun á söluvörum ÁTVR, þ. e. 10% umfram almenna verðlagshækkun. Ósagt skal látið hvort hæstv. ráðh. er með því að taka mið af tillögum nefndarinnar fjölmennu sem marka átti opinbera stefnu í áfengismálum þjóðarinnar. Ein tillaga þeirrar nefndar var að hækka verulega verð á áfengi, í þeim tilgangi reyndar að draga úr neyslu þess. Hæstv. ríkisstj. virðist hins vegar ætla að treysta því að áfengisbölið hafi áfram sinn gang og menn dragi ekki úr kaupum þótt verðið hækki umfram verðlagshækkun. Sennilega verður henni að þeirri trú sinni. Þá eru hér boðaðar viðbótartekjur, sem eiga að nema 320 millj. kr., en frekari skýringar boðaðar við 2. umr. um frv. Hér er væntanlega um einhvers konar skattlagningu að ræða og ekki að undra þótt seint gangi að ná samkomulagi um slíkt þar sem Sjálfstfl. er í orði kveðnu á móti sköttum. Hins vegar nefndi hv. þm. Guðmundur Bjarnason ýmsar skynsamlegar leiðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í ræðu sinni hér áðan og er nú eftir að sjá hvað úr verður.

Í fyrrnefndu vinnuplaggi stendur einnig að við endurmat á tekjuhlið frv. hafi verið tekið tillit til 600 millj. kr. lækkunar söluskatts frá því sem fram kemur í fjárlagafrv. Hæstv. ráðh. vildi ekki kannast við að áfengishækkunin og fleiri leiðir sem nefndar voru hér áðan væru þar til mótvægis. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Hvernig er þessi 600 millj. kr. lækkun söluskatts hugsuð? Er hér eingöngu átt við frestun á þeirri ráðagerð ríkisstj. að bæta sér upp tekjumissi vegna lækkunar tekjuskatts með auknum neyslusköttum og hvað verður þá um þau áform? Ríkisstj. hefur margboðað upptöku virðisaukaskatts og nú síðast í máli hæstv. fjmrh. hér í dag. Er það álit ríkisstj. að virðisaukaskatturinn gefi minni tekjur í heild en söluskatturinn eða eru áform um lægri prósentur þess skatts? Og fyrst virðisaukaskatturinn er nefndur vil ég taka fram að ég vara sérstaklega við áhrifum hans á afkomu almenns launafólks. Skv. frv. um virðisaukaskatt, sem lagt var fram á síðasta þingi, var gert ráð fyrir að hann legðist á matvæli og fleiri nauðsynjar sem nú eru undanþegnar söluskatti. Það mundi auka gífurlega nauðsynlegustu heimilisútgjöld og valda láglaunafólki óbærilegum erfiðleikum. Slíkar álögur hlytu að kalla á auknar greiðslur úr tryggingakerfinu sem ekki verður séð að gert sé ráð fyrir. Allt það dæmi virðist enn þá óhugsað en ég legg áherslu á að Kvennalistinn mun leggjast gegn því að neysluskattur verði lagður á matvæli.

Ég vil nú víkja aðeins að framkvæmd fjárlaga á yfirstandandi ári. Við gerð fjárlaga ársins í ár var því mjög haldið á lofti að nú væru ný og betri vinnubrögð upp tekin. Þá var æ ofan í æ minnt á markmið ríkisstj. um raunhæf fjárlög og virtust hæstv. fjmrh. og aðrir talsmenn stjórnarflokkanna alltaf jafnsannfærðir um að það markmið hefði náðst. Nokkrum vikum eftir afgreiðslu fjárlaganna stigu þeir svo fram og viðurkenndu stórfelld mistök, gleymsku og vanáætlun svo að hundruðum milljóna skipti. Verður nú að vona að betur takist til í þetta sinn. Að vísu var þar einnig augljóslega um rangt mat að ræða, eins og nú er komið á daginn, þótt hæstv. fjmrh. brygðist hinn versti við þegar ég leyfði mér að halda því fram að óvíst væri að hallinn yrði svona mikill og verið væri að gera of mikið úr hlutun-

um. Það sakar ekki að minna á það í leiðinni að í umr. um gatið fræga lagði Kvennalistinn m. a. til að tekna yrði aflað með skyldusparnaði hátekjumanna. Á það vildi hæstv. fjmrh. ekki heyra minnst þá a. m. k., en nú mun það vera ein þeirra tekjuöflunarleiða sem koma til álita hjá stjórnarflokkunum og munum við að sjálfsögðu styðja það.

En það var eins gott að vandinn var í rauninni ekki eins stór og hæstv. fjmrh. vildi vera láta þegar hann opinberaði gatið því stjórnarflokkarnir þurftu nær tvo mánuði til að berja saman tillögur til lausnar og þær fólust síðan að mestu í lántökuheimildum. Ráðuneytin voru þó skikkuð til að spara samtals 370 millj. og ráðherrum sett sjálfdæmi um hvar hnífnum væri beitt. Þeir hafa nokkurn veginn staðið við það. En á móti þeim niðurskurði koma hins vegar hinar óhjákvæmilegu aukafjárveitingar sem þegar eru orðnar um 250 millj. kr.

Flestir muna vafalaust að hæstv. fjmrh. talaði digurbarkalega um afnám aukafjárveitinga og víst er æskilegt að þær séu sem minnstar. En þegar vitlaust er reiknað eru aukafjárveitingar óhjákvæmilegar, t. d. þegar um starfsemi skóla er að ræða, því að hversu mjög sem menn reyna að spara eru ákveðnir liðir sem aldrei er hægt að ýta til hliðar, eins og hiti og rafmagn, ræsting og fleira í þeim dúr. Hitt er ámælisverðara þegar fjmrh. veitir upp á sitt eindæmi fé til húsakaupa og sundlaugabygginga í útlöndum. Og sérstaka athygli vekur að iðnrn. hefur fengið 20 millj. kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við endurskoðun samningsins um álverið. Þessi endurskoðun stóð svo sannarlega fyrir dyrum þegar fjárlög 1984 voru samþykkt og hlýtur að hafa verið gert ráð fyrir einhverjum kostnaði þess vegna. En hvað sem því líður eru 20 millj. kr. gríðarleg upphæð í þessu sambandi sem þingið hlýtur að krefjast skýringa á. Við getum bara nefnt til samanburðar rekstur á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins á þessu ári sem nemur skv. fjárlögum 22,5 millj.: laun, önnur rekstrargjöld, viðhald og stofnkostnaður. Nú er auðvitað fjarri mér að halda að svona verk eins og endurskoðun samningsins um álverið kosti lítið sem ekkert. Auðvitað kosta öll þessi ferðalög og fundahöld, hótel og ráðgjafarþjónusta sitt. Og látum nú árangurinn liggja á milli hluta. En fyrr má nú vera. Og meðal annarra orða, var ekki verið að halda því fram að íslenska ríkið hefði grætt á þessum samningi? Hvar sér þess stað í því frv. sem hér er til umr.? En áður en ég segi skilið við aukafjárveitingarnar skal þess getið að hæstv. ráðh. hafði allan varann á og lét samþykkja lagagrein um óviss útgjöld upp á 284 millj. kr. og er enn innan þess ramma.

Sný ég mér þá aftur að frv. til fjárlaga næsta árs. Hvað gjaldahlið frv. snertir væri synd að segja að þar væri öllum liðum gert jafnhátt undir höfði. Eins og fyrri daginn nýtur allt sem heitir yfirstjórn ráðuneyta og stofnana sérstaks skilnings meðan aftur á móti er ráðist af hörku að ýmsum framkvæmdaliðum. Skrifstofuhald, aðstoðarráðherrar, ferðalög og risna eru taldir ómissandi þættir og ekkert hægt að spara í þeim. En það sem lýtur að uppbyggingu í þjóðfélaginu verður að bíða.

Hér er rétt að minna á vegamál og húsnæðismál, svo að menn haldi ekki að ég ætli að gleyma þeim þáttum sem sannarlega standa upp úr hvað framlög til framkvæmda varðar, og verða framlög til þeirra þátta hækkuð nokkurn veginn í takt við verðlagshækkanir í endurskoðun. Auðvitað varð ekki hjá því komist að hækka bein framlög ríkissjóðs til byggingarsjóðanna. Allar áætlanir um öflun lánsfjár til þeirra á þessu ári reyndust byggðar á sandi og gersamlega óverjandi að vekja falskar vonir hjá húsbyggjendum með slíku ráðslagi. Hins vegar er vissara að lofa ekki beinu framlögin til byggingarsjóðanna fyrr en séð verður með efndir. Það kennir bitur reynslan frá þessu ári. Komi þessi framlög seint og illa veldur það lántakendum ómældu tjóni og amstri. Þessi mál verður að taka fastari tökum en verið hefur.

Um vegamálin þarf ekki að óttast í bráð, enda hjartans mál meiri hluta þm. Ekki sakar þó að minna á mun hagstæðari nýtingu fjárveitinga í þeim málaflokki vegna aukinna útboða, en þau hafa í mörgum tilfellum leitt til allt að helmings lækkunar á áætluðum kostnaði. Sú staðreynd leiðir svo aftur hugann að því að því miður er oft og víða farið illa með sameiginlegt fé landsmanna. Oft hefur verið gagnrýnd sóun í óþörf ferðalög og veisluhöld. Ég er sannfærð um að þar er þörf á aðhaldi og mætti spara drjúgar upphæðir.

Verstu dæmin um sóun eru auðvitað þegar sameiginlegu fé okkar er ausið í óarðbærar framkvæmdir og okkur þar með bundnir slíkir skuldabaggar að við rísum varla undir. Skal ég ekki eyða tíma okkar með því að endurtaka það sem hér hefur verið sagt um þau efni. En við sóum líka gífurlega miklu fé í hinar þörfustu framkvæmdir eins og byggingar skóla og ýmissa stofnana vegna þess að ekki er rétt að verki staðið frá upphafi. Mér virðist ljóst að þarna vanti eftirlit, bæði fyrir fram og meðan á framkvæmdum stendur. Það er hreint ekki einleikið hversu mörg erindi berast til fjvn. um framlög til endurbóta á húsnæði sem er aðeins nýbyggt eða fárra ára gamalt, að ekki sé talað um allar byggingarnar sem hafa verið hannaðar allt of stórar og reynast síðan allt of dýrar í rekstri fyrir viðkomandi sveitarfélög. Þarna held ég að komi m. a. í ljós gallar of mikillar miðstýringar svo og kostnaðarskiptingar. Við verðum að fara að taka í alvöru á þessum vanda. Það er ekki nóg að hrista höfuð og býsnast yfir vitleysunum ár eftir ár.

Árum saman hefur verið rætt um nauðsyn þess að færa ákvörðunarvald og tekjustofna að einhverju leyti, jafnvel að miklu leyti yfir til sveitarfélaganna. En hægt gengur að ná samkomulagi um leiðir til þess, m. a. vegna afar mismunandi aðstæðna í sveitarfélögunum. Slíkt væri þó áreiðanlega til mikilla bóta og mundi að líkindum leiða til skynsamlegri fjárfestingar í húsum til sameiginlegra þarfa og miðast fremur við raunverulega þörf og rekstrargetu. Heyrðist mér hæstv. fjmrh. sammála þessu í ræðu sinni hér áðan. En orð og gerðir fylgjast sjaldnast að hjá hæstv. ríkisstj. Ríkisvaldið virðist ekki hlynnt því að auka styrk sveitarfélaganna, a. m. k. ekki á næsta ári, því að m. a. skerðir það lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna að því er mér virðist um 140 millj. kr. um leið og það leggur þeim æ þyngri byrðar á herðar með auknum verkefnum. Ég ítreka að hér verður að verða breyting á.

Ekki verður auðvelt verk að skipta þeim upphæðum sem ætlaðar eru til annarra framkvæmda en vegamála. Fé til hafnaframkvæmda er skorið niður um helming í krónutölu frá þessu ári. Bara skuldbindingar vegna

yfirstandandi framkvæmda fara langt með þá upphæð, enda segir í athugasemdum frv.: „Ekki er talin ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni."

Fé til framkvæmda á flugvöllum landsins er svipuð krónutala og í ár, eða aðeins rúmlega helmingur þeirrar tölu sem ætlað er í flugstöðina á Keflavíkurflugvelli sem ekki er sparað til frekar en fyrri daginn.

Framlag til byggingar dagvistarheimila er af rausnarskap áætlað 30 millj. kr. og er það væntanlega í samræmi við þá nýgerðu uppgötvun ríkisstj. að mikil aukning þjóðarframleiðslu undanfarinna ára byggist m. a. á stóraukinni atvinnuþátttöku kvenna. Ég leyfi mér að minna aftur á ferða- og risnukostnað hins opinbera sem vel gæti séð af nokkrum tugum milljóna til uppbyggingar dagvistarheimila. Hér mætti einnig til samanburðar líta á athugasemdir í frv. með framlögum til fjmrn. en á þörfum þess rn. ríkir fullur skilningur. Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir tók af mér ómakið hér áðan og las þessar athugasemdir og skal ég láta það duga. En þarna er sem sagt sanngirnin og skilningurinn í lagi.

Framlög til byggingar grunnskóla lækka einnig í krónutölu skv. frv. og nema aðeins um ⅓ þeirrar upphæðar sem raunverulega væri þörf fyrir. Er með þessum niðurskurði verið að skapa stórkostlegan vanda víða um landið sem verður erfiður úrlausnar þegar stíflan brestur. Þa verður ríkið komið í stórskuld við þau sveitarfélög sem hafa bolmagn til að fara af stað með framkvæmdir án fjárveitinga frá ríkinu, en eftir sitja fátækari sveitarfélögin sem ekki geta það þótt þörfin sé fyrir hendi. Á sama tíma megum við horfa upp á bruðlið í byggingum bankanna og olíufélaganna. Þá lækka einnig framlög til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Nú er rétt að geta þess að skv. nýjustu upplýsingum er ætlunin að hækka fjárveitingar til ýmissa framkvæmdaflokka sem ég hef hér nefnt um 75—100 millj. kr., alla liðina, en ekki fylgir sögunni hvernig þær skiptast á hina ýmsu liði svo að engin leið er að vita hvaða áhrif það hefur. Hins vegar er ekki ætlun ríkisstj. að hækka framlög til stofnlána- og framkvæmdasjóða frá því sem er í frv. og eru nú ekki beysnar tölur þar. Þar er ljótast beitt hnífnum á Framkvæmdasjóð fatlaðra þar sem lögbundið framlag er skorið niður um meira en helming. Mig brestur hreinlega orð yfir slíkt háttalag. Það skal fúslega viðurkennt að mikið hefur verið unnið á undanförnum árum til hagsbóta fyrir fatlaða eins og hv. þm. Guðmundur Bjarnason gat um hér áðan. En þörfin er enn þá mjög mikil, sérstaklega til uppbyggingar fræðsluþáttarins í þessum málaflokki. Alþingi getur ekki leyft sér að láta þá tölu standa óhreyfða sem nú er í frv. Ég bið menn að misskilja ekki þótt ég bendi á til samanburðar að framlög til íþróttamála njóta meiri velvildar frv.-smiða sem hækka hina ýmsu liði íþróttamála um 70%. Ég sé ekki eftir fé til íþróttamála sem veita fjölmörgum, ungum sem gömlum, ánægju og vonandi hreysti. En óneitanlega finnst mér það skjóta skökku við að meta meira stuðning við heilbrigða en fatlaða og mér finnst nískan við Framkvæmdasjóð fatlaðra til skammar fyrir Alþingi.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna mætti hafa langt mál. Í frv. er gert ráð fyrir 481 millj. kr. beinu fjárframlagi til lánasjóðsins, sem nú verður reyndar hækkað í samræmi við almennar hækkanir, og að auki 300 millj. kr. lántökuheimild, svo að enn á að íþyngja sjóðnum með lántökum. Enda þótt gert sér ráð fyrir að lánshlutfall verði áfram 95% af framfærslukostnaði og fjölgun lánþega verði aðeins 7% er ljóst að fjárþörf sjóðsins nemur töluvert hærri upphæð en frv. gerir ráð fyrir. Eins og menn muna var fyrsta árs nemum gert að slá víxla í bönkum nú í haust en lofað yfirtöku sjóðsins ef námið reyndist lánshæft. Nú lítur svo út sem sjóðnum sé ekki ætlað að standa við þau fyrirheit og er það langalvarlegasti þátturinn í málefnum lánasjóðsins.

Reynslan varð sú í haust að rekistefna fyrsta árs nema í bönkunum varð ekki jafn árangursrík og þeim var ætlað að trúa. Ekkert samkomulag var fyrir hendi við bankana og fyrirgreiðsla fór oft eftir því hversu vel stæða aðstandendur lántakandi gat bent á. Það verkar því sem argasta háð þegar hæstv. fjmrh. segir í ræðu sinni hér í dag að þetta fyrirkomulag hafi gefið góða raun. Margir þm. hafa áreiðanlega um það sögur frá fyrstu hendi hvílík píslarganga þessi bankasláttur varð mörgum námsmönnum. Einhver brögð voru að því að fólk hætti við að hefja nám vegna fjárskorts en þeir voru þó miklu fleiri sem lögðu hart að sér við sparnað og útvegun fjár, einmitt í þeirri von að mál þeirra fengju farsæla lausn hjá lánasjóðnum á næsta ári.

Það er meira en lítið alvörumál ef stefna ríkisvaldsins verður til að torvelda hinum efnaminni að leggja stund á framhaldsnám. Vil ég nú spyrja hæstv. fjmrh., því orð hans hér fyrr í dag eyddu engum grunsemdum, hvernig ætlunin sé að vandi fyrsta árs nema verði leystur. Augljóslega eru áform um að þessu fyrirkomulagi verði haldið áfram, þ. e. að fyrsta árs nemar verði að slá víxla í bönkum, en aðalatriðið er þetta: Er ekki ætlunin að Lánasjóður ísl. námsmanna fái að breyta þessum bankavíxlum í lán eins og verið hefur með þá víxla sem fyrsta árs nemar fengu áður hjá lánasjóðnum? Við þessu verður að fást ákveðið svar. Því miður virðist meðhöndlun ríkisvaldsins á Lánasjóði ísl. námsmanna í litlu samræmi við fögur orð hæstv. forsrh. í stefnuræðu hans um gildi menntunar í þjóðfélaginu. Sama er að segja um aðbúnað Háskólans og rannsóknastofnana hans sem verða að fjármagna sig að stórum hluta sjálfar með sölu þjónustuverkefna í stað þess að stunda grundvallarrannsóknir.

Herra forseti. Í rauninni erum við alltaf að tala um sömu hlutina, í umr. um vantraust á ríkisstj., í umr. um stefnuræðu forsrh., í umr. um fjárlagafrv. og fleiri og fleiri mál. Við erum að tala um verðmætamat og forgangsröðun verkefna og er kannske ekki að búast við að allir séu sammála. Niðurstöðutölur þessa frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 eru ekki uppörvandi og verður að vona í lengstu lög að einhverju fáist breytt. En versta útkoman er sú að hér sjást ekki tilburðir til raunverulegrar uppbyggingar sem leitt gæti til nýrra atvinnutækifæra eða uppbyggingar nýrra tekjustofna. Að vísu eigum við eftir að sjá lánsfjáráætlun og þar eigum við von í einhverjum framlögum til þróunar og nýsköpunar þótt upphæðin, sem þar hefur heyrst nefnd, samsvari ekki einu sinni heildarkostnaðarþátttöku ríkisins í byggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Hæstv. ríkisstj. hefur talað um nauðsyn þess að skapa svigrúm til endurreisnar efnahagslífsins og uppbyggingar atvinnulífsins. Almennt launafólk hefur sannarlega orðið við því ákalli. Það gaf ríkisstj. margra mánaða svigrúm, sem ríkisstj. notaði ekki, og í því frv. sem hér

er til 1. umr. bryddar ekki á þeim nýjungum sem gefið gætu almenningi vonir um betri tíð.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka hér til máls við þessa umr. enda gerði hæstv. fjmrh. glögga grein fyrir frv. eins og það var lagt fram hér á Alþingi í upphafi þings og þeim breyttu forsendum sem nú hafa verið kynntar í ítarlegri ræðu sinni hér áðan.

Í ræðum hv. þm. við þessa umr. hafa tiltölulega fá atriði komið fram sem gefa tilefni til athugasemda. Þar hefur fátt komið á óvart og gagnrýni hv. þm. stjórnarandstöðunnar hefur ekki verið markviss, enda frv. skýrt ítarlega, eins og ég þegar hef sagt, og vel lagt fyrir af hálfu hæstv. fjmrh. Þó eru örfá atriði sem mér hafa þótt þess efnis að ástæða sé til að ég segi hér fáein orð.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. fjmrh., Ragnar Arnalds sagði að fjárlagafrv. væri spegilmynd stjórnarstefnu. Þetta hefur oft verið sagt áður og er að vissu leyti rétt. Það er þó ekki nema hálfur sannleikur vegna þess að fjárlagafrv. hverju sinni verður að taka mið af þeim aðstæðum sem við er að etja í þjóðfélaginu. Við megum ekki gleyma því, þegar rætt er um fjárlagafrv. og fjármál ríkisins, að árið 1984 er þriðja árið í röð sem þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur dragast saman á Íslandi. Í lok þessa árs er talið að þjóðarframleiðsla hafi dregist saman á Íslandi sem nemur a. m. k. 12% á mann. Við slíkar aðstæður er ekki um það að ræða að hægt sé að fjalla um fjármál ríkissjóðs, leggja fram fjárlagafrv. og haga ríkisbúskapnum með sama hætti og verið hefði ef þessi samdráttur þjóðartekna og þjóðarframleiðslu hefði ekki sótt okkur Íslendinga heim. Það eru því gagnólík skilyrði nú til þess að reka ríkissjóð og til umsvifa í þjóðarbúskapnum og í ríkisrekstrinum en voru við upphaf þessa samdráttarskeiðs í þjóðartekjum okkar Íslendinga. Þetta veit auðvitað hv. þm. Ragnar Arnalds og hann hefði vel mátt geta þess í sinni ræðu hér áðan um leið og hann dró þar fram að frv. eins og það liggur fyrir væri spegilmynd stjórnarstefnu.

Stjórnarstefnan er auðvitað sú að leitast við að draga saman umsvif í ríkisrekstrinum, að draga saman þann hlut sem tekinn er af almenningi til þess að reka ríkissjóð og öll umsvif hans. Þetta er stjórnarstefnan. En hætt er við að hægt hefði verið að leggja fram fjárlagafrv. með öðru sniði og á ýmsan hátt á rýmri máta þar sem hægt væri að sinna betur ýmsum þörfum málum og framkvæmdum en nú er unnt ef þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hefðu haldist í því horfi sem var á árinu 1981, jafnvel árinu 1982 enda þótt það væri fyrsta árið í því samdráttarskeiði sem síðan hefur staðið.

Mér þótti rétt að koma þessu að og skal ekki fara lengra út í að rekja áhrif þessa samdráttarskeiðs á ríkisbúskapinn. Eg mun koma nánar að því þegar þetta mál kemur til 2. umr.

Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um að það væri stóralvarlegt að þrátt fyrir mikinn niðurskurð í ríkisframkvæmdum tækist samt ekki að leggja fram frv. sem væri rekstrarhallalaust. Þetta er vitaskuld alvarlegt mál, ég skal ekki leyna því. En hv. þm. talaði um að þetta væri þó nánast óþarfi vegna þess að felldir hefðu verið niður eða lækkaðir skattar á banka og atvinnufyrirtækin í landinu. Ég verð nú að segja að ég held að þessi liður hefði ekki hossað mjög hátt. Ef ég man rétt þá lækkuðu skattar á bankastofnanir um 60—70 millj. kr. Ég man þá rangt ef svo var ekki þegar skattskrár birtust á þessu ári að hækkun tekjuskatts á fyrirtæki í landinu hefði orðið meiri á milli áranna 1983 og 1984 en almennar verðlagshækkanir. Þannig að þó hv. þm. hafi talið hér vera mikið tilefni til þess að ná endum saman í ríkisbúskapnum þá hygg ég að það sem ég hef hér sagt séu staðreyndir málsins.

Hv. þm. Ragnar Arnalds og raunar fleiri hv. þm. hafa talað um að fjárlagafrv. fæli í sér mikinn niðurskurð til félagslegra málefna. Í öðru orðinu hafa aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar svarað þessu og sagt að vel hafi eftir atvikum verið gert við ýmsa liði á þessu sviði svo sem í málefnum fatlaðra. Ég vil aðeins ítreka það að enda þótt það sé rétt að t. a. m. Framkvæmdasjóður fatlaðra sé skorinn niður svo sem aðrir sjóðir í þessu frv., en það hefur orðið að gera vegna þess ástands sem við er að fást í fjármálum ríkisins, þá hefur þó t. a. m. liðurinn sem kallaður er málefni fatlaðra, undir félmrn., hækkað í frv. frá því sem fjárlög greina um 44,4% eða úr 150 millj. í 217 millj. kr. Hér er vissulega ekki dæmi um það að þetta frv. feli í sér sérstakan niðurskurð til félagslegra málefna, öðru nær. Þessi liður í útgjöldum ríkisins hefur í raun hækkað gífurlega á allra síðustu árum.

Ég tek undir það með hv. þm. Ragnari Arnalds og öðrum þeim sem hér hafa talað um að það væri sannarlega æskilegt ef tækist að ná saman fjárlögum ríkisins með þeim hætti að ekki yrði um rekstrarhalla að ræða á ríkisbúskapnum á næsta ári. En ég get ekki sagt um hvort það muni takast og raunar horfur á því, eins og þegar hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh., að halli verði á frv. sem nemur 300—500 millj. kr. eða eitthvað á því reki. Um það verður ekki sagt. Eftir er að fjalla um frv. af hálfu Alþingis.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði hallarekstur ríkissjóðs að umtalsefni. Hann sagði að í ljós kæmi að halli á frv. væri ekki 300—400 millj. eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt, heldur væri hann yfir 3 milljarða. Mér þótti hv. þm. fara með þessar tölur með þeim hætti að ætla mætti að það væri gert til þess að villa um fyrir fólki.

Fjárlagafrv. nú er sett upp með sambærilegum hætti í megindráttum eins og fjárlagafrv. undanfarinna ára. Í megindráttum er þetta svo þótt þar sé um nokkrar breytingar að ræða sem skýrðar voru í máli hæstv. fjmrh. Þær breytingar raska ekki meginniðurstöðum frv. Á hinn bóginn er sýnt í grg. frv. hvernig uppsetning fjárlagadæmisins yrði, þ. e. A-hluta ríkissjóðs, ef það væri gert samkvæmt framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hæstv. fjmrh. sagði í sínu máli að hann teldi það horfa til bóta að taka þessa nýju framsetningu upp. Ég er því raunar sammála. En það er ekki hægt að tala hér á þann máta að sú niðurstaða sem fæst með hinni nýju uppsetningu sé eitthvað sambærileg eða hægt sé að taka hana sem viðmiðun við það sem gerst hefur áður eftir eldri uppsetningu. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við uppfærslu sem væri með sama hætti eins og gert er samkvæmt framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að þá koma inn í A-hluta ríkissjóðs nýir liðir. Þar kemur inn Tryggingastofnun ríkisins, þar koma inn endurlán ríkissjóðs og þar kemur inn Atvinnuleysistryggingasjóður. Allt hefur þetta í veigamiklum atriðum áhrif á heildarniðurstöðu A-hluta fjárlaga eftir hinni nýju uppsetningu. Og það er rétt að samkvæmt þeirri uppsetningu kæmi út halli sem næmi yfir 3 milljörðum

kr. skv. frv. Þegar fjallað er um mál af þessu tagi þar sem sýnt er hvað kæmi út ef gerbreytt yrði uppsetningu fjárlaga þá er nauðsynlegt að um leið og það er tekið til umr. sé ekki lagt út af því á þann máta að allir haldi að um sé að ræða breytingar á milli ára í niðurstöðum ríkisbúskaparins, heldur sé það þá skýrt að um gerbreytta uppsetningu sé að ræða og halla sem skapist þá m. a. af því að nýir og veigamiklir liðir eru teknir inn.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um einstaka þætti ýmsa sem fram komu í máli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, 3. þm. Reykn. Hann talaði einnig með nokkuð frjálslegum hætti um að það væri sýnilegt að sú lækkun tekjuskatts sem boðuð er, 600 millj. kr., yrði öll tekin aftur og meira til með nýjum sköttum. Þetta fannst mér býsna frjálslega fram sett hjá hv. þm. Það er boðað að til að mæta tekjutapi ríkissjóðs af lækkun tekjuskatts um 600 millj. kr. verði aflað nýrra skatta upp á 320 millj. kr. 300 millj. kr., sem hv. þm. talaði um, eru fengnar þannig að þar er um að ræða endurmat á tekjuáætlun ríkissjóðs. Slíkt endurmat fer fram kannske oft á ári. Þetta endurmat felur m. a. í sér að gert er ráð fyrir að tekjur af rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins gefi nokkru meira fé í ríkissjóð en áður var talið. Ég tel að það sé alveg ný skilgreining, sem hv. þm. kom hér með, að þetta séu kallaðir skattar eða það sé verið að tala um nýjar skattaálögur. Ég tel sem sagt að þarna hafi verið farið nokkuð frjálslega að við túlkun á þessu máli og það sé gert til að leitast við að villa um fyrir mönnum. Það er hv. þm. ekki til sóma.

Hv. þm. ræddi hér um tvo liði er snerta landbrn. Ég vil aðeins minna á að þó að útflutningsbótaréttur kunni á þessu verðlagsári að vera í kringum 500 millj. króna, þá er það skoðun ríkisstj., svo sem birtist í þessu frv., að ekki sé ástæða til að hafa inni á fjárlögum hærri tölu en 380 millj. kr. Þetta er sem sagt skoðun ríkisstj. og ég hef ekkert út af fyrir sig við það að athuga. En þetta stafar vitaskuld af því að samdráttur hefur orðið í landbúnaðarframleiðslu og þörfin fyrir útflutningsbætur minnkar.

Það er auðvitað hótfyndni hjá hv. 3. þm. Reykn. að tala um gangstéttarhellur í þessu sambandi, þar sem hann spyr hvort þessar útflutningsbætur verði þá reiknaðar á gangstéttarhellur og loðdýr, eins og hann orðaði það, því að gangstéttarhellur hafa bændur nú alla jafna ekki framleitt og síst til útflutnings. Hins vegar hefur útflutningsbótaréttur verið reiknaður á loðdýraafurðir, þó þannig hygg ég að aukningu í þeirri grein hafi ekki verið að fullu fylgt eftir. Það er einnig svo í sambandi við útreikning á útflutningsbótarétti að þar hefur ekki verið tekið tillit til, þegar ég var kunnugastur þeim málum, aukningar í sambandi við hlunnindaafurðir, heldur hefur aðeins það magn sem áður hafði verið þar inni verið reiknað upp til verðlags.

Hv. þm. spurði um jarðeignir ríkisins og tekjur af jörðum. Ég er út af fyrir sig kunnugur því að á þeirri tíð sem ég var í landbrn. voru þessi mál öll tekin til endurskoðunar. Þau höfðu verið þar í hinum mesta ólestri vegna þess að hvorki voru ábúðarsamningar til né hafði leigugjald verið fært upp til verðlags jafnvel áratugum saman, og var örfáar krónur. Sú regla var tekin upp að eftirgjald eftir jarðir ríkisins skyldi vera 3% af fasteignamatsverði og eftir leigulóðir 2% af fasteignamatsverði, þannig að hv. þm. hefur þá um það þær tölur sem ég þekki réttastar.

Ég skal ekki fara út í fleiri atriði úr ræðu hv. 3. þm. Reykn. en fannst tilefni til að víkja þessum orðum að þessum örfáu atriðum.

Fjvn. hefur fjárlagafrv. nú til meðferðar og hefur haft að undanförnu. Hér er ekki að mínum dómi tilefni til þess að lýsa þeirri vinnu, það bíður betri tíma. En mig langar til að taka það fram vegna niðurlagsorða í ræðu hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar, þar sem hann ræddi um tiltekna liði fjárlagafrv. sem hann taldi að þyrftu lagfæringar við í meðförum Alþingis, að fjvn. hefur þetta mál vitaskuld nú til meðferðar. Þar höfum við hv. þm. Guðmundur Bjarnason gott samstarf um meðferð mála sem og meiri hl. n. og n. í heild. Ég fyrir mína parta tel ekki tilefni til að gefa neitt í skyn um niðurstöðu þess starfs fyrr en ákvörðun liggur fyrir við 2. umr. þessa máls.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér í dag talað fyrir frv. til fjárlaga 1985 og gert ítarlega grein fyrir einstökum þáttum þess. Er því ekki þörf að fara mörgum orðum um einstaka þætti frv. Einnig hafa hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Norðurl. v. farið nánar út í marga liði frv. og svarað ýmsum ádeilum og fyrirspurnun sem hér hafa verið ræddar. Ég mun því stytta mál mitt að þessu sinni.

Einkenni fjárlagafrv. fyrir árið 1985, sem hér er til 1. umr. eru þau sömu og á nokkrum undanförnum árum, þ. e. samdráttur í þjóðarframleiðslu sem orðið hefur til mikilla efnahagsörðugleika í íslensku athafnalífi nú um sinn. Skuldir þjóðarinnar erlendis eru orðnar svo miklar að ekki er á bætandi. Eru þær nú rúmlega 60% af þjóðarframleiðslu sem er of mikið að flestra dómi og verður að stöðva skuldasöfnun þjóðarinnar ef ekki á illa að fara. Verður það ekki mögulegt nema með aukningu þjóðartekna eða minni eyðslu.

Nú hefur stjórn Steingríms Hermannssonar setið við völd um 18 mánaða skeið og var búin að ná ótrúlega góðum árangri á flestum sviðum efnahagslífsins og snúa vörn í sókn eins og stefnt var að með stjórnarmynduninni. Í upphafi stefnuyfirlýsingar ríkisstj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðinni er brýn nauðsyn að brjótast út úr vítahring verðbólgu til þess að unnt sé að tryggja grundvöll atvinnulífsins, koma í veg fyrir atvinnuleysi og draga úr skuldasöfnun við útlönd. Aðeins með víðtækum samstilltum aðgerðum, er taka til allra þátta hagkerfisins, er unnt að vinna bug á þeim þrengingum sem nú steðja að þjóðarbúskapnum og leggja grundvöll að framförum."

Með þeim róttæku aðgerðum, sem stjórnin gerði strax í upphafi, tókst að afstýra atvinnuleysi og stöðvun atvinnuveganna þó að ástand þeirra hafi verið slíkt að allt var að stöðvast þegar stjórnin tók við. Verðbólgunni, sem komin var í 130 stig, hefur verið komið niður í 12—15 stig sem má teljast mjög góður árangur á ekki lengri tíma. Vextir hafa verið lækkaðir og stöðugleiki í efnahagslífinu stórum batnað. Má telja að allt annað útlit hafi verið fram að þessu í þróun efnahagsmála. Nú hefur aftur dregið blikur á loft eftir nýgerða kjarasamninga sem hækkuðu að krónutölu mun meira en stjórnarflokkarnir gerðu ráð fyrir í frv. til fjárlaga 1985 sem lagt var fram í upphafi þessa þings. Verður því við nýtt vandamál að eiga við afgreiðslu fjárlaga þar sem samþykktir kauptaxtar hafa nú þegar hækkað um 10—12% umfram það sem gert var ráð fyrir í frv. Óefað hefur þetta þau áhrif að verðbólgan mun hækka veru-

lega á næstu mánuðum með þeim afleiðingum sem við þekkjum og verða til þess að veikja stöðuna í samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Verður því að leggja kapp á að koma festu og stöðugleika á stjórnarfarið á nýjan leik svo þjóðin njóti áfram trausts og góðra samskipta við önnur lönd.

Í fjárlagafrv., sem hér er til meðferðar, er gerð grein fyrir ástandi og horfum í ríkisfjármálum og það ber merki þeirra efnahagserfiðleika sem við er að eiga í þjóðarbúskap Íslendinga um þessar mundir, eins og ég hef áður sagt. Skv. þessu frv. verða útgjöld ríkisins 25.3 milljarðar sem er rösklega 29% af þjóðarframleiðslu og er það lægra hlutfall en verið hefur frá 1981. Kemur fram í þessu að aðhaldi er beitt í gerð frv. og reynt er að draga úr útgjöldum ríkisins þó erfitt sé þar sem stærstur hluti gjaldanna er bundinn með lögum, eða allt að 70—75%. Er þetta líklega gert til þess að skapa meiri möguleika fyrir ýmiss konar atvinnurekstur í landinu, sem er nauðsynlegur fyrir einstaklinga og fyrirtæki svo að ekki sé staðar numið í uppbyggingu atvinnulífsins. Þá hefur einnig verið tekið mið af því að fjárlög og ríkisfjármálin yfirleitt hefðu ekki þau áhrif að þensla muni aukast í þjóðfélaginu.

Fjárlagagerðin hefur alltaf haft miklu hlutverki að gegna hvað varðar efnahagsstefnu þjóðarinnar og er svo enn, eins og fram kemur í þessu frv. Það, sem hefur valdið okkur mestum erfiðleikum og haft mikil áhrif á líf og starf þjóðarinnar á þessu ári og á tveimur undanförnum árum, er að þjóðarframleiðslan og þjóðartekjurnar hafa farið minnkandi ásamt þeirri miklu verðbólgu sem við bjuggum við þegar núv. stjórn tók við völdum.

Efnahagsmál hafa oftast reynst erfið viðfangs, en flestar ríkisstj. stefna að því að koma á og viðhalda efnahagslegu öryggi í þjóðfélaginu eins og núv. stjórn hefur lagt sig fram um að ná. En til þess að ná því þarf að halda uppi stöðugu atvinnulífi og auka framleiðni sem geti veitt okkur þau lífskjör sem eftir er leitað. Atvinnuvegir til lands og sjávar þurfa að skila þeim arði að hægt sé að byggja þá upp í samræmi við framfarir og þróun á hverjum tíma, þannig að þeir geti staðið undir efnahagslífi landsmanna og enginn maður má ganga atvinnulaus. Við þurfum að hagnýta alla möguleika til að auka þjóðarframleiðsluna svo að hún geti staðið undir þörfum okkar hverju sinni.

Efnahagslegt öryggi er mikilvægara en allt annað. Þær þjóðir, sem eyða í gáleysi meiru en aflað er til lengdar, missa efnahagslegt sjálfstæði sitt fyrr eða síðar. En sé tekið á tímabundnum erfiðleikum með samstilltu átaki og festu, þannig að allir leggi eitthvað af mörkum, er unnt að skapa góð skilyrði til sóknar í baráttu til að bæta lífskjörin. En eigi að takast að bæta kaupmáttinn verður aukin verðmætasköpun að koma til.

Núverandi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir alhliða uppbyggingu og framförum á öllum sviðum þjóðlífsins. Stefna hennar hefur verið að koma efnahagsmálum þjóðarinnar til betri vegar og vinna að atvinnuöryggi og traustari atvinnuvegum. Allir landsmenn vita að tekist hefur að mestu leyti að halda fullri atvinnu í landinu þó að mikið atvinnuleysi hafi verið hjá nágrannaþjóðum okkar. Félagslegar og efnahagslegar framfarir hafa orðið miklar. Þær munu létta þá baráttu sem fram undan er til að tryggja áframhaldandi framfarir og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Með virkjun fallvatnanna og jarðhitans hafa skapast möguleikar á ýmiss konar iðnaði sem markvisst verður að auka á komandi árum til öryggis fyrir íbúa landsins alls.

Ekki verður um það deilt að hinar miklu framfarir, sem orðið hafa í landinu á liðnum árum, eiga líka að stórum hluta rætur sínar að rekja til hinna félagslegu úrræða og umbóta sem samtök fólksins hafa beitt sér fyrir með undirbyggingu atvinnulífsins. Sennilega eru það fáar þjóðir sem meira hafa notað sér úrræði félagslegrar uppbyggingar til að leysa ýmsa mikilsverða þætti í búskap einstaklinga ásamt því að standa saman um mörg stór viðfangsefni sem orðið hafa til þess að treysta byggðina í landi okkar.

Auðlindir lands og sjávar eru miklar þó nokkuð hafi dregið úr sjávarafla nú um sinn. Okkur er nauðsynlegt að koma á góðu skipulagi á nýtingu fiskstofna við landið og að því hefur verið unnið af dugnaði í góðu samráði við sjómenn og útgerðarmenn jafnvel þó að þorskveiði hafi minnkað nálega um helming frá því sem hún var mest. Ég tel að skynsamleg vinnubrögð við nýtingu okkar innlendu auðlinda geti aukið svo þjóðarhag að ekki sé þörf að kvíða.

Sá atvinnuvegur, sem leggja þarf mikla rækt við í framtíðinni, er ýmiss konar iðnaður, stór og smár. Traustir atvinnuvegir í landinu eru forsenda öflugs atvinnulífs og batnandi lífskjara. Smáfyrirtæki ásamt meðalstórum hafa miklu hlutverki að gegna og viðfangsefnum þarf að fjölga og fjölbreytni að vaxa í þeim efnum. Dreifing þeirra um landið, hugvit og framtak fólksins þarf líka að koma til. Með rannsóknum og fræðslu, hagræðingu og góðri stjórn má auka afköst í mörgum iðngreinum og bæta nýjum við ásamt ýmiss konar hugvísindum. Að því er unnið af núverandi stjórn og stjórnarflokkum. Jafnframt verður að bæta lánakjör atvinnuveganna og beina fjármagni meira til þeirra.

Þá má líka minna á skipulega nýtingu jarðefna sem nú er verið að flytja úr landi í vaxandi mæli. Komið hefur í ljós að þar sem menn sáu aðeins vikurhauga og brunasand liggja þýðingarmikil verðmæti sem við getum flutt úr landi fyrir verðmætan gjaldeyri og um leið aukið atvinnu í landinu. Við þurfum að halda áfram að jafna lífskjörin í landinu og nytja hæfilega auðlindir okkar svo að við getum lagt grundvöll að farsælu lífi þjóðarinnar í landinu.

Herra forseti. Þetta frv. fyrir árið 1985 mótast af því samkomulagi, sem stjórnarflokkarnir höfðu komið sér saman um í stórum dráttum í september í sumar, en nú verður að endurskoða og samræma breyttum aðstæðum og viðhorfum eins og fjmrh. hefur nú þegar gert grein fyrir og fer ég ekki nánar út í það. Markmið stjórnarflokkanna er að erlendar skuldir verði ekki hærri en 61% af þjóðarframleiðslu fyrir árið 1985. Verður því að fara sparlega með allt ráðstöfunarfé þjóðarinnar og nýta allar hugsanlegar leiðir sem mögulegar eru til að auka framleiðslu og framleiðni og koma á nýsköpun í atvinnulífinu. Gert er ráð fyrir að leggja 500 millj. a. m. k. til þessa þáttar.

Gallinn er bara sá að lögbundinn rekstur ríkisins tekur stöðugt meira til sín af því fjármagni sem til ráðstöfunar er, svo að draga verður úr fjármagni til uppbyggingar margra bráðnauðsynlegra framkvæmda að þessu sinni. Fram kemur að í frv. er lögð áhersla á að þó að dregið sé úr umsvifum er þess þó gætt svo sem auðið er að skerða ekki mikilsverða félagslega þjón-

ustu. Jafnframt er leitast við svo sem kostur er að framfylgja þeirri áætlun sem gerð hefur verið um lánveitingar til húsbyggjenda og þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

Sama má segja um vegaframkvæmdir. Reynt er að skerða sem minnst þá áætlun sem gerð var 1983 um framkvæmdir í vegamálum. Eru líkur til að framkvæmdir dragist ekki mikið saman þó að fjármagn hafi nokkuð minnkað þar sem aukin hagkvæmni með útboðum á stærri verkefnum hefur orðið til þess að hægt hefur verið að fá framkvæmdir í vegamálum víða um land unnar fyrir 40—50% minni fjárhæðir en áætlunin gerði ráð fyrir. Sama er ekki hægt að segja um framkvæmdir í öðrum samgöngumálum, svo sem flugvalla- og hafnamálum, sem eru í mjög mikilli þröng. Verði eitthvert svigrúm til lagfæringa á einstökum þáttum framkvæmda eru þessir liðir ofarlega á blaði.

Einnig eru fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í að láta þær 100 millj., sem ætlaðar eru til grunnskólanna, ná til þeirra mörgu framkvæmda og stóru sem þar er unnið að. Auk þess hefur nýjum framkvæmdum ekki verið hleypt af stað á þessu ári. Hafa því skapast miklir erfiðleikar þar sem börnum hefur fjölgað og í raun er ekki hægt að stöðva þessar framkvæmdir annað árið í röð án þess að af hljótist vandræði á nokkrum stöðum í landinu.

Ég vil svo að lokum minna á þörfina fyrir lagfæringar á ýmsum smærri liðum í frv. sem erfitt er að afgreiða án þess að þeir séu samræmdir þeirri efnahagsþróun sem frv. gerir ráð fyrir ef tök eru á. Eins og oft áður er reynt að vinna svo að fjárlagagerðinni að hún sé sem raunhæfust og gefi sem gleggsta mynd af umfangi og starfsemi ríkisins ásamt því að vera sem öflugast hagstjórnartæki. Eina leiðin til að ráða við erfitt efnahagsástand er að viðurkenna staðreyndir í stað þess að vera með fullyrðingar gegn sérhverri viðleitni sem stjórnvöld sýna til aðhalds. Hin neikvæðu vinnubrögð stjórnarandstöðunnar nú eru aðeins til þess að veikja stöðu lands og þjóðar við erfiðar aðstæður. Þau einkennast af aðfinnslum og fullyrðingum sem ekki standast.

Í baráttunni við verðbólguna og viðskiptahallann verður að hafa taumhald á útgjöldum ríkisins svo sem framast er unnt. Nauðsynlegt er líka að fjárlagagerðin sé sem raunhæfust svo að ekki þurfi að víkja frá settum markmiðum. Með þessu frv. er stefnt að því að ná tökum á efnahagslífi landsmanna og fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur. Það er mikilvægur liður í því að *ná því marki sem að er stefnt og verður að skoðast í ljósi* þess mikla og sérstaka vanda sem nú er við að eiga í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hv. formaður fjvn. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v., gerði hér fáein atriði að umtalsefni sem fram kom í ræðu minni. Veit ég nú ekki hvort hv. formaður fjvn. heyrir mál mitt en sýnist þó svo vera.

Hann gerði það fyrst að umtalsefni að ég hefði bent á að skv. því yfirliti, sem hæstv. fjmrh. teldi gleggra og skýrara en það sem tíðkast hefði, væri greiðsluhalli á ríkissjóði sem næmi 3.2 milljörðum kr. Þennan halla bar ég í rauninni aldrei saman við þann halla sem menn hafa búið sér til eftir þeim reiknikúnstum að skipta fjárlögum í A- og B-hluta, enda hef ég gagnrýnt það á undanförnum árum — hver sem fjmrh. hefur verið, hvort heldur hann hefur heitið Albert Guðmundsson, sem ég held að hafi þó gert það í minna mæli en aðrir, eða Ragnar Arnalds, sem var hvað ötulastur við það, eða Tómas Árnason — að verið væri að gefa ranga mynd af afkomu ríkissjóðs og hvernig hann kæmi út milli ára með því að flytja milli pósta, flytja milli A- og B-hluta.

Hér er hins vegar í þessu yfirliti í töflu um samræmt mat að ræða, bæði að því er varðar fjárlögin 1984 og 1985. Skv. því mati hækkar greiðsluhallinn úr 1875 millj. kr. í 3183 millj. kr., eða um 70%. Það er alveg glöggt skv. þessu, það er verri afkoma. Það er líka alveg ljóst að erlendar lántökur ríkissjóðs vaxa um 75% milli áranna og að lán, sem tekin eru skv. þessu mati umfram afborganir, eru 3.3 milljarðar kr. Þar með er ríkissjóður vitaskuld að sökkva sér dýpra sem því nemur í erlendar skuldir. Hann hefur líka skv. þessu mati verið að sökkva sér dýpra í erlendar skuldir á því ári sem nú er liðið sem nemur u. þ. b. 2 milljörðum kr. Ríkissjóður sekkur því stig af stigi dýpra og dýpra í þetta fen skv. þessum mælikvarða, sem hæstv. fjmrh. réttilega sagði að væri bæði skýrari og gleggri en þær aðferðir sem tíðkast hefðu við framsetningu í fjárlögum. Þetta stendur óhaggað.

Hitt geta menn svo haldið áfram að pexa um hvernig þeir hafi fengið út núllið sitt í liðinni tíð, greiðsluafgang, jafnvel með því að möndla með hlutina og setja þá stundum á A-hluta og stundum á B-hluta og víxla því frá ári til árs, þannig að A-ið kæmi út einhvers staðar nálægt núlli og gefa svo skít í B-ið.

Hæstv. ráðh. hefur ekki komist til að svara spurningum mínum enn þá. En í máli hv. þm. Pálma Jónssonar var talað um að ég færi frjálslega með það að hér yrði skattahækkun. Í minnisatriðum, sem ráðh. hefur afhent stjórnarandstöðunni, dags. 17. nóv. 1984, og heitir Endurskoðun fjárlagafrv. 1985 og getur ekki verið neitt sérstakt trúnaðarmál, enda komu efnisatriði þess fram í ræðu ráðh. sjálfs hér áðan, er þess getið að gert sé ráð fyrir sérstakri hækkun á áfengi og tóbaki upp á 150 millj. kr., upp á 10% nefnilega umfram verðlagshækkanir. Gert er ráð fyrir sérstakri hækkun á ýmsum öðrum tekjuliðum, vöxtum o. fl. eins og það heitir í ræðu ráðh., þar sem „o. fl." hefur verið skilgreint fyrir stjórnarandstöðunni sem ýmiss konar gjöld. Hvers konar gjöld? Leyfisgjöld af ýmsu tagi, skoðunargjöld, alls konar gjöld sem ríkið leggur á. Auðvitað er það aukin skattheimta. Það var tekið fram að þessar tölur væru umfram verðlagsþróun, þær væru sem sagt umfram það sem gerðist miðað við verðlagsforsendur. Almennar verðlagsforsendur eru teknar fram hér í forsendum fjárlaganna og virðist vel í aðra liði látið en þar eru sérstaklega tíundaðir vegna þess að tekjuhliðin hækkar hlutfallslega meira en verðlagsforsendur gera ráð fyrir á útgjaldahliðinni í frv. eins og það liggur fyrir.

En látum það allt gott heita. Eftir er að gera grein fyrir 320 millj. þó að við segjum að áfengi og tóbak megi gjarnan hækka um 10% umfram verðlagsþróun eru þarna 150 millj. plús 320 sem eru 470 og eiga að koma inn í auknum tekjum til ríkissjóðs, sem sagt í aukinni skattlagningu eða gjaldlagningu á fólkið í landinu með einum eða öðrum hætti.

Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði líka um útflutningsbótaþörfina og sagði að ég hefði talað frjálslega um hana. Sannleikurinn væri nefnilega sá að þetta hefði

verið að dragast saman. Ég gerði þó ekki annað en vitna í ræðu hæstv. fjmrh. Hv. þm. gæti gert það sjálfur að fletta því upp ef því er að skipta, þar sem hæstv. fjmrh. sagði að útflutningsbótaþörfin væri líklega um 450 millj. á þessu ári og 500 millj. á árinu 1985. Þetta heitir ekki samdráttur á mínu máli, þetta heitir aukning. Það sem ég sagði um það hef ég því beint eftir hæstv. fjmrh.

En hitt er gott að vita að hv. þm. skuli telja að sú reikniformúla, sem í rauninni hefur lagagildi um hver sé útflutningsbótarétturinn, sé ekki brúkleg og hann hafi þess vegna aldrei látið fara eftir henni meðan hann var landbrh. Þá er fyllsta ástæða til að endurskoða lögin og reglurnar. Það var það sem var meginatriði málsins að því er þetta varðar.

Að næstsíðustu, herra forseti, viðurkenndi hv. þm. Pálmi Jónsson að leigugjöld af ríkisjörðum væru nú í ólestri. (**Gripið fram í:** Hefðu verið.) — hefðu verið. En líklega væru þau komin í gott lag núna. Skv. upplýsingum, sem ég hef fengið síðan hv. þm. tók til máls og hann mun að líkindum hafa undir höndum, eru leigutekjur ríkisins af öllum ríkisjörðum áætlaðar 900 þús. kr. á árinu 1985. Þetta munu vera um 1000 jarðir svo það að koma þessu úr ólestri og í það ágæta ástand, sem hv. þm. telur greinilega að það sé í núna, þýðir að meðalleigugjald fyrir jörð með hlunnindum og öllu saman er áætlað fyrir árið 1985 900 kr. á ári, segi og skrifa 900 kr. á ári.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að allt það, sem hann hefur hér úr þessum stól farið með eftir fjmrh., er að sjálfsögðu rétt og honum er heimilt að vitna til þess hér og hvar annars staðar sem er.

Áður en ég kem að því að svara hv. 3. þm. Reykn. vil ég svara hér lítillega hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Það er ekki rétt að skerðing jöfnunarsjóðsframlags til sveitarfélaga sé 140 millj. Það er 38 millj. Það er heldur ekki rétt að ríkisstj. öll eða fjmrh. hafi lofað gulli og grænum skógum til húsbyggjenda. Ég gerði þveröfugt, ég varaði við þegar aðrir lofuðu við gerð fjárlaga fyrir 1984. Svona var ræðan full af fullyrðingum sem ekki standast. Ég sé ekki mikla ástæðu til að elta þær uppi, t. d. ef sveitarfélög hefja byggingarframkvæmdir, þá gera þau það á eigin ábyrgð ef ekki er samþykki ríkisins fyrir byggingarframkvæmdunum áður en þær eru hafnar. Ég tel ekki ástæðu til að elta það.

Ég verð að biðja hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur innilega afsökunar á því að það plagg, sem ég dreifði í gær til stjórnarandstöðunnar, skyldi ekki hafa komist í hendur stjórnarandstöðunnar um leið og ríkisstj. fékk það og þá líklega áður en þingflokkar þeir sem standa að ríkisstj. fengu það til athugunar. Það er ekki vegna þess að það hafi dregist umfram það sem eðlilegt getur talist að afhenda stjórnarandstöðunni viðkomandi plagg frá 17. nóv. heldur vegna þess að stjórnarflokkarnir voru ekki búnir að skoða þetta fyrr en eftir að ríkisstj. fékk það um miðja viku. Síðan kom helgi inn á milli og gerði ég tilraunir, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds veit, til að ná stjórnarandstöðunni saman fyrir helgi. Það tókst ekki en það tókst á mánudeginum.

Ég tel mig hafa staðið við það — þó að það hafi kostað umfram ádeilu má segja á mig sem fjmrh., enda gefur það tilefni til og ég átti von á því — sem ég gat um við gerð fjárlaga 1984 að ég mundi endurskoða fjárlögin fljótlega eftir að þau voru samþykkt. Það var gert. Ég tel að núna sé að koma í ljós að gjaldalega séð, rekstrarlega séð, séu þau nokkuð rétt miðað við þá útkomu eins og virðuleg stjórnarandstaða veit af þeim gögnum, þessum yfirlitum, sem ég hef afhent henni reglulega. Tekjulega séð koma þau betur út en búist var við skv. áætlun í maí. Ég hef líka talið að það væri rétt af fjmrh. að leggja hreinskilnislega fram allar upplýsingar sem hann hefði um stöðu ríkissjóðs. Það hef ég gert, m. a. s. með lista yfir þær aukafjárveitingar sem samþykktar hafa verið, jafnvel þó ein og ein sundlaug læðist með hér og þar um veröldina. En það vill svo til að mér er sagt að þessi sérstaka sundlaug, líklega sú eina sem hefur verið byggð á þennan hátt, hafi verið á loforðalista a. m. k. þriggja eða fjögurra fjmrh. Þeir sem hafa búið við það loftslag sem er í Bandaríkjunum, sérstaklega á þessum stað í Bandaríkjunum, Washington, vita að sundlaug sem slík er heimilistæki sem tæplega er hægt að vera án vegna hita. Við þurfum okkar sundlaugar af allt öðrum ástæðum. En ég hef sjálfur búið í heitu loftslagi og get sagt að það er ekki óþarfafjárfesting.

En mig langar til að leiðrétta eitt sem hv. 7. landsk. þm. kom að. Hv. þm. spurði um 600 millj. kr. hækkun söluskatts — (**Gripið fram í:** Lækkun.) — Það kom nú út sem hækkun. (**Gripið fram í:** Lækkun.) — Lækkun söluskatts? Það er engin lækkun söluskatts (Gripið fram í.) Það er ekki lækkun söluskatts nema þm. eigi við þær 400 millj. kr. rúmar sem á að endurgreiða til sjávarútvegsins. En hér er líklega átt við — úr því að talan 600 millj. kemur upp — þann söluskatt sem átti að innheimta skv. frv., eins og það var lagt fram, til að mæta niðurfellingu tekjuskatts. (**Gripið fram í:** Já.) En það hefur verið horfið frá því. Þær 600 millj. verða ekki innheimtar, þannig að söluskattshækkunin verður ekki, en 600 millj. tekjuskattslækkun verður. Ég vil bara leiðrétta það.

En hvað varðar Lánasjóð ísl. námsmanna vil ég á þessu stigi ekki svara því, enda get ég það ekki og verð að vísa þeirri spurningu til hæstv. menntmrh.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. er farinn, en ég ætla samt að svara spurningu hans, sem reyndar var líka spurning hv. 3. þm. Reykn., um 320 millj. kr. nýja tekjuöflun. Svar mitt er svohljóðandi: Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir sérstakri nýrri fjáröflun allt að 320 millj. kr. til að draga úr þeim halla sem ella yrði fyrirsjáanlegur á fjárlögum næsta árs. Ég gat um þetta í minni framsöguræðu í dag. Þessi fjáröflun verður kynnt síðar og ég vonast til að það verði innan fárra daga eða a. m. k. ekki seinna en við 2. umr. fjárlaga. Þetta er sem sagt til skoðunar í ríkisstj. og þingflokkunum. En skv. till., sem liggja nú hér frammi, finnst mér furðulegt ef fulltrúar þeirra, sem ég með fullum sanni get kallað skattpíningarflokka, fara að gera athugasemdir við það þó að hér verði um fjáröflun upp á 320 millj. að ræða miðað við þær hugmyndir sem hér hafa komið fram.

Rétt er að geta þess að frv. um skattstiga og útfærslu á 600 millj. kr. tekjuskattslækkuninni mun líklega koma fram á morgun. Þá sjá menn hvernig þessi 600 millj. kr. niðurfelling á tekjuskatti verður í framkvæmd.

Hv. 3. þm. Reykn. spurði um gjaldtöku á lyfjum og lækniskostnaði. Ég vil svara því á eftirfarandi hátt: Það er ekki ætlun að auka þátttöku sjúklinga í lyfja- og

lækniskostnaði frá því sem nú er í krónutölu. Það er rétt hjá hv. þm. að í frv. er gert ráð fyrir að gjaldtakan hækki miðað við almenna verðlagsbreytingu. Ef sá háttur hefði verið viðhafður mundi gjaldtakan vegna verðbreytinga nema um 40 millj. kr. En í því endurmati, sem nú hefur verið gert á gjöldum ríkissjóðs, hefur verið tekið tillit til þess að ríkissjóður taki þennan kostnaðarauka á sig. Ég vona að þetta sé nógu skýrt svar.

Þá spurði sami hv. þm. um útflutningsbætur. Svar mitt er: Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem samþykkt voru á s. l. vori var ákveðið að úr ríkissjóði yrði ekki greidd hærri fjárhæð til útflutningsbóta en 468 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir 1985 er gert ráð fyrir 380 millj. kr. í þessu skyni og hefur því ekki verið gert ráð fyrir að þessi fjárhæð hækkaði með endurmati á gjaldahlið frv. sem ég hef gert grein fyrir hér í dag. Þessi ákvörðun er í fullu samræmi við þá stefnumörkun ríkisstj. að draga svo úr þessum framlögum að þau verði alveg horfin eftir nokkur ár. Í þessu sambandi þarf að grípa til margháttaðra ráðstafana til að draga svo úr landbúnaðarframleiðslunni að þessara framlaga verði ekki lengur þörf. Að þessu er nú unnið á vegum landbrh. í nánu samráði við hagsmunaaðila í landbúnaði. Þetta vona ég að svari þessari spurningu hv. 3. þm. Reykn.

Þá vil ég svara fyrirspurn um jarðeignir ríkisins. Hv. 3. þm. Reykn. benti réttilega á að til jarðeigna ríkisins eru ætlaðar 4 millj. 905 þús. kr. skv. frv. Þetta framlag miðast eingöngu við það að inntar séu af hendi greiðslur sem samningsbundnar eru. Hv. þm. spurði hver afgjöld af ríkisjörðum séu talin verða. Því er til að svara að skv. frv. er talið að þetta geti numið um 900 þús. kr. eins og kom fram hjá hv. þm. hér fyrir stundu. En til glöggvunar fyrir þm. vil ég upplýsa að 1983 námu afgjöld ríkisjarða 629 þús., 1982 480 þús., 1981 183 þús. og 1980 100 þús. Tel ég mig hafa svarað þessari spurningu.

Síðasta spurningin sem ég held að ég hafi fengið frá hv. 3. þm. Reykn. fjallar um framsetningu frv. skv. reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég hef beitt mér sérstaklega fyrir því að í frv. yrði gerð grein fyrir fjárhag ríkissjóðs skv. þessum reglum. Þetta er gert að gefnu tilefni því að þm. jafnt sem embættismenn hafa margoft bent á það að fjárhagur A-hluta ríkissjóðs einn og sér gefi ófullnægjandi yfirlit yfir lánsfjármál ríkisins sérstaklega. Ég vona að þetta sé nægilegt svar. Þetta var gert til að þm. og embættismenn hefðu betra yfirlit yfir stöðu ríkissjóðs. Ég tek hjartanlega undir með hv. þm. að það er sannarlega kominn tími til að við höfum málin og tölurnar, niðurstöðurnar, það ljósar fyrir okkur að við áttum okkur á að hér eftir — og þó fyrr hefði verið — þarf að fara hægar í sakirnar, sérstaklega hvað erlendar lántökur snertir, en hingað til hefur verið gert.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, en ég vil þakka virðulegri stjórnarandstöðu fyrir málefnalegar umr. við þessa 1. umr. fjárlaga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Til forseta Sþ. hefur borist svohljóðandi bréf:

"Alþingi, 26. nóv. 1984.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér skv. beiðni hans með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Magdalena Sigurðardóttir, Ísafirði, sæti á Alþingi í forföllum hans".

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu fylgir svohljóðandi bréf til skrifstofustjóra Alþingis:

„Ísafirði, 25. nóv. 1984.

Ég undirritaður Magnús Reynir Guðmundsson, Skipagötu 2, Ísafirði, hef sem 1. varamaður á lista Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi verið beðinn að taka sæti á Alþingi í veikindaforföllum Ólafs Þ. Þórðarsonar. Af persónulegum ástæðum get ég ekki tekið sæti nú og legg því til að 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Magdalena Sigurðardóttir, Seljalandsvegi 38, Ísafirði, taki sæti í forföllum Ólafs.

Virðingarfyllst.
Magnús Reynir Guðmundsson."

Hér fylgir kjörbréf Magðalenu Sigurðardóttur og þarf að rannsaka það. Vil ég því biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Magdalenu Margrétar Sigurðardóttur, Seljalandsvegi 38, Ísafirði, sem er 2. varamaður á lista Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi. Kjörbréfanefndin hefur ekki neinar athugasemdir að gera við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt og kosning varaþm. tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Magdalena M. Sigurðardóttir, 5. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Magdalena Sigurðardóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Fjárlög 1985, frv. 1. mál (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Heilbrigðisþjónusta, frv. 153. mál (þskj. 158, n. 185, 200). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar frv. um breyt. á lögum nr. 59 1983, um heilbrigðisþjónustu. Frv. varðar raunar ákvæði til bráðabirgða sem er í umræddum lögum. Þar til 1983 var ekki tímafrestur í þessu efni, en 1983 var tímafrestur settur í lögin, þ. e. að bráðabirgðaákvæði gilti til ársloka 1984. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. þótti rík ástæða til að framlengja þennan frest um eitt ár eða til ársloka 1985 og eru í fyrri grein þessa frv. nefnd til þau svæði sem koma við sögu í þessu efni.

Þess skal getið að nú þegar hefur verið sett á laggirnar nefnd undir forustu, að því er mér er sagt, Davíðs Á. Gunnarssonar, til að gera tillögur um skipan heilsugæslumála á Reykjavíkursvæðinu. Þess er raunar getið hér í grg. Sagt hefur verið að nefndin muni skila af sér fljótlega eftir áramót. Ég skal viðurkenna að um það má deila hversu langur þessi tímafrestur skal vera, svo sem frv. gerir ráð fyrir, hvort ástæða er til að framlengja frestinn um eitt ár eða skemmri tíma. Hitt sýnist nokkuð ljóst, að þetta mál þarfnast töluverðs undirbúnings. Ég hygg þó að þrátt fyrir þessa nefndarskipan, sem ég gat um áðan, hafi málið að einhverju leyti nú þegar, og e. t. v. að töluverðu leyti, verið undirbúið.

Ég lít svo á að lög um heilbrigðisþjónustu frá 1973 hafi að mörgu leyti markað þáttaskil í okkar heilbrigðiskerfi. Ég vil sérstaklega taka það fram. Hitt ber að mínum dómi að líta á, að ekki er alveg öruggt að sama skipulag sé það heppilegasta alls staðar í öllum tilvikum. Aðstæður eru nokkuð breytilegar. Nú er ég ekki með þessu að spá um niðurstöður þeirrar nefndar sem ég gat um áðan og vinnur að tillögugerð um skipan heilsugæslukerfisins á Reykjavíkursvæðinu. Ég vík að þessu ekki síst með tilliti til þess, sem ég sagði áðan, að þetta þyrfti e. t. v. að skoða rækilega, en ég trúi ekki öðru en að það sé gert með hliðsjón af þeim lögum sem þetta frv., sem nú er til umfjöllunar, á við.

Eins og hv. þdm. er kunnugt og þeir hafa vafalaust veitt athygli hefur verið flutt brtt. við frv. Brtt. kemur frá hv. þm. Ragnari Arnalds þar sem umræddur frestur er styttur verulega, þ. e. gert er ráð fyrir að fresturinn gildi til 1. maí 1985. Ég ætla ekki að fjalla frekar um brtt. Það er nokkuð bagalegt að hv. flm. hennar hefur fjarvistarleyfi í dag. Ég hef þó hugmynd um að einhver muni fyrir hans hönd víkja að till. síðar í umr.

Með tilliti til þess sem fram hefur komið í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar taldi n. ekki ástæðu til að gera breytingar á frv., taldi ekki ástæðu til að breyta þar dagsetningu, taldi ekki ástæðu til að stytta þann frest sem rætt er um í frv., og leggur n. til að frv. verði samþykkt óbreytt. En það er lögð áhersla á að tillögugerð um skipan heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu verði hraðað. Ég endurtek: Heilbr.- og trn. Ed. leggur áherslu á að því starfi verði hraðað.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Undir þetta nál. hef ég skrifað og það stendur, en gjarnan hefði ég mátt huga að orðtakinu „flýttu þér hægt“ þegar um er að ræða að greiða fyrir stjfrv., svo sem vandi minn er þegar þau virðast svo sakleysisleg sem þetta frv. lítur út fyrir og grg. þess öll og aths. við það báru með sér, sömuleiðis ræða hæstv. ráðh. Mér brá illa í brún þegar ég las það í mínu blaði að einmitt þetta frv. hefði verið orsök allnokkurra átaka í borgarstjórn og þar komið fram athyglisverðar upplýsingar varðandi þetta mál sérstaklega. Þar upplýstist það nefnilega að það muni hafa verið borgarstjóri Reykjavíkurborgar sem hefði gengið á fund hæstv. ráðh. og beðið um sérstaka meðferð á þessu máli, án samráðs við minni hl. borgarstjórnar og enn frekar án samráðs við heilbrigðismálaráð borgarinnar sem er þó sá umsagnaraðili sem hér á að fjalla um fyrst og fremst. Mér þykir það miður að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur nú, en mun þar af leiðandi óska eftir því að 3. umr. um þetta mál verði frestað þannig að tími gefist til að spyrja hann nokkurra spurninga. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann nánar hér um þetta. En vitanlega hefði ég átt að vita betur, sem einn þeirra sem áttu þátt í endurskoðun heilbrigðislaganna 1982, um sérskoðanir ýmissa aðila hér á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar og þá tregðu sem þar er á ferð um eðlilega aðlögun að heildarlögunum um heilbrigðisþjónustu í landinu. Dæmið frá Garðabæ er eflaust í flestra minnum þar sem hið venjulega heilsugæslukerfi er þverbrotið og læknar reka þjónustuna sjálfir í heilsugæslustöð þar.

Vissulega var það, og ég legg áherslu á það, forgangsstarf eftir setningu hinna merku laga um heilbrigðisþjónustu að uppbygging þeirrar þjónustu færi fram á landsbyggðinni og þar hefur sannarlega vel miðað og ber að fagna því sérstaklega. Það er sannarlega fagnaðarefni hvílík gjörbreyting hefur orðið í öryggismálum fólks þar við tilkomu hinna nýju heilsugæslustöðva og þeirrar þjónustu sem þar er veitt. En á það legg ég einnig áherslu að Reykjavík hlýtur að verða að laga sig að almennum lögum og byggja upp ekki lakari þjónustu en nú er víða á landsbyggðinni. Þar geta ekki geðþóttaákvarðanir ráðið lögum ofar eða einhver sérstök einkasjónarmið, það er útilokað. Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram.

Ég sá það reyndar í Morgunblaðinu í dag að hér á þessu stóra og fjölmenna svæði eru nú starfandi fjórar heilsugæslustöðvar í þeirri merkingu, fjórar heilsugæslustöðvar aðeins, til viðbótar við heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi sem þjónar nokkrum hluta Reykjavíkur. Það segja mér margir hversu erfitt er að fá hina nauðsynlegustu þjónustu hér. Enn verr gengur það en hjá okkur úti á landi nú orðið. Og ég tala nú ekki um aðkomufólk hér eins og nemendur og aðra slíka sem reyna að komast inn á einhverja þessara fjögurra heilsugæslustöðva, sem hér eru, eða þá inn á göngudeild, reyna að komast þar að með sín brýnu erindi oft. Ástandið á þessu svæði er því áreiðanlega ekki til fyrirmyndar, miðað við það sem gerst hefur annars staðar, þó nóg sé hins vegar af praktíserandi læknum hér á svæðinu, en það er allt önnur saga.

Ég segi því að nefndarskipun, sem greint er frá í grg. og ég taldi út af fyrir sig ekkert óeðlilega við fyrstu yfirsýn, hefði verið góðra gjalda verð ef, ég segi ef, og ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðh. um það ef hann verður við 3. umr., ef þessi nefnd er ekki beinlínis sett upp til að hindra að þessi sömu lög gildi um Reykvíkinga og aðra í heilsugæslumálum. Ég hef grun um að þannig sé þetta. Ég segi það einfaldlega vegna þess að við nefndarskipun af þessu tagi, þar sem greinilega er farið á bak við heilbrigðismálaráð borgarinnar, sem málið snertir fyrst og síðast, er eitthvað bogið. Það er alveg ábyggilegt.

Ég skrifaði hins vegar undir þetta nál. í trausti þess að þannig hefði verið staðið að þessu máli að engin undarlegheit lægju þar að baki, enda er það mjög óvenjulegt, og því lýsi ég yfir hér og mun gera aftur við 3. umr. þessa máls, að hæstv. heilbrmrh. fari í kringum mál þegar hann leggur þau fyrir. Hann kemur venjulega beint að efninu og segir undanbragðalaust hvernig þau eru til komin, og er það kannske meira en hægt er að segja um suma aðra.

En forsendurnar í sambandi við þetta virðast því miður vera brostnar í ljósi þeirra upplýsinga sem ég hef fengið um þessi mál. Ég lagði hins vegar áherslu á það í n. að þessu umgetna nefndarstarfi, sem getið er um í aths., yrði hraðað sem mest og ef þörf væri lagabreytingar lægi fyrir strax í byrjun næsta þings frv. þar að lútandi. Sú áhersla komst að hluta til inn í nál. eins og hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., tók réttilega fram áðan.

Ég mun því styðja brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v., enda ætti ekkert að vera að vanbúnaði að miða við frest til 1. maí ef rétt er með farið í aths. með frv. að umrædd nefnd ljúki störfum í janúarlok. Ég leyfi mér að óska þess að brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v. verði dregin til baka til 3. umr. sakir hans veikindaforfalla, en vil segja í lokin, þó segja megi að það sé fullsterkt til orða tekið út af ekki stærra máli, en þó er það eflaust stærra en mönnum sýnist, að greinilega er meiri nauðsyn á varúð í nefndarstarfi framvegis, meiri varúð gagnvart sakleysislegum frv. frá hendi þessarar ríkisstj., frv. sem gilt gæti e. t. v. um orðtakið gamla: Oft er flagð undir fögru skinni.

ATKVGR.

Brtt. 200 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 174, n. 198). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv. er hér liggur fyrir um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins var tekið fyrir í sjútvn. þessarar hv. deildar í gær. Nm. voru sammála um að mál þetta hlyti sem fyrst afgreiðslu, eins og meðfylgjandi nál. ber með sér. Einn nm., Karl Steinar Guðnason, var fjarstaddur vegna sinna starfa á þingi Alþýðusambandsins og tveir nm., hv. þm. Skúli Alexandersson og Stefán Benediktsson, rituðu undir með fyrirvara. Þeir munu gera nánari grein fyrir því sem þeir gera fyrirvara við.

Þetta frv. er ekki stórt í sniðum. Það fjallar um að nýtt fiskverð verði tekið upp fyrir tímabilið 21. nóv. til 31. ágúst 1985 með heimild um uppsögn á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en 1. júní 1985. Það lágmarksverð sem nú er í gildi á ferskfiski á að standa til áramóta, en þá skyldi hefjast nýtt verðtímabil sem stæði til vertíðarloka þó að það sé nokkuð komið undir reglugerð sem Verðlagsráð vinnur eftir. En nú eru þær aðstæður í þjóðfélaginu að veruleg breyting hefur orðið á kjarasamningum meginþorra launþega landsins og því hafa forsendur síðustu fiskverðsákvörðunar, sem tekin var í júní s. l., raskast verulega. Er því fyllsta sanngirni í því að breyta áður gerðri fiskverðsákvörðun nú þegar, en bíða ekki með það til áramóta eins og núgildandi lög og reglur heimila. Með þessari breytingu, ef samþykkt verður, er leitast við að rétta hlut sjómanna nokkuð til samræmis við aðrar stéttir, enda hafa þeir þrátt fyrir þessa leiðréttingu dregist verulega aftur úr í launum vegna aflasamdráttar og nauðsynlegrar skömmtunar á okkar verðmætustu fiskistofnum á þessu ári og er því full þörf á því að þarna sé ekki beðið eftir því sem í gildi er til áramóta. Þó ekki lifi langur tími af þessu ári er það fullkomið réttlætismál að þeir fái þar leiðréttingu sinna mála því að þeir byggja mest sína afkomu á aflahlut eins og allir vita hér.

Ég ætla ekki að hafa hér öllu fleiri orð um, en þess er óskað að þetta frv. verði afgreitt sem fyrst hér á hæstv. Alþingi og vildi ég mælast til þess við þessa hv. þd. og virðulegan forseta að ljúka málinu hér í deildinni í dag ef mögulegt væri — og þá með afbrigðum — vegna þess að sjómenn, útgerðarmenn og aðrir bíða eftir því að hægt sé að takast á við nýja verðlagsákvörðun. Það er ekki hægt að gera nema fyrir liggi sú breyting á lögum sem rætt er um.

Ég ætla svo ekki að hafa hér fleiri orð um. Allir vita af hverju þetta er gert og ég hef leitast við að skýra það í fáum orðum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. þar sem lagt er til að þetta frv. verði samþ., en ég skrifaði undir það með fyrirvara. Ég viðurkenni þau rök sem hv. frsm. flutti um að nauðsynlegt væri að breyta fiskverði vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu, þ. e. bæði vegna samninga sem gerðir hafa verið við launafólk og ekki síður og jafnvel frekar vegna þeirrar efnahagsþróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum, þ. e. frá því að síðasta fiskverð var ákveðið. Byggist minn fyrirvari að hluta á því að ég tel að sá þáttur sé ekki síðri en sá sem hér er aðallega undirstrikaður í athugasemdum með frv. í sambandi við þá launasamninga sem gerðir hafa verið. Einnig tel ég að sá tími sem fiskverðið skuli gilda sé of langur. Ég tel að allar ástæður í þjóðfélaginu séu þannig. Rekstrarafkoma útgerðar er þannig og það eru litlar líkur fyrir því að fiskverði verði breytt á þann máta nú á næstu dögum að standi undir útgerðarkostnaði og undir launum á komandi vertíð eða þegar fram líður á vertíðina. Minn fyrirvari er því fyrst og fremst gerður vegna þess að ég lít svo á að það hefði átt að vera styttra

tímabil og í öðru lagi að þessi breyting sé til komin af fleiri orsökum en þeim að gerðir hafa verið nýir kjarasamningar í landinu.

Ég viðurkenni að nauðsynlegt sé að gera þetta frv. sem fyrst að lögum og mun standa að því hér í deildinni í dag ef virðulegur forseti getur komið því þannig fyrir að málið verði afgreitt héðan úr deildinni með afbrigðum. Greinilegt er að nauðsynlegt er fyrir aðila að ganga út frá ákveðnu fiskverði strax um næstu helgi þannig að uppgjör liðins mánaðar geti átt sér stað á fyrstu dögum næsta mánaðar.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., að loknum 20. fundi.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 174). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara, frv. 119. mál (þskj. 123). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 192 (sbr. 103)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148, n. 195, 196, 201 og 202). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. iðnn., sem prentað er á þskj. 195, en þetta nál. er til komið af því að iðnn. Nd. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir, þ. e. við hv. þm. Ingvar Gíslason, leggjum til að frv. verði samþykkt, þ. e. að staðfestur verði samningur á milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 5. nóv. 1984, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966, með viðaukum um byggingu og rekstur á álbræðslu í Straumsvík. Þessi afstaða okkar er í samræmi við skoðun þingflokks Framsfl.

Herra forseti. Þrátt fyrir þessa afstöðu okkar höfum við hv. þm. Ingvar Gíslason ýmsar athugasemdir að gera varðandi þetta mál í heild. Þótt atvik og ástæður í málinu leiði til þeirrar niðurstöðu að rétt sé að staðfesta fyrirliggjandi samning með lögum fer því fjarri að aðrar eða víðtækari ályktanir sé hægt að draga af því um ágæti samskipta Íslendinga við svissneska auðhringinn Alusuisse í fortíð, nútíð eða framtíð. Aðalsamningurinn frá 1966, sem er grundvöllur allra viðskipta Íslendinga við Alusuisse, er þess eðlis að ekki er að vænta góðrar samningsaðstöðu um breytingar Íslendingum til hagsbóta. Reynt var að lagfæra þennan samning 1975, en það mistókst því miður hrapallega. Þetta á að sjálfsögðu við samninginn í heild, en þó allra helst um þau ákvæði sem fjalla um orkuverð, skatta og meðferð deilumála fyrir dómstólum. Öll þessi ákvæði hafa reynst þung í vöfum, óhagstæð fyrir Íslendinga og seinvirk og kostnaðarsöm.

Miðað við anda og efni aðalsamningsins frá 1966 og breytingarnar frá 1975 var því ekki að vænta skjóts eða mikils árangurs af starfi samninganefndar Íslendinga við Alusuisse um þann ágreining sem uppi hefur verið síðustu 2—3 ár um skattamál og orkuverð og ýmis önnur atriði í samskiptum aðila. Aðalsamningurinn verndar nefnilega Alusuisse og Íslenska álfélagið í bak og fyrir um flest þau atriði sem mestu máli skipta.

Við höfum átt í harðvítugum deilum við auðhringinn. Við föllumst á að skynsamlegra sé að ganga til samninga og veita viðtöku því sáttafé upp á 3 millj. dollara sem hægt er að snúa út úr álhringnum heldur en að reka þetta mál áfram fyrir dómstólum af því að fjárvon var óvís úr frekari málarekstri. Hringurinn vinnur það sér til friðar að greiða þetta sáttafé og í því felst viðurkenning frá þeirra hendi um að bætur hafi þurft að greiða. Skv. áðurgerðum samningum sitjum við áfram með ÍSAL í landinu og í sjálfu sér er ekki hyggilegt að standa í óþarfa deilum sér til svölunar ef eftir öðrum og friðsamlegri leiðum er hægt að ná sama árangri, þ. e.

viðunandi skaðabótum og sektarviðurkenningu.

Það kemur einnig til, sem ekki hefur bætt aðstöðu samninganefndar og hæstv. iðnrh. þegar til kastanna kom, og á það er rétt að leggja nokkra áherslu, að orkuverð til álbræðslna hefur ekki verið hátt að undanförnu og er lækkandi nú í bili. Áliðnaðurinn er í lægð og óálitlegur atvinnuvegur eins og á stendur. Framtíð áliðnaðar er alls ekki björt, þvert á móti.

Gestir iðnn. hafa kynnt nm. svokallaðar „spár" erlendra ráðgjafarfyrirtækja, sem gera sér það að atvinnu að spá um framtíðarhorfur í áliðnaði, þ. e. hvenær líkur séu á því að hagur áliðnaðar taki að vænkast, en það er það sem þessir spámenn eru spurðir um. Við hv. þm. Ingvar Gíslason teljum varhugavert að gera mikið úr slíkum spám og festa sína von á þær, ekki af því að þessir spámenn kunni ekki vel til verka eins og verða má, heldur vegna þess að hér er um þess háttar útreikninga að ræða að þeir eru háðir mikilli óvissu. Spár af þessu tagi eru því fjarri því að vera óskeikular. Allt eins má hugsa sér að álkreppan eigi eftir að vaxa enn og vara lengur en séð verður. Það þyrfti e. t. v. ekki annað en að hönnun flugvéla breyttist, sem hugsanlega gæti orðið innan ekki mjög langs tíma, með þeim afleiðingum að ál hentaði ekki jafn vel sem smíðaefni í flugvélar. Það er hægt að hugsa sér að ál yrði endurunnið í auknum mæli og þannig dregið úr þörfinni fyrir þennan málm í veröldinni. Við teljum að Íslendingar ættu að fara sér hægt í að einbeita áhuga sínum og framtaki að þessum vonarpeningi sem álbræðslan er í atvinnuuppbyggingu framtíðarinnar.

Með tilliti til þessa sem ég hef hér rakið, þ. e. óhagstæðs aðalsamnings frá 1966 og mislukkaðrar endurskoðunar 1975 og kreppu í áliðnaði, er ljóst að samningsstaða Íslendinga við Alusuisse um hækkað raforkuverð var ekki góð. Við teljum því að ekki sé ástæða til að vanmeta þessa niðurstöðu sem fengin er um raforkuverð. Sé málið virt í heild var naumast við betri kjörum að búast. Íslendingar eru og verða heftir af þeim grundvallarsamningi um álbræðsluna í Straumsvík sem gerður var 1966. Af þeim samningi hljóta Íslendingar að súpa seyðið til loka samningstímabilsins. Það verður þó að viðurkenna og því ber að fagna að miðað hefur í rétta átt um endurbót á þessum samningi og bætt hefur verið inn í hann nýju ákvæði um endurskoðun raforkuverðs á fimm ára fresti. Þess er að vænta að með þessu ákvæði opnist leið til að ákveða raforkuverðið nær því sem eðlilegt getur talist á hverjum tíma.

Endurskoðunarákvæði sem þetta hefði verið sjálfsagður hlutur í samningnum allt frá upphafi, eins og framsóknarmenn bentu á þegar málið var til meðferðar á Alþingi vorið 1966. Hitt er svo annað mál að endurskoðunarákvæðin, eins og þau liggja fyrir í 28. gr. raforkusamningsins eru því miður engan veginn ótvíræð til skilnings og túlkunar. Gildi þessara ákvæða kemur ekki nógu skýrt í ljós af orðum þeirra einum saman. Um gildi þessara ákvæða verður því að bíða dóms reynslunnar. Það er síst að undra að þar til reynslan hefur skorið úr velkist menn á milli vonar og efasemda.

Við hv. þm. Ingvar Gíslason viljum taka fram að við höfum allan fyrirvara á um fylgi við hugmyndir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík eins og þær koma fram í svokölluðu bráðabirgðasamkomulagi frá 28. sept. 1983 og svonefndu bréfi um samkomulag frá 5. nóv. 1984, undirrituðu af iðnrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og tveimur forstjórum Alusuisse fyrir hönd þess félags, þá þegar af þeirri ástæðu að ekki kemur til greina að okkar dómi að semja um þessa stækkun nema tryggilega sé gengið frá því að greitt verði framleiðslukostnaðarverð raforkunnar frá nýjum virkjunum.

Það er mikil tíska þegar verið er að skilgreina efnahagsvanda íslensku þjóðarinnar að kenna um offjárfestingu í hinum hefðbundnu atvinnugreinum, sérstaklega í fiskiskipum. Menn hafa tuggið það hver eftir öðrum að fiskifloti okkar væri allt of stór. Þetta er að mestu leyti misskilningur. Efnahagsvandi Íslendinga stafar engan veginn fyrst og fremst af því að við höfum bundið of mikið fjármagn í fiskiskipum. Við höfum bundið of mikið fjármagn í orkumálum og við höfum verið of bráðlát. Við höfum framkvæmt of hratt og hefur því miður stundum verið illa staðið að undirbúningi. Við höfum framkvæmt fyrir lánsfé sem hefur verið of dýrt. Þess vegna stöndum við uppi með orkufyrirtæki sem sum eru vafin í skuldum og verðum að búa við orkuverð sem er miklu hærra en það sem við gætum búið við ef við hefðum sýnt meiri aðgæslu.

Ég vek sérstaka athygli á því að meiri hluti erlendra langtímaskulda Íslendinga er vegna orkuframkvæmda. Ég vil leyfa mér að vitna til nóvember-heftis af Hagtölum mánaðarins sem nýkomið er á borð hv. þm. Þar sést á 2. síðu í töflu um stöðu erlendra lána í árslok 1983, flokkuð eftir atvinnugreinum að orkumál eru með 50.2% af heildar erlendum langtímaskuldum Íslendinga. Sjávarútvegurinn er einungis með 16.1%. Ég bið menn að átta sig á þessum mismun, þ. e. að lántökur orkugeirans eru meira en þrefalt hærri en lántökur sjávarútvegsins. Iðnaðurinn er með 8.2%, samgöngur, þ. e. flugvélar og skip með 10.3% og aðrir atvinnuvegir með 1.8%. Þetta var í árslok 1983. Síðan hefur gengið fallið og enn þá sigið á ógæfuhlið. Mér býður það í grun að orkumálalánin séu enn óhagstæðari en lánin sem hvíla á sjávarútveginum. Svona má þetta ekki ganga. Við verðum að sjá að okkur og vanda okkur betur við orkumálin ef orkuauður landsins á að geta skapað okkur þá velmegun og orðið okkur til þeirra hagsbóta sem hann endilega þarf að verða í framtíðinni og hefur mikil skilyrði til að verða.

Ég vil undirstrika það hér og nú að auðvitað þurfum við að virkja vatnsorku og jarðhita. En þetta þurfum við að gera af aðgát og af mátulegum hraða, þ. e. ekki að rjúka til að virkja og virkja og verða svo að sitja uppi með orku sem við getum ekki komið í lóg á kostnaðarverði. Ég óttast að frekari stækkun álversins í Straumsvík mundi tefja fyrir fjárfestingu í nýjum atvinnugreinum og stofnun eða endurskipulagningu fyrirtækja sem betur henta þörfum Íslendinga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og fleiri störf í vaxandi þjóðfélagi.

Stóriðja er fjármagnsfrek og hægt er að fá mörg störf í smærri iðnaði fyrir þann stofnkostnað sem eitt starf í stóriðju þarf. Við hv. þm. Ingvar Gíslason vörum við því að Íslendingar haldi áfram að framkvæma stóriðjustefnu og orkustefnu sem hefur runnið sitt skeið og vinnur gegn þeirri þjóðfélagsgerð og atvinnuuppbyggingu sem betur hentar Íslendingum á komandi árum og áratugum en stóriðjustefnan sem er á fallandi fæti. Um þá framtíðaruppbyggingu atvinnulífs, sem við höfum í huga, viljum við vísa til nýrrar samþykktar miðstjórnar Framsfl. í atvinnumálum. Þar er ályktað um orkufrekan iðnað og segir m. a.:

„Í þessum málum er það stefna Framsfl.:

1. að hafna þeirri stóriðjustefnu sem eingöngu miðast við orkusölu. Við uppbyggingu orkufreks iðnaðar verði lögð áhersla á virk yfirráð Íslendinga, að íslensk eignaraðild vaxi með tímanum og Íslendingar verði sjálfir aðilar að sölufyrirtækjum og taki virkan þátt í tækniþróun.

2. að orkusölusamningar miðist við að tryggja arðsemi nýrra virkjana og veitukerfa.

3. að lögð verði rík áhersla á að nýta jarðhita sem víðast, svo sem til vinnslu í fiskimjölsverksmiðjum og í nýjum orkufrekum iðngreinum.

4. að gerðar verði strangar kröfur um mengunarvarnir og umhverfissjónarmiða gætt við ákvarðanir um staðarval stóriðjuvera. Áhersla verði einnig lögð á heilsusamlegt starfsumhverfi innan dyra í stóriðjuverum.

5. að íslensk löggjöf gildi í öllum ágreiningsmálum, stefnt verði að því að starfsemi allra stóriðjufyrirtækja á Íslandi verði innan samræmdrar rammalöggjafar."

Herra forseti. Þetta var tilvitnun í miðstjórnarsamþykkt Framsfl. um stefnumörkun í atvinnumálum.

Þrátt fyrir þessar almennu athugasemdir og fyrirvara um einstök atriði, sem tengjast þessu máli, teljum við hv. þm. Ingvar Gíslason þá hækkun orkuverðs, sem um er samið, mikilvæga úrbót miðað við þau óviðunandi kjör sem Íslendingar hafa búið við skv. núgildandi orkusamningi og mælum með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir, enda er þetta til muna betri samningur en sá samningur sem við búum við. Það ber alls ekki að vanmeta þó að sjálfsögðu hefði verið hægt að hugsa sér að hann væri í mörgum greinum öðruvísi en raun ber vitni.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir 2. minni hluta iðnn. sem hefur skilað áliti sínu á þskj. 196 eftir að iðnn. hv. Nd. hefur haft þetta mál til athugunar frá því að 1. umr. málsins fór hér fram í síðustu viku s. l. miðvikudag. Nefndin hefur þannig haft tæpa viku til starfa til að fara yfir þetta viðamikla mál sem hér liggur fyrir. Það verður að segjast að það er naumur tími miðað við umfang málsins og þau fjölmörgu álitaefni sem fyrir liggja og tengjast því frv. sem hér er til umr. og samningum sem því fylgja. Iðnn. reyndi þó að nýta þennan knappa tíma sem fyrir lá til þess að átta sig á ýmsum þeim þáttum málsins sem óljósir voru eftir meðferð Ed. á málinu og þau álit sem fram höfðu komið frá iðnn. Ed. Þau álitaefni sem þarna var um að ræða tengdust áframhaldandi öllum meginþáttum málsins, málsmeðferð, skattaþætti málsins, raforkuþætti málsins og hugmyndum um stækkun álversins í Straumsvík. Nefndin fékk að minni beiðni sérstaklega ýmsa aðila til viðtals og fékk álitsgerðir frá sérfræðingum, t. d. frá Landsvirkjun.

Þrátt fyrir þessa umr. og vinnu nefndarinnar, sem fram fór á fjórum nefndarfundum og milli funda, þá vantar enn verulega á það að lýst hafi verið inn í þetta mál sem skyldi. Ég hefði talið að iðnn. og þeir sem í henni sitja hefðu þurft mun rýmri tíma til sinna starfa og til að undirbúa sínar álitsgerðir í ljósi þess hve stórt og viðamikið þetta mál er og afgreiðsla þess hér á hv. Alþingi afdrifarík. En það var mjög fast eftir því leitað af hálfu hæstv. ríkisstj., hæstv. iðnrh. og talsmanna hans í nefndinni að frv. yrði afgreitt út úr nefnd á þeim tíma sem það nú er komið hér til hv. Nd. til 2. umr.

Ég hef leitast við að taka tillit til þeirra óska, sem þarna komu fram um þetta efni, vegna þess að mér er óljúft að mál líti út með þeim hætti, eins og við vitum að reynt er að túlka það ef ekki er farið að vilja ríkisstj. nokkurn veginn hverju sinni við meðferð þess, að verið sé að tefja það að ástæðulausu. Og kannske ekki síst í ljósi þess að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. leggja málið hér fyrir þingið með þeim dæmalausa hætti, að þm. eru í því ljósi að á þá eru settar nokkurs konar dagsektir í sambandi við afgreiðslu þessa máls, svipað og tíðkað er í verksamningum við aðila þar sem sett eru tímamörk og farið er að reikna til baka hagnað verktakans eða setja á hann sérstakar sektir. Hv. þdm. er auðvitað kunnugt um hvað hér er við átt. Það eru þær 400 þús. kr. á dag sem hæstv. ráðh. og baklið hans telur og túlkar að sé hagnaður Landsvirkjunar af endurskoðuðum rafmagnssamningi.

Ég verð að segja það að frágangur þessa máls af hálfu samninganefndar ríkisins og ríkisstj. gagnvart Alusuisse að þessu leyti er einstakur. Hann er alveg einstakur. Þar við bætist svo að þegar hæstv. ráðh. leggur málið fyrir þingið tekur hann sérstaklega á þessu og vekur á þessu alveg sérstaka athygli til þess að sjálfsögðu að nota það sem þrýsting á þingið við afgreiðslu málsins.

Önnur atriði, sem tengjast meðferð málsins í hv. iðnn. þessarar deildar, snúa að upplýsingaöflun. Ég lagði fram um það ósk á fyrsta fundi nefndarinnar eftir að málinu var vísað til hennar að hv. iðnn. fengi í sínar hendur fundargerðir samninganefndar ríkisstj. við Alusuisse ásamt samþykktum minnisblöðum, sem þeim fundargerðum tengjast, á starfstíma nefndarinnar frá 14. júlí hygg ég að hún var skipuð 1983, þar til hún lauk störfum. Ég ítrekaði þessa beiðni á öllum nefndarfundum og síðast við hæstv. iðnrh., sem kom fyrir iðnn. í gær að minni beiðni, en niðurstaðan varð sú að þingnefndinni var neitað um þessi gögn. Henni var neitað um að fá gögn opinberrar stjórnskipaðrar nefndar sem á í samningum, viðamiklum og vandasömum samningum við erlendan aðila, stjórnskipaðrar nefndar þar sem stjórnarandstaðan í þinginu hefur ekki komið með neinum hætti að máli og verið haldið skipulega frá öllum upplýsingum um þetta mál á öllum undirbúningstíma þess. Það varpar nokkuð skýru ljósi á þetta mál, sem ég á eftir að rifja hér upp við þessa umr. í einstökum þáttum, að sú nefnd þingsins, sem um það fjallar og fær það til meðferðar, fær ekki aðstöðu til þess að átta sig á því með hvaða hætti samninganefnd ríkisins hefur haldið á þessu máli og hvernig það hefur þróast á einstökum stigum í viðræðum við gagnaðila.

Ég hlýt að geta þess sérstaklega, sem fram kom á fundi iðnn. í gær í tengslum við þetta atriði, að hæstv. iðnrh. flutti þá skýringu á fundi nefndarinnar, þegar hann hafnaði beiðni um það að þessi gögn kæmu fyrir, að þau væru nánast ekki fyrirliggjandi. Hann hafði snúið sér til formanns samninganefndarinnar, dr. Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra og stjórnarformanns Landsvirkjunar með meiru og fengið þær upplýsingar hjá formanni samninganefndarinnar, að fundargerðir væru nú bara alls ekki tilbúnar til framlags, það mundi taka mjög langan tíma að ganga frá þeim og samræma þær, það mundi taka mjög langan tíma, ótiltekinn af hálfu ráðh. Auk þess væri það álit lögfræðilegra ráðunauta að það væri nú ekkert gott, það

væri ekki skynsamlegt, ég vil ekki staðhæfa hér beint orðalag af hálfu ráðh. um þetta efni, ég hef það ekki hér, en það væri ekki skynsamlegt að leyfa stjórnarandstöðunni á þessu stigi að gaumgæfa slík gögn, það gæti haft truflandi áhrif á gagnaðila málsins.

Það er nefnilega viðurkennt af talsmönnum stjórnarmeirihlutans í iðnn., eins og fram hefur komið við umr., að vissulega eru mjög stórir þættir samninga við Alusuisse ófrágengnir. En er ekki af þeim sökum meiri ástæða til þess fyrir Íslendinga og Alþingi Íslendinga að fara ofan í það hvernig sá samningur er tilkominn sem hér liggur fyrir í frv.-formi til þess að læra af vinnubrögðunum upp á framhaldið? En okkur er þetta meinað í þeirri nefnd þingsins, sem ætlað er að lýsa inn í þetta mál, og það með þessum dæmalausu rökum og fyrirslætti, skyldi maður halda, fyrirslætti, að fundargerðirnar séu bara alls ekki tilbúnar.

Ef málið liggur þannig fyrir og hefur þróast þannig að hæstv. ráðh. iðnaðarmála á Íslandi, ábyrgðarmaður þessa máls, hefur ekki fengið fundargerðir frá fundum sinnar samninganefndar stig af stigi eftir hvern fund, sem haldnir voru mánaðarlega eða annan hvern mánuð á því tímabili sem liggur að baki, í tíð þessarar ríkisstj., þá er nú kannske ekki von á góðu um samningsniðurstöðu. Og þá er kannske eðlilegt að hæstv. ráðh. verði fótaskortur öðru hvoru þegar hann er að svara til um þetta mál hér í þinginu, fsp. okkar þm. sem höfum verið að reyna að draga fram upplýsingar um þróun og gang málsins með því að beina fsp. til hæstv. ráðh. um einstaka þætti þess og gang þess.

Ég gat um það við 1. umr. þessa máls hér í Nd. að hægt væri að finna þess mörg dæmi í þskj. á þessum tíma hvernig ráðh. hefur komið hér með staðhæfingar og yfirlýsingar, sem síðan hafa ekki staðist af hans hálfu, m. a. um það að hann muni upplýsa þetta mál út í hörgul, hvert smáatriði málsins, áður en það komi til afgreiðslu hér í þinginu og engu skyldi haldið leyndu þar að lútandi. Þetta kom efnislega fram hjá ráðh. í nóv. 1983 þegar bráðabirgðasamningur ríkisstj. var hér til umr. Þetta kom hér fram efnislega með ekki ólíkum hætti í maímánuði, 10. maí s. l. Og síðan kemur sú hrösun ráðh., sem honum varð á hér við umr. utan dagskrár 25. okt. s. l., þegar hann féll í þá gryfju að gefa Alþingi rangar upplýsingar vegna þess, sem ég vil telja, að hann var ekki upplýstur um málið. Hann áttaði sig annaðhvort ekki á fsp., sem hann hafði fengið sólarhring áður skriflega, eða, sem vel getur verið miðað við þessi dæmalausu vinnubrögð, að hann hafi bara ekki áttað sig á stórum þáttum málsins, sem búið var að ganga frá af hans samninganefnd, eins og um stórfelldar breytingar á skattareglum aðalsamnings.

Ætli þessi vinnubrögð, sem við höfum hér fyrir okkur, að fundargerðir funda viðræðunefndar íslensku ríkisstj. í þessu máli séu ófrágengnar, ætli þau stafi ekki af því að nefndin er svo fáliðuð og illa búið að henni? Það er stundum reynt að spara í nefndarstörfum ríkisins sem betur fer og réttmætt er. En við eftirgrennslan kemur í ljós að þannig er þessu ekki háttað um þessa nefnd. Hún hefur sérstakan ráðinn ritara og ég býst við að hann fái umbun síns erfiðis. Mér kæmi það ekkert á óvart þó að hann væri sæmilega haldinn. Hann heitir Garðar Ingvarsson og er deildarstjóri niðri í Seðlabankanum hjá Jóhannesi Nordal, alveg honum til hægri handar. En hann virðist ekki hafa komið því í verk fyrir nefndina að ganga frá gögnum og fundargerðum þannig að frambærilegt væri, ekki einu sinni fyrir hæstv. ráðh., því að hæstv. ráðh. greindi okkur frá því að hann hefði ekki þessar fundargerðir. Hann hefði svona einhverja minnispunkta, mest heima hjá sér, um þetta efni. En að í rn. iðnaðarmála lægju þessi mál skilmerkilega fyrir á máli, eins og það er kallað, það er víst ekki, því að það er langur tími þangað til sér í land með að búið verði að ganga frá þessum fundargerðum. Og þetta er mál sem hér á að fara að leita samþykkis Alþingis á.

Það gerðist síðan á fundi iðnn. í gær í þessu máli að stjórnarliðið í nefndinni skipti sér upp, gat ekki orðið samferða við afgreiðslu þessa stóra máls með sama hætti og við meðferð þess í Ed., þar sem fram kom meiri hl. stjórnarliðsmanna í iðnn. Ed., sem mælti með samþykkt málsins nánast athugasemdalaust, nema hvað dregið var um það gylltur rammi, geislabaugur í stuttu nál. stjórnarmeirihluta í Ed. En hvað gerist svo hér í nefnd þessarar deildar? Þá nær stjórnarliðið ekki saman um nál. og Framsfl. kýs að ganga hér fram með minnihlutaálit vegna þess að það er kominn í hann beygur. Það er kominn beygur í þinglið Framsfl. út af þessu máli við meðferð þess hér í þinginu. Eftir því sem lengur er lýst inn í þetta mál hér af Alþingi, þá fer meiri hrollur um þm. Framsfl. að ganga undir það jarðarmen sem íhaldið hefur reist því og ætlar að ganga hér undir.

Það er engin tilviljun að þessi hefur orðið þróun mála. Og ég veit ekki hvað hefði getað gerst ef ekki hefðu verið settar hér dagsektir á þm. framsóknar sem aðra þm. hér og þingdeildir hefðu getað tekið sér eðlilegan tíma til að lýsa inn í myrkvið þessa máls. Það hefði kannske einstaka þm. í þingliði Framsfl. opnað augun enn frekar því að lengi skal manninn reyna. En það er nú kannske bjartsýni að gera því skóna. Ég ætla ekki á þessu stigi máls að gera einstök atriði úr nál. 1. minni hl. hér að umræðuefni. Ég mun gera það síðar við umr. því að til þess er rík ástæða að lýsa inn í vesaldóminn, sem andar þar úr hverri málsgrein, og framsóknarmennskuna, framsóknarblæinn sem skín þar út úr hverri setningu. Ég bendi á það eitt nú að þeir bera fyrir sig hinn slæma aðalsamning 1966 sem skýringu á því að ekki hafi verið hægt að ná fram breytingum til bóta á því samkomulagi sem hér liggur fyrir og því verði nánast að ganga að því eins og það er, og það þrátt fyrir það að þeir standa hér með Sjálfstfl. að breytingum á sama aðalsamningi í ýmsum liðum og greinum, en því miður til hins verra í margri grein. Þetta er aldeilis furðuleg röksemdafærsla sem kemur hér fram hjá 1. minni hl. þessa máls.

Ég hef sem einn af fjórum minni hl. iðnn., því að enginn meiri hl. er þar til á nál., lagt fram ýmis þau sjónarmið, sem ég taldi rétt að fram kæmu af minni hálfu við 2. umr. þessa máls hér í Nd. á þskj. 196. Ætla ég að víkja að einstökum þáttum, sem þar koma fram, en hlýt að bæta við nokkrum til upplýsingar m. a. fyrir hv. þd. því að hvorki voru tök né ástæða til þess að setja inn í nál. þau fjölmörgu atriði er tengjast þessu máli, og hefði ég þó með rýmri tíma séð til þess að fram kæmu í prentuðu formi til þd. mikilvæg málsgögn sem ég hef undir höndum og sumpart voru komin fram í iðnn. Ed. og tengjast þessu máli.

Ég vil hér í upphafi þess að gera grein fyrir áliti mínu rifja það upp, því að til þess er rík ástæða, að um þetta, um stöðu samninga við Alusuisse vegna álversins í

Straumsvík, var hljótt hér á Alþingi Íslendinga lengst af, fram undir árslok 1980 þegar þetta mál var tekið upp af Alþb. með eftirminnilegum hætti í ríkisstj. og hér á Alþingi. Það voru ekki aðrir en talsmenn Alþb. sem ekki þreyttust á því á liðnum árum að minna á þá afarkosti sem okkur voru búnir með þeim samningi sem Alþingi samþykkti 1966 og sem endurskoðaður var 1975, ekki síst varðandi það atriði sem sneri að sölu raforkuverðs á gjafvirði til álversins.

Þann 9. des. 1980 samþykkti þáv. ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens till. frá mér sem iðnrh. um að teknar yrðu upp samningaviðræður um endurskoðun *gildandi samninga milli Alusuisse og Íslands, ekki síst* með hækkun raforkuverðsins í huga, og jafnframt að óska eftir því við Alusuisse að fyrirtækið gæfi skýringar á þeim mikla verðmismun sem tengist sölu á súráli frá Ástralíu til Íslands og hlaut heitið „hækkun í hafi".

Með þeim víðtæku athugunum, sem þar lágu að baki og þá höfðu farið fram á vegum iðnrn. og aukið var enn við til muna á árunum 1981—1983, var hnekkt þeirri blekkingu, sem Alusuisse hafði sett á svið með bókhaldskúnstum, að dótturfyrirtækið ÍSAL berðist í bökkum og álverið gæti ekki tekið á sig hærra raforkuverð eða auknar skattgreiðslur til íslenska ríkisins.

Á ýmsu hefur gengið um samningaumleitanir og viðræður við Alusuisse undanfarin nærfellt fjögur ár, en nú liggur fyrir Alþingi eftirtekjan af samningaviðræðum stjórnvalda við auðhringinn á þessu tímabili. Sjálfsagt er að fagna breytingum sem nást fram til umtalsverðra bóta á viðskiptum við hinn erlenda aðila. Þær leiðréttingar á raforkuverði sem fram koma skv. fyrirliggjandi frv. eru vissulega ávinningur sem eins og annað í þessu máli hefur náðst fram og sótt efnisleg rök í málatilbúnaði fyrri ríkisstj.

Þegar hins vegar er litið til fyrirliggjandi frv. um lagagildi þriðja viðaukasamnings um álbræðsluna í Straumsvík í heild verður að telja að miðað við sterka málefnastöðu Íslands megin sé eftirtekjan ótrúlega rýr í þeim samningi sem hér er leitað eftir að Alþingi staðfesti.

Ákvæði frv. og samninganna sem því fylgja eru í heild sinni óviðunandi og mörg ákvæði stórkostlega varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni. Ég er því andvígur frv. og þingflokkur Alþb. og við leggjum til að það verði fellt.

Afleiðingarnar af viðræðum þeirrar samninganefndar sem ríkisstj. skipaði, án minnstu tengsla við stjórnarandstöðuna, í júní 1983 liggja hér fyrir, staðfestar af iðnrh. og ríkisstj. í heild. Þær birtast m. a. í eftirfarandi staðreyndum sem frv. þetta hefur að geyma:

Samið er til 20 ára um raforkuverð til álversins, sem er langt undir framleiðslukostnaði og án verðtrygginga, þannig að verðið rýrnar jafnt og þétt að raungildi á samningstímanum.

Endurskoðunarákvæði rafmagnssamningsins eru haldlítil og að líkindum verri en engin eins og um hnútana er búið.

Breytt er mörgum þýðingarmiklum skattaákvæðum gildandi samninga og öllum til hagsbóta fyrir Alusuisse á sama tíma og viðræður eru á byrjunarstigi um breytt skattkerfi fyrir ÍSAL.

Fallist er á kröfu Alusuisse um að mega framselja eigin dótturfélögum hlutafé í ÍSAL eða framselja til óskylds þriðja aðila 50% hlutafjárins, en það er auðhringnum mikið hagsmunaatriði.

Ríkisstj. veitir Alusuisse ótímabundið loforð um forgang að raforku til að stækka álverið um helming, ef saman gengur um raforkuverð og aðra skilmála, sem ekkert liggur fyrir um nú hverjir verða.

Fallið er frá kröfum íslenska ríkisins á hendur Alusuisse um viðbótarskatta vegna skattsvika ÍSALs, sem að mati alþjóðlegra endurskoðenda nema a. m. k. tæpum 60 millj. Bandaríkjadala eða um 2300 millj. ísl. kr., á árunum 1976—1983, en skoðun máls varðandi þessi atriði tók aðeins til vissra þátta á fyrri hluta þessa tímabils 1976—1979.

Alusuisse er veitt fortakslaus syndakvittun gegn *greiðslu 3 millj. Bandaríkjadala eða um 120 millj.* ísl. kr., en það er í reynd viðurkenning auðhringsins á skattsvikum fyrri ára og tapaðri stöðu fyrir dómnefndum vegna „hækkunar í hafi" og annarra vanefnda á samningi.

Þrátt fyrir ákvæði bráðabirgðasamnings aðila frá 23. sept. 1983 um að „ná endanlegu samkomulagi ekki síðar en 1. apríl 1984" hefur Alusuisse tekist að undanskilja mikilvæga þætti, eins og breytt skattkerfi og stækkun álversins, og styrkja þannig enn frekar stöðu sína að fenginni sakaruppgjöf.

Þau atriði sem íslensk stjórnvöld geta talið til einhverra hagsbóta, þ. e. leiðréttingu á raforkuverði og óbein viðurkenning á skattsvikum, hafa einvörðungu náðst fram vegna þeirrar sterku stöðu sem byggð var upp í tíð fyrri ríkisstj. en eru afar léttvæg miðað við ókost þessa frv.

Það segir sína sögu að Alþfl., sem stóð á sínum tíma að álsamningunum og varði þá lengst af, þar á meðal hv. núv. nýkjörinn formaður hans, sem lýsti því yfir í byrjun des. 1980 að álverið væri leiðarljós í atvinnulífi hérlendis, það væri nánast ástæðulaust að hreyfa nokkuð við raforkuverði því að það væri mjög nálægt sanngirnismörkum, þrátt fyrir þessa skoðun á fyrri árum hefur Alþfl. nú tekið eindregna afstöðu gegn þessu frv. í Ed. Alþingis, auk eindreginnar og einbeittrar afstöðu af hálfu fleiri þingflokka, svo sem Samtaka um kvennalista.

Öll meðferð málsins af hálfu núv. ríkisstj. er ámælisverð og Alþingi er nú stillt upp fyrir gerðum hlut með þeim þrýstingi sem ég hef getið um hér fyrr í máli mínu og beitt er til að þvinga málið hér í gegn án þess að ráðrúm sé til eðlilegrar þinglegrar meðferðar.

Frv. það sem hér er til umr. er niðurstaða af leynimakki ríkisstjórnarflokkanna og samninganefndar þeirra við Alusuisse. Það var ekki aðeins að stjórnarandstaðan væri útilokuð frá öllum samningaviðræðum, heldur fengu fjölmiðlar engar efnislegar upplýsingar neðan á þeim stóð og urðu að byggja á getgátum og brotum sem talsmenn ríkisstj. töldu sér henta að láta kvisast um gang samningaviðræðna.

Í tíð fyrri ríkisstj. áttu þingflokkar aðild að álviðræðunefnd sem fékk allar upplýsingar sem vörðuðu undirbúning og gang samningaviðræðna við Alusuisse. Þessi nefnd hélt 54 bókaða fundi á því 1 1/2 ári sem hún starfaði, eða þar til fulltrúi Framsfl., Guðmundur G. Þórarinsson, sagði sig úr nefndinni 7. des. 1982. Ég hef minnt á það við 1. umr. þessa máls og utandagskrárumr. 25. okt. s. l. að þingflokkur Sjálfstfl. sá til þess ástæðu, þrátt fyrir tilvist álviðræðunefndar og fulltrúa sem hann átti í henni, að mótmæla því sérstaklega bréflega 5. maí 1982 að ekki væru næg samráð höfð við

Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu á þeim tíma. Orðaði hann það svo í bréfi sínu þá, með leyfi forseta:

„Forsenda þess að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli er fullt samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum."

Já, skjótt skipast veður í lofti, er hægt að segja um þessa álitsgerð og það sem síðar varð uppi á teningnum eftir að Sjálfstfl. fékk lyklavöldin í iðnrn. í maímánuði 1983, einu ári eftir að hv. núv. formaður þingflokksins afhenti mér persónulega þetta umgetna bréf hér í vistarverum Alþingis.

Það er hins vegar vert að minna á það hér enn að það fór fljótlega að bera á því eftir að álviðræðunefndin var skipuð að Alusuisse leitaðist markvisst við að sundra henni, þessum samstöðuvettvangi þingsins og stjórnvalda þáverandi, m. a. í febr. 1982 þegar auðhringurinn aflýsti fyrirvaralaust og einhliða viðræðufundi við nefndina, en sú viðleitni Alusuisse hlaut þá þegar óvæntan stuðning frá fulltrúa Framsfl. í nefndinni.

Haustið 1982 fluttu þm. Sjálfstfl. tillögur hér á Alþingi um nýja viðræðunefnd við Alusuisse til að „Alþingi taki í taumana", eins og það var orðað, „og veiti forustu í þeim viðræðum sem nú hafa farið út um þúfur við Alusuisse". Skömmu fyrir þinglausnir í mars 1983 sameinuðust fulltrúar þriggja flokka í atvmn. Sþ. um að afgreiða till. Sjálfstfl. um viðræðunefnd við Alusuisse út úr nefndinni og var sá tillöguflutningur túlkaður af flm. sem vantraust á undirritaðan sem iðnrh. Um leið var tekið undir ýmsa þætti af óskalista auðhringsins, m. a. um stækkun álversins og nýjan hluthafa í ÍSAL.

Með flutningi þessarar þáltill. hér á Alþingi hafði skapast samstaða Sjálfstfl. og Framsfl. um álmálið fyrir alþingiskosningarnar í apríl 1983 á grundvelli sem Alusuisse hafði rekið áróður fyrir til að skapa sér auðveldari samningsaðstöðu. Á talsmönnum þessara flokka mátti helst skilja að þreföldun raforkuverðsins lægi á borðinu strax og skipt hefði verið um forustu í iðnrn.

Slíkir samningar reyndust hins vegar torsóttari en nýir valdhafar höfðu haldið fram og Alusuisse hagnýtti sér stöðuna, sem upp var komin, til hins ýtrasta með þeim árangri sem hér liggur fyrir í fyrirliggjandi frv.

Í stað skjótrar heildarlausnar á málinu varð ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að láta sér nægja bráðabirgðasamning í sept. 1983 þar sem Alusuisse réð mestu um rammann sem dreginn var um framhaldið. Sverrir Hermannsson, hæstv. iðnrh., lýsti þessum bráðabirgðasamningi hins vegar sem „ótrúlegu afreki".

Með þessum bráðabirgðasamningi náði Alusuisse m. a. fram eftirtöldu:

Að kippa skattadeilumálunum út úr gerðardómsmeðferð og koma þeim í flókið dómnefndarkerfi.

Að fá samþykkta viðmiðun um frambúðarraforkuverð þar sem tekið skyldi mið af samkeppnisstöðu ÍSALs og orkukostnaði áliðnaðar í Evrópu og Ameríku, en hvergi var minnst á framleiðslukostnað raforku á Íslandi.

Að fá yfirlýsingu um gagnkvæman áhuga um stækkun álversins þannig að afkastageta þess yrði tvöfölduð í tveimur áföngum.

Að fá samþykki ríkisstj. fyrir að Alusuisse megi framselja hlutabréf sín í ÍSAL til eins eða fleiri dótturfélaga og allt að 50% af hlutafjáreign til óskylds þriðja aðila.

Þessi bráðabirgðasamningur, sem ekki var lagður fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar heldur aðeins í formi skýrslu frá hæstv. iðnrh. til kynningar, gerði ráð fyrir „endanlegu samkomulagi eigi síðar en 1. apríl 1984", einnig um endurskoðað skattkerfi og fleiri ákvæði.

Hvergi var í þessum bráðabirgðasamningi getið um tengsl milli skattadeilumálanna og endurskoðunar á frambúðarsamningum, enda virðist svo sem ríkisstj. hafi talið sér trú um að sú leið, sem Alusuisse gerði till. um og á var fallist, með sérfræðinganefndum í stað samningsbundins gerðardóms, yrði skjótvirk og tæki aðeins fáa mánuði.

Markmið Alusuisse voru frá upphafi allt önnur, m. a. þau:

Að knýja fram sakaruppgjöf í skattdeilunni og forða þannig auðhringnum frá áfellisdómi vegna „hækkunar í hafi".

Að kljúfa málið upp í marga þætti og tefla af hörku um hvern þeirra.

Að tefja samninga enn frekar og hagnýta sér stöðuna gagnvart svokölluðum „annars konar heiðursmönnum", eins og dr. Müller kallaði hina nýja valdhafa á Íslandi, sem nú sátu í ríkisstj. og höfðu komið sér í erfiða samningsstöðu gagnvart auðhringnum.

Þessum markmiðum sínum hefur auðhringurinn nú náð fram með auðveldari hætti en nokkurn gat órað fyrir. Alþingi stendur frammi fyrir bindandi samningi, sem það getur aðeins samþykkt eða synjað eins og ríkisstj. leggur málið hér fyrir, og settar eru eins konar dagsektir á alþm. við meðferð málsins hér í þinginu. Alusuisse hefur fengið sig hvítþvegið af öllum ávirðingum í samskiptum við Íslendinga til þessa dags án þess að heildstætt samkomulag liggi fyrir um efni bráðabirgðasamningsins frá haustinu 1983, m. a. er eftir að ganga frá stórum þætti eins og nýju skattkerfi og ósamið er um skilmála varðandi stækkun álversins í Straumsvík.

Sú staðreynd, að Alusuisse hefur með svo afgerandi hætti tekist að skipta upp samningamálum gagnvart ríkisstj., er alvarlegasta og augljósasta brotalömin á samningsstöðu Íslands. Þegar svo í ljós kemur innihald þess hluta pakkans, sem hér er afhjúpaður með þessu frv., blasir við árangur auðhringsins af viðleitni sinni til að deila og drottna í íslensku efnahags- og stjórnmálalífi á undanförnum árum.

Þegar ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens samþykkti kröfu um endurskoðun álsamninganna í des. 1980 hafði hún í höndum sannanir á hendur Alusuisse um kerfisbundið yfirverð á súráli sem auðhringurinn „hækkaði í hafi" á leiðinni frá Gove í Ástralíu til Straumsvíkur. Mismunurinn á fob-verði súrálsfarmanna út úr Ástralíu og inn til Íslands nam hvorki meira né minna en 47,5 millj. Bandaríkjadala eða nær 2000 millj. ísl. kr. á árunum 1975—1980.

Í framhaldi af þessu voru gerðar sérstakar úttektir á yfirverði á aðföngum til álversins, svo sem súráli og rafskautum, fyrir tímabilið 1975—1981 sem reyndist nema að mati endurskoðendanna Coopers & Lybrand 31,4 millj. Bandaríkjadala. Þetta var varfærið mat og ýmsir sérfræðingar, sem iðnrn. leitaði til, reiddu fram hærri tölur.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar endurákvarðaði fjmrn. framleiðslugjald ÍSALs þann 10. febr. 1983 og skuldfærði fyrirtækið alls um 6,6 millj. dollara vegna áranna 1976—1980. Með viðurlögum nam þessi krafa á ÍSAL um það bil 10,4 millj. Bandaríkjadollara vorið 1983 sem á núverandi gengi mundi svara til á fimmta hundrað milljóna ísl. kr. Þá ákvað Alusuisse að nota sér ákvæði aðalsamnings frá 1966 og vísa málinu í alþjóðlegan gerðardóm eftir að send hafði verið innheimtukrafa á fyrirtækið og það átti ekki annarra kosta völ en að borga eða hagnýta sér ákvæði samninga um gerðardóm. Iðnrn. féllst á þá málsmeðferð fyrir sitt leyti með bréfi 9. maí 1983 og var málsundirbúningur hafinn vegna gerðardómsmálsins áður en ríkisstjórnarskiptin urðu 26. maí 1983.

Því er við að bæta að við endurskoðun Coopers & Lybrands á ársreikningum ÍSALs fyrir 1982 og 1983 kom í ljós að fyrirtækið var enn með yfirverð á aðföngum, vanreiknað verð á seldu áli og of háar afskriftir. Heildarleiðrétting vegna ársreiknings 1982 nam samtals um 13,1 millj. skv. upplýsingum núv. hæstv. iðnrh. og vegna 1983 9,6 millj. Bandaríkjadala. Þótt leiðréttingar þessar leiddu ekki til hækkaðra skatta þessi ár vegna taprekstrar ÍSALs sem nam t. d. 11,5 millj. dollara skv. ársreikningum fyrir árið 1981, er ljóst að bókfærð skuldasöfnun og uppsafnaðar vaxtagreiðslur geta haft áhrif á afkomu ÍSALs og þar með á skattgreiðslur ÍSALs á komandi árum. Bókfærð skuldasöfnun ÍSALs ásamt lágu hlutfalli eigin fjármagns Alusuisse í þessu fyrirtæki sínu (17,6% árið 1981) hefur einmitt leitt til hárra vaxtagreiðslna á liðnum árum, langt umfram það sem tíðkanlegt er almennt í hliðstæðum álverum, og þannig hefur Alusuisse m. a. reynt að draga úr skattgreiðslum fyrirtækisins.

Þegar litið er á leiðréttingar Coopers & Lybrands á bókhaldi ÍSALs öll umrædd ár, 1975—1983, kemur í ljós að þær nema samtals 58,5 millj. Bandaríkjadala, eða um 2300 millj. ísl. kr. skv. núverandi gengi. Og ég tek það fram, vegna þess að það er rík ástæða að alþm. *átti sig á því, að hér er ekki aðeins varfærið mat á* ferðinni heldur er aðeins um að ræða skoðun á hluta máls á árunum 1975—1979, þ. e. yfirverði á aðföngum en ekki verði á seldu áli, afskriftaþáttum og öðrum þáttum sem koma inn við endurskoðun ársreikninga ef hún er framkvæmd. Það má því segja að þær tölur sem hér eru nefndar séu aðeins toppurinn af ísjaka. Þær sýna aðferðina og það eru talnagildi sem fram eru reidd af aðilum sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar.

Þessi endurskoðun og leiðréttingar á bókhaldi álversins í Straumsvík hafa auk skattakröfu íslenska ríkisins leitt í ljós allt aðra og betri afkomu ÍSALs um 10 ára skeið en eigandi fyrirtækisins, Alusuisse, hefur viljað láta koma fram og þó er hægt að fullyrða að mat endurskoðendanna er mjög varfærnislegt, m. a. um yfirverð á aðföngum.

Með þessu hafa íslensk stjórnvöld jafnframt rennt styrkum stoðum undir kröfur sínar um stórhækkaðar greiðslur fyrir raforku frá ÍSAL þó að þau rök hafi ekki verið hagnýtt sem skyldi við fyrirliggjandi breytingar á rafmagnssamningi.

Hin umfangsmikla athugun á fjárreiðum ÍSALs, samningunum við Alusuisse og stöðu áliðnaðar almennt hér á landi, sem iðnrn. beitti sér fyrir á árunum 1979—1983, var lykillinn að því að knýja fram endurskoðun álsamninganna. Niðurstaða þessara athugana og sterk staða fyrir dómnefndum, þangað sem aðilar höfðu vísað skattadeilunum, gat allt fram á síðasta haust skapað viðspyrnu til að ná hagstæðum samningum við Alusuisse ef núv. ríkisstj. hefði haldið rétt á málum.

Veikleikinn í málsmeðferð núv. ríkisstj. var m. a. í því fólginn að þau pólitísku öfl, sem að henni stóðu, höfðu ætíð reynt að gera lítið úr skattsvikum og bókhaldsbrellum Alusuisse. Áhrifamiklir innlendir aðilar töluðu tíðum um ofsóknir undirritaðs á hendur auðhringnum, eins og það er kallað, og óréttmætar ásakanir um „sviksamlegt athæfi" þegar um var að ræða af hálfu iðnrn. á þeim tíma eðlilega hagsmunagæslu fyrir hönd íslenska ríkisins. Það kom þessum öflum á óvart þegar „hækkun í hafi" lá skjalfest fyrir dómnefndum og Ísland reyndist hafa afar sterka stöðu í skattdeilunni þrátt fyrir málsmeðferð skv. bráðabirgðasamningi. Við þessar aðstæður, sem lágu fyrir á miðju sumri 1984, lokkaði Alusuisse samninganefnd íslensku ríkisstj. inn á spor „réttarsáttar" og sakaruppgjafar í skattadeilunni gegn greiðslu 3 millj. Bandaríkjadala og nokkurrar leiðréttingar á raforkuverði til ÍSALs umfram það sem Alusuisse hafði sýnt lit á fram að þeim tíma.

Jafnframt tókst Alusuisse að knýja fram margháttaðar breytingar á gildandi skattreglum, sem allar voru auðhringnum til stórfelldra hagsbóta, á sama tíma og eftir voru skildir samningar um breytt skattkerfi.

Í rafmagnssamningnum tókst Alusuisse að halda leiðréttingu í algeru lágmarki, bæði umsömdu viðmiðunarverði og ekki síður verðtryggingu og endurskoðunarákvæðum.

Þegar litið er yfir fyrirliggjandi frv. með breytingum á aðalsamningi og fylgisamningi og svokallaðri „sáttargjörð" verður ekki hjá því komist að álykta að heildarsýn og samhæfingu hafi vantað við samningsgerðina af Íslands hálfu. Inn í þetta kemur einnig leyndin og pukrið við samningsgerðina og það pólitíska hugleysi sem einkennt hefur samskipti núverandi ráðamanna íslenskra og Alusuisse um langt skeið.

Það er ekki aðeins að málsmeðferð og upplýsingum væri haldið leyndum fyrir stjórnarandstöðunni fram á síðustu stund, heldur var aðeins örfáum mönnum í stuðningsliði ríkisstj. leyft að fylgjast með gangi viðræðna. Iðnrh. virðist heldur ekki hafa sett sig nema mjög takmarkað inn í málavöxtu á hverjum tíma, ef marka má mótsagnakenndar og sumpart rangar yfirlýsingar hans í fjölmiðlum og á Alþingi. Við þessar aðstæður var þess kannske ekki að vænta að betur tækist til en raun ber vitni. Alusuisse hefur enn einu sinni tekist að hlunnfara Íslendinga í samningum og Alþingi er ætlað að skrifa upp á niðurstöðuna með líkum hætti og eftir endurskoðun samninganna 1975. Staðan er þess vegna að því leyti lakari nú en þá að ólokið er mikilsverðum samningsþáttum og óvissan þannig enn meiri um heildarniðurstöðu.

Ég vil nefna það hér í sambandi við það sem rakið hefur verið um „hækkun í hafi" og skattadeiluna við Alusuisse að það eru fleiri en Íslendingar sem höfðu áhuga á því máli svo sem eðlilegt var. Það var m. a. tekið fyrir af sérstakri þingnefnd ástralska þingsins á árinu 1981 og sú þingnefnd skilaði sérstöku áliti, sem ég hef undir höndum en verkefni hennar var að fara yfir mál sem tengjast náttúruauðlindum Ástralíu. Skýrsla

hennar til ástralska þingsins ber á ensku heitið „The Development of the Bauxit Alumina and Aluminium Industries", þ. e. þróun bauxíts, súráls og áliðnaðar, og er gefin út í Canberra 1981. Þar er fjallað um fjölmarga þætti sem varða áliðnaðinn frá upphafi til lokastigs og þar er vikið að „hækkun í hafi" með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Annað dæmi", þeir hafa verið að rekja dæmi um svokallað „transfer pricing", bókhaldsbrellur fjölþjóðafyrirtækja, „annað dæmi er um tvö dótturfyrirtæki Alusuisse, Swiss Aluminium Australia, sem á 70% í Gove Joint Venture, og ÍSAL sem er álbræðsla á Íslandi. Látið hefur verið að því liggja að verð á súráli frá Gove hafi „hækkað í hafi" áður en það kom til Íslands og farmgjöld hafi verið handfjölluð í meðferð með það fyrir augum að lækka skattlagðar tekjur bæði í Ástralíu og á Íslandi. Mál þetta er nú í rannsókn hjá skattstofu Ástralíu og íslenskum skattyfirvöldum. Eftir þeim heimildum sem nefndin hefur aðgang að virðist svo sem verðlagning súráls í viðskiptum milli Ástralíu og Íslands hafi farið fram í þeim tilgangi að hækka tekjur móðurfélagsins á kostnað skatta og annarra gjalda, bæði í Ástralíu og á Íslandi."

Þetta er bein þýðing úr kafla þar sem vikið er að þessu máli í þessari skýrslu áströlsku þingmannanefndarinnar, en hún segir að frekari umsögn um málið ætti að réttu að bíða þar til rannsókn sé lokið.

Ég held að það sé fróðlegt fyrir hv. þd. að átta sig á því að við erum ekki einir í heiminum að þessu leyti og það er þýðingarmikið að íslensk stjórnvöld leiti samstarfs við erlenda aðila, erlend ríki, sem verða fyrir barðinu á brellum fjölþjóðafyrirtækja, til þess að fá bandamenn. Og það var vissulega reynt að gera á þeim tíma sem ég var iðnrh., m. a. með tengslum við áströlsk stjórnvöld á þeim tíma í sambandi við upplýsingu um hækkun í hafi.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að helstu atriðum sem varða fjóra meginþætti málsins nánar, þ. e. sáttargerðarsamninginn, skattamálið, rafmagnssamninginn og fyrirheitin um stækkun álversins.

Sáttargerðarsamningurinn svokallaði, sem birtur er á fskj. V með frv. og undirritaður af iðnrh. og forstjórum Alusuisse, er lögfræðileg útfærsla á þeim ásetningi aðila, eins og það heitir, „að binda enda á allan ágreining sín á milli og ná fullum og endanlegum sáttum um allar kröfur er uppi voru hafðar fyrir dómnefndunum, og um allar aðrar kröfur varðandi framleiðslugjald ÍSALs, vegna áranna 1976 til og með 1983, ásamt nokkrum öðrum kröfum ..."

Samkvæmt þessum samningi er Alusuisse veitt syndakvittun vegna skattsvika ÍSALs og vantalins hagnaðar að upphæð 58.5 millj. Bandaríkjadala samkvæmt varlegu mati endurskoðenda á umræddu tímabili gegn greiðslu 3 millj. Bandaríkjadala sem komi til lækkunar á skattinneign Alusuisse hjá ríkissjóði. Vísað er til breytinga á aðalsamningi skv. fylgiskjali A og breytinga á aðstoðarsamningi — rekstri samkvæmt fylgiskjali B og tekið fram að hvorki tilvist né efni þessara breytinga „felur í sér", eins og það heitir orðrétt, „viðurkenningu af hálfu hvors aðila um sig að hann hafi brotið í bága við neitt ákvæði aðalsamningsins eða aðstoðarsamnings — reksturs eða haldið fram neinni rangri túlkun á neinu þeirra ákvæða aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs sem breyting tekur til".

Frá syndakvittuninni er afar vandlega gengið í texta sáttargerðarsamningsins, m. a. með svofelldu orðalagi á bls. 49 í frv.:

„Ríkisstj. samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndum, án þess að tæmandi sé talið, sem ríkisstjórnin hefur nokkru sinni átt, á nú, eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstjórnin kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldskyldu ÍSALs fyrir árið 1984".

Öllu rækilegar gat Alusuisse ekki bundið endana í þessari sáttargjörð og eru þó ýmis atriði ótalin í þessum gjörningi þar sem raunverulega er kveðið fastar að orði.

Í 9. lið þessa samnings segir:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Þrátt fyrir þetta ákvæði var blekið varla þornað af undirskriftum frá 5. nóvember s. l. þegar framkvæmdastjóri ÍSALs, Ragnar S. Halldórsson, bauð starfsmönnum ÍSALs til veislu í tilefni þess að framleitt var milljónasta áltonnið í álverinu í Straumsvík þann 7. nóv. s. l. og hafði m. a. þennan boðskap að flytja í ávarpi samkvæmt endursögn Morgunblaðsins 16. nóv. 1984, með leyfi forseta:

„Svo skemmtilega vill til að einmitt í dag lagði Sverrir Hermannsson iðnrh. samkomulagið fyrir Alþingi. Með því er endir bundinn á þær deilur sem fyrrverandi iðnrh. hóf á ofanverðum vetri 1980. Í fjölmiðlum hefur ranglega verið skýrt frá því að ÍSAL greiði skaðabætur að upphæð 3 millj. dollara. Hið rétta er að skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði verður lækkuð um 3 millj. dollara, sem samsvara vöxtum af inneigninni frá 1975, þegar síðast var samið. Þetta var samþykkt með tilliti til þess mikla kostnaðar sem áframhaldandi málaferli hefðu haft í för með sér og vegna þess, sem skiptir miklu máli, að leyfi hefur fengist til stækkunar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Ríkisstj. hefur jafnframt lýst yfir að Alusuisse og ÍSAL hafa ekki í neinu brotið gegn fyrri samningum, þar eð ágreiningurinn var um skilning á samningsákvæðum."

Þetta er tilvitnun í orð Ragnars S. Halldórssonar framkvæmdastjóra ÍSALs í Straumsvík, starfsmanns Alusuisse, og ekki verður séð annað en hér sé verið að skýra og túlka innihald nýgerðra samninga af hans hálfu, væntanlega fyrir hönd fyrirtækisins. Það er ekki vitað að forstjórinn hafi haft sérstakt samráð við hæstv. núverandi iðnrh. um þessa túlkun á sáttum sem þarna er til vitnað. En menn geta svo velt því fyrir sér hvort líklegt sé að fyrirtæki eins og Alusuisse reiði fram 120 millj. íslenskra kr. fyrir hönd síns dótturfyrirtækis telji það sig hafa hreinan skjöld.

Ég vík þá að aðstoðarsamningi um rekstur og þeim ákvæðum sem þar að lúta, því að þar er sannarlega sérstakt mál á ferðinni. Auk ákvæða um seilingarverð, svo nefnt „arm's length dealings" á enskunni við útreikning á nettóhagnaði ÍSALs skv. grein 27.03 í aðalsamningi er kveðið enn skýrar á um skyldur Alusuisse í þessu efni gagnvart ÍSAL í aðstoðarsamningi um

rekstur sem er fylgisamningur með aðalsamningi og með lagagildi eins og aðalsamningurinn. Þar segir í grein 2.03 um rekstur ÍSALs:

„Alusuisse mun veita ÍSAL, að beiðni þess, ráðleggingar og aðstoð á sviðum fjárhagsmála og stjórnsýslu, og miðla þannig reynslu þeirri, sem það öðlast við rekstur á þeim stöðum öðrum, sem um getur í málsgrein 2.01, sem hér segir: ... Tækni- og stjórnsýsluaðstoð í sambandi við útvegun hráefna og innkaupa ÍSALs, og skal aðstoð veitt með þjónustu tækni- og stjórnsýsludeilda Alusuisse í Sviss eða annars staðar. Í þessu skyni mun Alusuisse færa sér í nyt viðskiptasambönd sín og tengsl við þá aðila, sem kunna að hafa á boðstólum hráefni og vistir, aðstoða ÍSAL, eftir því sem við á, í samningaumleitunum þess og á þann hátt og sérhvern annan, sem tiltækur kann að vera, leitast við að tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru."

Þessi ákvæði þýða í raun að Alusuisse skuldbindur sig af skattaástæðum til að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlega verði og að hreinan hagnað ÍSALs skuli reikna út á grundvelli seilingarverðs milli óskyldra aðila. Fyrir þessa þjónustu er Alusuisse áskilin sérstök þóknun sem nemur 2.2% af veltu ÍSALs og er fyrirtækinu heimilt að draga þá upphæð frá hagnaði fyrir skatta.

Hér er um að ræða ákvæði sem Jóhann heitinn Hafstein sem iðnrh. vitnaði til í framsöguræðu sinni fyrir álsamningunum 1966, en á síðustu árum hafa staðið um þau harðar deilur milli Alusuisse og íslenskra stjórnvalda í tengslum við skattsvik ÍSALs.

Við umræður utan dagskrár í Sþ. 25. okt. s. l. um ný samningsdrög við Alusuisse lagði undirritaður nokkrar spurningar fyrir Sverri Hermannsson, hæstv. iðnrh. Af því tilefni sagði iðnrh. í umr. þann dag:

„Síðan kemur fjórða spurning:

„Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði núgildandi aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum?" „Svarið er nei," sagði ráðh.

Þegar frv. síðan var lagt fyrir Alþingi 7. nóv. s. l. kom í ljós að ráðh. hafði farið með staðlausa starfi varðandi skattareglur, sem breytt er í veigamiklum atriðum með breytingum á aðalsamningi, og sérstök breyting er gerð á tilvitnuðu ákvæði aðstoðarsamnings um rekstur. Um breytinguna, sem er að finna á fskj. B með frv., segir svo í athugasemdum um lagafrv.:

„Með breytingu þessari er það gert ótvírætt að umrædd ákvæði 2.03 (c), um „bestu skilmála" eigi við í þeim tilvikum þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Frá sjónarmiði Alusuisse skiptir þessi túlkun ákvæðisins ekki aðeins máli gagnvart ríkisstj., heldur einnig gagnvart hugsanlegum samstarfsaðila í ÍSAL skv. hinum nýju ákvæðum þar um, og hefur fyrirtækið því lagt áherslu á að fá aðstoðarsamningnum breytt að þessu sinni."

Þessi breyting er þeim mun afdrifaríkari sem um sáralítil kaup er að ræða á hráefnum til ÍSALs frá þriðja aðila, þ. e. öðrum en Alusuisse. Hér er því verið að leysa auðhringinn undan þungri fjárhagslegri skuldbindingu og nánast verið að lögheimila yfirverð eða „transfer pricing" á aðföngum til álversins.

Þegar undirritaður innti hæstv. iðnrh. eftir því við 1. umr. um málið hér í Nd. 21. nóv. s. l. hverju þetta sætti í ljósi staðhæfinga hans í Sþ. 25. okt. s. l. svaraði ráðh. m. a. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„En það er eitt atriði í máli hv. 5. þm. Austurl. sem ég get auðvitað ekki látið liggja í þagnargildi, heldur óska eftir því að það atriði verði sérstaklega rannsakað af iðnn., og það eru fullyrðingar hans og áburður um að ég hafi vísvitandi farið með rangt mál í svörum mínum við fsp. frá honum sem hann varpaði fram í utandagskrárumr. hinn 25. okt. s. l. En þar var 4. spurning í fyrirspurnalista hans á þessa leið:

„Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga hvað skattareglur snertir, t. d. ákvæða aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum?

Ég svaraði þessu neitandi. Það hafði engin breyting verið lögð fram við aðstoðarsamninginn 25. okt. Ég bið hv. þm. að nótera það hjá sér hvort það hafi ekki fyrst komið fram aðfaranótt hins 3. nóv. að breyting væri gerð á aðstoðarsamningi um þetta efni. Þetta er það fyrsta og ég óska eftir því sérstaklega að nefndin kalli Hjört Torfason hrl. á sinn fund til þess að útskýra þessi ákvæði nákvæmlega vegna þess að auðvitað get ég ekki stundinni lengur legið undir áburði um það að ég hafi farið með rangt mál. Og ég bið nú hv. þdm. að hugleiða hvernig það má vera að ég hefði hagað mér þannig vísvitandi hafandi það alveg fyrir augum að slík sviksemi í orðum og athöfnum mundi upp koma á borð manna innan tíðar þar sem ég átti það auðvitað fyrir höndum að leggja alla samningsgerðina fyrir hið háa Alþingi.

Ég vil enn fremur minna á", segir ráðh. „að þessi breyting á aðstoðarsamningnum er málsútlistun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi, 27.03, og ég ítreka og endurtek: Það er túlkun Hjartar Torfasonar og lögfræðilegra ráðunauta okkar á ákvæðinu í aðalsamningi sem þarna er tekið fram í breytingunni á aðstoðarsamningnum. Þess vegna er það heldur ekki breyting á honum, sem þarna er komin fram, heldur lagaleg útlistun okkar manna — um þetta var þrætt af miklum móð á sínum tíma — og skilningur á þessari grein. Með þessari breytingu, sem ekki er efnisbreyting, er það gert ótvírætt að umrætt ákvæði 2.03 (c), um bestu skilmála, eigi við í þeim tilvikum þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Gamla aðalsamninginn skilja okkar lögfræðiráðunautar og túlka á þessa vísu. Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlistun, tekin af tvímæli. En ég endurtek: Þetta var ekki þegar ég svaraði hv. þm." Gripið var hér fram í: Hver fór fram á breytinguna á þessu, hæstv. ráðh.? — Hann heldur áfram, ráðh.:

„Ég fer fram á að nefndin rannsaki þetta mál gaumgæfilega og fái þær upplýsingar og kalli á samninganefndarmennina, að vísu á einn hv. þm. sæti í þeirri nefnd, formanninn og Hjört Torfason."

Í iðnn. Nd. var leitast við að komast til botns í þessu furðulega máli og skyggnast bak við staðhæfingar iðnrh.

um að hér sé á ferðinni „málsútlistun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi 27.03“ og enn fremur þar sem ráðh. segir: „Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlistun, tekin af tvímæli.“

Á fundi iðnn. Nd. komu m. a. Jóhannes Nordal, formaður samninganefndar ríkisstj., Hjörtur Torfason lögmaður og Sverrir Hermannsson iðnrh. Af svörum þeirra við fsp. í n. virðist atburðarásin í þessu afdrifaríka máli hafa verið þessi:

Á fundum samninganefnda aðila í júlímánuði 1984 var sáttargjörð til umræðu til lausnar á deilum aðila í tengslum við heildarsamkomulag, m. a. um breytt skattkerfi og raforkuverð. Inn í þá mynd tefldi Alusuisse kröfu sinni um að verða leyst undan skilmálum samninga um „bestu skilmála“ varðandi aðföng til ÍSALs. Rætt var um að taka það ákvæði inn í tengslum við breytingu á aðalsamningi. Í sept. s. l. varð að ráði að undanskilja samninga um breytingu á skattkerfi og hverfa þar með frá því að ná heildarsamkomulagi. Iðnrh. hæstv. kvaðst hafa lifað í þeirri trú að þar með væri kröfunni um breytingu á ákvæðinu um „bestu skilmála“ ýtt út af samningsborðinu um sinn, og ofangreindir viðmælendur staðhæfa að sú krafa hafi ekki verið inni í þeim samningsdrögum sem samninganefndir gengu frá 9. okt. s. l. og kynnt voru í þingflokkum framsóknar- og sjálfstæðismanna, svo og í ríkisstj.

Ég hef þegar rakið það að hæstv. ráðh. synjaði beiðni minni um að fram yrðu lagðar í iðnn. fundargerðir og samþykkt minnisblöð frá fundum samninganefndar ríkisins við Alusuisse. Á grundvelli slíkra gagna var því ekki unnt að fá skorið úr um þróun mála í samningaviðræðunum.

Eftir að samningsdrög voru frágengin 9. okt. s. l. af hálfu samninganefndar ríkisins áttu lögfræðingar aðallega eftir að fjalla um orðalag í ýmsum greinum. Hjörtur Torfason, lögfræðilegur ráðunautur iðnrh., fór þeirra erinda til New York um mánaðamót okt.—nóv. s. l. til fundar við lögmenn Alusuisse. Á fundi 3. nóv., tveimur dögum áður en samningana átti að undirrita í Zürich, reisir Alusuisse enn á ný kröfuna um breytingu á aðstoðarsamningi um rekstur og gerir hana að úrslitakröfu, ef ganga eigi frá sáttargjörð og öðrum atriðum samkomulagsins frá 9. okt. Um þetta mál stóð þóf í símtölum umræddan dag, 3. nóv., en ráðh. ætlaði að halda utan daginn eftir að því er ég hef skilið. Að lokum gerði Hjörtur Torfason tillögu um það til ráðh. í símtali kl. 01.30, að ég hygg, aðfaranótt 4. nóv. að íslenskum tíma að fallist yrði á kröfu Alusuisse með því orðalagi sem er að finna í frv. Féllst ráðh. á það á elleftu stundu fremur en láta brjóta á þessu atriði. Þannig hafði Alusuisse sitt fram með gamalkunnugri samningatækni sem íslensk stjórnvöld ættu sannarlega að vera farin að átta sig á.

Aðspurður sagðist iðnrh. telja þetta „stóra veikingu á þessum ákvæðum“ gildandi samninga, og greinir hann þar að því er virðist á við suma ráðgjafa sína.

Um aðrar breytingar á skattareglum hafði iðnrh. það helst að segja í iðnn. að þær hefðu allar verið lengi inni í myndinni og hann hefði ekki haft aðstöðu til að fara nákvæmlega ofan í þær sakir áður en hann svaraði fsp. minni um „ádrátt um breytingar á skattareglum“ neitandi í Sþ. þann 25. okt. s. l.

Þó að telja megi breytinguna á aðstoðarsamningi um rekstur afdrifaríkustu breytinguna varðandi skattamálefni ÍSALs skv. þessu frv. vega nokkur önnur atriði einnig þungt í þessu samhengi. Þeim voru gerð ítarleg skil í nál. hv. þm. Skúla Alexanderssonar í Ed. á þskj. 176. Verða hér aðeins rifjuð upp aðalatriði og bent á líklegar afleiðingar þessara breytinga varðandi skattlagningu ÍSALs.

Það er þá fyrst um fyrningar. Í aðalsamningi um álverið í Straumsvík er einvörðungu kveðið á um 15 ára afskriftatíma, en eftir að Alusuisse loksins kom upp mengunarvarnabúnaði hjá ÍSAL eftir mikið þref við stjórnvöld hefur auðhringurinn gert kröfu til að afskrifa þennan búnað á átta árum í stað 15 ára. Þetta skiptir nokkrum milljónum dollara á ári, með samsvarandi tekjutapi fyrir ríkissjóð í sköttum, a. m. k. tímabundið. Skv. frv. er fallist á ofangreinda kröfu Alusuisse. Að mati ríkisendurskoðunar er hér um tekjutap eða tilfærslu að ræða sem reiknuð á leiðréttan grundvöll ársreikninga ÍSALs fyrir 1980 svarar til um 900 þús. Bandaríkjadölum eða 35 millj. ísl. kr.

Í öðru lagi eru það varasjóðir og viðurlög. Skv. grein 2.03 í frv. er látið undan kröfu Alusuisse um fullt frelsi varðandi varasjóð upp að 20% markinu, svipað og hjá íslenskum félögum. Að mati ríkisendurskoðunar hefði slík heimild þýtt um 1 millj. Bandaríkjadala eða 40 millj. íslenskra kr. lægri skatta ÍSALs á árinu 1980, að teknu tilliti til leiðréttinga Coopers & Lybrands. Þetta endurspeglar því líkleg áhrif á reikningsárið þegar um einhvern teljandi hagnað er að ræða hjá ÍSAL.

Þá felur greinin það einnig í sér að ÍSAL verður eini skattþeginn hérlendis sem ekki skal sæta viðurlögum vegna óframtalins og ógreidds framleiðslugjalds.

Varðandi endurskoðun ársreikninga er skv. grein 2.04 í frv. enn látið undan kröfum Alusuisse og reynt með afdráttarlausu orðalagi að taka fyrir það að íslensk skattyfirvöld geti leiðrétt ársreikninga ÍSALs hvað skattbyrði snertir aftur í tímann. Þar segir m. a.:

„Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig kynntar ÍSAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir umrætt ár eftir 1. sept. á endurreikningsárinu.“

Með slíku ákvæði væri fullvalda ríki að afsala sér mikilvægum rétti sem felst í skattamatinu.

Þá er það skuldajöfnum við skattinneign. Í grein 2.07 í frv. er enn látið undan kröfum Alusuisse og afturkallað með lögum bréf fjmrh. frá 10. febr. 1983 þar sem skattinneign ÍSALs var tæmd og meira en það með skuldajöfnun vegna endurákvarðaðra skatta. Jafnframt er þessi skattinneign, sem lögð var til Alusuisse gegn ráðum lögmanna íslensku ríkisstjórnarinnar við endurskoðun samninga 1975, látin bera hæstu dollaravexti til þessa dags, þannig að hún er nú komin í um 7 millj. dollara. Sáttargreiðslan upp á 3 millj. dollara jafngildir þannig aðeins vöxtunum sem bæst hafa ofan á þessa innstæðu Alusuisse hjá ríkissjóði frá árinu 1975 að telja, eins og framkvæmdastjóri ÍSALs var raunar að hælast um í ræðu sinni í Straumsvík þann 7. nóv. s. l.

Öll þau dæmi, sem hér hafa verið rakin, sýna hversu hrapallega hefur til tekist um skattaákvæði í þessari samningsgerð, þar sem Ísland hopar í öllum greinum fyrir kröfum auðhringsins. Þó er ósamið með öllu um breytingar á skattkerfi þannig að Alusuisse fær hér viðurkennd stórfelld hagsmunaatriði í forgjöf.

Þá er ég kominn, herra forseti, að rafmagnssamn-

ingnum sem er stór þáttur þessa máls. Honum eru gerð ítarleg skil í nál. Skúla Alexanderssonar í Ed. Ég ætla hér fyrst og fremst að varpa ljósi á nokkra nýja þætti þessa máls sem varða raforkusamninginn vegna þess að það er nauðsynlegt að hv. alþm. fái vitneskju um þau atriði sem fram komu á fundi iðnn. þessarar deildar. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. 5. þm. Austurl. hvort hann gæti nú gert hlé á ræðu sinni. Það er búið að boða þingflokksfundi, reyndar eftir kortér, en forseti hefur öðrum störfum að sinna núna næstu 15 mínúturnar. Síðan mundi verða tekið til aftur við fundarhöld kl. 17.30.) Já, virðulegi forseti, það er sjálfsagt af minni hálfu að verða við þeirri beiðni og ég met forseta fyrir það að hann vill gefa þd. kaffihlé og þeim sem hér stendur. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn í mínu máli að ræða um rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og ÍSALs og þætti sem honum tengjast. Ég gat þess að í nál. Skúla Alexanderssonar í Ed. var ítarlega um þetta mál fjallað. Ég hef í minni álitsgerð dregið saman helstu atriði sem ég tel máli skipta við skoðun þessa samnings og mun þar við bæta nokkrum ábendingum vegna upplýsinga sem fengust frá Landsvirkjun í hv. iðnn. Breytingarnar í rafmagnssamningnum er að finna á fskj. A með frv. og þær fela í sér eftirfarandi m. a.:

1. Rafmagnssamningurinn gildir í 20 ár eða til haustsins 2004. Endurskoðunarákvæði samningsins, sem gera ráð fyrir að báðir aðilar, Landsvirkjun og ÍSAL, geti óskað endurskoðunar á fimm ára fresti eru mjög veik fyrir Landsvirkjun og háð afar mikilli óvissu. Er álitamál hvort þau eru betri en engin, eins og um hnútana er búið að þessu leyti. Ákvæðin er að finna í rafmagnssamningnum og varða 28. gr. og ég tel rétt að vitna í hana um þetta efni, með leyfi forseta, endurskoðun skilmála:

„Með skriflegri tilkynningu, er gefin sé eigi minna en sex mánuðum fyrir hvern þeirra daga, sem tilgreindir eru hér að neðan (eða alla þá daga), skal hvort heldur Landsvirkjun eða ÍSAL heimilt að tilkynna hinum aðilanum, að orðið hafi teljandi og ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á."

Þetta er 28. gr., 1. liður. Í síðari greinum, 28.02 og 28.03, er að því vikið hvernig á málinu skuli haldið ef ekki takist greiðir samningar milli aðila og ég vísa til þessara greina.

2. Raforkuverðið verður á bilinu 12.5—18.5 mill á kwst. að nafnvirði á samningstímanum í samræmi við tiltekna vísitölu fyrir heimsmarkaðsverð á áli. Svarar verðtrygging innan rammans til um 65—75% af verðhækkunum álverðs, en fari vísitalan út fyrir viðmiðunarmörkin 0.75—1.55, þar sem vísitalan 1.00 svarar til meðalverðs á árinu 1983 og fyrri árshelmingi 1984, er ekki um neina verðtryggingu rafmgnsverðsins að ræða. Hámarks- og lágmarksákvæðin, 12.5 mill og 18.5, eru algjörlega óverðtryggð. Miðað við alþjóðlega verðbólguþróun, sem sérfræðingar Landsvirkjunar gera ráð fyrir, verður hámarksverðið komið niður í um 6 mill við lok samningstímans og lágmarksákvæðið í um 4 mill.

3. Að mati Landsvirkjunar, sem byggir á spám ráðgjafa um líklega þróun álverðs, er gert ráð fyrir að samningurinn geti gefið meðalverðið 13.7 mill á kwst. á næstu fimm árum á verðlagi ársins 1984. Allt tal um 15 mill sem eitthvert grunnverð í þessum samningi er gersamlega út í hött.

Varðandi þróun álverðs er til þess að vísa að þar er miðað við ferns konar viðmiðun og samninganefndin hafði fyrir sér spádóma þriggja sérfræðiaðila um þessi efni og bar mikið á milli. Og því má og bæta við að t. d. Chase Econometrics breytti stórlega spásögn sinni um þróun álverðs frá því í febrúar til ágústmánaðar á þessu ári. Þannig lækkaði það verð, sem þeir sáu fyrir á árinu 1984 og höfðu miðað við, úr að mig minnir 76 centum á pund niður í tæp 60 eða 59 komma eitthvað cent. Þannig að menn sjá hversu gífurlega þarna munar og færðu einnig til lækkunar líklega verðþróun á ári 1985 og 1986.

4. Rafmagnssamningurinn er langt frá því að skila meðalframleiðslukostnaðarverði eins og það hefur verið í kerfi Landsvirkjunar undanfarin ár, þ. e. nálægt 20 mill á kwst., og áætluðum meðalframleiðslukostnaði á næstu árum, sem að teknu tilliti til allra þátta, svo sem vaxta af eigin fé og 6% raunávöxtunarkröfu, gæti numið um 23 mill á kwst.

Sé slegið af raforkuverði til stóriðju þannig að það nemi um 67% af verði til almenningsveitna þyrfti orkuverðið að nema um 19 millum á kwst. að lágmarki.

Svipuðu máli gegnir ef miðað er við endurnýjunarverð raforku frá nýjum virkjunum: 18—20 mill er það raforkuverð sem þyrfti að fást að lágmarki frá ÍSAL miðað við núgildandi verðlag. — Og ég legg áherslu á að 20 mill er í rauninni þarna sú tala sem menn hefðu þurft að sækja í þessum samningum.

5. Með sérstöku bréfi um samkomulag dags. 5. nóv. 1984 á fskj. VI með frv. er sérstök ótímasett bókun þar sem Alusuisse er veittur forgangsréttur að frekari orku til stóriðju hérlendis í sambandi við ráðgerða stækkun álversins.

Fulltrúi Alþb. í stjórn Landsvirkjunar, Ólafur Ragnar Grímsson, greiddi atkvæði gegn þessum rafmagnssamningi í stjórn Landsvirkjunar 1. nóv. s. l. og lét sérstaka bókun fylgja um afstöðu sína. Hún kom fram á fskj. með nál. Skúla Alexanderssonar í Ed.

Á heildina litið er rafmagnssamningurinn algjörlega ófullnægjandi fyrir Landsvirkjun. Þeim mun undarlegri er sú umsögn frá forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaða breytingu á rafmagnssamningnum sem fylgir með frv. Þessir starfsmenn Landsvirkjunar virðast ekkert sjá aðfinnsluvert við rafmagnssamninginn, en aðstoðarforstjórinn var einn þeirra sérfræðinga sem fjölluðu um málið á vegum samninganefndar ríkisstj. og starfaði í sérstakri undirnefnd við skoðun á orkuverði ásamt Alusuisse.

Um þetta þarf ég að fara nokkrum fleiri orðum, en þess er að geta að af fram komnum gögnum um viðmiðunarverð raforku, sem fram voru lögð í iðnn. Nd., kemur í ljós að meðalverð á raforku til áliðnaðar, sem kynnt hefur verið og rætt er um í greinargerðum og umsögn Landsvirkjunar með frv., þ. e. 14.6 mill í Evrópu og 24 mill í Norður-Ameríku, er samsett úr verði til skyldra sem óskyldra aðila. Væri miðað við orkuverð milli óskyldra aðila, svokallaða óbundna orku, svo sem eðlilegt verður að teljast, samkv. fram-

lögðum gögnum í n., er þar um að ræða raforkuverð nálægt 26 millum í Norður-Ameríku og 16—17 millum í Evrópu. Ég tek það fram að á gagni frá Landsvirkjun er talað um 15 komma líklega 5 eða 6 mill óbundna orku í Evrópu, en miðað við þau undirgögn sem fylgja og umreikning út frá þeim kemst ég að þeirri niðurstöðu að verð til óskyldra aðila í Evrópu, eins og tölur liggja fyrir frá Landsvirkjun og undirnefnd um skoðun orkuverðsins, sé á bilinu 16—17 mill, en ýmislegt í tölum varðandi álverð í Evrópu er afar ófullkomið í þessum gögnum og vægast sagt mjög tortryggilegt.

Ég tel að þetta sé í rauninni stórmál út af fyrir sig, að samninganefnd ríkisins skuli lenda í þeirri stöðu að telja að hún þurfi að standa í þeim sporum, út frá ákvæðum bráðabirgðasamnings, að taka tillit til verðs milli skyldra aðila að fullu hlutfallslega eins og milli óskyldra aðila til áliðnaðar. Er vægast sagt hneykslí að þannig skuli málum komið fyrir Íslendingum, þegar tekist er á um slíkt stórmál sem raforkuverðið, að samninganefnd haldi þannig á máli og ríkisstj. skrifi upp á það.

Það sýnir vel hversu afdrifarík ákvæði bráðabirgðasamningsins frá 23. sept. 1983 eru varðandi viðmiðun á orkuverði að íslenska samninganefndin skuli hafa séð sig tilknúða að taka með bundna orku milli skyldra aðila inn í þennan samanburð á raforkuverði til álvera.

Á svipaðan hátt liggur fyrir að sjónarmið Alusuisse varðandi óhagræði þess að starfrækja álbræðslu á Íslandi í samanburði við álver á meginlandi Evrópu og í Norður-Ameríku hafa orðið algjörlega ofan á. Þetta svokallaða óhagræði er metið skv. frv. á 4 mill umreiknað í raforkuverð miðað við Evrópu og 5 mill gagnvart Norður-Ameríku. Sjónarmið íslenskra sérfræðinga voru að þessu leyti 1.7 mill gagnvart Evrópu og 3.1 mill gagnvart Norður-Ameríku, en þau voru kveðin í kútinn af Alusuisse sem sýndi tölurnar 5.8 og 6.8 mill í þessu sambandi. Þar á meðal taldi Alusuisse vægi launakostnaðar í álbræðslu á Íslandi íþyngjandi miðað við Evrópu sem nemur 30 dollurum á tonn.

Ég held að menn ættu að líta á þessar tölur. Og ég veit ekki hvort menn trúa áfram yfirlýsingum hæstv. iðnrh. um Singapore norðursins, sem sé að skapast hér á Íslandi, ef þeir fara að taka mark á þessum upplýsingum frá Alusuisse um hinn íþyngjandi launakostnað í álverinu í Straumsvík miðað við það sem gerist í álverum í Evrópu.

Forsendurnar og átökin um raforkuverðið sýna ljóslega hver hefur sett leikreglurnar í þeim viðræðum sem leitt hafa til þeirrar endurskoðunar á rafmagnssamningi sem hér liggur fyrir. Og það verður að segjast eins og er að stuðningur aðalorkuframleiðslufyrirtækisins og hlutur í þessu máli, Landsvirkjunar, er ekki með þeim hætti sem ákjósanlegur væri. Eitt af þeim verkefnum sem lá fyrir iðnn. Nd. var að kanna hvað lægi á bak við þær tölur og upplýsingar sem Landsvirkjun hafði framreitt til samninganefndar ríkisins og fram koma að sumu leyti í umsögn forstjóra og aðalforstjóra Landsvirkjunar. Það verður að segja að sú umsögn, sem er hér prentuð sem fskj. með frv., er nánast eins og verið sé að senda skjal til sjálfs páfans, eins og sannkristnir menn væru að senda skjal til sjálfs páfans, svo glæsilegan telja starfsmenn Landsvirkjunar þennan raforkusamning. Og geta menn kynnt sér það orðalag sjálfir sem þar er á ferðinni.

Þá er þess að geta að fyrir iðnn. Nd. komu þrír starfsmenn frá Landsvirkjun, Halldór Jónatansson forstjóri, Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri og Elías Elíasson verkfræðingur. Það voru bornar fram við þá fsp. og þeir svöruðu þeim eftir bestu getu á fundum og sendu síðan inn skrifleg svör, auk þess sem munnlega kom fram í n. Það er sannarlega margt fróðlegt sem þar kom fram og hefði verið ástæða fyrir þm. að kynna sér þau gögn alveg sérstaklega. Landsvirkjun stendur að þessum orkusölusamningi, eins og kunnugt er, við ÍSAL og lagði til sérfræðinga á móti Alusuisse í undirnefnd um raforkuverðið. Þannig er augljóst að sjónarmið og tölur, sem Landsvirkjun er að bera hér fram, hafa að sjálfsögðu komið inn í þessi átök um raforkuverð milli aðila.

Ég vil nefna það hér að vandi Landsvirkjunar í þessu máli, þegar á það er litið, er margs konar. Hann er þó einkum því tengdur að Landsvirkjun býður hér upp á, og alveg sérstaklega almenningi og atvinnurekstri í landinu, óhóflega dýra raforku. Til almenningsveitna er þessi raforka þremur komma þrisvar sinnum hærri. Þó að raforkuverðið hækki að lágmarki í 12.5 mill til álversins í Straumsvík er verðið til almenningsveitna meira en þrisvar sinnum hærra eftir sem áður og þegar það er komið í smásölu til atvinnufyrirtækja í landinu greiða innlend iðnfyrirtæki, fiskiðnaður meðtalinn, sex-til tífalt hærra raforkuverð en álverinu í Straumsvík er ætlað að gera með þeirri lágmarksleiðréttingu sem tryggð á að vera samkv. þessum samningi.

Annað atriði sem snýr að Landsvirkjun eru óhóflegar fjárfestingar fyrirtækisins á undanförnum árum miðað við markaðshorfur. Fyrir þessu er ástæða að færa rök. Inn í þessa mynd koma framkvæmdir á árunum 1983 og 1984 og sem fyrirhugað er að halda áfram með, eins og Sultartangastífla sem reist var 1983 og Kvíslaveitur sem nú er að unnið, hvort tveggja á Þjórsár/Tungnár svæðinu.

Þriðji þáttur þessa máls sem snýr að Landsvirkjun er að fyrirtækið og baknefnd þess eru að leita réttlætingar á framhaldi þeirrar virkjanastefnu og offramleiðslustefnu á raforku sem endurspeglast í núverandi stöðu hjá Landsvirkjun og þeir sjá útleiðina fyrst og fremst með því að selja til erlendrar stóriðju samkv. forskrift ríkisstj. Og þeir eru að stritast við það þarna uppi við Háaleitisbraut, á skrifstofunum, að reikna niður framleiðslukostnað raforku úr núverandi kerfi og samkvæmt áætlunum varðandi nýjar virkjanir til þess að hafa beitu fram að leggja fyrir þau auðfélög sem hæstv. iðnrh. er að reyna að lokka hingað til viðbótar við stækkun álversins í Straumsvík. Inn í þetta samhengi kemur að sjálfsögðu væntanlegt bréf sem ríkisstj. er að skuldbinda sig til að senda Alusuisse með tilboði um þau kjör sem hún ætlar að bjóða í sambandi við stækkun álversins.

Blekkingar sem fram koma í upplýsingum Landsvirkjunar eru þess efnis að ég bið hv. þdm. að leggja við hlustir og það er ástæða til þess að þeir fái aðgang að þeim gögnum sem fram voru lögð í iðnn. Nd. á mánudaginn var frá Landsvirkjun til þess að skoða þessi gögn með hliðsjón af þeim ábendingum sem ég hér gef. Þau tengjast tölum og tveimur hugtökum, annars vegar svokallaðri forgangsorkugetu Landsvirkjunarkerfisins í sölupunkti, eins og það er kallað á tæknimáli, en það er sú orka sem unnt er að selja úr Landsvirkjunarkerfinu þegar það er fullnýtt að teknu tilliti til flutningstapa, svo

notuð sé skilgreining Landsvirkjunar, og hins vegar forgangsorkuþörf í sölupunkti, þ. e. raunverulegan markað fyrir raforkuna plús það sem Landsvirkjun vill smyrja ofan á raunverulegan markað, en það er ekkert smáræði sem þar kemur til. Þar er um að ræða 250 gígawattstundir af öryggisástæðum og með tilliti til afhendingarstöðu Landsvirkjunar gagnvart Íslenska járnblendifélaginu.

Tölurnar sem um er að ræða, svo ég taki bara árið 1983, eru þessar: Forgangsorkugeta Landsvirkjunarkerfisins í sölupunkti á síðasta ári er 3570 gígawattstundir. Samkv. þeim tölum, sem hafa komið fram munnlega í iðnn. Nd., er raunveruleg sala út úr kerfinu á árinu 1983 undir 2900 gígawattstundum þegar tekin er inn í myndina orkan sem Landsvirkjun kaupir frá Kröflu og Svartsengi. Það eru nákvæmlega 2859, gæti ég trúað, eða 2860 gígawattstundir sem þeir selja út úr sínu kerfi á árinu 1983. En til þess að fela þessa umframorkuframleiðslu og geta lækkað hinn reiknaða framleiðslukostnað hentar þeim að draga frá orkukaupin frá Kröflu og Svartsengi, 151 gígawattstund 1983, og halda inni í þessari orkusölu og orkuþörf 250 gígawattstundum. Því dreg ég hér frá þeirri tölu sem þeir gefa upp sem forgangsorkuþörf 1983. Það er talan 3570 sem kemur þarna annars vegar, hins vegar 3260. En til frádráttar þeirri tölu á forgangsorkuþörf hef ég 250 gígawattstundir, sem þeir hafa sem öryggismörk, og þá orku sem þeir kaupa samningsbundið frá Kröflu og Svartsengi, 151 gígawattstund 1983. Og þá erum við komin með þá stöðu að Landsvirkjun er með, nærri mun það láta, 700 gígawattstundir umfram þá orku sem hún selur út úr sínu kerfi, og vel að merkja: þetta er forgangsorka. Þetta eru rétt röskar 700 gígawattstundir, 710 gígawattsstundir þegar allt er talið, miðað við þær forsendur sem ég hef hér rakið, sem þarna er forgangsorkuframleiðslugeta í kerfinu umfram þann markað sem þeir hafa.

Af hverju er ég að rekja þessi atriði hérna? Vegna þess að þessar tölur ganga inn í gögn sem Alþingi er boðið upp á af Landsvirkjun, gögn sem varða framleiðslukostnað á raforkunni. Og þau gögn, og hv. þm. eiga eflaust aðgang að þeim, eru framreidd 3. okt. 1984 af Landsvirkjun undir heitinu: Nokkur minnisatriði varðandi kostnaðarverð raforku úr kerfi Landsvirkjunar. Þar kemur sem niðurstaða um kostnaðarverð orku úr kerfi Landsvirkjunar árið 1983, miðað við orkugetu, eftirfarandi: Þeir miða við forgangsorkugetu í sölupunkti, deila því upp í heildarkostnað í kerfinu, sem er 1432.9 millj. kr., deila upp í það með forgangsorkugetu kerfisins, 3570, og fá út að einingarverð á kwst. sé 40.1 eyrir á kwst., umreiknað í Bandaríkjamill 16.0 Bandaríkjamill. Og það er þessi tala, 16. Þeir voru fyrir þrem árum með töluna 18—22 sem líklegt kostnaðarverð frá nýjum virkjunum, en nú eru þeir að reikna sig niður í 16 mill. En vel að merkja: þeir selja í reynd ekki nema 2860 gígawattstundir sem forgangsorku á sama ári. — Ég hef nú sléttað þetta. — Ef við veitum þeim eitthvert svigrúm, miðað við þessa kröfu um öryggi, miðað við 300 gígawattstundir, hækkar framleiðslukostnaðurinn um 19% og verður ekki 16 mill, heldur 19.1 mill á kwst., og ef við miðum við 2900 hækkar sama tala samkv. mínum útreikningi í 19.7 mill framleiðslukostnaður eða rétt um 20 mill sem er sú tala sem eðlilegt hefði verið að Landsvirkjun héldi fram og berðist fyrir að sínu leyti sem niðurstöðu út úr þessum rafmagnssamningi. En það var nú ekki. Ég tel að þetta séu alvarleg vinnubrögð, sem hér eru á ferðinni, en læt vera tímans vegna að fara ítarlegar út í þau svör og gögn sem komu fram af hálfu Landsvirkjunar inn í iðnn. Nd., m. a. varðandi Sultartangastíflu og skýringar á því að þeir séu hér með nánast heila virkjun aukreitis hvað framleiðslu snertir, virkjun á við Blöndu, fram yfir í sinni forgangsorkugetuframleiðsluþörf, svo ég búi til langt orð. En skýringin er ekki síst sú að aukning stóriðju kynni að bera að garði á næstu árum, eins og það er orðað í þessu bréfi Landsvirkjunar, — kynni að bera að garði á næstu árum. Þó er fyrirtækið með framkvæmdir í gangi, eins og Kvíslaveitur, þar sem hægt er að bæta við með mjög skömmum fyrirvara og auka miðlunargetu og einnig orkuframleiðslugetu kerfisins ef bregðast þyrfti við vegna samninga um orkusölu til stóriðju.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að víkja að þessum þætti sérstaklega vegna þess að hann er svo stór í þessu máli þegar litið er á raforkuverðið.

Ég ætla þá að endingu að koma að stækkun álversins sem er síðasti stóri þátturinn í þessu máli. En í bráðabirgðasamningi ríkisstj. og Alusuisse frá 23. sept. 1983, sem samkv. bréfi um samkomulag, sem svo er kallað frá 5. nóv. 1984 og er á fskj. VI, verður áfram í gildi samkv. ákvæðum sínum, segir m. a. undir fyrirsögninni „stækkun á bræðslunni“ í grein 2 í bráðabirgðasamningi, með leyfi forseta:

„Aðilarnir staðfesta hér með gagnkvæman áhuga sinn á því að stækka bræðsluna svo fljótt sem við verður komið um 80 megawatta málraun, sem svarar um það bil 40 þús. tonna afkastagetu, og að fylgja þessu síðar meir með annarri stækkun í sama mæli ... Ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að afla stuðnings Landsvirkjunar til þess að látið verði í té nægilegt rafmagn fyrir þessar stækkanir og að leita allra heimilda sem við þarf til að gera ÍSAL kleift að byggja og reka stækkunaráfangana.“

Í samkomulagsbréfinu frá 5. nóv. 1984 er sérstaklega fjallað um fyrri stækkunaráfangann. Þar segir „...svo fljótt sem við verður komið“ „...mun ríkisstj. afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun til þeirrar stækkunar.“ Gert er ráð fyrir skjótu svari Alusuisse og að taka sameiginlegu upp aðgerðir til að leita að þriðja aðila ef saman gengur um skilmála.

Fram hefur komið frá hæstv. iðnrh. í umr. á Alþingi nýlega um þetta mál, að engin marktæk athugun hefur farið fram á því hvort það sé þjóðhagslega skynsamlegt fyrir Íslendinga að fjárfesta í virkjunum til að selja raforku til stækkunar álversins í Straumsvík og hleypa þeim umsvifum, sem stækkuninni fylgja, inn í íslenskt efnahagslíf. Svo virðist sem hér ráði nær einvörðungu draumar nokkurra aðstandenda Landsvirkjunar um orkusölu til slíkrar stækkunar og að sjálfsögðu ásókn Alusuisse í að tryggja sér meiri hlut í ódýrari raforku og góðu vinnuafli hérlendis.

Með ólíkindum verður að teljast að stjórnvöld vinni að slíku máli án þess að fram fari vandaðar úttektir á gildi slíkra fjárfestinga með fullri hliðsjón af kostum í íslensku atvinnulífi, þ. á m. í orkunýtingu á vegum Íslendinga sjálfra.

Stækkun álversins um 40 þús. tonn mundi kalla á

auknar orkuframkvæmdir Landsvirkjunar sem næmi um 600 gígawattstundum, en það svarar nærri því til allrar raforkuframleiðslu frá virkjun á borð við Blöndu-virkjun. Hver gígawattstund kostar Landsvirkjun u. þ. b. 200 þús. Bandaríkjadali í stofnkostnað, þá er miðað við 200 mill á kílówattstund á ári. Heildar-kostnaður Landsvirkjunar vegna þessarar stækkunar yrði því um 120 millj. Bandaríkjadala eða um 4800 millj. ísl. kr. í virkjun. Þessi fjárfesting mundi einungis gefa um 100 — 150 ný störf í álverinu í Straumsvík.

Okkur ber að spyrja hvort við Íslendingar höfum efni á því að ráðast í slíka fjárfestingu, m. a. með tilliti til allra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar um þessar mundir. Væri ekki unnt að nýta þessa fjármuni með skynsamlegri hætti í annarri atvinnuuppbyggingu, sem gæfi okkur meiri arð eða gæfi okkur yfirleitt arð af fjárfestingu og margfalt fleiri störf, auk kosta sem til staðar kunna að vera í innlendri orkunýtingu?

Það hlýtur einnig að vekja nokkra undrun að ríkisstj. sem boðar óhefta markaðsstefnu á flestum sviðum skuli veðja nánast blindandi á einn aðila eins og Alusuisse og gefa honum forgang í orkunýtingu hér á landi á næstu árum. Hér er ekki látið reyna á samkeppni aðila um orkukaup á forsendum orkusölustefnunnar sem Sjálfstfl. mælir svo eindregið með.

Út frá byggðasjónarmiðum verður einnig að teljast fráleitt að láta stóriðjuuppbyggingu á höfuðborgar-svæðinu hafa forgang og fjárfesta nær 5 milljarða í því skyni í orkuveri, að líkindum á Suðurlandi.

Einnig er óhjákvæmilegt að spyrja hvort Alusuisse hafi komið þannig fram gagnvart Íslendingum á liðnum árum að sjálfsagt sé að veita auðhringnum forgangsrétt að íslenskum orkuauðlindum. Tæknilega og rekstrar-lega virðist Alusuisse standa höllum fæti í samanburði við önnur stórfyrirtæki í áliðnaði.

Brýnt er að víðtæk umræða fari fram um þau áform um stækkun álversins í Straumsvík sem virðast vera á hægra brjósti ríkisstj. varðandi atvinnuþróun á næstu árum.

Af því sem hér hefur verið rakið varðandi efni fyrirliggjandi frv. ætti að vera ljóst að ríkisstj. hefur haldið afar illa á málum í samningaviðræðunum við Alusuisse. Sterkri samningsstöðu hefur verið glutrað niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Leiðrétting á raforkuverði er út af fyrir sig jákvæð svo langt sem hún nær, en Alusuisse er þegar á góðri leið með að hafa upp á móti þeim tilslökunum í öðrum þáttum samninganna, og er þó ýmsu ólokið.

Alþm. ættu því að sameinast um að fella þetta frv. og leita samstöðu innan þingsins um þá miklu hagsmuni sem hér eru í húfi.

Herra forseti. Vegna meðferðar þessa máls hér á Alþingi nú hefur þingflokkur Alþb. gert sérstaka sam-þykkt um málið sem ég ætla hér að endingu að kynna. En hún er svohljóðandi, með leyfi:

„Vegna fyrirliggjandi frv. um samninga ríkisstj. og Alusuisse um álverið í Straumsvík samþykkir þingflokk-ur Alþb. eftirfarandi:

1. Alþb. lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna fyrirliggjandi samninga við Alusuisse og mun beita sér fyrir breytingum á öllum samningum og samskiptum við auðhringinn þegar Alþb. fær til þess aðstöðu.

2. Þingflokkur Alþb. mótmælir því að haldið verði áfram samningaviðræðum við Alusuisse með þeim hætti sem verið hefur í tíð núverandi ríkisstj. Alþb. gerir kröfu um að stjórnarandstaðan fái að þeim samninga-viðræðum óskoraða aðild.

3. Þingflokkur Alþb. telur brýnt að Alþingi kjósi nú þegar sérstaka nefnd með aðild allra þingflokka sem geri alhliða úttekt á samskiptum íslenskra stjórnvalda og Alusuisse frá upphafi og þætti álversins í efnahagslífi hérlendis, þannig að læra megi af dýrkeyptri reynslu í samskiptum við þennan auðhring."

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu ekki víkja að efni þeirra nál. sem hér á eftir að kynna og þó að ég eigi margt vantalað við Framsfl. í þessu máli um þann rökstuðning sem hér var fram borinn við upphaf þessarar 2. umr. um málið ætla ég að geyma mér það til betri tíma.

Frsm. 3. minni hl. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 3. minni hl. iðnn. í þessu máli sem hér er á dagskrá í Nd. í dag. Við höfum hlýtt á langa ræðu hv. 5. þm. Austurl. sem finnur þessum samningi flest til foráttu. Hann hefur greinilega lesið samninginn eins og Biblían var eitt sinn lesin af *vissum höfðingja, hann sér ekki neitt nema svartnættið* fram undan. Þetta kemur vitanlega heim og saman við málflutning af þessu tagi sem við höfum heyrt hér í þingsölum á liðnum misserum þegar þessi mál hafa verið til umr.

En það sem þm. ættu að reyna, þegar til meðferð-ar er í þingsölum jafnflókið mál og þetta er með sanni, er að reyna að líta hlutlægt á málið. Meta það og vega á hlutlægan máta og reyna að gera sér grein fyrir kostum þess og göllum án þess að líta stanslaust á hlutina í gegnum flokksgleraugu. Því fer fjarri að ég ætli mér að halda því fram að þetta samkomulag, sem hér liggur fyrir Nd. í dag, sé alfullkomið eða algott. Við vorum ekki að semja við sjálfa okkur. Við vorum að semja við annan og reyndan samningsaðila og það dettur engum manni í hug að í slíkum samningum fái annar samnings-aðilinn allt fram sem hann mundi óska til hins fyllsta og til hlítar. Samningar byggjast á því að reynt er að samræma hagsmuni aðila, en vitanlega hlýtur alltaf að koma til þess að menn verða að taka tillit til sjónarmiða hvers annars. Það væri fráleitt ef menn gerðu sér það ekki ljóst, en mér finnst að nokkuð hafi skort á það í umr. um þetta mál hér í þingsölum á undanförnum misserum þegar það hefur verið hér á dagskrá.

Ég held að ekki væri úr vegi að spyrja sjálfan sig þegar þessi samningur er lesinn yfir: Hver er sá hagur sem við Íslendingar höfum haft af þessari samninga-gjörð? Stöndum við verr að vígi eða stöndum við betur að vígi eftir að hann hefur verið gerður? Það er kjarni málsins. Hver er hagurinn, hver er ávinningurinn? Og þá einnig á hinn bóginn: Höfum við einhverju fórnað, sem við höfðum í hendi okkar áður, í þessari samninga-gerð?

Ég ætla að byrja á því að víkja að nokkrum atriðum sem lúta að breytingunum sem hafa verið gerðar á samningnum frá 1966, sem breytt var 1975 og er nú aftur fyrir framan okkur með nýjum breytingum. Hafa þær breytingar bætt samninginn út frá sjónarmiði Íslendinga? Stöndum við í stað eða höfum við gengið aftur á bak? Það væri kannske ekki úr vegi að líta fyrst á hvaða áhrif meginatriði þessa samnings hefur á orku-verð til almennings í þessu landi. Orkuverðskaflinn í

samningnum er nefnilega meginatriði þessa samnings og fram hjá því verður ekki komist.

Við höfum heyrt langt og allflókið mál flutt hér í dag um skattahliðina og skattaþáttinn í þessum efnum. Það er reynt að láta líta svo út að það sé meginatriði þessa máls. Ég vil af því tilefni minna á að á þessu ári verða tekjurnar sem við höfum af sköttum 1.6 millj. dollara, en tekjurnar sem við Íslendingar fáum af raforkusölunni eru 20 millj. dollara. Það er rétt að menn hafi þessar tölur í huga til að þeim séu ljós hlutföllin í þessari mynd — hverjir eru mikilvægustu þættirnir þannig ljóst sé hvað það er sem skiptir mestu máli? Það er salan á raforkunni. Það er einmitt raforkuhliðin sem hefur verið Akkillesarhællinn, hinn veiki hlekkur í samningunum frá 1966 og 1975. Og það er einmitt að því takmarki, leiðréttingunni á raforkuverðinu, sem allt starf manna hefur fyrst og fremst beinst. Ekki aðeins núverandi ríkisstj., heldur ekki síður ríkisstjórnar þeirrar sem hv. 5. þm. Austurl. átti sæti í sem iðnrh. í mörg ár. Hann og hans fylgdarmenn og aðstoðarmenn lögðu þar nótt við nýtan dag til að fá fram endurskoðun á þessum samningi frá 1966. Þeir gerðu það af mikilli atorku og ég efast ekki um að þeir hafi gert það eftir bestu getu.

Fyrsta spurningin sem mætti varpa fram í þessu sambandi er því þessi: Hvaða áhrif hefur þessi nýi samningur, raforkuþáttur hans, á raforkuverð til almennings á Íslandi, vegna þess að það hefur verið gagnrýnt með réttu að raforkuverð hér á Íslandi sé óeðlilega hátt? Til þess liggja ýmsar ástæður. Því hefur einnig verið haldið fram að almenningur á Íslandi sé látinn greiða niður verðið til stóriðjunnar. En hverjar eru staðreyndir málsins? Það var lagt fram á nefndarfundi í iðnn. Nd. skjal með útreikningum í þessu efni frá Landsvirkjun, þann 23. þ. m. Það skjal er undirritað af forstjóra Landsvirkjunar, Halldóri Jónatanssyni. Hann hafði verið inntur eftir því af nm. hvað verðið hefði getað orðið miklu lægra til almenningsrafveitna á árinu 1984, þ. e. í ár, ef verðið til ÍSALs hefði verið 13.8 Bandaríkjamill á kwst. 1984 eins og hefði orðið ef nýi samningurinn við ÍSAL hefði gilt allt árið miðað við óbreyttar heildartekjur Landsvirkjunar. Það liggur ljóst fyrir að ef þessi samningsdrög, sem við erum að fjalla um, hefðu gilt allt þetta ár hefði Landsvirkjun fengið fyrir orkuna 13.8 mill en ekki 12.5 mill eins og menn hafa haldið hér ítrekað fram í þingsölum. Það er rangt. Hvaða áhrif hefði þessi samningur haft á verðið til almennings ef hann hefði gilt allt árið? Það er atriði sem skiptir gífurlega miklu máli. Hvert er svarið? Hver er niðurstaðan? Þá hefði meðalverð til almenningsrafveitna getað orðið 19.8% lægra en ef verðið til ÍSALs hefði verið 6.4 mill eins og það var áður en núverandi ríkisstj. tók við.

Ávinningurinn fyrir almenning í landinu af þessum samningi hefði verið u. þ. b. 20% lægra verð til almennings fyrir raforkuna hefði hann gilt í ár. Svo eru menn enn að halda því fram að þessi samningur sé óhagstæður fyrir almenning í landinu, fyrir sölu raforku til almannanota.

Það má nefna í þessu sambandi annað sem er staðreynd. Það var gerður bráðabirgðasamningur við Alusuisse fyrir rúmu ári, 23. sept. 1983, og það var örskömmu eftir að núverandi ríkisstj. tók við völdum, tveimur eða þremur mánuðum síðar. Áhrif hans voru þau að með þeim samningi hækkaði raforkuverðið hvorki meira né minna en um rétt tæp 50%.

Og hverjar hafa afleiðingarnar verið fyrir raforkuverðið í landinu til almennings? Það liggur fyrir að rafmagnsverðið frá Landsvirkjun hefur ekki hækkað frá 1. maí 1983. (**Gripið fram í:** Nú?) Það hefur ekki gert það, nei. Það hefur þess vegna lækkað að raunvirði um 15% frá 1. ágúst 1983. Ástæðan er einföld. Það er fyrst og fremst vegna þess að það fékkst fram nær 50% hækkun á kaupum þessa stóra notanda, þ. e. ÍSALs. Þetta eru dæmi um það hvað felst í þessum samningi og hvaða hagur fólst í bráðabirgðasamkomulaginu, hagur sem færir okkur um 170 millj. kr. á ársgrundvelli, en sem nú verður vitanlega leyst af hólmi með hinum nýja orkusölusamningi.

Það er ekki aðeins þetta atriði, sem snýr beint að almenningi, sem skiptir máli. Við skulum líta á annan þátt þessa sama máls, þ. e. hver er hagur okkar Íslendinga af þessum nýja samningi. Það er einfalt reikningsdæmi í sjálfu sér. Ef þessi samningur hefði gilt frá árinu 1979 til þessa dags þá hefði orkuverðið verið á bilinu 12.5—16.5 mill. Viðbótartekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL á þessum sex árum hefðu numið 55 millj. dollara eða 3 milljörðum og 200 millj. kr. með vöxtum talið á þessu tímabili eða alls 530 millj. kr. á ári. Auknar tekjur Landsvirkjunar hefði numið meira en hálfum milljarði á ári á þessu tímabili, ef við hefðum borið gæfu til að gera samninginn fyrir sex árum. Hér erum við að tala um gífurlega mikið fé. Við erum að tala um upphæð sem nálgast það að vera jafngildi að verðmæti nýrrar virkjunar. Við erum að tala um upphæð sem mundi duga meira en tvisvar til að setja varanlegt slitlag á hringveginn. Við hefðum getað sett slitlag á tvo hringvegi og meira en það fyrir þessa upphæð, sem því miður kom aldrei í sjóði íslenska ríkisins. (**Gripið fram í:** Hafa bara fjórar akreinar.) Já, það hefði auðvitað verið snjallast að hafa fjórar akreinar og eitthvað hefði þar að auki orðið eftir til að malbika eða setja slitlag á innansveitarvegi í Austurlandskjördæmi. Þessi upphæð jafngildir andvirði 2000 íbúða, hvorki meira né minna. Hvað var byggt hér í Reykjavík árin 1981 og 1982? Á hverju ári 460—470—480 íbúðir. 2000 íbúðir hefðu fengist fyrir þetta verð.

Hér eru aðeins tekin nokkur dæmi um hvern hag við hefðum haft af þessum samningi ef við hefðum borið gæfu til að gera hann fyrr. Þetta er einfalt reikningsdæmi vegna þess við vitum hvert verðið hefði verið á rafmagninu af því að það er bundið áli og það liggur fyrir hvað álverðið var á þessu árabili.

Það er á sama hátt fróðlegt að líta á hverjar viðbótartekjur Landsvirkjunar af þessu nýja samkomulagi gætu orðið á næstu fimm árum, til 1989, skv. fyrrgreindum spám um þróun álverðs. Þær viðbótartekjur vegna hins nýja samnings eru áætlaðar af Landsvirkjun því það vill svo til að við höfum ekki betri heimild í þessum efnum en Landsvirkjun. Áætlað er að þær viðbótartekjur vegna nýja samningsins muni verða 2 milljarðar og 750 millj. kr. eða 550 millj. á ári. Hér er m. ö. o. um þann aukalega hagnað að ræða sem hinn nýi samningur getur fært íslensku þjóðinni á þessum árum og líklegt er að hann geri. Í þessu sambandi má minna á að verðið samkvæmt þessum nýja samningi liggur á bilinu 12.5 mill til 18.5 mill. Hann hefði gefið okkur 13.8 mill hefði hann gilt á þessu ári. En það er nauðsynlegt að gera sér

grein fyrir því hvort samningurinn er slæmur miðað við orkuverðið annars staðar í veröldinni, eða Evrópu og Ameríku. Er þetta sæmilegur samningur eða góður samningur?

Mjög miklum tíma og orku var eytt af hálfu íslenskra sérfræðinga og sérfræðinga Alusuisse í að kanna hvað álbræðslur greiddu fyrir orku bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Það var þáttur í því verki að kanna samkeppnisaðstöðu álbræðslu á Íslandi. Gerð var mjög ítarleg skýrsla, vönduð og nákvæm þar sem fram kemur hvaða orkuverð álbræðslur greiða í Evrópu og í Bandaríkjunum og lágu þær upplýsingar þó ekki alltaf á lausu. Niðurstaðan var óumdeilanleg, bæði hvað álit íslensku sérfræðinganna varðaði og þeirra svissnesku. Hún er sú að meðalverð sem álbræðslur greiða í Evrópu fyrir orkuna í dag er 14.6 mill og það sem þær greiða í Bandaríkjunum er rúmlega 20 mill. Þetta eru sem sagt staðreyndir sem ekki verður vikið til hliðar. Verðið er hæst á Spáni, 19 mill, en lægst í Noregi, 8.7 mill. Viljum við þó gjarnan bera okkur saman við Noreg í þessum efnum sem hefur verið okkar helsta samkeppnisland.

Nýlega gekk gerðardómur í Grikklandi um orkuverð til álversins þar. Sú orka sem kemur frá vatnsorkuveri er aðeins seld á 10 mill í Grikklandi. Hins vegar fékkst hækkun á orkunni frá brúnkolaveri upp í 19.5 mill. Meðalverðið í Grikklandi er því aðeins 15 mill. Við höfum þessar tölur alveg svart á hvítu og það þýðir ekkert að reyna að vefengja þær eða gera þær tortryggilegar, nema þá að koma með betri tölur og betri rök en hér hafa sést í því efni.

Gerð var rannsókn á samkeppnisstöðu álvers á Íslandi. Þar var litið á marga þætti eins og flutningskostnað, vinnulaun, orkuverðið o. fl. Sérfræðingar Íslands og Alusuisse gerðu könnun á þessari samkeppnisaðstöðu, hver hún væri á Íslandi miðað við keppinautana í Evrópu og Bandaríkjunum, þau álver sem álver á Íslandi hlýtur óhjákvæmilega að keppa við. Niðurstaðan varð sú, að vegna fjarlægðar og annarra atriða væri samkeppnisstaðan á Íslandi gagnvart álverum í Evrópu lakari sem nemur allt að 4 millum og sem nemur 5 millum gagnvart álverum í Bandaríkjunum. Þetta þýðir í raun að miðað við að meðalverðið í Evrópu er 14.5 mill ætti raunverðið að vera á Íslandi 10.5 mill. Það er það ekki því eins og fram hefur komið hafa náðst samningar um miklu hærra raforkuverð, að lágmarki 12.5 mill, að hámarki 18.5 mill næstu fimm árin. Hér hefur náðst miklu hærra orkuverð en þessi rannsókn leiddi í ljós.

Þá kem ég enn að öðrum þætti þessa máls. Við höfum hér bil, orkuverðið hleypur á 12.5 til 18.5 mill. Ég held það hafi komið mjög glögglega í ljós í samningaviðræðunum við Alusuisse að um tvær leiðir var að fara. Annaðhvort að hafa slíkt bil í verðmynduninni eða semja um eitt ákveðið verð með einhvers konar verðtryggingu. Það lá ljóst fyrir að sú tala hefði verið við neðri mörkin, nálægt 12.5. Það hefði verið mjög ólíklegt ef öllu hærri tala en 12.5—13 mill hefði út úr því fengist. Sá kostur var þess vegna tekinn að hafa bil hvað verðið snertir allt upp í 18.5 mill og verðtryggja það með tengslum við álverð.

Þar af leiðandi er mjög eðlilegt að menn spyrji: Hvað er líklegt að orkuverðið verði þá á komandi árum? 13.8 í dag hefði samningurinn gilt. En hvað verður það á næstu fimm árum þar til má taka orkuverðið aftur upp til endurskoðunar eins og samninginn allan?

Það er ákaflega erfitt að spá um framtíðina. Engu að síður hafa menn gert tilraunir til, og Landsvirkjun hefur haft samband við þrjú mjög virt ráðgjafarfyrirtæki sem Íslendingar þekkja vel til að gefa álit sitt og gera sérstakar tölvuspár um hver verði þróun álverðs næstu fimm árin. Það er nauðsynlegur grundvöllur þess að unnt sé að gera sér grein fyrir hvert orkuverðið verður næstu fimm árin vegna þess að orkuverðið er tengt álverði. Þeir eru sammála um að líkur séu til að jafnvægi náist á álmarkaðinum, en álverðið hefur verið í lágmarki að undanförnu, og að verðið hækki.

Ein ástæðan til þess að ætla að álverðið muni hækka í framtíðinni að mati þessara sérfræðinga er staða Bandaríkjadollars á gjaldeyrismörkuðunum, en dollarinn er eins og stendur mjög hátt skráður og flestir spá því að hann geti ekki haldið þessari styrku stöðu mjög lengi enn. Þessi staða dollarans veldur því að framleiðslukostnaður áls í Bandaríkjunum er mun hærri en t. d. í Evrópu, en við núverandi ástand á álmörkuðunum virðist framleiðslukostnaður í álverum á síðarnefnda svæðinu vera ráðandi um verðið á meðan álver í Bandaríkjunum tapa.

Þetta veldur því að ef dollarinn fellur hækkar álverðið í dollurum, en stendur í stað mælt í öðrum myntum. Þær spár um álverðið, sem Landsvirkjun hefur fengið, endurspegla þessi sjónarmið í mismunandi mæli. Ráðgjafarfyrirtæki sem breskur sérfræðingur að nafni J. F. King rekur tekur t. d. ekki tillit til áhrifa af gengisbreytingu dollarans og reiknar með að álverðið 1988 fari upp í 72 cent á pund á verðlagi 1984. Hin fyrirtækin, Chase Econometrics og Resource Strategies Co., styðjast við hagræn reiknilíkön við gerð spánna og reikna með að dollarinn veikist og verðið fari 1988 upp í 77 cent annað fyrirtækið og hitt upp í 90 cent pundið. Þetta eru spár sem ganga í sömu átt.

Almennt séð og til að gera langa sögu stutta er það niðurstaða Landsvirkjunar í ljósi þessara sérfræðiálita, að álverðið geti sveiflast milli 54 centa og 93 centa á pundið á tímabilinu 1985—1989. En það meðalverð sem orkuverð til ÍSALs miðast við skv. nýjum samningum sveiflast að líkindum minna. Áætlunin í samræmi við spár ofannefndra sérfræðinga er þá sú, að mati Landsvirkjunar, að álverð muni sveiflast um 76 cent á pundið, og verður þá orkuverð á þessu tímabili 15 mill á verðlagi ársins 1984, þegar gjaldeyrismarkaðir hafa náð því jafnvægi sem spáð er. Verði sú tala, burtséð frá allra næstu mánuðum, að teljast langlíklegust sem langtímameðalverð á áli að mati Landsvirkjunar og þeirra ráðgjafarfyrirtækja sem hér eiga hlut að máli.

Nú geta menn auðvitað sagt: Þetta er allt saman hugarburður og á þessu er ekkert að byggja. Vel má vera að eitt og annað sé til í slíku tali. Hins vegar hafa menn þó, þegar þeir eru að reyna að gera sér grein fyrir framtíðarþróun í þessum málum, bæði hvað álverðið í heiminum snertir og orkuverðið, ekki annað við að styðjast en ráð hæfustu og færustu manna sem hafa af því langa reynslu að fást við þessi málefni, reka sérstök ráðgjafarfyrirtæki, gefa út tímarit og bækur þar sem um þessi mál er fjallað. — Nóg um það. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að verðið verði almennt á tímabilinu um 15 mill.

Þá langar mig til að víkja nokkrum orðum að öðru atriði sem vitanlega skiptir miklu máli þegar við erum

að tala um hvað þessi nýi samningur muni gefa okkur í aðra hönd í milljörðum á næstu fimm árum og hvað hann hefði gefið okkur í milljörðum, rúma 3 milljarða, á síðustu sex árum. Það atriði sem skiptir mjög miklu máli í þessu efni er framleiðslukostnaður raforkunnar. Og hver er hann? Það ætti í sjálfu sér ekki að vera ákaflega erfitt að komast að hinu sanna í því máli og ætti að vera fullkomlega ástæðulaust að deila um hver er framleiðslukostnaður rafmagns á Íslandi. Menn þurfa ekki annað en líta í bækur Landsvirkjunar þar sem það stendur svart á hvítu. Menn geta síðan reynt með alls konar reikningskúnstum að koma með nýjar tölur, sem að vísu eru byggðar á þeim grunni sem er að finna um framleiðslukostnaðinn í bókum Landsvirkjunar, en með því að taka inn nýtingarhlutfallið. Það er vitanlega mjög mismunandi frá ári til árs. Það er allt annað stuttu eftir að ný virkjun er komin í gagnið heldur en löngu eftir að ný virkjun hefur verið byggð. Þá er nýtingin miklum mun betri og hlutfallið að því leyti til hagstæðara. En það sem stuðst er við hér á landi sem annars staðar, þegar framleiðslukostnaður raforku í raforkuverum er reiknaður út, er hvað kostar að framleiða hverja kwst. Það er kostnaðurinn miðað við heildarorkumagnið.

Hver er þá framleiðslukostnaðurinn hjá Landsvirkjun? Það vill svo til að um það fékk iðnn. Nd. ákaflega ítarlegar og greinargóðar upplýsingar frá forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar. Satt að segja tel ég ákaflega hæpið fyrir hv. þm. að rengja þær því að ég tel að þeir hafi ekki betri upplýsingar í sínum fórum en þessir ágætu starfsmenn þessa fyrirtækis. Mig langar til þess, svo að það komist þó allavega í Alþingistíðindi, að nefna örfáar tölur, án þess að þreyta þingheim á löngum talnalestri. Þær tölur eru teknar úr bókum Landsvirkjunar um framleiðslukostnaðarverðið.

Þá tek ég fyrst orkukostnaðinn frá Búrfellsvirkjun skv. bókum Landsvirkjunar, en þaðan fær ÍSAL sína orku og þess vegna er eðlilegt að á það sé fyrst litið. Skv. bókum Landsvirkjunar er framleiðslukostnaður orkunnar frá Búrfelli fyrir stóriðju í dag 5.3 mill við stöðvarvegg. Ef við tökum allt flutningskerfið með, en inni í þeirri tölu er kostnaður við allar byggðalínurnar og þess vegna talið óeðlilegt að sumu leyti að sú tala sé tekin í heild, er framleiðslukostnaðurinn á orkunni frá Búrfelli með flutningi 8.6 mill. Ef vaxtagreiðslum á árinu er hins vegar skipt á milli rekstrareininga í kerfi Landsvirkjunar í hlutfalli við endurmetinn stofnkostnað kemur í ljós að kostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun á þennan máta til stóriðju er við stöðvarvegg 8.4 mill. Það er raunverulega sú tala sem við höfum til viðmiðunar. Ef við bætum flutningnum við fáum við 11.9 mill. Það liggur sem sagt í augum uppi að frá Búrfelli kemur orka sem í framleiðslu er langt fyrir neðan það verð sem við fáum fyrir hana skv. nýja samningnum frá ÍSAL. Það liggur ljóst fyrir.

Nú munu sumir segja að það sé óeðlilegt að miða einungis við Búrfell í þessu sambandi. Líta verði á allt landið sem heild. Það er ósköp auðvelt. Ef meðaltal kostnaðarverðs frá öllum virkjunum er tekið, hvað kostar þá orkan til stóriðju? Það er einfalt. Hún kostar 9.7 mill til stóriðju við stöðvarvegg. Bætum flutningskostnaðinum við frá öllum virkjunum, sem er vitanlega ekki rétt að gera í þessu tilviki (við erum að tala um ÍSAL og Búrfell), þá er það rúmlega 12 mill og er það meðaltalið af öllum virkjunum. Síðan hefur það gerst í umræðum um þetta samkomulag í blöðum og fjölmiðlum og einnig hér í þingsölum að varpað er fram tölum sem liggja nærri 20 millum og sagt: Það er kostnaðarverð orkunnar. Það er það verð sem við hefðum átt að semja um.

Það er ákaflega erfitt að semja við aðra þegar menn eru alltaf að semja í huganum við sjálfa sig. Það hefði verið ákaflega æskilegt ef við hefðum getað samið um 30 eða 40 mill fyrir þessa orku, en það var vitanlega aldrei inni í myndinni vegna þess að meðan orkan er 14.5 mill í Evrópu að meðaltali semur enginn um 25—30 mill á Íslandi þar sem er 4 millum óhagstæðara að reka álver en í Evrópu þar að auki.

Það sem þeir sem tala um 20 millin hafa lagt til grundvallar, en dregið fjöður yfir, er að þeir fjalla um orkuverðið frá nýjum virkjunum. Ég tek undir það, að mjög æskilegt væri að frá nýjum virkjunum á Íslandi fengjum við greitt fyrir orkuna sem næmi um 18—20 millum eða jafnvel meira miðað við verðið í dag. Ég hygg að mikið lægra sé ekki farandi vegna þess að vitanlega förum við ekki að gefa með orku sem við seljum frá raforkuvirkjunum okkar. En það er í þessu sem misvísunin felst, svo að maður noti nú kurteislegt orðalag. Þegar við erum að tala um álver frá 1966, gamla álbræðslu sem fær orku sína frá gamalli virkjun, Búrfelli, verðum við að líta á það orkuverð. En því er gleymt og í staðinn jafnan einblínt á orkuverðið frá nýjum virkjunum og sagt: Það er lélegt að fá 13, 14 eða 15 mill fyrir orkuna skv. nýja samningnum þegar framleiðslukostnaðurinn er 20 mill. Þá er undan dregið og gleymt að skýra frá því að þar er ekki um orkuverð, framleiðslukostnaðinn að ræða frá þeirri virkjun sem orkuna skapar, heldur miðað við nýjar virkjanir. Þetta er vægast sagt heldur ódýrt bragð í málflutningi sem þessum þegar jafnmikilvægt mál fyrir land og þjóð er hér á dagskrá.

Þetta var um orkuverðið og það ætti að duga, alla vega í bili. En það mætti bæta því við, þegar við erum að ræða þessi mál, að ekki eru nema tvö ár þar til orkusalan til ÍSALs frá Búrfelli hefur greitt upp að fullu þann hluta Búrfellsvirkjunar sem þarna er um að ræða. Það er eftir tvö ár sem Íslendingar eignast meginhlutann í þeirri virkjun fyrir tilstuðlan orkusölusamningsins til ÍSALs, svo lágur sem hann var þó allt fram í september á síðasta ári eða 6.4 mill. Það atriði á ekki og má ekki gleymast í þessu sambandi.

Mér hefur orðið hér tíðrætt um orkuna því að ég minnti á að hún gaf okkur 20 millj. dollara á síðasta ári, en skattarnir aðeins 1.6 millj. Orkan er meginatriðið. En við skulum samt ekki líta fram hjá því, þegar við erum að tala um hvort æskilegt er að gera samning um orkusölu til stóriðju á Íslandi eða stækka núverandi orkuver, hver er sá hagur sem íslenska þjóðin hefur haft af álverinu í Straumsvík. Ef við lítum á þær tölur kemur í ljós að miðað við gjaldeyristekjurnar, sem við höfum haft frá Íslenska álfélaginu frá því að það var stofnað og tók til starfa, eru tekjurnar af orkunni aðeins 20% af heildarmyndinni. Það er nokkuð athyglisvert. Það sýnir sig nefnilega að orkan er aðeins lítill þáttur í þeim hag sem Íslenska þjóðin hefur haft af rekstri þessa stóriðjuvers. Það er einnig vísbending til framtíðarinnar um að unnt væri að hafa sambærilegar hagsbætur af rekstri annarra stóriðjufyrirtækja ef skynsamlega er á málum

haldið af hálfu stjórnvalda.

Ef við lítum á hreinar gjaldeyristekjur nemur orkusalan aðeins 20%. Gjaldeyristekjurnar vegna orkusölunnar 1967—1983 hafa verið alls 2.5 milljarðar kr. Heildargjaldeyristekjurnar á þessu tímabili, sem runnu í íslenskt þjóðarbú, voru hins vegar tæpir 12 milljarðar kr. Skattar, vinnulaun, þjónusta og ýmislegt annað eru miklu stærri þáttur í þeim gjaldeyristekjum sem þjóðin hefur fengið frá álverinu en orkan, og hefur hún þó verið ærin tekjulind. Það er rétt að minna á þessa staðreynd vegna þess hve mönnum hættir oft og tíðum til að einblína á orkuþáttinn sem mikilvægasta atriðið í þessu efni. Orkusalan er vitanlega mikilvæg, en aðrir þættir færa þjóðarbúinu miklu meiri fjármuni í gjaldeyri en orkan. Þá eru það ekki síst vinnulaunin sem er rétt að staldra við. Vinnulaunin frá álverinu í Straumsvík námu 4.5 milljörðum kr. á þessu tímabili. Þegar rætt er um þjóðhagslegt gildi stóriðju í heild á Íslandi eru þetta tölur sem tala sínu máli og staðreyndir sem ástæðulaust er að draga fjöður yfir, en er þó af einhverjum ástæðum stundum gert.

Ég hef vikið hér að þáttum sem varða orkuverðið, framleiðslukostnaðinn og samanburðinn við orkuverð sem álbræðslur greiða í Evrópu og í Ameríku. En rétt er að víkja að fleiri atriðum sem lúta að þessu samkomulagi. Þá er ekki úr vegi að minna á að nú er í fyrsta skipti komið inn í slíka samninga endurskoðunarákvæði. Það hefur aldrei verið í álsamningnum áður. Að auki er hér einnig um verðtryggingu að ræða. Þó svo menn hafi sumir haldið því fram að svo sé ekki, þá er það rangt.

Verðtryggingin felst í því að orkuverðið er miðað við álverð í heiminum, það er tengt álverði. Í samningaviðræðunum var á það litið hvort ekki væri æskilegt fyrir Íslendinga að finna aðra verðtryggingarformúlu en tengslin við álverðið í heiminum. Ekki var óeðlilegt að menn veltu þessu fyrir sér vegna þess einfaldlega að á síðustu mánuðum hefur álverðið í heiminum verið óvanalega lágt. Það voru ýmsar verðtryggingarleiðir kannaðar og útreiknaðar. Það bar allt að sama brunni. Engin sú verðtryggingarleið sem til greina hefði komið hefði hækkað verðið frá 1966 jafnvel upp í það verð sem náðist með bráðabirgðasamkomulaginu í fyrra þegar var samið um 9.5 mill. Engin verðtryggingarformúla í samningnum 1966 hefði árið 1983 gefið okkur 9.5 mill, heldur mun lægra. Það sýnir svart á hvítu hvert gagn er í þessum algengu verðtryggingarformúlum. Ég tek aðeins eitt dæmi: Ef orkuverðið til ÍSALs hefði verið vertryggt 1966 með íslensku byggingarvísitölunni væri það nú í námunda við 7 mill. Lengra hefði það ekki farið. (**Gripið fram í:** En olíuverðið?) Já, ég reikna með að olíuverðið hefði eftir olíukreppuna, sem sumir nefna svo, gefið mun meiri hækkun. Það er tvímælalaust alveg rétt.

Þess vegna var gripið til þess ráðs, sem ýmsum kann að þykja misjafnlega snjallt, að tengja orkuna álverði. Það vildi svo til að þar höfðu menn ágæta fyrirmynd. Í frv. sem nokkrir Alþb.-menn lögðu fram hér á Alþingi snemma árs 1983 um einhliða ráðstafanir gagnvart ÍSAL var gengið út frá því að í upphafi yrði orkuverðið 12.5 mill eins og nú hefur verið samið um. Það má segja að við séum raunverulega að feta í fótspor þess frv. Þar af leiðandi er hv. 5. þm. Austurl. að þessu leyti brautryðjandinn. Síðan, ef ekki næðust samningar, var meiningin að stjórn Landsvirkjunar gæti hækkað orkuverðið, þar til samningar næðust, upp í 15—20. Það er í stórum dráttum eins og nú er búið að semja um.

En aðalatriðið, sem ég vildi undirstrika hér, var að í þessu ágæta frv. Alþb.-manna, sem mjög fróðlegt er að fletta og skoða, er gengið út frá því að orkuverðið verði tengt álverði. Það er það sem nú hefur gerst. (**Gripið fram í:** Með hvaða hætti?) Ég ætla ekki að fara að lesa upp úr frv. sem hv. þm. hefur sjálfur samið. — Það er einmitt það sem hér hefur verið gert. Eftir því sem álið hækkar hækkar orkuverðið. Ég gat áðan um að spár í því efni ganga út á að verðið verði á næstu fimm árum að meðaltali 15 mill og undir lok tímabilsins sennilega komið upp í 18.5. Ég endurtek að þetta eru spádómar. Það væri hvorki rétt né heiðarlegt að fullyrða þetta, þó svo maður hafi heyrt fullyrðingar sem ganga út frá hærra verði en 15 millum.

Endurskoðun er einnig inni í þessum samningsdrögum og það er í fyrsta sinn. Það ákvæði hefur farið fyrir brjóstið á ýmsum og menn talið það ýmist of veikt eða of miklar kröfur gerðar sem erfitt sé að uppfylla og þar af leiðandi erfitt að fá fram endurskoðun á samningnum.

Á það er í fyrsta lagi að benda að þótt ekkert endurskoðunarákvæði hafi verið í samningnum hefur þó tekist að fá fram endurskoðun tvisvar sinnum. Þau atriði ættu því ekki að hræða menn í þeim efnum. Hins vegar eru endurskoðunarákvæði nú skráð í samninginn. Hvor aðilinn um sig getur tilkynnt hinum að átt hafi sér stað teljandi ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar og ÍSALs, sem hafi haft, eins og segir í samningnum, í för með sér alvarleg áhrif á fjárhagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningnum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á.

Þeir sem þekkja til samninga sem eru svipaðir þessum vita að hér er um nokkuð almennt ákvæði að ræða. Það var forðast að hafa ákvæðið mjög nákvæmt, bundið við tiltekin tilvik, vegna þess að þá hefði það útilokað önnur tilvik. Talið var betra að hafa það almenns eðlis þar sem jafnan væri þá hægt að grípa til ýmissa röksemda. Menn hafa spurt: Gerir þetta ákvæði ekki allt of miklar kröfur? Er það ekki of þröngt? Framtíðin leiðir það í ljós. En ég held að ekki sé vafi á að til ýmssa röksemda er nú hægt að grípa til að óska endurskoðunar eftir fimm ár og á fimm ára fresti.

Hvaða atriði eru það þá sem gætu verið grundvöllur óskar um endurskoðun af hálfu Íslendinga?

Það er alveg ljóst að ef hér verður önnur bylting í orkuverðsmálum, eins og þegar olíukreppan skall yfir veröldina hér fyrir um það bil 10 árum, þá væri fullkomin ástæða til að krefjast endurskoðunar.

Veruleg breyting Bandaríkjadollars gagnvart öðrum myntum mundi í öðru lagi vera önnur ástæða vegna þess að hér höfum við miðað við dollar og það gæti gert aðstöðu okkar svo óhagstæða að við gætum krafist endurskoðunar á þeim grundvelli.

Í *þriðja lagi:* Breyting á samkeppnisstöðu ÍSALs hvað varðar t. d. flutningskostnað á álmarkaði, vinnulaun hjá ÍSAL á Íslandi miðað við vinnulaun í öðrum álbræðslum og þess háttar. Ef þarna er um einhverjar verulegar breytingar að ræða gæti það verið ástæða til endurskoðunar.

Í *fjórða lagi:* Ef söluverð á áli lækkaði verulega eða

hækkaði væru komin fram atriði sem mætti kanna og athuga hvort ekki mætti byggja kröfu um endurskoðun á.

Varðandi verðtrygginguna hefur því verið haldið fram að það sé alveg ljóst að alþjóðleg verðbólga muni þýða að raunverðið hljóti að fara mjög lækkandi, það megi gera ráð fyrir 5% verðbólgu á ári í Bandaríkjunum og það þýði að eftir fimm ára tímabil sé verðið orðið lélegt og eftir 20 ár verði það komið ofan í 5 eða 6 mill. Það er ákaflega merkilegt að það er eins og þeir sem halda þessu fram, og m. a. hefur maður séð það í sumum nál. úr Ed., gleymi öllum öðrum þáttum í þessari mynd en eingöngu verðbólguþættinum. Þeir einblína á verðbólguna, en sleppa öllum öðrum þáttum sem þarna skipta meginmáli ekki síður en verðbólgan. Þannig er hægt að draga upp línurit sem sýna feikilega mikla lækkun raungildis orkuverðsins, en þá gleymist þessum góðu herrum að að það er jafnsennilegt að verðbólgan hafi einnig áhrif á álverðið í þá átt að það hækki. Verði verðbólgan í Bandaríkjunum 5 eða 10% á ári þýðir það sennilegast að dollarinn lækki, en það þýðir hækkandi verð á áli. Það eru þessir þættir sem eru einfaldlega teknir út úr myndinni, þeim er gleymt. Ég veit ekki hvort það er af ásettu ráði. En vitanlega helst þetta í hendur.

Í þessu sambandi má aðeins minna á að reiknað hefur verið út hvert yrði raungildi orkuverðsins að fimm árum liðnum miðað við lágmarks- og hámarksákvæði, ef árleg verðbólga í dollurum verður 5% og álverð þróast með sama hætti. Talan er 16.4 mill 1989. Ef verðbólgan í dollurum verður 5% og álverð þróast eins, en gengi dollarans lækkar á þessum fimm árum um 25%, verður verðið 18.5 mill 1989. Þessar tölur eru allt aðrar en þær sem við heyrðum fram haldið í umr. í Ed.

Ég skal fara að stytta mál mitt, enda er liðið að matmálstíma. Þó er ekki hægt að fara úr þessum ræðustól án þess að minnast á þriðja atriðið í þessum samningum, en það er sáttargerðin sem gerð var.

Það hefur verið mjög deilt á ríkisstj. fyrir að hafa tekið þá stefnu að gera dómsátt í þessu máli, ýta til hliðar þeim deiluefnum sem hafa komið í veg fyrir það sannanlega að unnt hafi verið að semja miklu fyrr, t. d. 1979. Menn hafa heyrt hvað það hefur haft í för með sér í beinu tapi fyrir þjóðina. Þess vegna var brugðið á það ráð nú, þegar ljóst var að mál fyrir dómnefndum mundu mjög dragast á langinn, m. a. vegna veikinda og dauðsfalls íslenska dómarans í New York, að gera sáttargjörð gegn því að Alusuisse greiddi verulegt fé, 3 millj. dollara í sáttafé.

Kannske er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort þetta var skynsamlegt eða ekki. Átti að halda málunum til streitu? Það sem mælir fyrst og fremst gegn því að halda málunum til steitu var að ljóst lá fyrir að það mundi taka ár og kannske tvö að ljúka málunum. Við hefðum setið enn í sömu úlfakreppunni og m. a. ekki fengið neinar auknar tekjur af orkusölunni. Menn gátu auðvitað tekið þá áhættu. Menn gátu eins beðið næstu tvö árin eða hvað það hefði orðið. Úr því varð ekki og væri hægt að tala lengi um það að hér var skynsamlegri kosturinn valinn af tveimur. Ég ætla ekki að fara að orðlengja um það, en vildi einfaldlega minna á að við höfum fyrirliggjandi í skjölum álit tveggja helstu sérfræðinga fyrrverandi iðnrh. og núverandi iðnrh. í þessum efnum.

Við höfum skjalfest álit forstjóra Coopers & Lybrands, hins virta endurskoðunarfirma sem stanslaust var vitnað í fyrr á árum, og við höfum einnig skjalfest álit lögfræðilegs ráðgjafa fyrrverandi iðnrh. sem Lipton heitir og starfar í New York. Hann var helsti ráðgjafi ríkisstj. í þessum efnum og hefur verið enn til þessarar stundar í sambandi við dómsmálið í New York.

Það er þess vegna fróðlegt að heyra hvað þessir háu herrar, sem enginn mundi saka um að væru sérstaklega vilhallir hæstv. iðnrh. Sverri Hermannssyni vegna forsögu málsins, segja um það að ákveðið var að ganga til sátta. Ég vitna fyrst í bréf frá forstjóra Coopers & Lybrands sem Donald Chilvers heitir og er skrifað 28. júlí 1983. Þar segir hann:

„Mér segir helst hugur um að það hefði alvarlega óskosti í för með sér fyrir ríkisstj. að halda gerðardómsmeðferðinni áfram og að mun æskilegra væri að jafna deiluna með samningsgerð."

Ég skýt því hér inn í að þá var enginn hér á landi eða í samninganefndinni farinn að velta sáttum fyrir sér. Hér talar sá maður sem hefur fengist við alþjóðlegar deilur í áratugi og sér málið í þessu ljósi. Kannske var þetta fyrsta frækornið að því að menn fóru að velta samningum og sáttum fyrir sér.

Æskilegra hefði verið að jafna deiluna með samningsgerð, segir forstjóri Coopers & Lybrands.

Síðar segir hann:

„Eftir því sem ég hef fylgst með þróun deilunnar virðist mér helst að tillit til stjórnmála hafi að nokkru leyti magnað hana. Skýrslur okkar, um endurskoðun á afkomu ÍSALs árið 1980, hafa verið notaðar á þann hátt sem við höfðum ekki búist við" — hér er verið að tala um árabilið áður en þessi ríkisstj. tók við — „og umræður um niðurstöður okkar virðast ekki hafa gengið nógu langt til að skapa fastan grundvöll fyrir röksemdafærslu í málflutningi fyrir gerðardómi."

Síðan bætir hann við:

„Það er vegna þessara vandamála" — hann er búinn að rekja mörg vandamálin sem koma upp í málflutningnum fyrir dómnefndunum — „sem við höfum komist að þeirri niðurstöðu að mjög æskilegt væri að semja um reikningsskil," þ. e. að gera sátt. „Þá yrði komist hjá óvissu og talsverðum útgjöldum í sambandi við langdregna gerðardómsmeðferð og væntanlega mundi Alusuisse fagna því, en með tilliti til lélegrar afkomu félagsins á undanförnum árum ætti það að gleðjast fyrir því að fækka vandamálum sínum." Þetta er raunsær maður.

„Mögulegir skilmálar sáttar kynnu að vera:

1. Ríkisstj. mundi leggja kröfu sína um að endurmeta skattgjöld ÍSALs fyrir tímabilið 1975—1979 til hliðar." — Takið eftir: til hliðar. Sá maður sem gerst þekkir til bókhalds og til málsins alls, forstjóri Coopers & Lybrands, segir einfaldlega: Skattakrafan fyrir 1975—1979 er svo vonlaus að þið skuluð leggja hana til hliðar. Það er hans mat.

„2. Ríkisstj. mundi semja um uppgjör viðbótarskatts sem krafist er fyrir árið 1980 að upphæð 2.6 millj. Bandaríkjadala." Það er næstum hálfri milljón dollara lægra en Alusuisse varð að greiða samkvæmt kröfu íslenskra stjórnvalda. Eftir að farið var að ráðum þessa merka endurskoðunarforstjóra fékkst þá mun meira sáttafé en hann hafði getað gert sér í hugarlund á miðju

síðasta ári.

Hvert er álit lögfræðingsins á sáttargjörð? Ég vitna í bréf hans frá 4. okt. 1984:

„Frá upphafi," segir mr. Lipton, „hef ég verið þeirrar skoðunar að það ætti að vera einn helsti tilgangur ríkisstj. í deilunni að ná samningum um réttlátt og rýmilegt orkuverð og að umsamin lausn deilunnar, sem stuðla mundi að því að koma þessu í kring, mundi þjóna hagsmunum ríkisstj. best. Ég hafði vonast til og vænst þess að gerðin og síðari málsmeðferð dómnefnda mundi leiða til þessa árangurs.

Ef ætla má", heldur mr. Lipton áfram, „að væntanleg lausn leiði einnig til orkuverðs samkv. rafmagnssamningnum milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins sem ríkisstj. getur sætt sig við er það skoðun mín að uppgjör krafna um framleiðslugjöld fyrir árin 1976—1980 á þeim grundvelli að Alusuisse greiði ríkisstj. 3 millj. Bandaríkjadollara mundi vera mjög viðunandi lok skattadeilunnar." — Ég endurtek orð mr. Liptons: Mundi vera mjög viðunandi lok skattadeilunnar.

Það er kannske rétt að lesa hér enn einn kafla undir lokin og þá vitna ég aftur í mr. Lipton:

„Það er vafasamt," segir hann, „að ríkisstj. geti vænst betri árangurs en þeirra 3 millj. Bandaríkjadala sem Alusuisse býður til uppgjörs ef málarekstri samkvæmt bráðabirgðasamningnum yrði haldið áfram til loka og dómnefnd sérfræðinga í lögum mundi gefa álit sitt eða úrskurð undir þessum kringumstæðum".

Hér er mjög varkár maður að tala. Hann segir að vafasamt sé að ríkisstj. geti vænst betri árangurs en þarna var samið um.

Miðað við álit þessara merku sérfræðinga og sérstöku ráðunauta fyrrv. ríkisstj. í stóriðjumálum, eindregnar ráðleggingar, þá held ég að ákaflega erfitt sé að áfellast íslensk stjórnvöld í dag fyrir að hafa tekið það ráð að gera dómsátt í málinu. Þvert á móti mundi ég vilja fullyrða að það hefði verið hið mesta glapræði og teflt á tvær hættur og í algera tvísýnu að fara ekki að ráðum þessara mætu manna. Það var sem betur fer gert og fyrir liggur nú niðurstaða og árangur í því efni.

Hér mætti auðvitað tala lengi um sáttargjörðina að öðru leyti. Ýmis atriði hafa þar verið gagnrýnd. Eitt af því er að fallist hafi verið á að leyfa ÍSAL að afskrifa mengunarvarnaútbúnað í skemmri tíma en upphaflega var um talað. Það skiptir náttúrlega litlu máli einfaldlega vegna þess að það er hagstæðara að leyfa afskriftir nokkru hraðar meðan fyrirtækið stendur tiltölulega illa. Það er von til að það standi betur síðar. Þá myndast möguleikar á hærri skattgreiðslum. Hér er því engu tapað. Þvert á móti.

Það hefur og verið gagnrýnt að nú er komið inn í sáttargerðina að endurskoða skuli bækur ÍSALs árlega. Af hverju er það? Það er vegna kröfu Íslendinga. Af hverju var sú krafa sett fram? Af því að fyrrv. ráðh. lét ekki endurskoða 1978 og 1979. Það var vanrækt, sem reyndist ein ástæða þess að talið var ákaflega erfitt að sækja málið fyrir þau ár. Rétturinn var jafnvel glataður því endurskoðun fór ekki fram. Það er okkar krafa nú að endurskoðað verði árlega og það er alveg sjálfsagt því ekki viljum við að menn komist upp með einhvers konar undanbrögð hvort sem fyrirtækið heitir ÍSAL eða eitthvað annað.

Það er verið að gagnrýna hvernig farið hefur verið með varasjóðinn hér og gengismuninn, ef ég man rétt. Hvað ætlast menn fyrir í þeim efnum? Það sem um er samið í þessu samkomulagi er ekkert annað en það hvað varasjóðinn og gengismuninn snertir að hér er farið að reglum íslenskra skattalaga. Eru menn á móti því að fara að reglum íslenskra skattalaga? Telja menn þau lög gölluð eða ranglát? Þá ættu menn, frekar en að vera að gagnrýna þessa meðferð, að bera fram frv. um breytingu á þeim ákvæðum skattalaganna sem um þessi atriði gilda. Það er sjálfsagt og eðlilegt að reglur íslenskra skattalaga gildi um meðferð gengismunar og varasjóðs ÍSALs sem annarra félaga sem hér á landi starfa.

Óskaplega miklu púðri og miklu máli hefur verið eytt í umræður um ákvæði í aðstoðarsamningum eða tæknisamningi, rekstrarsamningi, ákvæði 2.03 (c), þar sem rætt er um bestu kjör og er til skýringar og útlistunar á ákvæðum aðalsamningsins í þessum efnum. Þetta ákvæði hefur verið deiluefni allt frá byrjun. Það er lögfræðilegur ráðgjafi, Firma Freeman í London, sem hefur haldið því fram að þetta ákvæði ætti tvímælalaust að gilda alfarið við túlkun á ákvæðum aðalsamningsins. *Í aðalsamningnum segir að* Alusuisse beri að eiga viðskipti við ÍSAL hvað aðföng varðar á því verði sem tíðkast í viðskiptum óháðra aðila. Það er til að tryggja að ekki sé um „hækkun í hafi" að ræða, að verðið sé ekki falsað. Ákvæðið í aðalsamningnum er vitanlega meginvörnin gegn óheiðarlegum viðskiptaháttum. Þetta ákvæði 27.03 er óbreytt. Hér eftir sem hingað til verður verðið á aðföngunum eins og í viðskiptum óháðra aðila, þ. e. seilingarfjarlægðarverð eins og það stundum hefur verið þýtt. Nú er það fram tekið, svo að það valdi ekki frekari deilum í framtíðinni, að þetta „bestuskilmálaákvæði" eigi aðeins við þegar um er að ræða viðskipti við aðila utan samsteypunnar, en ekki þegar um er að ræða viðskipti innan samsteypunnar. Þá gildir meginreglan sem á að hindra að menn geti breytt verðum óeðlilega. Með það á að fara eins og um viðskipti óháðra aðila væri að ræða og það er venjulegt ákvæði í slíkum samningum. Í því felst sú vörn sem verður að telja nægilega í þessu efni.

Því hefur verið haldið fram í deilunni við Alusuisse og því var auðvitað haldið fram allt þar til sáttargerðin var gerð, að þetta ákvæði í aðstoðarsamningnum væri til eðlilegrar túlkunar og skýringar á ákvæðum aðalsamningsins, en nú hafa verið settar um það skýrar reglur sem ekki eiga að leiða til deilna í framtíðinni. Vera má þó að allt þetta mál verði úrelt ef samið verður um nýtt skattafyrirkomulag við ÍSAL og Alusuisse frábrugðið því sem nú gerist, þannig að ekki verði tekið mið af hagnaðarsjónarmiðinu. Að mínu mati væri það mjög æskilegt. Þá þurfa menn ekki að deila um verð á aðföngum. Þá þurfa menn ekki lengur að deila um „hækkun í hafi". Þá væri einfaldlega um að ræða að aðföngin væru ákveðin prósenta af heildarframleiðslukostnaði áls eða að ákveðinn skattur væri lagður á hvert tonn, eins konar veltuskattur, og þá mundu engar slíkar deilur um þetta geta risið í framtíðinni. Það væri einfaldasta, hagkvæmasta og besta fyrirkomulagið í þessum efnum. Umræðum um það og samningaumleitunum á að ljúka fyrir 1. júní á næsta ári. Skattamálin eru þess vegna enn óuppgerð og það er ástæða til að undirstrika það. Umræður eiga eftir að fara fram um nýtt kerfi. Að því miða báðir aðilar.

Annað atriði er enn ósamið um. Það er stækkunin

sem sumir hafa mjög miklað fyrir sér. Ummæli hvað hana varðar er að finna í bréfi um samkomulag sem iðnrh. undirritaði 5. nóv. 1984 um leið og þetta samkomulag. Þar er fjallað um stækkun bræðslunnar, 40 þús. tonna afkastagetu. Menn hafa viljað, sennilega af misskilningi, túlka þennan stutta texta sem svo, að með því væri verið að veita einu fyrirtæki einokun, með því væri verið að veita einu erlendu fyrirtæki einokunaraðstöðu á íslenska orkumarkaðinum. Hér væri verið að binda það fastmælum að álverið skyldi stækkað um 50% og í öðru lagi yrði það Alusuisse sem að því mundi standa og þá væntanlega með orkuverði sem það sjálft mundi ákveða.

Hér er um hinn mesta misskilning að ræða. Hér höfum við ekki undirgengist neinar skuldbindingar, og ég endurtek: ekki neinar skuldbindingar, heldur lýsum við aðeins vilja okkar til að skýra Alusuisse frá því hvaða kjör og skilmála við mundum telja æskilegt að setja fram varðandi verð á raforku til hugsanlegrar — og ég undirstrika: hugsanlegrar stækkunar — ef til þeirrar stækkunar mundi koma. Hér er ekki um neinar skuldbindingar að ræða. Það er þess vegna ekkert í þessum texta sem bindur okkur í fyrsta lagi við að stækka bræðsluna né heldur að selja orku á öðru verði en því sem við sjálfir teljum nægilega hátt. Í þessu efni er því ekki hin minnsta hætta fólgin. En af einhverjum ástæðum hefur verið reynt að teygja þetta atriði og toga, eins og svo mörg önnur atriði í þessu máli öllu.

Það er alveg ljóst að stóriðja er ekki nein allsherjarlausn á efnahagsvanda þjóðarinnar sem er svo mjög til umræðu í dag. Hér verður að ganga fram með fullri gát og varkárni og gæta þess að leggja ekki of mikið undir í einu. Hinu verður þó varla með rökum á móti mælt að það er skynsamlegt fyrir þjóðina að nýta þá miklu orku sem enn er óbeisluð í fallvötnum landsins og þá ekki síður til stóriðju en annarra hluta. Skynsamlegir samningar við erlenda aðila er grundvallarforsenda í þessu efni — samningar sem bæði tryggja arðgjöf og atvinnu á komandi árum. Á þann hátt getur stóriðja orðið sú lyftistöng sem íslenskur þjóðarbúskapur þarf á að halda.

Frsm. 4. minni hl. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Hér höfum við heyrt þrjú minnihlutaálit frá iðnn. þessarar deildar um það mál sem til umr. er og nú mæli ég fyrir því fjórða. Hafa þá öll stjórnmálasamtök sem eiga fulltrúa í nefndinni skilað séráliti. Það er í sjálfu sér athygli vert og víst er að sínum augum lítur hver á silfrið — eða ætti ég kannske heldur að segja álið.

Hér er um að ræða áfanga í samningagerð núv. ríkisstj. við fjölþjóðafyrirtækið Sviss Aluminium Ltd., Alusuisse. Samningum er alls ekki lokið og mikilvægur þáttur þeirra bíður enn umfjöllunar þar sem eru skattamálin.

Sú leynd, sem hvílt hefur yfir samningagerð þessari og sá skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu sem hefur ríkt allan samningstímann, er mjög gagnrýniverð.

Við undirbúning þessa samnings hefði verið eðlilegt og réttlátt að fulltrúar allra stjórnmálasamtaka, sem sæti eiga á Alþingi, hefðu verið hafðir með í ráðum, ekki síst þar sem hér er um að ræða mál sem snertir svo mjög hag allra landsmanna. Þess í stað er samningurinn fyrst sýndur Alþingi þegar hann er fullfrágenginn og undirritaður og engin leið að hafa þar áhrif til breytinga. Þó kastar fyrst tólfunum þegar gjaldmælir er settur á þm. og þeim sagt að hver dagur, sem líði frá undirritun samningsins, kosti Landsvirkjun um 400 þús. kr. Er þá alúð og samviskusemi þm. í jafnmikilvægu máli orðin Íslendingum dýrkeypt.

Það er ekki auðvelt að hafa svo stuttan tíma til að kynna sér jafnflókið og margslungið mál eins og þetta álmál Íslendinga er og með þá pólitísku fortíð sem það hefur þar að auki. Ekki er það gert auveldara ef litið er til þess hve alvarlegt og afdrifaríkt þetta mál er fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar í nútíð og um ófyrirséða framtíð.

Það verð ég að segja að því þykir mér málið ógeðfelldara og óhugnanlegra eftir því sem ég kynnist því meir og óttast ég um hinn íslenska Davíð gagnvart hinum ófyrirleitna Golíat fjölþjóðanna. Það hefur löngum þótt vera aðalsmerki á Íslendingum að vera göfuglyndir og leysa gesti sína út með gjöfum, en fyrr má nú rota en dauðrota, því að undirtónninn við alla samningagerðina fannst mér vera, þó að orðin væru ósögð, aumingja Alusuisse, aumingja Alusuisse. Ja, sér er nú hver auminginn.

Það sem einkennt hefur alla samningagerð milli Íslendinga og Alusuisse á liðnum árum setur einnig sterkan og afgerandi svip á þennan síðasta samningsáfanga sem nú bíður samþykkis Alþingis. Enn sem fyrr hefur Alusuisse tekist að ná þeim undirtökum sem það virðist hafa í hverri samningalotu og hefur sveigt samningagerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Það er ekki ofsögum sagt af Alusuisse að það sé erfiður samningsaðili og er með ólíkindum að ríkisstj. skuli hafa skrifað undir það að taka þátt í samningaviðræðum við fyrirtækið í framtíðinni „í góðri trú“ eins og segir í samningnum.

Ýmis ákvæði samningsins lúta fyrst og fremst að því að treysta stöðu Alusuisse og greiða götu þess án þess að tekist hafi að gæta íslenskra hagsmuna í sama mæli. Má þar t. d. nefna ákvæði um breyttar afskriftareglur svo og rýmkun á rétti ÍSALs til að leggja fé í varasjóð til að sleppa við skattlagningu.

Sömuleiðis gefst mjög lítið svigrúm til endurskoðunar á reikningum ÍSALs og engin ákvæði eru í samningum sem veita aðgang að bókhaldi Alusuisse eins og nauðsynlegt gæti orðið vegna tengsla þessara tveggja fyrirtækja.

Auk þessara ívilnana hefur Alusuisse tekist að ná þeirri stöðu í samningsmálunum sem kann að verða Íslendingum einna afdrifaríkust. Fyrirtækinu hefur tekist að kljúfa tvö nátengd atriði þessa máls í aðskilda þætti sem samið verði um hvorn í sínu lagi og er hér átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ. e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins.

Hv. þm. Gunnar G. Schram kom hér upp áðan og hafði yfir tölur um skattatekjur og raforkutekjur af viðskiptum okkar við Alusuisse. Hann er líklega ekki staddur hér enn sem komið er, en ég hefði gjarnan viljað spyrja hann hvort þetta hlutfall sem hann fékk út, 1.6 millj. í skattatekjur miðað við 20.6 millj. af raforkusölu, hvort þetta hlutfall skattatekna miðað við raforku sé fengið ef frá eru reiknaðar þær tekjur sem fengist

hefðu ef Alusuisse hefði greitt skatt af þeim hagnaði sem fyrirtækið kom undan með svokallaðri „hækkun í hafi".

Með því að fallast á hækkun á raforkuverði hafa Alusuisse og ÍSAL fengið uppgefnar sakir og hreint siðgæðisvottorð þar sem ríkisstj. „leysir þau hér með frá öllum kröfum, hverju nafni sem nefnast". Syndakvittun þessari fylgir svo greiðsla frá Alusuisse upp á 3 millj. dollara. Það ber að fagna því að einhver árangur hefur náðst í því að leiðrétta hið allt of lága raforkuverð sem viðgengist hefur í viðskiptum við Alusuisse hingað til. Þó er því ekki að heilsa að meðalsöluverð orkunnar til Alusuisse muni fyrirsjáanlega ná kostnaðarverði hennar í núverandi virkjanakerfi landsins. Jafnframt er þessi hækkun of dýru verði keypt þar sem fórnað hefur verið einni sterkustu málsástæðu okkar til leiðréttingar á skattamálum. Þau mál lágu fyrir dómi og var staða okkar þar talin sigurstrangleg en málflutningi að mestu lokið og stutt í dómsúrskurð. Nú stöndum við mun verr að vígi hvað snertir skattamálin. Þeim þætti, sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga, hefur verið afsalað og samið hefur verið um raforkuverðið án tillits til skattamála.

Hv. þm. Gunnar G. Schram talaði einnig um skattamál, sérstaklega þau skattamál og þau samningsatriði málsins sem lúta að íslenskum lögum. En þá er mér spurn: Væri ekki eðlilegra að öll skattamál ÍSALs eða Alusuisse lytu íslenskum lögum frekar en einungis þau sem koma því fyrirtæki best?

Í ofanálag hefur svo verið fellt niður ákvæði í grein sem hefur númerið 2.03(c) í aðstoðarsamningi og varðar rekstur um að Alusuisse eigi að leitast við að „tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru". Er Alusuisse þarna gert einrátt um verð á aðföngum til ÍSALs og tekið upp í staðinn ákvæði „um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli ólíkra aðila" eins og segir í grein 27.03 í aðalsamningi.

Er þarna gengið þvert á hagsmuni Íslendinga. Við ákvörðun söluverðs raforkunnar er miðað við meðalverð í heiminum, bæði milli skyldra og óskyldra aðila. Sú ráðstöfun verður að teljast í ósamræmi við það ákvæði sem gildir um kaup á aðföngum, en þar gildir nú ákvæði um viðskipti milli óskyldra aðila, eins og áður segir, og er sú breyting komin í samninginn núna. Þykir eðlilegt að sami háttur sé hafður á um kaup á aðföngum og kaup á raforku, þegar verið er að meta meðalverð á raforku milli óskyldra eða skyldra aðila.

Enn fremur verður að teljast furðulegt að það raforkuverð sem um er samið skuli vera óverðtryggt. Þó er fyrirsjáanleg verðbólga í alþjóðlegu efnahagslífi áætluð um 5% á ári. Því má búast við að raungildi Bandaríkjadollars minnki um 5% á ári. Það leiðir svo aftur til þess að raungildi umsamins raforkuverðs til ÍSALs nær efri mörkum sínum eða 18.5 millum kwst. eftir u. þ. b. fimm ár og getur ekki hækkað, fer síðan lækkandi að raungildi. Trygging raforkuverðsins er því engin þegar til lengri tíma er litið.

Jafnframt er söluverð raforkunnar tengt heimsmarkaðsverði á áli sem gerir það enn ótryggara og háðara sveiflum.

Með því að sækja svo ákaft eftir hækkuðu raforkuverði sem meginárangri í samningagerð án nægilegs tillits til annarra þátta, þykir Samtökum um kvennalista að sjónarmið stundargróða hafi verið látin ráða fremur en að leitast hafi verið við að styrkja stöðu Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse til frambúðar.

Nú hefur málið verið klofið og við sitjum eftir með skattamálin óleyst og nánast enga viðspyrnu. Þau endurskoðunarákvæði sem í samningnum eru telja sumir verri en engin þar sem þau leyfa einungis endurskoðun á fimm ára fresti og einungis ef um er að ræða „ófyrirsjáanlega breytingu til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á" eins og segir í samningnum, með leyfi forseta:

Ef endurskoðun fæst skulu aðilar „eiga með sér samningaviðræður í góðri trú" — og það er ekki ólíklegt að þá þurfi einmitt góða trú — „og reyna að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum".

Ef það næst ekki er heimilt að vísa málinu til gerðardóms, en þess er skemmst að minnast að núverandi ríkisstj. þótti slíkt ekki fýsilegur kostur á s. l. hausti.

Samtökum um kvennalista þykja þessi endurskoðunarákvæði óljós, einkum hvað varðar efnisástæður sem leiða mættu til endurskoðunar. Enn fremur að ótryggt og langsótt gæti orðið fyrir Íslendinga að leita réttar síns eftir þessum ákvæðum.

Fyrirætlanir um stækkun álbræðslu í Straumsvík með forkaupsrétti Alusuisse að orku úr nýjum virkjunum eru ekki vænlegar þegar litið er til fyrri viðskipta okkar við þetta fyrirtæki. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé æskilegt fyrir Íslendinga að verða enn þá háðari fyrirtækinu um orkunýtingu hér á landi en þegar er orðið né að takast muni að semja um að það kaupi orkuna á því verði sem kostar að framleiða hana. Enn fremur hafa Samtök um kvennalista frá upphafi bent á að stóriðja er ekki fýsilegur atvinnukostur fyrir Íslendinga og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík þá ekki heldur. Reynsla okkar hefur sýnt að stóriðja er lítið atvinnuskapandi miðað við þann mikla fjármagnskostnað sem henni fylgir. Við hana eru einungis bundin mjög fá en óheyrilega dýr störf og gildir það ekki síst um þá stóriðju sem hér um ræðir, þ. e. álbræðslu, auk þess sem stóriðju getur fylgt byggðarleg og félagsleg röskun og mengun af ýmsu tagi, en þessar ástæður eru þeim mun alvarlegri þar sem Íslendingar eru fámenn þjóð sem býr í víðkvæmu landi. Ekki bætir svo úr skák að margir telja þessa tegund orkunýtingar til atvinnukosta gærdagsins.

Við megum ekki heldur gleyma því að erlendar skuldir Íslendinga stafa af langstærstum hluta af stórvirkjanaframkvæmdum vegna stóriðju. Ekki virðist okkur ganga sundið í þeirri skuldasúpu of vel og virðist mál að linni slíkri skuldasöfnun. Það virðist því þurfa mikið af „góðri trú" til að samþykkja þennan samning.

Ef gætt er að hagsmunum Íslendinga þá er þessi samningur ríkisstj. við Sviss Aluminium Ltd. í heildina tekið óviðunandi og því leggja Samtök um kvennalista til að frv. þetta verði fellt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Afstöðu Alþfl. í þessu máli var lýst í Ed. í nál. 1. minni hl. sem undirritað var af Magnúsi H. Magnússyni varaþm. Það er kunnara

en frá þurfi að segja að við Alþfl.-menn höfum talið að við ættum að nýta þá möguleika sem felast í fallvötnum okkar til að efla hér atvinnulíf. Við stóðum á sínum tíma að þeim samningi sem gerður var varðandi álbræðsluna í Straumsvík.

Ég tel að þeir sem skoðað hafa þennan samning og hvernig hann hefur reynst hljóti að telja að hann hafi reynst traustur að öllu leyti nema að því er varðar tvö atriði. Vegna þessara tveggja atriða hafa komið upp deilumál og ýmiss konar harðrétti fyrir okkur Íslendinga vegna breytinga sem hafa orðið á ytri aðstæðum í heiminum. Í ljósi þeirrar reynslu á fyrst og fremst að endurskoða þann samning sem hér um ræðir.

Fyrra atriðið sem brast er það að orkuverð hefur ekki fylgt verðlagsþróun í heiminum og þrátt fyrir nokkra leiðréttingu 1975 — sem var reyndar að mestu leyti í því fólgin, ef ekki öllu, að lækka skatttekjur ríkisins en færa í staðinn samsvarandi hlut yfir í orkuverðið — hefur orkuverð dregist mjög aftur úr. Í samningunum frá 1975 var einhvers konar verðviðmiðun sem átti að vera í átt við verðtryggingu. Hún reyndist ekki duga betur en raun ber vitni þannig að orkuverðið var langt fyrir neðan það sem eðlilegt gat talist þegar sú deila, sem hér er lagt til að leyst verði með þeim pappírum sem hér er til umfjöllunar, upphófst. Orkuverðið reyndist sem sagt of lágt og það reyndist torsótt að fá breytingar á því.

Hitt atriðið, sem hefur valdið árekstrum, er það að túlkun á afkomu fyrirtækisins hefur ekki verið einhlít. Það hefur ekki verið sama skoðun sem hefur verið uppi af hálfu íslenska ríkisins um afkomu fyrirtækisins og þar með skattlagningu og fyrirtækið lagði fram reikninga um. Það var þess vegna að vonum að þegar núv. iðnrh. tók til starfa skyldi hann lýsa því yfir að við þyrftum með óyggjandi hætti í fyrsta lagi að tryggja okkur það verð fyrir orkuna sem svaraði til kostnaðarverðs, að hún yrði ekki seld á undirverði, og í annan stað að það yrði að vera óyggjandi að ekki yrðu deilur um skattamál áfram.

Nú er spurningin: Hefur þessum markmiðum ráðh. verið náð með þeim pappírum sem hér eru til umfjöllunar? Ég tel að svo sé ekki. Hv. þm. Gunnar G. Schram talaði um að skattamálin væru eiginlega öll eftir. En var ekki hugmyndin að það tak, sem Íslendingar höfðu á þessu máli, væri notað, til að leysa málið í heild? Einn veigamesti þátturinn í því að hafa tök á þessu máli var ákvæðið í aðstoðarsamningi sem varðaði bestu kjör. Ég tel að það hljóti að vera mikið áfall fyrir okkur Íslendinga að hafa fallið frá þessu ákvæði og að það hafi verið mikil mistök að fallast á að viðskiptakjör skyldu vera eins og milli óháðra aðila en ekki miðað við bestu kjör eins og var í hinum upprunalega samningi.

Sannleikurinn er sá að langstærstur hluti af aðföngum til ÍSALs kemur frá móðurfyrirtækjum og dótturfyrirtækjum þess. Það er hætta á því að eftir að sú breyting yrði gerð, sem hér er lögð til um að bestukjaraákvæði gildi einungis um viðskipti við þriðja aðila, mundi þessi hlutfallstala enn hækka. Þá yrði móðurfyrirtækið enn frekar milligönguaðili. Ég tel að það hafi verið alveg einhlítt að þegar þessi samningur var gerður hafi það vakað fyrir þeim sem að honum stóðu, hvort sem þeir hétu Jóhann Hafstein, Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason eða Ingólfur Jónsson, að nauðsynlegt væri að hafa mjög stíf ákvæði um það hvers konar kjara ÍSAL nyti vegna þess að það væri hluti af hring, hluti fyrirtækjasamsteypu og það hefði þess vegna alls ekki verið nein tilviljun að þetta ákvæði var sett í aðstoðarsamninginn. Stefnan var sú í upphafi að hafa það sem mest á hreinu að sveiflur í afkomu fyrirtækisins hefðu sem minnst áhrif á íslenskt efnahagslíf og hafa skattamálin sem skýrust. Þetta var að ráðum allra þeirra sérfræðinga sem leitað var til. Þess vegna var líka grunnhugmyndin sú varðandi skattana að greitt skyldi framleiðslugald, sem stæði í beinu hlutfalli við framleiðslumagn eftir ákveðinni formúlu, en rafmagnsverð skyldi vera fast, því að menn höfðu ekki gert sér grein fyrir þeirri sprengingu sem fram undan var í orkuverði og verðbólgu og gjaldmiðlaumróti.

Það sem hins vegar er gert með þeim samningi, sem hér er lagður fram, er að hverfa frá þeim grundvallaratriðum sem lögð voru í upphafi. Í fyrsta lagi um að Íslendingar skyldu ekki láta sveiflur í atvinnurekstrinum hafa áhrif á atvinnulíf sitt, því að hér er innleitt í staðinn fyrir verðtryggingu að binda orkuverðið við verðlag á áli, sem allir geta séð á línuritum að sveiflast mjög mikið milli ára. Þetta getur þýtt það að tekjur Landsvirkjunar muni verða mjög sveiflukenndar í framtíðinni. Í þessu sambandi hlýt ég þó að skjóta því inn að telja verður til mikilla bóta að út hafi verið tekið ákvæði, sem var í drögum að þessum samningum þar sem gert var ráð fyrir því að ÍSAL gæti skert orkukaup sín, því að það hefði heldur betur magnað skellinn, þegar herti að á álmarkaði, að saman færi að samdráttur yrði í orkukaupum frá fyrirtækinu og verðlækkun á orkunni.

Í stað þess að hafa áhættu Íslendinga sem minnsta, verja þá sem mest fyrir þessum sveiflum í rekstri ÍSALs er nú farið inn á þá braut í þessum samningi að taka áhættu af rekstrinum og leiða inn í íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf, ekki einungis að því er varðar skattalega afkomu fyrirtækisins, heldur líka að því er raforkuverð varðar.

Verðtrygging hefði á hinn bóginn miðast við einhvern stöðugan verðmælikvarða eins og orkuverðið í heiminum. En ég held engu að síður að nauðsynlegt hefði verið — og á það höfum við Alþfl.-menn lagt áherslu — að uppsagnarákvæði væru ótvíræð vegna þess að nægar höfum við haft uppákomurnar í þessum samningi til þess að fyllsta ástæða væri til að geta tekið hann til endurskoðunar, án þess að nokkurt sérstakt harðrétti þyrfti til að koma, á fimm ára fresti. Það hefur heyrst úr þessum ræðustól og reyndar frá ýmsum öðrum að það uppsagnarákvæði, sem nú sé gert ráð fyrir að setja inn, sé verra en ekkert. Ég skal ekki leggja á það dóm, en það stenst alls ekki þær kröfur sem er eðlilegt og réttlátt að Íslendingar geri með hliðsjón af þeirri reynslu sem þeir hafa haft af samningnum.

Að því er þessa þætti varðar er niðurstaðan sú að skattamálin hafa ekki verið leyst, en takinu, sem menn höfðu á skattamálunum og til að sjá til þess að afkoma fyrirtækisins væri reiknuð eins og upphaflega var til ætlast, hefur verið sleppt með því að brjóta á bak aftur það ákvæði sem var í aðstoðarsamningnum. Í stað þess að taka ekki sveiflurnar inn í íslenskt efnahagslíf af rekstri fyrirtækisins er nú innleitt að við skulum vera þátttakendur í áhættunni. Þessi atriði ein sér eru nægileg til þess að menn hljóta að telja að hér sé horfið af þeirri braut sem margir héldu að hefði verið við lýði fram undir þetta, af þeirri braut sem var mörkuð í upphafi, af þeirri braut sem menn töldu að væri verið að

fara inn á þegar samningaumleitanir hófust, af þeirri braut sem maður gat helst ráðið að iðnrh. væri að fara.

Þessar ástæður gera það að verkum að Alþfl. telur ekki fært að mæla með samþykkt þessa samnings. Nú heyrir það til málsins að hæstv. iðnrh. hafði ekkert samráð við Alþfl. frekar en aðra aðila stjórnarandstöðunnar um meðferð þess. Tækifæri til að fylgjast með málsmeðferðinni hefur því verið vægast sagt mjög takmarkað, reyndar nánast ekki neitt. Venjulega hafa menn orðið að búa við það að heyra í fjölmiðlum einhvern leka frá einhverjum nm. um hvað væri að gerast. Það hafa verið einu tíðindin sem menn hafa fengið. Ég held að það hefði verið langtum hollara ef farið hefði fram opinber umræða um þetta mál, um stefnuna sem menn ætluðu að taka í þessum samningum áður en í þá var gengið. Það hefði verið mun farsælla en að fara þá leyndarbraut með lekum sem hér var farin.

Ég hef áður sagt að sú formúla sem hér er valin og menn telja að eigi að vera eins konar verðtrygging en felur fyrst og fremst í sér áhættu fyrir okkur Íslendinga að því er orkuverðið varðar, sú formúla mundi gefa okkur um 13.5 mill að jafnaði á núvirði. Ég hef ekki breytt þeirri skoðun minni af þeim umr. sem hér hafa nú farið fram. Þeir spádómar sem hafa verið lagðir fram af hálfu sérfræðinganna eru ekki þess eðlis að séð verði að það sé fram undan slík hækkun á álverði að raunverðið á orkunni fari upp úr þessari tölu. Og menn verða að gæta að því að þessi formúla er þar að auki þannig samin að til þess að standist á hækkun á álverði og hækkun á orkuverði, þannig að um raunverulega verðtryggingu ætti að vera að ræða, ef þetta væri nú bein og breið braut upp á við eins og spádómar Landsvirkjunar hafa sýnt, þá er formúlan með þeim hætti að álverðið verður að hækka 50% meira en almennt verðlag til þess að um raunverulega verðtryggingu sé að ræða, miðað við almennt verðlag eða hvaða verðlagsmælikvarða sem menn vilja velja sér.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. sem hafa staðið í allan dag. En ég hefði talið að menn hefðu átt að læra af reynslunni. Og menn áttu von á því að af hálfu hæstv. ráðh. yrði tekið á þessu máli með öðrum hætti.

Við Alþfl.-menn höfum líka sagt að það væri nauðsynlegt og rétt að ágreiningurinn í skattamálum færi í dóm. Nú valdi ráðh. dómsátt. Það var í sjálfu sér hugsanlegt að velja dómsátt ef út úr því kom jafnframt úrskurður um ótvíræðan skilning Íslendingum í hag á því ákvæði aðstoðarsamningsins sem hefur reyndar samkvæmt þessum tillögum verið fellt úr gildi. Og varðandi þau bréf sem hér hafa verið lesin upp frá lögfræðingum vil ég benda á að þeir eru einungis að tala um dollarakröfurnar, hvort Íslendingar geti hugsanlega sætt sig við 3 millj. dollara miðað við þær kröfur í peningum sem hafi verið lagðar fram. Vissulega voru sumar af þeim vafasamar, allt í lagi með það. Við höfum rætt það hér áður. Og ég get vel skilið álit lögfræðinganna um það að frekar en að standa í frekara stappi út af þessum aurum gætu menn þegið 3 millj. dala sem eins konar uppgjör í þeim efnum. En það kemur hvergi stafkrókur fram hjá þessum lögfræðingum um það að Íslendingar eigi í ofanálag og í kaupbæti að afsala sér sterkasta ákvæðinu, sem þeir byggðu allar sínar kröfur á, ákvæðinu um bestu kjör í aðstoðarsamningnum.

Við töldum nauðsynlegt að úrskurðað yrði með dómi hvernig bæri að túlka þetta ákvæði svo að það færi ekkert á milli mála og það lægi fyrir og menn þyrftu ekki að vera að tætast í því í framtíðinni hvers konar túlkun ætti þar að vera. En ef menn hins vegar völdu dómsáttina þá varð það líka að vera hluti af henni að skattaútreikningar væru héðan í frá óyggjandi og að það ákvæði héldist sem var í aðstoðarsamningnum.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi. Ég tel að ég hafi komið að öllum þeim helstu atriðum sem varða þetta mál og ætla ekki að lengja umr. frekar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér hafa menn flutt langar og ítarlegar ræður og margt hefur komið fram, bæði með og móti þessum samningi. Þessi ræðuflutningur virðist þó hafa frekar takmarkað gildi nema sögulega séð fyrir þingtíðindi, því mér virðist að þm. séu almennt búnir að gera upp hug sinn og jafnvel svo að ég er sennilega eini þm. hér í salnum eða í hv. Nd. sem hef óbundnar hendur og ræðumenn geta haft áhrif á. Og segi menn svo að það sé alveg ónýtt að hafa hér óháða menn í salnum!

Ég hef það á tilfinningunni að þingflokkarnir séu búnir að móta afstöðu sína fyrir fram og leiti rakanna eftir á. Það gildir bæði um stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Það gengur jafnvel svo langt að tveir þm. Framsfl. leggja hér fram álit þar sem þeir lýsa því yfir að þeir muni greiða atkv. með samningunum en finna honum samt flest allt til foráttu í þeirri grg. sem fylgir þessari afstöðu þeirra.

Ég las í Innansveitarkróniku Laxness og skrifaði það niður hjá mér þar sem hann segir á einum stað:" Því hefur verið haldið fram að Íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðhengilshátt og deila um tittlingaskít sem ekki kemur málinu við en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna málsins."

Ég segi svo sem ekki að menn hafi forðast kjarna málsins í þessu mikla ágreiningsmáli, en þeir hafa hins vegar óneitanlega tilhneigingu til að taka lítt mark á kjarnanum. Og ef þingheimur er ekki skelfingu lostinn þá setur hann a. m. k. hljóðan og hverfur úr þingsal þegar kemur að þeim kjarna sem hér er um að ræða í þessu stóra máli.

Herra forseti. Í þessum umr. hafa verið tíunduð rök bæði með og móti frv. og ég þarf þar litlu við að bæta. En ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir afstöðu minni til þessarar samningagerðar og nánast þá að gera grein fyrir atkv. mínu. Það er ekki seinna vænna því að enn einu sinni skellur á okkur útvarpsumræða þar sem ræðutími er takmarkaður við sérstaklega útsenda talsmenn þingflokka. Í útvarpsumræðum er nefnilega ekki gert ráð fyrir því að einstakir þm. í þingflokkum geti haft skoðanir öðruvísi heldur en þingflokkarnir.

Í fyrsta lagi vildi ég taka fram að fyrst þegar gengið var til samningsstarfs við Alusuisse og orkusölusamningur gerður árið 1966 var mjög hart deilt um þá pólitísku ákvörðun að bjóða erlendum aðilum aðstöðu til verksmiðjureksturs hér á landi. Allar götur síðan hafa farið fram látlausar deilur um þessa stefnu, hún verið umdeild og stórpólitískt hitamál. Þess vegna er

það athyglisvert að í þeim umr. sem nú fara fram er ekki lengur deilt um, a. m. k. ekki sem neinu nemur, réttmæti eða gildi þess að selja orkuna til erlends stóriðjufyrirtækis heldur er hitt orðið aðalatriðið að hafa sem mest út úr þeim viðskiptum. Gagnrýnin gegn þessu frv. beinist m. ö. o. aðallega og nánast eingöngu að því að samningarnir gefi ekki nógu mikið í aðra hönd.

Í öðru lagi. Sú endurskoðun sem hefur farið fram og þær auknu tekjur sem augljóslega koma Íslendingum til góða og til tekna undirstrika að fyrri samningar við Alusuisse hafa verið óviðunandi, a. m. k. er varðar raforkuverðið sjálft. Því verður ekki á móti mælt að síðasta ríkisstjórn og þá einkum fyrrv. iðnrh. hafði forgöngu um þá kröfugerð sem uppi hefur verið höfð. Leiða má líkur að því að samningsgerðin eins og hún liggur fyrir hefði ekki borið jafnmikinn árangur nema fyrir þá sök að hart var sótt og af fullri einurð. Þótt deila megi um vinnubrögð og meintar ákærur sem spilltu fyrir og sköpuðu tortryggni á báða bóga, þá verður að viðurkenna að sú einbeitni, sá ágreiningur og jafnvel sú óbilgirni af hvaða toga sem hún annars kann að hafa verið spunnin, skapaði skilyrði til þeirrar samningsgerðar sem er til umfjöllunar. Ég tel sjálfsagt að færa þessa staðreynd til tekna þeim aðilum sem nú mótmæla afrakstrinum af fyrri athöfnum sínum og annarra.

Í þriðja lagi. Það hefur verið sett fram gagnrýni á að samkomulagið feli ekki í sér heildarlausn er varðar skattafyrirkomulagið og hugsanlega stækkun álversins. Ég tel það frekar kost en galla og Íslendingar hafa þannig alla möguleika á að ná fram sínum kröfum án þess að versla með orkusöluna að öðru leyti. Hvað varðar þá grundvallarákvörðun, þá pólitísku ákvörðun að lýsa því yfir að Alusuisse muni vera gefinn kostur á að stækka álverið, þá er ég meðmæltur þeirri ákvörðun af pólitískum ástæðum. Ég tel það skynsamlega stefnu og rétta, enda er um leið rétt að taka fram að enn er ósamið um allar skuldbindingar og öll kjör ef til þess kemur að álverið verði stækkað einhvern tíma í náinni framtíð.

Í fjórða lagi. Þegar deilt er, og síðan gengið til samninga þar sem miklir hagsmunir eru í húfi, getur auðvitað enginn búist við því að ná fullum sigri. Samningar byggjast á málamiðlun, að tekið sé tillit til sjónarmiða beggja. Aðalatriðið eða kjarni málsins er að ná fram hækkun á orkuverðinu. Það hefur tekist. Verðið hefur tvöfaldast og jafnvel þrefaldast frá upphaflegu verði og mér finnast rökin sem liggja að baki þessu samkomulagi um orkuverðið vera skynsamleg og réttmæt. Enginn segir að þessu verði hefði ekki mátt þoka enn hærra, en ég hef ekki heyrt á málflutningi þeirra sem snúast gegn þessum samningi hvernig það hefði mátt gerast nema þá á kostnað einhvers annars og á kostnað þess að enn hefði dregist að Íslendingar hefðu fengið auknar tekjur strax af hækkuðu orkuverði. Þetta ber að hafa í huga þegar fyrir liggur að hér er verið að kljást við harðsnúna og jafnvel harðsvíraða viðsemjendur.

Í fimmta lagi. Hnökrarnir á þessu samkomulagi eru vissulega nokkrir, og ég hef sérstaklega staðnæmst við þær aths. sem hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hefur gert er varðar mgr. 203 í aðstoðarsamningi þar sem rætt er um bestu kjör. Nú hafa verið gefnar skýringar bæði af hálfu hæstv. ráðh. og frsm. álits sjálfstæðismanna í iðnn. á því hvernig þessu máli við víkur. Engu að síður finnst mér öll málsmeðferð vera vafasöm ef ekki tortryggileg, ekki af hálfu okkar manna heldur af því hversu fast Alusuisse hefur sótt á um að fá þessu ákvæði breytt þannig að það gildi aðeins um viðskipti við þriðja aðila en ekki milli Alusuisse og dótturfyrirtækja þess. Ég tel engan vafa á eftir því sem upplýst er að breyting á þessu ákvæði var gerð að úrslitaatriði í lokahrinunni. Það hefur aðeins verið gert af þeim Alusuisse-mönnum vegna þess að þeir telja þetta vera mikla hagsmuni fyrir sig. Af þeirri ástæðu er ég undrandi og hef ekki fengið skýringar á því hvers vegna Íslendingar gáfu eftir í þessu máli, svo augljóst hagsmunaatriði sem það er. Öll þessi deila er fyrst og fremst sprottin af því að upp kom deila eða ásökun „um hækkun í hafi". — Þær ákærur byggjast einmitt á þessum tilgreindu ákvæðum í mgr. 203 í aðstoðarsamningi.

Ég hlýt líka að lýsa yfir vonbrigðum mínum með hvernig þessi samningur er lagður fyrir þingið. Hér er nánast um að ræða að menn þurfi að taka afstöðu til þessa pakka með einni atkvgr., annaðhvort af eða á. Ég hefði kosið að hægt hefði verið að láta álit sitt í ljós í atkvgr. á einstökum liðum og atriðum í samkomulaginu vegna þess að vissulega hafa komið fram aths. sem hafa við rök að styðjast og atriði sem þurfa nánari skoðunar við, jafnvel atriði sem ég mundi greiða atkv. gegn ef til kæmi ef málið hefði verið útbúið þannig að hægt hefði verið að greiða atkv. um hvert einstakt atriði. Það er ekki svo um hnútana búið. Þingheimi er stillt upp með að greiða atkv. með eða móti pakkanum í heild sinni. Þá verða menn að meta hvort vegi þyngra hagsmunir þess að samþykkja strax eða hafna þessu samkomulagi og draga málið enn á langinn. Þyngst á metunum í því sambandi er auðvitað að þá mundi enn verða dráttur á því að hækkun á orkuverðinu gengi í gildi og við mundum tapa ómældu fé af þeim sökum. Hv. 5. þm. Austurl. hefur orðað það svo að þingheimi sé stillt upp andspænis dagsektum en því er ekki að neita að þar er ekki aðeins um að ræða sektir á degi hverjum, þar er um að ræða fjármuni svo milljörðum kr. skiptir ef menn vilja binda sig fasta í að fá einhverjar aðrar lausnir á skattamálið, á ýmis tæknileg atriði og önnur þau gagnrýnisefni sem sett hafa verið hér fram og varða ýmis mál önnur en orkuverðið sjálft. Það er þess vegna ábyrgðarhluti að greiða atkv. gegn þessu samkomulagi vegna þessarar gagnrýni og þessa ágreinings og kalla yfir sig dagsektir sem mundu þá skipta milljörðum kr. fyrir þjóðarbúið.

Ég held að menn þurfi að hafa það í huga að jafnvel þó að óánægja sé um rýra uppskeru af skattadeilunni, þá eru það óverulegir peningar sem fást út úr skattadeilunni og þá í ljósi þess að dráttur yrði á samkomulaginu, miðað við og andspænis því að skrifa strax undir samkomulagið og að tekjur fari að koma inn, og þær tekjur eru margfalt meiri en nokkurn tíma það sem mundi fást út úr hugsanlegri hækkun á því fé sem greitt er til lausnar á skattadeilunni.

Án þess ég fari frekar að tíunda það hef ég ýmsar efasemdir um einstök atriði og ágæti þeirra í þessu samkomulagi. En ég hef þó ekki gengið eins langt og þeir hv. framsóknarmenn, Páll Pétursson og Ingvar Gíslason, sem skila minnihlutaáliti er felur í sér andstöðu við grundvallarforsendur alls þessa máls. Þeir lýsa

því yfir og segja það í nefndaráliti sínu að „því fer fjarri að aðrar eða víðtækari ályktanir sé hægt að draga af því“ — þ. e. samningnum — „um ágæti samskipta Íslendinga við svissneska auðhringinn Alusuisse í fortíð, nútíð og framtíð.“ Og „aðalsamningur verndar Alusuisse og Íslenska álfélagið í bak og fyrir um flest þau atriði sem mestu skipta.“ Og þeir lýsa því jafnframt yfir og vara við því „að Íslendingar haldi áfram að fylgja fram stóriðjustefnu og orkustefnu sem þegar hefur runnið sitt skeið og vinnur gegn þeirri þjóðfélagsgerð og atvinnuuppbyggingu sem betur mun henta Íslendingum á komandi árum og áratugum.“ Hérna er verið að lýsa yfir í grundvallaratriðum algerri andstöðu gegn þessu máli og mig undrar að jafnágætir þm. og þingvanir skuli leggjast svo lágt að skila áliti sem hefur að geyma slíkar yfirlýsingar og andstöðu, en samt eru þeir tilbúnir til að greiða þessu samkomulagi atkv. sitt. Ég held að þetta plagg sé dæmigert um þann tvískinnung, jafnvel þá lágkúru sem virðist því miður vera of algeng til að teljast undantekning í íslenskum stjórnmálum. Það væri hreinlegra fyrir þá hv. þm. Pál Pétursson og Ingvar Gíslason að standa fast á sinni grundvallarskoðun í þessu máli og vera sjálfum sér samkvæmir. En það er þeirra mál og er aukaatriði í þessari deilu allri.

En í sjötta og síðasta lagi, herra forseti, vildi ég aðeins segja að með þessu samkomulagi aukast tekjur Íslendinga mjög verulega eins og hér hefur komið fram í þessari umr. og það er þó kannske enn þá veigameira að grundvöllur skapast til nýrrar sóknar á sviði stóriðju. Samstarf við fleiri erlend fyrirtæki á þessum vettvangi er okkur mikið hagsmunamál og þolir ekki bið. Af þeim sökum tel ég farsælast að endir sé bundinn á deiluna við Alusuisse að svo miklu leyti sem hægt er og þetta samkomulag felur í sér og þá til þess að eyða tortryggni og taka til við næstu verkefni. Með vísan til þess sem ég hef hér sagt, þá mun ég greiða atkv. með samþykkt Alþingis á því frv. sem er hér til umfjöllunar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mun mjög reyna að stytta mál mitt, enda geri ég ekki ráð fyrir því að mörgu sé við að bæta. Þetta mál hefur verið lengi hér til umr. og í ítarlegri athugun. Ég hygg því að öll kurl séu komin til grafar sem kunna að mega verða til þess að varpa frekara ljósi á það.

Hv. 5. þm. Austurl. tók svo til orða að n., hv. iðnn. Nd. hefði aðeins haft viku til starfa. Þetta er auðvitað misskilningur. Þótt svo stæði á að hann sjálfur var að gegna opinberum störfum í öðrum löndum þá eru á morgun liðnar þrjár vikur frá því að málið kom til 1. umr. í Ed. og á föstudaginn eru liðnar þrjár vikur frá því að nefnd iðnaðarmála þessarar hv. deildar settist niður og tók til við að athuga þetta mál á sameiginlegum fundum með iðnn. hv. Ed. En hv. þm. hættir til í þessu máli að rugla öllu saman við eigin persónu. Um þann möndul á allt þetta að snúast. Og það hefur gert það með þeim hætti að það hefur snúið hann niður gjörsamlega þannig að hann liggur flatur í því.

Ég verð að segja það að ég tek alls ekkert við því að ég hafi hengt á menn gjaldmæla hér þótt ég léti þess getið aðallega til þess að opna augu manna fyrir því, hvað hér væru miklir fjármunir á ferðinni, og auðvitað er það að sóa þeim sá flottræfilsháttur sem þeir hafa ekkert efni á. En ég rifja upp það sem ég sagði við lok minnar framsögu við báðar 1. umr. í hv. deildum, þar sem ég lagði mikla áherslu á að menn gæfu sér og fengju til þess nægan tíma að kynna sér málið. Með leyfi forseta sagði ég svo í lok framsöguræðu minnar í Ed.:

„En þrátt fyrir þetta tek ég það mjög skýrt fram að ég vil ekki beita neinum óþarfa þrýstingi og engum umfram það sem allir stjórnmálaflokkar geta komið sér vel ásamt um. Ég tek þetta alveg skýrt fram. Og að mönnum gefist eins góður tími til þess að ígrunda þessi mikilvægu mál og þeir kjósa sér. Ég mun í engu falli hafa í frammi neinar ávirðingar í garð eins eða neins um það að mér þyki lopinn teygður þótt þetta frv. verði hér í meðförum hins háa Alþingis einhverjum dögum lengur en ég gerði mér í upphafi vonir um að takast mundi að afgreiða það á.“

Í lok framsögu minnar við 1. umr. málsins hér sagði ég svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var við tilmælum mínum orðið, að nefndir í báðum hv. deildum störfuðu sameiginlega að vinnslu þessa máls, og vænti ég að það komi Nd.-nefndinni — og ég veit með vissu — til góða þegar hún tekur nú til við þetta mál. Ég hef sagt, og endurtek það hér, að þótt málið sé brýnt og fjármunir í húfi vil ég engum ónauðsynlegum þrýstingi beita eða ákefð að málið nái fram að ganga öðruvísi en allir aðilar megi vel við una og að menn taki sér þann tíma sem þeim sýnist eðlilegur og nauðsynlegur.“

Fyrir því er það að ég vísa á bug öllum ummælum þess efnis að hér hafi ég beitt einhverjum slíkum þrýstingi að mönnum hafi ekki gefist tími til þess að fá þær upplýsingar og vinna þann veg að málinu sem þeir hafa talið nauðsynlegt.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði mikið mál úr ýmsum aukaatriðum og kann það líka að vera skiljanlegt. Hann rifjaði hér upp þá beiðni, sem hann hafði sett fljótlega fram í nefndinni, að fá í hendur öll undirgögn málsins. Því hef ég líka veitt athygli að hann hefur, sem hann er að vísu ekki vanur enda nákvæmur maður, lagt mér oft og tíðum orð í munn og misfarið með meira en heitið geti blæbrigðamismunur á, þar sem hann hefur vitnað til ummæla minna. T. d. hafði ég aldrei þau orð í frammi að framlagning slíkra skjala gæti haft truflandi áhrif á gagnaðila. Ég sagði frá því í hv. iðnn. þessarar deildar, og það er fjöldi vitna til um það, að ég hefði heyrt þessa ósk frá hv. þm. og ég hefði innt formann samninganefndar um stóriðju eftir þessu máli og hann hefði svarað mér því að það væri gífurleg vinna að ganga frá þessum plöggum þannig að þau mætti leggja fram með skikkanlegu móti. En ég bætti því líka við, og það var ekki eftir honum haft, að lögfróðir menn teldu að slík framlagning gæti skaðað okkur gagnvart málstað okkar og aðstöðu gagnvart gagnaðila. Það var allt og sumt sem ég sagði og hef engu þar við að bæta.

Þegar menn kvarta undan því að menn hafi ekki fengið nægjanlegar upplýsingar hlýtur maður að spyrja í hverju felist sá skortur á upplýsingum. Það hafa allir aðilar sem gerst mega þekkja til málsins verið yfirheyrðir af nefndum deildanna og málið rætt hér — ja, ég segi kannske ekki sólarhringum saman, en langtímum saman.

Ég veitti því athygli, og það hefur kannske enginn annar gert, í iðnn. í gærmorgun að hv. 5. þm. Austurl. innti mig eftir því hvort ég hefði ekki fengið nein

umtalsverð gögn í hendur í þessu máli. Nú er það svo að slík málsmeðferð framleiðir heilar dyngjur af skjölum. Pappírsframleiðslan er þar með ólíkindum eins og menn þekkja til og vissulega var það svo, að mikil gögn höfðu borist mér í hendur. En af hverju skyldi þessi hv. þm. hafa spurt að þessu? Honum varð það nefnilega á hér í framsöguræðu sinni áðan að býsnast yfir því að gögn þessu máli viðvíkjandi hefðu ekki verið lögð á mál í iðnrn., hefðu ekki verið lögð á mál eins og það heitir á ráðuneytismáli, á þetta mál í iðnrn. Nú er það svo að við upphaf þessa máls kom okkur ásamt um, mér og ráðuneytisstjóranum, að leggja ekki þessi mál þar upp í skjalasafn iðnrn. En hvernig veit hv. þm. Hjörleifur Guttormsson það? Hvernig veit hann það og er þetta heldur óyndisleg spurning fram að setja hér, hvernig veit hann það að gögn þessa máls hafi ekki verið lögð á mál í iðnrn.?

Ég ætlaði engum orðum að fara um þetta. Ég vænti þess að þann veg megi ganga frá gögnum þessa máls, það megi leggja þau á mál í iðnrn. og ég losni þess vegna við dyngjurnar að heiman frá mér. En þessara skjala hef ég gætt þar og virðist ekkert vera vanþörf á að gá þannig að sér.

Ég hef ekkert um nál. Framsfl. í þessu máli að segja. Ég held að vitað hafi verið áður um afstöðu þessara hv. tveggja þm. í stóriðjumálum almennt séð. En það kemur fram í nál., sem mig varðar mestu í þessu máli, eindreginn stuðningur þeirra við þessa samningsgerð. Og þó þeir vilji e. t. v. hafa aðra afstöðu til framtíðarsamninga í þessu, þá gera þeir sér grein fyrir því, og í því felst engin einkennileg afstaða, að með þessum hætti er skynsamlegast að standa að úrslitum málsins. Ég get ekki fundið að því að menn komi að skoðunum sínum í stórmálum að þessu leyti. Annað væri vissulega óeðlilegt. En þeir sjá nauðsyn málsins eins og sakir standa nú og fyrir það hlýt ég að lýsa ánægju minni.

Það hef ég aldrei heyrt fyrr en í kvöld að hv. 5. þm. Austurl. segði að orkuverðshækkunin væri vissulega ávinningur. En hann vildi álíta, og kemur það fram ítrekað í máli hans, að málefnastaða okkar hafi verið það sterk að við hlytum að hafa getað gert miklu betur en raun er á orðin. Svo er það. Mála sannast er reyndar að þegar ég kom að þessu máli var áköf tortryggni ríkjandi og mjög erfitt um vik í allri upptöku málsins. Af hvaða ástæðum geta menn e. t. v. rennt grun í, en þá upprifjun ætla ég ekkert að ástunda hér. En vissulega höfðu verið nýttir nokkurn veginn eins margir hnútar á þetta mál eins og tími hafði gefist til í þau fimm ár sem fjallað hafði verið um það í tíð fyrirrennara míns.

Hér er ég gagnrýndur stórlega og ríkisstj. fyrir sáttargerðina í máli þessu. Það hefur verið rifjað upp áður við umr. í hv. Ed. hvaða álit þeir hafa á samningsgerðinni sem mikils trausts njóta í málinu, hið virta alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki Coopers & Lybrand, og með hverju þeir hafa mælt. Það fer ekki á milli mála að þeir töldu að ef við gætum náð sáttum á tölunni 2.6 millj. dollara, þá yrði það gífurlegur ávinningur að þeirra áliti. Hið alþjóðlega virta endurskoðunarfyrirtæki, aðalforstjóri þess, leyfði sér að skrifa það bréf þessa máls vegna að það hefði verið þann veg haldið á málinu sem þeir hefðu ekki átt von á af hálfu þeirra sem þeir voru að vinna fyrir, ríkisstjórn Íslands og fyrrv. iðnrh., í pólitískum tilgangi.

Aðalráðgjafi minn, lögfræðingur iðnrn. í málfærslunni gagnvart dómnefndunum vestra og gerðardómnum, meðan málið var þar, og fyrirrennara míns, Charles Lipton í New York, hefur líka skriflega skilað áliti sínu á þessari sáttargerð og telur að um mikinn ávinning sé að tefla ef hægt sé að ná sáttum í málinu og í stað komi 3 millj. dollara greiðsla. Þetta er álit þessara manna. Ég hygg að fáir séu kunnugri innviðum í Alþjóðlega gerðardómnum um fjárfestingarmál en Lipton, að öðrum ólöstuðum, því að mér skilst að hann hafi verið mjög tíðkaður lögfræðingur, sér í lagi af þróunarríkjum sem hafa verið að sækja rétt sinn þar.

Í sambandi við svikabrigslin sem uppi hafa verið höfð, án þess þó að ég sé þeirra erinda að hreinsa Alusuisse af öllum ávirðingum, minni ég á yfirlýsingar hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnars Thoroddsens, ef mér leyfist að vitna til hans, og blessuð sé hans minning. Hann lýsti því yfir í ræðu hér á Alþingi að ríkisstj. hefði ekki í frammi svikabrigsl á hendur þessu fyrirtæki. Og núv. hæstv. forsrh., þáv. sjútvrh., tók í sama streng. Þetta má finna í þingtíðindum. Af hálfu ríkisstjórnar á Íslandi höfðu slíkar ásakanir ekki verið hafðar í frammi, þótt vafalaust megi finna þess stað í orðum og ræðum hæstv. fyrrv. iðnrh. frá þessum tíma og síðar auðvitað.

Menn hafa mjög gerst margorðir um breytingar, sem þeir kalla, við aðstoðarsamning og satt best að segja stendur nú sannfæring mín til þess að hv. 5. þm. Austurl. hafi gengið úr skuga um að um vísvitandi ósannindi væri ekki að tefla þegar ég svaraði honum hér þann 25. okt. s. l. Ég hygg að hann hafi fengið þau svör við yfirheyrslu frá öðrum sem yfirheyrðir voru af nefndinni sem áreiðanlega sýkna mig af þeim alvarlega áburði. En hér hefur þetta verið mjög haft á orði af hv. 3. þm. Reykn. fyrir utan hv. 5. þm. Austurl. og hv. 6. þm. Reykv. fór einnig orðum um þetta. Ég vil aðeins, af því að ég stytti mál mitt, brýna fyrir mönnum að lesa nákvæmlega á bls. 24 í frv. sjálfu og grg. þess 5. liðinn um viðauka við aðstoðarsamning — rekstur, lesa nákvæmlega alveg sér í lagi 2. og 3. mgr. þessa liðar. Hann er saminn af Hirti Torfasyni þessi liður, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með breytingu þessari“ — sem gerð var á þessum ákvæðum 2.03 (c) í aðstoðarsamningi — „er það gert ótvírætt að umrædd ákvæði 2.03 (c) um „bestu skilmála“ eigi við í þeim tilvikum, þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar.“ Og í síðustu mgr.: „Eftir sem áður verður það mgr. 27.03 í aðalsamningnum, um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli óháðra aðila, sem geymir aðalákvæðin um mat á viðskiptum Alusuisse og ÍSALs.“

Við héldum auðvitað öllum atriðum málsóknarinnar áfram, sem upp höfðu verið tekin í upphafi málfærslunnar, og auðvitað líka þessu. En af því sem orðalagið er með þeim hætti, að þetta skuli gilda þegar ÍSAL aðstoðar við kaup á þessum aðföngum, þá gátu lögfræðingar okkar talað um það eftir á að þeir væru sannfærðir um það — ég vil þó ekki segja allir, en þeir sem ég áleit að mér væri óhætt að taka mark á í þessu atriði — að þessu hefðum við tapað fyrir dómstólum vegna þessa orðalags. Þess vegna halda þeir því fram að þetta sé ekki breyting heldur tekin af tvímæli, útlistun. Og þannig var málið lagt fyrir mig eins og margsinnis hefur komið fram. En með málafærslunni allri nú reynir hv.

5. þm. Austurl. með öllu móti að gera þetta tortryggilegt, að hér sé einhver neðanjarðarvinna sem stunduð hafi verið, eitthvert leynimakk, eins og hann kallar að niðurstaða þessa samnings sé, leynimakk milli mín og samninganefndar um stóriðju og Alusuisse. Landsala auðvitað ásamt öllu öðru, svik við íslenskan málstað. Menn ráða að sjálfsögðu orðum sínum, en ég leyfi mér þann munað að taka ekki mark á þeim. Og svo leika menn sér að tölum fram og aftur, um kostnaðarverð, framleiðslukostnaðarverð á orku á landi hér og þóknast að taka ekkert mark á því sem Landsvirkjun segir. Það er þeim sjálfrátt líka.

Hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði að sér sýndist málið þeim mun óskapfellilegra eða ógeðfelldara sem hún kynntist því nánar. Það skil ég vel að henni þóknast í þessu máli, eins og Samtökum um kvennalista virðist þóknast í öllum málum, að éta allt hrátt sem Alþb. reiðir fram og kyngja því. Ég vil nú í allri vinsemd benda þeim á að þær hljóta sem sjálfstætt þjóðmálaafl að komast í mjög mikla hættu ef þær tíðka það gagnrýnislaust að vera aftaníossur Alþb. í öllum málum. (**GHelg:** Þetta er ósanngjarnt, ráðh.) Aftaníossa, ég gerði það nú viljandi að endurtaka þetta orð því að ég viðhafði það uppi í hv. Ed. og þar reis upp hv. 3. þm. Norðurl. v. og taldi að forseti hefði átt að víta mig fyrir það. Þá vil ég upplýsa að á vestfirsku, og ég hygg á íslensku, þýðir aftaníossi jábróðir, ekkert annað, jábróðir. T. d. er taglhnýtingur miklu sterkara orð á vestfirsku. Svo skulu menn gá að þessu, hvaða íslensku menn eru að tala. Ég gerði þetta af þessum ástæðum viljandi. (**GA:** Mikið er úrræðaleysi Sjálfstfl. um þessar mundir í kvennamálum.) Í hverju? Hvað sagði hv. þm.? (**Gripið fram í:** Í kvennamálum.) Já en maður athugar þá að bæta úr því þótt síðar verði. En við erum þó kenndir við að hafa sjálfstæða stefnu í málum, til að mynda eins og þessu og í þjóðmálum yfirleitt. En ég er bara í allri vinsemd að benda hv. þm. á að það er óbjörgulegt, og það er ég að segja af fyllstu einlægni, að mér virðist að ekki gangi hnífurinn á milli, svo að ég noti nú ekkert vafasamt líkingamál, í afstöðu Samtaka um kvennalista og Alþb. Það má aðeins finna hjá einum þm. Samtakanna, hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, blæbrigðamun á stefnunni og skoðununum við það sem Alþb. hefur. Og ég veit að hv. 3. þm. Reykv. veit að ég er að tala þarna sannleikann, því að hann hefur auðvitað af mikilli ánægju fylgst með þessari þróun, því að auðvitað getur þetta ekki endað með öðru en að þær verði innbyrtar hv. Kvennalistakonur. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki álmálið?)

Hv. þm. hafði sem sagt náð í slangur á blað af skoðunum hv. 5. þm. Austurl. og las það hér upp, og í engu atriði hallaði þar neinu til frá því sem hann vildi sagt hafa, að vísu miklu styttra. En þar vil ég svo ekki fara fleiri orðum um, nema að fram kom í hennar máli eins og hjá svo mörgum öðrum að það væri illa komið fyrir okkur vegna þess að málið hefði verið klofið, það hefði verið skilið eftir að ganga frá skattamálunum. Og reyndar bíður okkar að reyna að ná samningum um stækkun álversins, sem hv. stjórnarandstæðingar eru gersamlega andstæðir, og það skil ég vel. (Gripið fram í.) Nei, ekki er það. En það er auðvitað til blæbrigðamunur á afstöðu manna þar sem fram hefur komið, og hélt ég raunar ekki að það væri neitt leyndarmál, afstaða hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Norðurl. e. í stóriðjumálum. Ég hafði staðfestan grun um þankagang þeirra og skoðanir í því máli þannig að ekkert af því kom mér í opna skjöldu.

Við áttum um það að velja að halda áfram samningagerðinni og sannfæring mín er sú, að við værum ekki búnir að ljúka þessari samningsgerð í dag og að öllum líkindum hefði það tekið okkur fast að því tímann fram að 1. júní, en þá höfðu aðilar sett sér að reyna að vera búnir að leysa þessi mál. Ég vil ekkert gerast spámaður í þessum efnum en auðvitað hlýtur það að verða sótt ákaflega hart af okkar hálfu að ná fram reglum, sem ekki valda stöðugum deilum, að fyrirtækið ÍSAL viti nákvæmlega hvernig það eigi að standa skil á framtölum sínum og þó að við auðvitað þurfum að endurskoða þeirra reiður ævinlega þurfum við ekki að eiga í árlegum prætum um stórfé sem þarna fer í milli. Auðvitað hlýtur þetta að verða undirstaðan. En þegar við berum saman hagsmuni af hinum nýja orkuverðssamningi, þá eru þeir svo yfirgnæfandi miðað við það sem við höfum innbyrt af skattatekjum, að það var ekkert álitamál að mínum dómi að grípa þennan möguleika, fyrst hann gafst, að ganga frá orkuverðinu hið allra, allra fyrsta. Og ég segi það alveg eins og er, að hvort sem það nálgast nú 500 þús. kr. á sólarhring sem þetta mjólkar eftir nýju gengi dollara, þá ég segi kannske ekki að það blæði mér í augum, en ég er það níðskur maður að ég sé eftir þessum krónum.

Hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson rifjaði upp að hans flokkur hefði staðið að samningunum 1966 og gat þess að það hefði reynst traustur samningur. Ég efast um að menn séu sammála um það efni frekar en annað, en miðað við þær aðstæður sem þeir voru gerðir á, þá trúi ég að menn hafi náð því besta sem kostur var á og forsenda var þetta fyrstu stórvirkjunar okkar. Kannske hefði okkur ekkert skilað áfram í þeim sökum ef þetta hefði ekki tekist.

En það sem hv. þm. gagnrýnir þessa samninga fyrir, eins og verðtryggingarákvæðin, var ekki heldur að finna í þessum trausta samningi sem gerður var af Emil Jónssyni og Bjarna Benediktssyni. Ég hefði a. m. k. kosið, þó ég sé ekki í aðstöðu til að gagnrýna það, að orkuverðið í þeim samningi hefði verið hærra en það reynist. Ég verð þess vegna að segja það alveg eins og er að ég átta mig ekki á þessari afstöðu Alþfl. Og þessu til viðbótar gat hann tekið ákvörðun um andstöðu við þennan samning löngu, löngu áður en hann kom þeim fyrir sjónir, því að Alþfl. gerði ályktun, þingflokkur hans, í sumar og á þeirri ályktun hefur hann hangið síðan, að þeir væru andstæðir þessari samningsgerð. Ég held, og marka það af yfirlýsingu hins nýja formanns Alþfl. í Morgunblaðinu rétt fyrir formannskjör á þingi Alþfl., að hv. 3. þm. Reykn. hafi af sér verri mönnum verið narraður til að taka þessa afstöðu, það hafi verið einn liður í því að bregða fæti fyrir hann á flokksþinginu. Víst er um það að nýi formaðurinn hældi þessu sem eina afreki ríkisstj. í viðtali við Morgunblaðið rétt áður en hann fór í orrahríðina, í kosningaslaginn á Alþýðuflokksþinginu. Af hverju skyldi hann hafa gert það nema af því að hann taldi að það væri vænlegt og það mundi falla í geð kjósendum sínum á því þingi? Og hann hefur gert meira, þessi formaður. Hann hefur lýst því yfir síðan. Var það ekki í ræðunni hans í sjónvarpinu á dögunum sem hann lýsti því yfir að þetta væri það eina bitastæða sem ríkisstj. hefur afrekað? Það var þessi

samningur. Ég skil ekkert í að hann skuli ekki vera hér til þess að tala við okkur, þessi nýi formaður sem ætlar að auka fylgi Alþfl. upp í 40%, skilst mér. (Gripið fram í.) Ég var ekki að segja að ég saknaði hans. Ég er bara hissa á því að hann skuli ekki vera mættur hér til þess að leiðrétta fyrrv. formann, sem hann kolfelldi á nýafstöðnu þingi, og taka völdin málefnalega líka á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég stytti nú mál mitt. Ég sé ástæðu til að þakka iðnn. Nd. og formanni hennar fyrir vel unnin störf. Ekkert af því sem frá henni hefur komið í einstökum álitum hefur komið mér neitt á óvart. Ég vænti þess svo að þegar upp verði staðið verði menn sáttari að kalla en áður. Ég hefði vissulega vænst þess að þessi mikli árangur og sigur í orkuverðsmálinu hefði notið enn meiri hylli á hinu háa Alþingi en dæmi sanna. En það verður ekki á allt kosið.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv., Ellert B. Schram, flutti ræðu áðan og sagði kost og löst á þessum samningi. Hann sakaði okkur hv. þm. Ingvar Gíslason um það sem hann kallaði tvískinnung og lágkúru. Heyr á endemi! Hvað er þessi hv. þm. að leika hér á Alþingi? Gætir kannske ekki tvískinnungs í afstöðu hans til ríkisstj. og flokks hans? Gætir kannske ekki lágkúru þegar hann er að reyna að verða stikkfrí í sínum flokki? Þetta er ruglkennd afstaða hjá honum og alls ekki laus við hvorki tvískinnung né lágkúru.

Það er réttmætt að segja kost og löst á hverju máli, eins og hann gerði á þessum samningi sem hér er til umr., og ekki nema eðlilegt að menn reyni að gera sér grein fyrir því, þegar þeir þurfa að taka afstöðu til mála, hverjir eru plúsarnir og hverjir eru mínusarnir. Þessi samningur er ekki fullkominn að mínum dómi. Ef ég hefði fengið að búa hann til sjálfur hefði ég haft hann í veigamiklum atriðum öðru vísi en hann liggur fyrir eftir töluvert langt þref. Það er komið að því að við verðum að taka afstöðu til hans. Í honum eru það mikilvæg atriði, sem eru það mikilvægar úrbætur frá gildandi samningi, að ég tel einboðið að fylgja þessum samningi.

Hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, ræddi um starfshætti iðnn. og talaði um dagsektir Hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir taldi að á okkur hefði verið gjaldmælir hér í Nd. eða jafnvel í n. Það er rétt að hæstv. iðnrh. fór með tölur þegar hann var að leggja málið fyrir í upphafi. Ég tók ekki svo mikið mark á því og ég skil ekkert í öðrum hv. þm. ef þeir hafa eithvað kippt sér upp við það tal.

Sem formaður í iðnn. tel ég að ég hafi ekki flýtt störfum þar með óeðlilegum hætti (Gripið fram í.) Já, mér er ljúft að bera það að hæstv. iðnrh. var alls ekki að reka neitt á eftir mér. Ég sat að vísu ekki alla fundi nefndarinnar þar sem ég var í erindum Alþingis erlendis hluta af þeim tíma sem nefndin var að störfum, en ég var bæði viðlátinn þegar n. hóf að vinna að þessu máli og ég stjórnaði síðustu fundunum þar sem málið var til umfjöllunar.

Ég þráspurði eftir því áður en málið var afgreitt úr nefnd hvort menn teldu að búið væri að kalla þá sem þyrfti að kalla fyrir nefndina, hvort menn væru tilbúnir að taka afstöðu. Svo reyndist vera. Að vísu gat hv. þm. Hjörleifur Guttormsson um það að hann hefði ekki fengið minnispunkta frá samninganefndinni, sem hann hefði gengið mjög snarplega eftir hjá ráðh. Hann óskaði eftir því að ráðh. kæmi á fund nefndarinnar, sem hann gerði að sjálfsögðu, og ætti við okkur orðastað. Þetta gekk eftir og ég vissi ekki betur en menn teldu sig hafa glöggvað sig þokkalega á þessu máli áður en það var afgreitt úr nefnd.

Mér þykir ákaflega hart að búa undir öðru. Ég reyni að vinna þannig sem formaður nefndar að ég sé ekki að ýta málum fram með neinum óeðlilegum hraða. Ég vil að menn grundi mál eftir því sem þeir telja sig þurfa, fái þær upplýsingar sem þeir þurfa í þeim þingnefndum sem ég stjórna. Ég geng hins vegar eftir því að menn reyni að vinna og mæta til funda og standa skipulega að verki. Það eru óþingleg vinnubrögð að vera að hafa mjög mikla fljótaskrift á málum og ekki við hæfi að afgreiða stórmál með þeim hætti að þau séu ekki athuguð sæmilega í nefndum og ég mun reyna sem nefndarformaður, í góðri samvinnu ævinlega við alla nefndarmenn sem ég hef samskipti við, ekki síður stjórnarandstæðinga, að gefa þeim færi á að koma skoðunum sínum á framfæri í nefndum og fá þær upplýsingar sem þeir óska eftir.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lét að því liggja að það væri einhver beygur í framsókn og hann þóttist sjá einhver merki þess í nál., sem 1. minni hl. stendur að, að afstaða okkar hv. þm. Ingvars Gíslasonar væri að breytast. Ég vil taka það fram að mín afstaða hefur ekki breyst til stóriðjumála eða til álversins í Straumsvík og hún er ekkert ný. Ég vitna til umr. sem fóru fram um endurskoðun á samningnum í febr. 1976, en þar flutti ég ræðu sem menn geta lesið og kynnst afstöðu minni til þeirra breytinga sem þá var verið að gera. Því miður kom í ljós að það sem ég bað menn að varast þar reyndist á rökum reist og þær hrakspár, sem ég setti þar fram, eru allar komnar fram eða hér um bil allar. Afstaða hv. 1. þm. Norðurl. e. Ingvars Gíslasonar er ekki heldur ný og ég ætla hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni til fróðleiks að lesa, með leyfi forseta, ofurlitlar glefsur úr nál. á þskj. 501 frá 2. minni hl. álbræðslunefndar frá þinginu 1965—66, en þennan minni hl. skipuðu hv. þm. Ingvar Gíslason, sem var frsm., og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson. Nál. er undirskrifað á Alþingi 15. apríl 1966. Ég ætla að lesa nokkrar glefsur úr þessu þskj. Þetta er vandað nál. og ítarlegt og þeir benda þá þegar á þau atriði sem hafa reynst okkur hvað verst.

Hér hefur komið fram í þessum umr. að samningurinn frá 1966 hafi reynst traustur. Ég er algerlega ósammála því. Ég held að skoðun framsóknarmanna á þeim samningi, sem þeir settu fram í ítarlegu máli í umr. og í nál. og í afstöðu til samningsins 1966, hafi verið hin rétta. Ég vitna hér til umfjöllunar í nál. um réttarfarsákvæði og vitna til nál., með leyfi forseta:

„Samkvæmt 46. og 47. gr. samningsins er ákveðin sérstök og óvenjuleg leið til að fá skorið úr deilumálum sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Gilda þær sérstöku reglur um ágreiningsmál milli svissneska álfélagsins, Íslenska álfélagsins og minni hluta hluthafa annars vegar og ríkisstj., Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar. Gildir einu hvort ágreiningur er út af aðalsamningnum, orkusölusamningi, hafnar- og lóðasamningi eða aðstoðarsamningi.

Þessi ágreiningsmál eru tekin undan lögsögu íslenskra

dómsmála, nema samkomulag verði um það milli Alusuisse og ríkisstj. að vísa slíkri deilu til íslenskra dómstóla eða íslensks gerðardóms. Deilumál þessi öll, sem tekin eru undan lögsögu íslenskra dómstóla, eiga að fara fyrir eins konar alþjóðlegan gerðardóm, sem sitja skal í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins."

Þetta var um réttarfarsákvæðin. Ætli þetta hafi ekki reynst réttmæt gagnrýni á sínum tíma og enn í fullu gildi?

Um endurskoðun á raforkuverði segir svo í téðu nál.:

„Endurskoðun sú, sem skv. þessum samningi á að fara fram árið 1984, tekur einungis til þess þáttar orkuverðsins sem stafar af viðhaldskostnaði og gæslu sem er aðeins sáralítill þáttur þar sem fjármagnskostnaðurinn er meginþáttur verðsins, en þær endurskoðanir sem fram eiga að fara árið 1994 og 2004 eiga að fara fram eftir reglum sem eru ákveðnar í samningnum og okkur eru mjög óhagstæðar, ekki síst vegna þess að þær gefa álbræðslunni kost á tveimur ólíkum viðmiðunum."

Síðar segir: „En þá verðum við farnir að virkja mun dýrari orku fyrir okkur sjálfa."

Ætli þetta hafi nú ekki komið á daginn?

Í niðurlagi þessa ítarlega nál. ræða þeir um mengunarmál:

„Við undirritaðir nefndarmenn teljum að ekki séu öll tvímæli tekin af um hættuna af eiturgastegundum frá álbræðslunni og álítum að með því að undanþiggja álbræðsluna skyldunni til þess að búa verksmiðjuna gaseyðingartækjum sé lagt inn á varhugaverða braut.

Eins og allt þetta mál er vaxið teljum við rétt að frv. sé vísað frá."

Þetta var nú afstaða hv. þm. Ingvars Gíslasonar 1966. (**Gripið fram í:** Hún er orðin breytt.) Og ég finn ekki betur en að hún sé í býsna góðu samræmi við það nál. sem ég mælti fyrir hér í dag.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi hér um vesaldóm og framsóknarmennsku okkar hv. þm. Ingvars Gíslasonar. Mér er engin nýlunda að hroka hjá Hjörleifi Guttormssyni. Hjörleifur Guttormsson hefur þennan skapgalla, en hv. þm. er ágætur starfsmaður þó að hann sé ekki góður til að semja. Það er vegna þess að hann vill ekki semja, hann vill neyða, en þó er hann aflvana. Það er vondur samsetningur.

Ég studdi hann við upptöku þessa máls og studdi hann lengst af í hans tilraunum sem iðnrh. til þess að ná árangri í þessu máli. En því miður fór hann fljótlega offari í málinu. Málsupptakan var réttmæt. Því miður kom hann ekki í verk að gera þetta nógu snemma. En allt um það. Hann áttaði sig og kom málinu af stað og við það studdi ég hann. En því miður fór hann of geyst. Hann tók of mikið upp í sig og þar með lokaði hann leiðum sem okkur hefðu e. t. v. annars staðið opnar. Og hann réði ekki við sig og klúðraði málinu vitandi vits eða þá af óvitaskap og notaði óskynsamleg fúkyrði. (**HG:** Óskynsamleg?) Fúkyrði.

Ég er ekki sammála núv. hæstv. iðnrh. um stóriðjumál, en það verður þó að viðurkennast að hann náði árangri. Það má deila um hvort sá árangur er mikill. Það má deila um hvort sá árangur hefði ekki þurft að vera meiri. En það er þó árangur. Þetta er helmingi hærra rafmagnsverð en við bjuggum við í tíð fyrrv. iðnrh. og það er atriði sem ekki ber að vanmeta. Ég hefði getað hugsað mér þennan árangur betri, en þó rétt að nota hann.

Ég var að einu leyti hissa á ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég var ekki hissa á því þó að hún væri löng og leiðinleg því að það er ekki nýlunda. Ég var ekki hissa á því þó að hún væri dreissug og flutt af yfirlæti því það er ekki nýlunda. Það sem ég var hissa á var það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli fara að gerast sérstakur talsmaður fyrir samninginn frá 1966 með þeim breytingum sem gerðar voru á honum 1976 og vill heldur búa enn um sinn, búa enn lengi við þær fráleitu kringumstæður en að ganga í að reyna að leysa málið. Nýr samningur mundi ekki komast á í þessu máli fyrr en eftir langvarandi málaferli og þegar dómur væri genginn væri hugsanlega hægt að taka upp nýja samninga því að auðvitað eru menn ekki að semja meðan þeir eru að fljúgast á.

Ég hefði, eins og ég hef margoft tekið fram, vel getað hugsað mér þennan samning öðruvísi og þetta er ekki sá samningur sem ég gæti frekast óskað mér, en hann er skárri en sá sem við búum við og þess vegna tel ég rétt, eins og ég hef margtekið fram, að samþykkja hann.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það getur vissulega verið álitamál, eins og hér var vikið að af hv. 6. þm. Reykv., hversu gagnlegar umr. af þessu tagi eru hér á hv. Alþingi og víst er um það að æskilegt væri að fjölmennara væri í þingsölum þegar þetta stóra mál er á dagskrá og raunar oft þegar verið er að ræða hér mjög mikilsverð mál. En ég vænti þess nú samt að sú umr., sem hér fer fram, verði einhverjum að gagni, a. m. k. þeim sem hér taka þátt í henni og þeim sem kynna sér mál að henni lokinni í þinggögnum, því að hér hefur vissulega margt býsna athyglisvert komið fram. Ég ætla hér að víkja að nokkrum atriðum sem ástæða er til í ljósi þeirrar umr. sem hér hefur orðið og framsöguræður sem fluttar hafa verið fyrir nál. gefa tilefni til þess, ekki síst mál hv. 2. þm. Reykn. sem mælti hér fyrir áliti hv. 3. minni hl. iðnn.

Áður en ég kem að því tel ég hins vegar ástæðu til þess, af því að þeim sem hér eru er í fersku minni ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Norðurl. v., að mæla við hann nokkur orð.

Hv. þm. vék fyrst að störfum iðnn. Ég hafði ekki uppi neinar ásakanir í hans garð í sambandi við stjórn hans þar á málum. Við skildum alveg sáttir í sambandi við það þó að ekki hefðu verið uppfylltar allar mínar óskir um gögn eða menn til viðræðna í nefndinni, og brá þar til betri vegar frá því sem var á fundum sem haldnir voru áður en hann kom til baka til starfa sem formaður nefndarinnar.

Það var ekki mjög þægilegt að vinna að þessu máli fyrir síðustu helgi í iðnn. með þeim gífurlega þrýstingi sem þar var á að afgreiða mál út úr n. og ásetningi, að því er virtist, af stjórnarliðinu sem þar var til staðar, en það var aðeins hluti þess, að knýja málið út úr nefnd á föstudegi og hafa 2. umr. hér um málið á mánudag. Það varð hins vegar ekki og að því stuðlaði m. a. hæstv. forseti þessarar deildar, hv. 1. þm. Norðurl. e. Ingvar Gíslason, að dokað var við með afgreiðslu málsins.

Þegar ég ræði um þrýsting og dagsektir í sambandi við afgreiðslu þessa máls vísa ég til þess, sem fram hefur komið og hæstv. iðnrh. kannast við, hvernig málið er

lagt hér fyrir þingið. Hv. þm. verður auðvitað að meta hvernig hann tekur slíku og hvernig hann hagar sínum störfum í ljósi þess sem þar kom fram og þeirrar staðreyndar að málið er hér lagt fyrir með þeim hætti að í stað þess að ganga frá raforkuverði frá undirskriftardegi af hálfu ríkisstj. og Alusuisse, svo sem eðlilegt hefði verið með áskilnaði um samþykkt Alþingis, sem eitt var eftir í þessu máli, þá hefðu menn ekki þurft undan að kvarta, en þetta var ekki gert. Ég er satt að segja mjög undrandi á því, eins og mörgu öðru í sambandi við þetta, að þannig skyldi haldið á máli sem raun ber vitni.

Um störf iðnn. að öðru leyti vil ég nefna það hér, því að ég sá út af fyrir sig ekki ástæðu til að halda þar öllu til haga í fyrri ræðu minni, vegna þess að vitnað hefur verið til tveggja ráðgjafa og aðila sem starfað hafa fyrir iðnrn. og íslensk stjórnvöld í þessu máli um árabil, að ég óskaði eftir því sérstaklega að fyrir nefndina yrðu kvaddir ef nokkur tök væru á umræddir Don Chilvers, einn af aðalforstjórum Coopers & Lybrand, og Charles Lipton lögfræðingur í New York, en þeirri beiðni minni var hafnað strax á öðrum fundi nefndarinnar um þetta mál og ekki grennslast fyrir um hvort tök væru á að fá þessa aðila hingað til lands til fundar við nefndina til að ræða við þá, vegna þess hvernig þeim hefur verið teflt hér inn í þetta mál á mjög ósmekklegan hátt af núverandi stjórnvöldum, núv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. En við þessu var ekki orðið og það tel ég miður.

Þegar hæstv. ráðh. upplýsir það hér að iðnn. beggja deilda hafi haldið sameiginlega fundi fyrir líklega þremur vikum eða nærfellt það, þá kannast ég við það. Það munu hafa verið tveir sameiginlegir fundir, en vinna fór ekki að öðru leyti fram, að mér var tjáð, í iðnn. Nd. að málinu á þeim tíma sem það var til meðferðar í hv. Ed.

Þetta læt ég nægja varðandi störf hv. iðnn. og formanns hennar sem slíks í því samhengi, en hann vék hér með öðrum hætti að máli.

Hann byrjaði á því að tíunda afstöðu framsóknarmanna, nafngreindra fyrir nál. 1976, í sambandi við athugun á endurskoðun samninganna — eða skildi ég það ekki rétt? Var þetta e. t. v. 10 árum fyrr? (**PP:** Ég vitnaði í ræðu frá 1976 og nál. frá 1966.) Vitnaði í nál. frá 1966. Ég þakka fyrir upplýsingarnar. Þá er mér það enn ljósara, sem varð niðurstaðan af máli hv. þm., að þeir sem undir það álit skrifuðu mæltu með því að viðkomandi frv. væri fellt. Hv. 2. þm. Norðurl. v. taldi að öll þau rök, sem þarna hefðu verið framreidd í nál., stæðu enn og vildi telja að sjónarmið sín og þau sem túlkuð væru í nál. 1. minni hl. iðnn. endurspegluðu nánast þessi sjónarmið. En hér hefur vissulega orðið á breyting og það er á þeirri ályktun sem hv. þm. Framsfl. draga af athugun sinni og skoðun máls því að viðkomandi þm. mæltu með því að viðkomandi mál yrði fellt á sínum tíma, álsamningarnir 1966, það var þeirra niðurstaða, en hv. 2. þm. Norðurl. v. kemst að þveröfugri niðurstöðu og segir hér, með leyfi forseta, í lok nál.:

„Þrátt fyrir þessar almennu aths. og fyrirvara um einstök atriði, sem tengjast þessu máli, teljum við þá hækkun orkuverðs, sem um er samið, mikilvæga úrbót miðað við þau óviðunandi kjör sem Íslendingar hafa búið við skv. núgildandi orkusamningi og mælum því með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir."

Ja, einhvern tíma hefði þetta verið kallað að kyssa á vöndinn. Hér er einmitt dregið fram í hnotskurn, í þessu máli og orðum hv. þm. hér áðan, hvaða grundvallarbreyting hefur orðið á afstöðu Framsfl. til þessa máls á þeim bráðum 20 árum sem liðin eru síðan álsamningarnir voru gerðir. Og það er sú breyting, sem afdrifaríkust hefur orðið pólitískt og ég hef rætt hér áður í umr. um þetta frv., að Framsfl. hefur í grundvallaratriðum breytt afstöðu sinni. Þar gilda ekki orð heldur atkvæði og niðurstaða máls. Og það er ekki fyrst nú, með því að stjórnarflokkarnir klofna í iðnn. hv. Nd. um þetta mál, sem sú breyting verður. Það er meira eins konar andlitslyfting sem þar er verið að reyna að koma í kring af hálfu þingflokks Framsfl. og vil ég þó ekkert vera að gera viðkomandi hv. þm., sem undir nál. rita, upp skoðanir. Ég þekki þau sjónarmið, sem oft hefur bryddað á hjá þeim, að vilja horfa aðeins fram fyrir sig í sambandi við stóriðjumál, og ég hef metið þau sjónarmið. Það er hins vegar mjög villandi þegar fram kemur nál. af þessu tagi ef það ekki túlkar í reynd viðhorf a. m. k. meiri hl. þingflokks Framsfl. en er eitthvert einkaálit viðkomandi þm. Þó að þeir hafi auðvitað rétt til að setja sín sjónarmið fram með þessum hætti.

Hv. þm. Páll Pétursson fór að minnast á málsmeðferð í tíð síðustu ríkisstj., sagðist hafa stutt mig í málafylgju framan af, en síðan hefði ég klúðrað málinu, farið inn á óskynsamleg vinnubrögð, haft við óskynsamleg fúkyrði og fleira tíndi hann þar til. Ég verð að rifja upp fyrir hv. þm. að afstaða framsóknarmanna á þessum tíma kom tiltölulega fljótt fram í reynd í meðferð álmálsins, í sambandi við meðferð þess innan ríkisstj. og enn frekar innan álviðræðunefndar. Fulltrúi Framsfl. í álviðræðunefnd, Guðmundur G. Þórarinsson, þáv. alþm., túlkaði þar snemma sjónarmið sem fóru þvert á þær samþykktir sem ríkisstj. hafði gert og unnið var eftir í málinu og gagnvart þeim aðilum sem unnu með honum í álviðræðunefnd og störfuðu fyrir iðnrn. og þáv. ríkisstj. og mig sérstaklega sem iðnrh. Ég ætla ekki hér að fara náið ofan í saumana á því, en ég hlýt að rifja það hér upp öðru sinni við þessa umr. að strax í febrúarmánuði 1982, þegar dr. Müller og dr. Weibel komu hingað 1. febr. til að gera úrslitahríð að álviðræðunefndinni og þeirri samstöðu sem þar hafði tekist að skapa, þá bryddaði á vinnubrögðum hjá fulltrúa Framsfl. í álviðræðunefnd sem ég vildi ekki hafa séð og voru vísbending um það sem síðar gerðist, viku af desember 1982, þegar hann kaus að segja sig, einn fulltrúa, úr nefndinni við aðstæður sem ég rakti hér um daginn og vitnaði þá í umr. til ummæla formanns nefndarinnar sem hann viðhafði í Tímanum 10. des. 1982 um mat hans á því skrefi sem þá var tekið og þeim ástæðum sem viðkomandi fulltrúi Framsfl. bar fyrir sig. En það vill svo til að það voru aðrir og valdameiri menn í Framsfl. en Guðmundur G. Þórarinsson sem einnig létu á sér kræla í þessu máli og þeir sátu við ríkisstjórnarborðið á þessum tíma og sá maður sem þar fór fremstur, sem eðlilegt var, formaður Framsfl., var ekki alltaf til hjálpar í þessu máli. *Ég gæti afhent formanni þingflokks* Framsfl. hérna handrit frá 25. mars 1982 af bréfi sem dr. Müller kom með til Íslands. Erindi hans átti formlega að vera það að koma til að hitta mig á fundi skv. sérstakri beiðni minni um það. Eftir að Alusuisse hafði aflýst boðuðum og ákveðnum fundi í álviðræðunefnd 3. mars sendi ég dr. Müller áskorun um að koma til viðræðna við mig sem iðnrh. til að leitast við að brúa bilið milli aðila og koma viðræðum af stað milli

nefndarmanna á þeirra vegum að nýju. Dr. Müller mun hafa komið til landsins nefndan dag eða degi fyrr og hann notaði þann dag m. a. til að tala við menn hér sem hann vildi hitta. Það gerðist að kvöldi 24. dags marsmánaðar að hann sendi uppkast að tillögum til íslensku ríkisstjórnarinnar, ekki til mín sem iðnrh. heldur til páv. forsrh. og páv. sjútvrh., síðla kvölds, degi fyrir þann fund sem við ætluðum að hittast, og hafði þá verið ákveðinn fundur í hópi okkar þriggja ráðh., sem höfðum samráð um þetta mál á vegum ríkisstj., morguninn eftir með dr. Müller. En ég átti ekki að fá að sjá það málsgagn sem þar var um að ræða. Hæstv. páv. sjútvrh. kom til þess fundar í Stjórnarráðinu þar sem við vorum þrír ráðh. saman komnir og fjórði maðurinn dr. Müller, fulltrúi og forstjóri Alusuisse. Á þeim fundi lagði Müller fram þetta málsgagn sem ég hafði frétt af um morguninn fyrir tilviljun að hefði borist til annarra ráðh. kvöldið áður. Og hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., sá ástæðu til þess á þessum fundi, án hins minnsta samráðs við mig sem fór með þessi mál, að lýsa yfir velþóknun sinni á þessum pappír, sem dr. Müller hafði þarna sent, og honum litist vel á þetta sem grundvöll til viðræðna milli aðila og notaði tíma sinn til þess að pára einhverjar orðalagsbreytingar á þennan pappír. Ég á hann hérna enn þá og formanni þingflokks Framsfl. er velkomið að fá hann. Þar er ekki minnst á orkuverðshækkun til álversins í Straumsvík.

Formanni þingflokks Framsfl. er velkomið að gefa mér úr þessum ræðustól einkunnir, en ekki er rétt að kenna mér um hvaða aðstaða skapaðist í þessu máli í tíð fyrri ríkisstj. þegar mikið lá við og Alusuisse leitaðist við að rjúfa hér samstöðuna, eins og þeim tókst að lokum. Þar var það Framsfl. og fulltrúi hans sem bilaði, stærsti stjórnarflokkurinn á þessum tíma, og brotalamirnar komu býsna fljótt í ljós. Ef menn halda að þetta sé í fyrsta sinn sem ég nefni þetta atriði hér úr þessum ræðustól er svo ekki. Það hef ég gert áður að viðstöddum núv. hæstv. forsrh., ef ég man rétt. Í öllu falli hefur það komið hér til umr. af minni hálfu. Ég held að það sé skynsamlegra fyrir Framsfl. að vera ekki mikið að flíka fortíð sinni í sambandi við þetta mál og ég tel að hv. 2. þm. Norðurl. v. bæti sig ekki mikið á orðræðum af því tagi sem hann viðhafði hér áðan. Það er nefnilega ekki látæði manna sem skiptir máli þegar til úrslita dregur, hv. þm., heldur er það afstaðan og atkv. sem ræður úrslitum við lýðræðislega tekna niðurstöðu og það er um hana sem við spyrjum hér og nú í sambandi við þetta mál. Þar dugar lítið að vitna í afstöðu fyrir 18 árum, sem leiddi til allt annarrar og þveröfugrar niðurstöðu, af þeim framsóknarmönnum sem þá áttu í hlut.

Ég vildi þá, af því að hæstv. iðnrh. er hér viðstaddur, víkja nokkrum orðum að hans máli þó að það sé ekki margt efnislega sem ástæða er til að fjölyrða þar um því satt að segja ræddi ráðh. ekki nema mjög fá efnisatriði þessa máls og reyndi lítið sem ekkert til að svara þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á þetta af minni hálfu og annarra sem hér hafa talað gegn málinu við þessa umr. Hv. 2. þm. Reykn. vék hins vegar að því, þegar hann mælti hér fyrir nál., að þessi ágæti samningur hefði að mati þeirra sjálfstæðismanna leitt til 20% lægra orkuverðs á árinu 1984 ef í gildi hefði verið. Þá hefði orkuverðið til almennings, eins og hv. 2. þm. Reykn. orðaði það og vitnaði til gagns frá Landsvirkjun sem ég kannast við, verið um 20% lægra en raun ber vitni. Ég spyr hæstv. ráðh.: Megum við reikna með því nú er þessi samningur verður samþykktur og tekur gildi að raforkuverð Landsvirkjunar til „almennings“, ég segi til almenningsveitna því þangað selur Landsvirkjun sína orku, verði lækkað fyrir lok þessa árs eða t. d. um komandi áramót um sem svarar 20%? Ég býst við að það séu margir sem vilji fá svar við slíkri spurningu.

Ég tel rétt að víkja að þeim þætti bæði hv. 2. þm. Reykn. og hæstv. ráðh. þar sem þeir vitnuðu til þess sem reynt er við þessa umr. að nota sem helsta haldreipi þeirra í sambandi við sakaruppgjöfina gagnvart Alusuisse, en það eru tilvitnanir í bréf frá forstjóra Coopers & Lybrand, Don Chilvers, og Charles Lipton lögfræðingi í New York. Ég hef staðhæft að hér sé ósmekklega að verki staðið og á það ekki síst við um það þegar verið er að draga forstjóra Coopers & Lybrand inn í þetta mál og vitna í bréf sem hann skrifar dr. Jóhannesi Nordal fyrir bráðum einu og hálfu ári. Það vantar ekki að þessum ágætismönnum eru nú gefnar góðar einkunnir og háir titlar þegar til þeirra er vitnað. Öðruvísi mér áður brá varðandi suma af þeim ráðgjöfum sem til voru fengnir í sambandi við málafylgju af hálfu iðnrn. hér á árunum áður. Þá ríkti tortryggni, m. a. innan herbúða stjórnarandstöðunnar á þeim tíma, gagnvart þeim sömu ráðunautum. En ég tel rétt að vitna aðeins til bréfs frá Don Chilvers, sem ég hef hér í ljósriti, frá 28. júlí 1983 til dr. Jóhannesar Nordals, sem þegar hefur verið til vitnað, og ég læt nægja hér upphafið, en það er þannig, með leyfi forseta:

„Ég talaði við yður í síma í vikunni og lofaði að skýra stuttlega frá skoðunum mínum á deilu ríkisstj. og Alusuisse sem verið er að leggja í gerð“.

Þetta er upphafið. Í þessu bréfi er vitnað til símtals við dr. Jóhannes Nordal í sömu viku og hann fær svar dagsett þennan dag. Nú er þetta málgagn dregið hér fram sem einhver allsherjardómur af hálfu þessa aðila varðandi málið eins og það hér liggur fyrir. Þannig er þetta túlkað. Hér er auðsæilega um að ræða bréf sem pantað er af þá nýlega tilkvöddum formanni viðræðunefndar um stóriðju og í upphafi bréfsins kemur skýringin, eins og kom fram í tilvitnun. Hann segir: „Ég talaði við yður í síma í vikunni og lofaði að skýra stuttlega frá skoðunum mínum á deilu ríkisstj. og Alusuisse.“

Með beiðni um þetta bréf er verið að spyrja endurskoðanda um atriði sem liggja utan verksviðs hans. Hann hefur áður nefnt ástæður til að yfirfara reikningsskil og staðreyna yfirverð á aðföngum sem hann hefur gert sem endurskoðandi og hann hafði lýst því yfir að fyrirtæki hans Coopers og Lybrand mundi verja allar sínar niðurstöður fyrir hvaða dómi sem væri og þá yfirlýsingu endurtekur hann í bréfinu til dr. Jóhannesar Nordals, en hann hefur aldrei fyrr verið spurður hvernig ríkisstj. Íslands mætti eða gæti notað þá vitneskju sem felst í niðurstöðum Coopers og Lybrand í samningaumleitunum eða málatilbúnaði gagnvart Alusuisse. Til þess hefur ríkisstj. aðra menn og sérmenntaða á sínu sviði.

Í bréfi sínu til fyrrv. iðnrh., þ. e. til mín, sem dags. var 24. júní 1981, segir þessi sami yfirmaður Coopers og Lybrand að „þegar við erum beðnir um að skoða verðlagninguna á súrálinu óháða öðrum hlutum er niðurstaða okkar sú að ásakanirnar um yfirverð á súráli séu réttlætanlegar.“

Hér er hann að gefa álit á því sem fyrirtæki hans var um beðið í þessu máli, endurskoðun á yfirverði. Það bréf, sem hér hefur oft verið til vitnað í þessari umr. af stjórnarliðum og síðast í dag, sem Jóhannes Nordal pantaði og fékk í júlí 1983, breytir í engu og dregur ekki á neinn hátt úr niðurstöðum þeim sem Don Chilvers hefur komist að sem endurskoðandi og m. a. kemur fram í því bréfi sem ég vitnaði til frá júní 1981.

Þegar hann segir í þessu bréfi í júlí 1983 að sér virðist sem niðurstöður Coopers og Lybrand hafi verið notaðar á þann hátt sem hann hefði ekki búist við, þá er ástæða til þess að minna á að sama fyrirtæki sendi til annarrar samninganefndar, sem vann að endurskoðun samninga við Alusuisse 1975, niðurstöður af ársreikningum ÍSALs fyrir árið 1974 þar sem þeir staðhæfðu að fyrirtækið hefði brotið samninga með yfirverði á aðföngum og öðrum þáttum. Hvað skyldi hafa orðið um þetta erindi? Var því ekki tekið fegins hendi af samninganefnd og þáverandi stjórnvöldum? Til formanns samninganefndarinnar var það sent ef ég man rétt. Þetta bréf, með niðurstöðu um yfirverð sem svaraði meir en hálfri milljón Bandaríkjadala á þeim tíma, kom aldrei fram. Þessu bréfi var stungið undir stól. Um tilvist þessa mats Coopers og Lybrand á ársreikningum ÍSALs 1974 vissu þm. ekkert þegar þeir fjölluðu hér um endurskoðun álsamninganna 1975 til 1976. Það er ástæða til að ræða um pólitískt mat og pólitíska misnotkun í sambandi við málafylgju í tengslum við slíkt athæfi sem þar um ræðir.

Varðandi Charles Lipton vil ég segja að að mínu mati er hann mikilhæfur lögmaður, sem hefur getið sér gott orð fyrir lögfræðistörf fyrir fjölmargar ríkisstjórnir sem hafa átt í útistöðum við fjölþjóðafyrirtæki, og að þessu leyti fara skoðanir okkar núv. hæstv. iðnrh. saman. Sérstaklega hafa sjónarmið hans um þróun réttarhugmynda sem varða rétt fullvalda ríkja til einhliða aðgerða gagnvart fjölþjóðafyrirtækjum vakið verðskuldaða athygli og hér á Íslandi hefur hann haldið fyrirlestur um þau efni fyrir lögfræðinga. Charles Lipton telur að ein höfuðskylda hverrar ríkisstj. sé að varðveita sem best þær náttúruauðlindir sem hver þjóð á og hagnýta sér þær með hagsmuni þjóðar sinnar fyrir augum. Hann hefur lengi sinnt lögfræðilegum ráðgjafarstörfum fyrir ríkisstj., eins og hér hefur komið fram, í sambandi við deilurnar við Alusuisse. Charles Lipton hefur verið þeirrar skoðunar að meginháherslu bæri að leggja á að ná sem bestum árangri varðandi endurskoðun raforkuverðs. Þar sem hann hefur talið að Alusuisse stæði mjög höllum fæti fyrir dómnefndinni vegna vantalins hagnaðar vildi hann brýna Alusuisse í því efni í því skyni að fá meira fram í raforkuverðinu þar sem Alusuisse vildi ekki undir neinum kringumstæðum fá áfellisdóm vegna hækkunar í hafi. Þess vegna er eftirfarandi orðalag hans skiljanlegt í bréfi hans til hæstv. iðnrh. 4. okt. 1984 þar sem hann segir, og ég vitna enn í málsgagn, með leyfi forseta:

„Ef ætla má," segir Charles Lipton," að væntanleg lausn leiði einnig til orkuverðs skv. rafmagnssamningnum milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins sem ríkisstj. getur sætt sig við er það því skoðun mín að uppgjöf krafnanna um framleiðslugjöld fyrir árin 1976—1980 á þeim grundvelli að Alusuisse greiði ríkisstj. 3 millj. Bandaríkjadala mundi vera mjög viðunandi lok skattadeilunnar og réttlæting afstöðu ríkisstj. frá upphafi."

Þessum síðustu orðum, „réttlæting afstöðu ríkisstj. frá upphafi", sleppti hv. 2. þm. Reykn. áðan í ræðu sinni þegar hann vitnaði til þessa bréfs. En það sem hér skiptir máli er hin skilyrta framsetning í áliti lögmannsins, „ef ætla má að væntanleg lausn leiði einnig til orkuverðs sem ríkisstj. getur sætt sig við", þá telur hann að slík niðurstaða, slíkt uppgjör krafnanna sé réttlætanleg. Þetta tel ég rétt að fram komi og að Charles Lipton leggur engan dóm á það í orðum sínum hvort raforkuverðið sem fæst, sem hér liggur fyrir og mælt er með af hæstv. ráðh. og hans stuðningsmönnum, sé viðunanlegt eða ekki. Það er því langsótt að ætla að draga álit sem þetta fram og lýsa því sem stuðningi við þá samningsgerð sem hæstv. iðnrh. er hér að bera fram og hælast yfir.

Það voru fleiri atriði í máli hæstv. ráðh. sem ég ætla aðeins að koma hér að. Ég ætla ekki að orðlengja um afstöðu hans eða hans samningamanna til þess að út var tekin túlkun, sem Ísland skipti gífurlega miklu máli, úr aðstoðarsamningi — rekstur. Ég tel að álit ráðh. hafi þegar komið skýrt fram, hversu veikjandi það er fyrir okkar stöðu, og ég get ekki annað en vottað honum samúð vegna þeirrar niðurstöðu sem varð um það efni á síðustu stundu fyrir frágang þessa máls af hans hálfu. Hins vegar fjallaði hæstv. ráðh. hér nokkuð um það hvernig málinu hefði verið haldið til haga í sambandi við fundargerðir og önnur málsgögn og þar kom fram í máli hans broddur sem ég ætla ekki að hlaupa yfir í mínu máli að ég skildi hann alveg.

Ég hafði gagnrýnt það í mínu máli að ekki lægju fyrir skv. upplýsingum ráðh. skilmerkilegar fundargerðir og minnisblöð af hálfu samninganefndar íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli og hæstv. ráðh. hafði lýst því að það tæki langan tíma að ganga frá þeim endanlega. Við höfðum rætt það í iðnn. í gær, þar sem hæstv. ráðh. kom til fundar, þar sem hann spurði mig um hvernig hefði farið með málsskjölin í sambandi við fundi mína með dr. Müller á sínum tíma. Ég upplýsti hann um að þau hefðu jafnóðum komið inn í álviðræðunefnd, þar sem fulltrúar allra þingflokka fengu gögnin í hendur, og farið á mál í iðnrn. Og sú er ástæðan fyrir því að ég vék að því hér áðan í mínu máli að það væri nokkuð skrýtið ef slík undirstöðugögn kæmu ekki í hendur hæstv. ráðh. og færu á mál í viðkomandi rn. Þetta notar svo hæstv. ráðh. hér í umr. til þess að væna mig um að ég sé að liggja á hurðum í iðnrn. og hafi jafnvel þar útsendara til að ganga úr skugga um hvort einstök málskjöl séu þar flokkuð og sett í þá reglu sem tíðkanleg og æskileg er í Stjórnarráði Íslands. Ég átti satt að segja ekki von á skoti af þessu tagi af hálfu hæstv. iðnrh. til sinna starfsmanna. Og ég verð að undrast það mjög að hann skuli telja sér sæma úr ræðustól á Alþingi að væna sína starfsmenn um það og mig sem fyrrv. ráðh. að vera að hnýsast í gögn Stjórnarráðsins. En ég vil í þessu samhengi upplýsa ráðh. um það til viðbótar að orð mín eru til komin einnig fyrir þá sök að sá háttur var býsna lengi við hafður í sambandi við stóriðjumál og meðferð þeirra af hálfu íslenskra stjórnvalda að gögnin þar að lútandi komu ekki til viðkomandi rn., komu ekki inn í Stjórnarráðið, heldur var safnað upp annars staðar. Ja hvar heldur ráðh.? Í annarri stofnun þar sem er tiltölulega hátt til lofts og vítt til veggja og á þó eftir að víkka enn frekar innan tíðar ef að líkum lætur, þ. e. í

Seðlabanka Íslands. Ég þurfti með sérstöku bréfi, þegar ég kom í iðnrn., að óska eftir því að þau málsgögn sem vörðuðu viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem eitt sinn starfaði, kæmu á sinn stað og yrði skilað inn í iðnrn. Ég veit að hæstv. ráðh. skilur þýðingu þess að það stjórnvald sem á að halda á málum hafi aðgang að málsgögnum í svo mikilvægum málum sem hér um ræðir og það óháð því hvaða ríkisstj. situr að völdum á hverjum tíma.

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum úr máli hv. 2. þm. Reykn. sem mælti hér fyrir nál. fyrr á þessum degi. Það eru vissulega mjög mörg atriði sem væri freistandi að taka þar fyrir, en þar sem liðið er mjög á þennan dag mun ég reyna að fækka þeim og velja þar úr mörgum sem ástæða væri til að taka á. Hv. þm. ræddi sem eðlilegt var raforkuverðið og flaggaði því mjög í máli sínu að góð væri sú niðurstaða sem hér lægi fyrir og óskandi að hún hefði komið fyrr. Árið 1979 var að mati þm. sá tími sem eðlilegt hefði verið að samningur varðandi endurskoðun raforkuverðs lægi fyrir. A. m. k. reiddi hann fram tölur á þeim tekjum sem íslenska ríkið hefði misst af vegna þess að það hefði farist fyrir og ég er ekki að endurflytja þær tölur. Þær voru eitthvað á þriðja milljarð ef ég man rétt í íslenskum krónum á núverandi gengi eða á fjórða milljarð. Í þessu samhengi vil ég aðeins minna á það, og ég bið hv. þm. um að koma hér í ræðustólinn í þessu samhengi ef hann vill reiða hér fram upplýsingar, hvenær Sjálfstfl. og talsmenn Sjálfstfl. hafi fyrst tekið undir hugmyndir um að hækka þyrfti orkuverð til álversins í Straumsvík á undanförnum árum á tilvitnuðu árabili 1979—1983. Ég bið hv. þm. um að gera það því hann hlýtur að hafa það í fórum sínum hvenær slíkt hafi gerst. Ég get upplýst hann um að ég hef spurt þessarar spurningar oft úr þessum stól. Ég hef spurt m. a. hv. 4. þm. Reykv., sem nú er fjarstaddur, þessarar spurningar fjórum eða fimm sinnum og ekkert svar fengið. Sannleikurinn er sá að á árunum 1979 og 1980 höfðust þm. Sjálfstfl. ekki annað meira að í sambandi við þetta mál hér á hv. Alþingi en að verja álsamningana alveg niður í nánast hvern stafkrók og alveg sérstaklega varðandi raforkuverðið og leiða að því rök frá sinni hálfu hversu réttlátt það væri, hversu ágætur rafmagnssamningurinn væri. Hv. þm. hafði hér yfir hluta af þeirri plötu sem gjarnan fylgdi með á þessum árum, þ. e. um það á hversu mörgum árum raforkusamningurinn við álverið greiddi niður Búrfellsvirkjun og línurnar sem henni tengjast og raforkuvirki af öðru tagi, á 19 árum nefndi þm. hér áðan í sínu máli, og ég þekki þá plötu. Ég vil upplýsa hann um það hér að ég held að það hafi verið komið fram í marsmánuð 1981 þegar ég í fyrsta sinn úr þess stóli heyrði, togaði það upp úr þáv. formanni Sjálfstfl. að það gæti nú verið ástæða til að fá einhverja breytingu á raforkuverðinu til álversins í Straumsvík. Það var það fyrsta. En það er ekki fyrr en sumarið 1982 sem Sjálfstfl. venti um skeið sínu kvæði í kross, eftir að fram kom mjög vandlega unnin athugun starfshóps á vegum iðnrn. sem leiddi í ljós með óyggjandi rökstuðningi hvernig rafmagnsverðið væri komið út fyrir öll viðmiðunarmörk, hvort sem miðað væri við upphaflegan samning eða þróun raforkuverðs til álvera í heiminum.

Síðan koma hér þessir menn, hæstv. iðnrh. og hv. samninganefndarmaður Gunnar G. Schram, og reikna út tölur sem tapast hafi vegna þess að ekki hafi verið samið um tvöföldun eða þreföldun orkuverðs 1979 eða 1980. Ég þarf ekki að eyða frekari orðum að málflutningi sem þessum, hann dæmir sig sjálfur. Og það væri hér hægt að rifja upp marga þætti í frammistöðu Sjálfstfl. á þessum árum til að sýna fram á að þar var nú ekki mikið hald að fá eða stuðning til þess að knýja fram réttláta og eðlilega niðurstöðu í þáverandi viðleitni stjórnvalda til að fá fram breytingu á álsamningunum.

Hv. þm. vék að viðmiðunarverðinu sem íslenska samninganefndin virtist hafa skrifað upp á varðandi álver annars staðar í heiminum og taldi að það væri allt með felldu að taka þar inn í bundna orku sem óbundna. Ég hef andmælt þessu viðhorfi og geri það enn og bendi á að þegar hv. þm. t. d. fer að taka Noreg inn í þetta dæmi er yfirgnæfandi hluti af raforkusölu í Noregi í reynd á milli skyldra aðila, rafveitna í eigu ríkisins og álvera í eigu ríkisins að meira eða minna leyti. Og svo talar þm. um Noreg sem „okkar helsta samkeppnisland". Þetta eru tilvitnanir sem ég hefði ekki verið hissa á að heyra frá Alusuisse. Samkeppnisland að hvaða leyti? Í áliðnaði? Stöndum við Íslendingar í áliðnaði? Mér er ekki kunnugt um að við eigum neitt í álverinu í Straumsvík svo að ekki erum við að keppa um sölu á áli. Og ekki er Noregur í þeirri stöðu að bjóða raforku framleidda með vatnsafli til útlendinga og keppa með þeim hætti við orkusölu frá Íslandi. Hér er á ferðinni eins konar búktal, eins og ég hef vikið að að heyrist því miður æ ofan í æ frá talsmönnum núv. ríkisstj. í þessu máli, röksemdafærsla og málafylgja sem fullkomlega væri eðlilegt að heyra af vörum talsmanna Alusuisse en ekki íslenskra stjórnvalda.

Hið sama gildir þegar hv. þm. er að rökstyðja raforkuverðið með því að álverið frá 1966 sé gömul álbræðsla sem fái raforkuverð frá gömlu orkuveri. Ég tel að tengingin á raforkusölunni til álversins í Straumsvík við Búrfellsvirkjun sé svo fráleit að það er nánast óskiljanlegt að talsmenn íslenska ríkisins, íslenskra stjórnvalda, skuli hafa hana uppi í tíma og ótíma. Ef viðskiptaleg sjónarmið réðu málflutningi talsmanna Sjálfstfl., eins og ástæða væri til að ætla að kæmi á stundum úr þeirri átt, mundu þeir að sjálfsögðu ekki haga orðum sínum svona.

Þegar um er að ræða raforkusölu á hvaða tíma sem er eiga menn að sjálfsögðu að miða við endurnýjunarverð orkunnar. Þegar um er að ræða rekstur fyrirtækis reyna menn að taka slíkt mat inn í myndina og nákvæmlega sama gildir varðandi raforkuframleiðslu.

Hv. þm. fjallaði um verðtryggingarákvæði í þessum samningi og taldi að þau væru inni að mjög verulegu leyti. Einu virðist hann hafa gleymt, að hámarks- og lágmarksákvæði samningsins eru óverðtryggð með öllu, eins og hér hefur verið minnt á í umr., m. a. af hv. 3. landsk. þm., og þess vegna er það að verðþróunin og verðbólga veldur því að um stórfellda skerðingu verður að ræða fyrr en varir á raunvirði orkunnar.

Það er eðlilegt að hv. talsmenn ríkisstj. í þessu máli, hvort sem það er ráðh. eða hv. samninganefndarmaður, séu ekki mjög gleiðir í sínum málflutningi því að það eru þeir ekki. En þeir leita hér oft og tíðum að smáum atriðum til að draga hugann frá meginatriðum máls og fara oft og tíðum ranglega með. Ég get tekið hér eitt dæmi af þessu tagi þegar hv. þm. Gunnar G. Schram er að deila á mig fyrir að hafa ekki tryggt endurskoðun á

ársreikningum ÍSALs fyrir árið 1977 eða á þeim tíma. (**GGS:** Aldrei nefnt það.) Eða 1978. (**GGS:** 1979.) Á árinu 1979. Þá var hafin grundvallarathugun á aðstæðum álversins við Straumsvík sem leiddi til þeirrar niðurstöðu sem fram var borin hér á Alþingi síðla á árinu 1980, sem var undirstaðan í þeirri málafylgju sem síðan hefur verið rekin.

Hæstv. ráðh. fór héðan úr ræðustól nánast andvarpandi yfir því að fylgi við þessa samninga væri ekki sem vonir hefðu staðið til. Ég skil það vel að hæstv. ráðh. þyki nokkuð á vanta þar sem talsmenn þriggja þingflokka hér á Alþingi hafa lýst andstöðu sinni við þessa samninga. Það hefur verið unnið að þessu máli með mjög sérstæðum hætti, eins og hér hefur oft verið rakið. Í því sambandi vil ég, áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, nefna samninga sem gerðir voru á þessu ári af landi sem er býsna langt í burtu og þar sem kreppir meira að en á Íslandi, þ. e. suður í Ghana. Þar tókst stjórnvöldum að knýja fram eftir mjög harða samningalotu endurskoðun á samningum við álver sem kallast Valco og er í eigu Kaiser-auðhringsins að meiri hluta til. Þar var um að ræða samninga þar sem gengið var frá öllum þáttum máls og samninga sem að mati aðila, sem fylgdust með þeim, voru sigursamningar fyrir Ghana. Ég vil í þessu sambandi vitna til Metal Bulletin sem skrifar um þetta mál 24. júlí 1984 og orðar það með þessum hætti:

„Með því að vinna þann pakka, sem fyrir liggur, hærra orkuverð, hærri afgjöld" — eða „tolling fees" eins og það kallast á ensku, — „hærri tekjuskatta og minni orkuverðsafhendingu og minni skattfrjálsan innflutning hefur samninganefnd Ghana að lokum útilokað allar getsakir um arðránstengsl" — eða „explotative relationship" — „milli Ghana og Kaiser. Með því að hækka orkuverðið í 17 mill frá 5 millum hefur Ghana fært Valco inn á miðju álvera í heiminum. Nýlegt mat á heimsorkuverði, unnið af Commodities Research Unit með aðsetri í London, sem hefur endurskoðað athugun sína á raforkukostnaði í áliðnaði, felur í sér meðalverðið 17.2 mill þegar öll framleiðsla, sem nú er í gangi, er tekin með í reikninginn."

Ég hef hér undir höndum fréttatilkynningu, útgefna af ríkisstjórn Ghana, um niðurstöðu þessara samninga og þann pakka sem frá var gengið milli ríkisstjórnarinnar og Kaiser-samsteypunnar. Þar er ljóst að gífurlega mikill árangur hefur náðst við aðstæður sem nánast að öllu leyti voru langtum erfiðari heldur en við höfum búið við í samskiptum okkar og aðstöðu gagnvart Alusuisse. Og ég vil geta þess hér, vegna þess að talað hefur verið um samninga, meðferð á samningum og samningatækni í þessum umr., að ríkisstjórn Ghana hikaði ekki við að stöðva viðræður um sex mánaða skeið vorið 1983 til að fá á ný viðspyrnu í samningnum við auðhringinn og koma honum í skilning um þá alvöru sem að baki bjó. Ghanastjórn hafði lengi leitast við að fá leiðréttingu og hún hafði haft samninganefnd í gangi fyrr á árum og m. a. bankastjóra þar framarlega. En ríkisstj. sem tók við 1981 tók þetta mál nýjum og föstum tökum og leiddi það fram til ávinnings sem ætti að vera Íslendingum lýsandi fordæmi um hvernig unnt er með samstöðu og einbeitni að ná árangri við erfiðar aðstæður. Því miður hefur sú ekki orðið reyndin hér. Því miður erum við ekki með heildstæða endurskoðun á samskiptum okkar við Alusuisse, heldur aðeins hluta af heild.

Ég tel margt hafa komið fram við þessa umr. sem máli skiptir og þ. á m. þau sjónarmið sem fram hafa komið í máli hv. 3. þm. Reykn. og hjá hv. 3. landsk. þm. og sitthvað af því sem fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv. þótti mér skynsamlega mælt og af sanngirni og ég met það. Ég sagði í fyrri ræðu minni við þessa umr. í dag að það sem máli skipti fyrir smáþjóð eins og Íslendinga til þess að halda á sínum hagsmunum og ná árangri í vandmeðförnum og erfiðum málum í samskiptum við útlendinga væri samstaða. Og ég minni á þá samþykkt þingflokks Alþb., sem gerð var í dag, þar sem við skorum á núv. hæstv. ríkisstj. að breyta vinnubrögðum í sambandi við framhaldsmeðferð þessa máls, taka þar inn í stjórnarandstöðuna, veita henni óskoraðan aðgang að meðferð þessa máls. Ég tel að ef sá háttur hefði verið viðhafður frá upphafi, reynt að stilla saman, þá hefðum við ekki staðið frammi fyrir þeirri niðurstöðu sem ríkisstj. ber hér fram við hv. Alþingi.

Frsm. 4. minni hl. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Má ég biðja forseta að kalla hæstv. iðnrh. í salinn? (**Forseti:** Já.) Það verður ekki langt, hæstv. ráðh. (**Iðnrh.:** Nei, ég var bara að klára kaffið mitt.) Já, það var gott.

Hæstv. ráðh. sagðist vera nískur á fé, en það er eitt víst að ekki er hann nískur á umhyggju fyrir velferð kvenna. En ósköp fer hún nú að verða sífelld þessi umhyggja og einlægni þeirra sem hafa sjálfstæðari skoðanir á þjóðmálum en aðrir. Það linnir ekki látum þeirra úr ræðustól Alþingis, í dagblöðum og öðrum fjölmiðlum upp á síðkastið og ekki mundi ég segja að þar færu blíðulætin ein. Jafnvel í svo alvarlegu máli þjóðhagslega, eins og þetta álmál er, þá láta menn ekki sitt eftir liggja og bæta við orðaforðann sem nú er orðinn hinn fjölskrúðugasti og þeir velja Kvennalistakonum. Eru þar mikil skáldskaparmál, sumt heiti og annað líklega kenningar, en fæst eru þau virðuleg eða vingjarnleg og ekki í takt við þá einlægni og umhyggju sem menn segjast bera. Þar eru „aftaníossur" og „fylgikonur", þar eru „lagskonur" og „meðreiðarsveinar". Þar eru „taglhnýtingar, vinnukonur, handlangarar, svuntur á Alþb." og „þær sem gegna kalli móðurskipsins" og svo mætti lengi telja en mig brestur minni. (**Iðnrh.:** Ég á nú fæst af þessu.)

Er þarna ein af fáum frjósömum garðholum á þeim bæ þar sem menn velja þeim nöfn sem þeir segjast bera umhyggju fyrir. Er hún athyglisverð, hugmyndaauðgin á þessu sviði, og óskandi að henni brygði fyrir á fleiri sviðum en þó varla að vænta því að þetta hreppapólitíska hnútukast er jú sérþekkingarsvið.

Nei, ég held nú ekki að þetta sé eintóm umhyggjan. Hitt þætti mér líklegra að þarna séu hörundssárir menn sem kúra volandi í kulda og trekki, sjá sem í hillingum atkvæði sín fjara frá sér og bregðast til varnar. Og svo mikið er úrræðaleysi þeirra að þeir kunna ekki önnur ráð en að sparka frá sér og berja aðra niður í stað þess að líta í eigin barm, endurmeta ástandið og byggja upp sinn eigin sjálfstæða flokk og gera hann meira aðlaðandi fyrir konur. Ja, miklir menn erum vér, Hrólfur minn.

Eftir öllu þessu tannagnístri og hnéskeljaglamri að dæma hlýtur jafnvel fávísum konum að detta í hug að nú séu kosningar í nánd. Hvað varðar stefnu Samtaka um

kvennalista í stóriðjumálum þá hefur hún verið ákveðin og skýr allt frá upphafi og reyndar ólík stefnu annarra flokka og samtaka á þessu Alþingi Íslendinga og því ekki hengd aftan í einn eða neinn. Það væri ómaksins vert fyrir svo umhyggjusaman ráðh. að kynna sér þessa stefnu og því færi ég honum hér með lítið kver með stefnu samtakanna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur með glöggum og greinargóðum hætti gert grein fyrir sjónarmiðum okkar Alþb.-manna í því máli sem hér liggur fyrir. Í rauninni hef ég engu efnislega þar við að bæta. En ein ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var hin almenna meðferð þessa máls og sá lærdómur sem hugsanlega er hægt að draga af henni frá síðustu 20 árum, en núna eru bráðum tveir áratugir síðan ákveðnir menn fundu það upp að það væri brýnasta verkefni þjóðarinnar að koma orku fallvatnanna í lóg vegna þess að sú auðlind yrði ónýt og óseljanleg innan mjög skamms tíma.

Leiðtogar þjóðarinnar í því máli — að selja orkulindirnar fyrir lítið fé — voru forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl. á þeim tíma. Það voru miklir endemissamningar sem voru gerðir 1966 og það voru ítarlegar umr. sem fram fóru þá hér á hv. Alþingi. M. a. var flutt um það till. af stjórnarandstöðunni að þessi samningur yrði ekki að lögum nema fram færi fyrst þjóðaratkvæðagreiðsla og hann samþykktur þar. Svo mikið töldu menn þá liggja við í Framsfl. og Alþb. að þeir töldu óhjákvæmilegt að spyrja þjóðina í heild: Hver er afstaðan til þessa samnings?

Í umr. um þetta mál var á það bent að veruleg hætta væri á því að álhringnum tækist að kljúfa þjóðina í fylkingar, að reka fleyga í íslensku þjóðina. Talsmenn Framsfl. á þeim tíma, eins og hæstv. núv. forseti Nd. og hv. þáv. formaður Framsfl. o. fl., bentu á þessa stórfelldu hættu, — að hringurinn mundi eignast menn og eignast blöð og eignast stjórnmálaflokka.

Það, sem núna liggur fyrir, er að hringnum hefur tekist þetta. Að vísu leggst Alþfl., sem í upphafi studdi þetta mál, nú gegn þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. En Framsfl. hefur snúið við blaðinu svo gjörsamlega að það eru fá dæmi annars eins í stjórnmálasögu síðustu ára, jafnvel þó menn fari í saumana á sögu Framsfl., sem er litskrúðugri um margvíslegar skoðanir á sömu hlutunum en saga nokkurs annars stjórnmálaafls á Íslandi fyrr og síðar.

Það plagg sem þeir hv. þm. Ingvar Gíslason og Páll Pétursson leggja hér fyrir! — Já, það er margt sem fer í gegnum Gutenberg hér frá hv. Alþingi og Gutenberg er þolinmóð prentsmiðja og tekur við ýmsu, m. a. undarlegum nál. En þetta er algjörlega einstakt plagg. Það er bæði með og á móti, móti og með málinu í öllum greinum hvernig sem það er skoðað. Framsfl. segist vera á móti stækkun álversins í dag. En í fyrra var hann *með stækkun álversins. Eða eins og segir hér í till.* til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse, með leyfi forseta: „Alþingi telur að stækkun álversins komi til greina." Tillögumenn eru Ólafur Þ. Þórðarson og Halldór Ásgrímsson varaformaður Framsfl.

Núna, þegar saumað er að framsókn af stuðningsmönnum Framsfl. um allt land út af aumingjaskap í þessu álmáli, reyna þeir að þvo sér í framan með því að gefa út sérstakt nál. í málinu af því að þeir þora ekki að vera á plaggi með íhaldinu og halda að þeir geti bjargað sér á hundasundi í land með því að gefa út sérstakt álit sem segir svo sem ekki neitt annað en að þeir séu bæði með sjálfum sér og á móti sjálfum sér.

Framsfl. segir í þessu máli núna að hann sé í raun og veru á móti skattabreytingum sem felist í þessu frv., þetta séu svo slæmar skattabreytingar fyrir Íslendinga. En samt er hann með málinu. Þó eru þessar skattabreytingar og reglur, sem þar er verið að breyta, til bölvunar jafnvel á samningnum 1966 eins og hv. 5. þm. Austurl. hefur hér bent á. En samt er framsókn með því að gera samninginn 1966 sem átti að senda í þjóðaratkvæði jafnvel enn þá verri en hann þá var.

Framsfl. segir: Það var vondur samningurinn 1966. En staðreyndin er sú að Framsfl. hefur nú með afstöðu sinni til þessa samnings hér í dag samþykkt öll meginskref *í stefnu hinnar erlendu stóriðju á Íslandi á* undanförnum árum, orkusölustefnunni, Grundartangaverksmiðjuna og þá tvo viðauka við álsamninginn sem hafa verið gerðir. Framsfl. hefur m. ö. o. breyst í þann flokk sem hæstv. forseti Nd. og formaður Framsfl. á sínum tíma vöruðu við að yrði til í landinu, að álverið eignaðist menn, það eignaðist blöð, að það eignaðist flokka.

Mikið hlýtur nú gleði þeirra í Zürich að hafa verið mikil á árinu 1983 þegar lögð var fram till. til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse. Ætli að hún sé ekki bara rommuð inn á kontórunum? Kannske að hv. þm. Gunnar G. Schram viti um það hvaða myndir eru þar á veggjum? (**GGS:** Það er ekki mynd af Karli Marx.) — Nei, það er ekki mynd af Karli Marx, nei. Það var nú ekki það sem mér datt í hug, hv. þm. En það gætu verið einhverjir aðrir þar. Ætli það sé mynd af viðræðunefndinni? Ekki enn þá? En það gæti verið innrammaður texti af þessari till. til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse, sem var flutt hér af þremur þingflokkum á árinu 1983, vegna þess að þetta var sigurplagg fyrir Alusuisse. Með þessu plaggi var það staðfest að Alusuisse hafði tekist að kljúfa þjóðina, að kljúfa þá þjóðarsamstöðu sem mögulegt var að byggja upp í þessu máli. Það er kjarni málsins. Við skulum gera okkur grein fyrir því að við erum að eiga hér við óprúttinn erlendan auðhring sem svífst einskis og það er ekkert betra í hans augum en að andstæðingur hans sé klofinn í margar fylkingar.

Síðan hefur það verið að þróast með ýmsum hætti að Framsfl. hefur gengið lengra og lengra á þessari braut. En á sama tíma hefur það að vísu gerst að Alþfl. hefur tekið afstöðu á móti þeim drögum sem hér liggja fyrir, þó að formaður Alþfl. sem nú er hafi aldrei þessu vant ekki, svo mér sé kunnugt um, látið skrá sig á mælendaskrá í þessu máli. Er það nýlunda hér í þinginu að hann skuli ekki skrifa sig á þau blöð. Það verður fróðlegt að sjá hver verður afstaða hans þegar þetta mál kemur hér til atkvæða hvenær sem það nú verður.

En þó að iðnrh. hæstv. takist að knýja mál þetta áleiðis, eins og hér liggur fyrir, er það engu að síður athyglisverð staðreynd að þessi ósköp skuli reyna svo á þingið og þjóðina að iðnn. Nd. er klofin í fjóra hluta. Það er enginn meiri hluti til sem þorir að gefa sig upp í málinu. Það eru fjögur minnihlutaálit og hygg ég að langt sé síðan jafnmörg minnihlutaálit hafa komið úr nefnd hér á hv. Alþingi. Fróðlegt væri að rannsaka hvaða dæmi eru til um fjögur minnihlutaálit úr einni fastanefnd

deildar. Þau dæmi eru fá.

En tvískinnungur Framsfl. er í rauninni það athyglisverðasta pólitískt í þessu máli og það hvernig Alusuisse hefur tekist að reka fleyg í þjóðina. Það er ekki Páli Péturssyni til framdráttar og hv. þm. í þessu máli að ætla sér með gassa og fúkyrðum um hv. 5. þm. Austurl. að leysa sig frá því að flytja rök fyrir afstöðu sinni. Hann gæti sakað mig um fúkyrði, vafalaust kemur það fyrir mig að ég segi ýmis stór orð þegar mér er heitt í hamsi, en að „orðhákar" eins og, með leyfi hæstv. forseta, hv. þm. Páll Pétursson og hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson skuli vera að vanda hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni kveðjurnar í þessum efnum, það er nokkuð athyglisvert og hygg ég að þar kasti sá steini sem í glerhúsi býr.

Það kom hér fram að hv. 5. þm. Austurl. hafði verið neitað um veigamikil gögn í þessu máli vegna þess að hæstv. iðnrh. væri með þau heima hjá sér og hann vildi ekki birta þessi gögn fyrir iðnn. Ég hygg að sjaldan hafi iðnrh. sýnt iðnn. aðra eins lítilsvirðingu og þessa. Það væri fróðlegt, hæstv. iðnrh., að fá að sjá þessi gögn, m. a. vegna þess að maður þarf að finna það út hið fyrsta hvað það er sem Alusuisse fékk ekki af sínum kröfum. Því það er ábyggilega fljóttalið. Þegar farið er yfir liði frv. kemur í ljós að óskir Alusuisse hafa verið uppfylltar ein af annarri og að lokum píndu þeir fram veigamikla breytingu á samningunum á elleftu stundu.

Í þessu sambandi, herra forseti, er sérstaklega nauðsynlegt að víkja aðeins að tölulið 9 í þessum samningi, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta.

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Það er þetta sem á að fara að lögfesta hér á Alþingi. M. ö. o. iðnrn. er bannað að senda út fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu um þessi mál nema Alusuisse leyfi. Ég stórefa að valdaafsal af þessu tagi á grundvallarréttindum skv. stjórnarskrá Íslands standist í raun. Verið er að afhenda Alusuisse ritskoðunarvald á fréttatilkynningar iðnrn. um þessi mál. Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta: „Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða." Verið er að leggja það til að Alusuisse fái hér ritskoðunarvald í blóra við stjórnarskrá lýðveldisins. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Ég skora á hæstv. iðnrh. að áður en þessari umr. lýkur í kvöld eða nótt lýsi hann því yfir að hann sé þrátt fyrir þetta staðráðinn í að hafa það að engu. Og það er undarlegt að hlusta á hv. 6. þm. Reykv., sem er ritstjóri dagblaðs sem segist vera frjálst og óháð, lýsa stuðningi við þetta endemis ákvæði því þó ekkert annað kæmi til þá er þetta með þeim hætti að útilokað er fyrir nokkurn mann að skrifa upp á þetta.

Hvert er þá orðið okkar starf á undanförnum árum hér í umr. um ritfrelsi, skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi í landinu þegar það er sett í lög að iðnrn. má ekki gefa út fréttatilkynningu nema biðja Alusuisse um leyfi? Ég skora á hæstv. iðnrh. að lýsa því hér yfir á eftir að hann sé staðráðinn í að hafa þetta endemis ákvæði að engu, ég skora á hann að gefa þá yfirlýsingu; — ég tel það ósæmilegt fyrir Alþingi að fallast á þetta ákvæði. Ég vil spyrja 2. þm. Norðurl. v., ég held að hann sé hér á mælendaskrá: Samþykkir Framsfl. þetta ákvæði? Er Framsfl. ánægður með þetta ákvæði eða er hann óánægður með það? Ég skora einnig á hv. 6. þm. Reykv. að endurskoða afstöðu sína í þessu máli, bara út af þessu atriði þó ekki kæmi annað til. Ætlar hann sem ritstjóri eins af stærstu blöðum landsins að taka þátt í því með lögum að múlbinda íslenska aðila með þeim hætti sem hér er gerð till. um? Það verður fróðlegt að sjá og það verður ekki hægt því miður að taka mikið mark á kröfum hans um tjáningarfrelsi og óháða afstöðu ef hann styður þetta ákvæði.

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu." — En það er ekki nóg, ... „eða svipaða tilkynningu." — Hvað er „svipuð tilkynning", hv. þm. Gunnar G. Schram? Hv. þm. hefur væntanlega skrifað niður þessa speki. Ég skora á hv. þm. að koma hér upp á eftir og gera grein fyrir því hvað er „svipuð tilkynning". Er það yfirlýsing eða hvað? „Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans." Vita menn hvað þeir eru að gera hér?

Gera menn sér ljóst hvað þeir eru að leggja hér inn á hættulega braut? Mér hefur satt að segja fundist í þessu máli að hæstv. iðnrh. hafi stundum ekki vitað hvað hann væri að gera, a. m. k. ekki hvað hann var að segja. En hann segir stundum svo mikið að það verður kannske að virða honum það til vorkunnar þó maður þurfi að taka eins og 10—15% af því með afföllum. Mér hefur stundum fundist að þær yfirlýsingar, sem hann hefur gefið í þessu máli, bendi ekki til þess að hann hafi fylgst með málinu í einstökum atriðum. Hann kemur af fjöllum í sambandi við þennan aðstoðarsamning, sem er eitt veigamesta breytingarákvæði þessa samnings, og svo kemur í ljós að hann hefur samþykkt það um nótt í símtali við Sviss. Ég er alls ekki viss um að hæstv. iðnrh. hafi áttað sig á þessu atriði sem ég er hér að gera að umtalsefni. Það kæmi manni ekki á óvart miðað við annað sem hann hefur sagt. Það er svo margt í þessum samningi sem hann virðist ekkert hafa gert sér grein fyrir að væri skrifað þar niður. Hann yrði maður að meiri ef hann henti þessu ákvæði út. Ég skora á hann að lýsa því yfir að þetta sé ómerkt ákvæði með öllu.

Í dag gerði þingflokkur Alþb. sérstaka samþykkt út af þessu máli. Ég tel ástæðu til að vekja enn frekari athygli á þeirri samþykkt, en þar segir í fyrsta lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþb. lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna fyrirliggjandi samninga við Alusuisse og mun beita sér fyrir breytingum á öllum samningum og samskiptum við auðhringinn þegar Alþb. fær til þess aðstöðu."

Þetta þýðir að við munum beita okkur fyrir því að þeim atriðum, sem við höfum gagnrýnt í þeim umr. sem fram hafa farið á Alþingi um þennan samning að undanförnu, verði breytt. Aðrir flokkar hafa ekki gert samþykkt af þessu tagi. Ég tel að hér sé um að ræða mjög veigamikið atriði fyrir alla aðila að gera sér ljóst í þessu efni.

Hæstv. iðnrh. kaus að gera tilraun til að lítilsvirða Alþb. í þessu máli alveg sérstaklega með því að lýsa því yfir að því væri ekki treystandi að koma nálægt þessu máli. Sú lýðræðisást, sem þannig kemur fram hjá hæstv. iðnrh., er að vísu í góðu samræmi við vinnubrögð hans og ríkisstj. í þessu máli í heild frá því hún tók við.

„Álbandalagið", sem ég kallaði svo í umr. á Alþingi í febrúar 1983, Framsfl. og Sjálfstfl., hefur haldið ólýðræðislega á þessu máli. Það hefur traðkað á rétti stjórnarandstöðunnar til að fylgjast með málinu. Þessi

vinnubrögð hafa aftur og aftur haft það í för með sér að fjölmiðlum hefur verið neitað um eðlilegar upplýsingar. Og þau hafa aftur og aftur haft það í för með sér að talsmenn ríkisstj. hafa komið á framfæri við fjölmiðla upplýsingum þar sem hallað er réttu máli. Síðan á að pína málið í gegn um Alþingi á gjaldmæli, eins og það var kallað hér fyrr í kvöld. 400 þús. kr. á sólarhring tapast ef menn drífa sig ekki við þetta. Það er „flottræfilsháttur", sagði hæstv. iðnrh., að vera að liggja yfir þessu máli vandlega eins og Alþingi hefur þó reynt að gera. Þingræðið er „flottræfilsháttur" skv. þessum ummælum hæstv. iðnrh. hér í kvöld.

En í rauninni er það ekki. Í rauninni eru menn hér að leggja sig fram við að fara vandlega yfir mál sem skiptir miklu fyrir þjóðina á komandi árum. Það er þess vegna ekki „flottræfilsháttur" þó að hv. Alþingi vandi sig við að fara yfir mál af þessu tagi.

Herra forseti. Ég hef beint hér nokkrum orðum að þeim framsóknarmönnum. Ég vona að þeir taki þátt í umr. hér á eftir — því nóg er nóttin — þannig að hægt sé að fara yfir þessi mál og skiptast á skoðunum um þau. En ég vona einnig að hæstv. iðnrh. láti svo lítið að sýna prentfrelsinu í landinu þann sóma að lýsa því yfir að hann muni hafa ákvæði nr. 9 í sáttargerðarsamningnum að engu vegna þess að hann vilji ekki afhenda Alusuisse ritskoðunarvald yfir fréttatilkynningum sem fara frá iðnrn. á Íslandi.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þetta ákvæði í sáttargerðarsamningi hafði gildi á meðan á samningunum stóð að sjálfsögðu. Eftir að þetta er allt saman lagt hér fram hefur þetta ekkert gildi og við höfum fullkomið leyfi til að útlista samninginn að okkar vild. Og að sjálfsögðu hefur þetta ekki lagagildi.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það var nú gott og drengilegt hjá 3. þm. Reykv. að hlaupa undir bagga með félaga sínum hv. 5. þm. Austurl. Hins vegar finnst mér þrátt fyrir allt, þó það sé tímafrekara að hlusta á hv. 5. þm. Austurl. þá sé hann nú kunnugri málinu, talsvert mikið kunnugri málinu og skipulegri í sínum ræðum um það. Hv. 3. þm. Reykv. var með útúrsnúninga á afstöðu Framsfl. og ég vísa því nú öllu saman til föðurhúsanna. Hann fór þar með staðlausa stafi eins og ákaflega oft hendir hann. Hann er stóroröur og stundum skemmtilegur eins og við hæstv. iðnrh. erum reyndar líka. En það sem ég taldi hv. fyrrv. iðnrh. mæla um of og kallaði fúkyrði, óskynsamleg fúkyrði, fyrr í kvöld, það var þegar hann ræddi um sviksamlegt athæfi hjá Alusuisse. Nú er ég ekki að segja að það hafi verið neinar englapíur þar að verki, síður en svo. Og þaðan af síður að það hafi verið neitt meinlaust þeirra athæfi. En með þessum orðum að tala um sviksamlegt athæfi, þá gaf hann þeim kærkomið tækifæri til að kippa að sér hendinni og snúa upp á sig. Það var illa farið því að okkur var nauðsynlegt að ræða við þá til að geta þjarmað að þeim. Mér fannst hv. 3. þm. Reykv. gera heldur betur úlfalda úr mýflugunni þegar hann fór að ræða stjórnarskrárbrotið sem hann taldi að hér væri verið að fremja.

Auðvitað langaði forráðamenn Alusuisse ekkert sérstaklega til að orðhákurinn hæstv. iðnrh. væri að hælast um af þessari sáttargerð. Í mínum augum er þetta ekki stórmál og ef ekkert ákvæði í þessu plaggi væri varasamara en þetta, þá væri ég nú ekki mjög kvíðinn. Ég er búinn með tíma minn, en þarf enn að koma örstuttri athugasemd á framfæri. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kvartaði yfir því að ekki væri fjölmennara í þingsölunum. Ég get ekkert gert að því þó þingsalur tæmist þegar hann ætlar að fara að tala. Við mæltum með því 1966 að þessum samningi yrði vísað frá, en við gerum það ekki núna. Síðan hefur nefnilega töluvert vatn til sjávar runnið. Ég vek athygli hv. 5. þm. Austurl. á því að það er búið að reisa álver í Straumsvík, það er gert. Og við ætlum ekki að loka því og við ætlum ekki að stöðva þar framleiðslu. Við ætlum heldur ekki að stoppa þær virkjanir sem búið er að reisa til að skaffa þessari fabrikku rafmagn, jafnvel þó að þeir borgi ekki rafmagnið með þeim hætti að hagur sé að því að selja þeim það. En það er búið að virkja, búið að reisa dýrar virkjanir. Það er búið að stofna fjárhag þjóðarinnar í hættu með orkuöflun til að hægt sé að skaffa þessu fyrirtæki rafmagn og við verðum að koma rafmagninu í lóg. Rafmagnsverðið hækkar með þessum samningi um helming og þess vegna er skynsamlegt að samþykkja þennan samning en ekki skynsamlegt að vísa honum frá, með tilliti til þess sem gerst hefur á þessum 18 árum. Hv. þm. ræddi um sögu málsins á ríkisstjórnarfundum og í álviðræðunefnd og varpaði þar steinum að einstökum framsóknarmönnum. Ég sat ekki ríkisstj.-fundi og ekki heldur í álviðræðunefnd og veit ekki nákvæmlega hvað þar gerðist, og get því ekki andmælt því sem hv. þm. segir. Ég sat hins vegar í þingflokki Framsfl. þennan tíma og veit hvað þar gerðist. Ég get ekkert gert að því þó að Müller þessi tali við einhverja menn hér í Reykjavík aðra en Hjörleif Guttormsson sem þá var hæstv. iðnrh., og er aldeilis hissa á því að formaður Framsfl., núv. forsrh. skuli hafa sagt að sér litist vel á eitthvað án þess að spyrja hv. þm. Hjörleif Guttormsson fyrst um hvað honum mætti finnast. En iðulega kemur það fyrir að ég má búa við það að hæstv. forsrh. segir að sér lítist vel eða illa á hitt og annað án þess að hafa ráðfært sig nokkurn skapaðan hlut við mig um það áður. (**Gripið fram í:** Hvað ertu að segja?)

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er aðeins eitt orð. Ég skal taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. að ástæða er til þess að gera athugasemd út af 9. lið þessa samnings sem fjallar um fréttatilkynningar og ég hnaut um þetta atriði eins og hann. Hins vegar verð ég að játa að þó ég sé stundum mikill prinsipp-maður og vilji standa vörð um réttindi, málstað og sannfæringu, þá hugkvæmdist mér ekki að taka þá afstöðu að greiða atkvæði gegn þessum álsamningi vegna minni háttar ákvæða um fréttatilkynningar. Hins vegar stóð ég aðallega upp til þess að þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir þann heiður sem hann sýnir mér með því að ávarpa mig sérstaklega þegar tjáningarfrelsið ber á góma. Hann lítur greinilega á mig sem sérstakan oddvita þeirra mannréttinda sem felast í tjáningar- og skoðanafrelsinu. Ég er ánægður með þá viðurkenningu og þakka honum fyrir þann heiður og vonast til að við getum þá, ég og 3. þm. Reykv. staðið saman vörð um tjáningarfrelsið á öðrum sviðum og það síðar á þessu þingi.

Það hefur sem sagt komið í ljós að hæstv. iðnrh. hefur útskýrt þetta atriði með fréttatilkynninguna og tekið þann kaleik frá okkur. Við þurfum ekki að hafa frekari áhyggjur af því eða láta það þvælast fyrir okkur þegar

við greiðum að lokum atkvæði um þetta mál.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Í þessu þskj. fylgja þeir samningar sem um er að ræða í þessu efni. Meðal annars í fylgiskjali V er sáttargerðarsamningur sem heitir Sáttargerðarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. Þessi samningur er gerður hinn 5. dag nóvembermánaðar 1984 og þar er að finna tölulið 9 sem er orðaður eins og þar segir, með leyfi forseta.

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Þessi töluliður er bersýnilega hluti af sáttargerðarsamningnum sem slíkum og hlýtur því að skoðast sem slíkur. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að gengið sé mjög fast eftir því hér á hv. Alþingi hvaða innihald, hvaða þýðingu þetta sérstaka ákvæði hér hefur sem bannar útgáfu fréttatilkynninga á vegum iðnrn. (**Iðnrh.:** Ekkert gildi, enga þýðingu.) Nú segir hæstv. ráðh. aftur í tilefni af orðum mínum hér í kvöld, sem sýnir að þau voru ekki þýðingarlaus, og ég þakka honum fyrir að hann skuli hafa lýst því yfir, að hann væri staðráðinn í því að hafa þetta að engu. En þá er fróðlegt að velta því fyrir sér hvort það eru önnur atriði í sáttargerðarsamningnum sem hæstv. iðnrh. hefur hugsað sér að hafa að engu líka. Töluliður 9 er hér fallinn, en alls eru töluliðirnir 11. Eru það fleiri atriði sem hæstv. iðnrh. ætlar einhvern tíma við meðferð þessa máls að lýsa yfir að hann muni að engu hafa og þetta séu markleysur sem gildi aðeins meðan málið er til meðferðar hér á hv. Alþingi? Það er nokkuð athyglisvert að hæstv. ráðh. skuli taka þennan eina lið út úr. Um leið og ég fagna því að hann skuli hafa orðið við kröfu um það frá mér hér áðan að rífa þessa smán hér út hlýt ég að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað með hin atriðin 10? Er hann einnig staðráðinn í að hafa þau að engu eða hvað? Mér finnst þetta, hæstv. iðnrh., vera eitt dæmið af fjöldamörgum um vinnubrögðin í þessu máli. Þar er þrýst inn stórum málum á elleftu stundu. Það kemur í ljós að hæstv. ráðh. fylgist oft og tíðum illa með því sem hans samningamenn eru að gera, mjög illa, og stendur iðulega, að því er mér virðist, frammi fyrir gerðum hlut. En mér sýnist hann hins vegar ekki vera hér í ræðustól á Alþingi að gefa vísvitandi rangar upplýsingar. Ég hef ekki rekið mig á það. En þetta er eitt dæmið í þennan makalausa slóða sem hæstv. iðnrh. lætur eftir sig í þessu máli.

Ég hef aldrei kallað hæstv. iðnrh. landsölumann. Það hefur hann stundum gert sjálfur þegar hann hefur verið að svara mér, en ég skal játa að mér hefur þótt heldur lakara að sjá hann stundum í þessum krossferðum, sérstaklega af því að hann segir stundum frá því að hann lesi Íslendingasögur. Ég tel að hérna sé verið að takast á um grundvallaratriði okkar þjóðfélags og þjóðlegu baráttu fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar í bráð og lengd. Ég vil ekki afhenda það sjálfstæði útlendum aðilum, hvorki fyrirtækjum eða stórveldum.

Mér finnst að öll meðferð þessa máls í höndum hæstv. iðnrh. Sverris Hermannssonar sé með þeim hætti að hún staðfesti að það beri að gjalda varhug við vinnubrögðum auðhringa af þessum toga. Mér sýnist að vinnubrögðin sýni það líka að þeim mönnum sé síður treystandi sem fyrir fram gefa sér það að auðfélög af þessu tagi séu vinir þeirra í reynd í baráttu gegn þeirra eigin þjóð í þeirra eigin landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 17. fundur.

Fimmtudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148, n. 195, 196, 201 og 202). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞS, AS, GHG, EH, EBS, FÞ, GeirH, GB, GE, GGS, HÁ, HBl, KMK, MÁM, IG.

nei: SJS, SvG, MF, GeirG, GHelg, HG, JS, KJóh, KH.

MMS greiddi ekki atkv.

7 þm. (PS, ÞP, GJG, GA, JBH, KP, MB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Með tilvísun til nál. 1. minni hl. iðnn., þeirra hv. þm. Páls Péturssonar og Ingvars Gíslasonar, sérstaklega þó um það atriði þar sem nm. taka fram að þeir hafa allan fyrirvara á um fylgi sitt við hugmyndir um stækkun álbræðslunnar, þá segi ég já.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á fundi þingflokks Alþb. í gær var samþykkt eftirfarandi yfirlýsing:

„Vegna fyrirliggjandi frv. um samninga ríkisstj. og Alusuisse um álverið í Straumsvík samþykkir þingflokkur Alþb. eftirfarandi:

1. Alþb. lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna fyrirliggjandi samninga við Alusuisse og mun beita sér fyrir breytingum á öllum samningum og samskiptum við auðhringinn þegar Alþb. fær til þess aðstöðu.

2. Þingflokkur Alþb. mótmælir því að haldið verði áfram samningaviðræðum við Alusuisse með þeim hætti sem verið hefur í tíð núv. ríkisstj. Gerir Alþb. kröfu um að stjórnarandstaðan fái að þeim viðræðum óskoraða aðild.

3. Þingflokkur Alþb. telur brýnt að Alþingi kjósi nú þegar sérstaka nefnd með aðild allra þingflokka sem geri alhliða úttekt á samskiptum íslenskra stjórnvalda og Alusuisse frá upphafi og þætti álversins í efnahagslífi hérlendis, þannig að læra megi af dýrkeyptri reynslu í samskiptum við þennan auðhring."

Með tilliti til þessa, herra forseti, segi ég nei.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason): Eins og fram hefur komið á boðaðri dagskrá, sem einnig liggur fyrir fundinum, á að halda fund í kvöld sem verður útvarpsumr. og 3. umr. um það mál sem hér er til umr. Augljóst er að of skammt verður liðið frá 2. umr. Þess vegna verður að beita afbrigðum frá þingsköpum til þess að þetta mál megi koma fyrir í kvöld. Það er því eindregin ósk forseta að hv. þdm. mæti vel og stundvíslega til fundar í kvöld kl. 8 þegar fundur verður settur. Eins vil ég minna á að ákveðið er að hafa atkvgr. um frv. þegar að loknum útvarpsumr.

Sameinað þing, 27. fundur.

Fimmtudaginn 29. nóv., að loknum fundi í neðri deild.

Lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu, þáltill. 11. mál (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárframlög til níunda bekkjar grunnskóla, þáltill. 137. mál (þskj. 142). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Síldarverksmiðjur ríkisins, þáltill. 16. mál (þskj. 16). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 16 till. til þál. um að leggja niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að annast framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að leggja megi niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins."

Grg. með þessari till. er stutt, en í henni segir:

„Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmara hætti."

Herra forseti. Hugmynd þessi byggist á skoðunum okkar um það hvert sé raunverulegt hlutverk ríkisvaldsins. Ef maður lítur svo á að það sé aðalhlutverk ríkisvaldsins að hámarka velferð hinna verst settu í þjóðfélaginu og að beina þurfi öllum sínum kröftum að því verkefni fremur en öðrum, þá getum við orðið sammála um að eðlilegt er að ríkið beini sínum kröftum að öryggi í heilbrigðismálum, öryggi í húsnæðismálum, í menntun og afkomu.

Við búum í dag við efnahagslegan glundroða. Við búum líka við mjög áberandi og óeðlilegan kjaramun. Þessi kjaramunur er afleiðing þessa glundroða og glundroðinn er verk stjórnvalda. Ein af ástæðum þessa glundroða eru að okkar mati óþörf afskipti ríkisvalds og þátttaka í atvinnulífi sem er það víðtæk að ríkisvaldið getur ekki skotið sér undan því að það ber þar mesta ábyrgð allra. Ef það er hlutverk ríkisins, eins og ég sagði áðan, að tryggja fólki öryggi, m. ö. o. réttlæti, þá getur það ekki gerst með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í dag. Handahófskennd þátttaka ríkisins í atvinnulífi leiðir til ábyrgðarleysis allra þátttakenda. Ekki er hægt að krefjast ábyrgðar af einstaklingum ef ríkið gengur á undan með ábyrgðarlausu fordæmi.

Nú má það kannske til sanns vegar færa að Síldarverksmiðjur ríkisins séu í dag enginn stór baggi á ríkisrekstrinum. En sú niðurstaða er reyndar fengin að mestu leyti með bókhaldslegri leikfimi. Síldarverksmiðjur ríkisins skila ekki miklum hagnaði. Skv. bókhaldi er jákvæður tekjumismunur 545 þús. kr. En það gerist eftir að búið er að afskrifa eignir fyrirtækisins upp á 26.5 millj. sem eru 5% af seldri vöru og þjónustu, það er búið að fjárfesta fyrir 25 millj., sem er líka u. þ. b. 5% af sölu, og búið er að setja í viðhald 36 millj. tæpar eða 7% af tekjum af seldri vöru og þjónustu.

Það er staðreynd að eignir Síldarverksmiðja ríkisins eru allar orðnar mjög gamlar. Það er staðreynd að þær geta margar hverjar ekki sinnt nema mjög takmörkuðum verkefnum vegna þess að sú framleiðsla, sem þær skila, stenst ekki kröfur nútímans. Ég tel að þessu verkefni væri betur sinnt af einstaklingum þar sem þess gerist þörf og hagkvæmni leyfir. Ég tel að ríkisvaldið sé á þessu sviði að teygja starfsemi sína óþarflega langt út fyrir sitt raunverulega hlutverk og ég tel ekki að Síldarverksmiðjur ríkisins þjóni í dag því hlutverki sem menn hugsanlega gátu í upphafi talið að það gegndi. Ég tel alls ekki að þau upphaflegu rök, sem lágu til byggingar Síldarverksmiðja ríkisins og stofnunar, þ. e. að fjármagn væri ekki fyrir hendi í landinu með öðrum hætti en að fá það frá ríkinu, dugi lengur og þar með sé grundvöllur þessarar starfsemi ekki lengur fyrir hendi og því eðlilegt að leggja hana niður.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég get verið samþykkur mörgu af því sem stendur í þessum bálki eða bandormi, þ. e. málum 14—25, að því er mig minnir, þeim þáltill. sem hv. þm. Stefán Benediktsson hefur flutt. Ég veit þó ekki hvort þessar tillögur þjóna allar miklum tilgangi um framkvæmd þessara mála. Það hefði kannske verið nær að spyrja hvað hafi orðið um vilja hæstv. fjmrh. frá því í fyrra þegar hann lagði til að ríkið hætti afskiptum af eða selji þau fyrirtæki sem hv. þm. leggur nú til að verði seld. Að vísu hefur hæstv. iðnrh. framkvæmt sumt af því sem að hans rn. snýr.

Það er svo sem ekkert nýtt í þessari till. um að leggja niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins umfram það sem sagt var í fyrra. Mér finnst þó fremur lítið í grg. sem till. fylgir og mig langaði til að bæta þar nokkuð úr svo að menn vissu e. t. v. um hvað þeir væru í rauninni að selja eða gefa, ef menn vilja, því að þarna er um þó nokkuð miklar eignir að ræða, í lóðum, fasteignum, vélum og byggingum.

Skömmu eftir að fjmrh. lét þessi orð falla í fyrravor bárust virkilega fyrirspurnir til Síldarverksmiðja ríkisins um hugsanleg kaup á tveimur þessara fyrirtækja, þ. e. Síldarverksmiðjunni á Húsavík og Síldarverksmiðjunni á Reyðarfirði, auk lauslegra umr. um eignirnar á Skagaströnd. Fiskiðjusamlag Húsavíkur, sem leitaði eftir þessum kaupum, óskaði eftir að mat færi fram á þessum eignum og það var framkvæmt í febrúar 1984. Skv. afskriftareglum Ríkisábyrgðasjóðs er þetta mat um 10.6 millj. kr. á þávirði. Nývirði var aftur á móti talið rúmar 20 millj. kr.

Nú er bókfært verð á þessum eignum 4.5 millj. Það er því ekki óeðlilegt að ef maður hefur bókfært verð á öðrum eignum Síldarverksmiðja ríkisins gæti maður hugsanlega leyft sér — þó að það sé ekki að öllu leyti rétt — að margfalda það bókfærða verð með því verði sem hugsanlega fengist fyrir verksmiðjuna á Húsavík. Talið var að ef eitthvert vit ætti að vera í sölu á þessum eignum hlyti það að vera einhvers staðar á milli þeirrar matsgerðar skv. afskriftareglum og nývirðis. Tölur voru nefndar án þess þó að nokkur tilboð færu fram eða umr. um tilboð, u. þ. b. 13 millj. kr. eða nálægt þreföldu bókfærðu verði. Til er matsgjörð frá Sjóvá fyrir nokkuð mörgum árum og þar voru menn nokkuð sammála um að það mundi styðja þessa reikningsaðferð.

Bókfært verð Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði var 65.4 millj. sem ætti þá að söluverðmæti að vera nálægt 200 millj. Á Seyðisfirði eru það 44.6 eða 150 millj. kr. söluverð. Á Raufarhöfn eru eignirnar 31.3 sem mundu gera nánast 100 millj. kr. á söluverði. Reyðarfjörður er aftur með 18.9 millj. bókfært verð eða nálægt 60 millj. kr. hugsanlegt söluverð. Síðan á Skagaströnd 17 millj. kr. bókfært verð eða 50 millj. kr. hugsanlegt söluverð. Þetta gerir samtals um 560 millj. kr.

Nú er það svo að skv. afskriftareglum, sem reiknað er með í verðákvörðun fyrir loðnu, er nánast útilokað fyrir aðila, sem kaupir nýja eign til að bræða loðnu í, að standa undir nokkrum fjármagnskostnaði miðað við það verð sem reiknað er út. Þar af leiðandi mundi nýr kaupandi á þessum verksmiðjum fara beinustu leið á höfuðið skv. þeim verðákvörðunum sem viðhafðar eru í dag nema til komi verulega breyttar aðferðir við þá verðákvörðun. Þá er viss ókostur að brytja niður þessar einingar þar sem verkstæði, lager og varahlutir, stjórn sölumála o. fl., er á sömu hendi. En það er vel til í því, eins og hv. flm. tók fram, og raunar líklegt að einstaklingar gætu rekið ýmsar þessar einingar betur eða ekkert verr en nú er gert og jafnvel gætt meiri hagsýni en nú er.

Það vill svo til að nú stendur yfir deila austur á Seyðisfirði við Síldarverksmiðjur ríkisins. Starfsmenn verksmiðjunnar fóru í setuverkfall eina nóttina og drógu mjög úr framleiðslu. Verksmiðjan hélt þá að sér höndum með að taka við hráefni og hefur gert síðan þessi deila hófst. Deilan stendur um það að þvinga á verksmiðjustjórnina til að fjölga aftur á vöktum í verksmiðjunni umfram það sem búið var að fækka til sparnaðar þar sem tekin höfðu verið upp aukin vélræn vinnubrögð. Þetta ásamt fleiru mundi að mínu viti síðar koma til í verksmiðju í einkarekstri. Ég vil samt alls ekki fortaka það að þetta gæti gerst í einkarekstri. En Síldarverksmiðjur ríkisins gætu farið betur í einkarekstri og raunar tel ég að þær ættu þar heima. En menn verða að vita hvað þeir eru í raun og veru að tala um að selja í þessum efnum.

Það er ýmislegt fleira í þessum tillögubálki sem hér liggur fyrir sem ég hefði gjarnan viljað taka undir þó að ég endurtaki það að ég veit ekki hvort það hefur í sjálfu sér mikla þýðingu um framgang málsins, en það mun þá gert þegar hvert og eitt þeirra mála kemur fyrir.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta. Þó þetta mál sé búið að vera lengi á dagskrá hafði ég ekki reiknað með því að það kæmi til umr. í dag. Vissulega mætti fara um þetta einstaka mál mjög mörgum orðum, rekja sögu Síldarverksmiðja ríkisins frá upphafi, rekja það hvernig þær hafa staðið að atvinnulegri uppbyggingu og skipt öllum sköpum fyrir atvinnusögu margra byggðarlaga. Ég held að ef sú saga væri rakin af fyllsta hlutleysi yrði hlutur Síldarverksmiðja ríkisins góður svo ekki sé meira sagt. Ég hygg að þó að ýmsir aðilar hafi gagnrýnt þennan rekstur, jafnvel á heimastöðum, þá hafi það þó komið í ljós að þegar þeir hafa ætlað að breyta til hafi menn hætt við og fundist meira öryggi í því einmitt að geta haft jafntraust fyrirtæki og Síldarverksmiðjur ríkisins hafa þó verið á hverjum stað til staðar.

Ég ætlaði ekki að fara ofan í þessa till. mjög náið og hef ekki til þess aðstöðu. En hér var minnst á minn heimastað áðan og það minnir mig á ákveðna sögu frá þeim stað. Menn fengu glýju í augun af gróða síldaráranna og tveir einkaaðilar á staðnum hugsuðu sér til hreyfings og ætluðu hvor um sig að fara að byggja á þessum litla stað sína verksmiðju og það munaði ekki miklu að báðir fengju leyfi. Það var þó sem betur fer sú fjármálastjórn að það var ekki leyft. En það munaði litlu að við hefðum setið uppi með tvær litlar bræðslur sem þá væru nú trúlega báðar, miðað við þá aðila sem ætluðu að takast á við það verkefni, komnar á hausinn og til lítils gagns fyrir heimamenn.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að Síldarverksmiðjur ríkisins byggðu þar sína bræðslu og vissulega hefur komið fram margs konar gagnrýni á þá starfsemi. Stundum hefur mönnum þótt að verksmiðjustjórinn þar hefði ekki nægileg völd eða tök á því að stýra sínu fyrirtæki jafnsjálfstætt og hann kannske hefði viljað en í stað þess væri um of stýrt héðan að sunnan. En fyrir þetta byggðarlag stendur þó atvinnusköpunin og öryggið ofar öðru. Ég þarf ekki að fara langt yfir á norðausturhornið, þ. e. til Raufarhafnar, til þess að benda á annað dæmi sem kannske er enn þá gleggra.

Ég held að það liggi ekki mjög mikil hugsun á bak við þessa till., enda er hún mjög fortakslaus og grg. stutt. Það er aðeins vegna þess að það er skoðun BJ að leggja beri niður starfsemi á vegum ríkisins í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra atvinnuhátta sem hægt er að sinna með hagkvæmari hætti. Mig vantar alveg rök fyrir því að þetta mundi gerast með hagkvæmari hætti hjá einkaaðilum.

Ég veit um dæmi frá Austurlandi af bræðslu sem átti bærilega að græða á og hefur orðið einhver þyngsti baggi þess fyrirtækis. Ég gæti best trúað því að sá ágæti einkaaðili, sem þar er í forsvari, mundi gjarnan vilja losna við þessa verksmiðju sína í dag, jafnvel þó að loðnan sé komin aftur. (**Gripið fram í:** Það vil ég efa. Það er vafasamt í dag.) Það gæti verið að hann væri farinn að hugsa örlítið öðruvísi já. Ég heyri það að hv. 4. þm. Austurl. þekkir jafnvel og ég dæmið sem vonlegt

er.

Fortaksleysið í tillögugerðinni, að annast framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að leggja niður þessa starfsemi, er algert. Mér sýnist nefnilega tillögugerðin vera þannig að ef svona till. verði samþykkt hér eigi ekki að athuga neina hagkvæmni, hv. þm. Stefán Benediktsson. Þó að í ágætri ræðu fyrir öðru máli hér um daginn hafi verið rætt um ýmsa hagkvæmni í þessu efni stendur ekkert um það í þessu þskj. að nokkurrar hagkvæmni skuli gætt.

Það er rétt, sem kom fram hjá Birni Dagbjartssyni hv. 5. þm. Norðurl. e. áðan, að heimamenn á Reyðarfirði ræddu um það sín á milli í fyrra þegar kom hálfgert tilboð að nú væri hægt að kaupa ríkisfyrirtæki á slikk því mönnum skildist að svo væri, menn gætu gengið að þessu. Þá hugsuðu heimamenn sér gott til glóðarinnar og fóru að athuga þessi mál. Við könnun á þessu máli kom glögglega í ljós að menn réðu hreinlega ekkert við þetta. Það er útilokað að menn ráði við þær tölur sem hv. þm. fór með áðan og þýða nánast 60 milljónir.

Það var hins vegar ósköp eðlilegt í ljósi þess hvernig þessi útsala var sett upp af hæstv. fjmrh. að menn tryðu því að nú væri hægt að komast yfir miklar eignir fyrir lítið. Ég spyr þess vegna af því að ég sé að hv. 8. þm. Reykv. er búinn að biðja um orðið aftur: Er það útsöluhugmyndin sem liggur að baki þessum tillöguflutningi? Er það útsöluhugmyndin um það að ríkið afsali sér dýrum eignum á slikk til einkaaðila? Er skoðun BJ í raun og veru sú að öll starfsemi, hverju nafni sem hún nefnist, eigi að vera í höndum einkaaðila nema þá með þeim formerkjum, sem maður hefur heyrt hjá öðrum þeim sem halda fram þeirri stefnu, að ekki sé gróðavon? Við heyrum það nefnilega frá þeim postulum, sem tala fyrir þessari einkaforsjá, að sjálfsagt sé að setja alla starfsemi sem einhver gróðavon sé í, í hendur einkaaðila, en ef það kynni að þýða kostnað, ef það kynni að þýða tap, þá eigi ríkið skilyrðislaust að taka það á sig. Ég trúi því ekki að BJ sé með þessar íhaldsskoðanir á hraðbergi og það sé grundvöllurinn að þessum tillöguflutningi, en um það væri gott að fá skýr svör.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka þessar undirtektir, sérstaklega vegna þess að þær gefa betra tilefni til að ræða það sem ég tel vera höfuðatriði þessa máls, þ. e. spurninguna um hugmyndir. Ég vil benda á til upplýsingar að við fjárlagaumr. í fyrra lögðum við fram bandorm af brtt. við fjárlagafrv. sem lutu flestar að mjög svipuðum aðgerðum og hér er verið að tala um. Við hugsuðum síðan í framhaldandi tillögugerð að nota mætti þá fjármuni, sem þar losnuðu, til að leggja grundvöll að atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum.

Það er kannske hart að segja það, að ég hafi ekki haft ýkjamikinn áhuga á því hverjar eignir Síldarverksmiðja ríkisins voru. Það sem liggur að baki þessari þáltill. er ekki hugmynd útsölunnar, eins og hv. 2. þm. Vesturl. spurði mig um, heldur fyrst og fremst spurningin um hvert sé verkefni ríkisins og hvert eigi að vera verkefni einstaklinga í ljósi þess hvernig hægt er að gæta ábyrgðar og sækja ábyrgð, gæta ábyrgðar með þeim hætti að menn geti kallað þá aðila til ábyrgðar sem ekki hafa nógu vel farið með opinbera fjármuni og þá hugsanlega kallað þá líka til ábyrgðar þegar vel gengur. Hins vegar þegar um einkaaðila er að ræða skýrast þó línur ábyrgðarinnar með þeim hætti að ekki er nokkur vafi á því hver ber ábyrgð á hverju. Ég nefni það dæmi sem hv. 2. þm. Austurl. nefndi um einkaaðila á Austurl. sem nú rekur svipaðan rekstur sem þungan bagga. Á meðan þessi þungi baggi hvílir á honum getum við þó verið viss um, að hann lendir ekki á alþjóð allri. Það getur allavega ekki gerst nema fyrir fyrirgreiðslu stjórnmálamanna.

Það kom í ljós í máli hv. 5. þm. Norðurl. e. að núverandi verðlagsákvörðun á loðnu nánast útilokar rekstur einstaklinga á þeim verksmiðjum sem nú eru fyrir hendi. Þetta þýðir m. ö. o. að sjómenn eru að niðurgreiða loðnuna. Þetta þýðir þá líka að samkeppnisaðstaða okkar á mörkuðum væri nánast töpuð ef þetta væri ekki gert með þessum hætti.

Þetta segir okkur, án þess að við þurfum að rekja það, afskaplega mikilvæga sögu. Þetta segir okkur að í síharðnandi samkeppnisaðstöðu hefur ríkið í raun og veru tekið að sér að bjarga því sem bjargað varð. Í eðlilegri samkeppni hefði þurft að endurnýja þessar verksmiðjur með sama hraði og endurnýjun verksmiðja nágranna okkar fór fram til þess að þær framleiddu af sömu gæðum og með sama tilkostnaði eða lægri en keppinautar okkar. (Gripið fram í.) Ég er ekki að segja að einkaaðilar hefðu frekar gert það, þeir hefðu kannske alls ekki gert það, en þá værum við bara að gera eitthvað allt annað.

Málið er það að við höfum viðhaldið þessari atvinnustarfsemi með því að greiða hana niður. Og hver er árangurinn? Árangurinn er m. a. sá að við höfum frá Skagaströnd til Reyðarfjarðar mjög einhæft atvinnulíf á fjölmörgum plássum. Þar hefur einfaldlega verið haldið úti atvinnu með því að halda úti rekstri m. a. þessara verksmiðja. Það hefur verið notað sem afsökun fyrir því að gera í raun og veru ekki neitt annað til bóta í atvinnulífinu. Á meðan hægt er að halda tiltölulega stórum fjölda íbúa viðkomandi byggðarlags í vinnu hjá fyrirtæki sem þessu skapast engin pólitísk nauðsyn fyrir því að gera eitthvað annað fyrir atvinnulíf staðarins. Á meðan menn eru alltaf að tala um að renna nýjum stoðum undir atvinnulífið meina þeir allavega ekki neitt með því á þeim stöðum þar sem þeir halda úti niðurgreiddum rekstri verksmiðja sem þessara.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég get varla annað en blandað mér lítillega í þetta mál þar sem ég hef nokkuð langa reynslu af að veita verksmiðju forstöðu. Auðvitað má deila um rekstrarform. Síldarverksmiðjur ríkisins eru langstærsti framleiðandinn hér á landi á lýsi og mjöli. Þær reka slíkar verksmiðjur á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Svo eru minni verksmiðjur fyrir sérstaka vinnslu á Skagaströnd og Húsavík.

Ég skal segja það strax í sambandi við þessar verksmiðjur, sem við köllum ekki lengur síldarverksmiðjur, heldur loðnubræðslur, að mitt mat er að stjórn þessa fyrirtækis hafi lagt margt gott af mörkum og að mínu mati staðið sig vel og reynt að fylgjast með breytingum og lagfæringum eins og mögulegt er. Þetta segir ekki allt um að það sé endilega ríkið sem eigi að eiga þessar verksmiðjur. En það er annað alvarlegra

sem hefur skeð í þessum rekstri okkar hér á Íslandi. Það er hvað við höfum vanrækt að endurnýja og endurbæta þessar verksmiðjur almennt, hvort heldur eru í ríkis- eða einkaeign. Eini verulegi votturinn um það er blandaði reksturinn í Krossanesi á vegum Akureyrarbæjar og einstaklinga. Ég held ég megi fullyrða að sú verksmiðja sé með besta vinnslukerfið. Ég held að við hlaupum yfirleitt fram hjá þessu. Þetta er ábending til stjórnmálamanna og stjórna lánastofnana. Þarna höfum við vanrækt og þarna erum við að tapa stórfé á hverju ári.

Við seljum mjöl t. d. miðað við eggjahvítueiningar. Sennilega töpum við stórfé á hverju ári vegna þess að þær eru alltaf í lágmarki. Réttar vinnsluaðferðir, nútíma vinnsluaðferðir, eins og nágrannar okkar nota, færðu okkur stórfé. Það eru yfirleitt frá 68 upp í 72% í próteini. Það er fjögurra prósentustiga munur á þessu og verulegur verðmunur. Við þyrftum að geta gert þetta á réttan hátt. Það er verið að reyna að gera. Á því hefur verið byrjað í Krossanesi og víðar í litlum mæli. Það eru ekki eingöngu vélarnar í verksmiðjunum heldur mjölblöndunartæki og annað sem þarf að gera vel úr garði. En í þessu eru fólgnir verulegir fjármunir. Þetta gera nágrannar okkar Norðmenn og Danir svo til árlega, taka allar nýjungar upp og breyta hjá sér með fyrirgreiðslu lánastofnana því að ekki er þetta tekið beint úr rekstri. Þessir aðilar hafa skilað ómældum arði. Svo segjum við hér heima á Íslandi: Hvernig stendur á því að við fáum ekki hærra verð fyrir loðnuna í íslensku verksmiðjurnar? Þeir borga miklu meira bæði í Danmörku og Noregi og alls staðar. — Þetta er verulegur hluti af skýringunni, fyrir utan orkumál og annað sem fylgir því að innlend orka er hér miklu dýrari en danska olíuorkan og gasið. En þetta var framhjáhlaup.

Þetta er risaatvinnuvegur á okkar mælikvarða. Þetta er stóriðja hjá okkur. Nú blasir við eftir nýjustu upplýsingum að loðnubræðslur eigi að vinna úr 600 þús. lestum af loðnu. Það er ekkert smáræði sem fer í gegnum þessar vélar. Og það þarf að gæta þarna fyllstu arðsemi. Ég legg áherslu á að varðandi umbætur í arðsemi erum við of kærulausir. Við tölum alltat um arðsemi, en gerum lítið í því að framkvæma það sem þarf að gera þar.

Þá kem ég að aðalmálinu sem er: Á að selja Síldarverksmiðjur ríkisins eða ekki? Mín skoðun er sú að Síldarverksmiðjur ríkisins séu frumkvöðlar í uppbyggingu síldarbræðslu eins og hún var á sínum tíma. Ríkið hljóp þá undir bagga til að hrinda af stað nýrri atvinnustarfsemi. Þetta var mjög virðingarvert og var nauðsynlegt að gera það á sínum tíma. En ef einstaklingar eða sveitarfélög eða byggðarlög, þar sem þessar verksmiðjur eru staðsettar, vildu fara inn í þennan rekstur og taka hann að sér er alveg óþarfi að vera með „stóru mömmu", ríkið, með í þeim rekstri eins og nú er komið. Þessi ábyrgð á að flytjast heim í hérað og til þeirra einstaklinga sem þar vilja vera og ekki á neinu gjafverði, heldur sannvirði. Ég held að það hafi jafnvel verið baggi á ýmsum byggðarlögum, ég segi ekki meira en það, að hafa þessi fyrirtæki í sínum höndum. Það hafi verið orðið svo ríkt í þeim að geta sagt: Við höfum þarna ríkisfyrirtæki. Við þurfum ekki meira fyrir þessu að hafa. Þetta veldur ýmsum erfiðleikum, en við leitum bara til ríkisins. Ég er ekki að ámæla fólki á þessum stöðum. Það er alið upp við þetta. Við vitum um vandamál sem hafa skeð á Siglufirði og annars staðar vegna þessa.

Því ekki að leyfa fólkinu sjálfu, hvort það eru sveitarfélögin eða einkaaðilar sem vilja reka þessi fyrirtæki, að byggja þau upp á sem bestan máta? Þá má það njóta arðsins af því. Við eigum ekki að blanda ríkinu of mikið í slíkan rekstur. Ég er ekki tilbúinn, hv. þm. Stefán Benediktsson, að leggja þetta allt niður á einu bretti, þetta þurfum við að athuga, en ég er *algerlega tilbúinn að styðja þig í því að leitað verði eftir* því að þetta verði gert á þann veg, sem ég hef um rætt, að gefa einstaklingum og sveitarfélögum á þessum stöðum tækifæri til að eignast þessi atvinnufyritæki og reka þau upp á sína eigin ábyrgð.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég ætla að leggja nokkur orð í belg, vegna þess að síldarverksmiðjan á Skagaströnd hefur komið hér til tals. Ég ætla að upplýsa *þingheim um að síldarverksmiðjan á Skagaströnd* er ákaflega stór verksmiðja, en hún hefur varla starfað í 20 ár. Ef það á að selja þessa verksmiðju fyrir 17 millj. kr. mundi ég óska ríkissjóði til hamingju með að koma þeirri verksmiðju í verð. Þarna hafa verið möluð og brædd bein af og til úr frystihúsinu, en síld hefur ekki sést á Skagaströnd og ekki loðna heldur. Mér er mjög minnistætt þegar vélarnar voru teknar úr þessari verksmiðju og fluttar til Siglufjarðar, það hefur verið á árunum 1963—1965, ég man ekki nákvæmlega árið. Það er því alveg vonlaust að tala um þetta sem fyrirtæki sem sé atvinnuskapandi á þessum stað.

Ég er alveg sannfærð um að ef einstaklingar á Skagaströnd hefðu átt þessa verksmiðju og ættu hana hefðu þeir séð einhver not fyrir húsnæðið a. m. k. og veit að þar hefur verið áhugi á að nýta það.

Í upphafi var síldarverksmiðjunum komið á laggirnar til að styrkja atvinnulífið. En ágóðinn af þessum verksmiðjum, því einhver hlýtur hann að hafa verið á sínum tíma, rann ekki til byggðarlaganna, heldur fór hann eitthvað annað. Það var ekkert eftir nema stórir steinkumbaldar á Skagaströnd og víðar — á Vestfjörðum svo eitthvað sé nefnt — stórir kaldir steinkumbaldar sem standa steindauðir og eru öllum til ama ef ekki verður reynt að koma þeim í hendur einkaaðila sem sjá einhver not fyrir þá.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég tók smávegis þátt í umr. hér um fyrsta frv. af þessum bandormi þeirra Bandalagsmanna um að leggja niður starfsemi ákveðinna stofnana. Mér hefur fundist umr. hjá hv. flm. á þann veg að fyrst og fremst eigi að fara eftir því, sem í tillgr. segir, að leggja niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins, þ. e. að leggja niður þá starfsemi sem þar fer fram. Það er ekki verið að tala um að koma henni í hendurnar á öðrum. Meira að segja fannst mér koma fram í einni ræðu hans að starfsemi ríkisverksmiðjanna frá Húnaflóa og austur um hefði gert það að verkum að atvinnuástand á þessu svæði væri, og þessi starfsemi hefði sett það mark á, einhæfara og verra en í öðrum landshlutum. Í því fannst mér felast að það væri æskilegt að leggja loðnubræðslu niður, þetta væri ekki verkefni sem stæði undir eðlilegri atvinnuþróun í landshlutunum.

Ég vil mótmæla því og hefði talið að til að fylla út í stefnumörkun BJ um að skapa fólki öryggi og jafnvel

með breyttu hlutverki ríkisins hefði verið eðlilegra að fara inn á þá braut að leggja til að starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins yrði að einhverju leyti breytt. Ég hefði talið mjög við hæfi að nú hefði verið lagt til að starfsmenn þessara fyrirtækja fengju að hafa áhrif á stjórn og rekstur fyrirtækjanna, jafnvel sjómennirnir sem koma með hráefni til verksmiðjanna og jafnvel sveitarstjórnir á viðkomandi stað, en það hefur hvorki falist í ræðu flm. né heldur í till. að neitt slíkt sé æskilegt, heldur það fyrst og fremst að leggja niður starfsemi síldarverksmiðjanna.

Vitaskuld er meiningin sú, þó að það hafi ekki komið beinlínis fram, að þarna verði um eignabreytingu að ræða, þ. e. að færa þessar ríkiseignir yfir til einstaklinga. Það hefur um leið verið gert lítið úr hlutverki þessa fyrirtækis næstum því frá upphafi og nú sé það orðið úrelt rekstrarform. Síldarverksmiðjur ríkisins voru stofnaðar um 1930 og höfðu forustu í því að vinna silfur hafsins, síldina, hér á tímabilinu frá 1930 og fram til 1944 meðan fyrir Norðurlandi var mikið af síld. Það komu ýmsir aðilar að þessum leik. Stórkapítalistar á þá vísu, sem voru umsvifamiklir í rekstri hér sunnanlands, brugðu sér norður á land og byggðu stórar síldarverksmiðjur, steinkumbalda eins og hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir var að nefna hér áðan. Það eru til ansi stórir steinkumbaldar norður á Hjalteyri. Það eru stórir steinkumbaldar norður á Djúpuvík og Ingólfsfirði. Það eru steinkumbaldar á Hesteyri og Sólbakka. Hverjir skyldu hafa átt þessa steinkumbalda? Ekki var það nú blessað ríkið. Nei, það voru þeir sem nú er talað um að sjálfsagt sé að eignist ríkisfyrirtækin sem voru byggð upp á sama tíma og þessir steinkumbaldar voru byggðir.

Og það voru fleiri aðilar sem fóru inn í leikinn á þessu tímabili. Það gerðu líka bæjarstjórnir. Rauði bærinn á Siglufirði fór af stað og þótti ekki sæma annað en að nefna þá verksmiðju fallegu nafni og hún var nefnd Rauðka. Hún er ekki lengur steinkumbaldi, heldur er búið að rífa hana til grunna. Hún er ekki lengur til sem atvinnufyrirtæki fyrir norðan og hún var ekki tilbúin að taka á móti nýrri síldargöngu við Norðurland né heldur loðnugöngu við Norðurland þegar að því kom að þessir gullfiskar komu hér upp að ströndinni. Þetta var nú bjargræði einkaframtaksins og líka, því miður, bæjarfyrirtækis í aðalsíldarbænum. Ef Síldarverksmiðjur ríkisins hefðu ekki verið til staðar og verið byggðar upp á því tímabili sem ég hef áður nefnt hefði svo getað farið að þegar síldin kom og fór að veiðast aftur á 6. áratugnum hefði engin verksmiðja verið ganghæf. Það var engin af einkaverksmiðjunum. Það var búið að loka á Ingólfsfirði, Djúpuvík, Hjalteyri og Dagverðareyri sem ég gleymdi að nefna áðan. Og það var enginn til þess að nýta þessa afurð okkar. Sama hefði sjálfsagt skeð þegar næsta aflaleysistímabilið gekk yfir. Reyndar hefði ekkert verið hægt að gera þá. Við höfðum látið þetta silfur hafsins ganga fram hjá.

Ég lít svo á að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi að stórum hluta staðið undir þeirri lífskjarabyltingu sem átti sér stað á tímabilinu frá 1930 og fram yfir 1945, staðið undir stórum hluta af tekjuöflun og nýtingu sjávarafurða. Og þær hafa haldið þessu hlutverki sínu áfram á undanförnum árum og verið að mörgu leyti í fararbroddi þó að hægt sé að segja að sú forusta hafi slappast nokkuð á undanförnum árum. En því miður er alveg það sama að gerast á hinum vettvanginum, þ. e. í einkageiranum. Endurnýjun á verksmiðjum einkaframtaksins, sem eru nokkrar, þó ekki jafnstórar og ríkisverksmiðjurnar, hefur verið allt of hæg. Mér finnst engin ástæða til að kenna þar um forustumönnum hjá Síldarverksmiðjum ríkisins né heldur forustumönnum eins og hv. þm. Valdimar Indriðasyni, sem stjórnar einni verksmiðjunni, heldur hefur á undanförnum árum verið kreppt það að íslenskum sjávarútvegi að hann hefur ekki frekar á þessu sviði en öðrum getað byggt sig upp. Það á kannske að vera lausnin, þegar þannig er búið að leika ákveðinn þátt sjávarútvegsins, eins og síldarverksmiðjurnar, að afhenda ríkisverksmiðjurnar einkaframtakinu þegar stjórnendur landsins hafa leikið þannig rekstrargrundvöll fyrir þessi fyrirtæki að þau hafa ekki getað byggt sig upp. Ég mótmæli slíkri stefnu.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt, eins og hv. þm. Valdimar Indriðason nefndi hér áðan, að gert verði átak í því að endurbyggja verksmiðjurnar, jafnt ríkisverksmiðjurnar sem einkaverksmiðjur, en það væri sjálfsagt og eðlilegt að þar hefði ríkið forustu, ekki með því að reyna að skattleggja sjávarútveginn frekar en gert hefur verið, heldur með því að almenningur í landinu endurgreiddi nú þessum góðu fyrirtækjum, sem hafa á undanförnum árum að miklu leyti staðið undir þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í landinu, til þess að þau gætu orðið samkeppnisfær og til þess að þau gætu framleitt þá vöru sem er verðmætust og hægt er að skila frá þessum verksmiðjum. En það sem hefur skeð, eins og ég sagði áðan, á undanförnum árum og hefur gert það að verkum að þessar verksmiðjur hafa ekki getað endurnýjað sig er að þeim hefur ekki verið búinn rekstrargrundvöllur. Þær hafa verið skattlagðar á ýmsan máta til almenningsnota, og þó fyrst og fremst til ýmissa þjónustustofnana sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu, og þær hafa ekki getað sinnt því hlutverki sem þær eiga að hafa og þeim ber að sinna.

Ég vil sem sagt ítreka að ég teldi það eðlilegri og sjálfsagðari vettvang okkar alþm. nú að ræða um það hvernig fara skuli að því að endurbyggja þessar verksmiðjur og ná fullkomnari vinnslu og betri afurðum frá þeim en að ræða um hvernig við skulum breyta eignarformi á þessum góðu fyrirtækjum samfélagsins sem hafa byggt upp okkar þjóðfélag og styrkt uppbygginu okkar á undanförnum árum.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég fagna þeirri yfirlýsingu að útsöluhugmyndin sem fæddist í herbúðum þeirra sjálfstæðismanna á ekki innangengt í herbúðum þeirra Bandalagsmanna. Það er vissulega gott að svo er ekki, þótt ýmislegt hafi bent til þess, en ég er kannske ekki alveg nægilega sannfærður þó eftir þessa yfirlýsingu.

Ég vil leiðrétta það að starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins á Seyðisfirði og Reyðarfirði hafi haft afgerandi áhrif um einhæfni atvinnulífs þar. Þó þær hafi vissulega verið nokkur þáttur öðru hverju í atvinnulífi þessara staða, þá eru það auðvitað allt aðrir hlutir þar sem hafa verið afgerandi núna á hinum síðustu árum varðandi atvinnu, en góðir viðbótarþættir eru þetta engu að síður sem ég dreg ekkert úr. En það er annað þar eins og annars staðar sem hefur stuðlað að einhæfninni og ómögulegt að kenna það við starfsemi þessara aðila. Þessi einhæfni er nákvæmlega sú sama og ekki minni á hinum stöðunum þar sem einkaaðilarnir eru með þessar

bræðslur, síður en svo að þar sé meiri einhæfni.

Út af því sem fram hefur komið hér varðandi ítök heimamanna vil ég taka undir þá ósk sem kom frá mínum sveitungum um að heimaaðilar hefðu meiri ítök í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Þeir hefðu þar sinn fulltrúa og gætu þar einhverju ráðið. Það þykir mér eðlilegt og jafnvel að fyrir hverja verksmiðju væri ákveðin undirstjórn sem væri þar málum kunnug og tæki betur á.

Mér datt í hug í sambandi við allt tal um ríkisforsjá og þátttöku ríkisins í hinu og þessu að núna er mjög um það rætt að skapa verði ný atvinnutækifæri. Ríkisstj. er með það alveg sérstaklega á sinni könnu að skapa fleiri atvinnutækifæri á nýjum sviðum. Til þess er ákveðið framlag á fjárlagafrv. Mig minnir 50 millj. væru á fjárlagafrv. til að stuðla að þessari nýsköpun. Ég tek heils hugar undir það þegar fulltrúar BJ kvarta yfir því hvað ríkið geri lítið þarna og leggi of litla upphæð fram. Ég heyrði það í umr. um fjárlögin hjá fulltrúa BJ að þetta þótti lítil upphæð og það var greinilegt að BJ vildi eindregið stuðla að því að framlag ríkisins til nýrra atvinnutækifæra til nýsköpunar atvinnulífsins væri margfalt miðað við það sem er í fjárlagafrv. nú. Ég tek alveg undir þetta, en mér finnst að krafan um að ríkið leggi þarna meira til sé ekki í sem bestu samræmi við niðurlagningarstefnu hv. 8. þm. Reykv.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil minna á það, sem ég sagði í upphafi orða minna, að ég teldi það hlutverk ríkisvaldsins fyrst og fremst að hámarka kjör hinna verst settu í þjóðfélaginu. Ég verð að viðurkenna að ég furða mig á áhuga Alþb.-manna á rekstri Síldarverksmiðjanna. Ég get vel skilið að menn finni til einhvers sögulegs skyldleika við þessa starfsemi. Flestallir hafa trúlega einhvern tíma komið nálægt henni og hafa þannig séð einhverjar taugar til hennar. En að sá flokkur hér á þingi sem telur sig bera hagsmuni verkafólks hvað mest fyrir brjósti skuli ekki gera sér grein fyrir afleiðingum af þessum rekstri og þróun þessa rekstrar. Fyrirtæki sem ekki getur borgað eðlilegt hráefnisverð getur auðvitað ekki heldur borgað eðlileg laun. Það að halda í rekstur þessara verksmiðja er að halda niðri launakjörum hér á Íslandi og það hefur áhrif miklu víðar en bara í starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins.

Hv. 2. þm. Austurl. fannst gæta misræmis í gagnrýni okkar Bandalagsmanna á fjárframlögum til þróunar atvinnustarfsemi og þeirrar till. að leggja beri niður starfsemi sem þessa. Svo ekkert fari á milli mála, þá teljum við að það sé hlutverk samfélagsins eða ríkisins að ábyrgjast öryggi í aðstæðum en ekki að það fari fram þannig að ríkið haldi úti framleiðslustarfsemi.

Menn tala hér af mjög mikilli fyrirlitningu um einkaframtak. Fyrir mitt leyti vil ég ekki og mun ekki skilyrða það með einum eða öðrum hætti hvernig rekstri þessarar starfsemi og annarrar, sem við höfum lagt til að ríkið hætti afskiptum af, verður fyrir komið. Vitanlega eru margir möguleikar til í því, hvort sem þar er um að ræða einstaklinga, samtök einstaklinga, svo sem samvinnufélög, samtök einstaklinga í stærri hópum, sveitarfélög og þar fram eftir götunum, sem tekið gætu við þessum og öðrum rekstri. En allt eru það einstaklingar í samanburði við ríkiseignina. Ef og þar sem þessar verksmiðjur eru svona mikilvægar fyrir byggðarlög og sannanlegt er að þær séu svona mikilvægar og ekki sé hægt að bjóða fólki þar önnur atvinnutækifæri, ef þær standa undir byggðarlaginu, þá er ekkert eðlilegra en að byggðarlagið eignist þessar verksmiðjur og reki þær sjálft. Þá er ábyrgðin þar sem mest er nauðsyn fyrir hana og ekki ástæða til að sækja neitt til ríkisins í þeim málum.

Séu borin saman afrek einstaklinga eða samtaka þeirra og afrek ríkisins í þessum efnum finnst mér kannske farið út fyrir hugmyndafræðilegan grundvöll þessarar umr. því ég lagði áherslu á það áðan í mínum orðum að ég tel hér fyrst og fremst vera spurt um hvar og hvernig maður getur gert aðila ábyrga fyrir rekstri og þróun atvinnustarfsemi. Ég bendi á það, af því að ég hef einhvers staðar rekist á það, að Krossanesverksmiðjan sem hér var aðeins nefnd borgar 10% ofan á ákveðið verð (**Gripið fram í:** Gerir enn.) og gerir enn og hefur nægilegt hráefni á meðan mjög margir sigla með aflann til Danmerkur í staðinn fyrir að landa honum hjá aðilum innanlands sem vel geta tekið á móti honum. Þessu verður ekki breytt nema að þau fyrirtæki, önnur en Krossanesverksmiðjan, geti boðið sama verð eða hærra, en eins og upplýst var í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. geta fyrirtækin það ekki og þar af leiðandi verður því ekki breytt nema með einhverjum aðgerðum, hverjar sem þær yrðu.

Ég held að menn blandi allt of mikið saman við þessa umr. tilfinningum sínum til þeirra fyrirtækja sem nefnd eru. Þetta eru fyrirtæki sem stofnað var til með ákveðnum hætti fyrir mjög löngu margra hverra og menn hafa til þeirra grónar og kannske eðlilegar mannlegar tilfinningar. En það þýðir ekki að eðlilegt og nauðsynlegt sé að ríkið haldi úti starfsemi sem þessari sem nokkurs konar minjasafni.

Í sambandi við hvernig hefur verið staðið að þessum rekstri í fortíðinni ætla ég ekki að fara að vera neitt rótarlegur, en tilfellið er að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið einkabarn ákveðinna stjórnmálaafla hér á landi og notaðar sem nokkurs konar uppspretta atvinnutækifæra fyrir vissa stjórnmálaflokka. Ég nefni þar engan einn fremur en aðra. (**HS:** Þú mátt nú til með það.) Sá stjórnmálaflokkur er reyndar sá sem ég hef gjarnan nefnt stærstan kerfisflokk á þessu landi, en það er Sjálfstfl. Það væri þess vegna ástæða til, ef menn vildu, að fara nánar út í þá sálma. (Gripið fram í.) Ég vil ekki ræða það miklu nánar því margir þeirra sem þar komu mest við sögu eru nú komnir undir græna torfu og mér finnst ekki viðurkvæmilegt að vera að tína þeirra nöfn upp. Mér finnst umr. enn óeðlilegri fyrir þær sakir að það skuli vera þm. Alþb. sem nú stendur upp og ver þessa starfsemi.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég er hreinlega gáttaður á þeirri fullyrðingu hv. 8. þm. Reykv. að einkaaðilar í þessum rekstri greiði verkafólki einhver sérstaklega góð laun, en Síldarverksmiðjur ríkisins hafi haft forgöngu um að greiða lág laun og af þeirra völdum séu fólki í þessari vinnu ekki greidd mannsæmandi laun og af þeirri ástæðu séum við Alþb.-menn að verja Síldarverksmiðjur ríkisins. Ég frábið mér svona fullyrðingar og botna ekkert í þessu frekar en í röksemdafærslu hv. þm. þegar hann var að tilgreina Sjálfstfl. hér sérstaklega. Ég ætla þó að vona að menn muni upphaf Síldarverksmiðja ríkisins það vel að þar hafi að staðið

og haft forgöngu um Framsfl. og Alþfl. og byggt það upp og þeir eiga heiður skilið fyrir það. En það er gömul fortíð, því miður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Átak í byggingu leiguhúsnæðis, þáltill. 160. mál (þskj. 165). — Ein umr.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 165 leyfi ég mér að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis. Verði varið 200 milljónum króna í núgildandi verðlagi til þessa verkefnis á ári þar til þörfinni hefur verið fullnægt. Fjárins verði aflað með sérstökum hátekjuskatti."

Þessi till. er fram sett vegna hins mikla vanda sem leigjendur eiga við að glíma, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu. Í fréttum sjónvarpsins fyrir nokkrum vikum kom fram að það borgar sig engan veginn fyrir fólk að fjárfesta í húsnæði til að leigja út. Leigan þarf að vera himinhá til að standa undir öllum kostnaði. Af þessu svo og öðru leiðir að leigumarkaðurinn þrengist stöðugt. Íbúðum til leigu fækkar og leigan hækkar ár frá ári. Þær íbúðir sem um er að ræða eru húsnæði sem fjárfest hefur verið í og ætlaðar eru til leigu, gamalt húsnæði, t. d. í eigu dánarbúa, og síðast en ekki síst íbúðir sem kaupendur eða íbúðabyggjendur leigja dýru verði til að geta staðið undir vöxtum og afborgunum. Hin kröppu kjör íbúðakaupenda koma þannig niður á leigjendum sem í neyð sinni verða að taka nánast hverju sem er ef þeir eiga ekki að tjalda í Laugardalnum eða flytja aftur til foreldra sinna sem reyndar er sú lausn sem margir grípa til.

Því er við að bæta að afar lítið hefur verið byggt af leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár, sem veldur því að það fólk, sem leitar aðstoðar félagsmálastofnana, er á hrakhólum. Hvaða skoðun sem menn annars hafa á húsnæðismálum og því hvaða stefnu hið opinbera eigi að reka í þeim málum, er það staðreynd að hér á landi eru fjölmennir hópar fólks sem þurfa á leiguhúsnæði að halda, auk þeirra fjölmörgu sem gjarnan vilja leigja og eyða tíma sínum í annað en það þrælahald sem fylgir kapphlaupinu við víxla og afborganir.

Í hópi leigjenda er einkum um að ræða einstæða foreldra, námsmenn sem margir hverjir hafa fyrir fjölskyldu að sjá, aldraða, öryrkja og fólk sem t. d. er nýkomið heim úr námi eða nýflutt í bæinn, hvaða bær sem það nú er. Þar við bætast allir þeir sem engan veginn hafa bolmagn til að kaupa eigið húsnæði. Þá má nefna þá sem fara út á land til að stunda vinnu, t. d. kennara, lækna og presta sem að vísu fá margir hverjir embættisbústaði, en skv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, eru margir þessara bústaða mjög óhentugir og kyndingarkostnaður að sliga embættismennina. Þess eru mörg dæmi að kennurum er holað niður við alls ófullnægjandi aðstæður sem valda því að þeir haldast ekki við á staðnum. Auðveldasta lausnin væri auðvitað sú að byggja ódýrt og hentugt leiguhúsnæði.

Hér á Reykjavíkursvæðinu er ástandið á leigumarkaðnum þannig að leiga fer stöðugt hækkandi, svo sem áður segir, og er nú komin langt upp fyrir greiðslugetu láglaunafólks þó vissulega séu undantekningar þar á.

Ég get nefnt dæmi um einstæða móður sem vinnur hjá ríkinu. Hún fær 14 700 kr. útborgaðar þegar öll gjöld hafa verið dregin frá en eina húsnæðið, sem hún átti kost á að fá nú í haust eftir mikla leit, auglýsingar og umsóknir, var 3ja herbergja íbúð fyrir 13 000 kr. á mánuði. Hún á sem sagt að láta 1700 kr. plús meðlag duga fyrir mat, klæðum, barnapössun, hita, rafmagni og síma. Hvað gat hún gert? Þessi kona í fullu starfi hjá ríkinu átti ekki annars kost en að leita til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar til að fá hjálp.

Ég vil tíunda hér aðra sögu einstæðrar móður sem líka er í fullu starfi, vinnur vaktavinnu. Frásögn hennar birtist í Kvennablaðinu Veru nú í október. Hún segir með leyfi forseta:

„Ég hélt áfram leit minni og það eina sem bauðst voru samningar frá tveimur og upp í sex mánuði, en ég stefndi a. m. k. að árs samningi, búin að fá nóg af flakkinu. En það tókst mér engan veginn svo ég lenti að lokum á Grundarstígnum á sex mánaða samningi. Það var góður eigandi því ég slapp við fyrirframgreiðslu. Að sex mánuðum liðnum var aftur flutt inn á saumastofu frænku minnar, næst var það Kópavogurinn hjá vini í sjö mánuði og í mars s. l. fluttum við í tólfta sinnið, nú á Framnesveginn í eitt niðurgrafið kjallaraherbergi með aðgangi að baði, engri eldunaraðstöðu og hvorki skápum né geymslu, kostaði 3 þús. krónur á mánuði og sex mánuði fyrir fram. Þetta var ekki mannabústaður og við héldumst ekki lengi við þarna. Þrautalendingin var þá hús Félags einstæðra foreldra í Skeljanesi og þar búum við sem sagt í dag."

Þessi saga er ekkert einsdæmi, enda sýndi skýrsla sú, sem unnin var á vegum félmrn. um hagi einstæðra foreldra, að húsnæðismálin eru þeirra stærsti vandi. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Það hefur vakið töluverða athygli að meðal þátttakenda í greindri könnun telja langflestir að tryggt húsnæði sé eitt brýnasta mál einstæðra foreldra. Athuganir á húsnæðismálum einstæðra foreldra renna einnig stoð undir þá nauðsyn að tryggja möguleika á hæfilegu húsnæði til lengri tíma. Helmingur einstæðra foreldra býr í leiguhúsnæði en að jafnaði búa níu af hverjum tíu fjölskyldum á Íslandi í eigin húsnæði. Aðeins 6% einstæðra foreldra í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði hafa leigusamning til meira en eins árs og helmingurinn hefur engan leigusamning. Til samanburðar er bent á niðurstöður könnunar sem gerð var í Svíþjóð árið 1980, en þar kemur fram að 90% einstæðra foreldra í leiguhúsnæði hafa langtímasamning og eru taldir búa í mjög tryggu húsnæði. Það verður einnig að teljast athyglisvert að 27% einstæðra foreldra, sem búa í eigin húsnæði, hafa eignast það á félagslegum grundvelli í gegnum verkamannabústaðakerfið. Þar að auki hafa jafnmargir til viðbótar, eða þriðjungur allra þátttakenda í könnuninni, sótt um íbúðir í verkamannabústöðunum en ekki fengið. Það er einnig athyglisvert í þessu sambandi að fjórðungur einstæðra foreldra, sem leigja, bjuggu áður í eigin húsnæði."

Það spyr kannske einhver: Hvers vegna kaupir þetta fólk sér ekki íbúð, þ. e. leigjendur? Því er til að svara að hér er einmitt um að ræða þann hóp í þjóðfélaginu sem ekki á þess nokkurn kost að festa sér húsnæði til kaups nema hjá verkamannabústöðunum vegna lágra launa. Skv. upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjuskiptingu

þjóðarinnar árið 1983 skiluðu 5857 einstæðir foreldrar með 4062 börn á framfæri skattaskýrslum. Af þessum hópi eru um 60% með brúttótekjur undir 230 þús. krónum og, ég endurtek, allt er þetta fólk sem hefur börn á sínu framfæri. Verkamannabústaðirnir geta engan veginn annað eftirspurninni eftir íbúðum til handa láglaunafólki. Síðast þegar úthlutað var komu 900 umsóknir en aðeins 300 fengu íbúð til kaups. Hjá Reykjavíkurborg eru nú á milli 600 og 700 fjölskyldur á biðlista eftir leiguíbúðum á vegum borgarinnar.

Fólk hefur nú tekið sig saman og stofnað húsnæðissamvinnufélagið Búseta, sem nú telur um 2700 félagsmenn, til að finna leið til lausnar húsnæðisvanda leigjenda. En svo sem kunnugt er fékk Búseti enga úrlausn sinna mála s. l. vor þegar ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru afgreidd og nú liggur umsókn frá Búseta óafgreidd hjá Húsnæðisstofnun. Allar þessar tölur sýna og sanna hversu mikil þörfin er.

En hvað gerir fólk, hvernig fær það þak yfir höfuðið? Margir fá lánað fyrir fyrirframgreiðslum. Bankakerfið, pabbi og mamma eða afi og amma hlaupa undir bagga. Og þeir eru ófáir sem fá að vera í kjallaranum eða risinu hjá ættingjum og vinum, einhvern veginn bjargast þetta. En það breytir ekki því að margir búa við neyðarástand og há leiga er að sliga fjölda heimila, því það er nú einmitt það sem fólk er að reyna — að koma sér upp heimili. Hér er um mikinn og brýnan vanda að ræða sem ber að leysa á félagslegan hátt.

Sú lausn, sem hér er lögð til, er að veitt verði fjármagni að upphæð 200 millj. kr. til byggingar leiguhúsnæðis ár hvert þar til þörfinni hefur verið fullnægt. Ekki er nú beðið um mikið. Þessi upphæð mundi kannske duga til að byggja u. þ. b. 100 íbúðir eftir því hve ódýrt er byggt. Það verður að segjast eins og er að 200 millj. eru varla upp í nös á ketti miðað við þann mikla vanda sem við er að glíma. En sökum þess hve fast er haldið um ríkispyngjuna þessi árin er farið vægt í sakirnar í von um að vilji sé til staðar hjá ráðamönnum til að fara nýjar leiðir í húsnæðismálum.

Ekki þykir mér stætt á því að klípa af naumum *fjárveitingum til Húsnæðisstofnunar ríkisins, heldur* ætti þessi sérstaka fjárveiting að verða sveitarfélögum og félagasamtökum hvatning til að hefjast nú handa. Lagt er til að þessara 200 millj. til byggingar leiguhúsnæðis verði aflað með sérstökum hátekjuskatti þeirra sem meira mega sín í þjóðfélaginu, þeirra sem hafa séð til þess að ekkert hefur dregið úr neyslu eða innflutningi þrátt fyrir mikla kjaraskerðingu. Þar með er breiðu bökunum gefinn kostur á að axla hluta af þeim byrðum sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á herðar almennings.

Skv. upplýsingum ríkisskattstjóra hafa 15 180 einstaklingar, skattgreiðendur, gefið upp til skatts tekjur sem eru 527 þús. kr. árið 1983 eða þaðan af meira sé miðað við brúttótekjur. Ef miðað er við vergar tekjur er um 13 318 skattgreiðendur að ræða. Til fróðleiks skal þess getið að skiptingin milli hjóna er með þeim hætti að 12 573 kvæntir karlar eru með tekjur yfir 527 þús. en aðeins 260 konur. Segir þetta nokkuð um launamisréttið á voru landi, Íslandi. Ef miðað er við brúttótekjur yrði hátekjuskatturinn 13 175 kr. á skattgreiðanda en ef miðað er við vergar tekjur 15 180 kr. Þetta getur ekki talist há upphæð fyrir þá sem hafa sæmilega mikið umleikis jafnvel þótt þeir hinir sömu hafi börn á framfæri. Að öllum líkindum eru flestir í þessum hópi búnir að koma sér upp húsnæði, sjálfsagt margir á þeim tímum er verðbólgan hjálpaði upp á sakirnar. Er það nokkuð ósanngjarnt að ætlast til þess að þeir skili örlitlu broti af verðbólgugróðanum aftur til samfélagsins?

Nú er sá galli á gjöf Njarðar að enn einu sinni sleppa skattsvikararnir. En við því er ekki annað að gera en að skora á hæstv. fjmrh. að gerast nú djarfur og dugandi og gera gangskör að því að uppræta skattsvikin með ráðstöfunum og stórauknu eftirliti. Þá mundi hátekjuskatturinn að sjálfsögðu lækka til muna, en við mundum væntanlega horfa á bak vandamáli sem nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa svo til leyst að fullu með byggingu leiguhúsnæðis.

Ég vil geta hér sérstaklega húsnæðisvanda námsmanna sem ekki er hvað síst brýnt að leysa. Sú stefna *hefur verið rekin í menntamálum hér á landi* að stefna nánast öllum nemendum á framhaldsskólastigi til Reykjavíkur. Úti um allt land hafa risið menntaskólar og fjölbrautaskólar og er það vel, en það er eins og alveg hafi gleymst að gera ráð fyrir öllum þessum nemendum eftir að stúdentsprófi er lokið. Á hverju hausti streyma hundruð nemenda til borgarinnar auk þeira sem yfirgefa foreldrahús og stofna sitt eigið heimili. Allt þetta unga fólk þarf að finna sér húsnæði og það fær svo sannarlega að finna fyrir leiguokrinu sem hér viðgengst. Félagsstofnun stúdenta sem m. a. gegnir því hlutverki að byggja húsnæði yfir námsmenn við Háskóla Íslands, getur aðeins leigt um 4% stúdenta húsnæði. Þá eru eftir allir hinir. Skráðir nemendur við Háskóla Íslands munu vera yfir fjögur þúsund. Þá eru eftir nemendur við aðra skóla. Mér vitanlega hefur ekki verið reist neitt heimavistarhúsnæði við skóla hér í borg ef frá er talinn Hjúkrunarskólinn. Stjórn Félagsstofnunar stúdenta hefur samþykkt að hefja byggingu stúdentagarða á grundvelli þeirra laga sem samþykkt voru s. l. vor um Húsnæðisstofnun ríkisins. Vonandi rísa þeir garðar fljótt, en þeir leysa aðeins lítinn hluta þess vanda sem hér um ræðir.

Aðeins skipuleg bygging leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka megnar að draga úr *þeirri miklu spennu sem ríkir á leigumarkaðinum* og létta þar með þungu fargi af fjölda kvenna og karla sem býr við öryggisleysi og fátækt, ég segi og skrifa fátækt. Fátt væri betri kjarabót fyrir láglaunafólk en nægilegt framboð á ódýru og hentugu húsnæði. Það er skylda samfélagsins að jafna kjör þegnanna og það ætti að vera stefnan í húsnæðismálum sem og öðrum málum að gefa fólki kost á að velja, velja um það hvernig það vill haga lífi sínu í stað þess að þröngva því inn á ákveðnar brautir eins og nú er gert, t. d. í húsnæðismálum.

Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr hafa orðið miklar og örar þjóðfélagsbreytingar hér á landi á undanförnum áratugum. Ein þeirra er sú að þeim heimilum fjölgar stöðugt þar sem aðeins er að finna einn einstakling eða eitt foreldri með barn eða börn. Fjölskyldan á undir högg að sækja af ýmsum orsökum, hjónaskilnuðum fjölgar og þeim fjölgar einnig sem búa einir. Allt kallar þetta á nýja tegund húsnæðis og nýjar lausnir í húsnæðismálum. Þar sem aðeins er einn fullorðinn, sem vinnur fyrir rekstri heimilis, verður lítið afgangs til að leggja til hliðar eða til að greiða fyrstu útborgun í íbúð. Það gleymist oft að þar sem einn er um hituna eiga ein laun að standa undir kostnaði sem í öðrum tilvikum deilist á tvo.

Herra forseti. Sú till., sem hér er flutt, er hugsuð sem spor í átt að nýjum lausnum í húsnæðismálum, lausnum sem þola enga bið. Að lokum legg ég til að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum, þáltill. 177. mál (þskj. 189). — Fyrri umr.

Flm. (Björn Líndal): Herra forseti. Þáltill. sú sem hér liggur fyrir fjallar um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Í henni felst að Alþingi marki skýra stefnu gagnvart fjárfestingum af þessu tagi. Í því skyni er lagt til að ríkisstj. skipi nefnd sem verði falið það verkefni að semja frv. til l. um slíkar fjárfestingar og eigi í henni sæti fulltrúar allra þingflokka. Gerir till. ráð fyrir að störfum nefndarinnar ljúki svo tímanlega að unnt sé að leggja frv. fyrir næsta löggjafarþing.

Eins og orðalag till. ber með sér er ekki tekin bein afstaða til þess hvort fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi séu æskilegar eða ekki, heldur er megináherslan lögð á nauðsyn þess að sett verði sérstök lög í þessu efni. Engu að síður ætti till. að kalla á umr. þar sem vonandi fengist úr því skorið hver afstaða hv. þm. væri til þessara fjárfestinga. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að skoðanaskipti og ákvarðanir í þessu máli eru mjög brýnar. Hitt er ekki síður mikilvægt að rætt sé um aðrar atvinnugreinar en stóriðju í þessu sambandi. Það er deginum ljósara að hefðbundnar atvinnugreinar landsmanna munu ekki einar sér geta bætt lífskjör þjóðarinnar á næstu árum og áratugum. Þetta vita flestir og það er varla lengur til sá maður er tekur til máls um efnahags- og atvinnumál sem ekki leggur áherslu á að efla verði nýsköpun í atvinnulífi. Þessa er þörf bæði til þess að auka útflutningstekjur og fjölga störfum.

Hæstv. forsrh. gerði þetta m. a. að umtalsefni í stefnuræðu sinni í síðustu viku. Hann benti hins vegar á að svigrúm til nýsköpunar væri lítið vegna mikilla erlendra skulda og lítils hagvaxtar. Þetta sjónarmið tók hæstv. fjmrh. síðan undir á þriðjudaginn var þegar 1. umr. við fjárlagafrv. fór fram. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé hugað að þeim áformum sem eru í sjónmáli um nýsköpun í íslensku atvinnulífi, þar með taldar stóriðjuframkvæmdir, er ljóst að þjóðin stendur frammi fyrir þeim staðreyndum að ekki er unnt að fjármagna þær nema til komi erlendar lántökur í ríkum mæli. Þar sem erlendar lántökur á undanförnum árum eru nú taldar komnar að hættumörkum sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni virðist lítið svigrúm vera til þeirra áforma nema menn sætti sig við að erlenda skuldahlutfallið aukist á næstu árum frá því sem nú er. Afar brýnt er að það takmarkaða svigrúm sem er til erlendrar lántöku verði aðeins nýtt til arðbærra verkefna."

Það er hverju orði sannara að erlendar lántökur eru komnar að hættumörkum sem hlutfall af þjóðarframleiðslu einkum þegar litið er til þess að í heild hafa lántökurnar ekki skilað sér í auknum hagvexti og að fjórða hver króna af útflutningstekjum þjóðarinnar mun á þessu ári ganga til greiðslu erlendra skulda. Það er einnig staðreynd sem horfast verður í augu við, að erlent fjármagn er undirstaða þess að unnt sé að efla lífsnauðsynlega nýsköpun í atvinnulífi. Þessar tvær staðreyndir rekast harkalega hvor á aðra og því er mikilvægt að brjóta nýjar leiðir. Í því efni er mikilvægt að löggjafinn, Alþingi, geri upp við sig hvort til greina komi að ná erlendu fjármagni hingað til lands í auknum mæli í formi fjárfestinga erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum. Er þá bæði átt við fjárfestingar með stofnun nýrra fyrirtækja og þátttöku í starfandi fyrirtækjum. Eins og síðar verður komið að vantar mikið á að skýr stefna sé fyrir hendi á þessu sviði í íslenskri löggjöf. Ef litið er t. d. á fiskeldi sem miklar vonir eru bundnar við sem framtíðarútflutningsgrein er ljóst að þátttaka erlendra aðila, einkum Norðmanna og Bandaríkjamanna, er Íslendingum afar mikilvæg. Í fyrsta lagi verður áhættan sem því er samfara að byggja upp nýja útflutningsgrein mun minni. Í öðru lagi er líklegt að þátttaka bandarískra fyrirtækja muni auðvelda að koma vörunni á markað í Bandaríkjunum sem ég hygg að sé stærsti markaðurinn fyrir þessa vöru. Í þriðja lagi mun þátttaka Norðmanna flytja hingað til landsins tækniþekkingu á þessu sviði, sem gerir kleift að hraða uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Hinu er ekki að leyna að löggjöfin sem um þetta fjallar veitir engin skýr svör um það hversu stór eignarhlutur erlendra aðila í fyrirtækjum á sviði fiskeldis má vera. Sýnist þar sitt hverjum. Á hinn bóginn sýnir fiskeldið okkur að verulegir hagsmunir geta verið í því fólgnir fyrir þjóðina að fá erlenda aðila til að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Þegar rætt er um þessi mál leiða menn sjaldnast hugann að því að erlendar fjárfestingar geta leitt til aukins útflutnings héðan og skapað auknar útflutningstekjur. Umræðan einkennist fyrst og fremst af hræðslu við að útlendingar muni hreinlega gleypa landið og þjóðina með fái þeir að fjárfesta hér í auknum mæli. Þeir sem þannig hugsa virðast einna helst aðhyllast sjálfsþurftarbúskap sem til allrar hamingju rann skeið sitt á enda hér á landi á fyrstu áratugum þessarar aldar. Hugtak eins og efnahagslegt sjálfstæði má ekki binda menn í þessu tilliti. Efnahagslegt sjálfstæði er nefnilega ekki það sama og efnahagsleg einangrunarstefna. Íslendingar eiga nú efnalega afkomu sína undir því hvernig utanríkisviðskipti þjóðarinnar ganga. Hvernig væri t. d. atvinnuástandið á Austfjörðum nú ef ekki hefðu náðst stórir og hagstæðir síldarsamningar við Sovétríkin í haust? Mikilvægi utanríkisviðskipta í heiminum mun án efa fara vaxandi og þau verða sífellt fjölbreyttari. Þar á meðal aukast hægt og sígandi fjárfestingar af því tagi sem hér eru gerðar að umtalsefni.

Ef það á að vera stefnan að bæta lífskjörin og tryggja fulla atvinnu eigum við hiklaust að vera virkir þátttakendur í þessari þróun mála, en ekki dæma okkur sjálf úr leik vegna hræðslu eða jafnvel fordóma í garð útlendinga. Á hinn bóginn ber vitaskuld að sýna gætni á þessu sviði eins og öðrum. Ég hygg að setning heildarlöggjafar um þessi mál eins og þáltill. gerir ráð fyrir gæti m. a. að því leyti þjónað veigamiklu hlutverki.

Á Norðurlöndum ríkir töluverður áhugi á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum. Í sænsku nefndaráliti sem fjallar um þetta og er frá árinu 1978 segir t. d. að nefndarmenn hafi verið sammála um að fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum í Svíþjóð

hefðu margvíslega kosti í för með sér, svo sem nýtt fjármagn, fleiri störf, aukna útflutningsmöguleika og nýja þekkingu á sviði tækni, markaðssetningar og stjórnunar. Er á það bent í nál. að þessar fjárfestingar gætu ýtt undir margbreytni, virkni og alþjóðlega samkeppnishæfni sænsks efnahagslífs. Sá áhugi sem þessi orð lýsa og vart verður við á öllum hinum Norðurlöndunum á sér auðsæjar skýringar. Það liggur t. d. fyrir að útibú IBM í Danmörku hefur greitt fyrir útflutningi danskra fyrirtækja á ýmiss konar einingum og búnaði í tölvur til verksmiðja IBM í Evrópu og Bandaríkjunum. Þessi dönsku fyrirtæki eru hvorki fleiri né færri en tæplega 90 talsins. Hér á landi þar sem útibú IBM er eitt af örfáum erlendum fyrirtækjum að stóriðjufyrirtækjunum undanskildum má sjá merki þess að íslensk fyrirtæki geti verið að hefja sams konar útflutning. Þetta ætti vissulega að vera hvatning til að huga betur að þessum málum og setja eins og áður sagði heildarlöggjöf um fjárfestingar erlendra fyrirtækja hér á landi eins og þáltill. gerir ráð fyrir.

Fleira kemur til sem gerir löggjöf af þessu tagi nauðsynlega. Íslensk lagaákvæði er að þessu lúta finnast á víð og dreif um allt lagasafnið. Þessi ákvæði eiga fátt sameiginlegt nema það að þau sýna svo ekki verður um villst að löggjafinn hefur látið undir höfuð leggjast að marka stefnu gagnvart fjárfestingum erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum. Einkum á þetta við á sviði iðnaðar, verslunar og þjónustu en síst að því er varðar útgerð. Það er að vísu rétt að atvinnurekstur í iðnaði, verslun og ýmiss konar þjónustu er háður leyfi stjórnvalda og skilyrðum um íslenskt ríkisfang, búsetu hér á landi og stundum meirihlutaeign Íslendinga á hlutafé. Á hinn bóginn er löggjöfin þannig úr garði gerð að stjórnvöld hafa víðtækar heimildir til að veita undanþágur frá þessum skilyrðum. Þegar reynt er að grafast fyrir um hvaða hugmyndir löggjafinn hefur gert sér um beitingu á þessum undanþágum er litlar sem engar skýringar að hafa, hvorki í lagafrv. né umr. á þingi. Þetta á jafnt við um lög um einstakar atvinnugreinar, lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og lög um hlutafélög. Þetta viljaleysi felur í sér mikið valdaframsal af hálfu Alþingis til framkvæmdavaldsins. Samkvæmt gildandi lögum verða einstök stjórnvöld að móta sjálf þá stefnu sem þau kjósa að fylgja í þessum efnum. Þetta getur ekki alltaf verið auðvelt og þess vegna má búast við að umsóknir erlendra aðila um undanþágur til að geta fjárfest hér verði sendar til umsagnar hagsmunasamtaka. Það virkar ef til vill vel við fyrstu sýn, en miðað við ríkjandi ástand og þá einkum afstöðuleysi löggjafans er ekki fjarri lagi að ætla að þessar umsagnir geti í næstu framtíð haft úrslitaáhrif um það hvort undanþága skuli veitt. Það þýðir að hagsmunasamtök fara að ráða miklu um framvinduna í þessum málum sem Alþingi á með réttu að móta. Úr þessu þarf að bæta og mér virðist að setning heildarlöggjafar um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum sé vel til þess fallin. Meginkostur þess að setja ein lög um þessar fjárfestingar er fólginn í auðveldari og skilvirkari framkvæmd þeirrar stefnu sem lögin koma til með að marka. M. a. yrði yfirstjórn þessara mála í höndum eins aðila í stað margra eins og nú tíðkast en flest sérákvæði í lögum um þessar fjárfestingar yrðu felld úr gildi. Það skal einnig tekið fram að lög af þessu tagi þurfa ekki að hafa að geyma nákvæmlega sömu reglur um allar fjárfestingar erlendra aðila, án tillits til þess hvers konar atvinnurekstur um væri að ræða. Það er heldur ekki nauðsynlegt að láta sömu reglur gilda um allar fjárfestingar án tillits til þess hve stórar þær eru.

Að mínu mati er mikilvægast að auðvelda erlendar fjárfestingar í þeim atvinnugreinum sem tengjast beint því yfirlýsta markmiði ríkisstjórnarinnar að efla nýsköpun í atvinnulífinu.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim atriðum sem ég tel að skipti mestu máli þegar þessi þáltill. verður vegin og metin hér á Alþingi. Eins og kom fram í upphafi máls míns gerir till. ráð fyrir að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeirri nefnd sem lagt er til að falið verði að semja frv. um þessar fjárfestingar, en fjöldi nm. verði að öðru leyti ákveðinn af ríkisstj. Með þessum hætti er ætlunin að tryggja að öll sjónarmið sem uppi eru í þessu máli meðal þingflokka geti komist að. Að lokum vil ég leyfa mér að leggja til að till. verði vísað til hv. atvmn. Sþ.

Umr. frestað.

Neðri deild, 18. fundur.

Fimmtudaginn 29. nóv., kl. 8 síðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. 143. mál (þskj. 148). — 3. umr. (útvarpsumr.).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 samhlj. atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta er útvarpsumr. og umræðan skiptist í tvær umferðir þannig að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur, 15—20 mínútur í hinni fyrri og 10—15 í síðari umferð. Röð flokkanna verður hin sama í báðum umferðum, þannig: Alþb., Sjálfstfl., Alþfl., BJ, Framsfl. og SK. Ræðumenn verða: Af hálfu Alþb. tala Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., og Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð og Hjörleifur Guttormsson talar einnig í hinni síðari umferðinni. Af hálfu Sjálfstfl. talar Sverrir Hermannsson iðnrh. í fyrri umferð, en Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn., og Guðmundur H. Garðarsson, 4. þm. Reykv., í hinni síðari umferð. Fyrir Alþfl. talar Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., í síðari umferð. Ræðumenn BJ verða Kristófer Már Kristinsson, 1. landsk. þm., í fyrri umferð og Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., og Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., í fyrri umferð, en Steingrímur Hermannsson forsrh. í hinni síðari. Ræðumenn SK verða Guðrún Agnarsdóttir í fyrri umferð, hv. 3. landsk. þm., og Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., í síðari umferðinni.

Nú hefst umræðan og fyrstur tekur til máls Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., og talar af hálfu Alþb.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það gerðist um 1960 að þota á leið milli heimsálfa flaug yfir Ísland. Meðal farþega

voru tveir virðulegir forstjórar Alusuisse, doktorarnir Müller og Meyer, þá nálægt miðjum aldri. Flugið yfir heimskautið var tilbreytingarlaust út að líta, en allt í einu rofaði til og langt fyrir neðan sást fjöllótt land, snævi þakið og það glitti í freyðandi brim við strendur. Meyer varð litið niður og hann hnippti í Müller: „Það hlýtur að vera hægt að reisa raforkuver í landi sem er þakið svona miklum snjó og ís", sagði hann. Þannig fundu þeir Ísland að sögn dr. Cecilo, eins af stjórnarmönnum í Alusuisse, sem átti viðtal við Morgunblaðið 29. maí 1983, þremur dögum eftir síðustu ríkisstjórnarskipti á Íslandi.

„Orkan, hún var kveikjan að hugmyndinni," segir þessi svissneski auðkýfingur, og hann bætti því við að nú borgaði sig ekki lengur að reisa smærri álverksmiðjur en með 100—150 þús. tonna framleiðslu á ári. Ísalverksmiðjan væri að vísu lítil, en það væri í lagi því að hún hefði þegar borgað sig.

Þegar þeir Müller og Meyer komu heim úr hnattfluginu fyrir 25 árum tók við hefðbundinn undirbúningur að landnámi í höfuðstöðvum fjölþjóðafyrirtækisins, söfnun upplýsinga um Íslands, land og þjóð, stjórnarfar, svonefnda áhrifamenn, áform í atvinnumálum hjá innfæddum, svo og þýðing á lögum og reglum yfir á skiljanleg tungumál.

Árið var ekki liðið frá uppgötvun þeirra Müllers og Meyers þegar þessir oddvitar hluthafanna í Alusuisse stigu hér á land í fyrsta en ekki síðasta sinn. Á móti þeim tóku íslenskir ráðherrar og þeir voru m. a. kynntir fyrir nýskipuðum seðlabankastjóra landsins, dr. Jóhannesi Nordal, sem bráðlega varð tengiliður númer eitt við Alusuisse sem formaður fyrstu stóriðjunefndar á vegum íslenskra stjórnvalda.

Stjórnmálaástandið hérlendis reyndist Alusuisse vissulega afar hagstætt. Að völdum sat viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, alltraust í sessi í rúman áratug, og hún hafði það m. a. á stefnuskrá sinni að tengja Ísland við markaðsbandalög og fríverslun í Evrópu og að festa herstöð Bandaríkjanna á Miðnesheiði í sessi.

Álsamningarnir upphaflegu gengu hins vegar ekki hljóðalaust í gegn hér á Alþingi. Á árunum 1965 og 1966 og löngum síðar var tekist afar hart á um þetta mál og fátt annað en herstöðin og landhelgismálið skipti þingi og þjóð í fylkingar með svipuðum hætti og álmálið á sjöunda áratugnum.

Stjórnarandstaða Alþb. og Framsfl. var einbeitt í þá tíð og samhent í þessu stórmáli og tefldi fram efnahagslegum og stjórnmálalegum rökum gegn erlendum stóriðjudraumum viðreisnarflokkanna. Forustumenn Framsfl. á þessum tíma, eins og Eysteinn Jónsson og Ólafur Jóhannesson, voru ekki myrkir í máli fremur en talsmenn Alþýðubandalagsins hér á Alþingi í andstöðu sinni við kjarna álsamninganna þar sem hinum erlenda auðhring voru búin sérstök vildarkjör umfram innlenda atvinnuvegi varðandi raforkuverð, tolla og skatta. Væntanlegt álver í Straumsvík var þannig gert að eins konar Hong Kong eða Singapore og sett utan við íslenska skattalögsögu.

Þessir forustumenn stjórnarandstöðunnar vöruðu einnig við hinum stjórnmálalegu hættum fyrir lítið samfélag að gefa slíkum risa í efnahagslegu tilliti fótfestu í landinu. Þess yrði ekki langt að bíða að auðhringurinn eignaðist hér sína talsmenn, dagblöð sem flyttu hans mál og stjórnmálamenn og flokka sem Alusuisse gæti vafið um fingur sér.

Til voru þeir menn í þáverandi stjórnarflokkum, Sjálfstfl. og Alþfl., sem voru tortryggnir út í álsamninganna eða beinlínis andsnúnir þeim. Þessir menn koma ekki síst úr röðum þeirra sem voru að baksa í hefðbundnum atvinnugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, við lítinn skilning af stjórnvalda hálfu, þá eins og nú. Á sama hátt fundust þeir menn í Framsfl. á þessum árum sem gerðust talsmenn samninganna við Alusuisse og tóku þátt í undirbúningi þeirra. Þar var fremstur í flokki ungur og vasklegur verkfræðingur Steingrímur Hermannsson, en rödd hans heyrðist ekki þá á Alþingi eins og síðar og hann átti sér fáa jábræður í flokki framsóknarmanna.

Það er fróðlegt að lesa þessar umræður, sem þá fóru fram á Alþingi, fyrir nær tuttugu árum, og skoða þær í ljósi sögunnar nú, þegar enn eru á dagskrá álsamningar, að þessu sinni bornir fram af ríkisstjórn þar sem Steingrímur Hermannsson situr í forsæti. Það hefur mikil breyting orðið á landslagi stjórnmálanna á þessum tveimur áratugum og augljósust og afdrifaríkust hefur hún orðið í Framsfl. Það endurspeglast m. a. í þessu stórmáli sem hér er til umræðu í kvöld. Flokkurinn greiddi óskiptur atkvæði gegn álsamningunum ásamt Alþb. 1966, en stendur nú nær óskiptur að þessu frv. sem hér liggur fyrir með Sjálfstfl. við afgreiðslu málsins, þrátt fyrir þá staðreynd að sum af ákvæðum þessa samnings eru auðsæilega afturför frá hinum gamla samningi. Á það alveg sérstaklega við um breytingar sem hér liggur fyrir með Sjálfstfl. við afgreiðslu málsins þrátt fyrir þá staðreynd að sum af ákvæðum þessa verulegra hagsbóta.

Viðhorfsbreyting framsóknarforustunnar í álmálinu átti sér langan aðdraganda. Hún gróf um sig í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar 1974—1978 þegar flokkurinn samþykkti endurskoðun á álsamningunum sem undirbúin hafði verið af þeim Jóhannesi Nordal og Steingrími Hermannssyni. Þá tókst ekki betur til en svo, að auðhringurinn fékk til baka í lækkuðum sköttum til ríkissjóðs ekki lægri upphæð en hann greiddi í hækkuðu raforkuverði til Landsvirkjunar, þannig að hlutur Íslands vænkaðist ekkert við þá endurskoðun. Í kaupbæti fékk Alusuisse þá nokkra stækkun álversins á hinu lága raforkuverði og var afhent til eignar á silfurfati, þvert ofan í álit lögfræðilegra ráðunauta, svonefnd skattainnistæða sem myndast hafði hjá ríkissjóði samkvæmt upphaflegum samningi. Þessi gjöf til auðhringsins að upphæð rúmar 4 millj. Bandaríkjadala hefur síðan 1975 verið á hæstu vöxtum og bætt þannig við sig 3 millj. dollara. Það er nöturleg staðreynd, að þegar Alusuisse viðurkennir með óbeinum hætti gífurleg skattsvik vegna ÍSALs á undangengnum átta árum lætur ríkisstj. sér nægja að auðhringurinn greiði 3 millj. til baka „vegna lausnar frá kröfum ríkissjóðs" eins og það er orðað.

Brestirnir í Framsfl. opinberuðust síðan með afar skýrum hætti í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, enda var þá Steingrímur Hermannsson orðinn valdamestur í flokknum og tók við formennsku hans. Flestir landsmenn fylgdust með því í sjónvarpi þegar Guðmundur G. Þórarinsson, þá alþingismaður, sagði sig úr álviðræðunefnd í desember 1982, en þar áttu allir þingflokkar fulltrúa og aðgang að öllum upplýsingum

um málið. Með þeim atburði náði Alusuisse því marki, sem auðhringurinn hafði unnið að skipulega frá því að nefndin var skipuð, að sundra formlega þessum sameiginlega vettvangi stjórnar og stjórnarandstöðu. Þingflokkur Framsfl. lagði blessun sína yfir það afdrifaríka skref og á eftir fylgdi samflot þm. flokksins á tillögu með íhaldinu og Jóni Baldvin Hannibalssyni, í febrúar 1983, sem túlkuð var sem vantraust á mig sem iðnrh. um leið og til þess var ætlast að Alþingi skrifaði upp á ýmsar helstu kröfur Alusuisse.

Þannig skapaðist sú samstaða í álmálinu milli Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sem varð einn af hornsteinum núverandi stjórnarsamstarfs og Alusuisse kunni sannarlega að hagnýta sér þá breyttu stöðu.

Við stjórnarskiptin vorið 1983 stóð á auðhringnum 10 millj. dollara innheimtukrafa frá fjmrn. vegna vantalins hagnaðar á árunum 1978—1980 sem talinn var nema að lágmarki 36 millj. Bandaríkjadala eða um 1400 millj. ísl. kr. að mati alþjóðlegra endurskoðenda. Auðhringurinn átti engra annarra kosta völ en greiða kröfuna og viðurkenna þannig réttmæti hennar eða leita á náðir gerðardóms samkvæmt samningum frá 1966. Alusuisse valdi síðari kostinn, og þá auðvitað í þeirri von að geta samið sig frá dómi, eins og auðhringnum hefur nú tekist, og fengið sérstaka syndakvittun frá Sverri Hermannssyni iðnrh. og ríkisstj. í ábót.

Það er á allra vitorði að Alusuisse stóð á síðasta sumri frammi fyrir gertapaðri stöðu fyrir dómnefndinni í New York vegna „hækkunar í hafi". Þá tefldi auðhringurinn fram svokölluðu sáttartilboði, gaf í skyn að Alusuisse væri reiðubúið að leita heildarlausnar, m. a. með eitthvað hærra raforkuverði en um hafði verið rætt fram að þeim tíma, og breytingum á skattaákvæðum og skattkerfi, gegn því að fyrirtækið yrði sýknað af öllum kröfum af hendi ríkisstjórnar Íslands vegna skattsvika og annarra atriða á liðnum árum.

Í síðasta lagi á þessari stundu átti ríkisstj. að vera það ljóst að hún var hér með lykilinn að því að knýja fram viðunandi lyktir í endurskoðun álsamninganna. Niðurstaðan af hinum umfangsmiklu athugunum, sem fram fóru á vegum iðnrn. á árunum 1979—1983 og álsamningunum í heild, var það atriði sem Alusuisse óttaðist meira en nokkuð annað, og vildi mikið til vinna til að forða sér undan dómsorði í málinu.

En hæstv. iðnrh. áttaði sig ekki á stöðunni og ekki er víst að samninganefnd hans hafi hjálpað honum til þess. Áhrifamikil pólitísk öfl innan stjórnarflokkanna höfðu ætíð reynt að gera lítið úr skattsvikum og bókhaldsbrellum Alusuisse og var fyrirmunað að skilja samhengi skattadeilunnar og aðstöðu Íslands til að ná fram viðunandi heildarendurskoðun á álsamningunum. Sverrir Hermannsson iðnrh. virðist heldur ekki hafa sett sig nema mjög takmarkað inn í málavöxtu á hverjum tíma, ef marka má mótsagnakenndar og sumpart rangar upplýsingar hans í fjölmiðlum og hér á Alþingi, eins og ég hef rakið við fyrri umræður um þetta frv.

Sjálfsagt er að fagna breytingum sem nást fram til bóta á viðskiptum við hina erlendu aðila. Þær leiðréttingar á raforkuverði, sem fram koma samkvæmt rafmagnssamningnum sem fylgja þessu frv., eru vissulega ávinningur sem eins og annað í þessu máli hefur náðst fram og sótt efnisleg rök í málatilbúnað fyrri ríkisstjórnar.

Alusuisse hefur hins vegar náð fram markmiðum sínum gagnvart ríkisstj. með auðveldari hætti en nokkurn gat órað fyrir og ég mun víkja að síðar hér í umr. í kvöld.

En hver er þá staðan hér í þinginu varðandi þá afdrifaríku samninga sem hér liggja fyrir? Það kom skýrt fram í umræðunni hér í gærkvöldi, að Sverrir Hermannsson iðnrh. er ekkert hress með þessar horfur hér í þinginu, þótt meiri hluti sé tryggður fyrir málinu.

Þrír þingflokkar hafa lýst yfir eindreginni andstöðu við málið. Auk Alþb. eru það SK og Alþfl. þótt nokkuð sé á reiki um afstöðu formanns hins síðast talda, Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þá liggur það fyrir að hrollur er í mörgum þingmönnum Framsfl., sem m. a. kemur fram í því að þm. flokksins, sem sæti eiga í iðnn. Nd., þorðu ekki að standa með íhaldinu á sameiginlegu nál. og þannig kom ekkert meirihlutaálit fyrir þessa þd., heldur fjögur minnihlutaálit. Niðurstaða þm. Páls Péturssonar og Ingvars Gíslasonar er þó í engu frábrugðin afstöðu sjálfstæðismanna þar sem þeir mæla með samþykkt frumvarpsins. Í Ed. kom stjórnarliðið fram sameinað og framsóknarmenn reyndu þar ekki að skjóta sér undan ábyrgð á málinu. Þá gerðist það við atkvgr. eftir 2. umr. í dag hér í þingdeildinni að varaþingmaður Framsfl., Magdalena M. Sigurðardóttir, sat hjá við afgreiðslu um málið. Það var vel af sér vikið, og kannske skilur hún betur en ýmsir aðrir þá strauma sem eru úti í þjóðlífinu varðandi álmálið, nú nýkomin til þings, auk þess að standa við eigin sannfæringu gegn karlaveldinu í flokknum óskiptu. Það mátti einnig heyra á máli Ellerts Schram hér í gærkvöldi að hann hefði kosið að greiða atkvæði gegn ákvæðum einstakra greina þessa frv. og sitja hjá við aðrar, ef kostur væri að segja annað en já eða nei við málið í heild.

Fátt lýsir betur inn í álit manna á þessum pakka, sem Sverrir Hermannsson iðnrh. reiðir hér fram í skammdeginu, en afstaða þessara liðsmanna úr þingflokkum stjórnarliðsins.

Á sama tíma og framsóknarforustan beygir sig hér formlega fyrir Alusuisse og fylgir íhaldinu eru aðrir sem rísa upp gegn þessum afleita og niðurlægjandi samningi.

Um afstöðu þingflokks BJ ætla ég ekkert að segja. Þeir munu tala sínu máli hér í kvöld.

Samningum hefur áður verið rift af Alþingi Íslendinga þegar illa er til þeirra stofnað og nauðung fylgir samningagerðinni. Um það efni hefur þingflokkur Alþb. gert sérstaka samþykkt sem kynnt var á Alþingi í gær og við atkvgr. í dag. Alþb. hefur beðið um þessa útvarpsumræðu og það er trú mín að hún varpi skýru ljósi á stöðu þessa máls og verði þannig gagnleg fyrir hlustendur.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er sagt að fjarlægðin geri fjöllin blá og mennina mikla og þannig er það í reynd, jafnt um myndir náttúrunnar sem ýmis mannanna verk, að hvoru tveggja lítur oft betur út úr fjarlægð.

Einn slíkur mannlegur gjörningur er hér til umr. í kvöld. Hjúpað leynd og þagnarskyldu virtist það samkomulag, sem í burðarliðum var milli íslenskra stjórnvalda og Alusuisse í vefréttarlegum frásögnum ábúðarmikilla samningamanna, vera hin fegursta mynd. Og gylltir salir glæsihótelanna í Evrópu mynduðu

gullinn ramma um sköpunarverkið.

En sá tími er liðinn og hér er nærmyndin til meðhöndlunar. Og í stuttu máli sagt er hið glæsilega listaverk orðið að óbermi. Enn og aftur hafa hnjáliðirnir svikið íslenska samningamenn frammi fyrir auðhringnum Alusuisse sem væri þar deig í stað beina og bráðið smér í stað sina. Sterkri samningsstöðu Íslendinga hefur verið glutrað svo niður að gegn alls ónógri hækkun raforkuverðs fær auðhringurinn allt sitt fram.

Í fyrsta lagi er samið um raforkuverð til 20 ára sem er langt undir framleiðslukostnaðarverði og án verðtryggingar, þannig að raungildi raforkuverðsins mun rýrna jafnt og þétt á samningstímanum. Endurskoðunarákvæði rafmagnssamningsins eru íslenskum hagsmunum engin trygging og að líkindum verri en engin.

Þrátt fyrir að viðræður um breytt skattakerfi fyrir ÍSAL eru sagðar á byrjunarstigi er nú í þessum samningi breytt mörgum þýðingarmiklum skattaákvæðum gildandi samninga, öllum, hverju einu og einasta, til *hagsbóta fyrir Alusuisse. Auðhringurinn fær sem sagt í* forgjöf fyrir væntanlegar viðræður um breytt skattakerfi lagfæringar á þeim atriðum sem hann hefur talið sér óhagstæð.

Þá er í samningi þessum fallist á að Alusuisse megi framselja eigin dótturfélögum hlutafé í ÍSAL eða framselja til óskylds þriðja aðila 50% hlutafjárins, en vitað *er að það er auðhringnum mikið hagsmunamál.*

Þá veitir ríkisstj. með samningi þessum Alusuisse ótímabundið loforð um forgang að raforku til að stækka álverið í Straumsvík um helming ef samkomulag næst um raforkuverð o. fl., en ekkert liggur fyrir um hvaða skilmálar þetta verða. Hér er því um óútfyllta ávísun til Alusuisse að ræða og sporin hræða, því miður.

Það er ofvaxið mínum skilningi að í ljósi framkomu Alusuisse við okkur Íslendinga á liðnum árum, í ljósi gífurlegra skattsvika fyrirtækisins og sviðingsháttar í öllum samskiptum skuli ákveðið að veita þeim sérstaklega forgang umfram aðra að orkuauðlindum landsins. Og þá er það sá þáttur þessara samninga og málsmeðferðar allrar sem mér sviður einna mest, herra forseti, af málefnalegum, þjóðlegum og síðast en ekki síst af siðferðilegum ástæðum, en það er að fallið skuli frá öllum kröfum íslenska ríkisins á hendur Alusuisse um viðbótarskatta vegna skattsvika ÍSALs sem að mati alþjóðlegra endurskoðenda nema a. m. k. tæpum 60 millj. Bandaríkjadala eða 2300 millj. ísl. kr. á árunum 1976—1983. Alusuisse er með samningi þessum veitt ein allsherjar og fortakslaus syndaaflausn gegn greiðslu 3 millj. Bandaríkjadala eða um 120 millj. ísl. kr. sem koma til lækkunar á skuldainneign Alusuisse hjá ríkissjóði. Og hér, verð ég að segja, finnst mér einna lægst lotið í annars óburðugri frammistöðu iðnrh. og samninganefndarmanna hans. Með það skjalfest fyrir dómnefndum að Alusuisse hafi stundað „hækkun í hafi" og að kröfur íslensku ríkisstjórnarinnar á hendur auðhringnum voru síst ofáætlaðar lætur samninganefndin narra sig til þess að taka málið úr þeim farvegi og selja Alusuisse, eins og áður sagði, slíkan allsherjarsyndaþvott að annað eins mun fátítt.

Ég vil, með leyfi þínu, herra forseti, vitna í texta sáttargerðarsamningsins, en þar segir m. a.:

„Ríkisstj. samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli málsins eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, sem ríkisstj. hefur nokkru sinni átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag" o. s. frv.

Það vantar ekki annað í þennan texta, herra forseti, en það að við Íslendingar skulum frá og með undirskrift og staðfestingu þessa samnings og um aldur og ævi síðan þéra embættismenn Alusuisse jafnt á almannafæri sem í heimahúsum. Þá væri sköpunarverkið fullkomnað.

Það má svo hins vegar velta því fyrir sér hverju eða *hverjum er verið að bjarga með því að taka deilumálin* út úr dómi þegar staðan þar er okkur til vinnings. Áhugi Alusuisse er auðskilinn. En það skyldi þó aldrei vera að fleiri hefðu átt hér einhvers konar hagsmuna að gæta. Er það hugsanlegt að pólitískir andstæðingar Alþb. og Hjörleifs Guttormssonar hafi ekki getað, þrátt fyrir ótvíræða hagsmuni Íslands, unnt honum þess að dómur *gengi okkur Íslendingum í hag og málafylgja hans og* vinnubrögð sönnuðu sig þannig fyrir dómi eftir það sem á undan var gengið? Er það hugsanlegt, hv. þm. Páll Pétursson, og hlæðu svo. (**Gripið fram í:** Það er ekki hugsanlegt.)

Að síðustu vil ég svo nefna það af efnisatriðum samningsins, að hafandi fengið syndakvittun súrraða *saman í bak og fyrir og þannig með mun sterkari stöðu* en fyrr tekst Alusuisse að undanskilja í þessu samkomulagi nokkra mjög mikilsverða þætti, svo sem breytt skattakerfi og stækkun álversins. Um þetta ætlar Alusuisse að semja síðar í ró og næði þegar það hefur ekki lengur yfir sér svipuna um áfellisdóm og alþjóðlega kaghýðingu. Þannig verður með staðfestingu þessa samnings það vopn, sem við Íslendingar áttum einna sterkast í deilunni, að engu orðið og má nærri geta að gammarnir í Sviss hugsa gott til glóðarinnar.

Fleiri orð þarf ég í sjálfu sér ekki að hafa um þennan samning. Niðurstaðan er sú að ávinningarnir, þ. e. raforkuverðshækkunin fyrst og fremst, eru alls ónógir og allt of dýru verði keyptir. Og þegar ég hugsa, herra forseti, um hinar mörgu og löngu ferðir samninganamanna, einmanalegar nætur þeirra á hótelherbergjum í ókunnum stórborgum og horfi á þessa rýru eftirtekju, þá dettur mér í hug gömul vísa um aðra menn sem einnig lögðu mikið á sig höfðu lítið upp úr krafsinu. Mér finnst hún eiga vel við hér:

> Það má segja um þessa menn,
> að þeir eru ekki latir,
> tölta dægrin tvenn og þrenn
> til að liggja flatir.

Því miður, því miður, hnjáliðirnir sviku íslensku samninganefndina og hún lá flöt.

Herra forseti. Það er annars margt í tengslum við þetta mál sem gaman hefði verið að fara hér um nokkrum orðum. Um yfirlýsingagleði hæstv. núv. iðnrh. og um orðheldni hans mætti sitthvað segja. Guðmundar þátt Þórarinssonar hins sterka mætti rekja. Málflutning Morgunblaðsins í þágu auðhringsins væri fróðlegt að fjalla um og svo mætti lengi telja, en ég mun láta mér nægja að nefna hér tvennt til viðbótar.

Ungir íhaldsmenn hafa gefið út reikning og sent okkur í Alþb. Reikningur sá gengur út á það að raforkuverðið hefði getað verið hærra til álversins í

Straumsvík meðan Hjörleiifur Guttormsson var iðnrh. Og þetta er alveg rétt, aldrei þessu vant, hjá stuttbuxnadeildinni. Auðvitað hefði raforkuverðið getað verið hærra allan þennan tíma ef móðurskip þessara ungu íhaldsmanna, Sjálfstfl., hefði ekki samið svona illa árið 1966 og staðið svona forkostulega að endurskoðun samninganna 1975 með aðstoð framsóknar og ef þessir sömu aðilar hefðu ekki setið sem fastast á óæðri endanum öll þau ár sem völdin voru í þeirra höndum. Það var hins vegar með komu Alþb. í iðnrn. sem hafist var handa um að fá þessu ófremdarástandi breytt. Núv. hæstv. iðnrh. t. a. m. sat við lestur Víga-Glúms sögu og hafði ekki hugmynd um að nokkuð væri athugavert við raforkuverðið, hvað þá við skattamál, fyrr en Alþb. benti honum og öðrum slíkum á það.

Mér segir svo hugur um að þessar bókhaldskúnstir ungra íhaldsmanna verði þeim lítt til framdráttar frekar en annað sem þeir hafa gert undanfarið. Hitt þætti mér maklegt, að íslensk alþýðuheimili, ekki síst á landsbyggðinni þar sem niðurgreiðslur til stóriðjunnar koma hvað harðast niður, og að íslenskur sjávarútvegur t. d. settu saman reikning og hann nokkuð háan og sendu honum Sjálfstæðisflokki og öðrum þeim sem með þeim flokki hafa borið íslenska hagsmuni fyrir borð um áratugaskeið erlendum auðhring til þóknunar.

Annað vil ég nefna og það eru ritstörf og fjölmiðlaframganga íslensku samninganefndarmannanna á undanförnum misserum. Mitt í samningaviðræðunum komu menn úr hópi samninganefndar fram í fjölmiðlum og skrifa greinar í blöð þar sem styrkur samningsstöðu okkar var mjög dreginn í efa, Alusuisse varið og kröfur þess réttlættar og gert lítið úr árangri annarra þjóða í hliðstæðum málum. Ég vil um þessi endemi segja það eitt að það var gæfa íslensku þjóðinni að eigi voru uppi meðal hennar slíkir rithöfundar meðan hún stóð í sinni landhelgisdeilu.

Það er mjög til siðs í dag að aldraðir stjórnmálaforingjar riti eða láti aðra skrá endurminningar sínar og sögu og ýmis önnur söguritun stendur með nokkrum blóma. Því er ekki óhugsandi að einhvern tíma verði saga álmálsins, þ. e. viðskipta Íslendinga við auðhringinn Alusuisse, skráð. Og þá verður í þeirri sögu alveg sérstakur kafli — kaflinn um Framsóknarflokkinn. Þar verður sá grimmi vefur, sem örlaganornir hafa spunnið einstökum mönnum í þeim flokki og honum í heild, rakin. Til þess gefst ekki tími hér, enda — mér liggur við að segja því miður — ekki víst að enn sé drukkinn í botn sá eiturbikar sem gegnir lykilhlutverki í síðasta þætti þess harmleiks.

Að lokum þetta: Víglínan í baráttunni um efnahagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði Íslands hefur í þessu máli verið að færast til. Hún er ekki lengur við hafsbrún. Hún liggur um þvera garða og mitt á meðal vor. Hún liggur langsum og þversum gegnum stjórnmálaflokka sem hér á hinu háa Alþingi eiga fulltrúa sína. Framsfl. hefur nú gengið í lið með íhaldinu þótt einstakir þm. séu með böggum hildar við að sáldra moði yfir mykjuna. Í sameiningu ætla þessir flokkar nú að hengja jólastjörnu fyrirgefningar og syndaaflausnar á flórkálfinn Alusuisse.

Í glímunni um efnahagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar hefur orusta tapast, en baráttan heldur áfram. — Góðar stundir.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í þrjár vikur samfellt hafa þm. þæft mál þetta og umr. verið langar og strangar. Allan tímann hef ég beðið þess með mikilli óþreyju að fá að heyra skýrslu þeirra Alþb.-manna um afreksverk þeirra í nærfellt fimm ár sem þeir stjórnuðu þessum málum. Alveg sérstaklega hef ég beðið eftir vænni skýrslu frá fyrirrennara mínum, Hjörleifi Guttormssyni, um mikinn árangur hans eftir fimm ára álbaráttu, t. d. að fá frá honum að heyra hvað orkuverðið til álversins var þegar hann tók við 1978 og í hvaða hæðum það var þegar Alþb. hrökklaðist frá völdum í maílok í fyrra.

Eftir öllum bægslaganginum að dæma hlýtur eftirtekjan að hafa verið ólítil. En engar tölur hafa þm. fengið um afreksverkin. Engar skýrslur hafa þeir fengið að sjá um sigra Hjörleifs og Alþb. í álstríðinu. Og nú þegar Hjörleifur talaði hér áðan í áheyrn alþjóðar skyldi maður hafa haldið að hann tíundaði afreksverkin stór og smá. En ekkert slíkt heyrðist. Hann á eftir að tala aftur í kvöld í þessum umr. Ég skora á hlustendur að leggja vandlega við hlustir ef þar skyldi Hjörleifi um munn líða eitt einasta orð sem benti til að hann hefði náð hinum minnsta árangri í fimm ára hernaði sínum.

Auðvitað fá hlustendur ekkert slíkt að heyra. Allir vita að sú fimm ára saga er einn samfelldur hrakfallabálkur. Þegar Alþb. tók við stjórn orku- og iðnaðarmála 1978 var orkuverðið 6.4 mill. Þegar Hjörleifur skilaði af sér eftir fimm ára nær samfelldan stríðsrekstur var orkuverðið það sama, nákvæmlega það sama, 6.4 mill. Honum hafði ekki orðið ágengt um eyrisvirði og ekki eitt einasta hagsmunaatriði okkar hafði þokast, nema aftur á bak. Á öll samskipti og samningsgerð höfðu verið hnýttir allir þeir rembihnútar sem kostur var á og lyktirnar þær, rétt fyrir lokasennu Alþb. í ríkisstj., að ríkisstjórn Íslands var stefnt af Alusuisse fyrir alþjóðlegan gerðardóm í New York. Þannig stóðu málin þegar núverandi ríkisstj. kom til skjalanna. Strax var hafist handa, en verkefnið var afar örðugt viðfangs og átaksillt vegna þess sem á undan var gengið. Þó tókst þegar innan fjögurra mánaða að ná mjög verðmætum árangri með 50% hækkun orkuverðsins. Það er vegna þess stóráfanga sem okkur hefur tekist að halda orkuverði óbreyttu til almennings frá 1. ágúst 1983 að telja, sem hefði þýtt um 17% raungildislækkun orkunnar til almenningsnota miðað við vísitöluframfærslu. Og nú með þeim samningi sem hér liggur fyrir til loka umr. og afgreiðslu á hinu háa Alþingi hefur tekist að hækka orkuverðið tvöfalt, tvöfalt, frá gjafverði Alþb., en sérfróðir markaðsmenn telja að við megum gera ráð fyrir þreföldun þess innan fárra ára.

Vegna meðferðar málsins hef ég verið gagnrýndur fyrir sambandsleysi við Alþingi á meðan á samningaviðræðum hefur staðið. Það skilja allir sem skilja vilja að samningsgerð af þessu tagi verður ekki unnin fyrir opnum tjöldum. Og nú hafa öll atriði málsins verið lögð fram og nákvæmar upplýsingar gefnar um alla þætti þess. Á þeim forsendum tekur Alþingi nú lokaákvörðun sína um samninginn, sem vera ber. Ég vísa á bug öllum aðdróttunum Alþb.-manna um að niðurstaða þessarar samningsgerðar sé leynimakk milli mín og samninganefndar um stóriðju annars vegar og Alusuisse hins vegar, eins og þeir svo smekklega hafa leyft sér að orða það. Við höfum náð stórkostlegum árangri með hinum nýju samningum sem verða munu mikil

lyftistöng íslensku atvinnulífi.

Alþb.-menn og aftaníossar þeirra, eins og Kvennalistinn, sem andar í takt við Alþb. í öllum málum, finna þessum samningi allt til foráttu. M. a. s. Alþfl. er svo heillum horfinn að hann fylkir nú liði með andstæðingum þessa samnings. Öðruvísi mér áður brá þegar Alþfl. samdi um stóriðjuna á sínum tíma og stjórnaði landinu með Sjálfstfl. Að vísu tók hinn nýi formaður Alþfl. það til bragðs rétt fyrir formannskosningar í Alþfl. að lýsa yfir því að hann teldi gott verk hafa verið unnið af minni hálfu með þeirri nýju samningsgerð og hann endurtók þá skoðun sína í umr. um stefnuræðu forsrh. á dögunum. Nú er að sjá hvort þessi skoðun hans endist honum fram að atkvæðagreiðslunni hér á eftir. Hann var áberandi fjarverandi í dag við atkvæðagreiðslu um málið í Nd. eftir 2. umr. Kannske er þetta upphafið að stefnufestu hans sem hann af hógværð sinni álítur að muni fleyta Alþfl. úr 4% fylgi upp í 40% fylgi með þjóðinni.

Það er öllu öfugt snúið í málflutningi stjórnarandstöðunnar. En á því er þó ein gleðileg undantekning, sem taka ber fram, þar sem BJ ljær samningi þessum atkvæði sitt.

Orkusölufyrirtækið Landsvirkjun segir að hið nýja orkuverð sé til mikilla hagsbóta fyrir fyrirtækið og þar með þjóðina. Það er helst að skilja á talsmönnum Alþb. að með þessari skoðun sinni, sem Landsvirkjunarmenn styðja óyggjandi rökum, gerist þessir virtu embættismenn brotlegir í starfi. Slík er heiftin og hamagangurinn í máli þessu að tekur út yfir allan þjófabálk.

Talsmenn Alþb. hafa í umr. um málið seilst svo rækilega um hurð til lokunnar að þeir hafa orðið berir að því æ ofan í æ að reyna til við mannorð mitt og starfsmanna minna í málinu. Mér hefur verið borið á brýn að hafa borið ósannindi á borð fyrir hið háa Alþingi og að hafa svikið hagsmuni landsins í máli þessu. Eg læt mér slíkar ásakanir í léttu rúmi liggja. Verði ég sannur að þessum sökum hef ég úr öngvum söðli að detta. Ef ekki, þá falla þau dauð og ómerk ómagaorðin.

En lítum aðeins á nokkur atriði í umsögn Landsvirkjunar sem sýnir hagkvæmni fyrirtækisins af hinum nýju samningum við ÍSAL.

1. Viðbótartekjur Landsvirkjunar á tímabilinu 1985 — 1989, eða á næstu fimm árum, áætlast um 2550 millj. kr. eða hærri, eða u. þ. b. 511 millj. kr. á ári að jafnaði.

2. Viðbótartekjur Landsvirkjunar samkvæmt nýja samningnum og bráðabirgðasamkomulaginu frá í september 1983 áætlast 2750 millj. kr. fram til ársloka 1989.

3. Hefði nýi samningurinn gilt frá 1979 til og með 1984 hefði hann aukið tekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL um 3200 millj. kr. að meðtöldum vöxtum. Þannig stendur skuld Alþb. við þjóðarbúið. Í 3.2 milljörðum kr.

Hin samningsbundnu verð í nýja samningnum, 12.5 — 18.5 mill á kwst., eru til endurskoðunar á fimm ára fresti og gefa hlutaðeigandi samningsákvæði Landsvirkjun möguleika á að ná fram leiðréttingu á verðinu sér í hag. Ákvæði af þessu tagi er ekki í gamla samningnum og er því hér um mikilvæga úrbót að ræða.

Og enn segja þeir Landsvirkjunarmenn: Hinn nýi rafmagnssamningur Landsvirkjunar og ÍSALs mun hafa áhrif til lækkunar á rafmagnsverði til almenningsrafveitna. Besta framtíðartryggingin fyrir lágu rafmagnsverði almenningi til handa er hins vegar fólgin í því að haga verðlagningunni þannig að Landsvirkjun gefist kostur á að fjármagna virkjunarframkvæmdir í vaxandi mæli með eigin fé úr rekstri og stilla lántökum í hóf.

Þessi vitnisburður mun almenningi sýnast trúverðugri en málþófssamir Alþb.-menn sem endalaust leika sér að tölum sem ekkert mark er á takandi. Og mátti heyra það hjá Steingrími Sigfússyni hér áðan.

En það er til skýr og ótvíræður vitnisburður um afstöðu Alþb. til orkuverðs meðan svo átti að heita að þeir stjórnuðu þessum málum og landinu öllu. Í marsmánuði 1983, fyrir aðeins 20 mánuðum síðan, báru allir þm. Alþb. í Nd. fram frv. til l. um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins hf. með Hjörleif Guttormsson í broddi fylkingar. Þar segir svo, með leyfi forseta, í 1. gr., að verð á raforku frá Landsvirkjun til Íslenska álfélagsins hf. skuli vera 12.5 mill á klukkustund. Kannast einhver við þessa tölu? Síðan segir, með leyfi forseta, í 3. gr.:

„Lög þessi falla úr gildi, þegar samningar hafa tekist milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun raforkuverðsákvæðis rafmagnssamningsins, sem að framan greinir.

Sú endurskoðun skal byggjast á eftirfarandi:

a) Þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið".

Nýi samningurinn nú mun orsaka stórlækkað verð til almennings.

„b) Raforkuverði því, sem álver annars staðar í heiminum greiða".

Við erum aðrir í röðinni í Evrópu á eftir Spáni og langt á undan nágrönnum okkar, Norðmönnum, samkvæmt nýja samningnum.

„c) Framleiðslukostnaði raforku hér á landi".

Landsvirkjunarmenn kunna að reikna út framleiðslukostnað raforku. Það kann Steingrímur Sigfússon ekki og því síður Hjörleifur Guttormsson og þessa hefur verið gætt, að framleiðslukostnaður á raforku, t. a. m. frá Búrfellsvirkjun, sem sinnir ÍSAL, er langt, langt undir því verði sem við höfum samið um. — Og svo kemur d-liður, að það skuli byggjast á heimsmarkaðsverði á áli. Þessu aðalgagnrýnisatriði frá Alþb.-mönnum, sem þeir hafa teflt fram gegn þeim samningi sem nú liggur hér fyrir, að skuli tekið í honum tillit til heimsmarkaðsverðs á áli eða álverðs eins og það gerist á fjórum stöðum í heiminum, sem er öllu tryggara.

En þessum upplýsingum er ekki lokið. Því að hér segir svo:

„Fari svo, að ekki náist samningar um endurskoðun raforkuverðsákvæðis skv. 3. gr. fyrir árslok 1983", — ef engir samningar takast, — „skal stjórn Landsvirkjunar með stoð í þessum lögum ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill á kwst. frá og með 1. janúar 1984 og breytist verðið eftir það í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli."

Auðvitað. 15—20 mills ætluðu þeir að ákveða, ef þeir væru einir um hituna, með lagasetningu. En nú höfum við samið um grunnverðið 15 mill og standa vonir til þess að ná upp undir 18.5.

Af þessu, sem ég nú hef lesið, sér allur landslýður í réttu ljósi forustu þessa þjóðmálaflokks sem kennir sig við bandalag alþýðunnar. Ég er lýstur landsölumaður fyrir það að hafa náð betri samningum við Alusuisse um álverið í Straumsvík en Alþb.-mennirnir ætluðu einhliða að ákveða orku til handa með lagasetningu á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum síðan.

Þá var það annað aðalárásarefnið af hálfu Alþb. að samið væri um sættir í hinum gömlu illvígu deilumálum milli okkar og auðhringsins. Um þetta efni get ég verið fáorður. Engir samningar um hækkað orkuverð hefðu tekist ef sættir hefðu ekki tekist í þeim þrætum. Dómstólaleiðin eða dómnefndaleiðin, hvor sem farin hefði verið til að ljúka málinu, hefðu staðið yfir nú og enn um langan tíma. Auðvitað eru sættir í deilum ávallt ákjósanlegasti kosturinn, ef báðir deiluaðilar geta sæmilega við unað, sem við getum vel í þessu falli.

Ég ætla nú að láta nægja vitnisburð tveggja aðila um sáttargerðina, sem allir sanngjarnir menn geta tekið mark á — og Alþb. líka ef þeir væru ekki gjörsamlega rökheldir í máli þessu. Hið virta breska endurskoðunarfyrirtæki Coopers & Lybrand hefur lengi verið í þjónustu okkar við endurskoðun á rekstri ÍSALs. Sumarið 1983 óskaði formaður samninganefndar um stóriðju, Jóhannes Nordal, eftir áliti forstjóra fyrirtækisins á dómstólaleiðinni. Í svarbréfi forstjóra Coopers & Lybrands segir m. a.:

„Eftir því sem ég hef fylgst með þróun deilunnar virðist mér helst að tillit til stjórnmála hafi að nokkru leyti magnað hana. Skýrslur okkar hafa verið notaðar á þann hátt sem við hefðum ekki búist við og umræður um niðurstöður okkar virðast ekki hafa gengið nógu langt til að skapa fastan grundvöll fyrir röksemdafærslu í málflutningi fyrir gerðardómi."

Og enn fremur segir hann:

„Fyrir hendi eru fjölmörg vandamál og óvissuþættir sem munu samkvæmt minni reynslu skapa örðugleika í hvers kyns málflutningi fyrir gerðardómi. Mér segir helst hugur um," segir aðalforstjórinn, „að það hefði alvarlega ókosti í för með sér fyrir ríkisstj. að halda gerðardómsmeðferðinni áfram og mun æskilegra væri að jafna deiluna með samningsgerð."

Hinn vitnisburðurinn, sem ég ætlaði að vísa til, var frá Charles Lipton í New York, sem var lögfræðilegur ráðunautur Hjörleifs Guttormssonar og minn í deilumálunum við Alusuisse. Hann segir í bréfi til mín, sem dags. er 4. okt. s. l.:

„Ef ætla má að væntanleg lausn leiði einnig til orkuverðs samkvæmt rafmagnssamningnum milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. sem ríkisstjórnin getur sætt sig við er það því skoðun mín að uppgjör krafnanna um framleiðslugjöld fyrir árin 1976—1980 á þeim grundvelli að Alusuisse greiði ríkisstjórninni 3 millj. Bandaríkjadala muni vera mjög viðunandi lok skattadeilunnar og réttlæting afstöðu ríkisstjórnarinnar frá upphafi."

Væntanlega draga Alþb.-menn vitnisburð þessa manns ekki í efa.

En það er fleira sem er mikilvægt í sambandi við rekstur álversins en orkusala. Ég vil aðeins nefna það að greiðslur launa, framleiðslugjalds, innlends rekstrarkostnaðar og fjárfestingarkostnaðar nema frá upphafi 370 millj. Bandaríkjadala eða 14.5 milljarði ísl. kr. og gjaldeyristekjur okkar af álverinu hafa numið yfir 14 millj. kr. á þessum tíma. Það má nefna líka hver hlutur í heildarútflutningi landsmanna álframleiðslan hefur verið, sem var t. a. m. 1983 17.6% af öllum útflutningi og 60% af iðnaðarvöruútflutningi. Okkur hefur tekist að ná mjög góðum niðurstöðum í þessu stóra hagsmunamáli þjóðarinnar.

Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka samninganefndarmönnum um stóriðju, þeim Gunnari G. Schram, Guðmundi Þórarinssyni og Jóhannesi Nordal, fyrir frábær störf og aðstoðarmönnum þeirra öllum. Það er á engan hallað þótt ég nefni Jóhannes Nordal sérstaklega í þessu sambandi og ómetanlega forustu hans.

Þingflokkur Alþb. hefur gert nýja samþykkt í álmálinu, þar sem þeir lýsa því yfir að þeir muni sundra öllum samningum um málið þegar þeir fái tækifæri til. Þetta er þeim auðvitað sjálfrátt, mönnunum. Á hitt ber að líta að á því munu þeir ekki fá færi því að forusta þessa málaflokks verður þeim aldrei framar falin. — Góða nótt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það mál sem hér er til meðferðar er alvarlegt og afdrifaríkt og hentar þá illa galgopaskapur eins og ráðh. stundaði hér lengstum áðan í stað málefnalegrar umræðu. Ég tel það ekki til fyrirmyndar.

Til umræðu eru einkum tveir þættir í samningum Íslendinga við Alusuisse, eigendur ÍSALs: annar vegar verð á raforkusölu okkar til ÍSALs og hins vegar skattagreiðslur fyrirtækisins. Málið tengist á hinn bóginn tveimur öðrum atriðum sem rétt er að víkja að. Málið tengist í fyrsta lagi stefnu okkar í atvinnumálum og viðhorfunum til orkufreks iðnaðar. Í öðru lagi varðar það spurninguna um hvernig staðið sé að virkjunarmálum og hvers vegna verð á rafmagni sé svo hátt sem raun ber vitni hér á landi. Ég mun fyrst gera þessi tvö síðarnefndu atriði að umtalsefni, en síðan fjalla um samningagerðina.

Við Íslendingar höfum löngum horft til orkunnar í fallvötnum landsins sem auðlindar sem beisla mætti til hagsbóta fyrir þjóðina og til atvinnuuppbyggingar. Öllum, sem um þessi mál hugsa, ætti að vera ljóst að slík atvinnuuppbygging hlýtur að hluta til að gerast með tilstyrk orkufreks iðnaðar. Við Alþfl.-menn höfum talið það einsýnt og beitt okkur fyrir því, að orkufrekur iðnaður ætti hlut í atvinnuuppbyggingunni. Þessi afstaða okkar hefur ítrekað komið fram hér á Alþingi.

Þessu er hins vegar ekki þannig farið með alla aðra flokka hér á Alþingi. Alþb. vildi t. d. löngum enga stóriðju og hefur ævinlega haft horn í síðu hennar. Sérstaklega hefur Alþb. verið illa við alla samvinnu við erlenda aðila. Gagnrýni Alþb. nú eins og fyrr byggist á þessum sjónarmiðum. Þess vegna verður málflutningur þeirra oft að ofstækiskenndum upphrópunum sem ekki er unnt að taka mark á. Þess vegna hafa þau mál, sem varða orkufrekan iðnað og samvinnu við aðra um hann, gjarnan hlaupið í hnút þegar Alþb.-menn koma að þeim.

Kvennalistinn virðist svo vera alfarið á móti öllum orkufrekum iðnaði og gagnrýni hans um einstök atriði er vitaskuld byggð á því sjónarmiði og þess vegna þeim mun léttvægari.

Alþfl. telur á hinn bóginn að samstarf við erlenda aðila sé eðlilegt, m. a. til þess að minnka áhættu og binda ekki okkar takmarkaða fjármagn í þessum fyrir-

tækjum í of ríkum mæli. Það fjármagn, sem við Íslendingar höfum til umráða, viljum við Alþfl.-menn að notað verði sem mest til almennrar iðnþróunar og nýjunga í atvinnulífi sem er ekki síður mikilvægt. Orkufreki iðnaðurinn á að stuðla að þeirri þróun, en ekki að hindra hana. Hugmyndin var sú og á að vera sú að hinn orkufreki iðnaður stuðli að því að almennt raforkuverð á Íslandi verði lægra stóriðjunnar vegna, en ekki hærra. Einmitt þetta var lagt til grundvallar þegar samtímis var ákveðið að virkja stórt, að virkja Búrfell, og ráðast í byggingu ÍSALs. Þá vildu Alþb. og Framsfl. hins vegar fara smásprænuleiðina, virkja smátt og láta ógert að nota orkuna til slíks átaks í atvinnuuppbyggingunni. Það var þeirra viðhorf og má vera dæmigert.

Í hinum upphaflegu samningum frá 1966 varðandi ÍSAL kom hins vegar fram alvarlegur veikleiki varðandi orkuverðið og við þann veikleika höfum við verið að fást annað veifið síðan. Í samningunum komu þó jafnframt fram ýmsar styrkleikahliðar, en það er einmitt á þeim styrkleikapunktum sem við höfum byggt sókn okkar í málinu, en þeir hafa m. a. varðað hráefnisverðlagningu og skattaákvæði, og kem ég að því síðar.

Umbót á gjaldeyrismörkuðum, alheimsverðbólga og orkuverðssprenging áttu sinn þátt í því að orkuverðið til ÍSALs hefur reynst og lágt og af þeim sökum hefur almennt orkuverð á Íslandi orðið hærra en ella. En fleira kemur til. Hið háa raforkuverð á Íslandi verður ekki skýrt með þessu einu. Við skulum líta í eigin barm. Krófluævintýrið var dýrt. Það hefur og mun hafa sín áhrif á orkuverðið. Við fórum geyst í svonefnda byggðalínu. Það hefur líka sín áhrif á orkuverðið.

Með þessu er þó langt í frá öll sagan sögð. Landsvirkjunarrafmagnið, án tillits til þessa, er nefnilega óþægilega dýrt. Við hljótum að spyrja hvort bruðlað hafi verið í virkjunarframkvæmdum, hvort offjárfest hafi verið hjá Landsvirkjun miðað við markaðinn, hvort Landsvirkjun hafi fylgt réttri lántökustefnu eða tekið óhagkvæm og dýr lán. Ja, lánin. Þau hafa greinilega orðið Landsvirkjun dýr og ég get ekki staðhæft að þau hafi yfirleitt verið hagkvæm. Og við höfum gert virkjanirnar óþarflega dýrar, sbr. ótrúlega háar fjárhæðir sem varið er í vegalagningu, gangnamannahús, girðingar, uppgræðslu og hvers kyns sporslur sem samið var um vegna Blönduvirkjunar af fyrrv. iðnrh. og er langt umfram eðlilegar bætur, og enn munu þó ekki öll kurl komin til grafar. Fyrir þetta er almenningur látinn borga í hærra raforkuverði. En síðast en ekki síst er nú upplýst að fjárfest hefur verið í orkuvinnslugetu hjá Landsvirkjun sem er u. þ. b. 15—20% fram yfir orkuþörf og orkusölumöguleika. Af þessum sökum er kostnaðarverð orkunnar sem þessu nemur hærra.

Þegar menn nú þrátta um hvort kostnaðarverð raforkunnar sé 16,18 eða 20 mill er það ekki síst vegna þess að ýmist er reiknað með að öll orkan sé seld eða einungis sú orka sem í rauninni selst. Þessi atriði öll krefjast sérstakrar rannsóknar. Á s. l. þingi fékk Alþfl. samþykkta till. um að slík athugun færi fram og til þess yrðu kvaddir þrír óvilhallir menn. Iðnrh. Sverrir Hermannsson barðist gegn till. á þingi og dró síðan að skipa nefndina þangað til núna á seinustu vikum. Þau atriði sem ég hef hér nefnt sýna hins vegar að fyllsta ástæða er til að hraða þessari rannsókn og vinna hana vel. Við getum ekki unað því, Íslendingar, að fyrir glappaskot og rangar ákvarðanir búi almenningur á Íslandi við hærra raforkuverð en t. d. í Danmörku þar sem orkan er framleidd með olíu. Þess vegna leggjum við Alþfl.-menn áherslu á að þessi rannsókn verði unnin ítarlega og af fullri alvöru. Þjóðin á nefnilega kröfu á skýrum svörum.

Víkjum þá að samskiptunum við Alusuisse, eigendur ÍSALs. Sú rimma, sem staðið hefur yfir undanfarin ár, er önnur atlaga okkar til leiðréttingar á orkuverði. Hinni fyrri lauk árið 1975. Í báðum tilvikum hefur málið snúist annars vegar um orkuverðið til ÍSALs og hins vegar um skattamál fyrirtækisins. Í báðum tilvikum höfum við sótt á um lagfæringar á orkuverðinu, en jafnframt höfum við haft uppi kröfur varðandi skattagreiðslur ÍSALs. Þær kröfur höfum við reist á ströngum ákvæðum í samningunum varðandi samskipti móðurfyrirtækisins Alusuisse við ÍSAL og hvernig grunnur til skattlagningar skuli ákveðinn. Þessi ákvæði hafa verið sóknarvopn okkar í þessum deilum.

Samningarnir frá 1966 og 1975 fólu hins vegar báðir í sér sama veikleikann varðandi orkuverðið. Það sem mönnum fannst e. t. v. viðunandi þegar samningarnir voru gerðir reyndist í báðum tilvikum vera orðið allt of lágt orkuverð að fáeinum árum liðnum.

Reynslan hlaut því að kenna okkur þrennt:

1. Það er ekki nóg að semja um orkuverðið þannig að viðunandi sé í bili eða um stundarsakir, heldur verðum við að ná fram bæði öruggri verðtryggingu og skýrum ákvæðum um reglulega endurskoðun með hliðsjón af ófyrirsjáanlegum atvikum sem reynslan hefur sýnt að alltaf koma fyrir og hafa reyndar leikið okkur grátt.

2. Við yrðum að halda fast á þeim ákvæðum sem vörðuðu samskipti móðurfyrtækisins Alusuisse við ÍSAL og þar með skattlagningargrundvöllinn.

3. Gera ætti samninginn þannig úr garði að sem minnstum deilum mundi valda í framtíðinni svo að ekki þyrfti að standa í eilífu málastappi.

Með hliðsjón af þessu hefur Alþfl. allar götur lagt áherslu á sanngjarnt orkuverð sem væri ekki lægra en kostnaðarverð orkunnar, verðtryggingu orkuverðsins og endurskoðunarákvæði, jafnframt því sem náð yrði ótvíræðri niðurstöðu í skattamálum til að fækka árekstrum og deilumálum.

Þegar tíðindi tóku að berast af því, reyndar eftir óbeinum leiðum, að til umfjöllunar væri að tengja rafmagnsverðið til ÍSALs við verð á áli, þá vöruðum við Alþfl.-menn sérstaklega við því. Sannleikurinn er nefnilega sá, að með slíku fyrirkomulagi er verið að láta Íslendinga taka þátt í áhættu af rekstri sem þeir eiga ekkert í og ráða í engu yfir.

Varðandi skattamálin höfðum við Alþfl.-menn talið eðlilegt að þau færu til úrskurðar í gerðardóm og vorum sammála þeirri málsmeðferð til þess að fengist gæti ótvíræð niðurstaða um túlkun samningsins. Þegar frá leið valdi ráðh. hins vegar það sem nefnt hefur verið dómsátt. Auðvitað kom hún til álita, en þá skipti máli hvernig hún væri, ekki fyrst og fremst í peningum talið heldur varðandi framtíðartúlkun samningsins. En einmitt í því máli, í túlkun samningsins, hefur ráðh. greinilega brugðist því hann fórnaði öllu Alusuisse í vil.

Lítum þá á einstaka þætti málsins og þá fyrst á orkuverðið. Í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að það verði á bilinu 12.5—18.5 mill, eins

og áður hefur verið greint frá. Sé litið til baka yfir næstliðin ár sést að orkuverðið hefði samkvæmt þessum samningi orðið að meðaltali nálægt 13.5 mill. Mitt mat er að raunvirði samningsins í framtíðinni muni verða lægra en ekki hærra en þessi 13.5 mill þó svo að millin kunni að teljast eitthvað upp á við vegna verðbólgu í Bandaríkjunum.

Þessi mörk, þessi viðmiðun frá 12.5 og upp í 13.5 að jafnaði, fela vissulega í sér verulega hækkun á orkuverði og stórar fjárhæðir, eins og ráðh. gat um hér áðan, sem alls ekki má vanmeta. Þetta er ávinningur. En við verðum að skoða málið í heild og í ljósi reynslunnar. Þetta orkuverð nær því ekki að rísa undir því kostnaðarverði sem tilgreint hefur verið og það er mun lægra en meðalorkuverð til annarra óháðra áliðjuvera í Evrópu og Ameríku. Þótt hækkunin sé veruleg næst samt ekki nægilega hátt meðalverð.

En hvað þá um verðtrygginguna? Í samningnum er í sannleika sagt ekki raunveruleg verðtrygging. Jafnvel þótt litið sé fram hjá sveiflum á álmarkaði er ljóst að samkvæmt þeirri formúlu sem tengir rafmagnsverðið við verð á áli er ekki um verðtryggingu að ræða. Samkvæmt formúlunni þyrfti verð á áli að hækka 50% örar en almennt verðlag til þess að um raunverulega verðtryggingu á rafmagnsverðinu yrði að ræða. Allir spádómar um slíka hækkun á áli eru gersamlega út í hött. Þess vegna mun verðgildi orkuverðsins alveg eins og áður, alveg eins og í samningunum 1966 og 1975, því miður, fara rýrnandi er fram líða stundir.

Hitt er þó hálfu verra, að með tengingu rafmagnsverðsins við verðlag á áli er verið að veita sveiflum í afkomu fyrirtækisins inn í íslenskt efnahagslíf. Álverð sveiflast mjög ört og tekur stórar dýfur. Nú á Landsvirkjun, nú eiga Íslendingar að taka þessa skelli á sig og gerast þátttakendur í áhættubúskap að óþörfu.

Það kemur líka einkar spánskt fyrir sjónir að núverandi iðnrh. skuli leggja inn á þessa áhættubraut því að enginn hefur talað skýrar eða meira um það en þessi hæstv. ráðh., Sverrir Hermannsson, að Íslendingar ættu einmitt ekki að taka áhættu vegna stóriðju. Við ættum t. d. engan hlut að eiga í stóriðjufyrirtækjum vegna þess að í því fælist áhætta og það væri af hinu illa. Að því er orkuverðið varðar fer því ráðh. ekki að eigin ráðum. Hann vill að Landsvirkjun taki áhættu af rekstri ÍSALs samkvæmt þeim samningum sem hann leggur hér til að verði samþykktir. Þessar sveiflur í álverði munu nefnilega skv. þessum nýja samningi speglast í sveiflum í orkuverði og þar með í tekjum Landsvirkjunar.

Menn geta spurt: Hvað mun gerast þegar álverðið tekur dýfu og Landsvirkjun er búin að reikna með tekjum sem hún fær ekki? Ætli byrðunum verði ekki velt yfir á almenning eins og venjulega og almennir raforkunotendur, þú og ég, verði ekki þannig í rauninni látnir borga með ÍSAL þegar þetta kemur fyrir? Ekki skyldi mig undra það.

Ég sagði líka að með tilliti til reynslunnar væri nauðsynlegt að hafa skýr endurskoðunarákvæði í samningunum sem gæfu möguleika á endurskoðun á raforkuverðinu á nokkurra ára fresti. Nú er það reyndar svo að endurskoðunarákvæði eru í samningunum og af því hældist ráðh. hér á undan. En þau eru með slíkum endemum að margir telja þau langtum verri en engin ákvæði. Þau eru þannig að Íslendingar eiga ekki rétt til endurskoðunar nema þeir geti sýnt fram á og sannað að þeir séu sérstöku harðrétti beittir, annars gildir samningurinn áfram. Hann var meira að segja framlengdur um 14 ár fram yfir núverandi gildistíma sinn.

Þetta var ekki það sem við hlutum að gera sanngjarna kröfu um. Þvert á móti er ákvæðið nánast ónýtt. Sumir segja verra en ekkert.

Lítum þá á skattamálin. Það varðaði í fyrsta lagi uppgjör gamalla mála þar sem Íslendingar gerðu kröfu um að ÍSAL greiddi hærri skatta en það hefði gert vegna þess að hagnaður fyrirtækisins hefði verið vantalinn. Hins vegar var spurningin um það að tryggja óyggjandi aðferðir við skattlagningu í framtíðinni og niðurstöðu um túlkun samningsins.

Allur málatilbúnaður okkar að því er skattamálin varðaði var á grundvelli samningsins og þá sérstaklega ákvæðis sem kvað á um að Alusuisse skyldi sjá til þess að ÍSAL nyti bestu fáanlegra kjara á aðföngum sínum, svo sem eins og hráefnum. Deilan var um hvort súrálsverð byggðist á þessu ákvæði.

Í dómssáttinni, sem svo er nefnd og gerð er í skattamálunum, er gert ráð fyrir því að ÍSAL greiði *tiltekna upphæð, 3 millj. dollara, með tilliti til þeirrar* kröfu sem íslenska ríkið hafði gert. En það var gert meira. Jafnframt því var þessu ákvæði, sem allur málatilbúnaður Íslendinga byggðist á, fórnað. Því ákvæði sem kvað á um að ÍSAL skyldi njóta bestu kjara að því er varðaði hráefni og önnur aðföng var fórnað í leiðinni. Ef menn vildu gera dómsátt, þá var auðvitað meginatriði að halda í þetta ákvæði og að hluti af sáttinni væri túlkun á þessu ákvæði í samræmi við okkar sjónarmið. Það var kjarni málsins og það er ekki um þennan kjarna málsins sem þeir Coopers & Lybrand og lögfræðingur í New York eru að fjalla í bréfinu sem ráðh. vitnaði til hér áðan. Þeir eru að tala um hvort 3 millj. séu hæfileg upphæð, en millj. þrjár, hvort þær séu krónunum fleiri eða færri, skipta ekki meginmáli. Kjarni málsins var samningsgrundvöllurinn og þetta ákvæði í honum.

Það er í rauninni meiri háttar slys að fallist skuli á að gera þetta ákvæði óvirkt með því að það gildi einungis um þau 2—3% viðskipta sem ÍSAL á við aðra en móðurfyrirtækið. Í þessu ákvæði fólst nefnilega það tak sem Íslendingar höfðu á málinu. Nú er talað um að síðar eigi að endurskoða skattlagningarreglur ÍSALs. Hvernig halda menn að samningsstaðan sé þegar búið er að fórna því ákvæði sem menn hafa reist málatilbúnaðinn á? Það var áreiðanlega ekki tilviljun að þetta ákvæði var sett inn í samninginn á sínum tíma. Þeir sem stóðu að samningnum, Bjarni Benediktsson, Jóhann Hafstein, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason o. fl., gerðu sér vitaskuld ljóst að ÍSAL er hluti af hringasamsteypu. Þeir gerðu sér ljóst að það yrði að tryggja að ekki yrði með bókhaldsgerðum innan þessa hrings talið fram of hátt verð á aðföngum sem rýrði afkomu fyrirtækisins og þar með skattgreiðslurnar.

Þegar gengið var til þessara samninga í upphafi settu menn sér það markmið að áhrifin af sveiflum í rekstri þessa fyrirtækis á íslenskt efnahagslíf skyldu vera sem minnst. Með þeim samningi sem hér er gerður er einmitt vikið út af þessari braut í öllum meginatriðum. Sveiflurnar á að leiða inn í íslenskt efnahagslíf og ákvæði sem átti að tryggja öruggar skattgreiðslur er gert óvirkt. Sem betur fer hefur verið fellt út úr þessum samningi, eins og hann liggur nú fyrir, ákvæði sem var

að finna í fyrri drögum um að minnka skyldu ÍSALs til þess að kaupa raforku. Slíkt ákvæði hefði auðvitað haft margföldunaráhrif á íslenskt efnahagslíf og getað skapað atvinnuleysi hjá stórum hópi fólks. Ég verð að segja að það var þó lán í óláni að horfið var frá þessari skerðingu á kaupskyldunni á raforku hjá ÍSAL.

Þó að hér fáist þannig veruleg orkuverðshækkun, sem sjálfsagt er að meta, eru slíkir megingallar á þessum samningi að þeir sem að honum stóðu án samráðs við nokkurn aðila utan ríkisstj. verða að axla ábyrgð á honum sjálfir.

Það er jafnframt skoðun okkar Alþfl.-manna, að eins og frá samningunum er gengið núna muni ekki verða friður um þetta mál, heldur þurfi að taka málið upp að nýju áður en langt um líður. En það hlaut einmitt að vera meginmarkmiðið þegar gengið var til samninga núna að koma málum svo fyrir að ekki þyrfti sífellt að standa í stappi út af þessu.

Málið á sér nokkurn aðdraganda. Skoðun mín er sú, að það hafi liðið fyrir hvernig á því var haldið, bæði hjá fyrrverandi iðnrh. og núverandi iðnrh. Í höndum Hjörleifs Guttormssonar varð málið að pólitísku bitbeini. Morgunblaðið átti sinn þátt í því. En það kom jafnframt í ljós að Hjörleifur fór offari í málinu. Hann fór fram með gífuryrðum og málið var komið í mikið óefni. Annaðhvort gat Hjörleifur Guttormsson ekki eða vildi ekki semja.

Þegar núverandi iðnrh. tók við málinu fékk hann tækifæri til þess að taka upp þráðinn að nýju. Núverandi ráðh. valdi þann kost að fara laumulega með þetta mál, en þó fengust af því smáfréttir vegna fréttaleka frá ýmsum samningamönnum. Þessi málsmeðferð var með öllu óviðunandi. Málið og niðurstaðan hefur auðvitað liðið fyrir þessa málsmeðferð. Hreinskilnar umræður um það hver stefnan ætti að vera í samningamálum áður en til samninganna var gengið og meðan á þeim stóð hefðu getað breytt miklu til hins betra.

Það gildir um ýmis ákvæði: Ég nefni endurskoðunarákvæðið. Ég nefni ákvæðið um að ÍSAL skuli njóta bestu kjara sem nú á að gera óvirkt. Og ég nefni þá aðferð að veita sveiflum í álverði inn í íslenskt efnahagslíf í stað þess að hafa raunverulega verðtryggingu. Þess vegna verður ekki hjá því komist að gagnrýna bæði fyrrverandi og núverandi iðnrh. fyrir málsmeðferð þeirra.

Reynslan átti að kenna okkur hversu mikilvægt væri að ná hreinum og skýrum samningum varðandi þau efni sem ég hef hér rakið. Það hefur ekki verið gert og það er af þeim ástæðum og þeim ástæðum, sem ég hef áður rakið um ágalla samningsins, sem við Alþýðuflokksmenn munum greiða atkvæði gegn þessum samningi. Við teljum að ágallar hans séu of miklir til þess að hægt sé að samþykkja hann óbreyttan. — Góðar stundir.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Rányrkja og auðlindaþurrð hefur löngum leyst okkur Íslendinga undan þeirri ábyrgð að marka stefnu í stóriðju til frambúðar. En árið 1966, þegar gengið var frá samningum við svissneska álfélagið, átti að móta stefnuna í stóriðjumálum til frambúðar. Það var ekki gert. Sá samningur, sem gerður var, er ekki stefnumarkandi á neinn hátt. Þar sem best dugði lýsti samningurinn viðhorfum þeirra manna sem hann gerðu fyrir okkar hönd.

Í þessum samningi hefði átt að birtast stóriðjupólitík komandi áratuga. Þess í stað ber samningurinn þess helst vitni að það þarf meira til en reynslu í gerð húsaleigusamninga til að hætta sér í klærnar á og ná skynsamlegum samningum við einhvern forhertasta auðhring í veröldinni. Það er að vísu alveg ljóst að samningagerð, ferðalög og hanastélsveislur í öðrum löndum getur verið umtalsverður atvinnuvegur hérlendis. Það hefur reynsla undanfarinna ára sýnt og út af fyrir sig er fátt í þeim samningi sem hér er verið að staðfesta sem bendir til að á þessu verði lát eða nokkur breyting.

Með réttu eða röngu börðu Íslendingar út landhelgina og náðu yfirráðum yfir veigamestu auðlind sinni. Það er freistandi að velta því fyrir sér hver hefði orðið árangur Íslendinga ef þeir hefðu borið gæfu til að standa saman í deilunni við álhringinn á sama hátt og í fiskveiðideilunni. Um það er að sjálfsögðu erfitt að segja, en ljóst er að ábyrgð manna sem tóku þá ákvörðun að sundra þjóðinni, kljúfa hana, er mikil. Af fullkominni óskammfeilni ákváðu þeir að notfæra sér samningsneyð íslensku þjóðarinnar í flokkspólitískum tilgangi. Ábyrgð stærsta stjórnmálaflokks landsins er mikil. Hann ber höfuðsökina á því að samningamálin við álhringinn hafa farið í meira klúður en samningurinn frá 1966 gaf tilefni til. Morgunblaðið þyrlaði upp pólitísku moldviðri og lét sér í léttu rúmi liggja hvoru megin hryggjar þjóðarhagsmunir lágu.

Það verður ekki heldur séð að þessi ákvörðun Morgunblaðsins hafi hryggt Alþb.-mennina mjög, enda alveg ljóst að afturhaldsstefnu þeirra í atvinnumálum yrði ekki best borgið í þjóðarsamstöðukór með íhaldinu. Þessir tveir stjórnmálaflokkar eru sekir um að hafa sett flokkspólitíska hagsmuni ofar þjóðarhagsmunum í þessu mikilvæga máli. Þess vegna er ekki rétt, sem fram kemur í aths. við frv., að hér liggi fyrir árangur af starfi sem unnið hefur verið á vegum ríkisstj. frá miðju sumri 1983. Nei, hér liggur fyrir árangur áraraða pólitísks loddaraleiks og sýndarmennsku í eiginhagsmunaskyni. Sjálfstfl. með Morgunblaðið að leiktjöldum hlýtur sakir stærðar sinnar og útbreiðslu málgagns síns að bera hér mesta og stærsta ábyrgð.

Það er mín skoðun að þessum aðilum hafi með málflutningi sínum og áróðri tekist að spilla samningsstöðu Íslendinga, a. m. k. við svissneska álhringinn, jafnvel til frambúðar. Það er ömurlegast og verst að ekki verður séð að tilgangurinn hafi verið annar en sá að klekkja á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, þáv. iðnrh. Það er spurning hvort Morgunblaðið ætti ekki að fá a. m. k. helminginn af þeim reikningum sem ungir sjálfstæðismenn bera í hús þessa dagana og ætlaðir eru hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, enda er augljóst að sú aulafyndni er sennilegast upprunnin þar við Aðalstrætið.

Herra forseti. Hvaða erindi eiga Íslendingar framtíðarinnar við stóriðju? Birtist t. d. í þessum samningi einhver stóriðjupólitík? Er í samningnum boðuð einhver stefna í skattamálum eða orkusölu? Hvað ætla íslenskir stjórnmálamenn með stóriðju? Á þjóðin að græða á henni? Það verður varla séð að þeir menn, sem hugsa sér að byggja stóriðjuver um landið, nánast á sömu forsendum og heilsugæslustöðvar og skóla, hyggist græða þjóðinni stórfé. Það sem fyrir þeim vakir er að treysta byggð í landinu og þar er stóriðjunni ætlað að

ganga til liðs við landbúnað og sjávarútveg. Þetta er göfugt markmið, en ekki endilega mjög hagkvæmt.

BJ fullyrðir að sú framtíð sem byggir á stóriðju sé framtíð gærdagsins. Sjálfstfl. og Alþb. hafa látið svo að hér sé tekist á um atvinnustefnu, stóriðju eða ekki stóriðju. *Í raun er Alþb. ekki á móti stóriðju, m. a.* vegna marxísks uppruna síns. Í þeirra augum er íslensk stóriðja góð, en erlend stóriðja vond. Það er að þeirra mati allt í lagi að greiða niður rafmagn til stóriðju á kostnað almennings ef það er svokölluð íslensk stóriðja — eða hvenær heyrist Alþb. hafa áhyggjur vegna taps Landsvirkjunar af orkusölu til járnblendiverksmiðjunnar?

Herra forseti. Sá samningur sem hér liggur fyrir er afrakstur margra ára þvargs og rugls á milli pólitískra vindmylluriddara annars vegar og erlends auðhrings hins vegar sem þekktur er að öðru en örlæti og náungakærleika, jafnframt því sem hinn erlendi auðhringur hafði sennilega engan áhuga á að semja um *eitt eða neitt ótilneyddur. Þjóðin hefur allt of lengi* ráfað um í því pólitíska moldviðri sem hentaði Sjálfstfl. og Alþb. að þyrla upp. Alþb. hélt því fram í síðustu kosningum að í rauninni væri verið að kjósa um eitthvað sem þeir kölluðu álmál og köliuðu að kosningarnar snérust um. Þeim gleymdist eins og öðrum hv. þm. að tilefni kosninganna var ekki áldeilan eða frammistaða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í iðnrn., heldur breyting á stjórnarskránni sem hv. þm. höfðu talið svo brýnt að samþykkja. Þessi stjórnarskrárbreyting fór af einhverjum ástæðum alveg fram hjá frambjóðendum Alþb. Þeir voru að kjósa um álið.

Um samninganefndina er rétt að taka fram eftirfarandi: Það er ljóst að enginn sem raunverulega teldi *árangur skipta miklu notaði ítrekað sömu samninga*nefnd, þ. e. þá sem einu sinni hefur reynst illa hvað þá oftar. Það er ámælisvert að ekki skyldi vera skipt alveg um í samninganefndinni þegar hún hafði sannað að hún hafði takmarkaða getu til samningagerðarinnar. Það hefði verið skynsamlegt að reyna nýja menn og hafa þá gömlu til ráðuneytis, m. a. vegna reynslu þeirra í samskiptum við hinn samningsaðilann.

Herra forseti. Þm. er stillt upp við vegg. Annaðhvort er að samþykkja þennan samning, eins og hann liggur fyrir fimmgildur, eða ekki. Þ. e.: hann felur í sér skattabreytingar sem virðast að umtalsverðum hluta opið dæmi, einhver óljós fyrirheit um stækkun án þess að ljóst sé hvernig eða hvenær, syndakvittun að miðaldasið, fyrir sanngjarna upphæð að sjálfsögðu, endurskoðunarákvæði sem bæði er hált og loðið og að lokum raforkuverðshækkun. Þetta er eins og að eta súran möndlugraut. Menn leggja á sig átið einungis í þeirri von að fá möndluna.

Þessi samningur er á ýmsan hátt þannig að maður hissar sig ekkert á þeirri leynd sem yfir gerð hans hefur hvílt. Það er þó bjargföst skoðun mín að betur hefði ekki verið hægt að gera við þessar aðstæður og ég hafna þeirri kenningu Alþb. að það muni einhverju breyta að fella þennan samning. Það er alveg ljóst að það breytir engu. Samningsstaða okkar styrkist ekki við það. Í rauninni væri endurnýjuð vígstaða Alþb. í áróðursstríði þeirra við Sjálfstfl. og Morgunblaðið það eina sem áynnist. Ég lít ekki á það sem hlutverk mitt hér í þingsölum að ganga erinda Alþb. eða Sjálfstfl., hvorki í þessu máli né öðrum.

Deilur sýna að ágreining ættu þessir flokkar að geta sviðsett á kostnaðarminni hátt fyrir þjóðina en þeir hafa gert í þessu máli og ekki óvitlaust fyrir kjósendur þessara flokka að minnast þess í sérhvert sinn sem þeir greiða rafmagnsreikninginn sinn og þeirra.

Með því að samþykkja þennan samning viljum við leggja áherslu á nauðsyn þess að þjóðarsamstaða náist í viskiptum okkar og um viðskipti okkar við aðrar þjóðir og erlend fyrirtæki. Við teljum að búið sé að spilla samningsstöðu Íslendinga svo í þessu máli að vonlaust sé að ná sanngjarnri niðurstöðu með samningum í náinni framtíð. Við teljum að Íslendingar eigi að nota þetta tækifæri, sem nú gefst, til að sameina krafta sína og búa sig undir framtíðarsamninga í samstöðu og eindrægni ofar auðvirðilegum sérhagsmunum og flokkspólitík.

Leggja verður áherslu á að samningar um orkuverð séu aðskildir og á vegum Landsvirkjunar. Það er óeðlilegt að verið sé að nota raforkuverð sem skiptimynt *í samningum um skattamál fyrirtækja vegna þess* m. a. að með þeim hætti er verið að færa til fjármagn á heldur óviðfelldinn hátt.

Setja þarf samræmda löggjöf um skattamál fyrirtækja af þessu tagi.

Tryggt verður að vera að ekki verði ráðist í stækkun álversins án þess að það komi áður til meðferðar Alþingis.

Löngu tímabært er að losa starfsmenn iðnrn. og Landsvirkjunar úr því vafstri sem málarekstri þessum hefur fylgt þannig að þeir geti farið að snúa sér að öðrum og nytsamlegri verkefnum.

Þegar litið er yfir sögu þessa máls, málsatvik, viðbrögð hér heima og heiman, sækir að manni sorg eða *tregi. Sorg eða tregi vegna þeirra* glötuðu tækifæra sem íslensk framtíð hefur átt öll þessi ár og fórnað hefur verið á altari hégómlegra flokkshagsmuna.

Herra forseti. Hugsanlega eru sögulegar sættir í nánd. Þannig birtast þeir hv. þm. Steingrímur Sigfússon og hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson nær daglega á síðum dagblaðanna og bera lof á tiltekna skógerð vegna léttleika og mýktar. Ég vænti þess að þeir skósveinar sem og aðrir aftaníossar þeirra eigi í framtíðinni eftir að ganga léttar en nokkru sinni á yfirsjónum sínum í svokölluðum álmálum.

Herra forseti. ÍSAL er í Straumsvík og fer þaðan ekki um sinn. Samningur við Alusuisse liggur á borðinu. Hann hefði getað verið betri, en honum verður ekki breytt úr þessu nema hafna honum og taka á sig það tap sem af því hlytist þar til ný drög lægju fyrir. Eftir er að semja um skattamál, stækkun og að endurskoða raforkuverð að fimm árum liðnum. Það er hægt að gagnrýna án þess að sundra.

Herra forseti. Háttvirtir þingmenn. Góðir landsmenn. Samþykkt þessa samnings er í okkar augum viðurkenning á staðreyndum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Við Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., stöndum sameiginlega að nál. í sambandi við þetta mál. Í þessu nál. kom fram viðhorf okkar til málsins í heild. Þar leggjum við fyrst og fremst til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, enda er það í samræmi við samþykkt þingflokks Framsfl. um að styðja frv. sem er til bóta miðað við þann óhagstæða

samning sem gilt hefur í þessum samskiptum við Alusuisse í 18 ár, og ÍSAL er í Straumsvík og fer ekki þaðan um sinn eins og sá hv. ræðumaður sagði sem hér talaði á undan mér. Hins vegar höfum við Páll Pétursson haft uppi ýmsar almennar athugasemdir um þetta mál í heild og komið fram með fyrirvara um einstök atriði sem tengjast þessu máli.

Því fer víðs fjarri að þessir samningar, sem hér er verið að lögfesta, séu einhlítir og að ekkert sé út á þá að setja. Þaðan af síður eru heildarsamskiptin við Alusuisse frá upphafi vega til þessa dags hafin yfir gagnrýni. Ég tel þvert á móti að 18 ára reynsla hafi sannað það, sem andstæðingar álmálsins frá 1966 óttuðust, að viðskiptin við Alusuisse yrðu áfallasöm og óhagstæð og sífellt þrætuefni, enda frá upphafi ljóst að samningarnir voru Alusuisse um margt afar hagstæðir, ekki hvað síst þau ákvæði sem mestu skipta og fjalla um orkuverð og skatta og meðferð deilumála. Aðalsamningurinn frá 1966 er enn grundvöllur allra samskipta Íslendinga við álhringinn og breytingar á honum liggja síður en svo á lausu, og gildir einu þótt tímarnir hafi breyst, þó að aðstæður hafi breyst eða viðhorf yfirleitt hafi breyst í samskiptum af því tagi sem stofnað var til með álsamningunum fyrir 18 árum. Það er ekkert áhlaupaverk að ætla að „brjóta upp", eins og menn segja, þennan gamla aðalsamning eða orkusölusamninginn eða hvað annað sem þessu tengist. Því er það, að þótt aðstæður allar og meginforsendur, sem gengið var út frá 1966 um orkuverð til álversins, hafi gerbreyst, þá er ekki þar með sagt að Íslendingar hafi í hendi sér að krefjast breytinga á þeim grundvelli að forsendur og aðstæður hafi breyst í áranna rás.

Þeir sem stóðu að gerð álsamningsins af hálfu Íslendinga árið 1966 voru í þeirri góðu trú að fallvötnin væru að missa gildi sitt sem hagstæð orkulind því að kjarnorkan yrði fljótlega beisluð til rafmagnsframleiðslu í sívaxandi mæli. Þetta hefur alls ekki komið fram, en það hefur hins vegar engu breytt um megingrundvöll álsamninganna þegar á hefur reynt. Aðalsamningurinn er þungur í vöfum og eins óumbreytanlegur að eðli og meginefni hvað sem líður breyttum tímum og breyttum forsendum. Þetta er að vísu hryggilegt en svo er það í reynd. Ég er því þeirrar skoðunar að samningsstaða Íslendinga um hækkað raforkuverð hafi ekki verið góð að undanförnu né aðstaða til þess að koma fram breytingum á öðrum þáttum viðskiptanna við Alusuisse, t. d. hvað varðar skattgjald af álbræðslunni. Þvert á móti tel ég að samningsstaða okkar hafi verið erfið, og þessi erfiða samningsstaða á beinlínis rætur í aðalsamningnum, grundvallarplagginu frá 1966, sem ætlað var og er að gilda hálfan annan mannsaldur eða enn í næstum 30 ár. Og ég bið hv. þm. og aðra, sem á hlýða, að átta sig á því að eðlilegum endurskoðunarákvæðum var aldrei fyrir að fara í aðalsamningnum frá 1966. Þessi samningur er, eins og segir í sálminum, „borg á bjargi traust." Honum verður ekki hnikað með auðveldum hætti. Þess vegna sé ég enga ástæðu til að gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur í samningaviðræðum við Alusuisse nú síðustu mánuði um raforkuverð, hvað sem öðru líður.

Þá kemur það einnig til, sem ekki hefur bætt samningsaðstöðu Íslendinga, að orkuverð til álbræðslunnar er lækkandi í heiminum og ríkir alger óvissa um hvort eða hvenær það kynni að hækka í framtíðinni. Ástæðan fyrir þessu er augljós: Áliðnaður er í kreppu og er afar óálitlegur atvinnuvegur eins og stendur og framtíð áliðnaðar er reyndar með öllu óviss. Að vísu eru til svokallaðar „spár" um horfur í áliðnaði, og vissulega lifa ýmsir í voninni um að hagur þessa iðnaðar vænkist eftir svo og svo mörg ár, en allt er þetta óvíst og allt eins miklar líkur til þess að álkreppan sé varanleg og henni ljúki ekki á næstu árum. Íslendingar ættu að fara sér hægt í að treysta slíkum vonarpeningi sem álbræðsla er í atvinnuuppbyggingu í framtíðinni. Í þess stað ber að einbeita framtaki og fjármunum að öðrum og fjölbreyttari atvinnugreinum, taka upp nýja stefnu í iðnvæðingu sem komi í stað stóriðjustefnunnar sem hefur runnið sitt skeið á enda og á sér litla framtíð, síst af öllu á Íslandi.

Miðstjórn Framsfl. hefur fjallað ítarlega um framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins og samþykkt framsýna stefnuskrá í atvinnumálum þar sem stóriðjustefnan vegur næsta létt miðað við aðrar iðngreinar og fjölbreyttari atvinnuúrræði í náinni framtíð. Er vafamál að nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur hafi sett sér svo ítarlega og markvissa stefnuskrá í atvinnumálum.

Herra forseti. Ef einhverjum þykir árangur af samningum við Alusuisse lítill í þeim plöggum, sem hér eru til umræðu, þá minni ég enn á að Íslendingar eru heftir af upphaflegum aðalsamningi og að áliðnaður er ekki sérlega eftirsóknarverð atvinnugrein í heiminum um þessar mundir.

Samningsaðstaða Íslendinga er ekki slík að þeir geti krafist hvers sem er og búist við að kröfum þeirra verði fullnægt. Þegar svo stendur á ber því að virða það sem vel er gert. Í því sambandi er rétt að minnast þess, að nú hefur orðið um það samkomulag milli Íslendinga og Alusuisse að tekið verði upp ákvæði um endurskoðun raforkuverðsins á fimm ára fresti. Þetta er nýtt ákvæði og reynist vonandi vel þegar til kastanna kemur. Þess er að vænta að með þessu ákvæði opnist leið til þess að ákveða raforkuverðið með sanngirni á hverjum tíma.

En jafnframt verður að harma það, að enn er margt á huldu varðandi skattamál Alusuisse, en upplýst er að þau mál eru enn á viðræðustigi. Þau eru m. ö. o. ófrágengin.

Hvað varðar deilur ríkisstj. við Alusuisse um skattgreiðslur á árabilinu 1975—1980, þá verður að segjast eins og er að sókn í þeim málum hefur reynst flóknari en í fyrstu var álitið, hvað sem líður réttmæti þeirra krafna sem uppi voru hafðar, sem ég efast ekkert um. Hjörleifur Guttormsson gerði rétt í því að upplýsa með víðtækum athugunum hvernig Alusuisse hagaði innkaupum og verðlagði aðföng fyrir Íslenska álfélagið. Ekki mun ég hafa á Hjörleifi fyrir það sem hann gerði í því máli nú frekar en að ég sæi eitthvað athugavert við kannanir hans á starfsemi Alusuisse meðan við sátum saman í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Á hinn bóginn hefur ekki reynst auðvelt að þoka þessum kröfum fram í völundarhúsi gerðardómskerfisins, sem yfirskyggir allt réttarfar í ágreiningsmálum Íslendinga og Alusuisse og er í rauninni í höndum útlendinga, háð erlendum viðhorfum og lagatúlkun, sem er einn arfurinn af því óheillaplaggi sem aðalsamningurinn er frá 1966.

Ég er eftir atvikum samþykkur því að skattadeilan var að lokum leyst með réttarsátt. Ekki af því að það sé alltaf rétt, sem segir í gömlu máltæki, að „betri sé

mögur sátt en feitur dómur" heldur er Alusuisse með þessari greiðslu, þriggja milljóna dollara greiðslunni, að viðurkenna að Íslendingar hafi átt réttmæta kröfu um viðbótarskattgjald á hendur þeim, enda lætur nærri að þessi upphæð samsvari kröfu Íslendinga um viðbótarskatt fyrir árið 1980, þá kröfu sem líkur voru fyrir að hefði mátt vinna fyrir gerðardómi, en um kröfur fyrir hin árin, þ. e. 1975—1979, ríkti mikil óvissa, hvort þær yrðu nokkurn tíma viðurkenndar sem réttmætar fyrir dómi.

Með þessum orðum er ég ekki að réttlæta neitt, hvorki eitt né neitt. Ég er aðeins að varpa ljósi raunsæis og raunveruleika yfir stöðuna í samskiptum okkar við alþjóðlegan auðhring. Ég er að sýna hversu veik hún er. Þetta geri ég m. a. til þess að vara menn við þeim hættum, þeim niðurlægjandi flækjum og höftum, sem leynast í samskiptum smáþjóðar við alþjóðlega auðhringi sem reyndar er eitt af auðkennum alþjóðamála á okkar öld og allir ættu að þekkja.

Herra forseti. Ræðutíma mínum er nú lokið og ég get ekki tekið fyrir fleiri atriði, en ég vil ítreka í einni setningu það, sem fram kemur í nefndaráliti okkar Páls Péturssonar, að við áskiljum okkur allan fyrirvara um þær hugmyndir sem uppi eru um stækkun álversins í Straumsvík. Vísa ég nánar til nál. um það efni.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Undanfarin ár hefur samskiptum Íslendinga og Alusuisse verið þann veg háttað að alls óviðunandi hefur verið fyrir Íslendinga. Þetta á rót sína að rekja til samningsins sem gerður var við Alusuisse 1966. Hann var meingallaður í mörgum greinum, eins og framsóknarmenn bentu þá á og gagnrýndu harðlega. Deilumál var ákveðið að lytu erlendri lögsögu, endurskoðunarákvæði rafmagnssamnings voru mjög ófullkomin, skattamálum illa fyrir komið og mengunarvörnum ábótavant. Reynslan hefur sannað að öll sú gagnrýni, sem framsóknarmenn settu fram 1966, átti fyllsta rétt á sér.

Árið 1975 var reynt að lagfæra samninginn frá 1966. Sú lagfæring var alls ófullnægjandi og mjög mislukkuð, eins og ég benti á þegar sá samningur var til meðferðar hér á Alþingi. Okkur hefur reynst torsótt að fá fram úrskurð í deilumálum okkar við Alusuisse, enda þótt við höfum getað stutt okkar málstað gildum rökum. Að vísu vorum við fullseinir að reisa þessa kröfu til að eiga von á fyllsta árangri og okkur hafa orðið á nokkur mistök í meðferð málsins. Sú lausn sem fæst með þessum samningi á þessum deilumálum er að mínu mati viðunandi og rétt að veita viðtöku því sáttafé sem við getum snúið út úr Alusuisse. Það er óskynsamlegt að standa í viðvarandi illdeilum bara til þess að svala sér, eins og þeir Alþb.-menn vilja. Álverksmiðjan er hér í landinu og við verðum að búa við hana áfram. Sáttagreiðslan er ekki lægri en sú upphæð sem við gátum vænst með dómi og auðvitað felst í því sektarviðurkenning af hendi Alusuisse, að fyrirtækið skuli reiðubúið að reiða þessar 3 millj. dollara af hendi.

Við höfum lengst af samningstímanum búið við fráleitt raforkuverð frá ÍSAL og það hefur orðið til þess að innlendir notendur raforku hafa orðið að kaupa hana miklu dýrara verði en ella, þ. e. orðið að greiða niður orkuna til ÍSALs, borga með henni. Skv. gildandi samningi þarf ÍSAL einungis að greiða þriðjunginn af því verði sem það kostar að framleiða orkuna. Við svo búið má ekki standa. Þjóðin hefur engin efni á því að borga þvílíkar fjárhæðir með þeirri raforku sem ÍSAL kaupir af okkur. Nú stendur til boða að hækka þetta orkuverð verulega, þ. e. úr þeim 6.5 millidal sem gildandi samningur hljóðar upp á. Bráðabirgðasamkomulag um þriggja millidala hækkun, sem í gildi hefur verið um skeið, er engin varanleg skuldbinding fyrir ÍSAL. Þá hækkar verðið úr samningsbundnum 6.5 upp í a. m. k. 12.5 millidal. Ég þori ekki að treysta á það að hækkunarákvæði fram yfir 12.5 allt upp í 18 eða 18.5 færi okkur verulega fjármuni á næstunni og spár geta brugðist. En gólfið í samningunum, 12.5 mill að lágmarki, ætti að halda þannig að hlutur okkar batnar um helming frá gildandi samkomulagi. Þess vegna er einboðið að samþykkja þennan samning fremur en að krefja þjóðina um það að borga áfram þessar svimandi fjárhæðir með raforkunni. Auðvitað greiðir álverið, þrátt fyrir þessa helmingshækkun á raforkuverðinu ekki framleiðslukostnaðarverð, en þetta er veruleg úrbót.

Ég vil í þessu sambandi undirstrika það, sem sagði í nál. okkar Ingvars Gíslasonar og hann endaði á ræðu sína, að við höfum alla fyrirvara á um samþykkt á stækkun álversins. Það eru breinar rangfærslur að með samþykkt þessa lagafrv. hér í kvöld sé verið að kveða á um frekari stækkun álversins. Í fskj. með þessu frv. er að finna bréf, undirritað af Sverri Hermannssyni iðnrh., um það að ríkisstj. muni afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði kjör og skilmálar varðandi hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík. Alusuisse mun svara bréfinu skjótlega, eins og þar segir, og segja til um hvort það telji kjör þessi og skilmála viðskiptalega raunhæfa. Eins og allir sjá hefur svona bréfagerð auðvitað ekkert lagagildi. Ég efa það stórlega að Alusuisse telji það orkuverð, sem við verðum að setja upp, og þá skilmála, sem við hljótum að setja, viðskiptalega raunhæfa eins og þetta er orðað í bréfinu. Það orkuverð sem við verðum að setja upp verður a. m. k. að vera framleiðslukostnaðarverð úr nýjum virkjunum og með viðunandi hækkunarákvæðum, þannig að tryggt sé að aldrei þurfi að borga með orkunni til hugsanlegrar stækkunar.

Ísland er auðugt af orkulindum. Þessar orkulindir eigum við að nýta þjóðinni til hagsældar, en nýta þær með aðgát, þannig að við orkuöflunina sé kappkostað að vinna sem minnst tjón á náttúrufari landsins. Við höfum vanist því að líta á vatnsorku og jarðvarma sem innlenda orku. Þó ber að hafa í huga að það er dýrt að beisla þessa orku og það verður ekki gert nema fyrir erlent lánsfé að mestu leyti. Greiðslubyrði af erlendum lánum orkumannvirkja er skuldugri þjóð þungur baggi. Þess vegna getum við ekki leyft okkur glannaskap, hvorki við orkuöflun né þá að ráðstafa orkunni með óhagkvæmum hætti.

Það er mikill siður, þegar verið er að skilgreina efnahagsvanda Íslendinga, að kenna hann offjárfestingu í hinum hefðbundnu atvinnugreinum, sérstaklega í sjávarútvegi. Og éta menn þetta hver eftir öðrum hugsunarlaust. Þetta er mikill misskilningur. Skv. upplýsingum Seðlabankans voru erlendar langtímaskuldir sjávarútvegsins um síðustu áramót einungis 16.1% af langtímaskuldum þjóðarinnar. Skuldir vegna orkumála voru hins vegar rúmlega þrefaldar sjávarútvegsskuldirnar eða meira en helmingur allra langtímaskulda

Íslendinga, þ. e. 50.2%. Þetta var nú um síðustu áramót og síðan hefur enn sigið á ógæfuhlið. Efnahagsvandi þjóðarinnar og erlend skuldasöfnun stafa ekki fyrst og fremst af offjárfestingu í sjávarútvegi, landbúnaði eða hefðbundnum iðnaði. Efnahagsvandinn stafar miklu frekar af offjárfestingu í orkumálum. Við höfum virkjað fyrir of dýrt lánsfé og ekki getað ráðstafað orkunni með þeim hætti að hún stæði undir þeim kostnaði sem því fylgdi að beisla hana. Við höfum ekki gætt þess að virkjanahraðinn, orkuöflunarhraðinn, héldist í hendur við sölumöguleika orkunnar. Það þýðir ekki að virkja fallvötn nema tryggt sé að einhver vilji nota orkuna og gjalda fyrir það verð sem það kostar að framleiða hana. Vinstri höndin verður að vita hvað sú hægri gerir. Annars verða orkulindirnar, sem ef rétt er á haldið eiga að geta verið ein meginundirstaða velferðarríkis á Íslandi, þjóðinni að hefndargjöf og byrði. Ég vara alvarlega við því að við leyfum okkur lengur gáleysi í þessum efnum. Efnahagur þjóðarinnar þolir það ekki og þá þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til greina að stækka álverið nema kostnaðarverð sé greitt fyrir þá raforku sem til stækkunarinnar fer og öðrum skilyrðum sé einnig fullnægt.

Afstaða Alþb.-manna nú að leggjast gegn þessum samningi er einstaklega mislukkuð. Alþb. hafði tækifæri til þess að endurbæta Alusuissesamninginn. Hjörleifur Guttormsson hafði tækifæri í ráðherratíð sinni til að breyta samningi sem við erum sammála um að sé slæmur. Hann nýtti ekki það tækifæri sem honum bauðst. Hjörleifur var iðnrh. næstum óslitið frá 1978—1983. Hann tók málið upp, að vísu of seint, en því miður freistaðist hann til þess að fara offari í deilumálum og lagði Alusuisse vopn í hendur og klúðraði þannig súrálsdeilunni. Hann náði auðvitað engum samningum um hækkað orkuverð. Því miður er það ekki hans fag að ná samningum fremur heldur en að sigra í deilum.

Nú leggur Alþb. það til að við búum áfram við gamla afleita samninginn og vill að við höldum áfram að greiða niður rafmagnið handa Alusuisse. Ég held að það sé kominn tími til að draga úr þeim útgjöldum. Svo eru Alþb.-menn að reyna að skapa sér einhvern geislabaug vegna framgöngu sinnar í orkumálum. Hjörleifur Guttormsson vildi ólmur virkja og virkja í ráðherratíð sinni og sökkva landi að nauðsynjalausu og framleiða rafmagn sem ekkert var við að gera nema setja það á stóriðjuútsöluna.

Herra forseti. Hefði ég einn fengið að ráða hefði ég haft þennan samning öðruvísi en hann er. Hins vegar er á það að líta að þetta er niðurstaða af löngu og ströngu samningaþófi. Í samningum er veruleg raforkuverðshækkun og hana verðum við að fá. Þeirri hækkun náum við ekki fram nema samþykkja samninginn og þess vegna legg ég til að það sé gert.

Frsm. 4. minni hl. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það hafa lengi verið uppi skiptar skoðanir meðal Íslendinga um virkjun fallvatna, ekki bara hvort ætti að beisla þau heldur líka hvernig og hver þeirra ætti að virkja. Hafa löngum orðið miklar deilur um þessi mál vegna sterkra skoðana. Má í því sambandi nefna Sigríði Tómasdóttur frá Brattholti í Biskupstungum, en sagan segir að hún hótaði að fleygja sér í Gullfoss ef faðir hennar seldi erlendum manni fossinn til virkjunar sem var ætlun hans. Faðirinn mat dóttur sína og virti eindregna skoðun hennar og sterkar tilfinningar svo mikils að hann hvarf frá þessu ráði sínu. Nú hefur þessari konu verið reist minnismerki við fossinn í þakkarskyni fyrir að hafa varðveitt hann til yndis fyrir komandi kynslóðir.

Í Noregi er talað um lifandi vatn. Það skildi ekki íslensk stúlka sem þar dvaldi þar til henni var sýndur foss, sem féll fram af fjallsbrún óskertur og frjáls og hafði aldrei í pípu, stokk eða skurð komið. Ísland er auðugt af lifandi vatni og við skulum ekki gleyma því að það er dýrmæt eign þótt ekki sé það beislað.

Ekki hafa minni deilur staðið um það hvernig væri skynsamlegast og hagkvæmast að nýta þá orku sem beislanleg er, hvernig bæri að koma henni í verð, og menn hafa ekki verið á eitt sáttir um það hvort veita ætti erlendum aðilum aðgang að náttúruauðlindum og efnahagslífi Íslendinga eða hvort Íslendingar hefðu sjálfir bolmagn til að reka orkufrekan iðnað eða stóriðju til að nýta sér raforku í stórum stíl. Þó að stjórnmálaflokkar hafi sumir tekið afdráttarlausa stefnu í þessum efnum fer því fjarri að skoðanir almennings á þessum málum fari endilega eftir öðrum stjórnmálskoðunum manna. Meginröksemd þeirra sem helst vilja virkja hefur verið sú að við yrðum að koma orku landsins í verð. Okkur sé nauðsynlegt að nýta alla þá orku sem sífellt streymir óbeisluð til sjávar í fallvötnum landsins. Þá megum við ekki gleyma því, þegar mönnum svíður svo orkusóun, að vindurinn æðir óbeislaður um loftið og sólin hellir taumlaust yfir okkur orku sinni. En það gilda sömu lögmál um allar þessar orkulindir, að það er dýrt að virkja þær. Því megum við ekki gleyma. Þess vegna getur það verið matsatriði hvort það borgar sig fyrir okkur Íslendinga að nýta fallvötnin á þann hátt að selja frá þeim raforku til stóriðju. Það er ekkert sjálfgefið að það sé hagkvæmt og það er undarlegt að þegar Íslendingar hafa beislað vatnsorkuna og bjóða hana til sölu, þá skuli þeir fá fyrir hana verð sem er talsvert undir því verði sem kostar að framleiða hana. Það virðast mér ekki hagkvæm viðskipti.

Upp úr 1960 þótti ýmsum að nú lægi Íslendingum mikið við og þyrfti að hafa hraðan á ef tryggja ætti sölu á raforku úr fallvötnum Íslands, þar sem kjarnorkan yrði lausnarorð framtíðarinnar og mun ódýrari en vatnsorka. Því var, þrátt fyrir skiptar skoðanir manna, hrapað að því að gera orkusölusamning við fjölþjóðafyrirtækið Alusuisse árið 1966 til að missa nú ekki af lestinni. Þetta óðagot, þótt e. t. v. skiljanlegt sé í ljósi þeirra aðstæðna sem þá ríktu, hefur síðan leitt til þess að við erum enn að súpa seyðið af þeim samningum og er svo komið að rúmur helmingur allra erlendra skulda okkar stafar af stórvirkjanaframkvæmdum vegna stóriðju. Í þessar framkvæmdir höfum við ráðist af metnaði til að uppfylla kröfur stjóriðjunnar og byggt bæði mun stærra og hraðara en hefði þurft til eigin þarfa og ráðist þannig í gríðarlegar fjárfestingar. Auk þess höfum við ratað á viðskiptaaðila, þar sem Alusuisse er, sem virðist hafa bæði töglin og hagldirnar í öllum samningagerðum og knýr fram vilja sinn af ófyrirleitni. Er fyrirtækinu þetta þeim mun auðveldara því að Íslendingar hafa staðið klofnir og tvístraðir í þessu máli frá byrjun og gildir þá einu hvaða stjórnmálaflokkar hafa haldið um stjórnartaumana. Er það Íslendingum til mikils tjóns að hafa ekki borið gæfu til að standa saman um þessi mál

en leyfa erlendum aðilum að deila og drottna því að hér er um mikilvæga sameiginlega hagsmuni allra landsmanna að ræða. Sá skoðanaágreiningur í stóriðjumálum sem ríkir meðal þjóðarinnar á sér fulltrúa á Alþingi, en þar má segja að finnist þrjár meginstefnur.

Í fyrsta lagi er sú stefna sem hæstv. iðnrh. túlkar og felst í því að byggja hér upp stóriðju með meirihluta eignaraðild erlendra aðila. Sú stefna hefur leitt til þess að íslenskt vatns- og vinnuafl er selt lágu verði, nánast útsöluverði úr landi og má segja að þar fari sjálfstæði þjóðarinnar fyrir lítið. En dæmi um slíkan rekstur er einmitt álbræðslan í Straumsvík.

Í öðru lagi er sú stefna sem hv. þm. Alþb. túlka og felur í sér að hér skuli reka stóriðju en með meirihluta eignaraðild Íslendinga. Það hefur sýnt sig að Íslendingar hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa að slíkum fyrirtækjum sjálfir né fáum við nokkru ráðið á þeim markaði þar sem stóriðjuframleiðsla er seld, og er saga járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga þar ágætt dæmi.

Í þriðja lagi er svo sú stefna sem Samtök um kvennalista fylgja og felur í sér virkjanastefnu sem miðar að eigin þörfum Íslendinga en hafnar frekari stóriðju, bæði innlendri og erlendri. Ástæðurnar fyrir því að við höfnum stóriðju eru eftirfarandi:

1. Við viljum ekki frekari stóriðju hér á landi vegna þess að það þýðir í reynd aukin fjárhagsleg ítök erlendra aðila hér á landi, en það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

2. Stóriðja hefur alla tíð verið rekin hér með bókfærðu tapi, þannig að erfitt er að sjá fjárhagslegan ávinning af slíkum atvinnurekstri.

3. Stóriðja getur verið mengandi og náttúruspillandi og henni fylgir byggðaleg og félagsleg röskun. Þessar ástæður eru þeim mun alvarlegri þar sem Íslendingar eru fámenn þjóð sem býr í viðkvæmu landi.

4. Aukinni stóriðju fylgja auknar virkjunarframkvæmdir, en eins og menn vita hefur vegna stóriðjusjónarmiða verið farið of hratt í slíkar framkvæmdir á undanförnum árum eins og erlendar skuldir okkar sanna.

5. Sérhvert atvinnutækifæri í stóriðju er margfalt dýrara en á öðrum atvinnusviðum og auk þess eru störf þar mjög fá og þeim fækkar sífellt vegna nýrrar tækni. Fram til aldamóta er búist við því að a. m. k. 25 þús. manns komi út á vinnumarkaðinn, en stóriðjuuppbygging í samræmi við áætlanir um stórvirkjanir til sama tíma veita aðeins litlum hluta eða 6% þess fólks atvinnu.

6. Allar líkur eru á því að aukin stóriðjuuppbygging leiði það af sér að önnur atvinnuuppbygging á Íslandi verði látin sitja á hakanum og það mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir framtíðina. Auk þess er stóriðja af mörgum álitin gamaldags og úreltur atvinnukostur og öll framsæknustu iðnaðarríki heims eru nú að flytja þungaiðnað sinn úr landi. Og þau flytja hann til þróunarlandanna, þar sem þeim býðst ódýrt vinnuafl og ódýr raforka.

Góðir áheyrendur. Ég hef hér reynt að gera nokkra grein fyrir afstöðu okkar þm. Kvennalistans til stóriðju, en mun nú fjalla um það frv. till. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík sem hér er til umr. og atkvgr.

Það var í sjálfu sér athygli vert að eftir umfjöllun málsins í iðnn. Nd. skiluðu öll stjórnmálasamtök sem eiga fulltrúa í nefndinni sérálíti. Það undirstrikar að sínum augum lítur hver á silfrið, eða ætti ég kannske heldur að segja álið? Hér er um að ræða áfanga í samningagerð núv. ríkisstj. við fjölþjóðafyrirtækið Swiss Aluminium Ltd., Alusuisse. Samningum er alls ekki lokið og mikilvægur þáttur þeirra bíður enn umfjöllunar, þar sem eru skattamálin. Sú leynd sem hvílt hefur yfir samningagerð þessari og sá skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu sem hefur ríkt allan samningstímann er mjög gagnrýniverð. Við undirbúning þessa samnings hefði verið eðlilegt og réttlátt að fulltrúar allra stjórnmálasamtaka sem sæti eiga á Alþingi hefðu verið hafðir með í ráðum, ekki síst þar sem hér er um að ræða mál sem snertir svo mjög hag allra landsmanna. Þess í stað er samningurinn fyrst sýndur Alþingi þegar hann er fullfrágenginn og undirritaður og engin leið til að hafa þar áhrif til breytinga.

Það er ekki auðvelt að hafa svo stuttan tíma til að kynna sér svo flókið og margslungið mál eins og þetta álmál Íslendinga er. Ekki er það gert auðveldara ef litið er til þess hve alvarlegt og afdrifaríkt þetta mál er fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar í nútíð og um ófyrirséða framtíð. Það verð ég að segja að því þykir mér allt álmálið ógeðfelldara og óhugnanlegra eftir því sem ég kynnist því meir og óttast ég um hinn íslenska Davíð gagnvart hinum ófyrirleitna Golíat fjölþjóðanna. Og það leika menn ekki lengur að draga útlenda menn út í íslenskt rökkur og selja þeim norðurljós.

Það hefur löngum þótt vera aðalsmerki á Íslendingum að vera göfuglyndir og leysa gesti sína út með gjöfum. En fyrr má nú rota en dauðrota því að undirtónninn við alla samningagerðina finnst mér hafa verið, þó orðin væru ósögð: Aumingja Alusuisse, aumingja Alusuisse. Og ég segi: Ja, sér er nú hver auminginn, því að það sem hefur einkennt alla samningagerð milli Íslendinga og Alusuisse á liðnum árum setur einnig sterkan og afgerandi svip á þennan síðasta samningsáfanga sem nú bíður samþykkis Alþingis. Enn sem fyrr hefur Alusuisse tekist að ná þeim undirtökum sem það virðist hafa í hverri samningalotu og hefur sveigt samningagerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Það er ekki ofsögum sagt að Alusuisse sé erfiður samningsaðili og er með ólíkindum að ríkisstj. skuli hafa skrifað undir það að taka þátt í samningaviðræðum við fyrirtækið í framtíðinni „í góðri trú" eins og segir í samningnum.

Mamma, hverjir tala þetta álmál? spurði lítill drengur móður sína. Það virðist augljóst af allri viðskiptasögu Íslendinga og Alusuisse að Íslendingar hafa aldrei almennilega kunnað að tala álmál. Ýmis ákvæði samningsins lúta fyrst og fremst að því að treysta stöðu Alusuisse og greiða götu þess án þess að tekist hafi að gæta íslenskra hagsmuna í sama mæli. Má þar t. d. nefna ákvæði um breyttar afskriftareglur svo og rýmkun á rétti ÍSALs til að leggja fé í varasjóð til að sleppa við skattlagningu. Sömuleiðis gefst mjög lítið svigrúm til endurskoðunar á reikningum ÍSALs og engin ákvæði eru í samningnum sem veita aðgang að bókhaldi Alusuisse eins og nauðsynlegt gæti orðið vegna tengsla þessara tveggja fyrirtækja. Auk þessara ívilnana hefur Alusuisse tekist að ná þeirri stöðu í samningsmálunum sem kann að verða Íslendingum einna afdrifaríkust.

Fyrirtækinu hefur tekist að kljúfa tvö nátengd atriði þessa máls í aðskilda þætti, sem samið verði um hvorn í sínu lagi, og er hér átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við fyrirtækið, þ. e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins.

Með því að fallast á hækkun á raforkuverði hafa Alusuisse og ÍSAL fengið uppgefnar sakir og hreint siðgæðisvottorð þar sem ríkisstj. „leysir þau hér með frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast". Syndakvittun þessari fylgir svo greiðsla frá Alusuisse upp á 3 millj. dollara.

Það ber að fagna því að einhver árangur hefur náðst í því að leiðrétta hið allt of lága raforkuverð sem viðgengist hefur í viðskiptum við Alusuisse hingað til. Þó er því ekki að heilsa að meðalsöluverð orkunnar til Alusuisse muni fyrirsjáanlega ná kostnaðarverði hennar í núverandi virkjanakerfi landsins. Jafnframt er þessi hækkun of dýru verði keypt þar sem fórnað hefur verið einni sterkustu málsástæðu okkar til leiðréttingar á skattamálum. Þau mál lágu fyrir gerðardómi og var staða okkar þar talin sigurstrangleg en málflutningi að mestu lokið og stutt í dómsúrskurð. Nú stöndum við mun verr að vígi hvað snertir skattamálin. Þeim þætti, sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga, hefur verið afsalað og samið hefur verið um raforkuverðið án tillits til skattamála.

Í ofanálag hefur svo verið fellt niður ákvæði í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs um að Alusuisse eigi að leitast við að „tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð af hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru". Er Alusuisse þarna gert einrátt um verð á aðföngum til ÍSALs og tekið upp í staðinn ákvæði „um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli ólíkra aðila".

Þarna er gengið þvert á hagsmuni Íslendinga. Við ákvörðun söluverðs raforkunnar er miðað við meðalverð í heiminum, bæði milli skyldra og óskyldra aðila. Sú ráðstöfun verður að teljast í ósamræmi við það ákvæði sem gildir um kaup á aðföngum, en þar gildir nú ákvæði um viðskipti milli óskyldra aðila eins og áður segir. Þykir eðlilegt að sami háttur sé hafður á um kaup á aðföngum og sölu á raforku.

Enn fremur verður að teljast furðulegt að það raforkuverð, sem um er samið, skuli vera óverðtryggt. Þó er fyrirsjáanleg verðbólga í alþjóðlegu efnahagslífi áætluð um 5% á ári. Því má búast við að raungildi Bandaríkjadollars minnki um 5% á ári. Það leiðir síðan aftur til þess að raungildi umsamins raforkuverðs til ÍSALs nær efri mörkum sínum, eða 18.5 millum á kwst., eftir um það bil fimm ár og fer síðan lækkandi. Trygging raforkuverðsins er því engin þegar til lengri tíma er litið.

Jafnframt er söluverð raforkunnar tengt heimsmarkaðsverði á áli sem gerir það enn ótryggara og háðara sveiflum.

Með því að sækja svo ákaft eftir hækkuðu raforkuverði sem meginárangri í samningagerð án nægilegs tillits til annarra þátta þykir Samtökum um kvennalista að sjónarmið stundargróða hafi verið látin ráða fremur en að leitast hafi verið við að styrkja stöðu Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse til frambúðar.

Nú hefur málið verið klofið og við sitjum eftir með skattamálin óleyst og nánast enga viðspyrnu. Þau endurskoðunarákvæði, sem í samningnum eru, telja sumir verri en engin þar sem þau leyfa einungis endurskoðun á fimm ára fresti og einungis ef um er að ræða „ófyrirsjáanlega breytingu til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á," eins og segir í samningnum með leyfi forseta.

Ef endurskoðun fæst skulu aðilar „eiga með sér samningaviðræður í góðri trú og reyna að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum." Ef það næst ekki er heimilt að vísa málinu til gerðardóms, en þess er skemmst að minnast að núv. ríkisstj. þótti slíkt ekki fýsilegur kostur á s. l. hausti.

Samtökum um kvennalista þykja þessi endurskoðunarákvæði óljós, einkum hvað varðar efnisástæður sem leiða mættu til endurskoðunar. Enn fremur að ótryggt og langsótt gæti orðið fyrir Íslendinga að leita réttar síns eftir þessum ákvæðum.

Fyrirætlanir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík með forkaupsrétti Alusuisse að orku úr nýjum virkjunum eru ekki vænlegar þegar litið er til fyrri viðskipta okkar við þetta fyrirtæki. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé æskilegt fyrir Íslendinga að verða enn þá háðari fyrirtækinu um orkunýtingu hér á landi en þegar er orðið, né að takast muni að semja um að það kaupi orkuna á því verði sem kostar að framleiða hana. Enn fremur hafa Samtök um kvennalista frá upphafi bent á að stóriðja er ekki fýsilegur atvinnukostur fyrir Íslendinga og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík þá ekki heldur.

Hvað varðar aðdróttanir hæstv. iðnrh. um afstöðu Kvennalista til þessa máls hef ég lítið að segja eftir þá ádrepu sem ég gaf honum í gærkvöldi. Þó verð ég að segja það að ég undrast úrræðaleysi hans og annarra þeirra sem haldnir eru slíkum kosningaskjálfta að þeir reyna að gera Kvennalistakonur að ómerkingum í stað þess að líta í eiginn barm, endurmeta ástandið og gera sinn eiginn flokk meira aðlaðandi fyrir konur.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það virðist þurfa mikið af „góðri trú" til að samþykkja þennan samning því að í heildina tekið er þessi samningur ríkisstj. við Alusuisse óviðunandi. Því leggja Samtök um kvennalista til að frv. þetta verði fellt. — Ég þakka áheyrnina.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hann var gleiður iðnrh. sem talaði hér áðan. Það er ekkert nýtt. Í fyrra taldi hann sig hafa unnið ótrúlegt afrek með gerð bráðabirgðasamnings við Alusuisse. Nú hefur hann að eigin mati náð ótrúlegum árangri. Allt er þetta ótrúlegt. Sagan á eftir að dæma um þá einkunn sem ráðh. velur að gefa sjálfum sér.

Sverrir Hermannsson telur sig líka hafa efni á því að senda mér bakreikninga, rétt eins og ungliðasamtökin í Sjálfstfl. 55 millj. Bandaríkjadala er upphæðin sem nefnd er, eða viðlíka upphæð og Alusuisse hefur svikið undan skatti á Íslandi á undanförnum árum. Almenningur í landinu veit betur en þessar tölur sem hér er verið að tala um. Hver minnist þess að hafa heyrt þm. Sjálfstfl. hér á Alþingi mæla með eða setja fram kröfu um endurskoðun álsamninganna? Ekki ein einasta rödd

kom fram úr þeirra munni þar að lútandi fyrir árslok 1980. Það var loksins á útmánuðum 1981 að ég gat togað það upp úr fyrrv. formanni Sjálfstfl., Geir Hallgrímssyni, að kannske gæti verið þörf á að ná fram einhverri leiðréttingu á raforkuverði til álversins. Og það var ekki fyrr en iðnrn. lagði fram heildarúttekt á raforkuverði til álvera í heiminum sumarið 1982 og sýndi fram á að raforkuverðið sem ÍSAL greiddi Landsvirkjun ætti hvergi sinni líka í viðskiptum óháðra aðila að sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu á þeim tíma fengu málið og Morgunblaðið sneri við blaðinu. Þá loksins áttaði íhaldið sig á því að ekki væri stætt á að vera opinberlega í vörninni við hlið Alusuisse varðandi raforkuverðið til álversins. Upp frá því var viðkvæði Morgunblaðsins að ég stæði í vegi fyrir að samið væri við auðhringinn um þreföldun raforkuverðsins.

Að mati Morgunblaðsins í marsmánuði 1983 var *brýnasta verkefnið í álmálinu þjóðarsamstaða — ekki* gegn Alusuisse, heldur þeim sem hér talar, og Framsfl. tók þá undir.

Sverrir Hermannsson iðnrh. hefur greint svo frá við umr. um þetta mál fyrir skömmu að sér hafi verið lífsins ómögulegt að setja stjórnarandstöðuna inn í mál þetta vegna stærsta stjórnarandstöðuaðilans, Alþb. Það skyldi nú ekki vera að gagnaðilinn í samningaviðræðunum hafi sett ráðh. stólinn fyrir dyrnar og neytt hann inn á þessa óskynsamlegu braut pukurs og leyndar í stórmáli fyrir þjóðarheildina?

Svo langt hefur þetta gengið, eftir því sem iðnrh. upplýsti hér á Alþingi í gærkvöldi, að hann hefur ekki talið sér fært að geyma nein gögn varðandi samningaviðræðurnar við Alusuisse í Stjórnarráði Íslands né heldur í iðnrn., heldur rogast með þetta allt heim til sín, þar sem það hefur auðvitað lent á dreif innan um Íslendingasögur og enska reyfara sem eiga hug ráðh. Þegar ímyndunarveikin er komin á slíkt stig að menn sjá andskota sína í hverju horni í eigin landi er ekki von á mikilli uppskeru í fangbrögðum við erlenda hagsmuni.

Ákvæði rafmagnssamningsins milli ÍSALs og Landsvirkjunar eru hin afdrifaríkustu í þessu samkomulagi. Með þeim er raforkuverðið bundið innan algjörlega óverðtryggðs ramma í næstu 20 ár eða til ársins 2004. *Þannig verður raforkuverðið á næstu fimm árum ekki* þrefalt að upphæð miðað við það sem var, heldur aðeins 13.7 mill að mati iðnrh. og ráðgjafa hans, og fer síðan stiglækkandi á næstu árum niður í 6 eða 4 mill, eftir því hvort miðað er við hámarks- eða lágmarksákvæði vegna verðbólgu á samningstímanum. Endurskoðunarákvæðin eru haldlítil ef ekki haldlaus, þegar grannt er skoðað, og ekkert á þeim byggjandi.

Eftir þessa samningsgjörð er staðan varðandi raforkuverðið til ÍSALs þannig að óviðunandi er til lengri tíma litið, þó að auðvitað sé ástæða til að fagna öllum breytingum til bóta á þessum raforkusamningi. Á móti koma síðan skattaákvæði samningsins sem hér er verið að semja um, algjörlega óviðunandi ákvæði, sem taka til baka nú þegar hluta af raforkuverðshækkuninni, og það má mikið vera ef við höfum ekki glatað þriðjungi hennar nú þegar vegna þeirra breytinga sem gerðar eru hér á aðalsamningi.

Um stækkunina á álverinu í Straumsvík ætla ég ekki að vera langorður. Það er fyrirætlan sem ég vona að aldrei komi til, miðað við þær áætlanir sem hér eru upp byggðar, og ég tek ekki undir með Páli Péturssyni um það að sjálfsagt sé að semja um stækkun álversins í Straumsvík þó að framleiðslukostnaðarverð á raforku kæmi til. Það eru önnur brýnni verkefni í atvinnumálum Íslendinga en þau.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Í tengslum við aðalfund ÍSALs í fyrrasumar komu forstjórar Alusuisse í heimsókn til Íslands. Þar var í hópi dr. Müller, sá hinn sami og dr. Meyer hnippti í í flugvélinni á háloftum yfir Íslandi fyrir aldarfjórðungi. Steingrímur Hermannsson forsrh. bauð af þessu tilefni til veislu. Þar voru auk forráðamanna Alusuisse mættir fjórir íslenskir ráðherrar af samtals tíu í ríkisstjórn Íslands ásamt að sjálfsögðu með seðlabankastjóra og stjórnarformanni Landsvirkjunar í einni persónu, allir innfæddir komnir til að lyfta glösum með landnámsmanninum nýja frá 1966. Hermt er að dr. Müller hafi verið nokkuð hugsi framan af veislunni, enda orðinn óvanur slíkri tilbreytingu af hálfu íslensku ríkisstj. *næstliðin þrjú ár. En eftir að hafa hlýtt* á hjartnæma skálaræðu íslenska forsrh. hóf hann sig úr sæti til að þakka fyrir sig og sína. Það var inntak ræðu hans að Alusuisse fagnaði mjög myndun nýrrar ríkisstjórnar á Íslandi og teldi fyrirtæki hans tilkomu hennar vera sér til augljósra hagsbóta. Eitthvað sló þögn á veislusalinn eftir þessar yfirlýsingar hins gamla þjarks frá Zürich. Því miður sýnist mér nú á þessu kvöldi sem hann hafi þó haft lög að mæla í bili.

En það liggja líka leiðir burt frá Íslandi. Kannske á Alusuisse eftir að reyna þær áður en sá samningur rennur út sem hér á að lögfesta í kvöld. Því fáið þið ráðið, góðir hlustendur. Afl ykkar þarf til að koma. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Frsm. 3. minni hl. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Í mörg ár hefur álmálið verið eitt helsta þrætuepli í íslenskum þjóðmálum. Í fimm löng ár stýrði Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. iðnrh., viðræðum um endurskoðun álsamningsins með stóran hóp sérfræðinga sér við hlið og reyndi að knýja fram nýjan og betri samning. Alþjóð veit hvernig því starfi lyktaði. Enginn nýr samningur var gerður, enginn árangur náðist, og vil ég þó ekki draga í efa að menn unnu að lausn málsins eftir bestu getu.

Sumarið 1983 verða þáttaskil í þessum efnum þegar ný ríkisstj. tekur við völdum í landinu. Aðkoman var að vísu ekki auðveld og fyrsta verkefnið var að eyða þeirri úlfúð og tortryggni sem greinilega hafði áður komið í veg fyrir að samkomulag næðist um eitt einasta atriði. Það tókst vonum framar og eftir þriggja mánaða starf náðist bráðabirgðasamkomulag við Alusuisse í september í fyrra um 50% hækkun raforkuverðsins sem álbræðslan greiðir, úr 6.4 millum upp í 9.5. Þetta þýddi hvorki meira né minna fyrir Landsvirkjun en 170 millj. kr. á ári í auknum tekjum og það leiddi til þess að ekki hefur þurft að hækka rafmagnsverðið til almennings í landinu í meira en heilt ár. Verðið hefur verið óbreytt frá 1. ágúst á síðasta ári, sem þýðir að raungildisverð raforku hefur nú um áramótin lækkað um 17%. Þannig kom árangurinn af þessum fyrsta samningi við Alusuisse strax í ljós til hagsbóta fyrir íslenska neytendur.

Nú hefur hins vegar verið samið um miklu hærra raforkuverð til álbræðslunnar á næstu árum. Það er á bilinu 12.5—18.5 mill, en grunnverðið er 15 mill. Að mati þriggja kunnra erlendra ráðgjafarfyrirtækja og sérfræðinga Landsvirkjunar er talið líklegt að verð á áli í

heiminum muni á næstu fimm árum leiða til þess að meðalverð það sem við Íslendingar fáum fyrir raforkuna verði um 15 mill eða tvöfalt til þrefalt við það verð sem í gildi var fyrir rúmu ári.

Nú munu ýmsir spyrja og það með réttu: En er þetta nýja verð nógu hátt? Erum við Íslendingar ekki enn að gefa með raforkunni til stóriðju? Þeirri spurningu er e. t. v. best svarað með því að hyggja að því hvert það meðalverð í Evrópu er sem álbræðslur greiða fyrir raforkuna. Um það liggja fyrir ítarlegar upplýsingar. Meðalverðið í Evrópu er 14.6 mill eða mjög svipað því sem álbræðslan í Straumsvík mun greiða á næstu árum. Í Noregi er verðið ekki nema 8.7 mill.

En lítum þessu næst á þá fullyrðingu að hinn nýi samningur hafi það í för með sér að almenningur í landinu þurfi að greiða hærra orkuverð fyrir vikið, þjóðin sé m. ö. o. að greiða niður rafmagnið til stóriðjunnar. Það höfum við heyrt hér í kvöld. Slíkt er á miklum misskilningi byggt. Við sjáum það best á því að ef nýi samningurinn hefði verið í gildi á öllu þessu ári hefði orkuverðið verið 13.8 mill. Það þýðir að meðalverð til almennings hefði getað verið 20% lægra en ef verðið til ÍSALs hefði verið 6.4 mill eins og það var í tíð fyrrv. iðnrh. Fátt sýnir betur en þetta hvern raunverulegan hag allur almenningur hefur af hinum nýja orkusamningi.

Við þetta vil ég aðeins bæta því hvert framleiðslukostnaðarverð raforkunnar frá Búrfelli er skv. reikningum Landsvirkjunar, vegna þess að það skiptir hér vitanlega miklu máli. Kostnaðarverðið frá Búrfellsvirkjun er 5.3 mill við stöðvarvegg en 8.6 mill ef flutningskerfið er tekið með. Verðið sem nýi samningurinn gæfi okkur í dag er hins vegar 13.8 mill eða fimm millum hærra en framleiðslukostnaðarverð orkunnar sem álverið notar.

Þetta er sú staðreynd sem hér skiptir máli. Allt annað mál er það að orkan frá nýjum virkjunum mundi í dag kosta 18—20 mill, en það er ekki sú orka sem við seljum til álversins heldur orkan frá Búrfellsvirkjun sem við munum eignast skuldlausa eftir tvö ár.

Í þessu sambandi er fróðlegt að íhuga hverjar viðbótartekjur Landsvirkjunar hefðu orðið ef nýi samningurinn hefði gilt frá 1979, ári eftir að fyrrv. iðnrh. tók við völdum. Það er einfalt reikningsdæmi þegar við þekkjum stærðirnar. Viðbótartekjurnar á þessu tímabili hefðu verið 3.2 milljarðar kr. með vöxtum. Þær hefðu nægt til að malbika hringveginn allan, ekki einu sinni, heldur tvisvar, svo dæmi sé tekið, eða byggja 2000 íbúðir. Það er álíka og allar íbúðarbyggingar í Reykjavík á þriggja ára tímabili. Ekkert sýnir kannske betur en þessi tala, þessi staðreynd, af hvaða tækifærum við höfum misst í þessum efnum og því er engin furða þó nú sé rætt um áratug hinna glötuðu tækifæra. Þau ár koma ekki aftur, en ljóst er að hinn nýi orkusamningur mun auka tekjur Landsvirkjunar um 2.7 milljarða kr. á næstu fimm árum ef svo fer fram sem spáð hefur verið. Þetta eru allt háar fjárhæðir, enda var vissulega tími til kominn að orkuverðið fengist hækkað.

Í hinum nýja álsamningi er nú í fyrsta sinn að finna endurskoðunarákvæði sem gera það kleift að endurskoða allan samninginn á fimm ára fresti og er það til mikilla bóta. Þrátt fyrir þau ummæli, sem við höfum heyrt hér í kvöld, að þetta sé ónýtt ákvæði þá er það að finna í tugum ef ekki hundruðum alþjóðasamninga.

Í öðru lagi óskaði íslenska samninganefndin eftir því að árleg endurskoðun skyldi ávallt fara fram af okkar hálfu en það hefur brugðist fyrr á árum.

Í þriðja lagi verður álverið nú að hlíta reglum íslenskra skattalaga um afskriftir og framlög í varasjóð. Allt eru þetta sjálfsögð atriði sem horfa mjög til bóta.

Ég hef ekki tíma til að gera sáttargerðina hér sérstaklega að umræðuefni, en ég vil aðeins minna á orð aðalforstjóra endurskoðunarfirmans Coopers & Lybrands, sem hann sagði um málið í bréfi í júlí 1983, með leyfi forseta:

„Mér segir helst hugur um að það hefði alvarlega ókosti í för með sér fyrir ríkisstj. að halda gerðardómsmeðferðinni áfram og að mun æskilegra væri að jafna deiluna með samningsgerð."

Þetta var álit aðalforstjóra Coopers & Lybrands á því hvort það ætti að standa áfram í málaferlum eða gera sáttargerð, þá sáttargerð sem nú hefur verið framkvæmd. Fáir, ef nokkrir menn þekkja innviði þessa máls betur en sá maður.

Góðir hlustendur. Miklar deilur hafa staðið um stóriðju hér á landi á síðustu árum. Ég er sammála því að stóriðja er engin töfralausn á efnahagsvanda þjóðarinnar. Þar verður að ganga fram með fullri gát og varkárni og gæta þess að leggja ekki of mikið undir í einu. Fjárfestingarmistök okkar á liðnum árum eru þegar orðin of mörg og ekki mundi ég mæla með nýrri álbræðslu hér á landi nema arðsemi hennar og hátt raforkuverð væri að fullu tryggt. Hinu verður þó ekki á móti mælt að það er skynsamlegt að nýta þá miklu orku sem enn felst óbeisluð í fallvötnum landsins og þá ekki síður til stóriðju en annarra hluta. Skynsamlegir samningar við erlenda aðila eru grundvallarforsenda í því efni, samningar sem bæði tryggja atvinnu og arðgjöf á komandi árum. Þeir geta, ef rétt er á haldið, orðið sú lyftistöng sem íslenskur þjóðarbúskapur þarf á að halda á komandi árum. — Ég þakka áheyrnina.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hér er til umfjöllunar samningagerð Íslendinga við fjölþjóðafyrirtæki og staða okkar í þeim efnum. Við þá umr. er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir ákveðnum meginatriðum og hvar Íslendingar eru staddir í þessum efnum.

Þeir sem vilja vera virkir þátttakendur í jákvæðri framvindu frjálsra alþjóðaviðskipta með það að leiðarljósi að tryggja hag sinnar þjóðar sem best verða að gera það upp við sig að slíkt gerist ekki nema í jákvæðu samstarfi við erlenda aðila, samstarfi sem byggist á samningum um hin fjölbreytilegu svið mannlegra samskipta. Á það ekki hvað síst við um meiri háttar framkvæmdir í stóriðju. Að neita þessari staðreynd eða gera tilraun til að gera alla slíka samningagerð tortryggilega í augum manna jafngildir því að segja að Íslendingar skuli ekki ganga á vit framtíðarinnar með það að markmiði að bæta afkomu og lífskjör þjóðarinnar eftir nýjum leiðum og með tilliti til þeirrar þróunar sem á sér stað í heiminum og ríkjandi skipan þessara mála.

Sem betur fer hefur það verið ríkjandi sjónarmið forustumanna að Íslendingar ættu óhikað að tileinka sér nýja tækni og nýjungar á hvaða sviði sem er í samstarfi eða samvinnu við erlenda aðila þar sem það hefur átt við og þar sem það hefur hentað hagsmunum okkar.

Þetta hefur verið gert með djörfung en þó gætni. Það mál sem nú er til umr. er eitt af þessum stóru, nýju málum í framfarasókn þjóðarinnar á atvinnusviði. Stóriðja og stórvirkjanir eru eðli málsins samkvæmt óhjákvæmilegt skref í atvinnuuppbyggingu Íslendinga ef tryggja á frambúðarlífskjör þeirra á sambærilegan hátt og gert er í nágrannaríkjunum.

Andstaða þeirra stjórnmálamanna sem tala gegn þeim samningum sem hér liggja fyrir felur í sér mjög hættulega stefnu einangrunar í uppbyggingu íslenskra atvinnuvega. Sú einangrun felur í sér stöðnun og lakari lífskjör. Það er stefna glataðra tækifæra.

En er það í fyrsta skipti í sögunni sem Íslendingar semja eða eiga samstarf við erlenda aðila í framfaramálum? Eða er það í fyrsta skipti sem úrtölumenn reyna að gera slík mál tortryggileg? Ég minni á símamálið í byrjun aldarinnar þegar aðför var gerð að ráðh. vegna samstarfs við norræna aðila í sambandi við lagningu síma á Íslandi. Ég minni á upphaf íslenskrar togaraútgerðar sem var gerð í samstarfi við erlenda aðila sem bjuggu yfir þekkingu og réðu yfir fjármagni sem Íslendingar gátu nýtt sér. Um þessi mál var deilt. Þeir athafnamenn og stjórnmálamenn sem börðust fyrir þessum málum voru gerðir tortryggilegir. Gerðir þeirra og samningar voru sagðir tilræði við íslenska hagsmuni. Úrtölumenn þess tíma fundu hinni nýju tækni allt til foráttu. Úrtölumenn þess tíma töldu erlend fyrirtæki og erlent fjármagn af hinu vonda.

Og enn endurtekur sagan sig. Nú snýst umræðan um stóriðju og orkumál. Úrtölumenn nútímans vilja ekki viðurkenna að Íslendingar sem og aðrar þjóðir verði að semja um þátttöku sína í stóriðju framtíðarinnar í heiminum. Andstæðingar samninganna vilja ekki viðurkenna nauðsyn þess að atvinnugrundvöllur landsmanna sé breikkaður með þeim hætti sem hér um ræðir. Andstæðingar stóriðjumála ala á tortryggni í garð samninga við hinn erlenda gagnaðila. Með því eru þeir að reyna að dylja þann megintilgang sem felst á bak við andstöðu þeirra, sem er sá að þeir vilja hindra og gjöreyðileggja alla samningamöguleika við erlend fyrirtæki um sameiginlegt stórátak í atvinnumálum þar sem það hentar hagsmunum Íslendinga.

Það er alvarlegt mál að ætla þannig að reyna að einangra íslensku þjóðina frá þeim meginstraumum sem nú eru í samskiptum þjóða og fyrirtækja á sviði atvinnu- og viðskiptamála. Sú einangrun getur kostað Íslendinga efnalegt sjálfstæði.

Grundvöllur frjálsra samninga milli þjóða, fyrirtækja og einstaklinga byggist á því að fullt tillit sé tekið til gagnkvæmra hagsmuna samningsaðila. Að sjálfsögðu getur mat manna á niðurstöðum samninga verið mismunandi en gagnrýni verður að byggja á raunhæfu mati á samningsstöðu og framtíðarhagsmunum. Ég tel að svo hafi verið gert við gerð þessara samninga af hálfu íslensku samninganefndarinnar og hún hafi unnið gott starf. Þá hefur hæstv. iðnrh. staðið vel að þessum málum ef höfð er í huga hin erfiða og flókna staða sem upp var komin er hann tók við embætti á s. l. ári.

Góðir Íslendingar. Það sem máli skiptir er þetta:

1. Hagkvæmir samningar hafa tekist.
2. Hinir nýju samningar munu tryggja hagstæðara verð á rafmagni til almenningsnota í framtíðinni.
3. Við samningana skapast nýir og betri möguleikar í orku- og stóriðjumálum.

Og síðast en ekki síst: Íslendingar hafa endurheimt traust annarra á jákvæðum vilja til samninga á alþjóðasviði þar sem það hentar íslenskum hagsmunum. — Ég þakka góða áheyrn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er rangt sem hér hefur verið látið að liggja í umr. að formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, telji þennan samning góðan kost eða að afstaða hans sé eitthvað á reiki í þessu máli. Þó hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi sagt að þetta væri það skásta sem frá ríkisstj. hafi komið, þá er samningurinn samt svo slæmur að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er andvígur honum og eru þm. flokksins einhuga í þeirri afstöðu að greiða atkv. gegn honum.

Hæstv. núv. iðnrh. Sverrir Hermannsson og fyrrv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson hafa hvor með sínum hætti leikið afdrifaríka afleiki og klúðrað málum í samskiptum Íslendinga við svissneska auðhringinn, enda er uppskeran nú eftir því. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði mest upp úr því að lemja á auðhringnum vegna deilumála um hækkun í hafi. Það er auðvitað ekki mjög vænlegt til árangurs að jagast sífellt á að menn séu þjófar og skattsvikarar og ætla síðan að setjast að samningaborði með þessum sömu mönnum um mikilvæg hagsmunamál Íslendinga.

Hæstv. núv. iðnrh. samdi síðan af sér, því að honum lá mikið á að sanna að hann gæti gert það sem Hjörleifi tókst ekki, og hann vissi að tíminn var knappur því að ríkisstj. hefur lengi setið á völtum valdastólum.

Fimm meginforsendur liggja til grundvallar því að Alþfl. er andvígur þessum samningi sem nú er til lokaafgreiðslu hér á hv. Alþingi:

Í fyrsta lagi er það skoðun okkar að það verð sem um hefur verið samið sé allt of lágt og verið sé að ganga til samninga við Alusuisse um undirverð á raforku sem er langt undir kostnaðarverði á framleiddri orku í virkjunum Landsvirkjunar og einnig verulega undir því verði sem Swiss Aluminium greiðir í öðrum álbræðslum sínum sem er milli 19 og 20 mill.

Í öðru lagi er ekki um nein verðtryggingarákvæði á orkuverði að ræða, en það verður að teljast mjög varhugavert svo ekki sé meira sagt. Í stað þess er tekin mjög veruleg áhætta umfram það sem áður var með því að tengja raforkuverð sveiflum í verði á áli. Þetta gengur líka þvert á það sem iðnrh. hefur hamrað á, að íslenska ríkið eigi að varast að taka mikla fjárhagslega áhættu í þessum málum.

Í þriðja lagi telur Alþfl. ótækt að ríkisstj. hverfi frá því að láta gerðardóm úrskurða um ágreiningsefnin í skattamálum og gefast þannig upp við að fá óhagganlega niðurstöðu í þeim mikilvægu málum.

Í ákvæðum samningsins er verulega slakað á þeim kröfum að skylda Alusuisse til að tryggja ÍSAL aðföng á bestu fáanlegum kjörum. Það ákvæði er veikt verulega frá áður gildandi samningi og ákvæði um að aðföng eigi ÍSAL að fá með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru er fellt niður þegar um viðskipti Alusuisse við ÍSAL er að ræða. Þeim mun alvarlegra er þetta ákvæði þegar þetta nær til u. þ. b. 98% af aðföngum ÍSALs. Mun því í raun aðeins um að ræða að 2% aðfanga skuli áfram njóta bestu kjara.

Enn eru óleyst mikilvæg mál eins og breyttar skattareglur og ekkert liggur því fyrir um að skattamálin verði

ekki deilumál áfram.

Hvenær eða hvernig verður staðið að fyrirhugaðri stækkun álbræðslunnar liggur heldur ekki fyrir. Draga verður einnig þá ályktun að auðhringurinn sé ekki tilbúinn í bráð að fjárfesta hér í stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, ekki síst þar sem hann hefur ákveðið að fjárfesta í stækkun álbræðslu í Noregi. Og þá má spyrja: Ef nú eru til 700 gígawattstundir af umframorku, sem svarar til allrar raforkuframleiðslu frá virkjunum eins og Blöndu, og því er spáð að næg orka sé til í landinu til ársins 1990, hverju skilar þá fjárfesting í Blöndu ef við höfum enga stórnotendur og getum ekki selt orkuna? Í veigamiklum atriðum eru það því fyrst og fremst hagsmunir auðhringsins sem gætt hefur verið í þessum samningum en ekki íslensku þjóðarinnar.

Á það má einnig benda að undanlátssemi iðnrh. við auðhringinn varðandi breytingar á afskriftareglum og rýmkun á því að leggja fé í varasjóð nemur u. þ. b. 2 milljónum dollara eða um 80 millj. ísl. kr. vegna ársins 1980.

Framsóknarmenn, sem ekki treysta sér til að skila sameiginlegu nál. í þessu máli með Sjálfstfl., draga mjög í efa gildi endurskoðunarákvæðis samningsins sem felur í sér að hvor aðili um sig geti á fimm ára fresti krafist endurskoðunar á samningnum. Í nál. þeirra er þessu ákvæði lýst þannig að álit manna á því velkist milli vona og efasemda. Svo veikt er þetta ákvæði að annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., sem stendur að þessu máli, telur ástæðu til að taka það sérstaklega fram að ekkert sé á það að treysta. Það er opið í báða enda, segir Framsfl. og greiðir síðan atkv. með öllu saman.

Ég sé sérstaka ástæðu til að minna á undir þessum umr. þáltill. Alþfl. sem samþykkt var fyrr á þessu ári um að ítarleg úttekt verði gerð á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings og almenns atvinnurekstrar. Við viljum fá fram skýrar ástæður fyrir þessu háa raforkuverði. Er það vegna þess að skattlagning orkunnar hér sé meiri en annars staðar? Er það vegna þess hve orkuverð til stóriðju er lágt? Er virkjunarkostnaðurinn hjá okkur óeðlilega hár? Er það yfirbyggingu á orkufyrirtækinu að kenna? Er gætt þess aðhalds og þeirrar hagsýni í öllum rekstri sem nauðsynlegt er? Hér er brýnt mál á ferðinni því það er óviðunandi með öllu hvað raforkuverð til heimilanna í landinu er hátt, en fram hefur komið að verð til almenningsveitna sé nú þrisvar til fjórum sinnum hærra en til stórnotenda. Og þó að það sé ekki að fullu sambærilegt þar sem meiri kostnaður er vegna raforkusölu til neytenda en stórnotenda, þá var það athyglisvert sem fram kom í Fréttabréfi Orkustofnunar í sept. á s. l. ári að meðalraforkuverð til neytenda árið 1982 hafi verið um 77 mill hjá Rafmagnsveitum Reykjavíkur og um 58 mill hjá Rafmagnsveitum ríkisins á sama tíma og verð til álversins í Straumsvík var 6.5 mill. Það er því full ástæða til að spyrja hvort þessi hækkun á raforkuverði til álversins leiði til lækkunar á raforkuverði til heimilanna, eða á hún að renna óskipt í hítina hjá Landsvirkjun, þessu fyrirtæki sem hefur neitað að gefa Alþingi upplýsingar um ýmsan rekstrarkostnað, sem það á að gera lögum samkvæmt, eins og bifreiðakostnað, risnukostnað, ferða- og launakostnað?

Herra forseti. Nú skal því réttilega haldið fram að sú hækkun á orkuverði sem með þessum samningi fæst er vissulega ávinningur miðað við það sem áður var. En bæði er það að verðið er allt of lágt miðað við framleiðslukostnaðarverð hjá Landsvirkjun og að verðið er mikilli óvissu háð þar sem það tengist álverði. Til marks um það var álverð í London á þriðja ársfjórðungi 1983 tæpir 1600 dollarar á tonn en fór nú í haust, eða ári síðar, niður undir 1000 dollara á tonn. Nærri lætur að álverðið sé nú 1250 dollarar á tonn sem gæfi þá í orkuverð 12.5 mill samkvæmt þessum samningi. Það er sú staðreynd sem við blasir.

Ég tel varhugavert að reikna með einhverjum stórum sveiflum upp á við, eins og mér finnst gæta í þeim bjartsýnisspám sem fyrir liggja, ekki síst þegar litið er til þess ástands sem nú ríkir á álmörkuðum. Í dag er framleiðslugeta álveranna verulega meiri en eftirspurn og engar horfur taldar á því að það breytist á þessum áratug. Við höfum líka staðreyndir undanfarinna ára fyrir okkur. Þar liggur fyrir að verð á áli á árunum 1979—1983 hafi verið að meðaltali um 1400 dollarar á tonn sem gæfi þá samkvæmt þessum samningi tæplega 13.5 mill. Þess skal einnig gætt að miðað við alþjóðlega verðbólguþróun, sem spáð er, er raunhæft að áætla að meðalverð á samningstímanum á verðlagi þessa árs verði um 10 mill en ekki 15 mill á kwst. eins og talsmenn þessa samnings gera ráð fyrir. Til samanburðar má geta þess að meðalframleiðslukostnaður á raforku er nú frá Landsvirkjun á bilinu 19—20 mill.

Í tímaritinu Metal Bulletin í apríl s. l. er haft eftir þekktum sérfræðingi á þessu sviði að meðalverð til álvera á árinu 1983 í Vestur-Evrópu hafi verið 18.8 mill. Spáir hann því að meðalraforkuverð 1985 verði 22.7 mill. Þá gefur samningur iðnrh. samkvæmt spám Landsvirkjunar aðeins 14 mill. Árið 1987 spáir sami sérfræðingur því að verðið verði 25.5 mill. Þá gefur samningur iðnrh. 16.5 mill. Það jafngildir 12 millj. dollara mismun eða 470 millj. kr. í tekjutap fyrir Landsvirkjun á því ári.

Ég tel að þessar tölur gefi glögga mynd af því hvað hæstv. iðnrh. hefur verið auðsveipur þessum auðhring og að hann hafi í reynd keypt köttinn í sekknum. Það er líka ljóst að þessi niðurstaða veikir samningsstöðu okkar í framtíðinni þegar semja þarf um orkuverð til annarra stóriðjufyrirtækja því auðhringarnir reyna örugglega að nýta sér þetta lága orkuverð sem viðmiðun.

Hægt væri að eyða hér mörgum orðum líka í þau vinnubrögð sem höfð hafa verið uppi í þessu máli og hvernig stjórnarandstöðunni hefur verið haldið frá allri vitneskju um innihald þessa samnings þar til nú fyrir nokkrum dögum. En það versta í þessu er að Alþingi stendur frammi fyrir orðnum hlut og á þess ekki kost að gera neinar breytingar á þessum samningi, það er bara af eða á. Og ekki nóg með það, heldur er þm. gert að vinna undir þeirri svipu að hver dagur sem Alþingi hefur málið til umfjöllunar kosti þjóðina 400 þús. kr. í tekjutap. Snúa má þessu dæmi við og spyrja hvað þessi afleikur ráðh. og auðsveipni við auðhringinn hafi kostað þjóðina. Við skulum ekki fara hærra en í 18 mill verðtryggð, sem hefði verið viðunandi árangur eftir margra ára viðureign við þennan auðhring til að ná fram hærra orkuverði, og einnig miðað við hver framleiðslukostnaður orkunnar er og meðalverð í Evrópu. Miðað við sömu forsendur og ráðh. gefur sér má eins segja að hver dagur héðan í frá, þar til 18 mill fást, kosti þjóðina 700 þús. kr. á dag eða 255 millj. kr. á ári, en það er hærri fjárhæð en veitt er á fjárlögum til byggingar félagslegra íbúða á þessu ári.

Herra forseti. Hér hefur illa verið staðið að málum og langt frá því að hagsmuna íslensku þjóðarinnar hafi verið gætt. Því eru þm. Alþfl. andvígir þessu frv. og munu greiða atkv. gegn því.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við hjá BJ höfum tekið þá afstöðu að styðja þennan samning, ekki vegna þess að hann sé gallalaus, heldur vegna þess að hann er það skásta sem við teljum að pólitískar aðstæður hérlendis geti náð fram.

Stjórnmálum á Íslandi er gjarnan skipt í tvö horn: það er ríkisstj. og stjórnarandstaða, það er hægri og vinstri eða svart og hvítt. Sá er hátturinn að allt er illt sem andstæðingarnir gera, nema um sé að ræða einhverjar sárasaklausar breytingar á, segjum sem dæmi, lögum um sóknargjöld eða sýsluvegi.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. hóf þáv. iðnrh. undirbúning að löngu tímabærri og bráðnauðsynlegri endurskoðun álsamninga. Þegar rannsókn málsins var vel á veg komin varð ljóst að ÍSAL og Alusuisse höfðu leikið ljóta leiki til að komast hjá eðlilegum skattagreiðslum, en þá kom til hugsunarhátturinn sem ég vísaði til áðan um stjórn og stjórnarandstöðu, svart og hvítt. Sjálfstfl. gat auðvitað ekki unnt Hjörleifi Guttormssyni þess að hafa forgöngu í því þjóðþrifamáli að endurbæta samninga um ál, og ekki á ég beinlínis von á að Hjörleifur Guttormsson hafi beinlínis lagt sig fram um að ná samstöðu, leikreglur svarthvíta leiksins gera ekki ráð fyrir því. Í offorsinu við að klekkja hvor á öðrum gleymdu andstæðingarnir þjóðinni sem síðan ber auðvitað skellinn. Í offorsinu við að klekkja hvor á öðrum grófu þeir sig niður í skotgrafir, eins og gert var í fyrri heimsstyrjöldinni, enda varð lítið um orkuverðshækkun — *tíðindalaust á vesturvígstöðvunum*, sögðu menn um skotgrafahernaðinn forðum. Í offorsinu við að klekkja hvor á öðrum grófu flokkarnir, Alþb. og Sjálfstfl., sig í skotgrafir sem þeir nú komast ekki upp úr.

Hvernig halda menn t. d. að samningsaðstaða sjálfstæðismanna hafi verið nú síðustu misserin þegar þeir voru búnir að fara hamförum síðustu ár við að verja auðhringinn Alusuisse? Til að ná verulegum árangri hefðu þeir þurft að éta ofan í sig allar árásirnar á fyrri *ríkisstj. Ef dómur hefði fengið að falla í New York hefði* blettur fallið á æru fleiri en Alusuisse. Eitthvað hefði kannske fallið á Sjálfstfl. og Morgunblaðið. Vegna þessa skotgrafahernaðar er sömuleiðis óhugsandi að Alþb. hefði undir nokkrum kringumstæðum fallist á *samninga sem þessi ríkisstj. hefði getað gert við* Alusuisse, jafnvel þó þeir hefðu verið góðir. Þeir Alþb.-menn hefðu aldrei getað unnt Sverri Hermannssyni þess. Þannig er þetta fornfálega flokkakerfi, sem við búum við, ófært um að ná betri samningum. Það á rætur *sínar í forneskjulegri fortíð og* hagsmunavörslu og setur pólitískar leikbrellur framar hagsmunum fólksins í þessu landi.

Sjálfstfl. hefur nýlega sent Hjörleifi Guttormssyni víxil fyrir orkuverð sem nær aftur til stjórnarára hans. Þeir kenna um þvermóðsku hans, og auðvitað á Alþb. sinn skerf af þessum víxli. En það á Sjálfstfl. líka. Þegar hann tók þá afstöðu á sínum tíma að nota álmálið til að klekkja á Hjörleifi Guttormssyni skrifaði Sjálfstfl. upp á þennan víxil sjálfur. Þeir eiga hann sameiginlega. Ef Hjörleifur Guttormsson er greiðandi þessa víxils, þá er Sverrir Hermannsson fyrsti ábyrgðarmaðurinn. En auðvitað munu þeir aldrei greiða hann. Það verður náttúrlega þjóðin að gera. Eins og henni þarf að blæða fyrir Kröflu og eins og henni blæðir fyrir skuttogaraæðið, þá mun henni einnig blæða fyrir sundurþykkjuna í álmálinu.

Nú hefur þetta kerfi skilað okkur samningi og BJ ætlar að greiða atkvæði með honum. Hvers vegna? Vegna þess að ákvæðin um raforkuverðið færa milljóna hundruð inn í þetta land og það eru engar vísbendingar um að hægt sé að gera betur, hvor skotgrafahershöfðinginn sem færi með stjórnina. Þar eru einfaldlega of miklir peningar í veði til að sleppa þessum málum lausum einu sinni enn. Við höfum ekki efni á þeim lúxus að fella þennan samning.

En það er meira í þessum samningi en rafmagnsverðið eitt. Í grófum dráttum má flokka hann í fimm hluta sem skipta mestu máli, rafmagnsverð, endurskoðunarákvæði, sáttargerð um eldri mál eða syndaaflausn sem kölluð hefur verið, skattabreytingar og loforð um stækkun. Fyrirheitið um stækkun þarf að líta á sérstaklega og það ber að skoða það óháð hinum atriðunum. Það er óþolandi málsmeðferð að blanda stækkunaráformum inn í þessa samninga. Álverið í Straumsvík er staðreynd og án þess hefðu Búrfellsmannvirkin ekki orðið til. Það er spurning um viðskipti, að ná sem bestum samningum í rafmagns- og skattamálum, og í samningum verða menn ekki einráðir. En stækkun ÍSALs og stórvirkjanaframkvæmdir sem henni fylgja eru ekki viðskipti. Þar er á ferðinni stjórnmálalegt viðfangsefni um mótun atvinnustefnu á Íslandi næstu áratugina. Um það viljum við Íslendingar vera einráðir og um það á ríkisstj. að ræða við okkur, Alþingi og íslenska þjóð, en ekki svissneska áldoktora.

Með bréfi dags. 5. nóv. s. l. er ríkisstj. búin að stíga fyrstu skrefin til aukinna umsvifa Alusuisse án eðlilegrar þinglegrar umfjöllunar. Það þýðir ekki að segja að engu hafi verið lofað, einungis gefin óljós fyrirheit. *Stefnan hefur verið mörkuð.* Það sýnir m. a. áhersla Alusuisse á það að fá þetta bréf og sömuleiðis túlkun Ragnars Halldórssonar forstjóra ÍSALs sem sagði í Morgunblaðinu þann 16. nóv. s. l. að leyfi hafi fengist til stækkunar að nánari skilyrðum uppfylltum.

Eins og ég sagði áðan er álverið í Straumsvík orðinn hlutur og ég tel eins og ég sagði að samningurinn bæti eftirtekjuna af því. En ég hef efasemdir um nytsemi frekari fjárfestingar í virkjunum til stóriðju. Orkuskuldir okkar eru stærsti hluti erlenda skuldabaggans — baggans sem er notaður til að berja íslenskt launafók til hlýðni þegar það vogar sér að óska mannsæmandi lífskjara. Og fólk á kröfu til þess að fram fari umræða um þjóðhagslegt mikilvægi þessara áforma. Það er óviðunandi að stjórn Landsvirkjunar valsi um með kreditkort upp á vasann og steypi okkur í þessar stórkostlegu skuldir. Það er staðreynd að stóriðja er á undanhaldi á Vesturlöndum. Áhrif hennar á umhverfið eru okkur ógeðfelld. Atvinnuumhverfi verkafólks í stóriðjuverum er eitrað. Reynslan sýnir að stóriðjan er á leiðinni til vanþróuðu landanna og vaxtarbroddur vestrænna atvinnuhátta er í annars konar iðngreinum sem byggjast á þekkingu og hugviti og eru í litlum fyrirtækjum. En ferðalöngum iðnaðarráðuneyta ríkis-

stjórna síðustu ára virðist hafa verið fyrirmunað að sjá hið smáa og fjölbreytta. Þótt ég samþykki samninginn hvað orkuverðið varðar harma ég að stjórnin skuli ætla sér að ana hugsunarlaust út í stóriðju.

Ég sagði hér áðan að við hefðum ekki efni á að fella samninginn, en það er fleira sem við höfum ekki efni á. Við höfum ekki heldur efni á að láta ÍSAL-málið yfirskyggja alla orku- og iðnaðarumræðu á landinu. Við höfum heldur ekki efni á því lengur að höfuðpaurar íslenskra iðnaðarmála séu á endalausu flandri um heiminn í leit að útlendum tækifærum og komi heim rétt til þess að kasta mæðinni og ná sér í meiri dagpeninga. Hvers vegna stendur hugur þessara manna aðeins til útlanda og útlendra risaverksmiðja? Er það vegna þess að þeir treysti ekki Íslendingum og íslenskum hugmyndum eða er kannske svona gaman að flengjast um í einkaþotum með ríkum forstjórum, borða morgunmat í Montreal og kvöldmat í Kongó? Eða er þetta kannske minnismerkjaárattan? Forustumenn virðast vilja láta muna eftir sér við múrskeiðagauf undir lúðraþyt eða ýtandi á takka í stóriðjuverum. Þannig telja þeir líklega að nöfnin þeirra geymist, annaðhvort á gulnuðum blöðum í hornsteinunum eða á svörtum marmaraskjöldum uppi á vegg. En hver ætlar að leggja og hvenær verður lagður hornsteinn að íslenskri atvinnustefnu — stefnu sem byggir á framtaki okkar sjálfra og veitir þúsundum atvinnu? Og hver ætlar að ýta á takkann sem setur af stað orkuver íslenskra hugmynda og hvetjandi sköpunar? Og hver ætlar að klippa á borðann sem opnar okkar eigin athafnafólki veginn til sjálfsforræðis í stað bónbjarga, til driftar í stað deyfðar og hvatningar í stað fjötra? Þetta eru hin stóru verkefni í atvinnumálum okkar.

Með stóriðjuglýjuna í augunum höfum við gleymt því að fyrir er í landinu þekking og vilji og nýjar atvinnugreinar bíða við hvert horn. Með því að búa í haginn á heimavelli getum við best bætt lífskjörin. Því miður virðast atvinnuhættir okkar nú stefna í það að leiða okkur til fátæktar. Á sama hátt og ástandið í húsnæðismálum, skattamálum og lífeyrismálum leiðir okkur nú til vaxandi óréttlætis og ójafnaðar, þá mun ástandið í atvinnumálum leiða okkur til vaxandi fátæktar. Þess vegna skora ég á iðnrh. að kalla herdeildir sínar heim og beita ráðunautum sínum á íslenska grund. — Ég hef lokið máli mínu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Engan, sem hlustar á hér í kvöld, þarf að undra að Alþb. er mótfallið þessum samningum sem nú er verið að gera. Ég held að ég fari rétt með að Alþb. hefur verið mótfallið öllum samningum alþjóðlegs eðlis við hvaða ríki sem er, við hvaða aðila sem er nema viðskiptasamningum við lönd austan járntjalds. Alþb. var t. d. mótfallið samningunum við Norðmenn um Jan Mayen sem ég hygg að flestir telji mjög góða samninga í dag. Og ég verð að taka undir það með Guðmundi H. Garðarssyni að þetta er vissulega áhyggjuefni. Við Íslendingar lokum okkur ekki í dag frá samskiptum við aðrar þjóðir. Við þurfum áreiðanlega marga samninga að gera þótt ég vilji leggja á það mikla áherslu að fyrir litla þjóð sem okkur Íslendinga er ákaflega mikilvægt að þeir séu gerðir af varfærni og það séu hagkvæmir samningar, og ég er alls ekki að segja að allir samningar sem við höfum gert hafi verið þannig gerðir.

Ég get tekið undir æðimargt sem hér hefur verið sagt í kvöld. Ég vil m. a. taka undir það með Steingrími Sigfússyni að ákaflega fróðlegt væri að skrá sögu álmálsins. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hóf þá söguritun í upphafi sinnar ræðu hér í kvöld. En e. t. v. svaraði slík söguritun ýmsum af þeim spurningum sem ég hef ekki fengið svar við. Hvers vegna krafðist Hjörleifur Guttormsson ekki endurskoðunar á reikningum Álfélagsins fyrir árin 1978/79? Ég veit að Hjörleifur Guttormsson er ákaflega vandvirkur maður og athugull og ég trúi því ekki, eins og sumir hafa sagt, að þetta hafi verið mistök. Og þá fengi maður e. t. v. svar við þeirri spurningu hvers vegna Hjörleifur Guttormsson ákærði álfyrirtækið í fyrstu orðsendingu sinni um sviksamlegt athæfi þrátt fyrir það að hinir færustu lögfræðingar, sem sátu í ríkisstj. þá, legðu mjög eindregið til og reyndar verið samþykkt í ríkisstj. að þessi orð yrðu felld út. Þetta var örlagaríkt því að í tvö ár eftir það má segja að deilt hafi verið um þessa ásökun Hjörleifs Guttormssonar í garð Álfélagsins. Ég tek undir það, sem sagt var hér áðan, að ekki er skynsamlegt að kæra mann fyrir svik og þjófnað og ætla síðan að setjast niður og semja við hann.

Þá fengist e. t. v. einnig svar við þeirri spurningu hvers vegna Hjörleifur Guttormsson féllst í síðustu orðsendingu sinni, ég hygg að það hafi verið haustið 1982, alls ekki á tilmæli ríkisstj. að draga þar úr ýmsu sem sett var fram og hlaut að leiða til meiri átaka.

Um leið og ég segi þetta vil ég taka það skýrt fram að ég er sannfærður um að Hjörleifur Guttormsson leitaði af einlægni eftir hækkun á orkuverðinu. Það er ég sannfærður um. Ég held hins vegar að höggið hafi verið reitt of hátt og því geigað. En um leið og ég lýsi þessari sannfæringu minni vil ég vísa á bug öllum fullyrðingum, sem fram hafa komið, m. a. hjá Hjörleifi Guttormssyni, um að allir í þeirri ríkisstj. hafi ekki staðið einlægir að baki Hjörleifs Guttormssonar í hans viðleitni að fá hækkun á raforkuverðinu. Ég tel mig hafa unnið að því ötullega þann tíma sem við sátum saman. Ég tel að orðið hafi hins vegar mjög alvarleg mistök og kostað okkur ákaflega mikið í raforkuverði eins og hefur mjög greinilega komið fram.

Nú er hér rætt um þann samning sem liggur fyrir við Alusuisse og menn taka afstöðu til hans. Ég ætla að fara yfir nokkur meginatriði.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það að æskilegt væri að fá enn meiri hækkun á raforkuverði. Ég held að það sé hins vegar misskilningur, sem kom fram hjá Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan, að orkuverð Landsvirkjunar sé 19—20 mill. Ég held að þar sé verið að rugla saman orkuverði frá nýjum orkuverum og frá eldri orkuverum. Ég vil einnig vekja athygli á því að mjög algengt verð til álvera í löndunum í kringum okkur er jafnvel lægra en hér er um að ræða. Norðmenn bjóða t. d. í dag orkuverð sem er á bilinu 9.5—10—11 mill og Kanadamenn bjóða enn í dag orkuverð sem er töluvert lægra eða allt niður í 6.5 mill.

Staðreyndin er nefnilega sú að orkuverð til álvera hefur, ég verð að segja því miður, farið lækkandi núna upp á síðkastið. Staðreyndin er að bestu möguleikarnir til að semja glötuðust 1979. Þá var möguleiki til að semja um hærra orkuverð. Þá hafði olíuverð hækkað mjög mikið og þá var álverð enn þá

hátt. E. t. v. voru það mestu mistökin, sem gerð hafa verið í meðferð þessa máls, að knýja ekki fram samninga þá þegar. Ég tel þess vegna að þetta orkuverð, sem nú er um samið, megi kallast viðunandi. Ég vil hins vegar leggja á það ríka áherslu að ef um stækkun álversins verður að ræða og það þá í tengslum við nýja virkjun, verður orkuverðið að sjálfsögðu að vera a. m. k. kostnaðarverð og ég tel að það sé ekki undir 18—20 millum.

Menn hafa sagt það hér að við framsóknarmenn gerum lítið úr endurskoðunarákvæðinu. Við hefðum gjarnan viljað hafa endurskoðunarákvæðið enn þá markvissara. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða að endurskoðunarákvæði eins og þetta hefði gert okkur kleift bæði árin 1973 og 1979, þegar mjög mikil hækkun varð á orkuverði í heiminum, að ná fram og það skjótt endurskoðun á samningi við Alusuisse. Ég vil þess vegna leggja á það ríka áherslu að ég tel að út af fyrir sig sé það mikil endurbót á samningnum að fá þetta endurskoðunarákvæði inn.

Menn hafa gagnrýnt það að fallist var á sátt í deilumáli við Alusuisse. Ég verð að segja að fyrst þegar hreyft var þeirri hugmynd að fallast á sátt taldi ég hana varasama. Ég hef hins vegar breytt um skoðun og vil ég nefna tvær ástæður til þess.

Í fyrsta lagi er að geta bréfsins sem hér hefur verið nefnt, sem barst frá Coopers og Lybrand í júlí 1983, þar sem þessi aðalendurskoðandi og ráðgjafi, ekki aðeins Hjörleifs Guttormssonar heldur allra iðnrh. sem með málið hafa farið síðan álverksmiðjan var byggð, segir beinlínis að fyrirtækið telji mjög vafasamt fyrir íslenska ríkið að standa í slíkum málaferlum við álhringinn. Þeir nefna nokkur atriði máli sínu til stuðnings.

Þeir telja í fyrsta lagi að ýmislegt bendi til þess að deilan um skattinn frá árunum 1975—1980 kunni að vera fyrnd, m. a. vegna þess að ekki var krafist endurskoðunar, eins og ég sagði áðan, fyrir árin 1978 og 1979. Þeir vekja einnig athygli á að svo kunni að vera að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til þess að ÍSAL hefur í gegnum árin fengið verulegar endurgreiðslur frá Alusuisse sem megi telja til lækkunar eða endurgreiðslu á súrálsverði.

Enn meiri athygli mína vakti bréf frá lögfræðingnum Lipton, sem var einn helsti ráðgjafi bæði Hjörleifs Guttormssonar og núv. iðnrh. Ég fékk tækifæri til að hitta þann mann og sá fundur var mjög athyglisverður. Þessi lögfræðingur leggur eindregið til að leitað verði sátta fremur en að láta deilur um þetta atriði koma í veg fyrir að veruleg hækkun fáist á orkuverði.

Tíma mínum er nú bráðum lokið. Ég vildi gjarnan nota það sem eftir er til að fara nokkrum orðum um orkumálin sem hér hafa borið töluvert á góma. Ég get út af fyrir sig tekið undir það, sem hér kom fram áðan, að fallegir fossar megi frjálsir falla og að fara þarf með varúð í að virkja. En ég trúi því varla að nokkur hér inni haldi því fram að við eigum ekki að nota þessa orkulind til að bæta lífskjörin og hagsæld í þessu landi. Við framsóknarmenn höfum gert um þetta og reyndar um atvinnumálin mjög ítarlega samþykkt, sem nýlega hefur verið birt. Við gerðum einnig mjög ítarlega samþykkt á flokksþingi okkar 1982 þar sem við teljum að æskilegt markmið sé að jafnvægi fáist í orkubúskap okkar Íslendinga um aldamótin eða m. ö. o. að framleidd orka og innflutt orka verði nokkurn veginn í jafnvægi. Við teljum að orkufrekur iðnaður sé eðlileg fylgigrein stærri virkjana. Að öðrum kosti munu stórvirkjanir reynast okkur ákaflega dýrar. Við útilokum því alls ekki orkufrekan iðnað, langt frá því. En ég vil taka undir það að orkufrekur iðnaður sem slíkur verður aldrei meginstefna í atvinnuuppbyggingu hér á landi. Og ég get fullvissað þm. um það og áheyrendur alla að ríkisstj. leggur einmitt á það ríka áherslu að nýsköpun verði í atvinnulífinu á öllum sviðum, ekki síður og reyndar langtum fremur á sviðum þekkingariðnaðar, eins og stundum er kallað, og ýmiss konar annarra atvinnu- og iðngreina sem oft hafa verið nefndar. En við viljum alls ekki útiloka orkufrekan iðnað.

Ég vil að lokum, góðir Íslendingar, leggja áherslu á að menn sættist nú í þessu álmáli. Það hafa eflaust ýmis mistök verið gerð og við getum lengi rætt um þau og deilt. En tvímælalaust hefur þó loksins náðst fram mjög mikilvæg hækkun á raforkuverði og það held ég að við Íslendingar allir ættum að samþykkja og því ættum við að fagna.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á heildina litið er þessi samningur ríkisstj. við Alusuisse með öllu óviðunandi. Langtímahagsmunum okkar hefur verið fórnað fyrir stundarágóða, og fyrir þennan stundarágóða hefur ríkisstj. fallist á allar meginkröfur Alusuisse, niðurfellingu deilumála og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Þess vegna hafnar Kvennalistinn þessum samningi.

Rökin fyrir afstöðu okkar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Þrátt fyrir nokkra hækkun raforkuverðsins mun ÍSAL ekki greiða það verð fyrir orkuna sem nemur framleiðslukostnaði í núverandi virkjanakerfi landsins.

Í öðru lagi. Sú hækkun, sem þó hefur fengist á orkuverðinu, er ekki varanleg þar sem orkuverðið er ekki verðbólgutryggt.

Í þriðja lagi. Orkuverðið er tengt heimsmarkaðsverði á áli, sem þýðir að til viðbótar við velþekktar sveiflur á fiskmörkuðum okkar er hið viðkvæma íslenska hagkerfi nú einnig háð sveiflum á álmörkuðum.

Í fjórða lagi. Í ákvæði um endurskoðun samningsins er sá fyrirvari að endurskoðun sé háð því að „orðið hafi teljandi og ófyrirsjáanlegar breytingar til hins verra á aðstæðum.“ Þessi fyrirvari bindur hendur okkar þannig, að við munum vart ná fram endurskoðun á þeirri forsendu að raungildi raforkuverðsins hafi lækkað vegna dollaraverðbólgu.

Í fimmta lagi er með þessum samningi fallið frá málarekstri á hendur Alusuisse þrátt fyrir góða vinningsstöðu í þeim málum sem til meðferðar voru fyrir dómnefndum, bæði í Reykjavík og New York.

Í sjötta lagi er svo það, að meðfram þessum samningi er gefið fyrirheit um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík með forkaupsrétti Alusuisse að orku úr nýjum virkjunum.

Þannig hefur ríkisstj. í rauninni selt allt sem seljanlegt var til þess að ná fram orkuverðshækkun sem í reynd er upp á fáein mill, og mun ég nú á þeim mínútum, sem ég hef hér til umráða, útskýra þá fullyrðingu nánar.

Í samningnum er kveðið á um að orkuverðið til ÍSALs skuli vera á bilinu 12.5—18.5 mill á kwst. og breytast í samræmi við heimsmarkaðsverð á áli. Í dag

mun þetta þýða að orkuverðið er um 12.8 mill á kwst. og miðað við horfur á álmarkaðnum áætlar Landsvirkjun að meðalverð orkunnar til ÍSALs á næsta fimm ára tímabili, þ. e. fram til ársins 1989, verði 13.7 mill á kwst. Meðalkostnaðarverð hverrar kwst. af orku úr virkjanakerfi landsins miðað við orkugetu 1983 er hins vegar 16 mill skv. útreikningum Landsvirkjunar, en 18.9 mill ef kostnaður vegna ónýttrar umframorku og þeirrar orku sem Landsvirkjun kaupir af öðrum virkjunum er tekinn með í reikninginn. Það má því augljóst vera að hið dýrkeypta orkuverð til ÍSALs verður á næstu fimm árum töluvert undir því sem kostar að framleiða orkuna og er þá sama við hvora töluna er miðað. Tekið skal fram í þessu tilliti að ekki þýðir að miða við kostnaðarverð úr einstökum virkjunum eða mismunandi kostnaðarverð til stóriðju og almenningsveitna, þar sem hér er um að ræða afkomu Landsvirkjunar í heild og alls orkubúskapar landsmanna, en ekki afkomu einstakra virkjana innan fyrirtækisins. Samkvæmt þessum samningi munum við því halda áfram að afhenda Alusuisse orkuna á lægra verði en kostar að framleiða hana, Landsvirkjun mun ekki fá réttmætan arð af orkusölunni í sinn hlut og tapið á orkubúskapnum munu landsmenn áfram bera, m. a. í háu raforkuverði til almenningsveitna og til innlendra atvinnugreina.

Athyglisvert er að þessi orkusölusamningur er gerður á sama tíma og önnur lönd hafa — samkvæmt gerðardómi — fengið fram mun hærra orkuverð til álvera en hér er á ferðinni. Og við vitum að Alusuisse þarf að greiða töluvert hærra orkuverð annars staðar í heiminum eða 16.5 mill að meðaltali á kwst. samkvæmt upplýsingum hæstv. iðnrh. á Alþingi 25. okt. s. l. Skyldi því engan undra að á sama tíma og Alusuisse er að leggja niður álbræðslur sínar annars staðar í heiminum, t. d. í Bandaríkjunum, leggja þeir kapp á að stækka álbræðslu sína hér.

Og lítið stoðar okkur að bera nýja raforkuverðið til ÍSALs saman við meðalorkuverð til álvera annars staðar í Evrópu. Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar mun það nú vera um 14.6 mill. á kwst. Sumir telja að hér sé um óraunhæft mat að ræða þar sem í þessari tölu sé ekki gerður greinarmunur á orkuviðskiptum skyldra og óskyldra aðila og að sambærileg orkuverðstala sé ekki 14.6 mill, heldur 25.6 mill. Hvora töluna sem menn vilja sannari hafa fer ekki hjá því að orkuverðið til ÍSALs nær ekki lægra matinu á meðalorkuverði til álvera í Evrópu. Því er oft haldið fram að það sé eðlilegt vegna lakari samkeppnisaðstöðu okkar í álframleiðslu, en þá má spyrja á móti hvers vegna í ósköpunum lagt er kapp á að byggja upp áliðnað hér á landi ef hann er ekki samkeppnishæfur við sambærilegan iðnað í nágrannalöndunum.

Um deilumálin mætti hafa langt mál, en ég vil aðeins nefna hér tvö atriði. Ljóst er að þegar sú ákvörðun var tekin að falla frá málarekstri á hendur Alusuisse, þá höfum við góða vinningsstöðu í þeim málum sem til meðferðar voru fyrir dómnefndum, bæði í Reykjavík og New York. Um það er engum blöðum að fletta að þessum málum var fórnað fyrir þá orkuverðshækkun sem ég hef hér fjallað um. Ef til vill hefur þar eitthvað fleira verið á ferðinni, svo sem óþægindi þess að Alusuisse yrði berlega uppvíst að svikum í okkar garð. Óþægindi fyrir hvern er svo aftur önnur spurning sem hver og einn getur dundað sér við að svara, en víst er að svarið við þeirri spurningu tekur til þess hver hafi verið að gæta hagsmuna hverra í þessu máli.

Einnig er ljóst að í framtíðinni munum við ekki hafa sama lagagrundvöll gagnvart Alusuisse hvað varðar verð á aðföngum til álbræðslunnar því það ákvæði aðalsamningsins sem kveður á um að álbræðslunni skuli útveguð aðföng „með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru" er nú fellt brott. Þar með er farið það ákvæði sem einna haldbest reyndist í málarekstri okkar fyrir dómnefndum og það er fellt burtu á sama tíma og upplýst er á Alþingi að Alusuisse haldi áfram uppteknum hætti gagnvart okkur í sínu margfalda bókhaldi. M. ö. o.: þegar við vitum að Alusuisse hefur á undanförnum árum hlunnfarið okkur og heldur því áfram, þá er fallið frá öllum kærumálum okkar á þeirra hendur, þeim er gefið skínandi hreint siðgæðisvottorð hvað fortíðina varðar og um leið er kippt burt mikilvægri stoð þess að við getum í framtíðinni sótt rétt okkar á þeirra hendur í þessum málum. Þessi málatilbúnaður er með svo miklum ólíkindum að menn hljóta að velta fyrir sér hvort íslensku samningamönnunum hafi verið sjálfrátt.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Samningur ríkisstj. við Alusuisse er gjörsamlega óviðunandi og ber að fella þetta frv. Það flokkast ekki undir lúxus, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson orðaði það hér áðan. Reisn og sæmd í viðskiptum við erlendan auðhring má aldrei flokkast undir lúxus. Við eigum sjálf að byggja upp atvinnulífið í landinu — atvinnulíf sem tekur mið af framtíðinni og er í sátt við náttúru þessa lands og fólkið sem það byggir. — Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góða nótt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KMK, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, AS, GHG, EH, EBS, FÞ, GeirH, GB, GE, GGS, HÁ, HBl, IG.

nei: KP, KJóh, KH, SJS, SvG, MF, GeirG, GJG, GA, GHelg, HS, JS.

MMS greiddi ekki atkv.

4 þm. (MB, ÞP, ÞS, JBH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu eftirfarandi grein fyrir atkvæði sínu:

Magdalena Margrét Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu. Þar sem ég tók sæti á Alþingi í gær hef ég ekki haft tíma til að kynna mér þennan samning nægilega vel til þess að taka efnislega afstöðu til hans og kýs því að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls í gærkvöld gerði ég grein fyrir afstöðu minni. Að mínu mati eru ýmsir hnökrar á þessum samningum og ég hef talið æskilegra að þd. hefði verið gefinn kostur á því að greiða atkvæði um hvert einstakt ákvæði samningsins, en því er ekki að heilsa. Kjarni málsins er þó sá, að með þessum samningum hefur verið samið um stórhækkað raforkuverð, sættir hafa tekist í miklu deilumáli og skilyrði eru sköpuð til aukinnar sóknar og nýtingar á fallvötnum landsins. Með vísan til þessara raka og þessara meginsjónarmiða lýsi ég mig samþykkan staðfestingu á viðaukasamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um álbræðslu í Straumsvík. Ég segi já.

Efri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson). Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 9 frá 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Í því frv., sem ég mæli hér fyrir, er lagt til að hámarksfrádráttur á skattskyldum tekjum manna vegna framlaga þeirra til atvinnurekstrar skv. lögum nr. 9/1984 um það efni, hækki úr 20 þús. kr. í 25 þús. kr. hjá einstaklingum, úr 40 þús. kr. í 50 þús. kr. hjá hjónum. Hér er í raun ekki um neina efnisbreytingu að ræða.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9/1984 skulu fjárhæðir sem um getur í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu ár hvert. Eins og kunnugt er er ekki gert ráð fyrir ákvörðun um skattvísitölu í fjárlögum fyrir næsta ár. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fjárhæðum þessum verði breytt með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar nam tekjubreyting á milli áranna 1983 og 1984 sem næst 25%. Á grundvelli þessa er lagt til að umræddur hámarksfrádráttur hækki sem tekjubreytingu nemur, eða um 25%. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að sama hækkun er lögð til varðandi frádráttarheimildir í 30. gr. laga um tekju- og eignarskatt, en frv. þar að lútandi liggur nú fyrir Alþingi.

Með vísun til þessa þykir mér ekki þörf á að ræða frv. þetta nánar að svo stöddu og legg því til að því verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. 153. mál (þskj. 158, 200). — 3. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Fyrir 2. umr. um þetta mál flutti ég brtt. þar sem ég gerði ráð fyrir að lögin kæmu til framkvæmda 1. maí n. k. í staðinn fyrir um næstu áramót. Till. þessi var flutt eftir ábendingu frá fulltrúum minnihlutamanna í borgarstjórn Reykjavíkur. Hún skýrir sig nokkuð sjálf. Menn óska eftir að þetta fyrirkomulag, sem á að taka upp, komi sem fyrst til framkvæmda.

Eins og hv. þdm. hafa sjálfsagt orðið varir við var ég veikur í seinustu viku og kom ekki hér til þingfunda. Ég hélt satt að segja að till. hefði komið til atkvæða við 2. umr., en hún mun hafa verið tekin til baka og liggur nú fyrir til 3. umr. Held ég að þessi fáu orð mín nægi til að gera grein fyrir henni.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni og með fullu samkomulagi þeirra aðila sem mættu á fundi í heilbrrn. 27. apríl á þessu ári, en það voru fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstað, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Garðabæ og auk þess mætti sem áheyrnarfulltrúi bæjarstjórinn á Akureyri og ráðuneytismenn ásamt landlækni og tryggingayfirlækni. Í framhaldi af þeim fundi var óskað tilnefningar í nefnd til að gera tillögur um breytingu á lögunum um heilbrigðisþjónustu. Þessi nefnd var síðan skipuð og að hennar beiðni er þetta frv. flutt.

Nefndin er ekki tilbúin með sínar tillögur og biður um tiltekinn frest, eins og fram kemur í grg. Hins vegar vil ég segja að ég tel útilokað að breyting sé gerð á þessum málum nema miðað sé við áramót. Akureyri tekur aftur á móti breytingunni núna og þar hefur verið markvisst unnið að þessum málum, en öðru máli gegnir hér í Reykjavík. Þetta er nokkuð langt frá því að vera tilbúið og það mundu verða mikil óþægindi ef þessu yrði ekki frestað til eins árs, enda hygg ég að vandinn sé ólíkt meiri hér í sambandi við þessar breytingar. Uppbygging heilsugæslustarfseminnar hefur tekist að mínum dómi nokkuð vel um allt land og ég er viss um að hún mun takast vel á Akureyri. En vegna þess að um miklu fjölbreyttari starfsemi er að ræða hér á Reykjavíkursvæðinu, þá eru vandamálin fleiri þar sem þarf að hyggja að. Ég held því að það sé mikils virði að fresta þessu um ár hér. En nefndin hefur lofað að skila tillögum sínum eins fljótt og henni er unnt því að það þarf þó nokkuð marga mánuði til undirbúnings eftir að tillögum er skilað og ef lögum þarf að breyta.

Því mælist ég eindregið til þess að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ekki dreg ég í efa að hæstv. ráðh. hefur verið hvattur til að flytja frv. það sem hér um ræðir og gerir ráð fyrir að framkvæmd málsins sé frestað um heilt ár. En eins og ég gat um hér rétt áðan eru ekki allir jafnhressir með þessa frestun, telja að orðinn sé býsna mikill dráttur á að þessu sé komið í framkvæmd og að það sé óeðlilegt með öllu að fresta þessu svo lengi enn á ný. Því er þessi till. flutt að hún endurspeglar megna óánægju ýmissa, einkum meðal þeirra sem skipa minni hl. borgarstjórnar Reykjavíkur, með það að þessi nýskipan skuli ekki koma nú til framkvæmda og að enn skuli eiga að draga það um heilt ár.

Menn draga það mjög í efa og eru ekki sama sinnis og ráðh. að endilega þurfi að miða þetta við áramót. Menn telja að ef gefinn væri núna fjögurra mánaða frestur, þ. e. til 1. maí 1985, ætti hann að duga. Það er þess vegna sem till. er flutt.

ATKVGR.

Brtt. 200 felld með 11:2 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sérstakan barnabótaauka á þskj. 207. Frv. það, sem nú er til umr. um sérstakan barnabótaauka, er samhljóða ákvæðum í 18.—21. gr. laga nr. 43/1984, sem fjalla um tekjutengdar barnabætur, að því frátöldu að allar fjárhæðir í þessu frv. hafa

verið hækkaðar um 25% frá því sem var í lögum nr. 43/1984. Er sú hækkun í samræmi við áætlun Þjóðhagsstofnunar um hækkun tekna hvers gjaldanda milli áranna 1984 og 1985.

Forsaga þess, að greiddur var sérstakur barnabótaauki árið 1984, er sú að þetta var liður í samningum ASÍ og VSÍ í febrúar s. l. og féllst ríkisstj. á að greiða tekjutengdan barnabótaauka til þess að liðka fyrir því að samningar tækjust. Í tillögum ASÍ og VSÍ í sambandi við barnabótaauka á árinu 1984 sagði með leyfi forseta:

„Barnabótaaukinn verður útfærður þannig að þeir skattgreiðendur fái hann ekki sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, af eignum eða af námslánum."

Þar sem skattalög greina ekki milli manna eftir starfsstéttum heldur eftir tekjum og eignum var ekki talið gerlegt við greiðslu barnabótaaukans árið 1984 að grípa til slíkrar mismununar eftir starfsstéttum. Til þess að koma til móts við tilögur ASÍ og VSÍ var hins vegar við greiðslu barnabótaaukans árið 1984 rétturinn til barnabótaauka bundinn við það að eignir viðkomandi færu ekki fram úr ákveðnu marki.

Með þessu frv., sem nú er til umr., er lagt til að greiðslur barnabótaaukans verði með sama sniði og 1984, þ. e. að hann verði tekju- og eignatengdur, þannig að barnabótaaukinn lækki eftir því sem tekjur eru hærri eða eignir meiri og að hann falli alveg niður þegar tekjur eða eignir fara yfir ákveðið mark.

Sérstakur barnabótaauki nemur óskertur skv. frv. 15 þús. kr. með hverju barni. Vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, tekur hann að skerðast þegar samanlagður útsvarsstofn þeirra tekjuárið 1984 fer fram úr 275 þús. kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn þeirra nær 462 þús. kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra taka að skerðast þegar útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 187 500 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn nær 375 þús. kr. Þá er og gert ráð fyrir að barnabótaauki skerðist þegar eignastofn nær tilteknu marki, sbr. 3. gr. frv. Með þessu er stuðlað að því að þeir, sem erfiðasta afkomu hafa, njóti þessa barnabótaauka. Auk þess er stefnt að því að barnabótaaukinn bæti að einhverju leyti þá kjaraskerðingu sem þeir tekjulægstu hafa orðið fyrir.

Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um töluleg áhrif þessa frv. þar sem þetta frv. er flútt samhliða frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Um fjárhagslegar afleiðingar þessa frv. vísast til ræðu minnar um tekjuskattsfrumvarpið en þar er gerð grein fyrir heildaráhrifum beggja frv.

Ég skora á hv. þm. að veita frv. þessu brautargengi um leið og ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt fsp. til hæstv. fjmrh. Með hvaða efnislegum rökum eru þær viðmiðanir fengnar sem hér eru notaðar, þ. e. um skerðingarmörkin? Hvers vegna er gengið út frá samanlögðum útsvarsstofni hjóna sem nemur 22 þús. kr. rúmum á mánuði? Og hins vegar hvers vegna er gengið út frá skerðingarmörkum einstæðra foreldra rétt rúmlega 15 þús. kr.?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki svar við spurningu hv. 8. þm. Reykv. En þetta var miðað við tiltekin lágmarkslaun í upphafi. Hvernig komist var að þeirri niðurstöðu, það hef ég bara ekki handtækt hér á þessari stundu, þannig að ég get ekki svarað því hvernig menn komust að niðurstöðu um endilega þessar tölur, því miður.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég hef ekki svar við þessari spurningu hv. þm. og ætla ekkert að reyna að svara henni en vil aðeins skjóta því hér að að það er eðlilegt að þetta verði athugað betur í þeirri n. sem fær þetta mál til meðferðar og að menn geti þá skilað ítarlegu og rökstuddu svari þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson). Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á þskj. 208.

Eins og þingheimi er kunnugt var skattur þessi fyrst lagður á á árinu 1979 og hefur verið svo allar götur síðan. Ég hef reyndar margoft lýst því yfir að mér sé í nöp við skattheimtu af þessu tagi og þá sérstaklega þennan skatt. En staða ríkissjóðs er nú þannig að hann má alls ekki við því að afsala sér frekari tekjum. Í ljósi þessa þykir ekki verða hjá því komist enn einu sinni að innheimta sérstakan skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Eins og sjá má í frv. að fjárlögum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari og er áætlað að álagning skattsins nemi um 95 millj. kr. en að innheimta hans komi til með að skerðast lítið eitt og verður líklega ekki meiri en um 85 millj. kr. að meðtöldum eftirstöðvum fyrra árs.

Frv. þetta er efnislega alveg eins og lög nr. 74/1983, er vörðuðu álagningu og innheimtu skattsins í ár. Skatthlutfallið verður óbreytt frá fyrri lögum eða 1.1% af skattstofni sem er fasteignamatsverð í árslok 1984.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að ræða frekar um frv. þetta að sinni, enda er hér aðeins um að ræða ársframlengingu á skattinum sem varað hefur í fimm ár þó tímabundinn hafi átt að vera í fyrstu.

Að svo mæltu legg ég til að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir að hér er ekki um sérstakt eftirlætismál hæstv. fjmrh. að ræða. Ég man að þegar hann mælti fyrir þessu frv. í fyrra kvartaði hann undan því að það væru þung spor hingað í þennan ræðustól í þessari hv. deild til að mæla fyrir þessu frv.

Skatta, sem á eru lagðir, einkanlega skatt eins og þennan, verður að skoða í ljósi hvers tíma. Við Alþfl.-menn gerðum á sínum tíma till. um að þessi skattur yrði látinn niður falla í tveimur áföngum. Kannske var hæstv. fjmrh. þeirrar skoðunar líka, en hann treysti sér hins vegar ekki til að fylgja þeirri skoðun fram, enda ábyrgur maður sem ber ábyrgð á fjármálum ríkissjóðs

og segir nú í þessum ræðustól að ríkissjóður megi ekki við því að missa þessar tekjur. Ég skil það mjög vel.

En í ljósi þess að sköttum hefur verið létt af atvinnurekstri að undanförnu og í ljósi þess að verslun og þjónustuiðnaður hvers konar blómstrar nú meira hér á höfuðborgarsvæðinu en nokkru sinni fyrr — ekki bara í sögu lýðveldisins, heldur í sögu landsins, og það sjá menn og geta vitað hvert sem þeir horfa í kringum sig — og í ljósi þess að fjárhagur ríkissjóðs er nú svo bágur sem raun ber vitni vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort það væri ekki athugandi hugmynd að tvöfalda þennan skatt til að afla ríkissjóði frekari tekna. Skattbyrði fyrirtækjanna hefur verið létt. Fjmrh. hefur sjálfur sagt það oftar en einu sinni að verslunin gangi vel en hafi ekki skilað sínum hagnaði í lækkuðu vöruverði til neytenda. Hann hefur beðið þess og bíður þess enn. En væri nú ekki ráð fyrir ríkissjóð, þar sem þessar atvinnugreinar standa svo blómlega, að íhuga frekari skattlagningu í þessum efnum til að afla ríkissjóði enn frekari tekna?

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni, enda á ég sæti í þeirri n. sem um þetta mál fjallar. Ég er ekki endilega að gera þetta að minni till. hér og nú. Ég vil bara spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann mundi ekki ljá máls á því að tvöfalda nú þennan skatt til að afla ríkissjóði aukinna tekna.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil svara hv. 5. landsk. þm. því til að ég hef ekki hugsað mér að leggja fram tillögu um tvöföldun á þessum skatti þrátt fyrir það að verslun og þjónustustarfsemi blómstri í landinu. Ég held að það sé löngu liðin tíð að við getum haldið áfram að skattleggja eða jafnvel skattpína þær atvinnugreinar sem blómstra eða ganga vel. Þær þurfa að ganga vel, það þarf allur atvinnurekstur að ganga vel. Þeir skattar, sem hafa verið beint felldir niður eða endurgreiddir, hafa verið fyrst og fremst til undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. En þessi atvinnurekstur hefur ekki, svo ég viti til, notið neinnar sérstakrar fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum. Ég held því að ég verði að svara þessari spurningu neitandi og valda mínum ágæta starfsfélaga, hv. 5. landsk. þm., vonbrigðum hvað það snertir.

En það skil ég ekki hvers vegna menn tala alltaf um að hitt og þetta blómstri endilega hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég veit ekki til þess að verslun eða þjónusta blómstri neitt minna eða gangi nokkuð verr þar sem hún er yfirleitt stunduð í landinu. Það er þó kannske eðlilegt að í Reykjavík, þar sem mannfjöldinn er hvað mestur og um helmingur af þjóðinni býr, gangi verslun og þjónusta kannske eitthvað betur en á fámennustu stöðum úti á landi. Ég held að það sé kominn tími til að hætta þessum neikvæða samanburði fyrir Reykjavík, eins og hér búi ekkert annað en þjófar og ræningjar, en alls staðar utan við Reykjavík búi fólk sem er eðlilegt að öllu leyti. Það þarf að hætta þessu tali.

Eiður Guðnason: Ég verð nú, virðulegi forseti, að lýsa furðu minni á ummælum hæstv. fjmrh., að hann skuli segja við hv. dm. að hér hafi verið sagt að í Reykjavík búi ekkert annað en þjófar og ræningjar. (Gripið fram í.) Þetta eru svigurmæli sem ekki verður við unað og satt best að segja held ég að nærri láti að það varði þingvíti þegar svona orðbragð er viðhaft úr þessum ræðustól.

Ef hæstv. fjmrh. veit ekki hvað er að gerast í landinu, þá skal hann spyrja landsbyggðarþm. Sjálfstfl. t. d. — það er ekki langt að fara hjá honum, hann getur bara hallað sér til í stólnum — hvort verslun og þjónusta og atvinnustarfsemi yfirleitt úti á landi dafni með sama hætti og hún gerir nú hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er staðreynd að fjármagn hefur sogast inn á þetta svæði í mjög óeðlilegum mæli. Það er komin skekkja í þjóðfélagið. Þetta getur hæstv. fjmrh. kynnt sér allt saman ef hann kærir sig um.

En að hér búi þjófar og ræningjar — hver hefur sagt það og hver mundi voga sér að kalla samborgara sína þjófa og ræningja? Það hefur enginn maður viðhaft þau orð hér úr þessum ræðustóli og það er fyrir neðan virðingu hæstv. ráðh. að tala svona. En það breytir ekki þeirri staðreynd að hér hafa þjónustugreinarnar dafnað mjög vel. Auðvitað eiga fyrirtæki að bera sig, auðvitað eiga fyrirtæki að skila arði. En fyrirtæki eiga líka að borga skatta, hæstv. fjmrh. Hér hefur verið létt skattbyrði af fyrirtækjum á sama tíma og skattbyrði einstaklinga hefur verið aukin og hert. Þetta vita allir. Það var létt sköttum af bankakerfinu og það hefur verið létt margvíslegum gjöldum af atvinnurekstrinum. En auðvitað verður atvinnureksturinn að bera sig til þess að fólk hafi atvinnu, það eru hreinar línur.

En hér hefur orðið misvægi eins og öllum er ljóst sem vilja horfa á þessi mál. Ég veit að landsbyggðarþingmönnum úr báðum ríkisstjórnarflokkunum væri ljúft að votta þetta. Ég hugsa að hæstv. fjmrh. hafi fylgst með því alveg eins og ég hvernig stöðutáknum forstjóranna rignir inn á Reykjavíkursvæðið, bílum sem kosta 1700—1800 þús. kr. Hverjir eru vextirnir af fjármagni sem er bundið í einni svona blikkbelju, hæstv. fjmrh.? Ætli það séu ekki u. þ. b. þreföld mánaðarlaun verkamanns, 35—40 þús. kr.? Þetta sjá allir sem vilja sjá og hafa augun opin. Ég tek bara þetta eina dæmi af handahófi.

En þetta misvægi, sem hér hefur orðið, er hættulegt. Og þó svo að ég hafi sagt að ég telji verslun og þjónustu — sérstaklega hér á Reykjavíkursvæðinu — þannig í stakk búna að hún geti tekið á sig nokkuð auknar byrðar — það er bjargföst skoðun mín — þá mótmæli ég því nú enn í þriðja sinn að hér hafi verið látið að því liggja eða með nokkrum hætti sagt að í Reykjavík, þar sem við erum báðir fæddir og uppaldir, hæstv. fjmrh. og sá sem þetta mælir, búi eingöngu þjófar og ræningjar. Þetta eru ummæli sem eru fyrir neðan virðingu hæstv. fjmrh. og ég skora á hann að koma hér í ræðustól og taka þau aftur. Hann væri meiri maður af.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Mér þykir hlýða að leggja hér nokkur orð í belg þótt ekki sé tilefnið mikið, því hér er fyrst og fremst verið að framlengja skatt sem á hefur verið lagður mörg undanfarin ár. Ég átti þátt í því að ákvörðun var tekin um það á sínum tíma að þessi skattur skyldi á lagður. Ég hygg að við hv. þm. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., sem þá var fjmrh., höfum nokkuð um þetta fjallað á sínum tíma. Það voru þessir þrír flokkar, Framsfl., Alþb. og Alþfl., sem tóku ákvörðun um að þessi skattur var á lagður.

Sá er munurinn á afstöðu okkar Alþb.-manna og afstöðu framsóknarmanna og Alþfl.-manna til þessa máls að framsóknarmenn og Alþfl.-menn hafa verið að tala um það undanfarin ár að ástæða væri til að fella

þennan skatt niður og haft það á orði oftar en einu sinni og verið með vilyrði um það. En við Alþb.-menn höfum alla tíð verið á því að þetta væri réttlátur skattur og ætti að standa áfram og höfum ekkert gefið undir fótinn með það að hann yrði niður lagður með okkar vilja.

Það er bersýnilega nauðsynlegt í okkar þjóðfélagi að skapa framleiðsluatvinnuvegunum, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, örlítið forskot með þessum sérstaka hætti, að leggja skatt á húsnæði sem notað er í atvinnurekstri til annarra hluta, og þess vegna var þessi skattur á lagður. Ég tel að það séu full efnahagsleg rök fyrir því að þessi skattur sé við lýði og ekkert síður nú en áður, eins og þróunin hefur orðið seinustu árin.

Hv. þm. Eiður Guðnason kom hér áðan með þá uppástungu að skattur þessi yrði tvöfaldaður. Ég vil aðeins láta þess getið að við Alþb.-menn höfum þegar flutt hér á Alþingi formlega tillögu þessa efnis þannig að ekki stendur á okkur að samþykkja þá tillögu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Hv. 5. landsk. þm. talaði um það að verslunin blómstraði meira en áður í sögu þjóðarinnar og þá sérstaklega hér í Reykjavík og því ætti að tvöfalda þennan skatt sem hér er til umræðu. Síðan vitnaði hv. þm. í orð mín um verslun og þjónustu, að hún skilaði ekki því sem henni bæri til samfélagsins.

Orðin sem hv. þm. er eflaust með í huga eru þau sem ég lét frá mér fara eftir ráðstafanir ríkisstj. Þau voru á þá leið að ráðstafanirnar, sem ríkisstj. var þá að gera, hefðu ekki náð til almennings. Og það er dálítill munur á því að ráðstafanir opinberra aðila nái ekki til almennings eða að verslun og þjónusta skili ekki því sem þeim ber af ágóða eða veltu sinni til opinberra aðila. Það var undirstrikað að þetta ætti sérstaklega við Reykvíkinga. Þá vil ég segja að Reykvíkingar eru hvorki þjófar né þeir bandittar sem gefið er í skyn með þessum orðum.

Ég vil líka undirstrika að það er rétt að ég sem fjmrh. gerði tillögur um að létta sköttum af bankakerfinu og létta sköttum sérstaklega af almenningi. Ég reikna með að hv. þm. hafi þá átt við ferðagjaldeyrinn á sínum tíma. En sköttum er létt af bankakerfinu, hvort sem það er ferðagjaldeyrir eða aðrir skattar, til þess að létta á þjóðfélaginu í heild. Bankarnir hafa þá meira til ráðstöfunar og geta þá veitt sínum viðskiptavinum meiri þjónustu. Það er og verður stefna Sjálfstfl. að skilja sem mest eftir hjá einstaklingnum þannig að hann geti notið þess að hafa frumkvæði, en sem minnst eftir hjá því opinbera til þess að koma í veg fyrir þá sósíalíseringu sem hv. þm. berst fyrir og hans flokkur.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætlaði eiginlega að sitja á mér með að óska fjmrh. til hamingju með eins og hálfs árs afmæli svikanna á þessu kosningaloforði. En mér finnst þessi umr. vera farin svo á skjön að ég get ekki á mér setið.

Upphafleg réttlæting þessa skatts var sú að reyna að ná inn verðbólgugróða, sem svo var kallaður á þeim árum þegar verðbólga var hér og hét, a. m. k. ólíkt meiri en í dag. Í dag er þetta orðið spurning um það einfaldlega að halda tekjum hjá ríkissjóði sem er stórskuldugur við erlenda aðila og í þjóðfélagi þar sem ausið hefur verið inn erlendum lánum. Það er engin furða að þegar þessi mikli flaumur erlends fjármagns er búinn að fara í gegnum svokallaðar óarðbærar fjárfestingar skili hann sér inn í verslanirnar úr vösum og launaumslögum fólks. Að fara svo að hirða hann þar á þeim enda er að mínu mati að byrja algjörlega á öfugum enda á þessu vandamáli.

Vandamál okkar er ekki það hvað verslunin greiðir í skatta út af fyrir sig. Það er eðlilegt að hún greiði réttláta skatta. En okkar höfuðvandamál er og verður erlend skuldasöfnun. Það er hún sem er orsökin að þessari miklu blómstrun í verslun hér á höfuðborgarsvæðinu. Reyndar held ég að hv. 5. landsk. þm. hafi tekið dálítið óheppilegt dæmi um notkun verslunareigenda á þeim peningum sem þeim áskotnast með því að nefna bíla þar sem á annað hundrað prósent af verði þeirra rennur beint aftur í ríkissjóð.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég held að þetta dæmi með bílana hafi einmitt verið bæði nærtækt og heppilegt vegna þess að það er undarlegt og skýtur svolítið skökku við þegar bílar, sem kosta 1700 þús. eða svo, eru orðnir stöðutákn forstjóranna og ekki aðeins forstjóranna í einkafyrirtækjunum heldur líka ríkisforstjóranna og ráðherranna. Menn getur greint á um hvort þeir telja þetta eðlilegt eða ekki, ég tel það ekki eðlilegt. En hæstv. ráðh. lýsti því hér sem hann taldi vera stefnu Sjálfstfl. í skattamálum. Gott og vel, það getur vel verið að hann hafi farið rétt með það allt saman. En það sem hann var að lýsa var bara alls ekki stefna ríkisstj. og það er það sem skiptir höfuðmáli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 206). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Á seinni árum hefur skattlagning á tekjur manna sætt mikilli og vaxandi gagnrýni. Hefur sífellt borið meira á tillögum um verulega lækkun tekjuskatta eða afnám þeirra. Þessar almennu óvinsældir tekjuskattsins eiga sér eflaust margar skýringar, tekjuskatturinn eins og aðrir beinir skattar er ávallt sérgreindur og honum beint að tilteknum gjaldendum til greiðslu. Gjaldendur gera sér því mun betri grein fyrir hver skattbyrðin raunverulega er en gerist með óbeina skatta sem bæði leynast ósérgreindir í verði á vörum og þjónustu og falla þar að auki til greiðslu í fjölmörgum smáum greiðslum jafnóðum og stofnað er til útgjalda eða við vörukaup.

Önnur ástæða fyrir óvinsældum tekjuskattsins er sú að hann kemur nokkuð misjafnt niður á gjaldendum. Hefur í því sambandi verið á það bent að skattalög sköpuðu mönnum í atvinnurekstri rýmri möguleika til frestunar á greiðslum en launamönnum, en þó einkum að menn hefðu misgóða aðstöðu til ólöglegs undandráttar á tekjum frá skatti og ýmsir þeirra hópa, sem besta aðstöðu hafa í þeim efnum, nýttu sér hana til hins ýtrasta.

Skattsvik eru óneitanlega mikið þjóðfélagsvandamál.

Það dylst engum að þau eru útbreidd hér á landi og að mikið vantar á að skattasiðferði þjóðarinnar sé sem skyldi. Öllu erfiðara er þó að gera sér grein fyrir því tölulega hversu miklu fé er stungið undan skatti. Er reyndar að störfum hópur sérfræðinga sem leitast við að leggja mat á þetta, en þennan starfshóp skipaði ég í haust í framhaldi af þál. þar að lútandi á síðasta vori. Meira máli skiptir þó í þessu sambandi að grípa til raunhæfra aðgerða til að draga úr skattsvikum. Þar skiptir hert skatteftirlit langmestu máli og hafa nú þegar verið veittar stöðuheimildir fyrir 20 nýjum stöðum skatteftirlitsmanna.

Þriðja gagnrýnisatriðið á tekjuskattinn er að óhófleg tekjuskattsálagning dregur úr framtaki og vinnuvilja gjaldenda, en þessara áhrifa gætir lítt varðandi aðra skatta. Sú vitneskja manna að upp undir 60% af viðbótartekjum þeirra muni renna til hins opinbera hlýtur að draga verulega úr áhuga þeirra að leggja á sig aukið erfiði við viðbótartekjuöflun.

Þessi atriði og mörg fleiri hafa leitt til þess að margir stjórnmálamenn hafa gerst talsmenn þess að lækka verulega eða afnema tekjuskatt a. m. k. sem skattstofn ríkissjóðs. Ég dreg í efa að slíkt hjal sé alvara þeirra manna sem annars eru meðmæltir auknum ríkisumsvifum og ríkisforsjá á sem flestum sviðum. Hvað okkur sjálfstæðismenn áhrærir er afnám tekjuskatts af almennum launatekjum hins vegar eðlilegur liður í þeirri grundvallarstefnu flokksins að færa aukið vald til einstaklinga og samtaka þeirra og afnema óþarfa íhlutun og afskipti ríkisvaldsins, jafnframt því sem framtak einstaklinga og uppbygging atvinnurekstrar verði örvuð m. a. með aðgerðum í skattamálum.

Á s. l. vori var samþykkt hér á Alþingi þáltill. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum. Í framhaldi af þeirri samþykkt var í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. sept. s. l. tekið upp ákvæði um að fyrsti áfangi þessa afnáms tekjuskatts skuli nema 600 millj. kr. og skuli hann koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985. Í þessum áætlunum er ekki að því stefnt að tekjuskatturinn verði afnuminn með öllu. Áfram yrði tekjuskattur í einhverjum mæli lagður á þá sem best mega sín þannig að tekjuskattgreiðslur þeirra standi undir kostnaði við þá tekjuöflun sem felst í greiðslu ríkissjóðs á álögðum útsvörum þeirra sem standa höllum fæti og útborgun á barnabótum til láglaunafólks. Hins vegar er þess ekki að vænta að ríkissjóður muni hafa nettótekjur af tekjuskattinum eftir að þessi breyting er komin til framkvæmda. Verður því samhliða hinum einstöku áföngum í afnámi tekjuskatts að laga aðra þætti ríkisfjármálanna að þessum breyttu aðstæðum. Að mínu mati verður það helst gert með minnkun ríkisútgjalda samfara minnkandi ríkisumsvifum og minnkandi afskiptum ríkisvaldsins.

Það frv. sem hér er til umr. er útfærsla á fyrsta áfanga afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum. Með því er stefnt að skattalækkun hjá öllum gjaldendum tekjuskatts og að sú lækkun verði hlutfallslega mest hjá gjaldendum með lágar tekjur og tekjur í lágu meðaltali.

Annað *meginstefnumið* frv. er að draga úr þeim ójöfnuði sem ríkt hefur um skattlagningu hjóna með hliðstæðar tekjur eftir því hvernig tekjuöfluninni er skipt milli hjónanna. Í fjárlagafrv. er gengið út frá því að meðaltekjur á mann hækki um 22% milli áranna 1983 og 1984 og um 11.4% milli áranna 1984 og 1985. Í ljósi breyttra forsendna liggja nú fyrir nýjar áætlanir Þjóðhagsstofnunar um tekjuþróun og er þar gert ráð fyrir að meðalhækkun tekna verði svipuð milli áranna 1983 og 1984 og 1984 og 1985 eða því sem næst 25% í báðum tilvikum. Skattbyrði 1985 yrði því sú sama og 1984 ef skattvísitala verði nú hækkuð um 25%. Breytingar á fjárhæðum í lögum um tekju- og eignarskatt samkv. þessu frv. eru að megninu til grundvallaðar á slíkri hækkun skattvísitölu.

Til að ná þeim markmiðum, er að ofan greinir, er þó vikið frá þessu er varðar brtt. í 3. og 4. gr. frv. varðandi skattstiga og persónuafslátt. Er þess þar fyrst að geta að öll skatthlutföll eru lækkuð en þó mest hið fyrsta. Er gerð tillaga um að fyrsta skattþrepið verði 20% í stað 23%, annað skattþrepið verði 31% í stað 32% og þriðja 44% í stað núgildandi 45%. Jafnframt er gerð tillaga um að skattþrep verði þrengd nokkuð, en það veldur því að heldur dregur úr skattalækkun hinna tekjuhærri og fjárhagslegt svigrúm er skapað til að beina skattalækkuninni einkum að hinum tekjulægstu. Í annan stað er gerð tillaga um að ónýttur hluti neðsta skattþreps hjá hinu tekjulægra hjóna verði millifærður til hins makans allt að 100 þús. kr. og lengist neðsta skattþrep tekjuhærri makans sem þessu nemur á kostnað miðþrepsins. Sú mismunun milli skattlagningar heimila með hliðstæðar tekjur sem viðgengst nú hefur verið mönnum nokkur þyrnir í augum. Er innbyggt í núgildandi skattkerfi hagræði fyrir þær fjölskyldur þar sem bæði hjónin afla tekna umfram þær fjölskyldur sem hafa aðeins eina fyrirvinnu. Samkv. núgildandi lögum gæti sá munur sem er milli heildarskattlagningar hjóna, eftir því hvernig tekjuöflun skiptist á milli þeirra, mestur orðið 80 300 kr. við skattlagningu árið 1985. Með framangreindri tillögu er dregið úr þessum hámarksmismun.

Þrátt fyrir þessa lagfæringu er enn allnokkur munur á skattlagningu hjóna eftir skiptingu tekjuöflunar. Ég tel að nokkur munur sé mjög vel réttlætanlegur í þessum efnum. Það er augljóst mál að því getur fylgt kostnaður að bæði hjónin vinni úti, ekki síst ef börn eru á heimilinu. Er eðlilegt að tillit sé tekið til þessa kostnaðarauka við skattlagningu. Hitt er alltaf matsatriði hvaða fjárhæðir sé eðlilegt við að miða.

Frv. þetta leiðir til verulegrar lækkunar á tekjuskatti allra hópa gjaldenda. Nemur lækkun þessi frá 17.1% að meðaltali hjá hjónum upp í 18.6% að meðaltali hjá einstæðum foreldrum. Meðallækkun á álögðum tekjuskatti einhleypinga er þar á milli eða um 18.3%.

Eins og ég sagði hér að framan lækkar skattbyrði nær allra gjaldenda skv. till. frv. Sú lækkun er þó mismikil eftir tekjum gjaldenda. Sem hlutfall af tekjum er lækkunin þannig mest hjá hjónum með samanlagðar tekjur á bilinu 350—500 þús. kr. og lætur nærri að tekjuskattslækkun hjóna á þessum tekjubilum nemi að meðaltali 2% af tekjum ársins 1984. Hjá einhleypingum er lækkun skatta sem hlutfall af tekjum hæst á tekjubilinu 200—300 þús. kr. og er rúmlega 1% af tekjum ársins 1984 á þessum tekjubilum.

Þar sem lagt er til að álagningarkerfi tekjuskatts verði endurskoðað með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir að skattvísitala fyrir árið 1985 verði ákveðin í fjárlagafrv. Af þessu leiðir nauðsyn til að breyta ákvæðum nokkurra laga til að hækka fjárhæðir í hlutfalli við verðlags-

þróun milli ára. Er hér um að ræða lög um frádrátt frá tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, lög um Framkvæmdasjóð aldraðra og lög um tekjustofna sveitarfélaga. Mun verða mælt fyrir stjfrv. um þetta efni á næstu dögum. Einnig er gert ráð fyrir að hinn sérstaki barnabótaauki til lágtekjufólks sem samþykktur var á Alþingi s. l. vor verði einnig greiddur úr ríkissjóði árið 1985. Hefur þegar verið dreift frv. um framlengingu hans. Loks er gert ráð fyrir að lög um sjúkratryggingagjald verði framlengd.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að brýna nauðsyn ber til að þetta frv. hljóti hraða meðferð í þinginu. Í því er kveðið á um ýmsa þætti sem nauðsynlega þurfa að liggja fyrir er kemur að framtalsskilum í byrjun næsta árs. Vegna þeirra breyttu forsendna sem leiddu af nýgerðum kjarasamningum hefur þetta frv. orðið síðbúnara en æskilegt hefði verið, en ég treysti því að sá tími sem til stefnu er verði því betur nýttur og afgreiðslu þess verði lokið fyrir jólaleyfi þm.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Frv. um breytingar á tekjuskattslögum, sem hæstv. fjmrh. hefur hér lagt fram, verður væntanlega sent til hv. fjh.- og viðskn. Ed. þar sem betra tækifæri gefst til að skoða efni þess en hefur gefist. Ég get vissulega sagt að ekki er ástæða til annars en að taka þetta mál til vinsamlegrar athugunar og óneitanlega hefur það vissa kosti í för með sér. Ég vil leggja áherslu á að um er að ræða skattaskipti en ekki skattalækkun til almennings, eins og mönnum hættir til að leggja áherslu á þegar málið er til umr. Það er verið að framkvæma þá stefnu fjárlagafrv. að lækka tekjuskattinn, en jafnframt er bersýnilega að því stefnt að afla annarra tekna á móti frá almenningi sem ekki mun nema lægri upphæðum en nemur þessari tekjuskattslækkun.

Í fjárlögunum var gert ráð fyrir að um yrði að ræða hækkun á söluskatti. En eftir að samningaþófi lauk og samningar höfðu verið gerðir á hinum almenna vinnumarkaði lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að hann hygðist standa við þessa tekjuskattslækkun upp á 600 millj. kr. án þess að nokkrar aðrar tekjur kæmu á móti. Nú er hins vegar allt útlit fyrir að þessar hugleiðingar hæstv. fjmrh. reynist lítið annað en góður vilji. Hann hefur annaðhvort skipt um skoðun eða verið borinn ráðum því bersýnilega er að því stefnt að afla tekna á móti sem munu nema mjög hliðstæðum upphæðum og hér er um að ræða í sambandi við lækkun tekjuskattsins.

Í yfirlitsskjali, sem hæstv. ráðh. afhenti okkur fulltrúum stjórnarandstæðinga þegar skammt var til 1. umr. fjárlaga, var gerð grein fyrir endurskoðuðum tekjum ríkissjóðs. Þar var í fyrsta lagi gert ráð fyrir að aflað yrði viðbótartekna af sölu áfengis og tóbaks með sérstakri aukahækkun tóbaks og áfengis upp á 10% umfram almennar verðlagsbreytingar, en gert var ráð fyrir að þessi breyting mundi afla ríkissjóði um 150 millj. kr. tekna. Auk þess var gert ráð fyrir að ýmsir aukaskattar ríkissjóðs yrðu hækkaðir. Er þá átt við ýmiss konar gjöld sem lögð eru á almenning sem skiptir við ríkisstofnanir, leyfisgjöld ýmiss konar og annað þess háttar. Samanlagt námu þessar viðbótartekjur ríkissjóðs 620 millj. kr. eða nokkurn veginn sömu upphæð og nemur lækkun tekjuskattsins, þ. e. annars vegar 300 millj. kr. vegna hækkunar á ýmsum aukagjöldum ríkissjóðs og hækkunar á áfengi og tóbaki og svo hins vegar 320 millj. vegna annarra viðbótartekna.

Því miður hefur ekki enn fengist upplýst hvaða tekjur eða skattar það eru sem ríkisstj. hyggst nú afla og nefndar hafa verið viðbótartekjur fram að þessu. Ég trúi ekki öðru en að ríkisstj. sé búin að taka ákvörðun um það því hún hefur haft allmargar vikur til umþenkingar um það mál og nú á að fara að afgreiða tekjuskattslækkun. Auðvitað vilja menn vita hvað á að koma í staðinn og hvernig að þessu verður staðið. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh. hvort ekki sé ljóst hvernig þessara tekna verði aflað eða hvaða skattur verði fyrir valinu. Ég vænti að hann svari mér því sem hann veit um það mál.

Ég get upplýst hér að í Morgunblaðinu fyrir helgina var greint frá því að til stæði að hækka söluskatt. Reyndar var því bætt við að þingflokkur Framsfl. væri búinn að samþykkja þessa söluskattshækkun, en þingflokkur Sjálfstfl. væri ekki búinn að fallast á hækkunina og því væri málið enn óafgreitt. Þó ég sé ekki í hópi þeirra manna sem trúa öllu sem stendur í Morgunblaðinu, þá tryði ég ekki að þessi frétt væri í Morgunblaðinu ef hún hefði ekki við veruleg rök að styðjast. Hún er þess eðlis. Ég vil því eindregið skora á hæstv. fjmrh. að gera þm. grein fyrir hvernig þessi mál standa og hvort ekki sé um rétta fréttafrásögn Morgunblaðsins að ræða.

Um málið að öðru leyti vil ég segja að eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. er ekki um eintóma tekjuskattslækkun að ræða í þessu frv. Ég vona að öllum sé það ljóst. Hérna er ekki aðeins verið að skipta á tekjuskattslækkun á móti öðrum hækkunum á sköttum. Það er einnig verið að hreyfa til innbyrðis álagningu skatta innan tekjuskattskerfisins, sem m. a. kemur fram í því að persónuafsláttur er alls ekki hækkaður til fulls í samræmi við hækkun skattvísitölu um 25% sem auðvitað veldur tekjuskattshækkun hjá öllum skattgreiðendum. Þá er spurningin hvort þeir hafa þann hag af tekjuskattslækkunum skv. lið 1 og 2 að það geri meira en að jafna tekjuskattshækkunina skv. lið nr. 3. Ekki hef ég haft aðstöðu til að kynna mér þessa hlið málsins, en vænti þess að við meðferð málsins í nefnd verði okkur gerð grein fyrir hvaða áhrif þessi minni hækkun persónuafsláttarins hefur og hvort þetta kynni að valda tekjuskattshækkun í einstökum tilvikum. Ekki er hægt að útiloka það með öllu þó það megi vel vera að svo sé ekki.

Það eru sem sagt margar hliðar á þessu máli. Ljóst er að það eru fyrst og fremst hjón, þar sem annar maki hefur verulega miklar tekjur en hinn makinn tiltölulega litlar tekjur, sem njóta liðarins nr. 2. Það gefur mönnum heimild til að flytja ónýttan hluta neðsta skattþreps frá hinu tekjulægra hjóna og millifæra það til hins makans, þó ekki hærri upphæð en 100 þús. kr., og þannig að lengja neðsta skattþrep hans sem þessu nemur, en á kostnað miðþrepsins. Það er ljóst að þetta ákvæði, sem ég hef vitnað til, kemur fyrst og fremst takmörkuðum þjóðfélagshópi til góða. Ég er alls ekki viss um að það sé endilega tekjulægsta fólkið sem hér á í hlut. Í mörgum tilvikum mundi vera um að ræða að maður með mjög miklar tekjur og heimavinnandi eiginkonu hlýtur í auknum mæli að geta dregið ónýttan hluta skattþreps hjá makanum frá sínum tekjum, eða þannig skil ég þetta ákvæði.

En ég ætla ekki að orðlengja þetta, enda gefst betra tækifæri til að ræða þetta á síðara stigi, en ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðh.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð við þessa umr. þar sem ég hef ekki átt þess kost að kynna mér þetta frv. nægilega vel vegna fjarveru í síðustu viku. Mér sýnist þó, að að ýmsu leyti veki þetta frv. kannske fleiri spurningar en það svarar við fyrstu sýn. Væntanlega munu fást svör við þeim í umfjöllun fjh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar. Ég vil aðeins minna á í þessu sambandi að hér er um að ræða mjög gamalt baráttumál Alþfl., að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum, og það var vissulega nokkur sigur þegar þáltill. um það efni náði fram að ganga í lok síðasta þings. Það er hins vegar ekki í anda þess sem við ætluðumst til með afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum ef því verður aðeins mætt með auknum álögum á almenning á öðrum sviðum. Og þar eru líka spurningar, eins og fram kom í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. v., sem engin svör hafa fengist við, en ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð hér. Svör við því fást væntanlega í nefndinni.

Að lokum get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á þeim sérstaka kafla í ræðu hæstv. fjmrh., er hann mælti fyrir þessu frv., þar sem hann fjallaði um skattsvikin. Ég held það geti verið fróðlegt fyrir hv. þm. að bera saman þennan kafla í ræðu hæstv. fjmrh. við það sem hann sagði fyrir fáeinum mínútum þegar við áttum nokkur orðaskipti úr þessum ræðustól. Þar sýnist mér eitt reka sig á annars horn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil reyna að svara hv. 3. þm. Norðurl. v. um það frv. sem hér er og fjallar um niðurfellingu á tekjuskatti að upphæð 600 millj. kr. Það er rétt að í því fjárlagafrv. sem liggur frammi er gert ráð fyrir tilfærslum frá beinum yfir í óbeina skatta og þar með hefði verið út af fyrir sig staðið við niðurfellingu á tekjuskattinum. En það er líka rétt að það er öðruvísi skilið í fjárlagafrv. en ég vildi túlka það, þannig að þegar kjarasamningar koma út fyrir launafólk eins og raun ber vitni varð ríkisstj. sammála um að reyna að koma því þannig fyrir að hér yrði um tekjuskattslækkun að ræða án innheimtu nýrra skatta á móti. Ég tel að við það sé staðið með þeim frv. sem lögð hafa verið fram.

Hitt er svo annað mál að önnur atriði, aðrar niðurfellingar eða endurgreiðslur á söluskattinum sjálfum, t. d. sem svarar til um 1% af söluskatti, endurgreiðsla milli 400 og 500 millj. til sjávarútvegsins sem fyrirhuguð er á næsta ári, — þann tekjumissi verður að bæta upp að einhverju leyti. Það er gert á ýmsan hátt, en þó ekki með hækkun á áfengi og tóbaki eða á þeim vörum og þjónustu sem ÁTVR veitir, — eða aukasköttunum sem hv. þm. gat um, — heldur er það tekjuöflun til að mæta halla á fjárlögum af öðrum ástæðum. En eftir er að gera grein fyrir 320 millj. og ég verð að segja að ýmsar leiðir hafa verið ræddar, bæði í ríkisstj. og báðum stjórnarflokkunum. Þar á meðal er hugsanleg söluskattshækkun úr 23.5% upp í 24%, um hálft prósentustig, til að mæta niðurfellingu á heilu prósentustigi til sjávarútvegsins eða hér um bil heilu prósentustigi. Þetta er ein af mörgum leiðum sem hafa verið ræddar og það er út af fyrir sig rétt hjá Morgunblaðinu, en það er ekki búið að taka ákvörðun um tekjuöflunarleiðina. En tekjuöflunarleið verðum við að finna og mun sú leið verða kynnt þegar fjárlagafrv. verður rætt.

En að lokum vil ég benda hér á neðstu grein á bls. 3 og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa hana upp og vona að hv. 3. þm. Norðurl. v. heyri, en þar stendur:

„Skv. till. þessari lækka skattar undantekningarlaust hjá öllum að undanskildum rúmum tug framteljenda með mjög lágar tekjur en nokkurn eignarskatt. Geta skattar hækkað hjá þessum mönnum um allt að lækkun persónuafsláttar er nemur 1875 kr."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 192 (sbr. 103)). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl. á þskj. 103 eins og það hefur verið afgreitt frá hv. Nd., sbr. þskj. 192. Frv. þetta var upphaflega samið af svokallaðri kirkjulaganefnd er skipuð var til þess að endurskoða kirkjulöggjöfina. Að tilhlutan kirkjuráðs var frv. lagt fyrir kirkjuþing á árinu 1982 er gerði á því smávægilegar breytingar. Veturinn 1982—83 var það síðan lagt fyrir Alþingi og fékk þá ekki umfjöllun og aftur fyrir síðasta þing þar sem því var þá vísað til nefndar og sent til umsagnar sóknarnefnda, en ekki vannst tími til þess að afgreiða málið. Það var síðan lagt fyrir hv. Nd. í upphafi þessa þings og hefur nú verið afgreitt þaðan með breytingum sem eru flestar smávægilegar að undantekinni einni sem ég mun víkja að síðar.

Núgildandi ákvæði um sóknir og sóknarnefndir er fyrst og fremst að finna í lögum nr. 36/1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsfunda. Auk þess er að finna ákvæði um þetta efni í öðrum lögum, einkum lögum nr. 35/1970, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð.

Í I. kafla frv. er vikið að umdæmaskiptingu innan þjóðkirkjunnar. Sóknin er grunneining í þeirri umdæmaskiptingu. Um skiptingu landsins í prófastsdæmi og prestaköll og hvaða sóknir tilheyra hverju prestakalli er ekki fjallað í þessu frv., enda er það gert í lögum nr. 35/1970, um skipan prestakalla, prófastsdæma og um Kristnisjóð.

Í II. kafla frv. er fjallað um kirkjusóknir og skipan þeirra, um sóknarmörk, skiptingu kirkjusókna, sameiningu þeirra og um það hvenær og hvernig sókn verði lögð niður. Hér er um fyllri ákvæði að ræða en nú eru í gildandi lögum.

Ákvæði 4.—6. gr. frv., um breytingu á sóknarmörkum, niðurlagningu sókna o. fl., eru að mestu efnislega samhljóða ákvæðum 11.—13. gr. laga nr. 35/1970. Þó er rétt að benda á að í gildandi lögum er tilskilið að kirkjumálaráðherra staðfesti breytingar er kunni að verða gerðar á mörkum sókna og sóknaskipan að undangenginni umfjöllun viðkomandi safnaða og héraðsfunda og að fengnum tillögum biskups. Í frv. er

einungis gert ráð fyrir afskiptum ráðh. af slíkum málum, ef tillögur ná eigi samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfunda.

Í 3. gr. er kveðið á um að í kirkjusókn skuli að jafnaði eigi vera fleiri en 4000 sóknarmenn og eigi færri en 100. Hér er fyrst og fremst um viðmiðunarreglu að ræða. Í lögum nr. 35/1970, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, eru í gildi þær viðmiðunarreglur að í Reykjavíkurprófastsdæmi skuli jafnan vera svo margir prestar að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali, en í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis er miðað við að 4000 manns komi á hvern prest.

Það er nýmæli að tilgreina lágmarksfjölda sóknarmanna. Í nokkrum sóknum eru færri en 100 sóknarmenn. Spyrja má hvort með þessu ákvæði sé verið að þvinga fram fækkun sókna. Svo er raunar ekki. Eins og fyrr greinir er hér um að ræða viðmiðunarreglur. Það er undir vilja sóknarmanna komið hvort þeir kjósa að leggja niður sókn og sameinast annarri og þarf slíka ákvörðun m. a. að leggja fyrir aðalsafnaðarfund. Víða kann að vera heppilegt að sameina tvær eða fleiri sóknir í eina þar sem landfræðilegar eða félagslegar ástæður mæla með því. Umrætt ákvæði ætti að ýta undir þessa þróun án þess að þvinga hana fram.

Í III. kafla er fjallað um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu og að nokkru um stöðu þeirra og réttindi og skyldur innan sóknar og þar af leiðandi innan þjóðkirkjunnar. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá meginreglu að skírn sé forsenda fyrir því að menn tilheyri þjóðkirkju.

Rétt er að vekja athygli á ákvæðum 9. gr. Þar er tilgreindur réttur sóknarmanna til guðsþjónustu. Í sóknum, þar sem sóknarmenn eru nú 600 hið fæsta, skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Í sóknum, þar sem eru færri sóknarmenn, er guðsþjónusta bundin við annan hvern, fjórða hvern eða áttunda hvern helgan dag eftir nánari reglum þar um. Það kann að orka tvímælis hvort rétt sé að binda guðsþjónustuskylduna í lögum með þeim hætti sem hér er gert og vakti ég athygli á því við framsögu mína í hv. Nd. og vísaði því til hv. menntmn. Þetta ákvæði var hins vegar samþykkt óbreytt í hv. Nd.

IV. kafli fjallar um safnaðarfundi, m. a. verkefni þeirra, starfshætti, fundarboðun, ályktunarfærni o. fl. Ákvæði frv. um þetta efni eru ítarlegri en ákvæði gildandi laga.

Í V. kafla eru ákvæði um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Samkvæmt gildandi lögum eru þrír sóknarnefndarmenn þar sem sóknarmenn eru færri en 1000 en annars fimm. Samkvæmt 14. gr. frv. er gert ráð fyrir að fjölga sóknarnefndarmönnum þannig að þeir verði þrír þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö, og níu ef sóknarmenn eru fleiri en 4000.

Frv. gerir ráð fyrir því að kjörtímabil sóknarnefnda verði fjögur ár í stað sex ára samkvæmt gildandi lögum.

Í 22. gr. frv. var lagt til að safnaðarfulltrúar yrðu kosnir af sóknarnefndum í stað þess að þeir eru nú kosnir á safnaðarfundi. Var þar fylgt ályktun kirkjuþings frá 1978 um þetta efni en nauðsynlegt þótti að safnaðarfulltrúar væru í sem nánustum tengslum við sóknarnefnd á hverjum stað. Þessu ákvæði var hins vegar breytt í hv. Nd. í það horf sem það er samkvæmt gildandi lögum, að safnaðarfulltrúi sé kjörinn af aðalsafnaðarfundi. Finnst mér það orka nokkuð tvímælis því ég held að æskilegt sé að sóknarnefndir séu tengdar þannig að það sé fulltrúi frá þeim sem situr héraðsfundi. En vitanlega er hægt að koma því þannig fyrir með kosningu enda þótt það sé ekki bundið í lögum.

Í 24. gr. er það nýmæli að gert er ráð fyrir að biskup setji sóknarnefndum erindisbréf.

Í VI. kafla er ákvæði um starfsmenn sókna. Er þar um nokkurt nýmæli að ræða sem ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um.

VII. kafli fjallar um héraðsfundi og héraðsnefndir. Í 36. gr. er kveðið á um að í hverju prófastsdæmi skuli starfa þriggja manna héraðsnefnd sem er framkvæmdanefnd héraðsfunda. Ætti þetta að efla kirkjulega starfsemi innan hvers prófastsdæmis og horfa til bóta.

Ég hef hér, hæstv. forseti, rakið helstu atriði frv. þar sem um nýmæli er að ræða. Legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 170. mál (þskj. 179). — 1. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Í fjarveru 1. flm., sem átti sæti á þingi sem varamaður, leyfi ég mér að mæla fyrir frv. á þskj. 179 sem við flytjum í sameiningu. Það er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Aðrar breytingar á þeim lögum hefur mjög borið á góma í þessari hv. deild í dag. Þar sem hér er um að ræða frv. sem áður hefur verið flutt á hinu háa Alþingi og þingmönnum er því gjörla kunnugt sé ég ekki nauðsyn til að hafa um það mörg orð.

Höfuðtilgangur þessa frv. er að bæta hag hinna lægst launuðu og bótaþega almannatrygginga með því að greiða þeim úr ríkissjóði þann hluta persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts sem ekki nýtist til lækkunar álagðra gjalda, á sama hátt og nú er um barnabætur.

Hér er um neikvæðan tekjuskatt að ræða til hagsbóta fyrir hina verst settu og lið í þeirri afkomutryggingu, sem við Alþfl.-menn svo nefndum og höfum verið að beita okkur fyrir, og um leið þátt í tillögugerð Alþfl. um mótun nýrrar efnahagsstefnu. Þetta frv. hefur sem sé áður verið flutt hér en eigi náð fram að ganga.

Nú er verið að ræða hér um lækkun tekjuskatts og eins og fram hefur komið fyrr í dag er raunar ætlunin að mæta henni með öðrum skattahækkunum að öllu eða mjög verulegu leyti. En það er grundvallaratriði að mati flm. þessa frv. að tekjuskattslækkun komi einnig þeim tekjulægstu á vinnumarkaði og elli- og örorkulífeyrisþegum til góða. Því er þetta frv. flutt.

Þær upphæðir sem nefndar eru í þessu frv. miðast við skattárið 1984. Gert er ráð fyrir að þær breytist með skattvísitölu eins og aðrar sambærilegar upphæðir í lögum um tekju- og eignarskatt.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta frv. fleiri orð að þessu sinni. Ég vona að það fái jákvæðar móttökur í þessari hv. deild, en við munum auðvitað íhuga, ef frv. nær ekki fram að ganga, að flytja

sjálfstæða till. þegar aðrar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt koma til atkvgr. í þessari hv. deild, þ. e. þegar þau lög eru opin til breytinga.

Ég legg síðan til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 174). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Aðdragandi þessa máls kemur fram í fskj. með frv. Bréf var skrifað til Verðlagsráðs sjávarútvegsins þann 13. nóv. 1984. Kemur þar fram að óskað er eftir því í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru upp komnar að nýtt verðtímabil hæfist á næstu vikum í stað áramóta og stæði það eigi skemur en til loka vertíðar og e. t. v. lengur, m. a. með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga.

Rn. telur að Verðlagsráð geti tekið slíka ákvörðun ef um það er samkomulag í ráðinu, eins og kemur fram í því bréfi sem fylgir með frv.

Í framhaldi af því skrifaði Verðlagsráð annað bréf þann 16. nóv. 1984 svohljóðandi:

„Á sameiginlegum fundi allra deilda Verðlagsráðs sjávarútvegsins í gær var lagt fram bréf sjútvrn. dags. 13. þ. m., þar sem rn. beinir m. a. því til Verðlagsráðsins hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð fyrr en áður var ákveðið o. fl. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

„Með tilliti til álitsgerðar Sveins Finnssonar, framkvæmdastjóra ráðsins, telur Verðlagsráð sér ekki heimilt, að óbreyttum lögum, að taka upp lágmarksverð á sjávarafla til nýrrar ákvörðunar, sem taki gildi áður en gildandi verðtímabil er útrunnið."

Meðfylgjandi er ljósrit af tilvitnaðri álitsgerð framkvæmdastjóra ráðsins er lögð var fram á fundinum.

Enn fremur fylgja með verðtilkynningar ráðsins um sjávarafla o. s. frv."

Sem fskj. III fylgir álitsgerð lögfræðings ráðsins, og í framhaldi af þessu svari er þetta frv. flutt, þar sem fram kemur að Verðlagsráð sjávarútvegsins skuli ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla, eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða:

„Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla, er gildi fyrir tímabilið 21. nóv. 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð."

Þetta þýðir í stuttu máli að það er heimilt að segja upp öllu fiskverði nema almennu fiskverði, þ. e. loðnuverði, rækjuverði og ýmsum öðrum verðum sem þarf að ákveða oft með tilliti til nýrra aðstæðna á mörkuðum með tiltölulega litlum fyrirvara. Hins vegar er það svo varðandi almennt fiskverð að markaðsaðstæður breytast almennt ekki mjög snögglega og því hefur verið venjan að ákveða það verð til lengri tíma.

Hér er gengið út frá því að verð þetta sé ákveðið til 31. ágúst en þó uppsegjanlegt frá og með 1. júní 1985, þ. e. í lok vertíðar. En það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að slíkt verð gildi út vertíðina og vart hægt að hugsa sér að fara að taka verðið upp nú í byrjun desember og síðan aftur um áramót. Þar að auki mun taka nokkurn tíma að fjalla um nýtt fiskverð. Þær viðræður eru þegar hafnar, en að sjálfsögðu nokkuð í land að þeim ljúki, og nauðsynlegt að frv. þetta geti orðið að lögum sem allra fyrst til að greiða fyrir þeim viðræðum og samningum sem þar eiga sér stað.

Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt með tilliti til kjaramála sjómanna, afkomu útgerðar og tekjuskiptingar innan sjávarútvegsins almennt, en með hliðsjón af þeim atburðum sem þegar hafa orðið er nauðsynlegt að taka upp fiskverð.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Það hefur því miður fallið niður í frv. að taka fram um gildistöku, eins og stundum hefur komið fyrir áður, og vænti ég þess að hv. sjútvn. taki það mál til athugunar, en að sjálfsögðu er nauðsynlegt að fram komi að lögin öðlist gildi þegar við samþykkt frv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess við 1. umr. um þetta mál í þessari þd. að drepa á nokkur atriði sem þetta mál snertir óhjákvæmilega. Ég vil taka það fram fyrst að ég tel auðvitað eðlilegt að allt verði gert sem hægt er til að tryggja að sjómenn fái sömu hækkanir á sínum hlut og landverkafólk hefur þegar fengið samkvæmt kjarasamningum og því eðlilegt að fiskverð taki gildi fyrr en ella hefði verið að óbreyttum lögum.

En ég vil í fyrsta lagi gera þá athugasemd að það eru auðvitað ekki aðeins nýir kjarasamningar sem gera það nauðsynlegt að nýtt fiskverð verði ákveðið hið fyrsta, heldur kemur þar og fleira til, m. a. almenn afkoma útgerðarinnar í landinu. Ég vil í tilefni af þessu frv. spyrja hæstv. sjútvrh.: Hver er afkoma útgerðarinnar eins og staðan er talin vera núna, helst eftir útgerðargreinum, þ. e. í fyrsta lagi bátar, í öðru lagi minni togarar og í þriðja lagi stærri togarar. Þetta eru upplýsingar sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. hafi á hraðbergi og geti greint okkur frá hér við þessa umr.

Í öðru lagi vil ég benda á að það tímabil sem hér er gert ráð fyrir að fiskverð gildi er mjög langt, óvenjulega langt tímabil, það er talað um að fiskverðið gildi frá 21. nóv. 1984 og ekki til 1. mars, eins og stundum hefur verið miðað við eða 1. júní, heldur til 31. ágúst 1985. Þetta er auðvitað óvenjulega langur tími miðað við það sem áður hefur gilt um verðákvarðanir í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þetta er ekki síst langur tími með tilliti til þess að þó að kjarasamningar renni út 31. ágúst, eða unnt sé að segja þeim upp frá 1. sept. öllu heldur, þá er í lögum um launamál o. fl. frá í des. 1983, en þau voru staðfesting á brbl. frá 27. maí 1983, gert ráð fyrir því að verðbætur á laun séu bannaðar og Ólafslög svokölluð tekin úr gildi út maí 1984, en í lögunum um launamál er þar með gert ráð fyrir því að vísitölubætur geti komið á

laun 1. júní 1985, ef ekki verða sett ný lög í millitíðinni.

Ekkert frv. hefur komið fram um það enn frá hæstv. ríkisstj. að banna vísitölugreiðslur á laun áfram eftir 31. maí 1985. Það er þess vegna ekki samræmi í því annars vegar að gera ráð fyrir því að Ólafslög fari að telja á ný og hins vegar svo því að fiskverð gildi til 31. ágúst 1985. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji ekki að hér sé um að ræða óeðlilega langt tímabil og hvaða rök séu fyrir því að hafa tímabilið svona langt með tilliti til allra aðstæðna, m. a. þeirra almennu hreyfinga á okkar efnahagslífi sem fyrirsjáanlegar eru á árinu 1985.

Þetta eru þau atriði, herra forseti, sem ég vildi koma hér á framfæri um leið og ég ítreka að það er okkar skoðun í Alþb. að það sé auðvitað eðlilegt að sjómenn fái hækkun á sínu fiskverði til samræmis við þær hækkanir sem hafa verið ákveðnar á launatöxtum í landi, enda þótt slík hækkun komi auðvitað fyrir lítið hjá sjómönnum eins og öðrum eftir þær ráðstafanir sem ríkisstj. hefur gripið til, þá pólitísku gengisfellingu sem hún ákvað fyrir nokkru, sem ekki einasta hafði það í för með sér að kaupmáttur launa verður ekki meiri en á fjórða ársfjórðungi 1983 heldur verður kaupmáttur launanna jafnvel ívið minni en þá var, en það var kaupmátturinn sem ríkisstj. þó gerði ráð fyrir að reyna að ná og lýsti yfir aftur og aftur að hún mundi miða við. Ríkisstj. er m. ö. o. búin að taka með gengislækkuninni meira en nemur þeirri kauphækkun sem samið var um en auðvitað verða sjómenn að fá þessa hækkun allt að einu til þess að vera þó jafnstæðir öðrum andspænis þeim almennu kjörum sem um er að ræða í landinu.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það voru tvær spurningar sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín. Í fyrsta lagi hver væri afkoma sérstaklega í útgerðinni og væntanlega þá í fiskvinnslunni líka. Síðustu tölur sem liggja fyrir um það mál eru frá því í sumar. Ég afhenti þau gögn á þeim tíma fulltrúum allra flokka í sjútvn. þingsins og ég vænti þess að þau hafi borist áfram til manna í viðkomandi þingflokkum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að rifja þær tölur upp, enda þær orðnar nokkuð gamlar. Hins vegar er Þjóðhagsstofnun að vinna að nýjum upplýsingum um þessi mál, m. a. vegna ákvörðunar um fiskverð. Ég hef ekki enn fengið þau gögn í hendur, þau eru ekki tilbúin, en það er stefnt að því að einhver gögn geti legið fyrir seinni hluta þessarar viku. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að rifja hér upp gamlar upplýsingar um þessi mál en mun að sjálfsögðu koma þessum upplýsingum á framfæri við hv. þm. um leið og þær liggja fyrir og ég hef fengið þær í hendur.

Önnur spurningin var hvort hér væri ekki um óvenjulangan tíma að ræða. Ég tel svo ekki vera og minni á að um almennt fiskverð var samið síðast frá og með 1. júní á s. l. vori. Þá var gengið frá fiskverði með samkomulagi milli oddamanns og seljanda, þ. e. fulltrúa útvegsmanna og sjómanna. Það er að mínu mati eðlilegt að fiskverð gildi fram yfir lok vetrarvertíðar. Það er að vísu alveg rétt hjá hv. þm. að það hefur komið fyrir að verðið hafi aðeins verið ákveðið til 1. mars. Þá voru hins vegar nokkuð aðrar aðstæður, m. a. voru þá greiddar verðbætur á laun með þriggja mánaða millibili. Ég tel því óeðlilegt að ákveða ekki fiskverð fram yfir lok vertíðar og raunar sjálfsagt að láta það gilda fram til 1. júní 1985, almennt fiskverð. Hins vegar er mjög óheppilegt að ákveða allt of langt fram í tímann um ýmsar aðrar tegundir þar sem sveiflur á mörkuðum eru oft á tíðum mun meiri. En það sem Verðlagsráðið á ekki síst að hafa hliðsjón af eru aðstæður á okkar mörkuðum. Markaðssveiflur verða yfirleitt ekki mjög snöggar að því er varðar almennt fiskverð. Nú er svo komið að allir verðjöfnunarsjóðir eru nánast tómir og ef aftur yrði markaðssveifla upp á við um einhvern tíma væri að sjálfsögðu mikilvægt að geta lagt eitthvað fyrir í Verðjöfnunarsjóðinn. Við sjáum að vísu ekki fram á það að svo stöddu.

Ég get því ekki annað en svarað spurningu hv. þm. þannig að ég telji þetta á allan hátt eðlilegt. Hér er miðað við sama gildistíma og kjarasamningarnir, en þó er sú mikilvæga undantekning að hér er heimild til uppsagnar frá 1. júní að því er varðar almennt fiskverð og á öllum öðrum tegundum hvenær sem er.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það að hér er vissulega um nokkuð langan tíma að ræða varðandi bindingu á fiskverði. Það má auðvitað segja að ýmislegt mæli með því að fiskverðsákvörðun verði nú gerð, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, frá 21. nóv. miðað við það sem gerst hefur á hinum almenna vinnumarkaði. Ég dreg þó mjög í efa að breyting í þessa átt verði sjómönnum almennt til hagsbóta það tímabil sem hér um ræðir.

Nú er vitað mál að sjómenn undirbúa sig til kjarabaráttu um áramót. Æði mörg, kannske velflest sjómannafélög í landinu hafa sagt upp sínum kjarasamningum miðað við þann tíma og hyggja á miklar aðgerðir til að endurheimta þá gífurlegu kjaraskerðingu sem sjómenn hafa orðið fyrir, talsvert umfram aðrar launastéttir í landinu, vegna ýmissa atriða sem margoft hafa komið hér fram á Alþingi. Með því að binda fiskverð frá 21. nóv. og allt fram í júní eða jafnvel september sýnist mér að verið sé að leggja stein í götu þeirrar kjarabaráttu sem sjómenn undirbúa sig nú til að heyja á næstu mánuðum.

Ég held að enginn mæli á móti því að sjómenn hafa tekið á sig miklu meiri kjaraskerðingu en almennt hefur gerst í landinu hjá launafólki og hefur skerðingin hjá almennum launamanni þó verið ærin. Þetta stafar auðvitað af margvíslegum ástæðum. Þar kemur kvótinn inn í, þar koma markaðsmál að sjálfsögðu inn í líka, sem erfitt er við að eiga, en eigi að síður er staðreyndin sú að sjómenn hafa tekið á sig mun meiri kjaraskerðingu en aðrir.

Ég er ekkert viss um að þetta frv. sé endilega flutt með það í huga að standa að raunverulegum kjarabótum til handa sjómönnum þetta umrædda tímabil. Ég held, eins og ég sagði áðan, að þessi breyting á fiskverðsákvörðun geti alveg eins orðið til þess að leggja stein í götu þess að sjómannasamtökin geti með eðlilegum hætti háð sína kjarabaráttu sem þau hafa nú boðað frá áramótum og binding með þessum hætti gæti orðið til þess að sjómenn ættu erfiðara um vik að sækja auknar kjarabætur á þessu tímabili. Nú er það líka ljóst að mikið af hinum verðmætari afla er svo að segja uppurið og þegar veitt þann 21. nóv. Það sem eftir er ársins eru afskaplega lítil verðmæti víðast hvar í þeim afla sem fiskast. Það styður enn þær hugmyndir mínar að það sé ekki fyrst og fremst góðvild í garð sjómannastéttarinnar sem ræður flutningi þessa frv. heldur sé hér

allt eins verið að leggja stein í götu eðlilegrar kjarabaráttu af hennar hálfu. Að sjálfsögðu verður þetta allt saman kannað frekar í n. Ég tel víst að sjútvn., sem ég geri ráð fyrir að fái þetta mál til meðferðar, leiti álits t. d. Sjómannasambands Íslands og spyrjist fyrir um viðhorf þeirra samtaka til þessarar breytingar á lögunum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Liggi það fyrir að þau telji brýna þörf á að breyta á þann veg sem frv. gerir ráð fyrir og að baki liggi sú hugsjón að bæta kjör og stöðu sjómannastéttarinnar, þá er auðvitað sjálfsagt að verða við því. En ég dreg mjög í efa að málið liggi eins og það nú blasir við mér og hef því allan fyrirvara á um stuðning eða afstöðu til málsins þar til ýmsar mikilvægar upplýsingar liggja fyrir eftir að n. hefur fjallað um málið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan. Ég var auðvitað ekki að fara fram á það við hann að hann læsi upp þær upplýsingar um afkomu útgerðarinnar sem við fengum hér í sumar. Það voru gögn sem ég bjóst við að væru tilbúin, ný gögn um þessi mál, sem ég var að spyrja eftir. Hæstv. ráðh. upplýsti okkur um að hann mundi koma þeim gögnum á framfæri við okkur núna í vikunni og ég legg á það áherslu fyrir mitt leyti að sjútvn., sem fær þessi mál til meðferðar, fái þessi gögn um afkomu útgerðarinnar svo að hún geti tekið á þessu frv. með tilliti til allra aðstæðna með eðlilegum hætti.

Ég tek einnig undir það, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan, að auðvitað verður það að vera tryggt að Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið fái þetta frv. til umsagnar, með tilliti til þeirra kjarasamninga sem þar standa nú fyrir dyrum. Og það verður auðvitað að vera alveg skýrt að hér sé verið að gera samþykkt til þess að greiða fyrir því að sjómenn geti fengið sambærilegan hlut við aðra og að þetta frv., ef að lögum verður, verði á engan hátt notað til að þrengja að sjómannasamtökunum frá því sem ella hefði verið.

Í því sambandi má minna á að skv. þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á að koma kauphækkun 1. apríl n. k., ef ég man rétt, eða 1. maí, upp á 3—4% eða svo. Ég tel eðlilegt að sú kauphækkun verði þá tekin með inn í fiskverðsákvörðunina núna ef fiskverð verður ákveðið fyrir þetta langa tímabil. Vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi fyrir sitt leyti gert ráð fyrir því að fiskverð verði ákveðið í samræmi við þær hlutfallshækkanir sem samningar náðust um í kjarasamningum núna í haust, og þar á meðal verði gert ráð fyrir því að sérstök aukahækkun komi á fiskverð á fyrri hluta samningstímabilsins, 1. maí eða 1. apríl. Það er nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en sjútvn. afgreiðir málið af sinni hálfu.

Mér fannst það athyglisvert, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. svaraði ekki þeirri ábendingu minni hvernig ríkisstj. sæi þetta frv. með tilliti til þess að Ólafslög, sem svo hafa verið nefnd, lög nr. 13/1979, koma í samband aftur frá og með 1. júní n. k. Það hafa komið yfirlýsingar um það frá hv. 1. þm. Suðurl., formanni Sjálfstfl., að hann teldi eðlilegt að vísitölubann yrði áfram í lögum og vera kann að það sé ákvörðun ríkisstj. að flytja frv. þess efnis á þessu þingi. En ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., og ef hann ekki svarar því þá hæstv. forsrh., hvort það sé ætlun ríkisstj. að hafa hér í gildi áfram vísitölubann eftir að lögin eru fallin úr gildi, þ. e. 31. maí n. k. þegar Ólafslög eiga að taka við. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum, m. a. vegna þess að hún er hér að tala um fiskverð sem á að gilda til 31. ágúst 1985. Ég ítreka því þessa spurningu mína til hæstv. ríkisstj. varðandi vísitölubann á laun. Eða er það kannske svo að ríkisstj. sé horfin frá yfirlýsingum sínum í þessum efnum og geri ráð fyrir því að Ólafslög fari að telja aftur frá og með 1. júní 1985 og svo aftur 1. sept. og 1. des. það ár?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skildi hv. 3. þm. Reykv. ekki þannig að hann væri að beina þessari fsp. til mín. Ég leit ekki svo á að hann væri með almennar hugleiðingar um þessi mál því það liggur mjög skýrt fyrir af hálfu ríkisstj., eftir yfirlýsingu hennar, að ég held ég muni rétt, frá því í sumar, að hún telur að ekki eigi að taka upp vísitölubætur á laun. Það þarf að sjálfsögðu að gera viðeigandi ráðstafanir og breyta lögum til að þessi vilji ríkisstj. komist til framkvæmda. Ég hélt að þetta mál lægi alveg skýrt fyrir og ég leit ekki á þetta sem fsp. af hálfu hv. þm.

Að því er varðar fiskverðshækkun almennt, þá er það að sjálfsögðu mál sem þarf að meta með hliðsjón af afkomu sjávarútvegsins, markaðsmálum og samanburði við aðrar stéttir. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að heppilegt sé að taka upp þá siði að fiskverð breytist ávallt nákvæmlega eins og önnur laun í landinu. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvort menn trúa því, eins og mér heyrðist að hv. þm. væri hér að halda fram, að kjör fólksins í landinu yrðu almennt tryggð með vísitölum og ákvæðum í lögum. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Það er afkoma þjóðarbúsins og aðstaða okkar inn á við og út á við sem hefur þar meginþýðingu. Ef aðstæður okkar á mörkuðum lagast, þá vænti ég þess að það verði til þess að hlutur sjávarútvegsins og þar með talið sjómanna verði nokkuð réttur frá því sem verið hefur. Ég tel því alls ekki að það eigi að gefa það fyrir fram að þetta skuli breytast alveg eins. Ég er almennt þeirrar skoðunar að vísitölubinding á launum, þegar hún var tekin upp, hafi skaðað sjómannastéttina og ég á von á því að margir sjómenn séu mér sammála um það að vísitölubindingin og vísitölukerfið hafi unnið gegn þeim en ekki með þeim, enda kemur það skýrt fram í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins að þar skuli fyrst og fremst tekið tillit til markaðsaðstæðna á hverjum tíma.

Fiskverð er að sjálfsögðu mál sem þarf að semja um. Hér er aðeins verið að skapa skilyrði til þess að taka fiskverð upp um leið og mjög verulegar breytingar urðu á kjörum annarra og breytingar í þjóðfélaginu með gengisbreytingunni. En síðan þarf að fjalla um það á þeim vettvangi sem til þess er kjörinn og til þess er settur, þannig að fyrir fram er sjálfsagt ekkert hægt að segja um það hvernig þeim samningum lýkur. En ég vænti þess að allir geti verið sammála um að það er nauðsynlegt að skapa skilyrði til þess að slíkir samningar geti farið fram.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í þessu svari hæstv. sjútvrh. kom það fram að ríkisstj. hyggst leggja hér fram á Alþingi frv. um bann við vísitölugreiðslum á laun eftir 1. júní 1985. Það eru upplýsingar sem ekki hafa áður komið fram úr þessum ræðustól á því þingi sem nú

situr. Mér fannst eðlilegt að knýja á um það hvaða afstöðu ríkisstj. hefði í þeim efnum. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh. hvenær þess sé að vænta að frv. um þetta komi hér fram og hvernig á því standi, úr því að ríkisstj. hefur haft þetta lengi á döfinni, að hún hefur ekki komið þessu máli fyrr frá sér. Vegna þess að það hefði auðvitað verið mjög æskilegt að þetta mál hefði t. d. legið fyrir á hv. Alþingi áður en Alþýðusambandsþing kom saman og sérkennilegt og athyglisvert að ríkisstj. skuli liggja á þessu máli einmitt fram yfir það að þessi stærstu samtök launafólks í landinu héldu sitt fjölmenna þing í síðustu viku.

En það sem mér fannst reyndar einna athyglisverðast í máli hæstv. sjútvrh. var það með hvaða hætti hann fór orðum um þá fiskverðshækkun sem nú er verið að gera ráð fyrir. Hann talaði um að það væri mjög hæpið að afgreiða fiskverð með tilliti til launaþróunar í landi. Það ætti að afgreiða fiskverð með tilliti til markaðsaðstæðna. Hér er bersýnilega verið að gefa því undir fótinn, sem hv. þm. Karvel Pálmasonýjaði að hér áðan, að það sé meiningin að taka tillit til einhverra allt annarra hluta þegar fiskverð verður ákveðið heldur en þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið í landi og jafnvel að nota þann fiskverðsramma sem hér yrði ákveðinn til að halda niðri kjörum og kaupi sjómanna í landinu. Ég get ekki látið þetta tækifæri ónotað til að mótmæla slíkum vinnubrögðum og gera kröfur til þess að sjútvn. Nd. taki alveg sérstaklega á því máli hvort ríkisstj. ætlar sér að nota þetta frv., ef að lögum verður, til þess að skapa sér og útgerðarmönnum lagalega stöðu til að þrengja frekar að kjörum sjómannastéttarinnar í landinu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. hafa talsmenn stjórnarflokkanna og ríkisstj. hvað eftir annað lýst því yfir að þeir telji ekki rétt að tekin verði upp vísitölubinding launa. Hins vegar segir í stjórnarsáttmálanum að um það skuli haft samráð við aðila vinnumarkaðarins og til þess fundar verður fljótlega boðað. Það hefur ekki verið unnt enn vegna vinnudeilna og anna í því sambandi og sömuleiðis vegna ASÍ-þings, en sá fundur verður fljótlega haldinn.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til að mótmæla þeim hugleiðingum hv. þm. Svavars Gestssonar að hér sé verið að finna eitthvert sérstakt tækifæri til að vega að kjörum sjómanna. Slíkar hugleiðingar hans dæma sig sjálfar og ég mótmæli þeim. Það hefur ekkert komið fram í mínu máli sem réttlætir það að draga slíkar ályktanir og er í raun og veru furðulegt að hann skuli eyða svo miklum tíma í að reifa sínar hugleiðingar um það hér í ræðustól á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. 176. mál (þskj. 188). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á árunum 1974—1978 beitti ég mér fyrir heildarendurskoðun löggjafar um lyfjamál. Sú endurskoðun leiddi til uppstokkunar á áður gildandi lögum. Sett voru tvenn lög 1978, annars vegar lög um starfsréttindi lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og hins vegar lyfjalög, þ. e. lög um framleiðslu lyfja. Lög um lyfjadreifingu, sem voru þriðji og síðasti þáttur þessarar endurskoðunar, náðu hins vegar ekki fram að ganga fyrr en á árinu 1982 og tóku þau gildi 1. jan. 1983.

Með lögum um lyfjadreifingu færðist yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins frá fjmrn. yfir til heilbr.- og trmrn. Það var talið æskilegt að síðarnefnda rn. færi með yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins þar sem um væri að ræða mikilvægan hlekk í þjónustu við heilbrigðisstofnanir í landinu og þannig jafnframt tryggja sem beinasta þjónustuleið. Allt frá öndverðu hafa tengsl Lyfjaverslunar ríkisins verið mikil við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og þar með fjmrn. Þannig hefur rekstur Lyfjaverslunar ríkisins notið samlags við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og þess stöðuga fjárstreymis sem um þá stofnun fer. Þetta hefur óneitanlega auðveldað rekstur Lyfjaverslunar. Nú hefur komið í ljós að óráðlegt er að slíta þessi tengsl því það bitnar fyrst og fremst á rekstri Lyfjaverslunar. Það er skoðun mín að betur verði séð fyrir rekstrinum sé hann í tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hefur því orðið að samkomulagi milli mín og hæstv. fjmrh. að yfirstjórn á rekstri stofnananna færist aftur til fjmrn. og að heilbr.- og trmrn. tilnefni einn mann í stjórn, þ. e. að lögð eru til hlutverkaskipti milli þessara tveggja ráðuneyta ef Alþingi fellst á það.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég benda hv. þingnefnd þeirri sem mál þetta fær til umfjöllunar á að stjórn Lyfjaverslunar ríkisins hefur farið þess á leit við mig að samtímis ofangreindum breytingum verði felld niður 2. mgr. 43. gr. umræddra laga elleger hún verði nánar útfærð t. d. með reglugerð. Hér er átt við þá grein sem fjallar um birgðahald Almannavarna. Sú spurning hefur vaknað hvort hér sé eingöngu átt við lyfjabirgðir eða einnig hjúkrunar- og sjúkragögn. Í þeim tilvikum vaknar sú spurning hver eigi að kosta aukið lagerhald Lyfjaverslunar ríkisins og aukið lagerrými sem óhjákvæmilega verður þörf fyrir sé talið að Lyfjaverslun ríkisins eigi að annast umrætt birgðahald. Ég vil biðja nefndina, sem fær þetta mál sérstaklega til meðferðar, að athuga hvort rétt sé að fella niður þessa mgr. Ég var ekki á þessu stigi tilbúinn til þess, en er aftur mjög hvetjandi þess að skýr ákvæði verði um það í lögunum hvaða skyldur Lyfjaverslun ríkisins hafi til að halda birgðir fyrir Almannavarnir og til hvers konar birgða skyldan nái.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og vænti þess að nefndin sjái sér fært að hraða afgreiðslu málsins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa því yfir að ég er dálítið óánægður með að þetta frv. skuli koma fram svona og að heilbrmrn. skuli gefast upp á því að reka Lyfjaverslun ríkisins. Ég hélt það hlyti að vera kappsmál fyrir heilbrmrn. að reka Lyfjaverslun ríkisins og það tryggði betur en ella tengsl Lyfjaverslunar ríkisins við heilbrigðiskerfið í landinu. Þess vegna lagði ég á það mjög mikla áherslu á sínum

tíma við litla hrifningu ýmissa manna, m. a. í fjmrn., að þetta yrði flutt frá fjmrn. yfir í heilbrmrn. Nú er búið að láta reyna á þetta um tveggja ára skeið og niðurstaðan er sú að heilbrmrn. gefst upp á því að stýra þessari mikilvægu stofnun sem er eitt stærsta lyfjafyrirtæki í landinu. Gegnir stofnunin ákaflega þýðingarmiklu hlutverki bæði fyrir heilbrigðismálin almennt, sérstaklega fyrir sjúkrahúsakerfið og einkum og sér í lagi kannske ríkisspítalana, en hefur einnig verulegt gildi fyrir daggjaldaspítalana. Ég verð að segja eins og er, mér finnst þetta spor aftur á bak.

Ég þekki það dálítið af eigin raun hvað ráðh. á við að glíma í þessu efni. En ég hef þó ekki heyrt í máli hans eða annarra rök sem eru fullnægjandi til að gefast upp við að halda Lyfjaverslun ríkisins undir heilbrmrn. sem er langeðlilegast.

Ég vona að þetta mál verði rætt mjög ítarlega og rækilega í nefnd og kallaðir verði til fulltrúar frá rn. og Lyfjaverslun ríkisins. Mér fyndist eðlilegt að kveðja til fulltrúa t. d. frá Lyfjafræðingafélaginu og frá ríkisspítölunum þannig að sjónarmið allra aðila nái að koma fram. Staðreyndin var sú að forstöðumenn Lyfjaverslunar ríkisins voru orðnir svo vanir því að vera í bókhaldslegum tengslum við kassann hjá Áfengisversluninni að þeir áttu erfitt með að hugsa sér að lifa sjálfstæðu fjárhagslegu lífi, svo að ég segi þetta hreint út. Ég geri ráð fyrir að það sé m. a. þeirra uppgjöf sem veldur því að þetta mál er komið hingað. Ég geri mér grein fyrir að hæstv. heilbrmrh. flytur þetta mál vafalaust af illri nauðsyn en ég fer fram á að málið verði rætt mjög ítarlega. Ég tel þetta vera spor aftur á bak. Ég tel að Lyfjaverslunin eigi að vera inni í heilbrigðiskerfinu.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Að sumu leyti get ég tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns, en ýmis önnur tengsl Lyfjaverslunar við heilbrmrn. eru með öðrum hætti. T. d. hefur heilbrmrn. með lyfjaeftirlitið að gera, það heyrir undir það. Lyfjaeftirlitið gerir kröfur á alla lyfjaframleiðendur í landinu og stundum er verið að gera kröfur frá hendi rn. eða undirdeildar þess á Lyfjaverslunina sem er erfitt fyrir rn. að standa á móti. Við yfirfærsluna var hins vegar engin breyting reynd á fjármálalegum, — já sögulegum tengslum Lyfjaverslunar ríkisins við Áfengis- og tóbaksverslunina og því hefur Lyfjaverslunin átt við mikla erfiðleika að etja í fjármálalegu tilliti. Það er líka einn galli sem ekki er hvað minnstur, að oft eru skuldir ríkisspítalanna og sjúkrahúsanna í landinu við Lyfjaverslunina miklar. Hún og heilbrmrn. fá oft aðfinnslur frá fjmrn. vegna þess. Þetta er ekkert nýtt því að þetta hefur viðgengist svo áratugum skiptir. En ég held að þegar á allt er litið séu ekki neinar breytingar í bígerð á starfsemi Lyfjaverslunar þannig að starf hennar verður eftir sem áður óbreytt. Að auki fær rn. þarna mann í stjórn sem fylgist með faglegri stjórn stofnunarinnar og sömuleiðis viðskiptalegri. Ég hygg að við höfum náð um það góðum samningum, en ekki gert aðrar frekari breytingar eins og fram komu óskir um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 191). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að mæla fyrir frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgrh. Halldór E. Sigurðsson nefnd til að endurskoða lög frá 13. maí 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og lög frá 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Nefnd þessi lauk við að semja frv. til l. um ofangreind efni sem lögð voru fram og samþykkt á síðasta Alþingi sem lög nr. 77 og 81 frá 1984.

Við 1. umr. um lagafrv. þessi í Nd. flutti ég svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með brtt. við lögin, sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. okt. á þessu ári. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntmrh., Stýrimanna- og Vélskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem ekki hafa áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst."

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði ég hinn 16. júlí 1984 nefnd til að skoða bæði þessi lög. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila, Sjómannaskólans og menntmrn. Formaður nefndarinnar var Magnús Jóhannesson deildarverkfræðingur hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Nefndin skilaði í byrjun nóv. frv. því sem hér er lagt fram óbreytt.

Þegar nefndin hóf störf í byrjun sept. 1984 lágu fyrir ítarlegar tillögur um breytingar á gildandi lögum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík. Við samningu frv. var höfð til hliðsjónar alþjóðasamþykkt um atvinnuskírteini, þjálfun og vaktstöðu sæfarenda frá 1978, sem gildir fyrir farþegaskip og flutningaskip.

Efni þessa frv. skiptist í átta kafla.

Í I. kafla er almennt ákvæði um skilyrði fyrir útgáfu atvinnuskírteinis. Enn fremur eru skýrð þau meginhugtök sem notuð eru í frv.

II. kafli fjallar um fjölda skipstjórnarmanna. Þar er lagt til að gerðar verði tvær meginbreytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi verði á flutningaskipum 1600 rúmlestir og minni krafist tveggja stýrimanna. Í gildandi lögum er miðað við 1500 rúmlestir.

Í öðru lagi er lagt til að á öðrum skipum, 30 rúmlestir og minni, verði a. m. k. einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími er að jafnaði lengri en 15 klukkustundir.

III. kaflinn fjallar um nám og atvinnuréttindi stýrimanna, en IV. kafli um nám og atvinnuréttindi skipstjóra.

Lagt er til að 1. stig í Stýrimannaskólanum í Reykjavík og Vestmannaeyjum gefi réttindi til skipstjórnarstarfa á 200 rúmlesta fiskiskipum í innanlandssiglingum. Skv. eldri lögum veitir nám þetta réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum allt að 120 rúmlestum, en skv. gildandi lögum er gert ráð fyrir að námið veiti allt að 240 rúmlesta réttindi frá og með 1. jan. 1985. Skv. frv. veitir 1. stig ekki réttindi á flutningaskip, farþegaskip og varðskip, en það er í samræmi við ákvæði eldri laga. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að þau réttindi sem áður miðuðust við 30 rúmlestir hækka ekki eins og gert var ráð fyrir í lögunum sem eiga að taka gildi 1. jan. 1985, ef þetta frv. verður þá ekki orðið að lögum sem ég þó vona.

Í 7. gr. eru gerðar nokkrar breytingar á tilhögun náms og prófa til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda. Nú verður nám þetta í umsjá menntmrn. sem fer þá með yfirstjórn allra menntunarmála skipstjórnarmanna. Lagt er til að kennsla verði tekin upp í grundvallaratriðum sjóhæfni og stöðugleika skipa fyrir próf þetta til viðbótar því námsefni sem fyrir er.

VI. kaflinn fjallar um atvinnuskírteini og eru ákvæði hans að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Þó er nýtt ákvæði í 17. gr. frv. sem fjallar um réttindi þeirra manna sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi skv. lögum frá 1973 og fyrir gildistöku þeirra laga. Hefð er fyrir því að reynt sé að tryggja eins og kostur er að þeir sem hafa áunnið sér réttindi skv. eldri reglum glati þeim ekki þótt nýjar og breyttar reglur taki við. Réttlætanlegt þykir að eldri starfsréttindi taki til stærri skipa en er skv. lögum frá 1973 og er starfsreynsla þessara manna þar látin vega á móti aukinni skólamenntun.

Rétt er einnig að vekja athygli á 13. gr. frv. Breyting er gerð á greininni til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun áhafna sem ég gat um fyrr í máli mínu. Atvinnuskírteini verða gefin út tímabundið eða til fimm ára í senn, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Skv. greininni skal samgrh. setja reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar. Um viðhald réttinda eru t. d. gerðar eftirfarandi kröfur í fyrrgreindri alþjóðasamþykkt:

Atvinnuskírteini skal endurnýja til næstu fimm ára með því skilyrði að:

1. Viðkomandi hafi á undangengnum fimm árum verið a. m. k. eitt á skipstjóri eða stýrimaður,
2. eða hafi innt af hendi jafngilt starf,
3. eða gengið undir próf eða námskeið sem er viðurkennt af yfirvöldum.

VII. kafli frv. fjallar um mönnunarnefnd og undanþágur. Miklar umræður hafa verið um undanþágur til skipstjórnarstarfa, svo og erfiðleika útgerðarmanna við að fá menn með fullnægjandi starfsréttindi í samræmi við gildandi lög. Þetta vandamál varðar fyrst og fremst fiskiskip.

Hér er tvennt lagt til til lausnar þessum vanda:

Í fyrsta lagi að þeim skipstjórnarmönnum sem hafa staðið á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði til 1. janúar 1985 skuli næstu tvö skólaárin boðið upp á námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum til öflunar takmarkaðara réttinda á fiskiskip. Ákvæði hér að lútandi er að finna í ákvæði til bráðabirgða. Þeir menn sem starfað hafa um lengri tíma á undanþágu hafa með því öðlast umtalsverða starfsreynslu og þekkingu þó svo að sú leið til öflunar réttinda sé ófær skv. gildandi lögum. Því er réttlætanlegt nú að koma til móts við þá skipstjórnarmenn er starfað hafa á undanþágu í langan tíma og tekið er tillit til þjálfunar og starfsreynslu með því að bjóða þeim upp á námskeið af þessu tagi.

Lagt er til að lengd styttri námskeiðanna, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip allt að 800 rúmlestum í innanlandssliglingum, verði þrír mánuðir. Lengri námskeiðin, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip í innanlandssiglingum allt að 200 rúmlestum, verði um fimm mánuðir sem hugsanlega mætti tvískipta. Námsskrá og kennslufyrirkomulag námskeiðanna verði ákveðið af menntmrn. í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík, en framkvæmd námskeiðanna verði í höndum menntmrn.

Með ákvæði þessu er stefnt að því að leysa á raunhæfan hátt þann vanda er undanþágur til skipstjórnarstarfa hafa skapað á liðnum árum. Nauðsynlegt er að takist að tryggja fjármagn til námskeiðahalds í öllum landshlutum eftir því sem þörf krefur. Fjöldi skipstjórnarmanna, er starfað hafa á undanþágum árin 1983 og 1984, er á bilinu 330—400 menn hvort ár og eru um 80% þeirra starfandi á fiskiskipum sem eru minni en 200 rúmlestir, en námskeiðin munu gefa þessum mönnum tækifæri til að afla þeirra réttinda.

Verði frv. samþykkt mun samgrn. standa fyrir kynningu á námskeiðum um allt land.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að veita mönnum, sem eru 50 ára og eldri og starfað hafa mjög lengi, meira en tíu ár, á undanþágu, takmörkuð ótímabundin réttindi. Hér er um að ræða menn sem öðlast hafa mikla starfsreynslu og eru komnir á þann aldur að þeir munu tæpast setjast á skólabekk. Þessi réttindi miðast við störf á ákveðnu skipi sem viðkomandi starfar á. Ljóst er að hér er um mjög takmarkaðan hóp skipstjórnarmanna að ræða. Meginreglan yrði sú við útgáfu ótímabundinna takmarkaðra réttinda að viðkomandi fengi heimild til skipstjórnarstarfa á því skipi, er hann hefur starfað á, ótímabundið. Menn gætu því ekki notað þessi réttindi á önnur skip nema ef um væri að ræða skip hjá sömu útgerð af svipaðri stærð og gerð, t. d. ef skip er selt og annað fengið í þess stað.

Rétt er að vekja athygli á mönnunarnefnd sem skipuð skal samkv. 19. gr. frv. Hlutverk mönnunarnefndar er að ákveða frávik frá ákvæðum laganna, bæði til fjölgunar og fækkunar skipstjórnarmanna. Auk þess skal nefndin taka tillit til vinnuálags skipstjórnarmanna þegar hún fjallar um einstök mál. Með stofnun mönnunarnefndar er höfð hliðsjón af svipuðu fyrirkomulagi og er í Danmörku og Noregi.

Um undanþágur til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa er fjallað í 21. gr. frv. Undanþágur veitir fimm manna nefnd sem samgrn. skipar.

Þessar tvær nefndir eru sameiginlegar fyrir þetta frv. og frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Heimilt er að ákveða með reglugerð sérstakt gjald fyrir veittar undanþágur sem undanþáguhafi greiðir og renna skal í sjóð sem ætlað er að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lögum. Framangreind reglugerð mun væntanlega öðlast gildi frá og með n. k. áramótum, ef þetta frv. verður samþykkt fyrir jól, og þá er þess vænst að sjóðurinn geti

veitt mönnum styrki strax á hausti komanda sem á námskeið vilja fara. Þegar hafa samtök útvegsmanna samþykkt að verja 1 millj. kr. til að greiða fyrir þessari menntun.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum segja að þessi mál voru ítarlega rædd fyrr á þessu ári og ég taldi þá nauðsynlegt að afgreiða frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna til þess að sú nefnd, sem fengi málið til frekari athugunar, hefði þar nokkra tímapressu, sem hefur komið á daginn. Þessi endurskoðun er nú samtals búin að vera frá 1978 og að henni hafa starfað fulltrúar hagsmunaaðila og menntastofnana, þó ekki með betri árangri en það að um þetta mál urðu miklar deilur hér í vor. Nú hefur náðst í þessari nefnd, þar sem þessir aðilar eiga allir aðild að, mjög ánægjulegt samkomulag, sem þetta frv. er sprottið af, og það er lagt hér fram af mér óbreytt frá hendi nefndarinnar. Ég vænti þess að hv. n., sem fær málið til meðferðar, reyni að hraða málinu því að umsagnir eru til frá því á þessu ári, en það er mjög mikilvægt að þetta frv. verði orðið að lögum um áramót og að nýtt form undanþága verði þá upptekið með þeim skilyrðum sem ég lýsti áðan.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel að það sé mjög tímabært að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 191, komi fram, ekki síst vegna þeirrar miklu umræðu sem orðið hefur um undanþágur til skipstjórnarmanna. Ég stóð hér þó aðeins upp til þess að vekja athygli á því að til samgn. Norðurlandaráðs barst í sept. s. l. bréf frá þingi Sambands norrænna skipstjórnarmanna, þar sem sæti áttu samtökin í Færeyjum, Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi. Þingið hefur 6. og 7. sept. s. l. rætt hina miklu tíðni undanþága sem hér hefur viðgengist, og tekið er fram að til skipstjórnar hafi verið gefnar út 1592 undanþágur en þeir vísu menn taka ekki fram á hvað löngum tíma þetta er.

Þeir lýsa ugg sínum yfir þessu ástandi og vildu fá okkur samgn.-menn til þess að ganga í málið. Því var hins vegar frestað vegna þess að okkur var ekki alveg ljóst á fundinum — bréfið hafði komið með litlum fyrirvara — hvort Lundúnasamþykktin frá 1978 ætti einnig við um fiskiskip. En um þetta varð sem sagt nokkur umræða, þannig að það er ljóst að menn hafa áhyggjur af því utan Íslands hversu margar undanþágur eru veittar hér.

Nú held ég að óhætt sé að fullyrða að hin nýja nefnd, sem hóf störf í sumar, undanþágunefnd svokölluð, sé mun strangari en verið hefur og er ekki nema gott eitt um það að segja.

Hæstv. ráðh. talaði hér áðan um námskeið sem mönnum yrði gefinn kostur á að sækja og þá held ég að mikilvægt sé að til sé einhver sjóður sem menn geta sótt um styrk úr því að ég hygg að það geti vafist fyrir ýmsum fjölskyldumönnum að hætta að vinna, kannske mánuðum saman, og setjast á skólabekk. Það held ég að sé vandamál sem flestir kannast við.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson upplýsti mig að vísu á fundi, þar sem við vorum að ræða saman um þetta erindi til samgn., að sjómannasamtökin hefðu í hyggju eða væru jafnvel búin að leggja drög að stofnun einhvers slíks sjóðs, en að því þyrfti verulega að huga því að annars hygg ég að erfitt yrði að fá menn til að sækja slík námskeið.

En ég skal nú ekki fjölyrða mikið um þetta mál. Ég held hins vegar að ástæða væri til að huga að því hve minnkandi aðsókn er að stýrimannaskólum landsins og ég tel að þjóð sem á allt sitt undir sjósókn og sjávarafla ætti að huga mjög vel að því hver ástæðan sé fyrir minnkandi aðsókn að þessum skólum og gera allt sem stjórnvöld geta hugsanlega gert til að efla og styrkja þá í stað þess að láta þá heldur sitja við lakari kjör.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. samgrh. og þeim aðilum öllum sem unnu að gerð þessa frv. fyrir vasklega framgöngu. Enda þótt bæði ég og sjálfsagt fleiri hér í hv. þd. höfum nokkrar efasemdir um einstök atriði í frv. eins og það er lagt fram, þá tel ég það vera til mikilla bóta og greiða verulega úr þeim vanda sem upp er kominn í sambandi við menntunarmál sjómanna. Þegar ég tala um menntunarmál sjómanna er ég ekki aðeins að tala um þá menntun og það skólanám sem þarf að fara á undan áður en skipstjórnarmenn fá sín atvinnuréttindi, heldur hin almennu menntunarmál allrar stéttarinnar, sem eru í algjörri niðurlægingu, eins og best sést kannske á því að nágrannar okkar eru um þessar mundir farnir að finna að því á hvað lágu stigi sú menntun er sem þessi hluti þjóðarinnar öðlast hér á landi. Það hefur því miður legið fyrir lengi að meðan kröfur hafa vaxið við sambærilega skóla í nágrannalöndum okkar og skipstjórnarmenn og vélstjórar meðal þeirra þjóða hafa orðið að leggja á sig lengra nám en áður var og bæta við þekkingu sína og kunnáttu af mörgum ástæðum, þá hefur þetta staðið í stað hér heima. Þótt vilji hafi verið mikill hjá bæði kennurum og skólastjórnum stýrimannaskólanna og vélskólanna til að bæta þar um hefur skort til þess allt fjármagn, enda hefur svo farið að í stýrimannaskólanum hefur orðið mikil nemendafækkun meðan aukningin er slík hjá öðrum menntastofnunum að þar er farið að tala um að reisa skorður við umsóknum og inntöku nýrra nemenda. Þetta er ein hliðin á þessu máli. En önnur meginhliðin er sú að aukin menntun þessara manna eykur öryggi þeirra sem þeir eiga að hafa forsjá fyrir um borð í skipum sínum.

Á s. l. vetri var mjög ítarlega rætt um öryggismál sjómanna og þá komu menntunarmál og undanþágurnar að sjálfsögðu inn í þá umr. Hæstv. samgrh. brást mjög fljótt við og skipaði nefnd þm., sem allir þingflokkar tilnefndu menn í, og þótt þessi nefnd fengi nokkuð langan tíma til starfa þá var henni gert skylt að skila áfangaskýrslu í okt. s. l. Þetta var gert, það var skilað áfangaskýrslu til hæstv. ráðh. og jafnframt nokkrum tillögum sem n. taldi nauðsynlegt að unnið yrði að þegar á þessu hausti.

Vegna þess að hér hefur verið minnst á af öðrum hv. þm. menntunarsjóð sjómanna vil ég upplýsa það að hv. þm. hefur misskilið mig þegar ég talaði um að sjómannasamtökin hefðu þegar stofnað slíkan menntunarsjóð. Þetta er ekki rétt. Hins vegar var það í tillögunum frá þessari þingmannanefnd til hæstv. ráðh. að þetta ætti að gera. Og það væri ekki aðeins vegna skipstjórnarmanna eða vélstjóra heldur einnig hinna sem gegna áhættusömum störfum um borð í skipunum, t. d. fiskiskipunum og reyndar í dag farskipunum líka, þar sem þeir þurfa að kunna til þeirra verka sem eytt er mörgum vikum í að kenna öðrum sambærilegum stéttum í landi

— og fólkið er á fullum launum meðan það er að læra það.

Okkar tillaga til ráðh. var sú að stofnaður yrði sjóður sem sjávarútvegurinn sjálfur ætti frumkvæði að ásamt þessum mönnum, sjóður sem veitti möguleika á því að koma slíku námi á fót með öðru móti en bara í hinum sérhæðu fagskólum. Hæstv. samgrh. kynnti þetta í ríkisstj., að ég held tveim dögum eftir að við afhentum honum þetta álit úr þingmannanefndinni, en ég hef verið formaður í þeirri n. og afhenti honum álit okkar og tillögur. Þessu var vel tekið í ríkisstj., svo vel að hæstv. sjútvrh. hafði orð á nauðsyn þess að slíkur sjóður yrði settur á stofn við setningu Sjómannasambandsþings sem hófst nokkrum dögum síðar.

Landssamband ísl. útvegsmanna hefur líka gert merkilega samþykkt um beint peningaframlag til þessara mála. Mér er kunnugt um að nú liggja á borði hæstv. samgrh. tillögur frá Slysavarnafélagi Íslands um beina kennslu þeirra áhafnarmanna sem ekki hafa farið í sérskóla, um námskeið sem fjalla ekki aðeins um almenn sjómannsstörf eða kennslu í sjómennsku, heldur einnig meðferð og notkun allra öryggistækja sem eru orðin mörg og dýrmæt um borð í skipunum. Ég vænti þess, sérstaklega vegna þess að ég veit að þessar tillögur eru mjög vandlega unnar hjá Slysavarnafélagi Íslands, að hæstv. samgrh. taki á þessu máli eins og hann hefur tekið á þessum málum öllum og reyni að hrinda því í framkvæmd. Það má vera að þetta heyri frekar undir menntmrn. vegna gildandi laga um stjórnarráð og þess háttar. En satt að segja blæs ég á allt slíkt þegar slík mál eiga í hlut. Ég held endilega að það séu þessir tveir ráðh. eða tvö rn., sem fara með siglingar og fiskveiðar, sjútvrn. og samgrn., sem eigi að hafa öll þessi mál í sinni hendi og þetta komi raunar öðrum rn. lítið við.

Það sem slíkur menntunarsjóður sjómanna mundi geta stuðlað að er ekki bara það að undanþágur yrðu alveg bannaðar, eins og við lögðum til í nefndinni, heldur er lagt til í þessu frv. að við vinnum okkur út úr þessu vandamáli, sem er auðvitað aðalatriðið í þessum tillögum frá nefndinni, sem hæstv. ráðh. skipaði til að endurskoða þessi lög, eða taka á starfi þeirra sem hafa unnið við það frá 1978 og ekkert hefur orðið ágengt, taka á því og afgreiða það. Slíkur sjóður verður líka til þess að laða nemendur að þessum fagskólum og þá kannske um leið til þess að létta á öðrum fagskólum í landinu.

Það sem þarf svo að gera í framhaldi af þessari endurskoðun er að framfylgja því sem ég held að ég hafi lagt til á árinu 1964, þegar ég lagði fram till. um endurskoðun á lögum um Stýrimannaskólann, sem þá var samþykkt og reyndar framkvæmd og kannske kom enn betur fram þegar lögin um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum voru sett, að það verður að tengja þetta nám öðru námi í landinu. Það er margt sem getur orsakað það að þessir menn verði að leita í land eftir atvinnu, jafnvel eftir stuttan starfstíma til sjós. Það geta verið bæði slys og veikindi sem valda því, heimilisaðstæður o. fl. Þeir geta orðið, eins og margir heimilisfeður verða að gera, að fara í land til þess að hugsa um sína fjölskyldu, sín börn ef þeir verða einstæðir o. s. frv., þannig að þetta er reyndar líka orðið kvennamál hið mesta.

En ég held að nauðsynlegt sé að um leið og menntunin verður aukin hjá þessum mönnum og tengd meira kannske við önnur þjóðnýt störf í þjóðfélaginu, þá verði reynt að ná láréttri tengingu við aðra skóla, svo að nemendur þessara skóla eigi þá kost á að halda áfram námi ef þeir vilja leita fyrir sér við aðra skóla í landi. Þetta er tiltölulega mjög auðvelt fyrir vélskólamenn. Þeir eiga beinan aðgang að frekari tækninenntun í tækniskólum. Það er hins vegar öllu verra fyrir skipstjórnarmennina. Þeir munu vera eina fagstéttin á skipaflotanum íslenska sem ekki getur nýtt sitt nám við störf í landi.

Ég vil nú láta þetta almenna tal um þessi mál koma hér fram við 1. umr. En í framhaldi af því að nefndin skoði þetta mál sé ég persónulega ekki neitt því til fyrirstöðu að þingið takist á við þennan vanda og reyni að afgreiða málið fyrir næstu áramót. Og ég álít að það muni verða fullur vilji hjá þm. til þess, því að það er enginn vafi á því að samþykkt þess verður til bóta.

Ég ég held að í sambandi við athugun málsins væri forvitnilegt fyrir þm. í heild að fá að sjá þessa skýrslu sem fulltrúar þeirra hafa látið af hendi til hæstv. ráðh. Og um leið vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort nokkuð sé farið að huga að frekari framkvæmd á þeim tillögum sem nefndin lagði til samfara þessari áfangaskýrslu.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessari fsp. Verið er að vinna að framkvæmd ýmissa þessara tillagna sem nefndin hefur lagt til í áfangaskýrslu sinni. M. a. er það réttindamálið sem nefndin gerði tillögur um og þessi tvö frv. fjalla einmitt um það. Ég hef talið sjálfsagt að áfangaskýrslan komi fyrir sjónir allra alþm. og mun gera ráðstafanir til þess að hún verði fjölrituð og send þm. sem ekki hafa hana þegar undir höndum.

Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið mjög vel undir afgreiðslu þessa máls. Ég vona að hér sé í sjónmáli farsæl lausn sem bindur enda á þann undanþágufaraldur sem hefur viðgengist hér áratugum saman. Ég tek heils hugar undir það að það er mikil nauðsyn fyrir okkur sem fiskveiðiþjóð og kaupskipaþjóð að efla mjög menntun sjómanna okkar og þar með þær menntastofnanir sem hér eiga hlut að máli. Það er of langt mál að ræða hér hvað hefur valdið því að svo mjög hefur dregið úr sókn í þessa skóla. Þar eru margar samverkandi ástæður, en þó held ég að undanþágurnar eigi einnig mjög mikinn þátt í því. Og þær eru ekki nýtt fyrirbæri eins og ég hef áður sagt.

Ég mælist svo eindregið til þess við formann hv. samgn. að hann geri sitt ýtrasta til þess að þetta mál nái fram að ganga því að ég tel ákaflega mikilvægt í sambandi við framhald þessara undanþága, sem gert er ráð fyrir í frv., að þessi gjaldtaka verði tekin upp um áramót, en þá eru undanþágur flestar eins og allir hv. þm. vita.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Efnislega ætla ég ekki að ræða þetta frv. hér. Eins og hv. þm. sjálfsagt muna eftir urðu verulegar umr. um þessi réttindamál á síðasta þingi. Sérstaklega urðu miklar umr. í samgöngunefndum þingsins út af þessum málum. Ég get ekki betur séð en að frv. sem liggur nú fyrir hafi tekið þeim breytingum að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að flýta málinu eins og kostur er. Ég stend a. m. k. á þessari stundu í þeirri trú að það sé fullt samkomulag um þetta frv. Annað hefur ekki komið fram og það

kemur ekki fram í grg. með frv. annað en það sé fullt samkomulag.

Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það að samgöngunefnd Nd. mun gera sitt til að flýta þessu máli. Hitt verðum við að viðurkenna að tíminn fram að jólum er orðinn stuttur, tæpar þrjár vikur. Það eru mörg mál sem þarf að afgreiða, ekki síst fjárlögin og það tekur alltaf sinn tíma. En það verður gert allt sem hægt er til þess að þetta mál verði afgreitt svo framarlega sem ekki kemur fram eitthvað, sem ég veit ekki um nú, sem muni hindra það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 190). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vísa til þeirra ummæla sem ég hafði varðandi endurskoðun þess frv. sem ég fylgdi úr hlaði áðan, frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Í gildandi lögum nr. 77 á þessu ári er breytt fyrst og fremst til samræmis við alþjóðlegar reglur um þjálfun, vaktstöðu og atvinnuréttindi sæfarenda frá 1978 sem gilda um farþegaskip og flutningaskip. Auk þess eru ýmsar breytingar gerðar til samræmis við hliðstæð ákvæði í frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Í þessu frv. eru ýmis nýmæli um möguleika þeirra manna, sem starfað hafa á undanþágu, til menntunar. Undanþágur til vélstjórnarstarfa og erfiðleikar útgerðarmanna við að fá menn með fullnægjandi starfsréttindi hafa verið mikið til umræðu að undanförnu. Fjöldi vélstjórnarmanna, sem störfuðu á undanþágum á árinu 1983 og það sem af er þessa árs, er á bilinu 670—680 manns hvort ár. Um 75% þessara undanþága voru veittar mönnum með engin réttindi er starfa við vélstjórn véla minni en 750 kw.

Í frv. því sem hér er lagt fram er leitast við að taka á þessu vandamáli með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi er lagt til í ákvæði til bráðabirgða, þ. e. liður A), að þeim vélstjórnarmönnum sem starfað hafa a. m. k. 24 mánuði á undanþágu verði á næstu tveimur skólaárum boðið upp á námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi eru þegar hafin og veita vélstjóraréttindi á skipum með vélar allt að 750 kw. eða 1020 hestöfl. Um næstkomandi mánaðamót munu 60—65 menn hafa lokið slíku námi á þremur námskeiðum. Framkvæmd námskeiðanna er í höndum menntmrn., en námsefni er ákveðið af Vélskóla Íslands í samráði við rn.

Í öðru lagi er í framangreindu ákvæði, þ. e. liður B), lagt til að heimilt verði að veita mönnum, sem eru 50 ára og eldri og starfað hafa lengur en 10 ár á undanþágu til vélstjórnarstarfa, takmörkuð ótímabundin réttindi. Ætlað er að um 40—50 menn geti notið þessarar heimildar í dag. Meginreglan yrði sú við útgáfu þessara réttinda að viðkomandi fengi heimild til vélstjórnarstarfa á því skipi sem hann hefur starfað á ótímabundið. Almennt væri því ekki unnt að nota þessi réttindi á önnur skip, nema um væri að ræða skip hjá sömu útgerð með svipaðri vélarstærð, t. d. ef skip væri selt og annað fengið í þess stað.

Efni þessa frv. skiptist í átta kafla. Í I. kafla 1. gr. eru skýrð nokkur hugtök sem notuð eru í frv. og er það nýmæli.

II. kafli fjallar um fjölda vélstjóra, vélavarða o. fl. Rétt er að vekja athygli á breytingum frá eldri lögum er varða starfsheitið vélavörður. Vélavörður kemur í stað 1. vélstjóra á skipum með vél allt að 220 kw. eða 300 hestöfl og í stað 2. vélstjóra á skipum allt að 750 kw. eða 1020 hestöfl. Enn fremur kemur vélavörður í stað aðstoðarmanns á farþega- og flutningaskipum með vél 1300 kw. eða 1766 hestöfl.

Í III. kafla eru talin upp atvinnuréttindi vélstjóra og er sá kafli að mestu óbreyttur frá gildandi lögum.

Í IV. kafla, sem fjallar um eldri vélstjóraréttindi, er óbreyttur III. kafli gildandi laga.

Í V. kafla er fjallað um mönnunarnefnd og undanþágur. Samkvæmt 6. gr. skal samgrh. skipa mönnunarnefnd sem ákveður frávik frá ákvæðum laganna bæði til fjölgunar og fækkunar vélstjóra. Auk þess skal mönnunarnefnd taka tillit til vinnuálags vélstjóra þegar hún fjallar um einstök mál. Með stofnun mönnunarnefndar er höfð hliðsjón af svipuðu fyrirkomulagi og er í Danmörku og Noregi.

Undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða gerð skips veitir fimm manna nefnd sem samgrh. skipar samkvæmt 8. gr. frv. Þessar tvær nefndir, mönnunarnefnd og undanþágunefnd, eru sameiginlegar fyrir þetta frv. og frv. til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. En samkvæmt 8. gr. er enn fremur á sama hátt og í því frv. heimilt að ákveða með reglugerð sérstakt gjald fyrir veittar undanþágur sem undanþáguhafi greiðir og renna skal í sjóð sem ætlað er að veita lán og/eða styrk til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Sambærileg ákvæði er að finna í 5. gr. gildandi laga og mun reglugerð þar að lútandi væntanlega öðlast gildi frá og með næstu áramótum, en það er unnið að samningu hennar í trausti þess að frv. nái fram að ganga.

Í VI. kafla, sem fjallar um skírteini og læknisvottorð, eru gerðar nokkrar breytingar frá ákvæðum gildandi laga. Þær varða fyrst og fremst gildistíma atvinnuskírteina. Samkvæmt 9. gr. gilda skírteini fimm ár og skilyrði eru sett um viðhald réttinda með hliðsjón af alþjóðlegum reglum.

Samkvæmt VII. kafla skal ráðh. setja reglur um útreikning á afli véla í skipum.

Um þetta frv. var fullt samkomulag í nefndinni að öðru leyti en því að varðandi I. kafla og 1. gr. klofnaði nefndin, en þar eru hugtökin yfirvélstjóri, 1. vélstjóri, undirvélstjóri, vélstjóri og kw. skýrð í lögum. Þetta atriði var það eina sem nefndin var ekki sammála um.

Meiri hluti nefndarinnar, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal, Guðjón Ármann Eyjólfsson og Andrés Guðjónsson, leggja til að fylgt verði eftir þeirri samræmingu um stöðuheiti vélstjóra sem upp var tekið í lögum frá 1966, þar sem sett var í lög orðið yfirvélstjóri um stöðuheiti æðsta manns í vélarrúmi íslenskra skipa. Þar var um að ræða samræmingu við stöðuheiti vélstjóra á Norðurlöndum. Þeir telja að nú eigi að stíga þetta skref til fulls og skilgreina aðra vélstjóra en yfirvélstjóra í réttri röð, 1., 2. og 3., eins og gert er í

nágrannalöndum okkar. Auk þess er í alþjóðasamningum skýrt tekið fram um röðun vélstjóra með sama hætti og meiri hl. nefndarinnar leggur til.

Minni hluti nefndarinnar, þ. e. Jón H. Magnússon og Jónas Haraldsson, telur að kalla eigi 2. vélstjóra áfram 2. vélstjóra. Meiri hlutinn vill að 2. vélstjóri kallist nú 1. vélstjóri þótt það sé andstætt almennri málvenju og ljóst að það verði ekki notað í daglegum samskiptum manna. Minni hlutinn bendir á að hugtakið yfirvélstjóri kemur fyrst fyrir í lögum um atvinnuréttindi vélstjóra 1966, en hefur aldrei fest í sessi manna á milli, en hugtakið 1. vélstjóri notað alfarið, a. m. k. á fiskiskipum. Með því að kalla 2. vélstjóra nú 1. vélstjóra er ljóst að á þriggja vélstjóra skipi verða tveir 1. vélstjórar og einn 3. vélstjóri, en enginn 2. vélstjóri, að þeir telja.

Þrátt fyrir að nefndin klofnaði um þetta atriði taldi ég rétt að leggja til í þessu frv. að farið væri að till. meiri hluta nefndarinnar. Hins vegar er Alþingi í sjálfsvald sett hvort það vill ræða þetta atriði nánar. Að öllu öðru leyti var um fullt samstarf að ræða um samningu þessa frv.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 atkv.

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Í dag verða tveir fundir í sameinuðu Alþingi þar sem eru samtals 64 mál á dagskrá. Þessi mikli fjöldi dagskrármála vekur til umhugsunar. Spurning er hvort rétt sé að ætla lengri tíma til funda Sþ. en verið hefur til að hraða meðferð mála. Það kemur ekki til mála að Sþ. gangi á tíma þingdeilda þar sem hinu eiginlega löggjafarstarfi verður að ætla nægan umráðatíma í störfum þingsins. Það er heldur ekki ráð að hafa reglubundna kvöldfundi í Sþ. né fundi Sþ. reglubundið á föstudögum. Kemur hér hvort tveggja til að það mundi hafa í för með sér aukið vinnuálag á þm. og torvelda þeim að sinna kjósendum og kjördæmum sínum, einkum úti á landi.

Gera má ráð fyrir að þetta viðhorf sé í samræmi við vilja hv. þm. í þessu efni. Á það bendir sú staðreynd að þm. sitja þingfundi ekki of vel, einkum þegar líða tekur á þá. Þannig hefur ekki tekist á þessu þingi að halda áfram venjulegum þingfundum í Sþ. til kl. 18, hvað þá heldur til kl. 19 sem ekki hefði verið vanþörf á til að þoka málum betur áfram.

Þetta kemur til af því að flm. þingmála hafa horfið af fundi svo að engir eru til að halda framsögu fyrir málum sem ella hefði mátt taka til umr. Hér verður að koma til bragarbót. Gera verður þá kröfu til þm. að þeir sæki þingfundi og sitji þá vel, enda ber þeim til þess skylda skv. þingsköpum. Við forföllum er ekkert að segja ef nauðsyn krefur.

Vandamálið, sem nú er við að glíma, er fólgið í miklum fjölda mála sem fram eru borin og þó einkum í langdregnum umr. um einstök mál. Mest er því um vert að stytta umr. Með gagnkvæmri tillitssemi þm. í hvers annars garð má nota þann tíma sem til umráða er betur svo að þingmálum allra þm. verði komið til einhverrar meðferðar. Auðvitað er það mjög misjafnt hve einstök þingmál þurfa langa umr. eða verðskulda. Það hljóta hv. þm. sjálfir að meta í hverju tilfelli.

Í dag er vandi okkar í þessu efni meiri en nokkru sinni fyrr. Á síðari árum hefur stefnt í þetta far, einkum þó á þessu kjörtímabili með hinni miklu fjölgun þingmála. Hins vegar hefur vandanum ekki verið mætt með breytingu á þingsköpum. Þó er það svo að ýmis ákvæði þingskapa um umr. á Alþingi henta ekki í dag, enda sum hver harla forn eða e. t. v. frá árinu 1845, 1915 eða 1936. Þessi ákvæði eru í sumum tilfellum orðin úrelt, enda miðuð við aðstæður sem eru gjörbreyttar í dag.

Eins og hv. alþm. er kunnugt var samþykkt þál. fyrir ári síðan um skipun nefndar til að endurskoða þingsköp Alþingis. Þessi nefnd situr nú að störfum. Þess er að vænta að nefndin geti fyrir lok næsta mánaðar lokið störfum. Í framhaldi af því er ætlunin að leggja málið fyrir Alþingi og freista þess að fá sett ný þingsköp, sem yrðu lögfest á því þingi sem nú situr.

Þó slíkar fyrirætlanir um breytingar á þingsköpum tækjust gætu ný þingsköp ekki komið til framkvæmda fyrr en frá og með næsta þingi. Þangað til er ekki annars úrkosta en að búa við gildandi þingsköp. Það skapar okkur vanda á þessu þingi sem nú stendur yfir. Þess er að vænta að allir hv. alþm. sameinist um að mæta þeim vanda svo sem nauðsyn krefur til þess að komið verði við skilvirkum vinnubrögðum og svo sem sæmir virðingu Alþingis.

Fé tannverndarsjóðs, fsp. 70. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett sér djarft markmið í formi áætlunar sem nefnist: Heilbrigði fyrir alla árið 2000. Í samræmi við þessa áætlun hafa alþjóðasamtök tannlækna sett sér sérstök markmið til að stuðla að heilbrigði í munnholi fyrir alla árið 2000. Samtökin settu eftirfarandi markmið fyrir alla heimsbyggðina árið 2000:

1. Að 50% 5—6 ára barna verði án skemmdra tanna.
2. Að 12 ára börn hafi að meðaltali ekki meira en 3 tennur skemmdar, viðgerðar eða brottnumdar.
3. Að 85% allra einstaklinga, sem náð hafa 18 ára aldri, haldi öllum tönnum sínum.
4. Að meðal einstaklinga, sem eru 35—44 ára gamlir, verði 50% lækkun á tíðni tannleysis.
5. Að meðal þeirra, sem eru 65 ára og eldri, verði 25% lækkun á tíðni tannleysis.
6. Að komið verði á tölvustýrðu upplýsingakerfi þar sem hægt er að fylgjast með breytingum sem verða á heilbrigði í munnholi manna.

Í grg. frá Alþjóðasamtökum tannlækna er gert ráð fyrir því að þær áætlanir og ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að ná settum markmiðum í munnheilbrigði fyrir hverja þjóð, þurfi að þróa til að mæta staðbundnum þörfum og nýta þær aðstæður sem fyrir hendi eru.

Talið er að mikilvægir þættir í slíkum áætlunum ættu að vera:

1. Minnkað sykurát til að draga úr tannskemmdum, en í því sambandi mætti nefna að Íslendingar eru einna mestar sykurætur í heimi.

2. Flúorblöndun neysluvatns þar sem því verður komið við. Það má í þessu sambandi nefna að þetta er mjög umdeilanleg aðgerð og menn alls ekki á eitt sáttir um að koma henni á, einkum þar sem um eldfjallalönd er að ræða.

3. Auka notkun flúorefna til að hindra tannskemmdir, annaðhvort sem munnskol, töflur eða tannkrem. En ástæðan til þess að nota flúor er einkum sú að flúor gengur í efnasamband við glerung tannanna, styrkir hann og hindrar þannig tannskemmdir.

4. Árangursrík heilbrigðisfræðsla fyrir börn, foreldra og aðra fullorðna sem bætir almenna þekkingu, tannhirðu og næringu. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á það sem einstaklingarnir geta sjálfir gert og ættu að gera til að bæta og viðhalda eigin tannheilsu og hvenær og hvernig þeim beri að leita aðstoðar þeirra sem leita sérhæfðrar þjónustu.

5. Skipuleg fræðsla um tannhirðu sem leggur áherslu á að koma í veg fyrir sjúkdóma í munni og hindra tannmissi vegna skemmda eða tannholdssjúkdóma.

6. Áætlanir og nauðsynleg fjármögnun til að starfrækja kennslu um þessi mál.

Í Morgunblaðinu 26. okt. s. l. birtist grein eftir Magnús R. Gíslason yfirtannlækni hjá heilbr.- og trmrn. Hún bar fyrirsögnina „Svört skýrsla um tannheilsumál Íslendinga“ og var samin að loknu alþjóðaþingi yfirtannlækna í Helsingfors í ágúst s. l. Þar segir, með leyfi forseta:

„Svo virðist sem í Íslendingum skemmist að jafnaði fleiri tennur en í nokkurri annarri þjóð í heiminum. Tvisvar sinnum fleiri en skemmast í hinum Norðurlandaþjóðunum.

Við notum þó álíka stóran hluta af opinberum útgjöldum til tannlæknisþjónustu og stærri en t. d. Norðmenn.

Jafnframt erum við fimmta best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda tannlækna á íbúa, höfum einn tannlækni fyrir hverja 1250 íbúa og verðum komnir með 1:1000 eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar eftir 5 ár.

Hvað er að hjá okkur?

Við höldum að hægt sé að útrýma tannskemmdum með því að gera við skemmdirnar. Hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa aftur á móti lagt aðaláhersluna á fyrirbyggjandi aðgerðir og sýnt fram á að hægt er með því móti að koma í veg fyrir tannskemdir.

Danir nota t. d. aðeins 40% af opinberum útgjöldum sínum til tannlækninga í tannviðgerðir, en 60% í fyrirbyggjandi aðgerðir, en við notum mestan hluta í tannfyllingar og gerviuppbyggingar og erfitt er að fá fjármuni í fyrirbyggjandi starf.

Með þessu móti hefur Finnum tekist að fækka tannskemmdum um 47% á s. l. 7 árum og einnig Norðmönnum á 9 árum. Helmingur finnskra barna á aldrinum 5—6 ára er með enga skemmda eða viðgerða tönn. Við aftur á móti höldum áfram að setja í fleiri fyllingar og höldum að þar með sé vandinn leystur. Enda lítur þetta ekki svona illa út á yfirborðinu því að með því að eyða sífellt fleiri fjármunum í tannviðgerðir og gerviuppfyllingar hefur okkur tekist að koma í veg fyrir að skemmdirnar sjáist of mikið og höfum þannig öðlast falska öryggiskennd og sjálfsánægju.

Stjórnmálamennirnir eru ánægðir því að þeim finnst þeir verja miklum fjármunum til tannlækninga. Íbúarnir eru ánægðir því að þeir fá endurgreiddan hluta af útgjöldunum til tannlækninga. Og tannlæknarnir eru ánægðir því að eftirspurnin eftir vinnu þeirra er mikil og minnkar ekki.

Við verðum strax að breyta um stefnu í þessu máli, enda eina þjóðin í heiminum sem reynir að leysa tannheilsumál sín á þennan hátt.“

Í apríl 1975 var gerður samningur milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins. 8. gr. hans hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tryggingarnar leggja í sjóð sem svarar 1% af kostnaði þeirra við tannlækningar. Sjóðurinn standi undir kostnaði við fræðslu um tannvernd sem trúnaðarlæknir skipuleggur í samvinnu við heilbrrn.“

Á árinu 1981 greiddi Tryggingastofnunin 37 millj. 260 þús. 582 kr. vegna tannlæknakostnaðar, en 58 millj. 591 þús. 574 kr. á árinu 1982. 1% af þeim fjárhæðum gefur því 372 þús. 605 kr. og 585 þús. 591 kr. á þessum tveimur árum.

Með tilliti til fullyrðinga yfirtannlæknis og enn fremur stefnumörkunar Alþjóðasamtaka tannlækna og aðildar okkar Íslendinga að áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000 vil ég spyrja hæstv. heilbrmrh.: Hvernig hefur verið varið því fé sem safnast hefur í tannverndarsjóð frá því að hann var stofnaður?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Tannverndarsjóður var stofnaður skv. samningi milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands í apríl 1975. Hlutverk sjóðsins átti að vera að standa undir kostnaði við fræðslu um tannvernd sem gert var ráð fyrir að trúnaðarlæknir Tryggingastofnunar ríkisins skipulegði í samvinnu við heilbrmrh.

Sjóðnum voru settar reglur 14. apríl 1983. Í reglunum er gert ráð fyrir að heilbrmrn. hafi yfirstjórn á starfsemi sjóðsins og var það gert með tilliti til þess að þá hefði verið stofnuð tannheilsudeild við rn. og ráðinn tannlæknir til að veita deildinni forstöðu. Það er gert ráð fyrir að rn. hafi forgöngu um tannverndaraðgerðir og fræðslu á vegum sjóðsins og hafi um það samráð við Tryggingastofnun ríkisins, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands og stjórnendur skólatannlækninga þar sem þær eru skipulagðar.

Framan af var fé sjóðsins ekki notað að ráði, en á s. l. ári voru veittar 300 þús. kr. til útgáfu á tveimur bókum á vegum rn., Tannvernd á meðgöngutíma og Fróðleikur um tennur og varnir gegn tannskemmdum. Þessum bókum var dreift á heilsugæslustöðvar og fæðingarstofnanir landsins. Á þessu ári hefur verið varið 300 þús. kr. til útgáfu á tveimur bæklingum á vegum rn. sem dreift verður til allra skólabarna landsins á þessum vetri. Þessir bæklingar heita Biti milli mála og Tannhreinsun. Auk þessa hefur frá stofnun sjóðsins verið varið tæpum 300 þús. kr. aðallega til styrktar rannsóknum á tannheilsu Íslendinga. Samtals voru því heildarútgjöld sjóðsins í lok sept. s. l. 889 þús. 321, en inneign í sjóðnum 4 millj. Hér er auðvitað um að ræða bókhaldslega inneign því að þetta fé er ekki til í sjóði, heldur í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins, en hér er um að

ræða ákveðna hlutdeild ofan á reikninga sem stofnunin greiðir.

Þessar upplýsingar eru frá Tryggingastofnun, en sjóðurinn er skv. fyrrgreindum samningi í hennar vörslu.

Í sambandi við fsp. þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að tannheilsumálum Íslendinga almennt. Því hefur lengi verið haldið fram að Íslendingar væru illa settir hvað tannlæknisþjónustu snertir, að hér væru of fáir tannlæknar. Eins og mál standa í dag eru hér starfandi 189 tannlæknar og erum við hvað snertir fjölda tannlækna á íbúatölu betur settir en flestar þjóðir heims.

Þrátt fyrir þessa fjölgun tannlækna hefur tíðni tannskemmda ekki minnkað. Vissulega er tannlæknisþjónusta misdreifð um landið, en síðustu ár hefur starfandi tannlæknum utan Reykjavíkursvæðisins fjölgað mjög og eru þeir nú 65 talsins. Í Reykjavík starfa 124 tannlæknar og 65, eins og ég sagði áðan, úti á landi á 27 stöðum. Þar af 14 á Akureyri, 8 í Hafnarfirði, 5 í Kópavogi, 4 á Akranesi og í Keflavík og á öðrum stöðum starfa 1—3 tannlæknar.

Það er álit þeirra sem gerst til þekkja, og er það byggt á reynslu vestrænna þjóða í norðurálfu, að grípa þurfi til annarra aðgerða en þeirra sem tannlæknar beita til að ná árangri í tannheilsumálum. Það þarf fyrst og fremst að leggja áherslu á fyrirbyggjandi starf. Því starfi hafa tannlæknar ekki sinnt sem skyldi undanfarin ár. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, til þess að gefa þingheimi örstutt yfirlit yfir ástand í þessum málum, að einn af héraðslæknum skrifaði í skýrslu sína til heilbrmrn. um þann kaupstað, sem hann starfar í, um þessi mál:

„Kaupstaðarbúar eiga margfalt Íslandsmet og þar með heimsmet í kostnaði við tannviðgerðir barna og ungmenna. Hafa tannlæknar á síðustu árum gengið skipulega til verks um tannviðgerðir hjá skólabörnum og hafa nú lokið yfirferð yfir allan grunnskólann. Forvarnarstarfi hefur hins vegar sáralítið verið unnið að og er mataræði barna og unglinga þann veg farið hér að þau eru maulandi í sælgæti og kolvetni daginn út og inn. Flúorskolanir skólabarna upp að 12 ára aldri hófust á síðasta vetri og heilsugæslustöðin leggur leikskólabörnum til flúortöflur. Enn fremur er flúortöflum troðið upp á mæður við ungbarnaheilsuvernd. Tannlæknir kaupstaðarins er nú að flytjast í annan stað."

Síðan segir:

„Tannréttingar eru orðnar tískufyrirbrigði hér og steðja milli 30 og 40 ungir kaupstaðarbúar til Reykjavíkur í þeim erindagerðum á 4—8 vikna fresti."

Þetta er ekki fögur lýsing, en mér fannst rétt að hún kæmi hér fram á Alþingi.

Það lítur út fyrir að það þurfi að leggja áherslu á eftirfarandi atriði til að ná árangri í tannheilsumálum:

1. Koma á skipulegum skólatannlækningum alls staðar á landinu.
2. Fá til starfa tannfræðinga.
3. Verkefni tannfræðinga er eftirfarandi:

1. að kenna almenna tannhirðu, bæði skólabörnum og á heilsuverndarstöðvum, þar undir tannburstun;
2. að sjá um reglulega flúorskolun skólabarna og er gert ráð fyrir að ekki dugi minna en að skola með flúor tvisvar í mánuði;
3. að sjá um afhendingu flúortaflna til mæðra og skólabarna.

Svo sem fyrr sagði hefur hvergi tekist að minnka tannskemmdir án þess að grípa til tannverndar og tannverndin er miklu ódýrari en tannviðgerðir. Það er umhugsunarefni að tannlæknadeildin hér á landi hefur ekki kennt tannverndarstarf sem skyldi og þar eru því óunnin mikil verkefni sem ég tel að heilbrigðisstjórn og menntamálayfirvöld þurfi að ræða og komast að niðurstöðu um að bæta.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrmrh. svör hans og ég fagna því að hann hefur fullan skilning á mikilvægi þess að rétt forgangsröð ríki í þessum málum. Það má segja að það sé vel sem þegar er gert, en maður veltir því fyrir sér hvað skeð hafi síðan 1975 ef ekki hafa verið gefnir út nema 3—4 bæklingar og aðeins örfá rannsóknarverkefni styrkt. Hvað varð um þessar 4 millj.?

Nú skilst mér að ábyrgðinni á þessari fræðslu hafi einmitt verið varpað í skaut Tryggingastofnunar eða heilbrmrn. eftir að þessi samningur var gerður milli tannlækna og rn., þannig að boltinn virðist liggja þar núna. Ég vil leggja áherslu á að það er ekki ráð nema í tíma sé tekið og við sáum eins og við uppskerum. Einhvern tíma verðum við að byrja að hafa efni á því að beita fyrirbyggjandi aðgerðum ef við ætlum að uppskera árangur þeirra.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Út af orðum hv. 3. landsk. þm. held ég að rétt sé að hér komi fram að þegar samningurinn var gerður við Tannlæknafélagið á sínum tíma var tekin um það ákvörðun að 1% rynni í tannverndarsjóð. Þessi sjóður var þá undir yfirstjórn og í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Rn. tókst ekki, hvorki í minni tíð né þann tíma sem hæstv. núv. heilbrmrh. var þar á undan mér, að ná um það samkomulagi við Tryggingastofnunina hvernig þessu fé yrði varið. Þess vegna var sú ákvörðun tekin á árinu 1982, að ég held, að yfirstjórn þessara mála væri tekin af Tryggingastofnun ríkisins og lögð undir heilbrmrn. Það virðist vera forsenda þess að hægt sé að nýta þessa fjármuni með þeim hætti sem gerð hefur verið grein fyrir af hæstv. heilbr.- og trmrh.

Um þingsköp.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Þann 8. nóv. s. l. leyfði ég mér að leggja fram á þskj. 36 fsp. til forsrh. um kaup opinberra stofnana og fyrirtækja á laxveiðileyfum. Í þingsköpum segir í 32. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðh. forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fsp. og svar í Alþingistíðindum."

Ég vildi fá svar við því hjá hæstv. forseta, þar sem nú eru liðnir 20 virkir dagar frá því að mál þetta var lagt fram, hvort hann hefur gengið eftir því, og ef svo er, hver svör hæstv. forsrh. hafi verið eða með hverju það er rökstutt að svona langur dráttur verður á þessu skriflega svari.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseta er ekki kunnugt um hvað dvelur afgreiðslu þessa máls, en

vekur athygli hv. þm. á því að það eru ákaflega góð vinnubrögð, ef þm. þykir verða dráttur á afgreiðslu mála sem þessara, að skýra forseta frá því þannig að ekki þurfi að eyða dýrmætum tíma þingsins í umr. um þingsköp. Hins vegar er það alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að skv. þingsköpum er ætlast til þess að ekki verði meiri dráttur á svari en fram kom í hans máli.

Hins vegar er ekki alltaf hægt að fullnægja þessum ákvæðum þingskapa. Þess vegna er í þeirri endurskoðun sem nú fer fram á þingsköpum gert ráð fyrir því að í staðinn fyrir að fortakslaust skuli vera settir frestir í þessu efni skuli það vera orðað svo: að jafnaði. Ég veit að hv. 8. þm. Reykv. er þetta jafnljóst og mér því að við erum báðir í þeirri nefnd sem endurskoðar þingsköpin.

Að öðru leyti skal aðeins tekið fram að það verður athugað um þetta mál og hvort ekki er hægt að hraða afgreiðslu þess.

Kynning á líftækni, fsp. 93. mál (þskj. 96). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 96 borið fram svohljóðandi fsp. til iðnrh.:

„Hvað líður þeirri kynningu á líftækni sem gerð var þál. um á síðasta þingi?"

Til þess að rifja þetta mál aðeins upp, þá var borin fram á síðasta þingi till. til þál. um kynningu á líftækni. Flm. var Guðmundur Einarsson. Hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sjö manna nefnd til að annast kynningu á aðferðum og möguleikum líftækni. Iðnrh. skal skipa formann nefndarinnar án tilnefningar. Aðrir nm. skulu skipaðir skv. tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: 1) Alþýðusambandi Íslands, 2) Háskóla Íslands, 3) Rannsóknaráði ríkisins, 4) Sambandi ísl. sveitarfélaga, 5) Tækniskóla Íslands, 6) Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin skal ljúka störfum innan eins árs frá skipun hennar. Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Það hefur margt og mikið verið rætt um líftækni og aðrar nýjar hugsanlegar iðngreinar á Íslandi. Nokkuð almenn samstaða var, ef ég man rétt, um þessa þál. á síðasta þingi. Menn töldu að það væri tímabært að hefja kynningu á grundvallaraðferðum og möguleikum þessarar fræði- og iðngreinar og töldu eðlilegt að sú kynning færi fram meðal almennings, skólamanna, sveitarstjórnarmanna, verkafólks og atvinnurekenda, svo að notuð séu orð úr grg. Ég er að sjálfsögðu enn þeirrar skoðunar að þetta sé afar mikilvægt, ekki síst vegna þess að um þetta eru höfð oft á tíðum ýmis stór orð, menn binda við þetta miklar vonir og það er mjög mikilvægt að sem flestir, bæði almenningur og ráðamenn, fái sem fyrst um þetta greinargóðar upplýsingar og fræðslu um hvað felst í þessum loforðum og þessum möguleikum.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Málið liggur nokkuð ljóst fyrir. En til viðbótar þeirri spurningu sem fram kemur í fsp., hvað kynningunni sjálfri líði, vildi ég beina sérstaklega til hæstv. ráðh. spurninginni um það hvernig séð verði fyrir kostnaði vegna þessarar kynningar. Það er augljóst eins og í grg. kemur fram að ýmis kostnaður fellur til vegna starfa þessarar nefndar, vegna þeirra verka sem henni eru falin, t. d. útgáfumál, eins og í grg. stendur, með leyfi forseta: „Vegna prentunar og dreifingar bæklings og kynningarfunda o. þ. h. mundi væntanlega falla til kostnaður."

Ég vil sem sagt inna ráðh. eftir því hvernig sé séð fyrir nauðsynlegum fjármunum handa nefndinni á því 12 mánaða tímabili sem hún mun starfa.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Iðnrn. barst áminnst ályktun Alþingis með bréfi dags. 12. júní s. l. Iðnrn. sendi tilgreindum aðilum, sem skipa skyldu nefndina, bréf þess efnis hinn 21. júní s. l. Tilnefningar drógust hjá nokkrum aðilum allmjög úr hömlu, en í októbermánuði s. l. varð nefndin fullskipuð og henni komið á laggirnar.

Í henni eiga sæti dr. Ari K. Sæmundsen líffræðingur, formaður, Jón Agnar Eggertsson skrifstofumaður, Borgarnesi, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, dr. Jón Bragi Bjarnason dósent, tilnefndur af Háskóla Íslands, dr. Úlfar Antonsson líffræðingur, tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, Steinþór Júlíusson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Paul Jóhannsson tæknifræðingur, tilnefndur af Tækniskóla Íslands, og Friðrik Pálsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Eins og þál. ber með sér skal nefndin ljúka störfum sínum innan árs frá skipun hennar. Verður þess vegna að líta þann veg á að það sé við lok októbermánaðar næsta ár.

Í samþykkt Alþingis um greiðslu kostnaðar er kveðið svo á í ályktuninni að hann skuli greiðast úr ríkissjóði. Ég sé ástæðu til þess að taka þetta sem áminningu um að ganga úr skugga um hvernig fyrir þeim fjármunum verður séð við afgreiðslu fjárlaga nú.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir upplýsingarnar um nefndarskipunina og að nefndin hafi þegar hafið störf. Það er rétt til getið hjá hæstv. ráðh. að ég legg á það ríka áherslu að nefndinni sé gert kleift að starfa eins og til var stofnað með því að hún fái fjármuni, eins og talað var sérstaklega um og reyndar tiltekið í grg. með þál. á sínum tíma.

Símamál, fsp. 125. mál (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Í nýafstöðnu verkfalli opinberra starfsmanna kom til marghátt aðra truflana á síma- og telexþjónustu. Jafnframt voru brögð að því að grunsemdir og reyndar fullyrðingar væru á lofti um að símaleyndar væri ekki gætt sem skyldi. Ég legg engan dóm á réttmæti slíkra ásakana en tel þó engum greiði gerður með því að láta hjá líða að nefna þær.

Pósti og síma og hæstv. samgrh. þarf að gefast kostur á að bera af sér sakir um brot á trúnaði og friðhelgi varðandi símtöl og skeytasendingar hjá stofnuninni. Almenningur þarf jafnframt að fá skýringar á því hvernig símaleyndar er gætt allajafna og að því megi treysta, enda væri það hið alvarlegasta brot ef viðskiptavinir Pósts og síma gætu ekki treyst fullkominni og algerri símaleynd.

Tilefni þessarar fsp. er frétt, sem birtist í DV í miðju verkfalli, þar sem því var haldið fram að telexskeyti væru ritskoðuð. Það var haft eftir formanni kjaradeilunefndar. Hann segir í umræddri frétt, með leyfi forseta: „Telexþjónusta var heimiluð í þrettán greinum atvinnustarfsemi og um það var samkomulag í nefndinni. Til þess eiga 4 línur af 60 að vera virkar og jafnframt handvirkt samband með einum starfsmanni á vakt í senn allan sólarhringinn. Það virðist ljóst af umkvörtunum að uppi hafi verið tilburðir til ritskoðunar á skeytunum, sem er algerlega andstætt ætlan nefndarinnar." Þetta segir Helgi V. Jónsson, formaður kjaradeilunefndar. Þessu er svarað í sömu frétt af Jóni A. Skúlasyni póst- og símamálastjóra. Hann segir: „Mér er ekki kunnugt um það sem við mundum kalla ritskoðun á telexskeytum, en það eru teknar „stikkprufur" og þá aðeins hjá óopinberum aðilum."

Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá ráðh. um leið og hann svaraði fsp. minni hvað átt er við með stikkprufum. Vonandi útskýrir póst- og símamálastjóri það í þeirri grg. sem væntanlega verður lögð hér fram. En fyrirspurnin er borin fram af þessu tilefni og hún hljóðar svo:

„Hvaða ráðstafanir gera yfirvöld Pósts og síma til að símleyndar sé gætt, bæði allajafna og sérstaklega í verkföllum opinberra starfsmanna? Er það gert með sérstöku eftirliti eða tækjabúnaði?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Um leynd fjarskipta gilda ákvæði 15. gr. fjarskiptalaganna frá 1984, en þar segir m. a.: „Þeir", þ. e. allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins, „skulu og halda leyndum fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafa átt tal saman." Póst- og símamálastofnunin gætir þessarar leyndar innan sinna veggja með því að veita ekki öðrum en tilskildum viðhalds- og eftirlitsaðilum aðgang að þeim sölum sem geyma sjálfvirkar stöðvar og tengigrindur.

Í verkfalli opinberra starfsmanna, sem fyrirspyrjandi vitnaði til, er tilhögun hin sama en viðhalds- og eftirlitsaðilar eru færri vegna þess að ekki fást undanþágur fyrir alla þá starfsmenn sem venjulega annast þessi störf.

Að því er varðar þann hluta fjarskiptavirkja sem eru utan húsakynna stofnunarinnar, þá er um að ræða strengi grafna í jörðu, radíósambönd, götuskápa, húskassa og innanhússlagnir. Þeir starfsmenn sem þessum hlutum sinna eru að sjálfsögðu bundnir af fyrrnefndum lagaákvæðum. Aðgangur að upplýsingum um línutengingu einstakra notenda er ekki opinn öðrum en takmörkuðum hópi starfsmanna sem við þessi fjarskiptavirki vinna.

Þess ber þó að gæta að skv. nýju fjarskiptalögunum, sem samþykkt voru á þessu ári, geta aðrir en Póst- og símamálastofnunin annast innanhússlagnir. Nú er um það bil verið að skipa nefnd til að undirbúa reglugerð fyrir hin nýju fjarskiptalög og þar verður að gæta mjög vel þessara hluta, sem og að laga ýmislegt sem miður hefur farið.

Ég vil segja það hér að ég tel að leynd sé engan veginn örugg undir því ástandi sem var á meðan á verkfalli stóð. Í raun og veru hafði stofnunin ekki vald á þessu starfi því það var undir aðra að sækja. Kjaradeilunefnd úrskurðaði í nokkrum atriðum sem ekki var farið eftir og ég þori ekki að fullyrða hér á þessu stigi hvort hér hefur verið út af brugðið. En við allar venjulegar aðstæður er leyndar gætt, enda skrifa viðkomandi starfsmenn undir þagnarheit um það sem þeir verða áskynja og varðar brot brottrekstri úr starfi. En ég get vel skilið áhyggjur fyrirspyrjanda í þessum efnum og tel að sú nefnd sem fær þetta verkefni í hendur verði hér að leysa úr mjög erfiðu vandamáli.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka samgrh. fyrir svarið og þá hreinskilni sem fram kemur í svarinu, þar sem hann viðurkennir að undir þeim kringumstæðum sem voru fyrir hendi í okt. s. l., þegar opinberir starfsmenn fóru í verkfall, hafi Póst- og símamálastofnunin ekki haft vald eða aðstöðu til að tryggja það að símaleyndar væri gætt eins og vera ber. Þetta er auðvitað hið alvarlegasta mál. Það á auðvitað að vera hafið yfir allan vafa, jafnvel þótt verkföll séu, að notendur Pósts og síma megi treysta því að trúnaðar og friðhelgi sé gætt.

Mér er persónulega kunnugt um það að á meðan á verkfallinu stóð var telexþjónustan trufluð, telexskeyti voru stöðvuð í miðjum klíðum og það getur auðvitað ekki gerst nema þar séu aðilar að ritskoða, fylgjast með skeytum sem send eru út hjá óopinberum aðilum. Enda er það líka viðurkennt af hálfu póst- og símamálastjóra í þeirri frétt sem ég las hér áðan að teknar hafi verið stikkprufur á meðan á verkfallinu stóð, stikkprufur af telexskeytum. Og án þess að það hafi verið nánar útskýrt hér af ráðh., sem kannske er ekki von, þá verður auðvitað að krefja póst- og símamálastjóra frekari svara um hvað átt sé við með því að þessi stofnun sé að taka stikkprufur af skeytum og þá um leið samtölum sem fram fara milli einkaaðila úti í bæ eða milli landa.

Ég spyrst fyrir um það í þessari fsp. hvort sérstakur búnaður sé viðhafður til þess að símaleyndar sé gætt. Það kemur ekki fram í svari ráðh. en hann vísar til þess að þessi mál séu til endurskoðunar og er allt gott um það að segja. En það á auðvitað að vera hægt nú á dögum að búa svo um hnútana, búa svo um þessi tæki, símatækin og telextækin, að ef einhver óviðkomandi aðili eða Póst- og símamálastofnunin sjálf er að trufla þessi símtöl eða skeytasendingar og brjóta þar með trúnað, þá ættu að heyrast hljóðmerki eða vera gefin einhver önnur merki sem væru vísbending um það fyrir notendur að þeir séu ekki einir á línunni.

Ég ítreka það að þetta er hið alvarlegasta brot og útilokað að hægt sé að una við það að fullkominnar símaleyndar sé ekki gætt á þessum vettvangi. Fólk verður að geta treyst því fullkomlega.

Ég endurtek síðan þakkir mínar til ráðh. fyrir svör hans.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég mun leggja áherslu á það við nefndina að búa eins vel og unnt er um hnútana í sambandi við þá reglugerð sem hún kemur til með að semja til þess að leyndar sé gætt í hvívetna. En varðandi það sem fyrirspyrjandi endurtók hér áðan um þessar stikkprufur og tilvitnun í póst- og símamálastjóra, þá er mér ekki kunnugt um að Póst- og símamálastofnunin hafi nokkru sinni gert slíkar stikkprufur. Hins vegar hef

ég hugboð um það að varðandi úrskurð kjaradeilunefndar hafi komið upp ágreiningur um það hvað væri í öryggisskyni og hvað ekki. Og út frá því mun eitthvað hafa síast út hvað hefur verið notað sérstaklega í telexsamböndum. Og það sannar að stofnunin og stjórnvöld hafa ekki mátt til þess að stýra stofnunum og jafnvel neyðarþjónustu á slíkum tímum sem þá gengu yfir þjóðina.

Skipan nýs útvarpsstjóra, fsp. 126. mál (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Nýr útvarpsstjóri mun taka við störfum um næstu áramót. Umsóknarfrestur um starf útvarpsstjóra rann út 20. okt. s. l. Umsækjendur voru sjö, þeir Árni Björnsson þjóðháttafræðingur, Bernharður Guðmundsson fréttafulltrúi þjóðkirkjunnar, Helgi Pétursson fréttamaður, Jónas Jónasson deildarstjóri í útvarpinu, Markús Örn Antonsson ritstjóri, Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri og Ólafur H. Þórðarson framkvæmdastjóri. Aðeins fjórum dögum eftir að umsóknarfresturinn rann út var búið að ganga frá skipun í embættið. Í tilefni af þessu embættisverki hæstv. menntmrh. leyfi ég mér að beina til hans fsp. á þskj. 130 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar við nýlega skipun í embætti útvarpsstjóra?

2. Var leitað umsagnar útvarpsráðs, starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins eða einhverra annarra aðila?

3. Var rætt við alla umsækjendur og náms- og starfsferill þeirra kannaður til hlítar?"

Til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning vil ég taka skýrt fram að ástæða fsp. minnar er alls ekki sú að ég efist um lögmæti þessa embættisverks hæstv. ráðh. Um skipan útvarpsstjóra er kveðið á í lögum um Ríkisútvarpið og fer ekkert á milli mála að ákvörðunarvald þar um er hjá menntmrh. og engin skilyrði sett í lögum um menntun eða starfsreynslu til þessa embættis. Hitt er svo deginum ljósara að ráðning í svo mikilvægt embætti sem útvarpsstjóra getur ekki bara verið smekksatriði. Þar hljóta ákveðnar forsendur að vera lagðar til grundvallar. Til þess að fá þær skýrðar er þessi fsp. borin hér fram.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. 1. liður fsp. á þskj. 130 er þessi:

„Hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar við nýlega skipun í embætti útvarpsstjóra?"

Svarið er þetta: Að öðrum umsækjendum ólöstuðum þótti mér augljóst að Markús Örn Antonsson væri hæfastur til starfsins.

2. liður fsp. er þessi:

„Var leitað umsagnar útvarpsráðs, starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins eða einhverra annarra aðila?"

Svarið er þetta: Formlegra umsagna var ekki leitað, enda gera lög ekki ráð fyrir því.

3. liður fsp. er þessi:

„Var rætt við alla umsækjendur og náms- og starfsferill þeirra kannaður til hlítar?"

Svarið er þetta: Það var ekki rætt við alla umsækjendur, en náms- og starfsferill þeirra var kannaður með viðhlítandi hætti.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Eins og ég tók fram efast ég ekkert um lögmæti þessa verks. Hins vegar má ljóst vera, þar sem ég taldi ástæðu til að leggja fram þessa fsp., að ég hefði vissar efasemdir um þessa stöðuveitingu því að hversu hæfur sem viðkomandi kann að vera, þá er með skipan hans t. d. gengið fram hjá starfsmanni sem unnið hefur hjá þessari stofnun meira og minna í 35 ár. Sá maður hefur starfað á nánast öllum deildum Ríkisútvarpsins, fréttastofu, tónlistardeild, leiklistardeild, verið fréttaþulur, dagskrárþulur, dagskrárgerðarmaður til fjölda ára og hefur t. d. ferðast mikið um landið og skapað tengsl við fólk úti um allt land. Hann er nú deildarstjóri og síðasta rós í hans hnappagati er fyrsta og eina landshlutaútvarpið okkar, útvarpsstöðin á Akureyri, sem hann hefur unnið þar upp svo að segja úr engu og á þann hátt að flestir eru ánægðir með. Þessi umsækjandi er gerkunnugur öllum innviðum Ríkisútvarpsins, starfsmönnum þess og starfsháttum og hefur auk þess þann stóra kost að vera óháður í stjórnmálum. Í mínum huga og margra annarra er því ekki spurning hver hafði mesta starfsreynslu af umsækjendum. Hafi menntun átt að vega þungt, þá voru meðal umsækjenda miklu menntaðri menn en sá sem skipaður var, m. a. í fjölmiðlafræðum. Hér virðist mér því sem eðlileg matsatriði hafi verið látin víkja. En gert er gert og til þessarar umr. var ekki stofnað af neinum illvilja og ég vil að lokum óska nýráðnum útvarpsstjóra velfarnaðar í starfi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mér þykir þessi fsp. gegna nokkurri furðu og verð satt að segja að lýsa furðu minni á því að hv. þm. skuli koma hér í ræðustól og halda framboðsræðu til hyllingar ákveðnum umsækjanda um starf sem þegar er búið að veita. Mér finnast þetta vera óþingleg vinnubrögð og held að þau eigi ekki heima hér á Alþingi.

Þegar vikið er að menntun umsækjenda í þessu tilviki spyr ég: Eru próf einhver algildur mælikvarði á menntun? Því fer víðs fjarri. Og án þess að ég ætli að fara að ræða hér um hæfni eða vanhæfni einstakra umsækjenda í þessu tilviki lýsi ég þeirri skoðun minni að hæstv. menntmrh. hafi í þessu tilviki skipað mjög hæfan mann til að gegna þessu starfi og mann sem hafði verulega reynslu af starfi við þá stofnun sem hér um ræðir. Það á ekki að líta fram hjá slíku.

Ég sé að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hristir höfuðið þegar ég segi þessi orð. Það vildi svo til að ég starfaði með þeim manni, sem skipaður var útvarpsstjóri, við þá stofnun. Og ég lýsi þeirri skoðun minni hér, fyrst umr. eru hér um þetta, og endurtek það sem ég sagði áðan, að hæstv. menntmrh. hafi skipað þann mann af þessum umsækjendum sem hæfastur var til að gegna útvarpsstjórastöðu að öllum öðrum umsækjendum ólöstuðum. En ég held að svona umr. eigi hreint ekki heima á hinu háa Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég vildi aðeins mótmæla því að ég hefði verið að halda einhverja framboðsræðu hér. Ég spurði um forsendur fyrir þessari veitingu sem mér fannst ekki liggja í augum uppi. Þar sem þær einar forsendur voru gefnar upp að viðkomandi hefði verið talinn hæfastur þótti mér við hæfi að nefna þær forsendur sem ég taldi

eðlilegast að lægju til grundvallar, þ. e. hvað varðar menntun eða starfsreynslu. Hafi þetta verkað sem framboðsræða, þá var það ekki meiningin og ég vil taka fram að hv. síðasta ræðumanni hefur missýnst ef hann heldur að ég hafi verið að hrista höfuðið hér áðan. Það var a. m. k. ekki meining mín.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. taldi að það ætti ekki að vera smekksatriði hver væri skipaður útvarpsstjóri, en mér þykir það í meira lagi spurning um smekksatriði hvort menn eiga að gera grein fyrir máli sínu með þeim hætti sem hv. þm. gerði, sérstaklega í síðari ræðu sinni. Mér þótti sú ræða vera sérstaklega til þess fallin að varpa rýrð á hinn nýskipaða útvarpsstjóra. M. a. gat fyrirspyrjandi að til greina kæmi starfsreynsla og þekking á stofnuninni sem um væri að ræða. Það er alveg ljóst að hinn nýi útvarpsstjóri er gerkunnugur þeirri stofnun, bæði sem fyrrverandi starfsmaður, þar sem hann gat sér mjög gott orð, og í stjórnunarstarfi sem formaður útvarpsráðs. Hann hefur auk þess margháttaða reynslu af stjórnarstörfum. Samborgarar hans hafa sýnt honum mikið traust á undanförnum árum. Hann hefur verið farsæll í starfi. Hann er gerkunnugur fræðslumálum líka. Þann þátt tel ég miklu skipta í rekstri Ríkisútvarpsins nú á næstu árum.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Mér fannst mjög ósmekklega fjallað hér um þá sem sóttu um stöðu útvarpsstjóra. Það er ástæðulaust, þegar búið er aað afgreiða mál, að draga þannig í dilka og fjalla um einstaka menn. Ástæða væri þá til að fjalla um þá alla því að um mjög hæfa menn var að ræða. Það má endalaust meta menntun og reynslu. Benda má á að einn umsækjenda hefur starfað við útvarpsstöð sem hefur útvarpað til helmings mannkyns. Það má lengi um það metast. En í fyrsta lagi: þessi ræða var flutt á vitlausum tíma.

Leiðsögukennarar, fsp. 115. mál (þskj. 119). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Mikið hefur verið fjallað um kjör og störf kennara á s. l. vikum og er það vel. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1971, er fjallað m. a. um þjálfun í starfi. Þar stendur í 10. gr., með leyfi forseta:

„Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra."

Í lögum um grunnskóla frá 1974 eru talin upp verkefni fræðsluráðs. Þar segir m. a. í 12. gr., 5. tl., með leyfi forseta:

„Það (fræðsluráð) skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands."

Árið 1977 gaf menntmrn. út erindisbréf fyrir leiðsögukennara. Þar stendur m. a., með leyfi forseta:

„Í 1. gr. Sérhver kennari á grunnskólastigi, settur eða stundakennari í a. m. k. 2/3 hluta starfs, skal fyrsta kennsluár sitt eiga völ á leiðsögu sér reyndari kennara, leiðsögukennara sem hefur full kennararéttindi.

Í 2. gr. Við val leiðsögukennara skal jafnan höfð hliðsjón af menntun hans, reynslu og hæfni í kennslustarfi.

Í 3. gr. Leiðsögukennari er ráðgjafi hins nýja kennara um það er snertir skólastarfið í framkvæmd. Hann skal m. a. kynna honum kennsluhætti í skólanum, kennsluaðstöðu í skólahúsinu, svo og þau tæki er kennarar skólans hafa aðgang að í starfi sínu."

Síðar í sömu gr. segir:

„Leiðsögukennari skal haga svo leiðsögn sinni að hinum nýja kennara vaxi eðlilegt sjálfstraust samfara þjálfun í starfi."

Í dag blasir sú staðreynd við að svonefnd æfingakennsla, en þar er átt við annars vegar að taka kennaranema og eftirláta þeim bekkinn ásamt því að leiðbeina þeim eða hins vegar að taka kennaranema í það sem kallast áheyrn, þeir fylgjast þá með kennslu viðkomandi kennara, svonefnd æfingakennsla er ekki eftirsótt meðal kennara og má raunar segja að nú þegar sé erfitt að fá kennara úti í hinum almenna skóla til að taka að sér kennaranema. Ekki er gert ráð fyrir námskeiðum eða leiðsögn fyrir þá kennara sem fallast á að annast þennan þátt í námi kennaranema.

Kennurum, sem taka að sér kennaranema, er ekki ætlaður tími til leiðsagnar og undirbúnings með nemum og hvað launagreiðslur varðar þá eru þær vart teljandi. Ónefnd er þó sú röskun sem æfingakennslu fylgir óhjákvæmilega, bæði meðal nemenda og svo í allri starfsáætlun viðkomandi kennara og nemendahóps. Það er augljóst að slík inngrip eins eða fleiri einstaklinga í fyrir fram áætluð störf bekkjarins valda truflun. Kennarar, sem eru að hefja störf eftir að hafa stundað nám við Kennaraháskóla Íslands, hafa því miður fengið hverfandi litla æfingakennslu, m. a. vegna aðstöðuleysis. Vert er að hafa í huga að það er hverjum nýliða á vinnustað nauðsyn að fá aðstoð og njóta leiðsagnar þeirra sem þar eru kunnugir, nýliðum í kennslu ekki síður en nýliðum í öðrum störfum í þjóðfélaginu. Þeim mun nauðsynlegra er að vel takist til þar sem kennari er að taka við ábyrgðarmiklu og krefjandi starfi, því að hafa umsjón með stórum hópi barna og unglinga og auk þess að annast fræðslu þeirra. Nýliðanum er því mikill og augljós vandi á höndum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hve margir leiðsögukennarar eru starfandi í grunnskólum landsins, sbr. 10. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands og 5. tölul. 12. gr. laga um grunnskóla?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. landsk. þm. vil ég taka fram og ítreka það sem hún nefndi, að kveðið væri á um leiðsögukennara í grunnskólalögum og lögum um Kennaraháskóla Íslands. Þetta ákvæði hefur ekki komist til framkvæmda, aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er ákvæðið erfitt í framkvæmd með þeim hætti sem grunnskólalög mæla fyrir um, en þar segir:

„Fræðsluráð skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra."

Í sumum tilvikum eru mjög fáir fundir í fræðsluráðum umdæmanna auk þess sem fræðsluráðsmenn koma víða að. Hafa þau því enga möguleika til að vinna verkefni eins og hér um ræðir. Þess vegna væri nauðsynlegt að breyta lagaákvæðinu og fela verkefnið öðrum, eins og verið hefur í reynd. Núna hlýtur verkefnið að vera á höndum skólastjóra, yfirkennara og fræðslustjóra og námsstjóra að því er einstakar greinar varðar. En námsstjórarnir munu nú í ríkara mæli en áður geta komið við ferðalögum út í umdæmi, þar sem þeir eru lausir við námsefnisgerðina sem þeir hafa haft með höndum árum saman, en hún hefur eins og kunnugt er verið flutt í Námsgagnastofnun. Þess vegna geta námsstjórarnir, sem í menntmrn. vinna, einbeitt sér meira að leiðbeiningum úti í skólunum sjálfum.

Síðari ástæðan fyrir því að þetta ákvæði hefur ekki komist til framkvæmda verður skýrð með því að segja frá því að þrátt fyrir þessi vandkvæði var lítillega byrjað á þessu ári 1978 á Akureyri. Árið 1979 ákvað ríkisstj. vissar aðhaldsaðgerðir í peningamálum sem m. a. leiddu til þess að nokkur samdráttur varð á fjárframlögum til grunnskóla. Þessi starfsemi var þá felld niður og því hefur ekki verið breytt síðan. Ég vona að í þessu tvennu felist svarið við fsp.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðh. svör hennar. En ég held að það sé nauðsynlegt að sinna þessu hlutverki í námi kennara, ekki bara kennaranna vegna heldur ekki síst barnanna sjálfra vegna. Og það gildir þá í raun einu hvaða skipulagsform er tekið upp, svo lengi sem þetta verður starfhæft, því að mistök í starfi kennarans er erfiðara að bæta en í ýmsum öðrum störfum. Verið er að vinna með börnum og unglingum á viðkvæmu æviskeiði og því er nauðsynlegt að hver kennari, sem er að hefja kennslu, geti leitað til þeirra sem hafa reynslu í starfi, og ekki er síður mikilvægt að þeim sem taka að sér slíka leiðsögu sé ætlaður til þess tími.

Það er ábyrgðarhluti að láta tilviljun ráða hvernig til tekst, en staðreyndin er sú að málum er svo háttað í dag að það er tilviljunum háð og velvild þeirra kennara sem eru á hverjum stað hvort og þá hvernig nýliðum í kennarastarfi er sinnt í skólunum. Þeir sem þekkja til starfa kennarans í skólunum vita að sjaldnast er tími aflögu meðan hann starfar við kennslu þess hóps sem honum er ætlað að bera ábyrgð á. Það segir sig því sjálft að störfum hlaðinn kennari á lágum launum hefur ekki tíma til að huga að því hvernig nýliðanum í næstu stofu gengur. Ég mundi því álíta að leiðsögukennari sé mjög þarfur. Hann veitir hinum nýja kennara þá leiðsögu sem nauðsynleg er og með því stuðlar hann að því að vel takist til með það vandasama starf sem nýliðinn er að takast á við, það að fræða börn og unglinga, en ekki síður að leiða þau til aukins þroska.

Mér finnst öll þau rök sem ég hef talið upp hér að framan styðja það hversu nauðsynlegt er að framfylgja þessum ákvæðum sem eru til staðar í lögum og reglugerðum og því vona ég að einhver skipulagsbreyting verði til þess að þetta komist til framkvæmda.

Símalyfseðlar, fsp. 140. mál (þskj. 145). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Sunnudaginn 4. nóv. s. l. birtist grein í helgarblaði NT þar sem skýrt var frá því hvernig blaðamönnum tókst að verða sér úti um vímugæf lyf með því að hringja í nokkur apótek, taka sér læknisnafn, valið af handahófi úr læknaskrá, en aðgang að henni fengu þeir á Borgarbókasafninu þar sem hún liggur frammi sem handbók en ekki til útlána. Þannig gáfu þeir út lyfseðla símleiðis með því að villa á sér heimildir. Í umræddri blaðagrein er það nákvæmlega tíundað hvernig blaðamennirnir báru sig að. Ég tel ekki ástæðu til að fara út í þá sálma hér. En ástæðuna fyrir þessu tiltæki sínu töldu blaðamenn vera þá, að orðrómur væri uppi um að sú iðja væri nokkuð stunduð af óprúttnum mönnum að hringja í apótek undir fölsku nafni og verða sér þannig úti um lyf á ólöglegan hátt. Blaðamennirnir vildu sem sagt láta reyna á hvort þetta væri hægt og tilganginn sögðu þeir þann að benda á gloppu í kerfinu sem þyrfti að laga.

Ég tel gilda ástæðu til að fá hér á hv. Alþingi fram upplýsingar frá hæstv. heilbrmrh. um hvernig þær reglur eru sem gilda í þessum efnum. Símsending lyfseðla er í mörgum tilfellum hagkvæm og nauðsynleg þjónusta, sem læknar og lyfjafræðingar veita sjúklingum, og má með engu móti falla niður. Þess vegna er brýnt að þannig sé að þessum málum staðið að komið verði í veg fyrir hugsanlega misnotkun eftir því sem kostur er.

Ég vil taka fram að ég tel að þeir sem þessum málum sinna, þ. e. læknar og lyfjafræðingar, leggi sig fram um að koma í veg fyrir slíka misnotkun sem hér hefur verið fjallað um, en ekki er hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd sem reynsla blaðamannanna skýrir frá. Þess vegna er fsp. mín lögð fram. Hún er á þskj. 145 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvaða reglur gilda um útgáfu lyfseðla í gegnum síma?

2. Er fyrirhugað að breyta þeim reglum til þess að koma í veg fyrir misnotkun?"

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Um útgáfu lyfseðla gildir reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu þeirra, nr. 291 frá 1979, með áorðnum breytingum. Í þeirri reglugerð segir:

„Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill skal vera dagsettur og undirritaður eigin hendi læknis. Dýralæknum er þó einungis heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga og tannlæknum nánar tilgreindum lyfjum."

Þá er einnig í reglugerðinni talað um rétt læknisefnis með tímabundnu lækningaleyfi til að gegna ákveðnu starfi og ávísa lyfjum með lyfseðli á borð við lækna. Læknakandidat, sem starfar á spítaladeild, heilsugæslustöð eða hliðstæðri stofnun, er heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi yfirlæknis að ávísa slíkri stofnun eða sjúklingum, sem þar eru til lækninga, lyfjum með lyfseðli, sem með prentuðu máli er auðkenndur

stofnuninni, enda þótt læknakandidatinum hafi ekki verið veitt tímabundið lækningaleyfi. Þó er honum ekki í slíkum tilfellum heimilt að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum né ávísa lyfjum í síma. Hlutaðeigandi yfirlæknir, sem kandidat starfar hjá, ber ábyrgð á lyfjaávísunum þessum.

Í 4. gr. þessarar reglugerðar er fjallað um símaávísanir lyfja og þar segir:

„Við ávísun lyfja í síma skal gæta fyrirmæla 1. og 3. gr. að svo miklu leyti, sem þau eiga við, svo og ákvæða þessarar greinar. Vegna mistaka, er leitt geta af misheyrn eða misskilningi í síma, skal takmarka símaávísanir lyfja svo sem frekast er unnt.

Einungis lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi er heimilt að rita lyfseðil sem lesinn er í síma. Á sama hátt er lækni (tannlækni, dýralækni) einum heimilt að lesa lyfseðil í síma. Viðtakandi símalyfseðils skal, ef þörf gerist, biðja útgefanda um upplýsingar, er nægja til þess að sanna að útgefandi segi rétt til sín.

Útgefandi skal hafa lyfseðilinn yfir þannig, að viðtakanda gefist tími til að eftirrita hann þegar í stað á þar til gert símalyfseðilseyðublað. Að því loknu skal lesa lyfseðilinn fyrir útgefanda. Auk heitis lyfs, ávísaðs magns og fyrirmæla um notkun skal viðtakandi rita á símalyfseðilseyðublaðið nafn útgefanda og stöðu hans (læknir, dýralæknir, tannlæknir) og heimilisfang, ef það er nauðsynlegt til auðkenningar, nafn sitt, dagsetningu, nafn sjúklings og heimilisfang og aldur barns, ef lyfið er ætlað barni.

Á símalyfseðliseyðublað skal vera prentað orðið SÍMALYFSEÐILL og númer eyðublaðsins í töluröð. Skal eyðublaðið vera í samræmi við sýnishorn í viðauka 3 með reglugerð þessari. Símalyfseðill skal vera í tvíriti. Skal frumritið notað við afgreiðslu lyfsins, en samritið skal haldið eftir. Samritið skal geyma í eitt ár frá ritun þess, en síðan brenna það eða eyðileggja á tryggilegan hátt. Símalyfseðilseyðublað má einungis nota til þess að rita lyfseðil, sem lesinn hefur verið í síma, svo og þær leiðréttingar, er gerðar kunna að verða á lyfseðlinum í samráði við útgefanda.

Sérákvæði gilda um símalyfseðla, sem hljóða á ávana- og fíknilyf."

Þar sem fjallað er um almenn ákvæði um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli segir að lyfjafræðingur og aðstoðarlyfjafræðingur skuli hafa vakandi auga á misritun og öðrum villum, er fyrir kunna að koma á lyfseðli, og að lyfseðillinn sé að öðru leyti ritaður í samræmi við gildandi fyrirmæli.

Í 6. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ávana- og fíknilyf, en sum þeirra eru eftirritunarskyld, þ. e. að eftir afgreiðslu lyfs samkv. lyfseðli ber að halda lyfseðlinum eftir og senda hann fyrir 10. dag næsta mánaðar til Lyfjaeftirlits ríkisins. Í greininni eru einnig talin nokkur ávana- og fíknilyf sem ekki má ávísa einstaklingi í meira magni eða stærri skömmtun en tiltekið er og má þar t. d. nefna diazepamun. Óheimilt er að ávísa diazepami í hylkjum, töflum eða skömmtum í stærri eintökum en 5 mg og ekki meira en svarar 250 mg af hinu virka efni. Þá eru í þessari sömu grein talin nokkur efni sem óheimilt er að ávísa í síma.

Öllum, sem til þekkja, er ljóst að fjöldi símalyfseðla er mikill hér á landi eða um 20% af öllum úgefnum lyfseðlum. Það er augljóst hvílíkt hagræði það er að geta beðið lækni um að senda lyfseðil í nágrannalyfjabúð og þannig sparað sér sporin, svo ekki sé talað um bið á biðstofu. Hugsanlega nýtist tíminn lækinum betur til að sinna þeim sjúklingum er til hans koma. En eins og ég sagði áður er símalyfseðlafjöldinn mikill. Þannig voru t. d. afgreiddir nærri 170 símalyfseðlar í einni lyfjabúð í Reykjavík hinn 7. sept. s. l.

Það var fyrst árið 1963 sem símalyfseðlar voru leyfðir og voru þá einvörðungu hugsaðir til nota í neyðartilvikum. Hugsanlegt bann við útgáfu símalyfseðla eftir öll þessi ár er nánast óframkvæmanlegt, en hertar reglur um útgáfu þeirra koma fyllilega til greina. Um þessar mundir er verið að vinna að endurskoðun reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja og mun ég beina þeim tilmælum til þeirra er það annast að þeir reyni að finna leiðir er leiði til útgáfu færri símalyfseðla og jafnframt verði misnotkun torvelduð.

Ég vil í þessu sambandi minna á að ávísað magn af eftirritunarskyldum lyfjum á Íslandi 1976—1982 hefur minnkað verulega, eins og sterk svefnlyf og sterk örvandi lyf, eins og amfetamín og skyld lyf, og sterk róandi lyf og sterk verkjalyf. Dregið hefur úr ávísun á slík lyf á þessu árabili um 66%. Til þess að gefa nokkra vitneskju: Á árunum 1976—1980 varð um 50% lækkun á seldu magni af geðlyfjum. Ef litið er til þróunar á sölu allra geðlyfja á Norðurlöndum frá 1976 kemur eftirfarandi í ljós, að frá 1976 til 1980 hefur minnkun orðið á Íslandi um 28.5%, en í Danmörku hefur aukning orðið 24.1%, í Finnlandi hefur aukning orðið 1.9% og í Noregi er aukning 8.5%, en í Svíþjóð minnkun um 2.2%. Því má ljóst vera að Íslendingar hafa gengið harðast fram í takmörkun þessara lyfja.

Við athugun á útgáfu símalyfseðla í Reykjavík, sem stendur yfir, benda niðurstöður til að þriðjungur allra lyfjaávísana fari fram gegnum síma hér í Reykjavík og hefur fjöldi símaávísana farið vaxandi. Þessi athugun leiðir enn fremur í ljós að skiptingin milli lyfjaflokka er sem hér segir: Geð- og taugalyf 23%, sýklalyf, hóstamixtúrur o. fl. 21%, verkja- og gigtarlyf 12%, hjarta- og háþrýstingslyf 9%, getnaðarvarnalyf 6% og önnur lyf 29%.

Í tengslum við þá endurskoðun reglugerðarinnar sem nú stendur yfir hefur landlæknir óskað eftir að reglugerðinni verði breytt á þann veg að fækka megi símalyfseðlum án þess að af því leiði óhagræði fyrir sjúklingana. Mikilvægasta breytingin sem landlæknir óskar eftir með bréfi fyrr á þessu ári var að leyfð yrði afgreiðsla lyfs oftar en einu sinni út á sama lyfseðil. Er það mál einnig til athugunar í sambandi við breytingu á reglugerðinni.

Um þetta sérstaka tilvik, sem hv. fyrirspyrjandi vitnar til, er það að segja að ekki telst það góð aðgerð, hvorki í þessu tilfelli né öðrum, að ljúga til nafns og reyna að svíkja út vöru eins og þessa. Þó að það sé gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir misnotkun hlýtur verknaðurinn að vera sá sami. Það væri ekki gott að koma inn í kjörbúð og taka eitthvað úr hillu eða skúffu og ganga síðan út, en koma svo aftur inn og segja við verslunarmanninn: Heyrðu góði. Ég stal þessu. Ég ætla að skila því.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóðar upplýsingar og svör hans og fagna því, sem kom fram í ræðu hans, að verið er að endurskoða reglurnar með það í huga að

koma í veg fyrir misnotkun.

Það er vissulega rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að hér var um ólöglegt athæfi að ræða og ég vil ekki mæla bót því atferli blaðamannanna að stunda rannsóknarblaðamennsku með ólöglegum aðferðum. Það voru því eðlileg viðbrögð landlæknis að kæra athæfið. Annað gat hann ekki gert. En hitt verða menn að viðurkenna að tilgangur blaðamannanna var góður, þ. e. að benda á brotalöm í kerfinu sem erfitt hefði verið að sanna með öðrum hætti. Það mætti e. t. v. spyrja hvort tilgangurinn hafi ekki helgað meðalið að þessu sinni.

Ég sé ástæðu til að þakka blaðamönnunum fyrir að vekja athygli á þessu máli þó að með vafasömum hætti hafi verið að staðið. Og ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. og ítreka nauðsyn þess að þessar reglur verði hertar svo að þessi þjónusta geti orðið þeim að liði sem þurfa mest að njóta hennar.

Útboð Vegagerðar ríkisins, fsp. 145. mál (þskj. 150). — Ein umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Á þskj. 150 hef ég leyft mér ásamt hv. 5. þm. Austurl. sem sat hér inni um tíma, hv. varaþm. Sveini Jónssyni, að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh. um útboð Vegagerðar ríkisins:

„1. Hver er heildarkostnaður við gerð útboðsgagna, hönnun og eftirlit með útboðsverkum hjá Vegagerð ríkisins við þau verk sem unnin eru á þessu ári?

2. Hver er áætlaður mismunur (hagnaður) raunverulegs framkvæmdakostnaðar og áætlaðs kostnaðar fyrir þessi verk? Sé um hagnað að ræða, hvernig hefur honum verið ráðstafað?"

Eflaust er enn ekki útséð um þessi mál þó að komið sé fram í desember og bið ég velvirðingar á því að fsp. skuli svo tímasett sem raun ber vitni. Enn frekar er mér ljóst að raunverð á þessum framkvæmdum liggur heldur alls ekki fyrir. En mig langar til að hafa um þetta örfá almenn orð þó að í stuttum fsp.-tíma séu ekki tök á að ræða almennt um útboð opinberra aðila svo sem Vegagerðar ríkisins.

Ég ræddi þetta nokkuð við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori, lýsti minni skoðun á þessu. Ég dró ekki réttmæti útboða almennt í efa en lýsti þeim hættum sem væru því samfara fyrir ýmiss konar þarfa þjónustu og sjálfsagða úti um landsbyggðina ef þessi útboðsstefna gengi út í öfgar og nær allt, smátt og stórt, væri boðið út blindandi svo að segja. Út í þá sálma skal ekki farið hér nú, en í engu hefur þessi skoðun mín breyst. Útboð á Austurlandi, bæði hjá Hafnamálastofnun og Vegagerð ríkisins, hafa styrkt mig í þeirri skoðun. Útboðsupphæðir í byrjun segja oft ekki alla sögu. Lokaupphæðir eru vegna alls konar ástæðna oft allt aðrar. Opinberir aðilar, svo sem Vegagerð ríkisins, fara oft með ósmáar upphæðir í gerð útboðsgagna og viðbótarhönnun og eftirlit með verkum mun oft nema dágóðum fúlgum.

Um útboðsverk sem illa fara er ekki rætt og er þó eitt slíkt sláandi á Austurlandi frá s. l. sumri. Útboð stærri verka — og þá á ég við veruleg stórverk — eru sjálfsögð en efi minn og vantrú eru bundin hinum smærri verkum og mætti tilgreina þar slæm dæmi og verður gert síðar. Auk þess er sú hættan mest að örfáir stórir aðilar með forgangsaðstöðu ráði hér öllu um útboð innan skamms. Og þá mun stutt í samtrygginguna frægu og útboðsverðin önnur og hærri eftir að þeir stóru og vel settu eru búnir að drepa hina af sér. Sömuleiðis verða þá þjónustuaðilar á landsbyggðinni, vinnuvélaeigendur og vörubifreiðastjórar ekki lengur til sem slíkir fyrir íbúana þar til ýmiss konar nauðsynlegra verka sem aldrei geta þó skapað þeim rekstrargrundvöll þótt þjónustan sé þörf og brýn.

Varaformaður fjvn., hv. 6. þm. Norðurl. e. Guðmundur Bjarnason, kom inn á þessi mál nú við 1. umr. fjárlaga. Ég tek undir sjónarmið hans um hin svæðisbundnu útboð minni verka og virkar reglur um meðferð útboða almennt á vegum hins opinbera. Það er einsýnt að gera um þetta tillögur hér á Alþingi. En fsp. þessi snertir þó fyrst og síðast útboðsverð og raunverð í lokin, heildarkostnaðinn þegar upp er staðið. Vænti ég þess, þó að ég játi að fsp. er ranglega orðuð miðað við þetta ár, að hæstv. ráðh. geti gefið hér um vissar vísbendingar og upplýsingar.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Áður en vikið er að þeim tveimur spurningum sem í fsp. eru er rétt að gera nokkra grein fyrir fjárveitingu til vegagerðar, áætlunum og tilboðum. Þegar fjármagni er skipt á verkefni í vegáætlun liggur að jafnaði ekki fyrir endanleg hönnun og kostnaðaráætlun verkefna. Reynt er að hafa frumáætlanir til um sem flest verkefni, en það tekst ekki alltaf og er þá byggt á grófara kostnaðarmati. Endanleg kostnaðaráætlun er síðan gerð áður en framkvæmd hefst eða útboð fer fram. Sú kostnaðaráætlun getur verið bæði hærri og lægri en frumáætlun eða kostnaðarmat. Venjulega eru frávik ekki mjög stór þó að dæmi séu til þess.

Í kostnaðaráætlun er verki skipt upp í marga verkþætti og hver þeirra skilgreindur með áætluðu magni. Í hverjum verkþætti eru einingarverð áætluð. Þau einingarverð miðast við taxta skv. samningum fyrir menn, vinnuvélar og bifreiðar og afköst skv. reynslu frá eigin verkum Vegagerðarinnar og verktakaverkum. Einnig er miðað við að lögum og reglum um aðbúnað verkafólks sé fullnægt. Kostnaðaráætlun fyrir útboðsverk tekur einungis til þeirra verkþátta sem verktaki á að vinna, þ. e. hönnun, eftirlit, landbætur, efnistökugjald og þess háttar er utan áætlunar. Þá er algengt að Vegagerð ríkisins leggi til efnivörur, svo sem ræsarör, asfalt o. fl. Kostnaðaráætlun er gerð á því verðlagi sem er í gildi þegar útboð fer fram. Allt þetta miðar að því að kostnaðaráætlun byggi á sambærilegum grunni við tilboðsbjóðanda. Endanlegt uppgjör við verktaka getur vikið frá tilboði hans og verða hér nefndar algengustu orsakir þess:

1. Verðbætur. Í útboðsgögnum eru tilgreindar reglur um það hvernig reikna skuli verðbætur á verktíma. Reglurnar eru einfaldar og eiga að endurspegla raunverulegar hækkanir í verkum af þessu tagi.

2. Breytingar. Í jarðvinnu er útilokað að komast hjá breytingum af ýmsum orsökum. Auk þess hefur verkkaupi rétt til að auka eða minnka verk að ákveðnu marki án þess að einingarverð breytist.

3. Kröfur verktaka. Reynist aðstæður erfiðari í verki en ráða má af útboðsgögnum, eða útboðsgögnum er áfátt að öðru leyti, getur verktaki krafið verkkaupa um greiðslu þess aukakostnaðar sem hann hefur orðið fyrir vegna þessa.

Um 1. og 2. lið er það að segja að þeir eru mjög breytilegir milli verka og hafa stundum hækkað framkvæmdakostnað verulega. Rétt er að hafa í huga að slíkar hækkanir kæmu einnig fram þó að Vegagerð ríkisins framkvæmdi verkið. Liður 3 er hins vegar verulega bundinn verktakaverkum. Hækkanir af hans völdum eru þó yfirleitt hlutfallslega litlar eða frá óbreyttu til 5%. Um alla þrjá liðina gildir að ekki hafi verið gerð heilleg úttekt á stærð þeirra, en stefnt er að því að gera það nú í vetur.

Þá er komið að spurningunum tveimur. Um þær báðar gildir að kostnaður skv. uppgjöri við þá þætti sem um er spurt liggur ekki fyrir fyrr en eftir næstu áramót. Verður því á þessu stigi að svara spurningunum óbeint.

Hver er heildarkostnaður við gerð útboðsgagna, hönnun og eftirlit með útboðsverkum hjá Vegagerð ríkisins við þau verk sem unnin eru á þessu ári? Hönnun og gerð útboðsgagna fyrir verk þau sem hér um ræðir má áætla að kosti 3—6% af framkvæmdakostnaði. Séu kostnaðaráætlanir útboðsverka hjá Vegagerð ríkisins á þessu ári lagðar til grundvallar er líklegur kostnaður 12—14 millj. kr. Eftirlitskostnað má áætla nokkru hærri eða 4—8% af framkvæmdakostnaði. Skv. því gæti kostnaður við eftirlit útboðsverka á þessu ári verið 16—18 millj. kr. Hönnun á að vera sú sama hvort sem verk er unnið af Vegagerð ríkisins eða boðið út, en nokkur aukakostnaður verður við útboðsgögn fyrir útboðsverk. Þetta er þó lítill hluti þeirrar upphæðar sem nefnd er hér að ofan. Eftirlitskostnaður er hins vegar miklu minni við eigin verk en við útboðsverk. Ekki er ólíklegt að hann sé um eða innan við helmingur af eftirlitskostnaði við útboðsverk.

Síðari spurningin: Hver er áætlaður mismunur (hagnaður) raunverulegs framkvæmdakostnaðar og áætlaðs kostnaðar við þessi verk? Sé um hagnað að ræða, hvernig hefur honum verið ráðstafað?

Áætlaður kostnaður við þau útboðsverk sem koma til greiðslu á þessu ári er um 249 millj. kr. Séu lögð saman lægstu tilboð í þessi verk koma út um 175 millj. kr. eða um 70% af áætluðum kostnaði. Miklar sveiflur eru í lægstu tilboðum einstakra verka sem hlutfalls af kostnaðaráætlun, þau lægstu undir 50%, þau hæstu yfir 100%. Frá þessum mun mætti draga aukakostnað vegna útboðsgagna, eftirlits og krafna verktaka. Þó að það sé gert má ætla að eftir verði mismunur upp á 20—25% af áætluðum kostnaði. Það svigrúm sem þannig fæst er notað til nýbygginga og þá einkum með þrennum hætti.

1. Í nokkrum tilvikum var endanleg kostnaðaráætlun fyrir útboðinn áfanga hærri en fjárveiting. Þar nýtist svigrúmið til að ná áfanganum.

2. Svigrúmið var notað til að bæta við þann áfanga sem boðinn var út.

3. Mismunur var notaður til að ráðast í nýjar framkvæmdir á viðkomandi vegi. Í þeim tilvikum er haft samráð við þm. viðkomandi kjördæma.

Ég vil einnig láta það koma hér fram að með auknum útboðum, þrátt fyrir hlutfallslega minnkun fjármagns til vegagerðar bæði vegna samdráttar í þjóðarframleiðslu og eins að ekki var farið að fullu í þá viðmiðun sem langtímaáætlun í vegagerð gerir ráð fyrir, þá hefur orðið magnaukning í nýframkvæmdum vega á þessu ári. Það tel ég vera mjög ánægjulega þróun. T. d. hvað varðar slitlög á vegum um landið, þá hefur tekist þrátt fyrir þennan samdrátt að ná þeim áfanga að lagt hefur verið slitlag á um 163 km á þessu ári. Því er þó ekki að leyna að 20—30 km af þessum slitlögum eru ekki með tvöföldum akreinum. Þrátt fyrir það hefur náðst þarna mjög ánægjulegur árangur. Hins vegar eru verktakastarfsemi og útboð í raun og veru enn að slíta barnsskónum svo að ýmislegt getur farið úrskeiðis. En þá er að læra af reynslunni og það tel ég að þeir menn sem að þessum málum hafa unnið, sérstaklega hjá Vegagerðinni, hafi gert.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er vissulega erfitt að gera sér nú á stundinni grein fyrir þessum svörum og einstökum tölum. Ég skil það mætavel vegna tímasetningarinnar á þessari fsp. að þessar lokatölur eru vitanlega ekki komnar. Mér þykja þessar tölur varðandi gerð útboðsgagna í lægri kantinum. Ég held að þær séu nú eins lágar og mögulegt er að koma þeim og sömuleiðis eftirlitið, vegna þess að ég veit að varðandi sum verk er um hærri tölur að ræða en 6% í gerð útboðsgagna og einnig að eftirlitið hefur farið yfir 10% þó að þetta kunni að verða meðaltalið. Þetta verður þeim mun dýrara, hærri prósenta eftir því sem verkin eru smærri sem út eru boðin og hagkvæmnin af útboði hinna smærri verka því þeim mun minni.

Það kom svo fram í máli hæstv. ráðh. að ekki væri búið að reikna inn í ýmsar aukakröfur verktakanna. Það væri áætluð einhver upphæð í þær en aukakröfurnar væru eftir. Mér segja fróðir aðilar að það sé dágóð atvinna margra lögfræðinga hér í borg að fara ofan í útboðsverk fyrir verktaka, fara ofan í smáa letrið ef svo mætti segja, og finna agnúa og varnagla sem í þessu eru settir og ná þannig út ærnum viðbótaruppháðum frá opinberum aðilum— og einkaaðilum eflaust líka. Ég fullyrði ekkert um þetta hér, en þeir menn sem þekkja glögglega til segja að hér sé um dágóða atvinnugrein að ræða. Og ég veit að varðandi ýmis þau verk sem ég þekki til hafa komið upp aukakröfur.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér í fsp.-tíma um Vegagerð ríkisins, sem er að mörgu leyti til fyrirmyndar í þessum efnum, ekki ræða um aðrar opinberar stofnanir, ég skal forðast það, og útboð þeirra og verklag í kringum útboð. En í ljósi ýmiss af því sem hefur verið að gerast á Austurlandi varðandi útboð þeirra, meðferð þeirra og endalokin þar, og í ljósi þess byggðavanda sem ég held að þessi óhefta útboðsstefna geti valdið, þá lýsi ég því yfir að ég mun seinna í vetur vinna ásamt öðrum að ákveðinni tillögugerð um verktilhögun í þessu efni. Það kann að vera nauðsynlegt líka að reyna að fá enn nánari upplýsingar um endanlegt uppgjör útboðsverka og rauntölur þar um leið, þegar líður fram á næsta ár. Ég segi það að það verður ekki unað við það af minni hálfu þegjandi að stórir og voldugir verktakar með yfirburða aðstöðu vegna stórverkefna, m. a. í virkjunum, geti í skjóli þess gert út af við smærri verktaka úti á landsbyggðinni og í framhaldi af því brotið niður eðlilega þjónustustarfsemi þar, svo sem mér sýnast allar horfur á ef ekkert verður að gert. Ég held að langtíma hagkvæmni verði þá minni en engin og það skiptir auðvitað mestu máli. Ég viðurkenni hins vegar gildi útboðsstefnu varðandi hin stærri verk í flestum tilfellum, þó að ég hafi býsna mikinn fyrirvara á um þetta í heild sinni, vegna sannana sem ég hef annars vegar um þær tölur sem auglýstar eru rækilega þegar útboðin eru opnuð, og hins vegar þeirra rauntalna sem

koma svo í ljós þegar allt er skoðað niður í kjölinn.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að lesa hér upp svohljóðandi tillögu sem mér barst nú í hendur frá sveitarstjóra Fellabæjar, Svölu Eggertsdóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða á oddvitafundi Héraðs og Borgarfjarðar á Egilsstöðum 9. nóv., þar sem skorað er á samgrh. og vegamálastjóra að breyta reglum varðandi útboð á smáum framkvæmdum í vegagerð á þá leið að framkvæmdirnar verði ekki boðnar út á landsvísu. Verktakar í hverjum fjórðungi landsins fái að keppa um verkefni innan síns svæðis. Stærðarmat verkefnis miðist t. d. við 10—15 millj. af áætluðum kostnaði. Ekki þarf að útskýra það fjárhagslega gildi sem þetta hefur fyrir svæðið. Einnig styrkir þetta stöðu atvinnumála og atvinnufyrirtæki sem hverjum fjórðungi eru nauðsynleg við sín heimaverkefni.

Ég held að ég geti tekið undir hvert orð í þessari samþykkt og læt máli mínu lokið þar með og þakka hæstv. ráðh. svör hans.

Magdalena Margrét Sigurðardóttir: Herra forseti. Mig langaði til að beina örstuttri fsp. til hæstv. samgrh. Hún er um það hvort verðbætur séu greiddar á útboðsverk.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við þessari fsp. er því til að svara að það fer allt eftir samningum hverju sinni, hvernig þeir samningar eru. Það fer m. a. eftir tímalengd þess verkefnis sem um er að ræða. Þegar verkefni eru unnin á tiltölulega löngum tíma eða í mikilli verðbólgu, þá eru yfirleitt greiddar verðbætur á öll verkefni, á alla verktakastarfsemi, ekki eingöngu í þessum málaflokki heldur í öllum öðrum.

Út af því sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan og þeirri ályktun sem hann las upp vil ég segja að ég held að það sé ákaflega rangt að bjóða ekki líka út minni verk. Það er mjög þægilegt einmitt eftir því sem verkin eru minni. Eftir því sem verkin eru minni eru meiri möguleikar fyrir það fólk sem á tæki og má kalla litla verktaka að bjóða í verkefni. En að setja einhver ákveðin landamæri um útboð held ég að sé afar vafasamt að gera, að ekki sé meira sagt.

Um tiltekið verkefni hefur verið beitt svæðaútboðum hjá Vegagerðinni. Þau svæðaútboð hafa verið í mörgum tilfellum mjög gagnrýnd og þar hef ég hug á að gera breytingu á þannig að einhverjum ákveðnum útvöldum verði ekki boðið að bjóða í verk á tilteknu svæði, heldur verði öllum þeim sem stunda slíka atvinnu gert jafnt undir höfði að bjóða í þau verkefni. Þetta hef ég rætt við vegagerðarmenn um. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það gefst naumast tóm til að ræða hér sem vert og skylt væri þann málaflokk sem þó er spurt um, þar sem eru útboð og allt sem að þeim lýtur í sambandi við framkvæmdir að vegamálum. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. samgrh. að þegar vegáætlun kemur hér til meðferðar á hv. þingi seinna í vetur taki menn þess í stað ærlega lotu í að ræða þessi útboðsmál og þá verði reynt að móta einhverja stefnu í þessum efnum. Ég held nefnilega að hér sé að mörgu leyti varhugaverðari þróun að eiga sér stað en menn gera sér grein fyrir. Ég er ekki endilega sammála hæstv. samgrh. um að það sé skynsamlegt og rétt að bjóða sem flest verk út og þá um allt landið og óbundið. Ég held að mörg smærri byggðarlög standi einfaldlega frammi fyrir því að sá þáttur framkvæmda sem hefur gert þeim kleift að eiga ákveðin atvinnutæki og halda þeim í byggðarlaginu er nú að hverfa út úr höndunum á þeim. Og niðurstaðan verður sú í mörgum tilfellum, óttast ég, að þessi byggðarlög standa uppi tækjalaus. Þau hafa ekki af öðrum verkefnum nægjanlegt framboð til þess að standa undir dýrum tækjum og þetta mun síðan bitna á þessum byggðarlögum í öðrum tilfellum. Ég þekki t. d. dæmi þess að byggðarlag, sem þarf á vörubifreiðum að halda til fiskflutninga árið um kring, þó í litlum mæli sé, það er að missa þessi tæki út úr byggðarlaginu vegna þess að aðrar framkvæmdir eru núna boðnar út og þeir halda ekki þessum tækjum. Byggðarlögin verða einfaldlega ekki samkeppnisfær og það mun svo koma niður á öllum öðrum flutningum og allri annarri vélavinnu sem hefur getað verið þarna með því að hafa þetta allt saman, en yrði sem sagt úr sögunni ef þessi háttur verður á hafður. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að skoða þessi mál líka, hvort við erum þá ekki að tapa einhverju öðru um leið og við ynnum eitthvað með þessari óheftu útboðsstefnu, þessari frjálshyggju í útboðsmálum, hæstv. samgrh., ef ég má orða það svo.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 4. des., að loknum 28. fundi.

Síldarverksmiðjur ríkisins, þáltill. 16. mál (þskj. 16). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Átak í byggingu leiguhúsnæðis, þáltill. 160. mál (þskj. 165). — Frh. einnar umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð hér um. Ég flutti allítarlegt mál um frv. um Húsnæðisstofnun þar sem sami flm., hv. varaþm. Kristín Ástgeirsdóttir, rakti rækilega þörfina á leiguhúsnæði og opinberri aðstoð í þeim efnum. Hv. flm. er nú horfinn af þingi, en vert er engu að síður að taka undir það meginmál sem hún flutti á fimmtudaginn var. Ég vil hins vegar aðeins segja um þetta að hér er aðalspurningin um áherslur, hvaða áherslur stjórnvöld hafa uppi varðandi hinn félagslega þátt íbúðabygginga, því að þessi mál verða aldrei leyst, og það viðurkenna allir, með öðrum hætti en að hinn félagslegi þáttur verði þar ríkulega tekinn inn í. Hver er áhersla stjórnvalda á uppbyggingu leiguhúsnæðis í heild? Ég held að fáum muni sýnast þar bjart yfir í dag.

Ég vil taka það fram að fyrir nokkrum árum fluttum við Vilborg Harðardóttir ítarlega till. um húsnæðismál hér í Sþ. þar sem m. a. var sérstaklega vikið að leiguforminu, þ. e. að vali fólks um að leigja eða eiga

íbúð. Ég man að undirtektir voru ekki aðrar en þær að benda á leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga sem þá voru í gangi. Vissulega var rétt að þar var margt vel gert á tímabili, en ég held að reynslan af leigu- og íbúðasölukerfi sveitarfélaganna hafi verið sú, a. m. k. þar sem ég þekki til, að íbúðirnar voru næstum undantekningarlaust seldar. Þær munu vera fáar, íbúðirnar sem reistar voru eftir þessu kerfi, sem í dag eru til leigu, nema þá ef einni og einni íbúð er haldið eftir fyrir kennara.

Átaks er þörf í þessu efni og Búsetamálið er gleggst dæma þar um. Hv. flm. taldi upp þá hópa sem helst þyrftu á að halda aðstoð og frekari fyrirgreiðslu af þessu tagi. Tek ég undir þá upptalningu. Hún nefndi einstæða foreldra, hún nefndi aldraða, hún nefndi öryrkja. Ég vildi enn frekar vekja athygli á öryrkjunum og, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nýsamþykkta ályktun frá Öryrkjabandalagi Íslands um þessi mál þar sem segir svo:

„Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands, haldinn 31. 10. 1984, beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþingis að gera nú þegar stórátak í því skyni að ráða bót á húsnæðisvandræðum öryrkja. Þar er hvort tveggja haft í huga leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði og hagstæðar lánveitingar og styrkir til húsnæðiskaupa. Aðalfundurinn minnir á þá staðreynd að öryrkjar eru að miklum hluta eignalítið lágtekjufólk sem ekki hefur efni á að greiða háa húsaleigu. Þá eiga fæstir lífeyrissjóð að bakhjarli. Þessi hópur stendur því mjög höllum fæti varðandi möguleika á viðunandi húsnæði.

Stjórn Öryrkjabandalags Íslands treystir því að hv. alþm. tryggi framgang þessara mála."

Undir þetta bréf skrifa Vilhjálmur Vilhjálmsson, formaður Öryrkjabandalagsins, og Ásgerður Ingimarsdóttir, deildarstjóri þar.

Ég vil með þessum fáu orðum taka undir það mál sem hér var flutt af hv. flm. Kristínu Ástgeirsdóttur, en um leið vekja athygli á þessum vanda alveg sérstaklega. Ég hef þegar á þessu þingi leitað til fulltrúa frá öllum þingflokkum um tillögugerð fyrir öryrkja, alveg sérstaklega vegna sérstöðu þeirra. Ég vænti þess að fá jákvæð viðbrögð frá þeim aðilum innan skamms svo að hægt verði að taka það mál upp sérstaklega því það er sérstakt og getur ekki átt samleið með átaki í öðrum efnum. Þar koma þær aðstæður til sem greindar eru í þessari samþykkt Öryrkjabandalagsins. Sérstaða öryrkjanna í þessu máli er alger, að mínu viti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum, þáltill. 177. mál (þskj. 189). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, þáltill. 33. mál (þskj. 33). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja frá síðasta þingi till. til þál. um lífeyrisréttindi húsmæðra. Hún er á þskj. 33 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja frv. til l. um lífeyrissjóð fyrir þær húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði."

Þessi till. var upphaflega lögð fram á síðasta þingi og þar urðu um hana ítarlegar umr., en því miður varð hún ekki útrædd. Ég vona að nú takist að afgreiða hana. Ég mun ekki halda langa framsögu fyrir þessu máli nú og vísa til þeirra umr. sem urðu á síðasta þingi og þeirrar framsöguræðu sem ég lét fylgja henni þá.

Ég held að allir geti verið sammála um að hér sé hreyft þörfu máli og brýnt sé að bæta úr því réttleysi sem nokkrir aðilar í þjóðfélaginu eiga við að búa í lífeyrismálum.

Tillögur varðandi lífeyrismál hafa verið fluttar hvað eftir annað hér á Alþingi og m. a. er komin fram hér á þessu þingi till. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl. sem gengur nokkuð í sömu átt og till. mín. Þó er mín till. að hluta til öðruvísi en sú lausn sem þá var bent á og hún tekur yfir fleiri aðila en sú till. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir o. fl. flytja.

Þá er líka komin fram á þskj. 77 á þessu þingi beiðni um skýrslu frá fjmrh. um heildarendurskoðun lífeyrismála, en það er verkefni stjórnskipaðrar nefndar sem setið hefur að störfum síðan 1976 og er meðgöngutími hennar orðinn býsna langur.

Ég held að okkur megi vera ljóst að misrétti í lífeyrismálum er eitt það alvarlegasta misrétti sem við eigum við að stríða í þessu þjóðfélagi og raunar var stigið á síðasta þingi mikilvægt spor í rétta átt hvað varðaði lífeyrisréttindi húsmæðra í sveitum. Allflestir landsmenn hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóðum, en kjör þeirra eru mjög misjöfn þar sem sumir þeirra eru verðtryggðir en aðrir ekki og það skapar í sjálfu sér mjög mikið misrétti. Þó eru þeir enn verst settir sem hvergi eiga höfði sínu að halla í þessu efni. Heimavinnandi húsmæður eru án efa stærsti hópurinn sem stendur utan lífeyrissjóða og nýtur ekki annars lífeyris en ellilauna sem að sjálfsögðu nægja engan veginn til framfærslu.

Ég vil leggja áherslu á að húsmæður hafa unnið á heimilum sínum og fjölskyldna sinna og hafa innt af hendi mjög mikilvæg störf og áreiðanlega ekki minna virði fyrir þjóðfélagið en þó að þær hefðu unnið störf sem þær hefðu þegið fyrir laun úr hendi atvinnurekenda. Ég vil minna á að við erum stolt af því að fjölskyldan skuli vera hornsteinn þjóðfélagsskipunar okkar. Vinna við barnauppeldi, heimilisstörf og hjúkrun í heimahúsum er mjög mikilvæg og alls ekki léttvægari en önnur störf sem innt eru af hendi utan heimilis. Þess vegna verður að telja það réttmætt að húsfreyjur, sem þegar eru komnar á eftirlaunaaldur, fái lífeyrisrétt.

Ég hygg að eina leiðin til að koma því svo fyrir sé að stofna sérstakan sjóð. Það er óhjákvæmilegt að ríkið leggi fram stofn að þessum sjóði til þess að hann geti strax tekið til starfa og farið að sinna hlutverki sínu. Það er ekki óeðlilegt að ríkið leggi fram fjármagn þar sem þessar húsfreyjur hafa í mjög mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum verulegar fjárhæðir með því að annast börn sín sjálfar. — Það er kannske það verkefni sem mikilvægast er af þeim sem mannfólkið tekur sér fyrir hendur, að annast afkvæmi sín og sjá um uppeldi þeirra og að þroski verði sem bestur. Það er áreiðanlegt að af þeim störfum sem maður amstrar við í hinu daglega lífi er þetta hið mikilvægasta.

Ríkið getur auðvitað ekki staðið eitt undir svona sjóði. Það verður að gera ráð fyrir því að heimavinnandi húsmæður greiði eitthvert tillag til sjóðsins í framtíðinni og þær eldri fái einnig heimild til að kaupa sér aukinn rétt, sem þess kynnu að óska og hafa hentugleika til. Á það var bent í umr. í fyrra að e. t. v. hefðu heimavinnandi húsfreyjur ekki fjárráð til að snara út til að kaupa sér rétt eða gjalda í lífeyrissjóð. En ég vil nú vona að svo illa sé ekki ástatt nema þá í einhverjum undantekningartilfellum. Þess vegna tel ég að það sé nauðsynlegt að einhver greiðsla komi fram frá þeim sem réttinn eru að öðlast.

Hér höfum við strengt þess heit hvað eftir annað og á Alþingi hefur verið mikill vilji til þess að koma á fót sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn og í þá átt held ég að við eigum að stefna. Ég held að við myndun þessa sjóðs ætti að hafa í huga að sú yrði frambúðarstefnan og löggjöf um hann yrði að vera þannig úr garði gerð að vel hentaði til sameiningar öðrum lífeyrissjóðum og gæti e. t. v. orðið hvati að slíku í framtíðinni. Ég held að sameining lífeyrissjóða takist aldrei nema með því að sjá nokkuð langt fram í tímann og það þurfi mikinn aðlögunartíma til þess að af slíkri sjóðsstofnun geti orðið. Það væri hægt að hugsa sér að ákveða með lögum að allir lífeyrissjóðir skyldu sameinast, t. d. eftir 15 ár eða kannske 10 ár, og undirbúningurinn gæti verið með þeim hætti að frá ákveðnum degi greiddu allir landsmenn á starfsaldri tillag í slíkan lífeyrissjóð. Þeir sem óskuðu þess gætu fært réttindi sín úr þeim lífeyrissjóðum sem þeir væru í, en eldri sjóðirnir hefðu þó svigrúm til að starfa áfram um skeið til að greiða lífeyri þeirra sem þar eiga réttindi meðan þeim entust fjármunir eða þangað til samkomulag næðist um inngöngu sérsjóða í lífeyrissjóð allra landsmanna.

Ég er að sjálfsögðu tilbúinn að ljá máls á alls konar breytingum á þessari hugmynd og ég er tilbúinn að standa að sameiningu tillagna ef hv. n., sem fær þetta til skoðunar, kynni að þykja það betur henta. En ég tel að kjarninn sé sá að ekki sé vansalaust fyrir Alþingi að horfa upp á það ár eftir ár að það ófremdarástand viðgangist, sem vissulega er í lífeyrismálum þessa þjóðfélagshóps. Um það væri hægt að setja á langt mál. Ég mun ekki gera það og verða við þeirri ósk, sem forseti setti fram snemma í dag, að menn væru ekki að lengja mál sitt fremur en nauðsyn krefði, og mun láta hér máli mínu lokið.

Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur hér í dag verði umr. frestað og málið sent hv. allshn. til athugunar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég hefði nú kosið að vera betur undirbúin undir þessa umr., en ég vil ekki láta hjá líða að koma hér upp.

Það er mjög nauðsynlegt að hreyfa þessu mikilvæga máli og nægir í því sambandi að vitna til nýlokinnar ráðstefnu um réttindi heimavinnandi húsmæðra. En ég tel að það sé megingalli á þessari till. að í henni er þeim sem hafa engin laun ætlað að greiða gjöld í lífeyrissjóð og þá er það undir velvilja þess sem aflar peninganna komið hvort greiðsla fæst í lífeyrissjóð. Þá má segja, af því að þarna er talað um húsmæður, að eiginmaður sé orðinn að atvinnurekanda sem greiðir launatengd gjöld. Ég tel að þetta sé mjög varhugavert. Ég held að eina lausnin á þessu máli, sem er viðunandi, sé lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn þar sem tekið er tillit til vinnuframlags fólks, hvort sem það er úti á launuðum vinnumarkaði eða í heimahúsum ólaunað.

Það er talað um það í grg. till. að þessar húsfreyjur hafi í mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum mjög verulegar fjárhæðir, ekki kannske eingöngu með því að gæta barna sinna sjálfar, heldur með því að reka þá einingu sem heimilið er. Ég er hrædd um að efnahagskerfi þeirra landa, sem við þekkjum best mundi hreinlega springa ef það ætti að fara að greiða öllum húsmæðrum laun fyrir alla þá vinnu sem látin er í té ólaunuð á heimilum af þeirra hálfu. Síðan kemur vandamálið hjá þeim sem eru útivinnandi en vinna jafnframt öll heimilisstörf, þegar heim er komið, meira og minna, þannig að ég held að það þurfi að endurskoða þetta mál að þessu leyti þó að ég þakki hv. þm. Páli Péturssyni fyrir að koma fram með málið til að vekja upp þá nauðsynlegu umr. sem þarf að verða um réttindastöðu heimavinnandi húsmæðra. Ég tel að þetta sé ekki nógu góð ráðstöfun að sá sem aflar peninganna og í flestum tilfellum, þar sem um er að ræða heimavinnandi húsmæður, þá sé það eiginmaðurinn, að hann taki hlutverk atvinnurekanda. Þetta stríðir einmitt gegn allri verkaskiptingu á heimilum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður, ég hefði kosið að vera betur undirbúin þessa umr. Það er stundum ákaflega erfitt að átta sig á í hvaða röð mál ber að hér á fundum Sþ. og máli sem er — ég man ekki númerið, herra forseti, hvar í röðinni er það? — nr. 16 gerir maður ekki endilega ráð fyrir á dagskrá í dag. En því stóð ég hér upp að ég hef sitthvað að athuga, sérstaklega við grg. þessarar till.

Það er almennt ákaflega eftirtektarvert við tillögugerð hér á hinu háa Alþingi að hún markast oft af algerum skorti á stefnumótun og þá fyrst og fremst stefnumótun á því hvers konar þjóðfélagi Alþingi Íslendinga miðar að. Hér er verið að leggja til lífeyrisréttindi þeim til handa sem ekki greiða í lífeyrissjóð. Það hefur að vísu verið gert áður með lögum um eftirlaun aldraðra, og hér er enn verið að lappa upp á þau í staðinn fyrir að gera einhverja heildaráætlun. Á meðan þessi eilífðarnefnd, sem setið hefur að störfum síðan 1976, undir — að mig minnir — mikilvirkri forustu — enn einu sinni — seðlabankastjóra Íslands, ef það hefur ekki breyst á allra síðustu árum, á meðan sú nefnd situr, er að fjalla um framtíðarfyrirkomulag á lífeyrisréttindum Íslendinga, er verið að setja hér lög fyrir ákveðna þjóðfélagshópa sí og æ. Ég tel að þetta séu ekki hin æskilegu vinnubrögð. T. d. má benda á að hér liggur einnig fyrir þinginu frv. til l. sem er beint brot á allri hugmyndafræði skattalaganna, þ. e. að skattgreiðslur eiga nú að hluta til ekki að fara eftir gjaldþoli manna. Ég hef áður talað gegn því máli og ég mun gera það enn vegna þess að ég tel að þetta sé ákaflega vanhugsuð löggjöf.

Hér segir í grg. hv. 2. þm. Norðurl. v., ákafs stuðningsmanns núv. ríkisstj., með leyfi forseta:

„Og nýtur ekki annars lífeyris“, þ. e. aldraða fólkið, „en ellilauna sem engan veginn nægja til framfærslu.“

Mér þykir þetta þó nokkur yfirlýsing. Hvernig í ósköpunum stendur á að aldraða fólkinu í landinu er boðið upp á það að njóta ellilauna sem engan veginn nægja til framfærslu?

Hér segir einnig í sömu grg., með leyfi forseta, og ég ætla að fá að lesa hér eina setningu:

„Það er að vissu leyti eðlilegt þar sem þessar húsfreyjur hafa í mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum mjög verulegar fjárhæðir með því að gæta barna sinna sjálfar."

Vissulega hafa þær gert það. Vissulega hafa húsmæður landsins unnið ómetanlegt starf um aldur og ár. En þýðir þetta að þær konur sem hafa verið kallaðar á vinnumarkaðinn og aflað tekna hafi í raun og veru verið einhver baggi á þjóðfélaginu vegna þess að þjóðfélagið varð auðvitað að koma til móts við þær konur með því að sjá til þess að börnin væri ekki á guði og gaddinum? Svona orðalag kann ég ekki við. Ég er gróflega hrædd um að ef tekið væri saman hvers þessar konur hafa aflað og hvað þær hafa fengið á móti yrði það harla ójafn dálkur, og ég vil biðja menn að gæta sín þegar svona yfirlýsingar eru settar í þskj.

Sannleikurinn er sá, að öll umr. um málefni fjölskyldunnar er út og suður, eðlilega, vegna þess að henni hefur ekki verið sinnt. Hér fyrir nokkrum mínútum var verið að ræða um leiguhúsnæði og ágæta till. hv. varaþm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Sannleikurinn er sá, að þar er alveg sama sagan á ferðinni. Það er engin stefna í húsnæðismálum Íslendinga. Ég hygg að ég hafi látið þau orð falla í borgarstjórn fyrir allmörgum árum að menn ættu að fara að setjast niður og huga að því hver sé húsnæðisþörf Reykvíkinga á næstu áratugum. Svo að höfuðborgin sé tekin sem dæmi eru byggð einbýlishús í tuga og hundraða og þúsunda tali meðan ungt fólk hefur ekki nokkur tök á að fá litlar hentugar íbúðir. Ég hef áður spáð því, og ég spái því enn, að innan nokkurra ára verði þessar eignir verðlausar. Menn geta komið þessu upp með þrotlausri vinnu, en þegar á síðan að fara að selja rándýrar eignir, sem allt of mikið er til af í borginni, gæti svo farið að fjárfestingin í steinsteypunni hafi ekki verið svo góð fjárfesting reyndar. Og þess vegna er ég að tala um húsnæðismál að auðvitað er þetta allt saman nátengt hvað öðru, þessi mál sem varða fjölskylduna. Af hverju verða íslenskar konur, og þar er engin spurning um val, að mestu leyti að vinna utan heimilis hvað sem því líður að auðvitað er full þörf fyrir þessa vinnu? Af hverju skyldu þær verða að vinna úti? Það skyldi nú aldrei vera vegna þess að húsnæðisöflunin, húsbyggingarnar, er slíkur baggi á fjölskyldunni að fyrir því vinnur engin ein manneskja.

Ég held þess vegna að það sé ákaflega nauðsynlegt að fara að koma sér að því hér á hinu háa Alþingi að gera sér einhverja hugmynd um hvað við ætlum fjölskyldu framtíðarinnar. Það er nefnilega stórt hagfræðilegt vandamál, sem ég er hrædd um að vinir okkar á Norðurlöndum séu að horfast í augu við nú, hvort fjölskyldan sé ekki um það bil að lognast út af. Danir og Svíar eignast nú svo lítið af börnum að þjóðunum fækkar. Íslendingar halda enn í horfinu sem betur fer. En þegar svo er komið að þjóð er í raun og veru að eyða sjálfri sér fara menn loksins að hugsa: Af hverju skyldi þetta nú vera? Ég man ekki hvort ég hef sagt frá því áður hér í sölum Alþingis, en það sakar þá ekki að kveða góða vísu oftar en einu sinni, að í danska blaðinu Information birtist mjög merkileg grein eftir danskan sagnfræðing þar sem hann sýnir fram á að fækki Dönum eins og nú horfir verði þeir árið 2080 aftur 2 millj. eins og þeir voru árið 1880. Þar með er auðvitað danskt þjóðfélag hrunið eins og hver getur sagt sér sjálfur.

Þetta eru mál sem við erum kjörin til að huga að. Að hverju stefnum við? Hvernig verður íslenskt þjóðfélag að einhverjum áratugum liðnum? Þess vegna er ég alltaf ofurlítið efins þegar menn eru að leggja hér fram tillögur um alla skapaða hluti, bætur á grágötótta flík, tillögur um einstaka þjóðfélagshópa, ekki síst ef einhver þeirra kemur saman í þjóðfélaginu og fer að vekja athygli á sínum högum. Þá þjóta þm. upp til handa og fóta til að reyna að krækja í hópinn sem hélt ráðstefnu um hitt eða þetta og sanna með því hvað þeir eru vel vakandi. Þeim datt að vísu ekkert í hug fyrr en fundurinn var haldinn. Ég segi alveg hreinskilnislega að ég nenni ekki svona vinnubrögðum. Mér finnst þetta satt best að segja nokkuð fyrir neðan virðingu þm.

Hér eigum við að móta stóru línurnar í rekstri þjóðfélagsins. Það er enginn vandi að afla sér margra kjósenda með því að koma með einhverjar tillögur sem geta svolítið bætt úr fyrir þessum þjóðfélagshópnum eða hinum, en það leysir auðvitað engan vanda. Og í sambandi við þessa till., sem er auðvitað annars góðra gjalda verð, er ég hjartanlega sammála hv. flm. um að húsmæður landsins eiga auðvitað ekki að vera réttindalausar, og ég vil vekja athygli á að okkur er málið skylt. Ég leit lauslega í gegnum handbók Alþingis nýlega og ég harma að hafa ekki gert talningu, en þar sá ég að alþm. eru þeir menn sem eiga fleiri konur en ég hef lengi séð sem eru húsmæður að atvinnu, og ég fylltist satt að segja heilagri öfund. Það hlýtur að vera þægilegt að vera alþm. og eiga húsmóður heima. Og víst vil ég ekki að þessar konur fremur en aðrar séu réttindalausar þegar þær verða fullorðnar. En ég held að vandinn í lífeyrismálum verði fyrst og fremst leystur með lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Við bíðum með óþreyju eftir að heyra hvað þessi magnaða nefnd er að gera, sem ef ég man rétt einu sinni var 17 manna og síðan var sett niður sjö manna undirnefnd. Þetta getur nú eflaust minn hv. félagi og 7. þm. Reykv. frætt okkur um. Einu sinni vissi ég þetta, en það er orðið svo langt síðan ég er búin að gleyma því. (**GJG:** Það er álitið að nefndin skili áliti um aldamót.) Hv. 7. þm. Reykv. upplýsir að nefndin skili áliti um aldamót. Við skulum vona að seðlabankastjóra endist ævin vel og sinni þessari formennsku sinni til aldamóta. En ég held samt sem áður að þetta mál þoli ekki slíka bið. Ég hef sterkan grun um að lífeyrissjóðir landsmanna verði þá löngu hrundir ef svo fer sem horfir. En um það þyrfti raunar aðra og lengri umr.

En svo að ég reyni að taka saman mál mitt að lokum vil ég leggja á það áherslu að menn reyni að hugsa málin í ofurlítið víðara samhengi og sinni t. d. fremur tillögum um almenna endurskoðun á lífeyrisrétti landsmanna en að vera að fá samþykktar tillögur og frv. fyrir litla afmarkaða hópa í þjóðfélaginu. Við þekkjum öll lögin um eftirlaun aldraðra sem hafa verið þeim sem þau áttu að framkvæma heldur erfið viðfangs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 10. landsk. þm. lét þess getið að hann undraðist að það mál sem nú er til umr. væri tekið til umr., það væri óvænt. Um þetta skal tekið fram að 16. dagskrármálið, sem nú er til umræðu, var eina dagskrármálið sem hægt var að taka til umr. fram að því dagskrárnúmeri þar sem enginn frsm. fyrir málum sem framar stóðu á dagskránni var þá

til staðar.

Það skal enn fremur á það bent að þm. mega ekki láta sér koma á óvart þó að tekin séu til umr. mál sem eru búin að vera marga fundi á dagskrá. Það skal og hafa í huga að skv. þingsköpum getur forseti tekið þau mál fyrir til umr. sem honum þykir henta best, án tillits til þess hvar þau standa á dagskránni.

Það er hins vegar svo að vera kann að hv. þm. séu mismunandi undir það búnir að taka þátt í umr. um einstök dagskrármál og að einhver þm. kjósi frekar að umr. fari ekki fram fyrr en síðar. Þá eru það mjög eðlileg vinnubrögð að láta þess getið við forseta og forseti mun leitast við að verða við slíkum óskum hverju sinni. Það, sem hér hefur verið sagt, er sagt að gefnu tilefni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hæstv. forseti mælti í upphafi fyrri fundar Sþ. og raunar að hluta til þess sem hann nú sagði og hans tímabæru orða fyrr í dag, þá gekk ég hér fram á ganginn áðan og taldi ljósin á viðverutöflu þm. 20 þm. voru skv. því í húsinu, þ. e. ⅓ þm. Enginn hæstv. ráðh. er staddur í þessu húsi núna. Ég verð að segja að mér finnst fullkomlega óeðlilegt að ræða við þær aðstæður mikilvæg mál, eins og það sem hér er til umr. og sem nú er komið inn á aðrar brautir, eftir ræðu hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur, en var í fyrstu. Þessi umr. er komin í mjög brýnan farveg og þetta er brýnt mál sem þarf að ræða. Ég tel algerlega ótækt að hér sitji innan við 20 manns, enginn fulltrúi ríkisstj., ráðh., og þessi mál séu rædd. Og ég held, virðulegi forseti, að þetta séu mál sem enn einu sinni verður að taka til alvarlegrar athugunar hjá æðstu stjórn þingsins, forsetum og þingflokksformönnum vegna þess að það er hneisa fyrir Alþingi hvernig þessi fundur er t. d. núna að því er mætingu varðar. Mér finnst að við getum ekki látið þetta viðgangast öllu lengur og alls ekki að hér sé hægt að taka til umr. mikilvæg mál þegar svona háttar. Þetta er mín skoðun, herra forseti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Af því tilefni sem orð hv. 5. landsk. þm. gefa skal tekið fram, sem augljóst má vera, að forseta þykir jafnmiður og hverjum öðrum þm. ef ekki eru vel sóttir þingfundir.

Hv. 5. landsk. þm. vitnaði til orða sem forseti sagði hér fyrr í dag. Það koma stundum fyrir aths. varðandi þingsköp. Það er ekkert við því að segja. En það fer vel á því, bæði fyrir þm. og forseta, að tala ekki meira um slíkt en þörf er á. Það er í raun og veru enginn sómi að slíkum umr. fyrir þingið.

Það getur hins vegar orkað stundum tvímælis hvað er virðingu Alþingis samboðið og hvað ekki. Og það er ekki hægt að ætlast til þess að í þingsölum sé alltaf þéttsetinn bekkur, hvað mikið sem við vildum óska þess. En auðvitað er það því betra því fleiri sem sækja fundi.

Forsetar hafa það ekki í valdi sínu að færa neina nauðuga til fundar í Alþingi. Það má vera ljóst. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað en þm. almennt vilji gegna sem best skyldum sínum. En það fer stundum eftir atvikum hvað þeim er gert kleift að sitja fundi Alþingis. Mér er kunnugt um að núna, einmitt á þessari stundu, þegar talið er að það sé óhæfilegt að aðeins sé um þriðjungur þm. viðstaddur á fundi, þá eru margir þm. á þýðingarmiklum nefndarfundum í húsum þingsins. Það verður að taka tillit til þess.

Það skal tekið fram að forseti skilur vel og er þakklátur fyrir þann hugsunarhátt sem kemur fram í ummælum hv. 5. landsk. þm. Við þurfum öll að gera allt sem í okkar valdi er til þess að fundir þingsins séu sem best sóttir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfáar setningar. Ég held að það sé í rauninni verra fyrir álit Alþingis hvernig fundarsókn er hér núna en sú staðreynd að vakin er athygli á að svo sé. Ég held að þetta sé raunar óviðunandi ástand. Ég held líka að það sé engan veginn góður skikkur ef á sama tíma og fundur er í Sþ. er verið að halda mikilvæga nefndarfundi á vegum þingsins í húsunum á þinglóðinni. Ég held að það séu óverjandi vinnubrögð og ég get ekki komið auga á, herra forseti, hvaða mál það gætu verið sem kalla á það að nefndarfundir séu haldnir allt um kring á fundatíma Sþ. Ég skal virða tilmæli forseta og ekki hafa um þetta fleiri orð, en mér finnst þetta vera ástand sem við ekki getum látið uppi haldast lengur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt og réttmætt af hæstv. forseta að brýna þm. á að sinna þingskyldu hér á Alþingi og ekki vanþörf á að því er æðimarga varðar. En mér sýnist vera að sækja í sama horfið og hér hefur gerst, einmitt á þeim tíma árs sem nú er, undangengin mörg þing, að hvort sem um er að ræða þingfundi í Sþ. eða í deildum eru haldnir margir nefndarfundir í senn víðs vegar hér í húsinu og í nærliggjandi húsum sem þýða að þm. geta ekki setið þingfundi ef þeir ætla að sinna nefndastörfum. Ég held að það sé komin enn einu sinni fullkomin ástæða til að íhuga — og meira en íhuga, gera gangskör að því — að nefndarfundir séu ekki haldnir á þeim tíma sem þingfundatími er, hvort sem um er að ræða í Sþ. eða í deildum.

Hér er auðvitað um að ræða stjórnunaratriði. Yfirleitt eru formenn þingnefnda úr stjórnarliði. Verður að ætlast til þess að þeir hinir sömu séu ekki að boða nefndarfundi á sama tíma og þingfundir eiga sér stað.

Ég skil vel að hæstv. forseti hefur áhyggjur af þessari þróun, sem virðist alltaf sækja á verri veginn, og er ekki vanþörf á að ýta við hv. þm., en mér finnst eins og það sé sami keimur af því og hjá okkar ágætu klerkum, að yfirleitt hittir umvöndunin þá sem mæta, en nær ekki eyrum hinna sem sjaldnar koma og sitja.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Mér þykja hv. þm. tala hér nokkuð strítt og kannske ekki af mjög miklu tilefni. Ég vil vekja athygli á því að viðstaddir eru 20 þm., a. m. k. skv. þeim upplýsingum sem fram komu hjá þeim hv. þm. sem hóf þessar umr., og fulltrúar allra flokka eru viðstaddir þessa umr. Ég reikna með því að hér séu saman komnir þeir sem hafa hugsað sér að taka til máls um þau dagskrármál sem fyrir liggja, nema þeir sem forföll banna og við því er ekkert að segja. Nokkrir menn hafa formlega farið fram á að fá fjarvistarleyfi frá fundi í dag, t. d., ef ég man rétt, formaður Alþfl. og varaformaður þess flokks, og einnig eru veikindi. Út fyrir það verður ekki hægt að synda og ekki hægt að ætlast til þess af hæstv. forseta að hann fari að gera verkfall þess vegna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur verið sagt um skyldur þm. að þær væru frekar siðferðilegar en lagalegar og það hefur verið sagt um ábyrgð þm. að hún sé frekar pólitísk en lagaleg. Þetta leiðir af eðli þingmennskunnar og þess starfs sem þm. er falið að rækja. M. a. með tilliti til þessa fer vel á því að menn leitist við að stilla í hóf umr. um þingsköp í Alþingi. Það getur verið þörf að ræða þingsköp og ástæða til. En það færi vel á því að við leituðumst við að stilla þeim umr. í hóf. Frekar ætti hver og einn að beina athyglinni að sjálfum sér. Í sameiningu hjálpumst við þannig að við að framkvæma störf Alþingis á þann veg að virðingu Alþingis sé borgið.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sjálfsagt er meining á bak við þetta frv. góð og velviljuð þeim þjóðfélagshóp sem um er rætt í viðkomandi þáltill., en ég verð að játa að mér finnst þessi hugmynd ekki nógu þroskuð til að Alþingi taki hana mjög alvarlega, — ég tala nú ekki um vegna grg., en í henni er tæpt á því að það þurfi að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Auðvitað þarf að gera það og vissulega hefur mikið starf verið unnið í þá veru, en vegna þess að við bárum ekki gæfu til þess að stofna slíkan sjóð áður en farið var að mynda 100—200 lífeyrissjóði búum við við það kerfi í dag að mjög er erfitt um vik í lífeyrissjóðamálum.

Þessi till. fjallar um að ríkisstj. láti semja frv. til l. um lífeyrissjóð fyrir þær húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði. Er ekki höfuðatriðið að þeir sem komast á lífeyrisaldur fái nægilegar tekjur til að komast af, hvort sem það heitir úr lífeyrissjóði eða frá almannatryggingum? Ef komið er á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, er þá ekki hugsunin sú að hver einasti landsmaður geti fengið úr þeim lífeyrissjóði? Hvernig á að framkvæma þetta? Væri ekki rétt að gera nánari grein fyrir því hver hugsun er á bak við það? Er meiningin að launþegi verði, auk 10% sem hann greiðir í sinn eigin lífeyrissjóð, samtals eru það 10% sem menn greiða í lífeyrissjóð, að greiða önnur 10% vegna eiginkonunnar, samtals 20% rúm, eða hvernig er hugsað að afla tekna í þennan lífeyrissjóð?

Ég held að meginverkefnið hljóti að vera að tryggja að þeir sem komast á lífeyrisaldur fái mannsæmandi ellilaun. Það skiptir ekki máli hvað það heitir. Eins og þetta liggur fyrir hér er þetta till. um aukna skattlagningu á launþega og ekkert annað. A. m. k. er ekki gerð grein fyrir öðru. Ég held að það hljóti að vera hlutverk þjóðfélagsins að tryggja hvern einstakling frá vöggu til grafar. Gott væri ef okkur tækist það með einum allsherjarlífeyrissjóði þar sem menn gætu gengið jafnir að borði. En verð að játa að ég hef ekki trú á að það verði gert með því að stofna fleiri lífeyrissjóði með óskilgreind hlutverk.

Ég veit ekki hvernig hægt er að mynda lífeyrissjóð öðruvísi en í hann komi tekjur. Það segir í grg.:

„Hins vegar verður að gera ráð fyrir að heimavinnandi húsmæður greiði til sjóðsins framvegis".

Það hlýtur að þýða að samtals verði fyrirvinnan eða karlinn í þessu tilviki að greiða sem svarar 20% í lífeyrissjóð til að báðir hafi sama rétt. Ef það er hins vegar meiningin að ríkið greiði framlag þetta held ég að miklu nær væri að hækka ellilaunin. Það væri einfaldasta leiðin og gæfi sjálfsagt betri árangur þar sem minna færi í kostnað, rekstur og skriffinnsku.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég má nú til með að segja það af því tilefni sem gafst hér áðan, að það eru nú oft færri í þessum sal þegar verið er að ræða kvenna- og barnamál. Við erum nú orðin níu hér núna með forseta. Það mundi ég segja að væri góð tala þegar slík mál eru rædd. En vegna orða forseta, sem nú er reyndar genginn úr salnum og kvartaði yfir því að þm. börmuðu sér og segðust ekki vera viðbúnir málum, þá vil ég samt vekja athygli á því að þó að sumir þm. séu fjölhæfir, þá eru ekki nema 24 klukkustundir í sólarhringnum og þetta er annríkt starf og 46 mál á dagskrá og ég held, að það sé ekki hægt að krefjast þess að menn séu viðbúnir því að tala í þeim öllum á sama tíma. Ef þm. harma það að þeir séu ekki eins tilbúnir og þeir vildu vera, þá er það held ég einungis vegna þess að þeir vildu sýna málinu meiri alúð en þeim gefst tækifæri til.

Hv. þm. Páll Pétursson vekur hér til umr. þetta mikilsverða mál og ég held að það eigi nú ekki að berja of mikið á honum. Hann flutti reyndar sömu till. í fyrra svo að það er nú ekki einungis út af þessari ráðstefnu sem nýlega var haldin sem hann flytur málið. En ég held að umr. um þetta sé mjög þörf. Ég tek jafnframt undir það með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og held að það sé alger nauðsyn til þess að við reynum að leggja hér stóru línurnar og ræða þessi mál í mun víðara samhengi og þess vegna styð ég hennar orð og undirstrika það, sem ég sjálf sagði áðan, að ég held að þetta mál leysist ekki nema með sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn.

En vegna orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um Dani og vegna þess sem hér er til umr., þá vil ég vekja athygli á því sem fram kom á jafnréttisráðstefnu sem ég átti kost á að sækja í Gautaborg í maí s. l. og haldin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Þar mættu margar konur frá Norðurlöndunum. Þær voru ýmist frá mismunandi stjórnmálasamtökum eða ekki starfandi í stjórnmálum, en þær voru flestar á eitt sáttar um það, að breytt sambúðarform er að verða ríkjandi á Norðurlöndum. Og það kom einnig fram að konurnar voru margar ef ekki langflestar orðnar uppgefnar á skilningsleysi og ódugnaði karla við það að taka þátt í uppeldis- og heimilisstörfum og þær voru talsvert herskáar í því að krefjast þess af körlunum að þeir öxluðu sinn hluta byrðarinnar til jafns á við þær — mun herskárri reyndar heldur en þær kvenraddir sem hljóma í þessum sal og hefði verið vekjandi fyrir karlpeninginn í þessu húsi að hlusta á þær og mjög fróðlegt. Þær krefjast endurskilgreiningar á fyrirvinnuhlutverkinu, og sem dæmi um það, af því að nú er verið að ræða um heimavinnandi húsmæður, sem dæmi um það hve vantrúin á hjónabandinu sem stofnun er orðin ríkjandi, þá má nefna að það kom fram á þessari ráðstefnu að það er ekki nema ⅓ hluti þeirra sem eru í sambúð í Danmörku sem eru í vígðri sambúð. Enn fremur að það eru 14600 hjónaskilnaðir á ári í Danmörku og konur hafa frumkvæði að meginþorra þessara hjónaskilnaða. Konur á hinum Norðurlöndunum eru efnahagslega sjálfstæðari en þær voru áður. Þær geta séð sér farborða þó að þær standi þar ekki körlunum jafnfætis og þær bara hreinlega nenna ekki að vera í sambúð með og eiga börn með körlum sem taka ekki sinn hluta ábyrgðarinnar af því. Svo einfalt er það.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. landsk. þm. lét orð falla til forseta um að ekki væri hægt að gera þá kröfu til þm. að þeir töluðu í öllum málum í einu, settu sig inn í öll mál í einu. Forseti er alveg sammála þessu. Það er tilefnislaust af hálfu þm. að taka þetta fram. Þetta dettur engum manni í hug.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ljótt er að heyra af frændum okkar Dönum og það þykir mér bágt og alls ekki til fyrirmyndar, hvað þá ef ætti að fara að innleiða hér í þingið þann hugsunarhátt, sem mér virðist að síðasti hv. ræðumaður hafi verið að lýsa, að hafa frumkvæði um allan þorra hjónaskilnaða, hvað þá að nenna ekki að standa í því að vera í sambúð. Það er náttúrlega ekki von að það sé veruleg fjölgun á þjóðinni með þessu framferði.

Ég vil að öðru leyti þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir góðar undirtektir við þessa till. og þá hugmynd sem ég hreyfði. Það er út af fyrir sig sjálfsagt rétt að einhverjar húsfreyjur hafa mjög lítil fjárráð, en ég vona að þær hafi flestar einhver peningaráð og geti stuðlað að því að tryggja sín efri ár og séu til þess fúsar. Ég hef aldrei lagt til að þær borguðu í þennan lífeyrissjóð með því að fyrirvinnan, eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason orðaði það, — fyrirvinna er orð sem ég vil ekki nota, það eru hans orð en ekki mín, — færi að greiða 20% af launum sínum í lífeyrissjóð handa sér og konu sinni. Ég held að það sé hægt að fara þarna einhvern milliveg. Ég held að það sé eðlilegt að einhver greiðsla komi frá þessum konum, en alls ekki að ég búist við því að þær geti borið uppi, a. m. k. ekki til að byrja með, þennan sjóð.

Þessar umr. hafa að sumu leyti verið nokkuð fróðlegar. Ég held að nauðsynlegt sé að tryggja einhvern lágmarksrétt því fólki sem ekki á aðild að lífeyrissjóði og ég bendi á eina leið til að reyna að nálgast það því að annars verður þetta ekki gert.

Það var athyglisvert að heyra í hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hann tekur ekki vel í þá hugmynd að sameina lífeyrissjóði. Mér finnst að honum finnist hún vera nokkuð fjarstæð og þær vangaveltur, sem fram koma í grg. um að stefna að þessu á löngum tíma, tekur hann óstinnt upp. Nefndarseta seðlabankastjóra verður nefnilega svona löng vegna þess að einhverjir forráðamenn lífeyrissjóðanna eru hver að reyna að verja sinn sjóð og þeir kæra sig ekkert um að þetta litla konungsríki sé af þeim tekið.

Ég vil taka það fram, og þakka hv. 3. landsk. þm. ábendingu hér áðan, að ráðstefnuhald var ekki neinn hvati að þessari till. minni. Þessi till. var, eins og fram hefur komið, flutt í fyrra. Eftir að hún var lögð fram og komst í umr. hafa verið haldnar um þetta ráðstefnur og e. t. v. einhverjar áður, en ég var alls ekki að stökkva til og flytja þessa till. út af einhverju ráðstefnuhaldi. Ég flutti þessa till. vegna þess að ég þekki dálítið af konum sem eru algerlega réttlausar og eiga ekki við rúman hag að búa og mér finnst að þetta sé rangt og illa að þessu staðið hjá okkur. Það er hvatinn að því að ég flyt þessa till. Það má hugsa sér að gera þetta með einhverjum öðrum hætti en ég hef hér bent á. Ég er, eins og ég sagði áðan, mjög opinn fyrir því að skoða það allt saman.

Hér kom fram hvað á að gera við þær konur sem ynnu bæði á heimilum sínum og utan heimilis. Ég hef minni áhyggjur af þeim sem vinna úti og eiga þar einhvern lífeyrisrétt, jafnvel þó að þær afkasti einhverju starfi eða miklu starfi á heimilum sínum líka, því að þær hafa þó öðlast einhvern lágmarksrétt.

Hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur þótti vanta stefnumörkun í þennan tillöguflutning minn. Það er reyndar ekki því að að vissu leyti er þessi till. kannske stefnumarkandi. Ég reyni a. m. k. að benda á í grg. leið til þeirrar framtíðar, sem ég vil sjá í þessum efnum, að sameina lífeyrissjóðina, en þetta er ekki stefna hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur.

Ég viðurkenni í þessari till. að aldraða fólkið fær ekki lífeyri sem nægir því til framfærslu ef það hefur ekkert annað. Áður en núv. ríkisstj. tók við völdum áttum við saman aðild að ríkisstj. við hv. 10. landsk. þm. og þá var þetta svona líka, að ellilífeyririnn nægði hvergi nærri til framfærslu því fólki sem ekki hafði annað. Það er líka spurning, þegar eftirlaunum er þannig háttað, hvort ellilífeyrir á að gera það. Það verður þá a. m. k. að hafa mikla þrepaskiptingu á þessu því að þá er verið að borga sumum sem ekkert þurfa á því að halda ef þeir eru vel settir í sínum lífeyrissjóðum eða hafa verulegar tekjur. En við höfum ekki farið inn á þá braut að borga þetta nema að hluta til eftir tekjum og ellilífeyrir gengur til margra sem út af fyrir sig hafa ekkert með hann að gera. Hugsanlega væri þar hægt að spara eða öllu heldur að flytja á milli og láta þá hafa betur sem algerlega eru upp á ellilífeyri úr tryggingum komnir.

Ég hef hvergi sagt það, hv. 10. landsk. þm., að útivinnandi konur væru baggi á þjóðfélaginu, en ég bendi hins vegar á að þjóðfélagið hefur borið kostnað af barnagæslu. Ég held að engum blandist hugur um að svo sé. Auðvitað vinna þær konur sem úti vinna þjóðnýt störf, en þær sem vinna heima á heimilunum gera það líka. Á það vil ég leggja megináherslu.

Það væri náttúrlega hægt að marka myndarlega stefnu sem mér fannst hv. 10. landsk. þm. teldi kannske viðunandi að sums staðar hefur verið gert. Sumar þjóðir hafa farið út í það að ala börn sem mest upp á stofnunum og kosta menntun þeirra og byggja svo yfir þau og framfæra í ellinni. Þetta eru aftur á móti atriði sem við ráðum ekki við og að sumu leyti ekki eftirsóknarverð þróun. Ég held að fjölskyldan eigi miklu hlutverki að gegna. Ég vil styrkja fjölskylduna, en alls ekki láta hana lognast út af og ég held að við eigum að gera fólki, sem vill lifa þessu gamaldags fjölskyldulífi, það kleift, ef það kýs svo, og reyna að tryggja rétt þess til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Tilefni þess að ég kem aftur í ræðustól er að hv. síðasti ræðumaður taldi mig vera andvígan því að stofnsettur yrði lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Annaðhvort heyrir þm. illa eða hann gerir mönnum upp skoðanir af ásettu ráði. Ég sagði einmitt að auðvitað vildum við að til yrði einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Það má þm. vera ljóst, ef hann fylgist með umr. okkar Alþfl.-manna, að lengi hefur verið barist fyrir því að svo yrði.

Ég harma hins vegar að mál skyldu þannig þróast á sínum tíma að stofnaðir voru ekki 100 lífeyrissjóðir heldur miklu fleiri sem hefur gert lífeyrissjóðakerfi okkar að hálfgerðri skrípamynd. En það er hægt að bjarga þessu. Það er hægt að breyta þessu og að því er

unnið. En hraða þarf vinnubrögðum í þeim efnum.

En það eru nokkrir sem eru fyrir utan okkar lífeyriskerfi þrátt fyrir marga lífeyrissjóði og við þurfum að vinna að því að tryggja rétt þess fólks, hvort sem það eru konur eða karlar. Til eru lög um eftirlaun aldraðra og til eru ellilaun. Ég tel miklu nær að virkja það kerfi. Það væri nær þm. sem er nú formaður annars þingflokks stjórnarliðsins að vinna að því að tekjutrygging yrði hækkuð eða ellilaun hækkuð. Það mundi leysa þau mál sem hann er að tala um. Þáltill. sem hér liggur fyrir býður ekki upp á annað en nýja skattlagningu. Ég heyrði ekki á máli hans hvernig ætti að afla tekna í þennan sjóð nema frá fjölskyldunni sem viðkomandi húsmóðir er frá. Viðkomandi heimilisfaðir greiðir nú 10% í lífeyrissjóð og ef konan ætti að fá sambærilegan rétt, ef verið er að tala um rétt í þessu tilviki, hlyti einnig að þurfa að greiða 10% fyrir hana. Það eru samtals rúm 20%.

Ég tel að stofnsetning svona lífeyrissjóðs yrði til þess að auka enn á stjórnleysið í lífeyrismálunum og gera launafólki mikið ógagn og húsmæðrum um leið. Mér finnst þessi till. vera meira í ætt við sýndarmennsku en rökrétta hugsun því að það er hægt að leysa þessi mál. Það er brýnt mál að leysa þau vandamál, sem þeir einstaklingar glíma við sem ekki hafa aðild að lífeyrissjóði, með því að hækka ellilaun eða hækka tekjutrygginguna. Sjálfsagt er það miklu ódýrara líka. Það mætti einnig í þessu dæmi koma því svo fyrir að þeir sem eiga nóga peninga fái ekki þessa styrki frá ríkinu eða þessi laun, þannig að aðrir, sem minna mega sín, gætu fengið meira.

Ég tel að þessi till., þó að sjálfsagt sé góð meining á bak við hana, sé einskis virði fyrir það fólk sem er verið að tala um hér. Sú leið, sem bent er á þarna, er alls ekki leiðin að því marki að tryggja hag þessa fólks. Það eru til miklu einfaldari og rökréttari og eðlilegri leiðir.

Það er ekki nokkur vafi á því að sú stefna, sem þessi stóra nefnd, sem talað hefur verið um hér, vinnur eftir, er í þá átt að samhæfa lífeyrissjóðina, sameina þá, og að sú hugmynd sem kemur fram í lok grg. þessa frv. er alls ekki ný. Hún hefur verið lengi á sveimi og er til umræðu í þessum nefndum. Þær hafa því miður dregið allt of lengi að ljúka sínum störfum. Þar verður að taka á.

Ég endurtek að það væri nær fyrir hv. þm. að beita sér fyrir því innan stjórnarliðsins að hækka greiðslur til þess fólks sem erfiðast á í lífeyriskerfinu og koma því fyrir með þeim hætti að enginn þurfi að vera út undan í stað þess að koma með till. sem skrumskælir það erfiða kerfi, sem við erum með í lífeyrismálum, enn meir en verið hefur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er stutt aths. út af þeim orðum sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lét falla í sambandi við að erfitt hefði verið að þoka fram lífeyrisréttindamálum á þeim tíma sem við störfuðum saman að ríkisstj. í landinu, ég og hann. Ég vil láta það koma hér fram, þannig að það verði bókað í þingtíðindi, að ég man aldrei eftir því að Framsfl. flytti eina einastu till. um þessi mál þann tíma sem við vorum saman í ríkisstj., en það voru fimm ár eins og kunnugt er og oft hefur komið fram úr þessum virðulega ræðustól.

Aðalatriðið er auðvitað að hér er um að ræða afar flókið mál og leiðirnar út úr þessu geta verið ýmsar frá tæknilegu sjónarmiði séð.

Fyrsta er sú að greiða beint úr ríkissjóði upphæð í hugsanlegan lífeyrissjóð, eins og hv. þm. gerir till. um.

Önnur leiðin er sú að greitt verði úr ríkissjóði sem svarar iðgjöldum af einhverjum tilteknum meðallaunum sem ætla mætti að hæfileg væru í þessu skyni. En þá komum við að því mati hvernig meta á störf húsmæðra til launa í þessum efnum. Eigum við í þessu sambandi að taka mið af tekjum svokallaðrar fyrirvinnu eða hvað eða eigum við e. t. v. að taka mið af meðaltali almenns lífeyrisréttar? Það er hugsanlegt að skoða það líka.

Ein leið er svo sú að taka ákvörðun um hærri lífeyri frá almannatryggingunum til þeirra sem ekki fá lífeyri úr lífeyrissjóðum. Það þýðir að hækka verður tekjutrygginguna verulega frá því sem nú er. Út af orðum hv. þm. vil ég benda á að kaupmáttur ellilífeyris og tekjutryggingar var fyrir einu og hálfu ári 25% hærri en hann er nú. Og í öðru lagi bendi ég á að þjónusta við aldrað fólk í landinu, þ. á m. húsmæður, hefur stórhækkað frá almannatryggingakerfinu, t. d. lyf um 140% og læknisþjónusta um 170%. Hér hefur sem sagt verið vegið að þessu fólki í tíð núv. ríkisstj. eins og allri félagslegri þjónustu í landinu.

Það er hins vegar ekki ástæða til að gagnrýna það þó að hv. þm. hreyfi þessu máli hér á þingi, nema síður sé, þó að hann beri auðvitað, eins og aðrir stjórnarþm., ábyrgð á þeirri stjórnarstefnu sem nú er rekin í landinu. Ég bendi honum á tvennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi að beita sér fyrir hækkun tekjutryggingar og í öðru lagi vil ég benda honum á að nú um áramótin renna út lögin um eftirlaun aldraðra. Það kerfi er í stórfelldri hættu. Það er kominn 4. des. Það lifa eftir af þingstörfum til jóla sennilega tvær til tvær og hálf vika eða svo og það er ekki komið fram neitt frv. hér í þinginu frá hæstv. ríkisstj. um að framlengja lögin um eftirlaun aldraðra. Þar með er réttur fólks, sem hefur notið lífeyris samkv. lögunum um eftirlaun aldraðra undir umsjónarnefnd eftirlauna, í hættu nema ríkisstj. komi frá sér hingað inn í þingið þessu frv. um framlengingu á lögunum um eftirlaun aldraðra og umsjónarnefnd eftirlauna.

Ég skora þess vegna á hv. þm. og aðra stjórnarliða, sem hér eru, að beita sér fyrir því að frv. um framlengingu á lögunum um eftirlaun aldraðra verði lagt hér fram snarlega því að annars eru þúsundir manna í óvissu með sinn lífeyri núna um áramótin vegna þess að lögin falla úr gildi. Þegar þau falla úr gildi er ekki aðeins að réttur fólks falli niður, heldur gerist hitt líka, að skylda þeirra sem eiga að borga til umsjónarnefndar eftirlauna, m. a. allir lífeyrissjóðirnir í landinu, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og ríkissjóður og fleiri, fellur niður. Ég skora því á hv. þm. að sýna vilja sinn í verki með því að tryggja að ríkisstj. sjái sóma sinn í að leggja hér fram, helst strax á morgun, frv. til l. um framlengingu á lögunum um eftirlaun aldraðra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ríkismat sjávarafurða, þáltill. 21. mál (þskj. 21). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 21 till. til þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Till. er svohljóðandi, með leyfi

hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að annast framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að leggja megi niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða."

Með þessari till. er grg. sem fylgir reyndar einnig með tólf öðrum málum svipaðrar ættar. Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Till. þessi byggist á þeirri skoðun BJ að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er óþarft að ríkið sinni."

Lögin um Ríkismat sjávarafurða eru nr. 53 frá 1984. Þar var starfsemi Fiskmats ríkisins endurskipulögð með nokkrum hætti og lög þessi samin og samþykkt í kjölfar undangenginnar athugunar á starfi Fiskmatsins. Fjárveitingar til Ríkismats sjávarafurða á þessu ári eru 40 millj. kr. umfram sértekjur ríkismatsins.

Ríkismat sjávarafurða er þríþætt. Það er ferskfiskmat, það er afurðamat og það er eftirlit með heilbrigðis- og hollustuháttum í fiskvinnslu og útgerð.

Ef horft er til ferskfiskmatsins og maður spyr sig þeirrar spurningar hvers vegna þetta fyrirkomulag er sem nú er haft á þeim málum, þá verður það náttúrlega að viðurkennast að á meðan það er í raun og veru á hendi ríkisvaldsins að ákveða verð á fiski, þá er gæðamat af hendi ríkisins í sjálfu sér e. t. v. ekki óeðlilegt. Það fylgir því náttúrlega ákveðin ábyrgð að ákveða verðið á fiski milli kaupenda og seljenda og er eðlilegt að sá aðili sem þá ábyrgð tekst á hendur fylgi henni eftir með gæðamati. Samt sem áður er mjög erfitt að finna fyrir því rök eða sanna það með nokkrum hætti að eitthvert samhengi sé milli endanlegra tekna af þessum afurðum — þá á ég við útflutningstekna — og starfs Fiskmats ríkisins eða Ríkismats sjávarafurða. Það er mjög erfitt að staðhæfa að þetta skilaði meiru til þjóðarbúsins heldur en ef verðákvörðunin væri einfaldlega á hendi kaupanda og seljanda. Ríkismatið firrir báða aðila í þessu máli ábyrgð. Það firrir seljandann raunverulega ábyrgð á vörugæðum og það firrir kaupandann nánast ábyrgð á hráefnisgæðum. Þeir hafa sjálfir ekki ýkja mikla ástæðu til að skipta sér af þessum hlutum, nema þá þar sem þeir telja kannske að einhverju leyti á sig hallað, en auðvitað getur það ekki orðið samningsatriði milli þessara þriggja aðila hvernig verðið er ákveðið. Það hlýtur alltaf að vera eðlilegast að það sé samningsatriði milli seljanda og kaupanda án íhlutunar ríkisvaldsins.

Mér skilst líka, án þess að ég hafi kannske á því næga þekkingu, að í nýafstöðnu verkfalli opinberra starfsmanna hafi þessi mál gengið mjög snurðulaust og skakkafallalaust og margir menn þá í raun og veru skipt um skoðun á þessum málum hvað einmitt þetta atriði snertir, þ. e. ferskfiskmatið sjálft. Afurðamatið er kannske að vissu leyti enn alvarlegra mál. Afurðir eru yfirleitt framleiddar fyrir ákveðinn markað og oftast jafnvel fyrir ákveðinn kaupanda. Kaupandinn gerir ákveðnar kröfur sem seljandinn uppfyllir og þær eru verðgrundvöllurinn sem notaður er þegar verð þessara afurða er ákveðið. Ég fullyrði að afurðamatið firri framleiðandann ekki bara ábyrgð, það gerir líka að verkum að framleiðandinn hefur aðgang að ódýru vinnuafli til flokkunar á framleiðslu sinni, og oft og tíðum til hreinna björgunaraðgerða þar sem flokka verður í sundur vöru sem annars vegar er seljanleg og hins vegar óhæf til sölu. Með þessum áhrifum sínum draga þessi afskipti ríkisvaldsins úr kröfum til starfsfólks og rýra þar af leiðandi trúlega um leið kjör starfsfólksins, því að þau koma í raun og veru í veg fyrir það að hæft og vel launað starfsfólk sé ráðið til framleiðslunnar, en það er náttúrlega grundvallarskilyrði fyrir gæðum í framleiðslu.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan legg ég til að Ríkismat sjávarafurða verði lagt niður. Einn þáttur þessa máls, sem mjög oft er vikið að þegar um þetta er rætt manna í milli, eru viðskipti okkar við þau ríki í veröldinni sem stunda svokallaðan ríkisbúskap. Þau ríki gera yfirleitt kröfu til þess að sá aðili sem þau hafi viðskipti við sé ríkisaðili. Þau gera í raun og veru kröfu um það að viðkomandi viðskiptaríki og í þessu tilfelli okkar, taki ábyrgð á þeirri framleiðslu sem þau kaupa. Ég tel að þessi ábyrgð sé mjög hæpin. Þetta var til umræðu á s. l. þingi í Ed., þar sem ég á sæti, þegar samþykkt voru lög um Sölustofnun lagmetis til tveggja ára. Þá benti ég á að mér fyndist í raun og veru óeðlilegt að viðskiptaaðilar gætu sett okkur þessar kvaðir um það að við þyrftum nánast að sníða okkur stakk eftir þeirra þjóðskipulagi til þess að viðskipti gætu komist á milli okkar. Ég tel þessa ábyrgð ríkisins mjög hæpna og ég tel hana sannanlega leiða til skorts á vöruvöndun. Ég veit t. d. að Hjálparstofnun kirkjunnar, sem keypt hefur þó nokkuð af afurðum og flutt út m. a. til Póllands, þorir ekki að dreifa lagmetisafurðum til einstaklinga í Póllandi, heldur telur hún sig neydda til að gera það í mötuneytum þar sem dósir og önnur framleiðsla eru opnaðar og skoðaðar áður en þeim er dreift til móttakenda. Eins og viðmælandi minn orðar það: Við þorum ekki að taka þá áhættu að einhver gamall maður taki með sér dós af síld til þess að opna á jólunum og þá komi það í ljós að hún sé ónýt.

Hvað kostnað þessarar starfsemi snertir þá geri ég mér svo sem alveg grein fyrir því að þetta er ekki dýrasta starfsemi ríkisins. Aftur á móti er líka hægt að benda á það að þarna eru þó á ferðinni þær upphæðir sem nota mætti til annarra aðgerða, ekki kannske algjörlega óskyldra. T. d. en mönnum kunnugt um það að enn þá vantar fé bæði til byggingar og reksturs Fiskvinnsluskólans, en slík starfsemi gæti örugglega, þegar fram í sækti, haft miklu, miklu betri og meiri áhrif á gæði framleiðslu í fiskiðnaði en þetta eftirlit hefur.

Heilbrigðis- og hollustuhættir, eða það starf á þeim vettvangi sem er á ábyrgð Ríkismats sjávarafurða, eru málefni sem auðvitað gætu verið einfaldlega á hendi þeirra aðila í sveitarfélögum sem eftirlit eiga að hafa með slíku. Þeim er engin vorkunn að vinna það starf eftir þeim lögum og reglugerðum sem til kunna að vera og framfylgja þeim. Þess vegna sé ég heldur ekki neina ástæðu til þess að þeim þætti starfsins sé haldið uppi frekar en öðrum.

Ef menn telja að ekki sé með nokkru móti hægt að komast hjá þeim þætti þessa starfs sem lýtur að viðskiptum við þau lönd sem ríkisbúskap stunda, þá má hugsa sér það að halda eftir í þessum störfum einum eða tveimur mönnum sem hafa einfaldlega þann starfa á hendi að útdeila þeim stimplum sem þessi lönd krefjast að fyrir hendi séu svo að viðskipti geti átt sér stað.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Það er vissulega djarft hjá hv. flm. þessarar till. að leggja það til að hér

sé lögð niður stofnun sem hv. þm. samþykktu lög um fyrir nokkrum mánuðum síðan og sjálfsagt geta einhverjir kallað það hálfgerða óvirðingu við hv. þm. sem þá sátu hér á Alþingi. Ég ætla ekki að fara að taka upp hanskann fyrir þá. Þessi till., sem hér er flutt, er að mínu mati engan veginn út í hött og ég tel og hef talið síðan ég var í nefnd, sem átti að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem þá gegndi þessu hlutverki, að þarna hefði ríkið allt of mikil afskipti. Okkur þótti þá og mér þykir reyndar enn að ríkiseftirlit með ferskum fiski, að svo miklu leyti sem það er eingöngu framlenging á verðlagningu, mætti hverfa.

Í áfangaskýrslu, sem við skiluðum til sjútvrh. í marsmánuði, að mig minnir, 1980, var stungið upp á því m. a. og gefnir þeir valkostir að ferskfiskmat yrði gefið frjálst en ekki lögboðið eins og nú er og fiskkaupendum og seljendum væri þá frjálst að komast að samkomulagi um það hvort fiskur skyldi metinn eða ekki, eins og reyndar — eins og hv. þm. Stefán Benediktsson minntist á — var tilfellið um daginn í verkfallinu. Einnig var stungið upp á því í þessari áfangaskýrslu að sú grundvallarbreyting væri hugsanleg að fiskkaupendur og seljendur tækju að sér í sameiningu að meta ferskan fisk og það opinbera kæmi eingöngu inn sem úrskurðaraðili. Reyndar held ég að hjá slíkum hæstarétti yrði varla komist eins og sakir standa, a. m. k. ekki til að byrja með. En við lögðum það til að lokum í þeirri lokaskýrslu, sem um þetta var gerð, að ferskfiskmat, sem er meira en helmingur af starfsemi ríkismatsins sem nú er, yrði lagt niður að mestu leyti og eingöngu yrðu eftir 8—10 manns sem eins konar yfirdómarar, sem tilkvaddir matsmenn, ef með þyrfti.

Með lögunum frá því í fyrra var gengið alllangt í þá átt að draga úr afskiptum hins opinbera af afurðamati. Það er þó svo, eins og hv. flm. kom inn á, að eins og er verður líklega ekki hjá því komist að fullnægja ríkisstimpilgleði vissra viðskiptalanda, sérstaklega austurblokkarinnar, og því muni þurfa á að halda ríkisstarfsmönnum til þess að uppfylla þessar skyldur.

Ég verð þó að segja að þessi till. er þess virði að hún sé tekin til athugunar. Ég reikna reyndar með því að hún eigi eftir að koma til umfjöllunar áður en mjög langt um líður, þ. e. breyting á þessum lögum sem nú eru í gildi og tillögur þar að lútandi komu reyndar fram á þingi LÍÚ sem nýlega er lokið. Ég reikna með að hún verði þá flutt með ítarlegri grg. en hér er, en ég á sem sagt ekki von á því að þessi tillaga njóti fylgis eins og stendur.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég segi nú eins og sagt var hér um mál sem var rætt áðan að ég er ekki nógu vel undirbúinn til að ræða þetta núna, en fer samt nokkrum orðum um það. Ég var formaður þeirrar nefndar sem fjallaði um þetta mál í fyrra hér í Ed., sjútvn. Þetta er mikill bálkur sem heitir Ríkismat sjávarafurða. Þetta er geysilega stórt mál, viðkvæmt mál og vandmeðfarið. En hins vegar er þessu máli þannig varið eins og öllum öðrum málum að þar má áreiðanlega gera ýmsar breytingar og bót á ýmsum þáttum þegar betur er skoðað. Ef ég man rétt á þessi málaflokkur að kosta ríkið um 40 milljónir skv. fjárlagafrv. núna. Því er ekki að neita að framleiðendur hafa talað mjög um að færa þetta mat eða eftirlit frekar inn í vinnslustöðvarnar sjálfar en gert hefur verið. Margir telja sig sjá hag sínum ekki síður borgið í þeim efnum ef t. d. sölusamtökin tækju að sér — þau eru með mikla skoðun í dag — aukna skoðun á þessu og væru ábyrg fyrir vörunni frá því að hún kæmi inn í húsið og þar til hún yfirgæfi það. Þetta er sjónarmið sem ég tel ástæðulaust að við lokum augunum fyrir ef það væri framkvæmanlegt.

Fiskmarkaðir okkar eru þannig samsettir að þeir — eins og t. d. Ameríkumarkaðurinn — gera engar sérstakar kröfur á ríkisstimplun í þessum efnum. Aftur gera það öll austantjaldslöndin eins og kom fram hjá flm. Á vesturmarkaðnum byggist allt á því að framleiðandinn eða seljandinn sé algjörlega ábyrgur fyrir þeirri vöru, sem þangað kemur, sjálfur. Annars er sá markaður búinn. Þess vegna er ég ekki á móti því að það væri kannað alvarlega hvort sölusamtökin, sem eru það sterk á þessu sviði, gætu tekið þetta alveg að sér. Í dag er þetta þannig að það koma eftirlitsmenn reglulega í frystihúsin og kannske of reglulega, segja sumir. Það er því vitað á hvaða dögum þeir koma og hægt að svindla þann daginn. En þetta er sagt svona til gamans. Það mætti bæta við mönnum hjá sölusamtökunum sem gerðu það sama og ríkismatið eða ferskfiskmatið gerir í dag. Við vitum alveg hvaða pressa er á verkstjóra í viðkomandi frystihúsi. Til að skila sem bestum árangri, sýna sem mesta nýtni, reynir hann að vinna allt hráefni í botn eins og mögulegt er sé það mögulegt vegna gæða. Aðkomumaður frá sömu sölusamtökum hefði það vald að yfirfara þetta og taka vöruna út jafnóðum. Ríkismatið sem slíkt gerir ekki nokkurn skapaðan hlut í því nema þegar varan er flutt út. Þá eru opnaðar vissar pakkningar til þess að skoða þær.

Aftur á móti verðum við að gera þarna greinarmun á að þetta mat flokkast í tvo aðalþætti, þ. e. ferskfiskmatið og afurðamatið. Ferskfiskmatið er það mat sem fer fram á fiski sem kemur frá fiskiskipunum og keypt er af viðkomandi vinnslustöð. Og það, skal ég játa, sem stóð hvað mest fyrir okkur í fyrra í þeirri n. sem um þetta fjallaði, var það hvernig við gætum tryggt að ekki yrðu of miklir árekstrar á milli seljenda og kaupendanna. Ef þessi aðili væri ekki óháður, eins og við töldum okkur vera að stuðla að í þessu tilfelli, væri hætt við því að seljandinn væri að væna kaupandann um þetta og hitt og svo aftur öfugt. Þetta var því hálfgerð — ég viðurkenni það — neyðarráðstöfun til að reyna að koma á sáttum á milli þessara aðila ef hugsanlega gætu komið upp deilumál. En mér er sagt, og það kom fram hjá framsögumanni líka, að núna þennan mánuð, sem verkfallið var og starfsmenn ferskfiskmatsins voru ekki að störfum, hafi þetta gengið allvel. Mér er ekki grunlaust um að fiskmat hafi heldur hækkað, að prósentan hefði verið heldur betra mat en var áður, þ. e. að þeir versluðu þarna beint sín á milli, fiskseljendur og fiskkaupendur. Ekki er ég á móti því ef þeir geta haft betri afkomu út úr þessu. Það er bara spurning hvernig við tryggjum að hægt sé að hafa stuðpúða þarna á milli svo að ekki komi til árekstra.

Ég held að með góðri samvinnu geti menn hreinlega kosið sér fulltrúa á hverri vinnslustöð eða stað sem væri hægt að kalla til ef kæmi til árekstra. Ég held að við verðum að skoða þetta vegna þeirrar miklu gagnrýni sem t. d. ferskfiskmatið fékk á þessu ári. Við höfum séð það hér í blöðum og annars staðar hvað skeði s. l. sumar þegar geysilegir flutningar á bílaleigubílum á

milli staða áttu sér stað og kostnaður var óhóflegur af því það var ríkið sem rak þetta. Ég hef engar sannanir í þessu máli, en um það var fjallað hér í fjölmiðlum og ég tel okkur skylt að fylgjast með slíkum hlutum. Við getum gert þetta á annan veg en að ríkið þurfi endilega að vera aðili að því máli.

En ríkismatið getum við ekki lagt niður allt saman, þar gengur till. flm. of langt. Við verðum að hafa slíka stofnun. Hvort flytja má hana inn í aðra stofnun, það er allt annað mál. En vegna okkar markaða getum við ekki komist hjá því að það verði löggiltir aðilar sem komi þarna við sögu. Kaupendur í austantjaldslöndunum gera allir þá kröfu að þeir geti fengið viðurkenndan ríkisstimpil á þennan útflutning. Ég er sammála því að reyna að forðast eins og hægt er að gera úr þessu allt of mikið bákn. Það er allt í lagi, þó að það sé ár síðan við samþykktum lög um ríkismat, að fara yfir þetta aftur og reyna að finna galla á þessu fyrirkomulagi og gera leiðréttingar. Það er sjálfsagt að taka það til greina áður en þetta veltir of miklu upp á sig.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta núna. Viðkomandi n. getur nú fjallað um þetta frá öllum hliðum til að reyna að finna bestu lausnina á þessu máli eins og nú er ástatt meðan við þurfum að halda að okkur höndum eins og mögulegt er. Æskilegt væri að við gætum hugsanlega skapað betri kjör fyrir fiskseljendur og fiskkaupendur, að þeir verði sjálfir ábyrgir fyrir því sem þeir eru að framleiða. Það er mikilvægt að koma þessum málum sem mest inn í framleiðslugreinarnar sjálfar og gera þær enn ábyrgari en þær eru.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hv. þm. hafa nefnt það að ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan hér á hv. Alþingi var fjallað um frv. og samþykkt lög þar sem allveigamiklar breytingar voru gerðar á Ríkismati sjávarafurða. Segja má að það sé nokkuð mikil bíræfni hjá hv. flm. að rétt eftir að slíkur lagabálkur hefur verið samþykktur skuli lagt til að þessi stofnun verði lögð niður.

Því var haldið fram af flm. — en frv. var reyndar stjfrv. — að með þeirri breytingu, sem gerð var á starfsemi fiskmatsins, væri verið að breyta ýmsu til hins betra. Um það urðu dálitlar deilur hér í þinginu og menn voru ekki allir á eitt sáttir um það hvort þarna hefði verið farið til hins betri vegar eða til hins verri. M. a. var fullyrt að stefnt væri að því að kostnaður við ríkismatið yrði minni eftir þær breytingar sem lögin fólu í sér. Það hefði verið áhugavert við þessa umr. að fá um það upplýsingar hvernig sá þáttur hefði gengið fyrir sig. En einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni að raunin hafi ekki orðið sú að rekstur Fiskmats ríkisins sé neitt ódýrari en Framleiðslueftirlit sjávarafurða þó að breytt hafi verið um nafn og kostnaður af þessu nýja kerfi, sem upp var sett, hafi jafnvel orðið meiri. En um þetta er að vísu ekki hægt að fullyrða neitt.

Í sambandi við það sem hér hefur verið haldið fram, bæði af flm. og hv. 3. þm. Vesturl., vil ég gera nokkrar athugasemdir. Í fyrsta lagi í sambandi við ferskfiskmat. Ég hef ekki heyrt neinn sjómann tala um að æskilegt sé að fella niður ferskfiskmat og að það sé leið til betri samskipta milli útgerðar og sjómanna. Ég hef ekki heyrt neina nema ákveðna skrifstofumenn, þá fyrst og fremst skrifstofumenn hér í Reykjavík og jafnvel forstjóra vissra stofnana, halda þessu fram. Það hefur reyndar einn og einn forustumaður í samtökum fiskseljenda verið á þeirri skoðun að hægt væri að komast fram hjá ferskfiskmati en sú skoðun hefur ekki átt hljómgrunn meðal sjómanna.

Hvernig mundi verðlagning eiga sér stað hjá því fyrirtæki þar sem fiskkaupandinn er hinn sami og eigandi útgerðarinnar? Ætli það þurfi ekki einhver aðili að koma þar á milli sem liti hlutlaust á hvaða afurð sjómaðurinn er að selja til fiskvinnslunar en það væri ekki bara mál útgerðar og fiskkaupanda sem er oft og tíðum sama fyrirtækið. Vandamálið er næstum eins stórt þegar um tvo óskylda aðila er að ræða. Það er oftast nær mjög erfitt að ná beinu samkomulagi milli tveggja aðila um gæði. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að þriðji aðili — og þar er enginn eðlilegri en aðili frá ríkinu — komi til með að fella slíkan úrskurð.

Útflutningsmatið er mikilsverðari þáttur og skiptir miklu meira máli. Um það, skal ég viðurkenna, eru mjög skiptar skoðanir. Fisksölufyrirtækin eru á því að eðlilegt sé að þau fái sjálf að sjá um sitt fiskmat, þau fái sem sagt að búa þessa framleiðsluvöru að öllu leyti til útflutnings og það eigi að skapast trúnaður milli kaupanda í útlandinu og þessa sölufyrirtækis um það hvernig varan sé.

Reynslan af þessu er því miður ekki nógu góð. Það er ekki óalgengt að við heyrum þá umræðu í þjóðfélaginu að þessi sölufyrirtæki okkar séu að sumu leyti orðin ansi stór og erfitt sé að fylgjast með rekstri þeirra. Raunverulegur eignaraðili að þessum fyrirtækjum er almenningur á Íslandi, sjómennirnir, fiskvinnslufólkið — **(Gripið fram í:** Að sölusamtökunum?) — Að sölusamtökunum vegna þess að þetta er sölufyrirtæki sem er að selja þeirra afurðir og þeirra vinnu. Eiga stjórnendur þessara fyrirtækja að vera nokkurs konar lögregla yfir því hvernig sú vara er hantéruð á erlendan markað sem þetta fólk hefur verið að afla og framleiða? Ég held að okkur sé jafnnauðsynlegt að hafa opinbert eftirlit á sölu afurðanna okkar og okkur er nauðsynlegt að hafa opinbert eftirlit á ýmsum þáttum í löggæslunni. Það er ekki síður nauðsynlegt að við séum með opinbert eftirlit á því hvernig framleiðslufyrirtækin skila þeim afurðum sem í þeirra hendur eru settar heldur en hverja aðra löggæslu á landinu.

Síðustu fréttir, sem við höfum af okkar sölufyrirtækjum í Bandaríkjunum, eru þær að aðalkaupandinn, John Silver's, fer fram á að fá að fara inn í hvert fyrirtæki á Íslandi og fylgjast með því hvernig framleiðslan sé. Sýnir þetta að sá þáttur framleiðslunnar okkar, sem hefur verið mest undir eftirliti framleiðslufyrirtækjanna sjálfra, sé í það háum gæðaflokki að við getum treyst þessum fyrirtækjum fullkomlega? Ég held að það sé mjög hættuleg þróun ef við stöndum frammi fyrir því að erlendir kaupendur geri kröfu til þess að fá að koma með sína eftirlitsmenn inn á íslenska vinnustaði til að samþykkja það að þessi eða hin varan sé söluhæf á þeirra mörkuðum. Ég tel að hægt sé að forðast þetta. Það hefur sýnt sig að það hefur verið hægt að forðast þetta þar sem ríkiseftirlitið hefur verið gott.

Það er ekki eingöngu í sambandi við Austur-Evrópuríkin sem við getum nokkurn veginn gengið út frá því að ríkismat sé tekið gilt. Eftirlit ríkisins í Bandaríkjunum í sambandi við afurðir er ekki minna á mörgum sviðum en fyrir austan tjald. Hreinlætiseftirlit og hreinlætisskyldur eru ekki minni og jafnvel meiri en þar. Það er

krafist ríkiseftirlits, það er krafist ríkisstimpla. Ég tel að með því að draga úr eðlilegu og sjálfsögðu eftirliti ríkisins með því að afurðir okkar séu gæðavara á markaðnum séum við að fara spor aftur á bak. Því miður hefur það sýnt sig á ýmsa vegu.

Á okkar aðalmarkaði fyrir austan tjald er nú beinlínis krafist þess að ríkisstimpill sé settur á vöruna, að það sé opinbert ríkiseftirlit með þeirri vöru sem seld er. Það hefur verið ýjað að því að nóg sé að hafa einn, tvo menn með stimpla sem skelli þessu á án þess að raunverulega sé fylgst með því hvaða vörur sé verið að senda á markað. Það yrði sjálfsagt svipað og átti sér stað í sambandi við ákveðna stimplayfirferð á vörum til Nígeríu á árunum 1981—1982. Þar var stimplum skellt á — og hver var útkoman? Það var talið nokkurn veginn víst að það mætti selja svertingjunum hvað sem væri og ekki þyrfti svo mikið „kontról" í kringum það. Menn fóru ekkert að rífa upp pakka eða kassa, þeir skelltu bara stimplunum á. Það var nóg að senda einn mann hringinn í kringum landið — þeir þurftu ekki einu sinni að vera tveir sem skelltu stimplinum á. Hvernig fór um þann markað? Hann fór náttúrlega á þann veg að við eigum sjálfsagt enn langt í land þangað til við höfum unnið upp trúnað í sambandi við þau viðskipti.

Flm. nefndi að styrkja þyrfti Fiskvinnsluskólann. Ég tek undir það. Það mundi hafa mun meiri áhrif á gæði og gæðamál í fiskframleiðslunni en að halda uppi ríkismatinu. Það er ekki hægt að setja neitt jafnaðarmerki þarna á milli. Áhrif og stjórnun fiskeftirlitsmanna og matsmanna í þá átt að auka gæði hafa alltaf verið fyrir hendi og eiga að vera fyrir hendi og við eigum að styrkja báða þessa þætti. Allt undanhald á eftirliti með gæðum af opinberri hálfu og undanhald á því að auka menntun á þessu sviði verður á hinn verri veg.

Því er svo haldið fram að á meðan á verkfalli stóð hafi allt gengið fyrir sig á þann máta að það hafi verið gengið fram hjá fiskmati. Ég vil hreinlega mótmæla svona umtali af því að ég veit það og — ég veit ekki hvernig á að orða það — þakka BSRB fyrir að þeir gengu fram hjá því að fylgjast með því að þessir menn væru í verkfalli. Ég veit ekki betur en að meginhluti þessara manna hafi verið í fullri vinnu allan tímann. Það er af og frá að hlutirnir hafi gengið jafnvel betur fyrir sig vegna þess að þeir voru hvergi nálægt. Þar sem það hefur átt sér stað að þeir hafa ekki verið til staðar var fullur trúnaður á milli þessara manna og annarra sem sinntu þessu verki. Það var ekki vegna þess að þessir menn hefðu horfið af vinnustað eða horfið frá sinni vinnuskyldu.

Það er sjálfsagt þannig með þessa till., eins og flestar aðrar af þessum bandormstill. hv. flm. um að leggja niður vissar ríkisstofnanir, að sjálfsagt er hægt að benda á ýmsa galla á þessu fyrirtæki sem og flestöllum hinum fyrirtækjunum. Við vitum að sjálfsagt verður aldrei stofnað svona fyrirtæki án þess að ýmsir gallar verði á því. En það á ekki að segja að vegna þess að það séu einhverjir gallar á því þurfi endilega að leggja það niður. Það á að betrumbæta það og gera það að betri stofnun. Ég tel að eitt af frumskilyrðum í íslenskum sjávarútvegi sé að Ríkismat sjávarafurða verði alltaf skipulagt á hinn heppilegasta og besta hátt. Ég er alveg á móti því og tel það mjög mikla afturför ef horfið verður frá því að halda uppi opinberu ríkiseftirliti á öllum sjávarafurðum sem við flytjum frá landinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mjög svo virðingarvert í því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu í dag að menn hugi vel að því hvar megi spara, hvar megi draga úr, hvað megi leggja niður. Að því er mig varðar er rétt að taka fram að ég er enginn sérstakur ríkisforsjármaður, hvorki í þessum efnum né öðrum. En ég verð að segja varðandi þessa till. hv. þm. Stefáns Benediktssonar að mér finnst hún afskaplega einföld. Þar er lagt til að leggja niður heila stofnun. Það segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að annast framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að leggja megi niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða." Ekkert meir.

Það kom í hug minn hvort ekki hefði mátt bæta þarna við í áframhaldi t. d.: með því að skipta um nafn. Það er ekki orð um það með hvaða hætti á að breyta, hvort eitthvað á að koma í staðinn og þá hvað. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta. En ég vil þó segja að ég óttast það verulega ef horfið yrði að því ráði að þessi stofnun yrði lögð niður. Þá kæmu upp ýmis vandamál og ekki hvað síst í samskiptum sjómanna og fiskkaupenda. Það er fyrst og fremst það atriði sem ég óttast að mundi leiða til vandræða ef ekkert yrði tekið upp í staðinn sem hægt væri, a. m. k. til tilraunar, að hafa sem nokkurs konar öryggisventil til lausnar vandkvæða sem upp kæmu.

Við skulum ekkert ganga að því gruflandi að fiskkaupendur eru, eins og aðrir menn, breyskir. Þeir mundu að sjálfsögðu — að vísu misjafnlega eftir því hvert innrætið og gerð er — fara eins langt í þessum efnum og þeir teldu sig geta. Á hverjum bitnaði það? Á sjómönnum fyrst og fremst því að hér er um að ræða að verðleggja þessa vinnu sjómanna. Málið snýst í raun og veru fyrst og fremst og nánast eingöngu um það hvað sjómaður ber úr býtum fyrir þann afla sem hann kemur með að landi.

Menn segja hér og líklega er það að mörgu leyti rétt, þó að hv. þm. Skúli Alexandersson mótmæli því harðlega, að þetta muni hafa gengið nokkuð þokkalega í októbermánuði í verkfalli BSRB og þar með þeirra manna sem áttu að sjá um ferskfiskmatið. En ég held að það sé ekki einhlítur dómur á ágæti þess ástands þó að hálfan mánuð, þrjár vikur sé að verki staðið með nokkuð eðlilegum hætti í þessum efnum. Það þarf lengri tíma til að skera úr um hvort framkvæmanlegt sé, svo að eðlilegt megi teljast, að leggja niður t. d. ferskfiskmatið í því formi sem það nú er hjá Ríkismati sjávarafurða. En ég tel þó að það sé kannske sá þátturinn sem menn telja fyrst og fremst að megi breyta. En ég óttast, a. m. k. fyrst í stað meðan verið er að koma festu á þá hluti, að það þurfi að vera einhver aðili sem er öryggisventill og úrskurðaraðili í deilum sem ég er handviss um að mundu koma upp annars vegar milli fikseljenda, þ. e. sjómanna, og hins vegar fiskkaupenda.

Eins og hv. 3. þm. Vesturl. nefndi áðan munu vera um 40 millj. ætlaðar á næsta ári til þessara mála. Ef hægt er að spara þar án þess að rýra á nokkurn hátt starfsemi af þessu tagi á það að gerast. Í fjöldamörgum tilfellum er hægt að finna tilteknar stofnanir og afskipti ríkisvaldsins af hinum ýmsu málefnum sem vissulega mætti minnka og þar með spara.

Segjum svo að Ríkismat sjávarafurða yrði lagt niður og sú starfsemi, sem þar er innt af höndum, látin fara inn í fiskvinnslustöðvarnar sem yrðu trúlega sá aðilinn sem líklegast er að fengi þetta verkefni. Er líklegt að það mundi á engan hátt vera á kostnað ríkisins? Er líklegt að þeir aðilar tækju þennan þátt málsins að sér án þess að fá nokkra greiðslu fyrir? Lægi það fyrir mundi ég skoða hug minn um það hvort ætti að breyta í það form. Ég er hins vegar ekkert viss um að slíkt ætti sér stað. Og hver er þá sparnaðurinn ef ætti að borga einhverjum öðrum aðila kannske álíka upphæð til að sinna þessum eftirlitsþætti og Ríkismat sjávarafurða fær nú til þess í óbreyttu formi?

En allt eru þetta mál sem að sjálfsögðu ber að skoða, ekki hvað síst á þeim tímum, sem við lifum nú, þegar allt er í hers höndum að því er virðist af hálfu ríkisvaldsins þegar láta á fé af hendi rakna til hinna bráðnauðsynlegustu þarfa í þjóðfélaginu. Sé hægt með skikkanlegum hætti að fá aukna fjármuni til brýnni verkefna en menn telja að hér um ræði þá á að sjálfsögðu að gera það. En mér er það raunar óskiljanlegt hvernig á því geti staðið að jafn rökrænn þm. og hv. þm. Stefán Benediktsson er skuli ekki láta fylgja með þessari þáltill. með hvaða hætti hann telur að eigi að gera þessa hluti, með hvaða hætti eigi að breyta, í hvaða form. Ég geri fullkomlega ráð fyrir að hann sé búinn að hugsa þessi mál mjög vel og gera sér grein fyrir því hvað hann vilji að verði uppi í þessum efnum verði af þessari breytingu.

En ég get mjög vel tekið undir það að varðandi Ríkismat sjávarafurða og raunar fleiri stofnanir sem ríkið rekur sé vissulega ástæða til að skoða þau mál betur, endurmeta hvort þörf sé á því að ríkið sjálft hafi jafnmikil afskipti af þessum málum og verið hefur. Ég gæti vel trúað að það mætti slaka þarna nokkuð á. En ég held þó að nauðsynlegt sé í jafnviðkvæmu máli varðandi ferskfiskmatið að ákveða laun sjómannanna. Það mál þarf að skoðast mjög vel áður en breytingar eru gerðar þó að ég vilji á engan hátt útiloka að hægt sé að gera breytingar á þann veg að minnka afskipti ríkisvaldsins, draga úr kostnaði þess við framkvæmdina. Best er auðvitað ef hægt er að láta fiskkaupendurna um að borga þennan brúsa. En að sjálfsögðu þarf að taka fram að það verði gert á þann veg að hagur sjómanna sé á engan hátt skertur.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vil segja örfá orð út af því, sem hv. 4. þm. Vesturl. lét hér mælt áðan, að hann hefði aldrei vitað neinn sjómann sem vildi leggja Ferskfiskeftirlitið niður. Það var í þessari nefnd, sem ég sagði frá áðan, á árunum 1979—80 fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambandsins, Ingólfur Ingólfsson, og hann lagði þetta bókstaflega til í sínum tillögum. Það liggur fyrir bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, frá sumrinu 1980, þar sem eindregið er lagt til að Ferskfiskeftirlitið verði lagt niður í núverandi mynd. Þannig fer um rök hv. þm. í þessu efni.

Það var annað sem hann lét sér um munn fara áðan. Hann hélt því fram, eða gaf það í skyn í það minnsta, að Nígeríumarkaður fyrir skreið hafi brostið vegna slælegs gæðaeftirlits. Þetta er hlægileg firra og það veit hann allra manna best. Þó ekki séu hér nema um það bil tíu hv. þm. skil ég ekkert í honum að bjóða þeim upp á svona vitleysu.

Enn fremur er sú staðhæfing hans rakalaus að ferskfiskeftirlitsmenn hafi yfirleitt verið í starfi fyrir náð BSRB í verkfallinu. Þvert á móti liggur fyrir að þeir komu mjög víða hvergi nærri mati.

Long John Silver's lítur aldrei á gæðaeftirlitsvottorð frá íslenska ríkinu. Eftirlitsmenn þaðan sjá þau ekki einu sinni, enda eru þau bókstaflega einskis virði þar sem 4—5 menn eru að rífa upp nokkra pakka. 4—5 menn sjá um allt gæðaeftirlit á freðfiski. Eftirlitsmenn frá Long John Silver's líta aldrei á þessi vottorð og ég efast um að þeir viti að til sé slíkt apparat á landinu.

Annað mál er hvort við einhvern tíma neyðumst til þess, ef keppinautar okkar, Kanadamenn og Norðmenn, leyfa að eftirlitsmenn frá Long John Silver's skoði vinnslustöðvar, ef þessir aðalkeppinautar okkar leyfa slíkt og við viljum á annað borð halda viðskiptum við þennan aðila, hvort við neyðumst ekki til þess að gera slíkt hið sama þrátt fyrir að okkar afurðir séu enn tvímælalaust betri að gæðum en þeirra, enda borgað fyrir þær skv. því.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ætli flm., hv. þm. Stefán Benediktsson, sé ekki sá eini sem treystir sér nú til að afgreiða þetta mál svona fríhendis, bæði með tillögu sem er upp á tvær línur og grg. sem er upp á röskar tvær línur. Ég verð að lýsa nokkurri undrun á að svona efnismikil till. skuli vera sett fram á þennan hátt. Það hafa fjölmargir hv. þdm. sagt að málið sé flókið, það sé vandasamt og það séu margar hliðar á því. En það vefst ekki fyrir hv. þm. Stefáni Benediktssyni. Maður verður satt að segja dálítið undrandi á hvað flm. er djarfur, mér liggur við að segja kærulaus, þegar fjallað er um jafnstórt mál, jafnvandasamt mál.

Ekki ætlaði ég að fara að rekja sögu Fiskmatsins. Það var að mig minnir stofnað 1904 og þótti ærin ástæða til og þótti strax gefa mjög góða raun. Ég held að það hafi ekkert farið á milli mála að saltfiskframleiðsla Íslendinga breyttist að gæðum til mjög verulega. Hins vegar hefur vitanlega orðið þróun á mörkuðum og verkunaraðferðum.

Það er best að segja eitt strax afdráttarlaust. Bara orðið mat, að meta, verður alltaf deiluefni. Það er ekkert til sem er hinn afgerandi stóri sannleikur og þá má metast um hvað sé rétt mat í hverju tilfelli. En ég held að það fari ekkert milli mála að ríkismatið, hverju nafni sem það nefnist, hefur gegnt gífurlega miklu hlutverki, hefur vegið ótrúlega drjúgt í því að halda uppi gæðum íslensks sjávarútvegs, og þó að við séum á mörgum sviðum kannske óánægðir með eitt og annað þar erum við þó yfirleitt með afurðir okkar í hæsta verðflokki og það orð sem fer af íslenskum sjávarafurðum það gott, þó bæta skuli, að ekki sé hægt að afgreiða þessi mál svona.

Það hefur áður verið á það minnst að ríki Austur-Evrópu krefjist ríkismats og þarf ég ekki að fara að endurtaka það hér. Einn þm. kallar þetta ríkisstimplagleði. Við erum háðir okkar viðskiptavinum og verðum að haga okkur í samræmi við þann sem vöruna ætlar að kaupa, hverjar svo sem skoðanir okkar eru á öðru.

Eins og ég segi má deila mjög um hvernig eigi að reka mat, hve stóran þátt framleiðendur eigi að eiga og hve stóran þátt óháð ríkismat. Ég held að óháð ríkismat sé gífurlegt öryggisatriði. Hins vegar felst ekki í þeirri

fullyrðingu minni að ekki getið einhverjir fleiri þættir verið í höndum framleiðenda. Það vitlausasta af öllu vitlausu kom fram hjá 5. þm. Norðurl. e. á s. l.vetri, að óháð ríkismat skyldi vera undir stjórn framleiðenda. Þá hættir það að vera óháð og þá má kannske segja að hægt sé að leggja það niður. Óháð ríkismat held ég að sé skilyrði fyrir því að eitthvert ákveðið afl í landinu geti gripið inn í. Við skulum ekki slá því endanlega föstu að sölusamtökin geri ekki margt mjög gott, margt vel, en þau þurfa samt sitt aðhald.

Það er mjög gagnrýnt að þetta sé í höndum fárra. Ætli freðfiskútflutningur sé ekki yfir 90% í höndum tveggja aðila. Mér þykir ekki ólíklegt að hann fari í hendurnar á fleiri. Þarna er æskilegt að sé sem allra best samvinna milli ríkismatsins og sölusamtakanna. Þessir aðilar þurfa að starfa sem allra best saman. Hitt held ég að væri allt of mikið öryggisleysi gagnvart þeim milljónatugum og hundruðum milljóna sem þarna er um að tefla að matið væri eingöngu í höndunum á framleiðendum.

Ég skal taka eitt lítið dæmi, en það er hægt að taka mörg ljótari. Lagmeti var ekki í höndum ríkismatsins. Það er verið að tala hér um að menn hafi óttast að gefa þá vöru í söfnun til Póllands. Sannleikurinn er sá að um tíma var þetta stórháskaleg vara og stórskemmd og munaði nær engu, og ég veit ekki hvers konar lán var yfir okkur, að það lokuðust okkar helstu markaðir. Mér segja kunnugir menn að það hafi ekki síst verið síldarútvegsnefnd og fleiri hæfum mönnum að þakka að tókst að bjarga lagmetismörkuðunum í Austur-Evrópu. Þetta var stórkostlega háskalegt. Lagmetisiðnaðurinn var síðan settur undir ríkismatið og gæti hafa lagast verulega þó að ekki sé ástandið gott enn þá. Þetta er dæmi um hvað framleiðendur geta farið illa með markaði og hvernig þeir geta skaðað þjóðina í heild.

Ég skal draga saman mál mitt. Þetta er mikið mál og viðkvæmt og á því margir fletir. Ég vil aðeins segja að ég býst við að það geti verið nokkuð mismunandi og séu mismunandi skoðanir á hvað eftirlit framleiðenda á að vera mikið og eftirlit Ríkismatsins mikið. Ég veit ekki hvort nokkur löggilt skoðun er til á þessu, vegna þess hve framleiðendur eru misjafnir, eða hvað þeir leggja mikið kapp á gæðaeftirlitið. En það er til ómetanlegs öryggis að það sé óháð ríkismat sem grípur þarna inn í, vegur og metur og stöðvar ýmislegt sem getur lagt heilu framleiðslugreinar í sjávarútvegi í rúst eins og dæmið sem ég var að taka áðan.

Hv. 4. þm. Vesturl. og 5. þm. Norðurl. e. ræða um hvort sjómenn séu með eða móti ferskfiskmati. Ég er sannfærður um að sjómenn, svo ágætir sem þeir eru, eru yfirleitt á móti stífu mati. Þó bitnar slæmt mat oft á þeirra hlut. Togari er kannske úti í veiðiferð í 17 daga. Þeir geta engin áhrif haft á hvað togarar eru lengi í veiðiferð, en kannske er helmingur aflans verðfelldur og hlutur þeirra stórminnkar.

Þá er ferskfiskmat ákaflega mikið deiluefni alltaf og ætla ég ekki að fjölyrða um það. En ég vil aðeins benda á eitt atriði.

Þegar við vorum að ræða hér um að breyta lögunum í fyrra var bent á að í einu væri áfátt hjá Ríkismatinu. Ég held að það hafi verið réttmætt og tók undir það í mínum ummælum og umr. Það voru hráefnisgeymslur frystihúsa. Sagt var að þar lægi fiskur stundum og oft vikutíma, kannske yfir sumartímann, og ekki væri nægjanlegt eftirlit frá Ríkismatinu. Ég lagði áherslu á þetta og benti á að eins og lögin eru úr garði gerð þyrfti sennilega að fjölga starfsmönnum um a. m. k. 30—40, en taldi að þetta væri hægt að gera á heppilegri hátt. Lögin eru nú þannig úr garði gerð að ferskfiskmatið tekur þetta að sér, en hefur engan veginn annað því. Það hafa engar breytingar orðið þarna á. Það kemur upp úr kafinu að verkstjórarnir í frystihúsunum, svo góðir sem þeir eru margir hverjir, hafa ekki afl gagnvart frystihúseigandanum til að stöðva vinnslu. Sú gagnrýni, sem hér kom fram, að hefði ekki verið nægilegt eftirlit hjá Ríkismatinu, er í fullu gildi enn og aldrei meira gild. Reyndar var minnst hér á að hægt væri að færa til sveitarfélaga eftirlit með hollustu- og heilbrigðisháttum.

Í allri matvælaframleiðslu nú til dags skiptir hreinlæti höfuðmáli, hreinlæti í meðferð, hreinlæti í vinnslu, og ákveðin sérþekking. Þá þarf slík sérþekking að vera á þessari atvinnugrein. Framleiðslueftirlitið hafði í þessu sérhæfða eftirliti ungan mann sem var búinn að ná ákaflega góðum tökum á sínu starfi. Ég margbenti á það í mínum ræðum hversu mikið gildi það hafði að hafa líffræðing, sem væri verulega þjálfaður, í þessu starfi og hvaða úrslitum það réði í matvælaeftirliti að hafa þar slíkan mann. Svo einkennilega hefur nú brugðið við að við framkvæmd nýju laganna var þessi sérmenntaði maður með frábært starf að baki og góða reynslu, um 35 ára gamall, ekki endurráðinn. Það hefur enginn maður með slíka þekkingu verið ráðinn til þeirra starfa í hans stað. Þó áttu nýju lögin að bæta eftirlitið!

Ég held að ekki sé hægt að afgreiða þetta stóra og vandasama mál með tveggja lína tillögu og tveggja lína grg. Ég held að málið sé allt of stórt og allt of viðamikið til þess og það séu svo margar hliðar á því. Ég endurtek: ég legg áherslu á að framleiðendur, eftirlitsmenn framleiðenda og Ríkismatið vinni saman. Það er nokkuð athyglisvert að við Íslendingar erum ekki einir um ríkismat. Ríkismat er t. d. í Noregi, að vísu ekki á ferskfiskeftirliti, en afurðamati öllu. Í Danmörku er ríkismat. Kanada er að sækja sig á öllum sviðum sjávarútvegs, en fram til þessa hefur mest háð þeim að gæðaeftirlit þeirra hefur ekki verið í nógu góðu lagi. Þar er verið að efla ríkismat og þeir eru búnir að taka upp ríkismat á ferskfiski. Það er hins vegar greitt af fiskkaupendum. Tæplega 200 menn voru ráðnir á þessu og síðasta ári í slík störf. Það hefur verið farið ansi frjálslega með ýmislegt hér í þinginu þegar rætt hefur verið um Kanada. Vitnað hefur verið í skýrslur, sem ég skal ræða síðar þegar þetta verður á dagskrá, og hreinlega falsaðar tilvitnanir eins hv. þm. sem ég skal ekki ræða nú.

Ég vil benda á við getum deilt um hversu mikið ríkismatið á að vera, hversu stór þáttur framleiðenda eigi að vera, en undir öllum kringumstæðum verðum við að hafa óháð ríkismat. Við þurfum ekkert að óttast í þeim efnum því að þau lönd sem lengst hafa komist í þessu, þau lönd sem eru að sækja sig í þessum efnum, sækja sínar fyrirmyndir í íslensk lög og íslenskan praxís. Það segir ekki að við getum ekki bætt þessa hluti. Sannarlega getum við það.

Svona tillögur er hreint ábyrgðarleysi að leggja fram. Þetta verður að rökstyðja í það minnsta kosti með grg., en ekki henda bara fram 14 tillögum og búið.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við fullyrðingar hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, sem ég sagði hér, að ég hefði ekki heyrt neinn sjómann leggja til að ferskfiskmat yrði lagt niður. Ég get endurtekið það hér að ég hef ekki heyrt slíkt enn þá. Ég ber heldur ekkert á móti því að Ingólfur Ingólfsson hafi lagt þetta til í þeirri nefnd sem þeir sátu saman í, Ingólfur og hv. þm. En það er kannske staðfesting á því sem ég sagði. Á þeim tíma var Ingólfur Ingólfsson kominn á skrifstofu. Ég hef því kannske ekki sagt mikið umfram sannleikann áðan þó að Ingólfur hafi bæst í þann hóp sem hefur haldið því fram að rétt væri að leggja niður ferskfiskmat. — Þeir geta vitaskuld verið miklu fleiri sjómennirnir sem hafa haldið þessu fram þó að ég hafi ekki heyrt það.

Í annan stað, í sambandi við viðskiptastöðu okkar í Nígeríu og þá skemmdu hausa sem seldir voru á Nígeríumarkaði á árinu 1981, fullyrði ég enn að staða okkar á Nígeríumarkaði versnaði mjög við þá vöru sem þá var send á markaðinn. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem ég sagði hér áðan, en það var mjög skemmd vara og tók nokkurn tíma að lagfæra viðskiptastöðuna. Sú er jafnvel ástæðan til þess hve illa við stöndum á þeim markaði núna hvernig um hnútana var búið við söluna á hausum í upphafi þeirra viðskipta við Nígeríu.

Í þriðja lagi gerði hv. 5. þm. Norðurl. e. aths. við ummæli mín um að ferskfiskeftirlitsmenn hafi verið í vinnu í verkfallinu. Ég veit að a. m. k. fyrir vestan sinntu eftirliti við vissar aðstæður menn sem voru í fullu trúnaðarsambandi við eftirlitsmenn og það var raunverulega verið að framkvæma ferskfiskmatið eftir sem áður. Vera má, og ég ætla ekkert að bera á móti því, að svo hafi ekki verið á einhverjum stöðum og ferskfiskeftirlitsmenn hafi hvergi verið nærri, en ég er nokkurn veginn viss um að við þessar aðstæður tóku menn þetta starf ekki að sér með öðru hugarfari en eftirlitsmenn áður. Ég er nokkurn veginn alveg viss um það. Það má vel vera að einhvers staðar hafi verið á þessu misbrestur og ég veit að á sumum stöðum voru þeir í verkfalli. En það var raunverulega verið að framkvæma ferskfiskmat þótt verkfall stæði yfir og á þeim grunni sem ríkismat sjávarafurða hefur byggt á.

Í fjórða lagi sagði hv. þm.: Long John Silver's lítur aldrei á íslenskan ríkisstimpil. Það má vel vera. Ég ætla ekki að bera á móti því. Ég þekki það ekki. Ég veit að það fyrirtæki lítur á heilbrigðisvottorð og hreinlætisvottorð en til gæðamatsins sjálfs má vel vera að þeir taki ekki mikið tillit, þótt ég efist um að þeir geri það ekki. En hitt veit ég að ekki skiptir sköpum hvort Norðmenn hleypa þeim inn í sín hús eða ekki ef látið verður undan þeirri kröfu að þeir fari að skoða framleiðsluna hér heima á framleiðsluvettvangi. Það byggist fyrst og fremst á því hvernig okkur tekst að sannfæra þennan stóra viðskiptavin um hverju við skilum honum, hvort hann geti nokkurn veginn treyst því að sú vara sem við sendum honum sé á þann máta sem hann óskar eftir og honum er sagt að eigi að vera innihald fiskpakkanna.

Annað held ég að hafi ekki komið fram í ræðu hv. þm. sem ég teldi þörf á að svara.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið og jafnframt þá gagnrýni sem hún hefur fengið.

Ég ætla að byrja á þeirri gagnrýni sem seinast kom fram varðandi það að hér væri sett fram efnismikil till. á fremur einfeldnislegan hátt og hefðu þau áhrif á þá sem hana skoðuðu að þeim þætti hún kærulaus og þá reyndar ekki hvað síst í sögulegu ljósi þegar hugsað var til þess að ríkismatið á ættir sínar að rekja alla leið aftur til 1904.

Þessi till. er sett fram í einfeldnislegu formi, ég játa það, og þá fyrst og fremst vegna þess að ég tel vera um ákveðin einföld grundvallaratriði að ræða sem við þurfum nauðsynlega að gera upp við okkur. Það á við þau atriði sem fram koma þarna í stuttu þriggja lína grg. um breyttar aðstæður og breytta atvinnuhætti.

Ég ætla að byrja á að benda á það, sem öllum er augljóst, að kjör þeirra manna sem að framleiðslu standa í okkar stærstu útflutningsatvinnugrein eru háð gæðum þeirrar vöru sem þar um ræðir. Því tel ég að þeir verði sjálfir að bera mesta ábyrgð á þessum gæðum.

Hér er oft talað um rekstrargrundvöll og ég held að það hafi verið hv. 4. þm. Vesturl. sem fyrstur meitlaði orðið „rekstrargrundvallarræfillinn". Þessi ræfill verður að mínu mati að vera óháður afskiptum ríkisvalds að svo miklu leyti sem það fæst.

Ég álít líka að ríkið eigi ekki að hafa afskipti af samningum um kaup og kjör. Ég held reyndar að þar sé ég sammála allflestum sem sitja hér inni. Samt sem áður eru þeir sömu aðilar, sem segjast vera sammála um þessi atriði, sífellt og á nánast öllum vígstöðvum að biðja um afskipti ríkisvaldsins af samningum um kaup og kjör.

Þegar hv. 7. þm. Reykv. talar um nauðsyn á óháðu ríkismati sem gífurlegu atriði horfir hann fram hjá því að það er ríkið sem ákveður verðið á fiskinum upp úr sjó. Þegar sami aðili kemur svo og metur fiskinn kominn upp á bryggju getur ekki verið um að ræða óháð mat. Óháður aðili væri einhver aðili sem fenginn væri nánast „utan úr bæ" og hefði þá ekki meiri hagsmuna að gæta en hver og einn sem á líf sitt undir því að Íslendingar afli gjaldeyris.

Ríkisvaldið er aldrei óháð í þessu efni, sérstaklega ekki á meðan verðákvörðunin fer fram með þátttöku ríkisins. Þegar ég tala um að ríkið eigi ekki að taka ábyrgð á gæðum framleiðslunnar bið ég menn að horfa á hvort eðlilegt sé að þjóðin taki skellinn þegar gæði bregðast hjá einum framleiðanda. Er ekki eðlilegt að viðkomandi framleiðandi taki þann skell sjálfur? Hvernig öðruvísi getur hann fundið til ábyrgðartilfinningar gagnvart sinni framleiðslu? Ég minni á atriði sem 7. þm. Reykv. nefndi, lagmetisverslun við austantjaldslönd. Það tókst að bjarga þeim viðskiptum, eins og hann benti á. Sú björgun fólst ekki hvað síst í því að varan var send aftur hingað til Íslands og þjóðin tók skellinn. Það voru ekki framleiðendurnir sem tóku þann skell. Ég get ekki sagt annað um það en að mér finnast það vond vinnubrögð og ég tel ekki að framleiðendur dragi raunverulegan lærdóm af slíkri lífsreynslu. Ég vildi aftur á móti draga þann lærdóm af þeirri lífsreynslu að framleiðandinn ætti að bera þessa ábyrgð einn.

Hv. 7. þm. Reykv. minntist líka á hreinlætiseftirlit og nauðsyn sérþekkingar á því sviði. Ég er honum alveg sammála í því. Aftur á móti bind ég þar miklar vonir við fyrirtæki sem ég held að eigi eftir, ef vel er að staðið, að valda miklu meiri straumhvörfum í þessu máli en

ríkismatið, en það er Fiskvinnsluskólinn. Ég tel að fólk eigi að vera vel menntað á þessu sviði framleiðslunnar og að þegar sú menntun er orðin útbreidd og nær til allra þátta framleiðslunnar skili hún miklu, miklu meiri árangri en stikkprufur ríkisstarfsmanna.

Ég hef reyndar fengið þá gagnrýni áður í þessari umr. um þennan bandorm, eins og menn vilja kalla hann, að það vanti í hann pappír. Ég tel ekki að það sé raunveruleg þörf á pappír í þessu tilviki, þegar við erum að tala um ákveðin grundvallaratriði varðandi dreifingu ábyrgðar og valds og grundvallaratriði varðandi hlutverk ríkisins.

Hv. 7. þm. Reykv. minntist á að við yrðum að laga okkur að aðstæðum og haga okkur í samræmi við viðskiptaaðila. Ef hjá því verður ekki komist verður líklega að bíta í það súra epli, en mér finnst þá að það gildi til beggja átta, þ. e. það gildi ekki bara í viðskiptum við þau lönd sem hafa ríkisbúskap, heldur þá líka sé um að ræða lönd þar sem stundað er eitthvað það sem menn kalla frjálsa verslun. Ég veit að hv. 7. þm. Reykv. leggur kannske ekki mikið upp úr því hugtaki. Ég minnist á þetta vegna þess að hv. 4. þm. Vesturl. minntist á fyrirtækið Long John Silver's sem vildi hafa eftirlit, þ. e. skoða framleiðslufyrirtæki, hér á landi. Ég varð var við það, bæði í hans máli og annarra sem hér komu upp, að mönnum fannst þetta allt að því ósvinna. Ég get alls ekki skilið þann hugsunarhátt. Hvað er eðlilegra en að kaupandi vöru, sem jafnmikilvægt er að standist kröfur um gæði, fái að skoða framleiðslustaðina og jafnvel fylgjast með framleiðslunni? Það þarf ekki að felast í því að hann sé að rengja fullyrðingar framleiðendanna um gæði framleiðslunnar, heldur er þarna einfaldlega um það að ræða sem kallað er sannprófun.

Við vitum t. d. að í viðskiptum við Japan er mjög algengt að Japanir sendi hingað menn til að fylgjast með að framleiðslan fari fram eins og þeirra menning gerir kröfur til. Þeir eru ekki tilbúnir að taka við vöru öðruvísi en að hún uppfylli þær kröfur sem þeir eru vanir að gera til hennar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði þessa till. ekki út í hött og benti á að Farmanna- og fiskimannasambandið hafi beinlínis lagt það til að ferskfiskmatið verði lagt niður. Ég vissi reyndar ekki að slík tillaga hefði komið frá Farmanna- og fiskimannasambandinu og var ánægður með að heyra það.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson talaði um að nauðsynlegt yrði kannske að ríkið ræki einhvers konar „hæstarétt" sem úrskurðaraðila milli kaupenda og seljenda. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki allt of mikla trú á þess háttar fyrirkomulagi, einfaldlega vegna þess að ég tel að smátt og smátt í tímans rás mundi slíkur úrskurðaraðili verða að matsaðila á svipaðan hátt og við þekkjum hvað snertir yfirnefnd Verðlagsráðs þar sem eini aðilinn sem raunverulega stendur að verðákvörðun er fulltrúi ríkisvaldsins. Hv. 5. þm. Norðurl. e. fullyrti reyndar eins og fleiri að ekki yrði komist hjá kröfum Sovétmanna og annarra austantjaldsþjóða um ábyrgð á vörum til þeirra og það kann vel að vera, en þá verður að reyna að bregðast við því með þeim hætti sem talist gæti skynsamlegur og með sem minnstum tilkostnaði.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að framleiðendur hefðu lýst áhuga sínum á því að fá meira eftirlit sjálfir á hendur inn á vinnslustöðvarnar. Það verð ég líka að telja ánægjulegt og tel að það styðji þessa hugmynd. Og hann nefndi þann möguleika að kanna hvort sölusamtökin gætu tekið þetta hlutverk að sér. Hann hefur sjálfsagt hugsað til þess að sambandsfiskiðjurnar reka nokkurs konar eigið gæðaeftirlit og það hefur skilað árangri. Allavega segja sambandsmenn sjálfir að verð á afurðum þeirra sé betra en frá stærsta samkeppnisaðilanum. Nú þori ég ekki að fullyrða hversu satt og rétt það er. Ég hef þetta eftir fulltrúa fræðslu- og kaupfélagsdeildar Sambandsins sem ég hitti á fundi fyrir stuttu. (**Gripið fram í:** Sölumiðstöðin rekur þetta líka.) Já, ég fékk reyndar allgóða lýsingu á því hver væri munurinn á vígstöðunni hjá Sambandinu og sölusamtökunum og þar sem þarna var um einhliða upplýsingar að ræða þori ég ekki að leggja allt of mikið upp úr þeim.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að nefndin sem fjallaði um frv. í fyrra hefði fallist á ferskfiskmatið til að fyrirbyggja árekstra kaupenda og seljenda. Sama atriði kom reyndar fram í máli 3. þm. Vestf., þ. e. að ferskfiskmatið væri áríðandi þáttur í samskiptum sjómanna og fiskkaupenda. 3. þm. Vestf. taldi að nauðsynlegt væri að hafa þarna ventil og nauðsynlegt væri að fyrirbyggja árekstra. Hérna er um mjög bein afskipti ríkisvaldsins af kjörum sjómanna að ræða, fyrst í gegnum verðákvörðunina en síðan í gegnum matið. Samningsréttur sjómanna er við þessar aðstæður í raun orðinn mjög lítils virði. Við þurfum ekki annað en horfa til löggjafar alls konar, sem fór hér í gegn um þingið í fyrra, þar sem reynt var að bæta útgerðaraðilum upp verð á fiski eða skort á tekjum með tilfærslum úr sjóðum og þá yfirleitt á þann veginn að það fór fram hjá sjómönnum, þ. e. það kom ekki til skipta. Öll þessi afskipti ríkisvaldsins af kjörum sjómanna tel ég vera óheilbrigð og óheillavænleg.

Það má spyrja t. d. í þessu sambandi hvers vegna íslenskir sjómenn yfir höfuð þora að sigla á Grimsby og Hull og Cuxhaven og Bremerhaven til að selja fisk þar sem ekki er um neitt ríkismat sjávarafurða eða yfirnefnd Verðlagsráðs að ræða, heldur bara einhvern karl sem lyktar upp úr körfum og ákveður hvað fiskurinn eigi að kosta. Staðreyndin er samt sem áður að þeir fá miklu hærra fyrir þennan fisk eftir langan flutning og léleg veðurskilyrði en þeir fengju hér heima. (**Gripið fram í:** Þeir hafa svona markað á Sauðárkróki.) Ha? (**Gripið fram í:** Þeir hafa svoleiðis markað á Sauðárkróki.) Ég er ekki að tala um að hægt sé að koma upp markaði eins og í þessum höfnum sem að ég nefndi. Ég er eingöngu að tala um að auðvitað hlýtur það að vera hollt að sjómenn séu raunverulegir aðilar að þessari verðákvörðun, að hún sé ekki tekin frá þeim og þeir eigi enga aðild að þessu máli og hafi þar af leiðandi mjög lítil áhrif á kjör sín.

Hv. 3. þm. Vestf. nefndi að það vantaði úrskurðaraðila. Það getur vel verið, en ég sé ekki hvers vegna hann þarf að vera ríkisstarfsmaður. Úrskurðaraðili getur verið hver sá aðili sem menn kalla til sem sáttasemjara í slíkum málum. Þessu er nú þannig komið í dag, þegar nánar er að gáð, að íslenskir sjómenn eru nánast orðnir ríkisstarfsmenn vegna þess að kjör þeirra eru þannig ákveðin og áhrif þeirra á launin eru það lítil að þeim eru skömmtuð þau eins og ríkisstarfsmönnum.

Verðákvörðun vefst fyrir mönnum. Auðvitað fer verðákvörðun alltaf fram samkvæmt einhverri viðmiðun. Karlinn í Cuxhaven er búinn að stunda þetta um

áraraðir og hann miðar við ákveðin atriði sem hann fylgir við sína verðákvörðun. Alveg eins eru til hérna ákveðnar hugmyndir um hvernig eigi að meta fisk. Menn telja orma, menn lykta, menn mæla og menn skoða lit og annað slíkt. Þetta eru atriði sem farið er eftir. Það getur orðið ágreiningsefni milli aðila hvernig eigi að meta hvert atriði, en ágreining verða menn að fá að jafna sín á milli með samningum. Það kallast á fagmáli frjálsir samningar.

Einhver hélt því fram, það var 4. þm. Vesturl., að sölusamtökin væru í raun og veru eign þjóðarinnar og því eðlilegt að samfélagið hefði eftirlit með framleiðslu þeirra. Ég get ekki alveg tekið undir að sölusamtökin séu eign þjóðarinnar því þjóðin hefur ekki allt of mikið um það að segja hvernig rekstri þeirra er hagað. Ég verð því að andmæla hv. 4. þm. Vesturl. í þessu efni. Ég sé ekki að þetta séu haldbær rök til þess að mæla með gildi þessarar starfsemi.

Einhver áleit að ekki væri hægt að fella þessa starfsemi niður með öllu og einhverja ríkislöggildingu þyrfti á viðskipti við sérstaklega austantjaldslöndin og hugsanlega mætti flytja það sem út af stæði af þessari starfsemi í einhverja aðra stofnun. Það kann vel að vera. Eins og ég sagði í upphafi er mín hugmynd að aðferð í verðákvörðunum einfaldlega sú að ríkið taki ekki ábyrgð á þeim. Ríkið tekur ábyrgð á verðákvörðun þegar um austantjaldsviðskipti er að ræða með þeim hætti að þar eru gerðir vöruskiptasamningar aðallega. Því verður kannske að segja að ekki verði undan því komist að ríkið hafi eftirlit með gæðum framleiðslunnar þegar um þau viðskipti er að ræða.

Hvers vegna er þessi till. flutt? spyrja menn kannske. Þá get ég ekki annað en endurtekið það að nokkru leyti, sem ég hef sagt hér áður, að hún er flutt til að varpa fram og fá umræðu um ákveðin grundvallaratriði að mati BJ. Við teljum ekki að hægt sé að sanna að þetta fyrirkomulag hafi nein jákvæð þjóðhagsleg áhrif umfram annað fyrirkomulag á þessum málum og horfum þá, eins og kannske fleiri, til samanburðar við fyrirkomulag hjá öðrum þjóðum. Við teljum að kjör manna séu beint háð gæðum þeirrar vöru sem hér um ræðir og því verði þeir sjálfir að fá að bera ábyrgð á gæðunum. Við teljum líka að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar verði að vera óháður afskiptum ríkisvaldsins. Við teljum að ríkið eigi ekki að hafa afskipti af samningum um kaup og kjör og ríkið eigi ekki að bera ábyrgð á gæðum framleiðslunnar. Þess vegna er þessi till. til komin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 192 (sbr. 103)). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Sala Landssmiðjunnar, frv. 133. mál (þskj. 137, n. 216 og 222). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. iðnn. hefur tekið til meðferðar það mál sem nú er hér til umr., frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Landssmiðjuna.

Nefndin leitaði umsagnar nokkurra aðila og fékk svör frá tveim aðilum, frá Landhelgisgæslunni þar sem segir að Landhelgisgæslan geri engar aths. við frv. og frá Félagi járniðnaðarmanna sem mælir gegn samþykkt frv.

Þá fékk nefndin á sinn fund forustumenn þess fyrirtækis sem ætlað er að taki við rekstri Landssmiðjunnar skv. frv. þessu.

Meiri hl. iðnn., sex nm., mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nm., Skúli Alexandersson, skilar séráliti.

Við 1. umr. gerði hæstv. iðnrh. ítarlega grein fyrir efni frv. og er ekki ástæða til þess hér að fara að endurtaka það sem þar kom fram. Þetta frv. hefur haft sinn aðdraganda svo sem eðlilegt er. Í febr. s. l. var hafist handa um það að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Því verki var lokið í júnímánuði s. l. En í tengslum við þessa úttekt og samhliða endurskipulagningu á rekstri Landssmiðjunnar hófust óformlegar viðræður milli fulltrúa starfsmanna og iðnrh. um möguleika á sölu fyrirtækisins til starfsmanna.

Í marsmánuði s. l. stofnuðu 52 af starfsmönnum Landssmiðjunnar félag til þess að kanna grundvöll að samkomulagi við iðnrh. um kaup á Landssmiðjunni og kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis. Þetta félag fól stjórn sinni umboð til viðræðna og samningagerðar við iðnrh. Þessum samningum var lokið í júlímánuði s. l.

Í sept. var svo stofnað hlutafélagið Landssmiðjan hf. sem gert var ráð fyrir að yrði kaupandi að Landssmiðjunni. Þetta félag gerði síðan kaupsamning við ríkisstj. um kaup á Landssmiðjunni og gerðist það í sept. s. l. Skv. þessum samningi er gert ráð fyrir að ríkissjóður selji hlutafélaginu Landssmiðjunni hf. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri. Það er miðað við það að yfirtaka hins nýja félags á Landssmiðjunni fari fram í byrjun næsta árs. Þetta er meginaðdragandi að því frv. sem hér liggur fyrir. En eins og hv. þm. vita, þá fylgir frv. þessu kaupsamningur milli Landssmiðjunnar hf. og ríkisstj.

Það má segja að frv. þetta sé í eðli sínu til þess gert að koma fram vilja og stefnu ríkisstj. í þessum efnum, þ. e. að selja Landssmiðjuna, og svo að koma í framkvæmd vilja starfsmanna Landssmiðjunnar sem hafa sameinast í því fyrirtæki sem gert er ráð fyrir að kaupi Landssmiðjuna.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Landssmiðjuna var til umr. á fundum iðnn. á þrem fundum, og eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., formanni iðnn., var málið sent nokkrum aðilum til umsagnar auk þess sem stjórnendur hins nýja fyrirtækis, sem áformað er að kaupi Landssmiðjuna, komu

á fund nefndarinnar. Nefndin fékk ekki svör frá nema tveimur af þeim aðilum, sem hún sendi málið til umsagnar, þ. e. frá Félagi járniðnaðarmanna og Landhelgisgæslunni, og eins og kom fram í ræðu hv. formanns n. voru engar aths. frá hendi Landhelgisgæslunnar, en Félag járniðnaðarmanna lagði til að frv. yrði fellt.

Ég geri ráð fyrir því að aðaltilgangur þessa frv. hafi komið fram í lokaorðum hv. frsm. meiri hl., þ. e. að verið sé að vinna að því að koma fram vilja og stefnu ríkisstj. með því að selja þetta ríkisfyrirtæki svo og önnur sem eru á þeim óskalista. Ég lét þá skoðun mína í ljós við 1. umr. málsins að það væru náttúrlega fráleit vinnubrögð að núv. ríkisstjórn eða hver sú ríkisstjórn sem að völdum situr, oftast nær er það nú ekki mjög langur tími, undantekningar eru þó, að þær skuli taka sig til og breyta eignarráðum yfir fyrirtækjum á stuttum valdaferli. Ég vil undirstrika það að ég lít svo á að hér sé verið að ráðstafa ríkiseign án þess að nokkurt eðlilegt rekstrarsjónarmið liggi þar á bak við, heldur aðeins þessi eina ósk um eignatilfærslu.

Það hefur einnig verið undirstrikað í sambandi við umr. um þetta mál að hér sé verið að afhenda starfsmönnum fyrirtækisins þessa eign. Segja má að það sé góðra gjalda vert í upphafi umræðna um söluna að starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið boðið fyrirtækið til kaups. En útkoman úr því varð sú að af 76 starfsmönnum eru aðeins 22 sem óska eftir að gerast kaupendur. *Og málið stóð þannig um mánaðamótin* nóv. — des. að ekki hafði verið innheimt hlutafjárframlag til þessa fyrirtækis þannig að ekki er fullkomlega í ljós komið hvort starfsmennirnir halda þessari tölu þó að það megi líklegt teljast.

Í stofnsamningi þess fyrirtækis sem starfsmennirnir stofnuðu til þess að kaupa eignir Landssmiðjunnar er ekkert sem gefur væntanlegum starfsmönnum tækifæri til að gerast eigendur að fyrirtækinu fram yfir hvern annan, sem vildi kaupa hlutabréf ef þau losnuðu, þó í því skerðingarhlutfalli sem hlutabréfalög ætlast til. Ég sé því ekki að sá þáttur að starfsmönnum hafi verið gefið tækifæri til að eignast fyrirtæki og stjórna því sé tryggður þegar upp er staðið. Hvort tveggja er að ekki eru eftir nema 22 af upp undir 80 starfsmönnum og væntanlegir starfsmenn fyrirtækisins hafa ekki möguleika til að gerast eigendur eða stjórnendur fyrirtækisins eftir því eignarformi sem upp er sett. Og nákvæmlega á sama máta má búast við því að þeir 22 eignaraðilar, sem standa að stofnun fyrirtækisins, verði eftir stuttan tíma einhvers staðar annars staðar að starfi en í Landssmiðjunni. Hlutafjáreign þeirra bindur þá í engu fyrirtækinu.

Í ágúst 1983 mun hafa komið álitsgerð frá nefnd sem athugaði rekstur og framtíðarmöguleika Landssmiðjunnar. Þar var lagt til að rekstri fyrirtækisins yrði breytt og haldið áfram þeirri uppbyggingu sem áformuð var, þó á nokkuð öðrum grunni en fyrst var áformað, ekki í eins stórum byggingum. Þessa áætlun mun iðnrn. hafa að vissu leyti samþykkt eða lýst stuðningi við en horfið svo frá eftir einhverja frekari athugun, eða þá að það hefur verið talið eðlilegra að fylgja eftir þeirri hörðu stefnu ríkisstj. að selja fyrirtækin en að kanna þann möguleika hvort rekstur fyrirtækisins gæti haldið áfram og verið arðbær. Með því að halda rekstri fyrirtækisins áfram á þeim grunni sem þessi áætlun í ágúst 1983 gerði ráð fyrir var talið að fyrirtækið gæti staðið undir fjármagnskostnaði vegna nýbyggingar fyrirtækisins við Skútuvog og þannig tryggt eignir ríkissjóðs og gert þær arðbærar. Hins vegar blasir nú við að þessar eignir verði verðlitlar eins og hæstv. fjmrh. skýrði hér frá við 1. umr., jafnvel talið gott ef 15% af verðgildi þeirri eigna næðist út úr þeim.

Á það var bent hér við 1. umr. málsins að við það að hugað var að því að starfsmenn yfirtækju fyrirtækið hefði þegar í stað farið fram viss endurskipulagning og það hefði leitt til þess að unnt hefði verið að fækka starfsmönnum um 10—15, minnir mig. Sagt var að það væri vegna þess að tekin hefði verið í gagnið ný tölva og endurskipulagður lager fyrirtækisins, færðir saman tveir lagerar og önnur endurskipulagning átt sér stað hjá fyrirtækinu. Forustumenn hins nýja fyrirtækis, sem mættu á fund hjá okkur, undirstrikuðu hins vegar að þetta hefði alls ekki verið í neinum tengslum við yfirtöku starfsmannanna. Þessar breytingar hefðu verið komnar í gang undir fullri forsjá framkvæmdastjórnar Landssmiðjunnar áður en kom til beinnar umræðu um eigendaskiptin.

Eins og ég hef áður sagt sýnist mér þetta mál fyrst og fremst byggt á þeirri stefnu að selja án þess að nokkur hagkvæmnissjónarmið liggi þar bak við. Ég lít svo á að ef átti að selja hefði átt að tryggja stöðu ríkissjóðs betur en raun ber vitni og málið sé ekki það vel unnið að það hefði átt að leggja það fyrir Alþingi í þeirri mynd sem það er, bæði gagnvart rekstrargrundvelli og eignasölu *svo og uppbyggingu þess eignarfyrirtækis sem* við fyrirtækinu tekur. Ég tel að það hefði verið miklu eðlilegra að stofnað hefði verið félag, sem hefði tryggt væntanlegum starfsmönnum fullan stjórnunar- og eignarrrétt að fyrirtækinu, heldur en að búið væri til sérstakt hlutafélag sem er ekki í neinu frábrugðið þeim hlutafélögum sem við búum við í almennum eignarrekstri. Ég lít svo á að hér sé í mjög litlum mæli verið að afhenda starfsmönnum fyrirtækið, í mjög litlum mæli og þáttur starfsmanna muni fara minnkandi í eign fyrirtækisins þegar fram líða stundir.

Ég legg því til að þetta frv. verði fellt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef það á tilfinningunni að hv. 4. þm. Vesturl. hafi komið hér í ræðustól sem fulltrúi afturhaldsins í landinu, gegn breytingum, gegn úrbótum, gegn framförum. Ég lít svo á að það eigi ekki að vera trúaratriði hvort fyrirtæki eru ríkisrekin eða ekki, heldur séu það hagkvæmnissjónarmið, sjónarmið sem beinast að því að tryggja atvinnu, sem ráði því hvort þau eigi að vera ríkisfyrirtæki eða ekki.

Í samtölum við þá aðila sem nefndin fékk til viðræðu kom fram að ríkið hefur búið mjög illa að þessu fyrirtæki og stjórnun þess hefur verið mjög þung í vöfum vegna þess að kerfið, ríkið hefur ekki talið sig hafa aðstöðu til að sinna því. Við getum rifjað upp að eins og kemur fram hér í áliti hv. 4. þm. Vesturl. var það mikið auglýst á sínum tíma að reisa ætti skipaverkstöð í Kleppsvík og það ætti að byggja upp Landssmiðjuna af miklum krafti í tengslum við það. Við sjáum hverjar hafa orðið efndirnar á því. Það reyndist bara loft, það reyndist bara áróður og skrum. Ekkert liggur eftir nema ónýttur eða illseljanlegur grunnur sem er Landssmiðjunni til mikillar byrði.

Ég sé líka að í áliti Félags járniðnaðarmanna er þess

getið að mjög þurfi að hressa upp á fyrirtækið til að það standi undir nafni. Það þurfi að breyta því afskaplega mikið, leggja í það mikið fé. Þetta segir okkur það að ef fyrirtækið er svo illa búið sem þar kemur fram, þá eru litlar líkur á því að það verði samkeppnisfært á næstu árum, einkum með tilliti til þess að yfirstjórn fyrirtækisins, sem er ríkið, hefur dregið lappirnar gagnvart því og ekki veitt til þess það fjármagn sem nauðsynlegt er. Það er nú mergurinn málsins að það er ekki nóg að fyrirtæki heiti ríkisfyrirtæki, heldur þarf yfirstjórnin, þ. e. stjórnvöld, að vera því hlynnt að fyrirtækin séu rekin sem slík og sinna þeim af fyllstu alúð á þann veg að það sé hægt að reka þau af fyllstu reisn. En ég sé ekki að núverandi valdhafar frekar en fyrri valdhafar hafi burði til þess.

Ég sé líka í áliti Félags járniðnaðarmanna að það er stefnuatriði hjá þeim að þetta fyrirtæki verði ríkisrekið. Ég sé ekki hvers virði það er ef það hefur enga hagkvæmni í för með sér. Vert er að geta þess að ef fólk getur fengið atvinnu annars staðar en þar og ef það er ekki atvinnuskortur, þá er ekkert að því að þeir menn sem störfuðu hjá Landssmiðjunni vinni annars staðar ef því er að skipta.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að aðeins 22 af 76 starfsmönnum hefðu gerst hluthafar. Mér er kunnugt um það að allir, sem þar störfuðu, áttu kost á því að verða hluthafar. En það voru ekki fleiri sem óskuðu eftir að gerast hluthafar og ég sé ekki að það sé neitt um að sakast.

Í viðræðum við þá aðila sem hyggjast kaupa fyrirtækið kom fram að á síðustu árum hefur það tíðkast að hin ýmsu ríkisfyrirtæki settu upp vélsmiðjur. Þessi fyrirtæki hafa sjálf sett upp vélsmiðjur innan síns rekstrarsviðs. Þetta hefur síðan dregið verkefni frá Landssmiðjunni. Þetta hefur gerst í skjóli Alþb. sem annarra ríkisstjórnarflokka og smám saman hefur þetta fyrirtæki verið að koðna niður.

Þess er getið hér í áliti minni hl. að tilraunaverksmiðja svokölluð sem byggir á nýrri aðferð við þurrkun á fiskimjöli komi til með að geta bætt úr rekstri Landssmiðjunnar. Það kom einmitt fram á nefndarfundi að þessi tilraunaverksmiðja virðist ekki geta sinnt slíku hlutverki. Í ljós hefur komið að í Bandaríkjunum er til einkaleyfi fyrir slíkri verksmiðju, sams konar verksmiðju eða næstum því eins og verið er að tala um þarna, svo að ég sé ekki að það verði nokkur hagur af því að halda áfram því verkefni, enda fæst ekki einkaleyfi í Bandaríkjunum á þessari „uppfinningu".

Því var haldið fram hér áðan að þetta væri fyrst og fremst gert til þess að koma fram vilja og stefnu ríkisstj. Ef ríkisstj. hittir svo á að gera eitthvað gott, þá finnst mér ástæða til að styðja það hiklaust. Ég bendi á það að í fyrra var tekin ákvörðun um að selja Siglósíld á Siglufirði. Og þá fyrst, eftir að það hafði orðið að veruleika, reis það fyrirtæki úr rústum og veitir nú miklu fleira fólki atvinnu en áður og er rekið af miklu meiri þrótti. Það finnast mér nokkuð gild rök fyrir því að skoða megi málin án nokkurra trúarbragðakredda. Ég hef sem sagt komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa skoðað þetta mál, að það sé ástæða til að selja þetta fyrirtæki. Þess vegna styð ég það frv. sem hér liggur fyrir.

Ástæðulaust er að hafa fleiri orð um þetta. En ég endurtek: Þeir sem komu til viðræðna héldu því fram að reksturinn hefði verið afar þungur í vöfum vegna afstöðu ríkisvaldsins á hverjum tíma og það hefði staðið í vegi fyrir uppbyggingu þess.

Það var ekki rannsakað í nefndinni, a. m. k. ekki á þeim fundi sem ég gat sótt, hvort verð á þjónustu Landssmiðjunnar við ríkisfyrirtæki hafi verið sambærilegt við aðrar vélsmiðjur. Fróðlegt væri að vita hvort svo hefur verið. En ég tel nokkra hættu á því, ef eitt ríkisfyrirtæki hefur forgang eða einokun á því að þjóna öðrum ríkisfyrirtækjum, að það geti orðið mun dýrara en ef sú þjónusta væri keypt á frjálsum markaði.

Að lokum þetta: Ég styð þetta frv. og tel að öll rök hnígi að því að þetta fyrirtæki verði selt nú. Þetta fyrirtæki hefur þjónað mikilvægu hlutverki á gengnum árum og ber að þakka það. Það var reist við þær aðstæður að nauðsyn bar til að skapa fólki atvinnu, hafa frumkvæði að svona rekstri. En ég tel að nú sé því hlutverki lokið.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég skal játa að á tímabili var ég ekki alveg viss um hvernig hv. 4. þm. Vesturl. mundi bregðast við frv. sem hér er til umr. Ég hefði e. t. v. getað sparað mér að fara hingað í stólinn, en vegna þess að vikið var að stefnu ríkisstj. í sölumálum fyrirtækja komst ég ekki undan því að standa upp.

Nú vil ég ekki halda því fram að mismunandi viðhorf ríki meðal þeirra, sem standa að meirihlutaáliti um þetta frv., um sölu Landssmiðjunnar. Ég skal ekkert um það fullyrða. Ég hygg þó að svo sé ekki. Ég vil fyrir mitt leyti skoða hvert mál fyrir sig og ég hygg að sem betur fer sé þannig farið um fleiri.

Það kom fram á fundi í iðnn. að þeir aðilar, sem nú hafa tekið við rekstri, ætla, að því er mér sýnist, að ganga að verki skörulega, halda rekstri fyrirtækisins áfram og stefna að því að auka hann fremur en að draga úr honum. Landssmiðjan er af þeirri stærð að það er mjög auðvelt þess vegna fyrir einstaklinga eða samtök að hafa þann rekstur með höndum. Auðvitað geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvort ríkið á að vasast meira og minna í atvinnurekstri. Ég hef þá skoðun að það eigi fremur að vera í undantekningartilvikum — í þeim tilvikum þegar það er ekki á færi einstaklinga af ýmsum ástæðum að hafa með höndum reksturinn, til að mynda af þeim ástæðum að hann sé svo fjármagnsfrekur í stofnsetningu að einstaklingar eða samtök í þrengri skilningi hafi ekki bolmagn til þess.

Það hefur verið að því vikið í umr. að fjarað hafi undan starfsemi Landssmiðjunnar og það er á vissan hátt rétt. Þegar starfsmenn fyrirtækisins voru flestir voru þeir um það bil 200. Starfssvið fyrirtækja breytist, þjóðfélagið breytist. Allt er breytingum undirorpið. En hitt er rétt að fyrirtækið hefur ekki lagað sig að nýjum og breyttum aðstæðum. Ég held að beri að viðurkenna það og ætla ég út af fyrir sig ekki að fara að deila á einn eða neinn í því efni. En ég hygg að meginástæðan fyrir þeim samdrætti sé einmitt að öll stjórnun þegar opinberir aðilar eiga í hlut, og ég tala nú ekki um ríkið, er fremur stirð í vöfum. Öll ákvarðanataka er fremur hæg, gengur seint fyrir sig. Af þeim sökum missa menn beinlínis af góðum tækifærum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég legg áherslu á að fyrir mér er það ekki

sáluhjálparatriði né heldur náttúrulögmál að ríkisfyrirtæki skuli seld. Ég mun leitast við að skoða hvert tilvik fyrir sig.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er meðmæltur samþykkt þessa frv. og kem aðallega upp til að ræða nokkur þau atriði sem ég tel máli skipta þegar á annað borð er verið að ræða um mál sem þessi, þ. e. sölu ríkisfyrirtækja, og þá ekki hvað síst vegna þess að þar eru oft nefnd alls kyns atriði til rökstuðnings sem eiga á mismunandi hátt e. t. v. heima í málflutningi.

Í nál. minni hl. iðnn. segir, með leyfi hæstv. forseta, að það sé stefna núv. ríkisstj. að selja sem flest ríkisfyrirtæki, að því er virðist án tillits til þess hvort slíkt þjónar almannahagsmunum. Ég tel hæpið að nota þessa röksemdafærslu hérna, að nota þetta hreint og beint sem orðalag í þessari umr., vegna þess að áður en menn segja slíkt finnst mér þeim beri skylda til þess að leiða einhver rök að því að reksturinn, eins og hann er í núverandi ástandi, þjóni að einhverju leyti almannahagsmunum. Nú er það staðreynd með flestöll fyrirtæki sem ríkið rekur og skila jafnvel hagnaði að þau skila eftir sem áður það litlum hagnaði að lítið munar um hann í heildarrekstri ríkisins. Og að halda því fram að sá hagnaður, sem þar kemur inn, þjóni almannahagsmunum, það tel ég mjög hæpna röksemd. Ég get nefnt það t. d. að ég býst við því að hv. 4. þm. Vesturl. væri mér sammála ef ég legði fram till. um að leggja niður rekstur ríkisins á fyrirtæki sem heitir Sölunefnd varnarliðseigna, en það fyrirtæki mun líklega skila hlutfallslega hvað mestum tekjum af ríkisreknum fyrirtækjum í almannasjóði. Þá býst ég við að hv. 4. þm. Vesturl. mundi skoða hug sinn skv. mottóinu „illur fengur illa forgengur" og vera slíkri till. meðmæltur. Ef hann er að tala um almannahagsmuni í þessu tilviki trúi ég því sem sagt að hann sé ekki einungis að tala um fjárhagslega hagsmuni, heldur hugsanlega um einhverja aðra. Ég held að miklu auðveldara sé að skoða þetta dæmi ef horft er til þess hvorir hagsmunirnir séu stærri, hagsmunir þeirra sem skipta við fyrirtækið eða hagsmunir þeirra sem innan þess starfa, og hvort réttlætanlegt sé að halda úti starfseminni sem nokkurs konar atvinnubótavinnu, en það tel ég ekki vera.

Það hefur verið talað um að rekstri Landssmiðjunnar hafi hrakað á undanförnum árum og mun það ekki hvað síst vera vegna þess að fyrirtæki, og þá sérstaklega ríkisfyrirtæki sem skipta við Landssmiðjuna, hafa hafnað þjónustu þessa fyrirtækis og komið sér sjálf upp hliðstæðri þjónustu á eigin vettvangi. Ég tel að sú röksemd nægi til að fullyrða að rekstur þessa fyrirtækis og þjónusta þess hafi ekki verið nægilega góð og ekki skilað þeim árangri sem skyldi og þess vegna sé eðlilegt að hætta rekstri þar sem upphaflegum markmiðum hafi ekki verið fullnægt, þau hafi einfaldlega ekki náðst, og þá ekki ástæða til þess að vera að reka slík fyrirtæki þegar þau ekki ná tilætluðum markmiðum.

Það segir í nál. minni hl.:

„Frumkvæði að þeim endurbótum á starfsaðstöðu fyrirtækisins, sem stefnt var að með byggingu nýs verkstæðishúss við Skútuvog, áttu stjórnendur og starfsfólk Landssmiðjunnar."

Þetta er mjög loðin setning og loðnast í henni er orðið „stjórnendur". Það er vitað mál að iðnrn. átti mjög stóran hlut að máli á sínum tíma að áætlunum og byggingu hússins við Skútuvog. Var þar oft gengið gegn áliti ráðgjafa um stærð og umfang þess rekstrar vegna þess að menn sáu í hillingum mikla framtíð í skipasmíðum sem átti sér afskaplega litla stoð í veruleikanum.

Í skýrslu iðnrh., sem fylgir með minnihlutaálitinu, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstur Landssmiðjunnar gekk sæmilega á árinu 1983 og var hagnaður af starfseminni 4 millj. kr., samanborið við 220 þús. kr. hagnað 1982."

Síðan kemur önnur setning og þar segir, með leyfi forseta:

„Það skal þó tekið fram, að vaxtakostnaður vegna nýbyggingar er ekki færður á rekstur, heldur sem hluti af kostnaði við nýbygginguna. En fjármagnskostnaður vegna nýbyggingarinnar nam um 18.5 millj. kr. á árinu og er þar bæði um að ræða vaxtakostnað og uppfærslu á lánum. Verðbreytingatekjur námu 7.4 millj. kr."

Ég held að þessi mgr. segi alla söguna. Það er afskaplega lítill vandi fyrir það stóra apparat sem ríkið er að búa til hagstæða stöðu fyrirtækja með bókhaldsleikfimi sem engum öðrum fyrirtækjum leyfist. Þar með er hægt að skapa sér þá vígstöðu sem hentar hverju sinni. Í þessu tilviki er það kosið, einfaldlega vegna þess hve tölurnar eru stórar, að halda kostnaðinum út af nýbyggingunni fyrir utan raunverulegt bókhald þessa fyrirtækis og uppgjör. Þannig verður fyrirtækið í hagnaði sem er mjög mikill miðað við árið á undan.

Fullyrðingar um að ekki sé hægt að koma eignunum í Skútuvogi í verð finnast mér dálítið snemma á ferðinni. Ég held að þar gildi það, sem einhver sagði í nefndinni, ég þori ekki að fara með hver það var, að líklega séu fáar framkvæmdir á Íslandi svo vitlausar að ekki sé hægt að selja þær einhvern tíma á endanum og þar með að fá inn að nokkru leyti fyrir þeim kostnaði sem þar hefur verið útlagður. En það gerir stöðuna að því leyti miklu erfiðari að yfirvöld Reykjavíkurborgar hafa aflagt hugmyndina um skipaverkstöð þarna í voginum, a. m. k. um tíma, og þar af leiðandi hefur þessi framkvæmd ekki sama gildi og ella, en það hefði hún ekki heldur haft ef menn hefðu ætlað sér að halda þessum rekstri áfram. Hún hefði verið jafndauðadæmd þá sem slík og aldrei hægt að sanna að menn hefðu getað náð inn þeim kostnaði sem þá þegar var útlagður.

Menn hafa horft í þessar risatölur um kostnað framkvæmdanna inni í Skútuvogi. Ég kynnti mér málið eilítið þar sem mig undraði líka þessar stóru upphæðir. Ég get upplýst að skv. þeim heimildum sem ég hafði mun framreiknaður kostnaður lóðarinnar til dagsins í dag hafa verð á bilinu 16—18 millj. kr., þ. e. gatnagerðargjöld, byggingarleyfisgjöld, nýbyggingargjald og sérstakt gjald vegna sprenginganna í grunninum, en þar greiddi Landssmiðjan ákveðna upphæð sem dreginn var frá sá hagur sem höfnin reiknaði sér af því að nota þetta grjót í uppfyllingu úti í Örfirisey. Hönnunarkostnaður þessara bygginga, framreiknaður, er um 8 millj. kr. með útboðsgögnum, þ. e. öll framkvæmdin er tilbúin á borðinu með útboðsgögnum ef menn vildu halda henni áfram. Það sem út af stendur í þessum kostnaði er kostnaður við sökkul og grunnplötu byggingarinnar og síðan vaxtakostnaður eða fjármagnskostnaður af þeim peningum sem þarna hafa verið útlagðir.

Ég tel að það sé ekki höfuðatriði í þessu máli, frekar en mjög mörgum öðrum þar sem fjallað er um ríkisrekstur, hvort þessi ríkisrekstur hafi verið hagkvæmur

eða ekki. Þó hann sé hagkvæmur skilar hann sjaldnast það miklum tekjum að þær skipti nokkru máli í ríkisbúskapnum. Menn verða því fyrst og fremst að gera upp við sig það grundvallaratriði hvort ríkið eigi að vera að auka umsvif sín, að dreifa starfsorku sinni í að sinna verkum sem einstaklingar geta alveg eins vel sinnt. Ég tel að hlutverk samfélagsins sé fyrst og fremst að taka að sér og fullnægja þeim réttlætishugmyndum sem skynsemi okkar segir að okkur beri skylda til þrátt fyrir að ekki sé hægt að mæla árangurinn á mælikvarða hagkvæmninnar. Þá á ég fyrst og fremst við þau verkefni sem lúta að því að sinna þeim í þessu þjóðfélagi sem versta eiga möguleika á því að sjá fyrir sínum þörfum sjálfir.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er aðeins til þess að hér sé ekki um framhaldsnefndarfund í iðnn. að ræða sem ég kem hér upp, en nokkur atriði vöktu athygli mína og ég ætla að greina frá þeim hér.

Það vakti sérstaka athygli mína að hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason brást þannig við umsögn Félags járniðnaðarmanna um þetta frv., sem er einn helsti rökstuðningurinn sem hv. 4. þm. Vesturl. gerði að sínum, að þegar hann leit þessa umsögn taldi hann að þar væri greinilega um rödd afturhaldsins að ræða. Þá veit maður hvaða álit hann hefur á umsögn verkalýðsfélaga um mál af þessu tagi.

Það vakti líka athygli mína að hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinsson sló úr og í um afstöðu til sölu ríkisfyrirtækja. Það er dæmigerð flokksstefna á þeim bæ og ekkert við því að segja. Hins vegar kom mér það á óvart, og er það kannske alveg nýtt á þeim bæ, að ríkið ætti að hafa með höndum þann rekstur sem væri erfiður og kostnaðarsamur, en þar sem arðsvon er og gróðavonin væri skyldu einstaklingar vera. Þannig skildi ég mál hans. (Gripið fram í.) Hæstv. iðnrh., sem þekkir betur innviðina í sinni ríkisstj., mótmælir þessu og segir að þetta sé ekki rétt túlkun og væri betur að svo væri.

Þó fannst mér nú taka steininn úr þegar hv. 8. þm. Reykv. fór að tala um að það væru ekki nægileg rök í nál. hv. 4. þm. Vesturl. Niðurlagningarmál hv. 8. þm. Reykv. í Sþ. segja allt sem þarf um rök með eða móti tillögum um ríkisfyrirtæki.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. iðnn. fyrir ágæta afgreiðslu þessa máls og fagna hinni víðtæku samstöðu sem náðst hefur um það í hv. deild.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Mér þykir þetta trúarbragðarugl, sem kemur fram í mörgum, ansi undarlegt. Menn vilja hafa ríkisfyrirtæki í landinu af einhverjum trúarkreddum eingöngu, án tillits til raka, tillits til hagkvæmni og tillits til þess hvort það er fólkinu til góðs eða ekki.

Mér skilst að hv. 2. þm. Austurl. hafi býsnast yfir því að ég hafi vitnað í álit járniðnaðarmanna og talið þar vera rödd afturhaldsins. Ég nefndi nú sérstaklega að ég teldi hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexandersson vera í gervi afturhaldsins þegar hann mælti gegn sölu þessa fyrirtækis og er það afleitt þegar menn yfirfæra það á aðra. Það er að fara rangt með og það er ljótt að skrökva, hv. þm. Helgi Seljan.

Hins vegar finnst mér að umsögn Félags járniðnaðarmanna sé þannig vaxin að tæpast sé hægt að taka hana alvarlega. Ég verð að játa það. Ég minni á að verkalýðsfélög eða verkalýðsforingjar geta haft rangt fyrir sér eins og hverjir aðrir og menn sem eru í verkalýðsfélögum hafa líka margar skoðanir. Menn eru með og móti málum eftir því sem þeim sýnist vera hagkvæmt fyrir sína félaga.

Ég er þeirrar skoðunar að með því að ríkisreka Landssmiðjuna sé ekki nægilega séð fyrir hagsmunum þess fólks sem mundi starfa þar. Ég held að ef þetta fyrirtæki yrði rekið af þrótti undir öðru eignarformi mundi það fólk geta haft betri laun en það hefur. Ég hygg að sú sé reynslan mjög víða að einkafyrirtæki geti greitt hærri laun en ríkið. Því miður er það svo.

Ég endurtek að mér finnst ástæðulaust að fara eftir einhverjum gömlum trúarkreddum í þessum efnum. Ef það sýnir sig að fyrirtæki skila ekki hagnaði eða eru ekki nægilega vel rekin eða hafa ekki aðstöðu til þess vegna þeirra sem stjórna fyrirtækinu, þ. e. ríkisvaldið, á að leita annarra leiða. Ég endurtek að þetta fyrirtæki hefur skilað góðu hlutverki, gerði það á sínum tíma. Hugsjónin á bak við það var þörf á sínum tíma. En við lifum í öðrum tíma í dag. Við eigum að halda okkur við nútíðina og framtíðina, en ekki fortíðina, í þessum efnum.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Það má segja að að sumu leyti hafi haldið áfram hér í Ed. fundur í iðnn. þó að reyndar hafi komið fram nokkuð skýrari skoðanir en þar var fram haldið. Nm. í n. hafa komið upp hver á fætur öðrum og staðfest það, sem ég sagði í ræðu minni áðan og held fram í nál., að þetta frv. er fyrst og fremst flutt til að staðfesta ákveðnar trúarskoðanir manna, ekki til að stefna að einhverju sérstöku marki eða bæta hagsmuni ríkisins eða starfsfólksins. Þetta er trúarskoðun hæstv. ríkisstj. sem vel getur verið góð frá hennar bæjardyrum séð, en ég hélt að hún yrði seint góð í pólitískri stefnu Alþfl. Ég er ansi hræddur um að þeir sem stóðu fyrst og fremst að uppbyggingu Landssmiðjunnar undir fjögurra ára áætlun Alþfl. upp úr 1930... (**KSG:** Hugsa um framtíðina.) Það er ekki verið að hugsa um framtíðina, fólkið. Það þarf að gera með ákveðnum rökum, ekki einhverri trúarskoðun.

Ég vil snúa því beint til hv. 6. landsk. þm. að stefna hans í þessu máli er eingöngu byggð á trúarskoðun, engum rökum öðrum. Og allt þetta tal um að þetta fyrirtæki hafi ekki lagað sig að breyttum aðstæðum. Auðvitað getur ýmislegt orðið þess valdandi að þetta fyrirtæki gangi vel þennan tímann og illa hinn. (**Gripið fram í:** Við þekkjum það nú úr fiskiðnaðinum.) Við þekkjum það úr fiskiðnaðinum. Og ætli við getum ekki sagt að olíufélögin íslensku hafi lagað sig að breyttum aðstæðum eða skipafélögin íslensku. Það þyrfti þá endilega að fara að hefja eignabreytingu á þessum fyrirtækjum. Ég get vel tekið undir það. En í rökum fyrir að selja Landssmiðjuna finnst ekki að það þurfi eitthvað slíkt.

Svo eru ein rökin hjá hv. 6. landsk. þm. að það hafi vel til tekist að selja Siglósíld. Það gekk ágætlega hér í gegnum þingið. Siglósíld var seld. Siglósíld hefur verið rekin með miklum krafti í sumar og við verðum að vonast eftir því að hún skili góðum árangri þó að tilætlunin hafi kannske ekki verið sérstök, e. t. v. fyrst

og fremst eignaskipti. En árangurinn er því miður ekki kominn í ljós. Vonandi kemur hann í ljós.

Hv. 8. þm. Reykv. benti á skýrslu iðnrh. um Landssmiðjuna þar sem talað er um hagnað á árinu 1983 og síðan vikið til þess að ekki séu teknir til greina vextir af nýbyggingum. Hann hafði ýmis orð um að það væri skrýtið uppgjör sem ekki tæki vexti af nýrri fjárfestingu beint inn í rekstur. Ég er ekki viss um að allir mundu býsnast mjög mikið yfir því eða teldu að vexti á fjárfestingartíma ætti að taka inn í aðra þá rekstursþætti sem fyrir hendi væru í fyrirtæki þegar væri verið að endurbyggja fyrirtækið og hefja stærri og fjölbreyttari rekstur. Ég er ekki viss um að skattayfirvöld væru tilbúin að samþykkja þá uppfærslu á fyrirtæki. Það er því leitað langt yfir skammt til að finna rök fyrir því að þetta fyrirtæki sé selt.

Ég vísa því enn og aftur algerlega til föðurhúsanna að hjá mér sé um einhverja trúarskoðun að ræða þegar ég er á móti þessu frv. Hún er greinilega uppi á teningnum hjá sexmenningunum sem mæla með samþykkt þess.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla hv. þm. Helga Seljan, 2. þm. Austurl., þar sem hann að mínum dómi gerði mér upp skoðanir. Hann hélt því fram að ég væri einvörðungu meðmæltur því að ríkið hefði á hendi þá starfsemi sem ekki bæri sig. Þetta er rangt hjá hv. þm. Ég minntist ekkert á rekstur eða afkomu í mínum orðum. Ég nefndi dæmi um það þegar ástæða væri til þess að ríkið eða opinberir aðilar stofnuðu til atvinnurekstrar. Mitt dæmi var um það að fyrirbærið væri svo fjármagnsfrekt í upphafi að til þyrfti sameiginlegt átak þjóðarinnar. Þetta er dæmi um það að ástæða sé til þess að ríkið hrindi af stað rekstri.

Virðulegi forseti. Ég komst ekki hjá því að leiðrétta þennan misskilning hjá hv. þm. Helga Seljan.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr., en þegar maður heyrir yfirlýsingar á borð við þær sem komu frá hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan og sem betur fer eru nú fáheyrðar hér í þingsölum, þá þyrmir alveg yfir mann. Hann segir: Ég er ekki kreddumaðurinn. Það eru hinir sex í nefndinni sem eru kreddubókarmennirnir og hanga í trú á eitthvað. Hann vitnaði hér til þess að Alþfl. hefði átt að því nokkurn hlut að Landssmiðjan komst á laggirnar á sínum tíma. Það er rétt og Alþfl. getur verið stoltur af því. En það eru breyttir tímar, hv. þm. Skúli Alexandersson. Það eru aðrir tímar nú en voru þá og önnur sjónarmið giltu þá en gilda nú. En það eru til stjórnmálaflokkar sem hafa staðnað í gömlum kreddum og þeir eru stundum býsna áberandi.

Allar aðstæður og öll rök hafa breyst. Það hefur verið rakið hér mjög ítarlega í þessum umr., m. a. af hv. 6. landsk þm. Þess vegna erum við Alþfl.-menn þeirrar skoðunar að ekkert sé við það að athuga að ríkið selji starfsmönnum þetta fyrirtæki og raunar ástæðulaust með öllu að ríkið sé í þessum rekstri eins og nú háttar til. Ég veit ekki hvað það getur kallast annað en að hengja sig í gamlar trúarkreddur að halda fram hinu gagnstæða, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson hefur hér gert og segir svo: Sjáið þið hina sex. (**SkA:** Þeir eru sjö núna.) Jæja eða sjö. Þeir eru sjálfsagt fleiri hér í Ed. sem hafa til að bera þá víðsýni og það frjálslyndi sem felst í því að geta skipt um skoðun. Þó svo að flokkur hafi einhvern tíma haft eina skoðun, þá geta þeir tímar runnið upp að fyllilega sé réttlætanlegt og eðlilegt að hafa aðra skoðun. Þá eiga menn að hafa hugrekki til að skipta um skoðun, hv. þm. Skúli Alexandersson. Þeir eiga ekki að hengja sig í gömlu kreddurnar. Það fer illa að lokum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að staðfesta ummæli hv. 4. þm. Vesturl. Ég fyrirgef honum reyndar þó að hann rugli saman trúarbrögðum og pólitískri sannfæringu. Það er af sögulegum ástæðum sem það gerist. En það er mín pólitíska sannfæring að ríkið hafi öðrum og þarfari verkefnum að sinna en að standa í samkeppni við einkaaðila eða atvinnurekstur um dreifðar byggðir landsins. Ég legg ekki að jöfnu sem mikilvægt í hlutverki ríkisins Fiskifélag Íslands og barnaheimili. Ég legg ekki að jöfnu sem mikilvægt í rekstri ríkisins grunnskóla og Landssmiðjuna. Ég legg ekki að jöfnu sem mikilvægt verkefni fyrir ríkisvaldið spítala eða sjúkrahús og Síldarverksmiðjur ríkisins. Vegna þessarar pólitísku sannfæringar minnar er ég meðmæltur því að ríkið hætti afskiptum af fyrirtækjum eins og Landssmiðjunni.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt að hér í hv. deild skortir eina stétt manna til að skera úr ágreiningi. Það eru sérfræðingar í trúarbrögðum eða einhverjir guðfræðilega þenkjandi menn. (**Gripið fram í:** Það er heildsali hérna.) Heildsalinn segist geta bætt úr þessu. (**Gripið fram í:** Hann var í KFUM.) Það væri þá betur að svo væri. Ekki treysti ég trúarbrögðunum á þeim bæ of vel þannig að ég er hræddur um að hægt væri að hafa langt mál þar um.

Mér fannst hv. 6. landsk. þm. staðfesta það með áliti sínu á umsögn Félags járniðnaðarmanna að ég hefði ekki farið með neina vitleysu áðan. Hann taldi að umsögn þessi væri partur af rödd afturhaldsins hér inni. Þar af leiðandi var ég engu að skrökva, hv. þm. En það er vitanlega rétt að stefnufesta hefur aldrei verið hin sterka hlið Alþfl. og staðfestist enn einu sinni í þessum umr. eins og oft áður.

Ég fagnaði því hins vegar að ég hef misskilið orðræður hv. 5. þm. Vesturl. Davíðs Aðalsteinssonar. Hann er ekki orðinn eins innvígður í útsölustefnu þeirra sjálfstæðismanna og mér fannst hann vera áðan. Hitt er annað mál að oft og tíðum eru orðræður þeirra framsóknarmanna um þetta mál svo torskildar og torræðar að erfitt er að geta í eyðurnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er rétt að taka fram nú að á dagskrá þessa fundar eru fjögur mál sem nauðsynlegt er að koma í gegnum deildina í dag, þ. e. 2., 3., 4. og 5. mál á dagskránni. Þá eru einnig tvö mál sem lögð er áhersla á að koma til nefndar. Það eru 7. og 8. málið. Vegna reynslu forseta af góðri samvinnu hv. þdm. væntir hann að þetta megi takast með því að

hugsanlega þurfi að hafa annan fund kl. 6.

Mér þykir rétt að taka þetta fram nú þegar.

Löggiltir endurskoðendur, frv. 138. mál (þskj. 143, n. 217). — 2. umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67 frá 1976 um löggilta endurskoðendur. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Hv. þm. Stefán Benediktsson var viðstaddur fund n. og er hann samþykkur nál. þessu. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hv. 11. þm. Reykv., var fjarverandi en er samþykk nál.

Virðulegi forseti. Ég skal hafa um þetta stutt mál. Nefndin sendi frv. Félagi löggiltra endurskoðenda til umsagnar og fékk til baka álitsgerð frá svokallaðri álitsnefnd félagsins sem hefur fjallað um frv. Er nefndin sammála frv. og fellst á þau sjónarmið sem koma fram í aths. við frv. Það var einnig leitað umsagnar prófnefndar löggiltra endurskoðenda og hefur prófnefndin fjallað um málið og mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt, enda er frv. raunar flutt að frumkvæði hennar.

Núgildandi lög um löggilta endurskoðendur eru frá árinu 1976. Tilgangur þeirra er að tryggja að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum. Ég held að það sé samdóma álit manna að mikil þörf sé á að hafa trausta og vel menntaða stétt endurskoðenda. Sannleikurinn er sá að nútíma bókhald, skattalög og annað sem lýtur að endurskoðun er það flókið mál að í ákaflega mörgum tilfellum má segja að endurskoðendurnir viti miklu meira um raunverulegan gang t. d. fyrirtækja og jafnvel hag einstaklinga en þeir sjálfir með tilliti til þeirra flóknu reglna og laga sem gilda í þessum efnum og veit ég að hv. þm. er þetta mætavel ljóst.

Í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um endurskoðendur er að finna það ákvæði að engum sé heimilt að endurtaka próf, sem þarf að standast til að fá löggildingu, nema einu sinni. Efni þessa frv. er að lagt er til að þessi grein falli niður sem þýðir efnislega að þá geta þeir sem hafa þreytt prófið t. d. tvisvar sinnum fengið færi á því að þreyta það oftar. Ráðh. setur reglugerð um þessi mál og það er fjmrh. sem þetta heyrir undir. Í lögunum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna."

Ég vildi leyfa mér í þessu sambandi að beina dálítilli ábendingu til hæstv. fjmrh. Mér er kunnugt um að það hefur orðið töluverður misbrestur á framkvæmd þessara prófmála að því leyti að próf hafa verið þreytt t. d. síðast í októbermánuði og síðan hefur prófunum ekki verið skilað. Þeir sem prófin þreyttu fengu ekki einkunnir fyrr en 4—5 mánuðum síðar. Venjulega er það svo að um helmingur þeirra sem þreyta prófin falla og þeir verða því að bíða í 4—5 mánuði skjálfandi á beinunum eftir því að prófnefndarmönnum þóknist að skila sínu skylduverki. Ég álít að þetta sé gersamlega óviðunandi og raunar ekki sæmandi svo að ég noti ekki sterkari orð. Vildi ég leyfa mér að vísa því til hæstv. fjmrh. hvort hann tæki ekki til athugunar þessa reglugerð og setti t. d. tímamörk að gefnu tilefni í þessu efni. Auðvitað veit ég að hann getur hæglega kynnt sér hvernig þetta hefur gengið til. Það er kannske misjafnt, en ég veit t. d. að í fyrra liðu margir mánuðir frá prófi og þar til einkunnum var skilað. Ég vildi biðja hæstv. ráðh. að athuga hvort ekki væri hugsandi að setja eðlileg tímamörk í þessum efnum að gefnu tilefni, ég nefni t. d. tvo mánuði, þannig að þeir sem þreyta próf fengju sínar einkunnir og úrslit prófa ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að þau væru þreytt. Það er kannske of langur tími. En segjum að aðstæður séu þannig að það ætti ekki undir neinum kringumstæðum að vera lengri tími. Ég sting því upp á að eðlilegt væri að hafa það mánuð. Það væri auðvitað eðlilegt eins og er yfirleitt í skólum. Það kemur inn í þetta mannlegur þáttur. Það er eðlilegt þegar menn þreyta svona próf. Menn vita ekkert um það hvort þeir standast prófið eða ekki og bíða þá í ofvæni vikum og mánuðum saman. Þetta er ekki hægt í okkar þjóðfélagi og á að vera alveg óþarfi. Ég vildi því leyfa mér að beina þessum tilmælum til hæstv. fjmrh.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, virðulegi forseti, en endurtek að n. leggur samhljóða til að frv. verði samþykkt.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. frsm. ábendingu þá sem varðar þá bið sem er milli þess að próf fara fram og niðurstaða prófanna er kynnt þeim sem próf taka. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar við endurskoðun á reglugerð, sem hlýtur að fylgja í kjölfar afgreiðslu þessa frv. hér á þingi, og setja þá einhver tímamörk í líkingu við það sem kom fram hjá frsm.

Ég þakka nefndinni fyrir vel unnin störf og samstöðu sem myndast hefur um þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205, n. 218 og 223). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál. Það er einfalt í sniðum. Það er einungis um það að ræða að breyta viðkomandi upphæðum til samræmis við verðlagsþróun. Í aths. segir að Þjóðhagsstofnun hafi gert áætlun um 25% hækkun launa milli áranna 1984 og 1985 þannig að tölur í þessu frv. hækki annars vegar að því er varðar frádrátt frá skattskyldum tekjum einstaklinga úr 20 þús. í 25 þús. og hjóna í 50 þús. úr 40. Menn þekkja þetta mál. Það var mikið til umr. í þessari hv. deild á síðasta þingi og þá voru þessi lög samþykkt. Nefndin hefur að vísu klofnað um þetta mál. Meiri hl. mælir með því að það verði samþykkt, að þessar tölur í skattalögum verði látnar fylgja sömu reglum og aðrar tölur, þær fylgi verðlagsþróun, en minni hl. er andvígur

frv.

Það hefði verið freistandi fyrir mig, sem æðilengi hef skrifað og talað um þetta mál, að hafa hér nokkur orð um það. Ég ætla þó ekki að tefja tímann mjög vegna þess að það eru miklar annir í þessari hv. deild en satt að segja hefði ég haldið að við gætum meira og minna sameinast um það að reyna að fá almenning til að taka þátt í atvinnulífinu með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Þessi frádráttur kemur að sáralitlu til góða ríku fólki eða atvinnurekendum. Þetta er það lág upphæð. Þetta er möguleiki fólksins í landinu, einmitt fátækara fólksins og þess sem er að reyna smám saman að byggja upp eigur sínar, til þess að verða virkur þátttakandi í atvinnulífinu og bæta sinn eigin hag um leið og það bætir þjóðarhag. Þess vegna hryggir það mig raunar að nefndin skyldi ekki verða sammála um að mæla með frv. Eins og ég sagði væri það freistandi að halda hér dálitla ræðu um þessi mál, bæði hérlendis og erlendis, t. d. þann árangur sem náðst hefur í Þýskalandi og Japan við að koma á því sem maður mætti kalla fjárstjórn fjöldans eða stjórn almennings. En ég ætla að geyma það til betra tækifæris.

Ég legg til fyrir hönd meiri hl. n. að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Hér er um að ræða kunnugt mál sem var samþykkt hér í fyrra. Er raunar aðeins um smábreytingu og framlengingu að ræða. Ég vil leyfa mér fyrir hönd minni hl. n. að mæla fyrir nál. sem er á þskj. 223 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Einstakir nm., sem skipa minni hl., munu gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum við 2. umr. málsins."

Undir þetta rita Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð. Þegar þetta frv. var hér til umr. á fyrra þingi bentum við Alþfl.-menn á að það væri að mörgu leyti gallað. Í fyrsta lagi opnaði það á einu sviði nýjar gáttir til löglegs „undandráttar" undan skatti í formi gervifyrirtækja. Í öðru lagi mismunaði það fólki og fyrirtækjum eftir byggðarlögum öllum hinum fámennari byggðum í óhag. Það er í þriðja lagi hinum fáu og frumkvæðisríku í óhag og það er hinum stóru fyrirtækjum í fjórða lagi í hag á kostnað hinna smáu og meðalstóru. Eins og þetta frv. var fram lagt og er lögfest töldum við það fela í sér mjög mikla mismunun.

Tilgangurinn sem sagður var vaka fyrir ríkisstj. með því að leggja þetta frv. fram og knýja það í lagaform var sagður sá að treysta atvinnulífið með þátttöku almennings með fjárfestingu í atvinnurekstri. Þetta á vitaskuld rétt á sér og er mjög mikilvægt viðfangsefni. En við erum þeirrar skoðunar að í þeirri gerð frv. sem varð að lögum og í þeim lögum sem hér er verið að fjalla um nú hafi ekki tekist að finna þeim tilgangi nægilega skynsamlegt form. Við erum m. ö. o. ekki andvígir þessari grundvallarhugsun heldur aðeins því í hvern búning hún hefur verið færð í þessum lögum. Við lögðum því til þegar málið var hér til umr. á sínum tíma að því yrði vísað til ríkisstj. til þess að hún gæti endurskoðað það og reynt að færa þessar reglur um þátttöku almennings í atvinnulífinu til skynsamlegra horfs, þannig að e. t. v. mætti ná breiðari samstöðu um málið. Þess vegna lögðum við til að því yrði vísað aftur til ríkisstj. til athugunar. Á það var ekki fallist. Málið var knúið fram í þeirri mynd sem það var lagt fram og þess vegna munum við nú greiða atkv. gegn því vegna þess að við teljum að þetta sé ekki í þeirri mynd sem vera ætti.

Einn þeirra nm. sem skipaði minni hl., hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hefur tilkynnt veikindaforföll þannig að hún mun ekki gera grein fyrir sínum sjónarmiðum hér. En þetta eru ástæðurnar fyrir því að við Alþfl.-menn greiðum atkv. gegn þessu frv. og tel ég óþarft að hafa um það að sinni fleiri orð.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Eins og hv. dm. sjálfsagt minnast vorum við Alþb.-menn andvígir setningu þeirra laga sem hér um ræðir. Það leiðir því nokkuð af sjálfu sér að við erum einnig andvígir því að nú sé verið að hreyfa þær upphæðir sem í lögunum standa til hækkunar.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég kveð mér einungis hljóðs til þess að fagna þeim ummælum hv. þm. Eiðs Guðnasonar að hann og hans flokkur séu ekki andvígir þeirri meginhugsun sem felst í þessu frv. sem verið er að breyta hér örlítið. Auðvitað er það meginatriði málsins að menn geti sameinast um að finna réttu leiðirnar til þess að alþýða Íslands geti tekið beinan þátt í atvinnurekstri og þar með bæði bætt eigin hag og þjóðarheildarinnar og styrkt íslenska atvinnuvegi. Við skulum ekki á þessari stundu fara að deila um það hvort við höfum hitt nákvæmlega á rétta hlutinn þegar þessi lög voru samþykkt. Auðvitað eru þau eins og öll mannanna verk til endurskoðunar og fyrstur skal ég verða til þess að taka þátt í því að reyna að finna heppilegri og betri leiðir til að ná þessu sameiginlega markmiði. En ég tel að allir Íslendingar ættu að geta sameinast um að leita leiða til þess að bæta fjárhag og afkomu allrar alþýðu og styrkja atvinnuvegina. Þetta hefur verið gert, eins og ég sagði áðan, t. d. þegar þýska undrið varð á 7. áratugnum. Þá var það einmitt í þessu horfi, t. d. Volkswagen-verksmiðjurnar, þýski stálhringurinn o. s. frv. Allt var þetta gert að almenningshlutafélögum og dreift mjög víða þannig að flestir borgarar landsins urðu þátttakendur. Þetta er gert í Japan þar sem fólkið er mjög að auðgast og þjóðin í heild. Við skulum þess vegna ekki deila um tæknileg atriði í þessu heldur leita leiða til þess að sameinast um að þetta verði framtíðarstefna íslensku þjóðarinnar í atvinnumálum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:5 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207, n. 219). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta mál eins og það sem síðast var á dagskrá er einfalt

í sniðum og þarfnast ekki skýringa. Það er af sama toga spunnið, þ. e. að hækka upphæðir, að vísu í þessu tilfelli beinar bætur en ekki beint að því er skatta varðar. En um er að ræða þó sömu upphæðina, þ. e. fjórðungshækkun. Það eru auðvitað allir sammála því að þetta verði gert til samræmis við verðlag- og launaþróun í landinu, enda er nefndin um það óskipt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt.

Ég vil geta þess að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir gat ekki mætt á þessum fundi vegna veikinda, en hún er einnig samþykk því að þessi hækkun verði.

Hv. þm. Stefán Benediktsson hefur flutt brtt., sem ekki kom þó beint til umr. á fundum nefndarinnar, þannig að hún tók ekki afstöðu til hennar, en fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar lýsi ég því yfir að við munum greiða atkv. gegn brtt. og mælum með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

Brtt. 225 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. 153. mál (þskj. 158). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er ákvæði til bráðabirgða sem rennur út um næstu áramót, og því er þetta frv. flutt að það gerir þá ráð fyrir að fresta því að þetta ákvæði renni út og að komi nýr málsl. við ákvæði til bráðabirgða sem orðist þannig:

„Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1985."

Þetta kerfi hefur verið að breytast yfir í heilsugæslukerfi og um næstu áramót mun breytingin taka gildi á Akureyri. Hins vegar er undirbúningi ekki komið það langt að hægt sé að láta þessa breytingu eiga sér stað hér á höfuðborgarsvæðinu.

Fulltrúar allra bæjarstjórna á höfuðborgarsvæðinu komu saman á fund í apríllok og auk þess sótti fundinn bæjarstjórinn á Akureyri sem áheyrnarfulltrúi. Þar kom fram ósk um að skipa nefnd til að kanna og gera tillögur um lagabreytingar. Sú nefnd var skipuð á s. l. sumri og var ætlunin að hún lyki störfum á haustmánuðum. Nefndin hefur með bréfi 22. okt. lýst því yfir að vonlaust sé að leggja til fullmótaðar tillögur fyrr en í lok janúarmánaðar n. k., en þá lofar nefndin að þær tillögur liggi fyrir. Eftir er þá að fjalla um tillögurnar. Það er mín skoðun og raunar allra að ekki sé hægt að láta þessa breytingu eiga sér stað nema um áramót og því er þetta frv. flutt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég er mjög á móti þessu frv. og mun ekki geta fallist á það. Í meðferð málsins í Ed. kom fram brtt. um að frestur sá sem gert er ráð fyrir að standi til ársloka 1985 í 1. gr. frv. verði í Reykjavíkurhéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði ekki lengri en til 1. maí. Mun ég freista þess að endurflytja þá till. hér, en hún náði ekki fram að ganga í hv. Ed.

Ég tel afar óheppilegt að hæstv. ráðh. standi að því að fresta uppbyggingu heilsugæslustöðva. Sérstaklega kemur þetta hart niður á Reykjavík þar sem mikið verk hafði verið unnið að skipulegri uppbyggingu heilsugæslukerfisins. En það hefur verið ljóst í tíð núverandi borgarstjórnar að allt hefur verið gert til að tefja það mál, sem er auðvitað í blóra við alla fyrri stefnu yfirvalda í heilbrigðismálum. Ég mun þess vegna freista þess við 2. umr. að bera fram brtt. í þá veru að þessi frestur standi ekki lengur en til 1. maí 1985.

Ég vil einnig lýsa undrun minni á því að fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og trn. Ed. skuli samþykkja þetta frv. óbreytt vegna þess að í borgarstjórn Reykjavíkur hafa þeir verið mjög gagnrýnir á stefnu núverandi borgaryfirvalda í heilsugæslumálum. En það er eins og oft áður erfitt að átta sig á hver stefna þess flokks er í hinum ýmsu málaflokkum.

En sem sagt, herra forseti, við 2. umr. munum við Alþb.-menn leggja fram brtt. í svipaða veru og var lögð fram í hv. Ed.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég er ekkert hissa á því að fulltrúar Framsfl. hafa samþykkt þetta frv. óbreytt, af þeirri einu ástæðu að hér er um að ræða ósk forsvarsmanna bæjarfélaganna á öllu höfuðborgarsvæðinu. Það er ósk bæjarfulltrúa, utan Reykjavíkur, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Það er útilokað að láta þetta nýja ákvæði taka gildi nema um áramót. Það er útilokað annað en að bíða eftir nál. og niðurstöðu þeirrar nefndar sem fjallar um málið. Og þar eru fulltrúar þrír sveitarstjórnarmenn sem jafnvel koma til með að leggja til lagabreytingu. Hvernig í ósköpunum á svo 1. maí eða einhvern tíma á árinu að láta breytinguna eiga sér stað? Það má þá heldur betur taka til hendi, ef breytingin á að taka gildi um áramót, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það er ýmislegt sem kemur þar upp á og viðamiklar breytingar sem eiga sér stað.

Það er ekkert óeðlilegt að uppbygging heilsugæslustarfsemi á Reykjavíkursvæðinu sé ekki búin því að lögin um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir að uppbygging heilsugæslunnar úti um land sitji fyrir. Það hefur verið gert á þessu árabili öllu í samræmi við gildandi lög. Ég held að það sé miklu mikilsverðara fyrir höfuðborgarssvæðið að flana ekki að neinu, heldur láta þessar tillögur liggja fyrir og fjalla um þær þannig að þessi breyting geti átt sér stað um næstu áramót. Akureyri hefur lengi haft málið til umhugsunar og þar hefur heilsugæslufyrirkomulagið verið vandlega undirbúið og tekur gildi núna 1. janúar.

Ég vænti þess að hv. n. hraði afgreiðslu þessa máls því að það liggur ákaflega ljóst fyrir og óskir eru fram

komnar í þeim efnum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðh. vil ég benda á að það er öllum kunnugt, sem fylgst hafa með heilbrigðismálum, í höfuðborginni a. m. k., að þar hefur verið mikill ágreiningur um þessi mál, það verður að segjast eins og er. Þegar núverandi borgarstjórn tók við stjórn borgarinnar hafði verið unnið mikið starf og skipulagt að uppbyggingu heilsugæslustöðva. Þegar kosningabarátta hófst við síðustu borgarstjórnarkosningar var eitt af höfuðbaráttumálum núverandi formanns heilbrigðisráðs, Katrínar Fjeldsted borgarfulltrúa og læknis, uppbygging heilsugæslustöðva og hennar skoðanir fóru mjög saman við það sem þegar hafði verið unnið. Það er hins vegar öllum ljóst að núverandi borgarstjóri hefur kúgað hana til að fara meira og minna ofan af skoðunum sínum á þessu máli, eða a. m. k. hefur hennar aðgerðum verið haldið niðri. Nú hefur hæstv. borgarstjóri fengið ráðh. til liðs við sig sem bókstaflega gefur honum gálgafrest til að sitja á þessum málum um eins árs skeið með lögum. Ég harðneita að taka þátt í þessari tegund löggjafar.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mótmæli þessum fullyrðingum hv. þm. Hér er um miklu fleiri aðila að ræða en Reykjavík og Reykjavíkurborg. Mér finnst afskaplega ósmekklegt að segja á Alþingi að borgarstjóri sé að þvinga einhvern ákveðinn borgarfulltrúa og nafngreina hann. Ég hef rætt þessi mál mjög ítarlega við allt þetta fólk og hér er ekki nokkur pólitík í spilinu, að ég hélt. Þessu voru sammála fulltrúar frá hinum byggðarlögunum og áttu þeir algjöra samstöðu um að vanda til þessarar breytingar þegar að henni kæmi. Ég hreinlega skil ekki þetta.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. heilbrmrh. nefndi Akureyrarumdæmi sem dæmi um læknishérað þar sem þessi breyting ætti að ganga í gildi um næstkomandi áramót. Ég vil í framhaldi af því spyrja hæstv. heilbrmrh.: Verður það tryggt að séð verði fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að sú breyting, sem taka á gildi í Akureyrarumdæmi, verði tryggð með fjárveitingum? Mér skilst að í því frv. til fjárlaga sem lagt var fram hér á hv. Alþingi fyrir nokkru séu ekki þeir fjármunir sem þarf til þessarar breytingar. Ég vil spyrja hæstv. heilbrmrh. vegna orða hans hér áðan: Verður það þá tryggt við endanlega afgreiðslu fjárlaga að svo verði?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég get auðvitað ekki lýst yfir hér að þetta eða annað sé alveg tryggt með fjármál, en um leið og þessi ákvörðun er tekin ber stjórnvöldum skylda til að fjármagna þau verkefni innan ramma laganna. Heilbr.- og trmrn. hefur heimilað það og stutt það með ráðum og dáð. Ég óttast því ekki um að þetta verði ekki fjármagnað og þá með millifærslu úr Tryggingastofnun ef ekki verður gengið frá því við endanlega afgreiðslu fjárlaga. En á þessu stigi fullyrði ég ekkert annað en það að á meðan ég er heilbr.- og trmrh. mun ég leitast við að sjá um að framfylgt sé lögum og þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Akureyri mun ekki verða sett utan við heilsugæslukerfið eftir að þessi ákvörðun er tekin og það kemur til framkvæmda nú um áramótin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Verndun kaupmáttar, frv. 175. mál (þskj. 187). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil skýra frá því í upphafi máls míns, vegna þess að mörg stór mál eru á ferðinni utan þings þessa dagana, að þingflokkur Alþb. hefur farið fram á það við hæstv. forsrh. og utanrrh. að þær upplýsingar, sem hafa komið fram um kjarnorkuvopn á Íslandi á stríðstímum, yrðu teknar til umr. hér í Sþ. utan dagskrár á morgun. Hér er vitaskuld um að ræða eitt af alstærstu málum sem hér hafa komið upp og hefði verið full ástæða til að fjalla um þau rækilega utan dagskrár þegar í stað. En þar sem þess er að vænta að þingheimur hafi ekki átt kost á því að kynna sér þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið frá forsrh. í þessu efni, þá er eðlilegra að það verði gert á morgun og málið tekið til ítarlegrar umr.

Annað mál, herra forseti, sem einnig hefði verið ástæða til að ræða hér utan dagskrár í dag eru hugmyndir Seðlabankans um að hækka vexti um 5% núna næstu daga. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. taki þátt í umr. þeirri sem væntanlega fer fram á þessum fundi um það frv. sem hér liggur fyrir og svari sérstaklega þeim spurningum hvort hann stendur á bak við till. Seðlabankans um vaxtahækkun um 5% og hvort ríkisstj. hefur samþykkt þær till. Og ég vil einnig spyrja: Hafa þingflokkar stjórnarliðsins samþykkt þá vaxtahækkun sem á að skella yfir á næstu dögum?

Herra forseti. Það frv., sem að ég mæli hér fyrir, var lagt fram í framhaldi af flokksráðsfundi Alþb. Sá fundur var haldinn um það leyti þegar kjarasamningar höfðu verið gerðir eða voru í frágangi, þegar umr. stóðu sem hæst um að útilokað væri að tryggja kaupmátt þeirra kjarasamninga sem gerðir höfðu verið. Sömu helgi og Alþb. fjallaði um þessi mál á sínum flokksráðsfundi samþykkti ríkisstj. gengislækkun sem með einu pennastriki gerði meira en að taka til baka þá kauphækkun sem samið hafði verið um.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er fyrst og fremst að sýna fram á að það var til leið og það er til leið til að verja kaupmátt kjarasamninganna, sem gerðir voru í okt. og nóv. s. l., án þess að grípa þyrfti til gengislækkunar af því tagi sem ríkisstj. ákvað, án þess að það hafi í för með sér stórfellda verðbólgu og um leið að með þeirri leið yrði tryggð full atvinna. Gengislækkunin, sem ríkisstj. ákvað núna fyrir nokkrum vikum, var pólitísk aðgerð sem stjórnaðist ekki af efnahagslegri nauðsyn heldur fyrst og fremst af því að ríkisstj. vildi draga kjarkinn úr verkalýðshreyfingunni, berja launafólk niður þannig að það hefði ekki þrótt, kjark og þor til að rísa aftur upp gegn þeirri lágtaxta- og kaupránsstefnu sem fylgt er í landinu.

Nú liggur það fyrir að ríkisstj. hefur ekki einasta ákveðið að lækka gengið og magna verðbólgu af meiri hörku en löngum fyrr, heldur liggur það einnig fyrir að ríkisstj. ætlar að hækka vexti í framhaldi af þeim efnahagshreyfingum sem hafa gerst að undanförnu.

Einnig er ljóst að vegna gengislækkunarinnar er atvinnulífið í stórfelldri hættu vegna þess að verulegur hluti af lánum sjávarútvegsins er í erlendri mynt. Það á allt að hreyfast, gengið, vextirnir, verðlagið, en kaupið á að standa kyrrt. Tilgangurinn er bersýnilega sá einn að halda launum niðri sem hlutfalli af kostnaði hér í þjóðfélaginu.

1. gr. þessa frv. fjallar um það að ríkisstj. setji sér það markmið að miða allar ákvarðanir sínar í efnahagsmálum við að verja kaupmátt þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í okt. og nóv. 1984 og að tryggja fulla atvinnu.

„Hér er átt við", segir í gr., „allar ákvarðanir ríkisstj. um vexti, verðlagsmál, jafnt verðlag opinberrar þjónustu sem og vöru og þjónustu einkaaðila, um gengisskráningu íslensku krónunnar og aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum sem hafa áhrif á kaupmátt launa."

Ýmsum kann að sýnast að það sé nokkuð skothent að leggja fram frv. af þessu tagi miðað við þá stjórnarstefnu sem fylgt er í landinu núna. Alþb. vildi engu að síður setja þessi sjónarmið hér fram til að afstaða flokksins gagnvart þeim efnahagsvanda, sem ríkisstj. ber alla meginábyrgð á, liggi fyrir.

Fyrsta atriði frv. er um að tryggja kaupmátt launa eins og hann varð skv. þeim kjarasamningum sem gerðir voru núna í haust. Hvernig hefur kaupmáttur launa þróast á undanförnum árum? Því er borið við að þjóðarframleiðsla hafi minnkað mjög verulega á undanförnum árum. Það er rétt, hún hefur minnkað nokkuð. Þjóðarframleiðsla milli áranna 1981 og 1982 dróst saman um 2.8%. Þá minnkaði kaupmáttur kauptaxta að meðaltali um 0.4% á milli þessara sömu ára. Þjóðarframleiðsla hélt áfram að dragast saman á árinu 1983. Milli áranna 1981 og 1983 minnkar þjóðarframleiðsla á mann um 9.8%, en kaupmáttur kauptaxta minnkaði til fyrsta ársfjórðungs 1983 um 10.4%, eða sem næst jafnmikið og nam falli þjóðarframleiðslunnar. Þegar kom hins vegar fram á síðasta ársfjórðung 1983 hafði kaupmáttur kauptaxta minnkað, ekki um 9.8% eða 10% eins og nam falli þjóðarframleiðslunnar, heldur um 27% á sama tíma og þjóðarframleiðslan dróst saman um 9—10%. Hér er m. ö. o. um að ræða stórfelldan tilflutning á fjármunum. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að hann hlutist til um að hæstv. forsrh. verði hér í salnum meðan þessar umr. fara fram.

Því er haldið fram að lækkun kaupmáttarins hafi verið óhjákvæmileg til að mæta falli þjóðarframleiðslunnar. Staðreyndin er hins vegar sú að launin eru skert miklu meira en nemur falli þjóðarframleiðslunnar, sem þýðir að ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu hafa verið afhentir peningar, hundruðum milljóna saman, umfram það sem þeir áður höfðu. Þessir peningar, sem voru teknir af launafólkinu í landinu, gufuðu ekki upp, þeir týndust ekki, þeir voru afhentir öðrum aðilum í þjóðfélaginu sem skiluðu á síðasta ári og á þessu meiri gróða en þeir hafa nokkru sinni séð fyrr.

En það er fleira sem er fróðlegt að skoða í sambandi við þjóðarframleiðslu og kaupmáttarþróun. Tökum aðeins lengri tíma. Tökum t. d. tímann frá 1974 og athugum hvað þjóðarframleiðslan hefur breyst á 10 ára bili. Frá 1974 til 1984 hefur þjóðarframleiðslan aukist um 2.4%. Þá skyldi maður ætla að ef menn eru sjálfum sér samkvæmir ætti kaupmáttur launanna einnig að hafa haldið í við þetta. En núverandi ríkisstj. hefur séð til þess að kaupmátturinn hefur rýrnað svo mikið að hann hefur ekki haldið í við þessa aukningu þjóðarframleiðslu, heldur þvert á móti að á sama tíma og þjóðarframleiðslan á 10 árum eykst um 2.4% rýrnar kaupmáttur kauptaxta um 33.7% milli áranna 1974 og 1984. Kaupmáttur ellilífeyris og tekjutryggingar á sama tíma rýrnar um 13%. Af þessu sjá menn hvað nú er að gerast, hvaða tilflutningur það er sem á sér stað í þjóðfélaginu á fjármunum um þessar mundir.

En það má einnig bera þetta saman með öðrum hætti. Tökum árin 1975—1976 og 1977 annars vegar og berum þau saman við árin 1979—1982 hins vegar. Á milli þessara ára eykst þjóðarframleiðslan um 12.1%. En þá gerist það að kaupmáttur kauptaxta heldur nokkurn veginn í við þessa aukningu þjóðarframleiðslunnar. Kaupmáttur ellilífeyris hins vegar hækkar meira en nemur aukningu þjóðarframleiðslunnar á þessum tíma eða um 14 til 15%. Vísitala heilbrigðisútgjalda á mann, sem segir sína sögu um lífskjör, hækkar, á sama tíma og þjóðarframleiðsla eykst um 12%, um liðlega 20%.

Það hefur verið fróðlegt að hlusta á ræður hv. 5. þm. Reykv. núna að undanförnu um „áratug hinna glötuðu tækifæra" þar sem hann spilar aðra fiðlu á eftir hagfræðingi Vinnuveitendasambandsins Vilhjálmi Egilssyni. Það er fróðlegt að virða fyrir sér í þessu sambandi, því að það eru líka lífskjör, að á árunum 1970—1980, á þessum „áratug hinna glötuðu tækifæra", hækkar vísitala heilbrigðisútgjalda, þ. e. á föstu verðlagi, um 66%. Menn geta litið hér um landið allt, séð heilsugæslustöðvar og sjúkrahús og heilbrigðisþjónustu sem hefur verið byggð upp á þessum tíma. Hlutfall heilbrigðisútgjalda af brúttóþjóðarframleiðslu á þessum tíma hefur hækkað um 57%. Þetta eru líka lífskjör ekkert síður en kaupið og segir sína sögu. Það segir líka sína sögu í þessum efnum að samneyslan, hin félagslega þjónusta á þessu tímabili, hefur aukist og eflst mjög verulega á árunum 1980—1983, eða um 14.8% á raunvirði á þessum tíma, og á árunum 1970—1983 eykst samneysla í landinu um 33%.

Þetta bendi ég á, herra forseti, til að sýna fram á að fleira er lífskjör en kaup. Félagsleg þjónusta og samneysla eru líka lífskjör sem skipta mjög miklu máli. En því er haldið fram af núverandi ríkisstj. að allt þetta sé á faralds fæti, það sé í raun og veru ekki henni að kenna þó að þetta sé lækkað, það sé bara þjóðarframleiðslan, það fækki í þorpunum og í þessu ráði hún ekki neitt við neitt. Hvernig ætli þetta dæmi líti nú út ef við skoðum útflutningsframleiðslu þjóðarinnar og þróun hennar á nokkurra ára bili?

Það kemur í ljós að útflutningsframleiðslan á næsta ári og á þessu ári er talin verða sú mesta sem verið hefur í sögunni á föstu verðlagi. Útflutningsframleiðslan 1984 og 1985 er skv. töflum, sem ég hef frá Seðlabanka Íslands, meiri en hún hefur nokkru sinni verið. Útflutningsframleiðslan á árinu 1985 er talin verða 15.6% meiri en hún var á árinu 1982 og verulega meiri en hún var á árinu 1981 þegar hún hafði komist hæst áður. Þess vegna er alveg ljóst að verðmætasköpunin í þjóðarbúinu er gífurleg. Hún hefur verið að vaxa á undanförnum árum og áratugum, sérstaklega eftir 1971. Á árunum 1970—1981, á þessum tíma „hinna glötuðu tækifæra" sem sumir spekingar kalla svo, jókst útflutningsverðmæti íslenska þjóðarbúsins á föstu verðlagi um 85% og

meginhlutinn af þessu er sóttur í sjávarútveginn. Þegar menn eru að fjargviðrast hér yfir því að það sé sjávarútvegurinn í landinu sem allt sé að drepa þá held ég að menn ættu að átta sig á því að þau lífskjör, sem við búum við núna og hafa þróast hér á síðustu 12—15 árum, bötnuðu vegna aukinnar verðmætasköpunar í sjávarútveginum fyrst og fremst. Það er grundvallaratriði og menn ættu að snúa sér að því að tala um offjárfestinguna í versluninni sem er dýrasti bagginn á þjóðarbúinu um þessar mundir.

Ég tel, herra forseti, að það sé óhjákvæmilegt í ljósi ræðuhalda einstakra ráðh. — alveg sérstaklega hæstv. sjútvrh. sem er sérfræðingur í að halda ræður um að hér sé allt að fara á svarta kaf og helst eigi þjóðin að lækka á sér kaupið — að benda á þær staðreyndir að útflutningsverðmæti þjóðarbúsins eru meiri núna á þessu ári en þau hafa áður verið og verða á næsta ári enn meiri. Þess vegna eru engin efnahagsleg rök fyrir því að það þurfi að halda kaupinu svona langt niðri eins og núverandi ríkisstj. gerir. Einu rökin eru pólitísk, þau rök að ríkisstj. telur að launahlutfallið í þjóðarbúinu eigi að vera svona lágt og milliliðir og aðrir slíkir aðilar eigi að hafa meiri fjárráð en þeir hafi nokkru sinni haft. Kauplækkunin, sem var ákveðin með gengislækkuninni, er þess vegna pólitísk aðgerð til að draga kjarkinn úr verkafólki og verkalýðshreyfingunni í landinu.

1. gr. þessa frv. lýtur að þessu meginatriði, almennri viðmiðun og stefnumótun í efnahagsmálum, efnahagsákvörðunum ríkisstj. Ríkisstj. hefur haldið því fram að hún hafi í raun og veru verið að stuðla að sérstöku jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það er fjarstæða. Ástandið á heimilunum hefur aldrei verið jafnhrikalegt og það er núna. Það væri fróðlegt ef þessir tíu ráðh. tækju sér það fyrir hendur að fara í könnunarferð inn á heimilin uppi í Breiðholti sem eru núna að glíma við þann vanda sem þeim birtist í lækkandi kaupi og hraðhækkandi verðlagi núna rétt fyrir jólin. Spurningin er kannske sú: Eru þessir menn komnir svo langt frá veruleikanum að þeir átti sig ekki á því við hvaða kjör þetta fólk á að búa, að þeir skilji ekki hvað það er sem þeir eru að bjóða þessu fólki upp á? Ég held að þeir ættu að fara í kynnisferð og reyna að setja sig inn í þann vanda sem fólk í örvinglan er að reyna að takast á við á alþýðuheimilunum í landinu um þessar mundir.

En fyrir utan þann vanda, sem ríkisstj. og ráðh. hafa skapað hinum almennu heimilum, er það ekki þannig að á efnahagslífinu að öðru leyti séu sérstök batamerki. Hvernig er staðan út á við, hæstv. forsrh., þegar þú og þínir félagar eru búnir að rústa fjárhag heimilanna? Ætli mætti fara yfir það og lesa upp úr riti sem er ekki beint áróðursrit Alþb. og heitir Hagtölur mánaðarins? Það segir m. a. um þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar í tíð þessar ríkisstj. — og kem ég nú næst að því — í októberhefti, ritsins með leyfi forseta:

„Þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar á fyrri helmingi ársins 1984 varð í heild mun óhagsstæðari en á sama tímabili árið áður.“ — Það bú, sem núverandi ríkisstj. tók við og taldi vont, varð verra eftir að hún hafði farið með stjórn landsins í eitt ár að þessu leytinu til. — „Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 8.5% á móti 23% aukningu á vöruinnflutningi.“ — Það var hinn hömlulausi og tryllti innflutningur sem skapaði hér vanda. — „Halli á viðskiptajöfnuði á fyrra helmingi þessa árs reyndist vera 694 millj. kr., en á sama tímabili árið áður var vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 619 millj. kr. reiknað á gengi jan.—júní 1984.“

Þetta segir okkur m. ö. o. að frá því að viðskiptajöfnuðurinn var hagstæður á fyrri hluta ársins 1983, í tíð síðustu ríkisstj., um 600 til 700 millj. kr. varð hann óhagstæður í tíð þessarar stjórnar um 600 til 700 millj. kr., hann versnaði um 1300 til 1400 millj. kr. Síðan segir. „Viðskiptajöfnuður reyndist óhagstæður um 2591 millj. kr. á tímabilinu jan.—júní 1984, sem er 17% af útflutningstekjum á sama tíma.“

Er þetta nú stjórn í lagi? Mennirnir ætluðu að bæta hér allan vanda með einu pennastriki. Með því að svipta fólkið í landinu kaupi átti þetta allt að leysast sjálfkrafa. En dómurinn liggur fyrir. Staðan gagnvart útlöndum, gjaldeyrisþróunin, viðskiptastaðan er tvisvar sinnum verri en hún var þegar þeir tóku við. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í nýlega endurskoðaðri þjóðhagsspá er nú með hliðsjón af þróuninni á fyrri helmingi ársins spáð að viðskiptahallinn á árinu 1984 verði 3500 millj. kr. og svarar það til um 10% af áætluðum útflutningstekjum og rúmlega 5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þarf útkoman á síðari hluta ársins að verða tiltölulega hagstæð til þess að hallinn verði ekki enn alvarlegri“, segir Seðlabankinn og dæsir.

Þannig er þessi staða. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru núna um 61% af þjóðarframleiðslu. Öll þessi markmið, sem núverandi ríkisstj. setti sér, eru fokin út í veður og vind. Kauplækkunarstefnan hefur engan vanda leyst. Menn sjá nú hvert verðbólgan, sem átti að kveða niður í eitt skipti fyrir öll, stefnir og kem ég að því síðar.

Í 2. gr. frv. er fjallað sérstaklega um verðlagsmál. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að verðlagsráð skuli hafa sérstakt eftirlit með innflutningsverði og verðmyndun í innflutningsverslun. Skal verðlagsráð birta mánaðarlega skýrslu um þróun innflutningsverðs á sama hátt og gert hefur verið í smásöluverslun. Verðlagsráð skal enn fremur fjalla um allt verðlag opinberrar þjónustu og skal ríkisstj. taka afstöðu til till. sem fram kunna að koma um hækkun þjónustu opinberra aðila. Hækkunin tekur því aðeins gildi að ríkisstj. samþykki till.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Er ætlunin að taka eftirlit með verðlagi opinberrar þjónstu inn í verðlagsráð eða ríkisstj. á nýjan leik? Ég held að óhjákvæmilegt sé að þetta verði gert með tilliti til þess að opinberar stofnanir hafa birt hækkanir á sinni þjónustu sem eru langt umfram kostnaðartilefni. Svartast er þetta kannske að sumu leyti hér í Reykjavík.

Í grein, sem Sigurjón Pétursson borgarfulltrúi Alþb. skrifaði í DV 3. des. s. l., bendir hann á hvaða hækkanir hafa orðið á rafmagnsverði og hitaveitu hér í borginni. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Meðalraforkunotkun heimilis í Reykjavík er 3500 kwst. á ári. Ársnotkun 1982 kostaði á verðlagi 1.6. 1982 4 095 kr., það tók vagnstjóra á venjulegum launum borgarstarfsmanna 71 klukkutíma að vinna fyrir þessum ársreikningi 1982. Ársnotkun 1984 á verðlagi í nóv. kostar 12 110 kr., það tekur vagnstjórann“ — sem Sigurjón tekur hér sem dæmi — „112 tíma að vinna fyrir ársreikningnum núna. Strætisvagnsstjórinn er því 41 tíma lengur á ári að vinna fyrir rafmagnsreikningi heimilisins en hann var í júní 1982, eða 57.7% lengur.“

Ef við tökum Hitaveitu Reykjavíkur sem dæmi í

þessu efni þá kemur þetta m. a. fram:

„Í júní 1982 kostaði ársnotkun af heitu vatni 3044 kr. Það tók þennan opinbera starfsmann 52.7 tíma að vinna fyrir þessari ársnotkun. Í dag kostar rúmmetrinn af heitu vatni í Reykjavík 15 kr. Ársnotkunin kostar því 12 345 kr. Núna þarf þessi maður að vinna ekki 52.7 tíma á ári heldur 113.4 tíma fyrir sama hitaveitureikningi. Hann er 61.2 tímum lengur að vinna fyrir hitaveitureikningnum nú að nýgerðum kjarasamningum en hann var í júní 1982, eða 115% lengur."

Þessi dæmi ættu að vera alveg nógu skýr til þess að sýna fram á að það er alveg nauðsynlegt að ríkisstj. hafi eftirlit með verðhækkunum opinberra stofnana. Auk þess hefur það verið þannig hér í Reykjavík að borgarstjórnin hefur verið að fjármagna rekstur borgarsjóðs með því að hækka gjöld borgarfyrirtækjanna langt umfram það sem kostnaðartilefni sögðu til um. Og hygg ég að það sé nýlunda að menn fari þessa leið að skattborgurunum eins og borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík hefur gert hér undir forustu Davíðs Oddssonar.

Í 1. málsgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir því að *haft verði sérstakt eftirlit með innflutningsverði*. Það hefur verið sýnt fram á það með ítarlegum hætti að innflutningsverð hingað til lands var 5—10% hærra að jafnaði en til grannlanda okkar. Til þess liggja margvíslegar ástæður, sumar þannig að ekkert er við þeim að gera, en aðrar þannig að á þeim væri hægt að taka og ætti að taka. Ef þessi mismunur kæmi Íslendingum til góða, þ. e. ef innflutningsverðið hingað til lands væri lækkað og yrði sambærilegt við það sem gerist í grannlöndum okkar, mundi það muna íslenska þjóðarbúið 3 milljörðum kr. á ári, bara þetta eitt. Þarna er eftir miklu að sækjast. Þarna er aðgerð sem gæti styrkt og bætt lífskjörin í landinu og dregið úr verðþenslu á sama tíma.

En það er annað í sambandi við verðlagsmálin sem við skulum athuga. 1961 felldi viðreisnarstjórnin gengið mjög verulega í framhaldi af kjarasamningum. Þá voru gerðar ráðstafanir til að takmarka álagningu í verslunum með svokallaðri 30% reglu. Í meiri háttar gengislækkunum sem hafa orðið síðan 1961 hefur alltaf verið beitt svokallaðri 30% reglu þangað til í fyrra. Þegar ég spurði hæstv. forsrh. um það hvort núv. ríkisstj. hygðist beita 30% reglunni á álagningu fyrir nokkrum dögum svaraði hann: Nei, það verður ekki gert vegna þess að það er búið að sleppa allri smásöluversluninni svo að segja undan álagningareftirliti. Hann nefndi ekki einu sinni þann möguleika, sem var áður stefna Framsfl. en þeir hafa étið ofan í sig eins og annað, að Framsfl. beitti sér fyrir því að tekið yrði upp verðlagseftirlit og álagning yrði skert með þeim hætti sem alltaf var gert hér áður. T. d. á þeim tíma þegar Ólafur Jóhannesson var viðskrh., 1974—1978, var ævinlega beitt þessari svokölluðu 30% reglu.

Hvað þýðir þessi 30% regla? Hvaða áhrif hefði hún á vöruverð í dag ef henni væri og hefði verið fylgt? Ég nefni dæmi. Vara, sem kostar 100 kr. fyrir gengislækkun, fer í um 120 kr. við þá gengislækkun sem nú var ákveðin að meðtöldu gengissiginu. Miðað við 30% regluna og 20% verslunarálagninguna hefði útsöluverð þessarar vöru eftir gengislækkun orðið 136.80 kr. En skv. þeirri stefnu, sem nú er viðhöfð af ríkisstj., að skerða ekki verslunarálagningu, kostar þessi vara ekki 136.80 kr. heldur 144 kr., þ. e. verðmunurinn á þessari vörutegund er 5.2%. Það munar um þetta fyrir heimilin í landinu núna.

En ríkisstj. vildi ekki beita þessari 30% reglu sem var meira að segja alltaf beitt af viðreisnarstjórninni. Þessi stjórn, sem Framsfl. og íhaldið standa að núna, er að þessu leyti heldur verri en viðreisnarstjórnin. Héldu þó margir á árunum 1960—1971 að varla væri hægt að komast eins langt eins og hún. En núverandi stjórn hefur slegið öll met viðreisnarstjórnarinnar margfaldlega.

Því var haldið fram af núv. hæstv. forsrh. að þegar ríkisstj. tók við hafi verðbólguhraðinn hér verið 120—130%. Þegar ráðh. eru að yfirbjóða hvern annan á almennum fundum hér og þar í landinu nefna þeir helst hærri tölur og koma sér jafnvel upp undir 200% þegar vel liggur á þeim. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi ríkisstj. á núna Íslandsmetið í að auka verðbólgu vegna þess að efnahagsráðstafanir ríkisstj. margfalda verðbólguhraðann fjórfalt eða svo. Það hefur aldrei gerst á jafnskömmum tíma að verðbólga fari jafnhratt upp og nú. Það er hægt að leita með logandi ljósi í allri þeirri löngu verðbólgusögu sem þessi þjóð á og það eru engin dæmi um verðbólguaukningu af þessu tagi á þeim tíma sem þar er um að ræða á síðustu 40 árum eða svo. Núv. ríkisstj. er því alger methafi í því að auka verðbólguna hér í landinu.

Því er haldið fram að allar þessar hækkanir, sem nú eru að ganga yfir, séu bara kaupinu að kenna. Auðvitað er það hrein fjarstæða. Hvernig ætli það sé t. d. með bændur, ætli þeir hafi fengið alla þá hækkun sem varð á búvörunum núna 1. des.? Lítum aðeins nánar á það dæmi. 1. desember hækkar verðlagsgrundvöllurinn um 11.8%, en launaliðurinn hækkar á þessum tíma um 12.8%. Aðrir liðir hækka mun meira en launaliðurinn, kjarnfóðrið hækkar um 15.1%, kostnaður við vélar, þ. á m. olíu- og bensínkostnaður, hækkar um 16.6%, flutningskostnaður í búvörugrundvellinum hækkar um 15.8%. Þegar upp er staðið og meðan verðlagsgrundvöllurinn hækkar um 128 201 kr. *nákvæmlega* hækkar kaup bóndans á sama tíma um 48 656 kr. Bóndinn fær m. ö. o. í sinn hlut 38% af hækkun búvaranna núna 1. des. Hitt hirtu aðrir, m. a. milliliðirnir í landbúnaðinum sem má auðvitað ekki hrófla við meðan framsókn er í ríkisstj., hvorki í þessari stjórn eða fyrri stjórnum sem hér hafa setið. Þá er eins og komið sé við kvikuna í þeim stjórnmálaflokki.

Auk þess er það umhugsunarefni fyrir bændastéttina í landinu að á meðan það stendur í lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins að það eigi að hækka laun samsvarandi við fólk á mölinni, iðnaðarmenn og verkamenn, gerist það að bóndi með grundvallarbú fær 48 656 kr. út úr þessari hækkun, en bóndi með tvö grundvallarbú, sem er algengt, fær 97 þús. kr. og maður með þrefalt grundvallarbú fær 146 þús. kr. Verið er að nota þetta jöfnunarkerfi lífskjara fyrir bændastéttina í landinu til að halda við þeim mismun sem þar er um að ræða á lífskjörum öllum. Hér er ekki verið að verja hag smábóndans eða meðalbóndans sérstaklega, það er langt frá því. Hér er bersýnilega um það að ræða að sá, sem hefur mest fyrir, fær mest af öllum út úr þessu kerfi.

Það væri fróðlegt að vita hvað ríkisstj. gerði til að draga úr því að milliliðirnir fengju hækkun núna 1. des. Vill hæstv. viðskrh. svara því? Hvað var reynt til að

skera niður kostnaðarkröfur milliliðanna? Hefur verið gerð úttekt á því hvað það kostar fyrir þjóðarbúið og bændastéttina í landinu að reka þessar ostahallir og undanrennuhof eins og það er kallað í Tímanum stundum? Hvað skyldi það kosta fyrir þjóðarbúið, hvort sem það heitir Osta- og smjörsalan, Mjólkursamsalan, Mjólkurstöðin í Borgarnesi, Mjólkurstöðin á Akureyri? Hér er um gífurlega fjármuni að ræða og það er aldrei sett spurningarmerki við hækkunarkröfur þessara aðila þegar núv. ríkisstj. er að fjalla um þessi mál. Þess eru engin dæmi. Hér er um að ræða fyrirtæki sem eru eins konar deild í ákveðnu félagsmálakerfi Framsfl. þar sem Framsfl. sér um pólitíkina, Osta- og smjörsalan um ostana, skipadeildin um skipin og þannig koll af kolli.

Herra forseti. Þær hækkanir, sem hafa verið að ganga yfir núna, eru ekki hækkanir sem eru til orðnar vegna kaups fólksins í landinu. Hér er að verulegu leyti um að ræða hækkanir við milliliðina sem höfðu þó gífurlega fjármuni fyrir. Svo er því borið við af hæstv. ríkisstj. og það viðlagið alla tíð: Sjávarútvegurinn þolir ekki hærra kaup, það er honum að kenna að ekki er hægt að borga hærra kaup í landinu.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að fara nokkuð ítarlega út í það mál hér vegna þess að reynt hefur verið að nota sjávarútveginn til að halda kaupgjaldinu í landinu niðri, reynt hefur verið að nota sveiflur í sjávarútvegi og erfiða rekstrarstöðu hans til að halda almennu kaupgjaldi niðri. Lítum aðeins á stöðu fiskiskipaflotans. Skv. tölum Þjóðhagsstofnunar voru tekjur allra fiskiskipa í landinu í ár 6.8 milljarðar króna. Allir aflahlutir eru taldir vera 1.9 milljarðar kr., eða aðeins 28% af heildartekjum fiskiskipaflotans. Þannig eru nú skiptin komin. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar í sept. var sú að ekki væri halli á bátum upp að 200 tonnum, þar væri um að ræða hagnað upp á 75 milljónir kr., ekki væri halli á þeim togurum sem voru keyptir fyrir 1977, það væri hagnaður af þeim upp á 15 milljónir kr. Hins vegar var talinn 13 millj. kr. halli á stærri togurunum, tæplega 1 millj. á hvern togara. Aftur á móti var halli á togurum sem eru skráðir eftir 1977 talinn vera 128 millj. kr. á ári. Þegar allt dæmið var gert upp, allur flotinn tekinn eins og hann lagði sig, var halli á fiskiskipaflotanum í sept. að mati Þjóðhagsstofnunar 51.2 millj. kr. Allir sjá auðvitað í hendi sér hvað það er fráleitt að beita gengislækkun til að rétta af hlut útgerðarinnar og sjávarútvegsins í landinu frammi fyrir þessari staðreynd. Halda menn að það lagist eitthvað hjá fiskiskipunum við að skrifa upp erlendu lánin hjá þeim um 1 milljarð meðan hallinn er 51.2 millj. kr.? Það er alveg furðulegt.

Mönnum gat dottið í hug að leysa einhvern vanda og flytja eitthvað til í efnahagskerfinu með gengislækkunum hér áður þegar ekki var um að ræða svona mikil erlend lán. Núna er aftur á móti um það að ræða að atvinnuvegirnir eru með svo mikið af erlendum lánum að það er vitlausara en nokkru sinni fyrr að fella gengið.

Ef við lítum aðeins betur á stöðuna og það kemur í ljós að tekjur fiskiskipaflotans eru 6.8 milljarðar, aflahlutir 1.9 milljarðar, þá kemur í ljós að olíukostnaður fiskiskipanna er 1.3—1.4 milljarðar kr. Ef við skoðum minni togarana sérstaklega eru allir aflahlutir á þeim 862 millj. kr., en olíukostnaður allra minni togaranna er 823 millj. kr. Olíukostnaðurinn er eiginlega alveg jafn hár og allir aflahlutirnir til samans.

Nú kunna menn að segja sem svo: Þetta er óviðráðanlegt, þetta er olía sem við fáum á venjulegum prísum og það er ekkert við þessu að gera. En þá hafa sumir menn hér í landinu fundið leið. Þeir hafa farið að flytja inn olíu sjálfir gegn þessum þríhöfða einokunarþurs sem framsókn og Sjálfstfl. halda verndarhendi sinni yfir.

Það hefur gerst að þeir Norðfirðingar hafa gripið til þess ráðs hjá Síldarvinnslunni að reyna að verða sér úti um olíu erlendis þegar þeir hafa þurft að sigla með aflann. Hvað kemur út úr því dæmi? Meðan olíulítrinn hér var á 8.90 af gasolíunni borguðu þeir þar eystra 6.50—6.80 fyrir lítrann. M. ö. o. þeir borguðu 27% lægra verð fyrir olíuna en fiskiskipaflotinn almennt. Hvað þýðir þetta ef tækist að lækka olíuverðið hér um 25%? Það þýðir að hægt er að hækka aflahlut sjómanna um 25% líka, vegna þess að stærðir þar eru jafnar, án almennrar fiskverðshækkunar.

En hvað hefur ríkisstj. gert í þessu máli? Hún lofaði olíulækkun 1. nóv. Sú olíulækkun er ekki komin enn, það hefur ekkert til hennar spurst. Og ríkisstj. hefur ákveðið að halda áfram að borga fisk úr ríkissjóði með 3% ofan á fiskverðið til áramóta. Það væri fróðlegt að vita hvort ríkisstj. hefur samþykkt að halda enn áfram eftir áramótin að borga fiskverðið með þessum hætti. Ég hygg að það sé einsdæmi að ríkissjóður greiði þannig uppbætur á fiskverð í landinu. Það er m. a. vegna þess að ríkisstj. hefur ekki staðið við það loforð, sem hún gaf útgerðinni í sumar, að það ætti að lækka olíuna.

Ég hef hér nefnt olíukostnaðinn. Það gæti verið um að ræða sparnað upp á hundruð milljóna króna ef menn þyrðu að leggja til atlögu við þennan þríhöfða einokunarþurs stjórnarflokkanna. Á þingi LÍÚ núna um daginn var samþykkt samhljóða till. frá Austfirðingum um að heimila olíusamlögum útvegsmanna og öðrum slíkum aðilum að flytja inn olíu til landsins á sín skip. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hann eða viðskrn. nokkuð við það að athuga? Eru menn ekki sammála því að eðlilegt sé að iðka það verslunarfrelsi sem menn í orði kveðnu vilja viðhafa í landinu? Hefur viðskrn. nokkrar athugasemdir að gera við það að útgerðarmenn flytji olíuna inn sjálfir? Ég hefði gaman af því að heyra hvað hæstv. viðskrh. segir um það mál hér á eftir.

En fyrir utan olíukostnaðinn, sem þannig mætti lækka með kerfisbundnum aðgerðum, er ljóst að í þessari stöðu ber að gera sérstakar ráðstafanir til að lækka fjármagnskostnað útgerðarinnar. En þar er nú eitthvað annað uppi á teningnum. Vextirnir voru hækkaðir í sumar — vaxtafrelsið mikla — og núna á að fara að hækka vextina líka. Það er fróðlegt að vita hvað hv. formaður sjútvn. Nd., Stefán Guðmundsson útgerðarmaður með meiru, segir um það hvort hann er sérstakur áhugamaður um að hækka vextina. Og það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig þessi vaxtahækkun kemur við Útgerðarfélag Skagfirðinga (**StG:** Kemur illa.) Kemur illa, datt mér ekki í hug. Það gæti því farið svo að Framsfl. risi upp og stoppaði þessa ósvinnu. Eða skyldi hann láta það ganga yfir sig?

Og hvernig ætli það sé með hæstv. félmrh. sem sagði frá slysinu í Borgarnesi í sumar þegar við vorum að tala um vextina. Hæstv. félmrh. sagði að þetta væri alveg óskaplegt slys, þessi vaxtahækkun, þetta framfaraspor Þorsteins Pálssonar. Það var haft eftir honum í útvarpi

að þetta væri eiginlega stórslys og hamfarir. En núna á að fara að hækka vextina meira. Ætli hæstv. félmrh. sé búinn að samþykkja að það eigi að hækka vextina líka? Hann er búinn að ákveða að stórhækka vextina til lífeyrissjóðanna sem eiga að lána Byggingarsjóði ríkisins, þeir eru komnir upp í 9% ofan á verðtryggingu. Hann er því kominn í harða kapphlaup við Albert, við þetta ríkisútboð á víxlum og við okurlánasjoppurnar hér í landinu. Það verður fróðlegt að vita hvað út úr þessu kemur. En auðvitað átti ríkisstj. að beita sér fyrir því að keyra niður vaxtakostnaðinn hjá útgerðinni í landinu.

Ég hef hér bent á stöðu útgerðarinnar sjálfrar en ég ætla aðeins að fara yfir vinnsluna. Það er rétt að hafa það í huga mitt í öllum þessum svartagallsræðum hæstv. sjútvrh. að verðmætaaukning aflans á milli áranna 1983 og 1984 er nú hvorki meiri né minni en 16.6% að mati Þjóðhagsstofnunar. Og það vantar ekki ræðuhöldin hjá þessum hæstv. ráðh. þegar þeir eru að lýsa því yfir að þegar samdráttur verður eigi að lækka kaupið. En ég hef aldrei heyrt þá tala um að það eigi að hækka kaupið þegar aukning verður á þjóðarframleiðslunni.

En aukning varð á aflanum, hrein verðmætaaukning upp á 16.6% milli áranna 1983 og 1984. Vaxtakostnaður vinnslunnar, umbúðakostnaður vinnslunnar, flutningskostnaður, allt eru þetta gífurlega stórir kostnaðarliðir sem ég hef aftur og aftur bent á hér á hv. Alþingi að ætti að vera unnt að lækka vegna þess að þeir hafa verið að hækka í tíð þessarar ríkisstj. Vextirnir hafa verið að hækka, fraktirnar hafa verið að hækka, umbúðakostnaðurinn hefur verið að hækka.

Ég bendi á að með því að lækka vexti í fyrsta lagi niður undir raunvaxtastig, svo ekki sé farið fram á meira, mætti skera niður kostnað fiskvinnslunnar í landinu um 200—300 millj. kr. Í öðru lagi ef umbúðakostnaðurinn er skorinn niður í það sem hann var fyrir einu og hálfu ári þá þýðir það í kringum 100 millj. kr. Og með því að skera flutningskostnaðinn niður um fjórðung eða svo má spara í kringum 100—150 millj. kr. Ég ræddi þetta hér á þinginu 12. okt. að það ætti að lækka fraktir. Hæstv. forsrh. kom hér þá á eftir mér og sagði: Það er alveg vonlaust. Það er kannske hægt að reyna að stuðla eitthvað að slíku, en það þýðir ekkert að tala um það. Þetta er bara liður sem er óviðráðanlegur.

Hvað kom svo í ljós í þeim efnum? Nokkrum vikum eftir að hann hafði mælt þessi vísdómsorð lækkaði Eimskipafélagið fraktir á útflutningi Sölumiðstöðvarinnar — ekki um 10% eins og stendur hér í þessu frv. okkar, ekki 20%, heldur milli 30 og 40%. Talið er að þessi lækkun á farmgjaldakostnaði fyrir Sölumiðstöðina jafngildi um 1% í afkomu fyrir frystihús innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Í peningum gerir það um 100 millj. kr. vegna þess að veltan hjá fiskvinnslunni er milli 10 og 11 milljarðar á ári. Fyrir sumar greinar útflutningsins, t. d. útflutning á Bretlandsmarkað, er þetta ekki 1% heldur milli 3 og 5% í afkomu þeirrar vinnslugreinar.

Með því að stuðla að þeim ráðstöfunum, sem ég hef hér verið að benda á, er unnt að hækka kaup og styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækjanna í senn. Það er því algjör fjarstæða að halda því fram að sjávarútvegurinn hafi verið sá aðili sem var verið að fella gengið fyrir. Hægt var að tryggja þar kauphækkanir án þessarar gengislækkunar sem nú var gerð með ákveðnum skipulegum ráðstöfunum sem núv. ríkisstj. gerði auðvitað ekki, en ég hef sýnt fram á hér í þessari ræðu minni.

Í 3. gr. þessa frv., herra forseti, er bent á leiðir til að útvega tekjur til að standa undir þeim kostnaði sem af samþykkt þessa frv. mundi leiða. Við gerum ráð fyrir því að aflað verði tekna sem nemi í kringum einum milljarði króna. Í greininni er bent á þrjú atriði, þ. e. álag á skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, veltuskattur á banka sem nemur 0.06% af heildarinnlánum þeirra og hagnaður Seðlabankans sem verði látinn renna í ríkissjóð. Síðan í grg. bendum við á veltuskatta af þeim greinum verslunarinnar sem hafa grætt sérstaklega að undanförnu. Við bendum þar einnig á að skattar fyrirtækja verði hækkaðir í það horf sem var áður en ríkisstj. lækkaði þá skatta með sérstökum ráðstöfunum á s. l. vetri.

Við teljum að með því að ná þarna í kringum einn milljarð kr. séu möguleikar til að halda þannig á málum að fjármunum verði varið til þeirra aðila sem sérstaklega þurfa á stuðningi að halda með sérstökum aðgerðum, en ekki sé reynt með almennum aðgerðum, eins og gengislækkun yfir línuna, að leysa vandann vegna þess að hún leysir ekki neitt.

Í 4. gr. þessa frv. segir svo:

„Tekjum skv. 3. gr. skal varið í tengslum við ákvörðun fiskverðs og skal markmið vera sem hér segir:

1. til þess að treysta rekstrarstöðu og afkomu útflutningsgreina sjávarútvegsins,

2. til þess að auðvelda fiskverðshækkun þannig að sjómenn fái a. m. k. það sama í sinn hlut og verkafólk í landi skv. kjarasamningum,

3. til þess að koma til móts við útgerðina vegna óhóflegs olíukostnaðar.

Jafnframt skal ríkisstj. undirbúa í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi skipulagsbreytingar og endurbætur á rekstri einstakra fyrirtækja þannig að tryggt verði að fjármunum skv. þessari gr. sé ekki varið til annarra fyrirtækja en þeirra sem vel er stjórnað og að komið verði í veg fyrir að fjármunir renni til aðila sem ekki hafa vald á rekstri fyrirtækja sinna við eðlilegar aðstæður.“

Hér er um að ræða mjög mikilsvert ákvæði. Síðan segir í lok gr.:

„Tekjum skv. 3. gr. skal því aðeins ráðstafað að meiri hluti myndist í Verðlagsráði sjávarútvegsins, enda eigi sjómenn aðild að meiri hlutanum.“

Í 5. gr. er mjög mikilsvert ákvæði sem á að stuðla að því að draga úr erlendum lánum. Erlendar lántökur eru vafalaust eitt stærsta efnahagsvandamál okkar. Og ástæðan er sú að kerfið er galopið upp á gátt og ríkisstj. ræður ekki neitt við neitt. Og það sem verra er, þessi ríkisstj. vill ekki ráða við neitt, því hún heldur að það sé eitthvert frelsi, markaðsfrelsi sem eigi að ráða öllu fyrir hana og hún sé ekki þarna til að stjórna heldur til einhvers annars.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að langlánanefnd verði lögð niður. Það er nefnd sem heyrir undir viðskrn. og er skipuð fulltrúum viðskiptabankanna. Að vísu er rn. þar inni, en viðskiptabankarnir ráða þar mjög miklu og þeir skammta sér í rauninni þar erlend lán, eftir því sem aðstæður bjóða hjá þeirra viðskiptavinum á hverjum tíma, þannig að nefndin er verri en ekki neitt til að halda aftur af erlendum lántökum, verri en ekki neitt, hún er alveg galónýt.

Þess vegna er hér lagt til að þessi nefnd verði lögð niður og að skipuð verði ný nefnd, lánanefnd, sem verði í fyrsta lagi með formann frá viðskrn., sem er auðvitað eðlilegt, en ekki frá fjmrn. eins og einhverjum hefði nú kannske dottið í hug, og í öðru lagi að frá Alþingi verði tveir menn, kosnir hlutfallskosningu í Sþ. Þetta væri þriggja manna nefnd sem á að miða störf sín við að draga verulega úr erlendum lántökum. Þannig skal nefndin miða við að erlend lán vegna fjárfestingar í verslun verði algerlega stöðvuð á árinu 1985, algjörlega stöðvuð.

Ég vildi spyrja hæstv. viðskrh.: Er mikið um það að verslanir hafi fengið erlend lán til fjárfestingar á árinu 1984? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. Ég hef af því fregnir að ákveðnar einkaverslanir hér á höfuðborgarsvæðinu hafi fengið tugi milljóna í erlendum lánum í fjárfestingu á þessu ári, tugi milljóna. Meðan verið er að neita mönnum um lántökur í sambandi við ýmsa aðra starfsemi hafi verslunin fengið tugi milljóna kr. í erlendar lántökur á þessu ári, þ. á m. fyrirtæki eins og Hagkaup svo ég nefni dæmi. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því: Er það rétt að á þessu ári hafi verslunin fengið hundruð milljóna í erlendum fjárfestingarlánum í gegnum langlánanefnd fram hjá lánsfjáráætlun? Því að þetta er auðvitað ekki inni í lánsfjáráætlun. Þegar lánsfjáráætlun var afgreidd hér á þinginu í vetur þá var aldrei talað um að það ættu að fara einhver hundruð milljóna kr. í verslunarfjárfestingu hér m. a. á höfuðborgarsvæðinu.

Í annan stað segir hér: „Þá verði greiðslufrestir á erlendum vörum til innflutnings styttir og verði að hámarki einn mánuður að loknum hæfilegum aðlögunartíma."

Ekki kann ég það lengur nákvæmlega hvað viðskiptavíxlar erlendir eru nú orðið til langs tíma. Ég hygg að það séu þó nokkrir mánuðir sem þar er um að ræða. Þó ætti það ekki að vera mikið lengra en þrír mánuðir, en ég hygg þó að dæmi séu um slíkt frá þessu ári. Það er auðvitað eðlilegt að takmarka þetta mjög. Ég tel það óeðlilegt þegar ákveðnir innflytjendur eru að nota sér útflutningshagsmuni Íslendinga til þess að reyna að pína fram erlenda greiðslufresti eins og hér hefur verið reynt að gera á undanförnum árum. Það er óeðlilegt. Við eigum auðvitað að höggva þar alveg á milli eins og mögulegt er okkar innflutningshagsmuna og útflutningshagsmuna og eigum ekki að láta beygja okkur til eins eða neins í þeim efnum.

Í 5. gr. er einnig gert ráð fyrir því að lánanefndin birti mánaðarlega í Lögbirtingablaðinu lista yfir erlendar lántökur. Langlánanefnd birtir aldrei opinbera skrá yfir erlendar lántökur sem þar fara í gegn. Hér er gert ráð fyrir því að lánanefndin birti það nákvæmlega hverjir það eru sem fá hin erlendu lán, hvað há lánin eru — í innlendri og erlendri mynt — og til hve langs tíma þau eru. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur að þetta verði birt reglulega. Og sama ætti auðvitað að gilda um stærstu lántakendur bankanna. Auðvitað ætti að birta slíkt opinberlega þegar upphæðir eru farnar að hlaupa á mörgum tugum milljóna kr. Auðvitað á ekkert að vera að pukrast með það. Ég minni á að á árinu 1979 féll hér í Nd. frv. sem gerði ráð fyrir því að upplýsingar um útlán bankanna yfir ákveðnu marki yrðu birtar opinberlega. Auðvitað ætti slík regla að vera. En hér er gerð till. um að stíga skref í þá átt.

Í 6. gr. frv. er svo komið að máli sem mjög hefur verið rætt að undanförnu, þ. e. sjúklingaskattinum sem núv. ríkisstj. lagði á. Hér er gert ráð fyrir að hann verði afnuminn og að ný gjöld fyrir lyf og læknisþjónustu verði ákveðin þannig að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar gagnvart þessum greiðslum verði sá sami og að meðaltali á fyrstu þremur mánuðum ársins 1983. Og á bls. 25 í frv. þessu eru birtar þær reglugerðir sem hér er gert ráð fyrir að afnema.

Nú hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. ákveðið að lyf og læknisþjónusta skuli ekki hækka á næsta ári. Það þóttu mikil tíðindi og frétt í ríkisfjölmiðlum, sem það auðvitað var. Það er auðvitað stórfrétt að heilbr.- og trmrh. skuli ekki ætla að hækka lyf og læknisþjónustu, það eru mikil tíðindi, því að menn bjuggust við því að hann ætlaði að halda áfram. En hann lét að lokum undan þeim þrýstingi sem hér hefur komið fram á Alþingi, en þó ekki nema að þessu leyti, að það á ekki að hækka á næsta ári. Engu að síður er það raunin að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris gagnvart lyfjum og læknishjálp hefur aldrei verið lakari í 14 ár en hann er núna. Þess vegna er eðlilegt að flytja þá till. sem hér er gerð grein fyrir í 6. gr. þessa frv.

Kem ég þá að 7. gr. sem fjallar sérstaklega um vextina. Þar er gert ráð fyrir vaxtalækkun frá því sem verið hefur að undanförnu. Og til þess að gera langa sögu stutta ætla ég að fara aðeins yfir það hvað þetta frv. hefði þýtt fyrir mann sem skuldar milljón á venjulegum bankakjörum á undanförnum mánuðum. Hvað hefði það þýtt fyrir hann? Þetta frv. hefði þýtt það að vextir hans hefðu lækkað um 68 þús. kr. Vextir manns sem skuldar eina milljón hefðu lækkað um 68 þús. kr. Það eru meira en þrenn mánaðarlaun. Hér er um gífurlega stórt atriði að ræða og auðvitað hefði ríkisstj. átt að stuðla að lækkun vaxta en ekki hækkun eins og hún hefur gert.

Það er fróðlegt, herra forseti, að fara yfir það hvernig útlán bankanna hafa verið til einstaklinga og atvinnuvega að undanförnu og hvernig þessir aðilar hafa farið út úr vaxtaþróuninni, vaxtaokrinu. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs jukust lán verslunarinnar um 1.5 milljarða kr. Á sama tíma jukust lán iðnaðarins um 800 millj., 0.8 milljarð. Á þessum tíma jukust lán einkaverslunarinnar um 870 millj. eða miklu meira en til iðnaðarins alls og um miklu hærra hlutfall en lán til samvinnuverslunarinnar á sama tíma. Það er mjög fróðlegt að sjá að meðan samvinnuverslunin eykur sín lán um 35.4% þá aukast lán einkaverslunarinnar um 49.8% skv. tölum Seðlabanka Íslands. Og sérstaklega er það athyglisvert að einkaverslunin ein fær meiri aukningu en allur iðnaðurinn fær á níu mánuðum út úr viðskiptabankakerfinu.

Það er einnig fróðlegt að sjá að meðan verslunin fær meiri lán en áður og meira en iðnaðurinn þá er ljóst hverjir það eru sem fá minnsta lánaaukningu í bönkunum. Hverjir ætli það séu nú sem þarf alveg sérstaklega að taka á núna og kreista og halda utan um og koma í veg fyrir að hirði stóraukinn hlut hér í kerfinu? Hverjir eru það sem þarf að halda sérstaklega í við? Það eru húsbyggjendur. Meðan einkaverslunin eykur sinn hlut um 49.8% þá aukast útlán til húsbyggjenda um 27%. Útlán til íbúðabygginga aukast minnst allra lánaflokka í upptalningu Seðlabankans á útlánaflokkun viðskiptabankanna.

En hvað kostar fyrir þjóðina að halda þessum skuldum uppi? Tökum dæmi. Öll lán verslunarinnar í septembermánuði voru 4.7 milljarðar kr. í bönkunum. Miðað við 26% vexti á öllum þessum lánum kostar það þjóðarbúið 1.2 milljarða að reka þessi lán í gegnum bankakerfið. Og hverjir haldið þið að borgi þessi lán og þessa vexti nema almenningur í landinu, fólkið, neytendur?

Ef hins vegar sú till. sem hér liggur fyrir frá Alþb. um vaxtalækkun hefði verið samþykkt þá væri veltan á þessum lánum ekki 1.2 milljarðar, heldur 800 millj., þ. e. 400 millj. kr. lægri en um er að ræða í raun. Slík lækkun væri líka kjarabót fyrir hinn almenna mann í landinu.

Íbúðalán í bankakerfinu voru 2.7 milljarðar í september. Gerum ráð fyrir að þau séu með um 26—27% vexti. Það eru um 750 millj. sem íbúðabyggjendur verða að borga bankakerfinu í vexti, 750 millj. Er það ekki helmingurinn af heildarútlánum Byggingarsjóðs ríkisins eða ríflega það? Í vexti verður fólk að borga jafnvirði 1350 íbúða á ári. Það eru m. ö. o. 1350 íbúðir á ári sem eru í raun og veru borgaðar inn í bankakerfið fyrir þessa peninga í þeirri vaxtaokurstefnu sem hér er um að ræða, 1350 íbúðir á ári, það er álíka mikið og byggt er alls á árinu.

Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að þessi vaxtaokurstefna sem hér hefur verið framkvæmd hlýtur að leiða í stórfelldar ógöngur fyrir þjóðarbúið. Þessi stefna byggist á því að Seðlabankinn — eða ríkisstj. öllu heldur hefur afhent vaxtaskráningarvald til viðskiptabankanna. Og ég vil segja við hæstv. viðskrh.: Það orkar tvímælis að þessi ákvörðun sé lögleg. Skv. 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands hefur Seðlabankinn rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Það er Seðlabankinn sem hefur þessa heimild, þennan rétt. Og þessa heimild hefur Seðlabankinn þegið af Alþingi í löggjöfinni. Nú hefur Seðlabankinn hins vegar án lagaheimildar, án breytingar á seðlabankalögunum framselt ákvörðunarvald sitt í vaxtamálum að langmestu leyti öðrum aðilum í þjóðfélaginu og gefið vexti að miklu leyti frjálsa eins og það er kallað. Ég hef ekki séð lögfræðilega álitsgerð um þetta efni en ég dreg í efa að Seðlabankinn hafi heimild til að framselja öðrum aðilum vaxtaákvörðunarvaldið nema Alþingi breyti seðlabankalögunum. Og ég hef engin rök séð frá ríkisstj. eða Seðlabankanum fyrir því að þetta séu lögleg vinnubrögð. Mér er nær að halda að hér sé um að ræða hreina lögleysu og að Seðlabankinn sé með þessum vinnubrögðum að bregðast lagaskyldum sínum gagnvart hinum almenna peninga- og lánamarkaði í landinu.

Ég held að fyrir utan þetta, herra forseti, sé einnig nauðsynlegt að fara hér nokkrum orðum um vexti almennt og velta því fyrir sér hvað er eðlilegt að vextir séu háir. Hér var um skeið mikil deila um það milli Alþb. og Alþfl. hvort taka ætti upp svokallaða raunvaxtastefnu. Þeir Alþfl.-menn voru raunvaxtamenn. Við töluðum um að við vildum verðtryggingu í meginatriðum.

Nú hefur þetta hins vegar verið út úr öllum kortum á undanförnum mánuðum og rakin dæmi um allt upp í 18% vexti ofan á verðtryggingu á okurlánamarkaðnum. Ég held að það sé hins vegar alveg ljóst að með tilliti til hagkvæmni og stöðu atvinnulífsins eigi raunvextir aldrei að fara yfir 2—3%. Ef raunvextir fara miklu hærra þá þýðir það að peningar sogast út úr atvinnulífinu, vegna þess að menn hafa ekki hag af því að einu eða neinu leyti að setja peninga í atvinnulífið, og heldur ekki að setja peninga inn í bankakerfið sem síðan miðlar peningunum út til atvinnuveganna með venjulegum hætti. Menn kjósa að geyma sína peninga annars staðar, í skuldabréfum og öðrum slíkum eignum, sem ekki skila arði eða veltu fyrir þjóðarbúið.

Ég hef fengið mjög ítarlega grg. í hendur um þessi mál m. a. frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, efnahagsnefnd OECD, þar sem sýnt er fram á það að miðað við þær almennu markaðsforsendur sem þjóðfélög Vesturlanda byggja á — og ég er ekki að segja að ég skrifi upp á í öllum greinum — sé óeðlilegt að vextir séu hærri en nemur hagvexti á hverjum tíma. Staðreyndin er hins vegar sú að núna erum við með hærri raunvexti en nokkru sinni fyrr og við erum á sama tíma með neikvæðan hagvöxt eða minnkandi þjóðarframleiðslu. Þetta gengur ekki upp. Þetta er efnahagsleg endileysa.

Dæmi um þetta, sem snýr að húsbyggjendum, er t. d. það að ef allur byggingarkostnaður íbúðar væri greiddur með lánum með 9.5% vöxtum til 20 ára með annuitetsgreiðslum yrði heildarverðmæti endurgreiðslnanna ekki eitt hús, heldur 2.27 hús. Og það eru þessir 9.5% vextir sem hæstv. félmrh. var að ákveða að yrðu greiddir lífeyrissjóðunum. En það er tvöföldun, 2.27 húsverð, ef þetta yrði allt saman greitt með annuitetsgreiðslum og 9.5% vöxtum ofan á verðtryggingu. Með þessu móti eru menn í rauninni að frysta fjármagnið, taka það út úr atvinnurekstrinum í landinu, og það er furðulegt að þeir menn sem þykjast bera hag atvinnuveganna fyrir brjósti skuli beita sér fyrir þessari endileysu og bæta svo gráu ofan á svart með því að ætla að hækka vextina í dag eða á morgun til viðbótar við þessa hringavitleysu sem núv. ríkisstj. hefur innleitt í þessum efnum.

Ég tel að vaxtaokurstefna núv. ríkisstj. sé í raun og veru einn alvarlegasti þátturinn í hennar efnahagsstefnu. Í 9. gr. þessa frv. er sérstaklega komið inn á þetta atriði með því að þar er lagt til að vaxtatekjur fyrirtækja og einstaklinga yfir ákveðnu marki verði skattskyldar. Og til þess að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis skuli ríkisstj. gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Að bankar og aðrar innlánsstofnanir geri grein fyrir vaxtatekjum einstaklinga sem eru yfir því marki sem um getur í 1. mgr. Bankarnir sendi skattstofum yfirlit um vaxtatekjur og þeir sem tekjurnar hafa skulu gera sundurliðaða grein fyrir þeim á skattaframtölum sínum.
2. Að öll skuldabréf verði skráð á nafn og þau handhafaskuldabréf sem nú eru í gangi verði skráð á nöfn í bönkum eða annars staðar þar sem þau eru til innheimtu við næsta gjalddaga eftir gildistöku laga þessara.

Skv. lögum um efnahagsmál o. fl. nr. 13 frá 1979, sem kölluð eru Ólafslög, er gert ráð fyrir því að öll verðtryggð skuldabréf séu skráð á nafn. Ég hygg að það sé misbrestur á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Þess vegna var fyrir nokkrum árum rætt um það að setja lög um skuldabréf, sérstök lög. Ég skrifaði viðskrh. í fyrrasumar og bað hann um upplýsingar um það hvað liði undirbúningi Seðlabankans að löggjöf um skuldabréf. Það kom þá í ljós að lítið hafði þokast í þeim efnum en viðskrh. tjáði mér að hann hefði fullan hug á

að þoka þeim málum áleiðis.

Ég held að þetta sé í raun og veru eitt hættulegasta atriðið í okkar efnahagskerfi núna, þetta neðanjarðarhagkerfi þeirra manna sem eiga skuldabréfin en koma hvergi fram. Það þarf að gera ráðstafanir til að ná þessum aðilum fram í dagsljósið, svæla þá út úr rottuholunum, þannig að í ljós komi hverjir það eru sem eru með okurlánastarfsemi að pína fólk um þessar mundir. Ég tel að þetta sé geysilega stórt og þýðingarmikið mál og ég legg á það áherslu varðandi þetta atriði og einnig önnur í þessu frv. að ef hv. Alþingi ber ekki gæfu til að samþykkja þetta eins og það kemur fyrir hér í frv., þá munum við flytja þessar tillögur sem brtt. um einstök þingmál sem fram kunna að koma á þinginu síðar í vetur.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að það fólk sem er að leita til hinna nafnlausu okurlánara um þessar mundir, það er fólk sem er ekki að gera slíka hluti að gamni sínu. Það kemur að lokuðum dyrum í húsnæðislánakerfinu, það kemur að lokuðum dyrum í bankakerfinu, það getur ekki lengur fengið skrifað í verslununi hjá sér. Það kemur alls staðar að lokuðum dyrum. Þetta fólk hefur kannske eignast íbúðarholu á undanförnum árum og áratugum og það getur látið þinglýsa bréfi á þessa íbúðarholu og selt það á þessum svokallaða frjálsa markaði, jafnvel með 18% vöxtum ofan á verðtryggingu, og jafnvel með afföllum þar ofan í kaupið. Þeir aðilar sem hagnast á þessu fólki og eru þannig að nota sér neyð þess, þeir koma ekki fram, þeir sjást mjög lítið. Það ætti að vera eitt af brýnustu verkefnum ríkisstj. að ná í þessa aðila, svæla þá út úr okurbúllunum þannig að í ljós komi hverjir það eru sem hagnast á neyð almennings um þessar mundir með þessum hætti.

Okurlögin voru sett 1960, lögin nr. 58 frá 1960. Þau hafa alltaf verið mjög erfið í framkvæmd en það hefur aldrei verið eins nauðsynlegt og núna að framkvæma slík lög undanbragðalaust. Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hann í huga að bæta löggjöfina að því leytinu til að sett verði lög um skuldabréf og lögunum um okur verði breytt þannig að þau haldi? Ríkisstj. hefur að vísu verið í vissum vanda í sambandi við lögin um okur vegna þess að hún ætlaði að afnema þau. Hún ætlaði að afnema lögin um okur vegna þess að þau samrýmdust ekki vaxtastefnu ríkisstj. Ríkisstj. var að láta okra á sér á hinum almenna markaði, hæstv. fjmrh. með ríkisvíxlana, þannig að þegar hugmyndin um ríkisvíxlana kom fram og almennt útboð á þeim þá datt hæstv. fjmrh. í hug að afnema okurlögin til þess að það mætti láta okra á ríkissjóði. Þetta hefur ekki enn þá verið gert, okurlögin eru enn þá til. En spurningin er um það hvort hæstv. ríkisstj. hefur í huga að gera þær lagfæringar á þeim sem nauðsynlegar eru til þess að taka á þessu alvarlega vandamáli þar sem um er að ræða eignatilflutning upp á milljarða króna sem okurlánararnir eru að hirða af hinum almenna manni hér í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég hef farið hér nokkrum orðum um efnisatriði þessa frv. Fskj. með frv. eru mörg. Fyrst er þar að telja stjórnmálaályktun flokksráðsfundar Alþb. Þá eru þar birt viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við gengisfellingunni núna fyrir nokkrum vikum. Síðan eru birtar upplýsingar frá Alþýðusambandi Íslands um kaupránið að undanförnu. Birtar eru samþykktir Alþb. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum og samþykkt miðstjórnar Alþb. frá í haust um kjaramál. Það er birtur samanburður á verðlagi 1983 og 1984, það er birtur listi um gróða þjónustuaðila og það er birtur leiðari Tímans 25. nóv. 1979, en hann er þannig lagað plagg að hann þarf að birta reglulega til þess að ekkert fari á milli mála hvað þeir skrifuðu í Tímann 1979, því að þar lýstu þeir svo vel leiftursókninni — og væri gaman fyrir hv. þm. Stefán Valgeirsson og hæstv. forseta að lesa þann leiðara af og til því að þar er margt fróðlegt og vel sagt. Þetta fskj. XII er bara birt hér til að undirstrika það hvað okkur finnst að þarna sé vel og skynsamlega að orði komist, enda varð leiðarahöfundurinn, Jón Sigurðsson, fljótlega skólastjóri Samvinnuskólans eftir að hafa skrifað þessi orð. En þetta er hinn prýðilegasti leiðari í alla staði sem ég hvet þá framsóknarmenn til að kynna sér og er auðvitað alveg óhjákvæmilegt fskj. með frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Ég vil ekki dvelja lengi við þessi fskj., en ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims á fskj. XV á bls. 28 og 29. Þar er birtur útdráttur úr gjaldeyrissölu og gjaldeyriskaupum bankanna á fyrri hluta þessa árs. Þar kemur það fram að gjaldeyrissala bankanna á þessum tíma hefur aukist á föstu verðlagi um 14.1%. En verslunar- og viðskiptaferðir, gjaldeyrissala í þessu skyni hefur aukist um 95.3% á föstu verðlagi á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma árið 1983. Í fyrra var gjaldeyrissalan til verslunar- og viðskiptaferðalaga 236.7 millj. kr., en núna í tíð Matthíasar Á. Mathiesens og Steingríms Hermannssonar, hæstv. ráðh., eru þetta ekki 237 millj. kr., heldur 461 millj. — í verslunar- og viðskiptaferðir. Þessi tala lýsir því kannske betur en margar aðrar hverjir það eru sem geta velt sér upp úr peningum í þessu þjóðfélagi eins og staðan er nú.

Ég ætla, herra forseti, ekki að sinni að lengja mál mitt mikið frekar. Ég ætla aðeins að segja þetta að lokum: Í gær birtist í blöðunum frétt um að stofnaður hefði verið nýr klúbbur á Íslandi. Hann heitir Lúxusklúbburinn. Markmið klúbbsins er að gefa hinum efnameiri kost á að skemmta sér og að eyða með eðlilegum hætti án þess að þurfa að blanda geði við pöpulinn í þjóðfélaginu. Þessi lúxusklúbbur á sér svo háleit markmið að hann telur óhjákvæmilegt ekki aðeins að halda samkomur máli sínu til framdráttar eins og önnur félagsmálasamtök, heldur ætlar hann að gefa út sérstakt málgagn sem heitir Lúxusblaðið. Það hlýtur að vera ákaflega mikið umhugsunarefni fyrir það fólk sem er núna að reyna að láta endana ná saman í heimilishaldinu sínu að frétta af því að ákveðinn fámennur hópur hér í þjóðfélaginu skuli vera svo efnum búinn núna að hann þurfi að stofna alveg sérstakt félag til þess að koma sínum peningum í lóg í Lúxusklúbbnum.

Önnur frétt birtist svo fyrir nokkrum mánuðum um það að það væri í rauninni ekki nógu öruggt að eiga skuldabréf á okurlánamarkaðnum fyrir þá sem ættu peninga. Það væri mjög brýnt að ríkisstj. tryggði að það yrði hægt að flytja hér inn í landið gull. Það væri svo brýnt að flytja hér inn í landið gull til þess að menn gætu sparað, sem ættu peninga, að það væri í rauninni eitt af brýnustu verkefnum ríkisstj. að tryggja að það yrði gert.

Og í þriðja lagi var fyrir nokkrum mánuðum stofnað

hér fyrirtæki í landinu sem heitir Eðalvagnar hf. Það á að flytja inn nógu fína bíla til að keyra gullið sitt á fundina í Lúxusklúbbnum. Á meðan þetta lið skemmtir sér og lifir í vellystingum praktuglega eru lífskjör hins almenna launamanns í þessu landi, ellilífeyrisþegans og öryrkjans, svo hrakleg að það liggur við örvæntingu á hundruðum heimila í landinu. Ég hef ekki séð eitt einasta merki þess að núv. ríkisstj. átti sig á þessum staðreyndum. Miklu líklegra er hitt að áður en varir verði einhverjir af ráðherrum núv. ríkisstj. mættir á fund í Lúxusklúbbnum til að taka við þakklæti fyrir þá stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið að undanförnu og ýtir undir að fámennur hópur hafi hér betri lífskjör í landinu en nokkru sinni hefur verið.

Nei, herra forseti, gengislækkunin var ekki efnahagsleg nauðsyn. Hún var pólitísk aðgerð til að berja verkalýðshreyfinguna í landinu, berja úr henni kjarkinn. Hún var jólakveðja til almennings, til þeirra sem ekki eru í Lúxusklúbbnum, sem ekki versla við Eðalvagna hf. og ekki flytja inn gull. Hún var jólakveðja eins og vaxtahækkunin sem nú stendur til að fara að ákveða. Hún var jólakveðja eins og söluskattshækkunin sem vinur litla mannsins er að reyna að kvelja í gegnum þingflokk Sjálfstfl., þannig löguð jólakveðja til þeirra sem engan eðalvagn eiga, ekkert gull og komast aldrei á fund í Lúxusklúbbnum.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er mjög liðið á fundartímann, rétt er það, og þær tíu mínútur sem eftir eru duga varla til að gera þingheimi nokkra grein fyrir þeim þversögnum, því öfugmæli og þeirri dæmalausu vitleysu sem hv. 3. þm. Reykv. hefur látið frá sér fara í meira en hálfan annan klukkutíma.

Ræða hans byggist á frv. því sem hann flytur á þskj. 187, 175. mál, frv. til l. um verndun kaupmáttar og viðnám gegn verðbólgu. Hann rakti í ræðu sinni efni þeirra níu greina sem fylla þetta frv. Það er næsta furðulegt að maður sem búinn er að sitja í ríkisstj. í um fimm ára skeið og vera jafnvaldamikill og hann þar var skuli leggja fram á Alþingi slíkt vottorð um áhrifaleysi og aumingjaskap sjálfs sín allan þennan tíma sem hann sat í ríkisstj. Og ekki aðeins það heldur gegndi hv. þm. embætti viðskrh., en margar þessar greinar eru um málefni sem heyra undir það rn. Ég minnist þess ekki að hann hafi rétt upp litla fingur, — þá hafði hann völdin, þá sat hann í ráðherrastól, — eða gerði nokkurn skapaðan hlut af því sem hann nú er að leggja til að gert sé. (**Gripið fram í:** Hann las þó Tímann.) Hann las Tímann, segir hv. þm., nema honum hafi verið bent á að lesa Tímann. (Gripið fram í.) Það gæti vel verið að þannig hafi það verið.

Mig langar að vekja athygli á síðasta öfugmæli þessa hv. þm. hér í ræðustól þegar hann talar um stöðu elli- og örorkulífeyrisþega þessa dagana, rétt eftir að núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. er búinn að rétta hag þessa fólks. Hv. þm., þáv. hæstv. ráðh., sinnti ekki því hlutverki, sem honum bar að gera, að halda þannig á þeim málum að hag þessa fólks væri borgið. Þetta eru staðreyndir málsins. (**Gripið fram í:** Nei.) Þetta eru staðreyndir málsins og jafnvel þó að hv. samflokksmenn ráðh. fyrrv. séu ekki inni á þessu verða þeir samt sem áður að gera sér grein fyrir því að hér er um staðreyndir að ræða. En sannleikanum er hver sárreiðastur, ég veit ósköp vel um það, og það fer eins fyrir þessum hv. þm. og kannske samflokksmönnum hans, því að vissulega ætluðust þeir ekki til þess, ég efast ekki um það, og ég efast ekki um að hv. 10. landsk. þm. ætlaðist ekki til þess að það gerðist í tíð formanns flokks hans, að þeir sem minnst mega sín færu halloka. Það get ég mjög vel skilið af því að ég veit vel að hv. 10. landsk. þm. ber þann hug til þess þjóðfélagshóps að það er ekki í samræmi við hugsunarhátt þm. Þetta er samt sem áður staðreyndin.

Við skulum líka minnast þess sem gerðist síðustu dagana sem hv. 3. þm. Reykv. var í ráðherrastól og lét gefa út reglugerð í sambandi við ákveðna þætti í heilbrigðisþjónustunni. Það voru ekki neinir smápeningar sem þar átti að borga út. Þeim hefði kannske betur verið varið með öðrum hætti og það fyrr á tíma hv. þm. í ráðherrastól. En það var séð við þessu, einfaldlega vegna þess að þjóðin gerði það. Hún gerði það í kosningunum og hún gerði það svo eftirminnilega að þessi hv. þm. sat ekki í ráðherrastól nokkrum vikum síðar og þá var hægt að koma þar fram breytingu.

Það voru ótal spurningar sem hv. þm. beindi til mín í ræðu sinni sem ég verð að svara á síðari fundi þegar þetta mál verður til umr. En mér finnst ég ekki geta lokið máli mínu öðruvísi en að svara fsp. varðandi vaxtamálin.

Ræða þessa hv. þm. grundvallaðist á stöðu þjóðmála í dag, á þeirri breytingu gengis sem gerð var fyrir nokkru og þeim ráðstöfunum sem fylgt hafa í kjölfarið. Það er ærið efni í nokkuð langa ræðu að rifja það upp allt saman og feril hv. þm. í þeim efnum. Ég ætla þó ekki að gera það, en vil vekja athygli hans á því að 30%-reglunni, sem hann kom hér inn á, var hætt að beita í þeirri ríkisstj. sem hv. þm. sat í. Þegar tvær seinustu gengisfellingarnar, sem þessi hv. þm. stóð að af átta gengisfellingum sem hann stóð að á þeim tíma sem hann sat í ríkisstj., fyrir nú utan allt gengissigið sem var nánast daglega, voru framkvæmdar var 30%-reglunni ekki beitt. Ég er hins vegar ekki að dæma um hvort það var rétt eða rangt. Kannske hefði verið skynsamlegra að það hefði verið gert miklu fyrr þegar menn sáu hvernig hlutirnir fóru og þegar þetta mikla gengissig varð. Aldrei nokkurn tíma beitti hv. þm. þá 30%-reglunni.

Íslandsmethafinn í verðbólgu talar hér um verðbólguhraða. Auðvitað er verðbólguhraðinn allt of mikill, en hann er þó ekki í líkingu við það sem hann var þegar hv. þm. hvarf frá völdum. Og hann er að tala um vaxtahækkun. Hvað er meira öfugmæli en að tala um vaxtahækkun þegar menn gera sér grein fyrir því hvert verðbólgustigið verður á næstu vikum.

Þessi hv. þm. stóð að meiri hækkun nafnvaxta en nokkur annar hefur gert. Þegar hann fór frá voru nafnvextir refsivextir, 60%, sem þeir hafa verið hæstir. En þrátt fyrir þá háu vexti tókst ekki að hafa raunvexti á sparifé almennings. Það hefur þó tekist nú og hafa vextirnir verið miklu lægri.

Hann spurði hvort viðskrh. væri að hækka vexti. Honum er fullvel ljóst hver fer með vaxtamálin. Það eru einir vextir sem ríkisstj. samþykkir. Það eru vextir í afurðalánum. Tillaga um vaxtahækkun þar hefur ekki enn verið lögð fyrir ríkisstj. Hugmyndir Seðlabankans í sambandi við vaxtabreytingu hafa enn ekki verið lagðar

fyrir ríkisstj. Hann sagði 5% vaxtahækkun. Það eru 17% vextir á innistæðum. Nafnvextir á innistæðum í peningastofnunum væru þá 22%, 17 plús 5. Svo tala menn um vaxtahækkun þegar menn sjá að verðbólgan fer yfir 30%. Það er að verða vaxtalækkun. Og menn, sem eru búnir að tala um gamla fólkið og börnin og að fjármagn þess inni í peningastofnunum eigi að vera verðtryggt, hver einasta króna, standa nú hér í ræðustól og segja: Guð minn almáttugur. Ætlið þið að fara að hækka vexti? Ætlið þið ekki að láta þetta fólk hafa peningana sína inni í bönkunum á svo lágum vöxtum að það fær kannske helminginn út aftur eftir eitt ár? Þetta er hugsunarhátturinn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda lengur áfram nú, klukkan er senn orðin fjögur, en til að svara ræðu hv. þm. þarf ég töluvert lengri tíma en svo að við getum lokið ræðunni á þessum fundi. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. heldur áfram ræðu sinni á síðari fundi.)

Umr. frestað.

Efri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 5. des., að loknum 23. fundi.

Sala Landssmiðjunnar, frv. 133. mál (þskj. 137). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Nd.

Löggiltir endurskoðendur, frv. 138. mál (þskj. 143). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Nd.

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Mál það sem hér um ræðir hefur verið keyrt nokkuð hratt í gegnum þessa d., enda sjálfsagt brýnt mál og í ljósi síðustu þróunar í afkomumálum Íslendinga sjálfsagt orðið brýnna en ella. Sú fyrir fram jólagjöf sem landsmenn fengu að heyra að þeir ættu í vændum sem er veruleg hækkun á vöxtum, hún á sjálfsagt eftir að slétta út þá litlu bót sem af þessum aðgerðum er.

Barnabótaaukinn er framlenging á mildandi aðgerðum ríkisstj. frá því fyrr á þessu ári. Eins og segir í aths. með frv., hafa þær upphæðir sem þar voru tilgreindar verið hækkaðar einfaldlega um 25% sem er í samræmi við áætlun Þjóðhagsstofnunar um hækkun tekna hvers gjaldanda milli áranna 1984 og 1985. Ég spurði að því við 1. umr. hvernig þessar tölur væru fengnar. Það var kannske ekki furða þótt hæstv. fjmrh. hefði ekki svör á reiðum höndum, því tölurnar eru komnar úr þeirri áttinni sem hann sjálfsagt átti síst von á, en það var upplýst á fundi hv. fjh.- og viðskn. að þessar tölur eru komnar frá þeim aðila sem almennt er kallaður „aðilar vinnumarkaðarins". Þessar tölur eru í raun og veru tölur sem lagðar voru fram af verkalýðsfélögum og farið fram á sem viðmiðunarmörk við úthlutun þessara barnabóta. Ríkisstj. er að því leyti saklaus í þessu máli að hún gerði ekkert annað en að taka þær viðmiðunartölur sem verkalýðsfélögin lögðu fram og nota þær í sínu frv., þar á ég við skerðingarmörk barnabótaaukans. Ég verð að viðurkenna að að þessu leyti tel ég nokkuð illa staðið að þessu máli af hálfu verkalýðsfélaganna að hafa ekki fylgst með framhaldi þess, því núna eru þessar tölur hækkaðar um 25%. Það á verkalýðsforustan að vita manna best að sú upphæð sem ætluð var sem barnabótaauki í fyrra og úthlutað var með þeim skerðingarmörkum sem þá var lagt til af hálfu verkalýðsfélaganna. sú upphæð dugði hvergi nærri. Þess vegna er ekki eðlilegt að hækka þessa upphæð bara einfaldlega um 25%. Það verður að skoða hana í ljósi þeirra aðstæðna sem eru ríkjandi og það tel ég líka að ríkisstj. hefði átt að gera. Hún ætti líka manna best að átta sig á því að þessar mildandi aðgerðir og þessir peningar sem var úthlutað dugðu ekki. Þess vegna hef ég lagt til að þessi skerðingarmörk verði færð ofar. Ég geri það í þeirri trú að menn átti sig á þeirri einföldu staðreynd að það er óeðlilegt að miða skerðingarmörk barnabótaaukans til einstæðra foreldra við lágmarkstekjur, sem raunverulega eru ekki lengur laun eða tekjur í sjálfu sér, þær eru minni en fólk þarf sér til framfærslu. Á þeim mörkum byrjar þessi barnabótaauki að skerðast. Eðlilegra hefði verið að setja þessi mörk ofar, færa þau nær raunhæfum aðstæðum, eitthvað nær þeim a. m. k. því eins og sagt hefur verið, 15 þús. kr. í dag eru í raun og veru ekki laun. Það eru lág laun í dag þegar

einstaklingar verða að sætta sig við um 25 þús. kr. á mánuði. Einstaklingar eiga fullt í fangi með að framfleyta sér og sínum á slíkum launum og það vita allir sem hér eru inni. Þess vegna hef ég lagt til að þessi skerðingarmörk verði hækkuð hvað samanlagða útfærslu hjóna snertir upp í 30 þús. kr. á mánuði eða 360 þús. kr. á ári og falli síðan út við 500 þús. kr. árstekjur. Einnig hef ég lagt til að skerðingarmörkin verði hækkuð hvað einstaklinga áhrærir með börn á framfæri í 240 þús. kr., þ. e. í 20 þús. kr. mörkin hvað mánaðarlaun snertir, og falli síðan út við 400 þús. kr.

Þetta eru þær brtt. sem ég hef lagt fram við 2. gr. frv. eða 2. mgr. hennar. Ég sá ekki ástæðu til að leggja fram brtt. við 3. gr. frv. því að ég tel að fólk sem á annað borð hefur efni á að standa undir eignum sem þarna eru nefndar hafi þá trúlega efni á að hafa börn á sínu framfæri. En það verður að segjast að eftir nýjustu aðgerðir bankanna í bankamálum getur maður aftur farið að efast um að þetta eigi rétt á sér og hvort ekki sé ástæða til að breyta þessum tölum.

Menn eru að spyrja sig að því hvaða nýjustu aðgerðir bankanna sem ég er að tala um séu. En það er búið að tilkynna að við eigum von á 5% hækkun vaxta á allra næstu dögum.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þeim köpuryrðum sem hér voru mælt í garð verkalýðshreyfingarinnar rétt áðan af hv. síðasta ræðumanni. Þar talar hann um að það hafi verið mistök verkalýðshreyfingarinnar að þessar tölur skuli ekki vera hærri sem samið var um á sínum tíma. Það eru flestallir í landinu sem skilja það, en greinilega ekki allir, að þegar tveir deila og sitja við samningaborð freistast menn til að ná samkomulagi og ég fullyrði að verkalýðshreyfingin fer eins langt og hún mögulega kemst hverju sinni hvenær sem hún getur. Ég furða mig á svona málflutningi, en það er alveg í dúr við það sem hefur skeð á undanförnum mánuðum sem viðkomandi hefur setið á þingi. Allt sem aflaga fer í þjóðfélaginu er kennt verkalýðshreyfingunni og fjöldasamtökum í landinu, samvinnuhreyfingunni eða verkalýðshreyfingunni. Svo þykist þetta fólk vera að telja sig jafnaðarmenn. Mér finnst svona málflutningur meira í ætt við falangista eins og þeir tíðkuðust á Spáni á sinni tíð frekar en jafnaðarmenn, þetta er flokksbrot með fasistískar tilhneigingar og sósíalívafi. En ég vil margítreka að verkalýðshreyfingin gekk frá ákveðnum pakka þar sem stefnt var mjög fram á við frá því sem áður var gert og var til mikilla bóta á sínum tíma.

Ég verð fyrstur manna til að viðurkenna það eða halda því fram að þetta sé of lágt. En ég fullyrði líka að þeir sem að verki stóðu fóru eins langt og þeir mögulega komust. Það getur verið að einhverjir galdrakarlar úti í bæ telji sig geta gert þetta betur, en þeir verða þá að þekkja til veruleikans til að geta flutt sín mál af einhverju viti.

Ég tek undir það að 25 þús. kr. laun eru lág og ég minni á að það mun varla nokkur taxti sem samið er um hjá verkalýðshreyfingunni ná þessu marki, menn ná þessum tekjum með óhóflegri yfirvinnu. En því miður hefur ekki þrátt fyrir löng verkföll, langa samningagerð, tekist að ná meiru fram en þessu. Það gerist ekki með upphrópunum og gífuryrðum í garð þeirra sem að þessum málum standa og verkalýðshreyfingunni, það gerist á annan hátt.

Ég styð hins vegar brtt. þá sem viðkomandi flutti hér og vona að hann komi til liðs við okkur í verkalýðshreyfingunni að ná fram betri tryggingabótum og betri kjörum, en svona málflutningur er fyrir neðan allar hellur og ekki sæmandi hér á Alþingi Íslendinga.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Sem stimplaður falangisti get ég ekki annað en leyft mér að taka hér aðeins til máls. Það eina sem ég nefndi og hægt var að skoða sem gagnrýni á verkalýðshreyfinguna var að þeir gátu átt von á því að sá pakki sem þeir sömdu um fyrr á þessu ári yrði bundinn aftur. Mér finnst furðulegt að þeir skyldu ekki hafa kíkt í innihald hans núna fyrir jólin. (**KSG:** Við gerðum það.) Hv. 6. landsk. þm. þarf ekki að láta sem hann sé yfir gagnrýni hafinn þessum sölum og það séu tómir falangistar sem gagnrýna verkalýðshreyfinguna.

Ég gæti spurt hann bara þeirrar einföldu samviskuspurningar: Hvernig í ósköpunum gátu menn fengið það af sér að setjast niður og skrifa undir samninga, segjandi samtímis út um annað munnvikið, því miður eru engin kauptryggingarákvæði í þessum samningum, þar með eru þeir ónýtir, vitandi það að ríkisstj. mundi hirða þessa samninga af þeim vikunni seinna með gengisfellingu? Þetta er ekki bara spurning sem ég spyr. Þetta er spurning sem fólk spyr sig sem á umboð sitt undir þessum mönnum. Að það megi ekki gagnrýna verk sem þessi, þeirri fullyrðingu get ég ekki tekið og þaðan af síður látið það á mér sitja að þeir menn sem gagnrýna slík vinnubrögð séu falangistar. Víst hef ég ekki talið mér það skylt að taka ábyrgð af störfum verkalýðshreyfingarinnar. Hv. 6. landsk. þm. hefur sóst eftir þeirri ábyrgð. Ef hann hefur sóst eftir henni hlýtur hann líka að geta staðið og svarað fyrir þá hluti sem hann ber ábyrgð á.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Síðasta ræða var alveg í dúr við það sem áður var að sökudólgurinn er verkalýðshreyfingin, en sá aðili sem eyðileggur samningana gengur í skrokk á verkalýðshreyfingunni og reynir að fótumtroða samninga, það eru heilagar kýr. Þetta er alveg í ætt við þann málflutning sem verið hefur á undanförnu ári. Og ég minni á það alveg hiklaust að þeir sem gera samninga gera þá í góðri trú og reikna með því að þeir séu að semja við heiðarlega menn og búi við heiðarlega ríkisstj.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Má ég spyrja aftur einnar spurningar: Með hvaða rökum ... (Gripið fram í.) — Þú færð að gera örstutta aths. Ég geng þess viss að virðulegur forseti muni gefa þér tækifæri til slíks. — Með hvaða rökum gengur hv. 6. landsk. þm. þeirrar trúar þegar hann er að semja við vinnuveitendur í gegnum ríkisstj. að hann sé að semja við heiðarlega menn? Ég hef ekki heyrt hann halda því fram í ræðum áður en samningar gengu í gegn að þar væri um heiðarlega menn að ræða. Allavega hefur hann séð fulla ástæðu til að gagnrýna þá nánast fyrir hvert einasta verk sem þeir hafa unnið. Og að halda því fram að menn hafi setið við samningaborðið, skrifað undir samningana í þeirri góðu trú að þeir mundu verða haldnir, það er slík bábilja að ekkert barn sem komið er á 6. aldursár eða svo mun nokkurn tíma geta trúað slíku.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef ekkert farið dult með að ég vildi fara aðra leið í þessum kjarasamningum. Ég tel það mikla ógæfu sem verkalýðshreyfingin og þjóðin öll komst í með því að þurfa að ganga þessa gömlu leið. Ég hef ekki dregið neina dul á það og hef gert grein fyrir máli mínu hér í þinginu áður. En ég minni á það einnig vegna þess að (Gripið fram í.) — það er einn sem talar núna — þær tilraunir okkar að fara aðrar leiðir í kjarasamningum voru eyðilagðar af borgarstjóranum í Reykjavík. Það tækifæri sem við áttum til að fara nýja leið, aðra leið sem hefði tryggt fyllilega kaupmáttinn, sú tilraun okkar fór út um þúfur vegna aðgerða þessa höfuðpostula sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Ég játa það hiklaust að ég tel miður að farin var sú leið sem raun ber vitni. Því verður ekki heldur á móti mælt að enginn átti von á því, þrátt fyrir að þessi leið var farin, að svo harkalega yrði gripið til þess að eyðileggja þessa samninga sem gert var. Ég fullyrði það einnig. En það sem ég var að gagnrýna áðan hjá hv. þm. — (**Forseti:** Nú vil ég biðja hv. þm. að stytta mál sitt.) Já, ég skal gera það, ég verð mjög stuttorður. — er að það sem miður fer í þessum efnum gagnrýnir hann verkalýðshreyfinguna fyrir en ekki þann sem eyðileggur samningana. Honum dettur aldrei í hug annað en gagnrýna þær fjöldahreyfingar sem að verki standa. Hann færir ábyrgðina af sökudólgnum yfir á einhverja aðra. Hver sem það er. Er það sjálfsagt vegna lífsskoðana hans sem ég lýsti hér áðan.

ATKVGR.

Brtt. 225 felld með 12:7 atkv.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 190. mál (þskj. 209). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 209 um breyt. á lögum nr. 73 frá 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Skv. 8. málsgr. 26. gr. laga nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1985 verði gefin upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laga nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli áranna 1984 og 1985. Er því skv. frv. þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 25%.

Í 1. gr. er sú breyting gerð að í stað 1800 kr. í 1. málsgr. 26. gr. komi 2250 kr. og í stað 360 kr. í 1. og 2. málsl. 2. málsgr. komi 450 kr., en í stað 520 kr. í 7. málsgr. komi 650 kr.

Það er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1985 vegna tekna á árinu 1984.

Virðulegi forseti. Þetta er sams konar lagabreyting og mælt var fyrir á síðasta þingi og út af sömu forsendum og ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Hv. alþm. kannast vel við þessa breytingu. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 191. mál (þskj. 211). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að lagt verði á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á þessu ári. Af þeirri ástæðu er þetta frv. lagt hér fram, en það er samhljóða lögum frá 1983 um sama efni.

Í áætlun fjmrn. er talið að álagt sjúkratryggingagjald nemi á þessu ári 142 millj. kr. og áætlað að innheimtist af því 125 millj. Skv. þessu frv. er áætlað að gjaldið muni nema 170 millj. kr. og innheimtanlegar verði um 150 millj. kr.

Þá er gengið út frá að skattbyrði vegna sjúkratryggingagjalds skv. þessu frv. verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári á milli þessa árs og næsta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Í des. 1983 voru gerðar breytingar á lögum um málefni aldraðra þess efnis að heimilað var að nýta markaðan tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra til að styrkja hjúkrunarrými fyrir aldraða á vegum sveitarfélaga með jafnháu framlagi og sjóðurinn fékk á fjárlögum sem beint framlag ríkissjóðs. Við það tækifæri gaf ég þá yfirlýsingu að ég mundi beita mér fyrir endurskoðun á þeim ákvæðum laga um málefni aldraðra er snerta Framkvæmdasjóð aldraðra. Endurskoðun var falin aðilum úr heilbrmrn. og fulltrúum stjórnarflokkanna. Jafnframt hefur verið haft samráð við samstarfsmenn um málefni aldraðra. Niðurstöður þessarar endurskoðunarvinnu liggja nú fyrir í frv. sem hér er lagt fram.

Markmið frv. er tvíþætt:

Í fyrsta lagi er komið festu á starfsemi Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að þeir sem þangað hyggjast sækja fjármuni geta vitað hvers þeir megi vænta. Í því sambandi er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóðurinn hafi eingöngu til ráðstöfunar markaðan tekjustofn sinn, þ. e. tekjur af nefskattinum svokallaða. Jafnframt er

gert ráð fyrir að fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga færist að nýju til fjvn.

Í öðru lagi á að tryggja fjárveitingavaldinu áhrif á úthlutun fjár úr Framkvæmdasjóði aldraðra með því að fulltrúi tilnefndur af fjvn. Alþingis taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra þegar hún fjallar um málefni sjóðsins.

Rök fyrir þessum breytingum eru þær helstar að skv. núverandi fyrirkomulagi hefur öll langtímaáætlunargerð fyrir sjóðinn verið óframkvæmanleg sökum sífelldra breytinga á hlutverki sjóðsins hvað varðar hjúkrunarrými sveitarfélaga. Jafnframt hefur verið gagnrýnt hvað fjvn. og Alþingi hafa getað haft lítil áhrif á til hvaða hjúkrunarrýmisverkefna á vegum sveitarfélaga framlög hafa verið veitt, þó svo að um sé að ræða verkefni sem ríkinu ber skv. lögum um heilbrigðisþjónustu að standa að 85%.

Frv. felur í sér eftirtaldar breytingar frá gildandi ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Einu tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra verði hinn markaði tekjustofn sjóðsins, þ. e. nefskatturinn, og gert er ráð fyrir að hann nemi 580 kr. á árinu 1985. Er það hækkun milli ára í samræmi við skattvísitölu.

2. Fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga færist að nýju til fjvn. Þó verði Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að verja allt að 30% tekna sinna til styrktar hjúkrunarrými af þessu tagi, en sá styrkur komi báðum aðilum, þ. e. ríki og sveitarfélagi, til góða hlutfallslega.

3. Fulltrúi tilnefndur af fjvn. taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Ef athugað er hvaða breytingar þetta hefur í för með sér á næsta ári mun Framkvæmdasjóður aldraðra hafa til ráðstöfunar u. þ. b. 58 millj. kr. miðað við liðlega 100 þús. gjaldendur nefskattsins. Af þeirri fjárhæð hefði sjóðurinn heimild til að verja 30% eða 17.4 millj. kr. til hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga, en afgangnum, u. þ. b. 40 millj., yrði varið til íbúða fyrir aldraða, þ. e. dvalarheimili aldraðra, og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum einkaaðila. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1984 hafði sjóðurinn 46 millj. kr. í tekjur af nefskattinum. Af þeirri fjárhæð var 15 millj. kr. varið til hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga, auk þess sem beina framlagið úr ríkissjóði, 15 millj. kr., rann einnig beint til þeirra verkefna. Afgangnum, 31 millj. kr., var varið til annarra verkefna, auk þess sem sjóðstjórn tók þá ákvörðun að nota hluta hans til að standa við eldri skuldbindingar sem ekki hafði verið hægt að standa skil á. Var þar um tæplega 5 millj. kr. að ræða.

Að öðru leyti vísa ég til fskj. með þessu frv. Þar koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar um fjölda aldraðra og vistrými fyrir aldraða, auk yfirlits um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra frá stofnun sjóðsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég fæ frv. til skoðunar í n. og ekki skulu höfð mörg orð um málið nú. Fljótt á litið líst mér vel á þessar breytingar þó að sjálfsögðu sé hin hliðin svo eftir sem snertir hjúkrunarheimilin eða hjúkrunarrýmin, þ. e. hvað fjárlögin núna muni segja um framlög til þeirra.

Heimildarákvæði um 30% af ráðstöfunarfénu til framkvæmda á vegum sveitarfélaga eru góðra gjalda verð ef hjúkrunardeildir fá þá sæmilegan skerf af fjárlögum.

Ég tel ákvæði 2. gr. um fulltrúa fjvn. til bóta. Hingað til hefur stjórnin sem séð hefur um úthlutun fjárins eða þessi samstarfsnefnd, sem hún er nú víst kölluð, nánast skilað fjvn. endanlegri tillögugerð og litlu verið breytt þar. Það getur verið að rn. hafi eitthvað skipt sér af því, væntanlega þá áður en frá því hefur verið endanlega gengið.

Ég varpa því fram hvort ekki væri eðlilegt, ef fjvn. Alþingis á að koma hér inn í, að bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar í n. ættu að fjalla um þetta í stað þess eina stjórnarliða sem ráð er fyrir gert í 2. gr. Það fer auðvitað ekki milli mála að einn fulltrúi tilnefndur af fjvn. Alþingi verður fortakslaust úr stjórnarliðinu, hvaða stjórn sem hér verður.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um Framkvæmdasjóð aldraðra að öðru leyti en að hann hefur verið heilladrjúg stoð til að skapa öldruðum bætta aðstöðu. Vissulega er rétt að ein framkvæmd hefur tekið til sín megnið af fjármagninu og satt er það að þeim sem að málefnum og framkvæmdum aldraðra hafa unnið vítt um landið af dugnaði og þrótti hefur oft þótt knappt skammtað af þeim sökum. Ég dreg ekkert úr því að ég hef verið einn þeirra sem hefur þótt hlutur landsbyggðarinnar í heild óþarflega rýr, þó ég dragi á hinn bóginn engan veginn úr þörfinni hér á höfuðborgarsvæðinu og stórátökum, svo sem B-álmunni í Borgarspítalanum og Hrafnistu. Enn bíða óleyst verkefni og brýn og önnur eru á framkvæmdastigi. Eystra munu þessi verkefni t. d. vera átta með þeim sem nú er verið að hefjast handa við. Og þörfin kallar alls staðar á — viðbótarþörf einnig, þar sem myndarlega hefur verið staðið að uppbyggingu.

Ég veit líka að þessi skattur hefur nokkra sérstöðu í huga gjaldenda. Ég held að óhætt sé að fullyrða að menn greiða þetta framlag með meiri ánægju en flest eða allt annað. Þess vegna mætti þetta gjald vera hærra en áætlun er um og þá skoðun hef ég ævinlega haft. Menn vilja þá að vísu sjá þess merki í nánasta umhverfi sínu að eitthvað sé aðhafst og að framlag þeirra komi þar til góða, en hærri gjaldtaka, þó hart sé nú á dalnum hjá fólki, hjá allt of mörgum, mundi þá með réttlátri skiptingu sjást bæði víðar og betur í framkvæmdum. Ég væri tilbúinn að standa að því þó ég viti að það sé margt til umræðu nú.

Ég gagnrýndi nokkuð í fyrra fljótaskrift á breytingu þá og taldi að ótvíræð túlkun yrði tæpast fengin með þeirri breytingu. Hæstv. ráðh. gat um þá yfirlýsingu sem hann gaf, og árangur sjáum við í þessari endurskoðun. Mér sýnist í fljótu bragði að hér séu tekin af tvímæli, en ítreka aftur að hin aðalspurningin snýr að fjárlagaafgreiðslu nú og framvegis til hjúkrunardeildanna, sem e. t. v. kalla frekar á fjármagn en nokkuð annað.

Að öðru leyti mun ég geyma mér málið til athugunar í n. og seinni umr. Ég vildi þó spyrja hæstv. ráðh. — ekki að það skipti miklu í þessu máli — hver líkleg framlög á fjárlögum muni verða varðandi hjúkrunarrýmin eða hvaða tillögur hans rn. hefur gert um upphæð varðandi hjúkrunardeildirnar beint af fjárlögum nú.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég get ekki sagt hvað verður á fjárlögum til hjúkrunarrýmis, en hins vegar hef ég afhent formanni fjvn. úthlutun Framkvæmdasjóðs frá þessu ári og þar eru til hjúkrunarrýmis sveitarfélaga 30 millj. Að auki eru til hjúkrunarrýmis einkaaðila og félagasamtaka 6 millj.

Þegar sú breyting var gerð að taka þessi ákvæði út úr lögunum um heilbrigðisþjónustu var ég því mótfallinn og taldi að þarna mundu allt of mikil og dýr verkefni ganga út yfir Framkvæmdasjóð aldraðra. Nú hefur komið í ljós að það hefur reynst rétt. Þess vegna hafa þessar framkvæmdir tekið allt of mikið hlutfallslega af sjóðnum — ekki af því að þessir aðilar hafi ekki þurft á því að halda, en það er gengið út yfir aðra. Það er gengið út yfir dvalarheimilin og íbúðirnar. Því tel ég að breyting nú sé mjög til góðs.

Í sambandi við fjölgun manna held ég að það sé ekki neinn pólitískur veikleiki sem þurfi þar að ráða. Endanlegt vald er í höndum ráðh., eins og menn vita. Núna eru í þessari stjórn þrír aðilar. Einn er deildarstjóri í rn. og varamaður hans hefur setið þessa fundi og haft þar málfrelsi og tillögurétt. Svo er fulltrúi frá Öldrunarfélagi Íslands og í þriðja lagi er fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Við úthlutunina á þessu ári varð úthlutunarnefndin ekki alveg á eitt sátt. Meiri hlutinn stóð að úthlutun sem ég að verulegu leyti lagði til grundvallar, en hnikaði örlitlu til, aðallega til að koma til móts við minni hl., en það voru mjög smávægilegar upphæðir sem höfðu ekki nein úrslitaáhrif. Að öðru leyti varð um þessa úthlutun fullt samkomulag. Ég tel að um þessar úthlutanir, eftir því sem ég best veit, hafi orðið samkomulag og ég held að fyrrv. hæstv. heilbrmrh. hafi ekki gert þar neinar stórar breytingar frekar en ég — ekki eftir því sem ég best veit. (**HS:** Þeir hnikuðu mikið til í Davíðsborg.) Ha. Já, það var örlítið og það var m. a. s. eftir ósk fjvn. í tveimur eða þremur tilvikum. Þá var það heldur til hagsbóta fyrir strjálbýlið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg á það mikla áherslu að afgreiðslu þessa máls sé mjög hraðað. Það liggur ákaflega skýrt fyrir og öll fskj. fylgja vegna þess að nefskattar eru í tengslum við fjárlagafrv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til hv. heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Sameinað þing, 30. fundur.

Fimmtudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Síldarverksmiðjur ríkisins, þáltill. 16. mál (þskj. 16). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39:1 atkv. og umr. frestað.

Átak í byggingu leiguhúsnæðis, þáltill. 160. mál (þskj. 165). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum, þáltill. 177. mál (þskj. 189). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, þáltill. 21. mál (þskj. 21). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39:1 atkv. og umr. frestað.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, þáltill. 33. mál (þskj. 33). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 75. mál (þskj. 76). — Ein umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Haraldi Ólafssyni, Davíð Aðalsteinssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Stefáni Guðmundssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Þórarni Sigurjónssyni leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 75 um tengsl fræðslukerfis og atvinnulífs. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvernig unnt er að tengja fræðslukerfið, einkum Háskóla Íslands, við atvinnulíf landsmanna framar því sem nú er."

Till. var flutt á seinasta þingi samhljóða þessari og flutti ég þá framsöguræðu fyrir henni sem ég skal reyna að endurtaka ekki nema að nokkru leyti. Sú till. fór til n. mjög seint á þinghaldinu og n. komst ekki yfir að afgreiða hana þannig að hún hlaut ekki afgreiðslu á seinasta þingi. Þess vegna er hún nú endurflutt.

Á fjárlögunum fyrir árið í ár er varið að ég hygg milli 14 og 15% af útgjöldum fjárlaga til fræðslumála. Þetta sýnir hve geysistór útgjaldaliður fræðslumálin eru á fjárlögunum og hve útgjöld þjóðarinnar til fræðslumála eru stór þáttur sem að sjálfsögðu verður að nýta sem best m. a. á hagnýtan hátt. Það mætti með nokkrum rétti segja að vélvæðing hér á landi hafi hafist að nokkru ráði í kringum seinustu aldamót, að vísu í smáum stíl til að byrja með eins og allir vita, en smátt og smátt í

vaxandi mæli. Og segja má að það hafi orðið hrein bylting í þessum efnum á þessari öld sem náði e. t. v. hámarki eftir síðustu heimsstyrjöld. Síðan hefur verið um að ræða frekari framþróun í þessum málum, þó að t. d. tilkoma tölvunnar nálgist nú byltingu sem á eftir að segja meira til sín þegar tímar líða.

Á seinustu áratugum hafa helstu atvinnuvegir þjóðarinnar, svo sem sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður, verslun og þjónusta, tekið flókna véltækni í þjónustu sína, þ. á m. margbrotnar og vandmeðfarnar tölvur og er ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. Það er því augljóst að atvinnulífið kallar í sífellt vaxandi mæli á aukna starfskunnáttu og þekkingu er varðar meðferð, gæslu og viðhald hinna flóknustu véla og vélbúnaðar af ýmsu tagi. Það er því ekki óeðlilegt að spurt sé: Er þjóðin nægilega vel að sér í þessum greinum? Hefur fræðslukerfið fylgt þróuninni nægilega vel eftir eða er ástæða til að endurskoða nánar tengslin milli fræðslukerfisins og þarfa atvinnulífsins? Er fræðslukerfið nægilega aðlagað brýnustu þjóðfélagsþörfum? Þessum spurningum og mörgum fleirum þarf að svara.

Ef við lítum í kringum okkur og athugum helstu atvinnutæki íslensku þjóðarinnar blasir við hin flóknasta og margþættasta tækni af ýmsum gerðum. Það nægir að nefna fiskiskipastólinn sem er mjög nýtískulegur þótt skipin eldist með ári hverju. Hafa nú staðið miklar deilur um stærð fiskiskipaflotans og sýnist sitt hverjum. Ég álít að hann sé ekki of stór til að hagnýta það hráefni sem hægt er að afla hér við landið ef aflinn væri fluttur í vinnslu ferskur og í fyrsta flokks ástandi. Það eru verulega ónýtt tækifæri í fiskveiðum og allt of mikil brögð að því að komið sé með lélegt hráefni að landi. En það þarf stóran og vel útbúinn fiskiskipaflota til að flytja hráefnið að landi þannig að hægt sé að segja að það sé fyrsta flokks. Það ætti ekki lengur að tengja nafnið „aflakóngur" við þá sem fiska flest tonnin, heldur við þá sem skila verðmætustu hráefni að landi með sem minnstum tilkostnaði.

Ákaflega mikil breyting hefur orðið í rekstri útgerðar á allra seinustu árum. Nægir þar að nefna þá gífurlegu breytingu sem varð með olíuverðshækkununum á árinu 1973 fyrst og síðan 1979, sem hefur valdið nýjum viðhorfum í rekstri útgerðarinnar. Í kjölfar þessa hefur fjármagnskostnaður í heiminum stórhækkað þannig að það hefur valdið í vaxandi mæli gífurlega miklum erfiðleikum að fjármagna smíði fiskiskipa þegar af þeirri ástæðu hvað fjármagnið er orðið dýrt. Hér hafa orðið á gífurlegar breytingar sem verður auðvitað að taka tillit til en hafa valdið miklum erfiðleikum í okkar sjávarútvegi eins og öllum er kunnugt.

En með hliðsjón af sífellt bættri tækni, bæði til að finna fiskinn og til allra verka um borð og til að vinna hráefnið og nýta það, þarf æ meiri þekkingu á meðferð hinna flóknustu tækja. Sífellt er verið að vinna að ýmsum þáttum útgerðar. Tæknideild Fiskifélags Íslands er t. d. þátttakandi í norrænu rannsóknarverkefni á sviði orkusparnaðar í fiskveiðum á vegum NORDFORSK sem tæknideildin er aðili að. En tæknideildin hefur ásamt Fiskveiðasjóði allar götur frá 1975 unnið að útvegun búnaðar til mælingar á olíunotkun fiskiskipa.

Á miðju ári 1976 hófust mælingar um borð í ýmsum fiskiskipum og um seinustu áramót voru orkunotkunarmælar um borð í 268 skipum, en mælarnir eru nær allir íslenskir. Það er talið að notkun þessara mæla hafi sparað 3.5% af heildarnotkun almennt. Það er erfiðara að segja beint til um sparnað við sjálfar veiðarnar, en til mikils er að vinna, því að aðeins 1% olíusparnaður á íslenska fiskiskipaflotanum jafngildir sennilega útgjöldum sem eru ekki minni en 18 millj. kr., þannig að það telur fljótt í þessum efnum.

Margir eru þeirrar skoðunar að flest skip okkar séu mjög óhagkvæm með tilliti til orkusparnaðar. Það eru mörg atriði í gerð skipanna sem hér skipta verulegu máli og mætti þar nefna atriði eins og t. d. gerð stefnis, skrúfugerð og margt fleira. Margir álíta t. d. að skrúfugerðin á okkar togaraflota sé með þeim hætti að ástæða væri til að gera þar á breytingar í mjög mörgum tilvikum. Þetta hefur verið gert. Ég er ekki verkfróður maður en mér skilst að það felist aðallega í því að stækka skrúfuna. Með því móti sé hægt að spara verulega orku, veruleg olíuútgjöld. Þetta eru aðeins dæmi um hvað hægt er að gera í þessum efnum ef að þeim er skipulega unnið.

Það er ástæða til að spyrja hver hlutur Háskóla Íslands og vísindamanna okkar í þessum málum sé, um það hvernig á að gera fiskiskip nútímans úr garði. Það væri t. d. verðugt verkefni fyrir vísindamenn og fræðslukerfið að standa að hönnun fiskiskipa og vélbúnaðar sem gæti mætt kröfum nýrra tíma og nýrrar tækni þannig að hægt sé að halda úti skipum með góðum árangri. Ef litið er til fiskvinnslunnar, sem er ein af stærstu atvinnugreinum þjóðarinnar, þá hefur tækninni fleygt fram með ótrúlegum hraða. Hins vegar er því ekki að leyna að hægt er að bæta vélvæðingu og hagræða fiskvinnslustarfseminni stórlega frá því sem nú er og er að því unnið, m. a. með því að taka tölvur í þjónustu fiskvinnslustöðvanna og nýta þær við stjórnun og annað þar sem þær koma að gagni. Það er enginn vafi á því að afkoma þessarar atvinnugreinar er ekki síst undir því komin í framtíðinni að það takist að nýta tæknina og kunnáttuna einmitt til að gera mönnum kleift að reka þessi fyrirtæki á arðbæran hátt.

Það hefur mikið verið rætt um stærð fiskiskipaflotans og það hefur mikið verið rætt um fjárfestingu í sjávarútvegi, t. d. í fiskvinnslustöðvum. Ég held að nauðsynlegt sé að menn hafi í huga að á áratugnum 1970—1980 varð hagvöxtur á Íslandi nærri því 5% á ári að jafnaði og var það með því hæsta sem gerist meðal ríkustu þjóða heimsins. Þar á ég við þær þjóðir sem eru meðlimir í Efnahags- og framfarastofnuninni í París. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi vélvæðing, bæði í fiskiskipaflotanum og einnig í fiskvinnslustöðvunum, átti þar langríkastan þáttinn þó að margt fleira hafi komið til. Hins vegar stöndum við frammi fyrir miklum erfiðleikum, m. a. af ástæðum sem ég hef lýst og öðrum sem ég fer ekki út í í sambandi við þetta mál, þar sem eru verðbólgan og erfiðleikarnir sem hún skapar. Við stöndum sem sé frammi fyrir erfiðleikum sem er býsna erfitt að ná tökum á.

En svo haldið sé áfram og komið að stjórnuninni, þá hefur tæknin og tölvan leyst af hendi á fljótvirkan hátt hin ýmsu störf og skapað ný viðhorf í stjórnunarmálum. Sama má segja um landbúnaðinn eins og fiskveiðarnar og fiskvinnsluna. Flóknar og stórvirkar vélar eru þar sífellt að koma til sögunnar og hafa margfaldað afköstin. Það þarf býsna mikla þekkingu og kunnáttu í meðferð tækja og véla til þess að búa vel nú á dögum. Ekki þarf í þessu sambandi að ræða háþróað iðntækni-

þjóðfélag nútímans með hinum flóknustu og fíngerðustu tækjum og tilfæringum.

Það sama hefur í raun og veru skeð í verslun og raunar hvers konar þjónustugreinum. Þar hefur tæknin einnig haldið innreið sína og það eru miklir möguleikar fólgnir í því að beisla hana á þeim sviðum. Auðvitað fer fram margþætt tilraunastarfsemi sem snertir atvinnulífið. En það er einnig þörf á að efla verkmenntun og starfskunnáttu á fleiri sviðum en þeim sem sérstaklega snerta vélbúnað og tækni. Margs konar önnur menntun og starfsþjálfun getur komið atvinnulífinu að miklu gagni, þ. á m. er brýnt að efla hönnunarmenningu þjóðarinnar, þjálfun sölumanna, stjórnunarfræði og fleiri greinar hagnýtrar verkmenningar. Síst ber að vanmeta nauðsyn skipulegrar þjálfunar starfsmanna í fyrirtækjum, enda nauðsynlegt að efla verkmennt þjóðarinnar á öllum stigum starfsskiptingar atvinnulífsins, en ekki í hinum hærri þrepum einum saman. Slík rækt við almenna verkmenntun mun leiða af sér trausta verkmenningu þjóðarinnar og gera hana hæfari til stórra átaka í arðbærri framleiðslu af ýmsu tagi.

Mér er það nokkuð minnisstætt að ég stundaði framhaldsnám við bandaríska háskóla fyrir 30 árum og gerði mér dálítið far um að kynnast því hvernig háskólar þar í landi starfa. Það sem vakti einna mesta athygli mína var hversu háskólarnir eru tengdir sterkum böndum við atvinnulífið, það kemur fram í ýmsum greinum, t. d. er tilraunastarfsemi háskólanna í mjög nánum tengslum við atvinnulífið. Haldin eru námskeið í háskólunum þar sem fyrirtækin eiga kost á að senda unga menn til að fylgjast með því nýjasta á sviði tilrauna og menntunar sem snertir þeirra starfsvettvang. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ein af ástæðunum fyrir því að Bandaríkin eru langsterkasta framleiðsluþjóðfélag veraldar er sú að þeim hefur kannske tekist umfram aðrar þjóðir að tengja atvinnulífið við háskólana og fræðslukerfið í landinu. Þó þarf ekki að efast um að þar eru ýmsir misbrestir á.

Þrátt fyrir þörfina á sérhæfðu námi í nútímaþjóðfélagi má ekki missa sjónar á því hlutverki skólanna að koma nemendum almennt til nokkurs þroska. Hins vegar finnst mér vera álitamál hvort við eigum að halda þeirri stefnu í skólamálum sem við höfum markað, þ. e. að hafa tiltölulega langt almennt nám áður en menn fara í sérnám. Ýmsar þjóðir, eins og t. d. Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir, haga þessum málum á þann veg að menn byrja fyrr á sérnámi en hér er á Íslandi. Það eru sjálfsagt bæði gallar og kostir við þetta, en ég er þeirrar skoðunar að við ættum að huga að því að hefja fyrr sérnám en við gerum. Ég held að það mundi skila meiri og betri árangri en það fyrirkomulag sem við búum við þó það hafi ýmsa góða kosti.

Á seinustu árum hefur orðið mikil breyting á háskólanámi að því leyti til að það eru margfalt fleiri stúdentar sem nú stunda nám við háskólana en var fyrir örfáum árum. Það hefur orðið stökkbreyting í þessum efnum. Sem dæmi um það má nefna að ég hygg að það sé ekki langt frá því að um 7000 stúdentar stundi nám við Háskólann hér og við erlenda háskóla. Það er býsna mikill fjöldi og það veltur á miklu að vel takist til um námið og ekki síst að það komi að sem hagnýtustum notum í þjóðfélaginu.

Þegar ég talaði fyrir þessu máli í fyrra gerði ég nokkra grein fyrir framhaldsskólakerfinu, hvernig það væri. Í ljós kom þegar ég fór að athuga það, og það þekkja menn, að það er býsna ólíkt í hinum ýmsu skólum. Þetta hefur kannske valdið vissum erfiðleikum fyrir Háskólann vegna þess að skólakerfin eru mismunandi á framhaldsskólastigi og dálítið erfitt fyrir Háskólann að fylgjast með undirbúningi þeirra nemenda sem koma til náms. Framhaldsskólarnir kvarta undan lélegum undirbúningi grunnskólans, Háskólinn kvartar undan lélegum undirbúningi sumra stúdenta og margir skólamenn álíta að auka ætti sambandið milli hinna ýmsu skólastiga, þannig að t. d. Háskólinn þekkti betur til þekkingar væntanlegra nemenda. Það getur verið þáttur í þessu máli að skoða þetta nánar. Auðvitað er þetta í sífelldri skoðun á vegum menntmrn. og fræðsluyfirvalda en það gæti verið ástæða til að gefa gaum að þessu atriði sérstaklega.

Hinn merki skólamaður Guðmundur Arnlaugsson, fyrsti rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, sagði efnislega í ræðu sem hann flutti á ráðstefnu BHM 26. nóv. 1983 að við upphaf kennaraferils síns fyrir stríð hefðu nemendur oft brotist áfram af dugnaði og elju við erfiðar ástæður. Hann sagði að þegar hann bæri þessa gömlu vini sína saman við slakasta hluta nemenda í seinni tíð, sem létu berast með straumnum án verulegs áhuga eða hugsjónar, gæti hann ekki varist þeirri hugsun að víst væri þessu fólki hollt að ögn erfiðara væri að komast af hjalla í skólakerfinu. Hann sagði og, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að framhaldsskólinn verði að sætta sig við að vera víður inngöngu og reyna að gera sem best við alla sem í hann koma. En ég held jafnframt að hann ætti að vera þröngur útgöngu. Hann ætti að gera talsverðar kröfur til nemenda sinna og ekki hika við að láta þá hverfa úr skólanum sem ekki sinna þeim kröfum."

Það er sjálfsagt að viðurkenna að fræðslukerfið hefur um margt leitast við að fylgjast með tímanum og ýmislegt hefur verið og er vel gert í þessum efnum. Margir sérskólar starfa á tæknisviðum og búa nemendur undir vandasöm störf í þágu atvinnuveganna. Má þar nefna t. d. Vélskóla Íslands, stýrimannaskólana, Tækniskólann, búnaðarskólana, og þar með búnaðarháskólann á Hvanneyri, iðnskólana, Fiskvinnsluskólann og ýmsa fjölbrautaskóla með brautir á véla- og tæknisviði. Ýmiss konar námskeið fara einnig í vöxt. Útgerðartækni hefur verið kennd við tækniskólann síðustu 6—7 árin, en annars hefur kennslu í sjávarútvegsgreinum lítið verið sinnt til þessa á æðsta stigi fræðslumála. Þó er þetta okkar þýðingarmesti atvinnuvegur.

Á Akureyri hefur tekið til starfa verkmenntaskóli. Þar eru nú við nám líklega yfir 700 nemendur og sá skóli skiptist í hinar ýmsu deildir á sviði verkmenntunar. Hv. þm. Ingvar Gíslason, þegar hann var menntmrh., undirbjó þetta mál og núv. hæstv. menntmrh. gaf út heimild í nóv. 1983 til skólans um að hann mætti útskrifa þegar á fyrsta starfsári sínu stúdenta á viðskiptasviði og síðar á uppeldis- og heilbrigðissviði.

Þá er rétt að geta þess að fyrrv. menntmrh. Ingvar Gíslason skipaði nefnd undir forustu Valdimars Kr. Jónssonar prófessors á grundvelli þáltill. sem Guðmundur Karlsson fyrrv. alþm. flutti og fékk samþykkta hér á Alþingi um að koma á fót kennslu í sjávarútvegsgreinum við Háskóla Íslands. Þessi nefnd hefur skilað áliti og er það til umfjöllunar hjá rn., að ég hygg,

samtökum sjávarútvegsins og fleiri aðilum. Þá er rétt að geta þess einnig að á síðasta ári var ráðinn endurmenntunarstjóri við Háskóla Íslands og hefur hann staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Iðntæknistofnun hefur einnig í undirbúningi námskeið fyrir unga menn sem gegna vandasömum störfum í iðnaði.

Það sem ég hef nú minnst á er aðeins upptalning nokkurra tilvika. Margt fleira mætti nefna í þessum efnum. Núv. hæstv. menntmrh. lýsti því yfir, þegar hún tók við ráðherrastörfum, að hún hefði áhuga á tengslum milli fræðslumála og atvinnulífs. Þegar í júlímánuði 1983 skipaði hún fjölmenna nefnd um tengsl atvinnulífs og skóla. Þessi nefnd er nokkuð fjölmenn og í hennar erindisbréfi — ég veit að ég má áreiðanlega lesa upp úr því, með leyfi forseta og hæstv. menntmrh., — segir svo:

„Nefndin fjalli um það hvernig breyta þurfi skólamenntun þannig að hún búi nemendur betur undir margs konar atvinnuþátttöku í þjóðfélagi nútímans. Það verði sérstaklega kannað á hvern hátt bein þátttaka í atvinnugreinum geti orðið hluti náms og á hinn bóginn hvort skólinn geti miðlað atvinnuvegum fræðslu með beinni hætti en nú er."

Þetta er nokkuð fjölmenn nefnd, sem hefur unnið að gagnasöfnun í þessum málum, en það er auðvitað frumatriði að afla gagna, gera sér grein fyrir því hvernig skólakerfið raunverulega er og hvernig það starfar áður en menn eru í stakk búnir til að gera tillögur til úrbóta.

Þessi till., sem við flytjum hér, er því ekki flutt sem gagnrýni á menntmrh. seinustu ára, sem ég hygg að allir hafi haft áhuga á þessu máli, heldur í þeim tilgangi að freista þess að Alþingi lýsi yfir vilja sínum í þessum mikilvægu málum. Ég mundi gjarnan vilja mega gera grein fyrir því hvernig ég áliti heppilegast að vinna að þessu máli áfram.

Það er nú svo að það eru uppi ýmsar hugmyndir um það hvernig Alþingi eigi að starfa. Sumir telja að Alþingi eigi að starfa með þeim hætti að þm. séu heils árs menn, embættismenn, séu ekki í öðrum störfum, þingið starfi allt árið o. s. frv. Aðrir eru hins vegar þeirrar skoðunar að heppilegra sé að hafa þetta á svipaðan veg og verið hefur, þingið starfi frá byrjun októbermánaðar og fram í maíbyrjun, þm. geti verið að hluta til í öðrum störfum í þjóðfélaginu. Um þessar stefnur hafa menn deilt eins og kunnugt er. Ég er fylgismaður þess fyrir mína parta að þingið starfi með svipuðum hætti eins og gert hefur verið með einni undantekningu þó og sú undantekning er að það verði gert miklu meira af því en gert hefur verið nú um mörg ár að setja mþn. í þýðingarmikil mál. Ég álít að þetta mál sé einmitt þeirrar tegundar að ástæða væri til að setja mþn. í málið þannig að hún starfaði milli þinga. Nefndin fengi þær upplýsingar og þær tillögur sem vinnunefnd hæstv. menntmrh. mun skila af sér, vonandi fyrr en síðar, og síðan starfi mþn. þm. að málinu því að ég er viss um það að það tekur langan tíma að vinna að þessu máli svo að vel sé. Ég vil því leyfa mér að beina því til nefndarinnar, sem verður nú sennilega hv. atvmn., málinu var vísað þangað í fyrra, að hún athugi þetta, athugi hvort ekki væri ástæða til þess fyrir Alþingi að setja niður mþn. sem hefði það verkefni á sinni stefnuskrá að auka tengsl fræðslukerfisins og atvinnulífsins.

Ég vil svo ljúka máli mínu, herra forseti, með því að ítreka og undirstrika það að ég álít að Íslendingar hafi ekki enn þá náð nándar nærri tökum á því að tengja skóla- og fræðslukerfi við atvinnulíf landsmanna. Mér er sagt að þessarar þróunar gæti einnig talsvert víða í Evrópu. Hins vegar held ég, eins og ég hef áður drepið á, að Bandaríkjamenn hafi í þessum efnum náð meiri og sterkari tökum á sínum fræðslumálum en flestar aðrar þjóðir.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að lokinni þessari umr. að leggja til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mig langar til þess, áður en umr. um þetta mál verður frestað, að leggja örfá orð í belg. Ég vil þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir forgöngu hans um að hreyfa þessu máli. Hér erum við að fjalla um mál sem er meðal þeirra stærstu sem renna stoðum undir uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi á næstu árum.

Ef við ætlum að byggja upp atvinnulíf á Íslandi með árangri og ef við ætlum að efla þær atvinnugreinar sem fyrir eru verðum við um leið að hyggja að fræðsluþættinum. Það kemur að harla litlu haldi að leggja stórfé í nýjar fjárfestingar og nýjar greinar ef þess er ekki jafnframt gætt að hafa á að skipa mannafla sem hefur þekkingu til þess að valda þeim verkefnum, sem hefur líka þekkingu til þess að fylgjast með því sem nýjast gerist og best í heiminum á þeim sviðum. Allar þær þjóðir sem náð hafa lengst í efnahagsuppbyggingu á undanförnum árum hafa gert sér þetta ljóst og þær hafa lagt á þetta atriði höfuðáherslu.

Það er vissulega rétt, sem hv. þm. segir, að tillögugerð um þessa hluti getur tekið langan tíma, en sumt af þeim atriðum þarf ekki að taka langan tíma. Sumt af þeim atriðum þarf fyrst og fremst skilning og fjármagn. Og sum af þeim atriðum eru þess eðlis að við höfum ekki ráð á að láta þau bíða í mörg ár. Þá verðum við einfaldlega of sein til þess að geta sinnt með árangri þeirri samkeppni sem við er að etja í framleiðslu ýmissa verðmæta sem á boðstólum eru á heimsmarkaði.

Í okkar landi, sem er land fárra auðlinda, verðum við að hlynna að þeirri auðlind sem hægt er að auka með mannlegum aðgerðum, en það er einmitt þekking fólksins. Og við þurfum þeim mun meira á því að halda að sú auðlind sé virkjuð sem við erum fámenn þjóð. Við ættum ekki að hafa síðri skilyrði til þess að sinna þeim aðgerðum en aðrar þjóðir þótt fjölmennari séu, nema að því leyti til sem við auðvitað fáum færri menn til starfa en aðrar þjóðir, en þeir ættu ekki að vera síður að sér, enda er það mála sannast að t. d. í Háskóla Íslands höfum við á að skipa, ef ég má svo segja, úrvali þekkingar. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að hafa hljóð á fundinum.) Á það við um ræðumann, hæstv. forseti? Ég þykist vita að svo sé ekki. (**Forseti:** Eg geri ráð fyrir að hv. ræðumaður geri sér grein fyrir því að það er verið að biðja um hljóð fyrir ræðumann.) Ég þakka fyrir það, hæstv. forseti. Það er vissulega rétt og oft er rétt að það er þörf á því. Ég verð að segja að oft er ég þakklát fyrir röggsama fundarstjórn hæstv. forseta og svo er nú.

Mig langar til að geta um örfá atriði sérstaklega vegna þeirrar till. sem til umr. er, en í till. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga hvernig unnt er að tengja fræðslukerfið, einkum Há-

skóla Íslands, við atvinnulíf landsmanna framar því sem nú er."

Ég vil skýra frá því að unnið hefur verið í menntmrn. frv. um breyt. á l. um Háskóla Íslands sem einmitt er unnið með þetta markmið fyrir augum. Þetta frv. er nú til umfjöllunar í ríkisstj. og ég vonast til þess að frv. um þetta efni liggi fyrir hér á Alþingi nú fyrir jólin. Það miðar einmitt að því að veita Háskóla Íslands heimild til að tengjast atvinnulífinu með beinni hætti en nú er og gera hann þar með að stofnun sem er í enn meira lifandi tengslum við önnur störf í þjóðfélaginu og einnig að nýta þá mikilsverðu og fjölbreyttu þekkingu sem Háskólinn og starfsmenn hans hafa á að skipa, en það eru menn sem hafa numið með mjög góðum árangri í mörgum tugum bestu menntastofnana heimsins. Ég hygg að svo einkennilegt sem það er sé það e. t. v. því að þakka hve fámenn við erum að Háskólinn býr ekki eingöngu að sínu, heldur hafa íslenskir háskólaborgarar þurft að sækja ýmsa sérmenntun til annarra landa, þannig að við höfum þarna mjög verðmæta þekkingu sem við verðum að nýta sem best.

Þetta atriði vildi ég nefna og einnig það, sem hv. frummælandi vék að, þar sem hann minntist á störf nefndar sem vann að tillögugerð um menntun í sjávarútvegsfræðum. Ákvörðun um það liggur fyrir og tengist tveimur deildum Háskólans. Enn fremur eru í uppbyggingu nýjar greinar, sem hafa mikla þýðingu fyrir nútíma atvinnulíf, nýjar greinar í Tækniskólanum.

Að því er iðnfræðsluna varðar og ýmiss konar annað sérnám vil ég sérstaklega taka fram að ég hygg að við verðum að varast að leggja um of áherslu á að sérnám beri að hefjast sem allra fyrst. Ég held einmitt að þróun síðustu ára í tækni og hraðar breytingar á ýmsum tæknibúnaði atvinnuveganna leiði til þess að grunnfræðsla, fræðsla í ýmsum undirstöðugreinum iðnskólanna t. d., þurfi að vera rækilegri en nú er. Á þetta hafa þeir, sem þeim skólum stjórna, og einnig þeir, sem vinna í ýmsum sérgreinum þar sem hraðastar eru breytingarnar, bent. Ég hygg að þetta sé rétt og sérstaklega eigi þetta við um tungumálakunnáttu og nokkra þekkingu á rafeindasviðinu.

Það væri freistandi að fara út í ýmis fleiri einstök atriði, svo sem áætlun um tölvukennslu og notkun á tölvum í fræðslustörfum. Það verður ekki gert að sinni. Hins vegar vil ég leggja á það áherslu að ég er þeirrar skoðunar að við þurfum á viðhorfsbreytingu að halda. Við höfum talað um það í mörg ár að styrkja betri tengsl skóla og atvinnulífs. Mig grunar að í mörgum tilfellum hafi menn þá fyrst og fremst verið að hugsa um að nemendurnir færu sem fyrst út í atvinnulífið, þátttaka í atvinnulífi væri metin til eininga við námslok o. s. frv. Það er vissulega atriði sem hefur þýðingu. En það sem ég held að hafi meginþýðingu og til langrar framtíðar er að gæði menntunar, sem svo eru nefnd, og þá ekki síst á grunnskólastigi, hafi ómetanlega þýðingu sem grundvöllur atvinnulífs í landinu og framfara í efnahagsmálum. Einkum á þetta við um undirstöðugreinar og á undirstöðuþekkingu að þessu leyti hvílir öll verkmenntunin og hæfni til þátttöku í ýmsum greinum atvinnulífsins.

Að því er varðar fræðsluna á framhaldsskólastiginu aftur á móti ég hygg að þar þurfi að gefa miklu meiri gaum að nánari tengslum eins og við segjum og vissulega hefur það verið til meðferðar í þeirri nefnd sem hv. frummælandi gat hér um. Hún hefur gert tillögur um miklu meiri og nánari upplýsingaöflun og upplýsingastreymi á milli þessara aðila, atvinnuveganna annars vegar og fræðslukerfisins, sem fyrst og fremst kæmi að haldi annars vegar við námsval og hins vegar við uppbyggingu námsgreina.

Það sem ég vil nefna hér, sem ég held að hafi ekki komið verulega til athugunar hér á landi og ég hef hug á að staðið verði að í náinni framtíð, er formlegt samstarf milli yfirvalda fræðslumála og launþegasamtakanna og vinnuveitendasamtakanna hins vegar. Ég hef nokkur gögn fyrir mér í þessu sambandi, en alveg nýlega var haldinn í Parísarborg fundur menntmrh. allra OECD-ríkjanna um þessi málefni, nákvæmlega það sem hér er á dagskrá að því er framhaldsskólastigið varðar og svo gæði grunnmenntunar sem óaðskiljanlegs þáttar uppbyggingar og framfara í efnahagslífi þjóðanna. Það var mjög athyglisvert að á þessum fundi lágu fyrir skýrslur sem voru árangur viðræðna þessara aðila við stjórnir alþjóðalaunþegasamtakanna og alþjóðavinnuveitendasambandsins og margt af þeim hugmyndum á vafalaust rétt á sér í mörgum ríkjanna, þar á meðal hér. Ég vil gjarnan, ef hv. þm. eða sú nefnd sem fengi þetta mál til umfjöllunar hafa hug á því, láta þeim þessi gögn í té.

En allt er þetta mál þess eðlis að þarna held ég að allir alþm. verði að vera jafnvel enn betur á verði en verið hefur. Sérstaklega tel ég að við verðum að hafa það í huga, þegar um það er rætt að mikið fé hafi farið til fræðslumála, að skipulag þeirra mála verður að vera þannig að það beri árangur í því sambandi sem við erum að tala hér um og það stuðli að hinni almennu menntun hvers og eins að sjálfsögðu, en uppbygging atvinnulífsins og uppbygging fræðslukerfisins eru óaðskiljanlegir þættir. Ég vonast til þess að sem allra flestir muni taka afstöðu skv. því. Ég geri mér ljóst að í því fjárhagsárferði sem við búum nú við þykir mörgum það áhorfsmál að veita eigi auknu fé í þennan þátt og það er vitanlega ljóst að horfa verður í því sambandi á þá þætti sem eru óaðskiljanlegir hlutar þessarar uppbyggingar, en ég leyfi mér að vona að svo verði og ég held að sú till. sem liggur hér fyrir geti einmitt stuðlað að bættu viðhorfi að þessu leyti.

Ég vil einnig taka fram, herra forseti, að ég hygg að hugmynd hv. 4. þm. Austurl. um að setja á laggirnar mþn. í þessu sambandi sé skynsamleg því að það sem tengir þingið sem allra best uppbyggingu í þessum málum held ég að hljóti að verða til góðs.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því við hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að þeir væru hér viðstaddir við þá umr. utan dagskrár sem ég er hér að hefja. Ég vil hinkra við og sjá hvort báðir ráðh. eru ekki viðstaddir. (**Forseti:** Það skal tekið fram að hæstv. forsrh. er í húsinu og ég veit ekki betur en hann viti að við erum að byrja. Hér gengur hann í salinn.) Já.

Ástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár í Sþ. eru þau válegu tíðindi, sem fram hafa komið á síðustu dögum, að forseti Bandaríkjanna og

æðstu yfirmenn Bandaríkjahers hafi um árabil veitt til þess formlega heimild að flytja megi kjarnorkuvopn til Íslands á ófriðartímum og miða uppbyggingu herstöðvarinnar í Keflavík við þær fyrirætlanir. Þegar hefur komið fram opinberlega hjá íslenskum ráðherrum að heimildir þessar til að staðsetja ógnarvopn hérlendis hafi verið veittar, ef rétt reynist, án vitundar og vilja íslenskra stjórnvalda og þvert ofan í hátíðlegar yfirlýsingar ekki færri en sjö íslenskra utanrrh. um hið gagnstæða allt frá árinu 1964 að telja. Núv. hæstv. forsrh. kom þannig af fjöllum þegar Ríkisútvarpið innti hann álits á þeim upplýsingum sem Bandaríkjamaðurinn William F. Arkin frá Institute for Policy Studies í Washington veitti honum aðgang að í fyrradag, en þær upplýsingar voru einnig afhentar utanrrh. Geir Hallgrímssyni í gær.

Ég fór þess á leit við þessa hæstv. ráðh. við upphaf þingfundar í gær að þeir yrðu viðstaddir umr. um þetta mál hér í Sþ. í dag, ef leyfð yrði, þar sem ég mundi m. a. beina fsp. til hæstv. utanrrh. Urðu þeir þegar við þeim tilmælum. Hæstv. forseti Sþ. varð síðan við þeirri ósk minni að mál þetta kæmi hér til umr. utan dagskrár á fundi þingsins í dag og vil ég þakka þær undirtektir.

Fullyrða má að sjaldan hafi verið ríkara tilefni en nú til umr. hér á Alþingi Íslendinga um öryggismál landsins, þegar fram hafa komið staðhæfingar, byggðar m. a. á ljósrituðum heimildum frá æðstu stjórn Bandaríkjanna, þar sem Bandaríkjaforseti veitir landvarnaráðuneytinu bandaríska fortakslausa heimild til að koma megi fyrir kjarnorkuvopnum á Íslandi á ófriðartímum. Skv. þessum heimildum var á árinu 1975 um skjalfest leyfi þáv. forseta Bandaríkjanna að ræða um að flytja mætti 48 kjarnorkudjúpsprengjur til Íslands á ófriðartímum til nota gegn kafbátum. William Arkin staðhæfir þessu til viðbótar að slík heimild hafi verið veitt á tímabilinu 1951—1983 árlega og hafði hann séð það skjalfest hjá embættismanni Bandaríkjastjórnar að því er varðar síðasta ár.

Ísland er þarna í hópi landa eins og Bermuda, Azoreyja, Kanada og Puerto Rico auk þeirra ríkja, níu talsins, sem fallist hafa opinberlega á að taka við kjarnorkuvopnum á friðartímum. Ísland er eina fullvalda ríkið sem tekið er inn í þessa heimildaskrá, þar sem ekki liggur fyrir skýr stefna eða formlegt leyfi viðkomandi stjórnvalda um hugsanlega staðsetningu kjarnorkuvopna.

Varðandi Bermuda er m. a. tilgreint í nefndu skjali frá árinu 1975 að fá þyrfti leyfi breskra stjórnvalda til að flytja kjarnorkuvopn til eyjarinnar á ófriðartímum. Enginn slíkur fyrirvari er tilgreindur að því er Ísland varðar, þótt hér hafi því þrásinnis verið lýst yfir af íslenskum ráðherrum að staðsetning kjarnorkuvopna á Íslandi komi ekki til greina. Skv. upplýsingum Williams Arkins hefur forseti Bandaríkjanna þannig um árabil staðfest áætlanir fyrir bandarísk hernaðaryfirvöld sem brjóta þvert gegn þessari yfirlýstu stefnu íslenskra stjórnvalda og varnarsamningnum svonefnda milli Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Lengra er vart hægt að ganga gegn stjórnvöldum og öryggishagsmunum fullvalda ríkis en að draga það inn í áætlanir um kjarnorkuvígbúnað að stjórnvöldum sama ríkis forspurðum og gefa jafnframt út hátíðlegar yfirlýsingar um hið gagnstæða. Hæstv. utanrrh. minntist á það í Ríkisútvarpinu í gærkvöld að bandarísk yfirvöld hafi fyrir fjórum árum gefið út yfirlýsingu um það, eins og hann orðaði það, að þau færu í einu og öllu eftir yfirlýsingu þjóðarleiðtoga Atlantshafsbandalagsríkjanna, sem gefin var út 1957, þess efnis að kjarnorkuvopn væru ekki geymd og þau mundu ekki verða notuð frá neinu ríki Atlantshafsbandalagsins án samþykkis viðkomandi ríkis.

Geir Hallgrímsson hæstv. utanrrh. minntist einnig á það í sama viðtali að skv. varnarsamningnum svonefnda frá 1951 eigi Íslendingar að hafa, eins og hann orðar það, fyrsta og síðasta orðið varðandi hvaða vopn eða hvaða aðstöðu við látum varnarliðinu í té. Lengra verður ekki gengið í að sýna stjórnvöldum í fullvalda ríki lítilsvirðingu en með því að ganga þannig gegn skýrum fyrirvörum og samningsákvörðun eins og hér virðist hafa verið gert. Það á ekki síður við þegar um er að ræða stjórnvöld og ráðamenn sem hafa verið leiðitamir gagnvart óskum bandarískra stjórnvalda um hernaðaraðstöðu eins og dvöl og umsvif herliðsins á Miðnesheiði bera vott um.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð að ríki og svæði, sem koma við sögu í kjarnorkuvopnaáætlunum risaveldanna, eru í sérflokki ef til styrjaldarátaka kemur. Háskinn, sem íbúum þessara landa er búinn, er margfaldur á við það sem er um lönd sem hafa heri eða herstöðvar án kjarnorkuvopna. Er þá raunar vægt til orða tekið.

Það vekur athygli að í umræddri heimild Bandaríkjaforseta til hernaðaryfirvalda um kjarnorkuvígbúnað er hvergi minnst á NATO-ríkin Noreg og Danmörku sem ekki hafa léð máls á að taka við bandarískum herstöðvum eða að veita viðtöku kjarnorkuvopnum. Þetta sýnir m. a. hversu fjarri lagi það er að leggja að jöfnu annars vegar stöðu Íslands og hins vegar Noregs og Danmerkur innan Atlantshafsbandalagsins og gagnvart Bandaríkjum Norður-Ameríku sérstaklega. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem hér liggja fyrir um kjarnorkuvígbúnaðaráætlanir Bandaríkjanna að því er Ísland snertir, verður skiljanlegri afstaða þeirra stjórnmálamanna á öðrum Norðurlöndum sem kunnugastir eru hnútum innan NATO og sem halda vilja Íslandi utan við umræður um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Líklega hafa þeir hinir sömu stjórnmálamenn haft skýrari mynd af áætlunum bandarískra hernaðaryfirvalda í tengslum við Keflavíkurherstöðina en íslenskir starfsbræður þeirra.

Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga þá túlkun á ákvæðum varnarsamningsins frá 1951 að Keflavíkurflugvöllur sé nánast bandarískt yfirráðasvæði en ekki íslenskt. Er hugsanlegt að bandarísk stjórnvöld líti svo á rétt sinn og yfirráð á þessu svæði að þau þurfi af þeim sökum ekki að leita heimildar íslenskra stjórnvalda vegna áætlana um að flytja kjarnorkusprengjur inn á vallarsvæðið á ófriðartímum og komist þar af leiðandi af með minna en t. d. gagnvart Bermuda og breskum stjórnvöldum?

Ekki er ólíklegt að bandarísk stjórnvöld vefengi eða reyni að gera sem minnst úr þeim upplýsingum sem William Arkin hefur nú komið á framfæri við íslenska ráðherra. E. t. v. eigum við eftir að heyra að aldrei hafi staðið til að sniðganga íslensku ríkisstjórnina ef til kastanna kæmi um flutning kjarnorkuvopna til landsins. Það hafi aðeins gleymst að segja þeim Geir Hallgrímssyni, Ólafi Jóhannessyni, Benedikt Gröndal og Einar Ágústssyni, sem var utanrrh. Íslands árið

1975, frá heimild Bandaríkjaforseta um að flytja megi kjarnorkuvopn til Keflavíkur á ófriðartímum, 48 kjarnorkusprengjur á árinu 1975, svo ekki sé minnst á forsætisráðherra Íslands á sama tíma, þ. á m. samtal þeirra Steingríms Hermannssonar hæstv. forsrh. og George Bush varaforseti Bandaríkjanna fyrir ekki löngu síðan sem hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni í Ríkisútvarpinu í gær.

Sú staða, sem nú blasir við, kallar ekki aðeins á einörð viðbrögð af Íslands hálfu, vegna þess að svo virðist sem farið hafi verið gróflega á bak við íslensk stjórnvöld í lífshagsmunamáli í bókstaflegri merkingu. Verði framkomnum upplýsingum ekki hnekkt á afdráttarlausan hátt hljóta Íslendingar að verða að endurskoða frá grunni afstöðu sína til þeirrar hernaðaraðstöðu sem Bandaríkjunum var veitt hér með samningi árið 1951, þeirra framkvæmda sem heimilaðar hafa verið á undanförnum árum og ráðgerðar eru, svo sem um nýja stjórnstöð hersins í Keflavík, olíubirgðastöð og herskipalægi í Helguvík og nýjar ratsjárstöðvar á öllum landshornum, svo fáein dæmi séu nefnd. Ekki getur það heldur orkað tvímælis að þessar framkvæmdir og áætlanir um hernaðaraðstöðu hér blasa við í allt öðru ljósi ef þær eru skoðaðar í tengslum við áætlanir um að nota herstöðina í Keflavík í tengslum við kjarnorkustríðsátök, eða á ófriðartímum.

Hæstv. utanrrh. hefur þegar bent á það í viðtölum á síðasta sólarhring, bæði við Ríkisútvarpið og dagblöð, að áætlanir í þessa átt, samþykktar á bak við íslensk stjórnvöld, væru að hans mati brot gegn hátíðlegum yfirlýsingum og samningsbundnum skuldbindingum Bandaríkjanna gagnvart Íslandi. Það tel ég eðlileg og ótvíræð viðbrögð í miklu alvörumáli sem hlýtur að vera hafið yfir alþekktar deilur og ólíka afstöðu til herstöðvar Bandaríkjanna hérlendis á meðan kjarnorkuvopn voru ekki talin koma þar neitt við sögu. Ég tel hins vegar skrif eins og þau sem lesa má í ritstjórnargrein Morgunblaðsins í dag vera dæmi um hið gagnstæða við viðbrögð hæstv. utanrrh. og sýni hvernig þar er brugðist við í örlagaríku máli með lágkúru og skætingi. Ég spara mér, herra forseti, að styðja þau orð mín með tilvitnunum í Morgunblaðið að þessu sinni.

Upplýstranir Williams Arkins um áform bandarískra hernaðaryfirvalda, sem staðfest voru, að hans sögn, um árabil af forseta Bandaríkjanna, gera það að mínu mati óhjákvæmilegt að Alþingi Íslendinga taki af öll tvímæli um afstöðu til kjarnorkuvopna á Íslandi og lýsi því afdráttarlaust yfir og lögfesti að hér skuli aldrei vera staðsett kjarnorkuvopn eða aðstaða þeim tengd, jafnt á friðar- sem ófriðartímum. Það er með öllu óviðunandi að í slíku máli ríkti einhver óvissa og að það geti verið talið á valdi ríkisstj. á hverjum tíma og jafnvel utanrrh. eins hvort slík heimild verði veitt.

Ég óskaði eftir því að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umr. í dag eins og ég hef þegar um getið og ég vænti þess að hann tjái sig um viðhorf til framkominna upplýsinga og staðhæfinga. Sérstaklega vil ég inna hann eftir afstöðu hans til þess að Alþingi taki af tvímæli um að ekki geti til þess komið að kjarnorkuvopn verði staðsett hérlendis, hvort sem um er að ræða friðar- eða ófriðartíma að einhverra mati. Einnig vil ég spyrja hann hver fari með það vald að hans dómi að bregðast við hugsanlegri beiðni af hálfu NATO eða Bandaríkjastjórnar að flytja hingað kjarnorkuvopn á meðan Alþingi hefur ekki afdráttarlaust markað stefnu um þetta með löggjöf eða ótvíræðri yfirlýsingu. Er það utanrrh. landsins einn eða ríkisstjórn Íslands í heild?

En sérstaklega beini ég hér fsp. til hæstv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar, sem hann hefur lýst sig fúsan til að svara hér við þessa umr., og þær eru eftirfarandi:

1. Hver eru viðbrögð utanrrn. við framkomnum upplýsingum Williams Arkins þess efnis að Bandaríkjaforseti hafi um árabil staðfest heimildir til bandarískra hernaðaryfirvalda um að flytja megi kjarnorkusprengjur til Íslands á ófriðartímum?

2. Telur hæstv. utanrrh. ekki þörf á að endurmeta afstöðu íslenskra stjórnvalda til herstöðvarinnar á Miðnesheiði, nýlegra framkvæmda þar og framkvæmdaáforma, m. a. um nýjar ratsjárstöðvar, í ljósi framkominna upplýsinga?

3. Hver er afstaða utanrrh. til þess að tekin verði af tvímæli um það af Alþingi, t. d. með löggjöf, að ekki komi til greina að hér verði heimilað að staðsetja kjarnorkuvopn hvort sem um er að ræða friðar- eða ófriðartíma?

Ég vænti þess, herra forseti, að ég fái skýr svör við þessum fsp. í ljósi þeirrar stöðu, sem mál þetta er í nú, og ég vænti þess að þessar umr. hér, sem ég taldi óhjákvæmilegt að hefja, verði til þess að á þessum málum verði tekið af Alþingi og íslenskum stjórnvöldum í ljósi þess um hve afdrifaríkt mál er hér að ræða.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Til mín hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beint þrem fsp. Fyrsta fsp. var um það hver viðhorf utanrrh. og rn. væru til fram kominna upplýsinga Arkins um það að forseti Bandaríkjanna hefði heimilað flutning á kjarnorkuvopnum til Íslands á ófriðartímum. Eins og hv. þm. gat um í ræðu sinni afhenti Arkin þessi forsrh. og mér ljósrit af fjórum blaðsíðum úr stærra skjali og tjáði skjalið hafa inni að halda það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um, heimildir forseta Bandaríkjanna varðandi geymslu og notkun kjarnorkuvopna.

Ég tók þá afstöðu strax að rétt væri að fá fram skýringar Bandaríkjastjórnar á tilvist þessa skjals og innihaldi áður en ályktanir eru dregnar af því sem á þessum fjórum blaðsíðum má sjá. Ég tel það allsendis ófullnægjandi umræðugrundvöll að þessar fjórar blaðsíður einar séu forsenda umr. um svo alvarleg mál sem geymsla og notkun kjarnorkuvopna er. Þess vegna tel ég ekki tímabært að fara langt út í efnisatriði málsins og tel að það verði að bíða þess að frekari upplýsinga sé aflað, sem ég hef þegar gert ráðstafanir til að komi sem allra fyrst.

Ég vil ítreka það að ef út úr þessu skjali má lesa að Bandaríkjastjórn eða forseti Bandaríkjanna hafi veitt heimild til flutnings á kjarnorkuvopnum til Íslands án heimildar íslenskra yfirvalda, þá er hér um að ræða brot á varnarsamningnum, þá er hér um að ræða brot á yfirlýsingu leiðtoga Atlantshafsbandalagsins frá 1957, sem hefur gilt um meðferð og geymslu kjarnorkuvopna meðal bandalagsþjóða, og þá er, að því er ég best veit, um að ræða brot gegn bandarískum lögum sem fjalla um vörslu kjarnorkuvopna.

Önnur fsp. var sú, hvort ekki væri þörf á að endurskoða, í ljósi fram kominna upplýsinga, þær framkvæmdir sem unnið er að á Keflavíkurflugvelli eða

farið hefur verið fram á að hafnar yrðu af varnarliðinu á Íslandi.

Ég tel enga ástæðu til þess að byggja á framkomnum upplýsingum Arkins að svo stöddu og geymi mér þess vegna að draga ályktanir af því skjali, eins og ég gat um í svari mínu við fyrstu fsp.

Í þriðja lagi var spurt hvort það væri ekki mín skoðun að nauðsynlegt væri að Alþingi gerði með formlegum hætti samþykkt er varðaði geymslu kjarnorkuvopna hér á landi, eða réttara sagt bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna hér á landi.

Mitt svar við þeirri spurningu er að ég tel stefnu íslenskra stjórnvalda og stefnu Íslendinga, hvað snertir geymslu og vörslu kjarnorkuvopna, vera svo skýra og afdráttarlausa að þess gerist í raun ekki þörf. Það er öllum ljóst að Íslendingar og íslensk stjórnvöld hafa lýst því margsinnis yfir að hér væru ekki geymd kjarnorkuvopn og hér ætti ekki að geyma kjarnorkuvopn. Í þeim efnum er því út af fyrir sig ekki frekari aðgerða þörf. Og undir engum kringumstæðum er ástæða til að rjúka til þess vegna þessara upplýsinga Arkins, sem hv. þm. vitnaði til, því að Bandaríkjamenn — ef þær upplýsingar skyldu vera á einhverjum rökum byggðar — hafa enga afsökun að vita ekki hver stefna og afstaða íslenskra stjórnvalda er.

Ég get rakið það hér, til þess að upplýsa málið frekar, að út af fyrir sig eru upplýsingar Arkins nú ekki nein ný bóla. Arkin þessi kom af stað sögusögnum fyrir fjórum árum um að hér væru geymd kjarnorkuvopn á friðartímum. Það fyrsta sem hann sagði við mig, þegar hann hitti mig að máli í gær, var að hann hefði haft á röngu að standa. Út frá þessum röngu upplýsingum fyrir fjórum árum voru boðaðir og haldnir a. m. k. þrír ef ekki fjórir fundir í utanrmn. þar sem menn sátu klukkutímum saman til að fjalla um þessar röngu upplýsingar. Ég held að þessi reynsla sýni okkur að okkur ber að leita betri upplýsinga og skýringa áður en við hefjum málefnalegar umr. á grundvelli þess sem nú er fram komið.

Forveri minn, Ólafur Jóhannesson heitinn, tók þeim fréttum fyrir fjórum árum alvarlega, alveg eins og ég tek mjög alvarlega við þessum fréttum sem Arkin telur sig flytja nú. Ég held að rétt sé að rifja upp þá yfirlýsingu sem þáverandi utanrrh. Ólafur Jóhannesson gaf 11. ágúst 1980 og byggð var á yfirlýsingu sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi þann sama dag, en sú yfirlýsing var gefin í umboði bandarískra stjórnvalda. Yfirlýsing þáverandi utanrrh. Ólafs Jóhannessonar var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýsing sendiherra Bandaríkjanna, sem hann gefur fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar, vísar til tveggja skuldbindinga, sem leiða til þess að bandarísk kjarnavopn verða ekki flutt til Íslands nema fyrir liggi samkomulag Íslands og Bandaríkjanna þar að lútandi, og áréttar að þetta sé í samræmi við stefnu Bandaríkjanna.

Hin fyrri er samþykkt leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsríkjanna frá des. 1957 um staðsetningu kjarnavopna og flugskeyta í Evrópu til mótvægis við vaxandi vígbúnað Sovétríkjanna. Þessi samþykkt kveður skýrt á um að slíkum vopnum verði ekki komið fyrir í neinu Evrópuríki nema með fullu samkomulagi þeirra ríkja sem málið snertir beint, þ. e. þess ríkis sem vopnin eru flutt til og þess ríkis sem þau koma frá.

Síðari skuldbindingin felst í 3. gr. varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Skv. henni er það háð samþykki Íslands með hverjum hætti varnarliðið hagnýti þá aðstöðu á Íslandi sem veitt er með varnarsamningnum. Og er þá m. a. átt við fjölda varnarliðsmanna, vopnabúnað og framkvæmdir á varnarsvæðinu.

Af hálfu Bandaríkjamanna hafa ekki verið settar fram óskir um staðsetningu neinna tegunda kjarnavopna á Íslandi og ekki hafa heldur af hálfu neinna annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins eða herstjórna þess verið gerðar athugasemdir við þá stefnu Íslands að hér skuli ekki vera kjarnavopn.

Stefna íslenskra stjórnvalda í þessu efni hefur alla tíð verið skýr og ótvíræð. Hafa ekki færri en fimm íslenskir utanrrh. gefið opinberar yfirlýsingar um þessa stefnu, auk þess sem hún hefur hvað eftir annað verið áréttuð á ráðherrafundum Atlantshafsbandalagsins, t. d. á fundi Atlantshafsráðsins í Brüssel í des. 1979 og nú síðast á fundinum í Ankara í júnílok s. l. Ummæli mín þar voru á þessa leið:

„Ég vil við þetta tækifæri ítreka þær yfirlýsingar, sem fyrirrennarar mínir hafa gefið hér í ráðinu, þess efnis að það er og hefur ætíð verið eitt af grundvallaratriðum íslenskrar varnarmálstefnu að engin kjarnavopn skuli vera í landinu. Og ég er þess fullviss að engin íslensk ríkisstjórn getur samþykkt að falla frá þeirri stefnu."

Við þessa yfirlýsingu var engin athugasemd gerð. Ég fagna því að Bandaríkjastjórn hefur orðið við þeim tilmælum sem ég setti fram og ræddi síðan við utanrrh. Bandaríkjanna á Ankara-fundinum, að hún staðfesti afstöðu sína í málinu með opinberri yfirlýsingu. Þar með liggja óvefengjanlega fyrir yfirlýsingar beggja aðila."

Þetta var yfirlýsing þáv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar 11. ágúst 1980. Ég vil bæta við þá yfirlýsingu að á fyrsta fundi Atlantshafsráðsins, sem ég sat í París vorið 1983, tók ég fram og ítrekaði og staðfesti þessa sömu stefnu Íslendinga varðandi kjarnavopn. Það hefur heldur engin athugasemd verið gerð við þennan fyrirvara Íslendinga varðandi kjarnavopn. Þess vegna er full ástæða til að ætla að þessi ákvörðun og stefna okkar sé virt, hvort heldur er á friðar- eða ófriðartímum, þ. e. að það sé á valdi íslenskra stjórnvalda hvort hér séu geymd kjarnavopn eða ekki.

Ég hlýt í þessu sambandi að mótmæla þeim stórhættulega skilningi, sem á sér raunar enga stoð í orðalagi varnarsamningsins eða í framkvæmd hans, að Keflavík sé bandarískt svæði en ekki íslenskt, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um hér í ræðu sinni, og það kunni að vera skýring þess að Bandaríkin telji sig ekki þurfa að spyrja okkur Íslendinga um leyfi. Þetta er staðhæfing sem nálgast það að flokkast undir landráð í þeim skilningi að réttindi landsins séu dregin í efa. Skv. varnarsamningnum er það einmitt skýrt að Íslendingar ráði yfir öllu sínu landi og þar á meðal varnarsvæðunum. Og það er ekkert sem fram fer á varnarsvæðunum sem á þar að eiga sér stað nema Íslendingar hafi gefið til þess leyfi sitt.

Ég hef lagt á það áherslu sem utanrrh. að Íslendingar fylgdust betur með en þeir hafa gert varðandi áætlanir Atlantshafsbandalagsins til varnar og öryggis Íslandi og til varnar og öryggis öðrum bandalagsþjóðum. Ég hef talið það nauðsynlegt til að Íslendingar sjálfir tækju ákvarðanir um þær framkvæmdir, sem hér á landi eiga

sér stað í þágu lands og þjóðar og í þágu allra bandalagsþjóðanna, vegna þess að auðvitað er það, sem er gert til öryggis einu meðlimaríkjanna, þeim öllum til varnar um leið. Þess vegna erum við í varnarbandalagi að við einir megnum ekki að tryggja öryggi landsins. Það er engin minnkun vegna þess að stærri þjóðir en við eru í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna alveg af sömu ástæðu. Það er samstaða frjálsra lýðræðisríkja Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku sem tryggir frið og frelsi í okkar heimshluta og hefur nú gert það í meira en 35 ár.

Ég get nú í raun og veru látið lokið máli mínu. En ég vil taka það fram að ég er fylgjandi því að Alþingi feli nefnd manna að kanna öll þau mál er lúta að öryggi og vörnum Íslands og þátttöku Íslands í afvopnunarmálum. Fordæmi þessa eru mörg, frá þjóðþingum Norðurlanda m. a. Við sjáum það líka á yfirstandandi þingi svo og hinu síðasta að tillögur eru hér fluttar um þessi efni og það er ekkert nema gott um það að segja. En ég hygg að hér sé um svo flókin mál að ræða og íhugunarverð að ástæða sé til að gefa sér tíma t. d. fram að næsta Alþingi til að fjalla ítarlega um allar hliðar þessara mála, bæði stöðu Íslands og afvopnunarmál í heiminum almennt, svo að réttmætt sé að slík nefnd manna starfi og sé ætlaður sá tími til starfa sem ég gat um. Enda gæti slík nefnd notið góðs af slíkum upplýsingum sem fyrir hendi eru í utanrrn. og hjá öryggismálanefnd sem ég hygg að hafi unnið mjög þarft og gott starf.

Ég ítreka svo aðeins að lokum að ég mun ganga ríkt eftir því að fyllstu upplýsinga sé aflað varðandi þau skjöl sem Arkin afhenti mér og forsrh. í gær og í fyrradag. En á meðan málið er ekki upplýst og forsendur málsins ekki betur kunnar tel ég að tíma okkar sé betur varið í annað en að ræða um það sem ekki liggur ljóst fyrir.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skil það mætavel að meintar upplýsingar um heimild til þess að staðsetja kjarnorkuvopn hér á landi á ófriðartímum veki menn til alvarlegrar umhugsunar um þetta kjarnorkuvopnakapphlaup í heiminum, og stöðu okkar Íslendinga í því sambandi. Mér finnst eðlilegt að því máli sé hreyft hér á hinu háa Alþingi.

Hv. fyrirspyrjandi hefur lagt fyrir mig tvær spurningar. Í fyrsta lagi spyr hann hvort ég telji rétt að Alþingi taki af skarið og lýsi því yfir að á Íslandi skuli ekki staðsett kjarnorkuvopn án heimildar íslenskra stjórnvalda. Ég tel að slíkt geti vissulega komið til greina. Þó legg ég á það mikla áherslu, sem kom fram mjög glöggt í máli hæstv. utanrrh., að íslensk stjórnvöld hafa lýst þessu yfir ítrekað, aftur og aftur, allt frá því að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og íslensk stjórnvöld hafa ríka ástæðu til að álykta að þetta sé móttekið og þessu ekki andmælt á nokkurn máta af Bandaríkjunum eða öðrum meðlimaríkjum Atlantshafsbandalagsins.

Hér hefur verið nefnt það, sem ég gat um í Ríkisútvarpi, að ég nefndi þetta atriði í viðtali við varaforseta Bandaríkjanna. Af hans hálfu kom fram að á þessu hefðu Bandaríkjamenn fullan skilning. Ég tel mikilvægast nú að gengið sé eftir svörum við því skjali sem fram hefur verið lagt til okkar utanrrh. og mín og skýringar á því fengnar og síðan taki ríkisstj. t. d. í samráði við utanrmn. Alþingis afstöðu til þess hvort nauðsynlegt er á einn máta eða annan að ítreka þessa afstöðu íslenskra stjórnvalda.

Hv. þm. spyr einnig hvort utanrrh. einn fari með valdið ef leitað verður heimildar til að staðsetja kjarnorkuvopn hér á landi eða hvort ríkisstj. í heild hljóti að fjalla um það. Tvímælalaust hlyti ríkisstj. í heild að fjalla um slíkt. Það væri vægast sagt mjög róttæk breyting á yfirlýstri stefnu Íslands í þessum málum og stefnu allra stjórnmálaflokka og hlyti að koma til kasta þeirra flokka sem stæðu að ríkisstj. þegar og reyndar ef slík tilmæli kæmu. Ég tel því engum tvímælum undirorpið að ríkisstj. öll hlyti að fjalla um slíkt.

Hv. þm. varpaði fram spurningu um annað, sem ég veit ekki hvort beint var til mín eða hæstv. utanrrh., m. a. um hugmyndir um nýjar ratsjárstöðvar sem ég hygg að ekki hafi verið svarað í ræðu hæstv. utanrrh. Ég vil þess vegna geta þess að ég notaði tímann og spurði þennan ameríska sérfræðing um álit hans á slíkum hlutum. Hann orðaði það svo að þessar hugmyndir um ratsjárstöðvar teldi hann mikið smámál og gæti ekki séð að þær stofnuðu til aukinnar hættu fyrir Íslendinga. Hann gat þess að þetta væru litlar stöðvar og ekki af þeirri gerð sem sér yfir sjóndeildarhringinn t. d. Hér væri fyrst og fremst um viðleitni ameríska flotans að ræða til að spara í rekstri mjög kostnaðarsamra flugvéla, svo kallaðra AWACS-flugvéla sem halda yrði á lofti stöðugt og flotanum hefði ekki tekist að fá heimild til að fjölga í sinni þjónustu. Þær væru bæði mjög kostnaðarsamar og dýrar í rekstri. Hann nefndi að hann teldi nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að fullvissa okkur um það að við gætum haft þau afnot af svona ratsjárstöðvum sem um væri talað, þær væru ekki eingöngu í hernaðarskyni. Mér þykir rétt að þetta komi fram af því að þetta bar á góma á þeim fundi sem ég átti með umræddum sérfræðingi.

Ég vil svo leggja á það áherslu að brugðið var strax við þegar þessar upplýsingar komu fram á þann máta sem ég tel rétt. Utanrrh. hæstv. kvaddi á sinn fund þann mann sem gegnir störfum ameríska sendiherrans hér í fjarveru hans, og hefur krafið hann um skýringar á þessum skjölum.

Það kom fram hjá hæstv. utanrrh. að hér er um fylgiskjöl að ræða við augsýnilega miklu stærra skjal. Þó að ég hafi enga ástæðu til að vefengja þetta skjal er að sjálfsögðu ekki hægt að staðfesta það á nokkurn máta fyrr en á því hafa fengist haldgóðar skýringar frá amerískum stjórnvöldum og þessu ber að hraða. Þegar þær liggja fyrir mun ríkisstj. taka afstöðu til málsins að nýju og þá mun um það verða haft samráð utanrmn.

Svavar Gestsson: Í ræðu sinni hér áðan, herra forseti, komst hæstv. utanrrh. þannig að orði, að ummæli sem hv. 5. þm. Austurl. hafði hér áðan nálguðust það að falla undir landráð. Ég hygg að það sé einsdæmi að landráðabrigsl af þessu tagi séu flutt af ráðh. úr þessum ræðustól. Ég get ekki látið hjá líða, áður en þessi umr. heldur lengra áfram, en mótmæla þessum svívirðingum hæstv. untanrrh. á alþm. sem bera fram mál sitt hér. Ég tel einnig að það væri eðlilegt að hæstv. forseti vítti ráðh. fyrir ummæli af þessu tagi.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel ekki ofmælt það sem ég sagði í ræðu minni, hafi ég tekið rétt niður eftir hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, þar sem

hv. þm. hélt því fram að það gæti verið afsökun fyrir Bandaríkin að hafa í hyggju að geyma kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli að samkvæmt varnarsamningnum væri Keflavíkurflugvöllur bandarískt svæði, eða þeir litu svo á, en ekki íslenskt. Að leggja lið slíkum skilningi á varnarsamningnum er vissulega ekki í samræmi við íslenska hagsmuni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er kannske eðlilegra að aðrir en ég fari að leggja mat á þau ummæli sem féllu hjá hæstv. utanrrh. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega svör hans, en mun gera það síðar við umr.

Ég tel rétt að fram komi hér þau orð sem ég viðhafði og leyfi mér að endurtaka þau vegna þess sem fram kom. Þau voru þannig, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga þá túlkun á ákvæðum varnarsamningsins frá 1951 að Keflavíkurflugvöllur sé nánast bandarískt yfirráðasvæði en ekki íslenskt. Er hugsanlegt að bandarísk stjórnvöld líti svo á rétt sinn og yfirráð á þessu svæði að þeir þurfi af þeim sökum ekki að leita heimildar íslenskra stjórnvalda vegna áætlana um að flytja kjarnorkusprengjur inn á vallarsvæðið á ófriðartímum og komist þar af með minna en t. d. gagnvart Bermuda og breskum stjórnvöldum?"

(**Gripið fram í:** Hvaðan er sú túlkun komin sem ræðumaður vitnar til?) Þessi túlkun hefur oft heyrst í sambandi við umr. um þessi mál. (**Gripið fram í:** Frá hverjum?) Ég er ekki að staðhæfa frá hverjum hún er komin né heldur er ég hér með tilvitnanir, en hún er þekkt og hv. alþm. þekkja hana væntanlega frá umr. um þessi efni.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er bersýnilegt á þeim orðum sem hv. 5. þm. Austurl. las upp úr ræðu sinni áðan að hæstv. utanrrh. hefur tekið rangt eftir því sem þm. sagði. Þess vegna held ég að það sé góð regla fyrir ráðh. og aðra að leggja sig fram um að taka rétt eftir áður en þeir fara að bera landráðabrigsl á einstaka alþm.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur verið talað um að forseti ætti e. t. v. að gera athugasemdir við þau ummæli sem hér hafa verið viðhöfð og gerð athugasemd við. Skv. 69. gr. þingskapa ber forseta undir vissum kringumstæðum að víta þm. ef þm. eru bornir brigslyrðum. Ég hef áður lýst því að ég tel að forseta beri að fara með gát með þetta vald og betra sé að það sé frekar vangert en ofgert í að beita því. Að sjálfsögðu getur oft verið um álitamál að ræða. En ég hygg að það sem ræður úrslitum í þessu tilfelli sé að talað var um að það nálgaðist ákveðinn verknað en ekki staðhæft að hann hefði verið framinn. Því er þessu máli lokið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það mál sem hér er í raun til umfjöllunar er vissulega mjög alvarlegt, en ég tel að það sé farsælast fyrir okkur að spara okkur stóryrðin þangað til málið er að fullu upplýst. Ég lýsi yfir ánægju með fyrstu viðbrögð utanrrh. í þessu máli þess efnis að fá betri upplýsingar um það mál sem hér er til umfjöllunar.

Við skulum líta á hvað hefur gerst. Eftir því sem við erum upplýst um, án þess að hafa fengið nokkuð að sjá, hefur bandarískur maður, Arkin að nafni, afhent forsrh. og utanrrh. ljósrit af nokkrum blaðsíðum úr skjali og þetta skjal sagði hæstv. utanrrh. að nefndur bandarískur aðili, Arkin hefði tjáð þeim að fjallaði um heimildir Bandaríkjaforseta varðandi staðsetningu á kjarnorkuvopnum. Nú hef ég ekki séð skjalið, en maður hlýtur að spyrja sig hvort það hafi ekki ótvírætt mátt lesa af þessu skjali hvers efnis það hafi verið. Maður hlýtur líka að spyrja hvort ekki sé hugmyndin að neinir aðrir fái að sjá þessar ljósrituðu síður, sem virðast vera brot úr stærra plaggi ef ég skildi hæstv. utanrrh. rétt.

Þessi aðili, Arkin frá Bandaríkjunum, hefur áður verið með fullyrðingar um að hér væru nú kjarnorkuvopn, eins og upp hefur verið rifjað. Það reyndist rangt. Hann hefur játað að það sé rangt. Sú saga hans í þessu máli gefur auðvitað fyllsta tilefni til þess að við verðum enn þá varfærnari í umr. okkar á grundvelli staðhæfinga frá þessum aðila. Þess vegna finnst mér rangt, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði áðan, að ganga út frá staðhæfingum hr. Arkin sem staðreyndum og hafa síðan uppi stóryrði í þessu máli.

Í þessu máli hlýtur það að vera meginatriði fyrir okkur að fara einmitt að eins og mér sýnist að hæstv. utanrrh. sé að gera, að fá hinar fyllstu upplýsingar um þetta mál og þá í fyrsta lagi að fá viðbrögð bandarískra stjórnvalda við því sem hér er um að ræða, en jafnframt hljóta íslensk stjórnvöld að gera það sem í þeirra valdi stendur til að afla sér sjálfstæðra upplýsinga um hvað sé hér á ferðinni. Við hljótum að hafa uppi okkar eigin eftirgrennslan. Ef hr. Arkin hefur á réttu að standa skal hann hafa þökk fyrir upplýsingarnar, en ef hann hefur enn einu sinni á röngu að standa held ég að ekki sé ráðlegt fyrir hann að koma hér öllu oftar með staðhæfingar. Meginatriði málsins er að hér er um alvarlegt mál að ræða. Því hljóta menn að taka hverjar þær ábendingar sem fram koma til athugunar til þess að afla sér fyllstu upplýsinga í málinu, og mér sýnist að hæstv. utanrrh. hafi farið hárrétt að í þessum efnum, en jafnframt hljótum við að hafa uppi okkar eigin eftirgrennslanir til að ganga úr skugga um hvað hér sé á ferðinni.

Ég vil líka ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að mér finnst að hæstv. ráðh. hefðu kannske átt að ganga harðar að hr. Arkin en mér virðist, af því sem þeir hafa hér upplýst, um það hvernig þetta plagg væri til komið, hvernig þess hefði verið aflað. Jafnframt sýnist mér að utanrmn. -menn hljóti að gera kröfu til þess a. m. k. að þeir fái aðgang að þessum upplýsingum, þannig að þeir geti metið sjálfir hvernig þeim virðist þær vera.

Stefna íslenskra stjórnvalda í þessum efnum hefur verið mjög skýr, og hún hefur verið rifjuð upp, um það að Íslendingar vilja ekki að hér séu staðsett kjarnorkuvopn. Ég tek undir það, sem hæstv. utanrrh. sagði, að sé hér um raunverulega ákvörðun að ræða, staðfesta af Bandaríkjaforseta, er það vitaskuld brot á varnarsamningnum og brot á fleiri samkomulögum sem gerð hafa verið, og hlýtur það að teljast mjög alvarlegt. Nú vitum við ekki hvers konar viðbrögð við fáum frá Bandaríkjastjórn. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að þau gætu sjálfsagt orðið af ýmsu tagi, eins og því að meiningin hafi alltaf verið að afla heimildar íslenskra stjórnvalda. Við skulum meta þau viðbrögð þegar þar

að kemur og ef þau reynast ekki fullnægjandi, ekki svarað þeim spurningum sem við berum fram, hljótum við að halda áfram frekari eftirgrennslan. En dóma í þessu máli skulum við geyma okkur þangað til það er upplýst.

Ég sagði áðan að stefna íslenskra stjórnvalda væri skýr og ég tel að svo sé. Ég held að það gildi um alla flokka hér á Alþingi að þeir séu þeirri stefnu eindregið fylgjandi, sem hér hefur ríkt, að hér skuli ekki staðsett kjarnorkuvopn. Sú stefna hefur ítrekað komið fram. Ég rifja þetta upp vegna þess að hér hefur aðeins komið til umfjöllunar hvort ástæða væri til þess fyrir Alþingi að taka af öll tvímæli um þetta atriði með löggjöf eða þáltill. Ég held menn ættu að hugsa sig aðeins um áður en þeir stíga það skref. Sannleikurinn er sá að uppi er umræða um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum. Mér sýnist að löggjöf eða þál. um þetta efni væri það skref sem menn væru að stíga um leið og þeir vildu lýsa því yfir og í því fælist að menn væru hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði. Skilningur okkar í Alþfl. hefur verið sá að við teldum mjög æskilegt að komið yrði á kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum, en við höfum ævinlega litið svo til að við ættum ekki að gera það einhliða, heldur ætti það að vera hluti af heild. Við vildum t. d. fá viðurkenningu stórveldanna á því að þau mundu virða slíkt svæði og ábyrgjast og við gerðum kröfu til þess að um einhver viðbrögð yrði að ræða, tilslakanir ef menn vilja svo kalla það, af hálfu t. d. Sovétríkjanna. Þess vegna segi ég að menn ættu að hugsa sig um áður en þeir stíga skref af þessu tagi varðandi löggjöf eða þáltill., vegna þess að mér virðist, við fyrstu sýn a. m. k., að það mundi jafngilda yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus svæði, og það tromp vil ég eiga til að þrýsta á um frekari afvopnun í kringum okkur, en ekki að gefa slíka einhliða yfirlýsingu án þess að eitthvað komi á móti. Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni í tilefni af þeim umr. sem hér hafa farið fram um þetta efni og í tilefni af ummælum hæstv. forsrh.

Í ræðu sinni stakk hæstv. utanrrh. upp á því að sett yrði á fót nefnd til að fjalla um öryggismál Íslands, fyrirkomulag þeirra svo og um afvopnunarmál. Ég tel að þetta sé merk yfirlýsing hjá hæstv. ráðh. og það gæti orðið mjög til góðs að slík nefnd yrði einmitt sett á fót til að fjalla um þessi atriði. Að því leytinu er ég mjög ánægður með að hæstv. utanrrh. skyldi taka svo til orða sem hann gerði hér áðan og gera tillögu um þetta efni. Vitaskuld er viðfeldnast í þessum efnum að frumkvæði um þetta mál komi frá ráðh. sjálfum. Ég fagna því þessari yfirlýsingu.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég sagði að þær upplýsingar, sem við hefðum um þetta mál, væru ákaflega takmarkaðar. Við leggjum áherslu á að það verði upplýst. Við teljum nauðsynlegt að það verði gert með eins ítarlegum hætti og mögulegt er og að íslenskir aðilar grípi til þeirra aðgerða til að upplýsa þetta mál sem bestar kunna að verða. En dóma skulum við ekki fella fyrr en upplýsingarnar liggja fyrir og það er í raun kjarni málsins. Umr. um málið sjálft eiga að fara fram þegar það er upplýst. Nú á að ræða með hvaða hætti með skuli fara þær staðhæfingar sem fram hafa komið. Þess vegna hef ég fyrst og fremst gert það að umtalsefni í ræðu minni og látið í ljós ánægju með viðbrögð utanrrh. að því er varðar upplýsingar frá Bandaríkjastjórn, en jafnframt bent á að nauðsynlegt sé að við könnum málið sérstaklega og sjálfstætt sjálfir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mér hefur oft dottið í hug á undanförnum misserum þegar fjallað er um varnarmál, NATO og þess háttar, að viðbrögð íslenskra stjórnvalda eru um margt lík því þegar börn spyrja foreldra sína fyrstu spurninganna um kynlíf. Það sem heyrist gjarnan er: Þetta er nú svo flókið, væna mín, hafðu engar áhyggjur af þessu, þetta kemur í ljós, við skulum nú ekki flana að neinu. Ég minnist þess að þegar ég var ungur fann ég í kofforti heima hjá mér bók sem hét „Hverju á ég að svara barninu mínu?“ og fjallaði um þau mál.

Ég held að það sé kominn tími til þess að íslensk stjórnvöld komi sér upp bók um varnarmál og hermál sem gæti heitið „Hverju á ég að svara þjóðinni minni?“ eða „Hverju á ég að svara þinginu mínu?“ Ég held að þessi þögn verði að fara að rofna. Ég held að við verðum að fara að gera það ljóst að það sé til einhver kunnátta, að það sé til einhver stefna, íslensk stefna í varnar- og öryggismálum.

Það er afar lærdómsríkt að líta á viðbrögð stjórnvalda núna við upplýsingum Williams Arkins. Það eru í raun sáralitlar upplýsingar lagðar fram af hálfu stjórnvalda. Það eru ítrekaðar yfirlýsingar íslenskra forráðamanna á undanförnum árum um hvernig Íslendingar vilji hafa þessi mál en menn hafa í raun afar fátt til málanna að leggja. Hæstv. ráðh. og reyndar málgagn hans og ýmsir tengdir virðast jafnvel í öðru orðinu leggja á það mesta áherslu að gera lítið úr þessu máli. Það er talað um mann að nafni William Arkin og sagt þessi William Arkin, William Arkin þessi. Maður á helst von á því að næst komi yfirlýsing frá utanrrn. um að þetta sé kannske bara bróðir skopleikarans Allans Arkin og það sé kannske látið fylgja að þessi Allan Arkin hafi leikið í myndinni „Rússarnir koma“ og þessi familía sé ekki til að treysta á í hernaðarmálum.

Þegar rn. svarar engu um svona mál þá verða menn náttúrlega að spyrja sig: Hvers vegna koma ekki upplýsingar frá íslenskum stjórnvöldum um varnar- og öryggismál? Er það vegna þess að stjórnvöld vilja ekki eða er það vegna þess að stjórnvöld vita ekki? Ef við athugum fyrri möguleikann, að stjórnvöld vilji ekki ræða varnar- og öryggismál, þá er illt að trúa því, en hins vegar er því ekki að neita að það er raunar stefna ríkisstjórna á Vesturlöndum mjög víða. Það er haft við orð að varnar- og öryggismál séu of flókin fyrir fólk að skilja þau. Það er talað um að þetta séu hernaðarleyndarmál og þess vegna sé eðlilega ekki hægt að ræða þau af því að Rússarnir mega ekkert vita. Það eru líka höfð á orði þriðju rökin, að fólk geti orðið hrætt ef því er sagt frá því sem geti gerst í styrjöldum. Engin þessi rök eru gild vegna þess að ef við tökum þau fyrstu, að málin séu flókin, þá er það bara þannig að lífið er flókið. Varnar- og öryggismál eru ekkert flóknari en efnahags- og atvinnumál og yfirleitt allur þessi vefnaður eins samfélags sem við gerum þó kröfur til að fólk skilji og m. a. s. kjósi um á fjögurra ára fresti. Fólk getur og vill skilja þessa hluti. Það er reyndar hluti af upplýsingaskyldu stjórnvalda að halda þegnum sínum þannig upplýstum í þessum málum að þeir geti gert sér grein fyrir valkostum og geti metið aðgerðir stjórnvalda í varnar- og öryggismálum eins og öllum öðrum málum.

Raunar er varla við því að búast að þessi ríkisstj.

gegni upplýsingaskyldu sinni vandlega á þessu sviði. Við höfum séð hvernig hún metur þetta hlutverk á því að gefinn var út í fyrrahaust fjórblöðungur sem rúmaði alla efnahagsstefnu ríkisstj. eins og hún taldi að þyrfti að birta hana almenningi og meiri hlutinn á þessum fjórblöðungi var skrípamyndir. Þessi rök um að varnar- og öryggismál séu flókin og vandmeðfarin eru rétt að því leyti að þetta eru erfið mál. Þetta er ekkert erfiðara og ekkert flóknara, hvorki fyrir þm. né almenning, en önnur mál sem menn verða að fjalla um í þessu samfélagi okkar.

Síðan koma þau rök að þarna séu hernaðarleyndarmál og um þau megi helst ekki ræða.

Ég held að það sé engin hætta á því að íslenska þjóðin yrði svo upplýst um varnar- og öryggismál, þó opnaðar væru hirslur, að hún mundi vita meira en Rússarnir vita þegar um þessi mál. Ég held að njósnakerfi stórveldanna hljóti að sjá sínum mönnum fyrir því sem þeir þurfa að vita. Ég held að það sé engin hætta á því að við færum fram úr Rússunum þó að við fréttum svolítið af því hvað er að gerast á Norður-Atlantshafi, hvaða stefnu þessi mál eru að taka, í hvaða skipulagi Ísland er varðandi hernaðarmál umheimsins. Öll stjórnkerfi hafa tilhneigingu til að pukrast, að fara með leynd með mál sem þau telja að varði sig meira en fólkið. Gegn þessari pukurtilhneigingu ber okkur skylda til að berjast. Erlendis hafa ýmis samtök fólks tekið upp baráttu gegn leyndinni. Fjölmiðlar hafa gegnt mjög öflugu hlutverki í þessu sama skyni, háð öfluga baráttu til að öðlast vitneskju um þessi mál. Við verðum að taka upp slíka baráttu sömuleiðis.

Í þriðja lagi er sagt að þögnin og fáfræðin séu nauðsynlegar vegna þess að fólk yrði hrætt fengi það að vita meira. Þá er því til að svara að ekkert vekur fólki meiri hræðslu en fáfræði. Íslendingar hafa aldrei verið fælnari og hræddari við tröll og alls kyns ókynjur en þegar þeir voru sem fáfróðastir. Það er með upplýsingunni og vitneskjunni sem við getum útrýmt hræðslunni.

Þetta eru sem sagt þrenns konar rök, þ. e. að málin séu allt of flókin, að þau séu allt of mikið leyndarmál og fólk verði allt of hrætt ef það ræðir þessi mál. Ég hafna þessum rökum öllum.

Ég veit raunar ekki hvort hér ríkir svona mikil þögn um þessi mál vegna þess að íslenska ríkisstjórnin vilji ekki eða að hún viti ekki. Það hvarflar stundum að manni sá ótti að á þessu landi séu menn í raun mjög fákunnugir um hernaðar- og öryggismál. Það virðist vera að allt traust í þessum málum sé sett á NATO og Bandaríkin. Það eru algeng viðbrögð fólks að segja: Varnarmálin koma okkur ekki við. NATO sér um þetta. Menn ræða um þessi mál þangað til þeir koma að, — eigum við að segja — girðingunni á Miðnesheiði og segja: Hingað og ekki lengra. Mér kemur ekkert við hvað þeir eru að gera þarna fyrir innan. — Málið er að okkur kemur þetta við. Ég kann ekki að leggja mat á hvort þessi þögn er vegna þess að við ekki vitum eða stjórnvöld vita ekki eða vilja ekki, en það er hvort tveggja jafnslæmt.

Ef við athugum hvernig þessi þögn hefur birst okkur á undanförnum misserum í utanríkismálum, þá hefur þetta gerst þannig að hingað hefur rekið á fjörur ýmis einstök og einangruð mál. Menn hafa fjallað um AWACS-ratsjárvélar og sagt: Þetta eru bara stækkaðir sjónaukar til þess að horfa norður og þetta er í varnarskyni. Menn hafa fjallað einangrað um olíutanka og sagt: Þetta er eldsneyti handa flugvélum og handa þessum könnunarflugvélum og svo er þetta eldsneyti handa orustuflugvélunum sem fara og hitta rússnesku flugvélarnar þegar könnunarflugvélarnar eru búnar að finna þær. Þær þurfa eldsneyti og við þurfum stærri tanka af því að það eru alltaf að koma fleiri sovéskar flugvélar. Hins vegar höfum við ekki fengið svar við spurningunni: Hvað eru þessar sovésku flugvélar að gera? Sumir segja að þær séu að koma til þess að vita hvort hinar flugvélarnar komi á móti þeim, en við höfum ekki fengið neina hernaðarlega skýringu á því í hvaða leik þeir séu, þessir herramenn.

Það hefur líka verið fjallað um neðanjarðarstjórnstöð og aftur erum við að tala um að efla varnir landsins.

Við getum talið upp miklu fleiri dæmi sem hafa verið tekin ein og sér. Við virðumst kyngja þessum bitum einum og einum án þess að athuga hver aðalrétturinn er. Við lítum á trén eitt og eitt, en virðumst ekki huga að hvernig skógurinn lítur út.

Spurningin er, ekki bara af því að William Arkin kom frá útlöndum í vikunni, heldur vegna ýmissa annarra ástæðna: Hver er heildarstefna í varnar- og hernaðarmálum á Norður-Atlantshafi? Og við verðum líka að spyrja nánar út í hina einstöku þætti. Við verðum að spyrja: Hvað gera AWACS-vélarnar? Eru þær bara til þess að horfa þarna norður í sortann eða eru þær líka árásartól? Sumir segja að þær séu miklu frekar árásartól en nokkurn tíma varnartól. Og hvað með olíutankana? Hvað með neðanjarðarstjórnstöðina? Af hverju þarf að byggja neðanjarðarstjórnstöð þannig að hún standist sjö daga gereyðingarstríð? Hverjir eiga að ganga út úr þeirri stjórnstöð eftir sjö daga gereyðingarstríð og til hvers þurfa þeir að komast af? Og hvaða starfsemi er svo mikilvæg að það þurfi að verja hana á þennan hátt?

Það er með því að spyrja þessara spurninga og fá undanbragðalaus svör við þeim sem við verðum að reyna að mynda okkur skoðun á því hvort Ísland hafi breyst úr sjónauka í stálhnefa, eins og ýmsir vilja halda fram.

S. l. mánudag óskaði ég þess á fundi utanrmn. að utanrrn. tæki saman skýrslu um flugstöðina. Ég tilgreindi að ég teldi að þessi skýrsla ætti að innihalda upplýsingar um núverandi starfsemi stöðvarinnar, þ. e. hvað fer þar fram nákvæmlega, og sömuleiðis hvert hlutverk stöðvarinnar væri í áætlunum Bandaríkjanna og NATO um varnar- og hernaðarstörf á norður-Atlantshafi nú, hvaða hugmyndir væru uppi um þróun hernaðar- og varnarmála á Norður-Atlantshafi og annað sem gæti varpað ljósi á þýðingu þessarar stöðvar í herbúnaði NATO og Bandaríkjanna. Tilefni mitt á mánudaginn var skýrsla sem kom um ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi — enn einn litli bitinn og enn eitt tréð sem við höfum fengið um þessi mál án þess að skoða heildarmyndina. Í þessari skýrslu — hún var út af fyrir sig nokkuð dæmigerð — komu fram ýmis atriði sem voru dæmigerð fyrir það sem ég lýsti hérna á undan. Það var lýst þarna ýmsum almennum atriðum, hugsanlegum notum sem Íslendingar gætu haft af þessum ratsjárstöðvum í sínum innanlandsmálum, en hernaðarþættinum, sem þó er aðalatriðið, voru sáralítil skil gerð. Það er talað um að aukist hafi eða tvöfaldast fjöldi rússneskra flugvéla sem kæmu sunnan úr sortanum eða norðan úr sortanum og talað var um að það væri

geil í ratsjárkerfinu núverandi. Síðan fylgir ekkert mat á því hvers vegna endilega og hvers vegna nákvæmlega þurfi þessar endurbætur sem menn ráðgera á þessu sama radarkerfi. Þetta minnir mig á skuggamynd sem ég sá einu sinni í herstöðinni. Ég var í hópi nemenda sem var þarna í kynnisferð og við vorum dregin inn í bragga og okkur gefinn bjór. Voru okkur sýndar skuggamyndir um þýðingu varnarliðsins og mér er minnisstæðust mynd sem sýndi Norður-Atlantshafið og svera keðju yfir Norður-Atlantshafið og Ísland. Okkur var sagt: Þetta er keðjan sem ver Ísland og ríkin í NATO. Svo kom næsta mynd, og þá var sýndur stór hvellur og keðjan slitnaði beint yfir Íslandi og það var sagt: Þetta gerist ef Ísland fer úr NATO. Engar útskýringar, en hins vegar var greinilegt hvaða tilfinningu menn áttu að hafa af því að horfa á þetta. Tilefni mitt til að biðja um þessa skýrslu var umr. um ratsjárstöðvar. En tilefni voru einnig fleiri, eins og þau að í blöðum sem liggja hér á borðum eins og Guardian og Politiken getum við lesið greinar eftir almenna dálkahöfunda í útlöndum sem virðast fjalla af miklu meiri þekkingu um varnarmál en nokkur aðili í íslenska stjórnkerfinu. Maður spyr sig hvort sú þögn og hvort sú vankunnátta sé ekki yfirgengileg.

Síðan vill svo til að síðar í þessari viku kemur eitt tilefni enn til að fara fram á svona úttekt og svona skýrslu. Hingað kemur fræðimaður sem Morgunblaðið taldi trúverðugan í þessum efnum í Reykjavíkurbréfi s. l. sunnudag. Hann flutti upplýsingar um að stjórn Bandaríkjanna og forseti hafi veitt flotanum heimild til að flytja hingað kjarnorkuvopn á stríðstímum og það sé ekkert tiltekið um að leyfi Íslendinga þurfi til. Þetta er, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, brot á öllum samningum um þessi mál.

Þetta leiðir aftur hugann til þess að við skulum ekki standa betur að vígi sjálf í þessum efnum, að geta af trausti og trú borið svona sögusagnir til baka, ef þær eru rangar. Menn spyrja sig: Er það ekki æskilegt, ef til væru á Íslandi þær upplýsingar um þessi mál, að Íslendingar gætu haft það sjálfstraust að játa eða neita í þessum efnum en þurfa ekki að fara hálfpartinn undan í flæmingi? Það er spurning hvort ekki sé ástæða til að við fylgjumst betur með vopnabúnaði sem þarna er, svo við lendum ekki í því að Arkin þessi — svo notuð séu orð hæstv. ráðh. — komi einu sinni enn og setji ráðh. eða rn. út af laginu. Það er spurning, eftir svona uppákomu hvort ekki sé ástæða til að styrkja íslenska sjálfstæða rannsókn og upplýsingasöfnun um utanríkismál og hvort ekki sé ástæða til að Alþingi taki upp umr. um varnarmál og endurmeti stöðu þeirra og marki þeim einhverja stefnu. Þegar til kemur virðist Alþingi hafa afskaplega lítið um utanríkismál að gera. Það virðist í besta falli hafa umsagnarrétt um það sem ráðh. og rn. fjalla um. Það kemur örugglega einhver Arkin eftir þennan Arkin. Við verðum að læra á þessu að láta ekki grípa okkur í bólunum og láta taka okkur á taugum út af einhverjum plöggum sem kunna að finnast einhvers staðar. Við eigum að hafa eigin vitneskju um þetta og hafa það sjálfstraust til að taka svona málum að við þurfum ekki að stofna til stórræða.

Út um allan heim eru þing og þjóðir að velta þessum málum mikið fyrir sér. Ég held það sé ekki að ósekju. Skv. nokkuð nýlegum upplýsingum sem ég hef fengið eru til núna 50 þús. kjarnorkusprengjur í heiminum og hver og ein þeirra er jafnvel upp í það að vera þúsund sinnum sterkari en sprengjan sem sprengd var í Hiroshima. Og sprengjumagnið sem til er í kjarnorkusprengjum í heiminum jafngildir 13 þús. millj. tonnum af TNT. Það jafngildir nokkurn veginn því að til séu um 3 tonn af dýnamiti fyrir hvert einasta mannsbarn á þessari jörð. Þetta er nokkuð hart þegar líklega fjórðungur, jafnvel helmingur þessara sömu mannabarna þjáist af hungri. Þrisvar sinnum á minna en ári hafa flugvélar með kjarnorkuvopn verið búnar til árásarflugs, áhafnir verið komnar af stað vegna mistaka í búnaði. Og fjármunir til hernaðarmála á árinu 1982 námu 650 þús. millj. dollara. Ég held það sé komið að okkur að fara að velta þessu fyrir okkur, afla okkur upplýsinga og upplýsa okkar þjóð um öll þessi mál, um þessar sprengjur. Við verðum að vita um þessar sprengjur vegna þess að við gætum lent í því einhvern tíma að verða fórnarlömb þeirra. Ég held að öðru hverju, alla vega á Alþingi, sé tímanum ekki betur varið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til að lýsa áhyggjum sínum vegna þeirra upplýsinga, sem nýlega hafa verið lagðar fram, varðandi samskipti Íslendinga og Bandaríkjamanna á sviði hernaðarmála. Hér má ræða margt um þessa hluti en ég ætla að vera mjög stuttorð og fyrst og fremst beina til hæstv. utanrrh. fáeinum spurningum sem á mér brenna vegna þessa máls:

Hversu ítarlegar og haldgóðar upplýsingar er í reynd að hafa um hlutverk Íslands í vígbúnaði og hernarðar- eða varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsins? Eftir þeim upplýsingum að dæma, sem William Arkin athenti íslenskum stjórnvöldum nýlega og hér hafa verið til umr., virðist sem við séum illa upplýst í þessum efnum.

Ef upplýsingar Arkins reynast réttar, þá vil ég spyrja: Ef svo er, hvernig getur það komið til að íslensk stjórnvöld viti ekki um þessa hluti?

Ef upplýsingar Arkins munu reynast réttar — ég er ekki að segja að þær séu það, en ef einhver leið er til að sannreyna þær, þá vil ég spyrja: Hvers virði eru yfirlýsingar Bandaríkjamanna um vígbúnað hér á landi og hlutverk Íslands í varnar- eða hernaðarkerfi Atlantshafsbandalagsins? Og í framhaldi af því: Hvers virði eru þá þær yfirlýsingar sem við kunnum að fá frá Washington nú sem svar við þeim spurningum sem íslensk stjórnvöld hafa nú sent þangað? Ég vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. utanrrh. á þessu og jafnframt hvernig hann hafi hugsað sér að sannreyna þær upplýsingar sem hann kann að hafa eða muni fá um þessi mál. Hér er að mínu viti um grundvallarspurningar að ræða og ég vona að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þeim hér á eftir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Í þessum umr. hafa nú þegar talað þm. úr öllum þingflokkum. Það hefur verið gert ráð fyrir að þessum þingfundi ljúki um kl. 5. Það eru fimm nú á mælendaskrá og þess er vænst að hv. þm. taki tillit til þess hvernig stendur á.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með þá hugmynd — eða eigum við að kalla það till. — utanrrh. að skipuð verði nefnd til að fjalla um öll afvopnunarmál og öryggismál

sem snerta Ísland. Það er ákaflega mikilvægt að í þessum málum náist víðtæk samstaða milli flokka og ég held að þessi hugmynd utanrrh. komi á mjög réttum tíma. Ég endurtek að ég fagna henni og af máli þeirra, sem hér hafa talað, sýnist mér að allir flokkar séu í rauninni sammála um að meginatriði þessa máls sé að afla nánari og betri upplýsinga og marka skýrar en verið hefur stöðu Íslands í hernaðarkerfum, öryggiskerfi þess og afstöðu þess til afvopnunarmála og friðarmála í heiminum.

En það mál, sem hér er til umr. og er tilefni þessara umr., er í sjálfu sér hafið yfir allar flokkadeilur. Það er svo mikilvægt að það getur í sjálfu sér aldrei orðið að flokkspólitísku deilumáli. Hver og einn einasti Íslendingur hlýtur að sameinast og vera með einum hug þegar um grundvallaratriði þess er að ræða. Þetta mál snýst ekki fyrst og fremst um það hvort William Arkin hafi rétt fyrir sér eða ekki. Það er ekkert aðalatriði hvort honum skjátlast nú eins og 1980 eða ekki. Hafi hann í höndum skjöl, sem sýna að forseti Bandaríkjanna hafi fyrirskipað að kjarnorkuvopn skuli flutt til Íslands á stríðstímum, þá er um að ræða mjög alvarlegt mál. Trúnaður hefur verið rofinn, samningar gerðir að engu. Þar við bætist að mat á ófriðartímum hefur verið harla mismunandi og það væri á valdi Bandaríkjamanna einna að ákveða hvenær aðstæður væru þær að þeir teldu nauðsynlegt að flytja kjarnorkudjúpsprengjur til Íslands. Hafi Arkin rangt fyrir sér, þá er það einungis af hinu góða. Það væri okkur léttir að frétta að engar fyrirskipanir hefðu verið gefnar um að flytja kjarnorkuvopn til Íslands, hvorki á tímum friðar né ófriðar.

En þótt Arkin hefði skjátlast, þá er samt sem áður ósvarað þeim þýðingarmiklu spurningum sem raunverulega skipta öllu máli um framtíðarstefnu Íslendinga og örlög íslenskrar þjóðar geta verið komin undir að svarað sé af heilindum og þekkingu. Þær spurningar, sem þessa dagana brenna á vörum Islendinga, eru þessar: Hvaða áætlanir eru uppi um Ísland í hernaðar- og varnaráætlunum Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins? Hvaða hlutverki gegnir herstöðin á Íslandi á friðartímum annars vegar og hvaða hlutverki er henni ætlað á ófriðartímum hins vegar? Og þriðja spurningin og kannske ekki hin veigaminnsta er þessi: Er í raun til öryggisstefna Íslands? Er það reyndar svo að við höfum sett niður og mótað ákveðna stefnu í þeim málum, hvernig frelsi og sjálfstæði og öryggi þessarar þjóðar skuli háttað?

Þetta eru þær spurningar sem svara verður áður en hægt er að taka afstöðu til margra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Keflavíkurflugvelli, í grennd við hann og annars staðar á landinu. Afstaða Framsfl. í varnar- og öryggismálum var þannig orðuð í samþykktum 18. flokksþingsins í nóv. 1982, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar noti hvert tækifæri sem gefst til að vara við auknum kjarnorkuvopnabúnaði og vaxandi hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi.“ Og á öðrum stað segir: „Framsfl. vill taka þátt í varnarsamstarfi vestrænna þjóða en vill jafnframt að erlendur her hverfi héðan jafnskjótt og aðstæður leyfa. Það er stefna Framsfl. að staðið skuli við skuldbindingar Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu þannig að það þjóni fyrst og fremst öryggishagsmunum íslensku þjóðarinnar. Unnið verði að því að skilja enn frekar á milli herliðs og þjóðar en nú er og umsvif varnarliðsins gerð sem minnst.“

Á grundvelli þessarar samþykktar hljóta framsóknarmenn að meta mjög gaumgæfilega allar breytingar á skipan varnarmála og aukningu umsvifa bandarískra varnarliðsins, bæði í Keflavík og annars staðar á landinu. Við hljótum að kanna hvað er að gerast og hvert er eðli þeirra breytinga og aukningar sem nú er í undirbúningi. Ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi, stóraukið olíubirgðarými í Helguvík, neðanjarðarstjórnstöð, varnir gegn efnavopnum, nýr flugvélakostur — hvað þýðir þetta allt í heild?

Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði áðan og hafði eftir Arkin. Hann ræddi það einnig á fundi með okkur þm.: Radarstöðvarnar sem slíkar eru smámál. Hvert af þessum málum út af fyrir sig er ekki neitt stórmál. En þegar það safnast saman hlýtur maður að spyrja: Er eðli varnarstöðvarinnar í Keflavík á einhvern hátt að breytast? Er staða Íslands á einhvern hátt að breytast? Er því ætlað annað hlutverk nú en fyrir 10 árum, fyrir 20 árum eða 30 árum? Þessum spurningum verður að svara. Það er nauðsynlegt að svara þeim til að geta metið framtíð Íslands, til að geta metið hvaða möguleika við höfum, bæði á friðartímum og ófriðartímum. Það er nauðsynlegt að Íslendingar geri sér ljóst hvernig öryggi þeirra verður best tryggt og endurmeti stöðu sína í ljósi hugsanlegra breytinga á hernaðarstefnu stórveldanna og nágrannaríkjanna.

Ég held að ég láti þetta nægja. Það, hvort gefin hefur verið út skipun um kjarnorkuvopn eða ekki í Keflavík, er alvarlegt mál og ég tel að hæstv. utanrrh. hafi tekið þar mjög fast á málum og mjög rétt. En þegar það mál er upplýst hljótum við að meta stöðu okkar í ljósi þeirrar niðurstöðu. Þangað til er málið það alvarlegt að við hljótum að bíða átekta og sjá hverju fram vindur.

Það er þess vegna till. mín að farið verði mjög náið ofan í þessi mál og ég veit að það verður gert. Við fáum skýr svör og metum stöðu Íslands í ljósi þeirrar niðurstöðu sem væntanleg öryggisnefnd þingsins, sem ég vona innilega að komist á laggirnar, kemst að í rannsóknum sínum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það eru vissulega alvarlegar fréttir sem hér hafa verið til umr. og það eru líka alvarlegir tímar sem við stöndum frammi fyrir í þessum málaflokki. Á þessu ári höfum við séð í heiminum stærstu heræfingar allra tíma sem fram hafa farið hjá báðum hinum stóru hernaðarblokkum. Við horfum á hæstu fjárveitingar til vígbúnaðarmála á friðartímum frá upphafi í Bandaríkjunum og svipaðar fréttir berast nú á síðustu vikum frá öldungunum í Kreml.

En hvernig er staðan hér á Íslandi? Ég vil gera spurningu hv. síðasta ræðumanns að minni. Höfum við hér uppi á Íslandi sloppið við allar þessar breytingar í vígbúnaðarmálum heimsins eins og oft hefur verið haldið fram? Í skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál á síðasta þingi má lesa um þetta efni í kafla IV á bls. 20 undir fyrirsögninni Varnar- og eftirlitsstöð:

„Hér á landi er enginn sá vopnabúnaður til árásar sem neinni þjóð gæti stafað hætta af. Varnir Íslands geta því ekki talist ögrun við neina þjóð, enda hefur eðli stöðvarinnar sem varnarstöðvar ekki breyst í tímans rás.“

Það væri vissulega ánægjulegt, herra forseti, ef þessi væri staðreyndin, ef því má treysta að við, mér liggur við að segja einir þjóða, höfum verið svo heppnir að sleppa við þá viðsjárverðu þróun sem við horfum á allt í kringum okkur og þá ekki síst í höfunum allt í kringum landið.

Það er nauðsynlegt að fara yfir það örfáum orðum hvað gerst hefur hér á Íslandi alveg síðustu ár í þessum efnum. Ég mun sleppa hér að rekja þá sögu sem mönnum er misjafnlega kunn eftir atvikum eins og yfirleitt gengur þegar rætt er um varnarmál. Ég mun ekki fara hér út í þær breytingar sem urðu á herstöðinni í Keflavík við yfirtöku sjónvarpsins og tilkomu eldflaugakafbáta, Polaris-áætlunarinnar og byggingar leiðsögukerfis Loran C-stöðvarinnar fyrir þá áætlun, en snúa mér að því sem við höfum horft á og reyndar hefur borið nokkuð á góma hér í fyrri ræðum hin allra síðustu ár. Þar er nokkuð langur og sorglegur listi því miður, herra forseti.

Í fyrsta lagi komu hingað fyrir nokkrum árum ratsjárflugvélar nefndar AWACS með bandarískum framburði, skammstöfun fyrir Airborne Warning and Control System. Þetta eru mikil tæki og um þessar vélar segir í mjög merkilegu plaggi frá merkilegri nefnd, sem m. a. hefur verið lofuð í þessum umr., Öryggismálanefnd í riti nr. 1. eftir Gunnar Gunnarsson, með leyfi herra forseta undir fyrirsögninni Tæknileg lýsing:

„E-3A Sentry eða AWACS er hönnuð til að gegna þríþættu hlutverki, til eftirlits, aðvörunar og stjórnunar herafla. Vélunum er ætlað að geta uppgötvað, fylgt eftir og borið kennsl á bæði herskip og flugvélar og einnig stjórnað herflugvélum NATO."

Framar í þessum kafla er fjallað um möguleika vélarinnar, svo sem eins og þá að geta stjórnað 100 árásarþotum í einu, að geta þakið á flugi 550 og upp í 900 þús. km^2 svæði, eða nífalt flatarmál Íslands, og það er ítarlega rætt um þetta þríþætta hlutverk vélanna.

Við höfum séð og sjáum nú þessi síðustu ár margföldun á olíubirgðum og birgðahöfn í Helguvík. Þar eru birgðir til að fóðra stóran flugþota með hjálp KC-135 tankvéla sem eiga að annast það hlutverk. Á þessu ári eða hinu næsta stendur til að endurnýja algerlega árásarorustuflugflota Keflavíkurstöðvarinnar. Þar eiga að koma nýjar og miklu fullkomnari orustuflugvélar af gerðinni F-15 í staðinn fyrir eldri gerð systurvéla þeirra, F-4E og þær verða 18 í staðinn fyrir 12.

Í erlendum handbókum um vígtól segir að þessi F-15 þota sé miklum mun fullkomnari. Hún er sögð geta borið meðaldrægar eldflaugar, Phoenix, til viðbótar öllum þeim vopnakosti sem forveri hennar, þ. e. F-4E-flugvélin gat borið. En sú vél, sem er búin að vera staðsett hér um árabil, svo merkilegt sem það nú er, getur m. a. borið flugskeyti af gerðinni Ballpup, sem geta bæði innihaldið venjulega sprengjuhleðslu eða kjarnahleðslu. Það er reyndar langur listi yfir öll þau vopn sem þessi vél getur borið, herra forseti, og ég spara tímann með því að lesa hann ekki hér.

Byggð hafa verið sprengjuheld flugskýli og fleiri stendur til að byggja og við hljótum að spyrja: Hvers vegna eru þessi skýli sprengjuheld? Hvers vegna eru þau með metraþykkum veggjum ef hér er ekkert að óttast, ef hér er einungis varnarbúnaður sem engum ógnar og kæmi þá væntanlega aldrei til þess að á hann yrði ráðist? Hvers vegna eru þessi sprengjuskýli með veggi svo skiptir metrum á þykkt úr járnbentri steinsteypu?

Flugstöðvarbyggingin, sem mjög var til umr. hér á þinginu í fyrra, hefur einnig hernaðarlegan tilgang í bland við annað. Við höfum séð byggða upp jarðstöð fyrir móttöku gervihnattasendinga. Allra nýjasta dæmið, það sem núna er efst á listanum, eru radarstöðvarnar margnefndar. Ég mun geyma mér það til síðari tíma að fjalla um það hér á hv. Alþingi. Síðan höfum við heyrt og vitum meira eða minna um ýmis áform Bandaríkjamanna um áframhaldandi uppbyggingu hér á landi. Ég nefni þar fyrst neðanjarðarstjórnstöð sem upplýsingar hafa verið að berast um af og til, að hún eigi að geta þolað sjö daga algert stríð, hún eigi að vera varin fyrir efna- og sýklahernaði. En ég spyr aftur: Hvers vegna neðanjarðarstjórnstöð? Hvers vegna stjórnstöð sem getur þolað algert stríð í sjö daga ef hér er einungis varnarbúnaður sem engum ógnar og væntanlega þyrfti þá aldrei að ráðast á?

Við höfum séð áætlanir. Menn geta deilt um hversu ábyggilegar þær eru. En á hv. Alþingi í fyrra var rætt um áætlun sem unnin var fyrir Director of Defense Nuclear Agency in Washington DC. Það var skjal nr. 20305 og fjallaði um eldflaugakerfi til þess að loka svonefndu GIUK-hliði og setja upp hér á Íslandi og í Skotlandi.

Við höfum heyrt áform um orustuflugvöll norðanlands og sérfræðingar spá okkur. Það verður fróðlegt að vita hver framvinda þess máls verður að innan tíðar munu koma upp hugmyndir um að byggja aðra flugbraut í Keflavík til að auka afkastagetu flugvallarins þar. Þessi listi — og hann hef ég ekki tæmt, herra forseti — hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um það hvort við séum virkilega svo heppin, Íslendingar, að við, eins og ég sagði áðan, mér liggur við að segja einir þjóða um norðanverðan hnöttinn höfum sloppið algerlega við þær breytingar sem við höfum horft á í vígbúnaðarmálum á undanförnum árum allt í kringum okkur. Við hljótum að spyrja: Hvers konar stöð er herstöðin í Keflavík í dag og allt það sem henni tengist? Það er líka hægt að fá ýmsar upplýsingar um það í handbókum um herfræði. Þar er yfirleitt efst á blaði að herstöðin í Keflavík sé miðstöð fyrir andkafbátahernað NATO og Bandaríkjanna á norðanverðu Atlantshafi, það sem heitir „antisubmarine warfare".

Í öðru lagi er gjarnan nefnt að stöðin sé nú stuðningsstöð við flotaaðgerðir. Til sanninda um það má vitna í ummæli manna eins og Leslie McDonalds yfirmanns flotaafla NATO og reyndar líka Bandaríkjanna hér á norðanverðu Atlantshafi.

Í þriðja lagi er það nefnt að stöðin sé stuðningsstöð eða stoðstöð við loftvarnar- og loftárásaraðgerðir í þessum heimshluta.

Síðan er hún í fjórða lagi og kannske ekki hvað síst í æ vaxandi mæli að verða upplýsingamiðstöð þar sem allar upplýsingar frá SOSUS hlustunarkerfi frá aðalratsjárvélum og þá væntanlega frá nýjum ratsjárstöðvum eru bræddar saman og úr þeim unnið.

Því til viðbótar má nefna, þegar spurt er: Hvert er eðli stöðvarinnar í Keflavík? Hvers konar búnaður er þar? Hvaða hlutverki þjónar sá búnaður? Hvernig er hann skilgreindur af herfræðingum? Hér eru nokkuð frægar PC-Orion-flugvélar sem geta borið kjarnorkuvopn. Og það er væntanlega handa þeim flugvélum sem

þessar margumræddu kjarnorkusprengjur, sem hér hafa verið til umr., eiga að vera vopn í þeirra höndum í andkafbátahernaði. Það er reyndar svo, að þessi tól, þessar PC-Orion-vélar eru hið mesta furðuverk ef það er skoðað nánar. Ég vitna aftur í ábyggilegt rit ábyggilegrar nefndar sem hæstv. utanrrh. lofaði hér í umr. áður og heitir öryggismálanefnd. Þar segir að Orion-flugvélar þessar megi búa „mörgum tegundum vopna til gagnkafbátahernaðar, þ. á m. tundurskeytum, djúpsprengjum, kjarnorkudjúpsprengjum og tundurduflum. Eftirfarandi tafla sýnir vopnabúnað. Það eru MK-45 tundurskeyti, MK-54 djúpsprengja, B-57 kjarnorkudjúpsprengja, MK-82 (Low Drag Bombs), MK-83 af sömu tegund, MK-36 (Destructor), MK-52 (Sea Mine), MK-55 af sömu tegund, MK-56 af sömu tegund, MK-20 (Cluster bomb) og AGM-84 Harpoon stýriflaug auk smáflaugahólka." Þetta er nokkurn veginn tæmandi listi skulum við vona, yfir þann vopnabúnað sem þessi PC-Orion flugvél getur notað. Ég hef aldrei heyrt það nefnt að allur þessi listi væri eingöngu ætlaður til varnar.

Hingað eru að koma þessar F-15 orustuþotur sem geta borið allan þann vopnabúnað sem ég nefndi áðan. Hér eru eldsneytisbirgðir og tankvélar eða tankvél í það minnsta sem geta fóðrað mikinn flugflota. Þess má geta að í herfræðiritum er gjarnan greint á milli tveggja hugtaka og þau skipta miklu máli í þessu sambandi, þ. e. það sem nefnt er „defensive og offensive role", sem þýða mætti sem varnar- og sóknarhlutverk. Ef taka má mark á skýrslu hæstv. utanrrh. og trúa henni í einu og öllu ættu hér, skv. þeim ummælum sem þar eru á bls. 20, einungis að vera búnaður og tæki sem þjóna hinu fyrra hlutverki þ. e. varnar- eða defensive hlutverki. En allur sá listi, sem ég hef hér farið yfir, er meira og minna blanda af þessu hvoru tveggja. Aðalflugvélarnar, DC- eða PC-Orion-flugvélarnar, Phantom-þoturnar o. s. frv. eru í mörgum tilfellum ekki síður nefndar sem offensive eða sóknartæki í fræðiritum. Og hvernig má það vera, miðað við yfirlýsingar hæstv. utanrrh. hér? Er það aftur upplýsingaleysið og fáfræðin sem verður okkur að falli? Er það virkilega svo að öll þessi tæki hafi komið hingað hægt og rólega þegar það stendur skýrt og skrifað í upplýsingaritum að þær þjóni offensive eða árásarhlutverki ekki síður en öðru, að engu að síður höfum við í góðri trú tekið við þeim þegjandi og hljóðalaust, trúandi því að með komu þeirra yrði engin eðlisbreyting á stöðinni í Keflavík?

Það má deila um það, herra forseti, hversu þýðingarmikil hver einstök framkvæmd er og ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns í þeim efnum. En þegar allt fellur saman í eina heildarmynd er ekki nokkur leið að loka augunum fyrir því sem er að gerast, hefur verið að gerast og á að gerast skv. þeim takmörkuðu upplýsingum sem við höfum. Ég held að við eigum að líta á þessar ratsjárstöðvar, ekki síst í ljósi þeirra frétta sem hér hafa verið til umfjöllunar, sem hluta af þessari heildarmynd. Það er alveg óhjákvæmilegt þótt þær hafi verið ræddar í þjóðfélaginu undanfarið fyrst og fremst á þeim forsendum að þar sé um íslensk samgöngumannvirki að ræða og hin herfræðilega hlið þeirra skipti litlu máli, sé nánast einhver aukageta.

Allt það sem ég hef rakið og gerst hefur í herstöðinni í Keflavík og í tengslum við hana á undanförnum árum er svo hluti af enn þá stærri mynd, enn þá alvarlegri heild. Það er hluti af þeirri tilhneigingu, sem er rík báðum megin Atlantshafsins, að losna við vígtól, einkum og sér í lagi kjarnorkuvopn, af meginlöndunum út í höfin. Menn vilja ógjarnan sofa með kjarnorkuvopn í bakgarðinum hjá sér. Þess vegna verða allir fegnir þegar herforingjarnir koma með nýja áætlun: Við skulum taka þessar eldflaugar og færa þær út í höfin, svolítið lengra frá okkur. Allir verða ánægðir. En hvaða tíðindi eru það fyrir eyþjóð eins og Íslendinga sem býr í miðju Atlantshafinu? Við erum leiksoppur, eins og það hét í gamla daga. Við erum leiksoppar þessarar þróunar eða öfugþróunar. Og auðvitað hlaut þetta og hlýtur að þýða eitthvað fyrir herstöðina í Keflavík.

Ég vil vitna í ræðu hæstv. utanrrh. frá 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1983. Með leyfi þínu, herra forseti, vil ég lesa örstuttan kafla úr þessari ræðu. Ég les hana á því máli sem hún var þar flutt, þ. e. á enskri tungu. Þar stendur:

„We Icelanders base our economy first and foremost on the resources of the sea. We are therefore deeply concerned about the military buildup in the oceans. A minor mishap alone, not to mention any major disaster, could have the gravest consequences for our fishbanks, and thus on the whole of our economy. But not for us alone. The protection of the oceans as a foodstore for mankind, millions of whom are starving, makes the preservation of the oceans our common convern. Let us bear this firmly in mind and act accordingly." Ég endurtek: „and act accordingly."

Ég vil, herra forseti, taka þessi orð upp og gera þau að mínum. Ég er algerlega sammála hæstv. utanrrh. og ég tel reyndar að einhver alvarlegasta breyting á sviði alþjóðamála, sem við Íslendingar höfum horft fram á á síðustu árum, sé einmitt þessar breytingar í vígbúnaðarstefnu stórveldanna, að tlytja í vaxandi mæli vígtól sín út í höfin. En það vill svo til að við erum eyja í miðju hafi. Ég tel það skyldu okkar að gera allt, sem við teljum okkur geta, til að sporna gegn þessari óheillavænlegu þróun, að hindra það að okkar land, að okkar yfirráðasvæði hér í höfunum verði notað á nokkurn hátt til þeirra hluta sem stigmagnað geti þessa þróun.

Það er svo með ýmis tæki, ýmis vopn að þau eru ekki ýkja hættuleg hver einn hlutinn. Þau eru mörg samsett úr ótal pörtum. Þannig er það einnig með vígbúnaðarkerfi. Því er raðað saman úr mörgum brotum. Eitt vopn sem ég þekki ágætlega til, herra forseti, er haglabyssan. Venjuleg haglabyssa er gjarnan samsett úr þremur hlutum og síðan koma skotin. Það er hlaup, það er skefti, það er undirstykki og það eru skot. Hvert eitt af þessum hlutum er ekki ýkja hættulegt eitt sér. Ég get í raun látið börn leika sér að hverjum þessara hluta sem vera skal hvar sem er og hvenær sem er. En ég mundi aldrei raða byssunni saman, setja í hana skot og fá hana svo í hendurnar á óvita, hæstv. utanrrh. Og það er það því miður sem ég held að sé að gerast hér á Íslandi, hér í höfunum í kringum okkur og að þær alvarlegu fréttir, sem við fengum nú, séu hluti af því og þær ratsjárstöðvar, sem í ákveðinni skýrslu geta virst vera býsna meinlaus fyrirbrigði og eru það kannske í sjálfu sér einar sér, séu hluti af þessari mynd. Þær eru eitthvert af þessum stykkjum í vopninu sem ég var hér að vitna í. Ég skora á og ég heiti á alla þá alþm., sem kunna á næstu vikum og næstu mánuðum að standa frammi fyrir því að taka ákvörðun um einhvern þann hlut sem fallið getur inn í þessa mynd, að skoða hug sinn vel áður en þeir

samþykki nokkuð sem dregur Ísland lengra inn í þetta svarta myrkur vígbúnaðarkapphlaupsins.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hélt nú satt best að segja að hér væri verið að ræða ákveðinn þátt varðandi utanríkismál en ekki verið að gera almenna úttekt á gildi varnarstöðvarinnar í Keflavík, eins og síðasti hv. ræðumaður gerði. Ég skal reyna að virða þau tilmæli forseta að vera stuttorður. Mér skilst að það séu þrír þm. enn á mælendaskrá og eigi að reyna að ljúka þessum umr. fyrir kl. 5.

Ég kemst ekki hjá því að víkja fáeinum orðum að 2—3 atriðum í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég skil vel að það er áfall fyrir þá Alþb.-menn þegar hr. Arkin, sem þeir trúa svo vel, segir að radarstöðvarnar séu hreint smámál og skipti nánast engu í þessari umr. allri, þar séu aðrir hlutir langtum mikilvægari. Ég skil vel að það sé þeim nokkurt áfall því að það kemur þvert á þeirra umfjöllun.

Sömuleiðis vekur það mér ævinlega furðu þegar verið er að tala um hér að hinar og þessar flugvélar geti flutt kjarnorkuvopn. Sjálfsagt geta allar flugvélar flutt kjarnorkuvopn. Þær flugvélar, sem hv. þm. gerði hér að sérstöku umtalsefni, PC Orion, eru sömu gerðar og Loftleiðir á sínum tíma, líklega fyrir 17 eða 20 árum, hugsuðu sér að kaupa til farþegaflugs yfir Atlantshaf en hættu við vegna þess að þeim leist ekki nógu vel á þær. Þær hafa nú verið framleiddar og búnar til annarra nota. Sjálfsagt geta þær flutt kjarnorkuvopn eins og aðrar flugvélar. Í Evrópu eru kjarnorkuvopn flutt milli staða, kjarnorkueldflaugar á vörubílum. Þessi umr. er því öll meira og minna út í hött. En það mál, sem hér er um að ræða, er vissulega alvarlegt. Ef þær upplýsingar, sem William Arkin hefur komið á framfæri við íslensk stjórnvöld, eru réttar þá er þetta alvarlegt mál, en við eigum að spara okkur stóru orðin þangað til við vitum hvort William Arkin hefur rétt fyrir sér.

Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs hér var það að 22. maí 1980 urðu hér miklar umr. utan dagskrár í Ed. vegna þess að títtnefndur William Arkin hafði í samtali við fréttamann Ríkisútvarpsins fullyrt að hér á landi væru geymd kjarnorkuvopn. Þetta var svona samræmdur konsert eins og nú hefur verið hafinn í Þjóðviljanum og hjá herstöðvarandstæðingum og víðar. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði þá í Þjóðviljanum, með leyfi forseta:

„Ljóst væri þó skv. skrifum erlendra tímarita um kjarnorkumál, t. d. mætti nefna The Bulletin of the Atomic Scientist, að hér eru geymd kjarnorkuvopn." Enn fremur segir, með leyfi forseta, í Þjóðviljanum um þetta leyti: „Við mótmælum því að hérlendis skuli geymd kjarnorkuvopn og ítrekum enn einu sinni þá kröfu að bandarískur her skuli á brott."

Ég lét í ljós efasemdir um að þessi ummæli væru rétt í umr. sem ég hóf utan dagskrár 22. maí 1980. Þar sagði aðaltalsmaður Alþb., hv. þáv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, með leyfi forseta:

„Ásakanir fyrir fram og tortryggni, eins og fram kom bæði hjá frummælanda" — það er sá sem þetta mælir — „og því miður einnig hjá hæstv. utanrrh. í garð þeirrar stofnunar og í garð þess einstaklings, Williams Arkins, sem fréttamaður hafði samband við, finnst mér bera vott um að áður en menn hafa efnislega niðurstöðu í málinu sé byrjað á því að reyna að tortryggja heimildirnar."

Heimildirnar voru tortryggðar í þessu tilviki. Síðan gerðist það að í ljós kom að þetta var allt bull og vitleysa. Umrædd stofnun, Center for Defence Information, hafði gert meira en það. Hún dreifði upplýsingum um að hér væru kjarnorkuvopn m. a. til virts rits sem gefið er út árlega og heitir World Military and Social Expenditures, þ. e. Útgjöld í heiminum til hernaðar- og félagsmála. Þar var kort prentað og Ísland merkt sem svæði þaðan sem kjarnorkuvopnum væri beitt. Hvaðan komu þær upplýsingar? Þær komu frá Center for Defense Information og frá áður umræddum William Arkin. Ritstjóri þessa blaðs, sem ég vitna til, sagði í bréfi til mín:

„Við höfum það fyrir sið að birta ekki svona upplýsingar nema þær komi frá tveimur sjálfstæðum, ólíkum, óháðum heimildum. Okkur hefur skjátlast. Báðar heimildirnar eru af sömu rót, frá Center for Defense Information og þær hafa ekki við rök að styðjast."

Þess vegna held ég að það sé fyllsta ástæða til að taka öllum fullyrðingum með varkárni þangað til við vitum hið sanna. Ég mátti sitja undir þungu ámæli þeirra Alþb.-manna í Ed. á sínum tíma fyrir að leyfa mér að draga í efa að þetta gæti verið rétt. Síðan upplifði ég það hér í þessu húsi á þriðjudagsmorgun ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og ýmsum fleiri hv. þm. á fundi með títtnefndum William Arkin að hann byrjaði sinn fund með fulltrúum þingflokkanna á því að segja og vitna til þessa viðtals í Ríkisútvarpinu 1980: „I was wrong," ég hafði rangt fyrir mér, sagði hann. Maður að meiri að viðurkenna það skýrt og skilmerkilega í áheyrn þm.

Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja þetta upp. Við eigum ekki að trúa öllu sem útlendingar segja, hvaðan sem þeir koma og hverjir sem þeir eru, eins og nýju neti. Mér finnst þeir hv. Alþb.-menn hafa mikla tilhneigingu til þess. Mér finnst þeir ekki vera hæfilega gagnrýnir á heimildir. Ég vona að þær upplýsingar og þau skjöl, sem títtnefndur einstaklingur hefur sýnt hæstv. ráðh., hafi ekki við rök að styðjast. Það getur vel verið að alllt sé þetta rétt sem hann sagði. En við skulum ganga úr skugga um að svo sé áður en við hefjum heróp og kjarnorkuhvell hér, eins og Alþb. og Samtök herstöðvarandstæðinga hafa í sameiningu gert alltaf næstum því árvisst, hvort sem tilgangurinn er að skelfa fólk hér til fylgis við þeirra málstað eða einhver annar. Um það skal ég ósagt láta.

Hins vegar veit ég og þekki og það er mín skoðun að Alþb. á sér gamla sögu undir mörgum nöfnum. Það hefur forn og ný tengsl við Sovétríkin þótt nú sé svo látið sem þau tengsl séu rofin og slitin. Ég held að svo sé ekki, það er mín skoðun. (**SvG:** Rök. Rök.) Herra forseti. Ég heyri að formaður Alþb. kallar: Rök. Við höfum sjálfsagt hvert okkar sín rök í því máli. Ég hef mín. Það er alveg sjálfsagt að rekja þau, en ég þarf til þess töluverðan tíma. Ærið oft sjást þess merki á síðum Þjóðviljans, málgagns — (**SvG:** Það eru engin rök.) Engin rök, segir hv. þm. Svavar Gestsson. Ég er rétt að byrja. Engin rök, segir hann. Hann vill greinilega ekki hlusta. Mitt mat er það og ég er búinn að ítreka það, þetta er mín skoðun, að ærið oft finnst mér ég hafa séð þess merki á síðum Þjóðviljans að þar séu menn heldur hallir undir þá stefnu sem Sovétríkin flytja í utanríkismálum. Þetta er mín skoðun. Við getum flett Þjóðvilj-

anum í sameiningu, hv. þm. Svavar Gestsson og ég, og ég veit að ég get fundið þessu margan stað þó að ég hafi það blað ekki nú við hendina svo merkilegt sem það er. (**SvG:** Staðreyndir, komdu með staðreyndir.) Staðreyndir eru í Þjóðviljanum um þetta. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Það talar hér einn í einu. Hv. þm. getur komið upp í ræðustól hér á eftir. Ég veit að það er sárt fyrir hann þegar þetta er sagt vegna þess að hann hefur haft í frammi kattarþvott — (**SvG:** Þetta er lygi.) — til þess að reyna að þvo þennan stimpil af Alþb. (**SvG:** Þetta er lygi, hv. þm.) En það er mín skoðun að þarna á milli hafi verið og voru vissulega mjög skýr tengsl og ég er þeirrar skoðunar að þeirra stað megi enn þá sjá, það er mín skoðun, það ítreka ég. Þess má finna stað á síðum Þjóðviljans í mörgum tilvikum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að þessu sinni að hafa þessi orð fleiri. Mér væri það sannkallað ánægjuefni að taka þessa umr. upp aftur síðar við hv. þm. Svavar Gestsson, formann Alþb., þegar rýmri tími er hér til umr. í Sþ.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Ég les sjaldan Þjóðviljann og ég get ekki blandað mér í þá umr. sem hv. 5. landsk. þm. hóf áðan. Ég tel hins vegar að það sé ekkert undrunarefni að þjóð sem felur annarri þjóð að fara með fjöregg sitt fái stundum af því undarlegar fregnir.

Hornsteinar frjáls ríkis eru margir. Sjálfstæði og ábyrgð í öryggis- og varnarmálum er vafalaust einn sá mikilvægasti. Þennan hornstein vantar íslenska lýðveldið. Hann er í Washington. Mest svíður undan því að Íslendingar skuli hafa afsalað sér þessum mikilvæga þætti utanríkismála, að því er virðist í sparnaðarskyni.

Afleiðingar þeirrar grunnhyggni eru án efa margar. Kontór í Washington með útibú á Keflavíkurflugvelli ráðskast með fjöregg íslensku þjóðarinnar. Íslensk stjórnvöld skortir aðstöðu til að fá yfirsýn og möguleika til að meta öryggismál þjóðarinnar í því heildarsamhengi sem nauðsynlegt er. Íslensk stjórnvöld eru háð bandarískum um upplýsingar og ekki grunlaust að upplýsingarnar, þegar þær fást, taki frekar mið af bandarískum hagsmunum en íslenskum. Aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu er að mestu fyrir milligöngu Bandaríkjamanna, a. m. k. hvað snertir hernað og varnir.

Herra forseti. Það fyrirkomulag sem er á öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar er með öllu óviðunandi. Vilji Íslendingar á annað borð gera samninga við önnur ríki um hervarnir og öryggi á að vera um skilgreinda þjónustu að ræða, eins konar verktakastarfsemi. Sá sem kaupir þjónustuna á að hafa allt um það að segja hvernig hún er. Það verður ekki á það fallist að Bandaríkjamenn eða yfirleitt nokkur þjóð sé að blanda Íslendingum og Íslandi inn í stríðsleiki sína, a. m. k. ekki að þeim forspurðum. Vilji Bandaríkjamenn reka hérlendis einhver erindi vegna eigin hagsmuna er verðugt og rétt að þeir sæki um það til íslenskra stjórnvalda, ríkisstj. og Alþingis í hverju tilviki.

Herra forseti. Að mínu mati er langmikilvægasta atriðið að Íslendingar sjálfir taki frumkvæðið í varnar- og öryggismálum sínum og að ekkert verði aðhafst og engin stefna mörkuð án þess að til komi frumkvæði og samþykki Íslendinga sjálfra. Þá fyrst verður hægt að ábyrgjast að dauðinn sé ekki geymdur í hattaöskjum hérlendis.

Herra forseti. Það sem er langhryggilegast við þær umr. sem hér fara fram er sú staðreynd að á hinu háa Alþingi, þessari öldnu og virðulegu stofnun, skuli yfir höfuð gefast tilefni til þess að ræða möguleikana á því að einhverjir útlendingar séu með eða hugsi sér að vera með dauðasprengjur á íslenskri grund.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þau svör sem hæstv. ráðherrar veittu við mínum fsp. þó að í því felist ekki það mat að þau hafi verið fullnægjandi eða með þeim hætti sem ég hefði talið eðlileg við þessar aðstæður, a. m. k. á það ekki við um alla þætti. Ég tel að í þessari umr. hafi margt gagnlegt komið fram af hálfu þeirra sem í henni hafa tekið þátt, en ég mun tímans vegna aðeins koma að örfáum atriðum.

Ég lýsti í máli mínu upphaflega yfir ánægju með þau ákveðnu viðbrögð sem komið höfðu fram hjá hæstv. utanrrh. vegna þeirra upplýsinga sem hann hefði fengið í hendur, og hann ítrekaði í sínu svari þá skoðun sína að væru þessar upplýsingar réttar væri þarna um þrefalt brot að ræða á samningum og yfirlýsingum Íslendinga. Hann bætti þar við það sem áður hafði fram komið um brot á varnarsamningi og brot gegn yfirlýsingu NATO frá 1957 að hér væri þá einnig um brot að ræða gegn amerískum lögum. Það fer því ekki milli mála að hæstv. utanrrh. lítur þessar upplýsingar og það sem fram hefur komið mjög alvarlegum augum og ég skil vel að hann sé uggandi þeirra vegna og einnig sár ef svo væri að þessar upplýsingar yrðu staðfestar sem réttar við nánari skoðun máls. Fáir hafa stutt jafndyggilega við þá stefnu í samskiptamálum við Bandaríkin á undanförnum 15 árum og sennilega lengur en hæstv. núv. utanrrh. og það hlýtur auðvitað að vera honum sérstakt og mikið áfall ef þannig er unnið á bak við hann í stórmáli sem þessu, eins og fram komnar upplýsingar eru vísbending um.

Hæstv. ráðh. er á þessu stigi ekki reiðubúinn til þess að tjá sig um hvort ástæða sé til að endurmeta samskiptin við Bandaríkin í sambandi við herstöðina hér og svokallað varnarsamstarf, og út af fyrir sig skil ég að hann vilji fá nánari vitneskju um atriði sem tengjast þeim upplýsingum sem hann hefur fengið í hendur. En það hefur komið fram í máli ýmissa annarra ræðumanna að það sé rík ástæða til að fara ofan í þessi mál og það ekki eingöngu í því formi að svara sé leitað og skýringa frá bandarískum stjórnvöldum, heldur með sjálfstæðri athugun af hálfu Íslendinga sjálfra. Ég tek undir þau ummæli sem fallið hafa þar að lútandi, m. a. frá hv. 11. þm. Reykv., frá hv. 3. þm. Reykn. og ekki síst frá hv. 9. þm. Reykv. sem mælti hér að mínu mati mjög athyglisverð og gild aðvörunarorð í sambandi við öryggismál landsins. Í þessum hópi var raunar einnig hv. 4. landsk. þm. sem gerði þessi atriði að sérstöku umtalsefni.

Ég spurði hæstv. ráðh. um afstöðu þeirra til þess að Alþingi tæki af öll tvímæli í sambandi við staðsetningu kjarnorkuvopna á íslenskri grund eða flutning á þeim til landsins á friðartímum sem ófriðartímum að einhverra mati. Hæstv. forsrh. tók jákvætt undir þetta efni, taldi að það kæmi mjög til greina að Alþingi tæki þannig af tvímæli, en eins og ég skildi hæstv. utanrrh. tók hann ekki af skarið um þetta og taldi, ef ég hef skilið hann rétt, að afstaða og viðhorf Íslendinga að þessu leyti ættu

að liggja nægilega skýr fyrir, þannig að bandarísk yfirvöld ættu ekki að velkjast í neinum vafa um afstöðu Íslendinga. Ég ítreka það hér sem mitt sjónarmið að ekki megi dragast og ekki eigi að dragast að Alþingi marki þarna skýra og ótvíræða afstöðu.

Hæstv. forsrh. lýsti þeirri skoðun sinni að heimild til að flytja kjarnorkuvopn til Íslands væri ekki mál eins ráðh., væri ekki málefni utanrrh. eins. Ef eftir væri leitað væri það málefni allrar ríkisstj. Þetta er að mínu mati eðlilegur skilningur, en að auki bæti ég því við að slíkt mál hlyti að leggjast fyrir Alþingi og leitað væri eftir afstöðu Alþingis í því efni. Væntanlega verður þess ekki langt að bíða að Alþingi taki formlega af skarið um viðhorf sem ég trúi ekki öðru en eigi einróma stuðning í sölum Alþingis þegar á reynir.

Ég heyrði það á máli hv. 3. þm. Reykn., Kjartans Jóhannssonar, að hann teldi að ég hefði verið með staðhæfingar varðandi þær upplýsingar sem fram hafa komið og fylgt síðan á eftir með stóryrðum. Ég undrast að hv. þm. skuli ekki hafa lagt betur við hlustir þegar ég flutti mitt mál. Ég lagði að sjálfsögðu ekkert mat á réttmæti eða sannleiksgildi framkominna upplýsinga og ég byggði heldur engin stóryrði á þeim efnum, en ég hvatti mjög eindregið til þess að menn stöldruðu við og athuguðu sinn gang í sambandi við þessar upplýsingar og drægju af því ályktanir, ef þær yrðu staðfestar, og lagði á það ríka áherslu að ofan í saumana yrði farið í þessum efnum.

Það vill verða svo að umræðan um öryggismál hér á Alþingi vill fara út á brautir sem mér finnast ekki vera farsælar. Ræða hv. þm. Eiðs Guðnasonar, hv. 5. landsk. þm., var dæmigerð um hvernig menn á stundum hrökkva í baklás og hlaupa upp með nánast óskiljanlegum hætti. Mér finnst óskiljanlegt að mál af þessu tagi, og það mál sem ættu að vera hafin yfir flokkadrætti, eins og spurningin um hvort komi til greina að staðsetja kjarnorkuvopn á Íslandi, þurfi að verða til þess að menn fari að kyrja hér söng, sem ég hélt að heyrði fortíðinni til, með Rússagrýlu og áburð á þingflokk Alþb. um að ganga erinda annars risaveldisins. Ég harma málflutning af þessu tagi og ég hvet hv. þm. til að lesa sér betur til, bæði í Þjóðviljanum, ræðum, ritum og samþykktum Alþb. um þessi efni þannig að hann velkist ekkert í vafa.

Ég hefði ástæðu til að gera þær staðhæfingar hæstv. utanrrh. að umtalsefni að ábending mín í sambandi við réttarstöðu Keflavíkurflugvallar og svokallaðra varnarsvæða jaðraði við landráð. Ég undrast að heyra slíkan *málflutning af vörum hæstv. utanrrh.*, byggt á þeim ummælum sem frá mér komu um þetta efni og ég endurtók hér áðan í umr. um þingsköp. Ég met það svo að hæstv. ráðh. sé með málflutningi af þessu tagi að reyna að finna eitthvert skálkaskjól til þess að hlaupa í í sambandi við umr. um þetta mál. Það er hins vegar þess eðlis að menn ættu ekki að þurfa að vera að grípa til slíkra ráða, eins og hæstv. ráðh. gerði áðan.

Það hefur oft komið fyrir að ágreiningur hefur risið um hver hafi völdin á Keflavíkurflugvelli og hægt er að finna þess mörg dæmi, þó að ég hafi þau ekki hér til að hafa yfir, sem minna okkur á að t. d. völd lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli hafa verið talin orka tvímælis þegar til ágreinings og árekstra hefur komið vegna einstakra tilefna þar á hinum svokölluðu varnarsvæðum. Ég var ekki að gera það að mínum orðum í því máli sem ég flutti hér áðan að þessi svæði lægju utan íslenskrar lögsögu. Það gerði ég ekki og hæstv. ráðh. getur gengið úr skugga um það með því að lesa afrit af minni ræðu.

Ég hlýddi af athygli á hugmynd hæstv. ráðh. um að Alþingi, eins og ég tók eftir að hann sagði, fæli nefnd manna að kanna öll þau mál sem tengjast öryggi Íslands og ég hygg að hann hafi sagt aðgerðum í varnarmálum eða eitthvað á þá leið. Ég tel þessa hugmynd mjög góðra gjalda verða og sjálfsagt sé að taka undir hana. En ég vildi þó, vegna þess að ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. tali hér á eftir, að hann útskýrði með ákveðnari hætti hvernig hann hyggur að að þessu sé staðið og hvort sá skilningur sé réttur að ef til slíkrar nefndar sé stofnað sé tryggt að þar eigi sæti fulltrúar allra þingflokka sem eru starfandi á Alþingi nú eða framvegis. Ég bendi einnig á að hér er starfandi svokölluð öryggismálanefnd, sem hefur verið allvirk á undanförnum árum þó að meira hefði mátt fara fyrir hennar störfum að mínu mati, og utanrmn. sem er kosin af Alþingi og fjallar m. a. um öryggismál að vissu marki. En það mætti vera meira og það þarf að sjálfsögðu að tryggja, ef til nýrrar nefndar er stofnað með þessum hætti, að eðlilegt samhengi og samstarf sé milli þeirra sem fjalla um utanríkis- og öryggismál landsins.

Mér þótti gott að hlýða á mál hv. 9. þm. Reykv. Haralds Ólafssonar í sambandi við viðhorf til íslenskra öryggismála og ég vildi óska þess að þau viðhorf, sem hann túlkaði þar, ættu sér traustan stuðning í röðum Framsfl. Hv. þm. taldi raunar að hann hefði flokksþingssamþykkt þar að baki. Af máli hans mátti ráða að hann teldi að algerlega væri í rauninni óljóst hver væri öryggisstefna Íslands. Það væri ógert að móta slíka skilmerkilega stefnu. Hann taldi að það mál, sem hér hefði verið til umr. í dag, fjallaði um grundvallaratriði sem ætti að vera hafið yfir flokkadeilur. Ég tek undir það með hv. þm. að hér er ekki um mál að ræða sem má falla í einhvern karpfarveg og það er mun víðtækara en sá ágreiningur sem hefur verið uppi og er uppi varðandi herstöðina í Keflavík og aðra hernaðaraðstöðu Bandaríkjamanna hérlendis. Spurningin um kjarnorkuvopn í því samhengi, áætlun um kjarnorkuvopn, sem þessu tengjast, er allt annars eðlis í rauninni og alvarlegri en sá ágreiningur sem uppi er að öðru leyti í þessum efnum.

Hv. 9. þm. Reykv. benti á það, og undir það var tekið og undirstrikað af hv. þm. Steingrími Sigfússyni áðan, að hver og einn þáttur í þróun herstöðva hér á landi, þ. á m. varðandi radarstöðvarnar, væri hluti af heild og þeirri spurningu væri ósvarað, m. a. af Alþingi, inn í hvaða samhengi þessir hlutar féllu og það væri það sem máli skiptir. Hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess í máli sínu áðan að taka undir það sem hann taldi vera sjónarmið Williams Arkins í sambandi við radarstöðvarnar, að þar væri smámál á ferðinni. Ég taldi að skilningur hv. 9. þm. Reykv. væri mun skarpari á því máli og því samhengi, sem þar er um að ræða, og ég vona að hans sjónarmið fái öflugan stuðning í hans flokki þegar þau mál verða til frekari umræðu og ákvörðunar.

Ég vildi svo, herra forseti, vegna þess að hér hefur verið óskað eftir því að fundi megi ljúka, aðeins að endingu segja að ég tel að þessi umr., sem hér hefur farið fram í dag, hafi leitt fram svör og viðbrögð bæði

hæstv. ráðh. og einstakra alþm. sem gagnleg megi vera við framhaldsskoðun þessa þýðingarmikla og alvarlega máls. Málið er ekki um það eitt hvort upplýsingar umrædds Bandaríkjamanns séu réttar í öllum greinum eða ekki, heldur snúast þær einnig um það hvert við erum að fara, hvert okkur Íslendinga er að bera í sambandi við svokölluð öryggismál og þá aðstöðu sem við höfum veitt Bandaríkjamönnum hérlendis fyrst og fremst, þó að að sumu leyti sé það rekið í nafni Atlantshafsbandalagsins. Það er ofan í saumana á því samhengi öllu saman sem Alþingi Íslendinga þarf að fara nú á næstunni því að þennan vef er verið að vefa fastar með hverjum deginum sem líður, með hverju skrefi sem tekið er. Þar er umræðan um radarstöðvar, sem nú er hafin, hvað nærtækust.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður og leitast mun ég við að ýfa ekki upp umr. að nýju þar sem forseti hefur af frjálslyndi sínu og góðvild leyft þessar utandagskrárumr. með það fyrir augum að unnt væri að nýta það sem eftir er dagsins í önnur skyldustörf Alþingis. Ég vil þess vegna sem mest reyna að halda mig við að svara fsp. sem fram hafa komið, en mun þó víkja að örfáum öðrum atriðum.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir spurði mig nokkurra spurninga sem ég óskaði eftir að fá skriflegar og hef fengið þær og ég þakka það.

Það er í fyrsta lagi: Hversu ítarlegar og haldgóðar upplýsingar er í reynd að hafa um hlutverk Íslands í vígbúnaðar- og varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsins? Ég tel að það sé hægt að fá bæði ítarlegar og haldgóðar upplýsingar um þessi efni ef Íslendingar leita eftir þeim og fylgjast vel með. Þann tíma sem ég hef verið utanrrh. hef ég lagt aukna áherslu á þessi efni og tekið það fram m. a. að til þess að við fylgdumst nægilega vel með þyrftum við og að fylgjast með störfum hermálanefndarinnar, bæði til þess að gera okkur grein fyrir hlutverki Íslands í Atlantshafsbandalaginu, varnarbandalagi vestrænna þjóða og einnig til þess að við getum beitt áhrifum okkar að svo miklu leyti sem unnt er og raunsætt að því að vinna að afvopnun í heiminum.

Spurningar Sigríðar Dúnu eru allar byggðar á því skilyrði að upplýsingar Williams Arkins séu réttar. Ég hef ekki talið rétt að fara í efnislegar umr. eða svara spurningum sem annaðhvort byggjast á því að upplýsingar Arkins séu réttar eða rangar. Ég kveð ekki upp dóm um það fyrr en það mál er upplýst. Þess vegna er ekki efni til þess að svara spurningum eins og hvers vegna íslensk stjórnvöld viti ekki um efni þessara upplýsinga, hvers virði yfirlýsingar Bandaríkjamanna séu o. s. frv.

Fimmta fsp. Sigríðar Dúnu er um það hvernig ráðh. hafi hugsað sér að sannreyna þær upplýsingar sem hann kann að hafa eða muni fá um þessi mál. Ég tel nauðsynlegt í hverju máli að leita upplýsinga alls staðar þar sem hugsanlegt er að upplýsingar sé að fá. M. a. er unnt með samanburði við aðrar bandalagsþjóðir að sannreyna hvort upplýsingar frá einni þeirra eru réttar, svo ég nefni eitt dæmi.

Þá hefur hér í umr. verið rætt um hvort hlutverk varnarstöðvarinnar væri að breytast. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon vitnaði í þeim efnum í skýrslu mína um utanríkismál þar sem ég sagði að eðli varnarstöðvarinnar væri fyrst og fremst varnar- og eftirlitshlutverk. Ég tel engan þeirra þátta sem hann nefndi sem dæmi um að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli væri að breyta um eðli hafa við rök að styðjast, en hef ekki tíma til að fara yfir þessa þætti hvern fyrir sig þó að ég hefði ánægju af því að gera það við annað og betra tækifæri. Almennt vil ég um þetta segja að þær ráðstafanir og framkvæmdir sem verið er að vinna að á Keflavíkurflugvelli og við varnarstöðina eru endurnýjanir og endurbætur sem leiða af því að tækniframfarir eiga sér stað í heiminum. Það er ósköp eðlilegt að 20—30 ára gömul tæki eða aðstaða þurfi endurnýjunar við.

Ég skal svo víkja að þeim orðum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér síðast.

Sú skoðun, sem hann tilgreindi ekki annað en að hann tæki þátt í að hafa, að Keflavíkurflugvöllur væri bandarískt svæði en ekki íslenskt, er auðvitað algerlega út í hött og skaðar hagsmuni Íslands. Hann nefndi sem stuðning við þessa skoðun að ágreiningur ætti sér stað um löggæslu á Keflavíkurflugvelli. Nú hef ég ekki annað í huga en að um löggæslu á Keflavíkurflugvelli og á varnarsvæðinu séu mjög skýr og skilmerkileg ákvæði í varnarsamningum. Ég man ekki eftir neinu því ágreiningsmáli í þessum efnum sem styður skoðun hv. þm. að þessu leyti.

Þá spurði þm. hvað vekti fyrir mér með ummælum um nefndarskipun er fjallaði um öryggismál Íslands og ekki síður, eins og ég undirstrikaði í minni fyrstu ræðu, að slík nefnd ætti að fjalla um stöðu og þátttöku Íslands almennt í viðleitni til afvopnunar og útrýmingar kjarnorkuvopna. Ég tel alveg sjálfsagt að slík nefnd væri skipuð fulltrúum frá öllum þingflokkum. Það væri efni sem utanrmn. gæti fjallað nánar um með hvaða hætti nefndin skyldi skipuð og hvert yrði verksvið hennar, en ég gekk út frá því að nefndin fjallaði um þær till. sem hér hafa séð dagsins ljós og snerta þessi efni.

Ég fagna því að áhugi á varnar- og öryggismálum sýnist fara vaxandi. Það hefur stundum á því bryddað að þetta væru álitin nokkurs konar feimnismál. Að sumu leyti er eðlilegt að þessi mál séu sjaldnar og síður til umr. hér á Íslandi og Alþingi en á þjóðþingum annarra landa. Það stafar af því að aðrar þjóðir þurfa árlega að fjalla um það hve mikill hluti af skattheimtu fari til verndar sjálfstæði og öryggi þjóðanna. Þá gefst um leið mjög eðlilegt tækifæri til að fjalla um hvað þessar þjóðir vilja á sig leggja til að treysta varnir sínar, öryggi og sjálfstæði. En þess er engu síður þörf hér á Íslandi að við gerum okkur vel grein fyrir hvers er þörf í þeim efnum þótt við þurfum ekki að veita fjármunum, sem teknir eru með sköttum af þjóðinni, til þessara mála.

Ég hef sagt frá því í utanrmn. að ég vonaðist til þess að skýrsla um utanríkismál yrði fyrr á ferðinni á þessu þingi en var í fyrra til þess að nægilegur og góður tími gæfist til umr. um þessi mál þ. á m. um varnarmál og ýmislegt það sem menn hafa rætt um í þessum umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að gera hér athugasemd vegna síðustu ummæla hæstv. utanrrh. Hann er enn við það heygarðshorn að nudda mér upp úr því að ég hafi verið hér með ummæli sem jaðri við landráð. Hann endurtók það í sinni síðustu ræðu þó að hann hafi staðhæft í upphafi að hann ætlaði sér ekki að gefa tilefni til frekari umr. Hæstv.

ráðh. virðist ekki leggja vel við hlustir. Hann virðist hvorki hafa hlustað á mín upphaflegu ummæli né heldur ræðu mína hér áðan þar sem ég taldi mig hafa leiðrétt misskilning ráðh. um að ég væri þeirrar skoðunar að vallarsvæðin eða verndarsvæðin svokölluðu lægju utan íslenskrar lögsögu. Það er ekki mitt viðhorf. (**Gripið fram í:** Gott að heyra það. Gott að það kom fram.) Það kom fram í ræðu minni áðan. (**Gripið fram í:** Ja, það var nú ekki alveg ljóst. Það var með aths.)

Efri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseta hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. des. 1984.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Tómas Árnason,
4. þm. Austurl."

Jón Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans því verið rannsakað. Hann er boðinn velkominn til starfa.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208, n. 229). — 2. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég hleyp hér í skarðið fyrir hv. þm. Tómas Árnason sem fjarstaddur er eins og kunngert hefur verið, en hugmyndin var að hann yrði frsm. nefndarinnar. Vænti ég að enginn hafi við það að athuga að ég gerist hans staðgengill.

Um þetta mál þarf ekki að fjölyrða, það þekkja allir hv. þm. Það fjallar einungis um framlengingu á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem efnislega hefur verið rætt nú og þó kannske með enn þá skemmtilegri hætti hér í fyrra. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. að fleira þarf að gera en gott þykir, en hann komst einhvern veginn að orði á þann veg. Í öllu falli erum við nm. sammála um að mæla með framlengingu þessa gjalds, en einstakir nm. skrifa þó upp á nál. með fyrirvara. Ég legg til að frv. verði samþykkt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem mér var ekki fært að vera viðstödd afgreiðslu þessa máls í n. vil ég nota tækifærið hér og lýsa því yfir að ég er fylgjandi því að þetta frv. verði samþykkt, með þeim fyrirvara þó að ég tel að óhætt hefði verið að hafa þá skattprósentu, sem hér um ræðir, heldur hærri. Við vitum mætavel að verslun stendur nú með miklum blóma í landinu. Allir útreikningar sýna okkur það og sanna. Þeir aðilar sem hér um ræðir ættu því að vera nokkuð aflögufærir fyrir okkar þrautpínda og galtóma ríkissjóð. Ég hefði t. d. talið eðlilegra að afla ríkissjóði tekna með sköttum af því tagi sem hér um ræðir, sköttum á þá sem þá geta greitt, frekar en með auknum neyslusköttum sem koma niður á öllum almenningi og reyndar versluninni líka þótt í minna mæli sé.

En með þeim fyrirvörum, sem ég hef hér til tekið, lýsi ég mig samþykka þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 frá 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Með frv. því, sem hér hefur verið lagt fram um breytingu á lögum nr. 107 frá 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, er lagt til að gildistími innheimtu sérstaks vörugjalds verði framlengdur og gjaldið innheimt í eitt ár til viðbótar, þ. e. á árinu 1985. Lögum þessum var einungis ætlað að gilda til 31. des. 1984 þar sem gert var ráð fyrir að á þessu ári yrðu lög um vörugjald endurskoðuð í tengslum við gildistöku nýrra tollalaga. Dregist hefur að leggja fyrir Alþingi hið nýja tollalagafrv. og þar með einnig löggjöf um vörugjald og er því nauðsynlegt að framlengja gildistíma laga nr. 107 frá 1978 um eitt ár eða þar til ný löggjöf um vörugjald tekur gildi, væntanlega á árinu 1985.

Gjald þetta er sérstaklega mikilvægt með tilliti til afkomu ríkissjóðs og er gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985. Áætlaðar tekjur af innheimtu þess á árinu 1985 eru um 1 390 millj. kr. Gjaldið er bæði lagt á innfluttar vörur og innlenda framleiðslu sem fellur undir þá vöruflokka sem taldir eru upp í nefndum lögum og er gert ráð fyrir að af innfluttum gjaldskyldum vörum verði vörugjaldstekjur um 1 180 millj. kr., en 210 millj. kr. af innlendri framleiðslu. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þeim vöruflokkum sem gjaldskyldan nær til og verður gjaldið því eftir sem áður innheimt í tveimur gjaldflokkum, þ. e. 24% af vörum í lægri gjaldflokki, en 30% í þeim hærri.

Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi til að hafa frekari orð um frv. þetta og legg því til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. 205. mál (þskj. 240). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 97/1979. Skv. gildandi ákvæðum eiga eftirlaunagreiðslur skv. lögunum að falla niður nú í árslok, en í frv. er gert ráð fyrir að lögin verði framlengd um fimm ára skeið og á þeim gerðar nokkrar breytingar.

Þar sem ég hef ekki talið koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar falli niður án frekari ráðstafana af hálfu rn. fól ég snemma á s. l. sumri þeim Guðjóni Hansen formanni umsjónarnefndar eftirlauna og Hallgrími Snorrasyni formanni lífeyrisnefndar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Ís-

lands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna að gera tillögur um fyrirkomulag þessara mála þegar lög þessi eiga að falla úr gildi. Hafa þeir samið þetta frv. og haft við það samráð við lífeyrisnefndina. Nefndin er samþykk þeim tillögum sem gerðar eru með þessu frv.

Lögin um eftirlaun til aldraðra leystu af hólmi lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971, en upphafleg lög um þetta efni, nr. 18/1970, voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Skv. fyrirheiti ríkisstj. við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ og ríkissjóði að ¼, en síðan tæki hlutaðeigandi lífeyrissjóður við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Réttindi skv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru takmörkuð við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar.

Árið 1970 voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda. Í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um lífeyrisréttindi til handa öldruðum bændum, svipuð og réttindi skv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Útgjöld voru borin að hluta af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði.

Skv. ákvæðum laganna frá 1971 breyttust lífeyrisgreiðslur árlega sem nam breytingu á meðallaunum næstliðinna fimm ára. Lífeyrisgreiðslurnar voru því aðeins verðtryggðar að mjög takmörkuðu leyti. Eftir því sem verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan síðasta áratug fór því hlutfall lífeyris skv. lögunum og launa hríðlækkandi. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976, þess efnis að lífeyririnn yrði verðtryggður skv. lögunum þannig að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara aðila kostuðu sameiginlega þá hækkun lífeyris sem af því hlytist að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkanir. Jafnframt þessu tók Lífeyrissjóður bænda frá árinu 1976 á sig útgjöld vegna sérstakrar verðtryggingar hliðstæðrar þeirri sem kveðið var á um í áðurnefndu samkomulagi launþega og vinnuveitenda frá í febr. það ár.

Verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp sem rétt á skv. lögum um eftirlaun til aldraðra eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú langflestir þeir lífeyrissjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kauptöxtum, greiða uppbætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum sem síðar hafa verið á því gerðar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga og við endurnýjun lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins í júní 1977 gaf ríkisstj. m. a. fyrirheit um að samdar skyldu tillögur sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ákveða félögum í stéttarfélögum, fram til þess að nýskipun lífeyriskerfis tæki gildi. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirbúið frv. til laga um eftirlaun til aldraðra sem síðan varð að lögum nr. 97/1979.

Lögin um eftirlaun til aldraðra skiptast í sex kafla. Í I. kafla eru ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem eru efnislega hin sömu og voru í lögunum frá 1971. Í II. kafla er kveðið á um almenn eftirlaun til aldraðra, þ. e. um réttindi sem hvorki falla undir I. kafla laganna né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að undanteknu ákvæði um stéttarfélagsaðild í I. kafla eru þau skilyrði, sem menn þurfa að uppfylla til að öðlast eftirlaun skv. lögunum, hin sömu í II. kafla og I. kafla, eða sem hér segir:

a. Að vera fæddir árið 1914 eða fyrr.
b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður sem náð hefur 75 ára aldri á þó rétt til eftirlauna án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi. Til réttindatíma telst sá tími frá og með árinu 1955 og eftir 55 ára aldur sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur að því lágmarki sem lögin ákveða.

Með ákvæðum II. kafla voru þeim mönnum, sem ekki hafa verið félagar í stéttarfélögum sem talin eru til verkalýðsfélaga í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, tryggð nokkurn veginn sömu réttindi og félögum í stéttarfélögum, og eftirlaunaréttur*inn* þannig gerður almennur.

Í III. kafla eru svo ýmis sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. og II. kafla laganna og II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda svo og um framkvæmd.

Í IV. kafla laganna eru ákvæði um uppbót á lífeyri, þ. e. þá verðtryggingu lífeyris, sem fyrst var ákveðin með lífeyrissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febr. 1976. Nær verðtryggingin jafnt til lífeyris skv. I. og II. kafla laganna.

Í V. kafla eru fjárhagsákvæði sem eru nokkuð margbrotin, en kostnaður af eftirlaununum skiptist þannig:

1. Grunnlífeyrir, þ. e. eftirlaun án uppbótar, skv. I. kafla greiðist að ¾ af Atvinnuleysistryggingasjóði og ¼ af ríkissjóði.
2. Uppbót á grunnlífeyri skv. I. kafla greiðist að hluta af sameiginlegu framlagi þeirra lífeyrissjóða, sem eru aðilar að samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál frá 1976 og síðar, en að hluta af hverjum lífeyrissjóði fyrir sig. Framlagið nemur 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna, sem í hlut eiga, en það sem á vantar að hið sameiginlega framlag hrökkvi til greiðslu uppbótarinnar greiðir hver sjóður vegna sinna félaga.
3. Eftirlaun skv. II. kafla laganna að uppbót meðtalinni svo og uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda greiðist sem hér segir:
   a. Allir lífeyrissjóðir, sem standa utan lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins, leggja fram í þessu skyni 5% af iðgjaldatekjum sínum.
   b. Af því sem á vantar að framlag lífeyrissjóðanna hrökkvi til greiðir ríkissjóður 40% en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður 30% hvor.
4. Kostnaður af greiðslu þriggja stiga viðbótarréttinda við eftirlaun skv. I. kafla greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Í september 1984 fengu 3972 einstaklingar ellilífeyri

skv. I. kafla laganna, 26 fengu örorkulífeyri og 1067 makalífeyri. Skv. II. kafla fengu 949 manns ellilífeyri, enginn örorkulífeyri en 197 makalífeyri. Um 100 manns fá lífeyri bæði skv. I. og II. kafla og samtals er því fjöldi lífeyrisþega sem nýtur eftirlauna skv. lögunum um 6100 talsins. Að auki njóta 1450 manns lífeyris skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að meðtöldum mökum má ætla að um 10 000 manns njóti með beinum eða óbeinum hætti þess lífeyris sem hér er um að ræða.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega fyrir um hvaða afleiðingar það hefur ef lögin verða látin ganga úr gildi í árslok 1984 án frekari ráðstafana af hálfu löggjafans, en eftirfarandi má þó nefna:

1. Eftirlaun til félaga í stéttarfélögum skv. I. kafla hljóta í flestum tilvikum að leggjast á þá lífeyrissjóði sem hlut eiga að máli. Í reglugerðum mjög margra þessara sjóða eru ákvæði um að greiðslum skuli haldið áfram þegar lögin falla úr gildi, og aðrir sjóðir munu væntanlega telja rétt að gera það með skírskotun til samkomulagsins 1969. Hins vegar má búast við að nokkur hópur lífeyrisþega I. kafla yrði utanveltu og óvissa gæti orðið um réttindi manna sem uppfylla skilyrði laganna fyrir rétti til lífeyris að öðru leyti en því að þeir hafa ekki en látið af störfum. Greiðsla uppbótar á grunnlífeyri þeirra manna, sem sjóðirnir tækju við, færi væntanlega eftir sömu reglum og uppbótargreiðslur til annarra lífeyrisþega hlutaðeigandi sjóða og gæti orðið nokkuð mismunandi eftir sjóðum. Á hinn bóginn má ætla að lífeyrissjóðirnir teldu sér yfirleitt óskylt að taka á sig þau þriggja stiga viðbótarréttindi sem kostuð hafa verið af Atvinnuleysistryggingasjóði og féllu þau þá alveg niður.
2. Eftirlaun skv. II. kafla falla alveg niður.
3. Kostnaður af greiðslu uppbótar á lífeyri skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda falla á sjóðinn sjálfan eða falla niður ef sjóðurinn verður ekki talinn hafa bolmagn til að standa undir þeim greiðslum.

Ljóst er að stórlækkun lífeyrisgreiðslna og uppbótar skv. I. kafla og niðurfelling greiðslna skv. II. kafla er ekki viðunandi. Telja verður að greiðslur skv. I. kafla og uppbót á þann lífeyri yrðu þá, eins og til málanna er stofnað, á ábyrgð viðkomandi lífeyrissjóða, en eftirlaun skv. II. kafla yrðu væntanlega að teljast viðfangsefni hins opinbera.

Við athugun og umr. um mál þetta hefur komið í ljós að viðhorf þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, eru mjög mismunandi. M. a. hefur verið hreyft hugmyndum um að lögin verði framlengd en um leið víkkuð út, þannig að þau tækju til yngri manna en þeirra, sem fæddir eru 1914 og fyrr, og allur kostnaður af lögunum látinn falla á ríkissjóð frá 1. jan. 1985. Þá hafa sumir af þeim lífeyrissjóðum, sem lagt hafa fram fé til lífeyris skv. II. kafla verið andsnúnir þeim framlögum og komið hafa fram kröfur um að kostnaðarhlutdeild sjóðanna yrði afnumin. Jafnframt er óvíst hvort allir þeir lífeyrissjóðir, sem eru aðilar að lífeyrissjóðasamkomulaginu, sem er undirstaða greiðslu uppbótar á lífeyri skv. I. kafla, eru reiðubúnir til áframhaldandi framlaga til hins sameiginlega sjóðs sem stendur undir miklum hluta af þessum greiðslum.

Við þessar aðstæður eru eftirfarandi tillögur gerðar um fyrirkomulag þessara mála frá 1. jan. 1985:

a) að gildistími laganna verði framlengdur um fimm ár til ársloka 1989,
b) að skilyrði til töku eftirlauna verði óbreytt frá því sem nú er,
c) að kostnaður verði borinn af sömu aðilum og nú,
d) að framlag lífeyrissjóða til greiðslu uppbótar á lífeyri skv. I. kafla og til greiðslu lífeyris skv. II. kafla lækki úr 5% í 4% 1985 og í 3% 1986—1989,
e) að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau eru skv. kauptaxta í byrjun hvers mánaðar, en skv. gildandi lögum geta lífeyrisgreiðslur aðeins breyst fjórum sinnum á ári, þ. e. þá daga sem verðbótahækkun launa tók áður gildi.

Loks eru í frv. gerðar tillögur um nokkrar minni háttar breytingar, einkum um tilvísanir í lok sem breytt hefur verið frá því að lögin nr. 97/1979 voru samþykkt.

Ástæðan fyrir tillögu um fimm ára framlengingu er sú, að enda þótt eftirlaunaþegar skv. lögunum hafi allir náð lágmarksaldri til töku lífeyris á árinu 1984, fái þeir því aðeins notið réttar síns að þeir hafi látið af starfi, en þeir hefja í síðasta lagi töku lífeyris er 75 ára aldri er náð árið 1989. Með framlengingu um fimm ár er því komið í veg fyrir óvissu um réttindi slíkra manna. Talið er að fjöldi eftirlaunþega skv. lögunum verði í hámarki árin 1984 og 1985 en síðan fækki þeim þar sem þá falli frá á ári hverju stærri hópur en sá sem við bætist. Eftir árið 1989 verða allir eftirlaunaþegar, sem réttindi geta eignast skv. lögunum, farnir að taka eftirlaun. Því mun lífeyrisþegahópurinn minnka ört eftir það. Lífeyrissjóðum verður þá mun minni vandi á höndum en nú er að taka við kostnaði af greiðslu þeirra eftirlauna sem á þá falla, þ. e. skv. I. kafla laganna.

Athugun og framreikningur á kostnaði við greiðslu uppbótar skv. I. kafla laganna sýnir að hlutfall uppbótar af heildarlífeyri hefur lækkað að mun frá árinu 1984 og mun fara lækkandi áfram ef verðlag og kauplag hækkar ekki ört á ný. Árið 1983 voru uppbótargreiðslur um 56% af heildargreiðslum, en eru taldar verða um 48% á árinu 1984. Sé miðað við að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna skv. I. kafla haldist svipað og verið hefur í hlutfalli við heildargreiðslur uppbótar, virðist óhætt að leggja til að framlagið lækki í 4% árið 1985 og í 3% 1986 og síðar.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau voru hinn 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. Þessar dagsetningar voru miðaðar við þá daga sem verðbótahækkun launa tók áður gildi skv. lögum og kjarasamningum. Forsendur fyrir þessum dagsetningum eru ekki lengur fyrir hendi og því er lagt til að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun í byrjun hvers mánaðar. Í þessu fellst að lífeyrisgreiðslur geta breyst sem næst jafnskjótt og laun breytast í stað þess að geta breyst fjórum sinnum á ári eins og nú er. Þetta hefur í för með sér að komið er í veg fyrir tafir á breytingum lífeyrisgreiðslna til samræmis við þær launabreytingar, sem um kann að vera samið, og færir lífeyrisþegum því nokkra kjarabót.

Erfitt er að ætla á um fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð af þeim tillögum sem gerðar eru með þessu frv. Ýmis atriði má þó nefna í þessu sambandi. Í fyrsta lagi þarf vart að nefna að falli lögin úr gildi fellur niður kostnaður ríkissjóðs af lífeyrisgreiðslum skv. þeim, alls um 24 millj. kr. skv. áætlun fyrir árið 1984, en kostnaðarhluti Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem félli

niður, er 53 millj. 1984 og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 6 millj. kr. Á hitt má benda að á móti mundu útgjöld ríkissjóðs til greiðslu tekjutryggingar og annarra tengdra bóta lífeyristrygginga vafalaust aukast.

Í öðru lagi má nefna að verði lögin framlengd fer kostnaðarskipting mjög eftir launabreytingum næstu árin. Þeim mun minna sem laun hækka að krónutölu, þeim mun þyngri verður kostnaður ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs af lífeyri skv. I. kafla laganna, en kostnaður af lífeyri skv. II. kafla lækkar. Hið gagnstæða á sér stað verði um miklar launabreytingar í krónum að ræða á næstunni. Að lokum má nefna að lækkun á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris skv. II. kafla laganna og uppbótar á hann hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir þá aðila sem greiða það sem á vantar að framlag ríkissjóðs nægi til þessara útgjalda, þ. e. fyrir ríkissjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til dæmis um áhrif þessa má nefna að hefði framlagið 1984 verið 3% í stað núgildandi 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna hefði það aukið útgjöld ríkissjóðs um 5.4 millj. kr. og Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs um 4 millj. kr. á hvorn sjóð, miðað við þá áætlun um greiðslur og kostnaðarskiptingu sem hér hefur verið sett fram.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. nú. Ég vil fyrst fagna því að það er fram komið. Þau ákvæði sem í því er að finna eru fljótt á litið til bóta: betri verðtryggingarákvæði, réttlátari viðmiðun skv. 1. gr. og nokkur kjarabót fyrir þá sem njóta eiga skv. 6. gr. frv. Ég tek undir það að vissulega hefði verið mikil vá fyrir dyrum hjá mörgum ef þessi lög hefðu fallið úr gildi og ekkert komið í þeirra stað, enda með öllu óhæfa. Því fagna ég því að þetta frv. er komið fram með þessum breytingum.

Ég fæ þetta frv. til skoðunar í nefnd og skal því ekki hafa um það mörg orð nú. Ég get þó ekki stillt mig um að benda á hvað lögin um eftirlaun aldraðra hafa reynst til mikilla bóta fyrir fjölmarga og í raun og veru haft grundvallarþýðingu fyrir afkomu fjölmargra sem notið hafa. Það má reyndar segja að réttur þess fólks sem notið hefur eftirlauna skv. þessum lögum hafi verið ótvíræður, það hafi verið siðferðilegur réttur þess fólks sem var í stéttarfélögum áður en iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði komu almennt til greina eða hafi ekki áunnið sér þann rétt sem þurfti til að fá þessar viðbótargreiðslur. Þetta var því mikið réttlætismál og það er enn réttlætismál fyrir mikinn fjölda fólks eins og best sést á upptalningu hæstv. ráðh. á fjölda lífeyrisþega sem fá ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri skv. I., II. og III. kafla þessara laga og eins varðandi Lífeyrissjóð bænda sem við fjölluðum um í fyrra.

Það er hins vegar ljóst og hefur alltaf verið ljóst að á þessu hafa verið augljósir annmarkar varðandi tiltekna hópa sem ekki hafa átt aðild að stéttarfélögum. Nýlega hefur verið fjallað mjög um lífeyrisréttindi húsmæðra í Sþ. Skal ég ekki frekar fara út í það hér að þessu sinni. Við höfum stundum rætt um möguleika öryrkja í þessu efni. Í fyrra, þegar við vorum að fjalla um Lífeyrissjóð bænda, leituðum við lengi leiða til þess að fá leiðréttingu fyrir þann hóp í sveitum sem stóð utan við þetta, en fundum ekki lausn fyrir það fólk í sveitum sem ekki hafði haft beinar skráðar launatekjur eða verið í stéttarfélagi.

Það sem ég er að benda á er að þrátt fyrir þessi lög og þann fjölda sem nýtur þessara laga og þeirrar viðbótar sem þau tryggja, þá er enn þá allstór hópur fólks sem utan við stendur og ekki fær neina slíka uppbót. Ég reikna með því að hann sé ekki eins fjölmennur nú og hann var þegar lögin voru upphaflega sett. Ég er reyndar sannfærður um að hann er ekki eins fjölmennur. En enn þá vantar okkur leið til að hlynna að þessu fólki. Að vísu er það gert á vegum Tryggingastofnunar með sérstakri uppbót oft og tíðum. En þar þarf að fullnægja vissum viðbótarskilyrðum eins og menn þekkja og enn verða sumir út undan. Sú spurning hlýtur því að vakna í hvert skipti sem þessi mál koma hér til umr. hvernig við verði brugðist vegna þeirra sem enn standa hér utan við.

Þegar við virðum fyrir okkur tölurnar um fjölda lífeyrisþega sem njóta þessara laga og laganna um Lífeyrissjóð bænda, þá hlýtur vitanlega að vakna spurningin um það hversu margir þeir ellilífeyrisþegar muni vera sem hvorki eiga rétt á greiðslu úr lífeyrissjóði eða skv. lögum um eftirlaun til aldraða. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. hefur gögn um það hversu margir einstaklingar það muni vera sem eingöngu verða að búa við tekjutrygginguna og þá kannske sérstaka heimilisuppbót eða annað því um líkt, en njóta hvorki réttinda úr lífeyrissjóði eða skv. lögum um eftirlaun til aldraða í stéttarfélögum, því enn er við það miðað, en um það væri vissulega fróðlegt að fá upplýsingar í nefnd því að það skiptir miklu máli og ég hygg að þessi hópur sé allfjölmennur enn þá.

Ég reikna ekki með því að hæstv. ráðh. hafi uppi nein svör um það hvort eitthvað sé á döfinni til úrbóta fyrir þetta fólk. Menn hafa löngum sagt að það gerðist aldrei nema með einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Það verk sækist nú, eins og allir vita, svo grátlega seint að ekki er við neinni leiðréttingu þar að búast á næstunni og ýmsar efasemdir uppi reyndar um hvernig þar skuli tekið á málum og hvernig við skuli brugðist. En ég get ekki látið hjá líða að minna enn einu sinni á þá sem hér standa utan við um leið og ég fagna því að áfram eru tryggð réttindi þeirra sem njóta eftirlauna aldraðra skv. þeim lögum sem annars hefðu fallið úr gildi núna um áramótin og hefðu þar af leiðandi ekki haft neina uppbót ef ekki hefði komið til þetta frv. nú, sem er auk þess með nokkrum lagfæringum sem ég tel að séu til bóta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 26. fundur.

Mánudaginn 10. des., að loknum 25. fundi.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. 191. mál (þskj. 211, n. 233). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. um breyt. á almannatryggingalögunum. Hér er um að ræða álagningu sjúkratryggingagjalds með sama hætti og verið hefur undanfarin ár. Má segja að eina breytingin sem gerð er í þessu frv. er að skattleysismörkin eru hækkuð um 25% eða sem nemur hækkun skattvísitölunnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frv. Nefndin leggur einróma til að þetta frv. verði samþykkt. Að vísu rita einstakir nm. undir með fyrirvara sem fram kemur á nál. Það er ekki gert ráð fyrir að skattbyrði aukist vegna þessa gjalds, síður en svo. Mér sýnist fremur að dragi úr skattbyrðinni en hitt, a. m. k. miðað við það sem fram kemur í grg. eða aths. með þessu frv. þá er áætlað að tekjur hækki um lægri prósentu en sem svarar hækkun skattleysismarka en áætlun um hækkun tekna er um það bil 20% en skattleysismörkin hækka um 25%. Heilbr.- og trn. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Við skrifum hér nokkur undir þetta nál. með fyrirvara. Ég ætla að skýra frá því að sá fyrirvari markast af því að nú hefur verið lagður á mjög illvígur sjúklingaskattur þar sem sjúklingum ber að greiða um 4—5 sinnum meira fyrir hina ýmsu þjónustu sem þeir þurfa að njóta. Við höfum talið að sjúkratryggingagjaldið ætti að nægja sem framlag til þessara mála og annað kæmi úr ríkissjóði en við vildum tilgreina það með þessum fyrirvara að við erum mjög andvíg þeirri þróun sem átt hefur sér stað með þessari skattlagningu, aukaskattlagningu á sjúkt fólk.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég vil út af orðum hv. síðasta ræðumanns, 6. landsk. þm., óska eindregið eftir að þm. kynni sér reglugerðir um þau gjöld sem einstaklingar eiga að greiða og þau mörk sem sett eru á, en haldi ekki áfram þessu tali um gegndarlausar álögur á þetta fólk. Það eru komin inn í reglugerð ný ákvæði um gjaldskyldu þeirra sem þurfa að fara til læknis eða í rannsókn á göngudeild. Þó að rannsóknin sé margföld, t.d. röntgengreining, blóðrannsókn o. fl. þá er aðeins um eitt gjald að ræða. Ef við bærum þetta saman t. d. við iðgjöld til almannatrygginga árið 1971 og færðum til verðgildis í dag þá eru þetta smámunir á við það. Breytingar hafa orðið verulegar til hækkunar allra bóta, en engar á þessu nema til lækkunar. Ef við höldum okkur við hámarksfjöldann sem er kominn á, að það má ekki taka gjald nema 12 sinnum á ári, þá er það lækkun frá því sem var áður. En alltaf er einblínt á ákveðinn hluta til hækkunar en ekki hvað breytt er að öðru leyti. Það hefur t. d. aldrei verið farið lægra með hlutdeild ellilífeyrisþega og öryrkja en nú með breyttri reglugerð. Það hefur verið helmingur, nú er það komið niður fyrir helming. Nú er það 150 kr., 100 kr. og svo 50 kr. Þetta er lægra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Ég vildi því í fullri vinsemd óska eftir því að hv. þm. kynnti sér þetta áður en hann skrifaði undir svipuð frumvörp með fyrirvara. Ég er viss um að ef hann vill kynna sér þetta og skilja það mun hann lýsa yfir ánægju sinni með þær breytingar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Mér kom þessi ræða hæstv. ráðh. nokkuð á óvart. Sú hækkun sem varð á sjúkrakostnaði og læknisvitjunum og lyfjakostnaði í vor var ein aðferðin til að fylla fjárlagagatið margfræga. Nú segir hæstv. ráðh. að í raun og veru hafi verið um lækkun að ræða á öllu saman. (Gripið fram í.) Hins vegar viðurkennir hann að hann hafi hopað nokkuð frá þessari skattlagningarstefnu með því að milda atriði í reglugerð og var tími til kominn fyrir hæstv. ráðh. að átta sig á því. Hann hefur greinilega þurft að hafa allt sumarið til að átta sig á því hvaða álögur hann lagði á þetta fólk í vor.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að mér kom á óvart þessi ræða heilbrmrh. Það er greinilegt, sem við reyndar vissum, að hann hefur hopað af hólmi. Gengið var þannig frá málum að sjúklingar voru skattlagðir svo hrikalega að engu tali tók, við mikil mótmæli þeirra sem fyrir urðu og stundu menn þungan undan því. Ég virði það vissulega við ráðh. að hann skuli hafa farið að kröfum okkar stjórnarandstæðinga og séð að sér að nokkru, en okkur þótti nauðsyn að minna á hvað skeð hefur í þessum málum. Það verða ekki aftur tekin þau óþægindi sem öldruðu fólki, sjúklingum og öryrkjum voru gerð í sumar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 190. mál (þskj. 209, n. 234). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. hefur haft þetta mál til athugunar og eins og fram kemur mælir nefndin eindregið með því að frv. verði samþykkt. Þetta er afskaplega einfalt mál að allri gerð, en skv. 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, 8. mgr. þeirrar gr., er gert ráð fyrir því að þær fjárhæðir sem hér er um að ræða breytist í samræmi við breytingar á skattvísitölu.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða fastan frádrátt, í öðru lagi frádrátt vegna barna og í þriðja lagi um fjárhæðir sem ekki eru innheimtar, þ. e. ef útsvar er innan ákveðinna marka.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 160, n. 236, 237, 247). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur rætt þetta mál allmikið og reynt að komast til botns í því hverjar afleiðingar þess kynnu að verða og hvert samræmi væri í þessari löggjöf við ýmiss konar önnur vafaatriði og ýmiss konar misræmi í skattalögum, sem alltaf hlýtur að verða en kannske þó mest á umbrota- og verðbólgutímum eins og við höfum lifað. Þess vegna er málið kannske ekki alveg eins einfalt og það lítur út við fyrstu sýn.

Engu að síður erum við sammála um að mæla með samþykkt þess og það sé réttlætismál í flestum tilfellum að þeir, sem láti af störfum, verði skattfrjálsir árið eftir að þeir ljúki sinni meginatvinnu jafnvel þó þeir starfi eitthvað lítils háttar áfram. En þetta gildi þó ekki nema í eitt skipti eins og frv. gerir ráð fyrir.

Við komumst þó að þeirri niðurstöðu að það væri óeðlilegt að hafa þessa lagaskyldu alveg ótvíræða og algilda því að það getur vel verið að einhver einstaklingur hafi mjög háar tekjur eitthvert einstakt ár og kannske árum saman. Við getum hugsað okkur mann sem rekur atvinnurekstur í eigin nafni. Hann kann að hafa mjög háar tekjur, jafnvel svo mörgum milljónum eða jafnvel milljónatugum skipti, og þá er ekki eðlilegt að hann verði alveg skattfrjáls þegar hann lætur af störfum. Af ýmsum öðrum ástæðum geta menn haft mjög miklar tekjur einstök ár þótt þær séu minni önnur. Þess vegna leggjum við til að sett verði þak á þessa upphæð, ef svo má að orði komast, og að miðað yrði við 1 millj. kr. í hreinar launatekjur en mundi síðan breytast með breyttu verðlagi eins og aðrar upphæðir í skattalögum verði frv. þetta samþykkt. Jafnvel þótt það verði nú einungis afgreitt úr þessari hv. deild mundi verða flutt brtt. við annað frv. um tekju- og eignarskatt, sem einmitt er hér til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. og verður væntanlega afgreitt út úr henni á morgun, um lögfræðilega tæknilegar brtt. til þess að sama gilti um þessa upphæð og aðrar að þær breyttust með verðlagi.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frv. en einungis víkja lítillega að brtt. sem fram hefur komið frá hv. þm. Ragnari Arnalds o. fl. um að láta lög þessi verða gild að því er einstaklinginn varðar þegar hann hefur náð 55 ára aldri. Ég er mjög eindregið andvígur þessari till. og ber þar margt til. En við höfum einnig rætt þetta mjög ítarlega í nefndinni og raunar á nefndarfundum hér í hornunum líka. Við þekkjum hvers annars sjónarmið og ekkert er sjálfsagðara en að þessi brtt. gangi hér undir atkv. hv. þm. Ég býst ekki við að neinn sé bundinn af flokksfyrirmælum í því efni.

Mín afstaða byggist á því að lægstu mörk, sem þekkt eru að því er varðar lífeyrisgreiðslur hér á landi, eru einmitt 60 ár að því er sjómenn varðar. Ég mundi einmitt halda að þetta lækkaða mark gæti leitt til þess að menn færu að hugsa hvort það ætti nú að verða almenn regla í þjóðfélaginu að hættu kannske vinnu 55 ára gamlir, hversu mikið starfsþrek sem þeir hefðu. Menn segja kannske að þetta sé útúrsnúningur og víst má segja að það er ekki það sem verið er hér að ákveða, heldur að menn geti valið þetta skattfrjálsa ár þegar eftir 55 ára aldur þegar flestir eru sem betur fer í fullu fjöri og margir kannske með meira starfsþrek en oft áður, eða a. m. k. meiri reynslu og því kannske meiri möguleika á að afla sér hárra tekna eða láta eitthvað gott af sér leiða og fá þá borgað fyrir það eins og venja er eða á að vera í atvinnulífinu. Ég tel sem sagt að menn eigi ekki að fá þessi réttindi fyrr en sextugir. Það er miklu frekar að það þurfi að hjálpa fólki sjúkleika vegna og ég tala nú ekki um þegar fyrirvinna kannske fellur frá. Þá er sjálfsagt mál að skattar falli niður af tekjum fyrirvinnunnar, sem kannske hefur unnið fyrir stóru heimili, miklu frekar en að hver og einn geti þegar hann hefur náð 55 ára aldri kannske þrælað eitt ár, kannske líka hagrætt sínum tekjum, kannske líka samið við sinn vinnuveitanda eitthvað um það að fá mjög mikla aukavinnu þetta ár o. s. frv. og náð sér þar í skattfrjálsar tekjur í gusuþjóðfélagi þar sem vel árar stundum og verr aftur annað árið. Allt er það nú mannlegt að reyna að borga ríkinu ekki meiri skatta en þörf er á. Þetta opnar áreiðanlega ýmsar leiðir og ekki verður það til að bæta siðferðið að fara að lækka þessa upphæð.

Ég sagði áðan að mál þetta væri ekki eins einfalt í heild sinni burtséð frá aldursmarkinu og menn kannske héldu við fyrstu sýn. Auðvitað gildir það sem ég var að segja núna rétt áðan líka þegar maðurinn hefur náð 60 ára aldrinum, en þó er það ólíklegra að menn geti hagrætt tekjum sínum eins þá og þegar þeir eru yngri og þróttmeiri.

Gagnrökin þekki ég og virði þau líka. Það er sjálfsagt að hlýða á rök og við fáum vafalaust að hlýða á þau hér frá hv. tillögumönnum sem brtt. flytja. Hver og einn metur það svo fyrir sig hvað hann gerir í því. En ég held að það sé mjög óheillavænlegt að lækka þetta aldursmark og það boði ekkert gott. Ég mun, eins og ég sagði áðan, greiða atkv. á móti brtt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. n. er full samstaða í n. um að afgreiða þetta mál sem allir nm. töldu mjög til bóta. Eins var það sameiginlegt álit manna að nauðsynlegt væri að setja ákveðna takmörkun á þessa heimild eins og fram kemur í brtt. sem nefndin flytur öll.

Hins vegar kemur það fram í nál. að einstakir nm. áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. og það hafa sem sagt þrír nm. gert á þskj. 247 ásamt nokkrum öðrum þm. deildarinnar. Flm. þessarar till. eru auk mín fulltrúi Bandalags jafnaðarmanna á fundum nefndarinnar, en hann á ekki kjörið sæti í nefndinni, einnig

fulltrúi Alþfl. í nefndinni, hv. þm. Eiður Guðnason, og fulltrúi Samtaka um kvennalista, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. En auk okkar eru hv. þm. Davíð Aðalsteinsson og Haraldur Ólafsson flytjendur till.

Eins og hér kemur fram er till. flutt af þm. allra flokka annarra en Sjálfstfl. En þó hygg ég að ekki sé nein flokksleg afstaða hjá Sjálfstfl. að vera á móti þessari till. þó að það hafi nú farið svo að enginn þm. Sjálfstfl. gerðist meðflytjandi till. Ég vil í því sambandi sérstaklega láta þess getið að hæstv. fjmrh. sem eins og kunnugt er er einn af forustumönnum Sjálfstfl. og flytur þetta frv., var mjög eindregið hlynntur þessu máli þegar ég ræddi það við hann og sagðist hiklaust mundu styðja till. af þessu tagi. En hann taldi eðlilegra að till. kæmi annaðhvort frá nefndinni eða einstökum nm. eða einstökum þm. úr því sem komið væri. Hann sem sagt var því mjög hlynntur að frv. væri breytt í það horf sem hér er gerð till. um.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega taka það fram að ég tel ekki að þessi heimild, sem hér er gerð till. um, tengist endilega lífeyrisaldri. Það er miklu eðlilegra að líta svo á að hér sé um að ræða að verið sé að losa menn undan þeirri kvöð að greiða skatt af tekjum þegar verulegur tekjustallur myndast einu sinni á ævinni og það niður á við. Það er aðeins í eitt skipti sem menn fá að njóta þessarar heimildar og það er þegar verulegur tekjustallur myndast hjá þeim frá því að hafa haft miklar tekjur og yfir í það að hafa litlar tekjur. Þetta getur verið þegar menn hætta störfum. Það getur verið þegar menn komast á lífeyrisaldur, en það getur líka vel verið að þetta sé áður en menn komast í lífeyrisaldur og tengist ekki lífeyrisaldri að einu eða neinu leyti.

Ég vil bara nefna hér nokkur dæmi svo að menn átti sig á kjarna þessa máls. Við skulum hugsa okkur bónda sem er kennari eða skólastjóri og er þar af leiðandi í tvöföldu starfi. Hann er með verulegar launatekjur og tekjur af búi sínu, en getur að sjálfsögðu ekki til langframa stundað svo mikla vinnu sem þessu hvoru tveggja fylgir. Hann ákveður því, þegar hann er farinn að reskjast, að hætta kennarastarfinu, hætta því starfi sem hann gegnir við hliðina á búskapnum. Ef ekki er gerð sú breyting, sem hér er gerð till. um, er í raun og veru verið að segja við þessa menn: Þið verðið að gegna kennarastarfinu eða skólastjórastarfinu þangað til þið eruð orðnir 60 ára gamlir. Þá fyrst getið þið notið ávinningsins af efni þessa frv.

Við, sem flytjum till. leggjum til að hér sé slakað eilítið á, að efni frv. sé gert sveigjanlegra með því að menn geti notið þessa frá 55 ára aldri. Okkur finnst það meiri sanngirni og að það geti vel komið upp þau tilvik að menn þurfi á því að halda að sleppa við skatt vegna tekjustalls af þessu tagi jafnvel áður en þeir hafa náð 60 ára aldri. Auk þess sem það virðist ekki sérlega skynsamlegt í þjóðfélaginu að ýta á eftir mönnum með að gegna mjög miklum ábyrgðarstöðum sem vel eru launuð eða tvöföldu starfi ef þeir sjálfir hafa tilfinningu fyrir því að kraftarnir séu farnir að þverra og ástæða sé fyrir þá að draga eitthvað saman seglin, því að auðvitað er þá ákjósanlegra að yngri menn komist að, að yngri kynslóðin fái að taka til hendinni.

Við getum tekið annað dæmi. Við getum hugsað okkur iðnaðarmann hér á Reykjavíkursvæðinu sem er farinn að reskjast. Hann er í tvöföldu starfi, vinnur 80 tíma á viku hverri og hefur meginþorra tekna sinna af eftirvinnu og næturvinnu. En hann er í þessum sama vítahring og allir aðrir, sem í þessu lenda, að hann getur ekki hugsað sér að hætta að vinna svona mikið vegna þess að þá lendir hann í vandræðum með að borga skattinn. Ef frv. er samþykkt óbreytt er verið að segja við þennan mann: Ja, þú verður að hanga í allri þessari eftirvinnu eða næturvinnu alveg þangað til þú ert sextugur. En með því að gefa hér slaka er mönnum gert kleift að láta þennan tekjustall niður á við koma aðeins fyrr, t. d. á aldrinum 55—60 ára. Hann þarf þá ekki endilega, þegar hann er sextugur, að hætta algerlega að vinna. Þetta bið ég menn að athuga gaumgæfilega, að það er ekkert sem segir í frv., eins og það er nú, að menn hætti almennt að vinna þegar þeir hafa notað þessa heimild. Það gera þeir ekki endilega. Þeir halda sjálfsagt áfram að sinna ýmsum störfum. Og ef við lítum t. d. á iðnaðarmanninn, þá mundi hann hugsanlega vera í hálfu starfi, jafnvel heilu starfi með 40 tíma, en hann hefði hins vegar minnkað það verulega við sig tekjurnar að hann væri sennilega ekki lengur tekjuskattsskyldur. Þess vegna hefði hann fyrst og fremst haft not og gagn af þessari breytingu þegar tekjustallurinn stóri kom, þegar hann hætti algerlega að sinna eftirvinnu og næturvinnu.

Ég held að það hafi verið skynsamlegt að nefndin gerði brtt. um það að setja á þetta hámark, 1 millj. kr. Ég held að það hafi verið nauðsynlegt að setja slíka takmörkun. En ég verð að viðurkenna að auðvitað hefði getað komið til greina að hafa á þessu einhverjar frekari takmarkanir, t. d. þær að það væru aðeins tekjurnar sem raunverulega féllu niður, sem væru skattlausar, en ekki allar tekjur mannsins á árinu. Svo að ég útskýri þetta betur getum við t. d. tekið bóndann og kennarann sem ég var að nefna áðan. Hann ætlar að hætta kennarastöðunni en halda áfram sem bóndi. Samkvæmt frv. sleppur hann við skatt af öllum tekjunum, bæði kennarastarfinu og tekjum sínum af búskapnum, jafnvel þótt hann haldi búskapnum áfram. Það má þess vegna velta því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að menn sleppi fyrst og fremst við skatt af þeim tekjum sem falla niður. Hann gæti sem sagt hugsanlega verið með meiri skattskyldar tekjur árið eftir að þessi heimild er notuð. En ég tel nú að þetta sé minni háttar atriði sem skipti ekki kannske öllu mál.

Þegar verið er að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum, þá er greinilegt að hér er fyrst og fremst um það að ræða að verið er að losa menn úr þeim vítahring, sem menn lenda í með sínar topptekjur, með kúfinn af sínum tekjum, að menn geti sem sagt minnkað verulega við sig tekjurnar án þess að fá á sig verulegan tekjuskatt sem menn geta ekki staðið undir. Með þessari brtt. er verið að skapa vissan sveigjanleika, sem ekki er fyrir hendi í frv., en um leið viðurkenni ég að það kynni að hafa verið eðlilegt að hafa vissar takmörkunarreglur eins og ég hef nú gert grein fyrir varðandi tekjurnar sem ekki falla niður. Eins hefði verið hugsanlegt að áskilja að þær tekjur, sem menn væru skattlausir af, hefðu verið hjá viðkomandi skattþegn undangengin ár, t. d. seinustu 5 ár áður en heimildin er notuð, þannig að ekki komi til þess að menn geti notið þessarar ívilnunar vegna einhverra skynditekna á einu ári, sem aldrei hafa verið hjá viðkomandi skattþegn fyrr en á þessu einstaka ári. Það hefði getað komið til greina að setja undir leka af þessu

tagi. En eins og ég sagði hér áðan, þá tel ég að þetta skipti minna máli þegar haft er í huga að verið er að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum.

Hv. formaður fjh.- og viðskn. taldi það helsta ókostinn á brtt. sem við flytjum við frv. að menn gætu notað þetta í sviksamlegum tilgangi, t. d. með því að gera einhvern samning við atvinnurekandann um að hagræða framtalinu þannig að tekjurnar lentu fyrst og fremst á því ári sem um væri að ræða. En ég vil benda á að eins og frv. er almennt úr garði gert verður ekki komið í veg fyrir þetta. Það getur þá alveg eins gerst við 60 ára aldur eins og 55 ára aldur eða 57 ára aldur. Þetta eru ekki nein rök gegn till. sem við flytjum hér. Þetta getur alltaf gerst. Það má velta fyrir sér hvort ástæða væri til að reyna að setja undir leka af þessu tagi, eins og hv. þm. var að gera grein fyrir hér, en það verður ekki gert með því að fella brtt., því að hún kemur þessu atriði ekkert við.

Ég læt þá rökstuðningi fyrir þessari till. lokið. Vegna þess að hæstv. ráðh. er ekki hér nærstaddur vek ég athygli á því að hann lýsti yfir stuðningi sínum við þessa till. að okkur mörgum áheyrandi þegar málið var rætt við hann ekki alls fyrir löngu. Ég tel að þetta sé ekki neitt flokkspólitískt mál, eins og hv. formaður fjh.- og viðskn. tók reyndar réttilega fram, og ég vænti þess mjög eindregið að allra flokka menn treysti sér til að standa að samþykkt þessarar till.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mér hefur nú orðið einhver fótaskortur á tungunni, eins og þar stendur, ef ég hef talað hér um að menn gætu stundað eitthvert sviksamlegt atferli í þessu sambandi. Ég held að ég hafi nú ekki sagt það. Ég sagði hins vegar að það væri auðvitað mjög hægt um vik fyrir mann, sem hugsaði sér að nota sér þessi fríðindi á næsta ári, að sækjast eftir mjög mikilli yfirvinnu, leggja á sig mikið erfiði á því ári og taka það því rólegar á því næsta, og semja um það við sinn atvinnurekanda, sagði ég víst. Hann gæti fengið slíka yfirvinnu og kannske einhverjar aukagreiðslur. Það þekkist nú nokkuð sem heitir á útlendu máli „golden kiss". Ef einhver maður er að láta af störfum, þá er honum kannske greidd fyrir góð og mikil störf í áratugi einhver sérstök upphæð, og það er ekkert sviksamlegt við að gera það einmitt á þessu ári þó að maðurinn héldi svo áfram vinnu þar á eftir. En meginhættan í þessu máli kom einmitt fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds sem ég vék nú ekki mjög skýrum orðum að. En hún er nákvæmlega þessi sem hann sagði: Maðurinn heldur áfram að vinna. Maður í fullu fjöri heldur áfram að vinna.

Við skulum bara tala hreint út úr pokahorninu. Ég er orðinn 55 ára. Gerum nú ráð fyrir að það yrðu kosningar í vor og ég félli. Ég fengi sex mánaða biðlaun o. s. frv. Auðvitað mundi ég vinna alveg fulla vinnu, vinna baki brotnu frá morgni til kvölds. Ég hef aldrei haft annað eins starfsþrek og einmitt nú. Ætti ég þá um næstu áramót að tilkynna, eins og það er orðað, tilkynna skattayfirvöldum að nú væri ég hættur að vinna þó að ég sé staðráðinn í að vinna í 20 ár í viðbót? Það er það sem verið er að segja mér að gera. Það stendur í greininni:

„Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telja sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tölul. við það miðaður" o. s. frv. Það skal gert. Maður getur ákveðið þetta hvenær sem er.

Auðvitað er það alveg rétt að þessi sömu rök gilda eftir sextugt, en það er þó nokkur munur á vegna þess að þá fara menn kannske almennt eitthvað að lina á störfum en sem betur fer ekki 55 ára. Menn hafa yfirleitt fullt vinnuþrek 55 ára.

Það er þessi hætta í málinu sem ég var að benda á. Ég tel sem sagt mjög misfarið ef þetta yrði samþykkt. Það hefði verið aldeilis ágætt fyrir mig, eins og ég var að lýsa, og mér er nánast uppálagt að gera þetta um næstu áramót ef frv. verður svona samþykkt. Það mundu líka allir segja að ég væri asni og ætti ekki heima í síðuðu samfélagi ef ég sendi ekki þessa tilkynningu og hefði það svo virkilega huggulegt.

Ég skal endurtaka þetta. Segjum að það verði kosningar í vor og ég félli eða byði mig ekki fram. Þá fengi ég biðlaun út árið, sex mánaða biðlaun. Og auðvitað mundi ég vinna baki brotnu, kannske miklu meira en ég vinn hér í þinginu, miklu meira áreiðanlega, og græða peninga í bak og fyrir. Og ég fengi alveg hiklaust þessa 1 millj. skattfrjálsa. Og það er verið að segja mér að gera þetta. Ég efast nú um, jafnvel þó að þetta verði lögfest, að ég hefði geð í mér til þess.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki blanda mér mjög mikið í þessa umr. Þó er nú e. t. v. ástæða til þess vegna þess að ég er meðflm. að þeirri brtt. sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur kynnt hér. Ég skal viðurkenna að þetta frv., sem flutt er af fjmrh. á fyrst og fremst við um það þegar maður telur sig láta af störfum. Ég vil þó minna á í þessu sambandi, og er ég þá að hluta til á öndverðum meiði við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, að ekki eru nú allir þeir sem láta af störfum alþm. og þar með á góðum biðlaunum. Það færist hygg ég æ meira í vöxt að menn vilja skipta um störf og stundum hefur það nú verið haft við orð að það væru síðustu forvöð á þessu aldursskeiði sem við tilgreinum í okkar brtt. Ég vil halda því fram að einmitt í þann mund sem menn eru að skipta um starf, leita fyrir sér um annað starf, geti tekjur þeirra dregist allverulega saman. Og þá getur verið, eins og ég vil halda fram, mjög notalegt að fá ekki skatt á tekjum síðasta árs. **(EKJ:** Það er afskaplega notalegt.) Já, en hér er nú aðeins um áfanga að ræða í því sambandi að leggja alfarið niður tekjuskattinn og hefðu þau skref mátt vera stærri að mínum dómi.

En ég vil færa fram þetta sem ég hef sagt sem rök fyrir því fyrst og fremst að ég er meðflm. að þessari till. Ég skal viðurkenna að þau tekjumörk sem fjh.- og viðskn. setur þykja mér nokkuð há. Ég mun hins vegar ekki gera um það ágreining en mér finnst tekjumörkin nokkuð há.

Ég ætla ekki að tala um þetta langt mál. Það er rétt sem fram hefur komið að e. t. v. hefði verið eðlilegast að þegar aðili telur sig láta af ákveðnu starfi og tilgreinir það, þá eigi frádrátturinn aðeins við um tekjur vegna þess starfs sem tilgreint er. Hitt er rétt, að það er ekkert sem segir fyrir um það í frv. að menn megi ekki út af fyrir sig starfa áfram. Og að því leyti rekst brtt. sem við flytjum í engu á við frv. eins og það var upphaflega flutt og eins og það liggur fyrir. (Gripið fram í.) Já, það eru allar tekjur skv. frv. Já, það hefur komið skýrt fram.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég geri fremur ráð fyrir því að brtt. verði samþykkt með vísan til þeirra raka sem komið hafa fram í þessu máli.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Mér finnast viðhorf hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., ekki með öllu raunhæf í þessu máli og bið hann nú að hlýða vandlega á mál mittt. Ég held að hann verði að fallast á það með mér að það eru engar líkur á því að þeir mörgu sem nota sér heimild þessa frv. við 60 ára aldur séu þar með hættir störfum. Þetta viðurkennir hv. þm. og þetta hljótum við öll að viðurkenna. Það er ekki raunhæft að líta svo á. Ég held að við verðum að líta miklu frekar á orðalag laganna þannig að það merki að menn láti af hálaunuðum störfum og hverfi til starfa *sem eru verulega miklu verr launuð, að það sé í þeirri* merkingu sem beri að líta á orðalag laganna en ekki þannig að þeir hætti algerlega að starfa og setjist í helgan stein með bók í hönd.

Frv. og efni þess fjallar fyrst og fremst um tekjustallinn, þ. e. þá verulegu breytingu sem verður einu sinni á ævinni í tekjum manna, en ekki hitt að menn láti með öllu af starfi. Það er þess vegna sem mér finnst óeðlilegt að tengja þetta á einn eða annan hátt við lífeyrisaldur, eða það að menn séu svo þrotnir að kröftum að þeir treysti sér ekki til að starfa meira, heldur einungis að menn eigi kost á því einu sinni á ævinni að sleppa við skatt þegar slíkur tekjustallur verður. Og þá ítreka ég það sem ég sagði hér áðan: það eru ekkert meiri líkur til þess að menn noti sér hagræði þessara laga með einhverjum óeðlilegum hætti, hvort sem við nú köllum það sviksamlegum hætti eða einungis hagræðingu á skattframtali eða hvernig við tökum til orða, það eru ekkert meiri líkur á því að menn noti sér þetta hagræði 57 ára gamlir en 60 ára. Á því er enginn munur. Þess vegna gerir brtt. okkar engan mun og þess vegna tel ég að menn geti vel samþykkt þessa brtt. sem skapar þarna örlítið meiri sveigjanleika fyrir menn án þess að því fylgi nokkurt óhagræði fyrir skattayfirvöld.

ATKVGR.

Brtt. 237 samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 247 samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DA, EG, HÓ, HS, KSG, RA, SDK, SkA, StB, JK.

nei: BD, EgJ, EKJ, VI.

JHelg, SalÞ greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, KolJ, ÞK, AG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212, n. 238). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 91/1982 um málefni aldraðra með síðari breytingum. Nefndin fékk á sinn fund Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra. Hún telur meginatriði frv. til bóta og taka af tvímæli um hlutverk og verksvið Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Nefndin mælir með samþykkt frv. í trausti þess að heildarframlög til þessara mála verði ekki lægri að raungildi á næsta ári en fjárlög 1984 mæla fyrir um.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Árni Johnsen, en undir nál. skrifa auk frsm. Davíð Aðalsteinsson, Björn Dagbjartsson, Kolbrún Jónsdóttir, Karl Steinar Guðnason og Salome Þorkelsdóttir.

Aðalatriði frv. voru rakin af hæstv. ráðh. í framsögu. Tekjur sjóðsins eru aðeins hinn markaði tekjustofn, sem er lagt til að hækki frá fyrra ári í samræmi við *hækkun framfærsluvísitölu.* Verkefni sjóðsins eru um leið skýrar afmörkuð og þau verkefni sem lúta að hjúkrunarrými, hjúkrunardeildum færð til fjárveitingavaldsins svo sem er um aðrar þær framkvæmdir í heilbrigðismálum þar sem ríkið greiðir 85% en sveitarfélögin 15%. Að vísu er heimildarákvæði um 30% af tekjum sjóðsins sem runnið geta til þessara verkefna óháð hinni hlutfallslegu skiptingu þannig að hvorugur aðili hefur hag af.

Einnig er ákvæði í 2. gr. um að fulltrúi fjvn. komi inn í úthlutun fjár úr sjóðnum og þannig sköpuð tengsl á milli sem stundum hefur verið talið að skort hafi. Hins vegar leggur nefndin höfuðáherslu á að við afgreiðslu fjárlaga verði tryggt að jafnhá eða eigi lægri upphæð að raungildi renni til viðbótar sjóðstekjunum beint af fjárlögum til hjúkrunardeilda, þ. e. eigi lægri raungildisupphæð en er á fjárlögunum. Í frv. til fjárlaga er engin slík upphæð samsvarandi þessu, en þyrfti að nema minnst 30 millj. kr. ef sambærilegt ætti að vera til þessara verkefna miðað við síðasta ár skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. Var upplýst í umr. í máli hæstv. ráðh. að á þetta skorti. Nefndin er öll sammála um að þetta verði að tryggja og stuðningur við frv. um breytingar frá núgildandi lagaákvæðum er bundinn því að við þetta verði staðið.

Um Framkvæmdasjóð aldraðra og hans mörgu þörfu verkefni, sem aldrei er of vel gert við, þarf ekki að fara mörgum orðum hér. Sjóðurinn var verulegt framfaraspor og hefur miklu breytt fyrir þá mörgu sem hafa dug og áhuga að sinna þessu einu brýnasta samfélagsverkefni okkar, skuldagreiðslu okkar til þeirrar kynslóðar sem er öldruð orðin og verðskuldar sannarlega að eiga betri ævidaga og bjarta í ellinni.

Ég endurtek það meginsjónarmið nefndarinnar að fjárveitingavaldið standi við sinn hlut ekki síður en áður. Nefndin telur frv. að öðru leyti til bóta og mælir með samþykkt þess. Ég vildi aðeins til frekari tryggingar óska eftir að hæstv. heilbr.- og trmrh., úr því að hæstv. fjmrh. er hér ekki en það hefði verið æskilegra, gæfi um það ótvíræða yfirlýsingu að við þetta yrði staðið. Að hann beiti sér fyrir því við fjvn. að við þessa upphæð sem þarf að vera að lágmarki 30 millj. til þessarar starfsemi verði staðið.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég hef þegar óskað eftir því við formann stjórnarinnar að hann hefði samráð við aðra stjórnarmenn í Framkvæmdasjóði aldraðra og þeir kæmu sér

saman um till. til fjvn. því að fjvn. óskaði eftir viðræðum við formann stjórnarinnar í gær. Í samtali mínu við hann í morgun óskaði ég eftir því að varðandi þau fimm verkefni sem væru núna fram undan á þessum lið — tvö held ég að séu búin að vera — yrði ekki um frekari framkvæmdir að ræða og þeir tækju það upp í sína till. Ég lagði áherslu á að þeirra till. yrði um 30 millj., en vildi ekki skipta mér af því hvernig það fé skiptist innbyrðis, heldur taldi ég rétt að sjóðstjórnin fjallaði um málið, en við tækjum enga ábyrgð á ráðstöfun á gjaldinu þó að þetta frv. yrði að lögum.

Ég vil til viðbótar þessu segja að frá því að þessi ákvæði komu inn í lögin um málefni aldraðra og voru þar með felld úr lögum um heilbrigðisþjónustu, þá hefur ekki verið staðið við þessi ákvæði frá hendi ríkisins. Ég legg áherslu á að það verði gert. Hér er aðallega um að ræða Borgarspítalann í Reykjavík og fjórar aðrar stofnanir á Austfjörðum, Suðurlandi og Norðurlandi. Meira get ég ekki sagt um þetta. Ég hef ekki nema eitt atkv. í Alþingi, en ég hef lagt áherslu á þetta við formann fjvn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 10. des., að loknum 26. fundi.

Almannatryggingar, frv. 191. mál (þskj. 211). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Því miður láðist mér að geta um smávægilega villu í þessu frv. Í 1. lið 1. gr. er vitnað til laga nr. 57/1981. Þessi lög munu vera lög um veitingu ríkisborgararéttar og er ótrúlegt að í þessu sambandi sé vitnað til þeirra laga. Þetta munu vera lög nr. 75, þ. e. skattalögin, frá 1981. Vænti ég þess að virðulegur forseti leiðrétti þetta enn frekar úr forsetastóli ef þörf krefur. Þarna er um að ræða að sjálfsögðu pennaglöp, tölustafavíxl. (**Forseti:** Það ætti að vera auðvelt að fá leiðréttingu á þessari prentvillu í frv.)

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 190. mál (þskj. 209). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 261). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Karvel Pálmason): Eins og hv. þm. sjá eru nóg verkefni í dag og óvíst að hægt verði að ljúka þeim á þeim tíma sem deildin hefur til umráða. Hugsanlega gæti því orðið þingfundur milli kl. 6 og 7. En enginn kvöldfundur verður. Það er rétt að það komi fram strax. Ég vil beina því til þingflokksformanna að það væri mjög æskilegt ef hægt væri að hafa þingfund milli kl. 6 og 7.

Sala Landssmiðjunnar, frv. 133. mál (þskj. 137). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 137 flyt ég frv. til laga um heimild til handa ríkisstj. að selja Landssmiðjuna. Þetta mál átti sér þann aðdraganda að í febrúarmánuði síðast liðnum fól ég Helga Þórðarsyni verkfræðingi að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Markmið könnunarinnar var m. a. að auðvelda ákvörðun umfangs áframhaldandi úttektar á fyrirtækinu og aðstoða starfsmenn við að meta möguleika þeirra á því að kaupa fyrirtækið, en þeirri hugmynd hafði ég hreyft á s. l. ári.

Úttekt þessari, sem unnin var í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins, var lokið í júní 1984. Helstu niðurstöður voru þessar:

1. Ekki er nauðsynlegt að ríkið eigi og reki fyrirtækið til þess að markmiðum þess verði náð.

2. Viðskipti Landssmiðjunnar eru dreifð á marga aðila og verkefni fjölbreytt. Viðskipti ríkisfyrirtækja voru 35% af heild árið 1983. Þáttur innflutningsverslunar var um 40% 1983. Aukning viðskipta frá þeirri lægð, sem verið hefur, er töluvert bundin velgengni í sjávarútvegi og auknum virkjunarframkvæmdum.

3. Verkefni framleiðsludeilda voru 1983 að framleitt var eftir reikningi 55%, tilboðsverk 38% og framleitt á lager 7%.

4. *Um rekstursafkomu verksmiðjunnar árin* 1981—1983 er það að segja að tekjuafgangur 1981 var tæpar 2 millj., tap 1982 rúmar 2 millj. og tap 1983 tæpar 4 millj. kr. Stofn til verðbreytingafærslu myndast á lántökum vegna framkvæmda við Skútuvog 7 og því óviðkomandi rekstri Landssmiðjunnar þessi ár.

5. Orsaka hallans er að leita í versnandi ytri skilyrðum í málmiðnaði. Harðanandi samkeppni hefur leitt til naumari tilboða og halla á tilboðsverkum. Hugsanlega hefði mátt bregðast við með því að draga saman seglin.

6. Forsendur fjárfestingar að Skútuvogi 7 hafa brostið með því að horfið var frá áformunum um skipaverkstöð við sundin.

7. Fela þyrfti rannsóknarstofnunum (fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnun) að leiða til lykta tilraunir með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju sem lengi hefur verið þar á stokkunum í tilraunaskyni.

8. Framlegðarstig einstakra deilda sýnir lakasta útkomu í plötusmiðju. Hún hefur enda hæst hlutfall tilboðsverka eða 60%.

Í tengslum við úttekt þessa og samhliða endurskipulagningu á rekstrinum hófust óformlegar viðræður milli fulltrúa starfsmanna og iðnrh. um möguleika á sölu á fyrirtækinu til starfsmanna. Hinn 8. mars 1984 stofnuðu 52 af starfsmönnum Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll að samkomulagi við iðnrn. um kaup á Landssmiðjunni, kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis og kynna félagsmönnum niðurstöður kannana. Þá var félaginu falið að undirbúa stofnsamning hlutafélags ef niðurstöður bentu til þess að af kaupum gæti orðið. Kaus þetta undirbúningsfélag sér fimm manna stjórn og var formaður þeirrar stjórnar Sigurður Daníelsson núverandi framkvæmdastjóri Landssmiðjunnar.

Félag þetta fól stjórninni umboð sitt til viðræðna og samningsgerðar við iðnrn. varðandi kaup starfsmanna á Landssmiðjunni með fyrirvara um samþykkt félagsfundar. Með bréfi til iðnrh. dags. 9. mars 1984 óskaði stjórn félagsins eftir viðræðum um kaup á fyrirtækinu. Með bréfi dags. 15. mars 1984 skipaði iðnrh. eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður um sölu Landssmiðjunnar: Halldór J. Kristjánsson formann, deildarstjóra í iðnrn., og með honum Gunnlaug Claessen deildarstjóra í fjmrn. og Guðmund Malmquist hdl. í Framkvæmdastofnun ríkisins. Með nefndinni hefur Helgi G. Þórðarson verkfræðingur starfað. Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Landssmiðjunnar og aðra þætti er varða söluverð fyrirtækisins, svo sem rekstrarhorfur, ástand véla og tækja, viðskiptavild og horfur í málmiðnaði almennt.

Nefndin átti allmarga fundi með ofangreindri viðræðunefnd félags starfsmanna og 13. júlí s. l. náðist samkomulag um meginþætti í kaupsamningi milli aðila. Þegar samningsgrundvöllur þessi lá fyrir ákváðu 23 starfsmenn Landssmiðjunnar að ganga til samstarfs í hlutafélagi, sem hlaut nafnið Landssmiðjan hf., með það fyrir augum að ganga til lokasamninga um kaup á Landssmiðjunni. Var við það miðað að yfirtaka á rekstrinum færi fram fyrir 1. jan. 1985.

Á fundi ofangreindra starfsmanna 25. júlí 1984 voru kosnir fimm menn í undirbúningsstjórn fyrir hið væntanlega hlutafélag og varð Sigurður Daníelsson áfram formaður þeirrar fimm manna stjórnar. Undirbúningsstjórn þessi og viðræðunefnd ríkisins áttu með sér nokkra fundi í ágústmánuði og var frá texta kaupsamningsins gengið á viðræðufundi 23. ágúst í ár.

Stofnfundur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. var haldinn 13. sept. 1984 og voru stofnendur 23 starfsmenn Landssmiðjunnar. Hlutafé var ákveðið 4 millj. og 20 þús. kr. og skrifuðu stofnendur sig fyrir hlutum á bilinu 100 þús. kr. til 210 þús. kr. Í stjórn hins nýstofnaða hlutafélags voru eftirtaldir menn kosnir: Þorleifur Markússon formaður, Guðmundur Finnbjörnsson, Þórir G. Guðlaugsson, Finnbogi Jónsson og Sigurður Daníelsson, allt starfsmenn Landssmiðjunnar.

Kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf. var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstj. og Alþingis hinn 20. sept. 1984 og er kaupsamningurinn, ásamt fylgiskjölum, fskj. með frv. þessu. Með frv. þessu er lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að selja hinu nýstofnaða hlutafélagi ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

Meginatriði kaupsamningsins eru:

a) Ríkissjóður selur hlutafélaginu Landssmiðjunni hf. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum, sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum, hlutabréfum í Tollvörugeymslunni hf. og viðskiptakröfum eins og þær verða þann 31. des. 1984 og er kaupverðið ákveðið 22 millj. 115 þús. 638 kr. Undanskilin sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands og Sameinuðum verktökum hf., tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar s. l. ár, og fasteignir Landssmiðjunnar.

b) Kaupverðið greiðist þannig að kaupverð véla, tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun, en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til átta ára. Viðskiptakröfur greiðast með yfirtöku viðskiptaskulda og andvirði vörubirgða greiðist með verðtryggðu skuldabréfi til fjögurra ára. Lán vegna kaupanna eru tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum.

c) Áskilið er af hálfu ríkisins að hlutafé Landssmiðjunnar verði eigi minna en 4 millj. kr. Þar sem hið nýja félag kaupir ekki fasteignir Landssmiðjunnar hefur seljandi skuldbundið sig til að veita kaupanda veðleyfi í núverandi fasteignum Landssmiðjunnar að fjárhæð 4 millj. kr. Slíkt veðleyfi verður aðeins veitt vegna efnis, tækja og vélakaupa, sem fasteignaveðs er krafist fyrir, og þá með baktryggingu í hinum keyptu vörum.

d) Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda núverandi fasteignir Landssmiðjunnar til allt að 15 ára. Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu kaupanda með eins árs fyrirvara.

e) Seljandi skuldbindur sig til að beita sér fyrir því að erlendir aðilar, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, veiti samþykki sitt fyrir því að umboðin verði yfirfærð til Landssmiðjunnar hf. Samþykki helstu erlendra viðskiptaaðila Landssmiðjunnar á yfirfærslu umboða til Landssmiðjunnar hf. liggur nú fyrir.

f) Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.

g) Miðað er við að yfirtaka starfsmanna á rekstrinum fari fram 1. jan. 1985.

Síðan er hér í grg. og aths. nánar vikið að greiðslukjörum og kaupverðinu, fasteignum Landssmiðjunnar og endurskipulagningu á rekstri Landssmiðjunnar, sem hv. þdm. geta kynnt sér. Þessu frv. fylgir kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf., sem dags. er 20. sept. 1984, ásamt fskj.

Nánar tiltekið vil ég taka fram að undanskilin sölu þessari á Landssmiðjunni eru, eins og ég gat um, hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands og Sameinuðum verktökum hf., enn fremur fasteignir Landssmiðjunnar, sem eru í fyrsta lagi fasteignin Skútuvogur 7, Reykjavík, í öðru lagi fasteignin Sölvhólsgata 13, Reykjavík og í þriðja lagi fasteignin Skúlagata 8, Reykjavík. Þá er undanskilin í sölunni *tilraunafiskimjölsverksmiðja sem unnið hefur verið* að á vegum Landssmiðjunnar s. l. ár. Skuldir vegna fasteigna ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar og tilraunafiskimjölsverksmiðju, sbr. 8. lið í ársreikningi Landssmiðjunnar 1983, eru Landssmiðjunni hf. óviðkomandi.

Síðan eru hér ýmsar upplýsingar varðandi fyrirtækið sjálft. En fskj., sem hv. þm. geta kynnt sér, fylgja hér með, í fyrsta lagi stofnsamningur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. frá 13. sept., í öðru lagi verðmat á vélum og tækjum Landssmiðjunnar, í þriðja lagi eru sameiginlegir minnispunktar um verðmat á vörubirgðum Landssmiðjunnar vegna sölu fyrirtækisins og í fjórða lagi er hér sem fylgiskjal húsaleigusamningur milli ríkissjóðs og Landssmiðjunnar hf. um leigu á Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8, sem er dags. 20. sept. 1984, og er fyrirtækinu að sjálfsögðu mjög mikilsverður.

Herra forseti. Ég legg til að þegar 1. umr. lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel rétt að ræða þetta mál við 1. umr. að nokkru, en ég á sæti í þeirri n. sem hæstv. ráðh. hefur lagt til að málinu verði vísað til og gefst mér þar færi á að skoða einstaka þætti þessa máls, sem er frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna hlutafélagi sem stofnað hefur verið til af nokkrum starfsmönnum fyrirtækisins.

Með framlagningu þessa frv. heldur hæstv. ríkisstj., hæstv. iðnrh., áfram á þeirri braut að selja ríkisfyrirtæki. Landssmiðjan er sem kunnugt er eingöngu í eigu ríkisins og hefur verið rekin síðan 1930 og gegnt verulegu hlutverki í málmsmíðaiðnaði og viðgerðaþjónustu í landinu, ekki síst fyrir ríkisfyrirtæki og skipakost ríkisins, auk þess sem fyrirtækið hefur unnið að þróun í sinni grein og sérstökum þróunarverkefnum, eins og hér hefur komið fram, m. a. í sambandi við fiskimjölsverksmiðjur.

Það er athyglisvert, þegar litið er á mál hæstv. ráðh. um *þetta efni, að enginn viðhlítandi rökstuðningur* og nánast engin viðleitni til rökstuðnings kemur fram hjá hæstv. ráðh. á nauðsyn að leita þeirrar heimildar sem hér er farið fram á. Hér virðist fyrst og fremst verið að þjóna hugmyndum, svo maður noti nú ekki orðið „hugsjónum", hæstv. ráðh. og ríkisstj. um það að koma hlutafé ríkisins í fyrirtækjum í hendur einkaaðila og í þessu tilviki með stofnun hlutafélags með aðild starfsmanna Landssmiðjunnar. Ég vil taka það fram að mér finnst sú hugsun að starfsmenn eignist hlut í fyrirtækjum og aðild að rekstri þeirra og stjórnun út af fyrir sig góðra gjalda verð ef þannig er um hnútana búið að líkur séu til þess að um raunverulegan eignar- og umráðarétt sé að ræða og líkur á því að viðkomandi starfsmenn geti axlað þá ábyrgð sem felst í yfirtöku á viðkomandi fyrirtæki. Ég tel hins vegar að eins og hér er í pottinn búið með nýtt hlutafélag, Landssmiðjuna hf., sé langt frá því að nokkur trygging sé fyrir hendi að því leyti að fyrirtæki þetta hafi þann rekstrar- og þróunargrundvöll sem æskilegur væri og hlýtur að teljast út frá sjónarhóli þeirra sem við rekstrinum taka, og afstaða mín til þessa máls mótast m. a. af þeim horfum og líkum. Ég tel einnig að það séu engin frambærileg rök fyrir því að selja nú þetta ríkisfyrirtæki með þeim hætti sem hæstv. ráðh. leggur hér til. Landssmiðjan er fyrirtæki sem *hefur gegnt skylduhlutverki* um áratugi, lengst af verið rekin hallalaust og með ágóða. Þó að komið hafi til hallarekstrar tímabundið er þar ekki um slíkan halla að ræða að af þeim sökum sé nein ástæða til þess að hlaupa nú til og afsala hlut ríkisins, meirihlutaeign ríkisins í þessu fyrirtæki.

Ég vil minna á að í tíð fyrri ríkisstj. var unnið að málefnum Landssmiðjunnar með það í huga að renna styrkari stoðum undir Landssmiðjuna þannig að hún gæti orðið hlutgengur þátttakandi í þróun á því sviði sem henni er ætlað skv. gildandi lögum og hún gæti komið fótum undir rekstur og nýbreytni með allt öðrum hætti en verið hefur á undanförnum árum. Það gerðist raunar í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar árið 1978 að þáv. forstjóri Landssmiðjunnar, Ágúst Þorsteinsson, sneri sér til þáv. iðnrh., Gunnars Thoroddsens, með bréfi og óskaði eftir því að húsnæðismál fyrirtækisins yrðu tekin til endurskoðunar. Þar var vakin athygli á því að sótt hefði verið um byggingarleyfi á viðkomandi lóð, *en þá komið synjun við þeirri ósk.* Í þessu erindi var óskað eftir viðræðum við iðnrn., í fyrsta lagi til þess að fá leyfi til að selja þáverandi húsnæði og lóð í áföngum, í öðru lagi leyfi til að sækja um lóð á svæði sem hentaði smiðjunni betur og í þriðja lagi leyfi til að byggja nýtt húsnæði sem hentaði betur starfsemi smiðjunnar.

Þetta erindi hafði ekki hlotið afgreiðslu þegar ríkisstjórnarskipti urðu 1978, en ég minni á að afstaða þáv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens til Landssmiðjunnar var jákvæð og það kom fram í máli hans hér á Alþingi í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar þar sem m. a. var til umræðu álit nefndar sem sett hafði verið á fót af fyrrv. ríkisstj. varðandi sölu ríkisfyrirtækja. Dr. Gunnar Thoroddsen, bæði sem ráðh. og síðan sem þm. og því næst forsrh., var mjög velviljaður málefnum Landssmiðjunnar og að renna styrkari stoðum undir hana og studdi þær tillögur sem fram komu í minni tíð sem iðnrh.

varðandi uppbyggingu Landssmiðjunnar. Þau áform lutu m. a. að því að koma upp nýju húsnæði fyrir Landssmiðjuna í Kleppsvík og laga það að áformum sem þá voru uppi í sambandi við skipaverkstöð í Reykjavík. Áformin um skipaverkstöð voru engan veginn ný af nálinni, heldur höfðu verið á dagskrá mjög lengi. Þann tíma, sem Sjálfstfl. fór ekki með meirihlutavöld hér í Reykjavíkurborg, var unnið að því að koma fótum undir þær áætlanir og áform sem vörðuðu uppbyggingu nýtískulegrar skipaverkstöðvar í Reykjavík. Það liggur hins vegar fyrir og hefur raunar gert lengi að enginn áhugi hefur verið hjá borgarstjórnarmeirihluta Sjálfstfl. hér í Reykjavík fyrr eða síðar á að koma fótum undir nýtískulega skipaverkstöð hér, sem gæti sinnt þjónustu, ekki fyrst og fremst við fiskiskipaflotann, heldur við kaupskipaflota landsmanna. Það gerðist því eftir að Sjálfstfl. endurheimti sinn meiri hl. hér í borginni að áformin um skipaverkstöð í Kleppsvík nálægt Sundahöfn voru kistulögð af þessum sama meiri hl.

Vissulega má leiða rök að því að þessi breytta afstaða hafi haft áhrif á möguleika og áform Landssmiðjunnar til að reisa og reka með hagkvæmum hætti það húsnæði sem hannað var á árunum 1981 og byrjað var að reisa, ef ég man rétt, á árinu 1982 við Kleppsvík. Í ljósi þess voru gerðar breytingar á byggingaráformum yfir fyrirtækið og þær áætlanir lágu fyrir, áform um minni byggingaráfanga lágu fyrir þegar hæstv. iðnrh. venti sínu kvæði í kross og ákvað að láta Landssmiðjuna fylgja næsta í hópi þeirra ríkisfyrirtækja sem hann hafði sett á söluskrá, ef svo má segja, í traustu bandalagi við hæstv. fjmrh. Að vísu heyrist það, m. a. í Morgunblaðinu, að ýmsum innan Sjálfstfl. finnst hægt ganga í því hugsjónamáli flokksins að selja ríkisfyrirtæki og er það eitt af mörgu sem hæstv. fjmrh. hefur fengið nú að undanförnu ákúrur fyrir úr aðalmálgagni Sjálfstfl. En hæstv. iðnrh. ætlar að reyna að hressa upp á hugsjónina í framhaldi af því að Lagmetisiðjan Sigló var seld, að láta nú Landssmiðjuna fylgja og afsala ríkinu með öllu hlutdeild í því fyrirtæki. Má segja að hæstv. fjmrh. hafi fengið þarna stuðning og traustan bandamann sem er hæstv. iðnrh. því það er þó helst þar sem þokar fram þeim hugsjónamálum Sjálfstfl. sem ég hef minnst hér á.

Ég minni á að þegar var búið að fjárfesta í grunni nýbyggingar fyrir Landssmiðjuna við Skútuvog, sem metin er að verðgildi 66 millj. kr. á núverandi verðlagi, og það hefur komið fram við umr. um þetta mál og er vakin athygli á því í nál. minni hl. iðnn. Ed. að hæstv. fjmrh. telur með öllu óvíst að hægt sé að fá nema *eitthvert brot af verðgildi þessarar fjárfestingar til baka* eða með sérstakri sölu, þannig að út frá hagsmunum ríkissjóðs virðist ekki vera eftir miklu að slægjast í þessu máli.

Ég vil taka það fram að ég tel út af fyrir sig ekki hafa verið óeðlilegt að huga að breyttu rekstrarformi varðandi Landssmiðjuna að einhverju leyti. Ég kynntist því í starfi mínu sem iðnrh. að ríkisfyrirtækin sem rekin hafa verið sem hrein ríkisfyrirtæki, eins og t. d. lagmetisiðjan Sigló og Landssmiðjan, áttu undir högg að sækja gagnvart sjóðum og lánastofnunum vegna sinna beinu tengsla við ríkissjóð. Það var gjarnan viðkvæðið þegar erindi voru upp borin að það væri nærtækara að leita til hins stóra bakhjarls, ríkissjóðs, en að berja upp á hjá lánastofnunum um fjárhagslega fyrirgreiðslu. Ég tel að við þessu hefði verið auðvelt að bregðast með öðrum hætti en gert er með fyrirliggjandi frv., með því að athuga um breytingu á rekstrarforminu t. d. á þann hátt að stofnað hefði verið hlutafélag þar sem ríkið hefði átt meiri hluta áframhaldandi í Landssmiðjunni, en opnuð hefði verið heimild til sölu á hluta af hlutafé fyrirtækisins til starfsmanna upp að ákveðnu marki og gerðar ráðstafanir til þess fremur að greiða fyrir því að um slíka hlutdeild gæti orðið að ræða.

Þannig hefur málum hins vegar verið háttað hjá Landssmiðjunni að starfsmenn hafa verið hlutgengir í sambandi við rekstur fyrirtækisins og málefni þess á ýmsa lund með sérstakri samstarfsnefnd sem starfandi hefur verið og í hafa átt sæti fulltrúar starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins, þannig að þar var um allnáið samstarf og gagnlegt samstarf að ræða að því er mér er best kunnugt. En það er engin ástæða til þess, að mínu mati, að hafa á móti því, nema síður sé, að starfsmenn í fyrirtækjum sem vilja eignast hlut í viðkomandi fyrirtæki eigi þess kost. Ég held hins vegar að hér hefði þurft að horfa til heildarhagsmuna, hagsmuna ríkisins, hagsmuna starfsmannanna og möguleika þeirra á því að gerast þarna hluthafar með virkum hætti, án þess hins vegar að dregið yrði úr líkunum á því að hægt væri að þróa og reka fyrirtækið sem nýtískulegt málmsmíðafyrirtæki á burðugan hátt til frambúðar. Ég tel nauðsynlegt að ofan í þetta mál verði farið frekar af iðnn., eins og hæstv. ráðh. hefur líka lagt til, og ég tel að hér sé rasað mjög um ráð fram með flutningi þessa frv. Ég geri ráð fyrir því að við skoðun þess verði þeirri afstöðu minni ekki breytt þó að ég sé að sjálfsögðu opinn fyrir því að líta á breytingu á rekstrartilhögun fyrirtækja almennt og opnum augum.

Ríkisaðild ein saman og ríkisrekstur er ekkert fast í hendi af hálfu Alþb. Það hefur mjög oft komið fram í umr. hér í þinginu. En við teljum hins vegar að það beri síst að útiloka að ríkið eigi aðild að rekstri fyrirtækja og geti verið þar í ýmsum greinum frumkvæðisaðili og þá gjarnan í sem nánustum tengslum við þá sem í fyrirtækjunum starfa. Hér er án rökstuðnings í rauninni verið að ganga í hina áttina út frá þeim sérkennilegu hugsjónum, sem Sjálfstfl. hefur sett framarlega á sína stefnuskrá, að útiloka ríkið nánast frá hlutdeild og rekstri í fyrirtækjum og selja þau ríkisfyrirtæki sem nú eru eða minnka hlut ríkisins í fyrirtækjunum hvað sem það kostar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Löggiltir endurskoðendur, frv. 138. mál (þskj. 143). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 frá 1976 um löggilta endurskoðendur. Frv. þetta hefur fengið eðlilega meðferð í hv. Ed. Alþingis og kemur til l. umr. hér í þessari virðulegu deild. Með frv. þessu er lagt til að ákvæði laga er takmarka heimild til að endurtaka verkleg próf til löggildingar í endurskoðun verði rýmkuð, en samkv. núgildandi ákvæðum er engum heimilt að endurtaka próf þessi nema einu sinni.

Reynslan hefur sýnt að erfitt er að standast þessi próf og komið hefur fyrir að prófmenn hafa fallið tvívegis og þar með endanlega fyrirgert rétti sínum til að taka prófið. Samkv. núgildandi reglu þurfa menn að hafa löggilt próf frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið, auk þess að hafa starfað í þrjú ár að endurskoðun undir stjórn löggilts endurskoðanda til að mega þreyta prófin. Það er því viðurhlutamikið að koma í veg fyrir að mönnum gefist tækifæri til að sanna þekkingu sína með endurtekningu prófs þar sem þeir hafa þá þegar tíu ár að baki í námi til að öðlast réttindi sem löggiltir endurskoðendur.

Einnig er á það að benda að skilyrði til endurtöku prófa í Háskóla Íslands eru rýmri en til umræddra endurtöku verklegs prófs í endurskoðun samkv. núgildandi ákvæðum. Ég tel þessa breytingu sjálfsagða réttlætiskröfu og sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hana. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. og legg áherslu á að afgreiðslu þessari verði hraðað sem kostur er, þar eð löggildingarpróf eru fyrirhuguð í desembermánuði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er eins með þetta frv. sem ég mæli hér fyrir, frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 frá 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Það hefur hlotið eðlilega meðferð í hv. Ed. Alþingis og kemur nú til 1. umr. hér í þessari hv. d.

Í því frv. sem ég mæli fyrir er lagt til að hámarksfrádráttur frá skattskyldum tekjum manna vegna framlaga þeirra til atvinnurekstrar samkv. lögum nr. 9 1984 um það efni hækki úr 20 þús. í 25 þús. kr. hjá einstaklingum og úr 40 þús. í 50 þús. hjá hjónum. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða. Skv. 25. gr. laga nr. 9 frá 1984 skulu fjárhæðir, sem um getur í 2. gr. laganna, breytast í samræmi við skattvísitölu ár hvert. Eins og kunnugt er er ekki gert ráð fyrir ákvörðun skattvísitölu í fjárlögum fyrir næsta ár. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fjárhæðum þessum verði breytt með sérstökum lögum.

Að mati Þjóðhagsstofnunar nam tekjubreyting á milli áranna 1983 og 1984 sem næst 25%. Á grundvelli þessa er lagt til að umræddur hámarksfrádráttur hækki sem tekjubreytingunni nemur eða um 25%. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að sama hækkun er lögð til varðandi frádráttarheimildir í 30. gr. laga um tekju- og eignarskatt. Frv. þar að lútandi liggur nú fyrir Alþingi. Með vísan til þessa þykir mér ekki þörf á að ræða frv. frekar og legg til að því verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er flutt er um breytingu á lögum sem sættu mikilli gagnrýni á síðasta þingi og urðu tilefni mjög ítarlegra umr. Frv. eins og það liggur fyrir gerir í sjálfu sér ekki ráð fyrir efnisbreytingu á þessum lögum. Það er að mér skilst eingöngu verið að færa til tölur í samræmi við verðbólgu og það sem um er að ræða í skattalögum almennt.

Í tilefni af þessu frv. er þó óhjákvæmilegt að fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann veiti nokkrar upplýsingar fyrir deildina eða þá þingnefnd sem um málið kemur til með að fjalla. Þær upplýsingar eru: Hversu miklum fjárhæðum nemur sá frádráttur sem hér er um að ræða, sem menn hafa notað til að lækka skattskyldar tekjur sínar við fjárfestingu í atvinnurekstri? Hversu miklar fjárhæðir er um að ræða á árinu 1984 og hve margir menn nýttu sér þessar heimildir?

Ég hygg að þessar upplýsingar hljóti að liggja fyrir. Ég held það sé mjög erfitt fyrir þingið að afgreiða þetta mál öðruvísi en að þessar upplýsingar séu skýrar.

Hér var um að ræða veruleg skattfríðindi fyrir þá einstaklinga í þjóðfélaginu sem höfðu efni á að leggja peninga í fyrirtæki. Það er ekki láglaunafólkið í þessu landi sem hefur efni á því um þessar mundir. Hér er um að ræða skattfríðindi handa Lúxusklúbbnum sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir. Það er algjört lágmark að þingið fái upplýsingar um hversu mikil skattfríðindi Lúxusklúbburinn hefur fengið skv. þessum lögum og hve margir hafa notið þeirra fríðinda.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 3. þm. Reykv. skilur að hér er ekki um nýtt frv. að ræða, heldur aðeins breytingu á upphæðum vegna verðbólgunnar og er það rétt. En þær upplýsingar sem hann biður mig um að færa sér úr þessum ræðustól hef ég ekki. Ég á ekki von á því að það standi á að gefa þær þegar málið kemur í virðulega fjh.- og viðskn. Ég vil ítreka að hér er ekki um nein sérstök hlunnindi fyrir auðmenn, auðugt fólk að ræða. Með þessu frv. er verið að gefa hverjum sem er kost á þátttöku í rekstri, eignaraðild að fyrirtækjum og jafnframt tekjumöguleika ef vel gengur. Þannig gæti það orðið atvinnuskapandi ef almenningur vill taka þátt í uppbyggingu atvinnutækifæra með þátttöku sinni í fyrirtækjum almennt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er ástæða til að taka undir þá fsp. sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til hæstv. fjmrh. áður en þetta mál fær frekari umfjöllun, hvað þá afgreiðslu á Alþingi. Á sínum tíma, þ. e. á s. l. Alþingi, voru nokkuð skiptar skoðanir um þær skattalagabreytingar sem stjórnarflokkarnir beittu sér þá fyrir. Það var athyglisvert að menn renndu þá nokkuð blint í sjóinn um hver yrðu tekjutilfærslu- eða skatttilfærsluáhrif þessara laga og í ljósi seinni tíma þróunar, þar sem einsýnt virðist að skattbyrðin hefur mjög verið færð til, þ. e. hækkuð á almennu launafólki en lækkuð á fyrirtækjum og fjármagnseigendum, og með hliðsjón af því að umræður og tillöguflutningur hér á Alþingi um sérstakar aðgerðir gegn skattsvikum hafa lítinn sem engan árangur borið, þá ber brýna nauðsyn til að fá skýrari svör og fá skilvirkara mat á því í hverju þær skattatilfærslur voru fólgnar, að fenginni eins árs reynslu, sem í þessu frv. fólust.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því að launamálaráð Bandalags háskólamanna hefur nokkuð fjallað um áhrif af þessari nýju löggjöf. Ég vil minna á að þær ályktanir og það mat sem fram kemur frá Bandalagi háskólamanna, en formaður þess er sem

kunnugt er hv. þm. Gunnar G. Schram, einn af stjórnarþm., eru birtar sem fskj. með till. okkar Alþfl.-manna um eignarskattsauka til tveggja ára. Það er sérstök ástæða til að biðja hæstv. fjmrh. að kynna sér þessa umsögn og þessa umfjöllun rækilega, en þar segir svo með leyfi forseta:

„Hvernig hefur skattbyrði fjármagnseigenda verið lækkuð?

1. Með lækkun eignarskattsprósentu um meira en 20.8%, úr 1.2 í 0.95%.

2. Með hækkun frádráttar fyrir eignarskattsstofn um 57.3%, en skattalækkunaráhrif þessara tveggja liða eru að mati Bandalags háskólamanna um 160 millj. kr."

Þá er í þriðja lagi vakin sérstök athygli á skattfrjálsri meðferð þeirrar tegundar sparifjár sem fyrst og fremst er bundin í ríkistryggðum skuldabréfum og öðrum verðbréfum, sem í sumum tilvikum eru ekki einu sinni framtalsbær eða framtalsskyld, og loks er í fjórða lagi minnt á skattafrádrátt til þeirra sem leggja fé í sjóð með fjárfestingarmarkmiði sem hér er um rætt.

Það hefur reynst mjög örðugt, og það reyndist okkur erfitt við undirbúning þessa máls, að fá raunsætt mat á því hver voru skattalækkunaráhrif að því er þetta varðar. Þess vegna væri mjög eðlilegt og ég tel það raunar sjálfsagt að hæstv. fjmrh. upplýsti Alþingi um, eftir eins árs reynslu af þessari löggjöf eða tæplega það, hver þessi skattalækkunaráhrif voru. Ég tel það nánast upplýsingaskyldu ráðh. að svara spurningum af því tagi.

Skattamálin eru að sjálfsögðu í brennipunkti í allri þjóðmálaumræðu með Íslendingum í dag. Æ fleiri mönnum er að verða ljóst að allt tekjuöflunarkerfi ríkisins er meira og minna svo hriplekt og gallað að við það verður ekki unað lengur. Það er ástæða til að skýra frá því t. d. að á fjölmennum vinnustöðum fiskverkunarfólks veldur fólki ekki hvað síst reiði og vonleysi sú staðreynd að fólk, sem vinnur í þrælabúðum á borð við t. d. ullar- og skinnaiðnað SÍS norður á Akureyri, sem ég kalla nú þrælakistuna, og reyndar vítt og breitt í fiskvinnslunni um landið, hefur í vikulaun enn í dag, eftir launahækkun sem að vísu er búið að taka aftur við undirskrift, t. d. 3 300 kr. Samt kemur á daginn að verið er að taka af þessu fólki í útsvar og tekjuskatta umtalsverðar upphæðir. Það sem veldur fólki reiði er fyrst og fremst það að á sama tíma og skattalögin verka svona á almenna launþega, þrátt fyrir að þeir fá fyrir sitt strit í bónusþrælaverum og ullar- og skinnaiðnaði laun sem duga ekki til framfærslu fjölskyldu, engan veginn, eins og allir vita, þá er verið að taka af þessu fólki skatta, á sama tíma og það blasir við hverjum manni, sem horfir í kringum sig í þessu þjóðfélagi, að stórir og fjölmennir hópar hafa sjálfdæmi um hvaða laun þeir telja fram á skattframtölum sínum og komast upp með það, þrátt fyrir augljósan lúxuslífstíl, að greiða jafnvel minna en þetta erfiðisvinnufólk til sameiginlegrar þjónustu. Það er ekkert óalgengt að fólk segi sem svo á slíkum vinnustöðum: Við erum sjóðandi reið yfir því að stjórnmálamenn í landinu, og þá fyrst og fremst þeir sem með völdin fara og meiri hluta stýra hér á Alþingi, horfa upp á þetta ár eftir ár. — Það er engin afsökun í þessu máli þó að fyrri ríkisstj. og fyrri ráðh. hafi staðið klumsa og aðgerðarlausir á þetta líka. Allt hefur sinn tíma og allt hefur sín takmörk. Það er ekki hægt að horfa upp á þetta ástand mikið lengur. Alþingi er að bregðast skyldu sinni. Það er nú algengt að heyra alþm. kvarta undan því að virðing Alþingis fari þverrandi. Það er erfitt að halda uppi virðingu Alþingis ef alþm. horfa upp á himinhrópandi ranglæti viðgangast í íslensku þjóðfélagi ár eftir ár, taka undir almennt snakk um að þetta sé ekki gott og þetta þurfi að laga, en stinga svo höfðinu í sandinn og neita að taka afstöðu til till. sem fyrir liggja um að þessu verði breytt.

Ég man ekki betur en t. d. hæstv. fjmrh. haldi því fram hvað eftir annað að hann sé mikill skattalækkunarmaður og hann hafi enga nýja skatta lagt á. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að skoða betur hvernig skattakerfið hefur breyst á hans valdatíma. Því er haldið fram og stutt hagfræðilegum rökum að skattbyrði á almennan launþega í heild hafi aukist allverulega í hans stjórnartíð. Hvernig hefur það gerst? Það hefur gerst þannig að meðalskattbyrði launafólks, að mati Bandalags háskólamanna undir forustu hv. þm. Gunnars G. Schram, er aukin á s. l. ári um 6.5% að raunvirði. Þetta er skattahækkun á launþegum um 1 milljarð kr., bæði vegna beinna skatta og útsvara. — Ég tek það fram að ég er einnig að tala hér um útsvör, þ. e. opinbera skattheimtu. Skattbyrði launþega ber að meta í heild, ekki bara út frá ríkisvaldinu einu.

Í annan stað hefur meðalskattbyrði heimila launafólks vegna óbeinna skatta aukist um 10.4%, en það er skattahækkun um 1 650 millj. kr. Því næst má halda því fram með rökum að hlutur almennings, hlutur heimilanna í landinu vegna útgjalda við heilbrigðisþjónustuna hafi aukist.

Niðurstöður Bandalags háskólamanna eru þær að á þessu tímabili hafi skattbyrði launamanna aukist hlutur launafólks í fjármögnun samneyslu aukist, að hlutdeild atvinnutekna í þjóðarframleiðslunni í heild hafi minnkað reyndar öll s. l. þrjú ár 1982, 1983 og 1984. Það er þekkt staðreynd að hlutdeild launa í framleiðslukostnaði í sjávarútvegi og útflutningsatvinnuvegum hefur farið minnkandi. Á sama tíma virðist margt benda til þess að hlutdeild fjármagns- og fyrirtækjaeigenda í samneyslukostnaðinum hafi minnkað og að hlutdeild fjármagns- og fyrirtækjaeigenda í þjóðarframleiðslunni hafi farið vaxandi svo nemur verulegum upphæðum. M. ö. o.: það sem hér hefur gerst er að skattbyrðin hefur verið færð til. Hún hefur þyngst á þeim sem minnsta hafa greiðslugetuna. Þeir bera nú auknar byrðar. Hún hefur verið létt á þeim sem mesta hafa greiðslugetuna. Þá er ég ekki hvað síst að tala um þann hluta fjármagnseigenda í verslun og milliliðaþjónustu sem hefur óneitanlega bæði makað krókinn og sloppið við að bera sinn hluta þeirrar svokölluðu fórnar sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að leggja á þjóðina, en hefur aldrei verið lögð nema á þann hluta þjóðarinnar sem síst skyldi.

Ég held að það sé kominn tími til fyrir hæstv. fjmrh. og hæstv. ráðh. yfirleitt og stjórnarliða að horfast í augu við þá staðreynd að þeir geta ekki haldið áfram að þegja við slíkri umræðu um skattakerfið. Ég verð t. d. að segja fyrir mig að ég hef aldrei heyrt jafnfáheyrða og heimskulega till., sem mér skilst að vísu að hæstv. fjmrh. hafi svarið af sér, og að ætla að bregðast við fjárhagsvanda ríkissjóðs nú með því að hækka söluskattsprósentuna um 0.5% á sama tíma og öllum sem til þekkja er kunnugt um að þetta söluskattsinnheimtukerfi er ónýtt. Menn eru að tala hér um viðnám gegn verðbólgu og ætla sér að bregðast við fjárhagsvanda

ríkissjóðs með því að beita þessu ónothæfa tæki sem söluskatturinn er. Á sama tíma og flestum mönnum er ljóst og það er opinbert hernaðarleyndarmál á Íslandi að milljörðum kr. er stolið undan skatti, þá er alveg fáheyrt að ætla að bregðast við með því að hækka þessa söluskattsprósentu. Væri ekki nær að hæstv. fjmrh. tæki tillit til þeirra upplýsinga sem hann hefur gefið hér á Alþingi sem svar við mínum fsp. um að auka mætti tekjur ríkissjóðs í stórum stíl, reyndar tvöfalda þær, ef farin væri sú leið að afnema að langmestu leyti núgildandi undanþágur frá söluskatti? Þar er um að ræða verulegar tekjur, án þess að söluskattsprósenta sé lækkuð. Síðan má ræða nánar hvernig slíkum tekjum yrði varið: að hluta til til að binda endi á erlenda skuldasöfnun eða peningasláttu ríkissjóðs og kannske að hluta til til þess að gera það sem óhjákvæmilegt er að gera, greiða gjaldfallnar skuldir sjávarútvegsins. En síðast en ekki síst á að verja hluta af þessum tekjum, ekki til þess að auka tekjur ríkissjóðs, heldur til þess að lækka vöruverð með því að lækka söluskattsprósentuna, sem er löngu tímabært. Það er fráleitt á sama tíma og menn eru að tala um og vilja láta taka sig alvarlega að það sé verið að reyna að stemma stigu við verðbólgu, sem nú er auðvitað komin á fullan skrið aftur eftir að stjórnarstefnan er hrunin, að ætla að bregðast við tekjuvanda ríkissjóðs, sem er satt að segja ekki það stórvægilegasta, með því að hækka þennan skattstofn. Þvert á móti á að gera það sem gera þarf til að lækka söluskatt og þar með vöruverð í landinu. Fólkið sem heldur þessu þjóðfélagi uppi á heimtingu á því.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. greindi frá því hér áðan að hann hefði ekki við höndina svör við þeim spurningum sem ég lagði fram áðan um það hverjir hefðu notið þessara skattfríðinda fyrirtækjanna. Og hann sagði: Auðvitað er ég ekki með þetta við höndina. Eins og hann hafi ekki mátt eiga von á því að slík fsp. kæmi hér fram.

Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. ráðh. að þegar umr. fóru fram um þetta mál á síðasta Alþingi skýrði ég frá því að eftir því mundi ég ganga að upplýsingar lægju fyrir fyrir framlengingu og breytingu þessara laga fyrir árslok 1984. hverjir hefðu fengið þessi skattfríðindi og hve mikil þau væru. Ég man vel eftir því að bæði hv. þm. Kjartan Jóhannsson og hv. þm. Guðmundur Einarsson tóku undir að það yrði að liggja algjörlega fyrir hverjir njóta þessara skattfríðinda. Sú beiðni þarf því ekki að koma hæstv. fjmrh. neitt á óvart þó að hún komi fram hér nú. Þess vegna verður að fara fram á að við meðferð málsins í n. komi þessar upplýsingar fram og að málið verði ekki afgreitt úr n. fyrr en upplýsingar liggja fyrir, eins og mér skildist á hæstv. fjmrh. að hann tæki undir að væri eðlilegt.

Ég held að það væri líka fróðlegt, í tilefni af ummælum hæstv. fjmrh. áðan um að hér hafi hinn almenni launamaður verið að leggja peninga sína í atvinnurekstur í stórum stíl, að fara fram á það við hæstv. ráðh. að sundurliðað verði hverjir það eru sem hafa notið þessara skattfríðinda við að leggja fé í rekstur fyrirtækja. Það væri fróðlegt að sjá það, einkum eftir atvinnugreinum en ekki eftir framtalstekjuflokkum, vegna þess að það segir ekki alla söguna í þessu efni eins og alþjóð veit. Og ég hlýt í tilefni af orðum hæstv. fjmrh. áðan að spyrja hann að því og biðja um að það fáist upplýsingar um hverjir það eru sem hafa notið þessara sérstöku skattfríðinda við að leggja í fyrirtæki. Ætli það séu launaþrælarnir í landinu í stórum stíl? Ætli það séu ekki frekar einhverjir aðrir sem þarna hafa verið að leggja fram fjármuni og hagnast þannig á þessum skattalækkunum núv. ríkisstj. handa Lúxusklúbbnum.

Í tilefni af orðum hv. 5. þm. Reykv. vil ég leyfa mér að fara hérna nokkrum orðum um skattamál almennt og segja að það liggur fyrir að hinn almenni launamaður í þessu landi er örugglega tilbúinn að borga sína skatta til samneyslunnar ef tryggt er að það gangi jafnt yfir alla. Á undanförnum árum og áratugum hefur það hins vegar verið þannig að ekki hefur tekist að tryggja að skattheimtan gengi jafnt yfir alla. Ég er sannfærður um að það stafar ekki fyrst og fremst af viljaleysi fjmrh. til að sækja þessa fjármuni, heldur stafar það fyrst og fremst af því að tekjuskattskerfið sem slíkt býður upp á þessa mismunun, er hriplekt í heild.

Ég held að við þurfum líka að átta okkur á því að þeir eru fleiri hlutfallslega á Íslandi en í nokkru öðru landi, trúi ég, á þessum hluta jarðarhelmingsins, Vestur-Evrópu, sem geta sjálfir gefið upp sínar tekjur og tekjur annarra, sem vinna hjá þeim, og ráðið býsna miklu um hvað kemur fram af raunverulegum tekjum. Til að ná til alls þessa þyrfti svo gífurlega hert skattaeftirlit að menn hafa ekki ráðið við það til þessa. Spurningin er þá einfaldlega sú, hvort við eigum ekki að hugleiða hinn almenna tekjuskatt á launatekjur til ríkisins mjög vandlega, og ég tek það fram að ég er hér með mínar hugleiðingar, hugleiða mjög vandlega að færa skattaáhersluna í stórauknum mæli af tekjum og yfir til eignanna. Eignirnar er erfitt að fela. Það er að vísu hægt að koma fyrir í eignum fjármunum án þess að það sé auðvelt að koma auga á þær eignir, en ég hygg að í það heila tekið sé skynsamlegra, miðað við okkar þjóðfélagslegu aðstæður, að flytja meira af skattbyrðinni yfir á eignirnar og hafa mun minna á tekjunum.

Ég held líka að í þessum efnum ættu menn að hugleiða mjög vandlega að hinir beinu tekjuskattar verði, að svo miklu leyti sem þeir eru innheimtir, að verulegu leyti hjá sveitarfélögunum, en eignarskattarnir verði aftur á móti frekar hjá ríkinu. Ég held að það aðhald, sem skapast oft í byggðarlögunum í sambandi við tekjur manna og tekjuskatta, sé kannske besta skattaeftirlitið. Ég sá mjög gott dæmi um þetta frá Vestmannaeyjum í sumar þar sem eitt bæjarblaðið birti lista með upplýsingum um tekjuskatta í því byggðarlagi. Mér er sagt að þetta sé árangursríkasta aðgerð sem gripið hafi verið til í Vestmannaeyjum í skattaeftirlitsátt og höfðu þó opinberir embættismenn í þessum efnum komið við í Vestmannaeyjum til að athuga þessa hluti. Fréttir bæjarblaðsins „Frétta“ reyndust vera öflugri í þessu efni en allt opinbert aðhald. Ég held að þarna þurfi sem sé um leið að skapa lagalegar forsendur fyrir félagslegt aðhald til þess að menn borgi skatta, þannig að t. d. fjölmiðlar eða einstaklingar geti gefið upplýsingar til skattayfirvalda sem knýja á um könnun á fjárhag viðkomandi aðila. Ég hygg að slíkar aðferðir, sem mega auðvitað undir engum kringumstæðum fara út í einhverjar lögreglufantaaðgerðir, slíkt félagslegt aðhald, séu mikið líklegri til árangurs en margföldun á því skattaeftirlitskerfi sem við höfum, svo gott sem það

er eða getur orðið með því að styrkja það frá því sem það er nú.

Ég held að við eigum að horfa á þessi mál út frá þeirri reynslu sem liðinn tími sýnir okkur og við eigum hiklaust að viðurkenna þar tilteknar staðreyndir og við eigum hiklaust að haga okkur samkvæmt því að hér hefur ekki náðst sá árangur sem eðlilegur er og sem almenningur á kröfu á — þá kröfu að allir beri hérna jafnar skyldur í raun en ekki aðeins sumir. Það held ég að sé aðalatriðið í málinu. Það er ekki að það fólk sé ekki tilbúið til að borga skatta til félagslegrar þjónustu og samneyslu, heldur hitt að menn vilja að allir geri það og að þetta gangi sem jafnast yfir alla eftir efnum og ástæðum, eins og skattakerfið á að vera uppbyggt að verulegu leyti.

Hv. 5. þm. Reykv. nefndi hér söluskattsmálin sérstaklega. Ég verð að segja það í fyrsta lagi að ég er fyrir mitt leyti móti því að leggja söluskatt á matvörur og ég er á móti því að leggja söluskatt á heilbrigðisþjónustu, svo ég nefni dæmi. Ég er ekki að segja að hann sé með tillögur um það, en í svari hæstv. fjmrh. við fsp. hv. 5. þm. Reykv. um söluskatt var gert ráð fyrir að söluskattur yrði greiddur af öllu. Það getur ekki gengið. Þarna verða auðvitað að vera einhverjar undanþágur þó ég taki undir og meti mikils áhuga þm. á því að bæta þetta kerfi og það ætti hæstv. fjmrh. auðvitað að gera líka. Ég er viss um að þetta kerfi er afar gallað þó að gerðar hafi verið á því verulegar endurbætur með breyt. á lögum um söluskatt á árinu 1982 sem tóku gildi í ársbyrjun 1983 ef ég man rétt. En allt um það. Þrátt fyrir tilraunir til lagfæringa er þetta kerfi hvergi nærri nógu gott og það er eðlilegt að um það fari fram umr. og nauðsynlegt er að um það fari fram umr. hér.

Sú hugmynd hæstv. fjmrh., sem hann píndi Sjálfstfl. að lokum til að samþykkja, — hann var víst búinn að vera með þessa till. lengi og neyddi svo þingflokk Sjálfstfl. til að fallast á hana, — að hækka söluskatt um hálft prósentustig er auðvitað alveg yfirgengileg í ljósi skattsvikanna í fyrsta lagi, eins og hér hefur verið rakið af hv. 5. þm. Reykv., en í ljósi þess í öðru lagi að þessi sami hæstv. fjmrh. hefur verið að lækka skatta á fyrirtækjum um mörg, mörg hundruð milljónir kr. Í stað þess að snúa sér að þessum fyrirtækjum leggur hann hærri skatt á almennar nauðsynjavörur með þessu söluskattskerfi sem er jafngloppótt og allir þekkja. Það er kapítuli út af fyrir sig og yfirgengilegt með tilliti til allra yfirlýsinga hæstv. núv. fjmrh. um skattamál og mætti halda um það langar ræður ef nauðsynlegt er hér í þinginu þegar skattamál verða hér frekar til umr.

En ég endurtek fyrirspurn mína til hæstv. fjmrh. Hún er sú: Hverjir hafa notið frádráttar frá skattskyldum tekjum út á fjárfestingu í atvinnurekstri, hve miklar upphæðir er þar um að ræða og hverjir eru það, flokkað eftir starfsgreinum eða annarri flokkun, sem lýsir upp það félagslega baksvið sem hér er um að ræða?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég átti nú ekki von á öðru en hv. 5. þm. Reykv. tæki undir fsp. hv. 3. þm. Reykv. Báðir heimta þeir að fá að vita strax hvað mikið hefur verið notað af þeim fríðindum sem umrædd skattalög hafa gefið tilefni til að menn notuðu sér og hverjir það hafa gert. Hv. þm. biðja um sundurliðaðar upplýsingar, helst heimilisfang, nafn og númer hvers og eins, meðan lög eru ekki enn orðin ársgömul, áður en uppgjör hefur átt sér stað fyrir árið, áður en upplýsingar liggja fyrir yfirleitt. Eigum við ekki að láta reyna á þessi lög a. m. k. eitt ár, svo að fyrir liggi uppgjör samkvæmt þeim, áður en farið er að krefja ráðh. fyrirvaralaust upplýsinga? Hv. þm. vita vel, sérstaklega forustumenn þingflokka og stjórnmálaflokka, eftir hvaða leiðum á að leita upplýsinga. Þetta frv. er nú á leið inn í nefnd og þar er einn vettvangur í viðbót til þess að afla þeirra upplýsinga sem beðið er um. Að sjálfsögðu fá þm. þær upplýsingar sem fyrir liggja, þær upplýsingar sem hægt er að veita en ég reikna ekki með að hv. forustumenn stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi vilji fá að vita hverjir væntanlega hafa notað sér þau fríðindi sem þessi skattalög opna mönnum. (**SvG:** Hvenær liggur þetta fyrir?) Að sjálfsögðu liggur það fyrir með öðrum uppgjörum og uppgjör eiga sér stað um áramót, eftir að almanaksárið er liðið, eftir að skattyfirvöld hafa gefið sína fresti.

Það þýðir ekki að koma hér upp með blekkingar á þann hátt sem hér hefur verið gert. Hér var vitnað í tillögur BHM-manna um aukinn eignarskatt. Það hefur verið athugað hvað það gefur, ef eignarskatturinn, sem nú er 0.95%, yrði hækkaður upp í það sem hann var, 1.2%. Það er reiknað með því að hann gæti gefið innheimtur af einstaklingum nettó 77 millj. og af fyrirtækjum um 40 millj. En hugmyndin var að taka eignarskattsviðbótina frá 8 millj. kr. eign og þá er nú eignarskatturinn yfirleitt orðinn það lítill af fyrirtækjum að hann er ekki merkjanlegur. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem fara þar yfir. Það eru alls ekki ríkustu fyrirtækin sem eiga miklar eignir. Einstaklingurinn gæti þá orðið einhvers staðar á milli 10 og 20 millj. Þetta hefur verið rannsakað, þessar upplýsingar er hægt að fá, þær liggja fyrir, þannig að hér er ekki verið að tala um neinar stórar upphæðir.

Hv. 5. þm. Reykv. talar hér um söluskattinn og fer með þær blekkingar fyrir alþjóð að hægt sé að tvöfalda hann. Segist hann byggja það á svörum fjmrh. við spurningu sem var svohljóðandi: Hvað mundi söluskatturinn gefa í heild sinni ef engar undanþágur væru veittar frá neinu? Hv. þm. veit það að þegar hann gefur alþjóð þessar upplýsingar þá er hann að tala um að undanþiggja ekki neitt, hvorki barnaheimili, vöggustofur, elliheimili, heilbrigðisþjónustuna almennt. (**JBH:** Allan ríkisreksturinn.) Ef ekki væri um neinar undanþágur að ræða þá væri hægt að tvöfalda söluskattinn. En ég gat þess jafnframt að jafnvel þó hv. þm. flytti hér frv. um að tvöfalda söluskattinn eða taka hann á þann hátt sem hann hefur verið að boða, þá mundi hann sjálfur ekki greiða sinni eigin tillögu atkv. Það fengist enginn hv. þm. til að greiða því atkvæði að söluskattur yrði lagður á á þann hátt að hann tvöfaldaðist, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. réttilega. Þessi blekkingarstarfsemi, loftbólan nýja úr Alþfl. á eftir að springa eins og hann sjálfur.

Það er verið að tala um að skattbyrði hafi þyngst. Skattbyrðin sem slík til ríkisins þyngdist ekki og það veit hv. þm. En í heild þyngist hún vegna sveitarfélaganna. Það yrði of langt mál að fara út í hér en hún þyngdist ekki vegna aðgerða Alþingis eða ríkisstj.

Því miður er ég hræddur um að við afgreiðslu þessa frv. sé ekki auðvelt að gefa þær upplýsingar sem farið er fram á. Þær eiga alls ekki að liggja fyrir í fyrsta sinn fyrr en eftir uppgjör, þegar þetta ár er liðið. Ég sé því ekki

að ég geti orðið hv. 3. þm. Reykv. að liði fyrr en árið er liðið og uppgjör liggja fyrir. En eitt vil ég segja. Það er ekki heldur liðið ár síðan hér var ákveðið að auka eftirlit með söluskattsinnheimtu. Síðan hafa tíu nýir starfsmenn verið ráðnir til að vinna að eftirliti með söluskattsinnheimtunni og verið að ráða aðra tíu nú um áramótin. Þessir menn þurfa sérþjálfun en eru nú að hefja störf. Væri ekki drengilegt þegar tillögur stjórnarandstöðunnar eru samþykktar, eins og t. d. tillagan um aukið eftirlit með innheimtu söluskatts, að Alþfl. sjálfur gæfi þá stjórninni tækifæri og svigrúm til að koma þessum tillögum í framkvæmd á eðlilegum tíma og á eðlilegan hátt með því að sérþjálfa það fólk sem ráðið er? Nei, slíkt drenglyndi er ekki til í Alþfl., hefur ekki verið í mörg ár, en það var fyrir hendi.

Vegna þess að annað tækifæri gefst sé ég ekki ástæðu til á þessum vettvangi að gera væntanlegar ráðstafanir ríkisstj. til aukinnar söluskattsinnheimtu að umræðuefni frekar en hv. 3. þm. Reykv. Ég reikna með að það eigi eftir að verða þó nokkrar umr. hér á hv. Alþingi um það mál. En þessi ½% hækkun vegur ekki upp á móti þeirri endurgreiðslu söluskatts sem sjávarútvegurinn á í vændum á næsta ári. Við erum að tala um að afgreiða fjárlög, og þetta er liður í fjárlögunum, með 600—700 millj. kr. rekstrarhalla. En ef við tökum bara tvo liði, niðurfellingu á innheimtu tekjuskatts að upphæð 600 millj. og endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegsins þá eru það um 1000—1100 millj. Ef þessir tveir liðir hefðu ekki komið inn í myndina nú hefði fjárlög ekki verið afgreidd með halla. Þrátt fyrir allt og allt hefðu þau ekki verið afgreidd með halla.

Þessi söluskattsprósenta, sem hv. 3. þm. Reykv. gerði að umræðuefni, getur hugsanlega gefið rúmar 200 millj. Með bættri innheimtu söluskatts gætu hugsanlega náðst inn 250 millj. á móti þessum 1000—1100 millj. sem er verið að endurgreiða og fella niður sem tekjustofn ríkissjóðs vegna þess að stjórnmálaflokkarnir eru að standa við sín kosningaloforð. Þetta á eftir að koma á dagskrá seinna, eins og hv. 3. þm. Reykv. gat um, en tók svolítið forskot á sæluna með því að blanda umr. um það inn í það mál sem hér er á dagskrá í sinni málefnafátækt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vildi gjarnan fá að hugsa upphátt: Hve lengi og hve langt er hægt að fljóta á þessu þunna lofti sem er í hinum hv. nýja formanni Alþfl., þessu blekkingalofti, þegar hann talar um að það sé enginn vandi að tvöfalda söluskattsinnheimtu ríkisins. Bara eitt lítið átak og þá er hægt að greiða allt niður. Það er hægt að greiða niður verðlag, það er hægt að gera hér eitt sæluríki, bara ef söluskattsinnheimtan yrði tvöfölduð. En hann getur ekki um þá nýju tekjustofna sem eiga að tvöfalda söluskattsinnheimtuna. Ég er ansi hræddur um að það verði fall úr háloftum þegar að því kemur að loftið sígur úr vindbelgnum þeim.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að frumkvæði okkar Alþfl.-manna hér á þingi, að umr. um skattamál virðist smám saman, hægt og sígandi ætla að fara að bera svolítinn árangur. Þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti hér sínar tillögur um skattamál á s. l. vetri, annars vegar um rannsókn á umfangi skattsvika og hins vegar um aðgerðir í einum 12 liðum gegn skattsvikum, þá minnist ég þess sérstaklega að það voru ekki margir hv. þm. sem tóku þátt í þeim umr. Umr. fór fram hér síðla dags og mig minnir að það hafi verið þrír eða fjórir þm. viðstaddir. Ég minnist þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands og Dagsbrúnar, var einn þar sinna flokksmanna, en aðrir flokkar sýndu þessu máli ekki mikinn áhuga. Nú er þetta smám saman að breytast. Okkur hefur tekist að koma því til skila að hér er um að ræða einhverja mestu meinsemd í íslensku þjóðfélagi. Hér er um að ræða einhver mestu ranglætismál sem við er að fást. Hér er þörf á tillögum, skýrum og klárum tillögum sem hægt er að taka afstöðu til um breytingar á skattakerfi. Reiðikast hæstv. fjmrh. hér áðan bendir til þess að jafnvel honum sé að verða þetta ljóst þó hann sé enn sem komið er dálítið tregur til að taka undir skynsamlegar tillögur.

Áður en lengra er haldið vil ég taka það fram að ég hef ákaflega litla trú á þeirri leið í þessum málum að ráða mikinn fjölda af einhverjum svokölluðum skattalögregluefirlitsmönnum. Ég hef ekki þær hugmyndir um þjóðfélagsmál að það eigi að gera helminginn af þjóðfélaginu að lögreglu og eftirlitsmönnum með hinum. Ég hef enga trú á því að það sé skynsamlegasta leiðin. Og ég get haft fulla samúð með hæstv. ráðh. þó að honum gangi illa að ráða í þessi nýju eftirlitsmannastörf. Eins og launagreiðslum hæstv. ráðh. er nú komið er ekki við því að búast að hann fái marga hæfa endurskoðendur eða skatteftirlitsmenn, sérfróða menn sem skila góðu dagsverki í þeim málum.

Þegar menn ræða skattsvikin og neðanjarðarhagkerfið á Íslandi, þá skulu menn hafa eitt í huga. Þessi skattundandráttur í stórum stíl, sem hér hefur verið að þróast og er ekkert einsdæmi, svipaðir hlutir hafa verið að gerast í ýmsum öðrum ríkjum, er m. a. réttlættur af almenningi, þ. e. þeim aðilum sem þarna hafa sérstaka aðstöðu, t. d. með eftirfarandi hætti. Árum og jafnvel áratugum saman er fólk búið að horfa upp á að vörslumönnum ríkissjóðs, pólitíkusum og ráðherrum, er naumast treystandi fyrir fé. Ég minni enn á niðurstöðu hagfræðings Vinnuveitendasambandsins. Hann telur að fjárfestingarmistök hæstv. ráðh., einkum og sér í lagi kerfisflokkanna, framsókn og Sjálfstfl. og að nokkru leyti Alþb., hafi kostað þjóðina hvorki meira né minna en 25 milljarða króna í töpuðu fé. Niðurstaða hans var sem kunnugt er sú, að ef þær fjárfestingar sem farið var í á þessum hálfum öðrum áratug „hinna glötuðu tækifæra" hefðu skilað þjóðinni þeim arði sem þær gerðu áður en þetta tímabil upphófst, þá værum við nú 25 milljörðum kr. ríkari.

Það er ósköp eðlilegt og skiljanlegt að forsvarsmenn í atvinnurekstri, sem einkum og sér í lagi hafa aðstöðu til þess að hagræða sínum framtölum og sinna fyrirtækja, segi sem svo: Þessum mönnum er ekki treystandi fyrir fé. Þeir eru búnir að sýna það hvað eftir annað að fé í þeirra höndum skilar þjóðinni takmörkuðum árangri og takmörkuðum arði. Þeirra fjárvarsla hefur orðið til þess að draga úr lífskjörum, halda niðri launum. Það er kannske eins gott að þetta fé sé varðveitt annars staðar. Þetta er það sem fólk almennt segir gagnvart skattheimtumönnum ríkissjóðs, öllu þessu endemis pólitíska skömmtunarkerfi sem Framsfl.- og framsóknarmenn reyndar í báðum flokkunum hafa hrófað upp á s. l. hálfum öðrum áratug og hefur orðið þjóðinni dýrt.

Ég endurtek: Ég er ekki þeirrar skoðunar að þessi

mál verði leyst fyrst og fremst með því að ráða í þjónustu ríkisins heila herskara nýrra eftirlitsmanna. Í fyrsta lagi kemur það ekki að gagni vegna þess að hæstv. ráðh. borgar slík hungurlaun að hann fær ekki til þess hæfa menn. Og í annan stað mun það, jafnvel þótt hér væri um snjalla menn að ræða, ekki skila árangri. Við skulum athuga það að snjöllustu endurskoðendur og bókhaldssérfræðingar eru yfirleitt í þjónustu skattsvikaranna. Þeir borga vel og það þarf býsna snjalla menn til að sjá við þeim.

Leiðin til að draga úr þessu misrétti og þessu ranglæti er auðvitað sú að einfalda skattakerfið. Hv. 3. þm. Reykv. vék nokkrum orðum að núverandi kerfi. Við erum að tala hér fyrst og fremst um tekjuskatta, eignarskatta eða skatt á eyðslu. Það er kunnara en frá þurfi að segja og þarf ekki að hafa um það mörg orð að stighækkandi tekjuskattur var á sínum tíma fyrst og fremst úrræði sósíaldemókrata í tekjuöflunarmálum. Hugmyndin er einföld, byggist á því að menn eigi að borga hlutfallslega meira eftir því sem greiðslugetan er meiri. Ef það væri staðreynd að um 40% þjóðarinnar sæju við þessu með þeim hætti að selja sér sjálfdæmi um það hvað talið er fram til tekjuskatts, þá væri þetta tæki orðið ónýtt, hreinlega orðið ónýtt. Á því byggist sú till. okkar að falla frá þessu skattatæki og beina skattheimtunni, tekjuöflun ríkissjóðs fremur að eignarsköttum og sköttum á eyðslu.

Ég held að það sé ástæða til að vekja athygli hæstv. fjmrh. á þessari frétt úr málgagni forsrh.: „Hver er huldumaðurinn?“ frá 21. nóv. Ég er ekki að segja að þetta dæmi, sem hér er tekið fyrir í einu blaði, leysi allan vanda fjmrh. En það er lýsandi og táknrænt dæmi um einstakling sem samkvæmt sínu framtali á nettó skuldlausar eignir upp á 35 millj. kr. en hefur verið tekjulaus bæði þetta árið og árum saman og nýtist persónuafsláttur upp í skatta. Einu skattarnir sem hann borgar eru eignarskattar því að hann á 35 millj. kr. eignir, en tekjuskattlaus hefur hann verið árum saman.

Ég beini því til hæstv. fjmrh., sem er víðförull maður og hefur búið víða erlendis, hvað heldur hann að mundi gerast í háborg kapítalismans, landi eins og Bandaríkjunum, ef þessi frétt hefði birst í Washington Post eða New York Times? Það hefði orðið heldur betur uppþot á Bandaríkjaþingi og ekki linnt látum ef hæstv. fjmrh. hefði ekki gert eitthvað í málinu, ekki gagnvart þessum huldumanni einum út af fyrir sig heldur gagnvart því skattakerfi sem pródúserar svona niðurstöður. Þegar menn spyrja: Hvernig á að leysa þetta? held ég þess vegna að leiðin út úr þessu sé ekki fyrst og fremst fólgin í því að ráða einhvern herskara af fólki í nýjar og nýjar ríkisstofnanir til eftirlits. Leiðirnar eru fyrst og fremst þær að einfalda skattakerfið. Í því skyni höfum við flutt árum saman ákveðnar tillögur.

Tillaga númer eitt varðar tekjuskatta. Hún er um það að afnema tekjuskatta á launatekjur allt að kannske 35 þús. kr. á mánuði.

Má ég, með leyfi forseta, kynna fyrir hæstv. fjmrh., og það er gott að hv. 1. þm. Suðurl. heyri þetta líka, þetta varðar hans kjördæmi, kynna fyrir hæstv. fjmrh. launaseðil sem mér var afhentur í Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum. Hér er um að ræða mann sem er um fimmtugt og á að baki 25 ára sjómannsferil. Hann sagði mér í óspurðum fréttum að hans fjölskylda samanstæði af sex manns. Hann vinnur núna í Fiskiðjunni og hér er um að ræða launaseðil miðað við fyrstu vikuna í okt. 1984. Þessi maður hefur fyrir átta stunda vinnuviku, það hefur verið frekar lítið að gera í Vestmannaeyjum eftir að verstöðin mikla var opnuð aftur, hann hefur í vikulaun 3307 kr. Af þessum manni er tekið í orlof, lífeyrissjóðsgjald, stéttarfélagsgjöld, útsvar og tekjuskatt 2431 kr. Þessi maður er vikum saman búinn að fá fyrir sitt strit í Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum útborguð laun, sem eiga að duga fyrir framfærslu sex manna fjölskyldu, að upphæð 876 kr., hæstv. fjmrh.

Ályktanirnar sem má draga af þessu eina dæmi eru margar. Ég held að hæstv. fjmrh. gerði fátt betra með tímann sinn en að velta þessu dæmi fyrir sér og spyrja sjálfan sig: Hvernig get ég, sem stundum kalla mig helsta verndara litla mannsins, sem er að vísu bandarískt hugtak og ég vil helst ekki taka mér í munn því ég þekki enga litla menn í þessu þjóðfélagi, allra síst það fólk sem heldur þessu þjóðfélagi á herðum sér eins og t. d. það fólk sem starfar í fiskvinnslunni, hvernig getur hæstv. fjmrh. beitt áhrifum sínum og valdi í nafni síns stóra hjarta og síns góða vilja til þess að létta skattbyrðina á þessum einstaklingum, manni eins og þessum?

Og þá náttúrlega kemur hitt, að um leið og samþykkt væri í nafni réttlætisins að afnema þennan rangláta tekjuskatt á þetta fólk, sem er hér með kauplús sem dugar ekki fyrir framfærslu fyrir einn eða neinn, um leið og samþykkt væri að afnema hann þarf hæstv. fjmrh. auðvitað að svara því hvernig hann ætlar að afla ríkissjóði tekna í staðinn. Hvar eru tillögur hæstv. fjmrh. í nafni Sjálfstfl. og enda á kosningaloforðum um niðurskurð á ríkisútgjöldum annað en einhverjar bjánalegar tillögur um 5% niðurskurð yfir alla línuna sem er búið að reyna í mörg ár, áratugi? Það eru auðvitað gagnslausar og vanhugsaðar og einskis nýtar tillögur. Ef ekki á að mæta þeim með niðurskurði ríkisútgjalda, hvernig á að gera það ella? Væri t. d. ekki ráð að hæstv. fjmrh. fjallaði um það í alvöru en ekki með einhverjum gneypum geðþótta að það væri kominn tími til að hann athugaði og rannsakaði eitthvað hvað hann gæti gert í þessu hripleka söluskattskerfi? Ég get vel sætt mig við það að hæstv. ráðh. fallist ekki í einu og öllu á ráð eða upplýsingar sérfræðinga sinna í rn. Pólitíkusar eiga ekki að fara eftir sérfræðingum. En að hann geti sópað burt þeim upplýsingum sem hér hafa verið lagðar fram á Alþingi um hvað hægt er að gera í því kerfi með afnámi og undanþágum, það er náttúrlega alveg út í hött.

Hver eru svör hæstv. fjmrh. við þennan mann sem á að lifa á 876 kr. á viku og borga 1124 kr. í tekjuskatt og tæpan 1000-kall í útsvar af þessari kauplús? Við höfum gefið þessum manni svar. Við segjum: Það á að afnema tekjuskattinn á þessi laun. Og við segjum við þetta fólk: Þið væruð a. m. k. talsvert betur sett, þið sem stritið hér og haldið þessu þjóðfélagi uppi og fáið þessa kauplús, þið væruð a. m. k. betur sett ef þessum tekjuskatti væri af ykkur létt. Hann er stærsti einstaki frádráttarliðurinn og mundi muna hér 4500 kr. á mánuði.

Síðan segjum við við hæstv. fjmrh. og hermum nú upp á hjartagæsku hæstv. fjmrh.: Hvað á að gera við huldumanninn, þennan mann sem hefur hlaðið upp á undanförnum verðbólguáratug 35 millj. kr. í eignir en borgar enga tekjuskatta? Hvað á að gera við svona menn? Ef ótíndir strákar koma og stela töskum af

gömlum konum þá er þeim stungið í steininn og þjóðfélagið fordæmir einum rómi slíka labbakúta og peyja. En þegar það er finn huldumaður, sem sennilega hefur fengið þessar eignir aðallega í skjóli neikvæðra vaxta og óðaverðbólgu og frádráttarliða á framtölum og með hvers kyns skattahagræðingu, þegar slíkur huldumaður á í hlut þá er mjög trúlegt að orðunefnd endi með því að rétta honum fálkakrossinn fyrir dygga þjónustu sem einn af frímúrurum þjóðfélagsins.

Tillagan um eignarskatt byggist á þeim rökum að það hefur átt sér stað á undanförnum áratug gríðarleg eignatilfærsla. Ég tek það skýrt fram þegar ég ræði þessi mál að ég er ekki að tala um neinar refsiaðgerðir eða skattaofsóknir á hendur bjargálna fólki sem sannanlega hefur í krafti mikillar vinnu, framtaks og annarra slíkra dyggða komið sér og sínum sæmilega fyrir í þjóðfélaginu. Ég er að tala um að skattleggja verðbólgugróða þar sem ákveðnir forréttindahópar í þjóðfélaginu hafa í skjóli aðstöðu bankakerfis og annarra beinlínis þegið gjafir frá vinnandi fólki og um leið verið undanþegnir því að axla sínar byrðar og greiða sinn hlut í sameyslunni. Og að því er varðar söluskattsmálið, hæstv. fjmrh., þá finnst mér nauðsynlegt að hæstv. ráðh. fari rétt með svör sinna embættismanna. Embættismennirnir svöruðu því til að ef allar undanþágur yrðu afnumdar af söluskatti þá mundi hann skila ríkissjóði 12 milljörðum kr. í nýjar tekjur en ekki 8—12 milljörðum. Hins vegar ef ríkissektorinn væri tekinn frá, allur ríkissektorinn, þar með auðvitað söluskattur á þjónustu í ríkisgeiranum og þar með heilbrigðisþjónustu, þá væri nettótalan 8 milljarðar. Síðan bættu þeir við að hreint kerfi af þessu tagi mundi hins vegar að þeirra mati, þeir orðuðu það svo, stórbæta skil og innheimtu á söluskatti. Ég hef sjálfur borið það undir endurskoðendur og þeir segja að bara aukin og bætt innheimta af svo einföldu og skilvirku kerfi mundi trúlega þýða 2—4 milljarða í viðbót. Við erum aftur komin upp í 12 milljarða, hæstv. fjmrh.

Síðan felst í okkar hugmyndum líka eitt í viðbót. Það er að taka söluskatt af innflutningi í tolli, en það mundi þurrka út að öllu leyti allan undandrátt frá söluskattsskilum. Síðan hefur þeirri hugmynd verið hreyft að því er varðar bílskúrabransa, sem að sjálfsögðu á ekki að reyna að ofsækja með einhverjum eftirlitsmönnum, það er vel unnið á mörgum slíkum vinnustöðum, að taka ósköp einfaldlega samkvæmt okkar till. ákveðið leyfisgjald miðað við áætlaða veltu slíkra fyrirtækja.

Þetta eru m. ö. o. tilraunir og tillögur um það að gera söluskattskerfið, sem er viðamesti tekjustofn ríkisins, skilvirkt. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að jafnvel þó að enn yrðu við lýði einhverjar undanþágur þá erum við að tala um svo hrikalegar tölur að þær mundu duga hæstv. fjmrh. til þess að hætta hallarekstri ríkissjóðs, hætta að fjármagna eyðslu og framkvæmdir ríkissjóðs með erlendum lánum, og samt sem áður væri enn eftir nokkuð af þessari upphæð til að lækka söluskattsprósentuna í heild og lækka þannig vöruverðið.

Að því er varðar andmæli hv. 3. þm. Reykv. við þeirri hugmynd — hann segir: ég er einfaldlega andvígur því að leggja söluskatt á matvæli — þá er ég hræddur um að hann verði að skýra mál sitt betur. Er hv. þm. andvígur því að leggja söluskatt á innflutt matvæli eða eru það bara innlend matvæli? Við verðum hér að taka ákvörðun. Það er val milli tveggja kosta. Viljum við viðhalda undanþágum sem sérfróðir menn, þar á meðal sérfróðir menn í verslun og viðskiptum, segja okkur að séu meginástæðan fyrir lélegri innheimtu og undandrætti forréttindahópa á skilum á söluskatti? Auk þess er hér hver maðurinn á fætur öðrum sem segir: Við ætlum að stefna að virðisaukaskatti. Virðisaukaskattur er engu betri en söluskattskerfi nema hann verði með hreinu borði og engum undanþágum. Þannig að þetta væri fyrsta skref í þá átt að nálgast það kerfi enn betur.

Í annan stað, af hverju ekki að treysta neytendum sjálfum fyrir því að velja sín innkaup sjálfir? Ef skattprósentan er hin sama en til mikilla muna lægri, af hverju á að vera að beina neysluvenjum þjóðarinnar og innkaupum sérstaklega að einhverjum tilteknum vörum? Í okkar till. er hins vegar það að við erum tilbúnir að greiða út af þessum auknu tekjum í beinum fjölskyldu- og barnabótum sem samsvarar þeirri verðhækkun sem barnafjölskyldur sérstaklega verða fyrir, tekjulágar barnafjölskyldur. Mér finnst það vera meiri ávinningur ef við getum komið í veg fyrir að tekjulágar barnafjölskyldur verði þarna fyrir kaupmáttarrýrnun en í staðinn vinnum við það að við getum þurrkað nokkurn veginn út öll söluskattssvik sem nema mörgum milljörðum kr. Og þá er ekkert áhorfsmál í mínum huga að þetta er skynsamlegri leið. Okkar tillögur byggja m. ö. o. á afnámi söluskattsins, sem er ranglátt kerfi, upptöku eignarskatts, þ. e. stóreignaskatts á illa fenginn stóreignagróða á verðbólguáratugnum, og síðan skilvirkara söluskattskerfi sem leggst fyrst og fremst á eyðslu, mest á eyðslu. Þeim mun meira sem menn eyða, þeim mun meira greiða menn í söluskatt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri að sinni. En af því að ég sé að hv. 2. þm. Reykn. er mættur í salinn og við erum að ræða hér skattamál vil ég geta þess að það hefur verið vikið hér að mjög skilmerkilegum ályktunum og tillögum Bandalags háskólamanna þar sem fram kemur að að mati BHM hafa átt sér stað mjög alvarlegir hlutir í skattamálum í tíð núverandi ríkisstj. Þar er fyrst og fremst átt við það að tilfærsla hafi orðið á fjármagni frá almennu launafólki, sem hv. 2. þm. Reykn. er í forsvari fyrir, til sumra fyrirtækja, einkum og sér í lagi auðvitað að því er varðar þjónustu og milliliðastarfsemi, því af framleiðslugreinunum er nú ekki mikið að taka, og síðan til hinnar nýju forréttindastéttar fjármagnseigenda, sem er í vaxandi mæli að auka umsvif sín í þessu þjóðfélagi, að sumu leyti með erfðum auði, sem komið er fyrir í ríkispappírum á ránsvöxtum hæstv. fjmrh., og getur vel orðið til þess að fólk sem staðið hefur í erfiðum rekstri, svo sem eins og iðnaði eða þjónustu, og er að reyna að halda uppi atvinnu í landinu láti undan þeirri stórkostlegu freistingu að selja allt heila draslið og koma bara eignum sínum fyrir í pappír og lifa í vellystingum praktuglega hér eftir og þurfa hvorki að telja fram pappírsræksni þessi né tekjurnar af þeim.

Ég sé ástæðu til að skora á hv. 2. þm. Reykn. að láta í sér heyra í þessum umr. og fylgja úr hlaði og fylgja eftir svo skörulegum tillögum sem fram hafa komið frá hagdeild þess launþegabandalags sem hann er forustumaður fyrir. Ég trúi því t. d. ekki að hv. 2. þm. Reykn. sem einn af þm. Sjálfstfl. taki undir jafnfáheyrða og vitlausa tillögu eins og að fara að hækka söluskatt núna um 0.5% í staðinn fyrir að auðvitað á að lækka þennan söluskatt en ekki hækka.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Þessar umr. hafa nú farið svolítið út fyrir það sem frv. það sem hér er á dagskrá gefur tilefni til.

En þegar menn vaða svona vítt og breitt þá vilja þeir kannske taka dýpra í árinni en þeir sjálfir hugsa sér þegar þeir standa upp og hefja sitt mál. Ég vil t. d. leiðrétta það sem kom fram áðan hjá hv. 5. þm. Reykv. Þegar hans ágæta flokkssystir, virðulegur þm. Jóhanna Sigurðardóttir, kom með þá till. að auka eftirlit með skattsvikum og reyna að finna þá sem þar gerast brotlegir þá var ég einn þeirra sem tóku undir þá till. Það hefði gjarnan mátt koma fram að það var ekki bara sá virðulegi þm. sem flutti till. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sem þetta studdu, það voru fleiri. Og þess vegna var sú till. samþykkt.

Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni skoðanir manna úti í bæ, hversu vel lærðir og lesnir sem þeir kunna að vera í sínum fræðum, en virðulegur 5. þm. Reykv. vitnaði hér til orða hagfræðings Vinnuveitendasambandsins. Það vill nefnilega oft verða svo með sprenglærða unga menn að þegar þeir koma inn á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn eru þeir stútfullir af alls konar meiningum og fullyrðingum. Sumir þeirra hafa jafnvel gengið svo langt að þeir hafa sagt: Lært hagfræði til hvers? Til þess eins að verða forsrh. En lífið gengur bara ekki svona fyrir sig. Það er álíka langt frá því að þessir menn geti haft rétt fyrir sér í öllum efnum eins og það hlýtur að vera rangt að sumir hagfræðingar, sem sérstaklega hafa lagt það fyrir sig að læra til að verða forsrh., verði nokkurn tíma forsrh.

Leið mín til fjármálaráðherrastarfa hefur ekki verið í gegnum menntakerfi þjóðarinnar. Hún hefur verið grýttari en það og alls ekki á námslánum, langt frá því. Við skulum tala saman á því tungumáli ef virðulegur þm. kann það tungumál almennings. En að leyfa sér að halda því fram hér á hv. Alþingi að færustu skattasérfræðingar þjóðarinnar séu í þjónustu skattsvikara og þar af leiðandi verði kannske erfitt að ná til þeirra, það er stóralvarlegt mál. Ég hef allt aðra skoðun. Og ég er furðu lostinn að maður, sem ætlar sér og hefur lært til þess að leiða þjóðina sérstaklega, sá eini sem ég veit til að hefur sérstaklega lagt fyrir sig háskólanám til þess að leiða þjóðina frá því böli sem þessi ríkisstj. og allar aðrar hafa leitt hana í, hann skuli leyfa sér að taka sín fyrstu skref á þennan hátt. Það er vont að misstíga sig áður en menn leggja af stað í langferðina, meðan þeir eru að hita sig upp. Það verður ekkert úr ferðalaginu þegar slík endaleysa er viðhöfð.

Ég hef mikla samúð með öllum þeim sem eru í sporum þessa Vestmannaeyings. (**JBH:** Fólk er ekki að biðja um samúð.) Ég hef mikla samúð með þeim sem eiga bágt. (**JBH:** Fólk er að biðja um réttlæti, ekki samúð.) Og ég vil gjarnan fá frekari upplýsingar en hér komu fram í ræðustól ef hv. þm. ætlast til þess að ég sem fjmrh. reyni að grípa eitthvað þarna inn í. Mér er það ljúft. En til þess þarf ég að fá upplýsingarnar allar en ekki fullyrðingar í ræðustól. Þá skulum við sjá hvort við getum tekið höndum saman og lagfært það sem aflaga hefur farið, nema það sé eðlileg skýring á því að þessi maður hafi lágar tekjur.

Virðulegur þm. er forustumaður eins af þjóðflokkunum. Hann hefur fengið að fylgjast með á þriggja mánaða fresti gangi mála hjá ríkissjóði. Það hefur aldrei verið gert áður. Hann hefur fengið að fylgjast með niðurskurði við gerð fjárlaga fyrir árið 1984. Hann hefur fengið að fylgjast með endurskoðun sem vakti alþjóðarathygli og allir voru orðnir löngu leiðir á. En þegar upp var staðið sýndi það sig að sú aðgerð var réttlætanleg og þar átti sér stað niðurskurður sambærilegur við það sem varð þegar fjárlög voru gerð fyrir árið 1984. Hann hefur fengið að fylgjast með uppgjöri ríkissjóðs á þriggja mánaða fresti eins og ég gat um og hefur fylgst þar með niðurskurðinum. Það er nefnilega alveg rétt sem virðulegur formaður Alþfl. sagði hér að Alþfl. hefur gefið svar. Alþfl. er að gefa svar við öllu mögulegu. Á hverjum einasta þingfundi. Fólkið verður bara ekki satt af orðum. Alþfl. gerir ekkert annað en tala. Þess vegna er Alþfl. brotabrot af því sem hann var og stefnir í að verða ekki neitt þegar loftbólan springur.

Ég er með sjálfum mér viss um að huldumaðurinn sem virðulegur formaður Alþfl. vitnaði til og skrifað var um og það hlýtur að hafa verið í fjölbreyttasta blaði landsins vegna þess, eins og hann tók fram, að það var málgagn 1. þm. Suðurl. (**JBH:** Nei, málgagn forsrh.) Málgagn forsrh. Það er ekki fjölbreyttasta blað landsins, það skal ég viðurkenna. En mér er næst að halda og taktu nú eftir, virðulegur formaður Alþfl. að huldumaðurinn sé flokksbundinn Alþfl.-maður. Ég get ekki ímyndað mér hann í neinum öðrum flokki. Þetta er mín skoðun, svo líttu þér nær, kæri vinur, þegar þú leitar að vandamálinu ef þú vilt leysa það á annað borð.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er athyglisvert að þegar við erum að ræða þessi mál, sem hæstv. fjmrh. vill greinilega helst ekki ræða, eru borin á borð þm. tvö frv. Annað þeirra er 214. mál Nd., frv. til l. um breytingu á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Það frv. gerir ráð fyrir að hækka söluskattinn um ½ prósentustig. Þar með er skattalækkunin, sem hæstv. ríkisstj. er núna að beita sér fyrir uppi í Ed., í raun og veru ekki skattalækkun, heldur skattaskipti vegna þess að á móti skattbreytingunni kemur söluskattshækkun og auk þess aðrar hækkanir á gjöldum til ríkissjóðs eins og hækkanir á tekjum af áfengi og tóbaki. Á sama tíma er svo borið á borð þm. frv. til l. um virðisaukaskatt.

Vegna þess að þetta hefur í rauninni hvort tveggja verið hér til nokkurrar umr. og vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. um söluskattinn og spurninguna um hvort á að leggja hann á matvöru eða ekki vil ég endurtaka þá skoðun mína að ég er andvígur því að leggja söluskatt á matvöru og ég er ekki þeirrar skoðunar að virðisaukaskattur leysi allan vanda. Ég hef fyrirvara við virðisaukaskatt og hef alltaf haft af tveimur ástæðum. Sú fyrri er að virðisaukaskattur hækkar verð á matvörum, eins og gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstj., um 18—19%. Meðan verð á öllum öðrum vöruflokkum lækkar lítillega hækka matvörurnar um 18—19%. Hérna er ekki spurning um hvort verið er að beina neyslu fólks að einhverjum ákveðnum vöruflokki frekar en öðrum. Hér er einfaldlega um að ræða þann vöruflokk sem fólk neyðist til að kaupa hvort sem því líkar betur eða verr, matvörur. Þess vegna held ég að virðisaukaskattur sé ekki með þeim hætti að eðlilegt sé að taka undir það að hann verði lagður á og ég hef verið andvígur því að hann yrði lagður á af því að hann hækkaði matvörur um ⅕.

Á hinn bóginn væri fróðlegt að velta því fyrir sér hvað þetta virðisaukaskattskerfi kostar í skriffinnsku. Ég sé það ekki í frv. ríkisstj., og verður það vonandi rætt seinna þegar það kemur frekar til meðferðar, að áætlað sé hvað þetta kerfi kostar. Þetta kerfi er rándýrt. Það er gífurleg skriffinnska sem fylgir virðisaukaskattskerfinu. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að full ástæða sé til að setja spurningarmerki við þetta kerfi þó að embættismenn telji þetta kerfi endilega betra en söluskattskerfið. Það er vegna þess að það er, eins og það heitir á embættismáli, skilvirkara, greiðara og gagnsærra. En það er dýrt í framkvæmd. Það er mjög dýrt í framkvæmd.

Ég held þess vegna að það sé enginn sjálfgefinn hlutur að virðisaukaskattur leysi hér allan vanda og það vildi ég láta koma fram sem mitt sjónarmið. Ég hef aldrei verið sérstaklega hrifinn, af þessum tveimur ástæðum sem ég rakti og þó ekki síst og sérstaklega þeirri að með þessu móti yrði stórkostlega hækkað verð á matvörum.

Hæstv. fjmrh. sagði í fyrri ræðu sinni hér í dag: Það á að gefa mönnum kost á að standa við kosningaloforðin sín. Það er kjarni málsins. Þessar skattahækkunartill., sem hann er hér með, eru mjög sérkennilegar efndir á þeim kosningaloforðum sem hann gaf. Það verður vafalaust tími til þess á þeim dögum sem eftir lifa fram að þinghléi að rifja upp kosningaloforð hæstv. fjmrh. um skattalækkanir og rifja það svo upp hvernig hann hefur lækkað skatta á fyrirtækjum og stóreignaaðilum í þjóðfélaginu, en hækkað skatta á hinum almennu launamönnum og hækkað skatta á neyslu stórkostlega eins og hann er hér að gera tillögu um. Það verður tími til að rifja þau kosningaloforð upp og fara yfir það með honum hvernig hann bregst þeim loforðum með því að knýja Sjálfstfl., að því er mér skilst hálfnauðugan, til þess að samþykkja þetta hálfa prósent í söluskatti.

Hann vildi fyrst ekki kannast við að hann hefði gert till., samkvæmt blaðafréttum, um ½% söluskattshækkun og benti á að það væru aðrir sem hefðu aðallega komið fram með þá till. Framsfl. samþykkti auðvitað till. strax. Hv. 1. þm. Suðurl. lét það koma fram í blaðaviðtali þegar rætt var um þetta. Það er ekki mitt mál, sagði hv. þm. orðrétt. Það er ekki hans mál hvernig ríkissjóður stendur. Hann segir sig frá ríkissjóði. Það er kannske út af stólasportinu. En af hverju sem það nú stafar er niðurstaðan sú að hæstv. fjmrh. hefur keyrt í gegnum sinn flokk skattahækkun þvert á þau fyrirheit sem hann gaf kjósendum fyrir síðustu kosningar. Það er kjarni málsins sem hér liggur fyrir.

Ég endurtek þá þær fsp. sem ég bar fram áðan um skattfrelsi peninga sem lagðir eru í fyrirtæki. Hæstv. ráðh. sagði að ekki væri hægt að svara spurningunum fyrir áramót. Það er í rauninni allt í lagi. Frv. sem hér er verið að breyta var afgreitt í apríl í vetur. Það liggur því ekkert á að afgreiða þetta mál fyrir áramót og þess vegna eðlilegt að bíða eftir því þangað til upplýsingar liggja fyrir að frv. verði afgreitt þó það verði ekki fyrr en í febr. eða mars, en þá ætti fjmrn. að hafa þessar upplýsingar sem bent var á á síðasta þingi að það yrði krafið um.

Umr. frestað.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 174, n. 235, 242 og 245, 243). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. þessarar deildar um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í nál. segir:

„Nefndin hefur athugað frv. og kvaddi til fundar Guðjón A. Kristjánsson formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Óskar Vigfússon formann Sjómannasambands Íslands. Meiri hl. n. er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þetta hafði láðst að taka inn í meðferð málsins í Ed. og þarf frv. því að fara þangað að nýju.

Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Einarsson skila sérstökum nál. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Friðrik Sophusson.

Undir þetta meirihlutaálit skrifa Stefán Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Halldór Blöndal og Gunnar G. Schram.

Frsm. 1. minni hl. (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég tala hér fyrir brtt. við frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem er til 2. umr., og minnihlutaáliti sjútvn. á þskj. 242 og 243.

Í brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni er lagt til að frv. verði breytt þannig að aðeins sé þar ákvæði um að nýtt fiskverð skuli gilda frá 21. nóv. 1984, en Verðlagsráð ákvarði verðlagstímabil að öðru leyti sjálft eins og gert er ráð fyrir í 8. gr. 2. mgr. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Þessi brtt. er flutt í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið frá formönnum Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins sem mættir voru á fund sjútvn. Nd. þegar hún fjallaði um frv. ríkisstj. um fiskverðsákvörðun. Á þeim fundi kom fram frá áðurnefndum fulltrúa sjómanna að þörf á nýju fiskverði væri augljós og þeir hefðu ekkert við það að athuga, síður en svo, að nýtt fiskverð tæki gildi frá 21. nóv. Þeir lýstu sig hins vegar mjög óánægða með þann vilja stjórnvalda að færa völd Verðlagsráðs sjávarútvegsins til að ákvarða verðlagstímabil fiskverðs yfir til Alþingis þrátt fyrir áðurnefnd ákvæði í lögum um Verðlagsráð. Þeir formenn sögðust ekki heldur fallast á að þegar um svo langt verðtímabil væri að ræða, eins og um getur í stjfrv., þ. e. frá 21. nóv. 1984 til 31. ágúst 1985, sé óheimilt að segja fiskverði upp fyrr en eftir 1. júní 1985. Yfirleitt hefur fiskverð gilt frá 1. jan. til 1. júní og þá með uppsagnarheimild í mars. Þeir Óskar Vigfússon og Guðjón Kristjánsson kváðust hafa gengið á fund hæstv. sjútvrh. og kynnt honum þau sjónarmið sín.

Það er ekkert vafamál að flest mælir með því að nýtt fiskverð verði tekið upp frá 21. nóv. s. l., þó ekki lægju aðrar ástæður að baki en þær að sjómenn fá einhverja hækkun á sínum hlut í samræmi við þær launahækkanir sem fólk í landi hefur fengið skv. kjarasamningum. Það er út af fyrir sig næg ástæða til fiskverðshækkunar. En að binda fiskverð í svo langan tíma sem frv. getur um er áreiðanlega ekki til hagsbóta fyrir sjómenn, síst af öllu

þegar ljóst er að flest sjómannafélög í landinu hafa sagt upp samningum og undirbúa baráttu sína fyrir leiðréttingu á launakjörum sjómanna sem hafa verið skert umfram launakjör annarra láglaunastétta og þá er mikið sagt. Eðlilegt er að menn spyrji sig hvort þessi uppsögn samninga hafi eitthvað með lengd verðtímabils fiskverðs að gera. Hvers vegna er þessi ákvörðunarréttur tekin frá Verðlagsráði sjávarútvegsins einmitt núna? Það skyldi þó aldrei vera að það væri til að gera sjómönnum erfiðara fyrir í þeim samningum sem fram undan eru. Ef ástæðan er ekki sú mælir heldur ekkert á móti því að fara að vilja sjómanna og láta Verðlagsráð sjávarútvegsins um ákvörðun varðandi lengd verðtímabils. Allt tal um að eðlilegt sé að fiskverð gildi til 31. ágúst 1985, í stíl við þá kjarasamninga sem gerðir voru nú s. l. haust er út í hött. Fiskverð verður og hlýtur að taka mið af fleiru en þeim kjarasamningum sem gerðir eru.

Herra forseti. Það er fátítt að sjómenn eigi á Alþingi fulltrúa úr sínum hóp. Þrátt fyrir það eru fáar stéttir sem ráðskast er meira með lagaboðum og bönnum en sjómenn. Hér eru ein slík lög til. Við erum sammála um að ákvörðun um nýtt fiskverð frá 21. nóv. er af hinu góða, sjómönnum til hagsbóta, en ég get ekki greitt því atkv. mitt að Alþingi ákveði verðtímabil fiskverðs í stað Verðlagsráðs sjávarútvegsins, fyrst og fremst vegna þess að það er ekki vilji sjómanna að Alþingi taki þessa ákvörðun. Ég óttast einnig að binding fiskverðs til svo langs tíma verði sjómönnum ekki til hagsbóta í komandi kjarabaráttu þeirra.

Ekkert kemur fram í frv. hæstv. ríkisstj. og ekkert hefur komið fram í umr. sem sannar að svo sé ekki, þvert á móti. Þess vegna get ég ekki stutt þetta frv., en legg hér fram brtt. sem er í fullu samræmi við vilja fulltrúa sjómanna og kemur skýrt fram í bréfi sem flm. þessarar brtt. hafa fengið og ég les upp, með leyfi forseta:

„10. desember 1984.

Á fundi framkvæmdastjórnar Sjómannasambands Íslands, er haldinn var 3. des. s. l., var fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Framkvæmdastjórn Sjómannasambands Íslands er síður en svo á móti því að fiskverð sé opnað með þeim hætti er frv. gerir ráð fyrir, en mótmælir því harðlega að löggjafinn skuli ætla sér að binda verðtímabilið til 31. ágúst 1985. Framkvæmdastjórn Sjómannasambands Íslands telur ótvírætt að það sé hlutverk Verðlagsráðs að ákvarða verðtímabil en ekki löggjafans."

Undir þetta skrifar Hafþór Rósmundsson.

Í viðtali við Þjóðviljann 5. des. s. l. segir Óskar Vigfússon, með leyfi forseta:

„Ég tel það óráð hið mesta og raunar alveg fráleitt að binda fiskverð með lögum um verðtímabil. Þótt fiskverð gildi vanalega frá 1. jan. til 1. júní, þá er það uppsegjanlegt af okkar hálfu. Nú verður ekki svo."

Hér er vilji sjómanna ótvíræður og ekkert hefur fram komið sem mælir gegn því að í þessu máli sé hann virtur.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 245 sem er álit frá 2. minni hl. sjútvn, um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég vil leyfa mér að lesa þetta álit, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er tvennt á ferðinni. Annars vegar er lagt til að nýtt fiskverð verði ákveðið frá 21. nóv. 1984 þótt yfirstandandi verðlagstímabili sé ekki lokið. Hins vegar er ákveðið að nýtt fiskverð skuli gilda til 31. ágúst 1985 í stað 1. júní 1985 eins og orðið hefði ef venjuleg vinnubrögð við fiskverðsákvörðun hefðu verið viðhöfð.

Fyrra atriðið, þ. e. að opna fiskverð nú þegar, er góðra gjalda vert með tilliti til mikilla kauphækkana í landi. Hins vegar er ljóst að þessi aðgerð út af fyrir sig breytir kjörum sjómanna óverulega því að þeir eiga einungis örfáa hundraðshluta óveidda af ársafla sínum. Einnig má telja líklegt að talsverður hluti þessa afla verði seldur erlendis á verði sem er alls óháð Verðlagsráði.

Um síðara atriðið, þ. e. lengingu gildistíma, er ýmislegt að segja.

Í fyrsta lagi er það ekki í samræmi við starfsreglur Verðlagsráðs sem mundi vafalaust hafa ákveðið nýtt fiskverð til 1. júní n. k. skv. venju.

Í öðru lagi bindur ákvæðið kjör sjómanna mörgum mánuðum lengur en verið hefði með gildistíma til 1. júní n. k. og möguleika á uppsögn í mars eða apríl.

Loks er þetta ákvæði lýsandi dæmi um afskiptasemi löggjafans af kjarasamningum. Sjálfstfl. rifjar upp öðru hvoru að þessi afskipti séu röng og við sérstök tækifæri telur hann þau jafnvel af hinu illa. Núv. ríkisstj. hefur lýst þessu sama viðhorfi. Engu að síður eru með þessu frv. lögð til aukin afskipti löggjafans af atvinnugrein sem þegar hefur lítið olnbogarými til eigin frumkvæðis.

Bandalag jafnaðarmanna hefur fyrir löngu lýst sig andvígt þessum vinnubrögðum. Fiskverðsákvörðun af þessu tagi gerir ráð fyrir meðaltalsafkomu í greininni í heild, afkomu sem ekki er til staðar hjá einstökum rekstrareiningum. Fiskverðsákvörðun af þessu tagi ákveður lágmarksverð sem notað er til að reikna laun sjómanna, en yfirborganir á fiskverðið, sem eru taldar mjög algengar, skila sér sjaldnast til þeirra.

Bandalag jafnaðarmanna hafnar þessum vinnubrögðum en telur að ákvörðun fiskverðs og launa eigi að vera án afskipta ríkisvalds og á ábyrgð samningsaðila sjálfra.

Undirritaður er því andvígur þeirri afskiptasemi löggjafans sem þetta frv. er hluti af og mun því ekki greiða því atkv. Hins vegar má telja að við núverandi kerfi verði endurskoðun fiskverðs frá 21. nóv. s. l. einhverjum hluta sjómanna til hagsbóta. Undirritaður vill ekki standa gegn því að launafólk njóti þeirra kjara sem því er unnt og mun því sitja hjá við atkvgr."

Í þessu nál. koma raunar fram flest þau atriði sem ég vildi gera að umtalsefni í sambandi við þessa afgreiðslu. Það sem er þarna á ferðinni er það sem einkennir á vissan hátt okkar efnahagslíf og efnahagsstjórn.

Það er í fyrsta lagi þátttaka ríkisins í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Þar með verður ríkið ábyrgðaraðili að þessum samningum. Um þetta höfum við séð fjöldamörg dæmi.

Í öðru lagi er samið um þessa hluti í stórum samflotum þar sem ekki er tekið tillit til afkomu einstakra rekstrareininga og þannig fara launþegar jafnvel á mis við að geta notið hagstæðrar útkomu hjá einstökum fyrirtækjum og rekstrareiningum.

Í þriðja lagi eru allar þessar stóru heildarákvarðanir um verðlag og laun teknar út frá meðaltölum um

afkomu heilla greina. Eins og oft hefur verið gert hér að umtalsefni eru þessi meðaltöl einskis nýt. Þau eru ágæt til að gefa ákveðnar hugmyndir um afkomu og almennar hugmyndir um stöðu. En þau eru algerlega einskis nýt til að vera ákvörðunartæki um launasamninga eða verðlag. Þetta er svipað því og á Landspítalanum í Reykjavík væri tekið meðalhitastig sjúklinga á öllum spítalanum á hverjum morgni og það síðan notað til að ákvarða sjúkdómsmeðferð hjá hverjum og einum sjúklingi. Þess vegna lýsi ég mig andvígan því að svona verðlagsfyrirkomulag sé viðhaft. Ég tel að þetta skipti mjög miklu máli. Þetta hefur áhrif á hvernig allt okkar efnahagslíf vinnur.

Þetta eru þau atriði sem skipta máli, einn lítill angi af þessari aðferðafræði, af þessu kerfi. Ég vil ekki láta það fara fram hjá mér án þess að lýsa hinum almennu efasemdum og hinni almennu andstöðu sem við höfum við afgreiðslur af þessu tagi.

Eins og ég lýsi í minnihlutaálitinu vill þannig til að það má ætla að upptaka fiskverðs frá 21. nóv. s. l. gæti orðið einhverjum hluta sjómanna til hagsbóta. Ég vil þess vegna ekki standa á móti því að svo verði. Það kom fram á fundi í nefndinni, þar sem voru mættir fulltrúar sjómanna, að þeir töldu þetta hafa óveruleg áhrif á afkomu vegna þess að einungis örfá prósent af ársafla væru óveidd og að talsverður hluti þessa afla yrði seldur erlendis og þá skipti engu máli hvaða ákvarðanir verðlagsráð á Íslandi hefði tekið þar um. Mér finnst hins vegar skjóta skökku við að nota þetta tilefni, sem menn vilja kannske kalla að sumu leyti lítilfjörlegt, til þess að lengja verðtímabil svo verulega sem gert er í þessu frv. og mér finnst þess vegna farið rangt að. Að því leyti get ég lýst mig samþykkan þeim anda, sem er í brtt. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og Karvels Pálmasonar, að óþarfi sé að nota þetta tilefni, þ. e. að taka fiskverðið upp núna, til þess að lengja verðlagstímabil svo mánuðum skiptir.

ATKVGR.

Brtt. 243 felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, GeirG, GE, GJG, GHelg, HG, KMK, SJS, SvG, KP.,

nei: FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, MMS, PP, PS, StG, SV, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH.

11 þm. (GA, GGS, JS, JBH, KJóh, KH, PJ, RH, StH, IG, EBS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það skal vera stutt. Það kemur fram á þskj. sem er nál. meiri hl. hv. nefndar að sá sem hér stendur hafi verið fjarstaddur. Það skal tekið fram að hann sat ekki á þingi þegar málið var afgreitt. Ég vil beina því til réttra aðila að þetta verði leiðrétt. En út af atkvgr. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, MMS, PP, PJ, PS, StG, SV, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl.

SJS, SvG, MF, GeirG, GE, GJG, GHelg, HG, KP, KMK greiddu ekki atkv.

10 þm. (RH, StH, IG, EBS, GA, GGS, JS, JBH, KJóh, KH) fjarstaddir.

Brtt. 235 (ný 2. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 10. des., að loknum 21. fundi.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 267). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta frv. fjallar um það að flýta gildistíma nýs fiskverðs sem m. a. veldur því hvort tveggja í senn að hærra fiskverð mun gilda bæði til útgerðar og sjómanna. Þetta frv. felur m. ö. o. í sér kjarabætur fyrir sjómenn til jafns við þá kjarabót sem aðrir launþegar hafa fengið. Ég vek athygli á því að í Ed. var sjútvn. sammála um þetta frv., með fyrirvara að vísu, en ekki einn einasti þm. stjórnarandstöðunnar greiddi atkv. með þessu frv. hér í Nd.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal kvaddi sér hljóðs til að flýta fyrir framgangi þess máls sem hér er á dagskrá og benti á að hann teldi ekki samræmi í þeirri afstöðu sem fram hefði komið til þessa máls. Ég held að það sé óhjákvæmilegt út af þessum orðum hans að fara nokkrum orðum um þetta frv. og benda á að það er í rauninni tvennt sem hérna þarf að skoða.

Annars vegar eru allir sammála um að fiskverð geti tekið gildi frá og með 21. nóvember, eins og t. d. hefur komið fram í till.-gerð hv. þm. Magrétar Frímannsdóttur og hv. þm. Karvels Pálmasonar. Hins vegar á að reyra fiskverð fast út næsta ár eða út samningstímabilið vegna þess að ríkisstj. ætlar sér bersýnilega að nota þessa fiskverðsákvörðun til að halda hlut sjómanna föstum. Brtt. okkar gengu út á það að stytta þennan tíma þannig að Verðlagsráð sjálft ákveði fiskverðstímabilið. Síðan kemur hér talsmaður stjórnarliðsins Halldór Blöndal og ræðst að stjórnarandstöðunni með offorsi í þessu máli með yfirlýsingum um að ríkisstj. sé hér sérstaklega að bæta hlut sjómanna. (**Gripið fram í:** Hann var nú óvenju hógvær.) Ja, heyr á endemi.

Staðreyndin er sú að það mun vera ætlun ríkisstj. með þessu frv., ef að lögum verður, að binda kjör sjómanna út næsta samningstímabil, út ágústmánuð, eða lengur en kjör sjómanna hafa nokkru sinni verið bundin. Hér er því um að ræða fantalega aðför að sjómannastéttinni í landinu, sem Sjálfstfl. beitir sér fyrir og Framsfl. hér á hv. Alþingi. Af þessum ástæðum var það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. forseti Nd., sem nú er, Karvel Pálmason beittu sér fyrir því að flutt var hér brtt. um að fiskverð gæti tekið gildi frá og með 21. nóvember, því væri flýtt að sjómenn fengju sínar hækkanir á borð við aðra, þannig að þeir

væru eins settir gagnvart kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. og aðrir.

Stjórnarandstaðan hér var ekki tilbúin til þess að fallast á að reyra sjómenn með alveg sérstökum hætti og alveg sérstaklega hlýt ég að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Það eru eftir níu dagar af þinghaldinu til jóla. Þess er óskað af ríkisstj. að hér séu afgreidd fjöldamörg frv., kvóti, söluskattshækkun og ég veit ekki hvað og hvað og þetta mál líka. Þegar málin eiga að fá afgreiðslu hér í hv. Nd. nennir stjórnarliðið ekki að mæta til að taka þátt í atkvgr. og stjórnarandstaðan verður að hjálpa til við það að lempa mál í gegn. Þegar stjórnarandstaðan svo féllst á að hjálpa til við að afbrigði fáist fyrir málum rís hér upp varaformaður þingflokks Sjálfstfl. og efnir til umr. um þetta mál sem hafði þó fengið þinglega meðferð við 2. umr. rétt áðan. Er það ætlun stjórnarliðsins að vinna svona að afgreiðslu mála fram að hátíðum? Ber að líta svo á að þetta útspil varaformanns þingflokks Sjálfstfl. sé til marks um það hvernig stjórnarliðið ætlar að haga sér hér á næstu vikum eða voru þetta aðeins ómagaorð, var hann hér bara að skeyta skapi sínu á ræðustólnum eins og hv. þm. gerir stundum, eða ber að líta á þetta sem stefnumótun af hálfu stjórnarliðsins við að tefja fyrir málum sem ráðh. eru svo að reyna að þræla hér í gegn?

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum stjórnarliðsins og hv. þm. Halldórs Blöndals, varaformanns þingflokks Sjálfstfl., um leið og ég undirstrika að afstaða okkar til þessa máls skýrist auðvitað fyrst og fremst af því að við viljum að það sé til þess fullt svigrúm fyrir Verðlagsráð sjávarútvegsins að ákveða fiskverðstímabil svo sem verið hefur, þannig að sjómenn verði ekki bundnir út þetta samningstímabil með sitt fiskverð og lengur en nokkurn tíma hefur verið. Þetta tel ég óhjákvæmilegt, herra forseti, að komi hér fram af minni hálfu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er augljóst að nauðsynlegt er að taka þessi mál til ítarlegri umr. en fyrirhugað hafði verið í ljósi þess að hér við 3. umr. málsins koma fram sérstakar ögranir af hálfu ríkisstjórnarliðsins í sambandi við mál sem stjórnarandstaðan hefur þó sýnt fullan vilja til að fengi hér eðlilega þinglega meðferð, án þess að verið væri að taka á ýmsum þáttum sem snerta sjávarútvegsmálin, sem fyllsta ástæða er þó til að taka til umr. og það fyrr en seinna. Það er að sjálfsögðu velkomið af minni hálfu að víkja hér af þessu tilefni að ýmsum þáttum sem tengjast því máli sem hér er til umr., þ. á m. stöðu útgerðar í landinu, kjörum sjómannastéttarinnar í landinu sem með þessu frv. er fyrirhugað að binda í afturendann í sambandi við samþykkt þessa frv. sem stjórnarliðið ætlar að koma hér fram. En það er alveg auðsæilegt að það er ekki áhugamál ríkisstj. að svo verði því að hér rís upp hv. þm. Halldór Blöndal og veitist sérstaklega að þm. hér í þessari þd. fyrir að hafa gerst svo djarfir að flytja brtt. við þetta mál. Þm. sér alveg sérstaka ástæðu til þess að veitast hér að hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og hv. forseta deildarinnar Karvel Pálmasyni sem hefur lagt sig fram í forsetastóli til að hjálpa upp á sakirnar hjá stjórnarliðinu í sambandi við það að koma málinu í gegnum 2. umr. Það verður að segja að þetta eru vinnubrögð með miklum endemum og ég veit ekki hvernig ríkisstj. ætlar sér að koma áhugamálum sínum fram hér á Alþingi nú fram að jólum ef það á að gerast hvort tveggja að þm. stjórnarliðsins eru í minni hl. í deildinni eða skila sér ekki til þátttöku í atkvgr. Er það raunar ekkert einsdæmi á þessu þingi það sem af er, heldur hefur það iðulega gerst hér að það hefur þurft atbeina stjórnarandstöðunnar til að koma málum áfram í deildinni, og það má heita með fádæmum þegar sérstaklega er veist að forseta deildarinnar sem hefur staðið að verki með þeim hætti sem við urðum vitni að að greiða fyrir framgangi þessa máls.

Það eru mörg atriði sem tengjast stöðu sjávarútvegsins nú og þar með kjörum sjómannastéttarinnar í landinu sem ástæða er til að fara um nokkrum orðum. Það væri kannske rétt að vitna til Morgunblaðsins í þessu sambandi til þess að draga fram með hvaða hætti núv. ríkisstj. hefur leikið sjávarútveginn í landinu á undanförnum misserum og raunar mætti segja á undanförnum árum undir forustu Framsfl. sem farið hefur með þessi mál frá því 8. febr. 1980. Morgunblaðið greinir frá því á 2. síðu í gær, sunnudaginn 9. desember, að heildarskuldir sjávarútvegs og fiskvinnslu séu metnar á 21.3 milljarða kr. Segir þar, með leyfi forseta:

„Heildarskuldir sjávarútvegs og fiskvinnslu eru samtals 21.3 milljarðar kr. en eignir samkv. þjóðarauðsmati eru samtals 33.4 milljarðar kr. Skuldirnar eru því 63.8% af eignum. Þessar upplýsingar koma fram í plöggum frá hagfræðideild Seðlabanka Íslands sem Morgunblaðið hefur fengið send. Þjóðarmatseign útgerðarinnar er 15.8 milljarðar, en skuldir rúmir 12 milljarðar eða 75.4% af eignum. Eignir fiskvinnslunnar eru 17.5 milljarðar, en skuldir 9.3 milljarðar eða 53.2% af eignum."

Þetta er rakið með feitu letri á 2. síðu Morgunblaðsins í gær og þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Þjóðarauðsmat eigna í skuldayfirliti sjávarútvegs í opinberu lánakerfi er skv. bráðabirgðatölum frá 1. okt. og eru tölurnar endurskoðaðar miðað við gengisfellinguna á dögunum. Í áðurnefndum plöggum kemur hins vegar fram að eignir samkvæmt tryggingamati eru nokkru hærri en svokallað þjóðarauðsmat eigna. Eignir útgerðar eru samkvæmt tryggingamati 18.5 milljarðar kr. og miðað við þá viðmiðun eru skuldir útgerðar 64.9% af eignum. Í grein Bjarna Braga Jónssonar aðstoðarbankastjóra Seðlabankans, en hún fylgdi tölunum, segir m. a.:

„Niðurstöðutölurnar benda eindregið til þess að enn hafi syrt í álinn svo um munar. Sá vermir" -- þetta er orðalag þess sem er vitnað er til — „sem skuldarar hafa af gengisfellingunni verður skammgóður. Hann stafar af rýrnun lána sem ekki eru gengistryggð. Mikill hluti þeirra er verðtryggður og mun því hækka meira en afurðaverð og tekjur og eignamat á næstunni. Flest önnur lán án gengisákvæða bera breytilega vexti sem líklegir eru til að hækka með örari verðhækkunum. Greiðslubyrði þessara lána verður þá þyngri en annarra."

Þetta er tilvitnun í orð Bjarna Braga Jónssonar og þetta er sú fregn sem mátti lesa á 2. bls. Morgunblaðsins í gær.

Það er út af fyrir sig hægt að vekja athygli á því að þessi fréttaflutningur Morgunblaðsins í gær um stöðu sjávarútvegsins er ekki fram kominn af neinni tilviljun. Hann er framhald af ábendingum frá ritstjórn Morgunblaðsins sem lesa mátti líklega s. l. laugardag, í öllu falli í síðustu viku, þar sem núv. hæstv. sjútvrh. var sent

nokkuð fast skeyti fyrir bóginn. Þar var það dregið fram að meðferð hans á sjávarútvegsmálum hefði að mati þessa aðalmálgagns Sjálfstfl. ekki verið með þeim hætti sem Sjálfstfl. teldi vænlega horfa. Þá gerðist það raunar jafnframt að hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson fékk alveg sérstaka viðvörun frá Morgunblaðinu í sambandi við þann málaflokk sem hann fer með.

Það er út af fyrir sig athyglisvert að Morgunblaðið telur málefnum sjávarútvegsins í landinu þannig komið að það megi eigi lengur við bindast, það verði nú að ganga fram með þeim hætti, sem ég hef bent hér á, að ráðast með mjög ákveðnum hætti í ritstjórnargrein að samstarfsráðh. Sjálfstfl., í þessu tilviki ráðh. Framsfl. Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á því þó Morgunblaðinu sé farið að ofbjóða í þeim efnum því að þannig er komið fyrir stöðu okkar undirstöðuatvinnuvegar, sjávarútvegsins, að allir mega sjá að við strandi liggur og raunar hefur þegar rekið í strand á ýmsum stöðum á landinu. Nú er svo komið að yfirlýsingar liggja fyrir um það að togskip, ein tíu talsins, séu ekki veðhæf talin og það sé engrar aðstoðar að vænta frá opinberri hálfu til þess að hlaupa undir bagga með þeim byggðarlögum sem í hlut eiga, með þeim aðilum sem fyrir þessari útgerð standa. Ríkisstj. hefur látið það frá sér fara og hæstv. sjútvrh. að þar verði ekkert aðhafst til þess að komast hjá skuldaskilum og uppboðum á viðkomandi togurum. Þetta eru kuldalegar kveðjur, sem þarna koma fram, og þegar litið er til þeirra ástæðna sem liggja þar að baki, ástæðna sem eru fyrir því að svona er komið, þá er fyllsta ástæða fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að taka undir þær viðvaranir og vekja athygli á þeirri miklu vá sem við blasir í sambandi við rekstur og rekstrarstöðu sjávarútvegsins í landinu. Þar er vissulega um að ræða efni sem er nátengt þessu frv., ákvörðun fiskverðs og hvað kemur í hlut útgerðar og sjómanna í sambandi við það.

Þetta mál tengist jafnframt og alveg sérstaklega byggðamálum í landinu, stöðu landsbyggðarinnar. Sjávarútvegurinn er undirstöðugrein í langflestum byggðarlögum við sjávarsíðuna og sú staða og þrengingar sem sjávarútvegurinn hefur verið í nú um skeið veldur því að nú er mjög þröngt fyrir dyrum í mörgum byggðarlögum hjá fjölmörgum aðilum sem tengjast þessum rekstri og atvinna þess fólks sem við sjávarútveginn starfar er í hættu og raunar margir atvinnulausir.

Ég þekki þessi mál vel úr því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir, af Austurlandi, því að þar var málum þannig komið s. l. sumar að útgerðarmenn frá mörgum fyrirtækjum þar í fjórðungi sáu þann kost vænstan að lýsa yfir rekstrarstöðvun og bindast sammælum um stöðvun og létu aðgerðir eftir fylgja þó að þeir féllust á það fyrir þrábeiðni stjórnvalda að fresta aðgerðum um mánaðarskeið. Þetta var gert í von um að núv. ríkisstj. tæki á vandamálum sjávarútvegsins með þeim hætti að menn sæju þar eitthvað lengra en til dagsins í dag. Það var hins vegar ekki gert. Um mánaðamótin júlí-ágúst rumskaði loksins ríkisstj. við sér í þessum efnum og hæstv. sjútvrh. eftir að m. a. stjórnarandstaðan og Alþb. höfðu tekið á þessum málum og lagt fram mótaðar tillögur um hvernig við skyldi bregðast í málefnum sjávarútvegsins.

Það var á sameiginlegum fundi þingflokks og framkvæmdastjórnar Alþb. þann 24. júlí að gerð var samþykkt um þessi efni og tekið var undir m. a. í þeirri samþykkt málflutning og tillögur aðila sem gjörkunnugir eru í sjávarútvegi og útgerð. Þetta voru ekki tillögur til lausnar á frambúðarvandamálum sjávarútvegsins, heldur tillögur sem áttu að leiða til þess að ekki yrði um stöðvun að ræða og það gæfist hlé til að fara yfir málefni þessarar greinar.

Í framhaldi af þessari till.-gerð, sem ég, herra forseti, ætla að þessu sinni ekki að fara að lesa upp hér í einstökum atriðum þó full ástæða væri til, flutti Alþb. hér á þinginu till. til þál. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. 1. flm. þeirrar till. var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hann mælti fyrir henni hér í Sþ. Umræðu um till. var frestað og henni var vísað til n., en ég hlýt að vekja athygli á því hér í tengslum við þetta mál að atvmn. Sþ., sem ég hygg að hafi fengið till. til meðferðar, hefur ekki komið saman til að fjalla um þetta brýna mál. Ég hlýt að mótmæla því alveg sérstaklega að svo hefur ekki verið gert og vekja athygli hæstv. forseta á því að þetta mál, sem er brýnna en flest önnur sem hér eru til meðferðar í þinginu, og eru þó mörg mál hér stór og brýn, hefur ekki fengið neina umfjöllun í n. enn sem komið er.

Í þessari till. sem Alþb. hefur flutt hér á þinginu er lagt til að Alþingi álykti að kjósa nefnd sjö þm. er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta. Það er einnig gert ráð fyrir því í þessari till. að nefnd þessi geri samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og í samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi — ég leyfi mér að vitna til þess sem þar er tilgreint, með leyfi forseta:

„1. olíuverð til fiskiskipa,
2. orkuverð til fiskvinnslu, svo sem frystingar og bræðslu,
3. viðhalds- og þjónustukostnað, svo sem verð á tækjum, vélum og varahlutum,
4. fjármagnskostnað og fjárfestingar,
5. flutningskostnað útflutningsafurða,
6. söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum,
7. launakostnað í veiðum og vinnslu,
8. ríkisstyrki."

Þetta eru átta tilgreind atriði sem þarna er lagt til að tekin verði til meðferðar á vegum nefndar sem þingið kjósi. Þá er einnig gert ráð fyrir því að nefnd þessi taki til athugunar skipulag veiða og vinnslu og geri tillögur um ráðstafanir sem tryggi að eðlilegt samræmi verði á milli afkastagetu skipa og fiskvinnslustöðva. Fleiri atriði koma þarna fram sem veganesti til þessarar nefndar sem ekki hefur fengist rætt í atvmn. Sþ. þó að þessi till. hafi til hennar komið. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann kanni hvað valdi því að þessi þýðingarmikla n. þingsins, atvmn. Sþ., hefur ekki verið kvödd saman, taki það mál upp við forseta Sþ. og hlutast verði til um það að á þessu verði ráðin bót hið fyrsta. Ég tel að þessi till.-flutningur af hálfu Alþb. sé þýðingarmikið veganesti í þá nauðsynlegu umræðu sem þarf að fara fram innan þingsins um þá stöðu sem íslenskur sjávarútvegur er staddur í.

Það liggur fyrir og var dregið fram í umr. um þessi mál af þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum á Austurlandi sem sáu sig tilknúin að stöðva rekstur skipa sinna á s. l. sumri að taprekstur hefði orðið á togurum á

Austurlandi á undanförnum þremur árum sem svaraði til 20 millj. kr. á togara. Fyrirtækin sem um var að ræða, ég held um 12 talsins, hefðu á undanförnum misserum tapað eigin fé sínu, nær 400 eða röskum 400 millj. kr. ef ég man rétt, og væru nú með eiginfjárstöðu á núlli. Þetta er uppskeran sem orðið hefur í sambandi við rekstrarstöðu útgerðarfyrirtækja í kjördæmi núv. hæstv. sjútvrh., sem hefur að vísu ekki farið með þessi mál nema um þriggja missera skeið, en áður var það formaður Framsfl., hæstv. núv. forsrh., sem bar ábyrgð á þessum málaflokki í tíð fyrrv. ríkisstj.

Það liggur fyrir, að ég tel óyggjandi, að sjávarútvegurinn hefur verið skilinn eftir með þeim hætti af núv. ríkisstj. að við strandi hefur legið hjá fyrirtækjum víða á landinu á undanförnum mánuðum og misserum. Þannig er nú komið stöðu togaraútgerðar í landinu að þar er um að ræða 10 skip, tæknilega vel útbúin skip, sem eru komin undir hamarinn og það liggur fyrir yfirlýsing um það frá hæstv. sjútvrh. að ekkert verði aðhafst af stjórnvalda hálfu til þess að leiðrétta þá stöðu. Það hefur líka verið vakin á því athygli að Framsfl. og Samband ísl. samvinnufélaga, en margir rekja tengsl þar á milli, noti sér þá neyðarstöðu sem fyrir liggur hjá sjávarútvegsfyrirtækjum til að breyta eignaafstæðum í íslenskum sjávarútvegi frá því sem verið hefur, frá blönduðu eignarhaldi, frá dreifðu eignarhaldi og þ. á m. frá einkarekstri í smábátaútgerð yfir í það að ná eignum í sjávarútvegi ekki síst undir væng Sambands ísl. samvinnufélaga. (**Gripið fram í:** Hvað eru samvinnufélögin?) Nú er það út af fyrir sig hvort menn telja það æskilega þróun að svo verði. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að samvinnuhreyfingin í landinu eigi hlut í útgerð og hún standi að útgerð og ég hef verið því meðmæltur sem einn af meðlimum samvinnuhreyfingarinnar. En ég tel það hins vegar vera mjög varhugavert að sú þróun eigi að ganga yfir að þessi undirstöðuatvinnugrein falli undir Samband ísl. samvinnufélaga m. a. á meðan ekki er tryggt að breyting verði á ýmsum grundvallarþáttum í uppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar, þar sem að lýðræðisleg vinnubrögð hafa verið á undanhaldi í sambandi við störf og uppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar í landinu, því miður verð ég að segja. Áhrif hinna einstöku félagsmanna hafa farið þar dvínandi og völdin hafa í vaxandi mæli dregist á fárra hendur.

Hv. ritari, hv. þm. Stefán Guðmundsson, getur hrist höfuðið út af þeim orðum, en ég gæti bent honum á mörg atriði í skipulagi samvinnuhreyfingarinnar sem ekki hafa fengist tekin upp og ekki fengist fram breytingar á svo sem æskilegt væri til þess að tryggja tengsl þeirra sem eru hinir almennu félagar í samvinnuhreyfingunni við ákvarðanatöku og ákvarðanaval innan Sambands ísl. samvinnufélaga. Þetta er kannske ekki meginatriði máls þótt ég vekti athygli á því, en ég skil ósköp vel að flokkur sem einu sinni taldi sig þurfa að taka til hendi og leggja orð í belg þegar útgerð á Íslandi var annars vegar, og þar á ég við Sjálfstfl., sé orðinn nokkuð áhyggjufullur yfir þessari þróun og áhyggjufullur yfir því hvernig komið er rekstraraðstæðum í íslenskum sjávarútvegi. Ég hef hins vegar ekki mikla von um að þessi þróun, sem nú liggur fyrir, nægi til þess að Sjálfstfl. taki sig á í þessum efnum því að þar hefur orðið breyting á bæ ekki síður en innan Framsfl. á síðustu árum og áratugum. Það eru aðrir hagsmunir ráðandi en hagsmunir í frumvinnsluatvinnugreinum í landinu þegar litið er til Sjálfstfl.

Það er rétt að líta aðeins til þeirra aðgerða sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. beittu sér fyrir í sambandi við sjávarútvegsmálin á síðasta sumri. Það voru gefin fyrirheit um þætti sem gengu mjög skammt, en þó aðeins til móts við þær kröfur sem fram höfðu verið settar um leiðréttingu á rekstrarskilyrðum sjávarútvegsins. Það voru m. a. færðar til baka þær breytingar á afurðalánum sem ákveðnar höfðu verið af Seðlabanka Íslands og raunar með samþykki ríkisstj. sem hafði vald á þeim þætti, þ. e. afurðalánunum sérstaklega, en þar hafði verið lækkað afurðalánahlutfallið, eins og menn muna sérstaklega, á s. l. vori. Það tókst að knýja ríkisstj. til þess að breyta þar til um mánaðamótin júlí-ágúst í sumar og hækka afurðalánahlutfallið á nýjan leik upp í 75%. Þetta var aðgerð sem gekk lítillega til móts við kröfur útgerðar og fiskvinnsluaðila á þeim tíma.

Annað atriði, sem þar kom til og útvegsmenn mátu nokkurs við hæstv. sjútvrh., var að um þriggja mánaða skeið var fallist á að greiða niður olíukostnað fiskiskipa um 3% með greiðslum gegnum Aflatryggingasjóð og með framlögum úr ríkissjóði. Þetta var tímabundin aðgerð um þriggja mánaða skeið, en síðan hefur komið fram að ríkisstj. hygðist fá framlengingu á þessum stuðningi um smátíma í viðbót eða til næstu áramóta vegna þess að ekki eru enn komnar fram tillögur af stjórnvalda hálfu um hvernig olíukostnaði til fiskiskipa verði náð niður til frambúðar. Þetta varð þó skammgóður vermir hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. því að það höfðu ekki liðið margir dagar, ekki margar vikur a. m. k., þegar þessi hýra, sem þarna var veitt til sjávarútvegsins, var dregin til baka í reynd með sérstakri vaxtahækkun með því að vextir í landinu voru gefnir frjálsir. Sú bót sem útvegurinn í landinu taldi sig hafa fengið um skamma hríð, að vísu með smávegis lækkun á olíukostnaði, var tekin til baka nær samstundis með því vaxtafrelsi sem Sjálfstfl. knúði fram og Framsfl. skrifaði upp á innan ríkisstj. í ágústmánuði s. l. Nú heyrum við að til standi að bæta þar enn gráu ofan á svart með því að hækka vexti sem mun að sjálfsögðu koma niður á þeim sem þurfa á lánum að halda, en það er ekki síst sjávarútvegurinn eins og að honum er búið.

Það er full ástæða til að víkja frekar að þessum aðgerðum ríkisstj. og benda á að þau skilyrði sem sjávarútvegurinn býr við, ef frá eru talin aflabrögðin, sem ég ætla ekki að fara að skrifa á reikning ríkisstj., er á hennar hendi að ákvarða. Allir meginþættir rekstrarskilyrða sjávarútvegsins, ef frá er talinn afli, eru á valdi stjórnvalda. Þar er um að ræða gengi og gengismun þegar um er að ræða breytingar á gengi og þar er um að ræða vextina. Ég hef bent á með hvaða hætti ríkisstj. hefur gripið inn í vaxtaþáttinn, bæði varðandi lánskjör og lánstíma. Þar er um að ræða olíuverð sem ég hef einnig gert hér að umtalsefni og að verulegu leyti er á færi stjórnvalda að grípa inn í. Það hefur verið dregið fram með skýrum hætti á þessu ári hvernig stjórnvöld hafa tekið á árinni að þessu leyti.

Það liggur fyrir að olíuverð til fiskiskipaflotans í landinu er um þriðjungi hærra hérlendis en í nágrannalöndum okkar eins og í Bretlandi og Danmörku. Ég hef hér fyrir mér tölur um verð á gasolíu frá 4. des. s. l., tölur sem ég hef fengið frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þar liggur það fyrir að eftir olíuverðsbreyting-

una hina síðustu, þá sérstöku kveðju sem ríkisstj. sendi inn á aðalfund Landssambands ísl. útvegsmanna, er verðið á lítra af gasolíu hér 10,70 kr. Í Danmörku er það hins vegar 8,17 kr. á lítra og í Englandi 8,14 kr. á lítra. Skv. þessu er verðið á lítra af gasolíu hérlendis 31.4% hærra en í Bretlandi og Danmörku, þar sem það er á mjög svipuðum slóðum.

Hæstv. sjútvrh. hét útgerðarmönnum því að það yrði farið ofan í sauma á þessum málum og ég geri ráð fyrir að hann hafi vænst þess að niðurstöður úr þeirri athugun lægju fyrir innan þess þriggja mánaða tíma sem hann ætlaði að fá fram og fékk raunar fram smávegis niðurgreiðslu á olíukostnaði fiskiskipa. En nú liggur það fyrir að þessar tillögur eru ekki enn komnar og þrátt fyrir það blasir við og var tekin ákvörðun um það síðla í nóv. að hækka verð á svartolíu um 28% og hækka verð á gasolíu til fiskiskipa um rösk 20%. Þetta voru nú efndirnar á þeim vonum og þeim fyrirheitum sem gefin voru og þeim vonum sem vaktar voru meðal útvegsmanna á síðasta sumri í sambandi við olíukostnaðinn.

Það verður að segja eins og það er að ríkisstj. hefur margt illa gert og væri langur listi að fara að rekja það í einstökum atriðum. En það afdrifaríkasta er aðgerðarleysi hennar í sambandi við málefni sjávarútvegsins á Íslandi — sú staða sem skapast hefur í byggðarlögum víða um land sem byggja á sjávarútvegi og þar sem menn horfa sem eðlilegt er með svartsýni fram á komandi ár. Þetta á auðvitað alveg sérstaklega við um þau byggðarlög þar sem útgerðarfyrirtæki eru þegar í strandi og enginn veit hvort undirstöður atvinnulífs, eins og skuttogarar, koma undir hamarinn og hverfa frá viðkomandi byggðarlögum. Það heyrist að vísu úr munni núv. hæstv. valdhafa í þessum efnum að auðvitað hljóti heimamenn að bregðast við og slá saman í púkkið til að varna slíku. Hæstv. sjútvrh. vísar m. a. á sveitarsjóðina í þessum efnum. Sveitarsjóðirnir í byggðarlögunum út um landið verði auðvitað að hlaupa undir bagga og tryggja aukið eigið fjármagn inn í þennan rekstur, kaupfélögin á stöðunum eiga að koma með eitthvað til að reyna að tryggja þetta og almenningur á stöðunum á einnig að koma þarna og leggja fram úr sínum gildu sjóðum — sá almenningur sem ríkisstj. hefur á undanförnum misserum verið að rýra tekjurnar hjá með þeim hætti sem allir vita þannig að þar hefur ekki verið safnað í sjóði.

Niðurstaðan er sú af þessari meðferð sjávarútvegsmála hjá Framsfl. að hagur byggðarlaganna, sem byggja á sjávarútvegi að meginhluta, hefur farið þannig hríðversnandi mánuð eftir mánuð að fjármagnið hefur verið að flytjast frá þessum stöðum með beinum hætti til þeirra aðila sem draga sér fé út úr rekstri í íslenskum sjávarútvegi, til olíufélaganna í landinu sem raka þar saman gróða og hirða gróða til eftirlitslausrar og skipulagslausrar fjárfestingar, olíufélaga sem hafa efni á því að reisa án þess að blikna olíustöðvar í byggðarlagi eftir byggðarlag, olíustöðvar, dreifistöðvar, sem kosta 15—20 millj. kr. eins og gert var af olíufélaginu Skeljungi, svo að dæmi sé tekið, austur á Egilsstöðum á s. l. vori. Það er ekki verið að hrófla við þeim aðilum sem þannig fara með fjármuni. Þar dugir samtrygging núverandi stjórnarflokka í sambandi við olíufélögin. Þar má engu breyta í sambandi við þá eftirlitslausu óhófsfjárfestingu sem þessir aðilar standa fyrir.

Hverjir eru það fleiri sem hafa þarna hirt sitt og hafa sínar höfuðstöðvar hér í Reykjavík? Það eru skipafélögin í landinu sem hafa dregið til sín tugi milljóna, hundruð milljóna í hreinan ágóða á undanförnum misserum í skjóli núv. ríkisstj. og hafa séð sér fært að standa í fjárfestingarkapphlaupi sem auðvelt væri að sýna fram á með skipakaupum þessara aðila á undanförnum misserum. Hvaðan eru aurarnir komnir til skipafélaganna? Ætli þeir séu ekki að drjúgum hluta komnir frá íslenskum sjávarútvegi?

Hvað gerðist um daginn þegar Eimskip loksins var knúið til að taka þátt í útboði á flutningi á fiskafurðum frá landinu? Jú, það fengust farmgjöld sem voru um 30% lægri en þau sem fyrir voru. Það hefði kannske fyrr mátt taka þannig á málum að láta reyna á hina frjálsu samkeppni í sambandi við þennan þátt. Það liggur jafnframt fyrir að skipafélagið Hafskip, sem ekki lepur dauðann úr skel, telur sig geta komist mjög vel af á töxtum sem svara til þeirra sem Eimskip nú hefur boðið í sambandi við útflutning á fiskafurðum frá landinu. Hvað skyldi það hafa gengið lengi að skipafélögin hafi getað gengið fram með þessum hætti í skjóli Sjálfstfl. og Framsfl.?

Það eru ekki aðeins olíufélögin og er þeirra hlutur þó stór. Í sambandi við þau er ástæða til að minna á að olíuverð í Bandaríkjadölum talið hefur líklega tífaldast á 10 ára tímabili. Ætli olíufatið hafi ekki verið á tæpa 3 dali 1973, og ætli það liggi ekki á Rotterdammarkaði nálægt 30 Bandaríkjadölum olíufatið, og hefur raunar verið þar yfir. Ætli þessi verðþróun ásamt álagningarprósentu olíufélaganna hafi ekki orðið til þess að skila þessum aðilum drjúgum hagnaði á undanförnum 10 árum? Og ætli sé ekki mál til þess komið að farið sé að líta á þetta dæmi og það m. a. í tengslum við kjör sjómannastéttarinnar í landinu og þann hlut sem þeim er ætlaður skv. því frv. sem hér er til umr. þar sem gert er ráð fyrir að binda kjör þeirra fram til loka ágústmánaðar á næsta ári?

Hvað ætli megi svo segja um bankana — bankastofnanirnar í landinu sem eru undir sérstökum verndarvæng núv. ríkisstj., bankastofnanir í landinu sem fengu það frelsi í ágústmánuði s. l. að Sjálfstfl. taldi að brotið væri í blað í sambandi við efnahagsstjórn í landinu. Þegar bankarnir fengu vaxtafrelsið var það að sjálfsögðu notað um leið til að hirða strax frá íslenskum sjávarútvegi og íslenskum atvinnurekstri stórar upphæðir og nú heyrum við að þar eigi að bæta um betur.

Við lásum það að vísu skömmu eftir að ákvarðanir voru teknar með blessun hæstv. ríkisstj. um vaxtafrelsið að það mundi ekki standa lengi. Við lásum það í ritstjórnargreinum Nýja Tímans að þess yrði skammt að bíða að þeirri þróun yrði snúið við. En það eina sem við höfum séð gerast eru kröfur um enn hækkaða vexti, kröfur sem liggja nú á borði hæstv. ríkisstj. og þingflokka ríkisstj. Ég minni á að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir á opinberum fundum, m. a. á fundi sambands sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi í septembermánuði s. l., að það yrði mjög fljótlega sem til þess kæmi að vextir yrðu lækkaðir. Hann sér auðvitað hvers konar glæfraspil er hér á ferðinni í sambandi við stöðu þess atvinnuvegar sem hann á að vera hagsmunagæslumaður fyrir, þar sem er sjávarútvegurinn. En hann hefur ekki enn þá sett hnefann í borðið í sambandi við þessa þróun og ég hlýt að spyrja hann og formann þingflokks Framsfl., sem báðir eru hér viðstaddir þessa umr.: Hvar

er þetta mál nú statt? Hver er afstaða Framsfl. í sambandi við kröfur Seðlabankans um hækkun á vöxtum? Ætla þeir að láta þar undan? Ætla þeir að taka aftur fyrirheitin og stóru orðin um að þess verði ekki langt að bíða að þeir geri afturræka þá róttæku breytingu á íslensku efnahagskerfi sem Sjálfstfl. var að hælast af í ágústmánuði s. l.? Við væntum þess að fá svör í þeim efnum hér á Alþingi og ég hlýt að lýsa eftir þeim svörum við þessa umr. alveg sérstaklega.

Hér er nefnilega um að ræða þá þætti sem mestu valda í sambandi við rekstraraðstæður í okkar undirstöðugreinum, sjávarútveginum alveg sérstaklega, þar sem er orkukostnaðurinn annars vegar og fjármagnskostnaður hins vegar.

Ég skal undirstrika þetta með því að rekja hér ákveðið dæmi í sambandi við þessa þætti. Ég hef fyrir mér hvernig þessir kostnaðarliðir hafa breyst hjá einu tilteknu fiskiskipi, sem er rekið í minni heimabyggð, þar sem er Barði NK-120. Að vísu eru það þrjú skip sem gerð hafa verið út undir þessu nafni frá árinu 1965 að telja, en tölurnar tala samt sínu máli. Ég vil þó gera grein fyrir því áður en ég vitna til þeirra því að þær eru mjög lýsandi um þessa þróun.

Fyrsti báturinn, sem keyptur var og bar þetta nafn, Barði fyrsti, var síldar- og netabátur sem keyptur var 1965 og rekinn til ársins 1970—1971 þegar keyptur var fyrsti skuttogarinn til landsins sem gefið var nafnið Barði NK-120, sem er annar í röðinni. Þessi skuttogari var hliðstæður þeim sem aflað var til Eskifjarðar á sama tíma. *Með þeim kaupum var innleidd sú nýsköpun í* íslenskum sjávarútvegi sem fylgdi á eftir víða á landinu með öflun og endurnýjun togaraflotans. Þetta togskip var síðan endurnýjað með kaupum á nýjum skuttogara 1980.

Hvernig hefur nú þróunin orðið í sambandi við olíukostnað hjá skipum undir heitinu Barði á þessum tíma? Á árinu 1965 er olíukostnaðurinn 3.4% af aflaverðmæti skipsins og árið eftir 3.9%. Þessar tölur hafa hækkað á árinu 1969 og eru þá orðnar varðandi olíuna 8.9%. Árið 1973, árið sem olíuverðið fer af stað, er olíukostnaðurinn 10.4% af aflaverðmæti. Árið 1980 er þessi tala hins vegar komin upp í 17.8% og á árinu 1983 er olíukostnaðurinn orðinn 25.7% af aflaverðmæti þessa tiltekna togara. Olíukostnaðurinn er sem sagt orðinn fjórðungur af aflaverðmæti. Ég veit að það er hægt að nefna dæmi um togskip með mun meiri orkukostnaði á sama tíma, eða á bilinu 30—40%. Þetta eiga menn að hafa í huga þegar litið er á hversu þungt olíukostnaðurinn vegur inn í rekstraraðstæður hjá íslenska fiskiskipaflotanum og hversu miklu það varðar að þeirri verndarhendi, sem núv. ríkisstjórnarflokkar hafa haldið yfir gróða olíufélaganna hér á landi um langt árabil, verði svipt burt, það verði tekið á málefnum olíufélaganna og þeim gróða sem þessi félög hirða út úr íslenskum atvinnurekstri og alveg sérstaklega út úr íslenskum sjávarútvegi með handahófskenndri fjárfestingu, offjárfestingu sem blasir við hvers manns augum um land allt. Ég hlýt að spyrja hæstv. sjútvrh. að því: Hvenær mun hann skila Alþingi skýrslu um verðmyndun á olíu hér í landinu? Hvenær er að vænta uppskeru af starfi þeirrar nefndar og þeirra aðila sem hæstv. sjútvrh. setti í að fara ofan í verðmyndun á olíu? Megum við vænta þess að fram komi hér á þinginu fyrir hátíðar, fyrir þinghlé, upplýsingar um þessi atriði? Ég veit að það bíða margir eftir því að fá svör við þessu.

En hvað um hinn þáttinn, fjármagnskostnaðinn, hinn stóra þáttinn sem hefur breytt með afgerandi hætti rekstraraðstæðum í íslenskum sjávarútvegi? Hvernig hefur það dæmi þróast þegar litið er til Barða NK-120? Árið 1965 var vaxtakostnaður þessa skips 3.6% og hann var hinn sami árið eftir, 3.6% af aflaverðmæti. Á árinu 1971 er þessi fjármagnskostnaður hins vegar 11.1%, árið 1973 10.5%, og árið 1980 er vaxtakostnaðurinn *kominn í* 17.6% og hann fer á árinu 1982 upp í 22.6%. Þarna eru sem sagt tveir þættir, orkukostnaðurinn og fjármagnskostnaðurinn, sem báðir eru talnalega á svipuðum slóðum og nema á undanförnum misserum hátt í fjórðungi hvor af aflaverðmæti viðkomandi skuttogara. Það þarf engan að undra þó að það blási ekki byrlega í íslenskum sjávarútvegi og Morgunblaðið geti reitt fram tölur, reiknaðar út í hagdeild Seðlabanka Íslands, svipaðar þeim og ég var að rekja í upphafi míns máls í sambandi við skuldastöðu og eiginfjárstöðu í íslenskum sjávarútvegi, þegar slík stökkbreyting hefur orðið á undirstöðuþáttum varðandi rekstraraðstöðu í þessum atvinnuvegi. Fjármagnskostnaðurinn hefur hækkað úr því að vera undir 4%, eins og ég gat hér um, og upp í að verða hátt í fjórðungur af aflaverðmæti viðkomandi skips og svipuð þróun hefur orðið varðandi orkukostnaðinn og er þó engan veginn um verstu myndina að ræða sem finna má í sambandi við þróun þessara útgjaldaliða hjá fiskiskipum eða togskipum í landinu.

Það þarf ekki að hafa sterk áfellisorð uppi í sambandi *við stöðuna í íslenskum sjávarútvegi og hlut stjórnvalda* í þeim efnum þegar svo augljósar tölur liggja fyrir og þegar það liggur fyrir að núverandi stjórnarflokkar hafa sameinast um það nú sem löngum fyrr, því að þeir hafa einnig gert það í samsteypustjórnum þar sem þeir hafa ekki alltaf verið samskipa, að halda verndarhendi yfir arðráni þeirra millilliða, þar sem eru undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar, vegna fjármagnstengsla ráðandi afla í þessum flokkum við þessa milliliði, við olíufélög og við bankastofnanir í landinu sem hafa hirt stóran hlut út úr þessum rekstri. Það er ekki að undra þó að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi látið í sér heyra í sambandi við þessi mál á nýlega afstöðum aðalfundi LÍÚ. Þar var ályktað um þessi mál og ég sé ástæðu til að minna á það sem þar kom fram í sambandi við t. d. olíumálin og vaxtamálin. Í samþykktum LÍÚ-fundarins sagði m. a., með leyfi forseta, um olíumál:

„Olíuverði verði haldið í lágmarki, útgerðir njóti stórviðskipta sinna í lægra olíuverði og allar opinberar álögur á olíuverð verði afnumdar. Enn fremur krefst fundurinn þess að endurskoðun á verðlagningu olíuverðs verði flýtt og það haft að leiðarljósi að sú endurskoðun leiði til verðsamkeppni milli söluaðilanna."

Út af þeirri sérstöku kveðju sem aðalfundi LÍÚ barst frá hæstv. ríkisstj. í sambandi við hækkun á olíuverði ályktaði fundurinn svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fundurinn mótmælir harðlega þeirri *gífurlegu* hækkun á olíu sem nú hefur verið ákveðin á gasolíu um 20% og á svartolíu um 28%, og kosta mun útgerðina um 400 millj. kr. á ári. Fundurinn beinir því til fulltrúa samtakanna í Verðlagsráði sjávarútvegsins að samþykkja ekki fiskverð nema tryggt sé að það standi undir þessum gífurlega kostnaðarauka."

Auk þessara ályktana samþykkti LÍÚ tillögur frá

nefndum sem störfuðu á fundinum um að ef yrði ekki hér róttæk breyting á og stjórnvöld ekki stæðu við gefin fyrirheit um lækkun á olíukostnaði til fiskiskipaflotans hlytu útgerðaraðilar að gera kröfu til þess að fá heimildir til að flytja inn olíu til landsins í gegnum eigin samlög og raunar er það vitað að það hefur orðið þrautalending hjá ýmsum útgerðaraðilum á Íslandi í tengslum við útflutning fiskafurða að fá áfyllingu á skipin sem ella væru strand í mörgum tilvikum ef ekki hefði komið til nauðvarnaraðgerða í tengslum við slík innkaup á olíu.

Hér er um svo alvarleg atriði að ræða að það er algerlega óhjákvæmilegt að þingið taki þau til ítarlegrar umr., og það miklu ítarlegri en kostur gefst á hér undir þessum dagskrárlið, áður en þingið fer í jólaleyfi. Ég get og mun ýmsu þar við bæta þegar á dagskrá kemur sérstakt frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi því að mörgu er við það að bæta sem ég hef hér komið að. Áhyggjur fólks vítt um landið yfir stöðunni í sjávarútvegi eru skiljanlegar, en það er kaldranalegt að þegar ráðamenn, eins og núv. hæstv. forsrh., koma í heimsókn til viðkomandi byggðarlaga er fátt um svör vegna þess að stefna hefur ekki verið mótuð. Ríkisstj. hefur engar aðgerðir fram að færa svo vitað sé til að leiðrétta stöðuna, þvert á móti. Vaxtahækkanir er það sem boðað er að líkur séu á að geti verið í vændum. Hæstv. forsrh. hafði það að segja við fólkið á Hvammstanga, sem hann var að tala við um daginn, að það yrði nú að gá að því að landsbyggðarmenn ættu þó nokkra sök í þeirri þróun og þeirri byggðaröskun sem yfirvofandi sé vegna þess að þeir séu svo margir að fjárfesta í Reykjavík, það sé veruleg skýring á þeim fólksflótta sem brostinn er á víða úti um landið að fólkið úti á landi sé að fjárfesta í Reykjavík. Ég veit að hv. alþm. tóku eftir þessum orðum sem fjölmiðarnir hentu á lofti eftir forsrh. landsins á Norðurlandskjördæmi vestra þegar hann var að svara áhyggjum manna þar vegna þeirrar stöðu sem blasir við í undirstöðugreinum, ekki aðeins í sjávarútvegi heldur einnig í landbúnaði.

Virðulegi forseti. Ég læt þessi orð nægja að þessu sinni, hefði þar þó mörgu við að bæta, og ég treysti því að ég geti fengið orðið aftur við þessa umr. eftir því sem ástæða er til eða þá tekið þessi mál til frekari umr. í sambandi við önnur mál er tengjast stöðu sjávarútvegsins.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég skal fúslega hafa í huga aðvörunarorð forseta um hvað tímanum líður og þau óþægindi sem menn kunna að hljóta af því að þurfa að brjóta þetta mál til mergjar.

Það er býsna margt sem hefur lag á því að koma á óvart á hv. Alþingi. Ég hélt raunar að hv. þm. Sjálfstfl. leiddist að þurfa að samþykkja það frv. sem hér er til umr. Ég hélt að það þyrfti að teyma þá hingað trega vegna þess að auðvitað er þetta frv., eins og ég lýsti við 2. umr., bara hluti af þeirri spennitreyju ríkisvaldsins sem sjávarútveginum er haldið í og í þessu frv. er enn einu sinni strekkt ofurlítið á einu beltinu í treyjunni, þ. e. að lengdur er gildistími fiskverðs sem ákveðið er af ríkisvaldinu. Ég hélt að hv. þm. Sjálfstfl. væri tregt tungu að hræra um þetta mál, en það kemur annað í ljós. Við fyrsta tækifæri kemur hér upp að því er virðist harðánægður þm. Sjálfstfl. og veitist næstum að mönnum sem hafa leyft sér að efast um þann vott sem hér birtist um blinda forsjárhyggju ríkisvaldsins og ítök í atvinnumálum.

Ef við lítum á sjávarútveginn í nokkrum einföldum pensildráttum er augljóst hvernig til er stofnað hvað varðar grundvallaratvinnutæki sem þar eru, þ. e. skip og fiskverkunarhús. Þar er skammtað og sumum þykir skammtað naumt af ríkisvaldinu og einstaklingar og frjáls samtök þeirra hafa þar lítið olnbogarými og framtak þeirra hefur þótt eiga við ramman reip að draga, a. m. k. að mati sumra sjálfstæðismanna. Þannig er hvað snertir atvinnutækin heldur stirðlega haldið á fjármunum og ekki beinlínis ýtt undir framtak einstaklinganna á því sviði.

Ef menn á annað borð komast á sjó er það ríkisvaldið sem metur það sem upp úr skipunum kemur og sama ríkisvald metur það sem út úr fiskverkunarhúsunum kemur. Þar eru ríkisstarfsmenn sem fylgja eftir hverjum fiski. Þetta er næstum því eins og gjörgæsludeild á sjúkrahúsi. Ekki er treyst hinum dugmiklu hetjum einkaframtaksins, heldur er ríkivaldið með smásjána opna og fylgist þar með hverju handbragði. Þessi smásjárskoðun á öllu því sem upp úr skipum og út úr fiskverkunarhúsum manna kemur kostar líklega í fjárlögum núna um 50 millj. kr.

Það er ekki nóg að ríkisvaldið hlutist á þennan hátt til um afhafnafrelsi manna og efist um heiðarleik þeirra, heldur heldur það áfram og skammtar þeim hvað þeir mega veiða mikið. Þeim er skammtað nákvæmlega með kvóta hvað þeir mega veiða, hvaða tegundir og hversu mikið af hverri. Um það gilda strangar reglur og það er stýft úr hnefa af hálfu ríkisvaldsins eina ferðina enn hvað skipið sem ríkisvaldið lét í té fær að veiða mikið.

Ef mönnum tekst nú á þessu ríkisrekna skipi og í þessu ríkisrekna húsi og frammi fyrir þessu ríkisrekna gæðamati að koma einhverjum afurðum í verð er það sama ríkisvaldið sem ræður því hversu mikið þeir fá fyrir þær. Það stendur að því á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi leggur þetta ríkisvald fram ýmiss konar meðaltalsútreikninga þar sem tekið er meðaltal af afkomu allra skipa og allra fiskverkunarhúsa í landinu og síðan eru búnar til einhverjar almennar forsendur sem menn eiga að reka húsin sín eftir. Í öðru lagi ákveður þetta sama ríkisvald gengið og hefur þar með áhrif á hversu mikið kemur inn fyrir afurðir og í öðru lagi áhrif á skuldastöðu frjálsræðishetjanna góðu. Með þessi vopn, meðaltalsútreikningana og gengið, ákveður ríkisvaldið verðið á afurðunum upp úr skipi og út úr húsi. Hvað skyldu nú hinar heilögu pergamentsrúllur Sjálfstfl. segja um það olbogarými sem þessum atvinnurekstri er búið á þennan hátt? Hvað er þm. Sjálfstfl. efst í huga þegar þeir ganga til atkvgr. um frv. sem ef eitthvað er herðir á þessari spennitreyju með því að lengja gildistíma lagaíhlutunar um einn þáttinn, þ. e. fiskverðið? Og hvað skyldu sjálfstæðismenn, ungir og gamlir, núverandi og aðrir sem eru gengnir, segja um svona frelsi og svona framtak?

Í ljósi þessara staðreynda, til að gera langt mál stutt, undraðist ég mjög að hv. þm. Halldór Blöndal skyldi koma hér upp í ræðustól og hafa þau orð sem hann hafði vegna þess að einhverjir þm. — kannske af ólíkum hvötum en þó talsvert margir — höfðu um það verulegar efasemdir að hér væri rétt á haldið og að menn væru hér á réttri braut.

Ég gæti haldið áfram að reifa það lengi hvernig

ríkisvaldið skammtar mönnum þarna. Hér hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson farið yfir olíuverðið og skattheimtu í sambandi við það. Það má nefna dæmi sem liggja svolítið fjær. Það má t. d. nefna dæmi um hvernig staðið hefur verið að rannsóknum og útfærslu nýrra möguleika af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við sjávarútveg. Það er t. d. spurning um það hvernig menn muni bregðast við hugsanlegri hnignun frystiiðnaðarins á næstu árum af markaðslegum forsendum. Allt þetta væri vert að tala um í þessari umr., en ég mun ekki gera það til að lengja hana ekki um of. Það væri líka hægt að fara nánar út í hin einstöku atriði sem ég taldi upp áðan, fara t. d. nánar út í kvótann. Okkur gefst þó til þess tækifæri síðar.

Mín heildarniðurstaða af því að skoða þetta í fljótu bragði er sú að öll þessi umsvif og allir þessir fjötrar á sjávarútveginum séu ekki beinlínis í samræmi við pergamentsrúllu Sjálfstfl. Þess vegna undrar mig mjög að þm. Sjálfstfl. skuli ekki vera teymdir tregir til þessarar atkvgr., heldur komi til hennar glaðklakkalegir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Álver við Eyjafjörð, fsp. 73. mál (þskj. 74). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 74 hef ég borið fram fáeinar fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi hugsanlegt álver við Eyjafjörð. Ég lagði þessar fsp. fram á síðasta þingi en þá gafst ekki tími til að fjalla um þær fyrir þinglausnir. Afhenti hæstv. ráðh. mér þá drög að svörum sínum skriflega og fór málið ekki lengra að sinni. Í sumar urðu síðan töluverðar umræður og skrif á opinberum vettvangi um þetta hugsanlega stóriðjufyrirtæki. Þar sem því fer fjarri að mál þetta hafi fengið einn eða annan endi eða svör komið opinberlega fram við þeim fsp. sem ég beindi til hæstv. ráðh. hef ég borið spurningar mínar fram aftur hér nú.

Hugmyndir um að reisa álver við Eyjafjörð eru ekki nýjar af nálinni frekar en hugmyndir um stóriðjuframkvæmdir á Íslandi yfirleitt. Má til sanns vegar færa að slíkar hugmyndir séu eins og gamlir húsdraugar á íslenska þjóðarheimilinu, sem sumir heimilismenn halda þó áfram að ala, þótt sjá megi að draugarnir gera lítið annað en að valda usla og erfiðleikum á heimilinu og tapi á heimilisrekstrinum. Það sýnir okkur svo ekki verður um villst saga álbræðslunnar í Straumsvík og viðskipti okkar við auðhringinn Alusuisse vegna hennar, en síðasti kapítuli þeirrar sögu er hv. þm. væntanlega enn í fersku minni eftir afgreiðslu Alþingis þar á nú á dögunum.

En draugarnir eru lífseigir. Þar er til að taka í þessu máli að í janúar s. l. samþykktu þrír flokkar í bæjarstjórn Akureyrar að óska eftir álveri við Eyjafjörð. Þessi ósk var borin fram og henni síðan fylgt eftir af ýmsum áhrifamönnum í héraðinu enda þótt vitað væri að mengunarhætta af álbræðslu er gífurleg og gæti komið til með að raska lífríki og náttúrlegu umhverfi í því blómlega landbúnaðarhéraði sem Eyjafjörður er.

Ekki hefur það heldur dregið kjarkinn úr þeim sem fylgjandi eru þessum atvinnurekstri í héraðinu að stóriðjurekstur af þessu tagi hefur hingað til verið rekinn með bókfærðu tapi hér á landi. Má minna á í því sambandi að bókfært tap álbræðslunnar í Straumsvík á síðasta ári nam 325.7 millj. kr. skv. upplýsingum iðnrn. Fjöldamargt má fleira til taka, eins og það að ekki hefur það heldur dregið kjarkinn úr mönnum að vitað er að til þess að reisa álbræðslu við Eyjafjörð þarf að leggja í gríðarlegar virkjanaframkvæmdir hér á landi og að vitað er að það hefur verið farið of hratt í slíkar framkvæmdir á undanförnum árum, eins og erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins sanna, en eins og menn vita eru 52% þeirra til komin vegna orkumála.

Þótt allt þetta sé vitað hefur ósk um álver við Eyjafjörð verið borin fram og henni verið fylgt eftir m. a. með viðræðum við auðhringinn Alcan um að reisa verksmiðjuna. Í ljósi þessa og einnig í ljósi þess hversu gífurlega stór þáttur virkjanamál eru í íslensku efnahagslífi hef ég spurt hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hver er staða umhverfisrannsókna vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Eyjafjörð?
2. Hvenær verður þessum rannsóknum lokið, hve mikið hafa þær kostað til þessa, hve mikið er áætlað að þær kosti í heild og hver borgar þær?
3. Hvaða veðurfræðileg og hagfræðileg gögn verða notuð við mat á mengunarhættu frá álverinu við Eyjafjörð og yfir hvaða tímabil munu þær rannsóknir ná sem gögnin verða byggð á?
4. Á hvaða stigi eru viðræður við erlenda aðila um rekstur álvers við Eyjafjörð og um hversu stórt álver er rætt?
5. Ef álver verður ekki reist við Eyjafjörð er þá í athugun uppbygging annars konar iðnaðar þar og þá hvers konar?

Að lokum langar mig til að bæta við einni fsp. til hæstv. ráðh. Hún er reyndar innifalin í þeim fsp. sem ég hef þegar borið fram en ég tel réttara að orða hana hér og nú svo að hún fari ekki milli mála. Hún er þessi: Hver er stefna hæstv. iðnrh. varðandi byggingu álvers við Eyjafjörð?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Svar við 1. spurningu á þskj 74 frá hv. 11. þm. Reykv.: Umhverfisrannsóknir í Eyjafirði á vegum staðarvalsnefndar hófust í október 1981. Þá var settur upp síritandi vindmælir í grennd við Hjalteyri og skráir hann vindhraða og vindstefnu. Mælingar þessar hafa staðið óslitið síðan og verða svo enn um hríð.

Náttúrufarskönnun á vesturströnd Eyjafjarðar fór fram á árinu 1982, unnin af Náttúrugripasafninu á Akureyri. Niðurstöður voru birtar í skýrsluformi í október sama ár og er þeirri könnun því lokið.

Í ársbyrjun 1983 hófust hitamælingar í Vaðlaheiði til að kanna hitahvörf í Eyjafirði og standa þær enn yfir. Jafnframt fóru fram hitamælingar úr einni af flugvélum Flugfélags Norðurlands í sama skyni.

Sumarið 1983 var lagt straummælingadufl undan Dysnesi í Eyjafirði og hafstraumar mældir um tveggja mánaða skeið. Þá var leitað eftir erlendum ráðgjafa um

gerð dreifingarspár fyrir loftmengun og Norsk Institut for Luftforskning falið að annast það verk í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Veðurstofu Íslands.

Svar við 2. spurningu: Stefnt er að því að niðurstöður úr dreifingarspá fyrir loftmengun frá hugsanlegu álveri við Eyjafjörð liggi fyrir í lok þessa árs.

Kostnaður við ofangreindar umhverfisrannsóknir í Eyjafirði á vegum staðarvalsnefndar er eftirtalinn: 1982 303 503 kr., 1983 532 092 kr., 1984 468 399 kr. og er þá miðað við 1. nóv. Er þá heildarkostnaður á vegum staðarvalsnefndar orðinn 1 303 994 kr. Áætlað er að kostnaður við umhverfisrannsóknir og gerð dreifingarspár nemi 700 þús. kr. það sem eftir er ársins og heildarkostnaður því um 2 millj. miðað við næstu áramót. Þess vil ég geta að það eru nokkrar vikur síðan þetta svar var tilbúið, en vegna fjarveru hv. þm. og af öðrum ástæðum er það ekki gefið fyrr en nú.

Iðnrn. hefur borið allan kostnað af ofangreindum rannsóknum.

Svar við 3. spurningu: Við mat á dreifingu mengunarefna verða notuð öll ofantalin gögn sem aflað hefur verið af staðarvalsnefnd, þ. e. vindmælingar í Arnarneshreppi samfellt frá því í okt. 1981, hitamælingar í Vaðlaheiði frá júní 1983, hitamælingar úr flugvél frá júní 1983, straummæling við Dysnes frá 1983, náttúrufarskönnun á vesturströnd Eyjafjarðar frá okt. 1982. Enn fremur eftirtaldar athuganir sem gerðar voru s. l. sumar: Rannsókn á náttúrlegu flúorinnihaldi gróðurs, úrvinnsla heimilda um mengun frá síldarverksmiðjunum í Eyjafirði, sérstök athugun á hafgolu í Eyjafirði.

Auk ofantalinna gagna verða notaðar ýmsar eldri heimildir, svo sem veðurathuganir á Akureyri 1881, Möðruvöllum og Torfufelli og straummælingar við Oddeyrartanga í Eyjafirði 1973—1974. Ákvarðanir um frekari upplýsingaöflun liggja ekki fyrir en von er á tillögu Hafrannsóknastofnunar, Siglingamálastofnunar og Hollustuverndar ríkisins um frekari könnun hafstrauma í Eyjafirði.

Þegar niðurstöður dreifingarspár á grundvelli ofantalinna gagna og umsagnir innlendra og erlendra sérfræðinga liggja fyrir í lok þessa árs má ætla að umræddar rannsóknir verði teknar til endurmats.

Svar við 4. spurningu hv. þm.: Viðræður við erlenda aðila vegna álvers við Eyjafjörð eru á könnunar- og kynningarstigi. Í hagkvæmniathugun, sem gerð var fyrir iðnrn. á tímabilinu 1982—1983, var miðað við 130 þús. tonna álver. Þau fyrirtæki sem rætt hefur verið við nýlega hafa hins vegar lagt áherslu á að framleiðslugeta þyrfti að vera meiri ef besta hagkvæmni ætti að nást. Í því sambandi hefur verið rætt um 170—180 þús. tonna álver.

Svar við 5. spurningu: Á sviði stóriðju eða orkufreks iðnaðar við Eyjafjörð hefur ekki verið rætt um annars konar iðnað en álver á þessu stigi. Hugleiðingar um álver við Eyjafjörð hafa verið á döfinni meira eða minna um 20 ára skeið, enda eru aðstæður þar, fyrir utan hugsanleg umhverfisvandamál, að öðru leyti hentugar fyrir stórfyrirtæki af þessari gerð. Af hálfu iðnrn. er ekki unnið beinlínis að öðrum meiri háttar athugunum í sambandi við Eyjafjörð. Stuðningur við uppbyggingu almenns iðnaðar er með sama hætti á Eyjafjarðarsvæðinu og annars staðar á landinu.

Hv. 11. þm. Reykv. bætti síðan við þeirri spurningu til mín hver væri mín stefna varðandi álver við Eyjafjörð. Þá er frá því að segja, sem að líkum lætur, að ég tel það að ýmsu leyti álitlegt fyrirtæki og mundi ella ekki beita mér fyrir fjárfestingum til rannsókna á þessu svæði né heldur fyrir viðræðum við hugsanlega áhugaaðila um byggingu slíks álvers nema svo væri. Ég vil samt ítreka það, sem ég hafði áður tekið fram og marglýst yfir, að ég verð ekki til viðtals um byggingu álvers við Eyjafjörð ef minnstu líkur benda til þess að þar geti verið hætta á mengun eða slíkt iðjuver geti skapað að öðru leyti umhverfisvandamál í þeirri sveit.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að bæta fleiru við þessi svör mín. Málið hefur verið mjög til umræðu og mun verða það á næstunni. Það verður áreiðanlega vandað mjög til alls undirbúnings og rannsókna áður en lokaákvarðanir verði teknar. Ég ítreka það sem ég sagði, þetta er á kynningarstigi og könnunar, alls engar ákvarðanir hafa verið teknar og verða ekki teknar nema að mjög vel yfirveguðu ráði, bæði af þeim sem í stjórn lands eru, og þar tala ég auðvitað úr mínu húsi meðan svo stendur á, og eins í samráði við heimamenn að sjálfsögðu.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin — og vil að vísu harma það að hvað umhverfisþættina varðar þá var aðeins um upptalningu að ræða á þeim athugunum sem í gangi eru en litlar upplýsingar að hafa um hvað þær hafa leitt í ljós að svo komnu máli, en ég geri ráð fyrir að það muni þá koma á daginn þegar þessum rannsóknum lýkur.

Ráðh. tiltók það hér að að hans áliti komi ekki til greina að reisa álbræðslu við Eyjafjörð ef sýnt er að mengunarhætta stafi af fyrirtækinu. Í því sambandi vil ég minna á að eftir því sem mér hefur verið tjáð af umhverfismálasérfræðingum munu rannsóknir af því tagi sem hér um ræðir sjaldnast geta gefið afdráttarlausar niðurstöður, já- eða nei-niðurstöður. Óvissuþættir eru vanalega margir og niðurstöðurnar verða því að sæta mati og túlkun hverju sinni. Við getum að því er virðist ekki byggt alfarið á þessum rannsóknum. Og þá vaknar sú spurning í mínum huga hvort það borgi sig að verja þeim milljónum sem hér um ræðir til þessara rannsókna. Hvort það borgi sig ekki einfaldlega að hverfa frá þeirri hugmynd að reisa stóriðjuver í miðju landbúnaðarhéraði og verja þessu fé til einhvers nytsamlegra.

Ég hef hér nefnt þegar helstu rök sem hníga gegn því að reisa álver við Eyjafjörð og auka stóriðju hér á landi yfirleitt. Ég ætla ekki að endurtaka þau, enda er afstaða Kvennalistans í þessum málum öllum hér kunn. En það eru fleiri en hv. alþm. sem velta fyrir sér stóriðju og efnahagsmálum. Nýlega rakst ég á grein þar um eftir Birgi Árnason hagfræðing í tímaritinu Mannlíf. Vil ég hér, með leyfi forseta, lesa dálítinn spotta úr þessari grein. Þar segir:

„Í nútíma velferðarríkjum eru stjórnvöldum lagðar þær skyldur á herðar að tryggja vöxt og viðgang efnahagsstarfseminnar og gengi stjórnmálaflokka ræðst að miklu leyti af því hvernig stjórn þjóðarskútunnar ferst þeim úr hendi. Íslendingar standa nú frammi fyrir þeim vanda að viðhalda sæmilegum hagvexti þegar fiskistofnarnir í sjónum umhverfis landið eru gjörnýttir. Viðbrögð hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri hafa verið mikil áform um aukna stóriðju. Ræður þar

miklu sá útbreiddi misskilningur að náttúruauðlind sé forsenda blómlegrar atvinnugreinar, en ekki síður hitt að stór orku- og iðjuver eru tilvaldar skrautfjaðrir í hatta stjórnmálamanna, enda áþreifanlegri en flest annað.

Enn sem komið er hefur ekkert orðið úr framkvæmdum því að erfitt hefur reynst að sýna fram á að jafnvel vænlegustu fyrirtækin gæfu nokkuð í aðra hönd. Af þeim sökum rær núverandi ríkisstjórn að því öllum árum að fá fjölþjóðafyrirtæki til að leggja stórfé í stóriðju hér á landi, einkum álver. Það er næsta borin von að það takist nema íslenska ríkið leggi fram verulegan skerf á móti. Sú tíð er liðin að fjölþjóðahringarnir séu sérlega ginnkeyptir fyrir fullu í yfirráðum yfir framleiðslutækni og mörkuðum og þeim þykir eftirsóknarverð trygging í því að ríkisstjórnir viðkomandi landa taki stóran þátt í fjármögnun iðjuveranna. Deilurnar um eignarhlut útlendinga í stóriðjufyrirtækjum á Íslandi eru því harla innihaldslitlar því að kostirnir í þeim efnum eru langtum færri en menn hafa ímyndað sér. Þótt einstaklingar setji yfirleitt ekki fé í vonlaus fyrirtæki er ríkisstjórnum trúandi til þess, enda sýsla þær með annarra fé. Gífuryrtar yfirlýsingar stjórnmálamanna á undanförnum árum um nauðsyn þess að fara stóriðjuleiðina í eflingu íslensks efnahagslífs auka hættuna á því að almannafé verið kastað á glæ. Um leið mundi sverfa mjög að fjármögnunarleiðum annarra atvinnugreina. Brýnasta verkefni ríkisvaldsins í hagvaxtamálum er ekki að leggja ofurkapp á aukna stóriðju heldur að tryggja að sömu arðsemiskröfur séu gerðar í öllum geirum atvinnulífsins og að framtakssamir einstaklingar eða samtök þeirra fái fé til arðbærra fjárfestinga."

Þessi lokaorð tek ég undir og vil minna á það í leiðinni að síðasta spurning mín til hæstv. iðnrh. snerist um það hvort hugað væri að annarri atvinnuuppbyggingu í Eyjafirði en stóriðjuuppbyggingu. Kom fram í máli ráðh. að svo sé ekki, að á Eyjafjarðarsvæðinu gildi sömu reglur og um önnur svæði landsins, þar sé sami stuðningur við iðnað og annars staðar. En það kemur mér í raun og veru dálítið spánskt fyrir eyru vegna þess að nú eru ein meginrökin með álveri við Eyjafjörð þau að skapa þurfi atvinnu á þessu svæði. Því má ætla að sérstaka áherslu þurfi að leggja á atvinnuuppbyggingu á Eyjafjarðarsvæðinu fram yfir önnur svæði.

En þar sem ég mun vera búin með ræðutíma minn hér í fsp.-tíma læt ég máli mínu lokið hér um í bili.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er út af fyrir sig þarft að taka upp þessa umr. hér og ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að gera það. En eins og að líkum lætur er ekki tími til þess hér í fsp.-tíma að fara út í efnislegar umr. um þetta mál. Ég vil bæta nokkrum spurningum við til hæstv. iðnrh. sem mér þykir nauðsynlegt að fá svör við í þessu sambandi.

Hann hefur verið vígreifur nokkuð, hæstv. iðnrh., og svo hafa margir aðrir talsmenn stóriðju verið um það að álver við Eyjafjörð mundi leysa þann atvinnuvanda sem þar er nú við að glíma. Ég held að hér sé varhugaverður málflutningur á ferðinni. Í því sambandi hlýt ég að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvað hefur komið fram í þreifingum hans við erlenda aðila um mögulega tímasetningu slíks iðjuvers ef af yrði? Um hve mörg ár fram í tímann er hér verið að ræða?

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. iðnrh.: Hvaða áhrif hafa nýgerðir samningar við Alusuisse um raforkusölu til álversins í Straumsvík og fyrirheit um stækkun þess iðjuvers á það mál sem hér er til umræðu?

Og í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að spyrja vegna þess ágreinings sem uppi er í landinu um það atriði: Hvaða eignarhlutföll í slíku iðjuveri hyggst hæstv. iðnrh. leggja til grundvallar viðræðum sínum við erlenda aðila í þessu sambandi?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að fyrir síðustu alþingiskosningar lýsti Kvennalistinn því yfir að hann styddi það að til stóriðjurekstrar yrði stofnað á Húsavík, stóriðjuvers sem að flestra mati skapar meiri mengun en álver. Á ég þá við trjákvoðuverksmiðju á Húsavík. Það er því í miklu ósamræmi við það sem fyrirspyrjandi sagði hér áðan. Hins vegar hefur það komið fram í þessu máli nú sem oftar að fulltrúar Kvennalistans líta atvinnumálin í Eyjafirði öðrum augum heldur en víða annars staðar á landinu. Er kannske ekki annars að vænta af fulltrúum hans hér, sem eru fulltrúar Stór-Reykjavíkursvæðisins, en mikill þrýstingur er á það einmitt frá þessu svæði að gera uppbyggingu álvers við Eyjafjörð tortryggilega.

Ég vil líka segja það út af ummælum hv. fyrirspyrjanda hér áðan að það er síður en svo að fulltrúar Kvennalistans í bæjarstjórn Akureyrar hafi verið þess hvetjandi eða reynt að greiða fyrir því að iðnfyrirtæki fengju að rísa þar upp. Þvert á móti hafa fyrirtæki, sem beðið hafa um lóðir hjá Akureyrarbæ, orðið að bíða mánuðum og misserum saman eftir afgreiðslu. Þess eru jafnvel dæmi að fyrirtæki hafi orðið að flýja úr bænum vegna þeirrar fjandsamlegu stefnu sem einkaframtakið hefur sætt hjá þeirri bæjarstjórn sem nú er á Akureyri. Ekki þó öllum bæjarstjórnarmönnum, ég tek það skýrt fram. Ýmsir einstakir menn úr Framsfl. eiga þar aðra sögu, en þeim hefur ekki gengið sem skyldi að koma þeim málum fram þar sem snerta atvinnuvegina þótt þeir hefðu vissulega viljað.

Ég vil einnig taka það fram varðandi ræðu síðasta hv. ræðumanns að fyrir liggur að Alþb. er þess fýsandi að til stóriðjurekstrar verði stofnað við Húsavík og gefur það nokkra mynd af þessu máli. Ég vil á hinn bóginn leggja áherslu á að Akureyrarsvæðið er þýðingarmesta iðnaðarsvæði utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þeir menn sem mest hafa hugleitt hvernig unnt sé að efla byggðirnar á því svæði með jákvæðum hætti geta ekki hugsað sér að setja fyrir fram mínusmerki við einhverja eina eða aðra grein atvinnurekstrar. Þvert á móti segja allir ábyrgir menn norður þar að huga verði að öllum kostum sem í boði eru, að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að sá atvinnurekstur sem upp rís skaði ekki náttúrufar í Eyjafirði.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er einkar athyglisvert að heyra hér heldur ungt og vel menntað fólk flytja þau sjónarmið þröngsýni og afturhalds sem við höfum hlýtt á hér úr þessum ræðustóli. Kvennalistinn hefur haft uppi stór orð um stóriðju og raunar hafa þær líka talað gegn ýmsum tillögum hér almennt um iðnað. Þeirra stefna í atvinnumálum virðist vera mjög á flökti. Þær hafa ekkert mjög harðar skoðanir á því alls staðar, enda eru það kannske ekki hin mjúku gildi sem gilda þar mest. Ég minnist þess að þegar rætt var um

fríiðnaðarsvæðið við Keflavíkurflugvöll hér, það var talað um önnur svæði líka, þá kom talsmaður Kvennalistans hér og hafði uppi miklar úrtölur um það mál og leist illa á það í hvívetna.

Sama er uppi á tengingnum þegar um stóriðju er að ræða. Í Dagblaðinu í síðustu viku var forustugrein þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eina stjórnmálaaflið, sem virðist andvígt stóriðju hér á landi, er Kvennalistinn. Sú stefna virðist meira byggð á tilfinningum en raunsæi. Eða þá að ruglað sé saman orkufrekum iðnaði og færibandaiðnaðinum sem er að flytjast frá iðnríkjum til þróunarlandanna.

Orkufrekur iðnaður er fámennur, greiðir há laun og hefur yfirleitt gott samstarf við stéttarfélög, nákvæmlega eins og hér í Straumsvík. Allt er þetta gerólíkt útlendum færibandaiðnaði. Og mengun frá orkufrekum iðnaði má örugglega halda í skefjum. Er ekki ræktaður lax við Straumsvík?

Við eigum að hafna afturhaldi Kvennalistans, frá hvarfinu frá orkufrekum iðnaði. En við eigum líka að hafna eyðslustefnu Alþb., kröfunni um íslenska eignaraðild eða meirihlutaeign í þessum iðnaði. Við höfum nóg annað að gera við takmarkað fjármagn.

Við getum leyft okkur að slá fyrir orkuverum sem hafa trygg viðskipti við stóriðju. En við eigum ekki sjálf, hæstv. iðnrh., að taka áhættu af sveiflum stóriðjunnar eða fara inn á markað sem við ráðum alls ekki við. Á því sviði borgar sig að hafa allt á þurru og selja bara orku.

Við eigum að leggja fé okkar í viðráðanlegan iðnað. Við eigum að nýta hverja krónu vel í atvinnutækifærum. Við eigum að sinna iðnaði sem er í tengslum við iðnþróun okkar, þekkingu og aðrar aðstæður. En við skulum líta á orkusölu til stóriðju sem gagnlega hliðarbúgrein."

Þetta er forustugrein í Dagblaðinu í síðustu viku rituð af Jónasi Kristjánssyni. Ég tek undir hvert einasta orð sem hér er sagt. Þetta er skynsamlega sagt. Ég held að það sé kjarni þessa máls að við eigum að hafna þeirri afturhaldsstefnu sem felst í því að skoða ekki þessa kosti. Það er kjarni málsins. Orkusala til erlendrar stóriðju getur verið gagnleg hliðarbúgrein. Eða á hverju ætla þær Kvennalistakonur Íslendingum að lifa?

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Því miður er ekki hægt að ræða þessi mál efnislega í fsp.-tíma hér á Alþingi, en ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir það, sem hann sagði hér, að hann mundi ekki leggja til að byggt yrði álver við Eyjafjörð ef hann hefði grun um að það mundi hafa slæm áhrif á náttúrufar í Eyjafirði. Þetta er aðalatriðið. Hins vegar kom fram í hans svörum að það hefur alls ekki verið staðið að rannsóknum við Eyjafjörð á þann hátt að hægt sé að taka mark á þeim. T. d. segja þeir aðilar, sem hafa ráðlagt í þessu máli, og Norðmennirnir, sem hefur verið falið að vinna úr þeim gögnum sem berast út af þessum rannsóknum, að í Noregi hefði verið byggt mastur á verksmiðjustað upp í 36 metra hátt til að gera veðurfarsrannsóknir í langan tíma. Ég hef kynnt mér að menn á þeirra vegum telja t. d. að rannsóknirnar í Vaðlaheiði séu á þann veg að þær séu ekki marktækar. Fleira væri hægt að telja upp í þessu sambandi. Ég vil líka minna á að mér er tjáð að sveitafólk við Eyjafjörð muni hafna þessu á þeirri forsendu að þarna sé ekki um marktækar rannsóknir að ræða og það muni verða um eða yfir 90% á móti að fá slíkan atvinnurekstur í þetta blómlegasta hérað landsins.

Ég verð að átelja hv. þm. Halldór Blöndal fyrir þau orð sem hann sagði um þær konur sem eru í bæjarstjórn Akureyrar af Kvennalista. Ég held að þau séu ekki makleg og auk þess eru þær ekki hér til svara. Ég held að við ættum ekki að ræða þau mál hér á Alþingi.

Ég vil svo að endingu taka það fram að ég vona að þessi mál verði rædd öðruvísi en í fsp.-tíma hér á Alþingi og rætt verði um þessar rannsóknir og þá úttekt sem verið er að gera. Ég held að sú auðlegð sem við eigum liggi fyrst og fremst í því að halda landinu hreinu, loftinu og vatninu. Það skulum við hugleiða. En því miður er ekki hægt að ræða það og rökstyðja frekar að þessu sinni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e., sem mun vera varaformaður þingflokks Sjálfstfl., hefur á því lag þessa dagana að leggja gott til mála og greiða fyrir framgangi þeirra hér á Alþingi. Við heyrðum eitt slíkt framlag áðan. Ég vil mótmæla rakalausum þvættingi hv. þm. Halldórs Blöndals um fjarstadda bæjarfulltrúa á Akureyri og ég skora á hann að koma í þennan stól og nefna nöfn og dæmi eða falla frá ummælum sínum og biðjast afsökunar á þeim ella.

Stefna Alþb. varðandi uppbyggingu stóriðju í landinu er skýr og þeir fyrirvarar sem við setjum eiga jafnt við á Húsavík sem á Akureyri og annars staðar.

Ummælum hv. þm. Eiðs Guðnasonar um þröngsýni og afturhald vona ég að hafi ekki verið beint til mín. Ef spurningar mínar hér áðan hafa gefið tilefni til slíks bið ég hann koma hér upp og taka þá fram að hann hafi átt við mig. Ég ætla þá að eiga við hann orðastað um það í betra tómi.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Mig langar að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið við fsp. á þskj. 74 varðandi álver við Eyjafjörð. Það kom fram í máli hans að allnokkuð hefur verið unnið þarna að rannsóknum. Það er auðvitað þýðingarmikill undanfari þess sem hægt er að gera varðandi atvinnuuppbyggingu á þessu svæði.

Við þm. Norðurlandskjördæmis eystra vitum að alloft hefur verið haft samband við okkur, ekki síst einmitt frá Akureyri og nágrenni, og við beðnir um liðsinni í ýmiss konar erfiðleikum varðandi atvinnumálin þar á undanförnum árum. Þar hefur verið nokkur brestur, eins og því miður víðar á landsbyggðinni og fólksflutningar hafa átt sér stað frá þessu svæði hingað suður á Stór-Reykjavíkursvæðið og suðvesturhornið. Það er auðvitað alvarlegt ástand sem við ættum að hyggja að betur en okkur hefur því miður tekist að undanförnu. Ég ræddi það lítils háttar í ræðu minni um fjárlagafrv. á dögunum og ætla ekki að fara fleiri orðum um það að sinni.

Ég vildi hins vegar taka undir það, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., að auðvitað er nauðsynlegt að huga mjög vel að öllum umhverfismálum varðandi slíkt iðjuver, sem hér er til umr., og gæta þess að spilla ekki dýrmætum náttúruauðlindum eða fórna óbætanlegum verðmætum. Við verðum hins vegar, eins og ástandið er, að skoða alla kosti sem kunna að vera mögulegir. Ég held að það sé algerlega óábyrgt að gefa sér ekki tíma,

tóm og tækifæri til þess.

Mig langar, með leyfi forseta, að lesa hér örstutt upp úr ályktun kjördæmisþings framsóknarmanna á Norðurl. e. sem haldið var að Hrafnagili í Eyjafirði haustið 1983. Eins og segir í fundargerðinni var borin upp og samþykkt einróma svohljóðandi ályktun um orkufrekan iðnað:

„Samhliða annarri atvinnuuppbyggingu verður að stefna markvisst að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins. Ljóst er að staðarval orkuiðnaðar mun hafa afgerandi áhrif á byggðajafnvægi. Þingið skorar á stjórnvöld að hraða svo sem kostur er nauðsynlegum rannsóknum vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Eyjafjörð. Verði talið öruggt að lífríki Eyjafjarðar verði ekki hætta búin og takist að tryggja hagkvæmt orkuverð styður þingið byggingu slíks álvers við Eyjafjörð. Þá leggur þingið áherslu á uppbyggingu smærri iðnaðar víðar í kjördæminu og minnir sérstaklega á Húsavík í því sambandi."

Í lokin er aðeins nefnt annað svæði á Norðurl. e., þ. e. Húsavík og umhverfið þar. Í því sambandi langar mig líka að minna á það, og ef ég mætti við þetta tækifæri biðja hæstv. iðnrh. að segja nokkur orð um það, að bæjarstjórn Húsavíkur hefur nýlega skrifað iðnrn. þar sem óskað hefur verið eftir því að sérstök athugun verði látin fara fram á möguleikum Húsavíkur og Húsavíkursvæðisins varðandi orkufrekan iðnað. Það var allnokkuð rannsakað meðan uppi voru hugmyndir um, ef unnt væri fjárhagslega og talið hagkvæmt, að reisa þar trjákvoðuverksmiðju. Nú hafa Húsvíkingar óskað eftir því að þessi mál verði athuguð nánar og þá jafnframt hvort kæmi til greina á því svæði, í nágrenni Húsavíkur, að reist yrði iðjuver sem e. t. v. hefði á að skipa möguleikum fyrir fleiri vinnandi hendur en þó var hugsað með trjákvoðuverksmiðjunni sem hefur verið mikið athuguð á undanförnum árum.

Ef ég mætti biðja hæstv. iðnrh. að segja nokkur orð um þetta, ef hann hefur það á takteinum, hefði mig langað til að heyra þau, en vil að lokum aðeins ítreka það sjónarmið mitt að ég tel að nauðsynlegt sé að hyggja að öllum kostum til atvinnuuppbyggingar eins og ástandið er úti um land, skoða þá án hleypidóma og gefa sér tíma til að gera það á raunhæfan hátt. Okkur veitir sannarlega ekki af til þess að treysta byggð sem víðast. Þetta álít ég að sé liður í því.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur þegar vikið að almennum sjónarmiðum okkar Alþb.-manna í sambandi við orkufrekan iðnað og aðra stóriðju í landinu og þau sjónarmið eru vel þekkt.

Ég vil rifja upp að 1980 var sett á laggirnar, á vegum iðnrn. þá, svokölluð staðarvalsnefnd sem fékk það verkefni að kanna hvar komið gæti til álita að setja niður meiri háttar iðnað sem nýtti orku og hráefnaauðlindir landsins. Nefnd þessi var skipuð fulltrúum m. a. frá Náttúruverndarráði og heilbrigðisyfirvöldum í landinu, auk þess sem í henni voru fulltrúar frá Framkvæmdastofnun ríkisins, iðnrn. og Orkustofnun. Á vegum þessarar nefndar var farið mjög vítt yfir sviðið og kannaðir bæði landfræðilegir, náttúrufarslegir og þar með náttúruverndarlegir hagsmunir svo og félagslegir hagsmunir og félagsleg viðhorf í sambandi við uppbyggingu slíks iðnaðar hérlendis. Þessi nefnd skilaði vandaðri úttekt, sem ég hygg að allir hv. alþm. þá hafi fengið, á árinu 1982. Það er grundvallargagn í þessum efnum þar sem tekið er á öllum þessum þáttum varðandi landið allt. Þar var Eyjafjörður ekki sérstaklega til skoðunar, en auk þess var á vegum þessarar nefndar farið ofan í málefni Eyjafjarðar sérstaklega. Ég tel að þessi undirstaða, sem þarna var fengin, og frekara starf, sem unnið hefur verið, eigi að hjálpa mönnum til þess að taka með skynsamlegum hætti á iðnaðaruppbyggingarmálum í landinu.

Þá vil ég geta þess sérstaklega, vegna þess að mig undrar að það skuli ekki hafa komið fram í svari hæstv. ráðh. hér, að árið 1981 hafði iðnrn. frumkvæði að því að sett var á fót sérstök nefnd til að fara yfir iðnþróunarmöguleika á Eyjafjarðarsvæðinu í sérstakri samvinnu við heimamenn og að meiri hluta til voru heimamenn í þeirri nefnd, þ. á m. fulltrúar bæjaryfirvalda á Akureyri, fulltrúar atvinnurekenda á Akureyri, fulltrúar verkalýðsfélaga á Akureyri, svo nokkrir séu nefndir, og auk þess fulltrúar frá Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, sem áttu fulltrúa í þessari nefnd, ásamt fulltrúa frá iðnrn. Formaður þessarar nefndar var Helgi Guðmundsson trésmiður. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. — Nefndin skilaði gildu áliti 1983, líklega tveimur mánuðum eftir að núverandi hæstv. iðnrh. tók við störfum í iðnrn. Meginniðurstaða nefndarinnar var sú, og ég tel nauðsynlegt að hún komi hér fram við þessa umr., að stóriðja ein út af fyrir sig leysti engan vanda varðandi atvinnuuppbyggingu á Eyjafjarðarsvæðinu hvað snertir þörf fyrir ný störf og væri nánast aukaatriði í því samhengi. Það mætti segja að hún leysti í mesta lagi ¼ af þeirri þörf fyrir ný störf sem þar væri um að ræða. Annað yrði að koma í gegnum annars konar atvinnuuppbyggingu á þessu svæði ef vel ætti að fara.

Páll Pétursson: Herra forseti. Í sporum síðasta ræðumanns, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, mundi ég nú reyna að gleyma iðnþróunarafskiptum hans og orkumála af Norðlendingum.

Mér fannst það vondur leiðari sem hv. þm. Eiður Guðnason las hér upp eftir Jónas Dagblaðsritstjóra og held að hv. þm. ætti fremur að lesa úr eigin verkum því hann kemst miklu betur og skynsamlegar að orði en gert var í því lesi sem hann fór með áðan.

Auðvitað er ekki nein allsherjarlausn á atvinnumálum í Eyjafirði að reisa þar álver og það getur m. a. s. staðið í vegi fyrir eðlilegri iðnþróun þegar menn fara að einblína á einhver stórvirki og ímynda sér að þau geri þá sáluhólpna. Auk þess eru ekki góðar horfur á því að sú verksmiðja sem þarna yrði hugsanlega reist gæti borgað framleiðslukostnaðarverð fyrir þá raforku sem hún þyrfti að nota og ég vara eindregið við því að við förum að borga niður raforkuverð til fleiri stóriðjuvera.

Það hefur verið rætt hér mjög um mengunarþáttinn. Það er sjálfsagt að vanda til mengunarrannsókna áður en að byrjað er að huga að svona verkefnum og betur að það hefði verið gert í tíma á Reyðarfirði, en mér finnst að hinn félagslegi þáttur megi ekki gleymast heldur og hann er í mínum huga miklu gildari en mengunarþátturinn þó að ég vilji ekki gera hann grannan. Það er nefnilega útilokað að setja fyrirtæki eins og álver niður í Eyjafirði nema með sæmilegu samkomulagi við það fólk sem býr næst fyrirtækinu,

jafnvel þó að einhverjir sem fjær því búa gætu séð sér hag í því að það yrði reist.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Mér hafði borist til eyrna að hv. þm. Eiður Guðnason hafi oftar en einu sinni í Ed., þar sem ég á ekki sæti, vitnað til umr. sem fram fór í Sþ. á síðasta þingi um fríiðnaðarsvæði í Keflavík og fullyrt að orð mín í þeim umr. staðfestu að við kvennalistakonur værum yfirleitt á móti öllum iðnaði. Ég mótmælti þessum skilningi þá, í þeim umr., og ég mótmæli honum aftur hér og nú. Ég vil í fullri vinsemd biðja hv. þm. að lesa þær umr. aftur og athuga hvort hann getur ekki metið orð mín upp á nýtt. Geti það ekki skýrt fyrir honum málið sé ég ekki að neitt fái breytt áliti hans á framgöngu okkar kvennalistakvenna og því sem við höfum yfirleitt fram að færa, sem því miður virðist af einhverjum ástæðum alloft koma hv. þm. úr jafnvægi.

Um atvinnustefnu Kvennalistans mætti margt segja sem tveggja mínútna ræðutími leyfir reyndar ekki. En ég vil þó minna á þá skoðun okkar, sem oft og víða hefur komið fram, að undirstaða atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar í atvinnulífinu sé efling menntunar og rannsóknarstarfsemi. Ég hef ástæðu til að ætla að hv. þm. Eiður Guðnason, og raunar miklu fleiri, sé okkur sammála í því.

Björn Dagbjartsson: *Herra forseti. Ég veit ekki fyrir víst hvað fyrir hv. fyrirspyrjanda vakti með þessari fsp., enda skiptir það ekki máli. Kannske hefur hún ætlað að vekja athygli hér á mjög viðamiklu máli. Ég álít að málið sé í góðum farvegi eins og er og ég vildi gjarnan að allar staðreyndir lægju fyrir áður en farið er að upphefja svarta messu í þessum efnum.*

Mér finnst það einkennileg þráhyggja að stagast á því hvað fá störf skapist við stóriðju. Mér er nefnilega alveg sama þó að aðeins einn maður skapi þau verðmæti sem til þarf til að halda uppi nauðsynlegri þjónustustarfsemi og öðru sem í kringum slíkt er þannig að byggð haldist í nágrenninu. Það er staðreynd að fleiri og fleiri menn leita í þjónustu þó að nauðsynlegt sé auðvitað að við sköpum verðmæti úr landsins gæðum. En stóriðja er ekki mannfrekur iðnaður, það er vitað mál. Það eru störfin sem eru í kring um hana sem eru mannfrek.

Það vakti athygli þegar boðsgestir Alcan, ýmsir þekktir mengunarvarnapostular á Eyjafjarðarsvæðinu og álversandstæðingar, komu til baka frá Kanada fremur slegnir því að þeir fundu enga mengun á iðnaðarsvæðinu þar. Þá var farið út í aðra sálma, talað um félagslega mengun, talað um jafnvel litla hagnaðarvon og kennt í brjósti um þá sem hér þyrftu að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum.

Ég veit ekki hvort norskt mastur, 36 metrar á hæð, er það eina rétta sem þarf til þess að finna mengun í loftstraumum Eyjafjarðar.

Og ef það er rétt hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að 90% af sveitafólki í nágrenni væntanlegs staðar fyrir álver í Eyjafirði séu mótfallnir því kemur auðvitað ekkert álver þar. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Mér finnst alveg sjálfsagt að við förum að öllu með gát. En ég ætla að vona að jákvæðar niðurstöður liggi fyrir mjög fljótlega og þá þurfi ekki að eyða tímanum í margar slíkar umr. eins og nú eru.

Ég hlýt að hafa misst af einhverju sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði hér áðan úr því að menn þurfa að koma sérstaklega upp til að vanda um við hann vegna freklegrar móðgunar við kvennalistakonur á Akureyri. Ég hlýt að hafa misst af einhverju eða þá ekki skilið hans mál með þeim hætti.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Það er talað um fá störf bundin við stóriðju og að það beri ekki að harma. Kannske yrðum við öll fegin ef ein manneskja gæti aflað Íslandi þeirra verðmæta sem nægðu til að við gætum öll lifað mannsæmandi lífi í landinu. Það er þó ekki aðalatriðið. Það er talað um tilfinningaástæður, að tilfinningaástæður ráði afstöðu kvennalistakvenna til stóriðju. En ég vil bara biðja einhvern ykkar sem hér situr inni að sannfæra mig, enginn ykkar hefur getað sannfært mig um að þetta sé arðbær atvinnuvegur. Viljið þið gjöra svo vel að sýna mér fram á gróðann? Ef hann er ekki kominn, hvenær kemur hann? Því að auðvitað erum við að þessu af efnahagsástæðum. Og ég hlusta ekki á tilfinningaástæður og ég hlusta ekki á aðrar röksemdir fyrr en hægt er að sýna mér fram á það að þetta sé arðbær atvinnuvegur. Hann er það ekki fyrir okkur. Við erum að drukkna í erlendum skuldum. 52% af þeim eru vegna stóriðju.

Ég vil víkja að máli Halldórs Blöndals sem sagði að Sigríður Dúna, hv. 11. þm. Reykv., bæri ekki fyrir brjósti atvinnuástand á Norðurlandi vegna þess að hún *vildi ekki álver þar. Það er ekki rétt.* Ég bið hv. þm. að lesa þær spurningar sem þm. bar fram við hæstv. iðnrh. Ein spurninganna er einmitt um það hvaða aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja atvinnuafkomu á Norðurlandi. Og það er kannske einmitt ein af ástæðunum fyrir því að verið er að bera fram þessa fsp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég var beðinn um það hér áðan að nefna dæmi þess að sú bæjarstjórn sem nú hefur ráðið Akureyrarbæ um hríð hafi svo þrengt að atvinnurekstri þar að nýr iðnrekstur hafi ekki getað risið upp. Vil ég nefna í því sambandi heildverslun Valdimars Baldvinssonar sem hefur beðið í rúm tvö ár eftir því að fá lóð fyrir iðnaðarhúsnæði þar á staðnum. Og við vitum vel hverjir þar ráða. Þar hefur m. a. Alþb. og Kvennalisti mjög komið við sögu. En hitt lýsir ástandinu þar að í atvinnumálum er að takast æ meiri samvinna milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, bæði í atvinnumálanefnd Akureyrarbæjar og eins í bæjarstjórn, vegna þess litla skilnings sem Kvennalisti og Alþb. hafa á þeim málum þar sem annars staðar.

Ég vil einnig út af ummælum Stefáns Valgeirssonar taka skýrt fram að það er rétt að skoðanir eru skiptar varðandi þetta álver. Ég held hins vegar að allir sem hugsa um þau mál í alvöru leggi áherslu á það að stofna ekki til neins þess atvinnurekstrar sem geti spillt náttúrufari. En það vekur athygli að bæði forstjóri og stjórnarformaður KEA og oddviti Arnarneshrepps eru í hópi þeirra manna sem vilja skoða áliðjukostinn vandlega og það segir sína sögu.

Ég vil svo að lokum aðeins taka fram, vegna orða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hér áðan þegar hann sagði að meginniðurstaðan væri sú að stóriðja leysti engan vanda á Eyjafjarðarsvæðinu og ræddi um það sem einhverja niðurstöðu nefndar, sem um þessi mál hefur fjallað, að slíkt stóriðjuver er mun fjölmennara en

það stóriðjuver við Eyjafjörð sem þessi hv. þm. hefur beitt sér fyrir. Atvinnurekstur í álveri við Eyjafjörð mundi gefa meiri atvinnutekjur en Slippstöðin á Akureyri og Útgerðarfélag Akureyrar samanlagt og eru þau fyrirtæki þó þær máttarstoðir í atvinnulífi á þessu svæði að enginn skyldi gera lítið úr því.

Við vitum það einnig að annar atvinnurekstur sem rekinn er í þessu héraði skapar ekki hærri meðaltekjur en þær sem greiddar eru af stóriðjurekstri. Þetta eru m. a. þær ástæður sem valda því að við hljótum að íhuga vendilega hvaða skilyrði séu fyrir því að stóriðja rísi við Eyjafjörð áður en sá staður er þurrkaður út. Og ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að allir stjórnmálaflokkar sem eiga þm. á Alþingi, Kvennalisti, Alþb., Alþfl., BJ, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa lýst yfir stuðningi við stóriðju rétt við bæjardyrnar á Húsavík. Það liggur þar með fyrir að allir þessir flokkar vilja íhuga stóriðjukostinn þar sem þeim þykir það henta. Þar er enginn flokkur undanskilinn ef marka má ummæli manna fyrir kosningar, þegar menn eru að reyna að krækja í atkv., karlar og konur.

Svo vil ég að síðustu víkja máli mínu til síðasta ræðumanns, hv. 3. landsk. þm. Hann talaði um það hér áðan að ekki hefði verið arður af stóriðju hér á landi. Ég bið hann um að skoða vel þær upplýsingar sem fyrir liggja um gjaldeyristekjur og annað af álverinu við Straumsvík. Það hefur verið reiknað út, m. a. af Háskólanum, hver arður er af því álveri. Ég vil benda hv. þm. á að innan 2—3 ára munu greiðslur fyrir raforkuna, fyrir það rafmagn sem álverið notar, hafa greitt ¾ af kostnaðarverði Búrfellsvirkjunar, línu og straumbreytis og annars sem þarf til að koma þessari orku til álversins. Innan 2—3 ára hafa þær greitt að fullu þann hluta skuldanna sem stofnað var til vegna þessara álvera. Ef menn vilja tala um þetta eins og staðreyndir liggja fyrir um, þá eru niðurstöðurnar aðrar en fram komu í máli þessa hv. þm. Og ég held að hann hafi alla greind, ef hann hefur viljann, til að skilja hvernig þessi mál eru vaxin.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það sýnir sig að mönnum er svo mikið niðri fyrir vegna þessa máls að gjarnan hefði mátt gefast kostur á að ræða það undir öðrum aðstæðum en í fsp.-tíma. Ég tók nú satt að segja ekki eftir því til hvers var vitnað af hálfu hv. 11. þm. Reykv., enda skiptir það ekki höfuðmáli, en í þeirri grein kom fram að stjórnmálamenn hefðu mjög stóriðjuflagg við hún.

Ég vil taka það fram að ég álít mig ekki vera stóriðjupostula. Ég hef sagt að minn hugur stendur ekki til að girða þetta land í málmgrýtisverksmiðjum. Það sem ég hef beint sjónum mínum að er stækkun álversins í Straumsvík, er kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð, og um stærð hennar er þess að geta að það ætla menn að verði um 125 ársverk, allstórt fyrirtæki miðað við allar aðstæður að vísu, álverksmiðja við Eyjafjörð, allvænt fyrirtæki. Ég skal ekkert dæma um það hvort bætt verður við ofni í Hvalfirði, en þá er upptalið það sem ég leiði hugann að, a. m. k. á þessari öld og að ég hygg um alllanga framtíð. Og þetta vil ég kalla að séu aukastoðir sem við erum að skjóta undir efnahag okkar.

Ég er maður hinnar einu sönnu stóriðju, fiskiðnaðar og sjávarútvegs, á Íslandi og verð það áreiðanlega, og svo hinnar nýju stóriðju okkar sem er fiskrækt og mun vera mjög arðgæf, svo að ekki sé meira sagt, þar sem við gætum gert stórkostlegt átak og brauðfætt hálfa þjóðina á og munum væntanlega gera innan tíðar. (**SV:** Eigum við þá ekki að snúa okkur að því, ráðh.?) Við erum í tilhlaupi, en það er ýmislegt sem hefur orðið okkur að fótakefli í þeim efnum, líka fátæktar sakir.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. að menn hafa um of einblínt á orkuverðið sem löngum og löngum hefur verið mjög lágt og niðurgreitt, eins og það er kallað, þegar menn líta á hagsmuni okkar varðandi stóriðjuna. Það er áreiðanlega hægt að sýna fram á það hver hagur okkar hefur orðið af álverinu í Straumsvík ef allir þættir málsins eru lagðir saman, t. d. þeir að eigi alls fyrir löngu var talið að heildargreiðslur vegna álversins hefðu numið 14—15 milljörðum ísl. kr. á núvirði og nálega allt í gjaldeyri.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. varpaði fram fsp. til mín og það út af fyrir sig hefði gefið efni í nýjan fsp.-tíma. Hann spurði hvað hefði komið fram í sambandi við tímasetningar vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Eyjafjörð. Ef öllu yrði til skila haldið, þá trúi ég að við gætum í fyrsta lagi ætlað að það tæki til starfa eftir 10 ár eða svo. Erfitt er um það að dæma, en varla fyrr, þótt ýtt yrði úr vör með samninga alveg á næstunni. Ég hef ekki trú á því. Þar við bætist, og hér ítreka ég það sem ég sagði áður, að hér er um könnunarviðræður að tefla og enn sem komið er er ekkert handbært í þessum sökum.

Hann spurði í öðru lagi hver áhrif samningarnir, hinir nýju, við ÍSAL mundu hafa á slíkar viðræður eða samningaumleitanir og eins fyrirhuguð stækkun álversins. Þessu get ég alls ekki svarað. Ég kann ekki að meta það enn sem komið er. Samningarnir eru það tiltölulega nýir að við höfum ekki átt neinar könnunarviðræður að marki í kjölfar þeirra sem gætu gefið okkur vísbendingu um hvaða áhrif þessir nýju samningar kynnu að hafa.

Hv. þm. spurði enn fremur um eignarhlutföll í slíku fyrirtæki. Frá minni hálfu er því auðsvarað að ég vil helst ekkert eiga í slíku fyrirtæki. Og ef til kemur, þá bind ég vonir við það að við tökum ekki áhættu af rekstri slíks fyrirtækis. Hins vegar er það líka kunnugt að samstarfsflokkur Sjálfstfl. er annarrar skoðunar að þessu leyti. Hann hefur rætt um hina virku aðild að slíkum fyrirtækjum, þar sem hann á við að stjórnaraðild og önnur aðild að rekstri fyrirtækis yrði með þeim hætti að menn ættu auðveldara um vik að fylgjast með öllum þáttum þess, auðveldara en menn vilja meina að hafi orðið fram að þessu. Ég vil ekkert orðfæra fleira í þessu sambandi þar um, en mín skoðun er óbreytt að þessu leyti. Og það er mikill misskilningur, sem kom upp hjá Alþfl. þegar þeir voru að narra fyrrv. formann inn á andstöðu við nýju álsamningana í Straumsvík, að það hafi verið tekin einhver ný aukin áhætta í sambandi við rekstur ÍSALs, þótt við höfum samið um viðmiðun við álverð í heiminum, sem var gert til þess þó að eiga von í því með hækkandi álverði að fá meiri afrakstur eða hærra verð fyrir orkusölu okkar fyrst og fremst. Eins og ég sagði við þær umr. þá hefðum við getað samið um e. t. v. örlítið hærra verð fyrir orkuna án allrar viðmiðunar, en auðvitað kom ekkert annað til greina en að taka hinn kostinn.

Ég verð að fara hratt yfir sögu því að tíminn er naumur. Hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, sagði að fólk um Eyjafjarðarbyggðir hafnaði hugmynd

um álver á þeim forsendum að ekki væri um marktækar rannsóknir að tefla. Ég kann nú ekki svör við þessu í skyndingu, en ég veit ekki í hvaða færum fólk er nú, enn sem komið er, að dæma um hvort hér er um marktækar rannsóknir að ræða eða ekki. Auðvitað er það undirstöðuatriði að menn geti fært fram nægjanlega föst rök með því að um marktækar rannsóknir sé að tefla. Ég veit ekki satt að segja hvar við verðum staddir í þessu ef menn að ófyrirsynju hafna slíku á þeim forsendum að allar rannsóknir séu einskis virði. Málin eru ekki komin það langt að hægt sé kveða neinn slíkan dóm upp.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um Húsavíkursvæðið. Þá vil ég geta þess að ég hef nýverið skrifað bréf til staðarvalsnefndar og falið henni að ljúka botnrannsóknum við Húsavík við Skjálfanda. Ýmsar aðrar rannsóknir hafa þar verið framkvæmdar, en þessi rannsókn gæti valdið úrslitum um hvort hægt er að svara því beinlínis, ja, neitandi hvort áliðjuver kæmi þar til greina á annað borð. Það er talið að það kosti 500 þús. kr. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hafði samþykkt að heimila forstjóra stofnunarinnar að verja ½ millj. kr. til rannsókna staðarvalsnefndar og nú hefur verið tekin ákvörðun um að grípa til þess fjár. Verða rannsóknirnar nú framkvæmdar og mun ljúka innan skamms, þessar botnrannsóknir og aðrar þær rannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar til þess að geta kveðið upp úr um það hvort hugsanlegt er að þar rísi áliðjuver til að mynda eða stóriðjufyrirtæki. Ef þær rannsóknir á botni og öðrum aðstæðum reynast jákvæðar mundi að sjálfsögðu þurfa áframhaldandi og viðameiri rannsóknir til þess að geta tekið lokaákvarðanir.

Hv. 5. þm. Austurl. undraðist að ekki skyldi koma fram í *mínu svari stofnun atvinnumálanefndarinnar* á sínum tíma og þær athuganir sem hún gerði. Það er ekki öllu hægt að koma fyrir í örstuttu svari. Skýrsla hennar er opinbert plagg og mönnum kunnug. Atvinnumálanefndir eru starfandi víða um land svo að hér var að sínu leyti ekki nein sérstök ástæða, fyrir utan þá að hann hafi skipað nefndina, til að láta þess getið, nema eins og ég segi að ágætt starf var unnið þarna. En eins og kom fram í svari mínu er ekkert sérstakt af slíku að frétta, um eflingu iðnaðar við Eyjafjörð, umfram það sem víða er annars staðar í landinu. Ég held mér við það svar.

Ég held að ég hafi nú farið yfir það helsta sem fram kom í umr. um þessa fsp. En eins og ég segi, það er greinilegt að menn hafa mikinn áhuga á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og væri betur að okkur gæfist betri kostur undir öðrum kringumstæðum að ræða þetta mál. Ég ítreka það vegna þessara hugmynda *um áliðjuver við Eyjafjörð* að allar slíkar *rannsóknir* eru á frumstigi og ég legg megináherslu á að aldrei verði að neinu hrapað í því sambandi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan í *sambandi við þær rannsóknir sem fara fram nú* og hafa farið fram við Eyjafjörð. Það hefði mátt skilja það á máli hans að það væri vafasöm fullyrðing hjá mér að þannig væri staðið að þessum málum fyrir norðan að íbúar Eyjafjarðarsvæðisins margir hverjir tækju ekki mark á þeim. Það sem ég talaði um voru ábendingar þess aðila sem á að vinna úr gögnunum um það hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla og hvernig hefði verið staðið að því í Noregi ef þeir, Norðmennirnir, hefðu átt að stjórna slíkum rannsóknum. Eftir þessu hefur ekki verið farið. Aðalrannsóknin hefur farið fram inni á Vaðlaheiði, sem er langan veg frá þeim stað þar sem verksmiðjan á að standa. Það er fyrst og fremst vegna þess að það liggur vegur þar upp á heiðina. Kunnáttumenn á þessu sviði telja að þarna sé ekki raunhæft staðið að málum. Fleira gæti ég talið upp. Ég vil bara að þetta komi fram vegna þess að það mátti ætla af orðum ráðh., eða ég skildi hann þannig, að hann teldi að staðið væri þannig að málum að þetta væri marktækt. En það er það ekki í augum margra Eyfirðinga.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér aftur inn í þessa umr. vegna þeirra ummæla sem féllu hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. iðnrh. nú síðast í sambandi við þá iðnþróunarnefnd sem starfaði á árunum 1981—1983 varðandi Eyjafjarðarsvæðið allt. Hæstv. ráðh. gat hennar að engu í sínu svari og nú kemur hann og segir að atvinnumálanefndir séu víða starfandi. Það má rétt vera. Þó er mér ekki *kunnugt um* að það sé víða á landinu sem sérstakar stjórnskipaðar nefndir vinni að því að fara ofan í saumana á atvinnuhorfum til lengri tíma litið.

Ástæðan fyrir því að þessi nefnd var sett á laggirnar var bæði áhugi heimamanna og það viðhorf iðnrn. á þeim tíma að nauðsynlegt væri að fara sérstaklega ofan í málefni Eyjafjarðarsvæðisins alls með tilliti til þeirrar umr. m. a. sem þar færi fram um þörfina á stóriðju, sem að sumra mati var talin leysa allan vanda. Niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir og ég gat þess í örstuttu máli hér áðan. Meginniðurstaðan var sú að stóriðja leysi ekki atvinnuvanda Eyjafjarðarsvæðisins. Auðvitað skiptir fyrirtæki á borð við álver og önnur stóriðja máli í víðara samhengi, það vefengir enginn. En ef ég man rétt var það, miðað við 10—15 ára tíma, innan við fjórðungur af þeim störfum sem menn töldu nauðsynlegt að yrðu til, nýjum störfum á Eyjafjarðarsvæðinu, *sem fyrirtæki á borð við álver kæmi til með að leysa*. Því er það eðlileg ályktun af slíku að slíkt stórfyrirtæki skipti ekki meginsköpum um þann vanda sem við er að fást í sambandi við uppbyggingu og þróun á þessu svæði.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að lofa mér að gera örstutta aths. þar sem ég er búin með ræðutíma minn hér. Ég vil aðeins vekja athygli á því, sem fram kom í máli ráðh. hér síðast, að ef farið verður út í að reisa þetta álver við Eyjafjörð, þá getur það ekki risið fyrr en í fyrsta lagi eftir 10 ár. Þar með þykir mér sem það sé skjalfest í Alþingistíðindum að þetta fyrirtæki, þessi stóriðja er ekki reist með það í huga að leysa þann atvinnuvanda sem nú er á Eyjafjarðarsvæðinu. Og þá er spurningin: Eru menn þá að hugsa um það að hún sé arðbær, að hún skapi þjóðarauð? Hv. þm. Halldór Blöndal kom hér og talaði um gjaldeyristekjur, sem hafa má af álbræðslum, og minntist þar á álbræðsluna í Straumsvík. Já, gjaldeyristekjur, en þær eru ekki gróði fyrr en búið er að draga frá kostnaðinn sem felst í því að koma þessu öllu saman á laggirnar. Ef hv. þm. vill leggja fram fyrir mig kostnaðar- og tekjureikninga samhliða, þá er ég tilbúin til að skoða þá.

Atvinnumál fatlaðra, fsp. 161. mál (þskj. 166). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 166 hef ég borið fram tvær fsp. til hæstv. félmrh. varðandi atvinnumál fatlaðra.

Eins og alkunna er hefur af hálfu stjórnvalda í landinu verið gert verulegt átak á undanförnum árum til þess að auka þjónustu við fatlaða með starfrækslu margs kyns stofnana, þannig að hagur þeirra sem búa við fötlun hefur nokkuð vænkast að þessu leyti þótt margt sé ógert og lögbundin framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hafi verið grimmilega skorin niður að undanförnu. En fyrir þeim þætti að hver og einn fatlaður maður, sem eitthvað getur starfað, fái vinnu við sitt hæfi hefur þó líklega verið síst séð af öllu því sem að fötluðum snýr. Er óhætt að segja að sá stóri hópur þegna þjóðfélagsins sem hefur ekki fulla starfsgetu búi í raun við viðvarandi atvinnuleysi og tölur um heildaratvinnuleysi í landinu á hverjum tíma eigi sannarlega ekki við um þennan hóp fólks. Eftir því sem ég best veit er það svo, og má það merkilegt heita, að meðal fatlaðs fólks eru það einungis hinir blindu og sjónskertu sem búa ekki við atvinnuleysi.

Enginn vafi er á því að fjölmargt fólk sem telst að einhverju leyti fatlað gæti, sjálfu sér og þjóðfélaginu öllu til gagns, tekið þátt í atvinnulífinu ef komið væri til móts við það af hálfu þeirra sem hafa með höndum framleiðslu- og þjónustustarfsemi. Í þessum efnum er ríkið stór aðili. Stöðugildi hjá ríkinu og ríkisstofnunum eru um 18 þús. og er þá átt við fastráðið fólk en starfsmenn í þessum 18 þús. stöðugildum eru um 22 þús. þar sem ekki eru allir í föstu starfi. Það er ljóst að nýta mætti marga stöðuna fyrir fólk sem býr við einhverja fötlun því að störfin eru fjölbreytileg hjá ríkinu og áreiðanlega mörg sem fólk með skerta starfsgetu til erfiðisstarfa væri fullfært um að vinna ef því gæfist kostur á og væri þjálfað til þess. Ég hygg að því miður gangi þeir sem beita sér í þágu fatlaðra í atvinnuleit oft bónleiðir til búðar þegar opinberir aðilar eru annars vegar og fái þar fremur lakari undirtektir en hjá einkarekstrinum. Á þessu þarf að verða breyting og ríkið og sveitarfélög að koma miklu meir til móts við fatlað fólk í atvinnumálum þess en verið hefur til þessa.

Með lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, er gert ráð fyrir því að þeir sem hafa notið endurhæfingar skv. þessum lögum eigi sérstakan rétt þegar til fellur starf hjá ríkinu og hafi forgang til starfans ef hæfni viðkomandi er jafnmikil og annarra umsækjenda. Þessi lög tóku gildi 1. jan. 1984 og ég held að það sé sérstök ástæða til þess að vekja athygli á þeim ákvæðum þeirra, bæði fatlaðra manna og þeirra sem ráðstafa þeim störfum sem til falla, og að fylgjast þurfi með því frá upphafi hvernig lögin eru framkvæmd. Því hef ég lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Hversu margir fatlaðir menn hafa fengið störf hjá ríkinu á grundvelli ákvæða 24. gr. laga nr. 41 23. mars 1983, um málefni fatlaðra, varðandi forgangsrétt fatlaðra til starfa hjá ríkinu að öðru jöfnu?"

Eins og ég áðan sagði tel ég brýnt að ákvæði laga um sérstakan rétt fatlaðra manna til starfa hjá ríkinu verði meira en nafnið tómt og í því skyni m. a. nauðsynlegt að vekja athygli hinna fötluðu á þeim rétti í hvert sinn sem auglýst er starf hjá ríkinu, stofnunum þess öllum, þ. á m. ríkisbönkunum, með því að þessi réttur verði sérstaklega áréttaður í hvert sinn sem þessar stofnanir auglýsa eftir starfsfólki. Mér er kunnugt um að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur gert um það sérstaka samþykkt að fara þannig að og þannig hefur þetta verið framkvæmt. Í hverri auglýsingu um starf er minnt á rétt fatlaðra skv. lögum. Ég tel að þetta ætti ríkið, stærsti atvinnurekandinn í landinu og með þessar skyldur skv. lögunum, einnig að gera. Það mundi hvetja fatlaða til að sækja um störf og það væri einnig áminning til þeirra sem ráðstafa störfunum að gæta réttar hinna fötluðu.

Ég held að ástæðulaust ætti að vera að flytja brtt. við lögin um að skylt sé að geta þessa réttar fatlaðra í auglýsingum. Ég held að ef vilji er fyrir hendi geti hæstv. félmrh. tryggt framkvæmdina á þennan veg og því hef ég lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Vill félmrh. beita sér fyrir því að í öllum auglýsingum um störf hjá ríkinu verði athygli fatlaðra, sem endurhæfingar hafa notið, vakin á rétti þeirra skv. fyrrgreindu lagaákvæði?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Við fsp. hv. 5. þm. Reykn. vil ég gefa eftirfarandi svar:

Hann spyr í fyrsta lið:

„Hversu margir fatlaðir menn hafa fengið störf hjá ríkinu á grundvelli ákvæða 24. gr. laga nr. 41 23. mars 1983, um málefni fatlaðra, varðandi forgangsrétt fatlaðra til starfa hjá ríkinu að öðru jöfnu?"

Þar sem lögin um málefni fatlaðra hafa ekki verið í gildi nema í ellefu mánuði hefur rn. ekki í dag handbærar tölur yfir fjölda fatlaðra sem fengið hafa störf hjá ríkinu á grundvelli 24. gr. þessara laga.

Ég vil hins vegar sérstaklega geta þess hér að hafin er athugun á öllu landinu varðandi atvinnumál fatlaðra. Svæðisstjórnum hefur verið falið með sérstöku erindi að gera úttekt á því hvernig atvinnumálum fatlaðra er háttað og var sérstakur atriðalisti búinn til í því skyni til að hafa til hliðsjónar við öflun nákvæmra upplýsinga í þessu efni. Þessi atriðalisti er í mörgum liðum, en ég vil aðeins nefna það hér að gert var ráð fyrir því að athugunin tæki fyrst og fremst til þeirra sem eru á aldrinum 16—67 ára, konur og karlar, og er þar sett upp ákveðin aldursskipting, fjöldi fatlaðra eða tegund fötlunar, þ. e. í sambandi við hreyfihamlaða, þroskahefta, fjölfatlaða, geðrænar fatlanir og aðrar tegundir fatlana. Síðan er óskað eftir ákveðnum upplýsingum um fjölda fatlaðra sem vinna launuð störf í fullu starfi, í hálfu starfi, minna en hálft starf eða hafa ekkert starf, hversu margir vinna á almennum vinnumarkaði, verndaðum vinnustað eða annars staðar. Einnig var talið æskilegt að fá upplýsingar um hvers konar störf fatlaðir ynnu og hvað ætla má að margir hinna fötluðu sem ekki eru í vinnu gætu unnið ef hentug störf stæðu þeim til boða, hvað hafi verið gert til lausnar á atvinnumálum fatlaðra á viðkomandi svæði á síðustu árum og hvað væri í bígerð eða undirbúningi, hver væru helstu vandamál, hindranir varðandi þátttöku fatlaðra í atvinnulífi og hvaða atriði það séu sem viðkomandi svæðisstjórn telur að leggja þurfi megináherslu á til úrbóta í atvinnumálum fatlaðra.

Samráðsnefnd um málefni fatlaðra hefur verið falið af félmrh. að standa fyrir ráðstefnu um atvinnumál

fatlaðra og er ákveðið að ráðstefnan verði 6. og 7. febr. n. k. Það hefur verið skipuð sérstök undirbúningsnefnd sem hefur starfað að undirbúningi ráðstefnunnar frá því í okt. s. l. Á þessari ráðstefnu verður m. a. fjallað um niðurstöður svæðisstjórna úr fyrrnefndri athugun og þess vænst að yfirlit fáist um stöðu í atvinnumálum fatlaðra og þar komi í ljós upplýsingar um atvinnuþátttöku fatlaðra hjá því opinbera. Einnig verði niðurstöðurnar notaðar til að samræma og skipuleggja aðgerðir og úrbætur í atvinnumálum fatlaðra.

Varðandi þátttöku fatlaðra í atvinnulífinu er hægt að vitna í könnun um málefni fatlaðra í Reykjavík og nágrenni, sem gerð var að tilhlutan Framkvæmdanefndar alþjóðaárs fatlaðra og var gefin út af félmrn. 1983. Þar kemur fram að rúmlega þriðjungur þeirra sem eru virkir í atvinnulífinu starfa hjá ríki og sveitarfélögum, en rúmlega helmingur hjá einkafyrirtækjum.

Varðandi annan lið fsp. vil ég upplýsa að félmrn. mun beita sér fyrir því að koma á framfæri upplýsingum um réttindi fatlaðra, bæði í atvinnumálum sem og öðrum sem snerta hagsmuni þeirra, og ég get sem félmrh. lýst því yfir að ég hef, þegar eftir að þessi ábending kom fram í fsp. hv. fyrirspyrjanda, sett af stað könnun á því með hvaða hætti er hægt að fá opinbera aðila til að setja slíka athugasemd í auglýsingar um störf.

Hv. þm. vitnaði áðan í ákvæði í endurhæfingarlögum um réttindi fatlaðra, en í 24. gr. laga um málefni fatlaðra stendur, með leyfi forseta:

„Þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi, ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisstjórnar gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega grg. fyrir ákvörðun í sambandi við stöðuveitinguna."

Þetta veitir að sjálfsögðu mikinn rétt og er nauðsynlegt í þessum málum. Ég mun beita mér fyrir því, ég get lýst því yfir hér, að tekið verður formlega á þessu ákvæði.

Ég vil benda á að tekist hefur, og vonandi verður framhald á því, að hraða uppbyggingu á vernduðum vinnustöðum fyrir fatlað fólk. Það er einn liðurinn í þeirri viðleitni að allt fatlað fólk fái aðgang að atvinnu. Ég tek heils hugar undir að þetta er eitt af þeim stefnumörkum í máli fatlaðra sem eru hvað brýnust að vinna að. Ég vona að sú atvinnumálaráðstefna sem ráðgerð er í febrúar komi meiri hreyfingu á þessi mál en hingað til hefur verið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Í tíð fyrrverandi félmrh. urðu mikil tíðindi í málefnum fatlaðra, fyrst með lögum um málefni þroskaheftra og síðar með lögum um málefni fatlaðra. Ég dreg ekki í efa að núverandi hæstv. félmrh. er fullur góðs vilja í garð fatlaðra, eins og flestir aðrir hv. þm. hér inni, en ég held að hérna verðum við að horfast í augu við staðreyndir. Eftir stendur að fyrir þessu þingi liggur fjárlagafrv. þar sem framlög til málefna fatlaðra, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, eru skorin niður um u. þ. b. 100 millj. kr. frá ákvæðum laganna. Sú mikla uppbygging sem hafin var hlýtur að tefjast verulega. Það er sorglegt að vita til þess því að í húsnæðismálum, sérkennslumálum, atvinnumálum o. fl. málum eru fatlaðir afar illa settir.

Það er gott að vita að haldin verður ráðstefna um málið og sjálfsagt er að gera könnun ef menn hafa gaman af því. Ég held þó satt að segja að það þurfi ekki mjög mikið að kanna þessi mál. Það eru æðimargir í þessu landi, og m. a. s. margir hv. þm. hér inni, sem vita heilmikið um hvar skórinn kreppir hjá þessu fólki.

Tími minn er örstuttur. Ég vil þó vekja athygli á ákvæðum 24. gr., eins og hv. þm. Geir Gunnarsson hefur þegar gert. En ég vil aðeins bæta við að þrátt fyrir þau ákvæði laganna um að fatlaðir skuli ganga fyrir um störf að öðru jöfnu hjá hinu opinbera hefur Haukur Þórðarson yfirlæknir á Reykjalundi margsinnis sagt, bæði í fjölmiðlum, ræðu og riti, að það sé mun verra fyrir fatlaða að fá vinnu hjá því opinbera en einkafyrirtækjum. Ég hlýt af reynslu við þessi störf að taka undir það og staðfesta það. Það er mun betra að eiga við atvinnufyrirtæki í einkarekstri en það opinbera. Hæstv. ráðh. getur gert nokkuð við þessu. Hæstv. ráðh. getur einfaldlega skrifað bréf til opinberra stofnana eina ferðina enn, en það hafa margir gert áður, m. a. minnist ég þess að fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík gerði það einnig, og gert stjórnendum þessara fyrirtækja skiljanlegt að þarna beri þeim að fara að lögum. Hæstv. félmrh. skal hafa alla mína samúð. Það hefur lítinn árangur borið hingað til að skrifa þessum forstöðumönnum stofnana.

Ég þakka fyrir þessa fsp. sem sannarlega er ekki komin til að ástæðulausu. Það er alveg ljóst, ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu og auðvitað víða úti um land, að atvinnumál fatlaðra eru því miður í sorglegum ólestri og væri svo sannarlega þörf að bæta úr því. En ég skil ekki alveg fullyrðingar hæstv. ráðh. sem segir, um leið og hann hefur fyrir framan sig fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir, að unnið verði að uppbyggingu verndaðra vinnustaða. Til þess eru ekki peningar í þessu frv.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn og ég fagna framtaki hæstv. ráðh. og hans rn. um að fram fari ítarleg könnun varðandi atvinnumál fatlaðra. Ég held að það sé full ástæða til þess og síðan beri menn saman bækur sínar á ráðstefnu um þessi mál því að auk húsnæðismálanna hjá fötluðum er það staðreynd að atvinnumálin brenna hvað heitast og þyngst á þeim, fyrir utan aðra aðstöðu sem snertir bein kjör þeirra.

Ég kom nálægt þessu að nokkru leyti þegar ég sat í endurhæfingarráði á sínum tíma og þar kom glögglega í ljós, eins og hv. fyrirspyrjandi vék hér réttilega að, að því miður bar einkareksturinn af um það að veita fötluðum mönnum vinnu, miðað við hið opinbera. Ég viðurkenni að margt hefði mátt betur gera á meðan endurhæfingarráðið starfaði sem slíkt og stóð fyrir í samvinnu við Reykjavíkurborg ákveðinni vinnumiðlun á þessu svæði. Ég bendi á það núna í þessum umr., þó að ég hafi lagt fram um það fsp. sérstaklega til hæstv. ráðh., úr því að það kemur svona beint upp í hendurnar á manni, að núna, á þessu stóra svæði, aðalatvinnusvæðinu og þar sem flestir fatlaðir eru, vinna líklega í raun færri að atvinnuleit og vinnumiðlun en var jafnvel á dögum endurhæfingarráðsins, og þurfti þó sannarlega þá betur að gera. Ég sé það líka að samkvæmt fjárlögum eru til svæðisstjórnar Reykjavíkurvæðisins aðeins ætlaðar, á þessu aðalatvinnusvæði, 436 þús. kr. til atvinnuleitar og vinnumiðlunar og það eru 85% af heildarupphæðinni því 15% koma frá Reykjavíkurborg.

Mér er tjáð að sótt hafi verið um 800 þús. og að nauðsynlegt sé að bæta þarna við starfskrafti ef vel á að vera, og jafnvel frekar tveim en einum, til þess að vinna að þessu verkefni.

Ég skal ekki fara nánar út í það hér, en vegna þess að fjárlagaafgreiðsla er alveg á næstunni vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því hvort það væri ekki ásetningur hans að reyna að fá fram breytingu á þessum lið í fjárlögunum, um atvinnumiðlun hér á þessu svæði, þannig að a. m. k. væri hægt að sjá til þess að tveir aðilar ynnu að þessu á vegum öryrkjadeildar Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans og tel jákvætt að aflað verði þeirra upplýsinga um hag fatlaðra sem hann nefndi, enda held ég að lögin geri ráð fyrir því að staðið verði að slíkri upplýsingaöflun. En þau lög sem veita fötluðu fólki, sem hlotið hefur endurhæfingu, sérstakan rétt til starfa hjá ríkinu og hinu opinbera tóku fyrst gildi 1. jan., eins og hæstv. ráðh. nefndi, og það er rétt hjá honum að það er kannske naumast við því að búast að þeirra sjái mikinn stað eða að fullkomnar upplýsingar liggi fyrir um árangurinn af þessari lagasetningu. En til þess að ákvæði laganna komi að því gagni sem þeim er ætlað tel ég á hinn bóginn nauðsynlegt að Alþingi fylgist með því frá upphafi hvernig þessi lög eru framkvæmd og að þau verði ekki nafnið tómt og ég tel því tímabæra fyrirspurn til hæstv. ráðh. varðandi þetta efni. Ég hef þess vegna, þegar nærri ár er liðið frá því að lögin tóku gildi, lagt fram þessa fsp. um leið og ég hef lagt til að tekinn verði upp sá háttur að vakin verði sérstök athygli fatlaðra á rétti þeirra í sérhverri auglýsingu um laus störf hjá ríkinu og stofnunum þess öllum. Það mun án efa gera þessi ákvæði laganna virkari, bæði að því er varðar umsóknir fatlaðra, þær gætu orðið fleiri en ella, og slík framkvæmd yrði um leið áminning til þeirra sem úthluta störfunum, að þeir hafi ávallt í huga sérstakan rétt fatlaðra því það er mikilvægt fyrir alla að nýttur verði hver einasti möguleiki sem fyrir hendi er til að fatlaður maður, sem ekki er í starfi, fái tækifæri til þess, ef hann kýs, að reyna sig á vinnumarkaðinum.

Mér skildist á hæstv. ráðh. að hann vildi beita sér fyrir því að tekin yrði upp sú hugmynd, sem ég minntist hér á, að í auglýsingum verði getið um rétt fatlaðra, og ég vænti þess að honum takist að koma því í framkvæmd svo að það þurfi ekki að tryggja slíka tilhögun á auglýsingum stofnana ríkisins með sérstakri lagabreytingu, en ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svör hans og jákvæðar undirtektir.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta öðru en að ég get endurtekið það að ég hef áhuga fyrir því að einmitt þetta atriði, sem hv. fyrirspyrjandi lagði sérstaka áherslu á, komist í framkvæmd. Ég endurtek að ég hef þegar látið undirbúa að skrifa öllum opinberum stofnunum til þess að herða á þessu atriði sem varðar atvinnumál fatlaðra.

Ég vona að þrátt fyrir að nú er að verða ár frá því að lögin tóku gildi dragi enginn í efa að í félmrn. hefur verið unnið mikið að undirbúningi þessara mála og ég geri mér miklar vonir um að sú ráðstefna um atvinnumál fatlaðra, sem ákveðin er í byrjun febrúar n. k., en er búin að vera í undirbúningi síðan í október í haust, hafi einhver áhrif í sambandi við þennan mikilvæga þátt í málefnum fatlaðra.

Ég vil einnig geta um eitt mál sem oft hefur verið til umr. á hv. Alþingi. Það er í sambandi við aðgengi fatlaðra. Fyrir þremur dögum var mér afhent opinber úttekt og skýrsla sem gerð hefur verið um opinberar byggingar á Reykjavíkursvæðinu og á öðrum stærstu stöðum á landinu um hvernig þetta húsnæði er saman sett og upp byggt varðandi aðgengi fatlaðra. Það verður að segjast eins og er að því miður er það sorgleg staðreynd hvað við erum illa á vegi stödd hvað þetta varðar. Það er alveg ljóst að það kostar stórkostlegar fjárhæðir að lagfæra þessa hluti og verður að gera það skipulega á næstu árum. Í framhaldi af þessari skýrslu, sem er viðamikil, sem ég hef gert ráðstafanir til þess að útbúa þannig að allir hv. þm. fái hana í hendur, verður að gera framkvæmdaáætlun um endurbætur á opinberu húsnæði. Það sem ég legg mikla áherslu á er að framkvæmd skipulagslaga í landinu, byggingarlaga, verði þannig í nútíð og framtíð að ekki þurfi síðar að vera að gera endurbætur til þess að fullnægja ákvæðum laganna sem sett voru um að tryggja aðgengi fatlaðra, þannig að síðar sé verið að endurbyggja og endurbæta nýjar byggingar sem eiga að uppfylla þetta skilyrði. Ég hef lagt áherslu á það hjá embætti húsameistara ríkisins og skipulagsstjóra ríkisins að gerð verði sérstök könnun á því hvaða arkitektar og opinberir aðilar það eru sem halda áfram að láta byggja húsnæði án þess að taka fullt tillit til þess sem lögin gera ráð fyrir.

Fjármálin ætla ég að geyma til umr. um fjárlögin, en ég vil segja að það er mín aðalstefna í þessum málum að þrátt fyrir þrengingar í fjármálum og samdrátt o. s. frv. sé lögð áhersla á að reyna að tryggja öllum stofnunum, bæði gömlum og nýjum, fyrir fatlaða rekstrarfé í fjárlögum. Það er mikilvægt og ég tel að í öllum aðalatriðum hafi það tekist.

Hins vegar má deila um framkvæmdasjóðinn. Það mál er ekki enn þá komið á lokastig. Það eru mismunandi tölur lagðar þar til grundvallar. Margir halda því fram að miða eigi við byggingarvísitölu 1. jan. 1984 þegar lögin tóku gildi og síðan aftur 1. jan. 1985 og svo koll af kolli, en grunntalan 55 millj. verði alltaf sem viðmiðunartala. Þá munar þarna æðimiklu á því sem sumir halda fram.

Ég ætla ekki að ræða það núna, en ég vona að úr þessu rætist. En alla vega er aðalatriðið að tryggja rekstur á þeim stofnunum sem fyrir eru og þeim fjölmörgu nýju stofnunum sem sífellt er verið að byggja upp þrátt fyrir lítið fjármagn. Það horfir allt í jákvæða átt í sambandi við þessi mál.

Það var farið fram á það í fjvn. að vissir þættir, bæði fyrir svæðisstjórn Reykjavíkur og aðrar svæðisstjórnir í landinu, yrðu lagfærðir þannig að svæðisstjórnirnar fengju meira fjármagn. Ég hef grun um að einhver árangur komi í ljós við afgreiðslu fjárlaga.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna hæstv. ráðh. á umr. sem hér fóru fram á síðasta þingi þegar hann talaði fyrir frv. um niðurfellingu á ákveðnum þáttum erfðafjárskatts. Ég hafði nokkrar áhyggjur af því hvernig Erfðafjársjóði, sem veitt hefur fé til framkvæmda fyrir fatlaða, yrði bætt þetta tekjutap því að efnislega var ég ekki á móti niðurfellingu þess skatts. Þá sagði hæstv. ráðh. að

ríkissjóður mundi tryggja að til kæmi fé í stað þess sem þar væri misst. Þetta vil ég minna hæstv. ráðh. á. Ég er á engan hátt að draga í efa að hugur hans er góður í þessum málefnum, en eftir stendur að ákaflega erfitt er að standa hér og tala um góðan hug og fullan vilja til að bæta úr þessum málum, svo sem eins og atvinnumálum fatlaðra, þegar ekki virðist vera hægt að ná samkomulagi innan hæstv. ríkisstj. um að leggja í það fé. Það er auðvitað gamla sagan að hér er áreiðanlega ekki inni einn einasti maður sem ekki ber góðan hug til fatlaðra og vandamála þeirra, en þegar kemur að gerð fjárlagafrv. vilja þessi málefni gjarnan sitja á hakanum og rausn hv. þm. er ærið meiri til málefna sem við margir þm. hér inni eigum ákaflega erfitt með að sjá að skili á nokkurn hátt arði. Við teljum hins vegar að það sem látið er til málefna fatlaðra skili arði, að það sé arðbær fjárfesting.

Yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun, fsp. 169. mál (þskj. 178). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. allmargra spurninga á þskj. 178 varðandi yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun. Tilefni þessarar fyrirspurnar er ekki síst endurtekin skrif í dagblöðum og umfjöllun í fleiri fjölmiðlum um það að til standi að Landsvirkjun yfirtaki mannvirki Kröfluvirkjunar og taki við rekstri hennar. Í þeirri umfjöllun hefur gjarnan verið fullyrt að mikið af áhvílandi skuldum Kröfluvirkjunar yrði skilið eftir á vegum ríkisins, en Landsvirkjun yfirtaki sem sagt mannvirkin einungis með hluta af áhvílandi skuldum. Nefndar hafa verið upphæðir eins og 1—2 milljarðar kr. í þessu sambandi. Þessar upplýsingar stinga hins vegar nokkuð í stúf við niðurstöður sérfræðinga sem gerðu úttekt á Kröfluvirkjun og möguleikum hennar til að bera sínar skuldir. Í þeirri skýrslu, sem út kom í maí 1983, var talið að Kröfluvirkjun gæti, ef afköst hennar yrðu aukin í fullt, greitt niður skuldir sínar og lokið því skömmu eftir næstu aldamót.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þetta eru allviðamiklar spurningar í ellefu liðum fyrir stuttan fyrirspurnatíma en ég bið hæstv. iðnrh. að virða mér það til betri vegar. Mér þótti nauðsynlegt að fá greint frá þeim valkostum sem fyrir hendi eru í rekstri virkjunarinnar, svo sem eins og þeim sem fyrir hendi eru miðað við óbreytta framleiðslu, eða óbreytt afköst, þ. e. um hálf afköst, eða þeim möguleikum sem sköpuðust við að auka afköst virkjunarinnar í fulla getu og hvaða áhrif þetta hefði á rekstrarmöguleika virkjunarinnar. Það er alþjóð kunnugt að hæstv. iðnrh. er þekktur að því að vera bæði gagnorður og snarorður. Ég vona að þeir eiginleikar nýtist honum vel við að svara þessum viðamiklu spurningum hér í stuttum fyrirspurnatíma. Spurningarnar eru þessar, með leyfi forseta:

1. Er fyrirhugað að Landsvirkjun taki við rekstri Kröfluvirkjunar, og þá hvenær?
2. Hvaða verð hyggst iðnrh. fyrir hönd ríkissjóðs setja upp fyrir virkjunina?
3. Telur ráðh. að enn séu í fullu gildi þær niðurstöður í skýrslu Verkfræðistofunnar Strengs, sem skilað var í maí 1983, að ef afl virkjunarinnar yrði aukið í 60 mw. gæti virkjunin sjálf lokið við að greiða niður skuldir sínar skömmu eftir aldamót?
4. Hverjar eru áhvílandi skuldir Kröfluvirkjunar, til hve langs tíma eru þær og með hvaða kjörum eru þau lán sem virkjunin hefur tekið?
5. Hverjar eru áætlaðar hreinar tekjur Kröfluvirkjunar, fyrir afskriftir, árið 1984 og 1985 miðað við núgildandi orkusölusamning við Landsvirkjun og miðað við framlengingu á honum út árið 1985?
6. Hve langan tíma tæki það Kröfluvirkjun að greiða niður fjárfestingu fyrirtækisins ef virkjunin yrði áfram rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og miðað við núverandi söluverð á raforku:
   a) miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 30 mw. framleiðslu;
   b) miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 30 mw. framleiðslu?
7. Hve langan tíma tæki það Kröfluvirkjun að greiða niður fjárfestingu þá, sem á fyrirtækinu hvílir nú, til viðbótar þeirri fjárfestingu sem talin er þurfa til að virkjunin nái fullum afköstum:
   a) miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 60 mw. framleiðslu;
   b) miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 60 mw. framleiðslu;
   c) miðað við 8250 nýtingarstundir á ári og 65 mw. framleiðslu?
8. Hver er áætlaður framleiðslukostnaður á þeirri raforku, sem fengist við stækkun Kröfluvirkjunar, samanborið við áætlanakostnað frá öðrum rannsökuðum virkjunarkostum?
9. Hvert er gildi Kröfluvirkjunar fyrir rekstur byggðalínukerfisins:
   a) með tilliti til rekstraröryggis;
   b) með tilliti til minna orkutaps?
10. Hyggst ráðh., ef af afhendingu Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar verður, setja einhver skilyrði um áframhaldandi rekstur og uppbyggingu virkjunarinnar?
11. Þarf yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun, með þeim kjörum sem ríkið hyggst bjóða, að leiða til breytinga á raforkuverði til almennra notenda í landinu?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Tímans vegna verð ég að hafa skemmri signingar yfir spurningum þessum en ég ella kysi og mun enda spara mér að lesa upp fyrirspurnirnar og bið þess vegna hv. þm. að fylgjast með á þskj.

Svar við 1. lið fsp. er að ég hef það í huga að Landsvirkjun taki við rekstri Kröfluvirkjunar og hef kannað það óformlega. Ég mun á næstunni snúa mér til meðeigenda ríkisins í Landsvirkjun og óska eftir formlegum viðræðum um hugsanlega yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Ég get ekki svarað 2. lið fsp. Málin eru engan veginn það langt komin að ég geti nefnt neitt verð í sambandi við sölu Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar.

Varðandi 3. lið fsp. telja Rafmagnsveitur ríkisins að miðað við ákveðnar forsendur — þær eru skýrðar nánar í bréfi Verkfræðistofunnar Strengs, sem ég hef í pússi mínum og hv. fyrirspyrjandi getur fengið ljósrit af ef hann æskir, og ég held að það væri fróðlegt og mundi skýra nánar það atriði sem hér um fjallar — geti virkjunin sjálf lokið við að greiða niður skuldir sínar

skömmu eftir aldamót ef afl virkjunarinnar yrði aukið í 60 mw. Stærsta óvissan er gufuöflunin, en til þess að dæmið gangi upp þurfa nýjar vinnsluholur í framtíðinni að gefa af sér sem samsvarar að meðaltali u. þ. b. 8 kílóum á sekúndu af háþrýstigufu í upphafi miðað við 4% dvínun á ári.

Um 4. lið: Skuldir Kröfluvirkjunar nema um 3266 millj. kr., miðað við verðlag 20. nóv. s. l., að viðbættum áföllnum vöxtum sem reiknaðir eru og áætlaðir fram til næstu áramóta.

Um 5. lið: Hreinar tekjur Kröfluvirkjunar, fyrir afskriftir, árin 1984 og 1985 eru fyrir árið 1983 70 millj., ennþá er áætlað, og fyrir árið 1985 98.5 millj. kr. Sú tala er tekin upp úr áætlun fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir.

Um 6. lið: Miðað við áðurnefnt söluverð, þ. e. núverandi söluverð á raforku eins og fram kemur í fsp., getur Kröfluvirkjunin:

a) ekki lokið við að greiða niður áhvílandi skuldir fyrir árið 2015 miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 30 mw. framleiðslu;

b) ekki lokið við að greiða niður áhvílandi skuldir fyrir árið 2015 miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 30 mw. framleiðslu.

Ég játa að þessi svör eru dálítið Delfí-kynjuð, en kannske hv. þm. ásamt mér geti ráðið frekar í þær upplýsingar sem ég hef aflað mér og hef hér í allmörgum gögnum meðferðis. Og kemur þetta þó víðar við sögu síðar í fyrirspurnunum.

Um 7. lið: Miðað við áðurnefnt söluverð á raforku getur Kröfluvirkjun hugsanlega greitt niður áhvílandi skuldir auk þeirra fjárfestinga sem talið er að þurfi til að virkjunin nái fullum afköstum, eins og segir í fsp.:

a) miðað við 5700 nýtingarstundir og 60 mw. framleiðslu tekst það árið 2012 ef raunvextir lána eru 4% og, eins og hér segir, afvöxtun kostnaðarkrafa er 5% — og er nýtt tæknimál í bókfærslu fyrir mig að segja, kann vel að vera að síðari tíma viðskiptafræðingar skilji þetta auðveldari skilningi en ég. — Ef vextir eru 6% eða hærri tekst það ekki fyrr en árið 2015;

b) miðað við 8000 nýtingarstundir og 60 mw. framleiðslu tekst það árið 2008 miðað við 4% raunvexti lána og 5% afvöxtun, en ekki fyrr en árið 2015 ef vextir eru 6% eða hærri;

c) miðað við 8250 nýtingarstundir og 60 mw. framleiðslu tekst það árið 2005 með 4% raunvöxtun lána og 5% afvöxtun, árið 2013 með 6% vöxtum, en ekki fyrr en árið 2015 með 8% vöxtum.

Um 8. lið: Verkfræðistofan Strengur hefur einnig reynt að meta framleiðslukostnað á þeirri raforku sem fengist við stækkun Kröfluvirkjunar. Í stuttu máli sagt, þá getur hann orðið sambærilegur og frá hagkvæmustu vatnsaflsvirkjunum landsins, ef nýjar vinnsluholur í framtíðinni gefa af sér að meðaltali a. m. k. 6—7 kíló á sekúndu í upphafi af háþrýstigufu miðað við 4% dvínun á ári.

Um 9. lið: Varðandi gildi Kröfluvirkjunar fyrir rekstur byggðalínukerfisins er mat Rafmagnsveitna ríkisins eftirfarandi:

Rekstraröryggi byggðalína. Kröfluvirkjun hefur vegna staðsetningar sinnar mjög mikið gildi í þá veru að auka rekstraröryggi á byggðalínum. Sé hún ekki tengd landskerfinu leiða allar bilanir á byggðalínunum á álagstíma til straumleysis hjá einhverjum notendum nema bilun á kaflanum frá Akureyri að Hryggstekk á Austurlandi. Ef Kröfluvirkjun er hins vegar inni má reikna með að kerfið þoli allar bilanir á byggðalínum nema á fyrsta kaflanum, þ. e. á Skarðsheiðarlínu. Kröfluvirkjun eykur þannig verulega stöðugleika landskerfisins. Að auki er virkjunin mikilvæg vegna launaflsframleiðslu og spennustýringar á byggðalínunum.

b) Töp á byggðalínum. Sparnaður í minni afltöpum á byggðalínunum getur numið 5—6 mw. ef framleidd eru 30 mw. í Kröfluvirkjun inn í landskerfið. Svarar það til 15—20 gígawattstunda í minni orkutöpum á ári. Raunverulegur sparnaður er þó vitanlega háður því hvernig framleiðslugeta Kröfluvirkjunar er nýtt.

Rétt er að benda á það að í skýrslu Verkfræðistofunnar Strengs frá maí 1983 er gengið út frá því að svonefnt suðvesturssvæði geti staðið undir nægu gufumagni fyrir vél 2 í Kröfluvirkjun. Nú er ljóst að svo verður ekki þar sem svæðið er mun afkastaminna en áætlað var. Frekari gufuöflun mun beinast að Leirbotnasvæðinu og er töluverðri óvissu undirorpið. Að óbreyttu skipulagi munu Rafmagnsveitur ríkisins stuðla að því á næstu árum að áfram verði reynt til hins ýtrasta að afla nægilegrar gufu fyrir Kröfluvirkjun. Nýjar rannsóknir á kviku, gasinnihaldi og jarðvökva Leirbotnasvæðisins benda til þess að umtalsverð dvínun hafi orðið á gasmagni þar. Rafmagnsveitur ríkisins telja því eðlilegt að þreifað verði fyrir sér með gufuöflun á Leirbotnasvæðinu á næstunni. Er þá vænlegt að reyna svæðið í námunda við holur nr. 4 og 10 sem báðar eru mjög afkastamiklar. Vatnsaflsvirkjanir eru að öðru jöfnu, segir hér, öruggari og áreiðanlegri í uppbyggingu — þetta er álit Rafmagnsveitna ríkisins — heldur en gufuvirkjanir, ekki síst eins og málin hafa þróast við Kröfluvirkjun, en þar hefur eldvirkni tvímælalaust haft áhrif á gufuöflunina.

Ég vil nú að vísu skjóta því hér inn í að vatnsaflsvirkjanir eru því aðeins öruggar að úrkoma sé næg.

Rétt er að benda á það að nýleg gengisfelling og almennar kaupgjalds- og verðlagshækkanir hafa áhrif á niðurstöðu þessara útreikninga til hins verra fyrir hag Kröfluvirkjunar. En aftur á móti, vegna gengisfellingarinnar og áðurnefndra hækkana er á næstunni væntanleg hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar. Mun sú hækkun að sjálfsögðu breyta áðurnefndum niðurstöðum til hins betra fyrir Kröfluvirkjun. Hefði t. d. 14% hækkun þau áhrif að unnt reyndist að greiða upp skuldir Kröfluvirkjunar miðað við 30 mw. framleiðslu og 8000 nýtingarstundir undir lok athugunartímabilsins, eða um 2015, miðað við 4—5% vexti.

Síðan er ég í tíunda lagi spurður hvort ég hyggist, ef af afhendingu Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar verður, setja einhver skilyrði um áframhaldandi rekstur og uppbyggingu virkjunarinnar. Það er of snemmt fyrir mig að sitja fyrir svörum um þetta atriði, en ég trúi að hún verði því aðeins seld og yfirfærð til Landsvirkjunar að Landsvirkjun sjái sér hag í því að reka þetta fyrirtæki í framtíðinni.

Í ellefta lagi er ég spurður: Þarf yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun, með þeim kjörum sem ríkið hyggst bjóða, að leiða til breytingar á raforkuverði til almennra nota í landinu? Þótt menn hafi ekki gert upp við sig þau kjör, sem þessi virkjun kann að vera boðin á, þá má það ekki verða.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. kærlega fyrir svörin og fróðlegar upplýsingar og gagnlegar. Heimamenn á því svæði þar sem Kröfluvirkjun stendur svo og þm. kjördæmisins og sjálfsagt ýmsir fleiri eru eðlilega nokkuð forvitnir um hvernig Kröfluvirkjun sem fyrirtæki reiðir af í áformum þeirra sem stjórna orkumálum þjóðarinnar á næstu árum. Það hefur komið fram og kom skýrt fram í svari hæstv. iðnrh. við 9. spurningu hvert gildi Kröfluvirkjunar er af ýmsum ástæðum fyrir rekstur byggðalínukerfisins og þann orkusparnað sem í því felst að setja raforku inn á byggðalínukerfið á þessu svæði þar sem langt er í næstu virkjanir sem eitthvað munar um. M. a. með þetta í huga höfum við eðlilega áhuga á því að Kröfluvirkjun verði inni í áætlunum þeirra sem með orkumál möndla á næstu árum eins og hver annar virkjunarkostur. Það var ánægjulegt að heyra að bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að uppsetning seinni vélar við Kröflu sé fullkomlega sambærilegur virkjunarkostur á við þá sem hagkvæmastir gerast í hópi þeirra vatnsaflsvirkjana sem menn hafa hingað til rannsakað.

Það væri hægt að fara hér mörgum orðum um sögu Kröfluvirkjunar og um þá miklu skuld, sem hlaðist hefur á þetta fyrirtæki. Mér hefur þó verið annar þáttur þess máls öllu hugleiknari, þ. e. sú bylting sem varð í þekkingu okkar á jarðhita og háhita með tilkomu Kröfluvirkjunar og þeirra rannsókna sem þar fóru fram, og sú staðreynd að þeir ávinningar eru enn að skila sér og munu skila sér, ekki síst ef haldið yrði áfram við að byggja þessa virkjun upp í full afköst, eins og upphaflega var áformað.

Varðandi samanburð á gufuaflsvirkjunum og vatnsaflsvirkjunum vil ég þó að það komi fram Kröflu til hagsbóta, að viðverutími hennar sem virkjunar frá því að hún hóf framleiðslu hefur verið mjög hár. Það þarf að fara í samanburði til þeirra vatnsaflsvirkjana sem bestar gerast til að finna hliðstæðan viðverutíma á fullum afköstum eins og er og hefur verið hjá Kröflu þann tíma sem hún hefur fengið að vera í fullum rekstri, þ. e. þann tíma sem fullur markaður hefur verið fyrir hennar framleiðslu.

Það er annað atriði í sambandi við jarðgufuvirkjanir sem menn gleyma oft. Það er sú staðreynd að þeirra afköst eru mest þegar gjarnan er einna harðast á dalnum hjá vatnsaflsvirkjununum, þ. e. yfir vetrartímann, og þeim mun meiri sem frosthörkur eru meiri. Þetta skilar sér á mjög skemmtilegan hátt, ef ég má nota það orðalag, inn í orkubúskapinn þegar gjarnan er lægð í okkar vatnsbúskap fyrir virkjanirnar. Kröfluvirkjun hefur þar af leiðandi ýmsa kosti.

Ég er því fylgjandi, og vil að það komi fram að lokum, herra forseti, að Krafla verði skoðuð sem hver annar virkjunarkostur og hún gleymist ekki þegar menn móta virkjunarstefnu hér í framtíðinni. Þarna bíður afl, 30 mw. til viðbótar, sem hægt er að setja inn á kerfið með tiltölulega litlum fyrirvara, ef sú ákvörðun væri tekin. Og eins og áður hefur komið fram hefur það ýmsa kosti að virkjunin er staðsett einmitt þar sem hún er og að hún er þeirrar náttúru sem hún er.

Ragnar Arnalds: Umræður um fjármál Kröfluvirkjunar og framtíðarrekstur í fjölmiðlum og meðal margra stjórnmálamanna hafa vægast sagt verið harla yfirborðskenndar og í mörgum tilvikum mjög óábyrgar nú í seinni tíð. Það er orðin tíska að tala um að rekstur Kröfluvirkjunar sé óleysanlegt vandamál og að þar sé bersýnilega um að ræða skuldabyrði mikla, sem óhjákvæmilega lendi á orkunotendum, ellegar að menn stinga upp á að þessi byrði lendi á skattgreiðendum. Jafnvel hafa heyrst í blöðum lausafréttir um það að forstöðumenn Landsvirkjunar hefðu hug á því að kaupa þessa virkjun fyrir lítið fé og reka hana sem nokkurs konar toppstöð í sínu kerfi, en skilja ríkið eftir með stóran hluta af skuldasúpunni.

Það gefst auðvitað betra tækifæri til að rannsaka svör hæstv. iðnrh. þegar maður fær þau á prenti og ekki hægt að taka þau til umr. hér í fsp.-tíma. En ég tel að svör þau, sem fengust við spurningum nr. 3, 7 og 8, hafi öll verið þess eðlis að þau bendi til talsvert annars sannleika en hefur verið hafður uppi manna á meðal í seinni tíð um málefni Kröfluvirkjunar.

Það er skoðun mín að skýrsla sú, sem vitnað var í frá verktakafyrirtækinu Streng hf. sýni það að Kröfluvirkjun getur staðið undir öllum sínum skuldbindingum jafnvel þótt hún verði ekki stækkuð. Það mun taka alllangan tíma, en að lokum mun hún geta borgað allar sínar skuldir skv. þeim útreikningum. Og ef um yrði að ræða að virkjunin yrði stækkuð í 60 mw. gæti hún örugglega staðið við að greiða niður allar sínar skuldir. Þetta kom reyndar einnig fram í svörum hæstv. ráðh. hér áðan og var aðeins staðfesting á því sem áður hafði komið fram í skýrslu fyrirtækisins Strengs sem sérstaklega var falið að rannsaka þessi mál.

Ég vil því aðeins segja það að lokum að ég held að það sé mjög fjarstæðukennt að láta sér detta í hug að þessi virkjun verði seld Landsvirkjun með þeim hætti að ríkið borgi með virkjuninni eða taki á sig að verulegum hluta skuldir sem á virkjuninni hvíla. Ég tek undir orð ráðh. sem hann gerði að sínum lokaorðum: Þá má það ekki verða.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn í þessa umr. vegna þess að á sínum tíma fór ég með málefni Kröfluvirkjunar og hlutaðist til um það 1978 m. a. að Rafmagnsveitur ríkisins yfirtækju rekstur virkjunarinnar og Kröflunefnd, sem skipuð var á sínum tíma, yrði lögð niður. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að virkjun Kröflu á sínum tíma og það hvernig staðið var að málum þar sé skýrt dæmi um mikið óhapp í okkar orkusögu, ef svo má segja, og sá stórhugur sem fólst í því m. a. að menn héldu þar ótrauðir áfram þótt upp væri kominn jarðeldur í des. 1975. Einnig tel ég að yfirstjórn mála á þessum tíma eða vöntun á yfirstjórn og samræmdri stjórn mála á þessum tíma hafi verið dæmigerð mistök sem menn þurfi að læra af. En virkjunin er þarna og það er mjög eðlilegt að þeir sem fjalla um orkumál velti því fyrir sér hverjar eru framtíðarhorfur þessarar 30 mw. virkjunar og hvaða möguleikar eru á að afla henni frekari orku til að nýta þá ónotuðu fjárfestingu sem er í annarri vél sem geymd er á staðnum.

Ég vil engu spá út af fyrir sig um það hvaða möguleikar eru á því að afla orku til hennar, en ég vil hvetja menn til varfærni í sambandi við þau efni og alveg sérstaklega á meðan jarðeldur er uppi eða virkur á háhitasvæðinu við Kröflu. Í ljósi þessa var farið afar varfærið í málefni Kröfluvirkjunar á þeim tíma sem ég

fór með orkumál, og ég tel að það hafi verið réttmætt. Hins vegar var þreifað fyrir sér um möguleika á gufuöflun utan þess svæðis sem menn höfðu reynt, án þess að stofna til stórfelldra nýrra fjárhagslegra skuldbindinga. Nú er það hins vegar upplýst að menn sjái þess helstan kost að menn haldi áfram að leita í jarðhitasvæðinu þar sem byrjað var við Leirbotna. Það kom hér fram úr svari hæstv. ráðh., og það eru vissulega vonbrigði, að menn eru ekki bjartsýnni en svo í sambandi við önnur nærliggjandi svæði eins og við Hvíthóla, því ég tók það svo að það væri ekki inni í þessari mynd.

Ég vil bara að endingu hvetja til afar mikillar varfærni í sambandi við frekari fjárfestingar við Kröfluvirkjun, alveg sérstaklega á meðan eldur er virkur á háhitasvæðinu eins og við vorum minnt á fyrir ekki löngu síðan. Að öðru leyti dáist ég raunverulega að þrautseigju og þolgæði þeirra manna sem hafa unnið á þessu svæði við hinar erfiðustu aðstæður og skil mjög vel áhyggjur þeirra sem þar starfa og í rauninni óskir um það að menn gefist ekki upp við þetta erfiða verkefni sem menn hafa glímt þarna við um brátt 10 ára skeið.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það að þakkarverð er þrautseigja þeirra sem hafa haldið um stjórnvölinn í Kröflu norður þar á þrengingartímum. Héðan af sinni ég lítið um að sakast um orðinn hlut. Menn hafa deilt nægjanlega um Kröfluvirkjun. Kröfluvirkjun er staðreynd og ýmislegt má þar sjá jákvætt, ef menn gleyma því sem þeir gjarnan hafa nú fyrir augum, þeim mistökum sem þeir telja að þar hafi orðið stórkostleg. Hún er vel staðsett í kerfinu, hún hefur mjög mikla orkuvinnslugetu miðað við afl og stærð.

Ég hef áhuga á því að Landsvirkjun yfirtaki þessa virkjun til þess að skipuleggja samneyslu virkjananna. Staðreynd er það að hún hefur verið í eins konar hjáleigu hjá Rafmagnsveitunum og ekki verið nýtt að mínum dómi eins og skyldi og eins og kostur er. Það þarf að koma orku hennar í lóg og það verður best gert með því að hún sé keyrð með öðrum raforkuframleiðslufyrirtækjum Landsvirkjunar.

Ég legg áherslu á, og tók það fram í svari mínu, að það var álit Rafmagnsveitna ríkisins, að óbreyttum ástæðum var tekið fram, að leggja bæri áherslu á könnun á gufuöflun á Leirbotnasvæðinu. En þó að ástæður væru óbreyttar, þá ráða Rafmagnsveitur ríkisins því ekki hvert framhaldið verður. Og af sjálfu leiðir að það gera þær því síður ef nýr aðili yfirtekur. Nýjar ákvarðanir varðandi Kröflu hafa ekki verið teknar, nema ég tók ákvörðun um að tengja Hvíthólasvæðið og auka þar með afl virkjunar og þessarar vélasamstæðu að fullu upp í 30 mw. og taldi enda, þegar sú ákvörðun var tekin, að það væri rétt ákvörðun miðað við það að virkjunin yrði seld Landsvirkjun.

Um allar frekari ráðagerðir og fjárfestingar hlýtur auðvitað að fara eftir því hvernig mál skipast um jarðeldana. Það er alveg útilokað að neinn fari að taka ákvarðanir um að verja meira fé en orðið er fyrr en séð verður að fullu fyrir endann á þeim eldsumbrotum sem þarna eiga sér stað.

Ég hef nýverið fengið skýrslu í hendur, ég bað um hana frá Orkustofnun, um álit sérfræðinga á ástandinu við Kröflu eftir síðustu atburði. Sú skýrsla er ívið svartari en ég hef áður séð frá þeim Delfímönnum, svo að ég enn vitni til þess, sem að líkum lætur, að þótt sérfræðingar séu þá geta þeir aldrei sagt með neinni vissu fyrir um framvinduna, þannig að allt verður þetta spásagnarkennt. En hún er svartari að mínum dómi en ég hef áður séð. Þeir telja ástæðu til að taka fram eldri áætlanir um viðbrögð við nýjum eldsumbrotum og eldgosi.

Ég hef nú fyrir nokkrum dögum skipað nefnd þriggja manna til þess í fyrsta lagi að halda á vettvang og kynna sér allar aðstæður eftir fremsta megni og síðan velta því fyrir sér með hvaða hætti hægt er að hafa uppi varúðarráðstafanir eða fyrirbyggjandi ráðstafanir til varnar mannvirkjum. Þó vil ég taka það fram að þar verða menn nú að athuga vel, ef þeir vilja verja eitt svæði að það verði ekki til að beina hraunflóði á annað. Fer ég ekkert fleiri orðum um það. En þessir síðustu atburðir vöktu mig til áhyggju um framvinduna. Menn mega ekki láta hendi óveifað að hafa uppi þær ráðagerðir og ráðstafanir sem verða má að bestu manna yfirsýn.

Að öðru leyti er könnun á yfirtöku Landsvirkjunar og kaupum á Kröfluvirkjun á algeru frumstigi. En eins og ég sagði, ég mun fara fram á það við meðeigendur ríkisins í Landsvirkjun að formlegar viðræður hefjist á næstunni um málið. En ég get engu spáð um framhaldið á þessu stigi máls umfram það sem ég tók fram í svari mínu áðan.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að hreyfa þessu máli hér. Ég tel að það hafi verið þarft að minna aðeins á þetta ágæta fyrirtæki. Ég leyfi mér að segja ágæta, fyrir það að ég held að oft hafi verið ómaklega vegið að Kröfluvirkjun á undanförnum árum og þeim framkvæmdum, sem þar var unnið að. Auðvitað urðu aðstæður þær, þegar jarðeldar komu upp á þessu svæði, að hugmyndir manna sem höfðu undirbúið þessa virkjun og þessar framkvæmdir hlutu að raskast verulega og forsendur að breytast og við búum enn við það óvissuástand sem jarðeldarnir hafa leitt af sér varðandi Kröfluvirkjun.

Hins vegar vil ég lýsa ánægju minni með margt af því sem kom fram í svörum hæstv. iðnrh. við þessum fsp. þar sem hann telur, og það virðist mega leiða að því líkur, að virkjun í fullri stærð eins og hún var fyrirhuguð í upphafi kunni að geta borgað sig upp á ákveðnu árabili fljótlega upp úr aldamótum og finnst mér það vera nokkuð annað en við höfum stundum heyrt þegar verið er að ræða málefni Kröfluvirkjunar.

Það kann að vera rétt eins og hæstv. iðnrh. nefndi að það eigi að semja við Landsvirkjun um yfirtöku þessarar virkjunar og samrekstur eða samkeyrslu, nota þetta ekki eins og nokkurs konar hjáleigu í orkubúskapnum. Mér sýnist a. m. k. svona frá leikmannssjónarmiði, ég hef ekki mikið vit á uppbyggingu raforkuvera, að það hljóti að vera einkennileg ráðstöfun að loka gufuaflsvirkjun mánuðum saman á sumrin en keyra í staðinn þær vatnsaflsvirkjanir sem við höfum. Ég hefði álitið að þetta ætti að vera algerlega öfugt, það ætti að hægja á vatnsaflsvirkjununum og nota þá sumartímann til þess að safna þar vatni í miðlunarlón og eiga til þess tíma sem vatnsbúskapur kynni að vera erfiðari. En gufuaflsvirkjun sé miklu skynsamlegri að

keyra viðstöðulaust allt árið. Það hafa sagt mér verkfræðingar, sem vinna við Kröfluvirkjun, að það væri nægjanlegt fyrir þá að fá eins og einn mánuð annað hvert ár til þess að gera upp eða yfirfara vélar, túrbínur og vélasamstæður virkjunarinnar, en það sé fáránlegt að stoppa virkjunina mánuðum saman á hverju einasta ári og þeim mun óskynsamlegra þar sem um gufuaflsvirkjun sé að ræða, því að það hljóti að fara illa með allar lagnir og leiðslur þessarar virkjunar þegar skrúfað er fyrir gufuna og leiðslur og lagnir allar kólna og hitna til skiptis svo sem það hlýtur að hafa í för með sér.

Ég vil þá aðeins að lokum ítreka og taka undir með fyrirspyrjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þegar hann telur að meta megi inn í þetta dæmi allt saman þá miklu og mikilvægu reynslu og þekkingu, sem við hljótum að hafa fengið varðandi þessa virkjun, boranir og framkvæmdir sem átt hafa sér stað við Kröflu og óska eftir því jafnframt að framhaldið verði nú skoðað ítarlega. Sjálfsagt verður áfram nokkur biðstaða meðan jarðeldar eru enn þá uppi, en við megum ekki afskrifa þessa virkjun við þær kringumstæður.

Áhrif ákvæðislaunakerfa á heilsufar, fsp. 185. mál (þskj. 204). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Í ársbyrjun 1982 fór hér fram könnun á vinnuskilyrðum, kjörum, heilsufari og félagslegum aðstæðum fiskvinnslufólks. Könnun þessi var að hluta þáttur í samnorrænu verkefni sem ber yfirskriftina „Ákvæðisvinna og jafnrétti" og fór fram hér á landi og í Danmörku. Jafnréttisnefnd norrænu ráðherranefndarinnar fjármagnaði könnunina og fyrir tilhlutan Alþýðusambandsins, Verkamannasambandsins og Landssambands iðnverkafólks studdi félmrn. verkefnið fjárhagslega, a. m. k. fyrstu árin, þ. e. 1982 og 1983.

Sá þáttur sem hvað mest áhersla var lögð á í þessari könnun var hvaða áhrif ákvæðislaunakerfið hefði á heilsufar launþega. Þetta er þarft verkefni og fyrir löngu tímabært þar sem engar marktækar kannanir eða rannsóknir hafa áður verið gerðar á áhrifum afkastahvetjandi launakerfa á launþega, þó svo að stór hluti launþega, og þó einkum og sér í lagi konur, búi við slík launakerfi.

Í upphafi var áætlað, að því er ég best veit, að könnun þessari og úrvinnslu gagna væri lokið um áramótin 1983—1984. Það var hins vegar ekki, en á fjárlögum 1984 er þó engin fjárveiting til þessa verkefnis og styrkbeiðni sem vinnuhópurinn sendi til Vísindasjóðs til þess að geta gert betri skil íslenska efninu var hafnað. Væri fróðlegt að vita hvers vegna framlag ríkisins var fellt niður.

Þegar ég lagði þessa fsp. hér inn á Alþingi miðvikudaginn 28. nóv. s. l. höfðu ekki verið birtar neinar niðurstöður þessarar könnunar, en föstudaginn 30. nóv. var lagður fram bæklingur á þingi ASÍ þar sem birtar voru niðurstöður hluta hennar. Útgefendur bæklingsins eru ASÍ, Verkamannasambandið og Landssamband iðnverkamanna. Hér á Alþingi hefur hins vegar ekkert heyrst um þetta mál og má það heita merkilegt. Það er því tímabært að fá fram hér upplýsingar frá hæstv. félmrh. um eftirtalin atriði:

1. Hvaða niðurstöður liggja nú þegar fyrir úr könnun sem gerð var að frumkvæði jafnréttisnefndar Norðurlandaráðs á áhrifum ákvæðislaunakerfa á heilsufar launþega?
2. Hverjir kosta þessar rannsóknir? — Þá spyr ég sérstaklega um þetta ár.
3. Hvenær lýkur þeim?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mun svara fsp. frá hv. 4. þm. Suðurl. sem spyr:

„1. Hvaða niðurstöður liggja nú þegar fyrir úr könnun sem gerð var að frumkvæði jafnréttisnefndar Norðurlandaráðs á áhrifum ákvæðislaunakerfa á heilsufar launþega?
2. Hverjir hafi kostað þessar rannsóknir?
3. Hvenær mun rannsóknum ljúka?"

Sú könnun sem hv. þm. mun eiga við er könnun sem norræna jafnréttisnefndin tók ákvörðun um að styðja á fundi 1981. Þegar lagt var úr höfn bar könnunin yfirskriftina „Jafnrétti og ákvæðisvinna". Í lýsingu á viðfangsefni rannsóknarverkefnis segir að markmiðið sé að varpa ljósi á hvernig vinnuhvetjandi launakerfi hafi áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og þróun jafnréttis kynjanna á vinnustaðnum og á heimilum. Gert var ráð fyrir að hér yrði um samanburðarrannsókn að ræða og bornar saman aðstæður í fiskvinnslu, fata- og vefjariðnaði í Danmörku og á Íslandi. Íslenski hluti rannsóknarinnar hefur að mestum hluta verið unninn af Gylfa Páli Hersi og Sigurlaugu S. Guðmundsdóttur.

Niðurstöður íslenska hluta könnunarinnar lágu fyrir í heild sinni þriðjudaginn 4. des. s. l. Áður hafði verið kynntur útdráttur úr niðurstöðum könnunarinnar í formi bæklings sem bar yfirskriftina „Fiskvinnsla. Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður fiskvinnslufólks". Þessi bæklingur var fyrst kynntur opinberlega á þingi Alþýðusambands Íslands sem haldið var vikuna 26.—30. nóv. s. l. Áætlað er að danski hluti könnunarinnar verði kynntur á þingi norrænu embættisnefndarinnar sem fjallar um jafnréttismál, en hún hélt fundi í Osló 9. des. s. l.

Í inngangi skýrslunnar um könnunina kemur fram að aðstandendur hennar töldu, fljótlega eftir að vinna við hana var hafin, nauðsynlegt að beina athygli sinni að vinnuaðstæðum, launakerfum og heilsufari verkafólks í fiskiðnaði, vefjariðnaði og fataiðnaði. Enn fremur var talið nauðsynlegt að rannsóknin tæki til landsins alls, en ekki til höfuðborgarsvæðisins, eins og í fyrstu var gert ráð fyrir.

Aðferðin, sem notuð var við könnunina, byggðist á útsendingu spurningalista til verkafólks í áðurgreindum starfsgreinum. Alls voru sendir út 865 spurningalistar. Endurheimtur voru góðar því 93% þeirra sem fengu spurningalistana endursendu þá útfyllta eða samtals 805. Af þessum 805 svörum voru 72% frá konum og 25% frá körlum.

Samtals voru lagðar 106 spurningar fyrir svarendur. 22 fjölluðu um vinnuna, 10 um launakerfið, 21 um vinnustaði og öryggismálin, 10 um jafnrétti og félagslega virkni, 25 um heilsufar og 16 um persónulega hagi. Hlutur vinnuumhverfisins og heilsufars var því strax stór í könnuninni.

Það síðarnefnda var metið á mismunandi hátt. Mikilvægustu þættirnir sem teknir voru til umfjöllunar í skýrslu um rannsóknina voru: 1. sjúkdómar, 2. veikindafjarvistir, 3. sjúkdómseinkenni, 4. vinnuslys og 5.

streita. Í skýrslunni er lýst útbreiðslu algengustu sjúkdóma og sjúkdómseinkenna. Kannað er samband þessara þátta við vinnuhraða, vinnustellingar og aðbúnað á vinnustað. Loks er greint frá sambandi heilsufars og vinnu í afkastahvetjandi launakerfum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að konur hafa leitað lækninga við 1.7 sjúkdómum að meðaltali, en karlar 1.0. Alls hafa 71% allra fiskvinnslukvenna, sem tóku þátt í rannsókninni, leitað lækninga, en 55% karla á því 12 mánaða tímabili þess sem spurt var um. Það kom í ljós að meðal kvenna er vöðvabólga langalgengust, en alls hefur þriðja hver kona leitað lækninga vegna vöðvabólgu á tímabilinu sem könnunin tók til.

Aðstandendur könnunarinnar telja að tíðni veikindafjarvista segi sína sögu um heilbrigðisástand verkafólks engu síður en fjöldi sjúkdóma og sjúkdómseinkenna. Spurt var hversu oft þátttakendur hefðu verið frá vinnu vegna veikinda s. l. 12 mánuði. Að meðaltali höfðu konur verið frá vinnu vegna veikinda 2.5 skipti í samtals átta daga og karlar í 1.5 skipti í samtals 5.7 daga.

Hvað varðar sjúkdómseinkenni kemur fram að konur hafa 4.5 sjúkdómseinkenni, en karlar 2.1. Einungis 14% kvenna hafa ekkert sjúkdómseinkenni og 31% karla. Alls hafa 38% kvenna fimm sjúkdómseinkenni eða fleiri. Mótsvarandi tala fyrir karla er 14%. Í skýrslunni kemur fram, að stærsti flokkur sjúkdómseinkenna er sliteinkenni í stoð- og hreyfikerfi. Alls hafa 52% kvenna sliteinkenni og 29% karla. Þar af eru vöðvabólgur algengastar, en 38% kvenna hafa einhver einkenni vöðvabólgu og 12% karla.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram að fimmti hver þátttakandi hefur orðið fyrir einu eða fleiri vinnuslysi. Bent er á að gera megi ráð fyrir að í 1000 manna hópi verði árlega um 30 vinnuslys. Algengast er að fólk skeri sig, en það á við um 33% þeirra kvenna sem orðið hafa fyrir vinnuslysum og 25% karla.

Spurningu um streitu svöruðu 47% kvenna þannig að þær töldu sig vera stressaðar. 34% karla svöruðu spurningunni á sama hátt. Í skýrslunni er vakin athygli á því að hér sé um að ræða sjálfsmat þátttakenda. Alls töldu 38% kvenna sig hafa einkenni vinnustreitu og 35% karla. Vinnustreita vegna vinnuálags er algengust meðal karla. Meðal kvenna væru helstu ástæðurnar þrjár: vinnuálag, launakerfi og persónulegar ástæður. Útbreiðsla vinnustreitu er mismunandi eftir aldri. Hún er algengust á aldrinum 20—29 ára hjá báðum kynjum. Við fertugsaldur verða ákveðin skil meðal kvenna. Yfir 40% af konum 40 ára og yngri hafa vinnustreitu, en 30% af þeim sem eru eldri.

Í skýrslunni er fjallað um sambandið milli vinnu og heilsufars. Í þeim hluta kemur fram að heilsufar kvenna sem vinna á of miklum vinnuhraða eða í óþægilegum skorpum er lakara en heilsufar fiskvinnslukvenna að meðaltali. Enn fremur er heilsufar þeirra kvenna sem annaðhvort þurfa að bogra mikið við vinnuna, lyfta þungum hlutum eða ýta/draga þunga hluti í vinnunni lakara en þeirra sem þurfa þess ekki. Þá leiddi rannsóknin í ljós að heilsufar fiskvinnslukvenna er mun lakara en karla. Heilsufar þeirra sem vinna við slæman aðbúnað er verra en þeirra sem ekki gera það. Heilsufar þeirra sem vinna á of miklum vinnuhraða eða í óþægilegum skorpum er verra en þeirra sem vinna á hæfilegum vinnuhraða.

Niðurstaða rannsókna er sú að heilsufar þeirra sem vinna í einstaklingsbundnari bónus er langverst. Aftur á móti er heilsufar þeirra sem vinna annaðhvort á tímakaupi eða í hópbónus betra en heilsufar fiskvinnslukvenna að meðaltali.

Álit aðstandenda könnunarinnar er það að vinnustreita og smááverkar eru þeir heilsufarsþættir sem sýna skýrast sambandið milli vinnu í einstaklingsbundnari bónus og lélegs heilsufars.

Þetta eru í mjög grófum dráttum helstu niðurstöður könnunarinnar sem fsp. fjallar um.

2. liður fsp. lýtur að því hverjir beri kostnaðinn af rannsókninni. Tveir aðilar hafa veitt fjármagn til þessa verkefnis. Jafnréttisnefnd Norðurlandaráðs studdi verkefnið á árinu 1982 með 216 þús. norskum kr. Árið 1983 fékk verkefnið 153 þús. norskar kr. Þess ber að geta að íslenski hluti verkefnisins fékk helming þessarar upphæðar þegar frá hafði verið dreginn ferðakostnaður og 10 þús. norskar kr. til að standa straum af prentkostnaði. Félmrh. veitti á árinu 1982 280 þús. kr. til verkefnisins og á árinu 1983 350 þús. kr. eða samtals 630 þús. kr.

Svarið við 3. liðnum er að þessari rannsókn er lokið.

Ég vil að endingu taka það skýrt fram að ofangreindar upplýsingar eru algerlega á ábyrgð höfunda skýrslunnar. Ég vil enn fremur taka skýrt fram að ekki hefur verið lagt neitt mat á vinnubrögð við gerð skýrslunnar eða efni hennar í félmrn. eða stofnunum sem heyra undir rn. Hins vegar vil ég taka það fram að Vinnueftirlit ríkisins hefur í undirbúningi að gera úttekt á vinnuaðstöðu fiskvinnslufólks. Sú úttekt var raunar ákveðin með tilliti til áðurnefndrar skýrslu. Það er nauðsynlegt að standa að þessum rannsóknum þannig að skipuð verði verkefnisstjórn, sem í eiga sæti aðilar sem málið snertir, sem vinnur með þeim sem framkvæma rannsókn á borð við þá sem hér er til umr.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. svör hans og þá kannske sérstaklega þá yfirlýsingu að áframhald verði á þeirri vinnu sem nú hefur hafist. Það getur orðið til ómetanlegs gagns ef áfram verður fylgst með áhrifum afkastahvetjandi launakerfa á heilsufar launþega og niðurstöður þessarar könnunar, sem nú þegar liggja fyrir, hafðar til samanburðar þannig að marktækur árangur náist. Það er nauðsynlegt að halda þessu starfi áfram, ekki síst með tilliti til þess að í dag liggja ekki fyrir neinar marktækar skýrslur um atvinnusjúkdóma. En það væri einnig fróðlegt að fá að heyra hvort hæstv. ráðh. hefur í hyggju að stuðla að útgáfu skýrslu þessa starfshóps á íslensku, þannig að allar lokaniðurstöður komist í aðgengilegu formi til þeirra sem tóku þátt í könnuninni, þ. e. verkafólks, og bendi ég þar á bæklinginn, sem dreift var á þingi ASÍ, til fyrirmyndar.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 4. þm. Suðurl. get ég sagt að ég tel sjálfsagt að athuga að gefa þessa skýrslu út. Hins vegar vil ég taka fram, eins og kom fram í svari mínu, að þessi skýrsla er fyrst birt 4. des. s. l. og ég hef því miður ekki enn þá fengið sjálfur eintak í hendurnar af skýrslunni frá nefndinni.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Örfá

orð. Ég vil upplýsa að þessi bæklingur sem 4. þm. Suðurl. er að vitna til, var kynntur á þingi Alþýðusambandsins og jafnframt skorað á verkalýðsfélög að kaupa a. m. k. eitt eintak fyrir hvern félagsmann sem ynni í fiskvinnslu. Upplagið var 5 þús. eintök og þau seldust upp á þinginu. Hygg ég að það ætti þá að vera nokkurt öryggi fyrir því að þetta kæmist í hendur þeirra sem við þessi störf vinna.

Hitt er athyglisvert og nánast ógnvænlegt, að við þennan undirstöðuatvinnuveg Íslendinga skuli atvinnusjúkdómar þeirra kvenna sem bónus stunda í fiskvinnslu vera 71%. Ég held að niðurstöður þessa bæklings gefi til kynna að hjá því verði ekki komist að gera rækilega úttekt í þessum efnum og það liggi fyrir endanlega staðfest að þarna ríkir ákveðið ófremdarástand.

Ég vil aðeins upplýsa að Verkamannasamband Íslands hefur í undirbúningi ráðstefnu meðal fiskvinnslufólks þar sem niðurstöður þessa bæklings verða sérstaklega til umræðu. Einstaklingsbundinn bónus í því formi sem hann er nú hefur löngum, að margra áliti, verið álitinn mjög gallaður, en jafnógnvekjandi tölum og hér liggja fyrir hefðu satt að segja fáir trúað. Ég legg því áherslu á að jafnhliða því sem ég lofa því að beita mér fyrir því að þetta verði rækilega rætt í samtökum verkafólks, sem hlut eiga að máli, fylgist ráðh. líka með, og ég veit að hann gerir það, hvaða ráðstafanir hægt er að gera til úrbóta ef ekki á að afnema þennan bónus algerlega — og það kemur fullkomlega til greina.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en hitt er umhugsunarvert, þegar svona skuggalegar tölur koma upp úr könnun, hvort við þyrftum ekki að gera meira að því að kanna vísindalega áhrif atvinnusjúkdóma, áhrif vinnuumhverfis og ganga síðan í gagngerðar endurbætur. Trú mín er sú að slíkar rannsóknir, eins og hér hafa verið gerðar og er það vel, hafi meira gildi í reynd en heilar spítalabyggingar. Ég held að það sé verkefnið sem öðru fremur liggur fyrir okkur að átta sig á hvar vandinn er og komast síðan fyrir hann í tíma.

Sameinað þing, 32. fundur.

Þriðjudaginn 11. des., að loknum 31. fundi.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. 199. mál (þskj. 226). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, þáltill. 202. mál (þskj. 231). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Geymsla kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. 204. mál (þskj. 239). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi, þáltill. 206. mál (þskj. 241). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afgreiðsla mála úr þingnefnd.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp til að vekja athygli á því og um leið að átelja að þáltill. sem ég flutti ásamt öðrum þm. Alþb. og fjallaði um sérstaka nefndarskipan vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi hefur nú verið í hv. atvmn. Sþ. í fast að mánuð án þess að vera tekin þar fyrir og í reynd skilst mér að sú nefnd hafi ekki komið saman, utan einu sinni til að kjósa sér formann. Till. þessi fjallar m. a. um aðgerðir sem snerta aðkallandi vanda í íslenskum sjávarútvegi og gert er ráð fyrir nefndarskipan sem skili inn tillögum til lausnar þessum vanda þegar um komandi áramót. Því er ljóst að eigi hún að ná tilgangi sínum þyrfti að hraða mjög störfum úr því sem komið er og annir fara nú vaxandi hér á þingi og þrengist um tíma þingnefnda til starfa. Þess vegna harma ég að tíminn hefur ekki verið betur nýttur í þessu skyni en raun ber vitni. Það er lítt viðunandi, finnst mér sem 1. flm. þessarar till., þegar heill þingflokkur gerir tillögur um mikið og aðsteðjandi vandamál í íslensku atvinnulífi, sem mjög er til umfjöllunar í fjölmiðlum þessa dagana, að till. sem beinlínis snertir þetta mál skuli liggja vikum saman órædd í einni nefnd á hv. Alþingi. Það samræmist illa, verð ég að segja, hugmyndum mínum um þingræðið og um lýðræðisleg vinnubrögð að sú skuli raunin vera.

Í þessari till. er heill þingflokkur að gera tillögur um málsmeðferð í þessu efni. Ég harma það enn og aftur að því skuli ekki meiri gaumur gefinn af þeim sem stýra verkum hér á þingi að heill þingflokkur hefur með þessum hætti sett fram sínar tillögur og lýst sinni stefnu til þessara mála. Ég hlýt því að átelja þessi vinnubrögð og fara fram á að úr þessu verði bætt hið snarasta, herra forseti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það verður aldrei nógu mikil áhersla lögð á að það séu greið og góð vinnubrögð um meðferð þingmála og það er sameiginlegt áhugamál forseta og hv. þm.

Það er rétt til upplýsingar að taka hér fram að í þessu tilfelli, sem hér hefur verið gert að umræðuefni, virðist ekki framar venju hafa dregist afgreiðsla máls, sem lagt hefur verið fyrir nefnd, nema síður sé. Þessu máli, sem um er rætt, var vísað til hv. atvmn. 15. nóv. Hinn 21. nóv. hvarf formaður atvmn. af þingi og var erlendis í opinberum erindagerðum til 5. des. Hinn 6. des. var þrem málum vísað til hv. atvmn. þannig að nú liggja fjögur mál fyrir hv. atvmn.

Því miður er formaður atvmn., hv. 4. þm. Reykv., ekki viðstaddur nú. Hann var viðstaddur hér í byrjun fundar, en kom að máli við forseta þegar nokkuð var liðið á fundinn um það að hann þyrfti að víkja af fundi

vegna lasleika.

Það sem hér hefur farið fram verður kynnt fyrir hv. 4. þm. Reykv. Það skal og taka fram að hv. 4. þm. Reykv. hefur tjáð forseta að fundur í atvmn. verði kallaður saman mjög fljótlega.

Fiskifélag Íslands, þáltill. 22. mál (þskj. 22). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 75. mál (þskj. 76). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bætt merking akvega, þáltill. 45. mál (þskj. 45). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um bætta merkingu akvega, sem er 45. mál Sþ. á þskj. 45. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingu akvega á landinu, setja upp aðvaranir við hættulegar ökuleiðir þar sem þær vantar eða þær eru ófullnægjandi og samræma allar merkingar vega alþjóðlegum reglum."

Grg. með till. er stutt, herra forseti, en segir þó flest sem segja þarf að mínum dómi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikið vantar á að leiðbeiningar- og aðvörunarmerkingar á íslenskum akvegum séu eins og best verður á kosið. Einkum og sér í lagi á þetta við um fjallvegi og ýmsar fáfarnari leiðir. Vaxandi umferð á þjóðvegakerfinu í heild gerir umbætur í merkingum nauðsynlegar og aukin umferð útlendinga með tilkomu bílferja og vaxandi umsvifum bílaleiga gera þörfina á alþjóðlegum merkingum og aðvörunum aðkallandi.

Tíðum óhöppum og slysum, sem í mörgum tilfellum má rekja til þekkingarleysis á viðkomandi aksturs-leiðum, mætti að líkindum fækka verulega með bættum merkingum sem skiljanlegar væru jafnt íslenskum sem erlendum ferðamönnum.

Þær merkingar, sem þóttu fullnægjandi á dögum brautryðjenda fjallaferða á landinu, eru það engan veginn í dag þegar segja má að landið liggi opið fyrir alþjóðlegri umferð. T. d., segir orðið „jeppavegur", þannig skrifað á krossviðarspjald, erlendum ferðamanni harla lítið um eðli og ástand viðkomandi vegar, enda ekki óalgengt að hitta fyrir á vegum, þannig merktum, erlenda ferðamenn í vandræðum á vanbúnum bílum.

Sérstökum viðvörunum um hættuleg jökulvötn, sandbleytu, sandstorma, snögg veðrabrigði á hálendinu og fleira því um líkt þyrfti að koma eftir því sem fært er á veggspjöld og á veggkort og gefa ítarlegri upplýsingar í handbókum.

Nauðsynlegt er að vinna að þessu í nánu samstarfi við ferðamálayfirvöld, ferðafélög, náttúruverndarráð, landeigendur og aðra sem málið varðar."

Við þetta þarf ég ekki miklu að bæta. Ég hef rætt þetta mál lítillega við starfsmenn umferðarmálaráðs og fleiri aðila sem kunnugir eru ástandinu í þessum efnum og ég hygg að ég megi segja að það hafi verið samdóma álit að átaks væri þörf í þessum efnum. Það er mín skoðun að okkur sé illa stætt á því, Íslendingum, að auglýsa landið okkar upp sem paradís ferðamanna, ekki síst óbyggðirnar, ef við ekki gerum allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja öryggi þeirra sem sækja okkur heim og reyndar okkar sjálfra í leiðinni.

Hér er ekki um kostnaðarsamar aðgerðir að ræða í sjálfu sér. Þvert á móti tel ég að verulega úrbót megi gera í merkingum t. d. hálendisveganna með tiltölulega litlum kostnaði. Það ber að hafa í huga að leiðangrar til aðstoðar bágstöddum ferðalöngum geta á móti kostað mikla peninga. Því er til nokkurs að vinna að fækka slíkum tilfellum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa að svo stöddu fleiri orð um efni þessarar till. Ég vænti þess að hún njóti velvilja hér á hv. sameinuðu þingi og fái liðlega afgreiðslu í nefnd. Ég segi þetta að gefnu tilefni.

Að loknum þessum hluta umr. legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka með örfáum orðum undir þessa till. hjá hv. 4. þm. Norðurl. e.

Ég þarf ekki fremur en flm. að rifja upp þau hörmulegu slys sem hér urðu á öræfunum í sumar. Mér er kunnugt um að í einu þessara tilvika a. m. k. lágu nýlegar slóðir eftir nýhefluðum vegi ofan í meinleysislega kvísl úr Skjálfandafljóti, svokallaða Rjúpnabrekkukvísl, og þess var engin von að lítt vanir ferðamenn áttuðu sig á því að þessi kvísl varð raunar að skaðræðisfljóti á þeim tíma dags sem þarna var um að ræða. Aðvörunarskilti á þessum stað með nokkrum einföldum ábendingum á erlendum tungum, sem hefði þó að geyma hvílíkum hættum íslenskar jökulár leyna, hefði e. t. v., ég segi ekki sennilega, bjargað mannslífum í þessu tilfelli því að útlendir ferðamenn lesa slík skilti, ég held fremur en sumir íslenskir ferðamenn. Vanir íslenskir fjallamenn hefðu t. d. í þessu tilfelli ekki farið í umræddá jökulá einbíla á þessum tíma dags. Óvanir Íslendingar gætu gert slíkt. Þá er ekki síður ástæða til að vara við en útlenda. Þess eru jafnvel vel þekkt dæmi að íslenskir ferðamenn hafa farið mjög óvarlega í þessum efnum. Dæmin um Krossá tilheyra svo að segja dagatalinu nú orðið.

Það er sennilega laukrétt hjá flm. að fjárhæðir sem þarna er um að ræða skipti ekki verulegu máli og ég er viss um að með því að virkja sjálfboðaliðastarf væri hægt að létta þann kostnað verulega. Ég vil sem sagt endurtaka stuðning minn við þessa till.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir þá till. sem hér hefur verið talað fyrir. Ég tel að hér sé um þarft og gott mál að ræða, og vona að hún fái afgreiðslu hér.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að það ber brýna nauðsyn til að merkja fjallvegi betur en gert er. Það er bæði nauðsynlegt frá öryggissjónarmiði og eins er það nauðsynlegt frá náttúruverndarsjónarmiði því að leiðir sem merktar eru keyra menn, en keyrsla vítt og breitt um öræfin mundi minnka að miklum mun ef merkingar væru betri en nú er.

Það hefur verið rakið hér öryggissjónarmiðið í þessu sambandi. Það er mjög nauðsynlegt að merkja hættulega staði. Ég veit t. d. að sjálfboðaliðar hafa merkt íshellinn í Kverkfjöllum sem er stórhættulegur staður. Menn hafa gengið þar undir lausa ísfleka án þess að depla auga, en nú er þó komið skilti sem sjálfboðaliðar hafa sett upp þar sem bent er á hættuna.

Í þessu sambandi er vert að minna á ferðafélagsdeildirnar sem víða eru starfandi og hafa áhuga. Það væri auðvelt að koma á samstarfi við þessar deildir og til þess að spara kostnað í þessu sambandi ef þær fengju aðeins þau tæki upp í hendurnar sem þær þurfa að nota og þær merkingar tilbúnar sem við eiga. Mér er kunnugt um fjölmarga sem hafa á þessu mikinn áhuga og mundu leggja sitt af mörkum.

Það er t. d. á Austurlandi mikil umferð útlendinga um fjöll og firnindi, eins og oft hefur verið rakið. Þeir koma til landsins með bílferjunni. Ég held að það muni 90% af þessum útlendingum fara eftir þeim leiðbeiningum sem settar væru upp. Auðvitað þarf að hafa hóf á þessu eins og öðru og rata hinn gullna meðalveg, þannig að þeir staðir sem raunverulega eru hættulegir verði merktir. Þá mundu útlendingar fara eftir þessu langflestir. Ég held að þetta sé yfirleitt löghlýðið fólk og fólk sem fer eftir settum reglum. Það er okkar reynsla. Ég vildi því eindregið hvetja til að þessi þáltill. nái fram að ganga.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka þær jákvæðu undirtektir sem till. hefur fengið og taka undir það, sem kom fram í máli ræðumanna, að sjálfsagt er við framkvæmd hennar, ef af verður, að hafa fullt samstarf og samráð við ýmsa aðila, jafnvel þá í sjálfboðavinnu, til að koma þessu verki í framkvæmd. Það gæti enn frekar dregið úr þeim annars tiltölulega litla kostnaði sem ég held að hér sé í húfi.

Ég vil minna á í leiðinni að reyndar eru til fleiri leiðir en akvegir og annars konar umferð en bifreiðaumferð. Þetta mætti að nokkru leyti heimfæra yfir á gönguleiðir sem nú er í vaxandi mæli verið að leggja og merkja um landið. Þar þarf að sjálfsögðu einnig að gera allt sem hægt er til að tryggja öryggi þeirra sem eftir þeim fara. Því miður höfum við einnig orðið að upplifa óhöpp í þeim efnum á síðustu árum.

En aðalatriðið er í mínum huga að þetta verði gert, hverjir sem það nú gera, og að einhver hafi yfir því umsjón að það sé gert og það sé gert á fullnægjandi hátt.

Ég vil síðan þakka aftur þær jákvæðu undirtektir sem till. hefur hér fengið og vona að þær greiði enn frekar götu hennar í gegnum þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjármögnun krabbameinslækningadeildar, þáltill. 104. mál (þskj. 108). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni, Helga Seljan og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að flytja hér till. til þál. um fjármögnun krabbameinslækningadeildar. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að stofna til þjóðarátaks til að fullgera megi krabbameinslækningadeild á Landspítalalóð á næstu 3—4 árum.

Fjár verði aflað með eftirfarandi hætti:

— Gefinn verði út sérstakur skuldabréfaflokkur að upphæð a. m. k. 125 millj. kr. til sex ára með verðtryggðum kjörum og á vöxtum sem Seðlabankinn ákveður. Skuldabréfin skulu undanþegin skattskyldu.

— Ríkissjóður leggi til árlega þá fjárhæð sem á vantar til að ljúka megi krabbameinslækningadeildinni á næstu 3—4 árum.

Ríkissjóður skal þegar í upphafi leggja fram það fjármagn sem þarf til þess að örva sölu skuldabréfa með skipulegri upplýsingamiðlun í fjölmiðlum um nauðsyn þess þjóðarátaks sem til er stofnað. Upplýsingar þessar skulu unnar í samráði við læknaráð Landspítalans".

Segja má að sú leið sem hér er lögð til í fjármögnun krabbameinslækningadeildar sé nokkuð óvenjuleg, en hér er um að ræða eitt brýnasta verkefnið á sviði heilbrigðisþjónustu, sem úr hömlu hefur dregist að hrinda í framkvæmd, og ekki er fyrirsjáanlegt, ef er miðað við fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir, að breyting verði þar á. Þess vegna er sú leið valin sem hér er lögð til. Það sést kannske best á því að þó að fimm ár séu nú liðin síðan undirbúningur hófst að uppbyggingu krabbameinslækningadeildar á Landspítalalóð hefur framkvæmdum ekkert miðað vegna fjárskorts. Eftir mikið þref við síðustu fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1984 var loks samþykkt að veita 12 millj. kr. til K-byggingarinnar, en með því fé hefði verið unnt að láta fara fram útboð og hefja jarðvegsframkvæmdir, en stefnt var að því að ljúka þeim á þessu ári. Leyfi til að hefja framkvæmdir hefur hins vegar ekki fengist og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 er, eins og áður er sagt, ekki gert ráð fyrir neinu fé til framkvæmda. Því er í þessari till. lagt til að farin verði sú leið að afla fjár með því að gefa út sérstaka skuldabréfaflokka að upphæð a. m. k. 125 millj. kr.

Ég tel óþarft að fara hér nákvæmlega út í það hve brýnt er orðið að koma hér upp krabbameinslækningadeildinni, enda var ítarlega rætt um það á síðasta þingi. M. a. kom þá til umr. grg. stjórnar læknaráðs Landspítalans frá því í nóv. 1983, en þar kom fram að það kóbalttæki sem notað hefur verið til krabbameinslækninga er orðið úrelt og svarar ekki lengur kröfum tímans. Í því sambandi má benda á að ég hef þær upplýsingar nú að þeir sem gerst þekkja til varðandi kóbalttæki telja að það endist ekki miklu lengur og sé í raun að verða ónýtt. Það mundi í allra mesta lagi endast kannske í 3—4 ár til viðbótar. Þá þurfi það að fara í mjög dýra viðgerð sem kosta muni um helming af verði tækisins.

Í mörg undanfarin ár hefur stjórn læknaráðs Landspítalans leitað eftir því að fá að festa kaup á nauðsynlegu geislameðferðartæki, línuhraðli, en línuhraðlar

þurfa mjög miklar geislavarnir og ekkert húsnæði á Landspítalalóð uppfyllir þær geislavarnakröfur sem slíkt tæki þarf. Kom fram í grg. læknaráðsins að ef ekki verður leyst úr vanda deildarinnar sé ljóst að geislameðferð muni falla niður vegna úreltrar aðstöðu. Margir krabbameinssjúklingar, sem á s. l. ári hafa notið geislameðferðar í þessari deild Landspítalans, verða þá tilneyddir til þess að leita lækninga erlendis. Því fylgir mjög mikill kostnaður. Fram kom á s. l. þingi að á árunum 1979—1983 hefði þurft að senda utan 144 sjúklinga til krabbameinslækninga vegna aðstöðuleysis hérlendis. Hæstv. heilbrmrh. upplýsti á Alþingi s. l. vetur að frá 1. jan. 1983 til 28. nóv. 1983, eða á 11 mánaða tímabili, hefðu fjórtán sjúklingar farið utan til lækninga og hefði kostnaðurinn numið 5 millj. 585 þús. kr. eða tæplega 400 þús. kr. kostnaður á hvern sjúkling. Upplýst er að í geislameðferð komu á árinu 1983 289 sjúklingar og talið var að um helmingur, eða ⅔ hluti þeirra, þyrfti á geislameðferð í línuhraðli að halda, sem enn er ekki fyrir hendi hér á landi. Af því má sjá að ef um helmingur þeirra sjúklinga sem þurfa á sérstakri geislameðferð að halda yrði sendur til útlanda til krabbameinslækninga, þá þyddi það, miðað við þessa forsendu, 57—58 millj. kr. árlega. Til samanburðar má geta þess að til að fullgera krabbameinslækningadeildina þyrfti árlega næstu fjögur árin um helmingi lægri upphæð til framkvæmdanna.

Í byrjun þessa árs var sú ákvörðun tekin af hæstv. heilbrmrh. að áfangaskipta K-byggingunni sem gæti þá orðið til þess að mun fyrr væri hægt að taka krabbameinslækningadeildina í notkun. Í grg. frá yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, dags. 17. okt. 1984, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þeirri byggingaráætlun sem valin hefur verið á fyrst að steypa upp röskan þriðjung hússins, en síðan að innrétta krabbameinslækningadeild á fjórða ári framkvæmda. Síðari áfangi hæfist með smíði lagnagangs, en svo yrði ráðist í að ljúka uppsteypu alls hússins og loks að innrétta aðrar deildir. Samkv. frumáætlununum er byggingarkostnaður í 1. áfanga talinn 123 millj. kr., en kostnaður vegna tækja og búnaðar 65 millj. kr. Á fjárlögum fyrir árið 1984 voru veittar 12 millj. kr. til framkvæmda og var áætlað að það, ásamt eftirstöðvum fyrri fjárveitinga, dygði að mestu til jarðvegsvinnu vegna 1. áfanga."

Einnig kemur fram í þessu bréfi að hæstv. heilbrmrh. og hæstv. fjmrh. hafi gert með sér samkomulag um fjármögnun framkvæmda að því er krabbameinslækningadeildina varðar, en í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Í tengslum við framkvæmdaákvarðanir gerðu heilbrmrh. og fjmrh. með sér samkomulag um fjármögnun framkvæmda þess efnis að auk 12 millj. kr. 1984 skyldi stefnt að því að fjárveitingar til K-byggingar næmu 23 millj. kr. 1985 og a. m. k. 30 millj. kr. á árunum 1986—1988 eða alls 125 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 166 stig."

Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort hægt væri að ná í hæstv. fjmrh. Mig langaði til að spyrja hann út í það samkomulag sem hér hefur verið gert. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. hefur fyrir nokkru tjáð forseta að hann þyrfti að hverfa af fundi vegna starfa og hann er því ekki í húsinu núna.)

Það verður að teljast nokkuð furðulegt, miðað við það samkomulag sem ég hef hér greint frá, sem hæstv. heilbrmrh. og hæstv. fjmrh. virðast hafa gert með sér samkv. þessu bréfi, að ekki er að finna í fjárlögunum fyrir árið 1985 eina einustu krónu til krabbameinslækningadeildarinnar. Ég tel að þetta þurfi skýringar við og hefði verið æskilegt að fjmrh. hefði verið hér viðstaddur til að svara þeirri spurningu hvort hann mundi þá við afgreiðslu fjárlaga beita sér fyrir því að sú fjárhæð, sem samkomulag varð um milli hans og heilbrmrh., verði sett í krabbameinslækningadeildina á næsta ári.

Í þessu bréfi frá yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„Framkvæmdir við byggingu K hafa ekki hafist á þessu ári. Meginástæðan er sú að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir taldi að ekki ætti að ráðast í jarðvegsframkvæmdir fyrr en á haustmánuðum, bæði til þess að ekki yrði óeðlilegt hlé á framkvæmdum að jarðvinnu lokinni svo og vegna þess að ætla mætti að betri tilboð bærust í verkið þegar annatími sumarsins væri liðinn hjá. Leyfi til framkvæmda á haustmánuðum hefur hins vegar ekki fengist þar sem ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til framhalds verksins í fjárlagafrv. fyrir árið 1985. Í samræmi við samkomulag heilbrmrh. og fjmrh. gerði yfirstjórn tillögu um að 25 millj. kr. yrðu veittar til K-byggingarinnar 1985. Var þá reiknað með að jarðvinnu lyki 1984, en á næsta ári yrði unnið að undirstöðum og byrjað á uppsteypu hússins. Við þessar áætlanir má standa ef ákvarðanir um framhald eru teknar fljótlega, þannig að enn sem fyrr er unnt að reikna með verklokum við krabbameinslækningadeild á árinu 1987."

Herra forseti. Það er ljóst að mjög nauðsynlegt er að hraða framkvæmdum til að fullgera megi krabbameinslækningadeildina, sem ekki aðeins hefur sparnað í för með sér til lengri tíma litið heldur gerir og kleift að veita krabbameinssjúklingum þá lífsnauðsynlegu þjónustu hér á landi sem þeir þurfa. Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að mjög brýnt er orðið að leita allra ráða til að fullgera megi krabbameinslækningadeildina á sem skemmstum tíma og ef ekkert fjármagn verður veitt til framkvæmda á næsta ári er einsýnt að verulegur dráttur verði á að þær hefjist.

Þessi till., sem hér er mælt fyrir, var fyrst og fremst fram borin þar sem ekki var gert ráð fyrir neinu fjármagni á fjárlögum til þessa verkefnis. Hér er vissulega farin önnur leið en vanalega er farin, en það er ekki ólíklegt, miðað við hvað dregist hefur úr hömlu að hefja framkvæmdir, að þessi till. geti stuðlað að því að fyrr en ella yrði unnt að taka krabbameinslækningadeildina í notkun þannig að nútímameðferð í geislalækningum geti hafist hér á landi. Jafnvel þó nú við fjárlagaafgreiðslu yrði veitt fjármagni til krabbameinslækninga, sem fastlega verður að vona miðað við það samkomulag sem hæstv. heilbrmrh. og hæstv. fjmrh. hafa gert með sér, mætti einnig samhliða fara þá leið sem hér er lögð til, enda er ráð fyrir því gert í till. að auk þess sem gefinn yrði út sérstakur skuldabréfaflokkur kæmi einnig fé á framkvæmdatímanum úr ríkissjóði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till., en legg til að henni verði vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 157. mál (þskj. 162). — Fyrri umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 162 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Till. þessi er flutt af þm. úr öllum flokkum í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum en flm. eru auk mín Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson og Kristín Halldórsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. í samráði við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að samræma rekstur almenningsfarartækja á höfuðborgarsvæðinu.

Könnuð verði almenn og þjóðhagsleg hagkvæmni slíks sameiginlegs samgöngukerfis og gerð langtímaáætlun um almenningssamgöngur á svæðinu.

Kostnaður við slíka athugun og áætlanagerð greiðist úr ríkissjóði.“

Þessi þáltill. var lögð fram seint á síðasta þingi svo að þá gafst ekki tími til að mæla fyrir henni. Hún er því endurflutt nú óbreytt að öðru leyti en því að í grg. er nokkrum tölum breytt vegna nýrra upplýsinga. Flm. hafa notið ráðgjafar Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Svohljóðandi grg. fylgir till., með leyfi hæstv. forseta:

„Almenningssamgöngur í þéttbýli eru nú orðnar mjög mikilvægur þáttur í samgöngumálum landsmanna. Auðveldar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu eru algert grundvallaratriði til þess að það fólk, sem þar býr, geti fært sér í nyt þá aðstöðu og tækifæri sem þar er að finna. Þeir sem hafa yfir einkabifreið að ráða eru hér tiltölulega vel settir, en mikill fjöldi fólks hefur ekki yfir slíkum farkosti að ráða. Þessu fólki þarf líka að tryggja góða samgöngumöguleika um svæðið, hvort heldur um er að ræða unga, gamla, hreyfihamlaða eða aðra sem þurfa á sérstakri flutningaþjónustu að halda.

Samgöngukostnaður á þessu svæði hefur einnig vaxið mjög ört á undanförnum árum með útþenslu byggðar og hækkandi bensínverði. Nú er svo komið að ekki er óalgengt að samgöngukostnaður fjögurra manna fjölskyldu á þessu svæði sé orðinn allt að 10 þús. kr. á mánuði. Þetta mál verður þeim mun alvarlegra ef til þess er litið að á höfuðborgarsvæðinu búa nú um 54% þjóðarinnar.

Fjórir aðilar sjá um að veita almenningsflutningaþjónustu á svæðinu: Mosfellsleið, Strætisvagnar Reykjavíkur, Strætisvagnar Kópavogs og Landleiðir. Þessi þjónusta er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og hverfum. Byggðin norðan Fossvogslækjar og vestan Elliðaáa nýtur bestrar þjónustu. Fyrir byggð utan þessa svæðis er ferðatíminn lengri, skiptihlutfall (hlutfall þeirra, sem skipta um vagn, af heildarfjölda farþega) hærra og ferðatíðni lægri. Í grófum dráttum gildir að þjónustugæðin eru lakari eftir því sem sveitarfélagið er minna og fjarlægð þess frá þungamiðju höfuðborgarsvæðisins er meiri. Í Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi er t. d. engin almenningsvagnaþjónusta.

Skipulag almenningsvagnaþjónustu verður ekki slitið úr samhengi við aðra þætti samgöngumála þannig að vel fari. Þess vegna er lagt til að mörkuð verði almenn stefna í samgöngumálum fyrir höfuðborgarsvæðið áður en markmið fyrir skipulag almenningsvagnaþjónustu verða endanlega ákveðin. Mestu skiptir að ákveðin festa ríki í skipulagi þessara mála. Mörgum fyrirtækjum og stofnunum er valinn staður með tilliti til samgangna og tíðar breytingar, bæði á leiðum og skiptistöðvum, geta haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir margs konar rekstur og valdið fólki miklum óþægindum.

Almenningsvagnaþjónusta verður heldur ekki skipulögð algjörlega innan vébanda einstakra sveitarfélaga svo að vel sé. Á vegum Reykjavíkurborgar stendur yfir endurskoðun á leiðakerfi Strætisvagna Reykjavíkur. Æskilegt er að sú endurskoðun verði þáttur í samræmdu framtíðarskipulagi almenningsvagnaþjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem lagt er til að að verði unnið.

Samkvæmt almenningsvagnakönnun 1976 var farþegafjöldi á höfuðborgarsvæðinu 46 600 á virkum degi. Þetta jafngildir 0.4 farþegum á íbúa á dag. Þetta er fremur lítið saman borið við aðrar borgir á Norðurlöndum af svipaðri stærð, sérstaklega þegar um er að ræða borgir með svipað loftslag og hnattstöðu. Á sama tíma og farþegum með SVR hefur fækkað úr 17.5 millj. árið 1962 niður í 11.5 millj. árið 1981, eða um 34%, hefur vegalengd vagna SVR samt aukist úr 3.1 millj. km á ári upp í 4.3 millj. km á ári. Þetta jafngildir því að farþegakílómetrum hafi fækkað um 9% ef gert er ráð fyrir að meðallengd ferðar með SVR hafi aukist jafnmikið og ekin vegalengd vagna SVR.

Þrátt fyrir tiltölulega góða nýtingu vagnakosts er mikið tap á rekstri almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu. Heildarútgjöld voru um 180 millj. kr. árið 1983. Hins vegar voru fargjaldatekjur aðeins um 130 millj. kr. þannig að halli var um 50 millj. kr. Eignabreytingar eru þar meðtaldar. Útlit er fyrir að halli á rekstri almenningsvagna eigi enn eftir að aukast verulega í framtíðinni, ef ekkert verður að gert, vegna væntanlegrar aukningar á bílaeign og lengri ferðum (vegna stækkunar byggðra svæða). Samræming á rekstri almenningsfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu mun leiða af sér umtalsverðan þjóðhagslegan sparnað, bæði hjá rekstraraðilum og eins óbeinan sparnað hjá hinum almenna borgara.

Hvað viðvíkur sparnaði hjá rekstraraðilum má nefna ýmis augljós dæmi. Sums staðar aka vagnar á vegum tveggja eða fleiri aðila, hlið við hlið, langar leiðir, hálftómir utan annatíma. Annar galli við ósamræmdan rekstur er sá að aðilar eru bundnir við ákveðin sveitarfélög og flestar leiðir almenningsvagna enda í miðborg Reykjavíkur. Ljóst má vera að hagkvæmara og betra kerfi næst með því að líta á allt svæðið sem eina heild og taka upp samvinnu milli fyrirtækja. Grundvallaratriði í slíku samræmdu kerfi yrðu góðar skiptistöðvar, t. d. í Mjóddinni í Breiðholti og miðbæ Kópavogs, þar sem allar leiðir á viðkomandi svæði kæmu inn í skiptistöð samtímis. Yrði þannig um fullkomna skiptimöguleika að ræða. Ofangreindar endurbætur mundu leiða til einhverrar aukningar á farþegafjölda og þar með aukinna tekna.

Hagkvæmni samræmingar fyrir rekstraraðila eykst eftir því sem fram líða stundir með ört vaxandi byggð. Gildir þetta sérstaklega um suður- og austurhluta höfuðborgarsvæðisins. Erfitt er að meta þessa hagkvæmni á þessu stigi, en ef gert er ráð fyrir að rekstrarsparnaður yrði 5% mundu sparast u. þ. b. 10 millj. á ári. Hjá hinum almenna borgara yrði einnig um

að ræða þjóðhagslegan sparnað. Við þær endurbætur, sem samræming leiðakerfa mundi hafa í för með sér, yrði eins og fyrr greinir einhver aukning á farþegafjölda. Hluti hinna nýju farþega yrði fyrrverandi bílstjórar. Þjóðhagslegur sparnaður yrði þá fólginn í sparnaði á rekstri einkabíla. Erfitt er að meta þann sparnað sem samræmt almenningsvagnakerfi mundi leiða af sér á þessu sviði miðað við ósamræmt kerfi, en þó má telja líklegt að þarna yrði sparnaður sem næmi einhverjum tugum millj. kr. á ári. Í þessu sambandi má geta þess að rekstur einkabifreiða á höfuðborgarsvæðinu kostar nú u. þ. b. 7 milljarða kr. á ári (lauslega áætlað).

Nú er unnið að svæðaskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem tekur til þróunar þessa svæðis á mörgum sviðum næstu 20 ár. Mikilvægt er að samræmd áætlun um almenningssamgöngur verði hluti af þessari stefnumótun.

Hér er um mjög mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla þá sem byggja þetta svæði. Þessu máli verður ekki ráðið til lykta svo að vel sé innan vébanda hvers sveitarfélags fyrir sig og ekki án þess að mörkuð sé ákveðin stefna sem tekur bæði mið af núverandi byggð og fyrirhugaðri þróun þessa svæðis.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af kostnaði við gerð þessarar athugunar og áætlunar með hliðsjón af því að samgönguáætlanir fyrir ýmsar byggðir og landsvæði hafa verið gerðar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Með tillögunni er ráðherra og forsvarsmönnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ætlað að ná samkomulagi um frekari framgang málsins."

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þáltill. 200. mál (þskj. 227). — Fyrri umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 227, 200. máli þingsins. Þáltill. sú, sem hér er lögð fram um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, er í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en þar segir:

„Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa fimm manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntmrh. skipar einn fulltrúa frá athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrrh. einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félmrh. einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar."

Nefndin tók til starfa í júlí 1983 og skilaði ítarlegri grg. og tillögum í apríl 1984. Áður en fjallað verður um tillögur og grg. nefndarinnar vil ég rekja í stuttu máli nokkuð aðdraganda og forsögu þess að sérstök nefnd var skipuð með lögum til að fjalla um einn þátt þeirrar þjónustu sem lögin um málefni fatlaðra gera ráð fyrir og félmrn. ber skylda til að koma í framkvæmd.

Í lögum um aðstoð við þroskahefta, sem voru í gildi frá 1. jan. 1980 til 1. jan. 1984, var ákvæði í 10. gr. þeirra laga um Greiningarstöð ríkisins og var það eitt af mörgum nýmælum í þeim lögum. Með tilkomu þeirra var strax augljóst að mikil þörf væri á slíkri stofnun til að samræma og láta í té þjónustu við þroskahefta og aðstandendur þeirra á viðunandi hátt. Af hálfu félmrn. var strax á árinu 1980, í samráði við starfsfólk í Kjarvalshúsi, hafinn undirbúningur að byggingu húss fyrir þessa starfsemi. Frá upphafi þótti eðlilegt að leita eftir samvinnu við athugunardeildina í Kjarvalshúsi þar sem þar var fyrir hendi vísir að starfsemi hliðstæðri þeirri sem fyrirhuguð var í Greiningarstöð ríkisins.

Reykjavíkurborg úthlutaði lóð við Dalbraut og mikil og vönduð vinna var lögð í hönnun hússins þar sem margir sérfræðingar lögðu sitt af mörkum í því skyni að húsið hentaði sem best þörfum fatlaðra og þeirri starfsemi sem húsið átti að hýsa. En því miður fékkst ekki nægur stuðningur við framkvæmd þessa af hálfu þáverandi stjórnarnefndar um málefni þroskaheftra, sem taldi framkvæmdina of dýra miðað við fjárhagslega getu framkvæmdasjóðsins. Talið var að aðrar framkvæmdir þyrftu að hafa forgang. Þar með varð ekki af frekari framkvæmdum vegna Greiningarstöðvarinnar.

Þá verður einnig að nefna hér að samningaumleitanir milli félmrn. og menntmrn. um stöðu athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi hafa ekki skilað árangri enn sem komið er.

Þegar unnið var að samningu frv. til l. um málefni fatlaðra var komin nokkur reynsla varðandi uppbyggingu á þjónustu fyrir þroskahefta og öryrkja vegna þáverandi laga um aðstoð við þroskahefta. Sú reynsla sýndi að forsenda fyrir vel samræmdri og skipulegri faglegri þjónustu væri greiningar- og ráðgjafarstöð þar sem alhliða fagleg þekking væri til staðar ásamt þeirri ábyrgð að veita samfellda þjónustu og fylgja eftir þeirri aðstoð sem nauðsynleg er svo lengi sem þörf væri á. Einnig að miðla faglegri þekkingu til annarra stofnana sem annast meðferð fatlaðra svo og til svæðisstjórna og starfsmanna þeirra og stjórnarnefndar um málefni fatlaðra.

Það er m. a. út frá þessu sjónarmiði sem 16. gr. laga um málefni fatlaðra er samin, um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Vil ég leyfa mér að lesa þessa grein eins og hún er í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra:

„VI. kafli.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

16. gr.

Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum skv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og heyrir hún undir félmrh. Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra, forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.
3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum

stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu á starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.
6. Þjálfun starfsstétta, sem annast þjónustu við fatlaða skv. 6. og 7. gr., samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla sem annast menntun starfsmanna á viðkomandi sviðum.
7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
8. Veita svæðisstjórnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félmrn. og svæðisstjórnir.
10. Vera félmrn. til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga á þessu sviði, sbr. 25. gr.
11. Hjálpartækjaþjónusta.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu í málefnum fatlaðra og skal hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir.

Framkvæmdastjóri skal sjá um fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar og umsjón með daglegum rekstri. Félmrh. skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er jafnframt stjórnarnefnd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Ráðh. skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar."

Í grg. sem fylgdi frv. til l. um málefni fatlaðra segir m. a. um 16. gr.:

„Gert er ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði algerlega sjálfstæð stofnun og engri annarri stofnun háð sem slík. Eins og fram kemur í kaflanum um Greiningar- og ráðgjafarstöðina er um starfsemi að ræða sem að hluta til er fyrir hendi og hefur farið fram á ýmsum stöðum án samræmingar og gerir það að verkum að enginn einn aðili er ábyrgur fyrir ráðgjöf, samfelldri aðstoð og þjónustu við fötluð börn og unglinga, foreldra þeirra og forráðamenn. Þetta veldur því að margir fara á mis við nauðsynlega aðstoð.

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ekki gert ráð fyrir innlögnum af neinu tagi. Hins vegar er gert ráð fyrir göngudeildarþjónustu og meðferðardeildum fyrir þá einstaklinga sem þess þurfa með, sbr. tölul. 1—3 í 16. gr.

Rannsókn og greining þroskahefts/fatlaðs einstaklings getur spannað yfir skemmri eða lengri tíma. Ekki er í stuttu máli unnt að gefa fullnægjandi lýsingu á hvernig slíkt fer fram. Hér er um einstaklingsbundnar athuganir/greiningu að ræða, sem fer eftir aldri, fötlun, þroskahömlun, líkamlegri, andlegri eða hvort tveggja.

Margir sérfræðingar þurfa oftast að koma við sögu varðandi hvern einstakling, svo sem læknar, sálfræðingar, sjúkraþjálfar, talkennarar, félagsráðgjafar o. fl.

Augljóst er að rannsókn og greining er ferli sem getur spannað yfir lengri eða skemmri tíma og felur í sér ýmiss konar prófanir og mat á ástandi einstaklingsins og aðferðum til að örva og þjálfa þroska til að bæta úr meðfæddum og/eða áunnum ágöllum.

Einn og sami einstaklingur getur þurft á meðferð og þjálfun að halda frá unga aldri til fullorðinsára. Ekki er þó þar með sagt að slíkt fari fram á greiningar- og ráðgjafarstöð. En þar yrði athugað hvaða þjálfunaraðferðir henta sem aðrir meðferðaraðilar, e. t. v. foreldrar, fóstrur, þroskaþjálfar, sálfræðingar o. fl., gætu notað, en þjálfunaráætlanir og aðferðir eru eins margar og einstaklingarnir sem þarfnast þeirra og jafnframt taka þær breytingum eftir því þroskastigi sem einstaklingurinn er á hverju sinni.

Í þessu felst að reglubundið eftirlit og endurmat á framförum og þroska hins fatlaða er í verkahring stofnunarinnar að annast og sjá um.

Að lokinni fullnægjandi athugun og greiningu eða annarri þjónustu, sem stofnunin getur og telur nauðsynlegt að láta í té, er tekin ákvörðun um tilvísun til annarra stofnana og meðferðaraðila þar sem viðeigandi og áframhaldandi þjálfun og þjónusta er veitt.

Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að leita ávallt viðeigandi úrræða.

Þetta útheimtir að starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar verður að þekkja til hlítar aðrar stofnanir sem annast þjónustu við fatlaða og þroskahefta. Náin samvinna þarf að vera milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og annarra stofnana, enda er gert ráð fyrir að þær geti fengið faglegar leiðbeiningar þegar þess er óskað.

Í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er gert ráð fyrir þjónustu leikfangasafns og hafa ekki verið gerðar áætlanir um önnur leikfangasöfn af þessari tegund á öllu stór-Reykjavíkursvæðinu. Auk útlána og ráðleggingarþjónustu við foreldra fatlaðra barna er gert ráð fyrir að veittar verði leiðbeiningar til allra svæða landsins viðvíkjandi uppbyggingu og þjónustu leikfangasafna.

Telja verður í alla staði hagkvæmt að fella þessa starfsemi að annarri þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar bæði frá faglegu og rekstrarlegu sjónarmiði.

Þess má geta til fróðleiks að víða erlendis eru leikfangasöfn sérstakar stofnanir sem eiga sér langa starfsreynslu og þekkingu að baki. Þjónusta af þessu tagi er ákaflega mikilvæg fyrir foreldra fatlaðra barna og hefur þróast ört síðustu áratugi með tilkomu nýrrar tækni og þjálfunartækja...

Mikilvægt hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar er að veita starfsstéttum þekkingu og þjálfun annaðhvort sem viðurkenndan hluta af námi eða hagnýta reynslu að námi loknu. Þetta gæti átt við sjúkraþjálfa, fóstrur, þroskaþjálfa, sálfræðinga, lækna, félagsráðgjafa o. fl.

Mikil þörf er á að skapa möguleika og tækifæri fyrir fólk sem vill sérhæfa sig í störfum á þessu sviði.

Benda má á að þekking hefur aukist gífurlega á

síðustu árum varðandi þjálfunaraðferðir og uppeldi fatlaðra barna. Ný tækni er að ryðja sér til rúms sem krefst sérþekkingar og kunnáttu og fæst ekki nema við starfsreynslu undir leiðsögn hæfra manna. Kröfur foreldra um fullnægjandi meðferð og aðstoð munu fara vaxandi á næstu árum í kjölfar aukinnar þekkingar á þessum sviðum.

Það leiðir af sjálfu sér að skráning og varðveisla upplýsinga hlýtur að eiga best heima á stofnun sem þessari. Setja þarf nákvæmar reglur um það hvernig farið verður með upplýsingar bæði innan stofnunarinnar og í sambandi við aðra aðila.

Mjög mikilvægur þáttur í starfi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar eru leiðbeiningar fyrir svæðisstjórnir varðandi vistun og faglegt mat á því hvar hinn fatlaði/þroskahefti eigi best heima, þ. e. hvað henti hverjum og einum best, hvaða úrræði séu fyrir hendi sem hægt er að nýta.

Eins og þessum málum er nú háttað hér á landi er engin ein stofnun til sem svæðisstjórnir geta leitað til varðandi vistunarmál skjólstæðinga sinna sem þarfnast úrlausnar. Þetta veldur því að einstaklingsmál flækjast stundum um í kerfinu frá einni stofnun til annarrar án þess að viðunandi lausn fáist. Þetta ástand er óviðunandi og verður að breytast."

Gert er ráð fyrir að svæðisstjórnir geri áætlanir um uppbyggingu á svæðinu. Forsendur fyrir slíkri áætlunargerð eru að sjálfsögðu kannanir og athuganir á aðstæðum og högum þroskaheftra og fatlaðra. Á s. l. árum hefur félmrn. beitt sér fyrir slíkum könnunum og fengið til liðs við sig félagsfræðinga frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Í framtíðinni væri eðlilegt að tengja slíkar rannsóknir starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Enn fremur þarf að efla rannsóknir á ýmsum sviðum þroskahömlunar og fötlunar og hlýtur slíkt að verða einn þáttur í starfi stofnunarinnar þegar fram líða stundir.

Hér að framan hefur í stuttu máli verið gerð grein fyrir þeim atriðum sem kaflinn um Greiningar- og ráðgjafarstöðina fjallar um og fylgdi með frv. til l. um málefni fatlaðra á sínum tíma. Við þetta má bæta, eins og raunar hefur verið drepið á, að hliðstæð starfsemi og hér er lagt til að komist á fót er ekki fyrir hendi nema að hluta til og ber þá fyrst að nefna athugunar- og greiningardeildina Kjarvalshúsi sem hefur starfað síðan árið 1975 og einkum annast þjónustu við börn á forskólaaldri og foreldra þeirra. Starfsaðstaða þar er alls ófullnægjandi og brýnt orðið að skapa þeirri starfsemi viðunandi skilyrði. Það er ekki ástæða til að ætla að um skörun yrði að ræða milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og annarra þjónustustofnana fyrir fatlaða þar sem hlutverk stöðvarinnar verður að öðrum þræði að vera umsagnaraðili fyrir svæðisstjórnir og að vera tilvísunaraðili til annarra stofnana ásamt leiðbeiningum þeim til handa og faglegri ráðgjöf.

Það skal skýrt tekið fram að fyrirkomulag starfseminnar hlýtur að fela í sér að sérfræðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar fari til hinna ýmsu svæða landsbyggðarinnar og veiti þar ráðgjöf þegar slíkt er talið nauðsynlegt. Óhætt er að fullyrða, að fenginni reynslu, að eitt allra brýnasta verkefni varðandi málefni fatlaðra er að Greiningar- og ráðgjafarstöðinni verði komið á fót hið allra fyrsta.

Eins og hv. alþm. er flestum kunnugt stóð nokkur styrr um Greiningar- og ráðgjafarstöðina þegar frv. til l. um málefni fatlaðra var til umfjöllunar hér á hv. Alþingi. Því var gripið til þess ráðs til að sætta deiluaðila að setja bráðabirgðaákvæði í lög um málefni fatlaðra, eins og vitnað er til í upphafi þessa máls, þar sem stjórnskipaðri nefnd var falið að gera tillögur í þessu máli. Vil ég nú víkja að greinargerð og tillögum nefndarinnar sem skipuð var eftirtöldum aðilum: Gunnar Biering, fulltrúi vökudeildar Barnaspítala Hringsins, tilnefndur af heilbrmrh., var formaður nefndarinnar, en aðrir voru: Jón Sævar Alfonsson, fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar, Arinbjörn Kolbeinsson, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands, Sævar Halldórsson, fulltrúi athugunar- og greiningardeildar Kjarvalshúsi, tilnefndur af menntmrh.

Bjarni Kristjánsson, forstöðumaður Sólborgar á Akureyri, var skipaður fulltrúi svæðisstjórna. Bjarni sá sér hins vegar ekki fært að taka þátt í störfum nefndarinnar og var Eggert Jóhannesson, starfsmaður svæðisstjórnar á Suðurlandi, skipaður í hans stað. Ritari nefndarinnar var Margrét Margeirsdóttir úr félmrn.

Í greinargerðinni kemur fram að nefndin gerir ekki aths. við 16. gr. laganna nema að 1. lið undanskildum. Hún leggur til að hann verði ekki skilgreindur nánar með tilliti til aldurs og að megináherslan verði lögð á þjónustusvið einstaklinga á aldrinum 0—18 ára. Nefndin hefur gert mjög ítarlega úttekt á flokkun og fjölda fatlaðra í landinu og setur fram níu flokka svo og yfirlit um tíðni fatlana í hverjum flokki. Það kemur fram að tíðni fatlana meðal barna og unglinga er 10.2% í hverjum árgangi. Í grg. segir:

„Athugunar- og greiningardeildin í Kjarvalshúsi hefur kannað tíðni fatlana á Íslandi, þ. e. þeirra fatlana sem öðru fremur munu heyra undir verksvið væntanlegrar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Til eru upplýsingar um fjölda og tegund fatlana á aldursskeiðinu 0—6 ára. Byggjast þær upplýsingar að hluta á reynslu sem fengist hefur af starfsemi athugunar- og greiningardeildar í Kjarvalshúsi. Enn fremur er byggt á tölum um meðfædd líkamslýti, sjúkdóma og aðrar fatlanir sem má fá úr tölvuvæddri fæðingarskráningu sem hefur verið við lýði hér á landi allt frá árinu 1972. Í þeim tilvikum þar sem öruggar tölulegar upplýsingar voru ekki fyrirliggjandi var jafnframt stuðst við upplýsingar frá öðrum þjóðum sem hafa mesta reynslu af málefnum fatlaðra. Telja verður ólíklegt að tíðni fatlana hér á landi sé í meginatriðum ólík þeirri sem gerist með öðrum vestrænum þjóðum."

Skv. könnun athugunar- og greiningardeildar var tíðni fatlana meðal barna og unglinga 10.2% í hverjum árgangi, en 3.5% þyrftu á þjónustu greiningarstöðvarinnar að halda. Nákvæmar tölur vantar um fjölda barna sem eru fötluð eftir slys, en slíkar fatlanir munu að einhverju leyti falla undir verksvið greiningar- og ráðgjafarstöðvar. Að lokum má gera ráð fyrir að 1% barna í hverjum árgangi verði vísað í greiningar- og ráðgjafarstöð vegna gruns um þroskafrávik þó að athugun leiði í ljós að ekki sé þörf á frekari aðstoð.

Samkv. þeim áætlunum sem raktar eru í grg. mun fjöldi einstaklinga, er gera má ráð fyrir að leiti eftir þjónustu í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nema um 3.5% í hverjum árgangi á aldursskeiðinu 0—6 ára og 4.5% ef þau börn sem ekki þurfa frekari aðstoð að athugun lokinni, þ. e. 1% af heildarfjölda, eru tekin

með. Er þessi áætlun byggð á lægstu hugsanlegu tölum um fjölda einstaklinga sem þurfa á greiningu, ráðgjöf og meðferð að halda.

Hins vegar gerir ofangreind könnun ráð fyrir því að einungis 1/10 hluti fatlaðra barna á aldursskeiðinu 6—18 ára eða 1% af hverjum árgangi þurfi áframhaldandi þjónustu greiningar- og ráðgjafarstöðvar. Þarna er einkum um að ræða börn og unglinga sem eru alvarlega vangefin, börn með mestu málhömlun og alvarlega hreyfihömlun. Einnig öll fjölfötluð börn auk blindra."

Í skipuriti 1, sem fylgir í grg., er yfirlit um fjölda fatlaðra barna í árgangi svo og áætlaður fjöldi göngudeildarheimsókna og dvalartími á athugunardeild frá fæðingu til 6 ára aldurs. Það er veruleg ástæða til að vekja athygli á niðurstöðutölum í skipuriti 1 varðandi fjölda fatlaðra barna í hverjum árgangi, sem er 449 börn. Varla ætti nokkur sem sér þessar tölur að velkjast lengur í vafa um nauðsyn þess að koma hið fyrsta á fót greiningar- og ráðgjafarstöð sem hefur faglega aðstöðu og yfirsýn til að veita þá bestu þjónustu sem í mannlegu valdi stendur til að hjálpa þessum börnum og aðstandendum þeirra. Félmrn., sem fer með ábyrgð á þessari þjónustu skv. lögum, ber skylda til að úr þessu verði bætt.

Auk þess sem nefndin hefur lagt mikla vinnu í að gera úttekt á fjölda fatlaðra og umfangi þjónustu, sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin á að annast, gerir hún tillögur um menntun forstöðumanns svo og ábendingu um annað starfslið með þekkingu á mörgum sérsviðum og vísast til þess.

Í síðari hluta grg. fjallar nefndin um stöðu athugunar- og greiningardeildarinnar Kjarvalshúsi og segir m. a.:

„Góð aðstaða til greiningar og ráðgjafar og meðferðar er forsenda þess að málefni fatlaðra nái að þróast á eðlilegan hátt hér á landi. Vísir að slíkri starfsemi er í athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi. Hófst þessi starfsemi árið 1975 í tengslum við Öskjuhlíðarskóla og heyrir stofnunin undir menntmrn. Starf þetta hefur aukist hröðum skrefum frá upphafi og er nú í raun búið að sprengja af sér öll bönd, þannig að stofnunin getur ekki sinnt því hlutverki sem af henni er krafist. Húseignin Sæbraut 2 hefur nú verið keypt til að bæta úr húsnæðisvanda Kjarvalshúss. Jafnframt hefur verið veitt fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að standa straum af kostnaði við breytingar á þeirri húseign, þannig að hún komi starfsemi í Kjarvalshúsi að sem mestu gagni. Mun starfsaðstaða batna til muna, en ekki verður unnt að fjölga þeim einstaklingum sem koma til greiningar og meðferðar umfram það sem nú er. Athugunar- og greiningardeildin í Kjarvalshúsi verður því, þrátt fyrir aukið húsnæði, ekki fær um að annast allt það hlutverk sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætlað skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra. Eigi að síður getur starfsemin í Kjarvalshúsi brúað að hluta það bil sem verður þar til húsnæði fyrir alla starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er fullbyggt.

Nefndin leggur eindregið til að menntmrn. og félmrn. geri gangskör að því að stöðu athugunar- og greiningardeildar í Kjarvalshúsi verði breytt á þann veg að stofnunin verði framvegis Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsti áfangi í þróun þeirrar stofnunar, og að forstöðumaður og framkvæmdastjóri verði ráðnir að stofnuninni þegar í stað."

Þá er í grg. enn fremur fjallað um teikningar sem liggja fyrir að húsi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og segir þar m. a.:

„Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætlaður staður á horni Sundlaugavegar og Dalbrautar. Lóðarrými er nægilegt fyrir bílastæði og útivistarsvæði. Svo virðist sem í húsi þessu geti orðið hin ákjósanlegasta aðstaða fyrir þá starfsemi sem greiningar- og ráðgjafarstöð er ætlað að annast. Staðsetning hússins virðist einnig heppileg hvað samgöngur og nánasta umhverfi snertir.

Nefndin telur ekki tímabært að gera nákvæma úttekt á stærð þess húsnæðis sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þarf á að halda undir starfsemi sína þegar allir þættir hinna nýju laga um málefni fatlaðra eru komnir í framkvæmd. Sú reynsla sem nú þegar er fengin bendir eindregið til þess að húsnæði það sem teikningar gera ráð fyrir fari þó nærri því sem greiningar- og ráðgjafarstöðin þarf á að halda hvað stærð snertir þegar starfsemin er komin í fullan gang. Reynist húsnæðið of stórt í upphafi má nýta það undir aðra starfsemi í þágu fatlaðra. Má þar t. d. nefna hjálpartækjabankann, sem býr nú við kröpp húsnæðiskjör og þarf á stærra húsnæði undir starfsemi sína að halda, þar með talda verulega stækkun geymslurýmis.

Nefndin leggur því til að húsnæði undir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði byggt á þeim stað sem þegar hefur verið valinn og skv. áðurnefndum teikningum. Stofnunin getur ekki þróast í bráðabirgðahúsnæði lengur en næstu 4—5 ár. Leggur nefndin því til að byggingin verði reist í einum áfanga á sem skemmstum tíma eða eigi lengur en tveimur árum, en þó höfð hliðsjón af mikilvægi þeirrar þjónustu sem fyrirhuguð er í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og jafnframt tekið tillit til fyllstu hagsýni við alla smíð hússins."

Þessi nefnd hélt 26 fundi og komust nefndarmenn að eftirfarandi niðurstöðu:

„— Málefni fatlaðra standa nú á tímamótum hér á landi með tilkomu nýrra laga um málefni fatlaðra.

— Leggja ber áherslu á heildarskipulagningu á málefnum fatlaðra, greiningu, ráðgjöf og meðferð í landinu öllu. Vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess að miðstöð fyrir greiningu og ráðgjöf komi að fullum notum. Jafnframt getur virk svæðisbundin þjónusta ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flókinna tilfella.

— Gert er ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar á aldrinum 0—18 ára hafi mesta þörf fyrir þá þjónustu sem veitt verður í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Eldri einstaklingar, sem áður hafa tengst stofnuninni, geta jafnframt leitað þangað áfram ef þörf krefur svo og aðrir eldri einstaklingar sem ekki fá viðhlítandi þjónustu annars staðar.

— Gert er ráð fyrir að greina megi fötlun hjá 10.2% barna í hverjum árgangi á aldursskeiðinu 0—6 ára. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mun hafa bein afskipti af 3.5% barnanna í hverjum árgangi (sjá skipurit 1). Öðrum fötluðum einstaklingum (6.7% í hverjum árgangi) verður að veita greiningu, ráðgjöf og meðferð utan Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og þá helst sem næst heimkynnum þeirra. Þá er áætlað að um 1/10 hluti fatlaðra einstaklinga á aldursskeiðinu 6—18 ára þurfi á þjónustu Greiningar- og ráðgjafar-

stöðvar ríkisins að halda.

— Nefndin leggur til að félmrn. og menntmrn. beiti sér fyrir því að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. 1. áfanga í þróun þeirrar stofnunar. Verði forstöðumaður og framkvæmdastjóri ráðnir að stofnuninni þegar í stað. Jafnframt verði athugaður möguleiki á kaupum á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þá greiningar- og ráðgjafarstarfsemi sem nú fer fram í Kjarvalshúsi.

— Nefndin leggur til að á næstu þremur árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða þeirri aukningu á starfsemi í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem lýst er hér að framan. Einnig verði á þessu þriggja ára tímabili undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verði við það miðað að sú bygging verði fullbúin tveimur árum síðar, þ. e. innan fimm ára. Stofnunin getur ekki þróast í bráðabirgðahúsnæði lengur en næstu 4—5 ár.

— Nefndin leggur til að húsnæði undir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði byggt á þeim stað sem þegar hefur verið valinn við Dalbraut í Reykjavík og skv. áðurnefndum teikningum.

— Enda þótt Framkvæmdasjóður fatlaðra verði ekki skertur á næsta ári og sjóðurinn fái þann fjárstyrk sem honum ber skv. lögum um málefni fatlaðra er greinilegt að hann verður ekki fær um að leggja fram nema hluta þess fjármagns sem þarf til að reisa Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt öðrum mikilvægum framkvæmdum í þágu fatlaðra sem hann nauðsynlega þarf að annast.

Fjármagn til þessara framkvæmda þarf því að koma að verulegu leyti af fjárlögum og tryggja verður að nægilegt fjármagn verði tiltækt þegar við upphaf byggingartímabilsins, þannig að unnt verði að reisa húsið á tveimur árum eins og lögð hefur verið áhersla á hér að framan."

Herra forseti. Með tilvísan til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, ásamt hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er eftirfarandi till. til þál. um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins lögð fyrir Alþingi:

„Með vísan til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, ályktar Alþingi eftirfarandi:

1. Félmrn. og menntmrn. beiti sér fyrir því að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar. Verði forstöðumaður og framkvæmdastjóri ráðnir að stofnuninni þegar í stað. Jafnframt verði athugaðir möguleikar á kaupum á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þá greiningar- og ráðgjafarstarfsemi sem nú fer fram í Kjarvalshúsi.
2. Á næstu þremur árum verði undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verði við það miðað að sú bygging verði fullbúin tveimur árum síðar.

Einnig verði fjármagni beint á þessu fimm ára tímabili að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða aukningu á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

3. Húsnæði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins verði byggt á þeim stað sem þegar hefur verið valinn við Dalbraut í Reykjavík samkvæmt fyrirliggjandi teikningum af húsinu."

Það hefði verið freistandi að fara fleiri orðum um þetta stóra mál, sem hér er gerð grein fyrir, en m. a. vil ég geta þess hér í sambandi við þessa miklu byggingu, sem ráðgert er að byggja, að miðað við áætlaðar tölur, sem liggja fyrir, um kostnað við byggingu á þessu mannvirki, umreiknað á verðlagi dagsins í dag, er gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði 102 millj. kr., sem skiptist þannig að gert er ráð fyrir að fokhelt sé um 30 millj., tilbúið undir tréverk 18.4 millj., lokafrágangur tréverks 36.1 millj., lóðarfrágangur 4.4 millj. og allur lausbúnaður 13.1 millj. kr.

Ég vil, herra forseti, að lokinni fyrri umr. leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn. Um leið legg ég áherslu á að þó að mönnum finnist e. t. v. vera stórt í ráðist er alla vega ljóst að hér er um mál að ræða sem ekki er hægt að víkja sér undan að taka ákvörðun um. Ég legg t. d áherslu á það, hvernig sem fer um afgreiðslu málsins að öðru leyti á þessu þingi, að a. m. k. verði ályktað um það hér að hefjast handa um að taka í notkun það húsnæði og þá starfsemi sem er í Kjarvalshúsi og að Sæbraut 2 og gera ráðstafanir til þess að hægt sé að heimila þá starfsemi í fyrstu umferð. Jafnframt vil ég leggja áherslu á það, eins og gert er ráð fyrir í lögunum og raunar var gert ráð fyrir í því samkomulagi sem gert var varðandi bráðabirgðaákvæðið, að Alþingi fjalli nákvæmlega um þetta mál og leggi fram ítarlegar tillögur um lausn þess því það má ekki dragast lengi að framkvæmdir skv. 16. gr. laganna verði að veruleika.

Umr. frestað.

Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill. 52. mál (þskj. 52). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um lækkun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði. En hún er flutt af mér og sjö öðrum þm. Alþb. Till. þessi, sem er á þskj. 52, er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að lækka og jafna upphitunarkostnað húsnæðis í landinu. Þær ráðstafanir feli m. a. í sér eftirfarandi:

1. Við lækkun húshitunarkostnaðar verði höfð sú viðmiðun að ekki þurfi meira en sex vikna laun á ári samkvæmt dagvinnutekjutryggingu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar til hitunar meðalíbúðar (400 m^3) frá ársbyrjun 1985 að telja.
2. Samhliða þessu verði gert stórátak til orkusparnaðar með endurbótum á einangrun og öðrum frágangi íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í landinu. Útvegað verði fjármagn í þessu skyni svo unnt sé að veita styrki og hagstæð lán til úrbóta. Við úthlutun lána og styrkja verði m. a. tekið mið af raunnotkun orku hjá viðkomandi notanda. Valdir verði úr nokkrir þéttbýlisstaðir á landinu í samráði við

sveitarstjórnir og þar gert sérstakt átak hið fyrsta til að leiða í ljós hvaða árangri megi ná í orkusparnaði í heilum byggðarlögum.

3. Áhersla verði lögð á að ljúka á árinu 1985 skiptum frá olíu yfir á innlenda orkugjafa í húshitun hvarvetna þar sem slíkt er hagkvæmt og tæknilega kleift.

Endurmetnar verði kröfur um frágang nýbygginga til að draga úr orkunotkun.

Við fjáröflun til lækkunar á húshitunarkostnaði verði höfð hliðsjón af áliti nefndar á vegum iðnrn. frá 28. janúar 1983 sem í áttu sæti fulltrúar þingflokka."

Þetta er efni þáltill. Till., að mörgu leyti í flestum greinum svipuð þessari, var flutt á síðasta þingi og komst þá til n. en fékk ekki afgreiðslu. Hér hefur þó verið breytt ákveðnum áherslum til einföldunar í sambandi við þetta efni. Í fyrra var gert ráð fyrir því að ná fram því markmiði, sem hér er fram sett, sex vikna viðmiðunartímanum sem hámarki varðandi húshitunarkostnað í landinu, í tveimur áföngum, á síðasta ári og því ári sem nú er senn liðið. En hér er aðeins gert ráð fyrir einum áfanga í þessu máli vegna þess tíma sem síðan er liðinn. Einnig er ekki tekið inn í þessa till. nú sérstakt ákvæði, sem gerð var till. um í fyrra, varðandi ráðgjafarþjónustu í orkusparnaði. Er það gert með tilliti til þess að hæstv. iðnrh. hefur á þeim tíma, sem síðan er liðinn, breytt nokkuð tilhögun í sambandi við þau mál og sett á laggirnar sérstaka nefnd til að hafa eftirlit með orkusparnaðarmálum. Töldum við flm. ekki rétt að vera að leggja sérstaklega til í þessari till. breytingu á því kerfi sem enn hefur ekki fengist nema takmörkuð reynsla af.

Í grg. með þessari till., sem er allítarleg, er vakin athygli á því m. a. að enginn þáttur veldur jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Á sama tíma og tæp 60% landsmanna, eða 140 þús. manns, búa við ódýrar hitaveitur þurfa 30% þjóðarinnar, 72 þús. manns, að greiða margfaldan kostnað fyrir hitun frá dýrum rafveitum og hitaveitum. Auk þess eru um 5%, eða tæplega 11 þús. manns, sem enn búa við olíuhitun, en flestir þeirra eiga nú þegar völ á að tengjast innlendum en yfirleitt dýrum veitum. Í grófum dráttum lítur dæmið þannig út að um þriðjungur landsmanna býr við mjög háan hitunarkostnað þrátt fyrir niðurgreiðslu á raforku og olíu til húshitunar. Miðað við gjaldskrá og vel einangrað húsnæði þarf þessi hluti þjóðarinnar að greiða tvöfalt til þrefalt meira fyrir hitun híbýla sinna en þau 60% sem njóta ódýrra hitaveitna. Fyrrnefndi hópurinn þarf að verja í húshitun að meðaltali sem svarar 8—12 vikna launum lágtekjufólks, miðað við tekjutryggingu í dagvinnu, en síðartaldi hópurinn ver í þessu skyni sem svarar fjögurra vikna launum.

Í mörgum tilvikum, og á það legg ég áherslu, er munurinn þó langtum meiri en hér er rakinn miðað við meðaltalsaðstæður og kostnaðurinn við húshitun hrikalegri.

Í grg. með frv. eru rakin dæmi m. a. frá Vestfjörðum til að renna stoðum undir þessar staðhæfingar, en þar og víða annars staðar á landinu hefur verið, m. a. af hálfu sveitarstjórnarmanna, farið allnáið ofan í saumana á þessum kostnaðarlið í heimilisrekstri. Vissulega er það ekki aðeins vegna mismunandi gjaldskráa veitufyrirtækja sem orkunotkun er mismunandi. Þar koma til m. a. veðurfarslegar aðstæður sem ekki er hægt að horfa fram hjá, en þó sérstaklega mismunandi gerð húsa, hegðun notenda og fjöldi íbúa. Allir þessir þættir blandast að sjálfsögðu inn í þetta mál.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur á liðnum árum gert sérstakar athuganir á völdum þéttbýlisstöðum í sambandi við orkunotkun. Í þeirri könnun hefur það verið dregið fram, eins og lesa má í fskj., að munurinn milli notenda, sem þó búa við tiltölulega sambærilegar aðstæður, getur verið býsna mikill vegna þess að menn leggja mismunandi áherslu m. a. á það að spara orku.

Það er þannig ljóst af þessu að tvennt er það sem veldur mestum ójöfnuði í húshitunarkostnaði, mismunur á gjaldskrám veitufyrirtækja og ófullnægjandi frágangur húsnæðis. Aðgerðir til að lækka og jafna orkureikninga heimila í landinu vegna húshitunar þurfa því að beinast að hvoru tveggja, lækkun á hæstu gjaldskránum og skipulegum orkusparnaði, m. a. með endurbótum á húsnæði. Þáltill. þessi tekur á báðum þessum þáttum.

Í töflu eitt, sem fylgir á bls. 3 með þessari þáltill., er brugðið upp mynd af því hver hámarkskostnaður væri við húshitun í landinu ef farið væri eftir till. þeim sem hér liggja fyrir. Þá er raunar miðað við dagvinnutekjutryggingu Dagsbrúnar eins og hún var áður en síðustu kjarasamningar voru gerðir því svo langt er um liðið síðan till. þessi var lögð fram hér í þinginu.

Skv. því yfirliti, sem lesa má um í töflu I, þá eru það rétt tæp 60% landsmanna sem búa við ódýrar hitaveitur þar sem mánaðargjaldið er undir 12 500 krónum á ári, svo sem er t. d. hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Meðaldýrar eru þær hitaveitur kallaðar þar sem gjaldendur greiða 20—30 þús. kr. sem er yfir því marki sem hér um ræðir. Þar þyrfti því að koma til niðurgreiðslna, eða lækkun á gjaldskrám skv. þessari þáltill. Þá eru það dýrar hitaveitur, sem 30 þús. íbúar búa við, eða um 12.6% landsmanna, sem eru með gjaldskrár sem svarar til 30 þús. kr. á mánuði eða þaðan af meira og þar yrði að sjálfsögðu um verulega lækkun að ræða.

Ég get getið þess hér í þessu samhengi að miðað við það hámark sem gert er ráð fyrir í þessu frv. þá væri um að ræða nær 50% lækkun á gjaldskrá hjá Hitaveitu Akureyrar og svipað trúi ég hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, en þær gjaldskrár eru mjög háar sem kunnugt er.

Varðandi rafhitunina eru það um 14.5% íbúa landsins sem búa við rafhitun, beina rafhitun og fjarvarmaveitur sem nota rafmagn sem orkugjafa, en með niðurgreiðslum hefur gjaldskrám miðað við meðaltalsaðstæður verið haldið um skeið í á bilinu 17—28 þús. kr. á ári.

Olíuhitunin er svo sér á parti. Það eru um 11 þús. manns, eða tæp 5% landsmanna, sem enn búa við olíuhitun skv. þeim tölum sem fyrir liggja. Þar er mánaðargreiðslan, að teknu tilliti til niðurgreiðslu á olíunni, nálægt 33 þús. kr. á ári. Gert er ráð fyrir því skv. þessari þáltill. að haldið verði u. þ. b. 10% mun á rafhitunartaxta hjá þeim sem búa við olíuhitun og njóta niðurgreiðslu.

Þess ber einnig að geta að sérstök áhersla er á það lögð, eins og kemur fram í efni þáltill., að tekið verði fyrir upphitun með olíu, a. m. k. verði ekki haldið áfram að greiða ótímabundið olíustyrki til þeirra sem hafa möguleika á því að tengjast innlendum orkugjöf-

um. Slíkt sýnist vera nokkuð sjálfsagt og við leggum á það áherslu, flm., að þeir sem í hlut eiga fái nægjanlega örvun, t. d. beina styrki en ekki aðeins lán, til að gera þarna á skjóta bragarbót og tengjast innlendum orkugjöfum. Það segir sig sjálft að það er þjóðhagslega skynsamlegt að reyna að nýta hina innlendu orku, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að nú er yfirfljótandi orka í íslenska raforkukerfinu, mikil offramleiðsla, offramboð í rauninni á orku hjá Landsvirkjun sem kunnugt er.

Það viðmiðunarmark, sem dregið er hér skv. þessari þáltill., er miðað við dagvinnutekjutryggingu eins og hún var þegar till. var lögð fram, 17 800 kr. á ári sem hámark þess sem hver greiði til húshitunar miðað við meðaltalsaðstæður, þ. e. þeir sem búa við innlenda orkugjafa og þeir sem búa við olíuhitun og ekki eiga völ á að tengjast innlendum orkugjöfum greiddu 19 600 kr. Skylt er að geta þess að með breyttum kjarasamningum nú nýverið hefur dagvinnutekjutryggingin hækkað úr 2 980 kr., sem hún var í að mig minnir í 3 248 á viku. Þessi mörk, sem miðað er við skv. frv., eru því komin varðandi innlendu orkugjafana í 19 488 kr. og varðandi olíuhitunina og 10% umfram viðmiðun við innlenda orkugjafa þá er þar um að ræða 21 436 kr.

Rökstuðning er að finna í þessari þáltill. og grg. með henni og jafnframt er þar brugðið upp yfirliti um aðgerðir á liðnum árum: Greiðslu olíustyrkja og hvernig þær hafa þróast, jöfnun heildsöluverðs á raforku, sem upp var tekin með stofnun Landsvirkjunar sem Íslandsvirkjunar 1983, aðgerðir til niðurgreiðslu á raforku sem rekja má aftur til ársins 1982, fjáröflun og tillögur þar að lútandi til að jafna húshitunarkostnað og þá raktar sérstaklega þær till. sem nefnd með fulltrúum allra þingflokka skilaði í lok janúar 1983 og sem vísað er til í tillögugreininni. Einnig er fjallað um fjárhagsvanda hitaveitna og aðgerðir sem þar hefur verið gripið til á liðnum árum til að létta þeim róðurinn sem þó engan veginn hafa skilað viðunandi orkuverði til notenda hjá þeim sem búa við dýrar veitur.

Einnig er á bls. 9 í grg. vikið að lánum til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði, en slík lán voru heimiluð með breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem samþykkt voru á árinu 1980 og hafnar lánveitingar í samræmi við það á árinu 1981. Þar hafa verið gerðar breytingar ekki alls fyrir löngu til vissra úrbóta með endurskoðun á lánum frá húsnæðismálastjórn til orkusparandi aðgerða. En það kerfi, sem þar er upp tekið, og það athugunarkerfi, sem hæstv. iðnrh. beitti sér fyrir að upp yrði tekið í sambandi við orkusparnað, hefur engan veginn enn skilað þeim niðurstöðum sem ég veit að stjórnvöld væntu að fengjust. Ég vil geta þess í þessu sambandi að nýjustu tölur, sem ég hef varðandi úthlutun á lánum til orkusparandi aðgerða á íbúðarhúsnæði, eru frá 5. des. 1984. Skv. þeim bárust umsóknir frá 285 aðilum um orkusparnaðarlán. Þar af höfðu verið afgreidd 5. des. s. l. 109 lánsumsóknir en óafgreiddar voru 63 lánsumsóknir sem taldar voru standast þær kröfur sem gerðar eru til slíkra lánveitinga.

Af þessum lánum voru 87 svokölluð „túbulán" vegna breytinga frá olíuhitun yfir á rafhitun. Satt að segja er sú tala ótrúlega lág miðað við það að hægt væri nú þegar að útrýma olíuhitun langleiðina með því að viðkomandi notendur tengdust innlendum veitum eða veitum sem byggja á innlendum orkugjöfum.

Um hin nýju 80% lán til orkusparnaðaraðgerða liggur það fyrir að 5. des. s. l. höfðu aðeins verið afgreidd frá Húsnæðisstofnun — Hvað halda hv. þm.? — 8 lán skv. hinu nýja kerfi sem upp var tekið og kynnt snemma á þessu ári. Það hefur ekki reynst hraðvirkara en svo að aðeins 8 lán höfðu verið afgreidd þar að lútandi. Full ástæða er því til að hvetja til þess að hertur verði róðurinn í sambandi við þau mál og tryggt að nægilegar fjárveitingar fáist. Ég tel líka að hér þurfi að taka upp styrki til viðbótar við hagstæð lán í þessu sambandi. Svo mikið er í húfi þjóðhagslega í sambandi við þessi efni og hag þeirra sem í hlut eiga að ég tel það fyllilega réttlætanlegt að örva til aðgerða með styrkjum. Ég held líka að hámark þeirra upphæða, sem ég held að séu 60 þús. kr., sem framkvæmdirnar þurfa að nema til að orkusparnaðarlán sé veitt, liggi of hátt og það beri að endurskoða það efni sérstaklega.

Í grg. er rakið hvernig orkukostnaðurinn hefur hækkað m. a. í tíð núverandi ríkisstj. og ætla ég ekki að tíunda það. Hins vegar tók ég eftir því áðan í máli hæstv. iðnrh. þegar hann svaraði fsp. að hann nefndi væntanlega hækkun frá Landsvirkjun og talan 14% kom þar fram. Það þykja mér slæm tíðindi ef fram undan er slík hækkun á raforkuverði sem trúlega kemur fram í hækkun á gjaldskrám hjá notendum. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvort þetta hafi verið rétt skilið, að slík hækkun sé í undirbúningi á raforkunni og hvað megi gera ráð fyrir að sú hækkun hjá t. d. notendum Rafmagnsveitna ríkisins muni þá nema miklu.

Í grg. er vikið að störfum svonefndrar orkuverðsnefndar sem hæstv. núverandi iðnrh. skipaði í júlí 1983 og skilaði áliti til ráðh. 1. des. 1983 í formi frv. til l. um jöfnun hitunarkostnaðar. Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því að það frv. kæmi fram skömmu eftir jólahlé á liðnu ári eða í janúarmánuði s. l. En það var ekki fyrr en 26. apríl 1984 að stjórnarfrv. með sama nafni, frv. til l. um jöfnun hitunarkostnaðar, var lagt fram í efri deild. Í athugasemdum við það frv. sagði m. a., með leyfi forseta:

„Byggir frv. þetta í ýmsum veigamiklum atriðum á starfi nefndarinnar, en önnur atriði hafa tekið breytingum í meðförum rn. Ódýrar hitaveitur hafa hækkað tiltölulega mest að undanförnu og niðurgreiðslur raforku hafa þegar verið auknar að því marki sem frv. þetta gerir ráð fyrir."

Frv. þetta er birt sem sérstakt fskj. nr. 7 með þessari þáltill. þannig að menn hafi það fyrir sér við athugun þessa máls. Um þetta frv. var fjallað á sameiginlegum fundum iðnn. beggja deilda eftir að því hafði verið vísað til iðnn. Ed. og síðan sérstaklega í iðnn. Ed. fyrir lok síðasta þings, en sú nefnd hafði málið til meðferðar. Á síðasta fundi nefndarinnar var bókuð svofelld niðurstaða nm. sem ég tel rétt að komi hér fram, með leyfi forseta:

„330. mál. Frv. til l. um jöfnun hitunarkostnaðar. Málið rætt. Niðurstaða nefndarinnar varð eftirfarandi:

Þar sem í ljós hefur komið að mörg atriði frv. þurfa ítarlegri meðferð nefndarinnar en komið verður við á þeim dögum sem nú eru eftir til þinglausna verður að horfast í augu við þá staðreynd að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar telur nefndin mál þetta svo mikilvægt að frv. um málið verði að leggja fram í byrjun næsta þings. Leggur nefndin áherslu á að hæstv. iðnrh. sjái um að í sumar verði unnið í málinu svo að þessi

málsmeðferð nái fram að ganga. Jafnframt leyfir nefndin sér að nefna eftirtalin atriði sem einstakir nm. hafa bent á til athugunar við framhaldsmeðferð málsins:

1. Ganga tryggilega frá að allt orkujöfnunargjald fari til jöfnunar hitunarkostnaðar.
2. Kveða skýrt á um að viðmiðunarreglan 1.8-falt vegið meðalverð sé hámark þess mismunar sem má vera á hitunarkostnaði, en markmiðið sé að minnka þennan mismun.
3. Aðstoð við hitaveitur með sérvanda sé betur tryggð.
4. Framkvæmdaáætlun verði gerð um orkusparandi aðgerðir á íbúðarhúsnæði og fjármagn til hennar tryggt.
5. Sveitarstjórnir eigi aðild að gerð og stjórnun framkvæmdaáætlana.

Enn fremur kom fram í n. ábending um þau formsatriði að sérlög yrðu um orkusparandi aðgerðir og lög um jöfnun húshitunarkostnaðar yrðu bundin við ákveðinn tíma."

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, virðulegur forseti Sþ., er formaður iðnn. Ed. og var það einnig við meðferð þessa máls. Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvað því valdi að frv. þetta, sem hann lagði svo mikla áherslu á að kæmi hér fram í þinginu í fyrra en var mjög síðbúið og ófullnægjandi að mati manna í iðnn. beggja deilda — það held ég að mér sé óhætt að fullyrða — að það skuli ekki hafa verið endurunnið og flutt á yfirstandandi þingi eins og eindregin tilmæli komu fram um í bókun hv. iðnn. Ed.

Ég vil vísa til þess, hvað snertir kostnað af þeim aðgerðum sem lagðar eru til með þáltill., að yfirlit um hann er að finna í fskj. 12 með þessari þáltill. unnið af verkfræðistofunni Fjarhitun að beiðni flm. Þar kemur fram að væri farið að þessari þáltill. þyrfti að verja til niðurgreiðslu á orku vegna íbúðarhúsnæðis 606 millj. kr. og er þá innifalin í þeirri tölu niðurgreiðsla á rafhitun, dýrum hitaveitum og olíuhitun. Og að auki ef tekið yrði inn í atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði, þá eru það 214 millj. kr. eða samtals 820 millj. kr. ef allt þetta væri tekið með. Ég bendi einnig á að þessar tölur hafa lækkað eitthvað ef menn vilja taka tillit til þeirra breytinga á dagvinnutekjutryggingu sem náðist fram með kjarasamningum nú ekki fyrir löngu síðan. Hins vegar virðist blasa við og liggur raunar fyrir hækkun á olíuverði til kostnaðarauka varðandi niðurgreiðslu á olíuhitun. Og nú hefur hæstv. iðnrh. látið að því liggja að búast megi við hækkun á raforkuverði. Það er því ekki víst að óhætt sé að reikna með því að miða við lægri upphæðir en þarna er um að ræða. Ég vil einnig rifja það upp, vegna forsögu þessa máls og ítrekaðra umr. sem farið hafa fram um það hér í þinginu og þá sérstaklega af hálfu núv. hæstv. stjórnarsinna, að margumrætt orkujöfnunargjald í formi 1.5% söluskatts gefur upphæðir sem eru nálægt því sem hér er gert ráð fyrir. Ég hygg að áætlað sé að 1 söluskattsstig gefi nálægt 500 millj. kr. tekjur á komandi ári án þess að ég vilji fullyrða að það sé nákvæm áætlun. Það svarar þá til þess að 1½ söluskattsstig gæfi 750 millj. kr.

Í fyrirliggjandi fjárlagafrv. er vegna niðurgreiðslu aðeins gert ráð fyrir 250 millj. kr., 200 millj. vegna niðurgreiðslu á rafhitun, bæði til beinnar rafhitunar og fjarvarmaveitna, og 50 millj. vegna olíuhitunar. Miðað við þessi mörk, sem hv. núverandi stjórnarsinnar og áður stjórnarandstæðingar klifuðu mjög á að væri sitt stefnumið fyrir síðustu kosningar, ættu því þarna að vera til ráðstöfunar 750 millj. kr. til lækkunar á húshitunarkostnaði.

Ég ætla ekki að fara að efna hér til deilna um það atriði eða fara yfir þá kynlegu umr. sem varð fyrir stjórnarskiptin síðustu um þessi efni. Þá sögu rakti ég við umr. um þessa þáltill. fyrir ári síðan og ég þarf ekki neinu þar við að bæta og ég get vísað til þingtíðinda þar sem ég rakti á marga lund mjög ómerkilegan málflutning sem uppi var hafður um þetta efni í hita kosningabaráttu fyrir síðustu alþingiskosningar.

En ég tók eftir því við þá umr. að hæstv. núv. iðnrh. taldi sig hafa lagst fast á árar innan núv. hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessi efni og hafði uppi orð og loforð í sambandi við þessi efni sem ekki hafa gengið eftir enn sem komið er. Ég gæti fundið þessum staðhæfingum mínum stað með tilvitnun í þingtíðindi frá 19. des. 1983 þar sem ráðh. fjallaði um þessi efni í tveimur ræðum og vakti um það mjög staðfastlegar vonir að væntanlegar væru miklar úrbætur í þessum efnum og taldi nauðsynlegt að fá viðspyrnu í sérstakri löggjöf sem enn hefur ekki verið sett að frumkvæði ríkisstj. þrátt fyrir veika tilburði í þá átt með framlagningu stjfrv. í apríl s. l.

Ég vísa einnig til þess álits varðandi fjáröflun í þessum efnum, sem fulltrúar fjögurra þingflokka skiluðu inn til iðnrn. í jan. 1983, þar sem það var sammæli þeirra sem í þeirri nefnd störfuðu að eðlilegt væri að verja leiðréttingu á orkuverði til stóriðju og þeim tekjum, sem inn næðust í sambandi við það gjafverð sem var á orkusölunni til stóriðju og sérstaklega til álversins í Straumsvík, sérstaklega til lækkunar húshitunarkostnaðar. Nú ætla ég ekki að hafa mörg orð um þá leiðréttingu sem fram hefur fengist með lögfestingu á hinum mjög svo gallaða samningi ríkisstj. og Alusuisse. En þar er gert ráð fyrir, skv. áætlun hæstv. ráðh., tekjuauka til Landsvirkjunar eins og málið nú liggur fyrir, sem er áætlaður, ef ég man rétt, á milli 400 og 500 millj. kr. á árinu 1985. Ég minni á þetta hér sérstaklega því að ég tel nauðsynlegt og réttmætt að því sem þarna hefur náðst fram verði með beinum og ákveðnum hætti varið til þess að leiðrétta það dæmi sem 30% landsmanna búa nú við í óbærilegum húshitunarkostnaði.

Ég ætla ekki að hafa um þessi efni hér lengra mál af minni hálfu nú þannig að hér gefist kostur á umr. Þetta mál er margrætt hér á liðnum þingum og öllum hv. þm. ætti að vera það vel kunnugt. Ég hef nefnt heitstrengingar hæstv. ráðh., sem ég hef hér fyrir mér í þingtíðindum frá því fyrir ári síðan, og ég inni hæstv. ráðh., sem hefur verið svo velviljaður að vera hér viðstaddur þessa umr. um þessa till., sérstaklega eftir hver hans áform eru nú. Má vænta þess að við afgreiðslu fyrirliggjandi fjárlagafrv. nú innan skamms fáist fram að hans frumkvæði og ríkisstj. leiðrétting á frv., áður en lögfest verður, þannig að tryggð verði lækkun húshitunarkostnaðarins, helst að því marki og ekki minna en gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi þáltill.?

Ég legg þá til, virðulegi forseti, að eftir að umræðu verður frestað um þessa till. — og e. t. v. er ráðgert að hafa tvær umr. um hana vegna fjárhagslegra skuldbindinga — verði henni vísað til hv. atvmn.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil

aðeins geta þess að af sérstökum ástæðum er tíma mínum þannig háttað að ég get aðeins haft viðdvöl hér í 15—20 mínútur og ef að líkum lætur geri ég ráð fyrir því að fleiri hv. þm. hafi áhuga á að ræða málin. Ég fer þá fram á að umræðunni yrði frestað, ef svo ber undir, en við sjáum til.

Ég sé ástæðu til í sambandi við flutning þessa frv. að gera hér grein fyrir orkusparnaðarátaki sérstöku sem hefur verið í framkvæmd á mínum vegum, en haustið 1983 hófst skipulagt átak á mínum vegum til orkusparnaðar við upphitun á húsnæði. Ég leitaði eftir tillögum í þessum efnum frá tveimur verkfræðingum, Karli Ómari Jónssyni og Guðna Jóhannessyni. Markmið verkefnisins var að kanna hvort og hvernig hægt væri að koma almennri orkunotkun til húshitunar á það stig að upphitunarkostnaður verði neytendum ekki sú fjárhagslega byrði sem raun ber vitni.

Eftirfarandi atriði voru tekin til sérstakrar umfjöllunar:

1. Könnun og samantekt á þeim verkefnum sem þegar hafa verið unnin á þessu sviði.
2. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir lágu verði endurbætur svo og áætlun um heildarkostnað og hagkvæmni miðað við mismunandi hámarksnotkun á rúmmetra.
3. Tillögur um undirbúning verkefnis sem miði að endurbótum á ákveðnum fjölda húsa á næsta ári.

Að fengnum tillögum ofangreindra aðila tók ég upp formlegt samstarf við félmrn. um þetta mál. Var ákveðið að hefja sérstakt orkusparnaðarátak til þess að jafna húshitunarkostnað með tilliti til mismunandi orkunýtingar húsa. Þannig skyldi stefnt að því að á næstu árum verði framkvæmdar endurbætur á eldra húsnæði sem miðuðu að bættri einangrun og orkunýtingu. Framkvæmdum skyldi raðað þannig að íbúðarhúsnæði gengi fyrir þar sem hæst orkuverð er til húshitunar, orkunotkun á rúmmálseiningu er yfir ákveðnu marki og hagkvæmar lausnir til orkusparnaðar eru framkvæmanlegar. Til þess að tryggja þátttöku almennings skal veita upplýsingar, tækniþjónustu og hagkvæm lán til framkvæmda.

Ég skipaði þriggja manna nefnd til þess að annast yfirstjórn framangreinds verkefnis. Skyldi verkefnisstjórnin gera áætlanir um framkvæmda- og fjárþörf, skila framvinduskýrslum til rn., samræma störf mismunandi stofnana hér að lútandi og annast samstarf við hagsmunaaðila. Í verkefnisstjórnina voru skipaðir Karl Ómar Jónsson verkfræðingur, formaður, Guðni A. Jóhannesson verkfræðingur og Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður félmrh. Jafnframt var ákveðin verkaskipting milli þeirra stofnana sem helst gætu lagt hönd á plóginn í þessum efnum. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skyldi annast ýmsan tæknilegan undirbúning framkvæmda svo og könnun á markaði byggingarefna, leggja grundvöll að verklýsingum og útreikningum á hagkvæmni framkvæmda, enn fremur að sjá um menntun sérstakra skoðunarmanna sem væru í stakk búnir til að skoða húsnæði og leggja mat á hagkvæmni einstakra aðgerða, annast einnig fræðslu fyrir byggingarfulltrúa og iðnaðarmenn svo og miðlun upplýsinga til almennings. Húsnæðisstofnun ríkisins skyldi annast lánafyrirgreiðslu í þessu sambandi svo og hafa eftirlit með framkvæmdum. Orkustofnun skyldi afla upplýsinga um orkunotkun frá orkuveitum, sérstaklega með það í huga að finna notendur með óeðlilega háa orkunotkun, annast tengsl við starfsmenn orkuveitna o. fl.

Ákveðið var að hafa sem nánast samstarf í þessum efnum við samtök sveitarfélaga og sveitarfélög, byggingarfulltrúa, iðnaðarmenn, orkuveitur, ráðgjafarfyrirtæki, seljendur og framleiðendur búnaðar sem nýttist í þessu sambandi o. fl. Til þess að styrkja þessi tengsl var skipuð sérstök ráðgjafarnefnd til þess að auðvelda starf og samskipti milli allra ofangreindra aðila. Í ráðgjafarnefndinni sitja fulltrúar frá eftirtöldum stofnunum og aðilum sem eiga hlut að máli: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Orkustofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sambandi ísl. rafveitna og Sambandi ísl. hitaveitna. Kristmundi Halldórssyni deildarstjóra var falið að annast tengsl við iðnrn.

Við undirbúning þessa verkefnis hefur tekist hið ágætasta samstarf milli þessara aðila, enda þótt framkvæmdir hafi verið langærri og tekið meiri tíma en maður hafði bundið vonir við í upphafi. Hefur verið við það miðað að aðgerðir til hagkvæmari orkunotkunar og orkusparnaðar, sem ráðist yrði í, væru í samræmi við V. kafla frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar, sem lagt var fyrir síðasta þing en varð því miður ekki útrætt þá.

Á vegum verkefnisstjórnarinnar hefur verið unnið að skipulegum undirbúningi þessa verkefnis svo og framkvæmdir hafnar sérstaklega á þeim svæðum sem orkukostnaður er hæstur.

1. Gert hefur verið tölvuforrit til að meta hagkvæmni einstakra aðgerða til orkusparnaðar í byggingum.
2. Þjálfaðir hafa verið skoðunarmenn víðs vegar um land til þess að meta og gera tillögur um endurbætur á húsnæði sem hagkvæmastar eru.
3. Hafin er skoðun á völdum húsum sem hafa áberandi háan orkukostnað.
4. Hafin er herferð til að hvetja íbúðareigendur til að breyta frá olíukyndingu í rafhitun.

Í samstarfi við Húsnæðisstofnun ríkisins hafa lánareglur um lán til orkusparnaðaraðgerða verið endurskoðaðar. Veitt eru lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði er sannanlega leiða til lækkunar á hitunarkostnaði eða ef skipta skal á olíu og öðrum orkugjöfum til upphitunar húsa. Eftirfarandi lánareglur hafa verið ákveðnar:

a. Lán til breytinga úr olíuhitun yfir í innlenda orkugjafa. Lánað er til að skipta úr olíukyndingu í rafhitun eða fjarvarmahitun og getur lánið numið 50 þús. kr. Lánstími er allt að fimm ár, afborganalaust í tvö ár. Vextir og verðbætur greiðast þó á því tímabili. Sérstaklega skal fjalla um hús þar sem fleiri en ein íbúð er svo og um annað íbúðarhúsnæði.
b. Lán til orkusparandi endurbóta. Einungis er lánað til húsa sem skoðuð hafa verið af skoðunarmönnum á vegum verkefnisstjórnarinnar. Skoðunarmenn gera heildaráætlun um allar þær orkusparandi endurbætur sem fyrirhugaðar eru og væntanleg áfangaskipti, fari þær fram í áföngum. Verkefnisstjórnin vinnur að því að finna þau hús sem teljast hafa óhóflega mikla orkunotkun og veitir ráðgjöf um endurbætur. Jafnframt því gefst mönnum tækifæri til að sækja um skoðun ef þeir telja húsin hafa lélega orkunýtingu. Lánin greiðast út innan hálfs mánaðar frá því að framkvæmdum er lokið.

Lánaflokkar eru tveir og skipting í þá er miðuð við

heildarkostnað vegna hagkvæmra framkvæmda samkv. áætlun skoðunarmanna.

1. lánaflokkur. Heildarkostnaður er á bilinu 60—120 þús. kr., en lánin geta numið allt að 50% af áætluðum endurbótakostnaði. Ekki er lánað til framkvæmda ef heildarkostnaður er lægri en 60 þús. kr. Lánað er til allt að 11 ára, afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Vextir og verðbætur greiðast þó á því tímabili.
2. lánaflokkur. Heildarkostnaður yfir 120 þús. Lán getur numið allt að 80% af áætluðum endurbótakostnaði. Þó má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af lánum til nýbyggingar handa sömu fjölskyldu. Lánað er til allt að 16 ára, afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Vextir og verðbætur greiðast þó á því tímabili.

Tæknilegum undirbúningi verkefnisstjórnarinnar er nú lokið, en hann hefur tekið lengri tíma en menn bjuggust við í upphafi. M. a. hefur verið samið forrit í tölvu sem auðveldar og hraðar afgreiðslu á umsóknum.

Verkefnisstjórnin gekkst á s. l. vori fyrir sýningu, í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur, á ýmsu efni og aðferðum til orkusparnaðar í íbúðarhúsnæði. Sýning þessi var haldin hjá Byggingarþjónustunni að Hallveigarstíg. Eftir að sýningunni lauk í Reykjavík var farið með hana víða um Vestfirði og reynt að vekja áhuga fólks á þessum málum. Í haust var síðan farið með sýninguna á Norðausturland og Austurland í sama tilgangi og allt til Víkur í Mýrdal, að því er mig minnir.

Gerð hefur verið auglýsingamynd til að hvetja íbúðareigendur til að skipta á olíu og rafmagni og hafa verið hafnar sýningar á henni í sjónvarpinu.

Eins og af þessu sést hefur verið unnið ötullega að þessum málum að undanförnu. Áhersla hefur verið lögð á að hraða breytingu á olíuhitun í rafhitun og fjarvarmahitun og að vanda sem best undirbúning aðgerða til orkusparnaðar á íbúðarhúsnæði.

Hv. 5. þm. Austurl. rakti hér um fjölda lána og annað sem að því laut svo að ég þarf ekki að víkja að því.

Á næsta ári er fyrirhugað að verja 150 millj. kr. til lánveitinga á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins samkv. drögum að lánsfjáráætlun, en iðnrn. lagði til að útvegaðar yrðu 292 millj. kr. í þessu skyni. Framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru meðal hinna hagkvæmustu sem unnt er að ráðast í. Mikið starf hefur verið unnið á þessu sviði í nágrannalöndum okkar á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að Dönum hefur tekist á s. l. átta árum að minnka nettóorkunotkun sína til húshitunar um 30% þrátt fyrir að hitað húsrými hefur aukist um 25%. Slíkt markmið þyrftum við vissulega að setja okkur á næstu árum.

Ég vil geta þess að verkefnisstjórn telur sig nú hafa komið slíku skipulagi á að óhætt mundi að taka ákvörðun um að gefa út tilkynningu til íbúðareigenda sem kynda húsnæði sitt með olíu að hætt yrði niðurgreiðslum á olíu hinn 1. júlí n. k. Það er talin viðráðanleg framkvæmd að breyta úr olíukyndingu í rafhitun, þar sem framkvæmdin er að sínu leyti einföld og vatnskerfi auðvitað í húsum, að gefa út tilkynningu að niðurgreiðslum á olíu yrði hætt, þar sem kostur er á rafhitun að sjálfsögðu. Þau býli eru til, þau svæði raunar, sem ekki eiga kost á rafhitun, þannig að um það er ekki að tefla, en þá mundi sparast helmingur þeirra niðurgreiðslna sem ætlaðar eru til olíuniðurgreiðslu, en að sjálfsögðu mundi það þá hverfa til þess að greiða niður þá rafhitun sem í stað þess kæmi. Hef ég farið fram á það við hæstv. viðskrh. að framkvæmd þessa máls verði af viðskrn. falin iðnrn. og þá þessari verkefnisstjórn og hann vikist vel undir það.

Ég fékk upplýsingar nýlega, þær munu vera um mánaðar gamlar, um þróun raforkuverðsins til húshitunar í samanburði við kauptaxta, miðað við þau norm eða hvað það á nú að kalla, þau sem við munum hafa sem viðmiðanir, sem sé fjöldi klukkustunda og vinnuvikna til að vinna fyrir 32 800 kwst. í orkukaupum. Þessi þróun er ekki nálægt því eins góð og þyrfti að vera. Hún hefur verið mjög misjöfn til margra ára. Svo ég nefni dæmi tók 7.3 vikur að vinna fyrir húshituninni miðað við þessar viðmiðanir 1971, það tók 8.6 vikur 1974, það tók 9.4 1979, það fór upp í 10.7 árið 1982, en lækkaði mjög vegna niðurgreiðslu sem hafin var, ofan í 8.9. Þetta fór að meðaltali upp í 11.9 á s. l. ári, en lækkaði svo. Miðað við ágústmánuð í ár voru þetta 9.2 vikur, en miðað við nóvembermánuð í ár eru þetta 8.4 vikur.

Ég er ekki að nefna þessar tölur til þess að halda því fram að hér sé nóg að gert. Það er alveg ljóst að hlutur okkar liggur enn eftir í þessu sambandi. Og ég er sammála því, sem fram kom í máli hv. tillögumanns, að mismunurinn á kjörum fólks er mestur hvað snertir þessar aðstæður í húshitunarmálum. Þar er um tvennt að tefla. Það er ákvörðun um gjaldskrá og um orkusparnað, eins og fram kom.

Hann spurði um það hvort rétt hefði verið tekið eftir því í svörum mínum við fsp. vegna Kröfluvirkjunar að áformuð væri 14% heildsöluhækkun hjá Landsvirkjun. Ég get ekki staðfest þessa tölu óðruvísi en svo að ég gerði óformlega fyrirspurn til Landsvirkjunar, hvað þeir álitu að heildsöluverð þeirra þyrfti að hækka t. a. m. miðað við 1. janúar n. k. Svarið, án ábyrgðar, það er ekki nein ákvörðun tekin um það, ágiskun skulum við kalla það, var 14%. Ég kann ekki að meta þessa tölu enn þá. Öll eru þessi mál í athugun nú. Sömuleiðis hef ég gert algerlega óformlega fsp. um það til framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins hver hann áliti að hækkunarþörf Rafmagnsveitnanna kynni að vera á sama tíma. Þær tölur þykja mér ískyggilega háar. En þær eru ekki til þess að hafa þær eftir. Hann taldi þó að mundi verða um 7.4—7.5% hækkun vegna heildsöluhækkunar Landsvirkjunar, ef af yrði, og kemur engum á óvart því það er gamalkunn tala að smásalan þurfi rétt rúmlega helming þess sem heildsöluverðið hækkar um. En þess er að minnast að smásalan fékk enga hækkun til sín vegna óvæntrar hækkunar, vil ég kalla það, Landsvirkjunar um 5%, heildsöluverð, 1. maí s. l. og e. t. v. hefur það hlaðið á sig. Við vitum að hinn helmingur af reksturskostnaði raforkufyrirtækjanna hefur hækkað við síðustu þróun verðlags og kaupgjaldsmála í landinu. Of snemmt er um þetta að dæma, en ég mun beita mér fyrir því af alefli að hlífa hitunartöxtunum og áfram mun ég vinna að því eftir bestu getu að við reynum að milda þennan háskalega kostnað sem er að sliga heimili í landinu á köldu svæðunum.

Hv. 5. þm. Austurl. spurði um afdrif frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar og hví það hafi ekki verið flutt þar sem það varð ekki útrætt á síðasta þingi. Ég get

svarað því stutt og á þann veg að um ýmis veigamestu atriði þess máls hefur ekki náðst samkomulag. Ég sá að hæstv. fjmrh. var hér í ráðherraherbergi fyrir skemmstu og kynni hann kannske að geta staðfest þessi mín ummæli. (**Gripið fram í:** Hann er löngu farinn.) Ég þarf ekki að láta segja mér það vegna þess að ég leit fyrir eins og tveimur mínútum útundan mér og ég kann mann að greina þótt hann sé ábúðarminni en hæstv. fjmrh. er jafnvel. En látum það vera.

T. a. m. þetta okkar stefnumið margra, sem upprunalega var haft uppi, að 1.5 söluskattsstig skyldi hverfa til þess að greiða niður húshitunarkostnaðinn og jafna hann, tókst ekki í fyrstu atrennu né heldur annarri og langt í frá, enda þótt verulegar úrbætur næðust frá því sem hafði til tekist. Við vitum að vegna hinnar hækkuðu orkusölu til stóriðjunnar hefur tekist að lækka raungildiskostnað orkuverðsins frá 1. ágúst 1983, en fram til þess tíma og þá hafði verið um stórfelldar hækkanir að tefla vegna gríðarlegs reksturshalla Íslandsvirkjunar. En það var á þeim forsendum sem tekist hefur að halda orkuverðinu óbreyttu til neytenda frá 1. ágúst 1983 að telja. Það var hugsjón og hugmynd vissulega að halda fast við óbreytt orkuverð, og ef aðrar verðlagsforsendur hefðu ekki breyst stóð að líkindum til að hægt hefði verið að halda því óbreyttu til neytenda út árið 1985, ef þær verðlagsforsendur sem ýtt var úr vör í upphafi fjárlagagerðar 1984, þ. e. í vor leið, hefðu haldist óbreyttar. Nú hef ég ekki enn útreikninga og tölur í höndum um það hversu þessi raungildiskostnaður muni minnka, en hann mun minnka verulega og við það verður fast haldið og alveg sérstaklega í hitunarkostnaðinum. Ég get ekki svarað þessu enn sem komið er.

Ég get heldur ekki svarað því hver niðurstaða verður um fjárveitingu til þess arna. Það er tekist á um ýmis atriði í þessum málum einmitt þessa dagana og munu skýrast fljótlega og koma á daginn t. a. m. í sambandi við þá skýru yfirlýsingu sem ég gaf af hálfu ríkisstj. um lækkun og síðan niðurfellingu verðjöfnunargjalds á raforku, enda yrði fyrir fjárhag og rekstri orkufyrirtækjanna, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, séð með öðrum hætti. Þetta mun sjá dagsins ljós í þessari viku og er of snemmt fyrir mig að upplýsa hvernig þeim málum reiðir af, en að sjálfsögðu verður staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar voru hinn 14. des. 1983 í þessum efnum. En þá, þegar þetta mál kemur til umr., sem ég vil upplýsa að ég mun leita samkomulags um við stjórnarandstöðuna að yrði tekið til umr. í deild á föstudaginn kemur, mun ég skýra öll tildrög og gerð þess máls.

Ég verð að segja það að ég hef orðið fyrir vonbrigðum um gang þessara mála, en það er engin afsökun í því fólgin og áfram verður reynt að halda áfram að ná fram leiðréttingum og sanngirni að því er snertir húshitunarmálin. Það er hrikalegur mismunur á þessum kjörum fólksins í landinu. Ég hef hér skrá um fjölda vikna sem verkamaður á kauptryggingu er að vinna fyrir kyndikostnaði. Þar sjáum við t. a. m. hér í Reykjavík 3.82. Við þurfum ekki nema suður í Bessastaðahrepp til þess að finna 9.59 og í Þorlákshöfn rúmar 8. Við finnum í Vestmannaeyjum 10.6 og á Akranesi og í Borgarfirði 12.6. Þetta er í desember, í byrjun þessa mánaðar. Ég þarf ekki að telja þetta upp, tína það til, en ég veit að fylgi við leiðréttingu þessara erfiðu mála er mjög eindregið á hinu háa Alþingi og ég vænti þess að við munum ná frekari árangri en enn hefur tekist að ná, bæði með lækkun hitunarkostnaðarins og jöfnun og með þeim orkusparnaði, sem ég vona nú að nái á skrið þegar í stað, vegna þess að með þeim hætti verður þeim fyrst og best hjálpað sem örðugast eiga.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég er ekki hissa þó hæstv. iðnrh. hafi orðið fyrir vonbrigðum með hversu lítt hefur miðað í þessu máli og ég verð að viðurkenna það hér og nú að hæstv. ráðh. hefur valdið mér gífurlegum vonbrigðum að því er þennan þátt mála varðar í ljósi þess hversu vel af honum gustaði hér áður fyrr að því er varðaði leiðréttingu og baráttu fyrir leiðréttingu í þessum efnum, hversu hann var þá frjór og djarfur, en lítið hefur verið að gert í átt til þess að leiðrétta þetta gífurlega ranglæti, sem hér hefur verið á ferðinni undangengin ár, í tíð núv. hæstv. ráðh. í ríkisstj. Ég er ekki með þessu að segja að hann eigi þar sök á einn. Trúlega eru einhverjir dragbítar þar innan dyra aðrir og verri en hann sem setið hafa á og ekki viljað taka undir leiðréttingu á þessu ranglæti.

Þetta er svo stórt mál og svo mikilvægt að það þyrfti lengri tíma en trúlega gefst hér. Nú er langt liðið á fundartíma. En þetta er það stórt mál að það þyrfti vissulega að ræða. Ég held að menn þurfi að gera sér ljóst að það er fyrst og fremst orkuokrið sem er að hrekja fólk utan af landsbyggðinni hingað á þetta svæði. Ég tek undir að allar orkusparandi aðgerðir eru góðra gjalda verðar, en það dugar ekki til. Það verður strax að koma til hjálpar við fjölda þessa fólks, á stundinni svo til. Fólk getur ekki búið við þetta lengur.

Það er ekki alls kostar rétt hjá hæstv. iðnrh. að orkuverðið sé nú að sliga heimilin. Það hefur fyrir löngu sligað fjölda heimila úti á landi og það er vandamálið sem við blasir. Fólksflóttinn utan af landsbyggðinni frá köldu svæðunum, eins og menn kalla, hingað á gósenlandið í þessum efnum er slíkur að ef ekkert verður að gert er þar eitthvert gífurlegasta vandamál sem við hefur verið að etja í þjóðfélaginu um langt árabil. Þetta veit ég að hæstv. iðnrh. er ljóst, a. m. k. á honum að vera það ljóst, og ég hefði vænst þess, þó að það sé kannske til of mikils mælst, af því ég hef þá trú á hæstv. iðnrh. að hann vilji vel í þessu máli, að hann leiddi í ljós hverjir það eru sem eru dragbítarnir. Það kemur ekki annað til mála, að mínu viti, en að það sé svo í reynd, að hafi hæstv. iðnrh. haft fullan hug á leiðréttingu, sem ég tel vera, hlyti það að hafa gerst fyrir löngu ef ekki væru dragbítar innan dyra í stjórnarliðinu einhvers staðar, illviðráðanlegir draugar að því er þennan þátt mála varðar, sem hæstv. iðnrh. hefur ekki tekist að ráða við.

Varðandi þá þáltill. sem hér er til umr. vil ég aðeins segja að auðvitað er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir til leiðréttingar. Þar er engin ein leið, að mínu viti, sú hin eina rétta. Það er ýmislegt í þessari till. sem ég hygg að gæti orðið mjög til bóta ef hefði verið eftir því farið, en það eru líka aðrar leiðir sem vel koma til greina, m. a. skattalækkunarleið með því að draga ákveðinn hundraðshluta kyndingarkostnaðar frá skatti og væri þá ekki verið að þjóna neinum einum sérstökum, heldur fengju allir til baka eftir notkuninni.

Um hitt held ég að þurfi ekki að deila að aðgerðir í þessum málum væru raunhæfasta kjarabótin sem hægt væri að færa því launafólki sem byggir köldu svæðin.

Hefði hæstv. ríkisstj. haft til þess dug og þor að fara í þá átt með því að lækka þennan gífurlega bagga heimilanna á köldu svæðunum, þá hefði hún komist betur, að mínu viti, út úr þeim þætti samningamálanna á s. l. hausti en raun ber vitni, og launafólk, sem er auðvitað meginatriði, hefði haldið eftir raunhæfum kjarabótum, en ekki sýndarkjarabótum í formi þess sem um var samið á s. l. hausti. Það er því ekki bara eitt sem vinnst með þessu, heldur margt sem næðist til jöfnunar í sambandi við þennan þátt mála.

Varðandi orkujöfnunargjaldið virðist mér nokkuð ljóst að núv. hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi ætla sér að taka ófrjálsri hendi af því, sem það gjald kann að gefa á árinu 1985 samkvæmt fjárlögum, nánast um 500 millj. kr. Fyrrv. hæstv. iðnrh. var harðlega gagnrýndur og það réttilega fyrir þetta og m. a. af mér og ekki síður af hæstv. núv. iðnrh. og hv. þm. Agli Jónssyni — réttilega, segi ég, en ég sé ekki að hæstv. núv. iðnrh. ætli að verða neinn eftirbátur í þessum efnum. Það fer nú að koma upp í minn huga hvort við munum sitja endalaust uppi með Austfirðing í stóli iðnrh. Ég held að hæstv. núv. iðnrh. verði að fara að hrista af sér slenið og láta það ekki á sannast að það verði alltaf frá Austfjörðum sem dragbítarnir koma í þessum efnum. Ég sé ekki betur, og ég vildi gjarnan fá um það orð frá hæstv. ráðh., en að eins og málið lítur út í dag ætli menn að taka þarna ófrjálsri hendi 500 millj. kr. sem ættu og eiga samkvæmt lögum að fara í þennan þátt á árinu 1985, og ég vil gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. um það, þó hann einhverra hluta vegna og trúlega eðlilegra hluta vegna ekki geti upplýst það núna, hver kann að vera niðurstaðan í þessum efnum varðandi afgreiðslu fjárlaga á öðrum sviðum sem þessu eru þó tengd. Vissulega getur hann upplýst um það hér á Alþingi hvort meiningin er að orkujöfnunargjaldið fari allt til jöfnunar á hitunarkostnaði eins og lög gerðu og gera ráð fyrir og hann hefur verið mér sammála um að túlka. Ég vildi gjarnan fá um það upplýsingar því nú líður að því að 2. umr. fjárlaga eigi sér stað og afgreiðsla þeirra nálgast og nauðsynlegt er að vita um það frá fyrstu hendi, sem er auðvitað hæstv. ráðh., hvort ekki megi treysta því að andvirði 1.5 söluskattsstigs, sem á að gefa 750 millj. á næsta ári, fari allt til þessa þáttar. Það vildi ég gjarnan fá um orð frá hæstv. ráðh.

Eins og ég sagði áðan er ekki eðlilegt á þessari stundu að eyða lengri tíma, ekki af minni hálfu a. m. k. Ég geri ráð fyrir að þetta mál komi m. a. verulega til umr. við afgreiðslu fjárlaga, við 2. umr. nú á fimmtudaginn og hafi menn ekki fengið þá nokkra vissu fyrir því hvernig þetta leysist muni umr. um þetta mál vera haldið áfram allt fram að þingfrestun, þ. e. til 3. umr. fjárlaga.

Ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. upplýsi okkur um það, hinar fáu hræður sem hér eru eftir síðla dags, hvort ekki megi treysta því að 750 millj. fari til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er nú kominn sá tími sem við venjulega í síðasta falli slítum fundi. Það væri samt freistandi að halda honum eilítið áfram í því trausti að það takist að ljúka þessari umr. vegna þess að það er ekki víst að málinu verið komið til n. fyrir jólaleyfi ella. Hér er ekki verið að takmarka umr. Það er aðeins vakin athygli á hver staðan er.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil greiða fyrir því sem flm. þessa máls að þáltill. komist til n. sem fyrst og ætla því ekki við þessa umr. nú að lengja hana til neinna muna. Ég geri ráð fyrir því að tækifæri gefist til umr. um þennan gilda þátt í útgjöldum almennings í tengslum við m. a. frv. til fjárlaga, 2. og 3. umr. þess máls sem er fram undan, svo og í tengslum við það frv. sem hæstv. ráðh. vék að hér um verðjöfnunargjald af raforku þar sem orkuverðið hlýtur að dragast inn í þá umr. jafnframt.

Ég vil aðeins nefna tvennt hér af minni hálfu á þessu stigi. Í fyrsta lagi það að eðlilega er nú allur móður runninn af hæstv. iðnrh. í sambandi við ásakanir og stóryrði sem féllu af hans munni og hans flokksmanna ýmissa í minn garð fyrir nokkrum misserum og árum síðan vegna þess að þannig hefur til tekist hjá hæstv. ráðh. eins og hann raunar tölfærði hér og rakti í sinni ræðu. Það var ekki hægt með öllu skilmerkilegri hætti í rauninni að koma því til skila hvaða raunþróun hefði hér á orðið heldur en hæstv. ráðh. gerði með þeim samanburði sem hann reiddi hér fram. Ég ætla hvorki að staðfesta þær tölur né rengja á meðan ég hef ekki forsendurnar fyrir þeim samanburði sem hann rakti hér varðandi þann vinnutíma sem menn þyrftu til þess að vinna fyrir meðaltalsorkukostnaði heimilis. Það er eflaust miðað þar við ákveðinn kauptaxta. Þær tölur töluðu sínu máli og ég veit að hæstv. ráðh. var einnig að koma þeim til skila til annarra þm., m. a. hv. 11. landsk. þm. sem situr hér við þessa umr., því að sá hv. þm. staðhæfði það hér oftar en einu sinni á Alþingi, og virðulegur formaður Sjálfstfl. glaptist á það að taka þær staðhæfingar hans upp, að raunkostnaður orku til húshitunar hefði þrefaldast í minni tíð sem ráðh. Þessa staðhæfingu hafði þessi umræddi hv. þm. uppi við umræður hér í þinginu og minnti ég á það, þegar ég lagði fram útreikninga ekki ósvipaða og hæstv. iðnrh. kemur hér með, í sambandi við þann vinnutíma sem menn hafa þurft að inna af hendi til þess að vinna fyrir orkukostnaði heimilanna. Það var nú hvorki meira né minna en hv. þm. teldi að sú breyting hefði orðið á í minni ráðherratíð að menn hefðu þurft að bæta við sig líklega 11—12 vikum til þess að vinna fyrir orkukostnaðinum frá því sem var þegar ég tók við starfi. Hæstv. iðnrh. hefur leiðrétt þessar rangfærslur og þennan misskilning 11. landsk. þm. og það er vel að það er hér fram komið.

Þetta er sem sagt kjarni máls í sambandi við þessi efni. Því miður liggur það hér líka fyrir, án þess að það sé endanleg niðurstaða, það vona ég að sé ekki, að til lækkunar húshitunarkostnaðar hefur ekki verið varið nema broti af því sem hæstv. iðnrh. og nokkrir samflokksmenn hans héldu fram að yrði þeirra markmið og framkvæmd á þessum málum ef þeir fengju völd og áhrif í sambandi við orkumál í landinu.

Þetta hefur ekki orðið sú þróun sem ég efast ekkert um að hæstv. núverandi ráðh. hefur haft góðan hug til að reyna að tryggja. En verkin til þessa tala sínu máli. Ég held að það sé í rauninni tími til þess kominn fyrir þm. af landsbyggðinni, því að sérstaklega er það nú þar sem þessi mál brenna á, að reyna að ná betur saman um að koma á leiðréttingum á þessu mjög alvarlega misrétti, sem hér er um að ræða, og reyni að stilla þar betur saman og taka upp önnur vinnubrögð en hafa verið tíðkanleg um þessi efni um alllangt skeið, að vega hver í

annars garð má segja, eftir því hvar þeir eru staddir í flokki, með ásakanir um slælegan hlut að þessu leyti.

Við vitum það þm. og hæstv. ráðh., sem viðstaddir erum þessa umr., að það er við ramman reip að draga í þessum efnum. Þar er barist og tekist á um hagsmuni. En ég vísa til þess að að þessari þáltill., sem hér er til umr., standa þm. úr mínum flokki úr strjálbýli og þéttbýli sem reiðubúnir eru til þess að leggjast á sveif með jöfnunaraðgerðum eins og hér er lagt til. Svo er raunar, veit ég, einnig um þá þm. tvo sem ekki eru í hópi flm. en hafa lýst góðum hug til þessa máls engu að síður.

Ég vil svo, virðulegur forseti, þakka fyrir að greitt er fyrir því að mál þetta komist til nefndar og tel auðsætt að það er hægt að taka á einstökum þáttum þessara mála undir öðrum dagskrárliðum með eðlilegum hætti á þeim dögum sem lifa til jólaleyfis þingsins.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það hefði vissulega verið ástæða til þess að fjalla í nokkuð ítarlegu máli um þessi mál. Og ég tek raunar undir það sem hér hefur komið fram og þó að það verði ekki gert af minni hálfu á þessu kvöldi, m. a. og kannske sérstaklega vegna þeirrar áherslu sem hér hefur komið fram um að ljúka umr., þá líst mér vel á það að slík umfjöllun fari hér fram síðar á þessum vetri. Það er fyrst og fremst eitt atriði sem ég vil gera athugasemdir við í máli flm. þessarar till. Ég er honum að sjálfsögðu að mörgu leyti ákaflega mikið sammála. En að einu leyti er ég honum ekki sammála og reyndar mörgum öðrum sem um þessi mál fjalla. Það er þegar verið að bera saman kostnað við hitaveitur og rafhitun. Það hefur aldrei mátt á það minnast að rafhitun væri á lægri töxtum en hinar svokölluðu dýru eða miðlungsdýru hitaveitur. Nú hefur hins vegar farið fram athugun á því hver raunkostnaður er og nákvæm úttekt í þeim efnum. Þá kemur í ljós að raunkostnaður hinna svokölluðu meðaldýru hitaveitna er 15—20% lægri en norm eða útreiknaður kostnaður gefur tilefni til. Annað er það sem ekki má heldur horfa fram hjá í þessu efni. Það er að í þeim tilvikum eru byggðarlögin og fólkið að eignast ákaflega mikil verðmæti. Það er að leggja í fasteign sem það nýtur síðar meir. Það er útilokað að forsvara orkuokrið í raforkukerfinu með því að ekki sé eðlilegt að hafa rafhitunina ódýrari en hjá dýrari hitaveitum.

Annað efnisatriði ætla ég ekki sérstaklega að ræða hér núna. Það er líka annar ágreiningur uppi í þessum efnum. Við urðum þess mjög áþreifanlega varir, ég og virðulegur forseti, þegar við störfuðum í orkuverðsnefndinni að ýmsir aðilar telja að ná eigi þessari jöfnun og þessari lækkun með því að endurbæta húsnæði í landinu. Það er augljóst að hæstv. núv. iðnrh. hefur tekið meira mið af ráðum þeirra manna heldur en okkar virðulegs forseta, Þorvalds Garðars Kristjánssonar. Ég er sammála fyrrv. iðnrh. að því leyti að mér sýnist að það stefni með ýmsum hætti í óefni með störf svokallaðrar stjórnar átaks til orkusparnaðar. En um þetta er hægt að fjalla nánar síðar.

Það sem réð því sérstaklega að ég kvaddi mér hljóðs var að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að ég hefði farið með rangar tölur hér á Alþingi í sambandi við þróun raforkutaxta frá því að hann hóf störf sem iðnrh. og þar til ráðherradómi hans lauk. Það sem ég hef sagt í þeim efnum er að á því tímabili þrefölduðust rauntaxtar raforku. Þetta er óumdeilanlegt. Ég hef líka sagt að orkuverð til húshitunar hafi þrefaldast. Staðreyndin er sú að á árunum 1970—1978 nam kostnaður við að hita upp hina svokölluðu staðalíbúð launum fyrir sex vinnuvikur, en um mitt ár 1984 nam þessi kostnaður rúmlega 18 vikulaunum og hafði á þessu tímabili þrefaldast. Hins vegar var orkukostnaðurinn þá greiddur niður um ⅓ hluta, niður í ca. 12 vikulaun, þannig að raunkostnaðarauki á þessu tímabili var tvöföldun miðað við laun. Þessar upplýsingar hef ég fengið útreiknaðar af fyrrv. starfsmanni orkuverðsnefndar, sem reyndar starfaði með fleiri nefndum, Gylfa Ísakssyni. Hann hefur núna framreiknað þetta fyrir mig til þess sem er í dag og þá er þessi kostnaður kominn niður í 8.4 vikur.

Það er óumdeilanlega mikill árangur að raunkostnaður við húshitun hefur á einu ári lækkað úr 11.9 vikulaunum niður í 8.4 eins og nú er. Ef taxtar raforkuveitna hefðu haldist óbreyttir, eins og ætla má að hefði getað gerst ef ekki hefði skollið á ný holskefla verðbólgu, þá hefðum við verið komnir fyrir mitt næsta ár niður á sömu tölu og Alþb. leggur til að verði höfð til viðmiðunar í þessum efnum. Þetta eru óhagganlegar staðreyndir. Hins vegar er augljóst, eins og kom hér fram í máli iðnrh., að nýr vandi steðjar að þegar og ef að því kemur að orkuveitur hækka sína taxta. Það er augljóst mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég tek undir það sem hv. flm. sagði að auðvitað hafa menn hér nægilegt fylgi á Alþingi til að lagfæra þessi mál, þeir sem á því hafa vilja og til þess hafa skyldur. Ég tek undir það með honum þó að það sé að sjálfsögðu alveg nauðsynlegt að sjá til hvernig þessi mál þróast, hvernig orkutaxtar þróast. Það er gífurlega mikið mál. Þessi mál eru ekki ólíðanleg ef þeir breytast ekki, en fari svo að þar verði hækkun að einhverju marki þá hlýtur það að verða mál okkar allra að komast að líðanlegri niðurstöðu og samkomulagi í þessum málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kostnaður vegna kjaradeilunefndar.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Helga Seljans um kostnað vegna kjaradeilunefndar, á þskj. 194, afhent þm. 10. des.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er kostnaður af störfum kjaradeilunefndar í nýafstaðinni kjaradeilu ríkisins og BSRB:

a) beinn launakostnaður,

b) annar kostnaður?

Svar:

Eftirfarandi kostnaður liggur fyrir nú 30. nóvember 1984. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna kjaradeilunnar sé að verulegu leyti fram kominn.

	Laun	Verktakar	Annar kostnaður	Samtals
Október	—	—	7 000	7 000
Nóvember ...	876 469	946 705	617 145	2 440 319
	876 469	946 705	624 145	2 447 319

Efri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 206, n. 272, 273). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Eina brtt. flytur nefndin. Það er nánast lögfræðilegt og skattalegt tækniatriði og varðar frv. sem þegar hefur verið afgreitt út úr þessari hv. deild, þ. e. um aldursmark þeirra sem fá skattfrelsi til eins árs þegar þeir láta af vinnu. Ég held að það þurfi ekki fleiri orð um það að hafa.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á nál. hv. fjh.- og viðskn. mæli ég með samþykkt þessa frv. með fyrirvara. Ég vil nú útskýra þennan fyrirvara. Hann nær einungis til 3. gr. frv. og aðeins þess hluta hennar þar sem kveðið er á um samsköttun hjóna. Að undanskildum þessum hluta þessarar greinar er ég fylgjandi efni þessa frv. og hvetjandi þess að það verði samþykkt, enda ákvæði þess til nokkurra hagsbóta fyrir allan almenning. Það er sem sagt einungis hluti 3. gr. frv. sem í mér stendur og vil ég hér gera grein fyrir hvers vegna svo er.

Í greininni er gert ráð fyrir nokkurri samsköttun hjóna, þ. e. á vissu tekjubili og upp að ákveðnu tekjumarki. Hér er í rauninni um tiltölulega takmarkaða samsköttun að ræða og vísast ekki stórt atriði í heimilisbókhaldi flestra heimila. Því finnst mönnum e. t. v. ekki ástæða til að gera veður út af þeim tiltölulega litlu upphæðum sem hér eru á ferðinni, en hámarksábati af þessu ákvæði er 11 þús. kr. fyrir hjón. Það eru heldur ekki upphæðirnar sem slíkar sem ég læt mér annt um heldur sú skattlagningarstefna, þ. e. samsköttunin, sem hér er um að ræða.

Ég er þeirrar grundvallarskoðunar að hvern einasta fullorðinn einstakling, karl eða konu, beri að líta á í lögum sem fjárhagslega sjálfstæðan aðila, jafnt í skattalögum sem öðrum lögum. Þegar 50% reglan svonefnda varðandi skattstofn giftra kvenna var felld niður á sínum tíma og sérsköttun hjóna tekin upp var um að ræða stórt spor í þá átt að viðurkenna að lögum fjárhagslegt sjálfstæði giftra kvenna. Tel ég að í þann ávinning beri að halda. Hitt er svo aftur jafnvíst, að þótt skattalögin hafi þar með viðurkennt fjárhagslegt sjálfstæði giftra kvenna, þá tók löggjafinn ekki við sér á öðrum sviðum. Eftir að sérsköttun komst á þurftu giftar konur að hafa meira fyrir hverri krónu sem þær unnu sér inn en áður. Ekki var komið til móts við þær við þessar breyttu aðstæður þeirra með aukinni dagvistarþjónustu fyrir börn eða nægilega löngu fæðingarorlofi. Og laun þeirra úti á vinnumarkaðinum héldu áfram að vera skammarlega lág. Í reynd þýddi því sérsköttunin aukið vinnuálag á konum, vinnuþrælkun í sumum tilfellum liggur mér við að segja, og aukin vandamál hvað varðaði barnagæslu og aðbúnað allan á heimilum. Alla tíð síðan sérsköttunin var tekin upp hefur verið barist fyrir því af kvenna hálfu að ná fullnaðarleiðréttingu í þessa átt, barist fyrir aukningu dagvistarrýmis og hærri launum, í einu orði sagt fyrir fjárhagslegu sjálfstæði kvenna sem er ein meginundirstaða sjálfstæðis og frelsis kvenna á öðrum sviðum.

Sú samsköttunarregla hjóna sem 3. gr. hljóðar upp á er því frá sjónarmiði fjárhagslegs sjálfstæðis giftra kvenna tvímælalaust spor aftur á bak. Með þessari reglu er lægra launaði makinn, í langflestum tilfellum konan, gerð að nokkurs konar viðhengi maka síns og í leiðinni er með nokkru verið að réttlæta lág laun kvenna úti á vinnumarkaðinum. Skattalögin eru með þessu ákvæði í raun að taka tillit til þess að flestar konur bera ákaflega lítið úr býtum úti á vinnumarkaðinum. Réttlæting á lágum launum kvenna á hvergi heima, hvorki í skattalögum né annars staðar. Vilji menn bæta hlut kvenna að þessu leyti og sjá til þess að þær njóti ávaxta erfiðis síns, þá er að hækka laun þeirra úti á vinnumarkaðinum, m. a. með endurmati á störfum þeirra þar, og bæta aðbúnað barna þeirra í þjóðfélaginu, því að öðruvísi geta konur ekki staðið jafnfætis körlum úti á vinnumarkaðinum.

En samsköttun hjóna snýst ekki aðeins um tekjumismun hjónanna. Hún virðist í fljótu bragði vera skref í þá átt að meta einhvers þau ólaunuðu störf sem unnin eru inni á heimilunum, heimilisstörfin. En eins og þetta er fram sett í 3. gr. þessa frv., þá er hér því miður um gersamlega óviðunandi fyrirkomulag á mati á heimilisstörfum að ræða ef það er þá meiningin með greininni.

1. Heimilisstörf eru unnin á öllum heimilum, ekki einungis heimilum hjóna eða sambýlisfólks, þannig að ef hér er verið að meta heimilisstörf, þá ætti þetta ákvæði að ná til allra heimila og sambúðarforma, sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu, innan þeirra tekjumarka sem greinin kveður á um.
2. Ef hér er um mat á heimilisstörfum að ræða, þá ættu launin fyrir þau að skrifast á þann sem heimilisstörfin vinnur en ekki þann sem heimilisstarfanna nýtur eins og greinin kveður á um. Í reynd þýðir þetta að tekjuhærri makinn, í flestum tilfellum eiginmaðurinn, fær allt að 11 þús. kr. frádrátt frá skatti vegna þess að hann hefur konu heima til að sinna heimilisstörfunum. Heimavinnandi aðilinn skoðast þá á framfæri þess sem teknanna aflar. Sá sem útivinnandi er fær afslátt fyrir að hafa heimavinnandi á sínu framfæri í stað þess, sem réttlátara væri, að sá heimavinnandi njóti sjálfur eða sjálf launanna af störfum sínum. Hér eru svo sannarlega erfið mál að kljást við. Það er erfitt að ná með réttlátri löggjöf til þeirra sem vinna á því sviði þjóðfélagsins, sem hvergi kemur fram í opinberum hagreikningum, þ. e. á heimilunum. Mat á heimilisstörfum er ekki til. Peningalaun fyrir þau eru engin og þau koma hvergi fram í opinberum tölum um verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Við höfum áður hér á þessu þingi rekið okkur á hversu snúið þetta er viðureignar, t. d. hvað varðar lífeyrissjóð heimavinnandi fólks. Ég er ekki að efa að góð hugsun liggur að baki þessari grein hjá hæstv. fjmrh., en eins og hún er framsett hér snýst hún upp í andhverfu sína. Hún tekur ekki mið af þeim sem heimavinnandi eru, heldur þeim sem hafa heimavinnandi á framfæri sínu, ef svo má að orði komast. Ef því er til svarað gegn þessari röksemd að það skipti ekki máli á hvort hjónanna frádrátturinn reiknast því hér sé um fjárhag heim-

ilisins að ræða, ef sú hugsun liggur til grundvallar, þá ættum við að byrja á því að gera heimilið að skattaeiningu, ekki hjón, eins og hér er gert, og leggja heimilunum til frádrátt með skattalögum innan ákveðinna tekjumarka en ekki mökum eins og hér er gert.

3. Sé hér um mat á heimilisstörfum að ræða tekur það mat ekki tillit til þeirra kvenna sem vinna fulla vinnu utan heimilis og síðan heimilisstörfin að auki, kvenna sem búa að fullu við tvöfalt vinnuálag. Getur það ekki heldur talist réttlátt.
4. Það er lögfræðilegt álitamál hvort starfsmat eigi að fyrirfinnast í skattalögum, hvort skattalög eigi ekki að vera hlutlaus að þessu leyti og að í þeim eigi starfsmat ekki heima.

Að öllu samanlögðu er ég andvíg þessu samsköttunarákvæði. Það vinnur gegn fjárhagslegu sjálfstæði kvenna og tekur ekki til heimilisstarfa á réttlátan hátt. Ef heimilisstörf eru metin til launa, þá á að greiða þeim sem störfin vinna þau laun, ekki öðrum. Þá reglu höfum við Kvennalistakonur lagt til grundvallar í meðferð okkar á þessum málum. Við viljum t. d. að heimavinnandi konur fái útgreitt fullt fæðingarorlof. Og svo annað dæmi sé tekið, þá viljum við að heimilisstörf séu metin heimavinnandi fólki til tekna þegar út á vinnumarkaðinn er komið, þeirra tekna en ekki annarra.

Önnur leið, sem vitaskuld er fær í þessu efni, er einfaldlega sú að ríki og sveitarfélög greiði heimavinnandi fólki laun fyrir sín störf og það greiði síðan skatta af þeim eins og aðrir skattþegnar. Ef hæstv. fjmrh. legði fram slíkt frv. mundi ég fagna því innilega því þá fyrst hefðu konur og karlar raunverulegt val um það að vera heima og sinna börnum sínum og bústörfum.

Eins og málin standa nú gefst ákaflega lítill tími til umfjöllunar um það stóra mál sem samsköttun hjóna er og ekkert færi er á að gera vitlegar brtt. við afgreiðslu þessa frv. hér í Ed. Til þess er sá tími of naumur sem hv. þm. er ætlaður til umfjöllunar um þetta mál. Ég hefði vilja leggja hér til að atriðið um samsköttun hjóna yrði fellt út úr frv. og þess í stað yrðu þessar 200 millj. settar í auknar barnabætur og þær greiddar út samkvæmt tekjuviðmiðun. Því miður verður slík tillaga ekki hrist fram úr erminni á einni nóttu, en það er sá tími sem ég hef í rauninni haft til þess að athuga þetta mál, þar sem útreikningar að baki henni eru töluverðir. Ég verð því einfaldlega að láta mér nægja að lýsa hér yfir vilja mínum og skoðun í þessu máli.

Ég mælist til þess við hæstv. fjmrh. að hann íhugi þau atriði þessa máls sem ég hef hér fjallað um í millitíðinni. Því að ef það fé sem hér um ræðir, þær 200 millj. sem hér um ræðir, eru greiddar út sem barnabætur fengju heimavinnandi sjálfir þetta fé í hendur og gætu sjálfir ákveðið hvernig þessu fé væri varið, hvort sem er til umönnunar barna heima fyrir eða til kaupa á barnagæslu. Ég tel það að öllu leyti miklu réttlátara fyrirkomulag en það sem greinin kveður á um.

Væntanlega mun gefast svigrúm til að gera brtt. í Nd. við þetta frv. Standa efni til að við Kvennalistakonur gerum það og þá í þá veru sem ég hef hér nefnt. Væntanlega mun þá verða um að ræða brtt. við frv. til l. um sérstakan barnabótaviðauka, 188. mál, þar sem slík brtt. ætti heima, en það frv. er því miður farið héðan úr Ed. til Nd. og því ekki meira hægt við það að gera hér. Það er því ekki hægt um vik við afgreiðslu málsins hér í hv. Ed. og verð ég því að láta mér nægja að biðja virðulegan forseta að bera 2. mgr. 2. efnismálsliðar 3. gr. sérstaklega undir atkv. hér á eftir og mun ég þá greiða atkv. gegn honum. Ef ekki er hægt sökum þingskapa að bera þetta atriði upp sérstaklega mun ég óska eftir að 3. gr. verði borin upp sérstaklega og mun þá sitja hjá við afgreiðslu hennar, en lýsi því hér yfir að ég er fylgjandi öllum ákvæðum hennar nema þeim sem ég hef hér tiltekið. Þeim er ég andvíg.

Ég vil að lokum aðeins ítreka þá skoðun mína að fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er mikilsverðasti þátturinn í sjálfstæði kvenna yfirleitt og að þetta sjálfstæði beri að virða í skattalögum, en koma til móts við konur annars vegar úti á vinnumarkaðinum með hærri launum, starfsendurmati og aukinni dagvistarþjónustu og hins vegar inni á heimilunum með fullnægjandi mati á heimilisstörfum og með þeim hætti að þeir sem störfin vinna njóti ótvírætt afraksturs þeirra sjálfir.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að beita sér fyrir lækkun tekjuskatts er nemur 600 millj. kr. En jafnframt hafa þeir ákveðið að afla annarra tekna þar á móti. Hér er því um skattaskipti að ræða og augljóst að málið í heild hefur bæði jákvæða hlið og neikvæða hlið. Nú er ekki fjallað um báðar þessar hliðar samtímis hér. Við erum hér einungis að ræða þá jákvæðu sem snýr að lækkun tekjuskattsins.

Stjórnarandstaðan hefur ekki verið höfð með í ráðum um það hvernig haga skuli þessari sérstöku lækkun tekjuskattsins. Þarf ekki að orðlengja að þar hefðu að sjálfsögðu komið ýmsar leiðir til greina. Það kom glöggt fram í ræðu hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur hér áðan að hún er ekki að öllu leyti sátt við það hvernig að þessari skattalækkun er staðið og er það aðeins vísbending eða dæmi um að auðvitað er hægt að velja þessa 600 millj. kr. skattalækkun með mjög mismunandi hætti þannig að hún verði mismunandi hópum til hagsbóta. Ég er ekki sannfærður um að hér hafi endilega verið valin hin eina rétta leið og ég hefði vissulega kosið að betri tími hefði gefist til að velta fyrir sér hvort aðrar leiðir væru hyggilegri.

Ég tek undir það með hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að heimildin, sem í frv. felst, um tilflutning tekna eða öllu heldur skattþreps frá því tekjulægra til hins tekjuhærra er ekkert einhlít eða sjálfsögð ráðstöfun. Þar er verið að hverfa frá því meginsjónarmiði, sem haft var til hliðsjónar þegar núgildandi skattalög voru sett, þ. e. að um sérsköttun væri að ræða. Það væri verið að hverfa í átt til samsköttunar. Hins vegar leynir það sér ekki að ýmsir fjölskylduhópar hafa verulegt hagræði af þessari breytingu og þá einkum þegar svo stendur á að annar maki vinnur fyrir mestöllum tekjum heimilisins en hinn makinn er heimavinnandi. Enda þótt við Alþb.-menn teljum alls ekkert einsýnt að sú aðferð, sem hér er viðhöfð við lækkun tekjuskatts, sé hin eina rétta viljum við eftir atvikum ekki standa gegn þessu frv. heldur styðjum samþykkt þess. Við áskiljum okkur hins vegar allan rétt til að hafa aðrar skoðanir en hæstv. ríkisstj. á því hvernig eðlilegast væri að afla tekna í staðinn fyrir þær tekjur sem hér eru látnar niður falla. Við teljum ófært með öllu að skattaskiptin gerist með þeim hætti að verið sé að fella niður tekjuskatt og láta svo söluskatt

koma þar á móti þannig að um yrði að ræða hækkun á öllum algengustu neysluvörum almennings. Við teljum að hægt væri að framkvæma þessi skattaskipti á þann hátt að ekki þyrfti að koma tekjulágu fólki til óhagræðis.

En um leið og við áskiljum okkur allan rétt til þess að hafa okkar tillögur uppi og okkar skoðanir á því hvernig tekna verði aflað á móti í þessu tilviki erum við hins vegar því samþykkir að sú tekjuskattslækkun, sem hér er gerð till. um, nái fram að ganga.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir skjót og vel unnin störf í sambandi við afgreiðsluna á því frv. til l. sem hér er á dagskrá um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Ég vil ekki lengja þessar umr., enda væri það rangt af mér, en ég vil aðeins leiðrétta smámisskilning sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. Það er nú ekki hægt um vik að greiða 200 millj. í auknum barnabótum. Við erum ekki farnir að greiða út úr ríkissjóði. Við erum að minnka ríkissjóðstekjur en við erum ekki með peninga í höndunum sem við getum greitt frjálst í þetta eða hitt. Við verðum þá fyrst að innheimta það, lækka þá niðurfellingu úr 600 millj. í 400 til að ná þessum 200 millj. inn til að geta greitt þær í auknum barnabótum. Það getur vel verið að það sé það sem hv. þm. átti við, en þetta er ekki sú leið sem við höfum valið. A. m. k. hefur mér ekki dottið í hug að fara þá leið og ég hef ekki heyrt um hana á þessu stigi. Ég skal ekki dæma um það hvort sú leið sem ég hef valið er endilega sú besta. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. koma ýmsar leiðir til greina. Þetta er leið sem við höfum valið og þetta er vissulega leið, en það var bara engin leið valin til slíkrar lækkunar af síðustu ríkisstj. Nú er þó verið að fara þessa leið til að lækka tekjuskattinn. En það var engin leið farin af fyrrv. ríkisstjórn þó að nú komi fram frá fyrrv. stjórnarsinnum að ýmsar leiðir komi til greina.

En ég er ánægður með það að jafnvel þeir sem eru ábyrgir fyrir því að hafa ekki farið neinar leiðir í þessa átt áður fyrr eru þó sáttir við þá leið sem hér hefur verið valin. En ég vil líka leiðrétta það að hér er ekki um skattskipti að ræða. Eins og hv. alþm. öllum er ljóst voru fjárlögin fyrst lögð fram með skattaskiptum, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um. Það stendur í fjárlagafrv. að fella skuli niður tekjuskatt að upphæð 600 millj. kr. og innheimta þá upphæð með óbeinum sköttum. En þetta hefur breyst eins og allir hv. þm. vita. Innheimtan á móti er fallin niður þannig að 600 millj. kr. tekjumissir vegna lækkunar tekjuskatts blasir við ríkissjóði.

Hitt er svo annað mál að það verður vonandi — ég veit þó ekki hvort ég þori að vona það — það verður líklega samþykkt að endurgreiða sjávarútvegi um 500 millj., eða einhvers staðar á milli 400 og 500 millj. kr., í uppsöfnuðum söluskatti. Og á móti þeim tekjumissi hefur komið fram frv. um að hækka söluskatt um ½%. Það er ekki gert vegna þess að tekjuskattur er lækkaður. Ég vildi bara að þetta kæmi ljóst fram.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég fagna því að hafin er sú ganga að lækka tekjuskatt og hugsanlega afnema hann. Ég minni á að það hefur verið stefna Alþfl. mjög lengi að afnema tekjuskatt. Við höfum flutt frv. um það ár eftir ár, en það var loks á síðasta þingi sem menn sameinuðust um að samþykkja till. í þá veru.

Ég hygg að öllum almenningi sé það ljóst að sú leið sem valin er við þessa tekjuskattslækkun er skattskipti — ég held það sjái hvert einasta mannsbarn, hvort sem ráðh. neitar því eða ekki — því á sama tíma og verið er að lækka tekjuskattinn liggja fyrir till. um að hækka söluskatt. Sést á því að hér er um hrein skattskipti að ræða. Við Alþfl.-menn teljum tekjuskattinn mjög ranglátan skatt sem komi mjög misjafnt niður á mönnum. Það fer eftir aðstöðu manna hverju sinni, hvað þeir starfa, hvort þeir eru í atvinnurekstri eða annars staðar, hvort þeir greiða tilskilinn tekjuskatt eða ekki.

Það hefur komið nokkuð til umræðu hér hvort samsköttun eigi að vera við lýði eða ekki. Ég tel að sú breyting sem hér er gerð sé frekar til bóta. Ég vil spyrja: Hvernig vilja hv. þm. leysa þau vandamál sem til staðar eru, að annars vegar er heimili sem er þannig sett að aðeins er ein fyrirvinna sem hefur sæmilegar tekjur og hins vegar heimili þar sem báðir vinna úti, en þessi tvö heimili eru ekki eins sett hvað varðar skattskyldu til ríkisins? Heimili, sem er þannig statt að aðeins annað foreldrið vinnur úti, þarf að greiða hærri skatta. Það geta verið gildar ástæður fyrir því að eiginkona vinnur ekki úti. Það er ekki eins og sumir halda fram bara af leti eða ómennsku. Það getur verið og er mjög oft að viðkomandi hefur fatlað barn til að annast og kemst ekki út af heimilinu. Það getur einnig verið að ómegðin sé það mikil, börnin svo mörg að konan kemst ekki út af heimilinu. Er sanngjarnt að refsa þessu fólki, þessu heimili með því að það þurfi að greiða hærri skatta? Ég vil varpa þeirri spurningu fram hvort menn hafi aðrar leiðir til að leysa þetta vandamál sem vissulega er fyrir hendi og er ótækt að ekki sé tekið á.

Ég vil líka segja að ég er ekki endilega viss um það, hefði maður haft aðstöðu til að fylgjast með því hvernig þessi skattalækkun er útfærð, að við í Alþfl. hefðum samþykkt það eða ekki viljað fara aðrar leiðir. Ég hef ekki átt þess kost að vera í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallar, en þetta mál ber mjög brátt að. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þetta frv. þrátt fyrir allt og tel það spor í rétta átt.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Að hamra sífellt á því að konur þessa lands séu kúgaðir þrælar, eins og hv. þm. Sigríður Dúna gerir títt í sínum ræðum, tel ég að sé ekki íslenskum konum til framdráttar. Ég mótmæli slíkum málflutningi. Málflutningur þm. minnir æði oft á ævintýrið um Lísu í Undralandi, svo langt flýgur þm. fyrir utan allt sem heitir raunveruleiki í okkar landi. Þm. vill skipuleggja allt og miðstýra ofan í kjölinn í stað þess að virða rétt allra til ákveðins sveigjanleika, bæði í mannlífi og þjóðlífi í heild.

Hvaða stofnanamál er hv. þm. að tala þegar hún fjallar um vinnuþrælkun kvenna í þessu landi? Væri ekki ástæða til að vanda svolítið notkun orða þegar slíkt er tekið í munn? Í okkar landi er duglegt fólk, konur og karlar, og víst er það að margir þurfa að vinna of mikið, en að halda því fram að hér sé ríkjandi vinnuþrælkun sem meginstefna og meginstaða er fáránlegt.

Þar sem hallar á bæði konur og karla er ástæða til að taka á og rétta við, huga að og bæta úr. En slíkum yfirlýsingum, sem eiga við engin rök að styðjast, að

vinnuþrælkun kvenna sé yfirleitt til staðar fremur en karla ber að mótmæla. Þetta er stofnanamál sem verður að útskýrast á íslenskri tungu.

Flest þau mál sem eru til umr. og það frv. sem fjallað er um er spor í rétta átt til að virða þann frumrétt heimilisins að hafa forgang í þjóðfélaginu. Frumrétt hjóna, sambýlisfólks, einstaklinga eða hverju nafni sem þeir nefnast sem halda heimili, til að ráða sjálft sínum gerðum, skipuleggja sjálft verkaskiptingu og annað í því lífi sem fólk vill lifa. Miðstýringarpostuli eins og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir ætti að huga betur að þessum sjálfsagða rétti Íslendinga. Það á að vera réttur fólks að ráða störfum sínum og lífi svo lengi sem ekki sé gengið á rétt næsta manns. Þess vegna er það spor í rétta átt þegar tekið er tillit til þess sem er heimavinnandi gagnvart þeim sem er útivinnandi. Þar er um persónulega verkaskiptingu að ræða í flestum tilvikum. Spor í rétta átt, sagði ég, vegna þess að ég tel það eitt meginmarkmið í þessum efnum í náinni framtíð að koma á því sem kallað hefur verið helmingasköttun hjóna. Að fullt tillit sé tekið til þess aðilans sem sinnir fremur heimilishaldinu á móti þeim sem sinnir verkum utan heimilisins.

Á sama hátt verður að krefjast þess að réttur kvenna til fæðingarorlofs verði jafnaður til fulls, þannig að sama fæðingarorlof sé greitt til konu hvort sem hún er útivinnandi eða heimavinnandi. Það væri kannske æskilegt að slíkar greiðslur færu eftir launum hverrar og einnar móður. En í fyrsta lagi á að jafna þennan mun áður en gengið er lengra í þeim efnum. Konur búa ekki við sama rétt í þessu landi í dag. Fyrsta skylda okkar er að jafna réttinn, eyða misréttinu og jafna fæðingarorlofslögin.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins út af spurningu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar sem var: Hvernig á að jafna mismuninn milli þeirra hjóna annars vegar þar sem bæði vinna úti og hins vegar þar sem aðeins annað vinnur úti og hitt kemst ekki út að vinna, t. d. sökum gæslu vanheils barns? Ég var einmitt að gera till. um það hér áðan í ræðustól að í stað samsköttunar yrði þessu fé varið til greiðslu barnabóta. (Gripið fram í.) Nei, samkvæmt sömu tekjuviðmiðunum. Ekki til allra, heldur með tekjuviðmiðunum eftir þörf hverju sinni, þannig að féð væri í raun greitt til þess sem heimavinnandi væri og hann eða hún — í flestum tilfellum hún — gæti sjálf valið hvort hún notaði þetta fé til að kaupa gæslu fyrir þann sem bindur hana heima eða notað það á annan máta. Það var það sem ég var að tala um.

Ég hreyfði þeirri hugmynd líka að greiða laun til heimavinnandi kvenna, að ríki og sveitarfélög gerðu það. Það mundi leysa stóran vanda í margs konar lagasetningu, en það leysir örugglega ekki fjárhagsvanda ríkissjóðs. Ég er hrædd um að íslenska ríkið færi á höfuðið ef það yrði gert. Þar yrði um gríðarlegar fjárhæðir að ræða. En þetta eru tillögurnar sem ég var að minnast á í staðinn fyrir það fyrirkomulag sem í frv. er.

Upphlaup hv. þm. Árna Johnsen í hvert sinn sem Kvennalistakonur fara í ræðustól í þinginu eru fróðlegt rannsóknarefni. Kannske verða þau fróðlegt rannsóknarefni í kvennafræðum framtíðarinnar, en efnislega eru þau ekki svaraverð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. 1 samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. 2 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. 3 samþ. með 15:2 atkv.
4.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 273 (ný 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228, n. 274). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um mál þetta, sérstakt tímabundið vörugjald heitir það fullu nafni. N. hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt þessa frv. og rita allir nm. undir nál. Hv. þm. Stefán Benediktsson sat fundi n. er málið var rætt og lýsir sig samþykkan áliti n., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt. eða styðja till. sem fram kynnu að verða bornar.

Þetta mál er gamalkunnugt. Þetta sérstaka tímabundna vörugjald er nú hartnær tíu ára og hefur fremur hækkað heldur en hitt. Þetta er afturganga sem menn hafa ekki komið fyrir enn þá, en vonandi verður nú höfuðið einhvern tíma af henni höggvið og komið við þjóhnappana.

Þetta er að mínu mati ein þeirra löggjafa sem hefur valdið miklu tjóni í þessu þjóðfélagi. Það hefur verið svo, nú hátt á annan áratug, að samhliða gengisfellingum hafa stjórnvöld alltaf fundið upp á því snjallræði að hækka vöruverð með nýjum skattaálögum til þess að keyra verðbólguna enn þá hraðar upp á við. Væntanlega hefur það þó ekki verið tilgangurinn, heldur hitt að bjarga þeirri skepnu sem alltaf á fyrst að fóðra, þ. e. ríkissjóðnum, við halla. Þetta hafa verið kennisetningar, sem sérstakir sérfræðingar allra ríkisstj. um langt skeið hafa haldið mjög á loft, að í baráttunni við verðbólguna ríði á því fyrst og síðast að tryggja að ríkið yrði rekið með greiðsluafgangi eða a. m. k. hallalaust þó að það hafi raunar aldrei verið vegna þess að það hafa alltaf verið fölsuð fjárlögin, fundið upp á að setja lánsfjáráætlanir og sérlög um alla skapaða hluti og gera fjárlög aldrei upp með réttum hætti. Það er ekki heldur gert nú, eins og birtist raunar í fjárlagafrv., þar sem reikningsreglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru sýndar. Þar sést að þetta er allt sýndarmennska með þennan hallalausa ríkissjóð. Það er deila um keisarans skegg. Þetta er allt saman gert upp með röngum hætti. Það hefur hæstv. fjmrh. verið svo kjarkaður að sýna með því að birta réttar útreikningsreglur í sjálfu fjárlagafrv., reglur þær sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett.

Í annan stað hefur sú speki verið við lýði núna á annan áratug að brýna nauðsyn bæri til að frysta sem mest af sparifé landsmanna. Það væri líka leiðin til að ráða við verðbólguna að hafa helst enga peninga í umferð nema þá á svartamarkaði eða þá að taka þá í geymslu til bráðabirgða og úthluta þeim svo eftir geðþótta stjórnvalda og aldeilis ekki alltaf til arðvæn-

legra hluta eða þeirra arðvænlegustu. Af þessu súpum við nú seyðið og höfum sopið.

Þegar hæstv. núv. ríkisstj. var mynduð í fyrra held ég að hún hafi gert nákvæmlega rétt að reyna að ráða niðurlögum verðbólgu með nokkuð snöggum hætti. Hún samþykkti að launþegar fengju 8% kauphækkun strax og síðan 4% í októbermánuði. Þetta gátu launþegar búið við. Það hefur víst birst opinberlega að ég setti það að skilyrði fyrir stuðningi við þessa ríkisstj. eða öllu heldur stjórnarstefnuna, því að stjórnin hafði ekki verið mynduð og ég vissi ekkert hverjir yrðu ráðh. eða neitt slíkt, að fyrsti liður í svokölluðum mildandi aðgerðum yrði sá að neysluskattar, sem legðust með mjög miklum þunga á brýnustu lífsnauðsynjar heimilanna, yrðu lækkaðir. Þetta var því miður ekki gert nema í mjög litlum mæli í fyrrahaust. Hins vegar vann hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar mjög mikið starf í fyrra fyrir áramótin að athugunum á því hvernig uppfylla mætti þetta fyrirheit hæstv. ríkisstj. og fjmrn. og hæstv. fjmrh. veitti þar alla aðstoð sem um var beðið og miklir útreikningar bárust okkur. Ég vil sérstaklega taka það fram að stjórnarandstöðuþingmenn unnu í þessu nákvæmlega jafnt og við stjórnarþm. og lögðu á sig mjög mikið erfiði til að reyna að samræma tollskrá og lækka þessi fávíslegu gjöld á brýnustu nauðsynjar, eins og fjölda matvörutegunda og alla þá smáhluti sem hver einasta fjölskylda þarf að nota og í mörgum tilfellum fátæku fjölskyldurnar og þær barnmörgu miklu meira magn af en hinir sem við betri hag búa.

Að þessu var unnið sleitulaust og við gerðum okkur vonir um það um þetta leyti í fyrra að eitthvað mundi rofa til í þessum frumskógi. Það gerði það ekki og því miður bar hæstv. ríkisstj. ekki gæfu til þess að lækka þessar gífulegu álögur á launafólkið fyrri hluta þessa árs og því fór nú sem fór í þessum kjaradeilum sem öllum urðu til ógæfu og þá ekki síst ríkisvaldinu sjálfu og ríkissjóði. Því að það er nú einu sinni svo, þó að sumir hagfræðingar hérlendir vilji ekki viðurkenna það en þori þó ekki að mótmæla því, að ríkisútgjöldin eru ekkert annað, þegar upp er staðið, en annars vegar launagreiðslur og hins vegar gjaldeyrisnotkun. Ef þess vegna var unnt fyrir launamenn að sætta sig við minni kauphækkanir og gengið gat haldist stöðugra varð útgjaldahlið ríkisins auðvitað lægri alveg á sama hátt og tekjuhliðin. En þennan einfalda sannleika má nú ekki segja eða a. m. k. vilja þeir það ekki sem hafa haft meginráðin í þennan langa tíma, þennan upplausnaráratug, framsóknaráratug, ofstjórnaráratug eða hvað menn vilja nú kalla það. Þess vegna var líka komin fátækt á Íslandi áður en þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Þegar við ræðum um skattamálin finnst mér dálítið skrýtið að jafnvel alþýðusamtökin leggja ekki neina meginácherslu á að reyna að nota skattamál til að hjálpa þeim sem erfiðast eiga. Það er ekki það fólk sem borgar t. d. tekjuskattinn. Það er venjulega tekjuskattslaust fólk eða með mjög lítinn tekjuskatt. Það borgar reyndar útsvör og öll möguleg önnur gjöld. Þess vegna hef ég haldið því fram að undir þeim kringumstæðum sem við höfum búið við núna síðustu 2—3 árin, þar sem tekjur hafa rýrnað svo mjög, er meginástæða til að lækka þá neysluskatta sem leggjast með gífurlegum þunga á lágtekjufólkið. Þess er að gæta að auðvitað hefur lækkun tekjuskatts áhrif í þá átt að hægt er að ná skynsamlegum kjarasamningum, eða hóflegri skulum við segja. Fólk getur sætt sig við lægri laun ef það borgar lægri tekjuskatta, og að þessu einbeita sér nú allir að lækka tekjuskattana.

Það er eiginlega orðið nokkuð einróma álit, virðist vera, allra í þjóðfélaginu, að einmitt nú beri brýna nauðsyn til að lækka tekjuskatta. Ég hefði haldið að nær hefði verið að hækka skattfrelsismörkin, skattleysismörkin á tekjusköttum, en ekki endilega á þessum tíma að keppa að því að afnema tekjuskatt þó að auðvitað sé hann hvimleiður og beri að huga að því og þá sérstaklega að reyna að koma á meira réttlæti í innheimtu hans.

Lækkun neysluskattana, það sem við höfum verið að reyna að vinna að, það sem hefur verið unnið að í fjmrn. undir handleiðslu hæstv. fjmrh. þó að hann framkvæmi það ekki, telji sig ekki geta það eða hvað sem því veldur, hefur auðvitað tvöföld áhrif í baráttunni við verðbólguna. Hún hefur sömu áhrifin og lækkun tekjuskattanna að því leyti að fólk getur lifað við lægri laun, af því að vöruverð verður lægra, alveg eins og það getur lifað við eitthvað lægri laun af því að skattarnir eru lægri. En neysluskattalækkunin hefur líka þau áhrif að verðlag verður beinlínis lægra og verðbólgan er þess vegna viðráðanlegri. Ef þessu úrræði hefði verið beitt í fyrra eða á fyrri hluta þessa árs er ég sannfærður um að það hefðu náðst heilbrigðir kjarasamningar og verðbólgan væri kannske komin niður undir núll. Við hefðum unnið fullnaðarsigur. Þá var að vísu boðin 1200 millj. tekjuskattslækkun á lokastigi. Það hefði sjálfsagt gert það að verkum líka að við hefðum náð sæmilega hóflegum kjarasamningum, en það hefði ekki verkað jafnmikið á verðlagsþróun og verðbólgu og 1200 millj. kr. lækkun á neyslusköttum. Ef slík lækkun hefði verið boðin og hún hefði verið framkvæmd og laun hefðu kannske ekki hækkað nema um 6% gegn því að vöruverð lækkaði sem svaraði 2, 3 eða 4% í kaupmætti, þá væri verðbólgan líklega búin og við stæðum alls ekki frammi fyrir þessum vanda sem við sjáum nú fyrir okkur.

Um þetta gæti ég auðvitað talað í allan dag, en skal ekki tefja tímann, enda er hann naumur. Ég vona nú samt að menn hugleiði þetta mál þangað til í óefni kemur aftur. Þessi ríkisstj. lofaði mér því og flokkur minn að þetta yrði gert. Það var sett sem fyrsti liður í mildandi aðgerðum og ég studdi þann stjórnarsáttmála á þeirri forsendu. Það var öllum ljóst í mínum flokki og var raunar birt opinberlega. Ég ætla þess vegna, hæstv. fjmrh., að vænta þess að þó að þetta hafi ekki tekist núna verði haldið áfram endurskoðun tollskrárinnar og strax í byrjun vorþingsins eða nú eftir jólaleyfi verði tekið til við að finna það út með hvaða hætti megi bæta kjör í þessu landi á þann veg að lækka þessa okurtolla og skatta á brýnustu lífsnauðsynjar alls fólks í þessu landi. Það hafa verið gerðir miklir útreikningar. Það að lækka alla tolla, þannig að engir tollar yrðu hærri en 30%, og afnema vörugjaldið mundi að vísu kosta ríkissjóð, segja þeir, brúttó 2 milljarða, um það bil, en bætir kjör fólks, raunverulega bætir kjör fólks, um ca. 3%. Ríkið borgar nú sjálft um þriðjung af þessum gjöldum því að það verður að borga af öllu því sem það sjálft notar. Það verður alveg áreiðanlega einhver von til þess að vinnufriður héldist á næsta ári ef þetta yrði gert og þess vegna skora ég nú á hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir

því að svo fari. Ég veit að hann hefur viljað þetta, og hann hefur hjálpað okkur við alla þessa vinnu, haft um hana forgöngu að ýmsu leyti. Honum hefur ekki tekist það eða ekki gert það allavega. Ég lýk orðum mínum með því að segja við hæstv. ríkisstj. að hún framfylgi nú þessu loforði sínu og fari strax eftir jólaleyfi að vinna að því.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vildi leyfa mér að koma hér í ræðustól og þakka fyrir ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Það er ekki allt of oft að við ræðum hér um grundvallaratriði og þess vegna eins og hressandi skúr þegar slíkt gerist. Ég vil taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. v. að *því leyti að menn hugi nú* virkilega að því sem mögulegri leið í baráttu við verðbólgu einu sinni, þó að það væri ekki af neinni annarri ástæðu en þeirri að aðrar leiðir sem menn hafa farið hafa ekki dugað, að vinna bug á verðbólgunni með þeim hætti að draga úr eftirspurn eftir peningum. Það er það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. er að tala um.

Það ráð að takmarka peningaveltuna, þ. e. taka þá úr umferð, hefur ekki dugað í baráttunni við verðbólguna vegna þess að það dregur ekki úr eftirspurn eftir peningum, heldur eykur hana. Menn fara þá að nota þær leiðir, sem færar eru og oft eru nefndar hér í ræðum, til að koma þeim peningum, sem teknir hafa *verið úr umferð, eftir einhverjum öðrum leiðum í* umferð aftur. En að nota þá einföldu leið að draga úr eftirspurn eftir peningum með því að lækka þau gjöld sem lögð eru á neyslu fólks í tollum og þeim sköttum sem leggjast beint á vöruverð tel ég að sé að mörgu leyti miklu gagnlegra en sú umræða sem hér fer fram um breytingar á einstökum frv. og greinum þeirra og að starf okkar, sérstaklega á þeirri stundu sem við lifum, núna, ætti að beinast að því að ræða þessi mál út frá grundvallaratriðum og beina öllum okkar kröftum að því að finna lausnir sem duga. Það ætti að því leyti að vera einfalt að við höfum það mjög klárlega fyrir augunum, horfum við til baka, hvaða aðferðir duga ekki.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir góða afgreiðslu á því frv. *sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á lögum um* sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, og ætla ekki að hætta mér út í þá almennu umr. sem hefur spunnist út frá þessu litla frv. En ég vil taka undir margt af því sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér. Þær leiðir sem við höfum farið hingað til til lausnar á þeim þjóðfélagsvanda sem við höfum glímt við um nokkuð langan tíma eru augljóslega rangar, en við höldum áfram, við notum sömu gömlu meðulin til að komast út úr sams konar vanda, sem við komum okkur í nokkuð reglulega.

Ég ætla ekki að fara nánar út í það á þessu stigi, en ég er viss um að það eiga eftir að spinnast hér miklar umr. um þessi mál áður en lýkur. En ég vil taka undir það með hv. þm. að gengislækkanir eru ekki leiðin út úr vanda, auknar álögur eru ekki leiðin. Fjárlög hafa auk heldur ekki verið rétt kynnt. Ég held að kominn sé tími til að taka upp þann hátt sem kynntur er í fjárlögum núna, þannig að á einum og sama stað sjáist vandinn allur, að þm. og þjóðin öll hafi yfirlit yfir fjárlög á einum stað þar sem þau verða auðveldlega borin saman, bæði A- og B-hluti.

Ég vil taka undir það að binding bankanna, og ég hef margoft sagt það, á fé landsmanna er röng. Tek ég sem dæmi að ef verkfæri eru tekin af iðnaðarmanni vinnur hann ekki verkið. Ef peningarnir eru teknir af fólkinu vinna þeir ekki fyrir þjóðina. Ef binding er á peningum hægra megin, en peningarnir leka út á enn þá dýrari vöxtum og enn þá dýrari hátt vinstra megin, þá er það röng ráðstöfun.

Hvað tollskrárbreytingar áhrærir er að mestu lokið þeirri breytingu sem unnið hefur verið að og endurskoðun þar af leiðandi og frv. er í undirbúningi, þannig að ég vona að það dragist ekki mjög lengi að kynna það frv. í þingflokkunum og leggja það síðan fram á hv. Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. 148. mál (þskj. 153). — 1. umr.

Flm. (*Sigríður Dúna Kristmundsdóttir*): Virðulegi forseti. Á þskj. 153 ber ég fram frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97/1980 um fæðingarorlof, breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta, var frv. þetta áður flutt á síðasta löggjafarþingi, en náði þar ekki fram að ganga. Það er því endurflutt hér nú óbreytt í öllum helstu atriðum.

Meginmarkmið frv. er að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi — **(Forseti:** Að gefnu tilefni held ég að það verði að geta þess að það er alltaf mjög ánægjulegt að fá góða gesti sem áheyrendur á þingpalla og það er vissulega ánægjulegur sá áhugi sem fram kemur hjá áheyrendum að vilja fylgjast með því sem verið er að fjalla um hér á löggjafarsamkomunni, Alþingi Íslendinga. En slíkar heimsóknir eru þó bundnar við það að þær trufli ekki þingfundinn sem stendur yfir. Þetta gildir jafnt um eldri gesti sem yngri og ég verð að vænta þess að gestir á þingpöllum taki tillit til þess.) Ég vil taka fram ef ég má segja hér um fáein orð, að sá umgangur, sem var hér í þingsalnum rétt áðan, truflaði mig meira en barnahljóðin — þeim er ég vön. Ég vil geta þess að hér munu vera staddar konur sem eru heimavinnandi og komast ekki á þingpalla til að fylgjast með málum, sem þær hafa áhuga á, öðruvísi en með börnin. Því er gestkvæmt hjá okkur á þingpöllum núna. **(Gripið fram í:** Þm. talar við þdm. þegar hann er að tala úr ræðustól.) Ég var að tala við forseta. En nú skal ég hefja mál mitt við þdm.

Eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta, var frv. þetta áður flutt á síðasta löggjafarþingi, en náði þar ekki fram að ganga. Það er því endurflutt hér nú óbreytt í öllum helstu atriðum.

„Meginmarkmið frv. er að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra tímabilið eftir fæðingu barns.

Á undanförnum árum hefur íslenskt þjóðfélag tekið

miklum stakkaskiptum. Þær breytingar hafa m. a. orðið á högum fólks hér á landi að það er nú fjárhagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur. Á þetta ekki síst við um þá aldurshópa sem nú eru að koma sér upp húsnæði, hasla sér völl í atvinnulífinu og eignast börn.

Nauðsyn þess að hvert heimili hafi tvær fyrirvinnur sést m. a. á þeirri gífurlegu aukningu sem orðið hefur á atvinnuþátttöku kvenna undanfarin ár. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis, en árið 1982 voru yfir 80% kvenna útivinnandi. Það gefur auga leið að við slíkar aðstæður gefst konum lítið svigrúm til þess að sinna nauðsynlegri umönnun ungbarna. Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til þess að sinna því mikilvæga hlutverki að annast um barn á fyrsta æviskeiði þess. Enn fremur fer þeim heimilum sífellt fjölgandi þar sem fyrirvinnan er aðeins ein, en nú mun áttunda hvert barn í landinu vera á framfæri einstæðrar móður.

Það ber því brýna nauðsyn til að við skipan fæðingarorlofsmála sé komið til móts við þessar breyttu þjóðfélagsaðstæður og fólki gert fjárhagslega kleift að eignast börn. Það verður ekki gert nema með því að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna, móður- og fjölskylduhlutverk þeirra annars vegar og nauðsynlega þátttöku þeirra í atvinnulífinu hins vegar. Auk þessa meginmarkmiðs er með frv. þessu ítrekað mikilvægi barnaumönnunar og móður- og föðurhlutverksins fyrir þá einstaklinga, sem í hlut eiga, og fyrir samfélagið í heild.

Breytingar frá núverandi lögum skv. þessu frv. eru eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir allar konur. Greiðsla fæðingarorlofs tryggir móður næði og öryggi til samskipta við barn sitt eftir fæðingu þess. Þó að sex mánaða gamalt barn sé enn háð uppalanda sínum og sé hvergi nærri sjálfbjarga er það þó mun þroskaðra til að takast á við umhverfið en þriggja mánaða gamalt barn. Jafnframt er móðurinni gefið tækifæri til að ná sér eftir áreynslu barnsburðarins og aðlagast þeirri gerbreytingu sem hann veldur á högum hennar. Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir velferð og þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Þó að allt sé betra en ekkert í þeim efnum hefur löngum verið miðað við a. m. k. sex mánuði sem æskilegan lágmarkstíma brjóstagjafar, en eftir þann tíma fer ónæmiskerfi barnsins að geta annað eigin vörnum. Jafnframt er brjóstagjöf mjög virk til að mynda sterk tilfinningatengsl milli móður og barns.

Heilsa og heilbrigði barns fyrstu mánuði lífsins byggist framar öðru á móður þess, heilsu hennar, næringarástandi og félagslegum aðstæðum hennar. Heilsusamlegt gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt og benda allar rannsóknir til þess að geti barn notið móðurmjólkurinnar fyrstu ævimánuðina verði það ekki einungis hraustara fyrsta aldursárið, heldur eflist einnig mótstaða þess og ónæmi gegn ýmsum sjúkdómum síðar á lífsleiðinni. Efnasamsetning brjóstamjólkur stuðlar að hæfilegum og eðlilegum vexti barns, sér því fyrir vítamínum og steinefnum í nákvæmlega því magni sem það getur nýtt sér og þarf á að halda. Mótefni hennar veita vörn gegn sjúkdómum og draga úr hættu á ofnæmi hvers konar. Í bréfi sem dr. Helgi Valdimarsson prófessor í ofnæmisfræði við Háskóla Íslands sendi heilbrigðisyfirvöldum nýlega vegna rannsókna í ofnæmisfræðum, segir svo, með leyfi forseta:

„Enginn vafi er á því að ofnæmi er veigamesta orsök langvarandi vanheilsu meðal ungbarna hérlendis. Auk astma, exems og meltingartruflana getur ofnæmi einnig oft verið afgerandi meðvirkur orsakaþáttur í endurteknum og þrálátum eyrnabólgum og sýkingum í öndunarfærum. Einnig benda nýlegar rannsóknir til þess að ofnæmi geti orsakað mígreni og jafnvel stuðlað að sjúklegum óróleika, eða „hyperactivity", og flogaveiki í sumum börnum."

Í meðfylgjandi bréfi segir Helgi einnig, með leyfi forseta:

„Þótt ekki sé endanlega búið að sanna að neysla á brjóstamjólk einvörðungu fyrstu mánuði ævinnar geti komið í veg fyrir ofnæmissjúkdóma í ungbörnum tel ég að rökin fyrir því séu of sterk til að láta þau sem vind um eyru þjóta. Ávinningurinn getur orðið veruleg heilsubót margra barna sem þjást af ofnæmissjúkdómum og endurteknum sýkingum fyrstu ár ævinnar. Má fullyrða að þessir ungbarnasjúkdómar hafi í för með sér mikinn kostnað fyrir þjóðina."

Því má bæta við að auk þess að draga úr hættu á ofnæmissjúkdómum hvers konar mun brjóstagjöf einnig draga úr tannskemmdum barna, eyrnabólgum, maga- og þarmasýkingum og einnig minnka hættu á brjóstkrabbameini hjá konum. Brjóstagjöf er því í rauninni frumheilsugæsla. Fyrir utan mannlegan ávinning þess að heilbrigði manna, andlegt sem líkamlegt, sé gott má ljóst vera að þessi heilsugæsla sparar sameiginlegum sjóðum landsmanna ófáar krónurnar sé til lengri tíma litið. Sá kostnaður, sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér, skilar sér því tvímælalaust aftur í beinhörðum peningum.

En brjóstagjöf verður ekki afgreidd með því einu að fjalla um efnasamsetningu móðurmjólkur eða sparnað í heilbrigðiskerfinu. Hún er flóknara mál en svo. Brjóstagjöf byggist framar öðru á tilfinningatengslum móður og barns. Hafi móðir ekki næði til að sinna barni sínu eftir fæðingu þess er viðbúið að hún missi mjólkina og geti ekki haft barnið á brjósti.

Nú til dags er öllum fæðandi konum tjáð að æskilegt sé að hafa barn á brjósti í a. m. k. sex mánuði og ófáar eru þær konurnar sem gengið hafa fullar af sektarkennd út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum eftir fæðingu barns og ekki átt annarra kosta völ. Með fullri vinnu utan heimilis getur kona ekki búist við að geta haft barn sitt á brjósti og tvískinnungur þess samfélags, sem segir henni að hafa barnið á brjósti sex mánuði en sendir hana út á vinnumarkaðinn eftir þrjá mánuði er forkastanlegur.

Hér erum við komin að kjarna þess máls, sem oft og tíðum snýr að konum og börnum af hendi löggjafans. Heimilið og fjölskyldan, börnin og móðurástin, allt er þetta dásamað og í heiðri haft í orði en ekki á borði. Til þess að sinna börnum, ekki bara hvað brjóstagjöf varðar, heldur almennt og rækta þann garð, sem heimilið er, þarf tíma og sá tími er ekki fyrir hendi á flestum heimilum vegna þeirrar vinnuskyldu sem þjóð-

félagið leggur mörgum foreldrum á herðar. Þessu verðum við að breyta og það er ábyrgðarhlutur okkar sem hér sitjum á hv. Alþingi að gera það. Lenging fæðingarorlofs er aðeins lítill þáttur slíkra breytinga. Tilgangur þess er að gefa foreldrum tíma til að annast um börn sín á fyrstu og viðkvæmustu mánuðunum á ævi barnanna, að mynda þau tilfinningatengsl sem samskipti foreldra og barna byggja á til frambúðar og gera konum raunverulega kleift að hafa börn sín á brjósti, a. m. k. þá sex mánuði sem hér um ræðir, ef þær sjálfar vilja það. Hvað brjóstagjöfina varðar vil ég taka það skýrt fram að ég er með þessu ekki að segja að konur eigi að hafa börn sín á brjósti í sex mánuði, en ég vil hins vegar að þær geti það ef þær sjálfar vilja. Þess vegna m. a. legg ég til að fæðingarorlof verði lengt sem því nemur.

Til samanburðar má geta þess að í nágrannalöndum okkar er fæðingarorlof víðast hvar lengra en hér á landi. Í Frakklandi er fæðingarorlof 4 mánuðir og 4—5 mánuðir eftir aðstæðum í Noregi og Danmörku. Í Hollandi er fæðingarorlof 6 mánuðir, 9 mánuðir í Svíþjóð og í Finnlandi er það heilt ár, en þar er það lengst. Það er því ljóst að við erum orðnir eftirbátar nágranna okkar á þessu sviði.

Í annan stað er gert ráð fyrir því í frv. að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris þannig að foreldri verði ekki fyrir fjárhagslegu tapi vegna fæðingarorlofs.

Í fyrsta lagi er með þessu verið að viðurkenna að störf þau, er lúta að umönnun og uppeldi barna, eru engu síður mikilvæg en störf á hinum almenna vinnumarkaði og að foreldrahlutverkið er a. m. k. jafnmikils virði og fyrirvinnuhlutverkið í krónum talið. Að ekkert starf, sem foreldri þiggur laun fyrir, skuli virða meira og launa hærra en það starf að annast um nýfætt barn. Þetta er spurning um grundvallargildismat á umönnunar- og uppeldisstörfum.

Í öðru lagi er hér um beint fjárhagsatriði að ræða fyrir konur sem eru úti á vinnumarkaðinum og lækka mundu í launum við töku fæðingarorlofs. Konur eru fyrirvinnur rétt eins og karlar og við núverandi fjárhagsaðstæður margra heimila í landinu, svo að ekki sé minnst á fjárhag einstæðra mæðra, munu fá heimili geta borið launaskerðingar af einu eða öðru tagi. Kvennalistinn mun fyrir sitt leyti a. m. k. aldrei standa fyrir því að skerða laun kvenna. Síst af öllu refsa þeim með launaskerðingu fyrir að eiga börn. Barátta fyrir bættum kjörum kvenna snýst ekki um að lækka þær konur í launum, sem eru svo ljónheppnar að geta e. t. v. lifað af þeim, heldur snýst hún um að hækka þau skammarlega lágu laun sem flestar konur búa nú við og fá því til leiðar komið að allar konur fái mannsæmandi laun fyrir vinnu sína. Það er nokkuð sem mundi skila sér inn í fæðingarorlofsgreiðslur með þessu fyrirkomulagi.

Fæðingarorlofsgreiðslur, sem miða við afkomutryggingu heimilanna, eins og hér er lagt til, eru einnig mikilvægur þáttur þess að feður, sem flestir afla stærri hluta heimilistekna vegna kynbundins launamisréttis á vinnumarkaðinum, geti nýtt sér réttindi til fæðingarorlofs og borið aukna ábyrgð á umönnun barna sinna. Eins og nú standa sakir nýta feður sér lítið núgildandi heimild til fæðingarorlofs. Á síðasta ári munu þeir aðeins hafa verið rúm 4% fæðingarorlofsþega. Í Svíþjóð t. d., þar sem foreldrar fá 90% launa sinna greidd í fæðingarorlof, voru feður hins vegar um þriðjungur fæðingarorlofsþega á síðasta ári og vegur afkomutrygging þar greinilega þungt. Í nágrannalöndum okkar er ekki óalgengt að fæðingarorlofsgreiðslur séu miðaðar við 70—90% af launum foreldra, nema í Frakklandi og Hollandi þar sem foreldrar fá greidd full laun í fæðingarorlofsgreiðslur á þessum grundvelli milli landa, því að vitaskuld eru laun og launakjör misjöfn eftir löndum. Hvað varðar aðstæður hér á landi, þá vitum við að nú er svo komið fjárhag fjölmargra heimila að þau geta ekki séð á eftir einni einustu krónu af tekjum sínum. Það er ein af ástæðum þess að lagt er til að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris, en ekki eitthvert prósentuhlutfall þeirra eða einhverja fasta upphæð.

Í þriðja lagi er í frv. gert ráð fyrir að allar konur fái a. m. k. óskert lágmarksfæðingarorlof án tillits til atvinnuþátttöku. Þar með er afnumið það óréttlæti gagnvart heimavinnandi konum, sem viðgengst samkvæmt gildandi lögum, og í verki viðurkennd réttarstaða heimavinnandi móður og gildi starfa hennar fyrir þjóðfélagið í heild, þótt í litlu sé. Heimavinnandi konur sinna störfum sínum alla jafnan án þess að fyrir komi nokkur greiðsla af hálfu þjóðfélagsins. Ég tel það vera lágmarksviðurkenningu á störfum þeirra að þær njóti a. m. k. fullra lágmarksgreiðslna fæðingarorlofs. Það skal tekið fram að með þessu er ekki verið að leggja neitt endanlegt mat á störf þeirra sem heimavinnandi eru. Slíkt mat er ekki til og verður ekki hrist fram úr erminni. Hér er aðeins um að ræða að þær konur sem ekki búa við neitt starfsmat og þær konur sem í hlutastörfum eru úti á vinnumarkaðinum fái a. m. k. þær 18 087 kr., sem fæðingarorlofsgreiðslan er nú á mánuði, óskertar. Hefur ýmsum fundist hér heldur ríflega skammtað þar sem um er að ræða tekjuaukningu hjá þeim konum sem í hlut eiga. Þær standa ekki í stað tekjulega eins og þær sem útivinnandi eru. Ég vil þá á móti benda á að heimavinnandi konur og konur í hlutastarfi búa oft engu síður við fjárhagslegt óöryggi en þær konur sem hafa fulla launaða vinnu, stundum jafnvel öllu meira, og því er brýnt að það öryggi, sem full greiðsla fæðingarorlofs veitir, nái einnig til þeirra heimavinnandi. Um leið er viðurkennt að þær eru vinnandi konur og eigi rétt á einhvers konar launum fyrir störf sín þótt langur vegur sé í að þau verði að fullu metin til fjár.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að breytingar á lágmarksfæðingarorlofi miðist við 9. flokks taxta Verkamannasambands Íslands í stað 8. flokks samkvæmt núgildandi lögum. En í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins haustið 1982 var svo um samið að allir launamenn skyldu hækka um einn flokk 1. jan. 1983, þannig að þeir sem tóku laun skv. 8. flokki þegar lögin voru sett taka nú laun skv. 9. flokki. Hér er því aðeins um eðlilega lagfæringu laganna að ræða.

Í fimmta lagi er í frv. gert ráð fyrir að faðir eigi þess kost að taka fæðingarorlof í tvo mánuði með samþykki móður í stað þess eina mánaðar sem núgildandi lög kveða á um. Skerðist þá fæðingarorlof móður sem því nemur. Það er ekki síður mikilvægt að faðir hafi tök á að tengjast barni sínu sem nánast og sem fyrst og að foreldrum gefist tækifæri til að leggja grunninn saman að jafnri ábyrgð á börnum sínum. En til þess er sá eini mánuður, sem feður eiga rétt á skv. gildandi lögum, mjög naumur. Ekki er gert að skilyrði að um sé að ræða tvo síðustu mánuði fæðingarorlofs, heldur ráða for-

eldrar tilhögun orlofstökunnar sjálf án afskipta löggjafans. Sveigjanleiki í tímaákvörðunum er æskilegur að þessu leyti, vegna breytilegra aðstæðna fjölskyldna. Því getur faðir tekið orlof sitt hvenær sem er á þessum sex mánuðum svo fremi móðir sé því samþykk. Ákvæðið um samþykki móður er óbreytt frá núgildandi lögum og tekur sem fyrr mið af því að það er móðirin sem þarf að ná sér heilsufarslega eftir áreynslu barnsburðarins.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að fæðingarorlof lengist um tvo mánuði sé um tvíburafæðingu að ræða og um allt að fjóra mánuði eignist kona fleiri en tvö börn. Slíkar fæðingar eru ákaflega fáar hér á landi þannig að ekki er um neinn umtalsverðan kostnað að ræða af þessum sökum. Hins vegar er ljóst að fjölburaforeldrar þurfa lengri tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum en einburaforeldrar og barnaumönnun er umfangsmeiri eftir því sem börnin eru fleiri.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að fæðingarorlof verði aldrei skemmra en þrír mánuðir ef móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát, er jafna má til fæðingar, þar sem gera má ráð fyrir að sérhver kona þurfi a. m. k. þrjá mánuði til að jafna sig andlega og líkamlega eftir áreynslu barnsburðarins. Jafnframt er fellt niður ákvæði, er varðar fæðingu andvana barns, þar sem rétt þykir að kona sem fæðir andvana barn njóti sama réttar og kona sem missir barn sitt skömmu eftir fæðingu. Gert er ráð fyrir að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eigi sama rétt á fæðingarorlofi og aðrir foreldrar. Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar njóti sama réttar og aðrir foreldrar í þessu sambandi, þar sem tíma þarf til að aðlagast breyttum aðstæðum bæði fyrir foreldra og barnið.

Þá er komið að kostnaðarhlið þessa máls. Þegar þetta frv. var flutt á síðasta þingi var gerð ítarleg grein fyrir kostnaði vegna þess. Skv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins í október s. l. höfðu þær kostnaðaráætlanir allar staðist, miðað við þróun fæðingarorlofsgreiðslna á þessu ári. Ég mun fara yfir þessa kostnaðaráætlun að hluta til, en þess ber að geta að efnahagsforsendur nú eru aðrar en þegar áætlunin var gerð þar sem kjarasamningar hafa verið gerðir í millitíðinni. Til að færa kostnaðartölurnar til réttara horfs hef ég einfaldlega hækkað þær um 25% þar sem við á, en bið hv. þdm. um að gæta þess að af þeim sökum eru þessir útreikningar lauslegri en ella.

Skv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins munu á síðasta ári hafa verið greiddar út 121 millj. 743 þús. kr. í fæðingarorlof til 4258 fæðandi kvenna. Þessar greiðslur skiptast þannig að fullt fæðingarorlof fengu 2718 konur, ⅔ hluta fæðingarorlofs fengu 778 konur og ⅓ hluta fæðingarorlofs fengu 762 konur. Ef allar konurnar hefðu fengið fullt fæðingarorlof eins og frv. kveður á um, hefðu fæðingarorlofsgreiðslur hækkað um 21.7% og heildarupphæð þeirra orðið 148 millj. miðað við síðasta ár. Þarna hefðu bæst við 26 millj. kr. en skv. núgildandi forsendum sennilega um 32.5 millj. kr. Ef miðað er við lágmarksfæðingarorlofsgreiðslur til allra kvenna, sex mánaða fæðingarorlof og að konur haldi launum sínum í fæðingarorlofi óskertum, var áætlaður heildarkostnaður vegna frv. 284.5 millj. kr. En með 25% hækkun nú yrði hann um 355 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það hér hvernig þessar tölur voru fundnar. Menn geta lesið um það í Alþingistíðindum frá í fyrra. Ég vil aðeins geta þess að kostnaðurinn við að framfylgja núgildandi lögum hækkar hlutfallslega mjög svipað og kostnaðurinn við að framfylgja þessu frv. eða úr 137 millj. kr. á þessu ári í um það bil 172 millj. kr. Niðurstöðukostnaðartalan vegna frv. er í kringum 350 millj. kr. og er það sú tala sem mestu máli skiptir. Ekki er ólíklegt að einhverjum finnist að hér sé um töluverða fjárhæð að ræða. Mikið eða lítið er háð mati hverju sinni og við hvað menn miða þegar þeir segja að eitthvað sé lítið eða mikið. Hér er um að ræða mikið fé, sé miðað við það sem við veitum þegar til þessara mála, lítið fé sé miðað við upphæðir til ýmissa annarra mála. Spurningin snýst eins og fyrri daginn um hvaða málum við viljum veita forgang. Aðstæður ungbarnaforeldra í dag krefjast þess að þessu máli sé sinnt þannig að að gagni megi koma.

Ég hef bent á að hér er um sparnaðarmál að ræða sé til lengri tíma litið. Ríkissjóður mun örugglega spara sér margar krónurnar á sviði félags- og heilbrigðismála við lengingu fæðingarorlofs. Hér er verið að leggja til að við fjárfestum í framtíðinni, veitum auknu fé til aðbúnaðar barna okkar og einnig að við sýnum að við metum nokkurs þann mannlega ávinning sem því fylgir.

Til þess að ekki þurfi að treysta alfarið á ríkissjóð til að standa straum af kostnaði vegna þessa frv. hef ég lagt fram fylgifrv. með þessu frv. til að afla tekna vegna lengingar fæðingarorlofs. Það frv. er að finna á þskj. 152 og mun ég gera grein fyrir því á eftir. Það er ekki að ástæðulausu sem ég kýs að hafa þann hátt á að afla þessu máli fjár sérstaklega. Meðferð þessa máls á síðasta þingi bendir tvímælalaust til að fjárhagshlið málsins hafi verið sá þáttur þess sem einkum stóð því fyrir þrifum.

Eins og segir í grg. var frv. sem var í megindráttum samhljóða þessu frv., vísað til heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar að lokinni 1. umr. 8. febr. s. l., en fékkst ekki afgreitt úr n. til 2. umr. og atkvgr. fyrir þinglausnir 22. maí í vor þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar þar um.

Umsagnir meðmæltar frv. bárust m. a. frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum kvenna á vinnumarkaðinum, Stéttarsambandi bænda og Kvenfélagasambandi Íslands. Jafnframt beindi Félag einstæðra foreldra þeirri áskorun til Alþingis að veita þessu frv. framgang. Þess ber að geta að undanfarið hafa konur víða um land staðið fyrir undirskriftasöfnun þessu frv. til stuðnings. Höfðu rúmlega 3700 undirskriftir borist í okt., en fjöldi undirskrifta hefur borist síðan og hef ég ekki lengur tölu á þeim. Munu undirskriftalistarnir verða afhentir formanni þeirrar hv. nefndar sem mál þetta fær til umfjöllunar þegar þar að kemur.

Eins og ljóst má vera af þessum viðbrögðum er mál þetta mikið réttlætismál fyrir alla foreldra hér á landi. Jafnframt er ljóst að eigi konur að hafa eitthvert val um hvernig lífi þeirra og störfum er háttað er nauðsynlegt að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna. Í þessu frv. er leitast við að samhæfa þátttöku og mikilvægi kvenna í atvinnulífinu annars vegar og hið mikilvæga móðurhlutverk hins vegar. Jafnframt er verið að treysta innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkja hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði, tryggja velferð barna á fyrstu æviárum þeirra og gefa feðrum kost á að taka aukinn þátt í umönnum

barna sinna. Að síðustu er verið að viðurkenna þjóðfélagslegt gildi móðurhlutverksins og þeirra starfa sem því fylgja þar sem hér er lagt til að allar fæðandi konur njóti sama réttar án tillits til atvinnuþátttöku.

Virðulegi forseti. Þörfum ungbarna og ungbarnaforeldra verður ekki breytt. Ef ekki er rúm fyrir þau í þjóðfélagi nútímans verðum við að breyta þjóðfélaginu til að svo megi verða. Eins og ég gat um fyrr í máli mínu er konum sagt að hafa börn sín á brjósti í sex mánuði, en þeim er í rauninni ekki gert kleift að gera það. Konum er sagt að það skipti miklu að búa vel að börnum sínum. Það þarf ekki að segja þeim það, þær vita það. En þeim er sniðinn þröngur stakkur í þeim efnum. Alls staðar er skorið við nögl í fæðingarorlofsmálum, í dagvistarmálum, í mati á heimilis- og uppeldisstörfum og í launum kvenna úti á vinnumarkaðinum. Eftir sitja konurnar áhyggjufullar um börn sín og sakbitnar, því margar halda að þetta sé allt þeim að kenna, en ekki þeim stjórnvöldum sem eru áhrifavaldar í því að skapa þeim þessar aðstæður, stjórnvöldum sem einum of oft setja þær og börnin aftast í forgangsröðina þegar verið er að skipta þjóðarkökunni. Þessu verður að breyta og á þessu verður að taka með lagasetningu sem gerir eitthvert gagn og hefur áhrif til bóta. Lög um fæðingarorlof eru ein slík lög og því er þetta frv. borið hér fram.

Að lokinni þessari umr. óska ég að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 155, n. 275 og 276, 270, 279). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til meðferðar í þessari hv. deild er um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Nefndin varð sammála um að flytja tvær brtt. við frv. sem birtar eru á þskj. 270. Það er brtt. við 1. gr. um að síðasti málsl. falli niður þar sem segir: „Ráðherra er heimilt að úthluta aflamarki skips sem hverfur úr rekstri" o. s. frv. Það kemur nokkurn veginn af sjálfu sér vegna þess að lagt er til í frv. að það gildi til þriggja ára, en nefndin er einnig sammála um að leggja til að það ákvæði verði fellt út og lögin gildi til eins árs. Við teljum því ekki að umrædd grein, þessi heimild ráðh., hafi neitt upp á sig vegna þess að þarna er aðeins um eitt ár að ræða. Ef frv. verður að lögum, þá er búið að ganga frá úthlutun til skipa strax um áramót. Ef eitthvert óhapp skeður hjá einhverri vinnslustöð, t. d. ef svo illa tækist til að skip færist eða yrði fyrir einhverjum sérstökum skaða, þá teljum við ekki óeðlilegt að bregðast við því eins og gert var s. l. ár í einu eða tveimur tilvikum þegar bátur fórst við Vestmannaeyjar. Þá var aflamagni hans úthlutað til viðkomandi stöðvar. Við leggjum m. ö. o. til að þessi tiltekna mgr. falli niður af þessum ástæðum.

Einnig leggjum við til að 6. gr. breytist á þá leið að lögin öðlist gildi 1. jan. 1985 og gildi til ársloka 1985. Hef ég þá lýst þeim tveimur brtt. við frv. sem sjútvn. flytur.

Meiri hl. n. skilar sérstöku nál. sem ég ætla að fara yfir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á sex fundum og einnig haldið tvo fundi sameiginlega með sjútvn. Nd.

Kallaðir voru til viðtals við nefndina forstjóri og deildarstjóri Hafrannsóknastofnunar, fulltrúar sjútvrn., fulltrúar Fiskifélags Íslands, formaður Sjómannasambands Íslands, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, formenn stjórna LÍÚ og FÍB og fulltrúar sölusamtaka SÍF, SH og sjávarafurðadeildar SÍS. Einnig kom á fund nefndarinnar fulltrúi smábátaeigenda (atvinnumanna) á Vesturlandi. Viðræður við alla þessa aðila voru hinar gagnlegustu.

Nefndin hefur orðið sammála um að flytja brtt. við frv. og eru þær fluttar á sérstöku þskj. Nefndin gat ekki fallist á að lög þessi skyldu gilda í meira en eitt ár og kom sú skoðun einnig fram hjá flestum viðmælendum nefndarinnar. Að breyttum gildistíma laganna var talið að heimild til handa ráðh. „að úthluta aflamarki skips sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða" hefði takmarkað gildi.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti samhljóða því frv. er lagt var fram á Alþingi s. l. haust og varð að lögum fyrir ári, lög nr. 82 28. des. 1983, og fjallaði um stjórn fiskveiða árið 1984. Það frv. fékk mjög ítarlega umr.

Nú liggur fyrir að stofnstærð helstu nytjafiska okkar er ekki meiri en fyrir ári að mati fiskifræðinga. Því liggur fyrir að næsta ár verður að grípa til álíka strangra veiðitakmarkana á þessum fiskstofnum og hafa verið í gildi á þessu ári.

Þau lög, sem samþykkt voru fyrir tæpu ári, fólu í sér víðtækari heimildir til sjútvrh. til stjórnar á veiðunum en verið hafði og fólst það einkum í því að setja hverju skipi, sem var yfir 10 rúmlestir, afla- eða sóknarmark í helstu botnfisktegundir. Engum var það ljúft að þurfa að setja á stofn slíkt skömmtunarkerfi og var það duglegum sjómönnum síst að skapi. En við ríkjandi aðstæður gátu menn almennt helst sætt sig við þá stjórnaraðferð sem farin var.

Viðmælendur nefndarinnar nú voru ekki allir á einu máli um það hvort rétt væri að grípa til þessarar stjórnar á veiðunum aftur árið 1985. En öllum bar saman um að framkvæmd laganna um kvótaskiptinguna hefði tekist framar öllum vonum þótt nokkrir hnökrar hefðu verið þar á sem eðlilegt má teljast í svo viðamiklu máli.

Það er ljóst að svo mikil takmörkun á fiskveiðum eins og nú verður að viðhafa á Íslandsmiðum verður aldrei óumdeild og sitt mun hverjum sýnast um stjórnunaraðferðir. Meiri hl. nefndarinnar telur þó að í ljósi aðstæðna sé rétt að mæla með samþykkt frv.

Allir nm. voru sammála um að beina því til sjútvrh. og ráðgjafarnefndar um fiskveiðistjórn að línuveiðar skyldu að hálfu verða utan kvóta mánuðina jan.—febr. og nóv.—des. Almennt er viðurkennt að línuafli sé sérstaklega gott hráefni og því ástæða til að hvetja til aukinna línuveiða með þessum hætti.

Vandi smábáta undir 10 rúmlestum, sem sæta sameiginlegu aflahámarki, var mikið ræddur í nefndinni. Hugmynd kom fram um að heimila þessum bátum að afla sér aukakvóta á síðasta veiðitímabili. Ef þurfa þætti mætti einskorða slíkt aflaframsal við sjómenn sem hefðu smábátaútgerð að aðalatvinnu.

Þá var það einnig til umræðu að stærðarmörkin, 10 rúmlestir, þyrfti að endurskoða og hækka þau upp í t. d. 15—18 lestir með tilliti til þess m. a. að skráðar bátastærðir miðist ekki um of við þessa ákveðnu stærð.

Nefndin leggur á það áherslu að ráðherra og ráðgjafarnefnd taki þessi atriði til gaumgæfilegrar athugunar við setningu reglugerðar.

Að lokum væntir nefndin þess að reglugerðir sem settar verða skv. þessum lögum, verði kynntar sjávarútvegsnefndum Alþingis."

Þetta er álit meiri hl. sjútvn.

Virðulegi forseti. Þó að nál. meiri hl. sjútvn., sem ég hef farið hér yfir, dragi upp það helsta varðandi þetta frv. ætla ég að bæta við nokkrum orðum til frekari glöggvunar.

Fyrir ári síðan vorum við hér í þessari hv. deild að ræða sama mál, stjórnun fiskveiða fyrir árið 1984. Þetta var ný umr. hér á hv. Alþingi því að fram að þeim tíma hafði það ekki verið tímafrekt í starfi Alþingis að ræða um framkvæmd skömmtunar á veiðum helstu botnfisktegunda í fiskveiðilögsögu okkar. Þetta var svo fjarlægt okkur sem fiskveiðiþjóð, þjóð sem hafði um áraraðir ausið úr þessari gullkistu án þess að láta það hvarfla að sér að ekki væri þarna óþrjótandi uppspretta auðæfa, og ekki lengra síðan en svo að árið 1981 var eitt mesta þorskveiðiár sem við höfum fengið.

En aðvaranir fiskifræðinga voru orðnar svo alvarlegar að við værum að ofveiða þorskstofninn við landið að ekki varð lengur vikist undan því að taka á þessum málum. Samtök aðila í sjávarútvegi mæltu svo nær einróma með því haustið 1983 að sett yrði einhvers konar skömmtun á veiðar helstu botnfisktegundanna við landið árið 1984. Þetta var engum ljúft að gera. Menn gengu treglega til þess verks og auðvitað urðu skoðanir skiptar um það hvernig slíkt skyldi framkvæma. Niðurstaðan varð svo hið svokallaða kvótakerfi sem unnið hefur verið eftir á þessu ári. Eftir þá reynslu sem þar er fengin verður hver að dæma fyrir sig. En mín skoðun er sú að þetta kerfi hafi reynst betur en ég þorði að vona þegar það var sett á. Auðvitað eru á því ýmsir gallar, sem menn sáu ekki fyrir en reynslan hefur leitt í ljós, gallar sem á að vera hægt að sníða af að mestu við setningu nýrrar reglugerðar.

Sú fiskveiðistefna, sem unnið hefur verið eftir þetta ár, var samþykkt til eins árs því menn höfðu þá von, sem nú hefur komið í ljós að var óskhyggja, að hægt væri að létta af stjórnun veiðanna fyrir árið 1985. En því miður virðist svo ekki vera þrátt fyrir stórbætt skilyrði á og í hafsvæðinu kringum landið. Telja fiskifræðingar hættulegt að auka veiðarnar frá því sem lagt var til á þessu ári og leggja til óbreytta tonnatölu af þorski fyrir árið 1985, eða 200 þús. tonn.

Í byrjun þessa árs var ákveðið að miða við að úthlutun þorskafla yrði 220 þús. tonn og út frá þeim forsendum var hverju skipi yfir 10 brúttórúmlestum úthlutað afla eða sóknarmarki. S. l. vor kom það í ljós við rannsóknir fiskifræðinga að skilyrði í sjónum höfðu batnað verulega vegna hlýrri strauma og þar af leiðandi aukinnar átu og ætis svo að meðalþyngd einstaklinga í þorskstofninum hafði aukist um 10—15%. Eftir þessa niðurstöðu var ákveðið að bæta 10% við áður útgefinn aflakvóta. Einnig voru leiðréttar skekkjur sem komu í ljós við útreiknað upphaflegt aflamark skips. Einnig var heimiluð tilfærsla á ódýrari aflategundum sem skipi hafði verið úthlutað og mátti breyta því í þorsk með ákveðinni prósentuskerðingu. Að því viðbættu var úthlutað 257 þús. tonnum af þorski á árinu. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef nýjastar má ætla að heildarþorskveiði okkar árið 1984 verði 265—270 þús. tonn þegar öll sú tilfærsla sem heimiluð var, hefur verið nýtt.

Eins og ég sagði áðan hafa fiskifræðingar lagt til að þorskafli næsta árs verði 200 þús. tonn, eða það sama og þeir lögðu til fyrir þetta ár. En skv. frumdrögum að reglugerð, sem sjútvn. hafði til skoðunar á síðustu fundum, er lagt til af hálfu ráðherra og ráðgjafarnefndar að leyfð þorskveiði á næsta ári verði um 250 þús. tonn. Má því ætla að heildarveiði næsta árs verði lík og í ár þar sem leiðréttingar á einstök skip ættu að minnka vegna þeirrar reynslu sem liggur fyrir á þessu ári.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. voru allmargir fulltrúar hagsmunasamtaka í sjávarútvegi boðaðir á fund nefndarinnar auk fulltrúa frá Hafrannsóknastofnun og sjútvrn. Viðmælendur þessir voru að meiri hluta sammála því að það fyrirkomulag, sem notað var við stjórnun veiðanna þetta ár, hafi reynst mun betur en þeir þorðu að vona í byrjun. Meiri hl. þeirra var því þess vegna meðmæltur að líkt kerfi yrði látið gilda 1985 í ljósi þeirra staðreynda er fyrir lægju um ástand þorskstofnsins. Að meiri hluta voru þeir á móti því að lög þessi giltu í þrjú ár eins og kveðið er á um í frv. og áður er um rætt.

Í nefndinni var mikið rætt um vanda smábátanna og hvernig þeir gætu fallið sem best að þessu kerfi. Bátar undir 10 brúttórúmlestum hafa fiskað úr sameiginlegum kvóta en bátar 10—20 brúttólestir fiskað undir sérstöku afla- eða sóknarmarki miðað við hvern bát. Þarna hafa orðið ákveðnir árekstrar og mismunun, t. d. þegar báturinn sem mældist 9.9 tonn gat fiskað óheftur úr sameiginlegum kvóta, en 10 tonna báturinn varð að hlíta sínu aflamarki. Þessi mál þarf að skoða betur við reglugerðarsetningu. Bendir nefndin á að ekki væri óeðlilegt að miða við hærri mörk en 10 tonn og fara jafnvel upp í 15—18 tonna mark. Því má bæta hér við að 10—18 tonna bátar eru 110—115 talsins og aflamark þeirra, sem úthlutað var, um 4000 tonn af þorski, tæp þó.

Það sem styður einnig að þessi breyting verði gerð er það að menn leita allra ráða til að miða stærð smábáta við tæp 10 tonn í nýbyggingu og með breytingum, en það er miður æskileg þróun. Einnig skal á það bent að greinarmun þarf að gera á því hvort menn stunda veiðar á þessum smábátum sem aðalatvinnu eða sem sportmenn. Og ef til sérstakra takmarkana kemur á veiðiheimildum þessara báta, eins og skeði nú á nýliðnu hausti, þá þarf að takast fyrr á við þau vandamál en gert var þá. Stafaði það af sérstökum ástæðum, verkfalli sem þá var yfirstandandi, að útreikningar lágu ekki fyrir. Þá þyrfti strax að kippa sportveiðimönnum út úr dæminu svo að hinir gætu nýtt sinn tíma betur.

Í nefndinni kom mjög skýrt fram að efla skyldi veiðar á línu. Leggur nefndin til við ráðh. og ráðgjafarnefnd að veiðar á línu skuli undanþegnar kvóta að hálfu í fjóra mánuði á árinu, jan.—febr. og nóv.—des. Enginn efast um hin sérstöku gæði línuafla og einnig gæti slík ráðstöfun orðið til þess að jafna atvinnu í landinu í þeim mánuðum sem eru hvað erfiðastir á því sviði.

Eitt er enn sem ég vildi benda á í sambandi við samningu væntanlegrar reglugerðar. Það er hin svokallaða 25%-regla. Í gildi eru þær reglur að ef skip siglir með afla á erlendan markað, þá er aflakvóti þess minnkaður um 25%, eða réttara sagt lögð 25% ofan á landaðan afla. Þetta var gert aðallega til þess að draga

úr siglingum skipa með afla á erlendan markað. Nú hefur í vaxandi mæli verið tekinn upp útflutningur á ferskum fiski í gámum. Þessi fiskur kemur annaðhvort beint úr bátum eða frá fiskiðjuverum. Engin skerðing nær til þeirra skipa sem eiga afla í þessum gámum enda mjög erfitt að koma því við. Því er það réttlætismál að hinni svokölluðu 25%-reglu verði aflétt af siglingaskipunum. Þetta er sett hér fram til ábendingar vegna væntanlegrar reglugerðar því að þarna er að verða veruleg mismunun vegna aukins gámaútflutnings.

Virðulegi forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu. Við stöndum hér frammi fyrir sama vandamáli og fyrir ári síðan vegna ástands fiskistofnanna við landið. Fyrir ári síðan var samþykkt stjórnunaraðferð við veiðar á árinu 1984. Þessi aðferð varð umdeild, en í ljósi reynslu þessarar stjórnunar hefur mikill meiri hluti þeirra hagsmunaaðila, sem um þessi mál hafa fjallað, lagt til að sami háttur verði á hafður á næsta ári. Í ljósi reynslunnar verði í auknum mæli valkostur á milli afla og sóknarmarks. Það er engum ljúft að þurfa að viðhafa höft eða miðstýringu í þessum málum, en við ríkjandi aðstæður verður að taka staðreyndum. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Minni hl. sjútvn., sem skipa ásamt mér hv. þm. Skúli Alexandersson og Stefán Benediktsson, hefur gert svofellt nál. sem rökstuðning fyrir því að við *leggjum til að þetta frv. verði fellt, með leyfi forseta:*

„N. hefur fjallað ítarlega um frv. og fengið fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka til viðræðu um efni þess. Frv. er mjög hliðstætt því frv. sem samþykkt var á síðasta þingi. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á því sem undirritaðir telja til bóta í ljósi reynslunnar. Aðrar breytingar teljum við hreina fjarstæðu, t. d. þá að lögin gildi næstu þrjú árin. Í n. náðist fullt samkomulag um að stytta gildistímann niður í eitt ár.

Fram kom í n. sú skoðun að ástæðulaust væri að hafa allar fisktegundir háðar aflamarki. Tilgangur frv. væri að takmarka þorskveiðar og því ástæðulaust að hafa allar fisktegundir háðar aflamarki og eðlilegt að binda aflamark við þá fisktegund.

Einnig komu vandamál smábátaeigenda mjög til umr. Voru nm. sammála um nauðsyn sveigjanleika hvað varðar veiðiheimildir þeirra. Þrátt fyrir ákvörðun minni hl. n. að standa að brtt., sem gera frv. skárra, eru undirritaðir andvígir frv. í heild og leggja til að það verði fellt. Sú afstaða byggist í fyrsta lagi á þeirri miðstýringu sem felst í frv. þar sem dugnaður og framtak einstaklinga er heft meira en góðu hófi gegnir. Það vakti sérstaka athygli undirritaðra hve fulltrúar Sjálfstfl. eru ákveðnir í að viðhalda þeirri óheftu miðstýringu sem átt hefur sér stað allt þetta ár. Í öðru lagi teljum við það rangt að fela ráðh. að marka aðalatriði fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Í þriðja lagi er reynslan af þessu fyrirkomulagi slík að ekki er hægt að mæla með framlengingu þess.

Undirritaðir nm. munu flytja brtt. á sérstöku þskj. sem miði að því að bæta úr ágöllum frv. og liggja þær hér fyrir."

Það er ýmislegt sem við höfum við þetta frv. að athuga líkt og á síðasta þingi. Við teljum, eins og fram kemur í nál., það höfuðókost hve framtak einstaklinga er heft með því. Hér er tekin upp miðstýring sem er meira í ætt við hugsunarhátt Stalíns sáluga en íslenskra sjálfstæðismanna að mínu mati. En það er nú svo að á mörgu verða endaskipti og er merkilegt að það skuli hafa átt sér stað með þá sem hér í ræðustól telja sig oft mikla andstæðinga miðstýringar eins og þeir kalla það. En nú er séð að þeir hafa snúið við blaðinu. Það er mjög merkilegt og hefur orðið okkur hinum mikil vonbrigði hvernig það hefur skeð.

Þessi leið, sem farin er hér, verður að okkar mati til mikillar óþurftar fyrir íslenska fiskimenn og gerir lítið gagn til stjórnunar fiskveiða. Við fengum allmarga til viðræðu í sjútvn. og því er ekki að leyna að þeir, sem þangað komu, voru flestir á því að halda þessu áfram. En þó fundust vissulega skynsamlegar raddir þar á meðal, einkum frá sjómönnum sjálfum, bæði hvað varðar togaraútgerð og almenna fiskimenn. Þar kom fram hugmynd sem ég tel vert að skoða mjög ítarlega og er þess efnis að veiðunum verði skipt niður í þrjú veiðitímabil og sóknarmark notað. Talið er að hægt verði að stýra þeim eftir þeim leiðum á miklu eðlilegri hátt en nú er gert.

Ég gæti talað lengi um það hvernig þetta frv. yrði í framkvæmd. En mér skilst að tími sé naumur eða a. m. k. minn tími sé naumur og því sleppi ég því í þetta sinn. En ég hygg líka að þótt ekki yrði alveg horfið frá þessu kvótakerfi eða þessari miðstýringu, sem hér er gerð till. um, mætti hugsa sér að blanda því meira saman en gert er. Það mætti hugsa sér að sóknarmark *væri notað fyrstu mánuðina fram í maí.* Þá yrði að hugsa til þess að leyfa veiðar á 70—72% af þeirri heild sem leyft yrði að velja en síðan yrði dæmið gert upp þegar því væri lokið.

Það er ýmislegt sem fram hefur komið af reynslu þessa kerfis nú og þá hneigist maður til að líta á heimahagana ef svo mætti segja. Svo er komið suður á Suðurnesjum að skip og bátar hafa verið seldir þaðan í miklum mæli og þeim fylgir kvóti sem er rúmlega 9 þús. tonn. Á *sama tíma* eru nú á þriðja hundrað manns atvinnulausir á Suðurnesjum. Þetta verður til þess að maður spyr: Er réttlætanlegt að standa svona að málum? Er eðlilegt að mönnum sé heimilt að selja sinn kvóta í raun eða með sínum skipum til annarra byggðarlaga og skilja síðan fólkið eftir atvinnulaust í sínum heimabyggðum? Ég vildi spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvernig þessu vandamáli verður mætt eða hvort meiningin er að horfa á þessa hluti ske án þess að nokkuð verði að gert. Ég sé fyrir mér að ef allt þetta magn, sem nú hefur verið selt í burtu — ég vil kalla það það — frá Suðurnesjum, nýtist ekki hjá okkur blasir við enn meira atvinnuleysi en nú er orðið, því miður.

Það hefur líka verið nokkuð rætt varðandi þetta frv. að það hefði haft í för með sér umtalsverða breytingu á gæðum fisks. Ég vil minna á að það eru deildar meiningar um það hvort það sé lögunum, þessu miðstýringarkerfi, að þakka eða öðru. Sjómenn halda því fram beinlínis að þetta sé kannske ekki síst vegna þess að gæftir hafi verið betri en áður. Ég tel að stefna þurfi að enn meiri gæðum fisksins og ég hygg að það væri skynsamleg leið að stýra því á þann hátt að bil milli verðflokka yrði meira en nú er. Það mætti gjarnan vera þannig að 2. flokkur yrði ekki nema 70% af 1. flokki og 3. flokkur ekki nema 50%. Ég hygg að það yrði vænlegri leið til að stýra gæðum fisks en nú tíðkast.

En ég tek fram að þrátt fyrir það að við höfum leikið okkur að hugmyndum um aðra skipan þessara mála þá

verði að taka tillit til þess að okkur er mjög óhægt um vik að festa í tillöguform slíkar breytingar vegna þess að við höfum ekki aðgang að þeirri ráðgjafarnefnd sem um þetta fjallar og hlýtur að sitja inni með mestar upplýsingar. Við teljum reyndar að það sé eðlilegt að Alþingi fjalli meira um þetta mál en gert hefur verið og þm. séu því ábyrgari fyrir því hvað hér er að ske varðandi stjórnun fiskveiðanna en nú er þar sem ráðh. ásamt þessari ráðgjafarnefnd, einkum þó ráðh. er falið alræðisvald í þessu máli.

Við teljum þessa leið slæma leið, vonda leið, sem hefur margar hættur í för með sér og verði íslenskum sjávarútvegi til tjóns þegar upp er staðið. Því leggjum við til að þetta frv. verði fellt.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það blandast víst engum hugur um það að heldur þykir mér mál þetta ógeðfellt og svo er kannske um flesta hv. þm. Enginn er sjálfsagt sérlega glaður að þurfa að standa að máli sem þessu. Á haustþinginu í fyrra talaði ég nokkrum sinnum um það hvort ekki væri hugsanlegt að sleppa með heldur skemmtilegri hætti út úr þeim vanda sem við vissulega erum í, því að við þurfum að varðveita okkar fiskistofna. Ég talaði þá allmjög um að hugsanlegt væri að stytta árið, eins og menn sögðu að ég héldi fram, þ. e. að hafa lengri veiðilaus tímabil, t. d. um hátíðar og í mesta skammdeginu þegar veiðar eru dýrastar og hættulegastar og skip stunda yfirleitt ekki fiskveiðar nema í undantekningartilfellum til að hagnýta góða erlenda markaði fyrir nokkra togara o. s. frv. Síðan gætu menn kannske valið sér nokkurra vikna tímabil að sumarlagi sem þeir ekki stunduðu veiðar þannig að t. d. hverju skipi yrði ekki haldið til veiða öllu lengur en tíu mánuði ársins í stað tólf. Ég held að finna megi auðveldari og einfaldari og kannske skynsamlegri leið til að bregðast við þessum vanda en einmitt þá sem valin hefur verið. En þetta sagði ég allt í fyrra og skal ekki vera að endurtaka það eða tefja tíma mikið á því.

Ég stend hér frekar upp til að benda á það, sem ég raunar gerði þá líka, að við Íslendingar eigum mikilvæg ónýtt mið. Við eigum hvorki meira né minna en ákveðin hafsbotnsréttindi og þar með einir möguleika á togveiðum, botnvörpuveiðum, dragnót og slíku á Reykjaneshrygg út í 350 mílur — kannske er nú botninn þar óþægilegur — en líka á Rockall-svæðinu allt út í 600 mílur í sameign með Færeyingum hugsanlega. Auk þess höfum við samningsbundin réttindi til helmings fiskveiða á Jan Mayen-svæðinu.

Það eru nú liðin hvorki meira né minna en sex ár þessa dagana frá því að fyrstu þáltill. um Jan Mayen-svæðið og Rockall-svæðið voru samþykktar hér á hinu háa Alþingi. Strax þá var á það bent að við þyrftum að hagnýta þessi hafsvæði til að styrkja okkar réttindi. Því miður hefur því í engu verið sinnt og menn hafa haldið því fram að það væri t. d. enginn fiskur á Rockall-svæðinu, það væri tilgangslaust að skoða það. Það var þess vegna ekki gert. Menn hafa líka haldið því fram að það væri eftir litlu að slægjast á Jan Mayen-svæðinu og þess vegna óþarft að vera að gæta réttinda okkar þannig að við nýttum þau og létum ekki Norðmenn eða aðra hirða þau af okkur með því að stunda þar veiðar þegar við sýndum vanrækslu. Sama gildir enn þann dag í dag um Rockall-svæðið.

Það var raunar svo þegar Norðmenn komu hér 29. júní 1979, eða nokkrum mánuðum eftir að þál. fyrst var samþykkt um Jan Mayen-svæðið, hvorki meira né minna en þrír ráðh. sem komu með fríðu föruneyti, tveim eða þremur ráðuneytisstjórum og einhverjum fylgdarmönnum, þá ætluðu þeir að afgreiða það mál ósköp einfaldlega með því að Norðmenn ættu þetta allt saman og buðu okkur upp á nokkra loðnutitti í tvö ár sem endurgjald fyrir það að þeir mættu hirða þetta. Þeir byrjuðu á því að tala um allt inn að miðlínu en þeir framlengdu för sína til hins 30. þess mánaðar vegna þess að staðið var á móti þessu glæsta tilboði. Þeir framlengdu brottför klukkutíma eftir klukkutíma án þess eiginlega að tala mikið við okkur Íslendingana, sem í samninganefndinni vorum, en rifust þeim mun meira innbyrðis og fóru svo eitthvað um fimmleytið burt héðan. Ári síðar vorum við búnir að ná þeim samningum sem núna eru í gildi.

En það var athyglisvert að frá útvegsmönnum komu á þeim tíma, 2—3 dögum eftir að þessir menn hurfu á brott, yfirlýsingar um að þeir teldu að rangt hefði verið að farið, það hefði átt að samþykkja tilboð Norðmanna til að gæta hagsmuna Íslendinga í tvö ár, eins og ég sagði, að fá að veiða nokkra loðnutitti.

Um Rockall-svæðið og Reykjaneshrygg er það sama að segja að það er ekkert gert í því, hvorki af stjórnvalda hálfu að örva menn til að reyna að stunda þetta né af hálfu útvegsmanna sjálfra að reyna nú að drífa sig í að leita á þessum svæðum og vita hvort þeir mundu ekki fá einhvern afla.

Nú er mér það ljósast allra manna að útgerðin á við mjög mikla erfiðleika að etja og mér er líka ljóst af hverju það stafar. Það er vegna þess að útgerðin hefur borgað okurvextina sem verið er að tala um. Núna árum saman, 4—5 ár, hefur útgerðin alltaf verið neydd til þess að taka dollaralán á hæstu vöxtum og síðan hafa komið allar gengisfellingarnar. Það er mesti misskilningur þegar menn eru að tala um að vextir, sem eru nú sjálfsagt ein 8%, raunvextir, ekkert hærri en í nágrannalöndunum, séu hærri en útgerðin hefur áður búið við. Ég veit að í mínu kjördæmi fengust engin rekstrarlán og ekki nokkur skapaður hlutur nema það yrði tekið í dollurum. Það var að setja öll útgerðarfyrirtækin á hausinn. Útgerðin, sem hefur orðið að búa við þessi kjör á sama tíma og ýmiss konar þjónustugreinar og aðrar hafa fengið lán, kannske óverðtryggð og kannske með mjög neikvæðum vöxtum, úr bankakerfinu. Þetta er allt á þessa bókina lært. Þess vegna er þessi meginatvinnuvegur okkar kominn nánast á hausinn.

Þessi hæstv. ríkisstj. er auðvitað að reyna að bæta úr þessu neyðarástandi. Eitt af því, sem gripið hefur verið til, er þetta óyndisúrræði sem við ræðum hér núna. En við ættum að gera þetta með allt öðrum hætti, t. d. styrkja þá sem vildu stunda fiskveiðar á Jan Mayen-svæðinu, Rockall-svæðinu og Reykjaneshrygg til þess einmitt að styrkja okkar þjóðréttarstöðu um alla framtíð, aldur og ævi. Ef ég hef einhvern tíma viljað láta ríkið styrkja atvinnurekstur þá er það nákvæmlega þetta. Jafnvel þó að það yrði mikill taprekstur á þeirri útgerð þá væri það réttlætanlegt til þess að tryggja framtíð íslensku þjóðarinnar um aldur og ævi. Það er verið að berjast fyrir því núna að við náum þessum réttindum eða höldum samningsbundnum réttindum á Jan Mayen-svæðinu til að veiða helming alls afla sem þar er að fá langt norður í höf, langt norður og austur

fyrir Jan Mayen, 200 mílur. Nei, nei, það má enginn vera að að hugsa um það.

En menn segja kannske að það sé enginn fiskur á Rockall-svæðinu, þeir segja það kannske enn þá. Í fyrrahaust fór einn línuveiðari frá Noregi á þetta svæði þegar allt var í eymdinni hér. Hann kom til baka — ég held að ég muni tölurnar rétt — með 70 tonn af saltfiski, boltaþorski, 50 tonn af frystum þorskflökum og annað eins af ísfiski eftir að vísu nær tveggja mánaða útivist á þessu svæði. Kannske hefur eitthvað af íslenska þorskinum einmitt verið þar þegar kaldi sjórinn var hér. Nei, nei, það datt engum í hug að líta á það þó það væri til þess að tryggja okkur þjóðréttarstöðu, sem er algjörlega ómetanleg, um aldur og ævi. Síðan kemur núna grein í Sjávarfréttum — er það ekki í Sjávarfréttum? Þetta er ljósrit sem ég hef hér. Mig langar að fá, með leyfi forseta, að lesa hérna upp örlítið. Þetta er þýtt úr Fishing News:

„S. l. föstudag, 27. júlí, kom dragnótabáturinn Boy Andrews úr átta daga veiðiferð af Rockall-svæðinu með afla að verðmæti tæp 27 þús. sterlingspund eða 1.1 millj. ísl. kr. Þetta var fyrst og fremst tilraunaferð. Veiðin var 1170 kassar af ísuðum fiski, að langmestum hluta ýsu en eitthvað smávegis af þorski, ufsa og öðrum botnfisktegundum."

Og síðar segir:

„Förin til Rockall var farin að frumkvæði Bremners" — hann var nefndur þar áður, þ. e. skipstjórinn — „til þess að reyna nýjar leiðir vegna takmarkaðra veiðisvæða eða bannaðra veiðisvæða í Norðursjó. Alls fór báturinn 1173 sjómílur í ferðinni. Þá má geta þess að kaupendur aflans í Skotlandi og Englandi segja að hann hafi allur verið í hæsta gæðaflokki."

Síðan er þess getið að fiskiðnþróunarstofnunin í Skotlandi lofaði fjárhagslegum styrk til ferðarinnar, bæði að taka þátt í olíukostnaði og einnig ef um veiðarfæraskemmdir yrði að ræða, en botninn þarna er mjög varasamur. Árangur ferðarinnar var hins vegar svo góður að stofnunin þurfti ekkert að leggja af mörkum, eins og menn sjá af þessum tölum. Og hver var nú stærðin á þessum bát? Jú, 85 feta langur, ca. 100 tonn, eins og bátarnir okkar. Að vetrarlagi, þegar allra veðra er von og ísingarhætta er mikil, er auðvitað miklu hættuminna að veiða á þessum svæðum í heitari sjó en hér norður á Hala t. d. Þessu er ekki sinnt.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma þessu á framfæri. Nú veit ég að hæstv. sjútvrh. er mikill áhugamaður, ekki eingöngu um sjávarútvegsmálefni, heldur líka um hafréttarmálefni. Það er góðra gjalda vert að leita fiskveiðiréttinda við Bandaríkjastrendur og kannske við Afríku og víðar. Mér skilst t. d. að við Grænhöfðaeyjar, þar sem við erum nú með þróunarhjálp og kostum veiðitilraunir, sé mjög mikinn fisk að hafa og væri hugsanlegt að fleiri íslensk skip færu þangað og gætu nýtt hann og gert úr honum verðmæti og kennt þarlendum veiðar í ríkari mæli líka í leiðinni. En fyrst og fremst eigum við auðvitað að stunda veiðar hér í nágrenninu á þeim hafsvæðum sem eru og eiga að vera íslensk hafsvæði og verða það ef Alþingi stendur nógu vel í ístaðinu nú á næstu mánuðum, kannske misserum. En á næsta ári eigum við að tryggja okkur öll þessi réttindi, bæði á Reykjaneshrygg og á Rockall-svæðinnu og stunda þau og hagnýta.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir flest af því sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði í sambandi við veiðar okkar á þeim miðum sem eru okkur næst og okkur er nauðsynlegt að tryggja okkur eignarrétt á og tryggja okkur veiðirétt á. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. kemur upp í ræðustól á Alþingi og hvetur til þess að farið sé að á þann veg að við sendum veiðiskip til þessara svæða og jafnan er hann að bera okkur einhverjar nýjar fréttir sem benda á að þarna er afla að sækja og þarna er okkur nauðsynlegt að fara til veiða til að tryggja okkar framtíðarrétt. Þessar fréttir, sem hann las upp úr Fiskifréttum um það að 100 tonna bátur hafi sótt allt að því mokafla á þetta svæði nú í haust, benda eindregið til þess að það væri ekki mjög erfitt fyrir okkur að gera slíkt hið sama. Og hvað er sjálfsagðara á þeim tímum sem við þurfum meira og minna að leggja skipum okkar vegna þess að við teljum að ofsótt sé í afla við Íslandsstrendur en að nota þau skip til að sækja á þessa fiskislóð, þ. e. á Rockall-svæðið, og aðrar sem eru minna kannaðar, eins og t. d. í námunda við Jan Mayen.

Ég vil taka undir áskoranir hv. þm. um að stjórnvöld beiti sér fyrir því að íslensk veiðiskip verði send á þessar fiskislóðir, bæði til þess að nýta skipin þegar við erum í þeirri aðstöðu að geta ekki nýtt þau hér við Íslandsstrendur og svo til þess að tryggja okkur veiðirétt á þessum svæðum til frambúðar. Og ég tek undir það, þó að ég sé ekki að gagnrýna sérstaklega þá umræðu sem hefur átt sér stað um að við sendum íslensk fiskveiðiskip jafnvel allar götur til vesturstrandar Ameríku og til Afríku, að þá eru þessar slóðir og sókn á þessi mið okkur mikið nærtækari og um leið mikið nauðsynlegri. Við erum ekki að tryggja okkur neinn sérstakan rétt þó við förum á Afríku- eða Ameríkumið. Þar værum við þá að fiska út frá samningum sem við gerðum við viðkomandi þjóðir. En með því að sækja fisk á nálægari slóðir erum við að búa í haginn fyrir framtíðina. Það er mjög vel til fallið að einmitt umræða um þetta komi inn í umræður um stjórnun fiskveiða í íslenskri landhelgi og er hreinlega einn þáttur af vangaveltum um þær leiðir sem þar þarf að fara.

Ég vík þá að því frv. sem við erum hér að ræða, þ. e. frv. til l. um breytingar á veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands, svokölluðu kvótafrv. Það hefur verið til umfjöllunar í sjútvn. Ed. um nokkurn tíma og hefur fengið allítarlega umfjöllun í n., m. a. s. það ítarlega að nokkrir dagar eru frá því að við, sem stöndum að minnihlutaáliti, vorum samþykkir því að hætta fundahöldum og taka frv. til 2. umr. Formaður og meirihlutamenn töldu æskilegt að halda fundahöldum áfram og umr. í sjútvn. allt þar til í gærmorgun að síðasti fundur var haldinn í sjútvn. um málið. Við vorum þegar í fyrri viku tilbúnir að ganga frá okkar nál. og vorum tilbúnir til umr. á mánudag.

Hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason hefur gert grein fyrir afstöðu okkar sem skilum minnihlutaáliti, en að álitinu stendur auk okkar Karls hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson. Karl hefur einnig gert grein fyrir brtt. okkar við frv. Öll sjútvn. stendur að brtt. um að gildistími laganna verði ekki nema eitt ár og að niður falli síðasta setning 1. mgr. frv. Ég sleppi því að ræða þessi atriði frv, en það segir þó mikla sögu að það voru tilmæli ráðh. að lögin skyldu gilda í þrjú ár og auka vald

það sem farið var fram á um það að ráðh. fengi heimild til að úthluta kvóta til útgerðar eða fiskvinnslufyrirtækis án skips, en sjútvn. og flestir viðmælendur n., þing LÍÚ, Fiskiþing, leggja til að þetta atriði verði fellt burtu.

Þá er rétt að árétta það, sem kemur fram í nál. meiri hl. sjútvn., að öll nefndin varð sammála um að leggja til að aflamark og sóknarmark þeirra báta sem stunda línuveiðar mánuðina jan. til febr. og nóv. til des. skuli ekki reikna nema að hálfu. Ég tel ástæðu til að undirstrika að ég segi hér aflamark og sóknarmark, því að ég lít svo á að við höfum rætt um það að gagnvart þessu hlyti það að koma út á þann veg að ekki væri eingöngu verið að ræða um aflamark. Það kemur ekki alveg fullkomlega greinilega í ljós.

Nefndin ræddi um að allur afli veiddur á króka yrði utan afla- og sóknarmarka og var á tímabili mjög á því að leggja það til. Samkomulag varð svo um fyrrnefnda afgreiðslu. Flestir nm. voru og á því að það hefði verið ósanngjarnt að heimila ekki bátum undir 10 rúmlestum að afla sér aukakvóta frá aflamarksskipum og að slíkt þyrfti að tryggja í reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1985. Ég lýsi mig samþykkan því atriði.

Brtt. okkar í minni hl. sjútvn. eru shlj. þeim brtt. sem við stjórnarandstæðingar í deildinni stóðum að við frv. sama efnis á fyrra ári. Það hefði verið frekar auðvelt að flytja brtt. við greinar frv. og flytja þar með t. d. samþykktir Fiskiþings hingað inn á hv. Alþingi og bjóða þm. stjórnarflokkanna að fella eða kannske samþykkja. Fiskiþing samþykkti samhljóða að fella ætti niður úr 1. gr. frv. orðin „milli ákveðinna gerða veiðarfæra“ og orðin „með tilteknum veiðarfærum“. Fiskiþing benti á að í núgildandi lögum, sem miðstýrt hefur verið með á yfirstandandi ári, sé engin heimild á framsali aflamarks. Þrátt fyrir það hafi verið gefin út reglugerð um slíkt framsal og framsal átt sér stað á hinn breytilegasta máta. Fiskiþing lýsti samhljóða yfir andstöðu við framsal á sóknardögum og vænti strangra og sanngjarnra reglna um framsal aflamarks.

Formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins lagði fyrir sjútvn. tillögur sínar um sóknarmark báta 1985. Þær voru svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennt.

1. Útgerðaraðilar báta fái sóknarmark.
2. Árinu verði skipt í þrjú jöfn tímabil:
   I. Janúar til vertíðarloka, 67% af ársaflanum.
   II. Vertíðarlok til ágúst, 20% af ársaflanum.
   III. Sept. til des., 13% af ársaflanum.
3. Aflamagn leiðréttist milli tímabila.

I.

1. Takmarkanir í janúar og febrúar.

1.1. Á eftirgreindum tímabilum má hlutur þorsks í aflanum ekki nema meiru en 30% aflakvóta á tímabilinu.

1.2. Bátar sem stunda netaveiðar á tímabilinu 1. jan. til 1. febr. eða hefja ekki veiðar fyrr en eftir [einhvern ákveðinn dag] janúar.

1.3. Bátar sem stunda veiðar með togveiðarfærum 1. jan. til 20. jan. eða hefja ekki veiðar fyrr en eftir [einhvern ákveðinn dag] janúar.

1.4. Bátar sem stunda línuveiðar mega ekki róa fleiri róðra en [einhvern ákveðinn róðrafjölda].

2. Takmörkun veiða um páska.

2.1. Á tímabilinu 30. mars til 30. apríl eru allar netaveiðar bannaðar.

2.2. Hlutur þorsks í afla báta, sem aðrar veiðar stunda, má ekki fara yfir 30% af afla báts á tímabilinu eða stöðva í [fleiri daga en ákveðið er talið].

3. Takmörkun veiða í apríl.

3.1. Um páska verði tekinn saman þorskafli báta í sóknarmarki. Mismunur þeirrar samtölu og þess aflamagns, sem þessi bátaflokkur hefði hlotið skv. aflareynslu sinni að viðbættum 20%, verður sameiginlegur afli þessara báta í apríl og maí.

0—10 og 11—18 tonna bátar í sameiginlegum kvóta til septemberloka.

3.2. Með hliðsjón af því aflamagni verði hverjum bát í flokknum úthlutað ákveðnum sóknardagafjölda sem þeim er í sjálfsvald sett hvenær þeir nota á tímabilinu 10. apríl til vertíðarloka. Línuveiðar frjálsar.

3.3. Þegar fjöldi sóknardaga í apríl og maí er ákveðinn er mögulegt að taka tillit til stærðar skipa, sömuleiðis að takmarka fjölda sóknardaga vegna sérleyfisveiða.

II.

1.1. Á tímabilinu 25. júlí til 3. ágúst eru þorskveiðar bannaðar. Á þeim tíma má hlutur þorsks í afla ekki vera meiri en 30%.

1.2. Á tímabilinu 1. júlí til 15. ágúst eru allar netaveiðar bannaðar.

1.3. Þegar samanlagður þorskafli þeirra báta, sem þessa leið velja, nemur [ákveðnum prósentuhluta] af ársaflakvóta þeirra verða veiðar stöðvaðar til 1. okt.“

Ég kem með þessa till. hér inn m. a. til þess að gera grein fyrir því að margar tillögur hafa verið uppi um stjórnun fiskveiða á yfirstandandi tímabili. Ég tel einnig rétt að lesa hér upp nokkrar tillögur aðrar sem bárust, m. a. samþykkt Snæfellsnesdeildarinnar, hvernig fiskideild Fiskifélagsins á Snæfellsnesi lagði til að fiskveiðum yrði stjórnað á komandi ári, og einnig mun ég lesa hér ályktun frá fiskideildum Vestfjarða.

Í fyrsta lagi eru það tillögur Snæfellinganna, með leyfi hæstv. forseta:

„A. Horfið verði frá núverandi kvótakerfi fyrir bátaflotann. Skipting þorskafla milli báta og togara verði sú sama og var á árunum 1981, 1982 og 1983. Árinu verði skipt í þrjú aflatímabil.

Í stað kvótakerfis verði beitt veiðibönnum, t. d. um páska 10 daga, 15. júlí til 15. ágúst og um áramót 20—30 daga. Strangt eftirlit verði með gæðum fisks. Smáfisksvæðum verði lokað. Þorskveiði í net verði bönnuð frá 1. júní til 20. sept. Lágmarksmöskvastærð þorskaneta verið 7 tommur. Fylgst verði með netafjölda í sjó og stefnt að því að bátar hafi ekki net í sjó um helgar þegar helgarfrí eru. Línuveiði verði aukin svo sem kostur er. Þær veiðar, sem háðar eru leyfum, verði það áfram.

b. Kvóti fyrir togara verði með svipuðu sniði og í ár. Breytingar á núverandi kerfi verði eftirfarandi:

1. Kvóti verði eingöngu á þorksi og karfa.
2. Landið verði eitt svæði í stað tveggja nú.
3. Bannað verði að flytja kvóta milli ára.
4. Sala á kvóta verði óheimil 1985.
5. Ef leyfilegt aflamagn af karfa og þorski verður meiri 1985 en 1984 verði þeirri viðbót skipt niður á þá sem veiddu upp sinn kvóta 1984.
6. Þeir sem misstu af úthaldi vegna bilana 1984 fá það metið á sama hátt og fyrr.

7. Leiðrétt verði misræmi á útflutningi á ferskum fiski með fiskiskipum annars vegar og með gámum eða á annan hátt hins vegar. Hér er átt við 25% álag á afla fiskiskipa sem landa erlendis."

Og þá er það tillaga Vestfirðinga um stjórnun fiskveiða. Tillaga þeirra er um fiskveiðistefnu 1985—1989 og aflamark 1985.

„44. fjórðungsþing fiskideildanna á Vestfjörðum, haldið á Ísafirði 13. okt. 1984, leggur til að fiskveiðistefna verði nú mótuð til næstu 5 ára og við það miðað að fiskistofnarnir séu nýttir á æskilegan hátt frá líffræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði svo að útgerð og fiskvinnsla hafi eðlileg starfsskilyrði á komandi árum. Þingið telur sýnt að sjávarútvegurinn þolir ekki þær miklu aflasveiflur sem hér hafa verið seinustu árin og bendir á að þorskaflinn var 460 þús. lestir árið 1981, en á þessu ári er gert ráð fyrir að veiða 240 þús. lestir, og að á 5 ára tímabili á árunum 1977—1981 var loðnuaflinn að meðaltali 830 þús. lestir, en síðan voru veiðar algerlega bannaðar.

Þessar miklu sveiflur hafa ekki aðeins haft skaðleg áhrif á sjávarútveginn í heild, heldur allt okkar efnahagskerfi. Telur þingið því nauðsynlegt að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og fiskveiðistefnan mótuð með langtímasjónarmið í huga sem tryggi öryggi allrą sem við þennan atvinnuveg starfa.

Þingið ítrekar því fyrri samþykkt sína, að í framtíðinni verði leyfilegur ársafli helstu nytjafiska okkar miðaður við reynslu fyrri ára og leggur til að á næstu 5 árum verði leyft að veiða árlega: Af þorski 320—380 þús. lestir. Af öðrum botnlægum fiski 300 þús. lestir. Af loðnu 500—800 þús. lestir.

Um síðustu áramót var tekin upp alger kerfisbreyting við tilhögun veiða á botnlægum fisktegundum, aflanum skipt milli skipa og aflamagn síðustu þriggja ára lagt til grundvallar við skiptingu aflans. Ákveðið var að þessi kerfisbreyting gildi aðeins þetta ár og verði til endurskoðunar með tilliti til reynslu nú í árslok. Það er álit fjórðungsþings fiskideildanna á Vestfjörðum að þetta breytta fyrirkomulag hafi í fæstum tilfellum fært okkur nær þeim markmiðum, sem að var stefnt, að minnka kostnaðinn við veiðarnar og bæta gæði hráefnisins. Hins vegar hefur það haft margvísleg óæskileg áhrif og skapað öryggisleysi, bæði hjá sjómönnum og fiskvinnslufólki, sem er algerlega óviðunandi. Þingið leggur því til að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi um næstu áramót og tekið upp aftur hliðstætt fyrirkomulag og gilti árið 1983.

Aflamark árið 1985.

Lagt er til að á árinu 1985 verði leyft að veiða 320 þús. lestir af þorski og verði þorskaflanum skipt á milli báta og togara, þannig að bátum verði heimilað að veiða 47% aflans eða 150 þús. lestir, en togurum 53% aflans eða 170 þús. lestir, en öðrum botnlægum fisktegundum verði ekki skipt milli skipategunda né veiðitímabila. Leyfilegur loðnuafli verði ákveðinn að loknum rannsóknum í haust.

Takmarkanir á veiðum.

Árinu verði skipt í þrjú jafnlöng veiðitímabil og við það miðað að þorskaflinn skiptist sem næst því sem hér segir:

1. tímabil janúar/apríl. Bátar: 110 þús. lestir. Togarar: 65 þús. lestir.

2. tímabil maí/ágúst. Bátar: 25. þús. lestir. Togarar: 55 þús. lestir.

3. tímabil sept./des. Bátar: 15 þús. lestir. Togarar: 50 þús. lestir.

Samtals: Bátar: 150 þús. lestir. Togarar: 170 þús. lestir.

Náist ekki hámarksafli hvers tímabils færist aflinn yfir á næsta tímabil. Fari afli verulega umfram leyfileg mörk skal stöðva veiðar.

Á árinu verði togurum bannaðar þorskveiðar í 100 daga innan eftirfarandi marka: Á fyrsta tímabili í 20 daga, á öðru tímabili í 45 daga og á þriðja tímabili í 35 daga. Í þorskveiðibanni skal togurum heimilt að hafa þorsk sem hlutfall af heildarafla í hverri veiðiferð: 5% í 33 daga, 15% í 34 daga og 30% í 33 daga, minnst 4 daga í senn.

Skipstjórar eða útgerð tilkynni sjútvrn. með skeyti að lokinni hverri veiðiferð hversu marga daga þeir hafi verið í þorskveiðibanni og hve mikið af þorski sé í aflanum. Fari þorskur fram úr viðmiðunarmörkunum skal það, sem umfram er, gert upptækt.

Verði þorskafli togara hvers tímabils verulega meiri en viðmiðunarmörk segja til um skal veiðibannsdögum fjölgað, en verði hann minni skal þeim fækkað. Fari annar botnfiskafli togara verulega fram úr viðmiðunarmörkunum skal úthald þeirra takmarkað, þannig að heildaraflinn verði sem næst því sem að var stefnt í ársbyrjun.

Þorskveiðar bátaflotans verði takmarkaðar sem hér segir:

Ráðh. skal heimilt að ákveða með reglugerð hvenær netavertíð hefst svo og að stöðva veiðar um páska. Enn fremur verði allar veiðar togara og báta stöðvaðar frá og með 20. des.

Á þessum tímabilum skulu gilda hliðstæðar reglur um hlutfall þorsks í afla og hjá togurum."

Þessi samþykkt var samþykkt samhljóða á fiskideildarþingi þeirra Vestfirðinga.

Ég hef lesið upp þessar samþykktir fyrst og fremst til að undirstrika að í umr. um þessi mál um landið vítt og breitt hafa komið fram hinar breytilegustu tillögur og það er mjög langt frá því, þó að nú líti svo út, að það sé allsherjarsamkomulag um þann kvóta sem hér er verið að leggja til. Hinar breytilegustu samþykktir hafa verið gerðar um hvað skuli gera á næsta ári í fiskveiðistjórnun svo og um hvernig sú miðstýring í stjórnun fiskveiða, sem nú er í gildi, hefur komið út, hver sé raunveruleg reynsla af kvótanum. Svo merkilega vill til að fjölmiðlum hefur þótt lítill matur í öðru sem um kvótann hefur verið sagt nema það hafi verið á þann veg að kvótaframkvæmdin hafi tekist vel. Ráðh. og rn. hafa haldið því fram og reyndar ýmsir fleiri. En hvað er gott og hvað er vont í þessu máli? Áður en því er slegið föstu að þessi eða hinn þátturinn í framkvæmd kvótakerfisins hafi reynst vel þarf að skoða marga þætti.

Ég sagði að í næstum hverju atriði mætti benda á mistök og galla um framkvæmd kvótans. Það er ferskast með smábátana. Sjósókn þeirra var stöðvuð með fjögurra daga fyrirvara. Þeim var meinað að afla sér aukakvóta. Þeir máttu ekki fara á sjó til að sækja sér í soðið né fara á lúðulóð, sækja fiskitegund sem er vannýtt. Mitt í þessu bannstandi á trillurnar var viðurkennt að heildarkvóti þeirra væri kannske vantalinn. Afli þeirra hefði sjálfsagt verið meiri á þriggja ára viðmiðunartímabilinu en skýrslur gáfu til kynna. Þessir

smábátar höfðu í fjölda ára fiskað í soðið fyrir landsmenn. Sá afli hafði að sáralitlum hluta verið færður á skýrslur og þar af leiðandi ekki komið fram til að reiknast til viðmiðunarkerfisins. Þakkirnar til þessara manna, sem m. a. hafa séð höfuðborgarbúum fyrir fiski á diskinn sinn, úrvalsfiski, er að stöðva veiðar þeirra með fjögurra daga fyrirvara, og þökk sé þeim sem þakka ber.

Bátastærðin frá 10—20 tonn á sér fáa málsvara. Á þessari stærð báta hefur útgerð verið mjög mismunandi, frá tveggja til þriggja mánaða úthaldi með tvo menn upp í það að sumum bátum er haldið úti allt árið með kannske 6 manna áhöfn, t. d. ef gert er út á línu. Þetta er sú bátastærð sem mest hefur gengið kaupum og sölum á undanförnum árum.

Margir skiptu um báta á árinu 1983 og á síðustu vikum þessa árs keyptu menn báta án þess að hafa hugmynd um hvað í vændum var. Vestur á Snæfellsnesi voru keyptir nokkrir bátar af þessari stærð og þeir fengu flestir aflakvóta fyrir neðan 60 tonn. Allir þessir bátar voru keyptir með það fyrir augum að róa á þeim allt árið, afla á þeim tekna fyrir mannskap og útgerð. Þessir menn og útgerðir báðu um leiðréttingu og þeir fengu meðalkvóta, en hann var lítið betri.

Eins og ég sagði áðan eru margir bátar af þessari gerð gerðir út stutta tíma, eru kannske sportveiðibátar sumir hverjir, en allir teknir með í meðalkvótann. Útkoman er sú að aflamark meðalkvótans verður lítið og getur engan veginn staðið undir tekjum skipverja og rekstrarkostnaði útgerðar. Leiðréttingu hefur ekki verið gerð fyrir þessa báta. Til þess að bjarga sér hafa þeir keypt kvóta. Stundum hefur þurft að borga fyrir hann allt upp í 3 kr. fyrir kg af voninni í sjónum þótt algengara verð hafi verið um 2 kr. Ekki virðist að aflamark þessara báta verði lagfært.

Í tillögum um reglugerð fyrir árið 1985, sem sjávarútvegsnefndum var sýnd, er gert ráð fyrir að þeir sem fengu meðalaflamagn á árinu 1984 fái ekki aflamark nema að því marki sem afli þeirra sjálfra nam á árinu 1984. Þetta er útfært á þann veg að þeir sem ekki náðu að afla í sinn kvóta verði skertir en þeir sem björguðu sér með því að kaupa kvóta til bjargar sér og sinni útgerð skuli sitja áfram við sama borð. Þessi útfærsla er mjög ranglát, hvort sem í hlut eiga þeir sem ekki náðu að afla í sinn kvóta eða þá þeir sem björguðu sér með kaupum á kvóta. Kerfið hefur ekki yfir neinum leiðum að ráða til að leysa vanda þeirra útgerða. Það er ranglátt í ár og enn verra verður það á næsta ári gagnvart þessum aðilum.

Herra forseti. Svona gæti ég haldið áfram lengi að benda á ókosti þess miðstýringarkerfis sem íslenskur sjávarútvegur hefur búið við í ár og enn er lagt til að áfram verði í gildi. Það er hægt að benda á marga ókosti og fáránlegheit þess kerfis sem gefur útgerðum rétt til að selja fiskivonina í sjónum, hvernig þessi kvótasala hefur verið framkvæmd og hvernig miðstýringarvaldið breytti fyrirvaralaust humri í þorsk, gerði sameiginlegan síldarreknetakvóta að verslunarvöru og skiptivöru fyrir þorsk, hvernig sumir fengu að nota þennan gjaldmiðil en aðrir ekki, hvernig skelbát sem orðið hafði fyrir skerðingu á bolfiskveiði var meinuð skelfiskveiði. Svona má næstum endalaust telja upp, en ég vil undirstrika að svona upptalning er ekki og þó áfram væri haldið nein gagnrýni á þá menn sem fengu það hlutverk að halda utan að þessari miðstýringu. Ég held að þeim hafi í flestum tilfellum tekist vel til. Það er kerfið sjálft, afskipti af hverjum þeim sem sækir fisk í sjó, sem ber í sér ranglæti og mismun.

Ég get þó ekki hætt við þennan þátt án þess að undirstrika að aðalmarkmið fiskveiðistjórnunar yfirstandandi árs hafa mistekist. Það hefur ekki tekist að standa við þau mörk sem sett voru í upphafi árs um aflamagn. Það hefur ekki tekist að sækja þann afla sem áætlaður var í þá botnfiskstofna, sem við nytjum og þurfum og eigum að nytja, aðra en þorskinn. Þorskveiði verður mikið meiri en áformað var í upphafi árs.

Stjórnunarþátturinn gagnvart aflamagni var aðalatriðið þegar miðstýringarkerfinu var komið á. Þessi þáttur hefur mistekist í veigamiklum atriðum og þó sérstaklega á þann hátt að kerfið hefur komið í veg fyrir nýtingu fiskistofna sem okkur er nauðsynlegt að nýta, t. d. ýsu, lúðu, steinbít og fleiri fiskitegundir. **(Gripið fram í:** Grálúðu.) Og grálúðu.

Aukin gæði afla, hagkvæmni í rekstri og samræming veiða og vinnslu voru svo rök númer tvö fyrir miðstýringunni. Hver sem talar um þessa þætti í alvöru í dag viðurkennir að þetta hefur alveg mistekist og meira en það. Samræming veiða og vinnslu hefur komið þannig út t. d. gagnvart frystihúsum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að þau neyddust til þess í sumar í mun ríkara mæli, og ég hef um það tölur, en fyrr að framleiða í óhagkvæmar og verðlitlar pakkningar og skerða þar með gjaldeyrisöflun og afkomu fyrirtækjanna sem var víst nógu vond fyrir. Það mætti koma með fleiri dæmi að þessu lútandi.

Um gæðin hef ég rætt hér áður gagnvart ferskfiskmati og endurtek það ekki nú. Þar breytti kvótinn engu.

Annar þáttur þessara mála sýnir hvað allt hefur mistekist herfilega. Í morgunblaðinu 29. nóv. s. l. er frétt. Hún er sett á áberandi stað í blaðinu. Þakka skal Morgunblaðinu fyrir að hún var ekki sett einhvers staðar út í horn. Yfirsögnin er þannig: „Aukið gæðaeftirlit hjá Long John Silver's. Fylgst náið með framleiðslu einstakra frystihúsa.“ Hvað skyldi hér vera að ske? Og ég ætla að lesa fréttina áfram, með leyfi virðulegs forseta:

„Aukið gæðaeftirlit hjá veitingahúsakeðjunni Long John Silver's í Bandaríkjunum, stærsta viðskiptavini Coldwater þar, hefur valdið nokkrum erfiðleikum og hægt á veltu flakabirgða. Gæðakröfur hafa samkvæmt því ekki verið fyllilega uppfylltar við framleiðslu flaka hér heima. Hefur Long John Silver's m. a. ákveðið að fylgjast með framleiðslu einstakra frystihúsa hér heima vegna þess.“ Og áfram skal halda:

„Magnús Gústafsson, forstjóri Coldwater, sagði í samtali við blaðamann Morgunblaðsins að sérstakar ástæður lægju að baki þessu herta gæðaeftirliti hjá Long John Silver's. Það stafaði m. a. vegna síaukinnar samkeppni um viðskiptin við þennan stærsta kaupanda þorskflaka í Bandaríkjunum.“

Og svo kemur:

„Þær kröfur sem Long John Silver's setti um gæði miðuðust m. a. við fjölda fiskstykkja í vafningum í 5 punda pakkningum, nákvæmni í vigtun og pökkun. Hins vegar væri það ljóst að gæðakröfur væru ekki nægilega vel uppfylltar við framleiðsluna á Íslandi og því hefði dregið úr veltuhraða birgða hjá fyrirtækinu. Það væri aldrei nægilega brýnt fyrir framleiðendum að

vanda framleiðslu sína, hvort sem hún væri ætluð stærri eða smærri viðskiptavinum. Gæðin væru lykillinn að árangri í markaðsmálum og honum mætti ekki glata. Það virðist sem gæðum fyrir Long John Silver's væri af þessum sökum ábótavant hér heima, en fyrirtækið hefði í sumar sett upp sérstaka skoðunarstöð og væri nú að fylgjast með framleiðslu einstakra frystihúsa hér heima."

Hvað er hér að ske? Er viðskiptastaða okkar í Bandaríkjunum að fara á þann veg vegna lélegra gæða frá frystihúsunum að það stendur til að fyrirtæki úr Bandaríkjunum komi hingað heim og haldi vörð um framleiðsluna? Sýnir þetta í einu eða neinu að á betri veg hafi hallast í gæðum í sambandi við íslenskar sjávarafurðir? Ég held að það sýni því miður allt annað og það allískyggilegt.

En þetta er ekki nóg. Fyrir nokkrum dögum, þ. e. núna 7. des., kemur önnur frétt í íslensku blaði þar sem enn er undirstrikað hið sama. Í Fiskifréttum 7. des. er svohljóðandi grein sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi virðulegs forseta:

„Gæði þess fisks, sem kemur frá Íslandi á Bandaríkjamarkað, hafa lítið sem ekkert aukist í fjölda ára. Þetta kemur fram í viðtölum sem Fiskifréttir áttu við forráðamenn Coldwater í Bandaríkjunum.

Alan J. Owens, verksmiðjustjóri Coldwater Seafood Corp. í Cambridge í Maryland, sagði þegar rætt var við hann að hann sæi ekki mikinn mun á gæðum nú og t. d. 1966. Þetta kemur vafalaust mörgum á óvart eftir alla þá fjárfestingu í nýjum skipum, kassavæðingu togaranna og endurbyggingu frystihúsanna á Íslandi.

Owens sagði að helstu gallarnir á íslenska fiskinum væru ætíð þeir sömu, illa löguð blokk, stundum skemmd, og mörg bein í flökum og hráefnið of gamalt þegar það væri tekið til vinnslu.

Menn hafa leitt að því hugann hverju það valdi að gæði íslenska fisksins hafi ekki aukist á undanförnum árum. Hafa menn bent á að togararnir afla hvað mest yfir sumartímann á þeim tíma sem fiskurinn er viðkvæmastur. Yfir hásumarið fer fastráðið starfsfólk frystihúsanna í frí og til starfa kemur óvant fólk. Við það minnka afköstin í frystihúsunum og vinnubrögð verða ekki eins vönduð. Þetta hefur m. a. einnig leitt til þess að fiskurinn er orðinn of gamall þegar hann er unninn.

Rick Gordon, verksmiðjustjóri Coldwater í Everett, tók undir orð Owens og sagði að ef Íslendingar ætluðu að halda sínu forskoti á Bandaríkjamarkaði yrði að leggja enn frekari áherslu á gæðin. Þeir væru með besta fiskinn, en því miður kæmu gallar fram allt of oft."

Þessar tvær fréttir segja okkur náttúrlega allt of mikið um hvernig staða okkar er í sjávarútveginum og þeir segja okkur allt of mikið um að lítið hefur áunnist í sumar og í ár þrátt fyrir þá fiskveiðistjórnun sem uppi hefur verið haldið, þrátt fyrir þá miðstýringu sem talið var nauðsynlegt að setja á hér fyrir ári. Og þetta undirstrikar það, sem ég upplýsti hér áðan, að fiskveiðistjórnunin hefur ekki á neinn eða neinn máta komið að gagni við að skipuleggja og samræma veiðar og vinnslu og þetta er undirstrikun við þær upplýsingar sem forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna gaf okkur í sjútvn. og ég minntist á hér áðan.

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur afkoma sjávarútvegsins og þeirra sem við hann vinna farið hríðversnandi ár frá ári. Ráðamenn hafa varið sig með minnkandi afla og haft til viðmiðunar metaflaárið 1981. Staðreyndin er sú að undanfarin ár geta öll talist meðalár í afla og árið í ár virðist ætla að koma út sem eitt besta aflaár Íslandssögunnar. Sjávarútvegurinn aflar yfir 70% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Fiskimiðin umhverfis landið og nýting þeirra gerir Ísland byggilegt og það er sjávarútvegurinn sem hefur byggt upp það þjóðfélag sem við lifum í. Það er sjávarútvegurinn, þeir sem við hann vinna, sem hefur aflað þess auðs sem hefur gert það mögulegt að byggja upp eins myndarlega höfuðborg og við búum í.

Það er kvartað undan því að umræður um sjávarútveginn sé neikvæð í þjóðfélaginu. Meira að segja þeir sem hafa haft stjórnun og þróun hans í hendi sér undanfarin ár kvarta. Er það ekki nokkur yfirdrepsskapur?

Sjávarútvegsbyggðir vítt um land standa höllum fæti, fólki fækkar, það flytur, flýr sjávarútveginn. Mestur er fólksstraumurinn til Reykjavíkur. Liggur ekki ljóst fyrir hvað hefur skeð, hvað hefur orðið þess valdandi að staða sjávarútvegs í reynd og í umr. er eins og hún er? Það ætti engum að blandast hugur um að stefna stjórnvalda undanfarin ár hefur verið mjög óhagstæð þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar. Þeir sem vilja stunda sjó, þeir sem vilja búa í fiskibyggðunum okkar og vinna við fiskvinnslu hafa verið og eru bestu málsvarar sjávarútvegsins. Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að skerða hlut þessa fólks. Beinar kauplækkanir, skerðing hlutaskiptareglna og annað eftir því og olíverð mikið hærra en í nágrannalöndunum, flutningsgjöld yfirþyrmandi há, allt hefur þetta verið tekið úr vasa þessa fólks. Öll sóunin, Seðlabanki, bankahallir, verslunarhallir, allt hefur þetta verið tekið frá sjávarútvegi.

Hvað kemur svo í ljós? Menn undrast að sjómennirnir okkar, fiskvinnslufólkið, eru að gefast upp. Það er hætt að taka upp vörn fyrir sjávarútveginn. Það getur það ekki lengur. Stjórnvöld eru búin að þjarma svo að því að uppgjöf blasir við. Umræða um sjávarútveg er of neikvæð, segja ráðamenn. Hverjir skyldu eiga sök á því? Kannske sjómenn, kannske fiskvinnslufólk, kannske stjórnendur útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja? Mætti ég kannske, með leyfi hæstv. forseta, leyfa hv. þm. að heyra umsagnir tveggja aðila um stöðu mála?

Í fyrsta lagi langar mig til að lesa hér upp álit formanns Sambands fiskvinnslunnar, Soffaníasar Cecilssonar. Soffanías segir:

„Þrátt fyrir hagstæð skilyrði hefur útgerð og fiskvinnsla sennilega aldrei staðið verr. Nægir þar ekki að kenna um óhagstæðum ytri aðstæðum, aflasamdrætti og erfiðleikum á mörkuðum. Það vegur þyngra þau skilyrði er stjórnvöld hafa búið undirstöðuatvinnuvegi sínum á undanförnum árum með uppsöfnun skulda og fjármagnskostnaðar. Stjórnvöld hafa verið haldinn þeirri ónáttúru að trúa því að endurteknar skuldbreytingar í fiskvinnslu og útvegi sé töfralausn á öllum vandamálum.

Bráðabirgðaaðgerðir með skuldbreytingum til lausnar vandamálum sjávarútvegs hafa leitt til þess að afborganir, vextir og verðbætur hafa hlaðist upp, jafnt af fjárfestingar- sem rekstrarlánum. Hefur þetta jafnvel átt sér stað á góðum aflaárum eins og 1981. Sjávarútvegurinn og sér í lagi fiskvinnslan hefur mátt búa við

einhver þau erfiðustu lánakjör sem þekkjast í landinu. Fyrirtæki hafa verið að stoppa á undanförnum mánuðum vegna rekstrarerfiðleika. Önnur „vega salt" og eru í þann veginn að stöðvast. Ætla má að fiskvinnslan í heild sé í dag rekin með u. þ. b. 10—15% tapi að meðaltali, enda þótt Þjóðhagsstofnun hafi nýlega komist að annarri niðurstöðu. Þetta á að sjálfsögðu ekki við um öll fyrirtæki í fiskvinnslu. Afkoma sumra er betri en annarra. E. t. v. er rangt að tala hér um meðaltalsafkomu, sé tekið tillit til þeirrar gagnrýni er núllaðferð hins opinbera hefur fengið. Þá skal ekki rætt um hver áhrif byggðastefna undanfarinna ára hefur haft á afkomu sjávarútvegs í heild.

Sjávarútvegur og fiskvinnslan eru nú rekin við erfiðari aðstæður en áður, auk markaðserfiðleika og gífurlegra skulda, eins og áður hefur verið getið, þarf að laga sig að minnkandi afla og auknum tilkostnaði. Enn bætist við tilkostnaðinn þar sem þessar greinar standa nú frammi fyrir miklum launahækkunum." Þetta birtist í Morgunblaðinu 28. nóv. s. l.

Ég vil einnig, með leyfi virðulegs forseta, lesa hér samþykkt Fiskiþings um afkomumál sjávarútvegsins:

„Fiskiþing bendir á að nær öll útgerð og fiskvinnsla í landinu er nú stöðvuð vegna fjárhagsörðugleika. Gengisstefna sem í raun hefur útilokað eða gert óarðbæran allan útflutning okkar á hina hefðbundnu markaði í Vestur-Evrópu, hagvaxtarstefna og miklar verðhækkanir í öllu þjónustugreinum og aðföngum, ásamt miklu hærra olíuverði til fiskiskipa en í nokkru samkeppnislanda okkar, eru búin að eyða því litla eiginfé sem eftir var í atvinnugreininni. Rekstrarhallinn er búinn að veikja svo lausafjárstöðu viðskiptabanka sjávarútvegsins að þaðan er ekki hjálpar að vænta. Við þetta bætist svo vandinn af tveggja milljarða króna vanskilahala sem myndaðist í óðaverðbólgu síðustu ára."

Það má skjóta því inn í að það var nú reyndar upplýst, þó margir hafi sjálfsagt vitað um það, í sjónvarpsþætti í gær af hæstv. forsrh. að þessi hali mundi nú hafa verið minnkaður með einum skuldaskilunum til um 1.5 milljarð, þannig að þarna muni ekki vera eftir nema hálfum milljarði óráðstafað. — Og áfram segir í samþykkt Fiskiþings:

„Fiskiþing vekur athygli þjóðarinnar á því að fiskveiðar og vinnsla hafa þrátt fyrir alla þessa erfiðleika tekið af fullum heilindum þátt í tilraunum stjórnvalda og vinnandi fólks til þess að reyna að kveða niður verðbólguna sem var að steypa þjóðinni í efnahagslega glötun. Sjávarútvegurinn taldi ekki annarra kosta völ, enda yrðu allir látnir fórna. Í stað þess taldi hann sig hafa yfirlýsingar og fyrirheit um lækkandi vexti og verðlag.

Eftir að ríkisvaldið tók að losa stóra hópa í þjóðfélaginu undan ábyrgð í þessum efnum og þó alveg sérstaklega eftir að ríkið sjálft tók upp og leyfði hina ríkjandi hávaxtastefnu, sem nú tröllríður atvinnuveginum, sjá allir nema ráðamenn að þessi kapítuli í viðureigninni við verðbólguna er tapaður. Afleiðingar hafa ekki látið á sér standa. Eigi í alvöru að leggja til atlögu við verðbólguna á nýjan leik verða stjórnvöld að gera sér ljóst að sú orusta er fyrir fram töpuð verði nokkur þjóðfélagshópur undanþeginn að færa þær fórnir sem til þarf.

Fiskiþing vekur athygli á að sjávarútvegurinn aflar 73% þess gjaldeyris sem þjóðin hefur til ráðstöfunar. Að baki þessarar gjaldeyrisöflunar eru þó aðeins 16% af erlendum skuldum þjóðarbúsins. Ef þessi gjaldeyrisöflun á að halda áfram verður að uppfylla viss grundvallaratriði. Gengi verði skráð þannig að vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi hafi eðlilegan rekstursgrundvöll. Þess verði sérstaklega gætt við gengisskráningu að hún tryggi möguleika á útflutningi til hefðbundinna markaða í Vestur-Evrópu. Vextir verði stórlækkaðir. Verð á olíu til fiskiskipa verði meðalverð á olíu í Færeyjum, Noregi, Danmörku, Bretlandi og Vestur-Þýskalandi. Raforkuverð til fiskiðnaðar verði stórlækkað. Ekkert verði gert af hálfu íslenskra stjórnvalda sem torveldað geti hin hagstæðu viðskipti sem sjávarútvegur og iðnaður á við Sovétríkin. Þegar í lok þessa árs verði sjávarútveginum endurgreiddur uppsafnaður söluskattur ársins 1984. Sjávarútveginum verði endurgreitt gengistap af 40% afurðalána ef til gengisbreytinga kemur, enda var þessi hluti lánanna færður yfir í erlenda mynt í síðasta mánuði án samráðs við nokkurn aðila í sjávarútvegi.

Geti ríkisvaldið ekki tryggt sjávarútveginum viðunandi rekstrargrundvöll, m. a. með framangreindum aðgerðum, leggur 43. Fiskiþing til að gjaldeyrisverslun verði gefin frjáls, þannig að þeir sem gjaldeyris afla geti notið fulls arðs af sinni starfsemi og kjör þess fólks, sem við sjávarútveginn starfar, batnað."

Þetta er samþykkt samhljóða á Fiskiþingi.

Ég kem með þessa samþykkt og les upp úr grein Soffaníasar Cecilssonar til að gefa sýnishorn af þeirri umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu og sýnishorn af þeim skýrslum sem eru að koma frá hverju fyrirtækinu og hverri stofnuninni á fætur annarri um stöðu íslensks sjávarútvegs.

En nú þarf að snúa vörn í sókn. Það verður ekki gert með miðstýringarvaldi ráðh. Það er að vísu gott að hafa umræðu um kvóta og fiskveiðistjórnun og rífast um hana meðan sjávarútvegurinn riðar til falls, og það er oft ráð valdaaðila, ríkisstj. að leita eftir auknu miðstjórnarvaldi þegar illa gengur. Manni detta kannske í hug vissar ríkisstjórnir vítt og breitt um heiminn. Þegar illa gengur hjá þeim heima grípa þær til ansi róttækra ráða. Eg vil ekki nefna það í ræðustól á hv. Alþingi hvað sumar ríkisstjórnir hafa gert þegar allt virðist vera að fara á öfugan veg í efnahagsmálum heima hjá þeim. Er það kannske ekki eitthvað svipað sem hv. ríkisstjórnin íslenska hefur verið að gera í sambandi við stjórnun fiskveiða á Íslandi? Þegar hún var orðin ráðþrota og vissi ekki hvernig átti að láta þessa atvinnugrein bera sig, hafa heilbrigðan rekstursgrundvöll, var tekið til að stjórna hverjum fiski og hverri skútu sem fisk sækir til sjávar.

Framsfl. hefur átt tvo síðustu sjútvrh. Fyrirrennari hæstv. núv. sjútvrh. var hæstv. núv. forsrh. Það er staðreynd að þessum tveimur sjútvrh. Framsfl. hefur mistekist að tryggja afkomu sjávarútvegsins, bæði þeirra er við hann vinna og fyrirtækja í atvinnugreininni. Þeir hafa staðið að stórkostlegri millifærslu frá sjávarútvegi til eyðsluþátta í þjóðfélaginu. Til þessara verka hafa þeir haft stuðning Sjálfstfl. Það eru þessir tveir flokkar sem bera ábyrgð á því hvernig nú er ástatt í sjávarútvegi okkar Íslendinga. Sjávarútvegi hefur ekki verið tryggður neinn rekstursgrundvöllur nú frekar en hafði verið gert um þetta leyti í fyrra og rekstrargrundvöllur fyrir heilbrigðan rekstur sjávarútvegs okkar hefur ekki verið fyrir hendi yfirstandandi ár. **(EKJ: Ekki studdi nú Sjálfstfl. síðustu ríkisstj.)** Nei, en

það hefur allt verið að fara á hinn verri veg eftir að þessi kom.

Það er mikið rétt að ýmis mistök áttu sér stað í fyrri ríkisstj. líka og kannske voru mestu mistökin þá að Framsfl. hafði þá sjútvrh.

Sjálfstfl. biður nú um áframhaldandi miðstýringarvald til handa ráðh. framsóknar til að hafa í hendi sér ráð hverrar einnar útgerðar á Íslandi. Slíkt valdaafsal var samþykkt fyrir ári af flestum þm. Sjálfstfl. og verður sjálfsagt endurtekið nú. Sá tími sem farið hefur í vinnu við stjórnun kvóta, umr. og undirbúning þess frv. sem hér er til umr. hefði betur verið notaður til að leita samkomulags í þjóðfélaginu um réttlátari skiptingu þjóðartekna, til að rétta hlut sjávarútvegs gagnvart öðrum atvinnuþáttum í þjóðfélaginu og skapa þeim, er við undirstöðu- og framleiðslustörf vinna, mannsæmandi lífskjör. Það er kannske yfirlæti, en ég ætla að leyfa mér að hafa sem næstum lokaorð þessarar ræðu minnar eftirfarandi kafla úr ræðu hæstv. sjútvrh., sem hann viðhafði á LÍÚ-þingi og eru þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er hins vegar þýðingarmikið að þeir aðilar, sem bera lítið skynbragð á rekstur atvinnugreinarinnar, verði ekki áhrifaaðilar við mótun stefnunnar."

Núv. ríkisstj. hefur mistekist hrapallega að tryggja rekstursgrundvöll sjávarútvegsins, sjálfsagt vegna þess að þeir sem um þau mál fjalla bera ekki skynbragð á rekstur atvinnugreinarinnar. Það er varla hægt að búast við því að ráðh. hafi ætlað öðrum þetta skeyti.

Því er það eitt aðalnauðsynjamál sjávarútvegsins á Íslandi að ríkisstj. sú er nú situr að völdum fari frá.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Mér var sagt — og ég er nú alltaf að læra eitthvað nýtt á hæstv. Alþingi — að ekki mætti egna stjórnarandstöðu í umr. sem þessum. Hins vegar mætti stjórnarandstaðan mjög gjarnan egna þessa vesalings stjórnarsinna. Þó verð ég að segja að langt er seilst og erfitt að kyngja því þegar Stalín sjálfur er kallaður til samlíkingar við okkur sem hér stöndum.

Það sem við, sem aðhyllumst þessa leið til fiskveiðistjórnunar, erum fyrst og fremst að hugsa um er að komið verði á leið til að hindra rányrkju fiskimiðanna í kringum Ísland. Óheft nýting auðlinda á sameignargrundvelli leiðir alltaf til ófarnaðar. Fyrr eða síðar kemur að því að þessa auðlind þrýtur, en það viljum við forðast. Hvort þetta hér er meiri miðstýring en t. d. skrapdagakerfið, sem mér virðist að sumir stjórnarandstæðingar aðhyllist, skal ég ekki segja um. Ég held að hér sé þó nokkuð mikið val manna eftir þeim leiðum sem boðið er upp á. Ég skil ekki sumt af því sem lagt er til í brtt. minni hlutans. Mér sýnist þó alveg augljóst að eftir þeirri aðferð verður ekki stjórnað næsta ár. Reyndar fannst mér hv. þm. Skúli Alexandersson ekki vera að tala sérstaklega á móti kvótaskiptingu. Hann var fyrst og fremst að tala um hvernig beita mætti kvóta til hagsbóta t. d. fyrir Snæfellsnes norðanvert.

Kostir kvótakerfisins tel ég alveg ákveðið hafi komið í ljós á þessu ári, þrátt fyrir að þess sé varla von á svo stuttum tíma. Menn hafa varla áttað sig á þessu. Það er staðreynd að gæði ferskfisks, landaðs afla, voru betri í ár en áður. Við getum deilt um það endalaust hvort gæftir hafi verið góðar, hvort það var marklaust fiskmat og þar fram eftir götunum. En það er staðreynd að sala í veiðarfærum er miklu minni í ár, helmingi minni í netum að sagt er. Það getur verið að menn hafi átt miklar birgðir síðan í fyrra og þetta sé þar af leiðandi marklaust. Það er staðreynd að sókn togara er u. þ. b. 8 eða 10 togaragildum minni í ár í botnfisk. Hvort það sé af einhverjum öðrum orsökum getum við deilt um. Og síðast en ekki síst helst botnfiskaflinn nokkurn veginn innan þeirra marka sem sett voru eftir þær tilslakanir sem búið var að gera og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. gat um áðan.

Ég ætla ekki að fara að tala um gæðaeftirlit Long John Silver's, sem beinist náttúrlega fyrst og fremst að ormum og beinum eins og hv. þm. Skúli Alexandersson veit og hefur því miður ekkert með kvótaskiptingu afla að gera. Og ég veit ekki hvort ræða má mikið um reglugerðina, reyndar eru þetta aðeins drög enn þá, en hins vegar hafa þau reglugerðardrög verið kynnt, m. a. í ræðu hæstv. ráðh. á þingi LÍÚ, og ég tel flest þar horfa til bóta.

Ég tel að fram hafi komið það sem við vildum í sjútvn., reyndar allir, að betur yrði gert í meðferð ráðgjafanefndar og rn. við setningu reglugerðar. Sérstaklega tel ég hafa orðið til bóta að rýmkaðir séu möguleikar til sóknarmarks. Þeir voru of þröngir í fyrra. Ég tel það mjög vænlegan kost nú fyrir marga duglega aflamenn að notfæra sér þá möguleika sem boðið er upp á með rýmkuðu sóknarmarki.

Framsalið er umdeilt, það er rétt. Framsal á afla á milli skipa og á milli staða er umdeilt. Hins vegar hafa hátt í 300 slík viðskipti átt sér stað. Væntanlega hafa tekið þátt í þeim helmingi fleiri aðilar, þ .e. kaupendur og seljendur, og ég get ekki almennilega skilið að fortakslaust allir séu á móti því, eins og kom fram hjá einhverjum ræðumanni áðan.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja þetta mikið meir og ég vona, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, að ég hafi ekki egnt stjórnarandstöðuna um of.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að teygja togtímann í þessu máli frekar en orðið er, en mér finnst ástæða til að fjalla aðeins um það sem ég tel betra við þetta frv. en það frv. sem við fjölluðum um á fyrra ári. Ég vil einnig taka það fram að ég tel að þessu máli hafi verið mjög vel stjórnað af hæstv. sjútvrh. og þeim öðrum sem það hafa fjallað um.

Ég vil þó aðeins árétta í sambandi við tvö atriði sem eru reglugerðaratriði. Það er í fyrsta lagi að það verði svigrúm til þess, ef aðstæður kalla á það, að smábátasjómenn geti átt kost á því að afla sér kvóta. Ég hef fjallað um það atriði fyrr hér í hv. deild. Það er auðvitað mjög slæmt þegar við sama borð sitja menn sem hafa fulla atvinnu af sjósókn og svo þeir sem stunda sjósókn í tómstundum. Ég held að þarna verði að greina á milli og rétta hag þeirra sem hafa fulla atvinnu af sjósókn, en hafa enga kauptryggingu á bak við sig, gefa þeim a. m. k. möguleika til þess að afla sér verkefna ef slík staða kemur upp að óbærilegt er.

Í öðru lagi gætir mikils ósamræmis varðandi skip sem sigla með afla og gámaútflutninga. Þarna held ég að verði að samræma reglur á milli, hvort sem það er niðurfelling á 25% reglunni eða það er gert á annan hátt, en auðvitað er ekki hægt að halda áfram því misræmi sem er í þeim efnum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir hvatningu hv. 4. þm. Norðurl. v. um að Íslendingar tryggi sér rétt sinn til veiða á Reykjaneshrygg og Rockall-svæði og þá ekki síst hvatningu hans um að við nýtum okkur þessi mið.

Ég er flutningsaðili að brtt. við frv. til l. um stjórnun fiskveiða. Ég vil ítreka það að þetta er brtt. við þetta frv. Ég lít ekki svo á að þetta sé brtt. við fiskveiðistefnu vegna þess að ég álít, eins og fram kemur í nál., að þetta frv. fullnægi ekki þeirri nauðsyn eða þeim kröfum. Brtt. lúta einkum og sér í lagi að þeirri staðreynd að enn sem áður vantar raunverulega að vilji Alþingis komi fram í þessu máli þar sem Alþingi afsalar sér völdunum fullkomlega til ráðh. Brtt. eru settar fram til þess að mótmæla því.

Eins og ég sagði áðan tel ég þetta frv. ekki vera frv. um stjórnun fiskveiða heldur miklu frekar um skömmtun afkomu og þar af leiðandi rökrétt framhald af sífellt auknum afskiptum ríkisins af rekstri sjávarútvegsins. Ríkið ákveður verðið á fiskinum upp úr sjó og bindur þar með í raun laun sjómanna og landmanna, bindur í raun og veru hlut annars kostnaðar og stofnar þannig til sjóðarugls í gegnum Aflatryggingasjóð og Byggðasjóð og fleiri sjóði. Ástandið er í raun og veru þannig orðið að menn gera ekki lengur út á mið og markað, heldur út á löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið.

Ríkisstjórnin stjórnar lánasjóðunum og bönkunum og stjórnar þar af leiðandi því hverjir mega fjárfesta og hvernig og hverjir fá rekstrarlán og hverjir ekki. Ríkið verndar hagsmuni útflutningsaðilanna og flækist þannig fyrir í markaðsmálum og þegar allt er komið í ógöngur eins og nú er þetta frv., eins og áður segir, rökrétt afleiðing. Þannig er skömmtunarvaldið loksins fullkomnað. Það vantar mjög lítið á að sjávarútvegur hér á Íslandi verði ríkisrekinn. Það vantar mjög lítið á það t. d. að kvótinn miðist ekki við aflann sem aflað var, heldur við afkomuna, því að hér er verið að horfa til afkomu, að því mér er sagt, og að viðmiðunin verði þá ekki aflamark, heldur afkomumark. Framsöl hafa átt sér stað, þ. e. millifærslur á verðmætum. Það næsta er að ríkið uppgötvi að þarna séu á ferðinni verðmæti sem þarf að skattleggja og þá vantar orðið mjög lítið í að kvótinn, afkomuskömmtunin, verði einfaldlega að skattstofni og geri framtal þessara fyrirtækja nánast ónauðsynlegt. Ríkið metur fiskinn upp úr sjó, eins og ég sagði áðan, og afurðirnar í landi svo að ekki verði hnökrar á þessari samfelldu runu afskipta frá því að fiskurinn kemur upp úr sjónum og þar til hann flyst úr landi.

Þetta frv. er alls ekki nein úrræði, heldur er þetta einfaldlega sögulega rökrétt afleiðing af sívaxandi ríkisafskiptum. Og ríkisafskipti leiða til æ meiri ríkisafskipta vegna þess að ábyrgðin af afkomunni flyst af herðum þeirra sem atvinnuveginn stunda til ríkisins.

Menn bera þá leyndu von í brjósti að einhvern tíma verði hægt að aflétta þessum lögum. Ég spái því að því verði aldrei hægt. Þessi aðferð verður aldrei afnumin fyrr en öðrum afskiptum ríkisvalds á rekstri sjávarútvegs verður aflétt. Að mínu mati, ef hægt er að taka það að einhverju leyti saman í stutt mál, á stjórnun fiskveiða að takmarkast við að vernda fiskistofna og að leita nýrra tegunda og stofna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorð, enda liðið á kvöld.

Í 1. umr. um þetta frv. hér í hv. Ed. gerði þm. Kvennalistans Kristín Ástgeirsdóttir grein fyrir afstöðu Kvennalistans til þessa máls. Eins og fram kom í máli hennar er það álit okkar kvennalistakvenna að nauðsynlegt sé að gæta þess að ekki sé gengið of nærri þeim auðlindum sjávarins sem við Íslendingar öðru fremur byggjum afkomu okkar á. Því erum við ekki mótfallnar stjórnun fiskveiða að því er tekur til verndunar og þar með mögulegrar hámarksnýtingar fiskistofnanna. Við teljum stjórnun fiskveiða með það sjónarmið til grundvallar nauðsynlega.

En við teljum hins vegar fullkomlega óeðlilegt að sjútvrh. fari að meira eða minna leyti einn með slíka stjórnun veiða. Hér er um of víðtækt stjórnunarmál að ræða og of miklir hagsmunir í veði til þess að verjandi sé að hafa slíkt fyrirkomulag hér á frekar en á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Því teljum við eðlilegt að Alþingi sé aðili að mótun fiskveiðistefnunnar og styðjum brtt. minni hl. n. þar um, vorum enda meðflm. að sams konar till. á síðasta þingi. Ef sú brtt. nær fram að ganga mun ég ekki greiða atkv. gegn þessu frv., en ef hún er felld mun ég greiða atkv. gegn því.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. n. fyrir hennar störf að þessu máli. Hér er vissulega um vandasamt mál að ræða og sýnist sitt hverjum í þeim efnum. Ég hef oft sagt það áður að ég tel rangt að segja að eitt sé rétt og annað rangt í þessum efnum. Við verðum fyrst og fremst að viðurkenna að íslenskur sjávarútvegur á við mikla erfiðleika að etja. Við eigum engan annan kost en að reyna að komast út úr þeim erfiðleikum og nýta alla þá möguleika sem við sjáum til þess að svo megi verða.

En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs var fyrst og fremst sú að hv. þm. Karl Steinar Guðnason lýsti áhyggjum sínum vegna sölu skipa frá hans kjördæmi. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að menn hafi áhyggjur af slíku og þannig hefur það alltaf verið, að ef skip eru seld flyst með þeim afli. Ég get hins vegar sagt að ég er í prinsippinu andvígur því að ákveðinn afli fylgi skipi. Það er nú e. t. v. ein aðalástæðan fyrir því að ég taldi rétt að lög þessi giltu til lengri tíma en eins árs að það væri mögulegt að marka stefnu til lengri tíma. Það er svo að þegar skip er selt á árinu er erfitt að breyta þar um, en hins vegar, ef löggjöfin væri til lengri tíma, væri hægt að ákveða og segja fyrir fram um hvað mundi bíða slíks skips á næsta ári, t. d. ef það væri selt yrði það að hlíta sóknarmarki. Það er mjög óþægilegt að geta ekkert sagt fyrir um hvað muni verða árið eftir, t. d. spyrja margir um hvort ekki sé heimilt að flytja afla á milli ára, sem væri að mörgu leyti skynsamlegt. Þá mundi minna verða veitt og minni áhugi varðandi framsal á afla milli skipa. Það er hins vegar ekki hægt þegar lög gilda aðeins til eins árs. Það eru gerðar samþykktir um þessi efni sitt á hvað. Maður les samþykkt frá mörgum aðilum um að þessu verði að breyta, en hins vegar sé ekki rétt að slík lög gildi nema til eins árs. Ég get ofur vel skilið að menn vilji vera varkárir í þessum efnum, en það verður að sjálfsögðu ekki bæði sleppt og haldið.

Ég vænti þess að þetta lýsi ... (Gripið fram í.) Ef ætti að vera meiri afli eftir á Suðurnesjum yrði að vera

mögulegt að úthluta slíku aflamagni til viðkomandi fiskvinnslustöðvar. Þessi skip eru farin og aðalgrundvallaratriði laganna og þeirra reglna sem í gildi hafa verið er að afla skuli úthlutað til skipanna. Það hefur oft verið um það rætt að rétt sé að fara aðra leið, þ. e. að úthluta aflanum til vinnslustöðvanna líkt og er t. d. gert í Kanada. Þar eru tiltölulega fá fiskvinnslufyrirtæki sem hafa nánast allan aflann. Um þetta er deilt. T. d. hafa útvegsmenn og sjómenn lagst mjög ákveðið gegn því og þetta hefur verið rætt bæði hér á Alþingi og í ráðgjafarnefndinni. Niðurstaðan er því sú að aflanum er úthlutað til skipanna. Meðan svo er hlýtur það að verða niðurstaðan að slíkt er ekki mögulegt.

Ég hafði einnig viðrað það við aðila og flutt um það till. að mögulegt væri, ef sérstaklega stæði á, að úthluta aflamagni til vinnslustöðva. Það hefur að vísu verið gert að því er varðar sjóskaða og það er fyrst og fremst atriði er varðar lengri tíma. Það hefur hins vegar ekki verið talið fært að veita slíka heimild sem að sjálfsögðu yrði vandmeðfarin og yrði að fara varlega með, en að upp gæti komið slíkt mál að það væri nauðsynlegt á meðan við því er algert bann að flytja inn ný skip eða byggja ný skip. Ef slíkt ætti að vera mögulegt yrði að flytja um það sérstakt frv. og samþykkja sérstök lög og ég vil alls ekki fortaka það að til slíks gæti komið, en vil taka það skýrt fram að það frv. sem hér um ræðir, eins og það er komið frá hv. n., leyfir ekki slíkt. Niðurstaða mín og svar til hv. þm. hlýtur því að vera það, að ef skip eru seld í burtu af svæðinu geta önnur skip á svæðinu ekki fengið það aflamark sem viðkomandi skip hafa haft áður.

ATKVGR.

Brtt. 279,1 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HS, KSG, RA, SDK, SkA, StB.

nei: ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, JK, VI, ÞK, AG, SalÞ.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Ég tel það leiða af hlutarins eðli að fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindir innan hennar séu þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Þess er að gæta að hugtakið „fiskveiðilandhelgi" er nú ekki lengur beinlínis í þjóðarréttinum. Það er orðin efnahagslögsaga annars vegar og síðan landgrunnsréttindi. Ég tel eðlilegt að fresta því að taka afstöðu á þennan veg því við þurfum að skoða öll þessi mál og ný hugtök að því er varðar nýtingu hafsbotnssvæða utan efnahagslögsögu og segi því nei.

Brtt. 279,2 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HS, KSG, RA, SDK, SkA, StB, ÞK.

nei: BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, JK, VI, AG, ÁJ, SalÞ.

1 þm. (KolJ) fjarstaddur.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Þó að ég sé þekktur að því að vera mjög jákvæður er kannske stundum fullfljótt að játa. Ég verð að játa það að mér urðu á mistök að játa og vil óska að mínu atkv. verði breytt og segi nei við þessari till.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þm. hefur gert grein fyrir mistökum við atkvgr. og henni verður þá breytt. Þm. segir nei.

Brtt. 270,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 11:6 atkv.

270,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Miðvikudaginn 12. des., að loknum 28. fundi.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 267). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 294).

Vélstjórnarnám, frv. 226. mál (þskj. 281). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. til l. sem ríkisstj. óskar eftir að fái að fylgja frumvörpum sem nú eru til meðferðar í hv. Nd. og varða atvinnuréttindi vélstjórnarmanna. Að þessu frv. hefur verið unnið á vegum menntmrn. Það verk var unnið í nefnd sem í áttu sæti þeir Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri í menntmrn., formaður, Andrés Guðjónsson skólastjóri Vélskóla Íslands og Helgi Laxdal vélfræðingur, formaður Vélstjórafélags Íslands.

Aðalbreytingarnar í þessu frv. eru fólgnar í því að 1. stig vélstjórnarnáms styttist um eina önn, nám til 3. stigs lengist um eina önn og nám til 4. stigs lengist um tvær annir. Námið verður áfram í fjórum stigum, eins og áður hefur verið, og hvert stig gefur tiltekin réttindi. Ástæðan til þess að námið til 4. stigs lengist um tvær annir er sú að mönnum þykir það vera öryggisatriði vegna tækniþróunar síðustu ára og þegar vaxandi kröfur eru gerðar til þeirra manna sem taka að sér stjórn stærri og fullkomnari véla en áður var og vélbúnaður skipa verður sífellt fjölbreyttari og flóknari.

Það er gert ráð fyrir í frv. að ýmsir framhaldsskólar og fjölbrautaskólar geti annast kennslu til lægri stiga vélstjóranáms, þar sem tækjabúnaður til kennslunnar þarf ekki að vera mjög dýr og kennslan ekki eins sérhæfð og verður á efri stigum námsins. Hins vegar er lagt til að Vélskóli Íslands verði eftir sem áður aðalskóli

landsins á þessu sviði, hann sjái um kennslu á efri stigunum og annist endurmenntun starfandi vélstjóra.

Í frv. er mikilvægt bráðabirgðaákvæði sem gerir ráð fyrir námskeiðum fyrir menn sem hafa vélstjórnarréttindi á undanþágu, en eins og kunnugt er er þar um stóran hóp að ræða. Er gert ráð fyrir að það verði hægt að ljúka þeim námskeiðum, sem halda þarf fyrir þessa menn, á tveimur árum. Þetta atriði og eins skilyrðin sem eru í atvinnuréttindafrv. sem hæstv. samgrh. flytur í Nd., gera ráð fyrir að námið sé með þeim hætti sem í þessu frv. greinir, en sömu mennirnir og sömdu þetta frv. tóku einnig þátt í samningu þeirra frv. sem þar eru til meðferðar.

Ástæðan til þess að þetta frv. var flutt í þessari hv. deild, en ekki sömu deild og hin frv. var sú að það var ekki lagt fram alveg samtímis. Ég taldi að þannig stæði á verkum í hv. deildum að það kynni að greiða fyrir málinu að flytja það í þessari virðulegu deild. Ég vona þá að hv. Nd. eigi hægt um vik að ljúka afgreiðslu málsins þegar Ed. hefur farið höndum um það.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 288). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 302). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 167. mál (þskj. 267). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 191, n. 255). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þó að skammt sé liðið síðan hæstv. samgrh. talaði fyrir þessu máli hér og rakti það mjög náið sé ég samt sem áður ástæðu til að rifja það upp að á síðasta þingi urðu nokkuð mikil átök um þetta mál. Lög um sama efni voru samþykkt s. l. vor. Þá gaf hæstv. samgrh. yfirlýsingu um að hann mundi skipa nefnd til að endurskoða þessi lög, sem hann gerði. Þetta er sem sagt verk þessarar nefndar, en það voru hagsmunaaðilarnir sem fyrst og fremst voru í þessari nefnd. Hæstv. ráðh. taldi alla þá aðila upp hér fyrir nokkrum dögum þannig að ég sé ekki beint ástæðu til að ég geri það hér. Nefndin fjallaði um þetta mál og kallaði tvo menn úr nefndinni, þá Magnús Jóhannsson og Helga Laxdal, til viðtals til að fá svör við ýmsum spurningum sem komu fram við lestur þessa frv.

Niðurstaðan varð sú að nefndin varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt með nokkrum breytingum, en sumar af þessum breytingum eru í sjálfu sér aðeins leiðréttingar vegna þess að í ljós kom að um prentvillur var að ræða. Fyrsta brtt. er nú komin fram að ósk formanns öryggisnefndar sjóslysa og í samráði við hann og nefndarmenn. Hljóðar hún þannig:

Á eftir orðunum siglingartími fiskiskipa í 4. málsl. 4. málsgr. komi ný málsgr. er orðist svo: „Nám í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum og í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingartíma.“

Með þessu væntir nefndin þess og þeir sem standa að þessu að þetta verði til að ýta undir það að menn sæki þessi námskeið. Allir viðkomandi aðilar eru sammála þessu.

Við 6. gr. Upphaf II. b-liðar orðist svo: „Ótakmörkuð réttindi — 36 mánuðir o. s. frv.

3. brtt. er raunar leiðréttíng, þ. e. að tölustafurinn „1“ falli niður.

Við 8. gr. Aftan við III. c-lið komi: þar af minnst 12 mán. skipstjóri eða 1. stýrimaður.

5. brtt. er við 15. gr. Orðin „eða kunnáttuleysi“ í 2.

málsl. falli niður.

6. brtt. er við 18. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982. Þeta er raunar um það að erlendir menn geti fengið réttindi, en þó ekki skipstjóraréttindi. Ef þeir eru með tilskilinn siglingartíma og lærdóm geti þeir fengið t. d. stýrimannsréttindi en ekki skipstjóraréttindi nema að það sé í sambandi við þennan samning.

7. brtt. við ákvæði til bráðabirgða A er í sjálfu sér bara leiðrétting: Í stað „6. og 9. gr. laganna um siglingartíma“ í 3. málsgr. komi: 6. og 10. gr. laganna. En það er bara fyrir það að það er vitnað þarna í ranga grein.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta fleira. Ég fagna því að eftir alla þá umfjöllun sem var í fyrravetur og raunar óánægju sem var þá um þetta mál skuli nú vera komin algjör samstaða um þetta mál eftir margra ára umfjöllun í nefndum og hér á hæstv. þingi.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka form. n. hv. 3. þm. Norðurl. e. og nefndinni allri fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu og raunar á næsta máli hér einnig á dagskrá. Ég er mjög ánægður með að frv. hefur fengið svo greiða leið því að því liggur á að verða að lögum um áramót margra hluta vegna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3.— 4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 255,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 255,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 255,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 255,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 255,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 255,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 255,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 190, n. 256). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það má segja að þetta frv. sé svipaðs eðlis og meira að segja er það þannig að nokkrar greinar þess eru alveg samhljóða því sem var í því frv. sem við vorum að afgreiða nú til 3. umr.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. því að við unnum það að öllu leyti eins og hitt, enda var það sama nefnd sem samdi það og samdi frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með einni breytingu sem er í raun og veru frekar leiðrétting en breyting, þ. e. í 2. lið um réttindi yfirvélstjóra stóð 300 kw. en á að vera 3000. Brtt. er eingöngu um þetta atriði.

Ég vil svo fyrir hönd nefndarinnar óska eftir því við hæstv. forseta að hann haldi með einhverjum hætti annan fund til að koma málinu fram. Fyrst orðið er svona gott samkomulag um þetta mikla deilumál væri ánægjulegt ef hægt væri að flýta fyrir því þannig að það gæti örugglega orðið að lögum fyrir jólaleyfi þm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3.— 4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
6.— 8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 256 samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. 176. mál (þskj. 188, n. 257). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nm., hv. þm. Guðrún Helgadóttir, skrifar undir með fyrirvara. Þetta frv. er flutt til þess að breyta til fyrra horfs skipan stjórnar Lyfjaverslunar ríkisins. Við gildistöku laga nr. 76/1982 færðist yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins frá fjmrn. yfir á heilbr.- og trmrn. Var þetta m. a. byggt á því að um svo mikilvægan hlekk væri að ræða í þjónustu við heilbrigðisstofnanir að eðlilegt væri að stjórnun þessara mála væri undir heilbrrn. Hins vegar kom í ljós að tengsl þessarar stofnunar við fjmrn. og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins höfðu alla tíð verið mjög mikil. Og það hefur orðið reynslan á þessum tíma síðan þessi breyting var gerð að talið er óráðlegt að slíta þessi tengsl og að betur sé séð fyrir rekstrinum í tengslum við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Það hefur orðið samkomulag milli þessara tveggja rn., heilbrrn. og fjmrn., að yfirstjórn á rekstri stofnunarinnar færist aftur til fjmrn., og að heilbr.- og trmrn. tilnefni einn mann í stjórn, þ. e., eins og segir í athugasemdum við frv., lögð eru til hlutverkaskipti milli þessara tveggja rn.

Þetta var ekki gert að óathuguðu máli því að hæstv. heilbrrh. skipaði á s. l. ári starfshóp til að taka út starf þessarar stofnunar. Þessi starfshópur skilaði nú á miðju ári áliti sínu sem er ítarlegt og er í sex liðum. En megintill. starfshópsins eru í fyrsta lagi að það geti alls

ekki talist ráðlegt að leggja starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins niður eða selja stofnunina öðrum og því er lagt til að stofnunin verði rekin áfram á vegum ríkisins.

Í öðru lagi lagði þessi starfshópur til, eins og hér segir í frv., að Lyfjaverslunin yrði aftur felld undir fjmrn. Er það talið m. a. eðlilegt vegna fyrrnefndrar röksemdafærslu um tengslin milli Lyfjaverslunar og Áfengisverslunar. Einnig það að heilbrrn. er með faglegt eftirlit með þessari stofnun og á í samræmi við það bæði að meta og gagnrýna framleiðsluaðstöðu og umhverfi með tilliti til heilbrigðis, hreinlætis og öryggis, með núverandi skipan. Má því segja að heilbrrn. sé með vissum hætti eftirlitsaðili með sjálfu sér eða eigin starfsemi.

Í þriðja lagi lagði starfshópurinn til að þessum fjárhagslegu tengslum Lyfjaverslunar ríkisins við Áfengisverslun ríkisins verði slitið í framtíðinni. Það mun ekki hægt alveg á næstunni en það mun verða stefnt að því.

Í fjórða lagi lagði hópurinn til að gerð yrði úttekt á þörfum Lyfjaverslunar ríkisins hvað tölvubúnað varðar og það verk er falið ráðgjafa utan ríkiskerfisins. Fram kom í 5. lið í áliti þessa starfshóps að í ljós hefur komið að bæði Innkaupastofnun ríkisins og Lyfjaverslun ríkisins hafa annast innflutning hjúkrunarvara og sjúkragagna fyrir sjúkrastofnanir ríkis og sveitarfélaga án þess að hafa með sér ákveðna verkaskiptingu, eins og segir í áliti þeirra. Þeir leggja til að þessi þáttur verði kannaður sérstaklega.

Í síðasta lagi bendir starfshópurinn á þörf ýmissa endurbóta á rekstri Lyfjaverslunar ríkisins og er það til athugunar hjá viðkomandi aðilum.

Eins og fram kemur í nál. okkar á þskj. 257 mælir heilbr.- og trn. með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. það sem hér liggur fyrir frá heilbr.- og trn. með fyrirvara. Ástæðan fyrir því er sú að ég tel að frv. á þskj. 188 leysi á engan hátt þann vanda sem fyrir er í lyfjadreifingu og þess vegna mun ég sitja hjá við atkvgr. um það. Til þess að þm. geri sér ljóst um hvað þetta frv. í raun og veru er skal ég reyna að upplýsa það í stuttu máli. Þar með er ég ekki að segja að hv. þm. Pétur Sigurðsson hafi ekki skýrt sitt mál, en hann skýrði aðeins aðra hliðina á því.

Með lögum nr. 76/1982 um lyfjadreifingu fluttist yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins frá fjmrn. yfir til heilbr.- og trmrn. Lyfjaverslun ríkisins hefur lengi verið í samfloti við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og með þessu frv. er verið að færa þessar stofnanir hvora nær annarri á ný. Ástæðan fyrir því er sú — og nú skulu þm. taka eftir — að sjúkrahús landsins standa mjög illa í skilum við Lyfjaverslun ríkisins og þess vegna er gróðinn af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins nauðsynlegur til að halda Lyfjaversluninni í rekstri. Það er því talið rétt að færa yfirstjórn Lyfjaverslunarinnar aftur til fjmrn.

Þetta þykir mér vera hið vandræðalegasta mál. Nær væri að sjá svo til að sjúkrahúsin hefðu rekstrarfé til að greiða þau lyf sem þau nota í stað þess að fleyta sér áfram með því að skulda Lyfjaverslun ríkisins sem þess vegna er háð ágóða Áfengisverslunarinnar. Um lyfjadreifingu almennt mætti margt segja. Eins og kunnugt er eru innflytjendur lyfja allmargir og heildsalar hafa margir hverjir umboð fyrir lyf á sama hátt og aðrar vörur. Mörg dæmi eru um að inn séu flutt lyf sem jafnframt eru framleidd hér á landi t. d. hjá Lyfjaverslun ríkisins eða Pharmaco eða í Reykjavíkurapóteki eða hvar sem er. Sýnist það harla óþörf gjaldeyriseyðsla. Erlend lyfjafyrirtæki leggja auðvitað mikla áherslu á að koma sínum vörum á markað og oft er sama lyfið framleitt í ólíkum litum og umbúðum á mörgum stöðum. Verð getur verið mjög mismunandi og verða læknar óneitanlega oft að gæta þess vel hvaða vörumerki þeir ráðleggja ef þeir bera fjárhag sjúklinga sinna fyrir brjósti því að áhrif lyfjanna eru oft nákvæmlega hin sömu en verðmunurinn gífurlegur.

Þá er og ljóst að læknar eru oft undir nokkrum þrýstingi framleiðenda og ýmsum ráðum beitt í því efni. Framleiðendur halda ráðstefnur og kynna vörur sínar eins og aðrir seljendur og greiða stundum umtalsverðar upphæðir í fargjöld fyrir lækna og gestrisni mikil viðhöfð. Eitt er víst að þeim er tæplega efst í huga hvort sjúklingarnir verða að greiða meira eða minna fyrir vöruna sem þeir eiga heilsu sína undir eða við öll gegnum tryggingakerfið og sjúkrasamlögin. Hér á landi er sem betur fer bannað að auglýsa lyf, en erlendis er það víða leyft.

Það er margt gott að segja um starf það sem unnið hefur verið á s. l. árum í heilbr.- og trmrn., ekki síst varðandi eftirlit með lyfjadreifingu. Það ber svo sannarlega að þakka. En þrátt fyrir það má hér enn bæta um. Að mínu viti ber að stórefla Lyfjaverslun ríkisins. Öll umr. um að leggja hana niður er fáránleg, heldur ber að draga úr einkainnflutningi lyfja. Með skipulegri starfsemi í vel mannaðri stofnun, eins og Lyfjaverslun ríkisins ætti að vera, ætti fámenn þjóð að geta haft lyfjadreifingu á einum stað og undir eftirliti og stjórnun heilbr.- og trmrn. svo að unnt verði að gæta hagsmuna neytenda umfram allt annað og að sjálfsögðu skattborgaranna í landinu. Ég held að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Lyfjaverslun ríkisins eigi í raun og veru ósköp litla samleið þó að ég geti mjög vel skilið í augnablikinu nauðsynlegt samflot þessara tveggja stofnana. Ég er ekki í vafa um að um þetta er hæstv. heilbr.- og trmrh. mér sammála.

Hv. þm. og herra forseti. Þessar skoðanir vildi ég láta í ljós sem skýringu á því að ég tek ekki þátt í atkvgr. um þetta frv. Mér þykir svona löggjöf satt að segja hálf hallærisleg.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. 153. mál (þskj. 158, n. 258 og 266, 230). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. heilbr.- og trn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Nál. er á þskj. 258 og rita undir það auk mín hv. þm. Pétur Sigurðsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Guðmundur Bjarnason. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það er komið frá hv.

Ed. Hv. þm. Friðrik Sophusson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Minnihlutaálit hefur komið fram frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir flytur brtt. um skemmri frest en segir í frv. Mun hv. þm. væntanlega gera grein fyrir sínum sjónarmiðum hér á eftir.

Eins og komið hefur hér fram við 1. umr. málsins gerir þetta frv. ráð fyrir því að frestur til að koma á hinu svo kallaða heilsugæslukerfi í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skuli standa til ársloka 1985 í stað þess sem gert er ráð fyrir í lögum að fresturinn standi til ársloka 1984. Ástæður þess að þessu heilsugæslukerfi hefur ekki verið komið á í nefndum heilsugæsluumdæmum og Reykjavíkurlæknishéraði, eins og lögin gera ráð fyrir, eru vafalaust margar, en ég hygg þó að fyrst og fremst megi kenna um fjárskorti bæði hjá ríkinu og hjá sveitarfélögunum. Ég nefni þó einnig að ýmsum hefur sýnst sem þetta kerfi ætti ekki eins við í þéttbýlinu og í hinum dreifðu byggðum. Þær skoðanir hafa einkum komið upp í hópi sveitarstjórnarmanna og vegna þess var það að forsvarsmenn sveitarstjórnarmála á höfuðborgarsvæðinu komu til fundar í heilbr.- og trmrn. á s. l. vori til að ræða skipulagningu heilsugæslunnar á svæðinu með hliðsjón af þeim fresti sem ákveðinn var og er í gildandi lögum. Á þessum fundi komu fram ýmis tormerki varðandi skipulagninguna og, eins og ég sagði áðan, raddir sem töldu heilsugæslukerfið ekki eiga við á þessu svæði.

Eins og segir í grg. með frv. ákvað rn. í framhaldi af þessum fundi og í samráði við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að setja á fót nefnd til að gera till. um skipan mála innan svæðisins. Var þessi nefnd skipuð 29. júní s. l. Með bréfi 22. okt. lýsti nefndin því yfir að vonlaust væri að leggja til fullmótaðar till. fyrr en í lok janúarmánaðar n. k. Þess vegna væri nauðsynlegt að fá umræddan frest framlengdan og það er ástæðan fyrir flutningi frv. Í þessari nefnd, sem ég var að greina frá, eiga þessir sæti: Davíð Gunnarsson form. nefndarinnar, tilnefndur af ráðh., frá Reykjavíkurborg voru tilnefndir Katrín Fjeldsted læknir og borgarfulltrúi og Lúðvík Ólafsson settur borgarlæknir, frá Kópavogskaupstað Kristján Guðmundsson bæjarstjóri, frá Garðabæ Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri og svo Hilmar Björgvinsson deildarstj. hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ég sagði áðan að fleira kynni að koma til en fjárskortur að heilsugæslustöðvar hefðu ekki þegar risið á þessu svæði eins og lögin gera ráð fyrir. Þessar aðrar ástæður gæti ég nefnt nokkrar. Ýmsir telja að lögin eins og þau eru séu fyrst og fremst sniðin fyrir þarfir dreifbýlisins og þar var reyndar byrjað að framfylgja þeim. Þessar þarfir dreifbýlisins koma fram t. d. í upptalningu í 19. gr. laganna á verkefnum þeim sem sinna skal frá heilsugæslustöð. Þar virðist einkum miðað við stöðvar sem starfa tiltölulega einangraðar. Hjá slíkum stöðvum þarf að vera allt annað skipulag og fyrirkomulag á þjónustunni vegna fámennis læknishéraðsins þar sem læknirinn verður að hafa heildaryfirsýn yfir fleiri þætti en annars gerist. Á höfuðborgarsvæðinu hagar þannig til að um samstarf margra heilsugæslustöðva verður að ræða.

Ég vil nefna hér nokkra þætti sem mér sýnist vera þannig að þeir kalli á endurskoðun laganna miðað við þarfir höfuðborgarsvæðisins.

Í fyrsta lagi nefni ég það að ekki er talin þörf á að byggja húsnæði yfir tannlækna eins og gert er ráð fyrir í 3. lið 19. gr. laganna. Tannlæknar hafa til margra ára sinnt þjónustu hér á svæðinu og ævinlega í eigin húsnæði og sýnist ekki nein ástæða til þess að breyta þar um, þ. e. að það opinbera fari að byggja yfir tannlæknana.

Í öðru lagi nefni ég að úti á landsbyggðinni hafa heilsugæslustöðvarnar verið byggðar þannig að hægt væri að hýsa starfsemi svo sem eins og fyrir endurhæfingu. Endurhæfing í Reykjavík fer fram á stórum deildum í sjúkrahúsunum og enn fremur er hugsanlegt að skipuleggja megi slíkt starf í ýmsum og kannske öllum þeim heilsuræktarstöðvum sem hafa til þess aðstöðu og búnað. Þess vegna verður að teljast vafasamt að ástæða sé til að reikna með slíkri starfsemi í heilsugæslustöðvum sem hér yrðu byggðar.

Í þriðja lagi nefni ég að í 5. lið 19. gr. laganna er talin heilsuvernd í 15 liðum. Það er ljóst að í Reykjavík er allt annað skipulag á heilsuvernd en hægt er að koma við annars staðar á landinu. Það eru án efa uppi miklar efasemdir um að þetta heilsuverndarstarf annað en mæðravernd, ungbarnavernd og heimahjúkrun eigi heima inni á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Ég nefni í því sambandi að það verður að draga í efa að 30—50 læknar á þessu svæði geti á skipulagðan hátt annast þessa heilsuverndarþætti þannig að verulegur árangur náist á sama tíma og þeir eiga að sinna þeim sem koma til að leita annarrar þjónustu á heilsugæslustöðvunum. Þá sýnist full ástæða til að athuga hagkvæmni þess að sérfræðingar hafi aðstöðu á sjúkrahúsum til að reka sinn praksís. Það kann vel að vera að slíkt sé hagkvæmara án þess að ég ætli að leggja dóm á það, en alla vega sýnist þó rétt að kanna það nánar.

Þá má enn nefna að með því að fólki sé leyft að skrá sig á lækni en ekki á stofnun, eins og lögin gera ráð fyrir, þá kynni að fækka tilvísunum og innlögnum á sjúkrahús. Bæði í Noregi og Svíþjóð er í vaxandi mæli farið að skipuleggja heilsugæsluna þannig að gert er ráð fyrir því að læknarnir sjálfir reki heilsugæslustöðvar. Við kerfisbreytingu hér er hins vegar gert ráð fyrir að allir heimilislæknar verði ríkisstarfsmenn.

Ég hef nefnt hér nokkur atriði sem sýna að alveg ástæðulaust er að flana að því að koma á þessu heilsugæslustöðvakerfi hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessi atriði sýna að vafasamt er að það sama eigi við hér og í dreifbýlinu. Ég gæti nefnt ýmis önnur atriði sem ástæða er til að endurskoða í þessari löggjöf. Þau atriði eiga að sönnu ekkert fremur við hér á þessu svæði en í öðrum heilsugæsluumdæmum. Ég nefni þar stjórnkerfi stöðvanna. Mér sýnist að í einni heilsugæslustöð, þar sem starfandi eru fleiri en tveir læknar, geti verið stjórnkerfi eitthvað í líkingu við þetta. Það er kjörin stjórn, yfirlæknir, læknaráð, hjúkrunarforstjóri, starfsmannaráð og framkvæmdastjóri. Í reglugerð, sem sett hefur verið, kemur svo fram að læknar starfa algerlega sjálfstætt og þeir séu ábyrgir einungis gagnvart ráðh. Það eru til dæmi um að allt að 11 manns sitji stjórnarfundi þar sem fimm manna stjórn er kjörin, þrír af sveitarstjórn og sýslu og tveir af starfsmönnum. Af þessum 11 eru átta starfsmenn og varla verður séð að þeir tveir og kannske þrír stjórnarmenn, sem kjörnir eru af sveitarstjórnum sem bera ábyrgð á rekstrinum

fjárhagslega, hafi nokkuð að segja í viðkomandi stjórn.

Þá má líka benda á að þótt viðurkennd sé þörfin fyrir þá þjónustu, sem upp er talin í 19. gr. á heilsugæslustöðvum úti á landi, þá er mönnum alveg ljóst að byggingum sumra þeirra hefur ekki verið stillt svo í hóf sem skyldi og víða eru miklir fjárhagslegir erfiðleikar í rekstri þeirra.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín miklu fleiri. Vegna þess að fram kom í n. vafi á að ástæða væri til að framlengja þennan frest svo lengi sem þetta frv. gerir ráð fyrir, taldi ég rétt að gera að umtalsefni nokkur þau atriði sem renna stoðum undir nauðsyn þess að taka sér góðan tíma til að endurskoða þetta skipulag allt. Ég ítreka svo að meiri hl. heilbr.- og trn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir höfum skilað séráliti um frv. til l. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu á þskj. 158. Jafnframt hef ég leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 230 um að frestur sá, sem frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir til að koma á heilsugæslukerfi, verði styttur, þ. e. að hann standi aðeins til 1. maí 1985 í stað loka þessa árs. Fresturinn, sem veittur var í lögunum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983, var til næstkomandi áramóta. Nú má vel vera að ekki skipti öllu máli hvort frestur þessi er veittur nokkrum mánuðum lengur eða skemur úr því sem komið er. Ljóst er að stór-Reykjavíkursvæðið hefur þegar orðið á eftir áætlun svo að einhvern frest varð að veita. Hitt skiptir meira máli hverjar ástæður eru fyrir þeim töfum sem orðið hafa á uppbyggingu heilsugæslustöðva á stór-Reykjavíkursvæðinu og hverjar eru fyrirætlanir sveitarstjórna á svæðinu. Hv. frsm. nál. meiri hl. hefur gert nokkra grein fyrir því. Í grg. frv. er þar svo frá skýrt, með leyfi forseta:

„S. l. vor komu forsvarsmenn sveitarstjórnarmála á höfuðborgarsvæðinu til fundar í rn. til þess að ræða skipulagningu heilsugæslunnar á svæðinu með hliðsjón af áðurnefndum fresti. Á fundinum komu fram ýmis tormerki varðandi skipulagninguna og raddir sem töldu heilsugæslukerfið ekki eiga við á svæðinu.“

Vegna þessara sjónarmiða núverandi sveitarstjórna á svæðinu er beðið um frest og hæstv. ráðh. setti á fót nefnd til að gera tillögur um skipan þessara mála. Nefndin hyggst síðan skila tillögunum nú í janúar.

Nú er það svo, herra forseti og hv. þm., að á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt lög um heilbrigðisþjónustu þar sem segir í 12. gr., lið 1, með leyfi forseta: „Setja skal á stofn heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu skv. lögum þessum.“

Í 6. gr. er landinu skipt í læknishéruð og í 14. gr. segir, með leyfi forseta: „Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr.“

Í 14. gr. segir, með leyfi forseta: „Reykjavíkurhérað: Staðarval heilsugæslustöðva og fyrirkomulag um samvinnu stöðva innan héraðsins verði ákveðið af borgarstjórn í samráði við héraðslækni og staðfest af ráðh.“

Í 14. gr., lið 9, eru ákvæði um hvernig heilsugæslustöðvar skuli vera í Reykjaneshéraði, ekki hvort þær eigi að vera þar. Sveitarstjórnarmenn verða því hér að fara að lögum, lögum frá síðasta löggjafarþingi nr. 59/1983, hverjar skoðanir sem þeir annars kunna að hafa á skipulagningu heilbrigðisþjónustu, hvort sem þeir vilja skipulega heilbrigðisþjónustu fyrir almenning eða einkarekstur. En þeir hafa þrjóskast við hér á höfuðborgarsvæðinu og t. d. í Garðabæ látið heilsugæsluhúsnæði sitt undir rekstur. Þetta ætti hið sama Alþingi, sem setti lögin á síðasta þingi, ekki að sætta sig við ef löggjöf er tekin alvarlega hér á hinu háa Alþingi. Ef þm. eru á því að breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu frá því í fyrra skulu menn gera það, en það er ekki mál sveitarstjórnarmanna á svæðinu að neita að framkvæma lögin. Það getur ekki verið.

Hinn 10. júní 1981 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. nefnd til að fjalla um fyrirkomulag heilsugæslu í Reykjavík. 15. maí 1982 skilaði nefndin áliti og eftirfarandi tillögum, með leyfi forseta:

„1. Nefndin telur að fullkomið kerfi heilsugæslustöðva í Reykjavík sé æskilegt bæði frá læknisfræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði.

2. Uppbygging heilsugæslukerfis hefur gengið hægar í Reykjavík en annars staðar á landinu. Helstu ástæðurnar telur nefndin m. a. vera: Takmarkaðar fjárveitingar hins opinbera, skipulagsleg vandkvæði, andstöðu meðal lækna, sennilegan kostnaðarauka Reykjavíkurborgar við breytingu í heilsugæslukerfi.

3. Nefndin telur að henni hafi tekist að ganga frá samkomulagsgrundvelli um uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík sem viðkomandi aðilar geti sætt sig við.“

Í nefndinni sátu — og það er svo sannarlega athyglisvert hverjir komust að þessari niðurstöðu — og enginn gerði ágreining: Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, tilnefnd af heilbrigðismálaráði Reykjavíkur, Davíð Oddsson framkvæmdastjóri skv. tilnefningu Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Edda Hermannsdóttir fulltrúi skv. tilnefningu fjmrn., Haukur Magnússon heimilislæknir skv. tilnefningu Læknafélags Reykjavíkur, Jón Bjarni Þorsteinsson heimilislæknir skv. tillögu Læknafélags Reykjavíkur, Ragnar Árnason hagfræðingur sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Auk þess unnu með nefndinni Steinunn Lárusdóttir skrifstofustjóri sjúkrasamlagsins og Skúli Johnsen borgarlæknir.

Hvað hefur breyst síðan þetta fólk komst að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri, eins og lögin frá síðasta þingi gerðu ráð fyrir, að koma á heilsugæslukerfi í Reykjavík? Rök hv. frsm. heilbr.- og trn. þykja mér harla slök. Það segir mér enginn að það sé óhentugra og óhaganlegra fyrir samfélagið að byggt verði yfir tannlæknaþjónustu og tannlæknar gerðir að ríkisstarfsmönnum. Þann dag vildi ég lifa. Og eitt er víst að það yrði ódýrara fyrir fjölskyldurnar í landinu og það yrði ódýrara fyrir hið íslenska ríki.

En það er athyglisvert að nefndin, sem gerði tillögur um heilsugæslukerfi hér í Reykjavík, bendir á andstöðu lækna. Ekki er ég hissa. Ef hv. þm. láta sér nú fátt um finnast löggjöf síðan á síðasta þingi er ástæðulaust að undrast þá gerbreytingu sem orðið hefur á skoðunum borgarstjórans í Reykjavík síðan hann var framkvæmdastjóri sjúkrasamlagsins fyrir tveimur árum. En jafnframt má þá einu gilda hver lög eru samþykkt á hinu háa Alþingi ef mönnum líðst það að taka ekki hið minnsta mark á þeim.

Ég skora því á hv. þm. að samþykkja till. mína á þskj. 230 og fallast á styttri frestinn þó ekki væri til

annars en að lýsa því að við stöndum við lög um heilbrigðisþjónustu. En jafnframt fýsir mig að heyra hvort hæstv. heilbrmrh. hyggst ganga eftir að uppbyggingu heilsugæslustöðva verði haldið áfram á höfuðborgarsvæðinu eða hvort hann ætlar að beygja sig fyrir andstöðu lækna, skoðunum núverandi sveitarstjórnarmanna á því að stór-Reykjavíkursvæðið þurfi ekki á sams konar heilsugæslu að halda og aðrir landsmenn. Ég held að þetta sé ákaflega mikilvægt. Og ég vil benda á að vegna umr. sem ég hef sjálfsagt hafið í hv. heilbr.- og trn. taldi frsm. ástæðu til að gefa nokkrar ástæður fyrir þessari töf á uppbyggingu heilsugæslustöðva á stór-Reykjavíkursvæðinu nú þegar í framsögu vegna þess að hann vissi að ég mundi spyrja hverjar hinar raunverulegu ástæður séu. Ég er forvitin að heyra hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. er á því að endurskoðunar sé þörf á lögum um heilbrigðisþjónustu í þá veru að stór-Reykjavíkursvæðið verði allt öðruvísi skipulagt.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Á síðasta þingi var staðfest stefna í heilsugæslumálum sem verið hefur í mótun um margra ára skeið og er þegar komin til framkvæmda víða um land. Þegar aftur á móti á að framkvæma þessa stefnu hér á höfuðborgarsvæðinu kemur upp hik og fyrirstaða og ákveðið er s. l. vor að setja nefnd á laggirnar til að kanna möguleika á öðrum kostum í heilsugæslu og gera tillögur þar um.

Það er vitað mál að uppi eru ýmsar hugmyndir í þeim efnum, m. a. hugmyndir sem byggjast á því að sjúklingar kaupi heilsugæsluþjónustu eins og aðra þjónustu og þá væntanlega eftir efnalegri getu sinni, en að slík þjónusta sé ekki föl sem félagsleg réttindi án tillits til efnahags. Þannig rekin þjónusta mundi að sjálfsögðu firra sveitarfélög miklum kostnaði.

Það má vera að skiptar skoðanir séu um skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu meðal almennings, meðal sveitarstjórnarmanna og meðal lækna. Þrátt fyrir það er augljóst að Alþingi hefur þegar mótað og samþykkt stefnu í þessum efnum og það er jafnframt hlutverk framkvæmdavaldsins að framfylgja stefnumótun Alþingis. Þyki einhver endurskoðun nauðsynleg á þeirri stefnu er það lágmarkskrafa löggjafans að sú breyting taki ekki of langan tíma og tefji ekki að stefna þess sé framkvæmd. Það er nauðsynlegt að allar fyrirhugaðar breytingar og áætlanir komi fram sem fyrst þannig að skipulag þessara mála dragist ekki úr hömlu. Ef þessar áætlanir nefndarinnar og ákvarðanir, sem teknar verða í ljósi þeirra, liggja ekki fyrir áður en fjárlagagerð næsta árs hefst er alveg augljóst að málið tefst enn eitt ár og því verður í raun þessi frestun framkvæmda mun lengri heldur en til ársloka 1985.

Það er viðurkennd og góð leið til að svæfa mál og hindra framgang þeirra að þæfa þau og tefja í þeirri von að fólk missi á þeim áhuga og gefist upp á að berjast fyrir þeim. Ég tel óviðunandi ef þetta mál hlýtur slík örlög. Það undrar mig reyndar hvers vegna sú framkvæmd að koma á heilsugæslustöðvum hefur tafist jafnmikið og raun ber vitni hér á höfuðborgarsvæðinu. Eftir minni bestu vitund hafa legið lengi fyrir samþykktir borgarstjórnar Reykjavíkur, samþykkt heilbrigðisráðs Reykjavíkur, samþykkt Félags heimilislækna og samþykkt Læknafélags Reykjavíkur fyrir því að koma á slíku heilsugæslukerfi á höfuðborgarsvæðinu. Samt hefur það ekkert gengið. Vinstri meiri hluta í borgarstjórn tókst ekki að knýja þessar breytingar í gegn og nú virðist málið enn tafið þegar hægri meiri hluti ríkir. Og maður veltir því fyrir sér hverra hagsmunir ráði þessum töfum. Það eru áreiðanlega ekki hagsmunir sjúklinga sem því ráða.

Mér finnst það vera réttmæt krafa sjúklinga á höfuðborgarsvæðinu að þessi mál verði ekki lengur tafin og að á þeim finnist lausn sem er sjúklingum hagstæð og það er jafnframt hlutverk Alþingis að hafa eftirlit með því að framkvæmdavaldið framfylgi þeirri stefnu sem það hefur mótað. Því tel ég þörf á því að hraða þessum málum meira en ætlað er í frv. og skila því séráliti í þessu máli ásamt hv. 10. þm. Reykv.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Mér líkaði dálítið illa að heyra tóninn í hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar hún með miklum þjósti stóð hér í ræðustól og sagði að sveitarstjórnarmenn yrðu að fara að lögum, þeir ættu aldeilis að hlýða þeim háu herrum sem sætu á Alþingi og hefðu samþykkt lög. Ástæðan fyrir því að þetta mál er hér komið upp er að sveitarstjórnarmenn hér á þessu svæði eru greinilega í vaxandi vafa um að það kerfi, sem sett hefur verið á skv. lögum, sé það besta sem völ sé á hér í Reykjavík og hér á höfuðborgarsvæðinu. Og af því að hér er um að ræða veruleg útgjöld, sem verið er að leggja á sveitarstjórnir á þessu svæði, vilja sveitarstjórnarmennirnir eitthvað hafa um það að segja. Þeir vilja geta látið sínar skoðanir í ljós um að þetta kerfi sé e. t. v. ekki það heppilegasta. Þess vegna hafa þeir leyft sér allra náðarsamlegast að fara þess á leit við hæstv. heilbrmrh. og heilbrmrn. að framkvæmd þessa fyrirkomulags verði frestað. Þeir hafa leyft sér að hafa skoðun á því. Þeir eru greinilega ekki þeirrar skoðunar að þeir eigi að lúta orðalaust því valdi sem er saman komið innan þessara veggja.

Ég minnist þess að þegar ég var í borgarstjórn Reykjavíkur var það nokkuð almenn skoðun í borgarstjórn og ég hygg hér á þessu svæði að eðlilegast væri að byggja heilsugæslustöðvar í hinum einstöku hverfum borgarinnar og flytja alla læknisþjónustu, sem áður var utan sjúkrahúsa, inn í slíkar heilsugæslustöðvar. Ástæðan fyrir þessu var m. a. sú, að þá var mikill læknaskortur hér í Reykjavík. Það var erfitt fyrir fólk að fá sjúkrasamlagslækna, bæði vegna þess að læknar vildu heldur fara í önnur störf og greinilegt var að það vantaði almennt lækna hér á landi. Menn vildu bæta úr þessu og því var samþykkt að fara þá leið, sem vitað var að farin hefði verið í Svíþjóð, sem var mikið fordæmi í þessu efni, að koma upp almennum heilsugæslustöðvum þar sem öll læknaþjónusta utan sjúkrahúsa yrði færð inn. Það var hins vegar vitað að Danir t. d. höfðu farið nokkuð aðra leið. Þeir höfðu haldið sér við það kerfi sem þeir hafa haft um árabil, svokallað heimilislæknakerfi, þ. e. menn gátu valið sér heimilislækni sem síðan sinnti viðkomandi fjölskyldu á svipaðan hátt og hér var áður í gegnum sjúkrasamlagið.

Hins vegar hafa menn komist í meiri vafa um þessa framkvæmd. Ég upplifði það sjálfur í borgarstjórn Reykjavíkur, bæði í meiri hl. og minni hl. Það er rétt, sem hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði, að hvorki vinstri meiri hl. í borgarstjórn né hægri meiri hl. í borgarstjórn hefur tekist að koma þessu skipulagi í framkvæmd. Ástæðan er mjög einföld. Þetta er gríðar-

lega kostnaðarsamt kerfi. Þetta kostar miklar stofnanir. Bæði kostar mikið að stofnsetja þær og að reka þær. Ég held að reynslan sé sú að þetta er miklu kostnaðarsamara kerfi en það kerfi, sem við áður bjuggum við og t. d. Danir hafa enn haldið í, að reka heilsugæslu utan sjúkrahúsa í gegnum heimilislæknakerfið. Þess vegna vilja sveitarstjórnarmenn á þessu svæði fara sér hægt og vilja kanna það ítarlega, áður en þetta kerfi kemst endanlega í framkvæmd, hvort ekki sé möguleiki á því að finna kerfi sem er ódýrara en jafnskilvirkt. Valið stendur ekki á milli þess, sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði, að fólk kaupi heilsugæsluþjónustuna og borgi hana úr eigin vasa um leið og hún er framkvæmd eða hún sé rekin í heilsugæslustöðvum, þ. e. ríkisreknum eða sveitarfélagareknum stöðvum. Það eru nefnilega til fleiri leiðir í þessu efni sem nauðsynlegt er að kanna til hlítar hvort ekki er rétt að fara, leiðir sem gætu komið sér jafnvel fyrir sjúklinga, skilað þeim jafngóðri þjónustu, en verið mun ódýrari bæði fyrir samfélagið í heild og sjúklingana. Það er mergur þessa máls og þess vegna er lagt til að framkvæmd þessa fyrirkomulags verði frestað á þessu svæði. Það styð ég og ég vænti þess að hæstv. heilbrmrh. beiti sér fyrir því að því athugunar- og endurskoðunarstarfi, sem nú er hafið, verði hraðað og reynt verði að ná sem mestri samstöðu á þessu svæði um hvaða fyrirkomulag er heppilegast í þessum efnum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil minna á að þegar frv. um heilbrigðisþjónustu kom til umr. á Alþingi 1973 náðist mjög víðtæk samstaða á milli allra flokka um afgreiðslu þess máls þó að menn greindi á um ákveðnar greinar frv. Þessi lög tóku svo gildi 1. jan. 1974. Það kom vitaskuld fljótt í ljós að ýmsir annmarkar voru á lögunum, enda er enginn maður svo fullkominn að geta sett jafnviðamikla löggjöf sem ekki þyrfti að endurskoða að fenginni nokkurri reynslu. Síðan hafa lögin verið endurskoðuð tvisvar sinnum, verið lagaðir þeir annmarkar sem hafa verið í sambandi við framkvæmd laganna og nýleg endurskoðun var einnig framkvæmd, en þrátt fyrir það koma ýmsir gallar í ljós.

Til að fyrirbyggja misskilning hv. 3. landsk. þm., sem virtist alveg hissa á því að það væri ekki búið að byggja og taka í rekstur allar heilsugæslustöðvar, gerðu fyrstu lögin ráð fyrir því að uppbygging á hinu nýja heilsugæslukerfi hefði forgang úti á landsbyggðinni og sérstaklega á þeim stöðum þar sem engar slíkar stofnanir voru fyrir og höfðu aldrei verið til. Alþingi markar svo sína fjármálastefnu frá ári til árs með fjárframlögum. Þannig hefur verið byggð upp heilsugæslan úti á landi og einnig hér á höfuðborgarsvæðinu, en þó með miklu takmarkaðri hætti. Það eru því fjárframlögin sem hafa ráðið ferðinni. Löggjöfin í heild gerði auðvitað ráð fyrir þeirri uppbyggingu á nokkuð löngum tíma. Það gekk enginn þm. þess dulinn að þetta mundi taka mörg ár. Uppbyggingu heilsugæslustarfseminnar úti á landi er ekki lokið þó að hún sé komin langt á veg. Hér hafa og verið byggðar, eins og menn vita, heilsugæslustöðvar, bæði í Reykjavík og nágrenni.

Það sem kemur upp er að það hafa verið að rísa upp svokallaðar læknamiðstöðvar og þá þarf að finna einhver skil á milli heilsugæslustöðvanna og þessara stöðva, fyrir utan innlagningastofnananna allra, því að það er í raun og veru einn og sami aðilinn sem greiðir þetta allt þó að það sé annaðhvort greitt beint af fjárlögum eða í gegnum sjúkratryggingakerfið, sjúkrasamlög og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Spurningin er: Eigum við að byggja alfarið upp heilsugæslukerfi á öllu höfuðborgarsvæðinu eða þurfum við að taka eitthvert mið af annarri uppbyggingu, þannig að stofnanir séu ekki reknar hlið við hlið og ekkert skipulag á milli, þannig að hér í margmenninu geti fólk valið um stofnanir á sama tíma og heilsugæslukerfið er einrátt víðast hvar á landsbyggðinni? Ég tel að reynslan af heilsugæslustofnununum í landinu hafi verið góð. Það eru auðvitað alltaf til einhverjir annmarkar, sem upp hafa komið, en þegar á heildina er litið er ég ánægður með þá uppbyggingu. En það má margt færa til betri vegar og það verður auðvitað alltaf að vera í endurskoðun því að eins og ég sagði áðan er enginn hlutur fullkominn.

Það sem að mér snýr í þessu efni er að ég vil ekki hafa þessa skýru, afdráttarlausu breytingu núna um áramót, þegar óvissa ríkir og samstaða er ekki til. Og ég tel, með allri virðingu fyrir till. sem hér er flutt, útilokað að hafa þennan frest til 1. maí. Það er útilokað af tæknilegum ástæðum, af fjármálalegum ástæðum og yfirleitt að koma því á á þessum tíma. Breyting á þessu kerfi verður að fara fram um áramót. Ef nefndin skilar áliti og ef samkomulag næst um þessar breytingar er engin ástæða til að vefengja eða draga í efa að hin nýja breyting geti tekið gildi um næstu áramót.

Þetta er ekki allt saman fjárhagslegs eðlis. Hérna er líka um hluti að ræða sem þarf að huga betur að. Það var eftirtektarvert sjónarmið allra þeirra manna sem komu á þennan fund í heilbrmrn. í vor. Þar drógu þeir auðvitað fram og höfðu áhyggjur af þeim mikla kostnaði sem kemur á bæjarfélögin því að rekstur heilsugæslustöðvanna hvílir á læknishéruðunum og þar þarf auðvitað að mörgu að hyggja.

Það má segja að gjarnan hefði þessi athugun mátt vera enn fyrr á ferðinni og ég var svo bjartsýnn að ég trúði því að nefndin mundi geta lokið sínum störfum á haustdögum. En ég segi það alveg eins og er að annað er útilokað en að þetta frv. fari í gegnum hv. Alþingi. Ég ætla þó ekki að hafa neina fyrirfram skoðun á þessu efni. Þm. hafa heyrt skoðun mína á heilsugæslukerfinu úti um land. Þeir mega gjarnan líka heyra þá skoðun að ég hef talið að sú starfsemi sem á sér stað í heilsugæslustöðvum í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar hafi reynst að mörgu leyti vel. En við megum ekki búa þannig út tvöfalt kerfi sem samfélagið á að standa undir. Þarna verða að vera skynsamleg skil og góð þjónusta við það fólk sem til þessara stöðva þarf að leita. Ég áskil mér því allan rétt að mynda mér skoðun uns nefndin hefur lagt fram sínar tillögur og sjá þá hvað þar hefur verið lagt fram og hvað hægt er að ná sæmilegu samkomulagi um án þess að stíga skref til baka í heilbrigðisþjónustu, heldur stíga skref fram á veginn.

Frsm. minni hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég er svo kvenleg í mér að láta barnagrát frá svölum efri deildar trufla mig andartak. En ég ætla að fá að skjóta inn aths. vegna þess sem fram kom áðan.

Í fyrsta lagi undrar mig stórlega að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson skuli draga eitthvað í efa að sveitarstjórnarmenn skuli fara að lögum. Auðvitað eiga þeir að gera

það. Ég vil hins vegar minna hv. þm. á að þegar frv. um heilbrigðisþjónustu var í meðferð á síðasta þingi var það sent til umsagnar til Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég man ekki betur en að þær umsagnir væru taldar það jákvæðar að þær mundu ekki tefja framgang frv.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir virðist ekki vera alveg upplýst um hvað vinstri meiri hl., sem hún vitnaði til, í borgarstjórn gerði í þessum efnum. Það er alls ekki rétt að þetta starf hafi ekki verið hafið, vegna þess að í Reykjavík komu upp fjórar heilsugæslustöðvar og ég held að ég verði að segja hv. þm. hvar þær eru. Það þurfti ekki endilega að byggja hús yfir þær allar. Ein er í Borgarspítalanum, ein er í Heilsuverndarstöðinni, ein er í Árbæ og önnur í Asparfelli. Þá njóta Reykvíkingar aðstöðu í heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi. (Gripið fram í.) Já, því starfi var haldið áfram og það er ástæðulaust að vera að segja að það hafi verið tafið. Það var unnið að því eftir mætti. Mér er ljóst að slíkt gerist ekki á einum degi. Auðvitað leið vinstri borgarstjórnarmeirihlutinn fyrir óheppileg öfl sem hann varð að dragast með í farteskinu og kom ekki nema litlu einu af sínum málum fram. Það virðist oft vera svo að menn telja að hér sé ekki hægt að gera neina skipulagsbreytingu án þess að byggja hús. Húsbyggingar eru ekki lausn allra mála. Menn tala hér um að fjármagn hafi ekki verið til fyrir þessari uppbyggingu. E. t. v. er einföld skýring á því. Fjármagnið var látið í annað. Núv. borgarstjórn vill heldur byggja brýr milli borgarhverfa en að byggja upp heilsugæslustöðvar í bænum. Allt starf borgarstjórnarfulltrúa fer í það að velja í hvað fjármunirnir eiga að fara. Og það hefur ekki verið vilji til þess að láta þá fara í uppbyggingu heilsugæslustöðva.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson minntist áðan á að heilsugæslustöðvar úti um landsbyggðina hefðu reynst mjög dýrar. Ég held að enginn þurfi að draga í efa að uppbygging heilsugæslustöðva um landið hefur valdið byltingu, beinni byltingu í aðstöðu manna utan Reykjavíkur til að fá jafnsjálfsagða og eðlilega þjónustu og læknisþjónustu. Hitt er svo annað mál að meðfæddur flottræfilsháttur sá sem hér tíðkast við húsbyggingar hefur riðið þar húsum eins og annars staðar. Og þar er ekki við neinn annan að sakast en okkur að við skulum láta slíkt viðgangast. Það er alveg laukrétt. Sums staðar eru þessar heilsugæslustöðvar allt of stórar, allt of dýrar og sums staðar of nálægt hver annarri. En það skyldi nú aldrei vera að hv. þm. hafi átt þar ofurlítinn hlut að máli. Það kynni nú að vera að eitt kjördæmi hefði fengið fleiri heilsugæslustöðvar en annað vegna sérstakrar aðstöðu þm. kjördæmisins á hinu háa Alþingi. **(Gripið fram í:** Er það Reykjavík?) Það vill oft brenna við. Sama er auðvitað hægt að segja um allan sjúkrahúsgeirann.

Sannleikurinn er sá að hér þarf pólitískt þrek. Uppbygging heilsugæslustöðva og lögin um heilbrigðisþjónustu voru virkilega merkileg tilraun til að reyna að skipuleggja heilbrigðisþjónustu í landinu. En það verður auðvitað að hafa þrek til að framkvæma hana. Það þrek hefur ekki síst brostið í viðureigninni við lækna. Það getur ekki orðið dýrara að koma húsnæði yfir heilbrigðisþjónustu og kaupa tæki, ef viðkomandi læknar reka svo ekki einkapraxís á þessi tæki og í þessu húsnæði. Auðvitað er það fráleitt. Þessu þarf að stjórna. Og öll samningamál við lækna eru hreinustu endemi. Auðvitað eiga heilsugæslulæknar að hafa góð mánaðarlaun, há mánaðarlaun eins og allir Íslendingar eiga að hafa. En þeir eiga ekki að vinna skv. núgildandi samningum. Allir þeir samningar eru fyrir löngu búnir að sigla sjálfum sér í strand.

Þetta vildi ég geta hér um, en ég neita því ekki að mér finnst þessar umr. undarlegar, bæði af hálfu hæstv. ráðh. og ekki síst hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, að talað sé um að það þurfi virkilega endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu frá því á síðasta þingi. Ég held að við verðum þá í framtíðinni að reyna að hugsa til ofurlítið lengri tíma þegar við erum að gerbylta heilbrigðiskerfinu í landinu, eins og gert hefur verið á síðustu 10 árum. Endurskoðun fór fram á síðasta löggjafarþingi, en nú er verið að draga í efa að það sé vit í að framkvæma þau lög.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að blanda mér í þessa umr., sem er þegar orðin nokkuð ítarleg, því að ég held að fróðlegt sé að rifja upp nokkra þætti í þessu máli, m. a. kostnaðarþáttinn. En áður en ég geri það ætla ég aðeins að víkja að málefnum Akureyrar, en skv. lögunum er gert ráð fyrir því að Akureyri flytjist yfir á heilsugæslukerfið núna um áramótin. Í frv. er Akureyri ekki undanþegin heilbrigðisþjónustulögunum eins og Reykjavík og þéttbýlissvæðið, heldur er gert ráð fyrir því að heilsugæsluumdæmi Akureyrar verði til frá og með næstu áramótum og þar með fari Akureyri út úr gamla heilsuverndarkerfinu sem þar hefur þrifist á undanförnum árum. Mér þætti vænt um ef hæstv. heilbrmrh. væri ekki langt undan vegna þess að ég vildi leggja fyrir hann nokkrar spurningar í sambandi við Akureyri og þá kerfisbreytingu sem stendur fyrir dyrum þar núna um áramót.

Mér hefur borist greinargerð í sambandi við þessi mál á Akureyri sérstaklega þar sem kemur í ljós að nauðsynlegt er, ef þessi kerfisbreyting á að ganga yfir, að heimila nokkrar nýjar stöður heilsugæslulækna á Akureyri frá og með áramótum. Það dugir ekki í þessu efni að nota þá aðferð, sem var viðhöfð í Kópavogi fyrir nokkrum árum, að flytja þennan kostnað einfaldlega af sjúkratryggingunum yfir á beinar greiðslur ríkissjóðs vegna þess að á Akureyri hafa verið starfandi spítalalæknar sem hafa haft talsvert af númerum í bænum og það þarf að gera ráðstafanir til þess að þeir sem hafa verið á þeirri númeraþjónustu fái læknisþjónustu eftir heilsugæslulögunum. Til þess að svo geti orðið verður að hafa þar aðeins fleiri stöður en nemur þeim fjölda heimilislækna sem hefur verið starfandi á Akureyri. Ég vildi sem sagt leyfa mér í fyrsta lagi að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að tryggja að kerfisbreytingin yfir í heilsugæslu á Akureyri eigi sér stað núna um áramótin?

Í sambandi við það sem snýr að Reykjavík hefur hv. 10. landsk. þm. rifjað rækilega upp hvernig að þessum málum hefur verið unnið á undanförnum árum. Hún rifjaði upp skipun nefndar sem var mynduð 10. júní 1981 og skilaði áliti til heilbrmrn. á árinu 1982. Það varð samkomulag á milli borgarinnar, sjúkrasamlagsins, ríkisins, heilbrmrn. og fjmrn., og það var gert samkomulag líka við heimilislæknafélag Reykjavíkur. Hérna er um að ræða mjög flókið mál, mjög flókið samningaverk, eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. benti reyndar á áðan, og mér svíður það nokkuð í augum, ég verð að

segja það, að mér finnst eins og þessari vinnu hafi kannske ekki verið haldið áfram sem skyldi af hverju sem það nú er. Ég dreg mjög í efa að hægt sé að draga heilbrmrn. til ábyrgðar eingöngu í þeim efnum því að ég held að þarna eigi meiri hl. í borgarstjórn Reykjavíkur stóran hlut að máli. Það er alveg ljóst að heilbrmrn. getur ekki knúið fram svona kerfisbreytingu öðruvísi en borgarstjórn Reykjavíkur sé hlynnt henni og ég hef grun um að heilbrmrn. hafi þarna átt í erfiðleikum og ekki komist áfram með málið vegna áhugaleysis hjá borgarstjórn Reykjavíkur og einnig bæjarstjórninni í Hafnarfirði og í Garðabæ. Þess vegna er ekki að undra að málið skuli standa eins og það stendur. Auðvitað getur heilbrmrn. ekki knúið menn til að gera þessa kerfisbreytingu öðruvísi en að þeir vilji það sjálfir. Þess vegna verður að ná þarna samkomulagi og þess vegna var unnið að málinu eins og ég gerði grein fyrir áðan, að það náðist samkomulag milli Reykjavíkurborgar, ríkisins og heimilislæknafélags Reykjavíkur um þessa kerfisbreytingu.

Það var nokkuð rætt um það áðan að þetta væri dýrt, þetta væri kostnaðarsamt fyrir ríkið og fyrir alla aðila. Í þeirri skýrslu sem nefndin vann á árunum 1981 og 1982 kemur fram hver kostnaðarbreytingin er. Þar kemur í ljós að á verðlagi ársins 1981 hefði sparast fyrir ríkið við kerfisbreytinguna í Reykjavík nokkuð á annan milljarð. Aftur á móti hefði kostnaðurinn orðið meiri fyrir Reykjavíkurborg, það var viðurkennt. Til að mæta kostnaðarauka Reykjavíkurborgar var samþykkt af ríkisstj. að ríkið tæki þátt í kostnaði við heimilisþjónustu aldraðra samkv. lögunum um málefni aldraðra. Það voru að mig minnir 35% af kostnaðinum við heimilisþjónustu aldraðra sem ríkið átti þarna að greiða. Var talið að Reykjavíkurborg færi slétt út úr þessu. Þrátt fyrir þessa hækkun á kostnaði við heilsugæsluna yrði ekki um að ræða nettóútgjaldaauka fyrir Reykjavíkurborg vegna þess að ríkið tæki þátt í heimilisþjónustu við aldraða. Þetta atriði í samningagerðinni réði úrslitum að mínu mati. Þegar ríkið kom þarna á móti var það ekki eingöngu að velta af sér kostnaði, heldur líka að koma til móts við sjónarmið Reykjavíkurborgar, þar sem heimilisþjónusta við aldraða er sennilega meiri eða dýrari en í flestum öðrum sveitarfélögum af margvíslegum ástæðum sem við þekkjum. Núna er staðan hins vegar þannig að ríkið er þegar í eitt ár eða tvö búið að greiða kostnað við heimilisþjónustu við aldraða, en situr áfram uppi með dýrara heilsuverndarkerfi. Heimilislæknakerfið er dýrara fyrir ríkið en heilsugæslukerfið. Þess vegna finnst mér að við þurfum að átta okkur á því að við erum ekki að tala hér um að auka kostnað ríkisins. Við erum að tala um að spara hjá ríkinu, auka nokkuð kostnað við heilbrigðisþjónustu í Reykjavík, en á móti fengi ríkið stuðning við mikilvæga félagslega þjónustu við gamalt fólk í borginni. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé að þetta atriði komi fram í umr. til glöggvunar.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. leggur hér fram frv. um að fresta þessari breytingu um eitt ár, þ. e. að hún taki gildi í lok ársins 1985, en hann boðar að hann muni jafnvel á komandi þingi, ef sú verður niðurstaða nefndarinnar, koma með nýtt frv. sem yrði jafnvel um framlengingu á gamla kerfinu í Reykjavík. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh., þó hann hafi ekki viljað binda sig mikið í orðum áðan: Gerir hann ráð fyrir því að hann framlengi gamla heilsugæslukerfið í Reykjavík enn um áramótin 1985—1986? Gerir hann ráð fyrir því að við séum hér að veita ávísun á að Reykvíkingar hafi gamla kerfið samkvæmt heilsuverndarlögunum áfram og komist ekki undir heilsugæslukerfið?

Ég held að það sé mjög alvarlegt að halda uppi í Reykjavík heilsuverndarkerfi sem er allt öðruvísi en tíðkast í nágrannasveitarfélögunum. Ég held að það sé mjög óheppilegt og hljóti að vera mjög óheppilegt frá sjónarmiði heilbrigðisstjórnarinnar í landinu að vera með allt annað kerfi í þessum efnum á Seltjarnarnesi, í Mosfellssveit og annars staðar í grannbyggðum okkar, fyrir utan Garðabæ og Hafnarfjörð, en almennt tíðkast. Ég held þess vegna að hérna sé um mjög nauðsynlega samræmingaraðgerð að ræða og þess vegna brýnt að heilbrigðisyfirvöld knýi á um að hún eigi sér stað. Nú kann vel að vera að menn komist að þeirri niðurstöðu í nefndinni, sem hæstv. ráðh. hefur skipað, að það þurfi að koma á hér einhverju millibilskerfi svo að segja, í Reykjavík meðan verið er að brúa bilið úr heilsuverndarkerfinu yfir í heilsugæslukerfið. Og eins og hæstv. ráðh. minnti á er auðvitað ekkert kræsilegt frá sjónarmiði heilbrigðisyfirvalda að horfa upp á það gerast að það séu kannske tvö kerfi í gangi hlið við hlið hér í Reykjavík, þ. e. heimilislæknakerfið annars vegar og heilsugæslukerfið hins vegar. Það yrði mjög dýrt fyrir ríkið. Auðvitað sjáum við þegar vísi að þessu tvöfalda kerfi í Reykjavík, þar sem sérfræðingar eru á sumum sviðum, að því er virðist, að fara inn á þau verksvið sem heimilislæknar hafa til þessa unnið á. Sums staðar úti á landi hefur einnig komið upp að sérfræðingar hafa sett upp stofur þar sem um er að ræða svo að segja almenna heimilislæknaþjónustu á sama stað og byggð hefur verið upp dýr heilsugæsla í nýjum heilsugæslustöðvum. Auðvitað hljóta heilbrigðisyfirvöld að hafa áhyggjur af þessu. En ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég teldi ekkert óeðlilegt þó að í Reykjavík yrði komið á eins konar millibils fyrirkomulagi meðan verið er að brúa bilið yfir í heilsugæslukerfið.

Ég hlýt í þessu sambandi, herra forseti, að undirstrika að það ber að harma að ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum í heilsugæslufjárfestingu í Reykjavík á árinu 1985, þar er sviðin jörð. Það var gert ráð fyrir því að sett yrðu upp 13 heilsugæsluumdæmi hér og sum þeirra eru nú þegar skipuð. Efst á þeim lista yfir heilsugæslu í Reykjavík var heilsugæslustöð í Breiðholti III til viðbótar við þá heilsugæslustöð sem er í Asparfelli í Breiðholti. Ég verð að segja að ég held að það væri stuðningur við þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað yfir í heilsugæslukerfið í Reykjavík ef heilbrmrn. gæti knúið fram að einhverjir fjármunir, þó ekki væru miklir, fengjust til uppbyggingar eða byrjunar á heilsugæslustöð í Reykjavík og þá sérstaklega þessari heilsugæslustöð í Reykjavík sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að sé efst á þeim lista, sem er heilsugæslustöð í Breiðholti III.

Ég hef komið hér, herra forseti, nokkrum almennum ábendingum á framfæri, en ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðh. sérstaklega um heilsugæsluna á Akureyri, en þar á kerfisbreytingin að taka gildi núna um áramótin.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. varðandi kerfisbreytinguna á Akureyri, sem verður um áramót,

er þess að geta að fjvn. hefur ekki gengið frá tölum í heilbrigðiskerfinu nú frekar en venjulega fyrr en við 3. umr. Fjvn., fjmrh. og fjmrn. vita að þessi kerfisbreyting á sér stað lögum samkvæmt og heilbrmrn. hefur samþykkt hana og þá verður að standa við þá breytingu með greiðslu. Hins vegar liggur það ekki endanlega fyrir að öllu leyti, en við það verður staðið því að kerfisbreytingin er gerð með samþykki heilbrmrn. og á stoð í lögum. Vona ég að þetta svar nægi.

Varðandi þetta frv. vil ég ekki segja að sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu, og alls ekki hér í Reykjavík, hafi sýnt áhugaleysi því að þeir hafa margoft rætt þessi mál og ákveðnir borgarfulltrúar hafa rætt við mig og við heilbrmrn. Hins vegar vita menn að við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem við förum að afgreiða innan tíðar er sáralítið og eiginlega ekki neitt um nýjar framkvæmdir, heldur er ramminn það þröngur að reynt er að halda áfram með það sem er komið langt á veg og ljúka því. Ég held að það eigi ekki að tefja mikið þó að ekki sé veitt eitthvert byrjunarframlag til einnar heilsugæslustöðvar. Það verður þá að taka það á einu ári því að þetta er ekki það stór framkvæmd sem þyrfti að taka mörg ár að framkvæma.

Ég vil líka minna menn á að heilsugæslukerfi er í framkvæmd hér í Reykjavík að vissu marki í fjórum stöðvum og fimmta stöðin, sem nær einnig til Reykjavíkur, er staðsett á Seltjarnarnesi.

Ég hugsa mér ekki að þetta bráðabirgðaákvæði verði framlengt, en eins og ég sagði áðan vil ég ekki úttala mig í þessum efnum fyrr en ég sé hvaða álit kemur frá nefndinni, sé hver viðbrögð verða hjá forsvarsmönnum þeirra byggðarlaga sem eiga að standa undir þessari starfsemi. Þá getur svo farið að hér verði um hríð eitthvað blandað kerfi, sem við verðum að taka upp. En ég vil ekki úttala mig í þeim efnum fyrr en nál. liggur fyrir. Þá reikna ég með því að heilbrmrh. leggi fram frv. á haustdögum, og þá ætti undirbúningur að geta átt sér stað með eðlilegum hætti.

ATKVGR.

Brtt. 23 felld með 19:9 atkv.
1. gr. samþ. með 19:4 atkv.
2. gr. samþ. með 18:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 12. des., að loknum 23. fundi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 286 (sbr. 191)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég hef ekki í hyggju að tefja afgreiðslu þessa máls nema síður væri. Ég skýrði frá því við 1. umr. að á fundi sínum hinn 13. nóv. hefði samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs fjallað um erindi frá sambandi norrænna skipstjórnarmanna þar sem lýst var áhyggjum af þeim mörgu undanþágum sem gefnar eru út til íslenskra skipstjórnarmanna á fiskiskipum.

Síðan hefur það gerst að ritari nefndarinnar sendi fsp. til Magnúsar Jóhannessonar setts siglingamálastjóra vegna þess að á fundi nefndarinnar var málinu frestað og óskað upplýsinga. Magnús hefur nú ritað samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs svo hljóðandi, með leyfi forseta, og les ég þá hluta úr bréfi hans.

„Á skipaskrá hinn 1. jan. s. l. voru skráð á Íslandi samkvæmt lögum 940 þilfarsskip. Í skránni eru 836 skip skráð fiskiskip, 51 skip skráð flutningaskip og 53 skip skráð sem önnur skip. Í síðasttalda hópnum eru m. a. varðskip, dýpkunarskip, hafnsögubátar o. fl. Stofnuninni er ekki kunnugt um að nokkur fiskiskip séu í skipaskrá skráð sem farskip. Um undanþágur til yfirmannsstarfa á íslenskum skipum er það að segja að þeim hefur fjölgað mjög hin seinni ár. Undanþágur hafa þó nær alfarið verið bundnar við fiskiskipaflotann. Árið 1983 og 1984 voru veittar undanþágur til skipstjórnarstarfa til 330—400 manna hvort ár og til vélstjórastarfa til 670—680 manna hvort ár. Nærri lætur að þetta svari til að u. þ. b. fjórði hver skipstjórnarmaður starfi samkvæmt undanþágu og u. þ. b. annar hver vélstjóri."

Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir það að hafa komið þessum frv. fram, og það er tilhlökkunarefni að geta skýrt samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs frá því að unnið hafi verið að úrbótum í þessum efnum. Ég vil að sjálfsögðu lýsa mínum fyllsta stuðningi við þau tvö framkomin frv. sem nú stendur til að fara að afgreiða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 287 (sbr. 190)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lyfjadreifing, frv. 176. mál (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:6 atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, frv. 153. mál (þskj. 158). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 293).

Almannatryggingar, frv. 191. mál (þskj. 211). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifrv. með fjárlagafrv. fyrir 1985 og gerir ráð fyrir því að á því ári verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli laga nr. 80/1983 og lagt var á á þessu ári. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1984 nemur 142 millj. kr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist 125 millj. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds skv. þessu frv. nemi 170 millj. kr. og innheimt fjárhæð þess verði nálægt 150 millj. Samkvæmt þessu frv. er gengið út frá að skattbyrði vegna sjúkratryggingagjalds verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári milli áranna 1984 og 1985.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í des. á s. l. ári voru gerðar breytingar á lögum um málefni aldraðra þess efnis að heimilað var að nýta markaðan tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra til að styrkja hjúkrunarrými fyrir aldraða á vegum sveitarfélaga með jafnháu framlagi og sjóðurinn fékk á fjárlögum sem beint framlag ríkissjóðs. Við það tækifæri gaf ég þá yfirlýsingu að ég mundi beita mér fyrir endurskoðun á þeim ákvæðum laga um málefni aldraðra sem snerta Framkvæmdasjóð aldraðra. Endurskoðunin var falin aðilum úr heilbrmrn. og fulltrúum stjórnarflokkanna. Jafnframt hefur verið haft samráð við samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Niðurstöður þessarar endurskoðunarvinnu liggja nú fyrir í því frv. sem hér er lagt fram.

Markmið þessa frv. er tvíþætt. Í fyrsta lagi skal koma festu á starfsemi Framkvæmdasjóðs aldraðra, þannig að þeir sem þangað hyggjast sækja fjármuni geti vitað hvers þeir megi vænta. Í því sambandi er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóðurinn hafi eingöngu til ráðstöfunar markaðan tekjustofn sinn, þ. e. tekjur af nefskattinum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga færist að nýju til fjvn. Í öðru lagi skal tryggja fjárveitingavaldinu áhrif á úthlutun fjár úr Framkvæmdasjóði aldraðra með því að fulltrúi tilnefndur af fjvn. Alþingis taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra þegar hún fjallar um málefni sjóðsins.

Rök fyrir þessum breytingum eru þau helst að samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hefur öll langtímaáætlunargerð fyrir sjóðinn verið óframkvæmanleg sökum sífelldra breytinga á hlutverki sjóðsins hvað varðar hjúkrunarrými sveitarfélaga. Jafnframt hefur það verið gagnrýnt að fjvn. Alþingis hafi getað haft lítil áhrif á til hvaða hjúkrunarrýmisverkefna á vegum sveitarfélaga framlög hafa verið veitt, þó svo að um sé að ræða verkefni sem ríkinu ber skv. lögum um heilbrigðisþjónustu að standa að allt að 85%.

Frv. felur í sér eftirtaldar breytingar frá núgildandi ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Einu tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra verði hinn markaði tekjustofn sjóðsins, þ. e. nefskatturinn, og er gert ráð fyrir að hann nemi 580 kr. á árinu 1985 og er það hækkun milli ára í samræmi við skattvísitöluna.
2. Fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga færist að nýju til fjvn. Þó verði Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að verja allt að 30% tekna sinna til styrktar hjúkrunarrýma af þessu tagi, en að sá styrkur komi báðum aðilum, þ. e. ríki og sveitarfélagi, til góða hlutfallslega.
3. Fulltrúi tilnefndur af fjvn. taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Ef athugað er hvaða breytingar þetta hefur í för með sér á næsta ári mun Framkvæmdasjóður aldraðra hafa til ráðstöfunar u. þ. b. 58 millj. miðað við liðlega 100 þús. gjaldendur nefskattsins. Af þeirri fjárhæð hefði sjóðurinn heimild til að verja 30% eða 17.4 millj. kr. til hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Afganginum, u. þ. b. 40 millj., yrði varið til íbúða fyrir aldraða, dvalarheimila aldraðra og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum einkaaðila.

Til samanburðar má geta þess að á þessu ári hafði sjóðurinn 46 millj. í tekjur af nefskattinum. Af þeirri fjárhæð var 15 millj. kr. varið til hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga, auk þess sem beina framlagið úr ríkissjóði, 15 millj. kr., rann einnig beint til þeirra verkefna. Afganginum, 31 millj. kr., var varið til annarra verkefna, auk þess sem sjóðstjórn tók þá ákvörðun að nota hluta hans til að standa við eldri skuldbindingar sem ekki hafði verið hægt að standa skil á. Var þar um tæplega 5 millj. kr. að ræða.

Að öðru leyti vísa ég til þeirra ítarlegu fskj. sem fylgja þessu frv. Þar koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar um fjölda aldraðra, vistrými fyrir þá, auk yfirlits um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra frá stofnun sjóðsins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um breyt. á lögum um málefni aldraðra er tilkomið að sögn í grg. í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. á síðasta þingi þegar svipað frv. var hér til meðferðar.

Lögin um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra tóku fyrst gildi árið 1981 og þá var tekin ákvörðun um að leggja á svokallaðan nefskatt til Framkvæmdasjóðs

aldraðra og stofna hann vegna þess mikla vanda sem um var að ræða og um er að ræða í vistunarmálum aldraðs fólks í landinu. Þá lágu fyrir skýrslur um að þessi vandi væri víða hrikalegur, en einna stærstur og alvarlegastur hér í þéttbýlinu. Þess vegna var um það tiltölulega góð samstaða í tíð þáv. ríkisstj. milli stjórnar og stjórnarandstöðu að rétt væri að stofna þennan sérstaka Framkvæmdasjóð aldraðra. Það sést í því frv. sem hér liggur fyrir, í töflunni á bls. 7, hvað þessi sjóður hefur skipt miklu máli. Það hefur verið varið fé til margra tuga verkefna í þágu aldraðra um allt land og hefur munað mjög verulega um þennan sjóð við að fjölga vistunarrýmí og auka vistunarrýmí fyrir aldraða, bæði vistunarrýmí og hjúkrunarrýmí, á undanförnum árum. Það er fróðlegt að virða fyrir sér t. d. fskj. á bls. 5 þar sem það kemur fram að á árinu 1974 voru hér í landinu 796 vistrými fyrir aldraða, en á árinu 1984 voru þessi vistrými orðin 1319 og hjúkrunarrými fyrir aldraða voru á árinu 1974 631, en á árinu 1984, tíu árum síðar, 927. Hér er um að ræða 50% aukningu á hjúkrunarplássum fyrir aldraða og nærri tvöföldun á rými fyrir aldraða í svokölluðu almennu vistrými þeirra.

Þegar lögin höfðu verið sett var ákveðið að efna til heildarlöggjafar um málefni aldraðra og frv. um það efni var samið og lagt fram í þinginu. Við meðferð þess á Alþingi var sú breyting gerð á ákvæðum um hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra að úr ríkissjóði þyrfti að koma til sjóðsins jafnhátt framlag og sjóðurinn greiddi á hverjum tíma til 85% verkefna sveitarfélaga. Ég man eftir því að ég setti ákveðið spurningarmerki við þessa hugmynd á sínum tíma, en hún var knúin fram í þinginu og ég hygg að hún hafi verið samþykkt með samhljóða atkv. Það kom líka í ljós haustið 1983 að þær spurningar, sem höfðu verið settar fram um þetta mál, voru á rökum reistar vegna þess að núv. ríkisstj. ákvað strax að flytja brtt. um þetta atriði sérstaklega. Þar var heimilað að greiða af nefskattinum til byggingar svo kallaðra 85% verkefna jafnháa upphæð og ríkissjóður greiddi til sjóðsins. Hér var í rauninni ekki um óeðlilega breytingu að ræða, að mínu mati, og ég man ekki betur en að hún færi í gegnum þingið með tiltölulega góðu samkomulagi.

Nú er hins vegar gert ráð fyrir verulegri breytingu í þessu efni frá því sem þar var samþykkt. Meginbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að 30% af tekjum Framkvæmdasjóðs aldraðra geti farið til byggingar á hjúkrunarrými fyrir aldraða, en að öðru leyti séu hjúkrunarheimili aldraðra tekin út og sett undir fjvn. Hér er að mínu mati um að ræða skref sem við hljótum að velta fyrir okkur hvort er heppilegt að öllu leyti. Ég tel að úr því að sú leið var farin á annað borð að gera tillögu um að hluti af fénu fari til hjúkrunarheimila aldraðra og hitt fari inn á fjárlög hefði verið skynsamlegt af ráðh. að ákveða að það mætti þó ekki taka meira en 30% í þessu skyni miðað við allar aðstæður. Ég geri ráð fyrir að hugsun hans sé sú að þá sé hægt að koma í veg fyrir að gengið verði enn þá frekar á þær upphæðir sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur af nefskattinum. En í þeim till. sem hér liggja núna fyrir er gert ráð fyrir því að 58 millj. fari í þessi verkefni á árinu 1985. Ég átta mig ekki alveg á því hvort þar er um að ræða álagningu eða innheimtu. Ég geri ráð fyrir að það sé. (**Fjmrh.:** Áætluð innheimta.) Áætluð innheimta. Síðan er gert ráð fyrir því í brtt. fjvn. við frv. til fjárl. fyrir árið 1985 að varið verði þar 14 millj. til hjúkrunarheimila aldraðra. Ef maður má leggja þessar upphæðir saman, yrði um að ræða u. þ. b. 72 millj. kr. Miðað við verðlagsþróun milli áranna 1984 og 1985 ætti þessi upphæð hins vegar að vera 77 millj. kr. Ráðh. leiðréttir mig ef ég fer ekki hér með réttar tölur, en ég hygg að hérna vanti upp á um það bil 5 millj. til að Framkvæmdasjóður aldraðra + framlögin á fjárlögum hafi sama framkvæmdagildi 1985 og á árinu 1984. Þetta hlýtur síðan að koma niður á þeim verkefnum sem hefur verið unnið að í málefnum aldraðra og það getum við fræðst um í fskj. V með frv. sem hér er á dagskrá.

Þar kemur það fram að til B-álmu Borgarspítalans er varið á þessu ári 19 millj. kr., til dvalar- og hjúkrunarheimilisins á Sauðárkróki 4 millj. kr., til dvalar- og hjúkrunarheimilisins á Egilsstöðum 2.4 millj. kr., til hjúkrunardeildarinnar á Hellu 2 millj. kr., til hjúkrunardeildarinnar í Kumbaravogi á Stokkseyri 1 millj. kr. og til Sólvangs í Hafnarfirði 2 millj. kr. í ár. Hér er sem sagt um að ræða mjög mörg verkefni sem taka til sín talsvert fjármagn og þeim verkefnum eru ætlaðir fjármunir brtt. fjvn. við fjárlagafrv. En bersýnilega er að eitt verkefni þarna er í mjög verulegri hættu og það er B-álma Borgarspítalans. Ég held að óhjákvæmilegt sé að spyrja hæstv. ráðh. við þessa umr. hvað ætla megi að renni til B-álmu Borgarspítalans úr Framkvæmdasjóði aldraðra af þessum 30% hluta á árinu 1985 því að ef á að láta sitja þarna við 8 millj. er bersýnilegt að það verður um að ræða mikinn hægagang á framkvæmdum við B-álmu Borgarspítalans á næsta ári. Auðvitað er mjög óskynsamlegt að láta jafndýra framkvæmd standa ónotaða langtímum saman.

B-álma Borgarspítalans hefur nú tekið til starfa að því leyti til að tvær hæðir eru komnar í notkun með 58 plássum og síðan hefur verið gert ráð fyrir því að ef eðlilegum framkvæmdahraða yrði haldið yrðu tvær hæðir teknar í notkun á árinu 1985 sem aðallega hýsi almenna þjónustu fyrir B-álmuna.

Ég vil sem sagt spyrja hæstv. ráðh. að því hvort ekki sé hægt að fá frá stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra núna strax fyrir 3. umr. fjárlaga hugmyndir hennar um úthlutun úr Framkvæmdasjóðnum á árinu 1985. Ég þekki það til að ég hygg að hugmyndir í þessum efnum eigi að geta legið fyrir. Þess vegna er ekki ósanngjarnt, að mínu mati, að fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann hlutist til um að upplýsingar um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 1985 liggi fyrir. Þetta var það fyrsta sem ég vildi inna hæstv. ráðh. eftir varðandi B-álmuna.

En í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh. í sambandi við B-álmu Borgarspítalans: Er gert ráð fyrir því undir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins að veitt verði fé til þess að B-álman verði í auknum mæli tekin í notkun á árinu 1985? Ég hef engar upplýsingar séð um þetta, en ég vil spyrja hæstv. ráðh. um það.

Í þriðja lagi vil ég spyrja vegna B-álmu Borgarspítalans: Þegar ákvörðun var tekin um að verja verulegu fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra í þessa spítalabyggingu var lögð á það áhersla að hún yrði nýtt í þágu aldraðra skilyrðislaust, þannig að önnur almenn starfsemi Borgarspítalans yrði ekki látin svo að segja sölsa þessa byggingu undir sig. Ég vil spyrja hæstv. heilbrmrh. að því hvort frá því hefur verið gengið að B-álma Borgarspítalans verði skilyrðislaust notuð fyrir

aldrað fólk og í þágu aldraðs fólks. Ég þekki þann þrýsting sem er á Borgarspítalanum á að fá hluta af B-álmunni undir aðra almenna starfsemi spítalans og ég veit að það kann að vera erfitt að standast þann þrýsting, en ég hygg að unnt sé, ef heilbrmrn. tekur um það ákvörðun, að sjá svo um að þessi hluti Borgarspítalans verði skilyrðislaust notaður fyrir aldrað fólk. Ef það á að taka hluta af B-álmunni undir almenna starfsemi Borgarspítalans er auðvitað verið að fara aftan að Framkvæmdasjóði aldraðra. Er algerlega óeðlilegt að borgin komist upp með það að fá fjármagnaða þessa spítalabyggingu úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem yrði svo tekin til annarrar almennrar heilbrigðisþjónustu. Það er algerlega óeðlilegt að Reykjavíkurborg komist upp með slíkt og þess vegna verður skýr afstaða heilbrmrn. að liggja fyrir í þessu efni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég hef lagt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. þrjár spurningar varðandi B-álmu Borgarspítalans sem ég vænti að hann treysti sér til að svara við þessa umr. Jafnframt vil ég minna hann á tölu sem ég nefndi í sambandi við raungildi framkvæmdafjármagns í þessum málaflokki. Mér sýnist að það ætti að óskertu að vera í kringum 77 millj. kr., en í tillögunum sem hæstv. ríkisstj. er hér með og í fjárlagatill. sýnist mér að þetta verði aðeins í kringum 72 millj. kr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal leitast við að svara þessum fsp. Í fyrsta lagi liggur ekki enn þá fyrir hvað verður tekið í notkun á næsta ári af B-álmu Borgarspítalans. Það er eins með það eins og alla aðra nýja starfsemi í spítalakerfinu að um það verður fjallað við 3. umr. fjárlaga.

Varðandi það að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra geri ákveðnar tillögur fyrir 3. umr. fjárl. um hve mikið af væntanlegri heimild sem þetta frv. felur í sér fari til einnar ákveðinnar byggingar, þá hvorki vil ég né get óskað eftir því við stjórnina að hún marki afstöðu til eins máls fyrir fram. Það er auglýst eftir umsóknum um fjárframlög í allar greinar og ég held að stjórnin, sem samanstendur af fulltrúa frá rn. ásamt fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fulltrúa frá Öldrunarfélagi Íslands, vilji gjarnan og skilyrðislaust láta þessar umsóknir allar liggja fyrir og síðan verður að marka afstöðu til þess máls. Hinu neita ég ekki að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá till. meiri hl. fjvn. um 14 millj. kr. til hjúkrunarheimila aldraðra. Ég óskaði eftir því við formann stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra að hann kynnti fjvn. tillögur sínar og hvað hann teldi að væri nauðsynlegt að færi til hjúkrunarheimila á þessu ári. Ég óskaði enn fremur eftir því við hann að hann hefði samráð, þó ekki væri nema í síma, við sína samstarfsmenn og skv. mínum hugmyndum taldi ég að hér þyrftu að vera um 30 millj. og þar af ⅔ til B-álmunnar. Meira get ég ekki sagt um þetta.

Um þriðju spurninguna, um nýtingu B-álmu Borgarspítalans í þágu aldraðra, þá er það rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að mjög hefur verið leitað eftir því að fá heimild mína eða rn. til að hýsa þar aðra starfsemi sem þröngt er um á hinum ýmsu deildum. Ef ég man rétt er hér um fjórar eða fimm deildir að ræða. Ég hef formlega svarað því bréfi neitandi af þeirri ástæðu að ég teldi að ráðh. hefði ekki heimild til að veita slíkt leyfi. Það væri aðeins ein stofnun sem hefði þá heimild, þ. e. Alþingi. Ef Alþingi vill breyta því vegna þess að þrengslin eru mikil þá er það eina stofnunin sem það getur gert og þar við situr. Ástæðan er sú að B-álman hefur verið fjármögnuð að miklu leyti af Framkvæmdasjóði aldraðra og í þessum eina tilgangi og þannig er málinu háttað. Vona ég að ég hafi svarað öllum spurningum hv. þm.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir skýr svör. Ég skil hann svo að hann muni beita sér fyrir breytingum á þeim tölum sem koma fram í áliti meiri. hl. fjvn. varðandi hjúkrunarheimili fyrir aldraða.

Ég fagna því að hann hefur með formlegum hætti hafnað kröfum Borgarspítalans um að taka B-álmuna að einhverju leyti undir almenna starfsemi spítalans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:2 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir til 1. umr. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur þegar hlotið meðferð í hv. Ed. Eins og þingheimi er kunnugt var skattur þessi fyrst lagður á 1979 og hefur verið allar götur síðan. Ég hef reyndar margoft lýst því yfir að mér sé í nöp við skattheimtu af þessu tagi, en staða ríkissjóðs er þannig að hann má alls ekki við því að afsala sér þessum tekjum. Í ljósi þessa þykir ekki verða hjá því komist enn um sinn að innheimta sérstakan skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Eins og sjá má í frv. að fjárlögum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að framhald verði á þessari skattlagningu. Áætlað er að álagning skattsins nemi 95 millj. kr. en að innheimta hans komi til með að skila um 85 millj. kr. að meðtöldum eftirstöðvum fyrra árs. Frv. þetta er efnislega alveg eins og lög nr. 74/1983 er vörðuðu álagningu og innheimtu skattsins í ár. Skatthlutfallið verður óbreytt frá fyrri lögum eða 1.1% af skattstofni sem er fasteignamatsverð í árslok 1984.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að ræða frekar um frv. þetta að sinni, enda er hér aðeins um að ræða árs framlengingu á skatti sem varað hefur í fimm ár, þótt tímabundinn hafi átt að vera í fyrstu. Að svo mæltu legg ég til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er höfum við Alþb.- menn í þessari deild lagt fram till. um að tvöfalda þennan skatt vegna þess að við teljum að ríkissjóði veiti ekki af. Ég vona að hæstv. fjmrh. taki þeirri till. vel og þeim skilningi sem við þannig sýnum á stöðu ríkissjóðs. Við munum flytja þessa till. einnig sem brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. taki vel í þessa till. okkar Alþb.-manna. Með henni sýnum við raunhæfan skilning á þeim vanda sem hann á við að glíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er eins með þetta frv. til l. um sérstakan barnabótaauka, það hefur þegar hlotið meðferð virðulegrar Ed. Alþingis. Hér er nú til umr. frv. um sérstakan barnabótaauka sem er samhljóða ákvæðum í 18.—21. gr. laga nr. 43/1984, sem fjalla um tekjutengdar barnabætur, að því frátöldu að allar fjárhæðir í þessu frv. hafa verið hækkaðar um 25% frá því sem var í lögum nr. 43/1984. Er sú hækkun í samræmi við áætlun Þjóðhagsstofnunar um hækkun tekna hvers gjaldanda milli áranna 1984 og 1985.

Forsaga þess, að greiddur var sérstakur barnabótaauki á árinu 1984, er sú að þetta var liður í samningum ASÍ og VSÍ í febr. s. l. og féllst ríkisstj. á að greiða tekjutengdan barnabótaauka til þess að liðka fyrir því að samningar tækjust. Í tillögum ASÍ og VSÍ í sambandi við barnabótaaukann árið 1984 sagði, með leyfi forseta:

„Barnabótaaukinn verði útfærður þannig að þeir skattgreiðendur fái hann ekki sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, af eignum eða af námslánum."

Þar sem skattalög greina ekki milli manna eftir starfsstéttum heldur eftir tekjum og eignum var ekki talið gerlegt við afgreiðslu barnabótaaukans árið 1984 að grípa til slíkrar mismununar eftir starfsstéttum. Hins vegar var við greiðslu barnabótaaukans árið 1984, til þess að ná svipuðum tilgangi og lagt var til í tillögum ASÍ og VSÍ, rétturinn til barnabótaauka bundinn við það að eignir viðkomandi færu ekki fram úr ákveðnu marki.

Með þessu frv., sem nú er til urm., er lagt til að greiðslur barnabótaaukans verði með sama sniði og á árinu 1984, þ. e. að hann verði tekju- og eignabundinn, þannig að barnabótaaukin lækki eftir því sem tekjur eru hærri eða eignir meiri og að hann falli alveg niður þegar tekjur eða eignir fara yfir ákveðið mark.

Sérstakur barnabótaauki nemur óskertur skv. frv. 15 þús. kr. með hverju barni. Vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, tekur hann að skerðast þegar samanlagður útsvarsstofn þeirra tekjuárið 1984 fer fram úr 275 þús. uns hann fellur niður þegar útsvarsstofn þeirra nær 462 þús. kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra taka að skerðast þegar útsvarsstofn foreldra fyrir tekjuárið 1984 fer fram úr 187 500 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn nær 375 þús. kr. Þá er og gert ráð fyrir að barnabótaauki skerðist þegar eignarskattsstofn nær tilteknu marki, sbr. 3. gr. frv. Með þessu er stuðlað að því að þeir, sem erfiðasta afkomu hafa, njóti þessa barnabótaauka. Auk þess er stefnt að því að barnabótaaukinn bæti að einhverju leyti þá kjaraskerðingu sem þeir tekjulægstu hafa orðið fyrir.

Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um töluleg áhrif þessa frv. þar sem þetta frv. er flutt samhliða frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um fjárhagslegar afleiðingar þessa frv. vísast til ræðu minnar um tekjuskattsfrumvarpið, en þar er gerð grein fyrir heildaráhrifum beggja frv.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að þessari umr. lokinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 190. mál (þskj. 209). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73 26. nóv. 1980 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Þetta frv. var lagt fram í Ed. og hefur verið afgreitt samhljóða frá deildinni til Nd. Skv. 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 frá 26. nóv. 1980 um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laganna nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1985 verið gefin upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laga nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli áranna 1984 og 1985 og er því skv. frv. þessu gerð sú till. að fjárhæðir í 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hækki um 25%.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða nánar um þetta frv. Þetta er öllum hv. alþm. kunnugt, þetta er sama breyting og var gerð á síðasta tekjuári. Ég vil, herra forseti, mælast til þess að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 261). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Það er eins ástatt með þetta frv. eins og hin, sem ég hef lagt fyrir, að það hefur fengið meðferð í virðulegri Ed.

Með frv. þessu er lagt til að menn, sem láta af störfum fyrir aldurs sakir, geti dregið launatekjur sínar síðustu tólf starfsmánuðina að fullu frá skattskyldum tekjum. Eins og þingheimi er kunnugt flutti ég ásamt 11 öðrum þm. úr flestum flokkum frv. í ársbyrjun 1983 er kvað á um að þeim, sem láta af störfum vegna aldurs, sé heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum helm-

ing hreinna launatekna sinna síðustu tólf starfsmánuðina. Frv. hlaut mjög góðar viðtökur og náðist samstaða þm. úr öllum flokkum um skjóta afgreiðslu þess. Frv. var samþykkt með hraði og kom til framkvæmda strax við álagningu opinberra gjalda árið 1983.

Sú reynsla, sem fengist hefur af lögunum svo langt sem þau ná, er mjög góð. Að mínu mati gengur það þó ekki nægilega langt þar sem það heimilar aðeins frádrátt af helmingi launatekna þeirra sem undir heimildina falla. Það er kunnara en frá þurfi að segja að greiðslukerfi beinna skatta hérlendis skapar ætíð erfiðleika þegar tekjur manna minnka snögglega. Sá hópur manna, sem hvað harðast verður fyrir barðinu á þessu, eru þeir sem leggja niður störf fyrir aldurs sakir. Hefur þetta m. a. leitt til þess að fólk vinnur lengur en það hefði að öðrum kosti kosið þar sem það telur sig ekki í stakk búið til að greiða skatta vegna síðasta starfsársins.

Lagabreytingin frá 1983, sem ég gat um áðan, var skref í þá átt að bæta stöðu þeirra sem hætta störfum fyrir aldurs sakir. Með frv. þessu er lagt til að skrefið verði stigið til fulls þannig að allar hreinar launatekjur síðustu tólf starfsmánuðina verði frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum. Verði frv. þetta að lögum ættu skattgreiðslur framvegis ekki að koma í veg fyrir að fólk láti af störfum fyrir aldurs sakir þegar það kýs sjálft. Eins og fram kemur í grg. með frv. mun tekjutap ríkissjóðs nema um 30 millj. á árinu miðað við verðlag 1984, verði það að lögum. Ég tel ekki rétt að fjölyrða frekar um þetta mál sem ég hygg að meginþorri fólks telji sanngirnis- og réttlætismál.

Að endingu vil ég þó láta í ljós þá von mína að sambærileg samstaða þm. úr öllum flokkum náist um afgreiðslu þess og fyrra frv. um þetta sama efni sem ég hef gert að umtalsefni hér. Að lokum vil ég geta þess að ég styð eindregið þá brtt., sem fulltrúar minni hlutans í Ed. gerðu á frv. og er á þskj. 247 og er ekki ástæða til að lesa hana frekar upp.

Ég vil þá að lokum gera það að till. minni að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- viðskn. og 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mikið. En þegar fyrra frv. var samþykkt hér, sem hæstv. ráðh. talaði um, þá neyddist ég til að vera á móti því vegna þess að að mínu viti er hér rofin sú meginhugsun, sem er í allri skattalöggjöfinni, að gjaldþol manna skuli ráða skattgreiðslum. Nú skal ég ekki endurtaka þá umr. alla en leyfi mér að vísa í þingtíðindi þeirra tíma. En það eru ákveðin atriði sem ég ekki skil og ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh. um.

Nú er það til að menn haldi launum sínum þó að þeir hætti að vinna sakir aldurs. Þeir hafa samt sem áður leyfi til að greiða ekki skatta af tekjum s. l. tólf starfsmánaða. Skil ég það þá svo, að þeir hefji síðan aftur skattgreiðslur og greiði síðan skatta ævinlega eftir það? Sannleikurinn er sá, eins og ég minntist á í þeirri umr. sem áður fór fram um svipað efni, að það er til að fólk hafi beinlínis hærri tekjur þegar það hættir að vinna og er farið að taka ellilífeyri og ég get nefnt mýmörg dæmi þess. Láglaunakonur í verksmiðjum landsins hækka í launum þegar þær taka lífeyri og þann litla lífeyrissjóð sem þær eiga rétt á. Að ég ekki tali um hæstlaunaða fólkið í landinu. Við skulum taka dæmi eins og ég tók þá, hæstaréttardómara. Hvers vegna í ósköpunum skyldu þeir vera skattlausir í eitt ár? Mér er þetta aldeilis hulin ráðgáta. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðh. — og nú skal ég ekki þreyta örþreytta ráðh. vora sem hér hafa setið í allan dag — en ég hlýt að biðja um svar við þessu. Koma þessir menn aftur til með að greiða skatta eða hafa þeir bara ársfrí frá sköttum?

Ég held að þessi löggjöf sé ofurlítið vanhugsuð. Af langri reynslu minni skal það sagt skattstofum landsins til hróss, einkum og sér í lagi fyrrv. skattstjóranum í Reykjavík, Halldóri Sigfússyni, að hann brást ævinlega mjög vel og fljótt við umsóknum þeirra hundraða ellilífeyrisþega sem hættu störfum á miðju ári, og sótt var um fyrir niðurfellingu á sköttum. Ég sé því ekki vandamálið. Þetta hefur verið gert fyrir launafólk sem ekki réði við þessa skatta. En mergurinn málsins er þessi: Er óeðlilegt að gjaldþol manna ráði skattgreiðslu? Á því hefur skattalöggjöfin í landinu byggst. En hér er farið fram hjá henni. Og þessu vil ég fá svar við.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi heyrt spurninguna alla, en spurningin var að ég held — **(GHelg:** Hvort menn hefja aftur skattgreiðslur ef þeir lækka ekkert í tekjum við að hætta að vinna. Er þetta ársfrí?) Ég veit ekki hvað fyrirspyrjandi meinar en þessi skattfrádráttur kemur ekki til greina nema einu sinni. **(GHelg:** Þá er því svarað, ráðh.) Já, ég vona að það svari spurningunni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Með frv. þessu er lagt til að söluskattsauki hækki um 0.5% eða úr 2% í 2.5%. Heildarsölugjald verði 24% ef frv. þetta nær fram að ganga. Þar af er hinn eiginlegi söluskattur 20%, orkujöfnunargjald 1.5% og söluskattsauki 2.5%. Frv. þetta er lagt fram til tekjuöflunar í því skyni að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs sem enn er nokkur þrátt fyrir það átak sem gert hefur verið til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi verði endurgreiddur. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 380 millj. kr. í þessu skyni en vegna breyttra verðlagsforsendna, sem nú liggja fyrir, má ætla að verja þurfi allt að 450 millj. kr. til þessa þáttar.

Áætlað er að sú hækkun sölugjalds, sem hér er ráðgerð, geti fært ríkissjóði 200—210 millj. kr. tekjur á árinu 1985 miðað við verðlagsforsendur fjárlagafrv. Þessi hækkun sölugjalds færir því ríkissjóði ekki nema hluta þess fjár sem það kostar að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsins. Með hertum innheimtuaðgerðum og bættu söluskattseftirliti í tengslum við söluskattshækkunina má ætla að viðbótartekjur ríkissjóðs vegna breytingarinnar geti náð 250 millj. kr. Er því ljóst að sameiginleg áhrif söluskattsbreytinga þeirra, sem felast í fjárlagafrv. og í þessu frv., eru ríkissjóði mjög í óhag. Engu að síður þykir ekki fært að

hækka sölugjaldið um meira en 0.5%. Ætla má að hækkun vísitölu framfærslukostnaðar af völdum 0.5% hækkunar söluskattsaukans verði um 0.25%. En hafa ber í huga að matvæli og ýmsar aðrar mikilvægar neysluvörur svo og ýmis þjónusta er undanþegin söluskatti.

Sögu söluskattsins má í raun rekja allt aftur til ársins 1945, en á því ári var hann innheimtur í formi tímabundins veltuskatts. Árið 1947 var hann síðan endurvakinn og var gildistími laga um hann árlega framlengdur allt til ársins 1960 er núgildandi lög voru samþykkt. Skv. þeim var söluskatturinn í byrjun aðeins 3%, en hann hefur farið hækkandi síðan. Alls hefur hann verið hækkaður níu sinnum á undanförnum 24 árum. Síðast hækkaði söluskatturinn með tilkomu 1.5% orkujöfnunargjalds úr 22% í 23.5% í apríl 1980. Áður var hann hækkaður í sept. 1979 úr 20% í 22%.

Ljóst er að söluskatturinn í því formi, sem hann er lagður á í dag, er á ýmsan hátt gallaður. Sú hækkun, sem hér er lögð til, breytir þar engu um, hvorki til né frá. Hins vegar verður þörfin fyrir gagngera endurskipulagningu á hinni óbeinu skattheimtu í landinu æ brýnni. Af þeim sökum hefur þegar verið lagt fram á Alþingi frv. um virðisaukaskatt í stað núv. söluskattskerfis.

Að svo stöddu tel ég óþarft að hafa fleiri orð um þetta frv. og geri að lokum að till. minni að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er augljóst að það er mjög rétt, sem fram kom í niðurlagsorðum hæstv. ráðh., að þörfin fyrir endurskipulagningu á hinni óbeinu skattheimtu í landinu verður æ brýnni. Mér finnst næstum þegar maður horfir á þetta frv. að rökin fyrir því að nú skuli hækka söluskattinn enn frekar séu þau að með því sé stigið eitt skref til viðbótar í því að gera þetta kerfi með öllu ónýtt og gera þannig þörfina fyrir endurskipulagningu nógu brýna til að menn manni sig upp í þá breytingu sem er búin að vera nauðsynleg sjálfsagt í áratug. Það er eina skynsamlega röksemdin sem ég fann í máli hæstv. ráðh. varðandi þessa söluskattshækkun. Allt annað, sem fram kemur, bendir til þess að síst af öllu sé ástæða til að leggja í söluskattshækkun núna. Vankantar kerfisins verða enn meiri og þeir verða enn erfiðari viðfangs eftir því sem söluskatturinn er hærri.

Þess vegna sýnist mér að einu haldgóðu röksemdirnar, sem ráðh. hafði fram að færa fyrir því að söluskatturinn skyldi hækkaður, væru að þá væri hann endanlega dauður. Ég vona að það reynist rétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 33. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1985, frv. 1. mál (þskj. 1, n. 280 og 283, 268, 291, 192, 295, 296, 297, 298, 299, 300, 301). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Áður en ég hef ræðu mína hér við 2. umr. fjárlaga tel ég að ekki verði hjá því komist að ræða nokkuð fréttahlut sjónvarpsins um meðferð þessa máls.

Í fréttum sjónvarpsins í gærkvöldi var sagt frá afgreiðslu fjvn. á fjárlagafrv. fyrir 2. umr. ásamt spásögnum um afgreiðslu frv. til 3. umr., hvort tveggja með þeim hætti að gera verður aths. við.

Í fyrsta lagi var talað um brtt. meiri hl. fjvn. Meiri hl. fjvn. hefur engar brtt. flutt til þessa. Hið rétta er: Fjvn. sem heild hefur flutt brtt.

Í öðru lagi var talað um halla á fjárlagafrv. sem kallað var gat á þann máta að a. m. k. orkar tvímælis.

Í þriðja lagi var sagt að 2. umr. fjárlaga færi fram einhvern næstu daga.

Í fjórða lagi var haft eftir formanni fjvn. — og birt mynd af mér — að við 3. umr. mundi nefndin leggja fram tillögur um að afla tekna upp í fyrrgreint gat á fjárlagafrv. Ég hlýt hér að taka fram skýrt og skilmerkilega að um þetta efni hef ég ekkert sagt, hvorki við fréttamann sjónvarps né aðra og það sem meira er, sjónvarpið hefur ekkert rætt um þetta efni við mig. Ég hringdi í fréttastofu sjónvarps meðan fréttir stóðu yfir og talaði við þingfréttamann sjónvarpsins og óskaði eftir að birt væri athugasemd, a. m. k. væri tekið fram í lok frétta að þessar fréttir væru ekki frá mér komnar því að við mig hefði ekki verið rætt. Þessu var hafnað.

Um það, sem að framan greinir, vil ég svo aðeins segja þetta: Það er hvimleitt þegar fluttar eru óvandaðar og rangar fréttir. Það er ekki viðunandi þegar tiltekinn maður, í þessu tilliti formaður fjvn., er borinn fyrir hluta af slíkum fréttum án þess að við hann hafi verið rætt. Þó er sýnu verst að vera neitað um leiðréttingar og það að koma við athugasemdum. Þessa vildi ég láta getið í upphafi þessarar umr.

Herra forseti. Fjvn. hóf störf sín við athugun á fjárlagafrv. og undirbúning að afgreiðslu fjárl. þann 18. okt. s. l. Síðan hefur nefndin haldið 40 formlega fundi auk ýmissa funda undirnefnda og funda í meiri hl. nefndarinnar, svo sem jafnan er nauðsynlegt þegar draga tekur að afgreiðslu mála. Á formlega fundi nefndarinnar hafa komið frá þingbyrjun fulltrúar frá yfir 200 aðilum, ráðuneytum, stofnunum, félögum og félagasamtökum og enn fremur frá allmörgum sveitarfélögum. Þó höfðu komið á fundi nefndarinnar fyrir þingbyrjun í fyrstu viku okt. fulltrúar frá 60 sveitarfélögum á landinu, en þeir fundir voru haldnir til að grynna á starfi nefndarinnar eftir að þing hafði komið saman. Reynslan sýndi að á því var síst vanþörf. Alls komu því á formlega fundi nefndarinnar fulltrúar frá nálægt 300 aðilum. Auk alls þessa hafa einstakir nm. átt fjölda viðtala við fólk vegna undirbúnings að afgreiðslu fjárlaga. Þessi þáttur í starfi nefndarinnar er afar tímafrekur og kostar mikla skipulagningu. Að ýmsu leyti er hann þó mikilvægur og ekki auðvelt að takmarka hann mjög.

Nefndinni hafa borist um 750 skrásett erindi og er það meiri fjöldi en oftast áður. Það eru því ærið margir sem telja sér nauðsynlegt að hafa samband við fjvn. á einn eða annan hátt meðan hún er að starfi. Þessu veldur að sjálfsögðu að nokkru hversu þröngt er haldið á útgjaldaáformum frv. vegna krapprar stöðu ríkisfjármála og einnig vegna minni háttar breytinga á uppsetningu frv. Starf nefndarinnar hefur því verið annasamt og

það er í sjálfu sér ekki nýlunda. Ætla má að það hafi verið síður en svo auðleystara nú en oft áður því að þegar smátt er skammtað verða álitamálin mörg. Svo er t. d. um skiptingu fjármagns til fjárfestingarliða sem nú eru þrengri en fyrr. Ég hef því sérstaka ástæðu til að færa meðnm. mínum þakkir fyrir mikil og tímafrek störf. Ég flyt þeim einnig þakkir fyrir sérlega ánægjulegt samstarf, lipurð í störfum og þolinmæði í minn garð. Gildir það jafnt um fulltrúa stjórnarandstöðunnar og stjórnarliða. Ég flyt einnig starfsmanni nefndarinnar, Jóni Rúnari Pálssyni, þakkir fyrir vel unnin störf svo og hagsýslustjóra, Magnúsi Péturssyni og starfsliði hans fyrir margvíslega aðstoð.

Vafalaust finnst ýmsum þeim, sem gengið hafa á fund fjvn. á undanförnum vikum eða sent hafa henni erindi, að árangurinn sé harla lítill. Yfirleitt er hér þó um góð og þörf mál að tefla sem nefndin reynir að meta á þeim knappa tíma sem hún hefur til umráða. Staðreyndin er hins vegar sú að nú er minna til skipta en fyrr og þegar stabbinn er lítill verður að gefa naumt á garðann. Í tillögum fjvn. er þó að finna verulega úrlausn ýmissa þeirra mála sem borin hafa verið upp við nefndina, ekki síst þar sem um hreinar leiðréttingar er að ræða.

Allir viðurkenna nú að íslenska þjóðarbúið hefur orðið fyrir miklum og alvarlegum áföllum á síðustu árum. Þessi mál eru það margrædd og kunn að ég sé ekki ástæðu til að taka tíma til þess að skýra í hverju þessi áföll eru fólgin, en sameiginlega koma þau fram í því að þjóðarframleiðsla okkar Íslendinga hefur dregist saman um sem svarar 12% á mann á þremur árum. Samdráttur þjóðartekna er að vísu ekki alveg jafnmikill og þjóðarframleiðslunnar en þó alvarlegur. Þessar efnahagslegu staðreyndir segja okkur einfaldlega til um það hvað við höfum nú miklu minna til skipta en var áður en þetta samdráttarskeið hófst. Að sumu leyti hefur ekki verið tekið fullt tillit til þessara efnahagslegu staðreynda á undanförnum árum, sem komið hefur fram í því að halli hefur orðið alvarlegur á viðskiptum okkar við útlönd og erlendar skuldir þjóðarinnar fara stórum vaxandi. Þetta gerir stöðu okkar nú enn erfiðari en ella.

Þarflaust er að rekja það hvernig þessi samdráttur þjóðarframleiðslunnar hefur komið við atvinnuvegina í landinu, einstaklinga og heimili. Á hinn bóginnn kann að vera fróðlegt að leitast við að gera grein fyrir því hvernig þessi samdráttur í þjóðarbúinu hefur komið við ríkisbúskapinn og hvaða áhrif hann hefur haft á gerð og afgreiðslu þess fjárlagafrv. sem hér er til umr. Oft heyrist um það rætt hve erfiðlega gangi að draga saman seglin í ríkisrekstrinum og að ríkissjóður hafi ekki að sínum hluta tekið þátt í þeim erfiðleikum sem að þjóðarbúinu steðja. Í þessu sambandi er vert að athuga það að árið 1982 voru skattheimtur ríkisins taldar nema 32.3% af þjóðarframleiðslu. Skv. því frv. sem hér er til umr. og eftir síðasta endurmat Þjóðhagsstofnunar á tekjuhlið frv., sem sýnir að Þjóðhagsstofnun áætlar að tekjur ríkissjóðs verði á næsta ári 24.9 milljarðar, er innheimtuhlutfall ríkissjóðs 28.1% af þjóðarframleiðslu. Hér hefur því þetta innheimtuhlutfall lækkað á þremur árum, frá 1982 til 1985, um 4.2%. Rétt er að hafa í huga að þessar tölur kunna að breytast við endanlega gerð fjárlaga eftir að tekjuhlið verður afgreidd við 3. umr. Sá mismunur verður þó væntanlega ekki veigamikill.

Ef þjóðarframleiðslan hefði staðið í stað frá árinu 1982, sem að vísu var fyrsta árið í því samdráttarskeiði sem enn stendur, væri hægt að meta þennan mismun í krónum talið á 4 milljarða, sem innheimtur ríkissjóðs áætlast minni á næsta ári en þær voru á árinu 1982. Hér er um gífurlegan mismun að ræða og sést að ríkissjóður hefur á þessu árabili, á árunum 1983 til og með ársins 1985, ýmist misst eða gefið eftir tekjur sem eru svo miklar að hann hefur fyllilega að sínum hluta tekið á sig þann mikla samdrátt sem orðið hefur í þjóðarbúinu.

Hluti af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur þannig gefið eftir á þessum árum, er vegna beinna ákvarðana hæstv. ríkisstj. og Alþingis með niðurfellingu skatta. Samtals virðist hægt að meta þessar skattalækkanir við afgreiðslu fjárlaga nú, þ. e. á verðlagi fjárlaga næsta árs, um 1200 millj. kr. Hefur þá verið dregin frá sú söluskattshækkun sem gert er ráð fyrir að verði lögfest nú fyrir jólaleyfi þm. Inn í þessa tölu er hins vegar ekki metin meint skattalækkun atvinnurekstrarins í landinu sem skortir ábyggilega tölur um. Skv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið og ég hef hér greint frá, virðist liggja ljóst fyrir að skattalækkanir hæstv. ríkisstj. nemi á verðlagi næstu fjárlaga a. m. k. 1200 millj. kr. og að tekjutap ríkissjóðs, ýmist vegna þeirra skattalækkana eða samdráttar sem orðið hefur í þjóðarbúskapnum, nemur samtals um 4 milljörðum kr. Er þá ekki búið að reikna inn í þetta dæmi 600 millj. kr. lækkun tekjuskatts og ca. 450 millj. kr. endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins sem enn hækkar þessa tölu um liðlega 1 milljarð. Þetta sníður hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. þröngan stakk við gerð fjárlagafrv. og þessar staðreyndir sníða einnig fjvn. og Alþingi þröngan stakk við afgreiðslu þessa máls.

Samtímis þessum staðreyndum er rétt að hafa í huga að ríkissjóður hefur haldið uppi mikilsverðri og kostnaðarsamri þjónustu við borgarana, svo sem eins og tryggingabótum að fullu, og ýmis félagsleg þjónusta hefur verið aukin. Má þar nefna til að mynda fjármagn sem gengur til málefna fatlaðra, en sá liður fjárlagafrv. og þar með ríkisútgjaldanna hefur stórkostlega aukist á allra síðustu árum. Á hinn bóginn hefur orðið að mæta þessu með samdrætti á öðrum liðum. Má þar nefna niðurskurð á framlögum til sjóða, lækkun niðurgreiðslna, minnkandi framlög til atvinnuvega og niðurskurð á fé til verklegra framkvæmda. Við þessar aðstæður hefur reynst erfitt að ná endum saman í ríkisrekstrinum. Svo er enn við afgreiðslu þessa fjárlagafrv.

Horfur um rekstrarniðurstöðu fjárlagafrv. verða hins vegar ekki ræddar hér frekar vegna þess að tekjuhlið frv. verður tekin til meðferðar fyrir 3. umr. og til 3. umr. bíða einnig ýmsir aðrir veigamiklir þættir frv. Ég tel hins vegar rétt að leggja áherslu á þá skoðun mína að við núverandi aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar, með tilliti til hins alvarlega viðskiptahalla og vaxandi greiðslubyrði vegna erlendra lána, sé það afar mikilvægt að ná endum saman í ríkisrekstrinum eða a. m. k. að rekstrarhalli verði sem allra minnstur.

Margir kunna að segja að þetta sé sjálfsagt mál og leiðin til þess að ná þessum markmiðum sé að skera niður útgjöld ríkisins meira en þegar er orðið. Allt má þetta vera rétt. En nauðsynlegt er að taka tillit til þess að mikill niðurskurður hefur orðið á útgjöldum ríkisins í

tíð núv. ríkisstj., eins og ég hef hér sýnt fram á að framan. Enn fremur þarf um slíkar aðgerðir að nást pólitísk samstaða, a. m. k. þeirra sem standa að núv. hæstv. ríkisstj.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var ákveðið að skera niður rekstrarútgjöld og laun í ríkiskerfinu miðað við fastar hlutfallstölur. Fullyrða má að þetta hafi í mörgum eða flestum tilfellum tekist. En þannig er ekki hægt að halda áfram og ekki eru tillögur uppi um það af hálfu hæstv. ríkisstj. né af hálfu fjvn. að viðhafa þá aðferð nú við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Nú eru mál komin þannig að lengra verður tæpast gengið í því að skera niður fé til verklegra framkvæmda. Niðurskurður á útgjöldum ríkisins frá því sem nú er verður að felast í því að fella niður einhverja þá starfsemi sem ríkið hefur með höndum og fækka þannig starfsliði hjá ríkinu og minnka rekstrarútgjöld.

Oft hefur verið talað um það að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga og jafnvel til einstaklinga. Miklu minna hefur orðið úr framkvæmdum á þessu sviði en menn hafa hugsað sér. Í því sambandi verður að sjálfsögðu að hafa það hugfast að til þess að gera sveitarfélögum kleift að taka við verkefnum úr hendi ríkisins verður að veita þeim fjárhagslegt bolmagn til þeirra hluta. Eigi að síður er það í mörgum tilfellum skoðun mín að æskilegt væri að koma fram meiri tilfærslum frá ríki yfir til sveitarfélaganna, tilfærslum á verkefnum sem eru þess eðlis að ætla má að þeim verði betur stjórnað eftir því sem stjórnvaldið er nær borgurunum sjálfum.

Hæstv. ríkisstj. og Alþingi standa nú frammi fyrir þeirri staðreynd að hafa ekki fjármagn til ráðstöfunar til að geta staðið við fjölmarga lagabálka sem Alþingi hefur sjálft afgreitt. Þannig hefur staðan einnig verið á allmörgum síðari árum. Allt frá árinu 1978 hefur árlega verið veitt heimild í lánsfjárlögum til að skerða lögbundin framlög til ýmissa verkefna og þar með skerða ákvæði laga sem Alþingi hefur sett. Með fjárlagafrv. nú er prentuð skrá yfir meira en 20 lagabálka sem nauðsynlegt er að skerða með þessum hætti. Þarna mun hvergi nærri allt vera talið.

Ég vek athygli á þessu hér vegna þess að það er út af fyrir sig alvarleg staðreynd að Alþingi og hæstv. ríkisstj. skuli ekki nú fremur en í mörg ár að undanförnu hafa fé til ráðstöfunar til að standa við lagaákvæði sem Alþingi hefur sjálft afgreitt. Að sjálfsögðu er það þó einnig svo að ekki er fé til ráðstöfunar til þess að standa straum af ýmsum ályktunum Alþingis, enda eru lagaákvæði oftast talin ályktunum æðri. Með tilliti til þessarar stöðu hefur mér oft fundist á undanförnum árum að Alþingi tæki því furðu lipurlega að afgreiða lagafrv. og þáltill. sem fela í sér aukin útgjöld ríkisins, vitandi það að ekki finnst fé til aukinna útgjalda ríkissjóðs nema með aukinni skattlagningu, sem Alþingi sjálft vill ekki samþykkja.

Sjálfsagt eru mér þessi mál nú hugstæðari en ella vegna þeirra þrenginga sem við stöndum frammi fyrir við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. En ég hygg þó að það væri ekki að ófyrirsynju að Alþingi og hv. alþm. tækju þessi mál betur til athugunar en oft hefur verið gert. Sjálfsagt er þó að taka tillit til þess að í örum þjóðfélagsbreytingum nútímans bætast ný viðfangsefni sífellt við og margháttaðra lagabreytinga er því þörf.

Eins og fyrr er að vikið hefur verulegur árangur náðst í sparnaði og aðhaldi í ríkisrekstrinum í tíð núv. hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. Þetta var óumflýjanleg nauðsyn miðað við stöðu efnahagsmála og ríkisfjármála. Ljóst er að hvergi má slaka á í þessari viðleitni. Auk hins almenna aðhalds í einstökum stofnunum og rn., sem fylgt hefur verið og þarf að halda áfram, nefni ég örfá dæmi til athugunar nú og framvegis:

1. Takmörkun yfirvinnu.
2. Samdráttur í starfi stofnana meðan sumarleyfi standa yfir.
3. Eftirlit og hófsemi í utanferðum á kostnað ríkisins.
4. Athugun á að fella niður stöður þar sem starfsmenn hætta, þannig að ekki verði sjálfkrafa ráðið í þær að nýju.
5. Takmörkun aukafjárveitinga svo sem gert hefur verið á þessu ári.
6. Varúð í uppsetningu nýrra stofnana eða útibúa frá þeim.
7. Ákvarðanir og ábyrgð fari saman.

Sumt af þessu kann að virðast minni háttar, en hefur þó allt sitt gildi. Eftir ýmsum af þessum leiðum hefur verið starfað, en ég minni á þær til þess að þær verði áfram til athugunar.

Varðandi 6. og 7. tölul. vil ég fara nokkrum orðum.

Við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári var gert ráð fyrir að mörg heimili og stofnanir á vegum málefna fatlaðra hæfu rekstur á árinu 1984. Í ýmsum tilvikum var þessu hagað þannig að gert var ráð fyrir að þessi rekstur gæti hafist seint á yfirstandandi ári, jafnvel undir árslok, og kostaði því lítið í fjárlögum þessa árs. Hins vegar koma þessar stofnanir inn á fjárlög næsta árs af fullum þunga. Afleiðingin er sú að í fjárlagafrv. nú verður að fjölga reiknuðum stöðugildum varðandi þessar stofnanir um 39.4 frá fjárlögum 1984 og kostnaður vex skv. því. Eins og áður sagði hefur þessi fjárlagaliður vaxið mjög á allra síðustu árum og hækkar nú um 44.4% í fjárlagafrv. Hér er um mjög þýðingarmikla starfsemi að ræða og í raun brýn þörf að koma til móts við þá einstaklinga sem þessarar starfsemi njóta. Eigi að síður hlýtur að vera umhugsunarefni hversu langt við skulum ganga á þessari braut.

Lög um málefni fatlaðra eru tiltölulega ný. Ástæða kynni að vera til að gera eins konar úttekt á því hvernig þau lög hafa reynst og hvort ástæða sé til að ætla að þau megi bæta. Það er einnig vafasamt fyrirkomulag að ákvarðanir um byggingu nýrra stofnana eða heimila fyrir fatlaða og aldraða séu teknar án aðildar fjárveitingavaldsins þar sem ríkissjóði er síðan ætlað að taka við þessum stofnunum til rekstrar eftir að þær hafa verið byggðar.

Hæstv. heilbrmrh. hefur nú lagt fyrir Alþingi frv. til l. um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra, þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi hafi að verulegu leyti tök á úthlutun á fé til hjúkrunarheimila. Þetta tel ég til bóta og eru brtt. um ráðstöfun á fé til hjúkrunarheimila í brtt. n. byggðar á því að frv. þetta verði að lögum.

Ég tel ástæðu til að benda á í sambandi við 7. tölul. hversu mikilvægt það er að innan stjórnkerfisins fari ákvarðanir og ábyrgð saman. Ég tek sem dæmi ákvarðanir um að færa nám hjúkrunarnema á háskólastig. Í kjölfarið hefur fylgt önnur ákvörðun um að fella niður starfsskyldu hjúkrunarnema og ljósmæðranema á sjúkrahúsum. Ég skal ekki dæma um þessar ákvarðanir út af fyrir sig, en mér sýnast þær þó vera vafasamar. Á

hinn bóginn hefur þetta haft í för með sér að um leið og felld er niður starfsskylda þessara nema á sjúkrahúsunum hefur þurft að fjölga starfsliði heilbrigðisstofnana um alls 100 stöður. Þar af eru 34 stöður á næsta ári sem er lokaáfangi í þessari tilfærslu. Allt kostar þetta stóraukið fé og þó er sagan ekki öll sögð, því að samhliða gerist það að þessir nemar, sem í sjálfu sér eiga allt gott skilið, koma með sínar bækur og undir leiðsögn sinna kennara inn á sjúkrahúsin til þess að leitast við að sækja þangað einhverja verklega fræðslu og það án þess að bera nokkrar skyldur. Hér hafa ákvarðanir, sem teknar eru á vegum eins rn., orðið til þess að stórauka útgjöld í stofnunum á vegum allt annars rn. og valda þar miklum erfiðleikum.

Ég nefni ekki fleiri dæmi um ákvarðanir og ábyrgð til að sýna fram á hvað ég á við í þessum efnum. En mál af þessu tagi geta auðvitað átt verulegan þátt í því að auka útgjöld og erfiðleika í ríkiskerfinu.

Við þessa umr. flytur fjvn. margvíslegar till. um breytingar á fjárlagafrv. Þ. á m. eru tillögur um skiptingu fjármagns til allra helstu framkvæmdaliða frv., en einnig um mörg önnur mál. Mikils aðhalds hefur verið gætt við þessa tillögugerð. Þó er í till. að finna ýmsar leiðréttingar, sumpart vegna þess að þegar frv. var samið var ekki lokið athugun á einstökum stofnunum, sem upplýsingar lágu síðar skýrt fyrir um, og vegna tæknilegra erfiðleika af völdum prentaraverkfalls í haust er sums staðar í frv. ekki samræmi í tölum miðað við það sem stendur í texta grg. Eru allnokkrar leiðréttingar á frv. af þessum toga.

Tillögur n. við þessa umr. fela í sér aukin útgjöld um liðlega 231 millj. sem er rétt rúmlega 1% af heildarútgjöldum fjárlagafrv. Nefndin stendur að þessum till. sem heild. Þó hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar eftir venju óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Afgreiðsla mála er að sjálfsögðu, svo sem venja er til, fyrst og fremst á ábyrgð meiri hl. og minni hl. nefndar. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna munu skila séráliti um frv.

Í ýmsum tilvikum fela brtt. n. það í sér að leitast er við að gefa sem réttasta mynd í fjárlögum af nauðsynlegum útgjöldum einstakra stofnana til þess að styðja þá heildarstefnu núv. hæstv. fjmrh. að fjárlögin gefi sem réttasta heildarmynd af umfangi ríkisbúskaparins og um leið útgjöldum einstakra stofnana og ráðuneyta. Þessu fylgir alla jafna nauðsyn þess að hækka útgjöld á fjárlögunum sjálfum en losna við aukafjárveitingar og geta þá beitt fjárlögunum sem virku stjórntæki til sparnaðar og aðhalds svo sem nú er óhjákvæmilegt í ríkisrekstrinum fremur en nokkru sinni fyrr.

Til 3. umr. bíður eftir venju tekjuhlið frv. Einnig verða við þá umr. lagðar fram brtt. vegna nýrra verðlags- og launaforsendna sem ríkisstj. hefur ákveðið. Við 3. umr. munu einnig verða lagðar fram brtt. vegna uppfærslu á fjárfestingarliðum skv. ákvörðun ríkisstj., þ. e. vegna húsnæðismála, vegagerðar og þyrlukaupa. Enn fremur bíða 3. umr. tillögur n. varðandi B-hluta stofnanir, heimildir skv. 6. gr. og ýmis viðfangsefni, t. d. Vegagerð ríkisins, ríkisspítalar, stöðuheimildir á heilbrigðisstofnunum, Landhelgisgæslan, Hafrannsóknastofnun o. fl.

Tillögur n. birtast á þskj. 268 en í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 280 er einnig gefið ítarlegt yfirlit yfir þessar brtt. allar. Ég bið velvirðingar á því að inn í þessi þskj. bæði hafa slæðst villur sem oft endranær við prentun þessara þskj. í miklum önnum starfsliðs þingsins og prentsmiðju. En a. m. k. annað þessara þskj. mun verða prentað upp, þ. e. brtt. fjvn. Þrátt fyrir þær skýringar, sem fylgja með í þessum þskj. tel ég eigi að síður rétt eftir venju að flytja hér skýringar við þær brtt. sem birtast í þessum þskj. og vísast að öðru leyti til þeirra.

Embætti forseta Íslands: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 3 millj. og 200 þús. og verði 7 millj. 326 þús. Þessi hækkun skiptist þannig að liðurinn Opinberar heimsóknir hækkar um 1200 þús. og verður 1755 þús. og liðurinn Viðhald hækkar um 2 millj. og verður 3 millj. Ástand húsa á forsetasetrinu er með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að fara þar í allkostnaðarsamar viðhaldsframkvæmdir og er lagt til að þetta verði fyrsta fjárveitingin til þeirra viðhaldsaðgerða sem síðan verði fram haldið á næstu árum. Óviðunandi er að húsnæði á þessu virðulegasta heimili þjóðarinnar sé ekki haldið við þannig að sómasamlegt sé og við hæfi embættisins.

Alþingi: Liðurinn hækki alls um 10 millj. kr. sem skiptist þannig að skrifstofu- og alþingiskostnaður hækkar um 4 millj. kr. sem er aðallega vegna 1. áfanga í tölvuvæðingu Alþingis. Liðurinn Útgáfukostnaður Alþingistíðinda hækkar um 2 millj. 820 þús., Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka um 180 þús. og Norðurlandaráð hækki um 3 millj. kr. Er það m. a. vegna þess að Norðurlandaþing verður haldið í Reykjavík nú í vetur.

Ríkisstjórn: Lagt er til að laun hækki um 450 þús. vegna nýs aðstoðarmanns ráðh. í heilbrmrn.

Forsætisráðuneyti.

Þjóðhagsstofnun: Gjöld hækki alls um 1772 þús. kr. sem skiptist þannig að laun hækki um 576 þús. og önnur gjöld um 1196 þús., en á móti hækki sértekjur um 886 þús. kr. þannig að nettóhækkun á liðnum er 886 þús.

Menntamálaráðuneyti.

Háskóli Íslands: Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar: Launaliður hækki um 3.5 millj. vegna stundakennslu við skólann sem talin er óumflýjanleg. Aftur á móti lagði skólinn einnig áherslu á að fá heimild til ráðningar kennara til að hefja kennslu í útvegsfræðum. Fjvn. hefur mikinn skilning á þessu máli, en telur að á árinu 1985 þurfi að vinna að undirbúningi málsins m. a. með samræmingu og samstarfi við aðra skóla sem að fiskvinnslu og tækniþróun á þessu sviði vinna. Nefndin ætlar því ekki framlag í þetta verkefni á árinu 1985.

Lagt er til að önnur gjöld hækki um 2.2 millj. kr. og er það til stuðnings við almennan rekstur o. fl. í Háskólanum.

Í frv. eru 57 millj. kr. ætlaðar til viðhalds og stofnkostnaðar allra eigna skólans. Er þessi fjárhæð áætlaður hagnaður af Happdrætti Háskóla Íslands. Húsnæðismál skólans eru af yfirvöldum talin eitt brýnasta verkefnið til úrlausnar. Til þess að leysa yfirvofandi húsnæðiserfiðleika vegna uppsagnar á leiguhúsnæði frá og með hausti 1985 leggur nefndin til að veittar verði 10 millj. kr. til viðhalds svo rýmra verði um verklegar framkvæmdir, en tvær aðalframkvæmdir Háskólans eru nú nýbygging verkfræði- og raunvísindadeildar og nýbygging læknadeildar við Hringbraut.

Málefni Háskóla Íslands og þar með möguleikar skólans að rækja sitt hlutverk hafa komið til athugunar hjá fjvn. nokkrum sinnum á þessu hausti. Áður en Alþingi kom saman í okt. starfaði og undirnefnd fjvn.

að nokkrum völdum málefnum, þ. á m. málefnum Háskólans.

Skv. fjárlagafrv. nema heildarútgjöld Háskólans 1985 350 millj. 692 þús. kr., þar af er framlag úr ríkissjóði 278 millj. 236 þús. kr. Í skólanum eru nú skráðir stúdentar um 4250. Þetta jafngildir um 65 þús. kr. fjárveitingu á hvern stúdent. Til fróðleiks athugaði ég hvað hliðstæð fjárveiting væri í öðrum skólum. Í menntaskólum eru þetta 45 þús. kr. og í héraðsskólum 75 þús. kr. á hvern nemanda.

Að síðustu vil ég segja það um málefni Háskóla Íslands að þeirri hugmynd hefur verið skotið fram að fulltrúar til að mynda úr fjvn. og menntamálanefndum Alþingis, frá Háskóla Íslands og frá ráðuneytum settust á rökstóla og fjölluðu um málefni Háskólans. Það er vel við hæfi að hrinda þessu starfi úr vör eftir áramótin, ekki síst vegna þess að Háskólinn hefur látið vinna skýrslu um þróun skólans til næstu ára og á Alþingi hafa orðið umræður um það að háskóladeildir yrðu starfræktar á Akureyri. Nefndin styður þessa hugmynd og er tilbúin að leggja málinu lið.

Tilraunastöð Háskólans á Keldum: Lagt er til að liðurinn hækki um 500 þús. kr. sem skiptist þannig að laun hækka um 350 þús. vegna nýrrar stöðu fisksjúkdómafræðings og önnur gjöld hennar vegna um 250 þús. kr. Á móti eru hækkaðar sértekjur stofnunarinnar um 100 þús.

Raunvísindastofnun Háskólans: Liðurinn Eðlisfræðistofa hækkar úr 4 millj. 364 þús. í 4 millj. 642 þús. til að mæta auknum launakostnaði vegna starfrækslu massagreinis sem stofnunin hefur þegið að gjöf erlendis frá.

Orðabók Háskólans: Önnur gjöld hækki um 300 þús. kr. vegna reksturs tölvukerfis stofnunarinnar.

Menntaskólinn við Sund: Lagt er til að stofnkostnaður lækki um 11.2 millj. kr. og verði 400 þús. kr. Er þetta leiðrétting til samræmis við það sem greinir í texta grg. frv.

Menntaskólinn á Egilsstöðum: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. vegna hönnunar skólahúsnæðis.

Menntaskólinn í Kópavogi: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 4 millj. kr. sem ætlast er til að menntaskólinn greiði til grunnskóla í Kópavogi vegna yfirtöku menntaskólans á grunnskólahúsnæði. Verður þetta liður í því að standa við samning bæjarstjórnar Kópavogs og menntmrn. varðandi skipti á þessu húsnæði og ásamt öðrum fjárveitingum til grunnskóla í Kópavogi er að fullu staðið við þann samning.

Framhaldsskólar almennt: Lagt er til að liðurinn hækki um 30 þús. kr. sem notaðar verði til þess að ljúka könnun sem hófst á þessu ári á því hvort hagkvæmt sé að efna til fiskvinnsluskóla á Siglufirði.

Kennaraháskóli Íslands: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 4.3 millj. kr. sem skiptist þannig: laun hækki um 600 þús., viðhald hækki um 400 þús. sem er vegna Æfinga- og tilraunaskólans, lagt er til að stofnkostnaður hækki um 2 millj. og rekstrargjöld um 1300 þús.

Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 300 þús. kr.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 400 þús. kr. og verði 1 millj. sem ætluð er til tækjakaupa.

Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. og verði 1 millj. sem er vegna tækjakaupa.

Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 6.5 millj. kr. og verði 8.5 millj. kr. Hér er einnig um hreina leiðréttingu að ræða miðað við það sem segir í grg. frv.

Námsgagnastofnun: Lagt er til að önnur gjöld hækki um samtals 900 þús. kr. sem skiptist þannig að til Fræðslumyndasafns verði hækkun um 650 þús. og til liðarins Kennslumiðstöð verði hækkað um 250 þús. kr.

Tækniskóli Íslands: Lagt er til að laun hækki um 500 þús. og verði 21 millj. 698 þús. kr. Er þetta nauðsynleg hækkun til þess að unnt sé að standa við ákvörðun um að stofna nýja deild rekstrariðnfræði við skólann á næsta ári.–

Iðnskólinn í Reykjavík: Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Viðhald, sem verði 1800 þús. kr.

Iðnskólar almennt: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 800 þús. kr. og verði 4.5 millj. sem skiptist skv. sérstöku yfirliti á þskj. 268.

Húsmæðrakennaraskólar: Lagt er til að viðhald hækki um 1 millj. og verði 3 millj. kr., en þessum lið hefur ekki verið skipt. Rétt er að vekja athygli á því að þetta skólahúsnæði ríkisins er víða hvar í mjög mikilli niðurníðslu.

Héraðsskólar almennt: Lagt er til að gjöld hækki alls um 2.1 millj. kr. sem skiptist með eftirfarandi hætti: Viðhald hækki um 600 þús. kr. og verði 3 millj., stofnkostnaður hækki um 1.5 millj. og verði 9.5 millj. kr. Sundurliðun á stofnkostnaðarfé birtist á sérstöku yfirliti á þskj. 268.

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 16 millj. 368 þús. og verði 116 millj. 368 þús. Sundurliðun kemur fram í brtt. nefndarinnar á þskj. 268.

Heyrnleysingjaskólinn: Lagt er til að viðhald hækki um 270 þús. og verði 445 þús.

Dagvistarheimili: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 4 millj. 901 þús. Sundurliðun kemur fram í brtt. n. á þskj. 268.

Náms- og fræðimenn, framlög: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 2 millj. kr. sem skiptist þannig að Styrkur til útgáfustarfa hækki um 1 millj. og liðurinn Stúdentagarðar, viðhald hækki um 1 millj. og verði 6.5 millj. Er þá ætlast til að unnt sé að ná hagkvæmum verkáfanga í viðhaldi stúdentagarðanna og auka hagkvæmni þeirrar stofnunar í framtíðinni.

Landsbókasafn: Lagt er til að laun hækki um 100 þús. kr.

Listasafn Íslands: Lagt er til að gjöld hækki um 1265 þús. sem skýrist með því að Önnur gjöld hækki um 1 millj. kr., en Sértekjur lækki um 265 þús. kr.

Blindrabókasafn Íslands: Lagt er til að gjöld hækki alls um 1 millj. 244 þús. sem skiptist þannig á gjaldaliði að lagt er til að laun hækki um 380 þús., önnur gjöld um 700 þús., en sértekjur 164 þús. verða felldar niður úr frv. Stofnunin hefur ekki treyst sér til þess að innheimta sértekjur af starfsemi sinni.

Listskreytingasjóður ríkisins: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 2.7 millj. og verði 3.7 millj. Hér er um hreina leiðréttingu að ræða á útgjöldum frv. miðað við það sem segir í texta í grg. en ekki kom fram í tölum frv.

Listir, framlög: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 6 millj. og 210 þús. sem skiptist þannig: Til Leikfélags

Reykjavíkur verði hækkað um 1 millj. kr. og verði 4.2 millj. Til Leikfélags Akureyrar verði einnig hækkuð framlög um 1 millj. og verði 3.7 millj. Liðurinn Leiklistarstarfsemi hækki einnig um 1 millj. og verði 3.8 millj. Liðurinn Bandalag ísl. leikfélaga hækki um 100 þús. og verði 500 þús. Liðurinn Önnur leiklistarstarfsemi lækki um 1.1 millj. og verði 1.4 millj. Liðurinn Leiklistarráð hækki um 10 þús. og verði 100 þús. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Alþýðuleikhúsið, er verði 1500 þús. Lagt er til að liðurinn Tónlistarstarfsemi, styrkir hækki um 800 þús. og verði 1.8 millj.

Lagt er til að liðurinn Myndlistarskólar falli niður. Teknir verði upp nýir liðir: Félag ísl. myndlistarmanna er verði 500 þús., Myndlistarskólinn í Reykjavík er verði 1 millj. kr. og Myndlistarskólinn á Akureyri er fái 1.6 millj. kr.

Lista- og menningarmál ýmis: Liðurinn verði hækkaður úr 1.8 millj. kr. í 2.4 millj.

Vísindaleg starfsemi, styrkir: Lagt er til að liðurinn Vísinda- og fræðistörf hækki um 100 þús. kr. og verði 350 þús. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur er verði 500 þús. kr.

Bygging íþróttamannvirkja: Lagt er til að liðurinn hækki um 1 millj. 360 þús. og verði 31 millj. 360 þús. kr. Vísað er til sundurliðunar sem birtist á þskj. 268.

Æskulýðsmál: Lagt er til að liðurinn Æskulýðsráð ríkisins hækki um 100 þús. og verði 600 þús. Þá er lagt til að liðurinn Æskulýðssamband Íslands hækki um 20 þús. og verði 140 þús. Liðurinn Ungmennafélag Íslands hækki um 1400 þús. og verði 4.2 millj. Þá er lagt til að liðurinn Bandalag ísl. skáta hækki um 160 þús. og verði 500 þús. Lagt er til að Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns hækki um 40 þús. og verði 130 þús. Lagt er til að íslenskir ungtemplarar fái hækkun sem nemur 30 þús. og verði 160 þús. Starfsemi KFUM og KFUK: Lagt er til að liðurinn hækki um 80 þús. og verði 280. Lagt er til að liðurinn Alþjóðaár æskunnar hækki um 100 þús. og verði 750 þús.

Ýmis íþróttamál: Lagt er til að liðurinn Íþróttamál fatlaðra hækki um 175 þús. kr. og verði 850 þús. Liðurinn Farkennsla í íþróttum hækki um 30 þús. og verði 75 þús. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, þrekþjálfun ungmenna 1985 200 þús. kr. Hér er um að ræða samstarfsverkefni á vegum Evrópulanda sem efnt er til af hálfu Evrópuráðsins. Lagt er til að liðurinn Skáksamband Íslands hækki um 80 þús. kr. og verði 210 þús. Þess má geta að Skáksamband Íslands verður 60 ára á næsta ári. Liðurinn Alþjóðaskákmót, styrkir hækki um 30 þús. og verði 160 þús.

Húsfriðun, byggða- og minjasöfn: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 1587 þús. kr. og verði skipt af fjvn. með sérstöku yfirliti. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Torfusamtökin 700 þús. kr., og er þar um lokagreiðslu að ræða til þessara samtaka.

Liðurinn 999, Ýmislegt: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 1300 þús. kr. Vísað er um skiptingu til brtt. nefndarinnar á þskj. 268. Þó má geta þess að liðurinn Landssamband hjálparsveita skáta hækkar um 150 þús. og verður 700 þús. kr. Liðurinn Landakotsskóli, rekstrarstyrkur hækkar um 160 þús. og verður 1 millj. Liðurinn Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur hækkar um 120 þús. og verður 1200 þús. Enn fremur er lagt til að inn verði tekinn nýr liður, Viðhald á Hlíðardalsskóla, sem verði 300 þús. kr. Að öðru leyti vísast til skiptingar á þskj. 268.

Utanríkisráðuneyti.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Lagt er til að gjöld hækki um 7.5 millj. kr. og verði 20.5 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að hægt verði að standa við þau verkefni sem Ísland hefur gert samkomulag um við aðrar þjóðir.

Landbúnaðarráðuneyti.

Jarðeignir ríkisins: Lagt er til að gjöld hækki um 1200 þús. kr. og verði 6 millj. 105 þús. Er þetta til að standa straum af lögákveðnum greiðslum vegna ábúðarskipta á jörðum.

Jarðasjóður: Lagt er til að gjöld hækki um 470 þús. og verði 900 þús.

Búnaðarfélag Íslands: Lagt er til að gjöld hækki um 370 þús. og stafar þessi hækkun af því að tekinn er upp nýr liður, Landþurrkun, sem verður 370 þús. kr. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti á þskj. 268. Þessi liður var felldur niður í frv. til fjárlaga, en hefur verið inni á fjárlögum í fjölda ára.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum: Lagt er til að laun hækki um 2 millj. 240 þús. Er þetta gert til þess að hægt sé að standa við ákvæði laganna að fullu um laun allt að 60 starfsmanna við þessa þjónustu.

Skógrækt ríkisins: Lagt er til að liðurinn hækki um 800 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig: Liðurinn Eignakaup hækkar um 500 þús. kr., Tilraunir með rótarskóga um 50 þús. kr. og framlög til nytjaskóga hækki um 250 þús. kr.

Veiðimálaskrifstofan: Til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 1350 þús. kr. sem skiptist þannig að 850 þús. gangi til endurgreiðslu lána vegna borunarframkvæmda í Kollafirði, en 500 þús. kr. til kaupa á súrefnistæki til stöðvarinnar.

Landgræðslu- og landverndaráætlun: Liðurinn hækkar alls um 19 millj. 694 þús. kr. og verður 37 millj. 694 þús. Um skiptingu á þessu fé vísast til brtt. nefndarinnar á þskj. 268. Með þessari hækkun framlagsins er staðið við ályktun Alþingis frá 1982, en sú ályktun byggðist á tillögum nefndar sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og frá landbrn.

Bændaskólinn á Hvanneyri: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 1 millj. 550 þús. sem skiptist þannig að viðhald hækkar um 650 þús., en stofnkostnaður um 900 þús. og er það til byggingar loðdýrahúss.

Bændaskólinn á Hólum: Liðurinn hækkar alls um 2 millj. kr. Lagt er til að liðurinn laun hækki um 500 þús. kr. vegna starfsmanns við loðdýrabú og skrifstofumanns, en stofnkostnaður hækki um 1 millj. 500 þús. kr. til að ljúka byggingu starfsmannaíbúða.

Garðyrkjuskóli ríkisins: Lagt er til að viðhald gróðurhúsa hækki um 400 þús. kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Ríkismat sjávarafurða: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 4 millj. 283 þús. kr. Þar af hækki laun um 4 millj. 592 þús. og önnur gjöld um 6 millj. 209 þús. Sértekjur verði hins vegar hækkaðar á móti um 6 millj. 518 þús. Þessi stofnun hefur verið til sérstakrar athugunar, m. a. hjá hagsýslustofnun ríkisins, og er talið að með þessum hækkunum komist hún á raunhæfan grundvöll þannig að ætla megi að bæði tekjur og gjöld verði í samræmi við fjárlög.

Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að gjöld hækki um 2.5 millj. kr. vegna liðarins Sjóvinnukennsla sem hækkar úr 500 þús. kr. í 3 millj. Hér er um að ræða samstarfsverkefni þriggja stofnana, Fiskifélags Íslands, líffræðideildar Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar. Gert er ráð fyrir að verja þessu fé þannig að 1 millj. kr. gangi til stofnkostnaðar við kaup á 15 tonna bát, en 1.5 millj. er fyrirhugað að nota til reksturs á þessum báti til sjóvinnukennslu og grunnsævisrannsókna á vegum þessara samstarfsaðila.

Dómsmálaráðuneyti.

Sýslumaður og bæjarfógeti, Selfossi: Lagt er til að laun hækki um 350 þús. og verði alls 20 millj. 373 þús. Hér er um leiðréttingu að ræða til þess að taka inn einn starfsmann við embættið sem fallið hafði niður í sambandi við endurskoðun þess nú á þessu ári.

Rétt er að vekja athygli á því að embætti sýslumanna og bæjarfógeta hafa verið til sérstakrar athugunar fyrir gerð þessara fjárlaga og í fjárlagafrv. eru þessi embætti *sett á, að því er talið er, raunhæfan grundvöll*, þannig að þau geti haldið starfsemi sinni gangandi miðað við fjárlagaáætlun og haldið henni aðskildri frá innheimtu embættanna sem skilist þá jafnóðum til ríkissjóðs.

Dómsmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að gjöld hækki um 25 þús. kr. vegna liðarins Orator, almenn lögfræðiaðstoð sem hækkar í 80 þús. kr.

Biskup Íslands: Lagt er til að gjöld hækki alls um 300 þús. kr. vegna viðfangsefnisins Æskulýðsstarfs sem hækkar í 2 millj. 156 þús. og er gert ráð fyrir stöðu æskulýðsfulltrúa á Austurlandi.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar: Önnur gjöld hækki um 150 þús. kr.

Prestaköll og prófastsdæmi: Lagt er til að liðurinn Byggingar á prestssetrum hækki um 1.5 millj. og verði 5.5 millj.

Ýmis kirkjuleg málefni: Lagt er til að liðurinn hækki um 699 þús. Um skiptingu á einstaka liði vísast til brtt. nefndarinnar á þskj. 268.

Félagsmálaráðuneyti.

Vatnsveitur: Lagt er til að liðurinn hækki um 3 millj. kr. og verði 8 millj. sem er þó lægra en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Málefni fatlaðra: Lagt er til að gjöld hækki um 400 þús. kr. vegna þess að nýr liður, Starfsþjálfun, verður tekinn upp.

Málefni fatlaðra í Reykjavík: Lagt er til að gjöld hækki um 747 þús. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Verndaður vinnustaður.

Málefni fatlaðra á Vesturlandi: Lagt er til að gjöld hækki um 789 þús. er skiptist þannig að tekinn er upp nýr liður, Verndaður vinnustaður, með fjárveitingu nettó upp á 537 þús. kr. og liðurinn Sambýli á Akranesi hækki um 252 þús. kr., en þar er um mikla erfiðleika að ræða í sambandi við vistun tiltekinna einstaklinga.

Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra: Lagt er til að gjöld hækki um 4 millj. 68 þús. Hækkun þessi stafar af því að tekinn er upp nýr liður, Sumarbúðir í Botni, með *fjárveitingu upp á* 900 þús. kr. Liðurinn Svæðisstjórn hækkar um 380 þús. og sértekjur á liðnum Vendaður vinnustaður Hrísalundi lækki um 2 millj. 788 þús. kr. Þar er um hreina leiðréttingu að ræða vegna mistaka í prentun eða setningu frv.

Málefni fatlaðra á Austurlandi: Lagt er til að gjöld hækki um 700 þús. kr. vegna liðarins Sambýli á Egilsstöðum og er þetta hækkun á launalið vegna þess m. a. að þar hefur verið tekinn inn til vistunar sérstaklega erfiður einstaklingur.

Málefni fatlaðra á Suðurlandi: Lagt er til að liðurinn Svæðisstjórn hækki um 283 þús. kr.

Liðurinn 999, félagsmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að gjöld hækki um 2.9 millj. kr. Um skiptingu á einstaka liði vísast til brtt. nefndarinnar á þskj. 268.

Landlæknir: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Lagt er til að laun hækki um 500 þús. kr. sem stafar af því að landlæknir er í frii og settur landlæknir hefur þurft að taka sér aðstoðarmann.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 150 þús. kr. vegna hækkunar á húsaleigu.

Sjúkrahús og læknisbústaðir: Lagt er til að stofnkostnaður hækki alls um 22.1 millj. kr. sem skiptist þannig að liðurinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknabústaða hækki um 3.1 millj. og verði 103.1 millj. kr.

Tekinn verði upp nýr liður, Hjúkrunarheimili aldraðra, og verði hann 14 millj. kr. og er sú úthlutun í samræmi við frv. sem lagt hefur verið fyrir Alþingi af hæstv. heilbr.- og trmrh. þar sem gert er ráð fyrir að hluti af því fé sem áður hefur verið úthlutað af stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra verði nú úthlutað af Alþingi.

Í þriðja lagi er nýr liður, Sjúkrahús St. Franciskusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur 5 millj. kr. Að öðru leyti vísast til sundurliðunar í brtt. nefndarinnar á þskj. 268.

St. Jósefsspítali, Landakoti: Lagt er til að launaliður hækki um 920 þús. kr., verði 193 millj. 722 þús., og er hér um hreina leiðréttingu að ræða.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Lagt er til að stofnkostnaður hækki úr 5.5 millj. í 21 millj. kr. sem skýrist af því að framlag til stofnkostnaðar sjúkrahússins er nú flutt af liðnum Sjúkrahús og læknisbústaðir og fært á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem er sérstakur liður í fjárlögum.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækkar samtals um 5 millj. Um skiptingu á þessu fé vísast til brtt. n. á þskj. 268. Þess má geta að inn á þennan lið koma þrír nýir liðir, þ. e. Kvartananefnd með 100 þús., liðurinn Útbreiðsla atvinnusjúkdóma 250 þús. og Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál með 500 þús. kr.

Bindindisstarfsemi: Lagt er til að liðurinn Stórstúka Íslands hækki um 75 þús. kr. og verði 400 þús. kr.

Skólar heilbrigðisstétta: Lagt er til að gjöld hækki um 713 þús. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Ljósmæðraskóli Íslands. Hér er um að ræða tilfærslu frá liðnum Ríkisspítalar, þjónustudeildir þannig að breyting þessi leiðir ekki til hækkunar á frv.

Vitastofnun Íslands: Samgönguráðuneyti. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 4.2 millj. kr., en hér er um leiðréttingar á frv. að ræða.

Hafnamál: Lagt er til að gjöld hækki alls um 28 millj. 525 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: Liðurinn Ferjubryggjur hækkar um 300 þús. kr. og verður 3.3 millj. Liðurinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækkar um 14 millj. kr. og verður 69 millj. kr. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti á þskj. 268. Liðurinn Landshafnir, endurgreiðslur lána hækkar um 10 millj. kr. og verður 13.9 millj. Liðurinn Landshöfnin á Rifi hækkar

um 1.5 millj. og verður 3 millj. og liðurinn Sjóvarnargarðar hækkar um 2 millj. 725 þús. kr. og verður 9 millj. 725 þús. kr. Rétt er að vekja athygli á því að inn á þennan lið færast 1375 þús. kr. af fé landgræðslu- og landverndaráætlunar þannig að liðurinn Sjóvarnargarðar verður í heild 11.1 millj. kr. Sundurliðun birtist í sérstöku yfirliti á þskj. 268.

Sjóslysanefnd: Lagt er til að gjöld hækki um 130 þús. kr. sem skiptist á tvo nýja liði, Hönnun björgunarbúnaðar Sigmunds Jóhannssonar 80 þús. kr. og Björgunarnetið Markús, fræðslukvikmynd 50 þús. kr.

Flugmálastjórn: Lagt er til að gjöld hækki um 6 millj. kr. vegna hækkunar á liðnum Flugvellir, framkvæmdir er verði þá samtals 61 millj. kr. Sundurliðun yfir fé til framkvæmda í flugvöllum birtist á sérstöku yfirliti á þskj. 268.

Ýmis framlög: Lagt er til að gjöld hækki um 200 þús. kr. sem skiptist þannig að lagt er til að liðurinn Fræðsluefni um öryggismál sjómanna hækki um 50 þús. kr. og verði 400 þús. og liðurinn Flugbjörgunarsveitir hækki um 150 þús. og verði 600 þús. kr.

Veðurstofa Íslands: Lagt er til að gjöld hækki alls um 5 millj. 842 þús. kr. og er þar um verulegar leiðréttingar að ræða og eru þær leiðréttingar til komnar eftir sérstaka athugun sem gerð hefur verið í meðferð fjárlagafrv., m. a. af fjárlaga- og hagsýslustofnun ríkisins. Skipting þessa fjármagns á einstaka liði kemur fram á sérstöku yfirliti í brtt. n. á þskj. 268.

Fyrirtæki og stofnanir, framlög: Iðnaðarráðuneyti. Lagt er til að gjöld hækki um 4 millj. 500 þús. kr. og er það vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Gert er ráð fyrir að þetta fé renni til sérstaks samstarfsverkefnis við utanrrn. og Iðnþróunarsjóð til að standa straum af kostnaði við stöðu viðskiptafulltrúa í New York og Færeyjum. Er gert ráð fyrir að hér sé um að ræða eins árs verkefni til reynslu sem síðan framlengist í tvö ár ef talið er að það gefi jákvæðan árangur.

Iðja og iðnaður, framlög: Lagt er til að gjöld hækki um 2 millj. kr. og skiptist hækkunin þannig, að liðurinn Iðnsaga Íslands hækkar um 1.5 millj. og verður 2 millj. Hér er um hreina leiðréttingu að ræða til samræmis við það sem segir í texta grg. frv. Reiknað er með að hér sé um að ræða verkefni er taki allt að fimm til sex ár. Þá er einnig tekinn upp nýr liður, Kynning á íslenskum iðnaðarvörum, og er lagt til að til hans verði varið 500 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir brtt. fjvn. við frv. til fjárlaga við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns færa meðnefndarmönnum mínum, starfsmanni fjvn., hagsýslustjóra og hans fólki þakkir fyrir gott samstarf og sérstaklega formanni n., hv. 1. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni, fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Það hefur farið að þessu sinni eins og oft áður að tími n. til að ljúka störfum fyrir 2. umr. hefur reynst æði knappur. Í raun og veru taka viðtöl og afgreiðsla einstakra erinda meiri tíma en svo að fjvn.-menn fái það tóm sem þyrfti til að meta fjárlagafrv. sem heild og þá stefnu sem þar er mótuð í ríkisfjármálum sem eru einn veigamesti þáttur ríkisbúskaparins. Þegar það bætist síðan á ofan að einn aðalþáttur málsins, lánsfjáráætlun ríkisins, hefur ekki komið fyrir augu þm., a. m. k. ekki stjórnarandstöðuþingmanna, þá er í raun enginn grundvöllur til að fjalla um þessi mál sem skyldi. Fjölmörg veigamikil málefni eru enn óafgreidd hjá n. Má þar nefna tekjuhlið, vegamál og B-hluta stofnanir, þ. m. t. Lánasjóður íslenskra námsmanna, lánsfjáráætlun byggingarsjóðanna og framkvæmdir við ríkisspítala.

Á meðan ekki liggur fyrir hvaða afstöðu ríkisstjórnarflokkarnir taka til afgreiðslu þessara málaflokka tel ég ekki ástæðu eða efni til að ræða um þá. Þessi málefni koma til umr. innan fjvn. fyrir 3. umr.

Varðandi þær brtt. sem fjvn. flytur sameiginlega er rétt að taka fram að við sem skipum minni hl. n., fulltrúar Alþb., Alþfl., BJ og SK, höfum óbundnar hendur um afstöðu til einstakra till. og höfum áskilið okkur rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Í till. n. um framlög til verklegra framkvæmda felst verulegur niðurskurður að raungildi. Í því efni hefur meiri hl. n. ákvarðað till. um heildarupphæðir til hvers framkvæmdaþáttar, en minni hl. n. að venju tekið þátt í skiptingu þessa afmarkaða fjár. Um þessar till. gildir sami fyrirvari af hálfu minni hl. n. og ég nefndi áðan.

Ríkisstjórnarflokkarnir afgreiddu fyrstu fjárlög sín fyrir ári, og þeir sem að þeirri fjárlagagerð stóðu töldu sjálfum sér og a. m. k. Morgunblaðinu trú um að þar hefði verið unnið af fullkomnu raunsæi og áður óþekktri nákvæmni. Raunverulegur rekstrarkostnaður samkvæmt ríkisreikningi hefði verið lagður til grundvallar ákvörðun um einstaka útgjaldaliði og ekkert gæti því á vantað. Hæstv. fjmrh. taldi jafnvel að framvegis kæmi ekki til aukafjárveitinga. Þær heyrðu til liðinni tíð. Hann kærði sig ekki um að sitja við að semja ný fjárlög fyrir líðandi ár. Alþingi hefði lokið því að ákvarða endanlega alla útgjaldaliði ársins 1984 um jólaleytið í fyrra. Í Morgunblaðinu var skrifað um tímamót í fjárlagagerð, loks hefðu verið samþykkt fullkomlega raunhæf fjárlög.

Enda þótt stjórnarandstaðan hefði bent á það við afgreiðslu fjárlaga að ýmislegt væri vantalið þar af útgjaldaliðum kom það mörgum á óvart að ekki var liðið nema ríflega þinghléið eftir jólin þegar reynslan sjálf afhjúpaði sjálfsblekkingu stjórnarinnar við afgreiðslu núgildandi fjárlaga. Þá var leitt í ljós að rúmlega 2000 millj. kr. vantaði upp á að endar næðu saman. Og jafnvel Morgunblaðið spurði hvernig slíkt mætti gerast eftir að sérstakri nákvæmni og einstöku raunsæi við gerð fjárlaganna hefði verið svo vandlega lýst fyrir alþjóð fyrir svo örskömmum tíma.

Ekki síst var undrunin mikil vegna þess að upplýst var um leið að ytri aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar væru betri en spáð hafði verið við gerð fjárlaganna. Ríkisstjórnarflokkarnir snerust ráðvilltir hring eftir hring í fjárlagagatinu mikla vikum saman og fundu svo þá lausn sem þeim er jafnan nærtækust, þ. e. fyrst og fremst nýjar erlendar lántökur og nokkurn niðurskurð, einkum framkvæmdaliði. Til að stoppa upp í götin í fjárlögum og lánsfjáráætlun voru því samþykktar enn nýjar erlendar lántökur. Fyrsta fjárlagaár ríkisstj. er ríkissjóði bjargað með stórauknum erlendum lántökum og tekjum sem eiga rætur í 3500 millj. kr. viðskiptahalla sem var áætlaður 100 millj. kr. í þjóðhagsáætlun um þetta leyti í fyrra. Þessi viðskiptahalli er borinn uppi af erlendri skuldasöfnun. Erlend lán þjóðarinnar hafa

aukist nettó á þessu ári um 3055 millj. kr., miðað við gengið áður en það var fellt nú á dögunum, og vaxtagjöld þjóðarinnar á næsta ári til útlendinga nema um 7000 millj. kr. eða um 150 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Í stað þess að draga úr erlendri skuldasöfnun eins og fyrirheitin í stjórnarsáttmála ríkisstj. fjalla um eru skuldir þjóðarinnar erlendis nú komnar yfir þau 60% mörk miðað við þjóðarframleiðslu sem hæstv. fjmrh. hét þjóðinni hátíðlega að mundu þýða afsögn ríkisstj.

Það er áreiðanlegt að þjóðin umbæri betur en hún gerir svikin fyrirheit ríkisstj. um að draga úr skuldasöfnun erlendis ef hæstv. fjmrh. sæi um það að þær vanefndir yrðu til þess, eins og hann lofaði, að hæstv. ríkisstj. hætti þessu stjórnarbasli sem hún ræður ekkert við. Því að í stað þess að hafa stjórn á málum berst hún eins og rekald undan straumum og vindi.

Það er sérstaklega tekið fram í grg. með fjárlagafrv. að forsenda þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peninga- og fjármálum hins opinbera sé að fjallað verði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á Alþingi samtímis fjárlagafrv. Þegar ljóst er að ríkisstj. hefur algerlega brugðist því hlutverki að móta haldbæra stefnu í peningamálum og efnahagsmálum almennt og allt veður á súðum skuldasöfnunar og upplausnar á málefnum ríkissjóðs og grundvallaratvinnuveganna þá er þess ekki að vænta að úr rætist þegar eins fer um þetta fyrirheit um nauðsynleg vinnubrögð sem öll önnur. Fjvn. hefur nú fjallað um fjárlagafrv. í tvo mánuði án þess að nm. eða fjh.- og viðskn. hafi séð stafkrók af lánsfjáráætlun fyrir næsta ár. Auk þess hefur ríkisstj. nú kollvarpað framlagðri þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985 með því að grípa til sérstakra hefndarráðstafana í gengismálum í þeim tilgangi að hirða til baka þann litla ávinning launafólks sem verkalýðssamtökin og atvinnurekendur sömdu um þar sem nokkuð var dregið úr þeirri fjórðungsskerðingu á kaupmætti launa sem ríkisstj. hefur staðið fyrir á valdaferli sínum.

Þegar þannig er staðið að málum á öllum sviðum er naumast ástæða til að undrast þótt almenningur í landinu hafi misst alla trú á að ríkisstj. reynist fær um að ráða við þann vanda sem hún er búin að koma efnahags- og atvinnumálunum í. Enda er nú svo komið að jafnvel formaður Sjálfstfl. kærir sig ekki einu sinni lengur um að taka sæti í ríkisstj. Hann hefur af eðlilegum ástæðum misst alla löngun til þess.

Eins og ég áður nefndi var ekki langt liðið frá síðustu áramótum þegar raunveruleikinn svipti blekkingarhulunni af upploginni glæsimynd síðustu fjárlagagerðar. Þegar tekið er tillit til þess að Morgunblaðið var látið taka þátt í að vegsama hin nákvæmu og raunhæfu fjárlög með fjálglegum orðum um jólaleytið í fyrra og varð svo að birta fregnina um fjárlagagatið mikla þá eru skiljanleg sárindi ritstjóra blaðsins vegna þessarar meðferðar í leiðara 5. des. s. l., en hann hefst með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er samdóma álit þeirra, sem fylgjast með þróun stjórnmála, að farið hafi að halla undan fæti hjá ríkisstj. á fyrstu mánuðum þessa árs þegar í ljós kom að verulegur halli yrði á rekstri ríkissjóðs árið 1984 þrátt fyrir yfirlýsingar um hið gagnstæða við gerð fjárlaga fyrir réttu ári og heitstrengingar þá um að betur væri um hnúta búið við fjárlagagerð en oftast áður. Fjárlagagatið, sem tók margar vikur að fylla á útmánuðum, varð til þess að rýra traust manna á ríkisstj. Hitt bætti ekki úr skák, hve það tók langan tíma fyrir stjórnarflokkana að finna málamiðlunarlausn."

Og síðar í leiðaranum segir Morgunblaðið, og vill nú hafa vaðið fyrir neðan sig, með leyfi hæstv. forseta:

„Flest bendir til þess að sagan frá því á útmánuðum sé að endurtaka sig. Það er ekki nægilega markvisst unnið að því að ná endum saman í fjárlagadæminu."

Þetta eru orð að sönnu því að allt bendir til þess að við endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár verði enn lengra á milli endanna en í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram. Leiðarinn endar svo á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan af fjárlagagatinu á fyrstu mánuðum þessa árs hlýtur að vera víti til varnaðar." Það er svo líklega ekki tilviljun að ritstjórar Morgunblaðsins skilja eftir dálítið pláss fyrir stuttan leiðarabút sem heitir „Glæsilegur árangur í handbolta", þar sem rakinn er frábær árangur landsliðsins í keppnisferð erlendis fyrir skemmstu. Þegar Morgunblaðið hefur rakið ófarir þm. stjórnarflokkanna við síðustu fjárlagagerð sem víti til varnaðar telur leiðarahöfundur sérstaka ástæðu til að minna á það í eins konar viðbótarleiðara að til eru þó þeir menn íslenskir sem vinna verk sín á þann veg að þjóðin þarf ekki að skammast sín fyrir.

Morgunblaðið bendir á 5. des. s. l. að stjórnarflokkarnir hafi nú fallið frá því markmiði sem þeir settu í september s. l. haust, hallalausum fjárlögum á næsta ári. Forsrh. hafi varpað þessu fyrirheiti fyrir róða í stefnuræðu sinni 22. nóv. s. l. Síðan hefur þetta fráhvarf og uppgjöf frá fyrri stefnu verið enn áréttað með upplýsingum um að hallinn í fjárlagafrv. verði enn aukinn við afgreiðslu þess á Alþingi og auðvitað eykst erlend lántaka að sama skapi. Það segir til sín í þessum efnum að stjórnarflokkarnir hafa með lagasetningu afsalað ríkissjóði stórfelldum fjárhæðum með hvers kyns skattaívilnunum til eignamanna og gróðafyrirtækja. Til mótvægis voru greiðslur sjúklinga fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf auknar verulega og markvisst hefur, eins og segir í grg. fjárlagafrv., verið dregið úr framlögum til framkvæmdavekefna. Þegar slíkur niðurskurður félagslegra framkvæmda á sér stað ár eftir ár fer hann að koma æði hart niður hvarvetna í landinu og verður hluti af þeirri aðför sem ríkisstj. frjálshyggju- og markaðsstefnu gerir nú að byggð landsins og er þáttur í þeirri afleiðingu stjórnarstefnunnar að fólksstraumur liggur nú frá framleiðslusvæðunum úti á landsbyggðinni í þjónustustarfsemina hér á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurskurður fjárveitinga til verklegra framkvæmda á næsta ári er sá lang-harkalegasti sem framkvæmdur hefur verið. Er þó sá munur á ytri aðstæðum að árið 1983 og 1984 minnkuðu þjóðartekjur, 1983 um 3.7%, en 0.4% 1984. En í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er því spáð að þjóðartekjur aukist um 1.8%. Stjórnarflokkarnir hafa þó ákveðið að þá skuli niðurskurður til félagslegra framkvæmda verða meiri að raungildi en nokkru sinni hefur áður þekkst. Framlög til dagvistarheimila voru 20% hærri að raungildi árið 1983 en tillögur eru gerðar um nú af hálfu stjórnarflokkanna. Framlög til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru 32% hærri að raungildi árið 1983 og framlög til hafna voru 122% hærri að raungildi árið 1983 en áætlað er á næsta ári. Það er táknrænt fyrir hina nýju byggðastefnu, sem Framsfl. er nú að innleiða, að langmestur niðurskurður,

um 84.5 millj. kr. á verðlagi næstu fjárlaga frá þeirri upphæð sem veitt var á fjárlögum 1983, er í þeim framkvæmdaþætti, hafnarmálum, sem hefur að 96% farið til stuðnings sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Byggðasjóði eru síðan ætluð aðeins 30% af því framlagi sem lög ákveða. Það er við hæfi að þegar Framsfl. er að framkvæma sína nýju stefnu í byggðamálum þá heitir málgagn flokksins ekki lengur Tíminn heldur Nýi Tíminn.

Niðurskurði er beitt gegn félagslegum framkvæmdum á sama tíma og ýmsir rekstrarliðir bólgna út. Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga hækkuðu ýmsir rekstrarliðir mjög verulega, sumir um meira en 100%, vegna þess sérstaklega að þeir voru færðir upp til samræmis við niðurstöður ríkisreiknings. T. d. hækkuðu fjárveitingar til aðalskrifstofa rn. mjög mikið, fyrst og fremst af þessum sökum.

Ég tók sérstaklega fram við umr. um fjárlagafrv. þá að það hvarflaði ekki að mér að bera rekstrarliði úr fjárlögum 1983 saman við hliðstæðar tölur úr fjárlagafrv. fyrir árið 1984 án þess að taka tillit til þessa og halda því fram að ætlunin væri að auka reksturinn sem þessum mismun nam. Ég gat vel fallist á að þessi aðgerð ætti að bæta aðstöðu til aðhalds gegn útþenslu í rekstri. En hefur hún nýst til þess? Nú ættu breytingar á þessum liðum, sem þannig voru færðir upp, að hafa raunhæfa merkingu. En þessi bætta aðstaða til aðhalds virðist duga skammt. Framlög til aðalskrifstofa rn. og til aðalskrifstofu Hagstofunnar, ríkisendurskoðunar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar eiga að hækka verulega að raungildi á fjárlögum næsta árs, einstakar skrifstofur um allt að 35%. Vegin meðaltalshækkun nemur ríflega 10% að raungildi frá núgildandi fjárlögum. Í heild hækka útgjöld til þessara aðalskrifstofa úr ríflega 255 millj. kr. í ríflega 320 millj. í jafngildum krónum talið, eða um 35 millj. kr. að raungildi, en sú upphæð dygði til þess að tvöfalda framlög til dagvistarheimila á næstu fjárlögum.

Nefna má að framlög til Ríkismats sjávarafurða hækka úr 34.3 millj. kr. í 46.9 millj. skv. brtt. sem gerðar eru á fjárlagafrv., eða um nær 8 millj. kr. umfram verðlagshækkanir, þ. e. um 20% raungildishækkun frá árinu í ár.

Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var sérstaklega ákveðið að skerða launaliði um 2.5% og liðinn Önnur rekstrargjöld um 5% og til þess ætlast, eins og segir í grg. fjárlagafrv. í fyrra, að stofnanir og fyrirtæki leiti sparnaðar og hagræðingar í almennum rekstri. Um árangur þeirra sem með aðalstjórnina fara á aðalskrifstofum rn. ber fjárlagafrv. fyrir næsta ár órækast vitni, eins og ég hef þegar rakið. Þar hafa þessi fögru áform rokið út í veður og vind og útgjöld hækkað um 10% að raungildi. Það er því naumast við því að búast að öðrum stofnunum, sem hafa þessa stjórnendur sem fyrirmynd, hafi lánast að skerða útgjöld skv. fyrirmælum frá aðalskrifstofum rn. Þau gögn, sem lögð hafa verið fram í fjvn. skv. beiðni, benda ekki heldur til þess að árangur hafi orðið í þessum efnum. Ríkisspítalar vega þar hvað mest þar sem laun og önnur rekstrargjöld nema skv. núgildandi fjárlögum milli 1100 og 1200 millj. kr. Þar hefði slíkur niðurskurður skilað töluverðri upphæð en gögn sýna að í stað þess að launaútgjöld verði á þessu ári 2.5% lægri en verið hefði án niðurskurðar þá verði þau um 3—4% hærri en þau voru áætluð án þessarar sérstöku 2.5% lækkunar.

Á sama hátt sýna framlögð gögn að liðurinn Önnur rekstrargjöld verður í ár ekki 5% lægri en hann er áætlaður án þessa sérstaka niðurskurðar heldur um 8% hærri. Allt kemur þetta heim og saman við þá staðreynd að sé borin saman heildarsumma liðanna Önnur rekstrargjöld skv. ríkisreikningi árið 1983 og áætluð útgjöld skv. fjárlagafrv. fyrir næsta ár á sama verðlagi, þ. e. meðalverðlagi 1983, þá hækka þessi rekstrargjöld úr 1572 millj. kr. 1983 í 1743 millj. kr. á næsta ári, eða um 11% að raungildi, en það nemur um 240 millj. kr. á verðlagi næsta árs. Þó að einhverju kunni að muna um tilfærslur á minni háttar viðhaldi yfir á liðinn Önnur rekstrargjöld á næsta ári þá er sýnt að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækkar að raungildi. Á móti þessari tilfærslu, sem ég nefndi, koma svo þær hækkanir á liðunum sem gerðar eru í meðförum Alþingis við afgreiðslu fjárlagafrv. Jafnframt má hafa í huga í þessu sambandi að heildarútgjöld ríkissjóðs hækka að raungildi á næsta ári skv. fjárlagafrv. miðað við áætlaðar niðurstöðutölur í ár.

Því hefur verið haldið fram að um raunverulegan samdrátt sé að ræða í ríkisrekstrinum. Þá er jafnan gripið til þess ráðs að miða við tekjur ríkisins og litið fram hjá því að fjárlög eru afgreidd með halla, þ. e. án þess að tekjur dugi fyrir þeim útgjöldum sem eru hin raunverulegu umsvif í ríkisrekstrinum. Með því er verið að velta umframeyðslunni yfir á þá sem taka við. Það var nákvæmlega það sem gerðist þegar Sjálfstfl. lét af stjórn ríkisfjármála 1978 eftir fjögurra ára skuldasöfnun sem næsti fjmrh. varð að afla tekna fyrir umfram tekjuöflun sem þurfti til að greiða það sem raunverulega var eytt á því tímabili.

Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir að þjóðarframleiðsla hafi dregist saman og þrátt fyrir að framlög til verklegra framkvæmda hafi verið skert mjög verulega, m. a. með tilvísun til samdráttar í þjóðartekjum, og þrátt fyrir að raungildi launa ríkisstarfsmanna hafi verið skorið niður um fjórðung á tímabili núv. ríkisstj. og launaútgjöld nemi ríflega 25% af öllum útgjöldum A-hluta fjárlaga, þá hafa heildarútgjöld ríkisins ekki dregist saman að raungildi, þvert á móti. Í töflu í nál. minni hl. fjvn. um heildarútgjöld ríkissjóðs á árunum 1972—1985, en þau eru færð á sama verðlag, verðlag ársins 1983, kemur fram að útgjöld ríkissjóðs munu skv. fjárlagafrv. og þeim brtt. við það sem þegar liggja fyrir aukast um 4% að raungildi á næsta ári og verða hærri en á nokkru öðru þessara ára að undanskildu árinu 1983, sem var þó að verulegu leyti útgjaldaár núv. stjórnarflokka en að öðru leyti ekki sambærilegt við önnur ár í þessari töflu vegna sérstakra fjármagnstilfærslna sem námu 1 milljarði 66 millj. kr. En þau komu til vegna þess að yfirtaka á byggðalínum var bókfærð á ríkissjóð á því ári, svo og að bókfært var skuldauppgjör vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Áætlað er að heildarútgjöld ríkisins í ár nemi um 19 500 millj. kr., en skv. nýjum verðlags- og launaforsendum að viðbættum brtt. fjvn. verði þau um 25 500 millj. kr. á næsta ári.

Þessi hækkun útgjalda ríkissjóðs á næsta ári miðað við nýjustu áætlanir um útkomuna í ár nemur að raungildi 1200 millj. kr. Ríflega helmingi hennar verður velt áfram með nýjum lántökum sem öðrum en núv. stjórnvöldum er svo ætlað að greiða síðar. Sagan endurtekur sig frá fjármálastjórn Sjálfstfl. 1974—1978.

Þessi raunhækkun útgjalda á næsta ári, þrátt fyrir niðurskurð framlaga til verklegra framkvæmda, nemur eins og ég sagði 1200 millj. kr. og er meir en þreföld sú fjárveiting sem er samanlagt áætluð á næsta ári til byggingar grunnskóla, hafnarframkvæmda, dagvistarheimila, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Fjárlagaafgreiðslan nú staðfestir að ekkert af meginmarkmiðum stjórnarflokkanna við afgreiðslu núgildandi fjárlaga hefur náðst. Þar má nefna að lögð var áhersla á að þjóðartekjur yrðu látnar nægja fyrir útgjöldum. Í september s. l. áréttuðu stjórnarflokkarnir þetta markmið en við fjárlagaafgreiðsluna nú er horfið frá þessum heitstrengingum með því að gera ráð fyrir verulegum rekstrarhalla á ríkissjóði á næsta ári.

Annað aðalmarkmiðið tengdist hinu fyrra, þ. e. að stöðva skuldasöfnun erlendis. Hæstv. fjmrh. nefndi sérstaklega ákveðið hámark á heildarskuldum þjóðarinnar, 60% af vergri þjóðarframleiðslu, sem spurningu um líf eða dauða ríkisstj. Þetta mark hafa stjórnvöld nú þegar yfirstigið og hæstv. fjmrh. er enn að efna til nýrrar erlendrar skuldasöfnunar með afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni, enda þótt í þjóðhagsáætlun sé gert ráð fyrir aukningu þjóðartekna um 1.8%. Þegar þjóðarframleiðsla dregst saman eins og í ár eru erlendar skuldir auknar miklu meira en samdrættinum nemur og þegar þjóðarframleiðsla er talin munu aukast á næsta ári er efnt til enn nýrra erlendra skulda eigi að síður.

Samdráttur þjóðarframleiðslu á árinu 1984 um 1% jafngildir 670 millj. kr. En þeir stjórnendur, sem ætluðu að draga úr skuldasöfnun erlendis, juku skuldir þjóðarinnar á sama tíma um 4.5 sinnum hærri upphæð, eða um 3055 millj. kr. Þrátt fyrir áætlaða hækkun þjóðartekna á næsta ári er ljóst, skv. yfirliti sem sett er upp skv. framsetningu Aþjóðagjaldeyrissjóðsins á sama grundvelli fyrir árið 1984—1985, að gert er ráð fyrir að erlendar lántökur ríkissjóðs á næsta ári hækki svo verulega að þær verði 75.9% hærri nettó en á þessu ári.

Ríkissjóður er því rekinn með erlendum lántökum. Þetta staðfesti formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, skv. heimild blaðsins Íslendings 16. ágúst s. l. en þar er haft eftir formanni Sjálfstfl., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta skipti voru tekin erlend lán í beinan rekstur ríkissjóðs sem hefur valdið mismunun milli atvinnugreina, uppsveiflu í þjónustu og verslun og byggingariðnaði en kemur niður á sjávarútveginum.“

Og síðar er haft eftir hv. þm., með leyfi hæstv. forseta:

„Samhliða aðgerðum í peningamálum verður að gera gangskör að því við undirbúning fjárlaga að tryggja að útgjöld ríkissjóðs verði ekki meiri en tekjurnar. Annars er viðbúið að þessi tilraun til að ná jafnvægi í efnahagsmálum fari út um þúfur ef lán eru tekin til rekstrarútgjalda ríkissjóðs.“

Við endurskoðun gjalda- og lánahreyfinga ríkissjóðs vegna nýrra verðlags- og launaforsendna var um miðjan nóvembermánuð s. l. áætlað að rekstrarhalli ríkissjóðs yrði um 1 millj. kr. á dag á næsta ári. Mánuði síðar er talið að hallinn geti orðið tvöfalt hærri og erlendar lántökur aukist þá að sama skapi. Þegar höfð eru í huga ummæli formanns Sjálfstfl. um nauðsynlegar forsendur við afgreiðslu fjárlaga og hvernig til tekst nú þá er það skiljanlegt, sem haft er eftir hv. þm. í Dagblaðinu-Vísi í fyrradag, að nú komi ekki lengur til greina að hann taki sæti í ríkisstj.

Þriðja meginmarkmið stjórnarsinna var að ná jöfnuði í viðskiptum og þjónustu við útlönd. Algjör uppgjöf gagnvart þessu markmiði og 3500 millj. kr. viðskiptahalli sem afleiðing af því er sá grundvöllur sem hæstv. fjmrh. byggir rekstur ríkissjóðs á í ár, ásamt erlendri skuldasöfnun, en viðskiptahallinn hefur reynst um 35 sinnum meiri en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun í fyrra. Það er því sama til hvaða markmiða stjórnarsinna er litið, alls staðar blasir við skipbrot stjórnarstefnunnar.

Stefna stjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár er í samræmi við annað í þeirri frjálshyggju og markaðsstefnu sem ríkisstj. hefur verið að knýja fram s. l. 1½ ár. Þessi stefna hefur, eins og fram kom í þeim ummælum formanns Sjálfstfl. sem ég vitnaði áður til, valdið mismun milli atvinnugreina, uppsveiflu í þjónustu og verslun og byggingariðnaði en komið niður á sjávarúvegi. Allir gera sér ljóst hverjar afleiðingarnar eru á jafnvægi í byggð landsins. Uppsveiflan og gróðasöfnun er hér á höfuðborgarsvæðinu. Frumframleiðslustaðirnir utan þessa svæðis gjalda þessarar stefnu og fólksflóttinn utan af landsbyggðinni vex. Það er e. t. v. dálítið kaldhæðnislegt, en rétt eigi að síður, að einu raunverulegu áhrifin af stjórnarstefnunni sem geta hamlað gegn eyðingu byggðar úti á landi eru þau að þessi andbyggðastefna Sjálfstfl. og framsóknar gerir íbúðir þessa fólks sem býr þar svo verðlausar að eigendunum er í ýmsum tilvikum nauðugur einn kosturinn að sitja um kyrrt.

Hv. 6. þm. Norðurl. v. Guðmundur Bjarnason sagði við 1. umr. um. fjárlög 27. nóv. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Uppbygging hefur orðið geysileg á suðvesturhorninu. Skapast hefur mikið þensluástand á sama tíma og samdráttur hefur orðið úti um land svo að vart verður við unað. Í umr. um fjárlagafrv. á s. l. vetri nefndi ég einnig þetta ástand sem þá var farið að bera á. Því miður virðist sem svo að endurtaka megi nokkurn veginn það sem þá var sagt, því ekki hefur tekist að breyta um svo sem æskilegt hefði verið.“

Manni verður á að spyrja: Við hverju bjóst hv. þm.? Hefur hann ekki fylgst með ráðstöfunum þeirrar hæstv. ríkisstj. sem hann sjálfur styður? Við Alþb.-menn og ýmsir aðrir stjórnarandstæðingar bentum á óhjákvæmilegar afleiðingar af markvissri og yfirvegaðri stefnu stjórnarinnar í þessum efnum: Stórfelldar hernaðarframkvæmdir og flugstöðvarbyggingu í Keflavík, hvers kyns ívilnanir í skattamálum og verðlagsmálum í þágu gróðaliðs og fjármagnseigenda á höfuðborgarsvæðinu, samtímis því að félagslegar framkvæmdir úti á landsbyggðinni eru skornar niður. Peninga- og efnahagsstefna ríkisstj. er að murka niður frumframleiðsluatvinnuvegina í landinu þar sem allt eigið fjármagn er að hverfa.

Þegar menn, ári eftir afgreiðslu síðustu fjárlaga og eftir að ríkisstjórn frjálshyggju og markaðsstefnu hefur farið með völd í eitt og hálft ár, undrast það að eðlilegar afleiðingar þessarar stjórnarstefnu koma fram enn magnaðri en fyrir ári síðan er engu líkara en þessir menn hafi horft til himins allan þennan tíma og búist við úrbótum með breyttu skýjafari. Það stóð í leiðara Nýja Tímans hinn 26. okt. s. l. að frelsistal Eimreiðarhóps-

ins, stuttbuxnadeildar íhaldsins, hefði reynst þjóðinni dýrt, eins og þar sagði orðrétt. Þetta bendir til þess að þeir sem skrifa blað þeirra framsóknarmanna hafi áttað sig eitthvað betur á samhenginu í stjórnmálum en þeir gera í þingliði flokksins. Þessi staðhæfing blaðsins var þó ekki að öllu leyti nákvæm. Það stafar nefnilega ekki ýkja mikil hætta fyrir þjóðina af frelsishjali þeirra Eimreiðarpilta einu saman. Þeir hjöluðu fyrir alþingiskosningar 1979 án skaða fyrir aðra en Sjálfstfl. Frjálshyggjuhjalið reyndist ekki hættulegt og dýrt fyrir þjóðina alla, og þó einkum láglaunafólk til sjávar og sveita, fyrr en formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, tók að sér að gera þetta frjálshyggjuhjal að raunverulegri stjórnarstefnu í landinu undir forustu Framsfl.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir alla þá þakkargjörð sem hér hefur verið flutt af bæði hv. formanni fjvn. og hv. frsm. minni hlutans, bæði til minna meðnefndarmanna, hagsýslustarfsfólks alls og annarra þeirra sem unnið hafa að þessu og þá sérstaklega til formanns fjvn., hv. þm. Pálma Jónssonar, enda hans hlutverk ekki öfundsvert í því stjórnarkraðaki sem hann hefur átt aðild að undangengið eitt og hálft ár.

Ég held að það sé við hæfi að fara nú við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1985 örfáum orðum um stöðu atvinnulífsins og efnahagslífsins eins og það blasir við og öllum ætti að vera kunnugt. Það er ljóst, eins og raunar hefur komið fram nú þegar í þessari umr., að stjórnarstefnan hefur leitt til gífurlegra fólksflutninga utan af landsbyggðinni hingað á suðvesturhorn landsins. Ástæðan er sú að á þessu svæði hefur verið gífurleg fjármagnsþensla. Hér hefur uppbyggingin verið á fullu í milliliðastarfseminni, í byggingarstarfseminni. Skipafélögin, flugfélögin og þeir aðilar sem ekki sinna fyrst og fremst grundvallaratvinnugreinunum hafa allir blómgast á sama tíma og höfuðatvinnugreinar landsmanna eru nánast að líða undir lok.

Það hefur átt sér stað stórkostlegur vinnuaflsflutningur frá framleiðslugreinunum í milliliðastarfsemina og þjónustugreinarnar og ekki á það hvað síst við um bankakerfið í landinu. Kjaraskerðing hefur orðið meiri á þessu tímabili en nokkurn tíma um getur um áratuga skeið. Verðbólgan er á hraðri uppleið. Útgerð og fiskvinnsla hafa víða stöðvast og eru enn víðar að stöðvast. Atvinnuleysi blasir við í undirstöðuatvinnugreinum landsmanna á sama tíma og það blómgast öll milliliðastarfsemi, eins og ég benti á áðan.

Öll sú uppbygging eða meginparturinn af henni og öll sú spenna sem hér er að því er varðar fjármagn á þeim landshluta sem við nú erum á er fjármögnuð með erlendum lántökum. Það er ljóst, þegar nú er verið að ræða við 2. umr. fjárlög fyrir árið 1985, að það blasir við neyðarástand á hundruðum alþýðuheimila í þessu landi. Hin dauða hönd stjórnarstefnu íhalds og framsóknar leggst með æ meiri þunga á undirstöðuatvinnugreinar landsmanna og kreistir lífsmarkið úr þeim og því fólki sem við þær vinnur. Sú stefna veldur gífurlegum búsifjum þeim byggðarlögum og landshlutum sem byggja svo til einvörðungu allt mannlíf á auðæfum úr hafinu. Þessi mynd blasir við öllu fólki sem hana vill sjá nú þegar er verið að leggja síðustu hönd á fjárlög ársins 1985.

Eins og hér var vikið að af hv. þm. Geir Gunnarssyni var ein meginuppistaðan í málflutningi núverandi stjórnarliða við fjárlagagerð fyrir árið 1984 sú að þá væri verið að afgreiða raunhæfustu fjárlög sem gerð hefðu verið nánast allt frá upphafi. Það hefur líka komið fram að ekki var liðinn langur tími frá því að þessar fullyrðingar voru fram settar af meiri hl. hér á Alþingi þegar ljóst varð að það vantaði í fjárlög fyrir árið 1984 2.2 milljarða sem voru vantalin útgjöld við fjárlagagerðina. Þetta var stjórnarandstaðan margbúin að benda á, en því var frá vísað af hálfu stjórnarliða og talið hjóm eitt. Af þessu vantaði um 1900 millj. kr. vegna rekstrarhalla ríkissjóðs á árinu 1984. Heildarvöntun í fjárlagadæmið reyndist vera um 2.7 milljarðar á yfirstandandi ári og var það leyst með nýjum erlendum lántökum upp á röska 2 milljarða, þar af um 1200 millj. til ríkissjóðs sjálfs. Þannig fór um hina fyrstu sjóferð núv. hæstv. ríkisstj. að því er varðaði fjárlagagerðina og ríkisfjármálin fyrir árið 1984.

Hæstv. núv. forsrh. sagði undir lok stjórnartíma fyrrv. ríkisstj. að sú ríkisstj. hefði haldið atvinnuvegum landsmanna gangandi með lánum frá erlendum aðilum. Ég held það megi segja slíkt hið sama um núv. hæstv. ríkisstj. Það eru erlend lán sem fyrst og fremst halda ríkisbúskapnum á floti.

Það er athyglisvert, þegar við ræðum þessi mál, að innflutningur hefur numið um 5 milljörðum kr. meira en fjárlög gerðu ráð fyrir 1984, 5 milljörðum meira eða 15% meira að magni til en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna á s. l. hausti. Viðskiptahalli landsmanna er 3500 millj. í stað 100 millj. sem þjóðhagsspá gerði ráð fyrir yfir sama tímabil. Hér er um gífurlega miklar upphæðir að ræða og nánast ótrúlegt hvað Þjóðhagsstofnun skeikar í spádómum að því er þessa hluti varðar og eru þó þar taldir, og skal enga dul á það draga eða úr því draga, mjög vel hæfir starfsmenn hver á sínu sviði. Eigi að síður er staðreyndin að það er 3500 millj. kr. viðskiptahalli á árinu í ár í staðinn fyrir 100 millj. kr. spá hjá Þjóðhagsstofnun.

Þá er rétt að koma hér að því að það hefur lengi verið gagnrýnt, nánast af hverri þeirri stjórnarandstöðu sem verið hefur hér á Alþingi nokkuð mörg ár a. m. k., að lánsfjáráætlun skuli ekki liggja fyrir samhliða umfjöllun um fjárlagagerð. Í aths. með núv. fjárlagafrv. fyrir árið 1985 segir á bls. 217, með leyfi forseta:

„Fjallað verður um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á Alþingi samhliða fjárlagafrv., en það er forsenda þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peningamálum og fjármálum hins opinbera."

Ef við tökum þetta út úr og trúum grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er þetta eitt, að um lánsfjáráætlun sé fjallað samhliða fjárlagagerðinni, grundvöllur þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peningamálum og fjármálum hins opinbera. Sé þessu ekki framfylgt er um tómt mál að tala að móta heilsteypta stefnu í peningamálum. Nú blasir það við, þegar við horfum til þess að lánsfjáráætlun hefur ekki verið lögð fram og Alþingi ekkert um hana fjallað, að skv. eigin orðum þeirra sem skrifa grg. þessa fjárlagafrv. er nánast um pappírsgagn að ræða. A. m. k. er enga heildarstefnu hægt að móta í fjármálum ríkisins vegna þess að lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir.

Nú er ekkert nýtt að þetta gerist. Þetta hefur gerst hjá mörgum stjórnum. En ég dreg í efa að lánsfjáráætlun hafi nokkurn tíma verið jafnseint á ferð og nú. Um

það vil ég ekki fullyrða, en dreg mjög í efa að svo hafi verið. En með því að hún er ekki til umfjöllunar samhliða fjárlagafrv. segir ríkisstj. sjálf að hér verði ekki mótuð heildarstefna í peningamálum fyrir árið 1985 vegna þess að þarna skortir þetta á. Við skulum trúa því að ríkisstj. hafi meint þetta.

Það hefur einnig komið fram hér, en verður þó ekki nægilega oft undirstrikað, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984 og nú er aðhaldi og niðurskurði fyrst og fremst beitt gagnvart framlögum til félagslegra framkvæmda. Sú ákvörðun bitnar ekki hvað síst á landsbyggðinni og er hluti af þeirri ógnun sem markaðs- og frjálshyggjustefna ríkisstjórnarflokkanna er við jafnvægi í byggð landsins.

Þó að rakin hafi verið sú niðurskurðarpólitík sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að því er þessa þætti varðar vil ég ítreka þann þátt málsins. Framlög til dagvistarheimila voru um fimmtungi hærri að raungildi árið 1983 en nú er stefnt að við afgreiðslu fjárlaga. Framlög til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru um þriðjungi hærri að raungildi árið 1983 en nú er gert ráð fyrir og framlög til hafnarframkvæmda ríflega 120% hærri að raungildi en gert er ráð fyrir í því fjárlagafrv. sem við nú erum að ræða fyrir árið 1985. Og hvar skyldi það nú vera sem einna brýnust er þörfin á fjárveitingum í hinum ýmsu málaflokkum? Hún er vissulega víða brýn og það skal undirstrikað, en að framlög til hafnarframkvæmda á árinu 1985 skuli að raungildi vera um 120% lægri en þau voru 1983 er auðvitað hneyksli. Það er hneyksli að slíkt skuli gert, vitandi hversu gífurleg þörf er á því að byggja upp aðstöðu fyrir fiskiskipaflotann fyrst og fremst sem allt annað byggist á í þjóðfélaginu.

Þessu er hins vegar á annan veg farið með fjármunina þegar rekstrarútgjöld eru ákvörðuð. Við síðustu fjárlagaafgreiðslu voru m. a. útgjöld til aðalskrifstofu ráðuneytanna færð til samræmis við niðurstöður ríkisreikninga undangenginna ára. Átti það að veita betra færi til aðhalds. Reynslan gagnvart þessum rekstrarútgjöldum er þó sú að framlög til aðalskrifstofa og ráðuneyta, Hagstofu Íslands, ríkisendurskoðunar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar hækka um allt að 35.5% að meðaltali, um 10.1% að raungildi. Heildarútgjöld til þessara rekstrarliða hækka um 256.9 millj. í 321.1 eða um 35 millj. kr. að raungildi. Raungildishækkunin nemur ámóta hárri upphæð og ríkissjóður veitir til allra dagvistarheimila í landinu á næsta ári. Þarna er ekki um sams konar aðferð að ræða til aðhalds, sparnaðar og niðurskurðar og gætir gagnvart hinum þáttunum sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni.

Nú skal það viðurkennt fúslega að að því er þennan þátt varðar, rn. og annað slíkt, eru ýmsir vankantar á slíkum niðurskurði í einu vetfangi. Til þess þyrfti aðlögunartíma og nánast „sólarlagsákvæði“ til aðhalds í þessum efnum. En það á að gera þá. Það getur ekki gengið til lengdar a. m. k. á sama tíma og framlög til hinna ýmsu brýnu framkvæmda og málaflokka, dagvistunar, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, hafnarframkvæmda, flugvallabygginga og annars, eru skorin við trog ár eftir ár að ríkisgeirinn sjálfur taki til sín alltaf meira og meira af fjármagni, þveröfugt við það sem hann ætlar öðrum við að búa.

Eins og hv. þm. sjálfsagt muna var gert ráð fyrir því af hálfu hæstv. ríkisstj. að samdráttur yrði 2.5% á launaliðum og 5% á rekstrarliðum. Það er þó ljóst að þrátt fyrir þessi fyrirheit hefur þetta ekki tekist. Upplýsingar, sem lagðar hafa verið fram í fjvn., benda til að launaútgjöld ríkisspítalanna verði á þessu ári ekki 2.5% lægri en orðið hefði án sparnaðarmarkmiðanna, heldur 3—4% hærri og rekstrarútgjöld verði ekki 5% lægri, eins og gert var ráð fyrir, heldur um 8% hærri. Hér getur munað um 65 millj. kr. sem vissulega hefðu verið vel þegnar í ýmsa framkvæmdaliði sem naumt er skammtað til við afgreiðslu þess frv. sem við nú erum að ræða.

Ég tek undir með hv. þm. Pálma Jónssyni, formanni fjvn., að naumt er gefið á garða víða. En það á ekki við alls staðar. Það eru sumir, sem hafa fengið ríflega gefið, sem að mínu viti eru þess ekkert verðugri en ýmsir aðrir sem hafa leitað á náðir fjvn. og ríkisins til að fá leiðréttingu sinna mála.

Í samræmi við það sem sagt hefur verið um einstaka rekstrarliði sýna reikningar fyrri ára og áætlanir fyrir næsta ár að almenn rekstrarútgjöld eru í heild skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1985 11% hærri að raungildi en á árinu 1983. Þessi útgjöld hækka úr 1572 millj. kr. 1983 í 1743 1985, hvort tveggja reiknað á meðalverðlagi 1983. Þrátt fyrir samdrátt í þjóðarframleiðslu, niðurskurð framlaga til verklegra framkvæmda og fjórðungs niðurskurð á verðgildi launa ríkisstarfsmanna hafa heildarútgjöld ríkissjóðs ekki dregist saman að raungildi og verða á næsta ári meiri en á nokkru öðru ári að undanskildu árinu 1983. Þetta er ekki alveg í takt við þær ákvarðanir og þær fyrirskipanir sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið út öðrum aðilum í þjóðfélaginu til eftirbreytni. Ég a. m. k. fullyrði að með alþýðuheimilin í landinu hefur verið farið öðruvísi og á annan veg en hér er gert að því er varðar ríkissjóðsdæmið sjálft.

Nú er áætlað að heildarútgjöld ríkissjóðs nemi skv. nýjum verðlagsforsendum fyrir árið 1985 og að framlögðum þeim brtt. sem fjvn. hefur lagt fram fyrir 2. umr. um 25.5 milljörðum kr. og aukist um 29% frá raunútgjöldum á árinu 1984 á sama tíma og launaútgjöld og almennur rekstrarkostnaður eru talinn hækka um 24%. Ríkisstj. tekur til sín sem svarar 29% hækkun milli ára á sama tíma og hún ætlar öðrum, þ. á m. heimilunum í landinu, að búa við 24% hækkun.

Það hefði verið miklu þekkilegra og almennt betur við það unað hefði nú hæstv. ríkisstj. látið í þessum þætti jafnt yfir alla ganga en ekki tekið alltaf meira til sín, spennt bogann sín megin og seilst dýpra í vasa skattborgara þessa lands á sama tíma og með öðrum ráðstöfunum og á öðrum sviðum eru skert kjör almennings í landinu. En það er í þessu sem og mörgu öðru að það fer ekki alltaf saman það sem hæstv. ráðh., hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi ætlar öðrum við að búa og það sem þeir vilja sjálfir taka til sín og búa að. Hækkun heildarútgjalda ríkissjóðs á næsta ári umfram almenna verðhækkun jafngildir um 1200 millj. kr., sem er um þrefalt hærri upphæð en áætlað er að verja til byggingar grunnskóla, hafnarframkvæmda, dagvistarheimila, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á árinu 1985. Hér er um að ræða 1200 millj. sem hæstv. fjmrh. og ríkisstj. öll, meiri hl. hér á Alþingi, ætla sér að taka til ríkisins umfram almennar verðlagshækkanir sem þeir ætla öðrum við að búa. Og þessar 1200 millj., sem þeir ætla að taka með þessum hætti umfram alla aðra, jafngilda svo til allri upphæð sem ætluð er til framkvæmdaflokkanna sem hér voru upp

taldir, sem eru þó að verulegu leyti meginuppistaðan í beiðnum hinna ýmsu sveitarstjórnarmanna, sveitarfélaga vítt og breitt um landið og teljast hvað brýnust í uppbyggingu úti á landsbyggðinni.

Það er rétt að minna á það líka í þessu að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984, þ. e. yfirstandandi ár, var það sérstaklega tekið fram og margundirstrikað og ítrekað af málsvörum ríkisstj. hér á Alþingi að meginstefna ríkisstj. væri í fyrsta lagi að láta minnkandi þjóðartekjur nægja fyrir útgjöldum. Því hefur verið lýst hér hvort það stefnumið hefur náð fram að ganga. Það er síður en svo.

Í öðru lagi átti að hætta eyðsluskuldasöfnun erlendis. Hefur það verið gert? Ekki aldeilis. Meginuppbyggingin sem verið hefur á þessu svæði undangengna mánuði er fyrir erlenda fjármuni. Erlendar lántökur hafa verið látnar fjármagna þessa uppbyggingu, sem hér er, á sama tíma og sjávarútvegi, sem er grundvallaratvinnugrein landsmanna, liggur nánast öllum við gjaldþroti.

Í þriðja lagi átti að ná jöfnuði í viðskiptum og þjónustu við útlönd. Er það ekki í lagi? Ekki aldeilis. Það hefur trúlega sjaldnast verið meiri halli á viðskiptum við útlönd en einmitt nú.

Ekkert af þessum þremur markmiðum hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári, fyrir árið 1984, hefur því náð fram að ganga eða staðist. Þau eru öll hrunin sem spilaborg að því er þetta varðar. Og enn er ljóst við afgreiðslu þess frv. væntanlegra fjárlaga fyrir næsta ár sem við nú ræðum hér, að þar er stefnt að því að afgreiða fjárlög með verulegum halla þannig að enn blasir þessi mynd við okkur og ekkert skýrari að því er varðar jákvæðan árangur, sem menn eru að tala um, en áður var.

Heildarútgjöld ríkissjóðs hafa aldrei verið hærri að raungildi en þau eru áætluð á næsta ári. Á sama tíma og þjóðarframleiðsla hefur dregist saman um 1% á árinu 1984, en það jafngildir um 670 millj. kr., hafa erlend lán aukist um 3 milljarða 55 millj. kr. eða 4.5 sinnum meira en nemur samdrætti í þjóðarframleiðslu. Ekki er útlitið gott. Ég sé það á hv. formanni fjvn. að honum hrýs hugur við áframhaldi á sömu braut. Erlendar lántökur ríkissjóðs voru í fjárl. 1984 áætlaðar 1 milljarður 653 millj. kr. Vanáætlun útgjalda á fjárlögum var á s. l. vori mætt með stórfelldum nýjum erlendum lántökum og erlendar lántökur ríkissjóðs á næsta ári eru í fjárlagafrv. áætlaðar 2.6 milljarðar kr. Skv. framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á lántökum ríkissjóðs 1984 og 1985 á sama grundvelli bæði árin hækka erlendar lántökur ríkissjóðs um 75.9% á næsta ári. Svo eru menn að tala um hámark, 60% viðmiðun, sem að vísu er löngu hætt að minnast á af þeim sem það hafa mest gert. Það er því ljóst, þó að miklu fleiri orðum mætti um þetta fara, að nú stefna stjórnarflokkarnir að því að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár með 600—700 millj. kr. rekstrarhalla á ríkissjóði og auknum erlendum lántökum. Það er sú staðreynd sem menn nú standa frammi fyrir undir lok ársins og þegar verið er að ganga frá fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1985.

Viðskiptahalli verður, eins og áður hefur verið sagt, um 3.5 milljarðar á þessu ári í stað 100 millj. kr. í þjóðhagsspá. Það er því ljóst að fyrir árið 1985 sjáum við enn eina staðfestinguna á skipbroti stjórnarstefnunnar og hún blasir við hvarvetna í þjóðfélaginu.

Ég vil auk þessa fara örfáum orðum um nokkra aðra þætti fjárlagafrv. Það er alveg ljóst, og ég hygg að það dyljist engum að því er varðar t. d. húsnæðismálaþáttinn, að inn í það dæmi vantar a. m. k. 1½ milljarð á næsta ári sem ekki verður betur séð en hæstv. ríkisstj. ætli sér að taka að láni innanlands. Um þetta hefur að vísu ekki neitt sést skjallegt frá hæstv. ríkisstj. því að lánsfjáráætlun er ekki enn fram komin, þannig að menn vita ekki hvað þarna er verið um að tala stórar upphæðir í lántöku innanlands eða annars staðar frá, en ég hygg að það sé mikil bjartsýni og nær óraunsæi ef hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að hún fái verulegt fjármagn inn í húsnæðismálakerfið á næsta ári að láni á innlendum markaði. Ef ég man rétt var gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun yfirstandandi árs að það fengjust að láni frá lífeyrissjóðunum einhvers staðar á milli 500 og 600 millj. kr. í húsnæðismálakerfið. Af þessum 500—600 millj. hafa aðeins fengist 276 millj. núna, komið undir miðjan des., þannig að það er augljóst að þarna var langtum of reiknað með mögulegum lántökum hjá lífeyrissjóðunum á þessu ári. Einhvers staðar var hvíslað í eyra mitt að hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir að fá um 1100 millj. að láni frá lífeyrissjóðunum á árinu 1985 í húsnæðismálakerfið. Ég trúi því ekki að það sé nokkur hæstv. ráðh. svo blindur að hann geri ráð fyrir að þetta geti gerst. 500—600 millj. voru í lánsfjáráætlun í ár. Aðeins 270 af þeim koma til með að skila sér. Það hefur ekkert það gerst enn og ég sé ekki neitt í farvatninu sem kemur til með að breyta að því er þetta varðar á þann veg að þarna fáist verulega meira fjármagn á næsta ári úr þeirri átt, þannig að 1100 millj. kr. eru gersamlega út í hött.

Og þá kemur að hæstv. fjmrh. Það hefur verið mikið talað um að það ætti að lækka tekjuskatt einstaklinga um 600 millj. kr. Þessi ákvörðun er fram komin vegna áralangrar baráttu Alþfl. fyrir afnámi tekjuskatts af launatekjum í áföngum. Þetta var samþykkt á síðasta þingi eftir að þeir sjálfstæðismenn höfðu mannað sig upp í að þora að hafa skoðun hér á Alþingi á því máli, sem þeir höfðu á orði vítt og breitt um landið fyrir síðustu kosningar og oft áður. En í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 600 millj. kr. lækkun tekjuskatts. Nú vita allir sem vilja vita að söluskatturinn er eitt gatasigti frá upphafi til enda. Þar renna ótaldar milljónir ef ekki milljarðar í gegn án þess að það skili sér til ríkissjóðs, þess aðila sem á að fá það í hendur.

Það gerðist hér á Alþingi 13. nóv. s. l., og nú bið ég hæstv. fjmrh. allra vinsamlegast að hlusta, þegar var rætt um fsp. frá hv. þm. Gunnari G. Schram um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, að nokkur orðaskipti urðu milli mín og hæstv. fjmrh. þar sem ég gekk í skrokk á hæstv. ráðh. og vildi fá hans yfirlýsingu um hvort hér væri um að ræða hreina lækkun á tekjuskatti sem ekki yrði mætt með öðrum skattahækkunum eins og gefið er í skyn í fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. sagði þá, og nú bið ég menn að hlusta, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni“, segir hæstv. ráðh., „vil ég taka það fram að ég hef þegar látið gera svokallað módel að þessari umræddu skattalækkun upp á 600 millj. og í þeirri hugsmíð er ekki gert ráð fyrir að um tilfærslu skatta verði að ræða frá beinum sköttum yfir í söluskatt. Ég mun beita mér af alefli fyrir því að þessar 600 millj. verði skattalækkun, eins og dæmið hefur verið hugsað, en ekki tilfærsla á sköttum, eins og talað hefur verið

um.“

Hér tekur hæstv. ráðh. af öll tvímæli um að hér eigi að vera um 600 millj. kr. hreina skattalækkun að ræða, engar tilfærslur á sköttum. Nú veit ég ekki betur en búið sé að ákveða, ekki er nú held ég búið að samþykkja það hér á Alþingi, hækkun á söluskatti um 0.5%, þannig að mér sýnist annars vegar yfirlýsing hæstv. ráðh. um að hér verði um hreina lækkun að ræða og síðan hækkun á söluskatti stangast á. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. stæði við fyrri yfirlýsinguna um að 600 millj. verði hrein tekjuskattslækkun, en falli frá hinni um hækkun á söluskatti. (**Fjmrh.:** Líka endurgreiðslur til sjómanna?) Endurgreiðslur til sjómanna, segir hæstv. fjmrh. úr hliðarsal. Ég veit ekki til þess að þrátt fyrir gefnar yfirlýsingar ríkisstj. um að endurgreiða til sjávarútvegsins af uppsöfnuðum söluskatti hafi verið ætlaður til þess eyrir í fjárlagafrv., ekki eyrir, ekki það ég best veit. En það á sjálfsagt eftir að koma til umr.

Enn vil ég koma inn á eitt mál. Nú þarf ekki á það að minna að það er yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., ekki síst hæstv. fjmrh. og iðnaðar- og orkuráðh., að ríkið losi sig út úr atvinnurekstri, selji fyrirtæki. Eigi að síður er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. að ríkissjóður auki hlutafé í nokkrum fyrirtækjum, þ. á m. Áburðarverksmiðjunni og Steinullarverksmiðjunni. Hér er á ferðinni enn eitt dæmið um hvað hér stangast á yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj. og framkvæmdin. Í þessum þætti eins og svo mörgum öðrum held ég að stefnan hafi misst marks, það hefur a. m. k. verið slegið af, kannske í bili, en eigi að síður hefur stefnan beðið algert skipbrot á mörgum sviðum.

Ég veit ekki hversu mikið ég á að fara inn á ýmsa aðra þætti. Það eru þó kannske nokkur atriði sem ástæða er til að víkja örfáum orðum að. Ef við skoðum fjárlagafrv. eins og það var fram lagt og höfum til hliðsjónar lántökurnar hinum megin, sem taka á á næsta ári, er nokkuð ljóst að öll upphæðin til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum er fengin að láni. Öll æðri menntun og vísindastarfsemi er fjármögnuð með lánum. Allt samgöngukerfið er rekið með láni. Allir þessir þrír stóru liðir og raunar mætti bæta fleirum við verða reknir með lánsfé af hálfu hæstv. ríkisstj. á næsta ári. Ég sé ekki betur en lántökuupphæðirnar í A-hluta frv. samsvari samanlögðum tollgjöldum ríkissjóðs á næsta ári. Og vextir af öllum þessum lánum svara til upphæða sem nægðu til að reka allt vegakerfið í landinu. Þannig er nú íslenskt þjóðarbú komið, ekki bara vegna stjórnarstefnu hæstv. núv. ríkisstj. heldur ekkert síður vegna stjórnarstefnu fyrrv. hæstv. ríkisstj. því að hún á fullan þátt í því hvernig komið er í þjóðarbúinu.

Ég geri ráð fyrir að það hafi vakið athygli fleiri þm. en mín við yfirlestur frv., og þó sérstaklega greinargerðarinnar, að þar er gert ráð fyrir, eins og raunar oft áður, skerðingu hinna ýmsu lögbundnu framlaga til sjóða. Mér sýnist að hér sé um að ræða skerðingu á 21 sjóði sem skv. lögum ber að veita fjármagn til eins og viðkomandi lög segja, en eru skertir með bandormi sem væntanlega á eftir að sjá dagsins ljós áður en fjárlög verða afgreidd. Þetta sýnir bara óraunhæfni fjárlagagerðarinnar. Er vitlegt að vera með í gildi löggjöf sem kannske er ekki virt ár eftir ár? Er ekki nær að endurskoða þessi vinnubrögð og færa þá löggjöfina til samræmis við það sem hægt er að gera en ekki skerða sömu sjóðina ár eftir ár með endalausum bandormslögum hér á Alþingi vegna þess að viðkomandi ríkisstj. telur sig ekki geta staðið við löggjöf að því er varðar fjárveitingu til hinna ýmsu sjóða?

Í fjárlagafrv. má lesa undir liðnum Jarðeignir ríkisins framlög upp á 4 millj. 905 þús. Við þetta hefur bæst í meðförum fjvn. 1.2 millj. kr. Þetta er vegna jarðeigna ríkisins og ríkið er trúlega langstærsti jarðeigandi í landinu. Hér er um að ræða fjárveitingu af hálfu ríkisins til þessa þáttar upp á 6 millj. 105 þús. Þarna mun vera um að ræða 1000 jarðir sem ríkið á og þarf að leggja til 6 millj. 105 þús. Á móti þessu koma til baka 900 þús. kr., á móti 6.1 millj. af 1000 jörðum, þ. e. ríkið leggur til rösklega 5 millj. til þessara eigna sinna án þess að fá nokkuð upp í slíkt.

Ég held að það sé nauðsynlegt með þennan þátt eins og svo marga aðra að fara betur ofan í saumanna, endurskoða og endurskipuleggja. Það er ekkert vit í því að ríkið sé með þessum hætti að borga margar milljónir án þess að viðkomandi aðilar, sem á jörðunum eru og þær reka, skili ríkissjóði þokkalegum afgjöldum þannig að þetta verði þó a. m. k. léttari baggi á ríkinu.

Þá vil ég vekja athygli á, þó að það mál sé ekki útrætt af hálfu fjvn., vinnumálaþættinum undir félmrn., en eins og fjárlagafrv. er lagt fram er gert ráð fyrir að strika út fjárveitingar til hinna ýmsu þátta verkalýðshreyfingarinnar sem nema um 6 millj. 70 þús. kr. Gert er ráð fyrir að hætta að veita fjármuni til ýmissa þátta sem verkalýðshreyfingin hefur á undanförnum árum fengið fé til á fjárlögum og var hluti af samkomulagi sem verkalýðshreyfingin gerði við ríkisstjórnina 1979 eða 1980, svokölluðum félagsmálapakka. En með frv. eins og það er lagt fram er gert ráð fyrir að höggva á þá samtengingu sem þar náðist og þann samning þó óformlegur hafi verið.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því hvað hér er um að ræða. Það er í fyrsta lagi varðandi orlofsheimili verkalýðssamtakanna. Byggingarstyrkir hafa verið veittir til hinna fjölmörgu staða á landinu þar sem hreyfingin hefur verið að koma upp sumarbúðaaðstöðu fyrir sitt félagsfólk og ekki mun vera vanþörf á, eftir þær upplýsingar sem fram hafa komið, ekki síst frá hæstv. félmrh. hér í gær, um þá atvinnusjúkdóma sem þegar eru orðnir og verða kannske í vaxandi mæli hjá einstaklingum sem þarna eiga hlut að máli. Á fjárlögum ársins í ár voru þarna um 3 millj. 280 þús. Ekkert í fjárlagafrv. nú, ekki eyrir. Orlofsheimili BSRB: Á fjárlögum ársins í ár voru þar 1240 þús., en ekki eyrir í því fjárlagafrv. sem við nú ræðum. Iðnnemasamband Íslands, sem hefur verið styrkt lítillega í þrengingum þess, var með 50 þús. kr. fjárveitingu í ár, en ekki eyri í fjárlagafrv. Alþýðusamband Íslands vegna orlofsmála var með 270 þús. á fjárlögum í ár, ekkert í fjárlagafrv. Og Alþýðusamband Íslands vegna Norræna verkalýðsskólans í Genf var með 60 þús. á fjárlögum í ár, ekkert nú. Fræðslumál BSRB fengu 540 þús. á fjárlögum í ár, ekkert í fjárlagafrv. Og fræðslumál BHM, sem voru með 80 þús., fá ekkert nú. Fræðslumál annarra aðila, sem voru með 100 þús. kr. fjárveitingu á fjárlögum ársins í ár, fá ekkert. Upplýsingastarfsemi um kjaramál — ekki mun af veita að fá frekari upplýsingar um með hvaða hætti þeim málum hefur verið fyrir komið og hvað þar sé að sem fyrst og fremst þurfi að færa í betra form og bæta — fékk 150 þús. kr. á fjárlögum ársins í

ár, en fær ekkert í fjárlagafrv. Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi, sem er orðið þó nokkuð um og fer vaxandi og var með 300 þús. kr. fjárveitingu á fjárlögum ársins í ár, er ekki í frv.

Hér er um að ræða, eins og ég sagði áðan, rúmlega 6 millj. kr. sem eru teknar af verkalýðshreyfingunni og hinum ýmsu samtökum henni tengdri sem fengið hafa fjárveitingar undangengin ár, fjárveitingar sem voru hluti af samkomulagi í kjarasamningum og þar með félagsmálapakki, en á nú að svíkja um.

Það er rétt að hafa í huga í leiðinni og benda á öðrum til glöggvunar að svipað átti sér stað 1979 varðandi bændastéttina þegar lög voru sett um afleysingaþjónustu í sveitum. Ekkert er nema gott eitt um þá löggjöf að segja, en á sama tíma og verkalýðshreyfingin, sem gerði samkomulag á þessum tíma við þáv. ríkisstj., er svikin í fjárveitingum er þó bætt við á hinum liðnum, til afleysingaþjónustu í sveitum, ef ég man rétt níu starfsmönnum til að fullnægja því sem löggjafinn hafði lofað. Mér sýnist því að hæstv. ríkisstj. líti það ekki sömu augum hvort í hlut eigi bændur, sem alls góðs eru verðir, eða hvort í hlut eiga hinir almennu launþegar í fiskvinnslu, verkamenn, sjómenn eða aðrir. Þetta bið ég hæstv. fjmrh. allra vinsamlegast að hugleiða og formann fjvn., sem ég veit af persónulegum kynnum að er mjög sanngjarn, heiðarlegur, réttsýnn og vel gerður maður, ég bið hann að taka slíkt til gaumgæfilegrar athugunar með jákvæðu hugarfari.

Í síðasta lagi vil ég fara örfáum orðum um þátt sem ég — ja, ég veit ekki hvort nota má þau orð hér öllu lengur — lít mjög alvarlegum augum, en það er orkujöfnunargjaldið svokallaða. Það urðu að vísu nokkrar umr. í fyrradag við hæstv. iðnrh. þar um, en ekki mun veita af að knýja á enn frekar ef einhverjum árangri á þar að ná.

Eins og hv. þm. öllum er kunnugt er í gildi löggjöf um að veita sem nemur 1.5 söluskattsstigi til jöfnunar húshitunar í landinu. Það er staðreynd að andvirði þessa gjalds hefur ekki verið skilað til réttra aðila. Ríkisstj., bæði sú sem nú er og sú sem fyrir var, tóku ófrjálsri hendi fjármuni af þessum skattpeningum til þess að láta í aðra þætti en þeir áttu að fara til samkvæmt lögum. Nú er það svo að þetta 1.5% söluskattsstig mun gefa 750 millj. á árinu 1985 sem allar eiga að fara til lækkunar og jöfnunar á húshitunarkostnaði. Það verður ekki annað séð á frv. hæstv. ríkisstj. en að hún ætli sér einungis að láta 250 millj. af þessu. Hæstv. ríkisstj. ætlar sem sagt að taka ófrjálsri hendi — menn geta notað annað orð sterkara ef þeir vilja — um 500 millj. af því fjármagni sem á að fara til að lækka húshitunarkostnað og jafna. Það á að fara í annað, sjálfsagt ríkishítina sjálfa, vera örlítil uppfylling upp í gatið.

Ég hlýt að mótmæla harðlega þessari meðferð af hálfu hæstv. ríkisstj. og krefjast þess að staðið verði við að skila því fólki, sem ber þyngstar byrðar og er að sligast undan gífurlegum kostnaði við upphitun íbúðarhúsnæðis, fjármagni sem kemur inn vegna þessa gjalds, eins og það á rétt á. Það er m. a. sjálft búið að borga hluta í þessari skattlagningu. Ég vil ekki trúa því fyrr en ég tek á því að hæstv. iðnrh., sá gjörvulegi, sjái ekki svo um að öllum þessum fjármunum verði skilað til jöfnunar og lækkunar á húshitunarkostnaðinum. Um þetta verða að sjálfsögðu fluttar brtt. miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir, nema hæstv. iðnrh., ég tala nú ekki um hæstv. fjmrh. sem er enn virðulegri oft, sæi sér nú fært að lýsa því yfir að þessir peningar færu á þann stað sem lögin gera ráð fyrir að þeir eigi að fara.

Herra forseti. Ég er trúlega orðinn allt of langorður. Ég ætlaði ekki að tala svo lengi, en þar sem ég kem sjaldan hér í ræðustól líðst mér kannske að segja örfá orð til viðbótar.

Á þskj. 300 flytur þingflokkur Alþfl. allur eins og hann leggur sig brtt. við fjárlagafrv. Ég skal reyna að hafa ekki mjög langt mál um þær, en hér er um að ræða tilfærslu. Fyrst og fremst er um að ræða að við viljum ná inn meira fjármagni fyrir hæstv. fjmrh. til að spila út til hinnar ýmsu brýnu og nauðsynlegu starfsemi, en fella niður suma þá þætti sem við teljum óþarfa í ljósi þeirrar stefnu sem Alþfl. hefur boðað og haldið uppi merki fyrir mörg undanfarin ár að því er varðar landbúnaðinn og stjórnvöld eru sem betur fer í æ ríkara mæli að taka tillit til og mið af.

Á þskj. 300, sem brtt. eru á, er lagt til að við 3. gr., varðandi eignarskattinn, komi nýr liður sem er eignarskattsauki. Ég á ekki von á að það þurfi að hafa mörg orð til að kynna það fyrir hv. þm. hvað hér er um að ræða. Það hefur verið flutt till. til þál. um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára af þm. Alþfl. til þess gert að ná til fjármagns sem vitað er að er til í þjóðfélaginu, til hjá þeim einstaklingum sem hagnast hafa á verðbólgubáli undangenginna ára og hafa tekið þannig til sín fjármagn óverðskuldað. Við gerum till. um að á þessa einstaklinga verði lagður eignarskattsauki sem varið verði til að hjálpa því fólki sem nú er að berjast í bökkum ef ekki gefast upp við að koma yfir sig húsnæði eða að halda húsnæði sem það hefur með einhverjum hætti getað komið yfir sig. Hér er um 1 milljarð að ræða. Við viljum þannig auka skattlagningu á þeim sem vel eru staðir, vel geta það borið, hafa fengið fjármagnið í verðbólgufaraldri undanfarinna ára, hvort sem menn segja að það sé með réttu eða röngu, það verða menn að meta. Þannig viljum við ná af þeim aðilum í þjóðfélaginu fjármagni, sem geta vel látið það af hendi, og veita því til láglaunafólksins og þess fólks sem nú, kannske hundruðum ef ekki þúsundum saman, sér ekkert fram undan nema eymdina að því er varðar íbúðarhúsnæði sem það hefur staðið í og stendur í að koma yfir sig og sína. Þetta er meginmarkmiðið með fyrstu till. Ef menn vilja kynna sér réttmæti þessa vísa ég til þáltill. á þskj. 167, 162. máls. Ég á þó von á því að þessu verði kannske gerð frekari skil síðar í umr. verði þess talin þörf.

Í öðru lagi er breyting við 3. gr. varðandi skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Nú þarf enginn að fara í grafgötur um að hæstv. fjmrh., áhrifamaður í Verslunarráði Íslands, a. m. k. fyrr á árum, hefur talið að verslunin hafi ekki skilað eins og henni bar í þrengingum þjóðfélagsins. Að því er varðar að taka á sig byrðar þarf enginn að vera í vafa um að þessir aðilar geta skilað meiru. Við gerum því till. um að í staðinn fyrir 85 millj. tekjur til ríkissjóðs af skrifstofu- og verslunarhúsnæði komi 170.

Í þriðja lagi er brtt. við 3. gr. um skatta á innlánsstofnanir. Engum getur hafa dulist að peningastofnanirnar í þessu landi hafa blómstrað. Menn þurfa ekki annað en líta á næsta nágrenni, einhverjir peningar hafa verið þar til. Fyrir andvirði þess sem þar er búið að

gera hefði mátt byggja nokkuð margar íbúðir fyrir einstaklinga og fjölskyldur í þessu þjóðfélagi sem engin tök hafa á því að óbreyttu ástandi og nota það fé með betri hætti en leggja það í seðlabankabygginguna þó að hún verði trúlega afskaplega falleg þegar upp verður staðið. Við leggjum sem sagt til að hækka skatta á innlánsstofnanir úr 75 millj. í 150 og teljum þessa aðila ekkert of góða til að leggja eitthvað af mörkum til fólks sem er í mestum nauðum nú.

Síðan leggjum við til að komi nýr liður til tekjuauka fyrir ríkissjóð sem beri yfirskriftina Hagnaður af Seðlabanka. Reynt sé að ná til einhvers af þeim peningum sem þeir herrar virðast hafa nóg af og kunna, að því er best verður séð út á við, úr að spila. Við leggjum til að nýr liður verði tekinn inn merktur sem Hagnaður af Seðlabanka Íslands 90 millj. kr. Aukast þá peningar í sjóði hæstv. fjmrh. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hæstv. fjmrh. og stjórnarliðið hér á Alþingi, sem hefur reynt að berja það ofan í okkur hina að ekkert sé hægt að gera vegna fjárskorts, taki því ekki opnum örmun þegar heill þingflokkur jafnaðarmanna, vel settur og á mikilli uppleið svo ekki sé nú meira sagt, kemur færandi hendi sem stjórnarandstöðuflokkur til hæstv. ríkisstj. og leggur til aðferðir sem skila 1—2 milljörðum kr. í ríkiskassann til þess að gera ýmislegt gott.

Við erum að sjálfsögðu hér með fleiri till. 6. brtt. er við 4. gr. Forsrn., aðalskrifstofa, nýr liður. Til kjararannsókna, úttektar á tekjuskiptingu og launakjörum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að talin er gífurlega mikil þörf á því að gera skurk varðandi það að fá rétta mynd af tekjuskiptingu og launakjörum í þessu landi. Það getur vart vafist fyrir neinum að launakjör eru hér gífurlega misjöfn. Ég trúi ekki að nokkur sé í vafa um að slíkt sé. Launamisrétti er hér gífurlegt og það er full þörf á því, hefði að sjálfsögðu átt að vera búið miklu fyrr að gera gangskör að því og setja í það fjármagn og hæft fólk, að gera úttekt á þessum þætti og skila niðurstöðum sem allra fyrst til þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Við erum hér með till. í 7. liðnum til nýsköpunar í atvinnulífinu. Hér erum við að ráðstafa þeim auknu tekjum, sem við leggjum til að ríkissjóður fái með þeim brtt. sem við flytjum hér annars vegar varðandi eignarskattsaukann og síðan með söluskatti, til annarra hluta sem við teljum að þurfi að sinna betur en gert hefur verið. Við erum hér með till. um nýsköpun í atvinnulífinu: Til sérhæfingar í rafeindaiðnaði, í sjávarútvegi, fiskvinnslu og líftækni 400 millj.

8. brtt. er varðandi dagvistunarheimili, stofnkostnað. Þar komi 50 millj. í staðinn fyrir 30 millj. Um það þarf ekki að hafa mörg orð.

Við erum hér í níunda lagi með till. varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna, og taki menn nú eftir. Það mál sagði meiri hl. fjvn. að bíða skyldi til 3. umr., en okkur er svo brátt í Alþfl. að sýna fram á að það er nauðsyn á að taka til hendi, að vissu marki að vísu, í þessum þætti mála að við vekjum á því athygli að við svo búið megi ekki standa, þarna þurfi að koma til aukið fjármagn. Menn getur greint á um upphæðir. En við leggum til að í staðinn fyrir 481 millj. 241 þús. komi 601 millj. 276 þús. Segi menn svo að Alþfl. sé andvígur Lánasjóði ísl. námsmanna og öllum þeim sem að honum standa.

10. brtt. okkar er í sambandi við embætti veiðistjóra. Við gerum þar till. um almennan rekstur. Í staðinn fyrir 2 millj. 854 þús. komi 854 þús. Við teljum enga þörf á að hafa meiri fjárveitingu þar. Þarna er sparnaðurinn kominn, hæstv. fjmrh. Við erum bæði að gera till. til að auka fé sem hæstv. ráðh. hefði væntanlega úr að spila og skera niður fyrir hann á þeim liðum sem hann hefur ekki sjálfur treyst sér til að skera niður á. Við teljum að þarna sé nægilegt að hafa 854 þús.

Síðan kemur 11. brtt. í sambandi við jarðræktarframlögin. Að í staðinn fyrir 130, sem það er nú, komi 30 millj. Þetta er einn af þeim þáttum sem Alþfl. hefur lengi haldið fram að yrði að breyta. Það er vonlaust mál að halda landbúnaðarþættinum í nánast sömu fjötrum og honum hefur verið haldið í um áratugi. Það er ekki eðlilegt að hvetja bændur til jarðræktar, skurðgraftar, á sama tíma og talin er þörf á að draga úr framleiðslunni. En auðvitað verður að gera bændum kleift að snúa sér til annarra átta. Ég hef oft sagt að stefnan í landbúnaði hjá stjórnvöldum og Stéttarsambandi bænda, ekki skulum við gleyma því, sé slík að stór hluti bændastéttarinnar er á svipuðu stigi og sjómenn og verkamenn voru á þeim tíma þegar verkalýðshreyfingin var að stíga sín fyrstu spor hér á Íslandi. Margt af fólki í bændastétt er í kladda hjá kaupfélaginu. Það ræður nánast ferðinni í fjárhagsspurningunni fyrir bændafólk. Þetta er stefna sem Framsfl., Sjálfstfl. og forustusauðir bændanna sjálfra á hverjum tíma hafa viljað láta vera við lýði. Ég er viss um að mikill meiri hluti bændastéttarinnar í landinu er andvígur þessu. Það á að minnka milliliðastarfsemina þarna og færa meira fé í hendur framleiðandans sjálfs sem er bóndinn.

Í tólfta lagi er gerð till. í sambandi við búfjárrækt, framlög samkvæmt lögum nr. 31/1973. Þar gerum við ráð fyrir að liðurinn falli hreinlega niður. Einhvern tíma hefði því verið tekið opnum örmum að stjórnarandstöðuflokkur kæmi með svo djarfar till., en eigi að síður eðlilegar.

Í þrettánda lagi er till. um Byggingarsjóð ríkisins. Ég var búinn að fara nokkrum orðum um það mál áðan hvernig staðan væri þar. Við gerum ráð fyrir að þeim tekjuauka sem rennur í ríkissjóð skv. till. okkar verði varið á þann veg að láta Byggingarsjóð ríkisins hafa 1625 millj., muni ég rétt. Það er augljóst að heildarvöntunin í kerfið sem heild er um 1375 millj. kr. Byggingarsjóð verkamanna mun vanta a. m. k. 300 millj. kr. og Byggingarsjóð ríkisins um 1 milljarð 75 millj. Alþfl. leggur til að hér verði hækkað um 1473 millj. í báða sjóðina. Þá gerum við ráð fyrir því að hægt verði að standa við útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar bæði varðandi Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins. Það ætti svo að vera fagnaðarefni a. m. k. sumum stjórnarliðunum hér á Alþingi að síðan viljum við veita Búsetafélögunum fyrirgreiðslu sem enn hefur ekki verið gert af hálfu hæstv. ríkisstj. eða meiri hl. hér á Alþingi. Með þessu, sem er ekki hvað síst athyglisvert, er verið að draga verulega úr lántökuþörfinni því að við satt að segja efumst við mjög um þær hugmyndir sem á floti munu vera, þó ekki hafi sést á blaði hér innan dyra á Alþingi, að því er varðar fjármagnsútvegun til Byggingarsjóðs eða Húsnæðisstofnunar. T. d. er varðandi lífeyrissjóðina talað um 1100 millj. kr. Það er af og frá að á nokkru stigi sé raunhæft að ætla að það fjármagn fáist þaðan. Ég hygg að það sé hámark að gera ráð fyrir, það teljum við

Alþfl.-menn, að það muni skila sér 600 millj. t. d. frá lífeyrissjóðunum, það er algert hámark. Við teljum því miklu skynsamlegra að gera þetta með þessum hætti og teldum sóma Alþingis vel borgið með því. Verði haldið áfram á sömu braut og fyrrv. ríkisstj. lagði grundvöll að að því er varðar húsnæðismálakerfið og núv. hæstv. ríkisstj. hefur haldið áfram er augljóst að leiðir til gjaldþrots beggja þessara sjóða áður en langt um líður. Það þarf engan að undra sem kynnir sér hvernig þau mál standa.

Í 14. till., varðandi Byggingarsjóð verkamanna, er gert ráð fyrir að í staðinn fyrir 250 millj. komi 650. Allt er þetta í þeim dúr að auka möguleikana á því að standa við þær áætlanir sem uppi eru af hálfu stofnunarinnar á næsta ári og reyna að halda í horfinu miðað við það sem gerst hefur á undanförnum árum.

Í 15. lagi er þarna brtt. við 4. gr. 09-201, Ríkisskattstjóri. Þar komi nýr liður til aðgerða gegn skattsvikum skv. ályktun Alþingis frá 3. maí 1984. Það þarf trúlega ekki að minna hv. þm. á að það var samþykkt hér á Alþingi till. til þál. sem bar yfirskriftina Aðgerðir gegn skattsvikum. Þar er sagt í 6. lið, og það er rétt í sambandi við þessa brtt. að lesa, með leyfi forseta, 6. liðinn:

„Að fjölgað verði sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknarstjóra svo og á skattstofum. Veitt verði á fjárlögum nauðsynlegt fjármagn til að stórauka allt skatteftirlit og rannsókn skattsvika, sbr. 1.—5. tölul. Að því verði stefnt að hægt sé að taka til ítarlegrar rannsóknar a. m. k. 10% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri."

Hér er sem sagt vísað til þál. sem samþykkt var og ég veit ekki til að nein andmæli hafi komið gegn. Það er að okkar viti algjörlega ótækt að framkvæmdavaldið troði á þeim ákvörðunum sem koma frá löggjafarvaldinu og Alþingi. Þess vegna verður að koma framkvæmdavaldinu, hæstv. ríkisstj. og þeim sem henni eru næstir, í skilning um að framkvæmdavaldinu ber skylda til að taka tillit til þeirra ákvarðana og samþykkta sem hér eru gerðar og sjá til þess að þær nái fram að ganga. Ef fjárveitingar vantar til þess, verði um það að sjá.

Ég sé að ég hef gleymt einni till. Það er 5. brtt. Sú brtt. er í sambandi við söluskattinn. Nú er ljóst og hefur verið upplýst hér á Alþingi að söluskattkerfið er gatasigti til botns og skilar mjög litlu af því sem það á að skila ríkissjóði. Þá eru auk þess í gildi margar heimildir til niðurfellingar á söluskatti. Einhvern tíma sá ég í svari hæstv. fjmrh., held ég, að það gæti verið um að ræða, ef allt þetta yrði fellt niður, 8 milljarða kr. En ekki erum við nú endilega að taka mark á því. Það kann vel að vera að það sé rétt, en við viljum vera aðeins neðar. Það er raunsæi. Nú erum við ekki að tala um að leggja söluskatt á matvæli. Það er rétt að taka það sérstaklega fram að við erum með engar slíkar hugmyndir uppi, að söluskattur verði lagður á matvæli. En við gerum ráð fyrir því, og afskaplega er nú vægt í sakir farið, að með niðurfellingu á ýmsum undanþágum megi ná til ríkissjóðs a. m. k. um 750 millj. kr. til viðbótar því sem nú er og gerum till. þar um. Við höfum að vísu ekki, því er nú verr, valdið til þess að framkvæma þetta, sem við að sjálfsögðu gerðum værum við í aðstöðu til þess, en við treystum á að réttsýnir menn, séu þeir finnanlegir í því kerfi sem ræður, komi þessu til skila þannig að við getum náð a. m. k. 750 millj. meira til ríkissjóðs í gegnum söluskattskerfið en hann þó skilar nú. Ég er alveg sannfærður um það, og ég veit að það eru margir sem eru mér sammála þar um, að hér mætti ganga miklu lengra. Í mínum huga er það nánast orðið hneyksli hversu mikið týnist af söluskattinum sem á að skilast í ríkissjóð. Það verður með einhverjum hætti, þó að ég hafi þar enga patentlausn á, að finna ráð til að koma í veg fyrir að svo mikið týnist af söluskattinum sem raun ber vitni.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Sumum finnst kannske nægilegt í bili. Ég veit ekki hvort ég þarf að koma upp aftur, en verði eitthvert tilefni verður það að sjálfsögðu gert.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er dokað við til þess að það sé meiri hluti þm. á þingfundi. Það er meiri hl. þingmanna í þinghúsinu. Þeir eru ekki ámælisverðir sem eru mættir heldur hinir sem eru í húsinu og hirða ekki um að koma á fund. Það verður dokað við og þess freistað að þeir komi. (**Gripið fram í:** En ráðherrarnir?)

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 304, 306 og 308, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka samstarfsfólki mínu í fjvn., ritara og svo starfsfólki fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Þegar mælt var fyrir frv. til fjárlaga á s. l. ári var það talið raunhæft aðhalds- og sparnaðarfrv. af hæstv. ríkisstj. Annað kom á daginn fljótlega eftir að frv. varð að lögum. Það vantaði hvorki meira né minna en 2200 millj. til að endar ríkisfjármálanna næðu saman. Þetta er dágóð fjárupphæð sem mundi nægja til að byggja fjögur útvarpshús sambærileg við það sem nú er í byggingu, en flestum finnst nóg um stærð þess og íburð. Mestum hluta þessarar fjárvöntunar var mætt með erlendri lántöku, enda fokið í flest skjól á innlendum lánamarkaði.

Í frv. til fjárlaga sem hér er til umr. segir í aths. að það sem af er starfstíma núv. ríkisstj. hafi mikið áunnist á sviði efnahagsmála. Ekki standast þessi orð tímans tönn. Það eru ekki nema tveir mánuðir síðan þetta frv. var lagt fram. Samt eru allar forsendur þess brostnar vegna gengisfellingar og aukinnar verðbólgu. Ekki er því hægt að taka stefnuyfirlýsingar hæstv. fjmrh. alvarlega þar sem þær standast ekki nema að hámarki í tvo mánuði.

Í aths. segir enn fremur að í fjárlögum yfirstandandi árs hafi verið gripið til ýmissa sparnaðarráðstafana í rekstri hins opinbera. Því miður hefur umtalsverðum sparnaði ekki verið náð, enda er sjálfvirkni í fjárlagagerð með sama hætti ár eftir ár. BJ leggst eindregið gegn sjálfvirkni sem ræður gerð fjárlaga og telur að leita verði færra leiða til að endurskoða mikilvægi ýmissar starfsemi sem ríkið hefur nú um hönd. Þessari endurskoðun verður ekki einvörðungu við komið við gerð fjárlaga heldur þarf að verða stefnubreyting af hálfu ríkisvaldsins. Við teljum nauðsynlegt að setja sólarlagsákvæði í lög sem krefjast útgjalda úr ríkissjóði. Með þessu er ég ekki að segja að lög um stóra málaflokka

eins og lög um málefni aldraðra, fatlaðra, öryrkja eða almannatrygginga þurfi að vera í árlegri endurskoðun. Ég á við að nokkrir útgjaldaþættir væru teknir sérstaklega fyrir á hverju ári og skoðaðir til hlítar, hvernig fjármagni almennings hefur verið varið, hvort breyta megi eða bæta eða hreinlega leggja starfsemi niður.

BJ hefur lagt fram nokkrar þáltill. á yfirstandandi þingi um starfsemi á vegum ríkisins sem við teljum að megi leggja niður sem ríkisfyrirtæki. Eitt af þessum fyrirtækjum er Ríkismat sjávarafurða. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útgjöld úr ríkissjóði vegna þessarar starfsemi muni nema yfir 40 millj. kr. Í brtt. leggjum við þm. BJ til að sértekjur Ríkismats sjávarafurða verði tífaldar frá því sem þær eru í frv. Þessar sértekjur næmu samt sem áður ekki helmingi af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnunar. Enn fremur leggjum við til að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir verði skertar um 20% og því fé varið til eflingar á rannsóknum í þágu fiskiræktar og menntunar vegna breytinga á atvinnuháttum. Eins og öllum er kunnugt hefur atvinnuleysi aukist verulega á s. l. ári eða um 33%. Mikilvægt er að því fólki sem þess óskar gefist kostur á viðbótarmenntun í sínum heimabyggðum. Það mundi auðvelda því að taka þátt í uppbyggingu nýrra atvinnuvega.

Í málefnum fatlaðra hafa orðið umtalsverðar framfarir á undanförnum árum sem ekki ber að vanmeta. En þörfin er mikil og allar úrbætur kostnaðarsamar. Fé til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er í frv. skorið verulega niður frá lögbundnu framlagi, en það leiðir af sér að framkvæmdir í þágu fatlaðra dragast mjög saman verði ekki úr bætt.

Einn liður öðrum fremur leggjum við til að verði verulega hækkaður umfram aðra varðandi málefni fatlaðra, en það er liðurinn vegna 10. gr. laga um málefni þroskaheftra. Þar er gert ráð fyrir greiðslu til foreldra eða forráðamanna fatlaðra barna upp að 18 ára aldri sem búa heima. Það er óumdeilanlegt að mjög æskilegt er að fötluð börn geti dvalið á sínum heimilum sé þess nokkur kostur vegna aðstæðna. Er því mjög mikilvægt að létt sé undir með fjárframlögum til þeirra fjölskyldna sem hafa fötluð börn á sínu framfæri, enda þurfa þau mun meira eftirlit og umönnun en heilbrigðir einstaklingar.

Með brtt. leggjum við til að þessi liður hækki úr 10 millj. og 900 þús. í 20 millj. kr. Enn fremur teljum við mikilvægt að breyta áherslu varðandi fleiri liði þótt þess gefist ekki kostur hér og nú.

Með því að gera fjölskyldu og einstaklingum fjárhagslega kleift að hafa fatlaða eða aldraða heima, sem þess óska, gerum við þörfina fyrir stofnanir minni og einstaklingana ánægðari með sitt hlutskipti. Framlag til dagvistarstofnana er eitt af því sem hefur hlotið verulegan niðurskurð. Þar sem vöntun á dagvistarrýmum er veruleg teljum við í BJ að ekki verði við það unað að ganga svona freklega á þessi framlög. Í dag barst bréf frá hæstv. borgarstjórn í Reykjavík þar sem þessu er harðlega mótmælt. Standa því vonir til að hæstv. ríkisstj. taki mark á borgarstjóra, eða svo má a. m. k. ætla þar sem hæstv. fjmrh. og borgarstjóri eru samflokka. Við leggjum til að þessi hækkun verði úr 30 millj. kr. í 50 millj.

Á sama hátt og sértekjur Ríkismats sjávarafurða eru tífaldaðar í okkar till. leggjum við til að Búnaðarfélag Íslands fái sömu meðferð, þ. e. að sértekjur hækki í 16 millj. 970 þús. Samt sem áður verður framlag úr ríkissjóði 7 millj. 194 þús. kr. Við teljum raunhæft að þjónusta, sem þessar stofnanir veita, sé verðlögð í samræmi við það sem hún kostar. Hér er aðeins gengið stutt skref í þá átt.

Í frv. er rekstrarfé skorið niður til ýmissa skóla og heilbrigðisstofnana. Þetta tel ég í hæsta máta óraunhæft á sama tíma og framlög til aðalskrifstofu ráðuneyta, Hagstofu Íslands, ríkisendurskoðunar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar hækka að meðaltali um 10% að raungildi. Það er ekki nokkur von til þess að þjóðartekjur nægi fyrir útgjöldum eða dregið verði verulega úr erlendri skuldasöfnun með slíkum hætti.

Ef frv. er fram sett skv. reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins munu erlendar lántökur aukast á milli áranna 1984 og 1985 um 75.9%. Halli á ríkissjóði mun áætlaður eftir sömu framsetningu 3 milljarðar 183 millj. Það er ekki ofsögum sagt að hæstv. ríkisstj. hefur misst alla stjórn á fjármálum ríkisins og stefna hennar hrunið til grunna.

Við þessar aðstæður situr fjvn. og reynir að fylla göt og eyður. Ég skorast ekki undan þeirri ábyrgð sem því fylgir að sitja í þeirri nefnd. Við í BJ leggjum áherslu á að einstaklingum og samtökum þeirra, hvort sem er á sviði sveitarstjórna, viðskipta- eða áhugafélaga, verði með breytingum á stjórnarháttum gert mögulegt að sinna áhugaefnum sínum og skyldum án þess að eiga allt sitt að sækja undir pólitískt duttlungavald.

Við afgreiðslu fjárlaga á s. l. ári lögðum við í BJ fram allmargar brtt. sem allar mætti flytja aftur við þetta frv. En þar sem við teljum að ef ætti að gera viðunandi breytingar við þetta frv., sem hér liggur fyrir, þyrfti að vinna það allt upp á nýtt, en það er ekki á færi stjórnarandstöðu að koma slíku fram, látum við það ógert.

Á síðasta þingi svo og á yfirstandandi þingi hafa nýjungar í atvinnuháttum oft komið til umr. Allir hafa virst vera því sammála að eitthvað þyrfti að gera til að auðvelda einstaklingum og hvetja þá og samtök þeirra til að hefja nýja atvinnustarfsemi. Lítið hefur verið gert af hálfu hæstv. ríkisstj. til að sinna þessum þáttum. BJ leggur fram tvær brtt. við 6. gr. frv. Við liðinn „ríkisstjórninni er heimilt“ bætist nýr liður, 1.4, sem orðist svo:

Að greiða iðnþróunarsjóðum í landshlutum upphæð sem svarar framlagi sveitarfélaga til hvers sjóðs. Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs skerðist sem þessu nemur.

Iðnþróunarsjóði landshluta þarf að efla og styrkja og fer vel á því að efla byggðastefnu með því móti að heimamenn á hverjum stað hafi meira um það að segja til hvaða verkefna þeir telja fjármunum sínum vel varið.

Enn fremur leggjum við til að nýr liður bætist við 6. gr. frv., 7.4, undir liðnum Ýmsar heimildir og orðist svo:

Fjmrh. er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs áhættulán til nýrra fyrirtækja í iðnaði. Ábyrgðir þessar nemi allt að 80% af lánsupphæðum. Iðnrn. setji nánari reglur um ábyrgðir þessar.

Með flutningi till. þessarar viljum við undirstrika þörf þess að efla atvinnulíf með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Þar sem 6. gr. er ekki frágengin í meðferð fjárlaga mun ég ekki fara nánar út í þetta og hyggst því draga þessar till. til 3. umr.

Ég hef látið æði margt ósagt við þessa umr., enda er

frv. ekki fullfrágengið. Lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir. Launaforsendur frv. eru í engu samræmi við þarfir launþega. Ég ætla ekki að halda eins langa tölu og hæstv. ræðumaður sem á undan mér talaði og lýk máli mínu með þeirri von að till. BJ fái jákvæða athugun og raunsæi og velvilja.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Mikil vinnuskorpa fjvn. er nú senn á enda. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öðrum nm. samstarfið, sérstaklega formanni okkar, sem stjórnað hefur erfiðu verki af festu, sanngirni og lipurð, svo og öllum þeim sem aðstoðað hafa n. þær vikur sem hún hefur setið að störfum svo til hvern einasta nýtan dag. Þeir sem meiri hl. skipa geta víst einnig minnst næturfunda.

Ólíklegt þykir mér að hv. fjvn. Alþingis hafi nokkru sinni fundist hún hafa nóg til skiptanna á hin ýmsu verkefni, framkvæmdir og rekstrarliði sem undir ríkissjóð heyra. En víst er að nú er þrengra í búi en oftast áður síðustu tvo áratugina a. m. k., ýmist af óviðráðanlegum orsökum eða mannavöldum. Enn um sinn súpum við seyðið af fjárfestingarmistökum fyrri ára þar sem Kröfluævintýri og offors í virkjanaframkvæmdum binda okkur þyngstu skuldabaggana.

Um 5 milljarðar kr. eru greiddir í vexti af öllum erlendum skuldum á þessu ári, þar sem hið opinbera hefur um ⅔ hluta á sínum herðum. Enn eitt árið horfum við fram á nokkrar þrengingar í þjóðarbúskapnum og útlit ótryggt þótt horfur séu á að botni hafi nú verið náð í hagsveiflunni svo vitnað sé beint í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985. Freistandi væri að fjalla allítarlega um það merka skjal sem þjóðhagsáætlun nefnist. Að öllu samanlögðu er nefnilega í henni fólgin töluverð bjartsýni sem okkur veitir sannarlega ekki af á þessum síðustu og verstu tímum. Því miður er þó raunsæið oft látið lönd og leið í því plaggi og veikir það auðvitað trúna á að þessi bjartsýni styðjist við raunhæfar forsendur, auk þess sem forsendur hafa breyst verulega frá því að þessi áætlun var lögð fram. Ég vil aðeins vekja athygli á einum kafla þjóðhagsáætlunar sem ber yfirskriftina „Atvinnuöryggi". Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Áætlað er að hlutfall þeirra, sem skráðir eru atvinnulausir á þessu ári, verði að meðaltali rúmlega 1% af mannafla ef ekki koma til meiri háttar truflanir á síðustu mánuðum ársins. Þessi hundraðstala atvinnulausra er með þeim allra lægstu sem þekkjast í nálægum löndum. Reyndar má segja að í vor og sumar hafi mátt sjá ýmis merki um umframeftirspurn á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að þegar á heildina er litið hefur tekist að tryggja viðunandi atvinnuástand. Ríkisstj. setur áframhaldandi atvinnuöryggi sem meginmarkmið í efnahagsmálum á næsta ári."

Ekki er ég viss um að margir vilji taka undir það að tekist hafi að tryggja viðunandi atvinnuástand, svo sem hér segir. Það gera a. m. k. ekki þeir fjölmörgu og að miklum meiri hluta konur, sem bætast í hóp atvinnulausra þessa dagana. Hér er talað um 1% atvinnulausra og hælst um að sú hundraðstala sé með þeim lægstu sem þekkjast. En 1% er mikið á Íslandi, mjög mikið. Þegar við minnumst þess að fjöldi atvinnulausra var um árabil 0.3—0.5% fer glansinn af lágu hundraðstölunni. Fjöldi atvinnulausra hefur aukist um 100% á örfáum árum og það er alvarleg þróun. Við höfum engin efni á því að nýta ekki starfskrafta vinnufúsra manna. Þá staði, sem nú búa við 20% atvinnuleysi og þar yfir, varðar ekki nokkurn skapaðan hlut um meðaltöl, það eitt er víst.

Ráðleysi og máttleysi núv. ríkisstj. til uppbyggingar í atvinnulífinu er verulegt áhyggjuefni og furðulegt hversu illa hún hefur nýtt það ráðrúm, sem almennt launafólk gaf henni með því að taka á sig stórfelldar kjaraskerðingar í von um að með því legði það sitt af mörkum til að byggja upp betri framtíð. Því miður ber frv. til fjárlaga 1985 þess lítil merki að ríkisstj. hyggi á átak í þessum efnum.

Á landsfundi Kvennalistans 3.—4. nóv. s. l. var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Landsfundur Kvennalistans ályktar að gera þurfi stórátak til eflingar íslenskum atvinnuvegum og skorar á stjórnvöld að efna til samráðs atvinnuveganna í hverjum landsfjórðungi þar sem fulltrúar atvinnuveitenda, verkalýðsfélaga, skóla, rannsóknastofnana, samtaka sveitarfélaga og aðrir aðilar vinnumarkaðarins komi saman og geri heildarúttekt á aðstæðum í hverjum landsfjórðungi og marki langtímastefnu í atvinnumálum þar sem skammtímalausnir víki fyrir aðgerðum til raunverulegra úrbóta, hagræðingar og endurskipulagningar. Við hvetjum til þess að leitað sé lausna í verki, en pappírslausnahaugum hent."

Þetta hefði raunar þurft að gera strax fyrir ári þegar ljóst var að um mikinn samdrátt yrði að ræða í sjávarútvegi. En betra er seint en aldrei. Þessu kem ég hér með á framfæri því að mér vitanlega hefur þessi ályktun hvergi birst opinberlega nema í fréttabréfi Kvennalistans þótt hún væri á sínum tíma send öllum dagblöðum og ríkisfjölmiðlunum ásamt ýmsum öðrum ályktunum landsfundarins, sem einnig virðast hafa dottið niður á milli stóla. Er það þeim mun leiðara sem ýmsir hafa kosið að halda því fram í ræðum og rituðu máli að Kvennalistinn hafi engan áhuga á atvinnumálum landsmanna.

Um tekjuhlið frv. til fjárlaga er best að hafa sem fæst orð, enda ekki öll kurl komin til grafar þeim megin á reikningnum. Stöðugar vangaveltur um mikinn eða lítinn halla á fjárlögum eru í rauninni út í hött þar eð hér er ekki um heildardæmi að ræða. Lánsfjárlögin fylla upp í það dæmi og enn einu sinni er sá ósiður viðhafður að fjalla um þau eftir afgreiðslu fjárlaga og meira að segja er ekki enn búið að leggja lánsfjáráætlun fram og ekkert um hana vitað þrátt fyrir fögur fyrirheit.

Við 1. umr. vakti ég athygli á því að skv. vinnuplaggi fjmrn., sem lagt var fram daginn áður, væri gert ráð fyrir 600 millj. kr. hækkun söluskatts frá því sem boðað var í frv. til að mæta tekjutapi ríkissjóðs af lækkun tekjuskattsins. Ég spurði hæstv. fjmrh. hvað orðið hefði um þau áform. Í svari sínu sagði hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi forseta:

„En það hefur verið horfið frá því. Þær 600 millj. verða ekki innheimtar þannig að söluskattshækkunin verður ekki, en 600 millj. tekjuskattslækkun verður. Ég vil bara leiðrétta það."

Tveimur vikum síðar var svo þessi leiðrétting leiðrétt og staðhæfingin að engu orðin þar sem stjórnarflokkarnir ákváðu að hækka söluskattinn um 0.5% til að mæta halla ríkissjóðs að hluta. Að vísu reyna menn að klóra í bakkann þar sem þeim svelgist greinilega á fyrri fullyrðingum og skil ég vel erfiðleika t. d. hv. þm. Gunnars Schram í þeim efnum. Menn segja að þessi

ráðstöfun sé vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi. En sama er hvað barnið er látið heita, eftir stendur að söluskattur á að hækka þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um hið gagnstæða.

Hins vegar skal ég fúslega kannast við að hafa við 1. umr. um fjárlagafrv. sakað ríkisvaldið ranglega um skerðingu lögbundins framlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 140 millj. kr. Hið rétta mun vera að skerðingin er um 38 millj., eins og hæstv. ráðh. benti á. Eru mín mistök fólgin í því að ég hélt að sama prósentutala gilti við útreikning á hlut Jöfnunarsjóðsins af aðflutningsgjöldum og sölugjaldi. Þetta leiðréttist hér með og er af nógu að taka þó ekki sé verið að veitast að hæstv. ríkisstj. á röngum forsendum.

Þegar þröngt er í búi er meira um vert en nokkru sinni að fara vel með það sem til skiptanna er. Áherslurnar eru vitanlega misjafnar eftir því hver á í hlut. Núv. ríkisstj. kýs að auka rekstrarkostnað miðstýringarstofnana og halda sínu striki við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli meðan Kvennalistinn vill leggja áherslu á uppbyggingu þjónustu við almenning og eflingu menntunar og rannsókna. Þetta síðarnefnda hefur reyndar upp á síðkastið heyrst æ oftar í máli ýmissa forustumanna stjórnarflokkanna, þ. á m. formanns Sjálfstfl. En það eru að sjálfsögðu verkin sem tala og áherslurnar í þessu fjárlagafrv. tala sínu máli.

Margoft hefur verið minnt á fullyrðingar stjórnarliða á síðasta ári um sérstaklega raunhæf fjárlög þessa árs. Við gerð þeirra var tekið mið af raunverulegum rekstrarkostnaði hinna ýmsu rn. og ríkisstofnana, að því er sagt var, sem í flestum tilfellum leiddi til mikillar prósentuhækkunar frá fjárlögum 1983. Því hefði mátt ætla að í frv. til fjárlaga næsta árs yrði yfirleitt aðeins um eðlilegar verðlagshækkanir að ræða í rekstrarútgjöldum rn. og ríkisstofnana, ekki síst þar sem stór orð voru höfð um samdrátt í mannahaldi og sparnað í rekstri. En eins og nákvæmlega er útlistað í áliti minni hl. fjvn. og hv. þm. Geir Gunnarsson gerði grein fyrir hér áðan, er raunin allt önnur. Staðreyndirnar eru þær að skrifstofu-, ferða- og risnukostnaður hins opinbera þenst stöðugt út á þessum margnefndu þrengingartímum okkar um leið og framlög ríkisins til uppbyggingar þjónustustofnana við almenning eru skorin niður af fullkominni hörku.

Ein af þeim ríkisstofnunum, sem hækka langt umfram eðlilegar verðlagshækkanir, er Ríkismat sjávarafurða, eins og hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir kom inn á hér áðan. Ríkismat sjávarafurða er arftaki framleiðslueftirlitsins og skildist manni að endurskipulagning starfseminnar mundi m. a. hafa sparnað í för með sér fyrir ríkið. En það er nú eitthvað annað því að í krónutölu nemur aukið framlag ríkissjóðs til reksturs stofnunarinnar um 12.5 millj. kr. meðan liðurinn 05-298, Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir við útgerð og fiskvinnslu, fær sömu tölu í fjárveitingu á næsta ári og í fjárlögum þessa árs. Segir það sína sögu. Ég nefni þessa stofnun vegna þess hversu áberandi þetta dæmi er en ekki vegna meinbægni í hennar garð. Til þess skortir mig meiri kunnugleika, en eins og allir hér vita eru mjög skiptar skoðanir um nauðsynlegt umfang Ríkismatsins.

Það vakti einnig athygli mína að í viðtölum við fjvn. töluðu stjórnendur stofnana iðulega um aukinn kostnað vegna tölvunotkunar sem menn vilja þó oft réttlæta með því að slíkt hafi sparnað í för með sér, sérstaklega í mannahaldi.

Þegar við metum áhrifin af þeirri stefnu ríkisstj. sem birtist í þessu frv., þ. e. þenslu í skrifstofu- og stjórnunarkostnaði við ríkisstofnanir og samdrætti í uppbyggingu þjónustustofnana um allt land, er auðséð hverjir verða helst fyrir barðinu á þeirri stefnu. Á sama tíma og íbúar landsbyggðarinnar mega þola samdrátt í atvinnulífinu vegna erfiðleika sjávarútvegsins er enn frekar þrengt að atvinnumöguleikum þeirra og lífsskilyrðum með stórfelldum niðurskurði til verklegra framkvæmda á vegum ríkisins. Þessi stefna á lengi eftir að draga dilk á eftir sér, enda mátti heyra í máli hv. formanns fjvn. hér áðan að lengra yrði ekki gengið í þessum efnum. Hann taldi einnig upp nokkra liði sem leggja þyrfti áherslu á til að ná fram sparnaði í ríkisrekstri, misjafnlega líklega til árangurs að mínu mati. En ég vil sérstaklega taka undir tvo liði, sem ég fjallaði reyndar nokkuð um í 1. umr. um þetta frv., þ. e. um aðhald í utanlandsferðum á vegum ríkisins og nauðsyn þess að ákvarðanir og ábyrgð fari saman.

Herra forseti. Sem vænta mátti reyndist það dæmi, sem blasti við þegar þetta frv. var lagt fram í okt. s. l., óleysanlegt með öllu. Í rauninni er það óleyst enn þrátt fyrir svolitla hækkun en misjafnlega mikla til hinna ýmsu framkvæmdaliða. Alls staðar verður um að ræða lækkun að raungildi frá þessu ári.

Líklega kemur hv. þm. ekki á óvart að við Kvennalistakonur getum ekki horft þegjandi á þá meðferð sem dagvistarheimilin fá og flytjum brtt. við þann lið á þskj. 298. 1. flm. till., hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, mun mæla fyrir henni hér á eftir og einnig annarri till. um hækkun á framlagi til Háskóla Íslands sem á sífellt erfiðara með að gegna hlutverki sínu vegna fjárskorts.

Málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna eru geymd til 3. umr. og mun ég því einnig geyma mér umfjöllun um þann lið ef vera kynni að vandi hans yrði leystur með viðunandi hætti í fjvn. Að öðrum kosti mun Kvennalistinn gera brtt. við þann lið við 3. umr.

Þá gerum við einnig á þskj. 298 till. um hækkun framlags til Námsgagnastofnunar, sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir mun skýra hér á eftir.

En ég vil nota þetta tækifæri til að biðja hv. þm. að skoða þessar till. vel því að þær eru hógværar og aðeins bundnar við brýnustu þörf. E. t. v. þykir einhverjum gagnrýni vert að hér er um að ræða till. til hækkunar á gjaldahlið fjárlagafrv. um rúmar 50 millj. kr. án þess að tillögur séu gerðar til sparnaðar eða tekjuöflunar í staðinn. Sannast sagna töldum við þess ekki þörf, enda tekjuhlið frv. algerlega ófrágengin. Við hefðum að sjálfsögðu viljað gera fleiri tillögur til breytinga, en í þeim efnum sem öðrum verður að gæta hófs og halda sér við það sem líklegt er að náist fram.

Auk þeirra tillagna, sem við Kvennalistakonur stöndum einar að, erum við meðflm. á nokkrum öðrum og munum væntanlega bæta einhverjum við þegar að 3. umr. kemur.

En að lokum vil ég biðja hv. þm. um að líta með velvild á brtt. á þskj. 309 sem verið var að dreifa hér kl. rúmlega 4. Þar er um að ræða sameiginlega till. okkar kvenna hér á þingi um 1 millj. kr. framlag ríkisins til samstarfsnefndar í lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Sú nefnd hefur margt í bígerð sem vekja mun

athygli. En af verkefnum nefndarinnar vil ég sérstaklega nefna tvö, þ. e. Listahátíð ísl. kvenna á næsta ári og úttekt á stöðu íslenskra kvenna með tilliti til þess hvað áunnist hefur í réttindamálum þeirra undanfarinn áratug, þ. e. kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna. Slík úttekt er nauðsynleg og verður áreiðanlega hvatning til enn virkari sóknar íslenskra kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég mun hér í máli mínu fyrst gera grein fyrir örfáum brtt., sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm., og síðan fara nokkrum orðum um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, en þm. Alþfl. flytja nú við þessa fjárlagaafgreiðslu tillögur um stóraukin framlög í þessa sjóði.

Þá er fyrst að geta brtt. á þskj. 295, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi Einarssyni, þess efnis að veitt verði 3 millj. kr. fjárveiting til aðgerða til að koma í veg fyrir innflutning, sölu og dreifingu ávana- og fíkniefna, svo og fyrirbyggjandi aðgerða í þeim efnum.

Fyrir ári síðan var, eins og hv. þm. er kunnugt, samþykkt till. frá þm. úr öllum flokkum þess efnis að með ákveðnum aðgerðum yrðu auðveldaðar allar aðgerðir til að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning og dreifingu ávana- og fíkniefna. Í því skyni að gera tillögur um leiðir til aðgerða gegn innflutningi og dreifingu fíkniefna var skipaður starfshópur af hálfu dómsmrh. og skiladi hann niðurstöðu í mars s. l. um mjög umfangsmiklar og fjölþættar tillögur og leiðir til að sporna gegn innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Í umr. um fsp. mína hér á Alþingi um þessa till. fyrr í vetur gerði hæstv. dómsmrh. grein fyrir þessum tillögum og upplýsti m. a. að dómsmrn. hefði farið þess á leit við undirbúning fjárlaga að fjölgað yrði starfsmönnum um sex við fíkniefnadeild lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Þeirri till. var hafnað. Í bréfi dómsmrn. til fjvn. dags. 3. des., þar sem þessi beiðni er ítrekuð, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að orðið verði við þessari fjölgun, þ. e. að fjölga í fíkniefnadeild lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, enda sýna allar tölur að fíkniefnavandamálið fer vaxandi þrátt fyrir aðgerðir sem eiga að draga úr því. Þar sem störf við fíkniefnarannsóknir eru mjög sérstæð, þá verða þau ekki unnin sem hver önnur löggæslustörf. Því er ekki hlaupið að því að fela öðrum lögreglumönnum störf af þessu tagi, allra síst hér í Reykjavík þar sem stærstu innflytjendur og dreifendur fíkniefna búa. Að sjálfsögðu eiga almennir lögreglumenn að hafa eftirlit með ungmennum við skemmtistaði og þar sem þeir koma saman til að fylgjast með ástandi almennt, þ. á m. hvort fíkniefnaneysla eða -sala fer fram."

Á það má einnig benda að hæstv. dómsmrh. upplýsti einnig á Alþingi í vetur að dómsmrn. hefði ritað fjmrn. bréf þar sem óskað var eftir kaupum á nauðsynlegum tækjum fyrir tollgæsluna og lögreglu til að auðvelda allt eftirlit með innflutningi ólöglegra ávana- og fíkniefna. Ekki verður séð á fjárlögum fyrir árið 1985 að gert sé ráð fyrir neinni aukningu á fjármagni til þessara mála, heldur er þvert á móti um lækkun á fjárhæð að ræða til þessara mála milli ára.

Á fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 1 millj. kr. framlagi, sem sett var á lið fjmrn. til þessa málaflokks, auk þess sem við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári var samþykkt till. þess efnis að heimilt væri að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ólöglegra ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna. Það heimildarákvæði er enn til staðar í fjárlögum fyrir árið 1985, en ekki er að sjá á fjárlagafrv. að gert sé ráð fyrir öðru fjármagni til þessara mála því að ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni á fjárlagalið fjmrn. nú í þessu skyni, eins og var á yfirstandandi ári.

Skv. upplýsingum fjmrn. hafa fjárveitingar yfirstandandi árs verið notaðar með eftirfarandi hætti, en 1 millj. var til ráðstöfunar í fjmrn. auk þess sem inn kom 1 millj. til ráðstöfunar vegna upptæks hagnaðar af sölu ólöglegra fíkniefna:

Í fyrsta lagi runnu 300 þús. kr. til landlæknisembættisins sem gerði könnun á neyslu fíkniefna hér á landi.

Í öðru lagi rann hluti fjármagnsins til tækjakaupa fyrir tollgæslu. En enn hefur fjmrn. ekki orðið við beiðni um aukinn tækjakost lögregluyfirvalda vegna rannsókna og leitar að fíkniefnum. Upptækur hagnaður af sölu ávana- og fíkniefna, 1 millj. kr., rann síðan til fíkniefnadómstólsins.

Ég tel að það sé Alþingi hreint og beint til skammar ef afgreiða á fjárlög nú með þeim hætti að lítið sem ekkert fjármagn verði til ráðstöfunar í þessu skyni, þegar sífellt eru að berast upplýsingar um aukinn innflutning ávana- og fíkniefna og aukna notkun þeirra hér á landi. Ekki síst ber að átelja slík vinnubrögð í ljósi þess að Alþingi hefur samþykkt till., sem mjög víðtæk samstaða náðist um, um að nú skyldi af alefli herða allar aðgerðir til að sporna gegn innflutningi þessara eiturefna og gera átak til að fyrirbyggja sívaxandi notkun eiturlyfja hér á landi.

Í brtt. á þskj. 295, sem hér er fram borin, er ekki beðið um mikið fjármagn. Farið er fram á að 1.5 millj. renni til fíkniefnadeildar lögreglustjóraembættisins til að fjölga megi starfsliði í samræmi við óskir dómsmrn. og tillögur sem byggðar eru á samþykktri þáltill. héðan frá hv. Alþingi fyrir ári síðan. Að auki er lagt til að 1.5 millj. renni til annarra aðgerða gegn eiturlyfjum. Hér er um mjög lága fjárhæð að ræða, eða 3 millj. samtals, sem sennilega er allt of lítið til að verulegt átak verði gert í þeim málum. En með samþykkt þessarar brtt. yrði a. m. k. um viðleitni að ræða af hálfu Alþingis að standa við þá ályktun um aðgerðir gegn fíkniefnanotkun sem svo víðtæk samstaða náðist um fyrir ári síðan.

Ég undirstrika að það getur verið dýrt að spara í þessu efni og ábyrgð alþm. er mikil ef ekki er hægt að sjá af örfáum millj. til að sporna gegn þessum vágesti sem eyðilagt getur líf hundraða ef ekki þúsunda ungmenna á örskömmum tíma. Við skulum líka hugleiða hvað það kostar í stóraukinni heilbrigðisþjónustu að ekki sé talað um hvernig eiturlyfin geta lagt líf hundraða ungmenna og fjölskyldna þeirra í rúst, ef Alþingi hefur ekki þann skilning á þessum málum að veita þurfi í það fjármagn að sporna gegn notkun og innflutningi ólöglegra fíkniefna.

Í annan stað flyt ég ásamt hv. þm. Helga Seljan, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi Einarssyni brtt. um að auka fjármagn til

Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er með eindæmum hvernig ráðist hefur verið að þessum sjóði fatlaðra við hverja fjárlagaafgreiðslu á fætur annarri allt frá því að þessi sjóður var stofnaður fyrir 4—5 árum síðan. Hefur raunar keyrt um þverbak að því er fjárveitingar varðar í þennan sjóð á yfirstandandi ári og hvað ætlan stjórnvalda er að þessi sjóður hafi til umráða á næsta ári.

Á fjárl. 1983 hafði sjóðurinn til umráða 39 millj. 960 þús. kr. Við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1984 var framlagið hækkað um 40 þús. kr. og nam skerðingin þá um 65—70 millj. kr. Nú við fjárlagaafgreiðslu 1985 er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu í hækkun á milli ára, eða að hann hafi 40 millj. til ráðstöfunar auk framlags úr Erfðafjársjóði sem einnig er óbreytt í krónutölu milli ára, eða 19.4 millj. kr. Ég tel að vart sé að finna hliðstæðu um skerðingu á sjóð sem að tiltölu er nýstofnaður og hefur svo afgerandi og veigamiklu hlutverki að gegna í þágu fatlaðra hér á landi. En skerðing á fjármagni til sjóðsins frá stofnun er um 300 millj. kr.

Í bréfi frá Öryrkjabandalagi Íslands, dags. 28. nóv. 1984, kemur fram að skerðingin nú milli ára sé a. m. k. 85 millj. kr. Vil ég með leyfi forseta fá að vitna í þetta bréf Öryrkjabandalagsins, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skv. upplýsingum Hagstofu Íslands hækkaði vísitala byggingarkostnaðar á árinu 1983 um 55%. Hefðu umræddar 55 millj. kr. því átt að jafngilda 85 millj. 250 þús. kr. 1. jan. 1984 auk tekna Erfðafjársjóðs, en þær eru áætlaðar um 40 millj. í ár. Samtals eru þetta 125 millj. 250 þús. kr. Raunveruleg fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1984, fyrsta árið sem lögin eru í gildi, varð hins vegar 60 millj. Mismunurinn á lögbundnum tekjum sjóðsins skv. þessu er því 65 millj. 250 þús. Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir 60 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, eða óbreyttri upphæð frá árinu áður.

Skv. 35. gr. laganna skal upphæðin fyrir árið 1985 reiknast þannig: Starfsmenn Hagstofu Íslands gera ráð fyrir að vísitala byggingarkostnaðar hækki á árinu 1984 um 16%. Áðurnefndar 55 millj. væru þá að jafnvirði 98 millj. 890 þús. kr. og er þá miðað við hækkun byggingarvísitölu til áramóta 1984—1985. Tekjur Erfðafjársjóðs gætu skv. þessu hækkað um 6.4 millj. og yrðu þá heildartekjur Framkvæmdasjóðsins árið 1985 skv. 35. gr. laganna 145 millj. 290 þús.

Við útreikninga þessa er ekki tekið mið af fyrirsjáanlegum hækkunum á árinu 1985 eða vaxtatekjum og er því upphæð þessi varlega áætluð. Þar að auki er ekki tekið mið af 3. lið 35. gr. laganna þar sem fjallað er um aðrar tekjur sjóðsins. Öryrkjabandalag Íslands leggur ríka áherslu á að Alþingi fari eftir lögum þeim sem það setur um málefni fatlaðra, enda verður að gera ráð fyrir að vilji Alþingis hafi glögglega komið fram við samningu 35. gr."

Ég vil einnig fara nokkrum orðum um Erfðafjársjóð. Á síðasta Alþingi var samþykkt breyting á lögum um erfðafjárskatt. Í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar um það frv. kemur fram að þessi lög mundu leiða til þess að innheimtur erfðafjárskattur mundi lækka um u. þ. b. 30%. Tekjutap ríkissjóðs á árinu 1984 var því áætlað að mundi nema miðað við heilt ár 12—15 millj.

Eins og hv. þm. vita hefur Erfðafjársjóður haft tekjur af erfðafjárskatti og með nýjum lögum um málefni fatlaðra eiga tekjur Erfðafjársjóðs að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Við síðustu fjárlagaafgreiðslu var áætlað að tekjur af erfðafjárskatti yrðu á þessu ári um 40 millj. kr. en einungis var ætlað á fjárlögum í Erfðafjársjóð 19.4 millj. af þessum tekjum. Þegar upplýst var við meðferð frv. um breytingu á erfðafjárskatti á s. l. vetri að það hefði í för með sér 12—15 millj. kr. tekjutap lýsti ég því m. a. yfir við umr. um þetta mál að hætta væri á því að það tekjutap, sem ríkissjóður yrði fyrir með samþykkt frv., yrði notað sem tilefni til að skerða framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem þeirri skerðingu næmi. Því flutti ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni brtt. sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Lækki tekjur af erfðafjárskatti skv. ákvæðum laga þessara skal sú lækkun ekki leiða til skerðingar á tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra."

Þessi brtt. var felld en hæstv. félmrh. lýsti því yfir að það væri engin ástæða til að ætla að breytingin, sem varð á lögum um erfðafjárskatt, leiddi til skerðingar á framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra og að hann mundi beita sér fyrir því að tekjur af erfðafjárskatti rynnu óskiptar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er ekki að sjá á fjárlagafrv. að hæstv. félmrh. hafi staðið við þessi orð sín, en til þess hefur hann raunar enn tækifæri áður en fjárlögin fá lokaafgreiðslu hér á hv. Alþingi. Tekjur af erfðafjárskatti eru áætlaðar 25 millj. kr. í fjárlögum en framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra einungis rúmar 19 millj. af þeim tekjum. Það er lágmark að þetta fjármagn renni óskipt til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, ekki síst í ljósi þess að verulegar tekjur voru augljóslega hafðar af sjóðnum með þeirri lagabreytingu sem gerð var á lögum um erfðafjárskatt. Því er lagt til á þskj. 296 að tekjur af erfðafjárskatti renni óskiptar í Framkvæmdasjóðinn og að í stað 19.4 millj. komi 25 millj. kr.

Í annan stað er lagt til á því sama þskj. að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hækki úr 40 millj. í 75 millj. kr. Heildarframlag í sjóðinn yrði með samþykkt þessara tveggja brtt. 100 millj. en ættu að vera a. m. k. 145 millj. sé það ákvæði tekið alvarlega af hv. þm., sem þeir samþykktu í lögum um málefni fatlaðra frá 1983, að ríkissjóður skuli árlega næstu fimm árin leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 55 millj. kr. miðað við verðlag 1983 og skuli upphæðin hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu.

Ég vil nú snúa mér að því að gera nokkra grein fyrir stöðunni sem fram undan er hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna miðað við það ráðstöfunarfé sem sjóðunum er ætlað á næsta ári. En í brtt. þm. Alþfl. er gert ráð fyrir stórauknu framlagi til þessara sjóða, eða 1075 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins og 400 millj. kr. aukningu frá fjárlagafrv. í Byggingarsjóð verkamanna.

Í fjárlögum fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir eftirfarandi framlögum: Úr ríkissjóði 550 millj., tekin lán 1 milljarður 92 millj. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að til ráðstöfunar sé á árinu 1985 1 milljarður 600 þús. Í útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins, dags. 7. nóv. 1984, varðandi Byggingarsjóð ríkisins er gert ráð fyrir að lánveitingar fyrir árið 1985 verði 2 milljarðar 221 millj., þar af vegna nýbygginga 1 milljarður 84 millj. tæpar og vegna eldri íbúða 665 millj. Til útborgunar á

næsta ári vegna eldri íbúða skv. áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins eru 705.5 millj. vegna 3080 íbúða, þar af 158 millj. vegna 820 íbúða, sem er hali yfirstandandi árs eða umsóknir sem frestað hefur verið fram á árið 1985. Þessar áætlanir eru, eins og áætlanir um nýbyggingar, miðaðar við að 2 milljarðar 221 millj. séu til ráðstöfunar en ekki 1.6 milljarður eins og fjárlögin gera ráð fyrir. Forsendur um fjölda nýbyggingarlána eru eftirfarandi:

Lánveitingar verði svipaðar og undanfarið ár, en áætlað er að veita lán til 1100 nýrra íbúða fokheldra á tímabilinu okt. 1984 til sept. 1985. Engir nýir framkvæmdasamningar verði gerðir við byggingaraðila annarra en þeirra sem byggja söluíbúðir fyrir aldraða. Lánveitingar til nýbygginga eru samtals um 1 milljarður 84 millj. og skiptast þannig: 395 millj. vegna fyrsta hluta, 728.8 millj. vegna 2. og 3. hluta eða samtals vegna nýbygginga 1123.8 millj. kr. Að auki þarf á næstu fjórum mánuðum að borga upp lán sem tekið var hjá Seðlabankanum og nemur 270 millj. og endurgreiðast á á þessu og næsta ári þannig: 120 millj. nú fyrir áramót, 50 millj. í jan., 50 millj. í febr. og 50 millj. í mars. Hér er um að ræða lán til þess að hægt væri að standa við skuldbindingar þessa árs til lántakenda, en verulegur dráttur hefur orðið á lánveitingum til þeirra. Auk þess skuldar Byggingarsjóður ríkisins 67 millj. sem ríkissjóður lánaði vegna afborgana og vaxta af lífeyrissjóðnum og væntanlega verður tekið af fjárveitingum þessa árs.

Í frv. er, eins og áður sagði, gert ráð fyrir lánsfé að upphæð 1 milljarður 92 millj. í Byggingarsjóð ríkisins. Lífeyrissjóðirnir hafa keypt af Byggingarsjóði ríkisins frá 1. jan. 1984 til 30. nóv. 1984, eða á 11 mánaða tímabili, fyrir 276 millj. af 525 millj. sem áætlað var í lánsfjáráætlun, eða 52.6% af upphæðinni. Enn á því eftir að skila sér nær helmingur upphæðarinnar eða um 250 millj. af því sem gert var ráð fyrir að fá af fjármagni hjá lífeyrissjóðunum skv. lánsfjáráætlun yfirstandandi árs.

Á árinu 1983 keyptu lífeyrissjóðirnir af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 321 millj., eða 83.4% af þeirri upphæð sem lánsfjáráætlun þess árs gerði ráð fyrir. Ljóst má því vera að ef enn vantar 250 millj. frá lífeyrissjóðunum mun það fé örugglega ekki skila sér eins og ráð er fyrir gert, enda þurfti Byggingarsjóður ríkisins að taka lán hjá Seðlabanka til að geta staðið við sínar skuldbindingar. Lánsfé er nú áætlað í fjárlögum 1 milljarður 92 millj., en í áætlun frá Húsnæðisstofnun, dags. 7. nóv. 1984, er gert ráð fyrir að 857 millj. komi frá lífeyrissjóðunum, sem er rúmlega 63% hækkun milli ára, og 235 millj. komi frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Óvarlegt er að ætla að nokkurt fé komi frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki síst þegar tekið er tillit til þess að í lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 var gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður keypti skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 115 millj., en nú þegar árið er nær á enda hafa einungis skilað sér 16 millj. kr.

Í áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins er gert ráð fyrir að fjárvöntun verði 657 millj. miðað við forsendur fjárlagafrv. og þær áætlanir um lánveitingar sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert. En útlánaáætlun hennar hljóðar upp á 2 milljarða 221 millj. kr. Til ráðstöfunar skv. fjárlögum í áætlun Húsnæðisstofnunar er 1 milljarður 564 millj. Mismunurinn er því 657 millj. kr. fjárvöntun. Fjárvöntun er þó í raun mun meiri því óvarlegt er að reikna með hærri upphæð í lántökur eða frá lífeyrissjóðunum en sem nemur um 600 millj. og er það sennilega of hátt áætlað. Ekki er hægt að búast við neinu lánsfé úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Fjárvöntun yrði þá miðað við útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar um 1 milljarður 75 millj. kr., en það er sú upphæð sem þm. Alþfl. leggja til að bætist við í Byggingarsjóð ríkisins. Að auki má benda á að skv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á fjár í Byggingarsjóð ríkisins að afla m. a. með árlegu framlagi ríkissjóðs skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár, sem samþykkt er af félmrh. og fjmrh. Ef miðað er við þá útlánaáætlun sem fram kemur í fjárlögum, 1600 millj. kr., þá ættu að vera á fjárlögum 640 millj. í stað 550 millj. kr., fjárvöntun því 90 millj. Ef miðað er við útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar, sem er 2.2 milljarðar, ættu að koma á fjárlögum 888 millj. í stað 550 millj. Mismunurinn er því 338 millj. miðað við útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar.

Í áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins varðandi Byggingarsjóð verkamanna, dags. 22. maí, kemur fram að hjá húsnæðismálastjórn liggi fyrir óafgreiddar umsóknir frá 1. ágúst 1983 vegna 379 íbúða í verkamannabústöðum. Að auki er gert ráð fyrir að umsóknir vegna framkvæmda ársins 1985 verði 500—600. Samtals má því áætla að umsóknir fyrir árið 1985 verði ekki færri en 900. Að auki liggja fyrir umsóknir vegna þegar gerðra samninga vegna 350 íbúða sem verða með áframhaldandi framkvæmdum 1985.

Í áætlun Húsnæðisstofnunar er gert ráð fyrir eftirfarandi útlánum úr Byggingarsjóði verkamanna: Vegna þegar gerðra samninga 350 íbúðir, 155 millj. Vegna nýrra samninga er gert ráð fyrir afgreiðslu á 510 umsóknum af þeim 900 umsóknum, sem ráð er fyrir gert að liggi fyrir á árinu 1985, en það eru þá 370 millj. Útstreymi vegna endursöluíbúða er ráð fyrir gert að verði 110 millj., heildarútlán samtals 635 millj. Þessi upphæð, 635 millj., er miðuð við verðlag 1. júní 1984. Miðað við verðlagsþróun á næsta ári má gera ráð fyrir að þessi upphæð verði um 800 millj. kr. Á fjárlögunum er gert ráð fyrir að til ráðstöfunar verði 605 millj. Fjárvöntun skv. ofangreindu í Byggingarsjóð verkamanna er því 195 millj. kr.

Í þessum áætlunum Húsnæðisstofnunar ríkisins er ekki gert ráð fyrir neinum lánveitingum til Búseta. Húsnæðisstofnun hefur þó borist 10. júlí beiðni frá Búseta um lán til byggingar 56 íbúða á árinu 1985 og í DV í gær er frá því greint að tvö Búsetafélög til viðbótar hafi sótt um lán, þ. e. á Akureyri til 12 íbúða og á Selfossi til 8 íbúða, eða samtals 76 íbúða. Ef reikna á með að hægt sé að fullnægja þeim umsóknum, sem liggja fyrir frá Búsetafélögum, má gera ráð fyrir að sjóðurinn þurfi til ráðstöfunar til viðbótar við þessar 800 millj. a. m. k. 110 millj. Heildarfjárvöntun í Byggingarsjóð verkamanna er því um 305 millj. ef standa á við áætlun Húsnæðisstofnunarinnar og að veita Búsetafélögum fyrirgreiðslu. Samtals er því fjárvöntun í Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna 1 milljarður 375 millj. kr.

Till. Alþfl. nú við fjárlagaafgreiðslu í báða sjóðina er aukning um 1475 millj. kr. frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Miðað við þessar fjárlagatölur væri í fyrsta lagi hægt að standa við tillögur Húsnæðisstofnunar um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna, að auki að veita búseturéttarfélögum umbeðin lán og því til við-

bótar þá er nærri lagi að í heild á næsta ári verði hægt að fjármagna úr Byggingarsjóði verkamanna ⅓ af árlegri íbúðaþörf eins og ráð er fyrir gert í lögum um Húsnæðisstofnun.

Varðandi Byggingarsjóð ríkisins er með till. Alþfl. dregið verulega úr lántökuþörf sjóðsins en lántökur hans eru í raun orðnar svo miklar að að óbreyttu stefnir í gjaldþrot sjóðsins. Í öðru lagi er hægt, miðað við þessa fjárveitingu, að greiða skuldina við Seðlabanka og standa við útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar, sem er miðuð við 1100 nýbyggingarlán og 3080 lánveitingar vegna kaupa á eldri íbúðum.

Herra forseti. Ég vil einnig hér í lokin víkja að tveim brtt. þm. Alþfl. á þskj. 300. Í fyrsta lagi er það 6. brtt. á því þskj. sem kveður á um að til kjararannsókna skuli veita 5 millj. kr. sem fara eigi í úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Í því sambandi vil ég minna á að á Alþingi 1980 var samþykkt þál. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, en markmiðið með þeirri till. var að framkvæmd yrði ítarleg úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu sem mætti verða grunnur að sanngjarnri tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar áttu sérstaklega að miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar í þjóðfélaginu hefðu ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags sem almennt geti talist réttmætt og skyldi könnunin þannig unnin að á grundvelli hennar mætti ákveða hvaða aðferðum unnt væri að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga og hópa sem verst eru settir. Í tillgr. var kveðið á um 15 atriði sem könnunin ætti sérstaklega að miða að að upplýsa til að fá fram hin raunverulegu launakjör og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Það er skemmst frá því að segja að framkvæmdavaldið virðist algjörlega hafa hundsað þessa till. þrátt fyrir skýlausan vilja Alþingis um að slík könnun fari fram. Því var við borið, þegar ég spurðist fyrir um afdrif þessarar könnunar fyrir 2—3 árum síðan, að Alþingi hefði ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til að hægt væri að framkvæma ítarlega úttekt á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Ég minni einnig á að hæstv. forsrh. hefur á það fallist að sérstök samanburðarkönnun verði gerð á launakjörum kvenna og karla og lagt á það áherslu í svari við fsp. minni nýlega að fjárveiting fáist til þess á fjárlögum fyrir árið 1985. Ég minni einnig á að formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, lagði áherslu á nauðsyn þess í umr. um stefnuræðu forsrh. nýlega að skipuð yrði nefnd sem hefði það verkefni að gera ítarlega úttekt á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og hlutdeild launa í verðmætasköpun og þjóðartekjum. Með vísan til þessara skoðana forustumanna stjórnarflokkanna og með hliðsjón af þeirri ályktun sem Alþingi samþykkti fyrir fjórum árum um að fram skuli fara ítarleg úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu verður að vænta þess að þessi till. um 5 millj. kr. framlag til þessa verkefnis fái stuðning á hv. Alþingi, en hér séu ekki einn ganginn enn á ferðinni innantóm orð og ályktanir sem í raun býr ekkert á bak við þegar til kastanna kemur.

Í annan stað vil ég fara nokkrum orðum um 15. tölul. brtt. á þskj. 300 þar sem kveðið er á um að veitt skuli fjármagn, 10 millj. kr., til aðgerða gegn skattsvikum og er vísað til ályktunar Alþingis sem samþykkt var 3. maí s. l. Í þeirri ályktun Alþingis komu fram mjög fjölþættar aðgerðir sem framkvæma skyldi til að koma í veg fyrir skattsvik. Sumar þeirra till. kosta töluvert fjármagn, m. a. sú till. að stofnuð verði sérdeild við Sakadóm Reykjavíkur, fjölgun sérhæfðra starfsmanna hjá embætti saksóknara og fjölgun starfsmanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þegar ég spurði hæstv. dómsmrh. um framkvæmd þessara þátta till. nú fyrir skemmstu kom fram í svari hans eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Álag á dómstólunum er nú svo mikið orðið að nauðsynlegt er að bæta þar við fulltrúa og var óskað eftir því við undirbúning fjárlagafrv. nú í vor. Ekki var fallist á þá starfsliðsaukningu við undirbúning fjárlagafrv., en það erindi verður væntanlega skoðað nánar af hv. fjvn. með hliðsjón af fyrrnefndri þáltill. og vænti ég þess að þá fái þessi beiðni jákvæða fyrirgreiðslu."

Síðar í máli dómsmrh. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Til að mæta auknu álagi vegna aukinnar starfsemi skattayfirvalda að rannsókn skattsvika og auknum fjölda almennra mála var óskað eftir fimm nýjum stöðum rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Á þetta var ekki heldur fallist við undirbúning fjárlagafrv., en ef unnt á að vera að sinna auknum málafjölda á sviði skatta- og viðskiptabrota verður að skoða þessa beiðni nánar nú við afgreiðslu fjárlagafrv. og eins í sambandi við sakadóm."

Að auki voru í þessari ályktun nokkrir aðrir þættir til að koma í veg fyrir skattsvik sem óhjákvæmilega krefjast töluverðs fjármagns ef í framkvæmd eiga að koma. Vissulega skal hér getið þess sem vel er gert í þessu efni og hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir í þessu máli, en það er að fjölga starfsliði við embætti skattrannsóknarstjóra. En vissulega er ekki nóg að gert með því. Því er nú flutt till. um 10 millj. kr. fjármagn til þessara verkefna sem þál. kveður á um, bæði til verkefna á sviði dómsmrn. og fjmrn. Verður að vænta þess að Alþingi geti fallist á að láta til þessara verkefna nokkurt fjármagn, ekki síst í ljósi þeirrar miklu umr. sem hér hefur farið fram á hv. Alþingi um að herða allar aðgerðir til að koma í veg fyrir skattsvik, og ekki síst í ljósi þeirrar ályktunar sem einróma var samþykkt hér á hv. Alþingi fyrr á þessu ári.

Að lokum, herra forseti, vil ég í örfáum orðum gera grein fyrir þeirri brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Salome Þorkelsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, sem kveður á um 1 millj. kr. framlag til 85-nefndarinnar sem er samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna.

Að þessari nefnd standa 23 félagasamtök en í nefndinni eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokka, jafnréttisnefnda og ýmissa kvennasamtaka. Þessi nefnd hefur ýmis og fjölþætt verkefni á prjónunum á árinu 1985 eða við lok kvennaáratugarins og skal ég hér aðeins geta tveggja meginviðfangsefna hennar.

Í fyrsta lagi er fyrirhuguð umfangsmikil listahátíð sem væntanlega verður í sept. 1985 og mun standa í eina viku en áætlaður kostnaður vegna þeirrar hátíðar er milli 1 og 2 millj. kr. Í annan stað fyrirhugar nefndin að gera úttekt á stöðunni eins og hún var í upphafi kvennaáratugarins 1975 og nú í lok hans á árinu 1985 í

ýmsum málaflokkum er sérstaklega snerta stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Má þar nefna launakjör, atvinnumál, menntamál, menningarmál, forustu, félagslega stöðu, svo sem í lífeyrismálum, skattamálum, tryggingamálum og dagvistarmálum. Markmiðið er að fá fram hvað áunnist hefur á þessum áratug þannig að betur sé hægt að átta sig á stöðunni og hvernig best sé að halda á málum í framhaldinu til að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Að úttekt lokinni fyrirhugar nefndin — og sú hugmynd er uppi — að gefa út bók eða rit með niðurstöðum af þessari úttekt. Vænti ég þess að þessari till. verði vel tekið hér á hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir þeim brtt. sem ég hef lagt fram ásamt öðrum þm. og læt máli mínu lokið.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 er komið til 2. umr. hér á hv. Alþingi. Þótt óvenjuskammur tími hafi að þessu sinni liðið á milli 1. og 2. umr., sem stafar af ýmsum ástæðum sem áður hafa verið raktar, hefur fjvn. Alþingis haft frv. til umfjöllunar í álíka langan tíma og verið hefur undanfarin ár. Rætt hefur verið við fjölda fólks sem hefur verið fulltrúar rn. og stofnana, fyrirtækja, félaga og einstaklinga sem hafa talið sig eiga brýnt erindi við fjárveitingavaldið. Þá höfðu nm. einnig skv. venju átt viðræður við fulltrúa sveitarstjórna fyrstu dagana í október áður en þing kom saman til að létta aðeins á þeirri miklu vinnu sem alltaf er í fjvn. þann tíma sem frv. er þar til umfjöllunar.

Einnig má geta þess að undirnefnd fjvn. hélt allmarga fundi síðari hluta sumars með fulltrúum frá Rannsóknaráði ríkisins og hinum ýmsu rannsóknastofnunum atvinnuveganna, fulltrúum frá Háskóla Íslands og fleiri aðilum. Ég tel þetta hafa verið mjög gagnleg fundarhöld þar sem umræður fóru fram um starfsemi stofnana þessara, samstarf þeirra og ýmis önnur málefni, svo sem framtíðarverkefni þeirra og áform. Það var ekki eingöngu karpað um fjármál og fyrirhugaðar fjárveitingar til viðkomandi þar sem tími var rýmri en verið hefði ef þessi fundarhöld hefðu bæst við önnur á undanförnum vikum. Einnig var með þessu móti hægt að koma við nauðsynlegum leiðréttingum og breytingum sem samkomulag varð um fyrir endanlega gerð fjárlagafrv. Þetta leiðir hugann að því hvort ekki sé rétt og skynsamlegt að fjvn. Alþingis starfi allt árið og geti með því móti fylgst betur með bæði framkvæmd fjárlaga og fjármálum ríkisins almennt svo og undirbúningi að fjárlagagerð næsta árs. Gætu nm. jafnvel skipt á milli sín einstökum málaflokkum og haft þannig betri yfirsýn um stöðu þeirra hverju sinni. Þetta held ég að n. sú, sem nú fjallar um þingsköp Alþingis, ætti að taka til sérstakrar athugunar.

Þá vil ég árétta það, sem ég hef áður sett fram í umr. um fjárlög, að nauðsynlegt er að búa betur að þingnefndum hvað allan tækjabúnað og vinnuaðstöðu varðar. Ég hygg að vart sé til svo auðvirðilegt fyrirtæki og illa búið að það hafi ekki betri og fullkomnari búnað til upplýsingaöflunar og upplýsingavörslu en Alþingi Íslendinga. Ég býst við því að jafnvel verslanir fyrir svissneskt konfekt séu betur búnar á tölvu- og tækniöld að þessu leyti en sjálft Alþingi.

Ég vil taka skýrt fram að hér er að sjálfsögðu ekki við starfsfólk Alþingis að sakast, sem vinnur mikið verk með ágætum við erfiðar aðstæður, heldur fyrst og fremst okkur alþm. sjálfa sem höfum búið svona um hnútana og ekki verið nægjanlega vel á verðinum hvað alla starfsaðstöðu Alþingis varðar.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um störf fjvn. eða um þær brtt. sem hún leggur til að gerðar verði á frv. Það hefur formaður n., hv. 1. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson, gert í sinni ítarlegu ræðu. Ég vil þó segja að ég tel að störf n. hafi að þessu sinni verið með erfiðasta móti. Stafar það einkum af því hvað þröngt var um alla framkvæmdaliði sem fjvn. gerir till. um skiptingar á. Reynt var af fremsta megni að hafa brtt. sem allra minnstar og reyna að halda ríkisútgjöldum niðri því aukinn halli á fjárlögum þýðir aðeins auknar erlendar lántökur. Það er þó ljóst að æskilegt hefði verið að geta úthlutað meira fé til skólabygginga því staðreyndin er sú að mestur hluti fyrirhugaðrar fjárveitingar fer til að greiða sveitarfélögunum upp í skuldir vegna lögboðinnar þátttöku ríkissjóðs í framkvæmdum sem ekki hefur verið hægt að bíða með eða fresta. Fer því lítið af þeim fjárveitingum til greiðslu á raunverulegum framkvæmdum næsta árs. Þá er einnig sýnilegt að ekki er hægt að koma í veg fyrir að eitthvað af nýjum verkefnum fari af stað á næsta ári.

Hvað varðar rekstrarliði frv. álít ég hins vegar að auðveldara hafi verið að glíma við þá að þessu sinni en stundum áður og er það auðvitað því að þakka, þrátt fyrir allt og þrátt fyrir alla umr. um fjárlagagöt, að fjárlög þessa árs hafa reynst raunhæfari hvað varðar ýmsa rekstrarliði rn. og ríkisstofnana en oft áður. Þeirri stefnu var og reynt að halda við frv.-gerðina svo að fjárlög mættu verða það stjórntæki sem þeim er ætlað að vera.

Vissulega hefur n. þurft að gera ýmsar lagfæringar og breytingar í ljósi upplýsinga sem hún hefur fengið og leiðrétta nokkra liði sem ekki höfðu fengið nægilega ítarlega umfjöllun við gerð frv. af ýmsum ástæðum. Heildarupphæð brtt. ber þó með sér að reynt hefur verið að gæta ýtrasta aðhalds og sparnaðar þar sem aðeins er um að ræða upphæð sem svarar til u. þ. b. eins prósents af heildarútgjöldum ársins eða 230 millj. kr. Þess ber þó að gæta að enn er eftir að taka til athugunar nokkra liði fjárlagafrv., svo sem fram kom í framsöguræðu formanns n. Má þar sérstaklega nefna rekstur ríkisspítala og starfsemi heilbrigðisstofnana, rekstur Hafrannsóknastofnunar á nýju hafrannsóknaskipi, sem stofnunin hefur nýlega keypt, svo og allar B-hluta stofnanir og 6. gr. fjárlaga.

Af þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á frv. vil ég sérstaklega nefna eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir hækkaðri fjárveitingu til Háskóla Íslands. Formaður fjvn. greindi í ræðu sinni frá hugmyndum n. um að athuga og endurskoða stöðu og starfsemi Háskólans. Í ræðu minni við 1. umr. um fjárlagafrv. hér í þinginu gat ég um þær hugmyndir sem uppi eru um háskólanám á Akureyri. Í gær barst mér bréf frá bæjarstjórn Akureyrar þar sem greint er frá samþykkt er bæjarstjórn gerði á fundi sínum 4. des. s. l. um sama málefni. Ég tel eðlilegt að þetta mál, nám á háskólastigi á Akureyri, fái sérstaka umfjöllun í því nefndarstarfi sem formaður fjvn. gat um í ræðu sinni.

Till. er gerð um verulega hækkun á ýmsum liðum til lista- og menningarmála, svo sem leiklistarmála svo og til myndlistarskóla. Er með því reynt að styðja við

heilbrigða og þroskandi tómstundastarfsemi og menningarlíf sem fjöldi fólks fær síðan að njóta. Til æskulýðsmála eru verulega hækkaðar fjárveitingar. Er bæði sjálfsagt og eðlilegt að styðja svo sem kostur er við starfsemi æskulýðs-, ungmenna- og íþróttafélaga, ekki síst nú þar sem næsta ár, árið 1985, hefur verið tilnefnt sem alþjóðaár æskunnar.

Varðandi landbúnaðarmálin er nú gert ráð fyrir því að standa við löggjöf um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, en lög þau voru hluti af samkomulagi um kjaramál bænda.

Þá er og lagt til að hækka fjárveitingar til landgræðslu og landverndaráætlunar svo sem þáltill. um þau mál gerir ráð fyrir.

Hv. þm. Karvel Pálmason taldi litlar tekjur koma í ríkiskassann sem afgjald fyrir 1000 ríkisjarðir. Sannleikurinn er hins vegar sá að jarðirnar munu vera um 800 og þar af eru margar þeirra í eyði. Í sumum tilfellum mun ríkissjóður hafa keypt eða eignast þessar jarðir þegar bændur vildu hætta búskap og eins og málum er nú háttað í landbúnaði er vart ástæða til að fjölga verulega ábúendum.

Lagt er til að hækka nokkra liði er varða málefni fatlaðra. Þetta er orðinn stór málaflokkur og eru þó enn mörg verkefni óleyst á þessu sviði svo sem ég gat um í 1. umr. um fjárlög og fjölyrði því ekki frekar um að þessu sinni.

Ég hef drepið á nokkur atriði í brtt. fjvn. til áréttingar. Ég vil að lokum fara nokkrum orðum um fjárveitingar til hafnamála að gefnu tilefni. Hv. þm. Geir Gunnarsson tók þær sem dæmi um fjandsamlega byggðastefnu fjárlagafrv. og það sem hann kallaði breytta byggðastefnu Framsfl. og hv. þm. Karvel Pálmason tók í sama streng. Ljóst er að þegar þjóðartekjur dragast saman hlýtur það að koma niður á fjárveitingum ríkissjóðs til ýmissa nauðsynlegra málaflokka. Þar eru hafnir því miður ekki undanskildar. Hv. tilgreindir þm. telja líka að halli á ríkisrekstri sé óviðunandi og erlendar lántökur megi ekki hækka, hafi ég skilið málflutning þeirra rétt. En það er því miður nú eins og stundum áður að mönnum gengur misjafnlega vel að horfast í augu við staðreyndir og taka tillit til raunveruleikans. Það virðist mér einmitt koma fram í málflutningi þessara hv. þm. Það er auðvelt að slá um sig í orðræðu með óábyrgum málflutningi, en oft erfiðara að standa við stóryrði þegar á reynir. Það er einfalt að segja að gengisfelling hafi verið hefndarráðstöfun vegna nýgerðra kjarasamninga, en óskapast síðan yfir viðskiptahalla sem að sjálfsögðu er að verulegu leyti afleiðing ranglega skráðs gengis. Ég undrast slíkan málflutning.

Í umr. um fjárlagafrv. á dögunum gerði ég m. a. grein fyrir viðhorfum mínum til framkvæmda fjárveitinga, þ. á m. til hafnaframkvæmda og vil því, með leyfi forseta, fá að fylgja fordæmi hv. þm. Geirs Gunnarssonar og lesa upp úr þeirri ræðu minni sem hlýtur að hafa verið harla góð fyrst nauðsynlegt er að endurtaka svo mikið úr henni. Þar segir:

„Um aðra framkvæmdaliði [þ. e. aðra en vegagerð og húsnæðismál] verður því miður að segjast að vegna þeirrar aðhaldsstefnu sem frv. gerir ráð fyrir var óhjákvæmilegt að draga mjög úr framlögum til þeirra þátta. Sérstaklega vil ég nefna fyrirhugaða fjárveitingu til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, en frv. gerir aðeins ráð fyrir að til þeirra verkefna verði veittar 55 millj. kr. sem er helmingi minni upphæð í krónum talið en á fjárlögum þessa árs. Sjálfsagt má telja að skynsamlegt sé að fresta nánast alveg framkvæmdum við einn framkvæmdalið og reyna þá frekar að gera ívið betur við annan heldur en að hafa alla liði allt of þrönga. Ýmsum finnst sjálfsagt einkennilegt að þá skuli einmitt hafnarmannvirki hafa orðið fyrir valinu þar sem framkvæmdir í höfnum eru svo geysiþýðingarmiklar fyrir sjávarplássin, útgerðarstaðina allt í kringum land. Á það ber hins vegar að líta að verulegar framkvæmdir hafa átt sér stað víðast hvar á undanförnum árum og öflug og traust hafnarmannvirki risið svo varla er hægt að segja að neyðarástand ríki nokkurs staðar miðað við það sem var sé litið nokkur ár til baka. Framkvæmdum á nokkrum stöðum er þó nánast útilokað að fresta vegna stöðunnar í einstökum verkáföngum. Einnig má benda á að framkvæmdir við hafnarmannvirki eru allajafnan ekki eins atvinnuskapandi heima í byggðarlögum og t. d. framkvæmdir við skólabyggingar, byggingar heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa eða dagvistarstofnana, svo að eitthvað sé nefnt. Að því leytinu til ætti samdráttur í fjárveitingum til hafnarmannvirkja ekki að hafa eins mikil áhrif á atvinnuþróun og atvinnulíf hinna ýmsu staða og ef dregið væri meira úr öðrum framkvæmdaliðum."

Hér tel ég mig hafa skýrt nokkuð afstöðu mína til þessa málaflokks. En í brtt. n. er gerð till. um hækkun á liðnum Hafnarmannvirki og lendingarbætur úr 55 millj. kr. í 69 millj.

Herra forseti. Ég ætla ekki að öðru leyti að munnhöggvast við meðnm. mína úr fjvn. eða taka upp almenna pólitíska umr. um efnahagsmál. Tekjuhlið frv. og lántökur, innlendar sem erlendar, verða til umfjöllunar við 3. umr. um fjárlagafrv. svo sem venja hefur verið og eðlilegt að svör við spurningum varðandi þau mál komi fram í þeirri umr.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég hef áður sagt um nauðsyn þess að beina fjármagni til frekari uppbyggingar á landsbyggðinni og tel að ekki hefði veitt af öllu því fjármagni, sem nú á að verja t. d. til grunnskólabygginga, til byggingarframkvæmda úti um land, en ég tel mig raunsærri en svo að ég álíti það framkvæmanlegt og ég vil vinna á málefnalegri hátt en að gera slíkar till. Því samþykki ég það að sjálfsögðu að hæsta fjárveiting til skólabygginga í einu kjördæmi renni til Reykjaneskjördæmis og sú næsthæsta til Reykjavíkur, jafnvel þó að ég viti að það hljóti að leiða til aukinnar þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Hjá þessu verður ekki komist. Það er því miður æðioft svo að gera þarf fleira en gott þykir og ekki er alltaf hægt að beina málum í þann farveg sem maður helst vildi.

Að lokum vil ég þakka gott og ánægjulegt samstarf við alla meðnm. mína, ritara n. svo og starfsfólk fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þremur brtt. við fyrirliggjandi fjárlagafrv. og ætla fyrst og fremst að víkja að efni þeirra. Hv. 5. þm. Reykn. hefur mælt hér skörulega fyrir sjónarmiðum minni hl. fjvn. og gagnrýnt ýmsa almenna þætti sem fram koma í þessu frv. Ég hef raunar á þessu stigi engu þar við að bæta, en mun víkja hér að vissum þáttum sem brtt., sem ég er aðili að, fjalla um. Þar sem ein till.

varðar sérstaklega orkumál hefði ég kosið að hæstv. iðnrh. væri hér viðstaddur til að hlýða á mál mitt. Ég hygg að hann sé í þinghúsinu og vildi biðja forseta um að gera honum viðvart ef hann gæti verið hér viðstaddur umr. um viðkomandi till. (**Forseti:** Iðnrh. mun vera í húsinu og ég mun gera ráðstafanir til þess að í hann verði náð.) Já, ég þakka það.

Ég mun þá fyrst víkja að brtt. á þskj. 292 sem ég er flm. að, en hún er við 4. gr. fjárlaga, liðinn Landgræðslu- og landverndaráætlun, og er um það að þar bætist við nýr liður með heitinu Fyrirhleðslur vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi, til viðbótar framlagi allt að 50% frá Viðlagatryggingu Íslands, fjárveiting að upphæð 10 millj. kr. Hliðstæð till. var flutt á síðasta þingi við meðferð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Í framhaldi af því, þar sem ekki var fallist á þá till., fluttum við þrír þm. till. til þál. um varnir vegna hættu af Skeiðarárhlaupum. Flm. með mér að þeirri till. voru alþm. Egill Jónsson og Tómas Árnason og þeirri till. var vísað til ríkisstj. af fjvn. s. l. vor fyrir þinglok, en fjvn. fékk till. til meðferðar. Afgreiðsla fjvn. var svofelld:

„N. hefur fjallað um till. og samþykkt að leggja til að henni verði vísað til ríkisstj. til nánari umfjöllunar og afgreiðslu.“

Mér er kunnugt um að mál þetta mun hafa eitthvað verið rætt í ríkisstj. að frumkvæði hæstv. landbrh., en landbrn. fékk till. þessa til meðferðar. Hins vegar var enga fjárveitingu að finna í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram og hefur landbrh. hæstv. tjáð mér að sú grg. sem hann óskaði eftir frá Vegagerðinni hefði ekki náð í tæka tíð áður en undirbúningi að fjárlagafrv. var lokið.

Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir þessu nauðsynjamáli sem till. fjallar um. Hún varðar brýnar endurbætur á varnarvirkjum á Skeiðarársandi, varnarvirkjum sem varða mannvirki í þjóðgarðinum í Skaftafelli, sem varða verndun lands sem gróið hefur upp í skjóli þessara fyrirhleðslugarða á Skeiðarársandi, en það er verulegt svæði á sandinum fram undan jörðum í Hofshreppi þar sem ótrúlega skjótar framfarir hafa orðið í uppgræðslu með náttúrulegum hætti ef svo má segja. Væri það mikið tjón ef það land færi undir flóð Skeiðarár ef varnargarðar brystu. Þarna er sem sagt um að ræða aðgerðir til að verja þau mannvirki sem risin eru í þjóðgarðinum og land í Hofshreppi.

Í öðru lagi er um að ræða viðgerð á varnargörðum sem hafa skaddast við síðustu hlaup Skeiðarár, eins og þau eru kölluð, bæði við Skeiðará sjálfa og einnig við Súlu. Og í þriðja lagi er það endurnýjun á grjóti utan á fyrirhleðslugörðum þar á Skeiðarársandi. Vegagerðin telur heildarkostnað við þessar aðgerðir vera á bilinu 20—21 millj. kr., en þess er að geta að Viðlagatrygging hefur fallist á að greiða allt að 50% á móti framlagi ríkisins vegna þessara aðgerða. Bókun af hálfu stjórnar Viðlagatryggingar liggur fyrir um þetta efni.

Ég vísa til umsagnar, sem nýlega er komin fram og liggur að ég best veit fyrir hv. fjvn., frá 7. des. s. l. varðandi þessi efni og kostnaðaráætlanir og ég treysti því að menn fallist á þá till. sem ég flyt hér um fjárveitingu í þessu skyni, svo brýnt sem málið er. Það getur verið tiltölulega skammt í næsta hlaup Skeiðarár þó að erfitt sé um það að fullyrða. Síðasta hlaup, í desember fyrir ári, kom óvænt, en oft hafa liðið 3—4 ár milli hlaupa. En nú hegða Grímsvötn sér með öðrum hætti en áður og því valt að treysta því að nokkur regla sé á þessum hamförum.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hvílíkt tjón það væri, lítt bætanlegt í rauninni, ef vatnsflaumur kæmi yfir aðstöðu Náttúruverndarráðs í þjóðgarðinum í Skaftafelli, svo og yfir það land sem hefur verið að gróa upp fram undan jörðum í Hofshreppi niðri á sandinum. Ég hvet eindregið til þess að með velvilja verði litið á þessa till. og ég vænti sem sagt að við hana fáist stuðningur. Varðandi frekari rökstuðning vísa ég til grg. og fskj. með þáltill. sem ég nefndi áðan.

Þá vil ég víkja hér að annarri brtt. sem er á þskj. 291, en þar er ég flm. ásamt Karvel Pálmasyni, hv. 3. þm. Vestf., en till. er svofelld:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuliður fjárlaga hækki um 356 millj. kr. með því að lögð verði til þessi upphæð af hækkun raforkuverðs til stóriðju til álversins í Straumsvík skv. þeim samningi sem samþykktur var hér á Alþingi fyrir skömmu. Hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir þeirri áætlun Landsvirkjunar að auknar tekjur vegna raforkusölu næmu milli 400 og 500 millj. kr. á árinu 1985.

Ég mun standa að flutningi till. um hugsanlega nauðsynlegar lagabreytingar til að slík tekjutilfærsla megi ná fram að ganga til þeirra nota sem gert er ráð fyrir samkvæmt till. Það er að verja til viðbótar því sem nú felst í fyrirliggjandi frv. varðandi niðurgreiðslu á rafhitun sömu upphæð, 356 millj. kr., þannig að sá liður sem bæri heitið „lækkun húshitunarkostnaðar“ næmi 556 millj. kr. samtals. Þá er til viðbótar skv. fyrirliggjandi frv. 50 millj. kr. vegna niðurgreiðslu á olíuhitun, þannig að í heild væru til ráðstöfunar í þessu skyni 606 millj. kr. Til rökstuðnings þeirri upphæð vísa ég til þáltill. sem rædd var fyrir tveimur dögum í hv. Sþ. Þar er ég flm. ásamt fleiri þm. Alþb. og þar er að finna útreikninga og rökstuðning fyrir því að þessi upphæð er hér valin og sérstaklega til hennar vísað. Þar er gert ráð fyrir því að notendur þeir, sem skipta við hitaveitur og hita hús sín með raforku, þurfi ekki að borga að meðaltali meira en sem nemur sex vikna tekjum samkvæmt dagvinnutekjutryggingu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, en það svarar nú til röskra 19 000 kr., en gera þarf ráð fyrir því að einhver hækkun verði á raforkutöxtum, eftir því sem hæstv. iðnrh. upplýsti við þessa umr., þannig að ég hef ekki séð ástæðu til að breyta þessari viðmiðun þrátt fyrir það að hún var reiknuð út fyrir síðustu kjarasamninga.

Það ætti ekki að þurfa að rökstyðja það með mörgum orðum hvílík nauðsyn er á því að bæta úr því mikla misrétti sem þeir búa við sem þurfa að skipta við veitur sem eru með hæstar gjaldskrár. Þar er munurinn gífurlegur og varla hægt að benda á nokkurn einn þátt sem veldur jafnmiklum kjaramismun fólks hérlendis. Það mál hefur svo oft verið hér til umr., að þarflaust ætti að vera að rökstyðja það með mörgum orðum. Hæstv. ríkisstj. hafði um það góð orð í byrjun að bæta hér verulega um frá því sem áður var eða frá því sem horfði í þessum efnum. Ég gæti vitnað til margra orða núverandi hæstv. iðnrh. um það efni. Hann sagði m. a., með leyfi forseta, þann 19. des. s. l. í umr. um fjárlagafrv.:

„Þeim tölum, sem nú er að finna í fjárlagafrumvarpi til niðurgreiðslu raforku og olíu, verður ekki breytt úr því sem komið er. Á því ber ég höfuðábyrgð og síðan

ríkisstj. í heild. Það er auðvitað ekki fyrir það að synja að óánægju hefur gætt í þingliði ríkisstj. með að ekki skuli hærri fjárupphæðir áformaðar til þess arna. Er slíkt eðlilegt, miðað við fyrri yfirlýsingar og kosningaloforð, þar sem menn hétu að beita sér fyrir að einu og hálfu söluskattstigi skyldi til þessa varið, en sú fjárhæð er nú talin nema 471 millj. kr."

Þá hét hann einnig löggjöf um þessi efni og taldi hana raunar nauðsynlega til að hafa fast land undir fótum í þessu efni. Hann sagði m. a. um það, með leyfi forseta:

„Þetta frv. verður á þeim grundvelli sem orkuverðsnefnd hefur þegar lagt drög að og að langmestu leyti, að því sem mér sýnist við fyrstu kynni, fellur það að þeim skoðunum sem ég hef um hvernig að þessum málum skuli staðið. Öllu reiptogi við fjárveitingavald um framkvæmd þessara mála hverju sinni verður að linna. Menn verða að hafa hér fast undir fótum," sagði ráðherrann.

Og hann sagði einnig um þetta efni í umr. þá:

„Í tillögum orkuverðsnefndar eru gagngerðar tillögur sem ég, eins og ég segi, hygg að megi byggja á framtíðarstefnu okkar í þessu, sem muni koma þeim sem örðugast eiga, sérstaklega og fyrst og best þeim, til hjálpar í þessum sökum. Á því er enginn vafi. Þetta verður framkvæmt og á því munu menn taka og á því munu þeir taka á sjálfum sér, sem örðugast eiga, að þeim verður komið til hjálpar."

Enn fleiri orð svipaðs eðlis og jafnvel sterkari er að finna í þessum yfirlýsingum hæstv. iðnrh. í sambandi við umræðu um fjárlagafrv. á síðasta þingi. Nú fór það hins vegar svo að það frv., sem hann boðaði þar að flutt yrði sem stjfrv., hefur ekki verið lögfest. Það dagaði uppi s. l. vor í iðnn. Ed. og var talið gagnslítið af n., ef ég hef skilið bókun hennar um málið rétt. Og hæstv. ráðh. hefur lýst vonbrigðum sínum um framgang þessara mála, en sagði þó í umr. hér um daginn, fyrr í vikunni, um þessi mál að hann vonaðist til þess að einhver leiðrétting fengist í þessum efnum, sagði þó að „um ýmis veigamestu atriði þessa máls hefur ekki náðst samkomulag" og hann vitnaði til hæstv. fjmrh. í þeim efnum til að staðfesta það og hann sagðist ekki vilja staðfesta hver niðurstaða verður um fjárveitingu til þess arna. Orðrétt sagði hæstv. iðnrh.: „Það er tekist á um ýmis atriði í þessum málum, einmitt þessa dagana, og munu skýrast fljótlega og koma á daginn, t. a. m. í sambandi við þá skýru yfirlýsingu sem ég gaf af hálfu ríkisstj. um lækkun og síðan niðurfellingu verðjöfnunargjalds á raforku."

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég efa ekki að hæstv. iðnrh. hefði kosið að málin lægju öðruvísi fyrir en nú er. Það hefur komið fram af hans hálfu. Hann þekkir ekki síður en ég þá örðugleika sem fólk býr við á hinum svokölluðu köldu svæðum í þessum efnum. Og ég vænti þess að sá tillöguflutningur sem ég stend hér að ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni verði til stuðnings þeim vilja og markmiðum ráðh. sem hann svo oft hefur lýst í þessum efnum.

Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að verja drjúgum hluta af þeirri tekjuaukningu sem menn telja sig eiga í vændum af hækkun raforkuverðs til stóriðju beint til þessa þáttar og vísa þar til till. sem nefnd þingflokka skilaði til iðnrn. 28. janúar 1983, en meðal tillögumanna var hv. forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson, og þar var sérstaklega vísað til þessa úrræðis til að ná fram lækkun húshitunarkostnaðar.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, nefna hér till. sem ég er flm. að á þskj. 297 ásamt Helga Seljan, hv. 2. þm. Austurl., og varðar heilsugæslustöð á Eskifirði. Þar er lagt til að framlag til heilsugæslustöðva hækki sem svarar 1 millj. vegna heilsugæslustöðvarinnar, H-2 stöðvar, á Eskifirði, þannig að unnt verði að ráða annan lækni til þessarar stöðvar í samræmi við lög frá árinu 1983. Nú er þarna aðeins einn læknir, en vilyrði hafa verið gefin um að annar læknir yrði ráðinn og ætti raunar þegar að vera kominn til starfa. Til þess að leitast við að tryggja að svo verði gert í byrjun næsta árs flytjum við hv. þm. Helgi Seljan þessa brtt. við fjárlagafrv.

Alþb.-menn standa að öðrum brtt. hér sem mælt verður fyrir síðar í þessari umr. og sem ég að sjálfsögðu tek undir. Þar er m. a. um að ræða till. um hækkun til ýmissa framkvæmdaþátta, m. a. í samgöngumálum og í skólabyggingum og gerðar till. um tekjuöflun á móti.

Í sambandi við flugvallarframkvæmdir vil ég sérstaklega benda hér á flugvöllinn á Egilsstöðum, sem ég held að að flestra mati sé sú framkvæmd sem hvað brýnast er að ráðist verði í fyrr en seinna, varðandi hina stærri flugvelli hér innanlands, og við höfum það auðvitað í huga m. a. þegar við erum að leggja til hækkun á framlögum til þessa þýðingarmikla þáttar, flugmálanna hér innanlands.

Herra forseti. Ég læt málið mínu lokið.

Sigríður Dúna Kristmundsdótti: Herra forseti. Fjárlög eru ósköp einfaldlega niðurröðun á skiptingu sameiginlegra fjármuna landsmanna. Þau byggjast á forgangsröðun mála og stýringu fjármagns og í þeim kemur afstaða stjórnvalda til mismunandi málaflokka skýrt fram hverju sinni. Ekki ætla ég að fjalla ítarlega um þá stjórnarstefnu sem í þessum fjárlögum birtist, en ekki er hún glæsileg né heldur heilsteypt. Efnahagsstefnan þverbrotin, erlendar skuldir aukast og fjárlögin neyðarbrauð. Það er fjöldamargt sem við Kvennalistakonur hefðum viljað sjá ofar í forgangsröðinni í þessu frv., en við þessa umr. fjárlaga höfum við kosið að velja þrjá málaflokka úr okkar forgangsröð og flytja brtt. um hækkun framlaga til þeirra.

Þessar brtt. er að finna á þskj. 298 og þær taka til Háskóla Íslands, Námsgagnastofnunar og dagvistarheimila fyrir börn.

Fyrsta till. felur í sér að framlög til þess liðar í bókhaldi Háskóla Íslands sem nefnist „sameiginleg útgjöld" hækki úr 23 millj. 5 þús. kr. í 30 millj. 505 þús. kr. Hv. fjvn. hefur þegar gert till. um að þessi liður hækki í 28 millj. 705 þús. kr., þannig að brtt. felur í sér 1 millj. 800 þús. kr. hækkun til viðbótar og nemur þá þeirri upphæð sem Háskólinn fer fram á undir þessum lið. Hér er ekki um stóra upphæð að ræða í fjármálum ríkisins, en hér er um kennslufé að ræða og þessar krónur skipta Háskólann miklu, einkum þann gífurlega fjölda stundakennara sem starfar við einhver bágustu kennslukjör sem fyrirfinnast í landinu.

Meira en helmingur þeirrar kennslu sem fram fer við Háskóla Íslands er í höndum stundakennara og hefur svo verið um nokkurt árabil og fer hlutur þeirra í kennslunni sífellt vaxandi. Þetta er hin mesta óhæfa, ekki vegna þess að stundakennarar séu ekki jafngóðir kennarar og aðrir kennarar, heldur vegna þess að ófært

er fyrir Háskólann að þurfa að treysta á lausráðið vinnuafl til að halda uppi meir en helmingi sinnar starfsemi. Jafnframt nær það ekki nokkurri átt að bjóða 700 manna kennaraliði, en það mun vera u. þ. b. fjöldi stundakennara nú, upp á þau löku launakjör, slæmu vinnuaðstöðu og það atvinnuóöryggi sem stundakennslunni fylgir. Nauðsyn þess að auka með einhverjum hætti fastráðningar kennara við Háskóla Íslands er brýn, en sá vandi verður því miður ekki leystur hér við afgreiðslu fjárlaga. Þar þarf meira að koma til.

Hins vegar er einsýnt að ekki er nokkur leið að kreppa meir að kennslu við Háskóla Íslands en orðið er. Þegar hefur dregið úr kennslu á mörgum sviðum, námskeið felld niður og sparað á alla kanta. Lengra er ekki hægt að ganga í þeim efnum og vísast hefur þegar verið allt of langt gengið í þessa átt, með afleiðingum sem fyrirsjáanlega draga stóran dilk á eftir sér í íslensku menningar- og atvinnulífi.

Það er ábyrgðarhlutur háskólakennara að útskrifa nemendur frá Háskóla Íslands að uppfylltum skilyrðum um námskröfur. En það er ábyrgðarhlutur stjórnvalda að sjá til þess að Háskólinn hafi nægilegt fé til að kennarar hans geti gegnt skyldum sínum. Því er hér lagt til að komið sé til móts við beiðnir Háskólans um kennslufé og framlög til þess hluta sem hér um ræðir hækkuð í 30 millj. 505 þús. kr. eða um 1.8 millj. fram yfir till. hv. fjvn.

Það fé sem hér um ræðir mun skv. upplýsingum háskólaritara vera notað til að standa straum af launakostnaði til stundakennara vegna sérstaks undirbúnings námskeiða og til að mæta þeim launahækkunum sem á launum þeirra kunna að verða á næsta ári í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Svo og til að standa straum af stundakennslu fastra kennara sem er töluverð. Í kennslunni er einfaldlega ekki hægt að skera meira niður ef Háskólinn á að hafa einhverja von til að standa undir nafni. Ég vil biðja hv. þm. að hyggja að því þegar þessi brtt. kemur til atkvæðagreiðslu.

Um málefni Háskólans almennt má tala langt mál. En ég vil aðeins minna hv. þm. á að á meðan nemendum Háskólans hefur fjölgað um 10% á ári hverju undanfarin fjögur ár hafa fjárveitingar til skólans aðeins aukist um 3—4% að jafnaði á sama tíma. Við núverandi fjárhagsaðstæður er Háskólanum illmögulegt að sinna þeim skyldum sem honum eru lagðar á herðar og þar á bæ er neyðin stór.

Löngu er kominn tími til að þeir sem fjármagni útdeila hér á landi spyrji sjálfa sig í fyllstu einlægni hvort þeir vilji í rauninni halda uppi háskóla hér á landi með því sniði sem nú er. Að þeir geri upp hug sinn um hver sé þýðing Háskólans í menningar- og atvinnulífi þjóðarinnar og í leiðinni hver sé meiningin í eftirfarandi kafla úr stefnuræðu hæstv. forsrh., en þar segir, með leyfi forseta:

„Sérstaklega verði hugað að gæðum menntunar. Í landi fárra auðlinda gegnir menntakerfið lykilhlutverki í nýsköpun atvinnulífs. Á það jafnt við um bókgreinar og list- og verkgreinar. Skólarnir þurfa að geta miðlað nýrri þekkingu svo að unnt sé sem fyrst að koma við nútímatækni á öllum sviðum atvinnulífsins. Stefnt er að því að nýta sem best til rannsókna og fræðslu þá sérþekkingu sem Háskóli Íslands og stofnanir hans hafa yfir að ráða."

Orðin standa hér svört á hvítu, en þau eru ómark á meðan Háskólanum er ekki veitt það fé sem hann þarf á að halda, eins og reyndin er í þeim fjárlögum sem við erum að fjalla um. Það er ekki nóg að segja. Það verður líka að gera. En það er langur vegur þar á milli hjá núv. hæstv. ríkisstj.

Í annan stað flytjum við Kvennalistakonur till. um hækkun framlaga til Námsgagnastofnunar og mun hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir gera grein fyrir þeirri till. á eftir.

Í þriðja lagi flytjum við till. um að framlög til byggingar dagvistarheimila fyrir börn hækki úr þeim aumu 30 millj. sem frv. gerir ráð fyrir í 70 millj. 588 þús. kr. en það er sú lágmarksupphæð sem þarf til að mæta umsóknum sveitarfélaga í þessu efni. Er enn langur vegur í að framlög til þessara mála séu viðunandi.

Fyrr á þessu þingi lögðum við Kvennalistakonur fram frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna. Þar er gert ráð fyrir að á ári hverju sé veitt úr ríkissjóði upphæð sem nemur a. m. k. 0.8% af A-hluta fjárlaga til byggingar dagvistarheimila fyrir börn. Miðað við niðurstöðutölu A-hluta fjárlaga 1984 hefði í ár verið um að ræða upphæð sem nemur 147 millj. kr. Forsendur þessarar tillögugerðar eru m. a. þær að við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands í október 1980 samdi ríkisstj. um að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu 10 árum. Með bréfi dags. 26. mars 1981 skipaði menntmrh. nefnd til að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila í landinu. Nefndin, sem lauk störfum 30. apríl 1982, lagði fram umbeðna áætlun byggða á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými, og komst að þeirri niðurstöðu að árlega þyrfti að veita úr ríkissjóði 30 millj. miðað við forsendur 1, 50 millj. miðað við forsendur 2, til að því markmiði í byggingu dagvistarheimila, sem samið var um 1980, yrði náð. Tillögur nefndarinnar um upphæð fjárveitinga voru miðaðar við byggingarvísitölu 909. Skv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar voru þessar upphæðir orðnar sem hér segir í janúar 1984: Þá voru 30 milljónirnar orðnar að 75.8 milljónum og 50 milljónirnar orðnar að 126.4 milljónum.

Fjárveitingar á fjárlögum til byggingar dagvistarheimila voru hins vegar sem hér segir frá því að ofangreindur kjarasamningur var gerður: Árið 1981 11 millj., árið 1982 15 millj., árið 1983 27 millj. og árið 1984 31 millj. 640 þús. kr. Á þeim fjárlögum sem við erum hér að fjalla um, fjárlögum fyrir árið 1985 eru það 30 millj. Stjórnvöld hafa því þverbrotið þau loforð sem gefin voru í kjarasamningum 1980 og ljóst er að því fer fjarri að þörf fyrir dagvistun barna hafi minnkað á þeim árum sem hér um ræðir. Þvert á móti hefur þörf á dagvistarrými aukist svo umfram framboð sökum núverandi efnahagsástands að neyðarástand hefur skapast í þessum efnum.

Við núverandi efnahagsástæður og þann óheyrilega langa vinnutíma, sem flestum vinnufærum Íslendingum er boðið upp á, hafa feður og mæður lítinn tíma afgangs fyrir börn sín. Hvar eru börnin á meðan foreldrarnir eru að vinna?

Í desember 1983 var rúm fyrir 43.5% barna á landinu á aldrinum 6 mánaða til 5 ára á dagvistarheimilum. Þar af voru 34.6% á leikskólum, sem bjóða aðeins fjögurra stunda fóstrun á dag, en aðeins 8.9% á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins var rúm fyrir 377 börn eða

1.5% barna á aldrinum 6—11 ára á landinu. Á meðan rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla eru úti á vinnumarkaðinum er þetta raunveruleikinn. Jafnvel þótt ekki sé tekið mið af núverandi efnahagsástandi, sem kallar foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna, er það grundvallaratriði í baráttu fyrir jafnri stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðinum að öllum foreldrum standi dagvistarþjónustu fyrir börn til boða, að foreldrar geti sjálfir valið hvort börn þeirra sæki dagvistarheimili, en að ríkið velji ekki fyrir þá eins og nú er.

Því höfum við Kvennalistakonur lagt til á þskj. 298 að framlög til byggingar dagvistarheimila hækki úr 30 millj. kr. í 70 millj. 558 þús. kr. fyrir árið 1985, og það stóra skref, sem taka verður í þessum málum, verði þannig tekið í áföngum.

Frv. okkar um átak í dagvistarmálum barna, sem gerir ráð fyrir öllu hærri framlögum, er nú til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Ed. Ef það nær fram að ganga, þá er hægt að gera ráð fyrir því við gerð fjárlaga fyrir árið 1986. Við erum því með þessari brtt. við fjárlögin nú að leggja til að bót verði ráðin á þessum málum í tveimur áföngum.

Eins og ég gat um áðan er sú upphæð sem við leggjum til að varið verði til þessara mála, 70 millj. 558 þús. kr., sú lágmarksupphæð sem þarf til að mæta umsóknum sveitarfélaga um byggingu dagvistarstofnana. Í dag barst mér síðan svohljóðandi bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi borgarstjórnar 6. þ. m. var samþykkt með 21 samhljóða atkvæði svofelld tillaga varðandi fjárveitingar til dagvistarmála:

Borgarstjórn Reykjavíkur átelur harðlega fyrirhugaðan niðurskurð á framlögum til byggingar dagvistarheimila sem birtist í framlögðu fjárlagafrv. fyrir árið 1985. Borgarstjórn skorar því á Alþingi að stórauka framlög til uppbyggingar dagvistarheimila við endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985.

Á þessu ári var hlutur Reykvíkinga fyrir borð borinn í þessu máli af fjárveitingavaldinu. Þá komu aðeins 18% fjárveitinganna í þeirra hlut. Borgarstjórn væntir þess að slíkt endurtaki sig ekki við afgreiðslu fjárlaga nú."

Undir þetta bréf skrifar Davíð Oddsson borgarstjóri.

Þetta var samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Jafnframt hefur mér borist svohljóðandi samþykkt frá Samtökum kvenna á vinnumarkaðnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Samtaka kvenna á vinnumarkaðnum, haldinn 2. des. 1984, átelur harðlega þann niðurskurð á framlögum til byggingar dagvistarheimila sem fram kemur í fjárlögum 1985. Sá niðurskurður er óskiljanlegur í ljósi þess að ráðamenn þjóðarinnar hafa viðurkennt að laun einnar fyrirvinnu duga engan veginn til framfærslu heimilis. Fundurinn skorar því á fjárveitinganefnd Alþingis og alþingismenn alla að stórhækka framlög til byggingar dagvistarheimila."

Þá vil ég að lokum minna á ályktun þings Alþýðusambands Íslands um dagvistarmál en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands haustið 1980 hét ríkisstj. að beita sér fyrir því í samvinnu við sveitarfélögin að þörfinni fyrir dagvistarþjónustu barna yrði fullnægt á næstu tíu árum. Síðan eru liðin fjögur ár og ekkert ber á efndum. Þvert á móti hefur framlag til byggingar dagvistarstofnana á fjárlögum farið lækkandi að raungildi hin síðari ár. Af þessum sökum skorar 35. þing Alþýðusambands Íslands á ríkisstjórn, Alþingi og sveitarfélög að gera nú þegar sérstakt átak í þessum málum þannig að staðið verði við gefin fyrirheit og dagvistarþörfinni fullnægt fyrir árið 1990."

Hv. alþm. ætti að vera ljóst að við svo búið má ekki lengur standa í dagvistarmálum barna. Það er ábyrgðarhlutur okkar sem sitjum á hæstv. Alþingi að sjá til þess að hér verði ráðin bót á og aflétt því neyðarástandi sem nú ríkir í þessum málum hér á landi. Ég skora á hv. þm. að kanna nú grannt hug sinn til þessara mála og veita þessu máli liðsinni sitt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Fulltrúi þingflokks BJ í fjvn., hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir, hefur þegar gert grein fyrir brtt. sem við flytjum á þskj. 299. Ég mun því ekki fara um þær orðum sérstaklega, heldur langaði mig að víkja frekar að ákveðnum þáttum og því sem við getum kallað ákveðnum stefnum í sambandi við ríkisfjármálin.

Það sem er nokkuð fróðlegt að spyrja um fyrst, þegar maður hefur í höndum niðurstöður nokkurra mánaða vinnu í fjvn., er hvar pólitíkin sé í þessu. Er einhvers staðar í þessu vegvísir sem getur vísað okkur á svar við þeirri spurningu hvers konar þjóðfélag, hvers konar stefna í atvinnuháttum, hvers konar þróun eigi að verða hérna á næstu árum eða jafnvel til aldamóta? Eru einhvers staðar einhverjar ákveðnar línur lagðar í fjárlagafrv.? Er einhver ákveðin stefna mótuð? Því miður virðist mér í þetta sinn, eins og reyndar oft áður, að svo sé ekki. Það sem gerist er að ofan úr rn. koma fjárlög samin af embættismönnum rn. og eru að talsverðu leyti og af ýmsum eðlilegum ástæðum framlenging frá ári til árs með tiltölulega litlum breytingum. Það er þegar orðið svo að ríkisfjármál eru mjög bundin. Það eru í lögum ákvæði um framlög og það eru í lögum ákvæði um ýmiss konar varðveislu, um það hvernig fé er varið, og það olnbogarými sem Alþingi hefur í þessum efnum er þess vegna mjög takmarkað. Við sjáum raunar niðurstöðuna í tölum eftir nokkurra mánaða vinnu hv. fjvn. Það sem hefur breyst er að útgjöld hafa hækkað um 231 millj. Það er á að giska eitt prósent af niðurstöðutölum fjárlaga. Það er nú allt sem hefur gerst eftir alla þessa vinnu, eftir allt það sem menn hafa rætt og eftir allt það sem menn hafa ritað. Eftir allar þær spár og allar þær tilraunir til breytinga er niðurstaðan sú að útgjaldaliðir hafa breyst um 1%. Þetta er olnbogarýmið sem Alþingi hefur í þessum efnum. Það er afar lítið. Það er kannske ekki nema eðlilegt að menn sjái ekki stórar breytingar þegar svo er komið.

Við teljum hjá BJ að það hefði þurft að breyta verulega miklu. Það hefði þurft að sýna okkur og þjóðinni að ríkisstj. ætlaði sér eitthvað, hefði eitthvert markmið, sæi fyrir sér einhvers konar þjóðfélag sem hún ætlaði að stefna að. Við héldum þessu fram við umr. um fjárlög á síðasta ári líka og fluttum þá talsverðan fjölda brtt., ef ég man rétt milli 30 og 40, þar sem við reyndum að láta koma fram þær hugmyndir sem við höfðum í þessum efnum. Það vita allir að brtt.-flutningur við fjárlög er ekki líklegur til stórárangurs vegna þess að þegar fjvn. í öllu sínu veldi hefur ekki

nema 1% olnbogarými er olnbogarýmið, sem einstakir þm. og þingflokkar í stjórnarandstöðu hafa, verulega mikið minna.

Við fórum að þessu sinni svolítið aðra leið, eins og hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir hefur gert grein fyrir. Við fluttum fáar brtt., en á vissan hátt stefnumarkandi fyrir það sem við teljum að þurfi að gera. Til að taka dæmi nefni ég till. nr. 3 og 5 á þskj. 299. Þær fjalla um að auka sértekjur Búnaðarfélags Íslands og Ríkismats sjávarafurða. Þar er á ferðinni sú stefna, sem við teljum að fylgja beri, að atvinnugreinar beri sjálfar þjónustukostnað sinn. Með brtt. nr. 4 viljum við lækka útflutningsbætur, en nýta féð til þess að mæta þeim þjóðfélagsbreytingum sem óumflýjanlega verða á Íslandi hvort sem ríkisstj. vill eða ekki. Við tökum sem dæmi að hægt sé að verja því fé sem úr útflutningsbótunum fæst til máls eins og brtt. 1 og 6 fjalla um, þ. e. símenntun og fiskeldismál. Við teljum að þetta sé pólitík. Við teljum að einmitt eitthvað slíkt sé nauðsynlegt og óumflýjanlegt að gera ef menn vilja vísa eitthvað veginn, ef menn vilja brjótast út úr þeirri þröng sem nú er talin vera.

Um símenntunina er það að segja að lengi hefur verið talað um að símenntun sé óumflýjanlegt verkefni. Hún hefur aldrei verið það meira en nú. Þær breytingar sem verða á hverju ári, næstum í hverjum mánuði í atvinnulífi þjóðarinnar, valda því að fólk verður að standa frammi fyrir því, ekki kannske einu sinni heldur jafnvel oftar á ævinni, að breyta um vinnu, taka upp aðra atvinnu. Slíkt er ekki hægt án þess að til öflugrar símenntunar komi. Þess má raunar sjá ýmis merki um þessar mundir að kominn er þrýstingur á þetta mál. Við sjáum það í því að ýmiss konar sérskólar, einkaskólar, hafa tekið til starfa, t. d. í tölvufræðum. Þar var það einkaframtakið sem gekk á undan, gerði sér grein fyrir þörfinni og hefur leyst þarna að talsverðu leyti úr. Hins vegar hefur íslenska skólakerfið algerlega brugðist. Menn verða að gera sér grein fyrir því að skyldum þess sleppir ekki við eitthvert ákveðið aldursstig, eins og menn hugsuðu e. t. v. áður. Menn vaxa ekki upp úr því að skólakerfið eigi að hugsa til þeirra. Skólakerfið þarf að hugsa til fólks alla ævi þess.

Þetta eru örfá dæmi um það sem ég tel að þurfi að gera í þessum efnum.

Af sama toga, till. um framtíðina, eru brtt. nr. 8 og 9 þar sem lagt er til að afla fé til iðnþróunarsjóða í landshlutum og að ríkissjóður geti ábyrgst áhættulán til nýrra fyrirtækja í iðnaði.

Ég vil að lokum gera að umræðuefni tvö ákveðin afmörkuð mál. Annað þeirra er fiskeldi, sbr. brtt. sem vikið var að hér að framan.

Menn hafa á undanförnum misserum rætt talsvert um fiskeldi. Við höfum séð þar vonir kvikna og sömuleiðis slokkna. Það er alveg ljóst að fiskeldi er álitlegur kostur í okkar þjóðfélagi og okkar atvinnuháttum og einn af þeim sem á að leggja áherslu á í framtíðinni. Hins vegar er mikil nauðsyn á því að ríkisvaldið marki þar ákveðna stefnu.

Í Morgunblaðinu þann 2. nóv. s. l. er ágætisgrein þar sem er viðtal við Úlfar Antonsson líffræðing sem vinnur hjá Rannsóknaráði ríkisins og hefur talsvert kynnt sér fiskeldismál. Úlfar bendir á í greinargóðu og mjög athyglisverðu viðtali að það séu ákveðin verkefni sem óumflýjanlegt sé að sinna í sambandi við fiskeldismál.

Í fyrsta lagi telur Úlfar að það þurfi að skapa lagaramma fyrir fiskeldi, þannig að því sé fundinn staður í íslensku stjórnkerfi og tilteknir séu þeir sem þar eigi að hafa stefnumarkandi áhrif. Menn spyrja: Er fiskeldi landbúnaður eða er fiskeldi sjávarútvegur? Hvar á að finna þessu stað?

Í öðru lagi telur Úlfar að nauðsynlegt sé að efla sjóð sem veiti fyrirgreiðslu til eldis, þannig að tryggðar séu fjárfestingar og rekstrarlán. Þetta hefur verið gert erlendis og gefið góða raun.

Í þriðja lagi nefnir Úlfar að nauðsynlegt sé að efla til muna allt rannsókna- og þróunarstarf varðandi fiskeldi vegna þess að ef við höfum ekki hæft fólk til að sinna þessum málum endast bernskubrekin okkur fram á gamals aldur. Við þekkjum þetta úr öðrum greinum sem við höfum lagt út í, t. d. í sambandi við skinnaiðnað. Nú eru líklega á milli 10 og 15 ár síðan menn hófu að rækta minka á Íslandi og það hafa sagt mér kunnugir menn að það sé kannske fyrst núna sem menn séu orðnir færir um að stunda minkarækt af þeirri þekkingu og af þeirri reynslu sem ekki verður bara lesin af bókum, heldur verður aflað eftir bóklesturinn með því að vinna við greinina. Rannsókna- og þróunarstarf í fiskeldi er nauðsynlegt verkefni og við höfum þess vegna lagt til að talsverðum fjármunum, sem veitt er til að viðhalda gömlu atvinnuháttunum í landbúnaði, verði varið í það að finna nýjum leiðum grundvöll.

Að síðustu ætla ég að gera að umtalsefni annað verkefni sem ég tel að menn eigi að sinna hérna í atvinnuháttum, en það er líftækni. Mér er kunnugt um að umsókn liggur hjá fjvn. um styrk til verkefnis í íslenskri líftækni. Það er styrkur að upphæð 16.4 millj. Mönnum þykir þetta kannske nokkuð há upphæð, en til gamans vil ég láta það koma fram að aukafjárveitingar til iðnrn. vegna samninga við Alusuisse á þessu ári nema 20 millj. Þarna er verið að fara fram á lægri upphæð en aukafjárveitingum til iðnrn., í einn afmarkaðan lið þar, nemur.

Mig langar að gera örstutta grein fyrir skoðunum mínum í sambandi við þetta líftækniverkefni. Um líftækni hafa verið talsverðar umræður á Íslandi á síðustu misserum og hefur sitt sýnst hverjum. Það er ekki umdeilt að líftækni mun verða mjög umsvifamikil atvinnugrein í framtíðinni í heiminum öllum. Það er löngu orðið tímabært að við byrjum að feta okkur áfram í því sem þarf að vinna þar. Það gerist ekki öðruvísi en að við verjum til þess fjármunum og að við mörkum stefnu í þeim efnum.

Í umsókninni sem hefur verið lögð fyrir fjvn. er gerð grein fyrir ákveðnum verkefnum. Annað þeirra er vinnsla ensíma úr íslenskum fiskúrgangi. Nú vill svo til að ég hef undir höndum grein sem birtist nýlega í kanadísku vísindatímariti um lífefnafræði og frumulíffræði. Hún birtist í sept. s. l. Þar eru kanadískir vísindamenn við háskólann á Nýfundnalandi að skýra frá því að þeim hafi tekist að einangra ensím úr innyflum þorska, raunar ensín svipaðs eðlis og okkar vísindamenn hafa verið að leita að á undanförnum árum. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur í fyrsta lagi að okkar menn hafa verið á réttu róli í þessum efnum. Þeir eru greinilega að vinna að verkefnum sem þykja annars staðar athyglisverð. Það vill oft bera við að við höfum vantrú á okkar eigin fólki, viljum sækja hlutina til útlanda. Hérna höfum við dæmi um að okkar menn eru með fingurinn á púlsinum, ef svo má að orði

komast. Menn kunna að spyrja: Þýðir nokkuð fyrir okkur Íslendinga að vera að sinna þessum verkefnum? Eru ekki aðrir menn í útlöndum til þess miklu betur búnir? Þá er því til að svara, eins og reyndar kemur fram í skýrslu um samstarfsverkefni í líftækni sem ég vitnaði til áðan, að við höslum okkur völl sjálf vegna þess að við getum aldrei, ef við ekki eigum fólk, sem hefur innlenda reynslu á þessum sviðum, tekið við þeirri kunnáttu, þeirri þekkingu sem verður til erlendis. Við verðum þá sífellt þiggjandi og upp á aðra komin varðandi það hvernig úr þessum upplýsingum er unnið.

Það er augljóst að bara t. d. á þessu fiskensímasviði einu eru gífurlegir möguleikar. Það er ljóst af greinum. Sú sem ég vitnaði til er bara ein af mörgum. Það er verið að vinna að þessum efnum víða í kringum okkur. Þetta er eitt af stóru tækifærunum í þessari grein. Við eigum fólk sem getur unnið að þessu og það er beinlínis skylda okkar að styðja við bakið á því, þó að það fengi ekki nema brot af því sem við höfum varið til þess að endasendast um heiminn og reyna að semja við útlendinga um stóriðju sem ég tel að muni ekki ein og sér leysa vandamál okkar Íslendinga í atvinnumálum í framtíðinni.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til breytinga við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985, sem er reyndar annar liður á þskj. 298, en hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur þegar mælt fyrir till. sem er 1. liður, um Háskóla Íslands og fyrir till. sem er 3. liður, um stofnkostnað við dagheimili.

En allar þessar till. eru bornar fram af þm. Kvennalista og sú sem ég ætla að mæla fyrir hér er borin fram af Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Við leggjum til að fjárveiting verði hækkuð til þriggja rekstrarliða Námsgagnastofnunar, þ. e. til Fræðslumyndasafns úr 3 millj. 350 þús. kr. í 6 millj., til Kennslumiðstöðvar úr 754 þús. í 1 millj. og 500 þús. og til námsefnisgerðar úr 4 millj. 207 þús. í 5 millj.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því og leggja ríka áherslu á það að hér er einungis um raunsæjar og mjög hógværar hækkunarkröfur að ræða. Hitt er svo annað mál hvort okkur sæmir, alþm. og þeim okkar sem eru foreldrar eða forráðamenn barna og unglinga, að gera hógværar kröfur um aðstöðu þeirra til menntunar. Reyndar finnst mér að þar ættum við að vera metnaðargjörnust þegar við búum í haginn fyrir börnin okkar, hlúum að menntun þeirra og undirbúum þau til þess að erfa landið.

Í Námsgagnastofnun hefur lengi verið unnið þarft og merkt starf af alúð og hugsjón, en ævinlega af litlum efnum miðað við kröfur og þörf fyrir námsefni. Til fræðslumyndadeildar eru á fjárlögum yfirstandandi árs áætlaðar 3 millj. 650 þús. kr. Námsgagnastofnun áætlaði þörf sína 9 millj. 648 þús. fyrir árið 1985. Þessi brtt. leggur til að upphæðin verði hækkuð upp í 6 millj. kr. Í þessu sambandi vil ég minna á það að kennsla nýtur í vaxandi mæli góðs af nýrri tækni. Sjálf man ég eftir því að hafa í skóla séð fræðslukvikmyndir einu til tvisvar sinnum á ári við sérstök tækifæri og ekki síst ætlað til skemmtunar fyrir okkur börnin, bíó í söngstofunni. Nú eru sjónvörp og myndbönd snar þáttur af daglegu lífi barna og ómissandi kennslugögn við margháttaða kennslu í ýmsum námsgreinum. Fram til þessa hafa kennarar hér á landi svo til eingöngu átt kost á erlendum fræðslumyndum. Bæði er það vegna þess að Fræðslumyndasafn ríkisins og síðar Námsgagnastofnun hefur ekki haft fjármagn til að láta gera fræðslumyndir eða kaupa slíkt efni af innlendum framleiðendum. Annars vegar kemur það til að Ríkisútvarpinu hefur ekki verið ætlað að framleiða kennsluefni og það efni sem íslenska sjónvarpið hefur framleitt og þykir eftirsóknarvert til notkunar við kennslu hefur enn ekki fengist til dreifingar. Það er því ljóst að framleiðsla og úrval íslenskra fræðslumynda er enn í algeru lágmarki og á því verður að verða breyting. Það er með öllu óverjandi að skólarnir eigi ekki kost á góðu íslensku efni til afnota þar sem m. a. er fjallað um íslenska náttúru, menningu og atvinnulíf svo eitthvað sé nefnt.

Í fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar er endurskoðun á filmuefni í fullum gangi og nýtt efni á myndböndum bætist stöðugt við í safnið. Nú um n. k. áramót munu verða um 1300 titlar í safninu, þar af um 100 á myndböndum, flestir með íslensku tali.

Vert er að minnast enn fremur á það að fræðslumyndadeild sér ekki einungis grunnskólum fyrir myndefni heldur líka framhaldsskólum. Er það auðvitað sjálfsögð þróun, en hún gerir jafnframt meiri kröfur um efni, tíma og fjármagn.

Skólar landsins eignast nú jafnt og þétt myndbandstæki til að nota við kennslu og allir hv. þm. hljóta að sjá og skilja mikilvægi þess að gott úrval íslenskra kennslumynda standi nemendum og kennurum til boða.

Fæst okkar geta verið ánægð með menningar- og fræðslugildi þess afþreyingarefnis sem streymir eins og sjávarföll um mýmargar myndbandaleigur og ekki síður um tómstundir og hugi íslenskra barna og unglinga. Hér er brýn þörf á mótvægi því að þessi miðill býður upp á ómæld tækifæri, ekki bara til afþreyingar heldur líka til kennslu og fróðleiks. Mér finnst það skylda okkar að tryggja fjármagn til þess.

Sú kennslumiðstöð sem Námsgagnastofnun hefur rekið s. l. þrjú ár á sér fyrirmyndir víða erlendis þar sem slíkar stofnanir hafa verið reknar um áratuga skeið. Það er óhætt að segja að kennslumiðstöðin gegnir nú lykilhlutverki hvað varðar kynningu á innlendu og erlendu kennsluefni, gagnasöfnun og myndun verkefna og hugmyndabanka. Þarna hefur farið fram þróttmikið kynningar- og fræðslustarf sem kennarar og aðrir hafa notað sér í sívaxandi mæli. Er óhætt að draga þá ályktun af viðbrögðum skólamanna að brýn þörf hafi verið fyrir slíka starfsemi, svo vinsæl og fjölsótt er stofnunin. Þar fara fram kynningardagskrár og fræðsla, auk þess sem kennarar koma þangað til að leita sér hugmynda og útbúa eigið námsefni. Er miðstöðin ekki síður sótt af kennurum úr dreifbýli en úr þéttbýli og er þeim mikill stuðningur.

Það eru brýn framtíðarverkefni fyrir kennslumiðstöðina að útbúa aðgengilega skrá yfir gagnasafn og verkefna- og hugmyndabanka til að auðvelda upplýsingaöflun fyrir þá sem heimsækja miðstöðina. Starfsemi þessarar ungu stofnunar er í stöðugri mótun og þörfin fyrir hana er ótvíræð. Því er afar mikilvægt að henni verði fram haldið en hún ekki sveltð vegna ónógrar fjárveitingar. Til kennslumiðstöðvarinnar eru ætlaðar 754 þús. kr. á fjárlögum fyrir árið 1985, en áætlun Námsgagnastofnunar fyrir sama ár hljóðar upp á 2 millj. 261 þús. Þessi brtt. gerir ráð fyrir hækkun upp í

1.5 millj. kr. Þetta þykir mér hógvær beiðni.

Námsefnisgerð var áður hluti af verkefnum skólarannsóknadeildar menntmrn., en hefur nú verið flutt til Námsgagnastofnunar. Það er nauðsynlegt að nægilegt fjármagn sé tryggt til þess að stofnunin geti sinnt þessu hlutverki. Það vita þeir sem vilja, að mestu vandræði hafa ríkt í námsgagnagerð og útvegun námsefnis til skóla vegna fjárskorts. Hefur það verulega tafið og hindrað eðlilega kennslu. Þetta verkefni hefur auk þess orðið að vandræðabarni láglaunaðra kennara að þurfa auk annars annríkis og vanbúnaðar í starfi að útbúa námsefni fyrir nemendur sína langt umfram það sem eðlilegt og sanngjarnt mætti teljast. Er þetta fyrst og fremst vegna þess að ekkert námsefni hefur verið á boðstólum vegna fjárkreppu. Það er auðvitað algerlega óviðunandi að námsefni barnanna okkar byggist á örþrifaráðum þreyttra kennara í stað þess að vera ávöxtur yfirvegaðrar og vandlega rannsakaðrar vinnu þeirra sem að námsefnisgerð starfa. Það er mjög mikilvægt að tryggja fjárhagsgrundvöll slíkrar undirbúningsvinnu, bæði í nútíð og framtíð og ekki síst að tryggja það að afrakstur slíkrar vinnu berist á fljótan og skilvísan hátt til nemenda og kennara. Til þess ættum við öll að hafa metnað.

Í fjárlögum ársins 1985 eru Námsgagnastofnun ætlaðar 4 millj. 207 þús. kr. til námsefnisgerðar, en áætlun um þörf stofnunarinnar fyrir sama ár eru 7 millj. 770 þús. kr. Þessi brtt. fer fram á hækkun upp í 5 millj.

Eins og sjá má af þessari till. höfum við þm. Kvennalistans stillt metnaði okkar mjög í hóf og er það gert fyrst og fremst til þess að tryggja það að hógværar en bráðnauðsynlegar hækkanir nái fram að ganga. Ég skora því á hv. þm. að styðja þessar till. og satt að segja get ég ekki ímyndað mér einn einasta þm. á þessu löggjafarþingi sem gæti staðið gegn þessum hógværu hækkunum til að tryggja menntun barna okkar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki úr vegi að láta nokkur orð falla hér í hv. Alþingi við 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir komandi ár, 1985. Nefnd skulu örfá atriði auk almennra athugasemda um frv. í heild og horfur í efnahags- og fjármálum.

Fjvn. hefur á undanförnum vikum unnið baki brotnu að fjárlagagerðinni með venjubundnum hætti, en óneitanlega hefur oft verið erfitt um vik vegna þeirrar óvissu sem upp hefur komið hvað eftir annað í fjárhagslegum efnum og annarri framvindu mála.

Í grg. fjárlagafrv. segir m. a. að frv. einkennist af aðhaldi og viðleitni til að draga úr útgjöldum ríkisins og skapa þannig aukið svigrúm til athafna fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landinu.

Það er augljóst mál að frv. þessu er mjög þröngur stakkur skorinn. Landsmenn hafa á þessum misserum þurft að glíma við minnkandi þjóðartekjur, viðskiptahalla í vaxandi mæli og skuldasöfnun í útlöndum sem ekki má meiri vera að flestra dómi. Það er gott að geta fengið lán þegar nauðsyn krefur og hafa lánstraust, en hættulegt að safna skuldum því að allar skuldir falla í gjalddaga og verða að greiðast.

Sérhver ríkisstj., sem vinna vill sín skyldustörf í þágu lands og þjóðar, hlýtur að setja sér ákveðin meginmarkmið. Þar til má nefna í fremstu röð að treysta og efla íslenskt atvinnulíf og efnahag og sjá til þess að allir vinnufærir menn hafi örugga atvinnu og bærileg lífskjör og geti unað glaðir við sitt, eins og sagt er. Það getur verið erfitt fyrir stjórnendur landsins að ná þessu takmarki á hverju sem gengur, en að því verður að stefna undanbragðalaust.

Á undanförnum árum hefur yfirleitt tekist að halda uppi nægri atvinnu í landinu. Þetta er að sjálfsögðu alveg sérstaklega mikilvægt, en þó varla metið sem skyldi því að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Sumir telja þó að gott atvinnuástand, sem svo er nefnt, sé of dýru verði keypt, aðrir minnast á dulbúið atvinnuleysi. Heldur finnst mér slíkt tal hljómlítið. A. m. k. er víst að full atvinna er hið besta hnoss öllum til handa, en atvinnuleysi hið mesta böl. Það er því nokkuð mikið gefandi fyrir örugga atvinnu. Ég sé því ekkert sem mælir á móti því að ríkið styðji og styrki höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar að vissu marki, eftir mætti og getu, þegar þörf krefur og a. m. k. þegar sæmilega árar í ríkisbúskapnum.

Allar frjálsar og fullvalda menningarþjóðir hljóta að leggja kapp á að efla atvinnuvegi sína, enda er það óspart gert leynt og ljóst um lönd og álfur. Síðast höfum við heyrt af ákvörðun norskra stjórnvalda um stórfellda stuðning við norskan sjávarútveg. Það kom m. a. fram núna í kvöldfréttum í viðtali við hæstv. forsrh., en einmitt nú í dag og næstu daga þinga norrænir forsrh. hér í Reykjavík. Hitt er svo annað mál að okkur þykir þessi stuðningur Norðmanna við sjávarútveg sinn ganga úr hófi fram og jafnvel brjóta eða ganga á snið við meginforsendur norrænnar samvinnu og það bróðurþel og vinarhug sem ríkja ber í samskiptum norrænna grann- og frændþjóða.

Fyrir nokkrum árum var talið hollt og nauðsynlegt að byggja upp og efla meginsjóði helstu atvinnugreina landsins, t. d. á þann veg að ríkið innti af hendi greiðslur á móti því fé sem atvinnugreinin sjálf legði fram. Þannig átti að myndast traustur lánasjóður, byggður upp af atvinnugreininni sjálfri með stuðningi ríkisvaldsins. Víða tókst vel til að þessu leyti um skeið, líklega allt til þess að verðbólgudraugurinn fór eyðandi höndum um allan sparnað og fyrirhyggju landsmanna. Nú er víða tekið svo til orða í grg. fjárlagafrv. að afnema beri öll framlög til slíkra hluta. Ég tek sem dæmi af handahófi Ferðamálasjóð. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er um að ræða framlag til Ferðamálasjóðs, enda stefna frv. að draga úr og fella niður framlög til atvinnuvegasjóða."

Þetta gildir um marga fleiri sjóði samkvæmt frv. Ég minnist þess að hv. 3. þm. Vestf., sem talaði hér í dag, hafði talið 21 sjóð sem undir þessa sök voru seldir. En þetta um Ferðamálasjóðinn er aðeins eitt dæmi af mörgum.

Gott er að spara sem víðast þegar að kreppir, en að þrástagast á þessu atriði sem stefnumarkandi meginmáli, væntanlega til frambúðar, gengur ekki athugasemdalaust nema um sinn.

Það er kunnugt að víða um land eiga hinir hefðbundnu atvinnuvegir landsmanna, sjávarútvegur og landbúnaður, við mikla erfiðleika að stríða á sama tíma og þjónustu- og verslunargreinar á höfuðborgarsvæðinu hafa blómstrað. Hvað veldur þessu misgengi?

Miklir rekstrarörðugleikar eru í sjávarútvegi, fiskveiðiskip hafa verið boðin upp og líkur á því að fleiri fari

sömu leið innan skamms. Rekstrarstöðvun í sjávarútvegi blasir við á nokkrum stöðum. Útgerð og fiskvinnsla hefur sennilega aldrei staðið verr, segir Soffanías Cecilsson útgerðarmaður og fiskverkandi í Grundarfirði í ræðu sem birtist í Morgunblaðinu 28. þ. m. Við staðhæfingum af þessu tagi, sem koma frá þrautreyndum aflamönnum til sjós og lands, er ekki hægt að skella skollaeyrum. Hingað til hefur þótt lífvænlegt að draga fisk úr sjó og verka hann. Og sjávarútvegurinn hefur byggt upp land okkar og breytt því í nútímahorf að segja má. Nú eru það víst þjónustugreinarnar sem þarf að efla sem allra mest, þetta að lifa hver á öðrum. Jafnvel er ekki of mikið gert úr iðnaði sem talinn var árum saman sú atvinnugrein sem taka átti við vaxandi fjölda vinnandi handa á Íslandi á komandi árum.

Dregið hefur verið úr stuðningi við landbúnað að verulegu marki í fjárlagafrv. Sem dæmi má nefna að útflutningsbætur verða á næsta ári einungis um 0.4% af þjóðarframleiðslu. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki búið að afgreiða fjárlagafrv. enn.) Við vitum vel að þetta er 2. umr. — Útflutningsbæturnar hafa oftast numið u. þ. b. helmingi hærra hlutfalli og niðurgreiðslur eru nú um 0.7%. Samtals nema þessir tveir málaþættir skv. frv. rétt rúmlega 1% af þjóðarframleiðslunni. Um þessi mál öll mætti að sjálfsögðu margt ræða, en nú virðist vera svo komið, að mér finnst, að flestir telji ráðlegra að segja sem allra fæst um landbúnaðarmálin.

Það er mikill áróður rekinn í þá átt að innprenta öllum almenningi að þessi forna atvinnugrein njóti allt of mikils stuðnings frá því opinbera. En ég spyr: Hver lifir á hverjum þegar grannt er skoðað? Ég hygg að allar menningarþjóðir heims styðji landbúnað sinn af fremsta megni, sennilega mest þær sem hafa frelsi og framtak í hæstum hávegum eins og Bandaríkjamenn. Okkur vill stundum gleymast að við sem búum á Íslandi höfum aðallega lifað á landbúnaði fram á þennan dag. Við búum á Íslandi sem er norðlægt land, miklu erfiðara til búsetu en mörg af nágrannalöndum okkar eru. Bjarni Benediktsson segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessari ákvörðun okkar að vilja byggja okkar land, vilja halda byggðinni við, eftir því sem föng eru á, vilja halda uppi sjálfstæðu frjálsu þjóðfélagi, fylgir svo margvíslegur og mikill kostnaður, að hann hlýtur að verða til þess á ýmsan veg að draga úr þeim efnahagslega hag, sem hægt væri að hafa af allt annarri skipan og ef við gæfumst upp við þetta, sem engum manni dettur í hug að gefast upp við."

Og hann bætir við og herðir á:

„Það er alveg óhagganlegt, að án íslensks landbúnaðar heldur íslensk þjóð ekki eðli sínu og glatar mörgu því besta, sem í henni er, og við getum með vissu efast um, hvort hún haldi áfram að vera til sem sjálfstæð þjóð, ef íslenskur landbúnaður væri niður lagður."

Þó að hér sé aðeins vikið að tveim höfuðatvinnugreinum okkar mætti sjálfsagt sitthvað segja um ýmsa þætti iðju og iðnaðar og þjónustugreinar sumar. En mér er fyllilega ljóst að það er meginskylda ríkisstj., ráðherranna, höfunda fjárlagafrv. að stuðla að hagsýni og sparnaði og koma í veg fyrir hallabúskap hjá því opinbera. Halli á ríkisbúskap hefur á undanförnum árum verið eitt af stórmálum hagstjórnar í flestum ríkjum hins vestræna heims. Fullt aðhald í fjárlagagerð er því skylt að viðhafa.

En ef við lítum aðeins nánar á þetta mál, hvar hefur fyrst og fremst verið tekið á málum? Hverjir hafa helst orðið fyrir barðinu á því aukna aðhaldi sem hefur verið í ríkisfjármálum okkar? Er í þessu efni nógu gaumgæfilega hugað að málum og þau nægilega vandlega undirbúin? Þetta eru stórar spurningar og við þeim eru engin einhlít svör. Eitt atriði vil ég þó nefna við þessa umr. sem ég tel að huga þurfi nánar að á næstunni. Hafa þær ráðstafanir sem eru á valdi stjórnvalda stuðlað að því jafnvægi í byggðum landsins sem að er stefnt?

Víða úti á landi er, eins og ég drap á, samdráttur í atvinnulífi og örlað hefur á flutningum fólks til Reykjavíkursvæðisins svo að ekki sé meira sagt, enda hefur þar verið mikil þensla í mörgum greinum. Sem dæmi hafa verið nefnd mikil umsvif í byggingarstarfsemi og á hið opinbera þar ekki lítinn hlut að máli. Það er spurning hvort ekki hefði náðst betri árangur í stjórn efnahagsmála ef þess hefði verið gætt að halda jafnvægi að þessu leyti milli Reykjavíkursvæðisins, höfuðborgar okkar og landsbyggðarinnar sem öllum landsmönnum er fyrir bestu þegar öllu er á botninn hvolft.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt ríka áherslu á að fjárlögin gefi sem réttasta og raunhæfasta mynd af þeim viðfangsefnum sem við er að fást, framgangi þeirra, þróun og stundarhag. Vissulega er þetta réttmæt ósk og eðlileg krafa. Sannleikurinn er sá að fjárlagagerð frá fyrstu tíð hér á landi, að ég hygg, hefur oft og iðulega verið harla ónákvæm að þessu leyti. Nú er víða breytt um til batnaðar í fjárlagafrv. hvað þetta varðar.

Sem dæmi má nefna embætti sýslumanna og bæjarfógeta, sem formaður fjvn. gat um í framsöguræðu sinni í dag og vissulega er hægt að vekja athygli á, sem og ýmsum öðrum greinum af þessum sama meiði. Hitt er annað mál að þó að lögð verði rík áhersla á að ákvarða fjárlög út frá þessu sjónarmiði hverju sinni, þá hygg ég að erfitt verði að komast hjá aukafjárveitingum í framtíðinni. Það er sjálfsagt að hafa þær í hófi, en við sjáum það lítið fram til komandi daga að til aukafjárveitinga hlýtur að mínum dómi alltaf að þurfa að grípa öðru hvoru. En eins og ég sagði, það er sjálfsagt að þær séu í hófi.

Þá hefur hæstv. fjmrh. lagt þunga áherslu á aðhald, hagsýni og sparnað við gerð þessara væntanlegu fjárlaga. Þetta er sjálfsögð og eðlileg ósk sem hafa ber í huga og virða til fulls. Allir hv. alþm., bæði innan og utan fjvn., gera sér áreiðanlega fulla grein fyrir þröngri stöðu ríkisbúsins og erfiðum efnahag um þessar mundir. Þegar smátt er skammtað verða álitamálin mörg, sagði hv. formaður fjvn., 1. þm. Norðurl. v., í ræðu sinni í dag og eru það orð að sönnu. Það má því sjálfsagt gagnrýna fjölmargar ákvarðanir fjvn. að þessu sinni um það er lýkur.

Eigi að síður er mér kunnugt um að hæstv. fjmrh. hefur brugðist vel við og ljúfmannlega þegar leita hefur þurft til hans með þau mál þar sem stefnt hefur í vanda og hefur hann greitt úr þeim af góðum vilja í samráði við fjvn., enda finnst mér þrátt fyrir allt að grundvallarskilningur ríki í röðum fjvn.-manna um þau höfuðvandamál sem við er að fást. Mun því áhersla verða lögð á að vel og samviskusamlega verði unnið að þessari fjárlagagerð svo sem framast eru föng á og allar aðstæður leyfa.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þótt tilefnið sé ærið væri að bera í bakkafullan læk að fara hér að ræða almennt um fjárlagafrv. eftir að ég hef gert ítarlega grein fyrir mínum sjónarmiðum og míns flokks við 1. umr. nú nýlega og eftir ágæta greinargerð hv. þm. Geirs Gunnarssonar hér í dag um afgreiðslu fjárlagafrv. Ég ætla hins vegar að láta mér nægja að mæla hér fyrir brtt. sem við flytjum nokkrir þm. Alþb. á þskj. 308.

Það er megineinkenni fjárlagafrv. að ýmsir mikilvægir fjárfestingarliðir og ýmis mikilvæg framlög til framkvæmda sveitarfélaga, m. a. í menntamálum og samgöngumálum, eru nú skorin niður meira en dæmi eru um nokkru sinni fyrr um margra áratuga skeið, en um leið er það eitt megineinkenni fjárlagafrv. að um verulegan rekstrarhalla er að ræða. Ástæðan er sú að þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð á framlögum til félagsmála, menntamála og samgöngumála hefur verið um að ræða svo stórfelldar lækkanir á tekjustofnum ríkissjóðs frá því að þessi stjórn kom til valda, einkum á tekjum frá fyrirtækjum, lánastofnunum og stóreignamönnum, að lækkanir á framlögum duga ekki til og frv. er afgreitt með verulegum halla.

Tillögur Alþb.-manna á þskj. 308 víkja að þessum tveimur meginágöllum frv. Annars vegar erum við að ræða tillögur um tekjuöflun sem samtals nemur um 320 millj. kr. Hins vegar er um að ræða að framlög til félagslegra viðfangsefna sveitarfélaga og til Lánasjóðs ísl. námsmanna eru hækkuð um 270 millj. kr. Til viðbótar við þær útgjaldatillögur sem eru á þessu þskj. má nefna að við Alþb.-menn flytjum nokkrar aðrar útgjaldatill. á öðrum þskj., samtals að upphæð um 50 millj. kr., og því er það svo um tekjuöflun annars vegar og útgjaldaliði hins vegar að till. okkar Alþb.-manna standast nákvæmlega á. Auðvitað hefði komið til greina að gera hér enn frekari tillögur um tekjuöflun til þess að rétta frv. af, enda ljóst að skattalækkanir í þágu stórfyrirtækja og lánastofnana eða þá eigenda skrifstofu- og verslunarhúsnæðis hafa verið svo stórtækar að þar mætti hafa verulega miklu meira fé í ríkiskassann en nemur þeim 320 millj. sem við gerum hér till. um, auk þess sem nefna mætti ýmsa aðra tekjupósta eins og hagnaðinn af Seðlabankanum. En við höfum nú ekki farið svo nákvæmlega út í þá hliðina, heldur látið okkur nægja að gera hér tillögur um tekjuöflun sem samsvarar þeim útgjöldum sem við gerum till. um. Þar er fyrst og fremst um að ræða að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sé tvöfaldaður, þannig að tekjurnar verði 170 millj. í staðinn fyrir 85, að tekjuskattur félaga sé aukinn og að atvinnureksturinn skili auknum tekjum með breytingum á skattalögum, þannig að um verði að ræða tekjuskatt félaga að upphæð 540 millj. í staðinn fyrir 385 millj., og í þriðja lagi að skattur á innlánsstofnanir verði 155 millj. í staðinn fyrir 75.

Um útgjaldatillögur okkar þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum því að við höfum með málflutningi okkar við 1. umr. og nú við 2. umr. þegar gert grein fyrir því hvernig farið hefur verið með ýmiss konar framlög ríkisins til sveitarfélaga, til byggingar grunnskóla, dagvistarheimila, til byggingar hafnarmannvirkja og til byggingar flugvalla eða til byggingar sjúkrahúsa. Allir eru þessir liðir skornir niður meira en dæmi eru um á seinni áratugum. Má sem dæmi nefna að framlög til byggingar grunnskóla voru þriðjungi hærri árið 1983 að raungildi en nú er gert ráð fyrir af till. meiri hl., en framlög til byggingar hafna víðs vegar um land voru 120% hærri að raungildi.

Við gerum till. um að framlög til byggingar grunnskóla verði hækkuð um 30%, hækki frá frv. um 30 millj., úr 100 í 130. Ég hygg að þessi liður sé einn þeirra sem hvað verst stendur á um í frv. og þekki það sjálfur af eigin reynslu úr mínu kjördæmi að víða stendur svo á að menn höfðu gert sér raunhæfar vonir um að koma skólabyggingum í not á næsta sumri eða næsta hausti, vantar ekki nema kannske 1—1.5 millj. upp á að svo geti orðið, en vegna þess harðræðis, sem sveitarstjórnarmenn eru beittir í þessum fjárlögum, er niðurstaðan sú að menn verða að fresta því um eitt ár að koma skólabyggingum í not sem verið hafa í byggingu í mörg ár, og vantar ekki nema herslumun upp á að hægt sé að nýta. Dæmi um þetta gæti ég nefnt t. d. frá Hvammstanga í mínu kjördæmi, þar sem að því hefur verið stefnt um margra ára skeið að taka skóla í notkun á n. k. hausti og vantar nauðsynlega skólahúsnæði, en vegna þeirrar smáskammtaaðferðar sem viðhöfð er í þessu frv. er ekki sjáanlegt að af því geti orðið.

Till. okkar um hækkun á framlögum til dagvistunarheimila er öllu meiri í hlutföllum talið því við leggjum til að framlagið verði hækkað úr 30 millj. í 75. Staðreyndin er sú að till. um framlag til dagvistunarheimila mætti svo sem jafnvel vera enn hærri en hér er gerð till. um því að ef hún væri í einhverju samræmi við tillögur, sem fram komu í nál. sem skilað var að undirlagi ríkisstj. fyrir tveimur árum, væri hér um að ræða framlög til dagvistarheimila upp á á annað hundrað millj. á þessu ári. En miðað við það að ekki hefur nú verið gerð hér till. um nema 30 millj. kr. þykir okkur við hæfi að hækka þá tölu um 150%, en minnum á að það væri ekki of í lagt, miðað við þarfirnar, að bæta þarna við 45 millj.

Menn þurfa ekki annað en að líta á hvað dagvistarheimilum í Reykjavík er ætlað á næsta ári, það mun vera rétt liðlega 6 millj. kr., til að sjá hversu fráleitar þær upphæðir eru sem við erum með í höndunum til dagvistarheimila á komandi ári. Þó vita allir að óvíða, jafnvel hvergi í samfélaginu, er meiri skortur á byggingum en einmitt á þessu sviði.

Við erum vissulega ekki eins stórtækir þegar kemur að flugvallarframkvæmdunum því að þar er till. okkar um að hækka úr 55 millj. í 80 millj., en ég vil líka undirstrika að þar er ekki um nein óraunhæf yfirboð að ræða. Þar væri verið að nálgast ofurlítið þær framkvæmdaáætlanir sem flugráð hefur sett sér. Þó hygg ég að þær framkvæmdaáætlanir hafi hljóðað upp á a. m. k. 3—4 sinnum hærri upphæðir á undanförnum árum. Það hefur verið reynt að þoka þessari tölu upp, var t. d. gert í tíð seinustu ríkisstj. jafnt og þétt, en nú hefur hún aftur lækkað og þarna þarf að bæta úr.

Loks er um að ræða till. um hækkun framlaga til hafnarmannvirkja. Við leggjum til að þar verði hækkun úr 55 millj. í 100 millj. því að eins og ég sagði áðan hefur fátt verið skorið með skarpari hníf niður í fjárlagafrv. en einmitt framlögin til hafnanna, og það þótt við hækkuðum framlög til hafna um 90%. Það mundi ekki lyfta fjárhæðinni að raungildi upp í þá tölu sem var á árunum 1972 eða 1973, langt í frá. Það mundi vanta verulega mikið upp á enn, enda var þessi tala í fyrra um 100 millj., en á nú að vera tæpar 70 þrátt fyrir alla verðbólgu.

Að lokum vil ég nefna hér till. okkar um framlög til

Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í grg. sem send var fjvn. Alþingis af stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna og undirrituð er af framkvæmdastjóra sjóðsins, Sigurjóni Valdimarssyni, og formanni sjóðsstjórnar, Sigurði Skagfjörð Sigurðssyni, er gerð grein fyrir fjárþörf sjóðsins frá sjónarmiði sjóðsstjórnarinnar. Það eru hvorki meira né minna en 380 millj. sem þar skilur á milli tölunnar sem er í fjárlagafrv. og tölunnar sem stjórn Lánasjóðsins telur að sé algert lágmark miðað við þær skuldbindingar sem gerðar hafa verið og loforð sem gefin hafa verið og þær spár sem sjóðsstjórnin hefur fyrir augum.

Ég vil gera grein fyrir þessum mun. Munurinn er einkum fólginn í því að sjóðsstjórnin telur óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir að á árinu 1985 verði tekin inn í útlánaáætlanir sjóðsins lán sem lofað hafði verið á s. l. hausti, en ekki voru veitt þar sem lánþegum var vísað til bankastofnana. Það mun vanta 100 millj. til þess að hægt sé að breyta þessum lánum, sem ekki voru veitt, í venjuleg námslán á næsta ári. Sjóðsstjórnin gerir ráð fyrir því að umsóknum muni fjölga um 12—15% en ekki um 7%, eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Munurinn þar á mun vera um 30—50 millj. kr. Þá benda þeir á að verðbólga kunni að verða um 21% milli áranna 1984 og 1985 og hækka þurfi verðlagsforsendur og fjárþörf sjóðsins aukist þá um 71 millj. kr. Loks benda þeir á að á n. k. hausti verði að veita víxillán, eins og gert hefur verið fram til þess að þessi stjórn tók við og fram að þessu hausti, og það muni kosta 100 millj. kr. Það sé ekki hægt að halda áfram þeim skollaleik sem tekinn var upp nú í haust. Loks minna þeir á að skv. þeim lögum sem samþykkt voru á þessu ári var gert ráð fyrir því að lækka lánshlutfall í 100% 1. jan. 1985. Upphaflega átti þetta að gerast 1. jan. 1984, en því var frestað með ákvæði í lánsfjárlögum eins og menn þekkja. Ef nú á að láta þetta gamla loforð koma til framkvæmda í samræmi við það að þegar samkomulag var gert um þessi mál á árinu 1982 og lánskjör voru þyngd verulega var gert ráð fyrir að heitið um að fullnægja 100% umframfjárþörf námsmanna yrði efnt, í samræmi við það að fullar efndir verði á þessu loforði telur sjóðsstjórnin að fjárþörfin sé vanáætluð um 48 millj. kr. Þetta er sem sagt munurinn á fjárlagatölum annars vegar og þeirri fjárþörf sem sjóðsstjórnin gerir ráð fyrir.

Við Alþb.-menn teljum að í þessu máli beri í fyrsta lagi að standa við þau loforð sem gefin hafa verið um 100% lán vegna umframfjárþarfar námsmanna. Í öðru lagi teljum við að gera verði upp mismuninn, halann sem skapast hefur á þessu ári og nemur um 100 millj. kr. þótt auðvitað komi vel til greina að veita ekki fjárveitingu á árinu 1985 nema fyrir helmingi þeirrar upphæðar, en taka hitt að láni. Það er kannske erfitt að gera allan þann hala upp á næsta ári, illt að honum hefur verið fleytt frá árinu 1984 yfir á framtíðina. Loks teljum við sjálfsagt að fyrsta árs nemar njóti lána á komandi hausti, eins og verið hefur um margra ára skeið og raunar alla tíð síðan sjóðurinn hóf starfsemi sína, og horfið verði frá því óheillaskipulagi sem tekið var upp í haust.

Við gerum till. um að fjárveitingar til sjóðsins verði auknar um 125 millj. Við gerum till. um að lántaka vegna sjóðsins verði þessar 50 millj. vegna liðins tíma, sem ég nefndi hér áðan, og síðan 104 millj. vegna lána á komandi ári, samtals 154 millj., og þá vantar um 100 millj. til þess að fjárþörf þeirri sem sjóðsstjórnin hefur reiknað út séu gerð full skil. Við teljum að ekki sé óeðlilegt að dokað sé við með að taka ákvörðun um þá upphæð því að reynslan sýnir að það getur verið umdeilanlegt hvort spá eigi fjölgun umsókna upp á 7%, eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, eða 12—15%, eins og sjóðsstjórnin reiknar með. Það er ekki gott að vita hvorri tölunni á að trúa og því eðlilegt að doka við með að taka tillit til þessa atriðis. Eins er kannske ekki nauðsynlegt að gera ráð fyrir eins mikilli verðbólgu að svo komnu máli og sjóðsstjórnin gerir hér ráð fyrir. Maður verður að vona í lengstu lög að ríkisstj. geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir verðbólgu á komandi ári og hún haldi ekki áfram á þeirri braut, sem hún hefur gengið nú á seinustu vikum, að magna verðbólgu með stórfelldum gengisfellingum. Með þá góðu von í huga að einhver breyting verði á stjórnarfari með einum eða öðrum hætti á komandi ári má kannske gera sér vonir um að þessi forsenda sé ekki endilega 21%, eins og stjórn Lánasjóðsins vill miða við, heldur eitthvað minna. Því teljum við að að svo komnu máli sé nægilegt að fjárveitingin sé aukin um 125 millj. og að lán séu aukin um 154 millj., en það ráðist síðan af þróuninni á næsta ári hvort þörf verði meira fjár.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég tel fráleitt með öllu að nokkrar yfirlýsingar verði gefnar um að ekki megi veita aukafjárveitingu vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna á komandi ári. Í raun var sú yfirlýsing gefin á s. l. vori, hversu gáfuleg sem mönnum þótti hún nú vera á sínum tíma. Það var staðfastur ásetningur ríkisstj., menntmrh. og fjmrh., að engin aukafjárveiting yrði veitt á þessu ári, frekar en ráð var fyrir gert að fjárveitingar yrðu samkvæmt lánsfjáráætlun og fjárlögum, og sérstaklega tekið fram með lagagrein að ekki skyldi veita meira fé til sjóðsins á árinu 1984 en nam þessari tilteknu upphæð. Auðvitað reyndist þetta ekki mögulegt. Auðvitað urðu menn að bæta þarna við. Og ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa þó haft forustu um að knýja á um að þessi heimskulega lagasetning væri að engu gerð því að auðvitað kom í ljós, eins og alltaf hefur verið, að fjárþörf Lánasjóðsins var ekki nákvæmlega 100% rétt reiknuð. Það þurfti að gera frekari ráðstafanir þetta árið eins og alltaf áður hafði verið gert og svo verður vafalaust einnig á næsta ári. En það er ekki endilega ástæða til þess að taka ákvörðun um það þegar fjárlög eru afgreidd hver upphæðin á að vera og binda sig svo við þá upphæð án þess að nokkuð megi hreyfa. Það er ekki frekar hægt að gera það en að hægt væri að binda launaforsendur frv. og ákvæði frv. um framlög til greiðslu launa á vegum ríkisins eða til greiðslu vaxta, svo annað dæmi sé nefnt, vegna þess að öll þessi atriði hreyfast og breytast í samræmi við þróun mála, í samræmi við verðbólgu. Auðvitað verða fjárveitingar og lántökur til LÍN að gera það líka á komandi ári.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þær till. sem við flytjum á þskj. 308, sex Alþb.-menn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mæla hérna fyrir fáeinum brtt. sem ég stend að umfram þær till. sem hv. 3. þm. Norðurl. v. var að gera hér grein fyrir og ætla síðan að víkja nokkuð að einstökum þáttum í fjárlagafrv., þ. e. málefnum aldr-

aðra og málefnum fatlaðra. Ég ætla einnig að koma sérstaklega að málefnum Reykjavíkur. Hér er um að ræða framkvæmdir sem taka við ríkisframlögum. Þó að hv. 1. þm. Reykv. hafi ekki séð ástæðu til að kalla þingmannahóp Reykjavíkur saman að þessu sinni tel ég engu að síður nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um málefni Reykjavíkur við þessa umr.

Ég vil taka það fram í fyrstu að ýmsar af þeim einstöku brtt. við fjárlagafrv. sem fram eru komnar eru þannig að ég get fyrir mitt leyti stutt margar þeirra. Ég vil hér sérstaklega nefna till. á þskj. 301 frá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, um endurreisn Viðeyjarstofu og Nesstofu. Sú till. er flutt í rökréttu samhengi við till. til þál. sem hann og fleiri þm. hafa hér lagt fyrir hv. Alþingi.

Á þskj. 297 flytjum við þrír þm. Alþb. brtt. um svokallaða K-byggingu Landspítalans. Mér er ljóst að það er ekki endanlega búið að afgreiða framkvæmdaliði, m. a. ekki Landspítalann. Þess vegna mun ég ekki fara mjög mörgum orðum um K-bygginguna sérstaklega, en víkja aðeins að umr. um hana hér á undanförnum tveimur árum.

11. nóv. 1982 skrifaði ritstjóri Morgunblaðsins forustugrein í blað sitt undir yfirskriftinni „K-bygging Landspítala." Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðarátak gegn krabbameini má gjarnan verða hvatning til ríkisvaldsins um að gera sambærilegt átak á þeim vettvangi heilbrigðismála sem heyrir beint undir það, en þar má víða betur gera að ekki sé meira sagt. Mjög brýn þörf kallar á að koma K-byggingu Landspítala upp sem allra fyrst til að koma þýðingarmiklum þáttum í heilbrigðismálum þjóðarinnar í viðunandi horf hvað starfsaðstöðu og tækjakost varðar. K-bygging Landspítala á að hýsa göngudeild geislalækninga, rannsóknastofur í meinafræði og blóðmeinafræði, móttöku og dagdeildir ýmiss konar og síðast en ekki síst skurðdeildir og gjörgæsludeildir sem mjög brýn þörf er á að skapa viðunandi starfsaðstöðu. Það er tímabært fyrir pólitíska yfirstjórn heilbrigðismála í landinu að reka af sér slyðruorðið og láta verkin tala í stað vanefndra orða. K-bygging Landspítala er verkefni sem verður prófsteinn á vilja hennar við afgreiðslu fjárlaga fyrir komandi ár." Hér var verið að tala um fjárlög ársins 1983.

Nú vill svo til að þeir sem skrifa í Morgunblaðið telja sig fremur styðja þá stjórn sem nú situr — þó að það sé valt stundum — en þá sem þá sat. Þess vegna mætti ætla að þau sjónarmið sem hér eru skýrð vardandi K-byggingu Landspítalans ættu stuðning í núverandi ríkisstj. og það verulegan stuðning.

Það er rétt að rifja það upp í þessu samhengi að yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni lagði á það mjög verulega áherslu fyrir allmörgum árum að brýnasta verkefnið á þeirri lóð væri ekki K-byggingin, heldur bygging tannlæknadeildar sunnan Hringbrautar. Það er mín skoðun og hefur lengi verið að sjaldan hafi verkefnum verið raðað í jafnvafasama röð og í þetta skipti. Ég held að þeir menn sem lögðu áherslu á það að byggja hús tannlæknadeildar á undan K-byggingunni hljóti að sjá eftir þeirri afstöðu sinni í dag. En það breytir þó engu um þá staðreynd að bygging tannlæknadeildarinnar hefur tafið stórkostlega þá framkvæmd sem hér er um að ræða, K-bygginguna, og komið í veg fyrir að stjórnvöld gætu veitt fjármunum eins og flestir hefðu viljað til hennar. Engu síður er ljóst eftir afgreiðslu Alþingis á síðasta þingi og því næstsíðasta haustið 1982 og haustið 1983 að það er til þess vilji og skilningur á hv. Alþingi að leggja fram fjármagn til að byggja 1. hluta K-byggingarinnar. Ég vona að þau orð sem Morgunblaðið kvað árið 1982 eigi sér einhverja stuðningsmenn í dag. Þau orð, að K-bygging Landspítala er verkefni sem verður prófsteinn á vilja pólitískrar yfirstjórnar heilbrigðismála í landinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir komandi ár, eru í fullu gildi nú.

Haustið 1983 var einnig fjallað um K-bygginguna í forustugreinum dagblaðanna, m. a. beggja málgagna ríkisstj. Í forustugrein Morgunblaðsins í fyrrahaust, haustið 1983, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um K-bygginguna:

„K-bygging Landspítala, sem hýsa á krabbameinssjúklinga bæði í geisla- og lyfjameðferð, er brýnasta mannvirkjagerðin á sviði heilbrigðismála í dag, samhliða kaupum á geislameðferðartæki. K-bygging á jafnframt að hýsa skurðstofur, en fjöldi skurðaðgerða á Landspítala er um 4000 á ári, rannsóknastofur og stoðdeildir. Aðstæður í þjóðarbúskapnum bjóða að vísu ekki upp á mikið framkvæmdasvigrúm. Morgunblaðið vill þó leggjast á sveifina með þeim sem halda fram hlut heilbrigðiskerfisins í skiptingu takmarkaðs fjármagns. Velferð fólks, ekki síst heilsufarslega, þarf að skipa öndvegið í þeirri þróun til betri tíma sem við öll kjósum að stuðla að."

Í Tímanum 30. nóv. 1983 var leiðari með yfirskriftinni „K-álma Landspítalans" og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess ber að gæta að Landspítalinn er fyrir alla landsmenn, jafnt þá sem búa í strjálbýli og þéttbýli. Einkum gildir þetta um allar meiri háttar aðgerðir. Áreiðanlega eru margar framkvæmdir á vegum heilbrigðisþjónustunnar aðkallandi, en ekki þarf um það að deila að K-byggingin hefur algera sérstöðu."

M. ö. o.: almennir blaðalesendur og stuðningsmenn núverandi stjórnarflokka hljóta að vera þeirrar skoðunar að í stjórnarliðinu sé alger samstaða um að K-bygging Landspítalans sé forgangsframkvæmd í heilbrigðismálum. Þess vegna hlýt ég að skora á hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. að taka málefni K-byggingarinnar til athugunar sérstaklega núna milli 2. og 3. umr.

Í tillögum yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni var lagt til að varið yrði 25.4 millj. kr. til K-byggingarinnar á árinu 1985. Það var haustið 1983 að heilbrmrh. Matthías Bjarnason beitti sér fyrir endurskoðun á áætlunum um K-byggingu á Landspítalalóðinni. Að lokinni þessari endurskoðun gerði yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð ráðh. grein fyrir tveimur kostum um byggingaráætlanir. Var annar sá að húsið yrði byggt án áfangaskipta, en það hefði í för með sér að krabbameinslækningadeild kæmist í gagnið eftir fimm ár. Hinn kosturinn var reistur á tillögum dansks verkfræðings og var sá að skipta byggingunni í tvo áfanga, en með því móti væri unnt að taka krabbameinslækningadeildina í notkun fyrr. Með hliðsjón af því ákvað heilbrmrh. að velja síðari kostinn og að áhersla skyldi lögð á að ljúka krabbameinslækningadeildinni svo fljótt sem kostur væri.

Samkvæmt þeirri byggingaráætlun sem valin var var gert ráð fyrir því að steypa fyrst röskan þriðjung hússins, en síðan að innrétta krabbameinslækningadeild

á fjórða ári framkvæmda. Síðari áfangi hæfist síðan með smíði lagnagangs, en svo yrði ráðist í að ljúka uppsteypu alls hússins og loks að innrétta aðrar deildir. Samkvæmt frumáætlunum var byggingarkostnaður við 1. áfanga talinn 123 millj. kr., en kostnaður vegna tækja og búnaðar 65 millj. kr.

Á fjárlögum fyrir árið 1984 voru veittar 12 millj. kr. til framkvæmda og var áætlað að það ásamt eftirstöðvum fyrri fjárveitinga dygði að mestu til jarðvegsvinnu vegna 1. áfanga. Í tengslum við framkvæmdaákvarðanir gerðu heilbrmrh. og fjmrh. með sér samkomulag um fjármögnun framkvæmda þess efnis að auk 12 millj. kr. 1984 skyldi stefnt að því að fjárveitingar til K-byggingar næmu 23 millj. kr. 1985 og 30 millj. kr. a. m. k. á ári 1986—1988 eða alls 125 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 166 stig.

Eins og kunnugt er hafa framkvæmdir við K-byggingu ekki hafist á þessu ári. Þessi fjárveiting, sem veitt er á árinu 1984, hefur því ekki verið notuð.

Ástæða er til þess nú, herra forseti, að spyrja: Lítur yfirstjórn fjármála ríkisins svo á að það fé sem ætlað var til K-byggingarinnar á árinu 1984 og á árinu 1983 sé geymt fjármagn? Lítur fjmrn. svo á að framlögin 1983 og 1984 séu geymt fjármagn og komi þess vegna skilyrðislaust til notkunar við framkvæmdir við K-bygginguna á árinu 1985 eða lítur fjmrh. svo á að þessar upphæðir, sem veitt var í K-byggingu á árinu 1983 og 1984, séu fallnar niður samkvæmt almennum niðurskurðarheimildum ríkissjóðs sem ákveðnar voru með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum upp á 370 millj. kr.? Ég tel að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að fá svar við þessari spurningu við þessa umr.

Ekki ætla ég hér, herra forseti, að fara ítarlega út í almenn framlög ríkisins og þróun þeirra til sjúkrahúsa á undanförnum árum. Væri það þó fróðlegur lestur og fróðlegt að skoða töflur sem komið hafa fram frá yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni um byggingar sjúkrahúsa á öllu landinu á árunum 1965 til 1985. Satt best að segja er um að ræða hrun í þessum framkvæmdaframlögum á árunum 1984 og 1985. Þessi afstaða er í góðri samhljóman við aðra afstöðu ríkisstj. til félagslegra framkvæmda þar sem hvað eina hefur verið gert til að skera þær niður, bæði framkvæmdir í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds rakti hér áðan, og ekki síður framkvæmdir sem eiga að þjóna landinu öllu eins og Landspítalinn. Ég er þeirrar skoðunar að það sé stórkostlega hættulegt og alvarlegt mál fyrir þróun heilbrigðisþjónustunnar í landinu og almennra læknavísinda hvað þessu hjarta heilbrigðisþjónustunnar, sjúkrahúsaþjónustunnar, sem Landspítalinn er, hefur lítið verið sinnt á liðnum árum, þann tíma sem menn hafa notað til að byggja upp heilbrigðisþjónustuna og heilsugæsluna úti um landið, (Gripið fram í.) enda gæti ég sýnt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni nokkur gögn um það að hér hefur talsvert breytt um. (Gripið fram í.) Hér getum við ekki teiknað, í stólnum, en ég gæti sýnt hv. þm. þetta línurit. Þetta eru mín ár í heilbrmrn. Þetta er hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason. (**EKJ:** Það vita allir hvenær fátækt skapaðist á Íslandi, en það veit því miður hv. þm. ekki.) Hv. þm. kann greinilega ekki mikið fyrir sér í sagnfræði. Ég hélt að hann væri aðeins betri en þetta. Og fátækt, að hún hafi skapast á Íslandi á síðustu árum. (**EKJ:** Hefur það ekki skeð?) Nú er kannske rétt að hafa umr. um hvenær hún skapaðist og hverjir beittu sér fyrir því og mun ég gera það að umræðuefni í lok ræðu minnar, enda tíminn nógur og nóttin næg til umr.

Ég mun þessu næst, herra forseti, víkja að annarri brtt. sem ég flyt á þskj. 306 og varðar Blindrabókasafn Íslands. Þar er gert ráð fyrir því að framlög til Blindrabókasafns Íslands verði í staðinn fyrir 3.9 millj. 5.9 millj.

Blindrabókasafn Íslands er tiltölulega nýleg stofnun og hefur verið í uppbyggingu á undanförnum árum. Blindrabókasafnið kom hér til umr. á síðasta hv. Alþingi, þegar fjárlög voru til meðferðar, og þar kom fram að meðal hv. alþm. og hæstv. fjmrh. var góður skilningur á því að þar yrði að auka við þær upphæðir sem voru gerðar till. um frá fjvn. Nú er gert ráð fyrir því að veita 3.9 millj. kr. í þetta verkefni og mun sú tala eitthvað verða hækkuð í meðförum fjvn. Ég er alveg viss um að ef Blindrabókasafnið á að halda óbreyttri starfsemi á næsta ári dugir sú upphæð hvergi nærri sem nú er í fjárlagafrv. Ég skora á hæstv. fjmrh. og hv. fjvn. að íhuga mjög vandlega hvort ekki eru möguleikar til að hækka framlög til Blindrabókasafns á milli 2. og 3. umr.

Við athugun á fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, kom fram að fjárveitingar til Blindrabókasafnsins voru skornar niður um liðlega 3.8 millj. kr. ef miðað var við fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir 1985. Í þessu ljósi var fjárhagsáætlunin endurskoðuð, en niðurstaða þeirrar endurskoðunar var sú að stofnunin verði ekki rekin á næsta ári án þess að fjárveitingar séu í meginatriðum í samræmi við áætlunina. Eftir að farið hafði verið vandlega í alla liði fjárhagsáætlunarinnar með það fyrir augum að draga úr væntanlegum útgjöldum stofnunarinnar, eins og við verður komið, kom í ljós að það var unnt að gera ýmsar breytingar á áætluninni. Engu að síður var það svo að brýn fjárþörf stofnunarinnar 1985 umfram fjárlagafrv. var mjög veruleg. Mér þætti vænt um ef hv. formaður fjvn. vildi taka þetta mál til sérstakrar athugunar, en samkvæmt upplýsingum sem ég hef undir höndum var það svo, miðað við fjárlagafrv., að inn í það vantaði í fyrsta lagi vegna launa 600 þús. kr. og í öðru lagi vegna annarra gjalda Blindrabókasafnsins 1 930 000 kr. eða samtals 2 530 000 kr. Nú hefur hv. fjvn. gert till. um nokkra hækkun á Blindrabókasafninu, upp á 800 þús. kr. ef ég man rétt. Það er vissulega spor í rétta átt. En ég er sannfærður um að þarna verður að taka betur á. Ég legg áherslu á að þessi stofnun er í uppbyggingu og framþróun hennar er í verulegri hættu. (**ÁJ:** 1400 millj.) Hækkunin sem slík? Já, hv. þm. Árni Johnsen hefur upplýst mig um að þessi hækkun sé 1.4 millj. og því ber að fagna. Það er mjög verulega í áttina, en engu að síður ... (**Gripið fram í:** 1244 þús., já.) Ég held að það væri ástæða til að hv. fjvn. tæki þetta mál til betri meðferðar á milli 2. og 3. umr.

Á árinu 1984 var fjárveiting til safnsins ákveðin við 3. umr. og hún var ákveðin eftir að breytingartillögur höfðu komið fram frá ýmsum aðilum. Það var fallist á þá breytingu sem við gerðum till. um. Það var eina till. sem stjórnarandstaðan fékk, að ég hygg, samþykkta hér á síðasta þingi við afgreiðslu fjárlaga. Þrátt fyrir þá hækkun, sem þá var samþykkt til Blindrabókasafnsins, varð nauðsynlegt fyrir hæstv. fjmrh. að samþykkja aukafjárveitingu til safnsins á árinu 1984 upp á 1.5 millj. kr. Ég hygg að það væri meira raunsæi fólgið í því að

fallast á þá tillögu sem síðast hefur komið frá Blindrabókasafninu, frá 24. okt. 1984, eða þá til bráðabirgða þá till. sem hér er gerð á þskj. 306 þar sem lagt er til að þessi upphæð verði hækkuð alls um 2 millj. kr.

Á þskj. 306 flytjum við, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, till. um hækkun á lið undir menntmrn., liðnum Æskulýðsmál. Þar er gert ráð fyrir 650 þús. kr. vegna alþjóðaárs æskunnar. Við minnum í því sambandi á að á undanförnum árum, þegar gert var sérstakt átak, t. d. í málefnum fatlaðra, var unnið verulegt starf að stefnumótun og tillögugerð í viðkomandi rn. Ég er sannfærður um að sú tillögugerð og stefnumótun er að skila sér í dag. Ég tel að það væri farsælt ef hv. Alþingi féllist á að hækka þennan lið lítillega, eins og við gerum till. um á þskj. 306.

Ég vil þessu næst víkja orðum mínum að málefnum aldraðra og ég vildi gjarnan, ef hv. formaður fjvn. væri ekki fjarri, nefna það að í till. fjvn. er gert ráð fyrir 14 millj. kr. til hjúkrunarheimila aldraðra sem kemur til viðbótar við þau 30% sem heimilt er að verja í þessu skyni úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Við umr. um málefni aldraðra í hv. Nd. í gær lýsti hæstv. heilbr.- og trmrh. því yfir að hann teldi að þessi till. um 14 millj. kr. til hjúkrunarheimila aldraðra væri víðs fjarri öllu lagi. Hann sagði að hann teldi að í rauninni þyrfti hér að vera um að ræða upphæð upp á 30 millj. Af þeirri upphæð sagðist hæstv. heilbr.- og trmrh. vera með till. um að 20 millj. kr. gengju til B-álmu Borgarspítalans. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. og hv. þm. Pálma Jónsson, formann fjvn., hvort það er ætlun ríkisstj. og meiri hl. fjvn. að beita sér fyrir hækkun á þessum lið til málefna aldraðra í samræmi við yfirlýsingu þá sem hæstv. heilbrmrh. gaf við umr. í Nd. í gær.

Í fimmta lagi, herra forseti, vil ég víkja að máli sem ekki er nú mikið komið inn á beint í till. til fjárlaga fyrir árið 1985, en það er mál sem snertir öryggismál sjómanna. Ég minni á að níu manna þingmannanefnd hefur skilað ítarlegum till. um öryggismál sjómanna samhljóða. Hér er um að ræða margar skýrar tillögur og sumar þeirra eru þannig, að það er hægt án verulegra fjármuna að hrinda þeim í framkvæmd. Ég heiti á hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. og samgrh. að fara mjög rækilega yfir það núna hvort ekki er unnt við afgreiðslu fjárlaga að verja nokkurri upphæð til takmarkaðra verkefna sem snerta öryggismál sjómanna og er ég þar einkum með tvennt í huga. Þessi mál hafa aldrei verið í tillöguformi og eru það ekki heldur nú hér í hv. Alþingi.

Það er í fyrsta lagi til áróðurs- og kynningarherferðar vegna öryggismála sjómanna í upphafi þeirrar vetrarvertíðar sem senn fer í hönd. Hér er um að ræða verkefni sem kostar nokkra fjármuni, en ég hygg að það mætti vel komast af með tiltölulega lága upphæð í þessu skyni sem mundi þó vafalaust geta skilað mjög þýðingarmiklum árangri. Ég held að við eigum ekki að spara við okkur fjármuni af þessu tagi, þ. e. áróðurs- og kynningarstarf vegna öryggismála sjómanna. Ég ætla ekki að fara að taka þetta mál upp almennt og ég vildi ekki flytja um það sérstaka brtt., vegna þess að ég vildi beina því til hv. fjvn. að athuga þetta mál sérstaklega milli umr. án þess að það færi að koma fram um það till. frá einstökum þm.

Hitt málið sem snertir öryggismál sjómanna, sem ég hygg að hafi komið inn á borð fjvn., eru hugmyndir Slysavarnafélags Íslands um sérstakt öryggisnámskeið fyrir sjómenn. Ég geri ráð fyrir að tillögur um þetta efni hafi komið til fjvn., en mjög seint og löngu eftir að tillögur almennt komu þar inn. Þetta var varðandi öryggismál sjómanna.

Í sjötta lagi ætla ég að víkja nokkrum orðum að málefnum Reykjavíkur.

Hinn 10. des. var þm. Reykv. sent bréf frá borgarstjórn Reykjavíkur sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi borgarstjórnar 6. þ. m. var samþykkt með 21 shlj. atkv. svofelld tillaga varðandi fjárveitingar til dagvistarmála:

Borgarstjórn Reykjavíkur ítrekar harðlega fyrirheit um niðurskurð á framlögum til byggingar dagvistarheimila, sem birtist í framlögðu fjárlagafrv. fyrir árið 1985. Borgarstjórn skorar því á Alþingi að stórauka framlög til uppbyggingar dagvistarheimila við endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985. Á þessu ári var hlutur Reykvíkinga fyrir borð borinn í þessum málaflokki af fjárveitingavaldinu. Þá komu aðeins 18% fjárveitinganna í þeirra hlut. Borgarstjórn væntir þess að slíkt endurtaki sig ekki við afgreiðslu fjárlaga nú."

Undir þetta ritar Davíð Oddsson borgarstjóri.

Nú vill svo til að hæstv. fjmrh. var kjörinn forseti borgarstjórnar í upphafi kjörtímabils þeirrar borgarstjórnar sem nú situr. Ég verð að segja að ég hygg að það megi með logandi ljósi leita yfir langan tíma án þess að finna dæmi um aðra eins meðferð á Reykjavík í framkvæmdaframlögum ríkisins og á árinu 1984 og verður á árinu 1985. Í þessu sambandi vil ég t. d. benda á að Reykjavíkurborg fór fram á það með bréfi 19. okt. 1984 að fjárveitingar ríkissjóðs til framkvæmda við barnaheimili á vegum Reykjavíkurborgar 1985 yrðu 25 millj. kr. Hér er annars vegar um að ræða verðbættar greiðslur eftirstöðva vegna stofnana sem teknar hafa verið í notkun, en hins vegar framlög til nýframkvæmda. Borgarstjórn sendi fjvn. einnig bréf með yfirliti yfir framkvæmdir og framkvæmdaáform á árunum 1984 og 1985. Og herra forseti, hver er svo niðurstaðan? Hverjar eru þær tillögur sem gerðar eru að því er varðar Reykjavíkurborg? Þar er um að ræða gífurlegan niðurskurð og það er farið langt niður fyrir þau 18% sem er um að ræða á árinu 1984. Ég hygg að hlutur Reykjavíkur í framlögum til dagvistarheimila hafi aldrei verið eins lélegur og nú.

Í brtt. fjvn. eru nokkrar till. um nýbyggingar í dagvistarmálum sem ekki hafa áður verið teknar inn á fjárlög. Þar er gert ráð fyrir því að taka inn sjö framkvæmdir og það er varið 10 þús. kr. til hverrar framkvæmdar, hvorki meira né minna. Ja, þvílík rausn, jafnvel þó að hún bætist við. Ég hygg að sjaldan hafi verið skorið eins harkalega niður við Reykjavík og nú er gert í þessum málaflokki. Og ekki er það betra þegar kemur að skólunum. Það er fróðlegt að sjá hvernig hæstv. menntmrh., 10. þm. Reykv., og svo langfyrsti þm. Reykv., hv. þm. Albert Guðmundsson, hæstv. fjmrh., þessir þm. kjördæmisins, leika sitt byggðarlag í þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Tökum fleiri dæmi en dagvistarstofnanir. Tökum framlög til skólamála í þessu byggðarlagi. Frá borgarstjórn Reykjavíkur kom tillaga um 20.3 millj. kr. á árinu 1985 til framkvæmda við 2. áfanga Ölduselsskóla, íþróttahús Hlíðaskóla, 3. áfanga Hvassaleitisskóla og 3.

áfanga Hólabrekkuskóla. Hvað ætli Reykjavíkurborg hafi fengið mikið af þessum óskum sínum? Jú, það voru 500 þús. í Ölduselsskóla, það voru 500 þús. í íþróttahús Hlíðaskóla. Það voru 100 þús. kr. í Hvassaleitisskóla og það voru 100 þús. kr. í 3. áfanga Hólabrekkuskóla. Hvers á Reykjavík sérstaklega að gjalda í þessu þegar þess er gætt að tveir þm. Reykv., sá 1. og sá 10., gegna ráðuneytum fjármála og menntamála í núv. ráðuneyti Steingríms Hermannssonar?

Þegar komið er að öðrum framkvæmdum blasir það sama við. Tökum annað dæmi í Reykjavík, Seljaskólann. Á næsta ári var fyrirhugað að reisa hús nr. 7 við Seljaskóla. Það var gert ráð fyrir því að kostnaðarhluti ríkisins í þeim framkvæmdaáfanga yrði 11.8 millj. kr. Hve miklu ætli hv. 10. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Reykv. hafi nú séð af af örlæti sínu í þessa framkvæmd? 11.8 millj. kostar hún. Hvað ætli það hafi verið? 500 þús., 0.5 millj. kr.

Hér hef ég nefnt tvö dæmi úr fimm skólum í Reykjavík, þar sem þeim er bókstaflega talað kastað út, gersamlega hent út, og ég ætla að nefna að lokum einn skóla enn, sem er Vesturbæjarskóli, þar sem gert var ráð fyrir framkvæmdum á næsta ári upp á 7.5 millj. kr. Till. er 1 millj. kr. Eini skólinn í Reykjavík sem fær einhver framkvæmdaframlög sem máli skipta er Grafarvogsskóli með 14 millj. kr. Ég held að það hefði verið full þörf á því fyrir 1. þm. Reykv. að kalla saman þm. kjördæmisins til að ræða um þessi mál og það mætti kannske fjalla um þau núna milli 2. og 3. umr. Mér er að vísu tjáð að hv. 1. þm. Reykv. kalli menn helst ekki saman nema það komi krafa um það úr byggðarlaginu, þ. e. að borgarstjóranum þóknist að biðja um að þingmannahópurinn sé kallaður saman. Kannske það sé þannig að borgarstjórinn í Reykjavík hafi ekki farið fram á að það yrði kallaður saman þingmannahópur Reykjavíkur til að fara yfir þau mál sem snúa að þessu kjördæmi. Kannske að gæsla þeirra á brýnustu hagsmunum Reykvíkinga komi í rauninni svona út. Fjmrh. og menntmrh., báðir þm. þessa kjördæmis, virðast láta sér það í léttu rúmi liggja þó að svo að segja öllum beiðnum um framkvæmdir í dagvistarmálum og skólamálum sé hafnað og borgarstjórinn hefur ekki fyrir því að biðja um að það sé kallaður saman fundur þm. þessa kjördæmis. Ég hygg að þessi vinnubrögð séu algert einsdæmi. Og það kemur mér á óvart af hve miklu tillitsleysi menn ganga fram gagnvart Reykjavík í þessum efnum.

Ég minni á að vegna stefnu ríkisstj. er það að gerast að fólk er að flýja af landsbyggðinni hingað til Reykjavíkur þúsundum saman. Þess vegna m. a. verður að skapa aðstöðu fyrir félagslega þjónustu í þessu byggðarlagi, dagvistarstofnanir og skóla. En það er bersýnilega enginn skilningur á þessum aðstæðum hjá núv. hæstv. ríkisstj. og því að hér í þessu kjördæmi býr líka fólk, Íslendingar rétt eins og allir aðrir. Ég skora á hv. 1. þm. Reykv. að svara nokkrum orðum á eftir þeim aths. sem hér hafa komið um Reykjavík og ég mun síðar, ef nauðsyn krefur, við þessa umr. gera grein fyrir stöðu heilbrigðisstofnana í Reykjavík og hvernig þær koma út úr þeirri tillögugerð sem hér er á dagskrá varðandi fjárl. fyrir árið 1985.

Meðal þeirra tillagna sem hér liggja fyrir frá þm. er till. frá þm. stjórnarandstöðuflokkanna um framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég vil í þeim efnum vekja athygli hv. þm. á bréfi Öryrkjabandalags Íslands frá 28. nóv. 1984 þar sem skorað er á hv. alþm. að tryggja að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái aukið fé frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það var þm. í salnum áðan sem var að biðja mig um að halda smáerindi um hvernig væri háttað högum fatæks fólks í landinu. Þetta er stjórnarþm., þannig að hann veit áreiðanlega hvað til síns friðar heyrir varðandi þá umr. sem hér stendur yfir. Því miður ætla ég ekki að þessu sinni að verða við þessari ósk í einstökum atriðum. Ég held þó að aldrei hafi verið um að ræða jafndjúpa gjá milli efnaðra einstaklinga á Íslandi og fátækra og er nú. Og fátt er hættulegra fyrir þessa þjóð en að auka það bil sem þarna er um að ræða á milli einstaklinga. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson... (**Forseti:** Ég bið hv. þm. um að hafa hljóð á fundinum. Það er aðeins einn maður í ræðustól og hann á að hafa orðið.) Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ætti að fara aðeins yfir það með flokksbræðrum sínum og vinum, m. a. formanni fjvn., hvaða jólakveðjur það eru sem ríkisstj. hefur verið að senda fátæku fólki í landinu síðustu daga. Ætli það væri ekki fróðlegt að fara yfir það fyrir þá félaga og vini, hv. þm. Pálma Jónsson og hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson hvernig gengislækkunin hefur komið niður á fjárhag alþýðuheimilanna að undanförnu? Ætli það væri ekki fróðlegt fyrir þá að kynna sér aðeins hvernig þessum hlutum háttar til hjá því fólki sem nú býr sig undir það að taka við skattalækkuninni frá hæstv. ríkisstj.? Ætli það væri ekki fróðlegt fyrir þessa aðila að fara í kynnisför t. d. upp í Breiðholt? (**EKJ:** Skamma Pálma fyrir það sem þið gerðuð saman?) Það væri nú hægt að ræða um það aðeins hvað við Pálmi gerðum saman. Það er nú annað mál sem þér líkar vafalaust vel við. (**EgJ:** Þér hefði nú gengið bærilega.) Nei, er nú Egill vaknaður líka? Þá fer að verða gaman hér og er hægt að halda lengi áfram.

Það væri fróðlegt fyrir þessa menn að kynna sér hvernig núv. ríkisstj. hefur innleitt fátæktina á Íslandi, hefur búið til fátæklinga á Íslandi þúsundum saman, fatlaða, sjúka og aldraða, fólk sem aldrei í 30 ár hefur búið við önnur eins kjör og nú. Svo sitja þessar mannvitsbrekkur hér flissandi undir slíkri umr. á hv. Alþingi. Það er vegna þess að þeir kunna ekki að skammast sín, en þeir munu læra það.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt og er á þskj. 297 ásamt með fleiri brtt. Hún er við 4. gr., lið 02 201, um Háskóla Íslands, og felur í sér að þar verði nýr liður sem hljóti númerið 123 og verði Nám á háskólastigi á Akureyri. Þetta mál hefur áður borið á góma hér á hv. Alþingi í fsp.-tíma og ég get vísað til þeirrar umr. sem þá varð. Þar bar á góma niðurstöður úr skýrslu, sem stjórnskipuð nefnd hafði þá skilað af sér um að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarsvæðisins. Liður í þeirri tillögugerð var að taka skyldi upp nám á háskólastigi á Akureyri þegar næsta haust. Nefndin gerði einnig lauslega könnun á því hversu mikið 1. áfangi slíks náms þyrfti að kosta í framkvæmd og ég hef flutt hér brtt. um að þarna komi 5 millj. kr. sem ég tel sæmilega fullnægjandi fjárhæð til að undirbúa og hefja slíkt nám á næsta hausti.

Hv. formaður fjvn., Pálmi Jónsson, vék nokkrum orðum að þessu máli í framsöguræðu sinni áðan og taldi

að til greina kæmi að skipa nefnd til að fara ofan í þetta mál og kanna möguleikana á því að koma því á. Út af fyrir sig er ég ekki mótfallinn því og tel að það gæti orðið málinu til framdráttar, en ég bendi á að þegar hefur stjórnskipuð nefnd fjallað um málið og skilað tillögum og hún telur ekkert því til fyrirstöðu að hefja þetta nám þegar á næsta hausti og leggur að því viss drög hvernig því skuli til hagað. Þess vegna tel ég út af fyrir sig ekki þörf á að bíða eftir því að enn önnur nefnd taki til starfa og skili enn annarri skýrslu. Ég held að það væri hreinlegast ef samstaða er um það á annað borð, að menn gengju til verks og settu þarna fjárveitingu á fjárlög svo að unnt væri að hefja þetta nám þegar næsta haust. Ég held að það sé nokkuð ljóst að eins og búið er að högum Háskóla Íslands í því fjárlagafrv. sem hér er til umr. hafi hann lítið bolmagn til að taka þetta verk upp án þess að til þess renni sérstakt fjármagn undir merktum lið.

Það er mikið rætt, bæði hér á hv. Alþingi og víðar í þjóðfélaginu, um að nú þurfi þjóðin að sækja fram á sviði tækni og vísinda og sækja fram í þeim atvinnugreinum sem liggja á þessu sviði. Höfuðstaður Norðurlands, Akureyri, hefur nokkuð verið nefndur í þessu sambandi. Menn hafa rætt um að þar mætti staðsetja væntanlega þróunarstofnun og fleira sem lýtur að rannsóknastarfsemi og þróun hefur borið á góma í sambandi við þennan ágæta stað. Ég held að það mál sem ég flyt hér till. um sé það sem koma ætti fyrst í allri þessari umr., þ. e. að hefja nám á æðri skólastigum sem gæti orðið heppileg forsenda þess að annað kæmi í kjölfarið.

Ég vil víkja nokkrum orðum, herra forseti, að byggingu K á Landspítalalóð sem einnig hefur verið hér til umr. Ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm. brtt. við fjárlög um að 30 millj. kr. verði varið til þessa verkefnis á næsta ári. Ég sit í stjórnarnefnd ríkisspítalanna og sem nefndarmaður í undirnefnd þeirrar stofnunar sem fjallar um húsnæðismál ríkisspítalanna og mér er því nokkuð kunnugt það ófremdarástand sem sú stofnun öll í heild sinni og Landspítalinn sem slíkur býr við hvað húsnæðismál varðar. Ég vil að inn í þessa umr. komi að í raun og veru eru það ekki bara þær deildir spítalans sem eiga að fá inni í byggingu K, þegar þar að kemur, sem búa við óviðunandi ástand í húsnæðismálum. Það má segja um næstum því alla starfsemi ríkisspítalanna, fyrir utan e. t. v. geðdeildir, að þar er ástand húsnæðismála óviðunandi. Ég vil nefna t. d. rannsóknadeildirnar sem eru í bráðabirgðahúsnæði hér og þar á Landspítalalóðinni. Í nýjustu tillögum sem verið hafa á borði stjórnarnefndar ríkisspítalanna er jafnvel gert ráð fyrir að vegna ýmissa skipulagsbreytinga fái þær deildir ekki inni í væntanlegri byggingu K og þurfi að bíða enn lengur eftir varanlegri úrlausn í sínum málum.

Það er búið að eyða miklum tíma, mikilli orku og miklum fjármunum í að hanna og skipuleggja þessa byggingu og það er nú verið að eyða miklum tíma og mikilli hugarorku í að reyna að hagræða húsnæðismálum á Landspítalalóð að öðru leyti og öll sú vinna gengur út frá því að þær áætlanir, sem uppi eru og settar hafa verið um byggingu K, haldi. Ég tel því, herra forseti, að það muni skapast ófremdarástand ef ekki tekst að halda þessum áformum og ég hvet eindregið til að fjárveitingar til byggingar K verði skoðaðar á milli 2. og 3. umr. og viðunandi úrlausn fáist í þeim efnum áður en fjárlög verða afgreidd héðan frá hv. Alþingi fyrir jól.

Ég vil nefna í nokkrum orðum, herra forseti, annan lið í fjárveitingum, þar sem talin eru fram og tíunduð framlög okkar Íslendinga til þróunarhjálpar. Mér hefur lengi verið að því nokkur raun hversu báglega okkur Íslendingum, í hópi ríkustu þjóða, hefur gengið að hækka þetta framlag, koma því í viðunandi horf. Ég ræddi þetta við afgreiðslu fjárlaga á hv. Alþingi á síðasta ári og ég vil gera það aftur nú þó ég flytji ekki að þessu sinni við þessa umr. sérstaka brtt. við þann lið. Ég tel að okkur sé ekki undir neinum kringumstæðum stætt á því, hvað sem öllum barlómi um þessar mundir líður, að verja jafnskammarlega lágu hlutfalli af þjóðartekjum okkar til þessa verks og raun ber vitni. Við höfum um árabil verið aðilar að alþjóðlegum samþykktum sem kveða á um að þróaðar þjóðir verji helst ekki minna en 1% af þjóðartekjum sínum til þessa verkefnis og er þá miðað við að hlutur ríkisins sé 0.7, en hlutur annarra aðila 0.3 af þessu prósenti. Því fer víðs fjarri að við höfum komist nokkurs staðar nálægt því að uppfylla þessar skuldbindingar og mér sýnist, eins og fjárveitingum horfir í þessu frv., að aftur sígi þarna á ógæfuhliðina. Og eins og ég sagði: hvað sem öllum barlómi líður tel ég að við höfum okkur ekkert til afsökunar og enn þá síður nú þegar daglega berast okkur í gegnum fjölmiðla fréttir og myndir af því hörmungarástandi sem víða blasir við úti í heimi.

Hv. þm. Ragnar Arnalds gerði grein fyrir brtt. sem hann ásamt mér og fleiri þm. flytur á þskj. 308. Þar í er einn liður um Lánasjóð ísl. námsmanna og ég vil fara um hann örfáum orðum til viðbótar því sem hann sagði.

Það er svo með Lánasjóð ísl. námsmanna, eins og reyndar ýmsa fleiri opinbera sjóði okkar, að þeim hefur gengið illa á undanförnum árum að byggja upp það sem kalla mætti eigið fé sitt. Þeir hafa í verulegum mæli verið skikkaðir til þess eða neyðst til þess að lána út fé það sem þeir taka að láni hjá öðrum og gjarnan á lakari kjörum fyrir sína hönd en þau lán voru á sem þeir tóku. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Ætlist menn til þess á annað borð að þessir sjóðir, svo sem eins og Lánasjóður ísl. námsmanna, verði einhvern tíma að burðugum aðila, sem getur sinnt sínu hlutverki án verulegs framlags á hverju ári, verður að koma til ríkisframlag á meðan verið er að byggja þessa sjóði upp. Það sígur á ógæfuhliðina nú með hverju ári sem líður hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og ekki er það fegurra sem honum er ætlað í þessu frv. til fjárlaga. Ég vil þó taka það fram að staða lánasjóðsins er sérstök að nokkru leyti í þessu tilliti. Hann gegnir félagslegu hlutverki og hann á að gera það að mínu mati. Þess vegna mun þar og á þar að vera um nokkurt ríkisframlag að ræða. Ég er ekki með þessum orðum að mæla með því að hann verði gerður að óháðri lánastofnun sem ekki megi sinna þeim félagslegu skyldum sem ég tel að honum beri að gera, sem eru fyrst og fremst þær að tryggja öllum þegnum þessa þjóðfélags jafnrétti til náms.

Ég vil minna á að þau fjárframlög sem sjóðnum eru nú ætluð af hálfu hins opinbera eru skýlaust brot á því samkomulagi námsmanna og ríkisins sem gert var fyrir nokkrum árum og byggðist á því að lánshlutfallið yrði hækkað í 100% gegn því að endurgreiðslureglur námsmanna til sjóðsins yrðu hertar. Inn í þetta samkomulag gengu námsmenn og þeir standa og munu

standa við sinn hluta af samkomulaginu, þ. e. að greiða samkv. hinum hertu reglum, en ríkið ætlar auðsjáanlega að komast upp með það ár eftir ár að standa ekki við sinn hluta af þessu samkomulagi. Það tel ég ákaflega mikið miður og rangt.

Það er mikið talað um að ríkið eigi að spara á erfiðleikatímum í þjóðfélaginu og það eigi að draga saman eins og aðrir og ganga jafnvel á undan með góðu fordæmi. Það kann að vera nokkur sannleikur í þessu, en ég bendi á að það er ekki alveg sama hvar ríkið sparar. Það er t. d. ekki hyggilegt að á erfiðleikatímum í þjóðfélaginu spari ríkið í ýmsum liðum félagslegrar þjónustu og í stuðningi sínum við þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Það er að fara úr öskunni í eldinn, að mínu mati, og kemur niður þar sem síst skyldi.

Það er mín skoðun, herra forseti, og ég vil að hún komi hér fram og ég hef reyndar lýst henni áður hér á hv. Alþingi, að ég tel að ríkið vanti fremur tekjustofna í dag en hitt, að það þurfi að létta þeim af sér. Það sem ríkissjóð vantar er að ná til þeirra sem hafa rúm fjárráð, hafa mikla greiðslugetu, og láta þá borga til okkar sameiginlegu þarfa. Það er ekki farið inn á þessa braut í þessu fjárlagafrv. Þvert á móti er haldið í öfuga átt.

Að síðustu nokkur orð um hið opinbera eða um hæstv. fjmrh. fyrir hönd þess sem atvinnuveitanda. Það hefur verið til umr. í fjölmiðlum að fólk flýi frá störfum sínum hjá því opinbera út á vinnumarkaðinn þar sem það getur fengið betur launuð störf einhvers staðar annars staðar. Ég þekki þetta nokkuð hjá nokkrum þeim stofnunum sem ég er kunnugur og ég veit að þetta skapar ýmsa erfiðleika. Þetta getur jafnvel þýtt aukin útgjöld og það svo miklu munar þegar aukin yfirvinna og dýrari launagreiðslur þar með fylgja í kjölfarið. M. ö. o.: þeir sem eftir sitja þurfa að bæta á sig störfum hinna sem hlupu burtu og þá gjarnan í yfirvinnu sem er dýrara fyrir ríkið að kaupa en dagvinnu. Þannig er í þessu ákaflega hæpinn sparnaður, fyrir nú utan það að gjarnan tapar ríkið þarna hæfum starfskröftum. Ég held að það hljóti að vera öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa, að það er óhjákvæmilegt að á næstu árum verði hér mikil breyting á. Ég get nefnt kennarastéttina sem dæmi. Ég held að engum, sem kynnst hefur hennar kjörum og fylgst hefur með umræðunni innan þeirrar stéttar á síðustu árum, blandist hugur um að hún mun ekki sitja undir þeim kjörum, sem henni hafa verið skömmtuð síðasta eitt og hálft árið, til langframa. Ég held því að þetta hljóti að vera mál sem þarf að ræða í tengslum við gerð fjárlaga hverju sinni því að ríkið er stór vinnuveitandi og það hlýtur að varða nokkru að það sé samkeppnisfært, að það geti haldið í gott starfsfólk og það geti greitt því mannsæmandi laun. Ég tel að svo sé ekki í dag. M. a. þess vegna eru þessi fjárlög ekki raunhæf. Ég tel að það sé ekki raunhæft, hvað svo sem öðru líður, að setja fjárlög þar sem stærsti vinnuveitandi í landinu ætlar á næsta ári að bjóða sínu fólki upp á kjör sem ekki nægja því til mannsæmandi viðurværis.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka stjórnarandstöðunni og þeim sem hafa tekið til máls fyrir málefnalegar umr. Vona ég að gott samstarf náist við lokaafgreiðslu á fjárlögum fyrir næsta ár. Ég sé ekki ástæðu til að fara yfir marga punkta sem komið hafa fram hjá þeim hv. þm. sem hafa talað, en vil þó stikla hér á stóru og reyna að fara fljótt yfir.

Ég fagna því að enn einu sinni skuli talsmaður minni hl. fjvn. halda hliðstæða ræðu og hann hefur gert áður, ég vil segja oft áður, málefnalega og upplýsandi þó að gagnrýnin hafi verið. Ég veit að hann er mér sammála þrátt fyrir þau orð sem hann viðhafði, fjárlög verða ekki raunhæf fyrr en aukafjárveitingar hafa verið skornar niður. Reyndar verða þær kannske aldrei alveg útilokaðar, en að það verði a. m. k. ekki þannig að fjmrh. verði til þess neyddur á milli fjárlagagerða að búa til ný fjárlög eins og átti sér stað á tímabili fyrri ríkisstj.

Hv. frsm. minni hl. talaði mikið um viðskiptahalla, hann talaði mikið um skuldir og prósentur af þjóðarframleiðslu. Að sjálfsögðu er sá mikli viðskiptahalli sem er og hefur verið áhyggjuefni. En spurningin er: Af hverju er þessi viðskiptahalli? Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því. Er hann vegna þess að við seljum ekki afurðir okkar nægilega hratt til þess að standa undir þeim gríðarlega miklu kröfum sem við gerum til þæginda og þeirrar athafnasemi sem í íslensku þjóðinni býr? Eða er hann vegna þess að við framleiðum ekki nóg til að standa undir okkar þörfum? Ég er ekki alveg viss um hvað hér er á ferðinni. Sölukerfi okkar og útflutningsmarkaðsöflun er þó að mínu mati löngu úrelt og þarf að breytast.

Það er mikið talað um hin óraunhæfu fjárlög. Ég hef þó sem fjmrh. talið þau hin raunhæfustu sem lögð hafa verið fram allt til þess að fjárlög fyrir árið sem nú er að líða voru í bígerð. Ég vil biðja hv. alþm. að minnast þess að við gerð fjárlaganna fyrir þetta ár tók ég það sérstaklega fram að ég væri ekki viss um að fjárlögin væru það raunhæf að þau dygðu út árið og tilkynnti að ég mundi endurskoða fjárlögin og taka þau upp ef þörf reyndist. Og það reyndist þörf fyrir það og þau voru tekin upp. Mikið var talað og mikið skrifað um hið fræga gat fjárlaganna. En eftir að fjárlögin voru tekin upp held ég að enginn geti á móti því mælt að þau hafa reynst raunhæf, kannske raunhæfari en ég hafði búist við, eftir afgreiðslu fjárlaga í maí. Frá þeim tíma hefur rekstrarhlið ríkissjóðs komið betur út en áætlað var. Þetta vita þm. allir því að eins og ég gat um og lofaði þá hef ég gert stjórnarandstöðunni grein fyrir stöðu ríkisfjármála á þriggja mánaða fresti. Það fer því ekkert á milli mála að við það sem sagt var við gerð fjárlaganna fyrir þetta ár hefur verið staðið.

Hv. þm. Geir Gunnarsson talaði um að byrðum umframeyðslu væri velt yfir á framtíðina, á börnin sem eiga að erfa landið, þeim mikla kostnaði sem er af kröfum okkar til lífsgæða. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt. En við, sem munum dálítið lengra aftur í tímann, skulum bara minnast ársins 1944 þegar við tókum að öllu leyti við okkar málum sjálfir, þegar lýðveldið var stofnað. Hvernig var þá umhorfs? Við hverju tók sú kynslóð sem nú er að skila af sér senn hvað líður? Hvað hefur verið gert hér sem hefði átt að gerast löngu áður? Hvað er hér af byggingum og atvinnuvegum sem eru sambærileg við þróaðar atvinnugreinar erlendis? Við höfum þurft að byggja þetta allt upp, má segja, úr engu. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að við tókum við okkar eigin málum úr höndum annarra í bágu ástandi. Sú uppbygging sem hér hefur átt sér stað frá því að við hlutum sjálfstæði hefur eðlilega kostað mikið. Syndir þeirra sem á undan gengu sem ráðamenn

hér hafa komið niður á okkur sem nú erum að byggja upp framtíðina fyrir fólkið. Og okkar arftakar verða að sjálfsögðu ásamt okkur að borga það sem við erum að gera. Ef við skiluðum næstu kynslóð Íslandi jafnþurftugu fyrir framkvæmdir og uppbyggingu á eðlilegu mannlífi til þess að vera sambærilegt við aðrar þjóðir og við tókum við, þá er ég hræddur um að við hefðum ekki gegnt okkar skyldum, hvorki við né aðrir þeir sem á undan okkur eru gengnir sem hér hafa staðið í forsvari frá því Ísland hlaut sjálfstæði og til þessa dags. Það er ósköp eðlilegt að einhver þurfi að borga. Það er eðlilegt að peningar til svo hraðrar uppbyggingar þurfi að koma einhvers staðar frá. Og það er ekkert óeðlilegt að til þess hafi verið tekin lán. Það væri hins vegar óeðlilegt ef við gætum borgað öll þau lán jafnóðum og við framkvæmum.

Ég tók það fram þegar ég tók að mér starf fjmrh. að ég mundi ekki undir neinum kringumstæðum treysta mér til þess að skila hallalausum fjárlögum. Ég hef ekki gert það og ég býst ekki við að vera svo lengi í embætti að mér takist það. En eitt er víst: að við verðum, eins og í hverju öðru fyrirtæki eða fjölskyldu, að vinna okkur út úr vandanum. Og það getur tekið nokkurn tíma. Við þurfum að auka okkar framleiðslu. Við þurfum að framleiða meira til þess að selja meira, til þess að greiða niður okkar skuldir. Og það þýðir að við þurfum að hægja á framkvæmdagleði okkar og ýmsu því sem við vildum gjarnan fá sem fyrst.

Það er ekki hulið nokkrum manni, sem hér er inni, að ríkissjóður er ekki rekinn með aðstoð erlendra lána í fyrsta skipti í ár og ekki heldur s. l. ár. Við skulum þess vegna átta okkur á hvernig við stöndum, af hverju við skuldum, og minnast þess hvernig þjóðfélagið hefur breyst á þeim stutta tíma sem við höfum verið sjálfstæð þjóð.

Ég hefði gjarnan viljað hafa lengri tíma til að tala um ýmislegt sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vestf. En eitt vil ég leiðrétta. Fyrst vil ég biðja menn að athuga að það er ekki alltaf gull að sækja í greipar þeirra sem reka fyrirtæki. Og ég held að því miður, þjóðarinnar vegna, eigi það eftir að koma í ljós að skipafélög og jafnvel bankar græða ekki peninga í ár. Þeir tapa, þeir stórtapa peningum.

Ég harma það að lánsfjáráætlun skuli ekki hafa komið fram samtímis fjárlögunum eins og s. l. ár. En frá því að fjárlög voru lögð fram og þar til lánsfjáráætlun átti að leggjast fram sköpuðust hér afbrigðilegir tímar, og afbrigðilegir tímar vilja oft breyta eðlilegum gangi mála. Ég bið hv. alþm., starfsfélaga mína, að virða mér það til vorkunnar, annað er óeðlilegt. En lánsfjárlög munu brátt sjá dagsins ljós. Þau eru tilbúin og bíða prentunar.

En eitt vil ég upplýsa enn einu sinni því að hv. þm. virðast gleyma því. Ég er búinn að segja frá því hér úr þessum virðulega ræðustól að einn af virtustu lögmönnum þessa lands er að vinna að því fyrir mig að taka saman í gegnum lagasafnið, sem er nýkomið út, hvað Alþingi Íslendinga hefur samþykkt mikil útgjöld fyrir ríkissjóð umfram hæstu tekjumöguleika. Og enn þann dag í dag, meðan við erum að afgreiða hér fjárlög með miklum halla, streyma inn frv. sem eru kostnaðarsöm, hafa í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð. Hvert stefnum við með þessu? (**SvG:** Ertu að tala um stjórnarfrumvörpin?) Ég er að tala bæði um stjfrv. og önnur. (**SvG:** Líka stjfrv.?) Líka stjfrv., það fer ekkert á milli mála, því að í lagasafninu er þó nokkuð af þeim. Nei, við skulum átta okkur á hvernig við stöndum að málunum sjálf.

Virðulegur þm. Karvel Pálmason talaði um útgjöld ríkisspítalanna og að ekki hefði staðist sú áætlun að draga saman um 2.5% í launaliðum og 5% í rekstrarliðum. Ég vil geta þess að ég er mjög bjartsýnn á það nú að þessi áætlun komi til með að standast. En hitt er annað mál að stofnanir eins og sjúkrahús og fleiri slíkar eru þess eðlis að það er alltaf verið að taka nýjar og nýjar deildir í notkun og það kallar á aukin útgjöld, það kallar á aukið mannahald o. fl. Ég vil líka benda á það og svara þeim hv. alþm. sem um það hafa rætt að 600 millj. kr. tekjumissir ríkissjóðs vegna niðurfellingar á tekjuskatti sem nemur þeirri upphæð er raunverulega niðurfelling, vegna þess að eins og hv. alþm. sjá í frv. eins og það var lagt fram er þar gert ráð fyrir að innheimta 600 millj. kr. á móti þessari tekjuskattslækkun með óbeinum sköttum, en nú er ekki gerð till. um það. Hitt er svo annað mál að það er líka staðreynd að uppsafnaður söluskattur á sjávarútvegi, sem mun líklega verða 400—450 millj. kr., þetta er áætlun, er endurgreiddur til sjávarútvegsins. Og frekar en að leggja á aðra skatta til að afla tekna til að mæta því sem gert er ráð fyrir að fella niður, en það er bara á þessum tveimur liðum um 1000 millj. kr., 600 millj. í tekjuskattinum og um 400 millj. í endurgreiddum söluskatti til sjávarútvegsins, þá er lagt til að auka söluskattsinnheimtu um ½%, ca. 200 millj., og því er dreift á fólkið allt í gegnum óbeina skatta. Það er það eina sem ríkissjóður hefur í tekjum á móti. Ef aftur á móti við hefðum ekki fellt niður tekjuskattinn og ekki endurgreitt söluskatt til sjávarútvegsins þá værum við ekki með hallafjárlög. Það eru bara þessi tveir liðir þrátt fyrir allt annað.

Hv. þm. Karvel Pálmason gat um að felldir væru niður ýmsir liðir sem hingað til hafa verið á fjárlögum til aðila vinnumarkaðarins. Það er að hluta til rétt. Það sem ekki er rétt hjá hv. þm. er það að enginn samningsbundinn liður er felldur niður. Og enn þá er reyndar ekki neitt fellt niður því að ég vil benda hv. þm. á að liðurinn 07 981 er safnliður fyrir þessa liði og hljóðar upp á 9 millj. 712 þús. kr. og er það fjvn. sem mun skipta þeim.

Ég vil aðeins gera athugasemd við það sem virðulegur fyrrv. fjmrh. sagði hér áðan, hv. 3. þm. Norðurl. v. Hann sagði þegar hann talaði um Lánasjóðinn að það vantaði 380 millj., eða eins og hann sagði orðrétt: 380 millj. sem skilur á milli framlaga skv. fjárlögum og gefinna loforða stjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Nei.) Þetta skrifaði ég niður. (**RA:** Lágmarksfjárþörf skv. áliti sjóðsstjórnarinnar.) Ég tók svo eftir að hv. þm. talaði um gefin loforð. Þess vegna geri ég þetta að umræðuefni hér og nú. Ég bið afsökunar ef það er rangt. En það vill oft verða svo að gefin loforð þeirra sem starfa í stjórnum og nefndum hvort sem það heitir Lánasjóður eða húsnæðismálastjórn eða eitthvað annað, geta ekki orðið bindandi fyrir Alþingi. Það er alveg útilokað að við getum stjórnað á þann hátt að fólk, sem starfar undir einhverjum ráðh., geti gefið loforð sem fjmrh. verður svo að standa við. Það er alveg útilokað.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. og öðrum þeim sem hafa talað hér um niðurskurð að það

er niðurskurður á flestum ef ekki öllum þeim liðum sem gerðir hafa verið hér að umræðuefni. Og ég get fullvissað hv. alþm. um að það er ekki af neinni mannvonsku, þar vita þeir betur, það er af þörf. Síðan má deila um það hvort þessi niðurskurður eða hinn, hvort þetta framlag eða hitt, eða hvort þessi skattur eða hinn er réttlátari en einhver annar. Hér kemur svo margt til. Hér koma m. a. til pólitískar andstæður flokkanna og þingmannanna innbyrðis. Síðan kemur, eins og kom svo greinilega fram hjá hv. 3. þm. Reykv., kjördæmapot. Ég skal viðurkenna það að ég hef ekki notfært mér sem 1. þm. Reykv. aðstöðu mína sem fjmrh. til þess að hygla Reykvíkingum eða Reykjavík. Ég skal viðurkenna það. Og ég er alveg viss um það, af því að ég þekki Reykvíkinga vel því að hér er ég fæddur og uppalinn, að þeir ætlast ekki til þess að ég misnoti aðstöðu mína þeim í hag.

Það er rétt að ég sem 1. þm. Reykv. hef ekki kallað saman fund með borgarstjórn eða þingmannafund hér. En ég hef rætt það mál við borgarstjóra og á þeim tíma var ekki talin ástæða til þess. Við skulum bara átta okkur á því, og þar vil ég taka undir það sem oft kemur fram hjá þm. annars staðar að en úr Reykjavík, að borgarstjórn Reykjavíkur og sveitarstjórnarmenn hafa svo miklu betri aðstöðu en nokkrir aðrir sveitarstjórnarmenn til þess að hitta daglega, ef þeir óska eftir, einhvern úr þeim nefndum og ráðum sem skipa stjórnkerfi íslenska ríkisins, og það kostar þá enga peninga og lítinn tíma miðað við það sem það kostar sveitarstjórnarmenn utan af landi. Það hvarflar ekki að mér meðan ég er fjmrh. að láta Reykvíkinga nota mig eða misnota sér í hag. Og ég held að þeir þm. sem leitað hafa til mín hafi ekki undan neinu að kvarta um þá afgreiðslu sem þeir hafa fengið þó að þeir hafi ekki verið þm. Reykvíkinga.

Ég tel sjálfsagt að athuga þá liði betur sem hv. 3. þm. Reykv. gat um. Það er Blindrabókasafnið. Málefni aldraðra eiga eftir að skýrast betur og við skulum sjá hver niðurstaðan verður þegar kemur að 3. umr. Öryggismál sjómanna eru mál sem enginn vill trassa og ég tel rangt að taka þá áhættu að spara of mikið í slíkum liðum. Hvort það er nokkurra króna meiri eða minni halli á ríkissjóði getur ekki skipt neinu máli þegar slíkir liðir eiga í hlut. Ég tel sjálfsagt að athuga það betur.

En þrátt fyrir þá lágu upphæð sem við höfum til ráðstöfunar til dagvistunarheimila o. þ. h. held ég að það sé rangt hjá hv. 3. þm. Reykv. að leita megi langt aftur í tímann að annarri eins meðferð á málefnum Reykvíkinga eins og 1984 og 1985. Ég held að það sé nú ekki mjög langt sem þarf að leita — og þó, það þarf að fara til Akureyrar. Þar eru þessi mál í höndum vinstri stjórnar og ég held ég megi segja bara undir stjórn kvennaframboðslistans og mér er ekki kunnugt um að eitt einasta dagvistunarheimili hafi verið byggt þar á þessu kjörtímabili sem þessir aðilar hafa stjórnað. Það kom fram í ræðu í borgarstjórn núna fyrir nokkrum dögum. Og mér er ekki heldur kunnugt um að vinstri meiri hlutinn í Reykjavík hafi byggt eitt einasta dagheimili. En mér er kunnugt um að þeir tóku í notkun á sínum tíma dagheimili sem borgarstjórnarmeirihluti sjálfstæðismanna hóf byggingu á en voru á lokastigi og kláruðu á kjörtímabili vinstri meiri hlutans. Ég held því að það fari ekkert á milli mála að hvernig sem hv. 3. þm. Reykv. reynir að æsa sig upp hér í ræðustól, þá getur hann aldrei talið Reykvíkingum trú um það — það getur verið að hann telji einhverjum öðrum trú um það — að borginni sé illa stjórnað undir þeirri forustu sem hún nú lýtur. Það er mesti misskilningur og ekki einu sinni hægt að nota í kosningum, hvað þá svona á milli kosninga. En þessi 17%, sem fara til dagvistarheimila skv. fjárlögum núna, eru tæpar 6 millj. kr., ekki bara 10 þús. á hvert heimili. Það eru samtals nánar tiltekið, 5 millj. 916 þús. kr.

Það er alveg rétt að hér hefur verið þensla. Hún hefur verið hér oft áður. En fólk utan af landi er alltaf velkomið hérna og Reykjavíkurborg hefur ávallt reynt að búa vel að þeim sem hafa komið hingað til langdvalar.

Ég skal fúslega verða við ósk hv. 3. þm. Reykv. um að við hittumst, þm. Reykvíkinga, enda er það undirskrifað samkomulag, sem hefur verið gert á milli borgarstjórnar Reykjavíkur og alþm. Reykvíkinga, að kalla beri saman fund ef óskað er eftir því. Að öðrum kosti er reiknað með að við hittumst einu sinni á ári ef engin sérstök tilefni eru til funda, annað árið undir forustu borgarstjórans í Reykjavík og hitt árið undir forustu 1. þm. Reykv. Ég veit nú ekki hvor aðilinn á að hafa forustuna að þessu sinni og boða þennan fund, en mér er ljúft að verða við því og skal sjá til þess að það verði gert.

Það hefur verið drepið á fjölmörg atriði í því frv. til fjárlaga sem hér er til umr. Bæði hefur komið fram gagnrýni á meginstefnu frv. og einnig á einstaka fjárlagaliði. Að sjálfsögðu er öllum frjálst að hafa skoðun á stefnu þessa frv. Hv. þm. Guðmundur Einarsson taldi frv. þannig úr garði gert að það lýsti engri pólitískri stefnu, það væri hlutlaust. Auk þess lét hann að því liggja að frv. væri ekkert annað en reikningsæfing nokkurra embættismanna. Ég skil ekki alveg hvað þm. er að fara. Ég held að þetta fjárlagafrv. sé að því leytinu öðruvísi en fjárlagafrv. hafa verið að það gefur þó nokkuð betri heildarinnsýn í stöðu ríkisfjármála með þeirri breyttu reikningsaðferð, eða breyttu bókhaldsaðferð skulum við segja, sem sýnd er og er lögð til af Alþjóðabankanum.

Það var talað um af einhverjum þm. í þessum ræðustóli í dag, ég man nú ekki hver það var, að bara við þessar breytingar hefðu erlendar skuldir hækkað um helming. Fjarri fer því að þær hafi hækkað um helming bara við það að breyta reikningsaðferð og meta má það til hagræðis að nú eru hv. alþm. betur upplýstir með því að hafa tölurnar allar á sama stað.

Það er óhætt að spyrja þá sem ekki sjá neina stefnu í þessu fjárlagafrumvarpi hvort það sé ekki stefna að draga úr framlögum t. d. til niðurgreiðslna á vöruverði. Nú er stefnt að því að greiða niður 1.2% í framfærsluvísitölu í stað 3—4% eins og var á tímum fyrri ríkisstjórnar. Er það stefna að takmarka framlög til útflutningsuppbóta þannig að þær verði 380 millj. kr. í stað 500 millj. kr. sem útflutningsbótarétturinn kallar á? Er það stefna að takmarka framlög til atvinnuvegasjóða og annarra framkvæmdasjóða? Ef við lítum á fleiri stefnuatriði þá kemur fram í þessu frv. að framlög til húsnæðismála tvöfaldast frá árinu 1984, voru 400 millj. í fyrra en 800 millj. í ár. Framlög til vegamála eru mjög umtalsverð eða 1.5 milljarður kr. Framlög til málefna fatlaðra aukast um 40—50%. Rekstrarhlið þeirra mála var á þessu ári 150 millj., framkvæmdir 60 millj.

Framkvæmdir í ár verða áfram 60 millj., en reksturinn fær 220 millj. Er það stefna að endurgreiða þennan söluskatt til sjávarútvegsins sem ég gat um áðan, 450 millj.? Og síðast en kannske ekki síst: Er það ekki stefna að lækka tekjuskatt einstaklinga um 600 millj.? Það kemur allt fram í þessu frv. Eða er það ekki stefna að leggja 50 millj. kr. í fjárlögum núna til nýþróunar í iðnaði og einnig að ætla að afla lánsfjár sem svarar 500 millj. kr. í sama tilgangi? Ég held að hér sé hægt að lesa stefnu og þó nokkuð góða stefnu úr þessu frv.

Það hefur oftar en einu sinni verið vikið að því, sem er gagnrýnivert, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er ekki komin fram. Ég endurtek það og leyni því ekki að mér þykir það mjög miður, en ítreka að hún mun koma fram nú strax eftir helgina. Það er að sjálfsögðu betra að fá hana fram eftir að nýjar forsendur eru þekktar en að þurfa að leggja hana fram með sömu göllum má segja og sjálft fjárlagafrv. bar í sér.

Ég vil ekki gera Lánasjóð ísl. námsmanna að neinu sérstöku umræðuefni hér. Það mál hefur verið rætt og verður eflaust rætt frekar áður en fjárlagafrv. verður samþykkt.

Þá vil ég geta þess hvað varðar K-bygginguna að það hefur verið stefna ríkisstj. að hefja ekki nýbyggingu á árinu 1984. Þessari stefnu hefur í öllum meginatriðum verið framfylgt. Og ég verð að segja að þegar um svo stórar framkvæmdir eins og K-bygginguna er að ræða þá er tæplega réttlætanlegt að fjárfesta í mjög litlum áföngum og láta svo fjármagnið dorma, gefa ekkert af sér kannske svo árum skiptir, en hér er um byggingu að ræða sem er reiknað með að kosti fullbúin um 600 millj. kr. Þegar ákvörðun verður tekin um að fara af stað með K-bygginguna, þá verður það að vera gert þannig að haldið verði áfram með hana þangað til henni er lokið. Um það hefur verið samkomulag í ríkisstj. að hefja ekki nýbyggingar en að reyna heldur að klára það sem er hálfklárað hér og hvar um landið og gerir ekkert annað en að festa fé og verða dýrara og dýrara með hverjum deginum sem líður og ekki er hægt að taka það í notkun.

Það sem kom mér nú eiginlega til að standa upp var spurning hv. 3. þm. Reykv. um það fé sem lagt hefur verið í K-bygginguna, en það var 4 millj. kr. 1983 og 12 millj. árið 1984. Eins og menn vita hefur hluta af þessu fé verið varið til hönnunar og áætlunargerðar um bygginguna. En ég mun eftir því sem ég get beita mér fyrir því að þetta verði geymslufé. Annað væri að mínu mati ósanngjarnt.

Ég vil svo aftur þakka hv. alþm., þeim sem tekið hafa til máls og öðrum þeim sem að þeirra málflutningi standa, fyrir málefnalegar og góðar umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki alveg jafnlangorður og ég var hér í dag þó að ástæða væri til að segja margt um ýmislegt það sem hér hefur komið fram. Tilefni þess að ég stend hér upp aftur er sérstaklega eitt atriði í máli hæstv. fjmrh. í ræðu hans áðan. Hann skýrði þar réttilega frá því, það er rétt að taka það fram, að ekki væru felld niður nein framlög til aðila vinnumarkaðarins sem væru lögboðin. Það er út af fyrir sig rétt. Hitt veit hæstv. fjmrh. jafnvel og raunar betur, hygg ég, en ég, að ótalmargar fjárveitingar sem eru í fjárlagafrv. og síðan fjárlögum eru ekki til komnar vegna lagaákvæða þar um.

Ég vakti á því athygli hér í dag að ýmsar nokkuð stórar upphæðir, a. m. k. að mati verkalýðshreyfingarinnar, sem verið hefðu á fjárlögum undanfarinna ára væru nú felldar niður. Og ég greindi frá því að það væri álit verkalýðshreyfingarinnar að hér væri um að ræða hluta af samkomulagi í samningum, þ. e. að verkafólk gaf eftir af sínu kaupi til þess að fá þessar fjárveitingar inn til margháttaðrar uppbyggingar. Ég held að menn megi ekki gleyma því. Og ég hélt satt að segja að núverandi hæstv. ríkisstj. þyrfti á flestu öðru að halda en að skera nánast við trog þessar fjárlagafjárveitingar til ýmissa þátta í uppbyggingu hjá verkalýðshreyfingunni. Það væri ekki á bætandi af hálfu ríkisstj. að halda þannig á málum, umfram það sem komið er, að egna til frekari átaka og óvildar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í garð hæstv. ríkisstj. Nóg hefur hæstv. ríkisstj. gert af slíku og ekki á bætandi.

Ég minnti líka á það í dag að á sama tíma og þetta væri gert, að skera niður við trog allar þessar fjárveitingar, þá væri verið að bæta við fjárútlátum af hálfu ríkisvaldsins til bænda, sem ég á engan hátt átel en eru tilkomin með svipuðum hætti. Þar á ég við afleysingarþjónustu í sveitum, en nú er verið að bæta við 9 stöðugildum umfram þau 51 sem fyrir hafa verið. (**EgJ:** Búið að svíkja það í fimm ár.) Má vera að það sé rétt sem hv. þm. Egill Jónsson segir, en trúlega hefur hann þá sjálfur staðið að svikunum því að ég veit ekki betur en hann hafi verið stuðningsmaður núverandi ríkisstj. síðan hún kom til valda. En það breytir ekki málinu. Sé það rétt að þetta hafi verið svikið í fimm ár, þá er hér með þessari ákvörðun hæstv. ríkisstj., ef hún á að halda, um að skera þessar fjárveitingar gjörsamlega niður, verið að svíkja gefin fyrirheit fyrri stjórnvalda nátengd lausn kjarasamninga á sínum tíma. Og ég vil ekki trúa því fyrr en ég tek á að hæstv. núverandi ríkisstj. ætli að ganga enn frekar fram í þeim efnum að egna til óvildar hjá launafólki í garð hæstv. ríkisstj. Ég hygg að hæstv. ríkisstj. sé búin að gera nóg í þeim efnum þó ekki verði þar á bætt. Og hvað sem öllum lagabókstaf líður hef ég a. m. k. yfirleitt viljað líta svo á þó að ekki væri um skriflegt samkomulag að ræða, að munnlegt samkomulag ætti að standa ekkert síður en hið skriflega.

Verði ekki við það staðið að fjárveitingar verði til þeirra þátta sem ég rifjaði hér upp í dag og snúa að aðilum vinnumarkaðarins, þá er að mínu viti um hrein svik ríkisvaldsins að ræða á því samkomulagi sem gert var á sínum tíma og þetta ákvæði innifól.

Ég hef ekki ástæðu til að ætla að hæstv. fjmrh. gangi í broddi fylkingar þeirra sem vilja svíkja það samkomulag. Ég hef reynt hann að öllu öðru en slíku. Það er ekki vandi hans, a. m. k. í þeim viðskiptum sem ég hef átt við hann, að ganga á bak orða sinna. Ég hygg að hann vilji standa við það sem fyrirrennarar hans hafa gert samkomulag um, hversu vel eða illa sem honum fellur slíkt samkomulag. En orð skulu standa, og ég veit að hæstv. fjmrh. vill að slíkt gerist. Ég treysti á það og vil trúa því að hæstv. ráðh., formaður fjvn. og stjórnarliðið allt í fjvn., það þarf ekki að brýna minni hlutann, sjái svo til að við þennan þátt verði staðið. Þessu er að sjálfsögðu hægt að breyta síðar, ef menn komast að þeirri niðurstöðu t. d. í samningum við launþegahreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins að skynsamlegra sé að halda á þessum málum með einhverjum öðrum hætti, en meðan þetta samkomulag er í gildi þá á

við þetta að standa, og ég vil trúa því og treysta að svo verði gert.

Varðandi það síðasta sem hæstv. fjmrh. vék hér að, K-bygginguna, og fyrirheit hans um að hann mundi beita sér fyrir því að það fé, sem ekki hefði verið notað en verið hefði á fjárlögum undanfarinna ára til K-byggingarinnar, yrði geymt fé, þá hef ég ekki aðrar upplýsingar en þær frá fjárlaga- og hagsýslustofnun að geymdar séu fjárveitingar að upphæð 11.6 millj. kr. sem veittar hafa verið til K-byggingar. Þær hafi ekki verið skornar, þær séu geymdar. Ég hygg því að það sé alveg á hreinu að til eru fjárveitingar upp á 11.6 millj. kr. sem ráðstafa má til framkvæmda við K-byggingu.

Ég sagði áðan að ég skyldi ekki verða eins langorður og ég var í dag. Ég þarf raunar ekki fleiru við þetta að bæta, en ég vil eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann endurskoði þá afstöðu, ef hann hefur hana, að skera niður þessar fjárveitingar til aðila vinnumarkaðarinns. Ég óska í því sem öðru hæstv. fjmrh. heilla. Það er ástæða til þess að gera a. m. k. tilraun til þess að bæta samkomulag og sambúð verkalýðssamtakanna og aðila vinnumarkaðarins við ríkisvaldið, miklu frekar en fara enn frekar þá troðnu slóð að taka upp frekari slag við þessa aðila en þegar hefur verið gert. Ég vil trúa því að með hjálp góðra manna takist að fá þessari ákvörðun, ef um endanlega ákvörðun hefur verið að ræða, breytt þannig að þessir aðilar fái þennan hluta sem er samningsbundinn þó að það hafi ekki verið undirskrifað formlega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 33. fundur.

Föstudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1985, frv. 1. mál (þskj. 1, n. 280 og 283, 268, 291, 292, 295, 296, 297, 298, 299, 300, 301, 304, 306, 308, 309). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 300, 1—2 tekin aftur til 3. umr.
— 308,1 tekin aftur til 3. umr.
— 308,2–3 tekin aftur til 3. umr.
— 300,3–5 tekin aftur til 3. umr.
— 291,1 felld með 32:15 atkv.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 268,1–3 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 300,6 tekin aftur til 3. umr.
— 268,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 300,7 felld með 32:21 atkv.
— 298,I felld með 33:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, MF, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KJóh, KolJ, KH, KMK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG.

nei: AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, SV, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, ÞK.

KP greiddi ekki atkv.

4 þm. (GGS, MÁM, PS, StH) fjarstaddir.

Brtt. 297,II felld með 35:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, GeirG, GHelg, HS, HG, IG, JBH, KolJ, KH, RA, SkA, SJS, SvG.

nei: FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, JHelg, KJóh, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, SV, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EG, EBS, EKJ, ÞK.

GE, GJG, GA, JS, KSG, KP, KMK, SDK, StB greiddu ekki atkv.

3 þm. (MÁM, PS, StH) fjarstaddir.

Brtt. 268,5–8 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 299,1 felld með 33:20 atkv.
— 268,9–17 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 298,II felld með 31:22 atkv.
— 268,18–23 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 308,4 felld með 34:19 atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, að í sundurliðun á þskj. 268 hafa orðið villur sem ekki vannst tími til að leiðrétta með því að prenta upp þskj. í heild. Þskj. í heild verður síðar prentað upp. En nú þegar hefur þessi sundurliðun, sem nú er til atkvgr., verið leiðrétt og verið útbýtt í ljósrituðu formi.

Ég vil vekja athygli á því að leiðréttingarnar breyta ekki neinum niðurstöðutölum, sem hér er um að ræða, en varða skiptingu á einstaka liðum, sem gert var ráð fyrir, þannig að það var texti fyrir tvo liði þegar svo bar undir, en talan var í heild á öðrum liðnum. Þannig skal vakin athygli á því að varðandi Hafnarfjörð er um leiðréttingu að ræða. Þar stóð í upphaflega skjalinu: Sundlaug og Víðistaðaskóli. Sundlaug fylgdi engin upphæð, en 1800 þús. til Víðistaðaskóla. Breytingin er sú að það fara 50 þús. til sundlaugar og 1750 til Víðistaðaskóla.

Hliðstætt er um liðinn varðandi Mosfellshrepp. Það var í þskj. upphaflega gert ráð fyrir framlagi til 1. áfanga íþróttahúss, en ekki tekið neitt fram hver upphæðin var. Í því liggur villan. En annar liðurinn var Viðbygging Varmárskóla sem var upp á 1 millj. 355 þús. Breytingin er fólgin í því að viðbygging Varmárskóla er með 1 millj. en íþróttahús með 355 þús.

Þá er 3. liðurinn, það er Sandgerði. Þar var gert ráð fyrir stækkun skóla en hafði láðst að tilgreina upphæðina. Hún á að vera 725 þús. eins og kemur fram í hinu ljósprentaða þskj. og sundlaug og þvottahús 700 þús., en ekki 1425 eins og segir í hinu upphaflega þskj. Þetta er skipting milli verkefna.

Það eru 2—3 hliðstæð tilvik í viðbót. Ef enginn óskar eftir að ég skýri þau, það eru augljósari prentvillur, þá sé ég ekki ástæðu til að gera frekar grein fyrir þessu. Þm. geta líka borið saman hið ljósprentaða þskj. sem útbýtt hefur verið við upphaflega þskj.

Brtt. 268,24.a–b samþ. með 50 shlj. atkv.
— 268,25 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 308,5 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, EBS, MF, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KMK.

nei: RH, SalÞ, StG, SV, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BIG, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, MB, ÓE, PP, PJ, ÞK.

ÓÞÞ greiddi ekki atkv.

3 þm. (PS, StH, MÁM) fjarstaddir.

Brtt. 298,III tekin aftur til 3. umr.
— 299,2 tekin aftur til 3. umr.
— 300,8 tekin aftur til 3. umr.
— 268,26 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 308,6 felld með 33:22 atkv.
— 300,9 felld með 35:22 atkv.
— 268,27–29 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 306,I tekin aftur til 3. umr.
— 268,30–34 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 306,II felld með 30:21 atkv.
— 268,35–36 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 301 tekin aftur til 3. umr.
— 268,37–39 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 304 tekin aftur til 3. umr.
— 268,40–41 samþ. með 46:1 atkv.
— 299,3 felld með 37:7 atkv.
— 268,42 samþ. með 50:5 atkv.
— 300,10 felld með 37:15 atkv.
— 268,43–47 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 292 tekin aftur til 3. umr.
— 268,48 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 300,11 felld með 39:14 atkv.
— 299,4 felld með 40:6 atkv.
— 300,12 felld með 38:9 atkv.
— 268,49–51 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 268,52.a samþ. með 42:5 atkv.
— 299,5 felld með 31:6 atkv.
— 268,52.b–53.a samþ. með 51 shlj. atkv.
— 299,6 felld með 35:22 atkv.
— 268,53.b samþ. með 52 shlj. atkv.
— 295,1 tekin aftur til 3. umr.
— 268,54–59 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 300,13–14 felld með 36:22 atkv.
— 268,60 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 299,7 tekin aftur til 3. umr.
— 268,61–66 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 296,1–2 tekin aftur til 3. umr.
— 309 tekin aftur til 3. umr.
— 268,67–69 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 297,I tekin aftur til 3. umr.
— 268,70–74 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 297,III tekin aftur til 3. umr.
— 268,75–77 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 300,15 felld með 34:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, MF, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KMK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG.

nei: AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, SV, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, ÞK.

ÓÞÞ greiddi ekki atkv.

2 þm. (PS, StH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Þar sem tillögur þær sem hér um getur og samþykktar voru á Alþingi 3. maí eru í framkvæmd og gert var ráð fyrir þeim kostnaði sem til þarf að framkvæma þessa samþykkt Alþingis í reksturskostnaði þeirra stofnana sem með þessi mál fara, þá segi ég nei.

Brtt. 295,2 tekin aftur til 3. umr.
— 268,78–79 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 308,7 felld með 37:19 atkv.
— 268,80–83 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 308,8 felld með 33:22 atkv.
— 268,84–88 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 291,2 felld með 35:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, EG, MF, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, KSG, KP, KH, RA, SDK, SkA.

nei: StG, SV, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, ÞK.

StB, GE, JBH, KJóh, KolJ, KMK greiddu ekki atkv.

3 þm. (StH, GeirG, PS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 268,89 samþ. með 44 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 299,8–9 tekin aftur til 3. umr.

6. gr., tl. 1.1—7.2, samþ. með 39 shlj. atkv.

6. gr., tl. 7.3, samþ. með 38:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, StG, SV, SJS, SvH, SvG, JK, ÞS, AG, AS, DA, EG, EKJ, MF, GeirG, GB, GJG, GGS, HÁ, HÓ, HS, HG, IG, JS, JBH, JHelg, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, ÞK.

nei: StB, VI, ÞP, ÁJ, BÍG, BD, EH, EgJ, EBS, FrS, GE, HBl, KolJ, KMK, RH.

FÞ, GA, GHelg, SDK greiddu ekki atkv.

3 þm. (StH, KH, PS) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Styrkir til dagblaða eru meira en hæpnir. Hins vegar er auðvitað sjálfsagt að ríkisstofnanir greiði fyrir þau blöð sem þær fá, þ. á m. Alþingi, og þess vegna segi ég já.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég er alfarið á móti ríkisstyrk til blaða, en hins vegar tel ég undir mörgum kringumstæðum sjálfsagt og eðlilegt að ríkið kaupi blöð inn á ákveðnar stofnanir og því segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Föstudaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 286 (sbr. 191)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir frv. til l. um

atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Þann 26. júní 1978 skipaði samgrh. nefnd til að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Þessi nefnd lauk við að semja frv. til l. um ofangreind efni, sem lögð voru fram og samþykkt rétt fyrir lok þings í vor, en við 1. umr. þessara lagafrv. í Nd. gaf ég eftirfarandi yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að gera brtt. við lögin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. okt. á þessu ári. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögunum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verður eftir tilnefningu fulltrúa menntmrh., Stýrimannaskólans og Vélskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandsins og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum, þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem ekki hafa áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst."

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði ég nefnd 16. júlí til þess að endurskoða hvor tveggja lögin. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila, sjómannaskólanna og menntmrn. Formaður nefndarinnar var Magnús Jóhannesson deildarverkfræðingur Siglingamálastofnunar.

Nefndin skilaði í byrjun nóv. því frv. sem hér er lagt fram. Þegar nefndin hóf störf sín lágu fyrir ítarlegar tillögur um breytingar á gildandi lögum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík. Við samningu frv. var höfð til hliðsjónar alþjóðasamþykkt um atvinnuskírteini, þjálfun og vaktstöðu sæfarenda frá 1978 sem gildir fyrir farþegaskip og flutningaskip.

Efni þessa frv. skiptist í 8 kafla:

I. kafli. Almenn ákvæði um skilyrði fyrir útgáfu atvinnuskírteinis.

II. kafli fjallar um fjölda skipstjórnarmanna. Þar er lagt til að gerðar verði meginbreytingarnar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi að á flutningaskipum verði krafist tveggja stýrimanna á skipum 1600 rúmlestir og minni. Í gildandi lögum er miðað við 1500 rúmlestir. Í öðru lagi er lagt til að á öðrum skipum 30 lestir og minni verði a. m. k. einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími er að jafnaði lengri en 15 klst.

III. kafli fjallar um nám og atvinnuréttindi stýrimanna en IV. kafli um nám og atvinnuréttindi skipstjóra. Það er lagt til í frv. að 1. stig Stýrimannaskólans í Reykjavík og í Vestmannaeyjum gefi réttindi til skipstjórnarstarfa á 200 rúmlesta fiskiskipum í innanlandssiglingum. Skv. eldri lögum veitti nám þetta réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum allt að 120 rúmlestum, en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að námið geti veitt réttindi á allt að 240 rúmlesta skipum frá og með 1. jan. 1985, ef þetta frv. verður þá ekki orðið að lögum.

Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að þau réttindi, sem áður miðuðust við 30 rúmlestir, hækka ekki eins og gert var ráð fyrir í lögunum sem taka eiga gildi 1. janúar.

Í 7. gr. eru gerðar nokkrar breytingar á tilhögun náms og prófa til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda. Nú verður nám þetta í umsjá menntmrn. sem þá fer með yfirstjórn allra menntunarmála skipstjórnarmanna. Lagt er til að kennsla verði tekin upp í grundvallaratriðum sjóhæfni og stöðugleika skipa fyrir próf þetta til viðbótar því námsefni sem núna er.

VI. kafli fjallar um atvinnuskírteini og eru ákvæði hans að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Þó er nýtt ákvæði í 17. gr. sem fjallar um réttindi þeirra manna sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum frá 1973 og fyrir gildistöku þeirra laga.

Það er einnig rétt að vekja athygli á 13. gr. frv. Breyting er gerð á greininni til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun áhafna sem ég áður gat um. Atvinnuskírteini verða gefin út tímabundið, eða til fimm ára í senn, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

VII. kafli fjallar um mönnunarnefnd og undanþágur. Það hafa verið miklar umræður um undanþágur til skipstjórnarstarfa og erfiðleika útgerðarmanna við að fá menn með fullnægjandi starfsréttindi. Hér er tvennt lagt til til lausnar þessum vanda. Í fyrsta lagi að skipstjórnarmönnum, sem starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði 1. janúar n. k., skuli næstu tvö skólaárin boðið upp á námskeið sem haldin verði í öllum landshlutum til öflunar takmarkaðra réttinda á fiskiskip. Ákvæði hér að lútandi er einnig að finna í ákvæðum til bráðabirgða. Þeir sem starfað hafa um lengri tíma á undanþágu hafa með því öðlast umtalsverða starfsreynslu og þekkingu, þó svo að sú leið til öflunar réttinda sé ófær samkvæmt gildandi lögum. Því er réttlætanlegt nú að koma til móts við þá skipstjórnarmenn sem starfað hafa á undanþágum í langan tíma. Tekið er tillit til þjálfunar og starfsreynslu með því að bjóða þeim upp á námskeið af þessu tagi.

Það er lagt til að lengd styttri námskeiðanna, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip allt að 80 rúmlestir í innanlandssiglingum, verði þrír mánuðir, en lengri námskeið, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip í innanlandssiglingum allt að 200 rúmlestir, verði fimm mánuðir sem hugsanlega mætti tvískipta. Verði frv. samþykkt mun samgrn. standa fyrir kynningu á námskeiðum um allt land.

Þá er lagt til að heimilt verði að veita mönnum, sem eru 50 ára og eldri og starfað hafa mjög lengi eða meira en 10 ár á undanþágu, takmörkuð ótímabundin réttindi. Hér er um að ræða menn sem öðlast hafa mikla starfsreynslu og eru komnir á þann aldur að þeir munu tæpast setjast á skólabekk. Þessi réttindi miðast við störf á ákveðnu skipi sem viðkomandi starfar á. Ljóst er að hér er um mjög takmarkaðan hóp skipstjórnarmanna að ræða.

Það er rétt að vekja athygli á mönnunarnefnd sem skal skipuð skv. 19. gr. frv. Hlutverk mönnunarnefndar er að ákveða frávik frá ákvæðum laganna bæði til fjölgunar og fækkunar skipstjórnarmanna. Auk þess skal nefndin taka tillit til vinnuálags skipstjórnarmanna þegar hún fjallar um einstök mál. Með stofnun þessarar svokölluðu mönnunarnefndar er höfð hliðsjón af svipuðu fyrirkomulagi í Danmörku og Noregi.

Um undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða gerð skips er fjallað í 21. gr. frv. Undanþágu veitir fimm manna nefnd sem samgrh. skipar.

Þessar tvær nefndir eru sameiginlegar fyrir þetta frv. og frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

Þá er hér mikilvægt atriði: Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð sérstakt gjald fyrir veittar undanþágur sem undanþáguhafi greiðir og renna skal í sjóð sem ætlað er að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda.

Í framangreindri reglugerð, sem væntanlega öðlast gildi um leið og lögin og er í smíðum, er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti veitt mönnum styrki strax á komanda hausti.

Það er mjög ánægjulegt að full samstaða náðist í nefndinni um þetta frv. eftir margra ára baráttu. Allir nm. standa að þessu nál. og samningu þessa frv.

Í Nd. voru gerðar nokkrar minni háttar breytingar á frv. Tvær þeirra voru svona til frekari skýringar, sumar voru nánast leiðréttingar. Þar var ítarlega farið yfir málið og formaður frv.-nefndarinnar og einn nm. annar mættu á fundi samgn. Nd. Þar varð samkomulag um þessar breytingar og samkomulag um málið í heild við afgreiðslu þess í Nd.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn. Ég legg á það mjög ríka áherslu að hraða afgreiðslu málsins því ella kemur frv., sem lögfest var í vor, til umr. og þá verður sennilega allur friður úti. Því er mikilvægt að afgreiðsla fari nú fram áður en þing fer í jólafrí.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 287 (sbr. 190)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég vitna til þeirrar ræðu sem ég hélt hér áðan varðandi afgreiðslu þessa máls í vor og þeirrar yfirlýsingar sem ég las hér upp áðan og sömuleiðis um nefndaskipun. Nefndin var sammála um þetta frv. að öðru leyti en því að það var ágreiningur um eina grein, eins og kemur fram í athugasemdum við frv., á milli meiri hl. og minni hl. Ágreiningurinn var um heiti vélstjóra, yfirvélstjóra o. s. frv., eins og þar kemur fram. Við ákváðum það í samgrn. að láta till. meiri hl. vera í frv. og því var ekki breytt í Nd. Þar fékk málið skjóta og góða afgreiðslu. Var gerð á því ein lítilfjörleg breyting, eða réttara sagt leiðrétt ein smávægileg villa í frv. Að öðru leyti fór það óbreytt í gegn.

Með frv. þessu er leitast við að taka á vandamálum er varða undanþágu til vélstjórnarstarfa. Rétt er að geta þess að fjöldi vélstjórnarmanna sem störfuðu á undanþágum á árunum 1983 og 1984, eða það sem er af því ári, er á bilinu 670—680 manns hvort ár. Um 75% þessara undanþága eru til manna sem hafa engin réttindi en starfa við vélstjórn véla minni en 750 kw.

Efni frv. skiptist í átta kafla. Í fyrsta kafla eru skýrð nokkur hugtök sem notuð eru í frv. Það er nýmæli. Í II. kafla er fjallað um fjölda vélstjóra og vélavarða. Þar er rétt að vekja athygli á breytingu frá eldri lögum er varðar starfsheitið vélavörður. Í III. kafla eru talin upp atvinnuréttindi vélstjóra og hann að mestu óbreyttur frá gildandi lögum. IV. kafli, sem fjallar um eldri vélstjóraréttindi, er óbreyttur III. kafli gildandi laga. V. kafli fjallar um mönnunarnefnd og undanþágur, hliðstætt því sem ég lýsti í frv. sem ég mælti fyrir áðan. Í VI. kafla, sem fjallar um skírteini og læknisvottorð, eru gerðar nokkrar breytingar frá ákvæði gildandi laga. Þær varða fyrst og fremst gildistíma atvinnuskírteina. Skv. 9. gr. gilda skírteini í fimm ár og skilyrði eru sett um viðhald réttinda með hliðsjón af alþjóðlegum reglum. Samkvæmt VII. kafla frv. skal ráðh. setja reglur um útreikning á afli véla í skipum.

Ég tel mig ekki þurfa að flytja hér ítarlegri framsögu en legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. 176. mál (þskj. 188). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Á árunum 1974–1978 beitti ég mér fyrir heildarendurskoðun löggjafar um lyfjamál. Þessi endurskoðun leiddi til uppstokkunar á áður gildandi lögum, þannig að sett voru á árinu 1978 tvenn lög, annars vegar lög um starfsréttindi lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og hins vegar lyfjalög, þ. e. um framleiðslu lyfja. Lög um lyfjadreifingu, sem voru þriðji og síðasti þáttur þessarar endurskoðunar, náðu hins vegar ekki fram að ganga fyrr en á árinu 1982 og öðluðust gildi 1. janúar 1983. Með þeim lögum færðist yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins frá fjmrn. yfir til heilbr.- og trmrn. Það var talið æskilegt að síðarnefnda rn. færi með yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins þar sem um væri að ræða mikilvægan hlekk í þjónustu við heilbrigðisstofnanir í landinu og það mundi jafnframt tryggja sem beinasta þjónustuleið.

Allt frá öndverðu hafa tengsl Lyfjaverslunar ríkisins verið mikil við Áfengis- og tóbaksverslun og þar með fjmrn. Þannig hefur rekstur Lyfjaverslunar notið samlaga við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og þess stöðuga fjárstreymis sem um þá stofnun fer og hefur þetta óneitanlega auðveldað rekstur Lyfjaverslunar. Nú hefur komið í ljós að óráðlegt er að slíta þessi tengsl því það bitnar á rekstrinum. Það er skoðun mín að betur sé séð fyrir rekstrinum sé hann í tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hefur því orðið að samkomulagi milli mín og hæstv. fjmrh. að yfirstjórn á rekstri stofnunarinnar færist aftur til fjmrn. og að heilbr.- og trmrn. tilnefni einn mann í stjórn, þ. e. að lögð verði til hlutverkaskipti milli þessara tveggja rn., og um þetta fjallar frv.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Dómsvald í héraði, frv. 227. mál (þskj. 282). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Með frv. þessu er gerð till. um breyt. á lögum um skipan dómsvalds í héraði og fleira sem gerir mögulegt að í stað embættis löglærðs fulltrúa við embætti sýslumanns í Árnessýslu og bæjarfógeta á Selfossi og við borgarfógetaembættið í Reykjavík verði unnt að setja á stofn embætti héraðsdómara við embættið á Selfossi og eins borgarfógeta við borgarfógetaembættið.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 311). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. um nokkrar breytingar á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands. Þær tillögur sem hér liggja fyrir eru teknar upp úr tillögum sem háskólaráð gerði um breytingar.

Í fyrsta lagi er grein sem felur það í sér að verkfræði- og raunvísindadeild skiptist, ef frv. verður að lögum, í tvær deildir. Verkfræði- og raunvísindadeild er orðin mjög stór og verkefnin afar fjölbreytt og innbyrðis ólík sum hver. Þróunin hefur orðið sú að menn telja þennan kost vera mjög til hagræðis í starfseminni. Sá kostnaður, sem e. t. v. fylgdi þessu, er ekki talinn geta orðið nema hverfandi lítill því það sem um er að ræða er að deildaforsetum fjölgar um einn. Mundu þau laun sem fyrir það kæmu nokkurn veginn samsvara auknum stjórnarþætti í starfsskyldu hlutaðeigandi prófessors.

Í næstu grein frv. er lagt til að unnt sé að gera forstöðumann háskólastofnunar að prófessor, enda leggi háskólaráð það til og um það séu nánari ákvæði í reglugerð. Þetta er nokkuð hliðstætt því sem nú gildir um flutning lektors í dósentsembætti. Þar er reyndar gert ráð fyrir því að það sé deild sem gerir þá tillögu og það má vel vera að í 2. gr. hefði átt að standa „háskólaráð og/eða deild". Ég beini því til n. til athugunar. Því nefni ég þetta að sumar háskólastofnanir eru beint tengdar deild.

Í þriðja lagi er lagt til að rektor verði lögheimilað að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor á meðan hann gegnir rektorsembættinu. Ég hygg að þetta þurfi ekki miklar skýringar, jafnviðamikið stjórnunarstarf og rektorsstarfið er. Rektor geri að fenginni umsögn deildar tillögu til menntmrh. um hvern skuli setja í stöðuna á meðan.

4. gr. er í raun og veru lögfesting á framkvæmd og ekki nauðsyn að fara frekari orðum um það en þeim sem í greininni eru.

Í 5. gr. er meginatriðið í þessu frv., en það er að Háskólanum verði heimilt með samþykki háskólaráðs og ráðh. að eiga aðild að fyrirtækjum sem stunda rannsóknir og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi. Ég hygg að flestir á Alþingi séu nú orðið um það sammála að nauðsynlegt sé að tengja Háskólann betur atvinnulífinu og gera hann þar með að meira lifandi stofnun, ef ég má svo segja, og einnig að nýta sem allra best þá fjölbreyttu sérþekkingu sem starfsmenn Háskólans hafa og einnig þann búnað sem í stofnunum hans er. Aftur á móti gæti slík breyting líka leitt til þess að Háskólinn gæti aukið sértekjur sínar til þess að endurnýja tæki eða afla nýrra tækja eftir atvikum hverju sinni. Þetta er atriði sem háskólar margra landa hafa tekið upp og það hafa risið öflugar þróunarmiðstöðvar upp með atvinnufyrirtækjum í nánd við háskóla, en gert er ráð fyrir því að þessi lagabreyting gerði Háskólanum kleift að stofna þróunarmiðstöð sem nýtti þá þekkingu og þá aðstöðu sem ég hef um getið.

Það er vikið að þessum atriðum í skýrslu um þróun Háskólans og ég hef látið fylgja þessu frv. meginefni greinar eftir háskólarektor, þar sem hann fjallar einmitt um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög.

Ég held að þetta mál þarfnist ekki sérstakrar skýringar frekar. Ég legg á það áherslu að þetta mál fái framgang. Ég tel að það sé mjög mikilvægt vegna þess að við þurfum að auka nýbreytni í atvinnulífinu og nýta þekkingu þá sem fyrir er í landinu til að auka afrakstur okkar atvinnuvega. Það er unnið nú einmitt um þessar mundir að mjög mikilvægum nýjum verkefnum, nýjum vísindarannsóknum sem munu gera hráefni það sem framleitt er í landinu miklu verðmætara og auðvelda okkur að framleiða vöru sem verði vel samkeppnishæf á mörkuðum erlendis.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og tel að það væri mjög til góðs að greiða fyrir því að unnt væri að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum nú á þeim skamma tíma sem er eftir til jóla. Ég hygg að það geti varla verið mjög skiptar skoðanir um það efni sem í því er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, frv. 233. mál (þskj. 307). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 307 flytur ríkisstj. frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku. Við afgreiðslu á frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku á Alþingi 14. des. í fyrra gaf ég þá yfirlýsingu að ég mundi beita mér fyrir lækkun gjaldsins í áföngum og/eða niðurfellingu þess, enda yrði séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða með öðrum hætti.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði ég með bréfi dags. 27. jan. s. l. nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforku. Í nefndinni áttu sæti Birgir Ísl. Gunnarsson, formaður, Kjartan Jóhannsson, Stefán Guðmundsson, allt saman alþm., Kristján Jónsson,

rafmagnsveitustjóri ríkisins, og Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri og formaður Sambands ísl. rafveitna.

Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 23. nóv. s. l., er fskj. með frv. þessu. Eins og fram kemur í nál. leggur nefndin til að gjaldið lækki í áföngum og falli niður 31. des. 1988 og að samhliða því verði lögfestar aðgerðir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ekki náðist samstaða nú um þær leiðir sem nefndin lagði til og settar eru fram í frv. því til laga um verðjöfnunargjald af raforku sem nefndin hefur samið og er fskj. nr. 4 með nál.

Með frv. þessu er lagt til að lögfest verði innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu árið 1985. Upphæð gjaldsins, sem verið hefur 19%, verði lækkuð í 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi aðeins eitt ár og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1985. Frv. þetta ber því að skoða sem fyrsta áfanga þess að verðjöfnunargjald af raforkusölu verði fellt niður.

Frv. felur í sér það nýmæli, auk lækkunar úr 19% í 16%, að verðjöfnunargjaldið skal nú greiða beint til Rafmagnsveitna ríkisins (80%) og Orkubús Vestfjarða (20%) í stað þess að gjaldið fór áður í gegnum Orkusjóð. Þá eru felld úr lögum um verðjöfnunargjald af raforkusölu ýmis ákvæði er varða málefni Rafmagnsveitna ríkisins og ekki þykja lengur eiga við.

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að tekjur af verðjöfnunargjaldi verði 420 millj. kr. á árinu 1985. Lækkun verðjöfnunargjaldsins á árinu 1985 úr 19% í 16% þýðir um 53 millj. kr. tekjumissi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og um 13.3 millj. kr. tekjumissi fyrir Orkubú Vestfjarða, og er þá miðað við heildartekjur af gjaldinu eins og þær eru áætlaðar í fjárlagafrv. Gert er ráð fyrir að þessum tekjumissi verði mætt með skuldbreytingu áhvílandi lána hjá fyrirtækjunum. Samkv. tillögum sem nú eru til athugunar næst að mæta þeim tekjumissi alfarið með slíkri skuldbreytingu.

Þar sem ekki náðist samstaða nú um frv. til laga um lækkun gjaldsins í áföngum og niðurfellingu þess, samhliða aðgerðum til að bæta fjárhag fyrirtækjanna sem fela í sér lausn til frambúðar, er óhjákvæmilegt með tilliti til bágrar fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða að framlengja gjald þetta um eitt ár, þó þannig að gjaldið lækki úr 19% í 16%.

Um forsögu verðjöfnunargjaldsins vísast að öðru leyti til fskj. nr. 1 með meðfylgjandi nál. um sögu verðjöfnunargjalds af raforku.

Ég vil svo, virðulegi forseti, birta svohljóðandi yfirlýsingu hér við 1. umr. þessa máls:

Með tilvísun til fyrri yfirlýsinga um afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu og að fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja, sem þess hafa notið, yrði séð með öðrum hætti lýsir ríkisstj. því yfir að hún mun leggja fyrir Alþingi í síðasta lagi haustið 1985 frv. til l. sem ræður þeim málum til lykta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar 1. umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn., en vil geta þess, sem ég veit að ég má ganga að sem vísu, að hv. n. muni bregða skjótt við, sem hún á vanda til, og sjá málinu farborða því að nauðsyn ber til að það nái lagagildi fyrir þinghlé.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur hér mælt fyrir frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu sem felur í sér lækkun þess gjalds. Er það í fullu samræmi við fyrri yfirlýsingar um að stefnt sé að lækkun gjaldsins. Ekki vil ég hafa á móti því að verðjöfnunargjald af raforkusölu sé lækkað og mun því mæla með því að frv. þetta verði samþykkt, en ég leyni því ekki að í huga mér er mörgum spurningum ósvarað í sambandi við þetta mál í heild sinni.

Ég viðurkenni að það fyrirkomulag sem er á innheimtu og álagningu verðjöfnunargjalds af raforkusölu er á margan hátt gallað og stærsti gallinn er að sjálfsögðu sá að mest gjald er heimt af því orkuverði sem hæst er. Einnig er það galli á þessu gjaldi að til eru ýmsar rafveitur í landinu sem hafa neyðst til að selja orku á hærra verði en þeir aðilar sem notið hafa gjaldsins, þ. e. Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins. Hvort tveggja þetta bendir eindregið til þess að málið í heild þurfi endurskoðunar við.

Hinu er ekki að leyna að í þessu efni eru margar leiðir til og auðvitað er hægt að stuðla að verðjöfnun á raforku með ýmsum hætti. Það er t. d. hægt að greiða þessa verðjöfnun alfarið úr ríkissjóði með beinum framlögum á fjárlögum til þeirra fyrirtækja sem verst eru talin sett, ellegar með yfirtöku lána eins og hér eru gefin vilyrði um. Ég tel að verðjöfnunargjald af raforku geti út af fyrir sig átt rétt á sér og sé kannske ekkert lakari leið en sú að yfirtaka lán eða greiða framlög til raforkufyrirtækja á fjárlögum, en þá yrði sú leið að vera með allt öðrum hætti en sú sem farin hefur verið, þ. e. að leggja gjaldið á síðasta stig viðskiptanna, þ. e. á söluna til notendanna. Það væri þá miklu frekar að gjaldið væri lagt á heildsölu raforkunnar, eins og gert var fyrir langa löngu þegar gjaldið var lagt á heildsölu og raunar var þá föst upphæð á hverja orkueiningu, en hækkaði ekki í hlutfalli við orkuverðið.

Það hefði sem sagt vissulega komið til greina að breyta verðjöfnunargjaldinu með þessum hætti í aðra tegund jöfnunargjalds því að ég vil leyfa mér að benda á í þessu sambandi að menn eru ekki að sleppa við gjöld með því að leggja niður verðjöfnunargjald á raforku. Auðvitað eru menn ekki að eyða þessum vanda með einu pennastriki þó að þessi lög séu felld úr gildi eða álagningin lækkuð. Vandamálið heldur áfram að vera til. Með þeirri leið sem hæstv. ráðh. er að boða er verið að yfirfæra þetta vandamál yfir á ríkissjóð. Ríkissjóður á að taka við svo og svo miklum lánum, greiða af þeim afborganir og vexti og koma með þeim hætti í staðinn fyrir þá aðstoð sem verðjöfnunargjaldið hefur veitt Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Maður verður að gera ráð fyrir því að í grófum dráttum sé þarna um hliðstæðar upphæðir að ræða. Þær bara koma til skila til þessara fyrirtækja með öðrum hætti. Þær koma sem sagt frá ríkinu vegna þess að ríkið tekur að sér að greiða ákveðin útgjöld, afborganir og vexti af lánum sem þessi fyrirtæki hafa tekið, en á móti fá þau ekki hlut sinn í verðjöfnunargjaldinu.

Það hlýtur því að vakna sú spurning hvort ríkisstj. hafi hugleitt hvernig ríkissjóður ætlar að standa undir þessum nýju og væntanlegu skuldbindingum. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort sú hlið

málsins hefði eitthvað verið rædd. Það segir sig sjálft að ef ríkissjóður tekur á sig byrði á næstu árum sem samsvarar því hagræði sem falist hefur í verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er um verulega útgjaldaaukningu að ræða fyrir ríkissjóð. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvernig ætlunin sé að standa undir þeirri útgjaldaaukningu án þess að aukinn halli verði á ríkissjóði. Þó að yfirlýsing iðnrh. við 1. umr. um frv., sem hér var lesin af ráðh. sjálfum áðan, sé allra góðra gjalda verð er hún nú samt sem áður óneitanlega dálítið óljós. Hann segir, svo ég endurtaki yfirlýsinguna, af því ég hafði nú ekki heyrt hana áður, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til fyrri yfirlýsinga um afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu og að fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja, sem þess hafa notið, yrði séð með öðrum hætti lýsir ríkisstj. því yfir að hún mun leggja fyrir Alþingi í síðasta lagi haustið 1985 frv. til l. sem ræður þeim málum til lykta."

(**Iðnrh.:** Ræður málunum til lykta, fjárhag fyrirtækjanna og niðurgreiðslunum.) Jú, meiningin er góð. Ég held ég skilji alveg hvað átt er við. Ég held ég skilji alveg hvað felst í þessari yfirlýsingu. En ég verð að segja alveg eins og er að það er nokkuð óvenjulegt að þessu máli sé ekki ráðið til lykta samtímis því sem verið er að taka ákvörðun um að breyta tekjustreyminu á öðrum kantinum, að þá sé ekki tekin ákvörðun á hinum kantinum jafnhliða um hinn enda málsins. Það er nokkuð sérkennilegt að ríkisstj. ætli sér að fresta því í heilt ár að hnýta þessa enda fasta því að ekki getur hún nú lofað einum eða neinum því að hún verði þá á lífi hvað þá meir og hún getur því ekki tryggt það með einum eða neinum hætti að hún geti staðið við þetta loforð. Það má vel vera að hún verði farin frá og raunar ekkert vitað um hvernig Alþingi tekur í óskir hennar þegar þar að kemur. Ég hygg að nokkuð óvenjulegt sé að á það sé treyst alfarið með þessum hætti að ríkisstj. sé til eftir eitt ár og að hún ráði þá nokkru um hvaða ákvarðanir Alþingi tekur.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa óánægju minni með að ekki skuli endar vera hnýttir með traustari hætti en hér er gert um leið og ég spyr ráðh. hvort ekki hafi komið til tals hvernig ríkissjóður muni standa við þessa nýju skuldbindingu sína því að eins og ég sagði áðan hygg ég að í grófum dráttum megi ætla að skuldbinding ríkissjóðs á komandi árum vegna þessara áforma verði ekki lægri en sem nemur núverandi verðjöfnunargjaldi — eða það skyldi maður halda.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég skil það vel að hv. 3. þm. Norðurl. v. finni enn til með ríkissjóði þegar um það er fjallað að auknar verði skuldbindingar hans. Hann var lengi í þeim stellingum að verjast þar eftir mætti. (**RA:** Þurfa ekki allir að gera það?) Þess þurfa allir auðvitað, en menn verða nú að gæta að því að Rafmagnsveitur ríkisins og reyndar Orkubú Vestfjarða líka eru ekkert óskyld fyrirtæki ríkissjóði vegna þess að þetta er nú einn angi af þeim sjóði og skuldir Rafmagnsveitna ríkisins eru allar saman skuldir ríkissjóðs, ríkisins sjálfs.

Það er eins og verða vill að enginn getur sagt fyrir um það hverjir ráði ríkjum að ári, enginn veit hvar við dönsum næstu jól, en ég minni á að það hefur verið gengið úr skugga um að mikill meiri hl. hv. þm. er andstæður þessu gjaldi. Það kom í ljós við afgreiðslu þessa gjalds á sama tíma í fyrra. Þá mótmæltu menn aðferðinni og voru ekki, t. a. m. mínir flokksmenn, reiðubúnir til þess að afgreiða þetta mál nema gegn yfirlýsingu ríkisstj. um að gjaldið yrði lækkað í áföngum og afnumið. En að sjálfsögðu kom ekki annað til greina en að ábyrgjast að í sama máta yrði séð fyrir fjárhag fyrirtækjanna sem þessa gjalds höfðu notið. Ég á því ekki von á þeirri stórbyltingu í skipan hins háa Alþingis að ekki eigi að vera nokkuð öruggt að breyting í þessu efni, niðurfelling verðjöfnunargjaldsins af raforkusölu, muni njóta mikils meirihlutafylgis, jafnvel þótt nýir menn sitji á stjórnarstólum.

Ástæðan fyrir því að þessum málum var ekki ráðið til lykta var tímaskortur fyrst og fremst. Það má lesa í fskj. tillögur hinnar stjórnskipuðu nefndar. Ég að vísu gerði mér ekki svo glæstar vonir um framgang málsins eins og þar má lesa. Ég var með upphaflegar hugmyndir um að upphaflegi áfanginn yrði þessi, sem hér er lagt til, úr 19 í 16, og ég mun vinna að því að frá því ári sem nú byrjar rétt bráðum muni það afnumið í fjórum áföngum, 4% á ári.

Það er ljóst að mönnum gafst ekki ráðrúm til þess að ráða þessum málum til lykta og þá sérstaklega vegna þess með hvaða hætti yfirtakan á lánum og önnur fjármálaleg fyrirgreiðsla við fyrirtækin færi fram. En fyrir næsta ári er séð, 1985. Þar hefur þegar verið skuldbreytt stóru láni sem þessi fyrirtæki hafa notið góðs af og nokkurn veginn nákvæmlega sama tala sem til þess friðar heyrir. Þannig að fyrir því er séð að sá tekjumissir sem þau verða fyrir verður bættur upp með þeim hætti. En að öðru leyti verður hafist handa við þetta verkefni þegar á nýju ári.

Ég minni líka á að menn hafa verið svo óánægðir með eðli þessa skatts sem er ákaflega ósanngjarn, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sjálfur benti á, að þeir sem hæsta orkuverðið borga borga að sjálfsögðu hæst þetta gjald. En ég minni á að þetta átti svo mikla andstöðu að ríkisstj. fram af ríkisstj. treysti sér aldrei til þess nema ár í senn að fara fram á að framlengja þetta gjald og alltaf voru gefnar meira og minna bindandi yfirlýsingar um að þetta skyldi tekið til endurskoðunar áður en til þess drægi að menn þyrftu að framlengja það á nýjan leik. Á þetta minni ég. Og ég vil ekki fullyrða það, en það er eins og mig rámi í það að það hafi verið mjög haft á orði af a. m. k. að ég ekki segi tveimur, þremur síðustu ríkisstj. á undan þessari að finna aðra leið í þessu efni. Ég vil þó ekki fullyrða hvernig orð lágu til þess af hálfu forustumanna ríkisstj. næst á undan þessari sem nú situr. En umr. fór alltaf allmikil fram um þetta. Alltaf var þetta á síðustu stundu, framlengingin, fyrir jólahlé af því sem menn drógu það við sig í lengstu lög að bera þetta óbreytt fram. En ég mun vinna eftir þeim línum sem lagðar hafa verið af hinni stjórnskipuðu nefnd að breyttu breytanda eftir því sem samkomulag næst best um, en mun ekki sætta mig við lengri tíma í afnámi gjaldsins en fjögur ár eftir að því lýkur sem nú verður tekin ákvörðun um gjaldið, 1985, þ. e. í árslok 1989.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. 205. mál (þskj. 240, n. 303). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. um eftirlaun til aldraðra.

Eins og kunnugt er mælti hæstv. heilbrrh. fyrir þessu frv. fyrir skömmu og er af þeim sökum ekki ástæða til að eyða löngu máli í þessa framsögu, en ég vil eigi að síður leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv.

Meginatriði frv. er fimm ára framlenging á gildistíma laganna, þ. e. til ársloka 1989. Þá er gert ráð fyrir að framlag lífeyrissjóða lækki úr 5% í 4% árið 1985 og í 3% 1986. Lagt er til að skilyrði fyrir rétti til eftirlauna verði óbreytt frá því sem nú er og útgjöld verði borin af sömu aðilum og hingað til. Loks má nefna breytt ákvæði um svonefnd grundvallarlaun sem réttindin reiknast eftir og ákvæði um mánaðarlega endurskoðun lífeyrisfjárhæða í stað endurskoðunar fjórum sinnum á ári eftir því sem launabreytingar gefa tilefni til.

Ástæðan fyrir till. um fimm ára framlengingu er m. a. sú að skilyrði um að umsækjandi hafi látið af starfi veldur því að yngstu árgangarnir sem rétt geta öðlast munu halda áfram að bætast í hóp eftirlaunaþega allt til ársins 1989. Með framlengingu um fimm ár er því komið í veg fyrir óvissu um réttindi slíkra manna. Af hálfu þeirra lífeyrissjóða sem þyngstar byrðar mundu bera ef lögin féllu úr gildi er jafnframt bent á að ýmiss konar rýmkun skilyrða fyrir bótarétti á undanförnum árum hafi haft í för með sér að sá hópur sem veita þarf viðtöku sé nú mun stærri en ætlað var í upphafi og skiptist auk þess með óeðlilegum hætti milli sjóða. Enn fremur hafi sjóðirnir með því að taka á sig greiðslu hinnar sérstöku uppbótar árið 1976 nú þegar um níu ára skeið borið verulegar byrðar vegna þessa kerfis, en hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs hafi vegna mikillar verðbólgu jafnframt orðið minni en ráð var fyrir gert.

Frv. þetta ber að sjálfsögðu ljósan vott um að eftirlaunakerfi því sem hér um ræðir er ætlað að renna sitt skeið til enda á næstu fimm árum. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld og lífeyrissjóðir búi sig í tíma undir þá breytingu, þannig að ekki verði óvissa um réttindi neinna þeirra einstaklinga sem réttinda eiga að njóta svo og með tilliti til þeirra fjárhagsskuldbindinga sem breytingin hefur í för með sér.

Í heilbr.- og trn. var nokkuð um það rætt hverjir það eru einkum sem ekki öðlast rétt skv. lögunum um eftirlaun til aldraðra og II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda þótt þeir uppfylli aldursskilyrði laganna og hafi látið af störfum. Í því sambandi var okkur nm. í heilbr.- og trn. Ed. bent á að frá upphafi hefur það meginsjónarmið ráðið að þann rétt, sem mönnum er tryggður, hefðu þeir keypt sér með iðgjaldagreiðslum ef lífeyrissjóðirnir hefðu verið starfandi á þeim tíma sem réttindin eru byggð á. Skilyrðið um 10 ára réttindatíma eftir 55 ára aldur, þó ekki lengra aftur en til ársbyrjunar 1955, útilokar þá sem ekki hafa haft atvinnutekjur eftir árslok 1963. Sama gildir um menn sem af heilsufarsástæðum ná ekki 10 ára starfstíma eftir 55 ára aldur og eiga ekki örorkulífeyrisrétt í lífeyrissjóði. Réttindi skv. lögunum tóku upphaflega einvörðungu til elli- og makalífeyris, en síðan var bætt við takmörkuðum rétti til örorkulífeyris. Loks má nefna menn sem telja sig uppfylla það skilyrði laganna að hafa stundað tryggingaskyld störf, en öðlast ekki rétt þar eð skattframtöl, sem leggja ber til grundvallar, bera ekki með sér að svo hafi verið.

Ég vil geta þess hér að Landssamband lífeyrissjóða hefur komið á framfæri við heilbr.- og trn. samþykkt sem gerð var á aðalfundi sambandsins í októbermánuði, þess efnis að lögin um eftirlaun til aldraðra skuli látin taka gildi í árslok 1984 að undanskildum II. kafla þeirra laga. Þá hefur sambandið varpað fram þeim hugmyndum til samkomulags að framlag lífeyrissjóða verði 3% 1985, 2% 1986 og 1% 1987, en falli síðan niður, eða að framlenging laganna taki aðeins til næstu tveggja ára.

Eins og fram hefur komið treystir heilbr.- og trn. sér ekki til þess að verða við þeim tilmælum sem fram komu frá Landssambandi lífeyrissjóða í þessu efni.

Ég vil að lokum leggja áherslu á fyrir hönd heilbr.- og trn. að sem allra fyrst verði hafinn undirbúningur að framkvæmd þeirra breytinga sem óhjákvæmilegar verða þegar lögin falla úr gildi.

Eins og hv. alþm. hafa vafalaust tekið eftir á nál. fengum við til viðræðna í heilbr.- og trn. Hallgrím Snorrason, Guðjón Hansen og Pétur Blöndal, en hann ræddi við okkur fyrir hönd Landssambands lífeyrissjóða.

Nefndin leggur sem sé einróma til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Föstudaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 190. mál (þskj. 209). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 261). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 288). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, var lagt fram í Ed. og hefur hlotið eðlilega þingmeðferð þar.

Á seinni árum hefur skattlagning á tekjur manna sætt mikilli og vaxandi gagnrýni. Hefur sífellt borið meira á tillögum um verulega lækkun tekjuskatta eða afnám þeirra. Þessar almennu óvinsældir tekjuskattsins eiga sér eflaust margar skýringar.

Tekjuskatturinn, eins og aðrir beinir skattar, er ávallt sérgreindur og honum beint að tilteknum gjaldendum til greiðslu. Gjaldendur gera sér því mun betri grein fyrir hver skattbyrðin raunverulega er en gerist með óbeina skatta sem bæði leynast ósérgreindir í verði á vörum og þjónustu og falla þar að auki til greiðslu í fjölmörgum smáum greiðslum jafnóðum og stofnað er til útgjalda við vörukaup.

Önnur ástæða fyrir óvinsældum tekjuskattsins er sú að hann kemur nokkuð misjafnt niður á gjaldendum. Hefur í því sambandi bæði verið á það bent að skattalög sköpuðu mönnum í atvinnurekstri rýmri möguleika til frestunar á skattgreiðslum en launamönnum, en þó einkum að menn hefðu misgóða aðstöðu til ólöglegs undandráttar á tekjum frá skatti og að ýmsir þeir hópar sem besta aðstöðu hefðu í þeim efnum nýttu sér hana til hins ýtrasta.

Skattsvik eru óneitanlega mikið þjóðfélagsvandamál. Það dylst engum að þau eru útbreidd hér á landi og að mikið vantar á að skattasiðferði þjóðarinnar sé sem skyldi. Öllu erfiðara er þó að gera sér grein fyrir því tölulega hversu miklu fé er komið undan skatti. Er reyndar að störfum hópur sérfræðinga sem leitast við að leggja mat á þetta, en þennan starfshóp skipaði ég í haust í framhaldi af þál. þar að lútandi á síðasta vori. Meira máli skiptir þó í þessu sambandi að grípa til raunhæfra aðgerða til að draga úr skattsvikum. Þar skiptir hert skattaeftirlit langmestu máli og hafa nú þegar verið veittar stöðuheimildir fyrir 20 nýjum stöðum skattaeftirlitsmanna.

Þriðja gagnrýnisatriðið á tekjuskattinn er að óhófleg skattlagning dregur úr framtaki og vinnuvilja gjaldenda, en þessara áhrifa gætir lítt varðandi aðra skatta. Sú vitneskja manna að upp undir 60% af viðbótartekjum þeirra muni renna til hins opinbera hlýtur að draga verulega úr áhuga þeirra fyrir að leggja á sig aukið erfiði við viðbótartekjuöflun.

Þessi atriði og mörg fleiri hafa leitt til þess að margir stjórnmálamenn hafa gerst talsmenn þess að lækka verulega eða afnema tekjuskatt a. m. k. sem skattstofn ríkissjóðs. Ég dreg í efa að slíkt hjal sé alvara þeirra manna sem annars eru meðmæltir auknum ríkisumsvifum og ríkisforsjá á sem flestum sviðum. Hvað okkur sjálfstæðismenn áhrærir er afnám tekjuskatts af almennum launatekjum hins vegar eðlilegur liður í þeirri grundvallarstefnu flokksins að færa aukið vald til einstaklinga og samtaka þeirra og afnema óþarfa íhlutun og afskipti ríkisvaldsins, jafnframt því sem framtak einstaklinga og uppbygging atvinnurekstrar verði örvuð m. a. með aðgerðum í skattamálum.

Á s. l. vori var samþykkt hér á Alþingi þáltill. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum. Í framhaldi af þeirri samþykkt er í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. sept. s. l. tekið upp ákvæði um að fyrsti áfangi þessa afnáms tekjuskatts skuli nema 600 millj. kr. og skuli hann koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

Í þessum áætlunum er ekki að því stefnt að tekjuskattur verði afnuminn með öllu. Áfram yrði tekjuskattur í einhverjum mæli lagður á þá sem best mega sín þannig að tekjuskattsgreiðslur þeirra standi undir kostnaði sem felst í greiðslu ríkissjóðs á álögðum útsvörum þeirra sem standa höllum fæti og útborgun á barnabótum til láglaunafólks. Hins vegar er þess ekki að vænta að ríkissjóður muni hafa nettótekjur af tekjuskattinum eftir að þessi breyting er komin til framkvæmda. Verður því samhliða hinum einstöku áföngum í afnámi tekjuskatts að laga aðra þætti ríkisfjármálanna að þessum breyttu aðstæðum. Að mínu mati verður það helst gert með minnkun ríkisútgjalda samfara minnkandi ríkisumsvifum og minnkandi afskiptum ríkisvaldsins.

Það frv. sem hér er til umr. er útfærsla á fyrsta áfanga afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum. Með því er stefnt að skattalækkun hjá öllum gjaldendum tekjuskatts og að sú lækkun verði hlutfallslega mest hjá gjaldendum með lágar tekjur og tekjur í lágu meðaltali.

Annað meginstefnumið frv. er að draga úr þeim ójöfnuði sem ríkt hefur um skattlagningu hjóna með hliðstæðar tekjur eftir því hvernig tekjuöflun hefur skipst milli hjónanna. Í fjárlagafrv. er gengið út frá því að meðaltekjur á mann hækki um 22% milli áranna 1983 og 1984 og um 11.4% milli áranna 1984 og 1985. Í ljósi breyttra forsendna liggja nú fyrir nýjar áætlanir Þjóðhagsstofnunar um tekjuþróun og er þar gert ráð fyrir að meðalhækkun tekna verði svipuð milli áranna 1983—1984 og 1984—1985 eða því sem næst 25% í báðum tilvikum. Skattbyrðin 1985 yrði því sú sama og 1984 ef skattvísitala yrði hækkuð um 25%. Breytingar á fjárhæðum í lögum um tekju- og eignarskatt skv. þessu frv. eru að megninu til grundvallaðar á slíkri hækkun skattvísitölu.

Til að ná þeim markmiðum, er að ofan greinir, er þó vikið frá þessu að því er varðar brtt. í 3. og 4. gr. frv. varðandi skattstiga og persónuafslátt. Er þess þar fyrst

og fremst að geta að öll skattahlutföll eru lækkuð, en þó mest hið fyrsta. Er gerð tillaga um að fyrsta skattþrepið verði 20% í stað 23% nú, annað þrep verði 31% í stað 32% nú og þriðja þrepið 44% í stað núgildandi 45%. Jafnframt er gerð tillaga um að skattþrep verði þrengd nokkuð, en það veldur því að heldur dregur úr skattalækkun hinna tekjuhærri og fjárhagslegt svigrúm skapast til að beina skattalækkunum einkum að hinum tekjulægstu.

Í annan stað er gerð tillaga um að ónýttur hluti neðsta skattþrepsins hjá hinu tekjulægra hjóna verði millifærður til hins makans, allt að 100 þús. kr., og lengist neðsta þrep tekjuhærri makans sem þessu nemur á kostnað miðþrepsins. Sú mismunun milli skattlagningar heimila með hliðstæðar tekjur sem viðgengst nú hefur verið mönnum nokkur þyrnir í augum. Er innbyggt í núgildandi skattkerfi hagræði fyrir þær fjölskyldur þar sem bæði hjónin afla tekna umfram þær fjölskyldur sem hafa aðeins eina fyrirvinnu. Skv. núgildandi lögum gæti sá munur sem er milli heildarskattlagningar hjóna, eftir því hvernig tekjuöflun skiptist á milli þeirra, mestur orðið 80 300 kr. við skattlagningu 1985. Með framangreindri tillögu er dregið úr þessum hámarksmismun.

Þrátt fyrir þessa lagfæringu er enn allnokkur munur á skattlagningu hjóna eftir skiptingu tekjuöflunar. Ég tel að nokkur munur sé mjög vel réttlætanlegur í þessum efnum. Það er augljóst mál að því getur fylgt kostnaður að bæði hjónin vinni úti, ekki síst ef börn eru á heimilinu. Er eðlilegt að tillit sé tekið til þessa kostnaðarauka við skattlagningu. Hitt er alltaf matsatriði hvaða fjárhæðir sé eðlilegt að miða við.

Frv. þetta leiðir til verulegrar lækkunar á tekjuskatti allra hópa gjaldenda. Nemur lækkun þessi frá 17.1% að meðaltali hjá hjónum upp í 18.6% að meðaltali hjá einstæðum foreldrum. Meðaltalslækkun á álögðum tekjuskatti einhleypinga er þar á milli eða um 18.3%.

Eins og ég sagði hér að framan lækkar skattbyrði nær allra gjaldenda skv. till. frv. Sú lækkun er þó mismikil eftir tekjum gjaldenda. Sem hlutfall af tekjum er lækkunin þannig mest hjá hjónum með samanlagðar tekjur á bilinu 350—500 þús. kr. og lætur nærri að tekjuskattslækkun hjóna á þessu bili nemi að meðaltali 2% af tekjum ársins 1984. Hjá einhleypingum er lækkun skatta sem hlutfall af tekjum hæst á tekjubilinu 200—300 þús. kr. og er rúmlega 1% af tekjum ársins 1984 á þessu tekjubili.

Þar sem lagt er til að álagningarkerfi tekjuskatts verði endurskoðað með frv. þessu er gert ráð fyrir að skattvísitala fyrir árið 1985 verði ákveðin í fjárlagafrv. Af þessu leiðir nauðsyn til að breyta ákvæðum nokkurra laga til að hækka fjárhæðir í hlutfalli við verðlagsþróun milli ára. Er hér um að ræða lög um frádrátt frá tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, lög um Framkvæmdasjóð aldraðra og lög um tekjustofna sveitarfélaga og hefur þegar verið mælt fyrir þeim frv. hér í þessari hv. deild nú á þessum síðustu dögum. Þá er gert ráð fyrir hinum sérstaka barnabótaauka sem þegar hefur verið afgreiddur til 2. umr. í þessari hv. deild.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að brýna nauðsyn ber til að þetta frv. hljóti hraða meðferð í þinginu. Í því er kveðið á um ýmsa þætti sem nauðsynlega þurfa að liggja fyrir er kemur að framtalsskilum í byrjun næsta árs. Vegna þeirra breyttu forsendna er leiddu af nýgerðum kjarasamningum hefur þetta frv. orðið síðbúnara en æskilegt hefði verið, en ég treysti að sá tími sem til stefnu er verði vel nýttur og afgreiðslu þess verði lokið fyrir jólaleyfi.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé nokkuð sjaldgæft í framsöguræðum hæstv. ráðh. hér á Alþingi að þeir noti tækifærið til að gera sérstaka grein fyrir stefnumálum síns eigin flokks þegar um er að ræða samsteypustjórnir, en það var það sem hæstv. fjmrh. gerði áðan og notaði svo tækifærið til að veitast að öðrum stjórnmálaviðhorfum í landinu og sem eiga fulltrúa á hv. Alþingi. Þetta er nokkuð athyglisvert á sama tíma og hæstv. fjmrh. fer fram á það við okkur að það verði reynt að greiða fyrir þessu máli svo sem kostur er á þeim fáu dögum sem eftir eru af þinghaldinu til jóla.

Ég vil sérstaklega víkja að þeim orðum hæstv. fjmrh., þó að það væri ástæða til að ræða hans mál ítarlega, þar sem hann talaði um að það væri sérstakt keppikefli ákveðinna stjórnmálaafla í landinu að auka það sem hann kallar ríkisumsvif. Hvað eru ríkisumsvif? Þau eru margvísleg, en m. a. og að meginhluta til er þar um að ræða svokallaða félagslega þjónustu, þ. e. að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála og útgjöld til menntamála eru uppistaðan í útgjöldum ríkisins. Krafa um minnkandi ríkisumsvif er þess vegna krafa um skerta þjónustu í þessum greinum og það er það sem Sjálfstfl. leggur höfuðáherslu á í raun, þ. e. að skera niður félagslega þjónustu bæði í heilbrigðis-, trygginga- og menntamálum, eins og kemur fram í tíð núv. ríkisstj. Þess vegna hefur samneysla minnkað í hennar tíð frá því að hún tók við.

Það er hins vegar fróðlegt að virða fyrir sér ríkisútgjöld á föstu verðlagi eins og gert er í áliti minni hl. fjvn., sem er dagsett 11. des. 1984 og hefur verið dreift hér sem þskj. 283. Þar kemur það fram að ríkisútgjöld á föstu verðlagi munu aukast verulega milli áranna 1984 og 1985. Í nál. minni hl. fjvn. segir:

„Hækkun heildarútgjalda ríkissjóðs á næsta ári umfram almenna verðhækkun jafngildir liðlega 1.2 milljörðum kr. sem er meira en þrefalt hærri upphæð en áætlað er að verja til byggingar grunnskóla, til hafnarframkvæmda, dagvistarheimila, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á árinu 1985."

Það er m. ö. o. þannig að ríkisútgjöld eru meiri á föstu verðlagi á árinu 1985 en á árinu 1984 skv. því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir. Og það er býsna fróðlegt að átta sig á þeirri staðreynd að á sama tíma og hæstv. fjmrh. kemur upp í ræðustólinn og belgir sig út með það að aðrir flokkar séu sérstaklega að tína fram aukningu ríkisútgjalda kemur í ljós að heildarútgjöldin eru þetta há. En auðvitað er fyrst og fremst ágreiningur um skiptingu þessara útgjalda.

Kostir tekjuskatts eru að mínu mati fyrst og fremst tveir. Í fyrsta lagi á að vera hægt að leggja tekjuskatt á eftir efnum og ástæðum, þ. e. mestan skatt á þá sem mestar tekjur hafa og minnstan á þá sem minnstar tekjur hafa. Þannig á tekjuskattur að geta stuðlað að jöfnun lífskjara í landinu á hverjum tíma. Hann á að flytja fjármuni frá þeim sem mikið hafa til þeirra sem þurfa á stuðningi að halda við sérstakar aðstæður, eins og sjúkdóma eða þvíumlíkt.

Annar kostur tekjuskattsins er sá að álagning hans er ljósari fyrir skattgreiðandann en t. d. neysluskattar. Menn gera sér betur grein fyrir því hvað þeir eru að borga til samneyslunnar þegar þeir fá skattseðilinn sinn heim á ári hverju eftir að álagningu er lokið.

Þetta eru tveir meginkostir tekjuskatta og vafalaust meginástæðan til þess að menn hafa lagt á það áherslu að reyna að laga þetta kerfi hér á landi sem annars staðar.

En þá komum við að göllunum á tekjuskattinum. Og gallarnir eru fyrst og fremst á því almenna efnahagskerfi, sem við búum við, sem verður ekki breytt með góðu móti og ég er ekki viss um að allir hafi áhuga á að breyta því. Það er það kerfi þar sem þúsundir framteljenda telja fram sínar eigin tekjur sjálfir og geta einnig í sumum tilvikum samið um það við þá sem hjá þeim vinna hvernig tekjurnar eru taldar fram. Þetta gerir það að verkum að tekjuskattskerfið kemur misjafnt út. Fastlaunamenn, opinberir starfsmenn t. d., borga skilyrðislaust skatta af öllum sínum tekjum. Flestir almennir launamenn gera það einnig. En hinn hópurinn *er geysilega stór sem hefur aðstöðu til að ráða því* sjálfur hvernig tekjur hans eru taldar fram á hverjum tíma. Þetta hefur orðið til þess að það er mikil óánægja með skattakerfið hér á landi. Það er misrétti og menn eru argir yfir því að þurfa að borga skatta meðan aðrir sleppa, a. m. k. þeir sem virðast hafa mjög stórfelldar tekjur og eignir, lifa í vellystingum praktuglega og búa við önnur kjör en þeir sem greiða skattana. Hrikalegasta dæmið um þetta sem við höfum séð á undanförnum mánuðum er úthlutun á svokölluðum Stigahlíðarlóðum í Reykjavík, þar sem ákveðnir einstaklingar gátu boðið stórar upphæðir í þessar lóðir á sama tíma og það lá fyrir að sömu einstaklingar höfðu það sem kallað er eða var vinnukonuútsvar, greiddu mjög lítið til samneyslunnar. Ég hygg að þetta Stigahlíðarævintýri, sem sýndi þó aðeins brot af staðreyndum málsins, hafi orðið til þess að ýta mjög undir þá hreyfingu í landinu að tekjuskattsálagningin væri óhæf með öllu. Og ég er sannfærður um að sú umr. var ekki síst ástæða til þess að það var rætt um það í fullri alvöru núna í haust, m. a. af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, að nauðsynlegt væri að fara svokallaða skattalækkunarleið í kjarasamningum.

Þetta eru meginástæðurnar til þess að menn velta því fyrir sér hvort ekki er rétt að lækka tekjuskatt. Ég segi fyrir mig að ég var ekki í þeim hópi. Ég var í þeim hópi sem taldi að það ætti að reyna að laga tekjuskattskerfið. Ég lagði áherslu á það, eins og margir aðrir, að það ætti að bæta skattaeftirlit og ég legg auðvitað áherslu á það enn þá, en ég er þeirrar skoðunar að jafnvel margfalt skattaeftirlit muni ekki leysa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við okkar tekjuskattskerfi. Og ég vara við því að það verði tekið upp allsherjarlöggreglukerfi hér á landi í þessum efnum þar sem menn verði meira og minna hundeltir af opinberum aðilum.

Hins vegar held ég að eftirlit með skattgreiðslum og tekjum manna sé affarasælast þannig að opinber gögn eins og t. d. fjölmiðlar beiti sér fyrir því að benda á þá mismunun sem kemur fram í skattlagningu og jafnframt verði opnað fyrir það að skattayfirvöld eigi að taka tillit til ábendinga sem t. d. koma fram í blöðum eða annars staðar á opinberum vettvangi um undarlegar skattgreiðslur manna, þá fari skattayfirvöld á staðinn til að kanna málið. Þeir sem hafa hreint mjöl í pokanum hafa auðvitað ekki neinu að kvíða, ættu miklu frekar að fagna því að yfir þeirra mál yrði farið og ættu þá gjarnan að eiga kost á opinberri ókeypis leiðréttingu hafi þeir verið hafðir fyrir rangri sök. Ég held að slíkt félagslegt aðhald í skattamálum sé mikið affarasælla en eitthvert gífurlegt eftirlitsbákn þó að ég geri ekki lítið úr því að þarna þarf að fylgjast vel með og betur en gert hefur verið.

Eitt af því sem veldur mismunun í skattamálum er sú gífurlega mismunun sem á sér stað á milli fyrirtækja og einstaklinga. Einstaklingsfyrirtæki geta fært á rekstur alls konar almenna rekstrarliði sem venjulega falla undir rekstrarkostnað heimila. Þess vegna held ég að einn megingalli skattalöggjafarinnar hér á landi núna sé fólginn í því að þeir sem kunna, þeir sem vita, þeir sem þekkja kerfið, geta notfært sér smugurnar út og suður meðan almenningur, sem áttar sig ekki á þessum pappírum, á í rauninni engan annan kost en að greiða skatta að fullu af öllu því sem hann hefur á milli handanna. Ég held að þessar smugur, sem alltaf er verið að búa til fyrir fyrirtækin, séu kannske ein meginástæðan fyrir þeirri miklu óánægju sem er með tekjuskattana hér á landi. Ég er ekki að tala hér fyrir sérstakri skattþíningu fyrirtækja út af fyrir sig, en ég er að tala um að það á ekki að vera að búa til auðveldar *undankomuleiðir fyrir fyrirtæki* við greiðslu skatta eins og gert hefur verið á undanförnum árum.

Þegar menn eru komnir að þeirri niðurstöðu að það eigi að lækka tekjuskatta einstaklinga hljóta menn að spyrja: Hvað á að gera í staðinn? Á að skera niður *ríkisútgjöld og draga úr samneyslu? Mitt svar er nei.* Það á ekki að draga úr samneyslu. Þá vil ég væntanlega afla annarra skatta í staðinn fyrir lægri tekjuskatt. Hvaða skattar eru það? Núv. ríkisstj. og Sjálfstfl. hafa lagt áherslu á að í staðinn ættu að koma almennir neysluskattar. Ég held að það sé í rauninni mjög varasamt vegna þess að almennir neysluskattar leggjast af miklum þunga á þær vörur sem eru brýnustu nauðsynjar heimilanna í landinu. Í þessum efnum bendi ég t. d. á frv. ríkisstj. á þskj. 252 um virðisaukaskatt þar sem gert er ráð fyrir 18—19% hækkun á verði matvæla sem enginn kemst hjá því að kaupa. Ég er þess vegna ekki þeirrar skoðunar að það eigi að flytja lækkun tekjuskattsins yfir í óbeina skatta, þ. e. söluskattinn eða virðisaukaskattinn. Ég er þeirrar skoðunar að þessa lækkun tekjuskatta ætti almennt að færa yfir á eignarskatta. Ég vil láta það koma fram í þessari umr. að ég er sammála þeim áherslum sem fram koma í till. Alþfl. um eignarskattsauka sem lögð hefur verið fram hér á þinginu. Ég held að slíkir skattar séu heppilegri og skynsamlegri en óbeinir skattar og tekjuskattar. Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, almennt um skattamál.

Varðandi frv. sem hér liggur fyrir bendi ég á að það var samhljóða afgreitt í hv. Ed. og mun ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að við höfum hér sömu afstöðu, Alþb.-menn, og þar var um að ræða. En hér er ekki um að ræða nettóskattalækkun. Þetta er frv. um skattaskipti. Í staðinn fyrir lækkun tekjuskattsins á að koma stóraukin skattlagning á áfengi og tóbak sem er auðvitað skattlagning út af fyrir sig og menn geta haft ýmsar skoðanir á þeirri skattlagningu. Ég er þeirrar skoðunar að verð á þeim vörum megi gjarnan vera mjög hátt, en

þar fær ríkissjóður í sinn hlut verulegan hluta af þeirri skattalækkun sem felst í tekjuskattsbreytingunni.

Í annan stað hefur ríkisstj. lagt til að fara út á þá vafasömu braut, að ekki sé meira sagt, að hækka enn þá einu sinni söluskattinn, jafnóréttlátur og hann er og jafngallað og söluskattskerfið í landinu er. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér, herra forseti, vegna þess að frv. um hækkun söluskatts fékk hér mjög litla umræðu, að vekja athygli á því að þar er gert ráð fyrir hálfu prósenti í svokallaðan söluskattsauka. Hvað þýðir það? Það þýðir að farið er inn á þá braut að koma enn frekar í veg fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái hlutdeild í söluskattstekjunum.

Nú er þetta ekki ný braut eða frumleg sem hæstv. fjmrh. er hér með till. um. M. a. hefur sá sem hér stendur átt aðild að slíkri ákvörðun söluskatts. Það er hins vegar nýlunda að á sama tíma og lagt er til að hækka söluskatt um hálft prósentustig gerist það að í fjárlögum er byggt á þeirri forsendu að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1985 verði skertar verulega eða um nokkra tugi milljóna króna og er það í annað sinn í sögunni sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er skertur. Í fyrsta skipti var það á árinu 1984 með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og greinilegt er að það á að halda áfram á sömu braut á árinu 1985.

Ég hlýt að harma hvað Samband ísl. sveitarfélaga hefur tekið linlega á þessu máli, að mínu mati, vegna þess að hér er um að ræða sjóð sem er nákvæmlega jafnmikilvægur sem tekjur fyrir sveitarfélögin og útsvörin eða fasteignagjöldin. Og ég hlýt að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái eðlilegan aðgang að þessu hálfa söluskattsprósenti, þannig að hér verði ekki um að ræða svokallaðan söluskattsauka, heldur gangi hluti af þessu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem nú er ætlunin að skerða sérstaklega með þeim afleiðingum fyrir fjárhag sveitarfélaganna sem slíkt hlýtur óhjákvæmilega að hafa.

Þessar almennu aths., herra forseti, vildi ég láta fylgja þessu frv. við 1. umr. af minni hálfu. Að öðru leyti vísa ég til þeirra umr. sem fram hafa farið um skattamál hér síðustu daga í hv. Nd. og bendi einnig á að ég á sæti í hv. fjh.- og viðskn. Nd. þar sem kostur verður á því að fjalla um þetta frv. sérstaklega.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég tek hér til máls um það mál sem nú er á dagskrá til að fagna því að það skuli borið fram og komið til Nd. Það á sér nokkra forsögu. Ég vildi segja það hér í upphafi að það er ekki seinna vænna að við sjáum þetta mál hér í þingsölum. Það höfðu margir vonast eftir því að frv. á þessa lund yrði borið fram á síðasta þingi og urðu fyrir vonbrigðum að svo væri ekki gert. Ég var einn í þeirra hópi. Til þess lágu þá ástæður sem voru skýrðar, þ. e. ástand ríkissjóðs á síðasta ári. Því meiri ástæða er til þess að fagna því að nú skuli hér hafa verið gerð sú bragarbót að bera fram frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ég vil í upphafi minnast örlítið á forsögu þessa máls. Það var fyrir síðustu alþingiskosningar, vorið 1983, að Sjálfstfl. gerði um það landsfundarsamþykkt og síðan var það eitt af meginatriðum í kosningastefnuskrá hans að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum. Eftir að Alþingi kom saman að loknum kosningum báru allmargir þm. Sjálfstfl. fram þáltill. um þetta mál til efnda á þessu fyrirheiti. Það er rétt að taka það fram að þáltill. mjög svipaðs eðlis var einnig borin fram af þm. Alþfl., þannig að þá þegar var ljóst að allstór hópur þm. var þessu máli greinilega sérlega meðmæltur, fyrir kosningar kom það raunar fram að fleiri flokkar töldu að fara bæri inn á þessa braut.

Þann 22. maí í vor var síðan samþykkt þáltill. sem innihélt meginefni þeirra tveggja þáltill. sem ég nefndi. Var það efni hennar að fjmrh. skyldi leggja fyrir þing nú í haust, þegar það kæmi saman, nánari tillögur um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum. Það eru efndirnar á þeirri þáltill. sem við höfum fyrir framan okkur nú. Hér er þess vegna stigið mjög merkt spor. Við höfum ekki séð í lagasögu okkar lengi, ekki hátt á þriðja áratug, aðgerð sem þessa þar sem hér er raunverulega um að ræða grundvallarbreytingu á skattakerfi landsins.

Tekjuskatturinn hefur verið allmikilvæg tekjuöflunarleið og var það sérstaklega hér fyrr á árum. Hann er allmikilvægur enn í dag þó að hann hafi ekki verið nema 10% af tekjum ríkissjóðs á liðnum árum. En þegar lagt er inn á þá braut að afnema hann af öllum almennum tekjum sætir það vitanlega nokkrum tíðindum.

Hér hefur, af eðlilegum ástæðum kannske, verið farið inn á þá braut að framkvæma þessa aðgerð í áföngum. Við höfum heyrt það á máli fjmrh. að gert er ráð fyrir að hér sé um þriggja ára tímabil að ræða. Það kemur heim og saman við þá tölu sem við sjáum í þessu frv. sem er 600 millj. kr. lækkun tekjuskattsins. Ef við lítum á nettóupphæð tekjuskattsins á þessu ári, þá er hún 1800 millj., þannig að hér er um þriðjungs lækkun frá þeirri tölu að ræða.

Það er út af fyrir sig vel og því ber að fagna að þetta skref er þó stigið. Hins vegar hefði verið miklu æskilegra ef unnt hefði verið að framkvæma þetta á skemmri tíma en þremur árum. Það leit svo sannarlega út fyrir það í samningunum á liðnu sumri og liðnu hausti að hin svonefnda skattalækkunarleið yrði farin, þar sem ríkisstj. kvaðst mundu beita sér fyrir því að tekjuskatturinn yrði lækkaður um 1100 millj. kr.

Því miður náðist ekki samkomulag í vinnudeilunum um kjarasamninga við verkalýðssamtökin á þessum grundvelli. Ég ætla ekki hér að rekja þá sögu né nefna af hverju það var eða hverjir báru á því helst ábyrgð. Það þjónar engum tilgangi nú, eftir að sá hlutur er búinn og gerður. En þegar maður veltir því fyrir sér hvort ekki væri unnt að afnema tekjuskattinn af almennum launatekjum á skemmri tíma en hér er gert ráð fyrir hlýtur hugurinn að hvarfla til þessara atburða á síðasta hausti með sérstöku tilliti til þess að kjarasamningar við launþegahreyfinguna í landinu standa fyrir dyrum strax á miðju næsta ári. Það er þess vegna full ástæða til að láta þá von í ljós að bæði ríkisstj. og verkalýðshreyfingin athugi þá leið af fyllstu alvöru og nægilega tímanlega hvort hér er ekki einmitt um þá leið að ræða sem gæti reynst einna affarasælust og farsælust lausn á kjaramálum á komandi ári.

Það er kannske óþarfi að tíunda það hér sérstaklega, það hefur svo oft verið sagt áður og fjmrh. vék að því hér í sinni framsöguræðu, hvers vegna svo breið samstaða virðist hafa tekist um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum. Það er vitanlega fyrst og fremst

vegna þess, sem einnig var ágætlega rakið af síðasta ræðumanni, hv. þm. Svavari Gestssyni, að hann er í sjálfu sér nú orðið ranglátur skattur. Hann er fyrst og fremst skattur á opinbera starfsmenn, hann er í öðru lagi skattur á launamenn og hann er skattur sem ákaflega illa skilar sér og í því er mikið ranglæti fólgið. Og það er af þeim ástæðum og þeim orsökum sem viðhorfin eru nú orðin önnur en fyrir nokkrum áratugum þegar flestir voru fylgjandi því að innheimtur skyldi tekjuskattur svo sem verið hefur. Þar að auki er hann vitanlega á sinn hátt vinnuletjandi, eins og fjmrh. benti einnig á.

Ég held að það beri ekki síður að fagna þeirri miklu samstöðu milli stjórnmálaflokkanna sem hefur náðst hér um þetta mál. Og það er vitanlega ákaflega mikilsvert atriði fyrir framtíðarþróunina og framkvæmdir á næsta ári í þessum efnum.

Sú þáltill. sem ég minntist á áðan spratt úr till. Sjálfstfl. og Alþfl. Hún var samþykkt þann 22. maí á Alþingi í vor, ekki aðeins af þm. þessara flokka heldur af þm. allra flokka, um hana var algjör samstaða. Það var mjög ánægjulegt að sú skyldi vera niðurstaðan. Í öðru lagi er ástæða til þess að undirstrika það, sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan í sinni ræðu, að algjör samstaða náðist um þetta mál í Ed., þannig að því fylgdu allir flokkar. Þess vegna má búast við því að svo verði einnig við umr. hér og afgreiðslu málsins í Nd. Slík samstaða allra flokka er vitanlega mjög mikilvæg um þetta mál vegna þess að hún tryggir framgang þess.

Það er rétt að undirstrika að í frv. felst tekjuskattslækkun fyrir alla skattgreiðendur, örlítið misjafnlega mikil þó, vegna þess að öll skattahlutföll í skattstiga eru lækkuð, en þó mest hið fyrsta. Og það má spyrja: Af hverju er hið fyrsta lækkað mest? Það er sama hugsunin á bak við það og að skattþrepin eru þrengd. Það er gert í þeim tilgangi að beina lækkun skatta einkum að hinum tekjulægstu. Það er mjög mikilsvert atriði sem rétt er að undirstrika.

Í öðru lagi hafa skattfrelsismörk tekjuskattsins verið hér allverulega hækkuð. Við getum tekið hér hjón þar sem annað aflar allra teknanna. Mörkin hefðu orðið á næsta ári að óbreyttri skattbyrði 322 þús. kr., en verða u. þ. b. 370 þús. kr., svo aðeins ein tala sé nefnd í því efni.

Í fjárlögum sem nýlega hafa gengið í gegnum 2. umr. í Sþ. sjáum við að þar er áætlað að tekjur ríkissjóðs af tekjuskattinum verði nettó á næsta ári þó ekki nema 1535 millj. kr. eða milli 6 og 7% af fjárlögum. Samsvarandi tala hefur verið 10%, þannig að hér er strax um greinilega lækkun að ræða, enda er í fjárlagatölunni gert ráð fyrir að þetta frv. muni taka gildi nú á þessu haustþingi.

Það er í öðru lagi annað atriði sem er ástæða til að undirstrika. Ég nefndi skattalækkun fyrir alla og þá sérstaklega fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Í öðru lagi er það spurningin um það hvað á að koma hér í staðinn. Í forsendum fjárlaga, sem lagðar voru fyrir þingið í haust, kom fram að þó ætlunin væri að lækka tekjuskattinn um þriðjung eða 600 millj. var því bætt við að þessu tekjutapi ríkissjóðs yrði á hinn bóginn mætt með neyslusköttum, eins og það var þar orðað. Þetta gladdi nú ekki sérlega þá menn, eins og þann sem hér stendur, sem hafa haft á því mikinn áhuga og beitt sér fyrir því að fram næðu þær tillögur og þau fyrirheit sem samþykkt höfðu verið hjá stjórnmálaflokkum um tekjuskattslækkun vegna þess að í sjálfu sér hefði þar verið um lítinn hag almennings að ræða ef jafnþung byrði hefði verið lögð á herðar hans í mynd annarra skatta. — Ég vil þó skjóta því hér inn að ég tel að það sé tvímælalaust að óbeinir skattar koma hér miklu réttlátar niður en beinir skattar eins og tekjuskatturinn.

En síðan átti það sér stað, er fjmrh. svaraði fsp. frá mér í Sþ. nú um miðjan nóv. um framkvæmd skattalækkunartillagnanna, að hann gat þess að hann mundi beita sér fyrir því, eins og hann orðaði það, að ekki kæmu aðrir skattar á móti tekjuskattslækkuninni, þannig að hér yrði um nettóskattalækkun að ræða. Hér var vitanlega um grundvallarbreytingu að ræða og mjög til hagsbóta fyrir skattgreiðendur, eins og liggur raunar í augum uppi. Þessi afstaða fjmrh. hlaut síðan samþykki í ríkisstj., en hér var um grundvallarstefnubreytingu að ræða frá því, sem stóð í forsendum fjárlaga, að aðrir eða neysluskattar kæmu hér upp á móti. Það ber sérstaklega að fagna þessari stefnumörkun og þessari ákvörðun ríkisstj. fyrir forgöngu fjmrh. í þessu efni.

Það hefur verið um það rætt að 0.5% hækkun söluskatts sé raunverulega mótvægi hér við lækkun tekjuskattsins. Þetta er vitanlega hin mesta fásinna og firra vegna þess að það liggur ljóst fyrir að sú aðgerð hefur verið framkvæmd til þess að vega þó ekki sé nema að litlu leyti upp á móti endurgreiðslu 500 millj. kr. söluskatts til sjávarútvegsins. Sú hækkun er 200—250 millj. kr., en endurgreiðslan til sjávarútvegsins nemur 500 millj., þannig að hún vegur ekki nema upp í tæpan helming. Það má hins vegar til sanns vegar færa að vitanlega er um ýmsar aðrar álögur að ræða sem þessa dagana hafa verið að aukast og má kalla óbeina skatta, eins og hækkanir á áfengi og tóbaki. Það er þó árviss viðburður og reyndar oft á ári og kemur ekki svo sérlega inn í þessa mynd. En hins vegar má segja að nú er tekjuskatturinn þó ekki orðinn nema mjög lítill hluti af tekjum ríkissjóðs eða 6—7% og þess vegna má ugglaust lýsa þeirri von að ekki þurfi að koma til sérstakra álaga þegar fram verður haldið við afnám hans. Það væri langhagstæðast ef unnt væri að beita hér samdrætti og sparnaði í rekstri ríkisins meðan á þessari tekjuskattslækkun stæði. Framtíðin verður hins vegar að leiða í ljós hvernig það gengur og hvernig á þeim málum verður tekið, en alla vega er það tíðindavert að þessi fyrsti áfangi, þetta fyrsta spor skuli þó hafa verið stigið án sérstakra nýrra skatta.

Í þessu sambandi vil ég undir lokin aðeins minnast á annað atriði í þessu frv. sem að mínu mati horfir mjög til bóta. Það er að nú er í fyrsta sinn tekið á því vandamáli sem nefnt hefur verið húsmæðraskattur. Það er einfaldlega það að hjón með sömu tekjur hafa greitt mjög mismunandi skatta, eftir því hvort bæði hjónin vinna úti eða aðeins annað. Nú er það vitanlega svo að oft er það að menn hafa um það frjálst val hvort bæði hjónin vinna úti eða aðeins annað. En það er einnig oft að hjónin eiga þess ekki kost að bæði vinni úti. Þar getur komið margt til, börn á heimili, veikindi og fleira. Þess vegna hefur það verið í hæsta máta óréttlátt að hegna þeim fjölskyldum þar sem fyrirvinnan er aðeins ein með verulega hærri tekjusköttum sem hafa numið allt að 80 þús. kr.

Nú hefur verið stigið eitt skref í átt til þess að leiðrétta þetta ranglæti. Það er þó alls ekki jafnað hér til

fulls, það er fjarri því. En með þeirri heimild, sem í frv. felst, að leyfa millifærslu til hins makans, þ. e. að færa yfir ónýttan hluta neðsta skattþreps hjá hinu tekjulægra hjóna að hámarksupphæð 100 þús. kr., þá er þetta þó nokkur leiðrétting sem getur hæst numið 11 þús. kr. í skatti. En eins og ég segi höfum við fjölmörg dæmi þess að mismunurinn, þó hjón hafi sömu tekjur, getur numið 30, 40, 50 og allt upp í 80 þús. kr. Þessari breytingu ber því að fagna.

Á hinn bóginn er það alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að vitanlega er ýmis kostnaður samfara því ef bæði hjón vinna úti og það er ekki nema rétt að til þess sé tekið tillit þegar þessum málum verða síðar gerð fullnaðarskil.

Ég held að aukið skattaeftirlit sé hér engin lausn alls vanda. Það er vitanlega sjálfsagt að skatteftirlitið sé svo virkt og raunhæft sem kostur er. En það er engin leið út úr þeim ógöngum og því myrkviði sem íslenska skattakerfið raunverulega er orðið að fjölga þar starfsmönnum í miklum mæli, þannig að við búum hér við hálfgert lögregluríki í þeim efnum. Ég tel að það sé ekki lausnin. Lausnin er vitanlega fyrst og fremst sú að skattakerfið sé einfalt og í öðru lagi að skattakerfið sé sanngjarnt. Og ég tel að það frv. sem fjmrh. hefur mælt fyrir hér í dag sé mikilvægt spor í þá átt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef ekki mikinn áhuga á því að tala lengi yfir auðum stólum og því skal ég ekki flytja hér langa eða mikla ræðu, en ég tel þó óhjákvæmilegt að við þetta tækifæri standi ég upp og tjái mig með örfáum orðum um þetta frv.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir framlagningu þess og hæstv. ríkisstj. fyrir þá stefnu sem mörkuð er með flutningi þess frv., þ. e. um skipulagða áfanga að því að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Ég fer hins vegar ekki dult með þá skoðun mína að hér sé allt of skammt gengið og að stjórnvöld hefðu átt að grípa miklu rösklegar til aðgerða á þessum vettvangi og taka miklu fastari tökum á því mikla óréttlæti og þeirri mismunun sem ríkir í þjóðfélaginu á þessu sviði, þ. e. í greiðslu skatta. Ég held þess vegna að þetta frv. sé meira táknrænt, það sé fyrsta sporið og fyrsti áfanginn í þeirri stefnu að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum, heldur en hitt að það leiðrétti þær misfellur sem nú eru uppi. Sannleikurinn er sá að í skjóli tekjuskattslaganna þrífst sennilega mesta ranglætið, mesta misréttið sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu í dag. Tekjuskattslögin eru skálkaskjól ójafnaðarins og þar af leiðandi fullkomin afskræming á hinum upphaflega tilgangi tekjuskattsins sem slíks.

Tilgangur tekjuskatts er í aðalatriðum tvíþættur. Annars vegar er um það að ræða að afla tekna fyrir ríkissjóð til samneyslunnar og hins vegar er um það að ræða að jafna tekjum á milli þjóðfélagsþegna. Það er athyglisvert varðandi tekjuöflunina að hlutur tekjuskatta, sérstaklega tekjuskatta einstaklinga, fer sífellt minnkandi í tekjuöflun ríkissjóðs. Í því frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir kemur fram að gert er ráð fyrir því að tekjuskattar einstaklinga nettó nemi 1.5 milljarði kr., sem er vel innan við 10% af áætlaðri útgjaldaþörf ríkissjóðs, þannig að ljóst er að þessu leyti, þ. e. varðandi tekjuöflun til ríkissjóðs, að tekjuskatturinn gegnir sífellt veigaminna hlutverki.

Ef litið er á tekjujöfnunarhlutverk tekjuskattsins held ég að það blasi við öllum að einmitt í skjóli tekjuskattslaganna þrífst hér meiri ójöfnuður en dæmi eru til um áður. Það er kannske erfitt að henda reiður á því í tölum, en það blasir við öllum og er opinbert leyndarmál að hér er ekki aðeins svikið undan sköttum og skattalögin brotin, heldur er farið fram hjá þeim af fullkomnu samviskuleysi. Nú er ég ekki að dæma þjóðina alla sem misindismenn á þessum vettvangi. Ég er hins vegar að nefna þetta til að vekja athygli á þeirri staðreynd að tekjuskatturinn er annaðhvort orðinn svo hár að ekki er við unað eða að hann þykir stríða svo gegn hagsmunum fjöldans að fólk skirrist ekki við að brjóta eða beygja þessi lagaákvæði sem gilda um framtöl og skattgreiðslur. Raunin hefur því orðið sú að tekjuskatturinn er fyrst og fremst launamannaskattur og mig furðar að verkalýðshreyfingin og þau stjórnmálaöfl sem í orði kveðnu eru sífellt að berjast fyrir hagsmunum hins vinnandi fólks skuli ekki leggja miklu meiri áherslu, höfuðáherslu á það einmitt að uppræta það misrétti sem ríkir og uppræta þær skattaálögur sem fyrst og fremst lenda á launafólkinu. Þetta hefur gert það að verkum að á Íslandi hafa nú skapast tvær þjóðir, eins og réttilega hefur verið bent á oft á undanförnum mánuðum, önnur sem greiðir skatt, hin sem sleppur við að greiða skatt.

Vera má að mögulegt sé að herða skattaeftirlit og ná til þeirra sem ekki greiða skatt eða greiða óeðlilega skatta í dag, en ég held þó að það sé gífurlega mikið verk, kosti mikla fjármuni og sé borin von að það beri tilætlaðan árangur. Ég vek athygli á því líka að í þessu sambandi er ekki alltaf hægt að benda á að menn beinlínis svíki undan skatti. Það var rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi fyrr í þessari umr., að í skjóli fyrirtækjareksturs hafa menn oft möguleika til þess að telja fram útgjöld á kostnað fyrirtækisins sem þeir sjálfir eru kannske að leggja til, þannig að þeir sleppa við að greiða skatta af þeim hlunnindum og þeirri fyrirgreiðslu sem þeir fá í gegnum fyrirtæki eða stofnanir sem þeir vinna hjá. Og þarna er ekki hægt að festa hendur á beinum skattsvikum. Þar er um að ræða ýmiss konar krókaleiðir fram hjá lögunum og yrði gífurlega mikið verk ef skattyfirvöld ættu að fara að eltast við öll slík undanbrögð.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur tekið undir það að tekjuskattinn þurfi ef ekki að afnema þá að lækka, en hann leggur á það áherslu að í staðinn verði tekinn upp eignarskattur. Ég hef allan fyrirvara á að sú leið sé skynsamleg. Ég vek athygli á því að eignir manna hafa verið margskattaðar. Fyrst hafa tekjurnar verið skattlagðar og það sem eftir er hefur þá verið notað til að koma sér upp eignum. Þess vegna er ósanngjarnt að taka aftur skatt af þeim verðmætum sem menn hafa eignast eftir tekjuskattsgreiðslur af hreinum og óumdeilanlegum tekjum þeirra. Ég vek líka athyli á því að menn borga ekki aðeins tekjuskatt af almennum tekjum, þeir borga líka útsvör og þegar þeir koma sér upp eignum borga þeir að sjálfsögðu söluskatt og alls kyns óbeina skatta af því að koma sér upp þessum eignum og þeir borga fasteignagjöld og svo mætti áfram lengi telja.

Ég hef þess vegna margoft lýst því sem minni skoðun að ég teldi það ekki óeðlilegt, ef tekjuskatturinn yrði afnuminn, að teknir yrðu upp neysluskattar í hans stað. Flatur skattur, almennur skattur, kæmi og til greina,

þannig að þeir sem væru ekki færir um að greiða skatta gætu þá sótt um undanþágur frá þessum flata skatti, en allur obbinn af fólki mundi þá greiða hann.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja ræðu mína öllu frekar. Ég stóð aðeins upp til að láta í ljós þessar skoðanir mínar. Ég tel sem sagt að þetta frv. sé spor í rétta átt, en tel að það gangi allt of skammt. Ég er þeirrar skoðunar að tekjuskatturinn eins og hann viðgengst á Íslandi sé algjörlega óviðunandi. Í skjóli tekjuskattslaganna þrífst ranglæti og misrétti sem ekki verður við unað öllu lengur. Ég skora á Alþingi og hv. stjórnvöld að berjast með oddi og egg fyrir því að þessu allsherjar spillingarkerfi verði breytt þannig að sæmilegur friður ríki um skattgreiðslur þegnanna í framtíðinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Nú munu vera fjórtán ár liðin á þessu hausti frá því að fyrrv. formaður Alþfl. flutti fyrst till. hér á hinu háa Alþingi um afnám tekjuskatts á einstaklinga. Það hefur reynst torsótt að vinna því máli fylgi og gildir hið sama í því efni og um önnur þau róttæk umbótamál sem Alþfl.-menn hafa flutt hér fyrstir manna á þingi, en hefur jafnan tekið einn eða tvo áratugi fyrir þm. annarra flokka að taka við sér og leggja málinu lið.

Þeir sem vilja beita sér fyrir afnámi tekjuskatts verða auðvitað í leiðinni að svara því hvernig þeir vilja mæta tekjumissi ríkissjóðs, hvort það á að vera í formi annarrar skattheimtu eða hvort því á að fylgja eftir með raunhæfum og framkvæmanlegum tillögum um niðurskurð ríkisútgjalda. Ef spurt er: Hver er skattastefna núv. ríkisstj. ? þá er það útbreiddur misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að hún sé fólgin í skattalækkunum. Það er einfaldlega rangt. Það stenst ekki. Þessi takmarkaði fyrsti áfangi í átt til lækkunar tekjuskatts er t. d. ekki til marks um skattalækkunarstefnu. Fyrr á þessum degi vorum við að afgreiða fjárlagafrv. gegnum 2. umr. og þar staðfestist að núv. ríkisstj. hyggst mæta þessu tekjutapi ríkissjóðs í formi annarrar skattlagningar. Það kemur fram í auknum sköttum, auknum gjöldum og hækkuðu verði áfengis og tóbaks og það kemur fram í hækkun á tímabundnu vörugjaldi og má það heita dæmigert fyrir skattastefnu þeirra sjálfstæðismanna. Á stjórnartímabili sjálfstæðismanna í fjmrn. 1974—1978 var þessu tímabundna vörugjaldi komið á með ströngum fyrirheitum að það skyldi aðeins gilda í eitt ár. Síðan hefur það verið endurnýjað sífellt og linnulaust og er nú enn einu sinni höggvið í þann knérunn. M. ö. o.: hér er ekki um að ræða skattalækkun, heldur skattatilfærslu. Sjálfstfl. hefur látið undan síga að því er varðar tekjuskattana að hluta til, en ákveðið að bæta ríkissjóði upp tekjumissinn í formi hækkaðra óbeinna gjalda sem leggjast á neyslu. Hann hefur ekki staðið við fyrirheit sín og loforð um að taka á síþenslu ríkisútgjalda. Engar tillögur af viti koma frá málsvörum Sjálfstfl. um niðurskurð ríkisútgjalda, hvorki um eignarhald ríkissjóðs á fyrirtækjum þar sem hagkvæmnisrök mæla með því að slík fyrirtæki eða starfsemi yrði seld og falin öðrum aðilum né í öðru formi.

Það er ástæða til að láta það koma fram við þessa umr. að fullyrðingar hæstv. fjmrh. um að hann hafi lækkað skatta eru alrangar. Það sem gerst hefur á fjármálaráðherratímabili hans er það að skattbyrði almennra launþega hefur þyngst, en því hefur hins vegar verið mætt með því að létta skattbyrði fyrirtækja og fjármagnseigenda. Þetta er hægt að rekja í mörgum liðum, en meginstaðreyndin er þó sú að hæstv. fjmrh. stendur frammi fyrir því að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er í raun og veru hrunið, það er ekki nothæft lengur sem tekjuöflunartæki. Það á við um bæði tekjuskattana, sem talsmenn allra flokka viðurkenna núna sem rangláta skatta, og um söluskatt þar sem fyrir liggja upplýsingar hér á hinu háa Alþingi um að skil á þeim skattstofni eru með öllu óviðunandi.

Þá er ástæða til að minna á að það sem kallað hefur verið „velferðarkerfi fyrirtækjanna í fjárbúskap ríkisins" heldur áfram að þenjast út og virðist njóta sérstakrar verndar núv. stjórnarflokka. Það er ástæða til að minna á eftirgjöf á sölusköttum til sjávarútvegsins, upphæð sem nemur 500 millj. kr. eða ámóta upphæð og þeirri tekjuskattslækkun sem hér er til umr. Hæstv. fjmrh. horfir á það aðgerðarlaust að útistandandi óbeinir skattar eru ekki innheimtir í stórum stíl. Hann horfir aðgerðarlaust á tölulegar staðreyndir, sem koma jafnvel frá opinberum stofnunum, um skattsvik og skattundandrátt sem líðst í stórum stíl. Hann gerir sig jafnvel sekan um að standa hér upp og gera grein fyrir atkvæði sínu þegar Alþfl.-menn fluttu við fjárlagaafgreiðslu till. um 10 millj. kr. framlag til aðgerða gegn skattsvikum. Þá greiðir fjmrh. sjálfur atkvæði á móti þessu og vísar til þeirra raka að þegar hafi verið gert ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni. Það er einfaldlega rangt vegna þess að till. sem fyrir liggja um aðgerðir gegn skattsvikum voru í tólf liðum, sbr. bréf sem þingflokkur Alþfl. sendi hæstv. fjmrh. á sínum tíma, en ekki hefur verið gert ráð fyrir fjárveitingum til þess nema að hluta til.

Á það má minna að hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir lækkun skattprósentu á hlutafjáreign og hækkun frádráttarheimilda í því sambandi og lækkun skatta á arði hlutafélaga úr 65% í 51% af skattstofni sem er lækkun um fimmtung. Það er staðreynd að skattalækkun á hlutafjáreign og arði hlutafélaga hefur numið á yfirstandandi ári tugum milljóna í skattalækkun á vel stæðum fyrirtækjum. Það er ástæða til þess að minna hv. 2. þm. Reykn., sem hér talaði áðan, Gunnar G. Schram, á að hagdeild þeirra launþegasamtaka sem hann veitir forstöðu hefur komist að þeirri niðurstöðu að í stjórnartíð núv. ríkisstj. hafi átt sér stað skattalækkun til fyrirtækja á bilinu 1—1.5 milljarður kr. Í sömu álitsgerð sömu hagdeildar sömu launþegasamtaka eru færð rök að því að ef litið er á þessi mál í heild, þ. e. skattundandrátt, skattsvik og skattalækkanir til fyrirtækja í heild, miðað við full skil lögum skv., megi áætla að hér sé um að ræða tekjutilfærslu í þjóðfélaginu á tímabili hæstv. fjmrh. sem nemur hvorki meira né minna en 10 milljörðum kr.

Það er einnig staðreynd að skattbyrði fjármagnseigenda hefur verið lækkuð. Það hefur gerst með því að lækka eignarskattsprósentu úr 1.2% í 0.95%. Það hefur gerst með því að hækka frádrátt fyrir eignarskatt um 57%, sem þýðir skattalækkun um u. þ. b. 160 millj. kr. Það hefur gerst með því að auka skattfrádráttarheimildir til fyrirtækja sem leggja fé í sjóði með það að markmiði að verja því til fjárfestingar. Sú skattalækkun nemur verulegum upphæðum þó ekki sé hægt að tíunda það nákvæmlega í tölum. Að mati hagdeildar BHM er því hér um að ræða skattalækkun til fjármagnseigenda

um 5—600 millj. kr. Hér er m. ö. o. um að ræða að í tíð hæstv. fjmrh. hafa verið fluttir til fjármunir í þjóðfélaginu með þeim hætti að þeir sem best eru stæðir í þjóðfélaginu hafa notið skattalækkunar sem má meta á bilinu 2—2½ milljarður kr. og er þá ekki minnst einu orði á skattundandrátt. Á sama tíma er það staðreynd líka að skattbyrði launþega hefur verið aukin, fyrst og fremst í formi beinna skatta og þá til sveitarfélaga í formi útsvara og í annan stað með því að hlutdeild þeirra í félagslegum útgjöldum hefur stóraukist.

Ég spurði áðan: Hver er skattastefna ríkisstj.? Hún kemur fram af þessum staðreyndum. Skattastefna ríkisstj. hefur verið í því fólgin að þyngja verulega skattbyrði launþega, en létta skattbyrði fyrirtækja og fjármagnseigenda og þar er ekki um að ræða skattalækkanir. Ríkisstj. hefur brugðist þeirri skyldu sinni að svara þeirri spurningu, þegar hún núna stígur meira eða minna tilneydd þetta fyrsta skref í átt til tekjuskattslækkunar, hvernig hún hyggst mæta tekjumissi ríkissjóðs í staðinn. Hún hefur m. ö. o. ekki uppi neinar áætlanir um niðurskurð ríkisútgjalda, heldur mætir þessu eingöngu með auknum óbeinum sköttum á móti.

Þetta eru allt saman dæmi um að það er ekki aðeins að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er hrunið, heldur liggur ljóst fyrir að það verður að ganga í það verk að endurskipuleggja ríkisfjármálin í heild. Hér hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi nýtt frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku. Þegar þau mál eru skoðuð og spurt einfaldra spurninga, eins og t. d. þeirrar hvernig verðmyndun á orku er hagað í þessu þjóðfélagi, kemur á daginn að mörgum milljörðum kr. hefur verið kippt út úr hinu eðlilega verðmyndunarkerfi raforku og varpað með óbeinum hætti á herðar launþega í því formi að ríkissjóður er að taka á sig síauknar byrðar vegna fjárfestingarmistaka fyrirrennara hæstv. ríkisstj. Þessar upphæðir eru orðnar hrikalegar. Þar er ekki aðeins verið að nefna fjárfestingarskuldina frá Kröflu og vexti og afborganir af þeim ósköpum, heldur allt málið í heild. Fjárfestingar vegna byggðalína, vegna sveitarafvæðingar, Kröfluvirkjunin sjálf og hvers kyns millifærslur í þessum raforkusektor eru farnar að nema milli 7 og 8 milljörðum kr. Lítum á enn eitt dæmi um hrikalegt ábyrgðarleysi og fjárglæfra í þessu þjóðfélagi á undanförnum árum. Það nægir að vísa til lífeyrissjóðsmála. Það blasir við að lífeyrissjóðakerfið er ábyrgt fyrir skuldbindingum sem eru með þeim hætti að fyrir hverja eina krónu sem inn kemur í iðgjöldum og tekjum eru þrjár krónur þegar í skuldbindingum, sem þýðir í tilviki margra lífeyrissjóða að innan tíðar munu þessar skuldir falla á ríkissjóð, ella munu stórir hópar standa frammi fyrir því, þegar menn komast á eftirlaunaaldur, að þeir sjóðir sem menn hafa greitt iðgjöld í eru greiðsluþrota og geta ekki staðið undir skuldbindingum sínum.

Ef ríkisfjármáladæmið á Íslandi er skoðað í heild er ljóst að það er komið út í algjörar ógöngur. Sjálfvirknin í þessu kerfi í formi síþenslu ríkisútgjalda, sem byggjast á einhverjum tilteknum lögum, er eitt dæmið sem verður að stokka upp. Það verður að gerbreyta öllum vinnubrögðum við fjárlagagerð. Það verður að setja um fjölmargar ríkisstofnanir sólarlagslöggjöf. Það verður að ganga hreint til verks og flytja hér frv. til l. um sölu og afnám margvíslegra ríkisstofnana sem rök standa ekki til að séu íþyngjandi fyrir skattgreiðendur og launþega. Það er sama hvort litið er á tekjuhlið eða útgjaldahlið ríkisbúskaparins, hér er eins og engin heil hugsun hafi ráðið ferðinni árum ef ekki áratugum saman. Þetta kerfi er allt saman ónýtt. Og það er dapurlegt til þess að vita að hæstv. fjmrh. sem bregður sér alltaf öðru hverju í gervi verndara hins litla manns, hins almenna borgara, skuli í verki stýra fjármálum ríkisins með þeim hætti að byrðarnar af þessu ónýta kerfi þyngjast í sífellu á þessum almenna borgara, en síðan eru sérhagsmunahópar sem hafa skarað eld að sinni köku og komið sínum hlut í sívaxandi mæli innan ríkisfjárlaga á herðar skattgreiðenda.

Það þarf að moka þennan flór. Það er alveg ljóst að út af fyrir sig þýðir ekki að standa hér í stól og ræða skattamál, hvorki við hæstv. fjmrh. né aðra ráðh. Þeir hafa engan áhuga á þessum málum og sennilega ekkert vit á þessum málum sýnist mér. Alla vega sýna þeir enga viðleitni í þá átt að rannsaka þetta mál ofan í kjölinn né heldur neinn pólitískan kjark sem þarf til að taka ákvarðanir um að skera þetta ónýta kerfi niður við trog og byggja upp nýtt og nothæft í staðinn. Það lýsir sér best í því að öll fyrirheitin um skattalækkanir, sem Sjálfstfl. gekk með eftir seinustu kosningar, hafa ekki verið efnd. Þetta er aðeins sýndarmennska og viðleitni í þá átt, en mælt með skattahækkunum í staðinn.

Þegar vikið er að öðrum stórum þætti, sem reynt er að ræða í samhengi við skattamálin, sem eru húsnæðismálin, stöndum við frammi fyrir því að er verið að samþykkja fjárlagafrv. að því er húsnæðismál varðar sem er gersamlega út í hött og gagnslaust. Lánasjóðir húsnæðismála, hvort heldur er Byggingarsjóður ríkisins eða verkamanna, eru báðir gersamlega sokknir til botns í fjármálaóreiðu. Skuldirnar sem hvíla á þessum sjóðum eru komnar yfir milljarð. Þetta er allt saman fjármagnað á lánum, var m. a. s. á yfirstandandi fjárlagaári fjármagnað að verulegu leyti með erlendum lánum. Vaxtamunurinn, sem þarna er um að ræða á milli inn- og útlána, er slíkur að ríkisframlög fara að verulegu leyti í þá hít. Þannig er alveg sama hvar borið er niður í þessu kerfi, hvort heldur eru húsnæðismál, lífeyrissjóðir, velferðarkerfi fyrirtækjanna, tekjuöflun ríkissjóðs og gjaldahliðin. Hér er ósköp einfaldlega svo komið að lengra verður ekki haldið áfram á þessari braut. (**Fjmrh.**: Hvað segir þú um málið á dagskrá?) Um hvað? Um málið á dagskrá? Ég er að segja að þetta er ákaflega lítilfjörlegt mál og það sem ég er að gagnrýna hæstv. fjmrh. fyrir er að þegar hann er að skreyta sig með því að hafa stigið hér lítið skref í átt til skattalækkunar í formi tekjuskatts er hann að beita blekkingum því að hann er að afla sér nýrra tekna í staðinn í formi hækkaðra óbeinna skatta. Þar með hefur hæstv. ráðh. ekki einu sinni staðið við loforð sitt. Það var eitt af loforðunum að hann mundi segja af sér ef nokkurn tíma reyndi á það að hann þyrfti að standa frammi fyrir því að hækka skatta á almenna borgara. En það þýðir ekki heldur að rifja þau loforð upp. Þau hafa verið gefin svo oft — í sambandi við erlendar skuldir, í sambandi við hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu, í sambandi við afborganir og vexti af erlendum lánum sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs, í sambandi við skattamál. Það er aldrei staðið við neitt. Þetta er dapurlegra en orð fá lýst.

Um málið er það að segja að orðið hefur samkomulag um að styðja þetta mál svo langt sem það nær, en

um leið er rétt að taka það skilmerkilega fram að með því að leggja á aðra skatta í staðinn er hæstv. ráðh. að bregðast sínum pólitísku loforðum og vekja upp grunsemdir um hvert verður framhald málsins. Hér á að vera fyrsti áfanginn. Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að fylgja þessu máli eftir þegar fram í sækir, næstu áfanga, ef það er vilji hans að stefna að afnámi tekjuskatts á launatekjur að fullu? Ef hann reynist ekki maður til að skila tillögum um niðurskurð á ríkisútgjöldum, sem eru óþörf og íþyngjandi, lendir hann aftur í sömu ógöngum, og verður að bæta sér þetta upp með nýjum og nýjum óbeinum sköttum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir til l. um breyt. á lögum nr. 107 frá 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, var lagt fram í Ed. og hefur hlotið eðlilega meðferð þar.

Með frv. því sem hér hefur verið lagt fram um breyt. á lögum nr. 107 frá 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, er lagt til að gildistími innheimtu sérstaks vörugjalds verði framlengdur og gjaldið innheimt í eitt ár til viðbótar, þ. e. á árinu 1985.

Lögum nr. 107 frá 1978 var einungis ætlað að gilda til 31. des. 1984 þar sem gert var ráð fyrir að á þessu ári yrðu lög um vörugjald endurskoðuð í tengslum við gildistöku nýrra tollalaga. Dregist hefur að leggja fyrir Alþingi hið nýja tollalagafrv. og þar með einnig löggjöf um vörugjald. Er því nauðsynlegt að framlengja gildistíma þessara laga um eitt ár eða þar til ný löggjöf um vörugjald tekur gildi, væntanlega á árinu 1985.

Gjald þetta er sérstaklega mikilvægt með tilliti til afkomu ríkissjóðs og er gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985. Áætlaðar tekjur af innheimtu þess á árinu 1985 eru um 1390 millj. kr. Gjaldið er bæði lagt á innfluttar vörur og innlendar vörur sem falla undir þá vöruflokka sem taldir eru upp í nefndum lögum og er gert ráð fyrir að af innfluttum gjaldskyldum vörum verði vörugjaldstekjur um 1180 millj. kr., en 210 millj. kr. af innlendri framleiðslu.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þeim vöruflokkum sem gjaldskyldan nær til og verður gjaldið því eftir sem áður innheimt í tveimur gjaldflokkum, þ. e. 24% af vörum í lægra gjaldflokki, en 30% í þeim hærri.

Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi að hafa frekari orð um frv. og legg til að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 302). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það væri vissulega ástæða til að hafa langt mál um það frv. sem hér er til umr., en þar sem tími er tiltölulega knappur vil ég vísa til framsögu minnar í Ed. Einnig gerði ég allmikla grein fyrir máli þessu á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna og hef ég látið dreifa því meðal þm.

Þegar þetta mál var hér til umr. fyrir um ári voru komnar upp mjög erfiðar aðstæður í fiskveiðum okkar og talið var nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þeirra aðstæðna. M. a. í ljósi þess var frv. þá flutt um breyt. á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelginni.

Fyrsta ástæðan fyrir því að þær reglur um aflaúthlutun voru teknar upp var sú að ekki var lengur hægt að koma við frekari sóknartakmörkun á þorskveiði en þegar hafði verið gripið til og hætt var við að slík takmörkun leiddi aðeins til þess að sóknin í aðra botnlæga fiskstofna yrði aukin, t. d. ýsu, karfa, ufsa og grálúðu, en þeir stofnar voru áður taldir vannýttir en voru þá taldir fullnýttir, en þegar hið svokallaða skrapdagakerfi var tekið upp á sínum tíma var gengið út frá því að þeir stofnar væru vannýttir.

Önnur ástæða var sú að það var talið mjög erfitt, eins og reynslan hafði sýnt, að takmarka þorskveiðina með sóknartakmörkunum við nákvæm aflamörk. Það hafði oft verið reynt og ávallt hafði veiðin farið mjög verulega fram úr því sem stefnt var að.

Þriðja ástæðan og ekki sú veigaminnsta var sú, að talið var að aflamarksleiðin tryggði betur en önnur leið að sá afli sem til skipta væri dreifðist eins jafnt og réttlátlega á byggðarlög og fiskiskip um allt land og kostur var á. Það má segja að þetta hafi tekist allvel. Það er t. d. alveg ljóst að hefði aflanum ekki verið skipt með þessum hætti og samkeppni verið um aflann er hætt við að mörg skip hefðu orðið algerlega út undan í veiðinni og einnig byggðarlög. Með þessum hætti hefur því tekist að tryggja betur vinnu í landi en ella hefði orðið.

Fjórða ástæðan fyrir því að þessar reglur voru upp teknar var sú að með henni var talið að koma mætti við meiri sparnaði og hagkvæmni í rekstri fiskiskipa en eftir öðrum leiðum. Það er að sjálfsögðu erfitt að fullyrða um hvort þetta hefur tekist, en hins vegar bendir allt til þess að sparnaður hafi orðið verulega mikill. Það hefur t. d. komið í ljós að veiðarfærasala í landinu hefur stórlega minnkað, sérstaklega að því er varðar net, og einnig eru dæmi um að olíusparnaður hafi orðið verulegur. Þá hefur einnig tekist að beina skipum í úthafsrækjuveiði sem hefur aukið hagkvæmni veiðanna.

Það hefur einnig komið í ljós að nokkrum skipum hefur verið lagt eða dregið mjög úr sókn þeirra. Það eru t. d. nokkru færri togarar á veiðum en var áður og hefur verið giskað á að það mundi nema u. þ. b. 7—8 togurum ef litið er á árið í heild. Það er því full ástæða til að framlengja þær heimildir sem gefnar voru á s. l. ári í ljósi þeirrar reynslu sem þegar er fengin á þessu ári.

Hitt er svo annað mál að ýmsir ágallar hafa komið fram á þessu kerfi, eins og alltaf vill verða, og nauðsynlegt að gera þar ýmsar lagfæringar. Ráðgjafarnefnd um þessi mál hefur unnið að því að undanförnu að undirbúa reglugerð fyrir næsta ár, ef þessar lagaheimildir verða veittar, og er vonast eftir því að hún ljúki störfum í næstu viku, en þegar liggja fyrir drög að reglugerð og hafa sjávarútvegsnefndir þingsins fengið þau drög til skoðunar.

Það sem er mikilvægast í þeim breytingum sem þar

eru fyrirhugaðar er að auka val skipanna, þ. e. að þau geti öll valið á milli svokallaðs sóknarmarks og aflamarks. Það er mjög þýðingarmikið að auka sveigjanleika í þessu kerfi þannig að þeir sem telja sig fara illa út úr því einhverra hluta vegna eigi annan valkost og sá valkostur yrði svokallað sóknarmark. Ég vænti þess að þessi gögn hafi borist mörgum þm. frá sjútvn.-mönnum. Nefndirnar hafa einnig starfað saman að þessu máli. Vænti ég þess að nefndarstörfin muni af þeim sökum taka tiltölulega stuttan tíma.

Ég vildi hins vegar nota tíma minn til að gera hér nokkra grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðum úr könnun á viðhorfum útgerðar- og skipstjórnarmanna við hinu svokallaða kvótakerfi 1984, en þessi könnun var gerð á s. l. sumri og var verið að ljúka úrvinnslu úr henni. Þar kemur margt fróðlegt í ljós og eru þar mjög góðar upplýsingar um afstöðu manna til stjórnunar á fiskveiðum þótt það séu alls ekki óyggjandi niðurstöður. Um 50% af þeim sem spurðir voru svöruðu og ætti könnunin því að gefa nokkuð góðar vísbendingar, en það á eftir að vinna frekar úr henni.

Fyrsta spurning í þessari könnun var sú hvort menn álíti að heildarstjórn fiskveiða við Ísland sé nauðsynleg eða þörf. Svöruðu 88.7% því játandi, aðrir svöruðu því játandi með fyrirvara, en 6.3% neitandi.

Önnur spurning fjallaði um það hvort aðilar álíti að stærðarmörk báta 10 brúttólestir, sem veiða úr sameiginlegum kvóta, séu rétt viðmiðun. Því svöruðu 60% játandi, en um 40% sögðu nei með mismunandi rökstuðningi.

Það var einnig spurt hvort rétt væri að hafa sameiginlegan kvóta fyrir fleiri bátastærðir. Því svöruðu játandi 34.7%, en neitandi 65.3%.

Þá var einnig spurt hvort rétt væri að skipta sameiginlegum kvóta smábáta í landshluta. 46.8% svöruðu því játandi, en 53% neitandi.

Ein spurningin var þannig: „Sögusagnir hafa gengið um að reglur um kvótakerfið hafi verið sniðgengnar, t. d. með því að fiski hafi verið landað fram hjá vigt eða slæmum fiski kastað aftur í sjóinn. Hefur þú sjálfur vitneskju um eitthvað slíkt frá fyrstu hendi?“

Okkur þótti mikilvægt að heyra viðhorf manna til þessa. Neitandi svöruðu 75.5%, en játandi svöruðu 24.5% eða samtals 107 aðilar án frekari skýringa. Fiski er landað fram hjá vigt, sögðu 16, fiski er hent í sjóinn, sögðu 60, en 18 töldu að fiski væri bæði hent og landað fram hjá. Það voru 24.5%, sem töldu að eitthvað slíkt hefði átt sér stað, en 21 svaraði ekki.

Þá var spurt: „Í 18. gr. reglugerðarinnar er fjallað um tilfærslur kvóta milli skipa, hvenær þær eru heimilaðar og hvernig það skal gert. Telur þú þessar reglur vera of rúmar?“ þ. e. um millifærslur. — Það voru 38.1% sem töldu þær vera of rúmar, ágætar eins og þær eru sagði 41.1% og of þröngar 20.8.

Þá var spurt: „Aflakvóti einstakra skipa af hverri fisktegund ákvarðast af veiddu aflamagni þess á viðmiðunartímabilinu 1.11.1982 til 31.10.1983, en tók ekki mið af verðmætum aflans. Telur þú að kvóta skips af hverri fisktegund eigi að ákvarða: eftir aflamagni, verðmæti, bæði aflamagni og aflaverðmæti, annað?“ Það voru 26.8% sem töldu að það ætti að vera eingöngu eftir aflamagni, 12.1 eftir verðmæti, 49% eftir bæði aflamagni og aflaverðmæti og 12.1% tiltóku annað eða ýmislegt. Það væri að sjálfsögðu mjög æskilegt að geta farið þá leið sem 49% nefndu, bæði eftir aflamagni og aflaverðmæti, en það liggja hins vegar ekki nægilega góðar upplýsingar fyrir um aflaverðmæti skipanna á þessu viðmiðunartímabili og þess vegna hefur það ekki verið talið fært.

Síðan var spurt: „Er ástæða að þínu mati að hafa allar eftirfarandi sjö fisktegundir inni í kvótanum: þorsk, ýsu, ufsa, karfa, skarkola, grálúðu, steinbít?“ Því svöruðu játandi 39.5%, en neitandi 46.2. Það voru 178 sem sögðu að skarkoli ætti að vera utan við kvóta, 169 steinbítur, 130 grálúða, 101 ufsi, 68 ýsa, 52 karfi og 6 þorskur. Í þessu kemur fram að allir telja mestu ástæðuna til að vernda þorskinn og fæstir að beri að hafa skarkolann og steinbítinn inni í kvóta. Í þeim hugmyndum sem núna liggja fyrir frá ráðgjafarnefnd er talið að ekki sé ástæða til að hafa skarkola og steinbít inni í kvótanum.

Síðan var spurt hvort menn teldu að kvótakerfið hefði leitt til sparnaðar í rekstri fiskiskipanna. 49% svöruðu því játandi, en 50% neitandi. Það er mismunandi rökstuðningur fyrir því, en þarna má segja að það sé nokkuð jafnt á komið um hvort menn telji að það hafi leitt til sparnaðar í rekstri fiskiskipa eða ekki. Því verður við að bæta í þessu sambandi að spurðir voru bæði fiskvinnsluaðilar, útgerðarmenn og sjómenn. Að sjálfsögðu eru það útgerðarmennirnir sem best vita um hver sparnaðurinn er, en þetta svar á eftir að flokka og taka niður hverjir hafa t. d. svarað þessu játandi af hálfu útvegsmanna annars vegar og svo sjómanna og fiskvinnslumanna. Það er að sjálfsögðu mikilvægt, en þetta gefur nokkra vísbendingu.

Síðan var spurt um það: „Hafa orðið breytingar til batnaðar á gæðum landaðs fisks við tilkomu kvótakerfisins?“ Það voru 65% sem svöruðu því játandi, 5.3% bæði já og nei, en 29.7% neitandi af mismunandi ástæðum.

Að lokum var spurt hvernig menn teldu að ætti að stjórna fiskveiðum. Það voru gefnar upp mismunandi leiðir. Í fyrsta lagi aflakvótar á fiskiskip líkt og nú er. Það voru 46.3% sem töldu að svo ætti að vera. Skrapdagakerfi fyrir togara og sóknartakmörkun á báta eins og giltu undanfarin ár vildu 19.2%. Sóknarkvóta á einstök fiskiskip vildu 2.3%. Aflakvóta á verstöðvar eða landshluta vildu 1.9%. Aflakvóta á fiskverkunarstöðvar vildu 1.6%. Verðmætakvóta á skip með takmörkun á þorskveiði vildu 5.8%. Frjálsar veiðar að ákveðnu heildarhámarki á hverja fisktegund vildu 16.2%. Auðlindaskatt, t. d. með sölu veiðileyfa vildu 0.5%. Annað/ýmislegt vildu 6.2%.

Ég er ekki að segja að þessar niðurstöður séu óyggjandi frekar en aðrar skoðanakannanir. Það var lögð í þessa könnun mikil vinna og ég held að hún hafi orðið til þess að menn hafi a. m. k. hugleitt málin betur. Það voru áhafnir skipa sem svöruðu þarna í mjög mörgum tilvikum. Fram kemur í þessari könnun að menn eru almennt þeirrar skoðunar, sé á heildina litið, að hér hafi verið rétt staðið að málum þótt ýmsir ágallar hafi komið fram sem þurfi að lagfæra.

Eitt af því, sem mjög var umdeilt á síðasta þingi þegar um þessi mál var fjallað, var það mikla vald sem sjútvrh. var fengið með því að stjórna þessum málum. Það var að sjálfsögðu ljóst að koma mundu upp margvísleg ágreiningsefni varðandi skipan þessara mála. Því var ákveðið að sérstök nefnd skyldi fjalla um öll slík

ágreiningsefni. Í hana voru skipaðir Stefán Þórarinsson deildarstjóri sjútvrn., formaður, Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri LÍÚ af hálfu útgerðarmanna og Helgi Laxdal formaður Vélstjórafélags Íslands af hálfu sjómanna. Þessi nefnd hefur unnið mjög mikið starf á árinu og hún hefur úrskurðað um margvísleg vafamál. Auðvitað hafa orðið þar ítarlegar umr., en það er hins vegar svo að enginn úrskurður var upp kveðinn nema með algerri samstöðu nefndarmanna.

Það er mjög til fyrirmyndar að mínu mati hvernig þessir aðilar og hagsmunaaðilar almennt hafa verið tilbúnir að leggja sig fram til að ná samstöðu í jafnerfiðu og viðkvæmu máli og þetta mál er.

Það hafa í Ed. verið gerðar nokkrar breytingar á frv. Sú veigamesta er sú, að nú er ekki gert ráð fyrir að lögin gildi nema í eitt ár í stað þriggja eins og lagt var til. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mun verra að gildistíminn hafi verið styttur svo mikið. Það er fyrst og fremst vegna þess að það er afar erfitt að geta ekkert sagt um hvernig málum skuli hagað í framtíðinni. Sjútvrn. fær um það spurningar allt árið: Hvernig verður þetta á næsta ári? Við getum ekki undirbúið næsta ár og framtíðina án þess að hafa lagaheimildir.

Það er t. d. nokkuð merkilegt að margir hafa spurt um það og ályktað um það hvort ekki sé heimilt að flytja afla á milli ára, þ. e. ef það er ekki lokið við að veiða afla í ár, hvort þá megi ekki geyma hann fram á næsta ár. Það er margt sem mælir með því. Það væri þá minna veitt og minna um að afli væri framseldur. Hins vegar er ekki hægt að gera slíkt nema til þess séu lagaheimildir og lögin gildi fyrir lengri tíma en eitt ár.

Einnig tel ég t. d. ekki eðlilegt að afli fylgi í öllum tilvikum skipi. Hins vegar er mjög erfitt við það að eiga þegar skip hefur hafið veiðar í upphafi árs að fara þá að breyta aflakvóta þess vegna þess að það hefur verið selt eða fært á milli landshluta. En ef hægt væri að mynda reglur til lengri tíma, t. d. tveggja ára, ég tala nú ekki um ef það væri til þriggja ára, væri hægt að skapa þarna meira öryggi og meira samræmi. Þannig er um marga hluti. Ég tel þess vegna miður að ekki skuli nást um það samstaða að þessi lög gildi til lengri tíma en eins árs. Ég viðurkenni vissulega að mjög margir hagsmunaaðilar hafa mælt gegn því, en hins vegar eru aðrir að samþykkja ályktanir sem ganga út á það að fá meiri vissu um framtíðina.

Við höfum einnig viljað leggja til að þeir aðilar sem velja hið svokallaða sóknarmark hefðu þá möguleika að byggja upp reynslu. T. d. ef þeir velja sóknarmark á næsta ári gæti reynsla þeirra á því ári orðið grundvöllur að aflamarki árið eftir. Með því værum við komnir með sveigjanlegt kerfi þar sem menn gætu unnið sig upp og hægt væri að taka tillit til margbreytilegra aðstæðna. En eftir því sem tíminn er skemmri, þeim mun erfiðara er að gera það.

Einnig var lagt til að það yrði heimilt að úthluta í sérstökum tilvikum, ef skip hverfa úr rekstri, fiskvinnslustöðvum aflakvóta. Það er vissulega orðin miklu minni ástæða til þess þegar lögin eiga aðeins að gilda til eins árs, en það geta komið upp slíkar aðstæður, ef skip hverfa úr rekstri, að heppilegra gæti verið að geta tímabundið úthlutað aflamagni til fiskvinnslustöðvar í stað þess að úthluta til skipanna því að ef ekkert skip er eftir á viðkomandi stöðum þýðir það að viðkomandi byggðarlag fær engan afla. Hins vegar væri hugsanlegt að viðkomandi byggðarlag gæti fengið önnur skip til að veiða fyrir sig ef það hefði ráð á einhverju aflamagni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Eins og ég sagði í upphafi væri vissulega ástæða til þess að ég gerði mjög ítarlega grein fyrir þessu máli öllu. Það hefur margt komið fram af minni hálfu um það, bæði í Ed. og á þingum hinna ýmsu hagsmunasamtaka í haust, og ég tel því ekki ástæðu til að endurtaka það allt saman hér, en mun að sjálfsögðu ræða þetta mál frekar eftir því sem umr. fara fram hér og menn biðja um upplýsingar um mál þetta.

Ég vil að lokum leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það mun hafa verið um svipað leyti fyrir um ári sem efnislega álíka frv. og það sem hæstv. ráðh. var nú að mæla fyrir var hér til umr. Ég tek undir með hæstv. ráðh. um að hér er gífurlega stórt mál á ferðinni, mál sem snertir nánast hvern og einn einasta Íslending á hvern veg verður með farið.

Ég ætla strax í upphafi að lýsa þeirri skoðun minni að ég er andvígur þessu máli. Mín skoðun hefur ekkert breyst frá því fyrir ári að ég mælti gegn því og greiddi atkv. gegn því hér á Alþingi. Mér sýnist hins vegar allt benda til þess að þetta mál verði hér afgreitt í svipuðum dúr og frá því var gengið eða með þeirri meðferð sem það fékk í hv. Ed. og þykir mér ólíklegt að neinar breytingar fáist á þessu máli frá afgreiðslunni sem þar varð. Ég vil eigi að síður segja örfá orð í upphafi þó að ég vilji á engan hátt gera tilraun til að tefja málið með einum eða neinum hætti. Það er hins vegar ástæða til að vekja á því alveg sérstaka athygli að stórmál eins og þetta skuli vera að koma inn í deildina aðeins viku áður en gert er ráð fyrir að þm. fái jólaleyfi. Ég er ekki með þessu að ásaka hæstv. ráðh. neitt sérstaklega í þessum efnum, en þetta er eitt af þeim mörgu málum sem þyrfti miklu meiri skoðun og lengri tíma til umfjöllunar en örfáar e. t. v. klukkustundir í nefnd á mesta annatíma þingsins.

Ég hygg að það hafi verið, og svo kom fram í fyrra, meginforsendur fyrir lagasmíðinni að í ljósi minnkandi aflamagns þyrfti að beita strangara aðhaldi til stjórnunar. Ég sagði eitthvað á þá leið, þegar frv. var til umr. hér á s. l. hausti, að verið væri að veita einstaklingi, í þessu tilfelli hæstv. sjútvrh., nánast alræðisvald yfir fiskvinnslu og fiskveiðum í landinu. Og ég er andvígur því. Þetta er ekki sagt til að hnjóða á nokkurn hátt í núv. hæstv. ráðh., heldur almennt því að hér er verið að afsala einum einstaklingi allt of miklu valdi. Hér sést miðstýringin í allri sinni nekt, ef svo má orða.

Ef það er rétt sem ég hef upplýsingar um, þá sýnist mér að þessi stjórnun, sem gilt hefur yfirstandandi ár, hafi ekki orðið til þess að aðhald yrði meira miðað við þær tillögur sem fram voru settar um veiðimagn. Á árinu 1983, þegar engin kvótaskipting var, a. m. k. ekki í þeim anda sem var í ár og gert er ráð fyrir að verði á næsta ári, hafði Hafrannsóknastofnunin gert ráð fyrir að veiða um 350 þús. tonn af þorski. Undir því kerfi sem þá var, skrapdagakerfinu, voru þó ekki veiddar nema 298 þús. lestir, þ. e. ekki var veitt undir þeirri stjórnun sem þá var að því hámarki sem fiskifræðingar lögðu til að leyft yrði.

Árið 1984 gerðu fiskifræðingar tillögu um 220 þús., ef

ég man rétt, og það bendir allt til þess að veiðin fari upp í a. m. k. 290 þús. tonn. Það er allt sem bendir til þess. Þessi stjórnun, þessi miðstýring hefur því ekki leitt til þess að menn væru neitt nær því að standa við þær tillögur, sem fiskifræðingar telja að skynsamlegt sé að fara eftir, að magni til. Sú grundvallarástæða, ein af fleirum, er að þessu leytinu til, sýnist mér, fallin um sjálfa sig, fyrir nú utan hitt að það er stór spurning hvort byggja á fiskveiðar á skyndiákvarðanatöku eftir tvær ferðir fiskifræðinga. Þarf ekki miklu meira til að koma til að hægt sé að byggja að verulegu marki á upplýsingum að því er þennan þátt varðar?

Nú er það augljóst og allir hafa viðurkennt það að skilyrði í sjónum eru á þessu ári miklum mun betri en áður hefur verið. Það bendir allt til þess að við séum að því leytinu til betur í stakk búin til að ná meira aflamagni með eðlilegum hætti en verið hefur, þannig að ekki er það ástæða til áframhaldandi stjórnunar í formi kvótaskiptingar. Ég held líka að það séu mjög breytt viðhorf hjá þeim aðilum sem fyrir um ári töldu á Fiskiþingi að grípa yrði til þeirra aðgerða sem kvótinn leiddi af sér. Ég held að þeir aðilar séu mjög á annan veg þenkjandi nú en þeir voru þá og telji að aðstæður og forsendur séu nánast gerbreyttar frá því sem þær voru þá til þess sem þær eru nú og þess vegna ætti að hverfa frá kvótaskiptingu í svipuðu eða sama formi og verið hefur við lýði yfirstandandi ár.

Nú hef ég ekki á móti því að reynt sé að hafa stjórn og reiðu á hlutum, en það er hægt að gera á margan hátt. Ég er t. d. sannfærður um að lagfæring á hinu svokallaða skrapdagakerfi hefði skilað sér miklu betur en það sem hér er lagt til og verið hefur við lýði í ár. Það var hægt að útfæra það á allt annan hátt og betri en gert var. Ég bendi t. d. á að hægt hefði verið og það hefði verið skynsamlegra margra hluta vegna, ef ekki flestra, að lengja t. d. þann tíma sem togarar voru stopp kringum áramót, kringum stórhátíðar, kringum verslunarmannahelgi og svo mætti fleiri tíma nefna sem hefðu skilað sér í aðhaldi að því er varðar stjórnun þessara veiða. Þá vil ég nefna eitt sem er kannske meginmálið, a. m. k. fyrir þá sem búa á svæðum þar sem fiskvinnslu og fiskveiðar stunda kannske 80—90% af vinnuaflinu. Ég held að það þurfi miklu meir en gert hefur verið í stjórnun fiskveiða á þessu ári að taka inn í þá mynd og inn í þá stjórnun það hlutfall stöðugilda sem er í fiskvinnslu og fiskveiðum á þessum svæðum. Það er raunar grundvallarskilyrði að þau svæði sem þannig eru sett, búa að svo stórum hluta í vinnuaflinu við þessar atvinnugreinar, njóti forgangs umfram önnur landsvæði. Það er talið að af sjálfu sér leiði og sé eðlilegt hugsun að þau landsvæði sem hægt er að byggja orkuver á og nýta þannig auðæfi okkar njóti forgangs í þeim efnum. Á nákvæmlega sama hátt hlýtur það að vera grundvallarskylda stjórnvalda að sjá til þess að því er varðar fiskveiðar og fiskvinnslu að þau landsvæði sem nýta þá stóriðju hafi forgang um sókn í auðlind, bæði vegna þessa og ekki síður vegna hins að það á auðvitað að stunda fiskveiðar þaðan sem það er hagkvæmast og ódýrast, gefur bestan arð. Það sjónarmið er, að mínu viti a. m. k., að litlu leyti haft í huga við þá kvótaskiptingu sem verið hefur á árinu í ár og hér er gert ráð fyrir að framlengja lítt eða óbreytta.

Ég sagði áðan að slíkt ógnarvald, liggur mér við að segja, eins og einum ráðh. er veitt með þessu er algerlega afleitt að mínu viti. Það liggja eins og rauður þráður í gegnum allt þetta frv. og þau lög sem fyrir hendi eru setningar eins og „ráðherra getur". Það byrjar nánast hver einasta grein og ekki bara grein, heldur hver einasta mgr. í frv. á þessum orðum, „ráðherra getur". Er forsvaranlegt fyrir löggjafarsamkomuna að afsala sér svo gífurlega miklu valdi í þessum þætti, sem ekki er nú svo lítill, á þann veg sem hér er lagt til að gert verði? Ég held að það sé óskynsamlegt allra hluta vegna að gera slíkt. Og ég ítreka: Það er ekki sagt vegna þess að ég sé að lýsa vantrausti á hæstv. núv. sjútvrh. Það ætti við um hvern og einn sem í því embætti kann að sitja. Kannske má bæta því við að ég vil ekki hæstv. núverandi sjútvrh. svo illt að sitja uppi með slíkt ógnarvald. Ég er ekki verri en það í hans garð.

Hæstv. ráðh. vék að því áðan að því miður, að hans áliti, hefði gildistímanum verið breytt í Ed. úr þremur árum í eitt ár. Ég hef þveröfuga skoðun. Ég fagna því að þó skyldi vera horfið frá því að láta slíkt fyrirkomulag gilda þrjú ár fram í tímann. Ég held að fyrr en seinna eigi menn eftir að komast að því að ekki verður hægt að una því fyrirkomulagi sem við nú búum við. Það er slíkur fjötur á dugnað þessarar stéttar sem við þurfum fyrst og fremst á að halda að skili sem mestu. Sjómannastéttin og útgerðaraðilarnir munu ekki sætta sig við það til lengdar að vera heftir eins og þeir hafa verið og hér er lagt til að verði áfram þrátt fyrir að allt bendi til þess að taka megi mun meira af fiskstofnunum en menn hafa talið undanfarið og í ljósi þess að þau svæði sem fyrst og fremst ættu að njóta þessara gæða hafi ekki notið þeirra.

Ég hef tölur um það t. d. að árið 1982 komu frá Vestfjörðum um 20% af útflutningsverðmæti þess sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna flutti út. Þar búa um 4—5% þjóðarinnar. Menn sjá á þessu hversu gífurlega stór þáttur í atvinnulífinu þessi grein er og það nær ekki nokkurri átt, að mínu viti, að þar sem þannig háttar til séu sett bönd á þá einstaklinga, sem geta aflað þessara auðæfa á hagkvæmastan hátt og sem ódýrast, og þeir fái ekki að njóta þess eins og hægt er og þá umfram aðra sem hafa aðrar atvinnugreinar úr að spila og geta skapað ný atvinnutækifæri á fleiri sviðum en í þessari grein. Það liggur við að Vestfirðir hafi verið stimplaðir sem óhæfur landsfjórðungur til orkuöflunar, til iðnaðar í stærri stíl, og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. En þá hljótum við í ljósi þess að krefjast þess af stjórnvöldum að í þessum þætti sé svo á málum haldið að Vestfirðingar og þar með þjóðarbúið geti nýtt sér auðæfin úr sjónum. Ég verð að segja að hversu mikið ágæti sem menn telja kvótafyrirkomulagið, eins og það hefur verið á árinu í ár, tel ég það alveg fráleitt að setja t. d. handfæraveiðar undir kvóta. Ég tel líka mjög vafasamt að línuveiðar séu settar undir slíka mælistiku. Mér sýnist því allt bera að sama brunni, að óskynsamlegt sé flestra hluta vegna að framlengja það fyrirkomulag í stjórnun fiskveiða sem hér er lagt til og það geti verið beinlínis hættulegt fyrir þjóðina að gera slíkt. Númer eitt er að það er stórhættulegt að afhenda einum einstaklingi slíkt ægivald sem hér er lagt til að gert verði og því er ég andvígur.

Ég skal svo ekki, herra forseti, eyða lengri tíma að þessu sinni. Ég geri ráð fyrir að þegar málið kemur úr nefnd gefist betra tækifæri til að tjá sig í málinu.

Margrét Frímannsdóttir: Herra forseti. Frv. það sem

hér er til umr., um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er að flestu leyti samhljóða því frv. sem rætt var og samþykkt á Alþingi í des. s. l. ár. Í umr. þá voru flestir hv. þm. á þeirri skoðun að allt of stuttur tími væri ætlaður til umfjöllunar um þetta þýðingarmikla og vandasama mál sem varðar alla íslensku þjóðina svo mikið. En hér erum við aftur og aftur í tímapressu síðustu daga fyrir jólaleyfi. Ég hefði kosið að hafa hér lengri tíma og taka þá með í umr. ýmsar þær tillögur sem komið hafa fram um stjórnun fiskveiða, t. d. tillögur sem formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins lagði fram nú nýverið og eru virkilega áhugaverðar. En því miður, það kemur ekki til með að vinnast tími til þess að gera þeim þau skil sem þyrfti þar sem bæði bárust þær seint, eftir að þetta frv. var lagt hér fram, og svo það að svo stuttur tími er ætlaður til umfjöllunar um mál þetta sem raun ber vitni og það eru óneitanlega slakleg vinnubrögð þegar fjallað er um undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar.

Ákvörðun tekin um fiskveiðistefnu, er það sem við erum að gera — eða er ekki svo? Það er spurning. Mín tilfinning fyrir innihaldi þessa frv. er sú að í raun séum við ekki að ákvarða hér neitt nema það að fela hæstv. sjútvrh. alræðisvald við stjórnun veiða, framlengingu á valdi hans til að viðhalda því skömmtunarkerfi sem upp var tekið fyrir ári. Vissulega er það þetta sem við erum hér að ræða um, aðalinntak þessa frv.

Og hvað hefur svo kvótakerfið fært okkur það ár sem það hefur verið í gildi? Í grg. sem fylgir frv. fáum við þær upplýsingar að samkvæmt gæðaskýrslu Fiskifélags Íslands hafi nýting veiðarfæra verið betri og gæði fisks, sem veiddur er á vetrarvertíð 1984, verið meiri en þess sem veiddist 1983. Auðvitað. Hver neitar því? Hvenær hefur það gerst að ekki hefur verið munur á gæðum fisks milli ára þegar eins mikill munur hefur verið á tíðarfari og var á milli áranna 1983 og 1984? Ef rekja á þessa gæðaaukningu til þess kvótakerfis sem sett var á um síðustu áramót hlýtur að þurfa að gera samanburð á afla og tíðarfari fleiri ára en þarna er gert.

Um betri nýtingu veiðarfæra gildir það sama. Ef skoðuð er veiðarfæranotkun fleiri ára sést að sú þróun var þegar hafin. Slæm rekstrarstaða útgerðarinnar hafði haft það í för með sér að þegar hafði verið leitað leiða til sparnaðar í veiðarfærakaupum sem og öðrum þáttum útgerðar. En kvótaskiptingin hefur áreiðanlega ýtt undir þessa þróun og það er vel.

Það segir einnig í grg. frv. að í stórum dráttum hafi þeim markmiðum, sem stefnt var að í upphafi, verið náð. Það er indælt að sjá þetta hér á pappírum, en ég efast um að hægt sé að standa við slíkar fullyrðingar. Ef gögn liggja fyrir sem sanna hið gagnstæða hafa þau ekki borist sjútvn.-mönnum og af svörum fulltrúa sjútvrn., sem mættu á fund n., hefur ekkert komið fram sem hægt er að byggja þá afstöðu á að markmiðum þessarar stefnu hafi verið náð, nema þá að það séu einhver þau markmið sem aldrei hafa verið gerð opinber. Því var m. a. haldið fram af fylgismönnum frv. við samþykkt þess fyrir ári að með ákveðnu aflamarki á skip sé tryggt betur en hægt er með öðrum leiðum fiskveiðistjórnunar að jafna dreifingu afla á byggðarlög. Hafi það verið eitt af þeim markmiðum sem stefnt var að í upphafi hefur það mistekist, enda er það ráðgáta, hvernig skipting afla á báta, miðað við meðalafla þriggja ára þessara sömu báta, getur komið því til leiðar að um réttlátari og jafnari skiptingu á milli byggðarlaga sé að ræða. Stjórnun fiskveiða er nauðsynleg. Það er staðreynd sem allir horfast í augu við og flestir eru tilbúnir til að játa. En frv. það sem hér er á ferðinni gefur í raun allt of litlar upplýsingar um það sem fram undan er, að hverju er stefnt.

Eins og komið hefur fram er ég á móti því að einum manni sé falið það alræðisvald sem þetta frv. felur í sér. Það er þó rétt að taka það fram að sú skoðun mín mótast ekki af því að ég telji vinnubrögð hæstv. sjútvrh. s. l. ár vera slæm, síður en svo. Ég tel að hann hafi í flestum tilvikum farið vel með það vald sem honum var fengið. En ég er engu að síður sannfærð um að þetta er ekki rétt leið í landi lýðræðis og ekki rétt gagnvart þeim sem vinna og hafa unnið við þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar.

Herra forseti. Það eru ýmis fleiri atriði sem ég hef við frv. að athuga en það hver eða hverjir skuli fara með valdið. Í fyrsta lagi má nefna þar veiðar smábáta sem ég tel sjálfsagt að séu utan kvóta. Þó svo augljós sé nauðsyn þess að hafa á því stjórn hversu mikill afli berst á land, svo ekki sé hætta á útrýmingu ákveðinna fiskitegunda, er óhætt að fullyrða að það aflamagn sem trillurnar bera að landi skiptir þar ekki sköpum. Þeir sem stunda sjó hafa haft tækifæri til að ná sér í aukakvóta, en ekki þessi ákveðni hópur sjómanna. Þeir voru reknir í land. Slík ráðstöfun er óskiljanleg og ég ítreka enn og aftur að sá tonnafjöldi sem berst að landi með smábátum er ekki það mikill að hann skipti hér nokkru máli.

Annað atriði, sem ég geri aths. við og mun flytja till. um við 2. umr., eru humarveiðar. Humarveiðar hafa um árabil takmarkast af heildarkvóta og sú aðferð gefist vel. S. l. sumar bregður hins vegar svo við að beitt er sömu reglum og um fiskveiðar, þ. e. ákveðinn kvóti á hvern bát. Þessi ákvörðun virðist hafa verið tekin án þess að nokkur rök mæltu sérstaklega með henni og ábyggilegt er að ekki stuðlar þessi sérstaka ákvörðun að jafnari dreifingu afla milli byggðarlaga. Ég mun flytja till. um að takmörkun humarveiða verði sett á sama hátt og gert var hér áður með heildarkvóta.

Það eru fleiri atriði sem ég tel að skoða þurfi betur áður en frv. þetta kemur til endanlegrar afgreiðslu, svo sem handfæra- og línuveiðar.

Í 5. gr. frv. er fjallað um opnun ákveðinna svæða til veiða á vannýttum fiskistofnum. Það er að vissu marki ágætt. Þarna hefði þó mátt fylgja ákvæði um stærð báta og gerð veiðarfæra sem nota á við veiðar á þessum svæðum. Ég er þeirrar skoðunar að ákaflega varhugavert sé að opna ákveðin svæði án þess að sett séu stærðartakmörk báta. En um þessi atriði og fleiri verður eflaust fjallað ítarlega af sjútvn. þessarar hv. deildar.

Þær tvær breytingar sem þegar hafa verið samþykktar í hv. Ed. á frv. eru svo sannarlega til bóta, sérstaklega það að fellt er út ákvæði um að lögin skuli gilda til þriggja ára. Það var hrein vitleysa. Engar þær niðurstöður liggja fyrir um reynslu kvótakerfisins sem hefðu réttlætt slíka lagasetningu. En þó tvær breytingar hafi verið gerðar er enn margt sem þarf meiri umfjöllun og vonandi að það liggi fyrir haldbærari upplýsingar til alþm. en voru á fyrstu fundum sjútvn. um frv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tek eindregið undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram

frá hv. 4. þm. Suðurl. og get stytt mál mitt hér við 1. umr. þessa máls með því að vísa til þeirra ábendinga og röksemda sem hv. síðasti ræðumaður flutti hér. Ég tel að mjög margar athugasemdir sé réttmætt að gera við þetta frv. sem hér er komið til hv. þd. rétt um viku áður en gert er ráð fyrir jólaleyfi og raunar tæpri viku áður. Það er mjög ámælisvert í rauninni að frv. um svo stórt mál skuli koma svo seint fram og þingnefnd ekki gefast færi til ítarlegrar athugunar á því, svo viðamikið sem þetta mál er.

Þetta gildir ekki síður vegna þess hvernig að málsmeðferð var staðið á síðasta þingi þegar unnið var að mörgu leyti við svipaðar aðstæður að þessu máli og þeim mun ríkari áhersla hefði verið að gefa Alþingi nú kost á því að meta reynsluna af þessari löggjöf og gera það vandlega. Ég hygg t. d. að það sjónarmið hæstv. ráðh., sem hann mælti hér fyrir og kemur fram í frv. eins og það var lagt fram upphaflega í hv. Ed., að æskilegt væri að hafa gildistíma laganna lengur en til eins árs, undirtektir við það sjónarmið hefðu kannske getað orðið aðrar ef mönnum hefði gefist aukið ráðrúm til þess að fara yfir málið og athuga það með nægan tíma og nægar upplýsingar fyrir framan sig. Ég tel það mjög eðlilega niðurstöðu hjá hv. Ed. að hafa breytt þessu ákvæði í ljósi þeirrar litlu vitneskju sem fyrir liggur um það m. a. hvernig hugmyndin er að beita því valdi sem frv. veitir heimild til, eins og fram kemur í grg., svo ég leyfi mér að vitna til lokaorða í grg. með frv., þar sem segir:

„Enda þótt eigi sé enn ljóst hvernig stjórn fiskveiða verði háttað ber nauðsyn til að aflað verði svipaðra lagaheimilda og gert var á síðasta ári."

Þar kemur þetta alveg skýrt fram, að óvissa er mikil um það með hvaða hætti hæstv. ráðh. og ráðgjafar hans hyggjast standa að stjórnun veiðanna, þó að ég geri ekki ráð fyrir því að mjög róttækar breytingar séu fram undan í því efni frá þeim hugmyndum sem hæstv. ráðh. hefur hér viðrað, en um þetta höfum við enga vissu. Eins og menn muna þá var gagnrýni okkar Alþb.-manna og margra fleiri á þetta frv. ekki síst fólgin í því mikla valdaafsali sem í því fælist, í þeirri miðstýringu gagnvart aðalatvinnuvegi landsmanna sem felst í þeim heimildum sem frv. veitir og hér var rakið m. a. af hv. 3. þm. Vestf. Karveli Pálmasyni og ljóst er þegar lagatextinn er lesinn, þar sem vísað er til ráðh. í hverri mgr. og á eftir hverri lagagrein sem þar er, og heimildir veittar sjútvrh. til þess að ráða ferðinni í þessum efnum.

Ég vil að það komi fram að ég tel stjórnun fiskveiða vera nauðsynlega og raunar hefði verið ástæða til að breyta til frá því kerfi sem kallað var skrapdagakerfi og reynt var hér fyrr á árum, að breyta frá því fyrr en gert var. Og ég er ekki andstæðingur þess að í verulegum mæli sé miðað við aflamark á fiskiskip. Það tel ég vera skynsamlega tilhögun, skynsamlegt að reyna slíka stjórnun veiðanna og hef áður lýst skoðunum mínum í þeim efnum og rökum sem að því lúta. Menn mega ekki blanda því saman, annars vegar þeim sjónarmiðum hvað sé æskileg aðferð og hins vegar hverjir fari með valdið í þessum efnum og hvernig menn vinni sig áfram að settu marki.

Það voru fluttar brtt. á síðasta þingi, þegar hliðstætt mál var til meðferðar, um það að Alþingi væri gefinn kostur á að marka megindrætti fiskveiðistefnu fyrir komandi ár með samþykkt þáltill. Ég held að þá leið hefði átt að fara þá og það sýndi sig að ráðrúm var fyllilega til þess, en því var borið við af hæstv. ráðh. þá og talsmönnum þessa máls að það væri ekkert ráðrúm til þess að þingið fjallaði frekar um málið. Reglugerð ráðh. lá hins vegar ekki fyrir fyrr en viku af febrúar eða 8. febr. á þessu ári þannig að fyllilega voru tök á því að ræða málið hér og marka meginstefnu innan ramma löggjafar um þessi efni.

Ég minni á það og vil leggja á það mjög ríka áherslu, eins og raunar kom fram hjá hv. 4. þm. Suðurl. í hans máli og hv. 3. þm. Vestf., að fráleitt er að vera að setja smábáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð og jafnvel miðað við hærri mörk, hærri stærðarmörk, að setja þá undir kvóta. Sú tilhögun sem staðið var að á þessu ári tel ég að sé í rauninni víti til varnaðar í þeim efnum og raunar er undir það tekið í grg. með þessu frv. Þar kemur fram, með leyfi forseta, á bls. 3 í grg.:

„Þannig hefur reynslan verið af veiðum smábáta undir tíu lestum sem fiska úr sameiginlegu heildaraflamarki. Aflasæld smábáta hefur verið mjög misjöfn við landið og því hafa takmarkanir á sókn bitnað harðar á einstökum landshlutum en öðrum."

Þetta segir í grg. með þessu frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. Það er ekki nema eðlilegt að í Ed. væri um þetta mál fjallað og að svo miklu leyti sem ég hef kynnt mér umsagnir sjútvn. Ed. þá eru þar allskýrir fyrirvarar í sambandi við aflamark eða kvóta á smábáta og ég vænti þess að þessi þingdeild sjái til þess að kveða með enn afdráttarlausari hætti á um þessi efni, þannig að hér verði felld inn í lagatexta þann, sem samþykktur kann að verða, skýr ákvæði um það að smábátar séu undanþegnir aflamarki og línuveiðar mættu þar fylgja í heild sinni að mínu mati. Það er fyllsta ástæða til að ýta undir línuveiði af mörgum ástæðum sem ég ætla ekki að fjölyrða hér um að þessu sinni. Ég vona sem sagt að þingdeildin geti sameinast um það að samþykkja tillögur þar að lútandi og æskilegast væri að sjálfsögðu að þær kæmu frá hv. sjútvn. sameiginlega, eftir að hún hefur litið á málið.

Ég ætla, herra forseti, nú við þessa umr. ekki að orðlengja þetta frekar. Það gefst hér færi síðar við 2. og 3. umr. máls að ræða þetta nánar. Ég harma það að tími deildarinnar og sérstaklega tími hv. sjútvn. verður mjög naumur til þess að fjalla um þetta viðamikla efni og hefði sannarlega þurft að halda öðruvísi á málinu þannig að menn hefðu getað afgreitt það með góðri samvisku hér út úr þinginu og gert á því nauðsynlegar breytingar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér hefur stórt og viðamikið og viðkvæmt mál rekið á okkar fjörur. Það er ekki ástæða til að hefja um það langar umr. hér við 1. umr. málsins. Að sjálfsögðu verður því vísað til n. þar sem það fær eins nákvæma umfjöllun og hægt er á svo skömmum tíma sem nú er til jóla. Þó vil ég segja um það örfá orð á þessu stigi.

Ég held að það séu flestir hv. alþm. sammála um það að stjórnun fiskveiða verður að viðhafa með einhverjum hætti eins og ástandi aðalfiskistofna okkar er háttað. Þetta mál var rætt mikið fyrir einu ári síðan og þá voru samþykkt lög sem gilda til ársloka 1984. Ég hygg að margir hv. alþm. hafi þá verið í vafa um hvaða stefnu ætti að marka í þessum málum, en flestir hölluðust að því að þær aðalreglur yrði að móta m. a.

með hliðsjón af eindregnum samþykktum Fiskiþings, sem þá var nýlokið en Fiskiþing á s. l. hausti, þ. e. haustið 1983, markaði mjög skýrar línur í þessum efnum. Og lögin sem sett voru hér á þingi voru held ég sett og samþykkt með hliðsjón af þeim samþykktum því að það er talið að illt sé að stjórna þessum þætti sjávarútvegsins nema í allnánu samráði við yfirlýstan vilja heildarsamtaka sjávarútvegsins.

En í einu atriði var þó horfið frá samþykktum Fiskiþings ef ég man rétt. Ég ætla að þar hafi verið talað um að miða mörkin milli smábáta og stærri báta við 12 tonn heldur en 14. En þegar þessar reglur litu dagsins ljós var búið að færa stærðarmörkin niður í 10 tonn. Þetta hef ég alltaf talið að hafi verið röng stefna. Ég tel það miður farið að frá þessum samþykktum Fiskiþings skyldi vera vikið. Þetta hefur mjög bitnað á ákveðinni bátastærð og valdið margs konar óþægindum sem mér eru kunn. Enda sýnir það sig nú, þegar litið er yfir reynslu liðinna mánaða og menn reyna að færa sér hana í nyt, að þá er þetta eitt af þeim atriðum sem staldrað er við. Og nú er talað um það að mér sýnist, a. m. k. í sjútvn. Ed. sem fjallað hefur um þetta mál, að þessi stærðarmörk, 10 rúmlestir, hafi verið þar allmjög til umræðu. Ég skil það svo að n. sé á því að endurskoða þurfi þessi mörk, jafnvel að færa þau upp í 15—18 lestir, með tilliti til þess m. a. að skráðar bátastærðir miðist ekki um of við þessa ákveðnu stærð. Þetta tel ég vera mjög til athugunar og horfa til bóta.

Ýmsir, þar með hv. 3. þm. Vestf. hér áðan, hafa gert mikið úr því að lög þessi leggi allt of víðtækar heimildir í hendur hæstv. sjútvrh. og vissulega er það rétt. Ef við lítum á frv., sem er mjög keimlíkt þeim lögum sem í gildi eru, þá eru þetta nú aðeins sex stuttar greinar en ein er þó miklu lengst, fyrsta greinin. En í frv. er held ég tólf sinnum talað um að „ráðh. getur“ eða „ráðh. er heimilt“. Það liggur við að segja megi miðað við þessi ákvæði laganna: Ráðh. getur allt. (**Gripið fram í:** Mætti þá ekki stytta lögin?) Ég skal ekki segja, e. t. v. geta hagsmiðir laga eitthvað breytt því í því efni. Það er alltaf gott ef hægt er að stytta lög.

Og menn hafa talað um mikla miðstýringu í þessum málum. Nú er það fjarri mér að drótta nokkru slíku að hæstv. sjútvrh. því að ég held að hann hafi reynt að halda á þessum heimildum eftir bestu samvisku. En það er ekki þar með sagt að sjútvrh. á Íslandi beri alltaf nafn Halldórs Ásgrímssonar þannig að miða verður við ráðherradóminn en ekki einstaklinginn sem gegnir embættinu hverju sinni. En heimildir laganna eru svo víðtækar að ráðh. stjórnar að sjálfsögðu þessum efnum öllum með reglugerðum og ýmsum ákvörðunum. Það segir að vísu hér í frv., og er það eins og stendur í núgildandi lögum, að ráðh. skuli hafa samráð við sjútvn. Alþingis um framkvæmd á ákvæðum laganna. Og ég legg ríka áherslu á að ráðh. hafi sem allra nánasta samvinnu við sjútvn. Alþingis. Hvort tveggja er að þar sitja menn, sem við veljum til þess að athuga þessi mál og eru þeim kunnugastir, og annað hitt að það er mikill styrkur fyrir hæstv. ráðh. sjálfan að hafa sem nánast samráð við þessa reyndu menn.

Mér heyrist á þeim umr. sem hér hafa farið fram í hv. deild og því sem rætt hefur verið í hv. Ed. að nú sé allmjög reynt að stefna í átt til aukins frelsis enda þótt menn hallist helst að kvótakerfinu áfram. Það er talað um aflamark, sóknarmark, tegundarmark og þar fram eftir götunum og að menn hafi nú frjálsara val en þeir hafi haft á þessu ári um hvort þeir halla sér að aflamarki eða sóknarmarki. Ég veit ekki hvort hið svokallaða tegundarmark er mjög mikið í umr. þó á það hafi verið bent. Þetta tel ég að sjálfsögðu vera til bóta.

Þá er einnig nauðsynlegt að horfa til hagsmuna hinna einstöku byggðarlaga. Þegar litið er yfir byggðir landsins hlýtur að koma í ljós að ýmsar þeirra eiga allt sitt undir þessari atvinnugrein. Þar eru menn frá fornu fari vanir að róa til fiskjar þegar gæftir eru sæmilegar og einhvers afla er von. Þeir fiska sem róa, hefur lengi verið sagt, og mönnum er ekki vel við að sitja í landi þegar dagar eru bjartir og logn á sjó. Þeim þykir ansi hart að mega þá ekki róa til þess að afla sér fiskjar í soðið a. m. k. Þetta er afar fjarstætt eðli þeirra og uppeldi að mega ekki róa þegar hugurinn stendur til þess.

Verði kvótakerfið svokallaða samþykkt áfram, eins og mér finnst allar líkur benda til, þá leyfi ég mér að leggja mikla áherslu á það að veiðar smábáta verði, eins og ég hef bent á, sem allra mest utan við þetta kerfi, þar með handfæraveiðar og línuveiðar eins mikið og fært verður talið. Ég býst ekki við, þó að þetta frv. verði samþykkt svona líkt og það lítur út í dag, að menn séu yfirleitt ánægðir með kvótann. En vonandi bíða okkar bjartari tímar í þessum efnum. Það eru ýmsir sjómenn sem minnast á það að *lífríki* sjávarins sé nú tekið að glæðast til muna miðað við það sem verið hefur á síðustu árum og að sjávarútvegurinn í heild, sem við höfum byggt alla okkar nútíð og framtíð á, megi vænta bjartari tíma þannig að hægt verði að losa um sem flestar hömlur sem á hann eru lagðar í dag. Og ég leyfi mér að gerast liðsmaður í hópi hinna a. m. k. hóflega bjartsýnu manna sem búast við bjartari hag sjávarútvegsins á allra næstu tímum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hallar nú degi og vel í samræmi við vinnubrögð Alþingis að þá skuli tekinn tími til að ræða aðalatriði þess sem til umr. verður á þessu þingi. Við lifum á fiskveiðum fremur en öðru í þessu landi og það hlýtur að skipta gífurlegu máli hvernig að þeim hlutum er staðið.

Hér liggur fyrir frv. til l. sem er að því leyti sérstakt að það mætti koma efni þess öllu fyrir í einni grein sem hljóðar eitthvað á þá leið: Ráðh. fer með sjávarútvegsmál og setur hann reglugerð um framkvæmd þeirra allra. En einhverra hluta vegna hafa menn viljað eyða pappír og bleki og gert þetta þó nokkuð umfangsmikið í textanum. Ég ætla að byrja á því að vekja athygli á 2. gr.

Við höfum unnið að friðun fiskistofna við Ísland eftir tillögum fiskifræðinga um alllangt skeið. M. a. hefur verið reynt að friða ákveðin svæði á grunnslóð og sjá til þess að smærri bátar einir hefðu aðgang til veiða á þessu svæði. Kannske er þetta bundið minningunum um það þegar togarar toguðu inn á firði fyrir vestan, eins og Dýrafjörð t. d., og vestfirskir sjómenn leituðu stuðnings síns sýslumanns til að fá þeirri ásókn þeirra hnekkt. Ég veit ekki til að af meiri hugprýði og á minni fleytu hafi menn reynt að verja landhelgi þessa lands. Afleiðingarnar voru líka mannskaði, en kannske stappaði það líka stálinu í menn að verja þessa landhelgi í von um að hún yrði handa íslensku þjóðinni og handa íbúum þeirra svæða sem byggju við ströndina.

Nú hefur það gerst að ráðh. hleypti á seinasta ári bátaflota inn á þessi svæði til veiða, þannig að það var bein aðför að smábátum þeim sem þar höfðu áður stundað veiðar. Það var óhemjumikið góðæri til sjávarins við Vestfirði á árinu sem er að líða. Firðir voru fullir af fiski og seinni part sumrs og á haustin leitar þessi fiskur út úr fjörðunum og til hafs. Dragnótaveiðarnar sem þarna voru heimilaðar urðu m. a. til þess að menn veiddu þann fisk sem þannig var að leita til hafs. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. er ljóst hvílík hringavitleysa þessi ráðstöfun var, hvílík valdníðsla fólst í því að framkvæma þetta á þann veg og hve mikla vorkunnsemi fátækir menn, sem áttu litla báta, sýndu þegar þeir spurðu m. a. mig hvort hugsanlegt væri að maðurinn gerði sér ekki grein fyrir því hvaða fiskitegundir þeir veiddu í dragnótina.

En sleppum því. Ráðgjafarnir sem lögðu þetta til eru með sitt kaup alveg á þurru og hafa engar áhyggjur af því hvernig fer fyrir þeim mönnum sem trúðu því að þessi hafsvæði væru þeim frjáls til veiða. Í allri lagasetningu skiptir það máli að hinn siðferðilegi bakgrunnur eigi sér grundvöll hjá þjóðinni. Ef hinn siðferðilegi bakgrunnur laga á sér ekki grundvöll leita menn leiða til að hnekkja þeirri lagasetningu.

Landhelgi Íslendinga er búin að vera almenningur frá því að við Íslendingar eignuðumst einhverja landhelgi. Við höfum litið á hana sem sameign þjóðarinnar. Við höfum vissulega viðurkennt að útgerðarmenn, sjómenn, eigendur fiskvinnslustöðva og fiskvinnslufólk í landi væru nátengdari hagsmunalega séð þessari sameign en aðrir landsmenn. Engu að síður hefur það haft grundvallaráhrif á afkomu allra landsmanna hvernig til tókst með veiðar á hverjum tíma. Þau forundur gerðust að þegar talað var um hagsmunaaðila voru allt í einu ekki til aðrir hagsmunaaðilar en sjómenn og útgerðarmenn. Eigendur fiskvinnslustöðva í landi og fiskvinnslufólkið gleymdust gjörsamlega. Það virtist ekki eiga nokkurn rétt. En þegar í alvöruna var komið gerðust enn þá meiri undur. Það voru útgerðarmennirnir einir sem áttu fiskinn í sjónum. Þeir voru allt í einu orðnir eigendur að þessum fiski. Hann hafði þó ekki komið inn á rekstrarreikning hjá þeim á árinu 1983 eða á efnahagsreikning á árinu 1983 sem væri nú sanngjarnt miðað við skattaframtal og hugleiðingar manna um slíka hluti. Nei, þau forundur gerðust að útgerðarmenn voru allt í einu orðnir einu eigendurnir að fiskinum í sjónum hringinn í kringum landið. Og jafnvel þeir sem áttu loðnubáta sem höfðu verið í slipp lengri tíma sáu nú fram á góða daga. Það var bara að selja kvótann og koma sér svo í sólarlandaferð á eftir. Ég hygg að þeir sem hafa verið að úrelda skip á undanförnum árum hefðu gjarnan viljað eiga þau bundin við bryggju til að ná sér í einhvern kvóta og auðvelda leið til fjáröflunar eftir þessari aðferð.

En það var margt annað merkilegt við þetta sölukerfi. Til þess að mega kaupa aflann þurftir þú að eiga skip og ef þú áttir skip undir tíu tonnum máttir þú ekki kaupa afla. Þó að ekkert sérstakt benti til þess að það væri meiri rányrkja þó að veiðarnar færu fram á skipi sem væri tíu tonn fekar en skipi sem væri tólf tonn, þá gerðust þau forundur einnig að það var algjörlega bannað að kaupa kvóta ef þú áttir skip sem var tíu tonn.

Ég hygg að það verði seinlegt að sannfæra íslensku þjóðina um þá siðfræði sem liggur á bak við svona uppsetningu. Það hljóta að vera einhver gífurleg markmið, hagræn eða til björgunar þjóðarheildinni, sem réttlæta slíkar kúnstir. Þess vegna hljótum við að spyrja númer eitt: Voru hin hagfræðilegu markmið á bak við þessa framkvæmd á þann veg að það réttlætti þær aðgerðir sem hér voru lagðar til og framkvæmdar með pomp og pragt? Það er rétt að menn fletti upp á bls. 3 í frv. því takmarkið með fiskveiðistjórn hlýtur að sjálfsögðu að vera það númer eitt að ná fiskinum úr sjónum, þeim fiski sem á að drepa og vinna. Er það ekki númer eitt? Ef það er númer eitt að alfriða allan fisk er náttúrlega einfalt mál að leggja niður allar veiðar. Markmiðið hlýtur að hafa verið að taka ákveðið magn af fiski og koma honum á land. Og nú skulum við líta á hvernig til hefur tekist.

Það er vissulega allt útlit fyrir að okkur takist að veiða ákveðnar fiskitegundir. M. a. tekst okkur trúlega að ná þeim þorskafla sem úthlutað var. Þó er það ekki víst því að heimilt er að láta ógert að veiða þann afla sem úthlutað var. Það er engin refsing við því að fá stóran kvóta og nota hann ekki. En lítum nú á stofna eins og steinbítinn. Það er úthlutað 15 þús. tonnum. Það er búið að veiða 8 þús. Hvar skyldu þeir nú ætla að veiða þennan steinbít við strendur landsins frá ágúst og fram að áramótum sem eftir er? Ég dreg mjög í efa að sú skarkolaveiði, sem hér er áætlað að ná, standist. Það má vera að það takist að veiða þennan ufsa sem verið er að tala um. Ég set einnig spurningarmerki við það. Niðurstaðan er nefninlega sú að kvótakerfið hefur dregið úr hagvexti í landinu. Það hefur komið í veg fyrir að verðmæti sem voru til í sjónum séu tekin á land, unnin og seld. Það er kannske eitt það spauglausasta fyrir ríkisstjórnina íslensku að sitja uppi með það að glötuð tækifæri til verðmætasköpunar hafa runnið fram hjá. Ætli það eigi ekki sinn þátt í því að átökin hér innanlands hafa orðið jafnhörð og raun ber vitni.

Hagfræðileg markmið hljóta að vera þau að ná þeim fiski sem ætlað er að veiða. Hagfræðileg markmið hljóta einnig að vera þau að tryggja að sá fiskur sem veiddur er berist óskemmdur að landi, hann sé verkaður þar á þann hátt að verðmætasköpunin verði sem mest. Menn hafa gumað af því að mat á fiski, sem borist hafi á land á netavertíð, sé betra en á undanförnum árum. Á undanförnum árum gátu menn hengt upp skemmdan fisk og verkað hann í skreið og komist nokkuð vel frá því efnahagslega. Sá markaður er ekki til staðar í dag. Þess vegna lá það alveg ljóst fyrir að sá sem kom með gersamlega ónýtt hráefni gat ekki selt það þegar hann kom í land nema í gúanó. Það er þessi stóri munur sem hefur orðið til þess að menn tóku það af meiri alvöru að reyna að koma með skaplegt verðmæti að landi. En engu að síður er það stóra vandamál að koma í veg fyrir að fiskur væri eyðilagður með netaveiði, eins og víða hefur verið, látið liggja kyrrt. Það brestur kjark til að taka á því. Hitt vandamálið, sem legið hefur í því að menn hafa eyðilagt fisk með of stórum hölum í flottroll, er einnig látið eiga sig. Stjórnun fiskveiðanna hefur sem sagt ekki beinst að þeim aðalatriðum sem þurfti að beina þeim að.

Fiskifræðingar lögðu fram á seinasta hausti svarta skýrslu, en settu þó í hana mörg ef vegna þess að þeir voru að mæla stofnstærð á þorski við landið eftir annarri aðferð en þeir höfðu nokkurn tíma notað áður. Við höfum á undanförnum árum friðað gífurleg svæði

við strendur þessa lands til að ala þar upp fisk. Við höfum reglur um að hægt sé að loka svæðum ef þar er of mikið af smáfiski. Við höfum sögulegar heimildir fyrir því að hægt er að taka 350 þús. tonn af Íslandsmiðum áratug eftir áratug upp á hvert ár. Þess vegna hljótum við að spyrja: Voru leiðbeiningar fiskifræðinganna á umliðnum árum það lélegar, það gersamlega gagnslausar að við stæðum allt í einu frammi fyrir því að ekki væri heimilt að veiða nema 200 þús. tonn? Til hvers voru þá þeirra leiðbeiningar ef slíkt hrun hafði átt sér stað?

Við þetta bætist svo að líffræðinga og fiskifræðinga greinir á um eitt grundvallaratriði í þessum fræðum. Ef meðalþyngd á fiski í fjallavatni fellur miðað við aldur, þá er sagt: Það er allt of mikið af fiski í vatninu. Það verður að veiða meira. Það er allt of mikið af fiski miðað við æti sem til fellur. En ef meðalþyngd á þorski í úthafinu snarfellur vegna þess að hann hefur ekki æti, þá segja menn: Það má ekki veiða þorskinn. Hvar er samræmið í þessu tvennu? Þetta rekst hvort á annað. Það er eins og fiskifræðingarnir hafi bitið sig fasta í að það væri seiðafjöldinn, sem kæmi á hverju ári, sem skipti höfuðmáli, en ekki hitt, hver væru lífsskilyrðin í sjónum, ætismagnið.

Það dynur á mönnum jafnt og þétt að það eigi að gera allan þorskinn kynþroska. Hvar er röksemdin á bak við það? Í landbúnaði, þar sem menn stunda ræktun á dýrum til matvælaframleiðslu, eru það alþekkt sannindi að til þess að framleiða hvert kíló af kjöti á einhverjum grip skipti höfuðmáli að hraðala hann, en ekki hitt, að hann nái sem mestum aldri því þá kostar hvert kjötkíló miklu meira af fóðri. Þess vegna hættu menn m. a. að hafa sauði, en tóku upp á því að fella lömbin á haustin. Þess vegna eru kjúklingarnir drepnir löngu áður en þeir verða kynþroska. Hvaða áhrif skyldi það hafa á ætisþörfina í sjónum hvort við ætlum að brjóta þetta lögmál og krefjast þess að allur þorskur verði alinn upp í þá stærð að hann sé orðinn kynþroska?

Ég verð að segja eins og er að vissulega er fiskifræðin áhugavert fag, en líffræðin er það líka og lífsskilyrðin í sjónum, hitastig sjávar, eru hinir stóru þættir sem hafa *haft afgerandi áhrif á aflagengd við þetta land.* Það ár sem nú er að líða hefði sennilega verið með betri árum fyrir Vestfirði hvað veiðimöguleika snerti ef menn hefðu fengið að sækja þar sjóinn á sama hátt og á undanförnum árum. Vegna hvers? Vegna þess að hitinn í sjónum út af Vestfjörðum hefur verið miklu meiri en hann var. Það er engin tilviljun að þeir sem rannsökuðu Arnarfjörð frá Hafrannsóknastofnun á liðnu sumri komust að því að það hefði verið meira líf í firðinum en nokkurn tíma áður á þeim tíma sem þeir framkvæmdu athuganir.

En það er fleira sem ber að skoða í þessu máli. Það getur vel verið að fiskifræðingar hafi ákveðna skoðun á því hve stór stofn þurfi að vera af ýsu, steinbít og öðrum fiskitegundum. En spurningin er ekki bara um stærð stofnsins. Spurningin er líka um hvort þessi stofn er seljanlegur á hverjum tíma. Kannske mætti taka það með í útreikninginn líka hvort hægt sé að sveifla til lífskjörum þjóðarinnar gersamlega eftir duttlungum þessara manna. Þeirra tillögur hljóðuðu upp á 200 þús. tonn á þessu ári, árið 1983 upp á 350 þús. tonn, 1982 450 þús. tonn, 1981 400, 1980 300, 1979 250, 1978 270 og 1977 250. Það sér hver einasti maður að það er gersamlega vonlaust að halda uppi eðlilegri hagstjórn í landinu ef svona rosalegar sveiflur eru raunveruleiki.

Ég hallast að því að það séu ekki síður marktækar sögulegar upplýsingar sem liggja fyrir um hvað veitt hefur verið á Íslandsmiðum. Er það orðið svo að sú reynsla sé einskis virði, en ein bátsferð hringinn í kringum landið gefi meiri upplýsingar á haustdögum? Það eru engar smáræðis grænjur sem mennirnir eru með til að telja fiskinn í sjónum ef það er niðurstaðan.

Því miður finnst mér sem það hafi örlað á vissum námshroka hjá þeirri stétt sem hefur kynnt sér fiskifræði. Fræðigreinin er ung og þar er margt ókannað. Það er of mikið af fullyrðingum sem byggjast á hæpnum rökum og lítilli vísindalegri vinnu á bak við þau rök. Hluti af því er e. t. v. það að við Íslendingar höfum varið of litlu fjármagni til rannsókna á sviði sjávarútvegsmála. Við höfum varið allt of litlu fjármagni til rannsókna á þessu sviði.

Ég vil vekja athygli á að sú stjórnarandstaða sem hér er og hefur talað talar gegn kvótakerfinu. En hver er alvaran á bak við þann málflutning? Jú, alvaran er sú að mönnum er meira í mun að semja um að komast í jólafrí en að standa á þeirri meiningu sinni að þetta kerfi sé rangt. Mönnum er meira í mun að stytta mál sitt til að hraða afgreiðslu þess í gegnum þingið á sama tíma og með vörunum berjast þeir gegn því. Er trúverðug sú afstaða? Það hefur gerst í þessum sölum að menn hafa talað til morguns vegna þess að þeir meintu það sem þeir sögðu og höfðu áhuga á að berjast á móti málum. Hér gerist það aftur á móti að stjórnarandstaðan talar vissulega gegn í orði, en greiðir fyrir framgöngu málsins á borði. Ég verð að segja að ég ber litla virðingu fyrir slíkum málflutningi. Hann er merkingarlaus. Það er engin áhersla þegar menn flytja þannig mál sitt og mig undrar að svo geðlítið lið sé komið inn á Alþingi að menn láti hafa sig í þá þversögn sem liggur á bak við að tala gegn frv. í orði, en gera svo allt til að flýta fyrir framgöngu þess þegar fyrirsjáanlegt er að ef stjórnarandstöðunni væri einhver alvara í sínum málflutningi gæti hún haft afdrifarík áhrif á meðferð málsins í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afgreiðsla mála úr þingnefnd 1784.
Almannatryggingar (191. mál) 1697, 1707, 1883.
Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu (157. mál) 1791.
Atvinnumál fatlaðra (161. mál) 1765.
Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna (179. mál) 1864, 1881, 1988.
Atvinnuréttindi vélfræðinga (178. mál) 1865, 1882, 1991.
Áhrif ákvæðislaunakerfa á heilsufar (185. mál) 1779.
Álver við Eyjafjörð (73. mál) 1749.
Barnabótaauki (188. mál) 1889, 2000.
Bætt merking akvega (45. mál) 1785.
Dómsvald í héraði (227. mál) 1993.
Eftirlaun til aldraðra (205. mál) 1690, 1999.
Fiskifélag Íslands (22. mál) 1785.
Fjárlög 1985 (1. mál) 1893, 1985.
Fjármögnun krabbameinslækningadeildar (104. mál) 1788.
Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (186. mál) 1715, 1888.
Fræðslukerfi og atvinnulíf (75. mál) 1785.
Fæðingarorlof (148. mál) 1830.
Geymsla kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði (204. mál) 1783.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (200. mál) 1793.
Háskóli Íslands (235. mál) 1993.
Heilbrigðisþjónusta (153. mál) 1868, 1883.
Kostnaður vegna kjaradeilunefndar 1818.
Lyfjadreifing (176. mál) 1866, 1882, 1992.
Lækkun húshitunarkostnaðar (52. mál) 1802.
Löggiltir endurskoðendur (138. mál) 1714.
Málefni aldraðra (192. mál) 1705, 1708, 1883.
Nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi (206. mál) 1784.
Sala Landssmiðjunnar (133. mál) 1708.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (189. mál) 1689, 1696, 1888, 2000.
Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum (202. mál) 1783.
Sparnaður í fjármálakerfinu (199. mál) 1783.
Söluskattur (214. mál) 1892, 2001.
Tekjuskattur og eignarskattur (155. mál) 1699, 1708, 1890, 2001.
Tekjuskattur og eignarskattur (187. mál) 1819, 1863, 2001.
Tekjustofnar sveitarfélaga (190. mál) 1698, 1707, 1890, 2000.
Tilhögun þingfunda 1708.
Tímabundið vörugjald (201. mál) 1690, 1826, 1863, 2017.
Varamaður tekur þingsæti 1689.
Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (150. mál) 1837, 1863, 2017.
Verðjöfnunargjald af raforkusölu (233. mál) 1994.
Verðlagsráð sjávarútvegsins (167. mál) 1732, 1736, 1862, 1864.
Vélstjórnarnám (222. mál) 1862.
Yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun (169. mál) 1771.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1784, 1815, 1928, 1986.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 1689, 1862.
Forseti Nd. Karvel Pálmason 1708.
Félmrh. Alexander Stefánsson 1766, 1769, 1780, 1782, 1793, 1890.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 1690, 1714, 1715, 1716, 1721, 1729, 1823, 1829, 1888, 1889, 1890, 1892, 1977, 1987, 2001, 2017.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 1690, 1697, 1706, 1865, 1875, 1880, 1883, 1887, 1988, 1991, 1992.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 1708, 1750, 1761, 1772, 1777, 1808, 1994, 1997.
Landbrh. Jón Helgason 1993.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 1862, 1993.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1860, 2017.
Árni Johnsen 1824, 1858, 1861.
Birgir Ísl. Gunnarsson 1874.
Björn Dagbjartsson 1759, 1786, 1857.
Davíð Aðalsteinsson 1697, 1698, 1704, 1707, 1999.
Egill Jónsson 1817.
Eiður Guðnason 1754.
Ellert B. Schram 2011.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1689, 1699, 1703, 1819, 1826, 1843, 1861, 1988.
Friðjón Þórðarson 1959, 2028.
Friðrik Sophusson 1735.
Geir Gunnarsson 1765, 1769, 1907.
Guðmundur Bjarnason 1756, 1778, 1943.
Guðmundur Einarsson 1733, 1747, 1954.
Guðmundur J. Guðmundsson 1782.
Guðrún Agnarsdóttir 1760, 1873, 1957.
Guðrún Helgadóttir 1767, 1770, 1867, 1871, 1876, 1881, 1891.
Gunnar G. Schram 2007.
Halldór Blöndal 1736, 1754, 1760.
Helgi Seljan 1695, 1698, 1705, 1768.
Hjörleifur Guttormsson 1711, 1737, 1757, 1764, 1776, 1802, 1816, 1946, 2026.
Jóhanna Sigurðardóttir 1788, 1935.
Jón Baldvin Hannibalsson 1723, 2013.
Jón Kristjánsson 1786.
Karl Steinar Guðnason 1697, 1698, 1823, 1841.
Karvel Pálmason 1814, 1915, 1983, 2022.
Kjartan Jóhannsson 1893.
Kolbrún Jónsdóttir 1928.
Kristín Halldórsdóttir 1759, 1931.
Margrét Frímannsdóttir 1732, 1779, 1782, 2024.
Ólafur G. Einarsson 1868.
Ólafur Þ. Þórðarson 2030.
Páll Pétursson 1758.
Pálmi Jónsson 1894.
Pétur Sigurðsson 1866.
Ragnar Arnalds 1700, 1705, 1775, 1822, 1963, 1996.
Salome Þorkelsdóttir 1791.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1689, 1749, 1752, 1764, 1819, 1825, 1830, 1860, 1950.
Skúli Alexandersson 1846.
Stefán Benediktsson 1829, 1859.
Stefán Guðmundsson 1732.
Stefán Valgeirsson 1755, 1763, 1864, 1865.
Steingrímur J. Sigfússon 1753, 1756, 1771, 1775, 1784, 1785, 1787, 1974.
Svavar Gestsson 1715, 1719, 1730, 1736, 1878, 1884, 1888, 1889, 1966, 2004.
Valdimar Indriðason 1837.

Efri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Eftirlaun til aldraðra, frv. 205. mál (þskj. 240). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lyfjadreifing, frv. 176. mál (þskj. 188, n. 315). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Hér er um að ræða breytingu á lögum um lyfjadreifingu, þ. e. 44. og 45. gr., þar sem um er að ræða að Lyfjaverslun ríkisins verður eins og var fyrir 1982 undir yfirstjórn fjmrn.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þetta frekar. En eins og a. m. k. sumum hv. alþm. mun kunnugt bar á góma í umr. í Nd. hvort ekki væri ástæða til að gera breytingar á 43. gr. laga um lyfjadreifingu, þ. e. þar sem þess er getið að Lyfjaverslun ríkisins annist framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna. Hæstv. ráðh. gat þess við umr. í Nd. að það væri full ástæða til að setja nánari reglur í þessu efni, en til þess skorti lagastoð.

Sannleikurinn er sá að þess er hvergi getið hvert það birgðahald, eins og nefnt er í lögum um lyfjadreifingu, skuli vera, né heldur hverjir eigi að kosta það birgðahald. Ég vil skýra frá því að ég hafði í þessu efni samband við Guðjón Petersen forstöðumann Almannavarna ríkisins og innti hann eftir því hvort ekki væri ástæða til að gera þarna breytingar á, að lágmarki að setja þá inn í lagagreinina eitthvað á þá leið að nánari ákvæði verði sett í reglugerð um framkvæmd og kostnað vegna birgðahalds fyrir Almannavarnir ríkisins. Hann tjáði mér að lög um almannavarnir væru til endurskoðunar um þessar mundir og líklega kæmi fram frv. um almannavarnir áður en langur tími liði. Þessi mál, þ. e. lyfjamálin að því er varðar birgðahald Almannavarna ríkisins, heyra undir landlæknisembættið. Forstöðumaður Almannavarna taldi eðlilegast að þegar þetta frv., sem ég gat um, um Almannavarnir væri komið fram yrði fremur athugað um þær skyldur Lyfjaverslunar ríkisins að sjá um birgðahald fyrir Almannavarnir. Þetta mál yrði því látið bíða.

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að þetta kæmi fram við þessa umr. Eins og fram kemur og ég hef þegar greint frá leggur heilbr.- og trn. einróma til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Stálvölsunarverksmiðja, frv. 236. mál (þskj. 312). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs af lánum vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju á þskj. 312.

Á fundi ríkisstj. 23. ágúst 1984 var ákveðið að fjmrh. undirbyggi frv. til l. um heimild til ríkisábyrgðar að erlendu láni er Stálfélagið hygðist taka. Stálfélagið hf. áformar byggingu stálverksmiðju í Fögruvík í Vatnsleysustrandarhreppi til framleiðslu steypustyrktarstáls og stangastáls til smíða. Efnahagslegar forsendur framleiðslunnar er fyrst og fremst stöðugur markaður innanlands fyrir afurðir, innlent brotajárn og hagstæð samkeppnisskilyrði vegna fjarlægðar annarra framleiðenda. Verksmiðja Stálfélagsins verði „mini"-verksmiðja, þ. e. lítil eining með staðbundnar rekstrarforsendur sem notar ekki járngrýti sem hráefni. Talsvert hefur verið byggt af slíkum verksmiðjum í seinni tíð. Í Bandaríkjunum hafa þannig verið byggðar um 40 „mini"-verksmiðjur síðustu tvo áratugina.

Halmstads Järnverk í Svíþjóð hefur síðustu árin haft stærstu markaðshlutdeild steypustyrktarstáls hérlendis. Verð á stálinu í sænskum krónum hefur farið hækkandi og sem næst tvöfaldast frá 1977. S. l. vetur tryggði Stálfélagið sér á hagstæðum kjörum notaða verksmiðju sem var í eigu Halmstads Järnverk, en það fyrirtæki keypti hana af fyrri eigendum fyrir nokkrum árum til að öðlast markaðshlutdeild hennar á sænskum markaði.

Verksmiðjan er í mjög góðu ásigkomulagi, nýlega endurnýjuð og hentar markaðsmöguleikum hér vel. Skv. áliti matsaðila um verksmiðjuna er óvenjulegt að hægt sé að finna notaðar verksmiðjur sem henta aðstæðum annars staðar. Halmstads Järnverk, sem verður einn af stærri hluthöfum Stálfélagsins, kemur til með að styðja Stálfélagið við uppbyggingu framleiðslunnar hér, bæði tæknilega og markaðslega.

Stofnfjárþörf völsunarverksmiðjunnar er á októberverðlagi 103 millj. kr., sem fjármagnast með hlutafé að 30%, láni frá Norræna fjárfestingabankanum að um 50% og leigukaupum af tækjum að 20%. Hlutafé skiptist þannig að um 700 einstaklingar og 300 fyrirtæki innlend verða með 51%, Framkvæmdasjóður með 30% og Halmstads Järnverk með 19%. Tryggt hefur verið 13 millj. kr. framlag Vatnsleysustrandarhrepps í formi aðstöðu og fasteignagjalda fyrstu 5—10 árin sem notað verður til uppbyggingar bræðslustöðvar. Áfram verður unnið að öflun hlutafjár í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar félagsins. Þannig er hátt eiginfjárhlutfall fyrirtækisins tryggt.

Afkastavextir fyrirtækisins eru áætlaðir um 15% á föstu verðlagi miðað við 15 ára rekstrartímabil og lægsta afurðaverð í Skandinavíu. Gert er ráð fyrir að arðsemismöguleikar aukist þegar framleiðsla smíðastáls hefst, sem áætlað er að verði um áramótin 1986/87 á svipuðum tíma og brotajárnsbræðsla byrjar. Fyrir liggja hagstæð tilboð í bræðslutæki sem lækka mun stofnkostnað bræðslustöðvar verulega frá því sem fyrri áætlanir gerðu

ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni umr. hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. 148. mál (þskj. 153). — Frh. 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Fá orð duga um þetta mál, svo oft sem ég hef rætt það hér í þessari hv. deild. Almennur stuðningur minn liggur þegar fyrir við meginatriði málsins. Fæðingarorlof er ótvírætt jafnréttismál og sjálfsagt að það sé eins langt og unnt er. Hér er um samfélagslegt verkefni að ræða sem vissulega hlýtur að vera eitt af þeim fremstu sem við verðum að leggja alúð við.

Eins og oft hefur komið fram hér áður í hv. deild skipta samskipti móður og barns fyrstu mánuði miklu meira máli en annað. En vissulega hefur framfærslu- og tekjuspurningin komið ríkulega hér inn í myndina, alveg sérstaklega í umr. um þetta mál á fyrri stigum. Þessu máli hefur þokað áleiðis, allt of hægt finnst eflaust sumum, en ótvíræðar réttarbætur hafa þó fengist og um það deilum við ekki.

Spurningin um tekjuviðmiðunina hefur ævinlega verið mjög til umfjöllunar í öllum umr., alveg sérstaklega þegar þetta mál var síðast hér til umr. sem stjfrv. Hér á ég alveg eins við launamismun almennt og um hitt atriðið er varðar launatekjur fyrir fulla vinnu utan heimilis, hálfa vinnu eða heimilisstörfin ein, eins og það er nú oft orðað. Um heimilisstörfin ætla ég ekki að ræða. Það hefur verið gert svo oft áður. Vanmat á þeim störfum hefur víða komið fram og þarf vissulega að taka þau mál frá grunni. Spurningin er aðeins um það á hvern hátt menn nálgast það mat þótt greinilegt sé að viðhorf séu að breytast til þess máls.

Ég nefni sem dæmi að inn í þetta fæðingarorlofsmál hefur oft komið spurningin um hinar misjöfnu aðstæður heimavinnandi. Ég tek dæmi um konu með erfitt heimili m. a. vegna umönnunar eldra fólks eða þá barnafjölda eða annarra aðstæðna, svo sem heilsufars. Hv. 6. landsk. þm. fjallaði nokkuð um slíkar aðstæður varðandi skattamál á dögunum. Ég get út af fyrir sig tekið undir hans mál að öðru leyti en því sem sneri að skattamálunum beint, þar var ég nokkuð á öndverðum meiði. Þessi kona hefur aldrei náð að ávinna sér þann rétt sem er bundinn ótrúlega mörgu sem beinar launatekjur færa. Þá á ég ekki einungis við fæðingarorlof heldur margs konar réttindi önnur. Þó vissulega sé oft um tvöfalt vinnuálag að ræða hjá þeim sem stunda hvort tveggja er réttur enginn. Einstæð foreldri hafa einnig sína sérstöðu sem ekki þarf að rekja, en þar eru aðrir þættir í lífsaðstöðu og kjörum enn þá meira afgerandi.

Við höfum líka oft rætt um húsmæður í sveit sem vinna ótaldar vinnustundir að búskapnum og hafa sína sérstöðu. Með vissum aðgerðum hefur þegar verið reynt að tryggja réttindi þeirra að nokkru leyti. Það var gert með lögum um lífeyrissjóð bænda á síðasta þingi. Ber að fagna því. Hér er um vanmetið vinnuframlag í verðlagsgrunni að ræða og þó kannske enn frekar varðandi skattframtöl.

Ég hef íhugað það nokkuð að sama fæðingarorlof var lengt með tilheyrandi lágmarksgreiðslu, það kallar enn á spurningar sem tengjast launamismuni almennt og mér finnst skipta miklu. Þær spurningar eru ekki hér til umræðu frekar en annars staðar og ætti kannske að taka þær fyrir úti á launamarkaðinum. Þar er rétti vettvangurinn til að bæta úr launamismuninum þannig að öll áunnin réttindi fylgi í kjölfarið.

Á fundi með konum á Eskifirði nú í haust bar þessi mál á góma og það var greinilegt að þar voru ekki allar á eitt sáttar um það hvernig með þessi mál skyldi farið. Þar var t. d. á það bent að fæðingarorlof konunnar á lágmarkstaxtanum væri allt annað en þeirrar sem hefur vel launaða stöðu. Nefnt var dæmi um tvær systur sem báðar vinna fulla vinnu. Báðar fengu þriggja mánaða fæðingarorlof en fengju sex mánaða orlof skv. þessu frv. Tekjugrunnur annarrar var 14 700 á mánuði, hinnar 33 600 ef ég man þessar tölur rétt. Greiðslumismunur fæðingarorlofs var 56 700 en yrði 112 400 skv. þessu frv. eftir að það yrði að lögum. Því mér sýnist lágmarksviðmiðunin vera nokkuð svipuð í þessu frv. Þar kom fram sú hugmynd, sem ég vil benda á án þess að gera hana beinlínis að minni, að fæðingarorlofsgreiðsla ætti að vera hin sama til allra og það væri kannske næsta skref sem stíga ætti í þessum efnum. Ég benti á það á þessum fundi að dæmi af þessu tagi væru því miður nokkuð „absúrd" ef svo má segja, þ. e. að ekki væri svo mikið um það að konur ynnu á háu töxtunum. Þarna er þó a. m. k. um rífleg meðallaun að ræða, þ. e. 33 600 á mánuði, og ekki mörg dæmi af því tagi. En á þetta var þarna lögð áhersla.

Máske verður þessum launamismuni breytt svo sem þörf er, en ekki er sú þróun byltingarkennd svo ekki sé meira sagt. En ég varpa þessu aðeins fram hér varðandi þetta tryggingamál þó ég geri mér grein fyrir því að þá kemur aftur hin hliðin um það að foreldri missi einskis í tekjum. Sem tryggingamál væri þessi leið, jöfn greiðsla til allra miðað við eðli málsins, að mörgu leyti leið sem ætti að skoða jafnhliða lengingu á fæðingarorlofinu.

Ég vil legga því lið að þoka þessu máli áfram á sama hátt og gert hefur verið til jöfnunar fyrst og síðast og aukningar að sjálfsögðu einnig. Ég hygg að í hugum margra sé spurning um það hvert næsta skref eigi að vera svo árangur þess megi koma þar að mestu gagni sem mest er þörfin. Ég hef heyrt um það margar greindar meiningar á hvern hátt það skuli gert og þá þarf að huga að tekjuviðmiðuninni.

Málið er mál áfangasigra og þá áfangasigra verður áfram að tryggja. Því legg ég þessu frv. lið á þann hátt sem ég get. Það er greinilegt af öllu að hæstv. núv. ríkisstj. er ekki með neitt slíkt á prjónunum. Það verður a. m. k. ekki séð af þeirri málaskrá sem lögð er fyrir þetta þing að svo sé og kannske bíður bjartari tíð ef þessi ríkisstj. nær þá að lifa nokkra bjartari tíð yfirleitt. En á þessu þingi er greinilega einskis þaðan að vænta.

Það er því að vonum að þolinmæði sé á þrotum jafnvel hjá stjórnarliðinu eins og best sést á því að í Nd. hafa tveir hv. þm. Framsf. flutt frv. um fæðingarorlof. En ég vek líka athygli á því að þar kemur glögglega fram hver var á sínum tíma fyrsti flm. þess máls fyrir næstum tveim

árum, þ. e. hæstv. núv. félmrh. Hæstv. ráðh. er nú ekki staddur hér í þessari deild og vil ég því aðeins segja að það er heldur hljótt um hann í þessu máli nú. En hann hafði býsna hátt um þetta mál á sínum tíma og taldi að menn hefðu gert heldur lítið í þessum málum. Þó hafði hann tekið þátt í stjórnarsamstarfi um fjögurra ára skeið án þess að til hans hefði heyrst mikið fyrr en rétt fyrir kosningarnar. En hins vegar hefur þessi hæstv. ráðh. nú vitanlega góða aðstöðu til að hnippa í félaga sinn, hæstv. heilbr.- og trmrh., og saman gætu þeir þokað þessu virkilega vel á veg. Ég man vel eftir umr. um þetta mál síðast þegar það var á dagskrá. Þá kom fram gagnrýni á málsmeðferð þess úr röðum sjálfstæðismanna sem þá voru í stjórnarandstöðu. Ég þykist þess því fullviss að vandalaust sé að fá öflugt atfylgi stjórnarliða í þessu máli ef þeir aðeins myndu eftir því nú að þörf væri einhverra úrbóta eins og þeir töldu þá. Nýir áfangar sem allra lengst leggja grunn að betra þjóðfélagi, velferð þeirra yngstu er aldrei of vel tryggð og því skal undir meginmál þessa frv. tekið.

Ég vek á því athygli og tel það lofsvert að jafnhliða því að þetta frv. er lagt fram er lagt fram frv. um tekjuöflun á móti, nokkuð sem gerist allt of sjaldan. Ég get vel hugsað mér hana í þessu eða svipuðu formi, enda man ég það frá umr. í fyrra um tryggingamál almennt að ég benti á leið af þessu tagi sem gjarnan mætti hafa í huga sem æskilega tekjuöflunarleið. Ég get því lýst stuðningi við fylgifrv. þetta í leiðinni.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Þetta frv. var hér til umr. á s. l. þingi og tók ég þá mjög undir efni þess. En í mínum huga er hlutverk ríkisvaldsins að jafna aðstöðu fólks. Í því sambandi er mikilvægt að allar konur hafi rétt til fæðingarorlofs án tillits til þess hvort konur eru heima- eða útivinnandi. Jafnframt er mikilvægt að lengja fæðingarorlof til þess að gefa foreldrum tækifæri til að annast börn sín heima fyrstu æviár þeirra.

Það er ein efasemd sem ég hef við þetta frv. og hún er í sambandi við að allir skuli halda þeim tekjum sem þeir hafa á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta gæti leitt til þess að forstjóri sem hefði 150 þús. á mánuði, eins og við heyrum dæmi um í dag, mundi fá það framlag á einum mánuði sem tæki almenna launakonu sex mánuði að ná. Þetta held ég að sé alls ekki rétt miðað við stöðuna sem við erum í. Þetta tel ég vera svonefnt yfirboð. Við verðum að vera raunsæ og rétta fyrst og fremst hlut þeirra kvenna sem hafa engan rétt á fæðingarorlofi nú, sníða okkur stakk eftir vexti og leggja fyrst og fremst áherslu á að ná til þeirra sem engan rétt hafa því að ríkisvaldið hefur ekki yfirráð yfir hinum almenna vinnumarkaði. Ef eitthvert fyrirtæki hefur tök á því að greiða sínu fólki mjög há laun getur það sama fólk ekki gert kröfu til þess að ríkisvaldið greiði því sömu laun á meðan það er í fæðingarorlofi. Þetta fólk er líka betur í stakk búið til að taka sér frí og annast sín börn en þær konur sem vinna í fiskvinnslu eða öðrum illa launuðum störfum eða heimavinnandi húsmæður sem hafa engan orlofsrétt.

Ég vil endilega undirstrika þetta. Mér láðist að sjá þetta í frv. áður en það kom til umr. á s. l. ári. Ég ræddi við konur sem voru að dreifa þessu frv. úti á landi í sumar og spurði þær um þetta atriði og þær höfðu ekki hugmynd um þetta. Ég vil því endilega undirstrika það í þessari umr. og heyra rök fyrir því að þetta þurfi endilega að vera inni í frv.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég vil þakka þau góðu orð sem hér hafa fallið til stuðnings þessu frv. Ég skal útskýra hér aftur þau rök sem eru fyrir því að foreldri haldi fullum launum í fæðingarorlofi. Ég gerði það í framsögu með frv. þegar það var flutt en ég skal fara yfir það aftur.

Í fyrsta lagi er það spurning um mat á störfum og má segja að sú hlið þessa máls sé hugarfarsleg, þ. e. að ekkert starf, sem foreldri hefur með höndum úti á vinnumarkaðnum, sé hærra metið en það starf að annast um barn á fyrstu ævimánuðum þess. Að þessu leytinu til eru því hugmyndafræðilegar forsendur lagðar til grundvallar sem eru, geri ég ráð fyrir, nokkuð róttækar miðað við þær starfsmatsforsendur sem við búum við, þ. e. að foreldri hafi aldrei lægri laun fyrir að annast um barn sitt en fyrir hvaða starf annað sem foreldri hefur með höndum úti á vinnumarkaðnum.

Í öðru lagi eru konur fyrirvinnur heimila rétt eins og karlar og þær konur, sem líklegar eru til að njóta fæðingarorlofs, eru í þeim aldurshópi sem nú er að hasla sér völl á vinnumarkaðnum og að byggja. Við vitum öll mætavel, hv. þm. í þessari deild, hvernig fjárhag heimilanna er komið hvað varðar langtímalán og annað þvíumlíkt. Ég held að afskaplega fá heimili hafi efni á því að missa einhvers af tekjum sínum við þessar aðstæður. Ég er þeirrar skoðunar að barátta fyrir bættum kjörum kvenna snúist ekki um það að lækka þær í launum þegar þær eignast börn og fara heim um nokkurra mánaða skeið til að annast þau, a. m. k. mun Kvennalistinn aldrei leggja til eða styðja neina till. sem gerir það að verkum að konur lækki í launum á einn eða annan máta. Ef kona er svo ljónheppin að hafa það góð laun að hún geti lifað af þeim — en það eru sennilega ekki mjög margar konur — ætlum við alla vega ekki að refsa henni fyrir það að eiga börn með því að lækka hana í launum þegar hún tekur fæðingarorlof.

Þetta fæðingarorlof miðast við afkomutryggingu heimilanna og það er líka mikilvæg forsenda þess að feður geti nýtt sér fæðingarorlofið. Þeir eru yfirleitt mun hærra launaðir en mæðurnar og það mætti segja mér að ein ástæða þess hve feður nýta sér þessi réttindi sín lítið sé sú að þeir lækka mjög verulega í launum við töku fæðingarorlofs. Í fyrra voru aðeins 4% feðra sem nýttu sér fæðingarorlofsréttindi sín. Á móti má benda á að í Svíþjóð eru það 33% feðra sem nýta sér þessi réttindi, en þar er fæðingarorlof 90% af fullum launum foreldris.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir minnti á að það væri út af fyrir sig varla hægt að ætlast til þess að ríkið greiddi t. d. forstjóralaun, 150 þús. kr., í mánaðargreiðslur til foreldris. Vissulega kemur til greina að koma í veg fyrir að slíkar roknafjárhæðir væru greiddar út í fæðingarorlofi. Það er vissulega hægt án þess þó að skerða að nokkru leyti laun þeirra kvenna sem fyrst og fremst nýta sér fæðingarorlofið. Þær munu velflestar vera langt, langt fyrir neðan þessa tölu í launum.

Ég er þeirrar skoðunar að fyrir bættum launakjörum kvenna verði ekki barist í fæðingarorlofsmálum í sjálfu sér heldur á öðrum vettvangi. Þær bætur sem nást kunna skili sér síðan inn í fæðingarorlofsgreiðslur ef rétt er á málum haldið. Ef laun kvenna úti á vinnumarkaðnum hækka hækka fæðingarorlofsgreiðslur að sama skapi.

Fleira má telja upp til rökstuðnings fyrir þessu atriði frv. En mér finnst sú krafa sem hér er fram sett um að setja alla á sömu krónutölu dálítið vanhugsuð. Það má spyrja á móti: Á þá að setja alla á sömu krónutölu þegar menn fara í veikindaorlof? Ef við ætluðum að hafa þetta lag á greiðslum þegar fólk tekur sér hlé frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum væri kannske eðlilegt að það næði yfir öll slík hlé eða orlof og að einstaklingur, sem þarf að hverfa frá vinnu í einhvern tíma, njóti þá einhverra annars slags fastra greiðslna en ekki launa sinna eins og nú er. Þetta vil ég biðja hv. þm. að athuga.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég hygg að það hafi komið fram í máli mínu áðan og ég vil undirstrika það enn frekar nú að ég veit vel að aðalbreytingin verður vissulega að gerast úti á hinum almenna launamarkaði. Þar verður launajöfnunin að koma til og áunnin réttindi svo að fylgja í kjölfarið. Það geri ég mér alveg fullkomlega ljóst og það er meginmálið.

Spurningin er svo um það hvers eðlis fæðingarorlofið er í sjálfu sér. Er það aðeins hlé frá vinnu eða er það spurning um ákveðna tryggingu, ákveðið tryggingamál? Ég lít svo á að þetta mál snerti hvort tveggja. Þetta er ákveðið tryggingamál. Þar með komum við inn á eitthvað sem heitir jafnar greiðslur. Ég minni á það sem sú kona, sem hafði helst orð fyrir þeim á Eskifirði, sagði, að ef slíkt fyrirkomulag á að halda áfram um að fullum launum sé haldið, þá er verið að viðhalda forréttindum þess sem hæst hefur launin, eins og hún orðaði það, og verið að refsa hinum. Það er málið, sagði hún. Ég tek það bara nákvæmlega eins og hún sagði það. Þar af leiðandi gætu það ekki verið fullgild rök í þessu máli út frá því sjónarmiði hennar að hér væri um samfélagslegt tryggingamál að ræða framar spurningunni um hinar almennu launatekjur.

En hún tók líka fram mjög skýrt — til þess að það misskiljist ekkert enda hefur hún verið í þeirri baráttu sjálf — að á hinum almenna launamarkaði þyrfti að vinna betur að jöfnun kjara, alveg sérstaklega að hækka konur í launum til þess að þessi mismunur yrði ekki slíkur sem hann er óneitanlega í dag. Kannske ekki í mörgum tilfellum en býsna mörgum þó. Sem betur fer er nokkur hluti kvenna vel launaður og vonandi fer sá hópur mjög vaxandi um leið.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Í umr. um þetta mál í hv. deild á síðasta ári benti ég á að þessi merking Kvennalista á fjárlögum varðaði um nær 2% fjárlaga. Hv. þm. og flm., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sagði í máli sínu að það gæti ekki verið og undirstrikaði þá að hún hafði ekki gert sér grein fyrir því um hvað væri að ræða í peningum. Það er ósköp einfalt að koma hér upp með till. mánaðarlega eða árlega sem marka tekjustofna samfélagsins og binda þá, en það er hins vegar spurning um það hvort slíkar till. eru ekki fremur sýndarmennska en alvara.

Það er mikið misrétti fólgið í því að gerður sé slíkur greinarmunur sem frv. hv. þm. gerir grein fyrir, á rétti nýborins barns. Þarna hlýtur einnig að eiga að fjalla um rétt barnsins ekki síður en foreldris. Að tryggja öllum laun, bæði móður og föður, það er að sjálfsögðu út í hött og er ekki einu sinni tímabært að fjalla um slíkt í alvöru.

Það er hægt að velta svona hlutum fyrir sér á margan hátt. Ef við horfum nú í eigin garð og veltum fyrir okkur hvaða fjölskyldur innan þingflokka skyldu hafa hæst meðallaunin þá kemur í ljós að líklega er þar Kvennalistinn efstur á blaði með hæstar ráðstöfunartekjur á fjölskyldu. Líklega hefur meiri hluti Kvennalista allt að 10—12 sinnum meiri ráðstöfunartekjur en almenn verkamannafjölskylda í landinu. Er Kvennalistinn með slíku frv. að tryggja þannig eigin rétt? Kvennalistinn hefur verið þekktur fyrir það að vitna í vini sína í ummælum á Alþingi. Er listinn e. t. v. að tryggja þarna eigin rétt í tekjuöflun umfram aðra og almenna þegna þessa lands?

Gert er ráð fyrir að faðir geti tekið fæðingarorlof og ég ætla ekki að endurtaka það sem ég fjallaði um þetta mál í umr. á síðasta þingi. En það er mikil hætta á því að ef slíkt frv. nær fram að ganga byrji hrossakaup í sambandi við fæðingar barna, að tekjuháir feður fari að taka sér fæðingarorlof til þess að ná fram ákveðnum möguleikum í peningum á kostnað móðurinnar sem málið á þó allt að snúast um. Ég vil því leyfa mér að kalla slíkt frv. Kvennalista fyrst og fremst sýndarmennsku.

Það er full ástæða til þess hins vegar að rétta hlut þeirra kvenna sem sitja hjá í þessu máli í dag. Það eru um 1400 konur sem hafa skertan rétt skv. síðustu tölum á móti, ef ég man rétt, 2700 sem hafa haft fullan rétt. Það er þarna sem þarf að taka á, að það sé sami réttur allra kvenna til fæðingarorlofs, að ekki sé tekið tillit til þess hvar fólk hefur lent í þjóðfélagsstiganum, að það sé sami réttur fyrir hvert nýborið barn í landinu en sé ekki verið að hossa þeim sérstaklega sem betur standa fjárhagslega.

Það er kannske ekki eðlilegt að aðilar, sem hafa eins háar rauntekjur og þeir sem standa að baki flutningi þessa máls í nafni Kvennalista, hugsi svo smátt að taka fyrst og fremst tillit til þeirra lægst launuðu og þeirra sem hjá sitja í rétti til fæðingarorlofs í landinu. En það er a. m. k. ástæða til að benda aðilum á að velta slíku fyrir sér og eyða þarna tortryggni og misrétti í staðinn fyrir að stuðla að því að það sé aukið.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Hv. þm. Árni Johnsen kom hér og talaði um að það ætti að vera sami réttur fyrir hvert nýborið barn í þessu landi. Vill þá ekki hv. þm. Árni Johnsen flytja einhverjar till. um það og sem gera það að verkum að hver fjölskylda hefði sömu aðstæður til að ala upp börn hér á landi? Vill þá ekki hv. þm. flytja till. um tekjujöfnun í þessu samfélagi, um jafna og réttláta dreifingu á skiptingu þjóðartekna? Væri það ekki nær?

Síðan bendi ég hv. þm. á að lesa frv. og sjá að þær 1400 konur, sem í dag bera skertan hlut frá borði vegna þess að þær eru heimavinnandi eða ekki í fullu starfi, fá fulla greiðslu fæðingarorlofs með þessu frv. (**Gripið fram í:** Lágmark?) Lágmark 18 089 kr. á mánuði. (**Gripið fram í:** Lágmark?) Já. Lágmark. Það er ekkert hámark á þessu, en það er sett lágmark. Ég sé enga ástæðu til að setja hámark á tekjur og afkomu kvenna, en það er fyllsta ástæða til að setja lágmark eins og í pottinn er búið núna.

Við getum verið síðan, hv. þm. Helgi Seljan og ég, á

mismunandi skoðun um tekjuviðmiðun. En ég vil að lokum segja það að ég undrast að forseti skuli ekki gera athugasemd við það þegar hv. þm. draga persónulega hagi annarra þm. hér í ræðustól.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 147. mál (þskj. 152). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Á þskj. 152 ber ég fram frv. til l. um breyting á lögum nr. 103/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Hér er um að ræða fylgifrv. með frv. til l. um fæðingarorlof sem ég hef hér þegar flutt. Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir 1% hækkun á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga og er flutt til þess að afla tekna til aukinna fæðingarorlofsgreiðslna, sbr. frv. til l. um breyting á lögum nr. 91/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum. Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir að lífeyristryggingagjald atvinnurekenda nemi 410 millj. kr. og miðað við þá upphæð er hér um að ræða 205 millj. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs."

Ég vil láta þess getið að ef þessar tölur eru hækkaðar um 25%, miðað við nýgerða kjarasamninga, þá verða 410 millj. að 512.5 millj. og tekjuaukningin því um 260 millj. kr. en ekki 205 millj. kr. Þessi tekjuaukning nemur ríflega ⅔ þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér. Síðan segir áfram í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í gögnum Þjóðhagsstofnunar um framvindu og horfur í efnahagsmálum, dags. 24. sept. 1984, er hagur atvinnurekstrar í landinu, að undanskildum sjávarútvegi, allgóður um þessar mundir. Á það einkum við um verslun, iðnað og ýmsar greinar þjónustu og munu þessar atvinnugreinar því auðveldlega geta borið þá gjaldaaukningu sem hér er lögð til.

Bætt aðstaða foreldra og ungabarna, sem lenging fæðingarorlofs felur í sér, skilar sér án nokkurs vafa í heilbrigðari einstaklingum. Á það jafnt við um börnin sem í hlut eiga og um foreldra þeirra sem nú eru uppistaða vinnuafls í landinu. Öllum atvinnurekstri er hagur að því að fá til starfa heilbrigða einstaklinga og því er sjálfsagt að atvinnurekendur leggi nokkuð af mörkum til þess að svo megi vera."

Hér lýkur grg. með frv. og ég vil aðeins taka það fram að lagagreinin sjálf er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í stað 2% kemur 3%. Ég hef nýverið lokið við að gera ítarlega grein fyrir nauðsyn á lengingu fæðingarorlofs svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka röksemdir mínar þar um nú. Það frv. sem hér er á ferðinni felur einfaldlega í sér öflun tekna til að standa straum af kostnaði vegna lengingar fæðingarorlofs þannig að ekki þurfi að treysta alfarið á fé úr ríkissjóði til þess hluta.

Það þarf í sjálfu sér lítið meira um þetta frv. að segja nema e. t. v. að hér er varla verið að ganga nærri atvinnurekstri í landinu. Hann hefur blómgast að undanförnu í skjóli núv. ríkisstj. eins og allar tölur sýna og sanna og ætti því að geta borið þá gjaldaaukningu sem hér er lögð til án stórskaða.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umr. um frv. óska ég eftir því að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 31. fundi.

Lyfjadreifing, frv. 176. mál (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 333).

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, frv. 233. mál (þskj. 307, n. 316, 322). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Þessu máli var útbýtt hér í Ed. rétt fyrir helgina og nú fyrir fáeinum mínútum barst á borð okkar þm. brtt. í sjö liðum við þetta frv.

Ég vil mælast til þess, ef þetta mál verður tekið hér til 2. umr. nú, að þá verði gefið hlé til þess að þm. hafi færi á að kynna sér efni þessara till. áður en að atkvæðagreiðslu kemur.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem er býsna þýðingarmikið hvernig fer um afgreiðslu á hér í þinginu. Hér sáum við að vísu fyrr á fundinum nál. frá iðnn. þar sem nm. skrifa undir með fyrirvara þannig að vissulega gátum við átt von á brtt. En ég sé að á þskj. 322 eru brtt. um öll grundvallaratriði þessa máls og ég tek því fyllilega undir það að mönnum gefist nokkurt ráðrúm til þess að líta á þetta. Að öðru leyti vil ég ekki að málið verði tafið á nokkurn hátt en að gefið verði nokkurt hlé til þess að átta sig á því hvað þessar till. fela í sér áður en menn greiða um þær atkv.

Forseti (Stefán Benediktsson): Samkvæmt óskum þdm. verður umfjöllum um 2. dagskrárlið frestað til síðari hluta fundar sem fyrirhugað er að halda milli 6 og

7 að loknum þingflokksfundum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hef hlustað á andmæli hv. dm. við því að frv. um verðjöfnunargjald af raforku skuli hafa borið svo brátt að með þessar brtt. En ég vil skýra frá því að ég tjáði formanni n. að ég mundi hugsanlega leggja till. fram. Og annað er það að hafi menn lesið frv. sjálft og þau fskj. sem því fylgja, þá eru þessar till. allar í því, þannig að það ætti ekki að vera til hindrunar þó þessar brtt. hafi komið fram hér. Þessar till. eru í samræmi við það álit sem sérstök nefnd, sem skipuð var til að fjalla um þessi mál, sendi frá sér. Þykir mér því afar slæmt að málinu skuli frestað nú. Ég tel það alveg þarflaust.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins út af ummælum hv. 6. landsk. þm. Eitt er að lesa frv. og fylgigögn þess, annað að taka afstöðu til grundvallaratriða sem felast í mismun á frv. og fylgigagni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það hefur orðið að samkomulagi að frsm. iðnn. mæli fyrir nál. nú og einnig frsm. fyrir brtt., en síðan verði umr. um málið frestað til klukkan 6.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar. Hún hafði að vísu skamman tíma. En leitast var við að athuga málið af samviskusemi. Nefndin fékk þess vegna á sinn fund Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra og fékk álit Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra. Þetta var gert með tilliti til þess að verðjöfnunargjaldið snertir fyrst og fremst eða nær eingöngu tekjulega séð fyrirtæki þessara framkvæmdastjóra, þ. e. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Þeir lýstu yfir að þeir hefðu ekki við frv. að athuga.

N. leggur til að frv. verði samþ. Undir það skrifa allir nm., en þrír nm. með fyrirvara, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson og Skúli Alexandersson.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, er gamall kunningi þó að það beri að nú í öðru formi en venjulega og árlega hefur borið að á hv. Alþingi. Eins og þm. er kunnugt áttu lög nr. 83/1975, um verðjöfnunargjald af raforku, upphaflega að gilda í eitt ár og síðan hafa þessi lög verið framlengd árlega um eitt ár. En það hafa stundum verið gerðar breytingar á upphæð verðjöfnunargjaldsins. Síðasta breytingin var gerð fyrir, að mig minnir, tveimur árum þegar gjaldið var hækkað upp í 19%.

Þetta frv., sem við höfum nú hér til meðferðar, er samhljóða lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, nema að það eru felld niður úrelt ákvæði varðandi Rafmagnsveitur ríkisins. Að öðru leyti er hér um gamlan kunningja að ræða, ef svo má komast að orði.

Þó eru tvær breytingar í þessu frv. frá gildandi lögum. Það er annars vegar að verðjöfnunargjaldið er lækkað úr 19% í 16% og svo hins vegar að verðjöfnunargjaldið á samkv. frv. að greiða beint til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en ekki gegnum Orkusjóð eins og áður hefur tíðkast. Þessi breyting á greiðslunni er gerð vegna þess að talið er að það skipti engu máli að hafa þennan millilið í þessu efni og einn óþarfa millilið-ur er lagður niður í þessu sambandi.

Aðalatriðið er lækkun verðjöfnunargjaldsins. Það hefur verið gert ráð fyrir að Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúinu sé bætt upp það tekjutap sem þessi fyrirtæki verða fyrir á næsta ári eða því eina ári sem lögunum er ætlað að gilda ef frv. verður samþykkt. Það er gert með því að koma við skuldbreytingum lána hjá þessum fyrirtækjum. Skuldbreyting lána er í sjálfu sér ekki óafturkræft framlag eða styrkur eins og felst í verðjöfnunargjaldinu. Hins vegar hefur þessi ráðstöfun í för með sér að fyrirtækin verða ekki í greiðsluerfiðleikum á næsta ári vegna þessarar lækkunar verðjöfnunargjaldsins.

Það hefur verið talað um að halda lengra á þeirri braut að lækka verðjöfnunargjaldið. Ég skal ekki fara út í þá sálma hér. Þegar hefur verið talað um það. Þá hefur verið gert ráð fyrir því að á móti tekjutapi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða vegna niðurfellingar verðjöfnunargjaldsins verði gerðar ráðstafanir sem bæta þessum fyrirtækjum þetta tjón.

Í því efni læt ég mér nægja að vísa til þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. iðnrh. gaf um þetta efni við 1. umr. þessa frv. En í þeirri yfirlýsingu tók ráðh. fram að það yrðu gerðar ráðstafanir til að bæta fyrirtækjunum þann tekjumissi sem þau yrðu fyrir með afnámi verðjöfnunargjaldsins og ríkisstj. mundi leggja fyrir Alþingi í síðasta lagi haustið 1985 frv. til l. sem ræður þessu máli til lykta, eins og komist var að orði.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál eða fara að ræða hér sérstaklega spurninguna um verðjöfnunargjaldið, gildi þess forms á tekjuöflun fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Það mál hefur verið rætt svo oft hér áður. Eins og ég hef þegar tekið fram er þetta frv. í þessu sambandi einungis um það að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 16%.

Ég endurtek svo að iðnn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt og það leggur iðnn. til í heild, en þrír nm., eins og áður hefur verið tekið fram, hafa fyrirvara að þessu áliti.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni fékk iðnn. til fundar við sig Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra og þar kom fram að raforka mun hækka nú um áramótin um 22%, þannig að mér sýnist að sú lækkun sem hér er tilgreind í frv. um 3% hafi lítið að segja til lækkunar á rafmagnsverði til almennings. Niðurstaðan er sú að rafmagn mun þrátt fyrir þetta hækka um 20% frá áramótum.

Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við þetta frv., brtt. sem reyndar voru mótaðar af nefnd sem ráðh. skipaði með bréfi dags. 27. jan. á þessu ári, nefnd sem hélt 16 bókaða fundi og skilaði ítarlegu áliti sem tilgreint er í þessu frv. Í niðurstöðum nefndarinnar segir:

„Niðurstaða nefndarinnar er sú að verðjöfnunargjaldið skuli afnumið. Nefndin telur þó ekki unnt að gera það að fullu um næstu áramót, en tillaga hennar er sú að gjaldið verði afnumið í áföngum. Er því lagt til að gjaldið, sem nú er 19% verði 10% árið 1985 og 1986, 5% árin 1987 og 1988, en falli síðan niður.

Auk þessarar megintillögu er lagt til að sala raforku til allrar rafhitunar (ekki einungis húshitunar eins og nú er) verði undanþegin verðjöfnunargjaldi að fullu frá og með 1. jan. 1985. Sama tillaga er gerð um sölu raforku til dælingar hitaveitna á heitu vatni, til skipa í höfnum og til varmadæla. Ætla má að greitt verðjöfnunargjald

af þessari tölu sé nú um 20 millj. kr.

Þótt vitað sé að prósentuálagning verðjöfnunargjalds sé að því leyti óskynsamleg að hún leggst þyngst á það verð sem hæst er fyrir þykir ekki ástæða til að breyta álagningaraðferðinni nú þar eð verðjöfnunargjaldið fellur niður að tiltölulega skömmum tíma liðnum ef farið verður að tillögum nefndarinnar, enda fylgja slíkri breytingu ýmis tæknileg vandkvæði.

Til að mæta þeim tekjumissi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða sem í niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins felst eru eftirfarandi tillögur gerðar:

1. Þar eð tekjur af raforkusölu til hitunar standa ekki undir kostnaði verði veitunum bættur mismunurinn með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

2. Ríkissjóður aðstoði fyrirtækin að öðru leyti með tvennum hætti:

a) Félagslegur þáttur framkvæmda, sbr. skilgreiningu í fskj. 2 d, verði árlega að fullu greiddur úr ríkissjóði.

b) Ríkissjóður yfirtaki 1. jan. 1985 20% áhvílandi lána Rafmagnsveitna ríkisins og 7.5% áhvílandi lána Orkubús Vestfjarða. Þeim hluta lána, sem eftir standa hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán til 10 ára með raunvöxtum eigi hærri en 8% árin 1985—1987 og 6% árin 1988—1993.

Enn fremur er gert ráð fyrir nokkurri taxtahækkun hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða til samræmis við verðlag á raforku hjá öðrum rafveitum, eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Sérstaklega ber þó að geta þess að þótt tillögur séu gerðar um nokkra taxtabreytingu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða verður ekki um hækkun orkuverðs til notenda að ræða á árinu 1985, raunar um nokkra lækkun hjá Orkubúi Vestfjarða þegar tekið er tillit til lækkunar verðjöfnunargjalds um 10%.

Með þessum aðgerðum, sem nefndin telur framkvæmanlegar, er þó ekki gengið lengra en svo á þessu stigi að meðalverð Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á annarri raforku en til húshitunar verður því sem næst vegið meðaltal 15 rafveitna sveitarfélaga.

Skýringar á því að hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og afkoma þessara fyrirtækja gerir kröfu til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisins eru raktar hér á eftir. Ítarlegir útreikningar hafa verið gerðir til að leiða líkur að því að afkoma fyrirtækjanna verði viðunandi ef farið verður að tillögum nefndarinnar.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að verðjöfnunargjaldið hefur farið til þess að mæta þeim vandkvæðum sem eru á rekstrarafkomu þessara fyrirtækja.

1. Stefna ríkisvaldsins í húshitunarmálum hefur leitt til þess að verulegt tap er á orkusölu til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.

2. Meðalverði á annarri raforkusölu en til húshitunar hefur verið haldið tiltölulega lágu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Hefur m. a. sætt gagnrýni að orkuverð þessara veitna til notenda er lægra en hjá flestum sveitarfélagarafveitum. Þennan mun verður að jafna. Í afkomuáætlunum nefndarinnar er þó gengið tiltölulega skammt í þeim efnum.

3. Tekjur af framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar, sem Alþingi hefur samþykkt, hafa ekki staðið undir kostnaði. Því er talin ástæða til að ríkissjóður standi straum af óarðbærum hluta þessara framkvæmda.

4. Stefna ríkisvaldsins hefur verið sú, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförnum árum ekki fengið að leita hagkvæmustu lána til framkvæmda og eigin fjármögnun hefur verið lítil sem engin."

Í áliti nefndarinnar, sem er mun ítarlegra en ég mun tilgreina hér, er rökstutt frekar hvernig þessar leiðir eru hugsaðar, en í lokaorðum segir:

„Raforkuverð til notenda hér á landi er orðið tiltölulega hátt, m. a. í samanburði við verð í grannlöndum. Heildsöluverðið er sömuleiðis orðið hátt. Hlutfall gjalda vegna orkukaupa og tekna af raforkusölu er hjá flestum rafveitum á bilinu 60—70%. En verulegur þáttur í hinu háa orkuverði er skattlagning sem er hærri hér en víðast annars staðar. Afnám verðjöfnunargjalds er því liður í þeirri viðleitni að lækka raforkuverð í landinu.

Verðjöfnunargjald af raforku hefur jafnan verið umdeilt, allt frá því að það var fyrst lagt á með lögum nr. 96/1965 ...

Þróun raforkuverðs hefur orðið sú á síðustu árum að mjög margar af rafveitum sveitarfélaga hafa orðið að selja raforku við hærra verði en þær veitur er verðjöfnunargjaldsins njóta, þ. e. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Ljóst er því að gjaldið er orðið mjög óréttlátt. Því hefur nú þótt tímabært að endurskoða gildandi lög um gjald þetta.

Orkusala skv. sömu gjaldskrá frá öllum afhendingarstöðum í stofnlínukerfi Landsvirkjunar felur að sjálfsögðu í sér mikla verðjöfnun raforku um landið.

Fjárhagsaðgerðir ríkisins nú til að auðvelda niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins eru m. a. studdar eftirtöldum rökum:

Stjórnvöld hafa ekki heimilað fyrirtækinu raunhæfa verðlagningu á orku. Þau hafa ákveðið hröðun ýmissa framkvæmda umfram áætlanir fyrirtækjanna. Þau hafa aðeins að hluta greitt sannanlega óarðbærar aðveituframkvæmdir (félagslegan þátt). Þau hafa ekki heimilað Rafmagnsveitum ríkisins að leita hagkvæmustu lána á erlendum lánamarkaði. Verðjöfnunargjaldið hefur verið mikilvægur tekjustofn fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Það stuðlaði því í upphafi að minni verðmun en ella. Á síðari árum hefur það hins vegar ekki leitt til þeirrar verðjöfnunar sem að var stefnt. Hið nýja misræmi í raforkuverði hinna ýmsu rafveitna í landinu telur nefndin nauðsynlegt að leiðrétta svo sem kostur er.

Nefndin telur því að ríkinu beri skylda til að greiða fyrir afnámi gjaldsins með aðgerðum þeim sem lýst er í grg. þessari og meðfylgjandi frv. til laga."

Undir þetta nál. rita Birgir Ísl. Gunnarsson alþm., sem er formaður nefndarinnar, Kjartan Jóhannsson alþm., Stefán Guðmundsson alþm., Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri og Aðalsteinn Guðjohnsen rafmagnsstjóri.

Ég hef tekið þessa tillögu nefndarinnar upp hér sem brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Vestf. að óþarfi hefði verið að hafa það frv. sem hér liggur fyrir frá hendi rn., svo margoft sem það kemur fram, þegar eingöngu er um að ræða framlengingu á þessu gjaldi með lítilli 3% lækkun.

Ég legg áherslu á að rn. hefur ekki treyst sér til að fylgja tillögum nefndarinnar, tillögum sem að mínu mati eru mun skynsamlegri en þær tillögur sem rn. lét frá sér fara og er meira í takt við þær yfirlýsingar, sem

hæstv. ráðh. hefur látið frá sér fara að undanförnu, að leggja beri verðjöfnunargjaldið niður. Ég vænti þess að hv. þm. skoði þessar tillögur vel og sjái að með samþykkt þeirra er farið í réttan farveg. Ég minni á að þegar verðjöfnunargjaldið var sett á á sínum tíma barðist Sjálfstfl. með kjafti og klóm á móti þessu gjaldi og trúi ég ekki öðru en ég fái þá til fylgis við mig við að afnema það hér. Ég tel að almenningur á Íslandi verði undrandi á þeirri ráðstöfun að samþykkja hér smánarlækkun á verðjöfnunargjaldi, en jafnframt liggur það ljóst fyrir að rafmagn mun ekki lækka. Það mun hækka um 22% þegar um áramótin sem verður eins og köld gusa framan í orkukaupendur.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri nú, en vænti þess að hv. þdm. sjái að starf nefndarinnar, sem fjallaði um þetta, hafi verið af hinu góða og stefni í rétta átt.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Þetta frv. um verðjöfnunargjald af raforkusölu virðist vera og er veigamikill lagabálkur upp á einar 13 greinar, enda lofaði hæstv. iðnrh. því hér á Alþingi fyrir ári að hann mundi láta vinna nýtt frv. með breyttum áherslum í sambandi við stuðning við almenningsorkuveitur og sá árlegi viðburður mundi varla endurtaka sig að verðjöfnunargjald yrði framlagt enn einu sinni á óbreyttum grundvelli.

Á undanförnum árum hefur efni frv. um framlengingu verðjöfnunargjalds verið breyting á einu ártali í gildandi lögum. Í stað yfirstandandi árs hefur í lögin verið sett komandi ár. Þegar frv. það sem hér er til umr. er skoðað og borið saman við gildandi lög kemur í ljós að lítið meira er verið að gera nú en áður. Hér er hin árlega framlenging verðjöfnunargjalds af raforkusölu enn einu sinni á ferðinni, en í stað þess að bera fram frv. um breytingu á einni grein laganna er lagabálkurinn allur prentaður upp og kemur hér fram í frv.-formi.

Frv. fylgir allmikil grg. og fskj. Þegar þetta lesefni er skoðað kemur í ljós að þar er að finna alvörufrv. um hvernig hætta skuli álagningu þessa gjalds og hvaða ráðstafanir á að gera til að niðurfelling verðjöfnunargjaldsins sé möguleg. Það kemur sem sagt í ljós að alvörufrv. er bara fskj. við endurprentaðan lagabálk sem kallaður er frumvarp til laga.

Meðan aðrar leiðir eru ekki valdar til að tryggja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er ég samþykkur framlengingu verðjöfnunargjaldsins þó að mér finnist að það hefði mátt gera með frv. í færri greinum en þetta.

Verðjöfnunargjaldið hefur sína galla, sem margoft hafa verið upp taldir, og þar sýnist sitt hverjum. Kostir verðjöfnunargjaldsins eru þeir að með því hefur verið hægt að jafna orkukostnaðinum í landinu nokkuð. Á síðustu árum hefur t. d. verið hægt að halda verði orku frá Rafmagnsveitum ríkisins innan við 25% verðmun miðað við Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en eins og kunnugt er var sá verðmunur um 90% 1978.

Hvað er þá í frv. sem hér er til umr.? Í fyrsta lagi framlenging verðjöfnunargjaldsins á raforkusölu árið 1985 og í öðru lagi lækkun á þessu gjaldi úr 19%, sem það var í ár, í 16% sem það skal vera á næsta ári, 1985. Aðalbreytingin felst í lækkun gjaldsins úr 19% í 16%. Maður skyldi halda að allir fögnuðu því. Lækkar ekki orkuverð um það sem þessu nemur hjá öllum orkukaupendum? Svarið við þessari spurningu er nei. Það lækkar ekki hjá þeim aðilum sem nutu þess, þ. e. hjá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins, nema eitthvað komi í staðinn fyrir þann tekjumissi sem felst í lækkun verðjöfnunargjaldsins fyrir þessar veitur. Skv. frv. er ekki séð fyrir nýjum tekjum, en skv. aths. við frv. á að bæta tekjumissi RARIK og Orkubúsins með skuldbreytingum áhvílandi lána hjá fyrirtækjunum, þ. e. fresta greiðslu afborgana, en ekki yfirtaka lán né heldur bæta stöðu þeirra á annan máta, t. d. með nýjum tekjustofnum eða beinum ríkisframlögum.

Hér er farið inn á mjög vafasama braut. Skuldbreytingin breytir engu öðru en greiðslustöðu fyrirtækisins ákveðinn tíma. Í þessu tilfelli léttir hún greiðslustöðu næsta árs, en þyngir greiðslustöðuna síðar. Þar ofan í kaupið upplýsti rafmagnsveitustjóri, Kristján Jónsson, okkur um það á fundi iðnn. að skuldbreytingin bætti stöðu RARIK næsta ár um 47 millj. kr., en tekjumissirinn við lækkun verðjöfnunargjaldsins væri áætlaður um 59 millj. kr. Þarna vantar því upp á 12 millj. til þess að hlutur RARIK skerðist ekki beint. Ég hef því fullan fyrirvara á þessari útfærslu á jöfnun á stöðu RARIK og Orkubúsins og tel að í stað skuldbreytingar á lánum hefði ríkissjóður átt að yfirtaka lán fyrirtækjanna eða leggja þeim til fé eða þá að skapa hefði átt nýjan tekjustofn. Skuldbreytingin bætir ekki stöðu fyrirtækjanna. Hér er aðeins um frestun á vandamáli að ræða. Með því er verið að efna í hækkun orkuverðsins síðar.

Í nál. sem fylgir frv. er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt sé að bera saman verð fyrirtækjanna tveggja annars vegar og verð 15 rafveitna sveitarfélaga hins vegar, þannig að rafveitur höfuðborgarsvæðisins og Rafveita Akureyrar, Rafveita Akraness og Rafveita Siglufjarðar séu undanskildar.

Þessi samanburður er sýndur á fskj. 3c. Með hliðsjón af þeim samanburði telur nefndin eðlilegt að öflun eigin tekna af orkusölu hinna tveggja fyrirtækja verði á þessu stigi a. m. k. aukin sem svarar hækkun meðalverðs (án sölu til rafhitunar) í því sem næst vegið meðaltal orkuverðs hinna 15 veitna. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins jafngildir þetta tekjuaukningu um 35.4 millj. kr. og hjá Orkubúi Vestfjarða um 2.8 millj. kr.“

Hér er raunverulega verið að segja að það skuli hækka orkuverð frá RARIK og Orkubúinu til að jafna þessa stöðu. Á fundi í iðnn. upplýsti rafmagnsveitustjóri að hér þyrfti að ná um 7% hækkun til að ná jöfnuði við aðrar veitur á landsbyggðinni sem sumar eru með hærra verð en RARIK. Hér er því verið að búa til nýja viðmiðun. Áður var miðað við að halda orkuverði innan við 25% mismun á við Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Nú er farið út í jöfnunarviðmiðun á landsbyggðinni sem í sjálfuu sér er réttlát ef ekki er um leið horfið frá fyrri viðmiðun, þ. e. við Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þá ber einnig að undirstrika að markmiðið var og er vonandi enn að minnka mismun á orkuverði hjá landsbyggðinni og á Reykjavíkursvæðinu. Heyrst hefur að Landsvirkjun muni hækka sinn heildsölukostnað nú um 14% til viðbótar við þá 5% hækkun sem varð í vor. Rafmagnsveitustjóri upplýsti í iðnn. að RARIK hefði gert áætlun um hve mikla hækkun þyrfti nú að gera á orkuverði RARIK til að mæta þessari hækkun Landsvirkjunar svo og til að mæta gengisfellingu og verðlagsþróun. Rafmagnsveitustjóri nefndi að hækkun RARIK

þyrfti að vera 17% á hitatöxtum og 22% á öðrum töxtum veitnanna. Í þessum hækkunum væri þó innifalin sú jöfnunarhækkun sem ég nefndi áður, þ. e. sú 7% hækkun sem rafmagnsveitustjóri gat um og kemur fram í nál. að þyrfti að eiga sér stað til að jafna þessar 15 rafveitur á landsbyggðinni.

Ef þessar hækkanir ná fram að ganga hjá RARIK, og trúlega er um að ræða þörf fyrirtækisins, er mjög líklegt að hér sé um að ræða mun meiri hækkun en vænta má hjá Rafmagnsveitu Reyjavíkur og að nú hnígi í þá átt á nýjan leik að bilið milli orkuverðs á landsbyggðinni og hér á Reykjavíkursvæðinu aukist. Mér sýnist að allt bendi til þess að þrátt fyrir fögur fyrirheit hjá talsmönnum stjórnarliðsins standi nú fyrir dyrum sú þróun mála að orkuverð hækki meir á köldu svæðunum en hér á Reykjavíkursvæðinu, það þróist í þá átt að orkukostnaður á landsbyggðinni verði óhóflegur og orsaki aukinn mismun lífskjara eftir búsetu.

Ég vil leyfa mér að beina þeim spurningum til hæstv. iðnrh. hvort sú þróun blasi nú við, sem ég hef hér nefnt, að sú viðmiðun sem notuð hefur verið undanfarin ár, þ. e. það að orkuverð verði ekki hærra á landsbyggðinni en sem nemur um 25% yfir Reykjavíkursvæðinu, breytist í þá átt að orkuverðið á landsbyggðinni verði hærra í hlutfalli við það orkuverð sem er á Reykjavíkursvæðinu.

Það er ekki mikið fagnaðarefni fyrir landsbyggðina, þó að verið sé að lækka verðjöfnunargjaldið og breyta grundvelli verðlagningar á orku, ef það hnígur í þá átt að orkuverðið hækki og hlutur landsbyggðarinnar verði verri en áður var.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. iðnn. fyrir vel unnin störf og skjóta afgreiðslu þessa máls.

Ég gerði sömuleiðis fsp. til Rafmagnsveitna ríkisins, hver þeir hygðu að yrði þróunin hjá því fyrirtæki. Eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. hefur verið áformað að samræma nokkuð almenna taxta RARIK við það sem gerist hjá allmörgum öðrum rafmagnsveitufyrirtækjum á landsbyggðinni. Þeirra áform, fyrstu svör voru að meðaltalshækkun kynni að þurfa að verða alls um 20%. En menn minnast þess að við síðustu hækkun heildsöluverðsins, 5% 1. maí s. l., varð engin hækkun á smásöluverði.

Það er frá því að segja að það var óskað eftir að þeir tækju sérstakt tillit til húshitunartaxtans og það gerðu þeir með því að setja þá fram nýjar hugmyndir um 17% hækkun húshitunartaxtans og 22% hækkun á öðrum töxtum sem mundi þá þýða aðalálag á iðnað. En hafa ber í huga að um 60% af rafmagnssölu RARIK eru til húshitunar, þannig að menn geta þá gefið sér að yrði um 19% meðaltalshækkun á öllum töxtum hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Ég hef gert fsp. til Rafmagnsveitu Reykjavíkur um þeirra áform og svarið var sömuleiðis munnlegt: 20% hækkun sem þeir telja sér nauðsyn á að nái fram að ganga. Fyrir því hlýt ég að svara hv. 4. þm. Vesturl., að eins og stendur er ekki líklegt að dragi sérstaklega sundur um þær viðmiðanir sem verið hafa milli landsbyggðar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur að þessu leyti. Nóg er nú samt því að ískyggileg er þessi þróun og þeir sem þekkja til á landsbyggðinni vita hve lítt bærilegur og nánast að segja óbærilegur þungi það er hjá almenningi að standa undir kostnaði við hitun híbýla sinna.

En málum er ekki ráðið til lykta enn vegna þess að ekki hefur verið tekin lokaafstaða til þess sem kann að verða ráðstafað til niðurgreiðslu húshitunar á fjárlögum. Við þekkjum að sú tala hefur enn staðið inni sem 200 millj. kr. Ég er þó ekki að mála málið öðrum litum en vera ber. Ég er hóflega bjartsýnn á að neinu verulegu þoki í þá átt að fá aukið fjármagn til niðurgreiðslu til húshitunarinnar.

Ég vil aðeins, þótt fullsnemmt sé eins og ég segi að ræða þessi mál til neinnar hlítar þar sem upplýsingar eru aðeins óformlegar, geta þess hver verðþróunin hefur orðið á raforku til húshitunar og á öðrum heimilistöxtum hjá Rafmagnsveitum ríkisins frá 1. ágúst 1983 þegar síðasta hækkun átti sér stað á orku í smásölu frá Rafmagnsveitum ríkisins og raunar Orkubúi Vestfjarða einnegin. Ef menn gefa sér þá viðmiðunina 100 um 1. ágúst 1983 hefur verðþróun raforku til húshitunar orðið sú að raungildi hennar er nú miðað við um 77. Ef við einnegin gefum okkur að fallist verði á að úr þessum framkvæmdum verði, sem menn hafa haft á orði, um 14% hækkun heildsölunnar og þessar hækkanir, sem RARIK hefur verið að fitja upp á, sem ekki hafa komið til neinna álita að sjálfsögðu því að þær hafa ekki borist enn iðnrn., þá mundi þessi viðmiðun, ef sú ákvörðun yrði tekin miðað við 1. jan. n. k., verða miðað við töluna 100 1. ágúst 1983 um 94 hinn 1. jan. n. k., ef allar þessar hækkanir næðu fram að ganga. En þrátt fyrir þessa verulegu raforkuverðshækkun mundi raunverð raforku fara lækkandi út eftir öllu næsta ári og miðað við þær spár, sem ég hef í höndunum um heimilistaxtana, sem eru mjög svipaðir nema stökkið yrði minna nú, þar sem verðjöfnunargjaldið lækkar um 3%, þá yrði, miðað við þá spá sem ég hef í höndum, meðalverð áranna 1984 og 1985 mjög svipað, þannig að þegar yrði komið fram í des. 1985 mundi verðþróun beggja þessara taxta nálgast töluna 80 miðað við 100 1. ágúst 1983.

Ekki þarf ég að skýra eða rekja ástæður fyrir þessari þróun. Ef verðlagsforsendur hefðu staðist, eins og menn voru að ýta úr vör með á miðju ári, áður en sprengingarnar miklu urðu í verðlagsþróun, þá var það eindregin stefna að halda þessu verði óbreyttu út árið 1985. Af auðskildum ástæðum heyra þau áform sögunni til. Að vísu er auðvitað mest upp úr því leggjandi hver þróunin er í raungildi orkunnar en ekki tölum sem breytast auðvitað beggja megin við þær breytingar og sprengingar, eins og ég segi, sem orðið hafa.

Ég sé á þskj., sem ég hef að vísu ekki undir höndum, að hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason ber þar fram tillögur sem eru að því er mig minnir í sjö liðum og er þar greinilega að finna allar helstu tillögur, meginefni a. m. k. þeirra tillagna, sem stjórnskipuð nefnd lagði fyrir í frv.-formi nú eigi alls fyrir löngu, á útlíðandi nóvembermánuði ef ég man rétt. Ég vildi gjarnan gera þær tillögur strax að mínum og leitaði fast á um að þær næðu fram að ganga eins og nefndin hafði gengið frá þeim. Um það gat ekki orðið samkomulag. Það náðist sem sagt ekki samkomulag um það innan ríkisstj. — eða við getum svo sem þrengt það svið og sagt að það hafi ekki náðst samkomulag milli mín og hæstv. fjmrh. um þær aðferðir. Á það sínar skýringar því að hér var um verulega stórar fjármunalegar framkvæmdir að tefla og tíminn naumur til að ná viðhlítandi skipan á þau mál

eins og fjármálum okkar er öllum saman þröngur stakkur skorinn. Á hinn bóginn vil ég minna á þá yfirlýsingu sem ég birti við 1. umr. málsins þar sem ég vísaði til yfirlýsinga minna frá því í des. í fyrra þar sem því var lýst yfir að verðjöfnunargjald yrði afnumið, enda yrði fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja séð sem þess nutu, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, og að í síðasta lagi haustið 1985 mundi ríkisstj. flytja frv. til laga þar sem þessum málum með þeim hætti yrði ráðið til lykta. Þetta verður ekkert skilið og á auðvitað ekki að skilja á annan veg en þann að þessi áform eru samþykkt af hálfu núv. ríkisstj.

Ég hef þá viðmiðun, sem er breyting frá því sem var lagt til af hinni stjórnskipuðu nefnd og tekið var upp í brtt. hv. 6. landsk. þm., að ég mun beita mér fyrir frv. til l. sem innihéldi 4% lækkun á ári í fjögur ár frá 1. jan. 1986 að telja, þannig að afnám þess yrði einu ári síðar en tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir og með þessum jafna hætti en ekki í tveimur stökkum eins og áður hafði verið áformað, 10% frá 1. jan. n. k., eins og nefndin lagði til, í tvö ár og síðan 5% í enn önnur tvö ár. En þetta mál mun ég áreiðanlega leggja til að verði unnið *af fulltrúum iðnrn. og fjmrn. þegar á nýju ári, að menn* reyni að finna lausnir á þessu vandamáli. Til þess gafst okkur ekki tími nú, eins og ég sagði og eins og ég líka tók fram, af því að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn, þá var það sér í lagi tímaskorti um að kenna að við náum ekki landi með þetta verðjöfnunargjaldsmál með öðrum hætti en fram kemur í því frv. sem hér liggur fyrir til umr. með svo þeirri yfirlýsingu sem ég hafði yfir við 1. umr. málsins.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. að hér væri málefni á ferðinni sem varðaði fjmrh. miklu. Þykir mér við hæfi að hann sé þá viðstaddur, en reki ekki bara inn nefið okkur þdm. til ánægju eitt andartak, en sé svo óðara horfinn á braut. (**Forseti:** Það munu verða gerðar ráðstafanir til að ná í hæstv. fjmrh.)

Frv. sem er til umr. er þess eðlis að með því er lagt upp í mikla göngu sem ekki sér fyrir endann á. Gangan á að stefna að því marki að fella niður verðjöfnunargjald með öllu, en þeir aðilar sem notið hafa verðjöfnunargjaldsins eiga að fá það uppi borið með greiðslum úr ríkissjóði með einum eða öðrum hætti. Eins og kunnugt er er aðeins gerð tillaga um 1. áfanga, þ. e. lækkun úr 19% í 16%, en hv. þm. Alþfl. Karl Steinar Guðnason hefur flutt brtt. sem marka brautina *til enda. Þar er sýnt hvernig þessi lækkun á að gerast og* hefur hæstv. iðnrh. lýst yfir sérstökum stuðningi sínum við þá tillögugerð og nánast gert þær till. að sínum.

Það eru tvær spurningar í þessu máli sem skipta öllu. Önnur er sú: Hvernig ætlar ríkissjóður að standa undir þeim stóraukna tilkostnaði og útgjöldum, sem á honum mun lenda ef þessi leið er farin, án þess að jafnhliða séu gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir? Hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða vegna þess að í fjárlagafrv. kemur ljóst fram að áætlað er að verðjöfnunargjaldið gefi 420 millj. kr. á einu ári. Hv. alþm. hljóta því að vera harla forvitnir að vita, úr því að hæstv. iðnrh. hefur lýst yfir sérstökum stuðningi sínum við till. Alþfl. sem hafa verið hér fluttar, hvort ekki séu uppi einhverjar ákveðnar hugmyndir um hvernig ríkissjóður á að standa undir þessum stórauknu útgjöldum.

Ég vil leyfa mér að spyrja sérstaklega hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Hvernig hyggst hann sem aðalforsvarsmaður ríkissjóðs mæta þeim tekjumissi sem bersýnilega hlýst af samþykkt þessa frv.?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. iðnrh. hvort það sé *stefna hans að þessum útgjöldum, sem á verðgildi næsta* árs nema um 420 millj. kr. á ári, verði öllum velt yfir á ríkissjóð án þess að nokkur tilraun sé gerð til að afla nýrra tekna þar á móti og hvort hann geri sér ekki grein fyrir því að slíkt væri býsna mikið ábyrgðarleysi gagnvart þeim sem eiga að hafa áhyggjur af fjármálastjórn hér á landi á komandi árum. Gerir hann sér ekki grein fyrir að með þessu væri verið að búa til býsna stórt gat á ríkissjóð sem kynni að verða erfitt að fylla? Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. ráðh. um afstöðu hans til þessa máls. Ég vil líka spyrja hæstv. iðnrh., úr því að hann var að lýsa sérstökum stuðningi sínum við tillögur Alþfl., sem mér þykja harla ábyrgðarlausar, hvort hann hafi ekki í sínum huga einhverjar hugmyndir um hvernig þetta gat yrði fyllt eða hvort hann sé bara að gefa þessa yfirlýsingu til að þóknast þeim sem kynnu að líta það velvildaraugum að verðjöfnunargjaldið yrði lækkað án þess að hugsa nokkuð um að þar yrði einn óskaplega stór endi laus á ríkisfjármálum.

Enn fremur vil ég spyrja hæstv. iðnrh. vegna þess að við óttumst að afleiðingin verði sú að orkuneytendur í dreifbýli verði látnir borga brúsann þegar allt kemur til alls og það lendi endanlega á þeim. Auðvitað óttast maður að vaxandi verðmunur verði á orku í fjölbýlinu annars vegar og svo hins vegar í dreifbýlinu með þeirri stefnu sem hér er verið að móta. Þá hlýtur jú spurning að vakna sem ég var að byrja að tæpa á: Getur hæstv. iðnrh. fullvissað okkur alþm. um að orkuverð í dreifbýli muni ekki hækka sem afleiðing af samþykkt þessa frv. og að ekki dragi í sundur með orkuneytendum í dreifbýli og þéttbýli?

Ég veit að hæstv. iðnrh. var að tæpa á því áðan við hvaða raforkuverðshækkun mætti búast á næstunni. En mér er það ekki nóg að hann hugleiði málið með þeim hætti sem hann gerði áðan. Ég vil, úr því að verið er að hreyfa við þessu verðjöfnunargjaldi í lækkunarátt, fá hreina yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. um að hann muni sjá til þess að orkuverð í dreifbýli muni ekki hækka vegna samþykktar þessa frv. og að ekki dragi í sundur með dreifbýlismönnum og þéttbýlismönnum hvað þetta snertir.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það *er auðvitað dálítið sérkennileg túlkun á orðum mínum* hér áðan að ég hafi verið að lýsa yfir stuðningi við brtt. hv. 6. landsk. þm. eins og þær liggja nú fyrir við það frv. sem ég er flm. að. (**RA:** Ég lýsti stefnu.) Já, rétt er það, en auðvitað held ég fast við það frv. sem samkomulag hefur orðið um og hér er flutt. Ég tók fram að ég hefði fellt mig við stefnumótun sem stjórnskipaða nefndin mótaði og flutti í frv.-formi, en samkomulag hefur orðið um annað og það er sú niðurstaða sem liggur hér fyrir til afgreiðslu.

Vegna samþykktar þess frv. liggur ljóst fyrir að sú fjármálalega gáta er ráðin með skuldbreytingu þar sem það hefur verið samið um frestun afborgana á lánum sem hafa horfið til Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða, í 5 ár. En þetta er auðvitað stórmál að ráða fram úr og ég vil ekki fullyrða nú og hér að það þurfi

ekki að grípa til einhvers konar annarrar tekjuöflunar. Ekki vil ég fullyrða það. En okkur gafst ekki tími til að vinna málið nægilega vel. Niður verður sest við það nú væntanlega fljótlega upp úr áramótum. En það er stefna mín að þessar aðgerðir um að fella niður verðjöfnunargjaldið muni ekki verða til þess sérstaklega að hækka orkuverð á landsbyggðinni. Það vil ég að komi alveg skýrt fram vegna þess að sá er ekki tilgangurinn með því að fella niður þetta ósanngjarna gjald, sem verðjöfnunargjald á raforku er, þar sem menn borga langhæst að sjálfsögðu sem hæsta orkuverðið greiða. Árum saman, allar götur frá 1974 trúi ég, hafa menn ekki treyst sér til að biðja um framlengingu á þessu gjaldi nema ár í senn, af því að fulltrúar allra flokka hafa lýst yfir andstöðu við þessa aðferð við skattlagningu og það hefur verið síðurinn sá ævinlega, svo langt aftur sem ég hef kynnt mér málin, að bera þessi frv. fram á allra síðustu dögum fyrir þinghlé eða jólahlé, þannig að menn ættu engra annarra kosta völ en að húrra því áfram af því sem þarna væri um stórkostlega fjármuni að tefla sem ríkissjóður gæti ekki séð af, ef ætti að halda fram þeirri stefnu, sem menn hafa verið sammála um, að jafna orkuverðið í landinu. Sú stefna er enn þá uppi. Okkur hefur ekki tekist að ná nægilega langt í því, en verulegum árangri hefur verið náð. En það þarf að gera með öðrum hætti en því að beita til þess þessari aðferð um skattlagningu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. hæstv. fjmrh., veit að það er sjálfsblekking að ætlast til að ríkissjóður taki á sig verðjöfnunargjald sem kann að verða fellt niður. Ég get því ekki annað en svarað þeirri spurningu, sem hann beindi til mín, þannig að ég sé ekki að ríkissjóður geti gert það. Annað væri að reyna að blekkja mann sem þekkir betur til í fjmrn. en margir. Ég sé því ekki hvernig verðjöfnunargjald verður borið uppi af ríkissjóði.

Svar mitt við þeirri spurningunni hvernig ríkissjóður ætli að standa undir stórauknum útgjöldum af verðjöfnunargjaldi, sem til mín var beint, er einfaldlega það sem fram hefur komið. Það er staðreynd sem allir þm. eiga þátt í að ríkissjóður er frá einum tíma til annars, ekkert frekar í dag en í liðinni tíð og ég reikna með að hann haldi áfram að vera það í framtíðinni, gersamlega vina- og munaðarlaus. Ég ætla mér að taka þátt í að finna lausn á þeim vanda sem hæstv. iðnrh. glímir við, og er virðingarvert að hann skuli trúa því, og ég trúi á hans mátt og megin, að hægt sé að losna við þetta verðjöfnunargjald án þess að það falli á ríkissjóð. Hagur ríkissjóðs þyrfti að vænkast ansi mikið og skjótlega ef hann ætti að bera þetta gjald. Ég sé ekki að hann geti það nema þá að á skylli heimsstyrjöld. Þegar síðari heimsstyrjöldin braust út var ríkissjóður gersamlega blankur og hér var allt í volæði. Innan tíðar var það mikið til hér af gjaldeyri að þeir sem áttu fengu honum ekki skipt lengur í Landsbankanum. Landsbankinn átti svo mikið af gjaldeyri.

En við skulum átta okkur á því að við erum illa á vegi stödd ef við ætlum að taka lán til að virkja fallvötn okkar og síðan að taka annað erlent lán. Ríkissjóður verður að taka erlend lán núna til að greiða niður orkuna sem við notum frá virkjununum sem eru byggðar fyrir erlend lán. Hvar erum við þá á vegi stödd? Ríkissjóður hefur ekki, því miður, svo miklum peningum úr að spila að hann geti tekið slíkt á sínar herðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 322,1 felld með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 322,2 felld með 11:1 atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 322,3 felld með 13:1 atkv.
13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 322,4 felld með 13:1 atkv
— 322,5 felld með 11:1 atkv.
— 322,6—7 teknar aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti SÍBS, frv. 134. mál (þskj. 138, n. 326). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um þetta mál og mælir með því að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 32. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, frv. 233. mál (þskj. 307). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vöruhappdrætti SÍBS, frv. 114. mál (þskj. 138). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 311, n. 337, 338). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Menntmn. Ed. hefur haft þetta mál til meðferðar og kallað á fund sinn rektor Háskólans, Guðmund Magnússon, og fengið hjá honum ýmsar skýringar á þeim atriðum sem einkum er þarna fjallað um.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. menntmrh. fyrir þessu frv. eru hér þrjú meginatriði sem mestu skipta. Það er í fyrsta lagi skipting verkfræði- og raunvísindadeildar í tvær deildir. Í öðru lagi er það nokkur viðbót við það sem nefnt hefur verið framgangskerfi Háskólans og segir til um að háskólaráð geti lagt til að forustumenn háskólastofnunar séu fluttir í prófessorsstöðu skv. þeim reglum sem annars gilda um prófessorsembætti. Og loks sú nýjung að Háskólinn fái heimild til að stofna þróunarmiðstöð og eiga aðild að sameignarfélögum, hlutafélögum og sjálfseignarstofnunum er stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi.

Önnur atriði í frv. eru minni háttar. Það er um rektor. Hann skuli leystur undan kennsluskyldu og hafa mikið að segja til um hver gegni störfum vissan tíma meðan hann er í því starfi og loks um skammtíma leyfisveitingar til kennara sem eru í höndum rektors.

Nefndin varð sammála um að leggja fram brtt. við 5. gr. frv. Á undan 1. efnismgr. komi ný mgr. er orðist svo:

„Háskólanum er heimilt að stofna þróunarmiðstöð. Þróunarmiðstöðin heyrir undir háskólaráð og verði allar meiri háttar ákvarðanir hennar háðar samþykki þess."

Þetta er gert í fullu samráði við rektor. Reyndar er það svo skv. háskólalögum að Háskólinn getur myndað slíkar stofnanir innan vébanda sinna, en nm. þótti rétt að festa þetta í lagatextanum.

Ég ætla ekki að orðlengja um þær breytingar sem hér eru lagðar til. Það virðist einsætt að heppilegt sé að skipta verkfræði- og raunvísindadeild í tvær deildir. Má segja að þessi deild sé þegar orðin ríki í ríkinu. Hún er fjölmennasta deild Háskólans og að ýmsu leyti er þar um óskylda hluti að ræða. Annars vegar hið beina verkfræðinám og hins vegar nám sem beinist að því að búa menn undir kennslu eða vísindarannsóknir í öðrum greinum, t. d. fjölmörgum líffræðigreinum, stærðfræði, eðlisfræði og öðru slíku. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi verulegan kostnaðarauka í för með sér og varla meiri en þann sem leiðir af síauknum fjölda nemenda og kennara í þessari deild.

Framgangskerfi innan Háskólans hefur löngum verið mikið áhugamál háskólakennara og starfsmanna Háskólans. Nú eru ákvæði um að hægt sé að flytja lektor í dósentsstöðu eftir ákveðnum reglum og það hefur verið áhugamál að hægt verði að hækka síðan dósenta í prófessorsstöður. Það hefur ekki náðst fram, en hér er þó farinn millivegur þannig að þeir sem eru forstöðumenn háskólastofnana geti verið fluttir í prófessorsstöðu, en þó eftir sömu reglum og verði að gangast undir sama mat og þeir sem sækja um lausa prófessorsstöðu við skólann.

Ég vil fjalla nánar um þá brtt. sem nefndin flytur. Hún er eins og ég sagði til að festa greinilega í lögum að það skuli vera háskólaráð sem hafi síðasta orðið í sambandi við skuldbindingar Háskólans, að sjálfsögðu ásamt öðrum yfirvöldum Háskólans. Brtt. er sett fram m. a. vegna ábendinga þriggja starfsmanna Háskólans, þeirra Páls Jenssonar, Þorgeirs Pálssonar og Þorkels Helgasonar, og reyndar hafa fleiri rætt um þetta. Þeir segja í stuttri greinargerð um þetta að heppilegt sé að slík þróunarmiðstöð starfi. Hún geti verið aðili að samningagerð Háskólans við ýmsa aðila atvinnulífsins og hafi m. a. það hlutverk að gæta réttinda háskólamanna — það er augljóst mál að þau geta verið allmikil í sambandi við það nýmæli sem hér er lagt til að fellt verði í lög — og eins að annast skrifstofuaðstoð og vissan hluta af bókhaldi og fjárreiðum í sambandi við slíkt samstarf.

Það er það rækilega gerð grein fyrir þessum atriðum í greinargerð og fylgiskjölum með frv. að óþarfi er að rekja það nánar. Ég vildi þó minna á örfá atriði og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa örstutta kafla úr greinargerð rektors, Guðmundar Magnússonar. Þar segir fyrst:

„Aðdragandi þeirrar þróunarmiðstöðvar og þróunarfyrirtækis, sem rætt hefur verið um innan Háskólans, sé að þar, í Háskólanum, sé unnið að fjölmörgum verkefnum sem unnt væri að þróa til sölu á markaði. Oft tekur þetta langan tíma sakir aðstöðuleysis, fjárskorts eða tímahraks. Jafnframt hefur umfang útseldrar þjónustu og rannsókna aukist.

Háskólaráð setti á sínum tíma á laggirnar nefnd undir forustu dr. Sigmundar Guðbjarnasonar prófessors til að gera tillögu um skipulag þjónusturannsókna í Háskólanum. Nefndin skilaði áliti 1982. Eftir tillögum hennar var aðstöðugjald lagt á útselda þjónustu og ráðinn var maður í hlutastarf til að kynna starfsemi Háskólans á þessu sviði og afla verkefna.

Spurningin er nú hver eigi að vera næstu skref í þessum efnum samtímis því sem við verðum að taka mið af þeirri stöðu sem við erum í og aðstæðum hljótum við að líta til reynslu annarra á þróunarbrautinni."

Enn fremur segir rektor að hann hafi látið athuga nokkur atriði sem einkum snerta starfsmenn Háskólans í sambandi við þau nýmæli sem hér er um að ræða og með leyfi forseta, les ég örstuttan kafla úr því. Hann segir:

„Þau helstu atriði sem snerta störf háskólakennara eru þessi: Höfundaréttur, höfundaþóknun og skráning einkaleyfa. Ég hef beðið dr. Gauk Jörundsson prófessor og Jóhannes L. L. Helgason lögfræðing Háskólans að gera tillögur að reglum í þessum efnum með hliðsjón af gildandi lögum. Er reyndar furða að ekki skuli þegar hafa verið deilumál af þessu tagi innan Háskólans. Það

er ekki hvað síst í samningum við þriðja aðila sem Háskólinn þarf að setja viðmiðunarreglur."

Og enn fremur:

„Ég álít að kennarar eigi að geta valið um það hvort þeir vilja stofna einkafyrirtæki eða vinna gegnum Háskólann eða fyrirtæki hans. Háskólaráð hefur mælt með beiðni tveggja kennara um að fá að stofna og reka einkafyrirtæki að því tilskildu að þeir gangist undir þær reglur er ráðið kemur til með að setja um upplýsingaskyldu, skráningu einkaleyfa o. fl."

Loks vil ég minna á að sem kunnugt er hefur ríkisstj. boðað að hún muni verja 500 millj. kr. á næstu árum til þróunarstarfsemi. Ekki er enn þá vitað hvernig þessu fé verður varið í smáatriðum, en svo mikið er víst að til að efla tækniiðnað í landinu er varla hægt að gera það nema með samstarfi við Háskólann og stofnanir hans.

Virðulegi forseti. Ég læt þá máli mínu lokið um þetta efni. Ég vil taka fram að um þessi meginatriði var samstaða í háskólaráði þótt innan Háskólans séu að sjálfsögðu ýmsar skoðanir uppi um hvernig fyrirkomulagið skuli vera.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að þakka hv. menntmn. fyrir að hafa tekið einróma undir þetta mál sem hér liggur fyrir og þar með stuðlað að því sem við teljum vera til eflingar Háskólanum og líka um leið til eflingar atvinnulífi með því að tengja stofnun þessa betur atvinnulífinu í landinu.

Ég tek fram, hæstv. forseti, að sú till. sem nefndin hefur gert er til bóta, að því er ég tel, og gerir málið allt skýrara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 338 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 33. fundi.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 311). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 26. fundur.

Mánudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 302). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 288). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Sala Landssmiðjunnar, frv. 133. mál (þskj. 137, n. 313, 318 og 330.) — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 313 er nál. frá meiri hl. iðnn. sem ég mæli hér fyrir. Þar segir að meiri hl. sé samþykkur frv. og hann leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, mun skila séráliti og einnig mun hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir skila öðru séráliti í nafni 2. minni hl.

Þeir sem skipa meiri hl. eru hv. þm. Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Gunnar G. Schram og Birgir Ísl. Gunnarsson auk frsm.

Það frv. sem hér er verið að ræða gerir ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilt að selja hlutafélaginu Landssmiðjunni hf. í Reykjavík ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna. Þetta verði gert með þeim hætti að seljanda sé heimilt að lána kaupanda hluta af söluandvirði með verðtryggðum kjörum til allt að tíu ára gegn ákveðnum tryggingum sem ráðh. metur gildar. Um leið og þetta frv. verður samþykkt og öðlast gildi, sem gert er ráð fyrir í frv. að verði 1. janúar 1985, falla úr gildi lög um Landssmiðjuna sem eru frá 1936 með síðari breytingum.

Það er óþarfi, herra forseti, að rekja þetta mál í einstökum atriðum. Það hefur hæstv. ráðh. gert í sinni framsöguræðu hér í hv. deild og að auki er greinargóð grg. með frv. þessu.

Í stórum dráttum má lýsa aðdraganda málsins með því að hinn 8. mars á þessu ári stofnuðu 52 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll á samkomulagi við iðnrn. um kaup á Landssmiðjunni og til

að kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis og kynna síðan félagsmönnum niðurstöður þeirra kannana.

Kosin var undirbúningsstjórn félagsins og átti hún ásamt viðræðunefnd ríkisins nokkra fundi. Loks seint í ágústmánuði var gengið frá texta kaupsamningsins. Stofnendur hins nýja hlutafélags, Landssmiðjunnar hf., eru 23 starfsmenn Landssmiðjunnar, en stofnfundur var haldinn 13. september á þessu ári. Hlutafé var ákveðið 4 millj. og 20 þús. kr. og skrifuðu stofnendur sig fyrir hlutum sem voru á bilinu 100 til 210 þús. hver. Kosin var jafnframt stjórn í hinu nýja félagi.

Stærstu atriði kaupsamningsins eru þau að kaupverð er ákveðið 22 millj. rúmar, en undanskilin í sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í öðrum fyrirtækjum, eins og Iðnaðarbanka Íslands hf. og Sameinuðum verktökum hf., tilraunafiskimjölsverksmiðju, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar s. l. ár, og loks fasteignir Landssmiðjunnar sem ríkið heldur áfram eignarhaldi á.

Gert er ráð fyrir að kaupverð véla og tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til átta ára.

Í kaupsamningi ríkis og Landssmiðjunnar hf. er gert ráð fyrir að hlutafé Landssmiðjunnar verði ekki minna en 4 millj. og eins og ég hef áður sagt liggur fyrir samþykkt hluthafafundar um að hlutafé verði liðlega sú upphæð.

Seljandi skuldbindur sig, þ. e. ríkið, til þess að leigja Landssmiðjunni núverandi fasteignir Landssmiðjunnar til allt að fimmtán ára og síðan megi segja upp húsnæði af hálfu kaupanda með árs fyrirvara. Reyndar gildir sá réttur fyrir kaupanda ætíð.

Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.

Það skal tekið fram að samkvæmt lögum og reyndar hefð hefur Landssmiðjan á undanförnum árum átt forgang að verkefnum fyrir ýmis ríkisfyrirtæki, þ. á m. skip Skipaútgerðar ríkisins, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslunnar, auk þess sem lagaákvæði er um að Landssmiðjan skuli hafa forgang að verkefnum annarra ríkisstofnana.

Það er óþarfi að lýsa þessum samningi miklu meir. Að vísu hefur komið fram nokkur gagnrýni á að ekki skuli öllum hafa verið boðin kaup á fyrirtækinu. Eins og fram kemur í samningnum er þetta samningur bundinn við ákveðið félag, sem starfsmenn Landssmiðjunnar eru í, en þetta er þó talin eðlileg leið til þess að ríkið losi um eignaraðild sína að þessu fyrirtæki, enda sýnast engin rök vera til þess að ríkið haldi úti starfsemi Landssmiðjunnar þar sem hún hefur mjög lítinn hluta samkeppnismarkaðarins undir höndum og breytir í raun engu um þá samkeppni sem nú ríkir á þeim markaði. Á sínum tíma voru auðvitað ástæður fyrir því að ríkið setti á laggirnar slíka smiðju, einkum og sér í lagi vegna þess að engin smiðja í landinu var nægilega stór til að stunda það stórbrotna verkefni þeirra tíma sem brúargerð var, en öllum er ljóst að í dag hafa nýir starfshættir, ný tækni leyst af hólmi gamla tækni sem þá var við lýði.

Jafnframt er þess að geta að þegar Landssmiðjan var endurlífguð á fjórða áratugnum var gert ráð fyrir að hún ætti sérstöku hlutverki að gegna með því að setja vélar í báta, en af því verkefni varð ekki í þeim mæli sem gert var í upphafi ráð fyrir.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka það fram að ég fagna því að í nál. 1. minni hl. iðnn. gætir nýrra sjónarmiða hjá Alþb. þar sem þar er sagt að hugsanlegt sé að rekstur Landssmiðjunnar verði með þeim hætti að starfsmenn fyrirtækisins ættu kost á eignaraðild. Ég fagna þeirri hugarfarsbreytingu sem felst í þessum orðum og vænti þess að með því séu færðar fram nokkrar sönnur þess að hyggilegt sé að fyrirtæki á borð við Landssmiðjuna sé í einkaeign. (**JBH:** Þetta var kallað sósíalíska hér í gamla daga.) Sá sem hér stendur í ræðustól og mælir frá eigin brjósti, en ekki fyrir hönd n. eða nefndarmeirihlutans, vill taka það fram að hann hefur um nokkurt skeið verið mjög fylgjandi því að Landssmiðjan verði seld og þá seld starfsmönnum fyrirtækisins. Vil ég því fagna því sérstaklega að hæstv. iðnrh. hefur haft frumkvæði að þessari sölu sem ég held að sé öllum til góðs, bæði seljendum, kaupendum og þá ekki síst þeim sem eiga eftir að eiga viðskipti við fyrirtækið sem auðvitað skiptir mestu máli.

Ekki höfðu allir starfsmenn á sínum tíma mikla trú á því að þetta væri þjóðþrifamál. Ég man eftir því að þegar ég eitt sinn var búinn að vera á fundi í Landssmiðjunni í kaffitímanum að morgni dags í um það bil þrjá tíma, ef ég man rétt, þá kom þessi vísa frá einum starfsmannanna:

Á því tel ég veika von
að vinni þjóð til muna
þó að Friðrik Sophusson
selji Landssmiðjuna.

Ég tel ástæðu til að rifja þessa vísu upp. Ég held að sem betur fer skilji það nú fleiri en áður að engin ástæða er fyrir ríkisvaldið að stunda atvinnurekstur sem aðrir geta séð um og síst af öllu þar sem samkeppni er næg. Þess vegna ber að sjálfsögðu að gera þær breytingar sem hæstv. iðnrh. hefur nú lagt til. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það mátti heyra í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Friðriks Sophussonar, að hann teldi að hann væri að uppskera hér af erfiði sínu, þriggja tíma morgunfundi í kaffistofu Landssmiðjunnar, og má segja að þar fari að koma fram einhverjar skýringar á því að mál þetta er hér fram komið. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins er ekki að finna, hvorki í frv. og grg. þess né heldur í máli hæstv. iðnrh., nein skynsamleg rök og nánast engin rök fyrir þeirri heimild sem hér er leitað eftir um sölu Landssmiðjunnar.

Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. iðnn., sem ég stend að, og þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á einum fundi. Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. án breytinga, en 1. minni hl. n. leggur til að frv. verði vísað til ríkisstj. sem beiti sér fyrir endurupptöku málsins og eflingu Landssmiðjunnar á öðrum og haldbetri forsendum en felast í þessu frv.

Undirritaður telur eðlilegt að rekstur Landssmiðjunnar verði endurskipulagður í framhaldi af miklu undirbúningsstarfi á undanförnum fimm árum. Markmið þeirrar endurskipulagningar á að vera að treysta stöðu fyrirtækisins, m. a. með því að veita starfs-

mönnum beina hlutdeild í Landssmiðjunni ásamt ríkinu. Eðlilegt væri að ríkið ætti, a. m. k. fyrst um sinn, meiri hluta í félagi sem stofnað yrði um rekstur Landssmiðjunnar, en allir starfsmenn fyrirtækisins hverju sinni ættu kost á eignaraðild og hlutdeild í hagnaði að ákveðnu marki.

Innan Landssmiðjunnar hefur á liðnum árum þróast samstarf stjórnenda og starfsmanna sem miklu hafa ráðið um þróun og rekstur fyrirtækisins í samvinnu við iðnrn. Sérstök samstarfsnefnd var stofnuð innan Landssmiðjunnar árið 1974 og hefur hún haft víðtækara starfssvið en aðrar samstarfsnefndir innan ríkisfyrirtækja, m. a. ákvörðunarvald um vissa þætti í rekstri smiðjunnar. Væri eðlilegt að byggja á þessari reynslu og stíga nú nýtt skref með því að heimila beina aðild starfsmanna að Landssmiðjunni, en ríkið yrði áfram burðarás í fyrirtækinu. Slíkt væri í fullu samræmi við þá iðnaðarstefnu sem samþykkt var einróma á Alþingi 3. maí 1984, en þar er tilgreint meðal markmiða:

„Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum í samráði við samtök launafólks og atvinnurekendur í iðnaði.“ “

Meðal leiða til að ná þessu marki er m. a. tilgreint í þessari þál. um iðnaðarstefnu:

„Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum. Jafnframt verði almenningi gefinn kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum.“

Ég vil af þessu tilefni inna hæstv. iðnrh. eftir því sérstaklega hverju miði vinnu að því markmiði sem tilgreint er í þessari iðnaðarstefnu, sem samþykkt var hér vorið 1982 á Alþingi, að koma skipulagslegu forræði iðnrekstrar á vegum ríkisins í hendur aðila sem hafi bolmagn til að undirbúa og standa fyrir nýiðnaðarverkefnum. Ég tel að hér sé stórt mál á ferðinni. Að undirbúningi þess var nokkuð unnið á árunum 1982—1983 á vegum iðnrn. og mér hefur heyrst að áhugi væri á því hjá hæstv. núverandi ríkisstj. að taka á þessum málum. Ég tel að þau tengsl sem eru á milli þeirra opinberra aðila sem standa fyrir iðnfyrirtækjum með hlutdeild ríkisins og þá einnig hreinna ríkisfyrirtækja séu allt of lítil og sú reynsla sem fáist í þessum fyrirtækjum safnist þannig ekki saman á einn stað og upplýsingastreymi á milli þessara fyrirtækja sé engan veginn sem skyldi.

Þess vegna er ástæða til að minna hér á þetta markmið úr iðnaðarstefnu sem Alþingi afgreiddi hér og upp var tekið í tíð fyrri ríkisstj.

Á vegum Landssmiðjunnar hefur verið unnið að þróunarverkefnum, m. a. tilraunaverkefni með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju, en það þróunarverkefni er nú skilið eftir í algerri óvissu um framhald.

Þá hefur Landssmiðjan um langt árabil veitt fyrirmyndarþjónustu á ýmsum sviðum málmiðnaðar og aflað sér traustra viðskiptasambanda innanlands og erlendis. Afkoma Landssmiðjunnar hefur lengst af verið viðunandi og fyrirtækið oft skilað umtalsverðum hagnaði.

Í skýrslu iðnrh. til Alþingis í maí 1984 sagði m. a. um rekstur Landssmiðjunnar, með leyfi forseta:

„Rekstur Landssmiðjunnar gekk sæmilega á árinu 1983 og varð hagnaður af starfseminni 4 millj. kr., samanborið við 220 þús. kr. hagnað 1982 ... Velta fyrirtækisins í iðnrekstri jókst um 75.8% frá árinu 1982 og velta verslunar um 59% ... Árið 1983 störfuðu að jafnaði 74 starfsmenn hjá fyrirtækinu.“

Í grg. með frv. er m. a. talið að auka megi sölumagn með því að endurskipuleggja aðstöðu og starfsháttu og að raunhæfir möguleikar séu á að auka framleiðni í fyrirtækinu. Það kemur hins vegar fram í grg. með frv. að erfiðleikar í sjávarútvegi hafi óhjákvæmilega haft áhrif á stöðu Landssmiðjunnar á undanförnum árum þar sem verkefni hennar hafi ekki síst tengst þjónustu við fyrirtæki í sjávarútvegi.

Eins og ég hef getið um tel ég engin frambærileg rök hafa komið fram um að hagkvæmt sé fyrir ríkið að afsala sér hlutdeild í Landssmiðjunni á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frv. Þvert á móti er líklegt að ríkið bíði af því beint fjárhagslegt tjón, auk þess sem óvissa er um getu hins fyrirhugaða hlutafélags til að tryggja þróun og rekstur smiðjunnar til frambúðar. Vona ég þó vissulega að þar takist vel til ef þannig fer eins og horfir að frv. þetta verði samþykkt og sú heimild notuð sem þar er að finna.

Í þessu sambandi er rétt að benda á þá fjárfestingu sem komin er í nýbyggingu á vegum Landssmiðjunnar að Skútuvogi 7 og sem ekki er yfirtekin af hinu nýja hlutafélagi samkvæmt kaupsamningi. Það fé, sem í þessa fjárfestingu hefur verið lagt, er nú talið nema um 66 millj. kr. og í ágústmánuði 1983 lá fyrir endurskoðuð áætlun sem benti til þess að hagkvæmt væri að nýta þessa aðstöðu til áfangalausnar varðandi nýtt húsnæði fyrir Landssmiðjuna. Í umr. hér á Alþingi um frv. hefur fjmrh. gefið í skyn, og kom það fram í Ed., að mikil óvissa sé um að ríkið geti selt þessa eign fyrir sannvirði og jafnvel líklegt að hún verði seld fyrir lítið brot af skráðu verðmæti. Er talað um undir 15% í því sambandi.

Það liggur fyrir samkv. stofnsamningi fyrir hið fyrirhugaða hlutafélag, Landssmiðjuna hf., að aðeins 22 af yfir 70 starfsmönnum í fyrirtækinu hafa gerst hluthafar og engin trygging er fyrir því að væntanlegir eigendur verði áfram starfsmenn eða hlutur þeirra haldist hjá starfsmönnum innan smiðjunnar. Hér er því í raun verið að stofna venjulegt hlutafélag með innan við þriðjung af núverandi starfsmönnum sem hluthafa, og það hefur heyrst að nokkur ágreiningur hafi komið upp nú þegar í sambandi við þessi mál innan fyrirtækisins, þá sérstaklega varðandi réttindi þess fólks sem gert er ráð fyrir að hætti störfum með tilkomu nýrra eigenda.

Að mínu mati hefði átt að taka á þessu eignaraðildarmáli starfsmanna með allt öðrum hætti þar sem m. a. hefði verið tryggt að allir fastráðnir starfsmenn ættu sameiginlega hlut í fyrirtækinu og sá hlutur héldist áfram í höndum starfsmanna þess. Þetta tel ég í rauninni kjarnaatriði í sambandi við eignaraðild starfsmanna í fyrirtækjum, þ. e. að þeirra hlutur verði bundinn við þá sem eru fastráðnir og starfandi hjá fyrirtækinu, en sé ekki skráður á einstaklingana sem slíka og flytjist þar með út fyrir fyrirtækið. Þá held ég að afskaplega litlum ávinningi sé náð í þá stefnu sem ég tala fyrir, en hún er að áhrif starfsmanna í fyrirtækjum verði aukin og þeim gefist færi á að eiga þar beina hlutdeild.

Með tilliti til þessara atriða, sem ég hef hér rakið, og í

trausti þess að stjórnvöld endurskoði mál þetta frá grunni fyrir næsta reglulegt Alþingi legg ég til í nál. að frv. verði vísað til ríkisstj.

Það mætti, herra forseti, margt um þetta mál segja því það er í raun verulega stærra en svarar til þeirra fjárhagslegu þátta sem hér eru til umr. Hér er um ákveðin prinsipmál að ræða, ákveðin grundvallaratriði í sambandi við í fyrsta lagi eignarhald ríkisins og aðild að atvinnurekstri. Það er orðið trúaratriði hjá hluta af Sjálfstfl. að selja hlut ríkisins hvar sem við verði komið og flutningur þessa máls hér er tilkominn vegna þessara viðhorfa. Ég minnti á það við 1. umr. málsins hvernig hæstv. fjmrh. hefði gengið fram snemma í tíð þessarar ríkisstj. í sambandi við þessi efni, hlotið ósköp lítinn byr í reynd og mjög takmarkað orðið úr hans áformum sem mjög mikið var látið með í opinberri umræðu af hans hálfu og hluta af Sjálfstfl. sem talaði mjög fyrir þessum málum. Það er helst að hæstv. iðnrh. hafi reynt að hlaupa þarna undir bagga með því að selja hlut m. a. í Iðnaðarbankanum, í lagmetisiðjunni Sigló á Siglufirði og svo nú með því að afsala ríkinu með öllu eignarhlutdeild í Landssmiðjunni eins og felst í þessu frv.

Ég held að það væri miklu meiri nauðsyn í raun að átta sig á því með hvaða hætti ríkið geti komið inn í atvinnurekstur í landinu til örvunar og stuðnings, m. a. á nýmælum og með því að styðja við vaxtarbrodda. Ég er ekki þar með að mæla með því sem einhverri allsherjarlausn, síður en svo, að ríkið fari að gerast í mjög auknum mæli beinn aðili í atvinnurekstri þar sem ekki er um að ræða þeim mun stærri verkefni. Það er ekki sjónarmið okkar Alþb.-manna að það sé skynsamlegt eða farsælt. Hins vegar getur það talist nauðsynlegt þegar um er að ræða að ryðja nýjum verkefnum braut í atvinnustarfsemi, og þar má benda á atriði sem mjög hafa verið til umræðu sem hugsanlegir þróunarmöguleikar, m. a. í fiskirækt, þar sem allt of lítið hefur verið að gert af opinberri hálfu í þessum efnum, og bent hefur verið á aðrar greinar svo sem rafeindaiðnað, lífefnaiðnað og líftækni.

Þarna held ég að ríkið þurfi að koma við sögu og styðja við aðra aðila sem hafa áhuga í þessum efnum, en því miður er það svo að í þeim greinum horfir á ýmsa lund ekki eins vel og efnilega og þyrfti að vera. Hitt er svo óhjákvæmilegt, þegar menn eru að taka á stærri verkefnum hér í landinu að ríkið sé þar forgönguaðili vilji menn ekki fara inn á þá braut, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað af sinni hálfu og sérstaklega hæstv. iðnrh., að ætla að eftirláta öll slík meiri háttar verkefni í iðnrekstri erlendum aðilum, afsala þar íslenskri forustu og kalla eftir fjármagni fjölþjóðafyrirtækja inn í íslenskt atvinnulíf.

Um þetta mætti vissulega margt segja og þær ólíku hugmyndir sem eru uppi annars vegar hjá talsmönnum þessa frv. nú og þær hugmyndir sem ég hef hér mælt fyrir í sambandi við hlutdeild starfsmanna í fyrirtækjum bæði varðandi rekstur og eignaraðild.

Það er líka ástæða til að nefna það í þessu samhengi hvernig Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur átti hlut í því að kippa fótunum að nokkru leyti undan þeirri þróun sem fyrirhugað var að Landssmiðjan tengdist með því að koma upp skipaverkstöð hér í Reykjavík í Kleppsvík, Skipaverkstöð til þess að taka á verkefnum sem nú eru unnin erlendis að verulegu leyti. Þar voru uppi áform og áætlanir og reyndar langt síðan þær komu fram. Þær voru fyrst fluttar hér inn á Alþingi, að ég hygg, af alþingismönnunum Magnúsi Kjartanssyni og Eðvarð Sigurðssyni á sínum tíma, en síðan stutt við það eftir megni af Alþb. og fleiri aðilum, m. a. innan borgarstjórnar Reykjavíkur. En Sjálfstfl. tókst að eyðileggja þetta mál, bregða fyrir það fæti og taka það af dagskrá, og vissulega hefur það komið inn í þau uppbyggingaráform varðandi Landssmiðjuna sem nú liggur fyrir að á að kistuleggja, og ekkert liggur fyrir um hvernig sú opinbera fjárfesting, sem komin er í Skútuvogi 7, nýtist og hvort hægt er að ávaxta hana með eðlilegum hætti. Þvert á móti bendir flest til að einhverjir gæðingar eigi að fá kost á því að hirða þessa eign fyrir aðeins lítið brot af sannvirði.

Uppbyggingaráform fyrir Landssmiðjuna voru mjög vel unnin að mínu mati, mjög vel undirbúin og mætti færa fyrir því mörg rök. Það voru gerðar ítrekaðar samþykktir á Alþingi og ég er ekki viss um að þar hafi verið flokkaágreiningur þegar um það var að ræða að leggja til fjármagn og útvega lánsfjármagn til nýbyggingar fyrir Landssmiðjuna. Það var m. a. í lánsfjáráætlun ársins 1981, en þá var, að ég hygg, heimiluð lántaka vegna þessarar uppbyggingar auk framlaga, sem þarna var um að ræða af hálfu eigenda, og fyrirhugað söluandvirði af núverandi húsnæðisaðstöðu Landssmiðjunnar.

Það lá einnig fyrir formlegt samþykki samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, þannig að við undirbúning málsins var farið eftir gildandi lögum og reglum og m. a. farið í gegn um það nálarauga sem oft reynist mjög þröngt og erfitt fyrir opinbera aðila sem eru að hrinda af stað verkefnum, þ. e. að fá samþykkt samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir sem starfar á grundvelli laga, að ég hygg, frá 1970.

Herra forseti. Mér þykir mjög miður hvernig á þessu máli hefur verið haldið af núverandi ríkisstj. og ég mæli því hér gegn þessu frv. og mæli með því að því verði vísað til ríkisstj. til þess að málið verði tekið upp á grundvelli þeirra sjónarmiða sem ég hef hér mælt fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Landssmiðjuna.

Nefndin fjallaði stuttlega um málið á einum fundi. Engin haldbær rök hafa komið fram sem styðja það að brýna nauðsyn beri til að selja einmitt þetta fyrirtæki nú.

Samtök um kvennalista telja að það hljóti að vera aðstæðum háð hverju sinni hvaða eignarhald er haft á fyrirtækjum, þ. e. hvort þau eru ríkisrekin eða ekki. Þar hlýtur almenningsheill að ráða jafnt og hagkvæmnissjónarmið.

Við athugun þessa máls kemur í ljós að allar meginákvarðanir hafa þegar verið teknar og ráðstafanir verið hafnar í samræmi við þær, en kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstj. og Landssmiðjunnar hf. var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstj. og Alþingis hinn 20. sept. s. l.

Alþingi stendur því eins og oft áður frammi fyrir gerðum hlut og er ætlað það hlutskipti eitt að gefa samþykki sitt formsins vegna. Því er í raun ekki ætluð stefnumótun eða ákvarðanataka um þetta mál og er það mjög miður.

Þar sem ástæður til sölu þessa fyrirtækis hafa ekki

komið skýrt fram, hvorki í umr. né á nefndarfundi, er eðlilegt að geta sér til um þær. Hér gætu legið til grundvallar arðsemissjónarmið þar sem bágstaddur ríkissjóður er annaðhvort að losa sig við vandræðabyrði eða hins vegar að reyna að selja eigur sínar hæstbjóðanda til að eiga fyrir skuldum. Engin merki sjást þess. Fyrirtækið hefur ekki verið mjög illa rekið þótt ýmissa úrbóta og hagræðingar sé þörf og tap er ekki áberandi í rekstri fyrirtækisins undanfarin ár. Auk þess ræður fyrirtækið yfir traustum og eftirsóknarverðum umboðum sem eru snar þáttur af veltu þess. Ekkert bendir til þess að leitað hafi verið eftir hæstbjóðanda í fyrirtækið sem væri skiljanlegt og þjóðhagslega hagkvæmt sjónarmið fyrir ríkissjóð.

Í annan stað gæti hér verið um að ræða tilraun ríkisins til að koma á atvinnulýðræði í einu fyrirtækja sinna. Sú tilraun er ekki sannfærandi þar sem einungis 23 af tæplega 70 starfsmönnum vilja gerast eða telja sig geta gerst kaupendur að fyrirtækinu og er á engan hátt tryggt að sú hlutafjáreign haldist áfram meðal starfsmanna í framtíðinni. Hér er því ríkið í reynd að selja fyrirtækið hefðbundnu hlutafélagi þó að kaupendur séu starfsmenn Landssmiðjunnar.

Umsamið kaupverð Landssmiðjunnar er einungis 22 115 638 kr. Þar eru undanskilin hlutabréf í eign Landssmiðjunnar svo og fasteignir hennar, t. d. húsgrunnur við Skútuvog 7 sem er metinn á tæplega 66 millj. kr. Auk þess er undanskilin í sölunni tilraunafiskimjölsverksmiðja sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar.

Undirrituð dregur í efa að þessi viðskipti séu ríkinu hagstæð og undrast þann hraða og annan hátt sem hafður er á afgreiðslu málsins. Hins vegar er það ljóst og ber að gæta þess að málið er nánast frágengið, mikil vinna og skuldbinding hefur verið lögð fram af hálfu þeirra starfsmanna sem hyggjast kaupa fyrirtækið og mun undirrituð því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er kannske ekki um stórmál að ræða, en ég tel þó nauðsynlegt að það komi fram sem viðhorf mitt og okkar Alþfl.-manna að það eigi ekki að vera trúaratriði hvort fyrirtæki séu ríkiseign eða ekki. Það sem á að ráða í þeim sökum er hagkvæmnin, hvað sé hagkvæmast fyrir þjóðarbúið og hvað sé líklegt til að vera atvinnulega til uppbyggingar.

Nú liggur það fyrir í þessu máli að ríkið hefur búið heldur illa að þessu fyrirtæki. Því er ekki haldið fram að það hafi verið beinlínis illa rekið, en það hafi verið þungt í vöfum stjórnunarlega og ríkið hafi ekki sinnt því. Það er ekkert sem bendir til þess að ríkið muni taka sinnaskiptum að þessu leyti. Það er allt sem bendir til þess að ríkið muni vera jafnlélegur stjórnandi fyrirtækisins í framtíðinni og það hefur verið seinustu árin. Þess vegna eru engar líkur á því að sú uppbygging mundi fara fram innan fyrirtækisins sem væri nauðsynleg ef menn vildu að þetta fyrirtæki gegndi brautryðjandastarfi eða sérstöku hlutverki í þjóðfélaginu. Þegar svo horfir við að ríkið greinilega sinnir ekki, vill ekki sinna eða getur ekki sinnt því hlutverki að vera góður eigandi eða góður stjórnandi fyrirtækisins og sérstaða er ekki lengur fyrir hendi, sem kallar eftir því að hér sé einmitt ríkisfyrirtæki af þessu tagi, þá er auðvitað engin ástæða til að hanga í óbreyttu eignarformi. Þá er greinilega hollara að fyrirtækið fari úr eigu ríkisins og verði selt og fái þá að njóta sín og þróast undir nýrri stjórn sem hefur meiri áhuga á því að þróa fyrirtækið. Af þessum sökum held ég að einsýnt sé að fylgja þessu frv. Það mundi ekki verða neinum til góðs að hanga í því að hafa þetta ríkisfyrirtæki áfram, heldur sé, miðað við söguna og aðstöðuna, eðlilegt og rétt að fyrirtækið verði selt.

Nú get ég ekkert fullyrt um hvort 22 millj. kr. séu rétt verð á þessari verksmiðju. Ég skal ekki fullyrða um það. En það virðist vera augljóst að menn verði að gera það upp við sig í stöðu eins og þessari hvort þeir ætla að leita tilboða í fyrirtækið eða hvort þeir ætla að fara hina leiðina, sem hér hefur greinilega orðið uppi á teningnum, að leita eftir því að starfsmenn fyrirtækisins kaupi það. Þá er ekki beinlínis hægt að leita eftir tilboðum. Hér hefur sú leið verið farin og það er góðra gjalda vert. Ég ætla að vona að kaupverðið sé sanngjarnt, bæði ríkisins vegna og kaupendanna vegna, en ég get ekki fullyrt það.

Hitt finnst mér út í hött þegar menn segja að það sé til grunnur sem kosti svo og svo marga tugi milljóna og fyrir hann fáist ekki neitt miðað við þetta kaupverð. Það skiptir engu máli. Ef sú fjárfesting var röng eiga menn ekki að gera ráð fyrir að fá fyrir henni. Það væri ósanngjarnt gagnvart kaupendunum. Mér heyrist á þeim upplýsingum sem fengist hafa að þetta hafi verið harla dýr fjárfesting og þess vegna óhagkvæm, miðað við hver not mætti hafa af henni, og þess vegna standi hún ekki undir kostnaðarverði sínu. Þess vegna finnst mér röksemdin um grunninn ekki eiga við þegar menn tala um verðlagið á verksmiðjunni.

Menn tilgreina líka að einungis 23 af 76 starfsmönnum vilji gerast eignaraðilar í fyrirtækinu. Ég get ekki heldur látið það ráða úrslitum. Þeim var öllum boðið að gerast eignaraðilar. Úr því að tilboðið var gert verða menn að standa við það þó að þátttakendur yrðu ekki fleiri en þetta.

Herra forseti. Ég vildi að þetta sjónarmið kæmi fram. Við getum ekki bitið okkur í það að einhver fyrirtæki eigi endilega áfram að vera í ríkiseign vegna þess að þau hafi verið það. Ég held að þetta fyrirtæki hafi gegnt mjög mikilvægu hlutverki á sínum tíma í íslensku atvinnulífi, en sá tími sé liðinn og eigandinn hafi ekki áhuga á því og það séu engar líkur til að hann muni hafa áhuga á því að reka fyrirtæki sem þetta með þeim myndarskap sem þá þyrfti að gera. Þegar svo horfir við að ekki verður séð að hið upprunalega hlutverk sé lengur fyrir hendi né heldur að það sé fyrirtækinu til framdráttar eða starfsfólki þess að núverandi eigandi sé fyrir hendi, þá er auðvitað rétt að selja fyrirtækið. Þess vegna mun ég greiða atkvæði með þessu frv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vildi í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa farið fram nefna nokkur atriði.

Það er þá fyrst það, sem hv. 2. þm. Reykv. kom að, að það væri nýr tónn í málflutningi okkar Alþb.-manna að við legðum áherslu á að starfsmenn ættu fyrirtæki. Það er þvert á móti okkar skoðun að starfsmennirnir, fólkið sjálft, eigi að eiga fyrirtækin og ráða þar með þeim arði sem til verður í fyrirtækjunum á hverjum stað og hverjum tíma. Þess vegna er þetta ekki nein ný áhersla af okkar hálfu. En það er athyglisvert að varaformaður Sjálfstfl. skuli ekki hafa tekið eftir henni fyrr, og kynni þá að vera eitt og annað fleira sem hefði

farið fram hjá forustu þess flokks í viðhorfum annarra stjórnmálaflokka í landinu.

Það er eins og kunnugt er stefna núverandi ríkisstj. að selja eignir þjóðarinnar, þ. e. ríkisfyrirtækin, og hefur komið fram aftur og aftur að það er þeim nánast sérstakt trúaratriði. Ég er andvígur þeirri stefnu. Ég tel að það geti ekki verið heilagt stefnumál út af fyrir sig að selja endilega ríkisfyrirtæki frekar en það geti verið kappsmál, a. m. k. að því er varðar okkur Alþb.-menn, að ríkið eigi öll fyrirtæki. Við höfum ekki áhuga á því sem við höfum kallað almiðstýrt hagkerfi.

En í sambandi við sölu Landssmiðjunnar og ríkisfyrirtækjanna yfirleitt vil ég koma að öðru máli sem ekki hefur verið rætt í þessum umr. Það snertir sölu ríkisfyrirtækja almennt og það sem ríkið fær í sinn hlut fyrir fyrirtækin. Í 67. gr. stjórnarskrárinnar er eins og kunnugt er ákvæði um að eignarrétturinn sé friðhelgur og engan megi skylda með lögum til að láta eign af hendi nema fullt verð komi fyrir og almannaþarfir krefjist þess. Ef ég man rétt er þetta efnislega innihald 67. gr. stjórnarskrárinnar. Nú lýtur 67. gr. stjórnarskrárinnar auðvitað að því að verja rétt einstaklinga og félaga fyrir ríkinu, þ. e. ákvörðunum sem Alþingi hugsanlega tæki um eignarnám á hverjum tíma. Það er margra áratuga reynsla af þessu stjórnarskrárákvæði. Það eru til lög um framkvæmd eignarnáms og það eru til lærðar ritgerðir um hvernig eignarnámi er hagað. Auðvitað getur 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki átt við um ríkiseignir vegna þess að það er ekkert ákvæði í *stjórnarskránni um hvernig þjóðin geti svo að segja* varið sig fyrir sjálfri sér. Hún kýs þann meiri hluta sem er á Alþingi og tekur ákvörðun um það hverju sinni hvernig eignum ríkisins er ráðstafað og það er eðlilegt. En spurningin er hvort ekki er nauðsynlegt, í tilefni af umr. um Landssmiðjuna og Siglósíld og fleira, að settar verði reglur um að það fari alltaf fram mat á eignunum, þ. e. að dómkvaddir matsmenn fjalli alltaf um verðlag á þeim eignum sem verið er að selja, jafnvel þó að ríkið eigi þær og ríkisstj. leggi til að þær verði seldar. Ég er ekki að segja að slíku mati eigi að hlíta endilega, heldur held ég að það væri mjög til bóta ef það væri framkvæmt til hliðsjónar, þannig að Alþingi og löggjafinn, sem tekur ákvörðun um sölu ríkiseigna ef gerðar eru um það till. af ríkisstj., viti nokkurn veginn hvaða verðmæti það eru sem verið er að selja. Ég held að það orki tvímælis varðandi Landssmiðjuna hvernig sú tala er þar fundin og ég held að það eigi líka við um aðrar ríkiseignir sem ríkisstj. hefur verið að ræða um að selja og auglýsti með lítilli tvídálka auglýsingu frá fjmrn. í öllum blöðum landsins einhvern tíma á árinu 1983.

Ég vil sem sagt leyfa mér í þessari umr. að spyrja hæstv. iðnrh., vegna þess að hann fer með talsvert af þessum málum, hvort hann telur ekki ástæðu til þess að hinir dómkvöddu matsmenn, sem lög um eignarnám kveða á um, verði einnig kallaðir til til að meta þær eignir sem ríkið á. Nú kann að vera að hæstv. ráðh. hafi hlutast til um það þegar án þess að ég hafi beinlínis tekið eftir því að slíkt mat fari fram, en ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðh. lýsti yfir viðhorfum sínum í þessu efni því að mér finnst það skipta mjög miklu máli fyrir Alþingi hvaða viðhorf ríkisstj. hefur að því er þetta varðar. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann telur ekki eðlilegt að slíkt mat óvilhallra manna fari fram á þeim eignum sem ríkið er að selja þá og þá, hvort sem það er Landssmiðjan eða aðrar eignir.

Nú er það þannig að um þetta eru engin lagaákvæði. Löggjafinn getur sjálfur ákveðið að selja ríkiseignir fyrir hvað lítið verð sem honum sýnist. Hann gæti ákveðið að selja Landsbankann á 10 kr. Það er ekkert ákvæði í stjórnarskránni sem skerðir þann möguleika löggjafans. Engu að síður sjá allir að það er fræðilegur möguleiki til þess að Alþingi, svo ekki sé meira sagt, gangi óeðlilega langt í þessu efni. Ég held þess vegna að full ástæða sé til að hugleiða þetta mál og þess vegna kom ég í ræðustólinn til að inna hæstv. iðnrh. eftir viðhorfum hans í þessu efni um leið og ég tek undir það nál. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mælti fyrir áðan.

Það er margt fleira sem væri ástæða til að ræða um í þessari umr., m. a. sérstaklega um atvinnumál í Reykjavík. Það hafa verið fluttar hér á Alþingi margar till. til þál. um atvinnumál í einstökum byggðarlögum, m. a. liggur núna fyrir till. til þál. um úrbætur í atvinnumálum í Norðurl. v. og er það vel. Ég held hins vegar að það væri full ástæða til þess að Alþingi ræddi einhvern tíma og ríkisstj. um atvinnumál í Reykjavík og þá þróun sem hefur verið að ganga yfir í atvinnumálum hér. Í Reykjavík hefur verið mikil þensla í atvinnulífinu núna á undanförnum misserum og verið það reyndar mjög lengi, en við vitum það, sem þekkjum eitthvað pínulítið til hér, að í rauninni er atvinnulíf í Reykjavík að mörgu leyti veikt. Ég held að við eigum að horfa til þess að framleiðslugreinar hafa verið að dragast saman í Reykjavík, þ. e. sjávarútvegur, bæði veiðar og vinnsla, og ég held að það ætti að vera verkefni Alþingis alls að velta því fyrir sér hvernig atvinnuþróun í höfuðstað landsins er komið. Þess vegna væri full ástæða til þess, þó að ég geri það ekki nú við þessa umr., að ræða ítarlegar um atvinnumál í þessu byggðarlagi sem er vissulega valt þó að hér sé talsverð þensla um þessar mundir eins og kunnugt er, sérstaklega í verslunar- og þjónustugreinum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það að eðlilegt er að menn leiði hugann að því að finna fastara form á hvernig staðið skuli að sölu eigna ríkisins en menn hafa enn í höndum. Ég skal játa að ég hef haft nokkuð þungar áhyggjur af slíkum ákvörðunum verðlagsins vegna í hvert eitt skipti. Þetta kom fyrst til álita í sambandi við verðlagningu á hlutabréfum í Iðnaðarbanka. Ég sótti ráð til þeirra sem ég áleit að væru um það bærir að dæma um það mál og að svo búnu skaut ég yfir þau mörk sem þar höfðu verið sett.

Í sambandi við sölu Landssmiðjunnar voru til þess valdir valinkunnir menn, fulltrúi frá hvorum aðila, hinu nýja félagi Landssmiðjunnar og hinu opinbera, að meta eignir Landssmiðjunnar, menn sem gjörþekktu til eignanna, og þeir náðu mjög góðu samkomulagi um niðurstöðurnar. En ég vil leiða hugann að því sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv. um fastara form á því, *þegar dregur að sölum á opinberum eignum, hvernig* metið skuli.

Ég vil taka fram að það er auðvitað ekki rétt að of seint sé að snúa við í sambandi við sölu Landssmiðjunn-

ar til þessa starfsfólks. Það er ekki rétt. Afhendingin fer ekki fram fyrr en 1. jan. ef Alþingi vill svo vera láta. Það hafa engar þær ráðstafanir farið fram að ákvörðun Alþingis um hið gagnstæða mundi ekki að sjálfsögðu gilda. Þess vegna var tekin ákvörðun um að eignunum yrði ekki skilað til hinna nýju eigenda fyrr en 1. jan. með það í huga að hinu háa Alþingi hefði þá gefist kostur á að taka lokaafstöðu til málsins. En þetta kemur fram í nál. hv. 2. minni hl. iðnn.

Enn fremur er það ekki rétt að aðdragandi sé ekki ærinn að málinu því að þetta var gert heyrinkunnugt þegar um mitt síðasta ár, en þá, um það leyti, hóf ég umræður við fulltrúa starfsfólks Landssmiðjunnar. Það kom til álita að auglýsa fyrirtækið opinberlega og athuga um hæstbjóðanda, en sú hugmynd var mér miklu meira að skapi að gefa starfsfólkinu kost á kaupum á fyrirtækinu ef það næði höndum saman um það.

Nú lögðu rúmlega 50 starfsmenn upp í þessa för að athuga um kaupin, en lokaniðurstaðan varð sú að einungis 23 tóku höndum saman og stofnuðu hið nýja hlutafélag. Ég vil engum orðum um það fara, enda er ég ekki nægilega kunnugur ástæðum sem til þess lágu að svo margir drógu sig út úr málinu frá því sem upphaflega var áformað að tækju þátt í stofnun félagsins. En ég bind miklar vonir við að það fólk sem að þessu stendur, gerkunnugt öllum starfsháttum Landssmiðjunnar, nái góðum tökum á viðfangsefninu, enda er það í samningunum að hið opinbera ætlar að hafa hönd í bagga með rekstri fyrirtækisins, hefur raunar stutt þá við að halda umboðum sínum, verðmætum mörgum hverjum, þannig að ég vona að sæmilega verði og vel fyrir öllu séð.

Og engin tök eru á því að hefja umr. um afstöðu til ríkisreksturs. Mér þykir stefna Alþb. vissulega snúast til betri vegar. Í sama máta skal ég játa að ég hef enga fordóma á opinberum rekstri, ef til þess þarf að taka, til að mynda vegna atvinnuuppbyggingar í einstaka héraði til bráðabirgða og til þess að halda uppi atvinnu. Það má ekki þann veg skilja. En í þessu falli er afstaða mín eindregin, að hið opinbera eigi ekki að vera að vasast í slíkum hlutum, að betur sé fyrir þeim séð af hálfu einkaframtaksins, og get raunar tekið undir allar röksemdir, sem komu fram í máli hv. 3. þm. Reykn., og fer það nú að verða fátíðara að leiðir flokka okkar liggi svo nákvæmlega saman eins og í þessu máli, og átti ég að ósynju að vísu ekki von á því, en ég fagna því alveg sérstaklega og nota tækifærið til að þakka hv. iðnn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu málsins.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að bæta einhverjum frekari rökum við þetta, en þeir sem hafa gluggað í sögu Landssmiðjunnar geta t. d. séð hvaða viðskiptahættir löngum og löngum tíðkuðust, til að mynda eins og þeir í óðfluga verðbólgu að hið opinbera dró við sig að greiða reikninga verksmiðjunnar — jafnvel, þó að ég ekki segi mörgum árum, meira en ár. Menn geta ímyndað sér hvernig er að haga rekstri og standa fyrir honum þegar þannig er í pottinn búið að e. t. v. voru ekki greiddir stórreikningar vegna viðgerða á skipum Landhelgisgæslunnar eða að ég tali nú ekki um skipum Skipaútgerðar ríkisins í óðfluga verðbólgu eins og ég segi. Auðvitað verður lítið vit í slíkum rekstri. Auðvitað er þetta dæmi um það hvernig ríkið stendur að málum þegar svo vill til, dregur við sig að líta á allar staðreyndir málsins, eins og hefur verið aðalreglan í opinberum fjármálabúskap um áratuga skeið á Íslandi, standa aldrei undir staðreyndum, fresta til morguns eða næsta árs eða áratugar að greiða gjaldfallnar skuldir sínar og hrúga upp erlendum skuldum þess vegna, og allt telst rekið með bullandi halla. Þessu verðum við að hætta.

Ég veit ekki nema dæmið um grunninn í Skútuvogi sé eitt hið blómberanlegasta um mistök í opinberum ákvörðunum, a. m. k. af því sem ég hef kynnt mér í mínu starfi. Ætli þetta hefði nú komið til nema fyrir forgöngu hins opinbera? Ætli að fyrirtæki af þessari gráðu hefði látið sér til hugar koma að hefja slíkar stórframkvæmdir með alla þá óvissu fram undan, sem var um þessa fyrirhuguðu skipaverkstöð, ef hefðu ekki komið til pólitískar ákvarðanir, ákvarðanir pólitíkusa sem ætluðu að gera allt fyrir alla í einu án þess að hugsa um hvað það kostaði? Hvaðan voru teknir peningar til þessara framkvæmda? Að sjálfsögðu með erlendum lánum sem núna standa í nærri 66 millj. kr.

Það er nýtt fyrir mér og hæstv. fjmrh. verður þá að svara fyrir það, en ég hef ekkert orðspor heyrt um að það ætti að fara að gefa þetta einhverjum gæðingum. Þetta hverfur auðvitað til fasteigna ríkisins eins og eignir Landssmiðjunnar, húseignir við Sölvhólsgötu og Skuggasund eða Skúlagötu. Allt gengur þetta til fasteigna ríkisins. Og betur væri ef hægt væri að koma þessum fræga grunni í lóg, hálfköruðum grunni. En honum verður því aðeins komið í lóg að þetta hafi verið framkvæmd sem hafi átt rétt á sér. En ekki næst náttúrulega framkvæmdaviðri hans til baka og hefði enginn náð því til baka þótt Landssmiðjan hefði haldið áfram að fjárfesta með þessum hætti.

Sama er um tilraunaverksmiðjuna, fiskimjölsverksmiðjuna, sem ég hygg að sé búið að vera að vinna að hjá Landssmiðjunni í 10 ár. Góðra gjalda vert ef hún skyldi verða til framdráttar nýjungum í atvinnulífi. Ekki var hægt að leggja það á nýja kaupendur Landssmiðjunnar að taka þá tilraunastarfsemi að sér. Og mér er stórlega til efs að í gegnum árin, þótt sæmilega hafi gengið á stundum við rekstur verksmiðjunnar, hafi hún átt fyrir þessum tilraunum sem hún stundar nema fyrir það að ríkið sá til með verksmiðjunni. Vonandi verður þetta barn í brók, en það er allt óvíst um það, og hlýtur nú þetta að verða ein af eignum ríkisins og hlýtur að verða hugað að því hvort eitthvað slátur reynist í þessum hugmyndum. Vissulega leist manni svo á fyrir allmörgum árum síðan, þegar þetta var kynnt, ég trúi 5—6 árum síðan, þegar þetta var til að mynda kynnt fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins og beðið um fyrirgreiðslu, að ýmislegt væri vissulega álitlegt í hugmyndum manna vegna þessarar tilraunaverksmiðju, en ekkert get ég um það dæmt, enda vantar mig alla sérfræðiþekkingu á þessu sviði.

En ég, eins og ég segi, sé ekki ástæðu til, enda tími okkar nú af svo skornum skammti, að fjölyrða um þetta mál. Ég held að þegar öll kurl koma til grafar hafi þetta verið mjög farsæl lausn og satt að segja hefði auðvitað verið ánægjulegt ef fleiri af starfsmönnum verksmiðjunnar hefðu treyst sér til að ganga til þessa leiks. Kann að vera að fjármálaástæður hafi líka ráðið einhverju. En eftir sem áður er þetta satt best að segja með ánægjulegri verkum, sem maður vinnur, að finna áhugasamt fólk sem gerþekkir til hlutanna, eins og þetta fólk í Landssmiðjunni sem vill hætta til fé sínu að

standa vel að verki, sem ég efast ekkert um að þetta fólk mun gera.

Frsm. 1. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mikið þessa umr. af minni hálfu. Ég innti hæstv. iðnrh. eftir því áðan við umr. að hverju væri unnið eða hvort væri að því unnið á vegum ríkisstj. að koma forræði ríkisrekstrar í annað horf en verið hefur og minni í því sambandi á hugmyndir og tillögur sem fram komu við undirbúning að mótun iðnaðarstefnu sem samþykkt var hér á Alþingi. Þá var um það sammæli í þeim hópi sem vann að undirbúningi þess máls, að skynsamlegt væri að koma hér á eins konar eignarhaldsfyrirtæki ríkisins, eins og það var kallað, sem á að vera þýðing á Holding Company eins og það er kallað á enskunni, en slíkt form hefur verið tekið upp í sambandi við ríkisfyrirtæki sums staðar erlendis, m. a. að ég hygg í Svíþjóð og Finnlandi, og hefur þótt gefast vel. Þess vegna hafði ég vonast eftir því að hæstv. ráðh. gæti greint okkur frá því hvar þessu máli væri nú komið, en ég hafði skilið það svo að hugmyndir væru um það innan núv. hæstv. ríkisstj. að þoka þessu máli áfram, m. a. á grundvelli samþykkta um iðnaðarstefnu sem hér voru gerðar á Alþingi.

Ég vil gera aths. við þau ummæli, sem komu fram hjá hv. 3. þm. Reykn. í upphafi hans máls um þetta efni, að mjög hafi farið úrskeiðis í sambandi við stjórnun Landssmiðjunnar. Ég held að hv. þm. hafi orðað það á þá leið að ríkið hafi verið lélegur stjórnandi fyrirtækisins. Ég efast um að hv. þm. hafi kynnt sér þetta mál sem skyldi áður en hann kveður upp dóm að þessu leyti. Hann tók sterkt til orða í þessum efnum. Ég held að á marga lund hafi verið haldið mjög vel á málefnum Landssmiðjunnar af þeim sem stóðu fyrir þeim rekstri þó að ég skuli ekkert vera að draga úr því að eflaust hefði ríkið sem eigandi fyrirtækisins getað stutt betur við bakið á því en verið hefur á liðinni tíð. En að það hafi verið eitthvað sérstakt á síðustu árum, eins og skilja mátti á hv. þm., það kannast ég ekki við.

Sú samstarfsnefnd stjórnenda og starfsmanna sem sett var á laggirnar í Landssmiðjunni 1974 skilaði ágætu starfi og var fundið mjög farsælt form til að fjalla um ákvarðanir og rekstur fyrirtækisins og ég held að það hafi verið á margan hátt til fyrirmyndar. Eflaust hefur Landssmiðjan eins og fleiri fyrirtæki goldið þess, eins og hæstv. iðnrh. vék hér að, að viðskiptavinir voru skuldseigir, þ. á m. opinber fyrirtæki sem við Landssmiðjuna skiptu, og er það vissulega ekki til neinnar fyrirmyndar þegar svo háttar, en það hefur stundum sínar ástæður, m. a. samskipti sjávarútvegsfyrirtækja við þjónustufyrirtækin. Sjávarútvegur á Íslandi hefur ekki verið það traustur, rekstrargrunnur hans, á undanförnum árum að menn hafi verið sérstaklega aflögufærir og það hafa safnast upp miklar óreiðuskuldir hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, m. a. gagnvart fyrirtækjum í iðnaði. En ég vildi sem sagt leyfa mér að gera aths. við þessi ummæli um stjórnun Landssmiðjunnar. Ég tel að hún skeri sig engan veginn úr til hins verra. Ég held að þvert á móti megi benda þar á ýmislegt sem hafi farið betur en í ýmsum öðrum fyrirtækjum.

Hér komu til umr. hjá hæstv. ráðh. áðan mistök í fjárfestingu í sambandi við fyrirhugað verksmiðjuhús yfir Landssmiðjuna. Ég vék að því í mínu máli hvaða ástæður voru fyrir því að fótum var kippt undan þeim áætlunum sem þar voru á ferðinni og það var ekki við iðnrn. að sakast á þeim tíma að svo var gert. Það voru aðrir aðilar sem þar brugðust. Það var byggt á samþykktum úr hafnarstjórn Reykjavíkur sem fyrir lágu og mikilli undirbúningsvinnu sem þar hafði farið fram á vegum borgarinnar, m. a. í tíð hins svo nefnda vinstri meiri hl. í Reykjavíkurborg, og það var beinlínis tekið inn í stjórnarsáttmála ríkisstj. 1980, vegna þeirra samþykkta sem fyrir lágu, að unnið skyldi að því að koma upp skipaverkstöð í Reykjavík. Það var þar bókað og er nú ekki alltaf sem það góðan stuðning er að finna í samþykktum eins og þann sem þarna um ræddi. En það var hins vegar Reykjavíkurborg, forustan þar, sem brást í þessum efnum og því búa menn nú við þær aðstæður sem um er að ræða hér í sambandi við þjónustumöguleika, m. a. fyrir kaupskipaflota landsmanna sem leita verður erlendis í ríkum mæli um þjónustu, viðhald og viðgerðir og það er sannarlega ekki til fyrirmyndar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég gerði hér að umtalsefni að mér þætti ríkið ekki hafa staðið sig neitt sérstaklega vel sem eignaraðili þessa fyrirtækis. Ég var ekki að tala um einstaka stjórnendur fyrirtækisins, hvorki fyrr né síðar. En ég held að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um rökstuðning í þeim efnum. Það kom m. a. greinilega fram hjá hæstv. núv. iðnrh. hvernig ríkið hefði staðið sig gagnvart fyrirtækinu, verandi eigandi fyrirtækisins, að greiða ekki reikningana mánuðum, jafnvel árum saman í óðaverðbólgu. Það er náttúrlega ekki að standa vel að fyrirtæki í eigin eigu.

Mér er líka kunnugt um það, þó að ég hafi ekki fylgst náið með fyrirtækinu á seinustu árum, að áður fyrr þótti ekki sérlega vel búið að því í ýmsum tækjakosti. Á sama tíma og ríkið greiddi ekki þá reikninga sem það skuldaði fyrirtækinu hafði það ekki heldur áhuga á að standa að endurnýjun í tækjum og þess háttar.

Hér hefur verið gerður að umtalsefni hinn frægi grunnur og hvernig að þeirri ákvörðun hafi verið staðið. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að það hefði ekki verið við iðnrn. að sakast. Það var öðrum að kenna. Það var Reykjavíkurborg að kenna sem ekki stóð við samþykktir sem höfðu verið gerðar. Ég veit ekki hversu tryggilega menn vilja ganga frá ákvörðunum af þessu tagi, en allavega hefur þetta ekki reynst fyrirtækinu farsæl ákvörðun eins og hún var þó tekin og við þær aðstæður sem hún var tekin og með þá áhættu í huga sem var tekin um það hversu víst væri að Reykjavíkurborg stæði við þessar ákvarðanir.

Ég sé því enga ástæðu til að draga neitt til baka af því sem ég hef sagt hér um að ríkið hafi ekki verið áhugasamt um að standa við bakið á þessu fyrirtæki seinustu áratugina. Má vel vera að þar séu einhverjar undantekningar til um einstök ár, ég skal ekkert um það fullyrða. Og ég tel að það sé ekkert útlit fyrir að ríkið muni styðja við bakið á fyrirtækinu. Þess vegna standa þær forsendur, sem ég lagði fram í upphafi, óhaggaðar og voru reyndar studdar af hæstv. iðnrh. með hans orðum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Aðeins sem svar við fsp. hv. 5. þm. Austurl., þá er frá því að segja að iðnaðarstefnan er í pólitískri endurskoðun og engin tök eða tími eru til þess nú að hefja umr. þar um.

En ég vil geta þess að það sem hann nefndi um stofnun allsherjareignarhaldsfyrirtækis á vegum ríkisins er meðal þeirra hugmynda sem ég hef töluverðan áhuga á.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., en vegna nokkurra atriða, sem hér hafa komið fram, held ég að rétt sé að leggja nokkur orð til umr. Mörgum finnst það e. t. v. ekki skipta máli við afgreiðslu þessarar till. í sambandi við járniðnað í Reykjavík, en það er löng saga sem ekki verður rakin hér.

Slippfélagið í Reykjavík, sem rekur slipp, gamlan, úreltan og úr sér genginn, var stofnað 1902 og hefur haft alla möguleika í gegnum tíðina á að byggja upp skipaverkstöð sem gæti þjónað íslenska kaupskipaflotanum, en 80—90% af viðgerðum kaupskipaflotans hafa farið fram erlendis og reyndar stórs hluta af fiskiflotanum.

Ég minnist þess að meðan hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var borgarstjóri í Reykjavík, gerði hann tilraunir í a. m. k. fjögur ár til að reyna að sameina járnsmiðjur í Reykjavík til að mynda annaðhvort einhvers konar sameignar- eða samstarfsfélag um skipaverkstöð í Kleppsvík. Mjög umfangsmiklar rannsóknir höfðu farið fram af hálfu Þorleifs Einarssonar jarðfræðings og hafði komið í ljós að þarna voru öll skilyrði til mjög ódýrrar byggingar á skipaverkstöð.

Það var stefna Reykjavíkurborgar, hvaða meiri hluta sem vitnað er í, að byggja þarna skipaverkstöð sem væri í eigu allra helstu járnsmíðafyrirtækja í bænum og Slippfélagsins í Reykjavík sem nú er líklega rekið með tapi þó að það hafi grætt tugi og hundruð millj. í gegnum tíðina. Meiningin með þessu var að reyna að lyfta járniðnaði í Reykjavík á hærra stig. Hann hefur ekki verið samkeppnisfær vegna sundurlyndis og skorts á samtakamætti. Þessi atvinnugrein er mun eldri í Reykjavík en nokkurs staðar á landinu. Hér var til staðar stór hópur fagmanna, þjálfaðra starfsmanna og hvers konar tækniráðgjafar. Það voru reistar slíkar stöðvar úti á landsbyggðinni, ég er ekkert að æsa mig upp yfir því, þó að verið hefði mörgum sinnum hagstæðara að byggja stórt fyrirtæki hér í Reykjavík sem hefði getað þjónað megninu af íslenska kaupskipaflotanum og verulegum hluta af fiskveiðiflotanum.

Þetta var stefna Reykjavíkurborgar og vegna þeirrar ákvörðunar Reykjavíkurborgar að byggja þarna nýtísku skipaverkstöð fór Landssmiðjan í þessar framkvæmdir. Önnur fyrirtæki var búist við að mundu fylgja þar eftir. Ég tek fram að það er ekki hægt að saka núv. iðnrh. um neitt. Ég er aðeins að lýsa forsögu þessa máls. Landssmiðjan reið á vaðið og sótti þarna um lóð og fékk. Ég man það vel að það voru mjög harðar kröfur í hafnarstjórn Reykjavíkur, m. a. gerðar af flokksbræðrum núv. iðnrh., þó hann beri þar enga sök á, um að þessi fyrirtæki sameinuðust um þetta. Þau báru ekki gæfu til þess. Þau hlupu sitt í hvora áttina og það var ekki hægt að fá neina samstöðu um þessa framkvæmd. Að vísu skal viðurkennt að skipaviðgerðir, skipasmíðar eru í ákveðinni lægð í heiminum, ef svo má taka til orða, þannig að skipasmíðaiðnaður hefur dregist mjög saman og er niðurgreiddur vítt um heim, sér í lagi í Evrópu, og sjálfsagt hefði samkeppnisstaðan verið erfið. En Reykjavík með alla sína tæknimenn, með öll sín grónu fyrirtæki dróst aftur úr, Landssmiðjan ein gerði það sem ætlast var til af öðrum fyrirtækjum, og Reykjavíkurborg hefur dregið saman seglin og er í þann mund að hætta við og jafnvel úthluta öðrum þeirri dýrmætu aðstöðu sem var til þess að rækja verulega öfluga skipaverkstöð í Reykjavík og hefði þjónað kaupskipaflota Íslendinga. Ég held því að ekki sé hægt að kasta steinum að Landssmiðjunni. Hún hefur það eitt unnið til saka að taka yfirlýsingar Reykjavíkurborgar, bæði fyrr og síðar, og ríkisvaldsins alvarlega. En þorrinn af grónum járniðnaðarfyrirtækjum í Reykjavík hefur dregið saman seglin og gerst innflytjendur.

Ég skal ekki ræða ítarlegar það mál sem hér liggur fyrir. Ég vildi aðeins gera grein fyrir forsögu þessa húsgrunns og þeim fyrirætlunum í atvinnumálum og því atvinnustigi sem tengdust skipaverkstöð hér inni við sund. Hún hefði að mati allra sérfróðra manna verið ákaflega vel til fundin. Lóð er vel staðsett, tæknikunnátta til staðar og bygging slíkrar stöðvar hefði verið á ýmsan hátt mjög ódýr og mun ódýrari tiltölulega en víðast annars staðar.

Íslendingar hafa hlaupið frá þessu verkefni.

Megnið af kaupskipastólnum fer í viðgerð erlendis. Þar fara hundruð millj. í erlendum gjaldeyri fyrir verk sem mjög auðveldlega hefði mátt vinna hér.

Um frv. sjálft skal ég ekki ræða efnislega. Ég held að Landssmiðjan hafi oft orðið að gjalda þess að hafa átt undir högg að sækja hjá ýmsum ráðherrum, sem hafa farið með málefni hennar, og bankastofnunum. Oft og tíðum hefur reksturinn verið á þann veg að hún hefur ekki haft minnstu möguleika til eðlilegrar lánafyrirgreiðslu. Það þekkjum við og skal ekki um það rætt. Þessi smiðja var á sínum tíma stofnsett til að veita einkafyrirtækjum aðhald og til að tryggja ríkinu hagkvæma og ódýrari þjónustu. Ég held að smiðjan hafi á ýmsum sviðum staðið undir því þó að út af fyrir sig megi segja að ekki hafi verið jafnbrýn þörf á því í seinni tíð og áður var.

En ég vil taka undir með 3. þm. Reykv. því að ég held að þegar svona fyrirtæki er verðlagt þurfi að koma til dómkvaddir matsmenn. Það tel ég laust í böndunum allt saman. Ég mun því greiða atkv. á móti sölu fyrirtækisins þó að í prinsippinu sé það ekkert trúaratriði hjá mér að ríkið reki fyrirtækið.

Mér finnst fyrirtækið hafa goldið þess á ýmsan hátt að í gegnum tíðina hafa ýmsir ráðamenn verið fjandsamlegir og lagt stein í götu þess. Þetta er engin ný bóla. Það hefur lengi hindrað eðlilegan framgang þessa fyrirtækis. Og ég fullyrði að það hefur oft og tíðum ekki haft sömu möguleika á lánafyrirgreiðslu hjá ríkisbönkum og ýmis önnur hliðstæð fyrirtæki.

ATKVGR.

Brtt. 318 felld með 27:7 atkv.
1. gr. samþ. með 25:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 26. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, frv. 205. mál (þskj. 240). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um eftirlaun til aldraðra frá 1979, en skv. gildandi ákvæðum eiga eftirlaunagreiðslur skv. lögunum að falla niður nú í árslok, en í frv. er gert ráð fyrir að lögin verði framlengd um fimm ára skeið og á þeim gerðar nokkrar breytingar.

Þar sem ég hef ekki talið koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar falli niður án frekari ráðstafana af hálfu rn. fól ég á s. l. sumri þeim Guðjóni Hansen, formanni umsjónarnefndar eftirlauna, og Hallgrími Snorrasyni, formanni lífeyrisnefndar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og vinnumálasambands samvinnufélaga, að gera tillögur um fyrirkomulag þessara mála þegar lög þessi eiga að falla úr gildi. Hafa þeir samið þetta frv. og haft um það samráð við lífeyrisnefndina og er nefndin samþykk þeim tillögum sem gerðar eru með þessu frv.

Í sept. 1984 fengu 3972 einstaklingar ellilífeyri skv. I. kafla laganna, 26 fengu örorkulífeyri og 1067 makalífeyri. Skv. II. kafla laganna fengu 949 manns ellilífeyri, enginn örorkulífeyri, en 197 makalífeyri. Um 100 manns fá lífeyri bæði skv. I. og II. kafla. Samtals er því fjöldi lífeyrisþega sem nýtur eftirlauna skv. lögunum um 6100. Að auki njóta 1450 manns lífeyris skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að meðtöldum mökum má ætla að um 10 þús. manns njóti með beinum eða óbeinum hætti þess lífeyris sem hér er um að ræða.

Athugun og framreikningur á kostnaði við greiðslu uppbótar skv. I. kafla laganna sýnir að hlutfall uppbótar af heildarlífeyri hefur lækkað að mun á árinu 1984 og mun fara lækkandi áfram ef verðlag og kaupgjald hækkar ekki ört á ný. Árið 1983 voru uppbótargreiðslur um 56% af heildargreiðslum, en eru taldar verða um 48% á þessu ári. Sé miðað við að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna skv. I. kafla haldist svipað og verið hefur í hlutfalli við heildargreiðslur uppbótar virðist óhætt að leggja til að framlagið lækki í 4% árið 1985 og í 3% árið 1986 og síðar.

Í gildandi lögum er kveðið á um að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau voru 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. Þessar dagsetningar voru miðaðar við þá daga sem verðbótahækkun launa tók áður gildi skv. lögum og kjarasamningum. Forsendur fyrir þessum dagsetningum eru ekki lengur fyrir hendi og því er lagt til að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun í byrjun hvers mánaðar. Í þessu felst að lífeyrisgreiðslur geta breyst sem næst jafnskjótt og laun breytast í stað þess að geta breyst fjórum sinnum á ári eins og nú er. Þetta hefur í för með sér að komið er í veg fyrir tafir í breytingum lífeyrisgreiðslna til samræmis við þær launabreytingar sem um kann að vera samið og færir lífeyrisþegum því nokkra kjarabót.

Erfitt er að áætla um fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð af þeim tillögum sem gerðar eru með þessu frv. Ýmis atriði má þó nefna í því sambandi. Í fyrsta lagi þarf vart að nefna að falli lögin úr gildi fellur niður kostnaður ríkissjóðs af lífeyrisgreiðslum skv. þeim, alls 24 millj. kr. skv. áætlun fyrir þetta ár, en kostnaðarhluti Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem félli niður, er 53 millj. kr. á þessu ári og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 6 millj. kr. Á hitt má benda að á móti mundu útgjöld ríkissjóðs til greiðslu tekjutryggingar og annarra tengdra bóta lífeyristrygginga vafalaust aukast.

Í öðru lagi má nefna að verði lögin framlengd fer kostnaðarskiptingin mjög eftir launabreytingum næstu árin. Þeim mun minna sem laun hækka að krónutölu, þeim mun þyngri verður kostnaður ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs af lífeyri skv. I. kafla laganna, en kostnaður af lífeyri skv. II. kafla lækkar. Hið gagnstæða á sér stað verði um miklar launabreytingar í krónum að ræða á næstunni. Loks má nefna að lækkun á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris skv. II. kafla laganna og uppbótar á hann hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir þá aðila sem greiða það sem á vantar að framlag lífeyrissjóða nægi til þessara útgjalda, það er fyrir ríkissjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. T. d. um áhrif þess má nefna að hefði framlagið 1984 verið 3% í stað núgildandi 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna hefði það aukið útgjöld ríkissjóðs um 5.4 millj. kr. og Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs um 4 millj. kr. á hvorn sjóð, miðað við þá áætlun um greiðslur og kostnaðarskiptingu sem hér hefur verið sett fram.

Ed. hefur afgreitt þetta frv. og varð ásátt um afgreiðslu þess. Ég vænti þess að hv. n., sem fær málið til umfjöllunar, afgreiði það fljótt því að nauðsyn er á að þetta frv. verði að lögum. Annars falla eftirlaunagreiðslur aldraðra í stéttarfélögum niður.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Löggiltir endurskoðendur, frv. 138. mál (þskj. 143, n. 319). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 frá 1976, um löggilta endurskoðendur.

N. hefur athugað þetta frv. Hún mælir með samþykkt þess. Auk þess sat hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fundi n. og er samþykk afgreiðslu málsins. Undir þetta nál. rita allir nm. í fjh.- og viðskn. Nd.

Í frv. felst að nokkuð er breytt reglum um próf hjá löggiltum endurskoðendum, en óeðlilegt þótti að varðandi þær kröfur sem gerðar eru til löggiltra endurskoðenda segir í lögunum: „Engum er heimilt að endurtaka próf þetta nema einu sinni.“ Þau sjónarmið sem stóðu að baki þessa ákvæðis voru þau að skapa visst aðhald og takmarka hve oft hver einstaklingur getur endurtekið

prófið. Hins vegar eru þetta mjög erfið próf og ekki í samræmi við aðrar námskröfur í Háskólanum að setja þessa skrúfu á próftaka. N. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205, n. 320 og 321). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 320 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, en samþykkt voru lög á yfirstandandi ári um nýmæli varðandi þessi efni. Samkvæmt 25. gr. laga þessara skulu fjárhæðir í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma. Nú hagar þannig til að skattvísitala er ekki í fjárlagafrv. og þess vegna þarf að breyta tölum í lögunum með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli áranna 1984 og 1985 og samkv. frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, hækka fjárhæðir laganna um 25%.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Minni hl. skipar auk mín hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Í nál. minni hl. kemur fram eftirfarandi:

„Við undirritaðir nm. erum andvígir þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Einstakir nm., sem skipa minni hl., munu gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum við 2. umr. málsins.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi n. og er sammála þessu áliti minni hl."

Í tengslum við þetta mál fór ég fram á það við hæstv. fjmrh. að hann veitti ýmsar upplýsingar um álagningu og frádrætti sem lögin hefðu haft í för með sér. Hann veitti mér jákvæðar yfirlýsingar um að hann mundi svara öllum þeim spurningum sem komu fram við 1. umr. málsins. Þegar hins vegar kom að því að embættismenn hans ættu að gera grein fyrir þeim svörum sem hæstv. ráðh. vildi veita kom í ljós að á þeim voru ýmsir tæknilegir meinbugir, m. a. þeir að ekki var búið að leggja á að öllu leyti samkvæmt þeim lagaákvæðum sem hér er um að ræða, heldur taka þau einkum gildi á árinu 1985. Aftur á móti er það svo að þegar liggur fyrir hversu mörg hlutafélög hafa óskað eftir því að njóta þeirra fríðinda sem lögin kveða á um. Og í fskj. með nál. minni hl. á þskj. 321 er birtur listi yfir staðfest hlutafélög samkvæmt 11. gr. laga nr. 9/ 1984 eins og listinn leit út 8. nóv. 1984.

Eins og kunnugt er var það meining ríkisstj. og ýmissa talsmanna þessa máls hér í þinginu, m. a. hv. þm. BJ, að hérna væri um að ræða mál sem mundi geta þokað einhverju áleiðis í atvinnurekstri í átt til grósku og aukinna umsvifa í atvinnulífinu. M. a. sagði hæstv. fjmrh. þau orð í framsöguræðu sinni að hérna skapaðist nú tækifæri fyrir margnefndan lítinn mann til að leggja fram afganginn af sparnaðinum sínum í fyrirtæki. Nú höfum við fengið um það upplýsingar hvar þessi lagaákvæði koma til góða. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að telja upp þessi fyrirtæki þannig að það megi ljóst vera hverjir hafa brugðið skjótt við til að hagnýta þá möguleika sem lögin skapa.

1. Almennar tryggingar hf., Síðumúla 39, Reykjavík, 2. Alþýðubankinn hf., Laugavegi 31, Reykjavík, 3. Hf. Eimskipafélag Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík, 4. Fjárfestingarfélag Íslands, Klapparstíg 26, Reykjavík, 5. Flugleiðir hf., Reykjavíkurflugvelli, 6. Hampiðjan hf., Stakkholti 4, Reykjavík, 7. Iðnaðarbanki Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, 8. Tollvörugeymslan hf., Héðinsgötu 1—3, Reykjavík, en hún hefur einhvern veginn frétt af því að þessir möguleikar væru til, og 9. Verslunarbanki Íslands hf., Bankastræti 5, Reykjavík. Síðan kemur fyrirtæki sem er aðeins minna í sniðum en hin, en það heitir Arnarflug hf., Lágmúla 71, Reykjavík. Svo koma tvö fyrirtæki utan Reykjavíkur sem hafa hugsað sér að njóta þessara fríðinda til eflingar atvinnulífi og til að gera það allt blómlegra. Þau eru Sjóefnavinnslan hf., Keflavík, en það er mjög þekkt fyrirtæki og talið geta stuðlað að mikilli blómgun í okkar atvinnuvegum og er geipileg eftirspurn eftir vörum frá því víst, og í tólfta lagi Skagstrendingur hf., Skagaströnd.

Þetta eru þau tólf fyrirtæki sem hér er um að ræða, þ. e. þetta er postulatalan sem hér er fylgt. Síðan kemur í ljós, þegar spurt er hvaða fyrirtæki hafi notað sér heimild til laga um starfsmannasjóði, að það hefur eitt fyrirtæki gert. Það er starfsmannafélag Arnarflugs. Svo er spurt hvaða fyrirtæki hafi notað sér heimild til laga um fjárfestingarsjóði. Svarið er: ekkert fyrirtæki. Þannig hefur þetta skilað sér.

Það er býsna athyglisvert hverjir það eru sem ætla að nota sér þessar heimildir til að fá skattalækkanir, hverjir það eru sem ætla að njóta þeirrar meðgjafar úr ríkissjóði sem þessi skattalækkun auðvitað er. Það eru félög eins og Flugleiðir, Eimskipafélagið og önnur stærri fyrirtæki í landinu sem hafa í vinnu sérfræðinga sem kunna að kafa í gegnum þann frumskóg sem skattalögin í landinu eru að verða. Auðvitað er einn megingallinn við þessi lög sá að verið er að ýta undir aukna mismunun í skattakerfinu í landinu, þannig að þeir sem hafa yfir að ráða sérfræðiþekkingu geti nýtt sér möguleikana en hinn almenni maður ekki.

Við sem stöndum að áliti minni hl. teljum að það sé fráleitt að vera að hækka þá frádráttarliði sem frv. gerir ráð fyrir að hækka og þess vegna leggjum við til að frv. verði fellt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það hefur áður verið rætt hér að það eru umfangsmikil verkefni ríkisstj. allt í kringum okkur að reyna að skapa það umhverfi

með ýmsum aðgerðum sem gæti hugsanlega leitt til þess að örva atvinnulíf og nýsköpun og nýmyndun fyrirtækja og að auka sömuleiðis þátttöku fólks í slíku. Ef litið er til landanna í kringum okkur, svo sem eins og Bretlands, Svíþjóðar, Vestur-Þýskalands og fleiri landa, er hægt að sjá fjölmargar aðgerðir, ég endurtek, fjölmargar og mjög mismunandi aðgerðir, í þessu skyni.

Í fyrsta flokki eru ýmiss konar aðgerðir sem varða lánastarfsemi og styrki. Þá er þar til að dreifa atriðum eins og sérstöku lánsábyrgðarkerfi þar sem ríkissjóður ábyrgist endurgreiðslu á ákveðnum hluta lánsfjár til nýrra fyrirtækja. Það er einnig um að ræða að lánuð séu sérstök fjárfestingarlán á lægri vöxtum en annars eru fáanlegir. Það hafa verið sett lög um stofnun sérstakra áhættufjármagnssjóða og settir hafa verið upp þróunarsjóðir og þróunarstofnanir af ýmsu tagi til að sinna þessum fjármagnsmálum.

Í öðru lagi hafa víða verið settar umfangsmiklar ívilnandi reglur um skattalög sem hafa tekið bæði til söluskatts, tekjuskatts, eignaskatts og ýmissa skattforma sem við höfum e. t. v. ekki öll hér en eru til staðar í hinum ýmsu löndum og koma þarna við sögu.

Í þriðja lagi eru alls kyns aðgerðir til viðbótar, eins og varðandi húsnæði eða iðngarða. Þá er stunduð kennsla í atriðum sem varða stofnun og rekstur fyrirtækja. Það eru gefnar út um þetta bækur eða vídeókassettur, fluttir þættir í útvarpi og sjónvarpi um þetta. Það eru t. d. veitt verðlaun til fyrirtækja sem ná sérstökum árangri í útflutningi. Ef fyrirtæki flytur út vörur og sá útflutningur nær ákveðnu hlutfalli af framleiðslu er það verðlaunað á einhvern hátt, annaðhvort með skattaívilnunum eða öðru skyldu. Þá eru veittir styrkir af ýmsu tagi, rannsóknastyrkir til að þróa ný verkefni. Þannig mætti lengi telja.

Þessari viðleitni er reyndar oftast beint að ákveðnum sviðum. T. d. mætti hugsa sér að á ákveðnu tímabili væri þessari ívilnandi eða hvetjandi starfsemi beint að framleiðslufyrirtækjum og þá yrðu undanskildar t. d. ljósabaðstofur og heilsuræktarstöðvar, svo dæmi séu nefnd sem hafa verið ofarlega á baugi um nýsköpun og aukningu atvinnutækifæra hér í Reykjavík. Þessum aðgerðum er kannske beint að ákveðinni stærð fyrirtækja og þá sérstaklega að ýmiss konar smáfyrirtækjarekstri. Þá er þessum aðgerðum líka í ýmsum tilfellum beint að ákveðnum rekstrarformum fyrirtækja.

Það fer ekki hjá því að alls staðar kosta svona aðgerðir mikla peninga og að í öðru lagi eru þessar reglur, eins og raunar flest öll manna verk sem eru ívilnandi á einhvern hátt, misnotaðar. En það hefur verið mat stjórnmálamanna í löndum þar sem svona starfsemi hefur verið öflug að á endanum yrði hagnaður samfélagsins þó það mikill af þessum aðgerðum að þetta væri réttlætanlegt.

Hins vegar er mjög nauðsynlegt að fylgjast á hverjum tíma vel með hver áhrif slíkra aðgerða eru og reyna að meta hvort þær séu líklegar til hagsbóta og þá að breyta um stefnu eftir því sem menn telja að sé nauðsynlegt.

Hérlendis hefur það verið óskaverkefni margra ríkisstjórna að renna fleiri stoðum undir efnahagslífið eða auka fjölbreytni, eins og það heitir í hátíðarræðum, en hins vegar hefur lítið verið gert. Aðgerðir á þessu sviði hafa því miður flestar verið bundnar við einhvers konar stórvirk áform í sambandi við virkjanir, stóriðju og þess háttar.

Það er athyglisvert að í tíð fyrrv. iðnrh., hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, hófst athyglisverð starfsemi í iðnrn. þar sem gert var sérstakt átak til að afla reynslu í kennslu og uppfræðslustarfsemi varðandi rekstur smáfyrirtækja. Þar er viðleitni sem enn þá er uppi, en stendur að vísu á mjög veikum fótum vegna fjárskorts. Það er nauðsynlegt að vinna miklu markvissar að þessum málum og setja um þetta almenna stefnumótandi línu til margra ára.

Þetta mál, sem hér um ræðir, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, er dæmi um aðgerðir eins og þær hafa verið framkvæmdar í ýmsum löndum. Hins vegar hefur yfirleitt fylgt þessu fleira annars staðar. Það hefur verið gripið til fleiri og fjölvirkari aðgerða á þeim sviðum en hæstv. ríkisstj. hefur lánast að gera hér.

Ef menn leita skýringa á því hvers vegna listinn sem hv. þm. Svavar Gestsson las upp áðan er svo fábreytilegur og vekur svo litlar vonir um að það horfi til betri vegar í þessu er skýringin hugsanlega sú að þetta hefur raunar afar lítið verið auglýst sem hluti af nýsköpun eða breyttri stefnu í atvinnuháttum. Einu auglýsingarnar sem þessi mál hafa fengið hafa verið auglýsingar frá bönkum og fjármálastofnunum þar sem þetta hefur verið kynnt fyrst og fremst sem aðgerðir til skattalækkunar. Ég held að nauðsynlegt sé að láta slíkum aðgerðum fylgja bæði fjölvirkari hliðarráðstafanir, og markvissa kynningu á tilgangi aðgerðanna. Það er, held ég, fyrsta ástæðan fyrir því að þetta mál virðist ekki ætla að bera meiri árangur en virðist af framkomnum upplýsingum hér.

Í öðru lagi er ljóst að það er alla tíð mjög erfitt að meta árangur af svona aðgerðum og það er alveg ljóst að það verður ekki gert nema á lengri tíma. Vafalaust þarf til þess þrjú til fimm ár. En það er nauðsynlegt að fylgjast mjög vel með hvað gerist, fylgjast með því hvers konar fyrirtæki virðast hafa áhuga á þessu, fylgjast með því hversu mikið þetta er notað af almenningi og fylgjast með því hvort þessar leiðir virðast einungis verða notaðar af einhverjum til þess að komast undan eðlilegum skattgreiðslum.

Mér finnst vel koma til greina að skilgreina nánar hvert þessi viðleitni á að beinast. Mér finnst að ríkisstj. eigi að velta því fyrir sér hvort þessar ívilnandi aðgerðir, sem hrint var af stokkunum fyrr á þessu ári, ættu að beinast að ákveðnum greinum atvinnustarfsemi, eins og framleiðslugreinum eingöngu. Þá væru ekki fyrirtæki eins og Verslunarbanki, Alþýðubanki eða Almennar tryggingar á þessum lista, heldur ættu þessi lög einungis við fyrirtæki í framleiðslugreinum. Mér er kunnugt um að þau skilyrði eru sett um ýmiss konar starfsemi af þessu tagi erlendis, t. d. í Bretlandi þar sem tryggingastarfsemi, fasteignasala, skrifstofurekstur, eins og lögfræðirekstur o. þ. h., falla ekki undir sumar af þeim tilraunum sem eru gerðar til að auka þar fjölbreytni í atvinnulífi.

Það kemur sömuleiðis til greina að áskilja að þessi ívilnun geti einungis orðið í tengslum við nýjan fyrirtækjarekstur, þ. e. að slíkum frádrætti frá skattskyldum tekjum þurfi að fylgja þátttaka í nýjum atvinnurekstri, nýjum fyrirtækjum.

Í þriðja lagi kemur líka vel til greina, að mínu mati, að tiltaka í sambandi við aðgerðir af þessu tagi stærð þeirra fyrirtækja sem mættu tengjast svona stefnu-

mótun. Þá mundu fyrirtæki eins og Eimskipafélag, Flugleiðir, Hampiðjan og þess háttar fyrirtæki ekki sjást á listanum, heldur smærri fyrirtæki. Skemmtilegast væri að sjá svona tilraunir rætast á þann hátt að þær leiddu til stofnunar lítilla nýrra fyrirtækja í framleiðslugreinum, þá annaðhvort tengdum þeim undirstöðuatvinnuvegum sem við höfum hér núna, landbúnaði, sjávarútvegi, eða ættu sér á einhvern hátt fótfestu í nýjum atvinnurekstri, nýjum greinum sem ku vera talsvert til af, en menn hafa lítið gert af að kynna sér hér heima.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:8 atkv.
2. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208, n. 325, 324). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. Nd. um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

N. hefur haft þetta frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt. Það gerir einnig hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sem sat fundi n., en einstakir nm. áskilja sér jafnframt rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Ég lít svo á, að hér sé um eðlilega skattheimtu að ræða og skattstofn sem síðar á árinu megi íhuga hvort sé fullnýttur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á þskj. 325 er nál. fjh.- og viðskn. Nd. um það frv. sem hér er á dagskrá. Þar kemur fram að þrír nm., þ. e. hv. þm. Guðmundur Einarsson, Kjartan Jóhannsson og svo sá sem hér stendur, hafa ritað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur m. a. að því að á þskj. 324 flytjum við þrír þm. í deildinni, auk mín Kjartan Jóhannsson og Guðrún Agnarsdóttir, brtt. við 6. gr. frv. um að í staðinn fyrir 1.1% skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 2.2%, eða hann verði tvöfaldaður frá því sem nú er gert ráð fyrir, og mundi það skila ríkissjóði um 85 millj. kr. Er það í samræmi við þá afstöðu, sem m. a. hefur komið fram hjá okkur við afgreiðslu fjárlaga, að við teljum eðlilegt að þessi skattur verði notaður til þess að halda uppi félagslegri þjónustu og fjárfestingu tengdri henni.

Í þessu máli er rétt að fram komi að við höfum aflað okkur upplýsinga um hvernig þessi skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði skiptist eftir skattumdæmum. Ég held að það sé nokkuð fróðlegt fyrir hv. þd. að fá þær upplýsingar.

Þar kemur fram að á árinu 1984 nam þessi skattur á einstaklinga samtals 21.8 millj. kr. Þar af voru greiddar af skrifstofu- og verslunarhúsnæði í Reykjavík 14.9 millj. kr., á Vesturlandi 395 þús. kr., á Vestfjörðum 287 þús. kr., á Norðurl. v. 226 þús. kr., á Norðurl. e. 572 þús. kr., á Austurlandi 255 þús. kr., á Suðurlandi 355 þús. kr., og í Vestmannaeyjum, sem er sérstakt skattumdæmi, 168 þús. kr. og á Reykjanesi 4.9 millj. kr. Af þessum skatti, sem nemur alls um 21.8 millj. kr. hjá einstaklingum, er greitt í Reykjavík og á Reykjanesi í kringum 19 millj. kr. Það segir auðvitað nokkuð um hvað aðrir landshlutar eru afskiptir að því er varðar þjónustu af þessu tagi, hvað verslunin er óeðlilega stór þáttur þegar allt kemur til alls í atvinnulífi hér í Reykjavík og á Reykjanesi um leið og framleiðslugreinar eiga hér mjög í vök að verjast, eins og kom fram í umr. hér í hv. Nd. í dag um Landssmiðjuna.

Þegar litið er hins vegar á lögaðila er heildarálagning á þá 62.1 millj. kr. Þar af er Reykjavík með 47.3 millj. kr., Vesturland með 1.3, Vestfirðir með 924 þús., Norðurl. v. með 787 þús., Norðurl. e. með 4 millj. sléttar, Austurland með 1 millj., Suðurland með 1.5, Vestmannaeyjar 392 þús. og Reykjanes með 4.9 millj. kr.

Í fjh.- og viðskn. Nd. óskuðum við eftir því í morgun að fá upplýsingar um hversu margir aðilar það eru sem þennan skatt greiða. Þær upplýsingar komu ekki fram, en okkur var lofað því að við fengjum þær á síðari stigum. Verður þá fróðlegt að sjá hversu margir aðilar það eru sem greiða skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði í hinum ýmsu umdæmum landsins.

Það kom einnig fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun hjá fulltrúa fjmrn. að hér væri um tiltölulega mjög góðan skattstofn að ræða, þ. e. það er erfitt að fela hann, auðvelt að ákveða hann og hann er aðgengilegur fyrir skattyfirvöld. Þess vegna er það mín skoðun að skynsamlegt sé að nota þennan skattstofn til að ná í tekjur hjá verslunar- og skrifstofufyrirtækjum, að nýta þennan skattstofn enn þá betur en nú er gert ráð fyrir. Þess vegna er það sem við flytjum till. um að tvöfalda þennan skatt, hann fari úr 85 millj. í 170 millj. kr.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, nema tilefni gefist til hér í umr., að orðlengja þetta frekar. Ég minni á að ef skatturinn ætti að vera óbreyttur frá því sem var fyrir tveimur árum ætti hann að vera 1.4% en ekki 1.1% eða 2.2%. Ef það gæti orðið að samkomulagi að standa að till. um 1.4% væri ég a. m. k. fyrir mitt leyti tilbúinn að velta því fyrir mér. Mér heyrðist þó ekki á nm. meiri hl. í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun að þeir væru tilbúnir að hækka þennan skatt yfirleitt neitt. Þar kom reyndar fram það sjónarmið hjá ákveðnum nm. að þetta væri skattur sem bæri að stefna að að leggja niður. Ég held þvert á móti, og sérstaklega þegar þrengir svo að ríkissjóði sem raun ber vitni um, að það ætti að vera skylda Alþingis að halda til haga öllum tekjustofnum. Það er af eðlilegri pólitískri umhyggju fyrir samneyslunni sem við leggjum til að þessi skattur verði hækkaður. Það er ekki vegna þess að við viljum sérstaklega agnúast út í skrifstofu- og verslunarhúsnæði, heldur sýnist okkur að þetta sé góður, glöggur og skýr tekjustofn.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil geta þess að nál., þskj. 325, er áfátt að einu leyti. Á það vantar nafn hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem að sjálfsögðu stendur að þessu máli ásamt með öðrum nm., en fyrir mistök mun það hafa fallið niður í vélritun.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þær sagnfræðilegu heimildir sem ég hef haft aðgang að í sambandi við

þetta frv. benda til að þessi skattur eigi rætur að rekja til þess er menn vildu skattleggja fjárfestingu í húsnæði, fjárfestingu sem var frá því fyrir raunvexti, þegar menn fengu fé við litlu verði og því var oft og tíðum varið óskynsamlega. Þá ríkti hér sú trú að ef menn gætu einhvern veginn náð sér í aur og keypt fyrir hann steinsteypu yrðu þeir hólpnir. Sú trú leiddi til þess að það var fjárfest án þess að arðsemi fyrir samfélagið væri höfð í huga, það sama samfélag og gaf þetta fé hálfvegis.

Nú er hins vegar svo komið að við höfum búið við raunvexti í nokkurn tíma. Það er ástæða til að ætla að fjárfestingarvenjur hafi breyst að einhverju leyti á þessum tíma, þannig að ástæða er til að ætla að atvinnurekstur, sem hefur byggst upp á allra síðustu árum, hafi — vonandi — aflað sér húsnæðis frekar af eðlilegri þörf en óeðlilegri græðgi. Þess vegna langar mig að varpa fram þeirri hugmynd að þessi skattur verði tekinn af eignarskattsstofni frekar en fasteignamati, vegna þess að augljóst er að ef hann væri innheimtur af eignarskattsstofni kæmi fram skattheimta af eignum sem samfélagið nánast gaf mönnum fyrir tilvist raunvaxta. Þá yrði ekki skattlagður atvinnurekstur sem á seinni árum hefði kannske af fullkomnu raunsæi aflað sér húsnæðis og fjárfest í því einungis eins og þurfti og án nokkurrar sóunar.

Ég vil varpa þessari hugmynd fram varðandi breytingu á skattstofninum. Meginstefna frv. mætti svo sem alveg haldast. En að mínu mati mætti með þessu skattleggja raunverulega eignaaukningu sem orðið hafi á gömlu vöxtunum. Fyrirtæki sem þegar eru skattlögð með þessum skatti hafa aðlagast þessu. Vafalaust velta mörg hver þessum skatti út í verðlagið, en menn eru farnir að reikna með þessu í sínum rekstri og fjárins er þörf fyrir ríkissjóð og þá samneyslu sem hann kostar, þannig að ég stend að samþykkt þessa frv. En vegna þeirrar missmíðar sem ég gat um áðan get ég ekki stutt fram komna brtt. á þskj. 324. Þessi skattheimta beinist ekki nógu markvisst að því sem raunverulega var upphaf hennar, þ. e. að skattleggja verðbólgugróðann sem menn öfluðu sér fyrr á árum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 324 felld með 21:9 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 190. mál (þskj. 209, n. 328). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 328 er nál. hv. félmn. Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Eggert Haukdal, Guðmundur J. Guðmundsson, Halldór Blöndal og Stefán Guðmundsson.

Þetta frv. er eins og sum önnur sem nú eru til afgreiðslu og til meðferðar í þessari hv. deild um hækkun á fjárhæðum í lögum vegna þess að ekki er gefin upp skattvísitala í fjárlagafrv. Þess vegna er nauðsynlegt að flutt sé sérstakt lagafrv. til breytinga á tekjustofnalögum sveitarfélaga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212, n. 329). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum um málefni aldraðra og er nál. á þskj. 329. Undir nál. skrifa sex nm. Fjarverandi var Guðmundur Bjarnason alþm., en hann er einn af höfundum þessa frv. þannig að gera má ráð fyrir að hann samþykki það eins og það kom úr hans höndum.

Tilefni þessa frv. er það að við afgreiðslu á frv. til l. um breyt. á þessum lögum seint á síðasta ári hét hæstv. heilbr.- og trmrh. því að lög um málefni aldraðra skyldu verða endurskoðuð, sérstaklega þó ákvæðin um Framkvæmdasjóðinn, og sú er einmitt niðurstaða þessarar endurskoðunar sem kemur fram í þessu frv.

Með breytingum sem gerðar eru skv. þessu frv. er komið meiri festu á starfsemi Framkvæmdasjóðs aldraðra sem virðist nú hafa verið ærin þörf á því að frá því að samþykkt voru fyrstu lögin um Framkvæmdasjóð og eftir að Framkvæmdasjóðurinn var tekinn inn í lög um málefni aldraðra hafa verið gerðar breytingar á þeim nær árlega. Ég er sammála því, sem kemur fram í aths. við frv., að sú breyting sem nú er gerð geti orðið til þess að koma meiri festu á Framkvæmdasjóð aldraðra og það eigi ekki að vera að hlaupa til og breyta slíkri löggjöf frá ári til árs eftir því hvernig standi í ból viðkomandi fjmrh. hverju sinni.

Annað af þeim stefnumiðum sem kemur fram í sambandi við þetta frv. og frv. stefnir að er að færa fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga að nýju til fjvn., enda verði þá tekjur af nefskattinum einu tekjur sjóðsins. Er gert ráð fyrir því og heimilað að Framkvæmdasjóður aldraðra geti ráðstafað 30% tekna sinna í þágu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga.

Enn ein breyting er gerð, sem er nýmæli í þessum lögum, en það er að fulltrúi fjvn. taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra þegar hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Í sjálfu sér er óþarft að fara efnislega út í umr. um þetta mál hér, enda gefst ekki tími til þess þó að af nógu væri að taka, en ég leyfi mér að undirstrika það sem kemur fram í nál. heilbr.- og trn. sem er samhljóða því sem kom fram í nál. heilbr.- og trn. hv. Ed.

Við í nefndinni mælum með samþykkt frv. í trausti þess að heildarframlög til þessara mála verði ekki lægri að raungildi á næsta ári en fjárlög 1984 mæla fyrir. Ég vænti þess að viðstaddir ráðherrar og ef einhverjir væru hér úr fjvn. komi á framfæri þeim óskum sem hafa komið fram nú í nál. okkar. Ég vona að hv. deild taki undir, sem eindregið var tekið undir í Ed., að þessu verði komið áleiðis til þeirra sem nú eru að glíma við síðustu tillögur í sambandi við fjárveitingar ríkisins og við þessu verði orðið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri nema tilefni gefist til, en við í nefndinni mælum með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir er með fyrirvara um afgreiðslu málsins.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal hafa mál mitt örstutt vegna þess að fyrirvari minn er í raun og veru einungis ítrekun á því sem fram kom í máli hv. frsm.

Ég tel að það sé afar nauðsynlegt að tryggja að heildarframlögin til þessara mála verði ekki lægri en fjárlög 1984 gerðu ráð fyrir. Ég get verið efnislega sammála frv. að öðru leyti. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að festa það hverju má verja í þessu skyni, þ. e. til sjúkra- og hjúkrunarstofnana, enda hafa þær breytingar, sem hafa verið gerðar á undanförnum árum og hv. frsm. minntist á, vissulega verið til komnar vegna B-álmu Borgarspítalans. Það er auðvitað mikið hagsmunamál okkar hér í Reykjavík að það fé, sem til hennar hefur runnið, verði nýtt eingöngu í þágu aldraðra og að reynt verði að ljúka við þá byggingu. Ég hefði þess vegna viljað fara fram á það við forseta, ég er kannske tortryggnari en aðrir nm., hvort hugsanlegt væri að fresta atkvgr. þessa máls þar til á miðvikudaginn að við höfum fyrir framan okkur brtt. fjvn. Þetta mál er komið úr Ed. og ég sé ekki annað en það ætti að eiga greiða leið í gegnum deildina þó að afgreiðsla biði til miðvikudags.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ætli væri hugsanlegt að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umr. og hæstv. forseti sæi til þess að hann kæmi hér í salinn?

Þegar 1. umr. um þetta mál fór fram ræddum við nokkuð um hvað eðlilegt væri að veita í Framkvæmdasjóð aldraðra, þ. e. í hluta þeirra verkefna sem hann hefur verið með miðað við verðgildi framlaganna á árinu 1984. Í þeim töluðum orðum kom inn á borð þm. brtt. fjvn. varðandi það að 14 millj. kr. yrði varið til hjúkrunarheimila aldraðra á árinu 1985 beint úr ríkissjóði til viðbótar þeim hugsanlegu 30% sem tekin yrðu af Framkvæmdasjóði aldraðra skv. því lagafrv. sem hér er verið að ræða. Fram kom í máli nokkurra þm. að þeir töldu að þetta væri skerðing á fjármunum til hjúkrunarheimila aldraðra, m. a. væri B-álma Borgarspítalans í sérstakri hættu eins og hv. 10. landsk. þm. gat um áðan.

Í framhaldi af því kom það fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann teldi að þessi upphæð í brtt. fjvn. væri fjarri öllu lagi, þessar 14 millj., og hann nefndi sjálfur að þarna hefði þurft að standa talan 30 millj. og að ⅔ hlutar þeirrar upphæðar hefðu þurft að fara til B-álmu Borgarspítalans. Af þessum ástæðum, að hæstv. heilbr.- og trmrh. gaf þessa yfirlýsingu, fluttum við þm. Alþb. ekki brtt. við þennan lið við afgreiðslu fjárlaganna við 2. umr., vegna þess að við stóluðum á að vilji hæstv. heilbr.- og trmrh. yrði fjárlög í þessu efni áður en margir sólarhringar væru liðnir. Síðan gerðist það að við 2. umr. fjárl. gekk ég á hæstv. fjmrh. með þetta mál og hann tók mjög jákvætt í þetta mál í umr. um fjárlög. Þess vegna held ég að það sé alveg lágmarkskrafa, sem hv. 10. landsk. þm. hefur hér farið fram á, að afgreiðslu málsins verði ekki lokið fyrr en niðurstöður fjvn. liggja fyrir. Ég hygg að allir þeir sem vilja þessum málaflokki vel, sem eru vafalaust allir hv. þm., telji að verið geti skynsamlegt að fjvn. hafi hitann í haldinu með þetta mál þannig að það verði ekki afgreitt hér fyrr en hún er búin að gera upp sinn hlut.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt að ég taldi að hér þyrftu að koma inn í fjárlagafrv. 30 millj. kr. og það er líka rétt að ég taldi að eðlilegt væri að svipuð fjárhæð rynni til B-álmu Borgarspítalans og varð á þessu ári. Þær 14 millj., sem komu fram í brtt. fjvn., koma fram þrátt fyrir að ég hafði lagt þetta til. En hverju breytir að fresta afgreiðslu frv. til miðvikudags? Við vitum ekki hvernig deildafundum verður háttað. Hér er um 2. umr. að ræða núna. Í þessu er sjálfur nefskatturinn og ef frv. ekki nær fram að ganga hækkar hann ekki og þá verður enn minna fé til ráðstöfunar en hefur verið á þessu ári.

Við skulum segja að þó að nefskatturinn hækki og frv. fari ekki fram að öðru leyti breytir það ekki því að ríkissjóður átti að leggja þessum sjóði til sitt framlag. Þetta er eiginlega sama og ég benti á þegar þessi breyting var gerð á þessum lögum og lögum um heilbrigðisþjónustu, að mér litist ekki á að vera að færa þessi verkefni inn í þennan sjóð. En það er sjáanlegt með þessu að búið er að binda 30% í þessu verkefni á þessu ári, ef frv. fer fram, því að ólíklegt verður að teljast að sundurliðaðir liðir verði teknir aftur upp í 3. umr. Ég held að það séu fá dæmi þess og það er meira en ég sé óánægður með það. Ég er líka óánægður með að það eru fleiri aðilar þarna inni en ég taldi að ættu að vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. 191. mál (þskj. 211, n. 331). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 331 er nál. heilbr.- og trn. Nd. um lagabreytingar er varða sjúkratryggingagjald. Hér er ekki um að ræða efnisbreytingu, heldur er orðalag till. eins og í núgildandi lögum. Það er gert ráð fyrir því, í samræmi við frv. til fjárl., að á næsta ári verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli laga nr. 80 frá 1983.

Á yfirstandandi ári nam álagningin 142 millj. kr. Innheimtan er áætluð 125 millj. kr. Á næsta ári er áætlað að álagningin nemi 170 millj. kr. og innheimtan 150 millj. Með þessu frv. er gengið út frá því að skattbyrði vegna sjúkratryggingagjalds verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári milli áranna

1984 og 1985, en Þjóðhagsstofnun hefur reiknað, eins og kunnugt er, með því að tekjubreytingar á milli þessara ára verði, eins og á milli áranna 1983 og 1984, 25%.

Nefndin stendur öll að nál. og mælir með því að frv. verði samþykkt. Undir þetta rita, auk frsm., hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Ólafur G. Einarsson og Guðrún Helgadóttir. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins, en er samþykkur frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207, n. 327). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sérstakan barnabótaauka.

N. hefur skoðað málið og leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sat fundi n. og er samþykk áliti þessu.

Undir þetta skrifa hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Kjartan Jóhannsson, Svavar Gestsson, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til l. um sérstakan barnabótaauka, sem er 188. mál þessa þings, á þskj. 335. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Kristín Halldórsdóttir.

Brtt. varðar 1. málsgr. 2. gr. frv., en lagt er til að sú grein verði svohljóðandi:

„Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 30 þús. kr. með hverju barni."

Það kemur sem sé talan 30 þús. í stað 15 þús.

Sá kostnaðarauki, sem er samfara þessari tvöföldun barnabótaaukans, er rúmlega 200 millj. kr., nánar tiltekið áætlaður 220 millj.

Flutningur þessarar brtt. er reyndar í nánu samhengi við annað mál, sem er 187. mál þessa þings og er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en við það frv. gerum við þm. Kvennalista í Nd., Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir, brtt. Sú brtt. miðar að því að fella út samsköttunarákvæði hjóna í 3. gr. frv. eða þá setningu sem byrjar svo: „Sé tekjuskattsstofn annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr. lægri en 200 þús. kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 þús. kr., en þó ekki um hærri upphæð en 100 þús. kr." En það eru einmitt þessar 200 millj. sem nota má til þess að auka barnabætur.

Að öðru leyti erum við sammála efni beggja þessara frv., um barnabótaauka og tekju- og eignarskatt, og hvetjum til þess að þau verði samþykkt.

Ég vil nú gera frekari grein fyrir þessari afstöðu okkar kvennalistaþingmanna.

Sanngjörn sköttun einstaklinganna til samneyslu þjóðfélagsins er ekki auðvelt verkefni og þarf margs að gæta til að virðing gagnvart réttindum eins verði ekki að broti á réttindum annars. Það er grundvallarskoðun okkar að hver einasti fullorðinn einstaklingur eigi að vera fjárhagslega sjálfstæður aðili og að líta beri á hann sem slíkan, einnig gagnvart lögum, skattalögum sem og öðrum lögum. Efnahagslegt sjálfstæði kvenna er líklega mikilsverðasti þátturinn til að tryggja raunverulegt sjálfstæði kvenna, þ. e. til að eiga í reynd val um lífsferil sinn og viðfangsefni. Það er á þessum grundvallarforsendum sem við teljum það stórt spor í rétta átt að viðurkenna fjárhagslegt sjálfstæði kvenna með því að þær séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

Samsköttun hjóna, sem tilgreind er í 3. gr., er frá sjónarmiði fjárhagslegs sjálfstæðis giftra kvenna tvímælalaust spor aftur á bak. Með þessari reglu er lægra launaði makinn, sem í langflestum tilfellum er konan, gerð að nokkurs konar viðhengi maka síns og má segja að í leiðinni sé að nokkru verið að réttlæta hin lágu laun kvenna úti á vinnumarkaðinum. Skattalögin eru með þessu ákvæði í reynd að taka tillit til þess að flestar konur bera ákaflega lítið úr býtum úti á vinnumarkaðinum. Réttlæting á lágum launum kvenna á auðvitað hvergi heima, hvorki í skattalögum né annars staðar, og vilji menn bæta hlut kvenna að þessu leyti og sjá til þess að þær njóti ávaxta vinnu sinnar, þá ber að hækka laun þeirra úti á vinnumarkaðinum með því að endurmeta störf þeirra og bæta aðbúnað barna þeirra í þjóðfélaginu því ella geta konur ekki staðið jafnfætis körlum úti á vinnumarkaðinum.

En samsköttun hjóna snýst ekki eingöngu um tekjumismun hjónanna. Hún virðist í fljótu bragði vera skref í þá átt að meta einhvers þau ólaunuðu störf sem unnin eru inni á heimilinum, heimilisstörfin. Ef þessi er tilgangur hennar, þá er ýmislegt við það fyrirkomulag að athuga. Má vera að hér sé góð hugsun að baki, en framkvæmd hennar er ómarkviss. Í fyrsta lagi er hér tekið tillit eingöngu til þess sambúðarforms sem er kjarnafjölskyldan eða hjón. Þarna er ekki tekið tillit til heimilisstarfa á heimili þar sem önnur sambúðarform gilda, t. d. milli blóðskyldra einstaklinga þar sem annar aðilinn er heimavinnandi. Sömuleiðis má segja að ekki sé tekið tillit til heimilisstarfa þeirra sem úti vinna, af því að hvergi gera slík störf sig sjálf, en hafa ævinlega þá náttúru að sjást helst ef þau eru ekki unnin. Það má því segja að þessi tilraun til viðurkenningar á hlutverki þess hjóna sem heimavinnandi er sé jafnframt skerðing á réttindum eða á kostnað réttinda annarra. Hún tekur heldur ekki beint tillit til þeirra sem heimavinnandi eru, heldur til þeirra sem hafa heimavinnandi á framfæri sínu. Sá sem útivinnandi er fær afslátt fyrir það að hafa heimavinnandi á framfæri sínu. Nauðsynlegt er að leiðrétta hlut þeirra sem heimavinnandi eru og væri þá mun réttlátara að þeir aðilar njóti sjálf eða sjálfur umbunar af störfum sínum. Við megum ekki gleyma því að þau störf sem unnin eru launalaust inni á heimilum landsins eru aldrei talin með eða viðurkennd í hagskýrslum, aldrei talin með til verðmætasköpunar í þjóð-

félaginu. Þeir sem þau vinna að aðalstarfi njóta ekki einu sinni lífeyrisréttinda og eðlilegra tryggingabóta. Það er alveg ljóst að rétt þeirra þarf að virða og meta til verðmæta fyrir þjóðfélagið. Við teljum samt ekki að slíkt verði best gert á þann hátt sem hér er lagt til.

Það er nauðsynlegt að mæta kröfum heimavinnandi um lífeyrisréttindi og önnur réttindi. Ein vænlegasta leiðin til að mæta slíkum þörfum er t. d. að auka barnabætur, þannig að þjóðfélagið viðurkenni nauðsyn þess að hlúa að börnum og um leið að gefa foreldrum og forráðamönnum val um það hvernig þau standi að því. Þess vegna er þessi brtt. flutt til þess að koma til móts við þau heimili þar sem heimavinnandi er einkum heima til að annast börn. Slíkt er að jafnaði tímabundið í lífi fjölskyldunnar, að foreldrar eða forráðamenn eru bundir af umönnun barna sinna, og oft meginástæðan fyrir því að annað foreldri, gjarnan móðir, kýs að vera heima.

Okkur finnst því eðlilegt að koma til móts við slíkar þarfir. Jafnframt þykir okkur líka sjálfsagt og eðlilegt að tillit sé tekið til barna og foreldra með auknu og lengdu fæðingarorlofi. Enn annað skref í þá átt að viðurkenna hlut heimavinnandi er að meta starfsreynslu þeirra þegar út á vinnumarkað kemur eins og aðra starfsreynslu í þjóðfélaginu og minni ég á þál. Kvennalista í því sambandi. Þessi tvö þingmál snerta í raun hugmyndafræðileg grundvallaratriði, og þrátt fyrir það að erfitt sé að finna réttláta og sanngjarna löggjöf, þannig að tillit sé tekið til allra aðila, þá teljum við að að svo komnu máli, þá sé þessi aðferð sú réttlátasta að láta auknar barnabætur mæta þörfum heimavinnandi fremur en að knýja konur með skattalöggjöf inn á heimilin með óbeinum þrýstingi. Skattalöggjöfin á að gefa fólki val. Hún á hvorki að reka konur út á vinnumarkað né heldur að knýja þær inn á heimilin.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 335, sem var of seint fram komin, samþ. með 21 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í mínum skilningi er um tvö aðskilin mál að ræða þar sem annars vegar er hversu hár barnabótaauki skuli vera og býst ég við að naumast sé hægt að hugsa sér hann svo háan að einhverjum þætti ekki rétt að bæta þar einhverju við, a. m. k. ef marka má þá venju, sem oft er þegar einhverju er komið á, það ýmsir þykjast sjá brýna þörf á því að við sé bætt, og skal ég ekki neita því að auðvitað vildi maður gjarnan að ríkissjóður hefði ráð á því að stórauka barnabótaauka og ýmislegt annað sem þörf er á að auka og bæta við í þessu þjóðfélagi.

Á hinn bóginn er það allt annað mál hvernig um skattlagningu skuli farið á heimilin. Ég hef alltaf litið svo á að þar skipti mestu máli ráðstöfunartekjur heimilanna í heild þegar upp er staðið. Það held ég að sé kjarni málsins. Ég hef raunar líka oft bent á að það er grundvallaratriði í skattalögum að beinan kostnað við að afla tekna sé rétt að draga frá tekjum, og má auðvitað íhuga það atriði í sambandi við það þegar bæði hjón vinna úti. En ég vil líka á hinn bóginn benda á það þegar við tölum um þann mikla mun sem nú er í skattalögum á skattlagningu hjóna eftir því hvort annað hjóna vinnur fyrir tekjum eða bæði hjónin til jafns. Þá vil ég m. a. benda á að konur sjómanna eiga verr um vik en ýmsar aðrar konur að vinna úti vegna langvarandi fjarveru maka sinna og svo er um ýmsa aðra hópa þar sem störf annars maka krefjast langrar fjarvistar frá heimili.

Ég skal ekki um það ræða frá heimspekilegu sjónarmiði hversu mikinn mun rétt sé að gera í skattalögum á því hvort annað hjóna eða bæði vinna fyrir tekjum, en ég held það sé ekki hægt að fallast á hitt sjónarmiðið, að verið sé að láta í ljós einhverja sérstaka vanþóknun á þeim konum sem vinna úti þó sá munur sé nokkuð minnkaður frá því sem yrði að óbreyttum lögum.

Ég vil að þetta komi fram, herra forseti. Það er víða svo þar sem annar maka vinnur fyrir tekjunum að það getur átt sér þær eðlilegu skýringar að hinn makinn sé lengi fjarverandi eða þá annar makinn sé veikur, öryrki, og geti af einhverjum slíkum ástæðum ekki unnið úti. Í hinn stað vil ég leggja áherslu á að þegar upp er staðið skipta ráðstöfunartekjur heimilisins mestu máli um afkomu þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 335 felld með 20:11 atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Afgreiðsla þingmála.

Svavar Gestsson: Herra forseti. 214. mál, um söluskatt, er tvímælalaust eitt af þeim málum sem ríkisstj. hefur lagt mesta áherslu á að fá afgreitt núna á síðustu dögum þingsins fyrir hátíðar og málið er seint fram komið. Það gekk treglega að kreista þetta í gegnum stjórnarflokkana, eins og kunnugt er. Að lokum tókst þó fjmrh. að pína Sjálfstfl. til að samþykkja þá skatthækkun sem hér stendur til að taka fyrir.

Forsendur þessa máls samkv. yfirlýsingu fjmrh. eru niðurfelling eða endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts í sjávarútveginum. Á fundi fjh.- og viðskn. Nd. í morgun fór ég fram á að fá upplýsingar um þessa endurgreiðslu til sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi fór ég fram á áætlun Þjóðhagsstofnunar um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi, á hverju hún væri byggð, hvernig fundin væri út þessi tala, 450 millj. kr., en í fyrstu áætlunum sem við sáum um þetta s. l. sumar minnir mig að stuðst hafi verið við töluna 360—370 millj. kr. Síðan fréttum við af því í fjh.- og viðskn. Nd. á þessum sólarhring að söluskattsáætlun fjárlaganna sé að breytast um 2 milljarða kr. eða nákvæmlega 1.9 milljarða, þ. e. að hún fari úr 8.4 milljörðum kr., eins og þetta er í fjárlagafrv., og sveiflist upp í 10.3 milljarða í tölvunum hjá þeim uppi í fjmrn. Þar af leiðandi hlýtur maður að gera ráð fyrir að upphæð uppsafnaðs söluskatts í sjávarútveginum breytist líka, en um það eru engar upplýsingar til. Embættismaður fjmrn., sem starfaði með okkur í fjh.- og viðskn., fékk engin gögn um þetta mál af neinu tagi, m. a. ekki frá Þjóðhagsstofnun, og meiri hl. n. veit ekkert um þetta mál. Formaður n. lýsti því yfir að hann vissi ekkert um það.

Í annan stað óskuðum við eftir því á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að við fengjum hugmyndir fjmrn. um það hvernig háttað verður endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins. Verður það gert svipað og til iðnaðarins? Verða gerð upp þriggja mánaða tímabil eða tveggja mánaða tímabil? Eftir hverju verður farið? Verður farið eftir nótum? Hvað verður greitt til útgerðarinnar? Hvað verður greitt til fiskvinnslunnar? Þessi svör vildum við fá vegna þess að þessi endurgreiðsla á að taka gildi frá og með 1. janúar n. k. og þangað til eru fjórtán dagar.

Við lögðum þessar spurningar fyrir í morgun og engin svör hafa borist þó að okkur hafi verið lofað því í morgun að upplýsingar lægju fyrir. Ég tel algjörlega ótækt að afgreiða þetta mál öðruvísi en að þessi gögn komi fram og ég sé ekki að það sé nokkur ástæða til þess heldur vegna þess að þessi gögn hljóta að vera til einhvers staðar í kerfinu. Menn hljóta að vita um þessa pappíra, hljóta að hafa hugmynd um hvernig þeir hafa reiknað þetta út, þannig að ég sé ekki betur en það eigi að vera hægt að finna þetta ef menn gefa sér til þess örlítinn tíma.

Ég fer fram á það við hv. meiri hl. hér á Alþingi að þessi gögn verði dregin fram áður en málið verður afgreitt. Það er algjörlega óeðlilegt að Alþingi sé að afgreiða þetta frv., sem hér stendur til að taka fyrir, öðruvísi en að þessi gögn komi fram. Ég skil það að hæstv. ríkisstj. leggur áherslu á að fá málið afgreitt fyrir jól, vegna þess að þetta er ein af forsendum fjárlaga, og ég vil fyrir hönd míns flokks leyfa mér að lýsa því yfir að við munum gera allt sem við getum til að aðstoða við það að málið nái fram að ganga með eðlilegum og þinglegum hætti þegar þessar mikilvægu upplýsingar liggja fyrir. En það er ekki hægt að afgreiða svona mál án þess að upplýsingarnar liggi fyrir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það var gróflega ofmælt hjá hv. 3. þm. Reykv. að ég hafi lýst því yfir á fundi fjh. og viðskn. að ég vissi ekkert um málið. Ég veit ýmislegt um málið, en kannske ekki allt. (**Gripið fram í:** Láttu það koma) En á hitt er að líta að þegar málið var afgreitt úr n. vantaði okkur upplýsingar sem réttmætt var að nm. hefðu aðgang að áður en málið kæmi til umr. Það varð að samkomulagi að við sæjum um að þetta mál yrði ekki tekið til umr. í hv. deild fyrr en þessar upplýsingar hefðu borist til nm.

Ég óskaði eftir því að á fundi n., sem haldinn var núna milli sjö og níu, kæmi fulltrúi fjmrn. og hann átti að vera undir það búinn að veita þessar upplýsingar. Því miður hafði hann þær ekki tiltækar allar. Hann upplýsti um suma þætti málsins, en ekki til fullnustu. Því get ég mjög vel tekið undir ósk hv. 3. þm. Reykjv. um að málinu verði frestað þangað til síðar í kvöld og ég skal gera gangskör að því að reyna að afla þeirra tölulega upplýsinga sem hér skortir á. Ég beini því til forseta að hann fresti þessu máli um stund þar til þessar upplýsingar liggja fyrir, en jafnframt vil ég ítreka að það má ekki verða til þess að þetta mál dagi upp því þetta er eitt af þeim verkum sem við þurfum nauðsynlega að vinna fyrir jólaleyfi.

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212, n. 329). — Frh. 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Við 2. umr. fyrr í dag fór ég fram á að þessi atkvgr. yrði frestað þar sem ég taldi að hv. þm. yrðu að krefjast þess að staðið væri við þau fyrirheit að framlag ríkisins rýrðist ekki né Framkvæmdasjóður við þessa breytingu. Einkum stendur málið mjög nálægt þm. Reykv. þar sem hér er ekki síst um hagsmuni B-álmunnar við Borgarspítalann að ræða. Hins vegar svaraði forseti því hvorki til né frá hvort hann yrði við þessu og það þykir mér raunar að hann hefði átt að gera. Ég tek það hins vegar svo að hann hafi ekki orðið við þessari beiðni minni.

En ég skal firra vandræðum. Með því að hæstv. heilbrmrh. tók til máls eftir að ég hafði farið fram á þessa frestun, og með tilliti til þess hversu sammála hann er þessari kröfu og hversu vinsamlega hann tók í að staðið yrði við gefin fyrirheit tel ég út af fyrir sig ástæðulaust að halda þessari frestunarbeiðni til streitu, en treysti því þá auðvitað að við 3. umr. um fjárlög liggi fyrir brtt. frá fjvn. um að þarna verði hærri upphæð en þær 14 millj. sem þar eru nú. Þess vegna féll ég frá þessari frestunarbeiðni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Afgreiðsla þingmála.

Páll Pétursson: Herra forseti. Áðan var frestað umr. um söluskatt vegna þess að upplýsingar lágu ekki fyrir um ákveðin atriði sem spurt hafði verið um í fjh.- og viðskn. Mér hefur nú tekist að afla upplýsinga sem ég vona að séu fullnægjandi. Þær eru þær bestu fáanlegar.

Í fyrsta lagi var óskað eftir upplýsingum um áætlun um hversu mikill uppsafnaður söluskattur sjávarútvegsins væri. Þjóðhagsstofnun hefur verið að reikna þetta og skv. þeirra útreikningum, sem þeir skiluðu af sér nú í kvöld, er talan 515 millj., miðað við 1. jan. n. k., en ef reiknað er með því verðlagi sem fjárlögin eru reiknuð á er þessi tala 550 millj.

Í stefnuræðu forsrh., sem flutt var fyrr í haust, segir um uppsafnaðan söluskatt þannig, með leyfi forseta:

„Uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi mun, eins og kunnugt er, verða endurgreiddur frá og með næstu áramótum. Verður því fjármagni varið til þess að lagfæra stöðu Aflatryggingasjóðs, þannig að á árinu 1985 megi áfram greiða úr sjóðnum óbreytta uppbót á fiskverð."

Lengri er þessi tilvitnun ekki. En þar við situr. Það liggur ljóst fyrir að að mestu verður þessari endurgreiðslu beint í gegnum Aflatryggingasjóð, en þó er ekki fyrir það að synja að það verði eitthvað af honum greitt með öðrum hætti.

Ég vona að þetta sé fullnægjandi svar við þeim réttmætu fsp. sem fram komu í n. og að menn treysti sér til þess að taka þetta mál til umr. í kvöld að fengnum þessum upplýsingum. Fleira var það ekki í bili, herra forseti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. kom víða við í máli sínu og ræddi einkum um uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi og greindi frá því að hann hefði aflað nokkurra upplýsinga um það mál. Í fyrsta lagi sagði hv. þm. að þessi söluskattur væri 550 millj. kr. Það er nýjasta talan. Hún var 380 þegar lagt var af stað hér í haust. Svo er hún 450 í söluskattsfrv. og núna er hún komin upp í 550. Hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., hváði þegar hann heyrði þessa tölu, 550, því hann hafði aldrei heyrt hana nefnda áður. Ég leyfi mér að segja að mér þykir vaða nokkuð á súðum hjá stjórnarliðinu þar sem þetta rokkar til um svona 100 millj. á klukkutíma fresti. (**Gripið fram í:** Alltaf er það nú á uppleið.) Og það er alltaf heldur á uppleið og gatið þá stækkandi væntanlega um leið eða hvað? (**ÓÞÞ:** Sígandi lukka er best.) Sígandi lukka er best, segir hv. þm. Ólafur Þórðarson af glöggu innsæi sínu á efnahagsmálum. Og síðan segir hv. 2. þm. Norðurl. v. að þetta verði nú endurgreitt í gegnum Aflatryggingasjóð eða með öðrum hætti. (**PP:** Að mestu leyti í gegnum Aflatryggingasjóð.) Já, að mestu leyti í gegnum Aflatryggingasjóðinn. Þá er það væntanlega þannig að greiða á útgerðinni þetta í gegnum Aflatryggingasjóð. En ætli standi til að greiða vinnslunni þetta í gegnum Aflatryggingasjóð líka eða hvernig á hún að fá þessa peninga? Þetta eru auðvitað engar upplýsingar, sem fram koma hérna hjá hv. þm. Páli Pétursyni og alveg vitagagnslausar í málinu og bendir auðvitað til þess, eins og fleira sem ríkisstj. hefur verið að reyna að leggja hérna fram síðustu dagana, að menn viti ekki nákvæmlega hvort milljónirnar eru 100, 200 eða 300, enda sýnist mér að menn láti sér það í léttu rúmi liggja eins og annað sem snertir tilveru þessarar ríkisstj.

Það er náttúrlega algjörlega óeðlilegt að afgreiða þetta söluskattsmál með þeim hætti sem ríkisstj. leggur til. En hennar er skömmin og stjórnarmeirihl. hér. Við höfum gert tilraun til þess í stjórnarandstöðunni að draga fram upplýsingar sem mættu verða til þess að málið yrði afgreitt með eðlilegum hætti. Stjórnarliðið hefur ekki komið til móts við óskir okkar og situr þannig uppi með skömmina af þessari afgreiðslu. Það verður að hafa það, ef stjórnarmeirihl. vill bæta þessum krossi ofan á önnur heiðursmerki sem hann hefur prýtt sig síðustu sólarhringana.

Málið á eftir að fara til Ed., þetta er 2. umr., trúi ég, í fyrri deild, og við hljótum að leggja á það mjög mikla áherslu að betri upplýsingar liggi fyrir því að þó að stjórnarliðið láti sér það í léttu rúmi liggja hvernig mál eru afgreidd hér tel ég að það sé m. a. ein af höfuðskyldum stjórnarandstöðunnar að tryggja að við framgang mála sé Alþingi ekki eins og færibandaverksmiðja handa ríkisstj., heldur sé krafist upplýsinga um hlutina. Og það verður gert. Fyrst það ekki næst við þessa umr. verður það gert á síðari stigum málsins.

Neðri deild, 28. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 27. fundi.

Löggiltir endurskoðendur, frv. 138. mál (þskj. 143). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 350).

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 186. mál (þskj. 205). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 351).

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 189. mál (þskj. 208). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 352).

Barnabótaauki, frv. 188. mál (þskj. 207). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 353).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 190. mál (þskj. 209). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 354).

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Eins og ég hef áður getið um óskaði ég eftir að fyrir lægi að samanlögð framlög Framkvæmdasjóðs og ríkisins til málefna aldraðra minnkuðu ekki að raungildi frá því sem verið hefur á þessu ári. Þar sem brtt. frá fjvn. eru varla væntanlegar fyrr en í fyrsta lagi á morgun eða jafnvel miðvikudag tel ég ekki óeðlilegt að fara fram á að þessari lokaafgreiðslu málsins héðan úr Nd. verði frestað. Ég held að það geti ekki á nokkurn hátt tafið það að málið verði afgreitt nú fyrir þinghlé. Ég óska þess vegna eftir því að atkvgr. um málið fari ekki fram nú, heldur á miðvikudag þegar fyrir liggur hversu mikið er á fjárlögum til þessara mála. Til glöggvunar fyrir þá sem ekki sátu hér í salnum í dag, þá kom fram að áætlaðar eru 14 millj., en hæstv. heilbrrh. sagði að þessi tala þyrfti í raun og veru að vera 30 millj. Um það erum við alveg sammála. Og í öllu falli þarf þessi upphæð að hækka verulega til þess að samanlögð framlög til þessara mála haldi raungildi. Þess vegna óska ég eftir því að þetta mál verði látið bíða þar til breytingar frá fjvn. liggja fyrir. (**Forseti:** Forseti verður við þessari ósk þm. Málinu er frestað þar til á miðvikudag.)

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. 191. mál (þskj. 211). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 355).

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, frv. 233. mál (þskj. 307). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Við afgreiðslu frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku á Alþingi 14. des. s. l. ár gaf ég þá yfirlýsingu að ég mundi beita mér fyrir lækkun gjaldsins í áföngum eða niðurfellingu þess, enda yrði séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða með öðrum hætti. Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði ég með bréfi 27. jan. 1984 nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforku. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Birgir Ísl. Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, Stefán Guðmundsson, allt alþm., Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins og Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri og formaður Sambands ísl. rafveitna.

Álit nefndarinnar, sem dags. er í Reykjavík 23. nóv. 1984, er fskj. með frv. þessu. Eins og fram kemur í nál. leggur nefndin til að gjaldið lækki í áföngum og falli niður 31. des. 1988 og að samhliða því verði lögfestar aðgerðir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ekki náðist samstaða nú um þær leiðir sem nefndin lagði til og settar eru fram í frv. því til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu sem nefndin hefur samið og er fskj. með nál.

Með frv. þessu er lagt til að lögfest verði innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu árið 1985. Upphæð gjaldsins, sem verið hefur 19%, verði lækkuð í 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða sem fær 20%. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi aðeins eitt ár og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. des. 1985. Frv. þetta ber því að skoða sem 1. áfanga þess að verðjöfnunargjald af raforkusölu verði fellt niður.

Frv. felur í sér það nýmæli að auk lækkunar verðjöfnunargjaldsins úr 19% í 16% skal nú greiða beint til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í stað þess að gjaldið fór áður í gegnum Orkusjóð. Þá eru felld úr lögum um verðjöfnunargjald af raforkusölu ýmis ákvæði er varða málefni Rafmagnsveitna ríkisins og ekki þykja lengur eiga við. Skv. framlögðu fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að tekjur af verðjöfnunargjaldi verði 420 millj. kr. á árinu 1985. Lækkun verðjöfnunargjaldsins á árinu 1985 úr 19 í 16% þýðir um 53 millj. kr. tekjumissi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og um 13.3 millj. kr. tekjumissi fyrir Orkubú Vestfjarða, og er þá miðað við heildartekjur af gjaldinu eins og þær eru áætlaðar í fjárlagafrv. Gert er ráð fyrir að þessum tekjumissi verði mætt með skuldbreytingu áhvílandi lána hjá fyrirtækinu. Skv. tillögum sem nú eru til athugunar næst að mæta þeim tekjumissi alfarið með slíkri skuldbreytingu.

Þar sem ekki náðist samstaða nú um frv. til l. um lækkun gjaldsins í áföngum og niðurfellingu þess samhliða aðgerðum til að bæta fjárhag fyrirtækjanna, sem fela í sér lausn til frambúðar, er óhjákvæmilegt með tilliti til fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða að framlengja gjald þetta um eitt ár, þó þannig að gjaldið lækki úr 19 í 16%. Um forsögu verðjöfnunargjaldsins vísast að öðru leyti til fskj. sem fylgir með frv.

Við þessa 1. umr. í hv. Nd. vil ég birta eftirfarandi yfirlýsingu:

Með tilvísun til fyrri yfirlýsinga um afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu og að fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja sem þess hafa notið verði séð með öðrum hætti lýsir ríkisstj. því yfir að hún mun leggja fyrir Alþingi í síðasta lagi haustið 1985 frv. til l. sem ræður

þeim málum til lykta, þ. e. að við fyrri yfirlýsingar um afnám þessa óeðlilega gjalds verður staðið. Ég vil taka það fram að ég geri ráð fyrir því að fljótlega upp úr áramótum verði skipuð nefnd til þess að ná samkomulagi um með hvaða hætti staðið verður að samningu slíks frv. Ég býst við því að að verulegu leyti verði nál. hinnar stjórnskipuðu nefndar lagt til grundvallar. Þó á ég frekar von á því að afnám gjaldsins verði í jöfnum áföngum, 4% á ári, og taki þess vegna einu ári lengur að afnema það með öllu en gert var ráð fyrir í tillögum hinnar stjórnskipuðu nefndar.

Herra forseti. Ég legg til að þegar þessari 1. umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er komið til umr. frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu og hefur það verið árviss viðburður, líklega síðan 1974, að slíkt frv. hefur verið lagt hér fram á Alþingi, með litlum breytingum oftast. Nú er það óvenjuseint á ferð, því að ég hygg að það hafi ekki komið í fyrri deild fyrr en í síðustu viku, og eru ástæðurnar augsýnilega þær sumpart að hæstv. iðnrh. hefur verið í miklum bögglingi með þetta mál og hvernig það yrði lagt fyrir þingið.

Ég hef reynt að fylgjast með yfirlýsingum hæstv. ráðh. um þessi efni, en þær eru nú orðnar býsna margar. Ég held að full ástæða væri til þess að hæstv. ráðh. léti taka saman þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið síðasta eitt og hálft árið varðandi verðjöfnunargjald af raforku. Þetta er orðið það skrautlegt safn að ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir þingið og þingnefnd að hafa það samandregið skilmerkilega. Augljóst er af orðum ráðh., einnig hér síðast, að hann ætlast til að þessar yfirlýsingar hans séu teknar alvarlega, jafnvel hátíðlega, og bættist nú a. m. k. ein við ef ekki tvær í þessari hinni síðustu ræðu.

Ég hef því miður ekki hér við höndina neitt yfirlit um þessar einstöku yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. var hér sumpart að vitna til, en ég minnist þess að þegar hann tók að ræða þetta mál hér í þinginu fyrir áramót í fyrra, á árinu 1983, þá brá mér nokkuð við það hversu afdráttarlaus hæstv. ráðh. var um afnám verðjöfnunargjaldsins. Það var engu líkara en ráðh. teldi það vera létt verk að afnema þetta gjald, fyrir utan það að hann lýsti því yfir að það væri hið mesta nauðsynjamál, og það endurtók hann raunar hér í ræðu sinni áðan. Hann talaði um yfirlýsingu frá ríkisstj. sem fæli í sér afnám þessa óeðlilega gjalds, eins og hann orðaði það.

Ég hef talið yfirlýsingar ráðh., sem ganga í þessa átt, vera óvarkárar, svo að vægt sé til orða tekið, og hef satt að segja átt mjög erfitt með að skilja það sem að baki lægi. Ég hélt að hæstv. ráðh. minntist þess hvaða erfiðleikum það hefði verið bundið að tryggja lágmarksjöfnun á raforkuverði frá þeim fyrirtækjum sem hafa notið þessa gjalds á undanförnum 10 árum og hversu erfitt hefur verið að halda þessu gjaldi inni í þinginu, ég tala nú ekki um þegar leitað var eftir og samþykkt var hækkun þess úr 13% í 19% árið 1978. Þá munaði mjög mjóu í þessari hv. deild í sambandi við úrslit þess máls. Ég hygg að það hafi oltið á einu eða tveimur atkv. hvernig með það færi. Þá var staðan sú að verðmunur á heimilistaxtanum sem hér um ræðir í sambandi við þetta gjald, heimilistaxta raforku, var orðinn nær 90% sem viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða greiddu meira fyrir ljós og eldun, heimilisrafmagnið, heldur en viðskiptavinir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og flestra rafveitna sveitarfélaga sem höfðu mjög svipaða taxta.

Það var kveðið á um það, og ég gaf um það yfirlýsingu þá á Alþingi sem ráðh., að hækkun gjaldsins úr 13 í 19% yrði varið til þess að draga úr hinum alvarlega og vaxandi mismun, sem þarna hafði orðið árin á undan. Það tókst á um það bil 1½ ári að minnka þennan mun úr nærfellt 90% niður í tæp 25% og við þau mörk hefur síðan verið haldið í sambandi við gjaldskrárákvarðanir á meðan stjórnvöld höfðu tök á þeim málum og iðnrn. kærði sig um að hafa áhrif á gjaldskrár. En sem kunnugt er hefur núv. ríkisstj. og núv. hæstv. iðnrh. afsalað sér afskiptum af gjaldskrármálum og beitti sér fyrir að felld voru úr gildi sérstök lög, sem tryggðu íhlutunarrétt stjórnvalda um gjaldskrá Landsvirkjunar, sem er hér aðalorkuframleiðandi í landinu og nánast einokunaraðili í sambandi við heildsölu á raforku. Hæstv. ráðh. kærði sig ekkert um íhlutunarrétt þar að lútandi og beitti sér fyrir því að Landsvirkjun var leyst undan þeirri kvöð að fá samþykki iðnrn. fyrir gjaldskrárbreytingum. Það var nokkuð sérstök aðgerð þegar hæstv. ráðh. beitti sér fyrir því að brbl., sem sett voru vorið 1983 um þetta efni, voru felld hér á Alþingi.

Ég vil taka það fram að ég tel að það sé út af fyrir sig hægt að beita öðrum aðferðum en þeim sem hafa falist í þessari gjaldtöku til að tryggja lágmarksjafnræði notenda í sambandi við smásölu á raforkuverði. Og það hefur verið reynt að taka upp önnur ráð í þeim efnum, m. a. af fyrrv. ríkisstj. þar sem ég átti hlut að máli. Þá var það samþykkt og tekið inn í stjórnarsáttmálann að að því skyldi unnið að svokallaðar félagslegar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins yrðu metnar og fjármagnaðar með framlögum frá eiganda og með svipuðum hætti yrði reynt að sjá fyrir fjármagnsþörf hjá Orkubúi Vestfjarða í sambandi við þann hluta framkvæmda og rekstur þessara fyrirtækja sem markaðurinn á viðkomandi svæði stæði ekki undir með viðráðanlegu verði.

Á árinu 1979, að ég hygg, kom í fyrsta sinn um langan tíma sérstakt eigandaframlag frá ríkissjóði til Rafmagnsveitnanna. Mig minnir að það hafi verið 600 millj. gkr. á þeim tíma. Síðan var þetta aukið á árinu 1980 og 1981 og á árunum þar á eftir var einnig framlag. Það var sem sagt allverulegt framlag á fjárlögum til Rafmagnsveitnanna þarna um 2—3 ára skeið.

Það var lögð mikil vinna í það af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins, og ég hygg einnig af hálfu Orkubús Vestfjarða, að meta og reyna að ná samstöðu m. a. við hagsýslustofnun um hvernig bæri að virða hinn svokallaða félagslega þátt framkvæmdanna og reikna þetta framlag, sem ætti þá að koma á móti, eftir þeim leiðum. En það verður að segja að þó að þarna hafi verið viðleitni í þessa átt af hálfu fyrrv. ríkisstj. og nokkuð að gert, þá var það engan veginn að um þetta næðist full samstaða og kæmi nægjanlegt fjármagn eftir þessari leið með framlagi eigenda, það var langt frá því, og þess vegna var það okkar niðurstaða í þeirri ríkisstj., og reyndar ágreiningslítið á Alþingi þessi ár, að halda bæri þessu verðjöfnunargjaldi af raforku til þess að tryggja að ekki þyrfti að auka verðmuninn á raforkusölunni til notenda hjá þessum fyrirtækjum.

Svo kemur ný ríkisstj. til valda og hennar verk að þessu leyti var það sem auðsæilegast var, það var að

fella með öllu niður framlög til Rafmagnsveitna ríkisins af fjárlögum. Það var ekki að finna á fjárlögum yfirstandandi árs eina einustu krónu til Rafmagnsveitna ríkisins. En þrátt fyrir þá staðreynd kemur hæstv. iðnrh. hér á síðasta vetri, í fyrra, í umr. um þessi mál og segir: Við þurfum endilega að losna við þetta verðjöfnunargjald, það verður auðvitað að afnema það, og hann muni beita sér fyrir því — á sama tíma og ríkisstj., sem hann á sæti í, hverfur frá þeirri viðleitni, sem hin fyrri hafði þó haft, að leysa málið með einhverjum öðrum hætti sem gerði það kleift að breyta hér til og lækka þetta verðjöfnunargjald.

Þetta er málflutningur og málsmeðferð sem ég á afar erfitt með að skilja, vegna þess að hæstv. iðnrh. heldur nú ekki um fjármál ríkisins, svo vill til, og hann nær því ekki fram sem hann kynni kannske að óska sjálfur og telja sjálfur rétt að gert yrði í sambandi við fjárlög og fjárlagaafgreiðslu að þessu leyti.

Oft hefur verið á það bent að álagning prósentugjalds af þessu tagi sé í eðli sínu óréttlát skattlagning og bitni þyngra á þeim sem hærra gjald, grunngjald, greiða fyrir. Það er vissulega rétt og ég lét á sínum tíma gera athuganir á möguleikum þess að breyta þarna til. En það var bent á ýmis tormerki, ýmsa agnúa eða erfiðleika sem væru á því að taka upp krónutöluálagningu, svo að af því varð ekki. Það var líka minni ástæða til þess þegar tekist hafði að ná þessum mikla mismun úr allt að 90% niður í fjórðung og þaðan af minna. Þess ber og að geta að ýmsar rafveitur sveitarfélaga, sem gjald þetta var lagt á, voru komnar með gjaldskrár sem voru jafnháar, sumar jafnvel heldur hærri en hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og var það eðlilega óvinsælt af forstöðumönnum þeirra og notendum í viðkomandi byggðarlögum. Það var skiljanlegt og má telja að það hafi verið ákveðin mistök að ekki var gætt lágmarkssamræmingar í þessum efnum.

Síðan skipaði hæstv. ráðh. nefnd, sem hann hefur greint hér frá, og fskj. með þessu frv. til l. er nál. þeirrar nefndar. Og það er ekki mjög langt síðan hæstv. ráðh. gaf um það yfirlýsingar að á grundvelli þessa nál. ætlaði hann að beita sér fyrir því að gjaldið yrði lækkað niður í 10% á næsta ári og afnumið síðan í áföngum og hér yrði um að ræða lagasetningu sem skæri úr um þetta.

Ef um þetta hefði tekist sammæli innan ríkisstj. og það hefði verið tryggt hér af stjórnvöldum með frv. til l. með óyggjandi hætti að fyrir hag þessara fyrirtækja væri séð með sæmilegu móti og þar væru slegnir allir nauðsynlegir varnaglar ef aðstæður breyttust, þá hefði ekki verið ástæða til þess að mæla gegn breytingu á þessu gjaldi eða vara við skrefi sem hér er verið að taka til lækkunar þess. En svo fór með yfirlýsingar hæstv. ráðh. að þær reyndust bara vera markleysan tóm. Þegar á átti að herða hafði hann ekkert á bak við sig í ríkisstj. til að ná þessum markmiðum fram. Hann er að draga það hér alveg fram undir jólaleyfi þingsins að bjarga sér í land með því að flytja nú í lítt breyttu formi frv. til framlengingar á verðjöfnunargjaldi af raforku, en telur sig þó nauðbeygðan til þess að krukka svolítið í gjaldið frá því sem áður var til lækkunar, úr 19% í 16%, og gefur hér enn eina yfirlýsinguna um það að þetta skuli nú bætt þó að engan veginn sé frá því gengið með lögformlegum hætti hér. En það á að gerast, að því er hæstv. ráðh. segir, með skuldbreytingu alfarið, og þau mál séu í athugun hvernig við það verði staðið, hvernig það verði framkvæmt.

Það má vera að þetta takist og hæstv. ráðh. nái þessu lítilræði fram, lítilræði miðað við stóru yfirlýsingarnar um afnám verðjöfnunargjaldsins. En reynslan mun skera úr um það hvernig þar tekst til.

Ég hygg að þeir sem fyrir Rafmagnsveitum ríkisins ráða, þ. e. þeir sem bera þar rekstrarlega og daglega ábyrgð, séu nú dálítið uggandi um það hvernig fara muni um efndirnar á þessum yfirlýsingum varðandi skuldbreytinguna. En ég vil ekki vera að spá neitt illa fyrir því.

En um eitt vil ég spyrja hér og vænti þess að fá um það skýr svör frá hæstv. ráðh. nú við 1. umr. Hvaða breytingar eru það sem eru í vændum, að því er ráðh. getur upplýst, um verðlag á raforku í landinu á næstu vikum? Ég ætla ekki að fara lengra. Hvers er að vænta í sambandi við gjaldskrá Landsvirkjunar og hvers er að vænta í sambandi við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins? Hvaða hækkun er það sem Landsvirkjun ráðgerir á raforku í heildsölu? Hvaða hækkanir eru það sem Rafmagnsveitur ríkisins telja sig þurfa að fá til þess að tryggja hallalausan rekstur, miðað við þá breytingu sem hér er verið að gera á verðjöfnunargjaldinu og verðlagsforsendur komandi árs? Hvaða breytingar eru það á hitunartöxtum raforku og hvaða breytingar á þeim taxta sem hér um ræðir, heimilisrafmagni? Ég tel alveg nauðsynlegt að fá um þetta skýr og afdráttarlaus svör áður en 1. umr. lýkur og þá jafnframt hvaða breytingum má gera ráð fyrir eða hvaða breytingar eru ráðgerðar á þessum sama taxta á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Getur ráðh. fullvissað okkur um það hér og nú að þær gjaldskrárbreytingar, sem hann hefur gefið í skyn nú alveg nýlega að séu fram undan, leiði ekki til aukins mismunar á verði heimilisrafmagns hjá Reykvíkingum annars vegar og viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hins vegar? Liggur það fyrir að þessi fyrirtæki treysti sér til að halda þeirri gjaldskrársetningu með tilliti til ákvarðana hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur að ekki verði um aukinn mun að ræða á næstu mánuðum og á næsta ári? Auðvitað er nauðsynlegt að fá upplýsingar varðandi árið í heild hvert stefnir í þessum efnum. Það tel ég algert skilyrði þess í rauninni að við, sem erum hér fulltrúar landsbyggðarinnar á Alþingi, kjörnir í landsbyggðarkjördæmum þar sem fólkið skiptir að yfirgnæfandi meiri hluta við Rafmagnsveitur ríkisins eða Orkubú Vestfjarða, getum átt hlut að því að lækka nú þetta verðjöfnunargjald eins og ráðh. er hér að leggja til.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja mál mitt nú. Ég vænti að hæstv. ráðh. geti svarað með skýrum hætti þeim spurningum sem ég hef borið fram. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem lagt er til að fái þetta mál til meðferðar, og mun þar beita mér fyrir því að fá nauðsynlegar upplýsingar, sem á kann að vanta, eftir að hafa hlýtt hér á svör hæstv. ráðh.

Kjartan Jóhannsson: Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. gerði hér áðan grein fyrir hænufeti sínu, lækkun eða afnámi verðjöfnunargjaldsins. Þessi mál hafa stundum komið til umfjöllunar hér og ráðh. hafði gefið yfirlýsingu, eins og hann gat um, um að afnema þetta gjald í áföngum og jafnframt yrði þá séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Eins og kom fram í máli ráðh. átti ég sæti í þessari nefnd, sem ég tel að hafi unnið að málinu af einlægni og leitast við að setja fram hugmyndir sem gætu þá komið í stað verðjöfnunargjaldsins, eins og fyrir hana hafði verið lagt, og að fylgja þeirri forskrift sem iðnrh. hæstv. hafði gefið um að fjárhag þessara fyrirtækja væri borgið. Þær urðu niðurstöður nefndarinnar, sem var undir formennsku hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, að þetta mætti vera mögulegt ef litið væri til nokkurra þátta sem skiptu verulegu máli.

Í fyrsta lagi væri augljóst að fyrirtækjum þeim sem hér um ræðir, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, væri gert í rauninni skv. opinberri stefnu að selja raforku til húshitunar á lægra verði en gæti talist kostnaðarverð orkunnar og það væri ekki hægt að sjá að ef raforkan ætti að vera samkeppnisfær við önnur upphitunarform væri unnt að vera með aðra verðlagningu. Raforkusala til hitunar er þung hjá þessum fyrirtækjum, þau þjóna köldum svæðum, og ef tekjustofn eins og hér um ræðir félli niður væri augljóst að eðlilegt væri að mæta því tapi sem fyrirtækin í rauninni yrðu fyrir vegna þess að þau seldu raforkuna til húshitunar á lægra verði en virtist vera eðlilegt kostnaðarverð. Þess vegna var þetta einn þátturinn í tillögum nefndarinnar til þess að standa undir þeim útgjöldum sem á þessi fyrirtæki eru lögð meira og minna fyrir opinbera tilstuðlan.

Í annan stað þótti ljóst að til þess að halda uppi eðlilegri þjónustu væri á þessi fyrirtæki lagt að leggja í framkvæmdir sem augljóslega gætu ekki staðið undir sér. Um það væru í raun teknar ákvarðanir hér á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga, lánsfjárlaga eða með öðrum hætti, og þegar Alþingi stæði að slíkum ákvörðunum væri eðlilegt að þeim mismun sem á fyrirtækjunum lenti umfram það sem vantaði upp á í niðurgreiðslu á stofnkostnaði til þess að framkvæmdin gæti staðið undir sér, yrði jafnframt mætt með svokölluðum félagslegum þætti.

Í þriðja lagi stóð þá aftur af nokkur fjárhæð sem nefndin taldi að væri ekki unnt að mæta með öðrum hætti en að rétta nokkuð af skuldbindingar fyrirtækjanna að því er varðaði þau lán sem þau hefðu tekið, þannig að hægt væri að leiða sæmilegar líkur að því að afkoma fyrirtækjanna yrði viðunandi áfram.

En jafnframt hlaut nefndin að líta nokkuð til tekjumyndunar hjá þessum fyrirtækjum því að við hljótum að minnast þess að gagnrýnin á verðjöfnunargjaldið stafar m. a. af því, og kom það mjög glögglega fram í umr. hér í fyrra, að langflestar rafveitur á landinu selja raforku sína, aðra raforku en til húshitunar, svo við tökum það sérstaklega, á hærra verði en þau fyrirtæki sem hér um ræðir. Við erum sem sagt að leggja verðjöfnunargjald á raforkunotendur á Stokkseyri, í Keflavík, á Eyrarbakka, Húsavík, Selfossi, Vatnsleysuströnd, í Hveragerði, Grindavík, Miðneshreppi, Njarðvík, á Reyðarfirði, í Gerðahreppi, Hafnarfirði, Borgarnesi, á Sauðárkrók, sem greiða hærra raforkuverð en gildir hjá Rafmagnsveitum ríkisins, til þess að halda niðri verðinu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Af 22 rafveitum í landinu eru sem sagt 15 með hærra raforkuverð en þær rafveitur sem greitt er með með verðjöfnunargjaldinu. Þess vegna komst nefndin að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að jafna þennan mun. Menn teygðu sig til samkomulags um það að taka ekki stór eða óvægileg skref, heldur skyldi miðað við að verðlag á raforku hjá þessum fyrirtækjum til annarra hluta en húshitunar væri þá í þessum áfanga a. m. k. svo að það væri vegið meðalverð hjá öðrum rafveitum en þeim sem eru með mjög lágt verð af sérstökum orsökum, þ. á m. Rafveita Akureyrar og Akraness. Það væri fróðlegt að vita hver stefna ríkisstj. er varðandi þetta atriði núna þegar á að taka þetta hænufet úr 19% niður í 16.

Það er mjög einfalt að bera saman, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, Hjörleifur Guttormsson, raforkuverð í Reykjavík og raforkuverð hjá Rafmagnsveitum ríkisins og segja: Það var svo hér um árið að það var 90% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafveitu Reykjavíkur. Ég dreg það ekkert í efa. En ef við lítum á stöðuna eins og hún er í dag er raforkuverðið hjá Rafveitu Stokkseyrar 72% hærra til heimilisnota en hjá Rafveitu Akureyrar. Hér er því um verulega mismunun að ræða. Það er um þriðjungi hærra hjá Rafveitu Stokkseyrar en það er hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Og það eru fleiri rafveitur í þessum hópi.

Ég skal ekki fjölyrða mjög um þetta mál, en ég fullyrði að nefndin reyndi að leggja sig fram um að mæta þeim hugmyndum sem hún taldi að ráðh. legði til grundvallar og vinna þetta út frá eins skynsamlegum forsendum og hún gat komið auga á.

Nú sagði hæstv. ráðh. að hugmyndin væri að taka þetta mál upp aftur að hausti og lýsti því yfir að ríkisstj. mundi þá leggja fram frv. sem miðaði að því að leggja niður verðjöfnunargjaldið. Það væri fróðlegt að vita frá ráðh. hvort það hafa komið fram einhverjar aðrar hugmyndir en þær sem ræddar voru í nefndinni um leiðir til að tryggja afkomu þeirra fyrirtækja sem hafa notið verðjöfnunargjaldsins. Mér er forvitni á því, vegna þeirrar vinnu sem hæstv. „fúnkerandi" forseti og ég og fleiri lögðum í að reyna að koma þessu saman, að vita hvort menn hafi fundið einhverjar betri leiðir eða hvort líklegt sé að þessar leiðir verði farnar eftir mánuð.

Að lokum aðeins eitt. Í nefndinni var rætt, rétt eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér að umtalsefni, að stundum hefði verið til umræðu að prósentuálag eins og hér hefði verið tíðkað væri ekki skemmtileg aðferð, hún kæmi mjög misjafnt niður. Þá borguðu þeir mest sem væru með hæst raforkuverðið fyrir. Það varð hins vegar að samkomulagi í nefndinni, vegna þess að hér væri um mjög mikla lækkun að ræða, úr 19 niður í 10, mjög verulegt skref, að halda sig þá við prósentuna. En ég verð að segja að þegar skrefið er orðið svona lítið, þannig að gjaldið eigi að vera 16% á næsta ári, þá sýnist mér að forsendurnar séu undan því að vera hér með prósentuálag og það væri hlutverk þessarar deildar og þessa þings að láta setja frv. upp með þeim hætti að hér yrði um krónutölu að ræða. Ég er sannfærður um að um það yrðu langtum meiri sættir innan þings ef sú leið yrði farin en að halda sig við prósentuna ef hún á að vera svo há sem hér um ræðir.

Að endingu hefði ég gjarnan viljað heyra það af munni hæstv. ráðh. hvaða fjárhæðir það væru sem til stæði að skuldbreyta því að hér er gefin afdráttarlaus yfirlýsing um að gert er ráð fyrir að það eigi sér stað skuldbreyting hjá þessum fyrirtækjum. Mér finnst ekki nema eðlilegt að deildinni sé gerð grein fyrir því hvaða fjárhæð sé verið að semja um í þessu sambandi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal á engan hátt gera neina tilraun til að tefja fyrir þessu nauðsynjamáli, sem hér er nú loks fram komið, því að mér er ljóst að þetta mál verður að fá greiða afgreiðslu hér í gegnum þingið svo seint sem það er á ferðinni. En það er ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þetta mál, svo mikilvægt sem það er margra hluta vegna.

Það er rétt, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að áðan, að hér er um að ræða nánast árlegan viðburð í framlengingu þessa gjalds nokkuð mörg undanfarin ár.

Ekki hefur farið fram hjá neinum eða farið hljótt yfirlýsingar og stefna hæstv. iðnrh. í þessu máli. Hún ætti öllum landslýð að vera ljós eftir allar þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. hefur gefið. Ég þykist vita að hann hafi gefið þær af fullum heilindum. Auðvitað er hægt að hugsa sér fleiri en eina og fleiri en tvær aðrar leiðir til að jafna í þessum þætti en þetta verðjöfnunargjald. En ekki er að sjá að um það sé samstaða innan hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokka að gera neitt slíkt. Verðjöfnunargjaldið er auðvitað einn þátturinn í því, þó ekki sé nægilega stór, að jafna aðstöðu fólks innan þessa ramma. Þó að ég ætli ekki að standa hér og munnhöggvast við hv. þm. Kjartan Jóhannsson held ég að það sé mesti misskilningur, ef menn tala almennt um orkukostnað, t. d. upphitunarkostnað íbúðarhúsnæðis sem hin almenna launafjölskylda verður að standa skil á, að hann sé lægri á þeim svæðum sem hér er verið um að ræða, eins og t. d. hjá Orkubúi Vestfjarða, en á þeim svæðum sem hér hefur verið vitnað til. Ég skal ekki fara út í það frekar nú, en ég a. m. k. hef allan fyrirvara á um réttmæti þeirra fullyrðinga.

Það var ansi fróðlegur listi sem hæstv. iðnrh. las upp við umr. ekki alls fyrir löngu í þinginu að því er varðaði orkukostnað, upphitunarkostnað heimilanna, þann vinnuviknafjölda sem launafólk er að vinna fyrir þessum þætti í heimilishaldinu. Það kemur í ljós að gífurlega stór hluti af launatekjum hins almenna launamanns, sérstaklega á köldu svæðunum, fer bara í þennan eina þátt heimilishaldsins. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? Ég er reiðubúinn til andsvara. (**KJóh:** Ég vil bara að þú sért klár á því að ég var að tala um rafmagn til heimilisnota en ekki til húshitunar.) Ég tala um orkukostnaðinn sem slíkan því að þeim þætti verður launafólk að skila hvort sem því líkar betur eða verr. Það er ekki bara um að ræða einn þáttinn í þessu dæmi, heldur verður fólk að borga hann allan. Auðvitað á að tala um allan kostnaðinn sem fólk verður að standa skil á. (**KJóh:** Eigum við þá ekki að lækka húshitunarkostnaðinn?) Enn er ég reiðubúinn til þess og hefur ekki á okkur staðið, þm. dreifbýlisins, heldur hefur staðið þar frekar á öðrum að létta þar undir og skila m. a. s. þeirri skattheimtu sem af okkur er tekin á köldu svæðunum til að jafna þennan þátt. Á engan hátt skal ég skorast undan því að rökræða hér við hvern sem er um þann þátt mála, í hvaða flokki sem er.

Þetta frv., sem hér er nú til umr., er svipur hjá sjón miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. iðnrh. hefur gefið. Það er örlítið brot af innihaldi allra þeirra yfirlýsinga sem frá hæstv. ráðh. hafa komið um þessi mál. Hér er um það að ræða að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 16% sem þýðir skv. aths. með frv. að tekjumissir Rafmagnsveitna ríkisins verður um 53 millj. kr. við það að missa þessi 3% af verðjöfnunargjaldinu og tekjumissir Orkubús Vestfjarða verður um 13.3 millj. kr. við það að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 16. Það er ekki stafkrókur um það í frv. að þessum aðilum eigi að bæta þennan tekjumissi. Þess er að vísu getið í grg. að uppi séu hugmyndir um að gera slíkt, en við höfum fyrir okkur margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. um allt aðra málsmeðferð á þessu máli en þetta frv. hans ber vitni um. Og það er engin ástæða, a. m. k. ekki fyrir mig, að treysta því, þó að lauslega sé á það minnst í grg. með frv., að hugsanlegt sé að bæta að einhverjum hætti þennan tekjumissi.

Eins og frv. liggur fyrir er verið að rýra tekjur Orkubús Vestfjarða frá því sem þær nú eru um 13.3 millj. kr. og tekjur Rafmagnsveitna ríkisins um 53 millj. kr., án þess að nokkurs staðar sé stafkrók að finna um það í frv. að þetta eigi að bæta. Þessu mótmæli ég harðlega og krefst þess að hæstv. iðnrh. gefi enn eina yfirlýsinguna, og henni vil ég helst geta trúað og treyst, um að afleiðingar þessarar lækkunar um þrjú stig í verðjöfnunargjaldi leiði ekki til tekjumissis þeirra tveggja fyrirtækja sem hér eiga hlut að máli. Ótvíræð yfirlýsing af hálfu hæstv. iðnrh. fyrir hönd ríkisstj. um að séð verði fyrir þeim tekjumissi sem um er að ræða gagnvart þessum fyrirtækjum er lágmarkskrafa við þær kringumstæður sem þetta mál er nú í.

Ég vek hins vegar á því athygli að í hv. Ed. kom fram brtt. sem útfærir alveg stefnu hæstv. iðnrh. og þeirrar nefndar sem um þetta mál fjallaði og er vel til þess fallin að að henni yrði farið hér á hv. Alþingi. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að hv. þdm. hér í Nd. segi hvort þeir vilja styðja við bakið á hæstv. iðnrh. í hans hugmyndum í þessu máli og yfirlýsingum og fram fáist afstaða þdm. til nál. þeirrar nefndar sem hæstv. iðnrh. skipaði til að gera númer eitt tillögur um að fella niður verðjöfnunargjaldið en láta annað koma í staðinn. Ég held að bráðnauðsynlegt sé að fá að vita hvort Nd.-þm. eru sammála hæstv. iðnrh. og þeirri nefnd sem hann skipaði til að gera tillögur um að fara aðrar leiðir. Nauðsynlegt er að fá fram sams konar brtt. og hv. Ed. fjallaði um, þannig að við tökum af öll tvímæli um hverjir það eru sem bregðast hæstv. iðnrh. í stuðningnum við að ná fram breytingu á málinu. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. 7. þm. Reykv., formaður Verkamannasambands Íslands? Ég náði því ekki. (**GJG:** Ég las einhvers staðar að það hefðu verið sóleyjar í varpa í desember í Bolungarvík.) Það er ekki ólíklegt. Það er ýmislegt sem blómstrar þar á öllum árstímum og ætti ekki að koma hv. þm., sem ættaður er vestan af fjörðum, á óvart nema hann sé búinn að gleyma sinni fortíð og sínum uppruna eins og kannske fleiru af því góða.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja frekar um þetta því að mér er ljóst að þetta mál verður að fá afgreiðslu þó að það sé í allt öðru formi en hæstv. iðnrh. vill hafa málið og í allt öðru formi en sú nefnd, sem hæstv. ráðh. skipaði til að gera tillögur um breytingar, vildi. Það er nauðsynlegt, að mínu viti, að fá fram vilja þdm. um hvora leiðina meiri hl. hér styður, hæstv. ráðh. í ljósi þeirra yfirlýsinga og stefnumörkunar sem hann hefur gefið eða það frv. sem nú liggur fyrir deildinni og kallað er stjfrv.

En að síðustu: Ég óska mjög eindregið eftir því að fá um það ótvíræða yfirlýsingu af hálfu hæstv. iðnrh. fyrir hönd ríkisstj. að Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins verði tryggðar tekjur í stað þess tekjumissis

sem þessir aðilar verða fyrir við það að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 16%.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ræðuhöld hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Austurl. eru með sérkennilegum hætti þó ekki sé meira sagt. Þeir slá á sig heyrnarleysi, ekki get ég betur séð og heyrt, eða að þeim þóknast ekki að vera við eða hlusta á þær yfirlýsingar sem gefnar eru. T. a. m. biður hv. 3. þm. Vestf. nú um yfirlýsingu, sem ég birti sérstaklega í lok framsögu minnar, um að lagt yrði fram frv. fyrir Alþingi þar sem þessum málum yrði ráðið til lykta, afnámi verðjöfnunargjaldsins og að fyrir fjárhag þessara fyrirtækja yrði séð. Ég mun auðvitað láta taka ljósmynd af þessu til þess að fá hv. þm. í hendur.

Báðir þessir hv. þm. urðu fjölorðir um yfirlýsingar sem ég hafi gefið í þessu máli. Ég gaf yfirlýsingu í desember í fyrra um það að verðjöfnunargjald af raforku skyldi lækkað í áföngum og/eða afnumið, enda yrði séð fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja sem þessara fjármuna hafa notið, Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. (**KP:** Ekki orð í frv. um það.) Ekki orð í frv. um það? Veit ekki hv. þm. eftir alla þessa þingsetu að það sem í grg. stendur, bæði útlistun á lagagreinum og grg. sjálfar, aths. með frv., gilda sem túlkun þess?

Þessar yfirlýsingar hef ég gefið. Ég skipaði nefnd til þess að gera úttekt og athugun á þessum málum. Sú nefnd vann vel og skipulega. Ég taldi mig vera nokkuð siðferðilega skuldbundinn að reyna á um að ná fram tillögum hennar. Það tókst ekki. Þær voru seint fram komnar með bréfi 23. nóv. og það náðist ekki samkomulag um framkvæmd þeirra. Allviðamikil framkvæmd að vísu, fjárhagur þröngur, erfiðleikar miklir. En það náðist þó fram endanleg ákvörðun allrar ríkisstj., sem ég las hér upp, um afnám verðjöfnunargjaldsins.

Hv. 5. þm. Austurl. vék að því að ég mundi hafa af ráðnum hug og vegna þess að ég hefði verið í bögglingi með þetta frv. dregið að leggja það fram þangað til nú á lokadögum þings fyrir jólahlé. Hv. 3. þm. Vestf. hefði átt að vera það minnistætt að þetta er nokkurn veginn árlegur viðburður, afgreiðsla þessara mála á hinu háa Alþingi í desembermánuði. Það er árlegur viðburður síðan 1974. Og hv. 5. þm. Austurl. veit vel hvernig þessar umr. hafa snúist. Hann bar þetta fjórum sinnum fram og alltaf í desember. Ég gáði að þessu í dag. (Gripið fram í.) Alltaf í desember, til þess að menn stæðu frammi fyrir þessu sem nauðsynlegum hlut, eins og hv. 3. þm. Vestf. lýsir yfir að sé, að þeir gætu ekki brugðið á nein önnur ráð þótt enginn meiri hl. væri fyrir því á hinu háa Alþingi að leggja þetta óréttláta gjald á. Það lá fyrir í fyrra og m. a. skrifuðu þrír flokksmenn mínir upp á nál. úr iðnn. með fyrirvara. Það var gengið á milli manna í stjórnarflokkunum og það lá ljóst fyrir að ekki var meiri hl. fyrir þessu óbreyttu. Það lá fyrir till. frá Alþfl.-mönnum um lækkun gjaldsins í 12%. Og það var mikið fylgi fyrir því að samþykkja þá till. Niðurstaðan varð sú yfirlýsing sem ég gaf.

Mínar yfirlýsingar eru ekki margþættar og það hefur náðst endanlegt samkomulag um framfylgd þeirra. Breytingin er að vísu sú að í stað þess að ná því niður í 10% í einu stökki og halda því þar í tvö ár og síðan í 5% og halda því enn í tvö ár, þá er hugmyndin núna sú að ná afnáminu fram með því að nú var lækkað í 16%, síðan í 4% í fjögur ár. Það tekur einu ári lengur að afnema þetta. Og m. a. vegna þess að þetta er ekki það mikil grundvallarbreyting var ákveðið að láta slag standa með hina prósentvísu álagningu en ekki breyta til með sama hætti eins og nefndin ákvað í sínu áliti.

Þetta eru stóru yfirlýsingar mínar. Þær voru gefnar af nauðsyn vegna þess að það var ekki lengur þingmeirihluti fyrir þessu gjaldi. Ég hlýt að beygja mig fyrir honum, til viðbótar því sem mér hafði verið þungt um, ég hafði verið lengi drums um að samþykkja þetta gjald.

Hv. 5. þm. Austurl. talaði um að iðnrn. vildi ekki lengur íhlutunarrétt í verðlagsmálum rafmagns. Að vísu er það svo að iðnrn. og ríkisstj. hlýtur að hafa nokkuð á valdi sínu verðlagningu Rafmagnsveitna ríkisins, enda þótt reksturskostnaður og allar aðrar aðstæður hljóti að marka því bás. En hv. þm. gerir mikið úr þeim íhlutunarrétti stjórnvalda sem hann útvegaði sér. En hvenær gerði hann það, hv. þm., sem fyrrv. ráðh.? Í aprílbyrjun 1983. Hvenær settist hann í stól iðnrh.? Það mun hafa verið í ágúst 1978. Að vísu varð hlé þar á um hríð, í eina fjóra mánuði. En hann fékk sér þann íhlutunarrétt, sem hann gerir nú mikið úr, í heildsöluverðmynduninni ekki fyrr en í apríl 1983. (**HG:** Hafði hann lengst af.) Í apríl 1983 fékk hann sér þetta, rétt áður en klukkan sló tólf hjá honum, áður en hann hraktist frá embætti.

Hv. þm. vildi meina að hægt væri að beita öðrum aðferðum til jöfnunar raforkunnar í landinu. Og auðvitað er honum fullkunnugt um það að þessu héldu menn fram hér í stöðugum aðventunauðum í þessu máli, af því það var alltaf á síðustu stundu og menn gátu ekki náð vopnum sínum til þess að fá fram breytingar á því. Það er löngu ljóst að þetta gjald naut ekki meirihlutafylgis, enda þótt menn neyddust til þess á lokastigi mála, áður en þetta gjald rann út, að samþykkja það. Þetta kom fram í löngum umr., sem menn geta lesið og kynnt sér í umræðukafla þingtíðinda og hér í tillögum nefndarinnar. Satt best að segja get ég svarað því til að nýjar hugmyndir um aðferðir til að mæta niðurfellingu gjaldsins hafa ekki komið fram frá því sem nefndin hefur sjálf sett fram í sínum tillögum. Ekki er það enn. Ég vil ekkert fortaka að svo kunni ekki að vera, vegna þess að ég mun leggja til að nefnd verði skipuð til þess að vinna þetta á nýjan leik og ég tel ekki örvænt um að maður muni mjög leita á sömu mið í þeim efnum. Fyrir utan það að mér þykir líklegt og raunar sjálfsagt að fjmrh. eigi beinni aðild að þeirri nefnd en varð nú síðast, til þess að öllu verði til skila haldið af hans skoðunum líka.

Hv. 5. þm. Austurl. minntist hér á hinar félagslegu framkvæmdir. Við vitum hvernig á þessum málum hefur verið haldið um langa hríð og margt mætti segja um orkumálin og orkuverðsmyndunina. Þar eiga margir misjafna sögu, svo er víst og rétt, þó ekki gefist nein tök á því nú, þegar líður á nótt, að fara að rifja það upp hér.

Ég vil svara hv. 5. þm. Austurl. með öllum fyrirvörum þar sem hann spurði um hvað væri áformað í sambandi við orkuverð á næstunni. Með öllum fyrirvörum, þetta er eingöngu munnlegt, þær upplýsingar sem ég hef.

Það er í fyrsta lagi að aðspurðir kváðust fulltrúar Landsvirkjunar hafa rætt í sinn hóp að Landsvirkjun

þyrfti á að halda allt að 14% hækkun heildsöluverðs frá og með 1. janúar. Þá er haft í huga að það verði ein ákvörðun sem gildi fyrir allt árið 1985. Aðspurðir töldu fulltrúar Rafmagnsveitna ríkisins að þeirra hækkunarþörf léki á 20%. Þó hefur orðið sú breyting á að þeir hyggjast hækka — eða eru að velta fyrir sér tillögum um að hækka hitunartaxtann um 17% en aðra um 22% og yrði inni í þeim 22% falin samræmingin sem hv. 3. þm. Reykn. talaði um, samræming við aðrar rafveitur. Aðspurð svaraði Rafmagnsveita Reykjavíkur því til að þeirra þörf væri 20%. Þetta er allt sem ég veit nú, en fljótlega munu verða lagðar fram grg. um þessi mál og þau tekin formlega fyrir. Þess vegna ítreka ég það að ég hef alla fyrirvara á í þessu sambandi. En þetta eru þær tölur sem ég hef nú fengið upp gefnar.

Já, það má auðvitað margt segja um þetta mál og menn eru kannske minnugir fsp. frá hv. 4. þm. Suðurl. Margréti Frímannsdóttur eigi alls fyrir löngu um þetta gjald. Og það skýrir kannske upplýsingar þær sem hv. 3. þm. Reykn. gaf hér um stöðu Rafveitu Stokkseyrar. Enda er það svo að þótt menn þykist til þess nauðbeygðir í öllum málum að standa dyggan vörð með stjórnarandstöðunni og lemja höfðinu við steininn, þá finnst auðvitað holhljómur í svona málflutningi þegar um er að tefla gjald af þessu tagi.

Ég vil gjarnan vera til umræðu um það að þessu verði mætt að einhverju leyti með einhverjum gjaldtökum þó að ég hafi engar slíkar hugmyndir uppi enn sem komið er. En það er áreiðanlegt að þessi aðferð er sú vitlausasta, þar sem þeir menn sem hæst gjöldin bera greiða hæst gjald. Nei, hv. 3. þm. Reykn., aðrar hugmyndir hafa ekki komið fram enn sem komið er. En eins og ég segi vil ég ekkert fortaka í þeim efnum. Þær fjárhæðir, sem þegar blasir við að búið er að skuldbreyta, eru 47 millj. á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og 12 millj. á vegum Orkubúsins. Þetta er lán sem þegar er búið að semja um skuldbreytingu á og það er afborgunarlaust í fimm ár. Þar af leiðandi eru það, eins og menn sjá, samtals 59 millj. En tekjutap fyrirtækjanna er reiknað út 66.3, ef ég man þá tölu rétt, og það er talið auðvelt verk og verður auðvitað við það staðið, sem hér eru gefnar óvefengjanlegar yfirlýsingar um, að fyrir öllu þessu verður séð.

Það sem hefur verið lögð hvað mest áhersla á í öllu þessu sambandi er að auðvitað verður að sjá til þess að fyrirtækin fái þetta uppi borið með öðrum hætti, bæði félagslega þáttinn, uppbætur á það sem þeim er gert að selja orkuna til húshitunar undir kostnaðarverði, og með því að létta af þeim þessum óbærilegu skuldum sem hefur verið hrúgað á þau, ekki síst Rafmagnsveitur ríkisins. Þegar menn eru að tala um erfiðan fjárhag ríkissjóðs, þá mega menn ekki gleyma því að ríkissjóður er einkaeigandi að þessu fyrirtæki. En við vitum að eins og á þessum málum hefur verið haldið eru rafmagnsgjöldin og verða um langa hríð níðþung á neytendunum. Við höfum nefnilega verið að og viljað gera allt fyrir alla í einu og ekki sést fyrir. Ég veit ekki hverju hann vill tefla fram fyrir okkur, hv. 5. þm. Austurl., til þess að sanna það að hann hafi dregið úr hinum miklu framkvæmdum og hinni miklu spennu í þessum málum, fremur en aðrir af fyrirrennurum mínum, því að þar eiga flestir óskilið mál. Auðvitað verður það einhvern tíma að upp rennur sá dagur að byggðalínan gefi arð. Hún gefur það sáralítið í dag. Hún eykur öryggið að vísu og það getur komið sér vel.

Þannig má lengi upp telja að Rafmagnsveitum ríkisins hafi verið fengnar í hendur alls kyns framkvæmdir félagslegar, margar auðvitað ákjósanlegar, en síðan hefur fyrirtækinu verið gert að taka erlend lán fyrir öllu saman, og ekki einu sinni fengið að leita eftir hagkvæmustu lánum, heldur verið látið mæta afgangi oft og tíðum með þau alóhagkvæmustu. Þannig getur maður lengi áfram haldið.

En yfirlýsingar mínar eru alveg ótvíræðar á þessu blaði sem þarna eru frá allri ríkisstj. í athugasemdum með frv. Allar mínar yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í þessu sambandi, eru alveg samhljóða nema að því leyti að ég vildi reyna til um hvort fram næðist tillögugerð sjálfrar hinnar stjórnskipuðu nefndar. Svo reyndist ekki og þá varð að sætta sig við það. Ekkert hefur verið á huldu í þessu máli.

Ég vona að ég hafi þá svarað flestu því sem fram kom í þessu. Eins og ég segi hefði verið ákjósanlegt að geta gefið sér miklu meiri tíma til að gera þessum málum skil. Því að ef einhver mál þarfnast rækilegs uppskurðar og athugunar hjá okkur þá eru það orkuverðsmálin.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. iðnrh.

Ég hef margítrekað tekið fram að ég vildi mjög gjarnan mega treysta því að yfirlýsing hæstv. iðnrh. stæðist. En því er verr og miður að það hefur ítrekað gerst að þær standast ekki — og ekki bara í þessu máli því að ekki er nóg að þær stæðust í einu máli. Yfirlýsingar hæstv. iðnrh. þurfa að standa í öllum málum og klikki þær í einu hefur maður ástæðu til að ætla að þær geti líka gert það í öðru. Það er það sem hefur gerst. Hæstv. iðnrh. segir hér: Útlistun í grg. er sama og túlkun á lögum. — Af hverju má þá ekki hafa þetta í frv. sjálfu, hæstv. ráðh.? Hvað kom í veg fyrir það? Hver er ástæða þess? Er sú ástæðan að hæstv. fjmrh. átti ekki hlut að máli? Hæstv. iðnrh. gaf í skyn að hæstv. fjmrh. þyrfti að öðlast hlutdeild í málatilbúnaðinum til þess að líkur yrðu á því að málið næði fram að ganga í þeim farvegi sem hæstv. iðnrh. er um að tala.

Ef útlistunin í grg. er túlkun á væntanlegum lögum vildi ég mjög gjarnan óska eftir því við hv. iðnn., sem væntanlega fær þetta mál, að hún setji þetta inn í frv., þannig að ótvírætt sé hvað verið er að tala um. Ekki ætti það að vera neitt verra fyrir hæstv. iðnrh. eða ríkisstj. að málið sé á hreinu að því leytinu til að ekki þurfi að leita til grg. til að finna túlkun á því hvað á að gera skv. væntanlegum lögum.

Þó ég ætli ekki að fara að taka undir með hv. 5. þm. Austurl. held ég eigi að síður að ýmiss konar bögglingur hafi átt sér stað í þessu máli. Ég held að augljóst sé að málið er nú komið hér í frumvarpsformi eins og það nú liggur fyrir vegna þess að engin samstaða náðist í ríkisstj. um hugmyndir hæstv. iðnrh. og þær yfirlýsingar sem hann hefur margítrekað gefið. Ég veit ekki hver stoppaði það, en orð hæstv. iðnrh. hér áðan á þá leið að hæstv. fjmrh. þyrfti að fá beinni aðild að nefndinni hljóta að vekja upp ýmsar vangaveltur um hvar þetta kunni að hafa strandað. En engar fullyrðingar læt ég í ljós. Þær verða að koma annars staðar frá.

Hæstv. iðnrh. brá á leik og sagði að ég og hv. 5. þm. Austurl. hvorki heyrðum né sæjum. Þá er mikið sagt að því er mig varðar a. m. k. Ég svara ekki fyrir hv. 5. þm.

Austurl. Hæstv. ráðh. vitnaði til yfirlýsingar sem hann hefði lesið í lok ræðu sinnar. Ég heyrði hana, hæstv. iðnrh. En hvað segir þessi yfirlýsing? Við skulum fara yfir hana í rólegheitum. Ég fékk plaggið lánað hjá hæstv. ráðh. Það er dags. 12. des. 1984:

„Með tilvísun til fyrri yfirlýsinga um afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu og að fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja, sem þess hafa notið, verði séð með öðrum hætti lýsir ríkisstj. því yfir að hún mun leggja fyrir Alþingi í síðasta lagi haustið 1985 frv. til laga sem ræður þeim málum til lykta."

Nú skulum við gera því skóna að þessi yfirlýsing stæðist, þó að ég á engan hátt hafi enn sem komið er fengið fullvissu þar um. En þetta þýðir þó að meginhlutann af árinu 1985 verða raforkusölufyrirtækin tvö fyrir ákveðnum tekjumissi. Því er ekki gerandi skóna samkvæmt þessari yfirlýsingu að hún gildi fyrr en á haustmánuðum árið 1985, en þá á að leggja fram frv. Allt næsta ár, þó svo að þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. stæðist, sem ég er ekki búinn að sjá, verða þessi tvö raforkusölufyrirtæki án þeirra 3% sem hér er gerð till. um að lækka verðjöfnunargjaldið um. Ég hygg að þetta sé mönnum ljóst, hæstv. iðnrh. líka. Og hver segir að þessi yfirlýsing standi? Ég hef a. m. k. allt til þessa staðið í þeirri meiningu að hæstv. iðnrh. væri að gefa sínar yfirlýsingar út í nafni ríkisstj. og þær mundu standast. Sjá menn í frv. að svo sé? Ég held ekki. Þrátt fyrir að ég af fullum vilja, velvilja m. a. s. sem mér er mikið af gefið, vildi taka þessa yfirlýsingu trúanlega, þá er ekkert sem færir mér heim sanninn um það í ljósi fenginnar reynslu að hún standist, og þó hún stæðist verður megnið af árinu 1985 liðið þá þannig að þessi raforkusölufyrirtæki hafa tapað tekjum af þeim 3% sem hér eru felld niður.

Þetta er alveg ljóst og þessu getur enginn mótmælt að ég hygg. (**Iðnrh.:** Hvernig verður því mætt?) Hvað segir hæstv. iðnrh.? (**Iðnrh.:** Hvernig verður því mætt?) Það er einmitt spurningin, hvernig verður því mætt. Um það fást engin svör. (**Iðnrh.:** Jú.) Jæja. (**Iðnrh.:** Nú hefur hv. þm. slegið á sig heyrnarleysi rétt einu sinni.) Ekki aldeilis. (Gripið fram í.) Ég var að vitna til prentaðrar yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. las fyrir hönd hæstv. ríkisstj., þar sem segir af mesta velvilja sem hægt er að hugsa sér í garð hæstv. ríkisstj. varðandi túlkun á þessu, að leggja eigi fram frv. á haustdögum 1985 um þessa hluti. 16% verðjöfnunargjaldið verður í gildi a. m. k. þangað til búið er að breyta einhvern veginn öðruvísi og það verður ekki samkvæmt þessari yfirlýsingu fyrr en haustið 1985 í fyrsta lagi. Þetta hygg ég að hæstv. iðnrh. sé ljóst svo oft sem hann hefur vitnað til þessarar yfirlýsingar og hana lesið. Því spyr ég enn og aftur: Hvað ætlar hæstv. iðnrh. að gera fyrir þessi tvö fyrirtæki meginhlutann af árinu 1985 til þess að bæta þeim upp þann tekjumissi sem þau verða fyrir vegna þessarar lækkunar? (**Iðnrh.:** Ég þuldi þetta áðan.) Það er ekki nóg að þylja. Það stendur hérna. Ég er búinn að lesa þetta margoft. En þetta svarar ekki spurningunni. Hér er um að ræða, þó að þessi yfirlýsing stæðist, heilt ár sem þessi fyrirtæki tapa tekjum vegna þessarar lækkunar. Það er ekkert um það hvenær eða á hvern hátt séð verði fyrir þessu.

Nú er ég búinn að tala allt of lengi í þessu máli, en það er sök hæstv. iðnrh. Hann ætti ekki að haga sér með slíkum hætti í umræðum og orðavali eins og hann hefur gert í kvöld. En ég ítreka: Það er lágmark, ef það sem í grg. stendur á að vera lögskýringin á framkvæmdinni, að setja það inn í frv. og lögfesta það þannig að það fari ekkert milli mála. Ég óska ef'ir því að sú hv. n. sem málið fær til umfjöllunar taki þetta úr grg. og setji það inn í frv. í brtt.-formi, þannig að það sé ekkert um að villast hver ætlan hæstv. iðnrh. er í málinu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það mætti margt segja um ræðu hæstv. iðnrh. áðan og sérstaklega þá aðferð, sem hann beitir hér til að vinna þessu máli stuðning, þessu frv. um verðjöfnunargjald af raforku, að útlista með allmörgum orðum og ítreka fyrir hv. þdm. hvað þetta sé afskaplega slæmt og óréttlátt gjald og það sé bara alveg ljóst að það sé enginn þingmeirihluti fyrir gjaldinu. Þetta er málflutningur fyrir frv. hér á Alþingi. Og ráðh. skýrir það að hann skipaði nefnd í fyrra eftir að honum var ljóst að það var enginn þingmeirihluti. Samt fór þetta nú í gegn og nú er sennilega aðferðin hjá hæstv. ráðh. sú til að ná þessu mjög svo óvinsæla og vitlausa gjaldi, svo að notuð séu efnislega nokkurn veginn hans orð, til þess að koma þessu frv. hér fram, að nú ætli hann að skipa enn aðra nefnd og hún eigi að vera þeirri fyrri betri að því leyti að þar fái hæstv. fjmrh. orð og eyru inn í þann hóp. Ekki skal ég spá fyrir hvernig það muni ganga og hver verði niðurstaða að ári þegar þessi mál verða rædd hér, hugsanlega á grundvelli nýrra yfirlýsinga frá hæstv. ráðh. Það er best að það komi fram. En mér finnst það vera með ólíkindum að maður sem er kosinn fulltrúi af landsvæði þar sem orkukostnaður er hvað hæstur á landinu, bæði raforkukostnaður og húshitunarkostnaður, skuli mæla þannig í máli þar sem er um stóra hagsmuni að tefla fyrir viðkomandi svæði, verðjöfnunarmálin, að útlista og úthrópa það verðjöfnunargjald, sem hann er að fá hér lögleitt og framlengt, áður en hann hefur nokkra vissu fyrir því að fá fram breytingar sem skili svipuðum árangri og þetta gjald. Það er einmitt það sem hefur gerst hér. Hann hefur hér gefið hverja yfirlýsinguna á fætur annarri um hvað hann vilji að nái fram í málinu, í fyrra og í haust og nú bætist enn í safnið, en tryggingin fyrir því að nú eigi að setja undir lekann endanlega er bréf sem hér var lesið upp, yfirlýsing frá ríkisstj. um að efndirnar eiga að sjást að ári liðnu.

Þetta er ekki vænlegt til þess að leita stuðnings í máli þar sem skoðanir eru nokkuð skiptar og hafa verið vegna þess að auðvitað er eðli þessa máls það að með þessu verðjöfnunargjaldi, hvað sem má segja um prósentuálagninguna, er verið að færa fjármagn frá þéttbýlissvæðunum hérna við Faxaflóann þar sem orkukostnaðurinn hefur verið hagstæður, en mjög slæmur annars staðar víða úti um landið, og með þessari tilfærslu erum við að færa fjármuni á milli. Það er auðvitað hægt í gegnum ríkissjóð með öðrum hætti, en niðurstaðan ætti ekki að vera umdeild, þörfin ætti ekki að vera umdeild. Undir hana hafa margir fulltrúar, m. a. þm. Reykv., tekið hér í atkvgr. ár eftir ár. A. m. k. þeir sem vilja telja sig jafnaðarmenn og rísa undir því nafni. Mínir flokksmenn, fulltrúar Reykv. og nágrannakjördæma, hafa tekið þátt í þessari gjaldtöku vitandi að það er verið að færa þarna á milli. En það eru ekki allir sem hafa verið það réttsýnir að styðja þetta mál með þeim hætti.

Síðan kemur hæstv. ráðh. hér og svarar fsp. og ég þakka fyrir þau svör svo langt sem þau ná. Hann var með fyrirvara varðandi verðbreytingar á raforkunni sem fram undan eru. Ég ætla ekkert að vefengja það sem hann kemur hér með, að það séu bestu fáanlegu upplýsingar til þessa. Og hvað er þar á ferðinni? Fram undan er 14% hækkun gjaldskrár hjá Landsvirkjun sem stjórn Landsvirkjunar hefur ein í hendi sinni því að ráðh. afsalaði sér öllum íhlutunarrétti um gjaldskrár Landsvirkjunar fyrr á þessu ári sem kunnugt er og nokkuð frægt að endemum að mati sumra a. m. k. Og þetta fyrirtæki telur sig nú þurfa á þessari hækkun að halda, fyrirtæki sem hefur þó verið að fá auknar tekjur og sem mjög hefur verið af gumað af hæstv. ráðh. í sambandi við leiðréttingu á raforkuverði hjá ÍSAL. Það telur sig núna frá næstu áramótum þurfa 14% hækkun ofan á þá tekjuaukningu sem fyrirtækið fær frá álverinu í Straumsvík, sem hæstv. ráðh. telur að liggi á bilinu 400—500 millj. kr. á komandi ári. Og þetta er fyrirtæki sem samkvæmt upplýsingum, sem hér komu fram á Alþingi um daginn og komu inn í þn. í tengslum við athugun á rafmagnssamningnum við Alusuisse, er með offramleiðslu á forgangsorku sem nemur nálægt einni virkjun af stærð Blönduvirkjunar og sem er enn að fjárfesta út í óvissuna til þess að auka við þessa orkuframleiðslu. Er ekki von að þetta fyrirtæki telji sig þurfa 14% hækkun frá næstu áramótum? Ráðh. hæstv. hefur afsalað sér öllum íhlutunarrétti um verðlagningu þessa einokunarfyrirtækis sem Landsvirkjun vissulega er. Þetta er ekki efnilegt. Og síðan er þessu velt yfir á Rafmagnsveiturnar og aðra sem kaupa raforku í heildsölu. Og Rafmagnsveiturnar segir ráðh. að þurfi að hækka sína taxta, almenna taxtann sem hér á í hlut um 22% og hitunartaxtann um 17% núna á næstunni, en gefur að vísu í skyn að hann geti haft einhver áhrif á verðlagningu hjá Rafmagnsveitunum. Það telur hann nú vera þó að hann hafi afsalað sér því með yfirlýsingu að vilja skipta sér af verðlagningu á raforku. Og þessar hækkanir, sem þarna eru að koma fram, verða grunnur undir verðjöfnunargjaldinu, prósentugjaldinu, sem ráðh. telur vera svo óréttlátt, og auðvitað má gagnrýna það gjaldform, form gjaldtökunnar sem slíkt.

Ég ætla að bæta hér við vegna þess að ég hef ekki fengið svör við öllu því sem ég spurði hæstv. ráðh. að. Nú þegar kemur hækkun á hitunartaxtanum um 17%, ef við gefum okkur það að þær upplýsingar séu réttar og verðið ákvarðandi, ætlar hæstv. ráðh., hefur hann vissu fyrir því að geta haldið niðri hitunartöxtunum þá með aukinni niðurgreiðslu? (**Iðnrh.:** Nei.) Eða munu þeir ganga fram án þess? (**Iðnrh.:** Ég hef ekki vissu fyrir því.) Og varðandi almenna taxtann og samanburðinn við Reykjavíkursvæðið. Hefur ráðh. vissu fyrir því að verðmunurinn á heimilistaxta rafmagns milli Reykjavíkursvæðisins og Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hins vegar aukist ekki? Hefur hann vissu fyrir því.? (**Iðnrh.:** Ekki vissu, líkur.) Nú segist hæstv. ráðh. telja líkur á því. Ég skildi ekki svarið til fullnustu. Eru líkur á því að það yxi bilið eða héldist hlutfallslega óbreyttur munur? (**Iðnrh.:** Ég hef ekki vissu fyrir því.) Hann hefur ekki vissu fyrir því, segir ráðh.

Nú var hann að segja okkur að hann gæti kannske haft einhver áhrif á gjaldskrárákvörðun Rafmagnsveitnanna. Og ég spyr ráðh.: Ætlar hann að beita áhrifum sínum til þess að þarna verði ekki um aukinn verðmun að ræða? (**Iðnrh.:** Það verður athugað.) Ætlar hann að gera það? Ég óska eftir því að hann svari ekki úr sínum sess, heldur ómaki sig hérna upp í ræðustólinn og veiti skýr og skilmerkileg svör við þessum atriðum, sem eru auðvitað það sem skiptir máli hér þegar við erum að tala um verðjöfnunargjald og að vinna gegn þeim óréttláta mismun sem hér er um að ræða. Ég hlýt að taka það til umr. í viðkomandi þingnefnd að það verði bundið í lög í sambandi við þessa lagasetningu að tryggt verði af stjórnvalda hálfu að ekki verði aukinn verðmunur milli þessara svæða, Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar með Rafmagnsveiturnar og Orkubú Vestfjarða. Ég tel alveg nauðsynlegt að það verði þá bundið í lög ef hæstv. ráðh. getur ekki með sannfærandi hætti upplýst okkur um að slík öfugþróun eigi sér ekki stað á komandi ári. Og ég óska eftir skýrum svörum um þetta efni.

Ég ætla hér ekki að orðlengja þetta þó að ræða ráðh. gæfi vissulega tilefni til þess að ýmsu af þeim staðhæfingum, sem hann var að reiða fram, væri svarað og hálfkveðnum vísum um þróun mála á fyrri árum. Menn taka nú eftir því að ráðh. talar ekki mjög digurbarkalega um orkumálin og stöðuna þar. Það er kominn allbreyttur tónn frá fyrstu mánuðum hans valdaferils í þeim efnum og það er ofurskiljanlegt ef borin eru saman orð og efndir. Orkusóknin mikla, breytingin frá þeirri „kyrrstöðu og dauðu hönd" sem ríkti í iðnrn. í minni tíð, sem átti að svipta burtu þannig að um munaði, húshitunarkostnaðurinn þar sem átti nú aldeilis að leiðrétta mismuninn og skila inn í vasa á hverju heimili í landinu, sem notaði raforku til upphitunar, 20 þús. kr. strax eftir kosningar, vorið 1983, bara ef íhaldið næði völdum í landinu og fengi áhrif á orkumálin. Það voru yfirlýsingar af þessu tagi sem reynt var að selja fyrir síðustu kosningar og tekið var undir í fullkveðnum og hálfkveðnum vísum af fyrrv. samstarfsflokki Alþb. í fyrri ríkisstj., Framsfl. Og var þeirra hlutur sannarlega ekki fagur í þeim kór. Ég ætla ekki að rifja það hér upp frekar.

En aðeins til upplýsingar fyrir ráðh. Ástæðan fyrir bráðabirgðalagasetningu varðandi íhlutun í orkuverðmyndun, brbl. sem sett voru í apríl 1983, var sú að úr gildi féllu lagaákvæði um áramótin 1981—1982 sem gáfu stjórnvöldum heimild til íhlutunar um orkuverð hjá Landsvirkjun og hjá öðrum aðilum, en alveg sérstaklega hjá Landsvirkjun. Deilt var um það atriði fram eftir árinu 1982 hvort stjórnvöld hefðu heimild til íhlutunar þarna eða ekki og það var reynt að ná samkomulagi við Landsvirkjun um að stilla verðhækkunum í hóf. En það stóðst ekki og það var sýnileg áframhaldandi þróun, hækkun á hækkun ofan hjá Landsvirkjun á þessum tíma. Þess vegna var gripið til þeirrar nauðvarnar að sett voru brbl. með samþykki ríkisstj. í apríl 1983. En þegar hæstv. núv. iðnrh. kom í valdastól, hvað gerði hann? Hann lýsti því yfir að hann vildi þessa heimild burt og hann heimilaði Landsvirkjun að hækka raforkuna á þremur mánuðum um 56%.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228, n. 343). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um tímabundið vörugjald. N. hefur athugað frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Guðrún Agnarsdóttir sat fundi n. og er samþykk afgreiðslu málsins.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Friðrik Sophusson, Svavar Gestsson, Halldór Blöndal, Þorsteinn Pálsson og Kjartan Jóhannsson með fyrirvara.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er talið að ríkissjóður muni þurfa á þessum tekjum að halda þannig að ekki sé um annað að ræða en að samþykkja þetta frv. Ég hef ritað undir nál. með fyrirvara. Það er með tilliti til þess að menn komi sér einhvern tíma í þau verkin, sem ég hef talið nauðsynleg nokkuð lengi, að endurskoða þann frumskóg sem gildir í tolla- og aðflutningsgjaldamálum. Það var fyrst og fremst til að brýna ríkisstj. og þm. á því að taka til við slíka endurskoðun sem ég gerði fyrirvara um samþykki mitt við þessu frv. Ég tel að það hafi dregist langt úr hömlu að sú uppstokkun væri gerð á aðflutnings- og tollagjaldakerfinu, þar með töldum þessum vörugjöldum, sem nauðsynleg verður að teljast. En eins og ég sagði í upphafi verður að ætla að slíkri endurskoðun verði ekki lokið fyrir jól héðan af, kannske tæpast von úr því hún hefur dregist svo lengi hingað til, og því ekki um annað að ræða en að framlengja þetta í þessari mynd á þessu stigi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti SÍBS, frv. 114. mál (þskj. 138). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 344). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Þetta frv. hefur verið afgreitt ágreiningslaust í gegnum hv. Ed. eftir að þar var gerð á frv. lítils háttar breyting sem varðaði heimild til stofnunar þróunarfyrirtækis á vegum Háskólans.

Í frv. eru fyrst og fremst tvær aðalbreytingar. Annars vegar sú sem um getur í 1. gr. og felur það í sér að verkfræði- og raunvísindadeild skiptist í tvær deildir ef frv. verður að lögum.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem felst í 2. gr. þar sem komið er til móts við þá hugmynd háskólaráðs að mönnum sé auðveldað að flytjast í prófessorsembætti. Sú hugmynd sem hér um ræðir er að forstöðumaður háskólastofnunar geti orðið fluttur í prófessorsembætti skv. svipuðum ákvæðum og annars gilda um það þegar lektor flyst í dósentsembætti.

Mikilvægasta breyting frv. felst í 5. gr. þess, þar sem getið er um að Háskólanum skuli heimilt með samþykki háskólaráðs og ráðh. að eiga aðild að sameignarfélögum, hlutafélögum og sjálfseignarstofnunum sem stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi. Þessar hugmyndir, og raunar sú sem um getur í 4. gr. og er staðfesting á framkvæmd, allar þessar hugmyndir byggjast á tillögum háskólaráðs. Menn hafa fyrst og fremst í huga þann tilgang með þessu frv. að tengja Háskólann betur atvinnulífinu og með beinni hætti en nú er að auðvelda mönnum að nýta þá þekkingu sem Háskólinn og menn hans búa yfir, sömuleiðis þá aðstöðu sem stofnanir hans hafa, og líka það að auka verkefni fyrir unga menn með nýja þekkingu, sem flytjast til landsins, allt á þann veg að það efli atvinnulíf okkar og auki verðmæti framleiðsluvara landsins, sérstaklega hráefnanna, og geri yfir höfuð þann varning, sem hér er framleiddur, betur samkeppnishæfan á erlendum mörkuðum.

Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum líka að það muni gera Háskólann enn lífrænni stofnun, ef svo má segja, að veita þessi beinu tengsl við atvinnulífið og það hljóti að verða honum sjálfum til góðs um leið og það verður atvinnulífinu til góðs.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og vonast til að málið fái þar jafngreiðan gang og það fékk í Ed.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er nú ekki of oft sem okkur þm. gefst tækifæri til að ræða málefni þeirrar merku stofnunar sem er Háskóli Íslands. Út af fyrir sig er hægt að fagna tilefni til þess hér og nú þó nokkuð sé liðið á kvöld. En ég verð þó að segja að það undrar mig nokkuð ef svo mikið hastar um þetta mál að það þarf að drífa það hér á dagskrá með afbrigðum undir miðnætti, jafnvel þó að nál. úr hv. Ed. sé enn ekki orðið kalt í höndum þm., dagsett þennan sama dag, og sjá menn þá í hendi sér að ekki hefur gefist mikill tími til að athuga það hér í þessari deild.

Ég held að í sjálfu sér sé ekki endilega ástæða til að ætla að ágreiningur þurfi að rísa um þetta mál. Ég held þó að þessi þd. þurfi meiri upplýsingar í hendur en bara þær að hér séu á ferðinni einhverjar tillögur frá háskólaráði, þó það sé hin gagnmerkasta stofnun og alls góðs makleg og til alls góðs vís. Hér er vissulega nokkurt nýmæli á ferðinni í íslensku menntakerfi þar sem gerð er till. um það að menntastofnun gerist með þessum hætti aðili að atvinnulífinu. Að vísu er það þekkt af erlendri fyrirmynd að menntastofnanir á háskólastigi tengist atvinnulífi, þróunar- og rannsóknarstarfsemi með þessum hætti, en það er ekkert sjálfgefið í þessum efnum.

Ég held því að við hljótum að taka okkur nokkurn tíma til þess, þm., a. m. k. eins og einn sólarhring, að skoða það.

Ég fer því fram á það, ef ekki er þeim mun meiri nauðsyn til að klára þessa 1. umr. hér og nú í kvöld, að henni verði frestað og okkur gefist ofurlítið meiri tími til að athuga málið. Ég hef ýmsar spurningar sem mér þætti fróðlegt að fá svarað í þessu sambandi. T. d. vaknar strax sú spurning hvernig þessa nýju starfsemi innan veggja Háskólans eigi að fjármagna, hvernig Háskólanum verði gert kleift að inna þetta hlutverk af hendi þannig að um muni og þannig að það verði þá ekki bara nafnið tómt, því vissulega er Háskólinn með mörg brýn verkefni á sinni könnu nú þegar. Honum hefur gengið grátlega hægt að koma upp húsnæði yfir sína starfsemi og veitti ekki af öllum þeim aurum sem hann hefur aflögu í þann málaflokk einan. Ég tel því að ef þetta eigi að geta orðið barn í brók þá þurfi að koma til einhvers konar sérstök fjáröflun. Og ég finn ekkert í þeim knappt orðuðu fskj. sem hér eru sem gefi nokkrar vísbendingar um það hvernig að þeim hluta málsins verði staðið.

Það eru einnig fleiri breytingar sem skotið er hér inn með í þessu frv., svo sem eins og að skipta verkfræði- og raunvísindadeild upp í tvær sjálfstæðar deildir. Ég tel það út af fyrir sig eðlilegt í ljósi þeirrar þróunar sem þar hefur orðið. Einnig eru þarna ákvæði um flutninga á mönnum milli stöðuheita innan Háskólans og má segja að það sé einnig eðlilegt, eðlileg rýmkunarákvæði sem þar eru flutt. En þriðja breytingin sem hér er gerð er það nýmæli sem fyrst og fremst felst í þessu frv., þ. e. þessi þróunarstofnun. Hún er ný og þar af leiðandi hljóta menn nú að velta því svolítið fyrir sér með hverjum hætti verði best staðið að þeirri breytingu til þess að hún nái tilgangi sínum.

Það eru ýmsar fleiri hugmyndir á kreiki um það hvernig megi efla Háskóla Íslands. Ég hef verið talsmaður þess að honum yrði gert kleift að koma upp útibúi norður á Akureyri, flutti um það brtt. við 2. umr. fjárlaga að honum yrði skaffað í það nokkurt fjármagn. Ég held að við hljótum að taka aðrar slíkar hugmyndir til meðferðar í sömu andrá og við erum að ræða hér þetta merka nýmæli, og ég tel mig a. m. k. ekki í stakk búinn til þess að gera það hér og nú í kvöld, hafandi fyrir mér nál. Ed., dagsett þennan sama dag, og málið allt rekið áfram með þeim hraða sem raun ber vitni. Ég vil því í fyrsta lagi spyrja að því hvort brýnar ástæður séu fyrir því að málum er svona hagað. Ef svo er ekki, þá fer ég fram á það, herra forseti, að okkur gefist aðeins rýmri tími til að fjalla um þetta mál.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta er 1. umr. um málið að vísu. Málið kom úr Ed. og hafði þar verið samþykkt ágreiningslaust að því er virtist og þess vegna var það tekið fyrir hér nú. En að þessu sinni verður málið tekið út af dagskrá og þá liggur ekki fleira fyrir fundinum, en nýr fundur verður settur nú þegar að loknum þessum fundi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 28. fundi.

Um þingsköp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að lýsa furðu minni á meðferð máls hér nú á fyrri fundi. Fyrir er lagt frv. sem er afgreitt ágreiningslaust úr fyrri deild. Þingið hefur mikið á sig lagt á undanförnum dögum til að greiða fyrir þeim málum sem stærri eru og það skýtur skökku við að í sama mund og menn lýsa því yfir að þeir gleðjist yfir því að fá tækifæri til að ræða um málefni Háskólans og vilji sinna málum hans rísi þeir upp til þess að stöðva framgang máls við 1. umr.

Meðferð mála í n. er til þess ætluð að mönnum gefist tækifæri til að grandskoða málin, til þess er nefndarstarfið, en að ekki sé hægt að hleypa máli, sem er afgreitt í gegnum fyrri deild ágreiningslaust, í gegnum 1. umr. og að hæstv. forseti skuli samþykkja það fyrst að fresta málinu og setja svo nýjan fund til að koma áfram málum en byrja fundinn á því að taka allt annað dagskrármál fyrir, það virðist mér fela í sér vísbendingu um það að hæstv. forseta finnist eðlilegt að fresta 1. umr. málsins á þessu stigi. Ég verð að mótmæla þessari málsmeðferð. Ég veit ekki til að slíkri aðferð hafi verið beitt við eitt einasta þingmál í vetur og hafa þau mörg verið stærri en þetta og meiri ágreiningsmál. Nefndir hafa látið sig hafa það að taka við þeim og skoða þau.

Mér finnst þetta hins vegar lýsa því hver hugur fylgir máli þegar menn þykjast hafa áhuga á málefnum Háskólans, að vilja stöðva 1. umr. málsins í þeim tilgangi að lesa nál. úr Ed. í nótt. Ég held að nál. sé einar fjórar, fimm línur og frá því sé skýrt að rektor Háskólans kom til fundar við n. sem fjallaði um málið og að breytingin sem gerð var í Ed. var gerð í samráði við Háskólann sem áður hafði haft samráð við háskólaráð. Ég hygg því að þarna sé um mjög grandskoðað mál að ræða.

Þegar spurt er um hvernig fjármagna eigi það sem hér er verið að ræða um bendi ég á að hér er talað um heimild, það er ekki verið að tala um að búa til nýja háskólastofnun sem eigi að fá fjármagn á fjárlögum. Það er verið að tala um heimild til þess að taka þátt í vissri atvinnustarfsemi eða jafnvel til að selja atvinnulífinu verkefni fyrir fé til að fjármagna Háskólann. Það er einmitt verið að gera Háskólanum kleift að fá fjármagn til þess að byggja upp sína starfsemi. (**SvG:** Er þetta um þingsköp?) Þetta er um þingsköp, hv. 3. þm. Reykv. Það er verið að útskýra það að eðlilegt sé að halda áfram 1. umr. málsins. (**SvG:** Málið er ekki á dagskrá.) Og þykir mér náttúrlega skjóta skökku við að hv. 3. þm. Reykv., helst allra manna, skuli spyrja hvort þetta sé um þingsköp. Hann hefur nokkrum sinnum rætt um þingsköp með ýmsum hætti á ýmsum fundum hér í dag. En ég játa það, herra forseti, að mér hætti e. t. v. til að fara nokkrum orðum um visst efnisatriði um leið og ég nefndi hér þá ástæðu sem hlyti að vera fyrir því að hv. þm. óskaði eftir frestun þessa máls. En ég ítreka það að

mér finnst hér afar sérkennilega að ákvörðun hæstv. forseta staðið, ef þetta er rétt skilið, sem mér sýnist, að hér beri raunverulega að fresta málinu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Sannleikurinn er sá að það er ekki rétt skilið hjá hæstv. ráðh. hvað bak við lá hjá forseta í þessu tilfelli, því sannleikurinn er sá að það er búið að taka þetta mál á dagskrá og forseti var að leita afbrigða fyrir því að þetta mál, eins og hin málin sem á dagskránni eru, mættu koma fyrir. Ég óska nú eftir því að sá framgangsmáti verði hér og menn taki þeim orðum forseta vel að þetta mál komi til umr. (**RH:** Það átti að fresta umr.) Það var aðeins verið að fresta umr. Þetta mál er nú verið að taka hér á dagskrá á ný.

Á þeirri dagskrá sem liggur fyrir þessum fundi, sem við vorum nú rétt að byrja, eru tímabundið vörugjald, söluskattur og Háskóli Íslands.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að finna að þeim starfsháttum sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir um miðnætti með yfirlöðnum störfum Alþingis. Hæstv. menntmrh. telur sig þurfa að koma hér í stólinn og taka í það einar tíu mínútur að veita hæstv. forseta ofanígjöf og kennslustund í málsmeðferð og notfærir sér réttinn til að ræða um þingsköp til þess að grípa hér inn í umr. og svara og túlka ummæli sem hér höfðu fallið um tiltekið mál. Hér er náttúrlega með svo furðulegum hætti að verki staðið að það er ekki unnt annað en að finna að slíku þegar fulltrúar í hæstv. ríkisstj. ganga fram með þeim hætti, notfæra sér réttinn til umr. um þingsköp, snupra virðulegan forseta deildarinnar vegna hans málsmeðferðar og gera þm. í leiðinni upp skoðanir til tiltekins máls.

Hér var um að ræða mál, sem var verið að taka á dagskrá velviljað með afbrigðum, og það hafði komið fram kurteisleg beiðni frá einum þm. um það að færi gæfist á því að fara yfir málið betur við 1. umr. Það er nýkomið hingað inn í deild frá Ed. Og alveg burtséð frá efni þessa mál, hvernig það liggur, þá tel ég það lítt sæmandi af hæstv. ráðh. að ganga fram með þessum hætti og ekki til þess fallið að greiða götu mála af hálfu hæstv. ráðh. hér í þinginu.

Ég vil vekja athygli á því að þó að starf þingnefnda sé hið mikilsverðasta og þingnefndir hafi því miður oft allt of lítinn tíma til starfa, þá er það auðvitað æskilegt að við 1. umr. máls, áður en mál fer til nefndar, gefist ráðrúm til umr. um málið og að þm., sem áhuga hafa á viðkomandi sviði, geti komið ábendingum á framfæri við viðkomandi þingnefnd sem málið væntanlega fer til. Þess vegna finnst mér það mjög kynlegt að hæstv. ráðh. finnur í rauninni að því að hér er áhugi á að ræða þetta mál. En þó að hann færi að ræða það efnislega undir dagskrárliðnum um þingsköp, þá svaraði hann ekki þeirri einföldu spurningu hvað lægi svo mjög á með að fá þetta mál afgreitt e. t. v. fyrir hátíðar. Það kom ekki orð um það efni. Og ég er engu nær um það hvort það er ósk, sérstök ósk, eða þrýstingur af hálfu hæstv. ríkisstj. að fá þetta mál lögfest nú fyrir áramót. Það hefði kannske verið það sem best hefði verið að fá skýrt við þessa umr. um þingsköp.

Þetta er kurteisleg ábending af minni hálfu til hæstv. menntmrh. Ég vil taka efnislega á þeim málum sem hæstv. ráðh. leggur fyrir þingið og starfa í n. sem kemur þar við sögu, en þetta finnst mér ekki vænlegt til árangurs. Og gildir það auðvitað um önnur mál hér sem ríkisstj. hæstv. hefur áhuga á að þoka hér fram í gegnum þingið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hlýt að kveðja mér hljóðs um þingsköp vegna ummæla sem féllu hér áðan í umr. um þingsköp. Ég kann því illa þegar einföld spurning af hálfu þm. hér í hv. deild er túlkuð á þann veg sem hann sé vísvitandi að tefja framgang þess máls sem þar er til umr. í það skiptið. Ég spurði einfaldlega hver sú nauðsyn væri svo brýn að það þyrfti að vinna að þessu máli hér í þessari hv. þd. með þessum hætti. Og ég hefði talið heppilegt og málinu frekar til framdráttar en hitt að þeirri spurningu hefði verið svarað, því óskir mínar um frestun málsins komu í framhaldi af því, að ef sú nauðsyn væri ekki fyrir hendi og ekki væri hægt að rökstyðja hana hér, þá yrði málinu frestað. Ég hef reyndar grun um að svo sé um fleiri hv. þm. að þeir hafi áhuga á því að gefa sér aðeins rýmri tíma til að athuga þetta mál, ef það er þá hægt. Og ég kann því auðvitað sýnu verr að ég sé síðan stimplaður sem andstæðingur þessara hugmynda. Ég tók það einmitt fram í mínu máli að ég hefði ekki ástæðu til að ætla út af fyrir sig að það væri málefnalegur ágreiningur um málið. Og ég mótmæli því auðvitað alfarið að á þennan hátt sé dreginn í efa áhugi minn á málefnum Háskóla Íslands og þess að ræða málefni hans hér, því að ég tel á því brýna nauðsyn.

Ég minni á bréfaskriftir ritstjóra Fréttablaðs Háskólans til þm. þar sem hann óskar eftir hugmyndum þeirra um eflingu Háskólans og var jafnframt í leiðinni að gera könnun á því hversu oft og með hvaða hætti þm. hefðu á undanförnum árum haft afskipti af málum þessarar stofnunar. Þegar farið er í gegnum þingtíðindi og þinggögn frá liðnum árum kemur það í ljós að málefni Háskólans hafa lítið verið rædd innan veggja þessarar virðulegu stofnunar, allt of lítið að mínu mati. Ég tel það brýna nauðsyn að málefni þessarar æðstu menntastofnunar berist hingað inn og mönnum gefist tími til að ræða þau.

En fyrst og fremst þetta, herra forseti: Ég spurði hér einfaldrar spurningar um það hvers vegna þyrfti að hraða þessu máli svo sem hér virðist eiga að gera. Ég tel það skýlaust að ég eigi rétt á því að fá svör við þeirri spurningu áður en meira er lagt út af orðum mínum, til hvers vegar sem það svo er.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér hefur verið beint til mín spurningum sem varða efni þessa máls. Ég kýs nú, fyrst hæstv. forseti hefur upplýst að málið verður tekið til umr. efnislega á þessum fundi, að svara því og öðrum efnisatriðum þegar málið sjálft er komið á dagskrá. Ég hef einungis skilið ákvörðun hæstv. forseta svo að ætlunin væri að stöðva umr. á því stigi sem hún var áðan. Ég hef ekki nokkra minnstu tilhneigingu til þess að koma í veg fyrir að málið sé athugað. Mér þótti bara ástæðulaust að stöðva umr. á því stigi sem hún var á fyrri fundi, eða svo virtist mér málið standa. En nú hefur hæstv. forseti upplýst annað og þá mun ég að sjálfsögðu svara þeim spurningum, sem fram kunna að koma, þegar málið hefur verið formlega tekið á dagskrá en ekki undir umr. um þingsköp.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mér finnst það ekki góð vinnubrögð, reyndar makalaus vinnubrögð, þegar hér er búið að standa þing í nokkra mánuði, meira og minna á lausagangi, deildarfundum hefur verið slitið á miðjum degi, að þá sé málum dengt inn á síðustu sólarhringum. Þess vegna hlýt ég að ítreka fyrir mitt leyti þær spurningar sem hér hafa komið fram um hvers vegna þetta tiltekna mál t. d. sé drifið áfram á þennan hátt. Ég vil vekja athygli á því að við höfum síðustu klst. verið að afgreiða mál, sem eru í öng, sem er óumflýjanlegt að afgreiða, miðað við áramót. Það er ekki neitt sem ég fæ séð í umræddu frv. um Háskóla Íslands sem er svona tímabundið. Ég sé því enga ástæðu til þess að drífa þetta mál hér áfram. Ég hef raunar ástæðu til að ætla að um þetta mál sé ágreiningur, t. d. í Háskólanum, og ég held að það ætti að fá miklu meiri umræðu en verður hægt hér á örfáum dægrum. Það eru í þessu frv. ýmis merkileg nýmæli, t. d. varðandi þróunarstofnun Háskólans. Það er talað þar um framleiðsluleyfi og þess háttar. Þetta eru hlutir sem eru algjörlega óútkljáðir í íslenskri löggjöf og ég tel mesta óráð að drífa málið svona áfram.

Tímabundið vörugjald, frv. 201. mál (þskj. 228). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 356).

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253, n. 323 og 332). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta frv. er hv. þm. kunnugt.

Það komu fram í n. fsp. um hversu hárri upphæð uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi næmi og nemur hann um 540—550 millj. kr. Ástæðan fyrir því að sú upphæð hefur hækkað svo mjög er sú í fyrsta lagi að þessi uppsafnaði söluskattur var vanáætlaður í fjárlagafrv. þar sem hann var áætlaður 380 millj. kr., en vegna breyttra verðlagsforsendna sem nú liggja fyrir má ætla að að þess vegna þurfi að verja til hans 450 millj. kr., eins og segir í frv.

Í öðru lagi var ekki gert ráð fyrir jafnmikilli loðnuframleiðslu og raun ber vitni, en loðnuverksmiðjur greiða mun hærri söluskatt en aðrar greinar sjávarútvegs.

Í þriðja lagi hækkar söluskatturinn vegna þeirrar hækkunar sem felst í þessu frv. úr 23.5% upp í 24%.

Spurt var með hvaða hætti þessi söluskattur yrði endurgreiddur sjávarútveginum. Ég hygg að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um það, en mjög hefur komið til tals að það verði gert með tvennum hætti. Annars vegar verði sérstaklega endurgreitt til fiskimjölsverksmiðjanna af þeirri ástæðu, sem ég sagði fyrr, að þær greiða hærri söluskatt en aðrar greinar sjávarútvegs, en aðrar greiðslur renni í gegnum Aflatryggingasjóð og þá með þeim hætti að greiddar verða uppbætur á fiskverð sem kemur að sjálfsögðu fiskvinnslunni til góða með lægra fiskverði.

Spurt er hvernig söluskatturinn sé fundinn. Þjóðhagsstofnun hefur gert áætlun um hversu hárri upphæð hann nemur og er hún fundin þannig að teknir eru heildarreikningar allra þeirra vinnslu- og veiðigreina sem Þjóðhagsstofnun gerir áætlun fyrir og síðan er gerð gjaldasundurliðun skv. ársreikningum, en fyrir liggur hvaða útgjaldaliðir eru með söluskatti. Þessi upphæð er síðan færð til verðlags fjárlagafrv. Þar er annars vegar um beinan söluskatt að ræða sem fyrirtækin greiða sjálf og hins vegar uppsafnaðan söluskatt sem fyrirtækið greiðir með öðrum og óbeinum hætti. Þessi aðferð er hin sama og lögð er til grundvallar varðandi endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði. Á þau vinnubrögð hefur fengist nokkur reynsla í áranna rás og sami maður hefur reiknað út uppsafnaðan söluskatt sjávarútvegsins og iðnaðarins.

Ég vænti þess að þetta sé fullnægjandi skýring. Meiri hl. n. lagði til að frv. yrði samþykkt. Tveir þm. úr meiri hlutanum hafa þó fyrirvara, hv. þm. Friðrik Sophusson og Páll Pétursson, en minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. virðist vera mjög hógvært og sú grg. sem með því fylgir. Það er sagt í grg. að frv. þetta sé lagt fram til tekjuöflunar til þess að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs sem er enn nokkur, eins og stendur í grg. Segi menn svo að grg., eins og frv. sjálft, sé ekki hæverskt.

Grg. með frv. er um önnur atriði ákaflega athyglisverð. Þar er gerð grein fyrir því hvernig þessi hækkun sölugjaldsins muni geta fært ríkissjóði auknar tekjur. Sú áætlun er gerð í tvígang í grg. Hún byrjar á sömu hógværðinni og inngangssetningar frv. um að vandi ríkissjóðs sé enn nokkur.

Fyrsta áætlun skv. grg. er sú að þetta muni geta skilað 200—210 millj. kr. En fáeinum línum neðar er þessi tala tekin til endurskoðunar og því er haldið fram að þetta muni reyndar ekki verða 200—210 millj. kr., heldur 250 millj. kr. Grg. færist því heldur í aukana þegar fram í sækir. Það þarf ekki nema fjórar línur til að hækka sig úr 200 millj. upp í 250 millj. kr.

Það er sagt að þetta gerist með bættu söluskattseftirliti í tengslum við söluskattshækkunina. Þetta orðfæri hlýtur að vekja nokkrar spurningar. Var ekki hugmyndin að bæta söluskattsinnheimtuna og söluskattseftirlitið nema af því að það var ákveðið að hækka söluskattinn um hálft prósent? Í því orðalagi sem hér er birt verður þetta ekki skilið öðruvísi en það sé vegna þeirrar breytingar sem hér er lögð til, um að hækka söluskattinn um hálft prósent, sem menn ætli að leggja það á sig að bæta innheimtuna.

En 40 millj. kr. eru verulegir peningar. Er það svo að þessar 40—50 millj. kr., sem menn ætla að fá með bættum innheimtuaðgerðum, eigi einungis við þessar 200 millj. kr. og það megi ætla að menn fái hliðstæðar endurbætur í hinum 23.5%, þ. e. að menn eigi eftir að

fá þessar 40—50 millj. 47.5 sinnum ef menn stæðu sig eins vel í innheimtunni á hinum 23.5% eins og menn ætla skv. þessu að standa sig í innheimtunni á þessu seinasta hálfa prósentustigi?

Hver er hugmyndin með því sem hér er fram sett? Það verður ekki endanlega af þessu ráðið hvort það eigi bara að herða innheimtuna á þessu seinasta hálfa prósenti eða hvort það eigi að herða innheimtuna á öllum hinum prósentunum líka.

Síðan kemur eins konar syndaaflausn í grg. því að sagt er að allt það sem hér gangi yfir í söluskattsmálum sé, þrátt fyrir þetta framlag, ríkissjóði mjög í óhag, eins og hér er tekið fram. Það er tekið sérstaklega fram í grg. að það sem ríkisstj. hafi hér ákveðið að gera sé ríkissjóði mjög í óhag. En engu að síður, segir í frv., þykir ekki fært að hækka sölugjaldið um meira en hálft prósent. Hér er aftur staðfest að menn fara fram af mikilli hógværð í þessu máli.

Það er kannske ekki nema von með tilliti til þessa að stjórnarþm. hver á fætur öðrum skuli vera í kapphlaupi frá þessu frv. Menn skulu veita því athygli að formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, vill ekki ljá þessu allan stuðning sinn, heldur undirritar nál. með fyrirvara. Og það eru fleiri sem gera það. Það eru ekki hinir lægst settu eða óbreyttustu í flokkunum sem eru á hlaupum frá þessu hógværa frv. því að í fylgd með formanni þingflokks Framsfl. er sjálfur varaformaður Sjálfstfl., stærsta flokks þjóðarinnar. Hann hefur líka þann háttinn á að undirrita nál. með fyrirvara.

Það er kannske ekki nema von að mennirnir þvoi hendur sínar. Það gerðist nefnilega jafnframt í n., þegar málið var til umfjöllunar, að það hrökk upp úr einum embættismanni fjmrn. að áætlaðar tekjur af söluskattinum á næsta ári væru 10.3 milljarðar kr. Það vildi svo til að ég hafði nýlega litið í fjárlagafrv. og gætt að því hvaða fjárhæð væri í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir. Þar eru 8.4. Hér var komin gjörsamlega ný tala og skeikaði næstum 2 milljörðum. Menn hljóta auðvitað að spyrja hvað verið sé að vandræðast með 200 millj. þegar það hrökkva 2 milljarðar upp á borðið aldeilis óforvarandis sem allir virtust verða gáttaðir á. Það eru þess vegna fleiri tölur en þær sem varða uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi sem hafa tekið myndarlegum breytingum í dag.

En hvers vegna ræðst ríkisstj. í að hækka söluskattinn? Þetta mál á sér sérkennilegan aðdraganda. Það stendur í frv. til fjárlaga að til þess að mæta lækkun tekjuskatts eigi að hækka söluskattinn og svo stóðu sakir hér fram eftir hausti að sú stefna var gildandi. En þegar fram fór 1. umr. um fjárlög var því afdráttarlaust neitað af hæstv. fjmrh. og talsmönnum ríkisstj. að til stæði nokkur hækkun á söluskattinum. Það stóð alls ekki til nokkur hækkun á söluskatti. Það var ekki hugmyndin að taka neitt af tekjuskattslækkuninni til baka með þeim hætti. Þannig stóðu sakir í nokkra daga. En Adam var ekki lengi í Paradís því að nú er komið upp á borðið að það sem menn afneituðu hvað harðast og ákveðnast við 1. umr. um fjárlög, nefnilega að söluskatturinn yrði hækkaður, er nú eina ráðið sem menn fundu til að stoppa í gatið sitt og gátu komið sér saman um. Sú ákvörðun að hækka ekki söluskattinn fékk ekki að standa nema í fáeina daga.

En það gerðist annað merkilegt í millitíðinni. Nú er okkur talin trú um að þessi söluskatttshækkun sé alls ekki vegna tekjuskattslækkunarinnar eins og stóð í fjárlagafrv. Nú er reynt að halda því fram að þessi söluskattshækkun sé vegna sjávarútvegsins. Hún er allt öðruvísi söluskattshækkun en sú sem var í fjárlagafrv. Hún var nefnilega vegna tekjuskattsins. Það sjá allir menn að það hlýtur að vera reginmunur á því hvað það er langtum betri söluskattshækkun sem menn borga vegna sjávarútvegsins en sú sama söluskattshækkun var meðan hún var vegna tekjuskattsins. Snilld ríkisstj. í þessu á sér greinilega engin takmörk. Menn hafa sett á langar tölur í dag, bæði á nefndarfundum og eins hér í þingsölum, um hver væri nú uppsafnaður söluskattur hjá sjávarútveginum. Eins og það væri málið! Það kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við vegna þess að það lá fyrir frá upphafi að ríkisstj. ætlaði að leggja þennan skatt á almenning í landinu af því að hún væri að lækka tekjuskattinn. Flækjan um söluskattsuppsöfnun í sjávarútvegi kemur þessu máli vitaskuld ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Það er merkilegt og til votts um hvernig ríkisstj. heldur á málum að enginn af þessum háttsettu forustumönnum í stjórnarflokkunum, hvorki formaður þingflokks Framsfl., hvorki formaður né varaformaður Sjálfstfl. né heldur varaformaður þingflokks Sjálfstfl., sem allir sátu nefndarfundi um þessi mál, gat upplýst nokkurn skapaðan hlut um hvað væri hér á ferðinni, hvernig menn hefðu komist að einhverri niðurstöðu varðandi það hver væri uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi, hvers vegna upphæðin breyttist á nokkurra daga fresti og jafnvel tvisvar á dag eða hvernig þessum fjármunum öllum, hvort heldur það voru 380 eða 550 millj. kr., yrði úthlutað. Um það gátu þeir ekki nokkurn skapaðan hlut upplýst og hafa verið hér á handahlaupum annað veifið í allt kvöld til að reyna að fá einhverjar smáræðis upplýsingar um það sem hv. þm. Halldór Blöndal og varaformaður þingflokks Sjálfstfl. var svo að leitast við að gera grein fyrir hér áðan í ákaflega skýru máli eða hitt þó heldur.

En það er ekki málið. Málið er að nú er það komið fram, sem við bentum á í stjórnarandstöðunni við 1. umr. um fjárlagafrv., að ríkisstj. ætlaði sér að taka til baka með skatti á almenning í landinu, m. a. með söluskattshækkun, þá tekjuskattslækkun sem er verið að færa með hinni hendinni. Það var gefið í skyn í fjárlagafrv. og nú er það komið fram. Það er staðreyndin í þessu máli.

Það heyrir svo sögunni til að hæstv. fjmrh. hefur margsinnis sagt við fólkið í landinu og leyft þessari hv. deild og þinginu öllu að heyra að síst af öllu skyldi hann nokkurn tíma verða til þess að hækka skattana á fólkinu í landinu. Ef sú yfirlýsing á að standast er söluskatturinn ekki skattur. Mjög einfalt mál. Söluskattur er ekki skattur ef þessi yfirlýsing á að standast. Það sóru þeir stjórnarþm. af sér, en enginn betur en ráðh., að ekki kæmi til greina að hækka skattana á fólkinu í landinu. Þetta gerðist líka þegar endurskoðuð tekjuáætlun var birt. Þetta gerðist við 1. umr. fjárlaga. En engu að síður er hér verið að hækka skattana enn einu sinni nema ef hæstv. fjmrh. lítur svo á að söluskattur sé ekki skattur.

Ríkisstj. hefur líka lýst því yfir að það væri höfuðmarkmið hennar að sjá til þess að verðbólga yrði sem minnst í landinu. Maður hefði haldið að þegar ríkisstj. hefði slíkt markmið mundi hún gjarnan velja sér tekjuöflunarleiðir sem hefðu sem minnsta tilhneigingu

til að breyta verðlagi. Hvernig má það þá vera að það eina sem ríkisstj. getur fundið upp á til þess að stoppa í gatið sitt skuli einmitt vera sú eina tegund af skatti og gjaldtöku sem einmitt fer beint út í verðlagið? Það er merkilegt að ríkisstj. skyldi ekki hafa komið auga á að þarna gæti verið eitthvert samhengi, að með því að velja einmitt þessa leið til tekjuöflunar er hún að vinna gegn því markmiði sem hún taldi þó vera aðalmarkmið sitt.

Það eru allir sammála um það, trúi ég, að söluskattskerfið sé hriplekt. Og hvers vegna er það hriplekt? geta menn spurt. M. a. vegna þess hve söluskattsprósentan er há, hafa menn svarað. Það hefur komið fram í máli ýmissa stjórnarþm. að eitt af því sem ráði því að söluskattskerfið leki svo illa sem raun ber vitni, að svo mikil tilhneiging sé til að skila ekki söluskattinum, sé hve há söluskattsprósentan er orðin. Þegar menn standa með kerfi í höndunum sem lekur af því að söluskattsprósentan er svo há finna menn það eitt til ráða að hækka söluskattsprósentuna einu sinni enn. Það er alveg lygileg hreinskilni sem kemur fram í grg. hæstv. fjmrh. með þessu frv. því að hann segir að þegar þetta sé orðið að lögum gerist æ brýnna að fljótlega verði lagt af það kerfi sem er söluskattur hér á landi og hann er að leggja til að verði hækkaður. Það er eins og meginröksemdin fyrir því að hækka þessa söluskattsprósentu sé sú að þá verði kerfið enn þá ónýtara og menn geti svo lagt það af.

En menn hljóta vitaskuld að spyrja: Hverju skilar það að hækka söluskattinn um hálft prósent? Getur verið að kerfið fari að leka meira fyrir hvert hálft eða heilt prósent sem bætt er við í söluskattsprósentu? Það skyldi þó ekki vera að þessi tilhneiging, sem menn hafa talað um, til að skila ekki söluskattinum færi vaxandi eftir því sem prósentan yrði hærri? Þeirrar spurningar hljóta menn að spyrja.

Það er kannske ekki nema von að ýmsum stjórnarþm. líði illa með þessa framkvæmd sína, að þeir segi í raun að af öllu vitlausu sem ríkisstj. gat gert var þetta það alvitlausasta, eins og mér heyrðist einn þeirra segja í dag. Og það skyldi þó ekki vera rétt. Ríkisstj. átti nefnilega ótal möguleika ef nauðsyn bar til að afla viðbótartekna. Hér hafa verið lækkaðir skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, hér hafa verið lækkaðir skattar á banka. Ekki kemur það eins beint inn í verðlagið þó að kannske hafi það einhver áhrif þegar fram í sækir. Það hafa farið hér fram umræður um stóreignaskatt. Það hefði líka getað verið leið til að jafna metin. Ýmis launþegasamtök í landinu hafa lýst því yfir, m. a. Bandalag háskólamanna, sem einn af þm. hér er í forsvari fyrir og hefur verið í forsvari fyrir, að það væri leið sem vissulega væri unnt að fara.

Það hefði líka getað komið til greina, úr því að ein af orsökum þess að söluskattskerfið heldur svo illa sem raun ber vitni er sú hversu undanþágur eru margar, að fækka þeim undanþágum eitthvað. Það kom mjög glögglega fram í máli embættismanna, sem komu á fund n., að ein af skýringunum á því að söluskatturinn skilaði sér ekki nógu vel væri hvað undanþágurnar væru miklar og flóknar og það væri ómögulegt að henda reiður á hvað væri í raun söluskattskylt og hvað ekki.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þetta. En ég hygg að það sé rétt, sem heyrst hefur frá stjórnarþm., að af öllu vitlausu sem ríkisstj. hefði getað gripið til hafi þessi söluskattshækkun verið það alvitlausasta. Og það hlýtur að vera umhugsunarefni að það skuli nú vera orðin örlög þessarar ríkisstj. að sameinast í hverju málinu á fætur öðru um að velja vitlausustu leiðina.

Í því nál. sem ég mæli hér fyrir er lagt til að þetta frv. verði fellt. Undir það rita auk mín Svavar Gestsson og Guðmundur Einarsson. Guðrún Agnarsdóttir sat einnig fundi n. og er samþykk þessu áliti. Í samræmi við þetta nál. og þá grein sem ég hef hér gert í örstuttu máli fyrir þessu máli legg ég áherslu á að þd. felli nú þetta frv. og forði ríkisstj. þannig frá þessum ömurlegu örlögum sínum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hef upplýst hér í kvöld hver uppsafnaður söluskattur sjávarútvegsins er skv. nýgerðri áætlun Þjóðhagsstofnunar og þarf ekki að endurtaka það. Vinnu við þessa áætlanagerð var ekki lokið fyrr en nú undir kvöldið og þessar tölur eru þær nýjustu og haldbestu sem við eigum völ á.

Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um skrifaði ég undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Ég fylgi þessu máli þar sem ekki náðist samkomulag um að afla ríkissjóði þessara tekna með öðrum hætti. Mér þykir söluskattur vissulega afleitur gjaldstofn. Hann skilar sér illa í verðbólgu og í öðru lagi eykur hann á dýrtíð þar sem hann fer beint út í verðlagið. Það fer meira út í verðlagið, að minni hyggju, en það sem kemur í ríkissjóð.

Hins vegar þarf ríkissjóður á tekjum að halda. Við erum þessa dagana að afgreiða fjárlög. Við þurfum á öllum tekjumöguleikum að halda til að afgreiða fjárlög með sæmilegum hætti og það er mjög mikill neyðarkostur að afgreiða fjárlög með verulegum halla. Ég er og var fús að athuga aðra tekjustofna og þarf enda hugsanlega síðar á því að halda. Ég er tilbúinn að hugleiða eignarskatt. Ég er tilbúinn að hugleiða hærri skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en þá prósentu sem við höfum komið okkur saman um að afgreiða hér í dag. Fleiri skattstofna kynnu menn að finna og geta orðið sammála um.

Um þessa hækkun á söluskatti náðist samkomulag og þó ég sé ekki ánægður með þessa skattheimtu stend ég að henni og ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð á henni eins og aðrir stjórnarsinnar. Ég vil að það komi skýrt fram að ég er ekki að skjóta mér undan ábyrgð á því að þessi söluskattshækkun varð að ráði. Ég sé á henni galla, en ég tek fulla ábyrgð á hækkuninni eins og aðrir stjórnarþm.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur gert grein fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar deildar sem ég stend að, og hef ég ekki mörgu við það að bæta, en vildi fara nokkrum orðum almennt um þessi mál því það er mikil skattsúpa sem verið er að rusla hér í gegn núna í kvöld og kannske ekki svo nauið fyrir mig frekar en hæstv. menntmrh. hvort það er nákvæmlega dagskrármálið sem verið er að ræða um. Það er búið að vera skattahækkunarfundur í allan dag, samfelld og stöðug skattahækkunarráðstefna ríkisstj., og þess vegna ástæða til að taka fyrir hin ýmsu mál, skattamálin sem hér hafa verið til meðferðar. Það er náttúrlega kórónan á sköpunarverkinu sem við erum núna að horfa á og hér er til meðferðar, þ. e. sú söluskattshækkun sem ríkisstj. var að bögglast með í

nokkra mánuði. Síðan gerðist það að þeir sóru af sér einn af öðrum að það kæmi til greina að hækka skatta. Formaður Sjálfstfl. hreytti því út úr sér við Morgunblaðið að þetta væri ekki sitt mál. Hefur hann í annan tíma ekki heyrst byrsta sig annað eins og í það skipti og vakti það mjög mikla athygli þegar hann sagði sig í orði þá frá skattastefnu ríkisstj. Hins vegar hefur hann svo skrifað upp á þetta frv. fyrirvaralaust, haft kjark til þess eins og hv. þm. Halldór Blöndal að kannast við afkvæmið, og ber að hrósa þeim félögum fyrir það. Er það nú eitthvað annað en þeir frændur úr Húnaþingi, hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 2. þm. Reykv., sem eru að ræflast við að skrifa undir þetta með fyrirvara, og ganga þeir nú almennt undir nafninu Fyrirvararnir í þingsölum, — þeir frændur Fyrirvararnir er stundum sagt í léttum tón manna á meðal, enda nokkuð liðið á kvöld.

Hv. þm. Páll Pétursson, sem mælti fyrir fyrirvaraliðinu áðan, lýsti því yfir að hann teldi þetta vera vondan skatt og vitlausan í alla staði og hann væri tilbúinn til þess að bæta stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Þó hefur hann staðið að því hér ásamt öðrum stjórnarþm. í kvöld og í nótt að fella tillögur um hækkun á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. En það væri fróðlegt að vita núna og ég vil leggja þá fsp. fyrir hv. þm. Pál Pétursson: Hvaða skattahækkunartillögur voru það sem ríkisstj. var búin að samþykkja eða Framsfl. sérstaklega, en síðan urðu ekki að veruleika vegna ágreinings á milli stjórnarflokkanna? Hvaða tillögur voru það nákvæmlega sem Framsfl. vildi samþykkja í skattahækkunarátt? Ég held að óhjákvæmilegt sé að það komi fram í þessari umr., þannig að kanna megi til þrautar hvort meiri hl. getur reynst á Alþingi fyrir því að afgreiða ríkissjóð með skaplegri hætti en mér sýnist standa til hjá þeim stjórnarliðum.

Í grg. þessa frv. á bls. 2 er setning sem á skilið að lifa í bókmenntunum vegna þess að hún er alveg sérstaklega athyglisverð og um leið hógvær. Það er þessi taóíski stíll sem stjórnarliðið temur sér gjarna, einkum hæstv. iðnrh. eins og kunnugt er. Hér stendur, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Frv. þetta er lagt fram til tekjuöflunar í því skyni að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem enn er nokkur, þrátt fyrir það átak sem gert hefur verið til þess að draga úr útgjöldum ríkisins.“

Nú liggur það fyrir að útgjöld ríkisins á næsta ári verða að raunvirði hærri en þau hafa verið um langt árabil skv. upplýsingum sem hv. þm. Geir Gunnarsson kom fram með við 2. umr. fjárlaga. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hver er vandi ríkissjóðs? (**Gripið fram í:** Peningaleysi.) Peningaleysi, það er nákvæmlega það. Hversu mikið er peningaleysið og hvernig á að brúa það bil sem bersýnilega verður á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs? Er ætlunin að taka erlend lán og hve mikið? Ætlar Jóhannes Nordal í Seðlabankanum að lána ríkissjóði? Hversu mikið ætlar hann að prenta af seðlum fyrir ríkissjóð? Það væri fróðlegt að fá um þetta upplýsingar vegna þess að við erum að ræða mál sem byggt er á þeim rökum að það þurfi að minnka vanda ríkissjóðs. Það er tillagan að minnka þurfi og draga úr vanda ríkissjóðs, hins auma ríkissjóðs, það þurfi að gera átak í þeim efnum. Þess vegna er þetta makalausa frv. hér flutt. Og ég spyr: Hver er vandinn? Vill hæstv. fjmrh. svara því hér á eftir. Ég vænti að hann geri það.

Ég vil einnig endurtaka spurningu mína til hv. þm. Páls Pétursonar: Hvaða skattstofnar eru það sem Framsfl. er tilbúinn til þess að standa að að leggja á eða hækka? Ég tel enga ástæðu til að þessari umr. ljúki fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir, þannig að það megi koma fram hvaða þingflokkar það eru sem vilja ganga í að reyna að brúa bilið hjá hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Er ekki allur Framsfl. með fyrirvara?) Það er spurningin líka hvort það er allur Framsfl. sem er með fyrirvara. Það er t. d. bara þriðjungurinn af Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Nd. sem er með fyrirvaraveikina. En kannske er það gjörvallur Framsfl. eins og hann leggur sig. Það skyldi þó ekki vera að þeir væru almennt með fyrirvara við þetta stjórnarsamstarf. Það er kominn tími til að þeir settu fyrirvara við forsætisráðherrastólinn. Og gaman væri að vita hvort þingflokkur Framsfl. hefur samþykkt þann fyrirvara sem hv. þm. Páll Pétursson var að gera grein fyrir áðan. Stendur þingflokksfundarsamþykkt á bak við þennan fyrirvara? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, það er ekki. Hv. þm. er kannske bara í minni hluta með fyrirvarann. Getur verið að hann hafi verið borinn atkvæðum, en samt sem áður sýnt af sér þá sjálfstæðu afstöðu að burðast upp í ræðustólinn með fyrirvarann eins og hann gerði áðan? Skyldi það vera að hv. þm. Páll Pétursson sé almennt að reyna að setja fyrirvara og spurningarmerki við þessa ríkisstj.? Það skyldi þó aldrei vera.

Hv. þm. Halldór Blöndal svaraði að nokkru þeim spurningum sem fram voru lagðar varðandi uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi og kann ég honum þakkir fyrir. En í sambandi við þessa söluskattshækkun er vert að vekja athygli á að það stendur til að skerða enn tekjustofna sveitarfélaga. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann er með fyrirvara líka, eins og hv. þm. Páll Pétursson, vegna þess hvernig Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er leikinn. Hæstv. félmrh. er brautryðjandi í því í sögunni að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það var í fyrsta sinn gert á árinu 1984 og á að halda því áfram á árinu 1985.

Nú er gert ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eigi að fá af söluskattstekjum á næsta ári 680 millj. kr., en skv. áætlunum ríkisstj. eru þetta aðeins 635—640 millj. kr. Það á sem sagt að skerða þennan tekjustofn sveitarfélaganna í landinu um 40 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái tekjur af verðtolli eins og kunnugt er, 140 millj. kr., eða Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái samtals 775 millj. kr. Ef þetta hálfa prósent væri meðhöndlað sem almennur söluskattur en ekki sem söluskattsauki ætti Jöfnunarsjóðurinn að fá af þessu 17 millj. kr. En þetta er meðhöndlað sem söluskattsauki þannig að það er verið að bæta við skerðinguna hjá sveitarfélögunum í landinu. Til viðbótar við þær 40 millj. sem almenna skerðingin er á að skerða Jöfnunarsjóðinn með þessu frv. um 17 millj. kr. eða samtals um 57 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. og ég vænti þess að hann svari því við þessa umr.: Hefur þetta verið borið undir Samband ísl. sveitarfélaga? Hefur Samband ísl. sveitarfélaga sent frá sér samþykktir um þessa skerðingu á jöfnunarsjóðnum? Ég vil fara fram á það við hæstv. félmrh. að hann svari því alveg undanbragðalaust við þessa umr. því að hér er vissulega verið að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og það mjög alvarlega.

Ég held, herra forseti, að nær hefði verið að hækka skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem við hv. 2.

þm. Norðurl. v. erum kannske sammála um. Við umr. um skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem fór fram í dag, á þessum skattahækkunardegi, rakti ég upplýsingar um hverjir það eru og í hvaða skattumdæmum sem borga skatta af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þennan skatt sem er í rauninni traustari tekjustofn en flestir aðrir tekjustofnar ríkisins vegna þess að þarna stela menn engu undan, þarna liggur eignin nokkuð skýrt fyrir, hvað á að skattleggja, skattlagningarandlagið eins og það heitir hjá fræðimönnum. Skattlagningarandlagið er skýrt: skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Það kemur fram í upplýsingum sem við fengum í dag frá fjmrn. hvernig þessi skattur skiptist, hverjir það eru sem borga skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það kemur fram að í Reykjavík eru það 1032 aðilar sem borga skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Á Reykjanesi eru þetta 315 aðilar, í Vesturlandskjördæmi eða Vesturlandsskattumdæmi eru þetta 89 aðilar, á Vestfjörðum 67, á Norðurlandi vestra eru það 39 aðilar sem borga skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, í Norðurlandi eystra eru þeir 136, á Austurlandi eru þeir 46, á Suðurlandi 44, í Vestmannaeyjum líka 44. Samtals eru þeir aðilar sem greiða þennan skatt 1812, þar af 997 með einstaklingsrekstur og 815 lögaðilar sem svo eru nefndir. Þetta er ég að lesa upp, herra forseti, til þess að glöggt megi verða að hækkun á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er auðvitað mikið skynsamlegra svar við fjárhagsvanda ríkisssjóðs en sú söluskattshækkun sem núna er verið að reyna að pína í gegn í skammdeginu í skjóli náttmyrkurs.

Við umr. um þessi mál verður ekki hjá því komist að gera sér einnig grein fyrir því hvernig staða ríkissjóðs er almennt og einnig að líta örlítið á útgjöld ríkissjóðs. Á sama tíma og menn eru að ákveða að taka inn í ríkissjóð þennan söluskatt og endurgreiða sjávarútveginum uppsafnaðan söluskatt sem snemma í dag var 380 millj., síðdegis 450 og í kvöld 550 ... (Gripið fram í.) Já, hv. formaður fjh.- og viðskn. vill fara að hætta fundinum vegna þess að talan hækkar stöðugt. — Meðan menn eru að sullast með þessar tölur upp á mörg hundruð milljóna kr., hálfan milljarð í sjávarútvegi vegna uppsafnaðs söluskatts, þá eru menn að draga við sig að standa við lögin um málefni aldraðra. Fyrir nokkrum árum var lagður á skattur í Framkvæmdasjóð aldraðra, nefskattur, til þess að standa undir byggingu elli- og hjúkrunarheimila úti um landið, land allt. Þetta var gert með þeim hætti líka að ríkissjóður lagði þarna nokkuð á móti með beinu framlagi. Á sama tíma og verið er að hækka söluskatt með þessum hætti neitar ríkisstj. — eða hvað, hæstv. fjmrh.? Er ríkisstj. tilbúin til þess að hækka með eðlilegum hætti framlag ríkisins í Framkvæmdasjóð aldraðra? Er meiningin að kreista þann sjóð alveg saman, þannig að hann geti ekki sinnt þeim verkefnum sem standa hálfkláruð hér í landinu? Ég minni t. d. á B-álmu Borgarspítalans. Það eru hundruð aldraðra einstaklinga í Reykjavík sem eru á biðlista eftir því að fá þá þjónustu sem B-álma Borgarspítalans getur veitt. Á sama tíma og menn eru að sullast hér með hundruð millj. kr. aftur og fram verð ég ekki var við skilning á nauðsyn þess að hækka framlagið í Framkvæmdasjóð aldraðra frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. eins og það lítur núna út.

Það er m. a. s. gert ráð fyrir því að skera þennan sjóð niður að framkvæmdagildi milli áranna 1984 og 1985. Hér er auðvitað um alveg yfirgengilega afstöðu að ræða á sama tíma og menn henda út úr ríkissjóði tugum millj. af þjónslund við eigendur skrifstofu- og verslunarhúsnæðis. Og sýnir ríkisstj. betur í þessu máli en mörgum öðrum stéttareðli sitt þar sem hún gengur við hlið fjármagnsins og fjármagnseigendanna á móti þeim sem þurfa að njóta hinnar félagslegu þjónustu í landinu. Ég tel fulla ástæðu til þess, herra forseti, að mótmæla því sérstaklega ef það er ætlun ríkisstj. að fara að naga niður Framkvæmdasjóð aldraðra einmitt þessa dagana.

Fyrir nokkrum árum, herra forseti, var maður í borgarstjórn Reykjavíkur. Hann var formaður í nefnd sem fjallaði um málefni aldraðra. Og það voru tekin við hann afskaplega mörg blaðaviðtöl um hvað hann væri góður við gamla fólkið í landinu, afskaplega mörg blaðaviðtöl, og útvarpsviðtöl og sjónvarpsviðtöl. Hann lét þess jafnan getið, t. d. í prófkjörsslagnum hér í Reykjavík þegar hann var að slást við ýmsa menn hjá íhaldinu, að hann væri sérstakur gæslumaður hagsmuna gamla fólksins og hann mundi beita sér fyrir því af mikilli hörku að bæta kjör hinna öldruðu í höfuðstað landsins. Það var samþykkt till. í borgarstjórn Reykjavíkur um að verja tilteknum hluta af útsvari Reykvíkinga í framkvæmdir í þágu aldraðra. Þessu var mjög hampað af vissum aðilum. Núna vill svo til að þessi baráttumaður fyrir málefnum aldraðra getur ráðið hvernig haldið er á málefnum þeirra á landsvísu. Þá virðist hann vera búinn að gleyma þessu hugðarefni sínu. Það verður ekki betur séð en ætlunin sé hjá hæstv. ráðh. að skera niður Framkvæmdasjóð aldraðra að raungildi milli áranna 1984 og 1985. Ég skora á hæstv. fjmrh. að rifja upp hvernig hann tók afstöðu til málefna aldraðra sem borgarfulltrúi hér í Reykjavík, en ég man ekki betur en hann væri kosinn einn af þeim í síðustu kosningum og að hann hafi verið kosinn forseti borgarstjórnar skömmu síðar. Ég skora á hann að lesa ræður Alberts Guðmundssonar borgarfulltrúa um málefni aldraðra, ef það mætti verða til þess að hræra hann til skilnings á því vandamáli sem þar er um að ræða núna og er í Reykjavík sennilega hrikalegra en nokkurs staðar annars staðar á landinu þó að ég geri ekki lítið úr þeim vandamálum sem þar er um að ræða, eins og t. d. á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu.

Hæstv. ríkisstj. og hv. 1. þm. Suðurl. eru í þessum skattamálum stundum að geipa af því að þeir félagar hafi afgreitt eftir pöntun allar beiðnir verkalýðssamtakanna um skattbreytingar á s. l. vetri, alveg 100%, það hefði ekkert verið undanskilið, og verkalýðshreyfingin hafi aldrei fengið aðra eins afgreiðslu hjá ríkisstjórn landsins og hjá þessari stjórn. Ja, þvílíkt. Það er út af fyrir sig rétt að verkalýðshreyfingin og launafólk í landinu hefur aldrei fengið aðra eins afgreiðslu hjá ríkissj. eins og þessari stjórn að því er kaup og kjör varðar, en að það hafi verið komið til móts við allar kröfur verkalýðssamtakanna á s. l. vetri í sambandi við skattamál og barnabætur og fleira, það er fullkomin fjarstæða.

Ég held að það sé nauðsynlegt, vegna þess að verið er að reyna að nota ákvörðun um barnabótaauka til að réttlæta þá skattahækkun sem hér er á dagskrá, að ræða aðeins um barnabótaaukann og hvernig hann kemur út. Það kemur þessu máli við, herra forseti, vegna þess að það er allt eitt og sama skattamálið sem hér er verið að fjalla um.

Á árinu 1983 nam barnabótaauki 167 millj. kr. og fjöldi skattgreiðenda sem fengu barnabótaauka var 23 082. Í Reykjavík var fjöldi framteljenda 7775, á Vesturlandi 1718, á Vestfjörðum 951, á Norðurl. v. 1347, á Norðurl. e. 3112, á Austurlandi 1403, á Suðurlandi 1893, í Vestmannaeyjum 392 og í Reykjaneskjördæmi 4491. Það er mjög fróðlegt að átta sig á því hvernig skipting barnabótaaukans kemur út eftir fjölskyldum og eftir skattumdæmum og hefur mér borist ítarleg tölvuútskrift um það efni frá fjmrn. sem væri ástæða til þess að fara yfir í þessari umr., en ég ætla ekki að þreyta hv. þd. með því að fara út í óskyld mál núna við þessar umr. um söluskattinn, heldur ætlaði ég aðeins að tæpa á þessu atriði.

Mér finnst þessar upplýsingar, sem ég hef hér lagt fram varðandi barnabótaaukann og fleira, vera til sannindamerkis um að það er auðvitað fullkomin endileysa að vera að reyna að nota barnabótaaukann til að réttlæta þá skattlagningu ríkisstj. sem hér liggur fyrir till. um. Það hefði verið nær að hækka barnabótaaukann með því að leggja skatta á þau fyrirtæki sem hafa velt sér upp úr gróða að undanförnu í tíð núv. ríkisstj. meira en nokkru sinni fyrr, leggja skatta á lúxusklúbbinn í þjóðfélaginu sem ríkisstj. hefur verið að efna í á undanförnum þremur misserum.

Ég held, herra forseti, að það sé út af fyrir sig ástæðulaust nú við 2. umr., þar sem 3. umr. í deildinni er eftir, að fara mikið ítarlegar út í þessi mál að sinni. Þó er margt sem mælir með því að málið sé rækilegar rætt. En ég vil ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðh. og þá fyrst til hæstv. félmrh.: Hefur hann samþykkt þessa meðferð söluskattsins og þessa skerðingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í öðru lagi spyr ég hv. þm. Pál Pétursson: Hverjar voru skattahækkunarsamþykktir Framsfl.? Það er alveg óhjákvæmilegt að það komi fram. Það gæti verið t. d. að ég gæti samþykkt eða Alþb. í heild eins og eina af þessum till. og þar með væri kominn meiri hl. til að styrkja stöðu ríkissjóðs enn frekar, en það vantar enn nokkuð á, eins og segir í gullaldarsetningu á bls. 2 í frv., að staða ríkissjóðs sé nægilega traust. Það stendur hér „sem enn er nokkur“ um vanda ríkissjóðs.

Ég hef einnig spurt hæstv. fjmrh. spurninga, m. a. varðandi málefni aldraðra, sem ég óska eftir að hann svari.

Fyrir einu ári eða svo fóru fram í hv. Nd. miklar umr. um skattamál. Þá voru skrifaðar forustugreinar í eitt dagblaðanna um skattpíningarstefnu ríkisstj. og því alveg sérstaklega mótmælt að hún væri að íþyngja landsmönnum með hækkuðum sköttum. Þetta blað heitir DV, þ. e. Dagblaðið Vísir. Nú vill svo til að ritstjóri þessa blaðs situr á Alþingi, hv. 6. þm. Reykv. Hann gerði sér ljóst í haust að mál voru komin í það óefni að það var knýjandi að hann snéri sér að löggjafarstörfum og settist hér inn, eins og kunnugt er, eftir nokkurt hlé. Það liggur hins vegar ekki fyrir hver er afstaða þessa vígreifa baráttumanns til skatta, hver er afstaða hans til þessa frv. hér. Mér er sagt að hann hafi verið að laumast á þingflokksfund í Sjálfstfl. af og til. (**Iðnrh.:** Það er ekki rétt.) Nei, það er ekki rétt, segir hæstv. iðnrh. Þá liggur það fyrir. (**Iðnrh.:** Ekki að laumast.) Nei, ekki að laumast kannske, heldur með gassagangi. Ekki heldur? Hvorugt? Þeim mun nauðsynlegra er þá að spyrja hv. 6. þm. Reykv. um það, vegna þess að hann er eins og sjálfstæður vígahnöttur í þessum ferli, hver sé afstaða hans í þessum skattamálum. Nú hafa talsmenn hinna ýmsu þingflokka talað hér. Talsmenn Sjálfstfl., þ. e. þeir fyrirvaralausu, hafa talað hér. Hv. þm. Friðrik Sophusson með fyrirvarann hefur enn ekki talað hér. (**FrS:** Ég kemst ekki að, maður, fyrir þér.) Hv. þm. er kannske að biðja um að komast á mælendaskrá. Ég veit að hæstv. forseti kemur honum að. Hv. þm. Friðrik Sophusson mun væntanlega gera grein fyrir sínum fyrirvara og ég vænti þess þá að þriðja brotið af Sjálfstfl., hv. 6. þm. Reykv. Ellert B. Schram, (**Gripið fram í:** Þetta kemur allt í ljós.) geri grein fyrir máli sínu við umr. um málið, þannig að hann þurfi ekki að gera það við nafnakall eins og við eitthvert mál um daginn þegar hann kvaddi sér hljóðs, í álmálinu trúi ég, og gerði grein fyrir atkv. sínu í viðurvist alþjóðar svo að segja, í útvarpsumræðum, vegna þess að hann hafði ekki fengið tækifæri til að koma afstöðu sinni á framfæri við umr. Það tíðkast núna þeir hættir hér í þinginu að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu fær ekki að tala eins og hann fékk t. d. á síðasta kjörtímabili. Þá fékk hann alltaf að tala. En núna fær Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu ekkert að tala og þess vegna bað hv. þm. um orðið til að gera grein fyrir atkv. sínu. Nú gefst honum kostur á því að gera grein fyrir atkv. sínu, þessum mikla kappa í baráttunni fyrir lægri sköttum í landinu. Ætlar hann að styðja þessi ósköp eða ætlar hann að ganga í lið með þeim sem eru á móti þessari vitleysu, þ. e. vera fyrirvaralaust á móti því eins og við erum reyndar, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjh.- og viðskn. Nd.?

Herra forseti. Það eru mörg önnur mál í sambandi við söluskattinn sem ég hef áhuga á að koma á framfæri og mun gera við síðari umr. um málið. Athugasemdir mínar núna tengdust skattamálum almennt, vegna þess að rætt hefur verið um skattamál vítt og breitt í allan dag og því eðlilegt að um hin ýmsu mál þar sé fjallað í umr. af þessu tagi.

Hér mun vera á dagskrá, herra forseti, frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands, og ef ég mætti aðeins spyrja um eitt atriði til þess að þurfa ekki að tefja fundinn með því að biðja um orðið um þingsköp, þá vildi ég spyrja hv. þm. Ólaf G. Einarsson, formann þingflokks Sjálfstfl., 9. landsk. þm., og hv. þm. Pál Pétursson... (**Gripið fram í:** Hann er hérna.) Hv. 2. þm. Norðurl. v. er þarna. Ég vildi spyrja þessa hv. þm. hvort frv. um Háskóla Íslands er eitt af forgangsmálum ríkisstj. áður en þingið fer í jólaleyfi. Mér þætti vænt um ef þeir gætu skotið sér inn í umr. um söluskattinn og svarað þessari spurningu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Á þeim lista sem formönnum þingflokka var afhentur fyrir nokkrum dögum, þar sem á voru þau mál sem ráðh. óskuðu eftir að yrðu afgreidd fyrir jól, var þetta frv. um Háskóla Íslands. Það var ósk menntmrh. að þetta frv. næði fram að ganga fyrir jól. Um þetta hefur að sjálfsögðu ekki verið samið neitt endanlega, en ég vil mælast til þess að þetta mál megi fara til n., ef mögulegt er, núna á þessum fundi. Það verður svo að ráðast hvort n. treystir sér til að afgreiða málið frá sér þannig að það geti komið hér aftur til meðferðar á fundi Nd. fyrir jólahlé.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 9.

landsk. þm. fyrir greinargóð svör og skjót. Hann minnti á að þetta mál hefði verið á þeim lista sem afhentur var formönnum þingflokkanna. Þar var líka frv. til l. um breytingu á útvarpslögum og fleiri mál. Ég skildi því hv. þm. Ólaf G. Einarsson svo að það væri ekki endilega víst að þetta mál væri á þeim úrslitalista sem ríkisstj. gerði kröfu um, svo að segja, að fá afgreitt á þessu þingi fyrir hátíðarnar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni um lista yfir forgangsmál ríkisstj., þá var það svo að það var sýndur listi. Á honum voru ýmis mál sem menn sáu fljótlega að mundi vera torvelt að koma hér inn fyrir áramót, svo sem eins og lánsfjárlög. Það var því nokkuð ljóst að þetta var ekki forgangslisti, heldur var þetta bara samsafn af málum sem óskhyggja ráðh. réði að fóru á þennan lista. Það var augljóst að ómögulegt var að þessi mál yrðu öll afgreidd. Það ákveðna mál sem hér er til umr., breyting á lögum um Háskóla Íslands, var raunar á þessum lista, en hafði þó ekki verið sýnt í Alþingi þegar listinn var birtur.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er nú kannske ekki ástæða til að lengja þetta mál. En mér finnst fullmikið sagt að þetta hafi verið samsafn af málum og óskalisti ráðh. Varðandi þau tvö frv. sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, útvarpslagafrv. og lánsfjárlagafrv., var það strax tekið fram á þessum fundi formanna þingflokka og forseta að ekki yrði lögð áhersla á að þau mál næðu fram að ganga fyrir jólahlé. Það er hins vegar rétt að frv. um Háskóla Íslands, sem var á þessum lista, var ekki komið fram þá í þinginu, og af þeirri ástæðu treystum við okkur ekki til að leggja neina höfuðáherslu á að það mál næði fram að ganga. En það er sem sagt ósk mín að þetta mál megi fara til n. og það ráðist þá þar hvort það nær afgreiðslu eða ekki.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér er verið að ræða um söluskatt með tilbrigðum, smávægilegum, og ekki veitir nú af að punta svolítið upp á þetta söluskattsmál vegna þess að það er nokkuð skondið. Ég er á nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. þar sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson, Svavar Gestsson, undirritaður og Guðrún Agnarsdóttir lýsa því að þau vilja að þetta frv. verði fellt.

Þetta frv. á sér að ýmsu leyti dálítið merkilega sögu. Það er nokkuð lýsandi fyrir það brambolt og óstand sem hefur verið á stjórnarheimilinu í haust. Það minnir mig svolítið á gamlan danslagatexta sem ég heyrði einu sinni. Lokalínan þar var svona: „En þú sem ég leitaði lengst um dröfn, þú beiðst mín loks í heimahöfn". Eins sýnist mér eiginlega leit stjórnarflokkanna vera að skattheimtu. Þegar þessi ríkisstj. koma að verkum boðaði hún nýsköpun á öllum sköpuðum sviðum. Það átti að verða nýsköpun í efnahagsmálum, það átti að verða nýsköpun í atvinnumálum og guð veit hvar ekki átti að verða nýsköpun. Við höfum nú séð nokkurn veginn hvernig fer fyrir þessari nýsköpun. Það fer lítið fyrir nýsköpuninni í efnahagsmálunum. Þeir leituðu lengst um dröfn að nýjum skattstofnum og komu svo aftur og þá beið þeirra í heimahöfn gamli góði söluskatturinn. Það var það eina sem þeir gátu leitað til. Og það var svo sem ekki eins og þetta væri harmkvælalaust, vegna þess að þrátt fyrir þessar hugmyndir um hækkun söluskatts var því fastlega neitað lengi vel að nokkuð slíkt stæði til. Síðan fór að heyrast orðrómur um söluskattshækkun og þá var það ýmist kallað fastmótaðar tillögur eða lauslegar hugmyndir. Þegar hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. var inntur eftir þessu máli kallaði hann það lauslegar hugmyndir sem hann hefði kynnt fyrir stjórnarþingmönnum. En hv. þm. Framsfl. tóku málið alvarlega og samþykktu, enda töldu þeir þetta vera fastmótaðar tillögur. Síðan komu þeir að þingflokksfundi loknum hér fram á gang og fundu þar þm. Sjálfstfl. út um allt í óróa miklum. Þá höfðu hinar laust mótuðu hugmyndir fjmrh. farið þannig fyrir brjóstið á þeim.

Síðan vísaði hver á annan um stund. Formaður flokksins vísaði á fjmrh. og enginn virtist vilja eiga krógann. Síðan var látið svo heita, til þess að láta þetta líta betur út þegar allt var á enda komið, eins og búið er að lýsa hér fyrr í kvöld, að þetta væri allt saman vegna vanda sjávarútvegsins. Þetta var allt saman til komið vegna þess að samþykkt hafði verið að endurgreiða sjávarútveginum uppsafnaðan söluskatt. Og eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson lýsti hér í kvöld sáu menn þá fyrir sér sérstakar eyrnamerktar krónur sem áttu að fara í það að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt hjá sjávarútvegi.

Því var eðlilegt að á fundi fjvn. í morgun væri gengið eftir hugmyndum um það hvernig ætti síðan að borga þessa peninga út. Hvernig eiga þessir margumtöluðu peningar til sjávarútvegsins að greiðast? Þá var í annað sinn komið að tómum kofanum. Þá voru engar fastmótaðar tillögur, það voru ekki einu sinni lauslegar hugmyndir. Þá kom í ljós að það vissi enginn neitt. Það vissi enginn neitt hvernig útdeiling hálfs milljarðs ísl. kr. eftir 14 daga ætti að fara fram, eða a. m. k. fyrstu úthlutanir hálfs milljarðs ísl. kr. Eftir 14 daga á að hefja útdeilingu á þessu fé. Og það er ekki eins og hér sé um að ræða 14 virka vinnudaga, heldur eru flestir þessara 14 daga í jólasælunni og manni sýnist helst að hæstv. ríkisstj. og embættismenn hennar muni þurfa að sitja yfir öll jólin og reyna að finna þær úthlutunarreglur sem á að nota til að borga þennan hálfa milljarð. Þegar betur er gengið eftir og hringt út um allan bæ til að reyna að finna út hvernig helstu hugsuðir stjórnarstefnunnar hafi nú hugsað sér að framkvæma þetta, þá kemur í ljós að það á að greiða hálfan milljarð króna út eftir meðaltalsreikningum um fyrirtæki í veiðum og vinnslu. Og lái nú hver sem vill þeim sem fara að velta því fyrir sér hvort hér sé ekki komið enn á ný velferðarkerfi fyrirtækjanna.

Við höfum samþykkt hér í dag alls konar frv. í peningamálum. Eitt af þeim síðari sem við samþykktum var barnabótaauki fyrir það fólk sem stendur báglega í samfélaginu. Og einhvern veginn sér maður fyrir sér að þessir peningar, sem nú á að fara að greiða út eftir meðaltalsreikningum, hálfur milljarður sem á að greiða út eftir meðtalsreikningum í sjávarútvegi, það sé ekki ólíkt barnabótaaukanum, nema að á því er einn galli. Barnabótaaukanum er þó dreift þannig að í lögunum um hann eru reglur sem beina fénu eftir ákveðnum brautum, þangað sem þess er helst þörf. Við sjáum það á útreikningum og upplýsingum, sem lagðar voru fram í n. í dag, að það virtist hafa tekist þó sæmilega. Meðaltalsreikningunum um barnabótaaukann fylgdi

nefnilega ákveðin skýring, þannig að fénu væri helst veitt þangað sem þess væri þörf, það virtist mega ráða af úrtaki um það hvernig einstæðir foreldrar nytu þessa fjár.

En hvað skyldi svo verða um velferðarkerfi sjávarútvegsins þegar það tekur á móti þessum 550 milljónum? Það eru engar tillögur og það er reyndar ólíklegt að því fé verði varið til þeirra sem kannske þurfa þess helst. Þetta er fé sem verður dreift mestan part handahófslega eftir einhverjum tölum úr meðaltalsmaskínunum. Svo eru menn að tala um að gæta þurfi aukinnar ábyrgðar manna á rekstri, menn þurfi að standa fyrir sínu, menn þurfi að sýna hvað í þeim býr. Það er verið að tala um að helstu kostir kvótans séu að hann hvetji menn til aukinnar aðgæslu í sambandi við meðferð fjár, að afkoman skáni hjá fyrirtækjunum vegna þess að menn fari betur með fiskinn og menn keyri hægar og eyði minni olíu. En síðan kemur þessi fáránlega aðgerð þar sem hálfum milljarði króna er spreðað út yfir greinina án nokkurrar almennilegrar stýringar. Þá skiptir litlu máli hver sýndi aðgæslu, hver keyrði á hálfu stími, hver sparaði olíu og hver fór vel með fiskinn. Afkoma fyrirtækjanna á endanum hefur ekkert með það að gera hvort menn reyndu að standa sig eins og menn, vegna þess að það verður búið að smyrja þessum peningum, hálfum milljarði, út yfir allt.

Þetta er ekki stjórn ríkis og þetta er ekki vitræn stjórnun ríkisfjármála. Þetta er bara grín, þetta er bara sprell. Algert sprell. Og það er ómögulegt að ætlast til þess að menn taki svona stjórnunaraðferðir alvarlega, allsendis ómögulegt. Það er ómögulegt að menn taki alvarlega yfirlýsingar ríkisstj., sem svona stendur að hlutunum, yfirlýsingar um það að hún sé að brjóta nýjar brautir og brydda upp á nýjum aðferðum. Þetta er svo gersamlega laust við það. Eina atriðið þar sem hefur örlað á einhvers konar nýjum hlutum héldu menn lengi að yrði hið margumtalaða þróunarfyrirtæki ríkisstj. Menn eru reyndar búnir að sjá það lengi í hillingum og það hefur lítið sést af markverðum tillögum. En það virðist vera það helsta sem þessi nýsköpunarríkisstjórn bindur nú vonir sínar við að geti réttlætt þá nafngift sem hún hálfpartinn kaus sér sjálf í byrjun. En það litla sem menn hafa fengið að sjá af sjálfu þróunarkompaníinu bendir síðan til einhverra stórkostlegustu miðstýringartilhneiginga í allra efnahagsstjórn á Íslandi. Það á að safna saman eignarhaldi allra ríkisfyrirtækja inn á einn kontór. Það á að taka Framkvæmdastofnun, það sem verður nýtilegt af henni þegar hv. þm. Tómas Árnason er farinn þaðan út. Það á síðan að taka alla fjárhagssjóði ríkisins saman og setja þetta allt inn á einn kontór. Þetta á að vera umbyltingin, þetta á að vera nýsköpunin.

En svo við snúum okkur aðeins að söluskattinum aftur. Aðferðin við þessa gömlu leið er náttúrlega gamla, góða, gerónýta skattheimtukerfið á söluskatti. Ríkisstj. vílar ekki fyrir sér að fara með þetta skatthlutfall upp í 24%, það er fjórðungur verðs sem bætist ofan á, vitandi samt að innheimtukerfið er svo gerónýtt að það er næstum því móðgun að bjóða þjóðinni upp á það. Á hverjum einasta degi liggur við að þegnum þessa lands sé boðið upp á það að svindla á einn eða annan hátt með þá skattheimtu, hvort sem það er vegna þjónustu eða verslunar. Þessi aðferð við skattheimtu hefur líklega gert meira en nokkur önnur til þess að eyðileggja gjörsamlega skattamóral hér á landi. Það er vitað að söluskattssvikin eru stórfengleg. Bæði er söluskattur innheimtur og aldrei skilað af þeim sem innheimtir og sömuleiðis er söluskattur aldrei innheimtur í einstaka tilvikum. Þá skipta menn gjarnan, má segja, á söluskatti fyrir þann sem kaupir og tekjuskatti fyrir þann sem selur. Þetta er um innheimtuaðferðina. Annar hluti af innheimtumálunum varðar undanþágurnar sem nú orðið fylla heila bók og eru náttúrlega annað stórfenglegt dæmi um það skyndiplástra- og heftiplástraverk þar sem menn hafa um árararðir potað alls kyns undanþágum og alls kyns sérákvæðum inn vegna stundarþrýstings frá einhverjum hagsmunahópunum. Á endanum eru þeir búnir að gera þessa skattheimtu ekki bara ónýta heldur að hreinu gríni eins og ríkisstjórnarferillinn allur er.

Það er algerlega óviðunandi en kannske ekki neinum að óvörum að þessi langa leit um heimsins höf skyldi nú fara þannig að menn koma aftur, eins og sagði í vísunni, í heimahöfn, þar sem beið þeirra gamli góði söluskatturinn. Gömlu góðu úrræðin ein eru þau sem ríkisstj. hefur gripið til. Og það þykir mér hryggileg niðurstaða. Þótt ég sé enginn sérstakur unnandi þessarar ríkisstj. þá má þjóðin ekki við svona vinnubrögðum öllu lengur.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem hv. 3. þm. Reykv. hefur ekki þolinmæði til þess að bíða eftir því að fylgjast með því hvernig ég greiði atkv. hér á eftir ætla ég að gera honum það til hugarhægðar að taka hér til máls í þessari umr. og segja það eitt að þessi söluskattshækkun, sem á að gefa 250 millj. kr. í aðra hönd, er að mínu mati skammsýn og raunar illskiljanleg ákvörðun. Þessari upphæð má auðveldlega ná með niðurskurði og sparnaði. Annað eins hefur verið gert í fjárlagafrv. upp á a. m. k. 25 milljarða, að skera niður um 1%.

Söluskattshækkun þessi veldur hækkuðu verðlagi, auknum útgjöldum almennings og ýtir undir vaxandi verðbólgu. Skattar eru ærið nógir hér á landi og á þá er ekki bætandi. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn þessu frv. Vona ég svo að hv. 3. þm. Reykv. líði aðeins betur.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það var reyndar hugmynd forseta að hafa atkvgr. og afgreiða mál eins og er stolt hvers forseta að ljúka öllum málum. En það hefur nú komið fram ósk um að atkvgr. verði frestað um þetta mál og verður orðið við þeirri ósk. En reikna má þá með því að fundur verði í deildinni á morgun. Verður sá fundur boðaður nánar með dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 35. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Hagsmunaárekstrar í stjórnsýslunni, fsp. 127. mál (þskj. 131). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra for-

seti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 131. Hún er svohljóðandi:

„Hafa verið gefnar út leiðbeiningar í stjórnarráðinu eða í einstökum ráðuneytum til að koma í veg fyrir að eigin hagsmunir hafi eða geti haft áhrif á störf a) ráðherra? b) forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana? eða c) annarra opinberra starfsmanna?

Ef svo er, hvernig hljóða þær? Ef ekki, telur ráðh. þörf á að setja slíkar leiðbeiningar?"

Í bókinni Stjórnarfarsréttur segir Ólafur Jóhannesson, með leyfi forseta:

„Af stjórnarvöldum verður almennt að krefjast hlutlægni, þ. e. að þau byggi ákvarðanir sínar um stjórnarmálefni á lagarökum og hlutlægu mati, en láti eigi stjórnast af eigin geðþótta og persónulegum hagsmunum. Þessi krafa þykir svo sjálfsögð í réttarríki, að um hana ætti ekki að þurfa að fjölyrða. Er auðsætt, hve mikilsvert það er, að hlutlæg sjónarmið ráði gerðum stjórnarvalda, svo að almenningur geti með réttu treyst á réttsýni þeirra, ekki sízt nú á tímum, er almannavaldið gerist stöðugt umsvifameira og ýmis konar stjórnarathafnir verða þar af leiðandi æ mikilvægari."

Í bókinni fjallar Ólafur Jóhannesson síðan um ýmis tilvik í íslenskum lögum þar sem vikið er að vanhæfi einstakra stjórnvalda og veltir fyrir sér spurningunni hvort almenn ályktun verði dregin af þeim lagafyrirmælum um vanhæfistilvik. Orðrétt segir hann síðan:

„Ef stjórnvald á sérstakra eða persónulegra eða verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun um eitthvert málefni, má að jafnaði gera ráð fyrir nokkurri vilsýni — vitandi eða óafvitandi — af þess hálfu."

Í máli fræðimannsins koma hér fram þau tvö meginsjónarmið, í fyrsta lagi sé það mikilsvert að almenningur geti treyst á réttsýni stjórnvalda og í öðru lagi að að jafnaði megi gera ráð fyrir hættu á óhlutlægu mati, ef stjórnvöld eigi sérstakra persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvarðanir. Þessi krafa um traust og hlutlægni er alþekkt í stjórnarfari.

Í Kanada voru gefnar út reglur árið 1973 sem kalla mætti leiðbeiningar til opinberra starfsmanna varðandi hagsmunaárekstra, þ. e. þar eru lagðar fram almennar reglur sem ég ætla að leyfa mér að lesa aðalatriðin úr í eigin þýðingu, með leyfi forseta:

„1. Það er alls ekki nóg fyrir mann í ábyrgðarstöðu hjá hinu opinbera að starfa innan ramma laganna. Það er skylda hans að hlýða ekki einungis lögum, heldur að starfa svo óaðfinnanlega að það þoli nákvæmar opinberar rannsóknir. Til að heiðarleiki og hlutlægni geti verið án nokkurs vafa mega opinberir starfsmenn ekki koma sér í þá aðstöðu að eiga nokkuð undir öðrum sem gætu hagnast á sérstakri greiðasemi frá þeim, eða gætu sóst eftir því á einhvern hátt að fá sérstaka meðferð hjá þeim. Á sama hátt má opinber starfsmaður ekki eiga fjárhagslega hagsmuni sem gætu á einhvern hátt rekist á við hinar opinberu skyldur hans.

2. Engir árekstrar mega verða eða virðast vera milli einkahagsmuna opinberra starfsmanna og hinna opinberu starfa þeirra. Er þeir hefja störf er þess vænst að þeir komi einkahögum sínum þannig fyrir að það komi í veg fyrir árekstra af þessu tagi.

3. Opinberir starfsmenn eiga að gæta þess að haga einkamálum sínum svo að þeir hagnist ekki eða virðist hagnast af notkun upplýsinga sem þeir fá í hinum opinberu störfum sínum, upplýsinga sem almennt séu ekki aðgengilegar almenningi.

4. Opinberir starfsmenn mega ekki koma sjálfum sér í þá aðstöðu að þeir hagnist á beinan hátt eða óbeinan á opinberum viðskiptasamningum sem þeir hafa áhrif á.

5. Allir opinberir starfsmenn skulu veita yfirmönnum sínum á sannanlegan hátt upplýsingar um viðskiptalegar og fjárhagslegar aðstæður sínar ef hugsanlega mætti líta svo á að þessar aðstæður rækjust raunverulega eða mögulega á hinar opinberu skyldur þeirra.

6. Opinberir starfsmenn skulu ekki hafa neina aukastöðu eða atvinnu sem geti komið þeim í aðstöðu sem ekki fer saman við hina opinberu skyldu þeirra eða kasta vafa á möguleika þeirra til að sinna skyldum sínum á hlutlægan hátt.

7. Opinberir starfsmenn skulu ekki í opinberum störfum sínum halda fram hlut skyldmenna eða vina sinna eða stofnana sem þeir, skyldmenni eða vinir hafa hagsmuna að gæta við, fjárhagslegra eða annarra."

Í þessum leiðbeiningum Kanadamanna kemur greinilega fram í fyrsta lagi krafan um að almenningur geti haft óskorað traust á embættisfærslu stjórnsýslunnar. Þetta birtist hvað eftir annað í þessum liðum hér að framan, sérstaklega þar sem tekið er fram að ekki sé nægilegt fyrir opinberan starfsmann að vinna innan ramma laganna heldur skuli hann vinna þannig að það sé aldrei vafa undiropið að hann vinni innan ramma þeirra. Í samræmi við þetta er tekið fram í leiðbeiningunum að engir árekstrar megi vera eða virðast vera milli einkahagsmuna og opinberra hagsmuna þessara starfsmanna. Orðin „virðast vera" eru mjög mikilvæg í þessu sambandi. Kanadíska iðnaðar-, verslunar- og viðskrn. gaf í des. 1979 út reglur til starfsmanna sinna sem eiga að girða fyrir hagsmunaárekstra. Það er of langt mál að rekja þær reglur, en þær byggjast á þessum almennu leiðbeiningum sem gefnar voru út 1973 og ég taldi upp að framan.

Í apríl 1980 komu síðan út í Kanada leiðbeiningar sama eðlis fyrir ráðh. Þær hefjast á þremur grundvallarreglum sem eru þessar:

1. Það er einstaklingsins að koma í veg fyrir að hagsmunir rekist raunverulega á, geti rekist á í framtíðinni eða virðist rekast á.

2. Ráðherrar verða að rækja og virðast rækja opinberar skyldur sínar og koma sínum einkamálefnum þannig fyrir að það varðveiti og efli trúnað almennings og traust á ríkisstj. og það komi í veg fyrir að hagsmunir rekist á.

3. Ráðherrar mega ekki hagnýta eða virðast hagnýta sér til eigin framdráttar opinbera stöðu sína eða upplýsingar sem þeir fá vegna opinberra skyldustarfa sinna, upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar almenningi.

Síðan eru taldar upp ýmsar aðstæður í líkingu við það sem talið var upp hér að framan og ráðherrum ráðlagt að koma sér ekki í slíkar. Þetta voru dæmi frá Kanada.

Í Bandaríkjunum eru gerðar miklar kröfur til ráðh. og opinberra starfsmanna eins og kunnugt er og þannig mætti telja fleiri dæmi. Það er ljóst að í íslenskum lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er vikið t. d. í 28. gr. og 34. gr. að skyldum opinberra starfsmanna og ákvæðum um aukastörf, en hins vegar er spurning mín sú hvort nánari reglur og nánari leiðbeiningar hafi verið gefnar út til starfsmanna hárra og lágra í einhverri líkingu við það sem ég taldi upp hér að framan.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Því er skemmst frá að segja að ekki eru eða hafa verið í gildi neinar almennar leiðbeiningar í stjórnarráðinu eða einstökum ráðuneytum til að koma í veg fyrir að eigin hagsmunir hafi eða geti haft áhrif á störf. Hins vegar er þetta einmitt eitt af þeim málum sem stjórnkerfisnefnd sú sem ég skipaði í upphafi þessarar ríkisstj. er með til meðferðar og ég geri fastlega ráð fyrir því og hef reyndar gengið út frá því að í frv. að nýjum lögum um stjórnsýslu verði þetta atriði tekið með.

Þó er nú ekki svo að ekki sé gætt þessarar mikilvægu reglu í fjölmörgum verkum í stjórnarráðinu. M. a. hefur almennt verið svo litið á í einstökum rn., og ég vil leyfa mér að segja í stjórnarráðinu í heild, að sömu reglur gildi þar og gilda um dómara, sem skýrt er tekið fram í 36. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði. Og ég get nefnt mörg dæmi um það að t. d. ráðuneytisstjórar hafa ekki fjallað um mál sem talin hafa verið þeim að einhverju leyti tengd.

Ég vil einnig geta þess að svo segir í 34. gr. laga nr. 38 frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með leyfi forseta:

„Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupi eða gangi í stjórn atvinnufyrirtækis ber honum að skýra því stjórnvaldi sem veitti stöðuna frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum."

Almennt hefur einnig, að því er ég best veit, þessarar reglu verið gætt þegar menn hafa verið ráðnir til starfa í stjórnarráðinu. Ég vil einnig vekja athygli á því að meðal ýmissa starfsstétta eru í gildi sérstakar siðareglur, þ. e. „codex ethicus" sem stundum er svo nefnt. Skv. samþykktum eru síðan starfandi siðareglunefndir hjá ýmsum hópum manna og að sumu leyti teygir það sig einnig inn í stjórnarráðið, eins og t. d. hjá lögfræðingum sem þar starfa.

Ég vil einnig geta þess að m. a. þegar þessi ríkisstj. tók við óskaði ég eftir því á fyrsta fundi hennar að allir ráðherrar létu af öllum þeim störfum í stjórnum eða nefndum sem á einhvern máta gætu rekist á við þær skyldur sem ráðh. hefur með höndum í ríkisstj. Eftir því sem ég best veit urðu allir ráðherrar við þessum tilmælum.

En svar mitt getur út af fyrir sig verið stutt. Í undirbúningi er frv. til stjórnsýslulaga. Sérstök nefnd vinnur að því og fjallar m. a. um það mikilvæga mál sem hv. fyrirspyrjandi hefur hreyft hér. Hingað til hefur þetta verið heldur losaralegt, þótt í mjög mörgum og kannske flestum tilfellum sé gætt hinnar almennu siðareglna sem gilda um árekstra í starfi.

Fyirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þar kemur fram það sem mig grunaði og kemur líka fram í bókinni Stjórnarfarsréttur eftir Ólaf Jóhannesson sem ég vitnaði til áðan. Hún er að vísu orðin nokkurra ára gömul, en þar kemst höfundur þannig að orði eftir að hafa fjallað nokkuð um þessi mál, með leyfi forseta:

„Hér að framan hafa verið rakin lagaboð um vanhæfi til stjórnsýslustarfa. Þau eru óneitanlega heldur sundurleit og sýnist erfitt að draga af þeim einum út af fyrir sig nokkrar almennar reglur.

Rekur höfundur síðan að það virðist þörf nánari laga og reglugerða í sambandi við þessi mál. Ég held að til viðbótar við frv. til stjórnsýslulaga, sem mun væntanlega víkja að þessu máli þegar það kemur fram, sé nauðsynlegt að ganga frá nánari vinnureglum fyrir stofnanir og ráðuneyti. Þar væru á ferðinni reglur sem ekki ættu kannske bein erindi í lög, en kvæðu á um framkvæmd þess eftirlits sem er augljóslega æskilegt og í mörgum tilfellum nauðsynlegt í þessu efni og þar sé rakinn gangur mála sem upp kynnu að koma vegna ágreinings um þessi atriði. Við ættum að líta vel á þessi mál vegna smæðar hins íslenska samfélags og frændsemi og vinskapar sem er ekkert annað en gott um að segja og er ein af gersemum okkar lífshátta. Óneitanlega eru hættur á að hagsmunir geti rekist á og þess vegna tel ég að til viðbótar við frv. eða löggjöf, sem kæmi að þessum málum og kannske setti þar um nánari ramma, sé brýn nauðsyn að setja nánari framkvæmdareglur fyrir einstakar stofnanir, fyrir einstök ráðuneyti til að fara eftir við eftirlitið.

Framlag til hjálparstarfs í Eþíópíu, fsp. 208. mál (þskj. 246). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 246 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til forsrh., með leyfi forseta:

„Hyggst ríkisstj. láta fé af hendi rakna til hjálparstarfs á þurrka- og hungursvæðunum í Eþíópíu?"

Ég tel mig ekki þurfa að hafa um þetta mál ýkja mörg orð. Ég er sannfærður um að þingheimur allur hefur séð í sjónvarpi þær myndir sem brugðið hefur verið upp frá þessum hörmungasvæðum, þar sem mannleg þjáning og hörmungar koma í heimsókn inn í stofurnar til okkar hér norður á Íslandi. Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja hverju tiltölulega litlar upphæðir geta áorkað í þessum efnum. Ég nefni aðeins hér sem dæmi að fyrir 400—500 ísl. kr. er hægt að sjá einu barni fyrir þurrmjólk og nauðsynlegum eggjahvítuefnum í heila tvo mánuði. Fyrir 400—500 kr. íslenskar er hægt að kaupa lyf sem duga 50 manns í heilan mánuð.

Ég hygg að það sé staðreynd að flestar ríkisstjórnir nágrannalanda okkar hafa látið nokkrar fjárupphæðir af hendi rakna til þessarar söfnunar sem kirkjufélög, alþjóða Rauði krossinn og hjálparstofnanir kirknanna hafa gengist fyrir. Hér á landi hefur þessi söfnun hlotið afar góðar undirtektir, að ég hygg, og mér leikur hugur á að vita hvort íslenska ríkisstj. hyggist leggja eitthvað af mörkum. Þó svo að mönnum sýnist að fjárhagur ríkisins sé knappur og leyfi ekki stórar aðgerðir á þessu sviði held ég að við megum ekki gleyma því, Íslendingar, að við sitjum við gnægtaborð. Hvað sem ástandi þjóðmála líður, sitjum við við mikið veislu- og gnægtaborð miðað við það sem aðrir mega við búa, t. d. það fólk sem okkur hafa verið sýndar myndir af og sagt hefur verið frá í sjónvarpi hér á undanförnum vikum. Þess vegna fyndist mér eðlilegt að opinberir aðilar hér létu eitthvað af hendi rakna í þessu augnamiði. Þar sem vitneskja um það liggur ekki fyrir hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. í von um jákvæð svör.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Til forsrn. og ríkisstj. hefur aðeins borist ein beiðni um aðstoð vegna þurrkanna og hungurs í Eþíópíu og reyndar á því þurrkasvæði sem þar er. Sú var frá Rauða krossi Íslands og upp á litlar 200 þús. kr. Var að sjálfsögðu aukafjárveiting veitt fyrir því. Önnur beiðni hefur ekki komið til ríkisstj. og fyrir ríkisstj. liggur ekki nein till. um frekari aðstoð.

Ég vil taka mjög undir það með hv. þm. að þarna er um miklar hörmungar að ræða og ástæða til fyrir þær þjóðir sem búa við allsnægtir að láta nokkuð af hendi rakna. Það sem við höfum látið af hendi rakna í þróunaraðstoð almennt er tiltölulega mjög lítið og eins og hv. þm. vita langt frá því marki sem þjóðirnar settu sér á sínum tíma. Ég vil hins vegar nota tækifærið og lýsa ánægju minni með það sem fengist hefur í frjálsu framlagi þegar leitað hefur verið til landsmanna bæði fyrir síðustu áramót og aftur í þeim samskotum sem nú eru í gangi og menn ættu að taka góðan þátt í.

En m. ö. o., það liggja ekki fyrir neinar tillögur frá ríkisstj. um frekari aðstoð.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Ég verð að segja eins og er að svar hans veldur mér nokkrum vonbrigðum. Vissulega er það góðra gjalda vert að beiðni Rauða krossins skuli hafa verið samþykkt. En það sem veldur mér vonbrigðum er að ríkisstj. skuli ekki hafa tekið nokkurt frumkvæði í þessum efnum án þess að eftir væri leitað. Ég beini því eindregið til hæstv. forsrh. og ríkisstj. í heild að taka það til mjög gaumgæfilegrar athugunar nú þessa allra næstu daga og að taka um það ákvörðun að láta sæmilega myndarlega upphæð af hendi rakna til þess hjálparstarfs sem þarna er verið að vinna. Það er vitað að Hjálparstofnun kirkjunnar er búin að skipuleggja hjálparstarfsemi þarna. M. a. er ætlunin að héðan fari ein flugvél eða fleiri með hjálpargögn og lyf til þessara svæða og mér finnst það alveg lágmark að ríkisstjórn Íslands eins og ríkisstjórnir grannlanda okkar, bæði á Bretlandseyjum og á Norðurlöndum að ég hygg, standi að þessu hjálparstarfi með þeim hjálparstofnunum sem þar eru að vinna og leggi fram nokkurn skerf. Ég er sannfærður um að sú ákvörðun hæstv. ríkisstj., ef og þegar fyrir liggur, mun ekki sæta ámæli af hálfu Alþingis.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir að bera fram þessa fsp. og tek undir hans málflutning. Eg vil jafnframt benda á að þetta mál er í höndum Alþingis eins og er. Verið er að afgreiða fjárlög og vil ég beina því til hæstv. forsrh. að ríkisstj. kanni hvort ekki séu möguleikar á því að ríkisstj. beiti sér fyrir því að þetta mál verði tekið fyrir við 3. umr. fjárlaga.

Þegar undirtektir þjóðarinnar eru jafngóðar og raun ber vitni í þessari Eþíópíusöfnun er tæplega við hæfi að við frestum þinghaldi fyrir hátíðarnar án þess að taka á þessu máli í þessari stofnun.

Skólakostnaður, fsp. 135. mál (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristófer Már Kristinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 140 fsp. til hæstv. menntmrh. um skólakostnað. Annars vegar er spurt hvað líði lagasmíð um þetta atriði og hins vegar um stefnu hæstv. ráðh í skiptingu skólakostnaðar.

Þessi fsp. var lögð fram á hv. Alþingi 6. nóv. þannig að líkur benda til að nægur tími hafi gefist til að vinna ítarleg og greinargóð svör við henni. Hv. þm. er aðdragandi og umhverfi þessa máls gjörkunnugt og út af fyrir sig óþarfi að flytja um það eða þau atriði langan fyrirlestur. En um þetta er spurt vegna svara hæstv. ráðh. við fsp. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um lög um framhaldsskóla, en í svari ráðh. kom fram að ekki væru uppi nein áform um samræmda löggjöf um þau mál. Það hlýtur þess vegna að vera ætlun hæstv. menntmrh. að gefa út reglugerðir um framhaldsskóla, skv. lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla frá 13. apríl 1973. Sveitarstjórnarmenn, skólamenn og aðrir sem höfðu bundið miklar vonir við löggjöf um framhaldsskóla og skólakostnað, bæði til jöfnunar á námsaðstöðu og nýrrar sóknar í skólamálum, velta því þess vegna fyrir sér hvort það sé jafnframt stefna hæstv. ráðh. að það fyrirkomulag á skiptingu skólakostnaðar sem við lýði er skuli standa óbreytt. Sú mismunun sem felst í núverandi ástandi er ekki af hinu góða. Kostnaðarhlutdeild ríkisins í framhaldsnámi að háskólanámi undanskildu er þrenns konar:

1. Ríkisskólar, menntaskólar og nokkrir sérskólar, en ríkissjóður greiðir allan kostnað við rekstur þeirra.
2. Einkaskólar, Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn sem eru ríkisreknir að fullu.
3. Samreknir skólar, fjölbrautaskólar og iðnskólar sem reknir eru á móti sveitarfélögum og hafa mismunandi reglur um kostnaðarskiptingu.

Það er mjög mikilvægt að stefna hæstv. ráðh. sé glögg. Spyrja má t. d.: Stendur til að breyta einhverju með það fyrir augum að jafna námsaðstöðu landsmanna allra? Á að beita sameiginlegum sjóðum landsmanna til að jafna námsaðstöðu eða námsvistargjöldum? Hvað með viðhald á skólamannvirkjum, svokallaðan kennslukvóta, aksturskostnað? Þannig mætti lengi telja. Ég vona að hæstv. ráðh. sjái sér fært að gera þingi og þjóð grein fyrir stefnu sinni og áformum í þessu afar mikilvæga máli.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Með þessari fsp. er hreyft máli sem er mjög mikilvægt og verður oft tilefni vandasamra úrlausnarefna í sameiginlegum málum ríkis og sveitarfélaga. Þannig stendur á að fram hafa farið öðru hverju sérstakir fundir nefndar sem hæstv. félmrh. skipaði á síðasta vetri og fjallar um ýmis verkefni sem sameiginlega eru í höndum ríkis og sveitarfélaga. Það verkefni sem er stærst og jafnframt vandasamast, sem þessi nefnd fæst við, er einmitt að finna nýjar leiðir til að skipta kostnaði milli þessara aðila þar sem menn hafa þóst rekast á greinilega galla í núgildandi fyrirkomulagi.

Menn eru allir sammála um í þessari samráðsnefnd, og svo er um fleiri, að það væri af hinu góða að hafa reglurnar um kostnaðarskiptinguna einfaldari og skýrari, fækka þeim þáttum sem eru sameiginlega kostaðir af ríki og sveitarfélögum, færa saman hina fjárhagslegu ábyrgð og reksturinn, þannig að ákvörðun og ábyrgð séu í hendi sama aðila. Þetta er ekki alltaf eftir núverandi kerfi. Það eru nokkur atriði á þessu

sviði sem svo háttar til um að ákvörðun er að langmestu leyti og stundum alveg í hendi sveitarfélags t. d. en mikill meiri hluti kostnaðar greiddur af ríki skv. lögum.

Hitt er svo annað mál, að þegar að því kemur að breyta þessu skapast vandi af öðru tagi heldur en einungis það að ákveða að ábyrgð og ákvörðun séu á sömu hendi. Sá vandi sem hér er við að etja er fólginn í hinni mjög svo mismunandi stærð sveitarfélaganna. Örfámennt sveitarfélag er kannske með mjög þungan kostnað vegna skólaaksturs, en aftur á móti með litla sjóði til að standa undir þeim kostnaði. Þess vegna held ég að lykilatriðið, til að ná fram þeirri stefnu að færa saman ábyrgðina og ákvörðunina um útgjöldin, sé að fundin verði leið til að hlaupa undir bagga með litlum sveitarfélögum. Mér er ljóst að reglurnar um Jöfnunarsjóð duga þar e. t. v. ekki til. Svo hefur mér virst af umfjöllun sveitarstjórnarmanna um þetta að ágreiningur sé innbyrðis milli sveitarfélaganna um þær reglur sem farið er eftir við skiptingu framlaga innbyrðis milli þeirra. Í þessu tel ég meginvandann vera fólginn.

Í öðru lagi liggur það líka ljóst fyrir að nú árar ekki til að taka stórfelldar nýjar skuldbindingar á herðar ríkisins, t. d. eins og það að ríkið tæki allt í einu að sér að greiða að fullu rekstur þeirra skóla allra á framhaldsskólastigi sem nú eru í samrekstri ríkis og sveitarfélaga. Ég er þó þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegra að hafa sams konar kostnaðaraðild að öllum skólum sem reknir eru á menntaskólastigi, þ. e. þeim sem ekki eru einkaskólar. Aftur á móti tel ég að það sé skynsamlegt að ríkið styðji einkaskólana a. m. k. á þann veg sem gert er og það sé fallið til þess að auka fjölbreytni og hvatningu fyrir aðra skóla.

Í þessum fáu orðum er einungis talað mjög almennt um þá hluti sem hv. fyrirspyrjandi vék að. Ef ég nefni einstök atriði sem hann vék að, þá minntist hann sérstaklega á akstur, viðhaldskostnað og á gæslutíma minnir mig — hann notaði annað orð en ég hygg að það hafi verið það sem átt er við. — Það er t. d. gæsla í frímínútum og heimavistum skóla. Þetta nákvæmlega eru þau atriði sem einkanlega eru til umr. nú og að breytt verði um fyrirkomulag við. En til þess vantar þau skilyrði sem ég nefni og varða sérstaklega litlu sveitarfélögin. Ég held að á meðan það liggur ekki fyrir séu ekki efni til að bera fram nýtt frv. að þessu leyti. Ég held að það þýði ekki fyrir okkur að reyna að samþykkja lög um þetta efni með öðru fyrirkomulagi fyrr en við erum tilbúin til að geta framkvæmt þau, enda hefur reyndin verið sú að frv. um þetta hafa strandað í meðförum þingsins. Það gildir um frv. sem hefur í sér mörg ágæt ákvæði og flutt var af fyrirrennara mínum, hæstv. núv. forseta Nd., um skólakostnað. Einnig stöðvaði kostnaðarkaflinn í framhaldsskólafrv. jafnan það mál þegar það var á ferðinni þing eftir þing. Þess vegna er það að frv. hefur ekki verið flutt um nýtt fyrirkomulag þessara mála, en það er fullur vilji til þess strax og aðstæða verður til.

Ég vil taka fram eitt atriði, sem að vísu er lítið í öllum þeim kostnaði sem við ræðum hér um, og breytt hefur verið. Það varðar grunnskólann. Þar háttaði svo til að sex ára bekkurinn var kostaður með öðrum hætti heldur en aðrir árgangar grunnskólans. En um það hefur verið tekin ákvörðun að frá og með þessu skólaári fái sex ára börn sömu meðferð að þessu leyti eða njóti sama réttar og önnur börn í grunnskólanum.

Ég hygg, herra forseti, að nokkurn veginn liggi ljóst fyrir af hverju frv. hefur ekki verið fram borið um þetta. Meginstefnan er eins og ég hef áður sagt að í sem allra ríkustum mæli verði að því horfið að ákvörðun um útgjöld og hin fjárhagslega ábyrgð sé á hendi sömu aðila.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja hér máls á þessum vanda. Mér finnst það hins vegar verulegt alvörumál sem hér kom fram í máli hæstv. ráðh. Það er ekki annað að sjá en að *mál eins og skólakostnaður og þar með öll skipulagning* og stefnumörkun framhaldsmenntunar í landinu séu í algerri upplausn. Ég vil einnig minna á tónlistarkennslu í landinu sem er í sama vandanum vegna þessa skorts á ákvarðanatöku um hver eigi að greiða kostnaðinn. Ég held það sé með því verra sem komið getur fyrir þjóð, á tímum eins og við lifum á þegar öll þróun er mjög hröð, *að menntakerfi landsins sé í slíku uppnámi*. Ég held það sé eitt hið brýnasta sem hið háa Alþingi á nú fyrir hendi að marka mennta- og menningarmálastefnu í landinu. Mér fannst á máli hæstv. ráðh. að þar ríkti nær algjört ráðleysi af þessari venjulegu ástæðu að engir peningar séu til. Það virðist vera sama hvar borið er niður, hvort það er þróunaraðstoð, sjúkrahúsakerfið, menntamálin í landinu, flest það sem mestu máli skiptir, þá eru ekki til peningar. Við hljótum öll að spyrja: Hvert fara allir þeir peningar sem aflað er af þessari þjóð?

Við skulum ekki gleyma því að við erum meðal tekjuhæstu þjóða í heimi. Ef við höfum ekki efni á að halda hér uppi markvissri menntastefnu, þá veit ég ekki til hvers við erum hér. Ég vil lýsa áhyggjum mínum af þessum svörum hæstv. ráðh.

Fyrirspyrjandi (Kristófer Már Kristinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að svara þessari fsp. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég er litlu nær um þá stefnu sem á að vera uppi í þessum efnum. Það kann að vera að skýringanna á því sé að leita annars staðar en í málflutningi hæstv. ráðh.

Mér sýnist að hæstv. ráðh. hafi hér fyrst og fremst gert grein fyrir skoðunum sem uppi eru í nefnd sem hæstv. félmrh. skipaði til að fara ofan í saumana á þessu og öðru sem snertir samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hæstv. ráðh. nefndi að fámenni sveitarfélaga væri lykilatriði í þessu efni, þ. e. ef ætti að ná því markmiði að færa saman fjárhagslega ábyrgð og ákvarðanir. Það er ekki alveg ljóst hvort það er ætlun hæstv. ráðh. að færa allan kostnað t. d. af framhaldsskólakerfinu yfir á sveitarfélög eða þá að svo miklu leyti sem sveitarfélögum er kleift og ástæða er til að þau taki ákvarðanir um málefni framhaldsskóla. Mér sýnist jafnframt að ekki sé óvitlaust að skoða þann möguleika að stjórnendur skólanna geti sinnt fjármálum þessara stofnana og þar fari saman stjórnunarábyrgð og fjárhagsábyrgð.

Ég hlýt þó að treysta því að sú stefna í menntamálum sem birtist í fjárlögum eða fjárlagafrv. fyrir árið 1985 sé ekki stefna hæstv. menntmrh. og vísa þar til orða hennar að nú ári ekki til nýrra skuldbindinga á ríkissjóð. Það er hins vegar ekki ljóst og ég varð ekki var við að hæstv. ráðh. svaraði hvort það standi til t. d. á komandi skólaári að senda reikninga fyrir námsvistargjöldum vegna nemenda í menntaskólum. Það er alveg ljóst að sú mismunun sem á sér stað milli nemenda í

menntaskólum og nemenda í fjölbrautaskólum er óþolandi og gersamlega ástæðulaus. Það kann að vera að þetta hafi komið fram í svari hæstv. ráðh., en það fór a. m. k. alveg fram hjá mér.

Norskt sjónvarp um gervihnött, fsp. 218. mál (þskj. 262). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 262 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um hugsanlega móttöku á dagskrá norska sjónvarpsins um gervihnött hér á landi. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur menntmrh. í nafni ríkisstj. hafið samningaviðræður við norsk stjórnvöld um móttöku hér á landi á sendingu norska sjónvarpsins frá gervihnettinum ECS 2?

2. Liggur fyrir hvern kostnað það mundi hafa í för með sér fyrir Íslendinga ef hafin yrði móttaka og dreifing á dagskrá norska sjónvarpsins hér á landi?"

Því er við þetta að bæta, herra forseti, að frá því að ég lagði þessa fsp. fram fyrir nokkru, hefur í sjónvarpi m. a. verið frá því sagt að menntmrh. mundi á næstunni fela Ríkisútvarpinu að hefja samningaviðræður eða könnunarviðræður við Norðmenn um þetta efni. Nú er hér um býsna stórt mál að ræða og viðamikið. Skal það strax fram tekið að ég er áhugamaður um norræna samvinnu, áhugamaður um norræna sjónvarpssamvinnu, sem fram til þessa í öllum umr. og á þeim mörgu fundum, sem um þau mál hafa verið haldnir, hefur miðast við það og verið gengið út frá því að menn gætu séð dagskrár hver frá öðrum nokkurn veginn hindrunarlaust. Við yrðum kannske ekki með í því samstarfi í fyrstunni af tæknilegum örðugleikum. En þetta dagskrárefni yrði jafnframt sýnt þýtt á mál hvers lands, ýmist með rituðum texta á mynd eða með töluðu máli. Þetta hafa verið forsendur.

Nú er þetta í sjálfu sér áhugavert efni. En ég verð að játa það að því lengur sem ég hugsa um þetta mál, því meira renna á mig tvær grímur ef um dreifikerfi íslenska sjónvarpsins á að senda að hluta til dagskrá norska sjónvarpsins óþýdda, ótextaða. Ég verð að játa að ég hef um það nokkrar efasemdir. Ég held að áður en samningaviðræður hefjast um það mál væri rétt að um það færi fram nokkur umr. hér á hinu háa Alþingi þannig að a. m. k. hæstv. menntmrh. viti hug þingsins og þingviljann í málinu áður en hún leggur út í þessar viðræður.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vænti svara hæstv. menntmrh. með nokkurri eftirvæntingu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrri liður fsp. hv. 5. landsk. þm. hljóðar svo: „Hefur menntmrh. í nafni ríkisstj. hafið samningaviðræður við norsk stjórnvöld um móttöku hér á landi á sendingum norska sjónvarpsins frá gervihnettinum ECS 2?" Svarið er nei. Hins vegar hafa farið fram óformlegar viðræður um þetta. Þegar norrænir menntmrh. hafa hist á fundum hefur þetta atriði borist í tal. Norski menntmrh., Lars Roar Langslet, sem hefur haft forgöngu um þetta mál, að ECS-sjónvarpshnötturinn var notaður til þess að senda dagskrárefni norður til Svalbarða með dagskrá norska sjónvarpsins, hefur látið það koma fram að hans rn. mundi vilja greiða fyrir því að Íslendingar gætu tekið á móti þessu efni ef þeim sýndist svo, að sjálfsögðu á þann veg að móttökubúnaður hér á landi yrði kostaður af Íslendingum, það segir sig sjálft. Það sem um er að ræða þarna er það að svo miklu leyti sem til kæmu greiðslur sem kröfur risu um í Noregi, vildi rn. fyrir sitt leyti, svo og norska ríkisútvarpið greiða fyrir því að þetta gæti orðið með hagstæðum hætti fyrir Íslendinga. Þetta kemur fram í þáltill. sem norska ríkisstj. lagði fram á þinginu í Osló hinn 16. nóv. s. l. um þessar sendingar þar sem lagt er til við norska þingið að fé verði veitt til þessarar starfsemi norska útvarpsins.

Í þessari till. kemur það fram sem ég sagði áðan og sem ég vil tilfæra úr þessari þáltill.: „Flutningur dagskrár norska ríkisútvarpsins um ECS-hnöttinn mun gera það mögulegt að taka á móti dagskránni á Íslandi og Færeyjum. Ef ósk um móttöku og dreifingu á norska sjónvarpsefninu á Íslandi og Færeyjum skyldi koma fram, þá mun hvorki norska ríkisútvarpið né rn. hafa nokkuð við það að athuga."

Til viðbótar má svo geta þess að stjórn norska ríkisútvarpsins hefur gert ályktun um það að fyrir efni, sem unnið er í þeirri stofnun af starfsmönnum hennar, mundi ekki verða gerð nein greiðslukrafa. Hins vegar er það tekið fram að ef fram kæmu kröfur um höfundarréttargreiðslur frá öðrum höfundum færi það vitanlega eftir almennum reglum og yrði samningsatriði við þá eins og almennt gildir.

Hitt er svo annað mál að um langt árabil hafa t. d. nágrannar Norðmanna, Svíar, tekið á móti þeirra dagskrárefni án þess að til hafi komið höfundarréttargreiðslur. Það munu standa fyrir dyrum samningar um þetta efni. Það má auðvitað ætla að því er okkur varðar að þarna yrði ekki um mjög miklar ef nokkrar raunverulegar kröfur að ræða. Það álit norska rn. liggur líka fyrir með óformlegum hætti að það væri þá frekar um að ræða eins konar táknrænar greiðslur, enda um tilraunafyrirkomulag að ræða.

Nú er mér það kunnugt að heildarsamningur rétthafa við norska útvarpið eða eftir atvikum rn. gæti í sjálfu sér gert okkar hlut auðveldari að þessu leyti. En ég held að ef við viljum vera raunsæ sé þetta í raun og veru ákaflega lítill hluti málsins. Ég á ekki von á því að þarna yrði um neitt sem verulegu máli skiptir að ræða og það þá þess heldur að ef sú tilhögun, sem komið hefur til tals með óformlegum hætti að nota í þessu sambandi, verður viðhöfð stendur svo á um það dagskrárefni, sem flutt er að morgninum og að degi til í norska útvarpinu, að það er efni sem er unnið af starfsmönnum útvarpsins þar í landi að stærri hluta en það efni sem flutt er að kvöldinu en drjúgan hluta kvöldefnisins mundum við ekki sjá hér á okkar skermum með því fyrirkomulagi sem aðeins hefur verið orðað að komið gæti til greina. Og þá skal ég koma að því hvaða fyrirkomulag það er. Það er talin geta verið mjög ódýr lausn þegar allt kemur til skoðunar að nota það dreifikerfi sem ekki er notað hér hjá okkur nema lítinn hluta sólarhringsins. Ódýrasta leiðin væri sú að heimila Ríkisútvarpinu að reisa og eiga móttökustöð og dreifa svo því efni, sem það tæki inn um þessa stöð, eftir sínu kerfi á þeim tíma sem íslenska dagskráin er ekki. Það efni, sem hér væri helst um að ræða, er oft og tíðum, a. m. k. sumt af því,

sérstaklega ætlað öldruðum, og sumt af því eru fræðsluþættir. Síðdegis á hverjum degi eru barnatímar og fréttir auk annars efnis sem við mundum ná beint. Þetta er vegna tímamunarins á Íslandi og Noregi, eins klukkutíma munar á veturna og tveggja á sumrin.

Ég hygg að efni eins og þetta, þó ekki sé hugsað nema um barnaefnið, mundi einungis með þessu móti, þótt óþýtt og ótextað sé eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, skapa verulegt mótvægi við því vídeóefni sem er ákaflega víða á sjónvarpsskermum landsmanna og aðallega er á öðrum tungumálum en norrænum. Ég sé ekki annað en það væri til góðs að hafa aukna fjölbreytni í því efni. Ég tel líka að heimasetufólk, þeir sem annaðhvort eru bundnir heima yfir verkefnum eða þá eru heima vegna æsku, elli, einhvers konar örorku eða sjúkdóma, geti haft veruleg not af svona dagskrá. Þjónustan við þetta fólk mundi aukast. Ég held aftur á móti að það yrði mjög dýrt fyrirtæki, án þess að ég hafi látið kanna það sérstaklega, að þýða og texta allt slíkt efni, enda veit ég ekki til að það tíðkist nokkurs staðar þar sem menn horfa á efni annarra landa, eins og er t. d. víða á meginlandi Evrópu, að lagt sé í að þýða og texta dagskrár annarra landa. Mér er sem ég sæi upplitið á Fransmönnum ef þeir ættu að þýða allar þýsku dagskrárnar á frönsku eða Þjóðverjar færu að setja þýska texta á allt franska efnið, hvað þá með Belgíumenn sem af öllum Evrópuþjóðum geta valið um flestar dagskrár. (Forseti hringir.)

Því miður, herra forseti, hafði ég ekki svarað í einstökum atriðum síðari hluta fyrirspurnarinnar. Það liggja að vísu fyrir nokkrar áætlunartölur, sem eru afar lauslegar, um kostnaðinn, en um það var síðari hluti fyrirspurnarinnar. En þar eru þættir sem eru algjört samningsatriði. Ég hygg aftur á móti að það sé alveg ljóst að þessi leið, sem hér hefur verið nefnd, væri ódýrasta aðferðin til að gefa Íslendingum kost á að sjá erlenda dagskrá og þar væri um að ræða verðmæta aðferð til þess að fá sýnishorn með ódýrum hætti af því sem koma skal ef af sendingum frá norrænum gervihnetti verður. En það er eins og allir vita miklu, miklu kostnaðarsamara fyrirtæki.

Ég vil einungis bæta við þetta að móttökustöð, sem reist yrði í þessu skyni hjá útvarpinu, mundi gagnast íslenska sjónvarpinu mjög mikið með því t. d. að unnt væri að taka inn fréttasendingar beint frá Eurovisionstöðinni sem sendir um þennan hnött. Það mundi því einnig hafa margvíslegt annað hagræði í för með sér en það sem hér er um að ræða.

Og loks þetta: Það verða líklega innan tíðar reistar slíkar móttökustöðvar. Það væri með ólíkindum ef við tækjum upp á því að einangra okkur frá allri nútímaþróun. Það er mjög líklegt og ég vona að það geti orðið innan ekki mjög margra ára að við getum séð ef við viljum sjónvarpsefni frá öðrum löndum, t. d. Bretlandi, Frakklandi eða hvaðan sem á annað borð sjónvarpsgeislann bæri hér norður um. Það væri að sjálfsögðu liður í því að draga úr okkar landfræðilegu einangrun. Ég hygg að okkar sérstæða íslenska menning hafi margsinnis sýnt það og sannað að hún þolir slíkt vel og hún auðgast af aukinni fjölbreytni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Maður hlýtur að undrast hvernig mál ber að í íslensku þjóðlífi. Einn ráðh. talar við annan ráðh. og þau fara að spjalla um hvort það væri nú kannske hugmynd að Norðmenn veittu Íslendingum hlutdeild í sjónvarpsefni. Að mínu viti er þetta ákaflega einkennilega að farið. Enginn hefur í raun og veru beðið um þetta, hvorki íslenska þjóðin né Norðmenn formlega, allt er þetta á einhverju óformlegu stigi. Ef hinn íslenski menntmrh. hæstv. vill beita sér fyrir því að Íslendingar fái að sjá norskt sjónvarp væri eðlilegt að fyrir Alþingi Íslendinga væru lagðar tillögur um slíkt með upplýsingum um hvað slíkt hefði í för með sér, hver væri stofnkostnaður, hvort ætti að leggja í þá vinnu að þýða erlent tungumál fyrir gamla fólkið og börnin, sem helst mundu njóta þessarar dagskrár, því að annað fólk er væntanlega í vinnu sinni á þeim tíma sem til greina kæmi. Velta mætti fyrir sér hvort heldur bæri að efla íslenska sjónvarpið, sem að mörgu leyti er ágætt og að mínu viti skv. því sem ég hef til séð síst verra en það norska, eða hvort dreifa eigi fjármagni til annars. Veita þyrfti slíkar upplýsingar og síðan taka einhverjar formlegar ákvarðanir.

En það er gamla sagan hér í okkar landi að hlutirnir eru ekki gerðir, þeir gerast. Eitthvað dengist yfir okkur án þess að nokkur hafi í raun og veru tekið ákvörðun. Þetta er eins og með ratsjárstöðvar hæstv. utanrrh. sem enginn hefur beðið um formlega, hvorki íslenska þjóðin né bandaríska þjóðin né bandaríska þingið. Hlutirnir einhvern veginn gerast.

Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum aðferðum. Ég held að hér þurfi til að koma nákvæm athugun af hálfu Alþingis í samráði við íslenska ríkisútvarpið og starfsmenn þess.

Ég er ekki fyrir fram að dæma um það hvort þetta er góð hugmynd. En ég vil fyrst fá að vita hvort hún er góð eða vond, dýr eða ódýr, hvort við ættum að eyða fjármagni í annað fyrst áður en að þetta kæmi til og annað slíkt. Mér finnst þetta satt að segja ekki nokkur vinnubrögð.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér sýnist að hér sé uppi mikill misskilningur. Mér skildist að hv. fyrirspyrjandi hefði verið að beina fsp. til menntmrh. Íslendinga en fengið hugleiðingar frá menntmrh. Norðmanna í staðinn. Hér er spurt: Hafa farið fram samningaviðræður um þetta mál? Svarið er nei, en óformlegt jú. Síðan er spurt: Liggur fyrir hvern kostnað þetta mundi hafa í för með sér og svarið er ekkert.

Fyrsta spurning: Hver vill sjá þetta norska sjónvarp sem er almennt séð viðurkennt eitthvert lélegasta sjónvarp í heimi? Það veit ég ekki. Ekki vil ég sjá það en þeir kynnu að vera uppi sem vilja sjá þetta sjónvarp. En ég rifja upp að einn helsti andans maður þeirra sjálfstæðismanna, aðalritstjóri Morgunblaðsins Matthías Johannessen hefur skrifað skemmtilegar, fræðilegar greinar um það hvernig Norðmenn týndu máli sínu og sitja nú uppi með málleysur. En það var vegna þess að Danir buðu þeim í eina tíð að gefa þeim danskar þýðingar á Biblíunni. Norðmenn nenntu ekki að hafa fyrir því að þýða þetta á sitt eigið mál og enduðu með því að sitja uppi með brenglaða dönsku. Kannske þetta sé eitthvað svipað þeim óformlegu samningaviðræðum sem enginn tók ákvörðun um en gerðust bara.

Að öðru leyti fannst mér mjög athyglisvert að það kom fram í máli hæstv. ráðh. að Norðmenn væru út af fyrir sig þess fýsandi að þetta væri gert, að við fengjum þessa ölmusu svona fram hjá Svalbarða ásamt Færey-

ingum ef þetta kostaði ekki mikið, sér í lagi það efni sem unnið er af dagskrárgerðarmönnum norskum og mundi henta okkur fyrir hádegi og snemmendis dags og væri sérlega við hæfi aldraðs fólks, sjúkra og öryrkja. Ég spyr: Ætli þetta sé ekki best við hæfi framliðinna? (**RH:** Þeir eru nú ekki heima.) Ja, þetta er um *gervihnött, það er aldrei að vita hvað gerist.* Af hverju er verið að svara svona skilmerkilegum spurningum? Spurt er: Er það vilji íslenska menntmrh. að semja um þetta mál? Hefur hann áhuga á þessu máli? Vill hann semja um þetta mál? Hafa farið fram viðræður um þetta mál? Mér skildist á svari hæstv. menntmrh. að hæstv. ráðh. hefði áhuga á þessu.

Síðan var spurt — og það er náttúrlega meginatriði málsins: Er þetta einhverra peninga virði á sama tíma og íslenska sjónvarpið er í algeru fjársvelti? Þar er varla hægt að borga mönnum laun og hæfustu starfsmenn fyrirtækisins eru á flótta og eru reyndar farnir út úr fyrirtækinu. Hvað viljum við borga marga milljónatugi fyrir þessa norsku ölmusu? Þó að ég fyrir mitt leyti vilji ekki borga neitt þá er það ekki málið heldur: Er menntmrh. þeirrar skoðunar að þetta sé einhverra peninga virði?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. *Vegna þess að mér entist ekki tíminn, sem ég hafði til* umráða í svari mínu, til þess að gera betur grein fyrir málinu held ég að ég verði þegar hér er komið sögu að skýra betur frá því um leið og ég ítreka að samningaviðræður af minni hálfu hafa ekki farið fram, það er ljóst. Menn hljóta að hafa heimild til að ræðast óformlega við, bæði eru orð til alls fyrst og síðan eru okkar norrænu fundir og samstarf með öðrum stjórnmálamönnum yfirleitt ætlað til þess að við getum kynnt okkur mál með óformlegum hætti áður en til frekari og formlegri atriða kemur.

Það sem menntmrn. hyggst fyrir í þessu er að fela Ríkisútvarpinu að gera sérstaka athugun á þessu af sinni hálfu og þá m. a. eftir atvikum með viðræðum og sambandi við norska útvarpið. Þessar viðræður hafa ekki enn farið fram. Það er það sem fyrir liggur. Meðan niðurstaða þess eða upplýsingar úr þeim viðræðum liggja ekki fyrir er ekki hægt að segja með nokkurri vissu hvaða kostnað væri hér um að ræða. Ég ítreka það einungis að *ég hygg að þetta sé ekki mjög dýrt fyrirtæki.*

Ég læt hins vegar ósvarað þeim yfirlýsingum sem hv. síðasti ræðumaður hafði uppi. Hann fór heldur háðulegum orðum að mér þótti um vináttu okkar við Norðmenn, eða þeirra við okkur og um samstarf við þá er hann var að tala um „þessa norsku ölmusu" o. s. frv. Ég veit ekki til að það sé nein ölmusa að horfa á í fjölmiðlum sínum efni sem hvort sem er er dreift um himingeiminn yfir manni.

Hv. 10. landsk. þm. undrast það bara alveg hreint að það skuli ekki borið undir Alþingi, að einhverju sé bara dengt yfir mann. Ég verð að játa að það hefur bara ekki hvarflað að mér að láta mér detta það í hug að Norðmenn þyrftu að spyrja okkur hvort þeir sendu sjónvarpsefni til Svalbarða. Það vill bara svo til að geislinn fer hér yfir landið, því er bara dengt yfir okkur. Þannig er mál með vexti að yfirráðasvæði okkar nær ekki til himingeimsins þótt Alþingi sé virðuleg og voldug stofnun en þannig er tæknin nú til dags að þjóðir senda sjónvarpsefni um himingeiminn án þess að spyrja e. t. v. alla íbúana á jörðu niðri eða þing þeirra.

Það sem hér er um að ræða kann vel að verða spurning um lítils háttar aukið fé til þessa fyrirtækis og þá er það spurning hvaða þjónustu viljum við veita því fólki sem heima situr og á ekki kost á því að horfa á sjónvarpsefni á öðrum tímum en þeim sem íslenska *sjónvarpið sendir út dagskrá.* Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti. (**JBH:** Hvað kostar þetta?) Ég gat þess áðan að það getur ekki legið fyrir fyrr en viðræður hafa farið fram milli norska útvarpsins og Ríkisútvarpsings, sem mun verða falið að leita upplýsinga um það, og niðurstaða þeirra liggur fyrir.

En hitt veit ég að þær tölur, sem fram komu í fréttaþætti í sjónvarpinu nú nýlega, voru fráleitar, svo háar voru þær. Það er vegna þess m. a. að þar var getið um gjald sem skv. samþykktum eigenda gervihnattarins væri tekið af hverju landi sem tæki við efni. Í fyrsta lagi er búið að greiða gjald af hálfu þess lands sem dreifir efninu. Hversu mikið hugsanlegt gjald væri til þeirra sem tækju það, sem kallað er „overspill" á sjónvarpsmannamáli, um það skal ég ekki segja. Það er trúlega hverfandi lítið. Það segir sig auðvitað sjálft, að það væri heldur ekki fullt gjald þegar um er að ræða efni eða dagskrá sem e. t. v. er einungis 4—6 tíma á sólarhring þegar mest er. Það er allt annað en ef það er full nýting á möguleikum þessa gervihnattar. Þannig að þetta atriði eitt sýnir hversu fráleitt það er. Þannig er þetta eitt dæmi um þann mikla misskilning sem vart hefur orðið við í sambandi við kostnað. Hinar endanlegu tölur eru því miður ekki til því að ekki hafa farið fram samningaviðræður og það verður verkefni þeirra sem hugsanlega mundu taka þetta að sér að afla þeirra. Ákvörðun verður ekki tekin um það fyrr en þær liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hér voru gefin. Þau voru að vísu ekki mjög fullnægjandi. Við fyrri spurningunni var svarið nei, en jafnframt liggur það fyrir að hæstv. menntmrh. ætlar að láta hefja samningaviðræður við norska ríkisútvarpið. (**RH:** Könnun.) Já, það má kalla það það.

En ég held að hæstv. menntmrh. hafi eitthvað misskilið þetta mál vegna þess að hún segir að þessum sendingum sé dengt yfir okkur hér. Það er mikill misskilningur, þessar sendingar fara til Svalbarða. Við eigum engan rétt á að taka á móti þessum sendingum. Þær eru verndaðar með höfundarréttarlögum í Noregi og hér, og við höfum ekki nokkurn rétt til að taka á móti þeim. Þess vegna er þeim ekkert dengt yfir okkur. Það þarf hér sérstakan útbúnað í fyrsta lagi til að ná þessum sendingum. Í öðru lagi, ef við viljum ekki vera lögbrjótar og gerast þjófar á efni sem nýtur höfundarréttar, þá getum við ekki tekið á móti þessu. Og þess vegna er þessu efni ekkert yfir okkur dengt. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh. (**RH:** Það fer hér yfir okkur.) Þetta efni er í loftinu eins og margt annað. Ef við tækjum á móti öllu því sem sent er í gegnum loftið yrði kannske upplitið á sumum eitthvað skrýtið. En það er bara ekki rétt að þessu efni sé dengt hér yfir okkur vegna þess að það er verndað og það er ekki okkur ætlað. Það gegnir allt öðru máli með auglýsingasjónvarp sem er öllum ætlað, eins og t. d. er sent núna til sumra Norðurlandanna. Þar er það akkur þeirra sem

það reka að sem flestir sjái. Við erum hér að tala um ólíka hluti.

Ég hef ýmsar upplýsingar varðandi þær tölur sem hér hafa verið nefndar um kostnað. Ég ætla ekkert að fara að nefna þær. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur þær upplýsingar líka. En það er alveg ljóst að þessu fylgir töluverður árlegur rekstrarkostnaður.

Í öðru lagi talaði hæstv. menntmrh. um að hér yrði um táknrænar greiðslur að ræða. Ég hygg að talað sé um táknrænar greiðslur meðan svona starfsemi hugsanlega væri á tilraunastigi, þegar hún ekki væri lengur á tilraunastigi yrðum við að greiða fullt gjald. Frændur okkar Norðmenn eru ekki alltaf billegir í viðskiptum þegar peningar eru annars vegar, það held ég sé okkar reynsla, gömul og ný.

Það sem ég held að sé mikilvægast í þessu máli er að hér fari fram umræða um þetta mál. Þetta er ekki og má ekki vera mál sem tveir ráðh. taka ákvörðun um sín á milli. Ég á sæti í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs sem þm. Ég tel mig eiga heimtingu á því að þetta mál verði rætt hér á Alþingi löngu áður en til ákvörðunar kemur. Ég vil ekki una því að þetta sé mál tveggja ráðh., ég held að það sé alveg fráleitt.

Ég bendi á það líka að frá upphafi vega, frá 30. sept. 1966 þegar að íslenska sjónvarpið hóf sínar útsendingar, var tekin sú ákvörðun að sýna ekki erlent efni án texta í íslenska sjónvarpinu. Hinir skynsömustu menn sem þá áttu sæti í útvarpsráði og sem þá stýrðu Ríkisútvarpinu tóku þessa ákvörðun, ég held að það hafi verið rétt ákvörðun þeirra. Það er mikilvæg og stór menningarpólitísk ákvörðun ef á að taka um það ákvörðun að senda hér inn á næstum öll heimili í landinu, sem hafa sjónvarpstæki, óþýtt og ótextað erlent efni. Nú hef ég síður en svo á móti því að kunnátta okkar í Norðurlandamálum aukist, en ég held að það þurfi að gerast með öðrum hætti en þessum. Það er með þetta mál, eins og fleiri er varða þessa þætti menningarlífsins, að því lengur sem menn skoða, því fleiri fletir koma upp á málinu, og því ljósara verður mönnum að þetta er ekki svo einfalt mál.

Nú má enginn skilja orð mín svo að ég sé að leggjast gegn þessu. En ég tel að við þurfum að athuga okkar gang, skoða þetta mál. Við erum hér að veita — ef þetta verður — einni þjóð vissan rétt í okkar menningarhelgi. Það var gert á sínum tíma að því er varðaði Reykjavíkursvæðið og Keflavíkursjónvarpið og þótti ekki öllum gott. Ég er ekki að líkja norska sjónvarpinu við Keflavíkursjónvarpið en við skulum samt hafa þetta í huga. Við eigum að hafa samstarf við Norðurlandaþjóðir og okkar frændur og vini þar, en hugmyndin um norrænt sjónvarpssamstarf byggist fyrst og fremst á því að menn geti valið norska, danska, sænska, finnska dagskrá og að hún sé textuð. Þetta eru grundvallaratriði í þeim hugmyndum sem til umræðu hafa verið og það veit hæstv. menntmrh. Það hefur verið mikið um það rætt hversu kostnaðarsamar þessar þýðingar væru, ég veit það. En þær hafa verið talin forsenda fyrir þessu samstarfi og aldrei um það talað að sleppa þeim. Ég skal ekki hafa á móti því að okkar kunnátta í Norðurlandamálunum aukist, eins og ég sagði áðan, en þetta er umhugsunarefni og ég uni því ekki sem þm. að tveir hæstv. ráðh., annar norskur og hinn íslenskur, taki um þetta ákvörðun.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það liggur bara ekkert fyrir um það að tveir hæstv. ráðh., eins og hv. þm. segir, ætli að taka um þetta einhverja privatákvörðun, það bara stendur alls ekki til. Ég veit ekki betur en að hv. þm. sé sjálfur í útvarpsráði. Það er sú stofnun sem vafalaust mundi mest fjalla um þetta og þær upplýsingar sem fram koma þegar niðurstöður viðræðna liggja fyrir. Og það er ekki nokkur skapaður hlutur á móti því að leggja þær fyrir Alþingi og sýna mönnum þær.

En mér finnst með ólíkindum sú hræðsla sem fram kemur hjá sjálfum formanni menntmn. Norðurlandaráðs, við þetta mál. Hér er um að ræða hugmynd um athugun á tilraunafyrirkomulagi, og ef það á að stranda á því að ekki sé hægt að fá allar dagskrárnar fimm og allt saman textað, þá finnst mér nú heldur skjóta skökku við. Ég held að það sé einmitt skynsamlegra að athuga slíkt í smáum stíl og ódýrum til að byrja með, síðan geta menn athugað sinn gang skref fyrir skref. Það eru stundum tekin of stór skref hér að óathuguðu máli og þegar er um seinan að leiðrétta hlutina. Nú höfum við ekki hugmynd um það, eins og mál standa í dag, í hvaða farveg hugmynd um norrænt sjónvarpssamstarf um gervihnött almennt fer. Um árabil hefur verið mikið samstarf milli hinna norrænu sjónvarpsstöðva og mér finnst sjálfsagt að notuð séu þau sambönd, sem útvarpsstöðvarnar hafa, einmitt til að kanna samstarf af þessu tagi.

Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm. að það væri alveg nýtt að nota þetta dreifikerfi sem stendur ónotað meiri hluta sólarhringsins, það er nýtt, en það er hins vegar hagkvæmt. Það er vel hægt að hugsa sér að einhverjir menn í kjördæmi hv. þm., sem hafa verið ötulir við að setja upp ólöglegar kapalstöðvar, settu upp svona búnað til að taka á móti norrænu sjónvarpsefni — (Forseti hringir.) — það gæti vel verið. Hvaða aðili sem er gæti tekið slíkt efni upp og þegar kaplakerfin eru orðin lögleg eftir samþykkt nýs útvarpslagafrv., sem ég vona að verði fljótlega á næsta ári þá getur það auðvitað komið til. Það sem hér hefur verið talað um að þurfi að athuga betur og virðist vera það alódýrasta sem hægt er að hugsa sér, að nota kerfi sem er ekki notað nema lítinn hluta sólarhringsins.

Ég þakka, hæstv. forseti, og bið velvirðingar á því að ég fór 30 sekúndur yfir þennan tíma.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að játa að ég er eiginlega litlu nær eftir þessar umr. og hvað stendur til að gera í þessum málum. Kannske er þetta ekki á mannlegu valdi. Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. sagði að þetta væru hlutir sem gerðust án þess að þeir sem eru a jorðu niðri væru yfirleitt spurðir, þetta gerist sem sé einhvers staðar í háloftunum. Kannske er þetta sjónvarp þannig, sem menn eru að tala um, eftir allt saman. En það er ekki aðalatriðið.

Þetta voru einfaldar spurningar um fyrirætlanir hæstv. ráðh. Þau svör eru næsta loðin. Fram kemur að það er mikill velvilji af hálfu Norðmanna, en það er ekki nokkur leið að fá einu sinni áætlunartölur um hvað þetta kostar. Sagt er að tölur, sem nefndar voru í sjónvarpinu, séu glæfralegar, það liggi fyrir áætlun um tölurnar, en það má ekki fara með tölurnar.

Síðan er eitt atriði. Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði farið óvirðulegum orðum um vináttu Íslendinga og

Norðmanna. Það er mesti misskilningur. Ég ræddi ekkert um vináttu Íslendinga og Norðmanna, hvorki til né frá. Hitt er annað mál að ég er þeirrar skoðunar að það kunni að vera mikill bjarnargreiði við áframhaldandi vináttu þjóðanna að fara að sýna hér norskt sjónvarp lon og don, ég tala nú ekki um sjónvarp framliðinna. Þannig að ég er hér eiginlega til þess að reyna að bera af mér þær sakir að þetta getur verið hið varasamasta mál.

En úr þessu skilst mér að það sé þýðingarlaust að biðja um upplýsingar um staðreyndir. Samkvæmt tölum þeim sem nefndar voru í sjónvarpinu, kostar þetta, þ. e. að taka við þessu efni, koma upp þeim móttökugræjum sem þarf, ásamt þeim höfundarréttargreiðslum sem um var að ræða til þess að greiða fyrir það efni sem er flutt að kvöldi til en ekki unnið af dagskrárgerðarmönnum norska sjónvarpsins fyrir aldraða og öryrkja, u. þ. b. 50 millj. kr. Ef þær tölur eru alrangar er alveg nauðsynlegt að nota tækifærið og upplýsa það hér á Alþingi, leiðrétta þessar tölur. Það er tilgangurinn með fsp. og svörum að fá fram viðhorf, stefnu, áætlanir stjórnvalda sem og náttúrlega svör við spurningum um staðreyndir.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vona að þingheimur geri sér grein fyrir þeim þverstæðum sem fram koma í þessari umr. og þessu máli sem hér er á dagskrá. Í allt haust höfum við verið að þrátta um það hvort rýmka ætti einkarétt Ríkisútvarpsins á því að senda út á öldum ljósvakans. Við höfum deilt um það hvort hér ætti að ríkja einokun á þessum vettvangi eða hvort auka ætti svigrúmið og leyfa fleirum að spreyta sig í útvarps- og sjónvarpsmálum. Það mál virðist nú eiga erfitt uppdráttar, sumir segja að það sé dautt í nefnd. En á sama tíma rennur hér í gegn, að því er virðist án þess að Alþingi hafi af því nokkur afskipti, að Íslendingar eigi þess kost að fá að sjá efni frá norska sjónvarpinu. Að vísu rís nú Alþfl. enn einu sinni upp til þess að andæfa og rekur upp ramakvein með sinn hefðbundna hræðsluáróður þegar kemur að frelsi í útvarpsmálum.

Hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason hefur af því miklar áhyggjur að slíkar útsendingar séu ekki textaðar, hvernig sem hann ætlar nú að fara að því að texta útsendingar sem eru sendar beint. Ætlar t. d. Eiður Guðnason kannske að gera kröfu um það að útsendingar frá BBC séu textaðar þegar þær nást hér á útvarpstækjum á Íslandi? Auðvitað veit hann það sjálfur að það er aðeins rugl að vera að tala um að texta beinar útsendingar í sjónvarpi og ég get ekki séð hvaða rök standa að baki slíkum málflutningi.

En af hverju er þetta að verða staðreynd að Íslendingar geti séð beinar útsendingar frá norska sjónvarpinu? Það er vitaskuld vegna þess að tæknin gerir það kleift. Tæknin er komin á það stig að þetta er auðvelt mál. Hér eru menn að streitast gegn þessari þróun og flytja langar og grafalvarlegar ræður. En það er alveg sama hvað fluttar eru margar ræður, þessi þróun verður ekki stöðvuð og menn verða að gera sér grein fyrir því að hér á allra næstu misserum, eða a. m. k. árum, verður okkur kleift að ná sendingum frá mörgum öðrum gervihnöttum. Ætla menn þá að standa hér upp í þinginu og banna það að Íslendingar notfæri sér þá möguleika? Ætla Íslendingar gjörsamlega að einangra sig frá þessari tækni og þessum möguleikum og banna íslensku þjóðinni að njóta þessa efnis? (Forseti hringir.)

Ég held, herra forseti, að þetta geti því miður endað með því að það ríki ef ekki fullkominn glundroði, þá fullkomið frjálsræði í því að íslenska þjóðin geti náð útsendingum frá ýmsum gervihnöttum, þessum norska og mörgum öðrum, á allra næstu misserum og árum. Kannske endar með því að allir nema Íslendingar sjálfir hafa frelsi til að spreyta sig í sjónvarps- og útvarpsmálum. Ég tek undir það að norska sjónvarpsdagskráin er ekki sú skemmtilegasta í heimi og ég mun ekki verða fastur áhorfandi að henni. En ég vil hins vegar fagna þeirri viðleitni og því frumkvæði sem fram kemur hjá hæstv. menntmrh. í þessu máli vegna þess að ég held að þetta sé fyrsta sporið í þá átt að brjóta niður þá veggi afturhalds og einangrunar sem sífellt er verið að reyna að reisa hér af ýmsum stjórnmálaöflum á Íslandi.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég er ekki orðinn óvanur útúrsnúningum hv. þm. Ellerts B. Schram. Ég kem hér í ræðustól til að mótmæla þeim. Hafi hann vilja til og ef hann starfaði hér í þingnefndum eins og aðrir þm. hefði hann væntanlega átt þess kost að kynna sér brtt. Alþfl. við frv. til útvarpslaga sem gera ráð fyrir afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins. Það eru ómakleg, óviðurkvæmileg ummæli sem hann lét hér falla.

Ég heyri og skil að hann veit ekki mikið um sjónvarp. Auðvitað væri hægt að texta í útsendingu hér þá þætti sem sendir eru í norska sjónvarpinu nema þá sem eru í beinni útsendingu. Margir þessir þættir eru til, framleiddir fyrir mörgum mánuðum, sumir fyrir mörgum árum og af þeim eru til handrit. Það er vandalaust að texta þá í útsendingu hér.

Ég er síður en svo að hafa á móti því að svona tilraun verði gerð. Ég hef bara bent á það, hv. þm. Ellert B. Schram, að það þurfi að ræða þessi mál hér af fleiri aðilum en menntmrh. landanna og ég held að það sé mjög mikilvægt atriði. Menn geta tekið ákvarðanir um það á ritstjórnarskrifstofum DV að hefja útvarpsrekstur eins og gert var. En ég er þeirrar skoðunar að tveir ráðh. eigi ekki að taka svona ákvarðanir heldur eigi Alþingi að eiga sinn eðlilega hlut að því máli og ræða það.

Ég er líka jafn sannfærður um það að innan fárra ára munum við eiga margra kosta völ í þessum efnum og ég tel það af hinu góða. Allar staðhæfingar um það að Alþfl. sé andvígur auknu frelsi í þessum málum, að við séum andvígir því að menn geti notið kosta tækninnar, eru ómerkilegir útúrsnúningar og fyrir neðan virðingu hv. þm. Ellerts B. Schram.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur þeirra tveggja hv. alþm. sem hér hafa talað á undan mér, en ég vil nota þetta tækifæri til þess að fagna því frumkvæði menntmrh., sem er hér til umr. í dag. Hún hefur hafist handa um að Íslendingum gefist kostur á því fyrir mátt tækninnar að sjá sjónvarp frá öðrum löndum um gervihnetti.

Ég flutti hér á síðasta þingi þáltill. um móttöku sjónvarps á Íslandi frá gervihnöttum. Þeirrar till. biðu sömu örlög og þorra slíkra till., sem fluttar eru hér í Sþ., að þær fengust náttúrlega aldrei teknar til umr. né heldur afgreiddar. Það að vísu segir ekkert um ágæti þessarar till. út af fyrir sig, heldur miklu meira um

fornaldarleg vinnubrögð sem tíðkast hér á þinginu. Er sannarlega kominn tími til að breyta því þegar þm. koma ekki fram málum, aðeins lítið brot af þeim nær til n. Í þessu felst engin gagnrýni á forseta eða aðra embættismenn Sþ. eða þd. Fyrirkomulagið er einfaldlega úrelt. En nóg um það.

Þetta mál er raunverulega tvíþætt. Menntmrh. hefur brotið upp á einum þætti sem er móttaka frá ákveðnu erlendu ríkissjónvarpi. Út af fyrir sig fagna ég því að málið er þó komið á þann rekspöl. En ég vildi í því sambandi í fyrsta lagi taka undir orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar að það er eðlilegt, og ég veit að það er í huga ráðh. einnig, að þetta mál fái allt miklu meiri umr., um það verði fjallað á þingi og raunar tekin ákvörðun um það, alla vega prinsipákvörðun um hvort út í þetta skuli farið.

Ég vildi hins vegar bera fram þessa spurningu: Erum við hér á réttri leið hvað norska sjónvarpið varðar? Það má vel vera þrátt fyrir efasemdir um ágæti þess og bjarnargreiða í samskiptum þjóðanna eins og orðað var hér áðan. En ég vil í fyllstu alvöru beina því til ráðh. og annarra ráðamanna að úr því að tæknin gerir okkur þetta kleift, hvort við ættum þá ekki að líta einnig til annarra gervihnatta og sjónvarpa sem unnt er að ná hér á Íslandi í dag. Þar á ég ekki síst við breska sjónvarpið sem þegar hefur hafið útsendingar sem nást á Íslandi. Á næsta ári einnig þýska sjónvarpið og það franska. Ég held að við eigum alls ekki að einskorða okkur við þessa ágætu frændþjóð okkar en velta hinu fyrir okkur ef við ætlum að leggja dreifingarkerfi íslenska sjónvarpsins undir erlendar sjónvarpssendingar sem út af fyrir sig ég tel að sé mjög æskilegt. En þá held ég að við ættum að líta yfir allt sviðið og ekki síst mundi ég horfa til Englands því að breskt sjónvarp er með ágætustu sjónvörpum, sjónvarpsdagskrám sem fyrirfinnast í Evrópu að Norðmönnum ólöstuðum.

Í öðru lagi held ég að kominn sé tími til að menn átti sig á því að kannske eru þessar umr. algjörlega — (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka, herra forseti, — algjörlega tilgangslausar í sjálfu sér, vegna þess að nú þegar er unnt að nema sjónvarp beint með hjálp loftnets sem er þó ekki nema fjórir metrar í þvermál. Íslendingar eru þegar byrjaðir að festa kaup á slíkum loftnetum, ekki aðeins hér í Reykjavík heldur víða um land. Þetta er vitanlega framtíðin. Og þá spyrja menn hvorki kóng né prest, hvorki ráðh. né útvarpsráð, heldur nema þetta beint úr gufuhvolfinu. Það er sú þróun sem verður kannske sú mikilvægasta á næstunni. Spurningin er: Eigum við að hafa hemil á henni eða eigum við að setja um hana ítarlegri reglur en gert er í frv. að nýju útvarpslögunum?

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það var aðeins til að bera af mér sakir og stilla skap hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Ég hélt því ekki fram að Alþfl. væri algjörlega andvígur því að hér ríkti frelsi eða aukið frjálsræði í útvarpsrekstri. En ef þm. tekur það til sín og gerir mér upp þær fullyrðingar sem ekki komu fram í máli mínu þá er ekki við mig að sakast.

Ég sagði áðan að Alþfl. hefði tekið upp þann sið sinn sem hér hefur viðgengist fyrr í haust að vera sífellt að andæfa og reka upp hræðsluáróður í hvert skipti sem talað er um að auka frjálsræði og fjölbreytni á þessum vettvangi. Ég held að það fari ekki á milli mála fyrir þá sem hlýddu á ræðu hv. þm. hér áðan að hann var að andæfa. Hann var með alls kyns athugasemdir og efasemdir um skynsemi þess að þessu máli yrði hrint í framkvæmd. Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um það, þeir vita það sem á það hlýddu að það var ekki ofsagt hjá mér þegar ég leyfði mér að segja að hv. þm. Eiður Guðnason hefði verið að andæfa í þessu máli og þvælast fyrir eins og hann hefur þvælst fyrir í útvarpslagafrv. (**EG:** Það er ekki komin reynd á það, þm.) Það mál hefur verið á dagskrá hér í báðum deildum og líka í Sþ. og þar hefur hv. þm. margoft tekið til máls og tjáð sig um það annars staðar þar að auki. Ég held satt að segja úr því að menn eru að tala um virðingu þm. að það sé fyrir neðan virðingu þessa ágæta manns, sem hefur ágæta þekkingu á útvarpsmálum og hefur yfirleitt rænu á því að taka skynsamlega afstöðu í málum, að halda uppi þessum málflutningi sí og æ þegar útvarpsmál ber á góma.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú trúlega að bera í bakkafullan lækinn fyrir mig að blanda mér í umr. af þessu tagi. Eigi að síður hef ég skoðun á þessu máli eins og ég geri ráð fyrir að aðrir hafi velflestir, kannske ekki allir. Ég held að það fari ekkert milli mála að þeir atburðir sem gerðust á s. l. hausti, löglegir sem ólöglegir, hafa vakið fólk til umhugsunar um að breytinga sé þörf í skynsemisátt. En þær breytingar verða ekki gæfuspor verði þær stignar eins og t. d. gert var á s. l. hausti með hinum ólöglegu útvarpsstöðvum, sjóræningastöðvum, eins og sumir kölluðu þetta. Það er ekki til fyrirmyndar að mínu viti að ætla að stýra málum inn á þær brautir ef auka á þjónustu í þessum efnum.

Ég hygg að ef hv. þm. Ellert B. Schram skoðar hug sinn betur og ræðir þetta mál og íhugar í rólegheitum komist hann að þeirri niðurstöðu að þær till., sem Alþfl. hefur verið með um breytingar í þessum efnum, eru í skynsemisátt. Sumum finnst kannske að megi ganga lengra, en ég hygg að almennt séu menn um það sammála að þær ítarlegu tillögur, sem komið hafa fram hjá Alþfl. um útvarpsmálin og meira frelsi frá því sem er, eru skynsamlegar og ætti að stíga skrefið í þeim dúr sem þar er lagt til. (**Gripið fram í:** Veit ræðumaður hvaða mál er á dagskrá?) Já, já, ég veit alveg hvaða mál er á dagskrá en ég er að tala í svipuðum dúr og hv. þm. Ellert B. Schram talaði hér áðan. Ég hygg að mér sé það leyfilegt, hæstv. forseti, á svipuðum nótum eins og hv. þm. Ellert B. Schram nema þá því aðeins að það sé vegna þess að hv. þm. hefur ekki setið hér á þingbekkjum eins lengi frá síðustu kosningum og ég, þannig að hann hafi sérréttindi um að taka hér upp mál í þeim dúr sem hann lystir. En mér er ljóst hvaða mál er hér verið að ræða og á hvaða nótum það er. En ég bið menn, bæði hv. þm. Ellert B. Schram og fleiri sem vilja sleppa þessu gjörsamlega lausu og láta fjármagnið gjörsamlega ráða í þessum efnum eins og raunar mörgum fleiri, að huga að sínum viðhorfum. Það er oft skynsamlegra að fara fetið og ég hygg að menn komist að raun um það.

Ég skal ekki, herra forseti, íþyngja hv. þm. Ellert Schram né þingheimi frekar með umr. í þessum dúr. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því að algjört frjálsræði í þessum efnum, eins og mér heyrist að sumir einstaklingar og jafnvel heilir flokkar vilji, verði ekki til hins betra og það komi ekki til með að þjóna

þeim sjónarmiðum og þeim einstaklingum sem ég a. m. k. vona að velflestir þm. séu sammála um að eigi að bæta þjónustuna við og auka.

Afurðalán bankakerfisins, fsp. 128. mál (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þessu hausti hefur mikið verið kvartað í landinu yfir háum vöxtum, ofurþungum raunvöxtum af lánum. Margir hafa óttast að þessir háu vextir kynnu að stefna framtíð íslenskra atvinnuvega í verulega hættu, að ekki sé nú talað um stöðuna á mörgu alþýðuheimilinu þar sem fólk stynur undan lánabyrði. Þó hygg ég að á þessu hausti og á s. l. sumri hafi ekki síður verið kvartað yfir versnandi fyrirgreiðslu bankakerfisins í þágu framleiðslunnar í landinu. Það hafa verið að eiga sér stað verulegar tilfærslur á lánum frá Seðlabanka og til viðskiptabankanna, verulegar breytingar á því afurðalánakerfi sem hér hefur verið ríkjandi um langt skeið, en hins vegar hefur hvergi verið að finna neina fullnægjandi greinargerð um stöðu þessara mála né um þær breytingar sem að er stefnt. Það eina, sem menn hafa fundið, er að fyrirgreiðsla bankakerfisins hefur versnað. Og það er sannarlega ekki að ófyrirsynju að ég hef borið fram þessar spurningar:

„1. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á afurðalánum Seðlabankans og viðskiptabankanna til atvinnuveganna á undanförnum mánuðum?

2. Hafa þessar breytingar ekki haft í för með sér lakari lánafyrirgreiðslu en áður var?

3. Leiða þessar breytingar til þess að vísað sé í auknum mæli á erlendar lántökur?

4. Er áformað að draga enn frekar úr lánafyrirgreiðslu Seðlabankans á næstunni?

Ég vænti þess að í svari hæstv. ráðh. komi jafnhliða fram upplýsingar um hugsanlegar breytingar á bindiskyldu bankanna ef áform eru uppi um að draga úr henni, eins og ég hef nú grun um, enda segir það sig sjálft að þarna er um náskyld mál að ræða, þ. e. annars vegar afurðalánin og hins vegar bindiskylduna. Þau mál hljóta að vera til athugunar í samhengi.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. er í fjórum liðum sem hann hefur hér gert grein fyrir og mun ég svara þeim lið fyrir lið.

Svar við 1. lið: Þær breytingar á þessum lánum, sem gerðar hafa verið og enn er unnið að, er framkvæmd þess ákvæðis stjórnarsáttmála frá 27. maí fyrra árs sem svo var orðaður:

„Núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi verði endurskoðað, m. a. með það í huga að þau verði á vegum viðskiptabankanna. Stefnumörkun þessi fólst í að horfið verði frá sjálfkrafa endurlánum afurða- og rekstrarlána frá Seðlabankanum. Mun það hafa í för með sér annars vegar að bankar og sparisjóðir beri fyllri og heildstæðari ábyrgð á lánaviðskiptum sínum við hin einstöku atvinnufyrirtæki, hins vegar að skipti Seðlabankans við bankastofnanir ráðist af peningamálastefnu er taki mið af almennum þjóðhagslegum skilyrðum."

Tilvitnuð stefnuyfirlýsing felur það í sér að á millistigi þeirra ráðstafana færast mörkin til milli endurkeyptra afurðalána og viðbótarlána. Láta stjórnvöld sig að sjálfsögðu varða að sú yfirfærsla gerist skipulega og án þess að lánafyrirgreiðsla breytist almennt eða lántakendum verði að tilefnislausu mismunað. Að þeim umskiptum loknum og til lengri tíma litið er gert ráð fyrir að bætt jafnvægi á lánamarkaði tryggi fullnægjandi lánafyrirgreiðslu án þess að fastmótaðar, opinberar viðmiðunarreglur þurfi til að koma. Meðan ekki er á þetta að treysta veitir aðgangur að erlendu lánsfé öryggi fyrir viðunandi lánafyrirgreiðslu, enda þótt endurkaupin dragist saman.

Lækkun endurkaupahlutfalla miðaðist fyrst við 21. maí og var áformuð í svo smáum skrefum að hún átti að gilda um allan stofn lánanna. Sökum fram kominnar óánægju með svo víðtækt gildi lækkunar var horfið frá því. Endanlega var lækkunin því látin ganga í gildi hinn 1. júní s. l. og náði hún aðeins til nýrra útlána hverju sinni en eldri lán látin renna sitt skeið skv. fyrra hlutfalli.

Varðandi framleiðslulán til iðnaðar er lánað út á allar birgðirnar hverju sinni þannig að skipt var um tímabil 1. júní og fyrri lán ekki lækkuð.

Svar við 2. lið: Fyrrum taldist það hefðbundin viðmiðun að endurkeypt lán og afurðalán næmu til samans 75% af áætluðu skilaverði útflutningsafurða. Viðbótarlánin námu því tilteknu hlutfalli ofan á endurkaupin svo að þetta heildarlán næðist. Fyrir breytingar í maí/júní þurfti þannig 44% álag til þess að ná þessu marki, eða 74.88%. Síðustu árin munu bankarnir þó ekki hafa ábyrgst hærra en 40% álagshlutfall og þá heildarlán 72.8, en á hinn bóginn höfðu ýmis sjávarútvegsfyrirtæki leiðst út í enn hærri skuldabyrði tengda rekstri og birgðum, eða allt upp í 85% af viðmiðunarverðmæti eða jafnvel enn hærra. Með hliðsjón af miklum rekstrar- og fjárhagsörðugleikum sjávarútvegsins taldi ríkisstj. óhjákvæmilegt að beita sér fyrir því að viðskiptabankarnir héldu heildarlánshlutfalli í 75% þrátt fyrir lækkun endurkaupahlutfalla.

Fjárhagsstaða framleiðslu fyrir innlendan markað gaf engan veginn samsvarandi tilefni til íhlutunar hins opinbera um hlutfall viðbótarlána né heldur leyfði staða viðskiptabankanna að þeir fylltu almennt í skarð lækkandi endurkaupa. Heildarlánafyrirgreiðslan gæti því hafa lækkað samhliða endurkaupum úr 71.3% í maí í 62.5%, en hlutföll á sauðfjárafurðum hafa haldist óbreytt. Að öðru leyti mun þetta þó hafa farið eftir getu innlánsstofnana og þörfum viðskiptamanna þeirra. Á það ekki síst við lán til iðnaðar þar sem lítil almenn festa er í veitingu viðbótarlána.

Áðurgreindum lækkunum endurkaupa fylgdi engin tilslökun í bindiskyldu. Nauðsynlegt skilyrði þess að bankarnir tækju á sig auknar byrðar var að þeir fengju til þess nokkurt svigrúm út á við. Enn fremur var ljóst að frekari lækkun endurkaupa mundi kalla á annaðhvort lækkun bindingar eða svigrúm til erlendrar lántöku á móti. Framvinda þessi hefur verið að gerast samhliða auknum gjaldeyrisréttindum innlánsstofnana og auknu almennu frjálsræði í þeim efnum. Hinn 1. mars voru settar reglur um rýmri heimildir innlánsstofnana til að nýta innistæður á innlendum gjaldeyrisreikningum til gengistryggðra útlána í þágu útflutningsframleiðslunnar.

Hinn 7. sept. setti viðskrn. reglugerð nr. 383 um breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og við-

skiptamála. Í samræmi við nýmæli hennar gaf Seðlabankinn hinn 12. sept. út reglur til innlánsstofnana um gjaldeyrisjöfnuð þeirra, nettóstöðu á viðskiptareikningum, gengisbindingu afurðalána og erlend lán þeirra vegna. Með þessum reglum var innlánsstofnunum heimilað að gengistryggja afurðalán út á útflutningsframleiðslu upp að 75% birgðaverðmæti og fjármagna þau með erlendu lánsfé umfram það sem fæst úr endurkaupum og óbundnum gjaldeyrisinnistæðum. Tæknilegur undirbúningur olli því að færsla viðbótarlána yfir í gengisbindingu miðað við SDR-lán kom ekki til framkvæmda fyrr en frá og með 21. okt. Þegar hér var komið sögu höfðu tveir helstu gjaldeyris- og afurðalánabankarnir, Landsbanki og Útvegsbanki, þegar safnað verulegum skuldum í erlendum gjaldeyri vegna almennrar stöðu sinnar. Var því ekki um aukin erlend lán þeirra að ræða heldur breyttist hluti lána úr yfirdráttarlánum í fastara form í tengslum við mótvirði afurðalána. Jafnframt því hefur verið unnið að því að draga úr öðrum erlendum lánum þessara banka.

Að því er varðar aðrar innlánsstofnanir leiða breytingar til lítils háttar aukningar erlendra skammtímalána. Höfðu tveir bankar sem hér komu helst við sögu tekið 135 millj. kr. að láni í því skyni upp úr miðjum október.

Svar við 4. lið: Ráðgert er að stíga til fulls það skref að afnema sjálfvirk endurkaup Seðlabankans á afurða- og rekstrarlánum í samræmi við áðurgreinda stefnu í yfirlýsingu ríkisstj. og þá kæmi til meðferðar það sem hv. þm. sérstaklega spurði að, þ. e. breyting á bindingu. Ætlast er þó til að með þeirri formbreytingu verði eðlileg og nauðsynleg lánafyrirgreiðsla við atvinnuvegina ekki skert og bönkum og sparisjóðum gert kleift að yfirtaka lánin. Þær ráðstafanir sem hér um ræðir eru nú til fullvinnslu. Er því að sinni ekki tímabært að gera frekari grein fyrir þeim en fram er komið hér á undan. Svo mun þó að sjálfsögðu gert í fyllingu tímans og þeim aðilum sem áhuga hafa á gerð grein fyrir því hvernig með slík mál verði farið.

Ég vonast til þess að ég hafi með þessari greinargerð svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans sem bæði var ítarlegt og á margan hátt fróðlegt. Það mátti hins vegar lesa út úr svari hans að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á afurðalánum Seðlabankans og viðskiptabankanna, hafi í raun og veru gengið svo skrykkjótt og ruglingslega fyrir sig á umliðnum mánuðum að ekki sé ofmælt að staða þessara mála sé nokkuð svo flókin.

Eins og ráðh. rifjaði upp var það upphaf þessa máls að ríkisstj. mótaði þá stefnu að horfið yrði frá sjálfkrafa endurlánum afurða- og rekstrarlána frá Seðlabankanum og hann bætti því við að skipti Seðlabankans við bankastofnanir ættu að ráðast af peningamálastefnu en ekki sjálfkrafa lánareglum varðandi atvinnuvegina. Jafnframt þessu viðurkenndi ráðh. í svari sínu að það hefði verið meginreglan að endurkeypt lán og afurðalán hefðu numið samtals um 75% þótt hann tæki að vísu fram að seinustu árin hefðu bankarnir ekki ábyrgst að heildarlánin væru nema rétt tæp 73%. En hann viðurkenndi að þegar um framleiðslu fyrir innlendan markað hefur verið að ræða virðist heildarlánafyrirgreiðslan hafa lækkað verulega. Hann nefndi í því sambandi að lækkunin næmi væntanlega úr 71% og niður í 62.5%. Þetta eru talsverð tíðindi og ég vil þakka ráðh. fyrir þessar upplýsingar sem hafa ekki legið jafn berlega fyrir áður. Þetta hefur hins vegar verið mönnum næsta ljóst, enda ekki skort umkvartanir.

Hæstv. ráðh. bætti því við í svari sínu hér áðan að áðurgreindum lækkunum endurkaupa Seðlabankans hefði ekki fylgt nein tilslökun í bindiskyldu. Þetta er nú einmitt eitt af því sem menn hafa rekið augun í. Auðvitað er það laukrétt, sem hann sagði hér áðan, að skilyrði til þess að bankarnir geti tekið á sig auknar byrðar er það að þeir fái til þess nokkurt svigrúm. Hann nefndi að þá kæmi tvennt til greina, annaðhvort lækkun bindingarinnar eða svigrúm til erlendrar lántöku á móti. Þar af leiðir að hann svaraði í raun þeirri spurningu minni jákvætt sem fólst í þriðja lið spurningalistans, að þessar breytingar hefðu leitt til þess að í auknum mæli væri vísað á erlendar lántökur. Hann sagði að vísu að á þetta hefði ekki mikið reynt varðandi Landsbankann og Útvegsbankann vegna þess að þeir hefðu þegar verið búnir að safna verulegum skuldum áður og ekki hefði verið um auknar erlendar lántökur að ræða hjá þessum bönkum að svo komnu máli, en aðrar innlánsstofnanir hefðu tekið aukin lán í þessu skyni og upphæðin næmi um 135 millj. kr. um miðjan október.

Ráðh. sagði að ráðgert væri að stíga til fulls það skref að afnema sjálfvirk endurkaup Seðlabankans og bætti þá við varðandi hina munnlegu fsp. mína áðan að þá yrði væntanlega gerð breyting á bindiskyldunni samhliða. Hér er því miður ekki tækifæri til að rökræða þetta mál frekar eða benda á augljósar hættur í þessu sambandi. En á það vil ég minna að lokum að það hlýtur að geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir byggðarlög þar sem framleiðsluatvinnuvegirnir eru meginþáttur atvinnulífs, ef viðskiptabönkum í viðkomandi byggðarlögum er ætlað að taka við þessum lánum og aðeins kemur brottfall bindiskyldu á móti. Það er hætt við að þá þrengist verulega útlánamöguleikar hjá slíkum lánastofnunum. Afurðalánin og bindiskyldan hafa verið ákveðið jöfnunartæki í okkar banka- og viðskiptakerfi og ég held að það hljóti að vera áhyggjuefni hvað við tekur þegar þetta jöfnunartæki er af lagt. Þetta vildi ég sem sagt að hæstv. ráðh. íhugaði í þessu sambandi í fyllingu tímans, eins og hann tók sjálfur til orða.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Varðandi það atriði sem hv. þm. vék að nú í lok ræðu sinnar þá er það einmitt eitt af því sem sérstaklega verður athugað þegar þessi tilfærsla á sér stað. Það kemur alls ekki út jöfnuður í dæmi hjá ýmsum peningastofnunum sem veita afurðalán þó að bindiskyldan sé rýmkuð og verður þess vegna að huga mjög vel að því með hvaða hætti hægt er að koma til móts við þessar stofnanir sem veita, eins og hann réttilega orðaði það, litlum byggðarlögum t. d. fyrirgreiðslu til þess að atvinnufyrirtæki geti þar starfað. Eins þarf að huga að því atriði hvernig viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir koma til með að standa að slíkri fyrirgreiðslu þegar frá því er horfið að Seðlabankinn hafi þá miðlun sem þar er í milli.

Um þingsköp.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil ekki misnota það traust sem mér er sýnt af hv. forseta með að gera hér örstutta athugasemd við þingsköp.

Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hér hljóðs er sú að 5. liður dagskrárinnar er „Fullvinnsla kjötafurða, fsp.". Það er 4. þm. Suðurl. sem leggur þessa fsp. fram. Þetta er þriðji þriðjudagurinn sem þessi fsp. er hér á dagskrá og ég veit það með vissu að það hefur ekki staðið á hv. forseta, að þetta mál væri tekið á dagskrá. Hins vegar er hæstv. landbrh. með undanbrögð í jafn einföldu máli og varðar þó þessi fsp. hans heimabyggð og hans kjördæmi. Eru engin takmörk fyrir því hvað menn draga svör lengi? Nú skal ég taka það fram að yfirleitt svarar hæstv. ráðh. hér eins fljótt og mögulegt er og ég skil vel vanda hæstv. ráðh. ef það eru margslungin spurninganet sem lögð eru fyrir þá í einni fsp. sem getur verið ærið verk að vinna. En mér finnst hæstv. landbrh. sýna Alþingi hreina óvirðingu, að ég tali ekki um viðkomandi þm., með því að færast undan að svara jafn einfaldri spurningu og vil fá skýringar á.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég hygg að þessi fsp., sem hv. 7. þm. Reykv. vék að, sé ekki efst á blaði af þeim sem ósvarað er hér í hv. Sþ. En til þess að geta veitt svar við spurningu þarf að vita um svarið. Í fyrri lið þessarar fsp. er spurt hversu mörg tonn af óunnu kjöti eru flutt frá Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til vinnslu í Reykjavík. Ég býst við að flestum hv. alþm. sé ljóst að svar við þessari spurningu muni ekki liggja í landbrn. og það kom einnig í ljós að svar var ekki til hjá neinum opinberum aðila. Þess vegna varð að senda viðkomandi aðilum, sem taka á móti kjöti og flytja það hingað til Reykjavíkur, fsp. um það hvað mikið hefði verið flutt á þeirra vegum. Þegar ég spurði um það nú í morgun í rn. hafði ekki borist svar frá þeim. Ég býst ekki við að það sé nein lagaskylda fyrir þá að svara en ég vænti þess að þeir geri það svo fljótt sem kostur er. Ég veit ekki heldur hversu auðvelt það er fyrir þá að finna þetta nákvæmlega upp á tonn, hvað er óunnið af kjöti sem flutt er, en vænti sem sagt upplýsinga frá þeim. En fyrr en þær upplýsingar hafa borist, sem um hefur verið beðið, sé ég mér því miður ekki fært að svara þessari fsp.

Uppboð á fiskiskipum, fsp. 229. mál (þskj. 285). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. þm. Suðurl. Margréti Frímannsdóttur leyft mér að bera fram við hæstv. sjútvrh. eftirfarandi fsp.:

„1. Hefur sjútvrh. í hyggju að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir nauðungaruppboð á þeim fiskiskipum sem skulda umfram veð?

2. Mun sjútvrh., ef til uppboða kemur, beita sér fyrir því að skip hverfi ekki úr þeim byggðarlögum þar sem þau eru burðarásar atvinnulífs?

3. Hyggst sjútvrh. grípa til aðgerða til lausnar á vanda þess fólks sem kann að missa atvinnu sína af völdum rekstrarstöðvunar fyrirtækja í sjávarútvegi eða uppboða á fiskiskipum á næstunni?"

Það er út af fyrir sig sennilega ekki þörf á að hafa mörg orð um það mál sem hér er spurt um. Hv. þm. kannast væntanlega flestir við það sem hér er á ferðinni. Það er ljóst að miklir atvinnuhagsmunir tengjast þessu máli. Mörg þau skip, sem hér eiga í hlut, eru burðarásar atvinnulífs í sínum byggðarlögum. Í mínu kjördæmi veit ég a. m. k. um tvö skip sem talin eru vera á þessum fræga lista og þar eiga beinna atvinnuhagsmuna að gæta a. m. k. 200 manns auk allra þeirra sem óbeinna hagsmuna eiga þarna að gæta. Ég spyr því og við spyrjum fyrst og fremst um það hvað ríkisstj. sjálf og hv. sjútvrh. í hennar nafni hyggst gera — og þá á ég við fyrir utan bréfaskriftir með almennum tilmælum til Fiskveiðasjóðs. Við höfum um það dæmi frá síðustu dögum að það eru fleiri lánadrottnar sem eiga hagsmuna að gæta en Fiskveiðasjóður í þessu efni og það kann því að duga skammt og einungis í vissum tilfellum að beint sé almennum tilmælum til hans. Inn í þetta mál koma einnig skuldir ýmissa annarra viðskiptamanna þessara útgerðaraðila, sjálfskuldarábyrgðir bæjarfélaga og sveitarfélaga og svo mætti lengi telja.

Það er ljóst að uppboð skv. þeim hugmyndum, ef að þeim verður staðið með þeim hætti sem ríkisstj. gerir tillögur til Fiskveiðasjóðs um, eru ákveðin pennastriksaðgerð. En ég óttast að áhrif þeirrar aðgerðar verði þau eða geta orðið þau að stóri bróðirinn í þessu dæmi sem gjarnan er Fiskveiðasjóður eða ríkissjóður, hafi sitt á þurru en ýmsir aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta, verði blóðmjólkaðir.

Ég þekki vel til í nokkrum af þessum fyrirtækjum. Ég veit til að mynda um að eitt af þessum fyrirtækjum, sem gerir út skip, vel rekið fyrirtæki, gerði um það till. til Fiskveiðasjóðs hvernig það treysti sér til að reyna að borga af sínu skipi á næstu árum. Það setti upp áætlun miðað við 3000 tonna afla og reyndi þar að teygja sig eins langt og þeir töldu nokkurn grundvöll vera til að borga af lánum skipsins. Því til viðbótar ætlaði fiskvinnslufyrirtækið, sem vinnur úr afla þessa skips og er í tengslum við það, að greiða ákveðið hundraðshlutfall af framleiðsluverðmæti sinnar framleiðslu og það ætlaði einnig að teygja sig eins langt og það treysti sér til.

Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið heppilegra fyrir alla aðila að ganga til samkomulags á þessum grundvelli og að uppboð sem slík kosti fremur peninga en að framleiða nokkur verðmæti. Það verða engir peningar til við uppboð, þvert á móti kostar það sitt fyrir utan allar þær áhyggjur og allt það öryggisleysi sem af þessu stafar.

Við í Alþb. höfum sett fram okkar till. um málsmeðferð í þessum efnum. Það er ljóst að hæstv. ríkisstj. hyggst fara öðruvísi að. Svo virðist reyndar að nauðungaruppboð séu einn af hornsteinum stjórnarstefnu þessarar ríkisstj. Nauðungaruppboð í sjávarútvegi og nauðungaruppboð almennt í þjóðfélaginu, þeim fer fjölgandi dag frá degi. En þessi nauðungaruppboðsstefna er harður dómur á þau byggðarlög og á þá menn sem varist hafa hetjulega við að gera þessi skip út á undanförnum árum. Þetta er harður dómur á íslenskan sjávarútveg og þetta er þó allra þyngstur örlagadómur fyrir þá þjóð sem á allt sitt undir íslenskum sjávarútvegi. Þetta er dómur um það að endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans er ekki möguleg við ríkjandi aðstæður. Þetta er sem sagt dauðadómur á viðleitni þeirra manna sem hafa haft á því trú að íslenskur sjávarútvegur ætti

nokkurn rétt á sér og það væri einhver grundvöllur fyrir því að standa að honum eins og öðrum atvinnurekstri, þ. e. að hægt væri að endurnýja með eðlilegum hætti þau atvinnutæki sem þessi atvinnuvegur byggist á.

Þetta er harður dómur og því höfum við hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurt hæstv. sjútvrh. hvað ríkisstj. hefur á takteinunum í þessu máli, hvað hún hyggst gera. Ég held að það sé fyllilega réttlætanlegt þó að annir ríki hér á þinginu, herra forseti, að eyða fáeinum mínútum í þetta mál. A. m. k. tel ég það ekki síður réttlætanlegt en ýmsar þær umr. sem fóru hér fram í fyrirspurnatíma um síðasta mál sem hér var á dagskrá.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 4. þm. Norðurl. e., spyr í fyrsta lagi: „Hefur sjútvrh. í hyggju að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir nauðungaruppboð á þeim fiskiskipum sem skulda umfram veð?“ Um þetta er það að segja að stjórnvöld hafa á þessu ári gripið til mjög víðtækra ráðstafana til fjárhagslegrar endurskipulagningar í sjávarútvegi. Skuldbreyting stofnlána fiskiskipa skiptir þar mestu. Gefinn var kostur á eins til sjö ára lengingu á stofnlánum, endurlán á vanskilum og allt að 60% afslætti af vöxtum 1984 og 1985 í stofnlánasjóðum.

Samhliða þessum aðgerðum hefur verið unnið að skuldbreytingu viðskiptaskulda útgerðar og fiskvinnslu. Þessar aðgerðir hafa komið í veg fyrir að mikill fjöldi skipa ætti ekki fyrir, eða gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það má því segja varðandi þessa spurningu að þegar hafi verið gerðar mjög miklar ráðstafanir til að forða slíku.

Það er hins vegar ljóst að í nokkrum tilvikum verður ekki hægt að tryggja það að viðkomandi aðilar geti staðið við sínar skuldbindingar og er þá komið að öðrum lið: „Mun sjútvrh. ef til uppboða kemur,“ – og þá er gengið út frá því að til þeirra komi — „beita sér fyrir því að skip hverfi ekki úr þeim byggðarlögum þar sem þau eru burðarásar atvinnulífs?“

Um þennan vanda, sem skapast vegna þeirra, hefur verið fjallað á ríkisstjórnarfundum og samþykkti ríkisstj. eftirfarandi bókun 11. des. 1984:

„Ríkisstj. beinir því til stjórnar Fiskveiðasjóðs að þeim fiskiskipum, sem sjóðurinn kann að eignast á næstu mánuðum, verði ráðstafað með eftirgreind meginsjónarmið í huga. Fiskveiðasjóður ákveður viðmiðunarverð fyrir einstök fiskiskip miðað við ákveðinn greiðslutíma og greiðslukjör. Útgerðaraðilum í þeim byggðarlögum, sem hafa byggt afkomu sína á útgerð skipanna, verði að höfðu samráði við sjútvrn. gefinn kostur á að semja um kaup á skipunum með framangreindum kjörum, enda bjóði aðrir aðilar ekki betra heildarverð og greiðslukjör.“

Um þetta atriði er stjórn Fiskveiðasjóðs að fjalla og það er ekki enn búið að ganga frá öllum málum. Gefinn hefur verið lokafrestur til áramóta til að ganga frá þeim málum sem enn eru í vinnslu. Það liggur fyrir að allt hefur verið gert sem frekast er kostur til að viðkomandi aðilar gætu skuldbreytt sínum skuldum.

Um síðustu spurninguna er það að segja, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í sjávarútvegsmálum á þessu ári, hafa komið í veg fyrir stórfellda rekstrarstöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi.

Um málið almennt og það sem hv. þm. sagði hér skal ég játa að ég skildi ekki alveg fullkomlega með hvaða hætti hann vildi ganga frá þessum málum. Hann sagði að rétt væri að ganga til samkomulags — ég skildi hann svo — um nánast það sem menn treystu sér til að borga. Nú eru það fleiri aðilar í landinu, sem eru í miklum erfiðleikum, en þessi skip. Það eru mörg skip sem skulda ekki stofnlánasjóðunum og ekki eiga kost á því að semja við opinbera aðila. Ef eiga að fara að gilda allt aðrar reglur um þá en hina er stórkostlega farið að mismuna aðilum.

Hv. þm. sagði einnig að þetta þýddi að endurnýjun væri ekki möguleg með eðlilegum hætti. Ég skil það svo að hann sé að mæla fyrir því að það eigi að endurnýja skip og fara í fjárfestingu alveg án tillits til þess hvort það muni skila sér eða ekki. Ég skildi hann svo og ég skildi að hann væri hér að mæla fyrir munn síns flokks. Það liggur fyrir að þessi fjárfesting við núverandi afla getur ekki staðið undir sér. Það verður að gera þau mál upp og eftir því sem það dregst lengur, þeim mun sárara verður það.

Það er búið að vera að tala um það til margra ára og það er ekkert um annað að ræða en að ganga til þessa uppgjörs. En ég er hins vegar sammála því að það ber að taka tillit til þeirra byggðarlaga sem þarna eiga mikið í húfi. Þeim tilmælum hefur verið beint til stjórnar Fiskveiðasjóðs. Það á hins vegar eftir að koma í ljós hvernig vinnst úr þeim málum á næstunni. Það er því miður ekki hægt að fullyrða algjörlega hvernig því muni lykta frekar en öðrum skuldamálum í þjóðfélaginu.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að vakin er athygli á þessu máli. Þetta er vissulega mjög brennandi á ýmsum þessa dagana. Það er ljóst að milli tíu og tuttugu skip verða boðin upp. Með hvaða hætti síðan verður gengið frá þeirra málum, það er það sem hér er verið að velta fyrir sér. Ég held að ég geti tekið undir það með hæstv. ráðh. að það er verst fyrir byggðarlögin sjálf að horfa ekki á staðreyndir, það er búið að benda mönnum á þetta æði lengi. Ég veit heldur ekki nákvæmlega hvað hv. fyrirspyrjandi átti við þegar hann talaði um að ákveðið fyrirtæki teygði sig eins langt og mögulegt væri. Ef það er það sama dæmi og ég hygg að það sé þá teygði það sig u. þ. b. svo langt að það nægði til að standa undir greiðslum af u. þ. b. helmingi þeirrar skuldar sem áhvílandi var, lengra var ekki hægt að ganga. Mér er líka kunnugt um það ef þetta ákveðna dæmi er það sama og við erum að tala um báðir, að þegar það skip var keypt þurfti það að fiska u. þ. b. 12000 tonn á ári til að geta með nokkru móti staðið undir sér. Þetta vissu menn auðvitað að var ekki hægt.

Það er misjöfn staða hjá ýmsum þessara skipa og erfitt að setja neinar almennar reglur í þeim efnum. En hitt er alveg ljóst að mörg þeirra geta ekki borið sig með nokkru móti miðað við þann afla sem nú verður dreginn úr sjó. Ég held að það sé rétt sem ráðh. sagði að lengra verði ekki gengið með neinum almennum aðgerðum en þegar er búið að gera. Sumum finnst þegar meira en nóg að gert með almennum aðgerðum til skuldbreytinga í þessum sérstaka atvinnuvegi. Það er rétt að það verður ekki lifað lengi hér í landi ef skipin úreldast og við höfum ekki ráð á að endurnýja þessi atvinnutæki okkar. En þann vanda sem við höfum steypt okkur út í með of mikilli fjárfestingu á þessu sviði, verður að gera upp og því fyrr því betra.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Ég skil hann svo að í raun og veru séu svör hans við fsp. nr. 1 og nr. 3 nei, þ. e. a. s. það stendur ekki til að gera annað en það sem þegar hefur verið gert í þeim efnum. Varðandi lið tvö las hann upp samþykkt ríkisstj. um tilmæli til Fiskveiðasjóðs. Þá vaknar auðvitað fyrst sú spurning: Hvað mun eiga við í þeim tilfellum sem Fiskveiðasjóður verður ekki eigandi að skipunum að afloknu uppboði? Hverjir aðrir fengju þá hugsanlega tilmæli eða hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. þá gera varðandi þá aðila?

Ég á við það, þegar ég tala um að útgerðarfyrirtæki hafi verið tilbúin til að teygja sig eins langt og þau töldu raunhæft og mögulegt að gera, að ég held að menn hafi verið tilbúnir og væru tilbúnir að leggja á sig fyllilega það sem nokkur annar aðili gæti gert þó svo að hann keypti skipið á uppboði. Ég held jafnvel að ef sömu aðilar ættu að taka við skipunum að afloknu nauðungaruppboði mundu þeir ekki vera reiðubúnir til að leggja jafnhart að sér ef þeir eru búnir að ganga í gegnum uppboðið og allt sem því fylgir. Ég held að menn hafi sem sagt verið tilbúnir til þess, gjarnan með stuðningi síns bæjarfélags og annarra aðila í viðkomandi byggðarlögum, að teygja sig mjög langt til þess að reyna að halda skipunum og til þess að reyna að losna við þá óvissu og þau vandræði sem af þessum uppboðum stafa. Það er heldur illa farið að þeim mönnum sem þannig voru tilbúnir til að leggja mikið á sig og berjast hetjulega við að reyna að gera út í dag.

Síðan undrast menn að ég skuli hafa hér áhyggjur af því og telja það stefna til óheilla að ekki sé hægt að endurnýja fiskiskipaflotann. Ég þarf ekki að segja hæstv. sjútvrh. né hv. þm. Birni Dagbjartssyni hvað meðalaldur togaraflotans er hár og enn þá hærri meðalaldur bátaflotans. Það verður einfaldlega að skapa grundvöll til þess að hægt sé að endurnýja þessi atvinnutæki þjóðarinnar og það fljótt og það strax. Ég tel að það eigi að gera á þann hátt að íslenskur skipasmíðaiðnaður geti annast þetta verkefni. Ég held hins vegar — og það ættu menn að sjá í hendi sér — að það, sem hefur verið að gerast núna síðasta eitt og hálft árið í höndum þessarar ríkisstj., sé ávísun á sprengingu og innflutning á fiskiskipum hér á næstu árum ef svo heldur sem horfir, nema þá og því aðeins að þessi ríkisstj. ætli þjóðinni að stunda fiskveiðar úr fjörunni í framtíðinni. Það er kannske það sem þeir eru með þessum orðum að segja.

Ég segi það hikstalaust — og ég er að tala hér fyrir sjálfan mig og lýsa hér minni skoðun — að það verður að fara í það verkefni að skapa grundvöll til þess að hægt sé að endurnýja íslenska fiskiskipaflotann. Annars mun það koma stórlega niður á þessari þjóð í framtíðinni í formi versnandi lífskjara, minna öryggis á miðunum, minni hagkvæmni, meiri olíueyðslu og lakar rekins sjávarútvegs alveg á komandi árum. Það þarf ekki að bíða ýkja lengi eftir því að þetta skili sér. Það er mín sannfæring.

Það hefði þurft að taka sérstaklega á vanda þeirra skipa sem byggð voru eða keypt voru hér inn í landið eftir 1977. Það á ekkert skylt við það að þessi skip hafi ekki fiskað nóg. Einmitt mörg af þessum skipum hafa slegið aflamet í sögu þjóðarinnar eða svo gott sem á allra síðustu árum. Ég var hér að tala um skip sem setti upp sínar áætlanir miðað við 3000 tonna afla og það er ágætur afli eins og menn vita. Sé þar gott hráefni sem flokkast vel þá er þar um mikið aflaverðmæti að ræða. Það er ekki við þessi skip og útgerðaraðila þessara skipa að sakast. Ef slíkur afli dugar ekki til að greiða niður fiskiskip á Íslandi í dag þá er einhvers staðar annars staðar eitthvað að.

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig óánægður með þau svör sem hér komu, þ. e. ég hefði vonast til þess að ríkisstj. hefði lagt meiri rækt við að leysa úr þessum málum. Ég veit að það verður fylgst með því hvaða svör koma hér af hálfu þeirra aðila sem eiga nú hamarinn yfir höfði sér. Mig uggir þess að þeim þyki það litlar fréttir og lítil svör sem þeir hér fengu af munni hæstv. sjútvrh. fyrir hönd ríkisstj.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil á engan hátt gera lítið úr þeim vandamálum sem hér er við að etja. Hins vegar verða þau ekki umflúin. Það er ekki svo létt að ganga frá slíkum málum með almennum ráðstöfunum og þá spyrja menn: Hver á að greiða það?

Ég get tekið sem dæmi að skip sem skuldar t. d. Fiskveiðasjóði 220 millj. á skv. öllu eðlilegu, vegna þeirra vaxta sem við verðum að greiða erlendis, að greiða 22 millj. á ári bara í vexti. Það má gera ráð fyrir því að aflaverðmæti þessa skips séu 35—40 millj. hið mesta. Með þeim vaxtaafslætti, sem hefur verið ákveðinn, eru vextir 4% og þar með 13.2 millj. í vaxtaafslátt af þessu hugsaða dæmi. Þetta er að sjálfsögðu vaxtaafsláttur sem er tekinn af sjávarútveginum í heild vegna þess að útflutningsgjöld renna til Fiskveiðasjóðs og íslenskir útgerðarmenn og sjómenn þurfa að greiða það. Ef við ætlum að halda áfram að reka okkar sjávarútveg með því að byggja slík skip eins og hver vill og gefa mönnum síðan kost á að semja þannig að allir borga eins og þeir treysta sér til með góðu móti, þá verður lítill arður eftir í þessari atvinnugrein til að standa undir íslensku þjóðarbúi og til þess að bæta kjör þjóðarinnar. Það mættu menn jafnframt hafa í huga, þegar þessi mál eru rædd, án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr þeim vandamálum sem menn standa víða frammi fyrir. En það vandamál verður ekki leyst með því að hlaupa undan því ef menn meina eitthvað með því að ætla sér að bæta kjörin í landinu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hver ætli hafi verið að hlaupa frá þeim vanda sem við er að glíma í sjávarútveginum? Ætli það sé ekki hæstv. sjútvrh.? Þegar það liggur fyrir að m. a. hefur Alþb. lagt hér fram á Alþingi till. um að sérstaklega yrði tekið á vanda þeirra togara sem núna eru undir hamrinum víðs vegar í landinu, en af þeim ástæðum er afkomu fólks í viðkomandi byggðarlögum ógnað. Þegar það liggur einnig fyrir að a. m. k. einn flokkur hér á hv. Alþingi hefur beinlínis lýst því yfir að við værum fyrir okkar leyti í Alþb. tilbúin til að standa að tekjuöflun í því skyni að koma til móts við þann vanda sem hér er við að glíma og við höfum skorað á hæstv. sjútvrh. að koma hér fram með tillögur í þessu efni. Það hafa engar slíkar tillögur sést.

Sú till., sem Alþb. lagði hér fram í upphafi þings um rekstrarvanda sjávarútvegsins, hefur legið svo að segja óhreyfð í atvmn. Sþ. frá því í okt. Ég held að skynsam-

legra hefði verið miðað við það hve vandamálið er alvarlegt að ríkisstj. hefði lagt sig fram um að taka höndum saman við stjórnarandstöðuna um að finna einhverja lausn á þessum vandamálum. En það hefur ekki verið gripið til slíkra aðgerða, þ. e. aðgerða sem eru að einhverju leyti sértækar aðgerðir.

Ég er alveg sammála hv. þm. Birni Dagbjartssyni um það að þessi vandamál verða ekki öll leyst með almennum aðgerðum. Það getur verið nauðsynlegt að grípa til sértækra aðgerða sem er gripið til sérstaklega vegna ástandsins í viðkomandi byggðarlagi eða hjá viðkomandi fyrirtæki. Til þess að grípa til slíkra aðgerða verða menn að hafa fjármuni og þor til að afla þeirra fjármuna með ákvörðunum hér á hv. Alþingi. Öðruvísi ganga hlutirnir ekki.

Við höfum bent á þann möguleika að sett verði á fót deild við Fiskveiðasjóð sem við höfum kallað vinnuheitinu skuldaskilasjóður sjávarútvegsins. Hún getur auðvitað heitið ýmsum öðrum nöfnum ef menn vilja. Hugsunin er sú að þarna verði til sjóður sem yrði notaður bæði til almennra og sértækra aðgerða út frá ákveðnum grundvallarreglum sem Alþingi ákveður sjálft, bæði varðandi byggðaþróun, atvinnumál og afkomu og möguleika viðkomandi fyrirtækja.

Ég held að það verði að kallast heldur kaldar kveðjur til þeirra byggðarlaga, þar sem uppboðshamarinn glymur þessa dagana, sem hér koma fram í svari eða öllu heldur engu svari hæstv. sjútvrh. við þeirri fsp. sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur hér borið fram. (Forseti hringir.) Og ég skora á hæstv. ríkisstj. að taka nú höndum saman við stjórnarandstöðuna í þessu efni, ganga í það verk að reyna að afla tekna til aðgerða þannig að ekki þurfi til nauðungaruppboðs að koma vegna þess að með þessum nauðungaruppboðum eru margvíslegir aðilar, m. a. bæjarfélög og fleiri slíkir aðilar, að tapa stórfelldum fjármunum. Það verður auðvitað að horfa á alla þessa þætti í senn.

Ég minni á, herra forseti, að fyrir nokkrum vikum hreyfði formaður Sjálfstfl. þeirri hugmynd hér í þessum ræðustól, hv. 1. þm. Suðurl., að skipuð yrði nefnd með aðild aðila vinnumarkaðarins og þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi til að fjalla um alvarlegustu þættina í þeim efnahagsvanda sem við er að glíma hér í landinu. Ég tel að það væri kjörið verkefni fyrir slíka nefnd að ræða um þær alvarlegu horfur í atvinnumálum sem núna blasa við víðs vegar í landinu.

Innkaup opinberra aðila á innlendum iðnaðarvörum, fsp. 212. mál (þskj. 251). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Hinn 2. apríl 1981 samþykkti Alþingi þáltill. um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum sem hljóðaði þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, er leiði til eflingar íslenskum iðnaði, og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu.“

Þessi till. hafði verið fyrst flutt af mér á þinginu 1978—1979. Till. var mjög vel tekið af fulltrúum allra flokka sem hvöttu til samþykktar hennar og framkvæmdar. Hún náði þó ekki fram í það sinn og var endurflutt á þinginu 1979—1980, en það var ekki fyrr en á þinginu 1980—1981 að hún hlýtur samþykki. En þótt gengið hafi erfiðlega að fá jafngott mál og þetta samþykkt er hitt verra ef framkvæmdin er lítil sem engin og þannig sniðgenginn vilji Alþingis.

Í grg. með þáltill. sagði m. a.:

„Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar ...

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka, eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegustu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipaútgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í bein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útboð. Varðandi útboð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess að lengd skilafrests og stærð útboðseininga sé hagað þannig að innlendir framleiðendur geti boðið í verkin.“ Í skilgreiningum sé ekki einskorðað við ákveðnar erlendar gerðir, heldur séu þær almenns eðlis og taki mið af möguleikum íslensks iðnaðar.

„Flm. till. þessarar vill minna á samþykkt sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum, að heimilt sé að taka tilboð innlendra aðila fram yfir erlendra, þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra, en gæði sambærileg. Flm. telur nauðsynlegt að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki og er eðlilegt að slíkt verði metið í tengslum við þá athugun sem hér er lagt til að fram fari.

Það er ljóst, að þjóðarbúskapur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum getur slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tækniþekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Víða erlendis hafa stjórnvöld gert

sér grein fyrir hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar geta gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefni skv. samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðningur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild. Því er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða."

Hér að framan var sagt frá tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir nokkrum árum um opinber innkaup. Því miður hefur hún ekki verið framkvæmd sem skyldi og það væri hægt að nefna mýmörg dæmi um hvernig unnið hefur verið í þveröfuga átt við það sem í þáltill. sagði. Nýjasta dæmið, sem gert hefur verið opinbert, eru erlend innkaup á hillum í bókasafn í Reykjavík. Eins hefur verið skýrt frá í fjölmiðlum að nefnd á vegum Seðlabankans hafi farið út í heim til að kaupa innréttingar og húsgögn í nýju höllina í stað þess að kaupa innlend. Svona mætti lengi telja.

Ljóst er að íslenskir framleiðendur ráða vel við þessi tvö dæmi, sem hér er minnst á, ef þeir fengju tækifæri til þess. En því er ekki að heilsa. Þvert á móti sýnist oft vera stuðlað að því að flytja inn atvinnuleysi og tefja framþróun íslensks iðnaðar. Það er því full ástæða til að minna á þáltill. frá 1981 um opinber innkaup og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hvað hefur verið gert af hálfu rn. til að auka innkaup opinberra aðila á innlendum iðnaðarvörum, sbr. þál. sem samþykkt var á Alþingi 1981?

2. Hvaða áform eru núna fyrirhuguð í þessum efnum?"

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hv. þm. spyr um framkvæmd á, var samþ. 2. apríl 1981 á hinu háa Alþingi og ári síðar, hinn 1. júní, flytur þáv. iðnrh. till. í ríkisstj. um ríkisstjórnarsamþykkt um fyrirmæli til stofnana og fyrirtækja ríkisins varðandi opinbera innkaupastefnu, og segir þar m. a.:

„Í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála og með hliðsjón af þáltill. frá 2. apríl árið 1981 um innkaup opinberra aðila ályktar ríkisstj. að beina eftirfarandi fyrirmælum til allra stofnana og fyrirtækja ríkisins að svo miklu leyti sem þau geta átt við", og vitna ég hér orðrétt til þessarar samþykktar, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að kaupa íslenskar vörur til opinberra nota, enda telji yfirmaður eða stjórn viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis a) að kaupin séu þjóðhagslega hagkvæm, b) að kaupverð vara sé eðlilegt, c) að gæði þeirra séu fullnægjandi.

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu stuðla að iðnþróun og vöruþróun í landinu á markvissan hátt með því m. a. að leitast við að haga útboðum, hönnunarsamningum og verksamningum þannig að þeir miðist við íslenskar vörur og aðstæður.

3. Hvert rn. skal sjá um framkvæmd þessara fyrirmæla gagnvart þeim fyrirtækjum og stofnunum sem undir það heyra.

4. Viðkomandi ríkisstofnanir og fyrirtæki skulu senda því rn. sem þær heyra undir svo og Innkaupastofnun ríkisins hálfsárslegt yfirlit um innkaup þau sem fyrirmæli þessi ná til. Skýrslur þessar skulu vera stuttar og aðgengilegar, þannig að yfirlit fáist um árangur þessarar samþykktar. Skulu meginniðurstöður kynntar ríkisstj. fyrir hvert misseri.

5. Til þess að fylgja eftir framkvæmd þessarar ályktunar samþykkir ríkisstj. að skipa sérstaka samstarfsnefnd um opinber innkaup."

Tilvitnun lýkur í þessa samþykkt ríkisstj. frá 1. júní 1982.

Í framhaldi af þessu voru síðan settar starfsreglur fyrir samstarfsnefnd um opinber innkaup og er sú nefnd skipuð sjö mönnum og eins og segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Iðnrh., fyrir hönd ríkisstj., skipar menn í samstarfsnefndina til þriggja ára í senn. Einn mann án tilnefningar og eftir tilnefningu einn mann frá Félagi ísl. iðnrekenda, einn frá Landssambandi iðnaðarmanna, einn frá Verktakasambandi Íslands, tvo frá Alþýðusambandi Íslands og einn frá fjmrn. Ráðh. skipar formann úr hópi nefndarmanna."

Þessi nefnd starfaði undir forustu Jafets Ólafssonar, fyrrv. deildarstjóra í iðnrn., og mun hafa haldið allmarga fundi, en eins og ég segi er erfitt að meta hver árangur hafi orðið, og víst er um það að ég tel að hér sé um mjög mikilsvert mál að ræða sem þurfi að leggja áframhaldandi mjög mikla áherslu á.

Vegna opinberrar innkaupastefnu flutti ég í núv. ríkisstj. hinn 11. jan. till. um opinbera innkaupastefnu, þar sem segir svo:

„Ríkisstj. samþykkir að beina eftirfarandi fyrirmælum til allra stofnana og fyrirtækja ríkisins í því skyni að efla innlenda atvinnustarfsemi", og er tilvitnun, með leyfi forsetans virðulegs:

„1. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að kaupa íslenskar vörur til opinberra nota.

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að hafa útboð á hönnunar- og verksamningum þannig að þeir miðist eins og frekast er kostur við íslenskar vörur og atvinnustarfsemi.

3. Hvert rn. skal sjá um framkvæmd þessara fyrirmæla gagnvart þeim fyrirtækjum og stofnunum sem undir það heyra."

Síðan, hinn 18. jan., skrifaði ég til allra stofnana og fyrirtækja, er heyra undir starfssvið iðnrn., bréf þar sem ég vitnaði til þessarar samþykktar, en sagði síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið leggur á það mikla áherslu að stjórnendur stofnunar eða fyrirtækis hafi þessa samþykkt framvegis til hliðsjónar við öll innkaup. Á hálfs árs fresti skal gera rn. grein fyrir hvernig staðið er að innkaupum hjá viðkomandi stofnunum eða fyrirtæki. Rn. skal send stuttt skýrsla um öll meiri háttar innkaup, af hvaða aðilum er keypt, upplýsingar um magn og verð. Skýrsla fyrir tímabilið 1. jan. til 31. júní skal berast rn. í seinasta lagi 1. des. 1984" og verður nú gengið fram í því að innheimta þessar skýrslur, en þær hafa ekki borist sjálfviljuglega enn sem komið er.

Af mikilli áhyggju, sem ég vissulega hafði af innkaupamálum hins opinbera, bað ég Hagvang um að gera lauslegar athuganir og senda mér hugleiðingar og tillögur um innkaupamál ríkisins. Ég sendi þær hugleiðingar til allra ráðh. í ríkisstj. í október s. l., en ég vil, með leyfi forseta, kynna hv. þd. þessar lauslegu hug-

leiðingar sem Hagvangur sendi mér eftir minni beiðni. Segir þar, með leyfi forseta:

„Verulegur hluti af útgjöldum hins opinbera eru hvers konar vörukaup. Þessi innkaup spanna alla vöruflokka", segir þar. „Umsjón með innkaupum ríkisins er ýmist hjá einstökum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins eða í höndum sérstakra innkaupstofnana. Áætluð útgjöld ríkisins árið 1984 eru rúmir 18 milljarðar kr. Miðað við að vörukaup ríkisins séu um 40—50% af útgjöldum, sem er algengt hlutfall í veltu fyrirtækja, nemur sú fjárupphæð 7—9 milljörðum kr. sem varið er til vörukaupa ef þessi samanburður stenst. Með hliðsjón af þessu er ljóst mikilvægi þess að vel takist til í innkaupum og birgðahaldsmálum hjá því opinbera.

Á s. l. áratug átti sér stað veruleg vakning meðal nágrannaþjóða okkar um mikilvægi þess að leita nýrra leiða til bættrar efnisstjórnunar, þ. e. öllu því er lýtur að innkaupum, birgðahaldi, flutningatækni, framleiðslustýringu og áætlanagerð. Ýmislegt varð til þess að Ísland fór meira og minna varhluta af umræddu átaki. Í þessu sambandi má nefna m. a. mikla verðbólgu, sem gerði öll innkaup vöru til endursölu varasama hjá innflytjendum, en ýtti undir hamstur hjá opinberum aðilum, og nefna má í því sambandi til að mynda Rafmagnsveitur ríkisins.

Aðstæður hér á landi", segir enn í þessum hugleiðingum, „til að koma við bættri efnisstjórnun hafa batnað verulega nú í seinni tíð, m. a. með auknu framboði flutningavalkosta", stendur hér, það eiga að vera flutningakostir auðvitað, — „auk þess sem efnahagsforsendur eru nú til staðar sem gera mögulegt að hægt sé að endurskoða vinnubrögð við innkaup og birgðahald og að tekið sé á þessum málum með nýjum skilningi."

Síðan gera þeir í fimm liðum stuttar tillögur um athugun á innkaupamálum ríkisins og er hin fyrsta svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lagt er til að athugað verði hvar megininnkaup ríkisins fari fram og hvers eðlis þau séu. Kannað verði hvernig vörukaup eru í meginatriðum skipulögð hjá ríkinu.

2. Athugaðar verði þær reglur sem gilda um vörukaup ríkisins og hvernig þeim er framfylgt. Sérstaklega verði lögð áhersla á að athuga hvernig þeir aðilar, sem sjá um innkaup ríkisins, eru faglega í stakk búnir til að sinna innkaupum.

3. Hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins og annarra innkaupastofnana verði athugað og samskipti stofnana og fyrirtækja við þær.

4. Leitað verði leiða til að koma við aukinni hagræðingu við innkaup.

5. Kannað verði með hvaða hætti sé hægt að auka markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu í innkaupum ríkisins."

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef ástæður og aðstæður til að gefa í sambandi við fsp. hv. 6. þm. Suðurl., en ég endurtek að þetta er ákaflega mikilvægt mál sem þarfnast aukinnar umönnunar og ég mun enda í framhaldi af þessum athugunum, sem gerðar hafa verið, og þeim tillögum, sem ég hef undir höndum, leggja aukna áherslu á að mál þetta verði tekið nýjum og föstum tökum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir flest það sem kom fram í máli hv. þm. Eggerts Haukdals og er hjartanlega sammála þeim skoðunum sem hann lýsti. Vitanlega ber okkur að versla fremur við innlend fyrirtæki en erlend. En sú er ástæðan fyrir því að ég stend hér upp að ég vil leiðrétta fullyrðingar hans um tilboð í húsgögn í bókasafnið í Gerðubergi hér í Reykjavík. Ég á sæti í stjórn Borgarbókasafns Reykjavíkur og tel mér skylt að skýra það mál ofurlítið hér.

Þegar til kom að stjórna því hvernig útboð skyldu vera um húsgögn í hið nýja bókasafn borgarinnar að Gerðubergi gerði stjórn Borgarbókasafns Reykjavíkur samhljóða ályktun um að Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar skyldi sérstaklega gæta þess að versla við innlend iðnaðarfyrirtæki fremur en erlend væri það mögulegt. Upphaflega var að því stefnt að bjóða út skrifstofu- og bókasafnshúsgögn í einu útboði. Frá því var horfið og útboðinu skipt í tvennt, annars vegar í skrifstofuhúsgögn og hins vegar í bókasafnshúsgögn sem eru mjög sérhæfð. Um skrifstofuhúsgögnin, þ. e. öll önnur en sérhæfð húsgögn, er það að segja að í þau barst fjöldi tilboða og Gamla kompaníið fékk það verkefni.

Varðandi bókasafnshúsgögn er málið miklu erfiðara vegna þess að einungis eitt fyrirtæki í landinu hefur fengist við að gera slík húsgögn, sem sagt Kristján Siggeirsson, og fékk það að gera tilboð. Við höfðum nokkra fyrirmynd vegna þess að bókasafnið í Kópavogi hafði hins vegar haft opið útboð og í það bauð enginn. Þegar fram kom gagnrýni frá Félagi ísl. iðnrekenda féllst Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar á að endurtaka útboðið og var þetta mál tekið upp á stjórnarfundi Innkaupastofnunar mánudaginn 3. des. s. l. og samþykkt að óska eftir ábendingum Félags ísl. iðnrekenda um fleiri fyrirtæki sem hugsanlega gætu skilað þessu verki fyrir þann tíma sem óskað er. Þannig er nú þetta.

Til að fyrirbyggja allan misskilning, vegna þess að það hefur verið látið að því liggja að félög bókavarða og bókasafnsfræðinga væru á einhvern hátt sekur aðili í þessu máli, skal það upplýst að Þjónustumiðstöð bókasafna er sjálfseignarstofnun og er stofnuð af Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga, og Reykjavíkurborg á enga aðild þar að. Tilgangur Þjónustumiðstöðvar bókasafna er sá að vera ráðgefandi fyrir hentug tæki af öllu tagi sem nota þarf á bókasöfnum, allt frá spjaldskrá til húsgagna. Ég býst við að bókaverðir hefðu verið fúsir til að skipta við íslensk fyrirtæki. (Forseti hringir.) Ég skal rétt ljúka máli mínu, herra forseti. Þeirra eina sök í þessu útboðsmáli var sú að benda á ákveðna gerð húsgagna, sem Bibliotekscentralen í Kaupmannahöfn hefur framleitt, og ég get nú ekki séð að það geti verið stór synd. Hér er verið að stofna stærsta bókasafn í Reykjavík, og vitanlega er það okkur öllum metnaðarmál, að þar sé nýtískulegt og vel búið bókasafn, og þess vegna hlutum við að leita þar sem líklegast var að við gætum fengið sómasamleg húsgögn. En hins vegar hefur þetta mál svo verið opnað að nýju, og finnist einhverjir á Íslandi sem vilja og geta framleitt bókasafnshúsgögn, þá er það auðvitað opið, en í ljós kom að ekki var unnt að taka við tilboði þeirra hjá Kristjáni Siggeirssyni.

Þetta vildi ég endilega að fram kæmi hér.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eins og rakið var í máli hæstv. ráðh. var talsvert að gert í sambandi

við þessi mál í tíð fyrri ríkisstj., raunar tekið inn í stjórnarsáttmála að mörkuð verði ákveðin stefna um opinber innkaup og til að efla innlendan iðnað og iðnþróun. Síðan var, eins og rakið var af hæstv. ráðh., gerð sérstök ríkisstjórnarsamþykkt um málið 1. júní 1982 og kjarni hennar var sá, að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli leitast við að kaupa íslenskar vörur ef kaupin eru þjóðhagslega hagkvæm, kaupverð eðlilegt og gæði fullnægjandi. Í öðru lagi að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli stuðla að iðnþróun og vöruþróun í landinu á markvissan hátt með því m. a. að leitast við að haga útboðum, hönnunarsamningum og verksamningum þannig að þeir miðist við íslenskar vörur og aðstæður. Þetta er kjarninn í samþykkt ríkisstj. og á grundvelli hennar var skipuð samstarfsnefnd um opinber innkaup undir forustu iðnrn., en með bakhjarl í þessari samþykkt ríkisstj. sem var mjög þýðingarmikill. Ráðh. rakti þetta mál þannig að ég þarf ekki að fjölyrða um það.

Ég vildi aðeins, um leið og ég tek undir mikilvægi þessa þáttar, inna hæstv. ráðh. eftir því hvort samstarfsnefnd um opinber innkaup sé ekki starfandi áfram, og ef svo er ekki, hvaða ástæður hafa lengið fyrir því ef hún hefur verið leyst frá störfum.

Ég heyri að hæstv. ráðh. hefur leitað í þann hugmyndbanka sem hann gjarnan styðst við, ég vil ekki segja í öllum málum en flestum málum, Hagvang, í sambandi við þessi efni. Ekki skal ég draga úr því að þaðan geti komið gagnlegar hugmyndir. En ég er sannfærður um að samstarf eins og stofnað var til innan samstarfsnefndar um opinber innkaup á árinu 1982 var vel íhugað, enda haft samband við framkvæmdanefnd um iðnaðarstefnu í því efni áður en til þess var stofnað. Þarna voru sameinaðir í nefnd framleiðendur, þ. e. iðnrekendur, Alþýðusamband Íslands, sem átti þarna tvo fulltrúa, og Innkaupastofnun ríkisins í gegnum fjmrn., þannig að ég er viss um að ef þarna hefur verið fylgt vel á eftir hefði nú þegar safnast mjög mikilvæg reynsla í sambandi við þessi mál. Ég inni því hæstv. ráðh. nánar eftir starfi þessarar samstarfsnefndar um opinber innkaup, hvort hún sé ekki enn að störfum og um reynslu af því starfi og ef breyting hefur orðið á, þá rökin fyrir því.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sú nefnd er ekki enn þá starfandi og meginástæða þess er sú að ég missti formann hennar fyrir borð eigi alls fyrir löngu. Það hefur verið leitað eftir því að hún yrði endurnýjuð og menn eru að velta vöngum með hvaða tökum þessi mál verða tekin, líka vegna starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins. Ég fór yfir, lauslega að vísu, þær upplýsingar sem ég hef nú að gefa, hugleiðingar um hvaða ráða skuli neytt í þessu sambandi. En ég hef í huga að fylgja eftir því sem að iðnrn. snýr alveg sérstaklega, um að upplýsingar verði gefnar í þessu efni, og enn fremur hef ég leitað eftir því við aðra hæstv. ráðh. að menn tækju höndum saman. Það hefur ekki orðið nægjanlegur árangur af því sem ég upphaflega batt vonir við, það skal alveg játað, en það er þó engin ástæða til og kemur ekki til nokkurra mála að gefa slíka tilraun upp á bátinn því að málið er svo brýnt og mikilvægt.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Út af orðum hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þá ber að fagna því að útboðsaðili Gerðubergs skyldi taka sig á og vonandi að það leiði til þeirrar niðurstöðu að íslenskir aðilar fái þetta verk.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og þær upplýsingar sem hann gaf. Því er ekki að leyna að það sýnist hafa verið nokkur hægagangur á þessum málum. Till. er samþykkt 2. apríl 1981, en það er komið á annað ár, eða 1. júní 1982, þegar hæstv. þáverandi ráðherra tekur til að huga að framkvæmd þessarar þál. (Gripið fram í.) Síðan hefur hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson, eins og hér kom fram, gert ýmislegt í þessu.

Ég vil leggja höfuðáherslu á að hann hefur manna mest talað um það, hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson, að þál. sem samþykktar séu á Alþingi þurfi að fylgja eftir og ríkisstj. á hverjum tíma að fara eftir þeim. Ég treysti honum hið besta til að framkvæma þetta af festu. Allt of lengi hefur tíðkast að þál. frá hv. Alþingi séu aðeins pappírsgagn. Þessu þarf að breyta.

Hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, þessi opinberu innkaup, að ég vona að hæstv. ráðh. fylgi þessu máli eftir, þannig að verulegur árangur verði af því og íslenskur iðnaður njóti góðs af því starfi.

Sameinað þing, 36. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum 32. fundi.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þáltill. 200. mál (þskj. 227). — Frh. fyrri umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna því að hér skuli lögð fram og tekin til umr. till. til þál. um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þó í grg. með þessari till. sé að finna ýmsar gagnmerkar upplýsingar um fjölda fatlaðra barna og hve áætla megi að mörg þeirra þurfi á þeirri þjónustu að halda sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins á að veita verður ekki hjá því komist að gera athugasemdir við ýmislegt sem fram kemur í þáltill. sjálfri og grg. Ekki síst það að ekki er í þessari þáltill. að finna að nægjanlega sé tekið á þeim málum er snerta greiningarstöðina og ágreiningur var uppi um hér á Alþingi fyrir rúmlega ári þegar frv. um málefni fatlaðra var til afgreiðslu á hv. Alþingi.

Þau atriði, sem ég mun koma að í máli mínu og voru raunar helsta ástæðan fyrir því að Alþingi ákvað að afgreiða ákvæði um Greiningarstöð ríkisins með þeim hætti að skipa nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag og framtíðarskipan stöðvarinnar, þannig að Alþingi gæti tekið afstöðu til framtíðarskipulags þessara mála, eru enn mjög óljós og þær forsendur, sem ýmsir alþm. töldu að þá vantaði til að hægt væri að taka afstöðu í þessu máli, liggja raunar ekki fyrir enn og er ekki að finna í þessari þáltill.

Ég vil taka það fram strax í upphafi að þó ég geri athugasemdir við ýmislegt sem fram kemur í þessari þáltill. og sem ekki er að finna þar, þá er það mín skoðun að það starf sem fyrirhugað er að fram fari í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sé mjög brýnt og

raunar hafi dregist úr hömlu að taka ákvarðanir í þessu máli.

Verkefni Greiningarstöðvar ríkisins er aðallega greining á fötlun og að leitað sé réttrar meðferðar og úrræða strax og fötlunar verður vart. Ráðgjöf við foreldra er ein meginundirstaða þess að mikið fatlað eða þroskaheft barn hafi möguleika til að ná sem bestum andlegum og líkamlegum þroska og brýnt að strax þegar fötlunar verður vart dragist það ekki að finna rétt meðferðarúrræði.

Sú greiningarstarfsemi sem á undanförnum árum hefur farið fram í athugunar- og greiningardeildinni í Kjarvalshúsi hefur ótvírætt sannað gildi sitt og það er aðdáunarvert hve fámennt starfslið þar hefur áorkað miklu við þröng skilyrði og í allt of litlu húsnæði. Segir það sína sögu að á undanförnum árum hefur verið eins og hálfs til tveggja ára biðlisti á hverju ári að koma börnum þar að í greiningu og meðferð og eru nú 65 börn þar á biðlista.

Athugasemdir þær sem ég set fram byggjast ekki á andstöðu við þetta mál. Þvert á móti tel ég mjög brýnt að allra leiða verði leitað til að koma greiningar- og ráðgjafarstarfsemi fyrir fötluð og þroskaheft börn í viðunandi og stærra húsnæði.

Athugasemdir mínar eru fyrst og fremst settar fram til að fyrirbyggja að ýmislegt það komi fram á síðari stigum þessa máls sem verður til þess að tefja að framkvæmdir geti hafist.

Í 1. lið þáltill. er gert ráð fyrir að félmrn. og menntmrn. beiti sér fyrir því að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi að Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. *fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar. Síðan kemur* fram í þáltill. að á næstu þremur árum verður undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og verði við það miðað að sú bygging verði fullbúin tveimur árum síðar.

Miðað við forsögu og aðdraganda að þessari framkvæmd óttast ég að þar sem ekki eru dregnar skýrar línur í þessari þáltill. um að ábyrgð á allri framkvæmd og yfirstjórn þssara mála verði strax í höndum eins rn., þ. e. félmrn., eins og lög gera ótvírætt ráð fyrir, torveldi það og tefji fyrir allri framkvæmd þar sem enn virðist eiga að blanda menntmrn. inn í þetta mál og geti því orðið um vissa skörun milli rn. að ræða og skilin óljós á næstu árum hver ábyrgð beri í þessu máli.

Í þessu sambandi tel ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls.

Þegar lög um aðstoð við þroskahefta voru samþykkt á Alþingi 1979 var fyrst gert ráð fyrir stofnun Greiningarstöðvar ríkisins, án þess að í lögum væri tekin afstaða til þess undir hvaða rn. yfirstjórn Greiningarstöðvar ríkisins félli. Áður en lög um aðstoð við þroskahefta voru samþykkt hafði yfirstjórn athugunar- og greiningardeildar í Kjarvalshúsi verið í höndum menntmrn., en deildin er stjórnarlega í tengslum við Öskjuhlíðarskólann. Sérstök stjórnarnefnd var þá skipuð sem fara átti með málefni þroskaheftra, en málefni þroskaheftra áttu þá að heyra undir þrjú rn., þ. e. hjúkrunar- og sjúkradeildir undir heilbr.- og trmrn., fræðsla undir menntmrn. og önnur mál undir félmrn. Áttu fulltrúar þessara þriggja rn. m. a. sæti í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra. Þegar til átti að taka, fljótlega eftir að þessi lög voru samþykkt og hefja átti undirbúning að framkvæmd við Greiningarstöð ríkisins, þá *torveldaði það mjög alla framkvæmd og undirbúningsvinnu* að ekki var tekin afstaða til þess í lögum um aðstoð við þroskahefta undir hvaða rn. Greiningarstöð ríkisins átti að heyra, en sá vísir sem til var að greiningarstöð sem fram fór í athugunar- og greiningarstöðinni í Kjarvalshúsi, eins og áður sagði, heyrði þá undir menntmrn. Mikil togstreita var milli félmrn. og menntmrn. um hvort rn. ætti að hafa með yfirstjórn þessara mála að gera og hver bæri ábyrgð á þessu máli. Varð það til þess að draga mjög á langinn og tefja alla framkvæmd. Ekki var úr því máli leyst fyrr en með samþykkt laga um málefni fatlaðra, sem samþykkt voru á Alþingi 1983, þar sem tekið er af skarið um að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins heyri undir félmrn. Þessi ágreiningur milli rn. kom skýrt fram í umfjöllun félmn. Nd. um frv. um málefni fatlaðra. Í nál. félmn., þegar það afgreiddi þetta mál, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun nefndar á málinu hefur það tafið afgreiðslu málsins að í ljós kom að meiri háttar ágreiningur var uppi milli menntmrn. og félmrn. um IV. kafla frv. er snertir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Vegna þessa ágreinings voru félmrh. og menntmrh. boðaðir á fund nefndarinnar".

Ágreiningurinn milli rn. fólst m. a. í því að fulltrúi menntmrn. taldi að óþarfi væri að setja á fót sérstaka Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem IV. kafli laga um málefni fatlaðra gerði ráð fyrir, og taldi nægjanlegt að bæta við þrettán sérfræðingum innan þeirra stofnana sem fyrir eru, sem að einhverju leyti sjá nú um greiningu og meðferð fyrir fatlaða. Að auki kom fram í *umsögn menntmrn., undirritaðri af Magnúsi Magnússyni sérkennslufulltrúa*, að öllum hlyti að vera ljóst að það rn. sem fer með uppeldis- og kennslumál stjórnaði þessum þætti þeirra mála eins og öðrum.

Þar sem ágreiningur virtist vera til staðar milli þessara rn. um framtíðarskipulag Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, og raunar yfirstjórnina einnig, tel ég það mjög óheppilegt að bæði þessi rn., eins og hér er gert ráð fyrir í till., hafi sameiginlega með það að gera að breyta þeirri starfsemi sem fyrir er, enda bendi ég aftur á að í lögum um málefni fatlaðra eru skýlaus ákvæði um að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins heyri undir félmrn. og hlýtur félmrn. því að eiga að bera ábyrgð á framkvæmd málsins á öllum stigum málsins og við undirbúning framkvæmda. Reyndar var það svo einnig að skipan þeirrar nefndar sem fjallaði um till. og fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sem hér er fjallað um, var í höndum félmrh. þó að fulltrúi menntmrn. skipaði einn fulltrúa í nefnd frá athugunar- og greiningardeildinni í Kjarvalshúsi, en þessi deild hefur verið stjórnunarlega í tengslum við Öskjuhlíðarskóla og undir yfirstjórn menntmrn.

Á það má einnig benda að þrátt fyrir þessi lög kemur fram í fjárlagafrv. að athugunar- og greiningardeildin heyrir enn undir menntmrn., en rekstur stöðvarinnar, greiningarstöðvarinnar í Kjarvalshúsi, er á fjárlögum undir liðnum „skólar fyrir þroskahefta". Því tel ég að enn sé verið að stíga skref til baka inn í fortíðina, þegar blanda á aftur menntmrn. inn í þetta mál. A. m. k. tel ég að taka verði af allan vafa um það í þessari þáltill., þannig að þegar í stað verði yfirstjórn þessara mála flutt til félmrn., eins og lög gera ráð fyrir, og ekki eigi þar að

bíða þar til fullbúið verður framtíðarhúsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem alls óvíst er hvenær tilbúið verður eins og ég mun koma að hér á eftir.

Ég mun því ásamt hv. þm. Helga Seljan flytja brtt. við þennan 1. tölul. þáltill., sem breytt verður hér væntanlega á morgun, um að tekin verði af öll tvímæli um að yfirstjórn þessara mála verði þegar í stað flutt yfir í félmrn.

Í annan stað er gert ráð fyrir í 1. lið þessarar till., eins og þar segir, að jafnframt verði athugaðir möguleikar á kaupum á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þá greiningar- og ráðgjafarstarfsemi sem nú fer fram í Kjarvalshúsi.

Í lögum um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að menntmrn. skuli þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Í samræmi við þetta bráðabirgðaákvæði var á árinu 1983 fest kaup á húseigninni Sæbraut 2 og átti þar með að bæta úr því neyðarástandi sem ríkt hefur og það húsnæði koma til viðbótar þeirri starfsemi sem verið hefur í athugunar- og greiningardeildinni í Kjarvalshúsi. Áætlað var að hefja starfsemi að Sæbraut 2 haustið 1984 og hefur komið fram að nýjar stöðuheimildir séu forsenda þess að hægt sé að bæta og auka þjónustumöguleika greiningarstöðvarinnar í Kjarvalshúsi. Enn liggur ekki fyrir hvort heimildir fáist fyrir þær stöðuveitingar, en eftir því hefur verið leitað við fjárlagaafgreiðslu.

Því hefði verið æskilegt, ef hæstv. félmrh. hefði verið hér til staðar, að fá um það upplýsingar hvort kaup á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús, sem hér er talað um í þáltill., eigi að koma til viðbótar þeirri húseign sem fest voru kaup á á árinu 1983 að Sæbraut 2 — eða er hér verið að fjalla um það hús sem enn hefur ekki verið hægt að hefja starfrækslu í þó kaupin hafi farið fram? Þetta tel ég mjög brýnt að fá upplýst áður en málið fær hér fullnaðarafgreiðslu.

Í 2. lið þáltill. kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á næstu þremur árum verði undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verði við það miðað að sú bygging verði fullbúin tveim árum síðar.

Einnig verði fjármagni beint á þessu fimm ára tímabili að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða aukningu á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins."

Ég er vissulega sammála því, sem hér kemur fram, að nauðsynlegt er að koma á greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum og raunar er gert ráð fyrir því í lögum um málefni fatlaðra. Hér er um mjög umfangsmikla greiningarstarfsemi að ræða sem ráð er fyrir gert að koma verði á fót í öllum landshlutum. Það sem ég hef við þetta að athuga er að málið skuli sett upp með þessum hætti í þáltill. vegna þess að með þessum hætti er í raun gengið lengra en lögin segja til um. Hér er verið að binda fjármagn sjóðsins til næstu ára í þessi verkefni, en skv. lögum um málefni fatlaðra er það hlutverk stjórnarnefndar að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 34. gr. þeirra laga að fengnum tillögum svæðisstjórna og umsögn viðkomandi rn. Er það í raun hlutverk stjórnarnefndar og svæðisstjórna að gera framkvæmdaáætlanir um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða á svæðunum, en með þessum hætti sýnist mér að bundið sé fjármagn til sjóðsins til ákveðinna verkefna næstu árin, enda segir í grg. með þessari þáltill. að nefndin leggi til að á næstu þremur árum verði fjármagni beint að uppbyggingu og meðferð úrræða- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum og samhliða verði aukning á starfsemi greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar á Seltjarnarnesi sem var lýst í þessari þáltill. Einnig segir í grg. með þáltill. að á þessu þriggja ára tímabili verði undirbúin fjármögnun og bygging á framtíðarhúsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og skuli sú bygging verða fullbúin á tveim árum, þ. e. innan fimm ára.

Það er auðvitað nauðsynlegt að gera við það athugasemd að í þessari ítarlegu grg. skuli ekki vera hægt að finna stafkrók um það hver áætlaður er byggingarkostnaður og rekstrarkostnaður við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þegar með þessari þáltill. er gert ráð fyrir að Alþingi taki afstöðu til þess að hún verði fullbúin á næstu fimm árum og að byggingartími verði í raun tvö ár. Hæstv. félmrh. fór þó nokkrum orðum um það í sinni framsöguræðu, en nauðsynlegt hefði verið að sundurliðuð kostnaðaráætlun hefði fylgt þáltill.

Samkv. kostnaðaráætlun, sem gerð var á árinu 1981 og dags. 7. jan. 1982, er gert ráð fyrir að kostnaður við byggingu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á verðlagi í des. 1981 sé 35 millj. Lætur nærri að það sé nálægt 100 millj. miðað við verðlag í dag. Árlegur rekstrarkostnaður var á árinu 1982 áætlaður 10—12 millj. sem gera verður ráð fyrir að í dag sé ekki undir 30 millj. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. ræðumanns á því að við höfum ekki lengri tíma núna til umráða fyrir þessa umr. og umr. verður frestað. Ef hv. ræðumaður vildi gera hlé á ræðu sinni, þar sem það þykir heppilegt, á næstu mínútu eða svo.) Já, ég get gert hlé á ræðu minni strax ef forseti óskar.

Umr. frestað.

Almannafé til tækifærisgjafa, þáltill. 215. mál (þskj. 254). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja, þáltill. 222. mál (þskj. 269). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vaxtafrádráttur til jöfnunar húsnæðiskostnaðar, þáltill. 231. mál (þskj. 290). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum, þáltill. 234. mál (þskj. 300). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskifélag Íslands, þáltill. 22. mál ((þskj. 22). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 75. mál (þskj. 76). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt merking akvega, þáltill. 45. mál (þskj. 45). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill. 52. mál (þskj. 52). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Laxveiðileyfi opinberra stofnana og fyrirtækja.

Svar forsætisráðherra við fyrirspurn um laxveiðileyfi opinberra stofnana og fyrirtækja, á þingskjali 36, frá Stefáni Benediktssyni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

„1. Hvaða embætti og stofnanir ríkisins eða fyrirtæki, sem ríkið er eignaraðili að, keyptu laxveiðileyfi á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983?
2. Hvaða upphæðir greiddu fyrrnefndir aðilar árlega fyrir laxveiðileyfi?
3. Hvaða einstaklingar nýttu laxveiðileyfi þau sem keypt voru?“

Svar:

Forsætisráðuneytið sendi fyrirspurnina til allra ráðuneytisstjóra ásamt bréfi þar sem m. a. sagði:

„Þess er hér með farið á leit, að þér veitið umbeðnar upplýsingar af hálfu ráðuneytis yðar og þeirra stofnana ríkisins eða fyrirtækja, sem ríkið er eignaraðili að og heyra undir ráðuneyti yðar.“

Svör hafa nú borist frá öllum ráðuneytum og skulu rakin hér:

Svar forsætisráðuneytis:

Forsætisráðuneytið keypti engin laxveiðileyfi og hið sama gildir um Þjóðhagsstofnun og embætti húsameistara ríkisins. Svar Framkvæmdastofnunar ríkisins hljóðar svo:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. 14. nóvember s. l., vegna fyrirspurnar um keypt laxveiðileyfi opinberra stofnana 1980—1983:

Framkvæmdastofnun ríkisins keypti laxveiðileyfi á umræddu tímabili: 1981 fyrir kr. 12 000, 1982 kr. 21 600 og 1983 kr. 35 100.

Starfsmenn stofnunarinnar nýttu veiðileyfi ásamt gestum hennar.“

Í skrifstofu forseta Íslands fengust þær upplýsingar, að þar hefðu engin laxveiðileyfi verið keypt.

Svar dómsmálaráðuneytis:

„Skírskotað er til bréfs forsætisráðuneytis, dags. 14. f. m., varðandi fyrirspurn um keypt laxveiðileyfi á vegum embætta og stofnana ríkisins. Eftir könnun á þessu efni og að höfðu samráði við ríkisendurskoðun þykir mega fullyrða, að embætti eða stofnanir, sem heyra undir þetta ráðuneyti, hafi ekki leitað slíkra leyfa eða slíkur kostnaður komið á reikninga þeirra þau ár, sem um er spurt. Reyndar mundi svarið vera hið sama, þótt spurt væri um jafnmarga áratugi og ár.“

Svar félagsmálaráðuneytis:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. 14. f. m., þar sem spurst er fyrir um kaup á laxveiðileyfum af hálfu þessa ráðuneytis og embætta þeirra og stofnana, sem undir það heyra, á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983, vill ráðuneytið hér með tjá yður að hvorki ráðuneytið né þær stofnanir og embætti, sem undir það heyra, hafa keypt laxveiðileyfi á hinum tilgreindu árum, né öðrum og fyrri árum.

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Svar fjármálaráðuneytis:

„Vísað er til bréfs forsætisráðuneytisins, dags. 14. nóv. s. l., um kaup laxveiðileyfa.

Eigi er það í minnum manna hér í ráðuneytinu eða stofnunum þess að laxveiðileyfi hafi verið keypt á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983.

Á árinu 1984 varði ráðuneytið hins vegar 500 kr. til kaupa á tveimur leyfum til að veiða silung í Meðalfellsvatni hálfan dag. Tveir erlendir viðsemjendur ríkissjóðs um skattamál þáðu leyfi þessi.“

Fyrirspurnin var einnig send Fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun og kom fram í skriflegu svari, að af hálfu hvorugs þess aðila hafa verið keypt laxveiðileyfi.

Svar Hagstofu Íslands.

„Hagstofan hefur aldrei keypt laxveiðileyfi.“

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis:

„Ráðuneytið vísar til bréfs forsætisráðuneytisins frá 14. nóvember s. l., þar sem óskað er upplýsinga af hálfu ráðuneytisins og stofnana er undir ráðuneytið heyra um það, hvaða aðilar keyptu laxveiðileyfi á árunum 1980,

1981, 1982 og 1983, svo sem nánar greinir í bréfinu.

Ráðuneytið hefur fengið svör frá stofnunum, svo sem hér greinir:

1. Frá Tryggingastofnun ríkisins, þar sem segir að engin laxveiðileyfi hafi verið keypt af Tryggingastofnun ríkisins á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983.
2. Frá Atvinnuleysistryggingasjóði, þar sem segir að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi aldrei keypt laxveiðileyfi.
3. Frá Lyfjaeftirliti ríkisins, þar sem segir að Lyfjaeftirlitið hafi aldrei keypt eða nýtt laxveiðileyfi á kostnað hins opinbera.
4. Frá landlækni, þar sem segir að landlæknisembættið hafi ekki keypt nein laxveiðileyfi á árunum 1980—1983.
5. Frá Hollustuvernd ríkisins, þar sem segir að frá því hún tók til starfa, 1. ágúst 1982, hafi engin laxveiðileyfi verið keypt.
6. Frá St. Jósefsspítala, Landakoti, þar sem segir að St. Jósefsspítali, Landakoti, hafi hvorki fyrr né síðar keypt laxveiðileyfi né nein önnur veiðileyfi.
7. Frá Fjórðungssjúkrahúsinu, Akureyri, þar sem segir að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri muni ekki hafa keypt laxveiðileyfi, hvorki þau ár sem spurt er um né önnur ár.
8. Frá ríkisspítölum, þar sem segir að ríkisspítalar hafi engin laxveiðileyfi keypt á árunum 1980—1983. Á hinn bóginn er upplýst að tekjur ríkisspítalanna af veiðihlunnindum námu 34 þús. kr. á árinu 1983.

Þá er þess að geta, að af hálfu ráðuneytisins sjálfs hafa aldrei verið keypt laxveiðileyfi né önnur veiðileyfi.

Ráðuneytið væntir þess að forsætisráðuneytið telji þessi svör fullnægjandi um aðild heilbrigðisstofnana að kaupum veiðileyfa fyrrgreind ár."

Svar iðnaðarráðuneytis:

„Vísað er til bréfs forsætisráðuneytisins, dags. 14. nóvember s. l., varðandi fyrirspurn til forsætisráðherra um kaup á laxveiðileyfum.

Hjálagt sendast svör Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar, en aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, voru með neikvæð svör."

Íslenska járnblendifélagið hf.

„Járnblendifélaginu hefur símleiðis borist fyrirspurn um kaup félagsins á laxveiðileyfum o. fl. í því sambandi vegna fyrirspurnar um þetta efni, sem mun hafa verið lögð fyrir forsætisráðherra á Alþingi.

Vegna þessa er eftirfarandi upplýst.

1. Sumurin 1980, 1981 og 1982 keypti járnblendifélagið þrjá veiðidaga hvert ár fyrir sjö stangir til laxveiði. Sumurin 1983 og 1984 hefur þetta ekki verið gert.
2. Greiðslur fyrir þessi veiðileyfi voru: 1980 kr. 12 600, 1981 kr. 33 600 og 1982 kr. 58 800.
3. Járnblendifélagið hefur ekki haldið skrá um hverjir nýttu þessi laxveiðileyfi og getur því ekki veitt um það óyggjandi upplýsingar. Að uppistöðu til voru þessir gestir félagsins framkvæmdastjórar stærstu verktaka við byggingarfra·nkvæmdir, hinna mikilvægustu erlendra seljenda hráefna til járnblendifélagsins og skipafélaga, sem flutt hafa efni að verksmiðjunni og frá, auk fulltrúa eigenda hennar. Þá tóku stjórnarmenn og framkvæmdastjóri járnblendifélagsins þátt í þessum veiðiskap sem gestir og/eða gestgjafar.

Ekki er talið ráðlegt að reyna að skrá eftir minni hvaða einstaklingar nýttu veiðileyfin hverju sinni.

Félagið væntir þess, að þessar upplýsingar séu fullnægjandi."

Landsvirkjun.

Landsvirkjun hefur borist orðsending ráðuneytisins, dags. 23. þ. m., ásamt erindi forsætisráðuneytisins, dags. 14. þ. m., þar sem óskað er eftir svari svo fljótt sem auðið er við spurningu um kaup Landsvirkjunar á laxveiðileyfum 1980, 1981, 1982 og 1983 og hverjir hafa nýtt þau.

Sem svar við fyrirspurn þessari skal upplýst að Landsvirkjun keypti laxveiðileyfi fyrir kr. 68 000 á árinu 1980 og fyrir kr. 144 000 á árinu 1982, en engin á árunum 1981 og 1983 og sama gildir reyndar fyrir árið 1984. Á árinu 1980 nýttu leyfin menn frá Manufacturers Hanover Trust Company, New York, Hambros Bank, London og Electrowatt Engineering Services, Zürich. Á árinu 1982 var um að ræða menn frá Manufacturers Hanover Trust Company, New York, Scandinavian Bank, London, og Electrowatt Engineering Services, Zürich. Í báðum tilvikum voru leyfin að nokkru jafnframt nýtt af fulltrúum Landsvirkjunar.

Svar landbúnaðarráðuneytis:

Ráðuneytið vísar til fyrirspurnar forsætisráðuneytisins, dags. 14. nóv. s. l., um kaup á laxveiðileyfum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess árin 1980, 1981, 1982 og 1983.

Fyrirspurn þessi var send stofnunum ráðuneytisins og hafa svör nú borist. Eru þau öll á þann veg, sem fyrirfram var vitað, að hvorki hafi fjármunum stofnana né vinnutíma starfsmanna verið varið til kaupa og nota á laxveiðileyfum.

Engin laxveiðileyfi hafa verið keypt á vegum aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Svar menntamálaráðuneytis:

Engin laxveiðileyfi hafa verið keypt á vegum menntamálaráðuneytis eða stofnana, sem undir það heyra, á umræddu tímabili.

Svar samgönguráðuneytis:

„Ráðuneytinu hafa borist meðfylgjandi svör, í myndriti, frá stofnunum sem heyra undir samgönguráðuneytið. Enn fremur hafa borist neitanir símleiðis frá Ferðamálaráði Íslands, Skipaútgerð ríkisins og Rannsóknanefnd sjóslysa."

Vitastofnun Íslands.

„Vegna fyrirspurnar hins háa ráðuneytis í bréfi, dags. 19. nóv. 1984 varðandi kaup Vitastofnunar Íslands og Hafnamálastofnunar ríkisins á laxveiðileyfum, upplýsist.

Engin slík kaup hafa átt sér stað þau tuttugu og sjö ár sem ég hefi veitt stofnununum forstöðu."

Skipulagsnefnd fólksflutninga.

„Sem svar við bréfi ráðuneytisins, dags. 19. nóv. s. l., skal fram tekið, að skipulagsnefnd fólksflutninga eða

umferðarmáladeild hafa aldrei keypt laxveiðileyfi."

Póst- og símamálastofnun.

„Með skírskotun til bréfs samgönguráðuneytisins S/090, dags. 19. nóv. s. l., varðandi kaup ríkisstofnana á laxveiðileyfum leyfi ég mér hér með að staðfesta að Póst- og símamálastofnun hefur aldrei staðið að slíkum kaupum mér vitanlega. Enn fremur skal upplýst að aðalendurskoðandi Póst- og símamálastofnunar kannast ekki við að hafa séð neitt er bendi til þess sem spurt er um."

Landmælingar Íslands.

„Með vísun til bréfs ráðuneytisins, dags. 19. nóv. 1984, varðandi fyrirspurn um kaup ríkisstofnanna á laxveiðileyfum, er því hér með lýst yfir, að Landmælingar Íslands hafa ekki greitt fyrir eða keypt laxveiðileyfi á þeim árum sem upp eru talin í bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 14. nóv. 1984."

Siglingamálastofnun ríkisins.

„Svar við fyrirspurn forsætisráðuneytis varðandi kaup á laxveiðileyfum.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur aldrei frá því að hún var stofnuð keypt laxveiðileyfi svo vitað sé."

Vegagerð ríkisins.

„Með ofangreindu bréfi er spurst fyrir um kaup Vegagerðar ríkisins á laxveiðileyfum.

Þess finnast ekki dæmi að Vegagerð ríkisins hafi keypt laxveiðileyfi, hvorki fyrir starfsmenn sína né utanaðkomandi aðila."

Flugmálastjórn.

„Sem svar við bréfi yðar frá 19. nóv. s. l. upplýsist það, að flugmálastjórn hefur ekki keypt laxveiðileyfi, hvorki í íslenskum né erlendum laxveiðiám á umræddum árum."

Ferðaskrifstofa ríkisins.

„Ekkert leyfi keypt fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins."

Veðurstofa Íslands.

„Með vísun til bréfs hins háa samgönguráðuneytis, dags. 19. nóv. 1984, varðandi fyrirspurn um kaup laxveiðileyfa á vegum embætta stofnana og fyrirtækja ríkisins árin 1980—1983, vil ég taka fram að samkvæmt bókhaldsgögnum Veðurstofunnar hefir hún engin laxveiðileyfi keypt á umræddu tímabili."

Svar sjávarútvegsráðuneytis:

„Með vísan til bréfs forsætisráðuneytisins, dags. 14. þ. m., varðandi fyrirspurn til forsætisráðherra skal tekið fram, að hvorki ráðuneytið né stofnanir, sem undir það heyra, hafa keypt laxveiðileyfi á þessum tilgreindu árum, 1980—1983."

Svar utanríkisráðuneytis:

„Með vísun til bréfs forsætisráðuneytisins, dags. 14. f. m., tekur utanríkisráðuneytið fram að engin laxveiðileyfi voru keypt á þess vegum né undirstofnana ráðuneytisins á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983."

Svar viðskiptaráðuneytis:

„Ráðuneytið vísar til bréfs forsætisráðuneytisins, dags. 14. f. m., varðandi fyrirspurn á Alþingi um kaup ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja á laxveiðileyfum, og tekur fram að ráðuneytið sjálft hefur aldrei fest kaup á laxveiðileyfum. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi bréfa sem hafa að geyma svör þeirra ríkisstofnana, er undir ráðuneytið heyra."

Seðlabanki Íslands.

„Til þess að svara bréfi ráðuneytisins frá 16. f. m. varðandi kaup bankans á laxveiðileyfum, þá skal þetta upplýst:

1) Kaup leyfa 1980 kr. 31 200.
   Kaup leyfa 1981 kr. 57 750.
   Kaup leyfa 1982 kr. 101 400.
   Kaup leyfa 1983 kr. 246 000.
2) Árið 1980 voru leyfin notuð af gestum bankans frá Citybank og Manufacturers Hanover Trust, New York.
   Árið 1981: Gestir frá Scandinavian Bank, London og Manufacturers Hanover Trust, London.
   Árið 1982: Gestir frá Westdeutsche Landesbank, Girozentrale, Düsseldorf, og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.
   Árið 1983: Gestir frá Federal Reserve Board, Washington og Bradbury Wilkinson, London.

Öll árin voru leyfin jafnframt notuð að hluta af innlendum gestum og fulltrúum Seðlabankans."

Landsbanki Íslands.

„Svar Landsbanka Íslands við bréfi ráðuneytisins frá 16. f. m., varðandi kaup bankans á laxveiðileyfum, er þetta.

Keypt voru veiðileyfi sem hér segir:

1. Árið 1980 kr. 52 200.
   Árið 1981 kr. 77 800.
   Árið 1982 kr. 194 700.
   Árið 1983 kr. 387 900.
2. Öll árin voru leyfi notuð að hluta af fulltrúum bankans og nokkrum innlendum gestum, auk erlendra gesta frá eftirtöldum stofnunum:
   1980: Christiania Bank og Kreditkasse, Ósló, Svenska Handelsbanken, Stokkhólmi, Scandinavian Bank Limited, London, Union Bank of Finland, Helsinki, Reiknistofa danskra viðskiptabanka.
   1981: Barclays Bank Limited, London, Chase Manhattan Bank, New York, Smith Barney, Harris Upham, New York, Kredietbank S. A. Luxembourgoise, Luxembourg, Royal Bank of Scotland, Edinborg, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.
   1982: Skandinaviska Enskilda Banken, Stokkhólmi, Royal Bank of Scotland, Edinborg, Kansallis-Osake Pankki, Helsinki, sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.
   1983: Skandinaviska Enskilda Banken, Stokkhólmi, Köbenhavns Handelsbank, Kaupmannahöfn, Scandinavian Bank Limited, London."

Útvegsbanki Íslands.

„Með tilvísun til bréfs yðar, dagsett 16. nóv. s. l., vegna fyrirspurnar á Alþingi um hugsanleg kaup bankans á laxveiðileyfum vill bankastjórnin taka fram, að

aldrei hafa verið keypt laxveiðileyfi í nafni Útvegsbanka Íslands, eða nokkur einstaklingur nýtt sér slík leyfi í nafni hans."

Búnaðarbanki Íslands.

„Svar Búnaðarbanka Íslands við fyrirspurn viðskiptaráðuneytisins, dags. 16. nóv. s. l., um laxveiðileyfi er á þessa lund:

1. spurning:
   1980 keypt leyfi kr. 0.00.
   1981 keypt leyfi kr. 0.00.
   1982 keypt leyfi kr. 0.00.
   1983 keypt leyfi kr. 0.00.
   Samtals kr. 0.00.
2. spurning:
   Engir.

Vonandi fullnægja þessar upplýsingar fróðleiksfýsn hlutaðeigandi alþingismanns og valda ekki vonbrigðum."

Verðlagsstofnun.

„Vegna bréfs yðar, dags. 16. nóv., skal tekið fram, að Verðlagsstofnun hefur engin laxveiðileyfi keypt á árunum 1980 til 1984."

Neðri deild, 30. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum fundi í Sþ.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253, n. 332 og 323). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:14 atkv.
2. gr. samþ. með 18:11 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tollskrá, frv. 244. mál (þskj. 360). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 76 frá 28. des. 1983 um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Í athugasemdum við frv. segir svo: „Með lögum nr. 83/1981 var fjmrh. veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í grg. sem fylgdi frv. því sem varð að lögum nr. 83/1981.

Með lögum nr. 98/1982 var heimild til gjaldtöku þessarar framlengd til ársloka 1983 og með lögum nr. 76/1983 var heimildin enn framlengd til ársloka 1984. Forsendur fyrir gjaldtökunni hafa ekki breyst og þykir því eigi fært að fella gjaldið niður um n. k. áramót. Því er lagt til með frv. þessu að gjaldtakan verði framlengd til ársloka 1985."

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 344). — Frh. 1. umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum um þetta lagafrv. eru hér eiginlega á ferðinni þrjú atriði, þrjú mál. Í fyrsta lagi er verkfræði- og raunvísindadeild skipt í tvær sjálfstæðar háskóladeildir. Í öðru lagi er heimild í gildandi lögum til að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð víkkuð þannig að hún taki einnig til flutnings forstöðumanns háskólastofnunar í prófessorsembætti. Í þriðja lagi er opnuð leið fyrir Háskólann til að eiga aðild að rekstrarfélögum eða stofnunum sem stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi og þar með til að stofna þróunarmiðstöð við Háskóla Íslands.

Um þetta mál er það að segja að á þeim litla tíma, sem ég hef haft til að athuga það — sá tími er stuttur, það er mjög skammt síðan þetta mál sást hér í þinginu og það hefur farið nokkuð hratt — sýnist mér fyrri tvö atriðin vera ágæt. Ég tel að það sé rétt og þarft skref að skipta verkfræði- og raunvísindadeild upp í tvær sérstakar deildir. Það mun bæta stöðu þeirra stjórnunarlega og væntanlega aðstöðu þeirra bæði til kennslu og rannsókna.

Annað atriðið, í sambandi við stöðubreytingarnar, held ég að sé breyting ágætlega til bóta. Hins vegar virðist mér þurfa að kanna nokkuð vel þriðja atriðið. Hér er verið að stíga nýtt merkilegt spor, þetta er spor sem við höfum minnst á hér á Alþingi að þurfi að stíga, þ. e. að tengja Háskólann atvinnulífinu á virkan hátt. Það þarf hins vegar að skoðast mjög vel hvernig þetta spor verði best stigið.

Hér koma fram í grg. upplýsingar um hvernig þessum málum hafi verið háttað erlendis, það er óþarfi að rekja það nánar. Í sambandi við ýmiss konar tæknigreinar og þróaðar vísindagreinar hafa háskólarnir í löndunum í kringum okkur orðið uppspretta nýjunga og nýsköpunar í atvinnulífi. Það er brýnt verkefni að búa þannig um hnútana að Háskóli Íslands verði það sömuleiðis. En það er mjög nauðsynlegt að þetta sé gert í nánu og fullkomnu samráði við þær stofnanir Háskólans sem eru uppspretta þessara hugmynda. Þá á ég við stofnanir eins og Verkfræðistofnun, Líffræðistofnun, Raunvísindastofnun, Tilraunastöð í meinafræði á Keldum og hugsanlega einhverjar fleiri sem ég man ekki eftir í augnablikinu. Þarna eru líka stofnanir utan Háskólans

sem hafa hingað til tengst rannsóknastarfseminni þar á ýmsan máta, svo sem Hafrannsóknastofnun og ekki síst Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hugsanlega fleiri. Eitt dæmið enn er Reiknistofnun sem yrði væntanlega aðsetur einhverrar starfsemi í tölvufræðum sem eru svo mjög á döfinni.

Ég held að það sé skynsamlegt þegar málið fer í n. að óska umsagnar þessara aðila allra um þetta mál til þess að kynnast þeirra hugmyndum og þeirra reynslu sem hugsanlega kann að vera af slíku rannsóknarsamstarfi. Slík reynsla gæti verið til komin bæði vegna starfa vísindamanna erlendis og sömuleiðis, eins og ég sagði áðan, af störfum þeirra við þessi mál hér á Íslandi.

Það er komin af stað rannsóknarsamvinna af ýmsu tagi milli aðila í atvinnulífinu og Háskólans. Nýjasta dæmið á þessu sviði er samstarf prófessors Sigmundar Guðbjarnasonar á Raunvísindastofnun og Lýsis og Mjöls. Þeirri rannsóknarsamvinnu hefur t. d. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tengst, þannig að við sjáum að þarna koma mjög margir aðilar við sögu. Það er eðli þessa starfs að það er margþætt, fjölvirkt. Þess vegna álít ég mjög skynsamlegt að afla umsagna þeirra um þessi mál.

Það er býsna margt sem tengist svona máli sem ég tel að þurfi að skoða. Eitt lítið dæmi er t. d. eignarhald á þeim hugmyndum sem fæðast í svona vinnu og síðan greiðslur fyrir notkun slíkra hugmynda. Við getum kannske sett þetta mál fram á sem einfaldastan hátt þannig að opinber starfsmaður, sem er í vinnu hjá Raunvísindastofnun, hefur starfað hjá þeirri opinberu stofnun alla sína vísindatíð, hefur aflað allra sinna tækja fyrir opinbert fé og svo dettur hann skyndilega niður á að uppgötva eitthvað sem er mikilla peninga virði. Þá spyrja menn: Hver á þessa hugmynd? Hver á að njóta arðs af notkun hennar? Að hve miklu leyti á arðurinn að vera hans persónulega og að hve miklu leyti á arðurinn að falla í skaut þeirrar stofnunar sem hefur gert honum kleift að skapa þetta? Mér er kunnugt um — en hef því miður ekki haft tíma til að fletta upp í gögnum mínum — að bara þetta tiltekna atriði hefur orðið tilefni mikilla umræðna í sambandi við líftækni erlendis sem er eitt af þeim nýju sviðum þar sem þetta verður skyndilega áþreifanlegt vandamál. Stofnanir, sem alveg fram á síðustu misseri hafa verið kennslu- og rannsóknastofnanir — í þeim skilningi að þar hafa menn kannske sinnt þekkingarleit þekkingarleitarinnar vegna og aldrei dottið í hug að auðgast af því sjálfir á einhvern hátt — komast í þá aðstöðu með auknum samskiptum við atvinnulífið að hugmyndir í greinum eins og líffræði, sem hingað til hefur ekki verið beinlínis tengd því að auðgast sérstaklega, geta skyndilega orðið mjög arðbærar. Hugsanlega þyrfti að setja sérstaka löggjöf eða reglugerð um þátttöku eða stöðu opinberra stofnana og opinberra starfsmanna í sambandi við þetta.

Í öðru lagi eru þarna atriði sem varða skattamál. Stofnun eins og Háskólabíó, sem Háskóli Íslands á, ber enga skatta. En hvernig verður skattamálum fyrirtækis háttað sem Háskóli Íslands ætti kannske í samvinnu með Lýsi og Mjöl þar sem framleiddar væru hollar lýsispillur með fjölómettuðum fitusýrum sem allir vildu borða og Íslendingar mundu auðgast af? Í athugasemd með frv. stendur um 5. gr. í 6. tölul.: „Fáist lagaheimildin eru tekin af tvímæli um skattfrelsi Háskólans af starfsemi miðstöðvarinnar og fyrirtækja þeirra annarra er Háskólinn ætti aðild að.“ Skv. lauslegum upplýsingum, sem við höfum fengið um þessi mál í dag, liggur þetta mál alls ekki ljóst fyrir.

Í öðru lagi er t. d. í athugasemdum við þessa sömu gr. sagt: „Þróunarmiðstöðin gæti tekið lán til verkefna án afskipta ráðuneyta.“ Þá gæti komið upp sú aðstaða að fyrirtæki, sem Háskólinn væri aðili að, væri búið að binda sig í miklar fjárskuldbindingar, taka stór lán til verkefna sinna án afskipta fjmrn. og menntmrn. Síðan gæti svo farið að þetta fyrirtæki legði upp laupana og af því hlytust skuldir stórar. Hvernig stendur þá Háskólinn gagnvart því máli? Fær Háskólinn þær skuldir greiddar á næstu fjárhagsáætlun frá fjmrn. og menntmrn. sem ekki voru höfð með í ráðum og ekki spurð um leyfi?

Ég hef aðeins tiltekið hér nokkur atriði sem ég sé við fljótan yfirlestur og stuttan næturSvefn að eru augljóslega tengd þessu máli og þurfa skoðunar með. Mér er kunnugt um að innan Háskólans telja margir að þetta mál þurfi meiri kynningar við en það hefur fengið nú þegar. Þess vegna tel ég að það væri verðugt hlutverk hv. menntmn. Nd. að slá tvær flugur í einu höggi, afla umsagna um þetta mál frá sem flestum stofnunum, sem þetta mál varðar, og stuðla þannig um leið að kynningu þess og umræðum um þá möguleika sem í þessum atriðum felast.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til 1. umr., er athyglisvert og sjálfsagt að það fái athugun í menntmn. sem hæstv. ráðh. hefur lagt til að fjalli um málið. Ég tel að hér hafi komið fram gagnlegar ábendingar bæði í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 4. landsk. þm. núna síðast, sem nefndin geti haft gagn af við meðferð málsins. Ég vil greiða fyrir því að málið fái umsögn sem flestra aðila sem það varðar. Það eru eflaust margir sem hafa áhuga á málum sem þessu tengjast, ekki síst þessari fyrirhuguðu þróunarmiðstöð við Háskólann.

Ég tek eftir því að í grg. er ekki að finna neitt kostnaðaryfirlit varðandi slíkt fyrirkomulag og það má vera að þessar hugmyndir séu það ómótaðar að erfitt sé að áætla kostnað. En í lögum nr. 13/1979, sem í eina tíð voru alltítt nefnd hér á Alþingi, er ákvæði sem áskilur að frv., sem hafi í för með sér kostnaðarauka, skuli fylgja áætlun frá fjárlaga- og hagsýslustofnun þar að lútandi. Þetta er eitt af þeim atriðum sem sjálfsagt er að menntmn. taki á við athugun málsins.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég gerði mér ekki ljóst fyrr en í gærkvöldi að e. t. v. væri ágreiningur um það mál sem hér liggur fyrir. Reyndar mun ekki vera efniságreiningur, heldur vilja hv. þdm. fá tækifæri til að skoða málið betur. Það hafði einungis vakað fyrir mér að þar eð hér væri um gjörsamlega ágreiningslaust mál að ræða væri ástæðulaust að tefja það þar til á útmánuðum. Það mætti þá fá afgreiðslu um leið og önnur mál nú. Háskólinn sæi þá fram á þessa möguleika þegar hann stendur andspænis því að framkvæmdafé er mjög skert í þeim fjárlögum sem væntanlega verða afgreidd hér á næstu dögum. Fannst mér eins og þarna væri þó nokkur ljósglæta ef Háskólinn fengi lög um þetta efni um svipað leyti og fjárlögin væru afgreidd.

Þær stofnanir, sem hv. 4. landsk. þm. nefndi, eru

einmitt þær stofnanir sem hér hafa hagsmuna að gæta og hafa hagsmuni af þessu frv. Þess vegna er þetta frv. flutt. Ástæðan til þess að ekki fylgir kostnaðaráætlun er sú að frv. er flutt til þess að afla Háskólanum fjár en ekki til þess að baka honum útgjöld. Það er auðvitað ekki hægt að segja um það fyrir fram hve mikil sú fjáröflun gæti orðið því að það fer vitanlega eftir hinu margfræga lögmáli um framboð og eftirspurn. Þar verður eftirspurnin vissulega mikið að ráða, framboðið er á þekkingunni og stundum skortir aðstöðu til að nýta hana.

Ég held að menn séu á einu máli um að sú heimild, sem þetta frv. mun veita ef að lögum verður, felur í sér miklu rýmri möguleika en nú eru til að selja verkefni út í atvinnulífið. Hún getur líka þess vegna rennt stoðum undir meiri grunnrannsóknir í Háskólanum, en þær eru dýrar. Þær skila oft ekki árangri fyrr en eftir alllangan tíma en eru allt að einu undirstaða allrar framþróunar í þekkingu á þeim sviðum sem stunduð eru í Háskólanum. Þetta vil ég sérstaklega taka fram, því vera má að sú breyting, sem gerð var í hv. Ed., hafi valdið því að menn teldu að þarna ætti að setja á laggirnar nýja dýra stofnun. Það sem um er að ræða er í raun og veru eins konar þjónustuskrifstofa fyrir þá starfsemi sem hér færi fram.

Það er raunar svo að til þess að stofna slíka skrifstofu þarf ekki lagaheimild. Geri ég ráð fyrir að það hafi vakað fyrir flestum hv. Ed.-mönnum að ganga frá því í lögunum að sú samræmingarstarfsemi sem þarna væri ætlunin að hafa og meiri háttar ákvarðanir þar yrðu að heyra undir háskólaráð. Mönnum mun hafa þótt málið eins og með tryggari umbúnaði ef þetta lægi fyrir. Menn hér í hv. deild hafa e. t. v. haldið að þarna væri um einhver meiri háttar kostnaðaratriði að ræða, en svo er ekki. Það er einmitt til þess að greiða fyrir því að unnt sé að gera þá starfsemi, sem fram fer í stofnununum, fjölbreyttari, laða að nýja þekkingu og virkja betur þá þekkingu sem þar er. Og sá hlutur, sem þær stofnanir eða menn sem þar starfa mundu leggja fram í fyrirtækin, er þekkingin og aðstaðan.

Þetta getur orðið, að því er ég tel, mjög mikilvægt spor til að virkja betur þann auð sem íslensku þjóðfélagi stendur til boða að nýta og geymdur er í Háskóla Íslands og stofnunum hans. Eins og ég hef áður nefnt nú nýlega á þingi, þegar til umfjöllunar var tillaga um tengingu atvinnulífs og fræðslukerfis, er Háskóli Íslands vel staddur að því leyti til að þar eru menn með mjög fjölbreytta þekkingu frá ýmsum albestu menntastofnunum heimsins. Ég held að þarna séu möguleikar sem við eigum og verðum að nýta betur til að byggja upp enn árangursríkara atvinnulíf og stuðla að enn verðmætari framleiðslu og vinnslu í landinu.

Hv. 4. landsk. þm. nefndi í þessu sambandi sérstaklega vandasamt og flókið svið sem er hugverkaréttur, eins konar höfundarréttur. Þetta er svið sem er í mikilli þróun víða um heim og það atriði má náttúrlega ekki verða til þess að þetta mál vefjist fyrir mönnum. Þær þjóðir, sem við eigum í samkeppni við, hafa rekið slíka starfsemi með miklum og verðmætum árangri án þess að reglurnar um hugverkaréttinn væru orðnar ýkja rækilegar og skýrar. Það breytir ekki því að alveg rétt var að vekja athygli á þessu máli. Það er eitt af því sem vafalaust kemur til skoðunar og á e. t. v. eftir að auka áhuga manna á þessu sviði og hafa áhrif líka á þau umsvif sem verða í atvinnulífinu. Ég vil enn fremur taka fram að þegar nefnd er í frv. þróunarmiðstöð er átt við eins konar þjónustuskrifstofu til að greiða fyrir tengslum Háskólans við atvinnulífið. Þar er einungis um heimild að ræða. Fyrirkomulag allt verður auðvitað nánar ákveðið af Háskólanum sjálfum innan reglna hinna almennu laga.

Þegar rætt er um ýmis önnur atriði sem tengjast fyrirtækjarekstri fer það að sjálfsögðu eftir almennum lögum og svo sérlögunum um Háskólann að öðru leyti. Það má vel vera að það eigi eftir að verða skiptar skoðanir um einstök atriði eða einstakar framkvæmdir meðal manna í Háskólanum, en það er eins og gengur með stjórnunaratriði sem upp koma. Og til þess er háskólaráð að taka ákvarðanir um slíka hluti. En að meginstefnu til munu menn vera sammála um þetta atriði. Mér tjáir háskólarektor að menn séu upp til hópa sammála um að fá þessa heimild þó að menn kunni e. t. v. að greina á um einstök smáatriði í framkvæmd sem er síður en svo óeðlilegt og það getum við ómögulega girt fyrir í nokkrum lögum. Aðalatriðið er heimildin sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil taka fram að lokum að ég vil fúslega láta nefndinni í té þær upplýsingar sem kynnu að vera þessu máli til fyllingar og til eru í rn., hafi menn þær ekki þegar í höndum. Ég hélt satt að segja að svo væri, að menn hefðu fyllri gögn sem borist hefðu frá Háskólanum um efni sem þessu tengjast. En sé svo ekki er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að útvega þau og ég er því fylgjandi að nefndin fái álit þeirra stofnana sem hér um ræðir.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég legg til að málinu verði svo vísað til 2. umr. og menntmn. Ég vonast til að jólahléið verði notað, þegar eitthvað líður á janúarmánuð a. m. k., til að vinna úr þeim upplýsingum sem fram kunna að koma. En að sjálfsögðu mundi enginn fagna því meira en ég ef menn sæju nú að þeir gætu komist að niðurstöðu jafnvel fyrr. Væri ég síður en svo mótfallin því, en vissulega fagna ég því að menn virðast nú hafa hug á að athuga málið vel.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Til þess skal vanda sem vel á að standa, segir einhvers staðar. Ég held að það geti átt við í þessu máli jafnt þótt um það virðist ríkja hin ágætasta samstaða meðal hv. þm. að hér séu á ferðinni merk nýmæli sem gætu orðið heilladrjúg Háskóla Íslands sem og þjóðinni allri í framtíðinni.

Ég vil einungis að þessu sinni vekja athygli á og velta upp nokkrum spurningum sem koma í huga minn, þá einkum og sér í lagi varðandi það í þessu frv. sem merkast nýmæli telst, sem er í 5. gr. Í fyrsta lagi held ég að nauðsynlegt væri að fyrir lægi að hve miklu leyti sú grein, eins og hún er eftir breytingar í Ed., er með samþykki og fullri samstöðu háskólaráðs. Ég hlýt að skilja það svo, eins og segir í aths., að frv. þetta sé flutt að fengnum tillögum háskólaráðs, þ. e. frv. sjálft eins og það var lagt fram í Ed. Síðan urðu á því breytingar hvað varðar þessa 5. gr., þar sem nafnið „þróunarmiðstöð“ og tvær málsgreinar, sem um hana fjalla, komu inn. Því væri eðlilegt að menn spyrðu: Er háskólaráð engu að síður samþykkt og er þar full samstaða um greinina eins og hún liggur nú fyrir eftir meðferð í Ed.? Ég bendi hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta til skoðunar, á að kynna sér þetta.

Það eru ýmsar fleiri spurningar sem vakna í tengslum við þessa 5. gr. og einkum og sér í lagi þau ummæli sem um hana eru höfð í aths. við einstakar greinar. Þar er ýmislegt sagt sem varðar skattfrelsi Háskólans og ég tek undir það sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði í því efni. Háskóli Íslands er skv. 1. gr. sinna laga — það ber okkur alltaf að hafa í huga — fyrst og fremst akademísk stofnun. Það segir, með leyfi forseta, í 1. gr. laga um Háskóla Íslands undir fyrirsögninni „Hlutverk Háskóla Íslands":

„Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu."

Á því leikur sem sagt enginn vafi að hlutverk Háskólans er fyrst og fremst að vera þessi vísindalega eða akademíska rannsóknar- og fræðslustofnun. Þess vegna vakna spurningar um áherslur og um samspil þessara þátta þegar stofnun eins og Háskólinn fer inn á nýjar brautir með beinni þátttöku í fyrirtækjum úti í atvinnulífinu. Enn fremur vakna þessar spurningar þegar það liggur fyrir — reyndar staðfest af hæstv. menntmrh. hér úr þessum stóli áðan — að Háskólinn býr nú við þröngan kost hvað fjárveitingar varðar. Það hljóta að koma upp spurningar um forgang. Ég vil t. d. velta því hér upp hvernig þeim kostnaði verði mætt sem ég tel óhjákvæmilegt að tímabundið leiði af þátttöku Háskólans í þessari nýju stofnun. Ég er þeirrar skoðunar — og þar kann okkur hæstv. menntmrh. að greina nokkuð á — að Háskólinn þurfi að hafa eitthvert fjármagn til að leggja í þessa starfsemi, a. m. k. tímabundið, að fjárfesta í þessari stofnun. Við skulum vona að það geti rentað sig og skilað sér bærilega þegar sú starfsemi, sem upp yrði tekin, fer að bera arð. Það gefur hins vegar auga leið að það mundi auka gildi þessarar starfsemi að Háskólinn hefði nokkurt bolmagn hvað fjármagn varðar til að taka þátt í þessu. A. m. k. þarf hann að sjá sér fært að sjá af starfstíma starfsmanna sinna og rannsóknaraðstöðu í þessu skyni. Það eru líka fjármunir sem þannig ganga til verksins.

Ég nefndi hér í umr. snemma á þessum sólarhring, herra forseti, að ýmislegt t. d. í byggingarmálum Háskólans væri ekki sem skyldi. Ég nefndi einnig að ýmislegt í almennri stefnumörkun þeirrar stofnunar ætti fullt erindi inn í þessa umr. og ég mundi fagna því ef okkur gæfist á nýja árinu tóm til að ræða þetta mál í tengslum við slíkt.

Það eru reyndar fleiri en Háskóli Íslands sem hafa uppi áform um þróunarstofnanir eða þróunarmiðstöðvar. Hæstv. ríkisstj. hefur látið það boð út ganga til þjóðar sinnar að hún hyggist koma á fót þróunarstofnun, þróunarmiðstöð eða hvað það nú skal heita. Heyrst hefur nefnt í því sambandi að slík stofnun kynni að verða staðsett annars staðar en hér í Reykjavík og væri nokkurt nýmæli, t. d. á Akureyri. Ég hlýt sjálfum mér samkvæmur að spyrja: Kæmi það þá til greina að eitthvert samstarf eða samspil yrði milli þessarar nýju starfsemi á vegum Háskóla Íslands og þessa nýja barns ríkisstj., þróunarmiðstöðvarinnar á Akureyri? Kæmi það t. d. til greina að Háskólinn í tengslum við starfsemi sem hann vonandi tekur upp á næstu árum á Akureyri, skipulegði sína starfsemi þannig að þessar tvær stofnanir, ef báðar komast nú á laggirnar, ynnu saman norður á Akureyri? Fagna mundi ég því, herra forseti, og kannske fleiri ef svo yrði.

Ég held að Háskóli Íslands og þeir menn sem þar starfa muni taka því fagnandi og ekki misskilja það á nokkurn hátt þó að þær fréttir berist héðan úr hv. Sþ. að þm. vilji með jákvæðum hætti taka þetta mál til nokkurrar skoðunar. Það er mín sannfæring að einmitt framfarasporin, sem eiga að lyfta okkur eitthvað fram á við og upp á við, þurfi að ígrunda vel og vanda til þeirra ef þau eiga vel að reynast. Þess vegna geri ég enn og aftur að till. minni að menn taki sér það tóm sem þeir telja sig til þurfa að veita þessu máli farsælan framgang í þinginu.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum síðan lét þekktur þýskur vísindamaður í ljós þá skoðun að ef fram færi sem horfði væri það mjög trúlegt að árið 2000 væru þegnar Vestur-Evrópu einkum hafðir með í ráðum við hirðir framtíðarstórvelda, svo sem Bandaríkjanna, Japan, margra Austur-Asíuþjóða, til þess að segja ráðamönnum til um hvað væri hæfilegt hitastig á rauðvíni við veislur. Ríki Vestur-Evrópu eru augljóslega að dragast svo aftur úr, ekki fyrst og fremst í fræðilegum vísindarannsóknum heldur í hagnýtingu á niðurstöðum vísindalegra rannsókna í iðnaðarstarfsemi, og reyndar ekki aðeins í iðnaðarstarfsemi heldur í allri praktískri hagnýtingu í atvinnu- og viðskiptastarfi, að menn hafa af því stórar áhyggjur að fyrirsjáanlegt sé að lífskjör Vestur-Evrópubúa muni engan veginn halda í við kjaraþróun annarra og gróskumeiri ríkja í heiminum.

Þetta á við um Vestur-Evrópu í heild. Að hluta til er þetta vegna þess að þrátt fyrir drauminn um sameinaða Evrópu hefur hann mestan part orðið að martröð í smjörfjalli og vitleysisgangi Efnahagsbandalagsins. Þrátt fyrir allt eru gífurlegar hindranir á öllum eðlilegum viðskiptum í þessum heimshluta. Þar gætir enn hvers kyns úreltra sveitamennskusjónarmiða. Þar gætir allt of mikillar ríkisforsjár, allt of mikilla verndunarsjónarmiða. Niðurstaðan í heild er sú að vaxtarbroddar atvinnulífs og ekki hvað síst hagnýting vísinda í atvinnustarfsemi, eins og ég ræddi um áðan, fær ekki notið sín. Þetta á ekki bara við um hinn sjúka mann í Evrópu, Bretland, sem er að verða einhvers konar Tyrkland í Vestur-Evrópu, heldur er það jafnvel farið að verða að raunsærri framtíðarsýn um Vestur-Evrópu í heild. Pólitískar afleiðingar þessarar þróunar eru fyrirsjáanlegar í leiðinni.

Norðurlandaþjóðir, sem Íslendingar mæna oft til, eru aftarlega á merinni í þessum málum líka. Þó er það svo að við erum aftast af öllum hinum aftarlegu. Ef við hefðum tekið við okkur fyrir svo sem eins og tíu árum og mótað okkur einhverja stefnu í þessum málum og reynt að hanga í, halda í við önnur smáríki Norðurlanda, þá ætti að vera starfandi hér eitthvað á þriðja þúsund manns í hátækniiðnaði. Þeir eru ef með eru taldir allir starfsmenn, þ. á m. skrifstofu-, þjónustu- og ræstingafólk 140. Enn sem komið er er þessi umræða á almennu pólitísku snakkstigi og það hafa ekki verið teknar einföldustu og brýnustu ákvarðanir um með hvaða hætti við ættum að sérhæfa okkur.

Nú þarf að vísu ekki að halda uppi löngum umræðum um það hvar við eigum að sérhæfa okkur — þá er ég að tala um t. d. rafeinda- og annan hátækniiðnað — því

svarið liggur fyrir þegar. Við eigum að gera það í fiskveiðum, fiskvinnslu og matvælaframleiðslu. Og í — (**Gripið fram í:** Og jarðvarma.) Já, því má bæta við, í jarðvarma. En ég er nú að tala um þennan stærsta atvinnuveg þjóðarinnar og þá er ég ekki bara að tala um vöruútflutning heldur útflutning á þekkingu og reynslu í formi útflutnings á heilum framleiðsluferlum. M. ö. o., hér höfum við heimamarkað sem reyndar er eini heimamarkaðurinn sem gæti risið undir slíkri þróun og gæti orðið vísir að því að innan nokkurra ára yrðum við fullgildir aðilar í útflutningi.

Nýlega lýsti ungur íslenskur vísindamaður þessu á þá leið að hann tók dæmi af Indónesíu. Þar í landi er þróunarþjóð, fjölmenn mjög, sem ekki getur brauðfætt sig. *Úti fyrir ströndum landsins eru auðug fiskimið.* Geta þeirra næstu 20 árin til að brauðfæða þjóðina er að verulegu leyti háð framtíð fiskveiða og fiskvinnslu.

Hvað kemur þetta okkur við? er spurt. Það kemur okkur við með þeim hætti að við erum nú einhver mesta fiskveiða- og fiskvinnsluþjóð í heimi. Ef við værum í stakk búnir innan fárra ára til að selja Indónesum, sem nú hafa gert sér 20 ára þróunaráætlun á þessu sviði, ekki aðeins skip, ekki aðeins hafnarmannvirki, heldur öll tölvustýrð vinnslukerfi fiskiðnaðar og fiskvinnslu, selt þeim allan pakkann, eins og komist er að orði, þá er hér um að ræða markað fyrir hina sérhæfðu fiskveiði- og fiskvinnsluþjóð sem gæti opnað nýjar víddir að því er varðar þróun íslensks sjávarútvegs. En til þess að þetta geti gerst hefði þurft að vera búið að taka ákvarðanir fyrir 5—7 árum um að að þessum markmiðum skyldi stefnt. Þær ákvarðanir eru enn óteknar. Sú þróun, sem hér á sér stað, er mestan part mjög handahófskennd, henni er ekki stýrt.

Nú kunna einhverjir að segja sem svo að þetta komi þessu máli ekkert við. Það er mesti misskilningur. Þetta er kjarni þess máls sem hér er til umr. Það sem er umræðuvert í þessu máli er 5. gr., þ. e. um tengsl Háskólans og atvinnulífsins, og er ákaflega ánægjulegt að það skuli þó loksins vera fram komin hugsun í þessum anda. Ég held að það sé rétt að það muni engin þróun eiga sér stað á þessu sviði, sem skiptir sköpum um framtíð þessarar þjóðar nema með þeim hætti að vísindaleg akademísk menntun verði með skipulögðum aðgerðum hagnýtt skv. fyrir fram ákveðnum markmiðum sem við setjum okkur um þróun vaxtarferils í íslensku atvinnulífi á næstu árum. Þetta er spor í þá átt. Af þeirri ástæðu er þetta mál gott og þarft. Auðvitað þarfnast það skoðunar í smáatriðum. Það hefur verið bent á ýmis atriði eins og t. d. spurninguna um skattfrelsi fyrirtækja sem þarna yrðu í samvinnutengslum við Háskólann. Það er eitt atriðið sem ber að skoða betur. En hitt kemur raunar líka til álita að fyrirtæki af þessu tagi mættu mjög gjarnan njóta tiltekinna skattfríðinda um nokkurt árabil meðan þau væru að festa sig í sessi af því að þetta eru fyrirtæki sem hljóta að stefna að útflutningsmarkaði. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég er með þessum orðum almennt aðeins að benda á að hér er sennilega um mjög þarft og nauðsynlegt mál að ræða. Þegar hagfræðingar líta til hagvaxtarþróunar næstu tvo áratugi eru þeir almennt séð mjög bjartsýnir. Það er mjög sennilegt að fimmta uppsveiflan á 200 ára hagvaxtarskeiði okkar heimshluta sé fram undan og forsendur fyrir gífurlegu framfaraskeiði ásamt mjög blómberanlegum lífskjörum biði þeirra þjóða sem stýra þessari þróun af einhverju viti og einhverri fyrirhyggju núna á næstunni.

Hinna sem eru að tapa af tækifærinu, sem eru að berast á banaspjót vegna úreltra deilumála fortíðar, þeirra bíður það eitt að dragast aftur úr og verða einhvers konar fornminjar eða biðskýli við veginn. Við skulum vona að pólitískri forustu Íslendinga auðnist að rífa sig upp úr fortíðarfarinu og horfa eitthvað fram á veginn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til *menntmn.* með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 31. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum 30. fundi.

Tollskrá, frv. 244. mál (þskj. 360, n. 376). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um breytingu á lögum um tollskrá. Þetta er nál. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Undir nál. skrifa fyrirvaralaust allir nm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 32. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum 31. fundi.

Tollskrá, frv. 244. mál (þskj. 360). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 286 (sbr. 191), n. 348, 349). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Eins og þm. er kunnugt hafa þessi mál verið til umfjöllunar í þessari virðulegu deild bæði í vor og nú við 1. umr. Við 1. umr. um frv. var það skýrt ítarlega af samgrh. Ekki náðist endanlegt samkomulag um málið á s. l. vori á milli hagsmunaaðila. Þess vegna var ákveðið að fram færi nánari umfjöllun og má segja að þetta frv. byggist á þeirri niðurstöðu og samkomulagi á milli aðila þar um.

Samgn. fjallaði um málið á tveimur fundum sínum og kvaddi á sinn fund Guðjón Ármann Eyjólfsson skólastjóra Stýrimannaskólans, Guðjón A. Kristjánsson forseta Farmanna- og fiskimannasambandsins, Guðlaug Gíslason frá Stýrimannafélagi Íslands og Árna Pálsson formann nemendafélags Stýrimannaskólans.

Nefndin hefur breytt nokkuð orðalagi á frv. en að öðru leyti er það óbreytt nema að því er varðar þau réttindi varðandi siglingatíma, sem bundin voru við þátttöku í námskeiðum Slysavarnafélags Íslands og vega sem þreföldun á siglingatíma, að þar er kveðið svo að með þeim hætti geti menn mest áunnið sér einn mánuð í siglingatíma.

Mér þykir vert að geta þess líka að fyrir n. var lagt bréf og ítarleg grg. frá Jónasi Þorsteinssyni skipstjóra á Akureyri. Efni bréfsins var m. a. borið undir Guðjón A. Kristjánsson forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem var einn þeirra sem fjölluðu um frv. og gengu frá því í því formi sem það er nú í. Niðurstaðan af þeirri umfjöllun var sú að nánast öll þau atriði sem Guðjón Kristjánsson fjallaði um í sinni grg. hefðu verið tekin þar til athugunar og tekið tillit til margra þeirra sjónarmiða sem þar eru. Í rauninni má segja að í þeim efnum standi lítið út af. Og þar sem þetta frv. byggist á þeirri niðurstöðu sem fékkst við það nefndarstarf sem hér er að framan getið og samkomulag er um þetta mál milli þeirra sem þar eiga hagsmuna að gæta stóðu ekki efni til frekari breytinga.

Allir nm. eru sammála um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 349,1 (ný 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,2 (ný 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,3 (ný 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,4 (ný 8. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
9.—16. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,5 (ný 17. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
18.—23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 287 (sbr. 190), n. 346, 347). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. samgn. Ed. Alþingis um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Eins og nál. ber með sér var n. sammála um afgreiðslu þessa máls.

Á fundi n. komu til viðræðna Andrés Guðjónsson skólastjóri Vélskóla Íslands, Helgi Laxdal formaður Vélstjórafélags Íslands og Finnur Loftsson varaformaður nemendafélags Vélskólans.

Að öðru leyti get ég vísað til þeirrar grg. sem ég gaf í sambandi við það mál sem ég mælti hér fyrr fyrir á fundinum. Þessi frv. hafa fylgst að og sá einn munur er á breytingu þeirra að við gerum hér ekki till. um neinar efnisbreytingar en aftur á móti er nokkuð mikið hróflað við texta frv. Að öðru leyti er hér ekki um breytingar að ræða.

Með þeim breytingum sem ég hef nú lýst var samgn. sammála um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 347,1 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 347,2 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 347,3 (ný 9. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 347,4 tekin aftur til 3. umr.
10.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseta hefur yfirsést hér 4. brtt. vegna óvenjulegrar upprðunar. Það var varðandi 8. gr., um að 1. mgr. orðist svo sem þar segir. Ef enginn gerir athugasemdir þar við mun verða frestað til 3. umr. að greiða atkv. um þessa brtt. þar sem búið er að afgreiða málið nú til 3. umr. Ef enginn gerir athugasemdir við það mun það verða afgreitt þannig.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Frv. þetta var lagt fram í Nd. og hefur hlotið afgreiðslu þeirrar virðulegu deildar.

Með frv. þessu er lagt til að söluskattsauki hækki um

0.5%, eða úr 2% í 2.5%. Heildarsölugjald verður 24% ef frv. þetta nær fram að ganga. Þar af er hinn eiginlegi söluskattur 20%, orkujöfnunargjald 1.5% og söluskattsauki 2.5%.

Frv. er lagt fram til tekjuöflunar í því skyni að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem enn er mikill, þrátt fyrir það átak er gert hefur verið til þess að draga úr útgjöldum ríkisins.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi verði endurgreiddur. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 380 millj. kr. í þessu skyni, en vegna breyttra verðlagsforsendna, sem nú liggja fyrir, má ætla að sú upphæð verði verulega miklu hærri. Áætlað er að sú hækkun sölugjalds, sem hér er ráðgerð, geti fært ríkissjóði 200—210 millj. kr. tekjur á árinu 1985 miðað við verðlagsforsendur fjárlagafrv. Þessi hækkun sölugjalds færir því ríkissjóði ekki nema hluta þess fjár sem það kostar að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsins. Með hertum innheimtuaðgerðum og bættu söluskattseftirliti í tengslum við söluskattshækkunina má ætla að viðbótartekjur ríkissjóðs vegna breytingarinnar geti náð 250 millj. kr. Er því ljóst að sameiginleg áhrif söluskattsbreytinga þeirra, sem felast í fjárlagafrv. og í þessu frv., eru ríkissjóði mjög í óhag. Engu að síður þykir ekki fært að hækka sölugjaldið um meira en 0.5%.

Ætla má að hækkun vísitölu framfærslukostnaðar af völdum 0.5% hækkunar söluskattsaukans verði um 0.25%, en hafa ber í huga að matvæli og ýmsar aðrar mikilvægar neysluvörur svo og ýmis þjónusta eru undanþegin söluskatti.

Sögu söluskattsins má í raun rekja allt aftur til ársins 1945, en á því ári var hann innheimtur í formi tímabundins veltuskatts. Árið 1947 var hann síðan endurvakinn og var gildistími laga um hann árlega framlengdur allt til 1960 er núgildandi lög voru samþykkt. Samkvæmt þeim var söluskatturinn í byrjun aðeins 3%, en hann hefur farið hækkandi síðan. Alls hefur hann verið hækkaður níu sinnum á undanförnum 24 árum. Síðast hækkaði skatturinn með tilkomu 1.5% orkujöfnunargjalds úr 22% í 23.5% í apríl 1980. Áður var hann hækkaður í september 1979 úr 20% í 22%.

Að svo stöddu tel ég óþarft að hafa fleiri orð um þetta frv. en geri að till. minni að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins geta þess að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hittist í morgun. Að vísu var nefndin verkefnalítil, en við ræddum þetta mál, sem nú er á dagskrá, og 4. málið óformlega þar og komumst að samkomulagi um að biðja um stutt fundarhlé eftir 1. umr. um þessi tvö mál til þess að við gætum þar gengið formlega frá okkar nál. Og væntanlega væri þá eðlilegast að efnisumræður færu fram við 2. umr. En við erum sammála um að greiða fyrir því, hvað sem afstöðu manna líður, að 2. og 3. umr. geti farið hér fram í dag, auk 1. umr. sem nú stendur yfir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Tollskrá, frv. 244. mál (þskj. 360). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76 frá 28. des. 1983 um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Í athugasemdum við lagafrv. segir: „Með lögum nr. 83/1981 var fjmrh. veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í grg. sem fylgdi frv. því sem varð að lögum nr. 83/1981.

Með lögum nr. 98/1982 var heimild til gjaldtöku þessarar framlengd til ársloka 1983 og með lögum nr. 76/1983 var heimildin enn framlengd til ársloka 1984. Forsendur fyrir gjaldtökunni hafa ekki breyst og þykir því eigi fært að fella gjaldið niður um n. k. áramót. Því er lagt til með frv. þessu að gjaldtaka verði framlengd til ársloka 1985."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 35. fundi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 394). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 393, 347,4). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 347,4 samþ. með 17 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tollskrá, frv. 244. mál (þskj. 360, n. 389). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. kom að vísu mjög seint, en um það var enginn ágreiningur og algjör samstaða í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, svo sem raunar hefur áður verið hér á þingi þegar hliðstæð frv. hafa verið afgreidd. Hér er eingöngu um framlengingu að ræða á máli sem áður hefur verið rætt og enginn ágreiningur er um hér í þinginu. Því mælir nefndin einróma með samþykkt frv. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253, n. 390, 391 og 392). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Það væri synd að segja að samstaða hafi verið í fjh.- og viðskn. um afgreiðslu þessa máls. Satt best að segja er alls ekki meiri hl. í nefndinni til stuðnings því að þetta mál hljóti samþykki hér á þingi. Nefndin klofnaði í þrjá parta og mæli ég hér fyrir öðrum stærsta hluta nefndarinnar, þ. e. fyrir hönd fulltrúa Alþb., Alþfl. og Samtaka um kvennalista í fjh.- og viðskn., en fulltrúi Bandalags jafnaðarmanna, sem situr að jafnaði fundi nefndarinnar, er samþykkur áliti okkar. Við leggjum til að frv. verði fellt.

Formaður nefndarinnar, sem veitt hefur henni löngum ágæta leiðsögn og forustu, er ekki reiðubúinn til að styðja þetta mál og skilar því séráliti og mun væntanlega sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Nú verður að játa að vissulega er staða ríkissjóðs ekki góð, en hér er um tekjuöflunarfrv. að ræða. Staða ríkissjóðs er svo uggvænleg að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson lætur hafa það eftir sér í Morgunblaðinu í dag að útlit um rekstrarhalla ríkissjóðs á komandi ári sé geigvænleg tala, eins og hann kemst sjálfur að orði. Jú, það er sannarlega rétt, það blasir við geigvænlegt gat hjá ríkissjóði á næsta ári. Og ekki nóg með það. Verðbólga æðir upp um þessar mundir og erlend skuldasöfnun fer mjög vaxandi. Hæstv. fjmrh. hafði sannarlega áhyggjur af erlendri skuldasöfnun áður en hann kom í sitt embætti og gaf þá frægar yfirlýsingar um að hann mundi ekki una því að skuldahlutfall þjóðarinnar út á við færi yfir 60%. En svo er nú að sjá í viðtali, sem hann á við Morgunblaðið í morgun, að viðhorf hans í þessum málum hafi nokkuð breyst.

Nú get ég að vísu tekið undir með honum þegar hann segir í viðtali við blaðið, með leyfi forseta: „Fólk hlýtur að skilja að þegar þjóðarframleiðsla dregst saman eykst þessi prósenta í erlendum lánum. En þegar þjóðarframleiðsla er mikil minnkar prósentan þó að erlenda skuldin sé hin sama í báðum tilfellum.“ Þetta er laukrétt hjá ráðh. og einhvern veginn finnst mér ég kannast við þessa röksemdafærslu. Ætli ég hafi ekki sjálfur einhvern tíma haft hana uppi? Þetta er vissulega kjarni máls, að erlendu lántökurnar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hreyfast ekki aðeins eftir því hvað erlendu lánin eru mikil heldur einnig eftir því hvernig gengur um þjóðarframleiðsluna. Hins vegar finnst mér hæstv. ráðh. fara nokkuð létt með hlutina þegar hann segir í viðtali við Morgunblaðið til viðbótar, með leyfi forseta:

„Hann sagði þessa tölu hugsanavillu sem einhver óábyrgur stjórnmálamaður eða stofnun hefði fundið upp og því væri ekkert mark á henni takandi.“

Þarna þykir mér hæstv. ráðh. taka nokkuð mikið upp í sig því að vissulega er fullt mark á þessari tölu takandi. En það verður bara að skoða hana eins og hún er vaxin. Hún er byggð upp af tvennum stærðum, þ. e. annars vegar upphæð erlendu lánanna og hins vegar af þjóðarframleiðslunni og hreyfist eftir báðum stærðunum samtímis. Hins vegar held ég að allir verði að taka mark á þeim orðum hæstv. ráðh., sem hann mælti hér fyrir einu ári síðan, að hætta sé á ferð og þörf á að stinga við fótum í sambandi við erlenda skuldasöfnun og að æskilegt sé að þessi prósentutala fari ekki yfir 60%. En hann er sem sagt orðinn annars sinnis nú.

Satt best að segja er staðan í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar með þeim ósköpum gerð um þessar mundir að þar stendur nánast ekki steinn yfir steini, eins og ég hef nú rakið. Og það er ekki annað að sjá en að ríkisstj. reki áfram í brimgarði stefnulaust án þess að nokkur tilraun sé gerð til að stinga við fótum eða ná valdi á þróun mála. Er þá þetta tvennt einna óhugnanlegast, eins og hæstv. forsrh. nefnir, að erlendar skuldir halda áfram að hækka, þótt ekki sé hægt að segja að þjóðin standi í sérstaklega miklum framkvæmdum eins og stundum hefur áður verið þegar skuldahlutfallið hefur verið á uppleið, og staða ríkisfjármálanna er mjög uggvænleg. Einhver nefndi í mín eyru í morgun að stefna ríkisstj. væri eins og lík sem enginn nennti að veita nábjargirnar. Ég hygg að nokkuð sé til í þeirri lýsingu.

En hver er þá afstaða stjórnarandstöðunnar til þess þegar fram kemur á Alþingi till. um auknar tekjur í ríkissjóð? Tekur ekki stjórnarandstaðan því fagnandi að reynt sé að draga úr hallanum á fjárlögunum? Ég held að það verði ekki af stjórnarandstöðunni skafið að hún hefur verið harla tillögugóð þegar um hefur verið að ræða tekjuöflun í ríkissjóð. Satt að segja er leitun að stjórnarandstöðu á seinni árum sem hefur gert jafn ítrekaðar tilraunir til að koma fjmrh. þjóðarinnar til hjálpar í sambandi við stöðu ríkissjóðs með tillögugerð í ýmiss konar skattlagningu. En það hafa verið tillögur sem hæstv. ráðh. hefur ekki viljað hlusta á, ráðleggingar sem hann hefur ekki viljað þiggja.

Við höfum, eins og kunnugt er, verið andvígir því að sköttum væri létt af stórfyrirtækjum, hlutafélögum og yfirleitt atvinnurekstri í þeim stórfellda mæli sem raun ber vitni. Við höfum líka talið að heimta ætti meiri skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Við töldum að

ástæðulaust væri að leggja niður skatt á skemmtiferðir til útlanda og fleira mætti nefna í þessu sambandi. Því segi ég enn og aftur að vafalaust er leitun að stjórnarandstöðu sem lent hefur í því að bjóða atbeina sinn æ ofan í æ til að hjálpa fjmrh. að fylla í hans stóra gat en án þess að sú aðstoð væri þegin.

Auðvitað mótast afstaða stjórnarandstöðunnar í þessu máli af því að við teljum að sú tekjuöflun, sem hér er gerð tillaga um, sé einhver sú óheppilegasta sem völ getur verið á. Hækkun söluskatts kemur fram í öllu almennu vöruverði og kemur sérstaklega illa við lágtekjufólk ofan á þær álögur sem felast í ákveðinni gengislækkun. Við teljum sem sagt flest annað hyggilegra til að rétta hallann hjá ríkissjóði en að leggja á söluskatt eða hækka hann. Auk þess bendum við á að hér er að sjálfsögðu um að ræða skattaskipti, þ. e. hér er verið að fylla upp í það gat sem varð þegar tekjuskattur var lækkaður. Þegar það mál var til umr. töldum við að flestar aðrar leiðir væru hyggilegri í þeim skattaskiptum en að afla teknanna með hækkun söluskattsins.

Hæstv. ráðh. hefur haft sínar aðferðir til að rökstyðja og réttlæta hækkun söluskattsins og hefur m. a. bent á að hækkun söluskattsins komi í staðinn fyrir endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins. Öllum málum má stilla upp með ýmsum hætti og eins er um þetta mál. En ég tel að þetta sé ekki eðlilegur málflutningur þegar haft er í huga að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsins var ákveðin fyrir mörgum mánuðum og fólst í fjárlagafrv. sem var lagt fram á Alþingi í októberbyrjun. Þar er gert ráð fyrir að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsins eigi sér stað og ekkert á það minnst að reynt verði að bæta upp þann tekjumissi með álagningu söluskatts. Hins vegar er í fjárlagafrv. sérstaklega tekið fram að til standi að lækka tekjuskattinn og hækka óbeina skatta á móti og mundi ég að sjálfsögðu vera fús til að leiðbeina hæstv. ráðh. um hvar má lesa þetta í grg. fjárlagafrv. því að þar stendur þetta alveg skýrum stöfum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Í raun og veru höfum við Alþb.-menn og raunar stjórnarandstæðingar allir gert skýra grein fyrir afstöðu okkar til söluskattshækkunar í umr. hér í deildinni margsinnis að undanförnu og því ætti hið gagnorða nál. okkar að duga. En ég vil samt nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort hann geti gefið upplýsingar um það hvernig endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins verður háttað. Þá er ég að hugsa um það hvernig framkvæmdinni verður háttað. Það hlýtur að vera forvitnilegt fyrir þm. að frétta af því hvernig staðið verður að endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins. Um það hafa engar upplýsingar verið gefnar fram til þessa. Ég tel að hæstv. ráðh. beri að fræða okkur þm. um það hvernig hann ætlar að endurgreiða söluskattinn til sjávarútvegsins.

Virðulegi forseti. Ég minni enn á nál. okkar í 1. minni hl., að vísu ekki ítarlegt nál. en gagnort. Þar leggjum við til að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um söluskatt. Nefndin hefur kynnt sér málið og eins og fram hefur komið hefur hún þríklofnað í afstöðu sinni til þess og hefur frsm. 1. minni hl. þegar skilað hér áliti.

Þetta frv. er til komið vegna fjárhagsvanda ríkissjóðs og vísast hér til grg. eða aths. með frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh. sem hann hefur nýlokið hér við að flytja.

2. minni hl., en auk mín skrifa undir nál. hans hv. þm. Valdimar Indriðason og Egill Jónsson, leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 3. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég þarf í sjálfu sér engu að bæta við nál. það sem þegar hefur verið útbýtt hér og hv. þdm. hafa séð, enda hygg ég að þeir allir viti um mínar skoðanir. Ég hef sett þær fram í ræðu og riti í a. m. k. ein 6—7 ár, að nauðsyn bæri til þess í baráttu við verðbólgu að taka af því áhættuna að lækka vöruverð með því að gefa eftir á okursköttum og tollum á brýnustu lífsnauðsynjar heimilanna. Þeirri skoðun hef ég ekki breytt og þess vegna hlaut ég að skila því nál. sem menn hafa fyrir augum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og þegar er fram komið hjá frsm. 1. minni hl. sat ég fundi nefndarinnar og er samþykkur minnihlutaáliti 1. minni hl. sem fram kom á þskj. 390.

Um þetta mál er það frá mínum bæjardyrum að segja að margt hefur maður nú séð vitlaust koma frá þessari ríkisstj., en þetta mun þó líklega vera það alvitlausasta. Ríkisstjórnarfulltrúar hafa hér gjarnan úr ræðustól talað um málefnafátækt stjórnarandstöðu, en ég held nú að aldrei hafi opinberað sig öllu meiri fátækt en úrræðafátækt þessarar ríkisstj.

Þegar við höfum gagnrýnt hér aðgerðir ríkisstj. og stjórnvalda yfirleitt höfum við oft og tíðum bent á að lausn vandans liggur að nokkru leyti og að stærstum hluta í því að koma verður á og það sem allra fyrst stórfelldum breytingum á stjórnkerfi landsins. Ég held að ef gögn þyrfti í málarekstri til sönnunar þessari fullyrðingu þá væri þetta mál sem hér er fram komið eitt ræki legasta sönnunargagnið. Ég vil a. m. k. ekki, að fengnum kynnum af þeim mönnum sem skipa stjórnarflokkana og að fengnum kynnum af þeim einstaklingum sem skipa þessa ríkisstj., ætla að þeir geri slíka hluti sem hér á að fara að gera öðruvísi en að þeir hreint og beint telji sig ekki geta annað. Og ef ástandið er þannig að stjórnvaldið hreint og beint kemst ekki hjá því að hegða sér með jafn vitlausum hætti og hér er gert hlýtur það að liggja í vitlausu stjórnkerfi. A. m. k. vil ég ekki halda því fram hér úr þessum ræðustól að það liggi í því að mennirnir, sem landinu stjórna, séu svo vitlausir að þeim detti ekki neitt annað í hug.

Hér fór fram fyrir nokkrum dögum ekki löng en að mínu mati mjög efnisrík umræða þar sem rætt var um hlutverk og afleiðingar neysluskattanna. Við stöndum hér oft og tíðum í ræðustól og tölum um að hér sé tekist á um stefnur í skattamálum, um neysluskatta, eignarskatta eða tekjuskatta. Staðreyndin er reyndar sú að 80—90% allrar sköttunar á Íslandi eru neysluskattar. Neysluskattar eru sköttun í því formi að sköttunin leitar út í verðlag og er endanlega greidd af neytendum. Sem dæmi gildir þetta um öll innflutningsgjöld, eignarskatta á fyrirtæki, alls konar stimpilgjöld og aukakostnað sem fyrirtæki þurfa að standa í og þar fram eftir götunum. Það að auka sífellt á þessa neysluskattlun gerir ekkert annað en auka sífellt eftirspurnina eftir peningum og að kynda svo undir þessari eftirspurn með sífellt aukinni erlendri lántöku. Hér er dæmið náttúrlega hálfu verra. Það fæst engin bót með því að dæla inn í landið erlendu

lánsfé og ætla sér síðan að reyna að ná einhverju af því með aðgerðum sem þessum aftur til baka.

Það er stórt orð Hákot, en ég held að það verði einfaldlega ekkert annað sagt í stöðu sem þessari en að þetta mál ásamt fjölda annarra mála, sem legið hafa fyrir þingi núna í haust, sanni það rækilegar með hverjum deginum sem líður að hér náum við engum úrbótum fyrr en allt fjárlagadæmið — og þá á ég við tekjuhlið dæmisins, útgjaldahlið dæmisins og lánsfjáráætlun — er bókstaflega tætt upp og skoðað eingöngu í ljósi markmiða sinna en ekki í ljósi þess að niðurstöðutölur fjárlaganna verði að einhvers konar heilögum kúm sem ekki má hreyfa við. Menn verða að eyða hér tíma í umr. um hlutverk ríkisvaldsins, menn verða að eyða hér tíma í umr. um verksvið og umfang verkefnanna og menn verða að eyða hér tíma í umr. um hvort haga megi bæði tekjuöflun og útgjöldum ríkisins með öðrum hætti en gert er hér í dag. Menn komast einfaldlega ekki lengra áfram öðruvísi en að breyta um stjórnarfar, breyta um stjórntæki. Við erum að smíða hér nútímaþjóðfélag með 19. aldar verkfærum. Og þessi verkfæri batna ekkert við það þó að skerpt sé á egginni með frumvörpum eða aðgerðum sem þessum. Það sem er kannske erfiðast að kyngja í málum sem þessum er það að eina vopnið sem tiltækt er er að greiða atkvæði á móti svona löguðu. Það er hart að verða að viðurkenna það að ekki skuli vera til áhrifameiri eða róttækari mótmælaaðgerðir þegar svona er staðið að málum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þess gerist kannske ekki þörf að verða mjög langorður hér við umr. um þetta mál sem þegar hefur hlotið afgreiðslu Nd. og sá tími, sem hér er til umráða nú, er kannske ekki svo mjög rúmur. Það er þó ástæða til að fara um þetta nokkrum orðum enda þótt hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi, fyrir hönd þess minni hl. n. sem ég á aðild að, þegar gert góða grein fyrir afstöðu okkar sem leggjum til að frv. verði fellt.

Það er hins vegar ástæða fyrir hv. þm. að veita sérstaka athygli því nál. sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur skilað. Ég get í rauninni tekið undir hvert orð í röksemdafærslu hans fyrir afstöðu sinni nema það að hann hefur tekið þá ákvörðun að sitja hjá við afgreiðslu málsins þótt e. t. v. væri honum mun kærara að greiða atkv. gegn því. En þetta er að sjálfsögðu afar skiljanleg afstaða og skynsamleg hjá hv. þm. eins og hans var von og vísa.

En ég verð að viðurkenna að ég átti ekki von á því að hæstv. fjmrh. mundi hér á hinu háa Alþingi mæla fyrir hækkun á söluskatti. Það er hálfgerður hallærisbragur á þessu öllu saman þar sem verið er að hækka söluskattinn samtímis því að allir vita að sá skattur skilar sér alls ekki í ríkissjóð. Hér er verið að hækka neysluskatt og keyra verðbólguna þannig áfram, eins og segir í nál. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar.

Það er kannske orðin of gömul lumma til að vitna í að hæstv. fjmrh. hefur ekki einu sinni heldur afar oft sagt að hann mundi fremur segja af sér en leggja á nýja skatta. Hér er verið að hækka skattana, hér er verið að leggja á nýjan skatt, hálft söluskattsstig með öllum þeim annmörkum sem söluskattinum í núverandi mynd fylgja. Nú hefur hæstv. fjmrh. að vísu látið dreifa hér frv. til l. um virðisaukaskatt og ég hygg að allir flokkar hafi lýst fylgi við hugmyndina um virðisaukaskatt, a. m. k. margir stjórnmálaflokkanna. T. d. hefur Alþfl. gert það fyrir býsna löngu síðan og það er í stefnuskrá flokksins að stefnt skuli að því að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts.

En ég verð að gera þá játningu að því meir og lengur sem ég hef horft á þetta virðisaukaskattsmál, þeim mun meira aukast mínar efasemdir um ágæti þess. Ég hygg að svo kunni að vera um ýmsa fleiri. Það er kannske ekki endilega söluskatturinn sjálfur sem slíkur sem veldur því að hann skilast illa heldur fyrst og fremst allar þær undanþágur sem veittar hafa verið frá skattinum. Hér hafa verið nefnd ýmis dæmi um það hversu fáránlegt þetta kerfi er í rauninni orðið. T. d. af því að menn sjá snjómoksturstæki hér að störfum þessa dagana, þegar miklu hleður niður af snjó, má nefna það að ef menn fá dráttarvél til að moka snjó af bílastæði Alþingis er það söluskattsskylt. Ef hins vegar er fenginn vörubíll með tönn framan á til að vinna þetta sama er ekki greiddur af því söluskattur. Ágætt dæmi var nefnt hér í Sþ. um daginn, þar sem um var að ræða sams konar súkkulaðikex eða sælgætisbita sem annars vegar voru settir í lítinn pappakassa og hins vegar voru seldir ópakkaðir. Af öðrum var greiddur söluskattur og hinum ekki. Þetta kerfi er náttúrlega orðið hreint rugl og vitleysa og það er eins gott að viðurkenna það. (**Fjmrh.:** Söluskattur er ekki af sælgæti.) Sumt sælgæti heitir víst súkkulaðikex og er þá víst öðruvísi flokkað.

Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. En þó að hæstv. fjmrh. sé að hækka hér söluskattinn þá hef ég ekki heyrt hann gefa neinar yfirlýsingar um það að hann ætli að segja af sér. Ég er svo sem ekkert að óska eftir því. En ég vil bara minna á það sem hann sjálfur sagði, ekki einu sinni heldur oft. Sömuleiðis hafði hann það á orði að ef hækkun erlendra skulda yrði umfram ákveðið mark mundi hann segja af sér. Hvort tveggja hefur gerst. Skuldirnar hafa hækkað meira en ráð var fyrir gert og skattar á almenningi hafa verið hækkaðir og enn situr hæstv. fjmrh. Ég vek bara athygli á þessu, að þarna fara ekki fyllilega saman orð og gerðir. Ég veit að þótt hæstv. fjmrh. segði af sér væri Sjálfstfl. ekki í neinum vandræðum með að leggja til nýjan mann í það embætti. (Gripið fram í.) Það eru áreiðanlega nógir um boðið ef hæstv. fjmrh. vill meina að það embætti liggi á lausu, sem sýnist nú ekki vera í augnablikinu, en það gæti hins vegar orðið skemmra í það en ýmsa grunar. Ég er ekki í neinum vafa um að þar munu færri fá en vilja. Ég bendi aðeins á að þessi mál væru ekki í slæmum höndum ef t. d. hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar gegndi þessu embætti, því að þær hugmyndir sem hann hefur í skattamálum falla ekki allar aldeilis í sama farveg og þær hugmyndir sem efstar eru á blaði hjá þessari hæstv. ríkisstj. Og ég veit að hæstv. núverandi fjmrh., sá ágæti maður, fær ekki sínar hugmyndir allar fram í þessari ríkisstj. Ég þykist vita að þetta séu honum ekkert sérstaklega létt spor hingað í þennan ræðustól þegar hann í raun verður að tala fyrir málum sem mér býður í grun að stundum séu honum býsna þvert um hug og sem hann raunar hafði aðrar skoðanir á áður en hann tók við embætti ráðh.

Þegar menn eru að fjalla um þessa söluskattshækkun, sem ég legg til að nái ekki fram að ganga, er nauðsynlegt að huga að því hvernig þessi ríkisstj. hefur í stuttu máli staðið að skattbreytingum. Hún hefur aukið skattbyrði einstaklinganna. Hún hefur lækkað skatt á fyrir-

tækjum. Hún hefur lækkað skatta á bönkum og hún hefur lagt á alveg sérstaka lyfja- og sjúklingaskatta, þau gjöld hafa hækkað meira en mörg önnur. Hún hefur bætt stöðu þeirra sem betur mega sín, en staða hinna sem minna mega sín í þjóðfélaginu hefur versnað. Þetta eru meginatriði.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að nú er knappur tími til starfa hér og mörg verkefni við að fást ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni. En ég legg til að þetta frv. verði fellt og mun greiða atkvæði gegn því.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð hér um þetta frv. Við höfum rætt efni þess áður í hv. deild og afstaða þingflokka komið skýrt fram. Menn hafa rætt hér löngum um efnahagsstefnu ríkisstj., um brestina í henni og ef menn vantar, hvort sem um er að ræða þing eða þjóð, frekari sannanir á því að efnahagsstefnan sé þverbrotin þá eru þær í þessu litla frv. Það er svo sannarlega verðbólguhvetjandi á meðan efst á blaði í stjórnarstefnunni er að ná niður verðbólgunni.

Mig rekur líka hálfpartinn minni til þess, eins og hv. síðasta ræðumann, að hæstv. fjmrh. hafi lofað því að leggja engar nýjar skattaálögur á almenning og lofað því í leiðinni að segja af sér ef slíkt yrði gert. Mér þætti mjög fróðlegt að heyra hvaða afstöðu ráðh. hefur tekið til sinna fyrri loforða að þessu leyti.

Eins og fram kemur í nál. 1. minni hl. er ég andvíg því að söluskattur sé hækkaður, að neysluskattar séu hækkaðir upp fyrir það sem þeir þegar eru. Ég tel það hina mestu óhæfu að auka enn á gjaldabyrði almennings og það á sama tíma og við vitum að bilið breikkar stöðugt milli þeirra sem fáar hafa krónurnar og þeirra sem fleiri hafa krónurnar. Þessi söluskattshækkkun kemur ekki til með að koma við þá sem fleiri hafa krónurnar, en hún mun svo sannarlega koma við þá sem hafa þær færri. Því mun ég ekki undir neinum kringumstæðum veita frv. af þessu tagi fylgi mitt.

Staða ríkissjóðs er geigvænleg. Það vitum við öll. En í stað þessarar tekjuöflunarleiðar hef ég, eins og ég hef áður rætt um héðan úr ræðustól, talið viturlegra að leggja skatt á þá sem einhvern skatt geta borgað. Þar má m. a. nefna skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og aukinn eignarskatt. Sú leið, sem hér er lögð til til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, leiðir okkur að mínu viti eingöngu út í enn frekari torfærur í fjármálum ríkisins og kemur þar að auki niður á þeim sem síst skyldi. Því legg ég til að þetta frv. verði fellt og greiði atkvæði á móti því.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Alþb. leggur til að frv. verði fellt. Kvennaframboðið leggur til að frv. verði fellt. Alþb. leggur til að þessi slæmi skattur verði ekki aukinn, heldur tekinn skattur af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Kvennaframboðið gerir það sama. Svona er hægt að halda áfram. Ég ætla því að biðja virðulegan starfsfélaga minn, 11. þm. Reykv., að taka til sín svar mitt til hv. 3. þm. Norðurl. v. (**RA:** Hvers á Alþfl. að gjalda?) Alþfl. er óháður Alþb. enn þá.

Ég hef hér lagt fram frv. um söluskattsauka að hálfu prósenti. Það er talað um og mikil áhersla lögð á að hér sé verið að hækka söluskatt til að draga úr áhrifum af niðurfellingu tekjuskatts. Við skulum segja að þetta sé allt rétt, við skulum ekkert vera að deila um það. Hér er verið að leggja á söluskattsauka, þó að ekki sé hár, sem á að gefa 200 millj. kr. Það er staðreynd. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að vera að deila um hvort þessar 200 millj. kr. koma upp í tekjumissi ríkissjóðs af þessu eða hinu tilefninu. En staðreyndin er, svo að við tölum um tekjumissi ríkissjóðs á annan hátt, að ríkissjóður mun ekki innheimta sem svarar 600 millj. af tekjuskatti. Ríkissjóður mun greiða sem svarar, eins og hann hefur lofað, 400—500 millj. til sjávarútvegsins til baka. Ríkissjóður mun endurgreiða vegna loðnunnar og mun endurgreiða uppsafnaðan söluskatt af olíu til fiskiflotans. Þetta er staðreynd. Og það er staðreynd að það er á annan milljarð, hve mikið get ég ekki sagt, kannske 1 milljarður og 200 millj., sem ríkissjóður verður af með. Við skulum viðurkenna að það koma 200 millj. rúmar til baka í söluskattsinnheimtu. Ef við lítum á hvað ríkissjóður innheimtir og hvað ríkissjóður lætur af sínum tekjum er dæmið raunhæft, hvort sem stjórnarandstaðan er að reyna að gera lítið úr því eða ekki. Það er verið að létta tekjuskattsbyrðina með því að innheimta ekki 600 millj. kr. eins og til stóð skv. framlögðu fjárlagafrv., en hækka söluskatt á móti niðurfellingu á tekjuskatti. Það voru allir sammála um það frv. sem lagt var fram. Þar var gert ráð fyrir að beina beinni skattheimtu frekar inn á óbeina skattheimtu. En óbeina skattheimtan skv. frv. er felld niður. Við skulum því ekkert vera að deila um það. Við vitum hvað er skorið niður af ríkissjóðstekjum og hvað kemur í staðinn.

Frsm. fjh.- og viðskn. eru nú orðnir þrír þannig að það er orðin heil eldhúsdagsumræða um stjórnmál almennt.

En það er rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að það eru viss ummæli forsrh. landsins í Morgunblaðinu í dag sem ég er alls ekki sammála. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef áhyggjur af erlendum skuldasöfnunum. Þær voru orðnar það miklar fyrir síðustu kosningar að eftir flokksráðsfund eða hvað það er kallað hjá Alþb. kom formaður Alþb. fram og hvatti til þjóðstjórnar, til þjóðareiningar vegna þess að ástandið væri orðið þannig að engir pólitískir flokkar, alveg sama hvernig kosningarnar færu, gætu ráðið við ástandið. Ég er alveg sammála um að það var orðið svona slæmt. En við skulum bara líta á þær staðreyndir að ríkissjóður stendur ekki lengur svo illa, og ef þessar nýju álögur á ríkissjóð, sem að hluta til eru mér að kenna sem fjmrh., þ. e. niðurfellingin á tekjuskattinum og svo aðrar tillögur sem voru samþykktar, eins og endurgreiðslan á söluskattinum til sjávarútvegsins, hefðu ekki komið til núna, þær voru ekki inni í dæminu síðast, þá væri ríkissjóður ekki með 600—700 millj. kr. halla núna við fjárlagaafgreiðslu, heldur góðan tekjuafgang þrátt fyrir allt. Það var ákveðið, og m. a. s. fyrir gengislækkun, að erlendar skuldir skyldu ekki fara yfir ákveðinn ramma og þessi rammi var talinn þurfa að vera um 7200 millj. Hann verður í kringum það, kannske 7300 millj. Staða ríkissjóðs hefur batnað. Bæði alþm. og ég tala nú ekki um fjölmiðlar eiga að leggja áherslu á björtu hliðarnar, ekki að varpa skugga yfir þjóðina, yfir Alþingi og yfir framkvæmdavaldið. M. a. s. er hér á Alþingi ekki gert annað en að tala um að það þurfi að breyta þessu og breyta hinu, það þurfi að breyta um menn í ríkisstj. Haldið þið hver og einn að þið séuð allir alltaf færari um að hafa með höndum framkvæmdavald en þeir sem það

gera hverju sinni? Ég dreg það í efa.

Auðvitað hef ég áhyggjur af skuldasöfnun. En ég hef ekki meiri áhyggjur af skuldasöfnuninni en svo ef peningamál þjóðarinnar geta gengið áfram eins og þau hafa gengið, að ég er sannfærður um að við getum unnið okkur út úr þeim vanda sem við erum í. Og við *getum unnið okkur út úr mörgu af því sem við viljum* losna við. Ég er á móti þessari skattheimtu. Ég hef sýnt það og ég hef talað þannig síðan ég kom á Alþingi að ég er á móti slíkri skattheimtu yfirleitt vegna þess að ég held að þjóðfélagið eigi að fara að gefa það mikið af sér að við eigum að geta lækkað ríkissjóðstekjurnar.

En við skulum ekki gleyma því, og ég gat um það í hv. sameinuðu Alþingi fyrir nokkrum dögum, að það er ekki lengra síðan en 1944 að við öðlumst sjálfstæði og þjóðin er gjörsamlega gjörsneydd öllu því sem aðrar menningarþjóðir töldu sjálfsagt. Við höfum verið að byggja upp þjóðfélag. Hér var ekki malbikuð gata, aðalgata, um það leyti sem við fengum sjálfstæði. Ég bjó hér í miðbænum, ég bjó á Smiðjustígnum og bleytan frá Bergstaðastrætinu og Laugaveginum rann niður *Smiðjustíginn ef rigndi*. Hér eru nú atvinnutæki, hér hefur verið dregin upp mynd af sjálfstæðri menningarþjóð sem lifir því lífi sem er sambærilegt við hvað sem er hvar sem er. Svo var ekki þá. Og haldið þið að það kosti ekki peninga? Peningar voru ekki heldur til þá. Auðvitað þurftum við að fá þá að láni. Og þegar nú er verið að tala um að við séum að færa skuldir yfir á börn framtíðarinnar getum við alveg eins sagt: Við erum að gera það sem þeim ber skylda til að halda áfram að gera, en við þurftum að byrja seint miðað við aðrar þjóðir vegna þess að við vorum ekki sjálfstæðir. Það er líka talað um það og hvert mannsbarn les um að sá auður sem átti að fara hér í uppbyggingu var notaður til að byggja upp Kaupmannahöfn að hluta. (**Forseti:** Ég verð því miður að trufla hæstv. ráðh. í ræðunni. Það var meiningin að fresta fundi núna og halda síðan áfram kl. hálfsex nema ráðh. sé að ljúka máli sínu.) Nei, virðulegi forseti. Ég er ekki að ljúka máli mínu því að svo margt hefur komið fram sem er sagt til þess að gera ríkisstjórn landsins og ráðh. erfiðara fyrir. Ég get því ekki lokið máli mínu á skömmum tíma. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Það er erfitt að þurfa að gera hlé á svarræðu, hugsanlegt að áheyrendur, ef þeir eru þá fyrir hendi, gleymi því sem fram hefur komið í fyrri hálfleik og standi sig þar af leiðandi illa í seinni hálfleik.

Ég vildi gjarnan að hv. 3. þm. Norðurl. v. sýndi mér þann heiður að hlusta á svar mitt til hans, en hann var eins og ég áhyggjufullur út af erlendum skuldasöfnunum. Það er ég ekkert síður nú en áður en ég kom til starfa í því embætti sem ég gegni tímabundið þó að vandamálið sé mér nær nú en áður. Öll þau ummæli mín, sem hann kann að hafa heyrt þegar hann var fjmrh., eiga við enn þann dag í dag. Leiðir að því marki að losna við erlendar skuldir, leiðir út úr þeim vanda, sem virðast vera margar hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. í dag, voru honum lokaðar þá. En í mínum huga eru þær ekki margar. Þær eru fáar, en sumar auðveldar, t. d. áframhaldandi skuldasöfnun til að leysa þann tímabundna vanda sem hver einstaklingur þarf að glíma við í embættistíð sinni og hins vegar að vinna sig út úr vandanum, sem alltaf er að sjálfsögðu hin grýtta leið, og reyna þá að skila verkinu eitthvað áfram þó að ekki komist menn á leiðarenda. Ég tel að það hafi komið í ljós að hægt er að vinna sig út úr þeim fjárhagsvanda sem þjóðin er í og þá verði hægt að hefja þá miklu vinnu, sem fram undan er, að hreinsa til í frumskógi skatta og álaga á fólkinu í landinu. Slíkt væri raunhæft með því að vinna sig út úr vandanum í stað þess að taka lán á lán ofan erlendis frá til þess að komast út úr *honum tímabundið*. *Ég held að við séum öll sammála* um að það er kominn tími til að fara að vinna í þá átt eða, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. og fleiri en hann hafa sagt, að stinga við fótum í erlendri skuldasöfnun.

En ég er ekki sammála honum um að ríkisstj. sé stefnulaus. Ég svaraði honum fyrir nokkrum dögum í sameinuðu Alþingi og ég ætla að leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði þá, þegar hann taldi að ekki kæmi fram nein stefna í fjárlagafrv., en við erum að ræða hér hluta af tekjuhlið fjárlagafrv. Ég tel að það komi fram pólitísk stefna í því að draga úr framlögum til niðurgreiðslu á vöruverði, að nú skuli stefnt að því að greiða niður 1.2% í framfærsluvísitölu í stað 3—4% eins og var hjá fyrrv. ríkisstj. Ég tel að það sé pólitísk stefna að takmarka framlög til útflutningsbóta, þannig að þau verði *380 millj. í stað yfir 500 millj.* sem útflutningsbótaréttur inn kallar á. Ég tel að það sé pólitísk stefna að takmarka framlög til atvinnuvegasjóða og annarra framkvæmdasjóða. Og ég tel að það sé líka pólitískt stefnuatriði að framlög til húsnæðismála hafa tvöfaldast frá árinu 1984, úr 400 millj. í 800 millj. Ég tel að það sé pólitísk stefna þegar framlög til vegamála eru eins mikil og raun ber vitni, en áætlað er að þau verði tæpir 1.5 milljarðar kr. Ég tel að það sé pólitísk stefna að stórauka framlög til málefna fatlaðra eða um 40—50% milli ára. Ég tel líka að það sé pólitísk stefna þegar ákveðið er að endurgreiða 450 millj. í söluskatti til sjávarútvegsins eða um það bil. Og ég tel líka að það sé pólitísk stefna þegar ákveðið er að tekjuskattur skuli lækkaður um 600 millj. Ég álít því að það vanti ekki *pólitíska stefnu. Þannig er ekki rétt með farið hjá hv.* 3. þm. Norðurl. v. Ég tel líka að það sé pólitísk stefna að ákveða að leggja fram 50 millj. í fjárlögum til nýþróunarverkefna í iðnaði. Það er líka áformað að afla 500 millj. kr. lánsfjár í sama tilgangi fyrir það nýja þróunarfélag sem um hefur verið rætt og allir kannast við og ég ætla mér ekki að lýsa.

Hér er sem sagt farið með rangt mál þegar talað er um að engin pólitísk stefna komi fram í fjárlagagerðinni og að ríkisstj. sé stefnulaus. Það sæmir ekki reynsluríkum þm. að taka þannig til orða.

En það kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. og það furðar mig ekkert að allt sem ríkisstj. gerir og ráðh. yfirleitt er alltaf það vitlausasta sem hægt er að gera hverju sinni. Maður er orðinn vanur slíkum málflutningi og *málefnafátækt* stjórnarandstöðunnar, að úrræðaleysi ríkisstj. sé alltaf algjört. Auðvitað þarf að koma fram stórfelldum breytingum á stjórnkerfi landsins, að sjálfsögðu, en því er ekki að heilsa að einhverjar hugmyndir komi frá *stjórnarandstöðunni*. Það er ekki hægt að ætlast til þess að stjórnarandstaðan og síst af öllu hv. 8. þm. Reykv. geri neitt annað en að segja að það þurfi að gera þetta og það þurfi að gera hitt og allt sé vitlausast sem gert er í augnablikinu af ráðherrum.

Ég fagna því að hv. 3. þm. Norðurl. v. er svona viljugur að gefa okkur ráð til fjáröflunar í atvinnurekstri og víðar, en er það virkilega trú hv. þm., að þessi ríkisstj. sé eins stefnulaus og hann vill láta fólk halda

með tali sínu, miðað við það sem ég gat um í upphafi máls míns og var niðurstaða miðstjórnarfundar Alþb. um sameiginlegt átak stjórnmálamanna um þjóðstjórn til að bjarga sér frá þeim villuvegi sem hann og fleiri góðir ráðherrar úr hans herbúðum voru búnir að leiða þjóðina út á að þeirra eigin mati? Af hverju notaði þá ekki hv. þm. sem hæstv. ráðh. og hans félagar öll þessi góðu ráð? Fjárhagurinn er miklu betri núna en hann var þegar öll þessi góðu ráð voru í gildi og allir þessir skattar, sem búið er að afnema núna, streymdu inn til ríkissjóðs. Fjárhagurinn er svo sannarlega miklu betri og furðulegt að svo skuli vera, miðað við þann málflutning sem virðulegur þm. hefur viðhaft.

Einhvers staðar skrifaði ég niður eftir hv. 8. þm. Reykv. að brjóta þyrfti upp fjárlagadæmið. Það er alveg rétt. Ég er margbúinn að segja það. Ég er margbúinn að taka fram að það er einmitt það sem þarf að gera. En vandamálið liggur ekki hjá ríkissjóði. Vandamálið felst ekki í þeim dauða pappír sem á eru tölurnar og liðirnir sem við köllum fjárlagadæmi. Vandamálið situr á Alþingi og gengur á tveimur fótum. Það eru alþingismennirnir. Jafnvel meðan við erum að afgreiða fjárlög, sem við vitum að verða afgreidd með hundruðum millj. kr. rekstrarhalla, þá streyma hér á borðin till. og frv. frá þm., frv. sem kosta tugi og hundruð millj. Ég hef margoft sagt að innan tíðar muni ég leggja fram úttekt á lögunum og lagasafninu, sem er nýútgefið, sem sýni okkur öllum hvernig vinnubrögð við höfum viðhaft þegar við höfum samþykkt kannske mörgum sinnum, — ég segi kannske ekki mörgum sinnum, það er orðatiltæki, en sem slíkt ætla ég að nota það, — heildartekjumöguleika ríkissjóðs í útgjöldum. Við hverju búist þið svo?

Ég harma að hv. 8. þm. Reykv. skuli vera, eins og ég kalla það, af svokallaðri kóka kóla og prins póló kynslóð. Hann talaði um að við værum að smíða nútíma þjóðfélag með 19. aldar verkfærum. Verkfærin sem smíða það sem er árangurinn og afraksturinn af störfum Alþingis eru hugvit þeirra sem sitja Alþingi hverju sinni. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég átti því láni að fagna um þriggja ára skeið fyrir seinni heimsstyrjöldina — en ég var nú ekki fæddur fyrir þá fyrri — að fylgjast með vinnubrögðum þeirra sem við höfum kallað aldamótamenn og voru enn þá í fullu fjöri þá og fylgjast með hvernig þeir unnu, hvernig þeir töluðu og sem ungur sendisveinn hér að fylgjast með þeim á ýmsan annan hátt. Það verð ég að segja að aldamótamennirnir voru nútímalegra tæki til afkasta á Alþingi en það sem ég hef fyrir augunum í dag í mörgum stólunum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa ræðu um þetta litla frv. sem í öllum þeim þrengingum sem við verðum að þola gefur ríkissjóði 200 millj. kr. á móti niðurfellingu á ríkissjóðstekjum sem eru yfir 1000 millj. Ég verð að segja alveg eins og er að ef einhver hefði viljað aðra skatta, sem voru eyrnamerktir sem annaðhvort fasteignagjöld eða skattar á fyrirtæki eða á þessa ríku einstaklinga sem hafa svindlað sig upp í það að verða sjálfbjarga, eins og sumir vilja halda fram, þá held ég að menn verði að hugsa sinn gang. Og ég vona að Íslendingurinn þurfi aldrei að taka á sig hliðstæðar kvaðir við það sem aðrar þjóðir verða að gera þegar þær verða að taka á sínum vandamálum, sem eru kannske og oftast nær miklu alvarlegri á friðartímum, svo maður tali ekki um stríðstíma, en þó að 200 millj. kr. sé dreift í óbeinum sköttum á íslensku þjóðina til að hlaupa undir bagga með undirstöðuatvinnuvegunum sem bera uppi velmegun okkar sem heildar. Minna gat það ekki verið úr því að einhverja skatta þurfti að innheimta.

Virðulegur þm. Eiður Guðnason talar um söluskattinn sem af hinu illa og segir alla vita hvernig hann skilar sér. Það getur vel verið að söluskatturinn skili sér illa. Það vil ég ekki fullyrða um að svo stöddu né heldur, ef það er rétt, af hverju hann skilar sér illa. En ég held að ef skattar skila sér illa sé það vegna þess að fólkið í landinu reynir að koma sér undan að standa skil á þeim. Ríkinu sem atvinnuveitanda, sem móttakanda á þessum gjöldum fólksins í sameiginlega sjóði ber skylda til að bera sig eftir þeim. Það er að tillögum Alþfl. sem verið er að herða söluskattseftirlit. Ég vona að hvort sem það er söluskattur eða einhver annar skattur skili það sér pínulítið betur í framtíðinni þannig að við gætum kannske lækkað skattana vegna þess að þeir skili sér betur eða gert eitthvað annað og meira. En eitt er víst, að það er ekki ríkisstj. að kenna að dregist hefur að lögleiða þann skatt sem Alþfl. hefur barist fyrir í gegnum árin, eins og kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, virðulegum 5. landsk. þm., virðisaukaskattinn. Það er við Alþingi sjálft að sakast. Ég lagði virðisaukaskattsfrv. fram fyrst frumvarpa s. l. ár og hér er það búið að liggja allt síðasta þing og nú er það komið aftur og ég mun mæla fyrir því í annað sinn þegar virðulegur forseti ákveður að taka það á dagskrá. Ég reikna ekki með og ég legg enga áherslu á að það verði héðan af fyrir jól, en ég vona að það verði fljótlega eftir hátíðar.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um svör til þeirra sem hafa tekið til máls og ég vona að það gerist ekki neitt það hér sem geri það að verkum að ég þurfi að koma upp í ræðustólinn afutr í þessum umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hv. 5. landsk. þm. og 3. þm. Norðurl. v. ásamt 11. þm. Reykv. spurðu hæstv. fjmrh. ákveðinna spurninga sem hæstv. fjmrh. hefur í raun og veru ekki svarað. Þvert á móti kemur hann hér í ræðustól og heldur ræðu sem vekur enn fleiri spurningar. Hann segir: Ég er ekki sammála forsrh. né ríkisstj. Hann hefur miklar áhyggjur af lántökum og hann er á móti þessari skattheimtu. Allt er þetta í anda þeirra fullyrðinga sem fyrrnefndir hv. ræðumenn beindu spurningum sínum að og ekki fengust svör við. Enn þá stendur hæstv. fjmrh. við þær fullyrðingar sem í nefndum loforðum fólust og enn þá segist hann vera fulltrúi andstæðinga þeirra aðgerða sem hér er verið að framkvæma í hans nafni. Ég tel að bæði þingheimur og þjóð eigi rétt á því að fá skýringar á þessari mjög svo undarlegu stöðu sem fjmrh. er kominn í og eigi líka rétt á því að fá svör við því hvers vegna hann ekki tekur rökréttum afleiðingum af andstöðu sinni við þessar aðgerðir.

Það er engin afsökun og beinlínis óíþróttamannslegt að segja — (Gripið fram í.) Vill hæstv. fjmrh. ekki hlusta á mál mitt til enda? — að það sé afsökun fyrir þessum gerðum að hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði þetta líka þegar hann var í ríkisstj. — Og hann gerði líka margt verra. Þar af leiðandi get ég líka gert það sama eða eitthvað sem er aðeins minna vont. Síðan segir

hæstv. fjmrh.: Stjórnin er ekki stefnulaus og telur síðan upp langan lista sem hann segir vera pólitík þessarar ríkisstj.

Í samhengi við ákveðin orð sem féllu hér af munni hæstv. fjmrh. í minn garð vildi ég leyfa mér, þrátt fyrir reynsluleysi í þingstörfum og færri aldursár, að benda hæstv. fjmrh. á að í þeim atriðum sem hann taldi upp felst ekki pólitík. Þetta eru aðgerðir eða úrræði sem e. t. v. eru í samhengi við einhverja pólitík eða stjórnmál. En enn þá er eftir að skýra hvert markmið þessara aðgerða á að vera. Hæstv. fjmrh. andmælti nefnilega sjálfur stuttu seinna þegar hann sagði: Fjárlög eru dauður pappír. — Stjórnmál eða pólitík er varla hægt að skrá á dauðan pappír. Þá eru það allavega dauð fjárlög. Það eru aðgerðir en ekki pólitík að draga úr framlögum til niðurgreiðslna, að draga úr framlögum til útflutningsbóta, að draga úr framlögum til atvinnuvegasjóða, að auka framlög til byggðasjóða, að auka framlög til vegamála og að auka framlög til málefna fatlaðra. Það eru aðgerðir en ekki pólitík í sjálfu sér að endurgreiða sjávarútvegi 450 millj. af uppsöfnuðum söluskatti. Það eru aðgerðir en ekki pólitík í sjálfu sér að aflétta tekjuskatti. Kannske mætti segja að það hillti undir einhvers konar pólitíska stefnu í þeirri aðgerð sem hæstv. fjmrh. nefndi seinast þar sem hann talaði um að veita af rausn sinni og ríkisstj. 50 millj. til nýjunga í atvinnulífi auk loforðs um 500 millj. kr. lán til sömu verkefna. Ef maður á að skilja orð hæstv. fjmrh. þannig að þær aðgerðir sem hann lýsti ættu allar á endanum að vinna að því markmiði að ná þeim árangri að byggja upp hröðum skrefum nýtt og betra atvinnulíf sem stæði undir þeim lífskjörum sem við óskum okkur, þá væri ég reiðubúinn að viðurkenna að það væri pólitík. En handahófskenndar viðgerðir á fjárlögum eru ekki pólitík að mínu mati, heldur eingöngu lýsing eða viðurkenning á þeirri staðreynd að tekjur ríkisins fara rýrnandi. Þetta eru ekkert annað en viðbrögð við minni tekjum.

Virðulegi forseti. Ég verð að taka smávegis af tíma hv. þd. til að ræða ákveðið atriði sem ekki beint snertir þetta mál og þó. Hæstv. fjmrh. hefur þann vana, a. m. k. þegar hann talar til mín, að gerast þar nokkuð persónulegur. Ég veit ekki hvort aðrir þm. hafa sömu reynslu. Í umr. á þingi fyrr í vetur, þar sem verið var að fjalla um kjör kennara og ég leyfði mér að fara í ræðustól og bera kjör kennara saman við kjör þm. á þeim sama mælikvarða sem hann hafði notað í þingræðu, þá notaði hann sér ákveðin atriði úr einkaviðtali, sem við áttum saman niðri í kaffistofu, til að reyna að hafa uppi andsvör gegn mínum málflutningi. Ég tel svona framkomu ósmekklega. Núna leyfir hann sér líka að nudda mér upp úr því að ég sé ekki eins reynsluríkur í þingstörfum og hann og þar af leiðandi minna mark á mér takandi — (Gripið fram í.) Rétt er það. — og endar á því að kalla mig kóka kóla og prins póló kynslóð. Það var ekki ég sem byrjaði að flytja inn Kóka kóla eða Prins póló. Ég hef neytt þess, það er alveg rétt. En ég hugsa að þeir menn sem stóðu að þeim innflutningi hér á Íslandi hafi staðið hæstv. fjmrh. allmiklu nær í aldri en ég geri.

Jafnframt þessu talar hann í sama samhengi um að það hafi engar hugmyndir komið fram frá Bandalagi jafnaðarmanna og frá mér í þeim málefnum sem við erum hér að ræða um og eins og til að sanna að hann er að því er virðist nánast heyrnardaufur á öðru eyra spyr hann út í salinn hvort menn hafi viljað aðra skatta eins og það séu einu kröfurnar sem hér hafi komið fram. Ég vil þá minna hann á framlagðar brtt. BJ við fjárlög á síðasta ári. Ég vil minna hann á fram komnar tillögur frá BJ um niðurfellingu afskipta eða starfsemi á vegum ríkisins í þeim tilgangi að draga úr umsvifum þess og draga úr tilkostnaði við störf sem engu skila í þágu almannaheilla.

Hann vitnar í orð mín þar sem ég talaði um að brjóta þyrfti upp fjárlagadæmið, brjóta þyrfti upp tekjudæmið, útgjaldadæmið og lánadæmið og segir: Ég er margbúinn að segja þetta sjálfur. — Þá er mín spurning: Hvers vegna hefur hann ekki í þeim tvennum fjárlögum sem hann hefur staðið að unnið að þessu markmiði sem hann hefur sett sér? Hvers vegna hefur hann notað þetta aldamótatæki sem fjárlögin eru í dag? Jú, hann hafði afsökunina á reiðum höndum. Hæstv. fjmrh. hefur eiginlega alltaf afsakanir á reiðum höndum og afsakanirnar eru yfirleitt á þann veg að þetta sé öðrum að kenna. Vandamálið er ekki að hæstv. fjmrh. hafi brugðist sannfæringu sinni eða skoðun. Nei. Vandamálin eru þm. sem ganga á tveimur fótum, þm. sem flytja tillögur á tillögur ofan á þingi sem margfalda mundu fjárlög ef allar yrðu samþykktar. Og hann dregur hæfileika þm. til þingmannsstarfa og reyndar einnig til framkvæmdavaldsstarfa mjög í efa. (**Fjmrh.:** Farðu með það rétt, sumra.) Sumra. Taki það hver til sín.

Síðan segir hæstv. fjmrh.: Ég þekkti aldamótakynslóðina. Hún var nútímalegri en kóka kóla og prins póló kynslóðin. — Ég tek alveg undir þessi orð hæstv. fjmrh. Ég þekkti aldamótakynslóðina líka. Ég ætla að biðja hann að hafa mjög vel í huga að hvaða leyti þessi aldamótakynslóð var frábrugðin okkur. Hún sýndi kjark. Aldamótakynslóðin barðist fyrir sjálfstæði þessarar þjóðar og ef þið hvarflið til baka þó það væri ekki nema 84 ár í mannkynssögunni, þá get ég bent ykkur á það, sem þið öll vitið, að um aldamótin urðu stórfelldar breytingar í íslensku þjóðlífi og efnahagslífi.

Það urðu líka um leið stjórnkerfisbreytingar. Um 1920 urðu róttækar stjórnkerfisbreytingar hér á Íslandi jafnframt því að það urðu líka mjög róttækar breytingar í efnahags- og þjóðlífi. Árið 1940 fóru enn fram stjórnkerfisbreytingar og aftur urðu mjög afdrifaríkar breytingar í efnahags- og þjóðlífi Íslendinga. Allt stefndi þetta fram á við. 1959 eða 1960 voru seinustu stjórnkerfisbreytingarnar sem hægt er að tala um framkvæmdar og stuttu seinna urðu þó nokkur þáttaskil í íslensku þjóðlífi og efnahagslífi. Þessi 20 ára taktur í uppgangi íslenskrar þjóðar er nokkuð reglulegur. Það má segja með vissum hætti að við séum gengin fjögur ár fram yfir tímann. Þó að nokkuð hafi áunnist á s. l. 24 árum, því verður ekki neitað, er samt sem áður augljóst í dag, og eftir stendur mín fullyrðing úr fyrri ræðu, að án þess að gagnger breyting fari fram á okkar stjórnkerfi megum við ekki vænta neinnar breytingar á okkar högum.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. minntist hér lítillega á fyrrv. ríkisstj., ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens, sem ég átti sæti í. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að tala ekki illa um þá stjórn því að hann verður nú að teljast guðfaðir hennar og veitti henni dyggan stuðning oft og tíðum.

Hann minntist þess að fyrir tveimur árum, haustið

1982, voru kreppuboðar miklir í aðsigi og menn sáu fram undan að þjóðartekjur mundu verulega rýrna. Þá var það sem Alþb. lagði það til að þjóðarsamstaða yrði um efnahagsaðgerðir sem hefðu það hvort tveggja að markmiði að þjóðin gæti siglt í gegnum þá váboða sem fram undan voru og að ekki þyrfti samtímis að skerða kjörin meira en nam falli þjóðartekna. Þetta var sú áætlun sem hæstv. ráðh. var að vitna til og þeir gera það oft, sjálfstæðismenn, að vitna til þessarar áætlunar, sem við settum fram, og mega sannarlega rifja upp tillögur okkar sem oftast því að þetta voru orð í tíma töluð.

Hins vegar fannst mér ekki alveg nákvæmt frá sagt af hans hálfu þegar hann fór að tala um hag ríkissjóðs á þessum tíma og bera saman við hag ríkissjóðs nú vegna þess að hann veit það allra manna best að ríkissjóður hefur líklega aldrei staðið betur að vígi á undanförnum tíu árum en einmitt á árinu 1982. Ríkissjóður kom út á árinu 1982 með 800 millj. kr. afgang. Það þýðir ekki að hrista höfuðið og neita þessu því að ríkisreikningur fyrir árið 1982 hefur nýlega verið lagður fram. (**Fjmrh.:** Hvað var þá í útistandandi skuldum?) Þær eru þá meðtaldar. (**Fjmrh.:** Nei.) Jú, jú, jú. Ríkisreikningur gengur út frá tekjum og gjöldum ríkissjóðs og mismunurinn heitir afgangur. Vegna þess að hæstv. ráðh. er sjálfur alveg nýlega búinn að leggja fram í þinginu ríkisreikning fyrir árið 1982 ætti hann að vita það að í þessum ríkisreikningi kemur ljóslega fram að afgangur á þessu ári var rúmlega 800 millj. kr., þannig að það þarf ekki að halda því fram að ástandið núna, með 1000 millj. kr. gat fram undan eins og forsrh. er að upplýsa okkur um eða 700 millj. kr. gat eins og sagt er að fjvn. gangi frá dæminu eða hvort sem það er nú, sé betri staða en þá var. En við skulum ekki þrátta um þetta. Þetta eru staðreyndir sem liggja á borðinu.

En hæstv. ráðh. spurði: Úr því að verið er að gefa okkur þessi góðu ráð um hvernig ríkissjóður eigi að afla tekna, hvers vegna notuðuð þið ekki þessi ráð sjálfir? Staðreyndin er auðvitað sú að þeir tekjustofnar sem við höfum gert till. um, þar er ég að tala um hærri skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði en nú er lagður á, á ferðagjaldeyri, bankaskatta, hærri skatta á atvinnurekstur — allir þessir skattar voru á lagðir á þessum tíma. Ég bið hæstv. ráðh. að taka eftir því að allir þessir skattar voru á lagðir á þessum tíma. (Gripið fram í.) Ástæðan fyrir því að staðan er þetta miklu verri en hún var þá er sú að þessir skattar hafa nú verið numdir á brott. Þetta er ein skýringin á því að staðan er miklu verri nú en hún var þá.

Ég ætla annars ekki að fara að eyða tíma deildarinnar til að þjarka um þessi efni. Við höfum gert það svo oft, við hæstv. ráðh., og við eigum sjálfsagt eftir að gera það seinna. En það var ein ábending í ræðu hæstv. ráðh. sem mér þótti sérstaklega eftirtektarverð og athygli verð fyrir alla þjóðina. Það var þegar hann átti orðaskipti við hv. þm. Eið Guðnason og skaut því þá að að það sem þjóðina vantaði, það sem okkur vantaði, væri forsrh. Þetta var sannarlega ábending sem getur flokkast undir orð í tíma töluð. Forsrh. er höfuð ríkisstj. Ég er ekki að tengja það neitt saman við þann kafla í ræðu ráðh. þar sem hann talaði um vandamálið sem gengi á tveimur fótum. Ég er ekkert viss um að það sé beint samband þar á milli. En mér fannst að þessi ábending hans væri sérstaklega athyglisverð, að okkur vantaði fyrst og fremst nýjan forsrh., því að við vitum öll að það þýðir nýja stjórn. Ég tek mjög eindregið undir þetta með ráðh. Það er einmitt það sem okkur vantar. Okkur vantar nýja stjórn og nýjan forsrh.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég kem hérna aðeins til að leiðrétta dálítinn misskilning hjá hæstv. fjmrh. Mér er ávallt ljúft að rétta honum hjálparhönd. Hann talaði hér um þm. Kvennaframboðs og ég vil láta þess getið að Kvennaframboð á hér enga þm., heldur Samtök um kvennalista.

Síðan gæti verið að hæstv. fjmrh. hafi eitthvað ruglast í nál. því að þau eru óvenjumörg í þessu máli og ég vil þá aðeins benda honum á að allir stjórnarandstöðuflokkar eru andvígir þessu frv. og reyndar fleiri en stjórnarandstöðuþm., þar á meðal hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður hv. fjh.- og viðskn., og að allir hafa þessir aðilar viljað standa að tekjuöflun ríkissjóðs með öðrum hætti.

Hv. 8. þm. Reykv. kom hérna áðan og minntist á að hæstv. ráðh. hefði látið mörgum spurningum ósvarað og ég vil ítreka þá spurningu, sem ég bar hér fram og ráðh. hefur ekki svarað, en hún var á þá leið að mig minnti að ráðh. hefði haft uppi orð og loforð um að athuga sína stöðu í ríkisstj. ef auknar skattaálögur kæmu til. Ég ítreka þá spurningu aftur: Hver er afstaða ráðh. til þess núna?

Það voru fleiri spurningar sem lagðar voru fram, en ráðh. mun koma hér aftur í stólinn og svara þeim, vænti ég.

Ráðh. talaði einnig um að það þyrfti að fara að vinna hið mikla verk sem biði stjórnvalda í því að grisja þann gjalda- og álögufrumskóg, sem um þessar mundir hvílir á öllum almenningi. Þetta hefur hæstv. ráðh. talað um í eitt og hálft ár núna og nú langar mig til að bæta annarri spurningu við til hæstv. ráðh.: Hvenær á að byrja á þessu verki fyrst það er ekki hafið?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): *Virðulegi forseti.* Ég tek tvær spurningar sem ég hef ekki svarað. Önnur var frá hv. 3. þm. Norðurl. v. Hún var á þá leið hvernig endurgreiðsla á söluskatti sjávarútvegs ætti að fara fram og hvernig væri háttað, ef ég skildi rétt, þeim útreikningum sem byggt er á. Er það ekki rétt skilið? Það er verið að reikna út núna þann þátt sem söluskatturinn er í rekstrarkostnaði sjávarútvegs. Það hefur verið gert í rn. og það hefur verið gert í Þjóðhagsstofnun. Þar stangast niðurstöðutölur verulega mikið á. Í rn. er talað um að endurgreiðsla fari í 450 millj. og það er sú tala sem ég hef notað. Aftur á móti hefur Þjóðhagsstofnun reiknað þetta hærra, líklega yfir 500, allt upp undir 540 millj. held ég, ef ég man rétt. Þriðji aðilinn hefur því verið beðinn um að reikna þetta út og er það löggilt endurskoðunarskrifstofa, viðurkennd, hér í bæ sem hefur mikið með uppgjör og eftirlit með útgerðarfélögum og fyrirtækjum í sjávarútvegi að gera. Ég vona því að það komi nokkuð ábyggileg niðurstaða fljótlega.

Um endurgreiðsluna, hvaða leið hún verður látin fara, er ég ekki enn alveg viss, en þetta eru tekjur innheimtar af ríkissjóði þannig að þær verða þá að ganga út úr ríkissjóði aftur. Það yrði þá sjútvrh. sem yrði að finna farveg frá ríkissjóði til réttra aðila. En ég get ekki svarað með meiri nákvæmni en þetta eins og málin standa í dag, enda er ekki búið að samþykkja fjárlög enn þá þó að ég geri ráð fyrir að þetta verði

niðurstaðan.

Ég skal fúslega viðurkenna að á óbeinan hátt var ég guðfaðir þeirrar ríkisstj. sem hv. 3. þm. Norðurl. v. starfaði í og starfaði vel í. Ég fylgdist vel með hans störfum og átti við hann ágætis samskipti og ég tel að hann hafi unnið gott starf sem fjmrh. En það er nú svo að börn bregðast til beggja vona. Maður veit aldrei hvað verður úr króganum þegar hann fæðist, en verður að viðurkenna hann svo lengi sem hann er við lýði og jafnvel lengur. Yfirlýstur stuðningsmaður ríkisstj. var ég að vísu aldrei, en studdi þó mörg góð mál sem frá henni komu á þeim tíma sem hún starfaði.

Það æxlaðist þannig til í málflutningi hv. 5. landsk. þm., Eiðs Guðnasonar, að ég fann ástæðu til að spyrja hvort hann væri að tala um nýjan forsrh. þegar hann hagaði orðum sínum eins og hann gerði. Ástæðan fyrir því var sú að formaður Alþfl. hefur sjálfur lýst því yfir að hann sé sá eini sem sérstaklega hefur lært til þessa embættis. Ég hef bara þeirra eigin orð fyrir því. Ég er ekki viss um að það sé til í öðrum flokkum sérmenntaður maður í þá stöðu. Ég veit líka að það var krafa Alþfl. og skilyrði fyrir þátttöku í þessari ríkisstj., sem nú er við lýði, að þeir fengju forsætisráðherraembættið. Það er þess vegna sem ég greip fram í í galsa.

Virðulegur 11. þm. Reykv. spurði mig hvenær fjmrh. mundi segja af sér og sagði að fjmrh. hefði lofað að segja af sér frekar en að auka skatta. Skattar til ríkisins minnkuðu í prósentum um 3.7% við gerð síðustu fjárlaga. En þeir hækkuðu kannske í heild vegna þess að sveitarfélögin fóru það mikið hærra að segja má að það sé rétt að skattar voru íþyngjandi s. l. ár. En það var ekki af völdum ríkisstj. og síst af öllu af völdum fjmrh. Ég tel því að þau orð mín standi, enda sýnir það sig að það er verið að lækka ríkissjóðstekjur um á annað þús. millj. Það er verið að lækka tekjuskatta, það er verið að lækka söluskatt á sjávarútveginum og ýmsum kostnaðarliðum sjávarútvegs á þessu ári og endurgreiða, t. d. af loðnuveiði, af olíuinnkaupum o. fl. Auknir skattar hafa því alls ekki komið til. Það er alveg öfugt. Tilefnið er ekki fyrir hendi af þeim ástæðum, en tilefnið gefst kannske af öðrum ástæðum, það getur vel verið, og eflaust eru tilefnin mörg í augum þeirra sem eru andmælendur mínir hér.

Virðulegur 8. þm. Reykv. kvartar um að ég sé nærgöngull í umr. við hann. Ég tók það upp strax og hv. þm. byrjaði á slíkum leik við mig, strax í upphafi setu hans og veru á Alþingi. En ég geri ekki ráð fyrir því að þm. hafi almennt nokkuð undan mér að kvarta. Þm. eru yfirleitt mjög góðir félagar mínir og vinir og ekkert ódrengilegt í orðaskaki okkar á milli jafnvel þó að hitni í kolunum. En þessum hv. þm. svaraði ég í sama dúr og ég mun gera það áfram eftir því sem hann býður upp á það. (**StB:** Ég hef ekki verið nærgöngull í orðum.)

Síðan spyr hann: Hvers vegna hefur fjmrh. ekki brotið upp fjárlagadæmið? Ég veit ekki betur en ég hafi gert það. Þetta er í annað sinn sem ég kynni fjárlög sem fjmrh. Við fyrstu fjárlagagerð kynnti ég að ég væri ekki ánægður með fjárlögin eins og þau voru gerð á hefðbundinn hátt og sagðist mundu taka þau upp og endurskoða. Það voru ekki svo lítil læti þegar það var gert. Ég trúi því varla að þm. séu búnir að gleyma því að það voru gerð ný fjárlög, að ég held um mitt ár, sem voru raunhæfari en þau sem samþykkt voru á eðlilegum tíma. Við gerð fjárlagafrv. nú hefur annað skeð. Tekin er upp ný reikningsaðferð sem Alþjóðabankinn hefur mælt með í mörg ár og sýnir raunverulega stöðu ríkissjóðs bæði út á við og inn á við á einum og sama stað, þannig að þm. geta notað fjárlögin sem stýritæki langt umfram það sem áður hefur verið. E. t. v. getum við hætt að tala um A- og B-hluta fjárlaga eða lánsfjárlög og lánsfjáráætlanir, en haft þetta allt í einu plaggi fyrir framan okkur. Þetta kalla ég að brjóta upp fjárlögin, gera þau aðgengilegri þannig að ekki bara þm. sem vilja kynna sér þau heldur fólkið í landinu geti skilið, án þess að hafa mikið fyrir því, hvað um er að vera. Ég held því að fjárlagadæmið hafi verið brotið upp, bæði hvað uppgjörsmáta snertir og eins við endurskoðun fjárlaga um mitt ár eða í maí s. l.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:7 atkv.
2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 11:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 36. fundi.

Söluskattur, frv. 214. mál (þskj. 253). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 400).

Tollskrá, frv. 244. mál (þskj. 360). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 401).

Neðri deild, 33. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Vöruhappdrætti SÍBS, frv. 134. mál (þskj. 138, n. 379). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 379 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga.

Allshn. hefur fjallað um þetta frv. og það er skemmst frá því að segja að nefndin mælir með því að það verði samþykkt og rita allir nm. undir það álit.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sala Landssmiðjunnar, frv. 133. mál (þskj. 137). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 398).

Málefni aldraðra, frv. 192. mál (þskj. 212, 382). — Frh. 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Að ósk minni var 3. umr. um þetta mál frestað þar til brtt. hv. fjvn. lægju endanlega fyrir. Ástæðan fyrir þeirri beiðni var sú, að ljóst var að framlög ríkisins til Framkvæmdasjóðs aldraðra voru ekki nægileg til að sú breyting sem frv. á þskj. 212 gerir ráð fyrir rýrði ekki verulega framkvæmdir í þágu aldraðra frá því sem var á yfirstandandi ári. Sérstaklega töldum við, hv. þm. Svavar Gestsson og ég, ástæðu til að hafa áhyggjur af framkvæmdum við B-álmu Borgarspítalans og jafnvel ástæðu til að óttast að hluti byggingarinnar endaði til annarra nota en í þágu aldraðra. Undir þessi sjónarmið tók hæstv. ráðh. og taldi vanta 30 millj. til að framkvæmdagildi héldist.

Nú er hins vegar ljóst að fjvn. hefur ekki orðið við bón hans og því hlýtur að vera undir ákvörðun Alþingis komið hvort þetta frv., ef að lögum verður, verði til að rýra framkvæmdagildi stofnana fyrir aldraða. Ég og hv. þm. Svavar Gestsson höfum því leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 382 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Aftan við 3. gr. bætist:

Til hjúkrunarheimila aldraðra skal verja á árinu 1985 30 millj. kr. á fjárlögum þessa árs og síðan á fjárlögum hvers árs skv. ákvörðun Alþingis hverju sinni, enda verði upphæðin aldrei lægri en sem svarar 30 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 1. jan. 1985.

Nái þessi till. okkar ekki samþykki höfum við leyft okkur að bera fram aðra till. til vara, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Við 1. gr. frv. komi nýr tölul. sem verði 4. tölul. og orðist svo:

Framlög úr ríkissjóði þannig að heildarframkvæmdir sem sjóðurinn fjármagnar verði aldrei minni en á árinu 1984. Heimilt er að verja fjármunum skv. þessum tölul. til styrktar hjúkrunarrýmis aldraðra á vegum sveitarfélaga til viðbótar við framlag skv. síðasta málsl. 12. gr.

Ég vænti þess, herra forseti, að hv. þm. hugsi sig vandlega um þegar að atkvgr. um þessa till. kemur, því það er alveg ljóst að ella er þessi breyting, sem gerð er á frv. til l. um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, hreinlega til að draga úr framkvæmdum við byggingar fyrir aldraða.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. hefur gert grein fyrir brtt. sem við flytjum saman við það frv. sem hér er á dagskrá, frv. til l. um málefni aldraðra, sem er um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra með síðari breytingum.

Þetta mál kom seint inn í þingið frá ríkisstj. eins og fleiri mál og hefur ekki gefist mikill tími til að ræða það. Þess vegna er full þörf á, þar sem hér er stórmál á ferðinni, að því verði betri gaumur gefinn en þegar hefur gefist kostur á í umr. Þetta mál hefur þá sérstöðu meðal mála að þm. stjórnar og stjórnarandstöðu hafa sameinast um að flýta málinu, þó að það kæmi seint hér inn, í trausti þess að ríkisstj. tryggði fjármuni til þessa málaflokks á árinu 1985.

Þetta mál var t. d. til umr. við 2. umr. fjárlaga og þá sagði hæstv. fjmrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég tel sjálfsagt að athuga þá liði betur sem hv. 3. þm. Reykv. gat um. Málefni aldraðra eiga eftir að skýrast betur og við skulum sjá hvernig niðurstaðan verður þegar kemur að 3. umr."

Þessi ummæli hæstv. fjmrh. var ekki hægt að skilja á annan veg en þann að það væri ætlun ríkisstj. að taka á þessu máli með jákvæðum hætti við 3. umr. fjárlaga. Þeir sem þá voru í þingsalnum gerðu sér því vonir um að það yrði um að ræða hækkun á framlagi ríkissjóðs til hjúkrunarheimila aldraðra við 3. umr. fjárlaga. Núna liggja fyrir brtt. fjvn. vegna fjárlaga fyrir árið 1985 til 3. umr. og þar hefur ekki átt sér stað nein hækkun á þessum lið, framlögum til hjúkrunarheimila aldraðra. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur bent á að sjaldan sé liðum sem er skipt í tillögum fjvn. breytt við 3. umr., en þess eru að sjálfsögðu mörg dæmi og auðvitað er mögulegt fyrir Alþingi að breyta ef það vill. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis. Afgreiðslu fjárlaga er ekki lokið þannig að það á að vera hægt að taka þetta mál fyrir og afgreiða núna við 3. umr. fjárlaga og þess vegna kostur á að koma til móts við þau sjónarmið sem hv. 10. landsk. þm. gerði grein fyrir áðan.

Þetta mál kom til 2. umr. í Ed. 10. des. s. l. Frsm. heilbr.- og trn. var hv. þm. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl. Hann sagði í framsöguræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Nefndin mælir með samþykkt frv. í trausti þess að heildarframlög til þessara mála verði ekki lægri að raungildi á næsta ári en fjárlög 1984 mæla fyrir um."

Og til að hnykkja enn frekar á sagði hv. þm. Helgi Seljan enn fremur:

„Hins vegar leggur nefndin höfuðáherslu á að við afgreiðslu fjárlaga verði tryggt að jafnhá eða eigi lægri upphæð að raungildi renni til viðbótar sjóðstekjunum beint af fjárlögum til hjúkrunardeilda, þ. e. eigi lægri raungildisupphæð en er á fjárlögunum. Í frv. til fjárlaga er engin slík upphæð samsvarandi þessu, en þyrfti að

nema minnst 30 millj. kr. ef sambærilegt ætti að vera til þessara verkefna miðað við síðasta ár skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. Var upplýst í umr. í máli hæstv. ráðh. að á þetta skorti. Nefndin er öll sammála um að þetta verði að tryggja" — öll nefndin, þ. e. þm. stjórnar og stjórnarandstöðu — „og stuðningur við frv. um breytingar frá núgildandi lagaákvæðum er bundinn því að við þetta verði staðið."

Í lok ræðu sinnar sagði hv. 2. þm. Austurl. enn fremur:

„Ég endurtek það meginsjónarmið nefndarinnar að fjárveitingavaldið standi við sinn hlut ekki síður en áður. Nefndin telur frv. að öðru leyti til bóta og mælir með samþykkt þess. Ég vildi aðeins til frekari tryggingar óska eftir að hæstv. heilbr.- og trmrh., úr því að hæstv. fjmrh. er hér ekki, en það hefði verið æskilegra, gæfi um það ótvíræða yfirlýsingu að við þetta yrði staðið. Að hann beiti sér fyrir því við fjvn. að við þessa upphæð, sem þarf að vera að lágmarki 30 millj. til þessarar starfsemi, yrði staðið."

Sem sagt, Ed.-nefndin féllst á frv. í trausti þess að raungildi fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði aldraðra þyrfti ekki á árinu 1985 að verða minna en á árinu 1984. Og hæstv. heilbr.- og trmrh. steig í stólinn í hv. Ed. og hann svaraði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég lagði áherslu á," sagði hæstv. ráðh., „að þeirra tillaga (sjóðstjórnarinnar) yrði um 30 millj." Og enn fremur sagði hæstv. ráðh. í lok ræðu sinnar í Ed. þann 10. des. s. l.:

„Ég vil til viðbótar þessu segja frá því að þessi ákvæði komu inn í lögin um málefni aldraðra og voru þar með felld úr lögum um heilbrigðisþjónustu, þá hefur ekki verið staðið við þessi ákvæði frá hendi ríkisins."

Hæstv. heilbrmrh. virðist vera þeirrar skoðunar að það hafi verið of skammt gengið í þessu efni á undanförnum árum og þess vegna nauðsynlegt að bæta um betur. Og hann sagði:

„Ég legg áherslu á að það verði gert. Hér er aðallega um að ræða Borgarspítalann í Reykjavík og fjórar aðrar stofnanir á Austfjörðum, Suðurlandi og Norðurlandi. Meira get ég ekki sagt um þetta. Ég hef ekki nema eitt atkv. á Alþingi, en ég hef lagt áherslu á þetta við formann fjvn."

M. ö. o., hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti því yfir í Ed. Alþingis að hann mundi beita sér fyrir að ríkisframlagið yrði 30 millj. kr. og Ed. samþykkti frv. samhljóða vegna þess að Ed. treysti yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. Þegar málið kom til meðferðar í hv. Nd. var í rauninni það sama uppi á teningnum við 1. og 2. umr. Hæstv. ráðh. sagði að vísu: „Ég hef ekki nema eitt atkv. á Alþingi." Það er hins vegar svo með ráðh. að þeir hafa oft og styðjast við ákveðinn þingstyrk, a. m. k. sinna flokka. (**Gripið fram í:** Stundum.) Stundum er það. Og jafnvel líka samstarfsflokksins þegar um er að ræða einn samstarfsflokk eins og nú er. En í þessu tilviki virðist sem þessi stuðningur, í fyrsta lagi Sjálfstfl. og í öðru lagi Framsfl., hafi brugðist hæstv. ráðh. og ber að harma að hann skuli hafa orðið að láta í minni pokann fyrir þessum aðilum við afgreiðslu fjárlaganna. Hins vegar er rétt að benda á að með flutningi þeirrar till. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir mælti fyrir áðan er hæstv. ráðh. gefinn kostur á að greiða atkv. eins og hann vill og lýsti yfir í hv. Ed. að hann teldi eðlilegast. Ég skora á hæstv. ráðh. að beita atkv. sínu í samræmi við þær yfirlýsingar sem hann gaf og Ed. byggði afstöðu sína á.

Þegar þessi mál komu til umr. í hv. Nd. þann 12. des. voru þau einnig til rækilegrar umr. M. a. spurði ég hæstv. ráðh. út í þessi mál og B-álmu Borgarspítalans alveg sérstaklega. Hæstv. heilbr.- og trmrh. svaraði og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta, hér í Nd.:

„Varðandi það að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra gerir ákveðnar tillögur nú fyrir 3. umr. fjárlaga um hve mikið af vætanlegri heimild sem þetta frv. felur í sér fari til einnar ákveðinnar byggingar, þá hvorki get ég eða vil óska eftir því við stjórnina að hún marki afstöðu til þess eins máls fyrr. Það er auglýst eftir umsóknum um fjárframlög í allar greinar og ég held að stjórnin, sem samanstendur af fulltrúa frá rn. ásamt fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fulltrúa frá Öldrunarfélagi Íslands, vilji gjarnan og skilyrðislaust láta allar þessar umsóknir liggja fyrir og síðan verður að marka afstöðu til þess máls."

Þá segir ráðh.:

„Hinu neita ég ekki að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá till. meiri hl. fjvn. um 14 millj. kr. til hjúkrunarheimila aldraðra. Ég óskaði eftir því við formann stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra að hann kynnti fjvn. tillögur sínar eða hvað hann teldi að væri nauðsynlegt að færi til hjúkrunarheimila á þessu ári og óskaði eftir því við hann að hann hefði samráð, þó ekki væri nema í síma, við sína starfsmenn og skv. mínum hugmyndum taldi ég að hér," — þ. e. í fjárlögunum — „þyrfti að vera um að ræða 30 millj. kr. og þar af ⅔ til B-álmu Borgarspítalans."

Þetta er alveg ótvíræð yfirlýsing. Þetta er afstaða hæstv. heilbr.- og trmrh. Og þegar þessi yfirlýsing lá fyrir í hv. Nd. við 1. umr. málsins, þá kvaddi ég mér hljóðs og sagði m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég skil ráðh. svo að hann muni beita sér fyrir breytingum á þeim tölum sem fram koma í áliti meiri hl. fjvn. varðandi hjúkrunarheimili fyrir aldraða."

Ég hygg að það hafi verið fleiri þm. í salnum en ég sem skildu hæstv. ráðh. á þá leið að hann ætlaði að beita sér fyrir breytingum á þessum tölum þannig að framlögin í Framkvæmdasjóð aldraðra eða til hjúkrunarheimila aldraðra yrðu hækkuð verulega frá þeim tillögum sem lágu þar fyrir.

Þegar umr. hélt áfram í hv. Nd. óskaði ég eftir því við hæstv. forseta deildarinnar að hann kallaði hæstv. fjmrh. á fund Nd. til að hægt væri að ræða við hann um þessi málefni aldraðra. Því miður tókst ekki að ná í hæstv. fjmrh., en auðvitað hlaut ég sem stjórnarandstæðingur að draga þá ályktun að heilbrmrh. talaði fyrir munn ríkisstj. allrar í þessu máli. Auðvitað hlaut ég að draga þá ályktun. En þar sem hæstv. fjmrh. hefur ekki verið við umr. um þetta mál, hvorki í Ed. eða í Nd. til þessa, þá óska ég eftir því við hæstv. forseta Nd. að hann sjái til þess að hæstv. fjmrh. verði kallaður hingað á fund. (**Forseti:** Það verður orðið við þessari beiðni, ef hv. ræðumaður getur haldið áfram ræðu sinni á meðan.) Já, ég held það sé nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari fyrir það hvort þessi till. heilbr.- og trmrh. strandaði á fjmrh. Var það hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson sem stöðvaði það að hinn sterki vilji heilbr.- og trmrh. næði fram að ganga í þessu máli? Það er óhjákvæmilegt að þetta komi fram við þessa umr.

áður en henni lýkur og að hæstv. fjmrh. skýri af hverju hann beitti sér fyrir því að koma í veg fyrir að hæstv. heilbr.- og trmrh. næði fram sjónarmiðum sínum í þessu máli.

Það er svo að í tíð núv. ríkisstj. hefur verið gerð margs konar atlaga að hinni félagslegu þjónustu í landinu. Á það ekki einungis við þá atlögu sem núna stendur fyrir dyrum að Framkvæmdasjóði aldraðra, heldur á það einnig við um ýmsa aðra þætti í þjónustu við aldraða í þessu landi. Þar á ég sérstaklega við svokallaðan sjúklingaskatt sem bitnar sérstaklega á öldruðum. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nýlega — (**Forseti:** Ég vil grípa inn í ræðu hv. þm. Hæstv. fjmrh. mun vera í ræðustóli í Ed. Líklega er þá nauðsyn að við frestum þessu máli um sinn.) Ég fellst á það, hæstv. forseti.

Umr. frestað.

Eftirlaun til aldraðra, frv. 205. mál (þskj. 240, n. 375). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra. Nál. er á þskj. 375. Eins og fram kemur í nál. mæla nm. einróma með samþykkt frv., en það hefur þegar hlotið samþykki í hv. Ed.

Lögin um eftirlaun til aldraðra nr. 97/1979, sem hér er gerð till. um að breyta, leystu af hólmi lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971, en upphafleg lög um þetta efni nr. 18/1970 voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970.

Tilgangurinn með lögunum var að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gaf tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Skv. fyrirheiti ríkisstj. við samningana 1979 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ og ríkissjóði að ¼ en síðan tæki hlutaðeigandi lífeyrissjóður við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna var fjárhagsgrundvöllurinn og því var gert ráð fyrir að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Ljóst er að eftirlaunagreiðslur þessar geta ekki fallið niður nema ráðstafanir séu gerðar af hálfu stjórnvalda. Því var það að heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason fól þeim Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, formanni umsjónarnefndar eftirlauna og Hallgrími Snorrasyni hagfræðingi, formanni átta manna lífeyrisnefndar Alþýðusambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Verkamannasambandsins að kanna og gera tillögur um fyrirkomulag þessara mála þegar lög þessi eiga að falla úr gildi. Þeir hafa samið þetta frv. og haft um það samráð við átta manna lífeyrisnefndina og hún er samþykk þeim tillögum sem gerðar eru með þessu frv.

Helstu breytingar á lögunum, ef þetta frv. verður samþykkt, eru þessar:

Í fyrsta lagi verður gildistími laganna framlengdur um fimm ár eða til ársloka 1989.

Í öðru lagi lækkar framlag lífeyrissjóða til greiðslu uppbóta á lífeyri úr 5% í 4% árið 1985 og í 3% fyrir árin 1986—1989.

Í þriðja lagi miðast lífeyrisréttur við grundvallarlaun eins og þau eru skv. kauptaxta í byrjun hvers mánaðar, en skv. gildandi lögum geta lífeyrisgreiðslur aðeins breyst fjórum sinnum á ári, þ. e. þá daga sem verðbótahækkun launa tók áður til.

Í fjórða lagi skal nú miða við önnur grundvallarlaun en áður tíðkaðist til grundvallar stigaútreikningi. Nýgerðir kjarasamningar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins valda því að óheppilegt þykir nú að miða grundvallarlaun áfram við næstlægsta taxta Dagsbrúnar.

Frá og með 1. jan. 1985 skulu grundvallarlaun nema 14 100 kr. á mánuði. Umsjónarnefnd eftirlauna mun síðan ákveða, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaununum í samræmi við breytingar á launum verkamanna skv. kjarasamningum. Hafa verður í huga að grundvallarlaunin skv. lögunum ráða ekki aðeins lífeyrisgreiðslum umsjónarnefndar eftirlauna, heldur tengjast beinlínis ákvæðum í reglugerðum nær allra sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða og fjölmargra annarra lífeyrissjóða. Þessi breyting, ef hún nær fram að ganga, er gerð með fullu samþykki umsjónarnefndar eftirlauna, stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða og átta manna lífeyrisnefndarinnar sem áður var nefnd.

Um 4000 einstaklingar njóta nú ellilífeyris skv. I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra. Auk þess munu um 1100 njóta makalífeyris skv. lögunum. Þá munu um 1200 einstaklingar njóta lífeyris skv. II. kafla laganna. Þar að auki munu um 1500 manns njóta lífeyris skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að meðtöldum mökum má því ætla að um 10 þús. manns njóti með beinum eða óbeinum hætti þess lífeyris sem hér um ræðir. Áætluð útgjöld skv. lögunum fyrir árið 1984 munu nema um 241 millj. kr. Þar af munu lífeyrissjóðir greiða 125 millj. kr.

Herra forseti. Ég hef ekki öllu fleiri orð um þetta mál. Í aths. með frv. er gerð allítarleg grein fyrir því hvaða afleiðingar það kann að hafa ef lögin falla úr gildi, eins og gert er ráð fyrir, í árslok 1984 og ekkert annað kemur í staðinn. Ég rek ekki þann kafla en vísa til aths. með frv.

Ég ítreka svo það, sem ég sagði í upphafi, að heilbr.- og trn. mælir einróma með því að frv. verði samþykkt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Af einhverjum ástæðum hefur þeim sem hér stendur ekki verið kleift að taka þátt í afgreiðslu þessa máls í nefnd, sem hann á þó sæti í, og getur hins vegar ekki látið það fram hjá sér fara athugasemdalaust.

Ég vil byrja á því að vekja athygli þm. á fréttatilkynningu frá Landssambandi lífeyrissjóða sem snertir kjarna þessa máls og birt var í fjölmiðlum strax þann 2. okt. 1984. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Landssambands lífeyrissjóða bendir á að lögin um eftirlaun til aldraðra renna út um næstu áramót. Telur sambandið að sá 15 ára umþóttunartími sem ákveðinn var 1969 sé orðinn fullnægjandi og að hver lífeyrissjóður eigi að sinna félagslegri skyldu sinni við aldraða félagsmenn viðkomandi stéttarfélags og

hefja greiðslur til þeirra frá næstu áramótum. Jafnframt telur fundurinn að stjórnvöld eigi að taka á sig fjármögnun lífeyris til þeirra lífeyrisþega sem ekki hafa átt aðild að stéttarfélagi og taka lífeyri frá umsjónarnefnd eftirlauna.

Landssamband lífeyrissjóða skorar á stjórnvöld að fella niður þá skattlagningu á lífeyrisgreiðslur sem felst í því að lífeyrisgreiðslur sjóðanna skerða tekjutryggingu almannatrygginga."

Um þetta má nefna einfalt dæmi. 100 kr. hærri lífeyrir frá lífeyrissjóði getur valdið 45 kr. lækkun á tekjutryggingu viðkomandi lífeyrisþega.

Þá er ástæða til þess, herra forseti, að kynna fyrir þingheimi erindi sem borist hefur frá Landssambandi lífeyrissjóða vegna afgreiðslu þessa máls og var sent formanni heilbr.- og trn. Ed., Davíð Aðalsteinssyni. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Landssamband lífeyrissjóða hefur fengið í hendur frv. til l. um framlengingu á starfsemi umsjónarnefndar eftirlauna um fimm ár. Frv. sömdu Hallgrímur Snorrason og Guðjón Hansen. Ekki var haft samband við landssambandið við gerð frv. Leyfir það sér að koma fram með eftirfarandi umsögn um frv. þetta:

Landssambandið ítrekar ályktun, sem aðalfundur þess samþykkti 2. okt. s. l., um að lögin verði ekki framlengd nema að því er varðar II. kafla." Sú ályktun var send fjölmiðlum í byrjun nóv. og hef ég þegar kynnt hana fyrir þingheimi.

Síðan segir: „Framlag til uppbótar á lífeyri skv. frv. skal vera 4% af öllum iðgjöldum lífeyrissjóða á árinu 1985 og 3% næstu fjögur ár. Þetta framlag var tekið upp í frjálsum samningum 1976 og skyldi það gilda í tvö ár á meðan unnið yrði að heildarendurskoðun lífeyriskerfisins. Það var síðan framlengt í kjarasamningum 1977 um tvö ár. Árið 1979 er það sett í lög og hækkað í 5% og skyldi gilda í tvö ár, var síðan framlengt í þrjú ár. Framlagið hefur þannig gilt í níu ár og þykir mönnum bráðabirgðasamningurinn hafa staðið ærið lengi þótt ekki verði hann framlengdur í fimm ár til viðbótar.

Einnig er á það að benda að vegna lækkandi verðbólgu mun uppbótin á lífeyri frá umsjónarnefnd lækka hlutfallslega og mun því 4% framlag nægja til greiðslu hærri hluta uppbótarinnar á árinu 1985 en 5% dugðu 1983. Sjái hið háa Alþingi ástæðu til að framlengja lögin vill Landssamband lífeyrissjóða leyfa sér að leggja til að þetta framlag verði 3% fyrir árið 1985, 2% fyrir 1986, 1% fyrir árið 1987 og falli niður frá og með árinu 1988.

Á það má benda að frá árinu 1976 hafa tvær nefndir starfað að undirbúningi nýs heilsteypts lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn og hafa tillögur í því efni enn ekki litið dagsins ljós. Þetta frv. er eins og fyrri frumvörp einungis frestun á þeim vanda sem lífeyrismál þjóðarinnar standa frammi fyrir. Verði frv. þetta samþykkt má ætla að lausn á lífeyrismálum frestist um jafnlangan tíma og frv. gildir, þar sem það leysir bráðasta vanda lífeyrisþega þó á óréttlátan og flókinn hátt sé. Því leyfir landssambandið sér að stinga upp á því að gildistími frv. verði styttur í tvö ár."

Herra forseti. Þessar tilvitnanir nægja til þess að skýra í hnotskurn þá hörmungarsögu sem lífeyrismál þjóðarinnar eru orðin. Þetta er orðið eins og stagbætt flík, vandanum er sífellt slegið á frest og menn kinoka sér við að taka nokkurn tíma á kjarna vandans. Ég sé alveg sérstaka ástæðu til þess að óska eftir nánari upplýsingum frá hæstv. heilbr.- og trmrh. um þetta mál af þessu tilefni og langar til að beina til hans nokkrum spurningum sem sumar hverjar kalla á svolítinn formála.

1. Ég rifja upp að umsjónarnefnd eftirlauna var sett á laggirnar upp úr samningum 1969. Skyldi hún veita því fólki í verkalýðsfélögum lífeyrisrétt sem ekki kom til með að öðlast fullan rétt hjá almennum lífeyrissjóðum, en þeir voru þá nýstofnaðir. Sjóðirnir áttu að taka við þessum skuldbindingum eftir 15 ár eða núna um áramótin, hinir almennu lífeyrissjóðir. Þá er spurning: Hvað hefur breyst í forsendum þannig að sjóðirnir geti ekki tekið á sig þær byrðar vegna sinna félaga núna sem var talið mögulegt árið 1970?

2. Hver verður staða þess fólks, sem kallað er II. kafla fólk, og þá er verið að vísa í lögin, þegar þessi framlenging rennur út árið 1990? Hver borgar þá þau þrjú aukastig sem eftir verða það ár? Hefur eitthvað verið hugsað fram í tímann um þetta?

3. Lífeyrissjóðirnir geta illa veitt sínum sjóðfélögum sem eru fæddir eftir1914 lakari rétt en talað er um í þessu frv. Spurning: Felst ekki mjög mikil skuldbinding fyrir sjóðina í framlengingu þessara réttinda auk framlags til uppbótarinnar allt til ársins 1990? Og kannske öllu þýðingarmeiri spurning: Geta sjóðirnir mætt þessum skuldbindingum? Og hver er ábyrgð löggjafans ef svo er ekki? Það er nefnilega ástæða til þess að ætla að þeir geti það ekki.

4. Hversu áreiðanlegar eru upplýsingar um aðild að stéttarfélögum allt frá árinu 1955, en á þeim upplýsingum byggja öll réttindi skv. I. kafla laganna?

5. Fólk sem greitt hefur til hinna eldri lífeyrissjóða, stundum í áratugi fyrir 1970, getur lent í því að fá nánast sama lífeyri og aðrir sem hófu greiðslur eftir 1970. Þá er spurning: Hvað fær þetta fólk fyrir sitt iðgjald og reyndar atvinnurekenda líka til lífeyrissjóða, en iðgjaldagreiðslur hafa kannske staðið yfir í áratugi?

6. Framlag lífeyrissjóða til greiðsluuppbótar, sem tekin var upp 1976 til tveggja ára í samningum og framlengd hefur verið þrisvar síðan, í alls sjö ár, hefur alla tíð verið mjög umdeilt og jafnvel farið fyrir dómstóla. Þá er spurning: Er réttlætanlegt að skerða t. d. lífeyri manna, sem greitt hafa í áraraðir í óverðtryggðan séreignarsjóð, til þess að greiða verðbætur á lífeyri fólks sem ekki hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóða fyrir 1970? Er réttlætanlegt að framlengja samkomulag, sem gert er til tveggja ára, í 14 ár? Er það nú ekki viðurkenning á því hversu illa hafi verið á málum haldið, félagi, formaður Dagsbrúnar? (**GJG:** Nei.) Jú.

7. Þeim lífeyrissjóðum, sem standa utan samkomulagsins frá 1977, er gert að greiða framlag til greiðslu uppbótar til fólks utan lífeyrissjóða án þess að fá það á nokkurn máta bætt. Spurning er hvort það sé vilji Alþingis í þessu kerfi að sú mismunun haldi áfram.

8. Hefur verið kannað hversu langt 4% framlag lífeyrissjóðanna nægir til greiðslu uppbótarinnar 1985? Getur verið að það dugi til greiðslu hærra hlutfalls af uppbótinni en 5% framlagið dugði árið 1983, þannig að samkomulagið hafi í raun verið útvíkkað?

9. Er nauðsynlegt að framlengja lögin um eftirlaun til aldraðra og uppbótina á þau eftirlaun um heil fimm ár, en það er lengsta framlenging til þessa á uppbótarframlaginu? Mundu ekki tvö ár nægja? Og væri ekki skynsamlegra að setja sér það mark að þetta gersam-

lega óhæfa og botnlausa og stagbætta kerfi verði tekið til heildarendurskoðunar í alvöru innan þessara tveggja ára?

Síðan kemur enn ein spurning: Fær sú aðferð svokallaðra SAL-sjóða og fleiri sjóða staðist að verðtryggja ekki lífeyri til þeirra sjóðfélaga sem taka lífeyri frá umsjónarnefnd eftirlauna? Hvernig getur einn lífeyrissjóður greitt sínum sjóðfélögum mismunandi lífeyri án þess að vera deildaskiptur? Fær það staðist að greiða sumum óverðtryggðan lífeyri, öðrum ekki?

Og svo að lokum: Hvaða niðurstöðu hafa þær tvær nefndir, sem hafa starfað að endurskipulagningu og samræmingu lífeyriskerfisins s. l. níu ár, skilað? Er þess nokkurn tíma að vænta að þær ljúki störfum? Telur einhver þm. sig skilja lögin um eftirlaun til aldraðra til hlítar? Ég hef uppi ákveðnar efasemdir um það. Og það er mikið efamál hversu stór hluti þeirra, sem eiga að taka lífeyri frá umsjónarnefnd eftirlauna, skilur upp eða niður í útreikningi lífeyrisins.

Ég held að þessar spurningar nægi til að vekja athygli á því að við erum hér að fjalla um mál sem er orðið eitt *af stærri hneykslismálum þjóðarinnar. Það er sífellt* verið að grípa til einhverra bráðabirgðalausna, sífellt verið að fresta lausn vandamála, sífellt verið að aka þeim á undan sér, með hvers kyns hrossakaupum og bráðabirgðalausnum. Kerfið er orðið allt of flókið. Það er að verulegu leyti óréttlátt. Það er svo flókið að venjulegur þegn, sem á að vera njótandi þess, botnar yfirleitt ekki orðið upp eða niður í því hver eru hans réttindi. Það er kannske ekkert ofmælt að fullyrða að þetta er orðið eitt af eilífðarmálum og eitt af stærstu ranglætismálum í þessu þjóðfélagi. Það er kominn tími til fyrir alþm. að staldra við og láta sér ekki nægja að láta bera í sig einhverjar bráðabirgðalausnir tryggingafræðinga og annarra úr þessu kerfi í stað þess að koma sér að því verki að taka afstöðu til grundvallarspurninga. Er Alþingi Íslendinga reiðubúið til að taka á þessari löggjöf og kveða upp úr um það að vilji þess sé einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn? Þetta er auðvitað fyrst og fremst pólitísk spurning en ekki tæknileg. Það er hægt að gera málið svo flókið að það botni enginn þm. upp eða niður í því hvað hér fer fram, hvað þá heldur almenningur sem á að njóta kerfisins.

Skyndiafgreiðsla svona við jólaafgreiðslu á málum af þessu tagi er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Og umfjöllun í nefnd, sem er aðallega í því fólgin að taka við einhverjum pappírum frá sérfræðingum og leggja blessun sína yfir þá, nær ekki nokkurri átt.

Ég geri mér ekki vonir um að þessar ábendingar út af fyrir sig dugi til þess að menn staldri eitthvað við og vinni nein afrek í þessu máli á þessu tímaskeiði. En af því að ég af einhverjum ástæðum, sem mér er ókunnugt um, missti af umfjöllun í nefnd, sem ég hef ástæðu til að ætla að hafi verið harðsoðin og skammæ, **(Gripið fram í:** Var ekki þm. að vitna í störf nefndarinnar?) — þá er engu að síður, af því að þetta er svo mikilvægt mál, ástæða til að beina þessum spurningum til þm. og vekja athygli á málinu.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið hér til afgreiðslu í báðum þingdeildum og nefndum beggja þingdeilda. Í Ed. fylgdi ég því úr hlaði með mjög ítarlegri ræðu, bæði um efni og framkvæmd þessara laga og sömuleiðis um afleiðingar þess ef lögin væru látin falla úr gildi um næstu áramót. Og í ræðu hv. frsm. n. kom fram sá gífurlegi fjöldi fólks í stéttarfélögum sem nýtur eftirlaunagreiðslna.

Mér koma mjög á óvart ummæli hv. 5. þm. Reykv. Í fyrsta lagi get ég auðvitað ráðlagt bæði þessum hv. þm. og öðrum, ef þeir hafa sérstakan áhuga fyrir einhverju máli, að vera þá viðstaddir umr. Látum það nú vera með 1. umr. Hitt er öllu lakara þegar sömu áhugamenn eru í nefnd og hv. þm. í þessu tilviki eini nm. fyrir sinn flokk og ekki lítil ábyrgð sem á honum hvílir og þegar þar við bætist að hann er formaður í sínum stjórnmálaflokki að láta ekki sjá sig í nefndinni, en kemur svo hér í ræðustól og lætur rigna yfir þingheim spurningum alveg hreint í stórum stíl. Það var heilt syndaflóð af spurningum sem kom af munni hv. þm. Flestum þessum spurningum var svarað við 1. umr. málsins í Nd. og ég ætla ekki að fara að þreyta þm. á því að endurtaka það. Ég ætla bara að benda hv. þm. á að lesa þá í þingtíðindum um þau svör og þær skýringar. Mér er alveg sama þó að lífeyrissjóðurinn hafi mótmælt. Hann *er eini aðilinn sem hefur mótmælt. Átta manna nefndin* ... **(Gripið fram í:** Og hvers vegna mótmælti hann?) Ja, það var af fjármálalegum ástæðum sjóðsins, en ekki af því að hann væri á móti því að þessar eftirlaunagreiðslur ættu sér stað. — En á bak við þetta er lífeyrissjóðanefndin sem óskar eftir að frv. verði lagt fram að nýju og til fimm ára. Það koma hér ákveðnar skýringar, að þá var talið að ekki yrði um fleiri að ræða. Það voru bjartar áætlanir á sínum tíma. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. þm. og það er rétt og það er það eina sem mér fannst vera rétt og athyglisvert í hans máli, að það er auðvitað til skammar hvað þessi endurskoðun er búin að taka langan tíma. Þessi endurskoðunarnefnd var sett á laggirnar í tíð ríkisstjórnarinnar sem sat 1974—1978, ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, og fór nokkuð vel af stað vinna nefndarinnar. En því miður verður að segja að eftir þann tíma hefur lítið miðað. Það er rétt hjá hv. þm. og það er stórt atriði í málinu, en það er miklu stærra atriði en þetta frv. nær til.

Ég tel það vera mjög mikilvægt þegar heildarsamtök launþega, eins og Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, eru á eitt sátt um að óska eftir því að þetta frv. verði flutt og með þessum hætti.

Það má segja að það sé ákaflega erfitt fyrir menn að skilja tæknilega hlið á þessum málum. Hins vegar skilja flestir þá einföldu formúlu sem liggur á bak við eftirlaunin. Ég er ekki ráðh. sem hef neitt vald yfir lífeyrissjóðunum eða samræmingu bóta þeirra. Þeir hafa sína sjálfstæðu stöðu og taka sínar sjálfstæðu ákvarðanir í sínum stjórnum. En ég tel að þetta mál sé það brýnt að hjá því verði ekki komist að það nái fram að ganga þrátt fyrir þessi einu mótmæli. Ég held að hitt væri aðalatriði málsins að leggjast ekki á þessar bætur, láta þær ekki falla niður. Þá mundi margur eiga um sárt að binda. Á seinni stigum málsins hafa komið *inn nýir* aðilar eins og Lífeyrissjóður bænda eftir að hann varð til. Það fólk mundi fara illa út úr því ef lögin yrðu ekki framkvæmd með þessum hætti ásamt mörgum fleirum. Það eru líka nokkrir aðrir sjálfstæðir fyrrverandi atvinnurekendur sem líkt er á komið um og t. d. meðlimi

Lífeyrissjóðs bænda.

Ég vil vekja athygli á því að lögunum um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum frá 1975 var ætlað að gilda til ársloka á þessu ári. Þá var við það miðað að liðin væru 15 ár frá því samið var um stofnun lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna og hefðu þeir að þeim tíma liðnum fengið bolmagn til að taka sjálfir á sig þessar greiðslur, jafnframt því sem þá hefðu allir þeir sem lögin gerðu ráð fyrir að öðluðust eftirlaunarétt náð 70 ára aldri. Í lögunum frá 1979 er einnig kveðið á um að eftirlaunagreiðslur falli niður 1. jan. 1985 og ákvæði um greiðslu uppbótar á lífeyri náðu upphaflega til áranna 1980—1982, en voru síðar framlengd til ársloka 1984. Auk þessara sjónarmiða, sem ég nú hef getið um og ríktu upphaflega við setningu laganna frá 1971, var m. a. haft í huga að þá stóð yfir heildarendurskoðun á málefnum lífeyrissjóðanna og þá var talið að þeirri endurskoðun yrði lokið. Ég tel óvarlegt að framlengja þessi lög til tveggja ára. Ég sé ekki að sá hraði verði á lífeyrissjóðamálum að það verði búið. Jafnvel þó að röskur maður eins og formaður Alþfl. tæki sig til og gerðist formaður í þessari lífeyrissjóðanefnd dreg ég mjög í efa að hann muni klára það á tveimur árum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess að hér fór af stað umr. um þetta mál nú við 2. umr. þá vil ég aðeins geta eftirfarandi: Ég hafna því fullkomlega að hv. þm. og þar á meðal undirrituð sem sæti á í heilbr.- og trn. hv. hafi ekki vitað um hvað þetta mál snýst og sé því enn ekki vel kunnug vegna fyrri starfa, og einnig því að n. hafi ekki fjallað um þetta mál. Ég get verið sammála hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni um flest það sem hann sagði almennt um lífeyrismál landsmanna. Um það hef ég áður rætt héðan úr ræðustól og ætla ekki að endurtaka þá umr. Hæstv. ráðh. hefur raunar sagt það sem ég ætlaði að segja hér í upphafi og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það eins og hv. þm. hafa tilhneigingu til að gera hér í sífellu, að endurtaka það sem aðrir ræðumenn hafa sagt.

Staðreynd málsins er einfaldlega þessi: Ástæðan fyrir því að ég undirritaði, samt án nokkurs hiks, nál. svo að þetta mál næði fram að ganga, er sú einfalda staðreynd að tíu þúsund manns fá ekki þessi eftirlaun eftir áramótin ef þessi lög falla úr gildi. Það eru þeir einstaklingar sem máli skipta, en ekki fjármunir lífeyrissjóðanna sem slíkra, þannig að mótmæli lífeyrissjóðanna eru aukaatriði. Það eru hagsmunir þeirra tíu þúsund einstaklinga sem þessa hafa notið sem skipta hér máli og það er þeirra hagsmuna sem hæstv. ráðh. ber að gæta.

Ég get verið miklu meira en sammála um það að þessi lög eru bæði flókin og illa gerð á allan hátt og mér er vel kunnugt um þá ómældu erfiðleika sem starfsfólk umsjónarnefndar eftirlauna, þ. e. þeirrar skrifstofu sem annast þessar greiðslur til aldraðra félaga í verkalýðsfélögunum, hefur átt við að stríða. Hins vegar er vissulega til fólk sem hefur brotist í gegnum þessar flóknu lagagreinar og hef ég enga ástæðu til að halda að það sé ekki vel af hendi leyst. Hitt er annað mál að ég er viss um að það er rétt hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að það ber nokkuð á því að fólki sé ekki kunnugt um þessi réttindi. Það er alvörumál og hefur margsinnis verið reynt að bæta úr því, bæði meðan afgreiðslan var í höndum Tryggingastofnunar ríkisins og síðar eftir að þessi starfsemi var flutt annað.

Ég held það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að mikla bjartsýni þarf til að halda að hægt verði að leysa þessi mál af einhverju skynsamlegu viti á minna en fimm árum. Ég vil minna á þá frægu 17 manna nefnd með alla helstu menn þjóðarinnar innanborðs og að sjálfsögðu með sjálfan seðlabankastjórann í forsæti, hún hefur setið að störfum, síðan 1976 minnir mig, og síðan 8 manna nefndin ámóta tíma. Ég gef satt að segja ekki óskaplega mikið fyrir hvað 8 manna nefndin hefur um þetta að segja. Auðvitað segir hún ekkert annað en að vitaskuld skuli þessu bjargað fyrir horn vegna þess að þeim verður ekkert úr verki. Það var svo sem vitað mál svo að það eru engin rök í málinu. Það sem eru hin einu rök í málinu er að þessu verður að bjarga núna. Það verður að sjá um að þessar tíu þúsund manneskjur fái sín eftirlaun eins og verið hefur. En auðvitað þarf svo að reyna að hvetja til þess að fundin verði lausn á lífeyrissjóðamálum landsmanna og vitaskuld með það að markmiði að upp rísi lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. En hitt er svo annað mál, að ég er ekki viss um að um það sé einhugur innan verkalýðshreyfingarinnar, og það kynni að vera vandi ráðamanna þjóðarinnar.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa heldur betur staðfest að ekki var vanþörf á að ýta við þessu máli. Ég átti ekki von á því að hæstv. ráðh. treysti sér til að svara þessum fsp. Ég skal bæta því við að þó hann hefði haft nægan tíma til þess í venjulegum fsp.-tíma, þá er ég engan veginn viss um að svörin hefðu reynst fullnægjandi, tel það reyndar í hæsta máta ólíklegt. Það er ekki nóg hjá hæstv. ráðh. að vísa til þess að sá sem hér talar hafi ekki verið viðstaddur 1. umr. og væri nær að lesa þingtíðindi. Það hef ég að vísu gert og sannleikurinn er sá, hæstv. ráðh., að lestur þingtíðinda svarar ekki þessum spurningum heldur, því að þær umr. sem fram fóru við 1. umr. voru ekki af því taginu að þær svöruðu þessum fsp. Þetta eru spurningar m. ö. o. sem ákaflega fáir treysta sér til að svara og svo vitlaust og flókið er kerfið orðið og erfitt að það þarf verulega vinnu að leggja í það til að geta svarað þeim. Skætingi hæstv. ráðh. um fjarvist í n., hvort sem þau mannlegu mistök voru mér að kenna eða öðrum, hirði ég ekki um að svara.

Ég ætla að lokum að leggja áherslu á eitt. Það er ákaflega auðvelt í pólitísku starfi að skýla sér á bak við sérfræðinga. Það er ákaflega auðvelt að segja lon og don, kjörtímabil eftir kjörtímabil, ríkisstj. eftir ríkisstj. og áratug eftir áratug að málið sé í nefnd og sérfræðingar séu að vinna. Hitt vita allir menn, sem nálægt slíku hafa komið, að sérfræðingarnir vinna ekki neitt nema á bak við liggi pólitískur vilji og skýr pólitísk fyrirmæli um að það eigi að hraða málinu og að finna eigi einfaldar, skýrar og réttlátar lausnir. Sérfræðingar, sem sitja 7 ár, 14 ár, 17 ár í nefnd, eru auðvitað þegar búnir að sanna að þeir eru óhæfir um að vinna verkið og ætti löngu að vera búið að reka þá alla saman heim og setja nýja menn í verkið.

En þetta mál er um pólitískan vilja. Er mönnum ekki farið að ofbjóða að sitja hér eins og embættismenn? Það eru eiginlega orðin hlutverkaskipti. Pólitíkusarnir eru farnir að verða að embættismönnum sem sitja og bíða. Ef menn vilja una því áratug eftir áratug að mál verði gerð svo flókin og vitlaus, einföldustu réttindamál

almennings í landinu, þá er það bara pólitískt mál, það er ekki spurning um sérfræði. Það er ástæða til þess að staldra við vegna þess að ágreiningurinn sem núna er uppi er út af fyrir sig ekki ýkja stór. Það er alveg augljóst mál að úr því sem komið er verður auðvitað að bjarga þessum málum fyrir horn. Það er enginn að tala um að fólkið í landinu eigi að standa uppi réttindalaust og allslaust. Spurningin er: Þegar menn eru búnir að framlengja og fresta í 14 ár, telja þeir þá rök fyrir því að framlengja frestinn fimm ár í viðbót? Ég segi: Nei. Það á ekki að veita meiri framlengingu í þessu en að hámarki tvö ár. Á bak við það ætti að vera pólitísk viljayfirlýsing um að tvö ár dugi til að stokka þetta kerfi upp ef það er pólitískur vilji fyrir því.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því að ungur, ferskur frískleikaforingi komi hér í ræðustól og gagnrýni ýmislegt í kerfinu. Það er full ástæða til þess og þess er að vænta af ungum og frískum mönnum. Ég er hins vegar miklu frekar hissa á því hversu lítt harðskeyttur hann var í gagnrýninni. Að *mínu viti hefði gagnrýnin mátt vera miklu harðskeyttari* ef menn á annað borð eru sannfærðir um að ástæða sé til harðrar gagnrýni á þetta mál og meðferð þess.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, eðlilega sem flokksbróðir, að ég er ekkert allt of trúaður á þessi sérfræðilegu álit og sérfræðilegu störf. (**Gripið fram í:** Það eru nú fleiri.) Já og þar mun vera í þeim hópi einnig og ekki síður hæstv. núv. iðnrh. sem hefur þó fallið í þann farveg í ráðherrastól að leita æði mikið á þau mið að sækja ráð til sérfræðinga. En kannske er það víxlspor sem hann stígur frá áður en langt um líður og treystir fremur eins og áður á brjóstvitið og búhyggindin. (**Iðnrh.:** Vestfirskt hyggjuvit.) Já, það er rétt. En hið vestfirska hyggjuvit hæstv. iðnrh. hefur eitthvað blandast hinu eystra síðari árin. Það er greinilegt að það er ekki eins og það var vestra. Það er orðið lævi blandið að austan.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. þm. Jóni Baldvini að það er að verða vandræðamál í kerfinu hversu lengi það tekur að koma þessum málum á hreint. Ég er ekki að ásaka á nokkurn hátt. hæstv. ráðh. fyrir það. Ef það á að ásaka hann, þá er það fyrir það hversu seint þetta er komið fram. En auðvitað á að afgreiða þetta mál. Þetta mál á að fara hér hraðbyri í gegnum þingið. Þetta er þess eðlis að það er ekkert undan því vikist að greiða fyrir því, þannig að það nái fram að ganga. Hér er um að ræða hagsmuni svo margra einstaklinga í þjóðfélaginu sem eru þannig á vegi staddir að engum ætti að detta í hug annað en að þetta mál yrði afgreitt á stundinni.

Hv. þm. kom inn á lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það gerði reyndar hv. þm. Guðrún Helgadóttir líka og viðhafði orð í þá átt að innan verkalýðshreyfingarinnar væru trúlega skiptar skoðanir þar um. Ef ég man rétt þá veit ég ekki betur en að bæði nýafstaðið Alþýðusambandsþing og Alþýðusambandsþing þar áður, fyrir fjórum árum, hafi samþykkt, gert — ályktað um *lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn*. Ég veit hins vegar að það kunna að vera skiptar skoðanir meðal einstakra manna innan verkalýðshreyfingarinnar um þetta, en meiri hluti hefur ályktað á þingi um þetta mál. Ég get sagt það hér að ég er einn þeirra, þrátt fyrir eindregna stefnu míns flokks um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þá dreg ég það mjög í efa. A. m. k. yrði slíkt fyrirkomulag að mínu viti að verða með deildaskiptingu en ekki alræðisvaldi og miðstýringu héðan að sunnan.

Ég bendi á í því sambandi að t. d. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn er, að ég best veit, er lögum samkvæmt skyldugur að ávaxta fjármuni á þeim stað sem þeir eru inn greiddir. Þau lagaákvæði hafa í vel flestum ef ekki öllum tilfellum ekki verið virt. Það fé er ávaxtað hér á einum stað. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) — Ekki rétt, segir hv. þm. Pétur Sigurðsson. Þá vænti ég að hann greini frá því rétta hér á eftir. Ég a. m. k. fullyrði að það er í vel flestum tilfellum sem það er gert hér, þrátt fyrir ótvíræð lagafyrirmæli um að það eigi að ávaxta þetta á þeim stað sem það greiðist inn á. Ég hef allan fyrirvara á ágæti þeirrar lausnar sem menn kalla *einu orði Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn*. Þetta er fallegt í munni, en ég sé ýmsa vankanta þar á sem kannske er hægt að leysa.

Ég sé ekki, herra forseti, að það sé ástæða til að fara öllu fleiri orðum hér um. Ég ítreka að ég er mjög svo dús við óánægju míns formanns að því er varðar kerfiskalla og annað slíkt sérfræðital og tek undir að þessu máli þarf að flýta. Og það er ekkert sem segir, þó að lögin séu framlengd um fimm ár, að ekki sé hægt að ljúka endurskoðuninni á styttri tíma. Og sé pólitískur vilji, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson telur að þurfi að vera fyrir hendi, þá er hægt að ljúka henni á tveimur árum þrátt fyrir að lögin hér yrðu afgreidd eða framlengd til fimm ára. Það er engin fyrirstaða, að því er ég tel.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég varð satt að segja nokkuð undrandi á að heyra í hv. 5. þm. Reykv., Jóni Hannibalssyni, þegar hann fór að lesa upp úr samþykktum Landssambands lífeyrissjóða og vitna þar í rangláta skattlagningu á lífeyrissjóði, „hver lífeyrissjóður yrði að standa undir sér“. Ég gerði mér satt að segja ekki alveg ljóst, enda var það ákaflega óljóst þegar leið á ræðu þm., hvort hann var að gera þetta sjónarmið, þessi málaferli, t. d. verkfræðinga, að sínum málstað. Ef ekki þá var hann eitthvað loðinn í því.

En það sem ég vildi aðeins taka fram er það að þeir sem síðast náðu lífeyrissjóðum í kjarasamningum voru hin almennu verkalýðsfélög verkamanna, verkakvenna og síðan bændur. Hluti sjómanna, togarasjómenn, hafði náð lífeyrissjóðum fyrr, bátasjómenn aftur á móti síðar. Ef athuguð er félagaskrá hinna almennu verkalýðsfélaga, hvort sem farið er í Verkamannafélagið Dagsbrún, Verkakvennafélagið Framsókn, verkalýðsfélögin á Ísafirði og víðar, er það einkennandi að þar er mjög há hlutfallstala af öldruðum félagsmönnum og mun hærri en í hinum sérhæfðu verkalýðsfélögum sem *eru með ýmsar iðngreinar og ýmsar starfsgreinar* sem eru mun yngri í þjóðfélaginu.

Það sem lá fyrir frá upphafi var að þessum ungu lífeyrissjóðum með mjög takmarkað fjármagn mundi verða um megn að greiða sínum félagsmönnum viðunandi lífeyrissjóðsgreiðslur. Í þeim voru mjög margir gamlir verkamenn og verkakonur, sem hætt höfðu t. d. störfum 1975 eða fyrr og áttu mjög takmarkaðan lífeyrissjóðsrétt. Þá var gripið til þess ráðs að greiða í sameiginlegan sjóð, fyrst til að bæta þessu fólki upp þennan réttindaskort að hluta og jafnframt til að þessar lífeyrisgreiðslur legðust ekki með það miklum þunga á

þessa sjóði að það yrði þeim um megn. Við skulum taka t. d. Sjómannafélag Reykjavíkur. Þar er ákaflega mikið af aldurhnignum félagsmönnum. Áttu þessir menn að verða úti, átti ekki nema hluti þeirra að njóta greiðslu úr lífeyrissjóði af því að margir þeirra áttu mjög takmarkaðan rétt vegna þess að lögin komu ekki til framkvæmda fyrr en 1970? Ég vil ekki trúa því að það sé afstaða formanns Alþfl. og hann gangi þar þvert á öll sjónarmið bestu forustumanna Alþfl. innan verkalýðshreyfingarinnar sem hafa lagt ofurkapp á að tryggja einhvers konar samhjálp hinna öflugu lífeyrissjóða, sem þurfa að greiða færra fólki ellilífeyri, lífeyrissjóða sem stofnaðir voru mun fyrr og hafa hlutfallslega færri félagsmenn á þessu aldursskeiði, að það væri á einhvern hátt tryggð samhjálp á milli þessara sjóða og þetta almenna verkafólk, hvort sem það hefði starfað til sjós eða lands, nyti þeirrar samhjálpar. Af svo miklu offorsi hefur verið farið að stéttarfélag verkfræðinga höfðar mál á hendur ríkinu fyrir það að þeir hafi verið rændir fé vegna þess að þeir hafi ekki samþykkt að greiða í þennan sameiginlega sjóð. Ýmsir aðrir háskólamenntaðir menn hafa tekið þessa afstöðu og hana grimma og segja: „Hver lífeyrissjóður sér um sig", algjörlega án tillits til forsögu. — Er þetta sjónarmið Alþfl.?

Án þess að vera í Alþfl. mótmæli ég því að þetta sé sjónarmið Alþfl. Ég hef aldrei heyrt þetta sjónarmið frá ábyrgum mönnum í verkalýðshreyfingu í sambandi við — **(Gripið fram í:** Þetta er nýr flokkur.) Ef þetta er nýr flokkur þá hefur ógæfan riðið yfir hann ef hann hefur horfið frá þessu stefnumáli. **(JBH:** Hvers vegna er formaður Dagsbrúnar að gera formanni Alþfl. upp skoðanir? Það er nær að fjalla um staðreyndir.) — Það væri þá ágætt að formaður Alþfl. kæmi hér upp á eftir og lýsti afdráttarlaust andstöðu við það plagg sem hann var að lesa upp. Það hefur hann ekki gert. Það væri til bóta að hann gerði það.

Hér kom fram hjá hv. 10. landsk. þm. að menn vissu ekki um þennan rétt sinn. Þannig var í upphafi. Hins vegar held ég að allir lífeyrissjóðir leggi sig orðið fram um að upplýsa félagsmenn um þennan rétt. Tíu þúsund félagsmenn njóta nú þessara réttinda. Það bendir til að þetta hafi verið í nokkrum ólestri í upphafi, en nú sé orðin breyting á.

Ég viðurkenni að því miður hefur gengið grátlega seint að koma þarna á föstu kerfi. Þarna eru ákaflega sundurleit sjónarmið, sem koma m. a. hér fram, og hjá ýmsum öðrum er mikill ágreiningur. Þó hefur verið reynt að fara meðalveg, en æskilegast væri að sú nefnd sem um málið fjallar færi að ljúka störfum. Það hefur stundum verið haft að gamanmálum að þegar þessi nefnd væri búin að ljúka störfum og ná endanlegu samkomulagi mundi formaður hennar verða kominn á eftirlaun. Formaður nefndarinnar er Hallgrímur Snorrason tilvonandi hagstofustjóri, frábærlega hæfur maður í sínu starfi. Og það er m. a. hans góða starf sem hefur haldið nefndinni saman og gert hana starfhæfa. Ég er ekki viss um að það sé endilega ákjósanlegt að leysa þessi mál með löggjöf. Það ber a. m. k. að reyna það enn um sinn, að ná samkomulagi um fast form í þessu. En ég legg áherslu á að þetta frv., sem kemur frá n. og allir nm. að einum undanskildum sem var fjarverandi hafa skilað sameiginlegu áliti um, fari hér hraðbyri í gegn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það hafa verið bornar mjög alvarlegar sakir á formann Alþfl. í þessu máli og ég verð að biðjast orlofs til þess að mótmæla því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar og Verkamannasambands, sé hér í ræðustól og geri ekki annað en að eigna mér skoðanir. Ég var að fjalla um staðreyndir, ekki getsakir og dylgjur. Ég var að benda á ótal staðreyndir um að þetta sundurvirka séreignasjóðakerfi lífeyrisréttinda er fyrir löngu komið í algjörar ógöngur og lýsa þeirri skoðun minni að framlenging á þessum parti málsins til fimm ára mundi sennilega verða til þess að þeir kerfismenn sem rorrað hafa yfir þessu máli án aðgerða árum og áratugum saman haldi því áfram. Mitt sjónarmið er að það ætti að stytta þennan frest til þess að nýta þann tíma. Tvö ár eru ærið nógur tími til að koma í framkvæmd þeim grundvallarsjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar, sem hún a. m. k. samþykkir á hverju Alþýðusambandsþingi, að það beri að koma á einu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Núverandi kerfi er óhæft.

Að því er varðar einkaefasemdir hv. þm. Karvels Pálmasonar bið ég hann um að halda þeim hjá sjálfum sér því að það á enginn maður að efast neitt um að þetta er eitt af hinum stóru baráttumálum Alþfl. og því mun verða fylgt eftir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Nú kannast ég við minn formann eins og þar stendur. Hann hefur hresst í tali og ég fagna því. En að því er varðar hans áminningu til mín um að halda mínum efasemdum innan minna eigin dyra, þá vísast til hans fyrri ummæla og einnig minna um að hvað sem líður þessari ákvörðun og samþykkt Alþfl. held ég uppi þessum efasemdum hvar og hvenær sem ég tel þess þurfa. Ég tel að þær eigi fullan rétt á sér og tilheyri ekki síður jafnaðarstefnunni en sú formlega samþykkt sem gerð hefur verið í Alþfl., án þess að ég vilji á nokkurn hátt draga þar úr.

Ég sé ýmsa galla á þessu kerfi eins og það er boðað, a. m. k. þangað til ég sé útfærsluna. Orðin „einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn" nægja mér ekki sé ekki skilgreint með hvaða hætti það á að gerast og hvernig það á að útfærast. Ég hef fyrirmyndina sem ég vil varast, sem er Atvinnuleysistryggingasjóðurinn, án þess að ég sé á nokkurn hátt að kasta rýrð á hann eða þá sem þar hafa starfað nema síður sé. Ég tel að skipulag eigi ekki að vera með þeim hætti.

Eitt til viðbótar. Ríkisstj. sem sitja á hverjum tíma hafa yfirleitt gengið langt í því að ásælast fjármuni sem safnast t. d. í Atvinnuleysistryggingasjóðinn, eða lífeyrissjóðina, þó að þeir séu í því formi sem nú er, hvað þá ef um yrði að ræða einn stóran sjóð sem menn réðu yfir hér í Reykjavík, miðstýrðu héðan. Þannig eru ýmis spurningarmerki í mínum huga þrátt fyrir mjög ágæta almenna stefnumörkun Alþfl. varðandi orðin „Lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn".

Svavar Gestsson: Herra forseti. Fyrir líklega aldarfjórðungi var lögð fram á Alþingi skýrsla um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn sem var unnin af Haraldi Guðmundssyni. Þessi skýrsla var í rauninni mjög fróðlegt og merkilegt plagg vegna þess að þarna var ítarlega farið út í lífeyrismálin og bent á ýmsar leiðir

í þá átt að koma á einu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn, jafnvel þó að sjóðirnir væru margir. Ég held að það sem hv. 5. þm. Reykv. nefndi hér áðan um eitt lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn sé nákvæmlega það sem er samstaða um eins og nú standa sakir, einnig innan verkalýðssamtakanna. Ég held að menn séu ekki tilbúnir að leggja niður lífeyrissjóðina vegna þess að menn óttast m. a. inngrip ríkisvaldsins enn frekar ef lífeyrissjóðurinn væri einn og með þeim rökum sem m. a. hv. 3. þm. Vestf. hefur gert grein fyrir.

Þetta eru rök sem eru pólitískur veruleiki hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Og ég held að við værum að berja höfðinu við steininn ef við neituðum að horfast í augu við þennan veruleika og reyndum að nálgast málið út frá því að hér eru til margir lífeyrissjóðir í landinu og það er verið að undirbúa það og hefur verið í gangi á undanförnum árum að tekið verði hér upp samræmt bóta- og lífeyrisréttindakerfi. Ég tel að Samband almennra lífeyrissjóða hafi unnið mjög gott starf í þessa veru á undanförnum árum frá því að sambandið var stofnað. Það er um að ræða samræmdan bótarétt innan þeirra mörgu lífeyrissjóða sem eru þar innan veggja, þannig að fólk hefur svipaða stöðu að því er varðar bótarétt, innan hvaða sjóðs sem það kann annars að vera innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Verkalýðshreyfingin hafði eins og kunnugt er þessi málefni á sinni dagskrá og hefur enn og 1970 voru gerðir kjarasamningar í að mörgu leyti mjög erfiðri stöðu fyrir verkalýðshreyfinguna. Niðurstaða þeirra samninga var sú að tekið var upp það kerfi, sem við erum hér að fjalla um, með umsjónarnefnd eftirlauna. Þetta kerfi var hugsað þannig að með því ætti að brúa bil yfir í samræmt lífeyrisréttindakerfi vegna þeirra sem ekki höfðu átt kost á því áður að borga í neinn lífeyrissjóð. Þess vegna var þetta kerfi talið bráðabirgðakerfi þar til nýskipan lífeyrismálanna hefði verið ákveðin. Sú endurskoðun hefur nú verið lengi í gangi, eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um áðan, og hafa verið sagðir margir sprettilbrandarar af þeim hægagangi sem þar er innan veggja og þar er ekkert ofsagt því að þar er heldur hægt unnið.

En allt um það held ég að eftirlaunakerfið sem hér er verið að ræða núna hafi þjónað sínum tilgangi og það verði að vera við lýði áfram því að ef þetta verður ekki samþykkt hér núna munu þúsundir og aftur þúsundir manna missa réttindi sín.

Af því að hér var verið að tala um einn ákveðinn stjórnmálaflokk alveg sérstaklega, Alþfl., er kannske rétt að rifja það upp að síðustu afskipti Alþfl. af lögum um eftirlaun aldraðra var frv. um þau mál sem hæstv. þáv. tryggingamálaráðherra, Magnús H. Magnússon, lagði fyrir Alþingi haustið 1979. Skv. því frv. var bætt nýjum kafla í lögin um eftirlaun aldraðra og mikill fjöldi fólks, sem áður hafði engin réttindi haft, kom þá inn undir þetta umsjónarnefndarkerfi. Ég held að þetta hafi verið mjög skynsamleg ákvörðun og tillögugerð sem Magnús H. Magnússon beitti sér þá fyrir og hlaut einróma stuðning á Alþingi á sínum tíma. Mér var því ekki kunnugt um það fyrr en núna alveg á síðustu mánuðum að menn væru að setja spurningarmerki við umsjónarnefndarkerfið, eins og hér hefur komið fram, og þó má segja að hafi verið fastast að orði kveðið í ályktunum og samþykktum frá Verkfræðingafélagi Íslands og lífeyrissjóði þess. Það eru ályktanir sem ég hef enga samúð með. Þar er sterkur lífeyrissjóður að neita að taka þátt í þeirri samhjálp sem felst í þessu umsjónarnefndarkerfi. Ég get ekki tekið undir slík sjónarmið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 192. mál (þskj. 212, 382). — Frh. 3. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég var kominn þar máli mínu að fara hér aðeins yfir málefni aldraðra varðandi lífeyri þeirra og kaupmátt elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar gagnvart lyfjakaupum og læknishjálp. En ég hafði beðið um að hæstv. fjmrh. yrði kallaður hér inn til þess að ég gæti rætt ákveðið mál við hann. Það er að vísu af nógu að taka hér í þessum málaflokki þannig að það er út af fyrir sig hægt að ræða hann nokkuð lengi, miðað við forsendur málsins. (**Forseti:** Ef ég má aðeins grípa inn í ræðu hv. þm., þá hafa mér enn borist fregnir af því að hæstv. ráðh. sé í ræðustól eins og er. Ef hv. þm. vill fresta ræðu sinni þá er annar hv. þm. á mælendaskrá.) Já, ég er reiðubúinn til þess, herra forseti.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá felur í sér nokkrar skipulagsbreytingar á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra, breytingar sem mér skilst að séu til hagræðingar og einföldunar á því fyrirkomulagi sem í gildi hefur verið. Það kemur fram í aths. með frv. á bls. 3 í hverju meginbreytingarnar eru fólgnar, þ. e. í fyrsta lagi að koma festu á starfsemi sjóðsins, þannig að þeir sem þangað hyggjast sækja fjármuni geti vitað hvers þeir megi vænta, og í öðru lagi að færa fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga að nýju til fjvn., enda verði tekjur af nefskattinum einu tekjur sjóðsins. Ég held að það sé allt gott um þessar breytingar að segja og þess vegna auðvelt og sjálfsagt að styðja framgang þessa frv.

Hins vegar hefur verið upplýst í þessari umr. að með þessum breytingum skerðist heildarframlög ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra um ótilteknar upphæðir. Menn greinir nokkuð á um það hvað upp á vantar og skiptir í sjálfu sér ekki máli. Hæstv. heilbrmrh. hefur upplýst að framlag skv. breytingum á lögunum, ef samþykktar verða, muni leiða til þess að fé skorti á og *hefur hann þá í huga þá tölu sem er inni í fjárlagafrv.* eins og það liggur fyrir nú.

Ég verð að segja það eins og er að mér finnst það ekki stórmannlegt, enda þótt þessi hagræðing og breyting eigi sér stað í þessum málaflokki, að þá sé tækifærið notað til þess að skera niður fjárveitingar til málefna aldraðra. Ég get satt að segja ekki ímyndað mér að það hafi verið ætlan nokkurs manns og allra síst hæstv. ráðh. að málin skipuðust svo að dregið yrði úr fjárveitingum til byggingarframkvæmda í þágu aldraðra. Það vita allir landsmenn að húsnæðisekla fyrir gamalt fólk er geigvænleg. Það eru hundruð manna á

biðlistum hjá dvalarheimilum og það ríkir neyðarástand á hundruðum heimila, ekki aðeins í Reykjavík heldur víðs vegar um land, vegna gamalmenna sem þurfa á mikilli umönnun að halda en heimilisfólk á af skiljanlegum ástæðum erfitt með að sinna. Þetta fólk þarf á því að halda að fá aðhlynningu og þjónustu á stofnunum eins og dvalarheimilum og sjúkrahúsum. Það er bráður vandi, það er svo mikill vandi að það er skylda Alþingis að veita þessum málum verðuga athygli og sýna þeim þann skilning að fjárveitingar verði a. m. k. ekki lækkaðar til þessara mála.

Ég verð þess vegna að segja það eins og er að ég get ekki varið það gagnvart samvisku minni að greiða atkv. gegn tillögum sem miða að því að framlög til Framkvæmdasjóðs aldraðra verði a. m. k. að raungildi þau sömu og verið hafa á síðasta ári. Mér finnst þetta mál ekki snerta stjórn eða stjórnarandstöðu. Það snertir heldur ekki það hvað ráðh. hefur sagt í þessum umr. Það sem skiptir máli eru hagsmunir gamla fólksins. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hv. Alþingi láti það spyrjast um sig að skipulagsbreytingar í þessum lögum eigi að leiða til þess að fjárframlög lækki til málefna aldraðra. Ég vildi því láta það koma fram, herra forseti, við þessa umr. að ég er algjörlega andvígur því að niðurskurður eigi sér stað á fjárveitingum til Framkvæmdasjóðs aldraðra og ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til þess að greiða atkv. með þeirri varatillögu sem hér hefur verið flutt og kynnt af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni.

Fyrri tillagan hljóðar upp á það að þetta framlag eigi að nema 30 millj. Ég held að hvorki ég né aðrir geti sagt með sanni að sú tala sé hin rétta til þess að halda raungildi frá fyrra ári. Það sem skiptir máli, eins og ég sagði áðan, er það að hér sé ekki dregið úr frá því sem áður var. Ég skil vel að nú þurfi að spara og gæta aðhalds í rekstri og útgjöldum ríkisins. Ég er ekki að mæla með því að þetta framlag sé aukið að verðgildi eins og sakir standa. En ég tel það fráleitt að úr því sé dregið.

Ég lýsi því hér með yfir, herra forseti, að ég mun greiða atkv. með varatillögu þeirri sem ég nefndi áðan nema fram komi skýringar af hálfu stjórnvalda eða yfirlýsingar af hálfu hæstv. heilbrmrh. um það að hér muni verða gerð bragarbót á, annaðhvort með afgreiðslu fjárlaga eða með öðrum hætti nú á allra næstu dögum. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson (frh.): Herra forseti. Þar sem hæstv. fjmrh. er nú kominn hér í sal Nd. ætla ég að endurtaka þær spurningar sem ég lagði hér fram áðan. Í máli mínu hafði það komið fram að heilbr.- og trn. Ed. mælti með samþykkt frv. um málefni aldraðra á þskj. 212 í trausti þess að heildarframlög til þessara mála verði ekki lægri að raungildi á næsta ári en fjárlög 1984 mæla fyrir um.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti því yfir við umr. í Ed. að hann mundi beita sér fyrir því að bein framlög úr ríkissjóði til hjúkrunarheimila aldraðra yrðu í kringum 30 millj. kr. Á fundi í hv. Nd. lýsti hæstv. ráðh. því sama yfir og bætti við að hann teldi að ⅔ af þessu framlagi ættu að fara til B-álmu Borgarspítalans, þ. e. til að halda áfram framkvæmdum vegna aldraðra hér í Reykjavík sérstaklega. En það er ljóst að sú skerðing á framlagi í Framkvæmdasjóð aldraðra, sem ríkisstj. gerir nú ráð fyrir, bitnar einna harðast á B-álmu Borgarspítalans. Í framhaldi af þessu og því að það liggur fyrir vilji hæstv. heilbr.- og trmrh. sýnist mér á öllu að skv. þeim till., sem fjvn. hefur dreift hér til þm., sé ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á þessum lið og hæstv. heilbrrh. hafi verið ofurliði borinn í þessu máli og ekki náð fram sínum vilja. Ég vildi spyrja hvort það vaki fyrir hæstv. fjmrh. að tryggja að framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra á árinu 1985 yrði það sama að raungildi og á árinu 1984.

Eins og hér kom fram fyrr í dag höfum við Guðrún Helgadóttir flutt tvær till. í þessu efni. Aðaltillaga okkar er sú að framlagið úr ríkissjóði verði 30 millj. kr. í þetta verkefni og til vara flytjum við till. um að framlagið úr ríkissjóði verði svo mikið að framkvæmdagildi sjóðsins skerðist ekki. Ég minni á að hv. 6. þm. Reykv., Ellert B. Schram, hefur tekið undir síðarnefndu till. og mér finnst það í raun og veru mjög mikils virði. Ég vil sem sagt spyrja hæstv. fjmrh.: *Vill hann beita sér fyrir því að* þetta framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra eða til hjúkrunarheimila verði hið sama að raungildi á árinu 1985 og árinu 1984? En það ber í raun og veru nokkuð á milli talna. Nú getur verið að ég kunni ekki alveg nákvæmlega réttar tölur í þessu efni varðandi framkvæmdagildið því það fer eftir því hvernig vísitölur eru reiknaðar þarna út. En mér sýndist að það, sem ber á milli þessara talna, annars vegar 30 millj. og hins vegar hugmyndanna um raungildi framkvæmdafjárins — og svo þess sem komið er inn í fjárlagafrv. sé einhvers staðar á bilinu 5 til 10 millj. kr. Ég teldi það verulegt spor í áttina ef fallist yrði á þá hugmynd sem felst í síðari brtt. okkar Guðrúnar Helgadóttur hv. þm. Og ef einhver yfirlýsing í þá veru kæmi fram frá hæstv. fjmrh., ef einhver yfirlýsing kæmi fram um slíkt frá hæstv. ríkisstj. þá teldi ég það fyrir mitt leyti mjög verulegan áfanga og mundi fagna slíku.

Till. var á þessa leið — af því að hæstv. fjmrh. er kominn hér í salinn: „Framlög úr ríkissjóði gangi til Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að heildarframkvæmdir sem sjóðurinn fjármagnar verði aldrei minni en á árinu 1984. Heimilt er að verja fjármunum skv. þessum tölul. til styrktar hjúkrunarrýmis aldraðra á vegum sveitarfélaga til viðbótar við framlag skv. síðasta málsl. 12. gr."

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann tilbúinn til að koma til móts við þessi sjónarmið, á þeim forsendum að þingið hefur í rauninni þegar afgreitt málefni aldraðra í trausti þess að framkvæmdagildi fjármagnsins minnkaði ekki. Ég teldi að við værum að bregðast því trausti með því að hækka þessa tölu ekki. Ég skora þess vegna á hæstv. fjmrh. að koma til móts við það sjónarmið sem fram kemur í varatill. á þskj. 382. Hér er um að ræða upphæð sem er á bilinu 5 til 10 millj. kr. Ég get ekki nefnt það nákvæmar á þessu stigi vegna þess að ég hef ekki farið nákvæmlega yfir það með tilliti til hugsanlegrar þróunar byggingarvísitölu á milli áranna 1984 og 1985. En mér sýnist að upphæðin sé á þessu bili, 5 til 10 millj. kr., og ég skora á hæstv. fjmrh. að koma til móts við þessi sjónarmið.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika fyrst að fjmrh. hefur ekki komið í veg fyrir að raungildi framlaga til þessa verkefnis, málefna aldraðra, verður það sama 1985 og 1984.

Ég segi eins og hv. 3. þm. Reykv.: Ég hef ekki borið saman raungildi framlaga og hvort það er endilega sú tala sem er í till. þeirra virðulegu þm. Guðrúnar Helgadóttur og 3. þm. Reykv. En við höfum rætt þetta mál, bæði hv. flm. og eins hefur heilbrrh. rætt þetta sérstaklega við mig. Ég hef svarað hæstv. heilbrrh. á þá leið að ég sé reiðubúinn til þess þegar um hægist, hvernig sem afgreiðsla fjárlaga fer um þennan lið, að skoða hann betur og ef þörf gerist til þess að ná sómasamlegum árangri — skulum við segja til að lofa ekki of miklu — þá mun ég reiðubúinn til að huga að aukafjárveitingum í þennan framkvæmdalið öðrum fremur þó að ég sé í prinsipinu á móti aukafjárveitingum yfirleitt.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér fyrr í dag þá er það alveg rétt að ég sagði í Ed. að ég vildi beita mér fyrir því að raungildi héldist í þessum málaflokki. Í framhaldi af því óskaði ég eftir því við formann stjórnarinnar að farið yrði fram á 30 millj. í fjvn. vegna þessarar breytingar. Það er sama upphæð og úthlutað var til þessarar starfsemi á vegum Framkvæmdasjóðs aldraðra á þessu ári. Hins vegar komst það ekki í gegn. Fjvn. úthlutaði 14 millj. kr.

En við verðum líka að taka með í reikninginn að það er fleira sem hér er breytt skv. þessu frv. og líka að líta aðeins á þróun þessara mála. Þegar lögunum um heilbrigðisþjónustu var breytt og þessar dýru framkvæmdir voru settar á Framkvæmdasjóð aldraðra af heilbrigðisþjónustunni þá varaði ég mjög við þeirri breytingu. Þá var hv. 3. þm. Reykv. heilbr.- og trmrh. Ég taldi að það yrði aldrei eins séð fyrir þessum framkvæmdum í svona takmörkuðum sjóði, að taka jafnviðamikil verkefni inn og gert var, heldur ættu þau að vera á sama bás og almenn framlög til sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og þess háttar. En því miður var þessi breyting gerð. Það sem nú er verið að leggja til er að ákveðnar stórar framkvæmdir taki ekki of mikið af ekki stærri sjóði en Framkvæmdasjóður aldraðra er og því er markið sett hér um 30% svo að hægt sé að sinna betur öðrum þeim verkefnum sem sjóðurinn á að sinna.

Ég vil í þessu sambandi benda á að á árinu 1982 var framlag ríkissjóðs 11 millj., en heildarálagning sérstaks gjalds var 18.3 millj. á móti 11, en ári síðar, við afgreiðslu fjárlaga 1983, hækkar framlag ríkisins um heilar 600 þús. á milli ára, úr 11 millj. í 11.6. Mér dettur ekki í hug að trúa því að þáverandi heilbr.- og trmrh. hafi ekki farið fram á meira. Svo það hefur líka verið einhver bremsa á þeim árum og við miklu betri aðstæður en núna eru. Þá var um 5% hækkun að ræða á milli ára — í þeirri miklu verðbólgu sem þá var. En markaði tekjustofninn er þá hækkaður um 63% eða úr 18.3 í 30.8 millj. milli ára. Þar breytist þetta hlutfall geigvænlega og hefur verið að breytast síðan. 1984 fer framlag ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga þessa árs í 15 millj. en markaði tekjustofninn hækkar í 47.7 millj. eða úr 30.8 í 47.7. Og nú bið ég menn að hafa í huga að skv. þessu frv. er lagt til að hinn markaði tekjustofn sjóðsins verði hækkaður og lagðar á 580 kr. á næsta ári og sú hækkun á milli ára er í samræmi við skattvísitölu.

Fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga færist skv. frv. að nýju til fjvn. En eins og ég sagði áðan verði heimilt að verja allt að 30% tekna sjóðsins til styrktar hjúkrunarrými af þessu tagi, en sá styrkur komi báðum aðilum, þ. e. ríki og sveitarfélaginu, til góða hlutfallslega. Þessar 58 millj., sem er áætlað að þetta 580 kr. gjald eða skattur gefi Framkvæmdasjóði á næsta ári, eru því þær tekjur sem sjóðurinn hefur nú miðað við 61 millj. á s. l. ári, en þá getum við bætt við þeim 14 millj. sem fjvn. hefur úthlutað. Hér er því um 72 millj. að ræða, ef við lítum á þetta sem óbreytt verkefni og að þetta frv. hafi ekki komið fram, á móti 61 millj. á s. l. ári. Ég vil því ekki segja að hér sé um lækkun að ræða heldur hitt að það þarf í þessu að vera meiri hækkun að mínum dómi.

Fjmrh. hefur lofað því að taka þetta mál upp eftir áramót þegar við erum búnir að reikna út raungildi. En þegar menn tala um að alltaf sé verið að draga úr þessum framkvæmdum þá er hér um ákaflega mikinn misskilning að ræða. Við skulum líta á fskj. 2 með þessu frv. Það sýnir að 796 vistrými voru fyrir aldraða árið 1974 og 631 hjúkrunarrými en nú á þessu ári er vistrýmið komið úr 796 í 1319 og hjúkrunarrýmið úr 631 í 927. Það hefur verið mjög ánægjuleg þróun sem hefur átt sér stað á öllu þessu tímabili. Og til þess að gefa enn gleggri upplýsingar þá koma til með að bætast við á sjúkrastofnunum á næsta ári hvorki meira né minna en 74 rúm og það er að mestu leyti á sjúkrastofnunum fyrir aldraða.

Ef fsp. kemur fram um hvar það er þá er best að ég gefi þær upplýsingar nú þegar. Það er Garðvangur í Garði með 20 rúm, Hlíð á Akureyri með 20, Dalvík 14, Sauðárkrókur með 20, sem eru samtals 74 rúm. Eðlilega bætist mikill kostnaður á sjúkratryggingar við rekstur þeirra svo að hér er ekki um samdrátt að ræða, síður en svo. Þar fannst mér gæta nokkurs misskilnings hjá hv. 6. þm. Reykv. Hins vegar tók hann það réttilega fram að ásókn væri mikil, það er hárrétt, en verið er að bæta úr því með ýmsum hætti.

Ég held að við gerum eiginlega ekki miklu meira í þessu annað en að þetta frv. fari í gegn. Ég vil, þegar þetta raungildi liggur fyrir, ræða við fjmrh. Hér er ekki um háa upphæð að ræða, en ég vil ekki fullyrða það.

En eitt vil ég fullyrða, að það sem kemur til vistrýmisaukningar hlýtur að koma til Borgarspítalans í Reykjavík eftir þessa afgreiðslu fjvn. Ég mun, eins og ég sagði, reyna að standa við það. Hins vegar er mikil óánægja víða úti á landi hvað mikið hefur farið hér á höfuðborgarsvæðið. Af öllu því fé sem hefur verið ráðstafað, sem er um 134 millj., hafa farið til B-álmunnar einnar 62 millj. og svo til annarra stofnana hér á Reykjavíkursvæðinu. Þetta svæði hefur því verið langhæst. En við megum heldur ekki gleyma því að hér er hlutfall aldraðra hærra og það verða menn að muna úti á landi. Það hef ég verið að segja mörgum ágætum vinum mínum þegar um þetta er rætt. En við verðum fyrst og fremst að sýna sanngirni í þessu máli og taka tillit til aðstæðna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram að ég met mikils yfirlýsingar hæstv. ráðh., bæði heilbrrh. og fjmrh., hér við þessa umr. og tel að það sem fram kom hjá þeim skipti verulegu máli.

Hæstv. fjmrh. komst þannig að orði að hann væri reiðubúinn til að skoða þennan fjárlagalið betur og ef þörf gerðist til að ná sómasamlegum árangri mundi hann beita sér fyrir aukafjárveitingu á árinu 1985. Ég

hygg að ég hafi náð þessu nokkurn veginn orðrétt eftir hæstv. ráðh. Hæstv. heilbrrh. tók síðan undir það hér áðan og bætti því við að sú aukning, sem kynni að verða á þessum lið frá fjárlögum ársins 1985 eins og þau nú líta út, hlyti að fara að talsverðu leyti til B-álmu Borgarspítalans án þess að hægt sé að slá því alveg 100% föstu á þessu stigi málsins.

Ég vil taka undir það að þessi málaflokkur, sem hér er um að ræða, hefur verið að breytast mjög mikið á undanförnum árum. Þær tölur, sem hæstv. heilbrrh. nefndi í þeim efnum, eru kannske gleggst dæmi um það, þar sem fram kemur að vistrými aldraðra voru samtals 1427 í byrjun árs 1974, en voru í byrjun þessa árs 2246. M. ö. o. vistrýmum fyrir aldraða á almennum elliheimilum, sem svo voru kölluð, og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða hefur fjölgað um 819 á þessum áratug. Hér er um gífurlega breytingu að ræða og þar munar um allt. Ég nefni í því sambandi t. d. Hrafnistu sem á mjög myndarlegan hlut að þeirri aukningu sem hér um ræðir. Þar hefur komið til á þessum tíma mjög veruleg aukning á rými og þó hygg ég að ekki sé öllu til skila haldið í þessum tölum vegna þess að Hrafnista kemur einnig við sögu sérstaklega á árinu 1982, 1983 og á fyrri hluta árs 1984 þar sem um er að ræða milli 150 og 200 pláss. Síðan hafa opinberir aðilar lagt í þetta líka með B-álmu Borgarspítalans sem er að koma hér inn í vaxandi mæli. Það hefur því verið tekið á þeim vanda sem um var að ræða í vistunarmálum aldraðra — neyðarástand var það kallað á árunum 1980 til 1981 — og ég tel að það sé vilji til þess í öllum flokkum hér á hv. Alþingi að taka á þessum vanda.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. ræddi hér um Framkvæmdasjóð aldraðra og það að gert var ráð fyrir að verja úr honum peningum í fjármögnun bygginga á móti sveitarfélögunum. Hann taldi að það hefði kannske verið vafasamt vegna þess að þrengdi þá að öðrum framkvæmdum í þágu aldraðra. Í því sambandi verð ég að segja að ég taldi og tel reyndar enn að hjúkrunarrýmið sé forgangsflokkur í þessu efni. Þörfin er að vísu mikil fyrir almenn dvalarheimili, en ég tel að þörfin fyrir hjúkrunarrými fyrir aldraða sé enn þá í forgangsflokki í þessu. Ég taldi þess vegna og tel að það hafi verið réttlætanlegt að verja mjög stórum upphæðum úr þessum framkvæmdasjóði í hjúkrunarrýmið.

Eins og kunnugt er liggur hér fyrir brtt. frá okkur, mér og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, um málefni aldraðra. Auðvitað er eðlilegt að það verði látið reyna á afstöðu þingsins til þeirra till., samþykkt þeirra væri stuðningur við hæstv. heilbr.- og trmrh. í þessu máli þó að honum sé vafalaust einnig styrkur að yfirlýsingu fjmrh. Verði till. mót vonum mínum felldar hljótum við að fylgjast mjög grannt með því hvernig hagað verður úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 1985 og einnig því hvernig hugsanlegum aukafjárveitingum verður varið, en það var það sem hæstv. fjmrh. sagði, að hann mundi beita sér fyrir aukafjárveitingu í þessu skyni á árinu 1985. Þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar sínar um að hann væri andvígur aukafjárveitingum vildi hann gera undantekningu í þessum málaflokki, það liggur fyrir. Við munum fylgjast með því hér á Alþingi hvernig þeim aukafjárveitingum vindur fram og hvernig þær verða notaðar, enda er gert ráð fyrir því að Alþingi fái fulltrúa til samráðs um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra þó að hann sé þar ekki fullgildur stjórnaraðili, enda er það ráðh. sem formlega séð úthlutar úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ef ætti að fara að ræða þennan málaflokk efnislega, eins og sumir hv. þm. hafa verið að gera, mætti halda uppi löngum tölum. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég er ánægður með þá yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. í samráði við heilbrmrh. gaf hér áðan í sambandi við vandamál sem enn eru óleyst, sérstaklega B-álmu Borgarspítalans í Reykjavík.

Ég tel nauðsynlegt að um leið og við gefum slík fyrirheit verði líka það heit tekið af þeim sem byggja það húsnæði að því verði varið í þágu aldraðra en ekki til annars, því að meginhluti þeirra fjármuna sem hafa farið til þeirrar byggingar hefur einmitt verið tekinn í gegnum nefskattinn til þessa málefnis.

Vegna þeirrar gagnrýni sem kom hér fram hjá ræðumanni á það að mikið sé byggt á höfuðborgarsvæðinu þá er alls ekki eina skýringin sú að hér sé hátt hlutfall aldraðra. Það er miklu fleira sem þessu veldur. Nú fyrir stuttu var þetta rætt á fjölmennu þingi sem ég sat. Ég benti þar m. a. á þær staðreyndir að hér í Reykjavík eru þúsundir íbúða í eigu manna sem starfa víðs vegar um land meginhluta sinnar starfsævi og hafa alltaf við hún þá fullvissu að þeir muni flytjast hingað á höfuðborgarsvæðið þegar þeirra starfsævi lýkur. Þeir eiga sínar íbúðir hér, hafa leigt þær meðan þeir voru við störf víðs vegar um landið, eins og ég sagði, og koma hingað á efri árum og hafa þá að sjálfsögðu full réttindi hér sem borgarar í Reykjavík eða nágrannabyggðum og sækjast þá eftir þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda sem slíkir. Það eru tugir sveitarfélaga víðs vegar um land sem hafa ekki nokkra möguleika á því að halda uppi slíkri þjónustu sem þarf að veita á umönnunar- og hjúkrunarstigi aldraðra, það er bara ekki nokkur leið. Þess vegna hafa sveitarstjórnarmenn þessara sveitarfélaga talið fullt eins eðlilegt að gamalmenni úr þeirra byggðum kæmu hingað á höfuðborgarsvæðið eins og að vera að setja þau einhvers staðar á aðra Fúluvík en þeir komu frá. Það á ekki að vera nein hugsjón hjá mönnum að sveitfesta gamalt fólk í sinni sveit ef það vill fara. Ef það vill flytja á suðlægari breiddargráðu, hingað á höfuðborgarsvæðið þá á ekki að banna því það, það á að lofa því að flytja.

Til viðbótar ætla ég að benda á tvær staðreyndir sem öllum á að vera kunnugt um. Annars vegar er það að á þessu svæði eru allar meginheilbrigðisstofnanir, sjúkra- og spítalastofnanir, sem gamalt fólk þarf að sækja til. Hér er góð augnlæknaþjónusta og önnur sérhæfð þjónusta sem fólk einmitt óttast að það verði af ef það býr í afskekktum héruðum. Ég lái ekki því fólki þó að það vilji flytja sig til og njóta þessarar þjónustu í ellinni. Til viðbótar þessu sækir þetta gamla fólk hingað á eftir börnum sínum og vinum sem flytjast á þetta svæði. Það er ekki gamla fólkið sem dregur yngra fólkið á eftir sér hingað á Suðvesturlandið. Það er öfugt. Þegar það er orðið eitt heima og allir þeirra nánustu farnir hingað á höfuðborgarsvæðið, þá er ekkert verið að gera vel við þetta fólk með því að segja: Þú skalt vera heima á þínum gamla stað. Við erum búnir að byggja yfir þig elliheimili og dvalarheimili. Vertu kyrr. — Við eigum að lofa fólkinu að ráða og fara ef það vill. Við eigum að

skapa þá aðstöðu og vonandi kemst þessi þjónusta á það stig í þjóðfélaginu að þetta verði hægt.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hjúkrunarrými, eða við skulum heldur tala um sjúkrarými aldraðra þar sem eru spítaladeildir og síðan hjúkrunar- og umönnunarrými, þetta er auðvitað hið brýna mál. Ég hef þá trú að dvalarheimilin í sinni mynd muni fjarlægjast hugi manna á næstu árum og það fari meira í þá áttina að byggt verði yfir fólk eða því hjálpað til að byggja, að félagasamtök, einstaklingar eða hið opinbera, sveitarfélög og ríki, byggi svokallaðar verndaðar þjónustuíbúðir og þangað verði þjónustan flutt. Byggð verði sérhönnuð hús og íbúðir þar sem hægt er að veita þessa þjónustu eins og á dvalarheimili eða hjúkrunarheimili væri. Mér sýnist að þetta sé sú stefna sem nú er að verða ráðandi bæði hér í nokkrum nágrannalöndum okkar og eins fyrir vestan haf. En eins og ég sagði, mitt erindi hingað upp var vegna þess nál. sem ég skrifaði upp á sem aðili að heilbr.- og trn. Ég uni þessari yfirlýsingu þeirra ráðherra og treysti því að við hana verði staðið svo að raungildi þess sem fer til þessara mála verði ekki minna á næsta ári en á því ári sem nú er að líða.

ATKVGR.

Brtt. 382,1 (aðaltillaga) tekin aftur.

Brtt. 382,2 (varatillaga) felld með 19:14 atkv.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 399).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 288, n. 345, 336, 384). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. á þskj. 345 um frv. til l. á þskj. 288, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, þ. e. um frádráttarliði og skattstiga.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og fengið til viðtals Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóra, Árna Kolbeinsson í fjmrn. og Sólveigu Ólafsdóttur frá Kvenréttindafélagi Íslands. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson með fyrirvara, Friðrik Sophusson, Svavar Gestsson, Þorsteinn Pálsson, Halldór Blöndal og Kjartan Jóhannsson með fyrirvara. Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og flytur ásamt Kristínu Halldórsdóttur brtt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það liggur hér fyrir á þskj. 384 brtt. sem ég flyt og lætur lítið yfir sér, enda varðar hún einungis einn tölustaf í öllu því talnaflóði sem menn geta séð í því frv. sem hér er til umr. Hún varðar 4. tölul. 1. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að tiltekin tala, sem hafi verið 25 500 kr., verði 31 880. Ég flyt sem sagt till. um að í staðinn fyrir 31 880 komi 58 þús. kr. Þetta varðar svokallaðan námskostnaðarfrádrátt eða námsfrádrátt hjá mönnum sem eru 16 ára og eldri.

Ég get rakið fyrir deildinni hvers vegna vaknaði hjá mér áhugi fyrir þessu máli. Það vildi svo til að í sumar fór ég að kynna mér það hvernig væri hagað námsfrádrætti og hvernig hann nýttist námsmönnum og framfærendum. Ég komst þá að því að þessi tala, sem við samþykkjum hér á hverju ári, fær ýmiss konar meðferð áður en endanleg frádráttartala kemur svo á framtalið. Ég komst að því að það væru tvær aðferðir í gangi og að sú tala sem hér er tilgreind sem námsfrádráttur, ætti harla langa leið og ýmis ævintýri fyrir höndum áður en einhver tala kæmi á framtali til frádráttar. Þetta á að vísu ekki við í öllum tilvikum. Ef námsmaður hefur tekjur, þannig að honum nýtist þessi frádráttur, kemur þetta sem frádráttarliður á framtal námsmannsins og lækkar skatta hans þá að einhverju leyti, nýtist náttúrlega misvel, en hefur fyrst og fremst þau áhrif að hann lendir þá ekki í skatti. En í mjög mörgum tilvikum eru námsmenn tekjulitlir, þannig að þessi frádráttartala nýtist þeim ekki og við þekkjum það öll, að börnin okkar eru kannske meira og minna á framfæri okkar, sérstaklega á milli 16 ára og tvítugs og kannske eitthvað fram eftir því. Og þá er hugmynd skattalaganna sú að það geti nýst til frádráttar hjá framfæranda. En þá flækist málið vegna þess að þó að það sé ótvírætt gefið í skyn í lögunum að menn skuli njóta slíks frádráttar og við fyllum út alls konar eyðublöð um þetta, þá er það nú ekki afgangurinn af þessari tölu sem kemur til frádráttar eða það sem ekki nýttist hjá námsmanninum, hvað þá þessi tala öll sem kemur til frádráttar hjá framfærandanum, heldur eru tvær aðferðir í gangi og bið ég nú menn að taka eftir.

Ég held að það sé best að rekja þetta með dæmi. Þá er fyrst þess að geta að á s. l. ári var námsfrádráttur 25 500 kr. Við skulum hugsa okkur námsmann sem hafði 51 þús. kr. í tekjur. Þá er fyrri aðferðin af því tagi að þriðjungurinn af vinnutekjunum er dreginn frá og það eru þá 17 þús. kr. Þá eru eftir 8500 kr. sem koma til greina til frádráttar hjá framfæranda.

Skv. mati ríkisskattstjóra kostar nám hér heima, þegar menn eru heimabúandi, um 90 þús. kr., 91 723. Ef námsmaður hafði þessar 51 þús. kr. í tekjur og hefur ekki tekið nein námslán, verið á framfæri heima hjá sér, þá hefur heimilið skv. þessu mati tekið á sig rúmar 40 þús. kr. Maður hefði þá haldið að þessar 25 500 mættu nýtast til að lækka skatta hjá framfærendum, en svo er ekki. Það má einungis nýta 8500 kr., mismuninn á námsmannafrádrættinum og þriðjungi af vinnutekjum námsmanns. Hvers vegna hafi verið staðnæmst við þriðjung hef ég ekki fengið neinar skýringar á. Þá kemur út að hér geti orðið til frádráttarliður upp á 8500 kr. vegna kostnaðar sem skv. mati ríkisskattstjóra er 41 þús. Þessu á svo að skipta á báða foreldrana eða ef þeir eru tveir framfærendur og þá kemur frádráttarliður á framtalið upp á 4250 kr. Sá maður sem er með jaðarskatt upp á 35% fær hér 1488 kr. í skattafslátt eða í skattalækkun vegna þess að hafa tekið á sig útgjöld upp á 41 700 kr. skv. mati skattstjóra. Ég var svo gáttaður á þessu, svo að ég segi ykkur alveg eins og er, að mér fannst ástæða til að gera þetta að sérstöku umræðuefni. Þegar hið opinbera viðurkennir að heimili hafi orðið fyrir útgjöldum upp á 41 700 kr. er skattalækkunin sem mönnum er boðin út á það 1488 kr. Ég held að þm. hafi

ekki verið þetta ljóst. Og í umr. um þetta mál á nefndarfundi og við ýmsa embættismenn viðurkenndu þeir að þessi tala, sem hér væri, námskostnaðarfrádrátturinn, væri svo lág að auðvitað væri spursmál að það tæki því að vera með hana. Það getur ekki verið að foreldri sé eitthvað miklu betur statt út af þessum 1500 kr. eða hafi raunverulega verið tekið tillit til þess að menn voru með börn á framfæri sem kostuðu svona og svona mikið.

Sagan er reyndar ekki alveg öll sögð því að skattakerfið hefur líka fundið upp aðra aðferð til að reikna út kostnað sem getur fallið á framfæranda út af námsmanni. En hún er því miður enn þá óhagstæðari og verða ekki fundin fyrir henni nein einhlít rök. Þar er gengið út frá þessum 91 723 kr., sem er mat á þeim lægsta kostnaði sem fyrir hendi er af því að vera með mann í námi, dóttur eða son, heima hjá sér. Síðan eru vinnutekjurnar í heild dregnar frá þannig að 41 þús. kr. standa aftur þarna til viðmiðunar, þær sem framfærendur tóku á sig. En svo er framhaldið. Síðan á að draga 95% frá þeirri tölu. Þá kemur afgangur sem í þessu dæmi væri 2000 kr. og á að skiptast til helminga á foreldrana. Það er 1000 kr. frádráttur. Það getur verið skattalækkun upp á 500 kr. eða eitthvað slíkt svo að hún var enn þá fjarstæðukenndari.

Nú hefði ég í sjálfu sér haft áhuga á því að finna einhverjar nýjar og réttlátari leiðir í þessu. En það hefur ekki gefist til þess tóm og kostar sjálfsagt frekari athugun. En meðan málið stendur svona finnst mér einhlítt og hafði samráð við embættismenn um það, því að sú tala sem er hér varðandi námskostnað er svo hlægilega lág að það kemur ekkert út úr henni eða mjög lítið, að það sé fyllsta ástæða til að hækka hana. Hvers vegna þá 58 þús. kr., geta menn spurt, frekar en einhver önnur tala? Ég skal viðurkenna að þegar maður stendur frammi fyrir því að geta ekki ráðist algerlega að kerfinu, heldur verður að vinna að því verður maður stundum að stytta sér leið. Ég hefði kannske valið að hér væri enn þá hærri tala. En ég skal segja ykkur hvernig þessi tala, 58 þús., er fundin.

Ég tók þessar 91 700, sem er opinbert mat á því hvað það kosti að vera hér í námi og heimabúandi, og hækkaði hana með tilliti til verðlags um 25%. Þá fæ ég út því sem næst 115 þús. kr. Og ég hugsaði með mér: Það ætti þó a. m. k. að vera óhætt að stíga þetta skref þannig að helmingurinn af þeirri tölu, helmingurinn af 115 þús. eða 58 þús. kr., það væri öruggt, og við værum þá a. m. k. svolítið að liðka til í þessum efnum. Mér er ljóst að þetta er alger lágmarkstillaga, en ég held að með því að samþykkja hana forðum við Alþingi frá því að verða hlægilegt áfram í þessum málum. Ég verð að segja að eins og þessi tala er núna eru þær útkomur, sem ég hef fengið úr þessum dæmum sem ég hef skoðað, nánast af því taginu að Alþingi verður til athlægis.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þetta. Það eru margir liðir í þessu frv. til l. og í skattalögunum sem maður hefði vissulega áhuga á því að líta nánar á og margar endurbætur sem maður hefði áhuga á því að gera. En ég hef í þessu máli valið að fylgja meiri hlutanum og láta þetta gott heita að öðru leyti en að því er varðar þetta eina mál sem mér finnst að beri nauðsyn til að breyta strax svo að við séum ekki til athlægis í þessu efni.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 336 við þetta þingmál, 187. mál þessa þings, en meðflm. minn er hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Brtt. er við 3. gr. frv. sem orðist svo, með leyfi forseta:

„1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 200 þús. kr., skal reikna 20%.

2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 þús. kr., skal reikna 31%.

3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 400 þús. kr., skal reikna 44%.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 66. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins."

Brtt. er sem sé í því fólgin að fella niður það ákvæði er leyfir millifærslu á ónýttum hluta af fyrsta skattþrepi milli hjóna, þ. e. frá hinu tekjulægra til hins makans sem tekjuhærri er. En í athugasemdum við lagafrv. segir, með leyfi forseta, „að þetta sé gert til þess að draga nokkuð úr þeim mismun sem er milli samanlagðra skatta hjóna með hliðstæðar heildartekjur, eftir því hvernig tekjuöflun skiptist milli hjónanna innbyrðis."

Það er eðlilegt að mönnum þyki það óréttlátt að heildartekjur heimila skuli skattlagðar misjafnlega eftir því hvernig þeirra er aflað. Fyrir heimilið sem einingu er þar gerð mismunun. Hins vegar er mjög erfitt að taka á þessu máli með réttlátri löggjöf og því skora ég á menn að gaumgæfa vel þá stýringu og þann óbeina þrýsting sem skattalöggjöf hefur á hegðun manna og lífsmynstur. Sanngjörn sköttun einstaklinganna til samneyslu þjóðfélagsins er ekki auðvelt verkefni og þarf margs að gæta til að virðing gagnvart réttindum eins verði ekki að broti á réttindum annars.

Það er grundvallarskoðun okkar, sem erum flm. að þessari brtt., að hver einasti fullorðinn einstaklingur eigi að geta verið fjárhagslega sjálfstæður aðili og líta beri á hann sem slíkan, einnig gagnvart lögum, skattalögum sem og öðrum lögum. Efnahagslegt sjálfstæði kvenna er líklega einn mikilsverðasti þátturinn til að tryggja sjálfstæði kvenna til að eiga raunverulegt val um lífsferil sinn og viðfangsefni. Það er á þessum forsendum sem við kvennalistaþm. tökum afstöðu til þessa samsköttunarákvæðis sem við gerum hér brtt. um. Það er einnig á þessum sömu forsendum sem við teljum það eðlilegt og rétt að viðurkenna fjárhagslegt sjálfstæði kvenna með því að þær séu sjálfstæðir skattgreiðendur. Þó er afar nauðsynlegt að þegar tekið er tillit til réttinda þeirra kvenna, sem sækja vinnu og laun úti á vinnumarkaðinum, verði það ekki til þess að skerða réttindi þeirra kvenna, sem eru heimavinnandi. Slíkt er óeðlilegt og ónauðsynlegt.

Við teljum reyndar að sú samsköttun hjóna, sem tilgreind er í 3. gr., sé frá sjónarmiði fjárhagslegs sjálfstæðis giftra kvenna tvímælalaust spor aftur á bak. Við teljum að þrátt fyrir það að þetta ákvæði taki tillit til ákveðins fjölda heimila og geri þeim auðveldara fyrir

sé þarna ekki verið að auka á réttindi þeirra sem heimavinnandi eru. Heimavinnandi makinn fær í raun ekki beina umbun vinnu sinnar, heldur fær sá sem útivinnandi er afslátt fyrir það að hafa heimavinnandi á framfæri sínu.

Sá heimavinnandi, langoftast konan, verður þannig eins konar viðhengi maka síns og nýtist heimiliseiningunni vel til skattafrádráttar fyrir útivinnandi og tekjuhærri makann. Þar sem tekjur kvenna eru almennt jafnlágar og raun ber vitni er þarna opin leið fyrir óbeinan þrýsting á konur til að vera heimavinnandi en slíkt á og verður að vera val kvenna jafnt sem karla. Ef sú hugsun býr að baki þessa ákvæðis að viðurkenna nú í einhverju þau ólaunuðu störf sem unnin eru inni á heimilinu, heimilisstörfin, þá er framkvæmd þeirrar hugsunar ómarkviss.

Í fyrsta lagi er hér einungis tekið tillit til þess sambúðarforms sem er kjarnafjölskyldan eða hjón. Hér er ekki tekið tillit til annarra sambúðarforma, t. d. þar sem blóðskyldir eða óskyldir einstaklingar búa saman án þess að um kynferðissamband sé að ræða, en þar sem annar aðilinn er heimavinnandi.

Í öðru lagi má segja að ekki sé tekið tillit til heimilisstarfa á heimilum þar sem báðir makar eru útivinnandi. Hvergi nema í ævintýrunum gera slík störf sig sjálf, en hafa ævinlega þá náttúru að sjást helst ef þau eru ekki unnin. Nýlegar kannanir hafa leitt í ljós að konur vinna þessi störf á heimilum sínum í langtum ríkari mæli en karlar þegar lokið er vinnu utan heimilis. Þær gegna því langflestar nær tvöföldu vinnuálagi að þessu leyti.

Það má því segja að þessi tilraun til viðurkenningar á hlutverki þess maka, sem heimavinnandi er, sé ómarkviss að því leyti að hún eykur ekki rétt hins heimavinnandi og tekur ekki fullt tillit til réttinda annarra. Hins vegar er afar brýnt að leiðrétta hlut þeirra sem heimavinnandi eru og viðurkenna framlag þeirra. Við skulum ekki gleyma því að þau störf, sem unnin eru launalaust inni á heimilum landsins nær oftast í hinum margnefnda kyrrþey, eru aldrei talin með í hagskýrslum. Þau eru aldrei viðurkennd sem verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Hvað skyldu liggja þar mörg dagsverk og hve mikil yrði sú eftirvinna, kvöld-, nætur- og helgidagavinna ef metin yrði til fjár? Þessi vinna, svo mikilsverð og lífsnauðsynleg sem hún er, hefur aldrei verið metin til hagsældar. Hins vegar hefur hún orðið til ómældrar farsældar fyrir þjóðina og það skyldu menn muna að hagsæld og farsæld fara ekki endilega saman.

Það er vitanlega óviðunandi og smánarlegt að þeir sem eru heimavinnandi að aðalstarfi skuli ekki njóta lífeyrisréttinda eða eðlilegra tryggingabóta. Sömuleiðis er nauðsynlegt að virða í verki og meta til verðmæta fyrir þjóðfélagið vinnuframlag þeirra. Við teljum þó ekki að slíkt verði best gert á þann hátt sem hér er lagt til, en leggjum til að það verði gert með öðrum leiðum.

T. d. er nauðsynlegt að mæta kröfum heimavinnandi um lífeyrisréttindin og önnur réttindi, t. d. tryggingabóta. Jafnframt þykir okkur líka sjálfsagt og eðlilegt að tillit sé tekið til barna og foreldra með auknu og lengdu fæðingarorlofi. Þá erum við einmitt komin að því sem kalla mætti kjarna málsins. Langsamlega algengasta ástæðan fyrir því að annar makinn og þá langoftast konan er heimavinnandi um lengri eða skemmri tíma er nefnilega sú að hún er að annast börn.

Það er að jafnaði tímabundið skeið í lífi fjölskyldunnar að foreldrar eða forráðamenn eru bundnir af umönnun barna sinna. En þetta tímabil er mislangt í lífi hverrar fjölskyldu og heföbundin hlutverkaskipting hefur ráðið því að móðirin sinnir þessu umönnunarhlutverki umfram föðurinn. Ein vænlegasta leiðin til að mæta þörfum heimavinnandi teljum við því að sé að auka barnabætur. Þannig viðurkennir þjóðfélagið nauðsyn þess að hlúa að börnum og um leið fá foreldrar og forráðamenn val um það hvernig þau standa að því, þ. e. hvort þau vilja sinna því sjálf eingöngu eða greiða einhverjum fyrir barnagæslu. Því völdum við þm. Kvennalista að leggja það til að sú upphæð, sem hér er ætluð til millifærslu milli hjóna, þ. e. um 200 millj. kr., yrði fremur nýtt til þess að hækka barnabætur og fluttum þess vegna jafnframt brtt. á þskj. 335 við frv. til l. um barnabótaauka, þar sem lagt er til að sérstakur barnabótaauki hækki frá 15 þús. upp í 30 þús. En skv. útreikningum Reiknistofnunar Háskólans yrði kostnaðarauki samfara þessari hækkun rúmlega 200 millj. kr. Því miður var þessi brtt. felld þegar fjallað var um þetta þingmál.

Enn önnur leið til að viðurkenna starf heimavinnandi er að meta starfsreynslu þeirra þegar út á vinnumarkað kemur eins og aðra starfsreynslu í þjóðfélaginu. Minni ég í því sambandi á þáltill. Kvennalista sem liggur fyrir þessu þingi og fjallar um þetta mál. Tveir kaupstaðir hafa þegar stigið skref í þessa átt, Kópavogskaupstaður og Akureyrarkaupstaður, og er það vel. Enginn hefur enn farið fram á það hér á Alþingi að laun verði greidd fyrir þau heimilisstörf og þá barnaumönnun sem innt er af hendi launalaust inni á heimilum landsmanna þeim til ómældrar farsældar. Ef konur almennt færu fram á slíkt yrði eins víst að rammar efnahagskerfanna mundu springa og menn yrðu að smíða sér ný kerfi til að leita hagsældar.

Ég vil að lokum taka undir orð hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur í umr. um þetta mál í Ed. og ítreka þá skoðun okkar að fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er einn mikilsverðasti þátturinn í sjálfstæði kvenna yfirleitt og þetta sjálfstæði ber að virða í skattalögum sem og annars staðar. Skattalögin eiga ekki að vera stýrandi, hvorki á þann veg að reka konur af heimilum sínum út á vinnumarkað né heldur að reka þær inn á heimili sín. Slíkt hlýtur og á að vera raunverulegt val einstaklinganna.

Hægt er að koma til móts við konur annars vegar úti á vinnumarkaðinum með hærri launum, endurmati á störfum þeirra og aukinni dagvistarþjónustu og hins vegar inni á heimilum þeirra með fullnægjandi mati á heimilisstörfum og með þeim hætti að þeir sem störfin vinni njóti ótvírætt afraksturs þeirra sjálfir.

Ég veit að það er ekki auðvelt verk að sníða skattalöggjöf um þessi mál svo að gætt sé réttlætis gagnvart öllum. Því bið ég hv. þm. og aðra þá sem um þessi mál fjalla að íhuga vel þau sjónarmið sem ég hef hér sett fram og hafa reyndar einnig verið sett fram af Kvenréttindafélagi Íslands og Jafnréttisráði í umsögnum um þetta mál. Jafnframt vil ég biðja hv. þm. að athuga það að þessi þingmál bæði, 187. mál þessa þings og 188. mál, snerta í raun grundvallaratriði í hugmyndafræði um kvenfrelsi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að ég

komist ekki hjá því að koma hér aðeins í þessa umr. vegna þess að mér finnst hún í raun og veru bera dálítinn vott um kennisetningar sem eru gersamlega úr samhengi við líf fólksins í þessu landi.

Ég get lýst því strax að ég er og hef alltaf verið á móti sérsköttun hjóna. Ég vil taka það skýrt fram að það er ekki endilega sjónarmið allra Alþb.-manna. Það mál er því miður alls ekki fullrætt í mínum flokki. En ég held að við hljótum að taka afstöðu til svo stórra mála sem einstaklingar og sem hugsandi manneskjur, og það eru nokkur meginatriði í þessu máli sem ég hlýt að lýsa hér.

Það fyrsta er: Hjónaband er lögverndud stofnun tveggja manneskja, sem gerir þær tvær manneskjur gagnkvæmt framfærsluskyldar, þar sem hvor aðilinn skal framfæra hinn og bera sameiginlega ábyrgð á börnum heimilisins. Því finnst mér fjölskylda — og nú vil ég voga mér að segja giftra hjóna — vera ein eining. Ég vil taka það skýrt fram að mér finnst að um sambúa gegni allt öðru máli, enda er það svo lagalega vegna þess að sambúð er ekki lögverndud stofnun. Þetta verðum við sem löggjafi að vita.

Allur þorri Íslendinga lætur gefa sig saman í kirkju. Kristilega séð og trúarlega séð verður þá málið miklu stærra vegna þess að þar eru skv. kennisetningu vorri maður og kona eitt, ekki bara fjárhagslega heldur siðferðilega. Þetta er stofnunin hjónaband. Þeir sem ekki aðhyllast þessa stofnun, þeir skyldu annaðhvort úr henni fara eða aldrei í hana koma. Um það hefur fólk frelsi, og það er frelsi. Menn hafa líka fullt frelsi, og skulu hafa mín vegna og okkar allra vegna vænti ég, til að búa saman án íhlutunar biblíukenninga og án valdboðs stjórnvalda. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði. Þess vegna tel ég vera verulegan mun á málinu sem hér er til umræðu eftir því hver hjúskaparstaða fólks er. Andstætt því sem við heyrum alltaf, einkum frá Kvenréttindafélagi Íslands og ýmsum þeim konum sem að mínu viti misskilja orðið frelsi, er það engin frelsisskerðing að búa í lögverndaðri sambúð, jafnvel kristilegri sambúð með þeirri manneskju sem manni þykir vænst um af öllum og hefur valið sér það hlutverk að eiga börn með. Það er ekki og getur ekki verið frelsisskerðing. Ég held að það sé reynsla flestra kvenna og flestra karla, sem slíta slíkri sambúð, að þau finni lítt fyrir því aukna frelsi sem slíkt hefur í för með sér. Hreint praktískt er það mjög á hinn veginn. Og þá er ég komin að öðrum anga málsins: Algengasta breytingin er auðvitað versnandi fjárhagur, þar sem einn aðili er farinn að vinna fyrir fjölskyldu í staðinn fyrir tvo, því að eins og við vitum gerir löggjöfin ekki ráð fyrir framlagi hins aðilans sem ekki hefur börnin nema að óverulegu leyti.

Í öðru lagi vill nú svo til að í okkar þjóðfélagi eru þessi mál ekki eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði áðan. Þúsundir fjölskyldna í landinu búa við það, þó að aðilar séu giftir, að maðurinn er fjarri heimili sínu næstum því allt árið um kring, þ. e. sjómenn landsins. Hvers vegna skyldi hann ekki fá ívilnun á sköttum sínum vegna þess að konan hans verður að reka heimilið hans? Oft á hún auðvitað erfiðara með að vinna utan heimilis. Við getum kallað það frelsisskerðingu en það er allavega sú frelsisskerðing sem hún hefur valið sér. Ég held því að hér sé verið að rugla saman óraunverulegum kennisetningum og raunveruleika fólksins í landinu.

Einstæðar mæður þurfa ekki að vera ófrjálsar manneskjur, en þær eru venjulega afar illa settar fjárhagslega. Ég vil taka það fram, ágætir þm., að þetta eru lauslegir þankar. Við vitum öll hvernig þingstörf hafa verið að undanförnu og ég er langt frá því, því miður, vel undirbúin undir þessa umr. Ég hefði óskað þess að ég hefði fengið betra tækifæri til að lýsa þessum skoðunum mínum því að mér er hér mikil alvara. En ég hlýt að varpa — því miður geri ég það kannske ekki nógu vel — þessum hugmyndum inn í þessa umr. áður en hlaupið er til fyrir þrýsting, vil ég leyfa mér að segja, hópa þeirra kvenna sem munar ekki óskaplega mikið um hvort þær borga skatta sem einstaklingur eða sem gift kona. Við skulum ekki neita því, að þessi þrýstingur, þegar hann var upp á sitt besta og flestir þm. beygðu sig fyrir honum, kom frá konum sem þessi breyting skipti ekki óskaplega miklu máli. Til voru hins vegar aðrar konur sem hafa ekki séð sólina síðan fjárhagslega.

Við munum það ýmsar giftar konur, sem unnum úti í þann tíð, að fjárhagur heimilanna breyttist ansi mikið til hins verra þegar upp var tekin sérsköttun. Ég vil bara minna á þetta. Ég tel mig vera kvenréttindakonu og ég er um ákaflega margt sammála fulltrúum Kvennalistans hér á Alþingi. En ég hlýt að leyfa mér að hafa þessi sjónarmið hvað sem hver segir. Hér stend ég og get ekki annað. Ég tel að sérsköttun hjóna hafi verið til hins verra og hún hafi verið stórkostleg kjaraskerðing íslenskra kvenna og fjölskyldna og það þykir mér ekki góð frelsisbarátta.

Hér inni eru fulltrúar íhaldsaflanna í landinu, sem kalla það frelsi að vera fátækur, af því að aðrir hafa frelsi til að græða á kostnað annarra. Mér þykir það ekki vera frelsi. Mér þykir það ekki vera frelsi að fá að verða fátækari. Ég hef aldrei fundið fyrir þessu aukna frelsi, hvort sem ég greiddi skatta skv. samsköttun eða sérsköttun. Eini munurinn var að við sérsköttun versnaði fjárhagur minn. Ég get ekki tekið þátt í löggjöf sem veldur því. Ég tel að kjaraskerðing landsmanna sé nægileg í augnablikinu. Öll kennisetningagerð um óræða og óskilgreinda hluti eins og frelsi í þessu sambandi tel ég að ekki sé til gagns hinum heilaga málstað sósíalismans — ef ég mætti leyfa mér að segja svo, hv. þm. — sem er sá að hver manneskja sé frjáls með öðrum frjálsum manneskjum. Ég tel að svona hégómi komi því máli ekki við.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég reyndi að leggja áherslu á það í máli mínu að ég teldi það afar mikilvægt þegar verið væri að smíða skattalöggjöf að það yrði gert á sem réttlátastan hátt og reynt yrði að forðast það að skerða réttindi annarra þó að réttar einstaklinganna yrði gætt. En ég vil taka það skýrt fram að þessi afstaða okkar varð ekki fyrir neinn þrýsting. Við tókum hana áður en okkur var kunnugt um afstöðu annarra einstaklinga eða samtaka og hún varð niðurstaðan af eins mikilli umhugsun og okkur tókst að hafa um málið á þeim stutta tíma sem gafst til umfjöllunar.

Ég vildi beina athygli hv. 10. landsk. þm. að því að úrræði okkar var að koma til móts við þá sem reka heimili og eiga börn með því að nota þessar 200 millj. til að auka barnabæturnar um helming. Á þann hátt nýttust þær best þeim sem verst efnin hafa og börnin eiga. Og eins og ég sagði í máli mínu þá er það

langoftast meginástæðan fyrir því að konur eru heima að þær eiga börn. Fjármunirnir ættu þess vegna að koma þeim til góða.

Ég tók eftir því að hv. þm. sagði: Heimilið hans. Konan, eiginkona hans, væri heima til að hugsa um heimilið hans, sjómannsins, og það væri val hennar. Ég er ekki viss um það — (**GHelg:** Ég óska eftir að þessu verði breytt í þskj. og verði „þeirra".) Já, ég er mjög þakklát, ánægð með það. En jafnframt er ég ekki viss um, hv. þm., að það sé endilega val þessarar eiginkonu að þurfa að reka heimilið ein vegna þess að vinnutíma eiginmannsins sé þannig háttað. Ég er ekkert viss um að það væri hennar hjartans val ef hún í raun gæti valið. Og það sem við erum að leggja til hérna er að auka raunverulega valmöguleika. Ég veit að það er lítill tími núna, en ég vil biðja hv. þm. um að lesa gaumgæfilega yfir það sem ég sagði þó að ég hafi e. t. v. ekki tjáð mig nógu skýrt. Annað ætlaði ég ekki að segja.

ATKVGR.

Brtt. 384 felld með 19:7 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 336 felld með 19:2 atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 33. fundi.

Vöruhappdrætti SÍBS, frv. 134. mál (þskj. 138). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 402).

Eftirlaun til aldraðra, frv. 205. mál (þskj. 240). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 187. mál (þskj. 288). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 404).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 261, n. 385, 386). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt eru á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Kjartan Jóhannsson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson.

Breyting sú sem við leggjum til að gerð verði á málinu er á þskj. 386 og hljóðar þannig:

„1. gr. hljóði svo:

9. tölul. A-liðs 1. málsgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tölul. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu 12 starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 800 þús. kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar skv. 1. málsgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt skv. 1. málsgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og ekki nýtti þessa frádráttarheimild áður."

Þetta er sem sagt brtt. við frv. eins og Ed. gekk frá því. Í staðinn fyrir að hámark tekna, sem frádráttarbærar voru, var að till. hv. Ed. 1 millj. þá leggjum við til að þetta mark verði lækkað í 800 þús. kr. Enn fremur orðum við öðruvísi niðurlag greinarinnar og teljum að þetta sé skýrara eins og við leggjum til að það sé. Jafnframt leggjum við til að frádráttur þessi skuli einnig veittur vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá, enda hefði hann ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

ATKVGR.

Brtt. 386 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 179. mál (þskj. 394). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er nú á þskj. 394 og eins og kom fram þá er það vegna breytinga sem hafa orðið á frv. í Ed. Það er þó ekki nema ein efnisbreyting og er hún við 6. gr., þ. e. að við þennan hluta 6. gr.: Nám í verklegri sjómennsku, nýrri verktækni og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingartíma" kemur viðbótin: Þó aldrei meira en einn mánuð.

Að öðru leyti er um orðalagsbreytingar að ræða. Þessi breyting var gerð í fullu samráði við formann öryggismálanefndar, hv. þm. Pétur Sigurðsson og við a. m. k. formann samgn. þessarar deildar.

Það eru enn fremur breytingar í sambandi við atvinnumál vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Þessar breytingar eru eingöngu orðalagsbreytingar og samgn. Nd. er sammála þeim.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 405).

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 178. mál (þskj. 395 (sbr. 393)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við höfum verið að fjalla hér um atvinnuréttindi manna sem starfa til sjós, manna sem bera mikla ábyrgð, og það vekur athygli að ef við berum þessi atvinnuréttindi saman við atvinnuréttindi starfandi fólks í heilbrigðisstétt, þá er sá stóri munur á að hér getur ráðh. með undanþágum hleypt mönnum til starfa. Því vek ég athygli á þessu að fyrir stuttu síðan birti sjónvarpið myndir af sjúkrarúmum hér í höfuðborg landsins þar sem fram kom að þau stæðu auð vegna þess að ekki fengjust nægilega margir hjúkrunarfræðingar til starfa. Það var viðtal í sjónvarpinu í tengslum við þessa frétt þar sem það var skýrt fram tekið að eina lausnin væri sú að mennta fleiri og hækka launin.

Þegar aftur á móti kemur að íslenskum sjómönnum, þá hvarflar hvorki að mönnum að það þurfi að fjölga þeim sem taka próf né hækka launin. Þetta er út af fyrir sig stefna, sem ég get ekki stutt. Það er vitað að sjóslys eru tíðari við strendur Íslands en t. d. við Noregsstrendur svo að miklu munar. Ég tel það gáleysi að hafa svo rúm ákvæði eins og eru í þessum lögum um undanþágur.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Vegna athugasemda hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka fram atriði sem ég tel skipta máli í þessu sambandi. Það er gert ráð fyrir því að sú menntun vélstjórnarmanna, sem vísað er til í frv., verði í samræmi við frv. sem fyrir liggur í hv. Ed. Þannig er mál með vexti að þeir menn sem það frv. sömdu voru einnig höfundar atvinnuréttindafrv., en hv. menntmn. Ed. hefur ekki afgreitt þetta frv.

Ég tók það fram þegar ég mælti fyrir því máli að á það væri lögð áhersla af hálfu míns ráðuneytis að það gengi í gegn fyrir jól og væri samferða atvinnuréttindafrv. út úr þinginu. Vissulega kom þetta frv. fram allmiklu síðar, það var ekki tilbúið fyrr eða það kom ekki fyrr í mínar hendur. Ég hafði ekki orðið annars vör en menn væru á einu máli um þetta, þeir sem það höfðu athugað, en lögð var á það áhersla af hálfu höfunda þess frv. að sú menntun, sem skírskotað væri til í frv. sem hér er fjallað um, væri sú sem í þessu frv. væri.

Frá þessu vil ég skýra þar eð ég hef litla von um það að Alþingi afgreiði þetta mál líka og taki tillit til þessa atriðis sem vissulega er öryggisatriði. Í því frv. er gert ráð fyrir réttindanámskeiðum fyrir undanþágumenn og enn fremur að auka nám 4. stigs vélstjóra, gera örlítið minna nám þeirra sem eru með 1. stig. Þetta er allt nauðsynlegt að mati þeirra manna sem þarna teljast best til þekkja og að þá verði samhengi á milli þessara mála.

Ég vildi skýra frá þessu og þar eð ég býst varla við að hv. menntmn. Ed. muni afgreiða þetta mál, þ. e. frv. til l. um vélstjórnarnám, sem þar liggur, nú fyrir jól vil ég taka það fram að ég greiði atkv. með þessu máli vissulega í trausti þess að hv. Alþingi sjái sér fært að afgreiða frv. um vélstjórnarnám og gera það að lögum alveg á fyrstu dögum eftir að þing kemur saman að nýju. Önnur ástæðan fyrir því að því máli þarf að hraða er sú að það þarf tíma til að undirbúa námskeiðin sem halda þarf.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi eitthvað misskilið orð hv. 5. þm. Vestf. Mér heyrðist að hann minntist á skipstjórnarmenn en ekki vélstjóra. En í tilefni af þessari ræðu hæstv. menntmrh. leyfi ég mér að spyrja hvað hafi verið gert í sambandi við námsskrá og námsefni þeirra sem nám stunda við stýrimannaskólana, sem er undanfari þess að viðkomandi aðilar nái skipstjórnarréttindum.

Ég hef margoft bent á það hér að allar fagstéttir sem á skipum starfa geta nýtt sín fagréttindi þegar þær koma í land nema skipstjórnarmenn. Ég held að það hefði verið öllu nær að draga fram þetta áhersluatriði frekar í sambandi við endurskoðun á námi og frekari kennslu manna sem á skipunum starfa. Undir þetta hefur líka verið tekið af fulltrúum allra flokka á Alþingi sem störfuðu í þeirri nefnd sem hér var vitnað til áðan, öryggismálanefnd, sem hæstv. samgrh. skipaði á s. l. vetri. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu sem hefur verið kynnt í ríkisstj. og hefur m. a. verið vitnað til af hæstv. ráðh., en hefur ekki enn þá verið sýnd þm. þrátt fyrir áskorun til hæstv. ráðh. þar um. M. a. er undirstrikað ítarlega og bent á þann ljóð sem er á menntun skipstjórnarmanna, hve mjög skortir á að menntun þeirra tengist annarri menntun þjóðarinnar og öðrum skólum. Það hefur aldrei neinn menntmrh. eða neinn ráðh. haft hug á því að bæta úr þessu. Það var reynt nokkuð í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar, þegar hann var menntmrh., og síðan ekki söguna meir. Þetta er brýn

nauðsyn. Þetta er brýn nauðsyn til þess að fá mennina til að fara í þessa skóla. Það þarf að styrkja þá til þess. Samtök útgerðarmanna hafa þegar boðist til þess og lagt fram stórfé á okkar mælikvarða í því augnamiði, en enn þá hefur ekki heyrst neitt um það að hæstv. ríkisstj. ætli að leggja nokkuð til þessara mála, nema það sem hefur komið fram almennt til öryggismála sjómanna nú í brtt. fjvn. sem við væntanlega fáum þá að heyra betur um í umr. á morgun, við 3. umr. fjárlaga.

Ég vildi aðeins benda á þetta og benda hæstv. menntmrh. á að það er ekki síður þörf á því að taka þetta mál, nám þessara manna, föstum tökum. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því nú í byrjun næsta árs og leitist við að láta þetta nám stefna í þann farveg að það stöðvist ekki þegar skólanámi lýkur, eða þessir menn geti átt von á því að geta nýtt menntun sína ef þeir þurfa að fara í land, en það gerist því miður oft með sjómenn, sérstaklega okkar fiskimenn, bæði vegna slysa og af öðrum orsökum sem allir eiga að geta gert sér í hugarlund.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég misskildi ekki orð hv. 5. þm. Vestf. Hann talaði bæði um vélstjórnarmenn og stýrimenn. En út af ábendingu hv. 12. þm. Reykv., sem var vissulega tímabær, vil ég taka fram að frv. um menntun skipstjórnarmanna og stýrimanna verður lagt fram. Það er í vinnslu í menntmrn. Það var því miður ekki tilbúið um leið og vélstjórnarnámsfrv. Ég gekk einmitt eftir því, en mér var tjáð að það gæti því miður ekki orðið tilbúið nú í desember vegna anna höfunda þess. En mér var lofað því strax mjög snemma á árinu þannig að það verður örugglega lagt fram strax þegar þing kemur saman að nýju.

Ég er fyllilega sammála hv. 12. þm. Reykv. um þær ábendingar sem fram komu í hans máli. Og mér þótti vænt um að fá tækifæri til þess að skýra frá því að frv. um þetta efni væri í smíðum og á lokastigi og verður lagt fram mjög fljótlega eftir að þing kemur saman á ný.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að vekja athygli á því, vegna þeirra orða sem hér hafa fallið, að með þeim frv. sem hér eru flutt hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst að náðst hefur samstaða meðal þeirra manna sem um þessi undanþágumál hafa fjallað á undanförnum árum. Það hefur náðst samstaða um ákveðnar aðgerðir til að vinna sig út úr þeim vanda sem er staðreynd í dag. Að vinna sig frá þeirri staðreynd að fjöldi manna gegnir ábyrgðarmiklum störfum á flotanum á undanþágum. Þetta eru góð tíðindi og á þeim grundvelli einum saman treysti ég mér til að styðja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég lít svo á að þar með séu þm. ekki, þó að þeir styðji þessi frv. bæði á þessum forsendum, að lýsa blessun sinni né ánægju með það ástand sem ríkjandi er í skólakerfinu og í menntunarmálum skipstjórnarmanna og vélstjóra, öðru nær.

Ég vil benda hv. 5. þm. Vestf. á, vegna þeirra orða sem hann lét hér falla, að með þessum frv. ganga til baka viss ákvæði til rýmkunar sem samþykkt voru sem lög frá Alþingi hér í fyrravor. Ég endurtek það að ég treysti mér til, vegna þeirrar samstöðu sem náðst hefur, að styðja þetta sem jákvætt skref í þessum málum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. 4. þm. Norðurl. e. á því að ég studdi ekki þau rýmkunaratriði sem komu hér fram s. l. vetur. Og ég er sama sinnis enn. Mér finnst það óeðlilegt að þannig sé staðið að atvinnuréttindum á milli stétta að ef það séu heilbrigðisstéttir þá skuli engin undanþága höfð en ef það séu sjómenn þá sé sjálfsagt að útdeila réttindunum að ráðherra vild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 406).

Neðri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 19. des. að loknum 34. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 407). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 302, n. 372 og 387, 378, 383). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981. Nál. er þannig:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og átt sameiginlega fundi með sjútvn. Ed. Forsendur þess að þetta frv. er flutt eru fyrst og fremst spár fiskifræðinga um ástand helstu nytjafiska hér við land. Þau aflamörk, sem sett eru, leiða óhjákvæmilega til stjórnar á veiðum á árinu 1985. Við umfjöllun sjútvn. varð ekki ágreiningur milli nm. um nauðsyn stjórnar á veiðum, frekar um leiðir að því marki sem sett er um hámarksafla 1983.

Á vegum sjútvrn. var gerð könnun á viðhorfum útgerðar- og skipstjórnarmanna á kvótakerfinu 1984. Alls voru útgerðum 660 skipa sendir spurningalistar. Svör bárust frá útgerðum 299 skipa og 269 skipstjórnarmönnum. Í 111 tilvikum, sem er um 20%, var svarandi bæði útgerðarmaður og skipstjóri. Sé reiknað með að sama hlutfall gildi fyrir allt úrtakið eru um 1000 aðilar í því. Svör bárust frá 457 einstaklingum sem í sumum tilvikum svöruðu fyrir fleiri en eitt skip. Hlutfall svara úr könnuninni er því rétt um 50%.

Þó að hlutfallið sé ekki hærra gefur könnunin mjög góða vísbendingu um skoðanir útgerðar- og skipstjórnarmanna á kvótakerfinu. 88.7% svaraði því játandi að þörf sé á heildarstjórn fiskveiða við Ísland. 46.3% svaraði því játandi að stjórna eigi fiskveiðum með

aflakvóta á fiskiskip.

Ekki fer það milli mála að með þeirri stjórn, sem upp er tekin, hefur tekist að auka gæði hráefnisins og spara í rekstri. Það er þó ljóst að enn má þar betur gera.

Sjútvn. gerir sér grein fyrir því að fiskikvótar hafa ýmsa ókosti í för með sér sem aðferð til að stjórna fiskveiðum, en aðrar betri leiðir-eru þó ekki í sjónmáli. Það er vandasöm og kröpp sigling að ná því marki að fá sem mest verðmæti fyrir það sjávarfang, sem úr hafinu er dregið, með sem minnstum tilkostnaði. Með þessu frv. er reynt að komast sem næst því að njóta þeirra ávaxta sem hafið gefur án þess að ganga um of á þann stofn er þar vex.

Með vísan til þess sem að framan greinir leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 302."

Þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í meðferð Ed., eru þær að í 1. gr. frv. fellur út þar sem segir: „Ráðherra er heimilt að úthluta aflamarki skips, sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða, til útgerðarfyrirtækis skips eða fiskvinnslufyrirtækis þess sem skipið hefur einkum lagt upp afla hjá." Þetta fellur út úr frv.

Einnig fellur út úr frv. í 6. gr. sem er um gildistíma. Þar stóð: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1985 og gilda til ársloka 1987." Sú breyting, sem þarna var gerð á, er að gildistími frv. er aðeins eitt ár og verður því þannig: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1985 og gilda til ársloka 1985."

Undir þetta meirihlutaálit nefndarinnar skrifa Stefán Guðmundsson, Halldór Blöndal, Ingvar Gíslason, Gunnar G. Schram og Friðrik Sophusson.

Frsm. minni hl. (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. sjútvn. á þskj. 387 og brtt. á þskj. 383. Í minnihlutaáliti okkar segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka og ráðuneytis til viðræðu um efni þess. Frv. er með þeim breytingum sem samþykktar voru í Ed. Alþingis og að flestu leyti shlj. því frv. sem samþykkt var á síðasta þingi.

Það sjónarmið kom fram við umfjöllun nefndarinnar að ástæðulaust væri að hafa allar þær fisktegundir háðar aflamarki sem frv. gerir ráð fyrir. Þessu eru undirritaðir nm. sammála og telja einnig að gefa eigi allar veiðar á handfæri og línu frjálsar utan kvóta. Það er einnig skoðun minni hl. n. að humarveiðar skuli takmarkast af heildarkvóta en ekki kvóta á hvern bát. Minni hl. n. telur að ekkert hafi komið fram í máli viðmælenda nefndarinnar sem mæli á móti því að þessar breytingar verði gerðar.

Undirritaðir nm. eru sammála um það að ákveðin stjórnun fiskveiða hér við land sé nauðsynleg. Þrátt fyrir það eru undirritaðir andvígir frv. sem hér er til afgreiðslu. Sú afstaða er m. a. vegna þeirrar miðstýringar sem frv. felur í sér. Við teljum rangt að fela ráðh. einum að marka fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Það vakti athygli okkar hve fulltrúar stjórnarflokkanna voru ákveðnir í að viðhalda þeirri miðstýringu sem frv. gerir ráð fyrir.

Hér eru stigin fyrstu sporin í fiskveiðistjórn sem vafalítið mun standa í meginatriðum í fjölda ára, líklega um ófyrirsjáanlega framtíð. Í ljósi þess er áhersla á hlutdeild Alþingis enn þá mikilvægari.

Síðast en ekki síst áteljum við harðlega að deildinni sé ekki ætlaður lengri tími til umfjöllunar um þetta þýðingarmikla málefni undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar."

Undir þetta rita Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Einarsson.

Í samræmi við það álit, sem hér hefur verið lesið, hef ég ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Kjartani Jóhannssyni lagt til að gerðar verði á frv. ríkisstj. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi komi inn ný gr. þar sem segir að fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindir innan hennar séu þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Þessi till. er hv. þm. Nd. vel kunn. Hún var flutt hér fyrir réttu ári síðan þegar fjallað var um sams konar frv. og nú er á ferðinni og einnig fyrir örfáum dögum í hv. Ed. Það hefur verið okkur flm. till. ráðgáta hvers vegna hv. alþm. hafa ekki getað samþykkt það að grein sem þessi yrði sett inn í frv. þar sem greinin sem hér er til umr. felur ekki í sér neinar breytingar á efnisatriðum frv. Hér er aðeins verið að setja í lög sannleika sem við höfum fram á þennan dag viðurkennt og breytir ekki að neinu þeim ákvæðum sem í frv. eru. Nema það sé meining manna að með valdi því sem frv. leggur til að fært sé hæstv. sjútvrh. séum við í raun líka að afsala okkur þessari þjóðareign til hans. Þessu viljum við ekki trúa og endurflytjum því þessa till.

Í öðru lagi leggjum við til að breyting verði gerð á 10. gr. laganna. Þessi brtt. er heldur ekki ókunnug hv. þm. Hún hefur verið flutt hér áður og af þeim sem ekki hafa sætt sig við að stefna okkar í fiskveiðum sé mörkuð úti í bæ af einum manni og nokkrum ráðgjöfum hans án þess að Alþingi komi þar nærri. Við teljum að það hver fiskveiðistefna okkar skuli vera sé ein veigamesta ákvörðun sem tekin er, ákvörðun sem snertir lífsafkomu og örlög heilla byggðarlaga sem byggja allt sitt á sjávarútvegi, ákvörðun sem í raun varðar afkomu allrar þjóðarinnar. Telja hv. þm. að það samrýmist því lýðræði sem við viljum búa við að fela í raun einum manni að fara með slíkt ákvörðunarvald? Flm. þessarar brtt. segja: Nei.

Það er hættuleg braut sem farið var út á hér fyrir réttu ári, hættuleg því stjórnarfari sem við kjósum að búa við. En hv. alþm., enn er tími til að snúa við. Með samþykkt brtt., sem við höfum lagt hér fram, færumst við aftur í rétta átt.

Herra forseti. Í minnihlutaáliti sjútvn., sem ég las hér áðan, kemur fram að við teljum ákveðna stjórnun fiskveiða hér við land nauðsynlega. Slík stjórnun hefur í raun verið viðhöfð í nokkur ár. Fyrir ári var hins vegar tekið í notkun nýtt kerfi sem þá og nú er afar umdeilt. Í umr. hér á hv. Alþingi fyrir ári var það álit meiri hl. hv. þm. að þarna væri um tilraun að ræða sem vert væri að gefa tækifæri en skoða síðan í ljósi reynslunnar. Nú í haust kemur svo frv. frá hæstv. ríkisstj. þar sem farið er fram á framlengingu þess frv. sem samþykkt var 1983. Breytingar á frv. frá því í fyrra eru sáralitlar. Þær eru þó gerðar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. En nú þegar árið er að verða búið er ljóst að æði mörg atriði varðandi útkomu þessarar kvótaskiptingar, sem gilt hefur, eru óljós og að ekki hefur í raun tekist að gera marktækan samanburð milli áranna 1983 og 1984, samanburð sem hægt væri að byggja gerð frv. eins og

þess sem hér er á. Til þess þarf miklu lengri tíma. Það er því sérstakt ánægjuefni að hv. þm. Ed. skyldu sameinast um að breyta því ákvæði að lög þessi skyldu gilda til þriggja ára og leggja til að gildistíminn væri aðeins eitt ár, því enn er þetta kvótakerfi á tilraunastigi og marktækar niðurstöður um reynslu þess liggja ekki fyrir.

Ég ætla aðeins að nefna hér fáein atriði þar sem við teljum að betri upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin um áframhald þess kerfis sem við erum nú að ræða. Í fyrsta lagi var það ætlun manna að stjórnun fiskveiða hefði það í för með sér að ásókn í þorskstofninn minnkaði. Hefur það tekist? Árið 1983 var gert ráð fyrir að u. þ. b. 300 þús. tonn af þorski veiddust. Um áramótin 1983/1984 var ákvörðun tekin um að leyfa aðeins veiðar á um 220 þús. tonnum af þorski á árinu 1984. Seinna þetta ár var heimildin þó færð í 257 þús. tonn. Auk þess hefur komið að landi afli, sem var utan kvóta, við línuveiðar í byrjun ársins og smáfiskur sem líka var hafður utan kvóta. Þarna er reiknað með að um sé að ræða um það bil 40 þús. tonn. Þar með er þorskafli, sem veiddur er á árinu, kominn í sama tonnafjölda og veiddur var á árinu 1983 og jafnvel meira. Eitthvað hefur farið úrskeiðis.

Í öðru lagi vil ég nefna það að því hefur verið haldið á loft að núverandi fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar hafi orðið til þess að auka sparnað útgerðarinnar, einkum og sér í lagi hvað varðar veiðarfæri og olíueyðslu. Það er vel ef svo er. Ég hef hins vegar á því fullan fyrirvara hversu stór þáttur kvótakerfisins er í sparnaði útgerðarinnar. Hefur það verið tekið með í þá útreikninga hversu mikill munur var á tíðarfari milli áranna 1983 og 1984? Gott tíðarfar eins og var á síðustu vetrarvertíð þýðir að sjálfsögðu betri nýtingu veiðarfæra og minni olíueyðslu. Sjálf get ég ekki fullyrt að kvótakerfið hafi leitt til sparnaðar hjá þeim útgerðarfyrirtækjum sem ég þekki best til. Þar hafði verið leitað leiða til sparnaðar löngu áður en núverandi kerfi var sett á. Síðast nefndi rekstrargrundvöllur útgerðarinnar býður ekki upp á annað. Og þar er e. t. v. komið að kjarna málsins.

Hafi kvótakerfið átt að stuðla að betri rekstrargrundvelli útgerðarinnar og fiskvinnslu hefur það ekki orðið. Staða útgerðar fer síversnandi. Það er sama hversu mikið okkar duglegu sjómenn streða. Það er sama hversu góðan kvóta fiskiskip fær. Það er sama hversu mikla vinnu sjómenn leggja á sig til þess að koma aflanum í sem bestu ástandi til lands. Það er sama hversu góð aflasamsetning er og sama þótt viðhaldskostnaði skipa sé haldið í algeru lágmarki jafnvel svo að hættulegt geti talist. Þegar árið er gert upp standa flestir útgerðarmenn frammi fyrir bullandi tapi, skuldir og vanskil hlaðast upp og menn standa ráðþrota og uppgefnir frammi fyrir því að erfiði þeirra skilaði engu nema tapi og meiri erfiðleikum. Þarna er meinið. Á þessu verður að taka. Það er nauðsynlegt þjóðfélaginu að þau skip, sem sækja aflann, skammtaðan eða ekki skammtaðan, út á miðin, hafi góðan rekstrargrundvöll og geti skilað þeim arði sem þjóðarbúið þarfnast.

Kvótakerfið, sem við erum hér að ræða, tekur ekki á þessum vanda. Hæstv. ráðh. ætti að þiggja það sem við bjóðum hér með till. okkar, að ábyrgð fiskveiðistefnu sé falin Alþingi og snúa sér að þessu stóra vandamáli. Þar er áreiðanlega hægt með hjálp góðra manna og velvilja í garð undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar að finna úrræði.

Þá er það fiskvinnslan og fiskvinnslufólkið. Hefur aflakvótinn fært eitthvað til betri vegar þar? Það er hagsmunamál útgerðar og sjómanna að sækja sinn skammt á sem skemmstum tíma og með sem minnstum tilkostnaði. Það þýðir að annars vegar geta myndast aflatoppar sem fiskvinnslan í landi ræður ekki við þannig að fiskur, sem hægt hefur verið að vinna í dýrar pakkningar, er geymdur það lengi að hann er ekki til neins nema keyra hann í gúanó. Í annan stað getur þetta svo þýtt að leyfilegum afla hafi verið náð á haustmánuðum, jafnvel fyrr, þannig að atvinnuleysi verður um þó nokkurn tíma. Þetta hefur gerst. Þarna þarf að gera ráðstafanir og bæta um betur.

Að lokum vil ég geta þess, herra forseti, að þótt stjórnun fiskveiða til þess að vernda einstaka fiskistofna sé nauðsynleg teljum við í minni hl. sjútvn. það ákaflega rangláta ákvörðun að veiðar smábáta séu innan kvótakerfis. Það aflamagn sem þeir færa að landi skiptir þar ekki sköpum. Við teljum einnig að línuveiðar skuli vera utan kvóta. Það er mun betri fiskur sem kemur til vinnslu veiddur á línu en úr öðrum veiðarfærum. Ef lína er utan kvóta verkar það hvetjandi til þess að línuveiðar verði auknar. Við teljum einnig að um humarveiðar skuli ekki gilda sömu reglur og um botnfiskveiðar, þ. e. aflamark á hvern bát, heldur skuli stjórnun þeirra veiða verða eins og áður var gert og gafst vel.

Að síðustu vil ég svo gera athugasemd við hversu stuttur tími er ætlaður til umr. og afgreiðslu þessa mikilvæga máls. Og einnig benda hæstv. sjútvrh. á að ákveði hann að láta gera á árinu 1985 aðra könnun svipaða þeirri sem nú hefur verið gerð um reynslu kvótakerfis, að fá þá í það hlutlausa aðila. Svona spurningalistar, sem af mörgum eru taldir vera leiðandi og rn. sendir út og tekur líka við svörum og vinnur úr þeim, eru ekki vinnubrögð sem má telja til fyrirmyndar, síður en svo.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil við 2. umr. þessa frv. skýra í stuttu máli frá viðhorfi mínu til kvótakerfisins sem hér hefur ríkt nú í eitt ár. Ég hafði reyndar hugsað mér að gera það þegar við 1. umr. þessa máls, en þar sem ég var þá bundinn í forsetastóli og mátti mig ekki þaðan hræra lét ég það bíða til þessarar umr.

Frv. um stjórnun fiskveiða og fiskveiðistefnu var samþykkt stuttu fyrir jólaleyfi á síðasta þingi eða fyrir um ári síðan. Skv. því frv. var heimilt að taka upp svokallað kvótakerfi sem var svo notað, þ. e. heimild til að ákveða aflamark á hvert skip. Ég stóð að samþykkt þessa frv. þá þrátt fyrir miklar efasemdir um slíkt fyrirkomulag. Mér er fullkomlega ljóst að það varð að draga stórlega úr afla vegna ástands fiskistofna við landið. Fleiri en ein aðferð komu hins vegar til greina, en kvótaleiðin var valin.

Eins og ég sagði stóð ég að samþykkt þessa frv. þá. Mér fannst það réttlætanlegt að slíkt kerfi væri tekið upp sem algert neyðarúrræði undir mjög sérstökum kringumstæðum eins og þá ríktu. En ég tel að útilokað sé að halda þannig á málum að kvótakerfið festist í sessi. Það skiptir e. t. v. ekki máli hvort kvótakerfið er framlengt nú í eitt ár til viðbótar, en ég tel að það megi alls ekki lengur vera. Annmarkar kvótakerfisins eru svo

miklir að slíkt kerfi má alls ekki festast í sessi. Það mundi hafa í för með sér grundvallarbreytingar á allri uppbyggingu sjávarútvegs á Íslandi og það breytingar sem erfitt er að sjá fyrir um hverjar yrðu eða hvenær mundu yfir okkur hvolfast.

Ég skal nefna þrjú atriði í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er líklegt að kvótakerfi til langframa mundi hafa í för með sér breytingu á allri eignauppbyggingu í sjávarútvegi. Það hefur verið megineinkenni sjávarútvegs á Íslandi að hann hefur verið í einkaeign sem hefur dreifst á mjög margar hendur og það fyrirkonulag hefur reynst mjög vel. Þetta mundi væntanlega breytast fyrr en varir ef kvótakerfið yrði tekið upp og fest í sessi. Bæði er líklegt að eignarhald mundi færast á miklu stærri einingar og að opinberir aðilar mundu í miklu ríkari mæli verða eignaraðilar fyrirtækja í sjávarútvegi.

Í öðru lagi mundi slíkt kerfi hafa í för með sér mikla breytingu á sóknaraðferðum sjómanna og útvegsmanna. Það hefur verið einkenni fyrir íslenskan sjávarútveg, það hefur verið aðalsmerki þessarar atvinnugreinar að dugnaður og útsjónarsemi íslenskra sjómanna og íslenskra útvegsmanna hafa fengið að njóta sín. Sá hugsunarháttur mun breytast fyrr en varir ef kvótakerfið festist í sessi og reyndar eru þegar farin að sjást þess merki að þessi hugsunarháttur, sem hefur verið aðalsmerki íslensks sjávarútvegs, sé að breytast strax eftir eitt ár með kvótakerfi.

Í þriðja lagi er líklegt að kvótakerfi muni fyrr en varir hafa í för með sér mikla breytingu á launauppbyggingu í sjávarútvegi. Launauppbygging sjávarútvegs hefur byggst á aflahlut auk kauptryggingar, en það mun breytast áður en langt um líður í kvótakerfi. Þess sjást reyndar þegar merki í umræðum meðal sjómanna að þeir vilja gera grundvallarbreytingar á sínu launakerfi og rekja það til kvótakerfisins. Það eru þegar komnar af stað umræður í samtökum sjómanna um að kasta hlutaskiptakerfinu, taka upp föst laun eða eitthvert annað kerfi sem sé óháð bæði fiskverði og aflabrögðum. Sjá þá allir í hvert óefni væri komið með íslenskan sjávarútveg ef slík grundvallarbreyting yrði gerð.

Öll þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, geta hvolfst yfir okkur fyrr en varir ef kvótakerfið festist í sessi. Ég hef því mikinn fyrirvara við þessa stjórnunaraðferð og þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Það er til mikilla bóta að hv. Ed. hefur breytt frv. í þá veru að það gildir aðeins til eins árs en ekki til þriggja ára eins og upphaflega var að stefnt þegar frv. var lagt fram.

Mér er ljóst að meiri hluti hagsmunasamtaka í sjávarútvegi hefur verið meðmæltur kvótaleiðinni. Ég fagna því út af fyrir sig að haft hefur verið samráð við samtök bæði sjómanna og útvegsmanna um framkvæmd þessarar fiskveiðistefnu. En þó að meiri hlutinn hafi verið þessu meðmæltur hingað til má minna á að slík samtök hafa reynst misvitur eins og aðrir.

Þrátt fyrir þessar efasemdir mínar og þrátt fyrir þennan fyrirvara, sem ég hef um þetta frv. og sérstaklega þá stjórnunaraðferð sem frv. mun áfram leiða til, þá mun ég greiða atkvæði með þessu frv. að þessu sinni, en taldi rétt að láta þessar efasemdir mínar í ljós hér við þessa umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég heyri að hæstv. iðnrh. er ekki um það gefið að menn ræði þetta alvörumál af neinu viti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir með örfáum orðum og ítrekaði mína afstöðu til þeirrar miðstýringar sem felst í endurnýjun þess kerfis sem hér er um að ræða til stjórnunar fiskveiða. Mér sýnist hins vegar á umr. sem orðið hafa um það síðan að ýmsum hv. stjórnarliðum hér hafi þótt ég vera allt of fáorður um það mál og hafi þótt ástæða til að brýna stjórnarandstæðinga til að taka betur til hendinni í umr. um þetta stóra mál og reyna að koma í veg fyrir að hæstv. sjútvrh. væri falið það alræðisvald í stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu sem frv., sem hér liggur fyrir til umr., veitir honum og þau lög sem samþykkt voru í des. á s. l. ári veittu honum og hann hefur stjórnað eftir yfirstandandi ár.

Ég vék að því í þeim fáu orðum sem ég sagði við 1. umr. málsins að ég vildi á engan hátt koma í veg fyrir að þetta frv. næði fram að ganga og á engan hátt vil ég koma í veg fyrir að meirihlutavilji Alþingis nái fram að ganga. En ég sé á orðum manna frá 1. umr. að fyrir þetta hef ég verið harðlega gagnrýndur af stjórnarliða hér á Alþingi. Auðvitað er engin ástæða til fyrir stjórnarandstæðing að sitja undir því að hv. stjórnarþm. gagnrýni stjórnarandstöðuna fyrir að vera ekki nógu harðskeytt í umr. gegn stjfrv. á Alþingi. Ég leyfi mér að vitna til ummæla hv. 5. þm. Vestf., stjórnarstuðningsmannsins Ólafs Þ. Þórðarsonar, nánast hægri handar hæstv. forsrh. (**GJG:** Hann er oft furðu sjálfstæður.) Það er rétt hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og mættu margir af því læra, m. a. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

En í þessari fyrri umr. sagði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þau orð sem ég bið menn að taka vel eftir því að það er ástæða til að veita athygli þessari gagnrýni stjórnarþingmanns á stjórnarandstöðuna fyrir að vera ekki nógu skelegg í andstöðu við stjfrv. Hv. þm. sagði, með leyfi forseta:

„Ég vil vekja athygli á því að sú stjórnarandstaða, sem hér hefur talað talar gegn kvótakerfinu. En hver er alvaran á bak við þann málflutning? Hver er alvaran?“ Hann svarar sér sjálfur: „Jú, alvaran er sú að mönnum er meira í mun að semja um að komast í jólafrí en að standa á þeirri meiningu sinni að þetta kerfi sé rangt. Mönnum er meira í mun að stytta hér mál sitt til þess að hraða afgreiðslu þess í gegnum þingið á sama tíma og með vörunum berjast þeir gegn því.“ Og þm. heldur áfram: „Er trúverðug sú afstaða? Það hefur gerst í þessum sölum að menn hafa talað til morguns vegna þess að þeir meintu það sem þeir sögðu og höfðu áhuga á að berjast á móti málum. Hér gerist það aftur á móti að stjórnarandstaðan vissulega talar gegn í orði en greiðir fyrir framgöngu málsins á borði. Og verð ég að segja það að ég ber litla virðingu fyrir slíkum málflutningi.“ Hér talar stjórnarþm., hv. 5. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson.

Og hv. þm. heldur áfram og segir um málflutning stjórnarandstöðunnar: „Hann er merkingarlaus. Það er engin áhersla þegar menn flytja þannig mál sitt og mig undrar það að svo geðlítið lið sé komið inn á Alþingi að menn láti hafa sig í þá þversögn, sem liggur á bak við þetta, að tala gegn frv. í orði og gera svo allt til að flýta fyrir framgöngu þess þegar fyrirsjáanlegt er að ef stjórnarandstöðunni væri alvara, væri einhver alvara í sínum málflutningi, þá gæti hún haft afdrifarík áhrif á meðferð málsins hér í þinginu.“

Þetta er tilvitnun í orð eins af hv. stuðningsmönnum

núv. ríkisstj. varðandi það stjfrv. sem hér er nú til umr. Ég sé ekki neina ástæðu til annars fyrir okkur stjórnarandstæðinga en að taka áskorunum stjórnarþm. um að tala hressilega í þessu máli hér, bæði við 2. og 3. umr. Það er engin ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðuna að láta ásaka sig fyrir að hún sýni ekki dug og djörfung í málflutningi gegn frv. hæstv. ríkisstj. með frýjunarorðum eins af mest ráðandi þm. stjórnarliðsins hér á hv. Alþingi, fylgdarsveini hæstv. forsrh. með meiru. Skárra væri það nú ef stjórnarandstöðuþm. tækju ekki upp umr. í ljósi frýjunarorða þessa hv. þm. Það er engin ástæða til þess að skorast undan því nema síður væri.

Í áframhaldi af þessu, áður en lengra er haldið, er rétt að vekja athygli á öðrum ummælum hv. 5. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar hér við 1. umr. þessa máls. Það skýrir að miklu leyti hvernig þessi hv. þm. metur innihald þess frv. sem hér er til 2. umr. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þar sem hér liggur fyrir frv. til l. sem er að því leyti sérstakt að það mætti koma efni þess öllu fyrir í einni grein sem hljóðaði eitthvað á þá leið: „Ráðh. fer með sjávarútvegsmál og setur hann reglugerð um framkvæmd þeirra allra.“ (**StG:** Er þetta ekki óleiðrétt eintak sem ræðumaður er með?) Nei, þetta er eintak sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., afhenti mér sjálfur. Og ég spyr hv. þm., skrifara deildarinnar: Er þetta ekki rétt eftir haft? (**ÓÞÞ:** Ég kem í ræðustól á eftir.) Ég bíð tilvitnunarinnar.

Nei, þetta er ekki rangt eftir haft, hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður sjútvn. Nd. Þetta er að beiðni þess sem hér stendur til hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar afhent mér af honum sjálfum, þannig að menn geta ekki skotið sér á bak við það þó að undan svíði, flokksbræður hv. þm.

Hér er mikið sagt af hv. þm., skrifara þessara deildar. Ég vænti þess að það hvarfli ekki að neinum hv. deildarþm. að draga í efa rökhyggni þessa hv. stjórnarþm., Ólafs Þ. Þórðarsonar. Hvað sem um þennan hv. þm. má segja, þá hygg ég að enginn geti sagt um hann að hann kafi ekki djúpt í mál og geri sér ekki grein fyrir meginatriðum mála. Það á jafnt við um stjfrv. og önnur mál sem til umr. eru á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Og annars staðar?) Að sjálfsögðu. Það hlýtur að ná út fyrir víðara svið en þingsalina. Enginn skyldi draga það í efa.

Hér er nefnilega dálítið merkilegt á ferðinni. Það er merkilegt að stjórnarþm., flokksbróðir hæstv. sjútvrh., skuli viðhafa slík ummæli um stjfrv. síns flokksbróður og hæstv. ríkisstj. hæstv. forsrh. sem er flokksbróðir þess hv. þm. sem hér um ræðir (**GJG:** Telur þm. hv. 5. þm. Vestf. mestan þm. Vestfirðinga?)

Það er sjálfsagt að verða við því að svara þessu frammíkalli hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar. Svarið við þessari spurningu fer eftir því hvað menn telja felast í orðunum „mestan þm.“ Það verður mjög mismunandi mat að ég hygg eftir því hver á í hlut. En ég hygg að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, hafi í ýmsum málum tekið eftir og tekið tillit til sjónarmiða þessa hv. stjórnarþm., 5. þm. Vestf., og ekki nema eðlilegt þegar þess er gætt að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er náskyldur öðrum fyrrv. hv. þm., sem Kjartan heitir Ólafsson, og muna auðvitað allir hvar hann var í flokki og er. Þannig að ættin segir til sín, ekki skal það dregið í efa. Og ég hygg að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi spurt vegna þess að hann vildi draga þetta fram.

En ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að vekja athygli á þessum ummælum. (Gripið fram í.) Það getur átt við hvort tveggja, því að þetta er samofið í gegnum alla ræðu hv. 5. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Það er samofið, hans fyrirhyggja fyrir landi og þjóð, fyrir sjómannastéttinni, fyrir fiskveiðum og fiskvinnslu, og er auðvitað afstaða sem hv. þm. Ellert B. Schram ætti að hafa í ljósi þeirrar skoðunar sem ætti að vera mjög áberandi innan Sjálfstfl. Við skulum koma að því síðar. Það er einkennandi fyrir Sjálfstfl. í núverandi mynd að hann virðist vera orðinn boðberi miðstýringar á þann veg að fela einum ráðh. alræðisvald yfir fiskveiðum og fiskvinnslu í þessu landi. Það er einkaframtaksstefna Sjálfstfl. í núverandi mynd, taki menn eftir því. Hvað skyldu hinir skeleggu leiðtogar Sjálfstfl., gengnir, hafa sagt við þessari stefnubreytingu Sjálfstfl. í viðhorfum til miðstýringar eins og þessarar sem hér um ræðir?

Ég heyri að hæstv. iðnrh. klæjar þegar minnst er á svona hluti, enda ekki nema eðlilegt. Það er greinilegt, hljóð berast úr ráðherrastólum. Það er enginn vafi á því að hæstv. iðnrh. líður illa. — Nei, hver skyldi hafa trúað því, fyrir þó ekki væri nema tíu, fimmtán, tuttugu árum, að það yrði Sjálfstfl. sem ekki bara samþykkti slíka stefnu heldur væri boðberi hennar og brautryðjandi og frumkvæðisaðili að því að innleiða slíka miðstýringu og slíkt einræðisvald einum einstaklingi til handa? (**HBl:** Er það nú ekki of mikið sagt?) Er hv. skrifari mættur til þingfundar? Það er nýtt. En betra seint en aldrei.

Nei, hv. þm. Halldór Blöndal, hér er ekki of mikið sagt, enda var hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson að undirstrika það í ræðu áðan að hér er ekki of mikið sagt. (**FrS:** Hv. þm. hefur ekki séð hvað hann sagði.) Birgir Ísleifur? Jú, ég geri ráð fyrir að hann hafi séð hvað hann sagði. Þó að varaformaður Sjálfstfl. eigi hér í hlut, þá er enginn vafi á því að Birgir Ísleifur veit hvað hann hefur hér verið um að tala, en virðist greinilega vera knúinn af flokksforustunni, handjárnaður til að lýsa því yfir, þrátt fyrir allt sem hann sagði og talaði gegn þessu máli, að hann ætli sér að greiða atkv. með því. (Gripið fram í.) Það er tími til kominn að hv. þm. Ellert B. Schram fái að heyra hér almennilega ræðu á Alþingi. (**HBl:** Eitthvað stendur ræðan í þm. samt.)

Það er greinilegt að öllu þingliði Sjálfstfl. — kannske er það órólega deildin — er mjög órótt undir umr. af þessu tagi. Það er enginn vafi á því að það vill fremur slá þessari umr. og þessu máli upp í gamanmál vegna þess að því er það ljóst að sú afstaða sem nú er uppi af hálfu Sjálfstfl. í þjónustunni við hæstv. sjútvrh. og Framsfl. sem heild og SÍS-valdið sem heild, sem Sjálfstfl. hefur þó fordæmt hvað harðast í gegnum árin, þessu liði er það greinilega ljóst að almenningur í landinu sér í gegnum þennan vef. Hér er Sjálfstfl. af Framsfl. og SÍS-veldinu leiddur til þess að styðja og hafa frumkvæði, vera í forustu fyrir mestu miðstýringu og mesta valdaafsali sem líklega um getur af hálfu Alþingis til eins einstaklings. Og ég hygg að mörgum þyki nóg um í þessum röðum, enda tínast þeir í burtu hver af öðrum, hv. þm. Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Skrifarinn er farinn.) Það er nú engin nýlunda. Hann er nú sjaldnast hér, hv. skrifari.

Það væri ástæða til, herra forseti, að fara í löngu máli orðum um það sem gerst hefur að því er varðar stjórnun

fiskveiða á yfirstandandi ári og það sem fyrirhugað er á komandi ári, sem er í meginatriðum efnislega sama stjórnun og við höfum búið við í ár. Ég hygg að engum dyljist að það er verulega meiri andstaða gegn kvótakerfinu eins og það hefur verið í framkvæmd í ár en var fyrir ári síðan þegar það var í fyrsta skipti sett á. Það er enginn vafi á því að fyrir ári síðan stóðu menn nánast ráðalausir frammi fyrir því vandamáli sem þá var sagt að við blasti að því er varðaði stjórnun fiskveiða, aflamagnshorfur og sókn í aðalfiskistofna hér við land. Nú eru þessi viðhorf breytt. Hvað sem líður miður æskilegum skoðanakönnunum sjútvrn. um eigin gjörðir þá er augljóst að það er vaxandi andstaða við þá miðstýringu og alræðisvald sem hefur verið í stjórnun fiskveiða yfirstandandi árs og er boðað með því frv. sem við erum nú að ræða.

Talandi um skoðanakönnun í þessum efnum er það nánast furðulegt að það skuli geta skeð í lýðræðislandi að rn., þ. e. framkvæmdavaldið, skuli framkvæma skoðanakönnun um eigin verk og gjörðir. Spurning í þessu sambandi er: Með hvaða hætti voru gögn um þessa skoðanakönnun undirbúin? Er kannske hægt að sjá það í gögnum rn. vegna þessarar skoðanakönnunar hvaða skipstjórar það voru í flotanum sem eru andvígir þessu aldræðisvaldi framsóknarráðherrans, núv. hæstv. sjútvrh.? Er hugsanlegt að það sé hægt að beita þrýstingi í framtíðinni á þá skipstjórnarmenn og forustumenn sem svöruðu neitandi að því er varðar ánægjuna með kvótakerfið? Ég vildi gjarnan fá um það upplýsingar. Ég hef hvergi séð með hvaða hætti þau gögn sem út voru send í sambandi við þessa skoðanakönnun voru úr garði gerð eða hvort hægt væri að sjá frá hvaða skipum kom jákvætt hugarfar eða frá hvaða skipum kom neikvætt hugarfar. Þetta skiptir miklu máli gagnvart því að fá fram frjálsa skoðanamyndun í landinu til þessa stóra málefnis sem hér er til umr.

Mér hefur heyrst á umfjöllun fjölmiðla um útkomu úr þessari skoðanakönnun að meiri hluti þeirra sem til var leitað eða spurðir voru hefði svarað jákvætt varðandi stjórnun fiskveiða með því fyrirkomulagi sem fylgt hefur verið yfirstandandi ár. Þetta er alrangt. A. m. k. vil ég trúa því sem segir í meirihlutaáliti hv. sjútvn. þessarar deildar. Þar er sagt að um 46.3% svari því játandi að stjórna eigi fiskveiðum með aflakvóta á fiskiskip, en 87% svari því játandi að þörf sé á heildarstjórnun fiskveiða við Ísland. Það er allt annað mál, þannig að minni hluti þeirra sem svöruðu í þessari skoðanakönnun er ánægður með það fyrirkomulag sem nú hefur verið haft um tæplega eins árs skeið á stjórnun fiskveiða hér við land.

Ég á ekki von á því að mörgum detti í hug að teknir verði upp þeir hættir að hér verði gersamlega stjórnlaust í þessum efnum miðað við ríkjandi aðstæður. En sér er nú hver munurinn, gersamlega stjórnlaust eða alræðisvald eins einstaklings yfir fiskveiðum og fiskvinnslu í öllu landinu. Það er mikill munur þar á.

Ég gerði grein fyrir því að vísu — enn skal vitnað til ummæla hv. þm. Ólafs Þórðarsonar í örfáum orðum — hér við 1. umr. hver mín viðhorf væru til þessa máls. Ég var andvígur þessu fyrirkomulagi, greiddi atkv. gegn því á síðasta Alþingi eða fyrir ári. Í fyrsta lagi var byggt á þeim forsendum að löggjafinn væri hér að afsala svo gífurlegu valdi til eins einstaklings að það væri ekki forsvaranlegt að greiða atkv. með slíku valdaafsali, hvort sem var um að ræða framsóknarráðherra eða hvaða ráðh. sem væri. Í öðru lagi, og þá tek ég undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og hann gerði hér grein fyrir áðan, er það staðreynd að það verður ákveðin eignatilfærsla í sjávarútvegi með þeirri miðstýringu sem hér hefur verið innleidd. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Samband ísl. samvinnufélaga kaupir upp nánast hvert sjávarplássið á fætur öðru. Og það er að mínu viti að fara úr öskunni í eldinn, eins og reynslan sýnir, að kippa fótunum undan vel reknum einkafyrirtækjum í sjávarútvegi og afhenda slík fyrirtæki Sambandinu. Ég bendi m. a. á Súgandafjörð sem fordæmi fyrir slíku.

Auk þessa hefur komið í ljós að breyting á sóknaraðferðum samfara kvótaskiptingunni og miðstýringunni, eins og hún hefur verið yfirstandandi ár, hlaut að hafa í för með sér að borinn var fyrir borð dugnaður íslenskra sjómanna, hæfni þeirra og útsjónarsemi, svo notuð séu eigin orð hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Slíkt er fyrir borð borið með miðstýringu af því tagi sem hér er lagt til að verði áfram eins og verið hefur yfirstandandi ár.

Og enn ein grundvallarforsendan, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson benti hér á áðan og er eitt af meginatriðum þessa máls, er breyting á launauppbyggingunni að því er varðar laun þeirra manna sem vinna við fiskveiðar og fiskvinnslu í landinu sem er undirstaða alls þess sem þjóðarbúið byggir á. Það virðist vera að skapast svipað ástand að því er varðar mönnun flotans eins og var hér á tímabilinu milli 1950 og 1960 þegar megnið af íslenska flotanum var mannað með erlendum sjómönnum. Launakjörin eru að verða slík og allur afrakstur í sambandi við útgerð og fiskvinnslu að hæfir sjómenn — hinir bestu sem finnast — fara unnvörpum í land vegna þess hvernig er búið að skerða bæði þeirra kjör og aðstöðu til að afla tekna vegna þessarar miðstýringar sem Sjálfstfl. númer eitt styður Samband ísl. samvinnufélaga og Framsfl. í að framkvæma.

Þetta eru þrjú meginatriði sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, þm. Sjálfstfl., taldi nauðsynlegt að minna sérstaklega á í umr. áðan og eru orð í tíma töluð. Og þessi hv. þm., í ljósi þeirra orða sem hann lét hér falla, hefði auðvitað átt að lýsa því yfir að hann mundi greiða atkv. gegn þessu frv. Allt tal hans hér og sannfæringu gat ég ekki skilið á annan veg en þann að hann væri í grundvallaratriðum ósammála og andvígur því frv. sem hér er til umr. og þeim stjórnunaraðferðum sem hér er gerð till. um að innleiða áfram eitt ár í viðbót. En hann lét sig hafa að lýsa yfir að hann mundi segja já. Og það er þetta sem því miður gerist allt of oft um þm. hinna ýmsu stjórnmálaflokka, að þó að sannfæringin bjóði þeim að segja já, þá segja þeir nei fyrir flokkinn eða öfugt, vegna þess að flokkshlekkirnir virðast halda mjög víða ef ekki í flestum stjórnmálaflokkanna.

Það finnast þó enn einstaklingar í hinum pólitísku flokkum hér á Alþingi sem í málum eins og þessu láta sannfæringuna ráða, láta ekki hina flokkspólitísku hlekki ráða í svo miklum grundvallarmálum sem skipta sköpum fyrir land og lýð, og er það vel.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að það kemur mér afskaplega spánskt fyrir sjónir að nú skuli endurflutt á Alþingi frv. til l. um áframhald miðstýringar og stjórnun fiskveiða í sama dúr og gert hefur verið yfirstandandi ár, vegna þess að það er flest sem bendir til þess að

hæstv. sjútvrh. þáv., Matthías Bjarnason, núv. hæstv. heilbr.- og samgrh., hafi haft rétt fyrir sér þegar hann gagnrýndi fiskifræðinga harkalega fyrir að þeir væru allt of svartsýnir og hefðu ekki þær upplýsingar sem nauðsynlegar voru og þurftu að liggja til grundvallar því sem þeir lögðu til. — Þar réði auðvitað brjóstvit hæstv. þáv. sjútvrh., sem núv. hæstv. iðnrh. hefur tapað mjög miklu af við að hverfa til Austfjarða. — Auðvitað er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af upplýsingum, í þessu tilfelli fiskifræðinga, en það er af og frá að það sé hægt að taka fullt tillit til þeirra í ályktunum að því er þessa hluti varðar. Þar kemur svo miklu fleira til en bara vísindin ein út af fyrir sig. Það þarf að taka tillit til miklu fleiri hluta en vísindagreinar þó svo að vísindamennirnir væru nú þann veg staddir að hafa upplýsingar sem telja mætti fullnægjandi til að byggja ákvarðanir á, sem ég tel að sé víðs fjarri í þessu tilfelli.

Enn vitna ég til ummæla hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar við 1. umr. þessa máls, sem eru að mínu viti rétt og ég hefði auðvitað átt að láta hér getið, en vegna tillitssemi við afgreiðslu mála hér í þinginu gerði ekki að umræðuefni. Það eru trúlega margir áratugir síðan það ástand hefur verið við Vestfirði eins og hefur verið á yfirstandandi ári og þá sér í lagi á sumrinu og haustinu. Elstu menn muna vart aðra eins fiskigengd og hefur verið við Vestfirði á haustmánuðum og nánast inn á firði hvarvetna. Þetta bendir ekki til þess að upplýsingar fiskifræðinga um rýrnandi fiskistofna séu réttar. Ég held að hæstv. núv. samgrh., þegar hann gegndi embætti sjútvrh., hafi orðað það svo að það væri á þeim tíma verið að veiða þá þorska sem fyrir löngu ættu að vera dauðir ef farið hefði verið eftir fiskifræðingum eða ráðleggingum þeirra. Það bendir allt til þess nú að þau skilyrði séu fyrir hendi að ástæða sé til að slaka mjög verulega á að því er varðar stjórnun fiskveiða á næsta ári.

Ég vakti athygli á því, herra forseti, við 1. umr. þessa máls að ég teldi að gengið hefði verið allt of hart fram í miðstýringu og nánast alræðisvaldi yfir þessari atvinnugrein. Það hefur hvorki verið tekið viðhlítandi tillit til hagsmuna sjómannanna né útgerðarmanna og því síður til hagsmuna þess fólks í frystihúsunum, fiskvinnslunni í landi sem fyrst og fremst byggir alla sína afkomu á þessari atvinnugrein. Og það er ekki síst af þessum ástæðum sem nauðsynlegt er að mótmæla harðlega þeirri fyrirætlan hæstv. ríkisstj. að framlengja um eitt ár enn stjórnunaraðferð af því tagi sem gilt hefur á yfirstandandi ári.

Ein af þeim röksemdum, sem hæstv. sjútvrh. og stjórnarliðar sumir hverjir héldu fram við umr. álíka máls fyrir um ári síðan, var sú að stjórnun fiskveiða af því tagi sem við höfum upplifað nú og miðstýring mundi hafa í för með sér hagræðingu og sparnað. Hvergi sjást nein merki þess eða haldbær rök að slíkt hafi gerst. Ég tala nú ekki um ef þær fréttir reynast réttar að 20—25% af aflamagni hafi annaðhvort verið kastað eða landað í gúanó vegna kvótakerfisins á yfirstandandi ári. Ég segi: ef slíkar fréttir eru réttar. Ég heyrði ekki betur en slíkur fréttaflutningur væri í Ríkisútvarpinu í kvöld. (**Gripið fram í:** Smávegis misskilningur.) Kann að vera einhver misskilningur enda fullyrti ég ekki neitt. En ef kvótakerfið og stjórnunin, sem við höfum upplifað á yfirstandandi ári, hefur leitt til þessa þá held ég að það eitt út af fyrir sig sé nægileg sönnun þess að við eigum að hverfa frá þessari stjórnunaraðferð og taka upp aðra.

Herra forseti. Það hefur verið mikið gagnrýnt í allri þessari umr. og öllum þessum ákvörðunum, að t. d. handfæraveiðar og veiðar á smærri bátum og trillum væru ekki algerlega utan kvóta. Einnig hefur verið gagnrýnt að línuveiðar væru ekki utan kvótaskiptingar. Auðvitað á slík gagnrýni rétt á sér. Það er staðreynd, sem ekki verður móti mælt, að línufiskurinn er viðurkenndur besta hráefnið sem að landi berst. Það er fullkomin ástæða til fyrir stjórnvöld að leita leiða og stjórna í ljósi þess að auka línuveiðar hér við land í stað þess að gera ráðstafanir til að draga þær saman. En stjórnun af því tagi sem við höfum nú upplifað, ég tala ekki um haldi hún áfram, eins og hæstv. ráðh. og ríkisstj. lögðu til, þrjú ár til viðbótar, mun leiða til enn minnkandi línuútgerðar hér við land að óbreyttu.

Ég hef því, herra forseti, leyft mér að flytja á þskj. 378 brtt. við það frv. sem hér er til 2. umr. Brtt. flytja með mér hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Einarsson. Þessi brtt. gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því að á eftir 1. mgr. 1. gr. þessa frv. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo: „Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiða með línu og handfærum.“ Ég minni á í þessu sambandi að í nál. meiri hl. sjútvn. Ed. er sérstaklega tekið fram að nefndin hafi verið sammála um að það þurfi að slaka á varðandi línuveiðarnar. (Gripið fram í.)Nei, en ég tel alveg einsýnt að mér sé heimilt að vitna í nál. frá hv. Ed. Ég sé ekki ástæðu til þess að ég þurfi að biðja hæstv. forseta, enn þá síður hv. þm. Stefán Guðmundsson, leyfis til að mega vitna í nál. frá hv. Ed. Ég tala ekki um þegar það er frá meiri hl., þ. e. stjórnarliðunum, þá ætti enn síður að vera óleyfilegt í það að vitna. En enn komum við að því að eitthvað er þetta viðkvæmt. Einhver kvika er hér að því er varðar a. m. k. einstaka hv. stjórnarþingmenn.

Með leyfi hæstv. forseta segir hér í nál. frá meiri hl. sjútvn. hv. Ed.:

„Allir nefndarmenn voru sammála um að beina því til sjútvrh. og ráðgjafarnefndar um fiskveiðistjórn að línuveiðar skyldu að hálfu verða utan kvóta mánuðina janúar-febrúar og nóvember-desember. Almennt er viðurkennt að línuafli sé sérstaklega gott hráefni og því ástæða til að hvetja til aukinna línuveiða með þessum hætti.“

Það er enginn vafi á því að menn voru sammála um þennan hlut. Menn getur greint á um það hvort gefa eigi línuveiðar algerlega frjálsar. En í nál. meiri hl. sjútvn. Ed. kemur fram að öll nefndin, öll sjútvn. Ed., var sammála um þennan þátt málsins. En það er eins og til þess megi ekki vitna hér. Ég sé hins vegar ekki, og ég bið forláts á því hafi mér yfirsést, að um þetta sé getið í meirihlutaáliti sjútvn. þessarar hv. deildar. Ég bið því um skýringar og spyr hv. þm. Stefán Guðmundsson, formann sjútvn.: Er meiri hl. sjútvn. þessarar deildar eða öll nefndin sammála þessu tiltekna atriði, sem ég vitnaði til í nál. meiri hl. sjútvn. Ed., eða er einhver önnur skoðun annaðhvort í meiri hl. sjútvn. þessarar hv. deildar eða nefndinni allri að því er þetta varðar? Ég fullyrði, í ljósi þess að minni hl. sjútvn. þessarar deildar, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Einarsson, flytja með mér brtt. í þessa átt, að þau eru sammála því áliti, sem fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. Ed., að auka beri frelsi til línuveiða utan kvóta. Sé einhver fyrirstaða þá hlýtur hún að vera í meiri hl.

sjútvn. þessarar deildar. Og þá er best að það komi fram.

Ég held það sé alveg fráleitt og hafi ekki við nein rök að styðjast að skella kvótafyrirkomulagi á handfæraveiðar og raunar á hið sama við að verulegu leyti varðandi línuveiðar. Um það er þessi þáttur þeirrar brtt. sem ég er hér að mæla fyrir.

Í öðru lagi segir í brtt.: „Við úthlutun á aflamarki til einstakra skipa ber ráðh. að taka sérstakt tillit til þess ef skip er gert út í byggðarlagi þar sem a. m. k. 35% vinnuafls starfa við fiskveiðar og fiskvinnslu og skal aflamark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um 15—20% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu."

Hér er á ferðinni tillögugerð í þeim anda sem margir hv. þm. töluðu um við umr. hér fyrir ári, bæði hv. stjórnarþingmenn og stjórnarandstæðingar, um að taka meira tillit til þeirra byggðarlaga sem byggja að verulegu ef ekki að mestu leyti atvinnu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu — byggðarlaga sem a. m. k. eins og sakir standa og í náinni framtíð hafa enga möguleika til að auka atvinnutækifæri í öðrum atvinnugreinum en fiskveiðum og fiskvinnslu. Og nú tek ég mér í munn orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og segi: Það er ekki nóg fyrir hv. stjórnarþingmenn né aðra í þessu tilfelli að mæla orðin ein. Hér þarf líka aðgerða við og taka tillit til þessa í ákvörðunum.

Ég hef ekki, a. m. k. ekki eins og er, alveg óyggjandi upplýsingar um hversu mörg sjávarpláss féllu undir þessa prósentutölu um vinnuafl í fiskveiðum og fiskvinnslu. Ég held hins vegar að þau sjávarpláss séu æðimörg þar sem vinnuafl er miklu hærra hlutfall í fiskvinnslu og fiskveiðum en hér er talað um. Sú stjórnunaraðferð sem farið hefur verið eftir á yfirstandandi ári brennur hvað mest á mönnum þar og hefur valdið atvinnuleysi í sjávarplássum þar sem ella hefði verið nægileg atvinna fyrir, hefðu ekki stjórnunaraðferðir og miðstýring af því tagi sem hér um ræðir komið til.

Ég minni á að á árinu 1982 komu um 20% af verðmæti útflutnings hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna frá Vestfjörðum sem þá byggðu 4—5% þjóðarinnar. Ég vil ekki trúa því, að fenginni reynslu yfirstandandi árs, að stjórnvöld skelli við skollaeyrum og neiti að taka tillit til þeirra sanngjörnu óska þessara byggðarlaga, bæði að því er varðar Vestfirði og víðar um land, sem byggja fyrst og fremst afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu, að láta þessi byggðarlög njóta forgangs umfram það sem almenna reglan gerir ráð fyrir. Menn geta deilt um hversu miklu meira hér á að vera um að ræða, en ég trúi því ekki að menn greini á um að þessir staðir, sem hér um ræðir, skuli njóta verulegs forgangs. Það er ekki bara spurning um íbúa þessara staða, byggðarlaga eða landssvæða. Það er ekki síður spurning um þjóðarhag að nýta aðstöðu til fiskveiða og fiskvinnslu frá þeim svæðum landsins sem er hagkvæmast að gera út frá og hagkvæmast og ódýrast að vinna aflann frá. Þetta sjónarmið hlýtur að ráða miklu eða a. m. k. ætti að ráða miklu í afstöðu stjórnvalda til þessara mála.

Ég vildi gjarnan, herra forseti, spyrja hæstv. sjútvrh., í ljósi þess sem ég hér vitnaði til í nál. meiri hl. hv. sjútvn. Ed., hvort uppi séu einhverjar hugmyndir um að breyta frá því sem verið hefur til að auka frelsi bæði að því er varðar línuveiðar og handfæraveiðar þannig að það verði ekki að öllu leyti undir kvótaskiptingu. Eru einhverjar slíkar ráðstafanir fyrirhugaðar, annaðhvort hjá hæstv. ráðh. eða hjá þeirri nefnd sem mest hefur um þessi mál fjallað og kemur til með að fjalla um þau áfram? Ég vil gjarnan fá vitneskju um hvort líkur eru á því að að þessu leytinu verði slakað á klónni varðandi handfæraveiðar og línuveiðar eða hvort á að halda óbreyttri stefnu eins og verið hefur yfirstandandi ár. Ég vil gjarnan líka fá að heyra frá hæstv. sjútvrh. hvort uppi eru hugmyndir af hans hálfu um að gera ráðstafanir í átt við það, sem hér er lagt til, að auka kvóta þeirra skipa, sem veiðar stunda frá þeim byggðarlögum sem fyrst og fremst byggja á fiskveiðum og fiskvinnslu, umfram það sem verið hefur. Mér finnst mikilvægt að fá um það vitneskju, þegar hæstv. ráðh. óskar eftir svo gífurlegu valdi sem hann gerir með því frv. sem hér er til umr., hvort hann hyggst breyta til frá því sem verið hefur í átt við það sem hér er lagt til, þó ekki væri það nú að öllu leyti eins og hér er gert ráð fyrir. Það gæti vissulega orðið til þess að frekari friður og jákvæðara hugarfar ríkti til þess sem hér er nú óskað eftir, alræðisvaldi um stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu á næsta ári.

Ég skal ekki, herra forseti, á þessu stigi máls hafa um þetta fleiri orð, þó að til þess væri fullkomin ástæða svo mjög sem þetta mál höfðar til velflestra ef ekki allra Íslendinga varðandi stöðu þjóðarbúsins á næsta ári. Í ljósi þess hefði verið ástæða til og æskilegt að hafa lengri tíma hér í þinginu til umfjöllunar um málið. En á þessu stigi skal ég ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi mega svara aðeins í nokkrum orðum þeim fsp. sem núna var beint til mín. Í fyrsta lag vil ég ræða þá brtt. sem flutt er af hv. þm. Karvel Pálmasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Einarssyni þess efnis að taka sérstakt tillit til þeirra byggðarlaga þar sem a. m. k. 35% vinnuafls starfa við fiskveiðar og fiskvinnslu og skuli aflamark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um 15—20% frá því sem það hefði orðið eftir almennri úthlutunarreglu.

Nú lét ég einhvern tíma þau orð falla á s. l. ári að ef ætti að leggja einhverjum fiskiskipum væri helst mögu leiki að gera það þar sem þéttbýli væri mest og önnur atvinnutækifæri gætu skapast og nefndi m. a. að uppi væru um það áform að stækka álverið í Straumsvík en engar slíkar fyrirætlanir væru á Vestfjörðum. Þessu var ekki afar vel tekið og ég úthrópaður fyrir að viðhafa þessi orð. En ég hafði aldrei látið mér til hugar koma að gera það með þeim hætti sem hér er talað um, m. a. vegna þess að flest byggðarlög, sem byggja afkomu sína á fiskveiðum, eru yfir þeirri prósentu sem hér er miðað við. Ég hef fengið um það útreikninga frá Framkvæmdastofnun ríkisins og ég vildi gjarnan vita hvað hv. þm. væru að leggja til. En ég heyrði það á orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar að hann taldi það óþarfa að grennslast fyrir um það hvað hér væri um að ræða.

Það kemur í ljós — þá er miðað við árið 1983, þetta liggur allt saman fyrir hjá Framkvæmdastofnun ríkisins af launaseðlum — að byggðarlög eins og t. d. Grindavík eru með 58%, Tálknafjörður 61%, Fáskrúðsfjörður 60%, Súðavík 69%, sem er hæst og Stöðvarfjörður

66%. Síðan fer þetta lækkandi og byggðarlag eins og Stykkishólmur er alveg á mörkunum. Byggðarlag eins og Siglufjörður mundi fara niður fyrir það. Byggðarlag eins og Vopnafjörður er á mörkunum. Þetta kemur m. a. til af því að hér er um hreppa að ræða þar sem sveit liggur að baki. Þau byggðarlög sem eru hins vegar fyrir neðan þessa viðmiðun eru byggðarlög eins og Vogar með 28%, Keflavík 17%, Njarðvík 17%, Hafnir 11%. Þar er því um að ræða næstum því öll byggðarlögin á Suðurnesjum nema Grindavík. Ég álít ekki að þessi byggðarlög á Suðurnesjum séu sérstaklega vel stödd í sjávarútvegi. Ég trúi því vart að hv. þm. Guðmundur Einarsson sé þeirrar skoðunar og ég á ekki von á því að hv. þm. Karvel Pálmason hefði upplýst hann um þessar staðreyndir þegar hann bað hann um að vera meðflm. að þessari till. Hér eru t. d. byggðarlög eins og Borgarfjörður eystri með 27%, en það stafar af því að þar er allmikill sauðfjárbúskapur. Nú lít ég algerlega burt frá höfuðborgarsvæðinu vegna þess að höfuðborgarsvæðið er með allmiklu minni hlut. Ef ætti að skerða þessa aðila sérstaklega með hliðsjón af útflutningi þá mundi þurfa að skerða þá gífurlega mikið og sýnist mér að veiðar þeirra mundu þurrkast út og rúmlega það ef ætti að takast að bæta við hina sem eru með 27% og 28%. Hér er byggðarlag eins og Húsavík sem er með 27% og ætti þá að hljóta þessa meðhöndlun og byggðarlag eins og Akureyri.

Nú verðum við að líta til þess að þetta er ekki eingöngu spurningin um byggðarlög. Þetta er spurningin um fólk sem býr í þessum byggðarlögum og hefur atvinnu af sjávarútvegi. Ef þetta fólk missir vinnu þá þarf fyrst og fremst að vera önnur vinna til að taka þar við og það er það sem skiptir máli í þessu sambandi. Ég sé ekki að það sé réttlætanlegt að skerða sérstaklega tekjur sjómanna á Húsavík til þess að geta bætt tekjur sjómanna á Ísafirði eða Stöðvarfirði svo að ég nefni dæmi. Ég held því að þessi till. sé flutt í nokkru fljótræði af hv. þm. og hafi ekki verið mjög ígrunduð.

Hitt er svo annað mál að ég er almennt þeirrar skoðunar að á þeim stöðum á landinu, þar sem ekki er hægt að koma við annarri atvinnuuppbyggingu og meiri fjölbreytni í atvinnulífinu, eigi að stefna að því að þessir staðir fái meiri hlutdeild í sjávaraflanum jafnhliða annarri atvinnuuppbyggingu á öðrum stöðum. En þetta verður ekki gert með þeim hætti sem hér er lagt til. Þetta varðar þessa fsp.

Í öðru lagi nefndi hv. þm. að það hefði verið verulegt atvinnuleysi í þessum byggðarlögum, t. d. á Vestfjörðum. Ég hef lesið atvinnuleysisskýrslur mánaðarlega þegar þær hafa borist. Ég hef ekki tekið eftir því að þar hafi verið a. m. k. mjög mikið af skráðu atvinnuleysi. Það var um tíma á Patreksfirði, en að öðru leyti minnist ég þess ekki að í þessum landshluta hafi verið verulegt atvinnuleysi, sem betur fer, enda er ég sannfærður um að skipting aflans hefur orðið til þess að dreifa atvinnunni mun betur um landið og jafna atvinnuna. Ég ætla ekkert að fara að rökstyðja það sérstaklega, það er svo augljóst.

Því er haldið á loft að þessi sérstaki landshluti hafi farið illa út úr þessari stjórnun. Ég vil upplýsa hv. þm. um það hvernig þorskaflinn var á einstökum stöðum þar í fyrra og í ár. T. d. ef við byrjum sunnan frá þá var þorskaflinn á Patreksfirði fyrstu 11 mánuði ársins 1983 4866 tonn, í ár 4985, á Tálknafirði var hann 2608, en í ár 2937, á Bíldudal var hann 1814, en er nú 2146, á Þingeyri var hann 3604 og í ár 3866, á Flateyri var hann 2992, er í ár 2583, þar er lítils háttar samdráttur, á Suðureyri var hann 2975, er í ár 2861, í Bolungarvík var hann 5981, er 6610, á Ísafirði var hann 13143, er í ár 12744, á Súðavík var hann 2373, er í ár 1839.

Á ýmsum þessara staða hefur orðið veruleg aukning í rækjuafla og má rekja þá aukningu að miklu leyti til þess að skip hafa beint athygli sinni að rækjuveiðinni vegna þess að hún hefur verið frjáls á meðan hin hefur verið takmörkuð. Að því leytinu til hefur því rækjuveiðin tvöfaldast á árinu og þar af leiðandi skapað verulega aukna atvinnu í landinu, ekki síst í þessum landsfjórðungi.

Í öðrum landsfjórðungum, eins og Norðurlandi og Austurlandi, hefur loðnan komið til og bætt þar atvinnuástandið þannig að ég held að segja megi að ekki hafi almennt séð komið til alvarlegs atvinnuleysis um landið nema á einstaka stað, þar sem hefur verið við sérstaka erfiðleika að etja, eins og t. d. á Seyðisfirði og Akranesi svo að ég nefni dæmi. Ég kannast því ekki við þessar fullyrðingar hv. þm.

Hv. þm. spurði einnig um það hvort ekki væri ætlunin að auka frelsi í línuveiði og handfæraveiði og ég skildi hann helst þannig að hann legði til að línuveiði og handfæraveiði yrði algerlega utan við kvóta. Það kemur ekki til greina að þessi veiði verði algerlega utan við kvóta. Hins vegar hefur verið rætt um það hvort á einhvern hátt eigi að taka tillit til línuveiðinnar. Það var rætt í fyrra, það er verið að ræða það í þeirri ráðgjafarnefnd sem er að störfum. Þar er mikil andstaða gegn því, leyfi ég mér að segja, bæði hjá fulltrúum útvegsmanna og sjómanna. Ég er ekki að segja að sú andstaða sé alger og er ekkert að bera því við.

Það er að mínu mati engin spurning að það er rétt að stjórna þessum veiðum í verulegu samráði við hagsmunasamtökin í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að gera það öðruvísi. Það hefur m. a. verið gert með þeim hætti að sérstök nefnd, sem í er fulltrúi frá sjómannasamtökunum og fulltrúi frá útvegsmannasamtökunum og einn fulltrúi frá rn., hefur fjallað um alla úrskurði. Þetta samstarf hefur tekist með ágætum. Það verður að taka tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila í þessu sambandi og einnig þarf að sjálfsögðu að taka fullt tillit til sjónarmiða hér á Alþingi. Ég tel að það hafi verið gert. Og ég veit ekki betur en haldnir hafi verið margir fundir með sjávarútvegsnefndum þingsins áður en reglugerðin var sett á s. l. ári og tekið tillit til margvíslegra sjónarmiða sem þar komu fram og allir flokkar áttu þar fulltrúa. En ég get ekki betur heyrt þegar ég hlusta hér á hv. þm. en að slíkt hafi alls ekki átt sér stað. Þeir tala mest um alræðisvald og einræði í þessu sambandi. En ég vænti þess að hv. þm. séu mér sammála um það að þeim ráðh., sem fer með ábyrgð þessara mála, ber jafnframt að taka tillit til þeirra samtaka sem eiga hér mestra hagsmuna að gæta, þ. e. fulltrúa sjómannna, útvegsmanna og fiskvinnslu.

Ég var að spyrja hæstv. félmrh. hvernig hans skýrslur væru um atvinnuástand á Vestfjörðum. Í hans skýrslu stendur: „Atvinnuástand hefur verið mjög gott í þessum landshluta.“ Það er sá úrskurður sem sú skrifstofa hefur fellt í þessu sambandi. En mest er þar atvinnuleysi á árinu 1982. Í júní—ágúst er sagt að það séu að meðaltali

11 atvinnulausir en að meðaltali í janúar—mars eru það 46. Mest varð það á árinu 1982 166, en það var vegna sjómannaverkfalls. Það verður því ekki séð á þessu yfirliti að atvinnuleysi hafi aukist í þessum landshluta. Ég vildi biðja hv. þm., þegar þeir dæma þessi mál, að líta til þessara staðreynda og segi ég það þá í því skyni að menn taki þessar upplýsingar gildar og trúi þeim.

Þetta vildi ég segja um þetta. Það hefur einnig komið hér fram till. í nál. frá minni hl. um að humarveiðin verði með sama hætti og var áður, þ. e. með heildarkvóta, með öðrum hætti en bolfiskveiðar. Auðvitað er það umdeilanlegt hvernig skuli skipuleggja þessar veiðar. En það vill svo til að margir af þeim bátum, sem fiskuðu vel bolfisk á árunum 1981—1983, fengu tiltölulega lítinn humar á þeim árum, en bátarnir sem fiskuðu lítinn bolfisk á þessum árum fengu meiri humar.

Nú má vel vera að hv. þm. þyki rétt að skerða þá sérstaklega sem lentu þannig út úr málum að fá lítinn bolfisk á þessum árum en meiri humarafla og það er ekkert launungarmál að þetta fer nokkuð eftir svæðum. T. d. var bolfiskafli á þessum árum, 1981—1983, miklu betri á vestur/suðursvæðinu, þ. e. við Suðvesturland, en við Suðausturland. Ef það er skoðun hv. þm. að það beri sérstaklega að vega að þessum aðilum þá er það skoðun út af fyrir sig. En við verðum að huga að því í öllum þessum málum að gæta jafnræðis. Þetta er allt annað en auðvelt mál. Um það hefur verið haft gott samstarf við hagsmunasamtökin sem eru mjög dómbær í þeim efnum því að þau eru á fundum um land allt með sínum félagsmönnum og hafa þar af leiðandi mjög góða yfirsýn í þessum málum. En auðvitað eru skiptar skoðanir í þessum efnum.

Þetta vildi ég aðeins upplýsa í tilefni af þessum fsp. Vissulega er ástæða til að ræða hér margt af því sem fram hefur komið. En ég vil ekki nota tímann til þess því að ég vil ekki að menn skilji það svo að ég ætli að fara að lengja þessar umr. En ég taldi mér skylt að svara þeim fsp. sem hefur verið beint hér til mín.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Í nokkrar mínútur í upphafi máls hæstv. sjútvrh. var rætt um pólitík. Tilefnið var það að á brtt., sem kom fram í deildinni, var lagt til að aflamagni yrði dreift með tilliti til mikilvægis sjávarútvegs fyrir tilteknar byggðir. Umr. sem þyrftu að vera um slíkt vantar algerlega í allar vangaveltur um fiskveiðistefnu. Það skiptir máli að velta því fyrir sér hvað kemur út úr fiskveiðistefnu sem þessari. Við erum ekki að tala um eitthvert bráðabirgðaástand, einhverja óværu sem sækir á okkur í eitt, tvö eða þrjú ár. Við erum að tala um fyrstu skref í heildarfiskveiðistefnu sem vafalaust mun standa um ókomin ár. Þetta er ekkert sem gengur yfir. Við erum að stíga þarna inn á braut stjórnunar á fiskveiðum sem er ekki spurning um möskvastærð og grunnlínupunkta, heldur það hvernig þjóðfélag við viljum að þróist hérna á Íslandi næstu áratugina. Það er einmitt vegna þess sem menn verða að taka tillit til og taka afstöðu til hluta eins og þeirra hvar atvinnugreinin á að þéttast og eftir hvaða reglum hún á að þéttast.

Við hefðum alveg eins getað flutt og ég kannske flyt við næstu umr. málsins. brtt. sem fjallar um að fiskveiðar eigi að beinast sérstaklega til svæða sem sýna a) mesta arðsemi og b) besta afkomu fiskvinnsluhúsa eða skipa. Þetta er pólitík og um þetta eiga menn að ræða á Alþingi. Þetta gagnrýndum við í fyrra og gagnrýnum enn að vantar algerlega í hið svokallaða kvótafrv.

Þetta frv. er ekki um pólitík. Það er um dreifingu á fiski. Hvað vilja menn að gerist í þessari grein sem aflar milli 70 og 80% af gjaldeyri þjóðarinnar? Hvað vilja menn að gerist í þessari grein á næstu 15—20 árum? Menn verða að taka því að það sé um þetta rætt. Við lögðum fram brtt. sem kemur að kjarna þessa máls.

Hæstv. ráðh. sagði að þetta yrði ekki gert með þeim hætti sem þar er lagt til. Með hvaða hætti á að stjórna uppbyggingu þessarar greinar? Hvernig á að láta þessi mál koma fólkinu í þessu landi sem best til góða? Það hefur verið komist þannig að orði um kvótafrv. að kostur þess sé að það dreifi atvinnu betur. Það getur vel verið kostur ef maður lítur til dagsins í dag eða ársins í ár, en er það það sem greinin þarf? Er það það sem sjávarútvegurinn þarf, að dreifa honum betur? Það er gífurlegt misræmi milli sóknargetu og vinnslugetu annars vegar og milli veiðiþols hins vegar. Er það þessari þjóð til mestrar gæfu, sé til lengri tíma litið, að þessu sé dreift sem mest? Auðvitað leysir það okkur undan ýmsum vandamálum samtímans, eins og bráðu atvinnuleysi á ákveðnum svæðum eða slíku, ef við dreifum þessu, framlengjum hörmungarástand áranna þriggja. Auðvitað leysir það okkur undan því að taka stefnumarkandi ákvarðanir um þróun þessarar greinar. En við verðum að taka afstöðu til þess eftir hvaða línum við viljum að þetta þróist. Hvað á að rísa upp úr þessari öskustó? Hvernig verður fuglinn Fönix fjaðraður, sem upp úr þessu rís, eða gerist það einhvern tíma eða verðum við ár eftir ár að halda áfram að taka uppsafnaðan söluskatt, hálfan milljarð kr., og dreifa eftir einhverjum meðaltalsútreikningum? Ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstj. líti þannig á framtíð þessarar undirstöðugreinar íslensks þjóðfélags.

Það eru óumflýjanlega sársaukafullar ákvarðanir sem þarf að taka. Það eru ákvarðanir sem munu koma illa við fólk og munu koma illa við fyrirtæki, en við verðum að taka þær og við verðum að draga línurnar sem við viljum fara eftir, þannig að hægt sé að vinna eftir þeim á sem breiðustum grundvelli í atvinnumálum, í byggðamálum, í þróun annarra atvinnugreina, þróun landbúnaðar, þróun iðnaðar o. s. frv. Það er út af þessum atriðum og það er út af þessari sýn sem við krefjumst þess að Alþingi Íslands fái að vera með í þessum leik. Hver sem kosturinn verður hljótum við að reyna að finna hið hamingjusama hjónaband arðsemi og félagslegrar þarfar og að því verðum við að leita. Auðvitað var okkur ljóst að brtt. í þessu formi mundu leiða til stórkostlegri breytinga en menn vildu sjá í einu vetfangi, en málið er að það eru svona atriði sem við eigum að ræða, óumflýjanlega, og það var þetta sem við sögðum við umr. um þetta mál á síðasta ári, að það er í þessu sem Alþingi á kröfu á að fá að vera með og það er um þetta sem umr. um fiskveiðistefnu á að fjalla. Þetta segi ég af því tilefni að hæstv. ráðh. kom hér upp og gerði að umtalsefni brtt. sem komið höfðu fram.

Mig langar að rifja upp forsögu þessa máls vegna þess að í dag hefur verið komið að hugtökum eins og valdaafsali, einræði, einveldi og ýmsum slíkum. Þessi forsaga er á ýmsan hátt merkileg.

Fyrir jólin 1983 var unnið hér undir gífurlegri tímapressu vegna þess að það var ófrávíkjanleg og staðföst skoðun ríkisstj. að lög og opnun heimilda um fisk-

veiðimál yrðu að liggja fyrir í byrjun janúar vegna þess að flotinn gæti ekki beðið í örfáa daga. Þetta yrði að liggja fyrir á pappírum hreint og klárt í byrjun janúar. Menn sögðu: Hvernig á þetta að koma út. Við verðum að sjá einhver dæmi, við verðum að sjá nánari upplýsingar. Það fékkst ekki, enda fór það svo að eftir allan þann þrýsting var það ekki fyrr en 8. febr. sem hin raunverulega útfærsla á þessu máli birtist okkur.

Við lýstum því í umr. fyrir jólin í fyrra að Alþingi þyrfti að móta meginatriði þessarar stefnu. Við lýstum því að það efaði enginn að setja þyrfti reglur um veiðiskap. Þær eru óumflýjanlegar og hafa í öllum löndum verið óumflýjanlegar. Fyrstu skrefin í fiskveiðipólitík allra þjóða hafa verið þau að afla lögsögu yfir þessum auðlindum sínum og næstu skrefin hafa verið þau að móta reglur til að stjórna nýtingu á þeim auðlindum. En því var í raun og veru hafnað að þingið fjallaði af nokkurri marksækni um þetta mál. Síðan gerðist það að Alþingi samþykkir auðan tékka þar sem menn samþykktu ekki kvóta, heldur samþykktu leyfi til ráðh. að setja á kvóta. Ég komst þannig að orði í þingræðu um þetta leyti í fyrra að það væri verið að semja og samþykkja eina grein sem væri á þessa leið: Ráðherra getur gert það sem honum sýnist í fiskveiðistefnum.

Hvað gerðist eftir jól? Þá verða löggjafarþingmenn að láta sér það lynda að breytast í nokkurs konar ráðgjafa eða sendimenn úr héraði. Þá setjast þeir eins og beiningamenn við borð ráðh. og fara að rövla: Okkur finnst nú að það þurfi að ná þessu fram þarna og okkur finnst að það þurfi að ná hinu fram hér. Það er augljóst að ef þetta gerist svona, þá gerist þetta. — Hinir göfugu löggjafarþm. höfðu afsalað sér völdum og mæta svo sem ráðgjafar, eins og ég segi: beiningamenn, við borð ráðh., sendimenn úr héraði, og fara að karpa um grunnlínupunkta. Svona var framgangur þessa máls. Það er alveg rétt að ekki vantaði að mönnum væru sýnd gögn og menn gátu sagt skoðanir sínar. Ég met það að málið var ekki meðhöndlað fyrir lokuðum tjöldum. En alþm. voru valdalausir. Þeir höfðu tekið þá dúsu fyrir jólin að samþykkja grein í frv. um að haft skyldi samráð við sjútvn. Alþingis. Þakka skyldi þeim.

Þrátt fyrir að síðan sé liðið ár og mikið vatn hafi runnið til sjávar og margir fiskar verið veiddir erum við aftur í sömu klípunni. Okkur vantar tíma til að ræða um höfuðatriði málsins sem eru þessi: Hvers konar samfélag mun byggjast upp í kringum þessa atvinnugrein á næstu 15—20 árum?

Ég sagði hér í inngangi vegna ummæla hæstv. ráðh. að menn vildu gjarnan hrista þetta af sér eins og tímabundin óþægindi eða óværu sem að þeim sækti í augnablikinu, en allt yrði gott og fagurt síðar meir, þetta væri nokkurs konar bráðabirgðaástand. Staðreynd málsins er að þetta er ekkert bráðabirgðaástand. Þegar við gátum veitt 450 þús. tonn af þorski óttuðumst við ofveiði. Núna erum við að reyna að veiða 200—250 þús. tonn. Það er kannske í fjarlægri framtíð að við sjáum aflamagn á Íslandsmiðum fara upp í það mark að við ekki þurfum nákvæma fiskveiðistjórn af einhverju tagi. Ég held því að menn ættu að gera sér grein fyrir því að við erum að stíga fyrstu skrefin í mótun þess samfélags sem á næstu 15—20 árum mun byggjast í kringum þessa grein. Þessi grein er mikilvæg. Hún aflar 70—80% gjaldeyris okkar. Þó að uppi séu ýmis áform um að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið, eins og það heitir í 17. júní ræðunum, þá er minna um efndir, þannig að svo mun vafalaust verða enn um sinn. Þess vegna verðum við að taka afstöðu til þess hvernig við viljum að þetta þróist. Við verðum að taka afstöðu til þess hvort við viljum hámarka arðsemi greinarinnar með öllum tiltækum ráðum og hvort við viljum með slíkri stefnu hafa engin takmörk á því hvernig menn skipti og selji kvóta, hvernig menn safna þeim saman, hvernig aflamagn safnist til þeirra útgerða sem eru dugmestar og sýna að þeim verður mest úr þessu og skapa þjóðarbúinu mestan gjaldeyri. Það er vissulega sjónarmið og hlýtur að vera það sjónarmið sem verður að vera efst. Hins vegar verður aldrei fram hjá því litið að byggðin er dreifð við ströndina og þessi byggð verður að þróast. Það verður að taka tillit til þeirra félagslegu staðreynda, sem við okkur blasa, að í gífurlega mörgum þessara byggða er ekki að neinu öðru að hverfa en fiskinum og að í þessum byggðum eru fjárfestingar svo milljörðum skiptir í atvinnutækjum, í aðstöðu og í þekkingu og reynslu við rekstur bæði í útgerð og vinnslu. Auðvitað kemur það saman við arðsemismálin. Mestri arðsemi náum við á þeim stöðum þar sem tækin eru best, þar sem fólkið er reyndast og reynslan er mest. En við verðum að taka afstöðu, við verðum að móta stefnu í þessum málum. Við værum að bregðast skyldu okkar sem alþm. ef við gerðum það ekki.

Það væri fróðlegt að vita hvað stóra nefndin sem hæstv. forsrh. setti á fót, framtíðarnefndin, hefði um þessi mál að segja. Mér skilst að það séu komin nær 200 manns í nefndavinnu í alls konar nefndum, yfirnefndum og undirnefndum, og allir eru að hugsa um framtíðina. Ekki veitir af vegna þess að bersýnilega á alþm. ekki að auðnast að gera það. Þá er kannske eins gott að ráða þrefaldan fjölda þeirra til að hugsa um þau mál. En óumflýjanlegt er að menn athugi þetta vegna þess að hvar ættu menn að hugsa um framtíðarstefnu og hvar ættu menn að vilja móta það samfélag sem þeir lifa í ef ekki á Alþingi. Menn hafa nú sinnt minni málum. Þeir sömu þm. og ekki töldu ástæðu til að athuga neitt hvernig fiskveiðistefna og atvinnustefna í sjávarútvegi ættu að vera létu sig þó hafa það að setja á síðasta Alþingi lög sem skammta fólki reyktóbak. Þá afsalaði þingið sér ekki neinu. Öll notkun tóbaks fer nákvæmlega eftir lögum frá Alþingi, út í ystu anga. En svo kemur að því hvernig sameiginlegri auðlind okkar verði varið, hvernig lífshagsmunamáli þjóðarinnar verði stjórnað, hvernig samfélag við viljum að þróist hérna á næstu áratugum fram á næstu öld, og þá þrasa menn um grunnlínupunkta! Þetta er ekki glæsilegt. Menn eru að tala um virðingu Alþingis. Menn virðast halda að virðing Alþingis felist í því að ekki séu teknar ljósmyndir hérna á pöllunum og menn gangi daglega í Kórónafötum. Það hefur ekkert með virðingu Alþingis að gera. Virðing Alþingis stendur og fellur með því hvort hjarta þess slær í takt við samfélagið sem er fyrir utan. Það gerir það ekki. Þing sem hefur meiri áhuga á reyktóbaki en fiskveiðistefnu er ekki í takt og býður ekki heim virðingu fólksins.

Eitt atriði vildi ég gera að umræðuefni og að því hefur nú reyndar verið komið áður og það varðar ofstýringuna og miðstýringuna. Ég veit ekki hvort þm. Sjálfstfl. hafa almennilega gert sér grein fyrir því, en þeir eru,

virðist mér núna, að reka síðustu naglana í kassann sem á stendur: þjóðnýting útgerðar og vinnslu. Eins og ég hef rifjað upp hérna áður í ræðu og ætla þess vegna ekki að gera að löngu máli núna er olnbogarými frjálsræðishetjanna góðu, sem Sjálfstfl. telur að standi undir atvinnulífinu, ekki orðið ýkjamikið. Ríkið skammtar þeim fjármagn til skipakaupa, ríkið skammtar þeim fjármagn til fiskvinnsluhúsabygginga, ríkið skammtar þeim magn af botnfiski, öllum sjö tegundunum sem einhver nennir að veiða, það skammtar þeim aukin heldur slatta af skelfiski og krabbadýrum. Síðan skammtar ríkið þeim fiskverð, það skammtar þeim vexti, það skammtar þeim gengi, það skammtar verkafólkinu kaup og það skammtar gæðin. Og til þess að tryggja þetta nú allt saman, ef einhver óáran er, þá er innheimtum söluskatti, fjórðungs skattlagningu á alla greinina, safnað saman með reglulegu millibili, dreginn út úr fylgsninu og dreift eftir meðaltölu. Hvað ætli mönnum þætti ef læknar Landspítalans störfuðu þannig að þeir tækju á hverjum morgni hita sjúklinga, tækju því næst meðaltal og dreifðu magnyltöflum til allra sjúklinganna í hlutfalli við meðaltalið? Hvernig ætli það gagnaðist botnlangasjúklingum, hvernig ætli það gagnaðist þeim geðveika? Þetta meðaltalapex tekur ekkert tillit til raunverulegrar afkomu. Með þessari meðaltalastjórn verður aldrei byggður upp atvinnurekstur. Eitt af stóru rökunum fyrir því að koma á kvótakerfi var að greinin hagnaðist svo mikið vegna þess að þetta horfði til stórra bóta í sambandi við gæði og olíusparnað. Hversu mikil hvatning halda menn að það sé þegar ofan á þetta er svo smurt mörgum sinnum þykkri lögum af uppsöfnuðum söluskatti? Ætli mönnum þyki þess vert að rembast eins og rjúpan við staurinn í gæðum og olíukostnaðinum þegar þeir vita að þeir fá hvort sem er stóru summuna frá stóra bróður sem stjórnar þessu öllu og smyr þessu jafnt yfir? Þetta er velferðarkerfi atvinnurekstrarins. Þetta eru aumingjabæturnar. Ég trúi því varla, en reyndar verð ég að fara að trúa því að þm. Sjálfstfl. standi að þessu óskiptir. Þeir ganga svo hart fram í því að koma þessu á.

Ég vil ekki teygja þessa umr. um of, en ég vil minna á að það eru mörg atriði sem við höfum ekki komið að. Við höfum ekki komið að atriðum sem varða eignarrétt. Í ljósi fyrirsjáanlegs langlífis þessa fyrirkomulags, í ljósi þeirrar staðreyndar að við eigum eftir að búa við kvóta í ár og áratugi hljóta að vakna spurningar og verða sífellt meira brennandi eftir því sem eignatilfærslurnar verða meiri og meiri. Menn munu spyrja: Hver á þennan fisk? Menn fara að rifja upp, kannske einhvern tíma undir aldamótin: Hvernig stóð nú á því að hann pabbi fékk úthlutað kvóta þarna á árunum? Hver hafði leyfi til að gefa honum hann? Hver á þennan fisk? Menn velta líka fyrir sér, en fá í rauninni engin svör: Allt í lagi. Það er eitt að leyfa mönnum að veiða einhvern fisk, en það er allt annað að leyfa þeim að selja óveiddan fisk. — Ég er ekki að mæla gegn því. Reyndar tel ég að það eina sem geti kannske valdið því að upp úr þessu meðaltalabulli öllu og dreifingu rísi sjávarútvegur sem getur bjargað sér, eina vonin meðan annað kemur ekki í ljós, sé að aflamagn safnist saman. En það breytir því ekki að þarna eru grundvallaratriði sem menn þurfa að taka afstöðu til og sem þingið á að taka afstöðu til. Það á ekki að ákveða á fundum hjá LÍÚ vegna þess að LÍÚ hefur ekkert leyfi til þess að ráðskast með auðlind, ekki frekar en LÍÚ getur ráðskast með vatnið í fossunum okkar eða háhitaorkuna. Þetta er auðlind sem öll þjóðin hefur barist fyrir. Það á að vera Alþingis að móta reglurnar sem nýta þessa auðlind. Og það á að vera Alþingis að móta það samfélag sem á að vaxa á næstu áratugum tveimur á grundvelli þessarar auðlindar. Annað eru svik.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við Íslendingar höfum á undanförnum árum búið við hagvöxt í þessu landi og sá hagvöxtur hefur fært okkur hagsæld sem lýsir sér í nokkuð háum lífsstandard hér á Íslandi. Það hlýtur að vera höfuðmarkmið, þegar horft er á aðalatvinnuveg Íslendinga, hvað fjáröflunarmöguleika snertir á erlendum gjaldeyri að menn horfi á það mál út frá hagrænu sjónarmiði. Viljum við standa þannig að þessu máli að það tryggi áframhald hagvaxtar í landinu eða viljum við láta okkur nægja að standa þannig að því að kvótakerfið þýði í reynd innbyggt atvinnuleysi í þennan atvinnuveg? Teljum við að við höfum efni á því að standa þannig að málinu? Ég segi nei.

Hæstv. sjútvrh. gat þess í ræðu sinni áðan hvaða stefnu hann hefði kynnt fyrir þjóðinni á haustmánuðum 1983. Hann gat þess að hann hefði verið skammaður fyrir þá stefnu. Það er hárrétt. Víðlesnasta blað þjóðarinnar hellti sér yfir hæstv. sjútvrh. með óbótaskömmum. Hvers vegna? Einfaldlega vegna þess að sú stefna raskaði ýmsu í þessu þjóðfélagi. En hún var rétt. Það var grundvallaratriði hagfræðilega séð að standa þannig að máli að við færum í uppbyggingu á atvinnulífinu, iðnaðaruppbyggingu á atvinnulífinu, ekki jafnt hringinn í kring um landið í hverju einasta sjávarþorpi, heldur þar sem skynsamlegast var að standa að þeirri iðnaðaruppbyggingu, í aðalkjörnum byggðanna. En til þess að hægt væri að skapa þetta rými og merkja þessa stefnu þurfti að beita mismunun í sjávarútveginum á þann veg að þar sem menn ættu mest undir sjávarútvegi yrði leyft að veiða og standa að vinnslunni af meiri krafti en á hinum svæðunum þar sem sjávarútvegurinn hafði litla hagræna þýðingu fyrir heildaratvinnulífið. Til þess að framkvæma þessa stefnu þurfti að fara út í svæðiskvóta. Stefnan var óframkvæmanleg eftir þeirri leið að setja kvóta á hvern einasta bát.

Það hljóta að vera ærin vonbrigði fyrir hvern þann mann sem hlustar á yfirlýsingar ráðh. og metur þær réttar að vakna upp við það að þrýstihópar þjóðfélagsins hafa hrakið ráðh. svo af leið að hann hefur ákveðið að sigla undan vindinum í allt aðra átt en hann taldi rétt. Það er enginn hér inni sem ekki gerir sér grein fyrir því að Norðmenn með sinni styrkjastarfsemi og Kanadamenn með sinni styrkjastarfsemi í sjávarútvegi hafa haft afgerandi áhrif til þess að lækka lífskjör á Íslandi, hafa beinlínis orðið þess valdandi að fiskur er seldur í aðalmarkaðslöndum okkar á lægra verði en væri ef þessar atvinnugreinar yrðu látnar standa á eigin fótum í Noregi og í Kanada. Þetta skilja allir, en þegar kemur að því að ræða málið út frá innlendum sjónarmiðum snarfellur skilningurinn. Hvaða áhrif skyldi það hafa haft á útgerðarmenn hringinn í kring um landið að svona styrkjastarfsemi hefur verið haldið uppi með bæjarútgerðum sem hafa vaðið í sjóði samfélagsins og sótt þangað þá fjármuni sem þær þurftu til að borga hallann á hverjum tíma? Gera menn sér grein fyrir því, og þar á meðal hv. skrifari þessarar deildar, Halldór

Blöndal, hversu marga sjálfstæða útgerðarmenn er búið að setja á höfuðið með þessum vinnubrögðum? Hvað er mikið um það að menn hafi verið þjóðnýttir aftan frá með þeirri aðferð að halda uppi bæjarútgerðum sem mokað var fjármunum til og haldið áfram í rekstri á sama tíma og gengið var orðið rangt skráð og útgerðarmaðurinn sem þurfti að verjast gat það ekki vegna þess að óeðlileg samkeppni braut hann niður? Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því í dag og ánægjulegt að bæjarstjórn Reykjavíkur virðist hafa á því vaxandi skilning að það gengur ekki að standa svona að málum. Með þessu er ég ekki að segja að hún eigi ekki að verja fjármunum til uppbyggingar atvinnulífs eða að það sé óeðlilegt ef hún rekur útgerð á réttlátum samkeppnisgrunni. Hún á í dag að verja fjármunum til iðnaðarins í landinu til þess að byggja upp atvinnulíf til að örva hagvöxtinn, en hún á að hætta að standa þannig að málum að hún moki fjármagni inn í Bæjarútgerðina með þeim afleiðingum fyrst og fremst að setja sjálfstæða útgerðarmenn í þessu landi á höfuðið. Það verður að tryggja rekstrargrundvöll og það verður að standa heiðarlega að samkeppni.

Röng gengisskráning í gegnum árin er búin að leika grátt þau svæði þar sem menn hafa allt átt undir því að afla frá hafinu þeirra verðmæta sem þeir settu fram sem sína söluvöru. Það er athyglisvert að svo sundurlaust er talað um þessi mál að í staðinn fyrir að ræða heildaratvinnustefnu í landinu öllu sem tryggði aukinn hagvöxt, þá hafa menn farið í vaxandi tog um það að engu mætti breyta miðað við það ástand sem er. Þess vegna var m. a. ráðist á hæstv. sjútvrh. þegar hann setti fram þá stefnu sem var rétt. Ég tel að mönnum þætti það skrýtið ef ég gerði kröfu til þess að kísilmálmverksmiðjan, sem ætlunin er að rísi á Reyðarfirði, verði flutt á Tálknafjörð, krefðist þess bókstaflega að þar skyldi hún rísa. (**Gripið fram í:** Eða á Súgandafjörð.) Eða á Súgandafjörð. Menn mundu segja: Það er ekki hagkvæmt. Það er vegna þess að rafmagnið er ekki til staðar í nægilega mikilli nálægð. — Ég er sannfærður um að hver einasti maður hérna í salnum mundi skilja að þetta væri vitlaus hugmynd og það bæri að standa gegn henni. (**Gripið fram í:** Það er ég ekki viss um.) Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem er mun lífsreyndari en ég, dregur þetta í efa. Kannske hef ég ofmetið skilning hv. þm. Þegar ég aftur á móti segi að við þurfum að stunda þaðan fiskveiðar sem ódýrast er að sækja sjóinn og hagkvæmnin getur verið mest og umsvifin væru mest, ef um heiðarlega samkeppni væri að ræða, þá er borið á mig að ég sé sérstaklega að hugsa um Vestfirði, ekki þjóðarheildina. Þó eru ein gjöfulustu mið þessa lands Halamiðin út af Vestfjörðum.

Ég held að hægt sé að halda áfram með kvótakerfi af þeirri tegund sem hér hefur verið sett upp, en ég er sannfærður um að því mun eilíflega fylgja glórulaus spilling. Það er athyglisvert að 24% þeirra sem spurðir voru í félagsfræðiathugunum sjútvrn. komust að þeirri niðurstöðu að það hefði verið svindlað á þessu kerfi, það hefði verið landað fram hjá, það hefði verið hent fiski og hið skráða aflamagn, sem kom á land, gæfi þess vegna ekki rétta mynd af þeim veiðum sem fram hefðu farið. Haldið þið að það verði ekki framfarir í þessum kúnstum? Haldið þið að Íslendingar læri ekki? Haldið þið að spillingin muni ekki vaxa? (**HBl:** Kannske viðurkenna færri það að ári.) Hv. ritari hefur látið af skriftum á jólakort um sinn til að taka þátt í umr. og er það vel. En ég er ekki jafntrúaður á að athugasemd hans sé rétt.

Ég þarf að víkja örfáum orðum að hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hann vakti athygli á ýmsu í minni ræðu, sem ég flutti, og taldi að ég hefði verið með ósanngjarnar aðdróttanir að stjórnarandstöðunni þegar ég vakti á því athygli að á sama tíma og hún talaði gegn kvótakerfinu gerði hún allt til að greiða fyrir framgöngu málsins hér í þinginu. Jóhannes úr Kötlum fór eitt sinn ungur maður á stjórnmálafund, mjög ungur, í Dalasýslu. Ég efa að hann hafi vitað mjög mikið hvað um var rætt, það sat ekki fastast í honum í minningunum frá 1908. Það sem sat fast var það þegar Bjarni frá Vogi stóð keikur í kirkjudyrum og krafðist þar andvöku, bannaði mönnum að hátta. Jóhannes var undrandi á því hvaða alvara fylgdi þeim málflutningi sem hafður var uppi. Þetta er grundvallaratriði, ef menn ætla að sækja mál, að þeim sé alvara í því sem þeir eru að gera. Það má hverjum manni ljóst vera að óbreyttur þm. tekur ekki upp á því að fara í hart gegn ráðh. úr sama flokki um málefni nema honum sé alvara.

Ég vil einnig víkja að öðru atriði. Hvað sem umsvifum Sambands ísl. samvinnufélaga líður var það ekki fyrir kvótakerfi að það keypti eignir í Súgandafirði. Það eru engin tengsl þar á milli.

Ég vil aftur á móti taka undir með hv. 3. þm. Vestf. þegar hann vakti athygli á hinum efnislegu þáttum þessa máls. Ég hygg að hver og einn, sem hefur fylgst með venjulegu lífi í sjávarþorpum úti á landi, geri sér grein fyrir því að það er verið að taka lamb fátæka mannsins ef ætlunin er að ráðast sérstaklega að trillukörlum í landinu. Þeir hafa um árabil verið látnir greiða 10% af aflanum í Fiskveiðasjóð, sumir eru búnir að gera það í 50 ár, en hvernig gengur þegar hinir sömu koma nú og vilja endurnýja sín skip? Skyldi það vera mikil fyrirgreiðsla sem fæst úr sjóðnum? Jú, það er rétt að heimilað hefur verið á seinni árum að greiða þessa peninga út, en lengst af voru þeir verðfelldir í heilt ár áður en þeir fengu þá til baka. Ég tel að enginn verði stór af því að standa svo hart að stjórnun að vega að þessum hóp manna og ég trúi því ekki að þorski á Íslandsmiðum verði útrýmt með krókaveiði. Hitt atriðið, hvort gefa eigi línuveiðar frjálsar við þetta land eða ekki, hlýtur að vera spurningin um hvort mönnum finnst það skipta máli að gæði þess afla sem kemur á land eru meiri með línuveiðum eða á annan hátt. Allar áhyggjur sem koma fram hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann talaði um Vopnafjörð, Borgarfjörð og Húsavík hyrfu eins og dögg fyrir sólu ef hann gerði sér grein fyrir því að með línuveiðum geta þessir aðilar náð þeim fiski sem þeir þurfa, þ. e. þeir sjómenn sem þar eru.

Mér er ljóst að miðað við það kvótakerfi sem hæstv. sjútvrh. hefur farið eftir getur það verið ýmsum vandkvæðum bundið að framkvæma þá till. sem kemur hér á eftir og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp:

„Við úthlutun á aflamarki til einstakra skipa ber ráðh. að taka sérstakt tillit til þess ef skip er gert út í byggðarlagi þar sem a. m. k. 35% vinnuafls starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu og skal aflamark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um 15—20% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu.“

Það er kannske rétt að geta þess að sá háttur hefur löngum verið hafður á að fella gengið á haustin þegar

reikningsmeistarar Seðlabankans eru komnir úr sumarfríi. Hverjir skyldu nú m. a. hafa átt fiskbirgðir á þeim tíma sem skráðar voru með gengishagnaði? Jú, það eru staðir sem stunda veiðar yfir sumartímann. Einn af þeim stöðum er Grímsey, þessi norðlægi staður. Það er ekki svo sjaldan sem hv. þm. hafa náð í gengishagnað frá Grímsey og úthlutað honum til allt annarra staða en þeirra sem vinna að fiskverkun þar norður frá vegna þess að bátastærðin er ekki nógu virðuleg til að vera tekin með. Ég hygg að það hljóti að vera erfitt að vita hver stefnan er, vita hver stefnan á að vera, gera sér grein fyrir þessum mikla mismun og una því.

Hæstv. ráðh. gat þess í kvöld hvaða stefnu hann taldi rétta á haustdögum 1983. Við vitum gjörla hvaða stefna er framkvæmd. Það er stefna sem þrýstihóparnir hafa komið hæstv. ráðh. til að taka fram yfir þá stefnu sem hann telur rétta. Það er athyglisvert að þegar talað er um hagsmunaaðila í sjávarútvegi eru það fulltrúar sjómanna, útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslufyrirtækja. Það er merkilegt að sjómenn eru taldir upp, en ekki fiskvinnslufólkið í landi. Nú er þar jafnt á komið því að ekki fara skipin á sjó nema sjómenn séu til staðar og ekki verður unnið í fiskvinnsluhúsunum í landi nema verkafólk sé til staðar. Engu að síður er það hin heilaga þrenning: fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna og eigendur fiskvinnslufyrirtækja.

Hvernig stendur á því að hið almenna verkafólk er ekki talið upp þegar talað er um hagsmunaaðila í sjávarútvegi? Hvaða óvirðing liggur á bak við það að standa þannig að upptalningu? Er það e. t. v. svo að við höfum gleymt því í þessari umræðu allri að hagsmunir íslensku þjóðarinnar á sviði sjávarútvegs eru svo miklir að vonlaust er að telja upp einhverja þrjá hagsmunaaðila sem aðalatriði í því sambandi? Það er gjörsamlega vonlaust. Við eigum undir íslenskum sjávarútvegi farsæld þessarar þjóðar.

Ég gat um það í ræðu minni að ég teldi að það hefði þurft að taka á gæðamálum í sjávarútvegi. Það þurfti að tryggja að sá fiskur sem bærist að landi kæmi óskemmdur. Það er fyrst og fremst í netaveiðinni við landið og þegar flottroll hefur verið notað í óhófi sem um skemmdan fisk hefur verið að ræða. Á þessu vandamáli þarf að taka. Það er látið fljóta hjá.

Það má vel vera að hægt sé að tryggja frið um störf sín með því að fela hagsmunaaðilum, eins og hér virðist hafa verið niðurstaðan í stefnumótuninni, alræði í framkvæmd. En hætt er við að þeir sem telja sig þurfa að verja ákveðna stefnu í sjávarútvegi og þeir sem vissu að hæstv. sjútvrh. átti ákveðna stefnu verði fyrir vonbrigðum undir slíkum kringumstæðum. Grímur frá Hrafnistu varð frægur fyrir það að verða fyrstur manna til að sigla á móti vindinum af norrænum mönnum — og með leikni lausra voða lét sér vinda öfugt blása, hæstv. iðnrh. En nú virðist svo komið siglingarþekkingunni að menn hleypa undan en hitt sé ofraun að ætla að sigla á móti. (**KP:** Ætlar ekki hv. þm. að staðfesta það sem eftir honum var haft?) Ég geri það með því að rengja ekki orð.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég held að það væri full ástæða fyrir hæstv. iðnrh. að setja sig hér á mælendaskrá því að ég trúi ekki öðru en að hann hafi eins og fleiri þm. áhuga á sjávarútvegsmálum, hvernig til tekst um það málefni sem hér er til umr. En það er til þess að upplýsa ráðh., frv. til. l. um breytingar á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Og svo þýðingarmikil sem raforkumálin eru og verðlagningarmál raforku, sem eru raunar á dagskrá þessa fundar, þá tel ég að hér sé þó enn stærra mál til umr. og mikilsverðara og nauðsynlegra fyrir þm. að ræða og það ítarlega. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. miðli hér okkur öðrum þm. af reynslu sinni í tengslum við útgerð í landinu því að ekki hefur hann algjörlega farið fram hjá þeirri vör og gæti eflaust sagt okkur ýmislegt sem að gagni mætti vera í sambandi við þessa umr. hér.

Hér liggur fyrir til 2. umr. þetta frv., sem kallað hefur verið í styttu máli kvótafrumvarpið, og fyrir okkur liggja tvö nál. frá sjútvn. hv. deildar, frá meiri hl. sjútvn. sem mælir með samþykkt frv. án breytinga og frá minni hl. sjútvn. sem lýsir sig andvígan frv. og flytur við það til vara allmargar brtt.

Það var rifjað upp við 1. umr. þessa máls nú fyrir örfáum dögum að þetta stóra mál er komið til þingsins allt of seint miðað við þau markmið ríkisstj. að fá það lögfest fyrir áramót. Það er satt að segja hreinasta vanvirða við þingið að hæstv. sjútvrh. skuli halda þannig á þessu máli að okkur þm. sé ekki ætlaður tími nema á örfáum dögum og það á næturfundum á Alþingi til að ræða um þetta hagsmunamál sem skiptir fólk við sjávarsíðuna um land allt og raunar alla Íslendinga meira en flest annað sem hér er til umr. í þinginu. Þetta er þeim mun gagnrýniverðara sem málið er ekki nýtt heldur koma menn hér með árs reynslu nánast að baki. Full tök hefðu átt að vera á því að leggja þetta mál fyrr fyrir þingið og gefa bæði þm. og þingnefndum kost á að ræða það og bera sig saman við sína umbjóðendur, því að það eru fleiri hagsmunaaðilar í þessu máli en tilkjörnir, tilkvaddir fulltrúar hagsmunasamtaka. Það eru þeir sem að sjávarútvegi standa í hinum ýmsu byggðarlögum vítt um landið, talsmenn fyrirtækjanna með sína reynslu, talsmenn sjómanna og vissulega afskaplega ólíkir hagsmunir á marga lund sem um er að ræða og málið af þeim sökum allflókið og vandmeðfarið.

Nú er það svo að þeir sem mæla hér á móti samþykkt frv. og gera við það brtt. tala út frá nokkuð ólíkum forsendum. Það er ekkert undarlegt þó að svo sé, jafnmikill breytileiki og enn er til staðar í okkar sjávarútvegi og jafnólíkar sem aðstæðurnar eru í hinum einstöku landshlutum og vissulega í byggðarlögum innan landshluta. Það eru eðlilega önnur sjónarmið uppi á útgerðarstöðum sem byggja einvörðungu á togaraútgerð og á þeim útgerðarstöðum þar sem báta-útvegur er uppistaðan í afla og í þriðja lagi þar sem smábátar, jafnvel aðeins trillur, eru einu fleyturnar sem flytja sjávarfang að landi. Það er spurningin um það fyrir okkur alþm. að leitast við að stilla þessa margbreytilegu hagsmuni saman, að leita að viðunandi samnefnara hér inni á Alþingi sjálfu og gæta þess að afsala okkur ekki því valdi sem okkur ber að móta, því valdi sem við förum hér með, til þröngs hóps manna og þar jafnvel til eins einasta manns, eins og hér hefur með réttu verið bent á að verið er að gera að forminu, þar sem er hæstv. sjútvrh.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson orðaði það svo hér við 1. umr. þessa máls um daginn að hægt hefði verið að þjappa efni þessa frv. saman í miklu knappari texta í

ljósi hins efnislega innihalds. Ég átti ekki kost á að vera hér áðan við alla umr. og heyrði ekki nema hluta af máli hv. 3. þm. Vestf., sem mun hafa vitnað nokkuð í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar við 1. umr. málsins, en ég leyfi mér að taka hér örstuttan kafla þessu tengdan og vitna til hans, þar sem þm. sagði nánast í upphafi síns máls:

„Þar sem hér liggur fyrir frv. til l. sem er að því leyti sérstakt að það mætti koma efni þess öllu fyrir í einni grein sem hljóðaði eitthvað á þá leið: Ráðh. fer með sjávarútvegsmál og setur hann reglugerð um framkvæmd þeirra allra."

Þetta var hnitmiðað af hálfu hv. þm. og þetta sjáum við við skjótan yfirlestur á ekki löngum lagatexta að er formlegt efnisinnihald þessa frv. hvað valdið snertir. Það er þessi grundvallarþáttur sem við Alþb.-menn flestir hverjir lýstum eindreginni andstöðu við þegar mál þetta kom fyrir þingið í fyrra og fluttum þá um það brtt. að Alþingi mótaði fiskveiðistefnu í megindráttum, ekki um það að þingið færi að skipta aflamagni á einstök veiðiskip, heldur setti um það og mótaði ákveðnar stefnumarkandi reglur hvernig að þeirri fiskveiðistjórnun skyldi staðið sem lauslega er vikið að í þessu frv. eða a. m. k. með svo óljósum hætti að þingið og einstakir þm. vita mjög takmarkað um það hvert málið stefnir, hvernig ráðh. mundi beita því mikla valdi sem honum er hér gefið að samþykktum þessum lögum.

Nú er það vissulega svo að þegar mál þetta lá fyrir Alþingi í fyrra þá höfðu hagsmunasamtök í landinu gert samþykktir um það með hvaða hætti þau teldu skynsamlegt að standa að fiskveiðistjórnun í ljósi minnkandi aflamagns. Að því leyti vissum við hvert hugur þeirra stefndi í þessum efnum og ráðh. studdi sig vissulega við þau sjónarmið sem þar höfðu komið fram. En engu að síður er það fráleitt að ætla að fara að taka upp miðstýringu af þessu tagi í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, ég tala nú ekki um þegar svo langt er seilst af hálfu ríkisstj. við framlagningu þessa frv. að ætlast til þess að það gildi til þriggja ára eins og var í upphaflegum frumvarpstexta en breytt var í Ed.

Ég vil ítreka það sem áður hefur komið fram af minni hálfu að ég er fylgjandi stjórnun í íslenskum fiskveiðum. Ég var og er hlynntur meginstefnumiðum í sambandi við þá fiskveiðistjórnun sem mörkuð var fyrir síðasta ár, þ. e. að miða við aflamark á einstök veiðiskip, aðalhluta flotans. Ég er því efnislega hlynntur og samþykkur og talaði fyrir þeirri stefnu þegar málið var hér til umr. í fyrra. Ég gagnrýndi það þá að of lengi hefðu menn haldið við stjórnunarform sem engan veginn skilaði þeim árangri sem ég hygg að menn hafi ætlast til sem við það héldu, hið svokallaða skrapdagakerfi, sérstaklega varðandi togarana. Ekki var tekið undir tillögur, sem fram komu m. a. af sérstökum starfshópi á vegum Rannsóknaráðs ríkisins sem starfaði á árunum um og fyrir 1980, og lagðar voru fyrir þáv. hæstv. sjútvrh. Steingrím Hermannsson um að taka upp breytta stjórnun. Ég held að við hefðum verið í mun betri sporum ef þá hefði verið lagt inn á nýjar brautir og farið hægar í sakirnar og reynt að breyta til, ekki síst í sambandi við togveiðarnar með því að reyna aflamark á togarana eina sér til að byrja með og safna þar reynslu.

Ég er þeirrar skoðunar að aflamarksleiðinni geti fylgt ýmsir kostir til bættra útgerðarhátta og aukinnar hagkvæmni eins og leiddar hafa verið líkur að að tekist hafi á síðasta ári. En ég hlýt að viðurkenna að sú reynsla er mjög stutt og það er hæpið að draga nokkrar algildar ályktanir af þeirri reynslu sem komin er vegna þeirra mörgu óvissuþátta sem þar koma við sögu. En ég held hins vegar að við stefnumörkunina á yfirstandandi ári hafi verið gengið allt of langt varðandi vissar tegundir af fiskveiðum, varðandi vissar bátastærðir. Því stóð ég að því með öðrum Alþb.-mönnum í fyrra — og raunar fleiri sem undir það tóku — að halda bæri utan við aflamarkið minnstu bátunum, smábátum á bilinu 10—20 brúttórúmlestir eftir nánari athugun hvar þau eru dregin með réttlátum og skynsamlegum hætti og að undanskilja bæri línuveiðarnar frá aflamarki og kvóta. Ég er nokkuð viss um að þetta kerfi, sem þarna var upp tekið, hefði fengið betri dóma og við hefðum fengið betri reynslu af því ef þessum tillögum okkar Alþb.-manna á síðasta ári hefði verið fylgt. Og ég er áframhaldandi þeirrar skoðunar að tvímælalaust beri að undanskilja þennan hluta fiskveiðiflotans — svo að við notum það orð, mönnum finnst það kannske stórt í munni þegar um er að ræða smábáta — honum verði haldið utan við kvótasetningu og aflamark á þann hátt sem gert var á síðasta ári.

Menn sjá af þeim málflutningi sem ég hef hér uppi um þessi efni að ég geng út frá öðrum forsendum í ýmissi grein í sambandi við þetta mál en t. d. hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmason, og hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson. En ég get verið þeim sammála um ákveðna þætti þessa máls, enda er Karvel Pálmason flytjandi að brtt. með fulltrúa okkar Alþb.-manna í hv. sjútvn. varðandi það atriði að undanskilja línuveiðar og handfæraveiðar frá ákvæðum 1. málsgr. um kvóta eða aflamarkssetningu.

Ég held að nauðsynlegt sé að við fáum hér við þessa umr. skýr svör um þessi atriði ekki síst frá hæstv. sjútvrh. Ég tel það óviðunandi með öllu að hæstv. ráðh. ætli sér að taka á þessu máli með þeim hætti sem skilja mátti á máli hans hér áðan þar sem hann staðhæfði að ekki kæmi til greina að taka undir þessa till. eins og hún lægi fyrir. Hæstv. ráðh. var þar um leið að segja að ekki kæmi til greina að taka undir þau sjónarmið sem fram koma í nál. meiri hl. og minni hl. sjútvn. Ed. þingsins, en þar kemur það fram mjög ákveðið og skilmerkilega, a. m. k. varðandi línuveiðarnar, hver séu viðhorf þm. þar. Ég leyfi mér að spyrja: Til hvers er verið að leggja þetta mál fyrir þingið, þá í öðru formi en því sem hv. þm. Ólafur Þórðarson gat hér um, að þjappa þessu máli í knappan texta, þann texta sem ráðh. vill fá í hendur, til þess að sitja uppi með alræðisvald í þessum málum þó svo að hann hyggist ekki beita því sem slíku heldur styðjast við ráðgjafarnefndir? En formið er alræðisvald í þessum efnum og mér finnst að hæstv. ráðh. fari hér fram með miklu minni hyggindum en ég hefði vænst af hálfu þess manns sem fer með málefni þessarar atvinnugreinar, sjávarútvegsmál. Hvaða kappsmál getur það verið ráðh. að hindra að til sjónarmiða, sem fram koma í þinginu, sé tekið ríkulegt tillit við lagasetningu? Hvaða ástæða er það fyrir ráðh. að safna öllu þessu valdi óskilgreindu á sínar hendur? Ég hefði ekki kært mig um að fá slíkt vald í hendur, það vil ég segja hreinskilnislega. Ég tel það hina mestu óhæfu og horfa til ófarnaðar í sambandi við stjórnun á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar að ætla að ganga fram með hætti sem þessum,

að halda við löggjöf af því tagi sem keyrð var hér fram í þinginu í fyrra á knöppum tíma þá og nú er enn knappari tími til stefnu.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna hér til smákafla í meirihlutaáliti sjútvn. Ed., en þar segir:

„Viðmælendur nefndarinnar nú voru ekki allir á einu máli um það hvort rétt væri að grípa til þessarar stjórnar á veiðunum aftur árið 1985. En öllum bar saman um að framkvæmd laganna um kvótaskiptinguna hefði tekist framar öllum vonum þótt nokkrir hnökrar hefðu verið þar á sem eðlilegt má teljast í svo viðamiklu máli. Það er ljóst að svo mikil takmörkun á fiskveiðum, eins og nú verður að viðhafa á Íslandsmiðum, verður aldrei óumdeild og sitt mun hverjum sýnast um stjórnunaraðferðir. Meiri hl. n. telur þó að í ljósi aðstæðna sé rétt að mæla með samþykkt frv."

En síðan segir:

„Allir nm. voru sammála um að beina því til sjútvrh. og ráðgjafarnefndar um fiskveiðistjórn að línuveiðar skyldu að hálfu verða utan kvóta mánuðina janúar-febrúar og nóvember-desember. Almennt er viðurkennt að línuafli sé sérstaklega gott hráefni og því ástæða til að hvetja til aukinna línuveiða með þessum hætti."

Þetta segir meiri hl. sjútvn. Ed. í sínu áliti. En hvað segir ráðh.? Ráðh. segir okkur hér að hann geti í rauninni ekkert upplýst um þetta mál. Hann kannast við þessar skoðanir. Hann telur ekki koma til greina að taka línuveiðar og handfæraveiðar út fyrir ramma þessara laga og hann vísar einfaldlega til þeirrar nefndar hagsmunaaðila, svokallaðrar ráðgjafarnefndar sem hann hefur skipað, og ætlar að vega og meta málin í ljósi þess sem frá henni kemur. Hún er ekki ákvarðandi aðili, hann er hið ákvarðandi vald í þessum málum. Þannig ætlar hann að smokra sér hjá því að upplýsa það hver hans vilji sé í þessu máli og hvernig hann ætli að fara með þetta vald, og ætti það þó ekki að vera ofætlan hans eftir þá ársreynslu sem við höfum fengið í þessu máli að taka á ekki stærri þætti en hér er um að ræða miðað við aflamagn.

Ég hef hér undir höndum drög að reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1985, merkt III, sem hafa verið að ég hygg til skoðunar hjá sjútvrn. og væntanlegri ráðgjafarnefnd. (Gripið fram í.) Sem trúnaðarmál? Hv. formaður sjútvn. Nd. upplýsir það hér, sem er alveg nýtt fyrir mig, að þessi drög að reglugerð um stjórn botnfiskveiða séu alveg sérstakt trúnaðarmál sem þurfi að fara mjög varlega með. Ja, heitt er nú málið. Ég vil staðhæfa það hér að þetta málsgagn er á engan hátt merkt sem trúnaðargagn. Er það rétt skilið að það hafi verið til meðferðar hjá ráðgjafarnefnd sjútvrn. sem vitnað er til í grg. með frv. eða hvaðan eru þessi drög runnin? Hver hefur samið þau? Ég vænti þess að ráðh. upplýsi það hér við umr. síðar. (Gripið fram í.) Það stendur ekki hér hvar þetta er samið en ég vona að þetta sé ekkert leyniplagg. (Gripið fram í.) Ég vænti þess að þetta sé ekkert leyniplagg, ég vænti þess að þetta sé málsgagn sem ekki sé lokað inni í sjútvn. þingsins heldur geti verið til umr. hér í sambandi við þetta mál. Það er nú að bíta höfuðið af skömminni í þessu máli ef ekki aðeins er ókleift að fá fram meginsjónarmið í sambandi við það hvernig haldið verði á því valdi sem hér er til umr. heldur jafnframt að það sem er í mótun á vegum sjútvrh. megi ekki upplýsa þingheim um. (**Forseti:** Mætti ég biðja hv. þm. að vera ekki með samtal.) Virðulegur þm. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v., er hér með aðdróttanir í minn garð með frammíköllum og telur að hér sé um að ræða framför frá því sem verið hafi í minni tíð sem iðnrh. Ég hélt engum reglugerðum leyndum fyrir þd. sem voru til meðferðar í tengslum við lagasetningu sem ég var að fjalla um, það get ég fullvissað hv. þm. um, það gerði ég ekki.

En ég tel eðlilegt og ekkert trúnaðarbrot af minni hálfu að vitna til þessara draga — því sem drög er það merkt og er væntanlega á vinnslustigi — varðandi þau atriði sem ég er hér sérstaklega að fjalla um og brtt. liggja fyrir um hér innan þingsins. Ég get ekki ímyndað mér að þetta sé slíkt leyniplagg sem ég held hér á að það verði einhver héraðsbrestur þó að til þess sé vitnað í einstakri grein og það m. a. í ljós þess að það sem ég hef verið að ræða hér varðandi línuveiðarnar kemur fram í nál. meiri hl. sjútvn. í Ed.

Ég tek eftir því að í þessum drögum er sú hugmynd komin á blað í sambandi við línuveiðar að hluti af afla í umræddum mánuðum, janúar-febrúar og nóv.-desember reiknist ekki til aflamarks viðkomandi fiskiskips. En það stendur ekki hversu mikill hluti, það er þar ekki á blaði, um það segir ekkert, og ég leyfi mér hér að spyrja hæstv. sjútvrh. að því. Vill hann ekki upplýsa þingið um það hvað hann telur að gera beri í þessu samhengi? Hvernig eru undirtektir hans við einróma tilmælum frá sjútvn. Ed., því hann hefur lýst því hér yfir að hann vilji hlusta á sjútvn. þingsins, hvert er hans viðhorf til þeirra? Er hann reiðubúinn að lýsa því hér yfir að hann sé samþykkur þeim sjónarmiðum sem þar koma fram? Ég tel að þar séu lágmarkssjónarmið á ferðinni í sambandi við línuafla. Ég tel að hann bæri að undanskilja með öllu en hér er þó altént stigið spor til móts við gild sjónarmið sem fram koma.

Ég spyr hæstv. ráðh. að því: Er hann reiðubúinn að lýsa því hér yfir að hann ætli að taka tillit til þessara sjónarmiða a. m. k. að því marki sem óskir liggja fyrir um frá meiri hl. sjútvn. Ed., og raunar allri sjútvn. þar, því undir þau sjónarmið var tekið af minni hl. ekki síður, hann vildi ganga lengra í þessum efnum, þ. e. að línuveiðar verði að hálfu utan kvóta umræddra fjóra mánuði? Ég tel aldeilis útilokað að ganga frá þessu máli hér í þinginu án þess að þetta liggi a. m. k. fyrir hvort hæstv. ráðh. vill ekki taka undir þessi sjónarmið. Ég tel vera um slíka vanvirðu að ræða gagnvart þinginu ef ekki er hægt að fá það fram hvaða viðhorf viðkomandi ráðh. hefur til þessa mjög þýðingarmikla máls fyrir þann hóp manna og byggðarlög þar sem línuútgerð er verulegur þáttur í afla.

Þá er það sá þáttur sem snýr að smábátunum. Fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. í Ed. að það mál hafi verið til umr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vandi smábáta undir 10 rúmlestum, sem sæta sameiginlegu aflahámarki, var mikið ræddur í n. Hugmyndir komu fram um að heimila þessum bátum að afla sér aukakvóta á síðasta veiðitímabili. Ef þurfa þætti mætti einskorða slíkt aflaframsal við sjómenn sem hefðu smábátaútgerð að aðalatvinnu."

Ég spyr hæstv. ráðh.: Er hann reiðubúinn að taka undir þessi sjónarmið meiri hl. sjútvn. í Ed.? Ég veit að minni hl. þar og í þessari hv. deild mundi taka undir slíkt spor, þótt lítið sé, en tillögur liggja fyrir um það að undanskilja handfæraveiðarnar kvóta og undir það

sjónarmið tek ég fullum hálsi.

Ég sé það á þessum drögum að reglugerð um stjórn botnfiskveiða III að engar teljandi breytingar að ég fæ séð eru fyrirhugaðar skv. þeim drögum varðandi botnfiskveiðar minni báta, eins og þar segir í 5. gr., með leyfi forseta: „Bátar undir 10 brúttórúmlestum, sem stunda botnfiskveiðar, hafa sameiginlegt heildaraflamagn er skiptist þannig niður á tímabil.“ Og síðan er það flokkað eftir þorski og ýsu, sem þarna eru tekin inn í viðmiðunarmörkin á tímabil með svipuðum hætti fljótt á litið og var á þessu ári, þó að kvótinn sýnist vera aðeins rýmri, sem hér er settur á blað, heldur en var á síðasta ári. Þar segir einnig í framhaldi af tölum varðandi aflamark á þorsk og ýsu: „Fari afli báta undir 10 brúttórúmlestir fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili er rn. heimilt að stöðva veiðar þeirra báta um sinn.“ Hér er í rauninni hið nákvæmlega sama á ferðinni að séð verður eins og gilt hefur á þessu ári. Við vitum að veiðar smábáta voru stöðvaðar tvívegis, raunar þrívegis, á árinu vegna þess að þær rákust á við þau mörk sem ráðh. hafði sett með reglugerð 8. febrúar s. l.

Ég ræddi þessi mál hér við hæstv. sjútvrh. í fsp.-tíma í októbermánuði s. l. og nefndi þá ýmis atriði sem ég teldi vera sterk rök fyrir því að afli smábáta væri undanskilinn kvóta. Og ég sé það raunar að í grg. með sjálfu stjfrv. er tekið undir þetta sjónarmið þó það sé kannske ekki með beinum hætti, þar sem verið er að tína til meginrökin fyrir aflamarksfyrirkomulaginu. Ég vil lesa þá efnisgrein í heild sinni, hún er ekki löng, þannig að ekkert fari milli mála um hvað er að ræða:

„Þriðja ástæðan var sú, að aflamarksfyrirkomulagið tryggði betur en nokkur önnur leið við stjórn fiskveiða að sá afli, sem til skipta væri, dreifðist eins jafnt og réttlátlega á fiskiskip og byggðarlög og kostur væri á. Sóknartakmarkanir á fiskiskip fela í sér samkeppni um aflann þann tíma, sem þau mega vera á veiðum, og má leiða að því sterk rök að þorskaflahrotur þær, sem komu í Breiðafirði s. l. vetur og á Vestfjarðamiðum í sumar, hefðu leitt af sér mun ójafnari skiptingu fiskaflans en raun varð á, hefði sóknartakmörkunum verið beitt.“ Og síðan segir áfram: „Þannig hefur reynslan verið af veiðum smábáta undir 10 lestum sem fiska úr sameiginlegu heildaraflamarki. Aflasæld smábáta hefur verið mjög misjöfn við landið og því hafa takmarkanir á sókn bitnað harðar á einstökum landshlutum en öðrum. Því má segja að þessi röksemd um jafnari og réttlátari skiptingu fiskaflans með aflamarksfyrirkomulagi standist.“

Er þetta beinlínis tekið fram til stuðnings aflamarki á fiskiskip, að um verulega mismunun hafi verið að ræða í sambandi við smábátana þar sem það kerfi gilti ekki, heldur var veitt úr sameiginlegum heildarkvóta, skipt á fjögur tímabil.

Ég undrast satt að segja mjög þá ofstjórn sem felst í þeirri stefnumörkun að vilja ríghalda í það að smábátar, 10 brúttórúmlestir og minni, séu háðir kvóta. Fyrir þá ættu auðvitað að vera allt önnur og rýmri mörk. Það er furðulegt að menn skuli vilja halda þessum fleytum innan kvóta og með því fyrirkomulagi sem hlýtur að leiða til óánægju og mismununar, mjög verulegrar mismununar, þó það geti auðvitað verið misjafnt eftir árum hvernig til tekst um slíkt.

Bent hefur verið á það af sjómönnum sem stunda handfæraveiðar að þetta fyrirkomulag, veiði úr heildarkvóta, auki á öryggisleysi sjómannanna sjálfra, þeirra sem veiðiskapinn stunda. Menn eru að keppast við að sækja hlut frá hverri verstöð og á hverri fleytu innan viðkomandi tímabils og tefla þá gjarnan í meiri tvísýnu en væri ef þessi veiðiskapur væri utan kvóta, og einnig meiri en væri ef menn hefðu það í hendi sinni í viðkomandi byggðarlagi hversu mikið þeir mættu sækja og gætu þá haft um það samtök sín á milli með hvaða hætti væri staðið að slíku. Bent hefur verið á það af trillukörlum, svo að ég noti hér gjaldgengt orð, ég hygg víða á landinu, þ. á m. á Austurlandi, að illskárra væri að taka upp kvótaskiptingu á smábátana, annaðhvort landshlutakvóta eða beinlínis að setja aflamark á hvern skráðan bát. Menn mundu jafnvel una því betur en núverandi fyrirkomulagi og gætu þá hagað sínum veiðum út frá eigin hentugleikum og aðstæðum, eins og gerist með hin stærri skipin. Ég vil heyra sjónarmið hæstv. ráðh. til þessara hugmynda og tillagna sem fram hafa komið frá samtökum og hópum handfærasjómanna, trillukarla frá nokkrum stöðum á landinu. Mér finnst aldeilis ófært að við ætlum að ganga fram hjá þessum sjónarmiðum hér á Alþingi og láta bara eins og ekkert sé og ekki læra neitt af reynslunni og endurmeta ekki málið, þar sem það er nú ekki stærra en um er að ræða, miðað við aflamagn þessara báta sem færa þó oft mjög góðan fisk að landi og hafa mikla þýðingu í ýmsum verstöðvum. Það eru heilu byggðarlögin sem eru algjörlega háð slíkum veiðiskap. Við hæstv. sjútvrh. þekkjum þau vel úr okkar kjördæmi, þar sem svo háttar til m. a. vegna hafnleysu að menn gera ekki út á annað en smábáta, á trillur.

Eg vænti þess að við fáum hér svör við þessum atriðum. Ég teldi hæstv. ráðh. mann að meiri ef hann beitti sér fyrir því að hér yrðu teknar upp nýjar aðferðir, nýjar viðmiðanir í sambandi við smábátana og línuveiðina. Og helst hefði ég kosið, eins og fyrir liggur, að þessar veiðar væru með öllu undanskildar kvótanum. Ég treysti því að hæstv. ráðh. svari þessum efnum hér í umr. á eftir og ég er viss um að mönnum þætti það horfa til nokkurra bóta á annars slæmu frv. ef hér fengjust á nokkrar lagfæringar.

Hér hafa ýmsir alþm. nú þegar tekið þátt í umr. og bent á sterk rök sem mæla gegn þeirri tilhögun sem hér er upp tekin í lagasetningu. Þeir hafa ekki allir talað gegn stjórnunaraðgerðum, síður en svo sumir hverjir. Þar eru margir sömu skoðunar og ég, að við hljótum að hafa stjórn á okkar fiskveiðum og leita þar sem hagkvæmastra leiða. Aflamarksleiðin og sóknarmark að hluta eru aðferðir sem ég tel vel ásættanlegar ef þeim er beitt af sveigjanleika og hógværð og þær endurmetnar í ljósi fenginnar reynslu hverju sinni og þar fái Alþingi að komast að með sín sjónarmið.

Ég minni á sjónarmið sem fram komu hjá hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við sölu á aflaleyfum, sölu á kvóta. Hann gagnrýndi það, og það fannst mér með réttu hjá hv. þm., að menn virtust farnir að líta svo á að fiskurinn í sjónum, hinar lífrænu auðlindir innan okkar fiskveiðilögsögu, væru orðnar háðar eignarhaldi takmarkaðs hóps manna. Ég held að þar séu á ferðinni gild sjónarmið og ég undrast það mjög að menn skuli ekki taka undir það sem sjálfsagðan hlut, þegar fjallað er um þessi efni, að því sé lýst yfir að auðlindir innan efnahagslögsögu okkar, hinar lífrænu auðlindir innan

efnahagslögsögunnar og þar með talinnar fiskveiðilögsögunnar, séu sameign allrar þjóðarinnar, til þess að taka af öll tvímæli um þau atriði.

Ég bendi á þann annmarka varðandi smábátana til viðbótar því sem ég hef þegar nefnt að þeim hefur ekki gefist kostur á að kaupa kvóta, að fá viðbótarkvóta vegna þess að þeir eru undir heildaraflamarki. Þetta er auðvitað afskaplega ósanngjarnt miðað við það hvernig aðstaða annarra er í sambandi við útgerð sem háðir eru ákvæðum þessara laga sem nú eru í gildi.

Það kom fram hjá hv. þm. Birgi ísl. Gunnarssyni mjög sterk gagnrýni á efni þessa frv. Ég skal ekkert um það segja að hvað miklu leyti sjónarmið okkar hv. 4. þm. Reykv. falla saman í þessum efnum, hann útfærði sínar skoðanir ekki mikið, en ég get þó tekið undir ákveðna þætti í hans máli sem við hljótum að staldra við og íhuga í sambandi við lagasetningu af þessu tagi. Hann nefndi fyrst og fremst þrjú atriði sem hann taldi að gjalda þyrfti varhug við. Það er í fyrsta lagi breyting á eignauppbyggingu í sjávarútveginum. Við höfum tekið undir það, Alþb.-menn, að við teljum það óæskilega þróun að eignarhald fiskveiðiflotans, útgerðar í landinu safnist á hendur örfárra aðila. Við teljum mjög miklu skipta að það takist að viðhalda dreifðu eignarhaldi á okkar fiskiskipum, a. m. k. að þó nokkrum hluta, þannig að áfram verði hvati fyrir dugmikla og reynda sjómenn og þá sem vilja spreyta sig til þess að gera út, og á það náttúrlega sérstaklega við um báta og minni fiskiskipin. Mér finnst mjög gildar ábendingar hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við áhrif þeirrar stjórnunar sem hér er verið að taka upp á launauppbyggingu í sjávarútvegi. Það eru, eins og hann benti á, þegar umræður í gangi um þau efni, sem afar eðlilegt er og margir sjómenn taka undir það fullum fetum, að þarna verði að breyta mjög róttækt til í sambandi við launakjör þeirra, hverfa frá núverandi hlutaskiptakerfi yfir á fastlaunakerfi eða margfalda kauptryggingu sjómannanna frá því sem nú er, þannig að þeirra kjör séu ekki háð miklu meiri sveiflum, og það niður á við, heldur en annarra vinnandi stétta í landinu. Þetta er mjög eðlilegt að menn íhugi og hafi áhyggjur af.

Það eru sannarlega mörg áhyggjuefnin sem við blasa í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir og því miður hefur ekki gefist kostur á því að ræða þau sem skyldi hér á Alþingi á undanförnum vikum. Hér hefur t. d. ekki komið til umræðu frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi, sem þó er búið að vera á dagskrá hér á mörgum fundum í hv. deild, 188. mál þessarar deildar, þar sem verið er að leita heimilda sem ég hélt að áhugi væri á að fá lögfestar í sambandi við niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa. Ég hef ekki orðið var við að því máli þokaði hér mikið fram, en í tengslum við það er m. a. ástæða til að ræða marga þætti sem tengjast núverandi rekstrarvanda í sjávarútveginum og sem auðvitað grípa inn á þá þætti sem hér er verið að ræða um, skiptingu aflans, takmarkaðs afla milli skipa.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, nú í þessari minni ræðu að fara út í þau efni sérstaklega, en það getur þó verið ástæða til að ræða einstaka þætti þeirra hér síðar við þessa umr. og ég er þess albúinn að gera það og tel raunar ástæðu til að gera það, því það er í rauninni óhæfa að þingið fari í jólaleyfi frá sjávarútvegsmálunum í þeirri gífurlegu óvissu sem þau eru stödd í. Ég tel það mjög erfitt fyrir okkur þm. úr landsbyggðarkjördæmum, þar sem sjávarútvegur er burðarás í atvinnulífi eins og á Austurlandi og auðvitað mjög víða á landinu, Vestfjörðum og nyrðra, það er hægt að fara hálfan hringinn og meira en það, þar sem sjávarútvegurinn er alger burðarás og ástandið er nú ekki þannig því miður að við getum farið með mörg huggunarorðin héðan frá Alþingi. Við höfum ekki heyrt mörg huggunarorðin frá stjórnvöldum í sambandi við rekstraraðstæður í sjávarútveginum. Þar blasir við gífurleg óvissa. Og hún er áhyggjuefni manna og verður áhyggjuefni og umræðuefni manna meira en nokkuð annað í mörgum byggðarlögum á landinu þar sem menn eru nú með undirstöður atvinnulífsins, togskipin, undir hamrinum og í yfirvofandi hættu að missa þessa burðarása í útgerð viðkomandi staða. Við hljótum allir að hafa af því miklar áhyggjur.

Ég tel alveg einsætt að hæstv. ríkisstj. hefur alveg hlaupist undan þeim vanda, sem hún ætti að vera búin að taka á fyrir löngu síðan ef í henni væri einhver þróttur, að fjalla um og leggja fram tillögur af sinni hálfu um rekstrarvandann í íslenskum sjávarútvegi. Þær aðgerðir sem til eru komnar fram að þessu eru náttúrlega gersamlega ófullnægjandi. Það sér og viðurkennir hver maður nema kannske einstaka talsmenn ríkisstj. sem af einhverjum misskilningi eru að berja í brestina og reyna að láta sem þetta sé nú allt saman í skaplegu horfi, öllu sé að þoka fram til betri vegar. Ég get því miður ekki tekið undir að svo sé. Og ég held að ríkisstj. sé með mjög ótraust land undir fótum í sambandi við efnahagsstefnu og ákvarðanir um efnahagsmál komandi árs sem þó er verið að móta hér, að maður skyldi halda, í alvöru. En ég efast um að alvaran sé ýkjamikil þegar við blasir að rekstrarvandi aðalatvinnuvegar þjóðarinnar stendur jafnótraustum fótum eins og við þekkjum allir sem erum a. m. k. í einhverjum tengslum við útgerð og fiskvinnslustaði á landinu. Og það eru nú sem betur fer allnokkrir sem á Alþingi sitja.

Ég ætla að láta þetta nægja hér að þessu sinni, en vænti þess að hæstv. ráðh. komi hér fljótlega inn í umr. til að víkja að því sem ég hef til hans beint sérstaklega. Ég vil hvetja hæstv. ráðh. til að skoða þau tilmæli eins og þau eru fram sett af velvild í garð þeirra vandamála og viðfangsefna sem hann er að fást við. Þau eru ekki lítil og hann er ekkert of sæll af því að fást við málefni sjávarútvegsins, hafandi ekki meiri stuðning en virðist vera í þeim efnum innan núverandi ríkisstj. og því miður ekki uppburði til þess að leita eftir stuðningi annars staðar frá þar sem hann hefur verið boðinn með ákveðnum og skilmerkilegum hætti. Ég vona að hann nái áttum, helst á þessu ári. Lengi skal manninn reyna.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það virðist ætla að verða árlegur viðburður á hv. Alþingi að um það leyti sem jólasveinar eru sem óðast að koma af fjöllum til byggða eigi hv. þm. og hæstv. ráðh. andvökunætur yfir frv. til laga um fiskveiðilandhelgi Íslands. Þetta mál var til umr. á löngum fundum og ströngum hér í fyrra og einn þrándur í götu vegferðar þess í gegnum hv. Alþingi var það sem menn vildu kalla svaraleysi hæstv. sjútvrh. við ýmsum spurningum sem til hans var beint. Það stóð og stendur enn í hv. þm. að fela einum ráðh. það mikla alræðisvald í þessum mikilvægasta málaflokki þjóðarinnar þannig að um sé nær óútfyllta ávísun að ræða, þ. e. að hann falist eftir

þessu valdi frá Alþingi án þess að gera í megindráttum grein fyrir því hvernig hann hyggst nota það.

Það er einkum tvennt í framkvæmd síðasta árs, sem menn hafa nú fyrir sér reynsluna af, sem hér hefur verið mjög til umr. og ég hlýt að fara nokkrum orðum um. Þar er þá í fyrsta lagi sú meðferð sem útgerðarmenn smábáta sættu af hálfu þeirra sem með fiskveiðistjórnun fóru á síðasta ári, sem sé hæstv. sjútvrh. og manna hans þar í rn., sem mjög hefur komið illa við menn og verið hér til umr. Ég er þeirrar skoðunar að þar sé á ferðinni ótrúleg smásmygli, ef ég má nota það orðalag, herra forseti, að gera útgerðarmenn smærri báta sérstaklega að utangarðsmönnum við stjórnun fiskveiða. Það er einfaldlega þannig að geta þeirra báta sem þar um ræðir er mjög takmörkuð til veiða og bundin svo miklum náttúrlegum takmörkunum að það á að vera auðvelt, að mínu mati, að áætla allnákvæmlega þá sóknargetu sem þeir búa yfir og þann afla sem þeir gætu dregið að landi í eðlilegu árferði með skikkanlegri sókn, og þó að eitthvað skeiki þar ætti það ekki að vera sú stærð í heildardæminu sem veltir neinu um hrygg.

Það liggur í eðli smábátaútgerðar að hún má mjög illa við takmörkunum sem þeim sem hún varð að þola á s. l. sumri og s. l. ári. Ég á við það að hún er í eðli sínu stopul, hún verður að sæta veðri og vindum. Það kemur líka til sá mannlegi þáttur sem er valdur að því að ákveðnir menn kjósa að stunda útgerð á smábátum t. d. fremur en að vista sig á stærri skip í þeim byggðarlögum þar sem hvort tveggja stendur þeim til boða. Ég vona að hv. þm. þekki það til sjávarútvegs og lífsins við sjávarsíðuna að það þurfi ekki að skýra það út fyrir þeim í hverju þessir félagslegu þættir eru fólgnir, fyrir utan hinar náttúrlegu takmarkanir.

Mér finnst einnig, herra forseti, að þær takmarkanir sem sjútvrh. setti á veiðar smábáta á til að mynda einu drýgsta veiðitímabili þeirra, síðsumars, séu allt of þungbærar fyrir þau byggðarlög sem eiga allt sitt undir og byggja allt sitt á þessum tegundum veiða. Ég vil nefna tvo staði, sem ég þekki báða nokkuð vel, annan í mínu kjördæmi. Norðurl. e., sem hefur þegar verið nefndur í umr., þar á ég við Grímsey, hinn í kjördæmi hæstv. sjútvrh., sem liggur hans megin við markalínuna milli Norðurlands og Austurlands, stutt frá minni heimabyggð, og þar þekki ég einnig vel til, en hér á ég við Bakkafjörð. Í báðum þessum byggðarlögum urðu menn að hverfa frá veiðum í sæmilegum reytingsafla vegna þess að það kom skeyti að sunnan: Gerið svo vel og hættið. — Hvað er með þessu sagt við þessi byggðarlög, þessi samfélög, sem telja í hvoru tilfellinu um 100 manns og þar af eru 60—70 starfandi við þetta á einn eða annan hátt? Það er einfaldlega sagt við þá: Leggið ykkar atvinnulífi í tvær, þrjár, fjórar vikur. Ég hefði gaman af því að vita hvað t. d. Davíð Oddsson borgarstjóri í Reykjavík segði ef honum bærist skeyti frá ríkisstj. þar sem sagt væri við hann: Stöðvið allt atvinnulíf í Reykjavíkurborg. Farið í frí í tvær, þrjár, fjórar vikur. Það væri í sjálfu sér alveg hliðstætt þó stærðarmunurinn sé þarna mikill. Á þessum stöðum snýst lífið um fisk og yfirleitt um saltfisk. Þess vegna er ekki eingöngu verið að segja nokkrum trillukörlum að fara í land, heldur verið að leggja við stjóra öllu atvinnulífi á þessum stöðum. Það er nú nokkuð mikið gert með einu skeyti. Ekki síst ef það kemur með litlum fyrirvara.

Menn velja sér störf af ýmsum ástæðum. Það liggur ábyggilega ýmislegt til grundvallar. Ekki er þar alltaf um alfrjálst val að ræða eins og margir þm. vildu þó gjarnan hafa það. Það geta komið til staðbundnar aðstæður, þeir séu aldir upp við slíkt og þekki ekki annað. En ég er alveg viss um að margir velja sér smábátaútgerð vegna þess að það er sú tegund atvinnustarfsemi sem þeim líkar. Þeir geta þar verið sínir eigin húsbændur, eru í náinni snertingu við náttúruna og geta ráðið dálítið yfir sínum vinnutíma, hagað sínum störfum í takt við ýmsar aðstæður, t. d. fjölskylduaðstæður, eða einhverja aðra starfsemi sem þeir hafa með höndum að hluta til. Þessum forsendum er kippt burtu ef þessi útgerð á að búa við takmarkanir hliðstæðar þeim sem lagðar voru á hana á síðasta ári. Þá eru ýmsar af grundvallarforsendunum sem ég tel vera fyrir því að menn fást við smábátaútgerð hringinn í kringum landið, þó að það þýði gjarnan minni tekjur og miklu óvissari tekjur en t. d. að vista sig í skipsrúm á stærri skipum, að mínu mati brostnar og það er mjög óheppilegt, sérstaklega vegna þess að ég tel að það sé óþarft og ástæðulaust. Það er hægt að gera við þessum veiðum með öðru móti en þessu. Það er smámunasemi að láta sig muna þarna um nokkur hundruð tonn fiskjar sem þegar er genginn á grunnslóð og mundi væntanlega ekki veiðast af smábátum annars.

Það hefur verið rætt hér einnig um aðra tegund krókaveiða, línuveiðar. Þar er ég í meginatriðum sammála mörgum hv. þm. sem hér hafa talað um að skynsamlegt væri að taka þær veiðar, a. m. k. að verulegu leyti ef ekki að öllu leyti, undan kvóta og stuðla þannig að því að það góða hráefni, sem í þeim veiðum fæst, bærist að landi í meira mæli. Línuveiðunum fylgja ýmsir kostir sem ég ætla ekki að fara að rekja hér fyrir hv. þm. sem enn eru að hlusta á þessar umræður. Ég vænti þess að þeir séu vegna þessarar þolgæði sinnar allir það miklir áhugamenn um sjávarútveg að það sé óþarft.

Það hefur vakið nokkra furðu mína, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli sækjast í þeim mæli sem raun ber vitni eftir því valdi sem hann fer fram á með því að knýja á um að fá þessi lög samþykkt með þessum hætti. Það vekur satt best að segja furðu mína að hann skuli t. a. m. ekki vilja hafa fleiri með sér í ráðum en raun ber vitni, að hann skuli afþakka þá hugmynd, sem komið hefur hér fram bæði í fyrra og aftur nú, að fiskveiðistefnan væri mótuð af Alþingi í hvert skipti með þál., a. m. k. í grófum dráttum, þegar sérstakar ráðstafanir þarf að gera á annað borð, þ. e. ef menn telja að almenn löggjöf, sem staðið getur um eitthvert árabil, dugi ekki til, heldur þurfi að beita sérstakari aðgerðum í ljósi sérstakra aðstæðna. Ég tel að það sé eðlilegast, ef almenn rammalöggjöf um þetta mikla hagsmunamál dugar ekki til að mati Alþingis, að það móti þá sjálft fiskveiðistefnuna í grófum dráttum og aðstoði hæstv. sjútvrh. við að koma því máli farsællega í höfn. Ef þessi ávísun er undirrituð án þess að láta fylgja nokkrar skýringar við greiðsluna fer það í meginatriðum eftir því hvernig liggur á ákveðnum mönnum þegar vandamálin koma upp hvaða afstöðu þeir taka, sbr. dæmin frá í sumar, og það held ég að sé ekki heppilegt. Við verðum að athuga að á bak við þessar ráðstafanir er fólk sem á sína atvinnuhagsmuni að veði, á sína lífsafkomu undir þessu. M. a. s., eins og ég hef

áður vikið að, eiga heil byggðarlög og heil samfélög allt sitt undir því að stunda fiskveiðar.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að leiða hugann nokkuð að stöðu íslensks sjávarútvegs þessa dagana og þessar vikurnar. Það væri óeðlilegt í hæsta máta ef mál sem þetta færi í gegnum hv. Alþingi án þess að þm. veltu upp ýmsum spurningum í sambandi við stöðu sjávarútvegsins almennt í landinu.

Með þessum lögum og þessum aflatakmörkunum er verið að skammta fiskiskipum aflamagn sem er í mörgum tilfellum nokkuð undir getu viðkomandi skipa til veiða. Á sama tíma eru rekstrarskilyrði þessara skipa þannig, að þeim veitti ekki af því að mokfiska úrvalsfisk allt árið ef þau ættu að geta borið sig. Þetta eru nokkuð einfaldar staðreyndir sem ég held að öllum séu ljósar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að inn í umr. um stýringu fiskveiða komi rekstrarstaða sjávarútvegsins vegna þeirra takmarkana sem auðsæilega er verið að leggja á skipin með þessum lögum.

Ég velti upp ýmsum spurningum þegar þetta mál var til umr. hér á hv. Alþingi í fyrra, herra forseti, og við ýmsum þeirra fékk ég lítil svör. Auðvitað hafa ráðstafanir hæstv. sjútvrh., svo sem sú grg. sem samin var um síðir, fylgjandi því lagafrv. sem gert var að lögum fyrir jólafrí þm. á síðasta ári, svarað þeim spurningum, en þó ekki öllum. Reynslan hefur að nokkru leyti skorið úr um annað, en þó ekki allt. Mig langar því til, herra forseti, með þínu leyfi, að rifja upp nokkrar af spurningum mínum og væri ástæða til í leiðinni að rifja upp meðferð málsins hér á þingi í fyrra því það sýnir sig að sagan endurtekur sig. Hún er að endurtaka sig m. a. í því að hæstv. sjútvrh. þrumir þegjandi undir spurningum þm. um ýmis framkvæmdaatriði, um ýmis útfærsluatriði, og hyggst fá í hendur það vald sem margrætt er án þess að svara helst nokkru, í öllu falli sem minnstu, um ýmis praktísk framkvæmdaatriði í sambandi við stjórnun fiskveiða.

Staða málsins var þannig, þegar þetta var til 1. umr. í Nd. á síðasta þingi, að ekkert lá fyrir um hvers konar aflakvóta hæstv. sjútvrh. hygðist setja á grundvelli þeirrar lagaheimildar sem hann fengi. Þess vegna var fyrsta spurning mín til ráðh. á þeim tíma hvernig hann hygðist útfæra það stýringarkerfi sem hann ætlaði að setja á. Þm. máttu gera svo vel að afgreiða þetta frv. á síðasta þingi án þess að hafa fengið svar við þessari grundvallarspurningu.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. einnig að því, hvaða hugmyndir væru uppi um að tryggja að þetta breytta fyrirkomulag aflastjórnunar leiddi ekki til aukins smáfiskadráps, til þess að lélegri fiski yrði hent úr aflanum í auknum mæli, til þess að tveggja og þriggja nátta fiskur kæmi ekki að landi, til þess að neðstu fiskarnir í stóru hífunum færu beint út aftur o. s. frv. Ég held að þeirri spurningu hafi ekki verið svarað á þessu ári að öðru leyti en því, að auðvitað hafa heyrst ljótar sögur um ýmislegt í þessu sambandi. Ég held þess vegna að enn sé sú spurning gild: Hvernig á að reyna að tryggja að það komi ekki fyrir að menn hendi úr afla sínum öllum þeim fiski sem ekki mundi flokkast vel eða a. m. k. sæmilega og fari og sæki sér meira þangað til kvóti þeirra er fylltur?

Það var spurt um sölu á aflakvóta í fyrra, hvernig ætti að deila honum milli skipa, hvort ætti að heimila óbundna sölu hæstbjóðanda o. s. frv. Hér var okkur ætlað að taka afstöðu til þessa máls á hv. þingi án þess að hafa nokkur svör um þetta atriði. Þau hafa að hluta til komið með reynslunni.

Það var spurt um siglingar fiskiskipa. Það lá ekkert fyrir um það, þegar þetta mál var rætt á Alþingi í fyrra, hvernig siglingar yrðu meðhöndlaðar í kvóta. Ég lýsti þeim áhyggjum mínum þá að svo kynni að fara, t. a. m. á síðari hluta ársins, að siglingar mundu færast mjög í vöxt á kostnað atvinnuöryggis í ákveðnum byggðarlögum vegna þess að þegar útgerðarmenn stæðu frammi fyrir því að vera búnir með mikinn hluta aflakvóta síns, eiga eftir marga mánuði af árinu, eiga gjarnan eftir verðminni tegundir fiskjar, sem skila litlu í vinnslu á landi en seljast sæmilega á ferskfiskmörkuðum, mundu skip þeirra sigla í auknum mæli og afleiðingin yrði atvinnuleysi í landi. Ég lít svo á að því miður hafi reynslan orðið þessi í mörgum tilfellum, hvað sem kokhreysti hæstv. sjútvrh. líður um að þetta hafi ekki valdið auknu atvinnuleysi svo teljandi sé. Ég gæti bætt mörgum stöðum við þá upptalningu sem ráðh. var hér með, t. a. m. Ólafsfirði og Raufarhöfn svo ég nefni aðeins þá sem ég þekki einna best til.

Það var þegar bent á það á hv. Alþingi í fyrra að koma kynni upp ákveðið misvægi milli landssvæða, milli vinnslustöðva og milli atvinnusvæða vegna þess að aflaskipting hefði ekki endilega verið á undanförnum þremur árum sú sem eðlilegust væri og ríkja mundi við jafnvægisaðstæður. Ég hygg að komið hafi fram að ákveðin svæði í ákveðnum landshluta hafi farið verr út úr þessari úthlutun en önnur.

Eðlilega höfðu menn áhyggjur af atvinnuástandi, hvernig þetta kæmi niður. Ég hef þegar vikið að því að ég held að þær áhyggjur hafi því miður verið réttmætar og gætu engu síður orðið það á næsta ári, jafnvel enn frekar.

Það var mikið spurt um hvernig tryggja ætti eftirlit með því aflastýringarkerfi sem sett yrði á. Ég held að það sé ástæða til að spyrja að því enn og aftur. Hvernig á að tryggja t. a. m. að ekki verði landað „fram hjá“ eins og það heitir? Skyldi aldrei hafa komið fyrir að þorskur hafi leynst undir ufsa í fiskhlössum, þegar landið hefur verið fiski hér og þar um landið á undanförnum mánuðum, eða annað þar fram eftir götunum?

Það var spurt hvort taka ætti eitthvert tillit til rekstrarstöðu einstakra útgerða og útgerðaraðila, t. a. m. hvernig skipakosti þeirra væri háttað og hvernig fjármagnskostnaður þeirra stæði. Ég hygg að reynslan og fréttir í fjölmiðlum undanfarna mánuði hafi svarað því að ástæða var til að hafa áhyggjur í þeim efnum og engu síður á komandi ári.

Þá var spurt um áhrif kvótakerfisins á þróun fiskverðs og setningu fiskverðs.

Þetta voru, herra forseti, níu af nokkru fleiri spurningum sem ég beindi til hæstv. sjútvrh. í fyrra — í tvígang reyndar vegna þess að í fyrstu lotu fengust svo sem engin svör. Auðvitað var stórt spurt. Það var ekki heldur ætlast til altækra svara, einungis að sjútvrh. lýsti þeim hugmyndum sem uppi væru í hans rn. og hjá honum um þessi mál á því stigi þegar þau voru hér til umr. Ég hefði talið gagnlegt, ef hann er þá betur undirbúinn hafandi haft heilt ár í viðbót til að velta þessum málum fyrir sér, að hann lýsti því fyrir þingheimi í almennum orðum hverjar grundvallarhugmyndir ætti að móta að þessu leyti.

Ég hef rifjað þessar spurningar upp hér, herra forseti, til að minna á hvernig staðið var að setningu hliðstæðra laga á hv. Alþingi á síðasta ári, en einnig vegna þess að ég tel að þær séu flestar gildar enn í dag. Eins og ég sagði hér áðan ætlar sagan að endurtaka sig. Fátt verður um svör af hálfu hæstv. ráðh. Hann hefur verið spurður ítrekað hvernig hann hyggist meðhöndla línuveiðar, að hve miklu leyti þær eigi að vera utan kvóta eða hvort og það hefur verið mikið spurt um hvort útgerðarmenn smábáta megi vænta svipaðrar meðferðar á næsta ári og þeir urðu fyrir á þessu. Ég hlýt að endurtaka og ítreka þessar spurningar, eins og margir hv. ræðumenn hafa þegar gert á undan mér, og ég geri það hér með, herra forseti, og ég vonast til þess að hæstv. ráðh. láti ekki mjög marga tíma líða, ef það á fyrir þessum fundi að liggja að lengjast svo sem því svarar, án þess að koma hér og greiða fyrir umr. með því að skjóta inn einhverjum svörum.

Það er nú svo, herra forseti, að ýmsir af þeim agnúum sem menn þóttust sjá á þessu fyrirkomulagi aflastýringar, þegar það var til umr. á hv. Alþingi í fyrra, voru sniðnir af því á útmánuðum t. a. m. Ég vil að hæstv. sjútvrh. eigi fullan heiður af því sem þar var vel gert. Þar var m. a. brugðist við ýmsu af því, sem til umr. var á hv. Alþingi fyrir jólafrí, á einn eða annan hátt. En aðrir agnúar voru ekki af því sniðnir. Ég tel að einna verst hafi til tekist, svo ég komi að því aftur, um meðferðina á smábátunum. Ég endurtek að mér finnst það satt að segja alveg ótrúleg smámunasemi að reka trillukarla heim af miðunum á haustdögum vegna þess að þeir gætu hugsanlega reytt upp einhverja tugi tonna fram yfir einhverja heilaga tölu sem ákveðin hefur verið í rn. hér fyrir sunnan — og þær reynast stundum dálítið ónákvæmar tölurnar þegar verið er að færa þær til og frá. Þess vegna og einmitt þess vegna finnst mér það sérstaklega smásmugulegt að þessi hluti útgerðarinnar í landinu er svo hverfandi lítið brot og gengur trúlega best allra veiða um þá auðlind sem fiskstofnarnir í hafinu eru. Ég get tæplega ímyndað mér að aðrir komist með tærnar nema svo sem eins og þangað sem handfæraveiðar hafa hælana í því að ganga vel um þessa fiskislóð. Þess vegna endurtek ég að ég heiti á hæstv. sjútvrh. að vera rausnarlegri í sér hvað þessa menn varðar.

Ég hefði sömuleiðis, eins og þegar hefur komið fram í máli mínu, talið það verulega til bóta ef línuveiði hefði verið leyst undan kvóta að einhverju eða öllu leyti. Ég tel það, herra forseti, ákaflega óheppilegt og óeðlilegt stjórnskipunarlega séð að löggjafarþing þjóðarinnar framselji með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um vald í hendur eins ráðh. Ég endurtek að ef móta þarf fiskveiðistefnu tímabundið vegna sérstakra aðstæðna með lögum hverju sinni er eðlilegast og réttast að Alþingi sjálft geri það, hafi um það í megindráttum úrslitaorðið hvernig að því verði staðið í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru hverju sinni. Sýnt hefur verið fram á að það er auðvelt að koma því þannig fyrir. Tímatafla þjóðarinnar leyfir að hv. Alþingi, með upplýsingar í höndum frá rannsóknastofnunum, móti þessa fiskveiðistefnu með t. a. m. þáltill. frá Alþingi fyrir áramót hverju sinni.

Ekki er hægt að segja, herra forseti, að það sé jafnhreint og fagurt um að litast í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar og það er að horfa út yfir jólasnjóinn sem liggur á Austurvelli. Það eru miklu meiri skuggar í sjávarútvegsmálunum en þar eru, jafnvel þó að nú sé nótt á Austurvelli.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir flutti hér á Alþingi í fyrra sérstaka till. um þingkjörna nefnd vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru í sjávarútvegsmálum. Þar var gerð tillaga um að þm. kæmu sér saman í nefnd, allra flokka menn að sjálfsögðu og vonandi þá fulltrúar sem flestra sjónarmiða og flestra landshluta, og ynnu ákveðna grundvallarvinnu í ljósi þess vanda sem við er að etja og var að etja þá í þessum atvinnuvegi. Ég hygg, herra forseti, að hefði sú till. fengið brautargengi hér og þeirri vinnu væri nú þegar lokið eða hún a. m. k. vel á veg komin væri betri staða hér á Alþingi til að taka á þessu máli en nú er. Till. var endurflutt lítið breytt á Alþingi í haust. Henni var ekki sýnd meiri virðing en svo af hálfu hv. þingnefndar sem um hana á að fjalla að hún lá þar óhreyfð í margar vikur á meðan þetta mál var í brennidepli í þjóðfélaginu. Ég held að Alþingi geti ekki hælt sér af slíkum vinnubrögðum, herra forseti. Þau hafa a. m. k. orðið mér nokkur vonbrigði. Ég átti von á því að meiri vilji væri fyrir hendi hjá þm. yfirleitt, hvort sem þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu, til að vinna sameiginlega að þessu máli. Ég vek athygli á því að till. hlutu í bæði skiptin jákvæð ummæli ýmissa þm., bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu. Hæstv. sjútvrh. taldi að vísu í bæði skiptin að þær væru algerlega óþarfar, þetta væri allt í góðum höndum hjá honum. Það er skoðun ráðh. og kemur fram æ ofan í æ að málin séu alltaf í bestum höndum hjá honum, það sé einfaldast og eðlilegast og heppilegast fyrir alla að hann sé með þetta í sínum höndum, það þurfi hvorki þingnefndir né aðra til að vasast í því. Þess vegna held ég að það sé rétt hjá þeim hv. þm. sem oft hefur verið vitnað til hér, sennilega oftast allra þm., margspakra, sem rætt hafa þessi mál, ég á hér við 5. þm. Vestf. hv. Ólaf Þ. Þórðarson, sem orðaði það efnislega eitthvað á þá leið að þessu mætti öllu koma fyrir í einni setningu: Ráðherra ræður og setur ítarlegri reglugerð um framkvæmd þeirra mála.

Ég er á móti því að Alþingi Íslendinga standi þannig að lagasetningu, hvort sem það er fyrir þessi jól eða önnur, að sagt verði um mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar: Alþingi Íslendinga hefur ákveðið að ráðh. skuli ráða þessu eins og hann vill með það fara og hafa það í sínum höndum. Mér fannst skörin líka færast upp í bekkinn þegar ráðh. ætlaði ekki einu sinni að láta sér duga að fá þessa heimild til eins árs í senn, heldur fór fram á í því frv. sem lagt var fram fyrst í haust að fá hana a. m. k. út kjörtímabilið þannig að hann þyrfti ekki oftar að spyrja Alþingi eins né neins í þessum efnum, hann einfaldlega ráði. Stjórnskipunarlega séð tel ég að slíkt sé rangt, herra forseti. M. a. á þeim forsendum, og þó þær væru einar, get ég illa sætt mig við það frv. sem hér hefur verið til umr. og verður sennilega eitthvað enn, herra forseti.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, þó að ég telji mig eiga töluvert eftir af mínum kvóta hér í Alþingi, og vonast jafnframt til þess að ég stofni ekki til mikilla deilna, en mig langar þó til að grípa á nokkrum atriðum sem hér hafa komið fram.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir dró í efa í ræðu sinni

m. a. að sparnaður hefði orðið í veiðum og vinnslu með því kvótakerfi sem upp hefði verið tekið. Ég vil benda á nokkur atriði í því sambandi.

Á fundi með innflytjendum veiðarfæra og netagerðarmönnum kom fram að um 50% samdráttur hafði orðið í innflutningi á netum á þessu ári. Gefur það okkur ekki vísbendingu um sparnað í þessum efnum? Það fer ekki heldur milli mála að menn hafa hagað sókn á þann veg að tekist hefur að draga verulega úr og ég ítreka það: þar hefur tekist að draga verulega úr, olíunotkun fiskiskipa. Ekki fer heldur milli mála að bætt meðferð á fiski hefur skilað verulegum árangri, bæði í veiðum og vinnslu, eftir það að kvótakerfið var tekið upp. Þetta held ég að við hljótum að geta verið sammála um.

Ég vil einnig mótmæla því að kvótinn sem slíkur hafi valdið atvinnuleysi. Ég vil frekar halda hinu gagnstæða fram, að kvótinn hafi komið í veg fyrir atvinnuleysi á hinum ýmsu stöðum, þ. e. þar sem menn á annað borð höfðu þá einhvern áhuga fyrir því að stjórna veiðum á þann hátt. Ég held einnig að ég muni það rétt að ég hafi heyrt um að það sé um 10% samdráttur í sókn á flotanum miðað við sama aflamagn. Það segir okkur nokkuð um hvort hér er ekki um einhvern sparnað að ræða. (**Gripið fram í:** Hvaða tölu nefndi þm.?) 10% minnir mig að ég hafi heyrt.

Einnig langar mig að fara nokkrum orðum um það sem Karvel Pálmason sagði hér og vék að þeirri skoðanakönnun sem hér hefur verið vitnað til. Hann orðaði það þannig að miður æskileg skoðanakönnun hefði farið fram. Í mínum huga var þetta góð og þörf athugun. Það var gott að fá sjómenn og útvegsmenn til að segja álit sitt á því hvernig hafi til tekist. Í mínum huga var það af hinu góða að spyrja þá menn, sem við þetta þurfa að búa og starfa, hvernig til hafi tekist.

Hv. þm. sagði einnig að það væri meiri ágreiningur um kvótann en áður. Þetta er hans skoðun. Mitt álit er hins vegar að menn sætti sig nú betur við kvótann en fyrr og þeir reyni að laga sig að þeirri stjórnun sem komið hefur verið á. — Og hver voru svo svör sjómanna og útvegsmanna, sem spurðir voru, í þessum efnum? Þar segir, með leyfi forseta:

Spurningin er: Hvernig telur þú að stjórna eigi fiskveiðum? Með aflakvóta á fiskiskip líkt og nú er sögðu 46.3%. Með skrapdagakerfi fyrir togara og sóknarmörkum á báta eins og giltu undanfarin ár sögðu 19.2%. Með sóknarkvóta á einstök fiskiskip sögðu 2.3%, aflakvótum á verstöðvar eða landshluta 1.9%, aflakvótum á fiskverkunarstöðvar 1.6%, verðmætakvótum á skip með takmörkunum á þorskveiðar 5.8%. Frjálsar veiðar með ákveðnu heildarhámarki á hverja fiskitegund vildu 16.2%. Auðlindaskatt, t. d. með sölu veiðileyfa, vildu 0.5% og annað ýmislegt 6.2%.

Það kemur hér alveg greinilega fram að það er mikill vilji manna fyrir því að þetta kerfi verði viðhaft þrátt fyrir allt.

En það sem mér féll einna verst við í ræðu þess ágæta þm. Karvels Pálmasonar var þegar hann spurði: Hverjir voru með í þessari könnun? Og hann sagði: Verða menn beittir þrýstingi í rn. vegna svara sinna? Ég verð að segja að hér finnst mér fráleitar aðdróttanir þm. og honum alls ekki til sóma. Það er nefnilega almannarómur að sjútvrh. hafi farið vel með það vald sem honum var falið í þessum efnum.

Þm. tala hér einnig um aukinn afla smábáta. Menn hafa rætt það nokkuð hér og það hefur verið rætt þann tíma sem kvótakerfið hefur verið í gangi. Menn eru þar sjálfsagt að tala í sama orðinu, ef ég heyri rétt, um það sem við köllum trillur og skemmtibáta. Ég tel að ef einhver á að fá aukinn afla er það sá sem stundar sjómennskuna sem fullt starf og á allt sitt undir því hvað úr hafinu er dregið. Það er þessi trausti og góði sjómaður sem ég vil fyrst að verði liðkað til fyrir ef á annað borð á að fara að breyta einhverju.

Hér hafa hv. þm. verið að tala um að línuveiðar verði utan kvótans. Mig langar til að varpa fram þeirri spurningu: Oft eru menn að tala um að hliðra til um línuveiðarnar og gefa þær jafnvel frjálsar. Eru menn virkilega að tala um það í alvöru t. d. að loðnuflotinn fari allur á línuveiðar? Hvað eru það mörg skip? Eru menn að tala um það í alvöru að loðnuflotinn eigi að fá óhefta sókn í línuveiði? Það er mjög þægilegt að útbúa loðnuskip til línuveiða. Það getur náð afbragðsgóðum árangri. Það er ekki nokkur vafi. (**Gripið fram í:** En ráðh. gæti stjórnað öðru eins.) Ég vil ekki samþykkja að þessir menn fái að koma til veiða og skammti sér aflamarkið sjálfir. Af hverju mega þessir menn taka aflann? Er meiningin að það komi niður á skipshöfninni á Bjarti NK eða Dagrúnu ÍS, svo að ég nefni nokkur dæmi? Er það meiningin? Sú viðbót sem menn eru að tala um að taka á þennan hátt verður tekin frá einhverjum öðrum. Annað er óhugsandi. Málið er ekki flóknara en það. Menn verða að átta sig á því að það er ekki kvótinn sjálfur sem er vandamálið í þessum efnum, heldur það aflamark sem við höfum sett okkur. Það er vandamál að glíma við.

Kjarni þessa máls er vitaskuld sá, að menn eru að fást við að skipta of litlu handa of mörgum. Það er vandamál dagsins sem menn hafa verið að fást við að leysa. Ég tel að menn hafi fundið færustu leiðina til að koma til móts við menn í þeim efnum.

Ég gæti sagt miklu fleira um þessi mál. Menn hafa jafnvel verið að tala um afkomu sjávarútvegsins í heild. En það líður nú á nóttu og fleiri mál á dagskrá hér en fiskveiðistefnan. Því læt ég þetta nægja. En ég legg enn og aftur ríka áherslu á að menn átti sig á því í allri umfjöllun um þessi mál að bíta sig ekki fast í að það sé kvótinn sem sé hið eina og sanna vandamál. Vitaskuld er vandinn sá að við höfum bundið okkur við það að taka ekki meira úr hafinu en lagt hefur verið hér til. Auðvitað höfum við efni og burði til að sækja og taka meira en það, en við höfum skammtað okkur þetta sjálfir og það er vandamálið.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á nokkur þau atriði sem hér hefur verið vikið að. Í fyrsta lagi vil ég minnast á þá fullyrðingu að mál þetta hafi komið seint fram og lítill tími unnist til að fjalla um það. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Hins vegar vil ég minna á að sjávarútvegsnefndir þingsins komu saman í byrjun sept. og ég dreifði þar fyrstu drögum að þessu frv. og þar voru staddir fulltrúar allra þingflokka. Síðan var haldinn annar fundur um mánaðamótin september/október og ég lagði á það áherslu að þessi drög yrðu rædd hjá viðkomandi þingflokkum og menn lögðu fram athugasemdir áður en málið yrði flutt. Ég afhenti formönnum allra þingflokka þetta frv. sama daginn og ég dreifði því

í ríkisstj. Það var síðan flutt hér á Alþingi 8. nóv. Segja má að ástæða hefði verið til að flytja það fyrr. En einnig er rétt að geta þess að þing hagsmunasamtaka eru tiltölulega seint á haustinu þótt aðilar hafi reynt að flýta þeim. Viðkomandi aðilar voru almennt ekki tilbúnir að tjá sig um afstöðu til þessara mála áður en þeir höfðu haft tækifæri til að ræða þau nánar innan sinna vébanda og viðkomandi félög, félög sjómanna og útvegsmanna, Fiskifélagið, halda sína aðalfundi. Þessir aðilar töldu að hér væri um það stórt mál að ræða að ekki væri hægt að tjá sig um málið fyrr en þeir hefðu fengið næg umboð til þess. Það má því segja að viðkomandi aðilar hefðu ekki getað gefið þingnefndum upp nægilega skýra afstöðu þótt málið hefði komið hér fyrr fyrir.

Þetta vildi ég rifja upp vegna þess að mér finnst að menn tali hér eins og þeir hafi ekkert um þetta séð sem ég tel vera rangt. Það er nú einu sinni svo að stórmál eins og þetta verður ekki fyrst og fremst leyst í umr. hér í þinginu þótt þær séu jafnframt mjög nauðsynlegar. Það þarf að fjalla um það í viðkomandi þingflokkum og í þingnefndum og ekki síst í viðtölum við hina ýmsu hagsmunaaðila. Það er ekki málið að við tökum sem lengstan tíma hér í umr. þótt þær séu vissulega nauðsynlegar.

Menn gera mikið úr því að ég sé að sækjast eftir þessu valdi. Það er langt í frá að ég telji það neitt eftirsóknarvert. Hins vegar kem ég ekki auga á aðra leið til að stjórna þessum málum en að pólitískur ráðh. með meiri hl. á þingi að baki sér beri ábyrgð á málum sem þessum. Að sjálfsögðu á hann að bera ábyrgð gerða sinna gagnvart þessum lýðræðislega kjörna meiri hl. Ég sé ekki að það mundi leysa mikið í þessu máli þótt farin yrði sú leið að samþykkja það sem menn hafa sett hér fram í till. til þál.

Ég vil minna á að í þessum lögum stendur að ráðherra beri að hafa samráð við sjávarútvegsnefndir þingsins. Ég veit ekki betur en það hafi verið gert. Ég veit ekki betur en að í byrjun s. l. árs hafi verið haldnir margir fundir með sjávarútvegsnefndum þingsins og tekið tillit þar til margvíslegra sjónarmiða og sú reglugerð, sem sett var, rædd mjög ítarlega. Ég vildi gjarnan að þm. hefðu þetta í huga þegar þeir dæma í þessu máli en láti það ekki alveg liggja á milli hluta.

Ég vil einnig taka fram eins og ég hef gert áður að það hefur verið vilji hér á Alþingi og ég vænti þess að svo sé enn að um þetta mál séu höfð mjög víðtæk samráð við hagsmunaaðila. Sú leið hefur verið farin að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila til að fjalla um þau, m. a. eftir að þeir hafa fjallað um þessi mál í sínum samtökum. Þeir eru að því og þau atriði sem hér hafa verið nefnd, eins og bæði smábátar og línuveiðar, hafa verið þar til umfjöllunar og mönnum er ósköp vel kunnugt um þær skoðanir sem hér hafa komið fram. Ég hef aldrei sagt, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hélt fram, að ég vildi ekkert tillit til þess taka. Hann sagði að ég hefði sagt að ekki kæmi til greina að gera það. Það sem ég sagði var að ekki kæmi til greina að línuveiði og handfæraveiði væri algerlega utan kvóta. Það var það sem ég sagði. En hann sagði að ég hefði í raun og veru sagt að ég vildi ekkert tillit taka til meirihlutaálits sjútvn. Ed. þar sem fram kom að þeir væru þeirrar skoðunar að lína skyldi að hálfu vera utan kvóta. Ég vona að þetta sé alveg skýrt.

Ég er því andvígur að línan og handfærin séu algerlega utan kvótans vegna þess að það skapar hagsmunaárekstra sem ég tel ekki fært að menn leggi út í. Það eru mjög skiptar skoðanir á þessu máli. Hins vegar minni ég á að lína var að hálfu utan kvóta í jan. og febr. 1984.

Ég vænti þess að ráðgjafarnefndin muni skila af sér núna alveg á næstunni. Í framhaldi af því verða höfð samráð við sjútvn. þingsins og ég vænti þess að það takist að komast að bærilegri niðurstöðu í þeim málum í samvinnu við þessa aðila. Ég hef talið mér það skylt að reyna að skapa sem besta samstöðu um þessi mál þótt ég geri mér grein fyrir því að hún verður aldrei algjör. Það þýðir ekkert að vera að vitna í það að þessi og þessi sé óánægður og þess vegna beri að breyta því. Auðvitað verða alltaf einhverjir óánægðir í sambandi við slíka úthlutun og slíka stýringu.

Að því er varðar smábátana gera menn mikið úr því að það hafi verið sérstaklega illa farið með þá, þ. e. báta upp að 10 tonna markinu. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að hann hefði flutt um það till. að bátar á bilinu 10—20 tonn yrðu utan við. Ég hygg að hann hafi mismælt sig aðeins, það hafi verið bátar upp að 10 tonna stærð. A. m. k. skildi ég hann þannig að hann ætti fyrst og fremst við þá en ekki báta á bilinu 10—20 tonn. Er það ekki rétt skilið hv. þm.? (Gripið fram í.) Ég held að á s. l. ári hafi verið lögð fram till. um veiðar báta upp að 10 tonna stærð. Þessir bátar voru stöðvaðir 4 daga um verslunarmannahelgina og síðan í eina viku. Þeir hafa ávallt verið stöðvaðir gegnum mjög langan tíma í eina viku. Þetta voru því 10—11 dagar, ef ég man rétt, á móti viku sem venjulega hefur verið. Síðan voru veiðar þeirra stöðvaðar í lok nóvember. Sannleikurinn er sá að tíð hefur verið mjög rysjótt síðan og þessir bátar lítt getað verið að. Þeir hafa veitt milli 14 og 15 þús. tonn eða allmiklu meira en gert var ráð fyrir. Þeir hafa því ekki orðið fyrir mikilli skerðingu. En það var andi þessara laga að allir yrðu fyrir einhverri skerðingu en að sumir yrðu ekki algerlega látnir sitja hjá. Við verðum einnig að hafa það í huga að það eru bátar næst fyrir ofan, hver svo sem þessi mörk eru. Þeir kvörtuðu afar mikið og það hefur e. t. v. verið erfiðasta vandamálið í þessu dæmi. Það eru bátar sem eru rétt yfir þessum mörkum. Menn verða að gæta þess að þarna sé samræmi á milli. Um leið og ákveðin stærð er gefin algerlega frjáls og bátur, sem er einu tonni stærri, á svo að búa við verulegar takmarkanir er réttlætiskennd manna að sjálfsögðu mjög misboðið.

Hitt er svo annað mál að farið hafa fram viðræður við þessa smábátaeigendur um með hvaða hætti mætti rétta hlut þeirra sem stunda þessar veiðar allt árið og gera þeirra hlut betri, en ekki með þeim hætti að þeir búi ekki við neina stjórnun. Það tel ég ekki fært. Þeir verða að búa við einhverja stjórnun með sama hætti og aðrir. (**Gripið fram í:** Er stjórnunin markmið í sjálfu sér?) Nei, hv. þm. Það væri út af fyrir sig mjög gott í þessum málum að þurfa ekki að hafa neina stjórn. En ég minni á það sem kom t. d. fram í þessari skoðanakönnun sem menn hafa gert lítið úr hér en unnin er af deildarstjóra í sjútvrn., sem hefur menntun frá félagsfræðideild Háskólans sem hefur kennt slíka hluti, og deildarstjóra Hagstofu Íslands, en Hagstofa Íslands er væntanlega talin bærilega hlutlaus aðili í þessu sambandi. Við ætluðumst ekki til þess að þessi skoðanakönnun færði

okkur einhverja algilda niðurstöðu sem enginn mundi draga í efa. Við vorum forvitnir um það hvað menn segðu um þessi mál almennt, töldum það til bóta að senda slíka könnun í öll fiskiskip og út um allt land, m. a. til að hvetja menn til að hugsa meira um þessi mál og tjá sig í þessu sambandi. Ég tel alveg ástæðulaust að verið sé að gera lítið úr því að slíkt sé gert. Hitt er svo annað mál að auðvitað má fara út í það sem menn kalla hlutlausa könnun. Er það þá að biðja Dagblaðið um að annast hana eða eitthvað slíkt? Er það þetta sem menn kalla hlutlaust og frjálst hvað svo sem það er nú? (**Gripið fram í:** Er hæstv. ráðh. að missa trúna líka?) Nei, en ég spyr vegna þess að ég vitnaði til þess að Hagstofa Íslands hefði verið viðriðin þetta mál og ég vænti þess að menn beri sæmilegt traust til þeirrar stofnunar.

Það hefur einnig verið nokkuð vikið hér að því hvort þetta ætti að vera eitt ár eða þrjú ár og ég ætla ekki að fara að rifja það upp. Það er fyrst og fremst spurningin um að geta sagt mönnum meira um framtíðina og þurfa ekki að vinna þessi mál með þeim hætti sem nú er, að við séum að gera það í árslok og geta engu svarað þeim mönnum sem spyrja á haustmánuðum hvað verður á næsta ári, heldur reyna að marka stefnu til lengri tíma. Það hefur líka komið í ljós að það eru mjög margir sem vilja það. En þetta er niðurstaða og ég get ósköp vel sætt mig við hana.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon spurði hér nokkurra spurninga. Ég skildi það svo að hann ætlaðist ekki til þess að ég færi að svara spurningunum frá í fyrra, en það voru þó atriði sem hann minntist á. Það var með smáfisk og slæman fisk. Það hefur alltaf verið smáfiskur og það hefur alla tíð verið slæmur fiskur. Það kom ekkert upp með kvótakerfinu. Það hefur hins vegar verið farið út í það að heimila mönnum að landa smáfiski, m. a. vegna þeirra sögusagna að gífurlegu magni væri hent frá borði. Það er liðlega 1% sem hefur komið með þeim hætti á land og segir það sína sögu um þær sögusagnir. Ég hef ekki trú á því að það hafi verið mikið um að fiski hafi verið hent. Hins vegar hefur ónýtum fiski ávallt verið hent. Ef fiskur er dottinn í sundur í netum og svo illa farinn að hann er nánast ónýtur hefur það alltaf verið svo á netabátum að fiski hefur verið hent. Ég á ekki von á því að það hafi út af fyrir sig breyst. Hins vegar höfum við engar sannanir fyrir því að það hafi aukist og ég tel svo ekki vera.

Vissulega koma upp þau tilvik að landað hafi verið fram hjá. Það hafa 14 veiðieftirlitsmenn í stöðugu eftirliti og ýmsir trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands staðfest. En það er ein af ástæðunum fyrir því að menn telja að fleiri tegundir þurfi að vera inni í kvóta, m. a. ufsinn, en hér hefur verið lögð á það áhersla að færri tegundir væru inni í kvóta, vissulega væri gott að geta haft þær sem fæstar. Sú hætta er þó fyrir hendi eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon kom hér inn á, að þorski væri landað sem ufsa og ef ufsi væri algerlega utan við ættum við erfiðara með eftirlit. Það sama má þá segja um smábátana að ef ætti að fara að úthluta kvótum á hvern einstakan smábát mundi það leggja miklu meiri skyldur á herðar rn. varðandi eftirlit og krefjast mjög aukins mannafla. Við höfum reynt að komast hjá því að gera það.

Ég vil benda á að þetta kerfi hefur verið tekið upp með þeim hætti að bæta við þremur eftirlitsmönnum. Ekki hefur verið fjölgað í viðkomandi rn. og lögð hefur verið á það mikil áhersla að reyna að gera það þannig úr garði að til slíks kæmi ekki. Það hefur að vísu þýtt að mjög mikið álag hefur verið á þessu fólki og það hefur lagt sig mjög mikið fram í þeim efnum. En það hefur verið reynt að komast hjá því að byggja upp gífurlegt bákn í kringum þetta og ég tel að það hafi tekist.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það væri ærin ástæða að flytja hér langt mál um sjávarútveg almennt en ætli sé nú tími eða aðstaða til þess. Ég vil þó minna á mjög athyglisverða ræðu sem hv. 4. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, flutti hér fyrr í kvöld. Þar komu fram ákaflega athyglisverðar hugleiðingar. Hv. þm. skýrði vel frá þeim ótta sem hann bæri í brjósti í sambandi við kvótakerfið og hafði þann hátt á eins og fleiri stjórnarþingmenn að hann hefði fyrirvara á þessari afstöðu sinni og þó hann fylgdi þessu frv. að þessu sinni væri hann í sjálfu sér andvígur kvótakerfinu.

Ég ætlaði að víkja örlítið að einum þætti úr þeirri áróðursmaskínu, sem kom hér m. a. frá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og hefur dunið yfir landsmenn stóran hluta af þessu ári, að fiskgæði og, eins og hv. þm. tók til orða, bætt meðferð á fiski á þessu ári hefði verið óumdeilanleg. Já, það er nokkuð gott að fullyrða svona. Hvað skyldi það vera sem fyrst og fremst orsakar gæði fisks? Það er í fyrsta lagi tíðarfar, gæftir, netafiski. Ef gæftir eru slæmar hrynja yfirleitt gæðin niður. Sama er að segja um togara, þó að það sé ekki í eins ríkum mæli, í mjög slæmu veðurfari, en þó ekki í nærri jafnríkum mæli og með netafisk. Norðmenn hafa t. d. þann hátt á við Lofoten að þar verður að draga net daglega. Slíku væri ekki hægt að koma á hér. Við sækjum dýpra á netaveiðum en Norðmenn gera. Þeir sækja ákaflega stutt á miðin við Lofoten. Fiskibátum er þar að vísu úthlutað ákveðnum veiðisvæðum. En við komumst ekki og getum ekki fyrirskipað að vitja neta daglega af ástæðum sem allir þekkja sem kunnugir eru.

Þetta er fyrsta ástæðan. Það má nokkuð sjá gæði fisks eftir gæftum.

Annað atriði sem hefur ákaflega mikil áhrif á gæði eru skreiðarmarkaðir. Ef skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu er góður hrynja gæðin niður. Dauðblóðgaður fiskur fer allur í skreið til Nígeríu. Nígería hefur sjaldan verið lokaðri en á árinu 1984. Gæftir á árinu 1984, fyrri hluta árs a. m. k., voru betri víðast hvar á landinu en 1983. Bara þessar tvær ástæður hafa gífurlega mikið að segja í þessum efnum.

Það er algerlega rangt að á árinu 1984 hafi komið eitthvert óþekkt gæðamat sem ekki hafi þekkst áður á Íslandi. Ég hef hér fyrir framan mig upplýsingar frá Jóhanni Kúld, fyrrv. fiskmatsmanni, sem er maður sem ég held að enginn, sem kunnugur er íslensku fiskmati eða íslenskum sjávarútvegi, rengi upplýsingar frá. Hann upplýsir það að á s. l. 15 árum þá hafi 5 ár á tímabilinu skilað yfir 60% af netaþorski í 1. gæðaflokki. 1978 eru 62.5% af netafiski í 1. gæðaflokki, af þorski, 1979 er 67.5, ekki var kvóti þá, 1980 er 61.3, 1981 er 57.7, 1982 er það 57.2, 1983 er það 58.5 og 1984 er það 64.6%. Það eru því 5 ár með yfir 60% og eitt ár 1979, röskum 3% hærra en 1984. Menn skulu ekki vera með svona fullyrðingar án þess að hafa kynnt sér mál, án þess að leggja til grundvallar hvernig markaðir eru og hvernig tíðarfar og gæftir hafi verið þó það þjóni pólitískum

málstað þeirra í augnablikinu og allra síst formaður sjútvn. Nd., sem ég hef reynt að því í sambandi við sjávarútvegsmál að fara ákaflega ógætilega bæði með staðreyndir og tölur. (Gripið fram í.) Já, ég hef heyrt það áður að hv. formaður sjútvn. Nd. lýsir því ávallt yfir — hver sem í hlut á — að hann þekki það jafnvel og viðkomandi. En því miður er reynsla mín önnur, að þær upplýsingar, sem gefnar eru af hv. formanni, séu oft ansi takmarkaðar.

Ég held að það fari ekkert á milli mála og vil ítreka það að betra tíðarfar 1984, góðar gæftir víða um landið, hafi gert meira til að bæta gæðin 1984 en 1983. Veiðarfæratap er líka meira í slæmu tíðarfari en góðu eða sæmilegu. Ég held að það fari heldur ekkert á milli mála og það hefur oft verið haft á orði af framleiðendum og öllum sem hlut eiga að máli að það verði ákaflega erfitt að auka gæðin verulega meðan gott verð fáist fyrir skreið. Það eru að vísu takmörk fyrir því hvað hægt er að setja í skreið þó það sé fyrir Nígeríu. En þar hefur oft verið gengið ansi langt.

Það voru út af fyrir sig fróðlegar upplýsingar að Hagstofan hefði verið aðili að þessari könnun. Hagstofan er ein af þeim fáu stofnunum íslenska ríkisins — **(Gripið fram í:** Maður af Hagstofunni.) Maður af Hagstofunni, en Hagstofan sem slík er ein af þeim fáu stofnunum íslenska ríkisins sem menn leyfa sér yfirleitt ekki að vefengja gagnstætt við formann sjútvn. Nd.

Ég vil líka taka fram að það er engan veginn gefið, þó að það sé fyrsta skilyrði að fiskur komi góður upp úr sjó og til löndunar, að eftirlit með vinnslu hafi verið betra. Ég minni á og oft hefur verið á það bent að eftirliti t. d. með hráefnisgeymslum frystihúsa er mjög áfátt. Ég þekki þessi mál töluvert sjálfur og hef samband við fjölda fiskvinnslufólks. Á þessu hafa ekki orðið neinar breytingar þó gert væri ráð fyrir því í lögum.

Þó að t. d. stíf sókn í jan. gefi oft lítið í aðra hönd þá er kvóti líka oft betur nýttur yfir sumarið og staðan oft hæpinn ágóði. Auk þess er ég á því að hann auki siglingar sem er meira en lítið vafasamt fyrir þá sem í landi starfa. En rétt er að hafa þetta í huga, betri gæftir, lokaðir skreiðarmarkaðir í Nígeríu og grunur um að eitthvað af fiski fari fram hjá, ég vil ekki um það fullyrða. Þetta er þó nokkuð há tala, 24%. Sami eigandi fiskiskips og fiskverkunarstöðvar hefur þarna möguleika. Hitt er rétt, sem hæstv. sjútvrh. kom inn á í sinni ræðu, að gerðar hafa verið ráðstafanir til að sporna við þessu hvort sem það hefur tekist eða ekki. En ef við gerum ráð fyrir einhverju örlitlu broti og höfum hliðsjón af lokuðum skreiðarmörkuðum og góðum gæftum og fjarri því að gæðamat skeri sig nokkurn hlut úr — að vísu er það með því besta sem verið hefur en hefur þó farið hærra — þá er ljóst að engar afgerandi sannanir liggja fyrir í þessu. Menn ættu ekki að vera að fullyrða mikið í þessu efni, það er ákaflega hættulegt. Ég er satt að segja orðinn nokkuð þreyttur á fullyrðingum formanns sjútvn. Nd. og væri reiðubúinn að eiga orðastað við hann um allar hans fullyrðingar.

Ég held að hættan í sambandi við kvótann sé ekki einungis auknar siglingar sem ég hef tilgreint heldur, eins og hv. 4. þm. Reykv. kom inn á, að mönnum væri tryggður þessi afli. Þá er möguleiki á að selja kvóta og þetta skapar a. m. k. til lengri tíma ákveðna hættu og nokkuð sýnt að hlutaskipti — ef menn telja þau æskileg — mundu leggjast af eða a. m. k. stefna í þá áttina.

Ég býst við að hæstv. sjútvrh. segi að öll svona skömmtun sé neyðarúrræði. Hún skapar ákveðna hættu á að atvinnugrein stirðni, skip séu gerð að löggiltum aflaskipum. Það þekkjum við gegnum tíðina að menn hafa komið upp kannske á lélegum skipum og á nokkuð stuttum tíma og orðið frábærir aflamenn. Ég held að það sé ákaflega hætt við að atvinnugreinin sem slík stirðni. Hitt væri ærið freistandi að ræða um sjávarútveg almennt. Ég lofaði því í upphafi að það skyldi ekki gert. En þó vil ég segja að íslenskur sjávarútvegur stendur þannig að menn sem stunda sjó flýja þá atvinnugrein í vaxandi mæli og í fjölmörgum sjávarútvegsplássum á landinu þar sem þessi atvinnugrein er ein og alger uppistaða sækir fiskvinnslufólk ákaflega stíft úr þessari atvinnugrein. Þetta er ákaflega áberandi og væri hægt að nefna fjölmörg dæmi. Það er ekki reisn yfir þeirri atvinnugrein sem heldur uppi gjaldeyrisöflun heillar þjóðar og starfsfólk almennt leitar úr. Ég skal viðurkenna að það er ærinn vandi að halda á sjávarútvegsmálum Íslendinga. En ég held líka að það þyrfti að taka í þeim vanda af meiri festu en gert er þó ég skuli viðurkenna að það sé hægara um að tala en í að komast. Mér sýnist hnignun á ýmsum sviðum og ískyggilegur flótti úr þessari grein.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur ýmislegt komið hér fram í þessum umr. þó ekki séu þær orðnar ýkja langar þegar menn hafa í huga hversu hér er stórt og viðamikið mál á ferðinni og hversu það kemur til með að snerta marga. Það eru nokkur atriði sem ég vil gjarnan fara um nokkrum orðum.

Það er í fyrsta lagi það sem Stefán Guðmundsson, hv. 5. þm. Norðurl. v. var hér að ræða, nokkur atriði. Hv. þm. fullyrti að menn sættu sig nú betur við kvótann en áður. Var það svo að skilja á afstöðu þingfulltrúa á Fiskifélagsþingi í haust að menn sættu sig þar betur við kvótann en var fyrir um ári síðan? Ég held síður en svo. Ég held einmitt að fulltrúar hagsmunaaðila á þeim vettvangi hafi verið miklu andvígari kvótanum í því formi sem hann hefur verið og gert er ráð fyrir að hann eigi að vera en menn voru á s. l. hausti. Ég held að það sé þvert á mótti meiri andstaða hjá hagsmunaaðilum nú gagnvart þessu stjórnunarkerfi, þessari miðstýringu, en áður var. Það fer ekki á milli mála að það er aukin óánægja með stjórnunaraðferðir af því tagi sem hér er um að ræða.

Hv. þm. vék líka nokkrum orðum að því sem ég sagði um skoðanakönnunina sem hér hefur verið gerð að umræðuefni. Ég velti m. a. upp þeirri spurningu hvernig að þessari könnun hefði verið staðið, hvernig þau gögn, sem út voru send í formi spurninga, voru úr garði gerð. Er hægt að sjá á svörunum frá hvaða skipum eða skipstjórum þau koma? Er hægt að lesa það út úr niðurstöðum hver það er sem hefur þessa eða hina afstöðuna til málsins? Um það vil ég ekkert fullyrða en ef svo er þá er það að mínu viti meingallað fyrirkomulag á skoðanakönnun að hægt sé að lesa það út hvaða skoðun hver einstaklingur hefur á viðkomandi máli.

Ég vil vegna ummæla hæstv. sjútvrh. í þessum efnum láta það koma hér fram að ekki mæli ég sérstaklega með því að DV verði látið framkvæma skoðanakönnun af þessu tagi. En mér finnst það ankannalegt að í þessu tilfelli sjútvrn. beiti sér fyrir skoðanakönnun um sitt eigið ágæti í framkvæmd þessara mála. Mér finnst það

ankannalegt og tel það óeðlilegt að slíkt sé gert. (**BÍG:** Sjálfsrýni?) Já.

Þá nefndi hv. þm. Stefán Guðmundsson að ég hefði verið með allillskeyttar aðdróttanir að hæstv. sjútvrh. Ég held að bæði í umr. hér fyrir um ári síðan og alveg eins nú hafi ég orðað það svo við 1. umr. þessa máls að ég vildi ekki að jafngóður drengur og hæstv. sjútvrh. færi með slíkt ægivald sem hann er hér að óska eftir. Það er ekki aldeilis að það sé verið með illar aðdróttanir að hæstv. ráðh. Það er miklu frekar að ég ber góðar taugar til hæstv. ráðh. og vil honum nánast ekki svo illt að honum sé fengið þetta ægivald í hendur til þess einum að stjórna bæði fiskveiðum og fiskvinnslu í landinu. Hér er því um einhvern misskilning hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að ræða.

Hv. þm. spurði líka um hvað við værum hér að tala sem vildum taka út úr þessari miðstýringu suma þætti eins og handfæraveiðar og línuveiðar, hvort við værum að leggja til að öllum loðnuflotanum eins og hann legði sig væri hleypt á þorskveiðar. Hver er að tala um slíkt? Hver hefur lagt það til hér? Fyrir öðru eins hefur nú verið séð í þessu kerfi og því að loðnuflotanum væri ekki stefnt á þorskveiðar. Hér er verið að tala um þann stabíla flota sem veiðar stundar með línu og handfæri. Hér er verið að tala um þá sjómenn sem á undanförnum árum og árinu í ár hafa stundað handfæraveiðar og línuveiðar og þau skip sem þar eiga hlut að máli. Menn eiga ekki að vera með útúrsnúninga, getgátur, gera mönnum upp orð eða hugsanir. Þeir sem slíkt gera eru í rökþrotum og finna vart útgönguleið úr eigin vanda og eigin klemmu nema því aðeins að gera það þá með þessum hætti. Ég hef ekki heyrt nokkurn hv. þm. hér í umr.ýja að því, hvað þá heldur meira, að hér sé verið að tala um að láta loðnuflotann á þorskveiðar.

Hinu get ég verið sammála sem hv. þm. kom einnig inn á — ég held að hann hafi orðað það eitthvað efnislega á þann veg að ef einhver á að fá aukningu í afla þá á það að vera hinn stabíli og góði sjómaður. Ég er sammála þessu 100% og það er það sem ég er að tala hér fyrir. Það er það sem ég er að leggja hér til, að hinn stabíli og góði sjómaður fái aukinn afla og hið stabíla og góða fiskverkunarfólk í landi og fiskvinnslustöðvar hafi tækifæri til að vinna þetta hráefni og gera úr því verðmæti sem skilar sér betur fyrir þjóðarbúið en ef það væri unnið einhvers staðar annars staðar á óhagstæðari stöðum. Þess vegna ætti hv. þm. Stefán Guðmundsson að vera sammála mér í þessari túlkun. En mér sýnist að afstaða hv. þm., eins og raunar fleiri hv. þm. stjórnarliðsins sem innst inni virðast vera andvígir þessu kvótakerfi en einhverra hluta vegna eru neyddir til að greiða því atkvæði eða styðja það, gangi þvert á þau sjónarmið sem ég er hér um að tala. Ég heyri ekki annað í málflutningi að því er þetta varðar, hv. þm. Stefán Guðmundsson, en að við séum sammála. Þess vegna ættirðu að styðja minn málflutning og greiða atkvæði með því sem hér er lagt til að rýmka, auk möguleika hins stabíla og góða sjómanns og hins stabíla og góða vinnukrafts sem er í fiskvinnsluverunum á þeim svæðum sem hér eiga hlut að máli. Svona einfalt er þetta ef menn á annað borð vilja skoða málið, í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir liggja. Það er því með öllu óeðlilegt að tala í þeim dúr sem hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði, að verulegu leyti sammála okkur sem höfum talað fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til en greiða svo atkvæði gegn því hugsanlega — ég segi hugsanlega, vonandi ekki.

Það var margt athyglisvert — og ég segi enn og aftur, athyglisvert — sem kom fram í hinni glögghugsuðu ræðu hv. 5. þm. Vestf. í kvöld eins og hinni fyrri sem hann hélt við 1. umr. þessa máls. Hann spurði og raunar fullyrti: Hvað er búið að setja marga útgerðarmenn eða útgerðarfyrirtæki á hausinn með öllum þessum vinnubrögðum? Það er eðlilegt að jafn glöggur maður og hv. 5. þm. Vestf. spyrji um svona hluti og nánast fullyrði að áframhald á stjórnun, eins og hér um ræðir, verði til þess að setja enn fleiri útgerðaraðila á hausinn en þegar er orðið og er þó nóg um.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson líkti þessari stefnu og stjórnun við það að hann legði til að kísilmálmverksmiðja yrði reist á Suðureyri við Súgandafjörð eða á Tálknafirði á fjörðum vestur. Hann fullyrti eðlilega að þm. í hv. deild mundu telja það vægast sagt hálfbrogað sjónarmið af þessu tagi. Þetta er góð samlíking við þá stjórnun, við þá miðstýringu, við það ægivald ofstjórnar sem við erum hér að tala um í kvótakerfi. Ég tek mjög undir þau sjónarmið hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það á að haga málum í þessum efnum, ekki hvað síst í þessum efnum að á þeim svæðum, þar sem er ódýrast og hagkvæmast að sækja sjóinn og vinna það hráefni sem þar er um að ræða, á að búa þannig að hlutunum að það sé gerlegt og þau eigi að njóta forgangs.

Það er svo út af fyrir sig skiljanlegt hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að fara ekki í hart gegn samflokksmanni sínum sem ráðh. eins og hæstv. sjútvrh. Þó finnst mér að hv. þm. hafi staðið þokkalega vel í stykkinu með það að halda á sínu máli og sinni skoðun og sinni sannfæringu gagnvart ægivaldi flokksins sem hann, eins og einhver hv. þm. orðaði það hér áðan, þó telst enn til.

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, þorski á Íslandsmiðum verður ekki útrýmt með veiðiskap á króka. Þar hygg ég að þm. hafi kannske fyrst og fremst átt við handfæraveiðar og raunar er hægt að flokka línuveiðar þar undir líka.

Ég gat ekki annað heyrt en að hæstv. sjútvrh. hefði misskilið tilgang þeirra tillagna sem hér eru til umr. til breytinga á frv. Hafi ég tekið rétt eftir skildist mér að hæstv. ráðh. talaði um að við legðum hér til að aðilar á þessum stöðum fengju minna aflamagn en þeir hefðu búið við á árinu í ár með því að auka það um 15—20% frá þeim meginreglum sem koma til með að gilda um kvótaskiptinguna. Hér er verið að leggja til umframveiðar, að sjálfsögðu aukið aflamagn, meira magn úr sjónum sem nemur þessu, til þeirra staða sem hér eiga hlut að máli.

Það er því víðs fjarri, a. m. k. að mínum skilningi, að þessi brtt. okkar sé um það að minnka aflamagn þessara skipa frá þessum svæðum. Þar gætir verulegs misskilnings af hálfu hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. veit það gerla að um það eru mjög skiptar skoðanir hvað menn telja skynsamlegt að veiða mikið af þorski á næsta ári. Þessi till. okkar er um það að bæta 15—20% ofan á það sem menn eru nú að tala um og að láta það aflamagn koma á þau svæði sem þurfa fyrst og fremst á því að halda og eru þannig í sveit sett að mikill meiri hluti vinnandi fólks á þessum stöðum byggir afkomu sína á þessari atvinnugrein. Um það snýst málið.

Ég geri ráð fyrir því að í velflestum sjávarplássum

eða byggðarlögum úti á landsbyggðinni þar sem útgerð og fiskvinnsla er stunduð sé vinnuaflsprósentan í þeirri grein talsvert langt fyrir ofan það sem við erum hér að tala um, 35%. Það kæmi mér ekki á óvart að á mörgum stöðum væri þessi prósenta vinnandi fólks við fiskveiðar og fiskvinnslu a. m. k. 50—60% og þaðan af meira. Það er því ekkert lítið í húfi fyrir það fólk sem þessa staði byggir að tekið sé tillit til þessara sjónarmiða þegar verið er að tala um stjórnun í þessum mikilvæga málaflokki og þessari mikilvægu atvinnugrein á komandi ári. Ég vil hér með enn og aftur ítreka það að hér er verið að leggja til aukningu á aflamagni og hún á að skila sér á þá staði sem fyrst og fremst þurfa á því að halda, þannig að það fari ekkert á milli mála.

Mér heyrðist á hæstv. sjútvrh. að það væri hans álit — og þá byggt á skýrslum frá félmrn., vinnumáladeild þess væntanlega — að lítið sem ekkert atvinnuleysi hefði verið á landinu á yfirstandandi ári. (**Sjútvrh.:** Á Vestfjörðum.) Á Vestfjörðum sérstaklega, já. Það kann að vera rétt að hluta til hjá hæstv. ráðh., hann undanskildi þó held ég Patreksfjörð. Ég hygg að þó að ekki hafi verið um beint atvinnuleysi að ræða hafi takmörkun veiðanna orðið til að draga verulega — ég segi verulega — úr tekjumöguleikum ekki síst sjómanna, fiskvinnslufólks og möguleikum fyrirtækjanna, sem hér eiga hlut að máli, til að standa undir eðlilegum þætti í rekstrinum, sem er launakostnaðurinn og kaupið. Fyrir utan hitt að þegar þetta allt kemur saman hefur þessi þáttur ekki hvað síst auk annarra þátta stjórnarstefnunnar orðið til þess að hrekja fólk svo hundruðum skiptir frá þessum byggðarlögum, á það svæði sem við erum nú staddir á.

Og það er kannske ekki sísti þátturinn í þessu máli, hvert stjórnarstefnan og þá ekki síst til hvers sú stefna í fiskveiðum og fiskvinnslu, sem innleidd var á s. l. hausti fyrir um ári síðan og hér á að endurnýja, er að leiða með gífurlegum fólksflutningum frá sjávarplássunum á landsbyggðinni á þéttbýlið hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Eg trúi því ekki að það sé ekki áhyggjuefni stjórnvalda hvernig þessi mál standa nú, hinir gífurlegu fólksflutningar utan frá sjávarplássunum hingað á þetta svæði sem þýða bara eitt og sér hraðminnkandi þjóðartekjur og gjaldeyrisöflun, því að svo augljóst má það vera öllum að fækkun í framleiðslugreinunum, framleiðsluþáttunum, fjölgun í þjónustunni, leiðir til minnkandi þjóðartekna, minnkandi framleiðslu.

Þó svo að einhverjir telji að á þessu ári hafi Vestfirðir sloppið er ástæða til að líta til fleiri átta. Hvað gerðist ekki á Snæfellsnesinu á s. l. vori. Þess voru dæmi að bátar voru búnir með kvótann að ég hygg í apríl, byrjun maí og þess var líka dæmi vestur á fjörðum. Ekki getur þó hæstv. sjútvrh. með þessum sjónarmiðum sínum og tali haldið því fram að ég sé hér fyrst og fremst að hugsa um Vestfirði eins og mér þó fannst æði oft bera á í máli hæstv. ráðh. Hér er um sameiginlegt hagsmunamál allra þeirra staða á landinu að ræða sem byggja afkomu sína að verulegu leyti — tala nú ekki um öllu — á þessari atvinnugrein. Þar skiptir ekki meginmáli hvort um er að ræða Vestfirði, Austfirði — (Gripið fram í.) Það er þá kominn tími til fyrir hæstv. ráðh. að honum fari að detta eitthvað skynsamlegt í hug og hefði mátt vera fyrr.

Ég tók mál hæstv. sjútvrh. svo hér áðan að það væri yfirlýsing af hans hálfu, að ekki kæmi til greina að hafa handfæraveiðar og línuveiðar utan kvóta. En ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðh. og vil gjarnan fá um það upplýsingar og ég tel það nánast skyldu hæstv. ráðh. áður en honum er fengið þetta ægivald sem hann er eftir að óska — ég vil ekki láta hann hafa það en hann trúlega fær það þrátt fyrir það — að upplýsa þingheim um það hvort hann sem endanlega ræður ætlar að taka tillit til sameiginlegra óska allra nm. í sjútvn. Ed. um að gefa línuveiði frjálsa að 50% þann tiltekna tíma sem þar er um að ræða.

Mér finnst það nánast skylda hæstv. ráðh. að upplýsa okkur um það hvaða meiningar hann hefur í þessu. Það má vel vera að það komi einhver viljayfirlýsing frá hæstv. ráðh. um að slaka hér á klónni þó ekki verði tekið skrefið allt í einu. Þá væri meira að segja hugsanlegt að við gætum að því leytinu átt samleið ég og hæstv. ráðh. Því að hvað sem líður því að þessi mál verði borin undir hagsmunaaðila, sjútvn. beggja deilda þingsins, þá er það eigi að síður ráðh. sem endanlega ákvarðar. Því skulu menn ekki gleyma og þess vegna er eðlilegt að hann sé spurður: Hver er hans vilji? Hæstv. ráðh. er búinn að tala hér tvisvar í kvöld og það liggur ekkert fyrir af hans hálfu, a. m. k. hef ég ekki skilið hans mál neitt á þann veg að hann hyggist breyta hér til til rýmkunar.

Þetta er nauðsynlegt að mínu viti að fá fram. Mér er það alveg ljóst að það er kannske til of mikils mælst að hæstv. ráðh. geti fallist á að taka svona stórt skref í einu frá stýringunni, lítið skref frá þessari heljarstjórnun hæstv. ráðh. væri í áttina til hins betra. Hæstv. ráðh. sagði áðan varðandi t. d. trillubátana, sem menn hafa hér mikið talað um eðlilega, að þeir yrðu að búa við einhverja stjórnun. Hvaða stjórnun, hvað þýða þessi orð? Ég verð að segja að mér finnst það nánast móðgun við okkur, sem hér sitjum og viljum taka þátt í umr. um þetta mál og hlýða á sjónarmið annarra, ef hæstv. ráðh. fæst með engu móti til að tjá sig um hvað hann hyggst fyrir í þessum efnum. Ég vil bæta því við og vekja athygli hæstv. forseta á því að mér finnst það líka móðgun við hæstv. sjútvrh. að enginn af hans samráðherrum skuli treysta sér til að vera við umr. um jafn stórt og mikilvægt mál og þetta og hversu fáir stjórnarliðar treysta sér til að hlýða á málflutning hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Það gengur einn í salinn.) Já, það er rétt þá að leiðrétta, hæstv. félmrh. er hér viðstaddur. (**AS:** (Búinn að vera í allt kvöld og iðnrh. líka.) Þá verður það leiðrétt hér. Hæstv. iðnrh. hefur nú ekki sést hér síðustu stundirnar en kannske er hann í húsinu. (**AS:** Hann heyrir nú í þér.) Það er ekki víst að hann heyri í ráðh. Ég tek undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram í kvöld og raunar áður oft, að það var mikil ólga í þau þrjú skipti, ef ég man rétt, sem veiðar smábáta voru stöðvaðar. Og ég held að menn komist hjá ýmsum óþægindum, tala nú ekki um að menn geti losað sig úr viðjum þessarar miðstýringar að einhverju leyti, með því að slaka a. m. k. á að því er varðar trillukarlana eins og menn orða það hér margir.

Ég er ekki hér, eins og mér fannst hv. þm. Stefán Guðmundsson vera að ýja að, að tala um þá sem eru með þetta upp á sport, á sportbátum. Það er hugsanlegt að mínu viti að setja einvörðungu kvóta á þá báta, sportbátana, hafa hina fyrir utan. Það er vel athugandi og væri trúlega skynsamlegt í öllu þessu stjórnunarfargani sem menn vilja kalla yfir þessa atvinnugrein.

Mér finnst að hæstv. ráðh. skýli sér allt of oft á bak við hina svokölluðu ráðgjafarnefnd. Vissulega er það æskilegt í allflestum málum að leita til sérfróðra aðila, ekki síst í svo mikilvægu máli sem hér um ræðir. En það er auðvitað lágmarkskrafa að það sé ekki hvað síst leitað álits þingsins sjálfs og við fáum einhverja vitneskju um hvað hæstv. ráðh. hyggst fyrir áður en endanlega honum er fengið í vald það sem hann er hér að óska eftir. Mér þykir slæmt ef hv. þm. Stefán Guðmundsson er farinn úr salnum því að — (Gripið fram í.) Já, ekki er ég undrandi á því. Það var út af þeim ummælum sem hv. þm. viðhafði þegar hann kallaði fram í varðandi drögin að reglugerðinni. Mér finnst alveg undarlegt ef þau hafa verið ákvörðuð sem trúnaðarmál og mættu helst ekki fara út fyrir sjávarútvegsnefndir deildanna, þm. utan þeirra nefnda hér í þinginu mættu helst ekki sjá slík drög að reglugerð. Hvað er verið að fela? Hvað er í þessum drögum að reglugerð sem við hinir óbreyttu þm. megum ekki sjá, sem erum fyrir utan sjávarútvegsnefndirnar? Ég vildi gjarnan vita það allt. Kannske hefði maður ekki þurft að spyrja hæstv. ráðh. svo margra spurninga, hefði drögum að slíkri reglugerð t. d. verið dreift meðal þm. Ég hef enga trú á því að hér sé um slík leyndarmál að ræða að ekki sé hættulaust með öllu að leyfa okkur, sem erum fyrir utan sjútvn., að sjá þetta.

Ég ítreka síðan, herra forseti, að mér er það óskiljanlegt með öllu hvað hæstv. ráðh. sækir það stíft að fá það ægivald ofstjórnar sem hér er búið að innleiða og á að endurnýja á komandi ári. Og ég ítreka enn og aftur, það er jafn óskiljanlegt í mínum huga og hið fyrra, að Sjálfstfl. skuli vera í fararbroddi fyrir slíkri ofstjórn og miðstýringu. Það hefði einhvern tíma þótt tíðindum sæta að þm. þess flokks hefðu vart vatni haldið í ákafanum yfir því að veita ráðh. úr Framsfl. slíkt vald. Öðruvísi mér áður brá, mætti segja um þann þátt málsins og verður hann nánast aldrei skiljanlegur í ljósi þess hvernig sá flokkur, Sjálfstfl., var uppbyggður og í ljósi þeirrar stefnu sem hann hafði, þó að núv. formaður flokksins, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, segi að sú stefna sé sú sama og hún hafi verið frá upphafi. Trúi hver sem trúa vill.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er satt að segja dapurlegt að mál eins og þetta stóra mál skuli aldrei fá umfjöllun hér á Alþingi með eðlilegum hætti á eðlilegum fundartíma þingsins og aftur og aftur skuli það gerast að málið er svo seint fram komið frá hæstv. ríkisstj. að það verði að taka næturfundi í það að ræða þetta stóra mál, úrslitamál um afkomu þjóðarinnar, sem er sjávarútvegurinn, meginuppspretta þeirra auðæva sem þjóðin byggir líf sitt á. Þetta er þeim mun alvarlegra sem hér er á ferðinni mál sem felur í sér valdaafsal Alþingis sem er einsdæmi í löggjöf að öðru leyti. Það er verið að fela einum manni meira vald í sjávarútvegsmálum en nokkur dæmi eru til um að ráðherrar hafi á öðrum sviðum.

Það er athyglisvert að þegar þessi umr. fer fram sést ekkert af hæstv. ráðherrum, nema rétt maður og maður af þessum 10 mönnum sem sitja í ráðherrastólum, og það er athyglisvert að stærsti þingflokkurinn hefur varla komið við sögu í umr. í kvöld eða í nótt um þetta mál í hv. Nd. Þessi flokkur, sem heitir Sjálfstfl. og á víst enn þá 23 þm. á Alþingi sem er allt of mikið og stendur vonandi til bóta, hefur ekki svo mikið sem látið sjá sig í þessum ræðustól fyrir utan hæstv. annan varaforseta deildarinnar sem kom hér í kvöld og flutti ræðu og reif málið niður svo að segja í smáatriðum, en lýsti samt stuðningi við það að lokum. Þetta er ósköp svipað og oft gerist með talsmenn ríkisstj. á síðustu vikum. Þeir segjast vera á móti flestu sem stjórnin gerir, en snauta svo til að styðja hana að lokum nauðugir og það átti við um þann eina þm. sem dirfðist að stíga í ræðustól úr þingliði Sjálfstfl. hér í kvöld. Sjálfstfl. er sem sagt sama um sjávarútvegsmál. Hann gerir ekki mikið með þau. Hann afhendir þau Framsfl. í heilu lagi og það heyrist ekki svo mikið sem tíst að mark sé takandi á í þessu efni af hálfu forráðamanna Sjálfstfl. Nm. Sjálfstfl. í sjútvn. Nd. eru allir sofandi. Þeir leggja ekki upp í þennan stól. Hv. þm. Halldór Blöndal er nú annars býsna viljugur við að tala. (**GJG:** Orðvar maður.) Orðvar maður, segir hv. 7. þm. Reykv. Það eru vafalaust skiptar skoðanir um það hversu orðvar hann er, en hitt er að hann er margorður oft. Hann hefur í rauninni ekki haft neitt til málanna að leggja í sjávarútvegsmálum í kvöld eða í nótt utan innskot upp úr jólakortaskriftum sínum við skrifaraborðið áður en hann hvarf af vettvangi og hefur ekkert síðan til hans spurst.

Hv. varaformaður Sjálfstfl., sá sem vildi koma formanninum á stallinn sællar minningar í Seltjarnarnesræðunni frægu, er í sjútvn. Hann sést ekki. Og heldur hann þó glaður ræður á Seltjarnarnesi eins og kunnugt er þegar minna liggur við en í þessum stóra málaflokki þó að honum sé það hugleikið að koma formanni sínum á stall. Er ekki líka í sjútvn. hv. 2. þm. Reykn.? Man ég það ekki rétt? Gunnar Schram mundi hann heita. Ég man ekki betur en að hann sé þar. Það hefur ekkert til hans spurst á þessari nóttu. Enginn veit hvar hann er. Sjálfstfl. virðist ekki hafa nokkurn mann í ríkisstj. eða sjútvn. sem hefur snert af áhuga á þessu máli. Þó var það þannig fyrr á öldinni að Sjálfstfl. átti hér á Alþingi fjölmarga talsmenn sjávarútvegsins. Í því sambandi má nefna Ólaf Thors, fyrrv. formann Sjálfstfl., sem gegndi því starfi um áratuga skeið. Eftirmenn hans í forustu Sjálfstfl., hvort sem þeir eru á stalli eða ekki, láta sér þennan málaflokk í léttu rúmi liggja. Og er þá hætt við að þau hin smærri málin hljóti litla athygli hjá þessu liði þegar stórmál af þessu tagi synda hér í gegn án þess að þessir menn svo mikið sem tísti hér úr ræðustól á Alþingi og nenna ekki að vera við umr. Væri nú ráð ef hæstv. forseti vildi hlutast til um að það yrði kannað hvort einhverjir sjálfstæðismenn hér í húsinu eru enn vakandi vegna þess að það væri vissulega mikið skemmtilegra að eiga orðastað við þá viðstadda en fjarstadda. Þætti mér vænt um ef hæstv. forseti vildi ýta á bjöllu þá sem hann hefur í forsetaborðinu og kannaði hvort þingverðir vildu ekki leita að eins og einum vakandi sjálfstæðismanni, vegna þess að ég skil það að hæstv. forseti á erfitt með að komast hér í ræðustólinn meðan hann situr í forsetastól. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta að kannað verði hvort það eru til vakandi sjálfstæðismenn hér í húsinu þó það væri ekki nema svo sem eins og einn. (**Forseti:** Hæstv. forseti getur tekið það verk að sér að hlusta fyrir hönd Sjálfstfl.)

Hæstv. forseti ætlar að taka það að sér að hlusta fyrir hönd Sjálfstfl. Það er út af fyrir sig virðingarvert að hann taki þann kross á sig að hlusta fyrir þennan flokk sem nennir ekki að sinna sjávarútvegsmálum. En það

dugir ekki í þessu tilfelli, hæstv. forseti, vegna þess að forsetinn á erfitt með að komast í ræðustól til að svara fyrir flokk sinn hér í umr. meðan hann situr í forsetastól. Ég virði það mjög við forseta að hann skuli ætla að taka að sér að hlusta fyrir hönd Sjálfstfl. Mér þykir vænt um að það skuli vera einhver skilningarvit á vegum þess flokks hér í salnum núna. Mér þykir vænt um það og ég met það mikils við forsetann að hann skuli taka það að sér að hlusta, ekki aðeins sem forseti og hlutlaus embættismaður Alþingis heldur einnig sem sjálfstæðismaður, þar sem hann nú situr. Hitt þætti mér miklu vænna um ef þeir yrðu vaktir, einhverjir af þeim sjálfstæðismönnum sem kunna að finnast hér í húsinu enn þá. En þeir eru kannske allir sofandi. Það gæti verið skýringin að hæstv. forseti hefði meðlíðun með flokksbræðrum sínum og vildi leyfa þeim að lúra þangað til þeir verða teknir í handaupprettinguna á eftir. Þá verða þeir ræstir, sjálfstæðismennirnir, þegar á að fara að láta þá rétta upp hendur hér á eftir með þessu þjóðnýtingarfrv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálum. Þá mæta atkvæðavélarnar úr Sjálfstfl. ein af annarri og rétta syfjandi upp höndina með þessu valdaafsali til Framsfl. Það er reisn yfir þessu liði, þessum köppum, þessum talsmönnum atvinnurekstrarins í landinu, einkum einkarekstrarins. Það er reisn yfir þessum mönnum sem vilja beita sér fyrir nýsköpunarátaki í atvinnulífinu, eins og hv. 1. þm. Suðurl. Þetta eru miklir kappar sem þjóðin — hluti hennar — hefur kosið sér á Alþingi. Það verður gaman að sjá hvort þeir drattast þá til að greiða hér atkvæði á eftir og hvort þeir hafa meðvitund til að greiða atkvæði eins og til er ætlast af þeim. Ætli þeir sofi með handjárnin þannig að þeir greiði nú örugglega atkvæði eins og hæstv. sjútvrh. hefur skipað þeim að gera? Ætli þeir lúri hjá handjárnunum sínum? Það kemur í ljós hér á eftir.

Það þýðir svo sem ekki mikið að eiga orðastað við Sjálfstfl. meðan hann er allur steinsofandi á tvist og bast í húsinu. Þó væri gaman að velta því fyrir sér hvernig það einkaframtak lítur út sem Sjálfstfl. er að beita sér fyrir í landinu um þessar mundir. Eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson rakti hér í kvöld eru veiðarnar skipulagðar að ofan, miðstýrðar eins og það heitir. Það er mjög vont orð, miðstýrður, þegar það er sagt um okkur í Alþb., það er afskaplega vont orð og minnir á ýmislegt ljótt á vissum stöðum á jarðarkringlunni. Veiðarnar eru miðstýrðar, verðlagið er miðstýrt — í Verðlagsráði sjávarútvegsins — og útflutningur á sjávarafurðum er líka miðstýrður vegna þess að það fer allt í gegnum leyfi úr viðskrn. (**Gripið fram í:** Þeir hafa gleymt því.) Þeir hafa gleymt því? (**GE:** Ég hafði gleymt því.) Hv. þm. hafði gleymt því, en ég var í því að veita þessi leyfi hérna fyrr á öldinni. Það er þess vegna sem ég man eftir þessu. — Það er því alls staðar í sjávarútveginum þar sem þetta alltumfaðmandi vald kemur við sögu. Það má ekki draga svo fiskkvikindi upp úr sjó að það þurfi ekki að spyrja um leyfi allra náðarsamlegast: Hæstv. sjútvrh., má ég draga upp þennan fisk? Er hann í kvóta eða ekki? Og ef fiskurinn er ekki í kvóta og komið yfir kvóta eru varðskipin send á eftir bátskelinni. Í sumar var Landhelgisgæslan önnum kafin við það að hundelta trillubáta og hafði ekki tíma eða aðstæður til þess að sinna eðlilegum verkefnum sínum af þeim ástæðum. Forstjóri Landhelgisgæslunnar kom á fund okkar hv. þm. Ólafs Þórðarsonar í sumar og bar sig mjög upp undan því hvað erfitt væri orðið og tímafrekt verkefni fyrir Landhelgisgæsluna að vera að renna á eftir bátskeljum hér og þar í kringum landið.

Þegar á að verðleggja fiskinn er það ákveðið af miðstýrðu valdi, Verðlagsráði sjávarútvegsins, og er það að mörgu leyti skynsamlegt kerfi að mínu mati. En það fer lítið fyrir þessum einkaframtaksmönnum þegar kemur að máli af þessu tagi. Þeir gera ekki vart við sig, þeir sofa með handjárnin sín einhvers staðar úti í bæ, tísta ekki einu sinni. Og þegar kemur að því að flytja út fá þeir stimpil hjá hæstv. viðskrh., þannig að þeir eru stimplaðir í bak og fyrir af því kerfi sem þeir sjálfir þykjast vera að berjast á móti.

Hin gífurlega ofstjórn í þessum málaflokki, sem nær hápunkti með þessu frv. og kvótalögunum, hlýtur að vekja alvarlegar umr. á hv. Alþingi og einnig úti í þjóðfélaginu. Ég held hins vegar að umræðan úti í þjóðfélaginu um þessi mál sé allt of lítil. Umræðan í þeim byggðarlögum þar sem fjölmiðlarnir eru aðallega, Reykjavík t. d., er mjög lítil.

Sérstaka ástæðu tel ég til að fagna því, herra forseti, að nú gengur í salinn hæstv. iðnrh., 3. þm. Austurl., og er hann fyrsti sjálfstæðismaðurinn fyrir utan hæstv. forseta sem hefur sést nokkurn veginn vakandi í þessum sal nú um skeið. Þá kemur skrifari deildarinnar líka, sennilega búinn að skrifa jólakortin og búinn að koma þeim í umslög. Er það til marks um að þeir félagar hafi rumskað og að þeir vilji taka þátt í umr. um hvernig Sjálfstfl. er að leika sjávarútveginn í landinu, afhenda Framsfl. það miðstýringarvald sem hér hefur verið rætt um í kvöld. Er athyglisvert að þessir kappar eru nú risnir og komnir í salinn. Þá eru tveir á áheyrendapöllum og ættu að vera þar sem oftast og verður svo sjálfsagt eftir næstu kosningar að þeir láta sér nægja að vera á áheyrendapöllunum. Nú ættu þeir að reka af sér slyðruorðið og ræða um stöðu sjávarútvegsins með tilliti til þróunar einkaframtaksins og nýsköpunar í atvinnulífinu á Íslandi. Geri ég ráð fyrir því að hæstv. forseti sé tilbúinn til þess að skrá þá á mælendaskrá þegar hann er ekki lengur sá eini sem hlustar fyrir hönd Sjálfstfl., en það voru einu skilningarvitin fyrir hönd þess flokks hér í deildinni í kvöld sem hæstv. forseti lagði til. Sjálfstfl. sá ekki ástæðu til þess að senda hingað fulltrúa sína né heldur að taka þátt í umr. Þetta er nú áhuginn á sjávarútvegsmálum í Sjálfstfl. Hann er ekki meiri en þetta. Og hefur þar margt breyst frá því fyrr á öldinni þegar þar voru menn sem lögðu áherslu á að sinna þessum málaflokki sérstaklega. Um þetta er ástæða til að ræða, herra forseti, vegna þess að orðin eru kaflaskipti í sögu Sjálfstfl., sem hefur talið sig vera málsvara einkaframtaks hér í þessu landi, og er hann orðinn ásamt Framsfl. harðasti miðstýringarflokkur í landinu, og gleymi ég þá ekki Alþb.

Hér hefur nokkuð verið rætt um þessi mál á undanförnum dögum. Þetta mál kom til meðferðar í hv. Nd. 14. des. og þar er mér hugleiknust ræða sem hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, flutti. Hann benti á að frv. mætti orða á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ráðh. fer með sjávarútvegsmál og setur hann reglugerð um framkvæmd þeirra allra."

Þetta var tilvitnun í einn af þm. Framsfl., hv. þm. Ólaf Þórðarson. Í þessari ræðu rökstuddi hv. þm. Ólafur Þórðarson mjög vel þetta atriði sérstaklega og tók sér í munn orð sem þættu kannske stóryrði úr

mínum munni um pólitískan andstæðing minn. Ég verð að segja að mér finnst að hæstv. sjútvrh. skuldi deildinni svar við þessum orðum.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði enn fremur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. er ljóst hvílík hringavitleysa þessi ráðstöfun var, hvílík valdníðsla fólst í því að framkvæma þetta á þennan veg."

Þetta eru óbreytt orð þm., valdníðsla, og ég veit að þau eru mælt af alvöru en engum galgopaskap af hv. þm. Honum er mikið niðri fyrir í þessu máli og hann vill undirstrika viðhorf sín með þessum hætti. Ég vil benda á að hæstv. sjútvrh. hefur enn þá ekki svarað þessum orðum hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Er hann ekki svaraverður, hæstv. sjútvrh.? Hvernig stendur á því að hæstv. sjútvrh. svarar mönnum úr Alþfl. og Alþb. — að vísu heldur illa en gerir þó tilraunir til þess — en þegar hv. þm. Ólafur Þórðarson ber fram mál sitt af fullum þunga og alvöru er því í engu svarað af flokksbróður hans, hæstv. sjútvrh.?

Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. sjútvrh. svari í einhverju þeim gildu rökum sem fram hafa komið í máli hv. þm. Ólafs Þórðarsonar í þessum efnum. Það er rétt, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði fyrr í kvöld, að ekki er einfalt fyrir samflokksmann ráðh. að gagnrýna gjörðir ráðh. með þeim hætti sem hann hefur gert hér í þessum umr. En þeim mun meiri ástæða er til þess að hæstv. ráðh. virði flokksbróður sinn viðlits og svari í einhverju þeim rökum og málflutningi sem hann hefur haft hér í frammi. Það hefur ekki gerst.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara mjög ítarlega yfir þá ræðu sem hv. 5. þm. Vestf. flutti hér 14. des., en ég vil leyfa mér að svara í fáeinum orðum lokasetningunum í ræðu hans. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil vekja athygli á að sú stjórnarandstaða sem hér er hefur talað talar gegn kvótakerfinu. En hver er alvaran á bak við þann málflutning? Jú, alvaran er sú að mönnum er meira í mun að semja um að komast í jólafrí en að standa á þeirri meiningu sinni að þetta kerfi sé rangt. Mönnum er meira í mun að stytta mál sitt til að hraða afgreiðslu þess í gegnum þingið á sama tíma og með vörunum berjast þeir gegn því. Er trúverðug sú afstaða?"

Síðan kemst hv. þm. þannig að orði að afstaða stjórnarandstæðinga í þessu efni sé í rauninni merkingarlaus.

Það er vandi fyrir stjórnarandstöðu á hverjum tíma að láta það koma fram með hvaða hætti hún vill leggja áherslu á mál. Það er ekki einfalt. Í þeim efnum eru auðvitað margar leiðir til mismunandi eftir því hvaða mál eru á ferðinni og hvernig þau ber að. Ég leyfi mér þó að fullyrða að í málflutningi margra þm. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað í dag og einnig um málið á síðasta þingi, kemur fram að mínu mati mikil alvara. Hins vegar tel ég að ákveðinn hópur manna hér á hv. Alþingi sé alveg sérstaklega alvörulaus í þessu máli. Þann hóp er ekki að finna fyrst og fremst í liði stjórnarandstæðinga. Þann hóp er að finna í liði þeirra stjórnarþm. sem eru á móti málinu, en láta handjárna sig eins og druslur í þessu máli í annað sinn á þessu þingi. Ég hef talað við fjölda stjórnarþm., bæði úr Sjálfstfl. og Framsfl., og þar kemur greinilega fram að þessir þm. ganga fullkomlega nauðugir til þessa verks. Ég held þess vegna að ef eitthvað er alvöruleysi sé það að láta beygja sig með þessum hætti.

Á síðasta þingi bar mál brátt að og margir höfðu sömu rök og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason og hæstv. ráðh. Matthías Á. Mathiesen. Þeir höfðu þau rök í málinu að þetta kerfi væri sett á í tilraunaskyni í eitt ár. Nú er liðið þetta heila ár. Og hvað hafa þessir þm. og ráðh. Sjálfstfl. t. d. gert til að breyta kerfinu fyrir árið 1985? Hvar hafa þm. Sjálfstfl. lyft litla fingri í þeim efnum eða aðrir þeir stjórnarþm., fyrir utan hv. þm. Ólaf Þórðarson, sem hafa eitt og annað við þessi mál að athuga? Ef alvöruleysi er til í þessu máli finnst það hjá þeim mönnum sem taka ekki þingmannsheiður sinn hátíðlegar en svo að þeir láta þetta úrslitamál hér yfir sig ganga í annað sinn án þess að hafa notað tímann frá í fyrra til að laga eitt né neitt. Það er næstum því átakanlegt þetta tíst sem kemur frá sjálfstæðismönnum úr Ed., er þeir eru að reyna að bjarga sér á floti í þessu máli. Þetta er alvöruleysi, þetta er virðingarleysi fyrir umbjóðendum sínum í fyrsta lagi og í öðru lagi virðingarleysi fyrir því starfi sem það er að vera fulltrúi á Alþingi Íslendinga. Ég ásaka þessa menn um alvöruleysi.

Það hefur komið fram í umr. í kvöld og í nótt að hæstv. sjútvrh. neitar að gefa undir fótinn með það að línan verði, a. m. k. að hluta til, tekin út fyrir kvóta umfram það sem er á þessu ári og hann hefur algjörlega hafnað því að trillurnar verði teknar út fyrir kvóta. Ég vona að í ráðgjafarnefndinni og í því samráði sem hæstv. ráðh. hefur við sjútvn. þingsins verði hægt að hafa áhrif í þessa veru til móts við tillögur þriggja þm. í hv. Nd.

Ég met það nokkurs út af fyrir sig að haft skuli vera samráð við sjútvn. þingsins og ég ætla ekki að gera lítið úr því. Hv. þm. Guðmundur Einarsson er einn nm. í sjútvn. Nd. Hann gerði satt að segja ekki ýkjamikið úr þessu samráði hér í kvöld og er sá eini af þm. úr sjútvn. sem hafa gagnrýnt það. Ég held að þessu samráði þurfi að haga öðruvísi. Ég held t. d. að það sé ekki alveg nóg í þessu efni að kalla á sjútvn. vegna þess að sjónarmiðin í þingflokkunum eru iðulega skipt í þessum málum, ekki aðeins í Framsfl. eins og hefur komið fram hér í kvöld og í nótt heldur hefur það einnig gerst t. d. í Alþb. Ég held að það eigi að opna farvegi fyrir skoðanaskipti á milli þessara aðila þannig að það sé ekkert gert til þess að útiloka gild sjónarmið þó að þau séu í minni hluta í hverjum þingflokki. Ég held að þingflokkakerfið sé til margra hluta brúklegt, en ég vara við því að meiri hl. í öllum þingflokkum setjist á gild sjónarmið minnihlutaaðila sem túlka viðhorf sem eru kannske ríkjandi í heilu landshlutunum þar sem sjávarútvegur í þessu tilviki er undirstöðu- og úrslitaatvinnugrein.

Ég man ekki eftir því hversu margir fulltrúar úr Vestfjarðakjördæmi eru í sjútvn. Ætli það sé nokkur? Það ætti kannske að duga þeim Vestfirðingum að hafa tvo menn í ríkisstj. (**Gripið fram í:** En Karvel?) Hann er ekki í sjútvn., er það? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, hann er það ekki. Alþfl. á ekki mann í sjútvn. Nd. Það er ekki verið að tala hérna um kjördæmasjónarmið. Það ætti kannske að hjálpa þessu byggðarlagi að eiga tvo ráðh. í ríkisstj. Það hefur dugað skammt í þessu máli. Þeir hafa verið víðs fjarri í þessu máli, að því er virðist, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh.

Ég vil segja í fullri alvöru að ég met mikils viðleitni sjútvrh. til að hafa samstarf við sjútvn. þingsins, en ég held að það þurfi að skapa farvegi fyrir þau sjónarmið

sem hér eiga talsmenn án þess að þeir hafi fulltrúa í sjútvn. Ég er þar að hugsa um þm. Vestfirðinga t. d. alveg sérstaklega, þar sem viðhorfin í þessum málum hafa verið dálítið önnur en annars staðar á landinu. Það er fyrir neðan allar hellur, að mínu mati, að ætla sér að bera þessi sjónarmið ofurliði með því einu að fulltrúar viðkomandi byggðarlags séu í minni hluta í eigin þingflokkum. Ég gagnrýni það fyrirkomulag.

Hér hefur nokkuð verið minnst á ráðgjafarnefnd í sjávarútvegi og hæstv. ráðh. hefur vitnað til hennar og fleiri. Ég tel að í þessa ráðgjafarnefnd vanti a. m. k. einn hóp fólks. Það er fiskverkunarfólkið. Það á þar ekki sérstakan fulltrúa. Ég teldi að það væri mjög til að bæta stöðuna í þessum málum ef t. d. Verkamannasamband Íslands tilnefndi mann í þessa ráðgjafarnefnd. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Hefur hann eitthvað á móti því eða er hann tilbúinn til að samþykkja að t. d. Verkamannasamband Íslands fyrir hönd fiskverkunarfólks í landinu tilnefndi mann í þessa ráðgjafarnefnd? Ég teldi að það væri strax til verulegra bóta. Þá spurningu vil ég hér skilja eftir handa hæstv. ráðh.

Hæstv. sjútvrh. hafnaði því hér í kvöld að trillur yrðu teknar út fyrir kvóta. Rök hans voru þau: Andi laganna er sá að allir verði fyrir skerðingu. Það verður að vera stjórnun. Stjórnun verður að vera, sagði hæstv. sjútvrh., rétt eins og það væri orðið markmið í sjálfu sér. Í frægri bók segir ein sögupersónan á einum stað: „Agi verður að vera.“ **(Gripið fram í:** Hann sagði það oft.) Og oft. Þau orð komu mér í hug þegar hæstv. sjútvrh. sagði: Stjórnun verður að vera. — Þá bók mætti hann gjarnan lesa þá daga sem gefast núna í jólaleyfi þm.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. mjög, en vekja athygli á nokkrum atriðum sem ég gleymdi þegar ég talaði fyrr í kvöld.

Hæstv. sjútvrh. las upp úr atvinnuleysisskýrslum og þar kom fram að á Vestfjörðum hafði atvinnuástand verið gott skv. þeim gögnum. Þetta rengi ég ekki. Þar sem menn vinna 60 tíma á viku getur orðið um mikinn samdrátt að ræða áður en kemur að því að þeir vinni ekki 40 klst.

En það eru fleiri mælistikur á það atvinnuástand og þann efnahag sem ríkir en það hvort atvinnuleysisskýrslur beri þess vitni. Hvernig er ástandið með uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum? Hver er staðan? Það er kyrrstaða í þeim málum. Aðeins örfá íbúðarhús eru í byggingu um alla Vestfirði.

En þetta á ekki einungis við um Vestfirði, heldur stóran hluta af landinu. Þó er ekki minna byggt í þessu landi en á árinu á undan. Hvað hefur gerst? Jú, vegna þeirrar ákvörðunar að fara ekki þá leið sem hæstv. sjútvrh. taldi rétt á haustmánuðum hefur skapast sú mismunun í þessu landi, það jafnvægisleysi, að landsbyggðin sem slík hefur verið stoppuð af. Það þurfti samræmda atvinnustefnu í uppbyggingu, en ekki að standa þannig að málum að kvótakerfið með sitt innbyggða atvinnuleysi réði hér ríkjum. Verði það framkvæmt eins á næsta ári mun það þýða það sama fyrir landsbyggð þessa lands.

Ég hygg að margt bendi til þess að óhætt sé að veiða meira á Íslandsmiðum á næsta ári og þar horfi ég mest á ástand sjávar. Hitinn í sjónum er 6—8° meiri fyrir vestan og norðan land en var þegar kaldast var. Hvaða áhrif hefur þetta? Lífið í sjónum er miklu meira.

Hér hefur verið talað um að ekki sé raunhæft að gefa handfæraveiðar frjálsar og línuveiði. Ég hygg nú samt að innan veggja sjútvrn. séu menn sem hafi hugleitt það í fullri alvöru hvort ekki væri einmitt skynsamlegt að gera slíkt. Og það er eitt af því sem komið hefur fram með kvótakerfið, að það nær ekki eins miklu að landi og þó var búið að ákveða að veiða af vissum fiskitegundum.

Herra forseti. Ég ætla að vitna örlítið í Íslandssöguna. Það er búið að kenna það frá þeim tíma að við fengum sjálfstæði að ofstjórnin á einokunartímanum hafi verið að drepa niður alla dáð í þessu landi. Eitt af þeim dæmum sem þar hafa verið nánast skyldulesning var að Hólmfastur nokkur drýgði þann glæp að selja — ekki þeim kaupmanni sem hann var skyldugur til að selja — fimm fiska. Hann seldi þá röngum aðila. En það er svo komið að þetta dæmi er úrelt. Rækjusjómenn á Vestfjörðum sitja uppi með sömu skylduna og Hólmfastur forðum, að þeim ber að selja ákveðnum aðila þessa rækju, hvort sem hann vill kaupa hana eða ekki og hvort sem hann er reiðubúinn að greiða hana á þeim tíma sem honum ber eða ekki. Það er þó hvergi tekið fram í Íslandssögunni að sá kaupmaður sem átti að kaupa af Hólmfasti hafi verið fráhverfur viðskiptunum.

En það sem er meira. Gæti svo farið að við mundum upplifa það á því herrans ári 1985 að við tækjum okkur til og dæmdum einhvern af afkomendum Hólmfasts fyrir að veiða fimm fiskum meira en hann mátti á Íslandsmiðum?

Og enn spyr ég: Eru trúaratriðin orðin svo sterk með stjórnunina að menn telji að náist ekki agi yfir trillukörlunum, þá sé vonlaust mál að halda stjórn í veiðum á Íslandi? Það er nú svo að hóf er best og ég hygg að það verði stutt í fráhvarfið frá því bænaskjalakerfi sem við höfum tekið upp og virðumst trúa á og til þess að menn hugleiði að auka aftur það frelsi svo að við förum ekki yfir mörkin miðað við það sem við vorum með á einokunartímanum.

ATKVGR.

Brtt. 383,1 felld með 19:9 atkv.

Brtt. 383,2 felld með 20:9 atkv.

Brtt. 378 (1. mgr.) felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MF, GE, GJG, HG, JBH, KP, KMK, ÓÞÞ, SJS, SvG.

nei: FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, IG.

9 þm. (EH, EBS, GeirG, GA, GHelg, JS, KJóh, KH, RH) fjarstaddir.

Brtt. 378 (2. mgr.) felld með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, GE, KP, KMK, ÓÞÞ, SJS.

nei: FÞ, FrS, GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, IG.

HG, JBH, SvG greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EBS, GeirG, GA, GHelg, JS, KJóh, KH, RH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 20:8 atkv.

2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, frv. 233. mál (þskj. 307, n. 368, 369). — 2. umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu sem lagt hefur verið fram á þskj. 307. Hefur nefndin rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Tveir nm., hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson og hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir, hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Undir nál. skrifa þessir tveir hv. þm. enn fremur með fyrirvara.

Það fóru mjög ítarlegar umr. fram um þetta frv. fyrir nokkrum dögum í hv. deild. Hæstv. iðnrh. flutti ítarlega framsöguræðu og allmargir þm. tóku til máls um þetta mál. Ég segi fyrir mig að ég hefði kosið að hafa þetta frv. nokkuð á annan veg, enda liggja mínar skoðanir fyrir, bæði í umr. um verðjöfnunargjaldið hér áður fyrr og nú síðast í sérstöku nál. sem hefur verið lagt fram sem fskj. með þessu frv. Ég vil því ekki tefja tímann nú með því að gera grein fyrir því. En nefndin leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson: Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt við þetta frv. um verðjöfnunargjald af raforkusölu. Ég hef ritað undir frv. með fyrirvara ásamt Guðrúnu Agnarsdóttur og við höfum áskilið okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv.

Það má segja að sá kostur hafi verið til staðar að skila sérstöku áliti um þetta mál og til þess hafi verið í rauninni gild ástæða til að fylgja eftir þeim viðhorfum sem ég hef komið á framfæri við 1. umr. málsins. Þar gagnrýndi ég allharðlega þau vinnubrögð sem liggja að baki þessu máli af hálfu hæstv. iðnrh., bæði hversu seint málið er komið fyrir þingið og ekki síður hitt, hvernig ráðh. hefur hagað sínum yfirlýsingum um þetta mál og undirbúningi, og kemur nú á síðustu stundu með málið breytt aðeins að því leyti að verðjöfnunargjaldið er lækkað úr 19% í 16%, en hins vegar ekki tekin af tvímæli um það hvernig eða hvenær viðkomandi fyrirtækjum verði bætt það tekjutap sem um er að ræða. Ég tel mjög líklegt og ráðh. hefur raunar viðurkennt einnig í umr. um málið að svo geti farið, vegna lækkunar þessa gjalds m. a., að verðmunur aukist á nýjan leik á milli veitusvæða þeirra sem gjaldsins njóta og hinna sem við hagstæðust kjör búa í sambandi við raforkukaup til heimilisnota. Þetta tel ég vera hina háskalegustu stefnu, ef þróun yrði á þennan veg, og raunar í andstöðu við það sem flestir hafa talað fyrir, a. m. k. utan af landi sem kallað er. En það væri svo sem eftir öðru hjá núv. hæstv. ríkisstj. að sú öfugþróun hæfist einnig á þessu sviði og eru þau þá orðin fá, hagsmunamál landsbyggðarinnar, sem ekki hafa farið hraðfara niður á við í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Til að leitast við að koma í veg fyrir þessa þróun hef ég ásamt hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni flutt brtt. við frv. sem lúta að því í senn að hindra öfugþróun af því tagi varðandi gjaldskrár sem ég hef hér nefnt og að tryggt verði að fyrirtækjunum verði bættur tekjumissir strax frá byrjun næsta árs. Tillögurnar eru á þskj. 369. Það er í fyrsta lagi brtt. við 1. gr. um að 2. málsl. fyrri mgr. falli brott. Hann færist raunar yfir í 2. gr. sem orðist þannig:

„Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985 og skal því varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og til að draga úr verðmun á rafmagni til heimilisnota. Á árinu 1985 skal þess gætt að verðmunur á rafmagni vaxi ekki frá 1. desember 1984 á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í samanburði við gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur."

Og 3. brtt. er á þessa leið:

„Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:

Til að bæta Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða þann tekjumissi, sem hlýst af lækkun verðjöfnunargjaldsins úr 19% í 16%, skal ríkissjóður yfirtaka áhvílandi lán sem þessu nemur hjá fyrirtækjunum frá ársbyrjun 1985 að telja."

Þetta eru okkar brtt. við frv. og ég vænti að þær fái stuðning, svo sjálfsagt sem það virðist að koma í veg fyrir öfugþróun í sambandi við verðlagningu raforku og að ekki halli á ný undan fæti fyrir fjárhag þeirra veitufyrirtækja sem annast það erfiða verkefni að byggja upp og viðhalda raforkukerfunum í dreifbýli og selja þar orku til dreifðra notenda og búa þannig við allt önnur skilyrði en rafveitur í þéttbýli sem hafa tiltölulega auðveldan markað. Vissulega hefur Rafmagnsveitunum og Orkubúinu verið léttur nokkuð róðurinn á undanförnum árum, sérstaklega með því að upp var tekið jafnaðargjald á rafmagni í heildsölu snemma á árinu 1983 þegar lögin um Landsvirkjun gengu í gildi í breyttu formi og þar með það ákvæði að heildsöluverð á raforku skyldi vera eitt og hið sama eða gjaldskrá varðandi heildsölu á raforku yrði hin sama hvar sem er á landinu. Þetta var stórt hagsmunamál, ekki síst fyrir Orkubú Vestfjarða, þegar það náði fram. En þetta eitt dugir ekki. Dreifingin innan svæðanna og uppbygging kerfanna þar er erfitt viðfangsefni og kostnaðarsamt og því er óhjákvæmilegt, hvaða leið sem er valin, að gera þessum fyrirtækjum kleift að selja orkuna sem næst á sambærilegu verði við það sem gerist á helstu þéttbýlissvæðum landsins.

Ég ætla, herra forseti, ekki að orðlengja þetta frekar þar sem rök mín og hv. 2. flm. liggja fyrir úr ræðum við 1. umr. um þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja mikið umr. um þetta mál. Ég gerði grein fyrir minni afstöðu fyrr í umr. en eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram flyt ég hér brtt. ásamt hv. 5. þm. Austurl., till. sem er í anda þess sem mitt sjónarmið kom fram hér við fyrri umr. málsins.

Ég las einhvern tíma í viðtali sem haft var við hv. 11. landsk. þm. Egil Jónsson að ekki væri vanþörf á að gæta piltsins og átti þá við hæstv. iðnrh. Það má kannske segja að þessi tillöguflutningur okkar hv. 5. þm. Austurl. sé í líkum tilgangi, að reyna að tryggja að hæstv. iðnrh. fari ekki út af línunni enn frekar en orðið er til að ná fram því baráttumáli sínu, a. m. k. frá fyrri tíð, að reyna með einhverjum hætti að auka a. m. k. ekki muninn á orkuverðinu milli dreifbýlis og þess svæðis sem við erum á, heldur miklu frekar að minnka þann gífurlega mun sem er á milli þessara svæða.

Við fyrri umr. þessa máls kom m. a. fram af minni

hálfu að það væri engin trygging fyrir því í frv. við lækkun verðjöfnunargjaldsins úr 19% í 16% að þeim tveim orkusölufyrirtækjum sem hér eiga hlut að máli og þessa njóta, annars vegar Rafmagnsveitum ríkisins og hins vegar Orkubúi Vestfjarða, verði bættur sá tekjumissir sem af þessu hlýst. Um það er ekki stafkrókur í frv. sjálfu. En hæstv. ráðh. lýsti því hér yfir við umr. að hann teldi að grg. túlkaði þetta fullkomlega. Þá var þess óskað af minni hálfu að sú hv. nefnd, sem málið fengi, tæki tillit til þessa sjónarmiðs hæstv. iðnrh. og setti þetta með brtt. inn í frv. sjálft. Við því var ekki orðið og hér er því borin fram brtt. til að tryggja að þessir tveir orkusöluaðilar beri ekki skarðan hlut frá borði við þá breytingu sem í frv. felst og auk þess að gæta þess að verðmunur á rafmagni vaxi ekki frá 1. des. 1984 á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í samanburði við gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Ég treysti því að hv. deild sé okkur sammála um að nauðsynlegt sé að taka af öll tvímæli að því er varðar þennan þátt málsins um lækkun verðjöfnunargjaldsins og að gæta hags þeirra fyrirtækja sem hlut eiga að máli. Hér er í raun og veru verið að taka undir sjónarmið hæstv. iðnrh. í þessum efnum sem að vissu leyti, ef marka má yfirlýsingar hæstv. ráðh., ganga lengra en hér er gert ráð fyrir og eru viðtækari og fleiri, en ekki kannske ástæða á þessu stigi til að fara frekar út í þá sálma.

Ég vona að hv. þm. samþykki þessa brtt. vegna þess að það er nauðsynlegt að samhliða þessari lækkun verðjöfnunargjaldsins sé um leið tryggð fjárhagsleg staða þeirra fyrirtækja sem þessa hafa notið svo að fyrir fjárhag þeirra verði ekki verr séð en með fyrri gjaldstofnum þannig að þau beri ekki skarðan hlut frá borði.

ATKVGR.

Brtt. 369,1 felld með 20:6 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 369,2 felld með 20:4 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 369,3 felld með 20:4 atkv.
3.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 4.06 árdegis.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, frv. 233. mál (þskj. 307). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 414).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 150. mál (þskj. 155). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 415).

Þingfrestun.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þar sem þetta er að öllum líkindum síðasti fundur þessarar hv. deildar fyrir jólaleyfi vil ég þakka hv. þdm. ágætt samstarf við mig þá mánuði sem þingið hefur starfað. Ég vil einnig þakka skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis mikilvægt starf í þágu þingsins og gott samstarf við mig á allan hátt.

Ég óska þdm. og starfsmönnum Alþingis gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þeim sem eiga um langan veg að fara til heimila sinna óska ég sérstaklega fararheilla.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þm. þakka hæstv. forseta hlýleg orð og góðar kveðjur okkur til handa. Ég þakka honum fyrir góða og réttláta fundarstjórn á þessu þingi. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og vænti þess að við hittum hann heilan og hressan að jólahaldi loknu. Ég vil enn fremur þakka skrifstofustjóra og starfsliði öllu samstarfið og árna þeim öllum gleðilegra jóla. Ég vil biðja þdm. að rísa úr sætum og taka undir orð mín. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. vinsamleg orð í minn garð og hv. þdm. fyrir að taka undir þau orð og ég endurtek heillaóskir mínar til hv. þdm. og segi þessum fundi slitið.

Efri deild, 38. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 11.30 árdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 155. mál (þskj. 407). — Ein umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég hef nú í fundarbyrjun haft samband við alla fulltrúa í hv. fjh.- og viðskn. og erum við öll sammála því að sú breyting sem gerð var í Nd. verði staðfest hér. Það er um tvennt að ræða, að lækka þær tekjur sem skattfrjálsar yrðu, þegar menn láta af störfum, úr 1 millj. í 800 þús. og hins vegar að við fráfall gildi sama regla og þegar menn tilkynna að þeir hafa látið af störfum. Áfram verður þó heimild í

lögum til þess að maður sem hefði áður notfært sér að tilkynna að hann væri hættur störfum en héldi svo áfram kannske mörgum árum síðar einhverjum störfum fengi ívilnun frá sköttum.

Ég hef borið þetta mál undir hæstv. fjmrh. sem ekki hefur gert athugasemdir við okkar afstöðu. Ég legg þess vegna til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil staðfesta það sem hv. formaður fjh.- og viðskn., 4. þm. Norðurl. v., sagði hér um það mál sem er til afgreiðslu. Ég vil nota þetta tækifæri, á síðasta fundi fyrir jólahelgina, til að þakka fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og kannske ekki síður forseta fyrir góða samvinnu við að koma málum fram, sumum þeirra með litlum fyrirvara, og ég vil óska bæði nm. og öðrum dm. gleðilegrar jólahátíðar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 417).

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur þd. fyrir jólahlé er mér ljúft að þakka hv. þdm. fyrir sérstaklega ánægjulegt samstarf og mikið umburðarlyndi í minn garð það sem af er þessu þingi sem hefur gert það að verkum að störf í deildinni hafa gengið vel og greiðlega sem raun ber vitni.

Ég óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Einnig óska ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu gleðilegra jóla og farsæls komandi árs um leið og ég þakka ánægjulegt samstarf og alla fyrirgreiðslu þeirra. Þeim hv. þdm. sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þdm. vil ég þakka hlý orð og óskir okkur og okkar fjölskyldum til handa. Ég vil fyrir okkar hönd þakka forseta deildarinnar röggsama og réttláta fundarstjórn í hvívetna og færa henni og hennar fjölskyldu okkar bestu jóla- og nýársóskir um leið og ég tek undir þakkir hennar til skrifstofustjóra og starfsmanna þingsins. Ég vil biðja hv. þm. að staðfesta þessar óskir og þakkir til forseta deildarinnar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég vil þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek mínar innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þdm. og starfsfólks Alþingis og segi fundinum slitið.

Sameinað þing, 37. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. 238. mál (þskj. 334). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Skipaútgerð ríkisins.

Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um Skipaútgerð ríkisins, á þskj. 184.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Njóta skipafélögin Eimskip og Hafskip og skipadeild SÍS einhverra sérstakra kjara hjá Skipaútgerð ríkisins í flutningum? Ef svo er, hver eru þessi kjör? Ef einhver munur er á kjörum þeirra innbyrðis, hverjar eru þá ástæður þess?

2. Er þess gætt að allir viðskiptamenn njóti sömu kjara fyrir sömu vöru, svo sem vegna flutninga á frystum fiski og öðrum sjávarafurðum?

Svar:

1. Skipafélögin njóta afsláttarkjara á framhaldsflutningum hjá Skipaútgerð ríkisins. Er hér annars vegar um að ræða almennan afslátt frá töxtum og hins vegar sérstaka samninga um einstök verkefni. Hvað almennu afslættina snertir er um tvenns konar samninga að ræða, annars vegar opinn samning þar sem engin skuldbinding fylgir af hálfu viðkomandi skipafélags um magn flutnings, og hins vegar samning sem kveður á um ákveðið lágmarksflutningamagn. Munur á afslætti milli þessara samninga er að meðaltali 2—4%. Að undanförnu hafa Eimskipafélag Íslands hf. og skipadeild SÍS verið með fyrrnefnda samninginn en Hafskip hf. með hinn síðarnefnda, en viðræður hafa staðið yfir við skipadeild SÍS og Eimskipafélagið um breytingar.

2. Almennt njóta viðskiptamenn sömu kjara fyrir sömu vöru. Undantekningar eru þó fyrrnefndir samningar við skipafélögin, samningar við aðra aðila þar sem flutningskaupi ábyrgist verulegt flutningsmagn, svo og flutningar samkvæmt tilboðum. Það sem máli skiptir er það flutningsmagn sem samið er um, hvaða þjónustu og þar með hvaða tilkostnaðar er krafist af hálfu Skipaútgerðarinnar, svo og hversu áríðandi flutningarnir eru, eða hvort nýta megi viðkomandi vöru til að fylla vannýtt rými í skipunum þegar það hentar. Það sem að framan er talið á við um flutninga á flestum vörutegundum, þar með frystum fiski og öðrum sjávarafurðum.

Þegar Skipaútgerðin gerir tilboð í flutninga sem boðnir eru út ráða aðstæður því nokkuð hverju sinni hversu há tilboðin eru, enda getur Skipaútgerðin ekki fremur en önnur fyrirtæki búið við það að keppinautarnir viti fyrirfram um upphæð tilboðs hennar.

Það hefur verið stefna stjórnar Skipaútgerðar ríkisins að fyrirtækið keppi um flutninga á almennum markaði og búi að því leyti við svipaðar viðskiptavenjur og almennt gilda þar.

Sameinað þing, 38. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum 37. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 5. þm. Austurl. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár. Það skal tekið fram, eins og öllum má ljóst vera, að við höfum lítinn tíma nú í upphafi fundar til þess að ræða mál utan dagskrár vegna þess að 3. umr. fjárlaga hefur forgang á þessum fundi. Hins vegar lít ég svo á að það sé samkomulag milli flokka að þessi umr. verði í hálfa klukkustund og hvernig henni verði hagað. Fyrst tali sá sem hefur óskað eftir umr. og síðan utanrrh., sem fsp. er beint til, og þeir tali hvor um sig ekki lengur en fimm mínútur. Síðan verði einum þm. frá hverjum þingflokki gefinn kostur á að taka til máls í allt að þrjár mínútur hver. Þá verði mönnum gefinn kostur á að tala í annað sinn, þeim sem hefur umr. og ráðh., í allt að tvær mínútur hvor og fulltrúum þingflokkanna hverjum fyrir sig að gera stutta athugasemd í allt að eina mínútu.

Hefst þá umr. utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef beðið um orðið hér utan dagskrár til að ræða efni fréttatilkynningar sem utanrrn. sendi frá sér í gær, 19. des., og hafði að geyma það sem kallað er svar ríkisstjórnar Bandaríkjanna við fsp. Geirs Hallgrímssonar utanrrh. varðandi kjarnavopn. Tilefni þessarar fsp. hæstv. utanrrh. til bandarískra stjórnvalda var ljósrit af skjali sem William Arkin frá Institute for Policy Studies í Washington afhenti utanrrh. og forsrh. 4. og 5. des. s. l. Skv. þessu skjali, sem talið var komið frá æðstu stjórn Bandaríkjanna, á Bandaríkjaforseti að hafa veitt bandarískum hermálayfirvöldum fortakslausa heimild til að koma megi fyrir kjarnorkuvopnum á Íslandi á ófriðartímum og þá væntanlega að miða hernaðaráætlanir sínar og aðstöðu hér á Íslandi við það.

Á árinu 1975 á þannig að hafa verið um að ræða leyfi þáv. forseta Bandaríkjanna um að flytja mætti 48 kjarnorkudjúpsprengjur til Íslands á ófriðartímum til nota gegn kafbátum. William Arkin staðhæfir að slík heimild hafi verið endurnýjuð árlega og segist hafa séð skjal þar að lútandi varðandi árið 1983 hjá embættismanni Bandaríkjastjórnar.

Ég hóf umr. um þessi mál hér á Alþingi 6. des. s. l. og vísa til þeirrar umr. og spurninga sem ég þá bar upp við hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. og til svara þeirra og útlistana sem skjalfest eru í þingtíðindum. Hæstv. utanrrh. tók þetta mál að vonum alvarlega og hæstv. forsrh. taldi vissulega koma til greina í þessu samhengi að Alþingi tæki af skarið og lýsti því yfir að á Íslandi skuli ekki staðsett kjarnorkuvopn án heimildar íslenskra stjórnvalda. Báðir viku ráðherrarnir sérstaklega að því heimildargagni sem William Arkin hefði afhent þeim og undirstrikuðu nauðsyn þess að fá haldgóðar skýringar á tilvist þess og stærra skjali sem hinn ljósritaði texti tengdist. Um þetta sagði m. a. hæstv. utanrrh. þann 6. des. s. l., með leyfi forseta:

„Ég tók þá afstöðu strax að rétt væri að fá fram skýringar Bandaríkjastjórnar á tilvist þessa skjals og innihaldi áður en ályktanir yrðu dregnar af því sem á þessum fjórum blaðsíðum má sjá. Ég tel það allsendis ófullnægjandi umræðugrundvöll að þessar fjórar blaðsíður einar séu forsenda umr. um svo alvarleg mál sem geymsla og notkun kjarnorkuvopna er. Þess vegna tel ég ekki tímabært að fara langt út í efnisatriði málsins og tel að það verði að bíða þess að frekari upplýsinga sé aflað, sem ég hef þegar gert ráðstafanir til að komi sem allra fyrst."

Á þetta lagði ráðh. enn frekari áherslu í lok ræðu sinnar, að fyllstu upplýsinga yrði aflað varðandi þau skjöl sem afhent voru honum og forsrh. dagana á undan. Hæstv. forsrh. tók í svipaðan streng.

Ég hef leyft mér að óska eftir því við hæstv. ráðh. og þá sérstaklega utanrrh. að hann svari hér tilteknum spurningum varðandi þetta mál. Þá spyr ég í fyrsta lagi hvernig það erindi hafi hljóðað sem sent var Bandaríkjastjórn í tilefni upplýsinga Williams Arkin. Hver var viðtakandi þessa erindis sem ríkisstj. og hann fyrir hennar hönd sendi og hver er það sem svarar? Hver stendur að baki þessa bréfs sem birt var í fréttatilkynningu utanrrn. í gær? Er það bandarískur ráðherra, ráðuneyti eða er það Bandaríkjaforseti eða einhver fyrir hans hönd?

Í svari bandaríska sendiráðsins kemur fram eins og þar segir orðrétt: „Hefur um langt árabil verið fastmótuð stefna Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna að játa hvorki né neita heimildargildi skjala sem sögð eru trúnaðarskjöl Bandaríkjanna eða bandalagsins."

Hér er hæstv. utanrrh. greinilega send mjög alvarleg sneið. En ég spyr hann: Hefur ráðh., sem virðist ekki hafa verið ljós þessi fastmótaða stefna þegar hann ræddi þessi mál hér á Alþingi 6. des., nokkra tryggingu fyrir að það plagg, sem William Arkin afhenti honum, hafi ekki verið rétt? Er svar Bandaríkjastjórnar ekki þvert á móti staðfesting á tilvist þessa plaggs og heimildar Bandaríkjaforseta um að miða áætlanir Bandaríkjahers við það að flutt verði kjarnavopn til Íslands á ófriðartímum?

Ég spyr í þriðja lagi: Í ljósi þess að nú kemur fram aðeins ítrekun af hálfu bandarískra stjórnvalda á fyrri ummælum og yfirlýsingum, hvers virði er þetta svar, sem nú er lagt fram, með hliðsjón af því trúnaðargagni sem William Arkin sýndi og afhenti hæstv. utanrrh. og forsrh.?

Ég spyr í fjórða lagi: Eru orðsendingar þær sem gengið hafa á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda ekki staðfesting á nauðsyn þess að Alþingi taki af skarið hið fyrsta með lagasetningu um það efni að aldrei megi staðsetja kjarnorkuvopn hérlendis, hvorki á svonefndum friðar- eða ófriðartímum? Ég inni báða hæstv. ráðh., utanrrh. og forsrh., eftir áliti á þessu.

Ég spyr í síðasta lagi hæstv. utanrrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn til að greina hv. utanrmn. Alþingis frá öllum efnisþáttum þessa máls og afhenda þar þau skjöl sem hann hefur fengið, skjal það sem Arkin afhenti honum og það stærra skjal sem það á að tengjast og gera verður ráð fyrir að hæstv. utanrrh. sjái til að aflað verði og að greina einnig utanrmn. frá þeim viðræðum sem hann hefur átt við bandarísk stjórnvöld, þ. á m. Shultz utanrrh. nú nýlega í Brüssel, væntanlega m. a. um þessi efni. Eg tel brýna nauðsyn til þess bera að fá þessi mál skýrt upplýst og því hef ég borið þessa fsp. fram við hæstv. ráðh., utanrrh. sérstaklega, en vænti

þess að forsrh. tjái sig einnig um málið.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Með tilvísun til þess skamma ræðutíma sem ég hef vil ég einbeita mér að því að svara þeim fsp. sem hér hafa verið bornar fram.

Í fyrsta lagi var spurt hvernig erindið hljóðaði til sendiráðs Bandaríkjanna hér á landi, hver viðtakandi var á því erindi og hver svari. Erindið var eins og kunnugt er borið fram við forstöðumann sendiráðs Bandaríkjanna hér á Íslandi og hann var beðinn um skýringar á því, sem haldið var fram af William Arkin, að heimild hefði verið gefin til þess að hér á Íslandi yrðu geymd kjarnavopn þegar, og ef, til ófriðar drægi. Ég ræddi þessi mál einnig með tilvísun til þessa erindis til forstöðumanns sendiráðsins við utanrrh. Bandaríkjanna, Shultz og aðstoðarutanrrh. Bandaríkjanna sem fjallar um málefni Evrópu, Richard Burt, þegar ég sótti fundi Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Því er svarað með bréfi sem greint er frá í þýðingu í fréttatilkynningu frá utanrrn. sem birt var í gær. Þetta bréf er undirritað af forstöðumanni sendiráðsins en eins og orðalag þess ber vitni um þá er það skrifað í umboði stjórnvalda Bandaríkjanna, þ. e. forseta og ríkisstjórnar Bandaríkjanna. Með viðræðum mínum við Shultz utanrrh. og Burt aðstoðarutanrrh. var það og efnislega staðfest að sú yfirlýsing, sem þeir gáfu munnlega og mundi verða staðfest skriflega, er yfirlýsing forseta og ríkisstjórnar Bandaríkjanna.

Í öðru lagi er spurt hvort ég hafi haft tilfinningu fyrir að skjal það eða þær fjórar ljósrituðu blaðsíður, sem William Arkin afhenti mér annars vegar og forsrh. hins vegar, hafi verið rétt. Ég hef nákvæmlega enga tilfinningu fyrir því, hvorki til né frá. Hér er um það að ræða að fjórar ljósritaðar síður eru afhentar mér. Á þeim stendur „Top Secret". Það er merkt sem Viðbætir a og síðan á þrem síðum Viðbætir c. Það skortir formálann, það skortir niðurlagið og það skortir kafla inn á milli. Ég ítreka það því og endurtek að af þessu skjali út af fyrir sig er ekki mögulegt að draga neinar ályktanir. Og það er í raun og veru eins langt og ég get farið út í það að fjalla um skjalið sjálft með tilvísun til þeirra reglna sem Atlantshafsríkin hafa sett sér en ég var að vísu ekki nægilega kunnugur þeim þegar umr. fóru hér fram um þetta í byrjun des.

Í þriðja lagi er spurt: Hvers virði er þetta svar með tilvísun til fyrra svars? Og þá er væntanlega átt við yfirlýsingu þá sem ríkisstjórn Bandaríkjanna gaf forvera mínum, Ólafi Jóhannessyni utanrrh., 1980. Ég vil aðeins segja að það er a. m. k. jafnmikils virði og það svar var og ég held á jafntraustum grunni byggt. Fyrra svarið var sprottið, eins og kunnugt er, af því að þessi sami William Arkin hafði tilkynnt útvarpshlustendum hér á Íslandi, og raunar fleirum erlendis, að allar líkur bentu til þess að hér á landi væru geymd kjarnavopn á friðartímum. Þegar svo þessi sami William Arkin kom nú tók hann það skýrt fram að hann hefði haft á röngu að standa, það væru engin kjarnavopn geymd hér á friðartímum, en kom í stað þess með þessa staðhæfingu. Svar Bandaríkjastjórnar hrindir í báðum tilvikum, bæði 1980 og 1984, staðhæfingu Williams Arkins. Ég hef ekki ástæðu til annars en að trúa yfirlýsingu Bandaríkjastjórnar. Þess vegna er svarið mikils virði.

Í fjórða lagi er spurt hvort mér finnist ekki ástæða til í ljósi þessara umr. að Alþingi ítreki stefnu sína að á Íslandi verði ekki geymd kjarnavopn. Ég svara því eins og í umr. fyrr í mánuðinum að ég tel ekki neina þörf á því vegna þess að stefna Íslendinga í þessum efnum er alveg skýr. Og stundum er það veikleikamerki og dregur úr stefnumörkun og yfirlýstri stefnu ef ávallt er verið að endurtaka sömu yfirlýsinguna. Þá hætta aðrir kannske að trúa henni. En stefna okkar í þessum efnum er alveg skýr. Og ég vil ítreka þá tillögu sem ég gerði í byrjun þessa mánaðar að utanrmn. fjallaði um fram komnar tillögur í öryggis-, varnar- og kjarnavopnamálum og að skipuð yrði nefnd sem fjallaði um þessi mál öll í heild, þannig að við gætum hér á Alþingi Íslendinga reynt að ná samstöðu um heildarstefnumörkun og þ. á m. afstöðu Íslands til afvopnunar- og kjarnavopnamála á alþjóðavettvangi umfram það sem við þegar höfum gert. Á ég þá ekki við að þess sé þörf vegna þess að við höfum ekki skýra stefnu í þessum málum heldur umfram allt til að ná samstöðu ef mögulegt er.

Þá var í fimmta lagi spurt hvort ég væri reiðubúinn að leggja fram skýrsluna. Ég er út af fyrir sig reiðubúinn að sýna þau fjögur ljósrituðu blöð, sem ég fékk afhent af hálfu Williams Arkins, í utanrmn. Ég tel mér þó skylt að fara með þau sem trúnaðarmál þó að ég hafi fengið leyfi Williams Arkins til þess að senda þau Bandaríkjastjórn. Ég hef ekki upphaf, endi eða millikafla, sem í þetta meinta skjal vantar. Með tilvísun til þess að þær stefna Atlantshafsbandalagsríkja, þ. á m. Bandaríkjanna, að synja ekki fyrir eða staðfesta skjöl eða heimildargildi skjala sem talin eru trúnaðarskjöl þá liggur í augum uppi að ekki er unnt að leggja fram þessa kafla sem vantar í það plagg er William Arkin lagði fram. Og ég verð að segja það eins og er að þegar menn hugsa nánar út í þessi mál og slík skjöl þá mundi það æra óstöðugan, og stöðugan reyndar líka, ef stjórnvöldum væri skylt á hverju stigi máls, þegar fölsuðu eða ófölsuðu skjali væri veifað, að gefa skýringar á því. Væri þá vissulega hægt að ná fram ýmsum upplýsingum sem skaðlegar gætu orðið fyrir öryggi og varnir Atlantshafsbandalagsríkja.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Án þess að endurtaka það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt vil ég taka það fram að ég tel að þetta svar Bandaríkjamanna sé fullkomlega viðunandi. Þar segir að Bandaríkjastjórn hafi ekki og muni ekki gera ráð fyrir staðsetningu kjarnorkuvopna hér á landi án samþykkis íslenskra stjórnvalda. Ég leyfi mér ekki að vefengja þetta og sé ekki að það sé hægt nema menn almennt telji að Bandaríkjamenn séu þarna vísvitandi að fara með rangt mál og það leyfi ég mér ekki að gera. Ég tel þetta styrkja verulega stöðu okkar og undirstrika þá yfirlýsingu, sem hér hefur verið gefin hvað snertir annað, að svo skuli með þessi mál farið.

Varðandi þá spurningu hvort ég telji æskilegt að Alþingi samþykki að hér skuli ekki staðsett kjarnorkuvopn sýnist mér vel koma til greina að ríkisstj. í samráði við utanrmn. undirstriki eitthvað slíkt. En ég hef satt að segja mínar efasemdir um slíka ákvörðun Alþingis. Til þess að þetta eigi að hafa raunverulegt gildi þyrfti að vera um það samkomulag við kjarnorkuveldin að þau virði slíkt. Ég get sagt það að í óformlegum viðræðum forsrh. Norðurlanda um þessi mál kom þetta einmitt mjög skýrt fram og reyndar kom skýrt fram hjá forsrh.

Svía í sjónvarpsviðtali að svona lagað hefði ekkert gildi nema kjarnorkuveldin samþykktu að virða það. Þetta vil ég undirstrika og þetta tel ég raunar mjög stórt atriði ef menn eru að hugleiða eitthvað í þessa átt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Í umr. utan dagskrár um þetta mál í Sþ. 6. des. s. l. spurði ég hæstv. utanrrh. fáeinna spurninga sem snerta kjarna þess máls sem hér er til umr. Ég spurði: Hversu ítarlegar og haldgóðar upplýsingar er í reynd að hafa um hlutverk Íslands í vígbúnaði og áætlunum Atlantshafsbandalagsins? Og ég spurði: Hvernig hefur hæstv. ráðh. hugsað sér að sannreyna þær upplýsingar og þau svör sem hann kann að fá í þessu máli? Svör hæstv. ráðh. voru á þessa leið, með leyfi forseta, við fyrri spurningunni:

„Ég tel að það sé hægt að fá bæði ítarlegar og haldgóðar upplýsingar um þessi efni ef Íslendingar leita eftir þeim og fylgjast vel með."

Og við seinni spurningunni:

„Ég tel nauðsynlegt í hverju máli að leita upplýsinga alls staðar þar sem hugsanlegt er að upplýsingar sé að fá. M. a. er unnt með samanburði við aðrar bandalagsþjóðir að sannreyna hvort upplýsingar frá einni þeirra eru réttar, svo ég nefni eitt dæmi."

Þetta voru svör hæstv. ráðh. 6. des. s. l. Síðan hafa umbeðin svör borist frá Bandaríkjunum. Og nú spyr ég þingheim: Er hér um ítarleg og haldgóð svör að ræða, svör sem hægt er að sannreyna t. d. með samanburði við aðrar bandalagsþjóðir eins og hæstv. ráðh. nefndi hér fyrir tveimur vikum síðan? Fyrir hönd Samtaka um kvennalista svara ég þessum spurningum neitandi. Hér er ekki um slík svör að ræða. Á meðan Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin hvorki játa því né neita hvort skjöl séu sönn eða fölsuð, er auðvitað um engin svör að ræða, engar upplýsingar, ekkert sem hægt er að sanna eða afsanna. Hæstv. utanrrh. hefur því í rauninni engin svör fengið við spurningum sínum, aðeins viljayfirlýsingu. Og það er því engan veginn ljóst eins og segir í fréttatilkynningu utanrrn., með leyfi forseta: „Að heimild til geymslu kjarnavopna á Íslandi á ófriðartímum hafi ekki verið veitt."

Meginmálið er að skjali Arkins hefur hvorki verið játað né neitað. Við höfum ekkert í höndunum nema viljayfirlýsingu og eigum við að treysta slíkum yfirlýsingum frá mönnum sem ekki vilja svara því hvort eitthvað sé satt eða ekki? Slíkt tel ég harla hæpið og varla í samræmi við nokkurt þekkt skynsemislögmál. Ég skora því á hæstv. utanrrh. að láta hér ekki staðar numið í þessu máli, að hann útvegi þær haldgóðu, ítarlegu og sannanlegu upplýsingar sem hann taldi að hægt væri að hafa um þessi mál í ræðu sinni hér á Alþingi 6. des. s. l., ella falli þau orð hans ómerk niður og gengið verði út frá því sem vísu á Alþingi við mótun utanríkisstefnu Íslendinga að slíkar upplýsingar sé ekki að hafa og stefna mótuð skv. því.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þetta mál er býsna skondið. Það hafa liðið tvær vikur frá því að beðið var um upplýsingar. Maður getur út af fyrir sig spurt: Hvað var það sem tók tvær vikur í þessu máli?

Síðan kemur svarið og í því kemur ekkert fram. Það er vísað í fyrri samþykktir sem þegar hafa verið margræddar á Alþingi. Það hefur ekkert nýtt komið fram. Það er næstum eins og slegið á fingurna á utanrrh. og það er sagt við hann: Svona hluti ræðir maður ekki. Þetta er eins og umræður um aldur kvenna. Þetta er alls ekki til umræðu. Þetta er alls ekki fullnægjandi svar. Mér sýnist að það þurfi að ganga eftir svari, það þurfi raunverulega að ganga eftir því hvort þetta skjal er í gildi. Er þetta skjal til og er þetta skjal satt? Við eigum fulla heimtingu á að fá svör við því. Mér finnst að hér þurfi að koma fram upplýsingar um orðalag fsp. Það er ekki nóg að sagt sé að beðið hafi verið um skýringu á þessu plaggi. Við viljum fá að vita hvernig var spurt svo að við getum metið svarið á grundvelli þess.

Hæstv. forsrh. sagði að þetta væri fullkomlega viðunandi svar. Ætli þeim Formósumönnum hafi ekki alla tíð þótt fullkomlega viðunandi svör Bandaríkjamanna um hornstein utanríkismálastefnu Bandaríkjanna sem var stuðningur við Formósu á sínum tíma? Hvers virði var það svo þegar á reyndi? Ég held að hérna sé spurning um íslenskt frumkvæði og ég legg til, ef þetta er spurning um einhvers konar trúnað, að utanrmn. verði birtar upplýsingar um það hvernig var spurt. Ég tel líka að ráðh. ætti að svara því hvort honum hafi borist upplýsingar um sannleiksgildi plaggsins eftir öðrum leiðum. Þar er spurning um íslenskt frumkvæði. Hvað hafa Íslendingar sjálfir gert eftir öðrum leiðum til að sannreyna sannleiksgildi þessa máls? Mér fyndist líka að ráðh. ætti að svara því hvort hann hafi sjálfur séð kjarnorkuvopnaáætlanir NATO og Bandaríkjanna. Og ég vil að lokum spyrja hvort utanrmn. verði birtur hinn enski texti allra þeirra bréfaskipta sem farið hafa fram um þetta mál, bæði spurninga og svara. Þetta tel ég að skipti miklu máli. Málið er algerlega opið, það hefur ekkert skeð annað en að sagt hefur verið: Svona spyr maður ekki.

Ég geri mér grein fyrir því að vegna tímaskorts verður varla hægt að koma nákvæmlega að þessum málum nú, en ég tel að það ætti þá að gerast í utanrmn. við fyrsta tækifæri.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það voru vissulega mögur svör sem hér komu fram við fsp. Ég þakka viðleitnina af hálfu hæstv. utanrrh., en hann er hér með tunguhaft NATO á sér, tunguhaft sem hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir að hann var bundinn við umr. hér 6. des. og fær nú þess vegna snuprur fyrir. Ég tel nauðsynlegt að hér liggi fyrir í þingtíðindum svar Bandaríkjastjórnar orðrétt svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eins og mér er ljóst að yður er kunnugt hefur það um langt árabil verið fastmótuð stefna Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna að játa hvorki né neita heimildargildi skjala sem sögð eru trúnaðarskjöl Bandaríkjanna eða bandalagsins. Um leið hefur mér verið falið að ítreka að Bandaríkin hafa í einu og öllu farið eftir og munu halda áfram að fara eftir ákvæðum varnarsamningsins við Ísland frá 1951 og samþykkt Atlantshafsbandalagsins varðandi staðsetningu kjarnavopna sem áskilja að sérhver heimild til Bandaríkjahers til að flytja kjarnavopn til Íslands mundi aðeins verða veitt að fengnu samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar.

Í samræmi við þetta hefur mér verið falið að fullvissa yður um að bandarísk stjórnvöld halda enn fast við þann gagnkvæma skilning ríkisstjórna okkar varðandi kjarnavopn sem fram kom í bréfi dags. 11. ágúst 1980 til

dr. Ólafs Jóhannessonar utanrrh. Íslands."

Þetta er allt svarið sem berst við ósk hæstv. ráðh. um ítarlegar skýringar.

Meginatriði þessa máls er að sjálfsögðu: Eru bandarísk hermálayfirvöld með Ísland inni í kjarnorkuvopnaáætlunum sínum eða ekki, alveg burtséð frá því hvort þau ætla á degi X að spyrja Íslendinga um leyfi hvort þeir megi flytja þessi vopn hingað eða ekki? Þess vegna er það grundvallaratriði: Er Ísland inni í kjarnorkuvopnaáætlunum NATO og Bandaríkjanna? Við því verða hér að fást skýr svör.

Hér var réttilega spurt: Hefur hæstv. ráðh. kynnt sér þessar kjarnorkuvopnaáætlanir eins og hann hefur rétt til? Við hljótum að ganga eftir því og ég spyr um það, ítreka það sem hér kom fram áðan: Hefur hann kynnt sér þær? Mun hann kynna utanrmn. vitneskju sína þar að lútandi? Og ég segi hér að lokum: Við hljótum að gera kröfu til þess, íslenskir alþm., að fá fyllstu gögn um þessi efni inn í þá nefnd þingsins sem á að fjalla um utanríkismál. Ég treysti því að hæstv. ráðh. stuðli að því að svo geti orðið og þá ekki aðeins þýðingar heldur líka frumtexta af þeim gögnum sem hafa farið á milli svo sem nauðsynlegt er í slíku alvörumáli.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir taldi að svar Bandaríkjamanna væri aðeins viljayfirlýsing og skjali Arkins hvorki játað eða neitað. Og hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði að ekkert nýtt hefði komið fram í svari Bandaríkjanna. Við skulum aðeins rifja upp um hvað málið snýst. Málið snýst um þá staðhæfingu að fyrir liggi heimild til bandarískra herja að flytja kjarnavopn til Íslands á ófriðartímum. Hvað segir yfirlýsingin og svarið varðandi þetta megininntak staðhæfingar Arkins sem kom af stað þessum umr.? Bandaríkin segja, með leyfi forseta:

„Um leið hefur mér verið falið að ítreka að Bandaríkin hafa í einu og öllu farið eftir og munu halda áfram að fara eftir ákvæðum varnarsamningsins við Ísland frá 1951 og samþykkt Atlantshafsbandalagsins varðandi staðsetningu kjarnavopna, sem áskilja að sérhver heimild til Bandaríkjahers til þess að flytja kjarnavopn til Íslands mundi aðeins verða veitt að fengnu samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar."

Þarna kemur í ljós að Bandaríkin hafa ekki veitt neina heimild og munu ekki veita neina heimild nema að fengnu samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar. Það er og kunnugt að það hefur engin beiðni komið fram frá Bandaríkjastjórn og leyfi hefur ekkert verið gefið af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Það er því fullkomlega afsönnuð sú staðhæfing, sem William Arkin viðhafði hér fyrir nokkrum vikum, að slík heimild lægi fyrir til Bandaríkjaherja að staðsetja kjarnavopn hér á Íslandi á ófriðartímum. Og ég verð að segja það eins og er að ég held að við ættum að fara varlega í að leggja út af staðhæfingum manns sem hefur játað að fyrri staðhæfingar varðandi þessi efni hafi verið rangar og kippa okkur ekki upp við endurteknar og breyttar staðhæfingar hans í nýrri útgáfu þegar fyrir liggur slík afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu Bandaríkjanna.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að megininntakið væri hvort Ísland væri inni í kjarnorkuáætlun Bandaríkjanna og spurði hvort svo væri. Það er óhætt að svara þessari spurningu neitandi vegna þess að Bandaríkjamenn hafa ekki óskað eftir eða borið fram neina beiðni þar að lútandi til íslensku ríkisstjórnarinnar sem Bandaríkjastjórn gerir sér ljóst og tekur fram að hafi úrslitavaldið í þessum efnum. Þar af leiðandi hefur ekkert leyfi verið veitt að þessu leyti.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins vegna þessara síðustu ummæla þá er þetta að mínu mati ekki spurning um Arkin og forsögu hans, hvort hann hafi einhvern tíma haldið fram röngu máli og hvort hann haldi fram röngu máli núna. Þetta er spurning um það hvernig okkur gengur, Íslendingum, að okkar eigin frumkvæði að ganga eftir upplýsingum um sannleiksgildi skjala sem kunna að vera á sveimi í stjórnkerfum Bandaríkjanna og NATO, gögnum sem varða okkar öryggismál. Yfirlýsing Bandaríkjamanna, sem kemur fram í þessu gagni, er óbein með tilvísun til samþykkta sem áður hafa komið fram og mér finnst hún ekki nægjanlega afgerandi. Mér finnst snuprurnar um launungina, um að menn ræði svona mál ekki í siðuðum samkvæmum, ekki eiga heima í yfirlýsingu frá stjórnvöldum eins og Bandaríkjastjórn.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. 238. mál (þskj. 334). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun um umr. málsins. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. des. 1984 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 28. jan. 1985."

Að venju geri ég ekki till. um að þáltill. þessi fari til nefndar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil vegna þessarar þáltill. nefna það hér að í umr. á Alþingi og raunar einnig í utanrmn. hefur komið fram af hálfu hæstv. utanrrh. að hann vinni að því að ákvarðanir verði teknar vegna ratsjárstöðva, nýrra og endurnýjaðra, hérlendis í byrjun næsta árs, ársins 1985. Hér á Alþingi liggur fyrir till. til þál. um þetta efni og ég tel alveg nauðsynlegt í tengslum við þessa till. um frestun á fundum Alþingis að það komi fram af hálfu ríkisstj. og hæstv. utanrrh. að ekki sé áformað að taka neinar bindandi ákvarðanir í tengslum við þessar ratsjárstöðvar á þeim tíma sem þingið ekki situr og áður en sú þáltill. sem varðar þetta mál hefur fengið þinglega meðferð. Ég óska eftir svörum við þessu efni.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þegar ég lýsti því yfir að búast mætti við ákvörðun varðandi byggingu ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi í byrjun næsta árs, þá átti ég við að það yrði væntanlega á fyrsta ársfjórðungi. Ætla má því að þau mál fái mjög vandaða meðferð og að þar verði allt upplýst sem máli skiptir, m. a. það sem þm. óska eftir að vita.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum lýsti hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., því yfir að hann mundi beita sér fyrir því að ríkisstj. setti á laggirnar nefnd til að fara yfir ýmsa þætti efnahagsmála um þessar mundir. En eins og kunnugt er er staðan í efnahagsmálum þannig að það er eðlilegt að stuðlað verði að því að bæði stjórn og stjórnarandstaða og aðilar vinnumarkaðarins komist að þeim málum til að bera saman bækur sínar.

Í tilefni af því að nú eru nokkrar vikur liðnar frá yfirlýsingum hv. 1. þm. Suðurl. og svo því að þingmenn eru að fara í jólaleyfi vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær er þess að vænta að sú nefnd verði skipuð sem hv. 1. þm. Suðurl. gaf yfirlýsingu um við umr. um stefnuræðu forsrh. nú fyrir fáeinum vikum?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt, sem lá í orðum hv. 3. þm. Reykv., að ríkisstj. telur nauðsynlegt að athuga mjög vandlega þróun efnahagsmála á næstu mánuðum og það mun verða gert nú í þinghléi. Ég vil endurtaka það sem ég hef áður sagt að það mun verða haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um stefnuna í efnahagsmálum á næsta ári, ekki síst og m. a. til undirbúnings þeim kjarasamningum sem á því ári fara fram.

Ég vil einnig lýsa því yfir að ég geri ráð fyrir að hafa samráð við formenn flokka stjórnarandstöðunnar um þau mál þegar þau hafa skýrst. Ég hygg að sú nefndarskipun sem hér er vísað til sé nokkuð annars eðlis og það er þá rétt að hv. 1. þm. Suðurl. geri nánar grein fyrir því. Eins og ég skildi þá nefnd hef ég síður en svo á móti skipun hennar.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Til að skýra það mál sem hér hefur verið vakin athygli á vil ég vitna til ummæla minna í umræðum sem fram fóru um stefnuræðu forsrh. Þar sagði ég eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„En ég tel að það gæti verið rétt, í því skyni að treysta heilbrigða samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu og til þess að stuðla að málefnalegum umræðum, að sett verði niður nefnd þessara aðila, og hugsanlega einnig með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, er hefði það verkefni að gera ítarlega úttekt á tekjuskiptingu og hlutdeild launa í verðmætasköpun og þjóðartekjum. Sú vinna gæti komið að gagni fyrir endurnýjun kjarasamninga á næsta ári. Ég mun beita mér fyrir því að þetta verði gert og stjórnarandstaðan fái aðild þar að."

Sú hugmynd sem hér er á ferðinni lýtur að þeim umr. sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu þess efnis að verulegar breytingar hafi orðið í tekjuskiptingu þjóðarinnar og til að slíkar umr. geti farið fram þannig að menn hafi staðreyndirnar fyrir framan sig, er nauðsynlegt að gera á því ítarlega könnun hver hefur orðið hugsanleg breyting á tekjuskiptingu, hvernig þróun tekjuskiptingar hefur verið á undangengnum árum, hugsanlega undangengnum áratug, hverjar hafa verið launatekjur þjóðarinnar í hlutfalli við verðmætasköpun og þjóðartekjur. Hér er um að ræða afar mikilvægar upplýsingar fyrir umr. af þessu tagi og ég tel mjög eðlilegt að könnun á þessu efni geti farið fram með aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkana, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Ég tel að slík könnun muni leiða til málefnalegri umr. hér á Alþingi og auðvelda gerð kjarasamninga. Og ég treysti því að hæstv. ríkisstj. hafi frumkvæði að því að þessi nefnd verði sett á laggirnar og að tekist geti víðtæk samstaða um að framkvæma þetta mat. Hér er hins vegar ekki um að ræða einhverja allsherjar samstarfsnefnd um stjórn efnahagsmála, heldur könnun á þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnum. Ég tel mikilvægt að allir aðilar fái sem gleggstar upplýsingar um það efni til að auðvelda málefnalegar umr. og ákvarðanir, ef menn telja að niðurstöður leiði til þess að taka þurfi ákvarðanir í því skyni að breyta þróun mála.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er höfum við Alþfl.-menn mjög gagnrýnt það misrétti sem virðist hafa magnast í þjóðfélaginu á undanförnum árum og misserum og við höfum bæði fyrr og síðar hvatt til þess að fram færi könnun á tekjuskiptingunni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt um það tillögur hér í þinginu eins og þingheimi á að vera kunnugt. Við erum þess vegna mjög áhugasamir um það að úttekt af því tagi sem hér er gerð að umtalsefni fari fram og ég fagna þeim stuðningi sem hefur komið fram við þetta sjónarmið frá hv. 1. þm. Suðurl.

Það leikur enginn vafi á því að eitt af því sem gerir efnahagsstjórn á Íslandi mjög erfiða um þessar mundir, frekar en oft endranær, er að ákveðnir hlutar þjóðarinnar upplifa það mjög eindregið að misrétti sé mikið og hafi farið vaxandi. Við höfum verið talsmenn þess að ráðist yrði gegn þessu meini og reynt að stefna hér að meiri jöfnuði. Minn skilningur er sá að könnun af því tagi, sem hv. 1. þm. Suðurl. gerir hér till. um að gerð verði, geti verið undirstaðan að frekari aðgerðum í efnahagsmálum, þannig að menn byggi mál sitt á traustum grundvelli. Þess vegna vænti ég þess að sú hugmynd sem hann hefur hér talað fyrir bæði í dag og eins í umr. um stefnuræðu forsrh., hljóti góðar undirtektir í ríkisstj. og forsrh. beiti sér fyrir því að fram fari hlutlæg könnun af þessu tagi sem stjórnarandstaðan eigi aðild að svo að undirstaða hennar verði sem traustust og hún verði ekki vefengd. Við teljum að það muni vera til góðs.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er greinilega um tvö mál að ræða. Annars vegar það að hæstv. forsrh. lýsir því yfir að hann muni beita sér fyrir því að við umr. um efnahagsmál á næstu vikum og mánuðum verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins og við fulltrúa stjórnarandstöðunnar.

Ég verð að segja að ef það samráð á að verða með þeim hætti sem stundum hefur verið hjá núv. hæstv. ríkisstj., þar sem stjórnarandstæðingar fá það hlutverk eitt að taka við plöggum og engar umr. marktækar fara fram á milli manna, hvað þá heldur að þær hafi áhrif á niðurstöður, þá er slíkt samráð gagnslaust bæði fyrir stjórnarandstöðuna og hlýtur einnig að vera það fyrir aðila vinnumarkaðarins. Slíkt samráð er í raun og veru nafnið tómt og ekkert annað en áróðurstilraun ríkisstj. til að styrkja sína eigin stöðu. Slíkt samráð er tilgangslaust og það getur ekki verið að menn hafi mikinn áhuga á slíku. A. m. k. á það við um mig.

Hins vegar tel ég þá hugmynd að skipa nefnd til að fara ofan í tekjuskiptingu þjóðfélagsins á liðnum árum og áratugum góða hugmynd. Ég er sannfærður um að

sú nefnd og vinna á hennar vegum gæti orðið grundvöllur að tillögugerð um breytingar og lagfæringar á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Ég vil í framhaldi af þessum umr. og upplýsingum spyrja í fyrsta lagi: Er gert ráð fyrir því að forsrh. skipi þá nefnd sem hér um ræðir? Í öðru lagi: Hvenær er gert ráð fyrir að hún verði skipuð? Verður það nú í jólaleyfi? Og loks vil ég spyrja: Treystir forsrh. sér til þess að gefa yfirlýsingu um að samráð við stjórnarandstöðu og aðila vinnumarkaðarins verði með skipulegri hætti en verið hefur að undanförnu?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til þessarar hugmyndar. Ég hef lýst minni skoðun. Ég er því fylgjandi að slík athugun verði gerð og aðilum vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðu boðin aðild að henni. Ég geri fastlega ráð fyrir að það verði tekið upp á ríkisstjórnarfundi mjög fljótlega.

Um samráð við stjórnarandstöðuna um stjórn efnahagsmála vil ég segja það að stjórnarflokkarnir munu sjálfir bera alla ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar verða í efnahagsmálum, enda geri ég ekki ráð fyrir að stjórnarandstaðan sé að bjóða fram samábyrgð á því. Og hv. þm. verður að meta það sjálfur hvort þær upplýsingar sem honum kunna að vera boðnar séu þess virði að taka við þeim eða ekki.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á því þingi sem nú stendur yfir hefur það aftur og aftur komið fram að talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna, ég hygg allra, hafa verið tilbúnir til að taka þátt í umr. um lausn á þeim efnahagsvanda sem blasir við. Ég skil hins vegar forsrh. svo að hann hafi engan áhuga á að ræða þessi mál við minni hl. hér á Alþingi, stjórnarandstöðuflokkana. Og fyrst hann kýs að hafa hlutina svo, þá er best að hann beri sjálfur sinn eigin kross.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 419).

Fjárlög 1985, 1. mál (þskj. 314, n. 370 (samvn. samgm.), 357, 361, 362, 363, 364, 365, 366, 367, 371, 373, 374, 377, 380, 381, 396, 408, 409, 410, 411, 412). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú lokið störfum við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985. Við upphaf þessarar umr. vil ég enn flytja samstarfsmönnum mínum í fjvn. þakkir fyrir mikil og erfið störf við þær aðstæður sem nú eru. Í mikilli tímaþröng hafa nm. rækt störf sín af mikilli ósérplægni og sérstakri lipurð. Ég vil enn fremur þakka starfsmanni nefndarinnar og starfsfólki fjárlaga- og hagsýslustofnunar ríkisins ómetanlega aðstoð, en í störfum þessara aðila hefur á lokasprettinum þurft að leggja nótt við dag. Þá vil ég enn fremur flytja hæstv. fjmrh. og öðrum ráðh. þakkir svo og þm. sem haft hafa mikil skipti við okkur nm.

Við 2. umr. fjárlaga lýsti ég því hvernig samdráttur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna síðustu þrjú árin hefur komið fram í minnkandi tekjuöflun ríkissjóðs jafnhliða því sem ríkisstj. og Alþingi hefur ákveðið á þessu tímabili að fella niður ýmsa skatta. Ég komst að þeirri niðurstöðu að ríkissjóður hefði á þessum þremur árum ýmist misst eða tekið á sig svo mikla skerðingu á tekjum sínum að hann hefði að sínum hluta tekið á sig þau áföll sem orðið hafa í þjóðarbúskapnum. Með þessu er síður en svo gert lítið úr þeim erfiðleikum sem einstaklingar, heimilin í landinu og atvinnuvegirnir hafa tekið á sig á þessu tímabili.

Þrátt fyrir að verulega hafi verið dregið saman í ríkisrekstrinum byggist afkoma ríkissjóðs og hefur byggst í of ríkum mæli á því að halli hefur verið á viðskiptum við útlönd. Innflutningur og velta í þjóðfélaginu hefur verið meiri en þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa getað staðið undir. Eftir þriggja ára samdráttarskeið er því nú spáð að á næsta ári taki þjóðarframleiðslan að vaxa, þó í litlum mæli sé, eða aðeins um ½% frá síðasta ári. Vonandi er að þær batahorfur fái staðist að við getum nú farið að fikra okkur upp úr öldudalnum. Sú sigling verður án efa vandrötuð, en til þess að við getum fengið vind í seglin á þeirri leið verður okkur að takast hvort tveggja, að auka framleiðsluverðmæti okkar og um leið að draga úr þeim mikla halla sem er á viðskiptum okkar við útlönd.

Fyrir 3. umr. fjárlaga komu forustumenn Þjóðhagsstofnunar á fund fjvn. og kynntu síðustu þjóðhagsspá fyrir árin 1984 og 1985. Jafnframt kynntu þeir nýtt endurmat á tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári sem byggist á hinum nýju þjóðhagsforsendum. Við þetta nýja mat á tekjuhorfum ríkissjóðs á árinu 1985 er að verulegu leyti tekið tillit til hvernig innheimtur til ríkisins á síðari hluta þessa árs hafa orðið. Hafa ber í huga í þessu sambandi að velta í október og nóvember á þessu ári virðist hafa verið óvenju mikil.

Í áliti Þjóðhagsstofnunar kemur fram að þrátt fyrir það að nú standi vonir til þess að lokið sé þriggja ára samdráttarskeiði í íslenskum þjóðarbúskap og að nokkuð bjartara sé fram undan og hagvöxtur taki við á ný, þá verði enn mikill halli á viðskiptum okkar við útlönd á árinu 1985. Spáð er lítils háttar halla á vöruskiptajöfnuði. Að öðru leyti stafar viðskiptahallinn eingöngu af greiðslu vaxta af erlendum lánum. Vaxtagreiðslurnar eru taldar munu nema um 15% af útflutningstekjum á árunum 1984 og 1985 sem bera má saman við 4—5% á árunum 1970 til 1974 og 7% árin 1975—1979.

Að loknum kjarasamningum í nóvember og efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnar þótti sýnt að ef fjárlög ársins 1985 ættu að gefa raunhæfa mynd af ríkisbúskapnum væri nauðsynlegt að endurmeta fjölmarga liði frv. án þess að þar kæmi fram stefnubreyting um ný verkefni eða rekstrarumfang. Þetta endurmat þurfti að ná bæði til tekna, gjalda og lánahreyfinga ríkissjóðs.

Hér verður fyrst vikið að tekjuhlið frv. og skýrðar breytingar á endurmati tekjuhliðar eftir kjarasamninga og efnahagsráðstafanir í nóvember og svo einnig endurmat Þjóðhagsstofnunar nú fyrir 3. umr.

Tekjur fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, námu samtals 21 milljarði 980 millj. Eftir uppfærslu að loknum kjarasamningum og efnahagsráðstöfunum í nóv. var talið að tekjur ríkissjóðs gætu orðið á næsta ári 24.9 milljarðar kr. Eftir nýja áætlun Þjóðhagsstofnunar

fyrir 3. umr. eru tekjur ríkissjóðs á næsta ári áætlaðar í heild 25 335.9 millj. kr. Skýrist hækkunin fyrst og fremst af því að talið er að sölugjald muni hækka frá fyrra endurmati um 300 millj. kr., aðflutningsgjöld um 200 millj. og tekjur vegna gjaldskrárbreytinga um 12 millj. kr. Er þá reiknað með þeirri efnisbreytingu að sölugjaldstekjur hækki m. a. vegna þess að sölugjald hækkar úr 23.5% í 24%. Enn fremur að sölugjald gefi nokkru hærri tekjur vegna betri söluskattsskila. Jafnframt er þá reiknað með því að tekjuskattur einstaklinga verði lækkaður um 600 millj. kr. í samræmi við yfirlýsingar ríkisstj.

Rétt er að taka fram að það sem er alvarlegt við þessa tekjuáætlun er fyrst og fremst það að hún byggir á viðskiptahalla sem nemur 5.6% af þjóðarframleiðslu eða samtals 4.8 milljörðum kr. Það er þá jafnframt ljóst að ef ráða á bót á viðskiptahallanum að meira eða minna leyti þá mun það koma fram í minnkandi tekjum ríkissjóðs.

Helstu upphæðir á einstökum liðum tekjupósta í frv. breytast við þessar hreyfingar þannig að beinir skattar hækka úr 2805 millj. í 3115 millj., eða um 11.1%. Óbeinir skattar, sem eru um 85% allra tekna ríkissjóðs, hækka hins vegar um 3045 millj. kr. Að öðru leyti vísast til brtt. frá meiri hluta fjvn. á þskj. 381.

Tekjur af sölugjaldi eru taldar hækka um 1415 millj. og verða alls 9835 millj. kr. sem skýrist m. a. af hækkun söluskattsauka um 0.5% sem áður er getið. Og auk þess sem einnig er áður getið er stefnt að hertu eftirliti í innheimtu skattsins.

Í samræmi við stefnu frv. er gengið út frá því að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti verði skertar um sama hundraðshluta og fram kemur í fjárlagafrv. Í þessu felst að skil ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðsins eru 38 millj. kr. lægri en ella væri. Samt mun sú hækkun á sölugjöldum og aðflutningsgjöldum, sem fram kemur í þessum breytingum, færa sveitarfélögunum 90 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Tekjur af hagnaði ÁTVR hækka um 150 millj. kr. og er þá gengið út frá 10% hækkun á söluvörum einkasölunnar umfram almenna verðlagshækkun.

Áður er getið aukinna tekna ríkissjóðs vegna gjaldskrárbreytinga.

Samtals námu útgjöld skv. gjaldahlið frv., þegar það var lagt fram, 22 512 millj. kr. Við 2. umr. hækkuðu útgjöld frv. skv. till. fjvn. um 231 millj. kr. En skv. þeim till., sem nú liggja fyrir, hækka útgjöld frv. í 26 071,8 millj. kr. Þessi hækkun á útgjöldum frv. skiptist í þrjá meginflokka og hefur hver einn sína sérstöðu. Í fyrsta lagi vegna uppfærslu skv. nýjum verðlagsforsendum og breytinga sem ríkisstj. tók ákvörðun um í nóvembermánuði sem nemur 2743 millj. kr. Í öðru lagi vegna ákvarðana sem ríkisstj. tók á milli 2. og 3. umr. um 460.5 millj. kr. Í þriðja lagi vegna brtt. sem eiga rætur að rekja til ákvarðana í fjvn. sem eru um 125 millj. kr. og eru þar af þó 12 millj. kr. sem eru brtt. frá samvinnunefnd samgöngumála. Þessir liðir verða nú skýrðir hver fyrir sig.

Við 1. umr. frv. gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir ákvörðunum ríkisstj. um að hækka rekstrarliði frv., en auk þess ákvað ríkisstj. að hækka nokkra liði sérstaklega. Niðurstöður kjarasamninga leiða til þess að launaliðir ársins 1985 hækka mun meira en að var stefnt í fjárlagafrv. Áhrif samninganna koma bæði fram á þessu ári og mynda þannig grundvöll launaáætlunar á árinu 1985. Launaliðir frv. hækka samtals af þessum sökum um 887.6 millj. kr. Launaliðir almennra rekstrarviðfangsefna hækka um 691.2 millj. kr., eða sem svarar 1.9% umfram samsvarandi liði í fjárlagafrv. Til að mæta áhrifum kjarasamninga við ýmsa launþegahópa, sem ekki eru komin fram, eru áætlaðar 196.4 millj. kr. Þetta færist á liðinn launa- og verðlagsmál undir fjmrn. Af þessum lið verður tekið til að mæta þeirri uppfærslu launa og rekstrargjalda sem koma fram vegna brtt. sem kunna að verða samþykktar hér á Alþingi við 3. umr. En skv. brtt., sem meiri hl. fjvn. og fjvn. hefur flutt, nema þessar uppfærslur tæplega 7 millj. kr. sem mundu þá færast af þessum lið.

Í verðlagsspám, sem komið hafa fram fyrir árið 1985, er talið að almennt verðlag muni breytast um 26—28% á milli áranna 1984 og 1985. Í fjárlagafrv. var hins vegar gert ráð fyrir 13—15% hækkun. Eigi rekstrarfjárveitingar að verða raunhæfar 1985 er nú talið að hækkun rekstrargjalda stofnana þurfi að miða við 23—24% á milli ára í stað 11% eins og gert var í fjárlagafrv. Getur þó vel verið að ýmsum þyki að sér þrengt sem fyrir stofnunum standa. Miðað er við það að gengi erlendra gjaldmiðla hækki á milli ára um 22—23%. Í fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun í haust var miðað við að gengi breyttist um 5% frá upphafi til loka árs 1985. Jafnframt var stefnan sú að halda genginu lítt breyttu til næstkomandi áramóta.

Aðstæður eru nú gjörbreyttar og sér hver maður að forsendur áætlunar um vexti og afborganir hafa einnig breyst. Af þessum sökum eru gerðar till. um að almenn uppfærsla rekstrargjalda nemi 416.7 millj. kr. Þar af er hækkun vaxtagreiðslna ríkissjóðs af almennum lánum 122.3 millj. og aðrar hækkanir 294.4 millj. kr.

Þessi uppfærsla á útgjöldum frv. er nauðsynleg til að horfst sé í augu við almennar verðlagsbreytingar og nauðsynleg útgjöld, því ella rekur að því að nauðsyn væri á aukafjárveitingum á árinu 1985, en það er skv. venju til þess fallið að slæva alla fjármálaábyrgð forstöðumanna stofnana og fyrirtækja.

Til viðbótar því, sem ég nú hef rakið um uppfærslu launa og rekstrargjalda, taka nokkrir liðir uppfærslu, þ. á m. tilfærsla til Þjóðleikhúss, Sinfóníuhljómsveitar og Unglingaheimilisins í Kópavogi. Þá er að nefna lán Orkusjóðs, lán vegna Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fleiri verðlags- og gengisbundna liði. Alls nemur þessi uppfærsla 70.7 millj. kr. Veigamestu tilfærsluliðirnir eru þó þessir:

Talið er nauðsynlegt að hækka framlög til almannatrygginga um 850 millj. kr. eingöngu vegna bótahækkana í samræmi við kjarasamninga og til þess að mæta hækkun útgjalda sjúkratrygginga sem af launa- og verðlagsbreytingum stafar. Auk þessa hækka útgjöld lífeyristrygginga um 100 millj. kr. vegna sérstakrar 14% bótahækkunar lífeyristrygginga nú í nóvember í stað 10% almennrar hækkunar launa. Alls eru þetta því um 950 millj. kr. sem almannatryggingar hækka vegna breytinga á verðlagsforsendum.

Beint framlag á A-hluta fjárlaga til Lánasjóðs íslenskra námsmanna nemur í frv. 481 millj. kr. Fjárútvegun til sjóðsins eingöngu vegna verðlagsbreytinga er 96.8 millj. kr. Þar af hækkar fjárveiting á A-hluta um 56.8 millj. og hækkun á lántökum sjóðsins sjálfs er 40

millj. Hér er eingöngu verið að leiðrétta fjárhag sjóðsins þannig að hann geti staðið við þau fyrirheit sem að er stefnt í fjárlagafrv.

Þá ákvað ríkisstj. hækkun á framlögum til húsbyggingasjóða um 104 millj. kr. til þess að fjárframlög haldi verðgildi sínu árið 1985.

Þá má enn nefna framlög til niðurgreiðslna á vöruverði sem hækka um 70 millj. kr., þannig að fjárhæð sú, sem í frv. er áætluð til niðurgreiðslna á vöruverði, haldi því raungildi sem að var stefnt.

Þá er þess að geta að í frv. er áætlað fyrir endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi 380 millj. kr. Samhliða endurskoðun á söluskattstekjum almennt er einsýnt að þessi fjárhæð þarf að endurskoðast og hækkar framlag til þessa um 50 millj. kr. og verður alls 430 millj.

Í það heila tekið hækka tilfærslur alls skv. þessu um 1301.5 millj. kr. Þá er þess að geta að ríkisstj. ákvað að framlag til Vegagerðar ríkisins hækkaði um 192 millj. kr. og þannig verða alls um 1650 millj. til ráðstöfunar 1985. Þetta jafngildir 1.91% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu 1985 sem gangi til vegamála. Rétt er að minna á að með auknum útboðum hefur víða tekist að ná fram tilboðum sem hafa verið nokkuð undir kostnaðaráætlun, og hefur það haft áhrif á framkvæmdamagn. Vegaframkvæmdir á árinu 1985 fjármagnast þannig að 1255 millj. kr., eða 76%, koma inn í mörkuðum tekjustofnum en afgangurinn, eða 24%, með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Framlag til Landhelgisgæslunnar hækkar sérstaklega um 14.8 millj. kr. vegna uppfærslu á framlagi til kaupa á þyrlu sem er vegna breytinga á gengi. Þannig er einnig um ýmsa liði utanrrn.

Til samræmis við hækkun rekstrarliða eru sértekjur stofnana hækkaðar nokkuð. Alls hækka sértekjur um 88.3 millj. kr. og fjölyrði ég ekki frekar um það.

Þetta eru skýringar við fyrsta þáttinn í þeirri útgjaldahækkun frv. sem ég geri hér að umtalsefni.

Annar þátturinn í þessari breytingu á gjaldahlið frv. er af allt öðrum toga spunninn. Er hann til kominn skv. tilmælum frá ríkisstj. í kjölfar ákvarðana sem hún hefur tekið á milli 2. og 3. umr. Þar vil ég fyrst nefna 225 millj. kr. hækkun almannatrygginga vegna útgjalda sjúkra- og lífeyristrygginga. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gefið út reglugerðir til að létta útgjöld sjúklinga. Þannig var ákveðið að takmarka greiðslur sjúklinga fyrir sérfræðiþjónustu og rannsóknir og leiðir af því a. m. k. 125 millj. kr. aukin útgjöld. Einnig er ákveðið að hækka ekki á næsta ári þátt sjúklinga í lyfjakostnaði og sérfræðiþjónustu. Af þeim sökum hækka útgjöld um allt að 50 millj. kr.

Þá vil ég nefna að talið var að 40 millj. kr. skorti á áætlun sjúkratrygginga til að standa undir útgjöldum sem verða við það að nýjar sjúkrastofnanir taka til starfa á miðju ári 1985. Enn fremur hækka útgjöld lífeyristrygginga um 10 millj. kr. vegna breyttrar reglugerðar um örorkubætur.

Samtals hækka því útgjöld almannatrygginga skv. þessu um 1150 millj. kr. frá því að fjárlagafrv. var lagt fram í upphafi þings, ýmist vegna breyttra verðlagsforsendna eða vegna ákvarðana sem teknar hafa verið af hæstv. trmrh. og hæstv. ríkisstj.

Þá er lagt til skv. ákvörðun ríkisstj. að hækka framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 130 millj. kr. umfram þá hækkun sem Lánasjóðurinn hefur fengið vegna breyttra verðlagsforsendna. Er þá reiknað með að mæta svo kallaðri umframfjárþörf upp í 100% í staðinn fyrir 95% eins og nú er. Einnig er um magnaukningu að ræða þannig að reiknað er með að lánveitingum fjölgi frá því sem gert var ráð fyrir í frv. úr 7% á næsta ári upp í 11% á næsta ári. Verði þessar till. samþykktar verður fjárútvegun til sjóðsins á næsta ári samanlagt 1008 millj. kr. og skiptist þannig að lánsfé í B-hluta er 340 millj. kr. og fjárveiting sem nemur 668 millj. kr. Af heildarfjárútvegun til sjóðsins fara 895 millj. til útlána en mismunurinn, 113 millj., er til þess að standa undir rekstri sjóðsins og jafna mismun innkominna vaxta og afborgana og þeirra sem greiddir eru af lánum sjóðsins.

Gott er að geta búið vel eða sæmilega að námsmönnum, ekki síður en öðrum. Ástæða sýnist þó til að staldra við og hugleiða hversu langt skuli ganga. Og hvort þær reglur, sem gert er ráð fyrir að gildi um þessi efni á næsta ári, þurfi ekki frekari athugunar við. Ég tel ástæðu til að gerð verði athugun á því hver afkoma námsmanna raunverulega er. Ég dreg í efa að afkoma hins venjulega manns í okkar landi sé betri en námsmanna sem lána njóta.

Hér er verið að ráðstafa háum fjárhæðum. Til samanburðar við 1008 millj. kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna má nefna að rekstrarfjárveiting til ríkisspítalanna, svo dæmi sé tekið, er 1453 millj. kr. Það má t. a. m. geta þess að hér er um að ræða hærri fjárveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en áætlað er að verja til byggingarsjóða ríkisins á næsta ári. Hér er um að ræða litlu lægri fjárveitingu en áætlað er að verja til allra stofnkostnaðarframkvæmda á næsta ári miðað við fjárlagafrv. eins og það var lagt fram. Hér er enn fremur um að ræða hærri fjárveitingu en alls er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði, jöfnunar á rafhitun, niðurgreiðslna á húshitun með olíu og þannig til millifærslna í þjóðfélaginu á þessum liðum.

Í fjárlögum er fjárveiting sem einungis dugar til að reka Skipaútgerð ríkisins í sex mánuði. Og með sama hætti var fjárlagafrv. sett upp fyrir næsta ár. Í þeim till., sem fluttar eru að tilmælum ríkisstj., er lagt til að framlag ríkisins hækki um 40 millj. kr., þannig að rekstur fyrirtækisins verði tryggður allt árið 1985.

Á síðustu árum hefur iðulega verið vanáætlað til reksturs grunnskóla á fjárlögum ríkisins. Nú er lagt til í samræmi við till. ríkisstj. að hækka framlög til rekstrar grunnskóla um 22 millj. kr. Enn fremur er lagt til að launaliður grunnskóla hækki um 9 millj. og er það sumpart til þess að á síðari hluta þessa skólaárs verði hægt að vinna upp nokkuð af þeirri kennslu sem tapaðist við verkfall opinberra starfsmanna í haust.

Í umr. um þessi mál hef ég hreyft hugmyndum um hvort ekki væri athugandi að sá hluti af útgjöldum grunnskólalaga, sem ekki er fastbundinn í lögum heldur er í heimildarformi, verði ekki lengur kostaður af ríki heldur verði sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort þau taka að sér þann kostnað eða ekki. Hér er ekki síst átt við forskóla sem ekki er lögbundinn. Kostnaður við rekstur forskóla mun á næsta ári nema milli 30 og 40 millj. kr.

Mér virðist rökrétt að ef ríkissjóð skortir fé til að standa straum af útgjöldum skv. lögum þá verði fyrst felld niður útgjöld til þeirrar starfsemi sem er í heimildarformi og ekki lögbundin, svo sem er um forskóla.

Það er einnig mikilvægt að slíkar aðgerðir komi sem jafnast við sveitarfélögin, en forskóli mun nú rekinn í flestum eða öllum skólahverfum landsins og kemur ekki harðar við einn landshluta en annan, þó að hann færðist til sveitarfélaga. Enn fremur sýnist mér ekki óeðlilegt að t. a. m. sálfræðiþjónusta í grunnskólum væri á vegum sveitarfélaganna en ekki ríkisins, þannig að sveitarfélögin tækju þann þátt að sér og ákveði sjálf umfang þeirrar þjónustu. Þá er hér lagt til í samræmi við samþykktir ríkisstj. að framlag til Erfðafjársjóðs hækki um 5.6 millj. kr. og fær þá sjóðurinn tekjur skv. óskertum lögum af erfðafjárskatti.

Enn fremur er lagt til að tekinn verði upp nýr liður, Sjónstöð ríkisins, og verði framlag um 5 millj. kr. Þar af verði laun 1.9 millj., rekstrargjöld 0.8 millj. og stofnkostnaður 2.1 millj. Á launalið þessarar stofnunar er gert ráð fyrir einni stöðu læknis, einni stöðu sjónþjálfa, hálfri stöðu sjónfræðings og einni stöðu skrifstofumanns. Gert er ráð fyrir að stofnunin taki til starfa eigi fyrr en 1. apríl n. k.

Þá er lagt til að inn á liðinn Ríkisspítalar, stofnkostnaður komi nýr liður, K-bygging, og verði fjárveiting 20 millj. kr.

Þær till., sem hér hafa verið skýrðar, eru fluttar skv. tilmælum og í kjölfar ákvarðana ríkisstj. og nema þær samtals 460.5 millj. kr.

Fjvn. leggur ekki til breytingar á þessum liðum í krónutölu frá því sem tilmæli komu um frá ríkisstj. En ég get persónulega tekið fram að mér virðast sumar þær ákvarðanir sem að baki þessum till. liggja í litlu samræmi við þá erfiðu stöðu sem við er að fást í fjármálum ríkisins.

Þriðji þátturinn í hækkun útgjalda á frv. á milli 2. og 3. umr. eru till. sem eiga rætur að rekja til ákvarðana fjvn. og eru fluttar af nefndinni í heild, en inni í þeim till. eru, eins og áður sagði, 12 millj. kr. vegna brtt. frá samvinnunefnd samgöngumála. Þessar till. frá fjvn. og samvinnunefnd samgöngumála nema í heild 125 millj. kr. Áður en ég vík að því að skýra einstakar till. í þessum flokki brtt. þykir mér rétt að víkja að rekstrar- og greiðsluyfirliti ríkissjóðs eins og það kemur út ef till. fjvn. og meiri hl. fjvn. verða samþykktar.

Eins og þegar er komið fram nema áætlaðar tekjur ríkissjóðs á næsta ári, verði brtt. meiri hl. fjvn. samþykktar, samtals 25 335.9 millj. kr. en gjöld samtals 26 071.8 millj. kr. Því er um rekstrarhalla að ræða sem nemur 735.5 millj. kr. Eins og fyrr er að vikið kemur þessi rekstrarhalli fram eftir endurmat tekna og gjalda, bæði vegna breyttra verðlagsforsendna og vegna þeirra breytinga á einstökum liðum útgjalda og tekna sem hér hafa verið raktar og ýmist komu fram við 2. umr. eða hér liggja fyrir í tillöguformi. Þetta er um 203 millj. kr. meiri halli en upphaflega var gert ráð fyrir þegar frv. var lagt fram. Til þess að mæta þessum aukna halla hefur verið gerð breyting á áformum um lánsfjáröflun fyrir ríkissjóð á næsta ári. Sumar af þeim breytingum eru bein afleiðing af öðrum verðlagsforsendum sem upphaflega voru lagðar til grundvallar, en aðrar eru nauðsynlegar til að fjármagna aukinn rekstrarhalla.

Erlendar lántökur til A- og B-hluta ríkissjóðs munu hækka um 300 millj. kr., úr 2600 í 2900 millj. Hér verður ekki fjallað ítarlegar um erlendar lántökur og áhrif þeirra á fjármál ríkisins og þjóðarbúskapinn. Sú umr. mun fara fram við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga. Rétt þykir mér þó að benda á að æskilegt væri að breyta tekjuöflun ríkissjóðs á þann veg að hún væri ekki jafnháð og raun ber vitni breytingum á innflutningi og viðskiptahalla, sem að nokkru leyti eru afleiðingar af miklum erlendum lántökum.

Gert er ráð fyrir að útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa skili 400 millj. kr. sem er hækkun um 50 millj. kr. frá upphaflegum áætlunum. Í lánsfjáráætlun er nánar fjallað um þessa fjáröflun og bregðist hún, eins og gerðist á þessu ári, mun það skapa viðbótarvanda fyrir ríkissjóð.

Alls er áætlað að lánajöfnuður sýni 868.5 millj. kr. í innborganir umfram útgreiðslur, sem með 120 millj. kr. nettó útstreymi á viðskiptareikningum og rekstrarhalla að fjárhæð 735.5 millj. kr. þýðir um 13 millj. kr. greiðsluafgang.

Að mínum dómi er ekkert ánægjuefni að kynna áætlað rekstraryfirlit ríkissjóðs á næsta ári með yfir 700 millj. kr. halla. Á hinn bóginn tel ég ekkert efamál að gjaldahlið fjárlagadæmisins sé nú traustari en verið hefur á undanförnum árum.

Ég tel þá rétt að fara nokkrum orðum um B-hluta frv. Að venju hefur fjvn. fjallað um fjárhag ýmissa B-hluta fyrirtækja og sjóða. Út af fyrir sig tel ég að B-hluta fyrirtæki þyrftu að fá ítarlegri umfjöllun en oft vill verða við mikinn tímaskort á síðustu dögum fyrir afgreiðslu fjárlaga. Ég vil vekja á því athygli að hjá sumum þjóðþingum eru gjaldskrármál og þar með hækkun gjaldskráa ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

Rekstur og fjárfestingar Pósts og síma, Ríkisútvarps og Rafmagnsveitna ríkisins fengu sérstaka umfjöllun. Rekstraráætlun Pósts og síma er í öllum meginatriðum samhljóða rekstraráætlun stofnunarinnar. Aftur á móti er lagt til að framkvæmdir stofnunarinnar verði 350 millj. kr. á árinu 1985, sem er um 25 millj. kr. lægri fjárhæð en lagt var til í upphaflegri framkvæmdaáætlun. Tveimur framkvæmdum í Reykjavík verður þar með frestað á næsta ári, þ. e. pósthúsbyggingu í Mjóddinni í Breiðholti og aðstöðuhúsi á Ártúnshöfða. Þó eru framkvæmdir fyrirhugaðar þannig að um 100 millj. kr. verði varið til lokaátaks í uppsetningu sjálfvirks síma í sveitum. Þetta verk hefur gengið betur en áætlað var og á stofnunin lof skilið fyrir. Aðrar framkvæmdir stofnunarinnar eru því um 250 millj. kr. og eru sýndar á sérstöku yfirliti á þskj. 412 í brtt. meiri hl. fjvn.

Út frá forsendum frv. um launa- og verðlagsbreytingar er talið nægjanlegt að gjaldskrá stofnunarinnar hækki um 11% á næsta ári og gildi sú hækkun frá 1. febr. n. k. Þetta verður að teljast hófleg hækkun gjaldskrár sem hefur ekki hækkað frá því í ágúst árið 1983. Fjárhagsafkoma stofnunarinnar hefur verið fremur góð á þessu ári og því full ástæða til að þessi þáttur opinberrar þjónustu hækki ekki umfram það sem brýnast er talið.

Framlag úr A-hluta, þ. e. sá hluti af rekstri stofnunarinnar, sem greiddur er af Alþjóðaflugmálastofnuninni, hækkar úr 40 millj. kr. og verður 50 millj. Þá hækkar áformuð lántaka úr 30 millj. í 32 millj., en um aðrar breytingar vísa ég til þskj. 412 um brtt. meiri hl. fjvn.

Til þess að ná jöfnuði í rekstri Ríkisútvarpsins þurfa gjaldskrár vegna sjónvarpsins að hækka að því er talið er frá 1. mars um 16% vegna auglýsinga og á sama tíma um 10% vegna afnotagjalds. Gjaldskrá útvarpsins er

sömuleiðis talin þurfa að hækka frá 1. mars um 6% fyrir auglýsingar og um 10% vegna afnotagjalda. Framkvæmd við útvarpshús hefur miðað vel undanfarið. Alls er á árinu 1985 áætlað að til framkvæmda renni um 50 millj. kr. úr byggingarsjóði útvarpsins. Er þá hafnað áformum um lántökur til framkvæmda upp á 59 millj. kr. til viðbótar.

Þá vík ég að fjármálum Rafmagnsveitna ríkisins. Í fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 kemur fram að fjárfestingar fyrirtækisins eru alls áætlaðar 185 millj. kr. á næsta ári og eru þær að mestu fjármagnaðar með lántöku sem er 175 millj. kr. Óhjákvæmilegt virðist að gjaldskrá fyrirtækisins hækki nokkuð.

Landsvirkjun mun áætla 14% hækkun á heildsölugjaldskrá frá 1. janúar n. k. Áður hefur Landsvirkjun fengið 5% hækkun á sinni gjaldskrá án þess að það hafi komið fram í smásölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Skv. þeim till., sem fyrir liggja, má ætla að Rafmagnsveitur ríkisins þyrftu að fá gjaldskrárhækkun sem nemur nálægt 20% á næsta ári.

Um aðrar breytingar á B-hluta frv. má nefna að lagt er til að byggingarsjóði rannsóknastofnana atvinnuveganna verði heimiluð lántaka, 4.5 millj. kr., sem ráðstafað verði til nýbygginga Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna og Skipaútgerð ríkisins hefur áður verið fjallað.

Í síðasta lagi hafa verið gerðar breytingar á fjárhag nokkurra B-hluta fyrirtækja, svo sem eins og Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar í samræmi við breytingar sem fram koma í brtt. við 3. og 4. gr. frv.

Mér þykir rétt að taka fram að til fjvn. kom beiðni um fjárframlag til að standa straum af rannsóknum á sviði líftækni, svokallað ensímverkefni. Að mati vísindamanna á þessu sviði er hér um að ræða langtímaverkefni sem hæpið er að muni skila þjóðarbúinu arði fyrr en að nokkrum árum liðnum. Til undirbúnings þessu verkefni er nú talið að verja þurfi milli 60 og 70 millj. kr. á næstu árum, þar af um 16 millj. kr. á árinu 1985. Hér er um mjög áhugavert verkefni að ræða sem þarfnast gaumgæfilegrar athugunar. Hluti þess fjármagns, sem til rannsókna kann að verða varið, er þó hreint áhættufé. Með tilliti til þess, sem ákveðið hefur verið um stofnun þróunarfélags til eflingar nýjunga í atvinnulífinu og rannsókna, sýnist fjárstuðningur við verkefni á sviði líftækni dæmigert viðfangsefni félagsins.

Þá vil ég taka fram að í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna í byrjun sept. kom fram að ákveðið er að takmarka greiðslu útflutningsbóta við 380 millj. kr. á næsta ári. Jafnframt skal að því stefnt að 10% af áætluðum útflutningsbótarétti, þ. e. 55—60 millj. kr., verði ráðstafað til eflingar nýrra búgreina. Framkvæmd þessa stefnumarkmiðs ríkisstj. er fyrirhugað þannig að verkefni verði fjármögnuð með hluta af því fé sem ætlað er til svonefnds þróunarfélags. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að til þessa félags verði aflað 500 millj. kr. með lánsfé.

Hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir því að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár væri sýnt í fskj. hvernig ríkissjóður væri gerður upp skv. reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fjvn. hefur kynnt sér þessa framsetningu og hún hefur orðið tilefni til umr. á Alþingi. Það er þarft framtak hjá hæstv. ráðh. að kynna frv. með þessum hætti. Fjvn. hefur hug á því að fjalla nánar um þetta framsetningarform eftir áramót og mun þá kynna skoðanir sínar á því.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hl. n. varðandi greiðsluyfirlit ríkissjóðs, tekjuáætlun og B-hluta stofnanir. Áður en ég hef að gera grein fyrir brtt. n. varðandi 4. og 6. gr. vil ég taka fram að brtt. við þessar tvær gr. frv. eru fluttar af fjvn. í heild. Að sjálfsögðu hefur minni hl., þ. e. fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, eftir venju frjálsar hendur um að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Brtt. við 1., 2. og 3. gr. svo og 5. gr. eru fluttar af meiri hl. fjvn. Mér þykir rétt að taka það fram og biðja velvirðingar á því að orðið hafa þau mistök að örfáar till., er varða 4. gr. og ætlunin var að fluttar yrðu af fjvn. í heild, hafa farið inn á þskj. 381 sem flutt er af meiri hl. fjvn. Þetta eru brtt. 10—13 og 23 á því þskj.

Þá vil ég hér greina frá þeim brtt., sem fluttar eru við 4. gr.

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Til kjararannsókna, og skiptist hann þannig að laun hækka um 200 þús. og rekstrargjöld um 600 þús. kr.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Þingvallanefnd. Lagt er til að gjöld hækki um 500 þús. kr. vegna aukins stofnkostnaðar innan þjóðgarðsins.

Menntamálaráðuneyti.

Kennaraháskóli Íslands. Lagt er til að laun hækki um 700 þús. kr. sem er vegna tveggja lektorsstaða við skólann til að sinna kennslu í tölvufræðum og fyrir kennara fyrir fatlaða.

Íþróttakennaraskóli Íslands. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, viðhald, sem verði 250 þús. kr.

Verkmenntaskóli, Akureyri. Lagt er til að gjöld hækki um 500 þús. kr. vegna tækjakaupa.

Vélskóli Íslands. Lagt er til að gjöld hækki um 500 þús. kr. vegna tækjabúnaðar.

Í báðum þessum skólum er gert ráð fyrir að verja þessu fé til að undirbúa eða kaupa tæki sem kallast „hermir", en þau tæki kosta mun meira en þessar fjárhæðir segja til um. Forstöðumenn þessara skóla gera sér vonir um framlög annars staðar frá þannig að unnt verði að koma kaupum í kring.

Fjölbrautaskóli, Garðabæ. Hér er um nýtt viðfangsefni að ræða og tilfærslu frá grunnskóla sem gerist við það að skólanum hefur verið breytt í fjölbrautaskóla. Þessi breyting hefur í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs um 1 millj. 280 þús. kr. en að öðru leyti færist kostnaður sem nemur 7 millj. 750 þús. kr. af lið grunnskóla til þessa fjölbrautaskóla.

Tónlistarfræðsla. Lagt er til að liðurinn Tónlistarskólar hækki um 4 millj. kr. svo sem þegar hefur verið greint frá.

Skálholtsskóli. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 300 þús. kr.

Grunnskólar, Norðurlandi eystra. Liðurinn lækki um 300 þús. kr. vegna sparnaðar við skólahjúkrun þegar heilsugæslustöð á Akureyri tekur til starfa.

Grunnskólar almennt. Liðurinn framhaldsdeildir í grunnskólum lækkar um 7 millj. 750 þús., eins og áður segir, vegna stofnunar fjölbrautaskóla í Garðabæ. Einnig er lagt til að tekinn verði upp nýr liður, grunnskólar, óskipt, 31 millj. kr., sem skiptist þannig að 22 millj. ganga til rekstrar og 9 millj. vegna launa sem áður hefur verið skýrt frá. Liðurinn grunnskólar

almennt hækkar því um 23 millj. 250 þús. kr.

Skólar fyrir þroskaheft börn. Útgjöld vegna Kjarvalshúss, greiningarstöðvar, hækka um 900 þús. kr. sem skiptist þannig að laun hækka um 450 þús. en önnur gjöld um 250 þús. og eignakaup um 200 þús. kr.

Þjálfunarskólar. Lagt er til að útgjöld hækki um 250 þús. sem skiptist þannig að önnur gjöld hækki um 100 þús. en stofnkostnaður um 150 þús.

Fullorðinsfræðsla. Lagt er til að útgjöld hækki um 130 þús. kr. vegna þess að Heimilisiðnaðarskólinn hækkar um 30 þús. og verður 150 þús. en einnig er tekinn upp nýr liður, félagsmálanámskeið, sem er 100 þús. kr.

Listir, framlög. Lagt er til að útgjöld hækki um 1300 þús. kr. sem skýrist af því að Þýðingarsjóður hækkar um 200 þús. kr., Íslenska óperan um 500 þús. og tekinn er upp nýr liður, Íslenski dansflokkurinn, 600 þús. kr.

Norræn samvinna. Lagt er til að útgjöld hækki um 75 þús. kr. vegna hækkunar á liðnum 1.20, þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO.

Ýmis íþróttamál. Lagt er til að útgjöld hækki um 200 þús. kr. vegna liðarins Íþróttamál fatlaðra. Hækkun þessi á öll að renna til íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík.

Liðurinn Ýmislegt 999. Lagt er til að liðurinn hækki um 800 þús. kr. sem skiptist þannig að nýr liður, Kvenfélagasamband Íslands, fái 600 þús. kr., 85-nefnd 500 þús. kr. og tekjuliðurinn Ýmis framlög hækkar einnig um 300 þús. kr. Á móti lækkar liðurinn Félög, styrkir um 600 þús. kr.

Utanríkisráðuneyti, ýmis utanríkismál. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Félag Sameinuðu þjóðanna, 50 þús. kr. sem er vegna 40 ára afmælis samtakanna.

Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að rekstrargjöld hækki um 200 þús. kr. Er það sumpart vegna breytinga sem gera þarf á starfseminni við yfirtöku ráðuneytisins á Landnámi ríkisins.

Búnaðarfélag Íslands. Lagt er til að útgjöld aukist um 1 millj. kr., sem skiptist þannig að laun hækki um 300 þús. kr. og önnur gjöld um 200 þús. vegna leiðbeininga í loðdýrarækt sem ekki er áætlað fyrir í frv., en önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. sem er vegna aksturs ráðunauta.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Lagt er til að gjöld hækki um 4 millj. 450 þús. kr. sem skiptist þannig: Tekinn verði upp nýr liður, Viðhald á húsi Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri, 350 þús. kr. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Tilraunastöðvar landbúnaðarins, 2 millj. 500 þús. kr. óskipt, er gangi hlutfallslega jafnt til tilraunastöðva landbúnaðarins.

Stofnkostnaður vegna byggingar á Möðruvöllum hækkar um 900 þús. kr. og styrkur til stofnkostnaðar á Stóra-Ármóti um 700 þús. kr.

Veiðimálaskrifstofa. Lagt er til að gjöld hækki um 200 þús. kr. sem skiptist þannig að laun hækki um 100 þús. kr. vegna starfsmanns á Suðurlandi sem tæki til starfa frá og með 1. maí en taki laun að hálfu annars staðar frá. Enn fremur að rekstrargjöld stofnunarinnar verði hækkuð um 100 þús. kr.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að gjöld hækki um 300 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu, 150 þús. kr. Búnaðarsamband Suðurlands hækkar um 50 þús. og ýmis verkefni um 100 þús.

Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að gjöld hækki um 300 þús. kr. vegna starfa fulltrúa á skrifstofunni.

Hafrannsóknastofnun. Lagt er til að gjöld hækki alls um 9 millj. 240 þús. sem skýrist þannig að vegna rekstrar á nýju rannsóknaskipi, Otto Wathne, verði varið alls 9 millj. 600 þús. kr., en sértekjur dragast frá sem eru 600 þús. kr. Lagt er til að unnt sé að reka skipið í 8—9 mánuði. Þá eru tekin upp útgjöld vegna útibús í Vestmannaeyjum, 240 þús., sem starfi frá miðju ári, en þar er húsnæði tilbúið fyrir þessa starfsemi.

Dómsmálaráðuneyti.

Borgardómari í Reykjavík. Lagt er til að laun hækki um 71 þús. kr. og er það leiðrétting.

Borgarfógetinn í Reykjavík. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 1300 þús. kr. vegna tölvuvæðingar embættisins.

Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri. Lagt er til að gjöld hækki um 750 þús. sem er stofnkostnaður svo að unnt verði að standa við verksamning.

Sýslumaður, Hvolsvelli. Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 750 þús. Er sú hækkun enn fremur til þess að unnt verði að standa við verksamning um framkvæmdir sem eru í gangi.

Landhelgisgæslan. Lagt er til að útgjöld hækki um 5 millj. 747 þús. og skiptist þannig að laun hækki um 768 þús. og rekstrargjöld vegna nýrrar þyrlu um 4 millj. 979 þús. kr. Þessi rekstrargjöld eru leiga fyrir þyrluna.

Almannavarnir. Lagt er til að stofnkostnaður vegna tækjakaupa hækki um 300 þús. kr.

Dómsmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Aðgerðir gegn fíkniefnum, 1 millj. kr.

Ýmis löggæslukostnaður. Lagt er til að útgjöld hækki um 2 millj. 500 þús. vegna þess að tekinn verði upp nýr liður, Starfsmenn hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, og verður fé þessu skipt síðar af fjvn. að fengnum tillögum frá dómsmrn. og ráðninganefnd ríkisins.

Prestar og prófastar. Lagt er til að laun hækki um 700 þús. kr. vegna hækkunar á liðnum Ýmislegt, með undirliðum kirkjuráð og kirkjuþing.

Félagsmálaráðuneyti.

Málefni fatlaðra. Lagt er til að gjöld hækki um 2 millj. 500 þús. vegna 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta.

Málefni fatlaðra á Reykjanesi. Lagt er til að gjöld hækki um 200 þús. kr. vegna launakostnaðar í nýju sambýli á Reykjanesi.

Málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Lagt er til að gjöld hækki um 300 þús. kr. vegna aukinna rekstrargjalda til ráðstöfunar hjá svæðisstjórn.

Málefni fatlaðra á Suðurlandi. Lagt er til að liðurinn Sambýli á Selfossi hækki um 400 þús. kr. en þar hafði orðið reiknivilla við undirbúning frv.

Vinnueftirlit ríkisins. Lagt er til að laun hækki um 2 millj. 795 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 1 millj. Sértekjur hækki á móti um 3 millj. 795 þús. kr. Með þessum hækkunum á tekjum og gjöldum stofnunarinnar er ætlast til að hún starfi í samræmi við þær áætlanir sem hér liggja að baki og ekki verði um frekari útþenslu stofnunarinnar að ræða.

Vinnumál. Lagt er til að gjald hækki um 5 millj. 150 þús. kr. sem skýrist með því að tekinn er upp nýr liður, Orlofsheimili launþegasamtaka, sem verður 4 millj. 790 þús. kr., Iðnnemasamband Íslands verði 50 þús. kr. og liðurinn Ýmislegt hækki um 310 þús. kr.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að gjöld hækki um 3 millj. kr. sem er vegna nýs liðar, Varnaraðgerðir við Skeiðará, varnargarðar við þjóðgarðinn í Skaftafelli, en gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði á vegum Vegagerðar ríkisins.

Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að laun hækki um 250 þús. kr. vegna samningsbundinnar yfirvinnu sérfræðings í rn.

Hollustuvernd ríkisins. Lagt er til að gjöld hækki vegna tækjakaupa fyrir geislavarnir um 250 þús. kr.

Sjónstöð ríkisins. Tekinn er upp nýr liður, svo sem fyrr hefur verið frá greint, með 5 millj. kr.

Ríkisspítalar. Lagt er til að gjöld hækki alls um 59 millj. kr. sem skiptist þannig að laun hækki um 230 millj. kr., tækjakaup um 16 millj. og yfirstjórn á Landspítalalóð hækki um 20 millj. sem er fjárfesting vegna K-byggingar sem fyrr er frá greint. Rétt er að geta þess að í þskj. 411, brtt. frá fjvn., hefur slæðst inn villa í yfirliti varðandi þennan lið. Fleiri villur kunna að vera í þskj. svo sem oft er við afgreiðslu fjárlagafrv. vegna þeirrar gífurlegu vinnu og álags sem hvílir á starfsmönnum sem að þessu vinna. Verður að biðja þá velvirðingar á því.

Málefni fatlaðra. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra ber ríkissjóði að greiða halla af endurhæfingarstöðvum fatlaðra og skulu þær heyra stjórnarfarslega undir heilbrigðisráðuneytið. Af þessum sökum hefur ekki verið hjá því komist að búa til nýjan lið á fjárlögum til þess að vinna að þessu verkefni. Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna þessa er 5 millj. og 9 þús. kr.

Þessi liður skiptist þannig að endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut í Reykjavík er með 3 millj. 625 þús. kr., Sjálfsbjörg á Akureyri með 1 millj. 384 þús. og sumardvalarheimilið í Reykjadal með 3 millj. 251 þús. kr.

Sjúkrahús og læknisbústaðir. Liðurinn Heilsuverndarstöðvar, styrkir lækkar um 500 þús. kr. vegna þess að ný heilsugæslustöð á Akureyri tekur til starfa frá og með 1. janúar.

Fjórðungssjúkrahúsið, Akureyri. Lagt er til að laun hækki um 1 millj. 700 þús. kr. vegna þess að til starfa tekur ný slysadeild á árinu.

Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Lagt er til að útgjöld hækki á þessum lið um 10 millj. 800 þús. kr. Skýrist þessi hækkun með því að kostnaður við starfslið við nýja heilsugæslustöð á Akureyri verði 8 millj. 800 þús. kr. og kostnaður vegna nýrra heilsugæslulækna á Grundarfirði, Eskifirði og í Grindavík auk annars starfsfólks, sem hugsanlega verður ráðið á árinu 1985 í heilsugæslustöðvum, verði samtals 2 millj. kr. Gert er ráð fyrir að læknir á Grundarfirði geti tekið til starfa 1. febrúar en á Eskifirði og í Grindavík frá og með 1. júlí.

Á móti þessu lækka sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins um 4 millj. kr. svo og liðurinn Heilsuverndarstöðvar, styrkir um 500 þús. kr. og grunnskólar á Norðurl. e. um 300 þús. kr. eins og áður hefur verið getið. Samtals er hækkun ríkisútgjalda vegna þessara breytinga 6 millj. kr.

Bindindisstarfsemi. Áfengisvarnaráð. Útgjöld hækka um 250 þús. kr. sem skýrist af því að laun hækka um 50 þús. og rekstrargjöld um 200 þús. kr.

Fjármálaráðuneyti.

Uppbætur á lífeyri. Liðurinn hækkar um 697 þús. kr. sem færist á liðinn Styrktarfé og aðrir starfsmenn.

Fasteignamat ríkisins. Lagt er til að laun hækki um 800 þús. kr.

Samgönguráðuneyti.

Vegagerð ríkisins. Lagt er til að taka upp nýjan lið, Til einstaklinga og samtaka, sem eru styrkveitingar til þeirra aðila sem halda uppi greiðasölu við erfið skilyrði að vetrarlagi. Liðnum verður skipt af fjvn. síðar í vetur svo sem tíðkað hefur verið á undanförnum árum. — Áður hefur verið skýrt frá uppfærslu á Vegagerð ríkisins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og skal það ekki endurtekið hér.

Siglingamálastjóri. Lagt er til að gjöld hækki um 1500 þús. sem skiptist þannig: Laun hækki um 300 þús., önnur gjöld um 600 þús. og stofnkostnaður um 600 þús. kr.

Gert er ráð fyrir því að skoðunargjald verði hækkað um 2 millj. kr. og er sú till. kynnt í brtt. meiri hl. fjvn. við 3. gr.

Sjóslysanefnd. Lagt er til að framlag hækki um 3 millj. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Öryggismál sjómanna.

Flugmálastjórn. Lagt er til að gjöld hækki um 150 þús. kr. sem er hækkun á launalið vegna hálfrar stöðu flugvallarstarfsmanns á Breiðdalsvík.

Iðnaðarráðuneyti. Ýmis orkumál. Lagt er til að útgjöld vegna orkusparandi aðgerða hækki um 3 millj. kr. og verði 13 millj. kr.

Tillögur er varða 6. gr. tel ég að skýri sig að mestu sjálfar.

Ég hef þá lokið, herra forseti, við að greina frá till. fjvn. og yfirliti yfir rekstrarstöðu og greiðslustöðu ríkissjóðs eins og hún kemur fram skv. þeim till. sem fjvn. flytur og meiri hl. fjvn. á öðrum þskj.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um þau erindi sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum, svo sem á Faxaflóa, Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi, til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi er borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera skv. snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Nefndinni bárust umsóknir að þessu sinni frá 63 aðilum. Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri í samgrn. og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum nefndarinnar, endurskoðuðu reikninga allra flóabátanna og veittu nefndinni margvíslegar upplýsingar sem komu henni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. flutninga

á sjó. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og svo hitt að um allt það sem lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó ýmsir aðrir aðilar, er styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar, og er það veruleg breyting til bóta miðað við það sem áður var.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram hvað aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar og er nefndinni fullkomlega ljóst að ástæða væri til að hafa þessa styrki verulega hærri. En á hitt er einnig að líta að margir munu þeir vera sem ekki eru mikið betur settir, en hafa enga umsókn sent.

Þá mun ég koma inn á nokkur atriði í sambandi við flóabátana.

Í ár er styrkur til Akraborgar 6 millj. kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði skv. sérstöku samkomulagi við hann. Á árinu 1983 var halli á rekstri fyrirtækisins annað árið í röð og nam hann um 9 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Í árslok var eigið fé orðið neikvætt um rúmlega 30 millj. kr. og á árinu versnaði veltufjárstaða fyrirtækisins um 11.7 millj. kr. eða helmingi meira í krónum talið en árið áður. Skammtímaskuldir námu 31.5 millj. kr. um áramótin 1983—1984 og höfðu þær aukist um 10.7 millj. kr. á árinu.

Skv. rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir tímabilið janúar—júní 1984 er rekstrarhallinn orðinn 4.6 millj. kr. Skammtímaskuldir halda áfram að aukast og voru á miðju þessu ári orðnar 38.6 millj. kr., en veltufjármunir aðeins 5 millj. kr. Á sama tíma námu tekjur fyrirtækisins 21.5 millj. kr.

Í bréfi til samvn. samgn., dags. 19. okt., eru nefndar nokkrar ástæður fyrir versnandi afkomu fyrirtækisins. M. a. er þar nefnt að nauðsynlegt þótti að setja í skipið nýja hliðarskrúfu vegna erfiðra hafnaraðstæðna. Kostnaður við þessa framkvæmd var 4.5 millj. kr. og stöðvaðist skipið við þessa framkvæmd um sex vikna tíma. Slæm veðrátta til ferðalaga hafði óhagstæð áhrif á rekstur fyrirtækisins þar sem flutninganýtingin var léleg að sögn rekstraraðila.

Í júlí s. l. var gamla Akraborg seld fyrir 10 millj. kr., en andvirði sölunnar rann beint til greiðslu upp í 20 millj. kr. skuld við Ríkisábyrgðasjóð. Skv. upplýsingum frá Ríkisábyrgðasjóði eru skuldir fyrirtækisins við hann sem hér segir:

Áætluð heildarskuld um næstu áramót 101.3 millj., vanskil nú 19 millj., áætlaðar afborganir og vextir á næsta ári 18.8 millj. kr.

Baldur. Skv. áætlun um rekstur bátsins út þetta ár er gert ráð fyrir 450 þús. kr. halla sem er nokkru verri útkoma en á síðasta ári, en þá var hallinn 248 þús. Hlutfall ríkisstyrks af heildargjöldum verður þá 54%.

Nefnd sú sem samgrh. skipaði 28. júlí 1983 til þess að annast framkvæmd og umsjón með smíði nýs flóabáts fyrir Breiðafjarðarsvæði skilaði áfangaskýrslu 3. febr. 1984. Niðurstaða nefndarinnar er að leggja til að smíðað verði 200 smálesta skip sem getur flutt 15—17 bifreiðir af venjulegri stærð á þilfari, en einnig verði hægt að flytja vöruflutningabifreiðar og stórar fólksflutningabifreiðar. Í aðalfarþega- og veitingasal, sem yrði niðri í skipinu, er gert ráð fyrir sætum fyrir 130 farþega. Skv. áætlun nefndarinnar frá því í febr. s. l. er smíðakostnaður ferjunnar 60 millj. kr.

Niðurlagsorð nefndarinnar eru þau að með tilvísun til framanritaðs telur nefndin að ekki sé rétt að svo stöddu að halda áfram frekari undirbúningsframkvæmdum með tilliti til útboðs fyrr en fyrir liggi endanleg ákvörðun stjórnvalda um smíði ferjunnar skv. þeim teikningum sem fyrir liggja.

Í rekstraráætlun bátsins fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tekjur hækki um 18% að meðaltali og ríkissjóðsstyrkurinn hækki úr 5.2 millj. í 6.6 millj. kr. Áætlað er að gjöld skipsins hækki um 17% að meðaltali og launakostnaður hækki um 23% milli ára. Þessi áætlun er miðuð við óbreytta þjónustu bátsins, en reiknað er með auknum vöruflutningum er leiðir af endurbótum sem gerðar voru á bátnum á s. l. vori. Það verður að teljast mjög brýnt verkefni að fá nýjan bát á Breiðafjarðarsvæðinu.

Fagranesið. Eins og fyrr fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár. Í bréfi framkvæmdastjóra bátsins, dags. 25. nóv., er frá því greint að þegar rekstraráætlun var gerð fyrir yfirstandandi ár var tekið mið af spá stjórnvalda um verðlagsþróun þessa árs, en hún gerði ráð fyrir 22% meðaltalshækkun rekstrar- og tekjuliða. Þó voru útgjöld aðeins hækkuð um14.7% í áætluninni.

Tekjur fyrirtækisins út þetta ár eru áætlaðar 7.9 millj. kr. eða um 11% umfram það sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun sem lögð var fyrir samvn. samgm. fyrir ári. Framlag ríkissjóðs til rekstrar nemur á þessu ári 4.9 millj. kr. eða sem svarar um 62% heildartekna. Auk þess fékk báturinn 400 þús. kr. í stofnstyrk.

Hér er að vísu um nokkuð betri rekstrarniðurstöðu að ræða en var á síðasta ári, enda telur framkvæmdastjóri bátsins að rekja megi ástæður þess til aukinna tekna af aukaferðum á síðasta sumri.

Áætlun fyrirtækisins er í hefðbundnum stíl. Framkvæmdastjóri hafði við gerð hennar hliðsjón af upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, en hún gerir ráð fyrir 26% meðaltalshækkun rekstrar- og tekjuliða á næsta ári. Skv. því verða útgjöld fyrirtækisins 9.3 millj. kr. og tekjur aðeins 3.2 millj. Nauðsynlegt ríkisframlag er því a. m. k. 6.1 millj. sem er um 66% af heildarútgjöldum. Hér er um 24% hækkun ríkisframlags að ræða til reksturs á yfirstandandi ári.

Drangur. Til loka okt. s. l. hafði Drangur flutt um 12 300 tonn af vörum. Allt árið í fyrra flutti skipið 11 500 tonn. Ástæðu fyrir auknum flutningi má rekja til tveggja þátta. Í fyrsta lagi til samnings við Kaupfélag Eyfirðinga um alla flutninga til Hríseyjar, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar og Grímseyjar, en samningur þessi gildir frá 1. apríl 1984 til 1. jan. 1986. Vegna þessa samnings þótti nauðsynlegt að kaupa flutningabifreið til þess að annast þessar ferðir yfir sumarmánuðina og þegar fært er um veturinn nema þegar Drangur siglir til Grímseyjar sem er hálfsmánaðarlega. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins greinir nánar frá þessu í greinargerð. Í öðru lagi hefur aukaferðum skipsins fjölgað verulega á árinu sem nú er að líða, einkum vegna þungaflutninga. Sem dæmi má nefna flutning á 2500 tonnum af möl til Grímseyjar í haust til vegagerðar og sundlaugarbyggingar ásamt tækjum.

Í lok okt. s. l. var hagnaður af eiginlegum rekstri fyrirtækisins, þ. e. fyrir fjármagnsgjöld, um 1.9 millj.

kr., en eftir að tekið hefur verið tillit til fjármagnsgjalda var hallinn orðið 1.9 millj. Sambærilegar tölur fyrir árið 1983 eru 2.2 millj. kr. halli og 4.2 millj. kr. eftir fjármagnsgjöld.

Gert er ráð fyrir að báturinn veiti áfram sömu þjónustu á áætlunarsvæði sínu. Farið er í aukaferðir þegar þær bjóðast og hagkvæmt þykir.

Í jan. n. k. verða teknar upp viðræður við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um framhaldsferðir með flutninga fyrir útgerðina einu sinni í viku frá Akureyri til Siglufjarðar og Kópaskers. Fyrst um sinn verða þessar ferðir farnar í tilraunaskyni 3—4 mánuði og ráðgert er að þær hefjist í lok janúar 1985.

Skv. áætlun Útvegsbanka Íslands um greiðslur á lánum vegna kaupa Drangs þarf stofnframlag að verða 11.9 millj. kr. á næsta ári. Þar sem síðasta greiðsla ársins að upphæð 2.6 millj. kr. fellur í lok ársins er hægt að komast af með 9.3 millj. kr. í stofnstyrk.

Hríseyjarferjan. Í ár er styrkur ríkissjóðs til rekstrar Hríseyjarferjunnar 1 millj. 50 þús. kr. En nú er sótt um 1 millj. 500 þús. kr. Farið er fram á fjármagn til breytinga á lúgu, brú og farþegaaðstöðu. Breyting á lúgu er gerð til þess að auka flutningsgetu ferjunnar, einkum afköst við fisk- og vöruflutninga. Um þennan þátt segir í bréfi oddvita til samvn. samgm.:

„Minnka á lestarlúgu um nálega ¾ til að auka dekkpláss. Eins og lestarlúgan er nú tekur hún yfir mjög stóran hluta dekksins og er gerð þannig í upphafi til þess að gera notkun lestarinnar sem aðgengilegasta. Reynslan hefur hins vegar sýnt að lestin er alls ekki notuð við vöruflutninga og þaðan af síður til fiskflutninga, helst viðkvæman varning í smáum stíl. Kostnaðaráætlun hefur verið gerð og er hún upp á 192 þús. kr. og er sótt um stofnstyrk til framkvæmdarinnar sem þessari upphæð nemur."

Skv. upplýsingum Framkvæmdasjóðs Íslands verða greiðslur vegna Hríseyjarferju 445 þús. kr. á næsta ári. Til viðbótar munu vanskil nú um áramótin vera 37 500 kr. Alls gerir þetta 482 þús. kr.

Mjóafjarðarbátur. Nýr bátur var keyptur árið 1978 og er mikill hluti kaupverðs enn ógreiddur. Skv. rekstraráætlun fyrir árið 1985 er sótt um ríkisstyrk að upphæð 1 millj. 188 þús. kr. Aðstæður við Mjóafjörð eru þannig að þessi bátur er eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestan hluta ársins og búseta í firðinum útilokuð án ferða hans.

Herjólfur. Heildarútgjöld ársins urðu 54.3 millj. kr. og rekstrartekjur 35.4 millj. Halli varð því á starfsemi fyrirtækisins er nam 18.9 millj. kr. og var það um 85% verri útkoma en árið 1982. Upp í þennan halla fékk fyrirtækið ríkisstyrk að fjárhæð 7.9 millj., þannig að tap fyrir fjármagnsliði var 10.9 millj. kr. Að teknu tilliti til fjármagnshreyfinga skilaði rekstrinn um 375 þús. kr. afgangi. Hreint veltufé í árslok var neikvætt um 1.2 millj. kr. og er það helmingi betri staða en um áramótin 1982—1983.

Í 6. gr. fjárlaga þessa árs er heimild til þess að semja við Herjólf hf. um uppgjöf vanskilaskulda fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Sams konar heimild var á fjárlögum ársins 1982 og þá samþykkti fjmrh. niðurfellingu vaxta að fjárhæð 59.2 millj. kr. Um síðustu mánaðamót var gengið frá skuldabréfi þar sem Herjólfur hf. skuldbindur sig til að greiða vanskilaskuld við sjóðinn að fjárhæð 25.7 millj. kr. á árunum 1985—1993, tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóv. Skuldin ber 4% vexti og verða afborgunargreiðslur lánsins verðtryggðar.

Eftirtalin ákvæði eru sett inn í skuldabréfið til tryggingar endurgreiðslu láns þessa: Skuldareiganda er framseldur fjórðungur þeirra stofn- og rekstrarstyrkja sem félagið kann að fá á fjárlögum vegna útgerðar skips þessa er það rekur. Mun félagið hlutast til um að sú greiðsla komi til útborgunar í febrúar ár hvert.

Skv. þeim upplýsingum sem fram komu hjá stjórnarformanni Herjólfs voru vextir og dráttarvextir af skuldinni við Ríkisábyrgðasjóð, sem voru felldir niður nú, um 100 millj. kr.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér, enda smáar upphæðir sem til þeirra fara, en það eru Dýrafjarðarbátur, Langeyjarnesbátur og Mýrabátur. Ekki verða heldur tilgreindar einstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarflutninga á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Skv. till. nefndarinnar leggur samvn. samgm. til að á fjárl. 1985 verði veittar samtals 56 millj. 364 þús. til flóabáta og vöruflutninga sem ég mun nú skýra frá.

Á þskj. 371 er sundurliðun á þeim tillögum sem nefndin flytur og hljóðar þannig:

Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis 55 þús. kr. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi 55 þús. Til vetrarflutninga í Dalahéraði 110 þús. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 30 þús. Til mjólkurflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 120 þús. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi 55 þús. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi 42 þús. Til vetrarflutninga í Bíldudal 42 þús. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 50 þús. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand 85 þús. Snjóbifreið í Önundarfirði 90 þús. Snjóbifreið um Botnsheiði 65 þús. og stofnstyrkur 85 þús. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi 285 þús. Til vetrarflutninga í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu 50 þús. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi 30 þús., í Reykjarfjarðarhreppi 30 þús., í Nauteyrarhreppi 30 þús. og Snæfjallahreppi 30 þús. Til vöruflutninga í Árneshreppi 200 þús. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi 100 þús. og stofnstyrkur 450 þús. Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi 30 þús. Snjóbifreið á Hólmavík 35 þús. Snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu 30 þús. og Skefilsstaðahreppi 50 þús. Snjóbifreið í Skagafirði 33 þús. Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppum 50 þús. Til vetrarsamgangna, Siglufjörður-Sauðárkrókur 200 þús. Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs 300 þús. Til vetrarflutninga í Ólafsfirði 50 þús., stofnstyrkur 40 þús. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði 20 þús. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal 55 þús. Snjóbifreiðar á Akureyri 40 þús. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi 30 þús. Snjóbifreið í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu 33 þús. Norðausturleið, Vopnafjörður-Húsavík 450 þús. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi 85 þús. Snjóbifreið Öxarfjörður-Kópasker 50 þús. Snjóbifreið á Þórshöfn 42 þús., stofnstyrkur 90 þús. Til vetrarflutninga á Bakkafirði 85 þús. Til vetrarflutninga á Vopnafirði 85 þús. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra 95 þús. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi 32 þús. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal 30 þús. Til vetrarsamgangna á Jökuldal 50 þús. og stofnstyrkur 130 þús. Til

vetrarflutninga í Möðrudal 60 þús. og stofnstyrkur 90 þús. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 32 þús. Snjóbifreið á Fjarðarheiði 340 þús. Snjóbifreið á Oddsskarði og Fagradal 400 þús., stofnstyrkur 350 þús. Snjóbifreið Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugvöllur 60 þús. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík 85 þús. Til vetrarflutninga Djúpivogur-Hornafjörður 120 þús. og stofnstyrkur 150 þús. Svínafell í Nesjum 33 þús. Til vöruflutninga á Suðurlandi 310 þús. — Þessir liðir gera 6 millj. 339 þús.

Þá eru það flóabátarnir. Nefndin leggur til að styrkir til þeirra verði sem hér segir:

Akraborgin 7 millj. og 500 þús. Baldur 6 millj. 550 þús., stofnstyrkur 1200 þús. Langeyjarnesbátur 42 þús. Mýrabátur 6 þús. Fagranesið 6 millj. 500 þús. Dýrafjarðarbátur 50 þús. og stofnstyrkur 42 þús. Hríseyjarferja 1.5 millj., stofnstyrkur 675 þús. Drangur 3 millj., stofnstyrkur 9.3 millj. Mjóafjarðarbátur 1 millj. 160 þús. Herjólfur 12 millj. 500 þús.

Þetta eru eins og áður segir 56 millj. 364 þús. og er það rúmlega 27% hækkun frá fjárlögum þessa árs.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég ætla fyrst að nefna einstök atriði varðandi nokkra þá málaflokka sem bíða afgreiðslu hjá fjvn. til 3. umr.

Í vegáætlun fyrir árið 1985 og í langtímaáætlun um vegagerð er gert ráð fyrir að 2.4% af þjóðarframleiðslu yrði á árinu 1984 varið til vegamála. Niðurstaðan við afgreiðslu fjárlaga nú er að horfið verði frá fyrri samþykktum Alþingis og til vegamála verði á næsta ári varið 1.9% af þjóðarframleiðslu. Þar munar 432 millj. kr., en ef tekið er tillit til þess að vísitala vegagerðar hefur hækkað minna en vísitala þjóðarframleiðslu vantar 180 millj. kr. til þess að sama framkvæmdamagn náist og stefnt var að með ákvörðunum Alþingis um að verja 2.4% þjóðarframleiðslu til vegamála 1985. Þó að þannig sé nú ákveðið að skera niður framkvæmdir frá fyrri áætlunum varðandi næsta ár og minnka framkvæmdir að raungildi miðað við vegáætlun ársins 1984, þegar hlutfall vegaframkvæmda af þjóðarframleiðslu er 2. 03%, þá eiga bensíngjöld og þungaskattur að hækka í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu eða um 26% að meðalatali á næsta ári miðað við árið í ár, en engar verðbætur koma á laun á því tímabili, a. m. k. á meðan núgildandi kjarasamningar standa, en áætlað er að kauptaxtar verði á næsta ári að meðaltali 22% hærri en á þessu. Bensínið á hins vegar að hækka á sama tíma um 26%. Þetta framlag til vegamála, 1.9% af þjóðarframleiðslu, er lægra en á nokkru áranna 1982, 1983 og 1984.

Varðandi afgreiðslu Pósts og síma er þess að geta að taxtar fyrir þjónustu eiga að hækka um 11% 1. febr. n. k., en 1. ágúst 1983 fékk stofnunin 18% hækkun taxta sem verður í gildi til 1. febr. En á þessu 18 mánaða tímabili hefur meðalhækkun framfærsluvísitölu verið 13.8% svo að stofnunin hefur notið tekjuaukningar umfram almennar verðlagshækkanir sem nemur um 115 millj. kr. Er þó þess að geta í fyrsta lagi að á þessu 18 mánaða tímabili hefur framkvæmdavísitala eða vísitala byggingarkostnaðar hækkað minna en framfærsluvísitala svo að ætla má að miðað við þá vísitölu hafi Póstur og sími haft ríflega 200 millj. kr. meira úr að spila en verið hefði ef taxtar hefðu á tímabilinu hækkað jafnt og byggingarvísitalan. Í öðru lagi hafa laun starfsmanna stofnunarinnar, en þau eru tæplega 40% af rekstrarútgjöldum að meðtöldum afskriftum, verið skorin niður að raungildi um fjórðung fyrir atbeina ríkisstj. Ýmsir kynnu að ætla að vegna þess að taxtar hafa ekki breyst síðan 1. ágúst 1983 hafi notendur búið við hlutfallslega lægri gjöld en áður, en staðreyndir sýna að sú hækkun sem Póstur og sími fékk í upphafi þess tímabils, sem ég hef hér rætt um, þ. e. frá 1. ágúst 1983, og gildir þar af leiðandi sem meðalhækkun allan tímann, er miklu meiri en meðalhækkun á almennu verðlagi og ég tala nú ekki um kaupgjaldi á þessu tímabili. Meðalhækkunin á töxtum Pósts og síma hefur líklega verið tvöfalt meiri en meðalhækkun byggingarvísitölu á sama tíma.

Framlag ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins nemur um 6 þús. millj. kr. í fjárlagafrv. og hækkar í meðförum fjvn. um 1200 millj. Hér er um háar upphæðir að ræða og skiptir miklu um áreiðanleik fjárlaganna að þessar tölur séu sem nákvæmast áætlaðar. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að þær séu það að þessu sinni miðað við verðlagsforsendur þótt ávallt sé erfitt að spá um magn þjónustu eins og þessarar. Þess ber að gæta í þessu sambandi að í þessum tölum er gert ráð fyrir því að einungis verði að hálfu leyti komið til móts við óskir sem fyrir liggja um að taka í notkun legurými sem tilbúið er eða verður tilbúið til notkunar á næsta ári, en þar er um að ræða legurými í Garðvangi í Gerðahreppi, Hlíð, Akureyri, Dalvík og Sauðárkróki, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til reksturs þess hluta B-álmu Borgarspítalans sem kann að verða tilbúin til notkunar seint á árinu 1985.

Skv. þeim gögnum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur lagt fyrir fjvn. kemur fram að reglugerð sem heilbrmrn. setti og tók gildi 1. júní s. l. og gilti óbreytt til 1. des. hefur minnkað útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins á þeim hluta ársins sem hún gilti vegna læknisþjónustu um 40 millj. kr., vegna tannlæknisþjónustu um 10 millj. kr. og vegna lyfjakaupa um 80 millj. kr. eða samtals um 130 millj. Síðan hefur verið sett ný reglugerð sem dregur úr útgjaldaaukningu hjá sjúklingum vegna reglugerðarinnar frá 1. júní s. l., þannig að nú er áætlað að eftir standi af þeim sérstöku álögum sem á sjúklinga voru lagðar 1. júní 1984 73 millj. kr. á næsta ári miðað við verðlag í des. s. l.

Við afgreiðslu á málefnum Rafmagnsveitna ríkisins er gert ráð fyrir að taxtar fyrirtækisins hækki í þeim mæli á næsta ári að jafngildi 20% hækkun 1. jan. n. k. og má þá búast við að aftur raskist viðskiptamönnum þess í óhag hlutfallið milli verðs á rafmagni annars vegar frá Ragmagnsveitum ríkisins og hins vegar frá öðrum rafmagnsveitum. Þrátt fyrir þessa miklu hækkun á seldu rafmagni er gert ráð fyrir að skuldabyrði Rafmagnsveitnanna aukist á næsta ári um 22 millj. kr., stofnunin greiði 153 millj. kr. í afborganir lána, en teki ný lán að upphæð 175 millj.

Um afgreiðslu fjárlaganna í heild er ekki mikið að segja umfram það sem ég rakti við 2. umr. og þá blasti við. Megineinkennin eru raunhækkun bæði tekna og útgjalda, verulegur rekstrarhalli og erlend og innlend skuldasöfnun samtímis því sem félagslegar framkvæmdir eru skornar niður. Milli 2. og 3. umr. hækka innlendar lántökur ríkissjóðs um 50 millj. kr. og verða 1250 millj. og erlendar lántökur hækka við 3. umr. um 300 millj. kr. og verða 2900 millj. kr. á næsta ári. Meginmunurinn á niðurstöðum varðandi áætlun næsta

árs og niðurstöðunni í ár er sá að tekjur ríkissjóðs af innflutningi, sem eru langt umfram það sem spáð var í þjóðhagsáætlun í fyrra, duga líklega til þess að skila ríkissjóði svo til hallalausum í ár, en á næsta ári er enn reiknað með jafnmiklum og gegndarlausum innflutningi og viðskiptahalla upp á 4800 millj. kr. og erlendri skuldasöfnun í samræmi við það, en eins og nú á að afgreiða fjárlög dugir það ekki til þess sama árangurs fyrir ríkissjóð og í ár, heldur er halli á ríkissjóði á næsta ári áætlaður um 720 millj. kr.

Þetta er slík niðurstaða að við sem skipum minni hl. fjvn. teljum að ekki sé stætt á að afgreiða fjárlög eins og hér er lagt til. Við teljum fullkomið ábyrgðarleysi að feta þá braut sem hér er gert og teljum að eins og málum er nú komið ætti að fresta afgreiðslu fjárlaga og erum fyrir okkar leyti reiðubúin til þess að leggja í það vinnu með meiri hl. n. að endurskoða þær ákvarðanir sem að er stefnt að samþykkja og erum þeirrar skoðunar að leita eigi leiða til þess, m. a. með nýrri tekjuöflun, að afgreiða fjárlög án halla.

Það hefur komið fram hjá ýmsum í stuðningsliði hæstv. ríkisstj. að þeir eru að vonum ekki ánægðir með þessa þróun og ýmsa þætti þeirrar afgreiðslu fjárlaga sem hér er stefnt að. M. a. hefur formaður fjvn., hv. 1. þm. Norðurl. v., lýst yfir þessari skoðun í sjónvarpi. Ég tel að hv. meiri hl. n. og ríkisstj. ættu að taka alvarlega þennan vilja okkar til að endurskoða þær fyrirætlanir sem nú eru uppi um afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár og hugmyndir okkar um að afgreiðslu málsins verði frestað til þess að fjárlagaafgreiðslan verði með þeim hætti að betur verði við unað og til minni ófarnaðar leiði fyrir efnahagslífið í landinu.

Eins og ég áðan nefndi hækka bæði tekjur og útgjaldahlið fjárlagafrv. að raungildi. Við 2. umr. dró ég fram dæmi um einstaka rekstrarliði sem hækka langt umfram verðlag. Aðalskrifstofur ráðuneytanna höfðu þá hækkað að raungildi um ríflega 10%, þ. e. umfram verðlagshækkanir. Nú við 3. umr. hækka þessir útgjaldaliðir enn um 1.3 millj. kr. og felast því í fjárlagaafgreiðslunni tillögur um að framlag til aðalskrifstofa rn. hækki um 36 millj. kr. að raungildi á næsta ári eftir að þær höfðu verið færðar til samræmis við ríkisreikning við afgreiðslu fjárlaga í fyrra. Ég vil ítreka það, sem ég sagði við 2. umr., að heildarútgjöld ríkissjóðs hafa ekki dregist saman í tíð núv. ríkisstj. til þessa, þvert á móti, og þau aukast enn verulega á næsta ári við afgreiðslu fjárlaga með þeim hætti sem hér er lagt til.

Útgjöld ríkissjóðs í ár eru áætluð 19 582 millj. kr., en á næsta ári 26 060 millj. Það er bein hækkun um 33.1%. Á hinn bóginn eru launahækkanir ríkisstarfsmanna og rekstrargjaldahækkanir taldar verða 24% á næsta ári og hækkun byggingarvísitölu 26%. Ef miðað er við 25% meðalhækkun á útgjaldaþáttum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári að raungildi um 6.5%, en það jafngildir 1582 millj. kr. á verðlagi næsta árs. Það er því ekki annað en bull og blekkingar þegar því er haldið fram að verið sé að draga úr umsvifum í ríkisbúskapnum. Þau stóraukast að raungildi eða um hvorki meira né minna en 6.5% miðað við fast verðlag.

Þó að aðaleinkenni fjárlagaafgreiðslunnar sé að tekjur aukast ekki í takt við útgjöldin, þannig að um er að ræða mjög verulegan rekstrarhalla sem borinn er uppi af erlendri skuldasöfnun, þá er það líka rangt, sem haldið hefur verið fram af hálfu stjórnarsinna, að tekjur ríkisins og skattheimta minnki í raun og að ríkissjóður hafi minna úr að spila en áður. Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 19 512 millj. kr. á þessu ári, en 25 336 millj. kr. á næsta ári. Ef enn er miðað við 25% meðalhækkun í útgjaldaþáttum ríkisins milli áranna 1984 og 1985 er raunhækkun tekna ríkissjóðs 3.9%, en það jafngildir nær 1000 millj. kr. á verðlagi næsta árs. Þetta dugir þó ekki til. Þó að ríkissjóði sé á næsta ári ætlað að njóta góðs af svo miklum innflutningi að viðskiptahalli er áætlaður 4800 millj. kr. þrátt fyrir aukna þjóðarframleiðslu, þá er hækkun ríkisútgjalda þá enn meiri og rekstrarhalli því 720 millj. kr.

Það er að sjálfsögðu hægt að benda á einstaka tekjuliði sem skertir hafa verið, t. d. skattar á ferðagjaldeyri, banka, verslunar- og skrifstofuhúsnæði og lækkun á tekjuskatti vegna ívilnana til eignamanna, en aðrir tekjuliðir hafa hækkað meira en þessu nemur, fyrist og fremst veltuskattar af innflutningi sem er langt umfram útflutninginn. Vegna þess mikla innflutnings, sem ríkissjóður nýtur góðs af, hlaðast upp erlendar skuldir og þar á ofan bætast svo þær erlendu skuldir sem ríkissjóður stofnar sjálfur til vegna þess að þessi mikla veltuaukning dugir ríkissjóði samt ekki fyrir útgjöldum.

Þegar vitnað er til þess að erfiðleikar í þjóðarbúskapnum hafi skert tekjur ríkissjóðs er það rétt í þeim skilningi að meiri þjóðarframleiðsla ætti að vera grunnur að eðlilegri tekjuaukningu ríkissjóðs. Tekjuaukning ríkissjóðs er eigi að síður fyrir hendi nú, en hún byggist á hinn bóginn ekki á aukinni þjóðarframleiðslu, sem væri hinn eðlilegi grunnur, heldur á viðskiptahalla og innflutningi m. a. fyrir ný erlend lán. Í ríkissjóð renna auknar tekjur á þennan hátt og heildartekjurnar aukast að raungildi með þessum óeðlilega og varhugaverða hætti. Hinn mikli innflutningur í ár, þegar viðskiptahalli nam 3900 millj. kr. skv. nýjustu áætlun — var í haust áætlaður 3500 millj. kr., — er lagður til grundvallar tekjuspá fyrir næsta ár. M. a. s. er þar inni í dæminu sú mikla viðbótarvelta sem kom fram í okt. og nóv. s. l. og átti rætur að rekja til viðbragða innflytjenda og neytenda vegna fyrirsjáanlegra efnahagsráðstafana. Hvort þessi tekjuspá stenst og hvort þjóðfélagið og efnahagskerfið stenst það að hún gangi eftir og hvort öllu lengur getur varað sú endileysa sem nú viðgengst í peninga- og efnahagsmálum almennt er svo önnur saga.

Ég rakti það við 2. umr. að fjárlagaafgreiðslan staðfestir að ríkisstj. hefur fallið frá öllum helstu stjórnunaráformum sínum varðandi viðskiptahalla, erlenda skuldasöfnun og jafnvægi í ríkisbúskapnum. Ríkissjóður er rekinn með erlendum lántökum. Vaxtaútgjöld ríkisins aukast stórlega. Þau hækka á næsta ári úr 920 millj. kr. í 1472 millj., en sú upphæð er ámóta há og framlög til framkvæmda- og stofnbúnaðarkaupa ríkisins. Vaxtagjöld ríkissjóðs aukast að raungildi á næsta ári um u. þ. b. 300 millj. kr. Þannig er vítahringurinn: erlend skuldasöfnun, stórauknar vaxtagreiðslur og enn erlend skuldasöfnun til þess að standa undir hækkun vaxtaútgjalda.

Þótt 2 milljarða gat kæmi fljótt í ljós í ríkissjóðsdæminu í ár átti það stóran þátt í að bjarga rekstrarstöðu ríkissjóðs að innflutningur vöru og þjónustu var miklu meiri en áætlað hafði verið í þjóðhagsáætlun í fyrrahaust. Það var spáð að innflutningur yrði 33 130 millj. kr., en verður í reynd 38 500 millj. Í þjóðhagsspá fyrir

næsta ár er áætlað að viðskiptavelta verði jafnmikil í ár og viðskiptahallinn 4800 millj. kr. og skuldasöfnun erlendis í samræmi við það. En nú dugir þessi velta ekki til þess að ná endum saman í ríkisrekstrinum. Það er munurinn á horfunum í ár og á næsta ári. Þó að tekjur ríkissjóðs hækki um nær 4% að raungildi hækka útgjöld svo miklu meir að rekstrarhalli nemur 720 millj. kr. og heildarlántökur ríkissjóðs verða 4150 millj. kr., þar af erlendar lántökur 2900 millj. Nú er ráðleysið í ríkisfjármálunum orðið slíkt að jafnyfirspennt viðskiptavelta og innflutningur, viðskiptahalli og skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis dugir ekki einu sinni til þess að endar nái saman hjá ríkissjóði. Það er augljóst að verði fjárlög fyrir næsta ár afgreidd eins og hér er lagt til hefur ríkisstj. valið hina hægu leiðina þar sem hallar undan fæti.

Við sem skipum minni hl. fjvn. teljum að Alþingi megi ekki víkja sér undan þeirri skyldu að spyrna við fæti hér og nú og fjárlög eigi ekki og megi ekki afgreiða með þeim hætti sem nú er fyrirhugað. Þess vegna teljum við að nú eigi að fresta afgreiðslu fjárlaga og skorum á hæstv. ríkisstj. að fara þannig að.

Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að við sem skipum minni hl. fjvn. erum reiðubúin til þess að taka þátt í því með meiri hl. n. að leita sameiginlegra leiða til að finna farsælli lausn á afgreiðslu fjárlagafrv. en hér er að stefnt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 412, 418, 420, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 31 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þó að fullkomin ástæða væri til þess við lokaumr. fjárlaga fyrir árið 1985 að hafa nokkuð langt mál þar um í ljósi þess að nú standa menn frammi fyrir því að hér á að afgreiða fjárlög næsta árs með yfir 700 millj. kr. halla skal ég þó ekki lengja þessa umr. neitt að ráði.

Við 2. umr. var vikið að ýmsum meginþáttum fjárlagafrv. og fjárlagaafgreiðslunnar væntanlegu þó að vissulega mætti ýmsu þar við bæta. Ég vísa til þess sem hv. þm. Geir Gunnarsson bætti við áðan varðandi það sem gerst hefur síðan við 2. umr. en vildi þó aðeins vekja enn frekar athygli á nokkrum þáttum.

Ég hygg að því sé svo farið um fleiri en hv. þm. Pálma Jónsson, formann fjvn., að þeim nánast hrjósi hugur við því að afgreiða fjárlög með þeim hætti sem nú er stefnt í. Jafn grandvar og sómakær maður hlýtur að taka nærri sér að leggja til afgreiðslu á þeim grundvelli sem hér er. Enda kom það fram í máli hans áðan að hann taldi það ekkert ánægjuefni að þurfa að kynna og afgreiða fjárlög með yfir 700 millj. kr. halla og vissulega er þetta skiljanlegt sjónarmið. Það er ekki Alþingi sæmandi að ganga frá fjárlagaafgreiðslu á þann veg sem hér stefnir í og manni sýnist augljóslega eigi að verða. Ég tek því undir, fyrir hönd Alþfl., þá skoðun sem hv. þm. Geir Gunnarsson lýsti áðan, að við þessar kringumstæður ætti að fresta afgreiðslu fjárlaga og leita annarra og farsælli leiða til lausnar þeim vanda, sem vissulega er fyrir hendi og allir viðurkenna en hér er lagt til í þessari afgreiðslu. Stjórnarandstaðan hefur lýst sig reiðubúna til að taka þátt í slíku starfi með fulltrúum meiri hl. hér á Alþingi. Ég hygg að það væri skynsamlegra og þinginu og þjóðinni til meiri farsældar en að ana þá braut sem lagt er til við þessa afgreiðslu.

Eins og fram hefur komið er ljóst að á næsta ári mun t. d. kaupmáttur kauptaxta lækka um 4.7%. Vextir á næsta ári af erlendum lánum eru taldir verða 5 milljarðar kr. og hallinn á vaxtareikningi er talinn verða um 4.5 milljarðar kr. Ég trúi því vart að menn ætli sér í alvöru, þó að allt bendi til þess, að afgreiða fjárlög á þann veg sem hér liggur fyrir, í ljósi þess hvert stefnir. Ég tek því ítrekað undir það að skynsamlegra væri af meiri hl. hér á Alþingi að fara að ráðum stjórnarandstöðunnar um að fresta afgreiðslu fjárlaga en gefa að sjálfsögðu nauðsynlegar heimildir til að þjóðarbúið geti gengið með eðlilegum hætti. Það eru fordæmi þess áður að slíkt hafi verið gert. Væri miklu skynsamlegra í alla staði að slíkt yrði gert nú og vinna í það lögð að finna farsælli leið út úr vandanum en nú virðist eiga að gera.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Pálmi Jónsson, formaður fjvn., orðaði það eitthvað á þá leið að nú væru fjárlög afgreidd á traustari fótum en oftast áður. Menn muna sjálfsagt yfirlýsingar meiri hl. hér á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984 á þann veg að aldrei hefðu fjárlög verið afgreidd jafn raunhæf eins og fyrir árið í ár. Menn hafa reynsluna fyrir sér. Það þarf ekki ummæli stjórnarandstæðinga til að lýsa því. Reynslan hefur úr því skorið, því miður, að það kom flest ef ekki allt fram sem stjórnarandstaðan hélt fram við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár. Þau voru síður en svo, þrátt fyrir allar yfirlýsingar stjórnarliða, raunhæfari en verið hefur um árabil. En sjálfsagt þýðir ekkert um þetta að tala. Formlega afgreiðslan er eftir. Það er trúlega eigi að síður búið að ákvarða í öllum einstökum atriðum hvernig málið skuli afgreitt, þannig að vart tjáir líklega um það að tala. Ég skal ekki hafa um það öllu fleiri orð.

Ég vil aðeins í lokin með örfáum orðum víkja að brtt. sem við þm. Alþfl. fluttum hér við 2. umr. málsins en drógum síðan til baka til 3. umr. og eru nú endurfluttar. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að gera grein fyrir þeim í einstökum atriðum en meginefni þeirra er liðsinni við hæstv. ríkisstj. um tekjuöflun. Og það er undarlegt í þessari stöðu, með það frammi fyrir sér að afgreiða fjárlög með halla upp á hundruð milljóna, ef hæstv. ríkisstj. tekur ekki undir tillögur, í þessu tilfelli stjórnarandstöðunnar, Alþfl., um að afla frekari tekna til að brúa bilið.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, þakka mínu meðnefndarfólki fyrir samstarfið. Ég ítreka þakkir til formanns fjvn. fyrir ljúfmannlegt samstarf í mjög svo erfiðu hlutverki, miklum mun erfiðara og honum andstæðara en ég hygg að hann hafi viljað að yrði hans hlutskipti í þessum efnum, en eigi að síður færi ég honum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með örfáum orðum vil ég bæta við það sem hv. formaður fjvn. sagði um fjármagn til rannsókna og tilrauna til nýsköpunar í atvinnulífi. Eins og kom fram hjá hv. formanni er gert ráð fyrir að fjármagni af þeim 500 millj. kr. sem ríkisstj. hefur ákveðið að verja til nýsköpunar í atvinnulífi verði varið í þessu skyni. Þess vegna lagði ég fram í ríkisstj. tillögu um að 50 millj. af þessum 500 millj. yrði ráðstafað sem framlagi í sjóð sem veitt yrði fjármagn úr til rannsókna og tilrauna til nýsköpunar í atvinnulífi. Þá er gert ráð fyrir að

Rannsóknaráð ríkisins geri till. til menntmrh. sem menntmrh. leggi síðan fyrir ríkisstj. um þær reglur sem gildi um úthlutun á þessu fjármagni. Svo er bókað í gerðabækur ríkisstj. og verður nánar um þetta fjallað með lánsfjárlögum.

Ég geri fastlega ráð fyrir að m. a. muni Líffræðistofnun Háskólans fá fjármagn af þessu fé til þeirra rannsókna sem hún hefur sótt um til fjvn., enda er þar tvímælalaust um mjög athyglisvert mál að ræða. Ég fagna því að samstaða hefur náðst um að leggja til hliðar þó þetta fjármagn til slíkra rannsókna, því að vitanlega er það undirstaðan í því að nýsköpun í atvinnulífi geti farið vel úr hendi. Ég ætla ekki að eyða tíma til að rekja þau ýmsu mál sem þar eru í athugun, en þau eru mörg og þetta er áreiðanlega lágmarksfjárveiting í þessu skyni, þó ríflegri en nokkru sinni fyrr hefur verið gert og væntanlega til þess að töluverður kippur verði í þessum málum, ef ég má orða það svo, eða töluvert aukin starfsemi.

Ég vil svo jafnframt geta þess, af því að það kom fram í ræðu hv. formanns fjvn. og mátti skilja svo, að ríkisstj. hefði verið nokkuð rausnarleg því að hún samþykkti hækkanir upp á 460 millj. kr. Vel má svo segja. En í mínum huga var þar einvörðungu um hluti að ræða sem fella má undir gerða hluti. Þarna var um að ræða hækkun til útgjalda trygginga, fyrst og fremst vegna mildandi aðgerða sem felast í þeim reglugerðum sem gefnar voru út fljótlega eftir samninga um kaup og kjör og eftir gengisfellingu. Það er rétt að þessi útgjöld urðu nokkru meiri en áætlað var í upphafi. Mér reiknast til að útgjöld vegna þessara mildandi aðgerða séu u. þ. b. 300 millj. kr. Af því eru um 100 millj. kr. vegna meiri hækkunar til ellilífeyrisþega en almenn hækkun bóta varð og 125 millj. kr. vegna lækkunar á því sem stundum hefur verið nefnt sjúklingaskattur. 50 millj. eru vegna þess að ekki var hækkuð upp til verðlags greiðsla fyrir læknisþjónustu og lyf. Mér sýnist að með þessu móti sé búið í raun og veru að draga til baka allan þennan svokallaða sjúklingaskatt. Og ég vil segja fyrir mitt leyti að ég fagna því að menn hafa séð sér fært að bæta þar úr, sérstaklega fyrir ellilífeyrisþega sem njóta fyrst og fremst þess sem hér er um að ræða. Þetta eru samtals u. þ. b. 300 millj. kr.

Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram að það er ekkert ánægjuefni að afgreiða fjárlög með svo miklum halla. Mín skoðun er sú að það sé nokkuð ákveðið haldið á málum að draga úr ýmsum kostnaði. Hins vegar er það staðreynd að þessir mikilvægu þjónustuliðir eins og heilsugæslan og menntakerfið eru ákaflega fjárfrekir liðir og ég hef ekki orðið var við annað en að allir hv. þm. vilji kappkosta að halda þeirri þjónustu og jafnvel auka hana verulega. Ég get tekið undir það. Ég tel það eitt hið mikilvægasta við afgreiðslu fjárlaga að halda slíkri þjónustu og framlögum sem eiga að jafna aðstöðu manna í landinu. Þetta eru langsamlega stærstu útgjaldaliðirnir. Staðreyndin er sú að verulega hefur verið dregið úr fjárveitingum til fjárfestingar, u. þ. b. um 7%, og er nú opinber fjárfesting orðin æðilítil eftir samdrátt ár eftir ár. Með þessu er ég ekki að segja að það séu ekki ýmsir liðir á fjárlögum sem mætti fella niður og spara. Ég er sammála því. En ég held að það hefði varla mátt betur frá þessu sleppa ef menn vildu þá ekki ganga enn lengra í að draga úr mikilvægri fjárfestingu t. d. í vegamálum, höfnum o. s. frv. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að unnt sé að draga úr þessum halla, ef ekki losna alveg við hann, án þess að leiði til aukins viðskiptahalla, en það kom fram í viðtali við einn hv. þm. að það væri leiðin. Ég andmæli því, því að viðskiptahalli og halli á fjárlögum eru sami bölvaldurinn í verðbólgu og skuldum hlöðnu þjóðfélagi. Ég held að það sé rétt sem margir hafa bent á, að verulega sé hægt að bæta innheimtu söluskatts og tekjuskatts og ég geri mér vonir um að það átak sem er verið að gera þar á vegum hæstv. fjmrh. muni skila sér. Ég held hins vegar að það þurfi að endurskoða þessi lög og t. d. hækka stórlega viðurlög o. fl. þess háttar, sem ég ætla ekki að fara hér út í en ég tel sjálfsagt að ríkisstj. skoði, og ég fagna því að mér hefur heyrst vera vilji hjá hv. stjórnarandstæðingum til að taka þátt í aukinni tekjuöflun.

Þegar ég taldi þær samþykktir sem ríkisstj. gerði í heilbrigðismálum, þá láðist mér að geta um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég tek undir það sem formaður fjvn. sagði, að það er orðin gífurleg upphæð og vekur satt að segja undrun hve mikið fjármagn rennur til þess ágæta máls. En með þessu er tekin sú ákvörðun að halda þeirri stefnu sem verið hefur, að vísu í 100% umframþörf og ég tel að það hafi verið nauðsynlegt og því óhjákvæmilegt að mæta þeirri viðbótarfjárveitingu sem þar var um að ræða.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Nú við 3. umr. um fjárlagafrv. vil ég ítreka þakklæti mitt til samverkafólks í fjvn., þakklæti fyrir samvinnu sem hefur verið með ágætum. Áreiðanlega er engum gert rangt til þótt ég nefni sérstaklega formann og varaformann nefndarinnar sem borið hafa þungann af þessu erfiða verki og sýnt mikla þolinmæði og lipurð. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að niðurstaða allrar þessarar vinnu er dæmi sem fullkomið ábyrgðarleysi er að samþykkja.

Hallinn sem við blasir er yfir 700 millj. kr. og þar eð tekjuhlið þessa frv. stendur vægast sagt völtum fótum væri réttara að reikna með halla nálægt einum milljarði kr. að óbreyttum tekjustofnum. Vissulega er það rétt að aldrei er hægt að segja svo nákvæmlega fyrir um þróun mála í svo fjölþættu reikningsdæmi sem hér er við að fást að ekki geti skeikað töluverðu þegar árið er gert upp. En hér er of langt gengið. Þetta dæmi gengur aldrei upp og væri skynsamlegast í þessari stöðu að fresta afgreiðslu fjárlagafrv. og freista þess að ná raunhæfari niðurstöðu þegar menn hafa hvílt sig og notið þeirrar hátíðar sem nú fer senn í hönd. Það er sameiginlegt álit og tillaga okkar, sem skipum minni hl. fjvn., um leið og við lýsum okkur reiðubúin til samstarfs.

Eins milljarðs halli á næsta ári er meira en þolað verður. Okkur er ekki stætt á því að leggja sífellt þyngri byrðar á herðar eftirkomendum okkar. Í endurmetinni þjóðhagsspá segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að nú virðist lokið þriggja ára samdráttarskeiði í íslenska þjóðarbúskapnum og horfur þyki á nokkrum hagvexti á ný er mikill halli á viðskiptunum við útlönd og svo verður enn á árinu 1985. Spáð er lítils háttar halla á vöruskiptajöfnuði, en að öðru leyti stafar viðskiptahallinn eingöngu af greiðslum vaxta af erlendum lánum. Vaxtagreiðslurnar eru taldar nema um 15% af útflutningstekjum árið 1984 og 1985, sem bera

má saman við 4—5% árin 1970—1974 og um 7% árin 1975—1979."

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum í hlutfalli af útflutningstekjum hefur farið vaxandi með hverju ári og er gert ráð fyrir að það hlutfall verði um 23% á þessu ári og næsta, en var 12.9% árið 1979 svo sem lesa má í lánsfjáráætlun. Ef hér væri um að ræða lántökur til arðbærra fjárfestinga væri þetta þolanlegt ástand. En því er ekki að heilsa og sárt til þess að vita. Enn um sinn súpum við seyðið af því að hafa rasað um ráð fram í virkjanaframkvæmdum og skipakaupum og enn leyfa stjórnvöld sér að sóa lánsfé í ótímabærar og óarðbærar framkvæmdir á borð við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli.

Við verðum að gera stórátak í atvinnumálum til þess að yfirvinna þennan vanda og þar er brýnast stórátak í markaðsöflun og þróun þeirra atvinnugreina sem líklegastar eru til að afla okkur drjúgra tekna í framtíðinni, svo sem fiskeldi og rafeindatækni. Á miklu veltur að sá vísir að viðleitni í þessa átt sem Þróunarfélagið óneitanlega er verði nýttur á vitrænan hátt en ekki sem enn ein pólitísk skömmtunarstofnun sem of mikið er af í þessu landi. Því miður virðist sú lánsfjáráætlun sem loks leit dagsins ljós í fyrradag ekki verða til þess að bæta þá mynd sem blasir við í fjármálum ríkisins. Þar er m. a. að finna gjörsamlega óraunhæf áform um öflun innlends lánsfjár. Þar er enn reiknað með að húsbyggingarsjóðirnir geti sótt lánsfé til lífeyrissjóðanna upp á 1220 millj. þrátt fyrir reynsluna í ár þar sem aðeins tókst að fá lífeyrissjóðina til að lána um 430 millj. til húsnæðislánakerfisins. Þá er gert ráð fyrir að stórauka lánsfé með sölu spariskírteina og ríkisvíxla og hundsa þar með reynsluna af þessari fjáröflunarleið á þessu ári. Þetta eru tölur sem óneitanlega stinga í augu við fyrsta yfirlit en nánar verður fjallað um það síðar.

Gjaldahlið þessa fjárlagafrv. hefur nú tekið miklum breytingum frá því það var lagt fram í upphafi þings. Margar þeirra hafa kostað tímafrekar umr. í fjvn. og við aðila utan hennar, en það er ekki ætlun mín, enda ekki við hæfi, að skýra frá átökum um einstök mál, sem auðvitað hafa farið á ýmsan veg eins og gengur, því áherslur eru að sjálfsögðu misjafnar bæði eftir manneskjum og þingflokkum. Ég hlýt enn einu sinni að lýsa sérstökum vonbrigðum Kvennalistans með dagvistunarmálin, en meðferðin á þeim málaflokki er vitanlega fyrir neðan allar hellur eins og sífellt fleiri viðurkenna.

Við 2. umr. bar Kvennalistinn fram brtt. til hækkunar á þeim 30 millj. sem frv. ætlaði til byggingar dagvistarheimila á næsta ári, en sú upphæð hækkaði óverulega í meðferð fjvn. Við drógum till. okkar til baka en endurflytjum hana nú á þskj. 363. Sú till. hljóðar upp á að þessi liður hækki í 70 millj. 588 þús. kr. Sú upphæð er nákvæmlega sú krónutala sem ríkissjóði bæri að leggja fram til þess að standa við sinn hluta af þeim framkvæmdum sem hin ýmsu sveitarfélög hafa þegar lokið við eða standa í um þessar mundir auk umsókna um nýjar framkvæmdir. Þess ber þó að gæta að umsóknir sveitarfélaganna næmu sennilega nær helmingi hærri upphæð ef ríkisvaldið hefði ekki haldið niðri framkvæmdum í þessum málaflokki á undanförnum árum, einkum þó á þessu ári, með því að hafna umsóknum þeirra um mótframlag ríkissjóðs. Þessi afstaða ríkisvaldsins er í hróplegu ósamræmi við þá staðreynd að aukning þjóðarframleiðslunnar á undanförnum árum byggist ekki síst á aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Slík afstaða fæst með því einu að loka augunum fyrir gjörbreyttum þjóðfélagsháttum og gjörbreyttum aðstæðum meiri hluta fjölskyldna í landinu. Þessi afstaða getur auðvitað ekki gengið lengur.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir las upp ályktanir frá ASÍ-þingi, frá Samtökum kvenna á vinnumarkaði og frá borgarstjórn Reykjavíkur þegar hún mælti fyrir till. Kvennalistans við 2. umr. Þær ályktanir voru allar á einn veg, harðorð mótmæli gegn fjandsamlegri afstöðu stjórnvalda til þessa málaflokks. Þau mótmæli og önnur slík, sem uppi hafa verið, hafa ekki enn megnað að breyta afstöðu stjórnvalda, en það er von mín að sú fyrirstaða bresti fyrr en síðar svo víðtæk sem óánægjan er að verða í þjóðfélaginu. Vil ég nú enn minna á frv. Kvennalistans um þetta mál sem er til athugunar í n. í Ed. en hefur litla eða nánast enga umfjöllun hlotið í fjölmiðlum. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. þm. að þeir kynni sér það frv. vel og meðfylgjandi grg. sem er upplýsandi um það hvernig málin standa.

Annar er sá liður fjárlaga sem Kvennalistinn hefur borið mjög fyrir brjósti og það er Lánasjóður ísl. námsmanna sem töluvert hefur verið rætt um nú við þessa umr. Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs gerði Kvennalistinn ítrekaðar tilraunir til að fá framlag ríkisins til Lánasjóðsins hækkað. Einnig tókum við málefni sjóðsins fyrir í umr. oftar en einu sinni á síðasta þingi, bæði í fsp.-tíma, við afgreiðslu lánsfjárlaga og við umr. og afgreiðslu um hallann sem varð lýðum ljós um miðjan vetur. Sannast sagna fannst mér lítill áhugi, furðu lítill áhugi á málefnum Lánasjóðsins hér á síðasta þingi og hafði verulegar áhyggjur af því að þm. hefðu tapað sjónum á hlutverki hans. Ég ræddi einnig vanda Lánasjóðsins við 1. og 2. umr. um fjárlagafrv. nú og gat þess við 2. umr. að Kvennalistinn mundi flytja brtt. við 3. umr. ef vandi sjóðsins yrði ekki leystur í meðförum fjvn. Svo ánægjulega brá við að tveir þingflokkar lögðu fram brtt. við 2. umr. um aukið framlag til sjóðsins og nú hefur fjvn. gert till. um umtalsverða hækkun framlags ríkisins til Lánasjóðsins, hækkun sem ásamt hækkaðri lántökuheimild felur í sér ráðstöfunarfé upp á rúmlega milljarð kr. Með þessari hækkun er að okkar mati komið verulega til móts við óskir og réttmætar kröfur varðandi Lánasjóðinn. Okkar mat er að vísu að fjárþörf sjóðsins verði meiri á næsta ári, en það er að sönnu matsatriði og í trausti þess að brugðist verði við með aukafjárveitingu ef nauðsyn ber til, eins og raunin varð nú í haust, flytjum við ekki brtt. við þennan lið nú. En um leið og ég fagna auknum skilningi stjórnvalda og þings á hlutverki Lánasjóðs ísl. námsmanna og nauðsyn þess að standa við skuldbindingar gagnvart honum vil ég minna á þann vanda sem fyrsta árs nemar voru settir í nú í haust og gera kröfur til þess að þeir verði ekki settir í slíkan vanda á næsta ári. Ég mótmælti við 1. umr. og mótmæli aftur nú þeim orðum í ræðu hæstv. fjmrh. að sú ráðstöfun að beina lánaumsóknum fyrsta árs nema til bankanna hafi gefið góða raun. Það eru hrein öfugmæli. Af viðskiptum námsmanna við bankana nú í haust mætti segja margar sögur. Það ætla ég þó ekki að gera. Ég hygg að þm. hafi flestir heyrt slíkar sögur, þó óvíst sé að þeirra eigin börn hafi lent í vandræðum í þeim slætti, því að þar gagnaðist best að eiga vel stæða foreldra eins og þm. eru nú flestir. En við verðum fyrir

alla muni að sjá út fyrir eigin hóp og það er bláköld staðreynd að nokkrir tugir námsmanna urðu að hætta við fyrirætlanir sínar um að hefja nám nú í vetur vegna þessara ráðstafana sem áttu að vera til sparnaðar. Slíkt er ekki sparnaður að mati Kvennalistans. Ójöfnuður er rétta orðið.

Kvennalistinn mun halda áfram að fylgjast náið með málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna og minna á skyldur stjórnvalda við hann. Hlutverk hans er að stuðla að jöfnum rétti allra til náms óháð efnahag námsmanna sjálfra eða aðstandenda þeirra og skylda stjórnvalda er að sjá til þess að hann geti gegnt því hlutverki.

Herra forseti. Ég mun ekki fjalla sérstaklega um fleiri liði þessa frv., enda búin að tjá mig allítarlega um megindrætti þess í 1. og 2. umr. Ég vil aðeins að lokum láta þá frómu ósk í ljós að tekist verði af fullri alvöru og raunsæi á við þann vanda sem blasir við í fjármálum ríkisins. Það er ljóst að stjórnvöldum hefur ekki tekist að ná þeim markmiðum sem þau settu sér í stjórnun fjármála. *Verðbólgan fer vaxandi aftur, gengið fellur,* atvinnuleysi fer vaxandi og uppbygging atvinnulífsins er ómarkviss. Mín skoðun er að alvarlegasta villan í útreikningi ríkisstj. sé sú hversu hart hefur verið gengið að almenningi, hversu ósanngjarnar kröfur hafa verið gerðar til almenns launafólks án þess að sýnilegar tilraunir væru gerðar til aðhalds í ríkisrekstrinum né til uppbyggingar í atvinnulífinu. Við slíkar aðstæður er þess ekki að vænta að ríkisstj. fái frið til starfa. Öll teikn benda nú til þess að sá sé einnig skilningur fjölmargra stjórnarliða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 422, sem var of seint fram komin, samþ. með 37 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér við 3. umr. fjárlaga blasir það við að fjárlög fyrir komandi ár á að afgreiða með miklum halla og meiri en dæmi eru til um í langan tíma. Hér er að endurtaka sig sagan frá samstjórnarárum Sjálfstfl. og Framsfl. 1974—1978 og hefur sú þróun verið rakin hér skilmerkilega af hv. 5. þm. Reykn., sem talaði hér fyrir hönd minni hl. fjvn. og gerði að sinni till. fyrir hönd minni hl. að fjárlög yrðu endurskoðuð frá grunni, afgreiðslu þeirra nú frestað og málin tekin upp með samvinnu allra hér á þingi til að reyna að fá fram aðra niðurstöðu. Þetta er skynsamleg hugmynd og ég hlýt undir hana að taka, því að hér stefnir í óefni. Fyrir utan þann mikla viðskiptahalla sem við blasir bætist halli fjárlaga.

Þá liggur það einnig fyrir að þrátt fyrir þetta eru ráðgerðar miklu meiri hækkanir á gjöldum hins opinbera, opinberra fyrirtækja en svarar til áætlaðra launabreytinga. *Við höfum verið á undanförnum dögum* m. a. að ræða um orkuverð, jöfnunaraðgerðir. Í því samhengi hefur það komið fram að fram undan séu stórfelldar hækkanir á orkuverði eða í kringum 20% hjá þeim veitufyrirtækjum sem sjá dreifbýlinu fyrir raforku. Og önnur orka er það sem bæði er notuð af fólki í dreifbýli og þéttbýli, þ. e. bensínið, sem gert er ráð fyrir að hækki um hvorki meira né minna en 26% á næsta ári miðað við þær áætlanir sem liggja fyrir um bensíngjald og skattlagningu sem rennur m. a. til vegagerðar í landinu. Svipaða sögu er að segja um önnur þjónustufyrirtæki hins opinbera. Hér er því enn verið að halda áfram fyrir forgöngu ríkisins í átt til aukinnar kjaraskerðingar frá því sem þeir svartsýnustu hafa gert ráð fyrir að yrði og verið að gera að engu og minna en engu það sem launafólk sótti í sinn hlut, sumpart með hörðum átökum, á undanförnum mánuðum. Það er því ekki með glöðum huga sem menn geta gengið til afgreiðslu þessara fjárlaga hér. Ég trúi að það gildi raunar ekki síður um stjórnarsinna en stjórnarandstæðinga, a. m. k. marga þeirra sem teljast í stuðningsliði ríkisstj. Vegamálin fá hér alveg sérstaka meðferð þar sem er stórfelld lækkun frá þeim markmiðum sem Alþingi hefur samþykkt í sambandi við vegagerð, þrátt fyrir aukna skattheimtu á bensíni og gjöldum til ríkissjóðs sem tengjast vegamálum. Þetta er uggvænleg þróun, ekki síst fyrir fólk úti á landi, sem sætir þó á marga lund, vegna almennra aðstæðna og öfugþróunar í atvinnulífi, enn lakari kjörum en fólkið í þéttbýlinu og þar sem lítið þarf að gerast til þess að verulegt ef ekki stórfellt atvinnuleysi blasir við á komandi ári.

Ég ætla ekki að öðru leyti að gera þessa almennu mynd að umtalsefni, en kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess við þessa umr. að fjalla um tvö atriði, brtt. sem ég stend að ásamt öðrum. Ég vil í fyrsta lagi þó þakka undirtektir hv. fjvn. nú milli umr. varðandi mál, sem ég flutti um brtt. við 2. umr., en það var fjárveiting vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi. Þar hefur komið til upphæð sem ekki var að finna í fjárlagafrv. Milli umr. hefur fjvn. lagt til að í þetta verði varið 3 millj. kr. sem tryggir að þarna verði hafist handa á komandi ári. Einnig liggur fyrir að Viðlagasjóður sé reiðubúinn til að leggja allt að jafnhárri upphæð á móti þannig að í þetta verkefni, styrkingu á varnargörðum á Skeiðarársandi, verði hægt að verja um 6 millj. kr. á næsta ári og væntanlega þar að auki nokkurri upphæð af framkvæmdafé Vegagerðar ríkisins, þannig að þarna ætti að fást *veruleg úrlausn. Við skulum vona* að þessi fjárveiting sé ekki of seint á ferðinni þó að enginn viti hvenær hlaup úr Grímsvötnum eða öðrum aðdráttarleiðum Skeiðarár brestur á. Ég gerði till. um sama efni fyrir ári síðan, en hún náði þá ekki fram að ganga. Fyrir þennan stuðning vil ég þakka hv. fjvn. og skilning á þessu máli.

Um marga liði er ekki hægt að fara þannig viðurkenningarorðum. Og vissulega viðurkennum við einnig í minni hl. að við erfiðleika er að fást við gerð fjárlaga, þrengri aðstæður en oftast áður, en þær er ekki síst að rekja til ákvarðana ríkisstj. þeirrar er nú situr þar sem hún hefur dregið úr skattlagningu á ýmsa þá aðila sem eðlilegt væri að legðu mun meira til sameiginlegs sjóðs landsmanna en gert er. Af því stafa ekki síst erfiðleikarnir þegar um er að ræða ýmsa þætti samneyslu og fjárveitingar til slíkra þátta.

Sá liður sem ég ætla að gera hér að sérstöku umræðuefni tengist brtt. á þskj. 420, sem ég stend að ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, en efni þessarar brtt. varðar liðinn 03-390 í fjárlagafrv., Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Við gerum hér till. um að framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækki um 15 millj. kr., úr 20.5 millj. í 35.5 millj. kr. Ástæðan fyrir því að við flytjum nú við 3. umr. fjárlaga sérstaka till. um þetta mál, sem ekki var áður fram komin, er sú

að við væntum þess lengi vel og reyndar alveg fram á þennan dag að þingflokkar allir gætu sameinast um að tryggja að ekki verði dregið úr framlögum til þróunaraðstoðar af hálfu Íslendinga frá því sem var á síðasta ári. En á síðasta ári gerðist það að framlög til þróunaraðstoðar, bæði langtíma þróunaraðstoðar og skammtíma verkefna, og alþjóðlegra stofnana lækkuðu hlutfallslega frá árinu 1983, en þá komust þau hæst af því sem verið hefur litið til síðustu tíu ára og náðu því að verða um það bil 1.3% af vergri þjóðarframleiðslu.

Á yfirstandandi ári lækkuðu hins vegar þessi framlög, skv. áætlun utanrrn. sem hefur með þróunarsamvinnuna að gera, framlög til alþjóðastofnana sem henni tengjast, m. a. stofnana Sameinuðu þjóðanna, þá lækkaði þetta hlutfall í 0.1% úr 1.3 árið á undan. Og nú blasir við, ef ekki verður gerð hér breyting á, að hlutfallið dettur enn niður. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út, en það er komið í 0.0 eitthvað, hvort sem það er 0.08 eða 0.09. Hér er um breytingu að ræða sem alls ekki er verjandi að mínu mati og okkar flm. þessarar brtt. að horfa fram á. Þetta á bæði við almennt og með tilliti til þeirra aðstæðna sem við blasa erlendis, hinnar brýnu þarfar á að Íslendingar sýni lit á því að veita auknu fjármagni til þeirra sem bágstaddir eru. Ég veit að allir hv. alþm. vita um þær aðstæður svo mjög sem þær eru umræddar nú síðustu mánuði og hafa verið til sérstakrar meðferðar á þingi Sameinuðu þjóðanna, m. a. og ekki síst hið bága ástand í mörgum ríkjum Afríku sem tengist þurrkum sem þar hafa herjað um nokkurt skeið.

Við hefðum kosið að sjá Alþingi sameinast um að taka undir þá till. sem utanrrn. bar fram við undirbúning fjárlaga, en hún gerði ráð fyrir að ná nokkurn veginn upp því hlutfalli sem varið var til þessa árs 1983 og verja samtals til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og alþjóðastofnana upphæð sem svarar til 96 millj. kr. Niðurstaðan er hins vegar sú, skv. frv. eins og það lítur núna út, að hér er um framlög að ræða sem eru um 67 millj. kr. Sem sagt raunlækkun frá því lága hlutfalli sem veitt var til þessara verka á árinu sem leið.

Þetta mál var rætt allítarlega í utanrmn. á síðasta og ég hygg næstsíðasta fundi nefndarinnar og þar var undir það tekið af öllum nm. að þetta væri óviðunandi þróun og óviðunandi ástand sem blasti við ef ekki fengist hér breyting á. Það var sammæli nefndarmanna í hv. utanrmn. að reyna að stilla þingflokka saman um að fá hér fram breytingu. Þetta hefur því miður ekki tekist og ég harma mjög að sú skuli verða niðurstaðan að við getum ekki haldið í jólaleyfi með sæmilega samvisku, svo ekki sé meira sagt, í sambandi við aðstoð okkar við þá sem kröppust hafa kjörin á alþjóðavettvangi.

Til að halda raungildi þess framlags sem veitt var á síðasta ári þarf til að koma sú upphæð sem við erum hér að gera till. um, u. þ. b. 15 millj. kr. hækkun. Hún nægir til þess að við höldum þó í horfinu. Og þó að við, flm. þessarar till., hefðum talið að Íslendingar hefðu, þrátt fyrir efnahagserfiðleika, góð efni á því að sækja fram í þessum efnum og reka af sér slyðruorðið, sem er óviðunandi með tilliti til þess hvað önnur Norðurlönd gera í þessum málum, þá teldum við það þó algert lágmark að Alþingi tryggði það að ekki yrði hér enn um öfugþróun að ræða varðandi þennan þátt mála.

Það er rétt að minna í þessu sambandi á lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Það eru lög nr. 43/1981. Þar segir í síðasta málslið 3. gr., með leyfi forseta, um það að hverju starfsemi stofnunarinnar einkum skuli beinast:

„Að vinna á annan hátt að því að framlög Íslendinga til aðstoðar við þróunarlöndin nái sem fyrst því marki sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum."

Þarna er við það miðað að 0.7% náist með beinum opinberum framlögum en 0.3% með framlögum frá öðrum aðilum, einkaaðilum og félagasamtökum sem veita fé til þessara þátta. Nokkur Norðurlandanna hafa þegar náð þessu marki og önnur sem ekki hafa náð því fyllilega, önnur en Ísland, eru að bæta þarna verulega við, þar á meðal Finnland. Það var eftir því tekið, m. a. nú á þingi Sameinuðu þjóðanna þegar fjallað var um framlög til stofnana þeirra, að ríki eins og Finnland og Noregur juku verulega framlag sitt til þróunaraðstoðar.

Hér blasir við allt önnur mynd, því miður. Ég hlýt að nefna það hér að í utanrmn. hef ég vakið á því máls og fleiri nm. þar að það gangi ekki að Alþingi taki á þessum málum ég vil segja af þeirri léttúð, sem nú gerist og gerst hefur einnig á síðasta ári, að í stað þess að sækja fram í þessum efnum þá skuli vera um afturför að ræða. Því tel ég afar brýnt og held að hugur manna í utanrmn. raunar standi til þess að Alþingi undirbúi og samþykki ályktun um það að ná þessu markmiði Sameinuðu þjóðanna á viðráðanlegum tíma. Utanrrn. hefur gert drög að áætlun um þessi efni og að ná slíku markmiði á sjö árum. Það teldi ég vera fullkomlega raunsætt og í rauninni of langur tími að horfa fram á að það taki okkur sjö ár að vinna okkur fram að því lágmarki sem þarna er miðað við. Ég vænti þess að það verði unnið að því á vegum utanrmn. að slík till. komi hér fram á Alþingi og henni verði síðan fylgt í reynd þannig að við rekum af okkur slyðruorðið í þessu máli.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að við atkvgr. um þetta mál sjái alþm., burtséð frá því hvað rætt hefur verið í einstökum þingflokkum, til þess að hér verði breyting á. Það er ekki sómasamlegt að fara í jólaleyfi með þessi mál í því horfi sem hér um ræðir. Það vill svo til að í hópi okkar flm. þessa máls eru aðilar sem hafa kynnst af eigin reynd gagnsemi þeirra framlaga sem Íslendingar leggja til þróunarmála. Þá hef ég í huga sérstaklega Grænhöfðaeyjaverkefnið, en hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir dvaldi þar við störf og rannsóknir á þessu ári og gat greint okkur í utanrmn. frá jákvæðum árangri að hennar mati af því sem þar var að gerast þó í gegnum þróunarhjálp Íslendinga, þó að að ýmsu megi þar eflaust finna eða ýmislegt megi betur fara í sambandi við nýtingu fjármagns eins og gengur. En tvíhliða aðstoð er eitt af því sem mjög er horft til og virðist gefa oft betri raun en framlög í gegnum alþjóðastofnanir, sem það land sem veitir aðstoðina hefur ekki jafngóða yfirsýn yfir eins og ef um tvíhliða aðstoð er að ræða.

Þetta læt ég nægja varðandi þessa till. okkar fjögurra. Að baki henni standa, má ég fullyrða, þeir þingflokkar sem við erum fulltrúar fyrir, því að þessi mál voru rædd þar og undir hugmynd utanrmn. tekið að lyfta þessu framlagi þannig að ekki yrði um raunrýrnun að ræða.

Ég vil svo, herra forseti, minna á aðra till. sem ég flyt ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni. Þar er raunar um að ræða með vissum hætti endurflutning till. sem lögð var fram við 2. umr., en þó í breyttu formi. Hún er á þskj.

365 og varðar húshitunarkostnaðinn. Við höfum gert till. um það við 2. umr. að af tekjum vegna hækkunar á raforkuverði til stóriðju yrði varið 356 millj. kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. til lækkunar húshitunarkostnaðar. Þessi till. hlaut því miður ekki nægan stuðning við 2. umr. og því flytjum við hér till. um mun lægri upphæð til að verja í þessu skyni, 200 millj. kr., þar sem tekna verði aflað með sama hætti og heimildir fengnar eftir því sem þörf er á, og í liðinn „Lækkun húshitunarkostnaðar" verði varið samtals 400 millj. kr. fyrir utan 50 millj. kr. vegna olíuhitunar, sem er fært á öðrum stað í fjárlögunum, í stað þeirra 200 millj. kr. sem nú er gert ráð fyrir skv. frv.

Ég þarf, herra forseti, ekki að rökstyðja þessa till. með mörgum orðum, svo brýnt mál sem hér er á ferðinni og svo sjálfsagt mál sem það ætti að vera miðað við þau orð sem hafa fallið hér á Alþingi og utan þings, ekki síst af talsmönnum þingflokka ríkisstj., ég tala nú ekki um stóru orðin fyrir síðustu kosningar. Það er mjög illt til þess að vita, að Alþingi ætlar að halda nú í skammdeginu jólaleyfi og skilja eftir þann þátt sem veldur hvað mestri mismunun í kjörum hér í landinu með þeim hætti sem gert er skv. fyrirliggjandi frv. Við treystum því á það, flm. þessarar till., að nú, þegar upphæðin hefur verið lækkuð til muna, fái þetta mál aðra afgreiðslu og meiri viðhlítandi stuðning til að ná fram að ganga við afgreiðslu frv.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Fyrir nokkru sá ég kvikmynd sem fjallar um heimsókn úr öðrum heimi. Til jarðarinnar koma gestir sem ætla sér að kynnast lífi jarðarbúa með það í huga að stofna til nánari samskipta við þá. Ferð þessara gesta úr öðrum heimi endar með hálfgerðri skelfingu vegna þess hve þeir eru framandi í okkar umhverfi. Það sem gerir þessa kvikmynd óvenjulega miðað við hliðstæðar kvikmyndir um hliðstæð efni er sú staðreynd að gestirnir, sem til jarðarinnar koma, eru ekki grænir né með augu á stilkum eða fingur með sogblöðkum, þeir eru ekki torkennilegar kynjaverur sem dregnar hafa verið upp úr fylgsnum ímyndunaraflsins. Nei, þessir gestir eru fólk nákvæmlega eins og við, en vegna ákveðins tímamunar milli þeirra heims og okkar er fas þeirra, talandi og klæðaburður eins og manna frá árinu 1950.

Mörg okkar, sem hér erum inni, muna nokkuð vel aftur til ársins 1950 og með aðstoð ljósmynda eða kvikmynda ættum við án mikils erfiðis að geta gert okkur grein fyrir því hvað við sjálf yrðum okkur framandi ef við mættum okkur í eigin persónu eins og við vorum, eins og við töluðum og eins og við hegðuðum okkur fyrir 34 árum. Bilið milli áratuga í sögu okkar er oft og tíðum miklu stærra en okkur getur órað fyrir. Ég hirði ekki að telja upp þá löngu runu af breytingum sem orðið hafa á þessum tíma. Vandamál gestanna sem kvikmyndin lýsti er tímaskekkja. Þeir ná ekki sambandi við jarðarbúa vegna torkennilegrar framkomu, talsmáta og klæðaburðar sem tilheyrir öðrum tíma og öðrum heimi. Í einu orði sagt, þessi mynd lýsti mönnum sem ekki voru í jarðsambandi. Það sama gildir um núverandi ríkisstj. Hún kemur fram við þjóðina með sama valdsmannssvip og ríkistjórnir hafa gert um áratuga skeið. Fatnaður þeirra er að vísu í samræmi við tíðarandann, en gerðir þeirra og töluð orð standa ekki í neinu samhengi við þann tíma sem við lifum á í dag. Það er greinilegt að hún skynjar ekki að stjórnarfar og þar með lýðræðið er í sjálfu sér spurning um aðlögun að þeim tíðaranda sem ríkir. Og andstaða gegn framförum hefur ekki bara áhrif á lýðræðið sjálft, þótt það sé tækið, heldur hefur andstaðan almenna stöðnun í för með sér og að lokum ringulreið. Náttúran og umhverfi okkar stefnir sífellt að kaos. Maðurinn hefur tekið sér það hlutverk að vinna gegn kaos og óskipulagi. Það gerir hann ekki með því að gera ekki neitt.

Íslenskt stjórnarfar hefur staðið í stað um tveggja áratuga skeið á tímum mikilla breytinga í tækni og þjóðlífi. Um aldamótin urðu miklar breytingar í íslenskum stjórnmálum og þjóðlífi. Þær urðu með breytingum á stjórnarfari. Um 1920 urðu miklar breytingar í íslenskum stjórnmálum og stjórn á þjóðlífi. Þær urðu líka vegna breytinga á stjórnarfari. Um 1940 urðu miklar breytingar á íslenskum þjóðmálum og þjóðlífi. Þær urðu líka vegna breytinga á stjórnarfari. 1960 urðu miklar breytingar í íslenskum stjórnmálum og þjóðlífi. Þær voru líka í kjölfar breytinga á stjórnarfari. En síðan hafa ekki orðið miklar stefnubreytingar í íslenskum stjórnmálum og þjóðlífi. Að vísu hefur hér sitthvað unnist á, því verður ekki neitað, en gífurlega mikið hefur líka tapast. Við Íslendingar erum skuldugir upp fyrir haus og það er ekkert sem bendir til þess að við eignumst eitt eða annað nú eða í náinni framtíð sem gerir okkur kleift að endurgreiða þessar skuldir okkar og standa traustari og sjálfstæðari en við gerum í dag. Ég ætla hér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa smá þjóðlífslýsingu í lauslegri þýðingu:

„Í landi þessu voru yfirráð ríkisins á öllum sviðum efnahagslífsins orðið að lykilatriði þjóðlífsins. Ríkið átti auðlindirnar, meiri hluta umferðarkerfisins og fjöldaframleiðslu fyrirtækja. Bændurnir voru undir forsjá ríkisins. Sú framleiðsla sem ekki var í ríkiseigu var háð verðlagsákvörðunum, lánum og styrkjum eða var með öðrum hætti tengd opinberum rekstri. Tengslin milli fjármálastjórnar og stórra banka voru sterk, þar sem ríkið skipaði opinbera embættismenn í stjórnir bankanna. Ríkisbankinn, sem var nokkurs konar deild í fjmrn., stýrði sparisjóðum og lánastofnunum, stjórnaði fjármálum samgangna og fjármagnaði ævintýri í utanríkisviðskiptum. Ríkisbankinn stjórnaði öllu efnahagslífi og leitaði stöðugt leiða til að auka vald sitt og starfssvið. Viðskrn. veitti sölusamtökum forsjá, ákvað verðlag og þar með hagnað fyrir notkun auðlinda og ákvað verð á flutningum og átti fulltrúa í stjórnum hlutafélaga sem ríkið var aðili að. Á seinustu árunum fyrir stríð tókst land þetta á hendur einhverja viðamestu tilraun í ríki sameignarkapítalismans sem um getur."

Land það sem hér er verið að lýsa er hið keisaralega Rússland á tímanum frá aldamótum fram að fyrra stríði. Bethmann Hollweg, kanslari Vestur-Þýskalands, á að hafa varað við þessari þróun í Rússlandi. Hann áttaði sig á að ríki sem skipuleggur og stjórnar efnahagslífi með þessum hætti er hæfara, ef hæft skyldi kalla, til að undirbúa og takast á hendur styrjöld gegn nágrönnum sínum en aðrir. Öll þau lönd sem tóku þátt í fyrri heimsstyrjöldinni brugðu strax í upphafi stríðsins á það ráð að apa að miklu leyti eftir þá stjórnun efnahagslífs sem Rússar höfðu þá þegar komið á. Afleiðingin var gífurleg útþensla í umsvifum ríkisins vegna afskipta þess af efnahagslífi á Vesturlöndum öllum. Eftir styrjöldina veittist erfitt að hrista þetta ákveðna skipulag af sér.

Herra forseti. Skilningur okkar á mannkynssögunni byggist líklega að hálfu leyti a. m. k. á misskilningi. Menn vilja rekja ríkisafskipti af þjóðlífi með jafn víðtækum hætti eins og víða þekkist í dag til áhrifa marxismans. Staðreyndin er sú að Lenin og kumpánar hans erfðu hina rússnesku ríkiskapítalisku þjóð árið 1917 og gerðu lítið annað en að breyta eignarhaldi og atvinnulífinu með þeim hætti að kalla það í eigu verkalýðsins. En hvers vegna er ég að lesa þessa lesningu hér? Jú, við í Bandalagi jafnaðarmanna höfum gagnrýnt stjórnvöld fyrir það að svara ekki kalli tímans. Menn hafa hrist hausinn og neitað að skilja hvað við erum að fara. Ég les þessa þjóðlífslýsingu hér í þeirri von að menn átti sig á því að gagnrýni okkar beinist að því að við erum að viðhalda hér í dag, árið 1984, stjórnarfari sem komið var á fyrir um 70 árum á Vesturlöndum, stjórnarfari sem einkum og sér í lagi á vel við í efnahagslífi í þeim tilgangi að geta tekið þátt í styrjöld.

Það er mjög langt síðan við Íslendingar höfum tekið þátt í styrjöldum og þess vegna engin nauðsyn að viðhalda þeim vinnubrögðum sem til styrjaldarreksturs eru nauðsynleg. Ef ríkisstjórnin er líkami stjórnvaldsins, þá eru fjárlögin hreyfingar þessa líkama og þessar hreyfingar miða í dag allar að því sama, þ. e. að halda í viðtekið ástand sem búið er að ríkja allt of lengi, ástand sem skapar æ meiri vandamál því að það er ófært um að ráða við vandamál nútímans eins og allt er í pottinn búið.

Hér hafa stjórnmálaflokkar um áratuga skeið háð kosningabaráttu kosningar eftir kosningar meira og minna undir fölsku flaggi. Þeir hafa reynt að telja kjósendum trú um að þeir skiptist upp í tvo hópa og auðkennt þá í hægri og vinstri, svo að menn fari nú ekki vegavillt, og haldið því að mönnum og konum að annar hópurinn berðist fyrir síaukinni blessun ríkisafskipta í nafni mannúðar á meðan hinn hópurinn berðist gegn ríkisafskiptum, fyrir frelsi einstaklingsins. Þegar litið er yfir farinn veg sjást þess í farvegi íslenskra stjórnmála harla lítil merki hver stjórnaði né hvenær. Þróunin hefur verið jöfn og þétt, alveg frá því við fyrst fengum sjálfsstjórn, til sömu áttar. Síaukin ríkisafskipti á öllum sviðum þjóðlífs, ekki bara þar sem ríkisafskipti eiga við, heldur líka og það er alvarlegra, þar sem þau eiga ekki við. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um né gagnrýna ríkisafskipti á þeim sviðum þar sem þau eru eðlileg. Eðlileg samhjálp sem fullnægir kröfum nútíma fólks og verður ekki fengin með öðrum hætti. Eðlileg þar sem hún er leið til að tryggja öllum einstaklingum rétt til að njóta þjónustu á sviði samgangna, löggæslu, menntunar, heilsugæslu og kjaratryggingar. Þessi ríkisafskipti eru eðlileg og um þau er í raun engin ágreiningur. Menn geta deilt um leiðir en menn deila ekki um markmið hvað þessi ríkisafskipti snertir.

Um afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífi og/eða beina þátttöku ríkisvaldsins gegnir öðru máli. Afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu eru hættuleg í margs konar skilningi. Þau eru hættuleg vegna þess að þau hafa áhrif á afstöðu þátttakenda í viðkomandi atvinnugrein til hlutverks síns. Því meiri sem afskipti ríkisvaldsins eru af viðkomandi atvinnugrein, því meira flyst af ábyrgð af herðum þátttakandans yfir á herðar ríkisins og eftir því sem ríkið tekur meiri ábyrgð á afkomu þátttakendanna, því sterkari verður tilhneigingin til að auka ríkisafskiptin uns þau verða alger. Ríkisafskiptin eru líka hættuleg vegna þess að þrátt fyrir stór orð þá hafa þau, að því er virðist, ekki tilgang eða markmið.

Ef við horfum á sjávarútveg Íslendinga í því tilefni að hér var verið að samþykkja s. l. nótt svokallað kvótakerfi, gera það að lögum, ef við horfum á sjávarútveg Íslendinga og skoðum hann í ljósi þessara fullyrðinga, þá ætla ég fyrst að taka fyrir markmið eða tilgang. Það verður ekki sagt að afskipti ríkisvaldsins af sjávarútvegi hafi þjónað einhverjum markmiðum. Ef við horfum á afkomu þátttakendanna, þá er hún léleg. Hún er svo léleg að menn tala um að þessi atvinnugrein rambi á barmi gjaldþrots. Ef við horfum á þjóðarheill, þ. e. afkomu okkar sem þjóðar sem er háð fiskveiðum að stærstum hluta, þá sökkvum við æ dýpra og dýpra í skuldir. Það er því greinilegt að afskipti ríkisisvaldsins af þessari atvinnugrein hafa ekki skilað auknum tekjum í þjóðarbúið eða nægt til þess að jafna viðskiptahallann, Ef þar með er sýnt að markmið þessara afskipta eru ekki efnahagsleg þá spyr maður: Hvaða tilgangi þjóna þessi afskipti þá? Ég held að svarið hljóti að vera öllum ljóst. Þessi afskipti þjóna fyrst og fremst pólitískum tilgangi. Þau þjóna fyrst og fremst hagsmunum þeirra flokka sem eru við stjórnvölinn hverju sinni.

Menn gnísta hér tönnum yfir þeirri aflaskömmtun sem komið hefur verið á. Það er rétt eins og menn geri sér ekki grein fyrir því að þessi aflaskömmtun hlaut að koma fyrr eða síðar og nánast óháð því hvort aflinn minnkaði á Íslandsmiðum eða ekki. Aflasamdrátturinn varð til þess að flýta fyrir þessari aðgerð. Afskipti ríkisins af afkomu þessarar atvinnugreinar eru orðin svo ítarleg og alger að þau hlutu að enda með þessari aflaskömmtunarleið, einkum og sér í lagi þegar hugsað er til þess sem ég sagði áðan, að markmið afskiptanna er fyrst og fremst pólitískt. Það er pólitísk heill stjórnmálaafla sem mestu máli skiptir og þau stjórnmálaöfl sem nú stjórna máttu ekki til þess hugsa að skapa sér þá óvild sem hugsanlega hlytist af því að afkomu allra í þessari grein yrði ekki sem jöfnust. Skítt veri með heildarútkomuna.

Þeir réttlæta gerðir sínar með því að segjast vera að halda úti fullri atvinnu, en um leið verður að halda úti atvinnu sem ekki skilar arði nema á stöku stað. Og þeir halda úti atvinnu í grein sem er orðin ófær um að borga fólki mannsæmandi laun. Afskipti ríkisvaldsins byrja með verðákvörðun á aflanum. Síðan tekur ríkið það á sig að meta þennan afla og ákveða þannig í hvaða flokk fiskurinn fer og hver aflahlutur útgerðarmanna og sjómanna verður. Þegar í ljós kemur að það verð sem útgerðin þarf er of hátt til að fiskvinnslan geti borgað er hlaupið inn í sjóði sem notaðir eru til að bæta útgerðarmönnum upp verðið þannig að það verði ekki of hátt fyrir fiskvinnsluna. Þegar fiskvinnslan hefur lokið sínum störfum, þá sér ríkið um að meta og stimpla afurðirnar sem þaðan koma. Ríkið er líka hagsmunavörður fyrir söluaðila í útflutningi og endanlega getur ríkið fiktað í genginu til að reyna að draga úr áhrifum sem hugsanlega kunna að skapast af göllum á því kerfi sem þeir sjálfir eru búnir að koma upp. Ríkið stjórnar fjárfestingarlánum til þessarar atvinnugreinar. Ríkið stjórnar líka rekstrarlánum til þessara atvinnugreinar. Ríkið stjórnar enn fremur afurðalánum til þessarar greinar og getur síðan hlaupið undir bagga þegar mikið er í húfi með einstökum fyrirtækjum með styrki eða lán í þeim

tilgangi að koma í veg fyrir að fyrirtækin verði fyrir barðinu á eigin vitleysu eða stjórnvalda. Aflaskömmtun eða kvótakerfi var ekkert annað en eðlileg afleiðing af þeirri þróun sem átt hefur sér stað hér á undanförnum áratugum, ekki bara í þessari atvinnugrein heldur líka öðrum.

Herra forseti. Ég hef tekið mér hér nokkurn tíma til að mála mynd af því stjórnarfari sem við búum við í dag, vegna þess að ég tel að þau fjárlög sem hér eru til umr. mótist fyrst og fremst af þessu stjórnarfari og þau breytist ekki til batnaðar fyrr en menn hafa tekið sér tak í breyttum vinnubrögðum. Ég álít að brýna nauðsyn beri til að hér fari fram umræða um hlutverk stjórnvalds og vinnubrögð, ekki síst þegar fjárlög eru til umr. Við Íslendingar erum að dragast aftur úr öðrum Vesturlandaþjóðum í kjörum og samkeppnisaðstöðu atvinnuvega og atvinnulífs. Ný tækni og nýjar atvinnugreinar, sem þegar eru orðnar áberandi stór hluti atvinnulífs á Vesturlöndum, eru hér enn á umræðustigi nánast. Við erum orðin tíu árum á eftir tímanum í þessum greinum. Ástæðu þessa tel ég ekki endilega vera sök eins stjórnmálaafls fremur öðrum, heldur fyrst og fremst þá að lýðræðið hefur staðnað hér á landi. Valdþjöppun hefur aukist í stað þess að annars staðar hefur dregið úr henni. Í þessu máli eru fjórflokkarnir samsekir og spurningin um hægri og vinstri er ekki spurning um annað en tvær hliðar á sömu mynd.

Niðurstaðan verður kölluð vísindaleg þegar endurteknar tilraunir gefa sömu útkomu. Ég held að þær tilraunir, sem hér hefur verið beitt, hafi endanlega gefið vísindalega niðurstöðu. Ég held að launahækkun, gengisfelling, skattahækkun og fjárbinding hafi verið reynd hér á Íslandi svo oft að það sé vísindalega sannað að þessi aðferð dugir ekki. Ég veit að pólitík er ekki vísindi. En reynslan er drjúg og ég held að reynslan sýni að virk afskipti stjórnvalds á Íslandi af efnahagslífi eru til ófarnaðar. Það verður að draga úr afskiptum ríkisvaldsins á sviði efnahagslífsins, en þar á ríkisvaldið eingöngu að skapa aðhald með eftirliti með því að leikreglum réttlætisins sé fylgt og láta þar við sitja. Þetta þýðir valdaafsal og þetta þýðir valddreifingu til sveitarfélaga og samtaka þeirra, til einstaklinga og samtaka þeirra. Þetta þýðir, hvað þetta frv. varðar, að maður verður að bera fram og ræða þá spurningu: Hvað er þetta eða hitt rn. að gera? Hver er árangurinn? Gefur árangur rn. ástæðu til að ætla að það skipti sköpum, hvort þetta ráðuneyti er til eða ekki? Ég spái því að ef menn færu á þennan hátt ofan í kjölinn á fjárlögum, þá leiddu niðurstöður slíkra umr. til þess t. d. að atvinnugreinaráðuneytin yrðu einfaldlega lögð niður. Ef sjóðirnir sem þeim tengjast yrðu síðan líka lagðir niður og innlánsbinding afnumin, þá þyrfti ríkið ekki lengur að stunda þá peningalegu fyrirgreiðslu sem það nú stundar og fyrst og fremst yrði reynt að reka íslenskt athafnalíf á eigin afla. Þetta þýðir líka, hvað þessi fjárlög varðar, að óheillavænlegasta atriðið í einkennum þess eru hinar sívaxandi erlendu lántökur.

Í stjórnmálaumræðum er því gjarnan haldið fram að skatta megi leggja á aðallega með þrennum hætti, þ. e. skatta á eignir, skatta á tekjur og skatta á neyslu. Og menn standa almennt í þeirri trú að flokkar skiptist hér jafnvel í þessu landi eftir hægri og vinstri í flokka sem vilja skattleggja eignir, flokka sem helst vilja skattleggja tekjur og flokka sem helst vilja skattleggja neyslu. Það er reyndar í dag orðin nokkuð almenn samstaða á meðal flestra flokka um það að draga úr skattlagningu á tekjur.

Ef lesnir eru allir liðir tekjuhliðar fjárlaga, þá kemur eitt og annað í ljós. Skattar og gjöld sem ríkið innheimtir eru að tölu til rúmlega 80. Ef við getum orðið í þessari umr. sammála um að tvískipta skatttegundum í stað þess að þrískipta þeim, þ. e. greina þá einungis í sundur í skatta sem lagðir eru á tekjur og skatta sem lagðir eru á neyslu, á þeirri forsendu að eignarskattar leiti alltaf með einhverjum hætti út í verðlag og þá megi þannig flokka sem neysluskatta, þá getum við sagt að meiri hluti þessara rúmlega 80 skatta og gjalda sem við þurfum að borga sé neysluskattar. Það er þess vegna tómt mál að tala um að það ríki einhver pólitískur ágreiningur um það hvort hér eigi að vera tekjusköttun eða neyslusköttun. Eignarskattar, a. m. k. félaga og fyrirtækja, leita auðvitað beint út í verðlag. Tekjuskattar einstaklinga leita á þann hátt út í verðlag að þeir auka þrýsting í kaupkröfum. Skattar á innlánsstofnanir, gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra og sjúkratryggingagjald, allt eru þetta gjöld sem neytendur með einum eða öðrum hætti verða að borga. Sama gildir um öll gjöld á innflutning, að ég tala nú ekki um söluskattinn sjálfan.

Skattar á launagreiðslum eru líka skattar eða gjöld sem neytandi þeirrar framleiðslu eða söluvöru, sem um ræðir hverju sinni, verður að taka þátt í að greiða. Vörugjald og skemmtanaskattur, sérleyfisgjöld, flugvallaskattur, skattar af bifreiðum, stimpilgjöld, skráningargjöld, skoðunargjöld, einkaleyfisgjald, raforkuskattar, allt eru þetta skattar sem leita beint út í neyslu, þ. e. út í verðlag. Meira að segja arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum ríkisins eru að hluta til fengnar úr neyslu að því leyti sem um er að ræða þjónustu eða framleiðslu sem er seld. Það eru aðeins örfáir skattar eða örfá gjöld sem ekki leita út í verðlag og verða þannig að beinum sköttum óyggjandi. Þar má nefna tekjuskatt á lögaðila eða fyrirtæki af því að hann er tekinn af hagnaði og því ekki hægt að velta honum út í verðlag. Það eru líka til tekjur af sölu varnarliðseigna. Það er álgjaldið. Það eru tekjur frá Alþjóðaflugmálasambandinu. Það er útflutningsgjald af sjávarafurðum. Og það eru sektir af upptækum vörum til ríkissjóðs.

Af lestri þessa lista er greinilegt að meginreglan í sköttun ríkisins er neyslusköttun. Það nægir einfaldlega að nefna að innflutningsgjöld og sölugjald gera samanlagt meira en helming af tekjum ríkisins. Það er mjög athyglisvert að bera saman í þessum langa lista annars vegar dálk sem heitir „ýmsir óbeinir skattar“ með hartnær 20 liðum og gerir um 6% af tekjum ríkisins og síðan að horfa á tekjur ríkisins af beinni þátttöku þess í atvinnulífi eða umsvifum þess í atvinnulífi. Öll bein umsvif ríkisins í atvinnulífi skila því í tekjum innan við 1% af tekjum ríkisins. M. ö. o., breyting á þessu hefði svo til engin áhrif á afkomu ríkissjóðs tekjulega. En ég vil benda á að í tengslum við þessi umsvif eru bundnar miklar eignir. Menn þurfa ekki annað en fara í ríkisreikning, sem nú kom á borð manna í dag, til þess að átta sig á því.

Það getur vel verið að hreyfingar á tekjusköttum hafi einhver áhrif á afkomu einstaklinga, en það er líka augljóst að hreyfingar á því sviði þurfa að verða

allverulega miklar til að raunverulega skipti sköpum í tekjum ríkissjóðs, eða m. ö. o. að það breytir litlu um þá hugmyndafræði sem að baki tekjuöfluninni býr. Þess vegna held ég að það hefði verið miklu farsælla að fara þá leið að draga miklu meira úr neysluskattum og þá hugsa ég sérstaklega til innflutningsgjalda.

Með leyfi hæstv. forseta vildi ég mega vitna hér til ummæla tveggja einstaklinga sem þátt tóku í spástefnu Stjórnunarfélagsins í vikunni sem leið. Þessir menn voru þar að ræða stjórn ríkisins á efnahagslífi Íslendinga og felldu um það dóma sem að mínu mati eru býsna harkalegir. Jónas Haralz bankastjóri komst þannig að orði að það sem hafi einkennt þróunina á undanförnu einu og hálfu ári hafi verið að menn treystu sér ekki til að taka á málunum í heild. Þá á hann bæði við vandamálin og málaflokkana. Hann sagði að á launamálum hefði verið tekið á þann veg að skera vísitölubindinguna af og að launþegasamtökin hafi með vissum undantekningum tekið þeirri aðgerð með skilningi eins og fram hafi komið bæði haustið 1983 og aftur í samningunum s. l. vor. En samhliða þessu hafi hvorki fjármálin né peningamálin verið tekin þeim tökum sem þurfti og þurft hefðu að fylgja í kjölfar þeirrar aðgerðar sem við öll þekkjum.

Hann minnti á hlutverk þeirra aðila í efnahagslífi sem aldrei koma nema óbeint inn í umr. þegar rætt er um fjárlög á Alþingi, þ. e. fjárfestingarsjóðina og lífeyrissjóðina sem hafa aukið útlán sín mjög mikið og sumpart undir þrýstingi frá ríkisstj. Það má minna á að ríkisstj. hefur sífellt verið að þrýsta æ meir á lífeyrissjóðina hvað skuldbindingar þeirra gagnvart húsnæðislánamálum snertir. Sú þensla sem þetta veldur á peningamarkaði stafar ekki hvað síst frá athafnasemi þessara sjóða.

Hann benti líka á eigendatök á bankakerfinu. Annars vegar væru ríkisbankar sem fyrirskipað væri að starfa með ákveðnum hætti, þ. e. tryggja lánveitingar til atvinnulífs vítt og breitt um landið, kannske oft og tíðum án þess að mega taka tillit til arðsemi. Hins vegar sjálfstæðir bankar óháðir ríkisvaldi, sem ættu þar með auðveldara með að láta sjónarmið hagkvæmninnar ráða gerðum sínum.

Jónas sagði líka hvað varðaði breytta tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem mikið væri rætt um nú sem endranær, að viss öfl væru hér að verki sem yllu því að engum ráðum yrði við komið til að koma á breyttri tekjuskiptingu. Stjórnvöld og verkalýðshreyfing séu þess ekki megnug. Ef horft er á hvaða aðila bankastjórinn tilnefnir hér sem vanmegnuga, þá fer ekkert á milli mála að hann beinir þessum orðum sínum til Vinnuveitendasambandsins og höfðar til áhrifa þess í augnablikinu sem samþjappaðar fylkingar.

Jónas Haralz er ekki í vafa um að flestir sjái þann vanda sem við er að etja. Hins vegar telur hann afar ólíklegt að þær nauðsynlegu ákvarðanir sem þurfi að taka verði teknar af þeim stofnunum og því skipulagi sem við búum við. Líklegast sé að við stöndum því frammi fyrir miklum og vaxandi erfiðleikum.

Hæstv. fjmrh. hefur kvartað yfir því að það sem ég segi hér í þessum ræðustól sé ómerkilegt og illskiljanlegt. Það sem ég hef verið að segja hér í þessum ræðustól undanfarið eitt og hálft ár er í stórum dráttum nokkuð samhljóma því sem ég hef haft hér eftir bankastjóra Landsbankans, Jónasi Haralz. Það á einkum við um þá niðurstöðu sem hann kemst að, að við eigum ekki neinna breytinga að vænta af þeim stofnunum og því skipulagi sem við búum við og líklegast sé því að við stöndum frammi fyrir miklum og vaxandi erfiðleikum. Jónas Haralz telur m. ö. o. að það verði ekki ráðið við vandann öðruvísi en breytt sé um stofnanir og skipulag til að ráða við hann.

Hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands, Vilhjálmur Egilsson talaði líka á þessari sömu spástefnu. Hann gagnrýndi annars vegar þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa haft uppi hingað til og þá kannske sérstaklega þann skort á aðgerðum sem hann taldi vera um að ræða, og var þar í raun sammála bankastjóranum Jónasi Haralz á þann veg að ein aðgerð hafi ekki verið nægjanleg, heldur hefðu þurft að fylgja víðtækari aðgerðir til þess að stefna þessarar ríkisstj. næði árangri, ef um stefnu er hægt að ræða þegar menn hegða sér ekki í samræmi við þann árangur sem þeir ætla að ná. Og hann segir:

„Stjórnvöld verða að rífa í sundur þau drög að lánsfjáráætlun sem nú eru rétt ólögð fram. Það verður að skera út allar viðbótarlántökur erlendis og fjárlög verður að afgreiða hallalaus. Til þess að ná tökum á peningamálum verður að koma í veg fyrir að viðskiptabankarnir geti fjármagnað útlánaaukningu með því að bæta við yfirdrátt sinn hjá Seðlabankanum eða með því að slá skammtímalán í erlendum bönkum. Þetta gæti kostað byltingu í bankakerfinu að koma svona breytingum í gegn, en þær eru nauðsynlegar til þess að gengisfellingar renni ekki út í sandinn."

Ég er ekki hér með að fullyrða að ég sé þessum sérfræðingi í öllu sammála. En ég held að því verði þó ekki á móti mælt að þessi maður er að tala um það sem ég reyndar hef verið hér að reyna að tala um, þ. e. að það nægi ekki yfirlýsingar og orð, það verði að koma til allt önnur vinnubrögð til að ná árangri.

Hæstv. forseti. Ég vildi einnig mega vitna hér með leyfi í orð hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar við umr. í Ed. þann 12. des. Þar sagði hv. þm.:

„Það hefur verið svo, nú hátt á annan áratug, að samhliða gengisfellingum hafa stjórnvöld alltaf fundið upp á því snjallræði að hækka vöruverð með nýjum skattaálögum til þess að keyra verðbólguna enn þá hraðar upp á við. Væntanlega hefur það þó ekki verið tilgangurinn heldur hitt að bjarga þeirri skepnu sem alltaf á fyrst að fóðra, þ. e. ríkissjóðnum, við halla. Þetta hafa verið kennisetningar, sem sérstakir sérfræðingar allra ríkisstjórna um langt skeið hafa haldið mjög á loft, að í baráttunni við verðbólguna ríði á því fyrst og síðast að tryggja að ríkið yrði rekið með greiðsluafgangi eða a. m. k. hallalaust þó að það hafi reyndar aldrei orðið vegna þess að það hafa alltaf verið fölsuð fjárlögin, fundið upp á að setja lánsfjáráætlanir og sérlög um alla skapaða hluti og gera fjárlögin aldrei upp með réttum hætti. Það er ekki heldur gert nú, eins og birtist raunar í fjárlagafrv., þar sem reiknireglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru sýndar. Þar sést að þetta er allt saman sýndarmennska með þennan hallalausa ríkissjóð."

„Í annan stað," segir hv. þm., „hefur sú speki verið við lýði núna á annan áratug að brýna nauðsyn beri til að frysta sem mest af sparifé landsmanna. Það væri líka leiðin til að ráða við verðbólguna að hafa helst enga peninga í umferð nema þá á svartamarkaði eða þá að taka þá í geymslu til bráðabirgða og úthluta þeim svo

eftir geðþótta stjórnvalda og aldeilis ekki alltaf til arðvænlegra hluta eða þeirra arðvænlegustu. Af þessu súpum við nú seyðið og höfum sopið."

Þetta sagði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og reyndar miklu fleira sem áhugavert var að hlýða á. Kannske var áhugaverðast að hlýða á það sem hann benti á sem leið til lausnar er væri önnur en þær sem farnar hefðu verið. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna hef ég haldið því fram að undir þeim kringumstæðum sem við búum við núna síðustu 2—3 árin, þar sem tekjur hafa rýrnað svo mjög, er meginástæða til að lækka þá neysluskatta sem leggjast með gífurlegum þunga á lágtekjufólkið."

Hv. þm. er hér að höfða til þess að meiri hluti allra skatta, sem lagðir eru á af ríkinu, eru í raun og veru neysluskattar. Það eru fyrst söluskattur og tollar, sem gera meira en helminginn af tekjum ríkissjóðs, og síðan ótal smágjöld sem lögð eru á ýmiss konar verslun og þjónustu og leita öll út í verðlag sömu verslunar og sömu þjónustu. Þegar upp er staðið eru því þau gjöld teljandi á fingrum annarrar handar sem ekki renna beint út í verðlag og þannig séð er íslenska ríkið rekið að 9/10 hlutum til á neysluskattheimtu.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði:

„Leiðin til að draga úr eftirspurn eftir peningum er ekki að loka þá inni í læstum hirslum, það eykur eftirspurnina, heldur er leiðin sú að ríkisvaldið stuðli að lækkun tilkostnaðar í framleiðslu og framfærslu fyrir sitt leyti og skapi þannig minni eftirspurn eftir peningum."

Í þessari sömu umr. þennan sama dag talaði hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson eða a. m. k. leit sá maður nákvæmlega út eins og tvífari hans sem þar talaði. Ég er ekki alveg viss um að það hafi verið sami maðurinn því að það sem hann sagði stóð í það mikilli þversögn við gerðir hans að það er mjög erfitt fyrir mig, sem er af kóka kóla- og prins póló-kynslóðinni, að fá það til að ríma saman. Það verkar alltaf mjög undarlega á þessa kynslóð okkar sem ólumst upp á kóka kóla og prins póló þegar menn segja eitt og gera annað. Það kann að vera að það verki líka undarlega á fleiri kynslóðir, ég get bara talað fyrir mína. Hæstv. fjmrh. eða þessi tvífari hans, sem talaði í hv. Ed. þann 12. þessa mánaðar sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka undir það að binding bankanna, og ég hef margoft sagt það, á fé landsmanna er röng. Tek ég sem dæmi að ef verkfæri eru tekin af iðnaðarmanni vinnur hann ekki verkið. Ef peningarnir eru teknir af fólkinu vinna þeir ekki fyrir þjóðina. Ef binding er á peningunum hægra megin" — ég veit nú ekki hvers vegna hann vildi endilega binda peningana hægra megin — „en peningarnir leka út á enn þá dýrari vöxtum og enn þá dýrari hátt vinstra megin, þá er það röng ráðstöfun," sagði hæstv. fjmrh.

Nú veit ég ekki betur en að þessi sami hæstv. ráðh. sé búinn að vera á annað ár í ríkisstj. sem hefur nokkurn veginn nákvæmlega verið að gera þetta sem hann telur alrangt. Síðan segir hæstv. fjmrh.:

„Gengislækkanir eru ekki leið út úr vanda. Auknar álögur eru ekki leiðin. Fjárlög hafa ekki verið rétt kynnt og ég held að það sé kominn tími til að taka upp þann hátt sem kynntur er í fjárlögum núna þannig að á einum og sama stað sjáist vandinn allur."

Svo mörg voru þau orð. Gengislækkanir eru ekki leiðin út úr vandanum, segir hann. Auknar álögur eru ekki leiðin út úr vandanum. Þessi ríkisstj., sem nú situr, er tvisvar sinnum á minna en tveimur árum búin að fella gengið. Hún hefur aukið álögur á fólk, núna síðast með því að hækka neysluskatt og þar áður með því að flytja skattheimtu frá ríkissjóði yfir til sveitarfélaga. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að koma hér og segja: „Við höfum ekki aukið skattheimtu." Það er ekki rétt. Ríkið getur dregið úr skattheimtu sinni á sama tíma og það stendur ekki við skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélögunum, sem þýðir þá aftur að sveitarfélögin verða að hækka sínar tekjur eða auka sína skattheimtu. Þar með stuðlar ríkisstj. að aukinni skattheimtu, að hækkun gjalda.

Að lokum sagði hæstv. fjmrh., eða sá maður sem líktist honum svo mjög, í hv. Ed. þann 12. des. — og nú bið ég menn að taka vel eftir því að þessi orð komu mér og kannske öðrum hvað kynlegast fyrir eyru:

„Þær leiðir sem við höfum farið hingað til til lausnar á þeim þjóðfélagsvanda sem við höfum glímt við um nokkuð langan tíma eru augljóslega rangar, en við höldum áfram, við notum sömu gömlu meðulin til að komast út úr sams konar vanda sem við komum okkur í nokkuð reglulega."

Þessi sami maður, þessi sami einstaklingur, hæstv. fjmrh., kemur svo hér í ræðustól hvað eftir annað og þykist koma af fjöllum þegar hann heyrir mig og aðra Bandalagsmenn gagnrýna stjórnkerfið, gagnrýna vinnubrögðin, aðferðirnar og tækin sem notuð eru til að ráða bug á vandanum, þ. e. tækin sem notuð eru í þeim yfirlýsta tilgangi að ráða bug á vandanum en duga ekki til. Hvar er þá ágreiningurinn milli mín og hæstv. fjmrh.? Hann segir: Leiðirnar sem við höfum farið til lausnar í nokkuð langan tíma eru alveg augljóslega rangar. En við höldum áfram, við notum sömu gömlu meðulin til þess að komast út úr sams konar vanda sem við komum okkur í nokkuð reglulega.

Er hæstv. fjmrh. ekki að segja að við þurfum önnur meðul? Er hann ekki að segja að við þurfum önnur stjórntæki? Er hann kannske að segja að við þurfum aðra stjórn? Hann er svo mörgum sinnum búinn að lýsa því yfir að hann fari frá ef þetta eða hitt gerist og þykist svo ekkert skilja þegar hann er spurður að því hvers vegna hann sé ekki fyrir löngu farinn frá þegar þetta eða hitt hefur gerst. Er hann kannske hér að boða að við þurfum aðra stjórn, nýja stjórn? Hvar er ágreiningurinn milli mín og hæstv. fjmrh.? Ég held reyndar að hann sé nokkuð augljós. Munurinn á okkur er sá að hæstv. fjmrh. situr í ríkisstj. en ég ekki. Hæstv. fjmrh. situr í ríkisstj. og allt sem hann gerir er honum sjálfum á móti skapi. Þau frv. sem hann flytur, þau frv. sem hann styður, allt er þetta honum á móti skapi. Hann situr í ríkisstj. sem hann sjálfur er á móti. Hann er á móti forsrh. og hann er á móti ríkisstj. og þegar hann á að flytja frv. hérna þá er það þungum skrefum sem hann stígur í pontu.

Hæstv. fjmrh. er að mörgu leyti dálítið sérstök persóna í íslenskum stjórnmálum. Ef dregnar væru niðurstöður af hegðun hans undanfarin ár, þ. e. þau ár sem hann hefur setið á þingi eða verið viðriðinn ríkisstj., þá er niðurstaðan þessi: Hæstv. núv. fjmrh. styður ríkisstjórnir sem hann er ekki í en hann er á móti þeim ríkisstjórnum sem hann situr í. Ég spurði áðan hvað það væri sem greindi á milli okkar eða hver

ágreiningurinn milli mín og hæstv. fjmrh. væri þegar það er augljóst að hann er líka þeirrar skoðunar að það þurfi önnur meðul til að koma okkur út úr þeim vanda sem við búum við í dag. — Jú, ágreiningur okkar felst í því að hann er í ríkisstj. sem hann er á móti. Ég mundi aldrei sitja í ríkisstj. sem ég væri á móti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Á þskj. 377 liggur fyrir brtt. sem undir hafa skrifað nm. beggja menntmn. deildanna. En þær hafa að venju komið saman á fundum til að ræða með hvaða hætti staðið skuli að heiðurslaunum listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Á þessu ári lést einn þeirra listamanna sem notið hafa heiðurslauna, Þorvaldur Skúlason. Að vandlega yfirveguðu máli varð það niðurstaða nm. í þessum nefndum að leggja ekki til að fyllt yrði í skarðið. Ekki vegna þess að enginn verðugur listamaður fyndist, þvert á móti voru ýmis nöfn nefnd í því sambandi, heldur vegna hins að nm. þóttu heiðurslaunin varla rísa undir nafni eins og þau voru ákvörðuð í fjárlögum. Höfum við fyrir þá sök flutt þessa brtt., en efni hennar er að eftirtaldir 16 litamenn, sem allir nutu heiðurslauna á þessu ári, skuli njóta þeirra áfram: Finnur Jónsson, Guðmundur Daníelsson, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness, Hannes Pétursson, Indriði G. Þorsteinsson, Jóhann Briem, Jón Helgason, Jón Nordal, María Markan, Matthías Johannessen, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Snorri Hjartarson, Stefán Íslandi, Svavar Guðnason og Valur Gíslason.

Við leggjum til að heiðurslaun til hvers þeirra verði 200 þús. kr., eða hækki um 100% frá s. l. ári. Til samræmis við það er þessi brtt. flutt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrst að rifja upp að við 2. umr. fluttu þm. Alþfl. till. um 5 millj. kr. framlag til kjararannsókna, þ. e. nánar tiltekið úttektar á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Nú hefur fjvn. við 3. umr. tekið til greina till. Alþfl. að nokkru leyti og leggur til 800 þús. kr. framlag í þessu skyni. Ég fagna þessari till. og minni um leið á að þarna er kominn stuðningur í verki við þáltill. sem upphaflega var flutt á vegum Alþfl. og samþykkt á Alþingi árið 1980.

Í annan stað minni ég á að við 2. umr. lögðum við fram till. um sérstakt framlag að upphæð 3 millj. kr. til aðgerða gegn ávana- og fíkniefnum. Einnig það var í samræmi við þáltill. sem flutt var og samþykkt á seinasta Alþingi. Hv. fjvn. hefur einnig tekið tillit til þessarar till. að nokkru leyti með því að leggja til nú fyrir 3. umr. að samþykkt verði 1 millj. kr. framlag til þessara mála. Þeirri málsniðurstöðu fagna ég einnig og þarf ekki að eyða mörgum orðum í að rifja upp fyrir hv. alþm. hver nauðsyn er á því að fylgja eftir almennum orðum og fyrirheitum í verki í þeim málum.

Í þriðja lagi minni ég á að við 2. umr. fluttu þm. Alþfl. till. um 10 millj. kr. framlag til aðgerða gegn skattsvikum. Þessi till. var felld við 2. umr. Í nafnakalli við þá till. sagði hæstv. fjmrh. að gert væri ráð fyrir peningum í þessu skyni, þ. e. til aðgerða gegn skattsvikum, undir rekstrarliðum hinna ýmsu rn. Að vísu kom það fram að þetta fær nú ekki að öllu leyti staðist. Í máli hæstv. dómsmrh. kom það fram að svo væri ekki. Ég minni á ummæli hæstv. dómsmrh. sem fram komu í svari við fsp. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um þetta efni þar sem hann sagði:

„Álag á dómstólum er nú svo mikið orðið að nauðsynlegt er að bæta þar við fulltrúa og var óskað eftir því við undirbúning fjárlagafrv. nú í vor. Ekki var fallist á þá starfsliðsaukningu við undirbúning fjárlagafrv. en það erindi verður væntanlega skoðað nánar af hv. fjvn. með hliðsjón af fyrrnefndri þáltill. og vænti ég þess að þá fái þessi beiðni jákvæða fyrirgreiðslu."

Síðar í máli dómsmrh. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Til að mæta auknu álagi vegna aukinnar starfsemi skattyfirvalda að rannsókn skattsvika og auknum fjölda almennra mála var óskað eftir fimm nýjum stöðum rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Á þetta var ekki heldur fallist við undirbúning fjárlagafrv., en ef unnt á að vera að sinna auknum málafjölda á sviði skatta- og viðskiptabrota verður að skoða þessa beiðni nánar nú við afgreiðslu fjárlagafrv. og eins í sambandi við Sakadóm."

Af þessu tilefni tel ég fram komin rök fyrir því að hæstv. fjmrh. hafi ekki haft rétt fyrir sér í þeim efnum að fyrir þessu hafi verið séð í rekstrarliðum einstakra rn. Því er það að á þskj. 364 eru fluttar brtt. frá okkur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur:

„1. Sakadómur Reykjavíkur, almennur rekstur. Fyrir 13 millj. 44. þús. kemur 14 millj. 44. þús.

2. Liðurinn Rannsóknarlögregla ríkisins, almennur rekstur. Fyrir 37 millj. 130 þús. kemur 39 millj. 130 þús."

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að vekja athygli á till. sem liggja hér fyrir til afgreiðslu. Þar er fyrst að nefna till. á þskj. 361, sem er við 4. gr., liðurinn 02-991, húsfriðun Viðeyjarstorfu og Nesstofu. Í staðinn fyrir 750 þús. kr. komi 5 millj. 750 þús. Þessa till. þarf ég ekki að kynna nánar, hún er til þess að fylgja fram þáltill. sem flutt var af flestum þm. Reykjavíkur og Reykjaness um endurreisn Viðeyjarstofu. Sú till. var flutt með það í huga að í ágústmánuði 1986 á Reykjavíkurborg stórafmæli frá því að hún hlaut kaupstaðarréttindi. Þetta tengist þeirri hugmynd að ríkissjóður og Alþingi samþykki að minnast þessa merka atburðar í Íslandssögunni með því að afhenda Reykjavíkurborg eignarhluta sinn í Viðey og jafnframt endurreista Viðeyjarstofu. Ég legg áherslu á að sú fjárveiting, sem þessu máli er ætluð í fjárlögum og er bæði til Viðeyjarstofu og Nesstofu, er allsendis ófullnægjandi miðað við þær framkvæmdir sem hér um ræðir. Ef það er vilji Alþingis að halda á málum eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill. vegna 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar og ef þeir hlutir eiga að geta orðið að veruleika í tæka tíð þá er þessi brtt. nauðsynleg.

Þá vil ég jafnframt, með leyfi forseta, vekja athygli á brtt. sem er seint fram komin, hún kom fram núna fyrir nokkrum klst., og við Karl Steinar Guðnason stöndum að sem flm. Þar er um að ræða brtt. við 4. gr., liðinn 01-101 Forsætisráðuneyti, verkefni öryggismálanefnd. Till. er um það að í stað 1 millj. 332 þús. kr. komi 2 millj. kr. Fjárlagabeiðni öryggismálanefndar allítarlega rökstudd eftir verkefnum mun hafa verið upp á 2.4 millj. kr. en hér er farin málamiðlunarleið. Það má kannske minna á að hér urðu umr. utan dagskrár um öryggismál þar sem fram kom í máli gagnrýnenda núv. hæstv. ríkisstj. að mikið skorti á að hún hefði undir höndum nægilega haldbærar og sannanlegar upplýsingar um ýmsa mikil-

væga þætti öryggismála. Það fer ekki saman annars vegar að gagnrýna stjórnvöld að því er þetta áhrærir og hins vegar neita að verja litlum fjármunum sem til þarf til að íslensk stjórnvöld hafi á hverjum tíma getu til að leggja sjálfstætt mat á flókin tæknileg viðfangsefni í utanríkismálum. Þess vegna er þessi till. flutt.

Ég vil, áður en lengra er haldið, vekja athygli á því að við þessa fjárlagaafgreiðslu höfum við þm. Alþfl. flutt tillögur sem eru fyrsti vísir að endurskipulagningu ríkisfjármála og þá ekki síst út frá tekjuöflun og tekjustofnum ríkisins. Við fluttum tillögur um hækkun á tekjuhlið annars vegar með aukinni tekjuöflun af söluskatti þrátt fyrir óbreytta söluskattsálagningarprósentu að upphæð 2.1 milljarður kr. Jafnframt fylgdum við eftir tillögum okkar um nýjan eignarskattsauka á verðbólgugróða undanfarinna ára sem gert er ráð fyrir að geti skilað 1 milljarði kr. og jafnframt minni háttar tillögum um hækkun skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, skatt á innlánsstofnanir og að hagnaður Seðlabanka verði tekinn í ríkissjóð, alls að upphæð 400 þús. Við höfum því gert því tillögur um aukna tekjustofna ríkisins upp á 3.1 milljarð kr. Þessu höfum við að langmestum hluta lagt til að yrði varið til að bjarga húsnæðislánakerfi þjóðarinnar en öllum sem til þekkja ber saman um að það sé nú gjald- og greiðsluþrota.

Sú stefna, sem hér er mótuð, er vægast sagt gerólík þeirri sem fram kemur í ríkisfjármálastefnu ríkisstj. og skal þó viðurkennt að mikið skortir á að nokkur stjórnarandstöðuflokkanna hafi gengið nægilega langt í þeim efnum, þ. e. hreinlega með því að skila og leggja hér fram annars konar fjárlög eða tillögur um heildstæða stefnu í ríkisfjármálum til mótvægis við það stefnuleysi sem nú ríkir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, herra forseti, við þessa 3. umr., aðeins minna á nokkrar staðreyndir um ríkisfjármálin nú þegar dregur að lokum fjárlagaafgreiðslu.

Í fyrsta lagi er það dapurleg staðreynd að á sama tíma og ríkisstj. horfir fram á skipbrot stjórnarstefnunnar í efnahags- og ríkisfjármálum almennt þá skuli vera staðið með hefðbundnum hætti að afgreiðslu fjárlaga. Verðbólgan stefnir óðfluga upp í hinar gömlu og þekktu hæðir. Viðskiptahallinn er vægast sagt geigvænlegur. Erlend skuldasöfnun heldur áfram að vaxa. Öll yfirlýst markmið um að stuðla að jafnvægi og stöðugleika í íslensku efnahagslífi eru fyrir bí og sýnilegt er af allri afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlun þeirri sem nú liggur fyrir að sömu mistökin eru gerð, sömu röngu stefnunni er fylgt að því er varðar stýringu fjármagns og verið hefur. Það er eins og menn hafi ekkert lært og engu gleymt.

Þar að auki er leitt til þess að vita að þau fyrirheit, sem gefin eru með þessum fjárlögum, eru mestan part einberar blekkingar. Það er fljótsagt að ef við lítum á ríkisfjármálin í heild, og þá ber bæði að líta á þessi fjárlög sem hér liggja fyrir og þá lánsfjáráætlun sem lögð hefur verið fram, þá er um að ræða endurtekningu hinnar dapurlegu sögu frá því í fyrra, þ. e. við erum hér að afgreiða ríkisfjárlagadæmi með hrikalegu gati.

Það er mesti misskilningur að hinn raunverulegi ríkisfjármálavandi sé fólginn í einhverjum 700 millj. kr. halla. Þegar litið er á hvort tveggja, fjárlög og lánsfjáráætlun, erum við að ræða um hallarekstur á ríkisrekstrinum sem varlega má áætla 3—3.5 milljarða kr. Það er ömurlegt til þess að vita að ríki og stofnanir þess hyggjast taka enn 8 milljarða að láni og endurgreiða aðeins 5, að annað árið í röð stefnir í nettóaukningu erlendra lána upp á 3 milljarða kr. Þar að auki er þess að geta að hallinn á fjárlögunum sjálfum er raunverulega vanmetinn stórlega eins og auðvelt er að sýna fram á.

Ef litið er á fjárfestingardæmið miðað við þessar risavöxnu tölur er rétt að rifja hér aðeins upp að þessi 8½ milljarður, sem tekinn verður að láni, skiptist þannig að í A-hluta fjárlaga koma 1.8 milljarðar kr., B-hluta 1.3 milljarðar, hjá fyrirtækjum ríkisins 1.8 milljarðar, hjá húsbyggingarsjóðum ríkisins 1.5 milljarðar rúmir, hjá fjárfestingarlánasjóðakerfinu 1.4 milljarðar og síðan má bæta við ½ milljarðs kr. vanmati í þessu dæmi. Til samanburðar er hins vegar þess að geta að atvinnulífið á Íslandi fær í sinn hlut einungis um 1.8 milljarða kr. Þetta er ríkisfjármálastefna af nákvæmlega sama taginu og fylgt hefur verið með hrikalegum afleiðingum á undanförnum hálfum öðrum áratug. Það er engin breyting á orðin.

Varðandi vanmatið í ríkisfjármáladæminu er sérstaklega ástæða til þess að nefna eitt. Fram kom að innheimta og innlausn spariskírteina ríkissjóðs mun engan veginn standast og er þar um að ræða meiri háttar vanáætlun. Enn fremur er þess að geta að hinar hefðbundnu vitlausu áætlanir um lánsfjáröflun innanlands frá lífeyrissjóðum eru óskhyggjan einber. Staðreyndirnar tala allt öðru máli. Þarna er gert ráð fyrir því að taka að láni hjá lífeyrissjóðunum 1.2 milljarða kr. til húsnæðislánakerfisins á sama tíma og reynslan í ár sýnir að hámarkið er um 430 millj. kr. Allar áætlanir um nýtingu á innlendum sparnaði, sem á að vera ¼ í öllu þessu heildarlánsfjárdæmi, eru mestan part draumórar einir.

Alvarlegasti þátturinn af þessu öllu saman blasir við í hinum erlendu skuldum. Við erum nú skuldug fyrir tæplega 45 milljörðum kr. á sama tíma og þjóðarframleiðsla okkar er áætluð rúmlega 67 milljarðar. Þar með eru erlendar skuldir þjóðarinnar orðnar tæplega 64% þjóðarframleiðslu. Þó ekki væri neitt annað tilnefnt en þetta eina dæmi þá jafngildir það staðfestum dómi um gjaldþrot þeirrar stjórnarstefnu sem fylgt er.

Þetta þýðir að greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum mun halda áfram að vaxa. Hvað þýðir það fyrir vinnandi fólk á Íslandi? Hvað þýðir það fyrir sjómanninn, fiskvinnslufólkið sem aflar og vinnur þau verðmæti sem hér er um að ræða? Það þýðir það í reynd að af hverjum fjórum fiskum, sem sjómaðurinn dregur á land, eru þegar tveir eyrnamerktir upp í afborganir og vexti af þeim erlendu lánum sem hér um ræðir og til gjaldeyrisöflunar fyrir sjávarútveginn sjálfan. Af hverjum fjórum fiskum, sem dregnir væru á land, eru ekki nema tveir til ráðstöfunar til að standa undir lífskjörum þjóðarinnar. Og það sem verra er: Þrátt fyrir allt talið um að snúa eigi við af þessari ógæfubraut er nú ljóst að á bak við það býr engin alvara. Þetta er allt saman skrum og blekkingar.

Þessu til viðbótar má síðan nefna að á bak við fyrirheitin, sem sérstaklega Sjálfstfl. komst til valda út á eftir seinustu kosningar, öll fyrirheitin um að stokka upp það spillta, rotna og árangurslausa stjórnkerfi fjárfestingar sem við höfum búið við á undanförnum árum, er engin alvara. Því er öllu haldið áfram. Stefnan

er sú sama, stofnanirnar eru þær sömu, kerfið er það sama, lögmálið er það sama. M. ö. o., þetta er vonlaus pólitík. Þjóðin hefur þegar orðið fyrir hrikalegum vonbrigðum. Hún eygði einhverja von við valdatöku þessarar ríkisstj. Sú von hefur nú endanlega verið heygð.

Það er óþarfi að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil, herra forseti, að lokum leyfa mér að vitna í ritstjórnargrein Morgunblaðsins í dag. Ritstjóri Morgunblaðsins verður væntanlega ekki sakaður um neinn óvilja til hæstv. ríkisstj., þvert á móti. Í ritstjórnargreinum Morgunblaðsins hefur það komið fram að þær vonir, sem aðstandendur þessarar ríkisstj. bundu við hana í upphafi, hafa nú orðið sér til skammar. Menn, sem ætla að fjalla um þessi mál af einhverju raunsæi, hljóta einfaldlega að viðurkenna það. Í þessari ritstjórnargrein segir, með leyfi forseta:

„Skv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985, sem lögð var fram á Alþingi í fyrradag, fer heildarlánsfjáröflun til opinberra aðila langleiðina í tíu milljarða kr. Meginhluti þessa lánsfjár verður áfram sóttur til útlendinga, þ. e. í erlendan sparnað, eða 7.3 milljarðar. Þar af ganga til afborgana 4.7 milljarðar kr., þannig að hrein aukning erlendra langtímalána verður 2.6 milljarðar kr., sem samsvarar 6% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þrátt fyrir ráðgerðan framkvæmdasamdrátt 1985, sem á heildina litið nemur 3% frá 1984, eykst erlendi skuldaþunginn. Löng erlend lán Íslendinga nema nálægt 43 milljörðum kr. nú um áramótin, sem er rúmlega 60% sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þessar skuldir aukast á næsta ári. Þessi skuldastaða er ógnvekjandi."

Það er ástæða að tilfæra eina aðra tilvitnun í þessa ritstjórnargrein. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú þarf erlend lánsfjáröflun ekki að vera af hinu illa ef henni er varið til framkvæmda sem rísa undir fjármagnskostnaði og skila að auki arði til að bæta lífskjör í landinu. Hverfi hún hins vegar í fjárfestingarmistök, sem dæmi eru um, skerðir hún enn lífskjörin.

Mergurinn málsins er þó sá að byggja upp innlendan sparnað og eiginfjármyndun þjóðarinnar þann veg að hún verði ekki jafn háð dýru, erlendu fjármagni og nú er. Það er ekki einungis þáttur í nauðsynlegri lífskjarasókn þjóðarinnar heldur ekki síður í varðveislu efnahagslegs sjálfstæðis hennar."

Í þessari ritstjórnargrein, herra forseti, er talað um að sú fjármálastefna, sem hér er fylgt í fjárlögum og lánsfjárlögum, byggist í raun og veru á fjármagnstilfærslu frá íslenskum atvinnuvegum og íslenskum almenningi til erlendra fjármagnseigenda. Það er kannske kjarni málsins. Öll stóru orðin um að snúa hefði átt við af þeirri ógæfubraut sem stefnir hraðfari að hruni íslensks efnahagslífs og endalokum efnahagslegs sjálfstæðis þessarar þjóðar heldur áfram. Þetta gerist þrátt fyrir það að ráðherrar Sjálfstfl., sem í stjórnarandstöðu vakti vonir þjóðarinnar um að þarna yrði á breyting, alger breyting þegar hann tæki aftur við völdum, fara með, eins og þeir guma af sjálfir, 86% af öllum ríkisútgjöldum þjóðarinnar.

Ég geri ekki ráð fyrir því að vinnandi fólk á Íslandi, þeir sem skapa þau verðmæti sem verið er að skipta í þessum fjárlögum, fylgist mikið með afgreiðslu mála hér á þessum degi á Alþingi. Kannske er svo komið að þeir séu fyrir löngu búnir að gefa upp á bátinn allar vonir um að hér verði nokkur breyting á. Kannske er dæmisagan skýrust af lítilli sögu sem fólk hins vegar greip af allri þessari umr. Einn hv. þm. leggur fram fsp. til ráðh. um kostnað bankastjóra, erlendra gesta, þeirra lánardrottna og vildarvina við laxveiðar. Það kemur á daginn, að fengnum svörum, að þessir gæslumenn þjóðarauðsins, þessir menn sem ganga fram fyrir aðra og berja sér á brjóst og saka þjóðina um að hafa eytt um efni fram og prédika dag hvern frá morgni til kvölds nauðsyn aðhalds og sparnaðar, verja nokkrum hundruðum millj. kr. í gæluverkefni af slíku tagi. Það er þó ekki það versta, engan veginn. Það versta við þær upplýsingar var að upplýsingarnar voru lognar. Tóm lygi og ómerkilegheit. Þegar upplýsingarnar voru veittar, svörin voru gefin, þá var stungið undir stól öllum upplýsingum um þann kostnað sem leiðir af laxveiðum útlendinga, m. a. laxveiðiástríðu bankakerfisins í öllum útibúum vítt og breitt um landið. Síðan var látið nægja að segja hálfsannleikann, þ. e. hver þessi kostnaður væri pr. veiðistöng miðað við aðalbankana hér í Reykjavík en, eins og ég segi, sleppt útibúunum og sleppt öllum öðrum kostnaði sem þessu fylgdi, sleppt frásögnum af því hver var ferðakostnaður umræddra gesta, hver var áfengisrisna umræddra gesta og annar kostnaður sem þessu fylgir. Menn, sem kunnugir eru þessum tölum úr bankakerfinu, telja að svarið hafi raunverulega verið u. þ. b. þriðjungur af sannleikanum.

Tölurnar í þessu máli skipta engu meginmáli. Það er engan veginn aðalatriðið og auðvitað er það smámunasemi að ætlast til þess að slíka hluti megi ekki einhvern tíma gera. En það er tvennt sem skiptir máli í þessu. Annars vegar ef það er staðreynd að svörin sjálf voru ekkert annað en hálfsannleikur og hitt, að það er hið táknræna dæmi þess að hér er allt við hið sama. Kerfið hefur sinn sama gang. Það heldur áfram að mala burtséð frá öllum messunum um nauðsyn aðhalds og sparnaðar, burtséð frá öllu pólitíska kjaftæðinu um nauðsyn stefnubreytingar. Og ég verð að segja fyrir mína parta að það er ósköp auðvelt að skilja það að almenningur í landinu, sem vinnur langan vinnudag við léleg lífskjör, sé orðinn hundleiður og vonsvikinn, jafnvel niðurbeygður yfir þessu ástandi á Alþingi Íslendinga.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Vissulega kæmi til greina að ræða hér um fjárlagafrv. allítarlega og þá ekki síður um lánsfjáráætlunina sem nú hefur verið lögð fram þótt seint sé. Og af nógu er að taka í þessum efnum. En þar sem ég vil stuðla að því að þessar umr. teygist ekki um of en verði lokið nú fyrir kvöldmatinn svo að atkvæðagreiðsla geti farið fram í kvöld, þá mun ég hér einungis ræða um tillögur þær sem ég er 1. flm. að á þskj. 373 og öðru þskj. sem virðist ekki bera neina tölu á þeim pappír sem ég hef hér fyrir framan mig.

Ég vil minna á að við 2. umr. bárum við sex Alþb.-menn fram tillögur um tekjuöflun í ríkissjóð, um aukna skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, aukinn tekjuskatt félaga og skatt á innlánsstofnanir. Samtals nemur þessi aukna tekjuöflun um 370 millj. kr. Sú upphæð er nærri lagi og þó vel rúmlega sem nemur þeim útgjaldatillögum sem við Alþb.-menn leggjum fram nú við 3. umr.

Ég ætla ekki að nefna hér tillögur þær sem við

drógum til baka við 2. umr. og koma hér til atkvæða við 3. umr. en einungis láta þess getið að till. okkar um Lánasjóð ísl. námsmanna er öllu ítarlegri en hún var við 2. umr. Þá kom B-hluti fjárlaganna ekki til atkvæðagreiðslu og því var þar ekki um að ræða að greidd væru atkvæði um einstök atriði í B-hluta fjárlaganna. Við bentum á það við þá umr. að munurinn á tillögum fjmrn. og menntmrn. í fjárlagafrv. varðandi Lánasjóðinn og svo aftur á tekju- eða fjárþörf sjóðsins frá sjónarmiði stjórnar Lánasjóðsins væri 380 millj. kr. Ég færði rök að því að hugsanlegt væri að 280 millj. kr. dygðu í þessu sambandi ef fjölgun lánþega reyndist nær því lagi sem fjmrn. hefur spáð en ekki í þeim mæli sem stjórn Lánasjóðs á von á og verðbólga verður verulega minni en ríkisstj. virðist nú reyndar gera ráð fyrir. Þetta eru þær tvær forsendur sem vissulega má deila um og teygja í ýmsar áttir og sést ekki fyrir endann á hver útkoman verður fyrr en að mörgum mánuðum liðnum. Því gæti að okkar áliti dugað að útvega sjóðnum á þessu stigi 280—300 millj. kr., en ljóst er að sú upphæð, sem fjvn. gerir nú till. um, þ. e. að bætt verði við Lánasjóðinn 187 millj. kr., er alls ófullnægjandi og hlýtur að setja Lánasjóðinn í verulegan vanda. Við flytjum sem sagt till. um það hér í samræmi við málflutning okkar við 2. umr. að sjóðnum verði heimiluð lántaka upp á 150 millj. kr.

Ég þarf ekki að orðlengja það að hér er um stórmál að ræða og hér er ekki um að ræða styrki í þágu námsmanna, heldur lán sem þeir endurgreiða sjálfir. Það nær ekki nokkurri átt að á þeim tímum þegar almennt er talin þörf á því að auka menntun ungu kynslóðarinnar og við reynum að sækja fram á sviði atvinnumála í krafti aukinnar þekkingar og menntunar sé skorið stórlega niður það fjármagn sem námsmenn eiga kost á að fá að láni til að geta stundað nám. En eins og frv. lítur út eftir að till. fjvn. hefur verið samþykkt nú við 3. umr., þá er fjárhagsstaða Lánasjóðs ísl. námsmanna í mikilli kreppu enn um hríð. Svo má ekki vera. Þess vegna er þessi till. flutt.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég minna á till. sem við flytjum, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og ég, og felur í sér að í staðinn fyrir 8 millj. kr. framlag til Kvikmyndasjóðs komi 30 millj. kr. framlag. Ég minni á í þessu sambandi að Alþingi samþykkti á s. l. vori, að því er mig minnir nokkuð einróma, breytingar á lögum um Kvikmyndasjóð. Í þeim nýju lögum var gert ráð fyrir því að tekjur til Kvikmyndasjóðsins yrðu verulega auknar til stuðnings innlendri kvikmyndagerð. En svo bregður við nú á haustmánuðum að tillaga er gerð um framlag í Kvikmyndasjóð eins og þessi lög hefðu aldrei verið samþykkt, aldrei komið hér til atkvæða.

Hér er um reginhneyksli að ræða. Ég viðurkenni að oft hefur til þess komið að Alþingi hafi skorið niður lögbundin framlög til einstakra sjóða og sjálfur hef ég oft tekið þátt í því. Það hefur yfirleitt verið gert með svokölluðum lánsfjárlögum. En þar hefur yfirleitt verið um einhverja lækkun á lögbundnum framlögum að ræða en ekki það að menn bara strikuðu með einum stórum krossi yfir lagasetningu sem Alþingi hefur staðið að fyrir örfáum mánuðum síðan og það núv. stjórnarmeirihluti. Þetta hefur aldrei gerst áður, um það vil ég fullvissa ykkur. Ég kannast við það að framlög til ýmissa sjóða hafi verið skorin niður. En að áform Alþingis um aukningu til einstakra málefna hafi verið skorin niður í núll, það þekki ég ekkert dæmi um.

Ég skírskota hér til réttlætistilfinningar þm. sem í fyrra töldu nauðsynlegt að hækka framlög til íslenskrar kvikmyndagerðar upp í 30 millj. kr. Ég mundi feginn semja um að hér yrði um eitthvað lægri upphæð að ræða ef einhver samningsflötur væri á þessu máli. En að skera framlagið niður í það sem það áður var get ég ekki samþykkt, það get ég ekki sætt mig við og tel einhverja mestu fjarstæðu sem fyrirfinnst í þessu fjárlagafrv. og er þar þó af mörgu að taka.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er komið að lokum þessarar fjárlagaumr. Hér hafa fulltrúar stjórnarflokkanna og stjórnarandstæðingar leitt saman hesta sína. Ég hef hlustað á þessar umr. og mér dettur ekki í hug að halda því fram að sannleikurinn sé allur öðrum megin. Mér dettur ekki í hug að halda að þm. séu heldur þeirrar skoðunar.

Margt af því sem flutt er þessu frv. til málsbóta á fullan rétt á sér, er góður og gildur rökstuðningur. Með sama hætti er gagnrýni stjórnarandstæðinga einnig réttmæt að mörgu leyti, enda verður það víst seint svo að deilur um viðkvæm og flókin stjórnmálaleg eða fjármálaleg viðfangsefni gefi einhlíta niðurstöðu. Mér er ljóst að það er ekki auðvelt viðureignar að setja saman fjárlög sem allir geta verið sáttir við. Samdráttur í þjóðarframleiðslu setur strik í reikninginn. Sparnaður og aðhald er óhjákvæmileg ráðstöfun. Skattlagning er ekki fýsilegur valkostur. Þegar fjárlög eru sett saman þarf að líta til margra átta. Það þarf að sinna félagslegri þjónustu, halda uppi eðlilegum rekstri og framkvæmdum og það verður að láta hjólin snúast í atvinnulífinu og uppfylla yfirleitt þær skyldur sem lagðar eru á ríkisvaldið. Það verður að forða atvinnuleysi og kreppuástandi, endar þurfa að ná saman og skuldasöfnun verður að stilla í hóf.

Jafnvel þótt menn vildu söðla um í niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, skera á fjárveitingar til óarðbærrar atvinnustarfsemi, klippa á margvíslegan rekstur á vegum hins opinbera og þurrka út skuldir og viðskiptahalla, þá er allt þetta erfitt að framkvæma í einu vetfangi, nánast útilokað. Menn geta hvorki stórhækkað framlög til heilbrigðisþjónustu í einu risastökki né heldur skorið hana niður við trog rétt si svona. Við erum ekki að leika okkur með tölur, við erum að fjalla um líf og afkomu þjóðarinnar og fjöldans. Hver og ein fjárveiting snertir þúsundir fólks sem treystir því og verður að treysta því að fjárlög séu sett saman af ábyrgð, raunsæi og skilningi á stöðu og högum þeirra sem í hlut eiga.

Þetta þarf svo sem ekki að rekja, enda sitja bæði í stjórn og stjórnarandstöðu reyndir þm. sem hafa fengist við fjárlagagerð beggja megin borðsins. Þeir sem nú sitja í stól gagnrýnandans hafa sjálfir fengið yfir sig skammirnar sem þeir nú láta yfir ríkisstj. ganga og svo aftur öfugt. Hæstv. fjmrh. ber hita og þunga dagsins, hann er skammaður og dreginn til saka. En auðvitað hefur hann ekki einn höfundarréttinn að þessu frv. Fjárlög eru sett saman af ríkisstj. sem heild og borin fram af henni. Í þeim felst fjármálaleg og efnahagsleg stefna ríkisins á hverjum tíma og þar koma að sjálfsögðu einnig til sögunnar viðhorf þingflokka og einstakra þm. Ábyrgðin á fjárlagafrv. er ekki eins manns þótt hann vilji í umr. verða nokkurs konar persónu-

gervingur allra þeirra sem lagt hafa í púkkið.

Það er ýmislegt gott um þetta frv. að segja. Engum blandast hugur um að staðan er þröng. Fjmrh. og fjvn. hafa þurft að klípa af fjárveitingum og ekki fer á milli mála að ýtrasta sparnaðar er gætt á fjölmörgum sviðum. Varla telst það saknæmt, það er miklu fremur lofsvert ef og þegar markvisst er unnið að því að draga úr óhóflegum rekstrarkostnaði og framkvæmdum í ljósi þeirrar nauðsynjar að ríkið þurfi að draga saman seglin.

Eitt helsta gagnrýnisatriðið og orsakavaldurinn að vanda þjóðarbúsins nú á þessu hausti var einmitt talinn vera fólginn í því að ríkissjóði og ríkisstj. hefði ekki tekist sem skyldi að herða sína eigin sultaról meðan fólkinu var gert að skerða sín eigin kjör. Ríkisvaldið hefur verið sakað um að halda uppi óeðlilegri þenslu, ríkisvaldið gengi jafnvel á undan í að eyða meiru en aflað var og eigi að því leyti sinn stóra þátt í þeim efnahagsþrengingum sem nú blasa við. Spurningin er einmitt sú þegar þetta fjárlagafrv. er afgreitt hvort ríkissjóður spenni ekki enn einu sinni bogann of hátt, hvort sparnaðurinn sé nægur.

Þá verður einnig að telja þessu frv. til tekna að með því er tekið fyrsta skrefið í átt til niðurfellingar tekjuskattsins. Ég hef hér fyrr í vetur lýst þeirri skoðun minni að tekjuskatturinn sé ranglátur launamannaskattur sem eigi hvað stærstan þáttinn í þeim ójöfnuði sem ríkir milli stétta og einstaklinga í þjóðfélaginu. Í stað þess að einblína á hækkanir launa frá einum kjarasamningum til annarra hlýtur það að vera helsta baráttumál launþegahreyfingarinnar í landinu að fá tekjuskatt felldan niður af almennum launatekjum. Það yrði stærsta kjarabótin. Og ekki bara launþegahreyfingin heldur og öll þau stjórnmálaöfl sem vilja berjast fyrir jöfnuði og réttlátu þjóðfélagi.

Mér finnst að allir góðir menn, hvar í flokki sem þeir standa, eigi að sameinast um að uppræta misréttið, svikin og kjaraskerðinguna sem felst í tekjuskattinum. Álagning tekjuskatts hefur alla tíð haft það að höfuðmarkmiði að jafna kjörin í landinu, stuðla að tekjujöfnuði. Allir hljóta hins vegar að sjá að tekjuskattslögin nú eru skálkaskjól ójafnaðarins, þau hafa breyst í andstæðu sína. Það er sama hversu marga skattrannsóknarlögreglumenn og skattheimtumenn við ráðum til starfa, það er sama hversu oft við fyllum upp í þær undanbragðaleiðir sem í lögunum finnast, alltaf skal niðurstaðan verða sú að skatturinn kemur misjafnlega niður vegna þess að skattþegar hafa og munu alltaf hafa misjafna aðstöðu til að telja fram eða færa tekjur og hlunnindi undan skatti. Við getum ekki lengur varið það gagnvart samvisku okkar né heldur skattgreiðendum að í skjóli löggjafar, jafnvel í nafni löggjafar, sé einum gert að greiða umtalsverðan hluta af aflafé sínu í skatt meðan öðrum er kleift að skjóta sér undan skatti þótt hann búi við sömu og jafnvel betri launakjör og afkomu.

Agnúar og gallar skattalöggjafarinnar felast ekki endilega í því að skattprósentan sé of há. Gagnrýni beinist að því að menn sitji ekki við sama borð. Skattbyrði þessa þjóðfélags bitnar á launafólki fyrst og síðast. Þess vegna er það stærsta hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar og stærsta stjórnmálaverkefni Alþingis að eyða því hrópandi misrétti sem viðgengst í skjóli úreltra skattalaga.

Með þessu fjárlagafrv., sem við erum nú að fjalla um, er sýndur litur í þessum efnum þótt að mínu mati hefði átt að ganga miklum mun lengra. En viðleitnin og viljinn eru fyrir hendi og það ber að meta.

En ef hægt er að telja upp það jákvæða við þetta frv. þá er því miður einnig hægt að rekja hinar neikvæðu hliðar. Fram hjá þeim verður ekki gengið. Frv. gerir ráð fyrir halla. Enn virðist vera óleystur vandi upp á rúmlega 700 millj. kr. Það þykir ekki góð latína að afgreiða fjárlög með halla á sama tíma og verið er að takast á við vaxandi verðbólgu. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ríkissjóður hefur það sér til afsökunar að endurgreiða þarf söluskatt til sjávarútvegsins upp á 600 millj. kr. En það stendur þó eftir engu að síður sem staðreynd að fjárlög eru nú afgreidd með halla upp á 700 millj. kr. Halli á fjárlögum þýðir það eitt að ríkissjóður ætlar að eyða meiru en hann á fyrir, hann ætlar að halda uppi þenslu, rekstri og eyðslu sem ekki er til fé fyrir í sjóðum ríkisins. Þetta eru að mínu mati mikil mistök sem ekki kunna góðri lukku að stýra.

Í öðru lagi er ljóst að viðskiptahalli er geigvænlegur á þessu ári, eða 3.9 milljarðar kr., og fyrirsjáanlegt er að hann verður einnig verulegur á næsta ári. Viðskiptahalli þýðir á mæltu máli að þjóðin kaupir meira erlendis frá, eyðir meiru en hún aflar. Þetta heitir óráðsía og ábyrgðarleysi í efnahagsstjórn sem ástæða er til að fordæma. Fjárlög ráða vitaskuld ekki miklu um viðskiptajöfnuð við útlönd, en það er óhjákvæmilegt að minnast á viðskiptahallann í tengslum við fjárlagafrv. vegna þess að hann er einn mikilvægur angi af efnahagsstöðu þjóðarbúsins og mikilvægur þáttur í almennri stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin ber ábyrgð í þessum efnum. Það er hennar hlutverk, hennar skylda að gera þær ráðstafanir að viðskiptahallinn hverfi með rangri gengisskráningu. Með þenslu á vinnumarkaði og gegnsæjuum kaupmætti, jafnvel fölskum kaupmætti, sólundar þjóðin fjármunum sínum til innkaupa og erlendra viðskipta sem eykur skuldir og viðheldur sjúku ástandi í efnahagsmálum, því ástandi sem við höfum verið að kljást við nú á annan áratug.

Síðast en ekki síst, herra forseti, vaða erlendar skuldir enn á súðum og þar er enn hoggið í þann knérunninn sem síst skyldi. Erlend skuldasöfnun er nú reiknuð í 63.4% af þjóðarframleiðslu og fullyrt er að hún geti farið í nær 70% á komandi ári miðað við allar forsendur og tölur sem liggja fyrir. Þetta er gersamlega óverjandi. Erlend skuldasöfnun í þeim mæli, sem að undanförnu hefur viðgengist, ber vott um siðleysi gagnvart framtíðinni. Það er auðvelt að slá lán og eyða í óhófi ef ekki er hirt um efndirnar og skuldauppgjörið og það er auðvelt að slá um sig ef ekki er hirt um afleiðingarnar.

Það er alkunn staðreynd að hagfræðingar og efnahagssérfræðingar hafa ætíð varað alvarlega við vaxandi skuldasöfnun. Þeir benda á að skuldir séu til þess eins að magna vandann og sýkja efnahaginn. Ljóst er að þegar skuldasöfnun nemur rúmlega 63% af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði þeirra nemur tæplega fjórðungi af heildarútflutningstekjum landsmanna er þjóðin komin í hóp skuldugustu þjóða heims. Þá fer að verða spurning um hvort Ísland telst efnahagslega sjálfstæð þjóð.

Allir stjórnmálaflokkar hafa varað við óhóflegri erlendri skuldasöfnun og gert að stefnumálum sínum að stemma stigu við henni. Allir hafa þeir talið það

höfuðviðfangsefni sitt. Núv. hæstv. ríkisstj. gaf sams konar loforð og hæstv. fjmrh. lagði meira að segja svo mikla áherslu á þetta grundvallaratriði að hann gerði það að fráfararatriði á sínum tíma ef erlendar skuldir færu fram úr 60%. Nú segja útreikningar að skuldahlutfallið sé komið langt upp fyrir þetta mark.

Í þessu sambandi verð ég að vísa á bug þeim röksemdum að hækkandi skuldir séu verjanlegar vegna lækkandi þjóðarframleiðslu. Menn vita vonandi hvað átt er við með hlutfallsútreikningi, þá er verið að tala um hlutfall af þjóðarframleiðslu, hlutfallið milli tekna og skulda. Þetta þýðir einfaldlega að ef tekjur lækka verða menn að lækka lántökur sem því nemur.

Nú er ég ekki að mana hæstv. fjmrh. til brottfarar úr ríkisstj., síður en svo. En ég rifja þetta aðeins upp til að undirstrika og minna á hvað stjórnmálamenn, eins og t. d. hæstv. fjmrh., hafa lagt mikið upp úr því að skuldasöfnun færi ekki úr böndum. Þetta kemur og fram í því að formenn stjórnarflokkanna töldu ástæðu til að nefna 61% markmið sem algert hámark í erlendri skuldasöfnun á þessu ári þegar þeir settu saman sinn stjórnarsáttmála á s. l. hausti. Og af hverju nefna þeir 61%? Þeir hefðu sennilega alveg eins getað nefnt 60% eða 62%, það skiptir ekki meginmáli. En þeir eru sem sagt að binda þessa tölu og setja ákveðið þak af því að þeir gera sér grein fyrir því að ekki er hægt að ganga lengra nema þá að ganga fram af nöfinni og nú hefur það verið gert. Við erum komnir fram af.

Ég vil og minna á að erlend skuldasöfnun er ekki aðeins háskaleg sem slík þegar Íslendingar eru farnir að borga fjórðu hverju krónu í vexti og afborganir af erlendum skuldum. Önnur afleiðing þessarar skuldasöfnunar er sú að í raun og veru er verið að beina verðbólgunni í aðra farvegi, veita henni útrás í gegnum annan ventil en þann sem mælist í vísitölu framfærslu. Sú verðbólga er engu betri og hún er e. t. v. hættulegri fyrir þá sök að skuldasöfnun hnekkir um stund, vekur falskar vonir og villir sýn almenningi og stjórnvöldum þegar fjallað er um verðbólgu og lífskjör. Erlend skuldasöfnun bindur hendur komandi kynslóðar, rekur þjóðina í þann vítahring sem við öll þekkjum úr okkar eigin daglega lífi þegar við erum sífellt að elta skottið á okkur og týnum og glötum hverri krónu í greiðslu á skuldum og vöxtum.

Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunin beri allt of mikinn keim af vaxandi erlendri skuldasöfnun og að sú skuldasöfnun sé alvarleg atlaga að efnahag og fjárræði þjóðarinnar. Hún er því miður megineinkenni þessarar fjárlagagerðar, megingallinn og höfuðmeinsemdin. Ég stóð í þeirri góðu trú að núv. ríkisstj. hafi verið mynduð til að ráðast ekki síst að erlendri skuldasöfnun. Ég hélt að hún vildi koma skikki á efnahaginn. Það er ekki nóg að stinga á einu kýli meðan gröfturinn vellur og grefur um sig. Það er ekki nóg að mæla vísitölu framfærslu niður meðan á rangri gengisskráningu, viðskiptahalla, þenslu í ríkisbúskap og erlendri skuldasöfnun er haldið á fullum dampi óheft og nánast skefjalaust.

Ég tel ástæðulaust, herra forseti, að fjalla um einstaka liði þessa fjárlagafrv. þó að ærin ástæða væri til. Ég vil ekki tefja tímann hér um of. Meginmálið, grundvallaratriðið, sem ég vildi leggja áherslu á með þessari ræðu minni, er að vara við hinni miklu og uggvænlegu erlendu skuldasöfnun. Ég óttast afleiðingarnar af henni og ég vara við andvaraleysinu. Ég treysti mér þar af leiðandi ekki til að gjalda jáyrði við fjárlagafrv. sem er með þessu marki brennt.

Afbrigði um brtt. 223 og 424, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 36 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vildi gera grein fyrir nokkrum brtt. við fjárlagafrv. sem ég stend að ásamt öðrum þm. Alþb.

Á þskj. 409 flytjum við hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon og ég till. um K-byggingu Landspítalans. Þar er gert ráð fyrir því að varið verði til K-byggingarinnar á árinu 1985 29.1 millj. kr. Eftir að þessi till. var lögð fram hefur komið fram till. frá ríkisstj. um að varið verði til K-byggingarinnar á árinu 1985 20 millj. kr. og ég tel ástæðu til að fagna þessari till. og mun í ljósi hennar draga okkar till. til baka.

Ég vil einnig láta það koma fram að ég tel ástæðu til að láta í ljós ánægju yfir því að það hefur verið tekið inn við meðferð fjárlaga milli 2. og 3. umr. framlag vegna öryggismála sjómanna.

Ég vil þá einnig í þessu sambandi leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann geri grein fyrir því hér á eftir hvernig ríkisstj. hyggst koma til móts við þann áhuga sem er í þjóðfélagi okkar vegna fjársöfnunar til hjálparstarfs í Eþíópíu.

Á þskj. 413 flytjum við, ég og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, brtt. varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Till. gerir ráð fyrir að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verði 400 millj. kr. á árinu 1985 í stað 282 millj., eins og gert er ráð fyrir í till. þeim sem liggja fyrir.

Ástæðan til þess að við flytjum þessa till. er margþætt og ég ætla ekki að rekja það í smáatriðum. Ég ætla aðeins að benda á að á árinu 1984 var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir legðu byggingarsjóðunum til um 860 millj. kr., en í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir 1000 millj. kr. til byggingarsjóðanna. Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir leggi byggingarsjóðunum til 1.4 milljarða og talan hækki á milli ára um u. þ. b. 60%. Þessi hugmynd um hækkun á framlagi lífeyrissjóðanna upp á 60% er alger fjarstæða. Hún stenst engan veginn. Í því skyni að tryggja betur en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og fjárlögum fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna sérstaklega, þá er þessi till. okkar hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar flutt á þskj. 413.

Á þskj. 408 flyt ég brtt. varðandi Blindrabókasafn þar sem gert er ráð fyrir því að verði nokkur hækkun, upp á nokkur hundruð þús. kr., til rekstrar Blindrabókasafnsins. Ég er sannfærður um að sú tala sem er á fjárlögum núna vegna Blindrabókasafnsins stenst ekki, og ef ríkisstj. heldur fast við þá tölu mun koma að því mjög fljótlega á árinu 1985 að beðið verður um sérstaka aukafjárveitingu til Blindrabókasafnsins. Ég spái því að menn telji sig verða að samþykkja slíka beiðni vegna þess að ella verður einfaldlega að leggja hluta af starfsemi Blindrabókasafnsins niður. Ég skora því á hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. að taka þessari till. vel. Hún hefur ekki mikil útgjöld í för með sér.

Ég vil í þessu sambandi einnig láta það koma fram að ég tel að það sé fagnaðarefni að inn í brtt. fjvn. er komin upphæð til sjónstöðvarinnar og byrjunarstarfsemi hennar á miðju ári 1985.

Herra forseti. Þessi fjárlög, sem nú er verið að afgreiða, bera einkenni núv. ríkisstj. Fyrir einu ári vorum við að afgreiða fjárlög sem voru talin bestu fjárlög sem ríkið hefði eignast, þau væru örugg, byggð á traustum áætlunum og það voru skrifaðar um það margar forustugreinar í málgögn stjórnarflokkanna að hérna væri mikið framfaraspor stigið. Hv. þm. Lárus Jónsson, sem var þá formaður fjvn., skrifaði greinar í blöð og hélt um það ræður að hérna væri um að ræða kaflaskipti í sögu fjármála íslenska ríkisins. Það sem hann sagði var að einu leyti rétt. Það voru kaflaskipti. Þau kaflaskipti blasa nú við við afgreiðslu þessara fjárlaga. Þegar efnahagsdæmi ríkisstj. er skoðað í heild sést glöggt hvernig myndin lítur út.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í annað sinn um langt árabil að afgreiða fjárlög með verulegum halla og ríkisreksturinn verður fjármagnaður með erlendum lántökum. Rekstur ríkisins og ríkisstofnana er fjármagnaður með útlendum peningum, dollurum, mörkum og pundum, sem börnum okkar og barnabörnum er ætlað að borga með ávísunum á framtíðina.

Í öðru lagi er ljóst að það stefnir í viðskiptahalla á næsta ári upp á 4—5 milljarða kr. eða svipaðan viðskiptahalla í hlutfalli við þjóðartekjur og á þessu ári. Viðskiptahalli þýðir á mæltu máli auknar erlendar lántökur eða minni gjaldeyriseign þjóðarbúsins.

Í þriðja lagi stefnir af almennum ástæðum, m. a. einnig þeim sem ég hef hér rakið, í auknar erlendar lántökur. Margir héldu, eins og hv. 6. þm. Reykv., að ríkisstj. ætlaði að beita sér fyrir því að minnka erlendar lántökur. Þær fara vaxandi. 60%, sem voru heilög tala í munni hæstv. fjmrh. fyrir einu ári, eru fokin út í veður og vind, en hann situr sem fastast.

Í fjórða lagi liggur fyrir að eitt af meginmarkmiðum ríkisstj., sem var að draga úr verðbólgu, er einnig að fjúka út í veður og vind. Verðbólga margfaldast núna á örfáum mánuðum. Aukning verðbólguhraðans hefur aldrei um áratuga skeið orðið önnur eins og í tíð núv. ríkisstj. þessa dagana.

Í fimmta lagi er kaupmáttur almennra launa verkafólks lægri en hann hefur verið um áratuga skeið.

Í sjötta lagi ákveður ríkisstj. að skera niður félagslega þjónustu og framlengja sjúklingaskatt.

Í sjöunda lagi liggja engar ákvarðanir, engar hugmyndir, engar tillögur fyrir um aukna verðmætasköpun í þessu þjóðfélagi til eflingar atvinnulífi á komandi árum. Fjárlögin eru þess vegna ávísun á vandamál framtíðarinnar, barna okkar og barnabarna. Þau eru ávísun á fátækt fjöldans, en lúxus fámenns hóps. Af þeim ástæðum er það, herra forseti, sem ég vil að lokum taka undir þau orð sem hv. 5. þm. Reykn. viðhafði hér í dag, en hann sagði:

„Við teljum fullkomið ábyrgðarleysi að feta þá braut sem hér er og teljum að eins og málum er nú komið ætti að fresta afgreiðslu fjárlaga og erum fyrir okkar leyti reiðubúin til þess að leggja í það vinnu með meiri hl. n. að endurskoða þær ákvarðanir sem að er stefnt að samþykkja og erum þeirrar skoðunar að leita eigi leiða til þess, m. a. með nýrri tekjuöflun, að afgreiða fjárlög án halla."

Ég hygg að sjaldan hafi talsmenn stjórnarandstöðuflokka boðist með jafnafgerandi hætti til að leggja liðsinni sitt til að leysa þau erfiðu vandamál sem þjóðin nú stendur frammi fyrir að verulegu leyti vegna þeirrar stjórnarstefnu sem nú hefur verið fylgt í eitt og hálft ár.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns svara þeirri spurningu sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín beint, en hún var svohljóðandi: Hvernig verður komið til móts við hjálparstarfið í Eþíópíu?

Það hefur orðið að samkomulagi eftir samtal mitt við formann Sjálfstfl., hv. 3. þm. Reykv. og formann þingflokks Framsfl., hv. 2. þm. Norðurl. v., að veitt verði 2.5 millj. kr. aukafjárveiting til að mæta þeirri ósk að styrkja að einhverju leyti, á veikan hátt þó, það hjálparstarf sem þar er nú hafið. Vona ég að þessar upplýsingar nægi hv. 3. þm. Reykv.

Hv. þm. hóf mál sitt um fjárlög að þessu sinni með því að segja að fjárlögin bæru einkenni þessarar ríkisstj. Mér þykir vænt um þessa viðurkenningu. Að öðru leyti ætla ég ekki að tefja þennan fund með frekari umr. um hans málflutning. En ég tek undir bæði með hv. 3. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv. að skuldasöfnun erlendis er uggvænleg og við þurfum sameiginlega að vinna okkur út úr þeim vanda og það hið fyrsta. Það gerum við ekki ef við höldum í sameiningu áfram að samþykkja frv. um auknar fjárveitingar í hitt og þetta sem þegar eru orðnar meiri en heildartekjumöguleikar íslensku þjóðarinnar.

Ég tek ekki undir það að við þurfum að fresta afgreiðslu fjárlaga og búa til ný. Ég gerði það á s. l. ári. Ef fjárlagafrv. fyrir 1985 hefði ekki þurft að þola tvær, þó ekki væri nema tvær, samþykktir, aðra um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegsins og hina um að fella niður tekjuskatt að hluta, þessi kosningaloforð, þá værum við að afgreiða fjárlögin í ár, þrátt fyrir alla gjaldaliði og að sjálfsögðu með þeim erlendum lántökum sem þar er gert ráð fyrir, með verulegum tekjuafgangi.

Ég vil að gefnu tilefni svara hv. 8. þm. Reykv. nokkrum orðum vegna þess að hann vitnaði í ákveðna fjarstadda menn og það fagmenn á sviði fjármála. Annar þeirra er hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands, ungur maður, sem er með það djarfar hugmyndir að ég er furðu lostinn að hann skuli starfa hjá öðrum. Hinn er gamalreyndur hagfræðingur og áhrifamaður í þjóðfélaginu, Jónas Haralz. Sú ræða sem hann hélt og hv. 8. þm. Reykv. vitnaði til vakti mjög mikla athygli mína, vegna þess að hann hefur verið einn áhrifamesti maður í peninga- og fjármálum í síðustu 2—3 áratugina hér og ráðgjafi ríkisstjórna. Ég lít á þá ræðu sem hann hélt sem sjálfsdóm. Ég veit ekki betur en sami virðulegi hagfræðingur sé bankastjóri í þeim þjóðbanka sem hefur undanfarið tekið hvað mest af erlendum lánum og þar af leiðandi tekið þátt í þeirri peningaþenslu á markaðinum hér sem hann er nú að gagnrýna. Ég vildi því svara því til að ríkissjóður lokar ekki inni neina peninga og hefur aldrei gert. Hann dreifir þeim. En það er löggjafinn sem sér um að ekkert er eftir í kassanum og til viðbótar þarf að taka erlendar lántökur sem allir gagnrýna. En bankakerfið ber að miklu leyti ábyrgð á þeirri þenslu sem hefur verið í þjóðfélaginu undanfarið og þar með viðskiptahallanum og þar getur fjmrh. ekki haft nokkur áhrif á.

Varðandi hv. 8. þm. Reykv. vil ég segja að hann getur ekki í ræðustól komið án þess að hengja sig að

einhverju leyti á mig. Ræðan sem hér var flutt áðan var alls ekki um fjmrh. Hún var úttekt á mér sem slíkum. Það er oft svo með menn sem þrá athygli, án þess að hafa nokkuð fram að færa sem gerir þá að aðdráttarafli, að þeir hengja sig aftan í aðra. Þeir sem verða fyrir því hafa sinn kross að bera. Ég verð að lifa við það. Ég hef minn Stefán.

Virðulegi forseti. Það er nú komið að lokum 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1985 og er ástæða til að huga nokkuð að þróun íslenskra efnahagsmála og þá ekki síst í samanburði við þróun efnahagsmála í helstu viðskiptalöndum okkar. Eins og menn rekur minni til átti sér stað allverulegur samdráttur í þjóðarframleiðslu allra helstu iðnríkja heims á árunum 1980—1982. Ástand efnahagsmála var orðið þannig, að um tíma leit út fyrir að heimurinn stefndi í kreppuástand í efnahagsmálum sem líkja mætti við það sem gerðist á árunum fyrir seinna stríð. Til að vinna bug á þeim efnahagsvanda hafa flestar þjóðir þurft að færa miklar fórnir sem birtast m. a. í atvinnuleysi. Talið er að atvinnulaus séu nú um 8% af vinnufærum mönnum í helstu iðnríkjum heims. Iðnríkin sjá nú fyrir endann á efnahagsörðugleikum sínum. Spáð er að hagvöxtur aukist á árinu 1984 um 4.7% og á næsta ári um 3%. Verðbólgan í þessum ríkjum er talin verða 5% á þessu ári og lækki um ½% á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að viðskiptakjör iðnríkja versni á árinu 1984 um 0.5% og haldist óbreytt á árinu 1985.

Þegar litið er til þróunar þjóðarbúskapar okkar Íslendinga er nú gert ráð fyrir enn frekari samdrætti í þjóðarframleiðslu á árinu 1984, um 0.4%, en aftur á móti er spáð að hagvöxtur á árinu 1985 verði 0.6%. Verðbólgan mæld skv. framfærsluvísitölu hækkar um 29% á árinu 1984 frá árinu 1983 og spáð er hækkun á árinu 1985 um 28% á árinu í ár. Viðskiptakjör á árinu 1984 bötnuðu um 2% frá fyrra ári, en á árinu 1985 er spáð að viðskiptakjör verði óbreytt frá árinu í ár.

Þegar menn bera saman þessar upplýsingar kemur í ljós að enn vantar mikið á að við Íslendingar höfum náð tökum á efnahagsmálum okkar á sama hátt og helstu viðskiptalönd okkar hafa gert. Það er hins vegar allrar athygli vert fyrir okkur að í þeim löndum Vestur-Evrópu sem minnstum árangri hafa náð við verðbólguna hefur nánast ekki átt sér stað neinn vöxtur þjóðartekna eða þær farið lækkandi. Með þetta í huga ætti okkur að vera það enn ljósara hve mikil hætta steðjar að íslensku þjóðarbúi ef ekki tekst að vinna bug á verðbólgu. Framtíð þessa lands byggir á því að hægt sé að viðhalda eðlilegum hagvexti ef hér á að vera hægt að skapa sambærileg lífskjör og gerast meðal nágrannaþjóða.

Upphafleg tekjuáætlun frv. var sem kunnugt er í aðalatriðum reist í verðlagi og kaupgjaldi eins og það var í septembermánuði s. l. Frá því í septembermánuði hafa fjölmargar ákvarðanir verið teknar sem hafa veruleg áhrif á ýmsa þætti efnahagsmála. Gerðir hafa verið nýir launasamningar og gengi íslensku krónunnar hefur verið breytt. Að teknu tilliti til framangreindra aðgerða og með hliðsjón af innheimtu fyrstu ellefu mánuði þessa árs hafa tekjur verið hækkaðar um 3.3 milljarða kr. í frv. Beinir skattar hafa verið hækkaðir um 310 millj. kr., aðflutningsgjöld um 870 millj. kr., sölugjald hækkar um 1400 millj. kr. og aðrar tekjur um 750 millj. kr. Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs eru nú áætlaðar á árinu 1985 25.3 milljarðar kr.

Eins og fram kom í ræðu hv. formanns fjvn. hafa útgjöld í meðförum fjvn. aðeins hækkað um tæpar 400 millj. kr., en aftur á móti hefur n. bætt við útgjaldahlið frv. að beiðni ríkisstj., sem að meginhluta er vegna breyttra verðlagsforsendna og útgjalda sem ekki verður hjá komist að greiða á árinu 1985, 3.1 milljarði kr. Þannig hafa útgjöld A-hluta ríkissjóðs hækkað frá framlögðu frv. um 3.5 milljarða kr. eða 16%.

Tekjur eru nú áætlaðar 25.3 milljarðar kr., eins og fyrr segir, og er því gert ráð fyrir 720 millj. kr. rekstrarhalla á A-hluta ríkissjóðs árið 1985 og hefur sá rekstrarhalli aukist frá framlögðu frv. um 200 millj. kr.

Eins og ég hef margsinnis tekið fram er ekkert svigrúm nú til þess að auka skattaálögur ríkisins á almenning í þessu landi og þá sérstaklega með það í huga að verulegur kaupmáttarsamdráttur hefur orðið sem almenningur hefur þurft að bera að undanförnu. Þá hef ég enn fremur látið þá skoðun í ljós að ekki yrði hægt að aðlaga útgjöld A-hluta ríkissjóðs í einu vetfangi að þeim tekjum sem hann hefur yfir að ráða. Eins og fram hefur komið hjá formanni fjvn. hafa tekjur ríkissjóðs lækkað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu um 4 milljarða kr. frá árinu 1982. Þetta ætti að sýna mönnum svo að ekki verður um villst að mikið verk hefur verið unnið við að draga úr ríkisútgjöldum á undanförnum árum og enn er ljóst að áfram verður að halda á þeirri braut. Sú leið sem menn verða að fara til þess að ná jafnvægi á rekstri A-hluta ríkissjóðs er að draga úr útgjöldum. Það hefur að sjálfsögðu ekki staðið á mér að styðja og fylgja eftir ákvörðunum og aðgerðum sem leiða til lækkunar ríkisútgjalda.

Sá rekstrarhalli sem nú blasir við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1985 eða 720 millj. kr. er nánast sama fjárhæð og leiðir af ákvörðun ríkisstj. um lækkun tekna ríkissjóðs. Lækkun tekjuskatts er áætluð um 600 millj. kr. Þá er áformað að endurgreiða söluskatt til fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu að fjárhæð 430 millj. kr., en á móti þessu kemur svo hækkun söluskatts um 0.5% sem áætlað er að gefi af sér 220 millj. kr. Þannig er nettólækkun tekna A-hluta ríkissjóðs á árinu 1985 um 800 millj. kr. eða heldur hærri fjárhæð en rekstrarhallinn er nú áætlaður, eins og ég gat hér um að framan.

Eitt af því sem ég hef lagt mikla áherslu á er að fjárlög séu sem raunhæfust og að Alþingi sé ljóst hvað hlutirnir kosti í reynd. Ef farið er aftur til ársins 1981 og athugað hver var raunveruleg útkoma gjalda A-hluta ríkissjóðs, metin á greiðslugrunni miðað við fjárlög hvers árs, kemur í ljós að á árinu 1981 voru ríkisútgjöld 8.3% hærri en fjárlög, 1982 19.4%, 1983 25.4%, en á árinu 1984 7%. Ef miðað er við útgjaldaáætlun, sem lög nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum o. fl. gerðu ráð fyrir, er nú séð að útgjöld A-hluta ríkissjóðs verði innan þeirrar áætlunar eða um 19.6 milljarðar kr. Aukafjárveitingar á þessu ári eru innan þeirrar fjárhæðar sem gert var ráð fyrir í fyrrnefndum lögum. Ég er þeirrar skoðunar hvað varðar gjaldahlið frv. að hún hafi ekki í langan tíma verið raunhæfari og að sá rekstrarhalli sem hér er sýndur sé langt í frá að vera meiri en menn höfðu lagt upp með á árum áður. En með þessum orðum er ég ekki að segja að vegna þess eigi menn að sætta sig við þessa hluti eins og þeir eru. Þvert á móti er ég fullviss að ríkisstj. öll muni á næsta ári gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að ná því marki að svo til

jöfnuður náist á ríkisfjármálum á árinu 1985.

Við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1984 hér á hv. Alþingi gat ég þess að ég mundi láta taka saman greinargerð um þróun og horfur í ríkisfjármálum innan ársins á þriggja mánaða fresti. Við þetta hefur verið staðið. Er ég ekki í nokkrum vafa um að þessi upplýsingamiðlun ásamt starfi nefndar sem ég skipaði um áramótin síðustu, en verkefni þeirrar nefndar var að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og vinna að bættri skipan eftirlits og aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum, hefur skilað umtalsverðum árangri árið 1984.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 ásamt frv. til lánsfjárlaga hefur verið lögð fram hér á hinu háa Alþingi. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar að æskilegt og nauðsynlegt sé að framlagning fyrrnefndra gagna eigi að birtast þinginu miklu fyrr þannig að alþm. geti rætt fjárlög ásamt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun samtímis. En vegna þeirra atburða sem átt hafa sér stað að undanförnu og óvissu um þróun efnahagsmála þjóðarinnar hafa mikilvægar forsendur verið óvissar, þannig að ekki hefur verið grundvöllur fyrr en nú að leggja fram áætlun þessa. Ég mun ekki fjalla frekar um þessi mál nú, en strax að afloknu jólaleyfi þm. mun fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 koma til umr. hér á hv. Alþingi ásamt afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir þetta ár.

Um leið og ég þakka góða fyrirgreiðslu fjárlagafrv., herra forseti, vil ég nota þetta tækifæri til að þakka fjvn. allri og þá sérstaklega formanni hennar, hv. alþm. Pálma Jónssyni, og varaformanni, Guðmundi Bjarnasyni, fyrir mikið og óeigingjarnt starf, ekki bara við fjárlagagerðina heldur líka fyrir störf þeirra í nefnd þeirri sem vinnur með mér við eftirlit og aðhald í ríkisfjármálum. Þakkarorð þessi vil ég líka yfirfæra til samstarfsmanna minna í fjmrn.

Mér er ljóst að störf alþm. í fjvn. eru vanþakklátt verk oftast nær, en mikilvægt að á því sé haldið af festu og sanngirni. Vegna mikilla breytinga á meginforsendum fjárlagafrv. um verðlag og kaupgjald hefur fjárlagavinnan verið hörð og erfið mál komið til kasta fjvn. sem hún hefur ráðið farsællega fram úr undir forustu formanns.

Þá vil ég enn fremur þakka hv. alþm. stjórnarandstöðunnar fyrir málefnalega umfjöllun um fjárlagafrv. fyrir 1985 hér í dag. Störf fjvn. nú sýna að mikils aðhalds hefur verið gætt í ákvörðunum hennar um útgjöld ríkissjóðs á næsta ári sem ég tel til mikils sóma. Ég vona að framkvæmdin takist vel og með samþykkt þessa frv. verði lagður sá grunnur að fjármálastjórn ríkisins á næsta ári sem þörf er fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 381,1—4 (4—4111) samþ. með 38 shlj. atkv.
— 362,1—2 felld með 32:14 atkv.
— 373,1 tekin aftur.
— 381,5 (4114—41201) samþ. með 39 shlj. atkv.
— 373,2 felld með 37:15 atkv.
— 381,5 (4121) samþ. með 44 shlj. atkv.
— 373,3 felld með 38:19 atkv.
— 362,3 felld með 37:19 atkv.
— 381,5 (4123) samþ. með 39 shlj. atkv.
— 362,4 felld með 36:22 atkv.
— 381,5 (4191—4229) samþ. með 37 shlj. atkv.
— 362,5 felld með 38:9 atkv.
— 381,5 (4223—4260) samþ. með 36 shlj. atkv.
— 365,1 felld með 37:13 atkv.
— 381,5 (4261—49199) samþ. með 37 shlj. atkv.
— 381,6—9 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 412,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 380,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 422 felld með 38:20 atkv.
— 410,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 380,2—6 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 381,10 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 380,7—9 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 381,11 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 380,10 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 373,4 felld með 37:21 atkv.
— 363 felld með 36:20 atkv.
— 357,1 felld með 35:20 atkv.
— 362,6 tekin aftur.
— 381,12 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 380,11 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 408 felld með 33:20 atkv.
— 381,13 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 374 felld með 37:18 atkv.
— 380,12 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 377 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 380,13 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 410,2 samþ. með 48:4 atkv.
— 361 felld með 37:20 atkv.
— 380,14 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 410,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 420 felld með 33:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KMK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, MF, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG.

nei: JHelg, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, IG, ÞK.

ÓÞÞ, EBS, GGS greiddu ekki atkv.

2 þm. (JS, ÞP) fjarstaddir.

Brtt. 380,15 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 381,14. 110—112 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 381,14. 113 samþ. með 46:6 atkv.
— 381,14. 114—140 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 381,14. 141 samþ. með 42:9 atkv.
— 381,14. 142—157 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 380,16—18 samþ. með 48:5 atkv.
— 380,18. c—d samþ. með 50:7 atkv.
— 380,19—20 samþ. með 50:1 atkv.
— 381,15 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 380,21—22 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 410,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 381,16 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 380,23—24 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 364,1—2 felld með 37:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HG, JBH, KSG, KJóh, KolJ, KH, KMK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, MF, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg.

nei: IG, JHelg, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, ÞK.

2 þm. (JS, KP) fjarstaddir.
Brtt. 366,1 felld með 31:21 atkv.
— 380,25—27 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 381,17 samþ. með 43:2 atkv.
— 380,28—32 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 381,18 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 413 felld með 35:18 atkv.
— 381,19 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 357,2 felld með 34:19 atkv.
— 410,5 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 396 felld með 33:21 atkv.
— 410,6—8 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 367,1 felld með 33:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KMK, RA, SDK, StB, SJS, SvG, EG, MF, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS.

nei: IG, JHelg, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HÓ, ÞK.

SalÞ greiddi ekki atkv.
5 þm. (JS, SkA, EgJ, EBS, HBl) fjarstaddir.
Brtt. 380,33 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 381,20 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 367,2 tekin aftur.
— 380,34—36 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 412,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 381,21 samþ. með 44 shlj. atkv. og liðurinn þar með ákveðinn.
— 381,22 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 381,23 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 380,37—39 samþ. með 50 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Við 2. umr. drógum við flm. brtt. á þskj. 409, ég, Svavar Gestsson og Steingrímur Sigfússon, till. um framlag til K-byggingar Landspítalans, þ. e. krabbameinslækningadeildar, til baka til 3. umr. Till. okkar var um framlag að upphæð 29.1 millj. kr. Milli 2. og 3. umr. hefur hv. fjvn. samþykkt framlag að upphæð 20 millj. kr., en þar var ekki gert ráð fyrir neinni upphæð áður. Með því þykir okkur nefndin hafa komið myndarlega til móts við till. okkar og treystum því jafnframt að þær 11 millj., sem við fengum samþykktar í fyrra til K-byggingar Landspítalans, komi til greiðslu. Við teljum því ekki ástæðu til að láta fara fram atkvgr. um till. okkar og þökkum hv. fjvn. fyrir skilning á þessu mikilvæga máli.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 10. landsk. þm. bað um orðið til þess að gera aths. við þingsköp. Hv. þm. gerði enga aths. við þingsköp. Þetta varðar ekki þingsköp. Skv. þingskapalögum þá heitir þetta „Aths. við atkvgr." (**GHelg:** Ég bið forseta afsökunar á þessu athugunarleysi mínu.) Það er ekkert. Þetta er bara tekið fram svo að menn telji ekki að þingsköp hafi verið brotin.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Mér sýnist að orðið hafi mistök varðandi 21. brtt. á þskj. 381 frá meiri hl. fjvn., Tryggingastofnun ríkisins. Þessi brtt. virðist ekki hafa átt að koma til atkv. því að liðurinn hafði verið ákveðinn með brtt. á þskj. 412 frá meiri hl. fjvn. þar sem liðurinn er lækkaður um 25 millj. kr. Það stafar af því að brtt. er flutt um lækkun á þessum lið, en í staðinn kom inn 20 millj. kr. framlag til K-byggingar Landspítalans. Hér er því um mistök að ræða varðandi þessa atkvgr. Ég óska eftir að það sé tekið til greina.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Við nánari athugun, þá er það augljóst að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur lög að mæla. Mér varð á að segja: Liðurinn er þar með ákveðinn, og það var rétt sagt, en það átti ekki við þann lið eins og kom fram, heldur við þann lið sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gat um. (Gripið fram í.) Ef menn hafa enga aths. fram að færa, þá verður þetta leiðrétt. Þetta eru greinileg mistök. — Það er engin aths. við að þetta verði leiðrétt, enda er það augljóst þegar nánar er að gáð.

Hv. 10. landsk. þm. hefur vikið að brtt. á þskj. 409 á þann veg að það er skilið svo að tillagan sé dregin til baka og kemur þá ekki til atkv.

Brtt. 409 tekin aftur. — 411 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 380,40 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 381,24 samþ. með 39:11 atkv.
— 380,41—45 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 381,25 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 418 samþ. með 37:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JBH, JHelg, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KMK, ÓÞÞ, PP, RA, SDK, SkA, StB, StG, SV, StH, SJS, SvG, SvH, JK, ÞS, AS, DA, EG, MF, GeirG, GB, GE, GJG, GA, GHelg, HÁ, HÓ, HS, HG, IG.

nei: MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SalÞ, VI, ÞP, AG, ÁJ, BÍG, BD, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GGS, HBl, ÞK.

1 þm. (JS) fjarstaddur.
Brtt. 366,2 felld með 34:22 atkv.
— 381,26 samþ. með 41:1 atkv.
— 380,46 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 381,27 samþ. með 42:4 atkv
— 371, a—b samþ. með 51 shlj. atkv.
— 380,47—49 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 381,28 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 380,50 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 365,2 tekin aftur.
— 381,29—30 samþ. með 43:2 atkv.
— 412,3—4 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 373,5 felld með 35:15 atkv.
— 412,5—21 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 357,3 felld með 37:8 atkv.
— 410,9—16 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 423 samþ. með 47:1 atkv.
— 410,17 tekin aftur.
— 410,18—19 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 357,4 felld með 45:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, KolJ, KH, KMK, StB, GE.

nei: GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JBH, JHelg, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EG, EBS, EKJ, FÞ, FrS, MF, GB, GJG, ÞK.

GHelg, HS, HG, SDK, SkA, SJS, SvG, GeirG

greiddu ekki atkv.
1 þm. (JS) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Vegna fjármálastöðu ríkissjóðs og af því sem mér sýnist að mjög mikið óöryggi yrði við innheimtu þess fjármagns sem hugsað er að lána út, en eftirspurn mikil, segi ég nei.

Brtt. 410,20.7.4—7.5 samþ. með 42:2 atkv.
— 410,20.7.6 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 424 samþ. með 42:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 425).

Kosningar.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Hér er að vísu verið að fara að lögum. En skv. skilningi þm. Bandalags jafnaðarmanna á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er það eftir sem áður ekki hlutverk hv. alþm. að framkvæma lög. Þess vegna mótmælum við í nafni lýðveldisins og stjórnarskrár lýðveldisins dagskrárliðum nr. 4, 5, 6, 7 og 13 á dagskrá þessa fundar með þeim hætti að við munum ekki taka þátt í afgreiðslu þessara mála.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1985 til 31. desember 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 9. gr. laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Friðjón Þórðarson alþm. (A),
Stefán Valgeirsson alþm. (A),
Helgi Seljan alþm. (B),
Halldór Blöndal alþm. (A),
Haukur Helgason skólastjóri (B).

Varamenn:
Egill Jónsson alþm. (A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A),
Þórunn Eiríksdóttir, Kaðalsstöðum (B),
Eggert Haukdal alþm. (A),
Stefán Gunnarsson, Hofsósi (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1985 til 31. desember 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri (A),
Lúðvík Jósepsson fyrrv. ráðherra (B),
Árni Vilhjálmsson prófessor (A),
Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur (B).

Varamenn:
Jón Þorgilsson sveitarstjóri (A),
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir húsfrú (A),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Árdís Þórðardóttir viðskiptafræðingur (A),
Georg H. Tryggvason lögfræðingur (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands frá 1. janúar 1985 til 31. desember 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 28. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jónas G. Rafnar fyrrv. bankastjóri (A),
Davíð Aðalsteinsson alþm. (A),
Þröstur Ólafsson hagfræðingur (B),
Ólafur B. Thors forstjóri (A),
Haraldur Ólafsson alþm. (A).

Varamenn:
Davíð Scheving Thorsteinsson forstjóri (A),
Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður (A),
Birgir Björn Sigurjónsson hagfræðingur (B),
Halldór Ibsen útgerðarmaður (A),
Leó Löve lögfræðingur (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1985 til 31. desember 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 12 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Valdimar Indriðason alþm. (A),
Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður ráðh. (A),
Garðar Sigurðsson alþm. (B),
Kristmann Karlsson framkvæmdastjóri (A),
Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri (B).

Varamenn:
Guðrún Thorarensen framkvæmdastjóri (A),
Jón Kr. Kristinsson framkvæmdastjóri (A),

Haukur Helgason hagfræðingur (B),
Björn Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Guðmundur Þ. B. Ólafsson íþróttafulltrúi (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára frá 1. jan. 1985 til 31. des. 1986, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 15. gr. laga nr. 25 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón M. Guðmundsson hreppstjóri og
Gunnlaugur Finnsson fyrrv. alþm.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, skv. 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (A),
Kristján Valdimarsson framkvæmdastjóri (B).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Halldór Blöndal alþm. (A),
Baldur Óskarsson viðskiptafræðinemi (B),
Jón Snæbjörnsson endurskoðandi (A).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17. nóv. 1983, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson,
Páll Pétursson,
Guðrún Helgadóttir,
Friðjón Þórðarson,
Eiður Guðnason,
Ólafur G. Einarsson,
Stefán Benediktsson.

Varamenn:
Salome Þorkelsdóttir,
Davíð Aðalsteinsson,
Hjörleifur Guttormsson,
Árni Johnsen,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Þorsteinn Pálsson,
Guðrún Agnarsdóttir.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Húsnæðisstofnunar ríkisins, skv. 4. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:
Svanhildur Guðmundsdóttir endurskoðandi,
Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður.

Kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára, frá 6. febrúar 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 7 6. febr. 1961, um breyt. á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:
Ásgeir Pétursson bæjarfógeti (A),
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri (A),
Skúli Alexandersson alþm. (B),
Friðjón Þórðarson alþm. (A),
Sigurjón Hannesson byggingarmeistari (B).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir frestun þess vegna jólanna, þá vil ég leyfa mér að flytja öllum hv. alþm., skrifstofustjóra og starfsliði þingsins mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er senn lokið.

Ég vil flytja hv. þm. öllum óskir um gleðileg jól og gott og farsælt nýár, svo og skrifstofustjóra og öllu starfsliði þingsins.

Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Ég vona að við hittumst öll heil til starfa þegar Alþingi kemur saman á næsta ári.

Ragnar Arnalds: Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka virðulegum forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar hátíðar og farsæls komandi árs um leið og ég þakka honum fyrir góða forustu um þingstörfin það sem af er þinginu og fyrir réttláta fundarstjórn. Ég vil leyfa

mér að vænta þess að við megum öll hittast heil að loknu þessu hléi á fundum Alþingis. Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir orð mín með því að rísa á fætur. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. hlý orð í minn garð og góðar óskir til mín og fjölskyldu minnar. Ég þakka öllum hv. alþm. fyrir að taka undir þessi orð hv. 3. þm. Norðurl. v.

Ég ítreka óskir mínar um gleðileg jól og gott og farsælt komandi ár öllum alþm. og starfsliði Alþingis til handa.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 107. löggjafarþings, frá 20. des. 1984 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 28. jan. 1985.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Skv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum þessa Alþingis, 107. löggjafarþings, er frestað frá 21. desember 1984 og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 28. jan. 1985.

Leyfi ég mér að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 39. fundur.

Mánudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Hinn 8. jan. s. l. var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 28. jan. 1985, kl. 14.00.

Gert í Reykjavík, 8. jan. 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm. og starfsliði Alþingis öllu óska ég þess að árið verði þeim farsælt. Ég þakka liðið ár og býð menn velkomna til þingstarfa á ný.

Ég læt jafnframt í ljós þá ósk mína að störf þingsins á þessu ári megi verða landi og þjóð til blessunar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þm. Jafnframt vil ég óska hæstv. forsrh., þm. öllum og starfsfólki Alþingis góðs árs og þakka fyrir ánægjulega samvinnu á liðnu ári. Ég býð alla velkomna til starfa á nýju ári.

Skv. forsetabréfi því sem hæstv. forsrh. hefur flutt, þá hefur fundur í Sþ. verið settur.

Varamenn taka þingsæti. — Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hér liggur frammi bréf, sem Tómas Árnason hefur ritað forseta Ed. Alþingis, svohljóðandi:

„Reykjavík, 27. des. 1984.

Með því að ég hef í huga að taka að mér starf, sem ekki getur samrýmst þingmennsku, leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, virðulegi forseti, að ég hef ákveðið að afsala mér þingmennsku frá og með deginum í dag að telja.

Þetta er yður, virðulegi forseti, hér með tilkynnt.

Virðingarfyllst.

Tómas Árnason."

Skv. bréfi þessu tekur nú sæti á Alþingi Jón Kristjánsson og ég býð hann velkominn til starfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Alþingi, 25. jan. 1985.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Þórður Skúlason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Þórður Skúlason sveitarstjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann nú velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 25. jan. 1985.

Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Vigfús Jónsson bóndi, Laxamýri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Með þessu bréfi fylgir kjörbréf Vigfúsar Jónssonar. Með því að hann hefur ekki tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf að rannsaka kjörbréf hans og er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréf þetta til athugunar, en á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréf Vigfúsar Jónssonar, sem er kjörinn 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., en er nú 1. varaþm. flokksins í því kjördæmi. Þess er óskað að hann taki nú sæti á Alþingi í fjarveru Halldórs Blöndals.

Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréfið og finnur ekkert athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Vigfús Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi. Býð ég hann velkominn til starfa.

Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm., hefur tekið sæti sitt á Alþingi að nýju. Þm. mætti ekki á haustþinginu og hafði lögmæt forföll. Er hún boðin velkomin til starfa á ný.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svo sem sjá má á útbýttri dagskrá er mikill fjöldi mála á báðum fundum hjá okkur í dag. Á þessum fundi verða teknar fyrir fsp. svo sem verða má og á síðari fundi þáltill., en á þeim fundi verður einnig utandagskrárumr.

Kostnaður ríkissjóðs vegna húsaleigu, fsp. 154. mál (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina eftirtöldum fsp. til hæstv. fjmrh. um kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana vegna húsaleigu:

„1. Hversu margir húsaleigusamningar eru í gildi milli ríkissjóðs og ríkisstofnana annars vegar og einkaaðila hins vegar?

2. Hversu margar ríkisstofnanir, ráðuneyti meðtalin, eru til húsa í leiguhúsnæði?

3. Hversu háa upphæð greiðir ríkissjóður á ári hverju í húsaleigu (miðað við 12 mánaða tímabil 1983—1984)?

4. Hvert er meðalverð í gildandi húsaleigusamningum á fermetra?

5. Eru mikil brögð að því að ríkissjóður greiði húsaleigu fyrir fram til margra ára og kosti þar með byggingu leiguhúsnæðis að hluta?"

Þessar fsp. þarfnast ekki annarra skýringa. Ég vil aðeins taka það fram að þær eru fram settar í framhaldi af þáltill., 156. máli, sem við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fluttum fyrir áramót, um yfirtöku ríkissjóðs á seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands, en þar er vísað til þess að það styðjist við hagkvæmnisrök að yfirtaka þá byggingu og velja þar framtíðarsamastað fyrir stjórnarráðið, en vísa Seðlabankanum í önnur húsakynni.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mun nú svara þeim fsp. sem finnast á þskj. 159 frá hv. 5. þm. Reykv.

Skv. gögnum fjárlaga- og hagsýslustofnunar eru 183 skriflegir samningar í gildi milli einkaaðila og ríkissjóðs. Sá fjöldi húsaleigusamninga, sem ríkissjóður greiðir leigu skv., er þó hærri. Í þessari andrá er rétt að geta þess að húsaleigumál margra stofnana ríkisins eru málaflokkur sem oft vill lenda út undan hjá fagráðh. eða rn. Í haust var leitað eftir samstarfi við öll ráðuneytin um að fastar yrði tekið á þessum málum en gert hefur verið og er þess vænst að það samstarf skili árangri.

Í öðru lagi er spurt: Hversu margar ríkisstofnanir, ráðuneyti meðtalin, eru enn til húsa í leiguhúsnæði? Því svara ég þannig: Ríkisstofnanir í leiguhúsnæði eru 202.

3. spurningin: Hversu háa upphæð greiðir ríkissjóður á ári hverju í húsaleigu (miðað við 12 mánaða tímabil 1983—1984)? Svar við þeirri spurningu er: Á tímabilinu 1.1.83 til 31.12.83 greiddi ríkissjóður í húsaleigu samtals 111 millj. 213 þús. 538 kr.

4. Hvert er meðalverð í gildandi húsaleigusamningum á fermetra? Svarið er: Miðað við 15. des. s. l. er meðaleiningarverð það sem ríkissjóður greiðir, þ. e. kr. pr. fermetra, 79,32 kr.

5. spurningin hljóðar svo: Eru mikil brögð að því að ríkissjóður greiði húsaleigu fyrir fram til margra ára og kosti þar með byggingu leiguhúsnæðis að hluta? Svarið er: Það eru engin brögð að því að ríkissjóður greiði húsaleigu fyrir fram til margra ára og kosti með því byggingu leiguhúsnæðis.

Skattar verslunarinnar, fsp. 196. mál (þskj. 220). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 220 fsp. til hæstv. fjmrh. um skatta verslunarinnar, banka og skipafélaga árið 1983. Fsp. er á þessa leið:

„Hver var hagnaður
a. smásöluverslunar,
b. heildverslunar
skv. skattframtölum árið 1983 af rekstri (fyrir skatta, „skattalegar ráðstafanir" og framlag í varasjóð/fjárfestingarsjóð)?

2. Hve margar smásöluverslanir og heildverslanir töldu fram til skatts fyrir árið 1983?

3. Hver var hagnaður skipafélaganna alls skv. skattframtölum árið 1983?

4. Hver var hagnaður bankanna 1983 — sundurliðaður eftir bönkum?"

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Kannanir þær sem fram fara vegna fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. eru í gangi og ekki lokið, þannig að ég er ekki tilbúinn með svör við þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hlýt að óska eftir því við hæstv. forseta, þar sem hæstv. fjmrh. er ekki tilbúinn með svörin, að fsp. verði frestað. Það er raunar nokkuð óvenjulegt að fsp. sé tekin á dagskrá án þess að svör liggi fyrir. En ég hlýt að fara fram á það við forsetann að þessi fsp. verði á dagskránni áfram þar sem hæstv. ráðh. hefur ekki enn þá komið með þau svör sem brúkleg eru í þessu efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er venja að taka fyrirspurnir á dagskrá þegar liðinn er sá tími skv. þingsköpum að það á að svara fsp., og það er gert ráð fyrir að ráðherrar svari fsp. ef þeir hafa ekki tilkynnt um að þeir geti það ekki. Nú hefur komið fram tilkynning um að það er ekki hægt að svara fsp. og þá verður fsp. tekin út af dagskrá og tekin fyrir á ný.

Umr. frestað.

Aðstöðugjöld, fsp. 197. mál (þskj. 221). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 221 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um aðstöðugjöld. Þessi fsp. er borin fram sama dag og í tengslum við fsp. til hæstv. fjmrh. um skatta verslunarinnar, banka og skipafélaga árið 1983 sem var síðasta mál á dagskrá en var frestað þar sem hæstv. fjmrh. hafði ekki svör við spurningunni. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. geti svarað þeirri spurningu sem hér er borin fram, sem er:

1. Hver var aðstöðugjaldsstofn árið 1983
   a. smásöluverslunar,
   b. heildverslunar,
   c. skipafélaga?
2. Hverju námu aðstöðugjöld þessara aðila, sem nefndir eru í 1. tölulið, árið 1983?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að svara fsp. á þskj. 221.

Skv. upplýsingum sem ég aflaði frá ríkisskattstjóra kemur fram að þessar upplýsingar, sem tiltækar eru í tölvuvæddu formi, eru flokkaðar eftir atvinnugreinamerkingu Hagstofu Íslands og sýna merkingu sem ákveðin er skv. þeim þætti atvinnurekstrar sem umfangsmestur er í krónutölu talinn þegar um blandaðan atvinnurekstur er að ræða. Ríkisskattstjóri segir að um nákvæma hreina skiptingu milli heildverslunar og smásöluverslunar sé ekki að ræða skv. framangreindum gögnum og gæti ekki legið fyrir, nema með gífurlegri vinnu hjá skattstjórum landsins upp úr framtölum og fylgigögnum þeirra, svo að nákvæmt sé upp á krónu.

Hvað fjölda í hverri atvinnugrein snertir eru allir taldir með þó svo umfang atvinnurekstrar sé lítið. T. d. eru allir merktir sem hafa með að gera einhverja heildsölu, jafnvel þótt viðkomandi aðili sé að öðru leyti í fullri vinnu sem launþegi hjá öðrum.

Þá er að geta þess að upplýsingar um flutninga á sjó ná til allra sem slíkt stunda innanlands. T. d. eru meðtaldir þeir sem stunda siglingar með ferðamenn í svokölluðum túristaferðum. Framangreind atriði ættu varla að hafa veruleg áhrif á heildarniðurstöðu aðstöðugjaldsstofna í hverri atvinnugrein skv. framangreindri atvinnumerkingu, en geta haft veruleg áhrif á fjölda í hverri atvinnugrein.

Jafnframt tekur ríkisskattstjóri fram að upplýsingar eru byggðar á álagningu 1984 vegna ársins 1983, en ekki tekið tillit til breytinga vegna kæra.

Skv. þessum formála, sem hér hefur verið lesin upp, hef ég fengið í hendur aðstöðugjaldsálagningu ársins 1984 eftir atvinnugreinum.

Í smásöluversluninni er um að ræða aðstöðugjaldsstofn upp á 15 milljarða 723 millj. kr. og heildaraðstöðugjald frá þessari atvinnugrein er 182 millj. 456 þús. 247 kr. Ég gæti, ef tíminn leyfir, hlaupið yfir stærstu þættina í smásöluversluninni. Þar er kjöt og nýlenduvöruverslun með 4.9 milljarða aðstöðugjaldsstofn og aðstöðugjald 52.1 millj. Tóbak, sælgætis- og gosdrykkjavarningur er með 1.2 milljarða í aðstöðugjaldsstofn, en aðstöðugjald er 14.4 millj. Vefnaðar- og fatnaðarvöruverslanir eru með 1.3 milljarða aðstöðugjaldsstofn, en aðstöðugjald er 15 millj. Aðstöðugjaldsstofn skóverslana er 167 millj., en aðstöðugjald 2 millj. — Ég tek bara grófu töluna, tel ekki þúsundir. — Búsáhalda-, heimilistækja- og húsgagnaverslun er með 1 milljarð 892 millj. í aðstöðugjaldsstofn, en aðstöðugjald er 22.7 millj. Blandaðar verslanir eru með aðstöðugjaldsstofn upp á 4 milljarða 164 millj. og greiða í aðstöðugjald 51.1 millj. Eins og ég áður sagði er heildaraðstöðugjaldsstofn í smásöluverslun skv. upplýsingum ríkisskattstjóra 15.7 milljarðar, en aðstöðugjaldið 182.4 millj.

Þá kem ég að heildverslun. Þar er aðstöðugjaldsstofninn 13 milljarðar 745 millj. 888 þús. og aðstöðugjald 1984 169 millj. 374 þús. kr. Þetta skiptist þannig: Bensín- og smurstöðvar með 102 millj. 793 þús. í aðstöðugjaldsstofn greiða í aðstöðugjald 1 millj. 270 þús. Byggingarvöruverslanir með 1 milljarð 972 millj. 407 þús. í aðstöðugjaldsstofn greiða í aðstöðugjald 23 millj. 312 þús. Sala á bifreiðum og bifreiðavörum: aðstöðugjaldsstofninn er 2 milljarðar 449 þús. 497 kr., en aðstöðugjald 30 millj. 109 þús. kr. Heildsöluverslanir aðrar hafa aðstöðugjaldsstofn upp á 9 milljarða 221 millj. 190 þús. og greiða í aðstöðugjald 114 millj. 681 þús. 703 kr.

Þá eru það skipafélögin, þ. e. flutningar á sjó. Aðstöðugjaldsstofninn er 2 milljarðar 610 millj. 527 þús. kr. og aðstöðugjald 17 millj. 936 þús. kr.

Skv. þessum upplýsingum hafa þessar atvinnugreinar, sem ég hef lesið hér upp, smásöluverslunin, heildverslunin og skipafélögin, greitt samtals 369 millj. 767 þús. 830 kr. í aðstöðugjald 1984 af aðstöðugjaldsstofni sem er 32 milljarðar 79 millj. 433 þús. kr. En ég vil geta þess að heildaraðstöðugjald, álagt aðstöðugjald, á árinu 1984 var 846 millj. 951 þús. 835 kr.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessar upplýsingar séu nægilegt svar við fsp. á þskj. 221.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt við fsp. minni á þskj. 221. Skv. þeim upplýsingum liggur nú fyrir að velta þessara atvinnugreina á árinu 1983 er 32 milljarðar kr. Á árinu 1985 er sennilega um að ræða tölu sem er á bilinu 40—45 milljarðar kr. Þjóðartekjurnar á þessu ári eru taldar vera í kringum 80 milljarðar kr. Þessir aðilar, sem hér er um að ræða, smásöluverslun, heildverslun og skipafélög, hafa nú algert „frelsi" um gjaldtöku sína af íbúum þessa lands. Þessi þáttur þjóðarbúskaparins, sem veltir í kringum 40—50 milljörðum á þessu ári, er gersamlega eftirlitslaus skv. þeirri stefnu sem núv. ríkisstj. rekur. Það er ekki verið að fara í saumana á hlutunum þarna.

Það kom greinilega fram í svari hæstv. félmrh. að opinberir aðilar hafa takmarkaðar upplýsingar um rekstur þessara þátta í þjóðfélaginu, enda þótt þeir séu jafnstórir og raun ber vitni um. Skyldi þá ekki í þessu svari felast skýringin á því hvernig það getur verið að eitt fyrirtæki flytur á fáeinum árum inn nauðsynjavöru fyrir 16 millj. dollara sem kostar í raun 10.5 millj. dollara? Mismunurinn, 5.5 millj. dollara, 220 millj. kr., hverfur eins og dögg fyrir sólu eða er ráðstafað með félagslegum hætti skv. yfirlýsingum forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga. 220 millj. kr. hjá þessu eina fyrirtæki jafngildir öllum tekjum allra íbúa Þorlákshafnar á árinu 1984, svo að ég nefni dæmi.

Þetta lið fær að dansa laust. Það er ekki tilraun gerð til þess að stjórna því af hálfu núv. ríkisstj. Upplýsingar hæstv. félmrh. sýna mjög glöggt að þarna eru fjármunirnir í þjóðfélaginu, þarna eru þeir til í stórum stíl. En auðvitað hefur núv. ríkisstj. engan áhuga á að sækja þessa fjármuni vegna þess að þarna fara fyrir velunnarar hennar. Þarna eru uppsprettur þess valds sem ríkisstj. hefur. Þessir milljarðar fá að vera í friði meðan hinn almenni launamaður er hundeltur af stjórnvöldum.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í umr. um það atriði sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég vil aðeins koma því að, svo að ekki verði úr því misskilningur, að það kemur ekki fram í því, sem ég las upp áðan frá ríkisskattstjóra, að stjórnvöld hefðu ekki nákvæmar upplýsingar um allan innflutning og skiptingu hans, heldur kom aðeins fram að ríkisskattstjóri segir að hann hafi ekki nákvæma hreina skiptingu milli heildverslunar og smásöluversl-

unar í öllum greinum. Hann telur þó að hægt sé að fá þær upplýsingar nákvæmari. En allar aðalupplýsingar eru fyrir hendi, þannig að það er ekki um að ræða að neitt sé á huldu um innflutninginn og skráningu hans að öðru leyti.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem komu fram hjá hv. 3. þm. Reykv., — ég má segja að hann hafi gefið í skyn að ríkisstj. væri að hylma yfir eða jafnvel að hjálpa ákveðnum innflytjendum, sem selja sínar innfluttu matvörur 200 og eitthvað milljónum dýrari en þær þurfa að vera, skildist mér, — vil ég upplýsa að skattrannsóknastjóri hefur verið með það mál, sem hv. þm. vitnaði til, í rannsókn og hefur upplýst það sem hægt er að upplýsa á þessari stundu og málið heldur áfram. En ég vil draga í efa að meðferð þessa fyrirtækis á þessum vöruflokki og verðlagningu á honum hafi breyst sérstaklega í tíð þessarar ríkisstj. Mér finnst það kurteisi af okkar hálfu, sem hér höfum fullt málfrelsi án þess að hægt sé að gera okkur ábyrga fyrir orðum okkar út á við, að við bíðum þangað til dómstólar hafa fjallað um þau mál sem eru í rannsókn. En ríkisstj. er fullvel kunnugt um málið.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það var eins og komið væri við hjartað í hæstv. fjmrh. þegar vegið var að svindli innflutningsverslunarinnar. Hann upplýsir okkur um að þessi mál séu til meðferðar út af kaffibaunasvindli, það er nýjasta afrekið, það sé til meðferðar hjá dómstólum. En það er ekki nýtt. Níu mál, sem skattrannsóknastjóri hefur sent frá sér, liggja fyrir óafgreidd og bíða dómstólameðferðar. Þar er um að ræða mál sem m. a. eru talin upp á bls. 42 í þskj. 427, sem var dreift á borð þm. áðan, till. til þál. um rannsókn á innflutningsversluninni. Þannig er bersýnilega ekki nóg að þessi mál séu rannsökuð. Það verður auðvitað að tryggja að þeim sé fylgt eftir í dómstólakerfinu. Reynslan er sú að dómstólakerfið er seinvirkt þegar kemur að málum af þessum toga og þar virðist lítil trygging vera fyrir því að tekið sé á málunum með eðlilegum hætti. Hér er komið að kvikunni í fjármálakerfi þessa þjóðfélags og er ekkert nýtt að það spyrjist til þess hvernig farið er með fjármuni á vegum innflutningsverslunarinnar. En hitt er aftur á móti nýtt að hér sitji við völd stjórn eins og sú sem nú situr, sem hefur gefið alla starfsemi þessara aðila í þjóðfélaginu frjálsa, eins og það er kallað, upp á 40—50 milljarða kr. á árinu 1985. Þessir aðilar mega baða sig upp úr peningum og ríkisstj. telur það ekki einasta sjálfsagt, heldur er það stefna hennar að halda þannig á hlutunum.

Atvinnuleit og atvinnumiðlun fatlaðra, fsp. 221. mál (þskj. 265). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 265 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh. um atvinnuleit og atvinnumiðlun fatlaðra:

„Hversu er nú háttað fyrirkomulagi atvinnuleitar og vinnumiðlunar skv. lögum um málefni fatlaðra, þ. e. þeirri starfsemi sem áður fór fram á vegum endurhæfingarráðs og öryrkjadeildar Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar?

Hversu margir vinna nú beint og eingöngu að þessari sömu atvinnuleit?"

Ástæðu þessarar fsp. má rekja til umr. á Alþingi í fyrra þar sem ég spurði hæstv. ráðh. hvernig háttað yrði um vinnumiðlun og atvinnuleit eftir að lög um fatlaða væru komin í gildi og endurhæfingarráðið sem slíkt væri úr sögunni. Hjá endurhæfingarráði höfðu verið heimiluð 2.5—3 stöðugildi. Þrír voru þar að starfi, tveir í hlutastörfum, en auk þeirra voru læknir og sálfræðingur vikulega að störfum. Til viðbótar var svo samstarfið við öryrkjadeild Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar þar sem einn maður var að störfum.

Nú hygg ég að staðan sé sú að eftir að starfsemin er lögum skv. komin til svæðisstjórnar og um leið einvörðungu, að mér skilst, til öryrkjadeildar Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar muni aðeins einn starfskraftur, ágætur að vísu og vel fær, sinna þessu beint. Hins vegar annar sá hvergi nærri þessu vandasama og erilsama starfi sem um leið er eitt það þýðingarmesta sem unnið er fyrir fatlaða. Atvinnuleit og vinnumiðlun eru fyrir þá eitt brýnasta verkefnið sem unnið er að, enda skiptir miklu hvernig þar er staðið að málum. Þar skortir mikið á að um nægilega skilvirka og skipulega vinnu sé að ræða eða hafi verið svo að tryggja megi enn fleiri fötluðum starf við hæfi.

Hæstv. ráðh. lagði á það áherslu í fyrra að ekki yrði um minni starfsemi og aðstoð að ræða, nema síður væri, þó endurhæfingarráð væri lagt niður. Ég tók heils hugar undir það hjá hæstv. ráðh. og tek enn því hvergi nærri var þar nógu vel að verki staðið áður. Mér hefur skilist að hæstv. ráðh. og hans rn. hafi lagt til 800 þús. kr. framlag til vinnumiðlunar og atvinnuleitar á þessu svæði og var áreiðanlega síst of mikið, en í reynd var fjárlagaupphæð þessa árs rúmur helmingur þessarar beiðni eða 436 þús. Ég gerði ásamt hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur tilraun til leiðréttingar við afgreiðslu fjárlaga, en till. um það efni var felld. Það gefur auga leið að hér er um mjög mikinn niðurskurð að ræða og vart að vænta úrbóta ef fjárveiting fæst ekki frekar en fjárlög segja til um. Til þess að fá um þetta hins vegar óyggjandi réttar upplýsingar, um stöðugildi sem nú eru heimiluð við atvinnuleit og atvinnumiðlun á þessu svæði, er þessari fsp. beint til hæstv. ráðh.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Við fsp. frá hv. 2. þm. Austurl. er svar mitt á þessa leið:

Með vísun til 22. gr. laga um málefni fatlaðra segir m. a. að svæðisstjórnir skuli stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hafi það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi. Atvinnuleitin skal starfa í nánum tengslum við félmrn., vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja. Skv. lögum nr. 52/1956 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar skv. 1. mgr. Í samræmi við 22. gr. laganna um málefni fatlaðra hefur svæðisstjórn Reykjavíkur formlega falið öryrkjadeild Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar atvinnuleit og atvinnumiðlun fyrir fatlaða. Á þessu ári var ráðinn nýr deildarstjóri hjá öryrkjadeild Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar til að sinna því verkefni.

Skv. 28. gr. laga um málefni fatlaðra á ríkið að greiða 85% og sveitarfélög 15% af rekstrarkostnaði vegna

atvinnuleitar. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir 436 þús. kr. vegna rekstrarkostnaðar atvinnuleitar í Reykjavík og verður þá unnt að ráða fleira fólk til starfa. Þá er einnig gert ráð fyrir 109 þús. kr. til atvinnuleitar á Reykjanessvæðinu á árinu 1985, en hjá svæðisstjórn Reykjanessvæðis er nú starfsmaður í hálfu starfi sem eingöngu sinnir atvinnumálum fatlaðra. Allar svæðisstjórnir vinna meira og minna að atvinnumálum fatlaðra hver á sínu svæði.

Með tilkomu þessa nýmælis í lögum varðandi atvinnuleit svo og verulegrar fjölgunar verndaðra vinnustaða á þessu ári hafa úrræði í atvinnumálum fatlaðra aukist verulega frá því sem áður var, enda þótt mikið vanti á að nóg sé að gert, og um 80 ný pláss hafi bæst við. Hitt er engu síður ljóst að mörg verkefni eru óleyst sem þarfnast úrbóta. Þess vegna er nú unnið að athugun á atvinnumálum fatlaðra í landinu öllu og verið er að undirbúa ráðstefnu um atvinnumál fatlaðra, sem ákveðið er að verði í Reykjavík 6. og 7. febrúar n. k., þar sem tekið verður á þessum málum á víðtækan hátt og reynt að samræma skoðanir manna á hvernig best verður að þessum málum staðið í framtíðinni.

Þetta er eitt þýðingarmesta mál í sambandi við málefni fatlaðra og er í mótun og ég vænti þess að góð samstaða náist við alla aðila um að leysa þetta mál þannig að öryggi skapist.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég fagna því sérstaklega ef það er rétt, sem ég dreg ekki í efa út af fyrir sig, að hægt sé að ráða fleira fólk til öryrkjadeildarinnar hér í Reykjavík með þessari fjárveitingu, þó ég hefði haldið að það væri alveg í það knappasta að slíkt væri unnt. En ég fagna því ef það er kleift að gera það. Ég geri mér ljóst að þessi starfsemi þarf vitanlega að eiga sér stað um allt land. En við vitum það hins vegar vel, sem höfum unnið að þessum málum áður, að þörfin er langmest á þessu svæði hér og því mest þörf á starfskröftum hér til þess að annast þessi verk. Ég held að það sé augljóst skv. svörum hæstv. ráðh. að nú starfa færri að þessum málum beint, a. m. k. í dag, en var þó á dögum endurhæfingarráðs — og þá var fullyrt réttilega að allt of lítið væri gert í atvinnumiðlun og atvinnuleit fyrir fatlaða.

Ég hef um það haldgóðar upplýsingar að á síðasta ári hafi um 200 fatlaðir eða rúmlega það leitað eftir aðstoð við að fá vinnu á þessu svæði, aðeins hjá öryrkjadeildinni hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar. Þar þurfa því fleiri að liðsinna en nú er þrátt fyrir ráðningu nýs og ágæts deildarstjóra þar. Ég held að það megi teljast nokkuð vel gert að þessum eina starfsmanni hefur — að vísu með aðstoð annarra — tekist að útvega milli 50 og 60 manns atvinnu eða aðstoðað þá til þess að fá vinnu.

Ég tek undir að það er ekki um einföld eða auðleyst mál að ræða, en vil benda á það líka að talan 200, en svo margir leituðu eftir aðstoð í þessu efni á síðasta ári, er hærri en ég man frá dögum endurhæfingarráðs, jafnvel allt að helmingi hærri en á árinu 1983. Mér sýnist því úrlausn þessara mála hvergi nærri sem skyldi.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh. að vissulega ber ekki að vanmeta fjölgun verndaðra vinnustaða, síður en svo, og að því hefur einmitt verið stefnt á síðustu árum að koma þeim upp, en alhliða atvinnuleit og vinnumiðlun almennt þarf ævinlega að vera í sem bestu lagi og þar þarf greinilega að taka til hendinni. Ég treysti því þess vegna að í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. ráðh. verði fleiri starfskraftar til þess að sinna þessu verkefni á vegum svæðisstjórnar Reykjavíkur en voru á síðasta ári því rík er þörfin.

Um þingsköp.

Margrét Frímannsdóttir: Herra forseti. Fyrir rúmum tveim mánuðum lagði ég fram á þskj. 203 fsp. til hæstv. landbrh. um fullvinnslu kjötafurða. Fsp. þessi hefur verið á prentaðri dagskrá Sþ. nokkrum sinnum, en aldrei verið tekin fyrir vegna þess að ráðh. hafði ekki tekist að útvega sér þau gögn sem til hefur þurft til þess að geta svarað. Er þá sérstaklega átt við fyrri spurninguna. Ég er nokkuð þolinmóð manneskja og hef beðið róleg á meðan starfsmenn landbrh. hafa verið að telja og vigta kjötskrokka sem fluttir eru frá Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til Reykjavíkur, en við seinni spurningunni, sem ég tel að ráðh. ætti að geta svarað án þess að hafa fengið niðurstöðutölur um þyngd þess kjöts sem flutt er út úr kjördæmi okkar, vildi ég gjarnan fá svör ef mögulegt er þar sem ég er að fara af þingi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því rétt fyrir jólin að til þess að svara fyrri lið þeirrar fsp. sem hv. 4. þm. Suðurl. hefur borið fram á þskj. 203 þyrfti að fá upplýsingar frá öllum sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Þá hafði ekkert svar borist við þeirri beiðni landbrn. Þegar að því kom að fsp. kæmi aftur á dagskrá reiknaði ég með að svör lægju fyrir, en því miður voru þau harla fá. Af þeim sökum er ekki fært að svara fyrri lið fsp. Ég held að jafnvel þó að ég hefði látið allt starfsfólk landbrn. telja kjötskrokka, eins og mér skildist á hv. þm. að það gerði, hefði það lítið stoðað þar sem töluverður hluti af þessu kjöti var þegar seldur þegar fsp. var borin fram. Þar er því lítils árangurs að vænta með því móti.

Um síðari liðinn er ég reiðubúinn að ræða og ef fyrirspyrjandi óskar þess mun forseti væntanlega taka hana á dagskrá og ég þá svara spurningu fyrirspyrjanda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fsp. sem um ræðir er dagskrármálið nr. 2, fullvinnsla kjötafurða. Fsp. verður tekin fyrir á venjulegan hátt síðar á fundinum.

Reglugerð um endursöluíbúðir, fsp. 223. mál (þskj. 271). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 271 fyrirspurnir til hæstv. félmrh., en fyrirspyrjandi auk mín er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Fyrirspurnirnar eru á þessa leið:

„1. Hve margar endursöluíbúðir í verkamannaíbúðum bíða nú mats á íbúðaverði?

2. Hvenær verður gefin út reglugerð um verðlagningu endursöluíbúða?“

Þegar húsnæðismálafrv. ríkisstj. var til meðferðar á

síðasta þingi flutti ég brtt. ásamt öðrum þm. Alþb. við allar þær greinar frv. ríkisstj. sem fjölluðu um endursöluíbúðir í verkamannabústöðunum vegna þess að við töldum að þær reglur sem voru teknar upp og ríkisstj. beitti sér fyrir væru flóknar og gallaðar og það væri óvinnandi vegur að fara eftir þeim reglum. Hæstv. félmrh. svaraði í engu þessari gagnrýni á síðasta þingi og gerði enga grein fyrir þeim breytingum sem þessar nýju reglur mundu hafa í för með sér fyrir íbúðaeigendur í verkamannabústöðum. Við umr. fullyrti ég, og ég hygg að það hafi komið í ljós, að þessar nýju reglur hefðu í för með sér stórfellda lækkun á íbúðaverði handa þeim sem búa í verkamannabústöðum frá því sem áður var. Reynslan hefur svo sýnt að húsnæðismálastjórn og stjórnir verkamannabústaðanna hafa ekki getað framkvæmt hinar nýju reglur. Vikum og mánuðum saman stóðu félmrn. og húsnæðisstjórn í bréfaskriftum út af þessum málum vegna þess að hin nýju lög reyndust að þessu leyti gersamlega óframkvæmanleg. Mér er tjáð að hæstv. félmrh. hafi viðurkennt það með því að gefa út reglugerð um hátíðarnar sem mun að verulegu leyti víkja frá þeim reglum sem lögin kveða á um. Þess vegna bæti ég við þeirri fsp.: Hyggst hæstv. félmrh. bera fram frv. um breytingar á útreikningsreglum vegna endursöluíbúða í verkamannabústaðakerfinu?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Til að svara fsp. á þskj. 271 frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv. les ég hér grg. frá Húsnæðisstofnun ríkisins dags. 28. jan. s. l.:

1. Hve margar endursöluíbúðir í verkamannabústöðum bíða nú mats á íbúðaverði? Svarið er: Engar íbúðir í verkamannabústöðum bíða nú eftir útreikningi á innkaupsverði.

2. Hvenær verður gefin út reglugerð um verðlagningu endursöluíbúða? Reglugerð um verðlagningu félagslegra íbúða, þ. e. um útreikninga á innkaupsverði, var gefin út 14. des. s. l. og er hún nr. 467 í stjórnartíðindum.

Varðandi þá viðbótarspurningu sem hv. þm. lagði hér fram um það hvort mundi þurfa lagabreytingu í sambandi við þennan kafla í hinum nýju lögum, þá liggur það ekki endanlega fyrir. Endanleg gerð reglugerðar um nýju lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 er núna á lokastigi og það kemur í ljós sennilega að liðinni þessari viku — síðasti fundur um þetta verður n. k. fimmtudag — hvort Húsnæðisstofnunin telur að breyta þurfi einhverju í lögum í sambandi við þetta mál eða ekki. Ég get ekki gefið annað svar um það á þessari stundu, en ég mun að sjálfsögðu láta þingheim vita hvort um slíkt verði að ræða. Þó eru allar líkur til þess að til þess þurfi ekki að koma og hægt sé að leysa málið með viðbótarreglugerðinni sem er núna um það bil að sjá dagsins ljós.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin.

Það er ljóst að lagasmíðinni hefur verið verulega ábótavant. Þegar lögin voru sett á síðasta ári, þá var, trúi ég, komið fram í maímánuð og lagt á það ofurkapp af hæstv. félmrh. að lokið yrði við að samþykkja lögin hér á Alþingi svo að unnt yrði að gefa út nauðsynlegar reglugerðir. Aftur og aftur tók hæstv. ráðh. fram að nauðsynlegt væri að koma þessum reglugerðum út, það væri hagsmunamál og kappsmál húsbyggjenda og húseigenda o. s. frv. Núna er liðinn langur tími. Það er liðinn júní og júlí og það er liðið allt árið 1984 og komið fram á árið 1985 og enn þá hefur ekki tekist að ganga úr skugga um hvort hægt er að framkvæma lögin. Húsnæðismálastjórn er að velta fyrir sér hvort lögin eru framkvæmanleg og hún hefur ekki komist að niðurstöðu um það enn þá, eins og hæstv. félmrh. viðurkenndi áðan. Í rauninni hygg ég að það orki mjög tvímælis að sú reglugerð sem hæstv. ráðh. hefur gefið út sé í samræmi við lögin í einu og öllu, en ég tek það hins vegar fram sem mína skoðun að ég tel að sú útreikningsregla sem er í reglugerðinni sé betri en sú vitlausa regla sem ráðh. lagði til að Alþingi samþykkti og þingið samþykkti hér á s. l. ári. Reglugerðin er því að mínu mati til bóta, jafnvel þó að hún sé ekki í einu og öllu í samræmi við þann bókstaf sem ráðh. þvældi í gegnum þingið á s. l. vori.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil taka fram að lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem tóku gildi 1. júlí s. l., fengu þinglega meðferð. Sjálfsagt er hægt að deila um hvort einhver ákvæði í þeim lögum ættu að vera á annan veg en þar kemur fram, en það er eigi að síður staðreynd.

Þessi lög tóku gildi 1. júlí s. l. og ég hef ekki orðið var við það að Húsnæðisstofnun væri í sérstökum vandræðum með framkvæmd þeirra. Að vísu komu upp ágreiningsefni í sambandi við endursölu á verkamannabústöðum sem byggðar voru fyrir árið 1980, en það leystist. Eins og kom fram í svari áðan er búið að verðleggja og meta allar íbúðir sem biðu eftir slíku mati og ég veit ekki um sérstök vandamál þar í dag.

Í sambandi við drátt á reglugerðum með lögunum, sem tóku gildi 1. júlí 1984, vil ég segja að beitt hefur verið nákvæmlega sömu aðferð og alltaf hefur tíðkast. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur unnið að þessum reglugerðum. Hvort tala má um að afköst séu lítil eða ekki skal ég ekki segja. Menn hafa viljað vanda þessar reglugerðir vel og gefa þær út allar í einu. Þess vegna hefur þetta tekið lengri tíma.

Eins og ég sagði hér áðan verður lokafundur í Húsnæðisstofnuninni um þessar reglugerðir allar núna í vikulokin og ég vona að það valdi ekki meiri truflun.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ætli það sé ekki nauðsynlegt að leiðrétta hér misskilning til þess að það liggi ljóst fyrir.

Vandi Húsnæðisstofnunar stafar af því að lögin voru óskiljanleg. Það er ekki verkleysi eða draugsháttur í starfsmönnum stofnunarinnar, eins og hæstv. ráðh. gaf í skyn, heldur er hér um það að ræða að hans forskrift var óskiljanleg. Það er búið að ganga á bréfaskriftum milli stofnunarinnar og rn. í nokkra mánuði. Niðurstaða úr þeirri þvælu liggur enn ekki fyrir, eins og ráðh. viðurkenndi áðan. Hann sagði að kannske kæmi það í næstu viku. Við bíðum og sjáum hvað setur.

Frumvarp um umhverfismál, fsp. 224. mál (þskj. 277). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. á þskj. 277 til

félmrh. um framlagningu frv. um umhverfismál. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvenær er þess að vænta að lagt verði fram frv. það um umhverfismál sem félmrh. boðaði á síðasta þingi?"

Ástæðan til þess að ég beini þessari fsp. til hæstv. félmrh. er sú, að á síðasta þingi báru sex þm. Sjálfstfl. fram frv. til l. um umhverfismál á þskj. 268, 163. mál. Að beiðni félmrh., eftir að frv. var komið fram, var beðið með að mæla fyrir því og koma því til nefndar á venjulegan máta þar sem hann boðaði að hann mundi sjálfur leggja fram annað frv. um sama efni síðar á þinginu. Sú fyrirætlan brást hins vegar og slíkt frv. var ekki lagt fram af hálfu ráðh. með þeim afleiðingum að ekkert frv. um umhverfismál var afgreitt á síðasta þingi. Við sem að frv. sjálfstæðismanna stóðum höfum ekki endurflutt það nú í ljósi fyrri yfirlýsinga félmrh., en nú er haustþingi lokið án þess að nokkuð hafi gerst í málinu og því er þessi fsp. hér fram komin.

Langeinföldust lausn þessa máls væri vitanlega sú að félmrh. legði fram það frv. sem í fyrra var flutt með þeim breytingum á því sem hann telur æskilegt að gera. Á þann hátt gæti enn tekist að fá samþykkta nýja lagasetningu um umhverfismál á þessu þingi. Ástæða er til að undirstrika það hér að það frv. var á sínum tíma samið af hópi sérfræðinga, þ. á m. af þremur ráðuneytisstjórum þeirra rn. sem í mestum mæli fjalla um umhverfismál hér á landi. Það var síðan flutt sem stjfrv. undir vor árið 1978, en náði þá ekki fram að ganga. Síðan hefur frv. þetta verið flutt tvisvar lítils háttar breytt, í síðara sinnið á síðasta þingi svo sem ég gat um áðan.

Það var fyrir níu árum, árið 1975, sem þáv. ríkisstj. taldi brýnt að hafist væri handa um setningu heildstæðrar umhverfislöggjafar hér á landi. Hafi á því verið talin nauðsyn fyrir nær áratug að setja slíka löggjöf er tvímælalaust enn þá brýnna að hún nái fram að ganga nú. Meginmarkmið slíkrar löggjafar er að setja ítarleg lagaákvæði um varnir gegn mengun hér á landi í lofti, láði og legi. Slík ákvæði eru af mjög skornum skammti nú í lögum og þar búum við raunar við óviðunandi ástand.

Í öðru lagi skortir nær alveg í lög ákvæði um atvinnurekstur sem sérstök mengunarhætta stafar af, starfsleyfi fyrir slík fyrirtæki og varúðarráðstafanir allar. Á það ekki síst við um stóriðju nútíðar og framtíðar. Um bæði þessi vandamál er ítarlega fjallað í frv. því sem hér var borið fram á síðasta þingi og auk þess sérstaklega tekið á stjórnsýsluþætti umhverfismála sem í dag er í miklum molum. Raunar heyra umhverfismál, þótt undarlegt megi virðast, sennilega undir a. m. k. sjö rn., hinir ýmsu þættir þeirra, og getur hver maður séð hve mikil brotalöm er á slíkri stjórnsýslu. Raunar hafa menn sett það markmið að öll yrði sú stjórnsýsla sameinuð í einu nýju umhverfisráðuneyti þó svo í frv. sem borið var fram á síðasta þingi sé ekki gert ráð fyrir að það skref verði stigið strax í upphafi, heldur að sérstakri sjálfstæðri stjórnardeild í stjórnarráðinu verði falin stjórnsýsla þessara mála.

Þótt ekki væri nema til að fá samþykkt ákvæði um þessi þrjú svið umhverfismála er hér hin mesta nauðsyn á nýrri löggjöf. Slík löggjöf hefur aldrei verið sett hér á landi og má þó fullyrða að óvíða sé hennar meiri nauðsyn en í þessu norðlæga landi þar sem náttúran er óvenjuviðkvæm og mengun hvers konar er því hættulegri tjónvaldur en víðast annars staðar.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. vil ég taka fram að ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, 2. þm. Reykn., um nauðsyn þess að setja heildarlöggjöf um umhverfismál. Vissulega er það löngu tímabært. Miðað við þann tíma sem hefur tekið að vinna að slíku er ljóst að breyta verður þeim vinnubrögðum sem beitt hefur verið í sambandi við þessi mál.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að flytja hér langt mál. Ríkisstj. fól félmrh. á sínum tíma að vinna að þessu máli og semja frv. um umhverfismál. Á s. l. ári var það komið vel á veg, en náðist ekki samkomulag um þá stefnu sem átti að vera í frv. Sú nefnd sem vann að því var þá leyst upp, en félmrh. falið að vinna áfram að málinu. Ég þarf ekki að tíunda hér hvað hefur gerst síðan annað en það að málið hefur verið til meðferðar hjá ríkisstj. Það hefur ekki orðið samkomulag enn þá um heildarframsetningu þessa máls. Nýjast í málinu er að það er starfandi sérstakur starfshópur, sem skipaður er fulltrúum frá sex rn., sem er að fjalla um þetta mál áður en ríkisstj. tekur endanlega ákvörðun um í hvaða formi hún mun leggja það fyrir Alþingi.

Ég get ekki meira sagt á þessu stigi málsins. Ég endurtek að málið hefur fengið mikla umfjöllun í ríkisstj., en menn hafa ekki verið á eitt sáttir um í hvaða formi ætti að leggja það fyrir Alþingi. Vonandi verður það þó gert mjög fljótlega því að starfshópurinn, sem ég nefndi áðan, er að störfum.

Ég vona svo sannarlega að ríkisstj. takist að leggja fyrir Alþingi heilsteypt lagafrv. um stjórn umhverfismála. Á því er mikil nauðsyn. Ég er sammála hv. þm. um að slæmt er að þetta dragist mikið. En hér er um vandasamt mál að ræða. Ég viðurkenni að ýmis atriði eru viðkvæm ýmsum í þjóðfélaginu og snerta marga. Hann tók réttilega fram að þessi mál tilheyra einum sjö rn. Það getur ekki gengið lengur. Það gerir málið miklu erfiðara í framsetningu. Ég get bætt því við að gegn frv. sem hv. þm. minntist á kom strax fram andstaða. Það hafði raunar legið fyrir þegar það var samið á sínum tíma. Það var ekki lagt fram aftur á Alþingi vegna þess að menn voru ekki ásáttir um það sem þar kom fram.

Ég vona sannarlega að ekki dragist mjög lengi að ríkisstj. ákveði á hvern hátt hún vill útbúa málið. Ég hef lagt fram það sem mér bar að láta vinna, en hins vegar þótti ástæða til að láta skipa sérstakan starfshóp frá viðkomandi rn. og hann er núna að störfum.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að bera fram þakkir til félmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við fsp. minni. Hins vegar verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með frammistöðu stjórnvalda í þessu efni, en við heyrðum nokkrar skýringar ráðh. á þessum mikla og óeðlilega langa drætti. Það er tvímælalaust rétt að þar á kannske drýgstan þáttinn að þetta mál er vitanlega bæði viðtækt og viðkvæmt og heyrir í dag undir sjö rn., en það er í sjálfu sér engin ástæða til að örvænta eða telja að það sé slíkur þrándur í götu að yfir þann tálma verði ekki komist.

Varðandi frv. frá 1978, sem þáv. ríkisstj. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna lagði fram, hygg ég að ástæðan fyrir því að það var ekki endurflutt á næsta þingi hafi verið sú að stjórnarskipti höfðu átt sér stað.

Það hefur hins vegar verið flutt síðan nær óbreytt tvisvar sinnum. Um það var full samstaða á sínum tíma í ríkisstj.

Nú er það út af fyrir sig ánægjulegt að heyra að settur hefur verið starfshópur sjö rn. á laggirnar til að vinna að þessu máli. Við hugðum að þetta mál mundi komast í höfn í fyrra, eins og þá hafði verið um rætt af hálfu ráðh., en erfiðleikarnir hafa verið greinilega meiri og drátturinn lengri en þá var gert ráð fyrir.

Í sjálfu sér er þetta ekki pólitískt mál. Ég hygg að allir stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi muni styðja málið í öllum meginefnisatriðum. Þetta er hins vegar greinilega deilumál og miklu meira þrætuepli milli hinna einstöku smákónga í ráðuneytum landsins en mörgum hefur verið ljóst. Og því er mjög illa farið ef valdastreita, reiptog embættismanna kerfisins, á að valda því að setning umfangsmikillar og heilsteyptrar umhverfislöggjafar dragist á langinn enn um hríð og e. t. v. enn um langa hríð. Mér sýnist nú, þegar við stöndum hér á þingi í lok janúarmánaðar, að það séu því miður ekki miklar líkur á að málið nái fram að ganga á þessu þingi eftir að hafa hlýtt á orð ráðh. Ég efast hins vegar ekki um heilan og góðan hug hans í þessu máli út af fyrir sig.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að skora á hæstv. ráðh. að láta ekki deigan síga, heldur hafa góða stjórn á sínum embættismönnum og freista þess að ná þeim tökum á öðrum embættismönnum fyrir tilstilli kollega sinna í ríkisstj. að þetta frv. megi senn sjá dagsins ljós. Best væri að það væri sem líkast því frv. sem hér hefur oft verið flutt því að það var samið að yfirsýn þeirra manna sem þekktu einna best til mála.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir að taka þetta mál upp hér og spyrjast fyrir um hvað líði því að fram verði lagt frv. um þetta mál. Og þá er auðvitað óskaplega gott að heyra það og vert að þakka fyrir það að enn sé nú kominn starfshópur í málið og vissulega mikil gleðitíðindi. En líklega eru liðin ein 13 ár síðan Náttúruverndarráð ályktaði fyrst einróma um að það bæri að sameina yfirstjórn umhverfismála í einu ráðuneyti. Og ósköp er eitthvað þreytulegt að heyra það hér enn, aftur og nú að nýr hópur sé byrjaður að vinna í málinu þegar fullbúið frv. hefur legið fyrir árum saman. Menn tala um að þetta sé óskaplega erfitt og það séu ekki færri en sjö ráðuneyti sem eigi aðild að málinu. Þá lítur það þannig út að þetta sé sjö sinnum erfiðara en venjulegt mál vegna þess að það séu sjö rn. sem öll hafi sína skoðun á málinu. Ég vil taka undir með hv. þm. Gunnari G. Schram að það þýðir ekkert að láta þessi smákónga-sjónarmið á öllum þessum sjö stöðum ráða — og sennilega 7×7 því að síðan eiga mismunandi margar stofnanir aðild að málinu undir hverju rn. þannig að listinn er orðinn ærilangur.

Þarna þarf greinilega að höggva á ákveðna hnúta og það er verk okkar alþm., sem eigum að setja lög um þessi efni, að gera það. Til þess að það sé hægt þurfum við auðvitað að fá hingað inn frv. til þess að vinna út frá. Það væri í það minnsta æskilegast. Við fjórir þm. Alþb. höfum lagt fram till. til þál. þar sem fyrsti liðurinn er einmitt að sameina yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar í einu rn. Ég vil minna á þá endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sem á að vera einhvers staðar í gangi í kerfinu, sjálfsagt í starfshópi. Vonandi gleymist ekki sameining umhverfismála í þeirri endurskoðun.

Ég vil að síðustu hvetja hæstv. félmrh. eindregið til þess og brýna hann á því að leggja hér fram frv. sem lengi er búið að vera til. Skiptir þá kannske ekki höfuðmáli í hvaða búningi það kemur hingð inn því að það hlýtur að fá hér þinglega meðferð og verða endursent til umsagnar þeirra sömu aðila í mörgum tilfellum sem eru um það að fjalla. En þá kæmist þó einhver hreyfing á málið. Mín ráðlegging til hæstv. félmrh. væri sú að gera þetta frekar fyrr en seinna. Ég teldi óráðlegt í hans sporum að draga það mjög lengi, í það minnsta ef hann vill koma því fram í sinni ráðherratíð.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þessar umr. að bæta. Ég vil aðeins segja að að mínu mati, ef næst það heildarsamkomulag sem nauðsynlegt er til að leggja frv. fram sem stjfrv., er tiltölulega lítil vinna eftir við frágang. Það voru menn í því á s. l. ári og lá það raunar fyrir strax í haust, en vegna ágreinings um vissa þætti var nauðsynlegt að ríkisstj. kæmi sér saman um þessi mál og þess vegna var starfshópur skipaður. Það er ósköp eðlileg málsmeðferð.

Það liggur alveg ljóst fyrir hvaða meginpunkta um er að ræða. Það þarf að taka afstöðu til þess í hvaða farvegi stjórnun þessa mikilvæga málaflokks á að vera og hvað umhverfismál eiga að spanna yfir stórt svið. Þessi tvö atriði eru kjarni málsins og um þetta liggja núna fyrir ákveðnar tillögur. Það er verið að ræða þær, reyna að samræma sjónarmiðin á milli ráðuneytanna sem hér hefur verið minnst á.

Fullvinnsla kjötafurða, fsp. 184. mál (þskj. 203). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 203 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um fullvinnslu kjötafurða.

Eins og hæstv. landbrh. er fullljóst hefur nú um nokkurn tíma verið um töluvert atvinnuleysi að ræða í kjördæmi hans á Suðurlandi. Þar hafa sveitarstjórnarmenn og aðrir þeir sem með atvinnumál hafa að gera lagt á sig mikla vinnu við leit að nýjum atvinnutækifærum til handa þeim 150—170 nýliðum sem koma á ári hverju á vinnumarkaðinn í Suðurlandskjördæmi og þeim sem nú þegar ganga atvinnulausir. Þetta starf hefur nú þegar skilað árangri og þó nokkur ný iðnaðarfyrirtæki verið sett á stofn og önnur í sjónmáli. En það dugar þó hvergi til.

Á Selfossi er ástandið hvað verst. Óvíða á landinu er jafnviðvarandi atvinnuleysi og þar. Skráðir atvinnuleysisdagar eru á árinu 1984: í janúar 1693, febrúar 1551, mars 1289, apríl 908, maí 1231, júní 1034, júlí 1127, ágúst 907, svo koma tveir góðir mánuðir, september — október, þar eru aðeins 340 atvinnuleysisdagar í september og 275 í október, en í nóvember hækkar það aftur í 681. Um desember voru ekki komnar tölur, en þar voru yfir 1200 atvinnuleysisdagar 1983.

Aðeins á haustmánuðum, í september og október, eru atvinnuleysisdagar færri en aðra mánuði ársins. Þá

starfar sláturhús Sláturfélags Suðurlands af fullum krafti og veitir fjölda Selfyssinga og öðrum þeim, sem í nágrenni Selfoss búa, atvinnu. En þegar slátrun og fyrsta frágangi kjöts er lokið er það sett á bíla og keyrt til Reykjavíkur. Og þarna, hæstv. ráðh., liggur ástæðan fyrir því að ég ber upp þessar spurningar. Meðan leitað er nýrra atvinnutækifæra innlendis og stórum fjármunum eytt í erlend ráðgjafarfyrirtæki í von um að hafa upp úr krafsinu atvinnu til handa þeim sem nú ganga atvinnulausir, þá horfum við á atvinnuna keyrða í burtu úr kjördæminu í formi kjötskrokka. En þó tekur út yfir allt þegar þær fréttir berast að nú ætli Sláturfélag Suðurlands, sem er samtök bænda, að ⅘ frá Suðurlandi, að hefja byggingu nýrrar kjötvinnslustöðvar hér í Reykjavík. Og það er sko engin smábygging, slagar hátt í Seðlabankahúsið, höll sem er 97886 rúmmetrar að stærð og á að hýsa kjötvinnslu, geymslu og skrifstofu Sláturfélagsins.

Bygging hallarinnar hlýtur að kosta á núgildandi verðlagi einhvers staðar á bilinu 100—150 millj. kr. Það þarf engum að segja, og allra síst hæstv. ráðh., hvaðan þetta fjármagn kemur. Ég trúi því tæplega að bændur á Suðurlandi séu hlynntir því að þeir peningar, sem þeir fá fyrir afurðir sínar seint og um síðir, séu notaðir til byggingar slíkrar hallar sem hér um ræðir. Ég trúi því að þeir vildu heldur leggja lið sitt atvinnumálum á Suðurlandi með því að færa fullvinnslu afurðanna heim á framleiðslusvæðið.

Herra forseti. Hæstv. landbrh. er áreiðanlega fullljóst að við búum ekki það vel á Suðurlandi að við getum keyrt atvinnuna í burtu. Það væri því fróðlegt að vita hvað hann hyggst gera í þessum málum, bæði fyrir nefnt svæði og önnur landbúnaðarsvæði á landinu, og þó ég fái ekki hér svör við fyrstu spurningunni, sem er hversu mörg tonn af óunnu kjöti eru flutt frá Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til vinnslu í Reykjavík, þá vitum við bæði að þar er um gífurlegt magn að ræða og ef miðað er við tímann sem það hefur tekið að safna saman þessum umbeðnu tölum sjáum við hvað þær eru háar. Þá vil ég gjarnan fá svör við annarri spurningunni sem er ekki síður mikilvæg: Hefur rn. einhverjar áætlanir um að stuðla að frekari fullvinnslu þessara afurða í áðurnefndum landbúnaðarhéruðum eða færa úrvinnslu landbúnaðarafurða í auknum mæli út til framleiðslusvæðanna?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég hef áður rætt hér í dag um 1. lið þessarar fsp. á þskj. 203, en vil þá víkja að síðari liðnum: „Hefur rn. einhverjar áætlanir um að stuðla að frekari fullvinnslu þessara afurða í áðurnefndum landbúnaðarhéruðum eða að færa úrvinnslu landbúnaðarafurða í auknum mæli út til framleiðslusvæðanna?“

Nokkur vinnsla á kjöti hefur farið fram á Suðurlandi um alllangt skeið og sú vinnsla hefur farið vaxandi á síðustu árum, eins og hv. fyrirspyrjanda mun vafalaust vera kunnugt um. En hvað snertir staðsetningu þessarar vinnslu er það tvennt sem hlýtur vitanlega að skipta mestu máli, þ. e. gæði vörunnar þegar hún kemur á borð neytenda og kostnaður við vinnsluna.

Það er sameiginlegt hagsmunamál framleiðenda og neytenda að halda kostnaði í lágmarki og haga þessari starfsemi þannig að svo geti orðið, enda höfum við heyrt allmiklar umræður um að þarna þurfi sem best að standa að verki. En það er vart á færi annarra en viðkomandi fyrirtækja að meta hvernig rekstri þeirra verður þannig hagað að sem hagkvæmast sé. Það er áreiðanlega ekki á valdi landbrn. að gefa fyrirtækjum beinar fyrirskipanir um hvernig þar skuli að verki staðið.

Það er ýmislegt sem stuðlar að því að fjarlægðir ættu að skipta minna máli. Samgöngur batna ört þó að við búum við þröskuld nokkurn milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins, aðalmarkaðssvæðisins, að vetri til. Einnig ættu aðrar tækniframfarir að auðvelda flutning á fullunninni vöru. Og þar er komið atriði sem landbrn. reynir að ýta á að unnið sé að, þ. e. matvælarannsóknir sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, m. a. með stuðningi frá Kelloggs-stofnuninni í Bandaríkjunum. Hér var nýlega á ferðinni fulltrúi frá þeirri stofnun til að kynna sér hvernig þar hefði verið að verki staðið og lét hann í ljós sérstaka ánægju sína yfir því.

Að sjálfsögðu er það vilji minn eins og annarra Sunnlendinga að sem mest úrvinnsla fari fram á Suðurlandi ef það verður ekki um of á kostnað þeirra atriða sem ég nefndi hér áðan og þá sérstaklega tilkostnaðarins. Ég mun gera það sem í valdi rn. er til að stuðla að þessu, en eins og ég sagði áðan hefur það ekki beint vald til að gefa sjálfstæðum fyrirtækjum fyrirmæli um slíkt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Málflutningur og framkoma hæstv. landbrh. út af þessari litlu fsp. er með endemum. Í nóvember er fsp. lögð fyrir hann. Fyrri fsp. er: Hversu mörg tonn af óunnu kjöti eru flutt frá Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til vinnslu í Reykjavík? Mér skilst að allt landbrn. sé á öðrum endanum síðan í nóv. til að reyna að afla þessara upplýsinga. Ég er nú ekki starfsmaður landbrn., en ég skyldi afla þessara upplýsinga fyrir hæstv. landbrh. á hálftíma. Þetta er einfalt símtal. Hvað hefur mörgu fé verið slátrað? Hver er meðalþyngd? Gróft svar. Kannske þekkir landbrh. indælan mann sem heitir Gunnar Guðbjartsson og er formaður Framleiðsluráðs. Þetta eru þrjú símtöl og reyndar ekki nema eitt. Það er enginn vandi að fá þessar upplýsingar á hálftíma.

Hæstv. landbrh. leyfir sér að færast undan að svara þessu viku eftir viku þótt hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sé að víkja af þingi og verði sennilega ekki nema í hæsta lagi þessa viku. Þó að það hafi verið gerð aths. við þingsköp út af þessum vinnubrögðum ráðh. kemur hann hér í lok janúar og upplýsir að hann hafi ekki getað, því miður, fengið þessar upplýsingar.

Það sem verið er að forðast er að verulegar umr. verði hér um að Sláturfélag Suðurlands er að hefja byggingu á einni stærstu höll í Reykjavík. Fyrirspyrjandi fer varlega í sakirnar. Hann talar um 100—150 millj. Það var nú sumarverð, eins og þeir segja á sláturhúsamáli, eða haustverð. Þetta hefur hækkað síðan. Þetta eru á milli 100 og 200 millj. Þetta er stór höll, upp á 100 þús. rúmmetra. Það má vera að það séu einhverjar greinir um það hvort hægt sé að vinna kjöt í Reykjavík eða á Selfossi, en meginþorra þessa kjöts er mjög auðvelt að vinna á Selfossi og aka eftir steyptum vegi til Reykjavíkur. Það getur verið að einhverjar vörur verði að vinna hér en meginþorrann er hægt að

vinna þarna. Ef vefengt er það sem sagt er um þessa höll, þá er Sláturfélagið búið að greiða á aðra milljón í byggingargjald til Reykjavíkurborgar. Það er hægt að fá teikninguna. Það hafa sennilega allir séð hana nema hæstv. landbrh.

Hæstv. landbrh. segir að þetta sé ekki á færi landbrh. Það er aðeins verið að spyrja um hvort rn. hafi gert einhverjar áætlanir, hvort það ætli á einhvern hátt að stuðla að. Það kemur ekkert fram um það. Það er sama þokukennda móðan og þegar hann getur ekki aflað upplýsinga um hvað það hafi mörgu fé verið slátrað á Suðurlandi.

(Forseti hringir.) Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil fyrir hönd Reykjavíkurkjördæmis færa Sláturfélagi Suðurlands og landbrh. þakkir fyrir að hugsa vel um atvinnumál þess með aðgerðarleysi sínu í máli þessu.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér hér þó að þau segðu mér raunar lítið fram yfir það sem hann áður hefur sagt. Ég hélt að málið hefði e. t. v. verið tekið eitthvað til umr. í rn. sjálfu þannig að það lægju fyrir einhver svör þaðan en ekki eingöngu hans persónulega skoðun á þessu.

Í fyrsta lagi tekur ráðh. fram að það sem skiptir máli séu gæði vörunnar þegar hún kemur á borð neytenda. Ég er sannfærð um að gæði vörunnar þegar hún kemur á borð neytenda verða ekkert lakari þó að varan væri unnin á Selfossi í stað þess að hún sé unnin hér í Reykjavík.

Í öðru lagi var það kostnaðurinn. Þar er eflaust dálítill munur, en það eru ekki sömu rök nú og áður voru þegar þessi vinnsla var sett niður hér í Reykjavík. Við búum við allt annað vegakerfi í dag og eins og ráðh. nefndi sjálfur hafa tækniframfarir í flutningi matvæla orðið til þess að þarna er ekki sá munur sem áður var.

Ég skora á ráðh. að skoða tölur um atvinnuleysi í Suðurlandskjördæmi núna og gera þarna verulegt átak á meðan hann hefur tækifæri til.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég vil taka undir fsp. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um þetta mál og þakka henni fyrir að vekja máls á fullvinnslu kjötafurða í héraði. Ég harma að ráðh. skyldi ekki geta lagt meira til málsins en kom fram áðan.

Það ber að þakka að Sláturfélag Suðurlands hefur flutt verulega aukna kjötvinnslu til Suðurlands frá því sem var, en það vantar að gera mikið meira í þessum efnum og dugar ekki að flytja kjötiðnaðinn í stórauknum mæli í nýja stórbyggingu í Reykjavík. Þess í stað á að byggja austan fjalls.

Sem betur fer eru fleiri aðilar á Suðurlandi með kjötvinnslu en Sláturfélag Suðurlands. Það eru bæði Kaupfélagið Höfn á Selfossi og einnig fer fram veruleg kjötvinnsla á Hellu, í Þykkvabæ og Vík. Þar er um að ræða minni fyrirtæki en Sláturfélag Suðurlands. En það er meginmál og hv. þm. hefur hér vakið athygli á því, að *við búum við atvinnuleysi á Suðurlandi og það er ekki* vert að magna það með því að flytja atvinnuna í burtu. Það er hægt að stórauka kjötvinnslu heima fyrir og það verður að gera þá kröfu til fyrirtækjanna á Suðurlandi að þau standi að því að efla atvinnuna þar en flytji hana ekki í burtu.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Úr því að hv. 7. þm. Reykv. hefur nú brotið ísinn og blandað sér í umr. hv. þm. Suðurl. ætla ég að fylgja hans góða fordæmi.

Mér finnst vera hreyft við merkilegu máli sem ekki varðar aðeins Suðurl. heldur allt landið. Ég hef lengi velt því fyrir mér og reynt að beita mér fyrir því, þar sem ég hef haft aðstöðu til að tala fyrir þeim sjónarmiðum, að flytja almennt séð úrvinnslu afurða út á framleiðslusvæðin og þá ekki bara í landbúnaði heldur í sjávarútvegi einnig. Ég held að það séu ýmsir kostir því samfara að úrvinnslan tengist framleiðslunni og sé á sama stað. Sem dæmi má nefna að í sjávarútvegi og landbúnaði er byggt húsnæði yfir framleiðsluna, annaðhvort fiskvinnsluna eða þá slátrunina. Nýting á slíku húsnæði gæti stórbatnað, ekki síst á sláturhúsunum, ef menn byggðu þar almennt upp kjötvinnslu.

Vegna þeirra ummæla sem hér féllu um flutningskostnað verð ég að koma því að sem gamall bóndi að ég hef aldrei heyrt getið um að kynbætur hafi náð lengra en svo að bein væru a. m. k. hátt í helmingur af fallþunga dilka, þ. e. af skrokkþyngdinni. Það hlýtur því að vera stór spurning hvort flutningskostnaður á beinunum suður til Reykjavíkur verður meiri en flutningskostnaðurinn á umbúðunum utan um 99% kjöt, sem í flestum tilfellum er innan í umbúðum á fullunninni vöru. Ég held því að það þurfi að reikna þetta dæmi aðeins betur út. Þegar þeir hafa tíma til þess þarna í landbrn., verða búnir að telja skrokkana, þá mælist ég til þess að þeir setjist niður og athugi hvort það sé ekki dálítið hæpin hagfræði að flytja beinin á milli landshluta.

Ég vil nefna það sem dæmi að Ný-Sjálendingar, sem e. t. v. hafa náð manna lengst í framleiðslu á kjöti og hagkvæmni í þeim greinum, senda yfirleitt ekki einn einasta skrokk óðruvísi en buskaðan út úr sínum húsum. Það þekkist ekki þar að flytja bein á milli landshluta, hvað þá á milli heimsálfa.

Það er líka annað sem mundi skila sér í því, að mínu mati, að dreifa úrvinnslunni sem víðast út um landið. Þá yrði meiri fjölbreytni. Þá fengjum við ekta Hólsfjallahangikjöt o. s. frv., svo að menn skilji hvað ég er að fara.

Nú hef ég lokið mínum ræðutíma og ætla að enda þetta með nýjársóskum til þeirra í landbrn., að þeir skoði þessi mál þegar þeir hafa lokið talningu skrokka.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það eru skrýtnar umr. sem hér hafa farið fram.

Ég vil benda á það í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. að ég minntist ekki einu orði á flutningskostnað, heldur er það heildarkostnaður og hagkvæmni í sambandi við þessa vinnslu sem skiptir máli. Því miður er því haldið fram af sérfræðingum að það skipti verulegu máli hvar vinnslustöðvarnar eru staðsettar. Það hefur verið þannig hingað til a. m. k. En ég benti á það í máli mínu að aðstæðurnar væru að breytast.

Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir áhuga hans á *atvinnumálum okkar Sunnlendinga*. Ég tel það vissulega mikils virði að fá hans stuðning. Hins vegar sýndi hans ræða, því miður, að hann hafði ekki einu sinni lesið þessa fsp. Hann sagði að það mundi vera auðvelt að fá upplýsingar um hve mörgu hefði verið slátrað á Suðurlandi og það er vissulega alveg rétt, það hefði

verið auðvelt. En það var ekki spurt um það. Þess vegna virðist það atriði í málflutningi hv. 7. þm. Reykv. vera á misskilningi byggt.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 29. jan., að loknum 40. fundi.

Fjármögnun krabbameinslækningadeildar, þáltill. 104. mál (þskj. 108). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 157. mál (þskj. 162). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 62. mál (þskj. 62). — Ein umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 62 hef ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur borið fram till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanns, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn, sem nú falla undir kjarasamning ríkisins og BSRB, njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður."

Í grg. með till. segir, með leyfi forseta:

„Tillagan miðar að því að hið opinbera sem atvinnurekandi meti til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Hún felur í sér að þeir sem hafa haft ólaunuð heimilisstörf að aðalstarfi njóti sama réttar til starfsaldurshækkana og þeir sem fengið hafa starfsreynslu sína við launuð störf hjá hinu opinbera ráðist þeir sem heimilisstörf hafa stundað til launaðra starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Tillagan tekur einnig til þeirra opinberra starfsmanna sem rétt ættu til starfsaldurshækkana skv. till. en hafa ekki þegar notið fullra starfsaldurshækkana.

Í aðalkjarasamningi ríkisins og BSRB eru nú ákvæði um starfsaldurshækkanir á þann veg að til fulls starfsaldurs teljist sá tími sem starfsmaður hefur tekið laun skv. launakerfi opinberra starfsmanna og unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé. Það er einnig ljóst af samningum að ráðist húsmóðir án starfsreynslu til starfa hjá hinu opinbera tekur það hana fimm ár að ná þriðja launaþrepi þess launaflokks sem hún tekur laun skv. nema hún sé 32 ára eða eldri þegar hún hefur störf hjá hinu opinbera.

Tillagan miðar að því að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hið opinbera meti jafngilda starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf og þá reynslu sem störf á vegum hins opinbera veita til starfsaldurshækkana. Í till. er því gert ráð fyrir að hið opinbera viðurkenni starfsreynslu við heimilisstörf án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera. Það skal einnig tekið fram að starfsmaður telst hafa heimilisstörf sem aðalstarf á meðan hún eða hann gegnir ekki hálfu starfi eða meira úti á vinnumarkaðinum.

Í heimilisstörfum felst margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðinum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna, en það eru þeir þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðinum. Í annan stað sæta þeir sem inna af hendi ólaunuð heimilisstörf stórlega skertum ævitekjum miðað við þá sem geta óhindrað gegnt launuðum störfum alla starfsævi sína. Í þessu er m. a. fólgin efnahagsleg mismunun kynjanna, en í langflestum tilvikum eru ólaunuð heimilisstörf unnin af konum. Það kemur þó vitaskuld ekki í veg fyrir að karlar, sem sinna ólaunuðum heimilisstörfum sem aðalstarfi, njóti þeirra réttinda sem tillagan kveður á um.

Ekki liggja fyrir neinar tölur sem sýna fram á hversu þjóðhagslega mikilvæg heimilisstörf eru. Fæstum blandast þó hugur um að heimilisstörf eru ekki síður mikilvæg en önnur störf sem unnin eru í þjóðfélaginu. Till. er því réttlætismál og gefur tilefni til að sýna í verki, þó í litlu sé, að ríkið meti í raun einhvers þjóðhagslegt mikilvægi ólaunaðs vinnuframlags kvenna."

Virðulegi forseti. Kjaramál opinberra starfsmanna voru ofarlega á baugi á s. l. hausti. Í þeim kjarasamningum, sem BSRB og ríkið gerðu þá, náðist því miður ekki leiðrétting á því kynbundna launamisrétti sem viðgengst í þessum hópi launafólks rétt eins og annars staðar á vinnumarkaðinum. Ef við skoðum aðeins skiptingu kvenna og karla í launaflokka hjá hinu opinbera, þá voru í janúar 1983 2429 konur og 1567 karlar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þar af voru 2017 konur eða um 90% þeirra í 15. launaflokki eða neðar á meðan aðeins 870 karlar, eða um helmingur karlanna, voru í þessum launaflokkum. Þessar tölur eru framreiknaðar miðað við heil stöðugildi.

Í janúar 1984 voru 1451 kona og 845 karlar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Þar af voru 1227 konur eða 84% þeirra í 16. launaflokki eða neðar á meðan aðeins 57% karlanna voru í þessum launaflokkum. Konurnar eru sem sagt í miklum meiri hluta í lægstu launaflokkunum og er þessi kynbundna skipting í launaflokka vísast ekki eðlileg miðað við vinnuframlag, starfsreynslu og gildi starfa þeirra sem í hlut eiga. En þótt skiptingin sé ekki eðlileg á hún sér skýringar. Vil ég hér aðeins nefna tvær meginskýringar þótt fleiri megi tína til.

Í fyrsta lagi eru þau störf sem konurnar inna af hendi, svo sem fósturstörf og matseld svo að dæmi séu tekin, metin lægra til launa en störf karlanna og því skipa konurnar lægri launaflokkana. Á síðasta þingi var flutt frv. til l. um endurmat á störfum láglaunahópa, sem

tekur beint á þessum þætti málsins. Frv. fékk ekki afgreiðslu fyrir þinglausnir. Þetta frv. hefur nú verið endurflutt á þessu þingi og tel ég ákaflega brýnt að það nái fram að ganga sem fyrst svo að hægt verði að taka á starfsendurmatsmálum í heild sinni eins og eðlilegast er.

Sú þáltill. sem ég er hér að mæla fyrir tekur ekki til starfsendurmats í heild, en tengist því þó þar sem í henni er lagt til að heimilisstörf verði metin sem störf og að þeir sem þau inna af hendi fái þau metin sem starfsreynslu ef viðkomandi ræður sig til starfa hjá hinu opinbera.

Önnur meginskýring þess að konur skipa í miklum meiri hluta lægstu launaflokkana hjá hinu opinbera jafnt sem annars staðar er sú, að starfsævi kvenna úti á vinnumarkaðinum er að jafnaði styttri en karla þar sem þær eru venjulega bundnar börnum og heimilishaldi einhvern hluta ævinnar og geta ekki sinnt störfum úti á vinnumarkaðinum í jafnmiklum mæli og karlar. Af þessu leiðir að starfsaldur þeirra á vinnumarkaðinum er styttri en karla og launin því einnig lægri þess vegna. Jafnframt þýðir þetta að konur geta síður beitt sér úti á vinnumarkaðinum og unnið sig upp í launum þótt hugur standi til. Á þessum þætti málsins tekur sú þáltill. sem ég er hér að mæla fyrir beint þar sem í henni felst að sá tími ævinnar sem konur verja fyrst og fremst til heimilisstarfa nýtist þeim til starfsaldurshækkana ef þær ráða sig til starfa hjá hinu opinbera. Starfsævi þeirra í heild er þá metin, en ekki aðeins sá hluti hennar sem þær verja í launuðum störfum úti á vinnumarkaðinum. Till. er því í rauninni tvíþætt. Annars vegar felur hún í sér að heimilisstörfin séu metin eins og hvert annað starf. Hins vegar að starfsævi þeirra sem um ræðir sé metin í heild, en ekki aðeins hluti hennar eins og nú er.

Það skal tekið fram að þótt konur séu mikill meiri hluti þeirra sem stunda heimilisstörf sem aðalstarf, þá ná þau réttindi sem till. kveður á um vitaskuld einnig til þeirra karla sem það gera. Það skal einnig tekið fram að þó að réttindi þau sem till. kveður á um nái aðeins til opinberra starfsmanna, af þeirri einföldu ástæðu að ríkið er viðsemjandi þeirra en ekki annars launafólks, er það von flm. að samþykkt þessarar till. komi einnig til með að koma öðru launafólki til góða, að önnur samtök launafólks geti á grundvelli till., yrði hún samþykkt, samið um sambærileg réttindi sér til handa.

Þess ber einnig að geta að það fyrirkomulag við starfsmat, sem till. kveður á um, hefur sums staðar þegar verið tekið upp að einhverju leyti. T. d. gerði bæjarstjórn Akureyrar eftirfarandi bókun á fundi sínum 20. júní 1984, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær gert eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkir að frá og með 19. júní 1984 skuli starfsreynsla heimavinnandi húsmóður í tvö ár eða meira metin til starfsaldurshækkunar í allt að fjögur ár við nýráðningar í Akureyrarbæ. Bæjarstjórn felur kjaranefnd að móta nánari tillögur í þessu máli og leggja fyrir bæjarráð."

Svo að annað dæmi sé tekið, þá er í gildandi kjarasamningum Kópavogskaupstaðar og Starfsmannafélags Kópavogskaupstaðar svohljóðandi sérákvæði og er það 27. gr. samningsins:

„Starfsmaður, sem haft hefur heimilisstörf sem aðalstarf minnst fjögur ár, fái þau metin til starfsaldurs."

Þá er þar til að taka að við gerð sérkjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana, sem undirritaður var 8. des. s. l., var samþykkt að meta til starfsaldurs öll almenn störf, þar með talin heimilisstörf, til starfa sem raðað er í 6.—8. launaflokk. Hér er, eins og í hinum dæmunum sem ég nefndi, kominn vísir að þeirri tilhögun við starfsmat sem þessi þáltill. kveður á um, nema hvað öll dæmin sem ég hef hér nefnt ganga mun skemmra í þá átt að meta heimilisstörf til starfsreynslu en gert er ráð fyrir í till.

Fleiri dæmi um samningsákvæði í þessa veru eru fyrir hendi bæði hjá opinberum starfsmönnum og hjá öðru launafólki. Miðar þessi þáltill. því einnig að því að ákvæði þessi verði samræmd hvað opinbera starfsmenn varðar, færð til sanngjarnara horfs og að allir hópar opinberra starfsmanna njóti þessara réttinda.

Herra forseti. Fæstum blandast hugur um mikilvægi heimilis- og uppeldisstarfa og gildi þeirra fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og fyrir þjóðarbúið í heild. Hér er um störf að ræða sem sennilega verða seint að fullu metin til fjár. Sú verðmætasköpun, sem fram fer á heimilum landsins, er einfaldlega ómetanleg. Að meta heimilisstörf til jafns við önnur störf, hver svo sem þau eru, eins og till. kveður á um er að mínu viti lágmarksmat á heimilisstörfum hverju sinni. Því má heldur ekki gleyma að heimavinnandi fólk sparar ríki og sveitarfélögum ótæpilega fjármuni á ári hverju og einnig þess vegna er það réttlætismál að þessir sömu aðilar meti þessi störf einhvers þegar þetta fólk ræður sig til starfa hjá ríki og bæ.

Að öllu samanlögðu er hér um réttlætismál að ræða, réttlæti í garð þeirra sem eru meðal þeirra réttindaminnstu í þessu þjóðfélagi. Framlagning þessarar till. gefur tilefni til að sýna í verki, þótt í litlu sé, að við metum einhvers það vinnuframlag sem innt er af hendi launalaust á heimilum landsins.

Herra forseti. Að loknum fyrri hluta þessarar umr. óska ég eftir að till. verði vísað til hv. allshn. Sþ.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Mér finnst nú nógu lítill sómi okkar karla hér á Alþingi, sem birtist í viðverunni, meðan þessu merkilega máli var hér hreyft og fyrir því mælt þó að við látum það nú ekki alveg fram hjá okkur fara. A. m. k. vil ég koma hér upp og taka undir það, þó ekki verði nema í almennum orðum, sem hér er flutt. Hér er auðvitað um að ræða anga af miklu stærra máli, eins og flm. reyndar vék að, þar sem er almennt mat á þeim þýðingarmiklu störfum sem unnin eru innan veggja heimilisins við almenn heimilisstörf, umönnun barna og því um líkt.

Ég tel það eðlilegt, eins og reyndar flm. till. hljóta að gera með því að flytja málið með þessum hætti, að hið opinbera móti hér stefnuna og gangi þannig frá málum við það fólk, sem hjá því starfar, að líta megi á það sem fordæmi. Væntanlega léttir það þá róðurinn hjá öðrum, sem vinna úti á hinum almenna vinnumarkaði, að ná fram rétti sínum í þessum efnum.

Það er út af fyrir sig nokkur skaði að hæstv. fjmrh., sem hér ætti að eiga hlut að máli sem viðsemjandi opinberra starfsmanna, skuli vera fjarstaddur. En mikil stoð er í því að hér er hæstv. félmrh. sem einnig tengist réttindamálum launþega á ýmsa vegu með störfum í sínu rn. Ég held að ástæða sé til að ætla að ef slík ákvæði næðust inn í samninga opinberra starfsmanna og hins opinbera, eins og hér er gerð till. um, þá yrði það

tiltölulega létt verk að ná hliðstæðum ákvæðum á hinum almenna launamarkaði í komandi kjarasamningum. Eðlilegast væri þó að mínu mati að einhver rammi um þessi réttindi yrði markaður með lögum. Kannske verður það í framtíðinni ef áfangasigrar nást með þessum hætti.

Ég vil svo, herra forseti, aðeins lýsa almennum stuðningi mínum við þessa till. og harma það hversu fáir eru hér til að hlusta á málflutninginn eða þá að veita till. stuðning með öðrum hætti.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hlustaði af athygli á framsögu hv. flm. með þessari till. og vil nota tækifærið til að lýsa því yfir að ég er algerlega sammála því sem fram kemur á þskj. 62 og eins því sem fram kom hjá hv. flm. er hún talaði hér fyrir þessu máli. Hér er um réttlætismál að ræða eins og svo mörg önnur á þessu sviði, sem Alþingi hefur því miður ekki borið gæfu til á undanförnum árum að leiða fram á réttan hátt, þannig að heimilisstörf, ekki síst störf húsmæðra hér á landi, væru rétt metin á flestum sviðum eins og efni hefðu átt að standa til.

Það ætti í raun og veru ekki að þurfa að minna á ýmislegt í þessu máli. Ég verð hins vegar að játa að ég hef orðið fyrir vissum vonbrigðum í umræðum um þessi mál á undanförnum árum. Ég minnist þess, þegar ég var í þeim sporum árið 1980 að reyna að vekja athygli á óréttlæti gagnvart húsmæðrum hér á landi í sambandi við fæðingarorlof o. fl., hvað óvænt komu fram þær skoðanir hér á þingi að þeirra staða væri það góð og örugg í faðmi heimilisins að raunverulega þyrfti ekki að taka tillit til þeirra í almennri löggjöf. Svo væri sérstaða þeirra á mörgum sviðum. Þetta kom úr ólíklegustu átt og ég varð svolítið undrandi á þeim umræðum. En sem betur fer hefur orðið breyting á í okkar þjóðfélagi hvað þetta snertir, hvort sem hægt er að þakka það jafnréttisbaráttu eða því að framganga kvenna hefur aukist almennt í umræðum hér á landi. Ég skal ekki dæma um það. En hér er um að ræða mál, sem þarf að vinna skipulega að svo að rettlætið nái fram að ganga og þetta er einn þáttur þess.

Ég vil lýsa því yfir um leið og ég vísa til þess sem ég hef áður flutt hér á Alþingi í sambandi við fjölskyldumál og fjölskylduvernd að ég er fyllilega sammála því og hef áhuga fyrir því að mat á heimilisstörfum og ekki síst staða heimavinnandi húsmæðra verði tryggð í löggjöf. Það komi að því að heimilisstörfin séu metin ekki aðeins í lægsta flokki heldur í hæsta flokki þegar fjallað er um gildi starfa almennt í þjóðfélaginu og ekki hvað síst í sambandi við uppeldismál okkar þjóðar. Þess vegna tek ég heils hugar undir þessa þáltill. og málflutning hv. flm.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími Sigfússyni, sem harmaði það hversu fáir þm. sætu hér undir þessum umr. Það hafa verið hér auk þm. Kvennalistans allt frá einum og upp í þrjá þm. mestan hluta umræðunnar og svo ráðherra auk tveggja embættismanna þingsins. En mig langaði í stuttu máli, því að efnisleg umr. hefur áður farið fram af hálfu flm. þessarar till., að lesa fyrir ykkur auglýsingu. Á vinnustöðum hanga oft uppi hnyttilegar og skondnar tilkynningar, yfirlýsingar eða auglýsingar. Oftast er þetta trúlega gert að gamni sínu, en þó ekki síður hygg ég vegna þess, að í þeim leynast sannleikskorn sem skipta máli.

Fyrir nokkrum dögum rakst ég á auglýsingu sem fest var upp á vegg á vinnustað þar sem ég átti leið um. Þótti mér hún full af slíkum sannleikskornum. Hún hafði að vísu yfirskriftina „Óbirt auglýsing", en því ætla ég að lesa hana hér að hún lýsir að nokkru því starfi sem hér er lagt til að verði metið til starfsreynslu eins og önnur:

„Óbirt auglýsing.

Starfskraftur óskast til þess að líta eftir fullorðnum manni, börnum og skemmtilegu heimili.

Umsækjandi verður að vera 100% áreiðanlegur, hraustur og fús til að gefa hug og hjarta í starfið. Umsækjandi verður að vera ljúfur, ástríkur, kátur, þolinmóður, hafa tilslökunarhæfileika og mikla kímnigáfu. Góð heilsa og mikið líkamsþol afar æskilegt. Hæfur umsækjandi verður í byrjun starfsferils síns að geta rækt starfið óaðfinnanlega þrátt fyrir truflun á nætursvefni. Skipulagshæfileikar eru nauðsynlegir en ekki samt höfuðatriði. Eðlisþættir eða góðir eiginleikar eru miklu þýðingarmeiri en hæfileikar á sérsviðum.

Vinnutími verður 24 klukkustundir á hverjum sólarhring, 7 daga vikunnar, 52 vikur ársins. Vinnutími styttist með árunum, en ábyrgð og skuldbindingar haldast til dauðadags. Frítími verður óviss. Veikindafrí nánast engin. Engin eftirlaun. Álit eða mannvirðing lítilfjörleg.

Fyrir réttan starfskraft verður umbun stórkostleg, en þó óáþreifanleg. Laun eða þóknun engin."

Hve margir ykkar, hv. alþm., og ég harma það hversu fáir eru hér inni nú, mundu vilja sækja um slíkt starf ef það yrði auglýst? Og hve margir mundu sætta sig við það að fá ekki slíka reynslu, sem starfið gefur, metna sem starfsreynslu á almennum vinnumarkaði?

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og tekið undir efni þessarar till. Ég þakka hæstv. félmrh. sérstaklega fyrir undirtektir hans. Það gleður mig að heyra að hann skuli setja heimilisstörf í hæsta flokk þegar verið er að meta störf. Þar eigum við hæstv. félmrh. greinilega samleið.

Ég vil að lokum láta í ljós þá ósk mína að hv. allshn. hraði afgreiðslu þessarar till. þannig að hún megi koma til framkvæmda áður en mjög langt um líður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umhverfismál og náttúruvernd, þáltill. 118. mál (þskj. 122). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Helgi Seljan, Steingrímur J. Sigfússon og Svavar Gestsson.

Mér þætti vænt um það, herra forseti, af því að ég sé nú enga hæstv. ráðh. hér í sal, ef einhver þeirra væri hér í húsinu og gæti verið viðstaddur, t. d. hæstv. félmrh., sem ég sá hér í þingsal ekki fyrir löngu síðan, þar sem hluti þeirra mála sem till. þessi varðar heyrir undir hans rn. og um þau hefur verið fjallað á undanförnum árum

á vegum félmrn. þó að ýmis fleiri rn. komi þar við sögu.

Efni þessarar þáltill. sem við fjórir þm. Alþb. flytjum er svofellt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá til þess að undirbúin verði og framkvæmd eftirfarandi atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd:

1. Í tengslum við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar sameinuð í einu rn. ekki síðar en í árslok 1985.

2. Undirbúin verði löggjöf um umhverfismál sem sérstaklega tæki til mengunarvarna á landi, í sjó og í lofti, svo og framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun frá frárennsli og verksmiðjum.

3. Endurskoðuð verði lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, m. a. til samræmis við nýja löggjöf um mengunarvarnir (skv. 2. lið) og breytta yfirstjórn umhverfismála (skv. 1. lið).

4. Lagt verði fyrir yfirstandandi Alþingi frv. til nýrra laga um náttúruvernd sem undirbúið hefur verið á vegum Náttúruverndarráðs og stjórnvalda.

5. Gripið verði til samræmdra aðgerða til verndar gróðri með friðun og hóflegri nýtingu eftir því sem við á og komið á virkri stjórn og eftirliti í þessu skyni. Næsta landgræðsluáætlun (1986—1990) verði mótuð með hliðsjón af slíku endurmati og nýjum viðhorfum.

6. Auknar verði rannsóknir á dýrastofnum á landi og í sjó við Ísland og tryggt að við nýtingu þeirra og verndun sé tekið mið af vistfræðilegum sjónarmiðum.

7. Gert verði átak í skipulagsmálum með lagabótum og með langtímasjónarmið í huga og tekið tillit til þess að landið allt er skipulagsskylt. Bætt verði hið fyrsta úr vöntun á kortum og öðrum grunnforsendum svo að unnt sé að koma við nútímalegum vinnuaðferðum við undirbúning og gerð skipulagstillagna.

8. Náttúruverndarráð undirbúi í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar.

9. Mótuð verði opinber stefna í ferðamálum sem feli í sér nauðsynlegar verndaraðgerðir fyrir náttúru landsins með tilliti til breyttra samgönguhátta og aukins ferðamannastraums.

10. Aukin verði fræðsla um íslenska náttúru, umhverfisvernd og auðlindir í fjölmiðlum og skólum, m. a. með því að nýta söfn, friðlýst svæði og náttúrulegt umhverfi við þéttbýli með skipulegum hætti í þessu augnamiði.

Ríkisstj. láti gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun til næstu 10 ára um æskilegar úrbætur skv. ofangreindu og leggi hana fyrir næsta reglulegt Alþingi til að auðvelda stefnumörkun og fjáröflun í þessu skyni."

Þetta er efni þessarar þáltill. en með henni fylgir grg. þar sem almennt er vikið að þessum málum og einstökum þáttum sem þáltill. vísar til. Ég ætla ekki að taka tíma hv. þd. til þess að fjalla í ítarlegu máli um þá alla, svo sem vert væri þó að gert yrði, en leyfi mér þó að vitna til upphafs grg. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eftir mikla vakningu í umhverfismálum um 1970 og fram eftir síðasta áratug, sem m. a. birtist í lagabótum, margefldum umsvifum Náttúruverndarráðs og þróttmiklu starfi áhugafélaga um náttúruvernd, hafa umhverfis- og náttúruverndarmál lent í öldudal. Má segja að nú ríki ládeyða á þessu sviði miðað við það sem var fyrir nokkrum árum.

Að mati flm. stafar þessi öfugþróun m. a. af því að ekki hefur verið komið á nauðsynlegum endurbótum í stjórnkerfinu varðandi umhverfismál með því að sameina í einu ráðuneyti málaflokka á þessu sviði. Þannig er ábyrgð í umhverfismálum og náttúruvernd nú dreift á flest ráðuneyti og enginn einn ráðh. er öðrum fremur talsmaður umhverfismála. Nauðsynlegar lagabætur í mikilvægum málaflokkum hafa dregist úr hömlu og fjárveitingar til framkvæmda og eftirlits á grundvelli gildandi laga og reglugerða verið alls ónógar.

Í þáltill. þeirri, sem hér er flutt, er lagt til að Alþingi feli ríkisstj. að undirbúa og framkvæma mörg þau atriði sem brýnust eru á sviði umhverfismála og náttúruverndar og móta áætlun um aðgerðir til næstu 10 ára. Verði sú áætlun lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Till. tekur m. a. mið af ályktunum síðustu Náttúruverndarþinga, en á fskj. I er að finna ályktun síðasta Náttúruverndarþings, sem haldið var vorið 1984, svo og ítarlegri samþykkt landsfundar Alþb., sem haldinn var í nóv. 1983, sem varðar umhverfisvernd og auðlindir. Eru þær ályktanir birtar á sérstöku fskj. með till.

Sú leið er valin með flutningi till. að benda á marga þætti, þar sem skórinn kreppir, í stað þess að flytja um þá sjálfstæðar tillögur. Er þá haft í huga að óvíða er jafnmikil þörf á góðri yfirsýn og á sviði umhverfismála og því æskilegt að Alþingi fjalli um þessi mál í samhengi.

Flm. er ljóst að ábendingar í till. eru engan veginn tæmandi og þess er að vænta að í meðferð þingsins bætist sitthvað við sem réttmætt er að taka inn í þennan áhersluramma."

Fyrsti tölusettur liður þáltill. varðar umhverfisráðuneyti. Ég hef áður rifjað það upp hér við umr. um þessi mál að liðin eru nú nærfellt 13 ár síðan þessu máli var fyrst hreyft á Náttúruverndarþingi hinu fyrsta vorið 1972 og þá að frumkvæði Náttúruverndarsamtaka Austurlands. Margir hafa orðið til að taka undir þá stefnu í orði, sem þá var mörkuð, og stjórnvöld hafa gert nokkrar atrennur til að koma þessum málum áfram svo sem nauðsynlegt er. Um stöðu þeirra mála á vegum stjórnvalda var rætt hér áðan í tengslum við fsp. sem hæstv. félmrh. svaraði. Ég tel að þessi þáltill. sýni betur en margt annað hvílík nauðsyn er á því að slík samræming eigi sér stað í stjórnkerfinu og hversu tímabært það er raunar fyrir löngu að sérstakt umhverfisráðuneyti verði sett á fót, eins og hér er gerð tillaga um.

Á sérstöku fskj. með till. er að finna yfirlit um málaflokka og stofnanir sem eðlilegt má telja að tengist umhverfisráðuneyti í heild eða að hluta. Er það fskj. IV með till. og á fskj. III er að finna skrá yfir þá mörgu málaflokka og lög á sviði umhverfisverndar sem þessum málum tengjast. Nú hefur það komið fram ítrekað að á vegum ríkisstj. sé unnið að tillögum til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands og raunar boðað að slíkar tillögur sjái dagsins ljós hér á hv. Alþingi innan skamms. Ég hlýt að treysta því, meðan annað ekki kemur fram, að þær tillögur feli í sér þá brýnu samræmingu er varðar umhverfismálin í þá átt sem hér er gerð till. um og ég heiti á hæstv. félmrh., sem hér hlýðir á mitt mál, að vinna að því að svo verði í reynd. Ég tel að sú endurskoðun á Stjórnarráði Íslands sem ríkisstj. hefur haft á dagskrá sé fyllilega tímabært verkefni, en ég legg

að sjálfsögðu ekkert mat á þær tillögur sem þar eru í mótun, enda hefur stjórnarandstaðan lítið að því máli komið þó að fulltrúar hennar hafi verið kvaddir á fund viðkomandi nefndar til skrafs á liðnu sumri og kynningar á þeim tillögum sem þá lágu fyrir á vegum þessarar nefndar.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það sem snýr að stofnun umhverfisráðuneytis, en aðeins slá þann varnagla, sem líklegt er að heyrist í gagnrýnisátt gegn stofnun slíks rn., að engan veginn á að þurfa að fylgja því kostnaðarauki eða aukin útgjöld fyrir hið opinbera ef þess er gætt að nauðsynleg hagræðing og endurskipulagning eigi sér jafnframt stað. Hitt væri svo ekki óeðlilegt að til þessa málaflokks, umhverfismálanna, yrði varið auknu fjármagni einnig á stjórnsýslusviðinu á vegum hins opinbera svo mjög sem kreppir þar að á mörgum sviðum.

Varðandi 2. og 3. lið þáltill., þá snýr hann að mengunarlöggjöf og endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Sem kunnugt er eru miklar gloppur í núverandi löggjöf að því er mengunarmál varðar og brýn nauðsyn á því að á þeim málum verði tekið til samræmingar og aukins aðhalds. Ég minni einnig á það, sem fram kemur í grg., að gert er ráð fyrir því að fram fari endurskoðun laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ætti sú endurskoðun raunar að vera vel á veg komin þar sem ráð er fyrir henni gert í gildandi lögum, sem sett voru 1981 og áttu að endurskoðast innan fimm ára. Ég leyfi mér að inna hæstv. félmrh. eftir því hvað líði þeirri endurskoðun laganna og hvet jafnframt til þess að að þeirri endurskoðun verði unnið með tilliti til þess að þessi málaflokkur verði með eðlilegum hætti tengdur öðrum stjórnsýsluþáttum umhverfismála.

Varðandi 4. lið þáltill., endurskoðun laga um náttúruvernd, þá eru nokkur ár síðan slík endurskoðun hafði verið undirbúin. Raunar lá sérstakt endurskoðað frv. að nýjum náttúruverndarlögum frammi til kynningar á 4. Náttúruverndarþingi vorið 1981, en enn hefur slíkt frv. þó ekki verið lagt fyrir Alþingi. Skv. núverandi fyrirkomulagi þeirra mála í stjórnkerfinu er það menntmrn. sem fer með náttúruverndarlögin og framkvæmd þeirra.

Í 5. tölul. er vikið að gróðurvernd og lögum um landgræðslu og atriðum sem þeim tengjast. Þar er einnig um að ræða mikla brotalöm í okkar stjórnkerfi að því er varðar eðlilega framkvæmd gildandi laga um gróðurvernd, þar sem það liggur skýlaust fyrir að þrátt fyrir góðan vilja margra aðila til að draga úr þeirri gróðureyðingu, sem átt hefur sér stað hérlendis um aldir, þá er það álitamál hvort megi sín meir endurgræðsla eða uppblástur. Þau eru mörg og víðlend svæðin á landinu sem tvímælalaust eru ofnýtt og þar sem gróður er á verulegu undanhaldi. Það þarf því nauðsynlega að taka af mun meiri festu á þeim málum en verið hefur. Ég tel að eðlileg hlíð við landið sé sú aðgerð sem árangursríkust yrði og að mestu máli skipti að takist að tryggja að ekki sé um óeðlileg beitarafnot að ræða á landi sem er þegar fullnýtt eða ofnýtt og að brugðist verði við með ákveðnari hætti til varnar þar sem uppblástur er virkur.

Í 6. tölusettum lið þáltill. er fjallað um nýtingu og verndun dýrastofna. Þar er komið að þáttum sem snerta stóra hagsmuni. Þar er bæði vikið að nýtingu fiskistofna okkar og nauðsyninni á að efla hafrannsóknir og gæta þess að haga nýtingu fiskistofnanna sem næst vísindalegri þekkingu og mati á þoli þeirra. En þar er einnig vikið að nýtingu dýrastofna á landi og spendýrastofna í sjó, bæði sela og hvala, en einnig stofna fugla og spendýra á landi. Ég ætla hér ekki að gera þau mál að umræðuefni, svo kært sem það stundum hefur orðið og notadrjúgt til umr. hér á Alþingi, en legg á það áherslu að á þessum málum, stjórnun dýrastofnanna, þarf að taka á grundvelli bestu þekkingar og að bæta úr með rannsóknum þar sem þekking er ónóg. Það skortir vissulega verulega á að svo sé í mjög mörgum efnum og umræða um þessi mál einkennist því miður oft af fordómum og vöntun á nauðsynlegri yfirsýn.

Í 7. tölusettum lið þáltill. er vikið að skipulagsmálunum og nauðsyn þess að unnið sé að þeim í ljósi þeirra ákvæða gildandi laga að allt landið er nú skipulagsskylt. Í því sambandi vil ég leyfa mér að inna hæstv. félmrh. eftir því hvernig háttað sé undirbúningi að aðgerðum í sambandi við þessi mál.

Lög til nýrra skipulagslaga hafa lengi verið í undirbúningi og áætlanir sem þeim tengjast þarf að sjálfsögðu að vinna. Náttúruverndarráð hefur fyrir sitt leyti sinnt skipulagsmálum kannske virkar en margir aðrir með gerð náttúruminjaskrár og ákvörðunum um friðlýsingu sem teknar hafa verið að tillögum Náttúruverndarráðs. En í rauninni þurfa allir nýtingarþættir að koma inn í þessa skipulagsvinnu og þar vantar mikið á að menn hafi safnað nauðsynlegum tiltækum gögnum til þess að unnt sé að koma við þeirri landnotkun eða landnýtingu sem æskileg getur talist og víðtæk samstaða þarf að takast um.

Kortagerðin í landinu er Akkillesarhæll þessarar vinnu. Það vantar mjög mikið á að fyrir liggi þau grunnkort af landinu sem í rauninni þyrftu að vera til staðar til að unnt sé að standa að mótun heilstæðs skipulags með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Ég tel því að málefni Landmælinga Íslands séu einn sá þáttur sem taka þarf til róttækrar endurskoðunar í tengslum við skipulagsmálin.

Í 8. lið till. er vikið að verndun fossa og hvera. Þar er komið að sérstökum þáttum náttúruminja sem tengjast áætlunum m. a. og ekki síst um orkunýtingu og virkjanir í landinu. Þar hefur Náttúruverndarráð lagt fram allverulega vinnu og undirbúning með athugunum og tillögum af sinni hálfu, en nauðsynlegt er að mínu mati að tekið sé á þessum málum af meiri festu en hingað til og Alþingi hlutist til um það að mótaðar verði áætlanir um verndun og hugsanlega nýtingu er tengist þessum verðmætum, fossum landsins, vatnsföllum og hverasvæðum, þannig að ekki sé gengið nær þeim en víðtæk samstaða getur tekist um og réttlætanlegt er frá náttúruverndarsjónarmiði.

Í 9. lið till. er fjallað um ferðamál og umhverfisvernd. Það er mjög til umr. og er ekki óeðlilegt að ferðamennska geti verið vaxandi þáttur í okkar þjóðlífi og skapað hér undirstöðu í atvinnulífi til viðbótar við það sem fyrir er. Ég vil ekki draga úr möguleikum að því leyti. Gildir það bæði um ferðir okkar Íslendinga um eigið land og þeirra útlendinga sem okkur vilja heimsækja. En ef réttlætanlegt er að vinna að eflingu ferðamennsku sem atvinnurekstrar í landinu verða stjórnvöld líka að vera reiðubúin að kosta til því sem þarf til þess að sú starfsemi fari fram án þess að landið

líði fyrir það og þau verðmæti sem ferðamaðurinn í reynd er að sækjast eftir. Og ég slæ varnagla í sambandi við það að hér sé efnt til aukinnar ferðamennsku og komu útlendra ferðahópa til landsins nema menn séu reiðubúnir að leggja það fram sem þarf til þess að unnt sé að standa að þeirri umferð með þeim hætti að landi bíði ekki hnekki af.

Í 10. og síðasta tölusettum lið þessarar till. er vikið að umhverfisfræðslu. Það mál var til sérstakrar umr. á 5. Náttúruverndarþingi vorið 1984 og því voru gerð mjög góð skil í erindi sem þar var flutt. Í rauninni er fræðsla eitt mikilvægasta tækið í hverjum málaflokki og það varðar ekki síst umhverfismálin. Vissulega hefur nokkuð verið að gert til að bæta stöðu þeirra mála í fræðslukerfi landsins í grunnskólum, m. a. með bættu kennsluefni, en nauðsynlegt er þó að herða þar mjög verulega róðurinn. Möguleikarnir á því að koma slíkri fræðslu við bæði innan skólakerfis og með starfi áhugamanna og sveitarfélaga er fyrir hendi aðeins ef viljinn er til staðar. Það þarf hins vegar að taka tillit til þessarar nauðsynjar í sambandi við skipulag, ekki síst innan þéttbýlisstaða og í næsta nágrenni þeirra, því að það er afar mikilvægt að uppvaxandi kynslóð eigi kost á því að njóta og kynnast náttúrlegu umhverfi sem næst sínum uppvaxtarstöðvum, sem næst sínum heimilum.

Um umhverfisvernd gildir svipað og um heilsugæslu, að fyrirbyggjandi aðgerðir skila bestum árangri og kosta minnst til lengri tíma litið. Ef brugðist er við á þeim sviðum sem að er vikið í þessari þáltill. er unnt í senn að bæta úr mörgu í umhverfismálum og náttúruvernd í tíð núlifandi kynslóða. Alþingi þarf hér nauðsynlega að vísa veginn og tryggja almannahagsmuni og verndun íslenskrar náttúru. Ég vísa að öðru leyti til grg. með þáltill. og þeirra mörgu fskj. sem rétt var talið að láta fylgja henni til þess að auðvelda hv. þm. umfjöllun um þetta mál.

Ég legg til að eftir að umr. hefur verið frestað um till. verði henni vísað til hv. allshn. og vænti að hún fái hljómgrunn og framgang á yfirstandandi þingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég get lýst því yfir í upphafi máls að ég get verið sammála mörgu sem hér kemur fram. Í þeim rökstuðningi sem hv. flm. færði fyrir þessari till. koma fram þau meginefni sem einmitt núna er fjallað um í sambandi við það að semja það frv. sem til meðferðar er hjá ríkisstj. Þannig að margt er þar inni sem aðalatriði. Þörfin á að koma þessu máli fyrir í þeim áformum um stjórnkerfisbreytingu sem til meðferðar er er náttúrlega alveg augljós. Ég held að menn geti verið sammála um það.

Vegna þess að hv. flm. beindi til mín nokkrum spurningum, þar sem ég var hér viðstaddur og hlustaði með athygli á hans málflutning, vil ég aðeins koma inn á það sem hann spurði um. Í sambandi við 3. liðinn, þar sem talað er um endurskoðun á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, get ég upplýst það, þó að það mál heyri ekki beint undir mitt rn., að heilbrrh. er þegar búinn að setja af stað undirbúning þessarar endurskoðunar. Hún er sem sagt að fara í gang og ég held að menn geri sér grein fyrir því að þar sé ýmislegt sem þarf að taka til endurmats og breyta miðað við þá reynslu sem þegar er komin á þá löggjöf.

Auðvitað er ljóst að einmitt þessi þáttur, ekki síst mengunarvarnir og allt sem þeim tilheyrir, tengist því aðalmáli sem hér er til umr.

Einnig get ég upplýst það í sambandi við 4. lið að fyrir ríkisstj. hefur legið frá því í haust frv. til l. um náttúruvernd, sem var unnið á vegum Náttúruverndarráðs og stjórnvalda, og ég veit ekki betur en það sé ætlunin að leggja það frv. fram mjög fljótlega hér á Alþingi þar sem það er búið að vera til umfjöllunar í þingflokkum og í ríkisstj.

Varðandi 7. liðinn, skipulagsmál, vil ég upplýsa vegna fsp. að frv. til l. um skipulagsmál hefur verið til meðferðar í félmrn. og tekið til endurmats það frv. sem lá fyrir á síðasta sumri. Eins og hv. flm. kom inn á er margt í því frv. sem gerir ráð fyrir að það nái yfir miklu stærra svið en áður hefur tíðkast. Við yfirlestur og athugun taldi ég rétt að láta vinna eða afla miklu fleiri gagna í sambandi við þetta mál. Þetta frv. er nú í endurvinnslu og ég get sagt frá því hér að það kemur einmitt inn á það svið sem hér kemur fram í þessari þáltill.

Að öðru leyti get ég sagt það að mér finnst þetta mál, sem hér er flutt, undirstrika að sjálfsögðu mikilvægi þessa málaflokks í heild og þörfina á því að sem fyrst verði að veruleika að Alþingi setji heildarlöggjöf um umhverfismál. Það er þýðingarmest í þessu máli. Öllu sem hér kemur fram og stuðlar að því að því verði komið í höfn sem fyrst ber að fagna.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör við fsp. mínum. Skv. því sem hann greindi frá eru þar vissir þættir sem munu, ef að líkum lætur, koma hér inn í þingið til meðferðar á yfirstandandi þingi og er það út af fyrir sig vel.

Ég vil hins vegar, án þess að lengja þetta mál, hvetja hæstv. ráðh. og ríkisstj. mjög eindregið til að reyna að taka þessum málum, umhverfismálunum, verulegt tak í sambandi við stjórnsýsluna og meðferð þessara mála innan stjórnkerfisins. Ég held að við séum á vissum tímamótum í þessum málum. Ef ekki tekst nú, í tengslum við umræður og tillögugerð um Stjórnarráð Íslands, að breyta til mjög verulega hvað þennan málaflokk snertir, þá er ég uggandi um að við komum þeim í það horf sem brýn nauðsyn krefur. Við erum orðnir mjög miklir eftirbátar grannlanda okkar hvað snertir meðferð þessara mála. Þörfin á að taka þau út frá nýrri sýn ætti að vera orðin sameign landsmanna eftir þá miklu umr. sem fram hefur farið um umhverfismálin á undanförnum 10 árum. En ef ekki tekst að brjóta þarna í blað, þá er ansi hætt við að það reynist dýrkeypt og það geti orðið bið á því að við komum þessum málum í það horf sem þarf.

Ég hygg að ekki þurfi að hvetja hæstv. félmrh. til dáða að þessu leyti. En ég geri mér alveg ljóst að það getur verið þungt fyrir fæti hjá einstökum fagráðuneytum að taka á þeim málum sem snerta stjórnarráðið allt að heita má. Það hefur verið vísað til þess í umr. um þessi mál að þættir, sem greinilega snerta umhverfismálin, mjög veigamikla þætti, eru nú komnir undir valdsvið ekki færri en sex ráðuneyta og kannske eru þau fleiri. Ég er ekki þar með að segja að sameining allra þessara þátta undir einu rn. sé einhver allsherjar lausn. Það getur vissulega verið álitamál með hvaða hætti málum er fyrir komið í stjórnkerfinu og með góðu samstarfi er hægt að þoka málum fram þó undir fleiri en eitt rn. heyri. Þó tel ég að reynslan hafi kennt okkur að

nauðsynin á að koma meginþáttum þessara mála undir einn ábyrgðaraðila sé ótvírætt og ekkert eitt atriði sé líklegra til úrbóta í þessum málum nú á næstunni, fyrir utan nauðsynlegt fjármagn til aðgerða, en einmitt það að finna þeim réttan og eðlilegan farveg í okkar stjórnkerfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, þáltill. 130. mál (þskj. 134). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 134 um auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands. Með leyfi forseta hljóðar hún svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að efla og hraða rannsóknum á landgrunni Íslands, innan jafnt sem utan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, með sérstöku tilliti til auðlinda sem þar kunna að finnast."

Þessi till. var flutt á síðasta þingi en hlaut þar ekki endanlega afgreiðslu og því er hún endurflutt nú.

Í umr. sem fóru hér fram áðan gat hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, þess að allmikið skorti á að til væru frá hendi Landmælinga og annarra aðila nægilega ítarleg kort af Íslandi. Það má hins vegar segja að við höfum nánast engin kort og ákaflega takmarkaða vitneskju um þær víðu lendur sem liggja utan landsins sjálfs, þ. e. innan 200 sjómílna lögsögu Íslands. Það svæði hefur verið hluti af Íslandi frá því að lög nr. 41/1979 voru sett og raunar hafsvæðið allt frá því að reglugerð var sett um 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi 1975.

En við vitum sáralítið um þetta svæði. Það er nánast ókannað og ónumið af okkar hálfu. Hér er þó ekki um neitt smáræðis svæði að ræða heldur ákaflega víðlend lönd. Landgrunnið umhverfis Ísland út að mörkum 200 sjómílna efnahagslögsögunnar er hvorki meira né minna en 753 þús. km² að stærð eða sjö sinnum stærra en landið sjálft. Það er um þetta svæði sem þessi till. fjallar. Þar er fram tekið að hin mesta nauðsyn sé á því *að við hefjum kannanir og rannsóknir á þessu svæði.* Nánast engar slíkar kannanir hafa farið fram þar hingað til svo unnt sé að komast að því hvaða verðmæti, hvaða auðlindir þar kann að vera að finna.

Tilgangur þessarar þáltill. er tvíþættur. Í fyrsta lagi að kanna svæðið með tilliti til þess að skv. hafréttarsáttmálanum, sem undirritaður var í des. 1982, eiga ríki veraldar ekki aðeins tilkall til hafsbotnsins eða landgrunnsins út að 200 sjómílna mörkunum, heldur í ýmsum tilvikum, þegar viss jarðfræðileg skilyrði eru fyrir hendi, verulega langt út fyrir þessi mörk, jafnvel út að 350 sjómílna mörkunum. En til þess að svo megi verða, til þess að ríki geti haldið fram þeim rétti sínum út að 350 sjómílna mörkunum verður það að leggja fram ítarlegan jarðfræðilegan rökstuðning sem hlýtur að byggjast á vísindarannsóknum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar hafa haft í huga að afla sér réttinda utan 200 sjómílnanna, fyrst og fremst í suðausturátt. Hér á hinu háa Alþingi hafa verið gerðar samþykktir í þá veru, þ. e. um réttindi Íslendinga til hafsbotnssvæðanna suður að hinu svokallaða Rockall-svæði. Réttindi ríkja utan við 200 sjómílurnar, allt að 350 sjómílna mörkunum, byggjast á því að hér sé um jarðfræðilegt framhald landsins að ræða og slíkar kröfur byggjast einnig á öðrum jarðfræðilegum þáttum landgrunns og hafsbotns. Af þessum sökum er því hin mesta nauðsyn á því að aflað sé sem gleggstrar vitneskju um landgrunnið á hafsbotninum umhverfis Ísland svo unnt sé að styðja kröfur um landgrunnsréttindi utan 200 sjómílna markanna, en þar er fyrst og fremst um að ræða svæðið í suðausturátt eins og ég sagði áðan.

Hér er þar að auki um grundvallarrannsóknir að ræða sem hverri þjóð er nauðsynlegt að framkvæma, og þá ekki síst Íslendingum sem hér eiga verulegra hagsmuna að gæta. Slíkar rannsóknir á íslenska landgrunninu hafa til þessa aðeins átt sér stað í mjög takmörkuðum mæli. Það er því nauðsyn á því að gerð verði rannsóknaráætlun til nokkurra ára þar sem fjallað verði um öflun aukinnar almennrar grundvallarþekkingar á landgrunninu og hafsbotninum umhverfis landið, jafnt utan 200 sjómílna markanna sem innan þeirra. Er eðlilegt að leitað verði samvinnu við erlendar vísindastofnanir um slíkar rannsóknir, en alþjóðasamvinna á þessum vettvangi hefur farið mjög vaxandi hin síðari ár eins og menn þekkja.

Þetta sem ég var nú að nefna: upplýsingar og alhliða þekkingu á íslenska landgrunninu, og raunar einnig á svæðinu utan við 200 mílurnar, er fyrra markmið þessarar þáltill.

Hér er um nauðsynlegan og óhjákvæmilegan fróðleik að ræða sem verður að vera til staðar ef unnt á að vera á nokkurn hátt að undirbyggja þær kröfur sem fram hafa komið, m. a. í ályktunum Alþingis, í þessu efni. Ella verður þeim fleygt til hliðar eins og laufblöðum á haustdegi, ef þær eru ekki rökstuddar á sæmilegan máta. Það ber að leggja slíkar kröfur ekki aðeins fyrir hlutaðeigandi ríki heldur einnig fyrir svokallaða landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um þær. Það er á grundvelli rökstuðnings sem hún gefur álit sitt og kveður upp úrskurði sína.

Síðara markmið þessarar þáltill. víkur að hinum beinu efnahagslegu gæðum sem finnast kunna í íslenska landgrunninu. Þar er bent á nauðsyn þess að hefja sem *allra fyrst rannsóknir á landgrunninu með vinnslu* auðlindanna, sem þar kunna að finnast, fyrir augum. Það má segja að þessi liður sé að því leytinu til praktískari en sá fyrri, sem víkur meira að fræðilegu hliðinni.

Það er nauðsynlegt að ganga úr skugga um það sem fyrst hvaða auðlindir kunna að finnast á þessu svæði sem er sjö sinnum stærra en landið sjálft. Eins og menn vita hafa slíkar rannsóknir verið af ákaflega skornum skammti. Þar hefur fyrst og fremst hamlað skortur á fjármagni og tækjakosti. Einn helsti áfanginn var könnun sem bandaríska fyrirtækið Western Geophysical Co. of America gerði á setlögum fyrir norðan Ísland árið 1978. Um þessar rannsóknir og aðrar gaf iðnrh. Alþingi skýrslu 10. janúar 1980. Þarna fóru fram mælingar og kannanir á landgrunninu út af Norðurlandi. Þar var þá mæld þykkt setlaga og er þetta eina umfangsmikla könnunin, sem fram hefur farið, en hún tók að vísu til takmarkaðs svæðis.

Mæld var þykkt setlaga á sjávarbotninum norðan við landið á fjórum mælilínum. Miðlínan út frá landinu reyndist einna áhugaverðust með tilliti til setlaga. Í niðurstöðu þessara rannsókna kemur fram setlagalægð

út af Eyjafirði og Skjálfanda um 200 km löng og með hámarksþykkt setlaga sem var um 4000 metrar. En tilvist setlaga er vísbending um að um olíu og jarðgas geti verið að ræða. Ástæða er þó til að undirstrika að það er vitanlega engin sönnun, þó setlög finnist, að um þessi verðmætu jarðefni sé þar að ræða. Sjávardýpi er þarna hins vegar hvergi meira en 400 metrar.

Þessar rannsóknir voru taldar lofa allgóðu. Hér var um miklu þykkari setlög að ræða en menn höfðu haft hugmynd um áður að væru þarna fyrir hendi.

Í framhaldi af þessu starfi hins erlenda félags skilaði nefndin, sem um þessi mál fjallaði, iðnrh. tillögum um umfangsmikla þriggja ára rannsóknaráætlun á setlögum umhverfis Ísland. Þær voru umfangsmestar á hinum svokallaða Skjálfandadal, því svæði sem ég var að nefna, en einnig var þar um að ræða frumrannsókn á suðurhluta Jan Mayen-hryggjar.

Það fékkst ekki nema mjög takmörkuð fjárveiting skv. fjárlögum, 20 millj. gkr., og þessi fjárveiting náði ekki til þess að framkvæma nein meiri háttar áform. En í þessu sambandi er þó ástæða til að geta þess að rannsóknir fóru aftur fram á Skjálfandasvæðinu 1981 að tilstuðlan nefndar þar sem Orkustofnun var framkvæmdaraðili, jarðfræðirannsóknir í Flatey, á Flateyjardal og við Húsavík. Þessar athuganir bentu til þess að líkur væru á að setlögin, sem einna þykkust eru úti fyrir mynni Eyjafjarðar en ná austur á Skjálfandasvæðið, væru einnig undir Flatey. Þessar rannsóknir gáfu til kynna að skynsamlegt kynni að vera að bora í Flatey til þess að kanna nánar undirstöðu eyjarinnar og þau setlög sem þar væri að finna.

Þáv. iðnrh., hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, fól síðan Orkustofnun að framkvæma sérstaka rannsóknarborun í Flatey á Skjálfanda sumarið 1982 til þess að kanna hugsanleg setlög. Þar var borað og fengnir borkjarnar. Rannsóknarholan var 554 metra djúp og með þáverandi búnaði var ekki hægt að ná lengra niður. Til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögum þar nyrðra þarf þó að bora niður á 200 metra dýpi. En setlögin eru þar 4000 metrar á þykkt. Það má segja að þetta sé að vissu leyti einkennandi fyrir sögu þessara mála á liðnum árum. Það hafa verið gerðar mjög virðingarverðar tilraunir af hálfu stjórnvalda, en bæði fjármagn og tækjakostur hefur verið af svo skornum skammti að við höfum ekki getað gengið úr skugga um hvað þarna er raunverulega að finna. Það er kominn tími til þess að á því verði breyting.

Í þessu sambandi má nefna að gerður var samningur við Norðmenn um kannanir á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen. Þessi samningur var gerður við Norðmenn 1981 og gekk í gildi 2. júní 1982. Samkvæmt honum eiga Norðmenn að framkvæma setlagakannanir á þessu svæði, sem er talið einna líklegasta olíusvæðið, um það bil mitt á milli Jan Mayen og Íslands, og munu sjálfir greiða kostnað af þeim könnunum. Þær munu fara fram í sumar. Og eftir því sem ég best veit er hér um að ræða einu kannanirnar á landgrunninu við Ísland, með tilliti til leitar að hagnýtum jarðefnum, sem nú eru í bígerð.

En það leiðir af sjálfu sér að hér þurfum við að snúa við blaðinu. Meginatriði þessa máls er það að hér verður að verða á breyting og þessum málum verða stjórnvöld að gefa mun meiri gaum en verið hefur hingað til. Er ég þó ekki að lasta það sem hefur verið gert í þessum efnum og ég vék að hér áðan.

Hér á landi starfa allmargir vísindamenn sem menntun hafa til slíkra rannsókna, en þá hefur skort starfsaðstöðu og rannsóknartæki og fjármagn til starfa á þessu sviði. Þá er og sjálfsagt að hefja nýja og nánari samvinnu við erlenda rannsóknaraðila um auðlindaleit hér við land auk Norðmanna. Þannig var málið 1978 þegar hið bandaríska leitarfyrirtæki fékk heimildina, sem veitt var af þáverandi ríkisstjórn og iðnrh., dr. Gunnari Thoroddsen, að hin erlendu leitarfélög fjármagna sjálf slíka frumleit. Í sjálfu sér þurfum við því ekki að leggja fram fjármagn úr ríkissjóði til slíkrar frumleitar heldur eru það hin erlendu félög sem það gera. Ýmsar umsóknir hafa borist um slíkt. Ég tel það alveg sjálfsagt að verða við slíkum umsóknum, eftir að þær hafa verið rækilega skoðaðar, svo að unnt sé að hefja hér fyrstu aðgerðir án þess að þurfi að koma til sérstakra fjárútláta Íslendinga. Vitanlega er nauðsynlegt, eins og var í leiðangrinum fyrir Norðurlandi 1978, að íslenskir vísindamenn fylgist með málum, séu þátttakendur í þessum leiðöngrum og fái allar þær niðurstöður sem þar finnast. Það er því markmið þessarar þáltill. að hvetja til skjótra aðgerða í þessum mikilvægu málum. Það er full ástæða til þess að kanna sem fyrst hvaða auðlindir þar kunna að leynast. Við vitum það ekki enn. Það má vera að þær séu litlar sem engar. Það má einnig vera að hér sé um að ræða búhnykk sem miklu máli gæti skipt í þeirri erfiðu efnahagsaðstöðu sem þjóðin á í og mun sennilega eiga í nokkur næstu árin.

Eins og sakir standa er hér ekki um að ræða skipulegt starf á þessu sviði þó að hér starfi raunar nefnd, svokölluð landgrunnsnefnd, að þessum efnum undir forustu deildarstjóra Orkustofnunar. En við höfum ekki mótaðar rannsóknaráætlanir. Á þessu þarf að verða breyting og með þessari till. er einmitt hvatt til þess að svo megi verða.

Ég legg til að till. verði að loknum þessum hluta umr. vísað til allshn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég get tekið almennt undir efni þeirrar þáltill. sem hv. þm. Gunnar G. Schram flytur hér um auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands. Ég tel það skyldu okkar Íslendinga að sinna rannsóknum á þeim svæðum sem við gerum tilkall til og liggja innan okkar efnahagslögsögu. Það er nánast forsenda þess að við getum áfram og með góðri samvisku haldið fram okkar rétti þar svo og til svæða sem liggja utan núverandi efnahagslögsögu. Þetta gildir vissulega ekki aðeins um rannsóknir til hafsins. Hið sama gildir um rannsóknir á landi. Þeim hefur þó verið meira sinnt en rannsóknum á hafsbotninum til þessa.

Vel kunnar eru umræður á alþjóðavettvangi, m. a. í tengslum við hafréttarsáttmálann, sem í rauninni leggja þjóðríkjum ákveðnar skyldur á herðar, að sinna rannsóknum, nýtingu og stýringu á nýtingu á þeim svæðum sem þær gera tilkall til og hafa rétt til að alþjóðalögum. Á þessu sviði höfum við verið næsta lítilvirkir til þessa að því er varðar landgrunn Íslands. Á því eru sumpart nokkuð eðlilegar skýringar, hve fjárhagslegt bolmagn okkar er takmarkað. Þó tel ég að við hefðum getað þokað og ættum að þoka þessum málum fram með skipulegum hætti og ákveðnari hætti en hingað til ef vel

á að vera.

Hv. flm. vakti athygli á og hefur raunar vikið að því í grg. með till. að nokkuð var að þessum málum unnið hér fyrir nokkrum árum. En svo virðist sem hin síðustu ár og í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafi þessum málum lítið verið sinnt. A. m. k. hef ég ekki orðið var við áætlanir eða áform sem tengjast rannsóknum á hugsanlegum auðlindum á landgrunni Íslands.

Ég tek þannig almennt undir efni þessarar till. Ég vil nota tækifærið til að víkja að öðrum þætti sem tengist þessu máli og var til umr. hér á Alþingi 1982—1983. Þá var flutt stjfrv. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Það frv. var 150. mál Ed. á 105. löggjafarþingi. Það þing stóð óvenjustutt og var rofið í marsmánuði. Frv. fékk þá meðferð í Ed. undir þinglok að því var vísað til ríkisstj. Þar var hins vegar tekið á þætti sem tengist þeirri till. sem hér er til umr., þ. e. að skorið verði úr um það með löggjöf hver teljist eigandi að auðlindum hafsbotnsins. Ég hef ekkert til málsins spurt síðan, veit ekki hvað aðhafst hefur verið á vegum hæstv. núv. ríkisstj. í þessu máli. Og þar sem engir sitja hér ráðherrarnir er ekki kostur á að inna þá eftir framgangi þess. En það var iðnrn. og ég sem iðnrh. á þeirri tíð sem flutti þetta mál inn í þingið, og það var undirbúið af nefnd sem starfaði á vegum iðnrn., nefnd sem hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, eins og hún var kölluð. Þar í hópi voru viðurkenndir lögfræðingar sem áttu hlut að mótun umrædds lagafrv., þ. á m. Benedikt Sigurjónsson fyrrv. hæstaréttardómari, og fleiri lögmenn unnu að undirbúningi þessa máls.

Frv. þetta fékk góðar undirtektir í umr. í þinginu. Það var mál manna að nauðsyn væri á að setja slíka löggjöf. En eitthvað þótti þingnefnd á þeim tíma skorta á fyllstu upplýsingar og tengsl við þá umr. sem þá fór fram varðandi hafréttarsáttmálann og hygg ég að það hafi ráðið úrslitum um tillögu nefndarinnar um að vísa málinu til ríkisstj. til frekari athugunar og fyrirgreiðslu.

Ég vil aðeins leyfa mér hér að vitna til aths. sem fylgdu þessu frv. Það er ekki langt mál, herra forseti. Þar segir í upphafi:

„Með lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Þar segir í 2. gr., að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Þá segir í 6. gr. laganna, að fullveldisrétturinn yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru.

Þótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum, skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum þeim, sem þar kunna að finnast, a. m. k. á svæðum utan netlaga.

Rannsóknir á hafsbotninum umhverfis Ísland eru skammt á veg komnar. Hagnýt efni hafa ekki til þessa verið numin af hafsbotni, ef frá eru skilin möl og sandur. Þó hefur nokkuð verið hugað að þeim efnum."

Síðar í aths. með þessu frv. sagði: „Eins og að framan hefur verið rakið er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað, að þar kunni að finnast verðmæt efni, sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja hið fyrsta lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið, að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim, er á hafsbotni kunna að finnast, og ræður yfir nýtingu þeirra. Er það í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna í nágrannalöndum okkar."

Þessa tilvitnun í aths. með frv. læt ég nægja. Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu máli, sem nú er í höndum ríkisstj., og tel raunar eðlilegt að um það verði fjallað og það verði tekið upp í tengslum við meðferð þessarar þáltill. og reynt að ýta á eftir því við stjórnvöld að frv. þetta verði endurflutt, e. t. v. með einhverjum breytingum sem réttmætt væri talið að gerðar yrðu í ljósi þróunar hafréttarsáttmála, þó að ég eigi ekki von á því að það sem þar gerðist á lokastigi hafi í rauninni breytt nokkru að því er varðar stefnumótun frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Úthlutunarreglur húsnæðislána, þáltill. 131. mál (þskj. 135). — Ein umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 135 leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi till. til ál.:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að sjá til þess að samþykkt húsnæðismálastjórnar frá 19. sept. s. l. um breyttar úthlutunarreglur húsnæðislána, sem taka eiga gildi um næstu áramót, nái ekki fram að ganga."

Þessi till. var lögð fram á síðasta ári og verður tilvísun til áramóta að skoðast með tilliti til þess. Meðflm. eru hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Helgi Seljan og Kolbrún Jónsdóttir. Vil ég nú greina frá aðdraganda þessa máls og skýra hvað fyrir okkur vakir með flutningi þessarar till.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra, sem byggja á hefðbundinn hátt, hafa verið greidd út í þremur áföngum, fyrsti hlutinn 6 mánuðum eftir að húsið er fokhelt, en annar hluti 12 mánuðum eftir fokheldi og síðasti hluti 18 mánuðum eftir fokheldi. Þessar úthlutunarreglur eru miðaðar við venjulegan byggingartíma steinsteyptra húsa.

Byggingartími einingahúsa er hins vegar miklu skemmri og hafa úthlutunarreglur lána til kaupenda slíkra húsa þess vegna miðast við að greiða þau út á u. þ. b. 10 mánuðum frá fokheldi.

Fyrsti hluti lánsins er þannig greiddur út hálfum mánuði eftir fokheldi, annar hlutinn þremur mánuðum síðar og þriðji hlutinn um 10 mánuðum eftir fokheldi. Þess ber þó að gæta að fokheldisstig eru í raun ekki sambærileg. Hús, sem byggð eru með hefðbundnum hætti, eru talin fokheld með uppsteyptum veggjum en ófrágengnum að utan og innan, með pappa á þaki og plasti í gluggum og gættum, en einingahúsin hins vegar fullbúin að utan með gleri í gluggum, hurð í útidyrum, með frágengnum þakköntum og niðurföllum. Þá er einingahúsið einangrað og sum eru á þessu stigi með fullfrágengna veggi að innan, þ. e. tilbúna undir málningu. Af þessu má sjá að fokheldisstig húsanna eru engan veginn sambærileg.

Með þeim úthlutunarreglum, sem upp voru teknar árið 1977, var því stefnt að því að jafna aðstöðumun þeirra, sem kaupa einingahús, og þeirra sem byggja á hefðbundinn hátt. Enn fremur áttu þær að stuðla að bættri samkeppnisstöðu innlendrar einingahúsagerðar gagnvart innflutningi slíkra húsa, og að flestra mati

hefur það tekist.

Hinn 19. sept. s. l. samþykkti hins vegar húsnæðismálastjórn að úthlutun lána vegna einingahúsa skyldi frá næstu áramótum, þ. e. síðustu áramótum, fara fram á jafnlöngum tíma og úthlutun lána vegna hefðbundinna húsa þrátt fyrir svo ólíkar aðstæður sem áður er lýst. Að mati flm. þessarar till. væri það spor aftur á bak ef þessi ákvörðun húsnæðismálastjórnar næði fram að ganga.

Framleiðsla og bygging einingahúsa hefur verið vaxandi atvinnugrein nú síðustu árin. Að margra áliti hefur þessi byggingarmáti auðveldað mörgum að koma sér upp húsnæði sem ella hefðu átt erfitt með það. Þar skiptir byggingartíminn meginmáli en hann er yfirleitt aðeins 3—6 mánuðir og getur raunar verið enn skemmri. Í flestum tilfellum eru húsbyggjendur fluttir inn áður en annar hluti lánsins er greiddur út. Er þá búið að leggja út fyrir öllu efni og vinnu. Einhver hefur gert það, húsbyggjandi eða framleiðandi. Hið sama gildir ekki um hefðbundinn byggingarmáta þar eð slík hús eru miklu skemmra á veg komin þegar annar hluti lánsins er greiddur út.

Það er húsbyggjendum í raun ómetanlegt hagræði að geta flutt inn í hús sitt aðeins örfáum vikum eftir að bygging þess hefst. Þess vegna er þessi byggingaraðferð kostur hinna efnaminni.

Augljóst er einnig það hagræði að geta unnið að framleiðslu húsanna að mestu leyti innan dyra í verksmiðju og stytta þannig mjög þann tíma sem unnin er úti við á byggingarstað í misjöfnum veðrum. Þannig fæst samfelld vinna sem ekki er jafnháð veðurfari og hefðbundin byggingarstarfsemi. Framleiðsla einingahúsa dregur því úr þenslu á byggingarmarkaði þar sem vinnan dreifist jafnar yfir árið. Það væri að mínu mati öfugþróun að færa meginálagstíma bygginga aftur yfir á færri mánuði ársins.

Auk hagræðis og sparnaðar fyrir húsakaupendur og samfelldari og þægilegri vinnu við húsagerðina má benda á að einingahús eru framleidd á ýmsum stöðum á landinu þar sem mikilvægt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði að hlúa að vaxandi atvinnugreinum.

Í greinargerð frá 3. maí 1983 vegna könnunar á íslenskum einingahúsum er talið upp 21 fyrirtæki, sem framleiðir einingahús, þar af 6 á höfuðborgarsvæðinu, en hin 15 dreifð um allt landið, á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi, á Blönduósi, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Selfossi og í Vestmannaeyjum. Uppbygging þessa atvinnuvegar svo vítt um landið er sérstaklega ákjósanleg þróun sem við skulum fyrir alla muni ekki snúa við með vanhugsuðum aðgerðum. Með tilliti til núverandi óvissu í atvinnumálum er brýnt að vera vel á verði og aðhafast ekkert sem spilt gæti atvinnumöguleikum landsmanna, allra síst úti á landsbyggðinni, sem hefur orðið harðar úti en þéttbýlisstaðirnir á suðvesturhorninu, einkum í kringum höfuðborgina sjálfa, vegna minnkandi sjávarafla og samdráttar á ýmsum sviðum.

Þetta vil ég leggja þunga áherslu á og biðja hv. þm. að íhuga vel. Með samræmdum gæðakröfum og ströngu eftirliti hefur framleiðsla íslenskra einingahúsa orðið fyllilega samkeppnishæf við hefðbundinn byggingarmáta. Þróun einingahúsaframleiðslu hérlendis nú hin síðustu ár hefur dregið stórlega úr innflutningi húseininga í íbúðar- og sumarhús. Sú þróun hefur án efa aukið hlut þeirra sem að byggingariðnaði starfa.

Lenging byggingartímans er öfugþróun sem veikir samkeppnisstöðu einingahúsa og hlýtur að leiða til hærri byggingarkostnaðar. Þegar byggt er með hefðbundnum byggingaraðferðum er hugsanlegt að halda byggingarhraða í samræmi við innkomnar tekjur og lán. Slíkt er útilokað með einingahús sem rís með jöfnum hraða á skömmum tíma. Lenging útborgunartíma lánanna leiðir til mun meiri fjármagnskostnaðar en áður. Fram að þessu hafa framleiðendur einingahúsa tekið við ávísunum á lán úr Byggingarsjóði sem greiðslu upp í húsakaupin. Meðallánstími framleiðenda hefur verið um 5 mánuðir frá afhendingu hússins en eftir gildistöku nýrra úthlutunarreglna, ef af þeim verður, mundi þessi tími lengjast í um 13 mánuði. Það hefði að sjálfsögðu í för með sér gífurlega aukningu á rekstrarfjárþörf.

Eins og nú er ástatt hjá bönkum eru dökkar horfur á því að framleiðendur einingahúsa geti fjármagnað aukinn útlán til kaupenda húsanna. Meiri fjármagnskostnaður hlýtur því að lenda á húsbyggjendum sjálfum. Þeir verða að laga byggingartímann að lánareglum Byggingarsjóðsins. Með breyttum úthlutunarreglum lána, sem húsnæðismálastjórn leggur til að taki gildi, væri verið að auka aðstöðumun tvenns konar byggingaraðferða sem hvor tveggja á jafnmikinn rétt á sér.

Það er okkar mat að þær reglur yrðu öllum í óhag, húsbyggjendum og byggingariðnaðinum í heild. Ef komist verður að þeirri niðurstöðu að úthlutunarreglum verði að breyta, vegna þess að um mismunun sé að ræða milli tveggja byggingaraðferða skulum við endilega heldur breyta þeim á þann veg að sá úthlutunartími sem byggjendum hefðbundinna húsa er skammtaður verði styttur.

Skylt er að geta þess að við umræður hér í þinginu 30. okt. s. l. vegna fsp. minnar um þetta sama mál kom í ljós að hæstv. félmrh. var alls ekki samþykkur ákvörðun húsnæðismálastjórnar frá 19. sept. s. l. Hann lét í ljós vilja til að breyta þessari ákvörðun stjórnarinnar og kvaðst mundu vinna að því. Þessari ákvörðun hefur verið frestað — ég held ég megi segja að það hafi verið til 1. mars n. k. — og mun vera unnið að athugun þessara mála.

Við flm. þessarar þáltill. töldum auðsætt að hæstv. félmrh. væri styrkur að því að hafa yfirlýstan vilja Alþingis á bak við sig. Mér er ekki fyllilega ljóst hvort eðlilegt er að vísa þeirri till. til hv. allshn. eða atvmn. en hallast þó heldur að því að hún eigi heima í atvmn. og legg því til að að lokinni umræðu um þetta mál verði henni vísað til atvmn. nema hæstv. forseti sé á öðru máli.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir þá þáltill. sem mælt var fyrir hér áðan. Það er rétt sem kom fram hjá flm. að bygging einingahúsa og framleiðsla þeirra hafa auðveldað mörgum að koma sér upp húsnæði, einkum ungu fólki. Bygging einingahúsa hefur þann kost að byggingartíminn dreifist jafnar yfir árið og fer fram innanhúss, oft á veturna á þeim tíma sem minnst spenna er í atvinnulífinu. Þar að auki á bygging einingahúsa að hafa það í för með sér að einingahúsafyrirtækin geta gert stærri innkaup á byggingarefni og aukið hagkvæmnina að því leyti til.

Hin hefðbundna aðferð við byggingu íbúðarhúsnæðis hér á landi hefur verið sú að byggja yfir sumartímann þegar mikil spenna hefur verið á vinnumarkaði oft á tíðum og sumarfrí hjá iðnaðarmönnum í fullum gangi. Þetta hefur oft leitt af sér mikla óhagkvæmni. Mörg einingahúsafyrirtæki eru nú starfandi hér á landi. M. a. þekki ég til slíkra fyrirtækja á mínum heimaslóðum. Þessi fyrirtæki hafa verið í örri þróun á undanförnum árum, húsin frá þeim hafa batnað og þau hafa yfirstigið byrjunarörðugleikana. Það væri hörmulegt ef breyttar lánareglur hefðu það í för með sér að afturkippur yrði í þessari atvinnugrein.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en lýsa stuðningi mínum við þessa till. og vona að hún fái skjótan framgang hér á hv. Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. 144. mál (þskj. 149). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Meðflm. mínir þar eru Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Ragnar Arnalds. Með leyfi herra forseta vil ég lesa till.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til þess að kanna helstu möguleika á eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Heilbrrh. skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal kanna aukningu á framleiðslu lyfjaforma úr erlendum hráefnum, sem gætu komið í stað erlendra sérlyfja, með það að markmiði að lækka lyfjakostnað. Enn fremur skal nefndin kanna aukningu á framleiðslu „náttúrumeðala", þar með talinna lyfjaforma sem í eru vítamín og steinefni, úr erlendum hráefnum.

Einnig skal nefndin kanna þá möguleika, sem eru hér á landi, til þess að framleiða hráefni til lyfjagerðar úr innlendum eða erlendum frumhráefnum."

Að undanförnu hafa farið fram allmiklar umræður í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að efla nýjar atvinnugreinar og við höfum heyrt hér frásagnir og yfirlýsingar um stofnun nýs sjóðs, svonefnds Þróunarsjóðs, sem hafa mun undir höndum um 500 millj. kr. til úthlutunar til nýrra þróunarverkefna til þess að örva, efla og auka atvinnustarfsemi í landinu. Allt er þetta mjög góðra gjalda vert. Þar hefur ýmis iðnaður verið nefndur, svo sem örtölvuiðnaður, líftækniiðnaður og annað slíkt.

Ekki skal ég lasta það að lagt sé út á nýjar brautir, svo sem í þessum tveimur greinum svo dæmi séu tekin, og undirbúinn jarðvegurinn í þeim efnum svo að þessar megi verða öflugar atvinnugreinar er fram líða stundir. En það er greinilegt að allmörg ár munu líða þar til uppbygging hefur farið fram svo að arðgjöf verði orðin nokkur. En þegar menn velta fyrir sér hvernig byggja má upp íslenskt atvinnulíf á nýjan hátt ættum við að mínu viti einnig að líta okkur nær og gefa gaum að því á hvern hátt við getum byggt betur upp þann iðnað sem þegar hefur náð fótfestu í landinu, þar sem fyrir hendi er innlend þekking og undirstaðan hefur þegar verið lögð og fjármagn er þegar nokkurt fyrir hendi.

Dæmigerð iðngrein í þessum efnum er innlendur lyfjaiðnaður. Hann gegnir þegar allþýðingarmiklu hlutverki á sínu sviði þó svo að hann framleiði enn ekki nema brot af þeim lyfjum sem landsmenn nota. Það liggur beint við að efla þessa iðngrein þannig að hún verði fær um að framleiða miklu stærri hluta af lyfjanotkun landsmanna, bæði með það fyrir augum að lækka lyfjaverðið og einnig að skapa við þetta atvinnu sem af sjálfu sér mundi leiða.

Hér á eftir mun ég m. a. vitna í upplýsingar frá dr. Vilhjálmi Skúlasyni prófessor sem birtist í grg. með þessari till.

Frá upphafi lyfjagerðar hér á landi og til skamms tíma hefur framleiðsla lyfjaforma ýmissa eingöngu farið fram í lyfjabúðum. Með þeim öru breytingum, sem orðið hafa á rannsóknum og þróun nýrra lyfja og lyfjaforma á síðustu áratugum, og ekki síður þeim vaxandi kröfum sem gerðar eru til lyfja, hefur þessi framleiðsla nú flust úr lyfjabúðunum að miklu leyti yfir í lyfjaverksmiðjur.

Hér á landi hefur þessi breyting einkum átt sér stað á síðustu einum til tveimur áratugum. Er nú svo komið að nokkur fjöldi innlendra sérlyfja er skráður í sérlyfjaskrá, en framleiðsla lyfjaforma úr erlendum hráefnum hér á landi leiðir til mikillar verðmætaaukningar. Hún á einnig að geta leitt til lækkaðs lyfjaverðs hér á landi ef rétt er á málum haldið þar sem kynningar- og rannsóknarkostnaður ætti að vera mun lægri hér á landi en erlendis en þar er hann talinn nema allt að 30%. Er þó gengið út frá álitlegum hagnaði, eða allt að 10% af heildarkostnaði.

Ef við lítum á stöðu þessa iðnaðar í dag, sem mjög lítill gaumur hefur raunverulega verið gefinn í allri umræðu, þá mun láta nærri að miðað við verðgildi nemi innlendur lyfjaiðnaður nú nær 25% af heildarlyfjanotkun landsmanna, eða um 200—250 millj. kr. á núverandi verðlagi. Svo að dæmi sé tekið voru framleiddar hér á landi árið 1983 53 millj. ýmiss konar lyfjataflna og um 200 tonn af öðrum lyfjum. Við höfum nú yfir að ráða nær 25% lyfjamarkaðarins í innlendri framleiðslu. Það er ekki óraunhæft, eftir því sem sérfræðingar telja, að þetta hlutfall gæti numið 50—60% af heildarverðmæti lyfja þegar fram líða stundir.

Einnig er hægt að gera ráð fyrir að hérlendis mætti framleiða lyf til útflutnings, einkum ef leitað yrði eftir mörkuðum þar sem lyfjaviðskipti og upplýsingar um gæði lyfja gætu byggst á gagnkvæmu trúnaðartrausti. Eru þá fyrst og fremst höfð í huga lönd sem ekki hafa öflugu lyfjaeftirliti á að skipa, ýmis þróunarlönd sem reynslan hefur sýnt að treysta Norðurlöndunum betur í þessum efnum en ýmsum öðrum þróuðum ríkjum þar sem gróðahagsmunirnir hafa setið um of í fyrirrúmi. Eru nokkur dæmi slíks alþekkt en ég hirði ekki um að rekja þau hér.

Það er í sjálfu sér af mörgu að taka. En eitt af því sem fjallað er um í þessari þáltill. og rétt er að vekja athygli á er framleiðsla svonefndra „náttúrumeðala". Á síðustu áratugum hefur mjög vaxið viðleitni til þess að stunda svokallaðar „sjálflækningar". Hér er um að ræða ýmis lyf sem hægt er að afla án lyfseðils, eins og vítamín margs konar, svo og lyf sem hafa verið kölluð á íslensku „náttúrumeðul". Í þessum lyfjaformum eru venjulega mismunandi blöndur af vítamínum, steinefnum og svonefndum „drógum", en það eru jurta- eða dýrahlutar sem í eru lyf. Þessi lyfjanotkun hefur rutt sér mjög til rúms á undanförnum árum. Fjölbreytni þessara „með-

ala“ er mjög mikil og láta mun nærri að fjöldi þeirra vörutegunda úr þessum flokki, sem heimilt er að selja hér á landi, sé um 500.

Smásöluverðmæti þessara „meðala“ á s. l. ári var áætlað um 35 millj. kr. og var um 1/20 af verðmæti allra lyfja sem þá voru notuð í landinu. Þetta er rakin leið því hér er um að ræða efni sem eru að allmiklum hluta til innlend.

Í þessu samhengi má einnig minna á að sú tækni, sem notuð er til framleiðslu lyfjaforma, gæti einnig nýst til framleiðslu á formum sem gætu hentað vel til þess að flytja matvæli á sem ódýrastan og hentugastan hátt um langan veg, t. d. til þróunarlanda. Er þá hjálparstarfið í Eþíópíu ofarlega í hugum manna. Má nefna sem dæmi framleiðslu próteintaflna úr fiskimjöli eða lýsi í matarlímshylkjum sem hvort tveggja eru innlend hráefni. Með þessum hætti væri að öllum líkindum hægt að lækka flutningskostnað og einnig væri á auðveldan hátt hægt að haga samsetningu þessarar vöru í samræmi við mismunandi þarfir neytenda þar eð einingaframleiðsla er það sem m. a. einkennir framleiðslu lyfjaforma.

Þar að auki má minna á þriðja þáttinn, framleiðslu hér á landi á dýralyfjum. Það er mikið notað af þeim hér, svo mikið landbúnaðarland sem Ísland enn er, og dýralyf er einnig hægt að framleiða hérlendis í auknum mæli úr erlendum hráefnum. Má þar nefna sem dæmi ormalyf, sermi og bóluefni handa sauðfé sem skipta miklu máli fyrir landbúnaðinn.

Það hefur verið mikil tíska á síðustu misserum að ræða um hina gífurlega miklu og björtu möguleika sem lífefnaiðnaðurinn er talinn eiga fyrir höndum hér á landi. En það vill gleymast að á sviði lyfjaiðnaðarins fer raunverulega fram í dag þó nokkur lífefnaiðnaður. Það er þess vegna full ástæða til að gefa honum meiri gaum og skjóta undir hann styrkari stoðum. Í umræðunum um lífefnaiðnaðinn hafa ýmsir gerhvatar eða lífhvatar, öðru nafni ensímar, verið nefndir í því sambandi, svo sem heparín og insúlín, sem hvort tveggja eru mjög mikilvæg lyf. Ýmsir gerhvatar eru notaðir sem lyf og auk þess hafa þeir mikið notagildi í framleiðslu og rannsóknum. Einnig má búast við að notkun heparíns fari fremur vaxandi en minnkandi, svo dæmi sé nefnt. En einnig er nauðsynlegt að líta á lífefnavinnslu í víðara samhengi, þar sem athugað yrði með verðmæti í þörungum sem vaxa við strendur landsins, úr galli fiska og sláturdýra, og ræktun verðmætra lyfjajurta í gróðurhúsum, auk þeirra innlendu hráefna sem áður var minnst á.

Ég hef þegar minnst á framleiðslu lyfjaforma úr erlendum hráefnum, en á henni byggist innlend lyfjaframleiðsla í dag. Sú verðmætaaukning annars vegar og gjaldeyrissparnaður hins vegar, sem þessi framleiðsla hefur í för með sér, fer mjög vaxandi.

Þá má nefna fjórða þáttinn að lokum, lyfjaframleiðslu eingöngu úr innlendum hráefnum sem er hér á byrjunarstigi. Þar eru ýmsir möguleikar fyrir hendi til að skapa verðmæt efnasambönd. Hér verður þá jafnframt að stunda þróunarvinnu og hún byggist m. a. á því að finna nýja möguleika á notkun efnasambanda og þar með ákveðið verðgildi. Þau frumhráefni sem hér á landi koma einkum til greina til lyfjagerðar eru fiskafurðir og landbúnaðarafurðir. Það er kannske ekki úr vegi að taka eitt dæmi þessu til áréttingar.

Mjólkurvinnsla er mikil hér á landi og hefur tekið stórstígum framförum á síðustu áratugum svo sem kunnugt er. Þessi vinnsla hefur í aðalatriðum verið framleiðsla rjóma, smjörs, skyrs og osta og skal ekki fjölyrt um það. Það er hægt að beita efnafræðilegum aðferðum til þess að vinna og breyta þeim fjölmörgu verðmætu efnasamböndum sem eru í mjólk og gera þau enn þá verðmætari.

Þegar fitan hefur verið skilin frá mjólkinni verður undanrennan eftir, en í henni er m. a. allt að 3% af próteinefni, kaseíni, og allt að 4,5% af sykri, sem kallaður er mjólkursykur. Kaseíni er hægt að breyta í efni sem tyrósín nefnist, sem er verðmæt amínósýra, en úr henni er hægt að framleiða levódópa með tveimur mismunandi aðferðum. Levódópa er eitt mikilvægasta lyf sem völ er á gegn Parkinsonssjúkdómi, en talið er að hann hrjái u. þ. b. 1% þeirra einstaklinga sem komnir eru yfir 50 ára aldur. Þetta eru aðeins lítil dæmi.

Úr mjólkursykrinum má vinna glúkósu. Þar kemur fram sorbítól, sem unnt er að breyta með örverufræðilegri aðferð, þ. e. lífefnafræðilegri aðferð, í ascorbínsýru eða c-vítamín, en allir vita hve mikið hún er notuð í lyfja- og matvælaiðnaði.

Hér eru því ýmsir möguleikar fyrir hendi þegar við ræðum um innlendan lyfjaiðnað. Það er góðra gjalda vert að ræða um nýjar iðngreinar og efla þær á allan hátt, ekki síst með þróunarsjóði eins og ég nefndi í upphafi máls míns. En við skulum þó ekki síður leggja hér á brattann um stuðning við þær iðngreinar sem þegar eru til í landinu. Þar er menntað starfsfólk fyrir hendi, eins og á sviði lyfjaiðnaðarins. Þar höfum við innlend hráefni sem vinna má í mun meira mæli. Takmarkið er að lækka verulega verð lyfja ef þau eru framleidd hér innanlands. Umræður um lyfjaverð hafa oft farið fram hér á þingi á undanförnum misserum. Það er nú æðihátt og full ástæða til þess að ná þar fram verulegum lækkunum. Þetta er ein áhrifaríkasta leiðin í því efni.

Að svo mæltu legg ég til að þessari þáltill. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mál þessu lík hafa áður komið til umr. á Alþingi eins og hv. flm. benti reyndar á hér áðan. Þetta mál er vissulega fullrar athygli vert og þarf virkilega að gera átak þar, þó margt hafi verið þar gert til bóta. Aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Ég tek alveg sérstaklega undir það með hv. flm. að það er nokkru nær okkur að huga að verkefnum af því tagi sem þessi till. fjallar um, þ. e. eflingu lyfjaiðnaðarins og lyfjaframleiðslunnar hér á landi, heldur en þau býsna fjarlægu verkefni sem maður heyrir mest talað um nú, sem eiga svo langt í land í þróun og öllum aðdraganda að við sjáum ekki árangur í þeim fyrr en eftir svona fimm ár, sérstaklega þegar menn eru nú að tala um það sem lausnir. (Gripið fram í.) Fimm til tíu ár, já, er kannske réttara að segja. Þá er auðvitað ólíkt nær okkur í tímanum og af atvinnulegri nauðsyn að huga að þessum þáttum heldur en jafnágætum þáttum og lífefnaiðnaðurinn og rafeindatæknin óneitanlega eru. En við skulum gera okkur grein fyrir því hvað langt er í land að þau skili okkur þeim atvinnutækifærum sem við erum að halda fram alltaf í öðru orðinu að þau muni gera.

Innlend lyfjaframleiðsla hefur átt um of örðugt uppdráttar. Þar hafa ýmis sjónarmið komið inn í. Hún

þarf verulegan stuðning, hún þarf verulegan forgang að mínu viti og verulega verndun gegn innflutningi erlendis frá ef hún á verulega að njóta sín.

Ég ætti nú kannske ekki að vera að minna á það sérstaklega, en ég man það þó og er með það hér fyrir framan mig að á Alþingi var samþykkt 10. maí 1981 þál. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Þál. er að vísu stutt og fjallar um að fela ríkisstj. að skipa nefnd er fái það hlutverk að vinna að ítarlegum tillögum um eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Þetta mun hafa verið í beinu framhaldi af ítarlegri till. til þál. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar sem hv. þáv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson flutti ásamt nokkrum flokksbræðrum sínum og var í tíu liðum, en n. mun hafa skorið till. niður í þessa stuttorðu klausu sem ég nefndi hér áðan. Ég veit ekki annað en að nefndin hafi verið skipuð. Nú, það kann að vera að svo sé ekki. Ég veit að öðru leyti ekki um störf hennar og enn síður um árangur. Ég sé að hv. flm. hristir höfuðið og enginn er hér til andsvara frá hæstv. ríkisstj. um það hvort svo muni vera nema hæstv. sjútvrh., en ég efast um að hann hafi hugleitt þessi mál svo mjög eða farið það grannt ofan í þau að hann geti svarað því. En ef svo er ekki er vitanlega full ástæða til áherðingar af þessu tagi.

Ég hef áður talað fyrir þessu máli mjög fyrir daufum eyrum hér á Alþingi. Árið 1976 flutti ég till. til þál. um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu. Hún var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv. á þá lund að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf sé hún fyllilega samkeppnisfær. Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf. Jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er."

Ég man eftir því að undirtektir voru vægast sagt dræmar og till. fékk ekki afgreiðslu þó að hún væri flutt í tvígang. En ég minni á hana hér vegna þess að það er full ástæða til að hafa þessi mál stöðugt í athugun og stöðugt í gangi. Áhersla á þau er sjálfsögð og áherðing, og mun nú ekki af veita, einkum með tilliti til þess að menn eru að horfa til allt of fjarlægra verkefna í stað þess að einbeita sér að þeim sem liggja kannske beint við og geta vissulega skapað okkur ný atvinnutækifæri og um leið ný verðmæti ef við bara viljum og þorum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hef óskað eftir því að taka til máls utan dagskrár til að ræða það ástand sem verið hefur í atvinnumálum fiskvinnslufólks að undanförnu og bágborna stöðu sjávarútvegs á Suðurnesjum.

Frá því um miðjan desember hefur vinnsla fiskjar á Suðvesturlandi verið afar takmörkuð. Hundruð og aftur hundruð verkafólks hafa bæst í hóp atvinnulausra. Er talið að 75% af þessu vinnuafli séu konur. Á Suðurnesjum hefur ástandið verið sýnu verst, en þar voru fyrstu vikuna í janúar allt fram til þessa dags á sjötta hundrað manns atvinnulaus. Þetta sama fólk hefur að stærstum hluta verið án atvinnu frá því um mánaðamót nóvember og desember. Í Hafnarfirði hafa rúmlega 200 manns verið atvinnulaus frá 6. okt. s. l. Í Reykjavík misstu 236 verkakonur atvinnu á Þorláksmessu og eru margar þeirra atvinnulausar enn.

Á sama tíma og fjöldi kvenna í fiskiðnaði í Reykjavík er atvinnulaus eru dagblöðin full af auglýsingum frá hvers konar þjónustuaðilum þar sem óskað er eftir starfsfólki til vinnu. Það þýðir ekki að fiskvinnslufólk eigi greiðan aðgang að þeirri atvinnu, enda oft erfitt fyrir rosknar konur eða einstæðar mæður að skipta yfir í verslunar- eða önnur þjónustustörf á skömmum tíma. Þar kemur til sú staðreynd að fólk sem unnið hefur lengi í fiski hefur aflað sér sérþekkingar sem hvergi nýtist nema í fiskiðnaði. Það er líka oft þannig að bönd milli almenns verkafólks og sjávarútvegs eru sterk eftir áratuga þjónustu, bönd sem erfitt er að slíta þrátt fyrir erfiða afkomu.

Þessar atvinnuauglýsingar sýna hins vegar hvað þrífst best þessa dagana, þ. e. verslun og hvers konar þjónustustarfsemi. Þær sýna líka hversu fiskiðnaðurinn hefur sett niður, að sjávarútvegur er á fallanda fæti. Á Suðurnesjum er hins vegar svo komið að atvinnuauglýsingar berja menn ekki augum. Reyndar er svo komið á því landssvæði að á undanförnum árum hefur mikil þensla átt sér stað á sumrin, en strax að hausti og út veturinn hefur atvinnuástandið verið afleitt. Ástandið hefur þó ekki orðið erfiðara þar en einmitt nú. Þar hefur ríkt óþolandi atvinnuleysi sem verður að bæta úr.

Hjá Verkamannasambandi Íslands og í þingflokki Alþfl. hafa þessi mál mikið verið rædd. Í ályktun Verkamannasambandsins segir, með leyfi forseta:

„Verkamannasamband Íslands mótmælir því réttindaleysi og atvinnuleysi sem fólk í fiskiðnaði býr við og varar við þeirri þróun sem nú á sér stað þegar þrautþjálfað fiskverkunarfólk flýr í önnur störf vegna óryggisleysis sem það býr við og lélegrar afkomu í atvinnugreinum."

Og síðar segir:

„Ótrúlegur fjöldi fjölskyldna á lífsafkomu sína undir því að þessi atvinna sé stöðug og traust. Skv. samningum og lögum, sem ekki virðist viðlit að fá breytt, er hægt að segja þessu fólki upp störfum hvenær sem er ef hráefni er ekki fyrir hendi. Skiptir engu máli hvort viðkomandi er búinn að vinna þrjá mánuði eða þrjátíu ár í starfsgreininni. Þessu þarf að breyta. Einnig þarf að breytast sá hugsunarháttur, sem nú ríkir, að það séu engin tíðindi þótt hundruðum verkakvenna sé sagt upp störfum og það þó þær uppsagnir eigi sér stað í jólamánuðinum þegar útgjöld fjölskyldunnar eru hvað mest."

Ég verð að játa að það er nöturleg staðreynd að það þykja ekki tíðindi lengur þegar hundruð, jafnvel þúsundir verkafólks eru atvinnulaus. Það er gjarnan sagt: Já, þetta er tímabundið, þetta fylgir þessum árstíma o. s. frv. Það er skelfilegt þegar sú hugsun kemur fram að þetta ástand sé eðlilegt. Það eru mannréttindi að hafa atvinnu og það er í fyllsta mæli óeðlilegt þegar þau mannréttindi eru ekki fyrir hendi. Ég minni líka á að ástandið er nú mun verra í þessum efnum en fyrr.

Lengi hefur verkalýðshreyfingin barist fyrir auknum réttindum fiskverkunarfólks. Það hefur stundum tekist að stíga fetið fram á við en aldrei nóg. Nú vill svo til að á borðum alþm. liggur frv. til l. um breyt. á lögum um uppsagnarfrest sem Guðmundur J. Guðmundsson,

Jóhanna Sigurðardóttir o. fl. flytja. Af því tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann muni beita sér fyrir samþykkt þess frv., hvort hann muni á þann hátt slást í lið með þeim sem vilja auka öryggi fiskverkunarfólks á vinnumarkaðnum.

En það eru fleiri spurningar sem leita á. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvernig stendur á því að leyft er að flytja hundruð útlendinga til starfa í fiskiðnaði á Vestfjörðum meðan hundruð verkakvenna og verkamanna eru án atvinnu á Suðurnesjum, í Reykjavík og Hafnarfirði? Hvað um aflamiðlun? Er réttlætanlegt að kvótinn njörvi suma landshluta niður í atvinnuleysi á meðan ofþenslan er slík annars staðar? Á Suðurnesjum er nú svo komið að hvert skipið á fætur öðru er selt af svæðinu vegna rekstrarerfiðleika. Talið er að níu þúsund tonna kvóti hafi þannig á skömmum tíma verið fluttur frá Suðurnesjum. Eftir situr verkafólkið verkefnalaust, atvinnulaust. Fiskvinnslufyrirtækin sem eftir eru skortir hráefni og viku eftir viku koma til með að falla niður vinnsludagar vegna hráefnisskorts ef að líkum lætur. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Er það staðföst ætlun hans að láta kvóta fylgja skipi hvernig sem atvinnuástandið er á því svæði sem skipið kemur frá? Eru það útgerðarmenn skipa sem einir eiga fiskinn í sjónum? Á verkafólkið engan rétt?

Mér er það ljóst að sjávarútvegurinn á í erfiðleikum þrátt fyrir að síðasta ár var eitt það fengsælasta í sögu þjóðarinnar. Ástæðan er sú helst að sjávarútvegurinn er fórnardýr efnahagsstefnu ríkisstj. Margir útvegsmenn hafa freistast til að flytja fisk út ferskan í gámum í þeirri von að fá meira verð fyrir fiskinn eða til að fá beinharða peninga strax í reksturinn. Ég veit að oft tekst að fá gott verð og það væri afturhaldssemi að leggjast alfarið gegn þeirri þróun eða þeim nýjungum sem nú eru mögulegar með nýrri flutningatækni. En slíkar breytingar verða að taka mið af atvinnuástandi sem er í landinu hverju sinni.

Á Suðurnesjum er mikið um að fiskur sé fluttur út í gámum. Mér er kunnugt um af viðtölum við menn í sjávarútvegi á Suðurnesjum að í mörgum tilfellum fæst lægra verð fyrir fisk sem fluttur er út í gámum en ella mundi fást. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Er fylgst með því á hvaða verði gámafiskurinn er seldur? Hefur verið kannað hvort það er alltaf hagkvæmara að selja fiskinn ferskan, þar sem verkamannshöndin kemur vart nálægt, en selja hann til frystingar hér heima?

Það má ljóst vera að ef sjávarútvegur er rekinn af þrótti og afkoma hans eðlileg eru engin atvinnuvandamál fyrir hendi. Málum er hins vegar þannig háttað að afkoma sjávarútvegs er afar erfið, eins og ég gat um áðan. Svo hefur reyndar verið um langt skeið. Lausaskuldir hafa hlaðist upp og þeim úrræðum einum beitt að framkalla skuldbreytingu sem aftur hefur haft það í för með sér að eignarhlutfall útgerðaraðila hefur sífellt minnkað. Ef svo heldur áfram sem verið hefur er þess skammt að bíða að sjóðaófreskjan eignist alla útgerð á Íslandi.

Ég fullyrði að sjávarútvegur er verr kominn á Suðurnesjum en annars staðar á landinu, sem rekja má til ýmissa orsaka. Um skeið guldu Suðurnesin svokallaðrar byggðastefnu þar sem Framkvæmdastofnun neitaði að veita fyrirtækjum á Suðurnesjum sömu fyrirgreiðslu og tíðkaðist annars staðar. Þá er það staðreynd að skreiðarverkun hefur verið afar mikil á svæðinu og sitja menn nú uppi með mikið af óseljanlegri vöru sem vissulega hefur óheyrilegan kostnað í för með sér. Sú staðreynd að fjöldi skipa hefur nú verið seldur af svæðinu án þess að nokkuð komi í staðinn segir sína sögu. Það segir þá sögu að fyrirtæki annars staðar á landinu eru betur í stakk búin til að reka útgerð, hafa efni á að kaupa sér ný skip fremur en aðrir. Í ljósi þessa tel ég að taka þurfi málefni sjávarútvegs á Suðurnesjum sérstökum tökum. Gera þarf sérstakt átak til að útgerð og fiskvinnsla á þessu svæði haldi ekki áfram að koðna niður.

Ég minnist þess að í málefnasamningi síðustu ríkisstjórnar var ákvæði um atvinnuuppbyggingu eða átak í atvinnumálum á Suðurnesjum. Reyndar var þetta stefnuatriði sett í kaflann um utanríkismál svo að ljóst má vera að höfundar þess hafa haft litla hugmynd um að útgerð og fiskvinnsla eru aðalatvinnuvegur Suðurnesjamanna. Reyndin varð sú að ekkert var gert með þetta ákvæði, hvorki á sviði sjávarútvegsmála, iðnaðar né í öðru. Og áfram hallar undan fæti í sjávarútvegsmálum á þessu svæði og svo mun enn verða ef ekkert verður að gert.

Á sama tíma og svo er komið fyrir útgerðinni heyja sjómenn kjarabaráttu sem byggist á þeirri staðreynd að laun sjómanna hafa rýrnað meira en laun almennt í landinu. Ég óttast að náist ekki samkomulag milli aðila á næstu dögum telji sjómenn sig tilneydda til að boða til vinnustöðvunar. Stöðvist flotinn verður fiskverkunarfólk atvinnulaust enn á ný, ekki aðeins það fólk sem verið hefur meira og minna atvinnulaust síðan í október eða desember heldur þúsundir manna um land allt. Þróun samningamála skiptir því fiskverkunarfólk miklu máli. Því spyr ég hæstv. sjútvrh.: Er að vænta aðgerða í sjávarútvegsmálum sem gera auðveldara fyrir deiluaðila að ná saman? Mun ríkisstj. beita sér fyrir því að til vinnslustöðvunar þurfi ekki að koma á ný? Mun ríkisstj. beita sér fyrir því að atvinnuöryggi þess fólks, sem vinnur að undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, verði betur tryggt en verið hefur?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason talaði við mig í morgun um utandagskrárumr. og ég spurði hann hvort það væri eitthvað sérstakt sem hann vildi spyrja mig um. Hann sagði það ekki vera, það væru engar sérstakar spurningar, þær væru almenns eðlis. Hann hefur borið hér fram ítarlegar spurningar til mín, sem ég skal reyna að svara af bestu getu, en ég hefði þó getað undirbúið það betur ef ég hefði vitað nánar um innihald þeirra. Það er nú svo almennt um umr. utan dagskrár að þær eru oft og tíðum tilviljanakenndar og er oft erfitt að gera þeim þau skil sem hægt væri ef undirbúningstími væri betri, en ég skal reyna að gera mitt besta.

Hann spurði í fyrsta lagi hvort ég mundi fylgja frv. til l. — svo að ég snúi mér að hinum beinu spurningum áður en ég kem að erfiðleikum sjávarútvegsins almennt — um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Ég skal viðurkenna það fúslega að ég er að sjá þetta frv. fyrst núna, en hér er um mikið vandamál að ræða. Það er spurningin í þessu sem öðru hvort réttur fólks verður fyrst og fremst tryggður með löggjöf. Hér er um miklu rótgrónara vandamál að ræða. Spurningin er sú hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsgrundvöll, hvort það

hefur hráefni til að vinna úr og afkomu til að greiða sínu fólki mannsæmandi laun. Ég hef ekki trú á því að frv. sem þetta tryggi það nægilega. Það getur að sjálfsögðu lagt þær skyldur á fyrirtækin að greiða viðkomandi verkafólki þessi laun, sem er gott mál, en aðalatriðið er að fyrirtækin búi við þær aðstæður að þau geti staðið undir því. Ég tel hins vegar eðlilegra að ræða þetta frv. þegar það verður tekið fyrir hér í þinginu en ekki að byrja á því að ræða það í umr. utan dagskrár því að mér vitanlega hefur hv. 1. flm. þess ekki enn þá mælt fyrir því, ég vænti þess að það sé rétt, og ég tel mun eðlilegra að við ræðum það þá, enda snertir það að vísu óbeint þetta vandamál, en það er þó málefni sem snertir allt fólk sem vinnur í þessari atvinnugrein.

Hv. fyrirspyrjandi spurði hvort ég teldi eðlilegt að það væri verið að flytja inn hundruð manna til starfa í fiskiðnaði þegar svo væri ástatt, eins og raun ber vitni, að það vantaði vinnu á öðrum stöðum. Vissulega er rétt að slíkt er mjög óeðlilegt. Hv. þm. gat um að e. t. v. mætti koma í veg fyrir þetta með aflamiðlun eða ég skildi hann svo. Ég kom í eitt frystihús fyrir stuttu, nánar tiltekið á Norðfirði, þar sem vantaði fólk til starfa og það lá fyrir að ef ekki fengist fleira fólk til starfa væri ekki hægt að ná upp framlegð og afköstum í húsinu. Vélarnar voru það afkastamiklar að afköstin í salnum voru ekki í neinu samræmi við afköst annars staðar í húsinu. Í þessu tilfelli, jafnvel þótt hægt væri að flytja afla frá þessum stað til annars, hefði rekstrarvandi viðkomandi húss verið óleystur. Hér er því oft spurning um framlegð í viðkomandi húsi.

Það hefur oft komið til álita og oft komið til umr. að miðla afla á milli staða og það er út af fyrir sig mjög góð hugsun, en hún hefur aldrei gengið upp, einfaldlega vegna þess að sjómennirnir vilja koma í sína heimahöfn og til sinna fjölskyldna. Eina leiðin sem menn hafa fundið í þessum efnum er að miðla afla á milli staða sem stutt er á milli með því að keyra hann á milli frystihúsa. Það er enginn vafi á því að slík miðlun hefur verið mjög til bóta á Reykjavíkur- og Suðurnesjasvæðinu. En á mörgum stöðum hefur þetta ekki gengið upp. Ég get ekki annað sagt en að það er mjög óæskilegt að þurfa að flytja inn vinnuafl á sama tíma og aðrir ganga atvinnulausir. Ég tek undir það með hv. þm. Hins vegar er erfitt fyrir stjórnvöld að stýra þeirri þróun og tilflutningi milli einstakra byggðarlaga.

Hv. þm. gat þess að hvert skipið af öðru hefði verið selt frá Suðurnesjum og þar af leiðandi hefði afli flust með þessum skipum til annarra staða. Það er alltaf nokkur hreyfing á fiskiskipum í landinu og verið að selja fiskiskip frá einum stað til annars. Ástæður fyrir þessu eru misjafnar. Í sumum tilfellum er um að ræða útgerðarmenn sem eru að hætta rekstri og vilja ekki sinna þessari atvinnugrein lengur. Það er um að ræða rekstrarerfiðleika og ýmsar aðrar ástæður. Einnig er afli misjafn við landið. Ég hygg að þessi tilflutningur eigi sér nokkrar rætur þar. Ég hef beðið um upplýsingar um hvað gerðist á árunum 1970—1981 því að oft er nú talað um þau ár, eftir að landhelgin var færð út og mikil aukning varð í fiskiskipaflotanum, og hvaða breyting varð þá á flotanum. Á þessum árum fór fiskiskipaflotinn úr 42 229 brúttólestum í 65 989, hann stækkaði um 56%. Ef maður lítur nánar á hvernig þetta hefur gerst, þá var aukningin á svæðinu Hornafjörður til Voga á Vatnsleysuströnd eða til Suðurnesja 91%, Hafnarfjörður-Reykjavík 15%, Akranes-Stykkishólmur 84% og Patreksfjörður-Djúpavogur 18%. Það hefur oft komið fram í umr. að aðalaukningin í flotanum hafi verið á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, en sannleikurinn er sá að þótt togurum fjölgaði mest á því svæði fóru þeir bátar sem þar voru fyrir hendi og höfðu verið uppistaða í atvinnulífi til annarra svæða á landinu. Megnið af bátum á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum var selt í burtu. Þetta var að sjálfsögðu vegna þess að síldveiðin brást og þessir bátar fóru til annarra veiða.

Ég hef ekki nákvæmar tölur um það enn hvað hefur gerst á árunum frá 1981 og fram á þennan dag, en það hefur m. a. verið að gerast að undanförnu að nokkuð af bátum hefur verið að flytjast aftur til Norðurlands og Vestfjarða m. a. vegna þess að þar hefur verið góður rækjuafli sem betur fer og sá rækjuafli hefur bjargað miklu í atvinnu þessara byggðarlaga. Nokkur skip hafa þess vegna farið til þessara landssvæða.

Það er rétt að af Suðurnesjum hefur verið seldur nýlega a. m. k. einn togari til Hornafjarðar. Það hafa oft verið nefndir þrír togarar úr einu byggðarlagi. Einn var nú mjög gamall og fór til rækjuveiða við Vestfirði, en mun hafa gengið þar afar illa og mun vera óvíst um framtíð hans. Einnig mun eitt af þessum togskipum vera til sölu. En svo hafa verið seldir bátar, veit ég um, austan af landi til Suðurnesja og til Vestmannaeyja o. s. frv. Hv. þm. hristir höfuðið. Ég spurðist fyrir um þetta í morgun og ég veit ekki betur en a. m. k. sé nýlega búið að selja einn bát, fyrir nokkrum dögum. Það skiptir þó ekki meginmáli í þessu sambandi. En ég held að ekki sé hægt að fara alveg nákvæmlega ofan í slíkan tilflutning því að hann mun alltaf verða fyrir hendi og ég held að það væri óæskilegt ef stjórnvöld reyndu með stjórnvaldsaðgerðum að koma í veg fyrir það að skip gætu gengið kaupum og sölum. Ég sé ekki hvernig við getum fengið heilbrigðan rekstur og sterkan sjávarútveg ef við ætlum að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað.

Hv. þm. spurði hvort ég teldi eðlilegt að kvóti væri látinn fylgja skipi alveg án tillits til ástands á hverjum stað. Það hefur gengið fremur illa að mynda ákveðna reglu í þessu sambandi, fyrst og fremst vegna þess hve þau lög, sem unnið er eftir, gilda til skamms tíma og það er eingöngu verið að tala um kvóta innan eins árs. Það stendur hins vegar í þeirri reglugerð sem gefin hefur verið út að höfðu samráði við sjútvn. að aflamark fylgi skipi ekki sjálfkrafa við sölu þess: „Um framsal aflamarks skipa, sem eigendaskipti verða að árið 1985, skulu gilda sömu reglur og um annað framsal aflamarks skv. þessari grein og þarf til þess sérstakt samkomulag kaupanda og seljenda."

Nú tel ég vera eðlilegt að ef skip er selt og annað keypt í staðinn geti viðkomandi aðili flutt kvótann yfir á það skip, en skipið sem selt er fái þá sóknarmörk í því byggðarlagi sem það fer til. En það er að sjálfsögðu alls ekki hægt að koma í veg fyrir að aflinn fylgi að mestu leyti skipinu, vegna þess að annars hefði það engan rekstrargrundvöll þangað sem það er keypt. Hins vegar hefur verið um það rætt, og það var í frv. því sem flutt var upphaflega, að heimilt væri að taka tillit til sérstakra aðstæðna, ef skip mundi farast o. s. frv., sem ég veit að hv. þm. kannast við, en það var talið mjög vandmeðfarið og var fellt niður við afgreiðslu málsins hér á

þingi. Ég svara þessu þannig að ekki sé hægt að komast hjá því, ef skip eru seld úr byggðarlögum, að minni afli berist á land í viðkomandi byggðarlögum.

Hv. þm. spurði um gáma og hvort fylgst væri með því. Það er að sjálfsögðu fylgst með því af viðskrn. Það þarf leyfi fyrir öllum slíkum útflutningi. Hins vegar hefur ekki tekist að fylgjast jafnvel með því og menn hefðu viljað. Þess vegna hafa nú verið settar nýjar reglur sem m. a. fela það í sér að sams konar skerðing verður á aflamarki þeirra skipa sem flytja út fisk í gámum og þeirra skipa sem sigla með aflann. Ég hygg að það verði til þess að draga úr gámaútflutningi. Jafnframt var ákveðið við fiskverðsákvörðun að ekki væru borgaðar uppbætur á gámafisk úr Aflatryggingasjóði. Ég býst því við að þær ráðstafanir verði til þess að draga heldur úr þeim útflutningi. Það er eitt af þeim vandamálum, sem menn eiga við að glíma á Suðurnesjum m. a., eins og hv. þm. gat um, hvað Suðurnesin liggja vel við útflutningi, bæði vegna nálægðarinnar við Keflavíkurflugvöll og nálægð við helstu kaupskipahafnir landsins. Það verður til þess að hagkvæmara er að flytja fisk út með gámum frá Suðurnesjum en almennt öðrum landshlutum. En það hafa sem sagt verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að stemma frekar stigu við þeim útflutningi. Hins vegar má ekki koma í veg fyrir hann eins og hv. þm. gat um. Það hefur verið þannig ástatt á okkar helstu mörkuðum að við höfum safnað þar upp birgðum og ekki verið talið rétt að safna meiri birgðum. Þess vegna þurfum við að nýta alla okkar markaði, það besta úr þeim mörkuðum sem við getum fengið, og við verðum að sinna ferskfiskmörkuðunum á sama hátt og öðrum. Því er ekki skynsamlegt að fara í aðgerðir sem verða til þess að þessir markaðir séu beinlínis vanræktir.

Hv. þm. spurði að lokum hvort eitthvað yrði gert af stjórnvalda hálfu til að leysa deilu milli sjómanna og útvegsmanna og sagði að laun sjómanna hefðu rýrnað meira en annarra. Nú er það að vísu ekki rétt skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar að laun þeirra hafi rýrnað meira en annarra, en það er að sjálfsögðu eilíft deiluefni og fer eftir því við hvaða skip er miðað. Skv. þeim upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér mun svo ekki vera. Hitt er svo annað mál að sjómenn eru ekki ofhaldnir og nauðsynlegt er að þeir búi við góðan kost. Ríkisstj. hefur verið í sambandi við bæði útvegsmenn og fulltrúa sjómanna og ég hef átt við þá viðræður, þannig að það er fullt samband þar á milli. Það er á þessu stigi ekkert frekar um það að segja. Eftir því sem ég best veit átti að vera fundur í dag. Ég hef reynt að fylgjast með þeirri deilu eftir því sem ég frekast hef getað m. a. með það í huga að hægt væri að grípa til aðgerða sem gætu stuðlað að lausn þeirrar deilu.

Ég skal ekki hér fara út í almennan vanda sjávarútvegsins og þann vanda sem menn eiga sérstaklega við að glíma á Suðurnesjum. Það yrði mjög langt mál. En það eru margar ástæður fyrir því að sjávarútvegur á nú við vanda að glíma í ákveðnum byggðarlögum á Suðurnesjum. Sem betur fer er það ekki jafnslæmt alls staðar. Það eru fyrst og fremst tvö byggðarlög sem skera sig þar úr. Þau eru Garðurinn og Keflavík. En ástand í Grindavík hefur t. d. verið þolanlegt. Rekin er þróttmikil útgerð í Grindavík. T. d. var þar saltað mikið á s. l. síldarvertíð og hafði það mikil og góð áhrif á atvinnuástand. Ýmislegt hefur þó orðið til þess að bæta úr ástandinu á Suðurnesjum. T. d. var rækjuafli á Eldeyjarmiðum næstum því helmingi meiri en gert var ráð fyrir í upphafi og hefur m. a. orðið til þess að smærri bátum hefur heldur fjölgað á þessu svæði. Einnig hefur kolaafli á Faxaflóa orðið til þess að glæða nokkuð atvinnu á þessu svæði.

Það var von manna að úthafsrækjuveiði gæti orðið til þess að skapa atvinnu á Suðurnesjum. T. d. hóf fyrirtæki í Garðinum, sem hefur nýlega ákveðið að selja skip sín, slíkar veiðar og setti upp rækjuvinnslu með það í huga að beina skipunum að hluta á þær veiðar. Það gekk hins vegar ekki eins vel og á horfðist og sama máli má gegna um t. d. rækjuveiðar frá Austurlandi. En þær hafa gengið mun betur frá Vestfjörðum og Norðurlandi. Ef þetta framtak þessa fyrirtækis hefði heppnast hefði það áreiðanlega verið betur statt. Þannig er það nú í sjávarútveginum að ýmsar nýjungar sem menn vilja leggja í ganga misjafnlega og því kemur það niður á því fólki sem á afkomu sína undir þessum atvinnuvegi.

Ég vil taka það fram að lokum að sjávarútvegurinn býr við mikla erfiðleika og það mun taka langan tíma að komast yfir þau vandamál. Það gerist ekki á einu ári eða tveimur eða þremur. Áreiðanlega munu verða á hinum ýmsu stöðum tímabundin vandamál sem þessu fylgja. Það hefur t. d. verið kappsmál sjómanna og útvegsmanna, sérstaklega sjómanna, að hægja mjög á veiðum í desembermánuði og jafnvel í janúarmánuði. Það verður þá til þess að atvinna verður mun minni í landi þá mánuði. Hér áður fyrr var það svo að afli í desembermánuði var kannske 10 þús. tonn, en 110 þús. tonn í apríl. Menn sjá á því hve vinnan hefur verið misjöfn. Það hefur þrátt fyrir allt tekist að breyta þessu ástandi þannig að aflinn er jafnari yfir árið, en það mun aldrei verða hægt að jafna hann svo að það verði eins og í öðrum iðnaði þar sem menn framleiða vörur með öðrum hætti.

Það hefur verið leitast við á undanförnum árum að jafna þetta sem mest og það kvótakerfi sem tekið hefur verið upp hefur einmitt verkað með þessum hætti. Það hafa e. t. v. einhverjir þm. séð frétt í sjónvarpinu í gær frá Danmörku þar sem var tekið fram að þar væri kvótanum ekki skipt á einstök skip og öll skipin kepptust við að ljúka öllum aflanum á nokkrum dögum. Það yrði til þess að mikið af honum yrði ónýtt og síðan lægju öll skipin bundin í höfn löngu á eftir. Það er að sjálfsögðu kerfi sem hægt er að taka upp, en verður til þess að atvinnan verður enn þá ójafnari. Það er enginn vafi á því að vinnan hefur jafnast mun betur á s. l. ári en hægt var að gera ráð fyrir í upphafi ársins. Hins vegar hefur það ekki komið í veg fyrir vandamál á einstökum stöðum. Það eru ekki aðeins staðir á Suðurnesjum sem hafa orðið fyrir barðinu á þessum erfiðleikum. heldur einnig staðir annars staðar á landinu.

Ég veit ekki hvort ég hef svarað öllum fsp. hv. þm. nægilega rækilega, en vil að lokum segja að fyllsta ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af sjávarútveginum á Suðurnesjum. Hann hefur alllengi verið nokkuð veikburða. Það var fyrir nokkrum árum reynt að sameina fyrirtæki á Suðurnesjum með hjálp stjórnvalda. Það tókst að litlu leyti, en nokkru eftir að það var gert komu upp margir nýir aðilar að saltfiskverkun og skreiðarverkun. Þessi landshluti er mjög háður skreiðarverkun. Í þeirri framleiðslugrein eru gífurlegir erfiðleikar eins og allir vita. Það liggur í landinu skreið fyrir um að bil 2000 millj. og afurðalán

hafa verið veitt út á helminginn af því. Mörg hinna smáu fyrirtækja á Suðurnesjum hafa orðið mjög fyrir barðinu á þessum erfiðleikum og hefur það orðið til þess að nokkrir hafa hreinlega gefist upp á þessum rekstri. Onnur fyrirtæki víða á landinu, sem ekki fóru af jafnmiklum krafti í skreiðarverkun, hafa sloppið betur. Margir hafa sagt með réttu að ef við gætum selt skreið með eðlilegum hætti, eins og var hér fyrr á árum, og hefðum losnað við hana væri sjávarútvegurinn tiltölulega vel staddur. Ég held að þetta sé að mörgu leyti rétt og hygg að ef hið mikla skreiðarvandamál hefði ekki komið upp væri sjávarútvegurinn á Suðurnesjum a. m. k. mun betur staddur en hann er í dag. Það má mikið af þessum vanda rekja til þess ástands sem þar hefur skapast.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. málshefjandi hefur nú gert grein fyrir máli sínu og hæstv. ráðh. svarað ítarlega mörgum spurningum. En það eiga ýmsir fleiri eftir að leggja orð í belg. Það hafa þegar fimm hv. þm. beðið um orðið. Þess vegna þykir rétt að taka það fram að ekki er ætlunin að hafa kvöldfund hér. Það er ætlunin að stefna að því að ljúka fundi fyrir kvöldmat. Þess er vænst að hv. þm. hafi þetta í huga.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í þessum umr. hefur vissulega verið dregin upp svört mynd af því alvarlega atvinnuleysi sem ríkir á Suðurnesjum og víðar og því öryggis- og réttindaleysi sem fiskverkunarfólk býr við. En af hverju er svo komið í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar? Af hverju er svo komið að hundruð verkamanna og verkakvenna í fiskiðnaði eru atvinnulaus og fjöldi þeirra býr við atvinnuleysi svo að vikum skiptir? Höfum við á því einhverja skýringu af hverju svo er komið? Er við að fást utanaðkomandi áföll og erfiðleika, sem erfitt er að ráða við, eða heimatilbúinn vanda sem að verulegu leyti má rekja til óstjórnar og fyrirhyggjuleysis í sjávarútvegi? Stjórnvöld hopa ávallt í það horn þegar spurt er um ástæður og launafólki er gefin sú skýring á því af hverju kjör þeirra séu svo bágborin og erfitt úr að bæta að við sé að eiga sérstaklega aflabrest, markaðserfiðleika og verðfall sjávarafurða. En staðreyndin er sú, að þó að áföll sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á undanförnum árum, svo sem aflasamdráttur, markaðserfiðleikar o. fl., hafi rýrt þjóðartekjur á undanförnum árum og skapað erfiðleika í sjávarútvegi, þá eru það minni háttar erfiðleikar samanborið við þau heimatilbúnu axarsköft og fyrirhyggjuleysi sem skrifast verður á reikning stjórnmálamanna. Ég vil halda því fram að það séu ekki síst þessi heimatilbúnu axarsköft sem skapað hafa mikinn vanda í sjávarútvegi og öryggisleysi í atvinnumálum fiskverkunarfólks og sjómanna og leitt til þess að verkafólk í þessari atvinnugrein hefur þurft að búa við sultarkjör.

Á það þarf vart að minna hér að Alþfl. varaði ítrekað við offjárfestingu í fiskiskipastólnum fyrir nokkrum árum, en talaði þá fyrir daufum eyrum. Nú er það almennt viðurkennt að við fórum þar of geyst í fjárfestingu. Nú er svo komið að skuldabyrði, ekki síst vegna gífurlegs fjármagnskostnaðar, er að kippa rekstrargrundvellinum undan útgerðinni og skapa atvinnuleysi í sjávarplássum vítt og breitt um landið. Það er ekki sannfærandi að leita skýringa á þessu ástandi í aflabresti og verðfalli sjávarafurða, en reyna að leyna eins og kostur er meginorsökum vandans, sem eru fjárfestingarmistök og dýr aðföng og slæm rekstrarskilyrði útgerðar og fiskvinnslu ekki síst þegar við höfum fyrir okkur að árið 1984 hefur reynst vera þriðja mesta aflaár sem við höfum búið við og verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar 1984 hafa vaxið talsvert umfram almenna verðlagsþróun í landinu.

Það er staðreynd að við eyðum árlega mun stærri hluta af okkar þjóðartekjum í fjárfestingu en nágrannaþjóðir okkar og það sem verra er, að stórum hluta er árlega varið í þjóðhagslega óarðbæra fjárfestingu. Ég hef hér nefnt mistökin í fjárfestingarmálum í sjávarútvegi, en fjárfestingarmistökin liggja ekki bara hjá sjávarútveginum. Þar er skemmst að minnast að við höfum farið of geyst á umliðnum árum í virkjanaframkvæmdir, svo að dæmi sé nefnt. Það má nefna hér að fjármunamyndun í atvinnulífinu á árinu 1983 var rúmlega 3.5 milljarðar kr. og þar af var fjármunamyndun næsthæst í verslun og veitingastarfsemi eða 831 millj. kr. Fjármunamyndun á árinu 1983 var því meiri í verslun og veitingastarfsemi en öllum öðrum atvinnugreinum að undanskildum iðnaði. Engu að síður er verslunarrýmið á höfuðborgarsvæðinu tvöfalt meira á hvern íbúa en þekkist í stórborgum erlendis. Og áfram rísa samt þessar verslunarhallir og ekkert lát virðist vera á. Þó er alltaf kveinað hjá atvinnurekendum þegar leitað er leiða til þess að bæta kjör fólks sem vinnur við þessa starfsemi.

Það er líka ljóst að mikill viðskiptahalli og erlendar lántökur, sem nú eru að sliga þjóðarbúið, eru ekki síst afleiðing þess að allt of lengi hefur of stórum hluta þjóðartekna verið varið í óarðbæra fjárfestingu sem engin stjórn virðist vera á. Hér hefur verið rætt um þau slæmu kjör og öryggis- og réttindaleysi sem fiskverkunarfólk býr við. Það er deginum ljósara að þetta fólk sem og annað verkafólk hefur lagt fram sinn skerf á umliðnum mánuðum og árum til að rétta við sjávarútveginn og fiskiðnaðinn. Þetta fólk hefur fært sínar fórnir. Ríkisstj. réttlætti einmitt aðförina að launafólki, samningsrétti þess og kjörum og samdrátt í félagslegri þjónustu með því að segja launafólki að það væri að færa fórnir fyrir betri framtíð. Og hvaða framtíðarsýn dró þessi ríkisstj. upp fyrir launafólk? Jú, að fórnir launafólks mundu renna styrkum stoðum undir undirstöðuatvinnugreinar atvinnulífsins, ekki síst sjávarútveginn. Hægt væri að koma á nýsköpun í atvinnulífinu og ná niður verðbólgunni sem þýddi betri lífskjör og trygga atvinnu fyrir launafólk.

En hverjar eru staðreyndirnar sem við blasa? Sú mikla tekjutilfærsla sem átt hefur sér stað frá launafólki til fjármagnseigenda vegna mikillar kjaraskerðingar frá því að ríkisstj. tók við hefur verið áætluð 7—8 milljarðar kr. Einnig hefur verið áætlað að á verðlagi ársins 1984 megi meta tekjutap landsmanna vegna utanaðkomandi áfalla og rýrnunar þjóðartekna á árunum 1983 og 1984 upp á 5.5 milljarða. Ljóst er því að fyrir síðustu kjarasamninga var tekið mun meira af launafólki en nam falli þjóðartekna á árunum 1983 og 1984. Og nú er von að spurt sé: Hvað hefur orðið um þessa framtíðarsýn ríkisstj., bættu lífskjörin, atvinnuöryggið sem fórnir launafólks áttu að skila? Hefur styrkum stoðum verið komið undir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar? Stendur sjávarútvegurinn betur nú en áður en launþegar voru krafnir um þessar miklu fórnir?

Atvinnuleysi á annað þúsund verkamanna og kvenna vítt og breitt um landið er varla til vitnis um það. Af hverju eru það milliliðirnir, heildsalarnir og verslunin sem helst blómstra, en ekki framleiðslu- og gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar þjóðfélagsins? Hefur nokkuð verið gert til þess að stöðva það að milliliðirnir mergsjúgi ekki undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar? Og enn má spyrja: Er atvinnuöryggi fólks meira nú en það var í upphafi valdaferils þessarar ríkisstj.? Er atvinnuleysi minna? Hvað segja atvinnuleysistölur? Jú, þær segja að atvinnuleysi hafi verið í maí 1983, þegar ríkisstj. tók við, 0.7%, en í s. l. mánuði eða í des. var atvinnuleysi orðið 1.6%. Og annað einnig. Svo hefur verið þrengt að launafólki að tölur frá Verðlagsstofnun og Hagstofu sýna ljóslega að framfærslubyrðin var heimilunum erfiðari á síðari hluta s. l. árs, þegar verðbólgan var 20%, en þegar hún var yfir 100%, þegar þessi ríkisstj. tók við. Og af hverju skilaði lækkandi verðbólga sér ekki betur í bættum launakjörum fólksins? Hvað hefur orðið um þá miklu fjármuni sem teknir voru af launafólki í þágu betri framtíðar, betri lífskjara og atvinnuöryggis?

Herra forseti. Það er ljóst að atvinnuleysi það sem hundruð verkamanna og verkakvenna býr nú við bitnar ekki síst á konum og lætur nærri að 75% af fiskverkunarfólki, sem nú er atvinnulaust, séu konur, enda er það staðreynd, ekki bara hér á landi heldur annars staðar þar sem fólk býr við atvinnuleysi, að það eru ekki síst konurnar sem atvinnuleysið bitnar á. Það mega konurnar einnig þola auk þess að skipa að stærstum hluta láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Og eitt er víst: Það hlýtur að koma að því fyrr en síðar að langlundargeð kvenna þrjóti og þær sýni með eftirminnilegum hætti hvers virði vinnuframlag þeirra er þjóðarbúinu.

Það er ljóst að það lagaákvæði sem atvinnurekendur veifa þegar þeir senda fiskverkunarfólk heim fyrirvaralítið og það stendur uppi atvinnulaust heggur þyngst í raðir kvenna og bitnar harðast á þeim. Það er algerlega óþolandi að þessar konur og annað fiskverkunarfólk, sem með vinnu sinni skilar okkur stærstum hluta af okkar gjaldeyristekjum, skuli búa við slíkt öryggisleysi í sínum aðbúnaði og kjörum — og ekki einasta það, heldur þarf þetta fólk, þegar það á annað borð hefur vinnu, að búa við nánast vinnuþrælkun til að bæta sér upp þá hungurlús sem kauptaxtarnir eru, enda eru það ekki síst konurnar í fiskvinnunni sem slíta sér út fyrir aldur fram og atvinnusjúkdómar ekki síst þekktir í þeirri stétt. Við skulum líka líta á að í hópi fiskverkunarfólks er ekki síst að finna það fólk sem hvað erfiðast á í þjóðfélaginu, þ. e. einstæðar mæður. Og hvaða áhrif hefur þetta öryggisleysi, sem þær búa við, á afkomu þeirra og barna þeirra eða yfirleitt á framfærslu og afkomuöryggi heimila fiskverkunarfólks?

Það er skylda okkar alþm. að sameinast um það að þegar í stað verði þær ráðstafanir gerðar sem bæta úr því réttinda-, afkomu- og öryggisleysi sem fiskverkunarfólk hefur orðið að búa við allt of lengi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. 6. landsk. þm., Karli Steinari Guðnasyni, fyrir að opna umr. um þetta mál og ég vil taka undir það, sem hann hefur hér sagt, með örfáum orðum.

Þegar svarta skýrslan kom fram fyrir rúmu ári opnaði ég umræður utan dagskrár um þau mál og lýsti áhyggjum mínum og kvíða vegna þess ástands sem hlyti að skapast vegna þess samdráttar sem fyrirsjáanlegur væri í sjávarútveginum og spurðist fyrir um viðbrögð stjórnvalda. Við erum nú einmitt að ræða það ástand sem við óttuðumst og hlaut yfir okkur að koma ef ekki væri hart við brugðist.

Ég hlýt að ítreka það, sem þegar hefur komið fram hér og ég hef raunar rætt oftar en einu sinni áður við önnur tækifæri, að það eru einkum konur sem verða að líða fyrir þann samdrátt sem nú er orðinn í atvinnulífinu, einkum úti um land. Og það olli vonbrigðum að hæstv. ráðh. vék ekki neitt að því sérstaka vandamáli. Ástandið á Suðurnesjum, þar sem 70—80% atvinnulausra eru konur, er dæmigert fyrir hið brothætta afkomuöryggi kvenna. Þær hafa löngum verið notaðar sem eins konar sveiflujafnari í atvinnulífinu, verið lokkaðar út af heimilum sínum á þenslutímum, en miskunnarlaust vísað heim aftur á samdráttartímum. Um það eru ótal dæmi frá ýmsum tímum alls staðar í heiminum. En þjóðfélagsgerðin hefur gerbreyst á undanförnum árum þótt ekki verði séð að stjórnvöld og atvinnurekendur eða jafnvel verkalýðsforustan hafi öðlast skilning á því. Það furðulega er nefnilega að ótrúlega margir líta atvinnuleysi misjafnlega alvarlegum augum eftir því hvort í hlut eiga karlar eða konur. Dæmi um slík viðhorf eru ummæli sem höfð voru eftir starfsmanni Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur í Alþýðublaðinu fyrir rúmu ári. Eftir að hafa látið í ljós áhyggjur af þáverandi ástandi og horfum í atvinnumálum á Suðurnesjum sagði hann, með leyfi forseta:

„Það sem bjargar dálítið stöðunni hjá okkur er að stærri hluti atvinnulausra eru konur og því ekki fyrirvinnur. Við teljum að um þriðjungur atvinnulausra sé karlar en ⅔ konur, þannig að í sumum tilvikum hefur þetta ekki afgerandi áhrif á afkomu heimilanna þar sem konan er ekki fyrirvinnan."

Ég hef reyndar áður vitnað til þessara orða sem eru því miður ekkert einsdæmi. Þau voru sögð fyrir rúmu ári, en hvað hefur breyst? Ég vil enn og aftur mótmæla viðhorfum af þessu tagi. Þau eru beinlínis ósæmileg og gersamlega úr takt við raunveruleika nútímans. Atvinnuleysi kvenna er nákvæmlega jafnalvarlegt og atvinnuleysi karla. Konur hafa í sívaxandi mæli tekið að sér fyrirvinnuhlutverkið, ýmist við hlið karla eða einar og óstuddar, ýmist sjálfviljugar eða tilneyddar. Það er til háborinnar skammar hvað þessum konum er boðið upp á. Öryggisleysi og lág laun eru hlutskipti kvenna í þessu þjóðfélagi, ekki síst þeirra sem bera uppi vinnslu útflutningsafurða okkar, og þessu verðum við að breyta.

Það þarf að taka tillit til þess að fiskvinnslufólk er að meiri hluta konur og þessar konur eru að meiri hluta húsmæður sem eru bundnar við heimili og börn. Heildartölur á pappír um atvinnuástand í landinu segja ekki alla söguna. Við megum ekki líta fram hjá því að konum á Suðurnesjum gagnar lítt þótt vanti í nokkur fiskvinnslustörf á Vestfjörðum og Austfjörðum svo að þangað þarf að flytja inn erlent vinnuafl.

Atvinnulíf á Suðurnesjum er því miður fremur einhæft, en þar held ég að ekki sé við heimamenn að sakast sem hafa verið mjög áhugasamir um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Á Suðurnesjum eru óneitanlega geysimiklir möguleikar í atvinnumálum. Fengsæl fiskimið, góðar hafnir, alþjóðlegur flugvöllur, nábýli og

greiðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið og síðast en ekki síst jarðvarmi í ríkum mæli eru allt geysiveigamikil atriði í þessu tilliti. Þar er öflugt samstarf sveitarfélaga til fyrirmyndar. Þar er iðnþróunarfélag og iðnráðgjafi sem staðið hefur fyrir námskeiðum og fleiru sem stuðla má að uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi. Árangur hefur áreiðanlega orðið minni en margir vildu. Þetta landssvæði, sem ætti að hafa hag af nábýli við höfuðborgarsvæðið, hefur í raun goldið þessa nábýlis, a. m. k. til skamms tíma, þar sem Suðurnesin voru ekki viðurkennd landsbyggð og nutu ekki náðar landsbyggðarstefnu. Suðurnesjamenn hafa því ekki notið fyrirgreiðslu til viðhalds og uppbyggingar í atvinnulífi á sama hátt og önnur byggðarlög og eru því á ýmsan hátt verr undir það búin að mæta afleiðingum kvótakerfis í sjávarútvegi og samdráttar í fiskvinnslunni. Það er hart til þess að vita að Suðurnesin, sem í mörgu tilliti bjóða upp á geysigóða möguleika í atvinnuuppbyggingu, hafa ekki getað nýtt þá, að töluverðu leyti vegna skorts á fjármagni og fyrirgreiðslu. Hér þarf aðgerðir og þó fyrr hefði verið. En fyrst og síðast þarf að finna leiðir til að tryggja hið brothætta afkomuöryggi kvenna sem við höfum svo sorgleg dæmi um á Suðurnesjum þessar vikurnar.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal ekki taka langan tíma þannig að það skapi að nokkru leyti þörf til þess að halda kvöldfund.

Það sem kom mér fyrst og fremst til þess að biðja um orðið var sú yfirlýsing hæstv. ráðh. að hægt væri að draga úr eða mundi verða dregið úr útflutningi gámafisks með því að skerða um 10% kvóta þess skips sem þann afla fiskaði. Stór hluti af þeim fiski sem fluttur er út með gámum er ekki fluttur beint með skipi, heldur frá þeim fiskvinnslustöðvum sem viðkomandi skip leggur upp hjá. Möguleiki til þess að flokka fiskinn fyrir þetta skip eða hitt er undir mörgum kringumstæðum ekki fyrir hendi í fiskvinnslustöðvunum. Þar af leiðandi eru ansi litlar líkur fyrir því að hægt verði að fylgja því út í ystu æsar að viðkomandi skip verði skert í kvóta vegna gámafisks.

Hins vegar kemur einkennilegt dæmi upp í sambandi við gámafiskinn nú á fyrstu mánuðum ársins, þ. e. í sambandi við þann línuafla sem fluttur verður út með gámum og hefur verið fluttur út undanfarið. Eins og hv. þm. er kunnugt um er helmingur aflans undanþeginn kvóta. Hvernig á þá að reikna frádráttinn með hliðsjón af þeim afla sem frá línubátunum kemur? Á það að vera 5% frádráttur eða hvað? Ég tel að það verði mjög erfitt að beita þessu ákvæði gagnvart skipum almennt og þar af leiðandi sé þetta ákvæði í reglugerðinni frekar léttvægt.

Í öðru lagi kom ég hér upp af því að hæstv. viðskrh. kom hér í salinn til að spyrja hann um það — það tengist ákveðið því máli sem hér er verið að ræða utan dagskrár — hvernig á því standi að ekki hafa verið leyfð afurðalán út á framleiðslu þessa árs. Eftir þeim upplýsingum sem ég fékk í dag mun ekki vera frá því gengið þannig að það verði næstu daga. Það er gefið undir fótinn með að slíkt muni eiga sér stað um mánaðamót, en eins hefur verið á málum haldið síðustu vikur. Það hefur verið gefið undir fótinn með að þetta verði á morgun, þetta verði eftir helgi o. s. frv. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. viðskrh. hver stjórni þessum vinnubrögðum. Það gefur auga leið að þegar viðkomandi frystihús getur ekki veðsett afurðir sínar dregur úr vilja þess til að hefja framleiðslu. Það eru miklar líkur fyrir því að vissir aðilar hafi ekki hafið framleiðslu, frystihús hér í Reykjavík og víðar, vegna þessara ákvarðana bankayfirvalda í landinu. Ég veit ekki til þess að slíkt hafi nokkurn tíma komið fyrir áður, að ekki hafi verið hægt að veðsetja vöru um leið og hún hefur verið framleidd, hvort sem það hefur verið á öðrum degi eftir áramót eða einhvern tíma síðar.

Nokkur orð um innflutning á fólki. Ég tek undir það að ekki er gott þegar um atvinnuleysi er að ræða á einum stað að flytja inn fólk á öðrum. En þróunin í landinu er á þann veg að fólk er að flytjast á milli landshluta. Það er ekki eingöngu það að fyrirtækin á viðkomandi stöðum þurfi að halda hráefninu heima, eins og hæstv. ráðh. benti á, heldur er einnig búið þannig að fiskvinnslufólki og sjávarútvegi að fólk er að gefast upp á þessum atvinnuvegi. Á stöðum vítt um landið er fólksfækkun yfirvofandi. Til þess að standa undir svipaðri framleiðslu í frystihúsum þar er engin leið til önnur en að flytja inn fólk. Ríkisstj. hefur búið þannig að þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar að fólk er að flýja. Er nema eðlilegt að fólk sé að flýja þegar þannig er búið að þessum atvinnuvegi eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason lýsti hér áðan, þ. e. fólkið getur staðið frammi fyrir því að verða atvinnulaust mánuðum saman án þess að hafa neina tryggingu fyrir því hvenær atvinna býðst aftur?

Hæstv. ráðh. tók dræmt í frv. Guðmundar J. Guðmundssonar um að tryggja fiskvinnslufólki ákveðin kaupréttindi frá atvinnufyrirtækjum, sagði að það væri ekki heppilegasta leiðin sem fyrir hendi væri. Þetta er einmitt sú kenning sem haldið hefur verið fram í hvert skipti sem leitað hefur verið slíks réttar fyrir vinnandi fólk á Íslandi. Það var nákvæmlega sama kenningin og haldið var fram þegar leitað var réttar til kauptryggingar á skipum. Það var sagt að vafasamt væri að leggja slíkt á útgerðina. Menn hlytu eins og áður að búa við fiskaflahlutinn. Kauptrygging væri of mikið álag á útgerðina sjálfa.

Ég held að ég fjölyrði ekki frekar um þetta, en ég árétta fsp. mína til hæstv. viðskrh., af hverju þannig sé á málum haldið að enn séu ekki veitt afurðalán út á framleiðslu sjávarafurða.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. bar upp fsp. til mín. Hann skaut að vísu málinu til mín rétt áður en hann fór í ræðustólinn og ég hafði þess vegna aðstöðu til að kanna málið í millitíð og til þess að geta svarað nákvæmlega eins og það mál stendur. Ég hafði gert ráð fyrir því að þessi lánafyrirgreiðsla gæti hafist í gær. Eftir viðræður sem ég átti við þá seðlabankamenn á föstudag hafði ég búist við því. En það er rétt, sem hv. þm. sagði áðan, að það gerðist ekki. Það svar sem mér var gefið í Landsbankanum var að staðið hefði á útreikningi viðmiðunarverðs frá útflytjendum, en það hefði borist til þeirra nú í morgun og í fyrramálið ætti þetta að geta verið komið í lag. Þannig hljóðar það svar sem ég hef við fsp. hv. þm. og ég trúi því að við verðum báðir til þess að athuga það í fyrramálið hvort þetta gengur ekki fram eins og mér var tjáð áðan. Vonast ég til þess að ég hafi svarað fsp. hv. þm. þannig að viðunandi sé.

Hins vegar var þess getið í leiðinni að með einum eða öðrum hætti hefðu menn verið aðstoðaðir með fjármagni til að sinna því sem nauðsynlegast var á þessum tíma. En auðvitað eiga slíkir hlutir að geta verið komnir í lag þegar nýtt ár byrjar.

Hér var vikið að fiskútflutningi með gámum. Hv. 4. þm. Vesturl. taldi að það væru annmarkar á því að draga frá í kvóta, sérstaklega þegar um væri að ræða línuveiði. Ég get gert grein fyrir því að gerð er krafa til þess að um leið og útflutningsleyfið er gefið sé frá því skýrt hvaðan aflinn sé kominn og þá hvaða veiðarfæri er notað. Ef menn eru reiðubúnir að gefa skýrslur, sem þeir eiga að gera, ætti að vera hægt að koma þessu til skila, hvort heldur það er 10% frádráttur eða 5%.

Eins er það í sambandi við greiðslu til stofnfjársjóða. Gerð er krafa til þess að verð sé gefið upp, verðathugun fari fram á mörkuðum og það gangi sömu boðleið og undir öðrum kringumstæðum þegar um erlendar sölur er að ræða.

Þessar umr. hafa spunnist út af orðum hv. 6. landsk. þm. varðandi atvinnuástand á Suðurnesjum. Þar eru vissulega erfiðleikar. Útgerðin á í erfiðleikum, ekki bara þar heldur víðar. Ég geri ekki ráð fyrir að menn hafi átt von á því eftir góð aflaverðmætisár, eins og 1982 þegar útgerðin var rekin með miklum halla, að á einu ári væri hægt að kippa slíku í lag, en það er sjálfsagt að stuðla að því, hver sem betur getur. Þegar um er að ræða erfiðleika um margra ára skeið, sem birtast í hallarekstri útgerðar, verður þeim vart kippt í lag á stuttum tíma, en sennilega er þó árið 1984 betra þegar til samanburðarins kemur þó það sé auðvitað ekki nærri nógu gott og þurfi að gera miklu betur til þess að vel eigi að vera.

Fyrir rúmri viku áttum við þm. Reykn. fundi með sveitarstjórnum á Suðurnesjum til að fjalla um vandamál þeirra. Þar kom vissulega fram ýmislegt af því sem hv. 6. landsk. þm. vék að áðan. Menn gerðu þó misjafnlega mikið úr erfiðleikunum eftir því hvar það var og töldu að innan skamms yrði á þessu breyting. Ég efast ekkert um að við erum sem slíkir, þm. kjördæmisins, reiðubúnir hvar svo sem við erum að starfi að gera það sem í okkar valdi stendur til að vinna að því að úr þessu megi bæta með einum eða öðrum hætti.

Hv. 6. landsk. þm. vék að Framkvæmdastofnun og fjársvelti sem hann benti á að hefði verið fyrir nokkuð löngu að vísu, ef ég man rétt á árunum 1973—1975, þegar samþykkt var í Framkvæmdastofnun að ekki væri heimilt að lána til fiskverkunarstöðva í sjávarútvegi á ákveðnu svæði landsins. Menn fengu því áorkað að þessu var breytt og ýmislegt hefur þó frá þeirri stofnun komið sem létt hefur undir og lagfært þegar illa hefur árað.

Ég vildi láta það koma hér fram að þess sem þarna er að gerast eru þm. kjördæmisins sér mjög vel meðvitandi og þeir fengu á þessum viðræðufundum upplýsingar sem þeir vinna úr hver sem betur getur.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal draga saman mál mitt. Ég vil fyrst skjóta því að hæstv. viðskrh. að ekki er furða þó útgerð sé sein af stað ef ekki er farið að veita krónu í afurðalán, en á að byrja á því í fyrramálið. Ég hef ekki reynt hæstv. viðskrh. að ósannsögli, en ég vil einnig upplýsa að ég þekki tvo menn sem selja fisk til útflutnings í gámum og hefur aldrei verið spurt að því hvernig fisksins hafi verið aflað. Ég er reiðubúinn að spjalla um þetta við hæstv. viðskrh. síðar, en þetta er eiginlega utan dagskrár.

Ég get tekið undir með hæstv. sjútvrh. að vissulega verða aðalumræður um frekari rétt verkafólks með kauptryggingu þegar tekið verður til umr. það frv. sem nú liggur fyrir á þskj. 428 og við flytjum fjögur.

Hins vegar skil ég ákaflega vel helsta forsvarsmann verkafólks á Suðurnesjum, að hann sé nokkuð órólegur þegar á sjötta hundrað manns í verkalýðsfélögunum á Suðurnesjum, sem hann er helsti forsvarsmaður fyrir, eru atvinnulaus og þegar sumt af þessu fólki hefur verið atvinnulaust kannske tvo mánuði, einstaka lengur en tvo mánuði. Ég er út af fyrir sig ekki undrandi þó að á öðrum degi Alþingis á þessu ári óski hann eftir að segja nokkur orð utan dagskrár um það mál.

Ég skal reyna, eins og ég lofaði í upphafi, að tempra umr. og gera það við síðari umr. En við skulum leggja eitt á minnið. Ef athugað er mannafli og vinnuafl Íslendinga koma ákaflega sérstæðir hlutir í ljós. 75% giftra kvenna vinna utan heimilis. Ekkert land í Evrópu kemst nálægt þessari tölu. Ég held að Danmörk komi næst. Ég man ekki hvort það eru 60%, 65% eða eitthvað svoleiðis þar. Í fiskiðnaði eru tæplega 75% vinnuafls konur. Ef þessara kvenna nyti ekki við og þátttaka þeirra væri ekki slík í íslensku atvinnulífi mundi íslenskt atvinnulíf hrynja saman. Sama er að segja um íslenskan iðnað, rösk 70% eru konur. Ef þessi mikla þátttaka kvenna væri ekki þar mundi íslenskur iðnaður hrynja niður. Menn skulu þess vegna átta sig fullkomlega á því að þegar verið er að ræða þessi mál er ekki verið að ræða um neitt aukavinnuafl. Það er verið að ræða um kjarnann í grunnatvinnuvegum þjóðarinnar en ekkert aukavinnuafl — fyrir nú utan það að þau eru fá heimilin á almennum tekjum sem komast af með því að bara einn úr fjölskyldunni hafi tekjur og fyrir utan einstæðar mæður og aðra sem erfitt eiga. Ég held að með þessar staðreyndir í huga þurfi að líta á þessi mál.

Hæstv. sjútvrh. gefur engar yfirlýsingar út, og ég er ekkert að krefjast þess, um afstöðu til þess frv. sem hér liggur fyrir og ég minntist á áðan. En hann dregur í efa að það mál verði leyst með lögum. Það er nú svo. Það var vitnað hér áðan í sjómenn. Ég man þegar samningar náðust 1974 um kauptryggingu verkafólks, þ. e. viku uppsagnarfrest. Áður var fólki sagt að kvöldi hvort það ætti að mæta í vinnu að morgni eða ekki. Svo var auglýst í útvarpinu hvort fólk á stór-Reykjavíkursvæðinu ætti að mæta í vinnu eða ekki. Þá voru rökin þau að þetta yrði ekki leyst með lögum eða samningum. Þó breytti þessi kauptryggingarsamningur verulega, þannig að fólk hafði þó þessa viku, og reglugerð sem síðar var gefin út. Hæstv. sjútvrh. er ekki alveg bláókunnugur þessu. Formaður Landssambands útvegsmanna lýsti því yfir u. þ. b. tveimur árum seinna að þessi kauptryggingarákvæði hefðu gert vinnslu í frystihúsunum mun samfelldari.

Ég held að þegar fólk fer að verða frá vinnu svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir verði afleiðingarnar ákaflega skýrar. Nálægt 70% af skráðu atvinnuleysi á árinu 1984 eru í sambandi við fiskvinnslu. Atvinnuleysistryggingar eru upp á 583 kr. á dag og 23 kr. röskar á hvert barn þar til viðbótar. Ef við ætlum að gera vel við það fólk og ekki síst þær konur sem vinna í þessum undirstöðuatvinnuvegi, og hann mundi hrynja saman ef

það legði ekki þetta vinnuafl fram, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því að þjóðfélagið hefur við það ákveðnar skyldur, hvort sem það er karl eða kona, að það reyni að tryggja þeim sem öruggasta vinnu. Það verður ekki til lengdar hægt að hafa fiskverkunarfólk eitt utangarðs og hafa sérstök undanþáguákvæði um það. Mér er sem ég sjái, hvort sem það væri í Bandaríkjunum eða Sovétríkjunum, að þeir tækju stáliðnaðarverkamenn, sem þeir telja nú eitt sitt þýðingarmesta fólk, og létu þá hafa minni réttindi en aðra. Í báðum þessum ríkjum, svo ólík sem þau eru, er þetta forgangsfólk, bæði í kaupi og öðru.

Ég hirði nú ekki að ræða hér um siglingar og gámaútflutning, en hitt er rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði um erlent vinnuafl sem verið er að flytja inn á sama tíma og mikið atvinnuleysi er á einum stað eða í einum landshluta, og þarf ekki landshluta til. Ég vil aðeins benda á t. d. Seyðisfjörð, kjördæmi hæstv. ráðh. Það er atvinnuleysi. Á sama tíma er óskað eftir erlendu fiskvinnslufólki á Djúpavogi. Neskaupstaðar vitnaði hann til. (**Gripið fram í:** Líka á Seyðisfirði núna, því miður.) Á Seyðisfirði núna? Já ég get vel trúað því. Á Norðfirði, og er Norðfjörður ekki einn um það, er til þess vitnað að ekki sé hægt að pakka fiski í dýrustu neytendaumbúðir, sem markaður sé fyrir, vegna skorts á vinnuafli.

Ég held því að það þurfi nú að líta verulega á þessi mál. En hitt er rétt að þau eru engan veginn einföld og auðleyst. Hins vegar er meginhlutinn af þeim konum sem í frystihúsum vinna konur sem ekki eiga heimangengt. Þetta eru konur sem halda heimili. Þetta eru ekki ungar stúlkur — að hluta til er það að vísu — sem væru reiðubúnar að skreppa í annan landshluta, eins og í síldarverkun hér áður fyrr. Ef svo væri væri ekki þessi mikli vinnuaflsskortur til staðar. Þetta eru húsmæður. Þær hafa enga möguleika á flutningum til og frá.

En ég vil aðeins benda á, sem hér hefur komið fram í umr., en mun ræða það síðar, og skal svo ljúka máli mínu, flóttann úr fiskvinnslunni á Reykjavíkursvæðinu. Þar leita allir, sem eiga þess kost, í aðra vinnu. Það er áberandi víða úti á landsbyggðinni að fólk flytur m. a. vegna þess hvað vinna í fiskvinnslu er ótrygg og kjör á ýmsan hátt léleg. Ég vil láta þetta koma fram og að við verðum að hugsa um í þessu tilfelli að þarna er um lifandi fólk að ræða, lifandi fólk sem lendir í erfiðleikum og þrengingum og við verðum að bæta úr fyrir.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta hv. ræðumanns um mikilvægi kvenna í okkar þjóðfélagi. Það undirstrikast af því að ef engar konur væru í þessu landi þá væri hér engin þjóð.

Það er rætt um ástand á Suðurnesjum og eru æðimörg atriði sem ástæða væri til að fjalla um því að þar búa menn við erfiðar og sérstæðar aðstæður. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason fjallaði svolítið um gámaútflutning. Vissulega eru skiptar skoðanir á því máli. Þar er um að ræða framþróun sem ekki verður stöðvuð, en þarf hins vegar að taka tillit til á margan hátt, því þarna skarast hagsmunir annars vegar útgerðar og sjómanna og hins vegar landverkafólks. En hv. þm. tók einnig undir það að þarna ætti ekki að setja hömlur nema þá að takmörkuðu leyti. Ég ætla ekki að fara nánar út í það, en það má benda á að hlutfall gámaútflutnings á undanförnum árum hefur hækkað 100% á milli ára s. l. þrjú ár. Sú mikla aukning kemur fyrst og fremst til vegna þess að staða útgerðarinnar kallar á það að menn leiti leiða til að fá meira fyrir aflann. Fyrstu 6 mánuði ársins 1983 voru flutt 3700 tonn í gámum miðað við 7200 s. l. ár á sama tíma. Aukningin hefur því verið 100% og mun meiri en í öðrum siglingum með fisk.

Það er hagkvæmt að sigla og þess vegna hefur verið siglt með fisk í gámum og á annan hátt. Verðið fyrir fiskinn hefur allt að þrefaldað tekjur sjómanna og útgerðar. Þess vegna er slík þróun ekki óeðlileg. Hitt er annað, að ef svo fer fram sem horfir fara hagsmunir sjómanna og útgerðar að rekast mjög harkalega á við hagsmuni landverkafólks víða um land. Mest hefur verið flutt út á þennan hátt frá Suðurnesjum og nálægari sjávarplássum. Þetta mál er því einn þáttur í þeim margþætta vanda sem menn eiga við að stríða á Suðurnesjum og er mun margþættari en í sömu atvinnugrein annars staðar á landinu.

Það má benda á að það hefur ekki dregið úr áhuga fyrir siglingum að hægt er að kaupa olíu fyrir mun lægra verð í nálægum löndum en hér er unnt að gera. Það hefur á þann hátt hvatt til siglinga með fisk.

Segja má að á Suðurnesjum — og sérstaklega í Keflavík og nágrenni þar sem vandinn er mestur — sé togað í sjómenn úr mun fleiri áttum en víðast hvar annars staðar á landinu, jafnvel stórum sjávarplássum. Á því hefur orðið mikil breyting á 10—15 árum. Fyrir u. þ. b. 10 árum kom ég oft á bryggjurnar í þessum sjávarplássum á Suðurnesjum og reyndar oft síðar. Líf þessara plássa var við höfnina. Menn fylgdust með því hvernig aflaðist, menn spurðu um gengi þessa báts og þessa skipstjóra og þessarar skipshafnar. En nú er þetta breytt. Nú sjást menn ekki á bryggjunum í þessum plássum og lífæðin hefur færst til. Það er margt sem spilar þar inn í, ég nefndi að togað hefði verið í sjómenn úr ýmsum áttum, kannske sérstaklega á Keflavíkursvæðinu ef maður tekur Suðurnesin í heild. Það eru fleiri atvinnutækifæri í boði í landi í dag en þau voru fyrir nokkrum árum og einnig hefur tekjuskipting gjörbreyst.

Fyrir 10—15 árum fóru iðnaðarmenn á vertíð og margfölduðu laun sín. Nú fara iðnaðarmenn ekki til sjós til þess að margfalda laun sín. Fyrir 10 árum var ekki óalgengt að bátar væru með 800—1000 tonn á vertíð. Nú eru þessir sömu bátar kannske að fá 300—400 tonn. (**Gripið fram í:** Þetta er í Eyjum.) Því miður á þetta einnig við um Vestmannaeyjar. En þar hefur þó verið meiri hryggur í þessu en víða annars staðar. Þetta er liður í þeim breytingum í þjóðfélaginu sem hafa orðið á kostnað sjávarútvegsins fyrst og fremst. Hann hefur setið eftir á merinni og situr ekki við það borð sem hann á að sitja. Það er vandi Suðurnesja í dag í þessum efnum.

Segja má að það hafi einnig orðið mikil breyting á milli plássa. Sandgerði er í dag mun hryggmeira verstöðvarpláss en Keflavík. Þessu var öfugt farið fyrir einum áratug. Það hefur verið mikil lausung og los á þessari atvinnugrein víða á Suðurnesjum. Grindavík sker sig þar úr, en þetta er meira í þessum plássum á Suðurnesjum en víðast annars staðar á landinu og það er hægt að standa við það fullum fetum af reynslu. Ástæðan er sú að menn hafa ekki fengið þann arð sem þeir hafa viljað af sinni atvinnuuppbyggingu. Þess vegna hefur orðið talsvert mikil breyting. Það má nefna

að á stuttum tíma hafa verið seldir togarar frá Suðurnesjum, fyrir utan það að þaðan var seldur u. þ. b. 9000 tonna aflakvóti. Það munar um minna þegar t. d. ársaflinn 1984 í Keflavík er líklega um 24000 tonn. 9000 tonn hafa verið seld í kvóta. Allt spilar þetta inn í þegar rætt er um stöðuna í heild.

Suðurnesjamenn voru hvað síðastir að koma sér inn í togaraútgerðina. Nú hafa togarar verið seldir. Það eru líklega ekki nema fimm togarar á Suðurnesjum í dag. Það er nýbúið að selja togara til Hornafjarðar, er verið að selja annan, Sveinborgu til Djúpavogs, til sitt hvors kaupfélagsins á því svæði. Í Sandgerði eru, ef ég man rétt, togararnir Ólafur Jónsson, Sveinn Jónsson og Haukur, í Keflavík eru Aðalvík og Bergvík og í Njarðvík er Dagstjarnan. Þá er upp talið. Þetta eru margir þættir sem spila inn í þessa stöðu og veruleg ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af á Suðurnesjum.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um kvótann til þess að lengja ekki tímann. Við höfum aflað núna á s. l. ári fyrir u. þ. b. 500 millj. dollara í sjávarútvegi. Árin 1983 og 1982 var upphæðin svipuð, um 500 millj. dollara. Hins vegar var aflað fyrir um 700 millj. dollara í sjávarútvegi 1980 og 1981. Tekjurýrnunin er þannig 200 millj. dollara, eða 8 milljarðar kr. á hvert ár, og það munar um minna.

Það er þetta sem veldur því að við búum við geipilegan vanda og veldur því að menn verða að horfast í augu við það að allir eigi að taka á sig sinn hluta vandans, enginn komist undan. Þegar maður lítur á svona breytingar vakna spurningar. Úr því að ástæða er til að setja kvóta á afla ætti ekki að setja t. d. kvóta á heildsölu inn í landið? Markaðurinn breytist ekki. Framleiðslan kemur til vegna tekna í sjávarútvegi, og ef við eigum ekki meiri peninga eigum við þá að hleypa endalaust inn innflutningi? Þetta eru spurningar sem við eigum að horfast í augu við og hljóta að koma upp á borðið við slíkar aðstæður. En þarna er hægara sagt en gert vegna þess að grundvallarþátturinn er sá að sjávarútvegurinn hefur liðið fyrir hina öru uppbyggingu, hann hefur setið eftir en menntakerfið, heilsugæslukerfið og aðrir fjölmargir þættir okkar þjóðarbús og þjóðfélags hafa tekið of stóran hlut. Menn hafa hikað við að snúa dæminu við. Menn hafa hikað við að skerða marga þætti í okkar velferðarsamfélagi sem ástæða er til að taka á og ná áttum til lands.

Þetta er langt og mikið mál sem þyrfti lengri tíma til umfjöllunar. En með tilliti til þess að ætlast er til að umr. sé lokið á stuttum tíma ætla ég ekki að fjalla um þetta nánar núna. Ég held að ég hafi bent á ýmis atriði sem skýra þessa stöðu. Hún er ekki óskiljanleg, en menn verða að horfast í augu við það að þeir verða að ná landi ef þeir hafa tapað áttum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það væri auðvitað þörf á því að taka miklu lengri tíma í umr. um það mál sem hér er á dagskrá og mörg önnur tengd því. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði en vil aðeins fara örfáum orðum um nokkur atriði.

Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að umræðan hér í dag hafi spunnist um Suðurnes. Þar er kannske ástandið verst eins og er. En það er bara byrjunin. Þetta ástand er að komast á víða og er fyrir hendi víðar en á Suðurnesjum. Það verður meira og meira áberandi að fólk í fiskvinnslunni, sjómennirnir á flotanum eru að fara úr þessum störfum. Ástæðan er sú að stjórnvöld, ekki bara núverandi ríkisstj. heldur og margar fyrri ríkisstj., hafa ekki skapað nægilega góð skilyrði fyrir þessa undirstöðuatvinnugrein þjóðfélagsins svo að það fólk, sem hefur starfað við þetta til þessa, sér nú miklu betri tíð í öðrum störfum. Það er nú orðið svo ástandið á Vestfjörðum — og ég hygg að það sé svo víðar þar sem 70 til 80% vinnandi fólks vinnur við þessa atvinnugrein — að frystihúsin eru að tæmast af því fólki sem hefur unnið við þetta og hefur allt til þess að bera að skapa bestu framleiðsluna. Það skiptir auðvitað miklu máli í þessu dæmi. Sjómennirnir eru að fara af bátunum, það er liðin tíð að nú berjist menn og bíði eftir togaraplássi. Nú er það orðið vandamál að manna skuttogarana vestra.

Allt er þetta vegna þess að stjórnvöld hafa skotið sér undan þeirri skyldu sinni að sjá svo um að þessi undirstöðuatvinnuvegur hafi rekstrarmöguleika. Hæstv. ríkisstj. hefur séð svo um að fyrir öðrum atvinnugreinum — og þá fyrst og fremst hér á þessu svæði — eins og verslun og viðskiptum, byggingariðnaði öllum og svo mætti lengi telja, hefur verið vel séð undangengna mánuði. Og það er engu líkara en að a. m. k. enn sem komið er sé nægilega vinnu að fá í þessum atvinnugreinum hér. Fólkið úr frystihúsunum, mennirnir af bátunum flytja utan af landi frá framleiðslustörfunum í þjónustugreinarnar. Það er þetta ástand sem verið er að innleiða nánast alls staðar á landinu.

Auðvitað getur þetta ekki staðið lengi. Þessar atvinnugreinar hér blómstra ekki ef gullsins er ekki aflað í undirstöðuatvinnugreininni. Þetta ástand, sem nú er komið á Suðurnesjum, komið kannske annars staðar í minna mæli, en er vaxandi mjög víða, verður að skrifast á reikning stjórnvalda. Þau hafa ekki sinnt þeirri skyldu að skapa þau skilyrði fyrir þessa undirstöðuatvinnugrein að hún geti blómstrað og a. m. k. sé ekki sett til hliðar fyrir öðrum atvinnugreinum sem eru miklu minna virði þó að þær séu út af fyrir sig nauðsynlegar að vissu marki.

Ég vil aðeins benda á það hér auk þessa að með stöðvun rækjuveiða bætast nokkur hundruð manns við á Vestfjörðum sem missa sína atvinnu nú. Kannske verður það ekki lengi og vonandi ekki, um það er ekkert vitað, það ég best veit, enn. Nauðsynlegt hefði verið að taka miklu lengri tíma til umr. um þetta stórmál sem hér um ræðir — (**GJG:** Það kemur.) Já, en kannske kemur það of seint. En hv. þm. hugsar auðvitað svo að betra er seint en aldrei. En ég vildi aðeins beina þeirri spurningu í lokin til hæstv. sjútvrh. hvort hann hyggst beita sér fyrir því, t. d. varðandi rækjusjómennina við Ísafjarðardjúp, að þeir verði meðhöndlaðir á svipaðan hátt og þeir voru að ég held 1974 þegar þeir fengu greiðslu úr Aflatryggingarsjóði. Lögunum var þá breytt til þess að slíkt gæti átt sér stað. Þau lög standa, það ég best veit, óbreytt enn þannig að þar er möguleikinn. Án þess að ég sé að krefjast neinna svara af hæstv. ráðh. vildi ég gjarnan að hann upplýsti það hér hvort svipuð leið yrði farin varðandi rækjusjómenn við Ísafjarðardjúp og farin var þegar veiði var stöðvuð á sínum tíma og þeir fengu greiðslur úr Aflatryggingarsjóði.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Þegar ég

óskaði eftir því að taka til máls hér utan dagskrár, þá var það gert til þess að vekja athygli á vanda sjávarútvegs á Suðurnesjum sérstaklega og því atvinnuleysi sem er hjá fiskvinnslufólki, ekki aðeins á Suðurnesjum heldur víða um land. Þetta er mjög mikið vandamál og eins og formaður Verkamannasambandsins komst að orði áðan verða menn að átta sig á því að hér er um lifandi fólk að ræða sem þarf úrbót á sínum málum.

Það hefur komið fram hér að menn gera sér grein fyrir því að sjávarútvegurinn er mjög illa staddur. Ég hygg að það sé samdóma álit manna að verði hann rekinn af þrótti og reisn, honum sköpuð skilyrði til þess að starfa á eðlilegum grundvelli, muni atvinnumálin leysast. Ég beindi hér nokkrum spurningum til hæstv. sjútvrh. og taldi það ekki spurningar sem þyrfti mikils undirbúnings við því að sjútvrh. starfar að þessum málum dag hvern. Það var líka á honum að heyra í hans svörum að hann réði fyllilega við að svara því.

Hitt er annað að ég tel ástæðu til að árétta það sérstaklega hvað fram undan er í sjómannadeilunni, en framvindan þar getur orðið til þess að þar verði stöðvun sem þá veldur því aftur að þúsundir fiskvinnslufólks verða atvinnulausar. Ég vona að stjórnvöld geri ráðstafanir sem auðveldi lausn þessarar deilu.

Það er alveg ljóst að gera þarf verulegar ráðstafanir í sjávarútvegi til að þessi útvegur geti gengið og ég vænti þess að svo verði gert sem allra fyrst. Ég tala nú ekki um hvað varðar málefni Suðurnesja, sem eru þannig stödd að hvergi mun ástandið vera verra í sjávarútvegi.

Ég ætla ekki að tíunda ýmislegt af því, sem hér hefur komið fram en ástæða væri til að ræða um, vegna þess að tími er stuttur. En ég verð að bera sakir af starfsmanni Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Hv. 7. landsk. þm. hefur nú vitnað í ummæli sem höfð voru eftir honum í blaði fyrir nokkru. Hv. þm. hefur áður vitnað í þessi ummæli, sem leiðrétting hefur komið á í blaði einnig, en það hefur ekki komið fram í þessum tilvitnunum. Hitt er annað mál að hugsunin á bak við það, sem þarna mun hafa átt að standa, er það, sem ekki allir skilja, að þegar atvinnuleysi er og báðar fyrirvinnur heimilis eru atvinnulausar þá er ástandið þar verra en ef aðeins annað er atvinnulaust. Ég tel að þetta sé mjög augljóst mál.

Auðvitað er klaufalegt, ef rétt er eftir haft, sem ekki var, að segja að það bjargi málunum að svo og svo margir hafi fyrirvinnu. En hann hefur vafalaust rætt þetta við blaðamennina á þeim nótum að erfiðleikarnir hjá þeim fjölskyldum, þar sem báðir aðilar væru atvinnulausir, væru miklu meiri en hjá hinum sem hefðu þó einn aðila til að vinna fyrir heimilinu. Mér finnst þetta mjög auðskiljanlegt og fólkið sem horfir upp á eða þekkir hvernig atvinnuleysið leikur margt fólk, skilur þetta. Fólkið sjálft áttar sig mjög vel á þessu. Það er ástæðulaust að tönnlast á ummælum og gera þau tortryggileg ef menn átta sig ekki á því hvað býr að baki þeim. Reyndar sagði viðkomandi maður að ekki hefði verið rétt eftir sér haft. En ég hygg að þetta hafi verið sú hugsun sem hann vildi koma til skila í blaðinu. En það eru reyndar allmargir í sjávarplássunum sem þurfa að una við það og hafa þurft að gera það yfir jólamánuðina að báðar fyrirvinnur væru atvinnulausar og heimilið hefði ekkert nema atvinnuleysisbætur svo smánarlega lágar sem þær eru.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Mér þykir vænt um ef þessi ummæli hafa verið leiðrétt en það hefur farið fram hjá mér. Ég undraðist raunar að ekki skyldi koma einhvers staðar leiðrétting á þessu þar sem þetta var gagnrýnt opinberlega. (**Gripið fram í:** Þú verður að lesa Alþýðublöðin vel.) Ég verð greinilega að gera það.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér hefur verið allnokkuð um það rætt hvort staða sjávarútvegs sé betri nú en hún var fyrir t. d. einu til tveimur árum síðan. Ég hika ekki við að segja að hún hefur skánað. Rekstrarafkoma flotans er þrátt fyrir allt heldur skárri en hún var og rekstrarafkoma fiskvinnslunnar er heldur skárri. Þessi afkoma er þó alls ekki viðunandi. En við þurfum einnig að hafa það í huga, þó að ég vilji ekki gera lítið úr ábyrgð stjórnvalda, að það er mjög hættulegt að einblína á þann þátt málsins eins og mér fannst t. d. koma fram í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að við eigum í vaxandi samkeppni við aðrar þjóðir sem eru að ríkisstyrkja sinn sjávarútveg í miklum mæli og hika ekki við það. T. d. mundi beinn ríkisstyrkur í Noregi samsvara því að á fjárlögum íslenska ríkisins færu milli 4 og 5 milljarðar í beina aðstoð við sjávarútveginn fyrir utan ýmsa óbeina styrki. Við þetta erum við að keppa. Og það kemur vissulega fram á kjörum landsmanna og kjörum þess fólks sem vinnur í þessari atvinnugrein. Við eigum einnig á hættu að vaxandi tollbönd, t. d. í Efnahagsbandalaginu, leggist á okkur. Við eigum það einnig á hættu að Bandaríkjamenn muni auka verulega sínar veiðar, sem gæti orðið til þess að innflutningur á fiski til Bandaríkjanna muni minnka. Það eru ýmsar slíkar utanaðkomandi hættur sem geta reynst okkar þjóðfélagi mjög varasamar, sem að mínu mati er mikilvægast að hafa augun á.

Ég tek undir það með hv. þm. að það er ástæða til að hafa áhyggjur af flótta frá sjávarútveginum og afkomu verkafólks þar. Ég óttast að erfitt verði að bæta kjör þessa fólks nema með vaxandi tæknivæðingu. Þannig hefur farið í ýmsum öðrum ríkjum t. d. í iðnaði þar sem aukin tæknivæðing hefur orðið til þess að bæta kjör fólks í þessum atvinnugreinum, en þá með þeim hætti að miklu færri hafa getað unnið við viðkomandi atvinnugrein. Það er verið að vinna að því og ríkisstj. hefur nýlega beint því sérstaklega til Framkvæmdastofnunar, sem síðan hefur leitað til Iðntæknistofnunar og fleiri aðila, með hvaða hætti við getum nýtt þá miklu tækni sem víða hefur rutt sér til rúms í heiminum, með vélmönnum og öðrum slíkum hætti í sjávarútveginum. Það er mín trú að slík tækni muni fara vaxandi og muni verða til þess að bæta kjör þess fólks sem vinnur í sjávarútveginum, en muni einnig verða til þess að mun færri hafi þar atvinnu, sem er einnig áhyggjuefni.

En að lokum varðandi fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar, þá er það rétt að rækjuveiðar við Ísafjarðardjúp hafa verið stöðvaðar. Það var ekki reiknað með því vegna þess að venjulega hafa seiðin verið gengin út úr djúpinu á þessum tíma. En vegna þeirra sérstöku skilyrða, sem eru við landið, er það mun seinna á ferðinni. Það liggur ekkert fyrir um það að afli rækjusjómanna úr Ísafjarðardjúpi verði neitt minni en gert hefur verið ráð fyrir. Vonandi munu því tekjur þeirra á

árinu ekki rýrna.

Það er hins vegar rétt að það var greitt úr Aflatryggingasjóði á sínum tíma. Hins vegar hefur greiðslum þaðan verið algjörlega breytt þannig að nú er greitt út á almennan aflabrest til allra skipa á landinu miðað við afla þeirra og ég hef ekki trú á að þar verði nein breyting á.

Þessi tímabundna stöðvun rækjuveiða við Ísafjarðardjúp getur því vart orðið tilefni til greiðslna úr Aflatryggingarsjóði, a. m. k. á þessu stigi málsins.

Efri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er fyrsti fundur hv. Ed. á nýbyrjuðu ári vil ég óska hv. þdm. svo og starfsfólki Alþingis alls velfarnaðar og heilla í störfum á nýju ári.

Virðisaukaskattur, frv. 213. mál (þskj. 252). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um virðisaukaskatt á þskj. 252.

Almennur skattur á neyslu hefur um langt skeið verið langstærstur tekjustofna ríkissjóðs. Það liggur því í augum uppi að fyrirkomulag og framkvæmd slíkrar skattlagningar skiptir gífurlega miklu máli, ekki einungis fyrir afkomu ríkissjóðs heldur og fyrir afkomu og velferð landsmanna allra og þróun atvinnuvega þjóðarinnar. Hugmyndir um að gerbreyta núverandi neysluskattskerfi hljóta því að teljast með mikilvægustu viðfangsefnum Alþingis og er þess því að vænta að það frv. um virðisaukaskatt, sem ég mæli nú fyrir, hljóti rækilega umfjöllun á þinginu.

Eins og alkunna er er núverandi almenn neysluskattsinnheimta í formi söluskatts. Söluskattur hefur verið innheimtur hér á landi í einhverri mynd allt frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947. Á árunum 1945—1960 var innheimtur fjölstigasöluskattur með mismunandi hætti og var hann nefndur ýmsum nöfnum, svo sem veltuskattur, söluskattur, innflutningssöluskattur, framleiðslusjóðsgjald, útflutningssjóðsgjald, farmiðagjald og iðgjaldaskattur. Skattstofnar voru ólíkir eins og nöfnin gefa til kynna.

Ef dregnir eru saman meginþættir þess söluskattskerfis, sem í gildi var fyrir breytinguna 1960, má segja að söluskatturinn hafi verið fjölstigaskattur. Þessi skattur var lagður á alla sölu á hinum ýmsu stigum framleiðslu og dreifingar. Reyndist þetta kerfi mjög þungt í vöfum og erfitt að hafa raunhæft eftirlit með því undir lok gildistíma þess, m. a. vegna fjölda takmarkatilvika og erfiðleika á að draga skýr mörk milli skattskyldrar og skattfrjálsrar sölu.

Með lögum nr. 10 frá 1960, um söluskatt, var gerð mikilvæg breyting á álagningu og innheimtu söluskatts hér á landi frá því sem áður hafði verið. Innheimta söluskatts grundvallast enn í dag á þeim lögum þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á þeim. Söluskattur er nú lagður á andvirði seldra vara og þjónustu í innlendum viðskiptum og á innfluttar vörur til eigin nota eða neyslu innflytjanda eins og nánar er ákveðið í lögum og reglugerðum. Söluskatturinn er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta eða sölu til neytenda og er því eins stigs söluskattur, en frá þeirri meginreglu eru þó nokkrar undantekningar. Söluskattur leggst einnig á fjölmörg aðföng fyrirtækja, svo sem fjárfestingu, orku og ýmsar óvaranlegar rekstrarvörur, og fæst í slíkum tilvikum yfirleitt hvorki endurgreiddur né frádreginn innheimtum skatti af sölu.

Allir þeir sem selja eða afhenda í atvinnuskyni vöru eða verðmæti og allir þeir sem inna af höndum vinnu eða þjónustu eru skattskyldir með þeim takmörkunum sem lög og reglur ákveða. Þannig greiða t. d. fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga söluskatt á sama hátt og aðrir söluskattsgreiðendur.

Fjölmargar undanþágur eru nú frá hinni almennu söluskattsskyldu við sölu á síðasta viðskiptastigi. Ákvæði um þær er að finna í lögum, reglugerðum og einstökum ákvörðunum fjmrh.

Ein meginforsenda þess að söluskattskerfi sem okkar geti orðið þjált og skil söluskatts örugg er að söluskattsskyldan sé almenn og undanþágum sé haldið í algeru lágmarki. Hér á landi eru undanþágur frá söluskattsskyldu orðnar svo margar að þær hafa þegar veruleg áhrif á alla framkvæmd kerfisins og öryggi þess. Undanþágum fer sífellt fjölgandi, en ásókn í undanþágur hefur vaxið mjög með hækkun söluskattshlutfalls.

Undanþágurnar eiga sér stað með margvíslegum hætti. Þannig eru t. d. tilteknar vörutegundir og þjónusta undanþegnar söluskatti. Sala til tiltekinna aðila, svo sem endurseljenda og í vissum tilvikum til annarra aðila, er undanþegin og sala tiltekinna aðila eða atvinnugreina er undanþegin söluskatti. Þá er söluskattur af tilteknum vörum, tækjum og efnivörum endurgreiddur í vissum tilvikum. Í mörgum tilvikum er afar erfitt að ákvarða hvort sala er söluskattsskyld eða ekki. Á það t. d. við um sölu til ýmissa framleiðenda, en þá fer söluskattsskyldan eftir því hvort um er að ræða sölu á hráefnum eða óvaranlegum hjálparefnum til framleiðslu.

Hin ýmsu undanþáguákvæði söluskattslaga og reglna valda mismunun í samkeppnisaðstöðu atvinnugreina og framleiðsluaðferða eins og uppsöfnunaráhrifin og hafa þessi áhrif söluskattsins að þessu leyti farið vaxandi með hækkun skatthlutfallsins. Ljóst er að neytendur beina vali sínu fremur að vörum og þjónustu, sem undanþegnar eru söluskatti, en þeim sem eru söluskattsskyldar. Þannig getur söluskattur haft áhrif á neysluvenjur sem leitt getur til óeðlilegrar eða óheppilegrar dreifingar framleiðsluaflanna. Sem dæmi um mismunun að þessu leyti má nefna að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð er undanþegin söluskatti fari vinnan fram á byggingarstað. Séu húshlutar hins vegar framleiddir í verksmiðju verður salan söluskattsskyld. Í þessu tilviki veldur söluskatturinn mismunun milli framleiðsluaðferða og kemur jafnvel í veg fyrir eðlilega vélvæðingu eða hagræðingu við framleiðslu, enda þótt nokkuð hafi dregið úr þessari mismunun með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús.

Almennt má segja að erfitt sé að halda sölu á söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindri á smásölustigi. Þrátt fyrir þessa staðreynd

hefur undanþágum frá söluskattsskyldu í smásölu sífellt fjölgað. Til að finna söluskattsstofninn hjá hinum ýmsu innheimtuaðilum þarf því að beita sérstökum reikniaðferðum sem aldrei verða nákvæmar en sífellt verða flóknari eftir því sem undanþágum fjölgar. Af þessu leiðir aukna fyrirhöfn, bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð og skattyfirvöld, og erfitt er orðið fyrir hina söluskattsskyldu aðila að kunna skil á hinum fjölmörgu undanþáguákvæðum og sérreglum um söluskatt.

Söluskatturinn er ekki hlutlaus þótt aðalreglan sé sú að hann sé eins stigs skattur. Hann leggst t. d. á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann er innheimtur af flestum fjárfestingarvörum. Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfnun skatts sem valdið getur m. a. ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina. Áhrif uppsöfnunar geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljanakennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við vörur framleiddar erlendis.

Veigamiklir gallar eru á söluskattskerfinu hér á landi, eins og hér hefur verið rakið. Þar vega uppsöfnunaráhrifin og hin flóknu undanþáguákvæði þyngst, en söluskattskerfið hefur óneitanlega sína kosti.

Framkvæmd söluskattskerfisins hefur verið afar ódýr og litlu hefur verið til kostað.

Þegar gerður er samanburður á kostnaði við framkvæmd einstakra skattkerfa verður um leið að íhuga hvort ríkjandi framkvæmd á hverjum tíma fullnægir þeim kröfum sem talið er eðlilegt að gera til hennar, svo sem varðandi öryggi, eftirlit með skilum o. fl. Telja verður að svo hafi ekki verið að því er söluskatt og eftirlit með honum varðar, einkum með tilliti til hækkunar hans á síðustu árum og aukins mikilvægis í tekjuöflun ríkissjóðs. Af þessu leiðir að samanburður á kostnaði milli hinna ýmsu skattkerfa verður vart raunhæfur miðað við ríkjandi framkvæmd.

Söluskattsskyldir aðilar eru hlutfallslega fáir miðað við heildarfjárhæð söluskattsins, en það er nokkur kostur. Því fylgir hins vegar nokkur áhætta að innheimta svo hátt söluskattshlutfall sem hér er gert á einu og sama viðskiptastiginu og hefur sú áhætta aukist með hækkun skatthlutfallsins.

Af framansögðu er ljóst að núverandi söluskattskerfi er að mörgu leyti mjög gallað. Liggur raunar í augum uppi að við núverandi kerfi verður ekki búið til langframa nema með róttækum endurbótum á því. Þegar menn hafa hugleitt möguleika á slíkri endurskipulagningu neysluskattslagningar er eðlilegt að leitað hafi verið fyrirmynda hjá grannlöndum okkar í þessu efni. Er skemmst frá því að segja að í allflestum löndum Evrópu hefur virðisaukaskattsformið orðið fyrir valinu. Má raunar rekja þá þróun að verulegu leyti til stofnunar Efnahagsbandalags Evrópu.

Markmiðið með stofnun bandalagsins var m. a. að stuðla að fríverslun landa í milli. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á niðurfellingu innflutningsgjalda í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Fljótlega varð þó ljóst að hin mismunandi skattkerfi þjóðanna voru hemill á sókn þeirra að settu marki. Samræming skattlagningar vöru eftir að hún er komin inn fyrir viðkomandi landamæri var ekki síður mikilvæg en samræming innflutningsgjalda.

Aðildarríkin settust því á rökstóla um þetta efni og eftir áralangar viðræður og rannsóknir á hinum ýmsu skattkerfum var ákveðið árið 1967 að samræma neysluskattskerfi landanna á þann hátt að virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Skyldi breytingin vera um garð gengin fyrir 1. janúar 1970. Þegar til kom varð þó af ýmsum framkvæmdaástæðum að veita rýmri tímamörk. Árið 1973 höfðu hins vegar öll ríki sem stóðu að stofnun Efnahagsbandalagsins tekið upp virðisaukaskatt.

Sú samræming sem átti sér stað á neysluskattskerfum Efnahagsbandalagsríkjanna og þær rannsóknir sem fóru fram á skattamálum í því sambandi leiddi til þess að ýmsar Evrópuþjóðir, sem stóðu utan bandalagsins, tóku einnig upp virðisaukaskatt. Var virðisaukaskattur þannig t. d. bæði innleiddur í Noregi og Svíþjóð.

Þrátt fyrir að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Vestur-Evrópu er framkvæmd skattheimtu þó mjög mismunandi. T. d. er skatthlutfallið mjög mismunandi frá einu landi til annars svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvörum og öðrum nauðsynjavörum.

Undanþágur á mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá hugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess skapar slík mismunun milli hinna ýmsu tegunda vöru og þjónustu torleyst vandamál við einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur því einungis verið notað eitt skatthlutfall og stefnan innan Efnahagsbandalagsins hefur verið sú að samræma reglur aðildarríkjanna, þannig að eitt og sama hlutfall gildi um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis.

En hvaða skilyrði þyrfti þá almennur neysluskattur, sem kæmi í stað, að uppfylla? Slíkur skattur þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli að ákvörðun skatts og innheimta sé eins einföld í framkvæmd og kostur er, jafnt fyrir atvinnulífið sem ríkissjóð, og í því sambandi þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður.

Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á hinar ýmsu framleiðslugreinar verður skattkerfið að hafa þá eiginleika að skattfjárhæð sé óháð fjölda viðskiptastiga, þ. e. óháð því hve vara fer um mörg viðskiptastig áður en endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami hvar sem kaupandinn festir kaup á vörunni og hver sem framleiðsluaðferðin er, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa nein áhrif á það við hvaða dreifingaraðila kaupandi kýs að hafa viðskipti og kerfið verður einnig að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali felst í því að hann hafi ekki áhrif á val neytenda milli hinna

ýmsu neysluvara. Því markmiði verður best náð með því að skatturinn breyti ekki verðhlutfallinu milli neysluvaranna.

Krafan um hlutleysi neysluskatts gagnvart utanríkisviðskiptum snertir bæði innflutning og útflutning.

Að því er innflutning varðar felur hlutleysið í sér að skatturinn sé nákvæmlega jafnhár á innfluttri vöru og sams konar vöru sem framleidd er í landinu sjálfu og seld er á sama verði og hin innflutta vara.

Varðandi útflutning verður að undanþiggja útflutningsvöru skatti til að algeru hlutleysi verði náð, þannig að skatturinn hafi ekki áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra útflutningsvara á erlendum mörkuðum.

Mikilvægi þess fyrir Íslendinga að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart utanríkisviðskiptum fer vaxandi eftir því sem aðflutningsgjöld og viðskiptahömlur landa í milli minnka, en breytingum í þá átt hefur enn fremur fylgt samræming neysluskattskerfa flestra Vestur-Evrópuríkja þar sem utanríkisviðskiptin eru gerð óháð slíkum skatti. Ljóst er að verð á íslenskum útflutningsvörum, sem að einhverju leyti bera í sér söluskatt, getur átt erfitt með að keppa á erlendum mörkuðum við verð á framleiðsluvörum annarra þjóða sem eytt hafa áhrifum söluskatts á framleiðsluverði með breytingum á skattkerfum sínum.

Þar sem virðisaukaskattsformið gefur möguleika á því alhliða hlutleysi sem að framan er rakið er ekki að undra að hann hafi verið mjög til athugunar á undanförnum árum hér á landi. Hafa tvær viðamiklar skýrslur verið samdar um málið að tilhlutan fjmrn., sú fyrri á árinu 1971 og hin síðari á árinu 1975. Haustið 1982 fól fyrirrennari minn í fjármálaráðherraembætti, Ragnar Arnalds, síðan hópi embættismanna að semja drög að lagafrv. um málið. Var þessu starfi haldið áfram í rn. eftir ríkisstjórnarskiptin vorið 1983 og lauk starfinu snemma vetrar. Í byrjun s. l. árs mælti ég síðan fyrir frv. til l. um virðisaukaskatt, en það hlaut litla umfjöllun í þinginu og dagaði uppi í þinglok s. l. vor, og er það frv. sem hér er til umr. að mestu óbreytt frá fyrra frv. þannig að þm. ættu nú þegar að hafa haft gott tækifæri til að kynna sér málið.

Virðisaukaskattur er í sjálfu sér einungis annað form á söluskatti en hingað til hefur tíðkast hér á landi. Skatturinn er lagður á söluverð vöru og þjónustu á öllum viðskiptastigum. Skatturinn er fjölstigaskattur þar sem fyrirtækjum, jafnt á sviði frumgreina, úrvinnslugreina og þjónustugreina, er gert að innheimta skatt af heildarandvirði seldra vara og þjónusta. Skatturinn hefur hins vegar ekki margsköttun í för með sér því að við skil á skattinum í ríkissjóð mega fyrirtæki draga frá innheimtum skatti af heildarsölu þann skatt sem þau greiða við kaup á vörum og hvers konar aðföngum. Þannig skilar hvert fyrirtæki í ríkissjóð aðeins skatti af virðisaukanum sem hjá því myndast, þ. e. mismuninum á útskatti og innskatti.

Orðið „virðisauki" í þessu sambandi er fremur tæknilegt hugtak en hagrænt því að hér er ekki beinlínis átt við hinn hagræna virðisauka sem skapast í hverju fyrirtæki, heldur mismuninn milli ákveðinna stærða sem nánar er skilgreindur í þeim lögum og reglum sem um skattinn gilda á hverjum stað.

Aðaleinkenni virðisaukaskattsins er að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmæti hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga og verður hann því hlutlaus gagnvart söluverði til hins endanlega neytanda. Þessu marki er náð með frádráttarheimildinni á hverju viðskiptastigi sem ég nefndi áðan. Það er einkum þessi eiginleiki virðisaukaskattskerfisins sem skilur það frá öðrum söluskattskerfum þar sem uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir mismunandi mikið eftir því hve varan eða verðmætin fara um mörg viðskiptastig áður en hinum endanlega neytanda er náð.

Til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með upptöku virðisaukaskatts þarf hann að meginstefnu til að ná til allrar vöru og þjónustu. Eins og ég drap á áðan er mjög erfitt í framkvæmd að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi, eins og nú er gert í söluskattskerfinu, auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á fyrri stigum mundi skapa mikla framkvæmdaörðugleika.

Frá tekjuöflunarsjónarmiði þess opinbera er og mikilvægt að skattskyldan sé sem almennust, en það gefur einnig möguleika á að beita lægra skatthlutfalli en ella. Víðtæk skattskylda hefur úrslitaþýðingu um framgang slíks kerfis og öryggi þess, en jafnframt er víðtæk skattskylda forsenda hlutleysis gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum eins og áður er komið fram.

Með hliðsjón af þessu er meginregla frv. sú að öll almenn sala á vörum og þjónustu er skattskyld. Ég vil ítreka það og leggja á það áherslu að hin almenna skattskylda er slíkur grundvallarþáttur varðandi framkvæmd virðisaukaskattskerfisins að telja verður hana forsendu þess að skynsamlegt sé að innleiða kerfið. Telji menn ekki fært að víkka skattskyldusviðið verulega frá því sem nú er í söluskattskerfinu væri verið að fara úr öskunni í eldinn með upptöku virðisaukaskatts.

Þrátt fyrir þær áherslur sem ég hef hér lagt á víðtæka skattskyldu er tæknilega mögulegt að halda tilteknum afmörkuðum þáttum utan skattskyldunnar og í nokkrum tilfellum getur verið hagræði að því í framkvæmd. Í öllum þeim löndum sem tekið hafa upp virðisaukaskatt eru einhverjar undanþágur frá hinni almennu skattskyldu.

Eins og áður hefur komið fram gera grundvallarreglur virðisaukaskattskerfisins ráð fyrir fullri undanþágu af sölu úr landi, en einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu sem ekki hefur í för með sér mismunun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar:

Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algerlega utan kerfisins. Þessi þjónustusvið eru upptalin í 2. mgr. 7. gr. frv. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka og vátryggingarstarfsemi. Þessir aðilar verða að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni þar sem þeir bera innskattinn, en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smæstu rekstraraðila.

Hinn meginflokkur undanþága flest í því að endurgjald fyrir tiltekna vöru eða þjónustu er við ákveðnar kringumstæður heimilt að draga frá heildarveltu við

uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 10. gr. frv. Meðal þeirra ná nefna vöru og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og loftfara og flutninga milli landa.

Áhrif þessarar tegundar undanþágu eru mun víðtækari en hinnar fyrrnefndu þar sem þeir aðilar er hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti, þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri sölu á vörum og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá einnig að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn.

Við skattlagningu á innfluttar vörur koma aðallega til tvær aðferðir. Önnur þeirra gerir ráð fyrir innheimtu virðisaukaskatts af öllum innfluttum vörum strax við tollmeðferð. En með hinni aðferðinni er skatturinn aðeins innheimtur af innflutningi til neytenda við tollmeðferð, en skráð fyrirtæki greiða ekki skatt við tollmeðferð innflutnings.

Þegar fyrri aðferðin er notuð skiptir ekki máli hver innflytjandinn er því að skatturinn er innheimtur hvort sem um er að ræða neytanda eða skráð fyrirtæki sem flytur inn vöruna til endursölu. Þegar skráð fyrirtæki flytur inn vöru fær það virðisaukaskattinn, sem það greiðir við tollmeðferð, frádreginn útskatti af sölu og skilar mismuninum í ríkissjóð.

Margt bendir til þess að fyrri aðferðin, þ. e. innheimta virðisaukaskatts strax við tollmeðferð, sé öruggari í framkvæmd hér á landi, m. a. með tilliti til þeirra erfiðleika sem á því eru að ákvarða við tollmeðferð vara til hvaða nota þær eru ætlaðar. Þetta vandamál er vel þekkt í núgildandi söluskattskerfi hér á landi. Er því gert ráð fyrir að hún verði lögleidd, sbr. ákvæði X. kafla frv.

Heimild fyrirtækja til að draga innskatt af aðföngum frá útskatti af sölu er veigamesta einkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir tvísköttun eða uppsöfnun söluskatts í framleiðslu- og dreifingarkostnaði.

Ef stefna á að algjöru hlutleysi virðisaukaskatts verður að fylgja þeirri grundvallarreglu að skráð fyrirtæki hafi heimild til að draga allan innskatt frá útskatti. Þess vegna er ekki nægilegt að frádráttarheimildin nái til innskatts af fullunnum vörum, sem keyptar eru í þeim tilgangi að selja þær aftur í óbreyttri mynd, eða hráefna og hálfunninna vara sem keyptar eru til frekari vinnslu. Heimildin nær til innskatts af hvers konar aðföngum, svo sem vélum, fasteignum, flutningatækjum, skrifstofuvélum og öðrum tækjum og efni sem á þarf að halda við rekstur inn. Enn fremur nær heimildin til innskatts af öllum öðrum rekstrarkostnaði til að ná algjöru hlutleysi skattsins.

Reglur um frádrátt á innskatti af kaupum á fastafjármunum, svo sem vélum, áhöldum og fasteignum, eru nokkuð mismunandi í hinum ýmsu ríkjum sem tekið hafa upp virðisaukaskattskerfið. Tvær aðferðir eru einkum notaðar. Önnur þeirra gerir ráð fyrir fullri frádráttarheimild á innskattinum um leið og kaup á fastafjármunum fara fram. Hin reglan dreifir hins vegar frádráttarheimildinni á nokkur ár frá því að kaupin fara fram, hliðstætt því sem gert er með afskriftum. Þar sem síðari aðferðin er notuð verða fyrirtækin að fjármagna virðisaukaskattinn þann tíma sem tekur að fá hann endurgreiddan eða dreginn frá útskatti. Í frv. er gert ráð fyrir að fyrrnefnda aðferðin verði notuð.

Enda þótt meginreglan sé sú að heimilt sé að draga innskattinn frá útskatti við skil til ríkissjóðs er samt sem áður eðlilegt að takmarka frádráttarheimildina í nokkrum tilfellum. Kaup aðfanga eða kostnaður getur verið þess eðlis að ekki sé eðlilegt að veita fullan frádrátt á innskatti. Að sjálfsögðu er innskattur af einkaneyslu eiganda fyrirtækis ekki frádráttarbær. Sama gildir um vöru og önnur aðföng sem notuð eru til að greiða starfsfólki laun í hlunnindum eða með öðrum hætti.

Réttmætt getur verið að takmarka frádráttarheimildina á fleiri sviðum en hér hefur verið nefnt og er það víða gert. Þar má nefna risnu, bifreiðakostnað og önnur útgjöld sem tengjast oft persónulegri neyslu eigenda eða starfsmanna. Eru takmarkanir af þessu tagi í 13. gr. frv.

Þau fyrirtæki sem samkvæmt frv. er gert að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni verða að gera hann upp og skila honum í ríkissjóð á grundvelli skráningar í bókhaldi. Verður að telja að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts muni hafa í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir þau fyrirtæki sem innheimta skattinn. Stafar þetta af því að vegna frádráttarheimildarinnar á innskatti verður að gera meiri kröfur til bókhalds en nú er gert að því er varðar skráningu á gögnum um kaup á aðföngum. Er allítarlegar reglur um bókhald að finna í VII. kafla frv. Er þar m. a. lagt til að skattskil virðisaukaskatts miðist við afhendingartíma og bókhaldslega færslu vörunnar, en ekki peningalega greiðslu. Frv. byggir því á svonefndri reikningsaðferð eins og núverandi söluskattslög.

Með sama hætti og nú á sér stað um söluskatt verða skráð fyrirtæki að gera skil á innheimtu virðisaukaskatts með ákveðnu millibili. Skilunum þurfa að fylgja upplýsingar um útskatt og innskatt á hverju greiðslutímabili.

Skv. gildandi söluskattsreglum er aðalreglan sú að greiða skuli söluskatt mánaðarlega. Fellur hann í gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og er eindagi skattsins tíu dögum síðar.

Vinna skattyfirvalda og framteljenda vex í hlutfalli við fjölda uppgjörstímabila. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa lengri uppgjörstímabil í för með sér lengri gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs. Auk þess verða skattfjárhæðir, sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni, hærri. Af því leiðir einnig að meiri sveiflur verða á innstreymi skatts í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna. Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þessum atriðum er lagt til í frv. að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr tólf í sex. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir breytingu á því að eindagi skattsins sé 25. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Lenging uppgjörstímabilsins með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til að tekjur ríkissjóðs minnka á því ári sem breytingin gengur yfir og benda

lauslegar áætlanir til þess að tekjulækkun af þessum sökum gæti orðið um 8 til 10%.

Landbúnaður og fiskveiðar hafa um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskattsmeðferð þeirra. Báðar þessar greinar eru að mestu utan núverandi söluskattskerfis. Meiri hluti þeirrar fjölgunar gjaldenda sem verður við upptöku virðisaukaskattskerfisins kemur úr þessum tveimur greinum eða milli 5 og 6 þúsund gjaldendur. Ríður því á miklu að finna leiðir sem einfaldað gætu virðisaukaskattsuppgjör þessara aðila. Í IX. kafla frv. er að finna tillögur í því efni.

Ef virðisaukaskatturinn næði til útgerðarinnar með sama hætti og annarra greina yrðu útgerðarfyrirtækin að innheimta fullan skatt af sölu til fiskvinnslunnar og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti. Fiskvinnslufyrirtækin fengju síðan þennan skatt endurgreiddan eins og annan innskatt vegna sölu úr landi.

Vegna þess að afli útgerðarfyrirtækjanna fer að mestum hluta til vinnsluaðila sem síðan selja framleiðsluna úr landi en aðeins lítill hluti hans er seldur beint til neyslu á almennum markaði innanlands kemur mjög til greina að fara aðrar leiðir til uppgjörs á skatti útgerðarinnar. Hefur verið áætlað að sá innskattur, sem leggjast mun á útgerðina vegna kaupa á skattskyldri vöru og þjónustu, nemi að meðaltali 10% af andvirði sjávarafla. Við kaup vinnslustöðvanna á afla er gert ráð fyrir að þær greiði verðmæti hans að viðbættum 10% skatti, en það svarar meðaltalsinnskattinum hjá útgerðinni. Innskattur og útskattur útgerðarfyrirtækja ætti því að verða nokkurn veginn jafnhár. Útgerðarfyrirtæki verða hins vegar að innheimta fullan skatt af sölu til annarra en vinnslustöðva. Hjá útgerðarfyrirtækjunum almennt er gert ráð fyrir uppgjörsskilum á hinum reglulegu skiladögum, en þeir sem smábátaútgerð stunda munu þó almennt einungis skila skýrslu einu sinni á ári.

Um fiskvinnslu eru ekki settar aðrar sérreglur en þær er leiðir af sérstöðu útgerðar. Fiskvinnslufyrirtæki verða því að greiða útgerðinni 10% virðisaukaskatt ofan á verðmæti afla, en 21% skatt af öðrum aðföngum. Þar sem meginhluti framleiðslu fiskvinnslufyrirtækja er seldur úr landi er skattur ekki innheimtur af þeirri sölu. Fiskvinnslufyrirtækin fá innskatt sinn því að mestu endurgreiddan úr ríkissjóði að loknu hverju reglulegu uppgjörstímabili.

Búrekstur er eina atvinnugreinin í landinu sem yfirleitt er ekki háð bókhaldsskyldu skv. ákvæðum laga um bókhald. Það verður því afar mikilvægt að laga virðisaukaskattskerfið þannig að landbúnaðinum að framkvæmd þess valdi ekki verulegri fyrirhöfn fyrir bændur og skattyfirvöld. Enn fremur má benda á að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tímasetningu tekjustreymis, en tekjur bænda koma að verulegu leyti inn löngu eftir að rekstrarkostnaður fellur til. Segja má að í landbúnaði séu margar litlar rekstrareiningar sem selja nær allar afurðir sínar til fárra vinnslustöðva. Frá þeirri meginreglu eru fáar undantekningar.

Framangreind atriði og reyndar fleiri eru þess valdandi að ástæða er til að huga að sérstakri meðferð landbúnaðarins í virðisaukaskattskerfi hér á landi, eins og í flestum öðrum löndum sem tekið hafa upp þetta kerfi. Í frv. er valin sama leið og lýst var hér að framan varðandi fiskveiðar. Áætlað hefur verið að innskattur í landbúnaði muni verða að meðaltali 9% af andvirði landbúnaðarafurða. Bændur innheimta útskatt frá vinnslustöðvunum sem nemur þessu meðaltalshlutfalli. Útskatturinn ætti því að verða svipuð fjárhæð og innskatturinn. Með þessum hætti fá bændur jafnaðan þann innskatt sem þeir hafa þurft að greiða af aðföngum sínum með útskatti innheimtum af vinnslustöðvum. Vinnslustöðvarnar greiða bændum því 9% í skatt sem telst innskattur stöðvanna og kemur til frádráttar þeim útskatti sem þær heimta við sölu á framleiðsluvörum sínum. Bændur eiga síðan að skila einni virðisaukaskattskýrslu fyrir hvert ár og skal hún fylgja skattframtölum þeirra fyrir það ár. Eftir álagningu þinggjalda ber þeim síðan að greiða það sem útskattur kann að hafa farið fram úr innskatti, en eiga rétt á endurgreiðslu mismunarins ef innskattur er hærri. Þar sem 9% útskatturinn á, eins og að framan greinir, að samsvara að meðaltali innskatti af aðföngum bænda er ekki við því að búast að hér verði um verulegar fjárhæðir til greiðslu eða endurgreiðslu að ræða.

Við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum getur þó tímabundið komið til allverulegra endurgreiðslna. Til að flýta fyrir þeim eru sett ákvæði í 30. gr. um heimild og stundum skyldu skattstjóra til að fallast á beiðni bænda (og smábátaútgerðarmanna) um skemmri uppgjörstímabil. Framangreind ákvæði um innheimtu bænda á 9% útskatti gilda einungis ef selt er til vinnsluaeða dreifingaraðila. Af sölu til annarra verða bændur að innheimta hið almenna söluskattshlutfall. Nemi slík sala 50% eða meira af heildarsölu viðkomandi fellur niður heimildin til árlegs uppgjörs og ber þessum aðilum að skila skýrslu og skatti á reglulegum gjalddögum.

Skv. gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald þeirra er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fram fer í verksmiðju eða verkstæði, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Söluskattsskylda við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerðina og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Ókostur framangreindrar undanþágu er sá, að söluskatturinn verður hærri á verksmiðjuframleiddum byggingarhlutum en þeim sem unnir eru með hefðbundnum byggingaraðferðum. Þessi ókostur er tilfinnanlegur og kann að standa í vegi fyrir hagræðingu í byggingariðnaði, enda þótt nokkuð hafi verið úr þessu dregið með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Er aðkallandi að bæta þar úr þannig að söluskatturinn valdi ekki mismunun eftir framleiðslu- og byggingaraðferðum.

Vegna þess að áðurnefnd undanþágu miðast við hvar vinnan fer fram getur verið afar erfitt fyrir byggingarfyrirtækin að ákvarða skiptingu milli söluskattsskyldrar og söluskattsfrjálsrar sölu. Enn fremur hafa skattyfirvöld litla möguleika til að sannreyna þá skiptingu með nákvæmni. Á þetta t. d. við um innréttingasmíði og uppsetningu þeirra sem yfirleitt fer fram bæði á verkstæði og byggingarstað.

Þegar vinna og efni er selt í einu lagi, t. d. eftir

tilboði, getur einnig orðið torvelt að ákveða skiptinguna milli efnis og söluskattsskyldrar vinnu annars vegar og undanþeginnar vinnu hins vegar.

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi verða allir þeir sem reka sjálfstæða starfsemi í byggingariðnaði skráningarskyldir. Verða þeir að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni eins og aðrar greinar atvinnurekstrar. Ætla má að fjölgun gjaldenda verði rúmlega 1800 í þessari grein.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefur margvíslega ókosti í för með sér. Með því yrði vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við núverandi framkvæmd söluskattsins í byggingariðnaði yrðu þau sömu, og að svo miklu leyti sem hægt er að leysa þau yrði að gera það með sama hætti. Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu.

Því er gert ráð fyrir í frv. að full skattskylda verði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem á efniskostnað. Full skattskylda hefur í för með sér umtalsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fengju hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Ætla má að ekki sé vilji til að haga skattlagningunni þannig að hún hafi í för með sér verulega hækkun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Þess vegna þarf að huga að öðrum leiðum til að vega á móti þessum hækkunum. Kemur þá helst til greina að veita fjármagni sem nemur tekjuaukanum af skattlagningunni á vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis til húsnæðismála, annaðhvort í formi aukins lánsfjármagns með hagstæðari kjörum en nú tíðkast eða í formi styrkja til húsbyggjenda. Rétt er að benda á að hér er um viðkvæm og erfið vandamál að ræða sem finna þarf fullnægjandi lausn á áður en virðisaukaskatturinn kemur til framkvæmda.

Í frv. er gengið út frá því að virðisaukaskatturinn skili jafnmiklum tekjum og gjöld byggð á söluskattsgrunni gera nú. Hefur verið áætlað að til þess að ná þessu marki þurfi virðisaukaskatturinn að vera 21%. Er í aths. með frv. gerð rækileg grein fyrir því hvernig þetta skatthlutfall er áætlað og læt ég hér nægja að vísa um það efni til þess er þar stendur, en vil þó undirstrika að veigamiklir þættir þeirrar áætlunar hljóta að vera óvissu háðir.

En í frv. er einnig gengið út frá því að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskattstekjum verði óbreytt frá því sem verið hefur.

Það atriði varðandi upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts sem hvað viðkvæmast er eru líkleg áhrif söluskattskerfisbreytingarinnar á verðlag í landinu. Ýmis tormerki eru á því að segja nákvæmlega fyrir um hver þessi verðlagsáhrif verða. Í aths. með frv. er þó reynt að áætla þessi áhrif og eru niðurstöður þeirrar áætlunar að einkaneysla muni í heild hækka um 3.8%. Hækkun þessi er þó mjög misjöfn eftir einstökum þáttum einkaneyslunnar. Langmest yrði hækkunin eðlilega á þeim þáttum sem nú eru undanþegnir söluskatti, einkum á matvælum, og er áætlað að þar nemi hækkunin milli 18 og 19%. Aðrir þættir mundu hækka minna, eins og t. d. útgjöld vegna húsnæðis, ljóss og hita um 2—3%. Flestir aðrir þættir einkaneyslunnar munu lækka nokkuð í verði. Eins og rakið er í athugasemdum með frv. eru þessi verðhækkunaráhrif þó líklega ofmetin. Einkum liggur í augum uppi að lækkun framleiðslukostnaðar innanlands vegna brottfalls uppsöfnunaráhrifa söluskatts muni skila sér aftur í lækkuðu vöruverði þegar frá líður.

Í þessum efnum held ég að meginatriðið sé að ekki er stefnt að aukinni skattheimtu hins opinbera í heild með upptöku virðisaukaskatts. Skattbyrði landsmanna í heild verður því óbreytt eftir upptöku kerfisins. Skattarnir kunna hins vegar að dreifast með öðrum hætti en verið hefur hingað til. Ef mönnum sýnist að dreifing skattbyrðinnar eftir upptöku virðisaukaskattkerfisins sé óheppilegri en nú er, t. d. vegna hækkunar á matvælum, þá hvet ég þá til þess að skoða hvort ekki megi leiðrétta þann mun eftir öðrum leiðum áður en þeir dæma virðisaukaskattskerfið óalandi og óferjandi af þessum sökum.

Þar sem virðisaukaskatturinn er fjölstigaskattur og frv. gerir ráð fyrir sárafáum undanþágum frá skattskyldu er ljóst að veruleg fjölgun verður á gjaldendum við upptöku kerfisins. Er áætlað að fjöldi framteljenda til virðisaukaskatts verði 19 500 í stað 9000 í söluskattinum nú og er þar um ríflega tvöföldun að ræða. Tæpur helmingur þeirra sem framtalsskyldir yrðu við upptöku virðisaukaskatts fellur þó undir þær einföldu uppgjörsaðferðir varðandi landbúnað og smábátaútgerð sem ég rakti áðan. Er þar með dregið mjög úr þeirri aukningu á kostnaði og fyrirhöfn sem af fjölguninni mundi leiða.

Fram til þessa hafa aðeins unnið 20—25 starfsmenn hjá skattyfirvöldum við störf er snerta eingöngu söluskattinn. Þessir starfsmenn hafa verið allt of fáir og hef ég nýlega heimilað 20 nýjar stöður skatteftirlitsmanna sem fyrst og fremst munu beina kröftum sínum að söluskattseftirliti. Með upptöku virðisaukaskatts má reikna með að enn þurfi að fjölga starfsmönnum nokkuð.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir talsverður kostnaður. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða kostnað við margs konar undirbúning að breytingunni. Áður hefur þess verið getið að gjaldendum fjölgar og verða fyrirtæki að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt sem nú greiða ekki söluskatt. Auk þess má búast við því að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkru viðameira fyrir fyrirtæki en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhaldi. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir þau fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup og sölu þessara vara aðgreind í bókhaldi. Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för með sér kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og gjaldendur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið í grófum dráttum örfá meginatriði frv. Í þeim efnum hef ég orðið að stikla á stóru, enda málið einstaklega umfangsmikið.

Kerfisbreytingu úr söluskatti á síðasta viðskiptastigi fylgja fjölmargir kostir, en slíkri breytingu fylgja einnig ókostir. Að mínu mati eru kostirnir þessir:

Kerfið kemur í stað núgildandi söluskattskerfis, sem er stórlega gallað og erfitt í framkvæmd, og leysir sjálfkrafa ýmis vandamál söluskattskerfisins. Virðisaukaskattur stórbætir samkeppnisaðstöðu íslenskra atvinnuvega, jafnt á heimamarkaði sem við útflutning. Virðisaukaskatturinn er algjörlega hlutlaus gagnvart

framleiðsluaðferðum, viðskiptaferli og neysluvali. Á móti þessu kemur að virðisaukaskattskerfið er flóknara og dýrara í framkvæmd en núgildandi kerfi, bæði fyrir ríkissjóð og þá sem skattinn innheimta. Þá er ljóst að kerfisbreytingin mun valda verulegum tilflutningi á skattbyrði á milli vöruflokka og þjónustu.

Það liggur í augum uppi að þm. geta ekki mótað afstöðu til þess hvort kostirnir eða gallarnir séu þungvægari í svo flóknu máli sem þessu nema með rækilegri skoðun á frv. og mati á áhrifum þess og þeim möguleikum sem fyrir hendi eru til að bæta með öðrum hætti þá hækkun á einstökum þáttum einkaneyslu sem af samþykkt frv. kann að leiða.

Ég legg til að málinu verði vísað til n. og legg á það áherslu að það fái þar rækilega umfjöllun. Hitt vil ég einnig benda á að eigi þess að vera nokkur kostur að innleiða kerfið um áramótin 1985—1986 þarfnast málið rösklegrar meðferðar í þinginu. Í aths. með frv. er lögð áhersla á að verulegan tíma þurfi til undirbúnings og er talað um ár frá samþykkt frv. í því sambandi. Ég tel að slíkur undirbúningur ætti að geta tekist á 8—9 mánuðum ef vel er á haldið, en dragist það fram á vorið að afgreiða málið er ljóst að ekki getur orðið um að ræða gildistöku frv. í ársbyrjun 1986.

Ég vil einnig ítreka það, sem áður hefur komið fram í ræðu minni, að það er mitt mat og ríkisstj. að gera þurfi sérstakar hliðarráðstafanir, m. a. í tryggingamálum, samhliða því að virðisaukaskattur er tekinn upp til að bæta hag þeirra sem ætla má að þessi skattur bitni harðara á enn núverandi söluskattur. Er þar ekki síst átt við tekjulægri hópa í þjóðfélaginu, sem verja stærri hluta tekna en aðrir til kaupa á matvælum, sem nú eru undanþegin söluskatti en virðisaukaskatturinn mundi leggjast á. Þetta vildi ég leggja sérstaka áherslu á áður en umr. hefjast um málið á hv. Alþingi, en ríkisstj. mun síðar við meðferð málsins gera nánari tillögur um slíkar ráðstafanir.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu, en ég geri það að tillögu minni að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að ég er illa lesinn í þessum fræðum og var t. d. ekki hér á þingi í fyrra þegar umr. fóru fram um málið þá. Fróðleg ræða hæstv. ráðh. nú er vissulega til að upplýsa margt, en einfaldaði ekki málið fyrir mér sem slíkt, svo flókið sem það er og margþætt. En vitanlega er skylt að bæta hér úr og lesa sér ærlega til, en vara sig á því að segja of mikið nú, allra síst um mörkin milli innskatts- og útskattsgreiðslna svo að dæmi sé tekið um ýmis hugtök sem þarna koma fram og eru manni býsna fjarlæg. Mér hefði hins vegar kannske verið nær að líta í þingtíðindi fyrra árs, þegar ég setti á blað í morgun fáein orð um skattamálin í heild, en það er of seint úr því að bæta nú. Hins vegar er rétt að taka það fram strax að hér er um eitthvert stærsta mál þessa þings að ræða sem vissulega þarf nána og vandlega athugun. Eflaust dugar ekki til það sem enn er eftir af þessu þingi til þess að fara ofan í þetta mál sem skyldi svo hægt sé að innleiða eins flókið kerfi um næstu áramót og hæstv. ráðh. var að vísa til áðan.

Skattamál okkar í heild eru vissulega allrar umræðu verð og eitthvert algengasta umræðuefni í þjóðfélaginu. Margt hefur verið sagt um form skatta, réttlæti þeirra og þó fremur ranglæti þeirra. Misferli og undandráttur eru algeng orð í umræðunni og hrópandi dæmi hvarvetna úr þjóðfélaginu vekja athygli og umhugsun.

Ég skal ekki við 1. umr. þessa máls nú, sem er í raun og veru önnur heildarkynning á þessu viðamikla máli, fara náið út í það. Málið fer til nefndar þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds á sæti fyrir hönd Alþb. Hann er þessum hnútum gerst kunnugur og umfjöllun málsins og skoðun í n. er þar vitanlega í góðum höndum. Það er hins vegar mikið verk og vandasamt, eins og ég sagði áðan, að koma þessu máli þannig út úr n. að allir geti sæmilega við unað. Síðan er eftir að sjá hvernig framkvæmdin á þessu verður í heild sinni, því það sýnist mér á öllu, þrátt fyrir góðar upplýsingar í ræðu hæstv. ráðh. og í grg. með þessu frv., að það sé vægast sagt óljóst hvernig framkvæmd ýmissa þátta þessarar skattlagningar verði háttað.

Ég vildi aðeins segja nokkur orð um skattamálin í heild. Fyrst kemur upp í hugann spurning um beina skatta og óbeina. Ég get ekki leynt minni skoðun þar. Það liggur fyrir nú að tekjuskattur skuli af lagður í áföngum. Tekjuskatturinn er ágætt tekjujöfnunartæki ef hægt hefði verið að vinna sig frá hinum stóru agnúum. Þetta ágæta tekjujöfnunartæki verður sem sagt ekki til staðar innan fárra ára ef svo fer fram sem horfir. Ég lýsi því enn yfir að tekjuskattsleiðin sé um margt eðlileg leið til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Sú leið er farin víðast hvar til að jafna aðstöðu og láta þá hærra launuðu greiða hærra framlag til samfélagsins og jafna um leið út ákveðna tekjutoppa. Hjá okkur hefur þetta farið þannig að gerð hefur verið ein skattalagabreytingin af annarri. Allar hafa þær átt að hafa það að meginmarkmiði að ná betur til þeirra sem undan sleppa, en allt hefur komið fyrir ekki.

Hið háa hlutfall manna með sjálfstæðan atvinnurekstur hér á landi miðað við ýmis önnur þjóðlönd er e. t. v. skýring á vandanum en hvergi fullnægjandi. *Brotalamirnar hafa* sem sagt hrópað til okkar og nú blasir uppgjöfin ein við. Tekjujöfnunartæki annarra þjóða mun hreinlega verða lagt hér niður. Við höfum gefist upp á því að ná til þessara aðila sem sloppið hafa við eðlilega hlutdeild í greiðslum til samfélagsins, gefist upp á að finna leiðir til úrbóta, til að gera tækið virkt, en erum þess í stað að leggja það niður. Ég tel það miður að mörgu leyti en get þó ekki bent á þær leiðir sem dygðu til að gera þetta tæki svo virkt sem öðrum þjóðum hefur tekist að gera það.

Óbeinir skattar koma þá til sögunnar, eins og hæstv. fjmrh. benti á, í enn ríkara mæli. Neyslu- og þjónustuskattar eru í dag mjög hátt hlutfall hjá okkur en munu verða enn meira áberandi eftir að tekjuskatturinn hefur verið lagður af að fullu. Eignarskattaleiðin hefur líka komið til álita. Hún hefur verið mjög í sviðsljósi að undanförnu og hefur verið leitast við að einfalda tilhögun hennar. Ég tel sjálfsagt að kanna alla þá möguleika sem felast í eignarskattsleiðinni. En mér segja fróðir menn í þessum málum að möguleikar til hagræðingar og undanskots með ýmsum hætti séu þar líka til ekki síður en varðandi tekjuskattinn og að þær leiðir muni hinir raunverulegu stóreignamenn finna til að sleppa við eignarskattinn. Og þó að eignarskattsfyrirkomulagið geri skattsvikurum að sumu leyti erfiðara um vik en tekjuskattsleiðin þá eru margar smugur og leiðir fyrir þá sem einmitt þyrfti að ná til varðandi

eignarskattinn. Ég segi því að eignarskattsleiðina þarf að kanna vel. En lausnarorð er sú leið ekki og erfitt verður sem fyrr að draga mörkin á milli eðlilegrar eignar, eðlilegs arðs af vinnu fólks í eignum og þess sem umfram má teljast og ber að leggja á stighækkandi skatthlutfall.

En örfá orð um þessa leið sem hér er verið að leggja til, ágæti hennar og annmarka. Fljótt á litið sé ég ærna annmarka en kostir liggja í betri skilum, betra eftirliti, að sagt er. Vissulega er þetta skattfyrirkomulag þannig í framkvæmd að hver hefur í raun nokkra umsjón með hinum. Ég veit hins vegar ekki annað en ýmsar brotalamir hafi komið á þessari tilhögun fram í innheimtu og skilum í öðrum löndum sem þó eru þekktari fyrir betri skil á sköttum almennt en eru hjá okkur.

Einhvern veginn leggst það svo í mig að okkar litla þjóðfélag kunningsskaparins geti boðið upp á meiri agnúa og verri skil og innheimtu á þessu en gerist annars staðar þar sem þessi skattur hefur verið tekinn upp þrátt fyrir þetta gagnkvæma eftirlit. Grunur minn er nefnilega sá að ekki muni auðvelt að búa svo um hnúta að öllu verði þar til skila haldið og allt verði sem skyldi. En um það er best á þessu stigi að hafa sem minnstar fullyrðingar. Auðvitað fer það eftir því hvernig að þessum málum verður staðið í heild, hvernig framkvæmdinni verður hagað og hvort í alvöru á að ná *inn fullum skilum á þessum skatti og að því verði unnið* á skipulegan hátt. En dæmi, sem við höfum frá öðrum skattformum hér á landi, m. a. varðandi söluskattsskilin, eiga a. m. k. að verða til þess að við förum að með gát, alhæfum ekkert og teljum okkur ekki trú um að við séum að finna leið til lausnar án allra agnúa af þessu tagi.

Það kom reyndar fram í máli hæstv. fjmrh. hér áðan að því altækari og þyngri sem skatturinn væri, þeim mun meiri viðleitni og þeim mun meiri freisting væri til þess að komast undan fyllstu skilum, t. d. með undanþágum eða á annan hátt.

Aðalhættan, sem ég sé í þessum skatti, er að hann muni að öllu óbreyttu og eins og hann kemur mér fyrir sjónir auka greiðslubyrði hins almenna launamanns þrátt fyrir allt. Það sýnist mér a. m. k. við fljóta skoðun á þessu máli. Ég held að við eigum að hafa það í huga að marggagnrýndar undanþágur frá söluskatti eru þess eðlis að yfirgnæfandi hluta að þær eru til þess að létta af þeim verst settu. Matvælin eru þar gleggst dæma. Ég nefni bara af handahófi ýmis hjálpar- og stoðtæki fatlaðra. Ég nefni einnig ýmsa þjónustu sem reyndar á að hluta til að undanþiggja virðisaukaskatti. En þessar undanþágur einnig á sviði heilsugæslu, menntunar og menningarmála ýmiss konar eru af hinu góða. Hér er um yfirgnæfandi meiri hluta undanþáganna, yfir 90%, að ræða þegar við tökum þær vörur sem undanskildar eru söluskatti einmitt vegna framfærslubyrðar heimilanna. En hitt er rétt að „absúrd dæmi", sem hafa verið tekin og veifað hér úr ræðustólum á Alþingi, eru auðvitað jafnslæm en þau breyta ekki þessari heildarmynd, að undanþágurnar frá söluskattinum eru að langmestu leyti til þess að létta verulega framfærslubyrði þeirra sem erfiðast eiga.

Mér segja líka þeir menn, sem koma nálægt verslun og reyndar þjónustu einnig, að það séu ekki þessar undanþágur sem séu aðalorsök slæmra söluskattsskila, þar komi allt annað til. Menn fullyrða — og ég býst við að það sé mikið til í því — að það sé þjónustusvið einkageirans sem fyrst og síðast veldur miklu um vanskil þessa skatts. Þar kemur þessi margfrægi kunningsskapur okkar til. Þarna er um þjónustustarfsemi af ýmsu tagi að ræða þar sem nógu miklu eftirliti verður ekki við komið og þar sem kunningsskapurinn blómstrar best.

Ég efa nokkuð að þetta út af fyrir sig leysist með þessu nýja formi — einmitt á því sviði sem vankantar eru mestir í dag — þrátt fyrir það gagnkvæma eftirlit sem gert er ráð fyrir og á að hafa eitthvert aðhald.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. En einmitt við þetta atriði staldra ég fyrst og skal láta nægja sem mín aðvörunarorð nú við 1. umr. Reyndar voru það býsna þung aðvörunarorð sem hæstv. fjmrh. mælti hér í lok sinnar ræðu varðandi ýmsa þá vöru sem nú verður lagður á virðisaukaskattur og mun koma til með að hækka verð þeirrar vöru og einnig þeirrar þjónustu að nokkru sem nú er undanþegin þessum söluskatti. Það er því greinilegt að hæstv. ráðh. hefur býsna miklar áhyggjur af einmitt þessum þætti. Og það er einmitt það sem ég bendi á að virðisaukaskatturinn eirir nær engu, ef svo mætti að orði komast, t. d. í hinum brýnu nauðsynjum að vissu marki í þjónustunni, eins og hæstv. ráðh. kom inn á hér áðan. Á brýnustu nauðsynjar mundi hann leggjast af fullum þunga og á sumt af þeirri þjónustu sem fólk verður óhjákvæmilega að nota sér.

Ég endurtek það að margnefnt undanþágufargan söluskattsins, sem hæstv. ráðh. minntist einnig á, snertir fyrst og fremst hinar óhjákvæmilegu tegundir vöru og þjónustu sem fólkið með framfærslubyrðina, með litlu tekjurnar, nýtur framar öllum öðrum. Ég hlýt því að hafa uppi býsna miklar efasemdir um ágæti þessa skatts en vil að allt verði sem vendilegast skoðað ef verða mætti til þess að við kæmumst út úr þeirri sjálfheldu skattamála, mismununar og undandráttar, sem við erum í í dag. En máske eru það ekki ný tæki eða nýjar aðferðir sem vantar, máske er það fyrst og síðast að okkur vanti viljann til upprætingar og aðgerða gegn skattsvikum og undandrætti á eðlilegum skilum til samfélagslegra þarfa. Kannske er það einmitt þennan vilja sem okkur vantar í of ríkum mæli.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þá er frv. til l. um virðisaukaskatt aftur komið á borð hjá hv. þm. Og eins og hæstv. ráðh. sagði í framsögu sinni þá er þetta umfangsmikið mál og það þarf gaumgæfilega umfjöllun í n. Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar mun ég ekki hafa mörg orð hér um nú. Í n. mun okkur m. a. gefast færi á að meta kosti og galla þess skattheimtukerfis sem hér er mælt fyrir samanborið við núverandi söluskattskerfi og mun ég geyma mér umfjöllun þar um þar til nefndarstörfum er lokið.

Það er einkum tvennt sem ég vil minnast á við 1. umr. málsins. Það er annars vegar umrædd og gífurleg verðhækkun á matvörum sem virðisaukaskatturinn virðist munu hafa í för með sér, en eins og fram kemur á töflu I á bls. 32 í grg. er áætlað að matvæli muni hækka um 18—18.9% við upptöku skattsins. Þetta er e. t. v. ofætlað að einhverju leyti, eins og ráðh. kom inn á í framsöguræðu sinni, þar sem framleiðslukostnaður *matvörunnar gæti lækkað eitthvað en sennilega* er ofætlunin ekki mjög mikil.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt eru matvæli stærsti neysluþáttur þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Ég tel það gersamlega óverjanlegt nú á tímum stórfelldra kjaraskerðinga að setja á skatt sem hefur þvílíka hækkun á nauðsynjavörum í för með sér. Það eru einfaldlega stórir hópar fólks í þjóðfélaginu sem ekki geta axlað þessa hækkun og mér þykir það vera óhæfa ef Alþingi samþykkir álögur af þessu tagi eins og málum er nú háttað. Hæstv. ráðh. kom inn á þessi atriði í framsögu sinni áðan og var ljóst af orðum hans að hann er vakandi fyrir þessu atriði og ég vænti þess að við getum öll verið sammála um að að þessu þurfi að huga sérstaklega vel.

Eitt langar mig til að nefna í þessu sambandi og það er að eftir því sem ég best veit gilda fleiri en eitt skatthlutfall víða í þeim löndum Evrópu sem tekið hafa upp virðisaukaskatt. Ég fæ í fljótu bragði ekki séð hvers vegna við getum ekki gert það hér líka þótt það kosti okkur sýnilega einhverja fyrirhöfn. Með mismunandi skatthlutföllum gætum við haldið verðhækkun matvæla og annarra nauðsynja niðri — og ég tel ákaflega brýnt að svo verði — eða þá að leita einhverra annarra leiða reynist þingmeirihluti fyrir því að taka upp virðisaukaskatt.

Hitt atriðið, sem ég vil vekja máls á hér við þessa umr., er að ógjörningur er að skoða þetta mál eitt og sér. Það verður að skoðast í samhengi við aðra skatta og gjöld sem lögð eru á landsmenn. Frv. kveður á um að virðisaukaskattur skuli nema 21% og áhrif hans á verðlag sjáum við að einhverju leyti til á töflunum á bls. 32. Þetta skatthlutfall verður að meta í samræmi við aðrar álögur, skatthlutfall tekjuskatts, tolla o. s. frv. og einnig í samræmi við þróun kaupgjalds og verðlags í landinu.

Að svo komnu máli er því að mínu viti lítið annað að gera en að bíða með málið og sjá hvað ríkisstj. hyggst gera í þeim málum sem þetta mál er angi af, í skattamálum, í tollamálum, í kjaramálum, í efnahagsmálum almennt. Þá fyrst er hægt að skoða þetta mál í samhengi og meta með framtíðarhorfur í huga áhrif þess á efnahag landsmanna og hvernig hagkvæmast og réttmætast er að haga þeirri skattheimtu sem hér um ræðir.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð að þessu sinni því að eins og komið hefur hér fram verður þetta mál skoðað í fjh.- og viðskn. og ég mun eiga sæti í þeirri n. Ég mun því ekki fjalla um einstök atriði frv., enda ekki undir það búinn nú. Þetta verða því aðeins almenn orð. Það hefur komið hér fram hjá hv. þm. að verstu gallar söluskattsfyrirkomulagsins eru hinar mörgu undanþágur sem eru frá söluskattinum. Þessar undanþágur gera allt eftirlit erfiðara en ella. Það er fullyrt í almennri umræðu í þjóðfélaginu að stórar upphæðir liggi hjá garði í skattheimtunni einmitt vegna þess hve undanþágurnar frá söluskatti eru margar.

En það er líka rétt, sem fram hefur komið, að þessar undanþágur hafa menn ekki leyft að gamni sínu. Þessar undanþágur hafa verið notaðar til að létta undir með fólki á ýmsan hátt. Þær hafa verið notaðar til að lækka verð matvöru og lækka verð á nauðþurftum almennings. Þær hafa komið til góða fyrir barnmargar fjölskyldur sem þurfa að kaupa mikið af matvörum til heimilisnota. Hv. þm. hafa lýst hér áhyggjum sínum vegna þess að virðisaukaskatturinn er flatur skattur sem leggst á allar vörur. Ég mun í afstöðu minni til þessarar skattheimtu líta mjög til þess hvaða hliðarráðstafanir verði gerðar þegar hún tekur gildi og ef hún tekur gildi til að létta áhrif þessarar skattheimtu fyrir hina verst settu í þjóðfélaginu. Það gefur auga leið að 18—19% hækkun á nauðþurftum heimilanna, þ. á m. öllum matvörum eins og landbúnaðarvörum og öðrum nauðsynjum, er þungur baggi eins og í pottinn er búið nú. Ég mun því líta mjög til þess við meðferð þessa máls þegar þar að kemur. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við 1. umr. málsins en mun að öðru leyti skoða málið þegar það kemur til n. til meðferðar.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Nú er rætt um virðisaukaskatt og hefur verið gert alllengi. Hugmyndir um breytingar á skattkerfinu eru lengi að velkjast í kerfinu og mér býður í grun að svo verði um nokkurt skeið enn. Ég tel hins vegar að það sé mikil ástæða til að breyta skattkerfinu mjög mikið hér á Íslandi og við í Alþfl. viljum gera það á þann hátt að leggja niður tekjuskatt og taka upp virðisaukaskatt. Það hvernig virðisaukaskattur verður er nokkuð sem þingið þarf að ákveða og við þurfum að taka afstöðu til í nefndum. Við eigum ekki að láta ótta við breytingar verða til þess að eyðileggja góð áform eða góð mál. Staðreyndin er sú að umræður um nýja skatta byggjast mikið á því að mönnum er það almennt ljóst hversu gífurlega er svikið undan skatti, hversu mjög götóttur skattur söluskatturinn er sem einstaklingar í kunningjaþjóðfélaginu sjá um að hafa að eigin geðþótta.

Menn hafa óttast að ef virðisaukaskattur verði settur á, flatur skattur á allt, komi það illa við stórar fjölskyldur eða fátækt fólk. Ég tel að hægt sé að sníða þá agnúa af með öðrum ráðstöfunum. Alþingi á ekki að vera hrætt við að skoða þessi mál niður í grunn. Ef menn hafa þá skoðun, sem ég vænti að fleiri hafi en Alþfl.-menn, að gera eigi sérstakar ráðstafanir varðandi stórar fjölskyldur og þá sem hafa litlar tekjur til tekjujöfnunar, þannig að þessi skattur komi ekki sérstaklega illa niður á það fólk, þá er hægt að gera það.

Ég fagna því að þetta mál er komið til umfjöllunar. Ég sé að vísu ekki fyrir mér að þessu verði komið á alveg á næstunni ef miðað er við fyrri reynslu af afgreiðslu skattamála. Það virðist taka ótrúlega langan tíma að koma á breytingum, ég tala nú ekki um ef þær eiga að vera til einhverra bóta. Það er náttúrlega hægt að setja þetta kerfi á í flaustri. En það er ekki af því góða og þá verður ekki séð fyrir því að þau markmið náist fram að skatturinn innheimtist betur og komi ekki sérstaklega illa við stórar fjölskyldur og fátækt fólk.

Hér var rætt um undanþágur frá söluskatti. Það mun nú vera svo komið með þessar undanþágur að menn vita varla hvað þær eru margar. Það eru ekki nema sérfræðingar sem átta sig á því hvað undanþágur eru margar og til hvers þær eru. Ég er almennt þeirrar skoðunar að hvers konar undanþágur bjóði svindli heim. Hversu góð hugsun sem hefur verið að baki veitingu slíkra undanþága þá sé reyndin sú, eins og reyndar hefur komið í ljós af skattaframtölum, að undanþágur hafa komið þeim til góða sem hafa kunnað að spila á kerfið en hinum ekki. Ég tel að það eigi einmitt að forðast undanþágur í svona skattakerfi nema þær allra brýnustu. Það eigi að vera almennar reglur og síðan eigi að koma til löggjöf eða reglugerð um það

hvernig með sérstaka hluti eigi að fara, en ekki að nota undanþágur frá skatti nema í allra minnsta mæli.

Ég endurtek að ég tel ástæðu til að skoða þetta mál mjög vel. Við höfum lýst því yfir í Alþfl. að við viljum breyta sköttun, taka upp virðisaukaskatt og afnema tekjuskatt, og við munum vinna að því að svo verði gert. Þetta frv. fer nú til n. Þar munum við láta okkar sjónarmið í ljós. Vissulega getur svo farið að meiri hlutinn vilji hafa virðisaukaskattinn á annan veg en við viljum hafa hann. En við sjáum til og vonum að svo verði ekki.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta mál, virðisaukaskattur, er hér til umr. Það er tvímælalaust tími til kominn að endurskoða söluskattskerfið sem við búum við. Hyggja þarf að í hvaða formi er hægt að komast hjá undandrætti undan söluskatti. Það hefur verið á allra vitorði um alllanga tíð að skattsvik væru gífurleg hér á landi. Virðisaukaskattur er sú leið sem nágrannaþjóðir okkar hafa valið til innheimtu óbeinna skatta. Þessi skattheimtuaðferð hefur reynst þung í vöfum, t. d. í Noregi, en heldur betur annars staðar, eins og t. d. nú er orðið í Danmörku eftir að agnúar hafa verið sniðnir af upphaflegu fyrirkomulagi. Ég get því miður ekki gert mér grein fyrir eftir hvaða kerfi þetta frv. er unnið eða hvort það tekur einhver mið af göllum sem fram hafa komið annars staðar en í nágrannalöndum okkar. En það veldur manni miklum áhyggjum samt sem áður að þetta kerfi skuli hafa svona gífurlega mikla hækkun í för með sér á matvælum, um 18.9%, en lækkun á drykkjarvörum og tóbaki. Það er íhugunarefni til hvers þarf að lækka tóbak. Fatnaður o. fl. mun lækka. Húsnæði, ljós og hiti mun hækka.

Það er því ekki hægt að taka afstöðu til þessa frv. á þessu stigi vegna þess að þær leiðir, sem stjórnvöld ætla að kynna, hafa ekki komið fyrir okkar sjónir enn. Þess vegna er ekki hægt að taka afstöðu til þess nú hvort þetta er það kerfi sem velja skal, því að við verðum að koma til móts við þá sem hafa vart fyrir nauðsynjavörum nú í dag, hvað þá heldur ef þær mundu hækka um 18.9%, og húsbyggjendur sem vart standa undir afborgunum af sínu húsnæði. Ef á að fara að breyta lánakerfinu, þá þarf samt sem áður að borga þessi lán, svo að ég sé enga ástæðu til þess að hækka byggingarkostnað á íbúðarhúsnæði. Við erum í hærri kantinum, eða hæst á Norðurlöndum alla vega að því er varðar kostnað við eigið húsnæði og þyrftum því að velja leið sem yrði til þess að draga úr þeim kostnaði en ekki að auka hann. Hér kemur fram að það muni vera um 3.1% sem húsnæði, ljós og hiti hækkar við þessa breytingu. Þá er miðað við 21% virðisaukaskatt.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh. að virðisaukaskattur muni ekki auka tekjur ríkissjóðs heldur muni dreifast öðruvísi en nú er niður á neytendur. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta því að ég er ekki í þeirri n. sem var með þetta mál til umfjöllunar fyrir ári síðan og hef því ekki getað kynnt mér þetta nægilega rækilega. Engu að síður fagna ég því að málið skuli vera komið hér til umr. og mun kynna mér það mjög ítarlega.

Ef á að breyta úr launaskatti yfir í óbeina skatta er þörfin enn meiri á öruggu innheimtukerfi. Mér finnst aðalatriðið að það sé öruggt í innheimtu, það séu færri undankomuleiðir til skattsvika, því að þá mun það afla ríkissjóði nægra tekna til þess að standa undir fjölskyldubótum eða öðrum ráðstöfunum til þess að létta undir með þeim sem þetta þyngir skattbyrðina á.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Það segir kannske sína sögu um hve mikið og flókið mál er á ferðinni að það var í höfuðatriðum tilbúið á síðasta þingi. Nú er fyrra misseri þessa þings lokið, kominn 30. janúar, og það er þá fyrst sem mælt er fyrir frv. Ég held að það sé ákaflega mikil bjartsýni að ætla að það þurfi u. þ. b. ár eða jafnvel ekki nema 8—9 mánuði til undirbúnings, eins og hæstv. fjmrh. taldi að væri kannske lágmarkstími, að þetta geti verið tilbúið um næstu áramót. Svo mörg atriði eru það sem hér koma til álita og svo margt er enn þá óljóst í sambandi við almenna skattastefnu hér á landi að ég held að það verði ekki með öllu slitið úr samhengi við hana. Ég fagna því þó að þetta frv. er komið fram og mjög ítarleg grg. og ákaflega skýr og efnismikil framsöguræða sem hæstv. fjmrh. flutti með frv.

En það eru nokkur atriði sem ég vildi strax í upphafi vekja athygli á. Þetta mál fer að sjálfsögðu til nefndar og verður vafalaust rætt ítarlega bæði þar og í þingflokkum. En það eru nokkur atriði sem ég held að við þurfum að hafa í huga nú þegar. Það er í fyrsta lagi upphæðin. Þarna er gert ráð fyrir 21% skatti. Hæstv. fjmrh. sagði að þetta mundi þýða sömu eða svipaða upphæð og söluskatturinn skilar nú. Ég vil aðeins spyrjast fyrir um það hvort þetta sé raunhæft, hvort ekki sé raunverulega um hærri skatttöku að ræða með þessu frv. heldur en með söluskattinum eins og nú er.

Í öðru lagi vildi ég nefna, og á það hefur þegar verið minnst, verð á matvælum. Það eru þá fyrst og fremst innlendu matvælin sem ég vildi spyrja um. Er gert ráð fyrir því að hækkun landbúnaðarvara verði mætt með auknum niðurgreiðslum eða með hækkuðum fjölskyldubótum? Eða í þriðja lagi með svo verulegum undanþágum að í raun og veru verði farið inn á sama kerfi og með söluskattinn?

Þá vil ég einnig vekja athygli á því sem hæstv. fjmrh. sagði og kemur fram í grg. frv., að þetta muni þýða allmiklu meiri innheimtukostnað heldur en nú viðgengst við innheimtu söluskattsins. Hvað er gert ráð fyrir að þessi innheimtukostnaður sé miklu meiri en nú er og hve mörgum þarf að bæta við þá innheimtu?

Það er rétt að vegna þess hve innflutningur er stór liður í efnahagslífi Íslendinga er innheimta virðisaukaskatts af innflutningi á mjög mörgum vörum tiltölulega auðveld. Eins styrkir þetta að sjálfsögðu útflutninginn. En ég held að við eigum samt sem áður að reyna að gera okkur grein fyrir því að það hefur ekki gengið of vel með söluskattsinnheimtuna. Og það er ekki bara vegna hinna fjölmörgu undanþága heldur einnig vegna þess að starfsfólk hefur vantað til að innheimta hann. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er ætlunin að bæta mörgum við í þessu starfi og hvaða upphæðir, hvaða kostnaðarauki er þarna á ferðinni?

Ég held að öll atriði þessa skatts verði tekin til rækilegrar umfjöllunar hér í vetur. Ég vil þó leggja áherslu á að málinu verði ekki flýtt um of, heldur kannað mjög vandlega og farið mjög rækilega í saumana á þessu, eins og ég sagði í upphafi, og í samræmi við almenna skattastefnu í landinu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa til máls fyrir þær góðu undirtektir sem framlagning þessa frv. um virðisaukaskatt fær hér. Þær góðu undirtektir lofa vonandi því að rækilega og fljótt verði unnið, en þó með gætni, að framgangi þessa máls. Frv. hefur verið í undirbúningi í fjmrn. nokkuð lengi og öðru hverju hafa þm. gert athugasemdir við að það væri ekki lagt fram. En sú mikla vinna sem forveri minn, fyrrv. fjmrh., Ragnar Arnalds, lagði í þetta til þess að skila verkinu var svo vel á veg komin að tiltölulega lítið átak var fyrir mig sem fjmrh. að leggja það fram. Frv. var lagt fram snemma á þessu þingi og hefur legið frammi það lengi að þm. hafa haft góðan tíma til að lesa það og kynna sér. Ef þeir ekki hafa gert það, þá er það ekki af tímaskorti, það er af einhverjum öðrum ástæðum. En það gæti náttúrlega leitt til tímaskorts við afgreiðslu málsins miðað við það að frv. nái fram að ganga fyrir næstu áramót. En ég vona að svo sé ekki.

Til að svara hv. 9. þm. Reykv. vil ég vitna í ræðu mína áðan og endurtaka, með leyfi forseta, það sem ég sagði um prósentuálagninguna á virðisaukaskattinum: „Í frv. er gengið út frá því að virðisaukaskattur skili jafnmiklum tekjum og gjöld byggð á söluskattsgrunni gera nú. Hefur verið áætlað að til þess að ná þessu marki þurfi virðisaukaskattur að vera 21%. Er í aths. með frv. gerð rækileg grein fyrir því hvernig þetta skatthlutfall er áætlað.“ Þess vegna vísa ég til þess sem kemur fram í grg. með frv. Hitt er svo annað mál að nefnd verður að skoða hvort þessar áætlanir fjmrn. eru réttar eða ekki réttar. Frekara svar hef ég ekki á reiðum höndum hér. Þetta eru allt áætlanir sem þar koma fram.

Þá er talað um innheimtukostnaðinn. Gert er ráð fyrir því að fjölga starfsmönnum skattrannsóknarstjóra nú um 20 nýjar stöður. Það er ekki með öllu vitað hvað mikið þarf að fjölga starfsmönnum, en þeim þarf að fjölga nokkuð. Ég gæti vel trúað því að það séu a. m. k. 10 stöðugildi sem þarf að bæta við þegar virðisaukaskattur er tekinn upp.

Þá vil ég taka það fram í sambandi við fsp. um það hvort auka eigi niðurgreiðslur eða með hvaða öðrum hætti eigi að mæta þeirri hækkun á neysluvöru sem um getur í minni framsöguræðu, til þess að það fari ekkert á milli mála, að ríkisstj. gerir sér fulla grein fyrir þeim ábendingum sem koma fram hjá öllum þeim sem tekið hafa til máls á þessu stigi. Ég ætla líka að lesa niðurlagsorð ræðu minnar. Ég valdi þau sem niðurlagsorð til þess að reyna að stimpla þá mynd sem ljósasta á þessu stigi í hugum alþm. Þau hljóða þannig, með leyfi forseta:

„Ég vil einnig ítreka það, sem áður hefur komið fram í ræðu minni, að það er mitt mat og ríkisstj. að gera þurfi sérstakar hliðarráðstafanir, m. a. í tryggingamálum, samhliða því að virðisaukaskattur er tekinn upp til að bæta hag þeirra sem ætla má að þessi skattur bitni harðar á en núverandi söluskattur. Er þar ekki síst átt við tekjulægri hópa í þjóðfélaginu, sem verja stærri hluta tekna en aðrir til kaupa á matvælum, sem nú eru undanþegin söluskatti en virðisaukaskattur mundi leggjast á.

Þetta vildi ég leggja sérstaka áherslu á áður en umr. hefjast um málið á hv. Alþingi, en ríkisstj. mun síðar við meðferð málsins gera nánari tillögur um slíkar ráðstafanir.“ Og þessar ráðstafanir, ég undirstrika það, eru ekki endilega niðurgreiðslur heldur gætu allt eins orðið í gegnum tryggingakerfið eða á annan hátt.

Ég vil svo aftur þakka virðulegum ræðumönnum fyrir góðar undirtektir og ég vona að málið fái skjóta en góða meðferð í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Flutningsjöfnunarsjóður olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 421). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Með frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns, sem hér er mælt fyrir, er stefnt að því að í stað verðjöfnunar á olíu og bensíni verði tekinn upp flutningsjöfnuður. Það er hins vegar gert ráð fyrir því að áfram gildi hámarksverð á þessum vörum. Breytingin er því fólgin í því að verði frv. að lögum verður ekki lengur óheimilt að lækka verð á olíu og bensíni. Þetta gerir það kleift að hagkvæmni í viðskiptum leiði til hagkvæmara verðs. Frv. gerir þó ráð fyrir að söluverðið verði hið sama til sömu notenda og við sömu aðstæður hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu, þannig að verið er að auka á samkeppni milli olíuinnflytjenda. Við verðákvörðun á olíu og bensíni yrði skv. sérstökum útreikningi Verðlagsstofnunar tekin ákvörðun um flutningsjöfnunargjald sem rynni í svonefndan flutningsjöfnunarsjóð til að mismunandi flutningskostnaður hefði ekki áhrif á skráð útsöluverð eftir landshlutum. Í frv. er því byggt á sömu grundvallaratriðunum og í lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Í verðjöfnunarlögunum er gert ráð fyrir verðjöfnun og hún nemur 1.5% af útsöluverði bensíns, 4.9% af útsöluverði gasolíu og 4.8% af útsöluverði svartolíu. Flutningsjöfnunargjald kæmi í stað verðjöfnunargjalds og gerir frv. ekki ráð fyrir skerðingu á jöfnun frá því sem nú er, en hagkvæmni í viðskiptum, sem ég hef vikið að, getur leitt til lægra verðs á olíu og bensíni.

Að undanförnu hefur verið til athugunar með hvaða hætti unnt væri að koma fram lækkun á verði olíu og bensíns hér innanlands jafnframt verðlagningu sem fæli í sér hvata til lækkunar verðs með hagkvæmni í viðskiptum. Við verðákvörðun á olíu og bensíni í dag er um að ræða ellefu þætti til viðbótar við innkaupsverðið, m. ö. o. verðjöfnunargjald, þóknun banka af gjaldeyrisviðskiptum, innflutningsgjald af gasolíu og svartolíu, magntoll á gasolíu og svartolíu, landsútsvar af bensíni, gasolíu og svartolíu, verðtoll á bílabensíni, tollafgreiðslugjald á bílabensíni, veggjald af bílabensíni, söluskatt og loks vörugjald af bílabensíni, gasolíu og svartolíu. Nær allir þættirnir eru ákvörðunaratriði um tekjur ríkissjóðs, sveitarfélaga og þóknun banka auk verðjöfnunar.

Með frv. þessu er leitast við að hafa áhrif á einn verðlagsþáttinn til lækkunar með því að skapa möguleika til verðsamkeppni á grundvelli aukinnar hagkvæmni í viðskiptum. Í byrjun janúar var fellt niður leyfisgjald bankanna af bensíni, gasolíu og svartolíu og var það ákvörðunaratriði viðskrn. Önnur gjöld, sem

hafa áhrif á verð olíuvara, heyra ekki undir viðskrn. Af gjöldum bensíns vegur bensíngjald til vegagerðar þyngst, síðan söluskattur og tollar. Að sjálfsögðu er það innkaupsverð erlendis, svo og skráning hvers gjaldeyris, sem mest áhrif hefur á verðlagningu olíuvara hér á landi og auk þess skattlagning á bensín.

Verðið hefur verið breytilegt og farið hækkandi undanfarna áratugi, auk þess sem mikil breyting hefur verið á dollar sem er sá gjaldmiðill sem olían er keypt fyrir. Frá 1950—1956 var olíu- og bensínverð tiltölulega stöðugt, en í kjölfar svonefndrar Súez-deilu 1956 hækkaði olíuverð um nálægt 50%. T. d. hækkaði tonn af gasolíu þá úr 21 dollar í 32. Um 1960 hafði verðið lækkað verulega á ný og fór áfram lækkandi næstu ár á eftir og var tonnið af gasolíu komið niður í u. þ. b. 18 dollara 1966. Í kjölfar sex daga stríðsins á árinu 1967 fór olíuverð smám saman hækkandi aftur og í lok ársins 1972 var tonnið af gasolíu komið í 33 dollara. Á árinu 1973 fjórfaldaðist olíuverðið og hækkaði tonnið af gasolíu í 122 dollara og hélst síðan allstöðugt til ársloka 1978. Á árinu 1979 þrefaldaðist verð til viðbótar, en þá fór tonnið af gasolíu upp undir 400 dollara. Síðan hefur verðið nokkuð lækkað aftur og um þessar mundir kostar tonnið af gasolíu um það bil 230 dollara.

Þessa dagana hafa farið fram umræður um verð á olíu og bensíni. Tilefni þess er sú hækkunarbeiðni sem liggur fyrir Verðlagsráði frá olíufélögunum. Útreikningar í þessum málum eru allir til í viðskrn., þannig að sú nefnd sem þetta mál fær til meðferðar fær þær upplýsingar allar saman til þess að hún geti vandlega skoðað verðsamsetningu á olíu og bensíni og gert sér grein fyrir þessu máli eins og það liggur fyrir í dag.

Þetta frv., sem ég hér hef mælt fyrir, er flutt til að reyna að ná fram samkeppni á milli þeirra sem flytja inn olíu. Til að tryggja að þeir sem mikið magn kaupa geti fengið hagkvæmari viðskipti, þá tel ég að þetta frv. sé til góðs og geti orðið fyrsti áfangi í því að vinna jákvætt varðandi álagningu á þessari mjög svo umdeildu vöru.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að fjölyrða meir um þetta mál. Ég mun gera ráðstafanir til þess, í samráði við formann þeirrar nefndar sem fær þetta mál til meðferðar, að þeir aðilar sem gerst þekkja komi til viðræðna og þær upplýsingar sem fyrir liggja verði lagðar fram til þess að n. og hv. deildarmenn geti fengið allar þessar upplýsingar.

Ég leyfi mér svo, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Ég á þess að vísu ekki kost að fjalla efnislega um þetta frv. nema að litlu leyti, en þar sem ég reikna ekki með að eiga þess kost síðar að taka þátt í umfjöllun um þetta mál langar mig til að segja örfá orð. Hér er raunar um gríðarlega þýðingarmikið mál að ræða, ekki síst fyrir landsbyggðina og útgerðina í landinu sem er dreifð vítt um landið, og þess vegna full ástæða til að gefa þessu nokkurn gaum.

Það sem ég rek fyrst augun í í sambandi við þetta frv. eru þau ákvæði sem er verið að breyta frá þeim reglum sem gilt hafa um olíu- og bensínverð í landinu, en mér skilst að ef þetta frv. verður að lögum falli niður það ákvæði, sem gilt hefur, að sama söluverð skuli gilda á olíu og bensíni um land allt. Þetta er út af fyrir sig mikið umhugsunarefni.

Hins vegar sýnist mér að það sé gert ráð fyrir að sami seljandi hafi sama verð á sinni útsöluvöru, á olíu og bensíni, hvar sem hann selur hana, hvar sem er á landinu. Það sem kemur upp í hugann í sambandi við þetta er hvort þessi mál gætu þróast þannig að einn innflytjandi seldi bara bensín og olíu á tilteknu svæði, þar sem ódýrast er að dreifa þeirri vöru, og gæti þar af leiðandi haft lægra verð en hin olíufélögin hefðu sem mundu versla með þessa vöru út um allt land. Þetta kemur í hugann.

Í 1. gr. er líka gert ráð fyrir að Verðlagsráð fjalli um flutningsjöfnunargjald í stað þess að viðskrh. hefur haft þetta í hendi sér fram að þessu, eftir því sem mér skilst. — Þetta er rangt hjá mér. En ég held að það hafi í sjálfu sér ekki skipt miklu máli því að mér sýnist að olíufélögin fái sínar hækkanir hver sem fjallar um það. Það hefur orðið reyndin.

Hins vegar er ástæða til þess, þegar þetta frv. liggur hér fyrir, að fara örfáum orðum um flutning á olíu og bensíni um landið og það kerfi sem við búum við í þeim efnum. Við vitum hvernig það er. Þetta er þrefalt kerfi og leiðir örugglega til þrefalds verðs í sambandi við flutningsgjaldið. Við vitum hvernig það er með gasolíuskipin sem koma með olíuna út á land. Það kemur eitt skip og setur slatta af olíu á tank. Það getur komið annað skip daginn eftir og sett slatta af olíu á tank hjá öðru félagi. Það er tæpast hægt að ímynda sér að slíkt leiði til sparnaðar. Eins vita allir hvernig er með olíu- og bensínbílana sem elta hver annan sinn frá hverju olíufélaginu um þjóðvegi landsins. Það er þrefalda dreifingarkerfið sem þessu veldur. Það er öruggt mál að olían í þessu landi er töluvert mikið dýrari vegna þess þrefalda kerfis sem við búum við. En það er ekki bara það að flutningsgjaldið sé dýrara. Auðvitað er rekstur-inn líka miklu dýrari á því kerfi sem við búum við en ef hér væri aðeins um einn aðila að ræða sem dreifði þessum mikilsverðu vörum í landið. Og þetta leiðir líka til gífurlegrar offjárfestingar í bensínstöðvum vítt og breitt um landið, eins og allir þekkja og við blasir hvar sem maður fer um þjóðvegina, og reyndar ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu.

Mig langar til að nota þetta tækifæri til að fjalla aðeins um fyrirhugaðar bensínhækkanir sem nú munu verða á döfinni. Ég þóttist lesa í blaði áðan að nú stæði fyrir dyrum hækkun á bensíngjaldi vegna hækkunar á byggingarvísitölu um 70 aura. Svo skilst mér raunar að það liggi fyrir, eins og raunar kom fram hjá viðskrh. áðan, beiðni um stórfellda hækkun á gasolíu frá olíufélögunum. Mig langar til að spyrja að því hvort meiningin sé að hleypa þessum olíuverðshækkunum í gegn. Nú heyrast fregnir af því erlendis frá að olía sé að lækka í verði, en alltaf er hún að hækka í verði hér á landi. Líklega er olíuverð hvergi hærra í heiminum en einmitt hér. Hvað á að gera í þessum efnum? Er það virkilega rétt, sem kom fram hjá sjútvrh. í sjónvarpi í gær, að ríkisstj. ráði engu um olíuverð í landinu? Er það virkilega rétt að hún fái engu um það ráðið, jafnþýðingarmikinn málaflokk og hér er um að ræða? Kannske skiptir þó ekki máli hvort það er ríkisstj. eða Verðlagsráð sem fjallar um olíuverðshækkanir. Þó að ríkisstj. gæti haft þarna einhver áhrif á eru olíufélögin greinilega meðal óskabarna hennar og virðast fá sínu framgengt í þessum efnum.

Það er eitt atriði enn sem mig langar til að nefna í sambandi við olíufélögin og það tengist frétt, sem ég las í blöðum nýlega, um að forsrh. hafi komið með þá hugmynd sem lausn á vanda útgerðarinnar að fella niður landsútsvar af olíufélögunum. Landsútsvarið er eina gjaldið sem olíufélögin greiða til sveitarfélaganna í landinu. Olíufélögin eru ein allra fyrirtækja í landinu undanþegin aðstöðugjaldi. Mér finnst það heldur langsótt leið, ef þetta er rétt skilið, að bjarga útgerðinni með því að fara þá leið að fella niður af olíufélögunum landsútsvarið. En það væri fróðlegt að heyra hvað viðskrh. hefði um þessar beiðnir olíufélaganna að segja, hvort það er virkilega meiningin að olíufélögin fái enn og aftur að hækka olíuverðið.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Það eru örfá orð út af því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði.

Það er rétt að olíufélögin hafa verið gagnrýnd fyrir sína fjárfestingu, fyrir fyrirkomulagið. Stundum hefur gagnrýni líka verið í þá átt að þau séu svo samstíg í öllu að ekki sé nokkur möguleiki á því að laða fram nokkra samkeppni þeirra í milli og þess vegna gildi sú regla að þau komi sér saman um hlutina og svo séu þeir látnir ganga fram.

Það er dálítið erfitt að meta þetta og vega, en þessu frv. er ætlað að ná fram því sjónarmiði að á milli þessara félaga verði þó nokkur samkeppni. Hún á að geta orðið til þess að með hagkvæmni í flutningum, þegar um er að ræða mikil viðskipti, megi bjóða hagkvæmari kjör. Hins vegar er gert ráð fyrir því með flutningsjöfnunarsjóðnum að tryggt sé að sama verð sé skráð um land allt. Það verður þess vegna viðkomandi félags að veita afslátt af því fjármagni sem það ella ætlar sér til rekstrarkostnaðar hjá sjálfu sér.

Verðjöfnunin í dag er ekki ákveðin af viðskrn. Það hefur ekki með neinar ákvarðanatökur að gera í þessum málum. Annars vegar er það Verðlagsráð sem ákveður taxta t. d. flutningaskipanna. Hins vegar er það flutningsjöfnunarsjóður þar sem olíufélögin eru í meiri hluta. Það er hér líka verið að minnka áhrif þeirra. Hér er þremur mönnum ætlað að stjórna tilfærslu á flutningsjöfnun. Einn er frá viðskrn., einn frá olíufélögum og einn frá Verðlagsráði. Þetta hefur frv. fram að færa.

Það hefur verið sama verð um allt land allt frá 1953. Flutningsjöfnuninni er ætlað að tryggja að jafnvel þó að eitt félag selji aðeins olíu og bensín hér á þessu svæði verði verð á olíu og bensíni hér ákveðinn kostnaðarþáttur. Til þess að taka þátt í kostnaðinum við flutninginn út á land jafnar flutningsjöfnunarsjóður þessum fjármunum á milli félaga. Ef annað félagið flytur aðeins út á land koma fjármunir af sölunni héðan inn í flutningsjöfnunarsjóð og renna síðan til hins félagsins til að jafna út þann kostnað sem það hefur haft umfram það að vera með söluna á þessu svæði.

Spurt var hvort ríkisstj. ætlaði að láta þær hækkanir ganga fram sem fyrirhugaðar eru, eins og þm. orðaði það. „Sem beðið hefur verið um" er nú kannske réttara. Ég get ekki svarað þessu. Það er Verðlagsráð sem tekur ákvörðun um verðið á bensíni og olíu. Það er rétt, sem þm. hér sagði, að síðustu daga hefur heyrst að verðið á olíu fari lækkandi. Það er öllum ljóst að verkfall kolanámumanna í Bretlandi hefur orðið til þess að hækka verð á svartolíu. Nú þegar það er að leysast, gæti orðið lækkun á olíuverði. Hann sagði líka að olía og bensín hefðu sífellt verið að hækka. Það varð undantekning á s. l. ári. Þá varð lækkun í eitt skipti. Þegar mikil lækkun varð á erlendum mörkuðum tókst að lækka hér einnig.

Ég skal ekki mikið um það segja, en ég get sagt það hér að mér sýnast tilefnin til hækkunar frá því í nóvember ekki vera ýkjamikil því að það hafa ekki verið fluttir inn dýrari farmar en þeir sem dýrastir voru þá. Að vísu hefur breyting á gjaldmiðli varðandi svartolíu sín áhrif til hækkunar, en sjáum við fram á lækkun á verði svartolíunnar vegna lausnar á kolanámuverkfallinu í Bretlandi getur það haft þau áhrif að engin ástæða sé til að breyta verðinu.

Olíuinnkaupajöfnunarreikningur er nefndur. Þegar breyting verður á verðinu erlendis, en það ekki látið koma fram hér, þá þýðir það það að í raun og veru er verið að selja olíuna og bensínið á of lágu verði og það er þá skrifað á sérstakan reikning hjá olíufélögunum sem hafa það í láni frá viðskiptabönkunum. Það er talið eðlilegt og rétt að þessi reikningur sé ekki það hár að tekið geti lengri tíma en 1—2 mánuði að leiðrétta hann. Það verður að sjálfsögðu og er ævinlega stefnt að því, en eins og stendur nú inniheldur verð á olíu og bensíni ákveðna fjárhæð til niðurgreiðslu á þeirri skuld sem er á innkaupajöfnunarreikningi í dag, hvort heldur það er á bensíni eða á olíu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Karvel Pálmason): Þar sem þetta er fyrsti deildarfundur að loknu jólaleyfi þykir mér vel sæma að bjóða þdm. velkomna til starfa svo og allt starfsfólk Alþingis og óska því farsældar á nýbyrjuðu ári.

Afréttarmálefni, fjallskil o. fl., frv. 207. mál (þskj. 244). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum, á þskj. 244. Frv. fjallar um breytingar á lagareglum um búfjármörk og útgáfu markaskráa. Það tekur því aðeins til eins þáttar af mörgum í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., en þau lög voru upphaflega sett 1969.

Búfjármörk hafa lengi gegnt mikilvægu hlutverki hér á landi, enda aðalsönnunargagnið um eignarrétt manna á búfé og þá sérstaklega sauðfé. Telja má víst að strax á landnámsöld hafi menn farið að merkja sér búfé sitt með einhverjum hætti vegna samgangs þess í högum. Reglur íslenskra laga um búfjármörk hafa að stofni til verið hinar sömu allt frá gildistíma Grágásar. Þannig voru flestar reglur Grágásar um þessi efni teknar óbreyttar upp í Jónsbók og giltu þau ákvæði þar til lög nr. 42/1969 tóku gildi, en markareglur Jónsbókar voru teknar upp í þau lög með nokkrum breytingum.

Aukin útbreiðsla smitsjúkdóma í sauðfé, eins og riðuveiki síðustu ár, hefur kallað á auknar varúðarráðstafanir varðandi samgang sauðfjár. Sammerkingar, þ. e. notkun fleiri en eins fjáreiganda á sama marki, á þeim svæðum þar sem vænta má samgangs sauðfjár auka hættu á útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og skapa erfiðleika við framkvæmd varúðarráðstafana vegna þeirra.

Það var því á árinu 1980 að þáv. landbrh. skipaði nefnd til að endurskoða gildandi reglugerð um mörk og markaskrá og takmörkun á sammerkingu búfjár. Var nefndinni falið að vinna enn frekar en áður hafði verið gert að útrýmingu á sammerkingu. Í þessari nefnd áttu sæti Halldór heitinn Pálsson fyrrv. búnaðarmálastjóri, formaður, Haukur Jörundarson, þá skrifstofustjóri í landbrn., og Gísli Andrésson bóndi á Hálsi í Kjós. Gísli tók sæti Jóns Kristjánssonar, rannsóknarmanns, í nefndinni við andlát hans 1981.

Við athugun nefndarinnar á markaskrám útgefnum árið 1979 kom í ljós að enn var við lýði fjöldi hættulegra sammerkinga. Í lögum eru hins vegar ekki ákvæði sem banna núverandi sammerkingar sauðfjár þótt hættulegar teljist, heldur aðeins takmarkanir á upptöku nýrra marka. Að óbreyttum lögum er því ekki hægt að skylda mann til að láta af marki vegna reglna um sammerkingar. Taldi nefndin því nauðsynlegt að fá sett í lög ákvæði er banni allar hættulegar sammerkingar og jafnframt að sú kvöð yrði lögð á markaverði landsins að útrýma slíkum sammerkingum við útgáfu næstu markaskráa sem allar eiga að koma út árið 1987. Þá lagði nefndin áherslu á að settar yrðu sérstakar reglur um hvernig bæri að úrskurða um rétt manns til að halda marki sínu.

Tillögur nefndarinnar og umsagnir Búnaðarþings 1983 og 1984 eru grundvöllur þessa frv., en það er samið í landbrn. og hafa þar unnið að því verki Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður ráðh. og Tryggvi Gunnarsson, þá deildarstjóri.

Frv. um sama efni var lagt fram á Alþingi vorið 1983, en kom ekki til umr. Er frv. nú lagt fram nokkuð breytt.

Þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á markareglum laga nr. 42/1969 raska ekki þeim grunni sem byggt hefur verið á allt frá gildistíma Grágásar nema hvað lengra er nú gengið í banni við sammerkingu sauðfjár og ýmsar reglur settar til að tryggja frekari samræmingu við notkun marka og gerð markaskráa.

Þá felast í þessu frv. nýmæli vegna breyttra viðhorfa og nýrrar tækni. Skulu nú nefndar helstu breytingar og nýmæli sem felast í frv.:

Samhliða notkun eyrnamarka, brennimarka og hornamarka hafa svokölluð plötumerki, t. d. úr plasti, orðið æ útbreiddari á síðustu árum og að þeim þykir hagræði. Í frv. er lagt til að slík plötumerki með tiltekinni lágmarksáletrun verði löggilt sem fjármark.

Þá er í frv. veitt heimild til að löggilda frostmerkingar sem mörk á hrossum og nautgripum. Frostmerkingar hafa ekki verið reyndar nægilega hér á landi til þess að ákvæði þar um geti verið annað en heimild fyrir ráðh., en vonandi verður þess ekki langt að bíða að slíkar merkingar verði teknar upp til mikils hagræðis fyrir hrossaeigendur.

Þó að áfram sé í frv. fylgt þeirri grundvallarreglu að markavarsla og útgáfa markaskráa verði verkefni stjórna fjallskilaumdæma heima í héraði þykir nauðsynlegt, til að tryggja árangur við útrýmingu hættulegra sammerkinga, að fela aðilum sem taka til landsins alls að sinna tilteknum verkefnum eða hafa heimild til að fjalla um slík verkefni. Þannig er í frv. gerð tillaga um að heimilt verði að fela Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveða megi að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjón Búnaðarfélags Íslands.

Annað dæmi um aðila sem tekur til landsins alls skv. frv. er markanefnd sem síðar verður vikið að.

Varðandi ákvæðið um notkun tölvu við færslu á markaskrám er þess að geta að Búnaðarþing hefur í umfjöllun sinni um frv. lagt á það áherslu að sett verði ótvíræð heimildarákvæði þar um og telur að því verði að beita eigi lagasmíð þessi að ná tilgangi sínum. Það skal tekið fram að skv. frv. eiga stjórnir fjallskilaumdæma að greiða kostnað Búnaðarfélagsins vegna þessarar tölvuvinnslu í hlutfalli við markafjölda, en tölvubúnaður og önnur aðstaða eru til staðar hjá félaginu til að sinna þessu verkefni.

Í frv. eru rýmkaðar heimildir stjórna fjallskiladeilda til að leggja á markagjöld og markavörslu er heimilað að geyma mark.

Þá eru í frv. ítarlegri reglur um sammerkingar sauðfjár en nú eru í lögum og nýmæli er að reglurnar ná til sammerkinga sem þegar eru fyrir hendi. Settar eru reglur um hvernig beri að leysa úr ágreiningi um rétt manna til að halda mörkum og komið er upp sérstakri úrskurðarnefnd, markanefnd, og er í vissum tilvikum skylt að skjóta til hennar ágreiningi um mörk. Í öðrum tilvikum er það á forræði þeirra sem í hlut eiga hvort þeir skjóta ákvörðun markavarðar til nefndarinnar.

Það skal tekið fram að við setningu laga nr. 42/1969 var lagt til að komið yrði á fót úrskurðaraðila með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir að markanefnd starfi. Í meðferð Alþingis var slíkt ákvæði fellt niður og taldi sú þingnefnd sem um málið fjallaði rétt að þessum málum yrði ráðið til lykta í héraði og óþarft væri að koma á slíkri landsnefnd. Það var eindregin tillaga þeirrar nefndar sem skipuð var 1980 til að endurskoða reglur um þessi mál, og Búnaðarþing hefur tekið undir hana, að komið yrði á slíkri úrskurðarnefnd því að þannig sé unnt að tryggja fullt samræmi við úrlausn þeirra ágreiningsmála sem kunna að rísa vegna útrýmingar á óleyfilegum sammerkingum og framkvæmd reglna um mörk.

Að síðustu skal vakin athygli á því að uppröðun efnisatriða hefur og nokkuð verið breytt frá IX. kafla laga nr. 42/1969.

Vegna lögboðinnar útgáfu næstu markaskráa, sem gefnar skulu út samtímis um allt land árið 1987, er brýnt að frv. þetta hljóti afgreiðslu hér á Alþingi sem fyrst.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Fundarsókn þingmanna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Virðulegur for-

seti óskaði þeim alls hins besta sem mættir væru til þings og einnig starfsfólki þingsins, en sendi engar kveðjur til þeirra sem höfðu beðið um fjarvistarleyfi. Ekki veit ég hvort hugur fylgdi máli, en það vekur athygli að í dag eru ellefu fjarverandi, einn með veikindaforföll.

Þetta er meira en ¼ af starfsmönnum deildarinnar og hlýtur að koma mjög niður á öllu nefndastarfi þar sem nánast helmingurinn í sumum n. þingsins er fjarverandi án þess að hafa kallað inn fyrir sig varamenn. Ég vil mótmæla því að þau vinnubrögð séu liðin að menn séu erlendis án þess að varamenn séu kallaðir inn til starfa, allt upp í viku fjarvistir. Ég vil spyrja hæstv. forseta hversu langur sá listi þurfi að vera til þess að forsetar leiði hugann að því hvort það geti verið um eðlilegt ástand að ræða. Í þeirri stétt sem ég hef nú lengst af verið í, kennarastéttinni, hygg ég að það kæmi hik á flesta sem fengjust við kennslu þegar mannfallið væri orðið ¼. (**GJG:** Eða fjallkóngar.)

Forseti (Karvel Pálmason): Þess skal getið út af ummælum hv. 5. þm. Vestf. að hans mótmæli verða að sjálfsögðu skráð í þingtíðindi og þar vel geymd. Ég mun koma á framfæri við aðalforseta þessu sem hv. þm. var að gagnrýna. Um það hversu langur listi þarf að vera þannig að forsetar geri athugasemdir skal ég ekkert um segja. Ég er nýgræðingur í forsetastóli og ber minni ábyrgð á gjörðum sem hér hafa átt sér stað, allt til þessa a. m. k., en ýmsir aðrir. En öllu þessu verður komið til skila.

Hv. þm. sagði í lokin nokkur orð varðandi kennara. Forseti hefur verið kennari líka og hefur kennt þó að vantað hafi 25% af bekk, þannig að ég held að það sé eðlilegt, a. m. k. enn sem komið er, að halda hér áfram störfum.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frv. 250. mál (þskj. 426). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál á þskj. 428 kom nokkuð til umr. í gær við utandagskrárumræður og þurfti enginn að verða undrandi.

Ég vil í upphafi vekja athygli á í hverju þær breytingar eru fólgnar, sem eru á þessu þskj., á lögunum frá 1979. Nú er að vísu mjög deilt um hvað sé hráefnisskortur. Nýfallinn er dómur í Hæstarétti fiskvinnslufólki í óhag þó að það mál hafi hins vegar unnist í undirrétti. En þarna er verið að leggja til að ef fólk er sent í launalaust starfshlé megi slíkt launalaust starfshlé aldrei standa lengur en samtals 160 stundir á hverju tólf mánaða tímabili miðað við fullt starf og að hámarki 80 stundir samfellt ef um hráefnisskort er að ræða, enda sé óheimilt að segja starfsmönnum upp störfum meðan svo er ástatt.

Það kemur skýrt fram í grg. og er nú á allra vitorði að fiskverkunarfólk eitt býr við þann skerta rétt, gagnstætt því sem gildir um aðra launþega, að því má segja upp eða taka af launum með viku fyrirvara hvort sem starfsaldur þeirra eru þrír mánuðir eða þrjátíu ár. En til þess að reyna að teygja sig frekar er ekki öllu fiskverkunarfólki tryggður sami réttur, það eru þessir 160 tímar og það skuli ekki vera nema 80 tímar sem séu samfelldir. Á þann hátt eru settar frekari skorður við beitingu þessarar heimildar, sem er í lögum, en þó það rúmar að atvinnurekendur geta firrt sig launagreiðslum þegar um ófyrirséð atvik er að ræða og þá þann tíma sem ætti að vera nægilegur til þess að gera viðhlítandi ráðstafanir ef um fyrirsjáanlega rekstrarstöðvun væri að ræða. Það er reynt að setja þarna takmörk, hversu langan tíma á ári, 160 klst., og hversu langan tíma í senn, 80 klst.

Jafnframt er bent á það í grg. að um 70% af skráðu atvinnuleysi á s. l. ári var hjá fiskvinnslufólki eða í störfum tengdum fiskvinnslu. Jafnframt er bent á að starfsfólk við fiskvinnslu, sem er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, býr við mikið öryggisleysi umfram aðra þjóðfélagsþegna sem veldur því að fólk sækir úr þessari atvinnugrein, jafnvel þótt það hafi margra ára starfsreynslu að baki. Slíkt hlýtur að bitna á atvinnugreininni og gæðum framleiðslunnar. Það hljóta því að vera hagsmunir þjóðarbúsins í heild að bæta úr þessu ófremdarástandi og til þess er þetta frv. flutt, segir í grg.

Nú vil ég spyrja: Hvað mundu menn segja ef það væri hægt að segja ágætu bankafólki, ágætu fólki í Stjórnarráði Íslands og svo mætti lengi telja, með 10, 20, 30 ára starfsreynslu, upp með viku fyrirvara ef atvinnurekandi teldi ekki næga vinnu fyrir hendi? Í lögunum frá 1958, sem voru fyrstu lög þess efnis, var undanskilið fiskverkunarfólk og verkamenn í hafnarvinnu. Verkamenn í hafnarvinnu í Reykjavík brutu þessi lög af sér með því að semja við viðkomandi skipaafgreiðslur, að vísu í góðu samkomulagi, um að slíkt væri hin mesta óhæfa. Síðan hefur þetta verið tekið upp annars staðar, á Akureyri, í Hafnarfirði og sjálfsagt víðar. Þó að þetta sé líka ákvæði um hafnarverkamenn í lögunum frá 1979 er það ekki framkvæmt, heldur hafa hafnarverkamenn samið þessi lagaákvæði af sér með samningum.

En þá er spurningin: Höfum við efni á því að halda svona á málum? Ég skýrði frá því í gær að það væri algjör grundvallarmisskilningur að halda að hér væri um eitthvert aukavinnuafl að ræða. Ég hef bent á það, eins og kemur fram í ályktun Verkamannasambands Íslands, að 75% af vinnuafli í fiskvinnslu eru konur. Megnið af þessum konum hefur heimili, eru giftar eða í sambúð, eiga börn, og þetta er uppistaðan í vinnuafli í íslenskum fiskiðnaði. Ef vinna þessara kvenna, eins og ég var að skýra frá í gær, væri ekki til staðar mundi hrynja niður íslenskur fiskiðnaður og þjóðartekjur dragast saman sem því næmi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Ég benti líka á að Ísland hefði þá sérstöðu að yfir 70 og nær 75% giftra kvenna ynnu utan heimilis. Það er, eins og ég tók fram áðan, algjör misskilningur að þarna sé um eitthvert reitingsvinnuafl að ræða af og til. Þetta er undirstaðan, ásamt sjómönnum, að grunnframleiðslu þjóðarinnar. Og því í ósköpunum að hafa þetta fólk réttindasnauðasta fólk á íslenskum vinnumarkaði? Fyrir því eru ekki nokkur minnstu rök.

Það verður örugglega sagt að fiskverkun sé nú stopul og svipull sé sjávarafli og þetta sé háð veðri og vindum. Þegar lög voru sett á 1958 um mánaðaruppsagnarfrest var þetta fólk undanskilið. Það náðist ekki meirihluti í þeirri ríkisstj. og atvinnustig kannske annað 1958. Það náðust samningar um kauptryggingu fyrir fiskverkunarfólk, að það yrði að segja því upp með viku fyrirvara, 1974, en áður mátti tilkynna því að kvöldi: Við látum ykkur vita þegar það verður vinna næst. — Það gilti

jafnt um 20, 30 ára starfsaldur í viðkomandi grein. 1979 urðu nokkur átök þegar frv. til l. um uppsagnarfrest og laun vegna sjúkdóms- og slysaforfalla var flutt af páv. ríkisstj. Þá var nokkur ágreiningur í ríkisstj. og þessum ákvæðum um fólk í fiskiðnaði fékkst ekki breytt vegna andstöðu sumra ráðh.

Ég vil segja að þetta fólk, sem er að meginhluta konur, vinnur ákaflega langan vinnudag. Hluta af árinu er vinnutíminn 10, 12 og upp í 14 tímar. Það er bókstaflega ætlast til þess að það leggi þessa vinnu á sig til þess að bjarga verðmætum. Og yfir vetrartímann er iðulega unnið yfir helgar. Ég hélt að meginþorrinn af þessu fólki legði það á sig til að bjarga verðmætum. En þegar það kemur að því að einhver skortur verður á hráefni er þetta fólk sent heim kauplaust.

Nú skyldi einhver halda að þarna væri ekki um gífurlegan fjölda að ræða. Það er áætlað að árið 1982 hafi verið unnin í fiskvinnslu u. þ. b. 9600 til 9800 ársverk. En þarna koma mikið fleiri einstaklingar til en tæp 10 000. Þarna eru margar konur sem vinna hálfan daginn. Einnig er þarna skólafólk sem vinnur að sumarlagi. Ég býst við að það megi áætla að þeir sem vinna í þessari grein að einhverjum hluta séu um 12—15 þús., en það mætti segja mér að um 8—9 þús. ynnu að staðaldri. Hvernig er það þjóðfélag sem býður þessu fólki kjör, sem það gerir kröfur til og markaðir standa og falla með, ásamt sjómönnum, vinni það störf sín vel? Það er krafist af því eftir-, nætur- og helgidagavinnu þegar þarf á að halda og slái þetta fólk slöku við hrynja útflutningsmarkaðir líka vegna gæða. Þetta er fólkið sem er undanþegið einföldustu réttindum um atvinnuöryggi. Ég held að hver sá sem hugsi um þessi mál viðurkenni að slíkt misrétti getur ekki gengið.

Það kom fram í umr. í gær að ég minntist sérstaklega á konur í þessu sambandi. Ég var að benda á sérstöðu íslenskra kvenna, hvað þær taka drjúgan þátt í íslensku atvinnulífi, og ég var líka að benda á að þegar um uppsagnir er að ræða í lengri eða skemmri tíma bitnar það öðru fremur á konum. Því í ósköpunum, eftir að lög eru sett 1958, eftir að þó er bætt við kauptryggingu með viku uppsagnarfresti 1974 og lögin eru endurbætt 1979, er þetta fólk skilið eftir? Og nú vil ég spyrja hv. þm.: Ætla þeir og þessi hv. deild að láta sér sæma að hafa þetta fólk áfram réttindalausasta fólk sem er á íslenskum vinnumarkaði?

Lítum á annað. Það er stundum talað um og mjög í tísku að tala um framleiðni. Það er nú með þessi nýju fagyrði, eins og framleiðni og framleiðslu, að þau eru ákaflega óljós í hugum margra. En sleppum því. Það væri hægt að segja margar skemmtilegar sögur af því. En framleiðni og afköst í fiskvinnslu á Íslandi eru með því hæsta sem þekkist í nokkurri íslenskri atvinnugrein. Ef við tökum sem dæmi lögverndaðar iðngreinar ýmsar, þá eru afköst og framleiðni í íslenskum fiskiðnaði meira en helmingi hærri hjá þessu fólki, 75% konum, sem er réttindasnauðast en afkastamest. Hvernig í ósköpunum getur þetta gengið svona lengur?

Það er farið ákaflega gætilega í þetta. Það er heimilað þarna 160 tíma hlé á ári frá vinnu og 80 stundir samfellt. En afleiðingarnar af þessu ástandi eru farnar að segja til sín. Fólk flýr úr þessum starfsgreinum, fólk sem á kost á annarri atvinnu. Kjör fara að vísu versnandi og jafnframt er öryggisleysi. Ýmsir fiskverkendur eru farnir að beita þessum ákvæðum harkalegar. Einn liðurinn í því eru gámaflutningar. Útgerðarmaður segir jafnvel að það sé svo lágt verð á fiski að hann hafi ekki í hyggju að landa fyrst um sinn þó að afli sé ágætur. Þá missir þetta fólk sinn rétt. Það eru á sjötta hundrað manns á Suðurnesjum atvinnulaus, fyrst og fremst í fiskiðnaði, á þriðja hundrað í Hafnarfirði, hátt í 200 á Akranesi, milli 300 og 400 í Reykjavík, hluta af sumrinu eru 80—90 atvinnulausir á Seyðisfirði og svona mætti lengi telja. Ein af orsökunum fyrir því, þar kemur að vísu fleira til, að fólk flyst utan af landsbyggðinni í þessum sjávarplássum, sem framleiða aldeilis ótrúleg gjaldeyrisverðmæti á hvern íbúa, er léleg kjör í fiskvinnslu og öryggisleysi með atvinnu.

Ég skal ekki halda langa tölu, en áskil mér rétt til að grípa inn í umr. ef þær yrðu langar. En ég vil mjög brýna fyrir þm. að hugsa sig mjög vandlega um áður en þeir fella þetta frv. eða vísa því frá, biðja þá umfram allt að láta ekki flokkspólitíska afstöðu ráða. Fiskverkunarfólk er úr öllum flokkum. Þar sem þetta fólk vinnur grunnframleiðslustörf, hefur afköst umfram flestar aðrar atvinnugreinar, er allt undir því komið að það sé þjálfað og kunni vel til verka. Ég bið hv. alþm. að hugsa sig vel um áður en þeir hafna frv. sem hér er flutt. Það skal ég taka undir með hæstv. sjútvrh. að vissulega er atriði að sjávarútvegurinn sem heild hafi sæmilega góða afkomu, þjóðfélagið sem heild getur ekki boðið hluta þegna sinna upp á þetta.

Ég legg þetta mál í hendur deildarinnar fyrir hönd okkar flm. og óska eftir að því verði vísað til hv. félmn., en sú ábyrgð er þung hjá þeim sem ætla að halda áfram að láta þetta fólk búa við skert mannréttindi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 248). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frv. þetta er flutt í framhaldi af því að þegar lög um Olíusjóð fiskiskipa voru samþykkt 11. febr. 1983 var kveðið svo á um í bráðabirgðaákvæði að Alþingi skyldi kjósa fjóra menn í nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sjútvrh. skyldi skipa í nefndina skv. tilnefningu fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og fiskvinnslu, auk formanns. Mál þetta er því unnið vegna frumkvæðis Alþingis og má því segja að það hefði verið á margan hátt eðlilegra að sjútvn. þingsins hefðu flutt málið í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar, en af því varð ekki og er frv. því flutt sem stjfrv. Það er algjörlega í samræmi við álit þeirrar nefndar sem skilaði af sér á s. l. ári.

Þær breytingar, sem einkum eru gerðar með þessu frv., eru eftirfarandi:

1. Fækkað er um fulltrúa í ráðinu úr tólf í átta. Rétt er að taka það fram að m. a. er gerð sú breyting að fulltrúar rækjuvinnslu fara úr ráðinu, en þeir fulltrúar hafa mótmælt því og sendu þm. um það erindi nú fyrir jólin. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að sjútvn. taki það erindi og þær skoðanir til athugunar og vil ég ekkert um það

segja á þessu stigi.

2. Nýtt lagaákvæði er heimilar Verðlagsráði að gefa verðlagningu á tilteknum fiskitegundum frjálsa er sérstaklega stendur á að mati ráðsins, enda sé um það einróma samkomulag. Það geta vissulega verið þannig aðstæður að rétt sé að gefa verðlagninguna frjálsa þótt það verði vart í mjög mörgum tilvikum. Ef hins vegar er um það eindregið samkomulag í Verðlagsráði, eins og hér er kveðið á um, þótti nefndinni rétt að slíkt væri heimilt.

3. Nýtt lagaákvæði er kveður á um að Verðlagsráðið skuli haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla þannig að ávallt verði tekið mið af gæðum sjávarafla við verðákvarðanir eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

4. Í lögin verði bætt nýju ákvæði þess efnis, að þegar Verðlagsráð vísar ágreiningsatriðum til yfirnefndar skuli fylgja grg. um þau atriði sem samkomulag er um.

5. Ákvæði um skipan sérstakra fulltrúa við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum verði fellt niður. Því hafa þeir mótmælt, rækjumenn.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál frekar, en vænti þess að það verði tekið til vandaðrar meðferðar í sjútvn. þingsins. Hér er um að ræða mál sem er flutt að frumkvæði Alþingis og er það vel. Það er unnið af mönnum sem eru tilnefndir af þinginu ásamt hagsmunaaðilum. Vænti ég þess að það fái, sérstaklega með tilliti til þess, skjóta meðferð hér á þingi.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það verða örfá orð sem ég ætla að láta falla hér og þau tengjast því atriði að fulltrúar rækjukaupenda eru teknir hér út. Mér sýnist að ekki sé skynsamlegt að standa þannig að málum í ljósi þess að rækjuveiðar hafa verið mjög ört vaxandi við Ísland og fráleitt að tala um að deilulaust hafi verið á þeim vettvangi. Ég vil vekja athygli á því að í ráðinu eru samtals fjórir fulltrúar fyrir síldarsaltendur og sýnist mér nokkuð vel skipað miðað við hlutdeild síldarinnar í framleiðslunni. Ég vil þess vegna beina þeim eindregnu tilmælum mínum til sjútvn. að hún hugleiði hvort ekki sé skynsamlegra að hafa fulltrúa rækjukaupenda innanborðs þegar gengið verður frá þessum lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um selveiðar við Ísland, en frv. þetta var flutt á síðasta þingi. Um það var fjallað í sjútvn. Nd. og n. skilaði nál. og fóru fram verulegar umr. um þetta mál, bæði við 1. umr. þess og 2. umr. Ég tel ekki ástæðu til að ég fari að endurtaka það sem þá kom fram og vil vísa til framsögu minnar á síðasta þingi, en vænti þess að sjútvn. taki þetta mál til umfjöllunar á ný og það takist að setja lög um selveiðar við Ísland. Það er afar brýnt að koma slíkum lögum á og bæta stjórnun þessara veiða. Það má um það deila með hvaða hætti það skuli gert. En ég vísa til þess sem ég sagði um málið á síðasta þingi og vil leggja það til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. mælir hér, öðru sinni að ég hygg, fyrir frv. til laga um selveiðar við Ísland og eins og hann gat um var þetta mál nokkuð til umr. á síðasta þingi og komu þá fram sterkar athugasemdir við þetta frv. frá þingmönnum í þessari hv. deild. Ég get út af fyrir sig vísað til þess sem þá kom fram, m. a. af minni hálfu, um þetta mál, en einnig til ítarlegs álits sem hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson flutti sem minnihlutaaðili í sjútvn. Þar komu fram mörg veigamikil rök gegn þessu frv., rök sem aðallega hafa komið frá þeim sem láta sér annt um náttúruverndarmál og vefengja vissa þætti sem tengjast þessu frv. Ég tel þó rétt nú við 1. umr. að vekja athygli hv. sjútvn. á ályktun Náttúruverndarþings, sem haldið var vorið 1984, varðandi þetta frv. Með leyfi forseta vil ég vitna til álits þingsins um setningu laga um selveiðar:

„5. Náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algerlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og látrum. Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frv. það sem lagt hefur verið fram á Alþingi leggur þingið eindregið til að 3. gr. frv. verði breytt. Hún hljóðar í frv. svo:

„Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd er samdi frv., lagði til:

Til aðstoðar sjútvrn. um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðh. nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nm. skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðh. skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjútvrn. um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Í lok ályktunar Náttúruverndarþings sagði síðan: „Að öðru leyti tekur þingið ekki afstöðu til frv., enda ekki haft tækifæri til að kynna sér það."

Frv. þetta var, fyrir skömmu hygg ég, fram komið þegar þingið var haldið og alla vega ekki, og þó kann það nú að vera missagt hjá mér, en í öllu falli var frv. ekki sérstaklega kynnt fyrir Náttúruverndarþingi, en Náttúruverndarráð hafði vissulega haft það til athugunar og að ég hygg ályktað um málið.

Þetta er veigamikið ágreiningsefni, sem þarna er á ferðinni, og ég hvet mjög eindregið til þess að fallist verði á það sjónarmið sem fram kom hjá nefndinni sem samdi frv. í upphafi og sem Náttúruverndarþing, sem

æðsta samkoma varðandi náttúruverndarmálefni í landinu, túlkaði á þessari samkomu sinni, 5. Náttúruverndarþingi 1984.

Starfsemi svokallaðrar hringormanefndar hefur tengst, sem eðlilegt er, umræðu um þetta mál og víða komið fram mjög hörð gagnrýni á það fyrirkomulag sem tekið var upp með skipan hennar og störfum sem hún hefur beitt sér fyrir frá árinu 1979 að telja, en það var í tíð hv. þm. Kjartans Jóhannssonar sem sjútvrh., hv. 3. þm. Reykn., að þessi nefnd var sett á laggirnar sem hefur beitt sér fyrir herferð gegn selastofninum við landið á þann hátt að mjög hefur verið gagnrýnt og þar sem ekki er tekið tillit til fræðilegra niðurstaðna, og raunar allsendis ónógar rannsóknir sem liggja fyrir varðandi selastofnana við landið, þannig að hægt sé að fullyrða með þeim hætti sem gert hefur verið að það samhengi sé til staðar varðandi hringorm í fiski og stærð og fjölda sela við Ísland.

Ég vil líka leyfa mér að nefna hér að frá einum mætum manni hef ég fengið afrit af bréfum sem borist hafa hæstv. sjútvrh. og fleiri aðilum, en það er bóndi í Barðastrandarsýslu, í Miðjanesi, Játvarður Jökull Júlíusson, sem er höfundur þess. Hann sendi hæstv. sjútvrh. bréf um þetta efni 1. okt. 1984 og mér hefur borist frá honum afrit af þessu bréfi þar sem hann fer mjög hörðum gagnrýnisorðum um þetta frv. og telur að með því sé gengið mjög á hlut bænda í landinu að því er varðar selastofninn og hefðbundið tilkall þeirra til selsnytja sem hlunninda. Ég ætla hér ekki, þar sem það er afrit af bréfi til hæstv. ráðh. sem ég hef undir höndum, að fara að vitna til þess, en höfundur þess hefur hins vegar óskað eftir því við mig að bréfi þessu verði komið á framfæri við sjútvn. þingsins og við þeirri ósk mun ég verða. En einnig sendi hann erindi sem þessu fylgdu, m. a. mótmæli frá aðalfundi Búnaðarfélags Reykhólahrepps frá 24. júní 1984 svo og erindi sem hann sendi þm. Vestfjarðakjördæmis um þetta mál 3. maí 1984 og sérstakt erindi, sem lýtur að þessu máli einnig, sent iðnaðardeild Sambandsins 24. júlí 1984. Játvarður Jökull Júlíusson er selveiðum nákunnugur og talar af þekkingu um þessi mál sem hlunnindabóndi og ég tel nauðsynlegt að hv. sjútvn. þessarar deildar fái aðgang að röksemdum hans og fari yfir þær þegar mál þetta verður tekið fyrir á vettvangi n.

Það er einnig að finna af hans hálfu ekki aðeins gagnrýni á ýmis atriði frv. eins og þau liggja fyrir, heldur einnig ábendingar um nokkur atriði sem þurfi að koma fram í nýrri löggjöf um selveiðar við Ísland, atriði sem ekki er að finna í þessu frv. Þannig hygg ég að umsögn hans sé verulegur fengur fyrir sjútvn. þingsins.

Ég tek undir það að full ástæða er til þess að reynt verði að ganga frá nýrri löggjöf um selveiðar við Ísland. Þessi mál eru í slæmu horfi eins og nú er. Hlutur hringormanefndar er ekki góður og utan við eðlilegar reglur um þessi efni, þar sem framkvæmdavaldið hefur tekið sig til og falið þessari nefnd að standa fyrir eyðingu sela þannig að mjög er umdeilt svo að ekki sé meira sagt.

Ég hvet sem sagt til þess, herra forseti, að það verði reynt að skoða þessi mál opnum huga og menn reyni að finna þá skipan þessara mála sem líklegt er að friður megi takast um, jafnframt því sem nauðsynlegt er að efla rannsóknir á selastofnum við Ísland þannig að hægt sé að byggja stjórnun á þessum dýrastofni á sem fyllstri og bestri þekkingu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Eins og hér kemur fram í grg. var þetta frv. flutt á síðasta þingi og er flutt að nýju núna óbreytt. Mig langar til að rifja aðeins upp það sem tími vannst til að fjalla um þetta mál á síðasta þingi vegna þess að það hjálpar mönnum kannske til að rifja upp hvar málin stóðu. Það urðu talsverðar umr. um breytingu sem ráðh. eða rn. gerði á frv. frá því sem nefnd, sem skipuð hafði verið til að semja þetta frv., lagði til. Þar var um að ræða breytingar á 3. gr. frv.

Í umræddri nefnd áttu sæti Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjútvrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði frv.-drögum til rn. Þar var lagt til að 3. gr. frv. hljóðaði svo:

„Til aðstoðar sjútvrn. við stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðh. nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nm. skipaður skv. tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn skv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn skv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna. Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjútvrn. um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Í frv.-drögum þessarar stjórnskipuðu nefndar var svohljóðandi aths. við 3. gr.:

„Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé rn. til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjútvrn. þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir, sem nefndar eru í þessari grein, og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum þessara aðila þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt. Rn. mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir, sem það tæki um selveiðar, og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með tillögur og ábendingar um atriði sem að þessum málum lytu."

Síðan gerist það að í frv. sem sjútvrh. lagði fyrir þingið var gerð breyting á 3. gr. til þess vegar sem er í frv. sem nú liggur fyrir, þ. e. að sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Þarna er sem sagt gerð nokkuð veigamikil breyting um samráðsskyldu eða þá aðstoð sem ráðh. á að hafa í sambandi við setningu reglugerða og aðrar aðgerðir varðandi þessi lög. Ég tel að það sé ástæða til að veita því athygli.

Nú er ég alls ekki neinn talsmaður þess að settar séu á laggirnar nefndir í öllum tilvikum. Það fer eftir eðli máls hverju sinni hvernig stjórn er skynsamlegt að setja yfir það. Ég held hins vegar að hér sé rangt að staðið. Hér

er verið að leita sátta í löngu og stundum ströngu ágreiningsmáli milli fjölmargra aðila í samfélaginu. Við höfum fordæmi fyrir því og kunnugir telja ágæta reynslu af formlegri ráðgjafarnefnd, þar sem um er að ræða ráðgjafarnefnd um fiskveiðistefnu, þ. e. nefnd sem hefur verið ráðh. formlega til ráðuneytis og raunar á ýmsum sviðum haft forgöngu um mótun fiskveiðistefnu sem við þekkjum af undanförnum misserum. Ég tel að í selveiðimálinu sé skynsamlegt að leita þessarar leiðar um samráð og sættir, sem augljóst er af tillögum hinnar stjórnskipuðu nefndar að hugur allra þeirra aðila stóð til, enda kemur í ljós að þessi veigamikla breyting, sem ráðh. hefur gert frá drögum nefndarinnar, fær misjafnar undirtektir. Þegar málið var sent út til umsagnar á síðasta þingi kom umsögn frá Náttúruverndarráði þar sem tekið var þannig til orða, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð leggur eindregið til að 3. gr. frv. verði færð í fyrra horf og er þá samþykk frv., en nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar þess, t. d. 6. og 8. gr."

Það er sömuleiðis gerð athugasemd í umsögn Búnaðarfélags Íslands. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Með því að málefni er varða selveiðar hafa verið undir stjórn landbrn. og athugasemdir hafa ekki verið við það gerðar, þá getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ekki fallist á þá breytingu sem 1. gr. frv. fjallar um." Síðan kemur: „Þá er það álit stjórnarinnar að heppilegra sé að til staðar sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál er varða selveiðar, svo sem lagt er til í 3. gr. frv. þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi."

Þarna kemur aftur þetta sama sjónarmið frá veigamiklum aðila í þessu máli, aðila sem full ástæða er til að leita sáttar og samstöðu með. Því tel ég að menn eigi að hugsa sig mjög vandlega um varðandi þessa 3. gr.

Í umsögn hringormanefndar, þar sem fjallað er um drög að frv. um selveiðar, er ekki tekin afstaða til 3. gr. Þar er henni lýst á ýmsan hátt og spjallað um hana almennum orðum, en það er ekki tekin afstaða til þessarar veigamikluu breytingar sem gerð er frá drögum hinnar stjórnskipuðu nefndar. Það vekur athygli þar sem formaður hringormanefndar og sá sem undirritar bréfið er raunar einn nefndarmanna úr þessari margumtöluðu nefnd og stendur sem slíkur að þeirri tillögu að formleg samráðsnefnd sé sett á fót.

Af þessum ástæðum og ýmsum fleiri tel ég að það þurfi að skoða þetta mál betur, afla óyggjandi afstöðu t. d. hringormanefndar um þetta veigamikla atriði og freista þess að færa frv. til þess horfs sem hin stjórnskipaða nefnd samþykkti.

Þetta leiðir hugann að ýmsum atriðum öðrum. Þetta leiðir t. d. hugann að því hvar Náttúruverndarráð stendur í raun þegar á döfinni eru átakamál í íslensku samfélagi. Mönnum þykir ágætt að hafa Náttúruverndarráð og minnast þess í hátíðarræðum og 17. júní-samkomum ef verið er að bjarga einhverju eða vernda eitthvað sem ekki er í neinni hættu. En síðan gerist það hverju sinni sem hagsmunir rekast á, að þrátt fyrir löggjöf og reglugerðir á þessu sviði virðist Náttúruverndarráð eiga mjög undir högg að sækja. Sjónarmið Náttúruverndarráðs og sjónarmið náttúruverndar og verndar lífríkisins virðist þrátt fyrir alla góðsemina í hátíðarræðunum eiga mjög undir högg að sækja. Það er spurning, sem menn verða að velta fyrir sér líka í þessu sambandi, hvaða þunga álit Náttúruverndarráðs eigi að hafa í þessu máli. Í Náttúruverndarráði er saman komin umtalsverð þekking í þessum efnum og þar eru þegar túlkuð sjónarmið mjög margra mismunandi aðila þannig að ég held að menn hljóti að taka afstöðu Náttúruverndarráðs mjög sterklega til athugunar.

Ég ætla ekki að gera þetta mál lengra. Það er margt um þetta hægt að segja. Það er hægt að ræða um hvernig staðið hefur verið að þessum málum hingað til og á því hafa menn mismunandi skoðanir. Ég ætla að láta mér nægja að gera þessa athugasemd við frv. sem slíkt en mun síðan eiga aðild að umfjöllun þess í hv. sjútvn. og væntanlega fjalla þá nánar um þetta mál við 2. umr.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. um selveiðar við Ísland er endurflutt á þessu þingi af sjútvrh. Fram til þessa höfum við haft í íslenskum lögum aðeins fá og mjög fátækleg ákvæði um selveiðar, m. a. í lax- og silungsveiðilögunum. Það er því vissulega orðið tímabært að hér verði sett heildarlöggjöf um selveiðar við Ísland. En hvers vegna er það? Það er vegna þess að hér erum við að fást við mál sem er miklum mun stærra en menn hafa almennt áttað sig á. Hér erum við að fást við mál sem í sjálfu sér er mjög alvarlegt.

Ég vil minna á það við þessa umr. að á síðasta þingi beindi ég fsp. til sjútvrh. þar sem ég spurðist fyrir um það hvert væri að bestu manna yfirsýn það tjón sem ætla mætti að stafaði af hringormi í fiski við Ísland. Í upplýsingum, sem voru byggðar á áliti færustu sérfræðinga í þessum efnum, kom fram sú viðurhlutamikla og uggvænlega staðreynd að tjónið, sem hringormur í fiski veldur íslenskum sjávarútvegi, er áætlað að jafngildi á ári hverju hvorki meira né minna en aflaverðmæti a. m. k. 20 togara okkar allt árið, eða fjórðungs togaraflotans. Hé er um mjög alvarlega og uggvænlega staðreynd að ræða.

Við höfum átt í miklum erfiðleikum Íslendingar í okkar sjávarútvegi á síðustu árum. Það kom glögglega fram hér í gær í umr. utan dagskrár þar sem á það var réttilega bent hve alvarlegt ástandið væri orðið í sjávarútveginum og hvílíkt atvinnuleysi hefði af þeim sökum skapast í sjávarplássum víða um land, ekki síst á Suðurnesjum. Menn ræddu hér í gær utan dagskrár á fundi í Sþ. um ýmsar leiðir og ýmsar úrbætur sem hugsanlegar væru í þessu efni. Þar er róðurinn þungur og þungt fyrir fæti. Á sama tíma gerist það síðustu árin að á íslenskan sjávarútveg er lögð sú þunga byrði sem við getum raunar kallað hringormaskatt, jafngildi aflaverðmætis 20 togara. Menn sjá það í hendi sér hvílíkar hagsbætur mætti fá fram ef unnt væri að draga úr þessu mikla tjóni þannig að íslenskur sjávarútvegur yrði ekki árlega fyrir þeim áföllum sem stafa frá lífkerfi náttúrunnar á þessu sviði. Þess vegna ber að fagna því að nú er í bígerð að setja heildarlöggjöf um stjórnun mála á þessum vettvangi. Vitanlega verður á grundvelli þeirrar löggjafar eitt meginmarkmiðið að koma í veg fyrir að þessi óheillaþróun haldi áfram svo að íslenskur sjávarútvegur megi þó njóta einhverra meiri hagsbóta en hann hefur notið á þessu sviði.

Það atriði frv. sem aðallega hefur verið til umr. hér að þessu sinni er það ákvæði 3. gr. að sjútvn. skuli hafa samráð við ýmsa aðila um selveiðar. Það hefur verið gagnrýnt að hér skuli ekki starfa sérstök ráðgjafar-

nefnd. Ég get nú ekki séð að það skipti í sjálfu sér ýkja miklu máli hvort við tölum hér um ráðgjafarnefnd eða um samráð við ákveðna aðila. Meginatriðið er eins og segir nú í 3. gr. að sjútvrn. skal hafa samráð við ýmsa hagsmunaaðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni. Hér er fyrst talið Náttúruverndarráð. Er það vel vegna þess að vitanlega verðum við jafnan að ganga hér fram með fullri gát. Engum dettur í hug að þetta frv. sé samið og verði væntanlega samþykkt hér til þess að útrýma selastofninum við Ísland, en á því sjónarmiði þótti mér örla í umr. um þessi mál hér á þingi á síðasta ári. Það er vitanlega ekki ætlunin. Ætlunin er að sjá svo um að gætt verði fyllstu náttúruverndar- og vísindasjónarmiða við selveiðar. Þess vegna er það vel að það skal hafa samráð við Náttúruverndarráð um hvernig staðið er að selveiðum við Ísland. Þar að auki Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands.

Hér er gert ráð fyrir því að um náið samstarf rn. sé að ræða við þær stofnanir og samtök sem ég nefndi og talin eru upp í 3. gr. Í því felst að leitað yrði álits og umsagnar sérfræðinga eða skipaðra fulltrúa þessara aðila um skipulag, stjórnun og meiri háttar ákvarðanir allar varðandi selveiðarnar. Færi það eftir eðli máls hverju sinni til hverra væri leitað. Þetta kemur skýrt fram í aths. frv. við 3. gr., þannig að enginn þarf að velkjast í vafa um það að við framkvæmd selveiða verður vitanlega leitað álits náttúruverndarmanna og þess gætt að hafa jafnan að leiðarljósi vísindalegar niðurstöður um viðhald selastofnanna við Ísland hverju sinni. Með þessari grein á að vera vel fyrir málum séð. Og þar skiptir í rauninni sáralitlu hvort við köllum þetta ráðgjafarnefnd úr því að hér er lögbundin skylda til samráðs. *Það er meginatriðið.*

Síðan er það annað mál að við þurfum að leggja meira fé í það og leggja á það meiri áherslu að rannsaka vísindalega vöxt, viðgang og lífnaðarhætti selastofnanna við Ísland svo að við vitum hverju sinni hvernig ástandið er þar, hvað stofninn þolir miklar veiðar hverju sinni og hver viðkoman er.

Ég vil aðeins minna á það að veiðimyndin í selveiðum hefur gjörbreyst á síðustu árum. Allt fram til 1977 var selveiðin við Ísland að meðaltali 6500—7500 dýr árlega. Síðan gerist það að saman fara duttlungar tískunnar og ábendingar náttúruverndarmanna, að mörgu leyti mjög réttmætar, frægra leikkvenna úti á meginlandi Evrópu og annarra aðila sem mikið er tekið eftir í fjölmiðlum. Mikill áróður hófst skyndilega gegn selveiðum. En *hann beindist náttúrlega ekki gegn selveiðum við Ísland*, ég undirstrika það, heldur gegn kópadrápi á grimmúðlegan máta á íshjara við Kanada og Noregsstrendur. Afleiðingin varð sú að eftirspurn eftir selskinnum hríðféll og selaafurðir urðu nánast verðlausar. Selkjötið er nánast ósöluhæf vara. Að vísu getur það breyst með vaxandi loðdýrarækt í landinu en verð á selskinnum hefur verið í lágmarki. Afleiðingin er sú að undanfarin ár hefur veiðin ekki verið nema um helmingur eða tæplega það af því sem áður var, eða u. þ. b. 3000 dýr árlega. Þessi tekjustofn bænda hefur því mjög skerst, en stofninn hefur á hinn bóginn vaxið verulega. Það má því segja að frá náttúruverndarsjónarmiðum sé mjög vel að honum búið einfaldlega vegna þeirra markaðsskilyrða sem ég nefndi.

En síðan kemur hringormadæmið inn í þessa mynd, það gífurlega tjón sem íslenskur sjávarútvegur, ekki síst saltfiskvinnslan, á við að búa. Við höfum m. a. fengið endursenda heilu skipsfarmana frá Portúgal með ærnum tilkostnaði á síðasta ári einmitt vegna hringorma sem ekki höfðu verið fjarlægðir. Hér er því ekki aðeins um náttúruverndarmál að ræða heldur gífurlegt fjárhagsmál og mjög stórt atvinnuspursmál fyrir íslenskan sjávarútveg og það fólk sem vinnur í verstöðvum landsins. Við verðum þess vegna að freista þess að hafa jafnvægi hvað þessa hagsmuni snertir en hafa það þó að leiðarljósi að bæta hér úr hvað varðar hringormapláguna sem svo mjög hefur herjað á síðustu árum vegna fjölgunar selsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 211. mál (þskj. 250). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. sem ég mæli nú fyrir er flutt hér þriðja sinni á Alþingi. Þetta mál er þess vegna þekkt hér og ástæðulaust að hafa um það langa framsöguræðu. Þetta mál hefur þegar hlotið mikinn stuðning samtaka fatlaðra í landinu vegna þess að hér er hreyft stóru réttinda- og hagsmunamáli þeirra.

Frv. felur í sér breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og er flutt af mér og þm. Guðrúnu Helgadóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

Í 1. gr. segir: „Úrskurður tryggingayfirlæknis," en frv. fjallar einkum um úrskurði hans og vinnubrögð, „tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorka skapaðist.

Nú er viðkomandi öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknis um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn, en auk þeirra skulu tilnefndir þrír varamenn. Þessir skipa fulltrúa í örorkumatsnefnd: 1. Samtök öryrkja tilnefna einn mann. 2. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar. 3. Heilbr.- og trmrn. tilnefnir einn mann. Allir þessir aðilar tilnefna og varamenn auk aðalmanna.

Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta og tryggingayfirlæknir við úrskurð örorkumats. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína. Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð."

Nýmæli þau, sem felast í greininni, eru einkum tvö. Í fyrsta lagi það að tryggingayfirlæknir skuli ekki vera einvaldur um úrskurði á örorku. Eins og þetta er nú í lögum um almannatryggingar hefur tryggingayfirlæknir einn alfarið þetta vald og það er ekki hægt að áfrýja úrskurði tryggingayfirlæknis til eins eða neins. Sá öryrki, sem hefur verið metinn af tryggingayfirlækni, við skulum segja, 65% öryrki og er óánægður með matið, getur undir engum kringumstæðum leitað réttar síns nema til endurmats hjá sama tryggingayfirlækni

eftir eitt ár.

Hér er um að ræða algerlega óvenjulega málsmeðferð í okkar þjóðfélagi. Þess vegna er það sérkennilega ákvæði í lögum um almannatryggingar að Alþingi skal setja lög um tryggingadómstól. Þetta lagaákvæði hefur aldrei verið framkvæmt. Alþingi hefur ekki sett lög um tryggingadómstól né heldur fjallað um þann möguleika að setja hér upp tryggingadómstól. Af þeim ástæðum er hér lagt til að þegar öryrki er óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis geti hann leitað til örorkumatsnefndar skv. 1. gr. þessa frv. Þetta er í raun nýmæli nr. 1 í þessu frv.

Annað nýmæli er það að gert er ráð fyrir því í frv. að ekki einasta skuli framkvæma læknisfræðilegt mat á ástandi öryrkjans, heldur skuli einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði örorkumatsnefndar.

Hér er um að ræða nýmæli sem er í samræmi við tryggingalöggjöf grannlanda okkar. Í rauninni er það fráleitt miðað við allar venjur í okkar félagslegu þjónustu að takmarka mat á möguleikum öryrkja og fötlun hans einvörðungu við læknisfræðilegt sjónarhorn.

Í grg. með frv., eins og það var á 106. löggjafarþinginu, segir svo, með leyfi forseta:

„Á 105. löggjafarþinginu var flutt stjfrv. sem gerði ráð fyrir því að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatrygginga um örorkumat. Í frv. var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umr. um málið á Alþingi kom fram að þm. töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum, — eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd, en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frv., sem hér er nú flutt, tekur tillit til þessara sjónarmiða.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingarinnar og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna."

Þetta mál var upphaflega flutt fyrir þremur þingum og þá sem stjfrv. með stuðningi þáv. aðila að ríkisstj. Í grg. með málinu á því þingi sagði m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til úrbóta, m. a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þ. á m. flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. a. s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. tölul. 1 og loks 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þ. á m. fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o. fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra, sem sæki um örorkubætur er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg eigi að reyna hér nýjar leiðir."

Frvgr. skýrir sig að öðru leyti sjálf, herra forseti, og ekki þörf á því að setja á um þetta mál langar ræður. En að lokum vil ég segja þetta:

Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við það þó að það þurfi að endurflytja mál einu sinni eða tvisvar hér á hv. Alþingi til þess að þingheimi gefist kostur á því að virða málið fyrir sér og meta allar aðstæður. Ég tel hins vegar að þetta mál sé orðið svo rætt hér á hv. Alþingi, m. a. í hv. heilbr.- og trn., að það sé ástæða til að fara fram á það við nefndina að hún afgreiði málið. Ef nefndin er á móti því fyrirkomulagi sem hér er lagt til á nefndin að leggja til að frv. verði fellt. Ef nefndin vill fara aðra leið í þessu efni á nefndin að gera tillögu um aðra leið. Það er óþarft og óeðlilegt að láta þetta mál liggja óafgreitt á þessu þingi eina ferðina til. Ég skora þess vegna á hv. heilbr.- og trn. að taka afstöðu til þessa atriðis því að það er óþolandi frá sjónarmiði Alþingis, en þó sérstaklega frá sjónarmiði samtaka fatlaðra, að mál af þessu tagi liggi hér óafgreitt þing eftir þing, þriðja þingið í röð. Þessari áskorum minni beini ég til hv. heilbr.- og trn. sem ég legg til að fái málið til meðferðar og að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Fundarsókn þingmanna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í upphafi þessa fundar kvaddi sér hljóðs um þingsköp hv. 5. þm. Vestf. og vakti athygli á því að skv. fjarveruskrá í dag eru fjarverandi úr þinginu 15 þingmenn eða fjórðungur þingheims, auk þess eru hér inni nokkrir varamenn. Og ég verð að segja að miðað við allar aðstæður er það mikið álitamál hvort þingið er starfhæft þegar svona er að hlutunum staðið, þegar þess er auk þess gætt að formaður og varaformaður þingflokks Sjálfstfl. eru utan þings, og formaður og varaformaður þingflokks Framsfl. eru utan þings og hæstv. forseti Sþ. er utan þings. Ég tel að fjarvistir af þessu tagi séu í rauninni með öllu óeðlilegar og það þurfi að skipuleggja þessa hluti miklu betur en gert hefur verið. Ég fer fram á það við starfandi hæstv. forseta Nd. að hann beiti sér fyrir því að kallaður verði saman fundur forseta þingsins til að svara þeirri spurningu: Er þetta við hæfi? Er Alþingi starfhæft með fjarvistum af þessum toga?

Vænti ég þess að hæstv. forseti Nd. geti greint fá niðurstöðum forsetafundar um þetta efni áður en þingfundur hefst hér á ný á morgun. (**Gripið fram í:** Hvað um formann þingflokks Alþb.?) Herra forseti. Vegna fsp. um formann þingflokks Alþb. þá er hann fjarverandi en varamaður er inni fyrir hann. Sá er munurinn. Ég gegni störfum formanns þingflokks Alþb. sem varaformaður þess þingflokks.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem ég

gegni nú störfum sem formaður þingflokks Sjálfstfl. — ég er þrautavaraformaður þess þingflokks — þykir mér rétt að gera stutta athugasemd vegna þess að hér hafa tveir hv. þm. stigið í ræðustól í dag og með réttu vakið athygli á því að margir þm. eru fjarverandi. Af ræðum þeirra mátti skilja svo að hér væri um óeðlileg forföll að ræða og þm. væru að vanrækja sín skyldustörf með því að vera fjarverandi. Nú vita báðir hv. þm. betur. Það er vitað að vegna undirbúnings Norðurlandaráðsþings, sem á að halda hér í Reykjavík um mánaðamótin febrúar-mars, eru allmargir nefndafundir nú á þess vegum. Við getum alveg deilt um gagnsemi Norðurlandaráðs og ég er alveg tilbúinn að taka upp umr. um það hér einhvern tíma, en Alþingi Íslendinga tekur þátt í þeirri stofnun og allmargir þm. úr öllum flokkum eru á nefndafundum í tengslum við þetta væntanlega Norðurlandaráðsþing.

Það hittist enn fremur svo á að þing Evrópuráðsins, sem Alþingi Íslendinga er einnig aðili að, heldur þingfundi nú þessa daga. Ég býst við að það sé frekar sjaldgæft að þessar tvær alþjóðastofnanir, sem Alþingi Íslendinga er aðili að, haldi fundi samtímis. Þeir hv. þm. sem eru fjarverandi, þ. á m. bæði hæstv. forseti Sþ. og hæstv. forseti þessarar deildar, formenn þingflokka og fleiri, eru staddir á öðru hvoru þessara þinga.

Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram þannig að þessi umr. skilji það ekki eftir í hugum þeirra sem á hlýða að þm. séu að drýgja einhverjar vanrækslusyndir með því að vera ekki á þingfundum hér í dag og reyndar mestalla þessa viku.

Forseti (Karvel Pálmason): Út af þeim umr., sem hér hafa átt sér stað um fjarveru þingmanna, eru það að mati forseta réttar ábendingar og athugasemdir að óvenjumikill fjöldi hv. þdm. er með fjarvistarleyfi, fjarvistarbeiðni, eins og það er nú orðað. Hvort það er meira nú en oft hefur verið áður skal ekkert mat á lagt af minni hálfu. En allt hefur þetta nú gengið eðlilega að mér finnst í dag þrátt fyrir fjarveru allra þessara ágætu hv. þm. og vart undan því að kvarta í bili a. m. k.

En varðandi hitt atriðið, sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín um að ég beitti mér fyrir fundi með forsetum og skilaði áliti helst fyrir byrjun þingfundar á morgun, er þess að geta að það er afskaplega erfitt um vik fyrir mig þar sem bæði forseti Nd. og forseti Sþ. eru fjarverandi og verða líklega ekki komnir til landsins fyrr en undir helgi.

En eigi að síður skal ég koma öllum þessum skilaboðum á framfæri. Ég skal beita mér fyrir því þegar aðalforsetar koma til landsins að haldinn verði fundur með þingflokksformönnum og forsetum þar sem þessi mál verða öll rædd. Ég tek mjög undir það að nauðsynlegt er að þarna verði gerð frekari skil á milli hvað menn telja eðlilegt og óeðlilegt. Hvort menn telja þingið starfhæft með svo miklum fjarvistum, það ætla ég ekki að leggja mat á að þessu sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil fyrst bera af mér það sem hv. 4. þm. Reykv. sagði að ég hefði gert, að ég hefði látið að því liggja að þm. væru að vanrækja sín störf. Það sem ég lét að liggja er að mér sýnist að þeir geti ekki sinnt samtímis því starfi að vera á þingi erlendis og innanlands. Því valda samgöngur og fjarlægðir. Ég vil vekja athygli á 34. gr. þingskapa, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er þm. að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Heimilt er forseta að veita þm. brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki."

Þessi þingsköp hafa aldrei gert ráð fyrir þeim möguleika að þm. gætu verið erlendis allt að viku án þess að kalla inn varamann. Ég vil vekja á því athygli að það fer enginn ráðh. af landi brott án þess að þurfa að afhenda sitt vald að fullu til einhvers annars sem er eftir í landinu. Að sjálfsögðu skiptir það engu máli hvort forseti Nd. eða forseti Sþ. er erlendis. Valdið er hér heima hjá þeim sem eftir eru og hafa verið kosnir til þeirra starfa. Það þýðir ekki að skjóta sér á bak við það að vegna fjarveru þessara manna geti forsetar ekki sest niður og rætt málin.

Ég tel það alveg ófært að gera ráð fyrir því að hægt sé að standa eðlilega að þingfundum og nefndarstörfum ef rúmlega ¼ þingmanna er fjarverandi. Mér finnst að forsetar þingsins verði að setjast niður og ganga frá því máli í eitt skipti fyrir öll hvenær þeir telja að kalla beri inn varamann ef þm. fara utan. Hér hafa sumir kallað inn varamenn, aðrir ekki. Það virðist vera geðþóttaákvörðun þm. E. t. v. fer það eftir því hvort þeim líkar vel við sinn varamann, ég veit það ekki. En það er hætt við því að lengi sé hægt að finna sér erindi til útlanda. Þess vegna finnst mér að það hljóti að vera tími til kominn að forsetar þingsins gangi frá því í sínum samþykktum og þyrfti að koma því inn í þingsköp Alþingis hvenær beri að kalla inn varamann undir slíkum kringumstæðum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég stend nú aðallega upp til að bera af mér þær sakir sem hér voru bornar fram af 4. þm. Reykv. um að ég væri að ásaka þm. fyrir að vanrækja skyldustörf. Það er ómerkilegur útúrsnúningur og ég vísa því til föðurhúsanna.

Ég vissi ekki til þess að þingflokkarnir kysu fleiri en tvo formenn, þ. e. formann og varaformann. Ég vissi ekki af þeirri nýlundu sem hafði verið tekin upp í Sjálfstfl. að kjósa þrautavaraformann. Kannske er það regla sem ætti að taka upp í öðrum þingflokkum. En þá þyrfti að birta skrá yfir þá líka í þingmannatalinu þannig að maður gæti vitað að hverjum ætti að snúa sér varðandi þinghaldið, t. d. í sambandi við mál sem kom hér upp í dag, að iðnrh. óskaði eftir því að flytja hér skýrslu um orkumál og áttu að fara fram umr. um það á morgun að hans ósk. Þegar ég fór að leita að viðmælendum í stjórnarliðinu hafði ég ekki við neinn að tala í forustusveit þingflokka stjórnarliðsins vegna þess að formenn og varaformenn stjórnarflokkanna eru báðir fjarverandi.

Hér eru fjarverandi í dag forseti Sþ., forseti Nd., formaður þingflokks Framsfl., varaformaður þingflokks Framsfl., formaður þingflokks Sjálfstfl., varaformaður þingflokks Sjálfstfl. Þessir menn eru fjarverandi án þess að hafa kallað inn varamenn í sinn stað. Það er ekkert við því að segja þegar menn eru bundnir í skyldustörfum á opinberum vettvangi og kalla inn varamenn. En þessir menn eru fjarverandi án þess að kalla inn varamenn í sinn stað nema varaformaður þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Halldór Blöndal. Að öðru

leyti eru stólar þessara þm. auðir. Ég hlýt að mótmæla þessu vegna þess að hér er í raun og veru verið að gera býsna lítið úr þessari samkomu sem heitir Alþingi. Hér er verið að stuðla að slugsi og skipulagsleysi í vinnubrögðum sem er ólíðandi. Ég fer fram á það við hæstv. forseta deildarinnar að hann beiti sér fyrir umr. um það að koma í veg fyrir að svona nokkuð endurtaki sig. Einnig tek ég undir það sem hv. 5. þm. Vestf. benti á að það kann að vera eðlilegt að setja reglur um það hvernig og hvenær varamenn eru kallaðir inn fyrir þm. svo að það sé ekki einvörðungu háð geðþótta einstakra þingmanna heldur einnig verklagi þingsins í heild.

Hitt, hvort þingstörf hafa gengið hér vel eða illa í dag, er svo annað mál. Einhverjir kunna að þakka það fjarveru þeirra góðu starfsfélaga okkar sem eru í burtu, það heyrðist mér reyndar á ágætum manni hér áðan. En ég vil einnig þakka það forseta deildarinnar í dag sem hefur stýrt fundum hennar með miklum skörungsskap. Ég er ekki að kvarta undan stjórn fundarins af hans hendi. Ég endurtek það að ég þakka honum fyrir að hann skuli beita sér fyrir því að kallaður verði saman fundur til að ræða þessa ósvinnu, eins og þessi vinnubrögð hafa verið hér í dag.

Forseti (Karvel Pálmason): Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég mun beita mér fyrir því að slíkur fundur verði haldinn. Það skiptir í mínum huga ekki meginmáli hvort hann getur orðið á morgun eða þegar aðalforsetar eru mættir til leiks. En eigi að síður skal um þetta rætt við þá og þá tekst vonandi að fá fram umr. sem leiða til betri niðurstöðu, skýrari marka um þetta mál en nú virðist vera.

Sameinað þing, 42. fundur.

Fimmtudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Fullvinnsla sjávarafla, þáltill. 251. mál (þskj. 429). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjármögnun krabbameinslækningadeildar, þáltill. 104. mál (þskj. 108). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 157. mál (þskj. 162). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Umhverfismál og náttúruvernd, þáltill. 118. mál (þskj. 122). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, þáltill. 130. mál (þskj. 134). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Úthlutunarreglur húsnæðislána, þáltill. 131. mál (þskj. 135). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. 144. mál (þskj. 149). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 62. mál (þskj. 62). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þáltill. 200. mál (þskj. 227, 397). — Frh. fyrri umr.

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.): Herra forseti. Þegar þessi þáltill. var til umr. fyrir jólaleyfi þm. gafst mjög lítill tími til umr. um þetta mál. Hafði ég ekki lokið umfjöllun minni um þetta frv. þegar ég að ósk forseta varð að fresta ræðu minni. Ég gat því ekki lokið við að koma á framfæri þeim athugasemdum sem ég hef við þessa þáltill. Þar sem langur tími er liðinn verður ekki hjá því komist að draga saman í nokkrum orðum helstu atriðin sem fram höfðu komið í máli mínu áður, þegar mér var gert að fresta ræðu minni, enda nauðsynlegt með tillití til þeirra athugasemda sem ég hafði ekki lokið við að koma á framfæri úr þessum ræðustól.

Þegar Alþingi ákvað að skipa nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag og framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, en það var ákveðið með bráðabirgðaákvæði þegar lögin um málefni fatlaðra voru samþykkt

á Alþingi vorið 1983, þá var ástæðan einkum sú að ýmsar athugasemdir höfðu komið fram í umsögnum frá umsagnaraðilum þegar þetta mál var til umfjöllunar á Alþingi. Og niðurstaðan varð sú hér á Alþingi að málið þyrfti frekari skoðunar við áður en endanleg afstaða væri tekin til fyrirkomulags og framtíðarskipunar Greiningarstöðvar ríkisins.

Athugasemdir mínar beinast nú að því að ekki hafi verið tekið á þeim atriðum sem ýmsir töldu óljós á sínum tíma, og þær forsendur sem ýmsir alþm. töldu að þá vantaði til að hægt væri að taka afstöðu í þessu máli liggja enn ekki fyrir og er ekki að finna í þessari þáltill.

Þær athugasemdir sem ég hef sett fram í þessu máli byggjast ekki á andstöðu við málið. Þvert á móti tel ég brýnt að allra leiða verði leitað til þess að koma á greiningar- og ráðgjafarstarfsemi fyrir fötluð og þroskaheft börn í viðunandi og stærra húsnæði og að greiningar- og ráðgjafarþjónustu verði komið á einnig úti á landsbyggðinni. Athugasemdir mínar voru settar fram til þess að fyrirbyggja að ýmislegt það komi fram á síðari stigum þessa máls sem gæti orðið til þess að tefja að framkvæmdir geti hafist.

Í máli mínu hér fyrir jól kom fram athugasemd við 1. tölul. þáltill. sem gerir ráð fyrir að félmrn. og menntmrn. eigi í sameiningu að beita sér fyrir athugun á því að greiningardeildinni í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi yrði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar. Ég rakti þar forsögu þessa máls sem rökstuðning fyrir því hve óheppilegt er að fela það umsjón beggja ráðuneyta að hafa þetta mál með höndum. Ég skal ekki rekja það mál frekar en það er ljóst, og vísa ég til ummæla minna fyrir jól þegar þáltill. þessi var til umr., að mikil togstreita hefur verið milli félmrn. og menntmrn. um það hvort rn. ætti að hafa með yfirstjórn þessara mála að gera og hver bæri ábyrgð á þessu máli. Þessi ágreiningur hefur orðið til þess að draga mjög á langinn og tefja alla framkvæmd, og var raunar ekki úr því máli leyst fyrr en með samþykkt laga um málefni fatlaðra, sem samþykkt voru á Alþingi 1983, þar sem tekið var af skarið um það að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ætti að heyra undir félmrn. Ágreiningurinn snerist ekki bara um það hvort rn. ætti að hafa yfirstjórnina með höndum, heldur einnig hvernig ráðgjafar- og greiningarstarfsemi fyrir þroskahefta og fatlaða skyldi yfirleitt háttað hér á landi. Kom sá ágreiningur mjög skýrt í ljós við umfjöllun félmn. um þetta mál og vísa ég í því sambandi til nál. félmn. sem fram kom við 2. umr. málsins í hv. Nd. Ég tel því að verið sé að stíga skref til baka inn í fortíðina, þegar blanda á aftur menntmrn. inn í þetta mál, og verði í þessari þáltill. að taka af skarið um það undir hvort rn. greiningar- og ráðgjafardeildin eigi að heyra þar til framtíðarhúsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur verið reist. Ég tel að taka verði af allan vafa um það í þessari þáltill., með vísan til 16. gr. laga um málefni fatlaðra, að þegar í stað verði yfirstjórn þessara mála flutt til félmrn., eins og lög gera ráð fyrir, og ekki eigi að bíða þar til fullbúið verði framtíðarhúsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Á þskj. 397 hef ég ásamt hv. þm. Helga Seljan leyft mér að flytja brtt. við þessa þáltill., en 1. tölul. þeirrar brtt. fjallar einmitt um það að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. 1. áfanga í þróun þeirrar stofnunar, sem verði undir yfirstjórn félmrn. Með þessum hætti yrði tekinn af allur vafi í þessu efni á meðan ekki er fullbúið framtíðarhúsnæði fyrir greiningarstöðina, en ekki verði blandað báðum rn. í það mál. Vænti ég að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar muni einnig hafa til umfjöllunar þessa brtt. og taka afstöðu til hennar.

Í 1. tölul. þáltill. er *jafnframt* gert ráð fyrir að athugaðir verði möguleikar á kaupum á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þar greiningar- og ráðgjafarstarfsemi sem fer fram í Kjarvalshúsi nú. Þar sem í lögum um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að menntmrn. skuli þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi verður ekki hjá því komist að spyrja hæstv. félmrh. hvort hér sé gert ráð fyrir viðbótarhúsnæði við það húsnæði sem keypt hefur verið að Sæbraut 2. Um er að ræða að í samræmi við þetta bráðabirgðaákvæði í lögum um málefni fatlaðra var á árinu 1983 fest kaup á húseigninni Sæbraut 2 og átti þar með að bæta úr því neyðarástandi sem ríkt hefur og það húsnæði að koma til viðbótar þeirri starfsemi sem verið hefur í athugunar- og greiningardeildinni í Kjarvalshúsi. Áætlað var að hefja starfsemi að Sæbraut 2 árið 1984 eða á s. l. ári og auka þar með þjónustumöguleika greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort kaup á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús, sem hér er talað um í þáltill., eigi að koma til viðbótar þeirri húseign sem fest var kaup á á árinu 1983 að Sæbraut 2. Ég tel nauðsynlegt að þetta verði upplýst áður en málið fær fullnaðarafgreiðslu.

Ég gerði aths. við það í máli mínu hér fyrir jól og taldi það vafasamt að með þáltill. væri hægt að kveða á um, eins og gert er í 2. tölul., að fjármagni yrði á næstu fimm árum beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða aukningu á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Það sem ég hef við þetta að athuga er að málið skuli sett fram með þessum hætti í þáltill. vegna þess að með þessum hætti er í raun gengið lengra en lögin segja til um. Hér er verið að binda fjármagn Framkvæmdasjóðs fatlaðra til næstu ára í þessi verkefni, en skv. lögum um málefni fatlaðra er það hlutverk stjórnarnefndar að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 34. gr. þeirra laga að fengnum tillögum svæðisstjórna og umsögnum viðkomandi ráðuneyta. Er það hlutverk stjórnarnefndar og svæðisstjórna að gera framkvæmdaáætlanir um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða á svæðinu, en með þessum hætti sýnist mér að bundið sé fjármagn til sjóðsins til ákveðinna verkefna á næstu árum.

Ég hef einnig gert aths. við það að ekki skuli vera að finna neitt um það í grg. með þessari þáltill. hver áætlaður er byggingarkostnaður og rekstrarkostnaður við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, en hæstv. félmrh. gerði því þó nokkur skil í sinni framsöguræðu hér fyrir jól. Það er ekki síst ámælisvert í ljósi þess að með þessari þáltill. er gert ráð fyrir að Alþingi taki afstöðu til þess að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði fullbúin á næstu fimm árum og hér er um framkvæmd að ræða sem ekki er undir 100 millj. kr. á verðlagi í dag og rekstrarkostnaður vart undir 30 millj.

Að vísu virtist mjög óljóst hve há fjárhæð muni fara í rekstrarkostnað, en í grg. með þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur ekki grundvöll fyrir því á þessu stigi að meta fjölda stöðugilda meðal hinna ýmsu starfsstétta. Tími og reynsla verða að skera úr um fjölda starfsmanna við stofnunina."

Er það auðvitað slæmt að nefndin skuli ekki á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga treysta sér til að meta starfsmannafjölda eða rekstrarkostnað. Ef miðað er við fyrri áætlanir um rekstrarkostnað frá árinu 1982 er hann ekki undir 30 millj., eins og ég áður sagði.

Í grg. með þáltill. kemur einnig fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Enda þótt Framkvæmdasjóður fatlaðra verði ekki skertur á næsta ári og sjóðurinn fái þann fjárstyrk sem honum ber skv. lögum um málefni fatlaðra er greinilegt að hann verður ekki fær um að leggja fram nema hluta þess fjármagns sem þarf til að reisa Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt öðrum mikilvægum framkvæmdum í þágu fatlaðra sem hann nauðsynlega þarf að annast.

Fjármagn til þessarar framkvæmdar þarf því að koma að verulegu leyti af fjárlögum og tryggja verður að nægilegt fjármagn verði tiltækt þegar í upphafi byggingartímabilsins, þannig að unnt verði að reisa húsið á tveim árum eins og lögð hefur verið áhersla á hér að framan."

Nú er nokkuð ljóst, nema breyting verði á fjárlagaafgreiðslu, að sjóðurinn var skertur um 85 millj. kr., en hér segir í grg. að jafnvel þótt hann verði ekki skertur geti sjóðurinn aðeins fjármagnað hluta framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að hæstv. félmrh., sem leggur fram þáltill., sé sammála því áliti nefndarinnar að fjármagna þurfi framkvæmdir vegna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að verulegu leyti á fjárlögum, og mótmæli hann því ekki við þessa umr. verður að líta á að það sé einnig hans álit í þessu máli. Mér þætti því eðlilegt að bætt yrði við 4. liðnum þar sem kæmi fram skýrt og greinilega það álit Alþingis að fjármagn til framkvæmda við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins komi á fjárlögum á byggingartímanum, en ekki úr Framkvæmdasjóðnum. Hef ég ásamt hv. þm. Helga Seljan flutt brtt. þess efnis, sem er 2. tölul. brtt. á þskj. 397, að fé skuli veitt til þessa verkefnis á fjárlögum á næstu fimm árum, í fyrsta sinn árið 1986.

Það mætti fara mörgum orðum um þær skerðingar sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur þurft að sæta á undanförnum árum og hafa Landssamtökin Þroskahjálp til að mynda áætlað að skerðingin sé á bilinu 2—300 millj. kr. Í bréfi frá Öryrkjabandalagi Íslands, dags. 28. nóv., er gert ráð fyrir að skerðingin á milli áranna 1984 og 1985 sé um það bil 85 millj. kr. Það er því ljóst að ef Alþingi er reiðubúið að fallast á þessa þáltill. með þeim hætti sem hér er lagt til og með þeim framkvæmdahraða sem þar kemur fram verður það um leið að vera tilbúið að leggja fram það fjármagn sem til þarf til að standa við þessa áætlun. Ég tel því að brýnt sé að slík viljayfirlýsing komi fram af hálfu Alþingis um fjármögnun um leið og þessi þáltill. er samþykkt og að 4. liðnum verði bætt við, till. þess efnis að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði fjármögnuð á sérstökum lið á fjárlögum þegar að framkvæmdum kemur.

Nokkrar efasemdir komu fram á Alþingi 1983, ekki síst í félmn. sem fjallaði um þessi mál, sem lutu að stærð þess húsnæðis sem gert var ráð fyrir undir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þegar félmn. fjallaði um þessi mál lágu fyrir teikningar af húsnæðinu. Margir töldu að um óeðlilega stóra og dýra byggingu væri að ræða og ef ráðist væri í slíkar framkvæmdir mundu þær koma niður á uppbyggingu á þjónustu fyrir fatlaða á öllum sviðum. Einnig var gagnrýnt að ekki var hægt að áfangaskipta þessari byggingu.

Það er ljóst að skv. því sem fram kemur í þessari grg. hefur ekki verið tekið á þessu máli af hálfu þeirrar nefndar sem um þetta mál átti að fjalla, en í grg. kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Húsið verður að byggja í einum áfanga og er þá hagkvæmast að byggingarframkvæmdir taki sem skemmstan tíma (tvö ár). Framkvæmdum er ekki hægt að skipta í áfanga þannig að hagkvæmt verði."

Og síðar í grg. segir:

„Nefndin telur ekki tímabært að gera nákvæma úttekt á stærð þess húsnæðis sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þarf á að halda undir starfsemi sína þegar allir þættir hinna nýju laga um málefni fatlaðra eru komnir til framkvæmda."

Og síðar segir:

„Reynist húsnæði of stórt í upphafi má nýta það undir aðra starfsemi í þágu fatlaðra."

Hér hefur því ekki verið tekið á þessu máli sem skyldi af hálfu nefndarinnar og það er einmitt það mál sem skiptar skoðanir voru uppi um þegar mál þetta var síðast til umr. á Alþingi og ber að harma að ekki komi fram skýrari línur og betri rökstuðningur að því er stærð húsnæðisins varðar.

Í umfjöllun um þetta mál hefur einnig á undanförnum árum komið fram að hætta væri á því að um skörun yrði að ræða í greiningarstöð ríkisins við aðra starfsemi þar sem nú fer fram að hluta til greining á fötluðum og þroskaheftum. Var í því sambandi rætt um Heyrnar- og talmeinastöðina og einnig minnist ég þess að sérstaklega var rætt um göngudeild Kópavogshælis. Um þetta atriði er ekki að finna neitt í þáltill. og vil ég því spyrja hæstv. félmrh. hvort hugmyndin sé að þegar Greiningar- og ráðgjafarstöðin verði fullbúin verði til að mynda starfsemi göngudeildar Kópavogshælis flutt yfir til Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og göngudeild Kópavogshælis þar með lögð niður.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á að ég tel mjög vafasamt að setja fram í grg., eins og fram kemur á bls. 8 og nefndin leggur til, að skilyrða skuli ráðningu forstöðumanns að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins með þeim hætti sem þar er lagt til. Þar kemur fram að nefndin leggur til að eftirfarandi menntun og starfsreynsla verði lögð til grundvallar þegar ráðinn verði forstöðumaður að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins:

1. Háskólamenntun. 2. Þekking á faglegri stjórnun. 3. Þekking á þroskaferli barna og unglinga og þekking á þeim þáttum sem geta haft áhrif á eðlilegan þroskaferil, svo sem sjúkdómum, slysum og erfðabrenglun. 4. Þekking á þörfum fatlaðra einstaklinga, greiningu, endurhæfingu og annarri meðferð. 5. Skilningur og þekking á sálrænum og samfélagslegum þörfum þessara einstaklinga. 6. Þekking og reynsla í þverfaglegri hópvinnu. 7. Reynsla í vísindalegum vinnubrögðum og skipulagningu á vísindaverkefnum. 8. Reynsla í kennslu

og kennsluskipulagningu.

Ég tel að ef höfð verður hliðsjón af því sem þarna kemur fram og ég hef hér talið upp muni það útiloka marga frá ráðningu í þessa stöðu sem annars væru hæfir þó að þeir uppfylltu ekki öll þau skilyrði sem hér eru talin upp, enda er í lögunum einungis tekið fram að forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skuli hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skuli hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir. Vissulega væri æskilegt að sá sem ráðinn yrði forstöðumaður að Greiningar- og ráðgjafarstöðinni hefði slíka menntun og starfsreynslu til að bera sem hér er upp talin og lögð er til, en þó tel ég mjög hæpið að ráðningin sé skilyrt með þessum hætti, eins og þarna kemur fram, þegar forstöðumaður að þessari stofnun verður ráðinn.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta mál við fyrri umr. og læt lokið máli mínu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er um bæði viðamikið mál að ræða og þýðingarmikið fyrir alla framþróun þessa málaflokks, sem blessunarlega hefur hlotið nokkurn forgang í seinni tíð, en fyrst og síðast legg ég áherslu á að hér má ekki rasa í neinu um ráð fram. Vandleg umfjöllun áður um þetta mál er að vísu staðreynd, en engu að síður þarf að mörgu að huga.

Hv. 2. landsk. þm. hefur komið inn á ýmis þau atriði sem ég vildi gera að mínum og óþarft að fara út í langar endurtekningar. Hún hefur sömuleiðis gert glögga grein fyrir brtt. okkar við þessa grein svo sem hún hljóðar nú og vík ég því aðeins lítillega að því.

Við hv. 2. landsk. þm. unnum saman að þessu máli á viðkvæmu stigi þess og mörg voru þau álitamál er þar komu upp og hv. þm. taldi hér upp áðan og fjarri því að allir væru þar á einu máli af þeim sem þekkja gleggst og best til. Inn í þessar umræður blandaðist margt, sérfræðilegur ágreiningur, spurningar um eðli og umfang slíkrar stöðvar og meðferðarþáttinn þá alveg sér í lagi, en ekki síður var um fjárhagsdæmið rætt því að augljóslega er hér um að ræða verkefni sem er ofviða þeim sjóði sem fjármagna á allar framkvæmdir í þessum málaflokki og alveg sér í lagi nú þegar framlög eru stórlega skert. Að því lýtur einmitt 2. gr. þessarar þáltill. þó að þar vanti sérstaka áherðingu um beint framlag á fjárlögum.

Ekki skal farið út í það að rekja forsögu hér, enda þegar verið gert að miklu. En hitt vil ég taka skýrt fram, að svo sjálfsögð og brýn þjónusta sem þarna á að fara fram, og ég hef aldrei verið í vafa um þá nauðsyn, þá hef ég verið með vissar efasemdir um meðferð málsins, ýmsa þætti þess, dreg m. a. ekkert úr því að nokkurrar einstefnu hafi gætt og hugmyndir svifið fullhátt um stærð og umfang. Ég sé t. d. að inn í þáltill. er sett ákvæði um að byggt skuli eftir fyrirliggjandi ákveðinni teikningu. Án þess að fara út í efnisatriði þar, sem vissulega eru þó ærin, þykir mér einsýnt að í þál. verði ekki kveðið á um slíkt með svo afgerandi hætti.

Skal þá að helstu áhersluatriðum vikið.

Í fyrsta lagi ber að leggja áherslu á sem besta greiningu sem allra fyrst, sem allra víðast, sem allra nákvæmasta og öruggasta. Þetta er í raun meginatriðið sem allt annað kemur svo í rökréttu framhaldi af. Á þessu meginatriði er till. byggð. Þarna hefur, eins og um hefur verið getið, verið unnið hið ágætasta starf af þeim sem við ófullnægjandi aðstæður hafa búið, en bætt það upp með einlægni, kunnáttu og samviskusemi, lagt sig fram af ærnum dugnaði, og þess ber að geta sem gert er vel, segir þar. Frumgreining sem fyrst og sem nákvæmust, svo að unnt sé að komast að hvers konar fötlun á frumstigi, eðli hennar og umfangi, er brýnust alls og þar koma margir að, ekki bara hér á þessu svæði heldur um land allt, og reynir á lækna, ljósmæður og hjúkrunarlið hvarvetna að sem best takist til og vökul athyglin sé ætíð í fyrirrúmi. Á þessu hefur allt of oft verið alvarlegur misbrestur og aðeins hin allra augljósasta fötlun oft og tíðum verið greind. En greining án tengsla við meðferð og þjálfun er auðvitað tilgangslaus ef eitthvað er að. Einmitt þar hafa skoðanir verið nokkuð skiptar varðandi greiningarstöðina, þ. e. í hve ríkum mæli hún á að annast meðferðarþáttinn eða hvort tilvísun og samvinna við meðferðaraðila ætti að vera aðalreglan. Á þetta get ég ekki lagt beinan dóm, enda erfitt að draga skýr mörk á milli og vitanlega ræðst þetta af því hversu góðar meðferðar- og þjálfunarstöðvar eru til staðar, en þar hefur öllu þokað til rétts vegar.

Mínar efasemdir um stærð og starfsemi þessarar stöðvar eru ekki hvað síst bundnar þessu. Þar er að landsbyggðinni komið. Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að nefna það að rétt rúmur áratugur er liðinn frá því að till. okkar Karvels Pálmasonar og Vilhjálms Hjálmarssonar um vistheimili fyrir vangefna eystra og vestra var vísað frá hér á Alþingi sem óraunhæfum möguleika og stutt sérfræðilegum mótrökum. Nú eru þar risin myndarleg heimili, sambýli tekið til starfa eystra og þaðan veitt þjónusta um þessi svæði, ómetanleg þjónusta og aðstoð. Nú ætti ekki að vera andstaða við þær hugmyndir að skapa sem besta aðstöðu á hverju þjónustusvæði til greiningar og meðferðar þó að ákveðin aðalstjórn og meginmiðstöð, m. a. vegna allra erfiðari tilfella, verði að sjálfsögðu hér í Reykjavík. Þó eru aðeins níu ár síðan till. sem við fluttum hér á Alþingi úr öllum flokkum um heildarlöggjöf þar sem höfuðáhersla var á þetta lögð, aðeins níu ár síðan þeirri till. var lítill gaumur gefinn og hún ekki afgreidd. Viðhorfsbreytingin er því vissulega mikil og hennar sér jafnt stað í hugarfari, í löggjöf og í framkvæmd og athöfn allri.

Við sem stofnuðum á sínum tíma samtök úti á landsbyggðinni um þessi mál og síðar landssamtökin Þroskahjálp megum vissulega vera ánægð yfir jákvæðri þróun og samfélagið hefur blessunarlega tekið hér sinn ríkulega þátt í uppbyggingu allri svo að jaðrar við byltingu. Sú uppbygging og þróun mun hins vegar skila sér, ekki bara í velferð þeirra sem njóta heldur einnig í beinum arði fjárhagslega, þegar fram líða stundir. Svo rík nauðsyn sem er á fullkominni stöð til greiningar og tengsla við meðferð, þá má hún aldrei verða neitt ríki í ríkinu, ekkert bákn, þar sem allt þarf að fara í gegn. Ég er ekki að fullyrða að þessi till. sé um það, en ég þekki ákveðnar tilhneigingar í þessa átt og vara við þeim.

Á það vil ég hins vegar leggja megináherslu að greiningar- og ráðgjafarstöð sé fenginn sinn eðlilegi staður í stjórnkerfinu, að félmrn. hafi með þessi mál að gera ótvírætt svo sem vera ber. Að því lýtur brtt. okkar hv. 2. landsk. þm., en skýrt skal tekið fram að áfram hlýtur samstarf allra viðkomandi rn. að vera jafnbrýnt

um alla helstu þætti í málefnum fatlaðra.

Í öðru lagi ber að leggja ríkulega áherslu á að starfsfólki stöðvarinnar séu og verði búin sem best skilyrði til síns góða og mikilvæga starfs. Ekki síst er nú nauðsyn áframhaldandi uppbyggingar og viðbótarhúsnæðis hversu svo sem hin nýja stöð verður, því augljóst er að hún á langt í land með að vera tilbúin til notkunar. Því ber að leggja áherslu á síðasta málslið 1. gr. um húsnæði á Seltjarnarnesi og viðbót þar.

Í framsögu hæstv. félmrh. bar nokkuð á góma störf þeirrar stjórnarnefndar sem við hv. 2. landsk. þm. áttum sæti í og kemur það raunar fram í grg. Sem formaður þeirrar stjórnarnefndar mótaði hv. 2. landsk. þm. ásamt okkur meðnm. sínum farsællega þá meginstefnu að sinna verkefnum sem víðast, aðaláherslu á það að færa þjónustuna út til fólksins. Svo er enn gert. En í framhaldi af afstöðu fyrri stjórnarnefndar vildi ég spyrja hæstv. ráðh. nú: Hver er afstaða núverandi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra til þessarar till. hér? Liggur fyrir einróma stuðningur við alla liði þessarar till. eða hefur stjórnarnefnd ekki fjallað um till. sem slíka eða gert um hana ályktun?

Eins og ég sagði áðan þarf ég ekki að hafa mörg orð hér um í framhaldi af ítarlegri ræðu hv. 2. landsk. þm. þar sem skoðanir okkar um þessi mál fara um svo marga hluti saman. Þetta er því orðið lengra mál en ég ætlaði, en í raun þyrfti hér allsherjarumr. um framtíðarskipulag þessara mála í anda laganna um málefni fatlaðra. Þar má margt betur fara og betur gera, enda lögin ný og framkvæmd mjög í mótun sem eðlilegt er. En lifandi og vakandi umræða um öll þessi mál er nauðsyn því að góð lög koma aldrei í stað þess, þótt þar sé að finna stoð hinna góðu verka.

Í lokin þetta: Hvað sem líður mismunandi sjónarmiðum um húsaskipun og stærð, um hugsanlega skörun milli greiningar og meðferðar og fleiri atriði sem upp koma ber brýna nauðsyn til þess að koma sem skilvirkustu og skjótvirkustu skipulagi á öll þessi mál undir réttri yfirstjórn þess ráðuneytis sem á að fara með alla heildarstjórn þessara mála í góðu samráði við önnur ráðuneyti og ekki síður samtök þau er láta sig þessi málefni skipta. En fyrst og síðast þarf að tryggja því fólki, sem í framtíðinni á að njóta laganna, framkvæmdanna, njóta viljans í verki, að það fái notið sem fyrst og best aðstoðar og þjónustu sem því ber og sem næst sér um leið. Jafnframt að skapa því ágæta fólki, sem vinnur þessi störf, aðstöðu sem besta, þá vinnuaðstöðu sem öruggast gæti stuðlað að framtíðarheill þeirra einstaklinga sem á þurfa að halda. Þar ber að leita skjótrar en skynsamlegrar lausnar fyrst og fremst.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. fær hér í umr. Hér er, eins og fram hefur komið, um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Ég vil vekja athygli á því að þegar lögin um málefni fatlaðra voru til meðferðar hér á hv. Alþingi var einmitt þetta atriði, 16. gr. laganna, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, talið mjög umfangsmikið mál. Það var margt þar sem átti eftir að skoða nánar, þannig að það var sammála álit þm., bæði félmn. og eins Alþingis, að eðlilegt væri að það mál kæmi aftur til meðferðar hér á hv. Alþingi. Þess vegna var ákveði til bráðabirgða sett í lögin um að skipuð yrði sérstök nefnd til að fjalla um málið og gera tillögur til Alþingis um hvernig að skyldi staðið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara ofan í álit nefndarinnar, tillögur og greinargerð, en vísa til framsöguræðu minnar sem ég flutti hér þegar ég mælti fyrir málinu í des. s. l. Þar koma fram öll meginatriði. Að sjálfsögðu hefur nefndin vissar hugmyndir um í sínum rökstuðningi hvernig hún telur að eigi að standa að þessu, en ég legg áherslu á að það er algerlega á valdi Alþingis hvernig menn vilja skipa þessum málum og þess vegna er það hér til sérstakrar meðferðar.

Hv. 2. landsk. þm. gerði athugasemdir við 1. tölul. þessarar till. að því er varðar samvinnu félmrn. og menntmrn. um að beita sér fyrir því að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Um það mál er það að segja að eðlilegt er að það sé, eins og málið stendur, samvinna um þetta. Það er eðlilegt framhald af því að um leið og málið er komið í höfn færist stjórnun á þessu verkefni til félmrn. Um það er ekki ágreiningur núna milli rn. Hins vegar var dálítill ágreiningur um með hvaða hætti menntmrn. gæti afhent til þessarar starfsemi áfram Kjarvalshúsið sjálft þar sem ákveðnir samningar voru um notkun á því húsi gerðir þegar það var keypt. Það var fyrir listamenn. Þurfti að skoða það nákvæmlega. Ég hef lagt á það áherslu, og ég held að ekki sé ágreiningur um það, að húsið verði áfram leigt undir þessa starfsemi þangað til búið er að fá viðbótarhúsnæði til viðbótar við það sem keypt var við Sæbraut á Seltjarnarnesi því að það er alveg ljóst að uppbygging nýrrar greiningarstöðvar, eins og hér er lagt til, tekur það mörg ár að viðbótarhúsnæðið nægir ekki þegar grannt er skoðað. Því verður að vinna að því að reyna að útvega leiguhúsnæði í viðbót og hefur þegar verið gengið úr skugga um að það mun vera hægt að fá það á þessu sama svæði.

Það var gagnrýnt hér nokkuð að ekki væri hér um nákvæma kostnaðaráætlun að ræða. Kostnaðaráætlun er að vísu til. Miðað við framreikning á þeim áætlunum sem fyrir lágu þegar málið var til meðferðar á Alþingi liggur fyrir að heildarkostnaður verður upp á 102 millj. kr., þ. e. fokhelt hús 30 millj., tilbúið undir tréverk 18.4 millj., lokafrágangur hússins 36.1 millj., lóðarfrágangur 4.4 millj. og laus búnaður 13.1 millj. Hins vegar kom fram í meðferð þingsins, bæði í félmn. og eins á hv. Alþingi, að menn töldu víst að teikningunni sem hér um ræðir þyrfti að breyta því að húsið væri of stórt, eins og oft hefur komið fram, og fyrirkomulagið kannske ekki nógu hentugt. Þetta þarf að athuga. Ég geri ráð fyrir að ekki sé óeðlilegt að ætla að Alþingi muni vilja láta gera á því athugun hvort ekki væri rétt að setja þarna einhver skilyrði um að þetta verði tekið til endurskoðunar. Mér finnst það ekki óeðlilegt.

Það hefur einnig verið komið inn á fjáröflun og ég vil um leið svara hv. 2. þm. Austurl. varðandi afstöðu stjórnarnefndar. Þessi till. var send stjórnarnefnd til umfjöllunar og mér er kunnugt um að nefndin hefur fjallað um till. Hún hefur ekki gert neinar aths. við ráðh. um till. Ég veit ekki til þess að sú stefna sem fram kemur í lögunum um Greiningarstöð ríkisins hafi mætt andstöðu í stjórnarnefnd fatlaðra, enda væri í hæsta máta óeðlilegt ef svo væri.

Eins og Framkvæmdasjóður fatlaðra er uppbyggður er fyrirhugað að fjáröflun til hans standi aðeins í fimm ár. Því er alveg ljóst að þetta verkefni verður Alþingi að

fjármagna á fjárlögum. Það er ekkert vafaatriði.

Ég skal ekki segja um það á þessu stigi, ég hef ekki farið grannt ofan í það, hvort um verður að ræða tilflutning að hluta á starfsemi sem nú fer fram á Kópavogshæli þegar starfsemi í Kjarvalshúsi og við Sæbraut verður formlega hafin. Ég skal ekki fullyrða það. Ég held að það þurfi að skoða nánar.

Eins og ég tók fram áðan eru ábendingar um menntun forstöðumanns væntanlegrar greiningarstöðvar, sem komu fram í áliti þessarar nefndar, hennar sjónarmið, en ekki bein túlkun á ákvæði laganna. Ákvæði laganna er skýrt og greinilegt, eins og hv. 2. landsk. þm. las upp, en það er atriði sem þarf að skoða nánar. Ég vil segja það, ef menn hafa ekki áttað sig á því hvað þetta er mikilvægt mál, að hægt er að vísa til upplýsinga um starfsemi Kjarvalshúss. Ég hygg að of fáir þm. hafi því miður kynnt sér við hvaða skilyrði þar er unnið og hversu þörfin er gífurlega mikil. Ég er með nákvæmar töflur um fjölda þeirra barna sem á hverju ári eru til meðferðar við þessar ófullkomnu aðstæður. T. d. voru á árinu 1981 144 börn í fastri meðferð þar og fjöldi heimsókna var 848, þannig að biðlisti er gífurlega langur. Það er því löngu orðið tímabært að koma þessum málum í viðunandi horf.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr., herra forseti. Ég vil að lokum þakka þann áhuga sem hér kemur fram og legg áherslu á að ég vonast til þess að fyrst Alþingi tók þá ákvörðun að fá þetta mál til frekari umfjöllunar hér og afskipta um leið og lögin voru samþykkt verði tekið í alvöru á þessum málum og reynt að hraða því að þessi þáltill., í aðalatriðum eins og hún er lögð fram, verði samþykkt sem allra fyrst. Það er alveg ótækt að það verði ekki gert á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ekki vil ég verða valdur að því að ágreiningur verði um að vísa þessu máli til nefndar. Hins vegar hefur alltaf verið talað um að þetta mál yrði ákveðið hjá fjvn. vegna þeirrar ástæðu að vissulega tengist hún ákvörðun um fjármögnun þessarar uppbyggingar. Mitt mat er að eðlilegra væri að málið færi til fjvn. Ef þd. telur að annað eigi að vera beygi ég mig fyrir því, en málið verður að ná fram.

Till. vísað til fjvn. með 33:1 atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Helgi Seljan): Áður en þessi umr. utan dagskrár fer fram og hefst vil ég óska þess við þá sem til máls taka að þeir stilli tímalengd sinna ræðna í hóf svo sem kostur er. Þingfundur getur ekki staðið hér mjög lengi dags nú og ég bið því um góða samvinnu við hv. þm. í þeim efnum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af bréfi sem hæstv. iðnrh. sendi Kísiliðjunni í Skútustaðahreppi og er dagsett í gær, 30. jan. Þar er Kísiliðjunni leyfð taka kísilgúrs af botni Mývatns til 15 ára án skilyrða um hvar taka skuli. Þetta er gert þrátt fyrir skilyrði Náttúruverndarráðs, sbr. bréf dags. 18. des. s. l., þar sem kveðið er á um fimm ára framlengingu og tiltekin ákveðin svæði í nyrsta hluta vatnsins þar sem leyfð er taka kísilgúrs. Ég sagði að með ásettu ráði er kveðið á um fimm ára framlengingu vegna þess að eitt stærsta atriðið í þessu máli fjallar nefnilega um stöðu laga um verndun Mývatns og Laxár frá 1974. Þar er skýrt kveðið á í 3. gr. um að leyfi Náttúruverndarráðs þurfi til framkvæmda eða jarðrasks á þessu svæði. Það er af einstökum atriðum í þessu máli líklega það stærsta. En þetta er líka í raun og veru prófmál um stöðu Náttúruverndarráðs, um styrk laga og reglugerða um náttúruverndarmál og það að það virðist sífellt gerast að þegar stundarhagsmunir og hins vegar langtímahagsmunir náttúruverndar rekast á, þá virðist náttúruverndarsjónarmiðið sífellt verða að hopa.

Ég skal reyna að fara að tilmælum hæstv. forseta um að hafa hér ekki mjög langt mál. En það er óumflýjanlegt að hafa að þessu örlítinn inngang til þess að rifja upp hvað þarna er í húfi vegna þess að það skiptir máli fyrir raunverulegan og eðlilegan skilning á þessu máli. Ef við spyrjum okkur hvað sé í húfi náttúrufarslega í sambandi við Mývatn þá er það fyrst og fremst fjölskrúðugt fuglalíf. Þarna er eitt fjölskrúðugusta og merkilegasta fuglalíf í öllum heimi af vötnum af þessari stærð og gerð. Þarna eru allar íslenskar andartegundir, þarna eru þrjár tegundir anda t. d. sem varla verpa utan þessa vatns. Þarna eru tvær tegundir sem eru hvergi annars staðar í Evrópu. Þarna er þéttasta straumandarvarp á Íslandi svo að dæmi sé tekið. Norðausturland framleiðir jafnmargar endur og öll Skandinavía ef menn vilja taka þann pólinn með í hæðina. Fjöldi og fjölbreytni fuglalífs þarna er einstakt á norðurhveli jarðar. Um þetta er enginn ágreiningur.

Í öðru lagi er vatnið náttúrufarslega mikilvægt vegna fiskstofna sem þarna lifa. Þetta svæði Mývatns og Laxár er sem sagt einstaklega merkilegt náttúrufarslega og að því verður að huga.

Hver er ástæðan fyrir því að þetta er svona merkilegt vatn? Þær eru fyrst og fremst þrjár: Það er næringarríkt, það er mjög breytilegt að gerð og það sem er grundvallaratriði er að það er grunnt, það er yfirleitt á milli 1 og 2 metrar á dýpt. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að þetta þýðir að ljós nær til botns í öllu vatninu og heldur við gróðri og í öðru lagi lifir fuglinn, endurnar sem eru gimsteinn þessa vatns, á því annaðhvort að kafa til botns eftir fæðu eða éta á yfirborði gróður sem vex upp af þessum botni. En ef vatnið dýpkar þá nær ljósið ekki til botns, vöxtur minnkar og það sem verra er: fuglinn nær ekki fæðunni. Þetta sést á því svæði sem þegar hefur verið tekinn gúr úr. Þar sést ekki fugl. Það eru bæði til talningar um þetta og það eru líka sagnir þeirra sem búa á þessu svæði. Það er sem sagt lykilatriði í þessu að vatnið má ekki dýpka. En sé kísilgúrinn tekinn þá dýpkar það óumflýjanlega vegna þess að t. d. í Ytri-Flóa, þar sem tekinn er gúr núna, er þykkt kísilgúrlagsins á bilinu 4 til 9 metrar. Þannig að kísilgúrtakan er fyrst og fremst hvað þetta varðar spurning um dýpkun vatns. Kísilgúrinn gæti þess vegna verið mór eða eitthvað sem á botninum liggur. Það er þessi einstaki ríkidómur þessa náttúrufars sem er í fyrsta lagi svo merkilegur náttúrufræðilega að hann laðar til sín fólk og

vísindamenn alls staðar að úr heiminum.

Í öðru lagi er þetta að öðrum stöðum á Íslandi ólöstuðum sá staður sem langsamlega mest aðdráttarafl hefur fyrir ferðamenn á Íslandi. Að því skyldu menn huga ef þeir leiða hugann að þeim atvinnuspursmálum sem þarna eru í veði. Menn hafa gert sér grein fyrir því hversu verðmætt þetta svæði er, Laxá og Mývatn. Það sjáum við af ýmsum atriðum.

Við höfum reynt að verja þetta svæði á ýmsan hátt. Um það gilda í fyrsta lagi almenn náttúruverndarlög sem takmarka mjög umsvif og mannvirkjagerð á slíkum svæðum. Í öðru lagi voru sett sérstaklega lög 1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar segir, með leyfi forseta, í 2. gr. að á Mývatnssvæðinu sé hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimil nema með leyfi Náttúruverndarráðs. Það er ekki talað um að umsögn Náttúruverndarráðs þurfi. Það er talað um það skýrt og skorinort að leyfi Náttúruverndarráðs þurfi fyrir hvers konar mannvirkjagerð og jarðraski á þessu svæði. Þá var sett 1978 reglugerð um þetta sama efni þar sem ítrekað er að þörf sé leyfis Náttúruverndarráðs fyrir aðgerðir á þessu svæði.

Í þriðja lagi samþykkti Alþingi 4. maí 1977 heimild fyrir ríkisstj. til að undirrita aðild að svokölluðum Ramsar-sáttmála sem er alþjóðleg samþykkt um verndun votlendis fyrir fuglalíf. Við erum sem sagt aðilar að þessum samningi. Við höfum raunar tilgreint Mývatn sem okkar framlag í þetta samstarf. Við höfum því alþjóðlega skuldbindingu að standa við að þarna sé farið með gát.

Lögin frá 1974 eru afdráttarlaus um þetta atriði, enda eru þau einmitt sett til að tryggja yfirráð Náttúruverndarráðs yfir svæðinu. Ef litið er í grg. með lagafrv. á sínum tíma þá segir þar svo, með leyfi forseta:

„Við meðferð máls þessa í Náttúruverndarráði kom til álita hvort náttúruverndarlög nr. 47/1971 fælu ekki í sér nægar heimildir til þeirrar sérstöku verndunar eða friðunar sem frv. gerir ráð fyrir. Um það atriði var leitað álits dr. Gauks Jörundssonar prófessors. Taldi hann að enda þótt ákvæði náttúruverndarlaga ættu að öllu jöfnu að nægja til þess að koma á með friðlýsingu svipaðri vernd og frv. gerir ráð fyrir þá hefðu hins vegar sérstök lög æðra gildi en reglur og ákvarðanir stjórnvalds og gætu því m. a. þjónað þrenns konar tilgangi. Í fyrsta lagi hefðu ákvæði þeirra sjálfstæða þýðingu að því leyti að þau settu reglur sem handhafar framkvæmdavalds hefðu ekki tök á að hrófla við. Í öðru lagi gætu slík lög veitt náttúruverndaryfirvöldum ótvíræða heimild til að breyta reglum og öðrum ákvörðunum annarra stjórnvalda sem þegar kynnu að vera fyrir hendi og í þriðja lagi gætu sérstök lög haft sjálfstætt gildi að því leyti að með þeim hætti mætti tryggja að ákvarðanir náttúruverndaryfirvalda yrðu taldar rétthærri en ákvarðanir annarra stjórnvalda."

Í grg. prófessors Gauks segir, þar sem fjallað er um þetta mál, orðrétt, með leyfi forseta:

„Einnig er rétt að hafa í huga að skv. sérstökum lögum hafa verið heimilaðar tilteknar framkvæmdir á þessu svæði, sbr. lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun og lög nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, enda þótt ákvæði þeirra laga geti naumast skert heimildir náttúruverndaryfirvalda."

Þarna telur prófessor Gaukur að náttúruverndaryfirvöld ættu að öllu jöfnu að hafa þarna óumdeildan rétt. En til þess að tryggja óumdeild yfirráð Náttúruverndarráðs á þessu svæði mælir hann samt með því að sett verði sérstök lög um þetta atriði. Þetta segir okkur sitthvað um hvaða stöðu löggjöfin frá 1974 ætti að hafa í náttúruverndarmálum. Ég vil kalla þetta valdníðslu ráðh. skv. þessum lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn frá 1966 og líklega námalögunum frá 1973. Þessi lög, sem eru sett 1974, eru yngri og það er greinilega þannig að þeim staðið að ætlast er til að þau hafi óumdeilda lögsögu á þessu svæði. Þetta eru einmitt lögin sem Mývatnsverndunarlögin eru sett til þess að yfirganga, til þess að ganga lengra.

Þetta er í stuttu máli hin lagalega staða í sambandi við þetta mál. Það væri hægt að tala hér langt mál um þær rannsóknir sem hafa farið þarna fram, þær rannsóknir sem þyrftu að hafa farið fram og þær rannsóknir sem væntanlega munu fara fram. Það er ein af skömmunum í þessu máli — og það má eiga hana hver sem vill — að fjárveitingavaldið hefur alls ekki staðið við ákvæði laganna frá 1974 um rannsóknarskyldu, um skyldu til framlags úr ríkissjóði til að rannsaka þetta svæði nægilega.

Þrátt fyrir það að ríkisvaldið hafi aldrei veitt þarna umbeðið fé og aldrei veitt nægilegt fé til að hægt væri að sinna rannsóknunum hafa ýmiss konar sjálfstæðar rannsóknir þó farið þarna fram, kannske með styrk úr Vísindasjóði eða Þjóðhátíðarsjóði eða vegna frumkvæðis og áhuga náttúruvísindamanna á Íslandi, t. d. við Líffræðistofnun. Það er þessari viðleitni og þessum rannsóknum að þakka að þrátt fyrir vanrækslu fjárveitingavaldsins eru það miklar rannsóknir til um þetta svæði að í fyrsta lagi telja náttúruverndarmenn mjög hæpið að ganga lengra en þegar hefur verið gert nema að mjög vel yfirveguðu máli. Við eigum að hafa allar aðgerðir náttúruverndarmegin í þessu máli, ekki kísiliðjumegin. Í öðru lagi er hægt að byggja á þessum rannsóknum sem þegar eru til. Á þremur árum telja þessir rannsóknarmenn að hægt sé að koma með viðeigandi álit og áætlun um það hvernig megi nýta þennan gúr án þess að hætta stafi af. Og það er einmitt með hliðsjón af þessu sem Náttúruverndarráð virðist hafa gert það að sínu skilyrði að leyfið yrði einungis framlengt í fimm ár. Á þeim tíma er hægt að komast að það staðgóðri niðurstöðu í þessu máli að hægt sé að gera áframhaldandi áætlanir.

Það er ýmislegt skondið í þessu bréfi hæstv. iðnrh. Þar er tiltekið hvaða bréf rn. hafi borist, það er sagt að því hafi borist samþykkt stjórnar rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn um þetta málefni, svo og ályktun hreppsnefndar Skútustaðahrepps. En það er ekki talað um t. d. að rn. barst bréf frá stjórn Landeigendafélags við Laxá og Mývatn, undirritað að Laxamýri af Vigfúsi Jónssyni meðal annarra. Það er ekki heldur tekið fram að frá íbúum við Mývatn barst bréf þar sem 60 manns rituðu undir og lýstu sig ekki á sama máli og rn.

Í hinum einstöku töluliðum bréfsins er ýmislegt hægt að tína til. Þar er t. d. sagt í 1. tölul.: „Leyfið heimilar Kísiliðjunni hf. að stunda á námusvæðinu alla þá starfsemi sem nauðsynleg er og viðeigandi til hagnýtingar á námunni fyrir framleiðslu á síunarefnum o. s. frv." Það er hvergi talað um lagaskyldu frá 1974 í þessu efni. Síðan segir í 3. lið: „Iðnrh. er heimilt að endurskoða skilmála leyfis þessa verði verulegar breytingar til hins verra á dýralífi eða gróðri." Það er hvergi minnst á hina

lögbundnu tengingu Náttúruverndarráðs við ákvörðunartöku þarna. Talað er um það í 5. gr. eða í einhverri annarri — þær eru svo margar góðar — að ríkissjóður muni leggja fram þarna ákveðið fé. Hefur hæstv. fjmrh. samþykkt það fyrir sína hönd? Í 7. gr. er talað um nefndarskipan sem eigi að fylgjast með áhrifum námurekstrarins á dýralíf og gróður við Mývatn. Þar er t. d. enginn fulltrúi landeigenda. Er það kannske af því að þeir voru ósammála?

Það sem kannske keyrir um þverbak er að í 11. gr. er sagt: „Kísiliðjunni hf. er heimilt ríkisins vegna að afla sér réttinda til efnistöku í þeim hluta kísilgúrnámunnar í Mývatni sem liggur innan netlaga.“ Það er nú einu sinni svo að skv. áðurnefndum lögum frá 1974 þarf leyfi Náttúruverndarráðs til að umtalaður kísilgúr innan netlaga sé tekinn. Og það er undarlegt ef ráðh. lýsir því hér með yfir að ríkisins vegna sé Kísiliðjunni þetta heimilt. Eða eiga kannske lögin að gilda í þessu ákveðna tilfelli?

Ég vil að lokum leyfa mér að bera upp ákveðnar fyrirspurnir til ráðh. Við munum vafalaust koma hér að þessu aftur og ræða þessi mál ítarlegar, efnislega. Ég vil spyrja í fyrsta lagi: Hvert mat leggur ráðh. á kvöð laganna frá 1974 í 3. gr. um leyfi Náttúruverndarráðs sem þurfi til aðgerða á þessu svæði?

Ég vil spyrja í öðru lagi: Hvers vegna var hafnað áliti Náttúruverndarráðs um fimm ára leyfisveitingu, sbr. bréfið frá 18. desember?

Ég vil spyrja í þriðja lagi: Hafa einhverjir samningar verið gerðir við Manville-félagið sem reka á eftir um að leyfið sé veitt núna, reyndar í miðjum viðræðum rn. og Náttúruverndarráðs? Og ef þessir samningar hafa verið gerðir tel ég að við eigum að fá að vita hverjir þeir eru og hvernig.

Ég vil líka spyrja: Hvers vegna er ekki tiltekið hvar kísilgúr skuli tekinn á þessu 15 ára tímabili?

Ég vil spyrja: Hvers vegna eiga landeigendur ekki hlut að nefndinni sem ráðh. leggur til að verði skipuð samkvæmt bréfinu í gær?

Ég vil spyrja: Hefur hæstv. menntmrh. samþykkt þessa ráðstöfun mála? — En Náttúruverndarráð er á því yfirráðasvæði.

Ég vil spyrja: Hefur fjmrh. samþykkt aukafjárveitingu í þessu skyni til rannsókna?

Svo mætti kannske að lokum spyrja: Telur ráðh. kannske löggjöfina frá 1974, um verndun Mývatns og Laxár, til einskis nýta, ómerka og hún kannske þvælist bara fyrir?

Ég held að þessum spurningum verði að svara og kannske ýmsum fleirum þegar lengra kemur. Ég tel, eins og ég sagði í upphafi, að hér sé prófmál um stöðu Náttúruverndarráðs, laga og reglugerða og náttúruverndaraðgerða gegn ásælni atvinnurekstrar, embættismannaveldis og framkvæmdavalds sem þegar í harðbakkann slær virðist sífellt taka stöðu með þeim sem á náttúruverndarsvæðin vilja sækja.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Já, mönnum liggur mikið á að koma skoðunum sínum á framfæri og viðra þær. Hv. 4. landsk. þm. tekur hér til máls utan dagskrár, eins og hann sjálfur sagði, í tilefni af bréfi iðnrh. til Kísiliðju. Í hans sporum hefði ég gengið úr skugga um að viðtakandi bréfsins hefði verið búinn að fá það í hendur áður en ég mætti með það á hinu háa Alþingi til þess að kunngjöra innihald þess. En Náttúruverndarráði eða mönnum úr því má hafa verið það kunnugt að þótt ég teldi ástæðu til að senda þeim afrit af þessu bréfi var viðtakandi ekki búinn að fá það í hendur þar sem samgöngur eru ekki svo greiðar að bréf, sem undirritað er í eftirmiðdag í iðnrn., hafi borist til Mývatns um þetta leyti í dag. En það hefur hver fyrir sig smekk að þessu leyti. Og vík ég nú að því seinna, sérstaklega ef náttúruverndarráðsmenn eiga uppistöðuna í frétt sem birtist á 2. síðu Þjóðviljans í dag, og ætla við það að una, eins og hún er gerð úr garði.

Ég ætla, vegna þess að það er höfuðatriði þessa máls sem nú hefur verið drepið á í fsp. hv. þm., að fara lauslega yfir lagaleg atriði sem snúa að útgáfu námuleyfisins til Kísiliðjunnar. Ég vil aðeins geta þess að ýmislegt af því, sem hv. þm. vitnaði til, í leyfisveitingunni og ákvæðum hennar hefði hann getað tekið til umr. miklu fyrr þar sem þetta er nákvæmlega tekið upp eftir því leyfi sem gefið var út fyrir 20 árum síðan eða nærfellt það.

Þá er það fyrst að um stjórnskipulegt forræði við útgáfu námuleyfis fer skv. lögum nr. 80 frá 15. ágúst 1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sbr. og námulög nr. 34 frá 17. apríl 1973. Í 1. gr. laganna nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðjuna segir m. a.:

„Ríkisstj. skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju við Mývatn til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns.“

Í 9. gr. laganna segir m. a. svo: „Ríkisstj. skal heimilt að veita framleiðslufélagi skv. 1. gr. þau leyfi sem nauðsynleg eru til starfsemi þess hér á landi varðandi framleiðslu og sölu á kísilgúr.“

Með heimild í ofangreindum lögum veitti iðnrh. hinn 13. ágúst 1966 Kísiliðjunni hf. námuleyfi til 20 ára. Skv. lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73 28. maí 1969 og reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 frá 31. des. 1969, 8. gr., fer iðnrh. með mál er varða námur og námarekstur. Skv. 10. gr. námulaga er iðnrh. rétt að veita sérleyfi til vinnslu jarðefna hér á landi.

Í öðru lagi um náttúruverndarsjónarmið. Bæði námulög og lögin um kísilgúrverksmiðju kveða á um varúðarráðstafanir vegna námurekstursins. T. d. segir m. a. svo í 10. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðjuna:

„Framleiðslufélagið skal gera allar þær varúðar- og öryggisráðstafanir sem við verður komið til þess að koma í veg fyrir að dýralíf og gróður við Mývatn bíði tjón af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar.“

Þegar umsókn Kísiliðjunnar hf. um framlengingu námuleyfisins barst rn. var umsóknin því send Náttúruverndarráði til umsagnar. Og það er það sem um er að tefla, umsagnarrétt Náttúruverndarráðs. Umsögn ráðsins barst rn. 18. des. 1984. Í framhaldi af því hafa farið fram viðræður milli rn. og fulltrúa ráðsins um málið. Hefur sú skoðun verið sett fram að Náttúruverndarráð hafi með heimild í lögum nr. 36 frá 2. maí 1974, um verndun Mývatns og Laxár, íhlutunarrétt um útgáfu námuleyfis til Kísiliðjunnar hf. Sú lagagrein, sem ráðið vitnar til, er 3. gr. laganna, en þar segir svo orðrétt:

„Á landsvæði því er um getur í 2. gr. (Skútustaðahreppur og Laxá) er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimil nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.“

Ekki verður hér af mér höfð uppi skoðun um hversu ríkur réttur ráðsins er skv. lagagrein þessari. Útgáfa námuleyfis breytir hins vegar ekki þeim rétti ráðsins hver svo sem hann kann að vera. Eftirlit með svæðinu og þá sérstaklega nýrri mannvirkjagerð er óskylt þeirri stjórnvaldsathöfn að framlengja námuleyfi verksmiðjunnar.

Þá er rétt að minna á að lögin um verndun Mývatns og Laxár voru sett m. a. skv. samningi dags. 18. og 19. maí 1973, um lausn Laxárdeilunnar alkunnu, þar sem ríkisstj. skuldbatt sig til að beita sér fyrir sérstakri löggjöf um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins. Lög þessi eru tilkomin vegna virkjunardeilunnar, en ekki sérstaklega vegna starfrækslu Kísiliðjunnar sem var hafin löngu fyrr. Hafa ber í huga að ágreiningur um valdsvið vegna mannvirkjagerðar og jarðrasks á svæðinu sjálfu rís ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til að hafa áhrif á einhverjar framkvæmdir Kísiliðjunnar og er slíkur ágreiningur rn. og útgáfu námuleyfisins ekki beint viðkomandi.

Rétt er að geta þess að sett hefur verið fram sú skoðun að ákvæði laganna frá 1974 um verndun Laxár taki einvörðungu til nýrra framkvæmda á svæðinu og að ef löggjafinn hafi ætlað að skerða starfsheimildir Kísiliðjunnar með þeim lögum hefði átt að gera það með berum orðum. En í lögum frá 1974 eru ekki ákvæði er beinlínis taka til starfrækslu Kísiliðjunnar.

Hér túlkaði hv. 4. landsk. þm. þessi lög fram og aftur og er lítið upp úr því leggjandi. En það kom fram hjá honum í áliti sem hann las upp eftir prófessor Gauki Jörundssyni að honum þykja ákvæðin um valdsvið og valdsrétt Náttúruverndarráðs ekki skýrari en svo að hann mælir með því að tekin verði með sérstökum lögum af tvímæli um það efni. Að hafa hér á orði valdníðslu af minni hálfu þegar ég er að gegna skyldu-verkum mínum er orðaval sem ekki er samboðið löggjafarmönnum.

Lögin frá 1974 eru ekki sett til þess að ganga lengra vegna Kísiliðjunnar. Þetta er misskilningur hv. þm. eða fóður sem honum hefur verið gefið inn af öðrum mönnum, því af öllum fullyrðingum í þessu sambandi virtist mér að hans eigin dómgreind hefði lítið komist að málinu, heldur hafi hann verið mataður og þá líklega fram á nótt á þeim fullyrðingum sem hann hafði hér í frammi, því að það nýtt hlýtur málið að vera fyrir honum að hann hafi a. m. k. ekki fengið þetta ljósrit af bréfi til Kísiliðjunnar fyrr en að áliðnum degi í gær.

En hvað er það svo sem ég hef aðhafst í þessu máli? Það kom fram hjá hv. þm., sem vitanlegt er, að skv. lögum frá 1974 á að stofna og var stofnuð sérstök rannsóknarstöð við Mývatn. En það er líka vitanlegt og af honum játað og hann hefur verið um það upplýstur að sú rannsóknarstofnun hefur lítt enn náð vopnum sínum fyrir fjársvelti. Fyrir því er það sem skortir allar grundvallarrannsóknir sem skera úr um það hvort starfsemi Kísiliðjunnar verður lífríki Mývatns til tjóns eða ekki.

En hvað er það sem ég geri nú með valdníðslu minni nú sem svo er kölluð? Ég hef lagt drög — og raunar meira en drög, ég má fullyrða að sú ráðstöfun er fullgild — að fjárveitingum til þess að framkvæma þær grundvallarrrannsóknir sem þarna skortir. Og það er höfuðatriði málsins, að ég veiti Kísiliðjunni starfsleyfið með fyrirvara um að leiði þessar rannsóknir í ljós að starfrækslan verði til tjóns lífríki Mývatns þá verði leyfið endurskoðað. Þetta leyfi þarf þess vegna ekki að standa nema í þrjú ár ef þau ár eru nægjanlega langur tími til þess að niðurstöður fáist sem byggjandi verður á um áhrif kísilgúrnámsins. Og þá, þegar þannig hefur verið staðið að málum, mætti e. t. v. ræða um valdníðslu.

Ég hef fengið samþykki hæstv. fjmrh. fyrir því að því gjaldi sem horfið hefur í ríkissjóð vegna efnistökunnar verði varið til rannsóknarinnar. Þetta hefur verið 1 dollar á tonn og námið hefur numið 25—27 þús. tonnum árlega. Hér er því um rúmlega millj. kr. að tefla á ári. Kísiliðjunni hefur verið gert og hún hefur enda samþykkt að leggja fram jafnháa fjárhæð. Þetta er þess vegna gengistryggt og fjárframlagið er milli 180 og 190 þús. kr. á mánuði til þessarar rannsóknar. Þetta framlag er ekki tímabundið. Eins og þetta leyfi er gefið út gildir þetta ef leyfið stendur í 15 ár vegna þess að ég hef sjálfur mjög mikinn áhuga á því að víðtækar grundvallarrannsóknir fari fram á þessum einstæða dýrðarstað sem Mývatn er. Og þó að ég vegna fjárveitingarinnar setji upp verkefnisstjórn, sem gætir þess að fyrst verði og þegar í stað rannsakað sem kostur er áhrif kísilgúrnámsins sjálfs, þá hef ég ekki hugsað mér að takmarka rannsóknina við það. Ef t. d. þær leiða í ljós að óhætt er að halda náminu áfram yrði fjármagninu áfram veitt til annarra verðmætra rannsókna á þessu svæði sem skammarlega hefur verið svelt af fjárveitingarvaldinu fram á þennan dag.

Ég hefi ákveðið að þetta verkefni verði falið rannsóknastöðinni við Mývatn, en vegna þess að hér er um fjárveitingar á vegum rn. að tefla, að sett verði verkefnisstjórn sem stýri verkefninu. Ég hefi þá ánægju að upplýsa að svo heppinn var ég að ná sambandi við Pétur N. Jónasson og hann tók að sér að veita þessari verkefnisstjórn forustu. Formaður Pétur N. Jónasson gerði rannsóknir á Mývatni og gaf mér dýrmæta bók, Lake Mývatn, á sínum tíma. Hann hefur fallist á vegna fyrri samskipta okkar og vegna þess að ég hef stutt hann með fjárframlögum víða að til rannsókna á Þingvallavatni þá kvaðst hann ekki geta undan því vikist að taka þetta verkefni að sér. Síðan er honum veitt heimild til þess að tilnefna einn fulltrúa Skútustaðahrepps og ég verð nú að segja að það skýtur skökku við ef það er að mistaka sig á tilnefningarrétti að tilnefna sjálfa sveitarstjórnina og það á að heita að ég sé með því að ganga fram hjá landeigendum við vatnið. Þá er Kísiliðjunni, sem beinum aðila að þessu efni, gefinn kostur á tilnefningu og síðan Náttúruverndarráði.

Ég vísa á bug allri gagnrýni um skipan þessarar verkefnisstjórnar og ég er sannfærður um að Pétur Jónasson mun sjá vel fyrir forustu á þessu í góðri samvinnu við rannsóknastofnunina. Og mér er nær að halda að Pétur Jónasson hafi í sínu starfi gætt þess betur að hafa samband og samráð við íbúa þessa svæðis en þeir nýju menn sem hafa fengist við málamyndarannsóknir þar um langa hríð. Ég mun leggja mig í líma um það að ná góðu samkomulagi við heimamenn um þetta mál, hef ekki haft tök á því enn sem komið er en unnið þannig að málum að menn gætu vel við unað. Fyrirvarinn er það strangur að ef í ljós kemur að áhrifin af starfrækslunni reynast hættuleg lífríki þessa svæðis þá verður leyfið þegar í stað tekið til endurskoðunar.

En ég bið menn að því að gá að vegna starfrækslu þessa fyrirtækis er nauðsynlegt vegna ráðstafana, sem

það þarf að gera, að það sé a. m. k. viðmiðunin að það geti fengið starfsleyfi til lengri tíma, enda þótt það verði að vera við því búið að það verði stöðvað þegar í stað ef rannsóknir leiða til annarrar niðurstöðu.

Náttúruverndarráð sendi sína umsögn og mælti með fimm ára námuleyfi til ársins 1993 og tekur fram að það geti ekki mælt með lengri framlengingu, í fyrsta lagi vegna þess að sýnt þykir að kísilgúrvinnslan hafi veruleg áhrif á lífríki vatnsins. Vegna þess, segja vísindamennirnir í Náttúruverdarráði, sem við skulum nú vona að hafi forustuna þar þótt leikmenn séu þar í bland, að sýnt þykir að kísilgúrvinnslan hafi verulega áhrif á lífríki í vatninu. Það skortir nefnilega allar rannsóknir til þess að hægt sé að hafa slíka og þvílíka fullyrðingu í frammi. Og það er sú rannsókn sem ég hefi komið til verks að verður framkvæmd.

Í öðru lagi, taka þeir fram, vegna mikilvægis Mývatns í náttúru landsins og Evrópu. Að sjálfsögðu liggur mikilvægi vatnsins alveg ljóst fyrir og það er líka þess vegna sem ég hefi haft forgöngu um fjárútvegun til þess að nauðsynlegar rannsóknir færu fram.

Í þriðja lagi, segja þeir, vegna þess að rannsóknir á Mývatni eru skammt á veg komnar. — Það var og. Þriðja forsenda þeirra strikar að vísu gjörsamlega út hina fyrstu.

Og í fjórða lagi vegna þeirrar alþjóðlegu ábyrgðar á vernd Mývatns sem Íslendingar tóku á sig við undirritun Ramsarsáttmálans. Þetta er mér vel skiljanlegt. Ég get ekki lagt of þunga áherslu á það að farið verði með fyllstu gát á þessu svæði. Komi þetta í ljós verður allt annað að víkja.

Og hér er spurt um samninga við Manville og hv. þm. Guðmundur Einarsson 4. landsk. þm. spyr: Hafa einhverjir samningar verið gerðir við Manville meðan á viðræðum við Náttúruverndarsamtökin hefur staðið? Þeir hafa tekið illa eftir, Náttúruverndarmenn og starfsmenn þeirra, sem voru hjá mér í gærdag þegar ég skýrði þeim frá framlengingu á aðalsamningnum við Manville. Hann var nefnilega framkvæmdur 1982 og ég á eftir aðeins að minnast á það í sambandi við frétt Þjóðviljans. Þessi samningur var framlengdur af fyrirrennara mínum árið 1982 í tíu ár frá árinu 1986 til 1996. Auðvitað kann að vera að við verðum skaðabótaskyldir ef við verðum að stöðva starfræksluna. Ef að bestu manna yfirsýn komist menn að því að þarna er starfsemi sem er hættuleg lífríki þessa svæðis þá er ekkert um það að tefla að hvorki samningar við Manville eða neitt annað getur hindrað okkur í því að stöðva slíka ósvinnu, ekkert.

En ástæðurnar fyrir þessari framlengingu 1982 á samningi, sem þó rann ekki út fyrr en 13. ágúst 1986, eru þær að eftir náttúruhamfarir þar nyrðra hafði starfræksla verksmiðjunnar gengið afar illa með stórkostlegu tapi. Meðeigandinn vildi gjarnan hverfa frá starfrækslunni og við neyddumst til að kaupa stærri hlut í verksmiðjunni en við áður höfðum haft, taka á okkur meiri ábyrgð hennar vegna. En til þess m. a. að halda áfram samstarfinu við Manville sem er mjög mikilvægur söluaðili afurðarinnar var samningurinn framlengdur árið 1982 af fyrirrennara mínum hv. 5. þm. Austurl., í tíu ár frá árinu 1986 til þess m. a. að fá Manville til áframhaldandi samreksturs fyrirtækisins. Þannig að menn skjóta nú yfir og undir mark í sífellu, enda von þar sem menn hafa ekki lengri námstíma til að setja sig inn í málið en kannske frá því um kvöldmat í gærkvöldi og fram til kl. 3 í dag.

Ég stytti umsóknartíma Kísiliðjunnar úr 20 í 15 ár og m. a. vegna þess að menn vita með vissu að kísilgúrnámið í Ytri-Flóa endist ekki nema í 16—17 ár. Með því að veita leyfi til lengri tíma væri ég e. t. v. að vísa á önnur svæði í landinu, þ. á m. Syðri-Flóa, en þar hafa verið ströng mótmæli höfð uppi um að kísilgúrnám yrði framið.

Hér er vitnað í bréf landeigenda og íbúa, 60 manna við Mývatn, og auðvitað ekki sagt frá innihaldi þess. Látið er í það skína og frá því sagt í blaðafréttum að styrjöld sé hótað. En um hvað fjallar svo þetta bréf frá 60 mönnum, konum og körlum, í Mývatnssveit? Ekkert um annað en kísilgúrnám í Syðri-Flóa, um ekkert annað. Engin afstaða er tekin til annars en þess að þeir tilkynna að þeir muni hafa hörð viðbrögð í frammi ef sótt verði út úr Teigasundi í Syðri-Flóa til kísilgúrnáms.

Vegna þess hversu óráðvandlega menn fara með upplýsingar í þessu máli, greinilega í því skyni að efla óvinafagnað, sé ég ástæðu til að lesa þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta. Það er til mín dags. 15. jan. 1985:

„Í tilefni af því að nú standa yfir viðræður milli iðnrn. og Náttúruverndarráðs um endurnýjun námaleyfis til handa Kísiliðjunni við Mývatn vilja undirrituð vara þá aðila, sem þessum málum ráða til lykta, alvarlega við því að haga leyfisveitingunni á þann veg að hún feli í sér möguleika, hvað þá veita þeim heimild til að Kísiliðjan hefji kísilgúrnám í Syðri-Flóa, þ. e. sunnan Teigasunda.“ — En þess má geta að eins og vonandi allir þm. þekkja er Mývatni nærri því skipt í tvennt og Ytri-Flói u. þ. b. ⅕—⅙ af heildarflatarmáli vatnsins.

„Lífríki Mývatns og Laxár er talið einstakt í sinni röð og það á heimsvísu. Sérkenni þess felast ekki síst í því hve vatnið er grunnt og sólarljósið nær að hafa mikil áhrif á lífríki botnsins. Sé Syðri-Flói dýpkaður væru sérkenni þessa lífríkis þurrkuð út.“ — Fullyrðingar auðvitað, óvísindalegar að sjálfsögðu. — "Slíkt má aldrei ske," segir áfram í bréfinu." Ef koma á til slíkra óhæfuverka munu af því hljótast mikil átök og ófriður sem fleiri munu blanda sér í en aðeins þeir sem búa á Laxár- og Mývatnssvæðinu.“ — Það verður sjálfsagt almennt herútboð í Evrópu. „Við sem skrifum nöfn okkar undir þetta bréf og áreiðanlega fjöldi annarra munum verja Syðri-Flóa fyrir kísilgúrnámi hvað sem það kostar“ — til síðasta manns. — Það voru mín orð.

En eins og menn heyra á þessu bréfi er hér einvörðungu rætt um nýtt kísilgúrnám í Syðri-Flóa en ekkert orð um það kísilgúrnám sem hefur verið framið í Ytri-Flóa og áformað er að halda áfram. Og eins og ég segi, útreikningar sýna að námið muni endast í 16—17 ár og því var það m. a. sem ég stytti umsóttan starfsleyfistíma niður í 15 ár.

Hér voru ýmsar spurningar sem ég hygg að flestum sé svarað. Ég hefi áður upplýst að þetta er stjórnskipulega á mínum vegum og ég þarf þess vegna ekki að leita til hæstv. menntmrh. um leyfi. Ég hefi rætt málið við hæstv. menntmrh. og sýnt honum þær niðurstöður sem ég komst að og hefi ekki fleira um það að segja. Fjmrh. hefur fyrir sitt leyti fallist á að frá 1. júní verði veitt fjármagni til rannsóknanna út árið, 7/12 af því sem heilt ár mundi gera. Þetta verður borgað mánaðarlega í staðinn fyrir á einu ári áður eins og gert var vegna námsins.

Ég tel ekki lögin um verndun Laxár og Mývatnssvæðis frá 1974 neitt ómerka löggjöf. Það er út í hött að spyrja með þeim hætti. Ég hef rakið hér í máli mínu hvað ég álít að sé mín lagalega staða í málinu og hef engu sérstöku við það að bæta.

Hér var lesið upp úr leyfisbréfinu og þótti hinum nýja sérfræðingi í þessum málum, hv. 4. landsk. þm., sem ýmis atriði í leyfisbréfinu væru ekki eins og skyldi. En eins og ég segi, flest af því sem hann fetti fingur út í hefði hann getað tekið til umræðu miklu fyrr og með eðlilegri hætti því að það er allt að finna í gamalli leyfisveitingu.

Ég veit að þó að standi þannig á fyrir hæstv. forseta að hann kysi jafnan að hafna því að menn vitni mikið í Þjóðviljann þá fer ég nú samt fram á virðulegt leyfi hans til þess að gera það að þessu sinni. En þar er frétt sem er alveg hörmuleg fyrir blaðamannastéttina í landinu og er dæmi um það hvernig komið er fyrir málefnum þar hjá mörgum hverjum og raunar þessari málafærslu eins og mér sýnist hún ætla að fara af stað. Væri betur að menn á hinu háa Alþingi reyndu heldur að bera klæði á vopnin en að egna til óvinafagnaðar í þessu máli. Ég er hins vegar ekkert hræddur um að til slíks dragi við heimamenn þessa vegna, vegna þess að hér er afgreiðsla málanna með þeim hætti að allir hljóta að fagna því sem hafa vilja augun opin — nema þá þeir sem vilja efna til ófriðar. En hér er í frétt á 2. síðu Þjóðviljans engin einasta setning, að kalla má, sannleikanum samkvæmt og raunar er fréttin í heild gjörsamlega rangfærð. En samt ber hún með sér að hún sé til orðin vegna sambands við fulltrúa úr Náttúruverndarráði. Og eins og ég segi, ég bíð eftir því að sjá viðbrögð þeirra við þessari frétt sem hlýtur að verða til þeirra rakin.

Það segir hér að iðnrh. ætli í málaferli. Hvernig dettur venjulegu fólki, sem eitthvað þekkir til málsins, það í lifandi hug? Af hvaða ástæðu? Mætti ég biðja um að mér yrði nefnd ein ástæða til þess að ég hæfi málaferli á hendur einhverjum í sambandi við þetta mál? Síðan er fljótaskriftin sú að ég hafi veitt kísilgúrverksmiðjunni 10 ára starfsleyfi í gær. Látum það vera. Síðan segir í framhaldi af fyrirsögninni að iðnrh. ætli að láta reyna á þetta mál fyrir dómstólum. Iðnrh. þykist fara nákvæmlega eftir þeim lögum sem í gildi eru. Ef einhver vefengir þau, telur mig misbeita þeim, fara út fyrir mitt valdsvið og telur sig hafa betri rétt — í þessu falli Náttúruverndarráð — þá kann vel að vera að hann kjósi að hefja málsókn á mínar hendur. En að sjálfsögðu hef ég engar ástæður til þess eins og þessar sakir standa.

Hér er sagt að það muni hafa komið fram á fundinum í gær að iðnrh. hafi ekkert ráðfært sig við náttúrufræðinga um þetta mál og virðist lítið sem ekkert vita um þá hlið málsins. Ætlast einhver til þess að ég sé sérfróður um lífríki Mývatns? Það vill þannig til að rannsóknir skortir til þess að ég geti farið til eins eða neins í smiðju um ástæður á þessu svæði. Og það eru þær rannsóknir, sem ég ætla að standa straum af kostnaði við, sem eiga að veita okkur þær upplýsingar.

Hér segir enn, með margföldu leyfi hæstv. forseta: „Aftur á móti hefur hann ráðfært sig við lögfræðinga um lagalega hlið þess“ — þ. e. málsins. Svo segir enn: „Niðurstaða lögfræðinga er sú að náttúruverndarlögin gangi lengra í þessu efni og því geti ráðh. ekki veitt starfsleyfið nema með samþykki Náttúruverndarráðs.“ — Það vill til að það eru þorrablót núna víða þannig að menn geta haft þó þetta með sér á þorrablót og skemmt mönnum ef það skyldi skorta önnur skemmtiatriði. „Stefnir því allt í málaferli,“ segir þar.

Og enn kvað hann: „En nú er svo komið að verksmiðjan verður að fá kísilgúr úr Syðri-Flóanum ef hún á að starfa áfram.“ — Það er nú blaðamennska í lagi, þetta. Nú hefðu þeir sem hann hefur átt viðtal við — sem mér virðist greinilega vera menn á vegum Náttúruverndarráðs eða úr því — átt að vita betur vegna þess að þó hún starfi í öll fimmtán árin þá getur hún sótt sitt hráefni í Ytri-Flóa. Þær rannsóknir liggja alveg óyggjandi fyrir.

Enn segir svo: „Ástæðan fyrir því að iðnrh. er svo umhugað að veita verksmiðjunni tíu ára starfsleyfi er sú að hann hefur gert nýjan samning við Johns Manville, meðeiganda ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn, og er því illa klemmdur.“

Það er ekki í fyrsta skiptið í þessum mánuði t. a. m., janúarmánuði, sem þeim á Þjóðviljanum þykir ástæða til þess að gefa hv. fyrirrennara mínum, hv. 5. þm. Austurl., utan undir. Það hefur nú skeð æ ofan í æ vegna orkumálanna svo rækilega að ef ég hefði haft slíkar dómadagsárásir í frammi á hv. þm. þá hefði eitthvað verið sagt í Þjóðviljanum.

En það vill nú þannig til með þennan samning, sem ég á að vera svona illa klemmdur út af og greinilega brotið af mér, að hann var gerður af fyrirrennara mínum árið 1982 til tíu ára frá því í ágúst 1986 þangað til í ágúst 1996. Það er nú öll klemman sem ég er í að þessu leyti.

Síðan upplýsa þeir um það hér í Þjóðviljanum að það megi búast við því að málið verði tekið fyrir utan dagskrár á Alþingi. En það var seint í gærkvöldi sem hv. 4. landsk. þm. hringdi til mín til þess að biðja mig um að fallast á að þetta yrði tekið fyrir. Svoleiðis að hér eru fréttasambönd in svo sem í góðu lagi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að orðlengja þetta miklu meira nú, enda orðið ærið langt. En ég vona og bið og segi að menn athugi betur sinn gang í máli, sem annars gæti verið mjög viðkvæmt, áður en menn láta senda sig í svona ferðir eins og hv. 4. landsk. þm. hefur látið senda sig í hér, áður en menn gleypa allt hrátt og spúa því svo út yfir hv. þingheim með þeim hætti sem gert hefur verið. Það er ekki af hinu góða. Ég get hins vegar út af fyrir sig þakkað fyrir það tækifæri sem ég hef fengið til þess að skýra þetta mál. Ég mun kappkosta að fylgja því fram eins og málið er í pottinn búið.

Höfuðatriði málsins er sáraeinfalt. Það er þetta, að veitt er leyfi til 15 ára með fyrirvara, fyrirvaranum sem allt hefur að segja í þessu efni, að rannsóknir fari fram á áhrifum kísilgúrnámsins í Mývatni og ef í ljós kemur að námið hefur ill áhrif á lífríki vatnsins þá gildir ekki leyfið lengur, þá er hægt að endurskoða það. Í för með sér hefur þessi athöfn og þessar ráðagerðir að nú fyrst verða hafnar þær rannsóknir á lífríki vatnsins sem nauðsynlegar eru og ber að standa að en hefur undan dregist að framkvæma.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 4. landsk. þm. Guðmundi Einarssyni fyrir að hefja þessa umr. og taka undir hvert einasta orð hans hér. Og

ég lýsi vonbrigðum mínum með svör hæstv. ráðh. og stóryrði hans sem e. t. v. hafa átt að draga athyglina frá vondum málstað. Ég hlýt að lýsa furðu og skelfingu minni og okkar allra í þeim samtökum, sem ég er fulltrúi fyrir, á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í þessu máli og á þeirri ótrúlegu skammsýni og ofríki sem birtast í þessari ákvörðun. Hún er í meira lagi vafasöm frá lagalegu sjónarmiði og forkastanleg með tilliti til náttúruverndar á þessu svæði sem er einstætt ekki aðeins á Íslandi og ekki aðeins í Evrópu heldur í öllum heiminum.

Hver erum við að ætla okkur þau eftirmæli í sögunni að vegna skammtíma gróðasjónarmiða höfum við leyft jarðrask á einhverjum stórkostlegasta bletti þessa lands án þess að vita með sæmilegri vissu um langtímaáhrif þess arna? Ætlar okkur Íslendingum aldrei að skiljast fyrir hverju okkur er trúað? Hvers vegna liggur hæstv. iðnrh. og kísilgúrforstjórum svo á í þessu máli að sjónarmið meiri hluta landeigenda, líffræðinga og náttúruverndarmanna eru lítilsvirt? Núgildandi leyfi rennur ekki út fyrr en eftir eitt og hálft ár. Hvers vegna liggur þessi ósköp á?

Náttúruverndarráð er tilbúið að fallast á leyfi til skemmri tíma og bundið við afmörkuð svæði að því tilskildu vitanlega að fjármagn fáist til nauðsynlegra rannsókna. Hvers vegna nægir það ekki, hæstv. iðnrh.? Hverra hagsmuna er verið að gæta? Vissulega eru deildar meiningar um það hversu langt sé óhætt að ganga en allt bendir til þess að ef haldið yrði áfram efnistöku í sama mæli og hingað til væri búið að klára allt svæðið í Ytri-Flóa eftir 15 ár héðan í frá. Leyfi hæstv. iðnrh. gildir frá 13. ágúst 1986 og er til 15 ára. Skv. framansögðu væru þá enn eftir tvö ár af leyfinu þegar búið væri að skafa upp allan botn Ytri-Flóa.

Fyrir nokkrum árum ræddi ég við einn af starfsmönnum kísilgúrverksmiðjunnar og spurði hann m. a. hvort menn væru ekki farnir að hafa áhyggjur af framtíðinni þar sem fyrirsjáanlegt væri að þessi verksmiðja gæti aldrei gengið til eilífðar, enda þá orðið ljóst að starfstími hennar yrði styttri en menn hefðu búist við í upphafi. „Ég þori nú ekki einu sinni að hugsa þá hugsun til enda," svaraði hann. Það verður nú brýnna með hverju árinu sem líður að hugsa þá hugsun til enda. Við þurfum að hugsa þá hugsun til enda hvernig Mývatns- og Laxársvæðið liti út svipt sínu einstæða svipmóti fuglalífs og vatnagróðurs.

Ég verð að játa að mér finnst nánast ógeðfellt að tala um peninga í sambandi við þetta ómetanlega svæði. En hjá því verður aldrei komist. Og vissulega má meta náttúru Íslands til fjár, til beinharðra peninga. Ferðamenn eru t. d. ekki að leita að verksmiðjum hér á Íslandi. Þeir leita ekki að mannanna verkum eins og algengast er í útlöndum. Við förum til annarra landa að skoða merkilegar byggingar og sögulegar minjar. Þeirra er ekki leitað á Íslandi. Það er einstæð náttúra Íslands sem er svo eftirsóknarverð, náttúra lands okkar og hreina loftið sem okkur finnst sjálfsagt en útlendingar geta aldrei vegsamað nóg. Hve margir ferðamenn skyldu nú koma til Íslands hvaðanæva úr heiminum til að skoða kísilgúrverksmiðju við Mývatn? Vill ekki hæstv. iðnrh. segja þingheimi álit sitt á því?

Rökin gegn ákvörðun hæstv. iðnrh. eru mörg og þung. Skv. lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt á svæðinu nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til. Þetta stendur skýrt og skorinort í lögum og dugir ekki að skjóta sér á bak við lög frá 1966 sem, auk þess að vera eldri, ganga skemmra en lögin frá 1974.

Það er ekki hægt að ásaka Náttúruverndarráð um að hafa staðið lítt að rannsóknum á svæðinu og af þeim sökum sé það réttminna til að krefjast tíma til frekari rannsókna. Þar er fyrst og fremst við fjárveitingavaldið að sakast, eins og hér hefur komið fram. Það hefur ekki veitt umbeðið fjármagn til rannsókna sem margsinnis hefur verið leitað eftir. Hinn sísoltni ríkiskassi hefur hirt leigugjaldið sem kísilgúrverksmiðjan greiðir fyrir vinnsluna í stað þess að láta það renna beint til rannsókna á svæðinu eins og rétt hefði verið. Á þann hátt hefur verið staðið gegn nauðsynlegum rannsóknum. Út af fyrir sig er þess vegna þakkarvert að á þessu á að verða breyting. Og ég vil lýsa því yfir að ég treysti fyllilega, rétt eins og hæstv. iðnrh., Pétri Jónassyni til að veita forstöðu nefndinni, sem hér hefur verið til umræðu, þótt deildar meiningar séu um hana að öðru leyti.

Þrátt fyrir þetta fjársvelti hafa verið unnar umtalsverðar grunnrannsóknir á svæðinu, nánast fyrir þá heppilegu tilviljun að starfsmenn Líffræðistofnunar Háskólans hafa haft áhuga á þessu svæði en ekki frekar einhverju öðru merkilegu svæði á landi okkar. Kannske er það ofmælt að um tilviljun sé að ræða því að áhugi þeirra er auðvitað aðeins enn ein sönnun á mikilvægi svæðisins frá sjónarmiði líffræði og náttúruverndar.

Meiri hluti landeigenda í Mývatnssveit og við Laxá er sammála áliti Náttúruverndarráðs og tillögum þess. Þeir hafa látið sinn vilja í ljós, sbr. bréf frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns frá 16. jan. s. l. og undirskriftalistann frá 15. jan. s. l., sem hæstv. iðnrh. vitnaði til hér áðan. Þeim undirskriftum var safnað á einu kvöldi þar fyrir norðan og væri hann örugglega lengri hefði meira ráðrúm verið til.

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þá yfirlýsingu yfir aftur. Það gerði hæstv. iðnrh. hér áðan. Ég vil hins vegar vitna til bréfs frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns sem ég nefndi hér áðan og er frá 16. jan. s. l. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Stjórn félagsins lýsir fullu samþykki við umsögn Náttúruverndarráðs, dags. 18. des. s. l., og beinir þeirri eindregnu ósk til iðnrh. að hann veiti leyfið á þann veg sem till. Náttúruverndarráðs gerði ráð fyrir. Stjórnin telur að Náttúruverndarráð brygðist hlutverki sínu ef það mælti með öðru en bráðabirgðaleyfi þar sem rannsóknir skortir til þess að hægt sé að fjalla um leyfi til lengri tíma án þess að verndun svæðisins sé sett í hættu. Ekki er við öðru að búast þar sem ríkisvaldið hefur brugðist þeirri lagaskyldu undangengin ár að veita fé til þessara rannsókna. Við fáum ekki séð að hag Kísiliðjunnar sé betur komið með leyfi til lengri tíma, sem síðan yrði afturkallað ef rannsóknir leiða til þeirrar niðurstöðu að þrem árum liðnum, heldur en fá að rannsóknum loknum leyfi sem byggði á niðurstöðum þeirra.

Að lokum vill stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns leggja þunga áherslu á eftirfarandi: *Lífríki* Laxár og Mývatns er einstætt og þess vegna er það undir sérstakri vernd Náttúruverndarráðs skv. lögum, auk þess alþjóðlegt verndarsvæði að ákvörðun Alþingis

og ríkisstj. (Ramsarsáttmáli). Sérkenni þessa lífríkis felast ekki síst í því hve vatnið er grunnt og sólarljós nær að hafa mikil áhrif á lífríki botnsins.

Verði Syðri-Flói dýpkaður þurrkast þessi sérkenni út. Breytingar á Mývatni og lífríki þess hafa áhrif á Laxá allt til sjávar. Sá þverbrestur, sem orðið hefur á lífríki Mývatns á s. l. tveimur árum, kallar á tafarlausar rannsóknir til að vita hvað veldur.

Að síðustu beinir stjórnin því til þín, hæstv. iðnrh., að þú takir á málum þessum með fullum skilningi og verndargildi þessa viðkvæma svæðis.

Virðingarfyllst, Stjórn landeigendafélags Laxár og Mývatns, Vigfús B. Jónsson, Jón Jónasson, Völundur Þ. Hermóðsson, Eysteinn Sigurðsson, Þorgrímur Starri Björgvinsson."

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka tillögur Náttúruverndarráðs í þessu máli sem birtar eru í bréfi til iðnrn. 18. des. s. l. Þar stendur:

„Í bréfi iðnrn. frá 1. okt. s. l. er óskað umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi endurnýjun á námaleyfi Kísiliðjunnar hf. við Mývatn. Náttúruverndarráð hefur nú fjallað um ósk rn. og ákveðið að mæla með framlengingu námaleyfis Kísiliðjunnar til fimm ára, eða til ársins 1991, ef ákveðnum skilyrðum verði fullnægt. Ráðið getur ekki mælt með lengri framlengingu:

a) Vegna þess að sýnt þykir að kísilgúrvinnslan hafi veruleg áhrif á lífríki vatnsins.

b) Vegna mikilvægis Mývatns í náttúru landsins og Evrópu.

c) Vegna þess hve rannsóknir á Mývatni eru skammt á veg komnar.

d) Vegna þeirrar alþjóðlegu ábyrgðar á vernd Mývatns sem Íslendingar tóku á sig við undirritun Ramsarsáttmálans.

Framlenging námaleyfis um fimm ár er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Efnistaka takmarkist við Ytri-Flóa og fari fram innan svæðis sem hafi eftirfarandi viðmiðanir á landi: Vesturmörk: Lína úr Dauðanesi um Ölfushólma í Kvæk. Austurmörk: Lína úr Dauðanesi í dælustöð við Helgavog. Enn fremur verði náið samráð haft við Náttúruverndarráð um röð vinnslusvæða.

2. Fram fari rannsóknir á áhrifum gúrnáms í Ytri-Flóa á lífríki Mývatns og hefjist þær eigi síðar en vorið 1985 sbr. meðfylgjandi rannsóknaáætlun líffræðistofnunar Háskólans. Þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir haustið 1988 mun Náttúruverndarráð endurskoða framlengingu námaleyfis Kísiliðjunnar."

Undir þetta rita Eyþór Einarsson formaður og Sigrún Helgadóttir líffræðingur.

Þetta virðist aðgengilegt og sanngjarnt og mér er óskiljanlegt hvers vegna ekki er hægt að fara að þessum tillögum þess aðila sem hefur lagalegan rétt til ákvörðunar í þessu máli.

Vigfús B. Jónsson: Herra forseti. Ég skal virða þau tilmæli að vera ekki langorður hér. Eg harma það að sjálfsögðu að leiðir Náttúruverndarráðs og hæstv. iðnrh. skuli hafa skilið í þessu máli. Ég harma það einnig að þetta mál skuli hafa borið þannig að Mývetningum að þar skuli nú standa maður gegn manni. Það er vond sending hverju sveitarfélagi svo að ekki sé meira sagt.

Hingað til lands koma ár hvert hundruð ef ekki þúsundir erlendra ferðamanna fyrst og fremst til þess að líta lífríki Mývatns og Laxár eigin augum. Þessir ferðamenn hafa gefið Mývatni nýtt nafn. Þeir kalla það drottningu hinna íslensku vatna. Og Mývatn er meira en drottning hinna íslensku vatna. Það er drottning gervallra vatna í Norður-Evrópu hvað lífríki snertir.

Menn þurfa ekkert að undra sig á því þó að bændur í Mývatnssveit séu hræddir um þessa drottningu og vilji ekki láta lífláta hana. Það þarf enginn að undra sig á því því að auk hins sérstaka lífríkis, sem verður auðvitað ekki metið til peninga, hefur Mývatn verið nokkurs konar matmóðir Mývetninga í harðri lífsbaráttu liðinna alda. Og hið mannlega er það að þegar menn lifa á brjóstum hinnar íslensku náttúru, þá hafa þeir sterkar taugar til hennar. Það þarf enginn að undrast á Mývetningum.

Ég skal ekki hafa uppi neinar fullyrðingar um hvað veldur þeim þverbresti sem orðinn er í lífríki Mývatns. Það hefur auðvitað skeð ýmislegt við Mývatn í fyrri Mývatnseldum um 1730 og ég fagna því að nú skuli eiga að fara fram rannsóknir til að skera úr því hvað veldur. Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega að til þessara rannsókna þarf að vanda vel og til þess ætla ég að treysta hæstv. iðnrh. því að ég trúi því engan veginn að hann sitji á fjörráðum við lífríki Mývatns. Það held ég að sé ekki rétt.

Leiði þessar rannsóknir það í ljós að lífríki Mývatns stafi hætta af Kísiliðjunni, þá er það alveg skýrt í mínum huga að það er Kísiliðjan sem á að víkja en ekki lífríkið. Auðvitað er Kísiliðjan ágætis fyrirtæki og hún malaði gull, það er alveg rétt, en við skulum minnast þess nú, og það er ágætt að þetta mál minni á það, að hún er ekkert eilífðarfyrirtæki einfaldlega vegna þess að hún hefur ekki ótæmandi efni af að taka. Og það er mjög nauðsynlegt, held ég, á þessu stigi málsins að draga það ekki lengi að reyna að gera sér grein fyrir hversu langa framtíð þessi verksmiðja á fyrir höndum. Það er ekki gott ef hún hryndi allt í einu eins og ef kæmi þruma úr heiðskíru lofti. Auðvitað skapast vandamál þegar svona atvinnutæki hverfur úr atvinnulífinu. Það þarf að nota tímann til þess að leysa það vandamál sem eðlilega hlýtur að skapast þegar hún leggst niður. Það þarf að skaffa fólkinu eitthvað annað að gera.

En það er auðvitað fleira gert í Mývatnssveit og fleira hægt að gera en að búa til kísilgúr. Ég hef það fyrir satt að fyrir þremur árum hafi 160 manns haft atvinnu af ferðamannaþjónustunni í Mývatnssveit á ferðamannatímanum. Það er ekkert lítið. Þetta er vaxandi atvinnugrein. Og ef okkur tekst að varðveita lífríki Mývatns, þá skulum við gá að því að við höfum ferðamennina um aldur og ævi, en við höfum ekki verksmiðjuna um aldur og ævi, þó að hún kynni að vera hagstæð í peningaleysinu, en ég vil nú ekki gera peningana að máli í þessu. Ferðamennina höfum við um aldur og ævi ef þetta lífríki fær að vera óskemmt og varðveitt í sinni upphaflegu mynd. En við skulum ekki gleyma því að Kísiliðjan er ekki eilífðarfyrirbæri. Og ég vil undirstrika að það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvað hún verður gömul. Fólk verður að fá að vita það. Þá getur það brugðist við vandanum.

Landeigendafélag Laxár og Mývatns er félagsskapur landeigenda á þessu svæði og það er stofnað sérstaklega til þess að vernda þessa sérstæðu náttúru í sinni upphaflegu mynd svo sem við verður komið. Auðvitað

verðum við að lifa í þessu landi. Við getum eigi að síður umgengist náttúru þess með fullri varúð.

Ég er formaður þessa félagsskapar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns, og hef þess vegna sérstaka skyldu við fólkið sem þarna býr og við lífríki Mývatns. En ég vil að lokum minna á að við sem hér erum erum öll börn þessa lands og þar af leiðandi höfum við öll skyldur við íslenska náttúru.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Þessa umr. ber að með mjög skyndilegum hætti. Þegar ég kom hér í þingsali áðan vissi ég ekkert að þetta stæði til. Ég veit ekki hvað vakir fyrir hv. málshefjanda. Það er sjálfsagt svo að það eru öll meðul leyfileg til að vekja á sér athygli og ekki verra þá að aðrir séu því óviðbúnir.

Ég stend hér upp til þess að segja frá því að ég er, ef aðrir vita það ekki, fæddur og uppalinn á vatnsbökkum Mývatns. Ég hef frá upphafi fylgst með Kísiliðjunni, stofnun þess fyrirtækis og starfrækslu. Ég varð tortryggginn í fyrstu, ég viðurkenni það. Það þyrmdi yfir mig í fyrsta sinn sem ég kom upp í Námaskarð eftir að hafa verið erlendis og Kísiliðjan var risin. Hún er ljótt fyrirtæki. Það er slæmt að hv. arkitekt okkar, þm. Stefán Benediktsson, skuli ekki vera hér því að þetta eru ljótar byggingar og það hefði vissulega mátt gera mikið betur í hönnun, rykmengunarvörnum og þess háttar við byggingu verksmiðjunnar.

Það er þarflaust að rekja aðdraganda þessa máls. Það hefur hæstv. ráðh. gert. Ég styð ákvörðun ráðh. eindregið í þessu máli og hef lagt mig töluvert fram um það núna eftir áramót að kynna mér það. Ég hefði að sjálfsögðu viljað lesa þessar lagagreinar og hefði gert það ef ég hefði haft tíma til þess áður en fundur hófst.

Ég fylgdist mjög vel með málaferlum sem stóðu út af botni Mývatns. Það er nefnilega ekki ljóst hver á botna vatna þó að vitað sé hverjir eigi landið. Þar kom í ljós í dómi Hæstaréttar að landeigendur áttu ekkert í botninum. Þó að ég sé ekki nema í meðallagi lögfróður maður hefði ég gaman af að vita hvernig er með rétt Náttúruverndarráðs á botnum vatna og sjávarbotnum. Ég veit það ekki. Sjálfsagt eru hér mér aðrir fróðari um það.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson talaði mikið um náttúru Mývatns. Ég þarf ekki að láta hann lýsa henni fyrir mér. Ég veit um fuglafæð í Ytri-Flóa. Ég veit að fuglum fækkaði þar mjög mikið áður en Kísiliðjan hóf starfsemi. Þeim fækkaði fyrst og fremst vegna komu minksins í Slútnes. Eins og vitað er er minkurinn sérstakt verndardýr Náttúruverndarráðs. Það var ekki af því að vatnið dýpkaði. Eins vildi ég vekja athygli þeirra hv. þm. sem tala um að skafa botn á því hvað er þarna um að ræða. Það er 7—10 metra gúrdýpi sums staðar. Hvergi er nú dýpra held ég að ég megi segja, en hugsanlega 8 m þegar nýlega er búið að dæla, og það fyllist mjög fljótt, 8—9 m kannske, eða 10 m djúpar gjár. Allir vita að við náttúruhamfarirnar reis botninn á Ytri-Flóanum mjög skarpt. Hann reis um líklega 40—50 cm á tímabili og það svo að nú er ekki bátgengt í Slútnes lengur, þannig að Ytri-Flói hefði þá ekki lengur verið það vatn sem nú er umdeilt a. m. k.

Minnst var hér á svokallaða Ramsar-samþykkt. Einhvern tíma las ég þessa dæmalausu samþykkt. Ramsar mun vera, held ég, staður í Persíu sem UNESCO hélt fund á. Ef ég man rétt er það sem stendur upp úr í þessari samþykkt tilefni til þess að UNESCO geti haldið marga fundi og ráðstefnur sem víðast. Það er ákaflega loðið, ef ég man rétt, hvaða skyldur lönd hafa sem skrifa undir þetta samkomulag. Mér þykir leitt að geta ekki haft tíma til að ná mér í þetta plagg því að einhvers staðar á ég það. Svo mikið er víst að Mývatn var tilnefnt sem eitt af þeim svæðum sem Íslendingar ætluðu að sjá til að ekki yrði eyðilagt, ekki yrði eytt og væri skjól fyrir vatnafugla sem fljúga á milli landa. Það held ég að hafi verið inntakið. En hvort Íslendingar hafa gert eitthvað til þess að uppfylla þessar skyldur sínar veit ég ekki til.

Ég sagði áðan að ég styddi þessar rannsóknir og ég styddi tillögur hæstv. ráðh. Ég styð þær ekki síst vegna þess að nú er í fyrsta sinn tryggt að fram fari rannsóknir á þessu svæði, þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru, ekki aðeins til þess að athuga hvort óhætt er að nema kísilgúr úr vatninu heldur einnig til þess að rannsaka ýmislegt annað sem ekki hefur verið skýrt enn þá, fyrir mér a. m. k., í náttúru vatnsins.

Það kom hér fram að dr. Pétur Jónasson hefur verið beðinn að veita forstöðu þeirri nefnd sem um þessar rannsóknir á að fjalla. Ég fagna því alveg sérstaklega. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi fyrir nokkrum árum að stunda nokkuð í sjálfboðaliðavinnu sýnatöku og fleira fyrir dr. Pétur meðan hann vann að þessum rannsóknum og m. a. vann bróðir minn að þeim og fleiri úr fjölskyldunni. Ég veit það vel að honum er vel treystandi til þess að vinna þar vel, samviskusamlega og vísindalega og án allra fordóma. Síðan hafa nokkrir gæðingar Háskólans verið þarna í sumarfríum sínum í kofa Náttúruverndarstöðvarinnar við Rif og sinnt sínum hugðarefnum án alls yfirlits og án nokkurs skipulags, hvort sem það hefur verið kúluskítur eða ástalíf húsanda. Það fer bara eftir smekk þeirra. Það hefur ekki verið neinn heildarsvipur á þeim rannsóknum. Nú koma þessir menn og telja sig geta bent á að lífríkinu stafi hætta af einu eða öðru. Þeir vita ekkert um það. Þetta er þessi gamla tilhneiging að nota stimpilinn og segja já eða nei.

Að lokum vildi ég segja þetta: Undirskriftasöfnun í tiltölulega litlu sveitarfélagi er alvarlegt mál. Þarna er þó 600 manna byggð og ég veit ekki hvort menn meta 60 manns mikið eða lítið. Það var vitnað hér af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur í meiri hluta landeigenda. Hver veit það? Það var enginn fundur boðaður. Það er í mesta lagi meiri hluti stjórnar sem skrifaði undir þetta. Enginn fundur var boðaður í Landeigendafélagi Mývatns og Laxár. Það veit ég fullvel. Og ég veit það fullvel að þeir sem skrifa á þennan lista eru ekki meiri hluti landeigenda við Mývatn, það er fráleitt.

Svona undirskriftasöfnun skilur eftir sár, sár sem er alger óþarfi að vera að ýfa upp. Þau gróa ekki fyrr fyrir það. Fyrir mér er aðalatriðið að það verða nú hafnar öflugar og skipulegar rannsóknir á þessu svæði. Ég er sannfærður um að áhrif Kísiliðjunnar eru ekki síður til góðs en til ills. Það kemur þá annað í ljós. Það er fráleitt að nokkur vilji tefla framtíð lífríkis Mývatns í hættu. Ég frábið mér þann áburð a. m. k.

Ég vona að hv. þm. Guðmundur Einarsson hafi með þessu friðþægt sínum yfirmönnum við líffræðideild Háskóla Íslands en Mývatnssveit, hvorki íbúum þar né náttúru, hefur hann varla gert nokkuð gott með þessu. Það er mitt mat á þeim hlutum.

Herra forseti. Ég gæti þurft að segja fleira. Það var

ekki ég sem leyfði þessar umr. Yfirleitt hef ég ekki tafið þingheim mjög mikið á löngum ræðum, en ég vil samt vona að það verði ekki fleiri upphlaup af þessu tagi um þetta mál.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil vekja athygli á því að þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið í nær einn og hálfan tíma. Enn eru þrír á mælendaskrá og eflaust bætast einhverjir við. En ég ítreka tilmæli mín til hv. þm. um að við reynum að ljúka þessum umr. sem fyrst þannig að þeir stilli ræðum sínum svo í hóf sem unnt er.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér hefur kvatt sér hljóðs í dag hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson og borið fsp. fyrir hæstv. iðnrh. Ég hef ekki setið hér lengi á þingi, þetta er 6. þingið sem ég sit. Ég man sjaldan eftir því að einum alþm. hafi verið tekið með öðrum eins skætingi og hæstv. iðnrh. leyfði sér að hafa í frammi í umr. áðan. Hann svaraði í rauninni engu af því sem borið hafði verið fram og fór með gassa og stóryrðum bæði um þann hv. þm. sem fsp. bar fram, en einnig um hv. ýmsa fjarstadda þm. sem ekki hafa aðstöðu til að svara hæstv. ráðh., og vissi hann þó gjörla sjálfur skv. samtali sem ég átti við hann í gær að þeir menn hefðu ekki kost á því að bera hönd fyrir höfuð sér.

Þetta er kækur núv. hæstv. ráðh. Þegar eitthvert mál kemur upp á leggur hann yfirleitt leið sína austur á land og kennir forvera sínum um hlutina. Það er alveg sama hvað það er. Þegar hann er rökþrota, eins og hann er í þessu máli, grípur hann til þess, eins og Morgunblaðið yfirleitt, að segja: Þetta er allt saman Hjörleifi að kenna. Þetta er skífa sem er orðin nokkuð slitin. Hún er a. m. k. ekki brúkleg í umr. hér þegar sá forveri hans sem hann hér nefndi er fjarstaddur og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Við erum ýmsu vön af núv. hæstv. iðnrh. þegar hann fer hér upp með gassa og skætingi, en hann sló eigið met hér í ræðustólnum áðan.

Ég ætla ekki að blanda mér í þessa umr. með langri ræðu og ætla að virða tilmæli hæstv. forseta um að stytta mál mitt eins og kostur er. Ég ætla hins vegar í fyrsta lagi að vekja athygli á þeirri lítilsvirðingu sem kemur fram í máli hæstv. iðnrh. í garð vísindamanna okkar og þeirri lítilsvirðingu sem kom fram í máli hv. þm. Björns Dagbjartssonar í garð vísindamanna okkar sömuleiðis, sem hann kallaði gæðinga Háskólans sem væru aðallega að skemmta sér norður í landi. Hvað ætli þessir menn hafi nú verið að skemmta sér við? Þeir hafa verið að fara yfir, margir af þeim mönnum sem talað er um með þessum hætti, rannsóknir á þessu svæði og þeir hafa gefið út um það ítarlegar skýrslur sem liggja fyrir í þykkum doðröntum. Hæstv. iðnrn. hefði átt að sjá sóma sinn í að kynna sér þá áður en hann gaf þetta leyfi út. En svo virðist sem hæstv. ráðh. hafi ekki hugmynd um það að þessar rannsóknir séu til. A. m. k. fullyrti hann hér áðan að hann hefði ekkert ráðfært sig við náttúrufræðinga af því að þeir viti ekkert um málið.

Frá 1970 hafa verið í gangi rannsóknir á þessu svæði, fyrst á vegum iðnrn. en síðan hafa margir aðrir aðilar komið þar við sögu. Ég nefni þar Háskóla Íslands og Líffræðistofnun Háskóla Íslands, ég nefni þar Vísindasjóð, Þjóðhátíðarsjóð og ég nefni þar Kaupmannahafnarháskóla og það mætti nefna fleiri. Það er fjöldinn allur af vísindamönnum sem hefur fjallað um þetta merkilega svæði, en þegar iðnrn. á Íslandi gefur út leyfi kemur hæstv. ráðh. hér í stólinn og segir: Nei, ég hafði nú ekki mikið við þessa menn að tala vegna þess að það hefur ekkert verið unnið á þeirra vegum. Þeir vita ekki neitt.

M. a. hafa þessir aðilar gefið út tvær ítarlegar skýrslur, þá seinni á árinu 1984, um þetta svæði og í þeim skýrslum eru grunnrannsóknir, ekki neinar málamyndarannsóknir eða athuganir, eins og hæstv. ráðh. var að hafa í flimtingum áðan. Í skýrslunni sem er gefin út á árinu 1984, er að finna greinargerðir eftir u. þ. b. einn tug vísindamanna og í eldri skýrslu, sem kom út nokkrum árum fyrr, er einnig að finna ítarlegar greinargerðir um niðurstöður vísindamanna. Og það má benda á það hæstv. iðnrh. til fróðleiks að skandinavíska vistfræðitímaritið Oikos fjallaði árið 1979 einvörðungu um þetta svæði í vönduðum greinum eftir íslenska og erlenda sérfræðinga sem höfðu kynnt sér þessi mál. Af þessu sést að það er með öllu fjarstæðukennt fyrir hæstv. iðnrh. að halda því fram, sem hann gerði áðan, að það séu engar rannsóknir og engar athuganir til á þessu svæði og þess vegna hafi hann ekki þurft að tala við náttúrufræðinga, enda er það svo að Náttúruverndarráð byggir sína niðurstöðu einmitt á áliti þessara athugana og í bréfi Náttúruverndarráðs, sem er dags. 18. des., til iðnrn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, en ég hygg að það bréf hafi ekki verið lesið hér enn og því nauðsynlegt að halda því hér til haga:

„Í bréfi iðnrn. frá 1. okt. s. l. er óskað umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi endurnýjun á námaleyfi Kísiliðjunnar hf. við Mývatn. Náttúruverndarráð hefur nú fjallað um ósk rn. og ákveðið að mæla með framlengingu námaleyfis Kísiliðjunnar til fimm ára, eða til ársins 1991, ef ákveðnum skilyrðum verður fullnægt. Ráðið getur ekki mælt með lengri framlengingu a) vegna þess að sýnt þykir að kísilgúrvinnsla hafi veruleg áhrif á lífríki vatnsins, b) vegna mikilvægis Mývatns í náttúru landsins og Evrópu, c) vegna þess hve rannsóknir á Mývatni eru skammt á veg komnar, d) vegna þeirrar alþjóðlegu ábyrgðar á vernd Mývatns sem Íslendingar tóku á sig við undirritun Ramsar-sáttmálans."

Hér er um að ræða þau aðalatriði sem Náttúruverndarráð hefur fram að færa til rökstuðnings því að ekki sé rétt að veita leyfi til lengri tíma en fimm ára.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson, sem mun vera þm. þess kjördæmis sem hér um ræðir, Norðurl. e., lýsti því áðan að það væri merkilegt að menn væru að vitna í þennan Ramsar-sáttmála, sem var gerður í Íran 2. febr. 1971, og hann vitnaði þannig til hans að þetta væri ekki mjög merkilegt plagg. Þetta væri eitt af þessum plöggum sem UNESCO væri alltaf að gefa út. Þá man ég eftir því að hv. þm. var einn af þeim sem greiddu atkv. á móti fjárveitingum til UNESCO við afgreiðslu fjárlaga núna í vetur. Það sýnir hug hans til þessarar stofnunar. En er þetta bara einhver snepill sem Alþingi á ekki að gera mikið með? Svo vill til að hv. Alþingi Íslendinga hefur staðfest þennan sáttmála þó að hann sé gerður í Ramsar í Íran og að undirlagi UNESCO. Þessi sáttmáli var samþykktur á Alþingi 4. maí 1977 og þar sem hv. þm. hefur hann ekki við höndina hef ég gert ráðstafanir til að útvega honum þennan sáttmála og rétti honum hann hér með yfir á borð þm. þannig að hann megi kynna sér

þetta plagg. Sömuleiðis skal ég gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnrh. fái þetta plagg í hendur til þess að hann megi kynna sér hvaða alþjóðlegar skuldbindingar það eru sem Íslendingar hafa gerst aðilar að í þessum efnum.

Hæstv. iðnrh. segir í ræðu sinni að leyfið sé eins og 1966 og eins og þá þurfi ekki frekari vitnanna við. Ætli lögin hafi ekki verið samþykkt hér mörgum árum seinna? Mér finnst að tilvitnunin í árið 1966 sýni virðingarleysi hæstv. iðnrh. við lögin frá 1974 og skilningsleysi hans á því að með þeim lögum um verndun svæðisins tók löggjafinn af skarið með afgerandi hætti.

Ég ætla hér, herra forseti, að gera aðallega að umtalsefni þá skoðun hæstv. ráðh. að lögin taki í raun og veru aðeins til nýrra framkvæmda og mannvirkjagerðar. Það eru rökin. Hæstv. ráðh. segir að lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu fjalli aðeins um ný mannvirki, nýjar framkvæmdir á svæðinu, en ekkert annað og þ. á m. ekki um botninn og ekki um það rask sem hugsanlega yrði á honum. Ég fullyrði það úr þessum ræðustól, að þessi lagatúlkun hæstv. iðnrh. er hæpin að ekki sé meira sagt. Og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef Náttúruverndarráð og menntmrn. ætla að tryggja að þessi lög séu meira en pappírsins virði, að fara í mál við iðnrn. út af þessari leyfisveitingu til þess að tekin verði af öll tvímæli um hver hefur valdið í þessu efni. Ef lögin eru eins og hæstv. iðnrh. heldur fram, þá eru þau gagnslaus sem náttúruverndarlög. Og ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Er það svo að þessi mál hafi verið tekin fyrir í ríkisstj? Ríkisstj. er að vísu þannig skipuð að hver ráðh. hefur vald á sínu málssviði. En ég tók eftir því að hæstv. iðnrh. sagði þegar hann var spurður um menntmrh. í þessu efni, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef sýnt menntmrh. þetta og ekki meira um það."

Ekki kom það fram hjá hæstv. ráðh. hvaða skoðun hæstv. menntmrh. hefur á þessu máli. Skyldi hæstv. menntmrh. ekki hafa neina skoðun á málinu? Ég trúi því ekki. Ég fer fram á það að ráðh. iðnaðarmála svari því hér á eftir: Var þetta mál einhvern tíma borið upp í ríkisstj.? Var það einhvern tíma kynnt í ríkisstj.? Og hver er afstaða hæstv. menntmrh.? Mér er tjáð að hæstv. menntmrh. sé erlendis eða a. m. k. með fjarvistarleyfi í dag. Hver gegnir störfum menntmrh. í dag? Vill sá ráðh. koma hér og svara fyrir menntmrn. í þessu máli? Er það kannske hæstv. iðnrh. sem gegnir í dag störfum menntmrh.? Ræddi hann þetta mál við sjálfan sig? Er það skýringin á þeim snubbóttu aths. sem hann hafði um menntmrh. hér áðan?

Ég held að þetta, herra forseti, sé kjarni þessa máls. Eru lögin um verndun Mývatns og Laxár einhvers virði eða eru þau aðeins ómerkilegt pappírsgagn og ekki meira virði en pappírinn sem þau eru prentuð á? Ég tel að afstaða iðnrh. bendi til þess að hann telji lögin í rauninni einskis virði og marklaus.

Hæstv. iðnrh. ber mönnum á brýn hér í umr. að það sé verið að leyna staðreyndum, m. a. því að þeir sem skrifa undir bréf landeigenda frá 16. jan. 1985 séu eingöngu að fjalla um efnistöku í svokölluðum Syðri-Flóa og í rauninni sé útúrsnúningur að nefna hann í þessu sambandi. En ég vek athygli hæstv. ráðh. á því, ef hann hefur ekki tekið eftir því, að leyfið er ekki aðeins um efnistöku á Ytri-Flóa. Leyfið er ótakmarkað fyrir allt Mývatnssvæðið og í rauninni gengur þetta leyfi óvenjulangt að því leytinu til að það er ekki aðeins um að ræða réttindi til efnistöku í þeim hluta kísilgúrnámunnar í Mývatni sem liggur utan netalaga, heldur er einnig gert ráð fyrir því að það verði hægt að semja um efnistöku innan netalaga, og í þessum plöggum kemur það einnig fram að þegar hafi verið gerðir samningar um efnistöku innan netalaga nyrst á svæðinu. Og ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Er honum kunnugt um hvað greitt var fyrir þá efnistöku sem hugsanlega færi fram innan netalaga, hvernig þeir samningar eru sem landeigendur hafa þar gert við umrætt fyrirtæki?

Í rauninni er talið svo þrengt að svæðinu á Ytri-Flóa að óhugsandi sé að ná þar efni í 15 ár nema það verði gengið svo að þessu svæði að það beri þess aldrei bætur og þess vegna þýði 15 ára leyfi í raun og veru að það sé verið að leyfa efnistöku á Syðri-Flóa. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að þessu og hverju hann svarar þessum aths.

Ég vil einnig spyrja hæstv. iðnrh. um eitt atriði, þar sem mér sýnist að verið sé að reyna að fara á bak við menn, og ég vil spyrja ráðh. beint út um það atriði. Það er tölul. 3 í plagginu frá 30. jan. 1985 sem heitir „Iðnaðarráðherra gerir kunnugt", en þar segir í tölul. 3, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnrh. er heimilt að endurskoða skilmála leyfis þessa verði verulegar breytingar til hins verra á dýralífi eða gróðri við Mývatn sem rekja má til námurekstrarins og hafi í för með sér alvarleg og varanleg áhrif til hins verra á dýralíf og gróður Mývatns."

Í þessu stendur ekki að iðnrh. hafi heimild til að svipta leyfi. Það stendur aðeins í þessu að iðnrh. hafi heimild til að endurskoða skilmála. Lítur iðnrh. svo á að hann hafi þrátt fyrir þetta bréf heimild til að svipta fyrirtækið vinnsluleyfi? Ég vil að svör hans í þessu efni liggi hér fyrir þannig að þau megi færa í þingtíðindi svo að þar fari ekkert á milli mála.

Hæstv. iðnrh. veitist svo að mönnum fyrir það að þeir hafi tekið þetta mál of snemma upp. Það finnst mér nokkuð sérkennilegt satt að segja. Ef eitthvað er, þá er það fullseint sem við hér á Alþingi tökum á þessu máli. Við hefðum átt að gera það fyrir löngu. En einkum gagnrýnir hæstv. ráðh. að bréfið hafi verið skrifað í gær og skv. póstsamgöngum komist það ekki strax og við hefðum átt að bíða eftir því að tryggt yrði að bréfið kæmist á leiðarenda áður en málið yrði rætt utan dagskrár.

Blað nokkurt heitir Morgunblað og ég veit að hæstv. ráðh. er það ekki alltaf kært að vitnað sé í það blað, en það er þó óhjákvæmilegt að gera það hér að gefnu tilefni. Í dag er 31. janúar og í gær hafði hæstv. iðnrh. viðtal við Morgunblaðið og sagði þar frá öllu því sem stendur í því bréfi sem hann sendi norður og er að skamma hv. þm. Guðmund Einarsson fyrir að taka hér upp. Ef einhver kann sig ekki í þessu máli er það hæstv. iðnrh. ellegar þá blaðið, sem hann talar við, sem hann veit eins og ég að er oft vont blað, en það þýðir ekki fyrir hann að vera að skjóta sér á bak við það því að hann hefur örugglega vitað hvað hann var að gera þegar hann talaði við blaðið í gær. Það er sérkennilegt að koma hér upp með gassa gegn hv. þm. út af þessu máli, þegar hann sjálfur hefur í málgagni sínu, þó honum líki það misvel, greint frá málinu í smáatriðum. Námaleyfi endurnýjað til 15 ára stendur þar og þar er náttúrlega

passað að setja í undirfyrirsögn að það eigi að tryggja fjármuni til rannsóknastarfa við Mývatn skv. þessu námaleyfi. Bréfinu sem hann sendi í gær og kemst ekki norður fyrr en á morgun eða kannske á mánudaginn og er verið að ræða hér hefur hann forustu um að koma í Morgunblaðið í dag. Hann er ekki fyrr búinn að skrifa undir en hann hringir í vini sína á Morgunblaðinu til að tryggja að þetta komi út í 40 þús. eintökum til landsmanna allra burtséð frá því hvort pappírinn er kominn í hendur á viðtakendum eða ekki. Ég held að iðnrh. fari illa að vera að skattyrðast við þm. út af broti á einhverjum siðareglum þegar hann gengur fram með þeim hætti sem raun ber vitni um.

Herra forseti. Aðalatriði málsins er það í mínum huga: Er Náttúruverndarráð myndug stofnun? Eru lögin um verndun Laxár og Mývatnssvæðisins einhvers virði eða ekki? Iðnrh. hefur sagt: Þau eru ekki pappírsins virði. Ég fer mínu fram hvað sem þessum lögum líður. — Það er kjarni málsins og svo líka hitt að lokum, herra forseti: Þegar kemur að því að vernda heildarhagsmuni þjóðarinnar, og mér liggur við að segja þjóðanna, eins og hér eru í húfi, eru skammtímasjónarmið fjármagnsins ævinlega tekin fram yfir. Það er ekki nýtt að núv. ríkisstj. geri það. Þetta er enn ein staðfestingin á því hvernig hún hagar málum sínum þegar henni var útlátalaust að fallast á tillögur Náttúruverndarráðs. Það hefur engin skýring komið fram af hálfu iðnrh. á því af hverju honum lá þessi ósköp á að gefa út þetta leyfi. Hann hefur enga skýringu gefið á því. Og ég vil endurtaka þá spurningu sem fram var komin í þeim efnum: Hvernig stóð á því að það þurfti endilega núna að gefa þetta leyfi út þegar umræður og viðræður um þessi mál eru í miðjum klíðum? Það er ekki of sagt að hér hafi verið illa farið með vald. Ég vænti þess að þessi umr. verði til þess að hæstv. iðnrh. geri sér ljóst að það eru hér vafalaust margir þm., einnig í hans flokki, sem telja að hérna hefði átt að fara varlegar að hlutunum. Ef Náttúruverndarráð verður einskis virt í þessu efni, ef lögin um verndum svæðisins er einskis metin, þá er greinilegt að Alþingi verður að taka af skarið á ný. Þá verður að flytja hér á Alþingi frv. til l. um breyt. á lögum um verndun Laxár og Mývatnssvæðisins sem taka af öll tvímæli um að óheimilt sé fyrir ráðh. að fara fram með gassagangi eins og hæstv. núv. iðnrh. hefur gert.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það má nú með sanni segja að oft hefur hv. 3. þm. Reykv. ætt á veggina með innihaldslausar og rakalausar upphrópanir, en ég minnist þess tæplega að hafa heyrt viðlíka fjargviðri eins og hann leyfði sér að viðhafa og útúrsnúninga frá upphafi til enda. Það heitir, þegar mönnum er svarað með rökum og ítarlegu máli, eins og ég gerði við fsp. hv. 4. landsk. þm., að svara með skætingi.

Enn fremur var því haldið fram í upphafi máls hv. þm. að ég hefði verið með árásir á fjarstadda þm. Ég hafði engar árásir uppi í garð hv. 5. þm. Austurl., ásakaði hann ekki um eitt né neitt. Ég sagði að ef menn ætluðu að kalla mig til ábyrgðar um gerninginn frá 1982 um framlengingu starfrækslu Kísiliðjunnar til 1996, þá yrði að fara annað og kalla annan til þeirrar ábyrgðar. Ég ásakaði engan, hafði ekki í frammi ásakanir í garð eins eða neins vegna þess gernings. En hann var framinn af fyrrv. ríkisstj. sem hv. 3. þm. Reykv. átti sæti í.

Ég hafði enga lítilsvirðingu í frammi í garð vísindamanna. Ég minnti bara á og rakti það, sem þeir sjálfir hafa viðurkennt og upplýst, að rannsóknir hvað snertir áhrif starfsrækslu Kísiliðjunnar við Mývatn hafa ekki verið framkvæmdar og það liggur ekkert fyrir um áhrifin. Það er um það sem málið snýst en ekki það hvort mér hafi verið kunnugt um að umfangsmiklar rannsóknir á margháttuðum sviðum á lífríki Mývatns hefðu farið fram á liðnum árum og áratugum. Málið snýst um það, sem ég er hér að flytja, um Kísiliðjuna við Mývatn og áhrif starfrækslu hennar á lífríki svæðisins, og þar liggur það sem sagt fyrir að skortir grundvallarrannsóknir.

Ég lýsti því ekki yfir að þetta leyfi, sem ég gaf út, væri eins og leyfið frá 1966, eins og hv. þm. fullyrti. Ég sagði að ýmsar tilvitnanir, sem hv. 4. landsk. þm. hafði uppi í greinar leyfisins, væru óbreyttar frá fyrra leyfi. Það er augljóst að hv. 3. þm. Reykv. hefur hlustað ákaflega illa á mál mitt hér. Hann las upp úr bréfi Náttúruverndarráða nákvæmlega sama kaflann sem ég hafði lesið hér upp og hann gerði það vegna þess sem hann sagði að það mundi ekki hafa komið hér fram það sem í því stæði. Þess vegna hefur hann ekkert fylgst með umr. og hann kemur hér og upplýsir vanþekkingu sína að öllu leyti, enda mun hann hafa verið í ani í síma eða upp um áheyrendapalla að afla sér vitneskju til að geta tekið þátt í þessari umr. og er þá ekki að undra þótt brestur verði í málflutningnum.

Hv. þm. sagði að ég hefði fullyrt að lögin um verndun Laxár og Mývatnssvæðisins tækju aðeins til nýrra framkvæmda og nýrra mannvirkja. Með leyfi forseta les ég upp og það fer að verða þannig að maður verður að hafa allt nákvæmlega skrifað niður þegar slíkir útúrsnúningar eru tíðkaðir eins og hér ber raun vitni um. Hvað sagði ég um þetta efni?

„Rétt er að geta þess", sagði ég svo orðrétt, „að sett hefur verið fram sú skoðun," ekki af mér, „að ákvæði laganna frá 1974 um verndun Laxár taki einvörðungu til nýrra framkvæmda á svæðinu" o. s. frv.

Það má sjá málatilbúnaðinn og málafærsluna af þessum orðum. (**SvG:** Er þetta skoðun ráðh., ef ég má spyrja til að svara ræðunni?) Það er ekki skoðun mín. Ég varð aðeins að taka það fram að þetta hefði m. a. s. komið fram til þess að upplýsa um hvernig menn litu á þessi lög. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég álít að þessi lög séu víðtækari en það. En ég rakti hér ítarlega afstöðu mína til valdsviðs míns í þessu efni, og las það og hef það uppskrifað nákvæmlega frá upphafi til enda, þar sem ég vísa á bug að ég fremji valdníðslu hér, þar sem ég leiði að því lagaleg rök að ég sé að gegna skyldum mínum í þessu máli. Menn spyrja hér um það hvers vegna leyfið sé gefið út nú. Menn hefðu kannske átt að rannsaka hvers vegna var sótt um framlengingu þess á liðnu ári, í júnímánuði. Svona mundi fólk ekki spyrja sem vill hafa eitthvert vit á rekstri fyrirtækja. En það eru hér sumir of fínir til þess nokkru sinni að vilja setja sig nokkurn tíma inn í slík mál, virðist vera.

Fyrrv. ríkisstj. ætti kannske að svara okkur því hvers vegna hún framlengdi leyfið við John Manville-samsteypuna þegar á árinu 1982, sem gengur þó ekki í gildi fyrr en 13. ágúst 1986. Við bíðum eftir upplýsingum um það. Raunar get ég sagt mér það sjálfur og þykist hafa

kynnt mér það og tók það reyndar fram í frumræðu minni hér, að þannig var ástatt fyrir fyrirtækinu að því hélt við stöðvun. Það lá við að það legði upp laupana af ýmsum ástæðum sem ég rakti og því var það að menn töldu nauðsynlegt vegna framtíðarreksturs fyrirtækisins að endurnýja þennan samstarfsamning, þennan aðalsamning milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Manville-fyrirtækisins. En um þetta getur hæstv. fyrrv. félmrh. upplýst okkar af því sem þetta var allt saman framkvæmt af fyrri ríkisstj. Með því að upplýsa það er ég ekki að ásaka einn eða neinn og ekkert það hafði ég í frammi í garð fjarstadds þm. í frumræðu minni sem ástæða er til að fetta fingur út í nema þá með útúrsnúningum. Og auðvitað hef ég borið þessa niðurstöðu mína undir ríkisstj. og flutt málið og lagt fyrir ríkisstjórnarfund og fengið samþykki við því athugasemdalaust. (**SvG:** Var menntmrh. á þeim fundi?) Ekki vil ég fullyrða um það, en á þingflokksfundi Sjálfstfl. útlistaði ég þessa afstöðu mína nákvæmlega og gaf menntmrh. í framhaldi af því frekari upplýsingar og sýndi henni rökstuðning minn fyrir málinu, þar sem hún var stödd á þeim fundi, og gerði hún ekki við mig aths. um málið. En ég vil ekki tala og svara í hennar orðastað, það gefast tækifæri til þess að leita um það svara. En ég gegni ekki störfum hæstv. menntmrh.

Hér var spurt um hvernig skilja bæri endurskoðun sem fram er tekið í 3. tölulið námaleyfisins. Og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnrh. er heimilt að endurskoða skilmála leyfis þessa."

Hverjir eru þeir? Hverjir eru skilmálar í leyfisveitingu? Og hvernig dettur mönnum í hug að spyrja um svo sjálfsagðan hlut eins og það að það hlýtur fyrst og fremst að beinast að því að stöðva og svipta leyfisveitingu ef í ljós kemur að um skaðvænleg áhrif starfrækslunnar er að tefla? Um þetta snýst allt málið. Það er beinlínis tekið fram, að leiði rannsókn í ljós áhrif til hins verra á dýralíf og gróður í Mývatni skuli skilmálarnir endurskoðaðir. En úr því sem spurt er, þótt barnalega sé spurt, þá er sjálfsagt að svara þessu til að taka af tvímæli.

Hv. 4. landsk. þm. tók það fram í upphafi máls síns að tilefni þess að hann kvaddi sér hljóðs utan dagskrár væri bréf sem ég í gær undirritaði fyrir Kísiliðjuna við Mývatn. Það hefur auðvitað hver sinn smekk í þessu, eins og svalan sagði þegar hún bauð Trítli ánamaðkinn sem hann vildi ekki. Það er dálítið annað mál hvort ég, vegna þess að fjölmiðlar hafa fengið upplýsingar um að ég hafi afgreitt leyfisveitingu sem þessa, upplýsi um innihaldið aðspurður eða hvort menn taka með sér afrit af bréfi til ákveðins fyrirtækis, sem ætla má að hafi ekki enn fengið það í hendur, og leggi sérstaklega út af því. (**SvG:** Er Morgunblaðið æðra Alþingi sem sagt?) Þetta er enn einn útúrsnúningurinn og ekki svaraverður. Þetta skilja allir þeir sem heiðarlega fara höndum um málsskjöl og vilja hafa það í heiðri. Ég benti aðeins á þetta án þess að ég kippi mér neitt sérstaklega upp við það: Málið mátti taka upp fyrir löngu því að það hefur verið til umr., en ég benti bara á hinar beinu forsendur þar sem veifað var ljósriti af bréfi sem ég hafði fengið í hendur Náttúruverndarráði til þess að það gæti kynnt sér innihald alls málsins frá upphafi. Það er kannske smekklegust aðferð Náttúruverndarráðs að fá þetta í hendur hv. þm. vitandi það að það hafði ekki náð á leiðarenda, til þess sem taka átti við bréfinu. En hér er ekkert mál sem ég hirði að orðfæra frekar, en óþarft að vera með eitthvert vængjabusl þess vegna.

Kjarni málsins er auðvitað sá að góður friður náist um þetta mál. Kjarni málsins er ekki sá, sem hv. 3. þm. Reykv. leggur til, að hafin verði málaferli, eins og hann telur alveg nauðsynlegt að framið verði, til þess að fá úr því skorið hvort valdsvið í þessu falli Náttúruverndarráðs er. Undirstöðuatriði þessa máls er það að eins og að því er staðið, leyfisveitingunni og skilyrðum fyrir henni, má ætla að þær rannsóknir sem menn hafa ekki framkvæmt enn þrátt fyrir yfirlýst markmið í lögum meira að segja, þær rannsóknir verði nú framkvæmdar og á grundvelli þeirra fæst væntanlega úr því skorið hvort óhætt er að halda þessari starfrækslu áfram eða ekki.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara neinum orðum um mál hv. 7. landsk. þm. Hv. þm. hafði greinilega skrifað niður sína ræðu áður en ég gaf skýringar mínar og er ég þess raunar sannfærður að ýmislegt af því sem hún flutti þar hefði hún látið ósagt ef svo hefði ekki staðið á að ræðan hafði verið samin fyrir fram, vegna þess að það segir sig sjálft að hér erum við loks að fá fangs á að ganga úr skugga um eftir 20 ára starfrækslu, hvort okkur er óhætt að reka verksmiðjuna þarna eða ekki. Og það eru líkur á, eftir því sem vísindamenn telja, og Pétur M. Jónasson er þeirrar skoðunar líka, að það þurfi ekki að taka fimm ár að fá niðurstöður í því máli, þannig að þetta starfsleyfi kynni þess vegna að verða skemmra en það sem Náttúruverndarráð leggur til, til fimm ára.

Ég mun leggja það til við verkefnisstjórnina undir forustu Péturs M. Jónassonar að kvaddir verði til óhlutdrægir sérfræðingar af öðrum löndum, ef þess þykir þurfa, hlutlausir vísindamenn, til þess að meta niðurstöður rannsóknanna. Það er að mínum dómi nauðsynlegt þannig að það verði ekki í efa dregið að fullkomlega vísindalega sé staðið að allri rannsóknarinni og mati á þeim niðurstöðum sem hún gefur. Þetta virðast hv. ræðumenn hér flestir ekki vilja skeyta neitt um. Þeir orðfæra varla að kalla þessa ráðabreytni um að verja fjármagni til þess loks að stunda grundvallarrannsóknir og nauðsynlegar rannsóknir á svæðinu. Hér er allt saman tínt til af aukaatriðum og flest sem kalla má fullkominn útúrsnúning. Ég endurtek það að ég trúi því að gott samkomulag náist um þá meðferð málsins sem ég hef hér staðið fyrir.

Ég ætla að lokum að nefna enn eitt dæmi um það að ég hafi haldið því fram, eftir því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að bréf landeigendanna vikju ekki að kísilgúrnáminu og starfrækslu kísiliðjunnar. Þetta sagði auðvitað ekkert. Ég er ekkert að tala um það bréf. Ég var að tala um 60-menningana sem undirrituðu bréfið. Þeirra bréf snýst einvörðungu um kísilgúrnám við Syðri-Flóa, alveg einvörðungu, og ég las það hér upp frá orði til orðs. Þetta var enn eitt dæmið um hinn ótrúlega óvandaða málflutning hv. 3. þm. Reykv. Þótt maður sé ýmsu vanur úr þeim herbúðum man ég varla til þess að hafa heyrt annað eins upplok á einum hv. þm. og mátti heyra á hans máli.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég hef ekki verið lengi á þingi, en ég hef sjaldan heyrt málflutning eins og hjá hv. þm. Birni Dagbjartssyni. Það er kannske

eins gott vegna þess að við berum virðingu þessarar stofnunar á vissan hátt fyrir brjósti. Ég hef aldrei heyrt ræðu sem er eins full af öfund og tortryggni, skætingi og mannfyrirlitningu á þessum mánuðum sem ég hef verið hér.

Varðandi það hvernig að þessu máli er staðið ætla ég að upplýsa hæstv. ráðh. og hv. þm. um að það er að mínu eigin frumkvæði að ég hef aflað mér gagna um þetta mál. Það eru líklega þrjár vikur síðan ég hafði samband við skrifstofu Náttúruverndarráðs og óskaði þess að fá þau gögn sem fyrirliggjandi væru í þessu máli. Það er líklega vika síðan ég hafði aftur samband við skrifstofuna og óskaði þess að fá þau gögn sem kynnu að hafa bæst við og að ég fengi að vita um atburði og það sem kynni að gerast í þessu máli á næstu dögum vegna þess að ég álít það mikilvægt. Ég get ekki gert að því þótt hv. þm. Björn Dagbjartsson gangi í gegnum lífið með lokuð augun. Það vill svo til að hægt var að lesa, m. a. s. í hans málgagni, um þessi mál fyrir áramót. Og lögin, sem hér um ræðir, voru gefin út 1974 og líklega hefur hann verið orðinn læs þá. Hv. þm. hefur engu um að kenna nema sínum eigin aumingjaskap ef hann hefur ekki aflað sér þeirra gagna í þessu máli að hann sé viðmælandi um það í dag. Og hann ætti að spara sér fleiri ferðir í þennan stól þangað til hann hefur lesið þessi plögg.

Ég nenni varla að eyða orðum að því frekar sem í máli hans kom fram vegna þess að það var ekkert sem skipti máli. Hann talaði um að ég væri að þjóna einhverjum undarlegum kenndum og vekja athygli á mér. Ég held að það sé óþarfi fyrir þm. að vekja svo rækilega athygli á vankunnáttu sinni og fúllyndi sem hann gerði í stólnum áðan.

Ég vil að hérna komi skýrt fram að gagnaöflunin í þessu máli er að mínu eigin frumkvæði. Ég hef ekki verið undir neins konar fjarstýringu, eins og dylgjur þm. og ráðh. fólu í sér, og mér finnst það alls ekki starfi þeirra samboðið að hafa svona málflutning í frammi.

Það var í máli þeirra beggja vikið á ýmsan hátt að málfrelsi náttúruverndarráðsmanna. Það kemur manni ekkert á óvart, eftir það hvernig þeir hafa talað um þetta mál og hegðað sér, eins og hæstv. ráðh., að auðvitað vildu þeir múlbinda þá alla. Það er hin venjulega afstaða kerfiskarlanna að þola ekki að nokkur maður tali eða hugsi frá eigin brjósti og láti það uppi við nokkurn mann. Það er verðugt verkefni að líta á íslenskt stjórnkerfi með tilliti til frelsis og upplýsingaskyldu. Hér standa menn upp og berja sér á brjóst út af einhverju bréfi sem sé ekki komið norður. Það er líklega ástæðan fyrir því að þeir töluðu þó við Moggann í gærkvöld. Þeir reikna líklega með að Mogginn og bréfið fari í sama pósti norður. Auðvitað er þetta opinbert mál. Þetta kemur í öllum blöðum í morgun, inntak málsins kemur þar fram. Það væri vanræksla af hálfu Alþingis að taka þetta ekki fyrir eins og að því hefur verið staðið.

Umfjöllun ráðh. um lagastöðuna í máli þessu sýnir einmitt og sannar að lögin frá 1974 um verndun Laxár og Mývatns hafa nákvæmlega ekkert gildi. Það kemur á ýmsan hátt fram. Það kemur t. d. fram á þann hátt að í bréfinu er talað um að það sé sama ríkisins vegna þótt kísilgúr sé tekinn innan netalaga. Það er gefið leyfi fyrir kísilgúrtökunni yfirleitt án þess að hlutur Náttúruverndarráðs sé nokkurn tíma nefndur. Það þarf ekki annarra vitna við um að þessi lög eru ónýt. Þetta er svartur dagur í sögu íslenskra náttúruverndarmála. Fróðlegt væri fyrir hæstv. menntmrh. að vera hér viðstaddur og fylgjast með því hvernig um þessi mál hefur verið rætt og þeim dylgjum og dónaskap sem mönnum hefur verið sýndur.

Það er undarleg lögskýring, og reyndar tilkynnti hæstv. ráðh. að hann væri ekki sömu skoðunar, að lögin um Mývatn og Laxá giltu einungis um framkvæmdir og jarðrask sem eftir lagasetninguna kæmu til greina. (Gripið fram í.) Já, einmitt. Sú skoðun, hvers sem hún er, er náttúrlega fjarstæða. Það kemur fram í því hvernig að þessu máli er staðið að þar er verið að tryggja lögsögurétt Náttúruverndarráðs og að það hafi ótvíræðan rétt yfir þá lagasetningu sem þegar hafi verið sett um þessi mál. Hvað varðar vatnsbotninn sjálfan má segja að það sé tómt mál að tala um lagasetningu til að verja Mývatn ef vatnsbotninn er ekki varinn, vegna þess að hann er undirstaðan að þessu öllu saman. Og það var svo sem eftir málflutningi hv. þm. Björns Dagbjartssonar að fara að velta fyrir sér hver ætti vatnsbotninn og reyna að skjóta ráðh. sínum undan skömminni með vangaveltum um það. Vatnsbotninn er upphaf og endir þess lífs sem þarna er.

Það hefur verið talsvert rætt hérna um rannsóknir. Það er nú einu sinni gæðingum Háskóla Íslands, sem hv. þm. kallar svo, að þakka að það er líklega og vonandi hægt á fáum árum núna með öflugu átaki að gera þær rannsóknir sem til þarf til þess að komast sæmilega til botns í þessu máli. Ef það er hægt á þeim tíma sem er til stefnu er það vegna rannsókna þessara svokölluðu gæðinga Háskóla Íslands. Það er vegna þessara rannsókna, sem þegar hafa verið gerðar, að menn telja að með mjög öflugu átaki, reyndar öflugra átaki en hæstv. iðnrh. fjármagnar í sínum tillögum, sé hægt, jafnvel á þremur til fjórum árum eins og Líffræðistofnun Háskólans hefur talað um, að gera þær rannsóknir sem gerðu mönnum kleift að vita nokkurn veginn hvar þeir standa. Það verður m. a. hægt vegna rannsókna sem voru undir stjórn Péturs Jónassonar frá Kaupmannahafnarháskóla. Hann er kannske einn af þessum gæðingum og hann og hans menn meðal þessara gæðinga sem verið er að tala um.

Það eru auðsjáanlega nauðsynlegar verulegar viðbótarrannsóknir á þessu svæði til þess að fá botn í þessi mál og menn skyldu ekki tala með útúrsnúningum og illgirni um þá rannsóknarviðleitni sem þarna hefur þegar verið og gerir mönnum þó kleift að fjalla af einhverju viti um þetta mál, þótt vitið hafi greinilega ekki verið tiltækt þessum tvímenningum þegar þeir héldu í umr. í dag.

Í bréfi íbúa á svæðinu, sem hæstv. ráðh. hefur í tvígang gert að umræðuefni, er tekið fram að þeir eru að álykta gegn möguleikum á kísilgúrnámi í Syðri-Flóa. Mér er það fullvel ljóst. Mér er líka ljóst að 15 ára leyfið teygir menn hugsanlega innan færri ára en 15 inn á Syðri-Flóa nema verksmiðjan ætli sér kannske að taka kísilgúr á algjörlega óbætanlegum varpstöðvum á vesturhluta Ytri-Flóa, vestan við þá línu sem hún leggur til í bréfinu dags. 18. des. Það er nefnilega þannig að leyfið eins og það er gefið núna opnar möguleikann á kísilgúrtöku í Syðri-Flóa og það er gegn þeim möguleika sem sextíumenningarnir eru að álykta. Það eru engin skilyrði um staðsetningu prammans í þessu bréfi. Það er

fullkominn möguleiki á því að þarna verði tekinn kísilgúr innan 15 ára ef svo fer sem horfir og ráðleysið og dugleysið ræður.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir að hann teldi lögin frá 1974 ekki ómerk, en þó gengur hann gegn þeim að öllu leyti. Þau eru gjörsamlega gagnslaust plagg eins og með þau hefur verið farið í þessari einu afgreiðslu, þessu eina bréfi. Annaðhvort þarf að endurskoða þessa löggjöf eða hnekkja þessari leyfisveitingu vegna þess að eins og málið stendur núna er það gjörsamlega óviðunandi. Ráðh. og þm. ættu að hlusta meir og betur á hv. þm. Vigfús Jónsson þegar hann ræðir um stundarhagsmuni og langtímahagsmuni. Þá gæti verið að það opnaðist einhvers staðar glufa fyrir þann skilning sem er nauðsynlegur og óumflýjanlegur í þessu máli.

Það er hægt að halda áfram lengi dags, en ég ætla að hafa orð hæstv. forseta í huga þegar ég segi máli mínu senn lokið. Hvers vegna er munur á því að gera eins og hæstv. ráðh. hefur gert, að veita leyfi í 15 ár og setja af stað rannsóknir og hafa uppsagnarákvæði, og hins vegar þeim möguleika sem Náttúruverndarráð stakk upp á, sem er fimm ára leyfi og rannsóknir? Munurinn er sá að með 15 ára leyfinu er verksmiðjunni gefinn aðalbrautarréttur í 15 ár og til þess að stöðva kísilgúrtökuna er sönnunarskyldan Náttúruverndarráðs megin. Hún er reyndar ekki einu sinni Náttúruverndarráðs megin af því að það hefur skv. þessu enga umsögn um málið lengur. Stöðvunarskyldan er iðnrh. Til þess að stöðva þetta þarf rannsóknir sem eru enn þá einu sinni á valdi þess sama fjárveitingavalds sem hefur svo gjörsamlega brugðist hlutverki sínu hingað til, þó tilskildar séu þessar milljónir núna. Hvaða trygging er fyrir áframhaldandi rannsóknum? Þetta er engin trygging. Við höfum nú séð annað eins við setningu fjárlaga hérna og að kippt sé úr sambandi einni og einni fjárveitingu. Það heitir: þrátt fyrir ákvæði laga eða þrátt fyrir þetta og hitt.

Við erum í nákvæmlega sömu stöðu og áður. Kísiliðjan fær aðalbrautarréttinn, síðan er það annarra að reyna að stöðva kísilgúrtökuna ef þeim tekst að koma viti fyrir þann ráðh. sem veitti leyfið, ef þeir fá til þess fjármagn frá fjárveitingavaldi sem hefur verið svo óvinveitt og skilningssnautt hingað til. Þetta er hinn beiski sannleikur. Og þetta er enn þá verra vegna þess að þeir menn sem undir þarf að sækja hugsa allir eins og hv. þm. Björn Dagbjartsson. Ég veit ekki hvort ég hef það orðrétt eftir honum, en hann sagði: Ég er sannfærður um að kísilgúrtakan er af hinu góða.— Það mun þurfa að sannfæra hann um hið gagnstæða. Þetta er mergurinn málsins. Þeir sem að þessari leyfisveitingu standa og þeir sem verja hana eru sannfærðir um að kísilgúrtakan sé af hinu góða. (**Iðnrh.:** Þetta er fullyrðing út í bláinn sem þú veist ekkert um. Þetta er alrangt. Þú hefur ekki hugmynd um það.) Ég hef þetta eftir hv. þm. Birni Dagbjartssyni og ég þekki þennan hugsunarhátt annars staðar að. (Gripið fram í.) Það er nefnilega engin trygging að þessar 2 millj., sem talað er um að hugsanlega fari í þessar rannsóknir á hverju ári, nægi til að afla nægilegra gagna um þetta mál. Þó við treystum því að þær fáist erum við ekkert viss um að við getum forðað voða þarna. (**Iðnrh:** Pétur Jónasson álítur þetta mjög mikla og góða fjárfestingu.) Ég vona að Pétur Jónasson hafi á réttu að standa og þetta verði nægilegt vegna þess að þarna er mikið í húfi, miklu meira í húfi en þeir sem að þessu standa virðast skilja.

Eins og ég sagði fyrr í kvöld er þetta svartur dagur í sögu íslenskrar náttúruverndar þegar ráðh. og önugur skósveinn hans ganga svona fram og traðka á kannske einu löggjöfinni sem virkilega hefur verið reynt að setja á Íslandi til þess að tryggja umráðarétt náttúruverndaryfirvalda.

Forseti (Helgi Seljan): Ég dreg ekkert úr mikilvægi þessa máls og nauðsyn á umr. um það, en ég vek athygli á því að þessi umr. hefur nú þegar staðið í tvo og hálfan tíma og fer nú mjög að sneiðast um þann tíma sem forsetar ætluðu til umr. af þessu tagi. Sýnir það enn einu sinni hver nauðsyn er að reyna að setja ákveðnar reglur og ákveðnar skorður við umr. af þessu tagi. En ég vil, vegna þeirra sem enn eiga eftir að tala hér, óska eftir því að menn stilli máli sínu svo í hóf sem þeir geta og þá kannske ekki síður máli sínu almennt til þess að vekja ekki enn frekari umr. hér og lengri.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég skal virða orð forseta og stilla máli mínu í hóf hvað tímalengd varðar. Hér hefur þegar verið margt rætt í þessu máli, nokkur örtröð að komast í ræðustól og margt hefur þegar verið sagt af því sem ég vildi sagt hafa. Til að spara hv. þm. tíma vil ég taka það fram að ég get heils hugar tekið undir hvert einasta orð í upphafsræðu hv. þm. Guðmundar Einarssonar.

Hæstv. iðnrh. er búinn að koma hér í stólinn í tvígang og útlista sín sjónarmið án þess að þingheimur sé miklu nær, trúi ég, um ýmis atriði þessa máls. Eitt hefur verið mjög athyglisvert í máli hæstv. iðnrh. Hann hefur endurtekið það sífellt að verði niðurstöður rannsókna á þá lund að taka kísilgúrs hafi neikvæð áhrif á lífríki Mývatns þá muni starfsleyfið verða afturkallað og það muni jafnvel verða í gildi enn þá skemur en þau fimm ár sem Náttúruverndarráð leggur til að leyfið verði veitt með skilyrðum, jafnvel aðeins þrjú ár. Þetta hefur hæstv. ráðh. sagt hér margoft. Þrátt fyrir óskir hæstv. forseta um að reyna að efna ekki til langrar framhaldsumræðu þá langar mig til að spyrja hæstv. iðnrh. tveggja spurninga og vonast til að hann svari þeim hér á eftir:

Fyrst ráðh. leggur svona gríðarlega áherslu á það að leyfið kunni að vera í aðeins þrjú ár, í mjög skamman tíma, hvers vegna var þá leyfisveitingin ekki við það miðuð? Hvað var þá því til fyrirstöðu að fara að tillögum Náttúruverndarráðs og veita leyfið aðeins til fimm ára? Þetta var fyrsta spurningin.

Önnur spurningin snertir efnistökuna sjálfa. Hæstv. iðnrh. talaði um það einkum í fyrri ræðu sinni að það væri nóg af kísilgúr í Ytri-Flóa. Það væri nóg þar til að sjá verksmiðjunni fyrir efni í 15 ár og þess vegna þyrfti ekki að taka úr Syðri-Flóa. Spurning mín til iðnrh. er því tvíþætt. Í fyrsta lagi: Á þá ekki að taka úr Syðri-Flóa úr því að ráðh. telur að það sé nóg í Ytri-Flóa? Og í öðru lagi: Ef svo er, hvers vegna er það þá ekki tekið fram í leyfisveitingunni að ekki eigi né þurfi að taka úr Syðri-Flóa? Málflutningur hæstv. ráðh. hangir því miður ekki saman. Ef þetta eru rök sem hann færir fyrir máli sínu, þau annars vegar að leyfið geti komið til með að vara mjög skammt, og í öðru lagi að það þurfi ekki að taka úr Syðri-Flóa, hvers vegna er þá ekki gert ráð fyrir þessum sjónarmiðum í leyfisveiting-

unni sjálfri?

Ráðh. talaði hér áðan um það, og þá í svari við fsp. frá hv. 3. þm. Reykv., að hann mundi afturkalla leyfið ef verulegar breytingar yrðu á gróðri og dýralífi við Mývatn sem rekja mætti til verksmiðjunnar. Þetta er hugsunarháttur sem mér er mjög andstæður. Þ. e. við skulum fyrst sjá hvort við skemmum eitthvað, og svo, ef við skemmum eitthvað, þá skulum við hætta við að gera það. Er ekki betra að byrgja brunnin áður en barnið er dottið ofan í hann? Hvernig ætlar hæstv. ráðh. að laga þá röskun á lífríki og dýralífi sem kann að verða á Mývatni við frekari efnistöku? Hún er óbætanleg. Þar getur engin ráðuneytistilskipun bætt um betur.

Að mínu viti er skammsýni hæstv. núv. iðnrh. með endemum í þessu máli og er það reyndar mat mitt á öðrum þeim málum sem undir hans rn. heyra og komið hafa til umfjöllunar hér á hæstv. Alþingi. Ef við lítum á þau mál öll í heild þá stefna þau öll að sama marki: að stundargróða, að einhverjum ábata sem er fljótfenginn, og aðeins miðað við þá stund sem nú er að líða og sem fram undan er á næstu grösum. Þetta er dýrkeyptur stundargróði. Þegar hefur ýmislegt verið af hendi látið í iðnaðarmálum landsins til að hafa erlenda viðskiptaaðila góða. Ef þessi leyfisveiting hefur það í för með sér að af hendi verði látið lífríki einhverrar fegurstu sveitar landsins og þótt víðar væri leitað, þá get ég sannarlega tekið undir þau orð, sem hér féllu áðan, að þetta er ekki bara svartur dagur í náttúruverndarsögu Íslands, heldur í sögu landsins alls.

Að lokum, herra forseti, vænti ég þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hér hefur margt verið sagt af því sem ég ætlaði að vekja máls á. Ég ætlaði mér alls ekki að taka þátt í þessum umr. og er því ekki efnislega undirbúin. En mér hefur þegar blöskrað svo að hlusta hér á málflutning ráðh. og stuðningsmanna hans að ég fæ ekki orða bundist. Það gengur fram af mér sú lítilsvirðing sem náttúruverndar- og vísindamönnum er sýnd í máli þeirra. Og það gefur kannske einmitt skýringu á því undir hvaða högg rannsóknarstarfsemi hefur almennt átt að sækja hér á landi, högg vanþekkingar og fordóma.

Hvers vegna talar hæstv. ráðh. t. d. um „málamyndarannsóknir" innan hermimerkja? Ekki hefur hann kynnt sér þessar rannsóknir að eigin sögn. Hvernig getur Ísland haft efni á því að eiga svo fordómafullan og skammsýnan iðnrh. að hann hirðir ekki um að kynna sér náttúruverndarsjónarmið í iðnaðarmálum í þessu vistfræðilega viðkvæma landi?

Nú vill svo til, hæstv. ráðh., að ég hef í engan skóla gengið, hvorki í gær né í nótt, til að beita mér í þessu máli af því að það ætlaði ég ekki að gera. Því dæmi ég eingöngu af því sem ég hef séð og heyrt hér í dag. Og það segja mér öll skynfæri og dómgreind að hroki hæstv. ráðh. og hortugheit bera ekki vott um styrkan málstað né góða samvisku. Þá fannst mér það enn fremur bera vott um halla stöðu ráðh. í málinu að hann skyldi verja löngum tíma af máli sínu til þess að orðlengja smáfrétt úr Þjóðviljanum. Voru hans eigin staðreyndir ekki nógu sterkar? Vinnubrögð hans önnur sýnast mér óvandvirknisleg.

Hæstv. ráðh. gerði gys að bréfi frá landeigendum við Mývatn og afstöðu þeirra, sprottinni af sterkum tilfinningum til átthaga sinna, í þessu tilviki óvanalegra átthaga frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, tilfinningum og afstöðu sem fram komu í máli flokksbróður hans, hv. þm. Vigfúsar B. Jónssonar. Þetta finnst mér ómaklegt af hæstv. ráðh.

Hvað varðar væntanlega fjármögnun rannsókna þá býst ég við að vísindamenn séu því fegnir að einhverjar krónur fáist nú til rannsókna á svæðinu. En ég tek undir það með hv. þm. Sigríði Dúnu að þetta er af alröngu tilefni og hefði fyrir löngu átt að koma til af náttúrufræði- og náttúruverndarsjónarmiðum, en ekki sem friðþægingardúsa sprottin af skammtímagróðasjónarmiðum.

Og mér dettur nú í hug: Hvað á að fara að rannsaka? Það sem búið er að skemma? Væri ekki nær að rannsaka áður en röskun er fyrirhuguð? Nei, hæstv. ráðh., okkur ber að hyggja að viðkvæmri náttúru þessa lands og við þurfum að bera gæfu til að varðveita hana, nýta hana með gát og skila henni til afkomenda okkar a. m. k. jafngóðri og við tókum við henni, helst betri. Og það tel ég m. a. vera hlutverk ráðh., honum falið af þjóðinni.

Minnumst þess að það er ekki hægt að gera allt að söluvöru. Og sumt verður aldrei bætt sem einu sinni er skemmt. Það er kannske óviðeigandi, en eitt það fyrsta sem mér datt í hug í þessari umr. var smávísa, sem ég lærði þegar ég var barn, um ógæfumann og hann var kallaður Stebbi í vísunni:

Stebbi stál
stakk sig á nál,
seldi sína sál
fyrir eina grautarskál.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa þetta mjög langt í þetta sinn. Ég varð satt að segja alveg hissa á þessum belgingi í hv. þm. Guðmundi Einarssyni hér áðan og skil nú allra síst hvern ég ætti að öfunda, ekki a. m. k. hann eftir svona stranga andvökunótt með samkennurum sínum inni við Grensásveginn. En orðaleppa hans að öðru leyti læt ég mér í léttu rúmi liggja.

Ég sagði áðan að ég hefði ekki haft tíma til að fletta upp í lögum, mér þætti það miður að geta ekki stúderað þessi lög nánar af því tilefni að hér ætti að tala um lagagildi þessara hluta. Auðvitað hef ég lesið flest það sem um þetta hefur verið skrifað og miklu meira en hv. þm., ég er alveg viss um það. Það vill svo til að þetta hefur verið mitt brennandi áhugamál af eðlilegum orsökum í mjög mörg ár. Meðan hv. þm. var enn í barnaskóla var ég líklega farinn að fylgjast með þessu.

Ég las m. a. þykkar skýrslur í sumar. Ég treysti því ekki að þær sýni eitt né neitt. Ég er þó nokkuð vanur að lesa vísindaleg rit, hef eytt í það mörgum árum meira að segja, en ég get ekki af þeim niðurstöðum treyst því að þær hjálpi nokkuð til að finna sannin í þessu máli.

Varðandi málflutning Kvennalistans er hann af sama toga og venjulega gagnvart atvinnustarfsemi og ég leiði hann hjá mér.

Það var minnst hér á að Náttúruverndarráð og valdsvið þess væri fótum troðið. Ég er hræddur um að svo kunni að fara. Náttúruverndarráð á nefnilega, því miður verð ég að segja, formælendur ansi fáa orðið. — (**Gripið fram í:** Hvað sagði þm.? Í Sjálfstæðisflokknum?)

Ég þekki nú þennan samning sem hér var gerður að umtalsefni og af því að hv. 3. þm. Reykv. rétti mér hann vinsamlegast hér áðan, þá hefði verið freistandi að lesa hann. Hann er allmargar blaðsíður en ég fletti aftur upp á þeim greinum sem ég taldi máli skipta og þær geta þm. auðvitað kynnt sér. Það er þá sérstaklega 1. og 3. liður 2. gr., og einnig 1. og 2. tölul. 3. gr. En í þessu stendur ekkert, ég fullyrði það, það stendur ekkert í þessu sem á nokkurn hátt gæti farið í bága við ákvarðanir iðnrh. í þessu máli. Það eru að vísu nokkrar blaðsíður hér um hvernig ráðstefnur skuli vera á vegum UNESCO í samræmi við þennan samning, um það eru einar tvær blaðsíður, en hér í 2. tölul. 11. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild að samþykktinni eftir að fimm ár eru liðin frá þeim degi sem samþykktin öðlaðist gildi, með því aðeins að tilkynna það skriflega. Uppsögn aðildar skal öðlast gildi fjórum mánuðum eftir þann dag sem tilkynningin berst vörsluaðila."

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið, herra forseti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Aðeins til glöggvunar á því lagalega deiluefni, sem menn eru hér að ræða, vil ég vekja athygli á grg. þeirri sem fylgdi frv. til l. um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþinginu 1973. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í almennri grg.:

„Við meðferð máls þessa í Náttúruverndarráði kom til álita hvort náttúruverndarlög nr. 47/1971 fælu ekki í sér nægar heimildir til þeirrar sérstöku verndunar eða friðunar sem frv. gerir ráð fyrir

Um það atriði var leitað álits dr. Gauks Jörundssonar prófessors. Taldi hann að enda þótt ákvæði náttúruverndarlaga nr. 47/1971 ættu að öllu jöfnu að nægja til þess að koma á með friðlýsingu svipaðri vernd og frv. gerir ráð fyrir, þá hefðu hins vegar sérstök lög æðra gildi en reglur og ákvarðanir stjórnvalds og gætu því m. a. þjónað þrenns konar tilgangi.

Í fyrsta lagi hefðu ákvæði þeirra sjálfstæða þýðingu að því leyti að þau settu reglur sem handhafar framkvæmdavalds hefðu ekki tök á hrófla við."

Í þessu tilfelli, herra forseti, er iðnrh. handhafi framkvæmdavalds og þess vegna álitamál hvort hans leyfi er gilt með tilliti til þessara laga.

Síðan segir áfram hér í grg.: „Í öðru lagi gætu slík lög veitt náttúruverndaryfirvöldum ótvíræða heimild til að breyta reglum og öðrum ákvörðunum annarra stjórnvalda sem þegar kynnu að vera fyrir hendi. Og í þriðja lagi gætu sérstök lög haft sjálfstætt gildi að því leyti að með þeim mætti tryggja að ákvarðanir náttúruverndaryfirvalda yrðu taldar rétthærri en ákvarðanir annarra stjórnvalda."

1. málsgr. 3. gr. hljóðar svo: „Á landsvæði því, er um getur í 32. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til." Um þetta segir í athugasemdum við 3. gr.: „Samkvæmt þessari grein er almenna reglan sú að hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask, t. d. vegagerð eða taka jarðefnis, er óheimilt án samþykkis Náttúruverndarráðs." Ætli þetta nái nú ekki alveg örugglega til botnsins í Mývatni, taka jarðefnis? Getur verið nokkur vafi á því? Og síðan segir: „Hins vegar eru heimilar nauðsynlegar og eðlilegar framkvæmdir vegna búskapar á lögbýlum. Slíkar framkvæmdir geta þó verið óheimilar ef þær að dómi Náttúruverndarráðs valda spjöllum á náttúruverðmætum."

M. ö. o., það er hafið yfir allan vafa að þessi lög taka einnig til jarðefnis og þar með botnsvæðisins sem hér er um að ræða og þeirrar leyfisveitingar þá sem iðnrh. hefur framkvæmt. Það er hafið yfir allan vafa. Lögin ganga meira að segja svo langt að þau segja: „Náttúruverndarráð getur bannað framkvæmdir á lögbýlum." Það stendur hér ótvírætt í þessu plaggi sem lagt er fyrir löggjafann. Löggjafinn er þeirrar skoðunar. Það er alveg sama þó að einstakir þm. í dag telji þetta vitlaust. Það breytir engu vegna þess að löggjafinn hefur talað í þessu máli og hann hefur sagt: „Náttúruverndarráð getur stöðvað framkvæmdir á lögbýlum ef þær að dómi Náttúruverndarráðs valda spjöllum á náttúruverðmætum."

Ég held þess vegna að það sé hafið yfir allan vafa að það er útilokað fyrir iðnrh. að ganga fram með þeim hætti sem hann hefur gert, án þess að hann reyni mjög á þolrifin í þessum lögum, að ekki sé meira sagt. Og ég fullyrði héðan úr þessum stól að menntmrh. gæti, ef hún vildi, stöðvað þessa leyfisveitingu. Ákvæði laganna um verndun Laxár-og Mývatnssvæðisins eru það ótvírætt í þessu efni. Það hefur hins vegar komið fram að húsbóndi Náttúruverndarráðs, menntmrh., hafi ekki hreyft athugasemdum við þessum gjörningi. Og þá er komið að sjálfstæðri stöðu Náttúruverndarráðs sem slíks. Á það að beygja sig undir pólitískt vald þeirra sem að þessu standa? Eða á það að reyna að tryggja rétt sinn með skírskotun til þessara laga en heita ómerkt ella?

Ég heyrði það sem hv. þm. Björn Dagbjartsson sagði hér áðan, að Náttúruverndarráð væri nú misjafnlega mikils metið í þjóðfélaginu. Það er bersýnilegt að verið er að reyna að grafa undan tiltrú fólks á þessa stofnun og það er mjög alvarlegur hlutur þegar það er gert. Sérstaklega þegar það er gert af mönnum sem hafa aðstöðu til þess, ef þeir vilja, að flytja tillögu og ná þeim fram um breytingar á stöðu Náttúruverndarráðs, þannig að það geti gegnt hlutverki sínu sem best. Þegar menn tala úr stjórnarmeirihluta á Alþingi með þessum hætti þá er eftir því tekið. Það er eftir því tekið þegar slíkir menn eru að dreifa óhróðri um þessa stofnun.

Ég held að hér sé komið að kjarna málsins. Og spurningin stendur þá eftir: Mun Náttúruverndarráð tilnefna menn í þá nefnd sem iðnrh. óskar eftir skv. 7. tölul. í starfsleyfinu? Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert. Mun Náttúruverndarráð gera það og þar með samþykkja vinnubrögð iðnrh.? Það verður athyglisvert hvort það í raun og veru gerist.

Iðnrh. gerir mikið úr því að hér séu ítarleg endurskoðunarákvæði. En hver er það sem á að meta endurskoðunina eftir allt það sem á undan er gengið? Hver er það sem á að dæma um það og ákveða hvort hlutirnir eru í lagi? Er það Náttúruverndarráð? Hver er það? Það er iðnrh. Hann einn hefur alræðisvald til að meta niðurstöður þeirra rannsókna sem verið er að tala um. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð af stjórnvöldum. Þarna ætti auðvitað að tryggja að til skjalanna kæmi annar aðili en iðnrh. sem á fyrir hönd íslenska ríkisins fjárhagslegra hagsmuna að gæta við rekstur Kísiliðjunnar hf. við Mývatn. Með því að fela iðnrh. að meta rannsóknaniðurstöður er í raun og veru verið að vísa valdinu, úrslitavaldinu í þessu máli á aðila sem hefur ríkari hagsmuni af því á hverri stundu að tryggja stöðu

Kísiliðjunnar heldur en náttúruverndarsjónarmið í landinu. Þarna rekast á tvö sjónarmið, tvenns konar grundvallarhagsmunir. Af þeirri ástæðu einnig eru vinnubrögð iðnrh. í þessu efni algerlega óeðlileg.

Ég skildi iðnrh. svo í seinni ræðu hans hér í dag að út af fyrir sig vefengi hann ekki rétt Náttúruverndarráðs. En hann vísi Náttúruverndarráði á dómstólana vegna þess að það sé eina leiðin fyrir Náttúruverndarráð til að sækja rétt sinn. Ég held að hæstv. ráðh. þurfi að átta sig á því að það eru ekki einstakir þingmenn hér sem eru að hvetja til ófriðar í þessu efni. Það er hæstv. ráðh. sem með vinnubrögðum sínum er að stofna til ófriðar, ekki aðeins hér á hv. Alþingi heldur sérstaklega í þeirri sveit og því byggðarlagi sem hér á hlut að máli. Ég minni á að Alþingi hefur áður tekið ákvarðanir varðandi þetta hérað og byggðarlag, ákvarðanir sem hafa reynst orka tvímælis gagnvart íbúum þess. Ég held að reynslan af Laxárdeilunni ætti að kenna okkur öllum að umgangast ekki hagsmuni og viðkvæm sjónarmið fólks með þeim hætti sem þá var gert og hér er verið að endurtaka. Því miður virðast menn hafa gleymt þeim lærdómi sem menn áttu að draga af Laxárdeilunni.

Svo er spurningin að lokum, herra forseti: Norðurlandskjördæmi eystra á sex þm. kjörna á Alþingi. Þrír þeirra eru kosnir fyrir Framsfl. Hann hefur ekki mætt hér í ræðustólinn í dag. Ég spyr því hv. þm. Guðmund Bjarnason sem einn af fyrirmönnum Framsfl. og hv. þm. Stefán Valgeirsson líka, — einn af forustumönnum Framsfl. m. a. í bankamálum: Hefur þingflokkur Framsfl. fjallað um þetta mál? Samþykkti Framsfl. þessi vinnubrögð? Ég óska eftir svari við þessari spurningu.

Svo mundi ég spyrja annarrar spurningar ef það væri hægt. En ég ætla að segja ykkur áður en ég fer héðan hver hún var. Hún er þessi: Hvar eru fulltrúar flokksins sem spyr þessa dagana: Hverjir eiga Ísland? Mér finnst þessi umr. í dag vera innlegg í svar við þeirri spurningu: Hverjir eiga Ísland?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt. En af því sem fyrirspurnum hefur verið beint til mín, þá sé ég mér nauðugan einn kost að standa hér upp enn á ný. En það verður að ætlast til þess af hv. þm., sem vilja vera að taka þátt í umr. ítrekað um mikilsverð mál, að þeir fylgist þá með því sem fram fer. Ef hv. 3. þm. Reykv. hefði gert það, þá hefði hann getað sparað sér miklar vangaveltur og hneykslan yfir því að það væri iðnrh. sem mundi taka rannsóknarniðurstöðurnar, og meta, af því sem ég var búinn að lýsa því hvaða vinnubrögð hlytu að verða höfð í frammi þegar þær lægju fyrir, með þeim hætti að óvilhallir menn, vísindamenn og þá helst kannske af öðrum löndum, yrðu fengnir til að meta þessar niðurstöður.

Það er von að tími hins háa Alþingis fari fyrir lítið þegar svona umræður eiga sér stað, þar sem beitt er ítrekuðum útúrsnúningum. Og svo búa menn sér til málsástæður þvert ofan í það sem búið er að upplýsa í málinu.

Hv. 3. þm. Reykv. gerðist hálf óttasleginn við frumhlaup sitt í fyrri ræðu sinni, þess efnis að nú hlyti Náttúruverndarráð að leita til dómstóla, nú hlyti málinu að verða hleypt í bál og brand, og finnur þess vegna út í síðari ræðu sinni að hann hafi skilið mig svo að ég væri að vísa Náttúruverndarráði á dómstóla. Hann fór ýmsum orðum um lögfræðiskýringar og álit. Ég tek ekkert frekar þátt í þeim. Ég lýsti hér nákvæmlega í upphafi máls míns hvernig lagaákvæði lægju fyrir og túlkun þeirra af minni hálfu og minna ráðgjafa og þarf engu við það að bæta. Hv. þm. vitnaði til þess í grg. með lögunum frá 1974 hvað Gaukur Jörundarson hefði sagt um hvert valdsvið slíkra laga gæti verið o. s. frv., o. s. frv. í það óendanlega, spekúlasjónir og vangaveltur lögskýrandans og prófessorsins. En öll sú upprifjun hefur ekkert gildi í þessu sambandi.

Ég tók fram að hafa þyrfti í huga að ágreiningur rís um valdsvið vegna mannvirkjagerðar og jarðrasks á svæðinu sjálfu ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til að hafa áhrif á einhverjar framkvæmdir Kísiliðjunnar og er slíkur ágreiningur rn. og útgáfu þessa leyfis ekki beint viðkomandi, eins og menn geta skilið.

Hv. 4. landsk. þm. taldi að við stæðum í nákvæmlega sömu sporum, þrátt fyrir það að nú sé loksins séð fyrir verulegu fjármagni og vonandi nægjanlegu til þess að hefja þær grundvallarrannsóknir á áhrifum starfrækslu Kísiliðjunnar sem svo óforsvaranlega lengi hafa dregist úr hömlu. Hv. þm. hefur þá ekki fengið öll plögg sem að þessu lúta eða ekki mátt vera að því á þessum skamma tíma að kynna sér þau. Í 5. lið leyfisveitingarinnar er rætt um það endurgjald sem Kísiliðjan skal greiða árlega í ríkissjóð. Síðan eru tilgreind viðurlög ef það er ekki greitt, ákvæði um að það skuli renna til rannsóknanna og jafnmikið af hálfu hins opinbera og síðan er tekið fram að iðnrh. sé heimilt að afturkalla leyfið án frekari fyrirvara verði ítrekað gjaldfall á greiðslu.

Allt er þetta hér eins niðurnjörvað og hugsast getur þannig að fjármagn til þessara rannsókna er tryggt. Það sem ég sagði hér, hvort sem menn nenna nú að hlusta á það sem sagt er og meðtaka þau orð, var að ég hefði breytt því í leyfisveitingunni þar sem áður var talað um að þetta fjármagn, sem er gengistryggt á þriðju millj. á ári, greitt mánaðarlega og nemur 188 þús. kr. á mánuði nokkurn veginn nákvæmlega, ég breytti því sem tiltekið var að það mundi verða í fjögur ár og hef það jafnlangt leyfisveitingunni, ef hún stendur í 15 ár eða hvað sem hún nú stendur. En það kann að vera að á þessum tíma og vonandi innan 3—4 ára verði búið að rannsaka áhrif Kísiliðjunnar. Ef þau þykja ekki slík að óhætt sé að halda þarna áfram, þá heldur samt áfram fjárveitingin með þessum hætti til rannsókna við Mývatn, bæði að fylgjast áfram með gúrnáminu og til annarra þarfa, sem ekki mun af veita í rannsóknum á þessu mikilvæga svæði. Þetta er því auðvitað fullyrðing sem enga stoð á sem þarna er komin fram. Og mér blöskraði satt að segja fullyrðing á þá vísu, að við sem mælt höfum með þessari málafylgju og þessari afgreiðslu teldum gúrnám af hinu góða. Ég hef alveg frá upphafi verið í miklum vafa um að það væri.

Svo einkennilega vildi til að ég var hér staddur sem varaþm. árið 1965 þegar verið var að greiða atkv. um stofnun og byggingu þessa mannvirkis. Ég var í mjög miklum vafa. Og það er vegna þess að ég hef alla tíð verið ákafur unnandi náttúruverndar, þótt hv. 3. þm. Reykv. álíti nú að öðruvísi væri innréttingin mín, og hef raunar borið fram tillögur um náttúruvernd á hinu háa Alþingi fyrir margt löngu og viljað í hvívetna styrkja allt starf sem að því lýtur og hef raunar gert það í þeim

stofnunum þar sem ég hef haft tök á. Það má kannske spyrja Pétur M. Jónasson prófessor um afstöðu mína og athafnir í því sambandi. Og nenni ég nú ekki að víkja frekar að hv. 3. þm. Reykv. sem var gráti nær eins og vant er yfir því að ég skyldi vera að hnýta í Þjóðviljann, málgagn Alþb.

Þá vík ég að fsp. sem hv. 11. þm. Reykv., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, bar fram. Að vísu hafa svör við þeim fsp. margbirst í máli mínu. En spurt er hvernig á því standi að það þurfi þessa fljótaskrift, eins og menn eru alltaf að tala um, hvernig á því standi að fyrirtækið skuli þurfa að hafa fast undir fótum vegna starfrækslu sinnar, af hverju megi ekki gefa leyfið í örskamman tíma. Má ég minna menn á hverjir þeir hagsmunir eru líka sem mér til að mynda ber að gæta. Það eru hagsmunir fjölda manna sem hafa lífsframfæri sitt af starfrækslu þessa fyrirtækis. Það eru hagsmunir þeirra sem eru að koma sér fyrir á svæðinu og hafa fjárfest þar stórfelldlega til þess að sjá sér og sínum farborða. Það eru hagsmunir fyrirtækisins sem þarf að fjárfesta árlega miðað við það að starfrækslan verði um lengra árabil. Öll vitum við að það eru takmörk fyrir því sem hún getur starfað. Eftir rannsóknum getur hún lengst starfað 16 ár vegna námunnar í Ytri-Flóa og 54 ár ef allur Syðri-Flói er undirlagður. Ég held að ég muni þessar tölur rétt.

Það þarf árlega að taka ákvarðanir um stórfelldar fjárfestingar á svæðinu. Þetta eru mikil umsvif og það eru miklar tekjur sem fólk, sem vinnur þar, hefur af þessu. Og það eru miklar gjaldeyristekjur af þessu. Svo geta menn vísað því á mig að ég stundi ekkert nema stundargróða og vilji fórna öllu fyrir stundargróða, náttúru landsins og lífríki, sjálfsagt sjálfstæði þess og fullveldi. Og þetta er allt saman kallað að tala yfirvegað og af kurteisi, en mín svör öll kölluð hrottafengnar dylgjur og dónaskapur.

Ég held að ég hafi svarað því hvers vegna leyfið er gefið til 15 ára en ekki 5 ára. Ég tók það fram að ein ástæðan fyrir því að leyfisveitingin varð hæst til 15 ára en ekki 20 er sú, að náman í Ytri-Flóa endist í 16—17 ár. Það var eitt af því sem réði niðurstöðu minni. Og vísindamenn, sem ég vísa á bug að ég hafi verið að gera lítið úr hér, og spyr bara um ákveðnar tilvitnanir í þá en ekki stöðugar fullyrðingar um svívirðingar mínar í þeirra garð, þeir segja mér að rannsóknin þurfi sjálfsagt ekki að standa nema í þrjú ár. Innan fjögurra ára a. m. k. eiga niðurstöður að vera fengnar. Er mönnum þetta ekki nægjanlegt? Er ekki siglt fyrir öll sker um þá hættu sem kann af þessu að stafa? Ég vísa á bug ásökunum um það að ég hafi staðið fyrir því að óbætanleg hervirki hafi verið unnin fram til þessa dags á lífríki Mývatns. Ég vísa því á bug. Það hafa setið hér stjórnir í landinu í 18 ár af þessum 20, sem leyfi hafa staðið, og þær hafa ekki séð neina ástæðu til að rifta eða afturkalla það leyfi sem þarna hefur gilt.

Ég hef ekki haft nein tök á því fyrr en nú að kynna mér stöðu mála norður þar frá því um mitt síðasta ár er beiðni um framlengingu leyfisins barst. Ég hef eftir öllum ástæðum reynt að kynna mér þessar aðstæður og ég hef lagt mig fram um að ná fram þeirri stöðu málsins sem ég trúi ekki annað en að hlutaðeigendur við Mývatn norður geti vel sætt sig við.

Ég taldi það skyldu mína vegna fyrirtækisins og vegna hins stórkostlega lífríkis að halda svona á þessum málum. Þegar ég gáði til allra hluta sem mér ber að gera, þá var þetta niðurstaða mín eftir bestu samvisku. Svo er mönnum sjálfrátt að halda áfram að ausa yfir mig svívirðingum um það að ég skeyti ekkert um lífríki Íslands og vilji öllu til kosta og sé tilbúinn að selja sálu mína og landsins fyrir stundargróða.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Hv. þm. Björn Dagbjartsson taldi í fyrri ræðu sinni hér fráleitt að fullyrða nokkuð um að meiri hluti landeigenda væri sammála Náttúruverndarráði og tillögum þess. Af því tilefni vil ég benda á að þeir 60 aðilar, sem náðist í á einu kvöldi til að undirrita yfirlýsingu þá sem vitnað var til hér áðan, eru frá a. m. k. 19 bæjum í Mývatnssveit, og raunar fleirum, því margbýlt er víða í þeirri góðu sveit eins og menn vita. Hv. þm. Björn Dagbjartsson er að vísu mér kunnugri í Mývatnssveit og hef ég þó harla oft þangað komið, enda alin upp í næsta nágrenni, en skv. litlu korti sem ég er hér með eru þetta fulltrúar frá því sem næst öllum bæjum sem þar eru merktir. Auk þess vitnaði ég til bréfs stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns sem er einróma í afstöðu sinni. Vildi ég láta þetta koma fram hér.

En ósköp er leiðinlegur og ómálefnalegur þessi sífelldi belgingur sjálfstæðismanna gagnvart Kvennalistanum sem þeir telja að ekkert vit hafi á atvinnumálum. Ég verð að benda enn og aftur á að það koma ekki margir ferðamenn til að kynna sér einstakt fuglalíf á þessum dýrmæta stað, drottningu íslenskra vatna, ef skammsýnin og sjónarmið stundargróða fá hér öllu að ráða. Ferðamennska er ekki síður mikilvægur atvinnuvegur en kísilgúrvinnsla.

Ég vil þakka hv. þm. Vigfúsi Jónssyni fyrir innlegg hans í þessa umr. Þau orð voru sem töluð út úr mínu hjarta. Ég ráðlegg hæstv. iðnrh. og skoðanabræðrum hans að lesa þá ræðu vandlega. Við verðum að huga að því í tæka tíð hvað á að taka við þegar Kísiliðjan hættir starfsemi. Sæmra væri að snúa sér strax að því og jarða alla drauma um kísilgúrvinnslu til allt að 54 ára, eins og heyrðist hér áðan, sem óbætanlegu tjóni mundi valda m. a. fyrir aðra atvinnu á þessu svæði.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég ætlaði út af fyrir sig ekki að lengja þessar umr. Ég hef hlýtt á þær með athygli og tel að margt fróðlegt hafi komið hér fram. En að gefnu tilefni, þar sem hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson spurði mig að því sérstaklega og óskaði svars um það hvort þetta mál, eða eins og hann orðaði það, þessi vinnubrögð hafi verið samþykkt af þingflokki Framsfl., þá er mér bæði ljúft og skylt að svara honum.

Ég býst við að það sem hv. þm. kallar „þessi vinnubrögð" sé framlenging á leyfi, útgáfa á námaleyfi af hálfu iðnrh. til Kísiliðjunnar við Mývatn til 15 ára. Þetta mál hefur alls ekki verið rætt í þingflokki Framsfl. Það hefur ekki verið þar á dagskrá. Það fór fyrir mér eins og sumum fleirum, sem hér hafa talað í dag, að ég vissi lítið um þetta mál og raunar alls ekki að það væri til umfjöllunar í dag utan dagskrár fyrr en ég las það í Þjóðviljanum í morgun. Einhvers staðar hafa því þeir ágætu menn, sem það blað skrifa, fengið upplýsingar og vita betur en þeir sem hér mæta á þingfundi kl. 2, enda er þetta ekki heldur dagskrármál. Lokamálsliður í þessari frétt í þjóðviljanum í dag, er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í dag má búast við að málið verði tekið fyrir utan dagskrár á Alþingi.“

Þetta hygg ég að enginn af þm. Framsfl. hafi vitað og þar af leiðandi hefur þetta ekki verið til umr. á þingflokksfundi þar. Ég álít líka að það sé að sjálfsögðu í höndum iðnrh. að fjalla um þetta. Kísiliðjan hefur af eðlilegum ástæðum leitað eftir því að fá þetta atvinnuleyfi framlengt í bréfum sem einhver hefur verið svo hugljúfur að senda mér í dag. Að vísu fylgir ekkert nafn þar, en umslagið er merkt Náttúruverndarráði. Þeir ágætu starfsmenn þar hafa verið svo hugljúfir að senda mér margvíslegar upplýsingar um þetta mál í dag sem ég hef verið að kynna mér hér á meðan ég hlustaði á þessar umr. Þar kennir að sjálfsögðu ýmissa grasa. Ég vil segja það við þá náttúruverndarráðsmenn að ég met þeirra starf mikils og mér dettur ekki í hug að fara lítilsvirðingarorðum um vísindamenn okkar á þessu sviði frekar en öðrum. Ég ber fullt traust til þeirra og ég veit að þeir vilja vinna sitt starf vel og af kostgæfni. En ég vil þó benda þeim á að þeir verði einnig að gæta sín örlítið í vinnubrögðum og fara ekki offari, þannig að þeir fái e. t. v. einhvern hluta af fólkinu í landinu algerlega á móti sér, vegna þess að þau mál sem þeir fjalla um eru svo ákaflega þýðingarmikil, það sem þeir gera og það starfsfólk sem vinnur á vegum Náttúruverndarráðs og þessir ágætu vísindamenn okkar, að þeir verða að hafa fullt traust fólksins í landinu.

Fyrst ég er nú kominn hér, forseti, þá held ég að ég verði að fá að bæta við örfáum orðum. Ég skal reyna að vera stuttorður. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá Vigfúsi Jónssyni hér áðan, þegar hann sagði að að sjálfsögðu væri lífríki við Mývatn, þessi perla íslenskrar náttúru, meira virði en Kísiliðjan. Og ef öðru hvoru er fórnað, þá auðvitað hljótum við að fórna Kísiliðjunni, það er auðvitað ekki spurning. En ég tel hins vegar að við verðum að skoða allar hliðar þessa máls gaumgæfilega. Og þegar talað er um hagsmuni fólks, þá verðum við að tala um hagsmuni alls þessa fólks sem þarna býr. Við erum að tala um hagsmuni þess fólks sem vinnur við þetta fyrirtæki, hefur afkomu sína af því, hefur byggt sig upp þarna á undanförnum árum, hefur fjárfest á þessu svæði. Og auðvitað hefur sveitarfélagið verulegar tekjur af þessari atvinnustarfsemi svo og nærliggjandi sveitarfélög, eins og kemur hér fram í einu af þeim bréfum sem mér voru fengin í dag án þess að nú sé tími til þess að lesa það upp, og væri það þó sjálfsagt þarft.

Mér finnst hafa komið hér fram í þessum umr. einnig nokkur lítilsvirðing varðandi þær fjárveitingar sem nú er fyrirhugað að verja til rannsókna á þessu landsvæði. En það held ég að sé stærsti þátturinn í þessu máli að nú fá okkar vísindamenn fjármagn úr að spila meira en nokkru sinni fyrr. Eitt af þessum gögnum úr umslaginu góða er um fjárlagabeiðni. Ég veit að vísu ekki hverra, því að það skjal er algerlega ómerkt, hér stendur bara „Fjárveitingar til Mývatns og Laxár árin 1982—1985.“ Þar segir: „Fjárlagabeiðni 1985 var 1 millj. 856 þús. kr.“ Þetta segir okkur að nú á að verja til þessara rannsókna meira fjármagni en hér er þó beðið um, ef þetta eru fjárveitingabeiðnir frá Náttúruverndarráði, sem ég get þó ekki fullyrt því að það kemur ekki fram á skjalinu. Þess vegna vil ég leggja mikla áherslu á það að ég tel að iðnrh. hafi þarna unnið gott starf og auðvitað þá líka bætt fyrir þá skömm sem fjárveitingavaldið, og ég skorast ekkert undan minni ábyrgð í því á undanförnum árum, hefur sýnt með því að verja of litlu fjármagni og kannske oftast nær nánast engu til þeirra rannsóknarstarfa sem þarna hefur að sjálfsögðu verið nauðsynlegt að vinna.

Mig langar aðeins, af því að ég nefndi hagsmuni fólksins, að geta þó um það að á einu skjalinu, sem ég er hér með undir höndum og er afrit úr fundargerð rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn haldinn í Reykjavík hinn 10. jan. 1985, segir svo, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi tillaga kom fram og var samþykkt með 4 atkv.“ Nú veit ég ekki hvort þarna hafa verið fjórir á fundi eða e. t. v. fleiri og þá hvort einhverjir hafa setið hjá, en tillagan sem samþykkt er hljóðar svo:

„Fundur stjórnar rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn haldinn í Reykjavík 10. janúar 1985 lýsir yfir fullum stuðningi við bréf Náttúruverndarráðs til iðnrn., dags. 18. des. 1984, varðandi námaleyfi til handa Kísiliðjunni hf. við Mývatn.“ Svo segir: „Böðvar“ — ég hygg að það sé Böðvar Jónsson bóndi á Gautlöndum í Skútustaðahreppi, sem á sæti í stjórn þessarar rannsóknarstöðvar en er jafnframt sveitarstjórnarmaður í Skútustaðahreppi, „Böðvar gerði grein fyrir atkvæði sínu á þennan hátt:

„Tímalengdin í bréfi Náttúruverndarráðs gefur sveitarfélaginu ekki nægjanlegt svigrúm aðlögunar ef rannsóknir leiða í ljós að Kísiliðjan verður að hætta starfsemi sinni að þessum leyfistíma loknum.““

En eins og menn vita, þá stóð í þessu bréfi Náttúruverndarráðs að það mælti með framlengingu á leyfinu til 5 ára eða til 1991. Einn af sveitarstjórnarmönnum lætur það koma hér fram í bókun að hann telji að þetta sé of skammur fyrirvari og það þurfi að huga þarna að fleiri málum. Það þurfi þess vegna einnig að huga að hagsmunum þess fólks sem þarna starfar og þarna á þó alltjent sínar eignir, hvort sem menn kalla það stundargróða, stundarhagsmuni eða að menn hafi sett þar einhver annarleg sjónarmið ofar öðrum, þegar þeir ákváðu að hefja störf við þessa verksmiðju og auðvitað þá líka að setja sig niður til að búa þar og fjárfesta þar í sínu íbúðarhúsnæði og skapa sér þar gott mannlíf. Því að það er það virkilega í Skútustaðahreppi. Það er það einmitt í þessari sveit. Og því betur þá hygg ég að á undanförnum árum hafi líka ríkt þarna nokkuð góð samstaða um innansveitarmál, þótt auðvitað megi sjálfsagt rekja einstök atriði sem ágreiningur hefur verið um, eins og gerist í flestum sveitarfélögum, jafnvel á stundum verið meira í Mývatnssveit heldur en nú um sinn. Því harma ég það, og ég tek undir það með hæstv. iðnrh. að mér finnst sumt af þeim umr. sem hér hafa farið fram vera fremur til þess að efna til óvinafagnaðar heldur en bera vopn á klæðin, en það hygg ég þó að væri miklu skynsamlegra og auðvitað nauðsynlegt í þessu máli, að reyna að vinna á þann hátt að okkur takist að skapa þarna samstöðu um þær rannsóknir sem þarf að framkvæma. Og ég hygg að allir Mývetningar eða íbúar í Skútustaðahreppi muni verða ánægðir með það fjármagn sem á að verja til rannsóknanna, og vera ánægðir með það að á þeim skuli síðan verða byggt, því að auðvitað kemur það fram í yfirlýsingum og þeim skilyrðum, sem hæstv. iðnrh. hefur sett fyrir þessari leyfisveitingu, að það verður farið eftir því og það verður tekið tillit til þeirra rannsókna, sem þarna á að

framkvæma undir eftirliti ágætrar nefndar, sem ég hygg að veljist í valinkunnir og góðir menn. Ég treysti því að sjálfsögðu. M. a. er upplýst að formaður þeirrar nefndar verði Pétur M. Jónasson, sem ég veit að Mývetningar allir bera traust til eftir þau störf sem hann hefur þegar unnið við rannsóknir á Mývatni.

Mér sýnist því það vera æðimargt sem hér horfir til bóta og ég er viss um það að um þetta mál næst samstaða á Mývatnssvæðinu ef við leyfum heimamönnum að fjalla um þetta mál og treystum þeim til þess að leysa sín mál, standa saman um það, en forðumst að efna til óvinafagnaðar og gerum allt sem við getum til þess að skapa samstöðu um þetta mikilvæga mál eins og það hlýtur að vera fyrir alla íbúa þessa svæðis.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil aðeins taka það fram að hæstv. iðnrh. svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hans áðan. Ég endurtek þær nú aftur hér. Ég spurði: Fyrst ráðh. notaði það sem rök máli sínu til stuðnings að starfsleyfi verksmiðjunnar muni e. t. v. ekki vara nema í þrjú ár, hvers vegna fór hann þá ekki að tillögum Náttúruverndarráðs um fimm ára leyfisveitingu? Ráðh. svaraði mér með orðum um langtímafjárfestingu og atvinnuöryggi, sem eru vissulega brýn mál, en er þá ekki öllu verra að gefa fólki loforð til 15 ára í staðinn fyrir til fimm ára og svipta það síðan afkomunni með leyfissviptingu óforvarindis eftir þrjú ár? Eða á ekki að taka tillit til niðurstöðu rannsóknanna? Er það það sem þetta þýðir?

Við síðari spurningu minni kom ekkert svar. Hún var á þá leið að ef ráðh. gerir ekki ráð fyrir að efnistaka fari fram á Syðri-Flóa vegna þess að það þurfi ekki, það sé nóg í Ytri-Flóa, og notar það sem rök máli sínu til stuðnings, hvers vegna er þá ekki leyfisveitingin til verksmiðjunnar miðuð við efnistöku úr Ytri-Flóa?

Þetta voru spurningar mínar. Við þeim komu ekki svör og ég vænti þeirra varla úr þessu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að segja nema örfáar setningar. Það er reyndar hægt að halda áfram að ræða ýmislegt varðandi þetta mál. Svo mikilvægt er það og svo margt hefur komið í ljós í sambandi við það. En mér sýnist eiginlega að mergur málsins sé sá, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni í dag, að eftir þetta hljótum við að endurskoða í fyrsta lagi stöðu Náttúruverndarráðs, í öðru lagi stöðu og styrk laga og reglugerða um náttúruvernd og svo í þriðja lagi held ég að rétt sé að halda áfram að ræða og reyna í raun og veru réttmæti eða lögfræðilega staðfestu þessa leyfis, sem hefur verið veitt, á hvern hátt sem það er síðan gert, vegna þess að eins og ég las í ræðu minni í dag var augsýnilega meiningin með lögunum frá 1974 að setja lög sem undantekningarlaust tryggðu yfirráð Náttúruverndarráðs á þessu svæði. Það stendur eftir, eins og kemur fram í grg. sem ég las upp úr og síðan reyndar hv. þm. Svavar Gestsson, að það er augsýnilega vilji löggjafans. Ég held því að þm. geti ekki látið þetta fara frá sér án þess að gera annað tveggja: hnekkja þessum úrskurði eða breyta þessum lögum. Málið er svo einfalt.

Efnisskrá.

Aðstöðugjöld (197. mál) 2404.
Afréttarmálefni, fjallskil o. fl. (207. mál) 2492.
Almannatryggingar (211. mál) 2506.
Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu (157. mál) 2421, 2511.
Atvinnuleit og atvinnumiðlun fatlaðra (221. mál) 2407.
Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands (130. mál) 2433, 2512.
Fjármögnun krabbameinslækningadeildar (104. mál) 2421, 2511.
Flutningsjöfnunarsjóður olíu og bensíns (247. mál) 2488.
Framhaldsfundir eftir þingfrestun 2401.
Frumvarp um umhverfismál (224. mál) 2412.
Fullvinnsla kjötafurða (184. mál) 2416.
Fullvinnsla sjávarafla (251. mál) 2511.
Fundarsókn þingmanna 2494, 2508.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (200. mál) 2512.
Innlendur lyfjaiðnaður (144. mál) 2441, 2512.
Kostnaður ríkissjóðs vegna húsaleigu (154. mál) 2403.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (62. mál) 2421, 2512.
Reglugerð um endursöluíbúðir (223. mál) 2410.
Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum (250. mál) 2495.
Selveiðar við Ísland (210. mál) 2499.
Skattar verslunarinnar (196. mál) 2404.
Tilhögun þingfunda 2402.
Um þingsköp 2410.
Umhverfismál og náttúruvernd (118. mál) 2426, 2512.
Umræður utan dagskrár 2445 (atvinnumál á Suðurnesjum), 2521 (kísilgúrvinnsla við Mývatn).
Úthlutunarreglur húsnæðislána (131. mál) 2438, 2512.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 2401.
Verðlagsráð sjávarútvegsins (209. mál) 2498.
Virðisaukaskattur (213. mál) 2467.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2401, 2402, 2404, 2410, 2453.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 2521, 2539, 2550.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 2467.
Forseti Nd. Karvel Pálmason 2492, 2495, 2509, 2511.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2401.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2405, 2406, 2408, 2411, 2412, 2414, 2416, 2425, 2431, 2519, 2521.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 2403, 2404, 2407, 2467, 2487.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 2525, 2543, 2555.
Landbrh. Jón Helgason 2410, 2417, 2420, 2492.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2448, 2466, 2498, 2499.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 2458, 2488, 2491.
Árni Johnsen 2461.
Birgir Ísl. Gunnarsson 2508.
Björn Dagbjartsson 2537, 2552.
Eggert Haukdal 2419.
Guðmundur Bjarnason 2558.
Guðmundur Einarsson 2502, 2521, 2546, 2562.
Guðmundur J. Guðmundsson 2418, 2459, 2495.
Guðrún Agnarsdóttir 2425, 2551.
Gunnar G. Schram 2412, 2414, 2433, 2441, 2504.
Haraldur Ólafsson 2486.
Helgi Seljan 2407, 2409, 2444, 2479, 2517.
Hjörleifur Guttormsson 2426, 2432, 2436, 2500.
Jóhanna Sigurðardóttir 2453, 2512.
Jón Baldvin Hannibalsson 2403.
Jón Kristjánsson 2440, 2483.
Karl Steinar Guðnason 2445, 2464, 2484.
Karvel Pálmason 2463.
Kolbrún Jónsdóttir 2485.
Kristín Halldórsdóttir 2438, 2455, 2466, 2532, 2558.
Margrét Frímannsdóttir 2410, 2416, 2419.
Ólafur Þ. Þórðarson 2494, 2499, 2509.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2421, 2426, 2482, 2550, 2561.
Skúli Alexandersson 2457.
Steingrímur J. Sigfússon 2415, 2420, 2424.
Svavar Gestsson 2404, 2406, 2407, 2410, 2411, 2412, 2506, 2508, 2510, 2539, 2553.
Vigfús B. Jónsson 2535.
Þorsteinn Pálsson 2402.
Þórður Skúlason 2489.

Sameinað þing, 43. fundur.

Mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„31. jan. 1985.

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Siggeir Björnsson bóndi, Holti, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson, forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Siggeir Björnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Svohljóðandi bréf hefur einnig borist:

„31. jan. 1985.

Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir skrifstofumaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Birgir Ísl. Gunnarsson, forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Hér fylgir svohljóðandi bréf:

„30. jan. 1985.

Vegna aðkallandi skyldna get ég ekki tekið sæti á Alþingi sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi í fjarveru Sverris Hermannssonar, 3. þm. Austurl.

Tryggvi Gunnarsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með fylgir kjörbréf Gunnþórunnar Gunnlaugsdóttur, en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfi hennar. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þetta til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréf Gunnþórunnar Gunnlaugsdóttur, sem er 2. varamaður Sjálfstfl. í Alþt. 1984. B. (107. löggjafarþing). Austurlandskjördæmi. Þess er óskað að hún taki sæti sem varamaður Sverris Hermannssonar, 3. þm. Austurl. Fyrir liggur að Tryggvi Gunnarsson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, getur ekki tekið sæti sitt á Alþingi.

Nefndin hefur yfirfarið kjörbréfið, hefur ekkert athugavert fram að færa og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 47 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir hefur ekki tekið sæti áður á Alþingi og vinnur nú drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drengskaparheit unnið.

Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir, 3. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Flutningsjöfnunarsjóður olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 421). — Frh. 1. umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Frv. það er hér hefur verið lagt fram, um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns, boðar óneitanlega nokkra breytingu frá gildandi lögum. Meginbreytingin er sú að fallið verði frá svokölluðu verðjöfnunargjaldi, sem í gildi hefur verið frá 1953, en í staðinn tekinn upp flutningsjöfnunarsjóður eins og þessi póstur nefnist í frv.

Ég vildi fara um þetta nokkrum orðum. Hér er svo veigamikill málaflokkur á ferðinni, svo stórt atriði í okkar þjóðarbúskap, olíuverð og hvernig það er samsett og hvernig með það farið, að það er rétt að við glöggvum okkur aðeins á því hvað hér er um að ræða. Verðlagning á olíu og bensíni hefur verið mjög til umr. að undanförnu, einkum eftir að beiðni olíufélaganna um verulega hækkun á þessum vörum kom fram nú fyrir skömmu. Almenningi gengur illa að skilja þær röksemdir sem liggja til grundvallar slíkum hækkunarbeiðnum þar sem olíuverð virðist hafa farið lækkandi á heimsmarkaði, að undanskildum nokkrum dögum nú í janúarmánuði þegar olía hækkaði í verði á Rotterdammarkaði vegna kuldakastanna í Evrópu.

Í grein Vilhjálms Jónssonar, forstjóra ESSO, sem hann ritar í Morgunblaðið 31. janúar, kemur fram að á s. l. ári fluttum við til landsins 499 þús. tonn af olíuvörum í heilum förmum. Þar af voru 329 þús. tonn frá

Rússlandi, eða 66%, og frá Vestur-Evrópu 170 þús. tonn, eða 34%. Af þessu var gasolía 214 þús. tonn, þar af 125 þús. tonn frá Rússlandi en 89 þús. tonn frá Hollandi og Portúgal. Öll svartolían, 130 þús. tonn, var flutt frá Rússlandi. Verðlagning á olíu varðar þjóðina alla miklu, eins og ég sagði áðan, en ekki hvað síst okkar undirstöðuatvinnuveg, sjávarútveginn. Útgerðin notar rösklega 50% af allri gasolíu og svartolíu sem flutt er til landsins og vegur olíukostnaður mjög þungt í rekstri skipa. Það má segja að það sé vægt áætlað 30—35% af útgerðarkostnaði stærri báta og togara. Einnig nota loðnubræðslurnar verulegt magn af svartolíu. Miðað við þann aflakvóta sem nú er búið að afgreiða, sem er ca. 800 þús. tonn á ársgrundvelli, má ætla að til þeirra nota fari 35—40 þús. tonn. Við þær aðstæður sem enn þá eru í okkar verksmiðjum má ætla að það þurfi frá 40 og allt að 50 kg á hvert hráefnistonn sem unnið er.

Ég vil benda hv. þm. á að þetta er einn dýrasti rekstrarliðurinn í loðnubræðslunum. Og þetta hefur veruleg áhrif á hráefnisverðið, það sem greitt er fyrir loðnuna. Oft er haft á orði að við greiðum hér mun lakara verð en annars staðar bæði fyrir þennan fisk og annan. Það er rétt að benda á að einmitt þessi póstur vegur mjög þungt í þeirri verðlagningu og væri hægt að borga betur fyrir hráefnið ef við byggjum við sömu skilyrði í þessum efnum og þær erlendu verksmiðjur sem hafa verið að keppa við okkur undanfarið, eins og dönsku verksmiðjurnar síðast í haust. Ætla má að við borgum nálægt 35% meira fyrir olíu en borgað er fyrir hana erlendis.

Það er þess vegna eðlilegt að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, einkum útgerðarþátturinn, leiti mjög eftir haldbærum skýringum á þessari verðlagningu. Það er nauðsynlegt og hollt fyrir alla að líta yfir það svið og reyna að kynna sér hvernig þetta er saman sett.

Á s. l. hausti skipaði stjórn LÍÚ starfshóp til að fara ofan í þessi mál og kynna sér verðlagninguna og hvaða þættir þar væru helstir sem mætti e. t. v. hafa áhrif á. Þetta kom fram frá síðasta aðalfundi landssambandsins nú í haust. Ég er með skýrsluna hér undir höndum og vildi leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna lítillega í það hvað þessi nefnd hafði um þetta að segja. Það yrði málinu nokkuð til glöggvunar.

Í fyrsta lið, sem heitir „Verðjöfnun á gasolíu og svartolíu," segir:

„Ætla má að miðað við núverandi verðlagningu" — Þarna er átt við verðlagninguna frá því í júní 1984 þegar verð á gasolíunni var 8,90 kr. og á svartolíunni 8 100 kr. tonnið. — „Ætla má að með núverandi verðlagningu nemi greiðslur í verðjöfnunarsjóð gasolíu um 125 millj. kr. á ári og í verðjöfnunarsjóð svartolíu 70.5 millj. kr., eða samtals 195.5 millj. kr. á ári. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1982 námu útgjöld verðjöfnunarsjóðsins vegna þessara tegunda um 60 millj. kr. sem skiptist þannig að útgjöld vegna gasolíu námu 41 millj. kr. og vegna svartolíu um 19 millj. kr. Þannig hefur verðjöfnunargjaldið vegna gasolíu hækkað um 206% á þessu tímabili og vegna svartolíu um 268%. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um ca. 100%. Þannig hefur kaupgjald hækkað um 75.9%, en meðalgengi erlendra mynta hækkað um 115%.

Á þessari gífurlegu umframhækkun verðjöfnunargjaldsins hafa engar viðhlítandi skýringar fengist aðrar en þær að flutningstaxtar skipa olíufélaganna hafa verið hækkaðir í hlutfalli við flutningstaxta skipafélaganna. Það er skoðun LÍÚ að þessi hækkun verðjöfnunargjalds umfram verðlagsþróun, sem nemur á bilinu 70—80 millj. kr. á ári, sé í raun dulin viðbótarálagning á olíuvörur. Af þeim 195.5 millj. kr. sem verðjöfnunargjaldið nemur er hlutur íslenskra fiskiskipa rúmar 100 millj."

Hér má geta þess að heildarkaup útvegsins á olíuvörum s. l. ár voru um 2 milljarðar, ef ég man rétt.

Þarna er vegið þungt að ákveðnum aðilum, látið að því liggja að þaðan sé eitthvað ekki í lagi með þetta verðjöfnunargjald. Við komum nánar að því síðar.

Ég vitna aftur í umrædda skýrslu, 4. lið:

Miðað við núverandi verðlagningu á olíu (júníverðið) og það magn sem fiskiskip keyptu á árinu 1983 eru opinberar álögur eftirfarandi á gasolíu og svartolíu:

1. Bein gjöld til ríkisins. Það eru magntollur, sem er sáralítill, eða 8921 kr., og innflutningsgjald eru 2 372 700 kr.

2. Óbein gjöld til ríkisins. Mismunur á kaup- og sölugengi, sem er frekar bankamál en ríkismál, er að upphæð 1 530 916 kr. Leyfisgjald er upp á 939 563 kr., en ef ég man rétt var það fellt niður af hæstv. viðskrh. nú fyrir síðustu áramót, enda var það, ef ég man rétt, ekki nema 1 eyrir af lítra. Bankakostnaður er þarna talinn verða 10 795 754 kr.

3. Önnur gjöld. Vörugjald má segja eingöngu bundið við Reykjavíkurhöfn sem er innflutningshöfnin fyrir þessar vörur. Þar er vörugjaldið upp á 4 621 108 kr. og landsútsvarið upp á 22 916 311 kr.

Samtals leggjast á olíu í þessum liðum, sem fiskiskipaflotinn notar, 43 185 273 kr.

Ég les þetta hér upp bara til skýringar svo að við getum frekar glöggvað okkur á málum. En ég vil taka það fram að þarna er um stórar upphæðir að ræða og vegur þar þyngst landsútsvarið. Ég ætla þó ekki að leggja til að það verði fellt niður sem slíkt því að sveitarfélögin geta ekki lagt á olíufélögin neitt annað en landsútsvarið.

En það er annað sem væri forvitnilegt að vita: Hvernig er þetta verð samsett? Hvernig er verðið samsett sem myndar þennan umdeilda póst allan sem heitir verð á olíuvörum? Verðið sem er enn þá í gildi á gasolíu þó að búið sé að sækja um meira, er 10,70 kr. Það flokkast þannig að cif-verð olíunnar er 8,28 kr. Leyfisgjaldið er 1 eyrir en það er búið að fella það út. Verðjöfnunargjaldið er 52 aurar, bankakostnaður 10 aurar, álagning 1,02 kr. á lítra, vörugjaldið 2 aurar, tollar og innflutningsgjöld 2 aurar, landsútsvar 14 aurar, uppskipun og geymsluleki 8 aurar og innkaupajöfnunarreikningur sá margumtalaði 52 aurar. Samtals gerir þetta 10,70 kr. Af þessu má sjá að um marga pósta er að ræða sem þarna koma til greina. Svipað er að segja um svartolíuna þannig að ég ætla ekkert að fara að tefja deildina á að fara yfir það frekar, en þetta er gert til að benda okkur á hvað þessir póstar gefa nú hver fyrir sig.

Það er áætlað að seldir séu 250 þús. lítrar af gasolíu á árinu. Af því er tekið í verðjöfnunarsjóð 130 millj. kr. þó það séu ekki nema 52 aurar á lítra. (**Gripið fram í:** Í innkaupajöfnunarsjóð?). Það er sama gjald í hvorn sjóðinn fyrir sig, 52 aurar í verðjöfnunarsjóðinn. Álagningin hjá olíufélögunum á þessa sölu er 255 millj.

Áætluð svartolíunotkun er 140 þús. tonn. Þar af er tekið í verðjöfnun 70 millj. og í álagningu 76 millj. 860 þús. Úr þessum pakka koma því 200 millj. í verðjöfnunarsjóð og 331 millj. 860 þús. í álagningu, eða rúmlega 530 millj. alls af þessum tveim aðalolíutegundum. Þarna er ég enn að tala um þessa tvo þætti, verðjöfnun og álagningu. Auk þess er áætlað að tæpar 50 millj. komi í verðjöfnun vegna bensíngjaldsins. Verðjöfnunarsjóðsgjaldið eitt er því áætlað 250 millj. af þessum olíuvörum.

Þarna er um svo stóra upphæð að ræða að það hefði verið ástæða til að kannað væri hvernig þessi pakki er samsettur. Það hefur kannske verið gert en ég hef ekki um það frétt.

Frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að þetta verðjöfnunargjald falli niður en í staðinn komi svokallað flutningsjöfnunarsjóðsgjald. Og það á að nægja til þess að greiða flutningskostnað á því magni af olíuvörum frá innflutningssvæði til útsölustaða. Þetta ákvæði tel ég vera til bóta.

Frv. gerir einnig ráð fyrir því að breyting verði á stjórn viðkomandi sjóðs. Það var fimm manna stjórn í verðjöfnunarsjóðnum en verða núna þrír skv. frv. Ég tel það mjög til bóta. Þar er verðlagsstjóri í forsvari, annan skipar viðskrh. og svo einn frá olíufélögunum. Þetta tel ég mjög til bóta.

Þó að ég hafi haft uppi miklar efasemdir um verðjöfnunarsjóðinn vil ég taka það fram að ég mæli ekki með því að við höfum ekki sama hámarksverð á olíu um allt landið. Ég tel að dreifbýlið eða hin afskekktari svæði á landinu megi ekki við því að vera pínd með hærra olíuverði en þéttbýlissvæðið. Ég vil láta hámarksverð gilda þar. Hins vegar verða olíufélögin að finna leiðir til þess. Ég segi það alveg eins og er að mér finnst það óeðlilegt að þessir aðilar, sem eru þrír í þessari svokölluðu „frjálsu samkeppni", skuli í skjóli laganna frá 1953 halda sig við það að selja allir olíu á sama verði hvar sem er á landinu. Ég vil fá það fram hjá þeim aðilum sem eru í þessari dreifingu að þeir geti sýnt það í sínum rekstri að þeir geti boðið mönnum upp á hagkvæmari verðlagningu þar sem þeim finnst því verða við komið. Ég hef ekkert á móti því t. d. að sjá það á bensíntönkum í Reykjavík eða einhvers staðar hér í nágrenninu eða úti um land að það væri ekki endilega sami prís á hverjum einasta bensínlítra á hverjum tank. Ef það er mismunandi hagkvæmni hjá olíufélögunum, það geta verið misjafnar aðstæður, — og ef sumir vilja selja þessar vörur ódýrar þá á að leyfa þeim það. Það á ekki að halda því til streitu eins og gert er að hegna mönnum fyrir það að selja ódýrar. Það á ekki að vera skylda að selja á sama verði.

Ég gleymi því ekki í sumar þegar ungur piltur hér uppi við Botnsskála var að bjóða bensínverðið niður. Hann var skammaður og fékk ekki leyfi til þess, og mikið ef það átti ekki að kæra hann fyrir þetta. Þetta var ekki löglegt. En drengurinn seldi þarna sitt bensín, ég man ekki hvað, 70 aurum ódýrara heldur en aðrir, og það þótti slík himinsynd.

Þetta vil ég fá fram hjá olíufélögunum eða þeim aðilum sem dreifa þessari vöru, að það myndist þarna frjáls samkeppni og að það sé sett hámarksverð. Ég vil ekki una því heldur að ég eða aðrir sem kaupa olíu t. d. á togara hér í Reykjavík eða hvar sem er, við skulum segja 50 þús. lítra, þetta eru svo sem engir smásopar sem maður þarf af þessu, það er eitthvað um 500 þús. kr. úttekt, þurfi að borga það sama fyrir þetta eins og ef verið væri t. d. að afgreiða eina jarðýtu hér inni í Grafarvogi eða hvar sem er. Þetta er ekki sanngjarnt. Og fyrir þetta taka olíufélögin, skv. verðskrá sem hér er, 1,02 kr., fyrir að selja hvern lítra af gasolíu. Það eru þá 1020 kr. á hvert tonn. Þau fengju m. ö. o. eitthvað um 50 þús. kr. fyrir að dæla þessu um borð í togarann. Ég nenni ekki að reikna hvað þau fengju fyrir jarðýtuna.

Mér sýnist að það sé verið að reyna að opna þetta í frv. En mér finnst því miður, og segi það beint við hæstv. viðskrh., að frv. gangi ekki nógu langt í frjálsræðisátt. Þó svo að ég vilji hafa um það fastar reglur að menn selji ekki olíuna dýrara en það hámarksverð sem gilti og landsmenn eigi kost á því allir verður að gefa tækifæri til þess að geta boðið viðskiptavinum upp á einhvern afslátt. Annars er ekki frelsi í þessum málum.

En mér finnst gæta dálítillar tvíræðni í frv. sjálfu og vildi því gjarnan spyrja hæstv. viðskrh. hvað átt sé við þar sem segir í 4. gr. frv.: „Söluverð á ofangreindum olíuvörum skal vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu." Ég held að það sé hægt að skilja þetta á tvennan veg. Á sama hátt segir í aths. við einstakar greinar frv. um 1. gr.: „Ákvæði 1. gr. laga nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, um sama söluverð á olíu og bensíni hvar sem er á landinu, falla niður ef frv. verður samþykkt, en áfram er gert ráð fyrir því að verðlagsráð ákveði hámarksverð á olíu og bensíni." Þetta er ágætt. Ég vil hafa þetta svona. Og svo bætist við: „Hér skapast því möguleikar til þess að lækka verðið niður fyrir hámarksverðið til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og aðra notendur þessara vara." En svo kemur klausa sem ég skil ekki og vildi spyrja um: „Hver innflytjandi og útsölumenn hans, sem fara niður fyrir hámarksverðið, skulu þó hafa sama söluverð um land allt, sbr. 4. gr. frv."

Ég er í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallar. En ég held að rétt sé að fá þetta sem fyrst og greinilegast upp á borðið því að olíumálin eru svo mikið stórmál hér og eru undir mjög mikilli smásjá alls almennings, sem eðlilegt er, að það er skylda okkar hér á löggjafarsamkomunni að koma þessu í það form sem hægt er við að una. En ég tek það fram að mér finnst sú breyting sem gerð er á frv. í sambandi við að breyta þessu í flutningajöfnunarsjóðinn mjög til bóta og eins ef ég skil það rétt að þetta geti gengið í þá frjálsræðisátt sem hér er boðað. En ég óttast mjög að það náist ekki út úr þeirri grein með þeirri túlkun sem hér liggur fyrir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það ber að viðurkenna að ég hef ekki haft tíma eða tækifæri til að kynna mér þetta mál til hlítar og skal því vera fáorður um frv. sem slíkt, en sjálfsagt má ýmislegt finna því til ágætis. Og þar sem ég á sæti í þeirri n. sem um málið fjallar gefst mér tækifæri þar til að afla þeirra upplýsinga sem ég tel að hljóti að þurfa að koma fram við umfjöllun þessa máls.

En ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs við þessa umr. er kannske fyrst og fremst sú að benda á að það kerfi sem nú ríkir í olíuviðskiptum á ekki minnsta rétt á sér lengur. Hér hefur ríkið milligöngu um mjög veru-

legan hluta olíuinnflutningsins sem síðan er skipt á milli hinna þriggja olíufélaga sem bróðurlega skipta markaðnum á milli sín. Ég sé ekki betur en að þessi olíufélög í núverandi mynd séu orðin óþörf. Eðlilegasta fyrirkomulagið væri að hugsanlega ríkið sæi um þessi innkaup og síðan væru það bara einstaklingar sem ættu olíu- og bensínstöðvar og sæju um rekstur þeirra en ekki þessi þríeini þurs einokunarinnar sem þessi félög eru orðin.

Það má ýmislegt tiltaka í þessu sambandi. Hv. 3. þm. Vesturl. minntist á dæmi sem kom upp hér s. l. sumar þegar einn dreifingaraðili, Botnsskálinn í Hvalfirði, seldi ódýrara bensín en aðrir, þ. e. sleppti álagningunni. Það ætlaði allt um koll að keyra. Þetta vakti ekki vinsældir hjá olíufélögunum, svo mikið veit ég, þó að neytendum þætti þetta að sjálfsögðu gott.

Og það er annað sem er merkilegt í sambandi við þessi olíufélög. Í hvert einasta skipti sem verð á gasolíu og bensíni lækkar úti í heimi eru þau spurð af fjölmiðlum hvort þessi lækkun hafi ekki áhrif hér og hvort ekki megi búast við bensínverðslækkun. Þá er svarið jafnan það að það taki nú svo langan tíma að það sé með öllu óvíst. Hins vegar ef það verða hækkanir þá stendur ekki á þessum sömu félögum að mælast til þess að þær komi fram nær samstundis í verðinu. Nei, það er áreiðanlega kominn tími til að endurskoða þetta kerfi, þetta vitlausa kerfi vil ég segja, sem nú er við lýði hér.

Mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh. einnar spurningar. Hugsum okkur þessi þrjú olíufélög hér. Þau annast hluta af sínum innkaupum milliliðalaust. Olíufélag A kaupir gasolíu skulum við segja á tiltölulega hagstæðu verði. Síðan gera félögin B og C samninga um gasolíufarma sem eru aftur á hærra verði. Viðskiptavinir félags A, sem samdi um farminn á lægsta verðinu, njóta þess í engu vegna þess að þetta er allt jafnað út. Og félögunum er það ekkert kappsmál að ná hagkvæmum samningum því að það tapast um leið og þetta er allt jafnað út. Það kemur m. ö. o. engum til góða, nema þá kannske keppinautunum sem keyptu dýru olíuna, þegar tekið er meðaltalsverð af þessu.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort þetta sé í rauninni svona. Ég er ekki að fullyrða að svo sé. En ég hef vissan grun um að svo sé og spyr hæstv. ráðh. hvort hann telji þetta eðlilega viðskiptahætti. Ég held að svo sé ekki.

Samtrygging þessara þriggja félaga virðist nefnilega vera algjör. Samkeppnin, í hverju birtist hún? Hún birtist í því hverjir selja bestu útigrillin með strompi eða eitthvað svoleiðis. Það er býsna hlálegt þegar olíufélög eru farin að stunda þann atvinnurekstur að dreifa framhaldssjónvarpsþáttum á myndböndum. Ég sé ekki að slíkt eigi að vera hlutverk olíufélaganna. Það eru nógir aðrir til að sjá um það. En ég vildi gjarnan fá að vita hvað almenningur borgar í hækkuðu bensínverði fyrir svona verslun. Eða er svo mikill hagnaður af þessu, sem ég efast um, að það horfi kannske til lækkunar? Ég held að það þurfi að skoða allan rekstur þessara félaga mjög gaumgæfilega. Þau hafa með tímanum orðið eins konar ríki í ríkinu. Ég sé ekki hvers vegna þau eigi að standa í dreifingu á Dallas (**Gripið fram í:** Þetta er olíukóngur.) þó svo olía komi nokkuð við sögu í þeim þáttum, eins og hér er réttilega bent á. Það má vera að það sé röksemd þeirra Olís-manna fyrir þessum viðskiptum.

Það er líka alkunna að olíufélögin stunda umfangsmikinn verslunarrekstur. Ég hygg að þess séu dæmi að þau reki matvöruverslanir í tengslum við sínar dreifingarstöðvar. Þetta er auðvitað komið langt út fyrir alla skynsemi.

Ég vil hvetja hæstv. viðskrh. til þess að láta nú fara fram alvarlega, ítarlega og nákvæma athugun á þessum þríeina samkeppnislausa rekstri. Það ríkir engin samkeppni að því er varðar sölu á bensíni og olíu. Samkeppnin ríkir kannske helst á smávörusviðinu, í skrúfjárna- og skiptilyklasölunni. Ég held að þessi félög séu komin langt út fyrir sitt hlutverk þegar þetta eru orðnar útleigur fyrir sjónvarpsefni á myndböndum, sjónvarpsefni sem nýtur vissulega mikilla vinsælda. Ég vil gjarnan fá að heyra hvað hæstv. ráðh. segir um það hvernig þessi mál hafa þróast núna hin síðari árin. Jafnframt óska ég eftir því að hann geri ráðstafanir til þess að ítarlega verði skoðaður rekstur þessara fyrirtækja með það fyrir augum að finna leiðir til þess að lækka dreifingarkostnað og gera olíu og bensín þar með ódýrara.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Mér kom nú til hugar einmitt það sem hv. þm. Egill Jónsson sagði hér um leið og ég gekk upp í ræðustólinn, að nú færi að styttast til kosninga. Mér kom það til hugar í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Vesturl., þegar svo er nú komið að aðalmálsvarar olíufélaganna koma hér upp í ræðustól og halda langar ræður um það hvað margir vankantar séu á þeim rekstri (**Gripið fram í:** Segja sannleikann.) og segja sannleikann um þessi mál, að nú væri jafnvel farið að nálgast kosningar og þetta væri svona viðbótarliður við þá orkuumræðu sem átti sér stað í Morgunblaðinu í gær. Reyndar féll þar alveg út að nefna aukatekið orð um rekstur olíufélaga eða þann þátt, sem hér er verið að ræða um, en hann er kannske ekki hvað síst gagnrýnisverður í orkugeiranum og búinn að vera það lengi.

Mig langar til að ítreka nokkuð af því sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi hér.

Hann nefndi í fyrsta lagi að olíukostnaður fiskiskipaflotans mundi vera um 35% af reksturskostnaði. (**Gripið fram í:** Stærri togaranna.) Stærri togaranna rétt er það. Menn hljóta að hugleiða það nú, þegar ákveðnir erfiðleikar eru í sambandi við það að ná saman endum í samningum, hvort í þessum geira og í þessum hlut olíufélaganna felist ekki sá þáttur sem gæti leyst vandamálin milli útgerðar og sjómanna.

Sjómannafélögin hafa undanfarið lagt fram tölur um það hvað þessi hlutur er stór jafnframt því sem þau hafa reyndar tengt það þeim hlut sem tekinn er fram hjá skiptum hjá þeim. En ég gæti vel trúað því að ef útvegsmenn og sjómenn gætu komið því í kring nú á næstu dögum að hlutur olíufélaganna, skiptipeningur olíufélaganna, yrði nokkuð minnkaður mundi það nægja til þess að jafna það bil sem verið er að deila um á milli útvegsmanna og sjómanna.

Á sama máta undirstrikaði hv. 3. þm. Vesturl. það að einn af þeim þáttum, og kannske stærstu þáttum, sem ylli getuleysi loðnuverksmiðjanna til þess að borga sambærilegt verð og í Færeyjum og Danmörku, væri olíukostnaðurinn. Það væri um 40 kg af svartolíu sem færi á hvert tonn í bræðslu, og það gefur auga leið að það hlýtur að vera stór hluti kostnaðar loðnuverksmiðjanna sem einmitt fer til þessara orkukaupa.

Þarna er sem sagt annar þáttur sem sjómenn og útvegsmenn ættu að snúa bökum saman um að breyta, taka svolítið af þessum mikla milliliðakostnaði sem olíufélögin taka og færa til vinnslu og sjómanna.

Þm. benti einnig á það að á sama tíma og verðjöfnunargjaldið hefði hækkað um 268% hefði gengisbreytingin verið 115%, þ. e. yfir 150% munur á hækkun olíuvöru og gengis. Á þessu tímabili hefur ekki átt sér stað olíuverðshækkun, mun frekar vera lækkun. Ég þakka hv. þm. fyrir það að hafa flutt þessar tölur úr skýrslu LÍÚ hingað inn til Alþingis og ég undirstrika það að þetta eru atriði sem við hljótum að benda á nú, þegar stefnir jafnvel að stoppi í fiskiskipaflotanum, vegna þess að útvegsmenn telja sig ekki hafa möguleika til að hækka kaupgjald sjómanna um smáaura miðað við þær tölur sem hér eru nefndar.

Ýmislegt fleira mætti nefna, en ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mikið meira. Þó vil ég aðeins nefna það að þetta frv. býður upp á þann möguleika að verðlag gæti verið breytilegt í landinu. Það er verið að gefa undir fótinn með að það sé verið að gefa möguleika til frjálsrar samkeppni. Mér sýnist nú samt flest benda til þess að þessi þríeina samfylking muni halda sambandi sínu á þann máta að samkeppni komi ekki mikið fram frekar en á undanförnum árum. Það að hafa eingöngu þann möguleika að ekki sé miðað við eitt hæsta verð hringinn í kringum landið heldur eitt hámarksverð, ég sé ekki að það breyti miklu, öðru en því þá að það getur skapað vissa hættu, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. nefndi í upphafi umr., það getur skapað þá hættu, að vissir hlutar landsins búi við verri kjör en aðrir. Og ég vil undirstrika það að fyrir slíkt verður að loka. Ef frv. býður upp á þann möguleika verður að loka fyrir slíkt í meðferð frv. hér í deildinni.

Það er nú kannske rétt að minna á þann olíuslag sem mestur hefur orðið í fjölmiðlum og menn hafa fyrst orðið varir við núna í áraraðir, þ. e. olíuslaginn við Botnsskála í sumar, og það að gert var mikið veður út af því hvað þar væri að ske, sem rétt var. Ákveðinn aðili vakti athygli á því og það er sjálfsagt að benda á við hvaða aðila hann var þar að slást. Hann var að slást þar við þann arminn sem fyrst og fremst tilheyrir Sjálfstfl. í þessum þríeina þurs, hann var að slást við SHELL. Og þessi aðili hefur á undanförnum árum verið að slást við SHELL á þeim grundvelli að hann telur að sá þáttur sem fer til hinnar beinu dreifingar, síðasta aðilans, sé allt of lítill. En olíufélögin hafa ekki viljað gefa eftir af sínum höfuðstöðvagróða til að sinna þessum síðasta þætti dreifingarinnar.

Svo er kannske rétt að undirstrika það, eins og hv. 5. landsk. þm. benti á áðan, að sú litla samkeppni sem vart hefur orðið við hjá olíufélögunum hefur helst birtst í sölu á alls konar aukavörum sem þau hafa haft á boðstólum. Það er nú reyndar ekki komið á það stig enn þá að önnur olíufélög en Olís afli sér sjónvarpsþátta, en það félag hefur verið að bjóða Dallas að undanförnu. En þau hafa víða komið sér upp, eins og hv. 5. landsk. þm. benti á líka, alls konar þjónustubúðum og í veldi styrkleika síns, sökum þess að þau höfðu möguleika til þess að reka þjónustufyrirtæki, þá hafa þau byggt upp á sumum stöðum á landinu, t. d. á stað eins og á Akranesi, þjónustustöðvar við hliðina á grónum og góðum þjónustustöðvum, sem hafa verið að sinna nákvæmlega sömu þjónustunni, vitaskuld á engan máta annan en til þess að veikja rekstursgrundvöll þess fyrirtækis sem fyrir var. Þannig hefur samkeppnisþáttur þessara fyrirtækja sýnt sig. Og á einhverjum stöðum munu þessi fyrirtæki vera komin út í það að reka matvöruverslun í samkeppni við þá aðila sem fyrir hafa verið og hafa sinnt því hingað til.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umr., en mér finnast þær svo merkilegar að ég vil gjarnan vekja athygli á því enn frekar en orðið er, sem menn hér hafa verið að segja, þm. úr þrem stjórnmálaflokkum, meira og minna sammála um merginn málsins, þ. e. að sú einokun sem að vísu var af einhverjum ræðumanna kölluð einokun olíufélaganna, sem er nú aldeilis ekki rétt, þetta er einokun ríkisins og olíufélögin njóta hagnaðarins á þessari ríkiseinokun. Það er ekki til neitt sem heitir frjáls viðskipti með olíu á þessu landi. Látum vera þó að einokun væri hér um smásöluna og menn græddu hér hver á öðrum, það skilar sér allt saman einhvern veginn í þjóðarbúið, en það eru útlendingarnir sem græða á okkur. Við kaupum inn olíur á miklu, miklu hærra verði en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Hér er alltaf verið að tala um einhver viðmiðunarverð, en innkaup á þessum viðmiðunarverðum gerir enginn annar. Verðin eru allt önnur á markaðinum en þessi viðmiðunarverð.

Þetta mál er svo stórt, það er búið að skaða þessa þjóð svo gífurlega, að nú ber okkur alþm. að taka höndum saman um að uppræta þetta kerfi í eitt skipti fyrir öll og það vona ég að við náum samstöðu um í fjh.- og viðskn.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar við þetta frv. og hreinskiptnar umr. um þessi mál.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að frv. gengi ekki nógu langt. Hann benti á hverjar breytingar væri lagt til að gera með frv. og vísaði til 4. gr. og athugasemda við 1. gr., taldi sig ekki skilja lok grg. um 1. gr. þar sem stendur: „Hver innflytjandi og útsölumenn hans, sem fara niður fyrir hámarksverðið, skulu þó hafa sama söluverð um land allt, sbr. 4. gr. frv." Ég þóttist heyra á máli hans að hann skildi, en hefði kosið að þetta væri öðruvísi.

Frv. gengur einmitt út á að skapa á milli olíufélaganna þá samkeppni sem hv. 5. landsk. þm. kom inn á. Hann spurði hvort rétt væri að ef olíufélag A kaupir olíufarm á hagstæðara verði en olíufélag B og C sé jafnað á milli þessara olíufélaga, þannig að viðskiptavinir olíufélags A njóti ekki hagstæðari innkaupa þess olíufélags, heldur nái áhrifin til allra. Ég er ekki svo fróður að ég geti svarað þessu, en ég hygg að í flestum tilfellum sé dæmið þannig, að þegar hingað kemur olíuskip eigi öll olíufélögin nokkurn hluta í farmi þess olíuskips. Til þess að koma í veg fyrir það sem hv. þm. vék að er þetta frv. flutt, en ég hefði gjarnan viljað sjá það ganga þó nokkuð lengra. Það er að mínum dómi mjög eðlilegt að sú n. sem fjallar um þetta mál fái allar þær upplýsingar sem beðið hefur verið um og geti gert sér grein fyrir með hvaða hætti skynsamlegast er að haga þessu.

Hv. 4. þm. Vesturl. vék að því að hér mætti e. t. v. finna fjármuni til lausnar á vandamálum þeim sem við er að glíma í samningum milli útgerðarmanna og

sjómanna. Ekki skal ég dæma um það. Ég þekki ekki nægjanlega vel til þess. En sé einhvers staðar möguleiki á að lagfæra og leiðrétta til að koma fram lækkun skal ég verða fyrstur manna til þess að fallast á slíkt.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. vék að olíuviðskiptum og ræddi um hversu þýðingarmikið væri að frelsi gilti í olíuviðskiptum. Mig langar til að rifja upp að af bensíni eru um 70% keypt frá Sovétríkjunum, en olíufélögin hafa keypt 30% annars staðar frá og þá verið á þeirra valdi hvers konar samningum þeim hefur tekist að ná. Þannig hefur ekki verið samið fyrir fram um bensínverðið. Af gasolíu kemur u. þ. b. helmingur frá Sovétríkjunum, en helmingur annars staðar frá. Er þá olíufélögunum heimilt að semja um annað en sá samningur sem gerður hefur verið við Sovétríkin í sambandi við sölu á frystum fiskafurðum þangað og saltsíld gerir ráð fyrir.

Ég met svo að hér hafi þm. gagnrýnt fyrirkomulagið, einstaka þætti. Hv. 3. þm. Vesturl. rakti hér samsetningu verðs, ef ég man rétt, á gasolíu. Vissulega eru þar margir póstar sem ástæða væri til að sú þingnefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, skoðaði. En það er ekki allsendis alveg rétt að alltaf hafi olían hækkað þó að hún hafi jafnvel lækkað erlendis. Það gerðist þó síðla árs 1983 vegna þróunar olíuverðsins að hér tókst í fyrsta og jafnvel kannske í eina skiptið að lækka verð á olíuvörum. Það sem hefur hins vegar valdið erfiðleikum á að halda stöðugu verðinu á þessum vörum eru breytingar á þeim gjaldmiðli sem við kaupum fyrir olíu og bensín, þ. e. dollar. Það hefur oftast verið svo, að á þeim tíma sem liðið hefur frá olíu- og bensínverðshækkun þar til aftur hefur komið að hækkun og hafi þá átt sér stað lækkun á markaðnum hefur gengið gert strik í reikninginn.

Í sambandi við innkaupajöfnunarsjóðinn, sem ekki er annað en verðjöfnun á milli olíufarma, er staðan sú að á s. l. ári hefði verð olíu og bensíns þurft að vera eilítið hærra til þess að sá reikningur væri í jafnvægi, en það gerðist ekki m. a. vegna þess hve örum breytingum dollarinn tók. Nú hefur það gerst frá því í nóvembermánuði að cif-verð þeirra bensínbirgða sem eru í landinu hefr lækkað úr 8 kr. og 1 eyri í 7 kr. 51 eyri. Það þýðir að hærri upphæð rennur til innkaupajöfnunarreiknings sem er ekki annað en skuld olíufélaganna í bönkunum, en það tekur fjóra og hálfan mánuð að jafna þann halla sem er á innkaupajöfnunarreikningi bensíns, um 30 millj. Meðalverð á þeirri gasolíu sem í landinu er hefur hækkað um 4 aura frá því í nóvember, úr 8,28 kr. í 8,32. Þá dragast 4 aurar frá þeirri upphæð sem hefur runnið til innkaupajöfnunarreikningsins. Á svartolíunni er um að ræða 300 kr. hækkun á meðalverði, á þeirri svartolíu sem til er, og því lækkun á því framlagi sem gert er ráð fyrir á innkaupajöfnunarreikning sem því nemur, þ. e. úr 500 kr. í 200. Því tæki hátt í tvö ár, miðað við það verð sem er í dag, að greiða þá skuld niður.

Eins og ég sagði áðan met ég það að ræðumenn, sem hér hafa komið, eru þeirrar skoðunar að það sem hér er lagt til sé af hinu rétta og hinu góða og vilja ganga lengra. Ekki stendur á mér að taka við tillögum sem þingið næði saman um varðandi hvernig við getum hagað verðákvörðun á olíu og bensíni hér innanlands.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. og formaður fjh.- og viðskn. hv. Ed. gaf úr þessum ræðustóli áðan, að nú skyldi tekið til hendinni í n. og þetta kerfi afnumið. (**Gripið fram í:** Í eitt skipti fyrir öll.) Já, í eitt skipti fyrir öll. Ég fagna þessari yfirlýsingu sérstaklega og lýsi því yfir að ekki skal standa á mér að starfa með honum að því að koma fram skynsamlegum breytingum á þessu ófremdarástandi.

Ég held satt að segja að hvarvetna þar sem löggjöf er til um einokun og einokunarfyrirtæki mundi þetta ástand, sem hér ríkir, varða við margar greinar slíkra laga. Það er ég sannfærður um að svona kerfi gæti aldrei þrifist undir t. d. bandarísku löggjöfinni um hringamyndun og einokun. Auðvitað þurfa slík lög að vera hér til eins og annars staðar.

Milli þessara þriggja félaga, sem í orði kveðnu þykjast vera í samkeppni, er órofa samstaða um að halda þjónustunni við neytendur í algeru lágmarki og skal ég nefna um það þrjú dæmi hér.

Í fyrsta lagi: Greiðslukort, krítarkort, eru nú mjög algeng í hvers konar viðskiptum. Geta menn keypt bensín eða olíu gegn framvísan greiðslukorts? Nei. Olíufélögum þóknast ekki að veita viðskiptavinum sínum þess háttar þjónustu.

Númer tvö: Við skulum taka höfuðborgarsvæðið sem dæmi: Hvenær loka bensínstöðvar í Reykjavík? kl. 21.15. Eftir það er náðarsamlegast hægt að kaupa bensín á einum stað í allri höfuðborg Íslands! Telja menn þetta eðlilega þjónustu? Þetta er engin þjónusta. Þetta er lítilsvirðing við viðskiptavinina.

Í þriðja lagi: Hvarvetna á bensínstöðvum erlendis sem maður hefur séð, t. d. á Norðurlöndunum, er sjálfsafgreiðsla þannig að menn geta tekið bensín allan sólarhringinn. Þetta er mjög einföld og sjálfsögð þjónusta. Hefur íslensku olíufélögunum dottið í hug að bjóða neytendum sínum þessa þjónustu? Aldeilis ekki.

Þetta eru bara þrjú dæmi um hvernig þessi fyrirtæki hafa náð órofa samstöðu um að halda þjónustunni við neytendur í lágmarki. Þess vegna er þetta vont kerfi. Þetta er vont kerfi fyrir neytendur og það er engum til góðs nema þessum olíufélögum.

Ég spurði hæstv. viðskrh. um ákveðið dæmi, um mismunandi innkaupsverð sem mér segir hugur um að sé jafnað út. Ég spurði hvort honum þættu þetta eðlilegir nytjahættir. Ég heyrði ekki að hann svaraði þeirri spurningu. Ég vil beina til hans þeirri spurningu enn fremur (Gripið fram í.) hvort hann telji eðlilegt að olíufélögin reki matvöruverslanir og myndbandaleigur. Er það þeirra hlutverk? Ég hvet hann til að láta athuga með hverjum hætti neytendur greiða fyrir þá „þjónustu".

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri, en ítreka að það skal ekki standa á því að formaður fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v., fái stuðning frá mér við sínar breytingar- og byltingartillögur í þessum málum þegar að því kemur að n. fer að fjalla um það. (**EKJ:** Strax á miðvikudaginn.)

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Svara skal ég því hvort eðlilegt sé að olíufélögin reki matvöruverslun. Ég get svarað fyrir mig og sagt að mér finnst það ekki eðlilegt. Varðandi það dæmi sem hv. 5. landsk. tók í sinni fyrri ræðu um olíufélag A sem kaupir á hagstæðu verði er því til að svara að frv. gerir

einmitt ráð fyrir að það olíufélag sem getur fengið hagstæðara verð en hin geti látið það koma fram í verðinu til viðskiptamanna sinna.

Hér var vikið að því að þetta væri ekki nægjanlegt, það þyrfti að gera víðtækari breytingu á verðlagningu og dreifingu. Eins og ég sagði áðan stendur ekki á mér að taka við slíkum tillögum. Hins vegar met ég það svo af þessum umr. að þm. telji að flutningsjöfnun þurfi að vera fyrir hendi, þannig að ekki geti verið um mismunun að ræða öðruvísi en að það sé vegna hagkvæmni hjá olíufélögunum og þess vegna sé eðlilegt að um hámarksverð sé að ræða.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Þegar talað er um olíufélögin sem einokunarfyrirtæki er það ekki nema hálfur sannleikurinn vegna þess að olíufélögin eru kannske fyrst og síðast gulltryggðir kálfar ríkisvaldsins á þann hátt að olíufélögin hafa allt sitt á þurru. Það hefur ríkissjóður einnig í þessu dæmi. En olíufélögin hafa sinn hlut svo ríflegan að þau una ávallt glöð við sitt og það er kannske mergurinn málsins.

Gallinn er tvíþættur. Gallinn er í fyrsta lagi varðandi fyrirkomulagið á sérleyfi á innflutningi olíu til landsins og í öðru lagi á því samfloti sem olíufélögin hafa, samtryggingu og samspyrðingu í nær einu og öllu. Mergurinn málsins á auðvitað að vera sá að etja þessum aðilum saman, kreista úr þeim safann, kreista úr þeim þrek, til þess að skila árangri og lægra olíuverði í þessu landi.

Það er grundvallaratriði að þarna sé tekið til höndum. Þetta frv., sem rætt er um, leysir ekki þennan vanda. Það fjallar um einn þátt í þessu stóra dæmi. Ástæða er til að fjalla um það um leið, sem við vitum, að því er ekki þann veg farið í dag að olíuverðið sé eðlilegt á landinu. Við vitum að innkaupin og verðlagningin eru ákveðinn úreltur leikur með tölur og form. Gleggsta dæmið í þessu efni er einfaldlega dæmið um verðið á olíu til fiskiskipa. Það stenst ekki að í nágrannalandi okkar skuli verð á olíu til fiskiskipa vera 35% lægra en í okkar landi. Það er e. t. v. eitt gleggsta dæmið um að þarna er maðkur í mysunni.

Það sem skiptir mestu máli og við eigum að stíla upp á og stefna að, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gat um, er að auka frelsi í innflutningi olíu, stuðla að því númer eitt, tvö og þrjú að knýja þá aðila, sem sinna þessum viðskiptum, til samkeppni í stað samtryggingar.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það eru örfá orð á þessu stigi málsins. Ég á sæti í fjh.- og viðskn., þar sem búið er að boða að byltingin verður á miðvikudaginn, og mér þykir rétt að segja 2—3 orð áður en hún skellur á.

Þau lög sem nú eru í gildi um verslun með olíuvörur eru sett á þeim tíma sem olían kostar lítið og var ekki eins stór þáttur í rekstri fyrirtækja, og þá einkum sjávarútvegsfyrirtækja, og nú er. Síðan hafa aðstæður gerbreyst og nú er olía að langmestu leyti notuð í sjávarútveginum, en olíunotkun annarra hefur minnkað að sama skapi. Þess vegna er nauðsynlegt að skoða þessi mál að nýju og setja nýjar reglur um olísölu. Þær reglur verða að tryggja að allir landsmenn njóti viðunandi kjara og sambærilegra kjara hvað olíuvörur snertir, eins og verið hefur. Ég mun líta á þá hlið málsins þegar það kemur til nefndar. Það stendur ekki á mér að gera breytingar á fyrirkomulagi á olíusölu í landinu ef tryggt er að allir landsmenn sitji við sama borð. Ég mun fjalla um þetta mál þegar það kemur til nefndar og ef hægt er að afnema kerfi og móta annað kerfi í staðinn, sem reynist betur, skal ekki standa á mér að gera það. Hins vegar vil ég ekki lýsa stuðningi við það fyrir fram að taka þátt í byltingunni. Ég mun skoða hvað rís á rústum þessa kerfis sem menn ætla að brjóta niður.

Ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að samkeppni olíufélaganna er víða komin út í öfgar. Menn hafa keppt um bensínsöluna alveg gríðarlega og fjárfest feikilega mikið í tengslum við bensínsölu og alls konar skylda þjónustu. Þetta hefur skapað tortryggni í garð olíufélaganna. Á þeim tíma sem þau hafa beðið um hækkanir á sinni vöru hafa fjárfestingar verið í fullum gangi og með þvílíkum hraða að hvergi hefur annað eins þekkst í öðrum rekstri. T. d. mátti horfa upp á það í mínu sveitarfélagi að þar var byggð bensínstöð á sex mánuðum. Það var unnið dag og nótt. Það var byrjað um áramót og stöðin opnuð 17. júní með rá og reiða. Þetta var einmitt á þeim tíma sem olíufélögin börmuðu sér mikið. Ég held að þetta sé dæmi um hvað m. a. hefur rýrt þessi félög í áliti hjá almenningi. Menn eru því fylgjandi að skoða þennan rekstur vandlega og ég mun ekki víkjast undan því að gera það þegar málið kemur til n. á miðvikudaginn kemur.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Það er eins og ég hef haldið fram nú um nokkurra ára skeið, að byltingin hlyti að koma frá hægri. Ég vil sérstaklega fagna yfirlýsingum hv. 4. þm. Norðurl. v. um að öll þessi olíumál skuli tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Og meira en endurskoðunar, til gagngerðrar breytingar.

En það var annað í hans ræðu sem ég held að væri nú, meðan byltingin er ekki um garð gengin, gaman að fá nokkrar upplýsingar um. Það er sú fullyrðing að engin þjóð kaupi olíu á jafnháu verði og Íslendingar. Ég vildi mjög gjarnan fá upplýsingar frá hæstv. viðskrh. um hvort unnt sé að fá yfirlit yfir olíuinnkaup liðinna ára og samanburð við olíukaup þeirra nágrannaríkja okkar sem helst væri hægt að bera sig saman við. Þetta er ákaflega stórt mál og ég held að afgreiðsla á öllum breytingum og tillögum um olíudreifingu og olíusölu hljóti að byggjast á því hverra kjara Íslendingar njóta í sambandi við olíuinnkaup, hvernig gengið hefur verið frá þeim málum og hvort á því sviði er ekki unnt að betrumbæta sitthvað.

Það er að mínu mati mjög þarft að taka olíumálin almennt til umr. Það frv. sem hér liggur fyrir er spor í rétta átt, en það er einungis spor, þannig að það væri mjög æskilegt að fá mjög víðtæka umræðu um olíumálin, ekki í dag heldur seinna í vetur og fá þá fram þær upplýsingar sem ég hef hér beðið um.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Mér datt í hug undir ræðu hv. 4. þm. Austurl. að það væri gaman að lesa smáklausu upp úr grein sem Vilhjálmur Jónsson forstjóri Olíufélagsins hf. skrifaði í Morgunblaðið fimmtudaginn í síðustu viku. Það er aðeins smáhluti úr greininni sem mig langar til að lesa, með leyfi virðulegs forseta:

„Mismunur á þessu“ — þar er hann að nefna

olíuverðið eða álagninguna á það verð sem leyfilegt er — „mismunur á þessu, hvort sem um er að ræða of hátt eða of lágt útsöluverð, er færður á svokallaðan innkaupajöfnunarreikning sem færður er af verðlagsstjóra. Of lágt útsöluverð skapar skuld á þessum reikningi."

Síðan lýsir forstjórinn því hvernig skuld hefði skapast á undanförnum mánuðum, á þeim tíma sem hv. þm. var að lýsa framkvæmdagleði eins af þessum fyrirtækjum. Hvaða fyrirtæki skyldi vera svo gulltryggt í rekstri sínum að verðmyndun þeirrar vöru, sem það er aðallega með í sölu sé færð annaðhvort í plús eða mínus á opinberum reikningi eftir einhverri ákveðinni reikningsformúlu, burtséð frá því raunverulega hvernig rekstur fyrirtækisins gengur? Það er greinilegt að á þeim tíma sem var að myndast hundraða milljóna skuld á þessum innkaupareikningi voru þessi fyrirtæki sóandi tugum milljóna út um allt land í byggingu þjónustustöðva í sambandi við þessi lög. Það getur ekki fallið saman að þessi fyrirtæki hafi verið með stórkostlegan hallarekstur á sama tíma og þau gerðu slíkar rósir sem hv. 4. þm. Austurl. lýsti hér áðan. Vitaskuld er það rétt sem hv. þm. Árni Johnsen sagði hér áðan, þetta eru fyrst og fremst gulltryggðir kálfar ríkisvaldsins og fyrst og fremst gulltryggðir kálfar Framsfl. og Sjálfstfl.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að leitast við að rökstyðja nokkuð þá staðhæfingu mína að Íslendingar kaupi olíur á hærra verði en nokkrir aðrir. Ég get að sjálfsögðu ekki á þessari stundu sannað þessa staðhæfingu, en ég tek hana ekki til baka. Ég held að það geti engan skaðað þó að ég skýri frá því hér og nú að þegar unnið var að því að reisa litla olíuhreinsunarstöð á Íslandi á árunum 1970—1971, ef ég man rétt, þá lagði ég á mig talsvert erfiði til þess að fyrirtækið gæti séð dagsins ljós og raunar fjármuni líka og við gerðum það fleiri. En það var náttúrlega stöðvað eins og ýmislegt annað sem til framfara gæti horft í þessu landi. Þó var svo langt komið að það var búið að fullvinna þessar áætlanir og fá breska sérfræðinga, einmitt þá sömu og margsinnis hefur verið rætt um hér í sambandi við álmálin, Coopers & Lybrand, til þess að yfirfara allar áætlanir og reikninga.

Þetta var mjög arðvænlegt fyrirtæki. Þetta var olíuhreinsunarstöð sem mundi hafa hreinsað svona rúmlega þá olíu sem við ætluðum að við mundum þurfa næstu áratugina eða svo og flutt lítið eitt út. En það sem kom svolítið flatt upp á okkur Íslendingana, sem vorum að vinna að þessu, var það að hagnaðurinn af fyrirtækinu var ekki ýkja mikill, kannske um 10%, eða svo sem álíka eins og menn gátu ávaxtað sína peninga í áhættusömum rekstri, t. d. í Bandaríkjunum. Og það var bandarískt firma sem að þessu stóð, Whitney að nafni, ef ég man rétt, sem ætlaði að fjármagna þetta fyrirtæki. Við áttum að eiga 55% og þeir 45%. Og þar kom að ég fór þess á leit við Jóhannes Nordal, sem hafði mikið hjálpað okkur í þessu starfi — reyndar tóku olíufélögin þátt í því líka að gera þessa athugun, ég vil láta menn njóta þess sannmælis — að hitta aðalforstjóra þessa fyrirtækis, sem hafði þá komið hingað einu sinni eða tvisvar til viðræðna við okkur, úti í New York til að spyrja hann að því beint út hvernig á því stæði að þeir fjárfestu ekki í einhverju svipuðu fyrirtæki í sínu eigin landi úr því að þeir ætluðu ekki að hafa nema þennan 10% hagnað.

Hann horfði á okkur, eins og við værum algerir hálfvitar, lengi, lengi, lengi og sagði svo: Vitið þið ekki að það kaupir enginn maður á þessum skráðu verðum. Auðvitað fáum við stórfelldan afslátt. Ég er hérna með verðlag náttúrlega langt undir Rotterdamverði í þessum skýrslum. En þegar ég veit að þessi skýrsla á að fara fyrir þjóðþing Íslendinga, þá yrði mér ekki líft ef ég sýndi réttu tölurnar. Við ætlum ekki að svindla á ykkur. Þið fáið þennan afslátt rétt eins og við. Ég staðhæfði að það er enginn sem kaupir olíur á Rotterdam-verði, það staðhæfi ég, nema Íslendingar.

Og við þurfum ekki vitnanna við. Menn þurfa ekkert að vera miklir sérfræðingar í olíuviðskiptum til þess að fá 30% afslátt af olíu á einn tank á fiskiskip úti í Bretlandi. Það getur hver sem er. Halda mennirnir kannske að þetta breska olíufélag, sem er að selja með 30% afslætti, hafi keypt vöruna á Rotterdamverði? (Gripið fram í.) Nei, við skulum ekki vera að spila okkur þá kjána eða svo bláeyga að sjá ekki þessi ósköp.

Ég ætla að standa við þessa fullyrðingu og ég reyni auðvitað með hjálp góðra manna og þeirra ágætu manna sem hér hafa talað í þessu máli að sanna þessa fullyrðingu. Við skulum reyna það öll saman.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni með þessa umr. hér í dag. Það er ekki á hverjum degi sem boðuð er bylting hér í þessari hv. deild og það er vissulega ánægjuefni að allir hv. þm. hér skuli vera svona sammála. Ég bíð spennt eftir því að sjá þetta kerfi uppbrotið og þennan gullkálf brotna niður í smærri parta svo að aðrir geti notið einhvers arðs af þessari starfsemi. Sú arðsemi ætti að renna til þjóðarinnar og útgerðarinnar og neytenda almennt í þessu landi, þessi arður sem auðsjáanlega myndast hjá olíufélögunum. Það dylst engum, hvorki í Reykjavík né úti um land, hvar sem litið er á uppbyggingu dreifingarstöðva sem hefur átt sér stað um allt land.

Það eru ekki allar hjúkrunarstofnanir hér á landi sem hafa efni á því að setja heitt vatn allt í kringum sig eins og hv. þm. Austurl. nefndi hér áðan með uppbyggingu olíu- og bensínsölustöðvar á Austurlandi. Ég hef hvergi séð aðra eins. Þar er hver einasti fermetri í svæðinu umhverfis stöðina hitaður upp með heitu vatni.

Ég endurtek það að ég er mjög ánægð yfir því að þetta skuli vera komið hér til umr. og þrátt fyrir að ég eigi ekki sæti í hv. fjh.- og viðskn. mun ég fylgjast vel með framgangi þessa máls. Bandalag jafnaðarmanna stendur einhuga að baki því að brjóta upp þetta samtryggingar- og einokunarkerfi í olíusölu.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Það var aðeins út af því sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að hér væru gullkálfar Framsfl. og ríkisvaldsins, síðan Framsfl. og Sjálfstfl.

Alþb. er þá í ríkisvaldinu því að ég man ekki betur en formaður Alþb. hafi verið ráðh. þessara mála í nokkurt árabil. Þá hefur hann haft eitthvað með þetta að gera og sjálfsagt haldið hlífiskildi yfir þessum málum úr því að ekkert var að gert. Ef menn aðeins hugleiða að í 30 ár hefur þessum málum ekki verið hreyft og í þessi 30 ár

hafa menn úr öllum stjórnmálaflokkum setið í ríkisstj. þá geta menn séð hverjir bera ábyrgðina á því hvernig þessir hlutir eru, hvort þeir eru góðir eða slæmir.

Hv. 9. þm. Reykv. vék hér að mér spurningu varðandi samanburð. Svar við henni hef ég ekki hér og nú, en eins og ég sagði þegar ég talaði fyrir þessu frv. mun ég gera allt til þess að þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, komi til nefndarinnar sem fjallar um þetta mál. Hún fái það sem til er í þeim efnum og geti gert sér grein fyrir þessum málum eins og hægt er og tekið síðan ákvarðanir sínar að þeim fengnum, hvort sem þær leiða svo til byltingar eða ekki.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Þegar talað var um að kreista safann úr olíufélögunum, þá varð hv. þm. Helgi Seljan að gjalti, eða gelti eins og sagt er fyrir austan. Mig langar þess vegna aðeins að undirstrika það áður en þessari umr. lýkur að þar er um að ræða að reyna á þrek þess fólks sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum. Því að þar er vissulega dugmikið hæfileikafólk og það á ekki að þurfa að vinna á vernduðu vinnusvæði eins og er í þessu landi í dag. Það á að vera hægt að beina því út í harðskeytt viðskipti á heimsmælikvarða og nýta á þann hátt þrek þessara fyrirtækja, kreista safann, ýta þeim út í lífsbaráttuna í stað þess að vinna í lokuðum hring. Og þá er ég ekki í nokkrum vafa um að olíuverð mun lækka og þjónusta mun aukast, eins og hv. Eiður Guðnason nefndi ágætt dæmi um hér áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 50 frá 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda. Á síðasta þingi voru samþykkt ný heildarlög fyrir Lífeyrissjóð bænda og birtust þau sem lög nr. 50/1984. Í athugasemdum, er fylgdu frv. þessu til laga, kom fram að eðlilegt þætti að bíða með tillögur um fjármögnun útgjalda skv. II. kafla laganna þar til ljóst yrði hvað yrði um hliðstæð réttindi skv. lögum um eftirlaun til aldraða. Hér er um að ræða fjármögnun á lífeyrisgreiðslum til þess hóps aldraðra bænda sem veitt eru lífeyrisréttindi umfram það sem þeir hafa áunnið sér með iðgjaldagreiðslum.

Á haustþingi lagði heilbr.- og trmrh. síðan fram frv. til breytinga á lögum, um eftirlaun til aldraðra, þar sem gert var ráð fyrir fimm ára framlengingu á þeim lögum þannig að þau giltu til ársloka 1989. Var það frv. samþykkt hér á Alþingi og birt sem lög nr. 117/1984. Er frv. það, sem hér er til umr., flutt í tengslum við þessa breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Þegar lög um Lífeyrissjóð bænda voru sett árið 1970 var kveðið svo á að útgjöld vegna réttinda skv. II. kafla laganna skyldu til ársloka 1985 borin að hluta af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þegar sérstök verðtrygging eftirlaunagreiðslna skv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum kom til sögunnar árið 1976 tók Lífeyrissjóður bænda á sig útgjöld vegna hliðstæðrar verðtryggingar lífeyrisgreiðslna skv. II. kafla laga sjóðsins. Vegna aldursskiptingar bænda eru þessi útgjöld sjóðnum afar þungur baggi. Með áðurnefndum lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, var þeirri skipan komið á að Lífeyrissjóður bænda skyldi eins og aðrir lífeyrissjóðir leggja fram skv. þeim lögum 5% af iðgjaldatekjum sínum, en á hinn bóginn skyldu útgjöld til hinnar sérstöku uppbótar á lífeyri skv. II. kafla laga sjóðsins greidd með framlagi skv. 25. gr. laga nr. 97/1979.

Í frv. þessu er lagt til að tímabundin ákvæði laganna um Lífeyrissjóð bænda, um fjármögnun útgjalda skv. II. kafla laganna og verðbætur á lífeyri verði framlengdur til ársloka 1989, en skv. núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út ýmist í árslok 1984 eða 1985. Að hluta eru breytingar þessar bein og sjálfsögð afleiðing af framlengingu ákvæðanna um framlög skv. 25. gr. laga um eftirlaun til aldraðra. Þá er í frv. lagt til að ákvæðunum um viðmiðunarlaun þau, sem eru grundvöllur lífeyrisréttinda, verði breytt með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

Virðulegi forseti. Ég tel mig ekki þurfa að fjölyrða frekar um efni þessa frv. enda er það í raun fylgifiskur þess samþykkta frv. um framlengingu ákvæða um eftirlaun til aldraðra. Ég legg því til að frv. verði vísað til hv. landbn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég sé ekki í fljótu bragði hvaða erindi þetta frv. á til hv. landbn. Mér finnst hér vera um dæmigert mál að ræða sem fjalla ætti um í fjh.- og viðskn. og geri till. um að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. fremur en landbn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég gerði hliðstæða athugasemd við þær ráðleggingar sem ég fékk áður en ég flutti þessa brtt. En mér var sagt að það væri hefð að þessi mál færu til landbn. En ég get stutt þá brtt. sem hv. 5. landsk. þm. gerir og breyti þá *minni till. ef það fullnægir hans óskum* og legg til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 426). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er lagt fram, er unnið upp úr tveimur frumvörpum sem tvær nefndir skipaðar af þáv. menntmrh. sömdu, eins og skýrt er frá í grg. með frv. Þessi frv. lágu bæði fullbúin í menntmrn. á síðasta ári og til þess að unnt yrði að leggja málið fram þótti skynsamlegast að vinna frv. upp úr báðum þessum skjölum sem fyrir lágu. Árangur þess er það frv. sem hér er lagt fram svo að Alþingi geti fjallað um málið. Jafnframt eru birt sem fskj. frumvörpin sem áður höfðu verið samin ásamt greinargerðum þeirra. Frv. í núverandi búningi er unnið af starfsmönnum rn., aðallega Kristjönu Kristinsdóttur skjalfræðingi, sem vann um

skeið í menntmrn., svo og af lögfræðingi rn. og enn fremur Runólfi Þórarinssyni deildarstjóra.

Í þessu frv. má segja að mörkuð sé nú stefna varðandi Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin. Um þetta mál með þessari nýju stefnu hefur nokkuð verið fjallað einnig af núverandi þjóðskjalaverði, Ólafi Ásgeirssyni fyrrum skólameistara. Hann telur að hið nýja frv. verði mjög til bóta og greiði fyrir því að koma Þjóðskjalasafninu í það nútímahorf sem allir eru sammála um að það þurfi að komast í.

Fram til þessa hefur Þjóðskjalasafninu verið gert að taka við öllum opinberum skjölum sem til falla. Nú er því skylt að velja úr þann hluta sem telja verður að hafi sögulegt gildi fyrir síðari tíma. Með þessu frv. er því falið á hendur vandasamt verkefni og því er það nýmæli sett í frv. að lögum safnsins að það skuli hafa stjórnarnefnd sér til fulltingis og aðstoðar við þetta starf auk annarra starfa sem kveðið er á um í frv.

Frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur hlaupið mikill vöxtur í skjalagerð hins opinbera hér á landi ekki síður en hjá grannþjóðum okkar. Á undanförnum áratugum hefur stjórnun og takmörkun hins mikla skjalamagns, sem verður til í stjórnkerfinu, verið sífellt viðfangsefni skjalavarða og stjórnvalda víðs vegar. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa komið sér upp flokkunarkerfum og reglum um eyðingu og grisjun skjala til að hafa stjórn á verkefninu. Til að gera þetta starf eins auðvelt og ódýrt í framkvæmd og hægt er er það grundvallaratriði að embættin raði skjölum sínum eftir efni. Síðan er þeim efnisflokkum eytt sem ekki er talið að hafi sögulegt eða hagnýtt gildi þegar til lengri tíma er litið. Hér er samt nauðsyn að fara með allri gát og rasa ekki um ráð fram því að skaðinn verður ekki bættur ef illa tekst til. Í þessum efnum getum við sótt góð ráð til frændþjóða okkar sem nú eru reynslunni ríkari í þessum efnum.

Ég vil ekki líta fram hjá því atriði að með grisjun og eyðingu óþarfra skjala kemur þjóðfélagið til með að spara verulega fjármuni í mannahaldi og húsakosti yfir það sem varðveita á. Raunar væri það ekki fullgild ástæða ef rök hnigju ekki einnig að því að með minnkun umfangs skjalasafna hinna ýmsu embætta og stofnana verði vegurinn gerður greiðari fyrir vísindamenn komandi tíma að kjarna þess máls sem rannsóknin beinist að hverju sinni. Skjalaverðir og sagnfræðingar á Norðurlöndum hafa lagt mikla áherslu á hvað það sé mikils virði fyrir fræðin að auðvelt sé að greina hismið frá kjarnanum. Ef maður má vitna til kveðskapar, þá kvað okkar fyrsti þjóðskjalavörður, Jón Þorkelsson, svo:

Hið mikla geymir minningin
en mylsna og smælkið fer.

Og sú mun verða raunin á þegar nýtt fyrirkomulag er komið á skjalavörsluna.

Enda þótt sú leið verði farin að taka kúfinn af skjalaframleiðslunni með skilvirkum hætti er samt ljóst að Þjóðskjalasafn Íslands þarfnast miklu meira og betra húsakosts en það hefur yfir að ráða í dag. Að þessu víkja báðar nefndirnir sem sömdu hin fyrri frumvörp, svo og höfundar þessa frv., enda er með stjórnun á fjölgun skjala hægt að gera áætlun fram í tímann um hve mikinn húsakost stofnunin þurfi tiltekinn árafjölda. Að vísu kann að vera að við stöndum frammi fyrir tæknibyltingu nú eftir að tölvan kom til sögunnar og skjalagerð með hefðbundnum hætti kunni að vera á hverfandi hveli, en tæpast er við því að búast að skjalagerð hverfi þó með öllu.

Því hlýtur það að verða eitt af viðfangsefnum íslenskra stjórnvalda að reisa nýja byggingu yfir heimildirnar um sögu okkar í fortíð og á komandi tímum. Hún verður að vera þannig hönnuð að hægt sé að auka geymslurýmið eftir þörfum. Hér er nefnd hugmynd sem nýtt hefur verið í sumum öðrum löndum og hún er sú að þar hefur verið horfið að því ráði að sprengja skjalageymslur í kletta. Nægir að líta til Norðurlanda til að sjá þar dæmi um. Framsýnir menn þykjast sjá mikla möguleika í þessu efni hér á landi því að hér sé gnægð kletta, en það er ekki víst að allir verði sammála um þá lausn. Þetta verkefni er vitanlega eitt af því sem bíður úrlausnar á næstu árum.

Í lok 7. áratugsins lá fyrir ákvörðun eða áætlun þáv. menntmrh. Gylfa Þ. Gíslasonar um að Þjóðskjalasafnið fengi hús Landsbókasafnsins til sinna umráða þegar Landsbókasafnið væri komið í hina væntanlegu þjóðarbókhlöðu, sem menn héldu þá að risi miklu fyrr en við sjáum að raun hefur orðið á.

Hitt er svo annað mál að þá töldu margir sem um skjölin fjölluðu að jafnvel sú bygging mundi ekki verða fullnægjandi. Bæði væri það að rýmið yrði tæplega nægilega mikið og svo væri hitt að rétt væri að nota nú á dögum þann tæknibúnað sem til boða stendur til þess að búa sem best um þau skjöl sem geyma á. Til þess væri annars konar húsnæði hentara. Það er meira að segja fjallað um það í grg. með frumvörpunum hve hentugir skápar séu á boðstólum nú til að geyma skjölin þannig að rýmið megi nýta sem best. Það er líka eitt af þeim atriðum sem máli skipta.

Í grg. þess frv., sem fyrsta nefndin samdi, er vikið að því hve mikið magn skjala megi ætla að hér verði til mjög fljótlega hjá opinberum aðilum ef ekki verði tekin upp ný stefna í skjalavistun. Menn tala um það hve margir hillukílómetrar verði til og hvernig við getum snúist við þessum vanda á þann veg að ekki sé hætt verðmætum heimildum um sögu okkar.

Hér er, virðulegi forseti, um mikil skjöl að ræða. Ég vil hvetja til þess að hv. menntmn. fái sem gleggsta umfjöllun um þessi mál. Ég geri mér grein fyrir því að nefndin þarf tíma fyrir sér til að fjalla um málin. En hér er um að ræða málefni sem óhjákvæmilegt er að marka stefnu í sem allra fyrst og að Alþingi komist að sameiginlegri niðurstöðu um það atriði.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því í hverju aðalnýmæli þessa frv. eru fólgin, en það er fyrst og fremst stjórnarnefndin sem ég vék að áðan. Auk þess er gert ráð fyrir að Þjóðskjalasafn muni, ef þetta frv. verður að lögum, fá eftirlitshlutverk þannig að það annist eftirlit með skjalasöfnum þeirra aðila sem afhendingarskyldir verða skv. væntanlegum lögum. Enn fremur eigi Þjóðskjalasafn að láta í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuvæðingu og stefnu um ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Enn fremur ætti Þjóðskjalasafn skv. þessu að gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum.

Ég hygg að ekki sé sérstök ástæða til að nefna fleiri atriði í þessu sambandi. En ég legg til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 4. febr., að loknum fundi í Sþ.

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyting á lögum um almannatryggingar á þskj. 440. Eins og fram kemur í grg. með frv. er markmið þess að hækka greiðslur makabóta til þeirra sem bundnir eru heima við vegna örorku eða langvinns sjúkdóms maka og geta ekki af þeim sökum aflað sér tekna.

Í 13. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði þess efnis að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Í framkvæmd hefur ákvæði þessarar greinar verið þannig að eingöngu hefur verið miðað við grunnlífeyri án tekjutryggingar og er upphæð makabóta nú 3394 kr. 78 konur njóta makalífeyris og 4 karlar.

Með frv. þessu er lagt til að makabætur geti numið allt að 80% af samanlögðum grunnlífeyri og tekjutryggingu eða 8154 kr. í stað 3394 kr.

Það er ljóst að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa oft ekki annað sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga. Þegar þar við bætist að maki elli- og örorkulífeyrisþegans getur ekki aflað heimilinu tekna vegna þess að hann er bundinn heima við vegna örorku hans eða langvarandi sjúkdóms og hefur því einungis makabætur almannatrygginga, eða rúmar 3000 kr., þá hlýtur framfærslan að vera slíku heimili mjög erfið.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um það hvenær þetta ákvæði kemur fyrst inn í almannatryggingarnar og hvaða breytingum það hefur tekið. Þetta ákvæði kemur fyrst inn í almannatryggingarnar 1946. Ákvæðið var þá þannig að makabætur mátti greiða eiginkonu elli- og örorkulífeyrisþega enda þótt hún væri ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki. Bótaupphæðin var þá miðuð við að samanlagðar bætur hjónanna færu ekki fram úr hjónalífeyri. Þá var tekjutrygging ekki komin til sögunnar þannig að á þeim tíma þegar ákvæðið kemur fyrst til framkvæmda er miðað við hæstu lífeyrisgreiðslur eins og þær voru á þeim tíma. Þá var miðað við hjónalífeyri, eins og þá sagði, en hjónalífeyrir með tekjutryggingu er nú tæpar 18 þús. kr. Ef við miðum við ellilífeyrisþega eða örorkulífeyrisþega, sem hefur ellilífeyri eða örorkulífeyri og fulla tekjutryggingu, þá nema tekjur hans í dag 10 þús. kr. Ef frv. þetta yrði að lögum kæmu til viðbótar til framfærslu þessa heimilis 8 þús. kr. Hér er þá orðið um 18 þús. kr. að ræða, en það er sama eða svipuð upphæð eins og hjónalífeyririnn.

Á þinginu 1955—56 er ákvæði þessarar greinar breytt og miðað við að makabætur skuli vera allt að 60% af óskertum einstaklingslífeyri. Á þinginu 1959—1960 er þessu breytt aftur og makabæturnar hækkaðar og miðað við 80% af lífeyri og áfram er talað um óskertan lífeyri. En á þeim árum var einungis heimilt að veita makabætur eiginkonu öryrkja eða ellilífeyrisþega. Þegar mál þetta kemur aftur til kasta Alþingis 1962—1963 voru gerðar ýmsar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni þó að ekki væri lögð til breyting á ákvæði makabóta. Nefndin sem fjallaði þá um frv. um breytingar á almannatryggingalögum gerði þær breytingar að makabætur, sem áður voru einungis greiddar eiginkonu, náðu nú einnig til eiginmanna, þannig að maki elli- og örorkulífeyrisþega fékk greiddar makabætur í sérstökum tilfellum. Hins vegar féll brott orðið „óskertur" (einstaklingslífeyrir) — án þess þó að á því væri gefin sérstök skýring eða að af verði ráðið að makabæturnar hafi lækkað — enda áfram miðað við 80% af hæstu greiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega.

Á árinu 1971 voru sett ný lög um almannatryggingar. Voru helstu nýmæli þeirra hin svonefnda tekjutrygging. Tekjutryggingin leggst við elli- og örorkulífeyri ef sjálfsaflatekjur lífeyrisþegans eru undir ákveðnu marki sem nefnt hefur verið frítekjumark. Þó að með þessu ákvæði hafi greiðslur hækkað verulega til elli- og örorkulífeyrisþega, sem ekki hafa aðrar tekjur en einstaklingslífeyri almannatrygginga, þá hafa makabæturnar ekki fylgt þessari breytingu og eru nú miðaðar, eins og áður sagði, einungis við grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega en ekki hæstu lífeyrisgreiðslur, þ. e. samanlagðan grunnlífeyri og tekjutryggingu, eins og áður var.

Í þessu frv. er einungis eins og áður miðað við maka elli- og örorkulífeyrisþega. Þó er bent á það í grg. með frv. að vissulega kæmi til athugunar hvort ekki væri rétt að þetta ákvæði næði einnig til fleiri hópa í sambærilegum tilfellum. Má þar nefna t. d. tímabundnar aðstæður einstæðra foreldra vegna veikinda barna um lengri tíma, þar sem fólk getur oft misst verulegar launatekjur af þeim sökum. Eins er í grg. vitnað í það neyðarástand sem nú ríkir vegna vistunarmála aldraðra. Kæmi það vissulega til greina og gæti dregið úr þörf fyrir stofnanir aldraðra ef þetta ákvæði væri gert víðtækara, opnaðir möguleikar til að greiða bætur þeim sem ekki geta aflað sér tekna á vinnumarkaði vegna umönnunar aldraðra og öryrkja í heimahúsum sem ella þyrftu á sjúkrastofnunarvist eða vistheimili að halda.

Ef litið er til þess hvaða útgjöld þetta frv. hefði í för með sér þá var, eins og áður sagði, fjöldi þeirra sem nutu makabóta í desember s. l. 82, 78 konur og 4 karlar. Kostnaður miðað við núgildandi makabætur eru um 280 þús. kr. á mánuði eða 3.3 millj. á ári. Ef frv. þetta yrði að lögum yrði kostnaðurinn 669 þús. kr. á mánuði eða 8 millj. kr. á ári. Frv. þetta hefði því í för með sér aukin útgjöld að upphæð um 5 millj. kr. á ári. Hér er ekki um stóra upphæð að ræða miðað við það að á þetta mál verður að líta sem réttlætismál þeirra sem geta ekki verið á vinnumarkaðinum vegna þess að þeir eru bundnir heima yfir hjúkrunarsjúklingum, enda má sjá á því hve fáir njóta þessara makabóta að þessu ákvæði hefur verið beitt mjög þröngt og skilyrði þess að fá makabætur eru að um algeran hjúkrunarsjúkling sé að ræða sem makinn annast og að öryrkinn eða ellilífeyrisþeginn hafi ekki annað sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga. Einnig er þess að geta að makabætur falla niður ef sá sem nýtur makabóta fer sjálfur á ellilífeyri og í þeim tilfellum einnig ef viðkomandi fer sjálfur á örorkulífeyri.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að ræða frekar um þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórn efnahagsmála, frv. 267. mál (þskj. 445). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 445, um breyting á lögum um stjórn efnahagsmála frá 1979, sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og Karvel Pálmasyni. Markmið þessa frv. er að fyrirbyggja að versnandi lífskjör auki greiðslubyrði verðtryggðra lána langt umfram eðlilega greiðslugetu fólks, m. ö. o. að tillit sé tekið til þess við útreikning verðtryggðra lána ef lífskjör fara versnandi og verðmæti vinnulauna fylgja ekki verðgildi annarra verðmæta í þjóðfélaginu.

Hugmyndin, sem að baki liggur, er sú að fresta greiðslu á þeim hluta verðtryggingar sem er umfram almennar launahækkanir í landinu. Þetta verði gert með lengingu lánstímans þannig að hækkun árlegrar greiðslubyrði sé ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa á sama tíma.

Þetta frv. er nú flutt í annað sinn, lítillega breytt. Í grg. er einkum tölulegum upplýsingum breytt til samræmis við þróun kaupgjalds og lánskjaravísitölu, svo og greiðslubyrði lána fram til 1. jan. 1985.

Frv. þetta var fyrst lagt fram á Alþingi árið 1982. Það var þá afgreitt frá hv. fjh.- og viðskn. Nd. og komu fram tvö nál. frá nefndinni. Málið komst þó ekki til 2. umr. í deildinni og voru nál. því ekki rædd.

Ég tel rétt, herra forseti, að greina frá þessum nefndarálitum sem varpa nokkru ljósi á álit fjh.- og viðskn. í þessu máli þegar hún hafði málið til meðferðar á sínum tíma.

Fram kom annars vegar meirihlutaálit frá fjh.- og viðskn. Undir það skrifuðu Halldór Ásgrímsson, sem þá var formaður nefndarinnar, Ingólfur Guðnason, Guðmundur J. Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen og Albert Guðmundsson.

Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og rætt það við Seðlabankann, húsnæðismálastjórn og fulltrúa Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða.

Einnig hefur nefndin fengið meðfylgjandi umsögn frá Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða.

Nefndin er sammála um það, að jafna beri greiðslubyrði fullverðtryggðra fasteignaveðslána einstaklinga í samvinnu við og með samþykki þeirra sjóða og stofnana er hlut eiga að máli. Vísast í því sambandi til stefnumörkunar í bráðabirgðaákvæðum 33. gr. laga nr. 13/1979, að samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur.

Ber einnig í þessu sambandi að stuðla að samræmingu verðtryggðra lánskjara þannig að skuldarar njóti „annuitets"-kjara við endurgreiðslu lána sinna, einnig í þeim skuldasamningum sem þegar er búið að stofna til.

Nefndin telur ekki fært að fara löggjafarleið að greindu marki. Hún leggur til að ríkisstj., í samráði við húsnæðismálastjórn, setji reglur um þetta efni um þegar veitt lán og ný lán við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Jafnframt er vísað í 4. mgr. 33. gr. laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, um fjölgun gjalddaga lána, og lögð áhersla á það að því ákvæði sé framfylgt.

Gagnvart öðrum skuldabréfaeigendum, sjóðum, stofnunum, þ. m. t. bönkum og sparisjóðum, þarf að fara samkomulagsleið, eins og áður greinir. Hefur nefndin þegar beint tilmælum í þessa átt til fulltrúa sambanda lífeyrissjóða og mjög jákvæð viðhorf koma fram í umsögn bankanna. Þarf ríkisstj. að fylgja því eftir.

Tillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Að einstaklingum sem skuldurum þegar útgefinna veðskuldabréfa með fullri verðtryggingu verði gefinn kostur á frestun á greiðslu a. m. k. tíunda hluta þeirra greiðslna, sem þeir eiga eftir að inna af höndum á 12 mánaða tímabili frá byrjun þessa árs að telja eða frá 1. júní n. k. að telja. Verði fjárhæðin færð á sérstakan reikning til endurgreiðslu eftir lok lánstímans eða með álagi á næstu 3—5 árum þegar umsamins lánstíma, eftir vali skuldara, er kostur er. Skilmálar um verðtryggingu og vexti breytist ekki að öðru leyti.

2. Sjóðir og stofnanir séu hvött til lengingar lánstíma á nýjum lánum er veitt verða.

3. Þá er lögð áhersla á að fjölgun greiðsludaga getur verið þýðingarmikil hagsbót fyrir skuldara, m. a. hjá Húsnæðisstofnun.

4. Áríðandi er að sjóðir og stofnanir sem eigendur og umráðamenn þeirra veðskuldabréfa, er falla undir lið 1, gefi skuldurum kost á umræddri frestun með auglýsingu.

Með vísun til þess, sem að ofan greinir, leggur meiri hl. n. til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Sighvatur Björgvinsson skilar sérálíti."

Í nál. minni hl., sem undirritað er af Sighvati Björgvinssyni, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur haft frv. þetta til skoðunar í allan vetur, enda er það eitt af fyrstu málum þingsins. Lengi var beðið eftir umsögnum opinberra aðila og fengust þær ekki fyrr en eftir ítrekaðan eftirrekstur. Af þessum ástæðum var það fyrst nú fyrir fáum vikum sem raunveruleg skoðun málsins gat hafist í nefndinni. Við þá athugun kom í ljós að áhugi og vilji var fyrir því hjá mörgum nm. að afgreiða málið, enda var hér um að ræða mál, sem skipta mun sköpum fyrir fjölmarga aðila, einkum húsbyggjendur sem eru að kikna undan greiðslubyrði lána þar eð lánskjaravísitala hefur hækkað talsvert umfram kaupgjald og allar greiðsluáætlanir húsbyggjenda og annarra lántakenda hafa þar með farið úr skorðum.

Eins og vænta mátti höfðu lánastofnanir og fulltrúar þeirra ýmsar úrtölur fram að færa um efni frv. við nefndina. Allir voru þeir sammála um að sjálft úrlausnarefnið væri brýnt og knýjandi og sú hugmynd um lausn, sem í frv. er gerð till. um, sé skynsamleg. Úrtölurnar beindust hins vegar að framkvæmdinni — á henni væru tæknilegir örðugleikar, vafasamt sé hvort hægt sé að ráða slíkum málum til lykta með löggjöf o. s. frv. Urðu þessar úrtölur til þess að hafa þau áhrif á nm., sem áður höfðu lýst sig fylgjandi ákvæðum frv., að þeir treystu sér ekki til þess lengur, en vilja afgreiða málið með vísun til ríkisstj. með ýmsum yfirlýsingum og vilyrðum um skilning og góðan vilja.

Þótt ekki sé efast um þann skilning og góðan vilja, sem fram kom í þessari afgreiðslu og látinn hefur verið í ljós af ýmsum fulltrúum lánastofnana, þá er hætt við að á framkvæmdinni geti orðið bið komi ekki til atbeina Alþingis, sem lögin setti um verðtryggingu fjárskuld-

bindinga og ætlaðist til við þá afgreiðslu að greiðslubyrði færi ekki fram úr launaþróun í landinu. Vart eru meiri framkvæmdaörðugleikar á máli því, sem frv. fjallar um, en voru á verðtryggingunni skv. lánskjaravísitölu þegar hún var upp tekin, og er ekki vitað að lánastofnanir hafi kvartað mjög undan tæknilegum örðugleikum í því sambandi. Þá fellst minni hl. n. ekki heldur á þær röksemdir, að með samþykkt frv. væri verið að skerða réttmæta verðtryggingu útlánakrafna lánastofnana, þar sem aðeins er um að ræða tiltekna lengingu lánstíma að hluta til, en enga skerðingu verðtryggingar.

Minni hl. n. leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Og undir nál. ritar Sighvatur Björgvinsson, eins og áður sagði.

Þó að frv. þetta hafi ekki náð fram að ganga er ljóst að það hefur þau áhrif að til vissra aðgerða var gripið í þessu máli. Þær aðgerðir voru þó aðeins tímabundnar. Hinn 27. maí 1983 voru sett brbl. sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðarlána banka og annarra lánastofnana er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

Þeim greiðslum, sem frestað er skv. framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur eftir þörfum þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið."

Þessi lög giltu um lán sem gjaldféllu á tímabilinu 1. maí 1983 til aprílloka 1984. Á þessu tímabili voru það, að því er byggingarsjóðina varðar, 2850 einstaklingar sem nýttu sér þessa heimild og var heildarupphæð, sem frestað var, 4.7 millj. Eftir apríl 1984 hafa þessir möguleikar ekki verið fyrir hendi fyrir lántakendur, jafnvel þó að á þeim tíma sem á eftir kom hafi enn verið mikið misvægi milli lánskjara og launa.

Á töflu sem er að finna í grg. frv. á bls. 3 kemur í ljós að frá 1. júní 1979 til 1. jan. 1985 hefur byggingarvísitala hækkað um 820% og lánskjaravísitala um 906%. Á sama tímabili hefur meðalvísitala launa hækkað um 606%, en það meðaltal er byggt á kauptöxtum verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunarmanna, landverkafólks og opinberra starfsmanna. Á þessu tímabili hefur því greiðslubyrði tengd lánskjaravísitölu aukist um 42.5% miðað við meðallaun frá útreikningi lánskjaravísitölu 1. júní 1979 til 1. janúar 1985. Miðað við byggingarvísitölu hefur greiðslubyrðin aukist um 30.3%.

Þegar almennt var tekin upp verðtrygging 1979 átti samhliða verðtryggingunni að lengja lánstímann til að mæta greiðslubyrði sem leiddi af verðtryggingunni. Segja má að stjórnvöld hafi að verulegu leyti heykst á að framkvæma þetta þó að einstakir lífeyrissjóðir hafi lengt lánstímann eitthvað. Það segir sig sjálft að í þeirri miklu verðbólgu sem við höfum þurft að búa við er ógerningur að gera langtímaáætlanir um fjárskuldbindingar. Sá sem tekur verðtryggt lán til langs tíma veit í raun og veru lítið um hvaða skuldbindingar hann er að leggja á sínar herðar, nema honum séu tryggð jafnverðmæt laun á lánstímanum, því að þá verður lánið ávallt sama hlutfall af árstekjum hans. Á sama hátt og það er sjálfsagt réttlætismál að menn endurgreiði jafnmikil verðmæti og þeir fá að láni ásamt sanngjarnri þóknun þá er það líka sanngirniskrafa að lántakendur geti treyst á að greiðslubyrðin fari ekki langt fram úr hækkun launa. Ef lífskjör fara versnandi í þjóðfélaginu um lengri eða skemmri tíma þá er sanngjarnt að skuldabyrði almennings sé dreift á lengri tímabil fremur en að hætta á greiðsluþrot fólks með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir margar fjölskyldur í landinu.

Það er ljóst að almennt hefur fólk ekki gert sér nægilega góða grein fyrir áhrifum verðtryggingar veðskuldbindinga. Margir hafa því teflt á tæpasta vað með fjármögnun íbúðarhúsnæðis, enda hefur komið á daginn að sú langvarandi kjararýrnun sem fólk hefur þurft að búa við, ekki síst eftir að hætt var að reikna verðbætur á laun en verðbólgan fær samt sem áður að æða óheft áfram, hefur leitt til þess að lántakendur geta ekki staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

Í grg. með þessu frv. er tekið dæmi um hver þróunin hefur orðið. Tekið er dæmi af ungum hjónum sem keyptu sér tveggja herbergja íbúð 1. júní 1979. Þá var íbúðarverð 180 þús. kr. og sjálf áttu þau þriðjung kaupverðs, þ. e. 60 þús. kr. sem jafngilti þá rúmum 2½ árslaunum skv. 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands, en mánaðarlaun voru þá 1955 kr. skv. þessum launaflokki. Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að þau hafi tekið 120 þús. kr. að láni og lánið sé verðtryggt með lánskjaravísitölu til 20 ára og beri breytilega vexti skv. ákvörðun Seðlabankans.

Það sem er athyglisvert í þessu dæmi er að 120 þús. kr. lán jafngilti 1979 rúmlega 61 mánaðarlaunum verkamanns en á fimmta gjalddaga, eða fimm árum síðar, árið 1984 skulda þau enn tæplega 800 þús. eftir greiðslu, sem eru uppfærðar eftirstöðvar lánsins með lánskjaravísitölu og er það ígildi tæplega 64 mánaðarlauna verkamannsins. Þetta þýðir í raun að þessi hjón skulda á fimmta gjalddaga, eða fimm árum eftir töku lánsins, meira að raungildi en þegar lánið er tekið, þrátt fyrir að hafa greitt fimm sinnum af láninu.

Á fyrsta gjalddaga 1980 samsvarar greiðslubyrðin 4.5 mánaðarlaunum verkamannsins. Á fimmta gjalddaga árið 1984 samsvarar greiðslubyrðin 6.6 mánaðarlaunum og ef gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á þessu ári mun greiðslubyrðin vegna þessa láns á árinu 1985 samsvara 8.6 mánaðarlaunum.

Ef litið er á hver þróunin hefði orðið ef ákvæði þessa frv. hefðu verið í gildi þá kemur eftirfarandi í ljós:

Í ákvæðum frv. er gert ráð fyrir að ef samanlögð upphæð afborgunar, verðtryggingarþátta og vaxta af verðtryggðu láni til einstaklings hefur hækkað meira hlutfallslega en ákveðin kaupgreiðsluvísitala, sem skilgreind er í frv., á tímabilinu frá því að lánveiting átti sér stað, þá skal einungis sá hluti fjárhæðarinnar sem samsvarar hækkun kaupgreiðsluvísitölu teljast gjaldfallinn. Mismunurinn sem eftir stendur myndar síðan sérstakan viðauka á höfuðstól sem verðtryggist með sama hætti og hið upphaflega lán og lýtur sömu vaxtakjörum en byrjar að gjaldfalla þá fyrst er upphaflegum lánstíma lýkur og þá með sömu gjalddögum og hið upphaflega lán.

Hér er í raun um framlengdan lánstíma að ræða en sú grundvallarforsenda sem gengið er út frá er að greiðslubyrði lána hverju sinni hækki ekki meira en nemur hækkun launa. Hefði þetta ákvæði verið í gildi, sem frv. kveður á um, þegar áðurgreint 120 þús. kr. lán var tekið 1. júní 1979 hefðu áhrif þess orðið þau að á fimmta gjalddaga er uppsafnað og uppfært viðaukalán komið í tæp 72 þús. og verður, ef að líkum lætur, eftir greiðslu 1985 orðið tæp 157 þús. Hér er um umtalsverða fjárhæð að ræða. Síðastliðið ár hefði upphæðin eða viðaukahöfuðstóllinn, sem greiðist á framlengdum lánstíma, samsvarað 5.7 mánaðarlaunum verkamanns og eftir gjalddaga 1985 jafngildir þessi upphæð, sem frestað hefur verið frá því að lánið var tekið 1979 vegna þess að greiðslubyrðin hefur verið meiri en hækkun launa, um 10.5 mánaðarlaunum verkamanns.

Fyrir nokkru var dregin upp í sjónvarpsþætti mjög dökk mynd af stöðu húsbyggjenda. Þar komu kynslóðaskiptin í húsnæðismálum mjög skýrt fram. Dregin var upp sú mynd að sá sem keypti sér íbúð á 1 800 þús. kr. árið 1974 borgaði í raun ekki nema 990 þús. kr. fyrir hana, eða 55% af kaupverði, en sá sem keypti sér samsvarandi íbúð árið 1984 mun greiða fyrir hana 2.2 millj., eða 122% af kaupverði, eða 1.2 millj. kr. meira en sá sem grætt gat á verðbólgunni á sínum tíma.

Það vakti vissulega athygli í þessum þætti og sýnir hvað hér er um gífurlega mikinn vanda að ræða, sem getur haft í för með sér mikil félagsleg vandamál og upplausn heimila, að í þessum þætti, sem fjallaði um húsnæðismál og mikla greiðslubyrði húsbyggjenda, var ekki síst leitað álits geðlækna og uppboðshaldara á stöðu mála. Það hlýtur að vera umhugsunarefni og ábyrgð stjórnvalda mikil ef ekki verður gripið til raunhæfra aðgerða í þessu máli því að þessi þróun eykur á félagsleg vandamál í þjóðfélaginu og upplausn fjölskyldna. Og þegar upp er staðið er þetta ekki bara dýrkeypt fyrir margar fjölskyldur í landinu heldur kostar þetta þjóðfélagið í heild mikið.

Það er auðvitað ljóst að margir hafa áður en verðtryggingin tók gildi hagnast verulega í skjóli verðbólgugróða. En við Alþfl.-menn höfum bent ítrekað á að meðan ungt fólk berst í bökkum og vinnur myrkranna á milli við að koma sér upp húsnæði er upplýst að í skjóli verðbólgu og óverðtryggðra lána hafi mikill gróði safnast á fárra manna hendur sem best sést á því að 2—3 tugir einstaklinga eiga eignir sem metnar eru á 600 millj. kr. og sumir þeirra skattlausir.

Í þeim sjónvarpsþætti sem ég nefndi og fjallaði um húsnæðismálin var dregin upp mynd af þróun lánskjaravísitölu og hvert stefndi ef sú þróun sem verið hefur á kaupgjalds- og lánskjaravísitölu héldi áfram næstu árin. Þar var tekið dæmi af manni sem keypti sér íbúð 1982 og hafði reiknað út að 25% af launum hans færu í að greiða afborganir og vexti af lánum. Ef sú forsenda er gefin að sama þróun varðandi launa- og lánskjaravísitölu haldi áfram næstu árin kemur í ljós að greiðslubyrðin, sem var 25% af launum 1982, verður orðin 50% á árinu 1986 og 74% af launum árið 1988. Og árið 1990 fer greiðslubyrðin í 100%, þ. e. öll launin hrökkva ekki fyrir afborgunum og vöxtum af lánum.

Það er auðvitað deginum ljósara að við blasir greiðsluþrot hjá íbúðarkaupendum og húsbyggjendum meðan við búum við það ástand að vísitalan sem mælir launafólki launahækkanir er rifin úr sambandi en lánskjaravísitalan fær að vaða óheft áfram, enda hefur komið fram að á árinu 1983 voru 20 þúsund beiðnir um nauðungaruppboð frá veðdeild Landsbankans vegna vangoldinna lána húsbyggjenda og íbúðarkaupenda. Ég tel að ákvæði þess frv. sem hér er til umr. geti skipt sköpum að því er greiðslubyrði lántakenda varðar. Er sú þróun og misgengi sem orðið hefur á kaupgjalds- og lánskjaraviðmiðun eftir að verðbætur á laun voru afnumdar 1. maí 1983 þar órækast vitni.

Ef við tökum dæmi frá 1. mars 1983, en þá var síðasti útreikningur verðbóta á laun, og athugum hver þróunin hefur orðið til 1. jan. 1985 þá kemur í ljós að greiðslubyrði vegna afborgana af láni hefur þyngst um 28% á þessu tímabili. Og að auki má nefna að vextir hafa hækkað verulega og hefur það enn aukið á þessa óhagstæðu þróun.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir þróuninni frá upphafi til loka árs 1985, miðað við spá um þróun lánskjaravísitölu og þróun kauptaxtavísitölu sem fylgir með grg. frv., þá kemur í ljós að lánskjörin hækka frá upphafi til loka árs um 25% en kauptaxtar hækka frá upphafi til loka árs um 7.4%. Þetta þýðir að greiðslubyrði miðað við launin mun þyngjast á þessu ári um 17%.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um það að kaupgreiðsluvísitala sú, sem miða skal við skv. ákvæðum 1. mgr., skuli leidd af taxta verkamanna í fiskvinnslu, elsta starfsaldursþrepi, og taki sömu breytingum og viðmiðunartaxti atvinnuleysisbóta, og að sá viðmiðunargrunnur skuli endurskoðast reglulega. Ástæðan fyrir því að þessi kaupgreiðsluvísitala er notuð er í fyrsta lagi sú að þessi viðmiðun er notuð við útreikning atvinnuleysistryggingabóta og við ákvörðun fæðingarorlofs og verður því að ætla að þessi viðmiðunargrundvöllur hafi verið talinn nokkuð eðlilegur sem viðmiðun meðaltaxtakaups í landinu. Eini munurinn er sá að atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur fylgja hækkun 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands en kaupgreiðsluvísitala frv. fylgir launum starfsheitisins Verkamenn í fiskvinnu.

Í öðru lagi felur þessi viðmiðun í sér starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslur þar sem hún er bundin við starfsheiti en ekki launaflokk. Þetta er mjög mikilvægt því að alltaf er nokkur launahækkun bundin við starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslur sem grunnkaupshækkanir mæla ekki.

Í þriðja lagi er ein launaviðmiðun miklu auðveldari í útreikningi en meðallaun þar sem tillit þarf að taka til fjölda í hverjum launaflokki og áætla vægi starfsaldurshækkana í launaflokki.

Á það skal einnig bent hér að sú leið sem lögð er til í þessu frv., þ. e. frestun á greiðslu þess hluta lánsins sem nemur mismun ákveðinnar kaupgreiðsluvísitölu og lánskjaravísitölu, er ekki óþekkt annars staðar á Norðurlöndum. Svipuð leið hefur verið farin t. d. í Danmörku og Noregi. Í Danmörku er um að ræða lengingu lánstímans sem svarar þeim mismun sem verður þegar launin eru skert í hlutfalli við lánakjörin. Í Noregi miðast húsnæðislánin við að greiðslan fari ekki fram úr 20% af dagvinnutekjum iðnverkamanna og mismunurinn, sem hugsanlega skapast milli þeirra greiðslna og lánskjara, greiðist á framlengdum lánstíma.

Um þetta mál, herra forseti, mætti vissulega hafa mörg fleiri orð til að sýna fram á hve brýnt er að Alþingi

taki þegar í stað á þessum málum. Sú þróun sem orðið hefur á launum og lánskjaravísitölu allt frá því að verðtryggingin var tekin upp 1979 staðfestir ótvírætt að nauðsynlegt er að grípa til ákveðinna aðgerða til að létta þá þungu greiðslubyrði sem hvílir á mörgum húsbyggjendum og íbúðarkaupendum. Það mikilvægasta við ákvæði þessa frv. er að þeir sem tekið hafa á sig fjárhagslegar skuldbindingar geti treyst því að árleg greiðslubyrði lána á hverjum tíma verði ekki meiri en nemur hækkun almennra launa. Það veitir lántakendum það öryggi að geta gert fjárhagsáætlanir um skuldbindingar sínar fram í tímann sem hægt er að byggja á. Sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir er því ekki síst mjög mikilvæg fyrir lántakendur þegar kjaraskerðingar skella fyrirvaralaust á og mikið misgengi skapast milli lánskjara og kaupgjalds.

Herra forseti. Við Alþfl.-menn leggjum mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Hér er um brýnt hagsmunamál húsbyggjenda og íbúðarkaupenda að ræða sem stjórnvöldum ber skylda til að greiða fyrir að nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem þessu máli verður væntanlega vísað til hv. fjh.- og viðskn. Nd. geri ég ráð fyrir að fá tækifæri til þess á þeim vettvangi að fjalla frekar um það. Hér er á ferðinni gamall kunningi. Eins og fram kom í máli hv. frsm. hefur þetta mál áður verið flutt og var þá flutt á 105. löggjafarþingi og voru þá flm., auk hv. frsm., hv. páv. þm. Magnús H. Magnússon og Karvel Pálmason, en hv. þm. Karvel Pálmason er nú meðflm. ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Þetta frv., eins og hv. frsm. gat um, snýr að því að breyta ákveðinni grein í lögum nr. 13 frá 1979, en þau lög hafa gengið undir nafninu Ólafslög. Til að rifja það upp eru þessi ákvæði ein þeirra ákvæða sem Alþfl. lagði hvað mest upp úr að fá inn í þá löggjöf á sínum tíma til að tryggja rétt sparifjáreigenda. Haustið þetta sama ár gekk Alþfl. úr þáverandi ríkisstj. vegna þess að hann taldi að ekki hefðu náðst fram þau markmið í efnahagsmálum sem þá var stefnt að. Skal sú saga ekki rakin frekar hér, en síðar klofnaði Alþfl., m. a. að því talið er vegna ágreinings um það þingrof sem þá var þetta haust. Það er því ekki skrýtið þótt Alþfl. hafi sérstakan áhuga á því að breyta þessum lögum og þetta mun vera í annað skipti, eins og fram hefur komið, sem Alþfl. gerir tilraun til þess á hv. Alþingi.

Það ber samt að rifja það upp, eins og ég hef gert hér, að ástæðan fyrir þessum ákvæðum Ólafslaga var sú að þar var verið að tryggja rétt sparifjáreigenda, en þannig hagar til með banka og lánastarfsemi í þessu landi að ef ekki kemur fullt verð fyrir þá peninga sem út er lánað þurfa þeir peningar að koma einhvers staðar frá og þá venjulega frá þeim sem leggja fjármuni til hliðar til að standa undir slíkum lánum. Í mörgum tilvikum er þar um að ræða sparifjáreigendur, en auk þess getur ríkið gripið inn í þá þróun og greitt niður lán eins og þekkist sums staðar, t. d. í húsnæðislánakerfinu þar sem lífeyrissjóðirnir, sem eru stærstu lánardrottnar húsnæðiskerfisins, fá hærri vexti en nemur þeim vöxtum sem innheimtir eru í því kerfi. Á þetta vil ég leggja áherslu því að ekki má gleymast sú hlið sem snýr að þeim sem leggja þá peninga til hliðar sem síðan eru notaðir til útlána.

Sem betur fer má áætla að ekki verði jafnmikill munur á svokallaðri kaupgjaldsvísitölu, sem reyndar er ekki reiknuð nú, og á lánskjaravísitölu eins og verið hefur á undanförnum árum. Sá munur sem fram kom á þessum vísitölum var þegar orðinn mjög mikill þegar þetta frv. var fyrst flutt af hv. frsm. á 105. þinginu, eins og hv. frsm. gat um í sinni ræðu. Sem betur fer er bjartara fram undan, jafnvel þótt ekki sé á þessu ári ráðgert að fullt jafnvægi náist, eins og kom fram í ræðu hv. frsm. Hins vegar eru allar áætlanir fram í tímann, jafnvel áratugi, þar sem byggt er á nokkrum síðustu árum, alveg út í bláinn þar sem öllum hlýtur að vera ljóst að ef sú þróun, sem hefur átt sér stað á nokkrum undanförnum árum, kemur til með að halda áfram, þá verða áreiðanlega fáir fúsir til búsetu í þessu landi.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. frsm., að á sínum tíma afgreiddi fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar þetta mál. Frsm. meiri hl. var hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, og hann lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstj. á þeim rökum sem hv. frsm. gat um. Þær ástæður voru fyrst og fremst þær að n. taldi að ekki ætti að fara löggjafarleið að þessu marki. Og þegar nál. er lesið kemst maður að því að auðvitað byggir það á þeirri hugsun sem ég hef þegar nefnt í mínu máli, en hún er sú að húsnæðislánakerfið verður að standa skil á þeim fjármunum sem það fær til að standa undir sínum útlánum.

Enn segir á nál. hv. 7. þm. Reykv. Guðmundar J. Guðmundssonar að það þurfi að semja við aðra aðila því að ekki sé haldbært að beita lögum um þessi atriði gagnvart sjóðum, stofnunum, t. d. bönkum og sparisjóðum. Undir þetta sjónarmið hv. 7. þm. Reykv. er hægt að taka í meginatriðum, enda hafa mál ekki breyst sem því nemur frá þeim tíma að hv. 7. þm. Reykv. flutti sitt mál hér á Alþingi, þegar hann var stjórnarþm. og studdi þá ríkisstj. sem sat á undan þeirri sem nú situr.

Eigi að síður held ég að það sé eðlilegt að þessi mál séu til umr. á hv. þingi og ég vil taka undir það með hv. frsm. að auðvitað hlýtur sú n. sem þetta mál fær til meðferðar að skoða það gaumgæfilega. Ég vil þá strax taka fram að hæstv. ríkisstj. hefur að undanförnu kannað leiðir til að koma til móts við þau sjónarmið sem hv. frsm. lýsti í sínu máli. Það kemur ýmislegt til greina í því sambandi, en fyrst vil ég nefna að það hlýtur að koma til álita að afnema verðtryggingu af lánum eða fjárskuldbindingum til stutts tíma, t. a. m. til þriggja ára. Slíkt hlýtur að koma til álita, ekki síst þegar það er haft í huga að vísitölubindingar tíðkast ekki á öðrum sviðum og afnám vísitölubindingar á laun styðst af lagaákvæði. Þetta tek ég fram. Ég tel afar eðlilegt, svo að ég lýsi minni skoðun, að á meðan ekki er leyft að vísitölutryggja laun sé ekki heldur eðlilegt að vísitölutryggja fjárskuldbindingar til stutts tíma og nefni sem viðmiðun t. d. þrjú ár í því sambandi. En eins og ég sagði áður er þetta mál nú til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum.

Það gegnir hins vegar hugsanlega öðru máli þegar litið er til skuldbindinga til lengri tíma. Ég get vel hugsað mér, þegar rætt er um húsnæðiskerfið, að settar verði reglur varðandi það kerfi, en þar eru skuldbindingar til áratuga, til tveggja, þriggja áratuga, að sérreglur gildi þar um, enda sé litið á þann mun sem þarf að

greiða, þ. e. á útlánum og innlánum í þennan sjóð, þannig að ríkisvaldið greiði niður með skattfé með einhverjum hætti þau lán sem húsnæðiskerfið þarf að taka, m. a. hjá lífeyrissjóðunum, enda býst ég við því að lífeyrissjóðirnir í landinu séu vart tilbúnir að slá af sínum kjörum eins og verður að gera ráð fyrir að þeir þurfi að gera ef þeir eiga að standa undir þessu sjálfir. Ég tel líka að óeðlilegt sé að löggjafarvaldið sé að setja lífeyrissjóðakerfinu í landinu reglur með lögum sem stangast á við almenna útlánastarfsemi í landinu. Ég tel að lífeyrissjóðirnir sjálfir eigi að ráða sem mest yfir sínu aflafé. Það er ákaflega nauðsynlegt að höfuðstóll lífeyrisfjárins fái að haldast sem best því að þetta kerfi á að standa undir lífeyri þeirra sem eru félagsmenn í slíkum sjóðum.

Þessi atriði nefni ég hér, herra forseti, vegna þess að ég tel það góðra gjalda vert að endurflytja frv. á borð við þetta. Ég skil vel að Alþfl. skuli leggja á þetta sérstaka áherslu. Það var hans verk að þessi lög voru sett á sínum tíma. Það hefur komið fram í máli manna hér og nú að á sínum tíma þótti ekki rétt að fikta í þessum málum með lögum. Nú hagar málum þannig að eðlilegt er að líta til þessa máls með þeim hætti að kanna hvort ekki megi koma til móts við þá sem harðast verða úti í þessum málum og þá sérstaklega þegar litið er til þeirra skuldbindinga sem gerðar eru til langs tíma. Eins og ég hef sagt áður er það mín skoðun að afnema eigi verðtryggingu á skuldbindingum til skamms tíma. Þetta held ég að sé, herra forseti, aðalatriði málsins.

Ég hef enn fremur lagt áherslu á að við megum ekki gleyma sparifjáreigendahliðinni í þessum málum. Við verðum að viðurkenna þá staðreynd að þannig hafa mál æxlast á undanförnum árum hjá íslensku þjóðinni að verulegur hluti lánsfjárins, sem er í umferð, á rætur að rekja til erlendra lána og því hefur verið haldið fram að u. þ. b. helmingur af lánsfé sem við notum hér á landi eigi rætur til erlendra lána. Þetta verðum við að hafa í huga þegar rætt er um vexti og verðtryggingu því að ef lántakandinn greiðir ekki til baka kostnaðinn við að fá þetta fjármagn að láni verður það ekki gert með öðrum hætti en að taka það í formi skatta eða annarrar gjaldtöku. Þetta mál hefur sem sagt tvær hliðar sem auðvitað verður að taka sérstaklega fram þegar um það er rætt. Og enginn flokkur hefur meira lagt áherslu á þetta en einmitt Alþfl. sem á sínum tíma barðist mjög fyrir hag sparifjáreigenda.

Hv. frsm. minntist á að fram hefðu komið upplýsingar um hinn feikilega verðbólgugróða sem sæist best á því hve miklar eignir hefðu safnast saman hjá nokkrum aðilum hér á landi. Ég held að ef við lítum yfir ákveðið tímabil og skoðum þær upplýsingar sem fyrir liggja komi hið gagnstæða í ljós. Það sem hlýtur að vekja athygli er hve auðnum hér á landi virðist verulega jafnt dreift ef miðað er við aðrar þjóðir, jafnvel þjóðir þar sem jafnaðarmannaflokkar hafa ráðið ríkjum áratugum saman, svo að ég nefni dæmi t. d. í Svíþjóð. Það er alveg augljóst að Ísland sker sig úr ef borið er saman við nágrannalöndin í þessu sambandi. Í raun og veru sanna þær upplýsingar, sem Alþfl. hefur veifað hvað mest, ekkert annað en það að miklu meiri jöfnuður ríkir varðandi eignir hér á landi en í nokkru öðru landi vestan járntjalds af þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Ég held að þetta hafi breyst á undanförnum árum. Breytingin á rætur að rekja til þeirrar stefnu sem tekin var upp á sínum tíma þegar útlán voru verðtryggð. Þar með var kippt fótunum undan því að þeir sem voru skuldakóngar þá gætu tekið lán og borgað niður með miklu minni krónum. Þetta hefur breyst. Nú kann að vera annað ástand og eins og hv. frsm. hefur bent á ber að kanna það. Ég fæ tækifæri til þess, herra forseti, í hv. fjh.- og viðskn. og þar verður þetta mál skoðað, en ég minni á að þetta mál er til meðferðar hjá stjórnarflokkunum um þessar mundir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ekki er ég alveg sammála hv. 2. þm. Reykv. þegar hann horfir yfir þjóðfélagið og kemst að því að auðnum sé jafnt dreift. Það er vafalaust misjafnt útsýni sem menn hafa. Mér sýnist að það megi flestum ljóst vera að sú ákvörðun á sínum tíma að reyna að bjarga trausti íslensku krónunnar með því að taka upp vísitölukerfið hafi leitt til þess að fæstir eiga nokkra möguleika á að fylgjast með því eða sjá fram í tímann hvaða fjármagnsskuldbindingar þeir hafa tekið að sér. Og vegna þeirrar erfiðu stöðu sem íslenskt þjóðarbú var í og leiddi til þess að kaupgjaldsvísitala var tekin úr sambandi fer það ekki á milli mála að röskunin hefur orðið slík að það er engin skynsemi eftir í því kerfi sem við búum við. Það er út af fyrir sig hægt að halda því fram að ef maður hefur fengið ákveðna upphæð lánaða sé hægt að reikna verðgildi hennar út eftir einhverjum vísitölum og skila henni þannig.

Í frumstæðum þjóðfélögum var það gamla reglan að ef menn greiddu vinnuskuldir þá greiddu þeir með jafnlöngum tíma og þeir höfðu fengið að láni og þannig sléttaðist það út.

Mér er ljóst að núverandi stjórnvöld hafa haft þetta mál til meðferðar eins og fram hefur komið. En það virðist nú samt svo að frá viðskrn. komi aðrar tillögur öllu örar en hugmyndir um það hvernig taka beri á þeim vanda sem hér hefur verið lýst vel af flm. þessarar till.

Nú getur sá möguleiki stundum verið fyrir hendi að gjaldandi vill greiða að fullu það sem hann á að greiða og minnka þannig sínar skuldir. Hann kann að vera í þeirri stöðu að geta það og vilji þess vegna gera það. Ég tel því að slíkt ákvæði ætti að vera hér inni. Að öðru leyti er ég sammála því að miðað við þá stefnu sem er hljóti þetta að vera mjög til bóta. Og tvímælalaust er alveg fráleitt að tala um það að Alþingi eigi ekki að setja lög á lífeyrissjóði, sparisjóði eða banka. Ég veit ekki betur en þessir aðilar allir starfi skv. lögum. Og hvers vegna skyldu þau lög eða ákvæði um þá starfsemi ekki alveg eins geta lotið því valdi að þeim lögum sé breytt? Þetta á ekkert skylt við það hvort menn vilja verðtryggja höfuðstól eða ekki. Það hefur komið hér skýrt fram. Allt tal um slíkt er þess vegna að teygja lopann. Hv. 2. þm. Reykv. fór eins og köttur í kringum heitan graut þegar hann var að reyna að blanda þessu saman við. Það er enginn skyldleiki þarna á milli.

Og það verður líka að segjast eins og er að við höfum sett margs konar lög sem ganga nokkuð nálægt stjórnarskránni gagnvart því ákvæði að menn skuli ráða yfir sínu fé eftir að þeir hafi náð vissum aldri. Við höfum sett lög um skyldusparnað þar sem við tökum ákvörðun um að þjóðfélagið heimtar af þessum þegnum ákveðna upphæð til geymslu og varðveislu. Hvers vegna skyldum við ekki með lagasetningu taka ákvörðun um það að við

heimtum af lífeyrissjóðunum vissar upphæðir til geymslu og varðveislu, eða af sparisjóðunum, miðað við þá stöðu sem þessi mál eru komin í? Ég hygg að það sé hollt að hugleiða það að undir mörgum kringumstæðum getur afleiðingin af óbreyttri stefnu orðið sú að sá sem skuldar lendir ekki aðeins í því að greiða skuld sína, heldur lendir hann í því að þurfa að tapa margföldum upphæðum vegna aðfararréttar þess sem krefur. Og það er líka spurning um réttlæti í þeirri stöðu sem við erum í. Þess vegna vil ég tvímælalaust lýsa því yfir hér að ég mun styðja þetta frv. komi það til atkvgr. í þinginu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég get hafið mál mitt svipað og hv. 2. þm. Reykv. Þetta mál mun ég ræða betur við 2. umr., þegar það kemur frá nefnd, þó að ég hafi ekki aðstöðu til að ræða það í nefnd.

Ég vil í upphafi minna á þau ummæli og skýringar sem komu fram þegar þessar tillögur komu fram á þskj. 2 á þinginu 1982—83. Þá kom það fram í fjh.- og viðskn. að efnislega var ég flm. alveg sammála. Hins vegar náðist um það samkomulag í nefndinni að málinu yrði vísað til ríkisstj. Ég tel mig hafa haft um það nokkuð góð orð frá fleiri en einum ráðh. og fleiri en einum flokki að tekið yrði mjög jákvætt á þessari tillögu. Ég held að mín afstaða til þessa máls hafi komið ákaflega skýrt fram. Það var samkomulag milli mín og þáverandi formanns fjh.- og viðskn. Nd. og núv. hæstv. sjútvrh. að ég hefði framsögu um þetta mál og tjáði þinginu mína afstöðu sem jafnframt væri afstaða n. þó að viss blæbrigðamunur væri á okkar skoðunum. Það fór nú svo að forseti, réttlátur og virðulegur og indæll í sínu starfi, tók þetta mál ekki fyrir til afgreiðslu. Ég verð nú að segja að það er líklega í eina skiptið sem mér mislíkaði verulega við þáv. forseta, núv. hæstv. iðnrh., sem var skörungur í forsetastól. En lítið tjóar að ræða liðin atvik.

Hvað er það sem skeð hefur síðan? Það sem var vandamál 1982 og 1983 voru erfiðleikar vegna mikillar verðbólgu og vísitölutryggingar á húsnæðismálalánum og bankalánum öllum sem voru orðnar drápsklyfjar á almennu launafólki. Nú er þetta orðið að algeru ófremdarástandi, þannig að ef ekki verður eitthvað að gert ríður yfir stórfelldur eignamissir, ekki einungis þeirra sem hafa staðið í byggingum, heldur líka þeirra sem hafa keypt yfir sig, en í mörgum tilfellum er það að hluta gert fyrir almenn bankalán, og þetta grípur til miklu fleiri atriða.

Það sem hefur breyst síðan 1982 og 1983 og gerir það að verkum að allt stefnir nú til verri vegar er að nú er búið að afnema vísitölu á laun. En eingöngu á laun. Við getum deilt um réttmæti gömlu vísitölunnar á laun eða ekki, en úr því að jafnróttæk aðgerð var gerð og að afnema hana varð að afnema lánskjaravísitölu líka. Það varð að gera ráðstafanir í sambandi við byggingarvísitölu. Landbúnaðurinn er meira og minna vísitölutryggður. Það er vísitala alls staðar nema á almennum launum. Sá sem ekki hefur vísitölutryggð laun verður þó að borga vísitölutryggða hluti. Það veldur ekki hvað síst því að það er jafnmikið ófremdarástand í þessum málum og við nú stöndum frammi fyrir. Ég minnist þess að í samningum í haust, þó að það væru ekki löggjafar sem ræddust við þar, lagði Verkamannasambandið áherslu á við Vinnuveitendasambandið hvort samningsaðilarnir ættu ekki að beita sér fyrir því að hafa sameiginleg áhrif á að vísitölur væru yfirleitt afnumdar. Ég minnist þess að hv. 1. þm. Suðurl. sagði í viðræðum sem við áttum við stjórnarflokkana að ríkisstj. mundi vera reiðubúin að íhuga afnám vísitölu á fjárfestingarlánum til skemmri tíma, svipað og kom fram hjá 2. þm. Reykv. áðan. Þetta voru að vísu almennar samningaviðræður. En þarna eru ákaflega mikil þyngsli og ákaflega mikil festa fyrir. Að vísu er málið vandasamt. Hitt sér hver maður, að fólk á lágum launum, sem ekki eru vísitölutryggð, getur ekki borgað vísitölutryggð lán eða hvers konar hluti sem það verður að kaupa, hvort sem um er að ræða byggingarvísitölu eða óbeina vísitölu á landbúnaðarafurðum o. s. frv. Þessi hefur breytingin orðið. Þess vegna stöndum við frammi fyrir þeim háska að það verði hér stórfelld eignaupptaka, ekki einungis á nýjum íbúðum, sem fólk er að berjast við að greiða af, heldur á íbúðum sem það hefur keypt að undanförnu. Á þessu verður að verða breyting.

Hvað líður eignaskiptingu eða jafnræði í Svíþjóð og á Íslandi skal ég ekki fara út í hér, en gangi þessi mál óhindrað áfram sem horfir á eignaskipting eftir að breytast mjög í landinu. Ég styð þetta frv. og ég tel óhjákvæmilegt að á verði breyting og það nái fram að ganga.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við efni þessa frv. og óskum okkar fulltrúa Kvennalistans að það nái fram að ganga. Það vill svo til að ég hef velt þessum málum mikið fyrir mér að undanförnu og hef unnið að till. til endurbóta á þessu greiðslukerfi, en við fyrstu athugun fæ ég ekki betur séð en að þessi lausn sé mjög góð og auðveldlega fær. Flestir eru orðnir sammála um réttmæti verðtryggingar langtímalána og viðurkenna það sjónarmið að lánardrottnum beri að fá lánsfjárhæð endurgreidda að fullu að lánstíma loknum og eitthvað að auki fyrir greiðann. Það er hins vegar ekki einfalt mál og öldungis ekki sama við hvað er miðað, eins og lántakendur hafa rækilega orðið varir nú síðustu árin.

Eins og allir vita hefur verið valin sú leið að miða verðtryggingu við lánskjaravísitölu, sem er mynduð af vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓ og vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum. Hugmyndin er þá sú að fá megi jafngilt verðmæti í hlutum eða þjónustu fyrir endurgreiðsluna og upphaflegu lánsfjárhæðina, en vextir væru svo að auki. Þetta virðist eðlileg viðmiðun að því tilskildu að þróun kaupgjalds haldi a. m. k. í við þróun verðlags og framfærslukostnaðar. Því er þó alls ekki alltaf að heilsa eins og við vitum og reynsla undanfarinna mánaða kallar eindregið á einhverja breytingu í þessum efnum.

Það hlýtur að teljast með öllu ósanngjarnt að neyða fólk til að spá um verðlagsþróun til margra ára eða jafnvel áratuga til að átta sig á greiðslubyrði langtímalána með föstum vöxtum. Slíkt er raunar ógerlegt eins og komið er á daginn. Nú um nokkurt skeið hefur þróunin verið almennu launafólki afar óhagstæð og ljóst að margir eru að kikna og hafa þegar kiknað undan greiðslubyrði lána, sem hefur í mörgum tilfellum vaxið langt umfram greiðslugetu. Kaupmáttur hefur illa fylgt eftir kostnaðarþróun og einsýnt að mikið misgengi hefur myndast að undanförnu, m. a. vegna aðgerða

stjórnvalda sem æ ofan í æ hafa hindrað að laun haldi í við verðlagsþróun. Af því leiðir að fólk þarf ekki aðeins að bera skertan kaupmátt á neysluvörum heldur einnig að borga af langtímalánum sínum með sífellt fleiri vinnustundum.

Eins og ég sagði áðan hef ég verið að velta þessu vandamáli mikið fyrir mér að undanförnu og við fleiri í Kvennalistanum og hafði enda lýst því yfir í Morgunblaðinu um áramótin að Kvennalistinn vildi láta miða verðtryggingu langtímalána til launafólks við vísitölu kauptaxta í stað lánskjaravísitölu. Meginhugsunin að baki slíkrar verðtryggingar væri þá sú að launafólk þurfi að vinna jafnmargar vinnustundir fyrir greiðslu lánsins og virði þess var í vinnustundum þegar lánið var tekið að viðbættum einhverjum vöxtum. Launafólk er í raun algerlega varnarlaust gagnvart ráðstöfunum sem miða að skerðingu kaupmáttar. Sala vinnu er eina tekjuöflunarleið þess og það er veigamikil ástæða fyrir því að það væri lagt til grundvallar við ákvörðun verðtryggingar lána. Launafólki væri mikið öryggi í því að vita að endurgreiðsla lána yrði alltaf svipuð í vinnustundum talið.

Þessi niðurstaða stangast hins vegar að nokkru leyti á við þá fullyrðingu að lánardrottni beri að fá lánsfjárhæð að fullu endurgreidda að lánstíma loknum. Enn fremur er ljóst að ástandið er óeðlilegt um þessar mundir og sannarlega verður að vona og ætlast til þess að almennt kaupgjald fari hækkandi og lífskjör batnandi. Að öllu samanlögðu tel ég einmitt þá leið, sem lögð er til í frv. á þskj. 445, réttu leiðina til að gera almennu launafólki kleift að taka á sig fjárskuldbindingar til langs tíma og standa undir þeim. Vel má vera að einhver vandkvæði séu á framkvæmd þessa, eins og kannske heyra mátti á hv. 2. þm. Reykv. hér áðan, en við megum einskis láta ófreistað að reyna að finna lausn á þessu vandamáli sem um þessar mundir er að raska fjárhagsgrundvelli fjölmargra heimila. Mér heyrist nú raunar á undirtektum hv. þm. að mál þetta muni fá verðuga umfjöllun og ég vil endurtaka að við þm. Kvennalista styðjum þetta frv.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er flutt og heitir „Breyting á lögum um stjórn efnahagsmála", er um húsnæðismál. Ástandi í þeim málum var kannske best lýst í sjónvarpsþætti sem vakti nokkra athygli með þjóðinni fyrir skömmu. Það voru kvaddir til þeir menn sem helst þykja dómbærir að ræða um húsnæðismál fyrir utan sjálfan hæstv. húsnæðismálaráðh. Hverjir voru það? Það var uppboðshaldari borgarfógetaembættisins í Reykjavík sem hafði frá þeim tíðindum að segja að á fyrstu níu mánuðum liðins árs hefði uppboðsbeiðnum, kröfum, fjölgað með þeim hætti að þær væru að nálgast 20 þúsund.

Við hvern var talað næst? Það var talað við geðlækni. Það er akkúrat rétti maðurinn til þess að tala við um ástand húsnæðismála á Íslandi. Það á að tala um þau aðallega við geðlækna. Hvað hafði geðlæknirinn um þessi mál að segja? Hann hafði það til málanna að leggja að ástandið í þessum málum þýddi að fjölskyldur væru að leysast upp, að geðheilsu manna væri í stórum stíl hætt, að menn væru ekki bara að kikna í hnjáliðunum, menn væru að gefast upp á því sem ágætt nýyrði er til um, notað í blaðinu NT, á því sem kalla má húsnæðismálafáránleikann á Íslandi. Þó að ekkert annað kæmi til en þessi húsnæðisfáránleiki sem við höfum fyrir augunum, þá nægir hann til þess að sýna okkur að Ísland er ekkert velferðarríki lengur. Það er afskræmt verðbólguspilavíti, þjóðfélag sem er ekki mönnum bjóðandi. Og heimskan, ábyrgðarleysið, sem ríður við einteyming í þessum málum, er svo yfirgengilegt að það er varla hægt að ræða það með jafnaðargeði.

Það gerðist hér í þann mund sem núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum að upp kom hópur manna sem kenndi sig við Sigtún, hélt mikinn fund í Sigtúni til þess að ræða húsnæðismál. Þeir settu fram tvær kröfur:

1. Að lán til íbúðarkaupa yrðu hækkuð sem hlutfall af byggingarkostnaði.

2. Að lánstíminn yrði lengdur nægilega mikið til þess að greiðslubyrði af húsnæðislánum yrði viðráðanlegt hlutfall af launum.

Þetta voru kröfurnar. Ekki einn einasti maður af öllum þeim fjölda sem þar var saman kominn og enginn af þeim, sem þar tóku til máls, lét hvarfla að sér að taka undir blekkingar og vitleysu stjórnmálamanna frá fyrri tíð um það að það ætti að afnema verðtryggingu sparifjár eða verðtryggingu lána. Ekki einn einasti af þessum mönnum, sem þó voru að sligast undan þeim byrðum sem á þá höfðu verið lagðar, tók undir það. Mönnum var öllum orðið það ljóst að menn sem fá lán eiga að borga sín lán til baka. Um það er engin deila lengur nema þegar ómerkilegir pólitíkusar eru stundum að reyna að koma höggi hver á annan með blekkingum. Deilan er ekkert um það.

Reyndar var sú aðgerð, að koma á verðtryggingu fjárskuldbindinga, eina efnahagsmálaaðgerðin sem gerð var af viti á vitlausa áratugnum. Fyrir þann tíma, áður en það var gert, áttu sér stað hér á löngum tíma gífurlegir fjármagnstilflutningar, tilflutningar á eignum og tekjum frá venjulegu fólki, launþegum, sparifjáreigendum, til forréttindastéttar sem fékk þessi lán og notaði þau til fjárfestingar en þurfti aldrei að greiða þau til baka nema að hluta.

Í raun og veru er þessu kannske best lýst með þeim hætti að á þessu tímabili var á degi hverjum framið bankarán, einkum og sér í lagi á rosknu fólki, því fólki sem á sparifé sem er í bönkunum. Þegar ótíndir eiturlyfjapeyjar ráðast hér að gömlum konum á götum Reykjavíkur og stela af þeim töskunni þykir flestum við hæfi að þeim sé stungið inn. En á þessu tímabili, þegar bankarán var framið í palesanderhöllunum, einkum og sér í lagi kannske á rosknum konum, þá þótti við hæfi að orðunefnd kæmi að lokum með smáriddarakross fálkaorðunnar í það minnsta og verðlaunaði mennina fyrir vel unnin embættisstörf.

Þetta mál snýst ekkert um að afnema verðtryggingu. Þetta mál snýst um það að taka undir þá kröfu, sem fylgdi okkar tillögum í upphafi en var aldrei framkvæmd, um að lengja lán. Þetta mál snýst um það og það er aðeins lágmarkskrafa í þessum húsnæðisfáránleika sem nú blasir við. Það er búið að gera fjóra árganga fólks á Íslandi að algeru vanskilafólki. Síðan eru tillögurnar kannske helstar þær þegar búið er að hengja fólkið, að lengja í hengingarólinni, sem virðist vera eftirlætisúrræði íslenskra stjórnmálamanna margra hverra.

Þetta mál er út af fyrir sig eingöngu um þetta, að lengja lánstímann og miða þannig við að greiðslubyrðin af þessum lánum, sem menn eiga að borga til baka og deila ekki um, verði ekki með öllu óviðráðanleg sem

hlutfall af launum.

Það er kominn til skjalanna nýr þáttur í þessu máli eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Það má kannske rifja upp að þau voru ekki ósmá kosningaloforðin, ekki hvað síst sem forustumenn Sjálfstfl. gáfu fyrir kosningar um það hvernig þeir mundu endurreisa heilbrigt húsnæðislánakerfi, sem þeir með réttu gagnrýndu að hefði verið komið í þrot í stjórnartíð fyrirrennara þeirra í félmrn. Við þau loforð hefur ekki verið staðið og neyðarástandið, sem ríkir í þessum málum, hafa menn látið bara sem vind um eyrun þjóta.

Það sem hefur gerst er það að eftir að vísitölubinding launa var numin úr sambandi — sem ég tel að hafi verið rétt ráðstöfun og dreg enga dul á — gerist það að auki að kaupmáttur launa er skertur mjög verulega. Engu að síður er haldið áfram að mæla þessar skuldbindingar, verðbótaþáttinn, í tengslum við lánskjaravísitölu sem magnar upp venjulegar kostnaðarhækkanir framfærslu af því að hún er þar með tvöföldu vægi á móti byggingarvísitölu. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að maður, sem tók lán árið 1980, hvort heldur var lífeyrissjóðslán eða húsnæðismálalán, gat kannske búist við því — svo að ég taki lífeyrissjóðslán sem dæmi sem ég hef tölur um — að afborganir af þessu láni væru um 10% af launum hans. Ég er með í huga ákveðinn einstakling, ég er ekki með þessi gögn í höndunum, en seinni hluta ársins 1984 var svo komið að afborgun af þessu hinu sama láni var komin upp í 57% af launum hins sama manns. Og þetta er bara lífeyrissjóðslánið.

Þetta er auðvitað hvort tveggja í senn pólitísk svívirða og hagfræðileg heimska. Lánskjaravísitala með þessum hætti, eftir að búið er að taka sjálfvirka vísitölubindingu launa miðað við kaupgjaldsvísitölu úr sambandi, stenst ekki og getur ekki staðist. Menn hafa leikið sér að því að reikna það hvernig þessi greiðslubyrði yrði ef einungis yrði miðað við byggingarvísitölu. Dæmið yrði þá strax mun hagstæðara fyrir lántakandann.

Hæstv. húsnæðismálaráðh. fékk allt í einu fjölmennan fund í Framsóknarhofinu hérna í Reykjavík vegna þess að vanskilakynslóðin kom og vildi fá að fregna af honum hvort það ætti að skera hana niður úr snörunni eða ekki. Í vísitölumálunum í gamla daga var mikið rætt um kaffiuppskeruna í Brasilíu, þegar frostin í Brasilíu eyðilögðu kaffiuppskeruna og það leiddi til kauphækkunar á Íslandi. Nú er ástandið þannig að þessi sama frostharka í Brasilíu og eyðilegging á kaffiuppskeru þar leiðir til þess að maðurinn, sem tók húsnæðismálastjórnarlán á Íslandi 1980, má búast við því að greiðslubyrði af eftirstöðvum lána hans hækki upp úr öllu valdi vegna þess að hvort heldur það er kaffi, bensín, grænar baunir eða hvað það nú er, þá hækkar það með tvöföldu vægi í þessari samsettu lánskjaravísitölu. Þetta gengur ekki.

Það er athyglisvert að mér er sagt af ábyrgum og sannsöglum fundarmanni sem þarna var að hæstv. ráðh. hafi látið sér um munn fara þau orð að það væri ekki mikið mark tekið á svona litlum körlum eins og íslenskum ráðherrum þegar væri komið að embættismannaveldinu í Seðlabankanum. Sé þetta rétt eftir haft er ástæða til að spyrja: Til hvers er verið að halda uppi þessari stofnun sem heitir Alþingi? Hvað eru stjórnmálamenn að gera? Hvert er þeirra hlutverk? Eru þeir einhvers konar sendisveinar hjá sjálfskipuðum embættismönnum sem þykjast fara hér með öll völd og öll ráð og enginn hefur kosið til?

Mér er líka sagt að hann hafi tekið svo til orða að þeir Seðlabankamenn hafi kallað hæstv. ráðh. til sín. Mér ofbýður að heyra þetta. Hvernig í ósköpunum stendur á því að ráðh. í íslenskri ríkisstj. lætur kalla sig niður í Seðlabanka í staðinn fyrir að senda orðsendingu um að kalla hans heilagleika á sinn fund og segja honum fyrir hönd ríkisstj., ef það er einhver samstaða, eitthvert vit í henni, hvernig hlutirnir eigi að vera — en ekki öfugt?

Það er eitt enn sem verður að koma hér fram. Það er alveg ljóst að innan þessarar ríkisstj. er ekki samstaða um þetta frekar en í neinu öðru. Við höfum heyrt sára kveinstafi hæstv. húsnæðismálaráðh. út af eiginlega öllum þáttum húsnæðismála þar sem hann hins vegar býr við það ok að sjálfstæðismenn skella á hann hurðum eða segja honum að halda sér saman í hverju málinu á fætur öðru að því er varðar húsnæðismál. Það er bæði að því er varðar vaxtamál, það er auðvitað að því er varðar fjáröflunina og það er varðandi tillögurnar um Búseta. Og örfá orð um það.

Halda þeir menn sem hér eru inni á hinu háa Alþingi að það geti gengið til lengdar eftir að búið er að taka upp verðtryggingu skuldbindinga, eftir að búið er að skerða laun á Íslandi með þeim hætti sem við blasir, að það sé hægt að bjóða ungu fólki upp á það að sæta þeim kostum á leigumarkaði að eiga að borga af 16—17 þús. kr. launum 12—13 þús. kr. húsaleigu? Hvernig á það dæmi að ganga upp? Þetta er auðvitað ekki mönnum bjóðandi.

Og hvað á að gera? Það liggur alveg ljóst fyrir að verðtryggingin breytti öllum forsendum í þessum málum. Við verðum að endurskipuleggja þetta ónýta húsnæðislánakerfi algerlega frá grunni. Það verður að koma á skipulegum leigjendamarkaði vegna þess að það er ljóst að hluti fólks mun hér eftir ekki ráða við það verkefni á venjulegum launum að taka á sig þær byrðar vegna fjárfestingar í 5—10 ár sem það þýðir að koma sér upp íbúð. Það verður að gera þessu fólki kleift að geta leigt íbúð með sæmilega öruggum kjörum eins og tíðkast í öllum siðmenntuðum samfélögum allt í kringum okkur. M. ö. o., þetta þýðir það að það þarf að veita Búsetahreyfingunni öruggan stuðning og trygga löggjöf og það þarf að veita fjármagni í stórum stíl í þetta húsnæðislánakerfi. Það er óhjákvæmilegt. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að Búsetakerfið er rétta leiðin til þess að skipuleggja þennan leigumarkað og mun hagkvæmari, bæði út frá sjónarmiðum ríkisins, fjárveitingavaldsins og fólksins sjálfs, heldur en verkamannabústaðakerfið, þ. e. séreignakerfi af því tagi, m. a. vegna þess að það er allt of mikið fé bundið í því kerfi vegna endurfjármögnunar.

Það er neyðarástand í húsnæðismálum á Íslandi. Það er búið að ganga svo frá málum að því er varðar a. m. k. fjóra árganga fólks, sem hefur álpast til þess að halda að þetta væri viðráðanlegt verkefni, að það er búið að leggja fjárhag þess í rúst, leggja fjölskyldurnar í rúst. Þetta gengur ekki lengur.

Það er rétt að það komi hér fram að ég hélt nýlega tvo fundi með íslenskum námsmönnum í Osló og Kaupmannahöfn. Eftir að við höfðum rætt allrækilega um ástand mála á Íslandi spurði ég þetta fólk: Má treysta því að þið að loknu námi snúið heim til starfa á Íslandi? Má treysta því að þið séuð enn það miklir Íslendingar þrátt fyrir það að útlitið er svart að þið

munið leggja eitthvað á ykkur til þess að endurreisa mönnum samboðið samfélag á Íslandi? Flestir þeirra sem svöruðu mér sögðu gallhart nei. Þegar ég gekk á þá og spurði: Hvernig stendur á því að þið svarið svona? — Þetta er kannske einhver alvarlegasta breytingin sem orðin er á íslensku samfélagi ef það er orðin staðreynd að það unga fólk, sem við sendum til náms erlendis, lítur á Ísland nú þeim augum að því sé ókleift að koma heim aftur. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir framtíð íslensks þjóðfélags og íslenskt þjóðerni? — Svörin sem þeir gáfu voru þessi: Við komum kannske heim með 1 millj. á bakinu í námsskuldum eftir 5—6 ára háskólanám. Við gerumst síðan kennarar í þjónustu ríkisins með 17 þús. kr. á mánuði. Við byrjum að koma okkur fyrir í þessu þjóðfélagi með því að leigja okkur íbúð fyrir 12—13 þús. kr. Síðan spurðu þeir mig: Dettur þér í hug sem íslenskum stjórnmálamanni að fólk, sem á annarra kosta völ, láti bjóða sér þetta?

Mitt svar var að vísu: Mér kemur þetta ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ef þið — fyrirgefið orðbragðið — eruð þvílíkir ræflar að þið ætlið að láta mál af þessu tagi ráða framtíðarbúsetu ykkar og þjóðerni þá er ekki mikið í ykkur spunnið. Þetta eru náttúrlega ósvífin ummæli vegna þess að það þýðir ekkert að brúka þau, ég geri mér grein fyrir því.

Staðreyndin er sú og ég held að það sé rétt að að óbreyttu er búið að úthýsa ungu fólki úr þessu þjóðfélagi. Það er nú öll dýrðin um hið íslenska velferðarríki. Húsnæðislánakerfið er annað þýðingarmesta félags- og tekjujöfnunarkerfi þessarar þjóðar fyrir utan tryggingakerfið. Það er í rústum. Þessi till. er fyrsta skrefið í þá átt að endurreisa þetta kerfi, að leysa fólkið ofan úr snörunni, bara fyrsta skrefið. Það liggur alveg ljóst fyrir hins vegar að þetta kerfi þarf að endurreisa alveg frá grunni. Það er sokkið í skuldir. Það gerðist ekki bara í tíð núv. ríkisstj. Það þarf að veita því örugga tekjustofna. Það þarf að veita verulegu fjármagni í þetta. Þess vegna höfum við flutt hér á Alþingi till. um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára og þeim peningum, þeirri skattlagningu á skattsvikinn verðbólgugróða braskaranna, á að verja til þess að gera ungu fólki á Íslandi kleift að hasla sér völl og koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er líka lágmarksaðgerð.

Þriðja aðgerðin sem þarf að gera er að veita Búsetahreyfingunni öflugan stuðning og koma hér á skipulögðum leigjendamarkaði sem gerir fólki kleift að búa og lifa sæmilega eðlilegu lífi í þessu þjóðfélagi þó það sé ekki stóreignafólk.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í þeirri umr., sem fór fram um vaxta- og verðtryggingarmál á sínum tíma, m. a. þegar lögin um stjórn efnahagsmála voru samþykkt, lögðum við Alþfl.-menn áherslu á tvennt. Annars vegar það að sparifjáreigendur ættu heimtingu á því að fá greitt til baka í sams konar verðmætum það sparifé sem þeir tryðu bönkunum eða lánastofnununum fyrir. Og svo hitt að nauðsynlegt væri í þessu samhengi að lengja lánstíma og auka lán, einkum og sér í lagi til húsnæðismála.

Það var ítrekað sagt í þeim umr. að hugmyndin er sú að menn skili sömu verðmætum til baka. Hugmyndin er þá jafnframt líka sú að menn þurfi jafnmikið á sig að leggja til að greiða þessi verðmæti til baka eins og þeir gerðu ráð fyrir þegar þeir fengu lánin, nefnilega að það tæki jafnlangan tíma að vinna fyrir afborgunum. Þessu var ekki ósjaldan haldið á lofti í umr. hér á þingi af þm. úr ýmsum flokkum og menn sáu: Þetta er hvort tveggja sanngjarnt og rétt. Þess vegna náði líka í fyrsta lagi fram að ganga sú stefna að taka upp raunvexti, jákvæða raunvexti, og þá fyrst og fremst í formi verðtryggingar.

En hinn hlutinn var svikinn. Lánstíminn var ekki lengdur, húsnæðislánin voru ekki aukin í samræmi við þá byltingu sem átti sér stað þegar verðtryggingin var upp tekin. Um þennan þátt höfum við flutt tillögur, Alþfl.-menn, ítrekað hér á Alþingi. Þessa till. m. a. fluttum við 1982 líka. Og þó menn tali um það núna að ástæður séu breyttar vegna þess að verðtrygging launa sé afnumin, þá skulu menn hafa það í huga að þegar þessi till. var flutt 1982 hallaði mjög illilega á merinni þótt svo ætti að heita að menn gætu samið um vísitölubindingu launa. Hvers vegna? Vegna þess að það var sífellt verið að krukka í kaupið, afnema þá vísitölutryggingu sem menn höfðu í launum, þannig að svikin voru komin fyrir löngu síðan. Seinni hluti loforðsins hefur verið svikinn í a. m. k. 4 ár. Og það hefur sífellt hallað meir og meir á ógæfuhliðina.

Það er gleðilegt að heyra að þessi till. fær nú stuðning að því er virðist úr mörgum áttum. Hér talaði einn þm. Framsfl. áðan og lýsti nú yfir stuðningi við þetta frv. til l. Hér talaði líka þm. Alþb., Guðmundur J. Guðmundsson, sem dró lappirnar í þessum málum 1982 og lýsti nú yfir stuðningi. Hér talaði reyndar einnig Friðrik Sophusson, þm. Sjálfstfl. Hann sló hins vegar úr og í fyrir utan það að nöldra svolítið. Hver er stefna hans og hans flokks í þessu máli? Við eigum kröfu á að fá að vita það. Er hans flokkur ekki reiðubúinn til þess að stíga það takmarkaða skref sem hér er gert ráð fyrir að verði stigið skv. þessu frv.? Við eigum kröfu á afdráttarlausum svörum.

Þegar menn slá hér úr og í og tala um að það skuli ekki vera verðtrygging á skammtíma skuldbindingum heldur einungis á skuldbindingum til lengri tíma, þá hefur það í raun og sannleika ekki nokkurn skapaðan hlut með málin að gera. Spurningin er: Ætla menn að hafa jákvæða raunvexti, jákvæða raunávöxtun eða ekki? Hvort það gerist í formi svokallaðra verðtrygginga eða þess að það séu vextir á skammtíma skuldbindingum skiptir ekki meginmáli. Það er ljóst og liggur trúi ég algerlega fyrir að peningamarkaðurinn á Íslandi, stjórn efnahagsmála á Íslandi stenst ekki nema menn ætli sér að vera með jákvæða raunvexti. Þess vegna tel ég það engin svör, þegar menn nú hlaupa í það vígið að nöldra um það einu sinni enn að það skuli ekki vera vísitölutrygging á skammtíma lánum heldur einungis vextir. Í því felst engin stefnumörkun, ekki nokkur.

Við höfum talað um það oft á undanförnum árum Alþfl.-menn að það væru í rauninni villimannlegar aðfarir í húsnæðismálum. Það væri villimannleg framkoma við ungt fólk. Og því miður hefur ástandið í þessum efnum sífellt verið að versna. Við verðum fyrir því, alþm., að ýmsir snúa sér til okkar í raunum sínum í húsnæðismálum. Þeir eiga m. a. ekki fyrir afborgunum af þeim lánum sem þeir hafa tekið, vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í þessum efnum, vegna þeirra svika að lengja ekki lánstímann til móts við það sem er að gerast í þjóðfélaginu, þannig að menn þurfi ekki lengri vinnutíma til þess að standa undir skuldbindingunum heldur en þeir gerðu ráð fyrir í upphafi.

Og hvaða svör höfum við? Við eigum það svar eitt að segja: Farið þið og reynið þið að taka einhvers staðar nýtt lán fyrir afborguninni af láninu sem þið eigið nú að borga af. Mönnum er vísað á það að labba á milli bankastjóranna og lánastofnananna og knékrjúpa fyrir þeim til þess að taka ný lán til þess að framlengja lánin sem þeir eru með. Af þeirri einföldu ástæðu að ekki einu sinni sú smáaðgerð sem felst í þessu frv. fékkst lögfest á árinu 1982.

Af þessum orsökum tel ég nauðsynlegt að við fáum að vita það afdráttarlaust hjá Friðrik Sophussyni hver sé afstaða Sjálfstfl. í þessu máli. Það hefur komið fram stuðningur allra annarra flokka hér, að því er ég fæ skilið, við þetta frv., þeirra sem til máls hafa tekið, og það eru allir flokkar að undanteknu Bandalagi jafnaðarmanna sem eru víst ekki með neinn fulltrúa hér í dag. (**Gripið fram í:** Þeir eru að sá grasfræi.) Má vera. En það er nú frost úti eins og stendur. (**Gripið fram í:** Einmitt þess vegna.) Já, þú gerir ráð fyrir að uppskeran verði eftir því. Ég skal ekki fara út í þá sálma. Ég skal ekki gera þetta mál flóknara en það er. Og húsnæðismál er þetta vissulega og það þarf víðar að taka til hendinni. En hér er þó um eitt skref að ræða sem á að vera viðráðanlegt. Og þetta er mjög takmarkað skref. Það er ekki verið að tala um það hér að greiða niður lán, eins og mér fannst Friðrik Sophusson vera að gefa til kynna að kæmi til álita. Hans ræða varð ekki skilin öðruvísi. Hér er verið að tala um þá einföldu aðgerð að lengja lánstímann til þess að greiðslubyrðin þyngist ekki og standa þannig við hin upphaflegu loforð. En hver er stefna Sjálfstfl. og Friðriks Sophussonar í þessum efnum? Við því eigum við heimtingu að fá svör hér og nú.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður í þeirri von að þessari umr. geti lokið. Jæja, það virðist vera óþarfi að gera ráð fyrir því að henni ljúki fyrir kl. 4, en það skiptir ekki máli.

Þetta frv. sem hér er til umr. er frv. um að lengja lán í vissum tilvikum og flestum tilvikum. Það er ekki um að niðurgreiða vexti á nokkurn hátt, eins og hefur komið mjög skýrt fram hjá nokkrum ræðumönnum sem talað hafa fyrir hönd Alþfl.

Menn hafa kvartað undan því að hafa ekki fengið skýr svör þegar ég talaði hér áðan. Ég skal gera tilraun til að svara skýrar og ég vonast þá til þess að þeir sem á mig hlýða hlusti þá nákvæmlega á hvað sagt er og reyni ekki að snúa út úr eða misskilja með nokkrum hætti. Þetta á ekki við formann Alþfl., því að hann var ekki viðstaddur þegar sú ræða var flutt, þ. e. núv. formaður.

Það sem ég vil gera er ósköp einfaldlega það að gera mun á stuttum og löngum fjárskuldbindingum. Ég tek undir það með þeim sem hafa talað frá Alþb., m. a. hv. 7. þm. Reykv., að mér finnst það eðlilegt að það séu ekki verðtryggingar í gangi á stuttum fjárskuldbindingum þegar laun eru ekki verðtryggð. Það þýðir ekki það að raunvextir verði neikvæðir. Það þýðir hins vegar það að það verður ekki beint samband á milli verðhækkana, hvort sem um er að ræða neysluvörur eða byggingarvörur, og vaxtastigsins. Það þarf að rjúfa það samband og að mínu viti er eðlilegt að það gerist á sama tíma og við höfum gert það þegar um laun er að ræða. Þetta á við um styttri skuldbindingar.

Um þær lengri er það að segja að þar koma önnur sjónarmið til greina. Þar verðum við að skilja á milli þeirra lána sem ríkið hefur tekið að sér að lána og við tölum hér um húsnæðismál. Ég vil ganga lengra en Alþfl. Mér finnst koma til greina, og þá sérstaklega fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti, að ríkið hreinlega niðurgreiði vexti eða hafi léttari verðtryggingu fyrir þá sem eru að byggja í fyrsta skipti, sem eru að komast yfir þröskuldinn. Á það legg ég áherslu að ég vildi ganga lengra um konverteringar og lengingu á lánum en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að menn borgi nákvæmlega jafnmikið og þeir áttu að gera skv. samningi, sem þeir hafa gert, en á heldur lengri tíma. Og þá geta auðvitað ekki aðrir notað þá peninga á meðan.

Þá kem ég að Búsetamálinu. Um það var rætt og formaður Alþfl. stóð hér upp og sagðist styðja Búsetamálið. Og ég skildi hann þannig að hann vildi að leigusamvinnufélög á borð við Búseta gætu fengið sömu lánafyrirgreiðslu og fæst nú úr verkamannabústaðakerfinu, m. ö. o. 80% lán sem væru greidd jafnóðum og byggt er.

Á meðan menn benda ekki á fjármagn, sem getur runnið til þessara mála, þá hlýtur maður að álykta sem svo að þetta fjármagn eigi að taka úr þeim sjóði sem nú er notaður til húsnæðislánakerfisins. (**JBH:** Nei, það var bent á fjármagn stóreignaskattsins.) Þá segir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að hann vilji stóreignaskatt. Hann vill nýja skatta á gamla fólkið í landinu, sem býr í stórum eignum, til þess að borga þetta niður. (**JBH:** Nei.) Nú, þá verður hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að koma hingað upp og skýra sitt mál enn þá betur. Hann verður ekki skilinn öðruvísi. Það er nefnilega þannig að peningar verða ekki notaðir nema einu sinni og ef við ætlum að auka Búsetakerfið og gera alla að leiguliðum hér á landi eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vill gera (**JBH:** Nei.) þá geta færri byggt yfir sig sitt eigið húsnæði. (Gripið fram í.) Og ég tek það fram — hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, þú færð orðið hér á eftir — ég tek það fram að við höfum lagt á það áherslu að hjálpa fremur til og liðka fyrir frumbýlingana þannig að þeir geti eignast sitt húsnæði af því að við teljum það mjög mikilvægt að gera sem flesta að eignamönnum einmitt í því skyni, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gat hér um í sinni ræðu, að reyna að skipta auðnum í landinu jafnt: Gera ekki suma að eignalausum leiguliðum og aðra að stóreigendum. Á það leggjum við áherslu. Sá er munurinn.

Þetta held ég, herra forseti, að þurfi að koma fram í þessu máli og ég vona nú að ég verði á engan hátt misskilinn þegar ég lýsi mínum sjónarmiðum. En það sem þarf að koma fram og skiptir kannske máli er að stjórnarflokkarnir hafa verið að ræða þessi mál. Þær tillögur sem þeir munu gera eru enn ekki tilbúnar. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, hv. þm. Svavar Gestsson, þeir ræða margt. En ég hef sagt að það sé sjálfsagt að taka á þessu máli og ræða það í hv. fjh.- og viðskn. Ég hef enga fordóma gagnvart því ef hægt er að liðka til í þessu máli, nema síður sé. Það mun verða rætt í nefndinni og þá gefst okkur færi á því þegar málið kemur hér til 2. umr. að ræða það frekar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Skýrsla iðnrh. um Sjóefnavinnsluna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Um seinustu helgi gaf hæstv. iðnrh. yfirlýsingar um það á opinberum vettvangi að ríkið mundi ekki veita frekara fjármagni til sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi. Hann sagði að sú tilraun, sem þarna hefði verið gerð, hefði kostað 400 millj. og það væri nóg.

Það kom mér nokkuð spánskt fyrir sjónir að frétta af þessari yfirlýsingu hæstv. iðnrh. með hliðsjón af því að fyrir tæpum þremur mánuðum óskuðu tíu þm. Alþingis eftir því að fá skýrslu um afkomu og framtíðaráform að því er þetta fyrirtæki varðar. Í þrjá mánuði hefur hæstv. iðnrh. ekki séð ástæðu til að skila þeirri skýrslu sem hér hefur verið samþykkt að hann skilaði til þingsins um afkomu þessa fyrirtækis. Á hinn bóginn standa þm. nú frammi fyrir því að ráðh. gefi einhliða yfirlýsingar um það hvað fyrirtækið kosti og að hann sé hættur við að styðja það. Mér finnst það algjörlega ótæk vinnubrögð að iðnrh. gangi þannig fram hjá þinginu þegar fyrir svo löngu síðan er fram komin krafa um það og samþykkt hér á þinginu að ráðh. skili skýrslu til þingsins.

Það er tekið fram sérstaklega í þessari beiðni um skýrslu að hún eigi að sýna stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir. Það er tekið fram að hún eigi að sýna samanburð á upprunalegum áætlunum um stofnkostnað og raunverulegum stofnkostnaði og hvort fyrirhugað sé að leggja í frekari stofnkostnað, og hver rekstrarafkoman muni verða á næstu árum. Það er sem sagt óskað eftir því við hæstv. ráðh. að hann geri nákvæma grein fyrir stöðu fyrirtækisins svo að alþm. geti áttað sig á því hvort þeir telji að rétt hafi verið á málunum haldið og hvernig eigi að halda á þessum málum.

En það sem er stórlega ámælisvert að mínum dómi er að ráðh. skuli ekki hafa sinnt þessari beiðni um skýrslu í tæpa þrjá mánuði, beiðnin var lögð fram 6. nóvember s. l., en ganga svo allt í einu fram fyrir skjöldu og gefa einhliða yfirlýsingar um stöðu fyrirtækisins sem eru allt of takmarkaðar og gefa alls ekki nægilega glögga mynd af því hvað sé á ferðinni. Alþingi á kröfu á því að fá afdráttarlaus svör um þetta fyrirtæki. Ríkissjóður er einn aðaleigandinn. Það er hlutverk Alþingis og alþm. að fylgjast með því hvort þessum fjármunum hafi verið rétt varið og taka um það ákvarðanir hvaða stefnu skuli taka í þessum efnum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við þm. óskum eftir skýrslu um þetta fyrirtæki. Þegar áætlanir voru gerðar í upphafi voru uppi margvíslegar efasemdir um það hversu gott þetta fyrirtæki mundi reynast. Þegar málið var afgreitt hér í þinginu eftir að þm. höfðu komið sér saman um að skera niður stærð fyrirtækisins, og ég stóð m. a. fyrir því, þá hafði ég orð á því í ræðu að nauðsyn bæri til þess að menn áttuðu sig á því að hér væri um tilraun að ræða og menn skyldu ekki gera ráð fyrir arðsemi eða ágóða. Af þessum orsökum m. a. báðum við um skýrslu fyrir tveimur árum síðan. Hún barst frá hæstv. þáverandi iðnrh. Hjorleifi Guttormssyni, ófullkomin mjög. En af sömu ástæðum og ég hef þegar rakið var þessi ósk aftur borin fram og samþykkt hér í þinginu.

En meginatriði málsins er þetta: Eru það viðhlítandi vinnubrögð, herra forseti, að iðnrh. hunsi afgreiðslu á skýrslu með þeim hætti sem hér hefur verið gert, en gangi svo skyndilega fram á völlinn sjálfur til að skýra frá þeim niðurstöðum sem honum hentar og á öðrum vettvangi, nefnilega ekki á Alþingi? Ég tel þetta óviðunandi, herra forseti, og ég spyr hvort það sé ekki skoðun forseta líka.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ljóst mál að það hefur dregist lengi að gefa þá skýrslu sem hv. 3. þm. Reykn. ræddi um. Ég er þess ekki umkominn að skýra hér frá því hvaða ástæður liggja fyrir þessum drætti. Það mun hæstv. iðnrh. gera, geri ég ráð fyrir. Hæstv. iðnrh. er nú erlendis í opinberum erindum, en honum verður gert kunnugt um það sem hv. 3. þm. Reykn. hefur hér sagt.

Framkvæmd höfundalaga, fsp. 193. mál (þskj. 213). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég á tvær fsp. á dagskrá þessa fundar sem eru nátengdar eins og þm. geta séð á þskj. Sú sem nú er til umr. á þskj. 213 er til dómsmrh. um framkvæmd höfundalaga, höfundarrétt o. fl.

Þegar höfundalögunum var breytt í maímánuði s. l. með lögum nr. 78/1984 var um að ræða þá meginreglu að öll brot á lögunum skyldu sæta opinberri ákæru. Gefur auga leið að búast má við að framkvæmd á ákvæði þessu krefjist aukins álags á menn Rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara þar sem ný tegund refsimála bætist nú við á verkefnalista þeirra. Því vaknar í fyrsta lagi sú spurning hvort auknu fjármagni hafi ekki verið varið til framangreindra embætta með tilkomu þessa nýja ákvæðis til þess að unnt verði að framfylgja því með eðlilegum hætti.

Komist menn upp með lögbrot án lögsóknar slævir það að sjálfsögðu réttarvitund almennings sem hefur í för með sér aukna brotastarfsemi á því sviði. Slíkt er vitaskuld ótækt og sé um refsivert athæfi að ræða ber ákæruvaldinu strax að grípa inn í með viðhlítandi aðgerðum. Þetta er því miður staðreynd á hinum íslenska myndbandamarkaði. Sumir rekstraraðilar myndbandaleiga hér hafa óáreittir komist upp með að brjóta gegn rétti höfunda og réttþafa. Lögbönn hafa verið lögð við ólöglegum útleigum, en þau jafnvel verið brotin þrátt fyrir aðstoð lögreglu. Af þessum sökum bundu menn miklar vonir við hin nýju lög nr. 78/1984. Þær vonir hafa ekki ræst enn og virðast fyrstu málin, sem skotið hefur verið til lögregluyfirvalda, hafa stöðvast hjá ákæruvaldinu vegna mjög strangra krafna um framlagningu gagna. Ekki er látið nægja að réttþafi sanni rétt sinn með samningi, sem almennir dómstólar viðurkenna þó sem lögfullt sönnunargagn, heldur er krafist gagna sem tæki að öllum jafnaði um tvo mánuði að fá og gerir áðurnefnd lög allsendis óvirk.

Þau brot sem einkum er til að dreifa á myndbandamarkaðnum eru ólögleg fjölföldun myndbanda sem er að sjálfsögðu brot á höfundalögum. Enn fremur hefur

borið á því að umbúðir hafa verið falsaðar og falla slík brot undir almenn hegningarlög. Önnur brot, sem nefna má, eru söluskattsbrot, bókhaldsbrot og tollalagabrot, en mikið er um ólöglegan innflutning á myndböndum til landsins, einkum frá Bretlandi. Ég skal ekki einu sinni reyna að geta í hvað um stórar fjárhæðir fyrir ríkissjóð er að ræða í sambandi við þessi lagabrot. En þegar formaður þess félags sem hefur með mál rétthafa myndbandanna að gera heldur því fram að fimmta hver ný snælda sé ólögleg, þá geta menn nokkuð séð hvað hér er alvarlegt mál á ferðinni hafandi í huga þau miklu umsvif sem eru orðin í þessum hluta skemmtanaiðnaðarins á Íslandi.

Þetta kemur mér enn hlálegar fyrir sjónir þegar ég hef það í huga að ég hef margsinnis á liðnum árum og fleiri hv. þm. bent á þennan ófögnuð hér heima sem hefur verið látinn líðast þrátt fyrir endurteknar ábendingar. Þetta skildu yfirvöld ekki. Það var álitið að árið 1981 hafi svokölluð sjóræningjastarfsemi í Englandi numið 65% af heildarmarkaði myndbandanna. Árið 1983 var þetta hlutfall komið niður í 35% og seint á árinu 1984 niður í 20% vegna snarpra aðgerða bæði lögreglu og annarra dómsyfirvalda. Hér hefur hins vegar, þrátt fyrir viðleitni lögreglunnar, ekkert verið gert til að hefta eða stemma stigu við þessu, að því er virðist, af hendi ríkissaksóknara. Það verður því að gera þá kröfu, ef núverandi lög spanna ekki yfir það sem hér um ræðir, að hæstv. dómsmrh. og ríkisstj. í heild hafi forgöngu um úrbætur. Í fsp. frá mér, sem ég gat um að lægi hér fyrir og ég ætlaði að spyrja hæstv. menntmrh. um, sem ég kem að síðar, er getið um sjálfa framkvæmd höfundalaganna. En í fsp. sem nú er til umr. spyr ég:

„1. Hefur Rannsóknarlögreglan fengið sérstaka fjárveitingu til að fylgjast með framkvæmd höfundalaga og höfundarréttar, sbr. lög nr. 73/1972 og lög nr. 78/1984?

2. Hvað veldur því að ríkissaksóknari vísar frá kæru um meint brot á höfundalögum, svo sem ólöglegan innflutning myndbanda, fjölföldun og leigu þeirra?

3. Hefur ríkissaksóknari lagaheimild til að vísa frá slíkum málum órannsökuðum sem einnig varða önnur lög, svo sem hegningarlög (skjalafals), bókhaldslög og ýmis lög um greiðslu opinberra gjalda?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 12. þm. Reykv. á þskj. 213 um framkvæmd höfundalaga einkum að því er varðar ólöglega meðferð á myndböndum, sérstaklega eftir tilkomu laga nr. 78/1984 um breytingu á höfundalögum frá 1972, vil ég gefa eftirfarandi upplýsingar eftir að hafa aflað umsagna ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins:

Um 1. lið fsp. skal tekið fram að ekki hefur verið leitað sérstakra fjárveitinga vegna rannsókna á brotum á þessu sviði. Má á það benda að kærur út af brotum á umræddum lagaákvæðum komu fyrst til á seinni hluta árs og er ekki unnt að sjá enn hve umfangsmikil rannsóknarmeðferð á þessum málaflokki verður. Hins vegar þykir rétt að geta þess að við fjárlagagerð fyrir embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins hefur ekki tíðkast að úthluta sérstökum fjárveitingum til þess að sinna ákveðnum málaflokkum, heldur hefur fjárþörf embættisins verið metin í heild, enda verður vart séð hvernig unnt er að hafa annan hátt á þar sem tíðni afbrota innan einstakra málaflokka er ákaflega breytileg frá ári til árs. Hins vegar mun hv. alþm. það kunnugt að við afgreiðslu fjárlaga er ekki orðið við fyllstu óskum þessarar ríkisstofnunar frekar en allra annarra um fjárveitingar.

Varðandi 2. og 3. lið skal upplýst að ríkissaksóknara er ætlað lögum samkvæmt að meta hvort í kæru sé greint nægilega frá kæruefni til þess að hann geti tekið ákvörðun um að stofna til rannsóknar eða hvort ástæða sé til að fara fram á frekari rannsókn á kæruefni sem þegar hefur hlotið einhverja rannsókn. Á sama hátt hvílir á ríkissaksóknara að meta hvort rannsókn leiði til ákæru eða ekki. Þessar meginreglur opinbers réttarfars eiga við hvort sem um er að ræða brot á almennum hegningarlögum eða sérrefsilögum.

Í tilefni af greindri fsp. var leitað eftir upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara. Með bréfi, dags. 11. des. s. l., upplýsir ríkissaksóknari eftirfarandi, en eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt var ég reiðubúinn að svara þessari fsp. fyrir jólahlé:

„Eftir gildistöku laga nr. 78/1984 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, þá munu embætti ríkissaksóknara hafa borist sex kærur varðandi ætluð brot á höfundalögum. Allar þessar kærur voru teknar til athugunar og afgreiðslu á þann veg að í fimm málanna hefur verið mælt fyrir um opinbera rannsókn að því marki sem kæruefnin gáfu tilefni til, en í einu málanna var eigi talið unnt að verða við beiðni um opinbera rannsókn. Framangreind mál bárust embætti ríkissaksóknara á tímabilinu frá 4. sept. til 15. nóv. s. l. og hlutu framanlýsta afgreiðslu fljótlega eftir að þau bárust, þ. e. á tímabilinu frá 2. okt. til 27. nóv. s. l."

Samkvæmt upplýsingum frá ríkissaksóknara 29. fyrra mánaðar hefur ekkert þessara mála borist embættinu á ný svo eigi er unnt á þessu stigi málsins að segja til um hver verður endanleg afgreiðsla þeirra af ákæruvaldsins hálfu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans þótt ég sé hins vegar ekki ánægður með það sem fram kemur í því svari og allra síst frá hinum opinbera embættismanni, einfaldlega vegna þess að það hafa kærur verið lagðar fram áður en kom til þeirrar lagasetningar sem hér um getur og líka vegna þess, sem ég gat um í minni fsp. og minni fyrri ræðu, að það virðist vera svo að eins og lögin hljóða þurfi svo mikið til til þess að koma lögum yfir þá sem taka ólöglega ágóða af þessari starfsemi að næstum því er óviðunandi. Vil ég í því sambandi, með leyfi forseta, vitna til efnis í bréfi 2. okt. 1984 frá ríkissaksóknara sem sent er til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Það er verið að endursenda kæru Samtaka rétthafa myndbanda á Íslandi á ákveðinn aðila. Þar segir svo:

„Rétt þykir að kærendum verði gefinn kostur á að sanna rétt sinn til kvikmynda þeirra sem kært er út af, með yfirlýsingu í frumriti eða staðfestu ljósriti frá framleiðanda þeirra ásamt íslenskri þýðingu hennar."

Þetta er í mörgum tilfellum alls ekki framkvæmanlegt, einfaldlega vegna þess að kvikmyndaframleiðandi getur staðið svo langt frá þeim sem dreifir kvikmyndinni og hefur fullan og löglegan rétt til þess, sbr. samninga sem gerðir eru á milli viðskiptaaðila. Það eru nokkur stórfyrirtæki í heiminum sem dreifa langmestum hluta þeirra kvikmynda sem eru á markaði og myndbönd eru gerð eftir. Það eru litlir framleiðendur sem framleiða myndir víðs vegar um heiminn. Það

hafa aldrei nokkurn tíma verið dregnir í efa, hvorki af skattayfirvöldum, tollayfirvöldum eða öðrum yfirvöldum á Íslandi, þeir samningar sem hafa verið gerðir við dreifingaraðila. Allt í einu kemur ríkissaksóknari og segir: Þetta er ekki hægt vegna þess að leita þarf aftur í tímann og finna einhvern smáframleiðanda, sem gerði mynd niðri í Mexíkó, til að fá yfirlýsingu frá honum um að það megi sækja menn til saka fyrir brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, brot á höfundalögum og fleiri lögum, sem eru að sjálfsögðu brotin eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, söluskattslögum, tekjuskattslögum og yfirleitt öllum lögum sem koma nálægt viðskiptum á þessu landi. Eigendur myndbandaleiga fá að reka fyrirtæki sín án þess að þurfa nokkur leyfi til þess. Þeir þurfa ekki að skila bókhaldi. Hverri einustu krónu sem rennur í þeirra vasa er hægt að stinga undan. Til hvers er svo verið að glíma við að innheimta fé í ríkissjóð ef ekki er reynt að ná í þann ólöglega hagnað sem þarna er á ferðinni? Hver er að hlífa hverjum (**Gripið fram í:** Hvar er fjmrh.?) Fjmrh. hlustar grannt eftir. (**Gripið fram í:** Hann heyrir svarið.)

Mér þykir þau vera fá málin sem tínd eru til hjá saksóknara og bendi enn á að það hefur verið boðist til þess, og hingað hefur komið sérfræðingur frá Scotland Yard til þess, að leiðbeina íslenskri lögreglu um hvernig eigi að fara að því að koma í veg fyrir að ólögleg myndbönd séu á markaðnum. Það er enginn vandi með nútímatækni. En það er ekki nóg að gera það ef ekki er hægt að reka málin fyrir dómstólum og koma lögum yfir þá svikahrappa sem hér eiga í hlut.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda, 12. þm. Reykv., að það sé nauðsynlegt að fylgjast vel með þessari starfsemi og áreiðanlega betur en gert var þar í upphafi, þannig að tryggt sé að að verki sé staðið í samræmi við það sem lög kveða á um.

Hann lét þau orð falla að svo miklar kröfur væru gerðar af ríkissaksóknara að ekki væri unnt að nýta sér þann rétt sem menn eiga í þessu sambandi. Ég vil undirstrika og ítreka að það var aðeins í einu tilviki sem saksóknari taldi að ekki væru fyrir hendi nægileg gögn. Í fimm skipti höfðu menn möguleika á því að uppfylla það sem hann taldi nauðsynlegt til þess að hægt væri að fara fram á opinbera rannsókn. Mér sýnist því að ekki sé hægt að halda því fram að þarna sé um óframkvæmanlega kröfu að ræða. Reynslan hefur sannað annað.

Sjúkrasamlög, fsp. 240. mál (þskj. 340). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Margoft hefur verið fjallað um skipulag tryggingaumboða og sjúkrasamlaga bæði innan þings og utan. Hefur sú umfjöllun jafnframt farið fram í stjórnskipuðum nefndum. Síðasta nefndin, sem um þessi mál fjallaði, var skipuð 8. okt. 1982 og átti að vinna að endurskoðun á fjármögnunar- og stjórnunarkerfi sjúkrahúsa, á fyrirkomulagi tryggingaumboða og á deildaskipan í Tryggingastofnun ríkisins. Þessi nefnd skilaði ítarlegum tillögum að ári liðnu en lítið hefur fram komið af þeirri vinnu.

Með bréfi til heilbr.- og trn. dags. 28. okt. 1977 gerði ríkisendurskoðun tillögur um breytingar á lögum um almannatryggingar að því er sjúkrasamlög og umboðsskrifstofur varðar. Bréfið er undirritað af Halldóri V. Sigurðssyni ríkisendurskoðanda og Sigurði Hermundarsyni deildarstjóra og nefndin, sem hér var getið um áðan, samþykkti að gera tillögur þeirra að sínum eigin.

Meginefni tillagna ríkisendurskoðunar er sem hér segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðunin" segja þeir í bréfi „leggur hér með til að sú breyting verði gerð á lögum um almannatryggingar að felldar verði niður úr lögum 37. og 38. gr. svo og önnur ákvæði er fjalla um sjúkrasamlög. Í stað lagagreina um sjúkrasamlög komi almenn ákvæði um sjúkratryggingar samsvarandi ákvæðum um lífeyris- og slysatryggingar."

Í landinu eru núna um 40 sjúkrasamlög, og er hvert undir sérstakri stjórn. Skv. lögum fjármagna sveitarfélögin 15% en ríkissjóður 85% af kostnaði við sjúkrasamlögin. Það hefur gengið erfiðlega hjá sjúkrasamlögum að innheimta útgjaldahluta sveitarfélaga og í raun og veru eru mörg sjúkrasamlög greiðsluþrota langtímum saman vegna þess að dráttur verður á greiðslum sveitarfélaganna. Samlögin hafa auðvitað takmarkaða möguleika á skjótum innheimtuaðgerðum hjá sveitarfélögunum, og innheimtuaðgerðir leysa ekki að fullu þann greiðsluvanda sem kominn er hverju sinni. Til þess að samlögin geti staðið í skilum með greiðsluskuldbindingar sínar hefur verið mikill þrýstingur frá samlögunum á Tryggingastofnunina um aukna fyrirgreiðslu umfram skyldu.

Í reynd er ástandið orðið þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiðir í æ meira mæli reikninga sjúkrasamlaganna og verður síðan að innheimta þá aftur, jafnframt því að leggja út fyrir því sem á vantar, standi sveitarfélögin ekki í skilum. Einkum á þetta við um greiðslur til sjúkrahúsanna fyrir sjúkrahúsdvöl, en eins og menn þekkja ber sjúkrasamlögunum að greiða fyrstu 12 mánuði sjúkrahúsdvalar en verði dvölin lengri taka sjúkratryggingar við. Hér er því um að ræða óþarfan tvíverknað og að sumu leyti næstum því skoplegan á stundum. Getur sá tvíverknaður varla verið til sparnaðar fyrir þjóðarbúið. Bent hefur verið á, m. a. í áliti áðurgreindrar nefndar, að sameining hefði ýmsa kosti í för með sér.

Einn er sá kostur talinn að öll starfsemi almanna- og atvinnuleysistrygginga færist í hendur umboðsskrifstofu Tryggingastofnunarinnar á hverjum stað. Í öðru lagi yrðu stjórnir sjúkrasamlaga lagðar niður. Í þriðja lagi að við sameiningu sjúkrasamlaga í eina sjúkratryggingu og tilkomu umboðsskrifstofa yrði létt verulega á yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar og öll fjármálastjórn yrði miklu auðveldari og einfaldari. Í fjórða lagi að með sameiningu sjúkrasamlaga félli svæðaskipting niður og menn hefðu sömu réttindi hvar sem er á landinu og án tillits til búsetu. Og í fimmta lagi yrði létt verulega á sjúkrahúsum, lyfjabúðum, læknum og fleiri aðilum sem oft hafa orðið að senda reikninga á næstum 40 staði í stað þess að geta skipt við Tryggingastofnun ríkisins eingöngu. Og ekki alls fyrir löngu urðu hér á hinu háa Alþingi umræður um vandkvæði Lyfjaverslunar ríkisins á að fá lyf greidd frá sjúkrahúsunum. En þessi umr. er flestum hv. alþm. kunn og ég hygg að margir telji komið að því að vinna að sameiningu sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins. En það er jafnljóst að

einhver tregða hefur hér orðið á framkvæmd. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. spurningar sem fyrir þinginu liggur á þskj. 340 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur verið horfið frá hugmyndum um að leggja sjúkrasamlög niður og sameina starfsemi þeirra Tryggingastofnun ríkisins?"

Sem ég hafði lagt fram fsp. mína barst mér frétt sem kom mér mjög á óvart. Sú frétt var um að ráðh. hefði — mér liggur við að segja með mestu leynd — skipað nefnd s. l. haust sem enn einu sinni á að gera tillögur um endurskipulagningu á stjórnskipulagi Tryggingastofnunar ríkisins. Í þessari nefnd munu vera Helgi V. Jónsson, formaður, Ólafur Örn Ólafsson læknir, Friðrik Friðriksson framkvæmdastjóri Sjálfstfl. og Guðný Björnsdóttir lögfræðingur Tryggingaeftirlitsins. Nefndinni mun hafa verið falið að vinna hratt að sínum tillögum.

En því vakti þetta athygli mína og undrun að plagg það, sem ég held hér á í höndunum, er álit nefndar sem ég sat sjálf í og ég nefndi áðan og skipuð var 1982. Sú nefnd sat heilt ár og vann að tillögum og í það var lögð verulega mikil og vönduð vinna. Í þeirri nefnd áttu ýmsir þeir sæti sem telja mætti að hefðu allnokkra þekkingu á þessum málum. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Þeir voru: Rúnar G. Jóhannsson rekstrarfræðingur, formaður, Davíð Á. Gunnarsson, forstjóri ríkisspítalanna, Guðrún Helgadóttir, alþm. og um margra ára skeið starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins, Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri heilbr.- og trmrn., Kristján Guðjónsson, deildarstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, hann er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, Ólafur Björgúlfsson, skrifstofustjóri í Tryggingastofnun ríkisins, Sigurður Hermundarson, deildarstjóri í ríkisendurskoðun, Sigurður Þórðarson, deildarstjóri í fjmrn. og Þórir Á. Ólafsson, starfsmaður daggjaldanefndar. Ingólfur H. Ingólfsson, félagsfræðingur og starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins, starfaði með nefndinni sem ritari.

Vegna upplýsinga um þessa nýju nefnd, sem nú er í raun og veru falið sama verkefni og við unnum að í heilt ár og skiluðum þessari bók að því verki loknu, hlýt ég að fá leyfi hæstv. forseta til að óska eftir skýringum hæstv. ráðh. á því, hvers vegna þetta verk okkar er til einskis nýtt og ástæða var til þess að skipa nú enn eina nefnd, og að því er mér virðist fólki, sem satt að segja hefur sáralítið að þessum málum unnið, að undanskildum yfirlækninum á Landakoti, sem ég skal ekki draga í efa að þekki nokkuð til þessara mála. En ég dreg mjög í efa að hitt fólkið hafi mikla þekkingu á þessum málum.

Ég hef áður lýst fsp. minni og þakka fyrir að hafa fengið að tala hér ögn lengur en leyfilegt er.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Nokkrum sinnum hefur verið fjallað um skipulag tryggingaumboða og sjúkrasamlaga í landinu. Sú umfjöllun hefur ýmist farið fram í stjórnskipuðum nefndum eða á Alþingi. Ein þessara nefnda var skipuð af heilbr.- og trmrh. árið 1978. Hún starfaði undir forsæti Jóns Ingimarssonar skrifstofustjóra. Þær breytingar sem sú nefnd lagði til voru á þá lund að landið yrði eitt og sama samlagssvæði og kostnaðarskipting milli ríkissjóðs og sveitarfélaga félli niður. Í stað kostnaðarþátttöku sveitarfélaga var lagt til að sjúkratryggingagjald hækkaði úr 1% í 2% af útsvarsstofni. Þetta var talið hafa eftirfarandi kosti í för með sér:

1. Öll starfsemi almanna- og atvinnuleysistrygginga færist í hendur umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar á hverjum stað.

2. Stjórnir sjúkrasamlaga yrðu lagðar niður.

3. Í Reykjavík flytti starfsemi Sjúkrasamlags Reykjavíkur til skrifstofu Tryggingastofnunarinnar. Með örlítilli mannatilfærslu gæti skrifstofa núverandi sjúkrasamlags í kaupstöðum tekið við hlutverki umboðsskrifstofu Tryggingastofnunarinnar. Hins vegar yrðu þær stór þáttur í hugmyndum manna um aðskilnað dómsvalds og umboðsstarfa.

4. Við sameiningu sjúkrasamlaga í eina sjúkratryggingu og tilkomu umboðsskrifstofa yrði létt verulega á yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar. Fjármálastjórn yrði miklu auðveldari viðureignar, upplýsingastreymi yrði öruggara og bærist miklu fyrr en nú er.

5. Með sameiningu sjúkrasamlaga félli svæðaskipting niður og menn hefðu sömu réttindi hvar sem er á landinu án tillits til búsetu. Gífurleg vinna liggur í könnun á samfélagsréttindum manna hjá samlögum. Menn þurfa flutningsvottorð frá einu samlagi til annars ef þeir flytja á milli staða.

6. Það léttir verulega á sjúkrahúsum, lyfjabúðum, læknum o. fl. að sameina sjúkrasamlögin. Í stað þess að eiga í viðskiptum við 39 sjúkrasamlög gætu þessir aðilar framvísað einum reikningi hjá Tryggingastofnuninni og yrði þar með tryggð greiðsla á réttum gjalddögum.

Ekkert lagafrumvarp var lagt fyrir Alþingi í kjölfar þessa nál. Í þess stað var af þáv. heilbr.- og trmrh. skipuð nefnd 8. okt. 1982 sem komst að mjög svipuðum niðurstöðum og þeim sem hér að framan greinir. Eins og fyrirspyrjandi skýrði frá skilaði sú nefnd áliti sínu seint á árinu 1983 en lagði ekki fram neitt fastmótað frv. Frv. þurfti að semja og ýmis tiltekin atriði þurfti að skoða nánar. Á s. l. sumri skipaði ég nýja nefnd undir formennsku Helga V. Jónssonar endurskoðanda sem er formaður samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins. Þeirri nefnd var ætlað, eins og segir í skipunarbréfinu, það hlutverk að yfirfara framkomnar tillögur, endurskoða innra skipulag og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins með sérstöku tilliti til hinnar öru tölvuvæðingar, sem nú á sér stað, og semja frv. til laga um þær tillögur sem hún féllist á eða legði til.

Ef núverandi skipulag mála reynist of dýrt í framkvæmd eða það samrýmist ekki þeirri tækniþróun, sem nú á sér stað, er ekkert óeðlilegt að þessi nefnd komist að þessari niðurstöðu. Ég lagði á það ríka áherslu að nefndin reyndi að skila sem allra fyrst af sér. En margt fór öðruvísi en ætlað var. Formaður nefndarinnar var bundinn mjög við önnur störf, eins og flestir þekkja, í sambandi við verkfallsmálin á s. l. hausti. Þessi störf hafa því dregist lengur en ég hafði vonast eftir. Ég hafði samband við hann 2. eða 3. janúar s. l. og lagði þá áherslu á að hraða störfum nefndarinnar. Og aftur fyrir rúmri viku ýtti ég enn við nefndinni og minnti á að það lægi á því að starf hennar lægi fyrir sem allra fyrst. Engin ákvörðun hefur verið tekin af hvorugri þessari nefnd sem ég hef getið um. Í stað þess að leggja fram frv. eftir að nefndin undir forustu Jóns Ingimarssonar skilaði sínu áliti var skipuð önnur nefnd sem skilaði því

áliti sem hv. fyrirspyrjandi hefur greint frá með nokkrum orðum. En ég tel að til að binda endi á þessar athuganir verði auðvitað sú nefnd sem núna starfar að semja frv. til l. á grundvelli þeirra upplýsinga og tillagna sem fyrir liggja.

Þórður Skúlason: Herra forseti. Ég hjó eftir því hjá hv. fyrirspyrjanda að hann taldi að nokkur brögð væru að því að dráttur yrði á greiðsluhluta sveitarfélaganna til sjúkrasamlaganna. Ekki ætla ég í sjálfu sér að draga það í efa. En þó hygg ég að það geti verið mjög misjafnt á milli sveitarfélaganna.

Sýslumenn eru umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar og þeir hafa þá sérkennilegu aðstöðu að þeir fá greidda hlutdeild sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði til sín og geta notað greiðsluhlutann úr Jöfnunarsjóðnum til þess að greiða inn á reikning sveitarfélaganna hjá sýslusamlögunum. Ég hygg að það séu mörg dæmi þess að sveitarfélögin eigi töluverðar upphæðir inni á þessum reikningum, jafnvel allt árið um kring. Hins vegar leiðir þessi umr. ósjálfrátt til þess að menn fara að velta fyrir sér því fyrirkomulagi að sveitarfélögin greiði hlut í rekstri trygginganna. Ég hygg að það sé nokkurt umhugsunaratriði hvort það sé rétt fyrirkomulag. Það hefur gjarnan verið rætt um það af hálfu sveitarstjórnarmanna að það ætti að fara saman stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð. En í þessu tilfelli er málum þannig fyrir komið að sveitarfélögin ráða sáralitlu um útgjöld sjúkrasamlaganna og Tryggingastofnunarinnar. Mér sýnist þess vegna áhugaverð sú hugmynd, sem hér hefur aðeins verið reifuð, að þátttöku sveitarfélaganna í sjúkratryggingunum verði hætt.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem ég hlýt að skilja svo að þrátt fyrir allt standi jafnvel til að nota þá vinnu sem sú nefnd sem ég minntist áðan á vann frá sumrinu 1982 til 1983. Hins vegar hlýt ég að upplýsa að sú nefnd, sem nú hefur verið skipuð, virðist vinna mjög svipað því sem hún hefði aldrei það plagg séð, sem ég var hér með í höndunum áðan, því að 2. janúar, sennilega sama dag og hæstv. ráðh. talaði við formann nefndarinnar, barst bréf til Tryggingastofnunar ríkisins þar sem óskað var skýrslu frá hverjum deildarstjóra fyrir sig um starfsemi deildanna.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðh. sem er maður með kímnigáfu í ágætu lagi: Er það nú ekki smáskondið að þetta starf verði allt hafið að nýju? Lái hver sem vill deildarstjórum Tryggingastofnunar þó að þeir taki þetta vægast sagt ekki alvarlega. Grunur minn er sá að þeir geri ekki annað en taka ljósrit af því verki sem þeir unnu fyrir nefndina sem við sátum í.

Ég held að við höfum annað við fjármuni ríkisins að gera en að vera að henda þeim í þess háttar vitleysu. Auðvitað ætti að vera starfsfólk í rn. sjálfu sem er fært um að lesa þetta mikla verk í gegn. Hér er ekki um að ræða neitt sérstaklega frumlegar tillögur. Þetta er búið að ræða í mörg ár og það hlýtur einhvers staðar að koma að því að ráðh. og rn. hans taki ákvörðun og velji þá kosti sem hann telur rétta þegar búið er að leggja þá upp í hendur rn. Ég get ekki séð nokkra einustu ástæðu til þess að nú komi eitthvert fólk, sem mér vitanlega hefur ekki afskaplega mikið unnið að endurskoðun málefna tryggingakerfisins, nú komi glæný nefnd til að vinna þetta verk allt meira og minna upp aftur og síst af öllu að hafa svo hraðan á. Ég hélt að málið væri komið á það stig að rn. og hæstv. ráðh. gætu farið að láta vinna hina tæknilegu vinnu við frv. sem mér skilst að til standi að leggja fram. Ég held sem sagt að þarna sé sannarlega einni nefnd ofaukið.

En vegna orða hv. 3. þm. Norðurl. v. skal ég taka fram og upplýsa það, að þegar öllu er á botninn hvolft hafa sveitarfélögin nokkurn veginn greitt það sem þeim ber til sjúkrasamlaga. En það kemur auðvitað í slumpum og greiðsluerfiðleikar skapast oft um löng tímabil. En það skal ekki gefið í skyn að þau hafi ekki staðið í skilum. Það hafa þau gert skv. upplýsingum í riti Tryggingastofnunar og það upplýstist einnig í þeirri fsp. sem ég lagði fyrir þá sem um þau mál fjalla í Tryggingastofnun ríkisins.

Það skal verða endir míns máls að ég tel að það sé afskaplega nauðsynlegt að vinda nú bráðan bug að því að reyna að einfalda þetta kerfi. Með aukinni tölvuvæðingu verður þetta þægilegra og léttara í vöfum. Ég held að eins og nú er séu sjúkrasamlögin mestan part óþörf. Það þarf auðvitað skipulagningu við að koma á breytingu en ég held að hún hljóti á endanum að hafa í för með sér að sveitarfélögin losni við þessi 15% kostnaðarins, sem þau leggja til, en þeim verði þá fengið annað verkefni ef menn vilja halda því hlutfalli sem nú er milli útgjalda ríkis og sveitarfélaga. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spurði hvort það væri ekki skondið af þessari nefnd að vera að leita álits deildarstjóra Tryggingastofnunarinnar. Ég skal taka undir þau orð. Ég sagði við formann nefndarinnar í símtali að mér sýndist þetta alveg ástæðulaust því að nefndin á undan, sem hv. fyrirspyrjandi var í, spurði þessara sömu spurninga. Ég las þessi bréfi öll og í raun og veru er útkoman úr þessum bréfum sú að þetta sé allt saman ágætt eins og það er og það þurfi ekki að breyta neinu. Ef ég hefði verið í nefndinni hefði ég alls ekki farið að spyrja um þetta atriði aftur, því að mér fannst alveg nógu léleg svörin sem fyrri nefndin fékk, ég skal alveg játa það.

Varðandi aftur það að ég sem heilbr.- og trmrh. fæli einhverjum mönnum í rn. að semja frv. í þessum efnum, þá vildi ég ekki gera það. Fyrst og fremst vildi ég fara í gegnum þessar tillögur og láta fólk fara í gegnum þær, sem ég treysti til þess, og hefði samvinnu einkum við báða stjórnarflokkana, því að ég vildi auðvitað hafa fulltrúa frá hinum stjórnarflokknum með í ráðum frá byrjun, en ekki að þurfa að rifja allt málið upp aftur eftir að starfsmenn mínir í rn. væru búnir að semja frv. Þetta er auðvitað sjálfsagt.

Formaðurinn er valinn vegna tengsla hans við Tryggingastofnunina og margvíslegrar vinnu þar á síðasta hálfu öðru ári. Yfirlæknirinn sem er í nefndinni er einn færasti læknir í sambandi við stjórnun sjúkrahúsa. Það var að vandlega yfirveguðu ráði og í samráði við fjölmarga aðila að hann varð fyrir valinu. Svo eru þarna menn sem voru í nefndinni á undan og líka í fyrstu nefndinni sem ég gat um. Þeir eru starfandi í rn. og eru þar til ráðuneytis.

Ég vona að ekki líði á löngu þar til nefndin skilar áliti. Það er viðkvæmt mál í mörgum byggðarlögum að leggja

sjúkrasamlögin niður. En ég tel að þegar þetta álit liggur fyrir verði að taka þá ákvörðun sem við teljum skynsamlegasta í sambandi við fjármál. Og þá mun ég ekkert hika í þeim efnum ef það er ódýrara og ekki lélegri þjónusta og minnkar skriffinnskukerfið. Að því vil ég stuðla.

Höfundalög, fsp. 194. mál (þskj. 214). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég saknaði þess að hæstv. menntmrh. var ekki við fyrr í dag þegar fyrir var tekið 1. mál á dagskrá, en það stendur að sjálfsögðu í beinu sambandi við þá fsp. sem ég legg fyrir hæstv. menntmrh. um höfundalög á þskj. 214, en hún hljóðar á þessa leið:

„Hvað líður framkvæmd á lögum nr. 78/1984, um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, sem samþykkt voru í lok síðasta þings?"

Nú veit ég að hæstv. menntmrh. hefur gengið fram í því að koma reglulegri skipan á það sem hennar ráðuneyti tilheyrir varðandi þessi lög. Hins vegar veit ég ekki, og ég efa að hæstv. menntmrh. viti það, hvernig eftirliti með ólöglegum myndböndum hefur verið framfylgt. Hún tók mjög fast á því að eftirlit væri með og skoðun á hrotta- og klámmyndum, en það er að sjálfsögðu algerlega marklaust starf þegar lögbrjótar, sem hafa komist upp með að starfa á myndbandamarkaði, leyfa sér að litljósmynda límmiða, sem Kvikmyndaeftirlitið hefur merkt snældur með, og þeim er síðan dreift og jafnvel falsaðir miðar jafnframt á viðkomandi snældum.

Þessar fsp. voru lagðar fram í því skyni að koma af stað umr. og jafnframt að benda á þær aðgerðir lögregluyfirvalda sem hafa mjög aukist upp á síðkastið. Ég vænti þess að það sé m. a. vegna þess að fsp. voru lagðar fram og að um málið hefur verið rætt utan þings og innan, undir öðrum dagskrárliðum m. a. Lögregluyfirvöld hafa gert sér grein fyrir því að sífelld brot hafa átt sér stað á þessum nýju ákvæðum höfundalaganna sem tóku gildi s. l. vor.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að endurtaka þau orð sem ég fór með áðan í sambandi við fsp. mína til hæstv. dómsmrh. En staðreyndin er sú að það getur hver sem er sett á stofn myndbandaleigu hér á landi. Það eru engar kröfur gerðar til slíks reksturs. Það er mín skoðun að slíkar kröfur eigi að gera. Auðvitað á að miða þennan rekstur við venjulegan verslunarrekstur og gera eigendur myndbandaleiga bókhaldsskylda þannig að þeir falli undir sömu lög um skatta og þeir sem við skyldan rekstur vinna.

Ég benti á það, og hef reyndar bent á það áður, að þau brot sem eiga sér stað varða fjölmörg lög fyrir utan sjálf höfundalögin. Ég hef þar bent á bæði söluskattslögin, tekjuskattslögin og lög um innflutning o. fl. sem kom fram áðan í umr. um fsp. til hæstv. dómsmrh. Það hefur líka komið fram og liggur fyrir að skattalögin hafa verið þverbrotin. Það kom fram í sambandi við eina kæru sem barst á einn eiganda slíkrar leigu að hann hafi ekki greitt söluskatt af útleigðum myndum sem væri í neinu samræmi við gífurlegan fjölda myndbanda sem hann hafði til útleigu. Það var búið að koma sér þar upp, og mér er sagt að það sé víðar á þessum leigum, kerfi sem felur í sér að viðskiptamaðurinn fær kort, er skráður, og það eru aldrei fleiri en þrjár útleigur skráðar á það kort og þegar því er lokið er kortinu hent. Hvaða yfirvöld geta komið í veg fyrir þetta? Það er ekki hægt að koma í veg fyrir þetta öðruvísi en að setja reglur um þessa starfsemi og gera þær kröfur til þeirra sem reka myndbandaleigurnar að þeir uppfylli sömu skyldur og aðrir sem viðskipti reka hér á landi.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi vék að ýmsum atriðum í sambandi við myndbandaleigur sem eru utan þess sviðs sem ég ætla að fjalla um, en sú spurning sem beint er til mín er einungis um þetta: Hvað líður framkvæmd á lögum nr. 78 frá 1984, um breytingu á höfundalögum nr. 73 frá 1972, sem samþykkt voru í lok síðasta þings? Þetta er það atriði sem að menntmrn. snýr í þessu máli.

Fsp. lýtur að framkvæmd 1. gr. þessara laga, sem samþykkt voru á síðasta ári, en greinin fjallar um að lagt verði „höfundarréttargjald" á auð hljóð- og myndbönd og tæki til upptöku verka á hljóð- og myndbönd. Gert er ráð fyrir í lögunum að stofnuð verði sameiginleg innheimtumiðstöð rétthafa, þar með talinna listflytjenda og framleiðenda, er innheimta skuli höfundarréttargjaldið og ráðstafa því, en innheimtumiðstöðinni skuli settar samþykktir í samvinnu við menntmrn. og þær verða háðar staðfestingu þess. Það dróst nokkuð hjá rétthöfum að stofna þessi samtök, en það hefur nýlega verið gert og samdar samþykktir fyrir innheimtumiðstöðina. Höfundarréttarnefnd hefur fjallað um samþykktirnar og mælt með staðfestingu þeirra við rn. og samþykktirnar voru staðfestar 10. des. s. l.

Skv. lögum setur menntmrh. nánari reglur um höfundarréttargjaldið, m. a. um verðtryggingu þess. Verið er að semja þessar reglur og drög að þeim eru til athugunar og umsagnar hjá höfundarréttarnefnd þar sem saman eru komnir helstu sérfræðingar um þessi mál. Umfjöllun nefndarinnar er á lokastigi og má búast við að reglurnar verði gefnar út síðar í þessum mánuði.

Rétt er að geta þess að skv. 10. gr. laga nr. 78/1984 er ráðh. heimilt að fresta því að setja reglur skv. 1. gr. um innheimtu gjalds af myndböndum og tækjum til upptöku á myndbönd. Skv. tillögu höfundarréttarnefndar hefur verið ákveðið að nota þessa heimild og fresta innheimtu höfundarréttargjalda af auðum myndböndum og myndbandatækjum um allt að einu ári. Höfundarréttur að myndböndum er að jafnaði allmiklu flóknari en af hljóðböndum og því talið eðlilegt að fá nokkra reynslu af innheimtu gjaldsins af hljóðböndum, enda er þetta sami háttur og hafður hefur verið á í öðrum löndum þar sem gjald hefur verið á lagt, t. d. í Austurríki. Rétthafar að myndböndum munu að sjálfsögðu öðlast rétt á aðild að samtökunum um innheimtumiðstöðina strax og hafin verður gjaldheimta í þeirra þágu.

Það er von mín að lög þessi megi verða til þess að bæta höfundum, listflytjendum og framleiðendum og rétthöfum yfirleitt þann fjármissi sem leitt hefur af tækniþróun síðustu ára.

Þegar lög þessi voru sett var einmitt aðferðin við framkvæmdina, aðferðin við það hvernig ætti að framfylgja málunum, sem sagt hið opinbera réttarfar, eitt höfuðatriðið sem rétthafar lögðu áherslu á að lögfest yrði. Það var gert með þessum lögum og vissulega má segja að ekki sé full reynd á það komin hvort sú

ráðstöfun hefur borið þann árangur sem rétthafarnir ætluðu. Vissulega kemur fram í máli fyrirspyrjanda að þessi ráðstöfun hefur ekki borið nægilegan árangur að hans mati, en ég vonast til þess að með nánari reglum um framkvæmd verði árangur betri.

Hitt er svo annað mál, og það varðar ekki það sem að mínu rn. snýr, en ég vil gjarnan taka undir það, að að sjálfsögðu hljóta myndbandaleigurnar að verða að hlíta almennum lögum um viðskiptafyrirtæki. Ég verð að játa að mér hafði ekki dottið annað í hug en að þau hlytu að vera bókhaldsskyld. Nú er ég komin yfir á önnur svið og ég hef ekki sérstaklega kannað lög um þetta efni, en mér finnst þetta hljóti að liggja í augum uppi. Þau hljóta að verða að hlíta slíkum lögum, enda er þarna um skráð firmu að ræða og ekki um neina óopinbera starfsemi að ræða. Þarna er um að ræða fyrirtæki sem eru öllum opin og vitanlega hljóta þau að verða að hlíta almennum reglum.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi það atriði að miðar væru falsaðir á snældum o. s. frv. Það er málefni sem í sjálfu sér snertir ekki höfundalögin. Þar er um að ræða brot allt annars eðlis og sýnist mér liggja nokkuð í augum uppi hvers eðlis þau eru. Það er ekki mitt að fjalla um þau. En allt eru þetta auðvitað atriði sem skipta máli til þess að höfundar, listflytjendur og aðrir sem hlut eiga að máli geti gætt réttar síns.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi upplýst á hvaða stigi undirbúningur reglna um framkvæmd þessara laga er og ég hygg að það sem eftir er af þeim undirbúningi sé mjög skammt undan.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Það kemur hins vegar nokkuð spánskt fyrir sjónir ef hæstv. ráðh. telur að ef gögn Kvikmyndaeftirlitsins, sem heyrir undir menntmrn., séu fölsuð komi það rn. ekki við, heldur eigi annað rn. að grípa í taumana, dómsmrn. Ég hefði álitið að ekki ætti algjörlega að láta þetta fara fram hjá sér og Kvikmyndaeftirlitið sjálft og rn. ættu að fylgja því eftir að þessi liður þessarar stórkostlegu fölsunar og svika væri tekinn fyrir. Nóg um það.

Ég þakka ráðh. aftur fyrir svörin, en vil segja nokkur orð vegna þess að komið var inn á skattaumræðu varðandi myndbönd. Ég vil lýsa því nú þegar yfir að ég er mótfallinn því að nýir skattar séu lagðir á auð myndbönd sem eru þegar orðin almenningseign hér og í nágrannalöndum okkar og eru notuð til heimilisnota. Sú tækni hins vegar er til sem gerir kleift að koma í veg fyrir að auð bönd séu misnotuð af þeim sem vilja hafa fé fram hjá lögboðnum sköttum. Þau eru merkt á sérstakan hátt, þessi bönd, annaðhvort í tolli eða innflytjendur eru skyldaðir til að tölvumerkja auð bönd. Þá er mjög auðvelt fyrir þá sem eftirlit hafa með myndbandaleigunum að sjá hvað er falsað og hvað er ólöglegt og hvað er ekki. Það hefur skeð sama hér og í mörgum nágrannalöndum okkar að yfirvöld hafa hvorki fylgst með þróun þessara mála eða hver vandamálin eru. Það er rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði, að rétthafar lögðu megináherslu á að tryggja sinn rétt og það var talið að það hefði tekist með þeirri breytingu sem gerð var, en því miður er það ekki. Ég þakka hins vegar hæstv. ráðh. aftur fyrir svörin.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta eru merkilegar umr., einkum að tvennu leyti. Hv. þm. 12. þm. Reykv. Pétur Sigurðsson hefur borið hér fram fsp. til tveggja ráðh. Hann gjörþekkir til þessara mála. Það er mér kunnugt um. Og hvað hefur hann sagt? Hann hefur sagt tvennt. Hann hefur sagt að í sambandi við myndbandaleigurnar og rekstur þeirra þrífist að öllum líkindum — og ég held að hann hafi jafnvel tekið sterkar til orða — stórkostleg skattsvik. Engar kröfur, engin skilyrði séu sett varðandi rekstur slíkra fyrirtækja. Hvar er hæstv. fjmrh. þegar þetta er sagt hér? Hann er a. m. k. ekki í salnum. Hann er kannske frammi að tefla skák. — Síðan greinir hv. þm. Pétur Sigurðsson frá því að einhverjir af þeim mönnum sem eru með slíkan rekstur hafi falsað merkimiða frá Kvikmyndaeftirlitinu og notað með ólögmætum hætti. Og hvað segir þá hæstv. menntmrh.? Það er bara ekki mín deild. Það er ekki mitt mál. Það er auðvitað brot, en er bara ekki mitt mál.

Mér þótti eins og hv. þm. ákaflega miður og ákaflega undarlegt að heyra þessi ummæli hæstv. menntmrh. (Gripið fram í.) Kannske höfum við báðir misskilið hana. Ég heyrði ekki betur en hún sagði: Þetta er ekki mitt mál. Og mér þykir þetta mjög undarlegt. Nú spyr ég hæstv. dómsmrh.: Er þetta kannske ekki heldur hans mál? Það er nefnilega merkilegt að upplifa það hér í sölum Alþingis að menn koma hér í ræðustól og fullyrða að lögbrot hafi verið framið og nefna um það ákveðin dæmi og beina því til ráðh., en það gerist ekki neitt. Ráðh. segja eins og sagt var í umr. hér um kapalkerfið fyrir tveimur eða þremur árum er hæstv. þáv. dómsmrh. sagði: Það hefur enginn talað við rn. Hér komu þá a. m. k. tveir þm., sá sem þetta mælir og hv. þm. Haraldur Ólafsson, og töluðu um þessi lögbrot vítt og breitt, en það gerði enginn neitt. Ráðh. hlustuðu ekki. Mér sýnist sama vera að gerast hér núna og þetta er mjög merkilegt fyrirbæri. Og þá sagði hæstv. núv. iðnrh. Sverrir Hermannsson sem kom inn í umr. fyrir tveimur eða þremur árum: Hér gerast undur og stórmerki. Menn koma hér hver á fætur öðrum og lýsa lögbrotum. — Hann var þá andstæðingur þeirrar ríkisstj. þó að flokksbróðir hans væri ráðh. Og hann sagði: Ef ég væri stuðningsmaður þessarar hv. ríkisstj. hefði ég fyrir löngu gengið úr þessum sal og hengt mig. — Menn geta flett því upp í þingtíðindum að hér er rétt með farið.

En hvað er að gerast hér þegar fullyrt er um lögbrot eins og hv. 12. þm. Reykv. hefur gert á mörgum sviðum og ráðh. koma hér og segja: Þetta er ekki mín deild, þetta er ekki mitt borð? Það held ég að hljóti að verða alvarlegt umhugsunarefni fyrir okkur.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þessi fundartími er ætlaður fyrir fsp. Ég hef talið að menn breyttu í samræmi við vilja hæstv. forseta og hugsunina á bak við þingsköpin með því að svara þeim fsp. sem til þeirra er beint eins og hér hefur verið gert. Það gerði ég. Til mín var beint fsp. sem ég las og hún hljóðaði svona:

„Hvað líður framkvæmd á lögum nr. 78/1984, um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, sem samþykkt voru í lok síðasta þings?"

Þessari fsp. svaraði ég. Þegar svo upp koma staðhæfingar um lögbrot af einhverju tagi er enginn ráðh. dómari né heldur ákæruvald. Staðhæfingu um lögbrot

er sjálfsagt að bera fram í kæruformi við rétta aðila. Ég lít svo á að forseti veiti mér ekki orðið til að fjalla almennt um meint lögbrot eða ekki lögbrot í fyrirspurnatíma þegar fsp. er beint til mín um annað atriði. Ég sagði að þetta heyrði ekki til því verkefni sem ég hef núna með höndum, en gat samt um það. Það gerði ég einmitt til að undirstrika að ég tel þarna um alvarlegt mál að ræða. Og ég gat þess að þetta rúmaðist ekki innan fsp. í þeim tilgangi að forseti afsakaði það við mig að ég færi út fyrir það sem mér var ætlað að svara.

Ég vil einungis taka þetta fram: að þegar menn fjalla um eða sjá fyrir sér lögbrot, hv. þm. nefndi hérna kapalkerfi sem dæmi og að um það hafi verið rætt á Alþingi, þá er hægurinn hjá að viðkomandi þm. eða hver sem er kæri slík brot til saksóknara. Til þess eru lögin um þessa hluti og möguleiki manna til þess að gæta réttarins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni skal það tekið fram að skv. þingsköpum á í umr. um fsp. að halda sér við fsp. Það leikur ekki vafi á því. Því miður tíðkast það of mikið að það verða oft og tíðum almennar umr. um fsp. Í þingsköpum segir um þetta efni:

„Fsp. skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðh. ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að bera upp þær fsp. sem hér hafa verið lagðar fram og svarað. En tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er að rætt er um lögmæti myndbandaleiga. Ég vil taka undir þá fullyrðingu hv. þm. Péturs Sigurðssonar að þar eigi sér stað stórfelld svik, eins og hann hefur mjög skorinort bent á í þessum ræðustól. Þóttu mér svör dómsmrh. ansi lítil við þeim ásökunum.

Ég vil líka taka fram að þrátt fyrir að það sé réttur hvers einstaks manns að kæra svona lögbrot er það staðreynd að með þessar kærur er ekki farið eins og eðlilegt væri að gera og því kemur ekki að neinu gagni að kæra. Þessi verslun veður uppi hér með hvers konar svikum og prettum, vil ég segja, og það er ekkert gert.

Ég skora á dómsmrh. að taka rögg á sig og fyrirskipa að betur verði að þessum málum staðið. Ég minntist á það í fyrra í Ed. hvernig söluskattsmálum myndbandaleiga væri háttað. Þar var fjmrh. viðstaddur, en hann hafði lítið um það að segja. Þessar fullyrðingar hafa komið fram hvað eftir annað og ég tel að þær hafi við fyllstu rök að styðjast, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson greindi frá áðan. En það skeður ekkert. Ráðamönnum virðist vera alveg sama. Við svo búið verður ekki unað og má ekki við una.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. taldi að lítið hefði komið fram í mínu máli áðan í sambandi við fsp. hv. 12. þm. Reykv. Ég svaraði þeim atriðum sem hann spurði um, en ég lét þess einnig getið að ég teldi að nauðsynlegt væri að athugað væri á hvern hátt væri að verki staðið í sambandi við þessi mál og hvort þar væri um lögbrot að ræða. Lagði ég áherslu á að þarna þyrfti að standa rétt að málum.

Ég undirstrika að ég tel sjálfsagt og nauðsynlegt að lögregla og önnur yfirvöld, sem með eftirlit með lögum fara, séu alltaf vel á verði og séu vakandi. Vænti ég að þau reyni að gera það eftir því sem kostur er. En vegna þeirra umr. sem hér hafa farið fram mun ég kanna þetta nánar og leggja áherslu á að þarna sé betur fylgst með en hv. þm., sem hér hafa talað, hafa sagt. Ég get þá bent á hvar hægt muni vera að fá upplýsingar, miðað við þær fullyrðingar sem þeir hafa fram sett, og vænti þess að það gæti greitt fyrir því að þarna yrði betur á málum tekið.

Ég verð að segja að það kemur mér algjörlega á óvart að rekstur myndbandaleiga skuli ekki vera bókhaldsskyldur og hlíta öðrum reglum um atvinnurekstur og skil satt að segja ekki hvernig á slíku getur staðið. Vissulega mun ég ganga eftir því að fá skýringar á því og leggja áherslu á að úr því verði bætt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 12. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs. Hann hefur þegar talað tvisvar og gerir örstutta aths. (**PS:** Ég er með tvær fsp. á dagskrá.) Jú, hv. þm. hefur talað tvisvar áður og gerir stutta aths. Það fer ekki á milli mála.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sú aths. sem ég geri er við þá aths. sem hæstv. forseti gerði úr ræðustól áðan því að svo mátti skilja á bæði honum og hæstv. menntmrh. að ég hefði farið út fyrir það svið sem þessi fsp. mín fjallaði um.

Ég tók það fram, þegar ég bar fsp. mína til hæstv. menntmrh. upp, að ég harmaði að ráðh. hefði ekki verið viðstaddur í fundarbyrjun þegar fyrir var tekin 1. dagskrárliðurinn sem fjallaði um framkvæmd höfundalaga. Ég veit að hæstv. forseti minnist þess að bæði áður en þessi fundur hófst og einnig í desember tjáði ég honum að ég teldi eðlilegra að það mál sem er nr. 2 á dagskránni væri nr. 1 vegna þess að framkvæmdin væri eðlilegt framhald af þeirri fsp. sem lögð væri fram til hæstv. menntmrh. Það er svo að sjálfsögðu. Fsp. eru nátengdar og fjalla um sama málið. Ég hef ekkert farið út fyrir þann ramma sem ég hef mótað í sjálfum fsp. og getið um í mínum ræðum hér. Það hefur ekkert verið farið út fyrir hann.

Auðvitað væri hægt að halda langa ræðu um afleiðingar þess að slík skattsvik eru leyfð. Þau eru leyfð. Það er ekkert gert við þeim. Það mætti halda langar ræður um hvaða áhrif þetta hefur á þjóðlífið, á þá sem ekki geta stundað skattsvik á einn eða annan hátt. Hvað viðvíkur bókhaldsskyldu þessara fyrirtækja má vel vera að þau eigi að halda bókhald en það eru engar reglur um hvernig eigi að framfylgja slíkum lögum. Ég benti á eina leið sem eigendur þeirra nota, þannig að útilokað er að koma yfir þá gildandi lögum nema settar séu sérstakar reglur um þessa starfsemi vegna serstaks eðlis hennar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég þakka forseta fyrir mannúðina að lofa mér að gera stutta aths.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 12. þm. Reykv. lét orð falla á þá leið að forseti hefði talið að hann hefði farið út fyrir umræðuefnið. Slíkt er misskilningur. Það var aldrei sagt af forseta að hv. þm. hefði gert það. Hér kom upp tal um það hvort ráðh. væri skyldur til að svara fsp. sem ekki er getið í þeirri fsp. sem er til umr. Það var tekið fram að þessu gefna tilefni

hver væri regla skv. þingsköpum. Og það skal tekið fram að hér hefur ekkert óvenjulegt skeð í þessu efni.

Því miður er það svo að það má heita venja að það er farið út fyrir efni fsp. Með tilliti til þessa þótti rétt að vekja athygli á því hvað þingsköp hefðu um þetta efni að segja.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er aldeilis hárrétt að hér hefur ekkert óvenjulegt skeð. Jafngott og fyrirspurnakerfið er, þar sem þm. eiga kost á að spyrja ráðh. um ýmsar aðgerðir sem þeir telja nauðsynlegar, þá eru svörin frá hæstv. ráðh. ævinlega jafnþrautleiðinleg, og ástæðan fyrir því er sú að þeir semja þessi svör ekki sjálfir, heldur þreyttir embættismenn í rn. þeirra. Ég held að þm. séu kannske að kvarta hér yfir skorti á áhuga. Finnst mönnum ekkert gaman að vera ráðh. og geta ráðið einhverju? Einu sinni sátu hér hressir þm. og töluðu um ýmislegt sem til bóta mætti verða. Svo komast þeir í ráðherrastóla og þá megum við hlusta á lesningu frá einhverjum dauðleiðinlegum embættismönnum uppi í rn. sem svör við fsp. Það eru ekki þeir sem við erum að spyrja.

Finnst hæstv. dómsmrh. bara allt í lagi að menn stofni fyrirtæki og selji ólöglega verk listamanna af öllu tagi, nú eða einhvern sóðaskap sem er öllum til skaða og er raunar bannað að hafa fyrir fólki? Finnst menntmrh. þetta allt í lagi? Auðvitað ekki. Hvorugum þeirra finnst það. Af hverju koma þeir þá hingað og lesa einhverja lesningu eftir einhverja embættismenn? Það sem okkur langar að vita er hvað þið viljið gera. Það eru þið sem mótið stefnuna. Það eruð þið sem hafið valdið til að framkvæma.

Það er aldeilis rétt að hér hefur ekkert óvenjulegt skeð, herra forseti. Þetta hefur verið jafndauðleiðinlegt og ævinlega þegar ráðh. sitja fyrir svörum. Ég vil hins vegar nota tækifærið og þakka hv. fyrirspyrjanda sem hefur kjark og áhuga til að spyrja sína eigin ráðh.: Hvað eruð þið að gera, hvert stefnið þið, hvað viljið þið gera? Þannig eiga þm. að vera. (**Gripið fram í:** Og ættu að vera ráðherrar.) Þeir væru jafnhundleiðinlegir þegar þeir væru komnir í ráðherrastól.

Það er þetta sem við erum að kvarta yfir: Við viljum fá stefnu. Hvað eruð þið að hugsa í rn.? Þið hafið valdið. *Þið eigið að gera þetta.* (**Gripið fram í:** *Meira fjör.*) Meira fjör og meira líf og meira yndi. Það er það sem við erum að biðja um.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mér þótti það nokkuð undarlegt þegar hæstv. forseti fór að lesa upp úr þingsköpum áðan vegna þess að hæstv. menntmrh. talaði um að hér hefði verið farið út fyrir efnið. En öldungis réttilega sagði virðulegur forseti: Hér hefur ekkert óvenjulegt gerst. Og þó að menntmrh. hafi kannske fundist þessi umr. ganga í aðrar áttir en hún vildi sjálf kjósa verður hún að una því.

Ég fagna því sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan. Hér hafa komið fram ábendingar um margvísleg lögbrot. Hann kvaðst mundu láta athuga málið.

Hæstv. fjmrh. hefur ekki látið svo lítið að fylgjast með þessari umr. Ætlar hann að láta athuga þessi mál? Og ég leyfi mér, virðulegi forseti, að bera þessar einföldu spurningar fyrir ráðh. sem þeir geta svarað með jái eða neii: Ætlar hæstv. fjmrh. að gera eitthvað í þeim málum sem hv. þm. Pétur Sigurðsson, flokksbróðir hans, hefur lýst hér með svo sterkum orðum og alvarlegum hætti? Og ég spyr hæstv. menntmrh. Kvikmyndaeftirlitið heyrir undir hennar starfssvið. Hér hefur einn hv. þm. skýrt frá því að merki Kvikmyndaeftirlitsins séu fölsuð og notuð af óvönduðum mönnum til lögbrota. Ég spyr: Ætlar hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því að þetta mál verði rannsakað? Mér finnst, þó að þessi fsp. hafi ekki vera á dagskrá hér með formlegum hætti, eðlilegt að að þessu sé spurt í framhaldi og í tengslum við það sem hér hefur verið sagt. Þetta eru svo einfaldar spurningar að þeim er hægt að svara með jái eða neii ef menn hafa skoðun á málinu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Í tilefni af orðum hv. 12. þm. Reykv. vil ég einungis segja þetta: Mér þykir þetta sjálfsagt. Það liggur í augum uppi að þetta mál verður rannsakað og fengnar þær upplýsingar sem ég get fengið hjá Kvikmyndaeftirlitinu.

Starfsemi húsmæðraskóla, fsp. 241. mál (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um starfsemi húsmæðraskóla, en hún liggur hér fyrir á þskj. 341. Á því er fsp. í sex liðum og ég ætla að lesa þá, með leyfi forseta:

„1. Hversu mörg skólahús í landinu eru byggð fyrir húsmæðrakennslu, og hve mikið er þetta húsnæði að rúmmáli?

2. Hversu margir þessara skóla eru nú starfandi?

3. Hve margir nemendur stunda nú nám í húsmæðraskólum?

4. Hve margir kennarar annast kennslu þeirra?

5. Eru einhverjir skólanna nýttir til annarrar starfsemi en húsmæðrakennslu?

6. Hve mikið húsrými er í Húsmæðraskóla Reykjavíkur og hvaða starfsemi fer þar fram?"

Herra forseti. Ég tel að þessar spurningar skýri sig sjálfar. Okkur er öllum ljóst að húsmæðrakennsla hefur tekið miklum breytingum af ýmsum ástæðum. Margvíslegar breytingar í þjóðfélaginu hafa valdið því að áhugi *kvenna, og ég tala nú ekki um karla, hefur minnkað á* þessari grein menntunar. Við höfum enn þá í landinu lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands annars vegar sem eru lög frá 1975. Hins vegar lög um húsmæðrakennaraskóla sem eru nr. 53, einnig frá 1975. Lögin um Húsmæðrakennaraskóla Íslands eru auðvitað lög sem í sjálfu sér eru fallin úr gildi að því leyti til, að nú hefur Kennaraháskóli Íslands yfirtekið húsmæðrakennslu í landinu. *Því þyrfti vissulega að fella þessi lög, að mínu* viti, úr gildi. Ég sé ekki að þau séu nauðsynleg lengur. Hins vegar er ljóst að Alþingi þarf að taka ákvörðun um það fyrr eða síðar hvort að húsmæðrakennslu eða kennslu í húsmæðrakennslu eða kennslu í húsmæðrakennslu eða kennslu í

Ég vil minna á að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur flutt mál hér í þinginu um aukna kennslu í hússtjórn í grunnskólum. Ég hygg að það sé nú þegar orðið vandamál að fá hússtjórnarkennara. Að þessum málum tel ég því að þurfi mjög að hyggja á næstu mánuðum. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja þessa fsp. fram til hæstv. menntmrh. svo að þingið fái upplýsingar um stöðu þessara skóla. Ég skal taka fram, hæstv. menntmrh., vegna orða minna hér áðan, að ég geri engar kröfur um að þær upplýsingar sem nú koma fram verði sérdeilis skemmtilegar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Með hliðsjón af niðurlagi ræðu hv. fyrirspyrjanda mun ég svara spurningunum, sem fyrir liggja í þeirri röð sem þær koma fram, svona:

1. Hveru mörg skólahús í landinu eru byggð fyrir húsmæðrakennslu og hve mikið er þetta húsnæði að rúmmáli?

Svarið er: 11 skólahús, rúmmál 41 145 rúmmetrar.

2. Hveru margir þessara skóla eru nú starfandi?

Svar: Sex skólar.

3. Hve margir nemendur stunda nú nám í húsmæðraskólum?

Svar: 117 nemendur í hússtjórnarnámi og 1000 á námskeiðum.

4. Hve margir kennarar annast kennslu þeirra?

Svar: 20 kennarar.

5. Eru einhverjir skólanna nýttir til annarrar starfsemi en húsmæðrakennslu?

Svar: Fimm.

6. Hve mikið húsrými er í Húsmæðraskóla Reykjavíkur og hvaða starfsemi fer þar fram?

Svarið við fsp. um starfsemina er þetta: Fyrir áramót eru rekin námskeið bæði með dag- og kvöldkennslu fyrir fullorðna og komast þar færri að en vilja. Í boði eru eftirtalin námskeið:

Vefnaður, 7 vikur, 94 kennslustundir.

Fatasaumur, 6—8 vikur, 27, 32 eða 52 kennslustundir.

Matreiðsla, 5 vikur, 52 eða 80 kennslustundir.

Stutt matreiðslunámskeið, tveggja eða þriggja daga. Þá eru tekin fyrir afmörkuð efni, t. d. gerbakstur, glóðarsteiking, smáréttir og fleira.

Eftir áramót er gefinn kostur á hálfs vetrar námi og hefur þá yfirleitt verið fullskipaður skólinn.

Húsnæði Húsmæðraskóla Reykjavíkur er bærilega rúmgott. Þetta er stórt og myndarlegt hús, eins og hv. þm. kannske veit, hér á horninu á Sólvallagötu og Blómvallagötu. Getur hv. þm. e. t. v. litið á það í heimleiðinni. Það er mjög myndarlegt og sérlega fallegt hús, viðeigandi umgerð um svo göfuga námsgrein sem hússtjórnarfræði eru.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég fagna því að þessi fsp. er fram komin. Ég held að það sé full ástæða til þess að menn hugi að nýtingu þessa húsnæðis sem fyrir hendi er. Ég vil geta þess í leiðinni að nýting Húsmæðraskólans á Hallormsstað hefur oft verið mjög til fyrirmyndar, ekki bara í hinu almenna námskeiðahaldi sem þar hefur verið stundað, heldur ekki síður í því formi sem ég tel mjög til fyrirmyndar, að grunnskólar á svæðinu hafa nýtt húsnæðið til námskeiða í hússtjórnarfræðum. Þangað hafa farið nemendur í efstu bekkjum grunnskólanna til náms í þessum fræðum, hópar komið frá hinum ýmsu stöðum, og ég held, hvað sem menn hafa viljað segja um það nám, að það hafi komið að verulegu gagni fyrir viðkomandi, m. a. vegna þess að í grunnskólunum sjálfum er næsta lítil aðstaða til að stunda nám af þessu tagi.

Það er nefnilega mergurinn málsins, sem reyndar kom fram, að mig minnir, í fréttatilkynningu frá sjálfu rn. á sínum tíma í haust, að grunnskólarnir eru ekki undir það búnir að taka við heimilisfræðunum inn í sitt húsnæði nema að mjög takmörkuðu leyti, m. a. vegna skorts á skólaeldhúsum og nauðsynlegum tækjum sem þar þurfa að vera, til þess að heimilisfræði séu stunduð þar almennilega.

Ég get sem sagt ekki stillt mig um að leggja einu sinni enn áherslu á gildi heimilisfræði í skólastarfinu og þá að sjálfsögðu hið hagnýta gildi í lífinu sjálfu.

Sem skólastjóri fyrr á árum gerði ég veikburða tilraunir í þessa átt á grunnskólastiginu við ófullkomnar aðstæður. Og ég man það mætavel að fáar námsgreinar voru eins vinsælar bæði af stúlkum og drengjum í þann tíð og svo hygg ég að enn muni vera ef sæmilega er að verki staðið.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil við þetta tækifæri þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir að bera fram þessa fsp. til hæstv. menntmrh. um starfsemi húsmæðraskóla, eða hússtjórnarskóla. Það var vissulega fróðlegt að fá fram upplýsingar um þessi mál hér á hv. Alþingi. Og þó að ég væri nú ekki nógu fljót að grípa allar þær tölur sem hæstv. ráðh. las upp rösklega hér til að firra menn löngum ræðum með þurrum upptalningum miðað við það sem komið hafði hér fram í ræðum hv. þm. áður á þessum fundi þá var það mjög gagnlegt að fá þær upplýsingar fram hér á hv. Alþingi.

Heimilisfræði eða hússtjórnarkennsla er þýðingarmikil námsgrein, eins og hér hefur komið fram, ekki síst í nútíma þjóðfélagi. Heimilisfræði varð fyrst skyldunámsgrein með grunnskólalögum 1974 og eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. hefur víða gengið illa að framfylgja lögunum um þessa kennslu vegna aðstöðuleysis og/eða kennaraskorts. Heimilisfræði mun nú vera valgrein í Kennaraháskólanum. Hlýtur því að vera brýnt að efla þá valnámsgrein við Kennaraháskólann sem mætti þá verða til að auka möguleika á kennslu í heimilisfræðum t. d. úti á landsbyggðinni þar sem henni er mjög ábótavant.

En jafnframt því að þessi kennsla nýtur mikilla vinsælda hjá öllum hlutaðeigandi þá er mikil þörf fyrir hana, þ. e. sérstaklega varðandi næringar- og hollustuhætti, ekki hvað síst í nútíma þjóðfélagi þar sem ungmennin þurfa oft og tíðum að sjá sjálf um fæðuval sitt mikinn hluta dagsins, eins og flestum okkar mun vera kunnugt.

Það kom fram í neyslukönnun meðal skólabarna, sem Manneldisráð Íslands gerði á árunum 1977 og 1978 í fjórum grunnskólum í Reykjavík, að mataræði barna væri í mörgu ábótavant og röskun á venjum heimilanna hefði leitt til þess að börn og unglingar neyti sælgætis og gosdrykkja, sem svokallaðar „sjoppur" bjóða, og þannig fái þau allt að einum fjórða hluta orkuþarfarinnar fullnægt án þess að mikilvæg næringarefni fylgi.

Það er augljóst að í nútíma þjóðfélagi verða allir að

hafa undirstöðuþekkingu í næringar- og neytendafræðum, í algengri matreiðslu og heimilisstörfum, og ekki síst í að skipuleggja vinnu sína. Að þeim markmiðum stefnir nám í heimilisfræði jafnframt því sem grunnur er lagður að verkmenntun við ýmis störf.

Ég gat ekki látið hjá líða, herra forseti, að koma hér upp og taka til máls í umr. varðandi þennan mikilvæga málaflokk sem af mörgum virðist ekki vera talinn svo mjög þýðingarmikill. Hann lætur lítið yfir sér en er kannske ein af þeim þýðingarmestu námsgreinum sem börn fá kennslu í í grunnskóla í nútíma þjóðfélagi.

Hv. 10. landsk. þm. minntist á að konur hefðu væntanlega mikinn áhuga á kennslu í þessari námsgrein, dró í efa áhuga karla, sem er kannske ekki óeðlilegt. Þó má minna á að nú fá nemendur í grunnskólum, bæði drengir og stúlkur, þessa kennslu þar sem henni verður við komið á annað borð, og þetta mun vera mjög vinsæl námsgrein, ekki síður hjá drengjunum.

En mér dettur í hug, með leyfi forseta, að lesa hér ályktanir frá landsþingum Kvenfélagasambands Íslands varðandi þessi mál um leið og ég þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir að minna á þá till. til þál. sem ég flutti hér á hv. Alþingi, 105. löggjafarþingi, en þar var í fskj. með þeirri till. — (Forseti hringir.) Nú, tími minn er liðinn. En ætli mér leyfist ekki að lesa þessar tvær, þrjár setningar, herra forseti? (**Forseti:** Jú, það er bara vakin athygli á tímamörkum.)

Þar segir: „Kvenfélagasamband Íslands hvetur ungt fólk til að hagnýta sér sem best alla fræðslu um heimilisstörf og hússtjórn svo að það geti beitt verkhyggni og hagsýni er það stofnar eigið heimili. Landsþingið skorar á menntmrn. á að sjá um að lögum um heimilisfræðslu grunnskóla verði framfylgt og ætlað enn meira rúm í námsskrá en nú er. Þingið leggur áherslu á nauðsyn þess að koma upp eða bæta aðstöðu slíkrar kennslu í grunnskólum."

Ég ætla að sleppa að lesa upp fleiri ályktanir vegna tímaskorts, þær eru nokkrar til viðbótar, en endurtaka þakkir mínar til hv. 10. landsk. þm. fyrir að leggja fram þessa fsp.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög afgerandi svör við þeim spurningum sem ég lagði fram. Ég held að mér hafi tekist, þrátt fyrir rösklegan upplestur ráðh., að taka niður þau svör sem hún lagði fram. Fyrir liggur að í landinu eru nú einungis sex hússtjórnarskólar. Í þeim eru 117 nemendur, en það þýðir 19 nemendur að meðaltali. Það er auðvitað ærið fámennur hópur í svo miklu skólarými sem þarna er um að ræða. Fimm af hússtjórnarskólum landsins hafa hreinlega verið teknir til annarra nota, án þess í raun og veru að sú stefna væri nokkurs staðar mörkuð. Það einfaldlega gerðist, eins og svo margt í okkar þjóðfélagi, sem gerist raunverulega án þess að t. d. hv. alþm. hafi haft þar mikið um að segja. (**Gripið fram í:** Sem betur fer.)

Ég get tekið undir að Húsmæðraskóli Reykjavíkur er, eins og hæstv. ráðh. sagði réttilega, eitthvert fegursta hús í Reykjavík og afskaplega stórt, það eitt veit ég. Hæstv. ráðh. harmaði að hafa ekki rúmmetratöluna, en þetta er með stærstu húsum sem upphaflega voru íbúðarhús hér í Reykjavík, enda rúmaði þetta hús tugi nemenda á árum áður í heimavist, en í þessum skóla eru nú átta stúlkur í heimavist. Fyrir þessa átta nemendur verður auðvitað að halda uppi eldhúsrekstri eins og um miklu fleiri nemendur væri að ræða, þar þarf allt sama starfslið og annars þyrfti. Þetta er auðvitað, hvað sem öðru líður, afskaplega óhagkvæmur rekstur. Hins vegar hefur aukist mikið áhugi á námskeiðum sem gripið hefur verið til að halda, hreinlega til að nýta þessi skólahús til einhvers. Í fæstum þeirra eru reglulegir nemendur sem eru að læra hússtjórn samkvæmt lögum um hússtjórnarmenntun.

Í lögum um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennaradeild og matráðsmannadeild."

Þessi lög eru nr. 26 frá 1975, þau eru ekki eldri en það. Þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í hússtjórn, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

Matráðsmannadeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana."

Þessi lög gerðu m. ö. o. ráð fyrir að Hússtjórnarkennaraskóli Íslands menntaði menn til ákveðinna atvinnugreina en jafnframt að skólinn skyldi vera þriggja ára skóli. En síðan gerist það, og ég skal viðurkenna að ég veit ekki nákvæmlega hvernig það gerðist, að þessi skóli, sem stendur að vísu enn þá á sínum stað hér uppi í Háuhlíð, er nú hluti af Kennaraháskóla Íslands. Þar með hefði mér fundist það eðlileg atburðarás að lög um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands frá 1975 væru afnumin en önnur sett um að nú skyldi kennslan fara fram í Kennaraháskóla Íslands.

Í lögum um hússtjórnarskóla segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk hússtjórnarskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir: 1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu. 2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum. 3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fósturskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl."

Það hlýtur að vera undrunarefni að lög, sem ekki eru eldri en frá 1975 og hafa í fyrsta lagi aldrei komið til framkvæmda, skuli hreinlega að engu gerð og eitthvað allt annað tekið upp.

Það er rétt, sem hér kom fram, að með grunnskólalögunum verða heimilisfræði skyldunámsgrein í grunnskólum. Þau lög eru frá 1974. Á sama tíma og heimilisfræði eru gerð skyldunámsgrein í grunnskólum eru hússtjórnarskólar aflagðir og Hússtjórnarkennaraskólinn meira og minna felldur inn í almennt kennaranám. Maður hlýtur því að spyrja: Hver á að kenna hússtjórnarfræði í grunnskólunum? Þessi lög, sem ég hef nú lesið greinar úr, eru svo til jafngömul og grunnskólalögin. En það er ákaflega erfitt að sjá að unnið hafi verið markvisst að því að öll þessi lög tækju gildi og væru framkvæmd.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að hússtjórnarfræði séu ákaflega mikilvæg og merkileg námsgrein. Ég held að öll börn hafi ákaflega gott af að læra þau og sú kennsla ætti að vera þýðingarmikið spor í áttina að

jafnrétti kynjanna t. d., auk þess sem það er hverjum manni nauðsynlegt að vera sjálfbjarga, að vera frumbjarga, vera fær um að hirða, fæða og klæða sig og sína. Ég hef þess vegna af því áhyggjur að þessi fræði séu í mikilli hættu og að hreinlega sé ekki unnt að fara að grunnskólalögunum vegna skorts á kennurum. (Forseti hringir.)

Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég harma það enn og aftur að hæstv. ráðh. lesi mér aðeins staðreyndir og svör við mínum spurningum, án þess að ég geti fundið það af einhverju að hæstv. ráðh. hafi áhuga á þessu máli, hafi eitthvað hugsað um það og geti kannske ofurlítið sagt okkur frá því hvað hún hyggist gera.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir að hreyfa þessu máli. Ég held að það sé fyllilega ástæða til að því sé hreyft þar sem á undanförnum árum hefur verið minni aðsókn að húsmæðraskólunum en æskilegt hefði verið, þó að mér virðist nú vera aftur að aukast aðsóknin.

Það verður að segjast eins og er að við tilkomu fjölbrautaskólanna minnkaði aðsókn að húsmæðraskólunum um tíma. En nú virðist ýmislegt benda til þess að nemendur séu að koma aftur til húsmæðraskólanna og er ánægjulegt til þess að vita. Ég held að þetta hafi m. a. orðið vegna þess að námið í húsmæðraskólunum veitti ekki nægjanlegan rétt inn í fjölbrautaskólakerfið og það sé hægt að gera betur á þeim sviðum. Og eins líka hitt að þessir skólar þurfa náttúrlega að geta tekið á málum á vissan hátt öðruvísi en verið hefur, t. d. með stuttum námskeiðum sem nokkuð hefur verið gert að. Sá húsmæðraskóli sem ég þekki best til, Húsmæðraskóli Suðurlands á Laugarvatni, hefur alltaf starfað í 8—9 mánuði þó að nokkuð hafi dregið úr nemendafjölda á tímabili.

Ég ætla að taka það fram að þessi skóli, Húsmæðraskóli Suðurlands á Laugarvatni, kennir fleirum en þeim nemum sem eru beinlínis í skólanum. Þar fer fram kennsla í matreiðslu og heimilisfræði bæði fyrir grunnskólann og héraðsskólann á Laugarvatni og það eru líka nemendur þó að þeir séu ekki eins marga tíma við nám og húsmæðranemar eru. Allt þetta finnst mér vera í hina réttu átt. Ég held að okkur sé ákaflega nauðsynlegt að hvetja til áframhaldandi menntunar á þessu sviði og allir eigi að eiga jafnan rétt, bæði stúlkur og drengir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það fer vel á því að ein þeirra hv. kvenna sem sæti eiga á Alþingi skuli bera fram fsp. um starfsemi húsmæðraskóla, því að sannarlega voru þetta og eru merkar menntastofnanir. Það kom fram í svari hæstv. menntmrh. að til væru í landinu 11 skólahús af þessu tagi. Nú eru aðeins 6 skólar starfandi en 5 nýttir til annars. Dettur nú ekki einhverjum í hug: „Nú er hún Snorrabúð stekkur.“ Þá er vitaskuld ekki um annað að ræða en að nýta húsnæðið til annars ef aðsókn minnkar.

Að Staðarfelli í Dölum starfaði húsmæðraskóli í hálfa öld með miklum sóma en síðan minnkaði aðsókn mikið, svo sem víðar varð um húsmæðraskóla. Að Varmalandi í Borgarfirði starfar hins vegar húsmæðraskóli enn.

Það er til marks um þróun tímanna að aðsókn kvenna að Bændaskólanum á Hvanneyri fer stöðugt vaxandi þannig að það eru allmörg ár síðan hægt var að setja saman blandaðan kór í þeim skóla af þeim ágæta tónlistarkennara sem þar heldur á tónsprota. En ég endurtek það að vel fer á því að konur hreyfi þessu máli. Þeim fer nú, sem betur fer, allmjög fjölgandi í þingsölum. Það liggur beint við að þær hafi forustu um þessi mál. En hins vegar munum við karlmennirnir sennilega styðja þær með ráðum og dáð og þá gildir hið fornkveðna að „eigi skal skuturinn eftir liggja ef allvel er róið í fyrirrúminu.“

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að láta þess getið að mér þykja hafa orðið gleðileg sinnaskipti hjá Alþb. ef túlka má það sem fram kom í orðum hv. 10. landsk. þm. sem stefnu Alþb. Sannleikurinn er nefnilega sá að það hefur verið svo á síðustu árum að Alþb.-menn hafa heldur farið niðrandi orðum um húsmæðrafræðsluna og talið hana stuðla að einhverju kerfi sem þeir ekki aðhylltust í fjölskyldumálum og rekstri heimila, stöðu kvenna og stöðu karla. Það er meira að segja svo að nú mega húsmæðraskólar ekki lengur heita húsmæðraskólar, heldur heita þeir allir hússtjórnarskólar. Og ég man eftir þm. Alþb. sem mátti helst ekki heyra orðið húsmóðir nefnt. Það passaði ekki í þeirra pólitík. Þannig er nú þetta. En sem betur fer virðast menn hafa séð að þetta var óskynsamleg stefna og þeir hafa gengið til liðs við þá stefnu sjálfstæðismanna að efla einmitt þessi fræði.

Ég get sagt hv. þm. það að skömmu eftir að ég tók til starfa sem menntmrh. lágu fyrir spurningar um það í rn. hvað gera ætti við starfsemi húsmæðraskólanna og hvað gera ætti við héraðsskólana. Þetta eru stofnanir sem aðsókn hefur farið minnkandi að og það kostar mikið fé að halda byggingum þeirra við o. s. frv. Á að halda áfram húsmæðrafræðslunni í hússtjórnarskólunum? Ég get líka sagt hv. þm. að hún þarf ekki að fara í grafgötur um það að ég tel nauðsynlegt að efla húsmæðrafræðsluna í landinu, að efla heimilisfræði í grunnskóla og á ýmsum stigum og víkka út það námsefni, sem þar er boðið upp á, þannig að það taki til fleiri atriða en einvörðungu matargerðar. Því að einmitt í nútíma þjóðfélagi þarf fólk jafnvel enn meira á því að halda en áður, allur almenningur, að geta hagað störfum sínum með þeim hætti að heimili hafi þá umhugsun sem þarf, því sé vel sinnt svo að heimilisfólkinu geti liðið þar vel og notið þar góðra stunda og heilsusamlegs umhverfis þó að allt heimilisfólk vinni utan heimilis.

Það þarf þekkingu til að sinna heimilishaldi og sem betur fer hefur Alþb. komið auga á þetta. Í samræmi við þá stefnu sem m. a. kom fram í þáltill. sem hæstv. núv. forseti Ed., Salome Þorkelsdóttir, bar fram á sínum tíma hefur heimilisfræðin í grunnskólanum einmitt verið aukin. Ákvörðun var tekin um það á síðasta ári og á þessu skólaári hefur heimilisfræðin í grunnskólanum verið aukin bæði fyrir stúlkur og drengi.

Margt í máli hv. fyrirspyrjanda sýndi það að hún hefur ekki haft nægilegar upplýsingar um þróun þessara mála á undanförnum árum, enda er það ekki von ef þessi áhugi er jafnnývaknaður og hann hlýtur að vera hjá mörgum öðrum Alþb.-mönnum. Vel má vera að hún hafi að þessu leyti til verið skynsamari en margir þeirra og það er gott.

Hv. þm. minntist á að það væru einungis 117 nemendur í húsmæðraskólum. Þetta er rangt. Ég gat

þess í svari mínu að það væru 1000 nemendur á námskeiðum. Og það eru námskeiðin sem virðast henta fólki betur núna en námsvist í heimavistarskólum. Það eru einfaldlega breyttir tímar, breyttar samgöngur og öðruvísi þarfir sem fólk hefur. Á námskeiðunum er víða mikil aðsókn, ekki síst karlmanna. Margir karlmenn sjá að heimili þeirra komast betur af auk þess sem þeir læra til skemmtilegra starfa með því að stunda nám í heimilisfræðum. Þess vegna hafa þessi námskeið einmitt verið vinsæl líka fyrir karlmenn. Bæði karlar og konur njóta því góðs af þessari starfsemi. Ég hygg að fræðsla í heimilishaldi sé eitt af því sem stuðlar best að því að þeir sem nú eru ungir, þeir sem nú eru börn á grunnskólaaldri, verði á fullorðinsárum færari um það að halda sínum heimilum og fjölskyldum saman með því einfaldlega að menn skilji betur þau störf sem þarf að vinna á heimilunum. Þetta leiðir til betra samstarfs karla og kvenna um þau verk sem þar þarf að inna af hendi.

Í sambandi við tölurnar, sem hér voru lesnar áðan, að fimm skólar hefðu verið lagðir niður sem húsmæðraskólar, vil ég geta þess að þar með er ekki sagt að í þeim sé ekki kennd heimilisfræði. Þeir hafa verið lagðir niður sem húsmæðraskólar í hinum gamla skilningi. Það leit jafnvel svo út á tímabili að þetta væri markviss stefna. En svo er a. m. k. ekki nú. Þeim eina húsmæðraskóla sem lagst hefur niður með gamla fyrirkomulaginu í stjórnartíð þessarar ríkisstj. var einfaldlega breytt í heimilisfræðaskóla með öðrum hætti. Hann varð hluti Verkmenntaskólans á Akureyri og húsnæði hans er fullnýtt fyrir heimilisfræða- og húsmæðraskólann.

Á Staðarfelli hætti skólinn 1976. Það hús er leigt heilbr.- og trrn. sem endurhæfingarheimili fyrir áfengissjúklinga, ávanasjúklinga, stendur nú hér í skjali embættisins.

Á Blönduósi hætti Kvennaskólinn störfum 1978 í því formi sem hann áður var. Þar fer þó fram kennsla í heimilisfræðum fyrir grunnskóla á Blönduósi en að öðru leyti hefur fræðsluskrifstofa Norðurl. v. aðsetur í húsinu.

Húsmæðraskólinn á Laugalandi hætti störfum 1976 en þar fer fram heimilisfræðakennsla fyrir nemendur Hrafnagilsskóla. Héraðssamband eyfirskra kvenna hefur hluta af húsnæðinu til umráða.

Húsmæðraskóli þjóðkirkjunnar á Löngumýri er hættur sem húsmæðraskóli. Þjóðkirkjan hefur alveg tekið við rekstri hans.

Þessar upplýsingar vildi ég gefa til þess að fylla betur þá mynd sem gefin var hér í upphafi svo að ljóst sé að verulega er unnið að því að húsmæðrafræðslan í landinu geti farið fram og hana megi efla m. a. með aukinni heimilisfræði í grunnskólakerfinu. Það er rétt að margir grunnskólar hafa ekki þann stofnbúnað sem til þarf. Það segir sig sjálft að þar er viðmiðunarstundaskránni að þessu leyti til ekki fylgt, vegna þess að ytri búnað og innri búnað í húsi vantar til þess að unnt sé að kenna ýmis heimilisfræði. En alls staðar þar sem það er hægt hefur þessi fræðsla verið aukin í samræmi við núverandi stefnu menntamála.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt mjög. Fyrst: varðandi hugmyndir og yfirlýsingar hæstv. ráðh. um skoðanir Alþb. á húsmæðrakennslu og fræðslu almennt. Ekki veit ég hvaðan hún er komin. Ég veit ekki hvers vegna ráðh. hefur þá skoðun að Alþb. sem slíkt hafi alla tíð verið á móti húsmæðrakennslu. Hér er um það að ræða að á Alþingi Íslendinga voru samþykkt grunnskólalög 1974. Ég hef aldrei heyrt að Alþb. hafi haft á móti því að kennsla í heimilisfræðum yrði skyldunámsgrein. Ég held að þessar skoðanir ráðh. séu alveg út í hött, ástæðulausar með öllu. Ég hef heldur aldrei verið vænd um það, a. m. k. ekki í þingflokki Alþb., að vera neitt skynsamari en þeir kollegar mínir. En það má vel vera rétt að svo sé, og ég fagna því ef svo er. Ég get hins vegar upplýst ráðh. um hvers vegna ég lít á kennslu í húsmæðrafræðum sem algert nauðsynjamál. Það að kunna eitthvað til verka við að hirða og þrífa og fæða sjálfan sig, og auðvitað aðra ef þess gerist þörf, tel ég vera eitt af frumskilyrðum þess að einstaklingur geti talist frumbjarga.

Hér á árum áður vantaði t. d. mikið á það að karlmenn væru færir um að vera til ef þeir höfðu ekki einhvern til að annast um sig. Slíkt fólk er ósjálfbjarga einstaklingar. Í nútíma þjóðfélagi tel ég svo sannarlega að hver einasti einstaklingur verði að vera fær um að annast sjálfan sig. Og þetta þarf að kenna ekkert síður en hvað annað. En í stuttu máli er hér um það að ræða að um leið og grunnskólalögin voru samþykkt hefur síst af öllu verið unnið að því að til séu í landinu kennarar til að annast kennslu í heimilisfræðum. Um leið og grunnskólalögin eru samþykkt með heimilisfræði sem skyldunámsgrein er hver húsmæðraskólinn af öðrum lagður niður. Lögin um Húsmæðrakennaraskóla Íslands eru meira og minna óljós og aldrei framkvæmd að öllu leyti þó að þau séu ekki eldri en frá 1975. Mig vantar gersamlega í svör hæstv. ráðh. hvað hún ætlar að gera í þessum efnum. Við getum endalaust talað um að húsmæðurstarfið sé göfugt. Ég tel hins vegar meginmálið í þessu sambandi að framfylgja lögum sem Alþingi er að setja. Þess vegna var þessi fsp. mín fram komin.

Herra forseti. Ég skal láta það verða mín síðustu orð að við komum alltaf að því sama aftur og aftur, sem margir hafa spurt um hér á hinu háa Alþingi, setningu laga um framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu. Það eru aðeins örfáar vikur síðan hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér fsp. um það efni. Við þessu fást engin svör, jafnvel neikvæð. Meðan svo er eru kennslumál þjóðarinnar að mestu leyti stefnulaus.

Helgi Seljan: Herra forseti. Mér þykir það mjög miður, jafnorðvar og hæstv. menntmrh. er að jafnaði, að hæstv. ráðh. skyldi sjá ástæðu til þess að hafa uppi svo hæpnar fullyrðingar um afstöðu Alþb. til heimilisfræða eins og hér komu fram áðan. Ég ætla nú ekki að fara að vitna neitt hér, en ég kannast ekki við að þessar ásakanir gildi um mig. Og ég bendi á að enn síður gilda þær um hinn þm. Alþb. á Austurlandi, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem sjálfur gekk í húsmæðraskóla á sinni tíð og hefur alla tíð síðan af eðlilegum ástæðum borið mikla virðingu fyrir heimilisfræðum og því námi sem í húsmæðraskólum hefur verið stundað. Mér þóttu þetta vægast sagt undarleg orð og tel að þau hljóti að vera á einhverjum misskilningi byggð, m. a. því að hér hafi verið umræður áður um sérgreinda skóla án allrar réttindasköpunar, án allra tengsla við annað skólastarf í landinu, sem sumir gagnrýndu með réttu, svo þýðingarmikinn þátt hins eðlilega skólastarfs sem

hér er um að ræða.

Ég hef tekið nokkurn þátt í umræðum um þessi mál, m. a. í tengslum við grunnskólalögin, og ég minnist þess einmitt mér til ánægju núna, þegar svona ásakanir eru hér á borð bornar, að ég lagði áherslu á þennan þátt þar og gerði það vegna þeirrar reynslu sem ég hafði sjálfur af skólastarfi. En af því að þessar ásakanir eru fram komnar hlýt ég að biðja hæstv. ráðh. að tilgreina þá hv. þm. Alþb. sem hafa farið svona niðrandi orðum um heimilisfræði og nauðsyn þeirra í skólastarfinu og um leið að upplýsa mig um það hvar þessi sérstaki áhugi Sjálfstfl. hafi birst hér á Alþingi, fyrr en þá með ágætum tillöguflutningi hv. þm. Salome Þorkelsdóttur í fyrra. Og verð ég þá að segja að sú áhugasaga, sem hv. þm. lét svo mikið af hér áðan, er býsna stutt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft miklu máli, því að eins og hér hefur komið fram og raunar var löngu ljóst, þá er staða húsmæðraskóla í landinu, a. m. k. sumra hverra, mjög slæm. Og hvað sem vilja hæstv. núv. menntmrh. líður í þeim efnum benda fjárveitingar undangenginna ára í fjárlögum ekki til þess að þeir sem ráðið hafa ríkjum í menntmrn. undangengin ár hafi haft þungar áhyggjur af slæmri stöðu sumra þessara stofnana. Sumar byggingar húsmæðraskólanna eru svo úr sér gengnar að stórar upphæðir þarf til þess að koma þeim í þokkalegt horf. Ég tala nú ekki um að finna þeim eðlilegan stað í menntakerfinu miðað við núverandi aðstæður. Það er kannske meginmálið.

Ég hjó eftir því að hæstv. menntmrh. nefndi héraðsskólana. Ekki tekur nú betra við ef horfið er yfir á þann vettvang. Margir þeirra, m. a. tveir í mínu kjördæmi og ég þekki þar til, eru þannig settir að það er aðeins tímaspursmál, og það stutt, verði engar breytingar gerðar, hvenær þær stofnanir hætta kennslu og verða lagðar niður. Og það væri að mínu viti afskaplega slæmt ef til þess kæmi að þessum ágætu stofnunum, sem hafa sýnt á undangengnum árum að þær eiga fullan rétt á sér, yrði ekki fundinn eðlilegur staður í menntakerfinu við breyttar þjóðfélagsaðstæður.

Ég legg mikla áherslu á það bæði varðandi húsmæðraskólana og héraðsskólana að stjórnvöld, og þá fyrst og fremst hæstv. menntmrh., kanni gaumgæfilega hvað hér er hægt að gera. Ég tek undir orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Mér finnst, ekki bara núna í þessum umr. heldur yfirleitt alltaf, vanta í svör við fsp. hvaða skoðun viðkomandi ráðh. hefur á málunum. Það er ekki nóg að lesa hér upp samda skýrslu embættismanna úr ráðuneytum. Það vantar það sem við á að éta, þ. e. skoðun þeirra sem eiga að ráða ferðinni í þessum málum. Í þessu tilfelli á það við hæstv. menntmrh.

Ég vænti þess eindregið að hæstv. menntmrh. íhugi enn betur eftir þessar umr. hvort ekki er þegar orðin ástæða til að gaumgæfa frekari aðgerðir til að styrkja stöðu þessara menntastofnana í landinu. Að minni hyggju mega þær alls ekki hverfa. En ég ítreka: fjárveitingar undangenginna ára til húsmæðraskóla og héraðsskóla hafa ekki borið þess merki að stjórnvöld á hverjum tíma hafi viljað veg — eða öllu heldur endurreisn sumra hverra þessara stofnana eins og málum hefur verið háttað. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka, herra forseti. — Því sem hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði hér áðan, að vel færi á því að kvenmenn hér á hv. Alþingi ryddu brautina í þessum efnum og karlmenn kæmu sennilega á eftir til að styðja það, vísa ég algerlega á bug. Ég vil vera í fararbroddi með þeim.

Vistunarvandi öryrkja, fsp. 253. mál (þskj. 431). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 431:

„Hvað líður aðgerðum til lausnar á vistunarvanda þeirra öryrkja sem við mesta fötlun búa?"

Á síðasta þingi flutti hv. þm. Helgi Seljan ásamt okkur hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu S. Kvaran svohljóðandi þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja sem eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru. Helst yrði um að ræða að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofnun sérdeildar við ríkisspítala."

Það kom fram í umr. og jafnframt í grg. að um væri að ræða 10—20 sjúklinga, sem næstum ógerlegt er að hafa á öðrum sjúkrahúsum, að ég tali nú ekki um á heimilum, þar sem fjölskyldulífi er beinlínis stefnt í voða. Þm. þriggja stjórnmálaflokka hér á hinu háa Alþingi tóku undir þessa till. Það var því von flm. að hún gæti náð fram að ganga. Svo fór samt ekki því að hv. heilbr.- og trn. klofnaði um málið. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hafði framsögu fyrir meirihlutaáliti og sagði m. a. er hann mælti fyrir nál., með leyfi forseta:

„Í trausti þess að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra, sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar till. og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá" — og lagði til rökstudda dagskrá.

Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skiluðum minnihlutaáliti og töldum þetta aldeilis ófullnægjandi. Við drógum mjög í efa að þær hugmyndir, sem fram höfðu komið um að sjúkradeild yrði stofnuð við Kópavogshælið og þar yrði gert ráð fyrir vistun 6—10 sjúklinga, væri raunhæf, bæði vegna þess að Kópavogshælið væri á engan hátt í stakk búið til að taka við þessum sjúklingum og vegna þess að okkur sýndist ekki augljóst að þeir vistmenn á Kópavogshæli, sem yrðu nú að víkja fyrir nýjum vistmönnum hefðu í nokkurt hús að venda.

Mér er ljóst og við tókum það bæði fram, hv. þm. Helgi Seljan og ég, að hér er um töluvert erfitt mál að ræða. En við lögðum á það áherslu að svo bágt gæti efnahagsástand þjóðarinnar ekki verið að ekki væri hægt að leysa vandamál þess fólks sem segja má að allra erfiðast eigi í þessu landi. En það eru aðstandendur og sjúklingarnir sjálfir að sjálfsögðu sem svona er komið fyrir.

Ráðh. sagði við þá umr. að hann væri alveg sammála flm. till. og raunar allri nefndinni um það að þarna væri úrbóta þörf. En hann taldi samþykkt till. ekki skipta

höfuðmáli. Þetta vandamál væri peningalegs eðlis og sömuleiðis stjórnunarlegs eðlis. Þar sem ráðh. gaf í skyn að hann væri áhugasamur um að leysa þessi mál vorum við ekki að fara fram á einhverja margra ára áætlun heldur skjótar aðgerðir. Því tel ég nú ástæðu til að spyrja hæstv. ráðh. hvað hann og rn. hans hafa gert til að leysa a. m. k. vandamál einhverra þessara sjúklinga. Hann tók fram í umr. um þetta mál að þessi vandamál væru ólík. Auðvitað eru þau það. Hver einstaklingur hefur ákveðin vandamál sem kannske eru ekki lík vandamálum hinna. Þetta er ég tilbúin til að skilja. En ég hlýt að spyrja ráðh.: Hvað hefur verið gert frá því að umr. fór fram hér á síðasta þingi?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. verður að minna á að á síðasta þingi var lögð fram till. til þál. þar sem lagt var til að Alþingi skoraði á ríkisstj. að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja, sem sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar eiga örðugast um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru, eins og fyrirspyrjandi hefur rakið að nokkru í sínum formálsorðum. Í þáltill. var rætt um að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofna sérdeild við ríkisspítalana. Þessi þáltill. var afgreidd með rökstuddri dagskrá 12. apríl s. l. Þar segir:

„Í trausti þess að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra, sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar till. og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Sú samþykkt sem um er rætt í þessari rökstuddu dagskrá var gerð af stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja í nóvember 1983. Jafnframt lét stjórnarnefndin í ljós þá skoðun að eðlilegast væri að þessi deild yrði stofnuð við Kópavogshælið og þar yrði gert ráð fyrir vistun 6—10 einstaklinga, en jafnframt yrðu útskrifaðir á sambýli 10 einstaklingar af þeirri stofnun.

Stjórnarnefndin lýsti því einnig yfir að hún mundi beita sér fyrir því að fé yrði varið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að ná markmiði þessarar ályktunar á árinu 1984. Mjög fljótt var ljóst að mikil andstaða væri gegn því hjá ýmsum aðilum, sem þetta mál varðar, að vistunarvandi þessi yrði leystur á Kópavogshæli. Komu fram í því máli þau viðhorf sem ýmsir aðstandendur þroskaheftra höfðu gagnvart þeirri stofnun. Ég er persónulega andvígur því að stofna til slíkrar deildar á Kópavogshæli.

Í ágúst 1984 óskaði rn. eftir því að stjórnarnefnd um málefni fatlaðra kannaði það hjá svæðisstjórnum í landinu, og vitna ég þá í lög nr. 41 frá 1983, hver hin raunverulega þörf væri í þessu sambandi og hvernig svæðisstjórnir teldu hagkvæmast að leysa úr málum. Rn. hefur enn ekki fengið þær upplýsingar. En til að fyrirbyggja allan misskilning verður að taka fram að þeir öryrkjar, sem hér um ræðir, hafa verið í vistun á sjúkrahúsum og endurhæfingarstofnunum þannig að þeim hefur á engan hátt verið ýtt út úr meðferðarkerfinu. Margir þessara sjúklinga hafa verið í vistun á mjög góðum endurhæfingarstofnunum, en það fer auðvitað eftir ástandi hvers sjúklings fyrir sig. Þegar upplýsingar liggja fyrir um fjölda þessara einstaklinga og skoðanir svæðisstjórna á meðferð málsins, einkum skoðanir svæðisstjórna, því að hitt er auðvitað mjög fljótlegt að kanna á hverjum stað og hvar hver þessara einstaklinga er, þá mun rn. leggja fram tillögur sínar í málinu.

Ég tel að ekki verði stofnað til sérstakrar nýrrar deildar nema fyrir liggi hvernig ástandið er fyrir hvern einstakling um sig. En áhersla er lögð á það að allir þessir sjúklingar fái eins góða umönnun og hægt er að veita og greitt sé fyrir því hverju sinni ef um einstaklinga er að ræða sem er lagt mjög hart að heimilum að hafa en geta ekki þar verið. Þegar menn tala um að stofna til einstakra deilda, sjúkradeilda, þá er það meira en orðin tóm því að víðast hvar er ástandið þannig í hjúkrunarmálum að mikill skortur er á hjúkrunarfólki, einkum hjúkrunarfræðingum, svo að það er ekki alls staðar auðvelt að koma slíku við.

Þess er að vænta að tillögur í þessu efni liggi fyrir fyrir gerð næstu fjárlaga sem hefst yfirleitt alltaf á vordögum. Þm. geta þá tekið afstöðu til þess hvort lausn þessa vistunarvanda verði forgangsverkefni ríkisspítala eða annarra stofnana, en svo sem kunnugt er höfðu önnur verkefni á ríkisspítölum forgang við gerð fjárlaga ársins 1985. Ég endurtek að ég er andvígur því að stofna til sérstakrar deildar á Kópavogshæli, þvert ofan í skoðun þessarar nefndar. Og ég mun ekki beita mér fyrir lausn á því sviði, nema síður sé, en við munum í rn. fylgjast mjög vel með vandanum og hvar hver einstaklingur, sem þarna á hlut að máli, er og reyna að búa þannig um hnútana að hann njóti umönnunar eins og best er hægt að sýna hverju sinni þó að þessi bið hafi orðið — og verði á því að til sérstakrar deildar sé stofnað í þessu augnamiði.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. þessi svör þó að óneitanlega gæti nokkurra vonbrigða hjá mér varðandi þá niðurstöðu, sem enn er ekki í sjónmáli en hann greindi frá að væntanleg kynni að vera, ef fjárveitingavaldið tæki þá þannig á málum að þetta yrði gert að forgangsverkefni. Ég verð að segja það að þegar stjórnarliðið hér í þinginu í fyrra sameinaðist um ákveðna afgreiðslu þessa máls okkar, svo sjálfsagt sem mér þótti það, þegar það sameinaðist um að vísa því frá með þessum hætti þá var það óvenjulegt mjög ef ekki var átak í augsýn. En á því byggðist álit meiri hl. allshn. í fyrra, að átak væri í augsýn og þess vegna væri ekki þörf á málinu.

Nú segir hæstv. ráðh. réttilega að það sé mikil þörf á athugun og úrlausn þessa máls. Í umr. um þetta mál kom fram undarlegt sambandsleysi milli frsm. meiri hl. allshn. og hæstv. ráðh., þeirra samflokksmanna, vegna þess að í framsögu hv. þm. Péturs Sigurðssonar kom hugmyndin um Kópavogshælið fram, að vísu sem hugmynd þáverandi stjórnarnefndar, en um leið gerði meiri hl. allshn. hana að sinni hugmynd. Eftir að ég hafði mótmælt þeirri hugmynd harkalega kom hæstv. ráðh. í ræðustól og tók algjörlega undir það. Og hann endurtók það nú og fagna ég því að sú leið var ekki valin.

Það er rétt að þessu fólki hefur ekki verið ýtt út úr kerfinu frekar en var í fyrra, síður en svo, og það hygg ég að hafi ekki komið fram í máli hv. fyrri fyrirspyrj-

anda, 10. landsk. þm. Ég viðurkenni að það er erfitt að draga mörkin og ég efast ekki um að svæðisstjórnir eigi býsna erfitt með að segja til um það hvað margir einstaklingar séu á þeirra svæði.

Við tókum það fram, sem fluttum þetta mál í fyrra, að sérdeild væri ekki endilega lausnin. En lausn yrði engu að síður að finna því að hér er um að ræða eitt þeirra vandamála sem hvað alvarlegust eru í heilbrigðismálum okkar og í málefnum fatlaðra um leið. Við flutning þessa þingmáls í fyrra og umr. um það kom það ítrekað fram hjá okkur flm. öllum að þetta verk væri vandasamt og engan veginn auðvelt úrlausnar. Því minni ástæða var til að afgreiða það með þeim fáránlega hætti sem gert var í fyrra, að málsins væri hreinlega ekki þörf. Eins og tekið var fram eru þessir aðilar ekki sérstaklega margir. Það eitt ætti að gera málið heldur auðleystara en ella. Ég trúi vart öðru.

Ég ætla aðeins, herra forseti, að ljúka máli mínu með því að segja frá einu dæmi sem ég þekki best. Það er austan af landi. Þar er vistun fjölfatlaðs öryrkja af völdum slysa á sjúkrahúsi hrikalegt vandamál fyrir viðkomandi, fyrir starfsfólkið, fyrir aðra þá sem á sjúkrahúsinu dveljast, fyrir stofnunina í heild. Þetta eina dæmi og fleiri svipuð hrópa í himininn og knýja á um efndir þess sem fyrirheit voru gefin um í nál. meiri hl. í fyrra en hefur greinilega ekki átt við minnstu rök eða fullvissu að styðjast.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans þó ég verði að taka undir það með hv. þm. Helga Seljan að þau valda mér nokkrum vonbrigðum. Í nóvember í fyrra var mælt fyrir þáltill. um úrlausn í þessum efnum. Í maí var nál. skilað og ekki talin þörf á að samþykkja till. þar sem aðgerðir væru í fullum gangi. Síðan hafa verið afgreidd ein fjárlög. Nú, ári seinna, talar hæstv. ráðh. um að að því verði unnið að tillögur liggi fyrir fyrir gerð næstu fjárlaga.

Sannleikurinn er sá að ég á erfitt með að trúa að það geti staðið á því að svæðisstjórnir hafi ekki gefið upplýsingar um hversu margir einstaklingar þurfi á þessari þjónustu að halda sem hér er verið að ræða um. Mér þykir það með hreinum ólíkindum að svæðisstjórnir bregðist svo hlutverki sínu. Ég get hins vegar upplýst ráðh. um að ég hygg að ef hann hefði skrifað okkur hv. þm. Helga Seljan hefðum við getað nefnt næstum því með nafni hvaða einstaklingar þetta eru. Þetta eru sem betur fer ekki margir einstaklingar. En þeir eru svo illa á sig komnir að það er bókstaflega ekki nokkurs staðar hægt að veita þeim þjónustu nema á sérstakri til þess gerðri deild. Og við lögðum á það áherslu að hér þarf engin hús að byggja. Það þarf einungis að veita fé til að fjölga starfsfólki og finna stað í kerfinu þar sem hægt er að koma þessum sjúklingum fyrir, eða staði. Við lögðum á það áherslu að hversu illa sem einstaklingur væri kominn hlyti hann að eiga rétt á því að geta verið sem næst heimili sínu og sínum nánustu en ekki að byggð yrði ein stofnun fyrir alla, sem svo er komið fyrir, á einhverjum einum stað á landinu.

Ég er ekki að ásaka ráðh. fyrir að þessi mál skuli ekki vera komin í lag. Mér er alveg ljóst að svo einföld eru þau ekki. Ég vil bara beina þeim eindregnu óskum til hæstv. ráðh. að þessu verki verði nú hraðað.

Ég vil að lokum fá að minna hæstv. ráðh. á að fyrir nokkrum árum stóð svæðisstjórn þroskaheftra í Reykjavík frammi fyrir foreldrum sem voru í ráðaleysi með einhverf börn sín, sem að mörgu leyti er mjög svipað komið fyrir og þeim sjúklingum sem við erum hér að tala um, og óþarfi að fara nánar út í það. Við byggðum ekkert hús. Við fórum hins vegar til þáv. hæstv. ráðh. Svavars Gestssonar og við fengum peninga til þess að kaupa hús og leysa vandamál þessara sex eða sjö foreldra sem við vorum í stanslausu sambandi við. Og ef það mætti skýra fyrir hv. þm. hvað við erum hér að tala um þá flutti móðir eins vistmannsins sem þar fór inn, sem var 15 ára gömul stúlka, nefndinni þakkir fyrir að leysa þennan vanda. Nú gætu þau hjónin, í fyrsta skipti síðan þetta barn fæddist, sofið bæði í einu. Þetta er fólk sem þarf að vaka yfir dag og nótt. Þetta eru engir venjulegir sjúklingar, þetta er neyðarástand sem verður að leysa. Og það verður að gerast hratt. Og ráðh. hefur tök á að gera átak í þessu.

Ég veit ekki hvort það er málinu til mikils flýtis að ráðslaga við lækna út um allt land. Ég held að út úr því komi lítið annað en að hver hefur sínar skoðanir á því hvernig beri að leysa þetta. Ég held að þarna sé komið að rn. að láta til skarar skríða.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Höfuðatriði í þessu máli sem og öðrum málum í heilbrigðiskerfinu er það að veita eins fullkomna umönnun og hægt er. Hitt liggur ekki ljóst fyrir, hvert ástand hvers öryrkja er. Þeir sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum og hafa skaddast bæði andlega og líkamlega eru svo ólíkt á sig komnir að ástand þeirra er eins misjafnt og einstaklingarnir eru margir. Það segir alls ekki þá sögu að sjálfsagt og eðlilegt sé að láta alla þessa sjúklinga inn á eina og sömu deild, alls ekki. Þess vegna er málið ekki svo einfalt að það eigi bara að stofna deild.

Ég hef rætt þetta mál við marga mjög hæfa menn og það eru ákaflega skiptar skoðanir í þessu efni. Ég var með hugmynd um að leggja niður eina deild, sem er af allt öðrum toga spunnin, vegna þess að þar hefur aftur orðið önnur uppbygging. En þar voru mörg ljón á veginum. Og persónulega er ég ekkert trúaður á það að ég hefði með því gert öllum greiða sem í hlut eiga. Við getum aldrei gert öllum svo til hæfis að hver og einn geti heimsótt sín ættmenni með því að það sé deild í námunda við heimilið. Það er alveg útilokað í okkar þjóðfélagi með sem betur fer ekki fleiri sjúklinga en hér er um að ræða. Ég tel að það versta í þessu sé það ef umönnum svona sjúklinga er meira eða minna lögð á herðar foreldra eða heimila. Það verðum við að leggja okkur fram um að leysa þó að einhver sjálfstæð deild verði ekki stofnuð. Höfuðatriðið er að koma þessu þannig fyrir. Þar höfum við ekki alveg fullar upplýsingar, sem ekki er von, því að það er enginn sem hefur þær, nema við fáum þetta svona á takteinum. Það geta verið eitt, tvö, þrjú, fjögur tilfelli sem við ekki vitum um. Við vitum um flesta þessa sjúklinga og þeir eru ákaflega misjafnlega á vegi staddir.

Ég hef rætt við aðstandendur nokkurra þessara sjúklinga. Sjónarmið þeirra eru afar einstaklingsbundin. Sumir aðstandendur trúa því og treysta að endurhæfing þurfi að eiga sér stað meira en gert er. Þegar rætt er svo við viðkomandi lækna þá telja þeir endurhæfinguna vonlausa. Þannig eru skiptar skoðanir leikmanns og

sérfræðinga í þessum efnum. En oftar er það þó sem þessar skoðanir fara saman.

Ég segi það við hv. fyrirspyrjendur sem og aðra þm. að þessi mál verða ekki leyst með einni deild eða einhverri skyndiákvörðun í þeim efnum. Hitt er höfuðatriðið, að vera vel á verði um það að þetta fólk njóti þeirrar hjúkrunar og þeirrar umönnunar sem hægt er að veita hverju sinni.

Niðurskurður og sparnaður í ráðuneytum og stofnunum, fsp. 269. mál (þskj. 447). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Það er í samræmi við fjárlagafrv. frá 1984 rétt að spyrja þeirrar spurningar sem ég ber hér fram í fsp.-formi á þskj. 448. Í fjárlagafrv. 1984 stendur eftirfarandi:

„Í þessu fjárlagafrv. eru tekin upp ný og breytt vinnubrögð. Þar er hvarvetna beitt ströngu aðhaldi, en þeir þættir í rekstri rn. og stofnana sem ætlunin er að haldist óbreyttir eru metnir á sem raunhæfastan hátt miðað við upplýsingar úr ríkisreikningi um hvað starfsemin raunverulega kostar.

Í því skyni að auka sparnað og stuðla að rekstrarjöfnuði hafa launaliðir stofnana verið lækkaðir frá þessu raungildi um 2.5% og önnur rekstrargjöld um 5%. Rn. og stofnanir", segir þar, „munu fá fyrirmæli um að draga saman seglin á sínu sviði sem þessu nemur."

Í fjárlagaumr. í okt. 1983 kom fram í máli hæstv. fjmrh. að hér væri um ný og breytt vinnubrögð að ræða. Tekið var til að umfang rekstrar væri metið á raunhæfan hátt miðað við haldbestu upplýsingar um hvað starfsemin raunverulega kostar. Orðrétt sagði hæstv. fjmrh. þá, með leyfi forseta:

„En jafnframt er beitt ströngu aðhaldi varðandi þá þætti sem lagt er til að haldi óbreyttu umfangi."

Þá sagði hann enn fremur síðar, með leyfi forseta:

„Ég vil taka það fram í upphafi að út fyrir þann ramma sem útgjöldum ríkisins hefur verið settur með fjárlagafrv. fyrir 1984 og lánsfjáráætlun verður ekki farið og það kemur ekki til greina að auka álögur á landsmenn við núverandi aðstæður. Eina færa leiðin er að draga saman seglin eins og ráðgert er."

Vegna framangreindra staðhæfinga spyr ég nú hæstv. fjmrh. á þskj. því sem áður getur um niðurskurð og sparnað í rn. og stofnunum:

„Hvernig hefur tekist að ná yfirlýstum markmiðum um 5% sparnað eða niðurskurð rekstrargjalda rn. og stofnana árið 1984? Þess er óskað að fram komi hver er heildarsparnaður/niðurskurður og hvernig hann dreifist á rn. og stofnanir."

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Fsp. sú sem hv. 1. landsk. þm. beinir til mín er svohljóðandi:

„Hvernig hefur tekist að ná yfirlýstum markmiðum um 5% sparnað eða niðurskurð rekstrargjalda rn. og stofnana árið 1984? Þess er óskað að fram komi hver sé heildarsparnaður/niðurskurður og hvernig hann dreifist á rn. og stofnanir."

Svarið er svohljóðandi: Fjárlög fyrir árið 1984 gerðu ráð fyrir að rekstrargjöld stofnana lækkuðu að raungildi um 5%. Miðað við verðlagsforsendur fjárlaga árið 1984 var áætlað að þessi sparnaður næmi alls um 95 millj. kr. vegna A-hluta ríkissjóðs. Við gerð greiðsluáætlunar fyrir árið 1984 áréttaði fjmrn. í bréfi til allra stofnana A-hluta ríkissjóðs þá ákvörðun Alþingis að draga skyldi úr umfangi rekstrar um 5% til þess að samræma rekstur fjárlögum. Þá ritaði rn. bréf hinn 1. febr. 1984 til allra ráðuneytisstjóra þar sem óskað var eftir að viðkomandi rn. leitaði eftir greinargerðum frá forstöðumönnum einstakra stofnana um hvernig náð yrði því marki á árinu 1984 að lækka launaútgjöld um 2.5% að raungildi og önnur rekstrargjöld um 5%. Fjmrn. bárust svör við framangreindu bréfi frá fjölmörgum forstöðumönnum þar sem þeir gerðu grein fyrir áformum sínum um framangreind atriði. Svör forstöðumanna gáfu til kynna að þá þegar væru hafnar ráðstafanir í stofnunum til að draga úr útgjöldum skv. ákvörðun Alþingis.

Ég get ekki að svo stöddu gefið upplýsingar um árangur sparnaðaraðgerða hjá einstökum rn. og stofnunum. Upplýsingar eru ekki fyrir hendi hjá öllum aðilum A-hluta ríkissjóðs um greiningu útgjalda eftir tegundum. Upplýsingar þessar munu liggja fyrir þegar A-hluti ríkisreiknings er tilbúinn, en áformað er að hann verði lagður fram fyrir þinglok. Ég mun þá gera grein fyrir þessu máli. Ég vil þó taka fram að miðað við þær upplýsingar sem nú eru til staðar má álykta að meginhluti þess sparnaðar, sem áformaður var á árinu 1984 og varðar lækkun rekstrargjalda, hafi náðst.

Fjárlög ársins 1984 gerðu ráð fyrir að „önnur rekstrargjöld" næmu 1 877 millj. kr. Því til viðbótar var ákveðið með lögum nr. 43 frá 1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o. fl., að auka útgjöld vegna rekstrar um 113 millj. og 66 millj. kr. voru samþykktar sem aukafjárveiting til „annarra rekstrargjalda" á árinu 1984. Er því áætlað að rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs nemi samtals 2 056 millj. kr. Hækkun fjárheimilda til „annarra rekstrargjalda" hefur því verið hækkun um 9.5% frá fjárlagatölu síðasta árs. Upphæð „annarra rekstrargjalda" í fjárlögum 1984 var miðuð við verðlag í desember 1983 að viðbættri 4% meðaltalshækkun á árinu 1984 að frádregnum 5% sparnaði. Vísitala vöru og þjónustu hækkaði frá ársbyrjun til ársloka um 14.5% á árinu 1984. Vegin meðaltalshækkun nam um 8%. Hins vegar hækkuðu fjárheimildir um 9.5% sem svarar til um 20—30 millj. kr. hækkun umfram verðlag.

Þegar lagt er mat á þennan talnasamanburð verður að hafa í huga að meginhluti hækkananna að fjárhæð 113 millj. kr., sem heimilaðar voru með lögum nr. 43 frá 1984, eru hækkanir til leiðréttingar á tölum fjárlagaársins 1984.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin, sem reyndar voru engin, ef svo má að orði komast, vegna þess að eins og hann gat um verða svörin ekki tilbúin fyrr en A-hluti ríkisreiknings liggur fyrir. Hins vegar finnst mér fróðlegt að heyra frá því sagt hér að þó að að raungildi væri ráðgert að það yrði um 95 millj. kr. sparnaður, en þau sparnaðarfyrirmæli voru lögð fyrir, skuli ekki finnast fyrir því hvort sá sparnaður hafi náðst eða ekki og vera nokkurn veginn á hreinu. En við fáum sem sagt að heyra um þetta þegar gerð verður grein fyrir A-hluta ríkisreiknings fyrir þinglok.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Mér kemur ekki á

óvart að það sé nokkuð erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að svara þessari spurningu. Mér fór á þá leið sem forstjóra einnar ríkisstofnunar og fáandi þetta bréf, sem um var getið áðan, að ég gerði grein fyrir því hvernig ná ætti þessum markmiðum og leitaði síðan leiða til að fara í kringum það með því móti að afla meiri tekna án þess að þurfa beinlínis að draga saman seglin. Það má deila um hvort farið er að þeim fyrirmælum sem gefin voru eður ei, en í mínum huga er flatur niðurskurður í þá veru sem farið var fram á óframkvæmanlegur og mun ekki takast, því miður. Í mínum huga verður að leita leiða til að fækka starfsmönnum ríkisins á einhvern hátt. Það verður sjálfsagt að leita þar ýmissa leiða; leggja niður starfsemi sem ekki er talin nauðsynleg, leggja niður ýmislegt sem ríkið ætti kannske ekki að vera að skipta sér af og er betur komið í höndum einstaklinga. Aðrar þjóðir lækka eftirlaunaaldur. Sums staðar er gripið til þeirra ráða, hjá einkafyrirtækjum t. d., að segja upp því fólki sem síðast var ráðið. En minnkun á ríkisrekstri verður ekki að neinu marki til langframa nema starfsfólki fækki og mér segir svo hugur um að starfsfólki hafi ekki fækkað hjá ríkinu á undanförnu ári, án þess að tölur liggi fyrir um það.

Ég vænti þess, eins og fyrirspyrjandi, að við fáum fyllri svör við þessu þegar upplýsingar liggja fyrir og hlakka til að fá þær.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka að þó að tölulegar upplýsingar séu ekki að fullu tilbúnar, eins og ég gat um, er þegar vitað að verulegur árangur hefur náðst af aðgerðunum, enda væri annað óeðlilegt þar sem ríkisendurskoðandi leiðir nefnd sem er ný nefnd í fjmrn. og í þeirri nefnd er forstöðumaður gjaldheimtudeildar, forstöðumaður hagsýslu og bæði formaður og varaformaður fjvn. og þeir hafa í sameiningu og sem nefnd fylgst nokkuð vel með útgjaldalið fjárlaga. Þó að tölur liggi ekki endanlega fyrir er vitað að þetta hefur borið árangur.

Hitt er svo annað mál að hægt er að deila um hvort tillögur um sparnað í ríkisrekstrinum eru framkvæmanlegar eða ekki, hvort þessar hugmyndir um flatan niðurskurð á rekstri um 5% og sparnað í launahaldi um 2.5% eru raunhæfar tilraunir. Ég held að svo sé. Ég held að sé tiltölulega auðvelt, miðað við þær viðræður sem ég hef átt við forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana og það var útreiknað fyrir fram af hagsýslunni, að ná sparnaði í mannahaldi á kostnað þjónustu yfir sumarfrístímann, að ráða helst ekki starfsfólk eða ráða það seint, ráða ekki fyrr en veruleg þörf knýði á. Svo er líka fólk að hætta hjá ríkinu. Það er alltaf margt fólk sem hættir. Þá ætti að draga ráðningu í staðinn á langinn og reyna helst að komast hjá ráðningu í staðinn. Þetta hefur verið gert og þetta hefur borið árangur. Og það vita allir þm. að þeir sem skipa þessa eftirlitsnefnd með útgjöldum ríkissjóðs hafa allir mjög gott yfirlit og gott vit á þessum hlutum. Það er auðvelt fyrir þá að fylgjast með, auðvelt að fara í stofnanir og auðvelt að sjá á tölum þegar þær nálgast það að mánaðarlegur skammtur, skulum við segja, sé fullnýttur.

Ég tek fyllilega undir að erfitt er að fækka starfsfólki, en það verður að gera það. Kannske að leiðin sé, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ríkið beini meira af starfsemi sinni til einstaklinga. Það hefur nú verið gerð tilraun til þess og við skulum sjá hvort það ber ekki meiri árangur en hingað til. Við verðum að viðurkenna að borið hefur einhvern árangur t. d. salan á þeim fyrirtækjum sem iðnrh. hefur selt o. s. frv. En það er annað með þetta stóra fyrirtæki sem íslenska ríkið rekur, þjóðfélagið. Það eru alltaf að komast á laggirnar nýjar og nýjar stofnanir. Það er verið að taka í notkun viðbót við sjúkrahús. Það er verið að taka ný heimili í notkun fyrir hina og þessa þarfa starfsemi. Þar fjölgar náttúrlega starfsliði. Því er afskaplega erfitt að segja nákvæmlega á þessu stigi hvort um fækkun eða fjölgun hefur verið að ræða. Ég hugsa að það hafi frekar fjölgað en fækkað í ríkisgeiranum. En ég mun gefa nánari upplýsingar þegar tölulegar upplýsingar liggja fyrir og af meiri nákvæmni en ég treysti mér til á þessu augnabliki.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég má til með að vekja athygli á þeim gagnstæðu skoðunum sem fram komu annars vegar hjá forstöðumanni stofnunar og hins vegar hæstv. fjmrh. Annars vegar segir fyrrv. forstöðumaður stofnunar, hv. 5. þm. Norðurl. e., að það hafi orðið að fara í kringum fyrirmæli fjmrn. með því að leita leiða til að afla aukinna tekna. Mér þætti fróðlegt að vita hvort það hafi þá verið í formi aukafjárveitinga eða hvers lags leiða hafi verið leitað. Enn fremur sagði hann að þessi tilmæli væru óframkvæmanleg og mundu ekki heppnast. Hins vegar kom fram í máli hæstv. fjmrh. að töluverður árangur hefði náðst af aðgerðunum. Einnig segir í frv. til fjárl. fyrir árið 1985:

„Í fjárlögum yfirstandandi árs var gripið til ýmissa sparnaðarráðstafana í rekstri hins opinbera. Í frv. til fjárl. fyrir árið 1984 komu fram ýmis stefnumarkandi áform um samdrátt útgjalda, auk viðleitni til að tryggja að almenn rekstrarframlög endurspegluðu raunverulegt rekstrarumfang, sem oft var verulegur misbrestur á áður." — Svo kemur: „Almennt má segja að þessi viðleitni hafi borið sæmilegan ávöxt."

Mér finnst ýmislegt stangast á í þessu.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Í sambandi við það að fara í kringum áform ríkisstj. í sparnaði í ríkisrekstri langaði mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji það krók eða beina leið til lausnar í sparnaðaráformum að hækka þjónustugjöld sín um 50%, eins og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins gerði, úr 2% í 3% til að mæta áformum í sparnaði.

Ég held annars að í síðustu orðum hæstv. ráðh. hafi hugsanlega verið lagður á borðið sá vandi sem ráðamenn þessarar þjóðar ekki geta leyst þegar talað er um sparnað í ríkisrekstri. Hæstv. ráðh. sagði að þótt lagðar væru niður stofnanir kæmu aðrar í staðinn. Ég held nefnilega að menn þurfi að byrja á að hugsa hlutverk ríkisins að nokkru leyti upp á nýtt með það fyrst og fremst í huga að leita allra færra leiða til að leysa það þjónustuhlutverk sem ríkið hefur og vill taka sér á hendur án þess að farið sé út í kostnaðarsamar fjárfestingar eða mikið mannahald, þ. e. þjónustan, markmiðið, skipti höfuðmáli en ekki það að byrja á því að byggja stofnun sem síðan verður vandamál að fylla.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Aðeins örstutt um fsp. hv. 1. landsk. þm. Í því tilfelli sem ég ræddi um var

ekki um neina aukafjárveitingu að ræða, heldur en sú stofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, með nokkra sérstöðu að því leyti, eins og reyndar fleiri stofnanir, að hún getur aflað sér tekna frá þeim atvinnuvegi sem hún þjónar í meira mæli en gert hefur verið. Í þessu tilfelli var það svo, að milli áranna 1983 og 1984 uxu tekjur frá því að vera um 26% af fjárveitingu upp í það að vera um 33% af fjárveitingu á árinu 1984. Þannig var, hvort sem það telst, eins og ég orðaði það, að fara í kringum þessi fyrirmæli eða ekki að starfsmönnum fækkaði ekki við þetta, en reksturinn varð að sjálfsögðu í krónutölu þó nokkru hærri en á fjárlögum stóð.

Það eru svo mörg vel þekkt dæmi um það, að þegar stofnanir standa frammi fyrir því að eiga ekki fé til að standa undir sínum rekstri upphefst leit að aðilum til að þrýsta á kerfið vegna skorts á þjónustu. Þetta tekst iðulega, enda eru þess mýmörg dæmi að látið er undan kvörtunum og þrýstingi um skort á þjónustu sem stafar af því að stofnanir telja sig ekki hafa eða hafa ekki fjárveitingu til að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að sinna skv. lögum, sem einhver hefur sett einhvern tíma og ekki hugsað hvernig ætti að fjármagna.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. spurði hvort ráðh. teldi það lausn eins og unnið hefði verið að sparnaði að hækka þjónustugjöld hjá Innkaupastofnun ríkisins úr 2% í 3. Ég tel það alls enga lausn, langt frá því að vera lausn. Ég hef ekki heyrt þetta fyrr.

Ég get upplýst virðulegan þm. um endurskoðun sem er á lokastigi. Ég skal ekki segja hvort ég fæ skýrslu í þessari viku eða næstu viku, en nefnd sú sem hefur verið að endurskoða störf og jafnvel athuga þörf fyrir Innkaupastofnun ríkisins mun skila skýrslu næstu daga. Þá er næsta skrefið að taka ákvörðun um hvort rétt er að reka þá stofnun áfram í því formi sem hún hefur verið rekin í eða hvort, eins og ég held, þarna þurfi að gera miklar breytingar á.

Ég tek líka undir það að ekki er rétt að byrja á byggingu stofnana án þess að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem reksturinn kann að leiða af sér, en eins og hv. síðasti ræðumaður sagði er það oft Alþingi sem samþykkir og samþykkir meira en tekjumöguleikar ríkisins leyfa. Eg er einmitt að vinna að því núna, eins og ég hef marglýst hér, að sundurgreina lagasafnið, og að því vinnur Páll Líndal, og að safna í eitt hefti öllu því sem til er af slíkum samþykktum í hverjum málaflokki fyrir sig. Páll hefur þegar lokið fyrsta þætti í verki sínu, þ. e. við landbúnaðarsektorinn. Ég mun reyna að eignast nægilega mörg eintök til að dreifa hér á Alþingi. Mér er sagt að það geti verið skemmtilestur, en ég skal ekkert dæma um það fyrr en alþm. hafa haft tækifæri til að gera það sjálfir.

Ég vil að það komi fram, samtímis því sem ég tek undir málflutning hv. 8. þm. Reykv., að ríkisstj. tók þá ákvörðun að hefja sem allra minnstar, helst engar, nýjar framkvæmdir, en reyna að klára þær sem voru og eru á veg komnar þannig að sem fæstar framkvæmdir standi með þungar fjárfestingar og jafnvel alfarið ónothæfar vítt og breitt um landið. Þetta held ég að ríkisstj. hafi tekist sæmilega.

Aukafjárveitingar, fsp. 270. mál (þskj. 448). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Í umr. um fjárlagafrv. 1984, svo að ég vitni aftur í hana, sem fram fór í okt. 1983, kom fram í máli hæstv. fjmrh. að við undirbúning fjárlaga hefði meginmarkmið við fjárlagagerðina verið að gera fjárlögin að raunhæfu marktæku plaggi á ný, eins og það var kallað, gagnvart þeim aðilum sem fjárveitingu njóta skv. fjárlögum. Orðrétt sagði hæstv. fjmrh.:

„Á síðustu árum hefur því farið víðs fjarri að fjárlögin hafi verið raunhæf, þótt í ár hafi tekið út yfir allan þjófabálk að þessu leyti, þegar margar stofnanir og ráðuneyti voru búnar með fjárveitingu alls ársins löngu fyrir mitt ár."

Áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Hefur þetta ástand leitt til þess að hjá einum manni, fjmrh., hefur safnast mikið óeðlilegt geðþóttavald. Þetta vald birtist í aukafjárveitingum sem fjmrh. hefur vald til að heimila. Með þessu valdi er Alþingi í raun svipt hluta fjárveitingavaldsins þótt seint um síðir sé flutt frv. til aukafjárlaga sem í raun er ekki hægt að gera breytingar á. Í þessu efni er mál til komið að spyrna við fótum og takmarka þetta óþingræðislega vald. Ahrifaríkasta leiðin til þess er að setja ríkinu raunhæf fjárlög, eins og stefnt er að með þessu frv."

Ég efast ekki um góð áform og vegna framangreindra upplýsinga um hve raunhæft og marktækt þetta plagg, fjárlögin, átti að vera og að hæstv. fjmrh. ætlaði að afsala sér því sem hann nefndi óeðlilegu geðþóttavaldi, sem birtist í aukafjárveitingum hæstv. forvera hans í embættinu, og síðast en ekki síst vegna ummæla hans um að vilja flytja þennan hluta fjárveitingavaldsins til baka inn á Alþingi til þess að takmarka sitt eigið óþingræðislega vald, þá spyr ég eftirfarandi spurninga:

„Hafa ráðuneyti eða stofnanir fengið aukafjárveitingar árið 1984? Sé svo, hve miklar eru þær samtals og hvernig skiptast þær á ráðuneyti og stofnanir?"

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 1. landsk. þm. spyr á þskj. 448:

„Hafa ráðuneyti eða stofnanir fengið aukafjárveitingar árið 1984? Sé svo, hve miklar eru þær samtals og hvernig skiptast þær á ráðuneyti og stofnanir?"

Í inngangsorðum sínum tók hún til ummæli mín við fjárlagagerð 1983/1984. Það er rétt, sem hún hefur eftir mér, að fjárlögin voru þannig úr garði gerð á röngum forsendum fyrir árið 1983 að það sem stofnunum var ætlað að entist út árið gerði það ekki, einfaldlega vegna þess að fjárlögin voru þá byggð á 40% verðbólguforsendum, en um miðjan maí það sama ár, 1983, var verðbólgan mæld 84%. Það eru þannig skýringar á þessu. Ég vil taka það fram, eins og ég hef gert áður, að á engan hátt vil ég kasta rýrð á forvera minn í embætti því að hann á það alls ekki skilið. Það var ástandið í þjóðfélaginu sem gerði það að verkum að peningaástandið var slæmt.

Það var talað um og vitnað í mín orð að það væri nauðsynlegt að takmarka aukafjárveitingavald fjmrh. Ég tel ekki að fjmrh. hafi mikið aukafjárveitingavald umfram það sem fjvn. og Alþingi ætlar fjmrh. að fara

með hverju sinni. Það er að sjálfsögðu, eins og í öllum fyrirtækjum og fjármálum, gert ráð fyrir einhverju óvæntu. Það var gert við upptöku á fjárlögunum í maí 1984. Eftir þann tíma hef ég haft samráð við fjvn. um aukafjárveitingar og á þriggja mánaða fresti gefið stjórnarandstöðunni mjög greinargóðar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs, þannig að stjórnarandstaðan á að hafa öll þau gögn í hendi. Nú frétti ég að formaður þingflokks fyrirspyrjanda hafi verið fjarverandi, þannig að hv. þm. hafi ekki séð þann lista sem ég dreifði síðast, en ég er hér með lista sem ég skal skilja eftir hjá fyrirspyrjanda. Þar kemur fram sundurliðað lið fyrir lið hverjir hafi fengið fjárveitingar á árinu.

Til að svara spurningunni vil ég segja eftirfarandi:

Aukafjárveitingar á árinu 1984 urðu samtals 421 millj. 956 þús. og skiptast þær á einstök rn. með eftirgreindum hætti: Forsrn. 5 millj. 605 þús., menntmrn. 79 millj. 47 þús., utanrrn. 14 millj. 18 þús., landbrn. 41 millj. 340 þús., sjútvrn. 55 millj. 978 þús., dómsmrn. 25 millj. 626 þús., félmrn. 9 millj. 177 þús., heilbrmrn. 34 millj. 805 þús., fjmrn. 17 millj. 17 þús., samgrn. 80 millj. 793 þús., iðnrn. 21 millj. 700 þús., viðskrn. 30 millj. og fjárlaga- og hagsýslustofnun 6 millj. 850 þús. Þetta gera samtals 421 millj. 956. Það er, ef ég man rétt, um 40 millj. meira en ætlað var í óvænt útgjöld við endurskoðun á fjármálum í maí, hið svokallaða gat. Ég held að það verði að teljast mjög lítið miðað við að árið áður skipti það nokkrum þús. millj. sem ráðstafað var í aukafjárveitingu af brýnni nauðsyn.

Þessu til viðbótar vildi ég láta koma fram að aukafjárveitingar fyrir árið 1984 hafa verið flokkaðar þannig: Helstu orsakir þess að aukafjárveitingar voru nauðsynlegar voru: Verðlagshækkanir 66 millj. 103 þús., uppgjörið frá 1983 — alltaf eru einhverjir reikningar sem bíða fram yfir áramótin og hafa ekki komið fram við bókhaldslegt uppgjör — 25 millj. 827, ríkisstjórnarákvarðanir 120 millj. 630, ráðherraákvarðanir 146 millj. 187, ákvæði laga og lagaheimilda 32.3 millj., útgjöld utan fjárlagaáætlunar 17 millj. 81 þús. og ákvæði verksamninga 13 millj. 828. Niðurstöðutalan er sú sama og ég las upp áðan, 421 millj. 956 þús. — En ég er hérna með lista, sem sýnir sundurliðun aukafjárveitinga á einstakar stofnanir og viðfangsefni, sem ég mun afhenda virðulegum fyrirspyrjanda.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla að gera aths. vegna orða hæstv. ráðh. um samráð við fjvn. og lýsa því yfir að ég hef setið í fjvn. síðan í haust, en hef aðeins fengið eitt prentað plagg í septemberlok, með aukafjárveitingum, og aldrei verið spurð álits á því hvort veita skyldi þessar fjárveitingar eða ekki. Ég tel mikilvægt að þetta sé kallað réttu nafni, þ. e. samráð við fulltrúa stjórnarflokkanna. Niðurstöðutölur, ef ég man rétt, á þessu plaggi voru í kringum 200 millj. Nú eru aukafjárveitingar 421 millj. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri eða sé þá tölu.

Ráðh. útskýrði það svo að m. a. lög gerðu ráð fyrir þessu. Ég man eftir einni upphæð sem stakk mig mjög þegar ég las skjalið um aukafjárveitingar. Ferðamálaráð fékk 9 millj. Ég hef oft velt því fyrir mér og reyndar minnst á það við hæstv. ráðh. hvers vegna ferðamálaráð hafi allt í einu þurft alla þessa fjárupphæð. Í öllum þeim þrengingum sem hann hefur nú lýst yfir fær Kvikmyndasjóður ekki nema 8 millj. á yfirstandandi ári. Ég hef aldrei fengið á því skýringar hvers vegna ferðamálaráð þarf svona mikið á fjármagni að halda. Það væri fróðlegt að fjmrh. hefði einhverjar skýringar á því.

Einnig man ég aðra tölu. Það voru 13 millj. vegna samninga við Alusuisse.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Það var einmitt þetta sem varð þess valdandi að ég ákvað að spyrja þessarar spurningar hérna. Ég átti einmitt sæti í fjvn. í fyrra og þá var stöðugt talað um samráð við fjvn. um þetta og um hitt og þá sérstaklega um aukafjárveitingar. Ég varð aldrei vör við slíkt samstarf. Ég verð að segja að það er alveg rétt, sem hv. 8. landsk. þm. segir, að það er eins gott að kalla þetta réttum nöfnum. Þetta er einungis samstarf við stjórnarliða í fjvn. ef það er ekki bara líka lagt fyrir þá þetta plagg og látið þar við sitja.

Orðrétt sagði hæstv. fjmrh. í okt. í fyrra um fjárlögin 1984, með leyfi virðulegs forseta:

„Forstöðumenn ríkisstofnana og fyrirtækja verða með þessum fjárlögum gerðir ábyrgir fyrir því að halda starfsemi þeirra stofnana, sem þeir bera ábyrgð á, innan ramma fjárlaga."

Ég ætla ekki að lesa lengra í bili. Það væri fróðlegt að heyra álit fyrrv. forstöðumanns, sem hér er staddur, á því og vita jafnframt hug hæstv. fjmrh. til þess í hverju sú ábyrgð liggur. Er átt við fjárhagslega ábyrgð?

Áfram les ég, með leyfi virðulegs forseta:

„Forstöðumenn ráðuneyta og stofnana verða að gera sér grein fyrir því að afgreiðsla Alþingis á fjárlögum segir til um það fé sem þeir hafa til ráðstöfunar og ekki mun á næsta ári þýða að koma í fjmrn. til að biðja um aukafjárveitingu."

421 millj. 956 þús. aukafjárveiting. Það þýðir ekki að koma í fjmrn. og biðja um aukafjárveitingu. Hvernig ber að skilja þetta eiginlega? Ég verð að segja það alveg eins og er að mér er fyrirmunað að vita hvernig þetta á að túlkast.

Ekki var heldur vikið neitt að því sem kom fram í máli mínu áðan að það hefði verið rætt hér um óeðlilegt geðþóttavald. Þetta vald birtist í aukafjárveitingum að sögn hæstv. fjmrh. sjálfs. Það var ekkert rætt um hvernig það óeðlilega geðþóttavald yrði af hendi látið og rétturinn til aukafjárveitinga fenginn Alþingi. Það hefur ekki komið neitt fram heldur.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég harma ef Alþingi hefur ekki áttað sig á því hvaða fjárveitingar eru ætlaðar skv. lögum til hinna ýmsu stofnana. Fjárveitingavaldið, Alþingi, hefur skorið niður þá fjárveitingu sem lögboðin á að ganga til ferðamálaráðs. Það ætti skv. því að fá 30% af því sem lög mæla fyrir eða 14 millj. En við fjárlagagerðina í maí var það skorið enn þá frekar niður. Þessi aukafjárveiting kemur eftir á til ferðamálaráðs, þegar þekkt er hvað Fríhöfnin gefur af sér. Hér er um mjög lága upphæð að ræða, sem þeir fá, miðað við það sem Alþingi hefur sjálft ætlað ferðamálaráði í lögum. Ég treysti mér ekki til að skerða áætlun ferðamálaráðs meira en þarna var gert.

Næsta ádeila var það, að hv. þm. 8. landsk. þm. getur ekki skilið hvers vegna á aukafjárveitingum er framlag til Alusuisse. Það er ekkert framlag til Alusuisse. Það er framlag til þeirrar nefndar ... (**KSK:** Það er vegna

samninga.) Vegna samninga. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. skilji að það kostar peninga að hafa samráð. (**KSK:** Þau voru byggð á fjárlögum.) Ja, þetta er greitt með aukafjárveitingum. Það er ekkert á fjárl. um það. Og hvers vegna það er ekki getur þm. sjálfur svarað eða fengið að vita í fjvn. Þetta kostar okkur mikið og hefur alltaf kostað, en hitt er annað mál að við skulum vona að það gefi meira en það kostar. Ég held að það sé komið í ljós að það gefur eitthvað af sér.

Kannske er afbrigðilegt að tala eða hugsa þannig, en þar sem pólitískar fylkingar mynda fjvn. finnst mér ekkert athugavert við að ráðh., sem ekki hefur neitt slíkt samráð við fjvn., skuli hafa formann og varaformann fjvn. með í ákvörðunartöku um aukafjárveitingar. Það held ég að hljóti að vera talið betra, a. m. k. tel ég það aðhald við mig sem ráðh., að formaður og varaformaður fjvn. séu með í ákvörðunum um aukafjárveitingar. Síðan getum við rifist um það ... (Gripið fram í.) Ég er að tala um nefnd alveg eins og ég er að tala um einhverja stjórn sem er lögskipuð af Alþingi. Við skulum taka bankaráð sem dæmi. Ef ég þyrfti að hafa samband fram hjá bankastjórum hefði ég samband við bankaráðsformann eða varabankaráðsformann: Eigum við ekki að kalla saman bankaráðið til þess að hafa samráð við það um eitthvað? Það mundi ég ekki gera. En formaður kallar kannske saman bankaráð eða stjórnir ef á þarf að halda. Fjvn. er a. m. k. upplýst um eina ákvörðun til annarrar og veit hvað er að ske. Ég hlýt að telja að það séu þó framfarir.

Ég er ákaflega ánægður með að orð mín skyldu festast í minni hv. fyrirspyrjanda. Mig minnir að ég segði við gerð fjárlaga að formenn og forstöðumenn yrðu gerðir ábyrgir fyrir framkvæmd fjárlaganna. Það hefur verið gert. Það eru menn, sem ég nefndi áðan, undir forustu ríkisendurskoðanda sem hafa fylgst gaumgæfilega með því. Þegar nálgast það að einhver stofnun hefur tekið út það sem hún á rétt á að fá frá einum tíma til annars mánaðarlega, þá er athugað af hverju hún er að verða búin með sína fjárveitingu og athugað hvort hún misnotar aðstöðu sína með því að taka út í reikning, sem ég hef bannað. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að víta eða segja upp neinum forstöðumanni enn þá vegna þess arna, vegna þess að fjárlögin, eins og þau voru samþykkt í maí, stóðust áætlun gjaldalega séð. Ég veit ekki til þess, það getur vel verið að það sé til, að stofnanir séu hýrudregnar einhvers staðar. Það á ekki að vera og ég hef ekki orðið var við það. Og mér er ekki kunnugt um að nokkur stofnun hafi fengið viðbótarfjárveitingu vegna rekstrar nema — ef við köllum það stofnanir — einstaka skólar sem hafa fengið aukafjárveitingar til að gera upp eldri reikninga. Það er vegna aksturs barna eða upphitunar á skólahúsnæði og þá kannske þann tíma sem skóli starfar ekki.

Ég mundi segja að það væri mjög góður árangur að geta haldið sig nálægt áætlun um umframþarfir. Það þarf alltaf í öllum fyrirtækjum, alveg sama hvaða rekstur það er, að gera ráð fyrir því óvænta.

Fjvn. gerir ráð fyrir óvæntum útgjöldum, eins og ég las upp áðan og sýnir að þau eru eðlileg. Þau eru eðlileg í hvaða rekstri sem er. Í þessu tilfelli minnir mig að upphæðin hafi verið rétt undir 400 millj., en þegar upp er staðið fer það ekki meira yfir en í rúmlega 400 millj., sem sagt kannske 20—30 millj. kr. yfir áætlun. Ef allar áætlanir Alþingis stæðust það vel gætum við verið glaðir og kátir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það hafa verið gerðar hér að umtalsefni þær aukafjárveitingar sem viðgengist hafa í fjmrn. og íslensku stjórnkerfi. Spurningin er ekki einungis sú hvað aukafjárveitingar séu samtals há fjárhæð, heldur í hvað þær fara. Það vekur athygli að með ríkisreikningi fyrir árið 1983 eru upp taldir milli sex og sjö hundruð liðir aukafjárveitinga. Þar eru einungis upp taldir þeir aðilar sem aukafjárveitinguna hafa fengið, þannig að afgreiðslurnar eru a. m. k. jafnháar þessari tölu, afgreiðslurnar eru a. m. k. einhvers staðar á bilinu 600—700 á árinu 1983 að því er aukafjárveitingar varðar. Menn hljóta þá að spyrja í fyrsta lagi, úr því að hæstv. fjmrh. hefur gefið svo strangar yfirlýsingar um að ekki muni duga að koma í fjmrn. til að fá aukafjárveitingar, hvort þeim hafi eitthvað fækkað á árinu 1984, hvort enn þá séu einhvers staðar á bilinu 600—700 afgreiðslur á aukafjárveitingum. A. m. k. hafa þær verið 2—3 á hvern virkan dag á árinu 1983. Er það enn svo? Sú fjárhæð sem fjmrh. tilgreinir hér, 421 millj. kr., er nokkuð há. Mönnum hlýtur að leika forvitni á því hvaða samdrátt sé í raun og sannleika um að ræða, að teknu tilliti til þess að verðlagsbreytingar voru alls ekki jafnmiklar á milli áranna 1983 og 1984 og þær voru á milli 1982 og 1983.

Í annan stað hlýtur það að vekja athygli í því yfirliti sem hæstv. fjmrh. gaf áðan að af þessum 421 millj. kr., sem hann upplýsir að varið hafi verið í aukafjárveitingum á árinu 1984, sem alls ekki áttu að verða til að því er manni skildist og eins og hv. fyrirspyrjandi hefur hér rakið, eru einungis 66 millj. vegna verðlagsbreytinga skv. upplýsingum fjmrh. Allt hitt er af einhverjum öðrum orsökum. 355 millj. eru af öðrum orsökum en vegna verðlagsbreytinga. Þm. muna það væntanlega að venjulegast þegar um aukafjárveitingarnar hefur verið rætt hér í þinginu þá hafa fjmrh. tilgreint að þetta sé allt vegna verðlagsbreytinga. Það kom m. a. fram í máli hæstv. ráðh. að af þessum 421 millj. væru 266 millj. skv. ákvörðunum ríkisstj. og einstakra ráðh. Þá var hlutur ráðh. reyndar hærri. Það voru nefnilega 146 millj. eða u. þ. b. þriðjungurinn af þeirri upphæð sem hér er verið að gera að umtalsefni. Ég hefði haldið að miðað við þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar að undanförnu mundu alþm. hafa áhuga á að vita hvernig þetta skiptist á ráðh., hversu mikið hver einstakur ráðh. hefur ákveðið í þessum efnum. Er það kannske svo að fjmrh. eigi ekkert í þessu og standi þannig við sína yfirlýsingu um það að ekki skuli vera um aukafjárveitingar að ræða? (Forseti hringir.)

Ég vil gjarnan beina þeirri ósk til hæstv. ráðh. að hann svari því hversu margar ákvarðanirnar hafi verið á árinu 1984 í samanburði við árið 1983, hvernig ákvarðanir ráðh. hafi skipst, hver sé skýringin á því að svo lítill hluti upphæðarinnar sé vegna verðlagsbreytinga og hversu stór hluti upphæðarinnar sé nú skv. ákvörðunum ráðh. og ríkisstj.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Nokkur orð vegna fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Sú stofnun sem ég veiti forstöðu þurfti, að ég man, ekki að fara fram á aukafjárveitingu þessi tíu ár. Það var þá svo einu sinni, ég held eftir áramót 1983, að við vorum komnir nokkuð fram úr fjárhagsáætlun, 600 þús.

ef ég man rétt. Það stafaði af því að fjárlög eru gerð með viðmiðun við reikninga ársins þar áður. Í þeirri verðbólgu sem við höfum lifað við eru þær viðmiðunartölur gjörsamlega marklausar. Reyndar vissu menn það löngu fyrir fram og þetta var verðbætt fram eftir ári. Þarna var sem sagt um 600 þús. kr. yfirdráttur og okkur var hótað því að við yrðum hýrudregnir á árinu 1983 allt að ⅔ af þessari upphæð. Nú leið og beið og upp hófust samningaviðræður. Það er raunar merkilegt að upp hófust samningaviðræður við fjmrn. um það hvernig menn kæmu sér nú út úr þessu. Svo leið að kosningum og einhvern veginn varð aldrei af þessum hýrudrætti. Mér skilst einhvern veginn að það hafi orðið svo varðandi fleiri stofnanir, enda voru þá veður í peningamálum mjög válynd og erfitt að gera neinar áætlanir frá degi til dags, hvað þá ári til árs.

Ég kannast ekki við að forstöðumenn stofnana beri fjárhagslega ábyrgð. Ég veit það ekki, en það kann að vera að þeir hafi verið látnir sæta ábyrgð. Ég kannast ekki við það. Það er auðvitað nokkur áhætta og hefur verið áhætta fyrir stofnanir að sýna góða afkomu. A. m. k. meðal forráðamanna stofnana hefur þótt frekar áhættusamt að skila góðri afkomu milli ára af ótta við að það sýndi þá að menn þyrftu ekki eins mikið á næsta ári.

Ég vona að þetta svari því sem til mín var beint.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Er það ekki makalaust að það skuli koma fram í máli hv. 5. þm. Norðurl. e. að svo geti hugsanlega farið að það skipist veður í lofti um rekstur stofnananna eftir því hvort það eru að koma kosningar eða ekki? (**BD:** Það sagði ég ekki.) Ja, svona nánast.

Enn fremur finnst mér hart að það skuli ekkert koma hérna fram frá hæstv. ráðh. varðandi þá ábyrgð sem hann þó gerði að svo miklu umtalsefni við umr. um fjárlögin í okt. 1983. Þar tók hann svo sterklega til orða að forstöðumenn yrðu gerðir ábyrgir fyrir starfsemi stofnana sinna og að það þýddi ekkert að koma og biðja um aukafjárveitingu.

Eins og kom mjög berlega í ljós í máli hv. 3. þm. Reykn. er um mjög miklar fjárhæðir að ræða sem hafa hreinlega sprottið upp án þess að fengist hafi nokkrar viðhlítandi skýringar á því af hverju þær urðu til. Ég kíkti áðan á listann yfir aukafjárveitingar, sem hæstv. fjmrh. var svo vinsamlegur að láta mig hafa, og ég gat ekki séð neina sundurliðun á þeim lista. Þess er bara getið hverjar stofnanirnar eru, en ekki af hverju þeim er veitt aukafjárveiting. (Gripið fram í.) Nei, ég er að segja það. Það kemur hvergi fram í listanum. Ég hefði því gjarnan viljað fá ítarlegra svar við þessu.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég held að hæstv. ráðh. hafi misskilið orð mín áðan. Ég fór aðeins fram á að þetta samráð yrði nefnt réttu nafni. Þetta yrði nefnt samráð við fulltrúa stjórnarflokkanna. Að því búnu nefndi ég tvær upphæðir, annars vegar til ferðamálaráðs og hins vegar vegna samninga við Alusuisse. Ég gagnrýndi hvoruga upphæðina. Ég sagði: Þetta er ég búin að sjá og ég man þessar tölur, en ég hef ekki fengið neinar útskýringar á því hvers vegna þessar aukafjárveitingar urðu til. Ég hef bara séð tölur á blaði.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Ég vil með leyfi forseta upplýsa hv. 8. landsk. þm. að þær tölur sem hún minntist á voru annars vegar framlag, eins og lög gera ráð fyrir, frá Fríhöfninni til ferðamálaráðs, hins vegar kostnaður vegna samninga við Alusuisse. Ég vona að þetta séu þá nægjanlegar skýringar. (**KolJ:** Sem ekki var gert ráð fyrir áður.)

Vegna þess að hér hafa komið fram fsp. frá hv. 3. þm. Reykn. vil ég biðja forseta að leyfa mér að svara þeim eins og ég get. Ég skal vera stuttorður. Fyrst spyr hv. þm. hve margar afgreiðslur í aukafjárveitingum hafi átt sér stað 1983. Því get ég ekki svarað hér en að upphæð nálguðust þær 3000 millj. Hve margar afgreiðslur voru 1984, ef það er það sem hv. þm. átti við, þá er ég ekki með það að sjálfsögðu, ég er ekki undirbúinn undir það að svara því. En ég gaf þær upplýsingar áðan úr þessum ræðustól að ég hef á þriggja mánaða fresti gefið þingflokksformönnum eða fulltrúum þeirra, sem hafa komið á minn fund og átt þar góða fundi með hagsýslustjóra og forstöðumönnum gjaldadeildar, öll þau gögn sem þarf til að telja þetta saman, þannig að það liggur hjá þingflokkunum eins og er. Ég get útvegað það, ef óskað er eftir því sérstaklega, en að sjálfsögðu gerir hv. fyrrv. ráðh. ekki ráð fyrir því að ég standi hér með þær upplýsingar.

Og hvernig skiptist það á ráðherra? Ég veit ekki hvort hæstv. forseti gefur mér tíma til að lesa aftur upp þau svör sem ég gaf hér í upphafi. En ég skal láta taka afrit af svörum mínum, því að þar er bæði sundurliðað á rn. og svo aftur eftir flokkun. Þetta las ég upp hér áðan og ef hv. þm. gerir sig ánægðan með það að ég gefi honum afrit af þessu þá skal ég með ánægju gera það, nema forseti leyfi mér að lesa það upp aftur. (**Forseti:** Ég hygg að það sé nægilegt að hafa farið með þessar upplýsingar einu sinni á fundinum og með tilliti til þess að það er í raun og veru komið út yfir tímamörk sé ástæðulaust að fara yfir það aftur.) Já, ég gerði ráð fyrir því, virðulegur forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og vona að ég hafi svarað þeim fsp. sem til mín var beint.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var kannske ekki við því að búast að hæstv. ráðh. hefði öll þau gögn sem til þyrfti til að svara þessari spurningu, þó að maður hefði getað ætlað, að því er fjölda undanþáganna varðaði, miðað við þær yfirlýsingar sem hann hafði áður gefið, að hann hefði sjálfur haft áhuga á því að fylgjast glöggt með því hversu mjög hann bryti sín eigin prinsip um að veita ekki aukafjárveitingar og hefði þess vegna töluna handbæra. En það er greinilega ekki tilvikið.

En að því er hinn hluta fsp. varðar þá misskildi hæstv. fjmrh. fsp. mína þegar hann sagði að hann hefði lesið hér upp sundurliðun á rn. Ég var ekki að spyrjast fyrir um þá sundurliðun á heildarfjárhæðinni á rn. sem hann las heldur sundurliðun á þeirri upphæð sem varðaði ráðherraákvarðanir og var tekið fram að væru ráðherraákvarðanir og eru 146 millj. kr. eða u. þ. b. þriðjungur upphæðarinnar. Það var sundurliðun á því sem mér fannst áhugavert að vita hvernig væri milli rn. Aðra hluti eins og verðlagshækkanir eða uppgjör frá fyrra ári hef ég ekki sérstakan áhuga á að fá sundurliðað. En þetta er það stór hluti aukafjárveitinganna ásamt með því sem nefnt er ríkisstjórnarákvarðanir, upp á 120 millj., að mér finnst fyllsta ástæða til þess að þingið fái vitneskju um hvernig þetta skiptist á ráðh.

Við erum að tala hér um 421 millj. kr. Mönnum finnst það kannske ekki há upphæð. En mér sýnist fljótt á litið að það sé engu að síður álíka há upphæð eins og allur eignarskattur einstaklinga og félaga var á árinu 1984. Og með tilliti til þeirra yfirlýsinga sem hæstv. fjmrh. hafði áður gefið um það að engar aukafjárveitingar skyldu vera hlýtur það að vera áhugaefni þm. alveg sér í lagi að fá sundurliðaðri og nákvæmari upplýsingar um þetta efni en hér hafa verið veittar, og kannske nákvæmari en hægt var að ætlast til út frá formlegri uppsetningu þeirrar fsp. sem hér var borin fram. En engu að síður hlýtur þetta að vera forvitnilegt, áhugavert efni fyrir þingið, og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að veita nákvæmar upplýsingar í ljósi þeirra umr. sem hér hafa farið fram.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil vekja athygli á því að menn þurfa að gæta þingskapa. Ekki má gera kröfur um að menn gefi upplýsingar og komi í ræðustól þegar þeir eru búnir að tala svo oft sem þingsköp mega framast leyfa. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slíkt er gert. Þetta ber oft við. Ég tek þetta fram. Með tilliti til þess hvernig þetta mál ber að og að hæstv. ráðh. vill svara, þá er honum gefið orðið til örstuttrar athugasemdar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá að leiðrétta misskilning sem er að mínu mati settur fram með vilja. Ég gat þess að af þessum 421 millj. væru 380 eða tæplega 400 millj. á fjárlögum til óvissra útgjalda. Ég tel það ekki sem aukafjárveitingu þó að svarað sé þannig að óvissuútgjöldin séu notuð. Af þessum 421 millj. er gert ráð fyrir að um 380 millj., ef ég man töluna rétt, eða tæpar 400 millj., fari í óviss útgjöld, þannig að aukafjárveitingar, á þann hátt sem við höfum rætt hér um aukafjárveitingar, eru ekki nema eitthvað rúmar 20 millj., 20—30 millj.

Framhaldsskólar og námsvistargjöld, fsp. 264. mál (þskj. 442). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason): Herra forseti. Á þskj. 442 hef ég borið fram fsp. til hæstv. menntmrh. um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í byggingu og rekstri framhaldsskóla og innheimtu námsvistargjalda. Ástæðan er auðvitað hið mikla misrétti sem þessir þættir, kostnaðarhlutdeildin og námsvistargjöldin, valda milli sveitarfélaga og byggðarlaga í landinu eftir því hvers konar framhaldsskólar eru reknir í byggðarlögunum. Hinu mætti þó eflaust leiða rök að að þau byggðarlög búi við skarðastan hlut sem enga aðstöðu hafa til framhaldsnáms. Því má búast við spurningum sem þessum hér á hv. Alþingi þar til þetta misrétti hefur verið leiðrétt með löggjöf.

Báðar þessar spurningar tengjast fyrirkomulagi á framhaldsmenntuninni í landinu sem nú er stýrt eftir mismunandi og ólíkum lagabálkum, m. a. eftir því hvort um er að ræða bóknám eða iðnnám. Fyrrv. menntmrh. munu ítrekað hafa lagt fyrir Alþingi frv. til laga um framhaldsskóla sem ekki fengust afgreidd. Þar mun hafa verið gert ráð fyrir að samræma þessa þætti og eflaust hafa þessi frv. batnað við ítarlega yfirferð og endurskoðun. Þó virðist svo sem núverandi hæstv. menntmrh. hafi gefist upp við að ná fram samræmingu á málefnum framhaldsskólans með einni heildarlöggjöf, sem þó er mjög aðkallandi, bæði að áliti skólamanna og annarra. Það er að sjálfsögðu ekki síst mikilvægt að samræma námið og tryggja nemendum sem opnastar leiðir að lokamarki þó þeir kunni að flytjast af einni námsbraut á aðra, frá bóknámi í verknám eða öfugt eða þó þeir þurfi að skipta um skóla á meðan á námi stendur. Trygging verður að vera fyrir því að námsáfangar nýtist frá einum skóla til annars.

En fram bornar spurningar eru ekki eingöngu bornar fram til að vekja athygli á nauðsyn þess að komið verði á samræmdri löggjöf um framhaldsskóla vegna kennslufræðilega þáttarins. Samræming á kostnaðarþættinum er ekki síður mikilvæg og hún er nauðsynleg til að leiðrétta það mikla misrétti sem nú er við lýði milli sveitarfélaga og byggðarlaga eftir því hvers konar framhaldsskólar eru reistir og reknir í byggðarlögunum. Til að rökstyðja það nánar vil ég nefna örstutt dæmi.

Ef ákveðið er að reisa menntaskóla á tilteknum stað þá kostar ríkissjóður þá framkvæmd 100%. Á það jafnt við um byggingu skólahúsnæðis og heimavistar. Menntaskólarnir eru einnig reknir alfarið af ríkinu. Sé hins vegar í næsta byggðarlagi tekin um það ákvörðun að byggja og reka fjölbrautaskóla gilda um það allt aðrar reglur. Þá geta sveitarfélög þurft að greiða allt að 50% af byggingarkostnaði og verulegan hluta af rekstrinum.

Þrátt fyrir þessa gífurlegu og óeðlilegu mismunun hafa sveitarfélög víða um land tekið þá ákvörðun að reisa og reka fjölbrautaskóla. Fyrst og fremst hefur það verið gert til að mæta brýnni þörf fyrir framhaldsnám á svæðinu, en auðvitað hefur hugsunin einnig verið sú að færa námið heim í byggðarlagið. Mönnum hefur sem sagt verið ljós sú staðreynd að uppbygging og rekstur skóla hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir byggðarlagið og sá kostnaður, sem út er lagður, skilar sér á margan hátt aftur með beinum og óbeinum hætti.

Það er fyrst og fremst þessi staðreynd sem dreifbýlismenn hafa haft í huga þegar þeir mótmæla harðlega innheimtu Reykjavíkurborgar á námsvistargjöldum. Það hefur gegnum tíðina verið hlutverk allra landsmanna að byggja upp góða menntunaraðstöðu hér í höfuðborginni, sem auðvitað er ekki nema sjálfsagður hlutur. En það hefur gjarnan gleymst að tíunda þann ávinning sem borgin sem slík hefur haft af þeirri sérstöðu að vera skólabær fyrir allt landið. Þess vegna er það óréttlátt að skuldbinda önnur sveitarfélög til þátttöku í rekstrarkostnaði skóla hér á höfuðborgarsvæðinu vegna þeirra nemenda er hingað þurfa að sækja nám vegna aðstöðuleysis í heimabyggðum.

Sveitarstjórnir og landshlutasamtök þeirra hafa ítrekað mótmælt því mikla misrétti milli byggðarlaga, sem stutt er núgildandi lögum og reglum um framhaldsmenntunina og fer eftir því hvort um er að ræða menntaskóla eða fjölbrautaskóla, jafnframt því sem gerð hefur verið krafa um að hætt verði að innheimta námsvistargjöld, enda lagastoð þeirrar innheimtu hæpin að ekki sé meira sagt. Þetta misrétti þarf að leiðrétta sem fyrst með samræmdum reglum um þátttökukostnað sveitarfélaganna í allri framhaldsmenntuninni og afnámi námsvistargjaldanna. Það er fullkomið réttlætismál. Hins vegar mun það hafa komið áður fram hjá hæstv. menntmrh. að ekki sé á döfinni að leggja fram

samræmda heildarlöggjöf um framhaldsskóla á næstunni. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðh.:

1. Má vænta þess að menntmrn. beiti sér fyrir samræmingu laga um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í byggingu og rekstri menntaskóla annars vegar og fjölbrautaskóla hins vegar?

2. Er breytinga að vænta á afstöðu rn. til innheimtu svokallaðs námsvistargjalds?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka undir þau ummæli sem fram komu í máli hv. fyrirspyrjanda þegar hann gat um nauðsyn þess að ganga svo frá málum að greið leið sé á milli skóla — einstakra skóla eða brauta í skólum, svo að unnt sé að brúa það bil sem er í einstökum tilvikum. Ef nemendur flytjast á milli byggðarlaga þurfa þeir að geta flust á milli skóla án þess að mismunandi kerfi sem skólarnir starfa eftir verði þeim fjötur um fót.

Það hefur verið unnið að því nú undanfarið ár að koma á samkomulagi um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á ýmsum sviðum. Skólakostnaðurinn er eitt þessara sviða og það mál verður að leysast sem hluti þess stóra dæmis ef samkomulag á að fást um það. Í sjálfu sér væri ekkert því til fyrirstöðu að beita sér fyrir lagafrv. um það að ríkið tæki á sig enn þá meiri kostnað eða sveitarfélögin enn þá meira á einhverju öðru sviði, en ég tel það ekki hafa þýðingu nema við náum einhvers konar samkomulagi um að unnt sé að framkvæma slík lög og að peningar séu til fyrir framkvæmdinni, eða að ætla megi að þeir verði til.

Að því er varðar reksturskostnaðinn og þá sérstaklega námsvistargjöldin þá er um það að ræða að þar ræður rn. ekki eitt ferðinni, heldur er hér um að ræða lagaákvæði frá 1966. Lagaákvæðið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, sem um námsvistargjöldin fjallar:

„Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið."

Þetta ákvæði stendur á bak við þá samninga sem gerðir hafa verið milli sveitarfélaga um námsvistargjöld fyrir nemendur í verknámi í fjölbrautaskólum. Þarna er um að ræða samkomulagsmál milli sveitarfélaga sem að formi til þarf að vera staðfest af menntmrn. Það er rétt að þetta veldur því að menn standa mismunandi að vígi að þessu leyti til eftir því hvort þeir eru í iðnnámi í fjölbrautaskóla eða í venjulegu menntaskólanámi.

Þessar greiðslur eru hlutdeild sveitarfélaganna í rekstri þessara framhaldsskóla og í allmörgum tilvikum er, eins og ég sagði, byggt á samningi viðkomandi sveitarfélaga, þess sem rekur skólann og þess sveitarfélags sem nemandi er frá. Rn. hefur ekki haft bein afskipti af þeim málum nema að því er iðnnemana varðar, þar sem um innbyrðis samskiptamál er að ræða. Rn. hefur margsinnis tekið það fram þegar það hefur fengið slík mál til umfjöllunar að þessi samskipti sveitarfélaga megi ekki bitna á viðkomandi nemanda, þ. e. það megi ekki hindra nám hans eða valda honum fjárhagslegri byrði. Þarna verði einvörðungu um uppgjörsmál og ákvarðanir sveitarfélaga að ræða hvernig þau standa að þessum greiðslum sín á milli.

Ég vona, hæstv. forseti, að með þessu hafi ég svarað fsp. Ég vil einungis taka fram að fyrirrennari minn, hv. þm. Ingvar Gíslason, lagði fram frv. til kynningar hér á Alþingi um skólakostnað sem ætlað var að koma á nokkru samræmi í greiðslum. Það gerði ráð fyrir að sérstakt jöfnunargjald yrði greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af hluta rekstrarkostnaðar framhaldsskóla. Þetta frv. hef ég ekki tekið fram eða flutt af þeim ástæðum, sem ég áðan greindi frá, að það hefur sérstakt átak verið gert núna í tíð þessarar ríkisstj. af hálfu hæstv. félmrh. til að koma á allsherjar samkomulagi um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga á ýmsum sviðum. Á meðan það stendur yfir tel ég ekki fært að taka þessi mál sérstaklega út úr, heldur reyna að vinna að því að þau leysist í því sambandi.

Það má taka fram í sambandi við námsvistargjöldin að lögum skv. annast Jöfnunarsjóður sveitarfélaga það uppgjör, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína. Af þessu öllu má sjá að menntmrn. fjallar ekki að heitið geti um þessi innbyrðis mál og ég tel að þessi atriði þurfi að taka upp til skoðunar þegar ljóst er hver niðurstaðan verður af heildarfrv. um kostnaðarskiptingu, þ. e. skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin þó að ekki geti ég nú sagt að ég sé ánægður með efnislegt innihald þeirra. Það virðast sem sagt engin áform hafa verið gerð um að reyna að samræma þessa þætti, annars vegar þátttöku sveitarfélaganna í kostnaði við menntaskólana og hins vegar við fjölbrautaskólana, jafn nauðsynlegt og brýnt og það verkefni raunar er. Það er heldur ekkert gert í þeim málum að fella niður námsvistargjöldin.

Það er sem sagt ekkert fyrirhugað til þess að ná þessum réttlætismálum fram sem ég hef hér bent á og vakið athygli á. Frá rn. er einskis frumkvæðis að vænta undir stjórn hæstv. núv. ráðh. En aðalatriði þessa máls er misrétti milli byggðarlaganna, sem ég hef gert hér svo mjög að umtalsefni.

Ríkið hefur komið upp menntaskólum, t. d. á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og víðar, og byggðarlögin, sem þessara skóla njóta, hafa enga hlutdeild þurft að greiða í byggingarkostnaði né rekstri. Hins vegar hafa verið stofnsettir fjölbrautaskólar á Norðurlandi vestra, Vesturlandi, Suðurnesjum, Suðurlandi og víðar með ærnum tilkostnaði sveitarfélaganna á svæðinu, sérstaklega í sambandi við uppbygginguna. Rekstrarhlutdeildin dregur sig líka saman þegar til lengri tíma er litið. Enginn getur þó haldið því fram að þessi síðasttöldu sveitarfélög séu eitthvað betur í stakk búin til að kosta framhaldsmenntunina en hin, þar sem menntaskólarnir eru. Þvert á móti er hér jafnvel um að ræða byggðarlög þar sem tekjur eru lágar og greiðslugeta sveitarfélaganna þar af leiðandi hvað minnst.

En það er líka önnur hlið á þessu máli. Hvað er um allt talið um nauðsyn þess að efla verkmenntunina í landinu? Meðan þetta misrétti er við lýði milli menntaskóla og fjölbrautaskóla er ljóst að allt slíkt hjal um jafnræði milli bóknáms og verknáms er aðeins töluð orð en ekki efnd. Þessa þætti verður að samræma og

menntmrn. þarf tafarlaust að hafa um það frumkvæði að móta og setja fram tillögur í þessum efnum, en að sjálfsögðu í samráði við sveitarfélögin og samtök þeirra.

Um námsvistargjöldin þarf ég að vísu ekki að hafa mikið fleiri orð. Það er leitt til þess að vita að hæstv. ráðh. skuli ekki gera sér grein fyrir því misrétti sem framkvæmt er við innheimtu þessara gjalda. Allt talið um mikinn kostnað Reykjavíkurborgar vegna utanbæjarnemenda er tóm vitleysa. Auðvitað hefur borgin ómældar tekjur af kennurum og öðru er skólarekstrinum fylgir.

Skólakerfið hér í borginni hefur löngum sogað til sín fjármagn af landsbyggðinni sem ekki skilar sér þangað aftur, því að að menntun lokinni eru takmörkuð atvinnutækifæri úti á landi og þeim mun vandfengnari og sjaldgæfari sem menntun og skólaganga hefur staðið lengur og verið dýrari. Það hefur því lengi verið hlutverk landsbyggðarinnar að ala upp og kosta fólk til náms sem síðan hefur eytt sinni starfsævi hér. Í ljósi þessara staðreynda er innheimta borgarinnar á námsvistargjöldum þeim mun harðneskjulegri og óréttlátari auk þess sem lagastoð hennar er hæpin og raunar engin hvað námskostnað í fjölbrautaskólum varðar.

Í því sambandi vil ég minna á dóm er kveðinn var upp í aukadómþingi Árnessýslu í júlí 1982, en málsatvik voru þau að bæjarstjórinn í Hafnarfirði hafði stefnt Skeiðahreppi vegna vangoldinna námsvistargjalda vegna nemenda er stunduðu nám í fjölbrautaskóla. Dómsniðurstöður voru þær að Skeiðahreppur var sýknaður af kröfum Hafnarfjarðarbæjar á þeirri forsendu að engin bein ákvæði væru í lögum um greiðslu námsvistargjalda vegna skólavistunar í fjölbrautskólum og ekki var fallist á að lög um grunnskóla né iðnskóla ættu við í þessu efni. Þrátt fyrir þennan dóm heldur Reykjavíkurborg áfram ákafri innheimtu námsvistargjalda vegna námsvistar í fjölbrautaskólum sem engin lagastoð virðist fyrir og það með fullri velþóknun og stuðningi menntmrn. M. a. vegna þeirrar dómsniðurstöðu er ég hef hér lýst og menntmrn. hefur vafalaust kynnt sér, þá hefði ég vænst þess að afstaða þess til innheimtu námsvistargjalda væri breytt. Svo virðist þó ekki vera og hlýt ég að harma þá óskiljanlegu niðurstöðu.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 5. febr., að loknum 44. fundi.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. 268. mál (þskj. 447). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn fisksjúkdómum, þáltill. 271. mál (þskj. 449). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum, þáltill. 272. mál (þskj. 450). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skattaívilnun vegna ættleiðingar barna, þáltill. 273. mál (þskj. 451). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heimaöflun í landbúnaði, þáltill. 97. mál (þskj. 101). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 101 höfum við Björn Dagbjartsson og Steingrímur Sigfússon leyft okkur að flytja till. til þál. um heimaöflun í landbúnaði. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nefnd er geri um það tillögur hvernig koma megi við aukinni heimaöflun og hagkvæmni í landbúnaði.

Nefnd þessi skal sérstaklega gera tillögur um eftirfarandi þætti:

1. Hvernig komið verði á auknum hagfræðileiðbeiningum og bændur aðstoðaðir svo sem verða má við það að lækka reksturskostnað búanna og lækka framleiðslukostnað landbúnaðarafurða.

2. Hvernig staðið verði að áætlanagerð um bætta ræktun þar sem það er talið nauðsynlegt og að bætt verði aðstaða til fóðurverkunar.

3. Hvernig heppilegast verði staðið að hagnýtingu hlunninda þar sem þau er að finna, svo sem veiðiskapar, jarðhita, reka, æðarvarps og skógarnytja."

Þessi till. er flutt í framhaldi af ályktun síðasta Búnaðarþings, 1984, en þar sagði m. a. í ályktun:

„Nú þegar framleiðslutakmarkanir hafa verið settar á helstu afurðir landbúnaðarins er mikilvægt fyrir afkomu búanna að bæta heimafengið fóður og bæta gæði þess og verkun. Jafnframt því er brýnt mál að leita allra leiða til þess að draga úr rekstrarkostnaði og um leið að nytja öll þau hlunnindi sem hver bújörð hefur möguleika á að hagnýta."

Þessi ályktun var gerð á Búnaðarþingi í tilefni af till. er Gísli Pálsson bóndi á Hofi, Sveinn Jónsson bóndi á Kálfskinni og Sveinn Jónsson bóndi í Flatatungu fluttu þar á þinginu.

Höfuðþættir heimaöflunar eru þrír, þ. e. nýtanlegar auðlindir á viðkomandi jörð ásamt vinnuafli því og þeirri þekkingu sem til staðar er. Því eru að sjálfsögðu takmörk sett að hve miklu leyti er hægt að nýta verðmæti búsins án aðkeyptra fanga, véla, áburðar, kjarnfóðurs og byggingarefnis, en æskilegt er að nýta sem best þá möguleika sem á búinu eru til framleiðslu, en spara fremur aðkeypt aðföng.

Íslensk bændastétt á við mikla erfiðleika að etja. Samdráttur í framleiðslu hefðbundinnar búvöru vegna markaðserfiðleika er mikill og efnahag margra bænda er stefnt í tvísýnu þar sem ekki kemur í mörgum tilfellum neitt í staðinn fyrir þann samdrátt sem verður í hefðbundinni búvöruframleiðslu. Þess vegna er það brýnt að ýtrustu búmennsku sé gætt í hvívetna og er eðlilegt að stjórnvöld veiti bændum aðstoð við að finna leiðir til þess að brjótast út úr yfirstandandi erfiðleikum.

Því er oft haldið fram að Ísland sé erfitt landbúnaðarland. Þetta er ekki rétt. Hér er kjarnmikið fóður og grasrækt er auðveld. Búfé landsmanna er eðlisgott og talsvert ræktað og á að geta þrifist og skilað góðum afurðum á hóflega nýttum beitilöndum ásamt heimafengnu og vel verkuðu fóðri. Þannig ætti framleiðslukostnaður að geta lækkað og gjaldeyrir mundi sparast ásamt því sem nýttir yrðu möguleikar til hagkvæms útflutnings iðnaðarvara úr búvöru og hugsanlegir sölumöguleikar á dilkakjöti.

Þá eru á mörgum jörðum ónýtt eða lítið nýtt verðmæt hlunnindi sem gætu mjög treyst búsetu með skipulegri og hagkvæmri nýtingu, en til þessa þarf auknar leiðbeiningar, bæði hagfræðilegar og tæknilegar. Nokkuð hefur verið unnið að hagfræðileiðbeiningum í landbúnaði, en þar er mikið verk óunnið sem nauðsynlegt er að hefjast handa um. Á vegum Búnaðarfélagsins hefur verið unnið árangursríkt leiðbeiningarstarf með atbeina stjórnvalda, en betur má ef duga skal.

Landbúnaðurinn hefur, eins og menn vita, mjög mikið þjóðhagslegt og menningarlegt gildi og mun hafa það áfram þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Við flm. teljum að heimaöflun og hagkvæmni búanna sé farsælasta leiðin til þess að skapa sveitafólki góða afkomu og trú á framtíð landbúnaðarins.

Við flm. höfum kosið að einskorða till. þessa við heimaöflun í landbúnaði, en heimaöflun getur víðar átt við en þar. Sú hugsun að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru á hverjum stað fremur en að kaupa dýr aðföng getur átt fyllsta rétt á sér og stuðlað framar flestu öðru að því að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og velmegun.

Eitt af því sem mjög hefur farið úrskeiðis á síðustu árum hér í þjóðfélaginu er hve ójafnvægi hefur aukist í byggð landsins. Fólk hefur flutt frá framleiðslusvæðunum í kjölfar minnkandi afla og samdráttar í landbúnaðarframleiðslu til suðvesturhornsins. Fólkið sem hafði atvinnu sína af því að vinna úr sjávarfangi og landbúnaðarframleiðslu hefur ekki lengur sömu verkefni og fyrir fimm árum úti á landsbyggðinni og það flytur hingað á suðvesturhornið og á þátt í þeirri óheilbrigðu þenslu sem hér geisar. Það má einskis láta ófreistað til þess að snúa þessari þróun við. Heimaöflun, það að búa að sínu, getur stuðlað að því að fleiri hendur hafi hagkvæm verkefni um hinar dreifðu byggðir.

Herra forseti. Ég læt máli mínu nú lokið, en ég óska eftir því að þessi till. fái að lokinni umr. hér í dag umfjöllun í atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa ágætu till. sem hv. félagi minn og flokksbróðir Steingrímur J. Sigfússon er einn flm. að. Hann er ekki viðstaddur nú. Um leið og ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þessa þörfu till. vildi ég mega minna á hvernig máli svipuðu þessu hefur áður verið hreyft hér á þingi og hvernig því reiddi af.

1980 flutti Guðrún Hallgrímsdóttir, sem þá sat á þingi sem varamaður, svohljóðandi till. sem ég var meðflm. að. Ég les tillgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna að hve miklu leyti unnt sé að láta framleiða með hagkvæmum hætti úr innlendum hráefnum og orku það fóður sem búpeningur landsmanna þarfnast. Kannað verði annars vegar að hve miklu leyti unnt sé að framleiða með hagkvæmum hætti úr innlendum hráefnum og orku það fóður sem búpeningur landsmanna þarfnast og hins vegar að hve miklu leyti með aukinni framleiðslu kjarnfóðurs úr innlendum hráefnum. Einnig verði kannað annars vegar að hve miklu leyti þetta verði gert með bættri verkun súrheys og þurrheys og hins vegar að hve miklu leyti með aukinni framleiðslu kjarnfóðurs úr innlendum hráefnum. Sýnist slíkt hagkvæmt yrði gerð langtímaáætlun um eflingu innlends fóðuriðnaðar og bætta heyverkun, þar á meðal um nauðsynlegar rannsóknir til að kanna gæði og endurbæta innlent fóðurefni, svo og til að þróa verkunar- og framleiðsluaðferðir fyrir þau."

Till. þessari fylgdi ítarleg grg. sem ég skal ekki þreyta þingheim á að lesa, enda orðið býsna áliðið á þennan dag. Við Sveinn Jónsson endurfluttum till. árið eftir með nokkuð breyttu orðalagi, en sömu áherslum. Sú till. hlaut ekki afgreiðslu hér svo þörf sem hún var þá og er enn, og hefur til að mynda samhljómun við þá till. sem hér er flutt. Á þetta vildi ég minna nú, um leið og ég tek undir það að landbúnaður okkar á að byggja á innlendum aðföngum fyrst og síðast, hvort sem um er að ræða hinn hefðbundna búskap eða þá hinar margumræddu nýju búgreinar, og aðeins segja um það, að miðað við framleiðslu okkar og þann vanda sem þar hefur verið við að fást hlýtur það að vera umhugsunarefni og áhyggjuefni um leið og hversu mikið er um innflutt fóður, jafnvel til vissra nýrra greina í búskap hér, auk þess sem innflutt fóður er í allt of ríkum mæli notað sérstaklega varðandi mjólkurframleiðsluna. Á heimaöflun og framleiðslu innlends fóðurs verður því aldrei lögð of rík áhersla og því skal heils hugar tekið undir till. þessa. Þjóðhagsleg hagkvæmni er ótvíræð og fyrir atvinnugreinina, ekki síst þar sem hún liggur nú undir sífelldum áróðri óvandaðra manna, er nauðsynin rík og liggur í augum uppi.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Út af orðum hv. 2. þm. Austurl. get ég upplýst að nú er í fæðingu vönduð og ítarleg skýrsla, sem samin er að tilhlutan Rannsóknaráðs, um innlenda kjarnfóðurframleiðslu og verður séð til þess að hún fái kynningu og meðferð hjá réttum stjórnvöldum þegar þar að kemur, en það er aðeins daga- eða vikuspursmál hvenær hún verður tilbúin.

Ég vil bæta nokkrum orðum við framsögu 1. flm. þessarar till. til að undirstrika þýðingu þess að hinar gömlu dyggðir, nýtni og hirðusemi, verði hafðar í heiðri í okkar höfuðatvinnugreinum. Eins og hv. þm. vita, fer gífurlegt magn af úrgangi forgörðum í sjávarútvegi, úrgangi sem er í raun og veru verðmæti á röngum stað. Þetta er allt saman úrvals fóðurefni. Það ber fyrst að telja slógið og annan úrgang frá veiðiskipum, en þar fara líka til spillis tugir þúsunda tonna af öðrum fiskúrgangi, m. a. 5—6 þús. tonn af grásleppuúrgangi, og svo í frárennsli fiskiðjuvera yfirleitt.

Það hefur verið sýnt fram á það með margra ára tilraunum og í ár hjá 2—3 útgerðarfyrirtækjum að ekki er aðeins auðvelt heldur líka stórlega arðbært að hirða slóg um borð í togurunum. Það hefur verið skrifað nokkuð mikið um þetta efni. Það hefur enn fremur verið sýnt fram á það með tilraunum undir stjórn dr. Ólafs Guðmundssonar hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins að blöndun slógmeltu í gras- eða heymjöl og

köggla er ekki aðeins mikilvæg aukning á næringargildi heldur einnig á notkunarmöguleikum grasmjöls og lækkar vinnslukostnaðinn verulega. Þessi framleiðsla er ekki lengur tilraunavinnsla. Þetta er alvara sem hefur gefið góða raun s. l. sumar. Ég veit til þess að togari í Bolungarvík safnaði slógi s. l. átta mánuði eða um það bil og aflaverðmæti þess togara hefur hækkað um 3%. Það verður sem sagt 3% hærra aflaverðmæti á togaranum eftir að byrjað er að hirða slógið. Þessi slógmelta, sem kölluð er, var síðan unnin í verksmiðjunni á staðnum og seld sem fóðurbætir í verksmiðjuna í Gunnarsholti. Þetta finnst mér vera hægt að kalla virkilega innlenda fóðurbætisframleiðslu miklu fremur en þá blöndun og kögglun á innfluttu fóðri sem framkvæmd er hér og gengur undir nafninu innlend fóðurframleiðsla.

Það má segja að stórframleiðsla á slógmeltu um borð í öllum togaraflota Íslendinga sé eitt og smávegis hirðusemi og nýting á því sem til fellur við sjávarsíðuna og til sveita sé annað. Það hefur allvíða gerst á undanförnum árum að bændur hafa fengið vini og kunningja í sjómannastétt til að safna fyrir sig fiskúrgangi og slógi í tunnur og blanda með maurasýru. Mér er kunnugt um að bændur hafa hirt silungs- og laxaslóg og meltu með góðum árangri. Þeir menn hafa sagt mér að það sé ekki aðeins að þeir hafi sparað drjúgum fóðurbætiskaup með þessu móti, heldur hafi þeir einnig þóst merkja að heilsufar og þrif búpenings hafi verið með sérstökum ágætum á þessu fóðri. Þetta er svo ótrúlega auðvelt að fyllsta ástæða er til að hvetja menn til að nýta sér þessa möguleika.

Hv. 1. flm. till. skýrði nokkuð í framsögu sinni merkingu orðsins heimaöflun og hvert markmiðið er með þessum tillöguflutningi. Ég leitaði til gamans nokkurra upplýsinga um hvar notkun þessa hugtaks kæmi fyrir í eldri heimildum. Mér var bent á Búnaðarritið frá 1946—1947, þar sem Klemens Kristjánsson frá Sámsstöðum segir í skýrslunni um starfsemina á Sámsstöðum árin 1945 og 1946, með leyfi forseta:

„1945 náði bygg yfirleitt góðum þroska á Suður-, Vestur- og Norðurlandi, og s. l. ár hefur það eflaust náð ágætum þroska þar sem því var stefnt til fullrar þurrkunar. Illa gengur að fá bændur og þá, sem jarðrækt stunda, til þess að taka upp kornyrkju, og hafa undanfarin ár dregið mjög úr áhuga og viðleitni bænda á þessu sviði. Ég vona, að gott mál og heillavænlegt sigri um síðir, sú komi tíð, að bændur sjái sér hag í því að framleiða mestan eða allan þann kornmat, sem þarf til skepnufóðurs fyrst og fremst. Það ætti að vera metnaðarmál fyrir íslenska bændur að framleiða sem mest af því fóðri, er þeir þurfa handa mjólkurkúm. Undanfarin tvö ár hefur aðeins 15—22% af fóðurbæti þeim, sem notaður er í kýrnar á Sámsstöðum, verið innflutt, en afgangurinn 80—85%, heimaaflað eða innlend framleiðsla."

Með þessum orðum vildi ég undirstrika að fyrir löngu hafa menn gert sér grein fyrir því hversu þýðingarmikið það er að menn búi sem best að því sem landið getur gefið af sér og spari með því erlendan gjaldeyri og tilkostnað við búreksturinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipaútgerð ríkisins, þáltill. 17. mál (þskj. 17). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 17, þáltill. sem flestum þdm. á að vera kunnugt um hvað fjallar. Hún er ein af mörgum í röð tillagna um aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til þess að leggja niður eða hætta þátttöku í starfsemi sem ríkið er aðili að í dag.

Skipaútgerð ríkisins hefur í gegnum árin og þá kannske sérstaklega á seinustu 10 árum sætt þó nokkurri gagnrýni og þá af misjöfnu tilefni. En undir niðri hefur þó sjálfsagt mestu máli skipt að menn sáu ekki fram á það að hún næði tilætluðum árangri eða settum markmiðum. Tekjur og rekstrargjöld Skipaútgerðar ríkisins voru árið 1982 eins og hér segir:

Gjöld 169 millj. 657 þús. 159 kr. Af því var rekstrarkostnaður 122 millj., en vextir og afskriftir um 47 millj. Tekjur fyrirtækisins urðu af skipum, vöruafgreiðslu og fleiri póstum endanlega 83 millj. 925 þús. Halla varð því að mæta sem nam 85 millj. 731 þús. Skuldir Skipaútgerðarinnar þann 31.12.1983 voru 470 millj. og voru skuldirnar 15 millj. rúmar umfram endurmetnar eignir. Skuldirnar jukust um nærri 100% á árinu 1983, en hallinn jókst um 151%.

Skipaútgerðin, sem var rekin með 85 731 300 kr. halla á árinu 1983, á ekki fyrir skuldum og hefur ekki getað og mun ekki geta greitt afborganir lána öðruvísi en með nýjum lánum og er því í raun gjaldþrota. Væri um venjulegt fyrirtæki að ræða bæri stjórn fyrirtækisins að gefa það upp til gjaldþrotaskipta. En því er ekki til að dreifa í þessu tilviki, heldur er hér um eina af mörgum gömlum stofnunum ríkisins að ræða sem er á framfæri skattþegna.

Í umr. sem farið hefur fram um hallann á rekstri Skipaútgerðar ríkisins vill gleymast að ræða það veigamikla atriði hver tilgangurinn sé með Skipaútgerð ríkisins. Svarið við þeirri spurningu tengist náið spurningunni um það hver ríkisafskipti eigi að vera almennt. Það er almenn skoðun meginþorra landsmanna að ríkið eigi að tryggja sem jafnasta velferð þegnanna í landinu með því að sjá um heilbrigðis- og félagsþjónustu, menntun landsmanna og stór samfélagsleg verkefni eins og t. d. vegalagningu. Jafnframt því á ríkið að sjá svo um að landsmönnum sé kleift að reka atvinnugreinar sínar, hvort heldur þær eru á samvinnugrundvelli eða á grundvelli einkarekstrar, án of mikilla ríkisafskipta, en rétta fram örvandi hjálparhönd þegar með þarf án þess að fara út í beina samkeppni við framkvæmdavilja þegnanna.

Það er öllum ljóst að landsmenn sitja ekki allir við sama borð að því er varðar samgöngur. Samgöngur á landi til margra byggðarlaga eru oft ekki mögulegar mánuðum saman og þá er einungis um að ræða samgöngur á sjó eða í lofti. Flugvellir eru gjarnan fáir í slíkum héruðum og veður oft válynd og henta ekki til flugferðar. Eina lausnin er þá sú að nota sjóleiðina. Þegar þannig stendur á er eðlilegt að mínu mati að ríkið aðstoði þessi byggðarlög og tryggi þeim nauðsynlegar samgöngur. En það mun hafa verið upphaflega markmiðið með Skipaútgerð ríkisins og líka með styrkveitingum til flóabáta. Því miður virðist raunin hins vegar vera orðin sú að þetta markmið Skipaútgerðarinnar hefur gleymst. Ef marka má nýjustu fregnir frá Skipaútgerð ríkisins telur hún jafnvel hlutverk sitt felast

í allt öðru en því að tryggja öryggi þegna einhverra ákveðinna landssvæða sem búa við samgönguörðugleika.

Það má t. d. minna á það að nýtt fyrirtæki, sem rís á Norðurlandi, á Sauðárkróki, og mikil bjartsýni er bundin við, byggir að mestu leyti rekstrarafkomuáætlanir sínar á því að væntanleg viðskipti þess við Skipaútgerð ríkisins fari fram á þannig verðlagi á flutningum að það er ekki nokkur leið að Skipaútgerðin geti nokkurn tíma staðið undir kostnaði með þeim tilboðum sem hún hefur gert í flutningana frá Steinullarverksmiðjunni.

Ég vil leggja áherslu á það að ég tel, eins og ég sagði áðan, eðlilegt að ríkið gegni ákveðnu þjónustuhlutverki hvað erfiðar samgöngur snertir til ákveðinna byggðarlaga. Ef menn eru sammála um það að þetta skuli gerast þannig að ríkið reki skipaútgerð, þá hljómar oft á tíðum dálítið annarlega í eyrum manns sú fullyrðing eða krafa jafnvel að slíkt sé hægt að gera hallalaust. Ég á við það að réttlætingin á rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sérstaklega á stórkostlegum fjárfestingum sem áttu sér stað fyrir nokkrum árum þar, fólst í því að verið væri að koma Skipaútgerð ríkisins á hallalausan grundvöll. En jafnframt átti að sinna því þjónustuhlutverki sem upphaflega var markmiðið með stofnun fyrirtækisins. Ég tel að það verði að líta á hlutverk eða þjónustuhlutverk ríkisins í þessum málum þannig að samgöngur, hvort heldur eru á lofti, á láði eða á legi, verði sem jafnastar til allra hluta landsins og að ríkisvaldið hlutist til um, að svo miklu leyti sem því er fært og vilji er fyrir hendi, að slíkt verði.

Í því samhengi tel ég eðlilegt að ríkisvaldið veiti þeim stöðum þjónustu sem ekki njóta eðlilegra samgangna í lofti eða á láði. Aftur á móti er ég alls ekki sannfærður um að það þurfi endilega að gerast með því að ríkið reki skipaútgerð til þeirra hluta og mun ég kannske koma aðeins að því síðar. Ég tel að rekstur ríkisins á skipaútgerð sé ekki markmið í sjálfu sér, heldur leið að því markmiði að jafna aðstöðumun landsmanna með tilliti til samgangna. Það kann því í því samhengi, þó að það kannske heyri ekki hér beint til, að vakna sú spurning hvort ekki sé rétt að leita fleiri leiða svo sem þeirra t. d. að þjóna frekar færri stöðum en styrkja þess í stað með öðrum hætti flugsamgöngur eða aðrar samgöngur á landi þar sem slíkt hentar.

Það er af mörgum hlutum að taka þegar fjallað er um núverandi rekstur Skipaútgerðar ríkisins og kannske ekki ástæða til — vegna þess að þessi mál eru mönnum hér að mörgu leyti kunnug — að tína allt til. En ég vildi þó gjarnan nefna eitt atriði sem dæmi um það hvað ég tel litla skynsemi ríkja í rekstri þessa fyrirtækis. Á seinni árum hefur komið upp sú staða að Skipaútgerð ríkisins rekur til hliðar nokkurs konar bifreiðaútgerð ríkisins. Til þess að hagræða í rekstri, eins og það var kallað, fækkuðu þeir viðkomustöðum víðs vegar um landið en bjóða þess í stað upp á landflutninga til þessara viðkomustaða og frá og til móttakenda. Nú er það komið svo langt að það skiptir engu máli hvort þú býrð t. d. á Reyðarfirði eða á Egilsstöðum, það er jafn dýrt eða jafn ódýrt að fá vörur frá Reykjavík á báða staðina, þ. e. það kostar þig ekki sem viðtakanda neitt meira að taka á móti vörunni á Egilsstöðum en á Reyðarfirði.

Þetta þýðir að Skipaútgerð ríkisins greiðir þeim verktaka, sem í þessu tilfelli mun held ég vera kaupfélagið, kostnaðinn af flutningunum og tekur hann á sig algjörlega. Þetta er eins konar niðurgreiðsla fyrirtækisins á landflutningum. Hvað mega íbúar svæða t. d. eins og hérna á Suðurlandsundirlendi segja, sem ekki eiga þess raunar kost að fá neitt flutt til sín með skipum, um þá mismunun sem ríkið stundar með þessum hætti? Eiga þeir ekki beinlínis kröfu á því — ef þetta er skv. yfirlýstum vilja ríkisvaldsins — að flutningar til þeirra — ef þeir búa á Hvolsvelli eða í Vík í Mýrdal — séu niðurgreiddir með sama hætti og þeir flutningar sem ég var að lýsa áðan?

Það er hægt að benda á það að stór fyrirtæki í verslun gera beinlínis út á þennan lága flutningskostnað Skipaútgerðar ríkisins. Samband ísl. samvinnufélaga, sem býður upp á sama verð á nauðsynjavörum um allt land, gerir í raun og veru út á þessa jöfnun flutningskostnaðar sem gerist í gegnum flutninga Ríkisskips því að þeir flytja þetta með ríkisskipum, ekki með sínum eigin skipum. Þess eru mýmörg dæmi að þau skipafyrirtæki sem hér starfa umskipa vöru sinni, sem er á leiðinni annaðhvort að eða frá landinu, hér í Reykjavík beinlínis í þeim tilgangi að lækka endanlegan flutningskostnað vegna þess að Ríkisskip býður lægsta verð allra á flutningum frá Reykjavík milli hafna út um landið.

Það má nefna t. d. það dæmi að frá Húsavík er fluttur kísilgúr til Reykjavíkur í skipum Ríkisskips og honum umskipað þar yfir í skip annarra flutningsaðila. Í því tilfelli mun það vera þannig að sá flutningsaðili, sem tekur við hérna í Reykjavík, var hinn upphaflegi bjóðandi í verkið, bauð það síðan út til Ríkisskips og hirðir í milli um 50% af upprunalegu tilboði.

Ég held því fram að sá halli, sem skattgreiðendur verða að greiða af þessum rekstri Ríkisskips eða Skipaútgerðar ríkisins eins og ég hef verið að lýsa honum, auki endanlega heildartilkostnað á flutningum á nákvæmlega sama hátt og stærð fiskiskipaflotans eykur heildartilkostnað við öflun þess fiskjar sem við erum að veiða til að afla okkur tekna. Þess vegna tel ég að heilbrigðasta leiðin í þessari stöðu væri sú að leggja niður rekstur Skipaútgerðar ríkisins, selja eignir þessa fyrirtækis og þjóna því hlutverki sem ríkið telur sér skylt að þjóna einfaldlega með beinum framlögum til þeirra byggðarlaga sem á þessari þjónustu þurfa að halda.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þessa till. Á dagskrá þessa fundar eru einar 10 till. frá sama hv. þm. Stefáni Bendiktssyni um það að leggja niður ríkisstofnanir. Þetta eru flestar slæmar till. og fylgja þeim snubbóttar grg. því að það hefur ekki verið lögð mikil vinna í að setja þær saman. Mér finnst það vafamál hvort ekki sé með þessum till.-flutningi verið að misnota þingsköpin. Það hefði verið eðlilegra að flytja þetta sem eitt þingmál. Hefði ég verið forseti hefði ég hugleitt það vandlega hvort ekki mætti koma því þannig fyrir eða hvort ástæða væri til að heimila málflutninginn í þessu formi.

Að sjálfsögðu tekur þetta mikið af fundartíma þingsins. Við þurfum að hafa í heiðri málfrelsi og tillögurétt en ég held að hér sé alveg farið á ystu nöf.

Ég er á móti þessum till. öllum. Sumum þessum stofnunum þarf að breyta verulega og ég get vel staðið að því að leggja það til. En allar sinna þessar stofnanir nauðsynlegum störfum og þjóðfélagið gengur ekki eðlilega nema með tilvist slíkrar starfsemi. Ég tel að það þurfi að endurskipuleggja Skipaútgerðina og það sé

mjög brýnt verkefni að endurmeta stöðuna og endurskipuleggja þessa starfsemi. Þessi starfsemi þarf að vera fyrir hendi og ég sé ekki að henni væri betur fyrir komið en með því að ríkið hefði þar hönd í bagga. Þetta fyrirtæki, Skipaútgerðin, er ákaflega mikilvægt fyrir þær byggðir sem aðrir þjóna ekki. Það er ósköp þægilegt að standa hér í ræðustól og segja að hægt sé að annast flutninga með öðru móti og það væri hægt að fara á bílum á milli staða, það háttar bara ekki alls staðar svo til — **(Gripið fram í:** Það sagði ég ekki.) — að það sé hægt að fara með öðrum hætti en sjóleiðina þannig að öryggi sé í flutningi. Hv. flm. gerði mál úr því að þetta fyrirtæki yrði til jöfnunar á flutningskostnaði. Mér finnst það vera af hinu góða að flutningskostnaður sé sem jafnastur og ég vil stefna að sem jafnastri lífsaðstöðu þegnanna hvar sem er á landinu. Ég er sem sagt á móti þessari till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það væri raunar ástæða til þess að halda nokkuð langa ræðu um þetta mál vegna þess að þetta mál segir í sjálfu sér töluvert um það hvernig hv. flm. hugsar í sambandi við þetta mál og ýmis önnur sem hann hefur hér flutt í Sþ. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma vegna þess að hér er fátt inni og áliðið dags. En ég vil bara undirstrika það að allir gömlu stjórnmálaflokkarnir komu sér saman um það og gáfu út tilkynningu um það að þeir ætluðu að reyna að minnka aðstöðumuninn í þjóðfélaginu með ýmsum hætti. Þó að lítið hafi enn þá verið gert svo ég viti til að rannsaka það með hvaða hætti á að gera þetta, þá liggur þetta fyrir og hlýtur að verða krafist af þm. að þessi könnun fari fram, hvernig eigi að fara að þessu.

Ef þessi till. hefði verið á þann hátt að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að gera könnun á því hvort hægt væri að inna þessa þjónustu af hendi á ódýrari hátt en með Skipaútgerð ríkisins, það væri allt annað mál. En ég sé ekki betur — sérstaklega ef maður athugar þann málflutning sem flm. till. hafði í frammi — að það sé hans skoðun að leggja eigi Skipaútgerð ríkisins niður án þess að þessi könnun fari fram. Að vísu er í till. komist svo að orði: „til að leggja megi niður starfsemi Skipaútgerðar ríkisins," hvað sem það táknar nú. En miðað við hans túlkun á málinu gat ég ekki skilið annað. Mér fannst það ákaflega merkilegt sem hann sagði um það að Skipaútgerðin borgaði flutninga á landi, t. d. frá Reyðarfirði í Egilsstaði. Þetta er alveg nýtt fyrir mér. Ég held að þetta sé svo mikill misskilningur sem mest má vera — **(StB:** Hjá þér?) — hjá hv. flm. Ég held nefnilega að Ríkisskip greiði þetta ekki niður nema ef þeir fara fram hjá höfn, fella niður að koma við í einhverri höfn, það er engin höfn á Egilsstöðum. Ég veit ekki til þess að strandferðaskipin hafi siglt upp Lagarfljótið. Ég skil ekki rökin fyrir því að þetta sé gert á þennan hátt, mér er ómögulegt að skilja það.

Hitt veit ég að ef Skipaútgerðin hefur talið sig hafa hag af því að fara fram hjá höfn og koma vöru með öðrum hætti á milli staða þá er það ekki nema eðlilegt að þeir beri kostnað af því. Ég er alveg til með að athuga alla þá möguleika sem eru fyrir hendi til að kanna það hvort hægt er að annast þjónustu á þennan hátt með ódýrari hætti en gert er. En að ætla sér að leggja niður t. d. Skipaútgerð ríkisins áður en þessi könnun fer fram, það er alveg fráleitt, það er svo fráleitt að maður er eiginlega undrandi yfir því að slíkt skuli koma hér fram á Alþingi á árinu 1985.

Ég held að þjóðin standi nú frammi fyrir því og ekki síður stjórnvöld að gera sér grein fyrir því að við höldum ekki landinu í byggð með öðrum hætti en að minnka þann mun á lífsaðstöðu í landinu. Hvernig við eigum að fara að því er langt mál og geta líka verið skiptar skoðanir um það hvernig eigi að gera þetta. En ef menn á annað borð hafa þá skoðun að þetta sé þjóðinni nauðsynlegt, — sem ég efa ekki að sé, þá verður að fara þær leiðir sem eru ódýrastar en ná þeim markmiðum sem við ætlum að ná og það ber að gera það. Ég treysti því og raunar veit það að svona till. verður ekki samþykkt hér á hv. Alþingi, enda væri illa komið fyrir þessari stofnun ef slíkt væri gert.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er að sönnu nokkuð frumleg till.-gerð og frumleg vinnubrögð sem hv. flm. Stefán Benediktsson 8. þm. Reykv. viðhefur með þessum málalista sem hér liggur fyrir á dagskrá Sþ. Ég er ekki endilega sammála hv. 2. þm. Norðurl. v. sem hér talaði og taldi að eðlilegast hefði verið að allar þessar till. hefðu verið sameinaðar undir einu og sama númerinu og ræddar í einu. Ég held nefnilega að hér sé um svo gjörólíka starfsemi að ræða og aldeilis mismunandi ríkisfyrirtæki að það sé eiginlega nauðsynlegt að ræða um þau hvert fyrir sig. Ég er til að mynda alveg til í að skoða það með hv. flm. að ríkið geti látið af afskiptum af vissum fyrirtækjum sem hér eru nefnd en í öðrum tilfellum er ég honum aldeilis ósammála og sé ekki að nokkur annar aðili en hið opinbera geti innt af hendi þá starfsemi sem um er að ræða.

Ég á t. d. erfitt með að koma auga á það að annar aðili en ríkið annist þá þjónustu sem Skipaútgerð ríkisins veitir og uppfylli þær skyldur sem því hafa verið lagðar á herðar, að jafna aðstöðumun manna eftir því hvar þeir búa á landinu með þessum hætti. Ég lít á rekstur Skipaútgerðar ríkisins sem anga af samgöngumálum landsmanna, að þetta er í raun og veru samgöngumál.

Ég hef fram að þessu haldið að ekki væri um það ágreiningur með þjóðinni að það opinbera annaðist í stórum dráttum rekstur samgöngukerfisins, a. m. k. vegi, brýr og byggði flugvelli, hafnir o. s. frv. Það er mismunandi auðvelt að innheimta fyrir þessa þjónustu. Í vissum tilfellum eru það fyrirtæki sem taka það gjald fyrir þjónustuna að þau geta haldið þeim rekstri uppi, í öðrum tilfellum borgar ríkið meira og minna með starfseminni. Þetta er alsiða með öllum þjóðum og ég held að við Íslendingar komumst ekkert fram hjá því frekar en aðrir, að það opinbera sé að meira og minna leyti aðili að öllum samgöngumálum, öllu sem það snertir hér.

Ég er út af fyrir sig einnig tilbúinn að ræða skipulag Skipaútgerðar ríkisins, en ég tel fráleitt að slá því föstu með till.-flutningi af þessum toga að heppilegasta leiðin sé að leggja fyrirtækið niður, leggja starfsemina niður. Kæmi það í ljós mundum við að sjálfsögðu kyngja því eftir vandlega könnun að heppilegra væri að gera þetta með öðrum hætti. En ég tel þann rökstuðning, sem hér er fram færður fyrir því, allsendis ónógan. Og mér finnst það allt of óljóst hvað við eigi að taka til þess að

menn geti samþykkt slíkar tillögur. Ef ég fer rétt með þá kom það fram í framsögu hjá flutningsmanni að leggja bæri þetta niður og greiða sem bein framlög til viðkomandi byggðarlaga þær fjárhæðir sem hið opinbera yrði að inna af hendi af þessum sökum. Ég get sem sagt ekki séð í fljótu bragði að það séu efnisleg rök fyrir því, á þessu stigi málsins, að samþykkja slíka till.

Það hefur reyndar löngum vakið undrun mína hversu lítið er flutt á sjó á seinni árum hér á Íslandi. Að gefinni þeirri staðreynd, sem enginn mótmælir, að Ísland er eyja, þá finnst mér hlutfall flutninga á landi og í lofti ótrúlega hátt miðað við það hversu auðvelt það ætti að vera að skipuleggja hér góðar samgöngur á sjó með *mátulega tíðum* ferðum til þess að tengja alla strandlengju landsins saman með þeim hætti. Farþegaflutningar á sjó hafa að heita má lagst niður í seinni tíð. Og það er auðvitað vegna þess hvað áætlunin er gisin og langt líður milli ferða að menn taka jafnvel flugvél til Reykjavíkur frá einum stað á strandlengjunni og fljúga til baka til þess næsta, í staðinn fyrir að sigla kannske fyrir eitt annes, sem ætti að vera auðvelt ef áætlun Skipaútgerðar ríkisins eða einhvers annars aðila, sem annaðist þessa þjónustu, væri sniðin með það fyrir augum. Inn í þetta spilar auðvitað batnandi vegakerfi og bættar samgöngur í lofti. Engu að síður teldi ég það stórt skref *aftur á bak ef af legðist með öllu sú þjónusta* sem Skipaútgerð ríkisins hefur haldið uppi. Því valda fyrst og fremst landfræðilegar aðstæður á ýmsum stöðum og mikill aðstöðumunur sem af því mundi leiða fyrir ákveðin byggðarlög.

Ég tel sem sagt, herra forseti, ekki efnisleg rök fyrir því að samþykkja slíka till. eins og málum er háttað og með þær upplýsingar sem þm. hafa í höndum um þessi mál. Hitt er í raun allt annað mál að fara ofan í saumana á rekstri og skipulagningu Skipaútgerðar ríkisins og það sama má reyndar segja um margar af þeim stofnunum sem hv. þm. leggur til að lagðar séu niður með samhljóða grg. á fjölmörgum þskj.

Það er ákveðin tíska í dag að sumir vilja sem ólmast selja ríkisfyrirtæki, aðrir vilja sem ólmast leggja þau niður. Ég held að það sé meira af einhverjum misskildum hugsjónalegum metnaði sem menn fara inn á þessa braut, gjarnan án þess að skoða nógu rækilega hvað eigi þá að taka við, hverjir eigi að annast þessa þjónustu og hvernig eigi að haga þeim málum. Menn taka hér allmörg skref í tilhlaupinu sem kannske verður svo mjög lítið stökk þegar lent verður á bakkanum hinum megin.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég skal ekki meta það í sjálfu sér hvort það er að misnota þingsköpin að flytja þessi mörgu mál en ég óttast hins vegar að ormurinn langi verði seinunninn ef miðað er við það hvernig okkur miðar nú.

Þetta mál, sem hér er til umr., vildi ég einmitt sjá rætt til hlítar. Án þess að lengja þessa umr. mikið vil ég lýsa því yfir að ég tek undir þessa till. Ég hnaut um það í fjárlagatill. að um 40 millj. kr. styrk var að ræða til Skipaútgerðar ríkisins og var sú fjárhæð mér nokkur þyrnir í augum. Hv. flm. hefur upplýst að taprekstur Skipaútgerðarinnar hafi verið meiri og verði eflaust meiri. Ég hef saknað þess að hafa ekki séð eða heyrt meiri umr. á síðustu tímum um kaup annarra skipafélaga á Skipaútgerð ríkisins eins og þó til stóð.

Skipaútgerð ríkisins var nefnilega til sölu haustið 1983. Hún tapar stöðugt, það hefur verið upplýst. Ég minnist smíðanna í Bretlandi fyrir nokkrum árum sem fóru fram á sama tíma og skipasmíðastöðvar hér heima *vantaði sjálfar verkefni og hefðu getað tekið* þessi verkefni að sér. Það stóð til að þessi nýi skipakostur yrði til mikillar hagræðingar í rekstri.

Nú hef ég heyrt að til standi að breyta skipunum stórlega með ærnum tilkostnaði í frystiskip með frystilestum. Ég get staðfest það að þessi dæmisaga sem hv. flm. sagði frá kísilgúrflutningunum, er rétt. Ég veit þó ekki hvort prósentutalan er 50 eða ekki, en alla vega er mun ódýrara fyrir Hafskip að flytja kísilgúr frá Húsavík í gámum til Reykjavíkur með Ríkisskip, á því er enginn vafi, þar er um visst undirboð að ræða.

Ég get ekki sætt mig við þann málflutning að hér sé verið endilega að skerða þjónustu við landsbyggðina. Skipafélögin þrjú, sem viðræður stóðu við og gerðu einhvers *konar málamyndatilboð* eða a. m. k. leituðu eftir viðræðum við ríkisvaldið um kaup á hlutum í Ríkisskip, ég get ekki séð annað en að þessi skipafélög gætu fullkomlega séð fyrir þeirri þjónustu sem Ríkisskip veitir nú. Hver veit nema hún yrði betri. Ég get ekki skilið að hér sé verið að tala um að afleggja þjónustu. Mér finnst það hálfgerður útúrsnúningur.

Hitt get ég tekið undir að rökstuðningur sé ekki nógur og að það þurfi að fara betur ofan í saumana á þessu máli, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan. Þetta þarf að kanna mikið betur og ég reikna með að það verði gert og vonast til að sú könnun sé þegar í gangi þó að lítið hafi af henni frést.

Það er sem sagt alls ekki gefið, þó að því hafi verið haldið fram, að flutningar með Ríkisskip séu endilega miklu ódýrari en þeir yrðu á annan hátt. Til þess að lengja ekki málið meira vildi ég aðeins lýsa því yfir að ég hefði óskað þess að þessi till. yrði rædd að fullu og næði fram að ganga.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi segja örfá orð um þessa till. sem hér er til umr. Ég er einn af þeim sem þurfti í því starfi sem ég stundaði hér á árum áður að nota þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, fyrir um 20 árum síðan fyrst. Þá var þessi þjónusta mjög bágborin og ferðir stopular og vörumeðferð þessa fyrirtækis afar slæm. Þessi þjónusta hefur stórbatnað á síðustu árum, ferðir eru orðnar öruggar, vörumeðferð hefur stórbatnað og viðskipti við Skipaútgerð ríkisins hafa aukist, a. m. k. á Austurlandi.

Nú er til umr. till. um að leggja þessa starfsemi þessa skipafélags niður án þess að því fylgi nokkur grg. um það hvað eigi að taka við, hvaða aðilum eigi að fela að sjá um þessa þjónustu. Nú er ekki þar fyrir að ýmis skipafélög stunda siglingar hér til landsins og á ströndina. Eigi að síður er engin trygging fyrir því að þessi félög haldi uppi samgöngum til afskekktra staða sem hafa notið þjónustu Skipaútgerðar ríkisins til þessa.

Það er rétt, sem hefur komið fram hér hjá ræðumönnum sem talað hafa á undan mér við þessa umr., að það kann að vera rétt og skylt að endurskoða og fara ofan í saumana á starfsemi þessa fyrirtækis því áreiðanlega er þar ýmislegt sem má betur fara þó að starfsemin hafi stórbatnað á síðustu árum, eins og ég hef rakið áður. Ég tel að samgöngur á sjó séu eðlilegar við okkar staðhætti og það eigi að efla og auka vöruflutninga á

sjó. Ég tel að það sé óeðlilegt, eins og t. d. frá Austurlandi, að það aki sægur vöruflutningabíla um 700 km. leið til Reykjavíkur í viku hverri til að flytja héðan þungavörur. Þeir flutningar eiga að fara fram sjóleiðina og þessir flutningar þurfa að vera öruggir þannig að tryggt sé fyrir notendur að ferðir séu einu sinni í viku, eins og nú er.

Flm. till. viðurkennir að ríkið eigi að sjá um vegalagningu. Hann telur að það sé eðlilegt að ríkið aðstoði við nauðsynlegar samgöngur og þar má nefna sjósamgöngur. Það má því segja að það sé að nokkru eðlilegt að ríkið leggi eitthvað til Skipaútgerðarinnar þó að vissulega verði að ná fram fyllstu hagkvæmni í rekstri hennar.

Ég fæ ekki séð hvernig bein framlög til þeirra byggðarlaga, sem verst eru stödd, gætu komið hér í staðinn eða hvort þar yrði um minni útgjöld að ræða en nú eru til Skipaútgerðarinnar. Það hefur verið rætt hér töluvert um afslætti af flutningsgjöldum Skipaútgerðarinnar og Skipaútgerðin hefur veitt slíka afslætti, m. a. Sambandi ísl. samvinnufélaga. En þeir afslættir hafa gert það að verkum að vöruflutningar hafa aukist með félaginu og þar hefur áreiðanlega komið nokkuð á móti.

Ég er andsnúinn þessari till. eins og hún er flutt. En auðvitað mundi ég styðja till. ef hún kæmi fram um að starfsemi Skipaútgerðarinnar yrði skoðuð, hvað megi þar betur fara og hvernig hún geti þjónað hlutverki sínu best, annaðhvort ein sér eða í samvinnu við önnur skipafélög.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Við erum hér nokkrir saman komnir rétt eina ferðina til að ræða eina af þessum mörgu till. í bandorminum mínum. Ég þakka þá umr. sem hér hefur farið fram þó að ég sakni þess líka að vissu leyti að hún fjalli ekki eins mikið um grundvallaratriði þessa máls og ég hefði æskt. Ég hefði svo sem getað látið fylgja með hverri þessara grg. allítarlegar upplýsingar um tölulega stöðu þessara fyrirtækja sem um ræðir og ýmislegt í þeirra rekstri sem fljótgert er að benda á. Menn tala hér um að það þurfi að gera könnun, þurfi að rannsaka. Ég held að menn átti sig ekki á því að sú rannsókn þarf í sjálfu sér ekki að vera ýkja löng eða flókin. Hún getur nánast átt sér stað héðan úr þessum ræðustól.

Við tölum fyrst um grundvallaratriðið um afskipti ríkisvalds. Ég er þeirrar skoðunar, eins og flestir hér inni, að ríkisvald beri ákveðna ábyrgð á samgöngum á landi og sjó, þ. e. beri ábyrgð á ákveðnum jöfnuði í samgöngum fyrir alla landsmenn. Þar með væri í raun og veru fyrstu grein þessarar rannsóknar lokið að því leyti að vilja væri lýst yfir.

Annar liður þessarar rannsóknar væri spurningin um starfsemi Ríkisskips til þess að fullnægja þessum kröfum. Og ef menn opna nú hug sinn og skoða þetta mál með sæmilega fordómalausu hugarfari má benda á tvennt. Samgöngur á sjó eru nauðsynlegar til sumra staða vegna þess að erfitt er að komast þangað með öðrum hætti. Þar þarf að sjá fyrir góðum samgöngum af sjó. Samgöngur eru nauðsynlegar til einhverra fleiri staða vegna þess að sú vara sem á að flytja er þess eðlis að erfitt er að flytja hana á landi.

Þessar tegundir flutninga eru að nokkru leyti algerlega óskyldar. Fyrri gerð flutninganna er nauðsynleg vegna þess að aðrar gerðir flutninga eru illmögulegar vegna aðstæðna, þ. e. það eru ekki vegir eða flughafnir fyrir hendi. Hin tegund flutninganna er nauðsynleg vegna þess einfaldlega að varan sem um ræðir er þess eðlis að hún verður ekki flutt hæfilega með öðru móti, en það er ekki þar með sagt að slíkir flutningar þurfi að niðurgreiðast, þ. e. að þeir séu hluti af einhverju samgönguvandamáli vegna þess að þarna er líklegast yfirleitt um einhverja þá hluti að ræða sem sjaldan þarf að flytja.

Þegar við erum að niðurgreiða samgöngur á einhverja ákveðna staði víðs vegar út um landið miðast í raun og veru niðurgreiðslan af rekstri Ríkisskips við viðkomu þess í ákveðnum höfnum. Ef við hugsum okkur að Ríkisskip væri ekki fyrir hendi heldur þau þrjú skipafélög önnur sem hér starfa í landinu og líklega nokkur fleiri, þá þyrfti í raun og veru kostnaðarþátttaka ríkisins einfaldlega að miðast við það að niðurgreiða flutninga á ákveðnar hafnir þar sem íbúar viðkomandi byggðarlaga ættu ekki kost á eðlilegum samgöngum allt árið um kring til jafns við aðra landsbúa. Óeðlilegt er að mínu mati að mismuna landsbúum, en útgerð Ríkisskips mismunar landsbúum með því fyrirkomulagi sem nú er. Mjög margir þurfa að sækja flutninga um mjög langan veg en eiga engan kost á þeim niðurgreiðslum sem fram fara í gegnum rekstur Ríkisskips. Óeðlilegt er líka að mínu mati að auka umfang í rekstri sífellt með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði, eins og ráðamenn fyrirtækisins segja en valda hinu gagnstæða.

Hv. ræðumaður hér á undan mér lýsti þjónustu Ríkisskips fyrir 20 árum. Hún var stopul og léleg og meðferð vörunnar léleg. En tapið á Ríkisskip var ekki eins mikið þá og það er í dag hlutfallslega. Nú hefur þjónustan batnað, stóraukist og umsvif þessa fyrirtækis fara sívaxandi og tap þess fer sívaxandi. Er tapið í beinu hlutfalli við þátttöku ríkisins í því að greiða niður aðstöðumun þegnanna? Ég efa það.

Ég veit ekki hversu margir hafa fylgst með þeim samningum sem í gangi voru milli Ríkisskips og steinullarverksmiðjunnar. En þar ætlaði Ríkisskip í grófum dráttum að flytja steinullina til Reykjavíkur til umskipunar á u. þ. b. 15% af reiknuðu kostnaðarverði til flutninganna. En til þess að annast þessa flutninga þyrfti Ríkisskip að auka skipakost sinn um 75%. Hvaðan halda menn að hafi átt að taka þær fjárfestingar og hvaða þegnum var verið að þjóna með þeirri niðurgreiðslu?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstöfun gengismunar.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um ráðstöfun gengismunar, á þskj. 215.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

„1. Hve mikið hefur innheimst af gengismun skv. 3. gr. l. nr. 71/1984, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum?
2. Hvað er áætlað að mikið fé eigi eftir að koma í gengismunarsjóð?
3. Hverjir hafa fengið greitt úr sjóðnum, hve mikið hefur farið til hvers og til hvaða nota?
4. Hvernig verður því fé skipt sem nú er óráðstafað?
5. Hver er áætlaður vaxtahagnaður sjóðsins?"

Þegar gengi íslensku krónunnar var breytt 27. maí 1983 var ákveðið með bráðabirgðalögum, nr. 52 27. maí 1983, að innheimtur skyldi 10% gengismunur af sjávarafurðum, sem framleiddar voru fyrir 1. júní 1983 og fluttar úr eftir það.

Svar við 1., 2. og 5. spurningu:

Staða verðhækkanareiknings (gengismunarreiknings) þann 15. janúar 1985 og áætlun um óinnkomið.

Í millj. kr.

	Innkomið	Áætlað óinnkomið	Samtals
Freðfiskur	249,0	0	249,0
Saltfiskur	128,3	0	128,3
Skreið	94,5	140[x])	234,5
Mjöl	6,9	0	6,9
Hrogn	2,8	0	2,8
Lýsi	1,4	0	1,4
Vextir 1983 og 1984	22,6		22,6[xx])
Samtals	505,5	140	645,5

x) Útistandandi skuldir vegna skreiðar eru nú um 550 millj. kr. Langmestur hluti þeirra er vegna framleiðslu fyrir 1. júní 1983. Tekjur gengismunarsjóðs af þessari upphæð mundu verða u. þ. b. 45 millj. kr. Áætlað verðmæti skreiðarbirgða í landinu er u. þ. b. 1100 millj. kr. Að gefnum ákveðnum forsendum mundu birgðirnar skila í gengismunarsjóð 90–100 millj. kr. Miðað við stöðu mála nú verður að teljast ólíklegt að sú upphæð skili sér inn í gengismunarsjóð, a. m. k. gerist það ekki á næstu tveimur árum. Hins vegar er góð von um að áður nefndar 45 millj. kr. skili sér í sjóðinn á þessu ári.

xx) Vaxtatekjur árið 1983 voru 17,8 millj., en 4,8 millj. árið 1984. Vaxtatekjur árið 1985 munu verða óverulegar þar sem lítið kemur nú í sjóðinn og rennur fljótt upp í skuldbindingar.

Svar við 3. og 4. spurningu:

	Úthlutun kr.	Greitt kr.
1. Lán til loðnuskipa	60 000 000	60 000 000
2. Lán til loðnuvinnslustöðva	15 000 000	13 395 000[x])
3. Til orkusparandi aðgerða	10 000 000	10 000 000
4. Til eflingar gæða og vöruvöndunar	10 000 000	10 000 000
5. Til lífeyrissjóða sjómanna	30 000 000	30 000 000
6. Til annarra velferðarmála sjómanna	7 000 000	7 000 000
7. Til styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa	4 000 000	4 000 000
8. Til sérstaks átaks í loðnuleit haustið 1983	1 200 000	1 200 000
9. Til greiðslu eftirstöðva og vaxta af skuld Olíusjóðs fiskiskipa, lög nr. 1/1983, u. þ. b.	60 000 000	40 000 000
10. Til Stofnfjársjóðs fiskiskipa inn á reikninga fiskiskipa með hliðsjón af aflaverðmæti 01.07.1982–30.06.1983	100 000 000	100 000 000
11. Til Stofnfjársjóðs til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa	200 000 000	175 000 000
12. Til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs	60 000 000	33 000 000
13. Sjóslysanefnd	350 000	350 000
14. G.I.F.A.	3 378 823	3 378 823[xx])
15. Öryggismál sjómanna	3 000 000	0
Samtals	563 928 823	487 323 823

x) Ekki eru horfur á að um frekari útgreiðslu af þessum lið verði að ræða.

xx) Kostnaður vegna samnings við bandarísk stjórnvöld um veiðiheimildir innan bandarískrar fiskveiðilögsögu. Ætlast er til að þeir aðilar, sem nýta munu sér þessar heimildir, endurgreiði sjóðnum þennan kostnað.

Efri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 358). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir til nýrra laga um Veðurstofu Íslands er samið af starfsmönnum samgrn. og veðurstofustjóra. Gildandi lög um stofnunina eru nr. 17 frá 1958 og því meira en aldarfjórðungsgömul. Leiðir því af sjálfu sér að full ástæða er til þess að endurskoða lögin og færa þau til samræmis við nútíma aðstæður.

Um s. l. áramót voru 65 ár liðin síðan Veðurstofan tók til starfa, en það var 1. jan. 1920. Þá höfðu hefðbundnar veðurathuganir verið gerðar um langt árabil, en þær hófust 1845 eða fyrir 140 árum. Eins og að líkum lætur hefur aukin tækni og þá ekki hvað síst í fjarskiptamálum gerbreytt starfsemi og starfsaðstæðum Veðurstofunnar gegnum árin og nú síðast hefur tölvutækni rutt sér til rúms við vinnslu veðurspádóma. Með þessu frv., sem aðeins er sex greinar ásamt ákvæði til bráðabirgða, er stefnt að setningu rammalaga um stofnunina. Nánari fyrirmæli um málefni hennar og starfsemi verða síðan sett í reglugerð.

Varðandi einstakar greinar vil ég sérstaklega leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Í 2. gr. frv. er ákvæði um að veðurstofustjóri verði skipaður til fimm ára í senn. Þetta ákvæði er sett í frv. í samræmi við almenn viðhorf um endurnýjun í æðstu stöður, en heimilt er engu að síður að endurskipa veðurstofustjóra svo oft sem verða vill. Í bráðabirgðaákvæði með frv. er tekið fram að núverandi veðurstofustjóri haldi þó ótímabundinni skipun sinni.

Í 3. gr., sem er efnismesta grein frv., eru verkefni Veðurstofunnar skilgreind í tíu liðum. Helstu breytingar frá gildandi lögum eru þær, að gerð eru skil á þeim tæknibreytingum sem orðið hafa og Veðurstofan hefur tekið í þjónustu sína, svo sem möguleika á sjálfvirkum veðurstöðvum og upplýsingaöflun frá gervihnöttum.

Í 6. lið er um að ræða nýtt verkefni, þ. e. að gera athuganir á loft- og úrkomumengun. Mikið hefur verið leitað undanfarin ár til Veðurstofunnar um upplýsingar varðandi mengun í andrúmslofti og úrkomu, magn hennar og dreifingu. Með nýjum iðjuverum og áformum um fjölgun þeirra hefur þessi starfsemi farið vaxandi og hefur Veðurstofan starfrækt eina stöð þar sem gerðar eru mengunarathuganir svo og tekið þátt í mengunarrannsóknum að beiðni ríkisstofnana og nefnda á vegum ríkisins. Þá er rétt að geta þess að Alþjóðaveðurfræðistofnunin fer með athuganir á mengun lofthjúpsins á alþjóðavettvangi og tengist Veðurstofan því starfi skv. 9. lið 3. gr. þar sem segir að eitt af verkefnum Veðurstofunnar sé að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings Veðurstofunnar.

Á síðustu árum hafa augu manna opnast fyrir nauðsyn þess að fylgjast eins nákvæmlega og unnt er með snjóflóðahættu, jafnframt því sem áhersla hefur verið lögð á snjóflóðavarnir. Með bréfi samgrn. frá 11. maí 1978 er Veðurstofunni falið að annast starfsemi sem lýtur að þessum málum. Um þennan mikilsverða þátt eru engin ákvæði í lögum, en full ástæða þykir til að svo sé, sbr. 7. lið 3. gr. þar sem segir að verkefni Veðurstofunnar sé að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu, gefa út aðvaranir um snjóflóðahættu og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um takmörkun mannvirkjagerðar á hættusvæðum snjóflóða.

Í 4. gr. frv. er ráðh. gefin heimild til að ákveða með gjaldskrá þau gjöld sem greiða ber Veðurstofu Íslands fyrir þjónustu sína. Hér er átt við ýmsa sérþjónustu. Sem dæmi má nefna að veðurstofur víða í Evrópu fá sérstaka greiðslu vegna flugveðurþjónustu og t. d. fær sænska veðurstofan greiðslu frá sænsku vegamálastjórninni og ríkisútvarpinu fyrir sérstakar veðurspár. Því þykir rétt að hafa þessa gjaldtökuheimild í frv.

Ekki þarf á þessum vettvangi að fjölyrða um þá mikilsverðu þjónustu sem Veðurstofa Íslands veitir öllum landsmönnum og raunar ekki aðeins þeim heldur er starfsemi stofnunarinnar einnig ómissandi hlekkur í veðurspárkerfi fjölmargra annarra þjóða. Höfuðatvinnuvegir landsmanna hafa haft bein not af þessari þjónustu, þ. e. sjávarútvegur og landbúnaður, en auk þess felur starfsemin í sér víðtækan öryggisþátt sem kemur öllum landsmönnum jafnt að gagni. Það er því nauðsynlegt að stofnunin hafi örugga og nútímalega löggjöf um starfsemi sína og að því er stefnt með framlagningu þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð hér. Ég fer ekki út í efnislegar umr. um frv., en tek þó undir meginmál þess og tel það tvímælalaust af hinu góða.

Hér er um nánari og betri skilgreiningu að ræða á verkefnum þessarar þýðingarmiklu stofnunar. Það eru tveir efnisþættir þar sem ég vildi fagna alveg sér í lagi. Þar á ég við 6. liðinn varðandi verkefni Veðurstofunnar, að gera athuganir á loft- og úrkomumengun, þá reikna ég með því að það eigi við þá mengun sem Veðurstofunni er fært að gera athuganir á, og 7. liðinn, um snjóflóðarannsóknir.

6. liðurinn lætur að vísu ekki mikið yfir sér, en hefur mjög mikla þýðingu og ómetanlega ef þar verður unnt að standa að svo sem segir í aths. með frv., en þar segir svo á bls. 3, með leyfi virðulegs forseta:

„Á síðustu árum hefur mikið verið leitað til Veðurstofunnar varðandi mengun í andrúmslofti og úrkomu, magn hennar og dreifingu. Þessi starfsemi hefur farið vaxandi með tilkomu nýrra iðjuvera og ýmissa áforma um fjölgun þeirra. Veðurstofan hefur starfrækt eina stöð, þar sem gerðar eru mengunarathuganir, svo og tekið þátt í mengunarrannsóknum að beiðni ríkisstofnana og nefnda á vegum ríkisins."

Því næst er rætt um tengsl þessa við Alþjóðaveðurfræðistofnunina.

Í öllu er þetta verkefni verðugt og verður aldrei of vel sinnt. Í landi eins og okkar, þar sem hreina loftið telst til okkar helstu lífsgæða, þarf að sjálfsögðu mikla aðgát varðandi alla þá iðju sem mengun veldur eða getur valdið. Út í mengun frá stóriðju fer ég ekki hér, enda þaulrætt efni, en þó aldrei of oft á nauðsyn þess minnt

að þar sé fyllsta aðgát höfð og allt gert sem unnt er til að koma í veg fyrir mengun og hreinlega hafna stóriðju á stöðum þar sem mengun gæti orðið skaðleg lífríki og heilsufari fólks. Þar gildir einu hvort um er að ræða Reyðarfjörð eða Eyjafjörð, kísilmálmverksmiðju eða álver. Að þessu þarf að gæta sér í lagi. — Varðandi minn heimastað og væntanlega verksmiðju þar, þá tel ég það eitt það jákvæðasta við undirbúning hennar hversu vel hefur þar verið hugað að mengunarþættinum frá upphafi, enda sjálfsagt við þær aðstæður sem þar eru að mengunarhætta sé í algeru lágmarki eins og allar rannsóknir og væntanlegar aðgerðir tengdar þeirri verksmiðju benda til. En nóg um það.

Þegar ég var á ferð eystra í janúarbyrjun var önnur mengun þar í algleymingi, mengun sem sumir vildu kalla blessaða peningalykt, en var vægast sagt slík að í blíðunni þá var hálfgert myrkur um miðjan dag fyrir utan fnykinn sem af lagði. Þessu máli, um mengunarvarnir í fiskimjöls- og loðnuverksmiðjum okkar, hef ég oft áður hreyft hér á þingi og nú hefur þetta vandamál íbúanna verið flutt inn á borð þm. með þáltill. okkar hv. 5. þm. Austurl.

Um það mál verður rætt síðar, en athuganir Veðurstofunnar á þessum mengunarþætti hafa ekki verið ýkjamiklar eða nákvæmar, en þó einhverjar eins og getið er um í grg. þeirrar till. Ég vona sannarlega að í þessari skilgreiningu um mengunarathuganir Veðurstofunnar verði mengun frá þessum verksmiðjum og athugun á þeirri mengun ekki undanskilin.

En aðaltilefni þess að ég stóð upp varðar 7. lið verkefna Veðurstofunnar, athuganir á snjóflóðum skv. þeirri skilgreiningu sem er í aths. með frv. svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Með bréfi samgrn., dags. 11. maí 1978, fól rn. Veðurstofunni að annast af þess hálfu starfsemi sem lýtur að málum er varða snjóflóðavarnir. Veðurstofan hefur síðan gert þetta eftir því sem aðstæður hafa leyft hverju sinni. Ástæða þykir því til, að þessi starfsemi Veðurstofunnar verði skilgreind í lögum."

Á þetta lagði hæstv. ráðh. einmitt áherslu áðan.

Þál. um heildarlöggjöf um þessi málefni öll hefur verið samþykkt hér á Alþingi, var samþykkt 2. apríl 1981, um skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum. Áttu þar hlut að þm. úr öllum flokkum. Nú skilst mér að hæstv. félmrh. sé með lagabálk í undirbúningi eða muni jafnvel leggja hann fram á þessu þingi. Það snertir óneitanlega efni þál. sem samþ. var 2. apríl 1981 og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Á stöðum, þar sem byggð er risin og hætta er talin á snjóflóðum, verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi er tengist áætlun um rýmingu svæðanna þegar hætta er talin yfirvofandi. Á þeim stöðum á landinu, þar sem snjóflóðahætta er mest, verði stefnt að því að koma á fót svæðisstöðvum þar sem fylgst verði með veðurfari og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á snjóflóða- og skriðuhættu, og safnað og miðlað upplýsingum til réttra aðila."

Mér leikur því forvitni á að frétta hjá hæstv. samgrh. hvernig væntanlegur lagabálkur, sem kynntur hefur verið af hæstv. félmrh., kemur inn á það afmarkaða en um leið mikilvæga svið sem þetta frv. lýtur að og það hlutverk sem Veðurstofunni er hér falið með svo skipulegum og virkum hætti sem mér sýnist hér gert og ég tek heils hugar undir. Ég lít svo á að í væntanlegu frv. til l. um heildarlöggjöf af þessu tagi hljóti Veðurstofunnar að vera getið með sín verkefni, sem hér eru skilgreind, og ég vona að þar verði í engu slegið af miðað við það sem hér segir. Um leið og ég fagna því hversu skýrt og vel er tekið á þessum þætti hér vildi ég fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðh. hversu tengslum milli þessa frv.-ákvæðis og væntanlegra frv.-ákvæða í heildarlöggjöf um öll þessi mál, sem er boðuð af hæstv. félmrh., er varið og hvort þar sé samræmis gætt. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa fjallað um hið mikla frv. félmrh. sem hann hefur fyrir löngu tilkynnt að hann muni flytja og auglýsir mjög, eins og hans er háttur, löngu áður en frv. sér dagsins ljós hér á þingi. Um það var hins vegar ekki mikið sagt hvað í frv. fælist. Því vildi ég spyrja að því hvort samræmis væri gætt í heildarlöggjöfinni, sem væntanlegt er frv. um, og því frv. sem snertir Veðurstofuna sérstaklega.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. Ég held að hér sé stigið merkilegt skref í þá átt að safna saman á einn stað ýmsum mjög þarflegum upplýsingum. Hæstv. ráðh. nefndi 6. og 7. liðinn og hv. 2. þm. Austurl. tók undir með honum. Ég held að þar sé farið inn á ákaflega merkilega braut og vonandi heillaríka. En í þessu sambandi vildi ég bera upp núna í upphafi örfáar spurningar til hæstv. samgrh.

Í fyrsta lagi stendur hér í 4. gr.:

„Ráðherra ákveður í gjaldskrá þau gjöld sem greiða ber Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir."

Ég vildi forvitnast um hvort þetta næði t. d. til almennra veðurfregna, sem fluttar eru í ríkisútvarpi og -sjónvarpi, hvort beri að líta svo á að þær séu efni sem stofnunin sækist eftir eða hvort hér er ekki um að ræða part af eðlilegri skyldu Veðurstofunnar. Það er í aths. vitnað til þess að ríkisútvarpið í Svíþjóð, Sveriges Radio, greiði fyrir sérstakar veðurspár. Ég held að rétt væri að fá upplýst hvernig þetta mál er hugsað.

Í öðru lagi: Ef hér rísa aðrar útvarpsstöðvar, kannske margar, sem keppa um hylli hlustenda, er þá gert ráð fyrir einhvers konar skyldu þeirra til að birta áríðandi upplýsingar frá Veðurstofunni sem geta snert almannaheill?

Hvað varðar starfsemi Veðurstofunnar, eins og hún er rakin í 3. gr., er ljóst að hún snertir fjölmargt í daglegu lífi manna. A. m. k. veit ég það frá því að ég var meira háður sól og regni að veðurfregnirnar voru oft og tíðum það efni sem maður kannske heyrði eitt langtímum saman, en fylgdist þeim mun betur með.

Þá er það loks atriði sem skiptir e. t. v. ekki hvað minnstu máli. Þau auknu verkefni, sem mér virðist að hér séu lögð á Veðurstofuna, krefjast óhjákvæmilega meiri mannafla þótt með lögum sé að einhverju leyti verið að lögfesta ríkjandi starfsemi. Hefur rn. lagt niður fyrir sér hve mikið þarf að auka starfsemina, hve mörgu starfsfólki þarf að bæta við og hvað það muni kosta? Og sömuleiðis: Á hvaða hátt verður gengið frá ráðningarkjörum sérfræðinga og vísindamanna sem þarna er sýnilega gerð krafa um? Hvaða sérfræðingar eru það einkum sem þarna verður leitað til? Eru það veðurfræðingar, jarðeðlisfræðingar, jarðskjálftafræðingar og mengunarfræðingar eða hvað?

Þessi örfáu atriði vildi ég spyrja um í upphafi umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Austurl., þá held ég að það verði að bíða síns tíma að ræða frv. það sem hann sagði að félmrh. hefði boðað. Ég kæri mig ekki um að ræða hér um efni frv. sem heyra undir aðra ráðh. og sér í lagi ekki meðan það hefur ekki litið dagsins ljós í heild.

En varðandi það atriði sem snýr að Veðurstofunni og getið er í 7. lið, þá er hér um að ræða nákvæmlega sama starf og Veðurstofan hefur innt af hendi og alveg frá 1975, eitthvað svoleiðis. Hér er ekki annað verið að gera en að lögfesta það. Ef hitt frv. fer inn á þetta svið verður auðvitað að sníða þetta ákvæði af lögunum um Veðurstofu Íslands, ef Alþingi fellst á þá till. Hvað sem líður efni þessa frv., sem er ókomið fram, er það auðvitað miklu viðameira. 7. liður þýðir eingöngu að veðurathugunarmenn fylgist með þessum rannsóknum og þarna er sérstakur sérfræðingur starfandi. Þarna er ekki verið að færa umsvif neitt út.

Varðandi fsp. hv. 9. þm. Reykv., þá skýrði ég í framsögu hvað átt væri við með gjaldtöku. Það er þegar veitt er sérstök þjónusta umfram hina almennu þjónustu. Það kemur auðvitað ekki til greina að Veðurstofan fari að setja gjaldskrá fyrir almennar veðurfregnir í ríkisfjölmiðlum. Hins vegar getur alltaf komið til greina aukið og betra samstarf og einhver skipting á milli þessara tveggja ríkisstofnana og þá ekki síst Pósts og síma sem er mikilvægur þáttur í þessu.

Þm. spurði einnig hvort aðrar útvarpsstöðvar yrðu þá skyldaðar til að birta aðvaranir Veðurstofu. Það hlýtur auðvitað að fylgja löggjöf um almannavarnir og ná til miklu fleiri aðila en Veðurstofunnar. Það má setja einhver slík skilyrði ef löggjafanum þóknast svo því að þetta eru allt almenn öryggismál. En slíkt skilyrði á, að mínum dómi, ekki heima í þessu frv. út af fyrir sig.

Varðandi hvað bætist við af starfsliði verði frv. samþykkt, þá leggur frv. Alþingi eða fjárveitingavaldinu engar skuldbindingar á herðar um nýjar stöður. Hér er um verkefni að ræða sem stofnunin annast núna. Ef hins vegar á að efla einstaka þætti starfseminnar er það háð fjárveitingum hverju sinni og viðurkenningu Alþingis á því hvort fjölga eigi þar starfsfólki eða ekki. En eins og nú standa sakir hygg ég að ég megi fullyrða að það verði ekki gerð krafa um aukna starfsemi eða aukinn starfsmannafjölda umfram það sem verið hefur á undanförnum árum. En þar kemur auðvitað margt til. Allt er þetta háð þeirri starfsemi sem unnið er að og verður að meta og vega hverju sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 426). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 388). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985, skv. þskj. 388. Í ræðu minni við 1. umr. um frv. til fjárl. fyrir árið 1985 kom fram að allar aðstæður í efnahagsmálum þá höfðu gerbreyst þannig að þau lánsfjáráætlunardrög, sem fyrir lágu, þurfti að endurskoða. Rétt þótti að bíða átekta eftir niðurstöðu kjarasamninga á haustmánuðum og taka tillit til breyttra verðlagshorfa. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ásamt frv. til lánsfjárlaga var lögð fram hér á hinu háa Alþingi í desembermánuði s. l., en ekki tókst fyrir jólaleyfi þm. að mæla fyrir þeim.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 er eins og áður samin í samvinnu við stofnanir fjmrn., Seðlabanka Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Þjóðhagsstofnun o. fl. Í skýrslunni er fyrst fjallað um efnahagsmarkmið ríkisstj. í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Þá er fjallað um heildarfjárfestingar. Síðan er gerð grein fyrir innlendri fjáröflun, erlendum lánum og greiðslujöfnuði. Að lokum er fjallað um opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf ásamt fjárfestingarlánasjóðnum.

Meginforsendur lánsfjáráætlunar þessarar taka mið af stöðu og horfum í efnahagsmálum eins og þær blöstu við eftir kjarasamninga á haustmánuðum 1984 og gengisaðlögun sem gerð var í kjölfar þeirra. Áætlunin gerir ráð fyrir að innlent verðlag verði að meðaltali 26—28% hærra en var á árinu 1984. Erlendir gjaldmiðlar verði 22—23% hærri en var á síðasta ári. Þá er gert ráð fyrir að halli verði á viðskiptajöfnuði sem nemur 4.8 milljörðum kr. sem svarar til 5.6% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu á þessu ári. Á árinu 1984 er áætlað að halli sé á viðskiptajöfnuði að fjárhæð 3.9 milljarðar kr. eða um 5.8% af vergri þjóðarframleiðslu.

Mikil umskipti til hins verra í efnahags- og verðlagsmálum komu fram á síðustu mánuðum ársins 1984 eftir að ríkisstj. hafði tekist með markvissum aðgerðum að draga úr verðbólgu á árinu 1984 og skapa stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessar gerbreyttu aðstæður gerðu þær kröfur til ríkisstj. að nú þegar væru gerðar ráðstafanir gagnvart þeim þáttum efnahagsmála sem mestum erfiðleikum valda þannig að sem fyrst næðist jafnvægi á ný. Þau meginatriði, sem nú verður að takast á við, eru:

1. Að minnka þann viðskiptahalla sem séð er fyrir að verður á árinu 1985.
2. Að lækka erlendar lántökur.
3. Þá þarf að draga úr eftirspurnaráhrifum, bæði í einkaneyslu svo og hjá opinberum aðilum, með markvissu aðhaldi í peningamálum.

Ríkisstj. hefur að undanförnu haft þessi mál til umfjöllunar. Aðgerðir þær sem ríkisstj. hyggst grípa til verða kynntar nú á næstu dögum. Ljóst er að sú fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem hér er til umr. mun þurfa að taka mið af þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. áformar og mun hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fá þær tillögur til umfjöllunar.

Skv. fyrirliggjandi fjárfestingaráætlun er talið að fjármunamyndun aukist um 2% á árinu 1985 frá 1984 og nemi í ár 24.3% af þjóðarframleiðslu. Á árinu 1985 er fjárfesting atvinnuveganna talin aukast um 10%. Gert er ráð fyrir að íbúðabyggingar verði jafnmiklar og árið áður. Samdráttur er talinn verða í byggingum og

mannvirkjum hins opinbera sem nemur 7.6%. Áætlað er að heildarfjárfestingar árið 1985, án stórframkvæmda og inn- og útflutnings skipa og flugvéla, muni dragast saman um rúmlega 3%.

Eins og að framan greinir er fjárfesting atvinnuveganna 1985 talin aukast um 10%. Fjármunamyndun í landbúnaði er talin munu verða um 3% minni árið 1985 en var árið 1984. Áætlað er að fjárfesting í fiskveiðum dragist saman um 42%. Ekki er gert ráð fyrir neinum innflutningi fiskiskipa né heldur endurbótum fiskiskipa erlendis. Gert er ráð fyrir 10% aukningu í fjárfestingu fiskvinnslufyrirtækja. Ekki hefur enn þá verið tekin ákvörðun um framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og því er hér ekki reiknað með útgjöldum til þeirra á árinu 1985. Í öðrum iðnaði er gert ráð fyrir 10% aukningu framkvæmda. Áætlað er að fjármunamyndun í flutningatækjum verði tvöfalt meiri á árinu 1985 en árinu 1984. Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús o. fl. eru taldar verða svipaðar og í ár. Áætlað er að fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum hafi aukist um 35% 1984 og um 5% aukning verði á árinu 1985. Er hér um að ræða vinnuvélar hvers konar og tölvubúnað.

Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 7.5% á árinu 1985 eftir um fjórðungs samdrátt næstliðin þrjú ár. Raforkuframkvæmdir í heild eru taldar dragast saman um 2%, en framkvæmdir Landsvirkjunar aukist um 6%. Framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar er nú til endurskoðunar og er reiknað með nokkrum samdrætti í framkvæmdahraða á árinu 1985 frá því sem núverandi áætlun gerir ráð fyrir. Áætlað er að samgönguframkvæmdir dragist saman um 12%. Áfram verður haldið smíði flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Nokkur samdráttur er áætlaður í framkvæmdum við byggingar hins opinbera í heild eða tæplega 8%.

Skv. þeirri fjárfestingarspá, sem hér hefur verið rakin, verður samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1985 er nemur 2—3%, en árið 1984 er talin verða 2% aukning. Eftir þessu að dæma gæti heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð orðið nokkru minni á árinu 1985 en var á árinu 1984, en þá var viðamikil þensla á vinnumarkaði í þessum greinum. Atvinnu við byggingar og framkvæmdir hvers konar virðist því naumast hætta búin þótt heldur dragi úr umsvifum frá því sem verið hefur á árinu 1984.

Að gefnum markmiðum ríkisstj. og horfum fram undan í efnahagsmálum er ljóst að lánsfjárframboð verður að takmarka við nauðsynlegustu framkvæmdir og brýnustu rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Einnig að draga verður úr lánveitingum, sem hvetja til innflutnings eða umframeftirspurnar, eftir því sem við verður komið. Sérstaklega er nauðsynlegt að draga úr peningaútstreymi bankakerfisins og lántökum erlendis, en leggja verður megináherslu á innlendan sparnað í ríkara mæli en verið hefur.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og uppvaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1984 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi um 818 millj. kr. Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni til fjárfestingarlánasjóða 1400 millj. kr. sem skiptast þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 150 millj. kr., íbúðarlánasjóðir 1220 millj. kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 30 millj. kr.

Útlán íbúðarlánasjóðanna 1985 eru áætluð 2473 millj. kr., sem skiptast þannig, að Byggingarsjóður ríkisins lánar 1790 millj. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 683 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1985, eins og á liðnum árum, og nemur sú fjárhæð 200 millj. kr. Skv. áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 1582 millj. kr. á árinu 1985, þar af 1510 millj. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.

Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að Byggðasjóður fái erlent lán að fjárhæð 120 millj. kr. Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanförnu.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs er afar erfið. Skv. áætlun ársins 1984 er hún neikvæð um 540 millj. kr. og 1985 um 575 millj. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða, 150 millj. kr., og láni Framkvæmdasjóðs, 715 millj. kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1985 465 millj. kr. Ekki er í áætlun Fiskveiðasjóðs gert ráð fyrir neinum lánveitingum vegna raðsmíðaverkefna þótt vitað sé að fjögur skip séu í smíðum. Ef hins vegar eitthvert þessara skipa verður afhent á árinu 1985 og lánveiting samþykkt af stjórn sjóðsins hækkar fjárþörfin um 60% af kostnaðarverði hvers skips.

Skv. áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 558 millj. kr. samanborið við 299 millj. kr. árið 1984.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 sýnir heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs, alls 3299 millj. kr. Ráðgert er að mæta þeirri fjárþörf með 780 millj. kr. innanlands og 2519 millj. kr. erlendum lántökum.

Á síðasta ári gætti nokkurs óstöðugleika á innlenda lánsfjármarkaðinum, m. a. vegna aukinnar samkeppni lánastofnana og ríkissjóðs um sparifé almennings. Áætlun um innlenda fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1985 samanstendur af sölu nýrra spariskírteina, 400 millj. kr., og ríkisvíxla o. fl., 200 millj. kr. Jafnframt hafa endurlán ríkissjóðs skuldbreytt erlendu láni frá árinu 1979 og frestast afborgun um fimm ár. Þessi ráðstöfun felur í sér minni greiðslu til útlanda sem nemur afborgun næsta árs og lækkar erlenda lántökuþörf um 180 millj. kr.

Sá þáttur innlenda lánsfjármarkaðarins sem er hvað óljósastur fyrir ríkissjóð snýr að innlausn eldri spariskírteina, en á árinu 1984 varð hún verulega meiri en áætlað hafði verið. Mikil óvissa ríkir um innlausn eldri spariskírteina á árinu 1985, en þá falla tveir spariskírteinaflokkar til fyrstu innlausnar að verðmæti um 800 millj. kr. Þar til viðbótar kemur síðan innlausn eldri spariskírteina. Allt kapp mun lagt á að bjóða eigendum innleysanlegra spariskírteina ný bréf sem hafa samkeppnishæf ávöxtunarkjör. Lánsfjáráætlun og fjárlög gerðu ráð fyrir að hrein innlausn spariskírteina næmi 650 millj. kr. og jafngildir það áætlaðri innheimtu af endurlánuðu spariskírteinafé. Um þetta ríkir nokkur óvissa.

Eins og á undanförnum árum eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Í fyrirliggjandi áætlun er gert ráð fyrir að

lífeyrissjóðirnir láni til hinna opinberu fjárfestingarlánasjóða 1400 millj. kr. á árinu 1985. Eins og ég gat um í fjárlagaræðu minni um frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 eiga viðræður sér stað við stjórnir lífeyrissjóðanna um áætluð skuldabréfakaup þeirra af hinum opinberu fjárfestingarlánasjóðum á þessu ári. Niðurstöður þeirra viðræðna sem fram hafa farið gefa til kynna að veðskuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af opinberum fjárfestingarlánasjóðum gætu numið að hámarki 1150 millj. kr. sem eru um 82% af 40% áætlaðs ráðstöfunarfjár sjóðanna á þessu ári og er það ívið hærra hlutfall en verið hefur á undanförnum árum. Í lánsfjáráætlun er ekki gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir kaupi af öðrum fjárfestingarlánasjóðum en þeim opinberu.

Á árinu 1984 námu kaup lífeyrissjóðanna af öðrum fjárfestingarlánasjóðum en hinum opinberu 215 millj. kr. Á árinu 1985 má ætla að kaup lífeyrissjóða af þessum fjárfestingarlánasjóðum muni nema um 250 millj. kr. Þrátt fyrir að fram hafi komið í viðræðum við lífeyrissjóði að þau ávöxtunarkjör sem opinberir sjóðir bjóða nú eru nokkru betri en aðrir ávöxtunarmöguleikar telja ýmsir sjóðir sér skylt að verja ákveðinni fjárhæð til fjárfestingarsjóða sem tengjast þeim atvinnugreinum sem viðkomandi sjóðir tilheyra.

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir verji um 1.4 milljörðum kr. til kaupa af opinberum fjárfestingarlánasjóðum. Telja verður að þessi fjárhæð sé um 250 millj. kr. of há og óraunhæft sé að gera ráð fyrir þessum kaupum nema til komi sérstakar ráðstafanir.

Erlendar lántökur A- og B-hluta ríkissjóðs eru ætlaðar 2519 millj. kr. alls. Stór hluti lánsfjárþarfarinnar orsakast af endurgreiðslum af erlendum lánum. Þessar greiðslur eru áætlaðar um 1560 millj. kr. alls af A-hluta ríkissjóðs, þar af 609 millj. kr. vegna afborgana. Lántökur B-hluta ríkissjóðs til lánagreiðslna nema 500 millj. kr. vegna fjárútgjalda Kröflu eingöngu. Að auki er virkjununni gert að skila 100 millj. kr. úr rekstri upp í afborganir og vexti. Heildarlánagreiðslur B-hluta fyrirtækja af erlendum lánum eru áætlaðar um 2100 millj. kr., þar af tæpar 800 millj. kr. vegna afborgana.

Ráðgert er að afla öðrum opinberum aðilum alls 1953 millj. kr. með erlendum lántökum á árinu 1985, þar af fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs 1800 millj. kr. og sveitarfélögum 153 millj. kr. Frv. gerir ráð fyrir að lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs skiptist þannig að 1200 millj. kr. renni til Landsvirkjunar, 500 millj. kr. til Þróunarfélags og 100 millj. kr. til annarra fyrirtækja. Fyrirhugað er að erlendar lántökur Landsvirkjunar, þ. e. 1200 millj. kr., nemi rúmlega 16% af áætluðum lántökum þjóðarbúsins. En eins og ég gat um hér að framan er framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar nú til endurskoðunar og hefur komið fram að unnt *muni að draga úr þessum lántökum um 250 millj. kr. til* viðbótar.

Í stefnuyfirlýsingu stjórnmálaflokkanna frá í september kemur fram að efla beri iðnþróun, tækninýjungar og rannsóknir í atvinnulífinu með stofnun félags. Ráðgert er að afla 500 millj. kr. erlends lánsfjár í þessum tilgangi á árinu1985.

Erlendar lántökur sveitarfélaga á árinu 1985 eru áætlaðar alls 153 millj. kr. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þær lántökur, en einkum er um að ræða lántökur vegna skuldbreytinga skammtímalána hitaveitna.

Til viðbótar þeim lántökum sem ég hef þegar vikið að eru erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs 942 millj. kr. og Iðnþróunarsjóðs 50 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég hef vikið að veigamestu atriðum sem fram koma í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985. Augljóst er að farsæl framvinda efnahagsmála á hinu nýbyrjaða ári er m. a. undir því komin að lánamál verði tekin föstum tökum í heild. Það skiptir miklu máli að útgjöldum þjóðarinnar sé haldið innan þeirra marka sem tekjur þjóðarinnar setja og að erlendum lántökum sé stillt í hóf. Í lánsfjáráætlun þeirri sem hér er til umr. og að teknu tilliti til þeirra breytinga sem ríkisstj. fyrirhugar og gerðar verði á henni í meðförum Alþingis er mótuð markviss stefna í lánamálum fyrir árið í ár í því skyni að takast á við þann vanda sem nú steðjar að þjóðinni í efnahagsmálum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til virðulegrar fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að fara þess vinsamlegast á leit við forseta og eins við hæstv. fjmrh. að þessari umr. verði frestað að lokinni framsöguræðu. Ég segi það vegna þess að ég er alls óviðbúinn að ræða *þetta mál í heild sinni þó að málið* hafi legið nokkuð lengi fyrir. Ég hygg að svo sé um aðra stjórnarandstæðinga hér inni. Ég segi þetta vegna þess að mér skildist að þetta mál yrði ekki tekið fyrir og ekki vísað til n. fyrr en boðuð endurskoðun á lánsfjáráætlun, sem ríkisstj. hefur boðað og hæstv. ráðh. kom inn á áðan að yrði í meðförum þingsins, fyrr en fyrir lægju nokkurn veginn helstu breytingar sem þar yrðu. Ég nefni sem dæmi einn veigamesta póstinn sem er augljós í dag og varðar 3. gr., um Landsvirkjun. Þar verður trúlega um fleiri hundruð millj. kr. breytingu að ræða frá því sem í frv. er ráð fyrir gert. Það eitt væri ærinnar umræðu virði. Ég játa að það er rétt að skerðingarákvæðin eru flest gamalkunn og eru svipuð og áður, en þar þarf vissulega betur að að huga. Ég nefni það sem dæmi að þessa dagana sjáum við að eitt af þessum skerðingarákvæðum er til meðferðar í ríkisstj., þ. e. ákvæðið um skerðingu framlaga til Kvikmyndasjóðs. Það er þar til meðferðar. Hæstv. ráðh. segir eflaust að athugun á þessum málum geti farið fram í nefnd, en ég vildi gjarnan fara fram á að 1. umr. yrði nú frestað, ekki til þess að tefja málið lengur, en þó til næsta mánudags, því að þá hygg ég að allir mundu verða tilbúnir til að taka efnislega þátt í þessum umr., sem vissulega er þörf, og það liggi þá kannske fyrir um leið meira um það hvað ríkisstj. hyggst gera. Ég reikna með því að svo þýðingarmikið plagg sem þetta verði ekki lagt fyrir nefnd öðruvísi en hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir allra *helstu og stærstu breytingum sem hún er ráðin í að gera* á þessu frv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég er sammála virðulegum 2. þm. Austurl. og styð að sjálfsögðu þá frestunarbeiðni sem fram hefur komið. Ég vil að það komi fram að framlag til Kvikmyndasjóðs er ekki á dagskrá ríkisstj., enda er það ekki ríkisstj. að taka ákvörðun um það. Að öðru leyti er ég sammála.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að

mér skuli vera leyft að segja örfá orð um þetta mál. Í sjálfu sér ætla ég ekki að hafa neitt á móti því að þessari umr. sé frestað. Mér finnst sjálfsagt að gefa mönnum betri tíma til að gaumgæfa þetta mál. En af því að ég mun ekki eiga þess kost að taka þátt í umr. um þetta síðar vegna þess að ég fer af þinginu á morgun finnst mér að ég geti ekki látið hjá líða að segja hérna örfá orð út af II. kafla frv. sem felur í sér skerðingarákvæði á allmörgum lagabálkum og þ. á m. lögum sem snerta sveitarfélögin verulega. Það eru einkum þrjú atriði í sambandi við það sem ég vildi gera að umtalsefni.

Það er þá í fyrsta lagi skerðingin á framlagi ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs, en greint er frá því að framlag til Hafnabótasjóðs skuli ekki fara fram úr tiltekinni upphæð þrátt fyrir ákvæði laga sem fela í sér annað. Mig langar í því sambandi til að gera grein fyrir því að skv. núgildandi fjárlögum, nýsamþykktum, er gert ráð fyrir að fé til hafnarframkvæmda stórminnki frá því sem var á árinu áður. Mér býður í grun að sú skerðing sé upp í um það bil helming af umfangi framkvæmda. Til marks um það má geta þess að í mínu kjördæmi verður sennilega ekki um að ræða hafnarframkvæmd nema á einum þéttbýlisstað. Hér er um óviðunandi ástand að ræða vegna þess að hafnarsamgöngurnar eru þýðingarmikill þáttur sem þarf að huga vel að og framkvæmdir þurfa stöðugt að vera í gangi við hafnir.

Í öðru lagi langar mig til að nefna hérna ákvæðið um skerðingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem raunverulega er einu verðtryggðu tekjurnar sem sveitarfélögin hafa. Að öðru leyti hafa sveitarfélögin tekjur sínar af t. d. útsvörum sem miðast þá við tekjur fyrra árs. Við vitum að eins og þetta er nú hafa launatekjur verulega lækkað hlutfallslega og þar af leiðandi verða tekjur sveitarfélaganna af útsvörum mun lægri á þessu ári en nemur t. d. þeim verðbólguvexti sem verður í ár. Sömuleiðis hygg ég að fari um fasteignagjöldin. Mig minnir að þau hækki milli ára um 25%, en manni sýnist allt benda til þess að verðbólgan geti orðið verulega hærri. Þessi skerðing á Jöfnunarsjóðnum kom fyrst til framkvæmda í fyrra og þá var okkur fulltrúum sveitarfélaganna sagt að hún yrði tímabundin og ekki til frambúðar, það yrði aðeins fyrir árið 1984, en hérna sé ég að gert er ráð fyrir að þessi skerðingarákvæði gildi líka fyrir árið 1985 þrátt fyrir hörð mótmæli sveitarstjórna. Á þessu vil ég hér með vekja athygli.

Í 22. gr. sé ég að gert er ráð fyrir skerðingu á framlagi til þjóðvega í þéttbýli. Ég hygg að það sé í fyrsta skipti sem það skerðingarákvæði er í frv. til lánsfjárlaga. Ég held að það hafi ekki verið áður. Hér er einnig um mjög alvarlegt mál að ræða. Ég held að það sé athyglisvert fyrir þm. að velta því fyrir sér hvernig ástandi gatnakerfisins í þéttbýli, sérstaklega í hinum minni þéttbýlisstöðum, er háttað. Það hafa m. a. komið til mín útlendingar sem voru ákaflega hissa á því að þegar ekið er um sveitina sem er rétt innan við þorpið á Hvammstanga er ekinn vegur með bundnu slitlagi, en í þorpinu eru nær allar götur ófrágengnar. Það eru ekki nema 17% af gatnakerfinu í mínum þéttbýlisstað með bundnu slitlagi. Þarna vaða menn forina og súpa rykið eftir því hvernig veðurfari er háttað. Ég hef sérstaklega orðið var við að fólk sem hefur verið mikið erlendis og útlendingar eru mjög hissa á því hvernig þessum málum er fyrir komið í þéttbýlinu, hversu gatnakerfið er langt á eftir þar.

Ég vildi nota þetta tækifæri, sem mér gefst hérna, til að vekja athygli á öllu þessu, en það eru allt saman ákvæði sem Samband sveitarfélaga hefur mótmælt harðlega. Ég þakka fyrir það tækifæri sem hæstv. forseti gaf mér til að koma á framfæri þessum ábendingum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Eins og fram kom hefur hv. 2. þm. Austurl. og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar óskað eftir frestun á þessari umr., en hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur þrátt fyrir það fengið að koma að sínum aths. vegna þess að hann er að fara út af þingi. Vona ég að aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar virði það við forseta og nú mun umr. verða frestað.

Umr. frestað.

Stjórn efnahagsmála, frv. 216. mál (þskj. 259). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er lítið í sniðum. Það er um stjórn efnahagsmála. Það er um afnám laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Þessi lög hafa ekkert gildi lengur. Þetta var stefnuskrá ríkisstj. sem þá var við völd, en með þeim einkennilega hætti birt að það var flutt frv. um lögfestingu á ýmiss konar stefnuskráratriðum, ýmiss konar greinargerðum, skýrslum, hugleiðingum og ábendingum embættismanna víðs vegar um bæinn. Þessu var safnað saman og það var síðan lögfest. Þessi lög voru kölluð manna á meðal Ólafslög, en voru það svo sannarlega ekki því að þáv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, dró alllengi eins og alþjóð er kunnugt að flytja þetta frv. Og ég held að honum hafi ekki verið það sérlega geðfellt, en hérna er, eins og ég sagði, í rauninni um að ræða lögfestingu á stefnuskrá eða greinargerðum embættismanna sem ekkert gildi höfðu þá og því síður auðvitað núna þegar hálfur áratugur er liðinn frá því að þáv. ríkisstj. fór frá völdum og hennar stefna komst því ekki í neina framkvæmd.

Það er mikill ljóður á lagasafni okkar, eins og menn vita, að þar eru þýðingarlaus lög og illa samin, illa frágengin, lög sem eiga þar ekkert erindi. Ég tel langeinfaldast að afnema þennan lagabálk í heild sinni og láta hann ekki sjást lengur í lagasafninu. Mér er ljóst að vera kann að einhver ákvæði, er hafi takmarkað gildi, hafi verið felld út úr öðrum lögum og sett í þessi. Auðvitað er það nokkur vinna fyrir þá n. sem fær þetta frv. til athugunar að fara í gegnum það allt saman og sjá til þess að þá verði bætt inn á réttum stöðum í rétt lög hugsanlega einhverjum ákvæðum sem felld voru inn í þennan langhund eða bandorm eða hvað menn nú vilja kalla það. En ég treysti þeirri nefnd, sem málið fær væntanlega til umfjöllunar, fjh.- og viðskn., sem ég geri ráð fyrir að fái málið að lokinni þessari umr., að sjálfsögðu til að gera þessa athugun þannig að frv. þetta megi samþykkja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 217. mál (þskj. 260). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Það má segja um þetta frv. eins og það sem ég mælti fyrir nú fyrir skömmu að það er einfalt í sniðum, en þó gífurlega þýðingarmikið mál. Efni þess er það að lögum um Seðlabanka Íslands verði breytt og að starfssvið hans verði með svipuðum hætti og ákveðið var með lögum nr. 10/1961 er varðar yfirstjórn peningamála, en kveðið var á um í 11. gr. laganna að Seðlabankinn mætti hafa nokkra heimild til að binda sparifé, en hún væri hins vegar mjög takmörkuð og takmarkaðist raunar við 10% af heildarsparifénu fyrstu árin og fyrsta áratuginn, hygg ég, sem þessi lög voru í gildi.

Um þetta var að sjálfsögðu fjallað í grg. með frv. Hún segir í rauninni það sem segja þarf og skal ég ekki þreyta hv. þm. á því að lesa hana upp, en aðeins að því víkja að hin svonefnda peningamagnsstefna eða monetarismi hefur alls staðar gengið sér til húðar. Það trúir enginn lengur á það töframeðal að hægt sé að stjórna verðbólguþróun og atvinnulífi og öðru slíku með því að frysta fjármagn þjóðarinnar, með því að taka starfsfé þjóðarinnar og loka það inni. Það hefur verið reynt í vestrænum löndum. Ég hygg að kreppan sem kölluð hefur verið olíukreppa hafi kannske alveg eins verið frystingarkreppa, vegna þess að það var reynt að ráða við verðbólguna með því að takmarka fjármagnið í umferð. Það tókst auðvitað ekki nema í litlum mæli hjá þjóðum þar sem um einkabanka er að ræða og þróaðan peningamarkað, en engu að síður jók sú stefna á erfiðleikana og atvinnuleysi varð í mörgum vestrænum löndum meira en þurft hefði að vera og framþróun stöðvaðist eða varð minni en ella hefði orðið. Hér er um ranga stefnu að ræða, stefnu, sem við Íslendingar höfum búið við á annan áratug með þeim afleiðingum sem alkunnar eru, að framfarir hafa orðið minni en ella og verðbólgan hefur geyst áfram og ætíð því meir sem meira hefur verið að hert. Það er kannske engin tilviljun að þegar Alþingi samþykkti í fyrravor að auka enn heimildir Seðlabankans til að frysta sparifé úr 28% í 38%, auk þeirra 4% sem ganga til Framkvæmdasjóðs, tekur verðbólgan við sér og þá byrja erfiðleikarnir á nýjan leik. Það er ein ástæðan. Þegar menn sáu að stefnan átti ekkert að breytast, það átti að halda áfram ofstjórninni og óstjórninni, verkaði það auðvitað þannig á almenning að hann var ekki fús til þess að leggja á sig auknar þrengingar fyrir ranga stjórnarstefnu.

Það er þetta sem ég held að hv. alþm. ættu að geta skilið og hef þess vegna gert mér vonir um að þetta frv. gæti orðið samþykkt hér eftir kannske ekki svo ýkjalangar umr. og umfjöllun. Jafnvel geri ég mér vonir um að allir hv. þdm. gætu að því staðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Stjórn efnahagsmála, frv. 267. mál (þskj. 445). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er um að ræða framhaldsumr. um frv. um breytingu á ákvæðum Ólafslaga um vaxtamál. Á síðasta fundi deildarinnar tóku margir þm. til máls og ræddu almennt um vaxtamál og þróun þeirra. Ég held að vissulega sé ástæða til að þessi hv. þd. fari rækilega yfir þau mál svo mikið sem rætt hefur verið um vaxtamál hér í deildinni á fyrri árum og þar sem segja má að sú stefna, sem fylgt hefur verið í vaxtamálum um nokkurt skeið, hafi verið ákveðin með þeim lögum sem þm. Alþfl. núna leggja til að verði breytt.

Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var fyrst og fremst setning sem kom frá hv. 5. þm. Reykv. og var orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Reyndar var sú aðgerð, að koma á verðtryggingu fjárskuldbindinga, eina efnahagsmálaaðgerðin sem gerð var af viti á vitlausa áratugnum."

Það er fróðlegt að fara yfir það hvernig þessi ákvörðun varð til og hvaða áhrif hún hefur haft á efnahagslíf í landinu. Ég hygg að það megi rekja þessa ákvörðun um vaxtamál til frv. sem var lagt fram af sjö þm. Alþfl. í októbermánuði 1978. Það var 9. mál þess þings, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 10, um Seðlabanka Íslands, skv. ummælum þessa hv. þm., 5. þm. Reykv., en það er nú svo margt sem kemur frá honum og ekki víst að það sé nauðsynlegt að skilja þetta svona.

Flm. að þessu frv. voru hv. þm. Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Finnur Torfi Stefánsson, Gunnlaugur Stefánsson og Eiður Guðnason eða allir þáv. þm. Alþfl. í Nd. Alþingis.

Í frv. segir á þessa leið: „Seðlabankanum er ekki heimilt að ákvarða vaxtakjör lægri en nemur verðbólgustigi á hverjum tíma. Seðlabankanum ber að endurskoða vaxtakjör, bæði innlánsvaxta og útlánsvaxta, á minnst þriggja mánaða fresti."

Síðan kom í ákvæði til bráðabirgða: „Innlánsvextir skulu hafa náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. okt. 1979" — eða ári síðar. — „Vextir af útlánum til almennra nota eða til fjárfestingar eiga að hafa náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. okt. 1979. Vextir af lánum til atvinnurekstrar eiga að hafa náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. apríl 1980 og vextir af afurðalánum að hafa náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. okt. 1980."

Í grg. segja flm. m. a. á þessa leið: „Það er kunnara en frá þurfi að segja að lengst af um áratuga skeið hafa Íslendingar búið við neikvæða vexti. Á síðustu áratugum er aðeins árið 1967 undanskilið. Þetta hefur þýtt að sparifjáreigendur hafa tapað stórkostlegum fjármunum og almennt hefur þetta einmitt þýtt að viljinn til þess að spara hefur verið mjög slævður. Þetta hefur

jafnframt þýtt að auðveldasti vegurinn til þess að verða efnaður hefur verið að skulda fjármagn. Aðgangur að lánastofnunum ræður í raun meiru um það hvort fólk og fyrirtæki kemst vel af heldur en útkoma í kjarasamningum eða góður eða slæmur rekstur fyrirtækja."

Síðan segir: „Það er eindregin skoðun flm. að hið neikvæða vaxtakerfi hafi breytt þeim stofnunum, sem eiga að vera til þess að lána fjármagn, úr því að vera útlánastofnanir og í það að vera hafta- og skömmtunarstofnanir, sem þar að auki starfa nær alfarið fyrir luktum dyrum og lúta enn fremur pólitísku valdi að mjög verulegu leyti. Þetta kerfi leiðir óhjákvæmilega til misnotkunar óhagkvæmra fjárfestinga og hvers konar misréttis."

Hérna kvað við þann tón sem síðan gilti í öllum umr. um vaxtamál á næstu mánuðum þarna á eftir.

Þetta frv. þm. Alþfl. í Nd. var flutt af miklu kappi og ég vek athygli á því að frv. er flutt af stjórnarflokki. Stjórnarflokkurinn taldi að ekki væri rétt að bíða með þessa tillögugerð þangað til ríkisstj. hefði fjallað um málið, eins og venja er stjórnarflokka í stórum málum af þessu tagi, heldur var málið lagt fram og flutt af miklu kappi hér í hv. Nd. Fjh.- og viðskn. deildarinnar skilaði um þetta mál þremur nál.

Í fyrsta lagi skilaði hún nál. frá 1. minni hl., sem í voru fulltrúar Alþfl.:

„Við fulltrúar Alþfl. í fjh.- og viðskn. Nd. leggjum til að frv. til l. um Seðlabanka Íslands verði samþykkt."

2. minni hl. var skipaður þáv. þm. Ólafi G. Einarssyni og Matthíasi Á. Mathiesen. Þeir vildu í raun og veru ekki samþykkja frv. óbreytt, heldur ganga lengra. Þeir vildu afhenda viðskiptabönkunum, lánastofnunum yfirleitt, vaxtaákvörðunarvald og þeir trúðu því skv. grg., sem er dagsett á Alþingi 14. des. 1978, að þetta mundi leysa peningavandann í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Ólafur trúði því vart.) Hann var frsm. engu að síður. En hann hefur nú oft haft framsögu, Ólafur, um dagana eins og frægt er og ekki víst að hann hafi alltaf haft trú á því sem hann var að gera. Hann gekk í þetta verk eins og mörg önnur. Og menn fullyrtu: Þetta þýðir það að allar hirslur fyllast af peningum. Bankarnir troðfyllast af peningum. Það verður nóg til af peningum til að lána húsbyggjendum og öðrum sem þurfa á peningum að halda í bankakerfinu. Þetta var sú kenning sem uppi var. Og síðan: Þetta kemur í veg fyrir þá óskaplegu spillingu sem verið hefur í bankakerfinu hér á landi á undanförnum árum. Þetta dregur stórkostlega úr verðbólgu, var sagt.

Þannig lá það fyrir með nál. 14. des. 1978 að Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu með ákveðnum hætti báðir tekið undir þessa raunvaxta- eða öllu heldur vaxtaokursstefnu, sem ég vil kalla svo. Sjálfstfl. vildi þó ganga sýnu lengra að þessu leyti. Hann vildi láta heimila öllum lánastofnunum að ákveða vexti á eigin spýtur skv. lögmálum markaðarins á hverjum tíma.

En aðeins til upprifjunar er rétt að geta þess til að hafa engan fyrir rangri sök að það voru ekki aðeins þm. Alþfl. og þm. Sjálfstfl. sem héldu þessum kenningum fram. Ötulustu stuðningsmenn þessarar stefnu, hávaxtastefnunnar, voru talsmenn Seðlabankans og einstakir hagfræðingar. T. d. kom það fram í Alþýðublaðinu 7. nóv. 1978 í viðtali við Ólaf Björnsson prófessor, að hann, jafn vandaður maður og Ólafur Björnsson er að mínu mati og flestra, fullyrðir: Raunvextir mundu draga úr verðbólgu. Síðan eru færð fyrir því ákveðin rök í þessu viðtali. Þannig gekk maður undir manns hönd að reyna að sannfæra þjóðina um að það væri brýnasta verkefni íslenskra stjórnmála þá og reyndar síðar að hækka vexti frá því sem verið hafði.

En það voru ekki aðeins einstakir hagfræðingar sem gengu þarna fram. Áhrifamesti þrýstihópurinn til að pína fram hærri vexti, vaxtaokursstefnuna, hér á landi er Seðlabankinn. Einmitt þá daga, sem þáverandi stjórnarflokkar voru að takast á um vaxtamál, var Seðlabankinn svo smekklegur að blanda sér í þær deilur með því að birta grein í Hagtölum mánaðarins þar sem því er lýst yfir að hækkaðir vextir mundu auka sparnað, bæta greiðslujöfnuð, draga úr viðskiptahalla og minnka verðbólgu. Það var reiknað út mjög vísindalega í Seðlabankanum hvað þjóðin mundi græða mikið á því að vextir hækkuðu, hvað það þýddi t. d. ef vextir hækkuðu um ½% eða um 1%. Niðurstaða reikningsmanna Seðlabankans var sú að fyrir hvert 1%, sem raunvextir hækka um, eykst sparnaður um 0.9%. Þetta er orðrétt upp úr Hagtölum mánaðarins 1978. Gjaldeyrissalan minnkar um 0.42% og það dregur úr þörfum á erlendum lántökum og það dregur úr verðbólgu.

Frammi fyrir þessum fullyrðingum þeirra, sem vildu láta fjármagnið svo að segja ákvarða verðlag sitt sjálft, stóðu þm. og tveir þingflokkar strax. Bæði Alþfl. og Sjálfstfl. létu undan þessum sjónarmiðum. Alþfl. lagði fram í ríkisstj. í desembermánuði 1978 frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum þar sem gert var ráð fyrir því að Seðlabankinn ætti að ákveða strax jákvæða raunvexti, eins og það er orðað. Þetta frv. var lagt fram í ríkisstj. en aldrei lagt fram á Alþingi og það var birt í dagblöðum 16. des. 1978.

Þannig gekk maður undir manns hönd í þessum hópi að sannfæra þingið og þjóðina um að það væri í raun-inni brýnasta verkefni íslenskra efnahagsmála að keyra upp vexti í landinu. Þegar þingið stóð frammi fyrir því að afgreiða fjárlög fyrir árið 1979 var því neitað af Alþfl. að standa að afgreiðslu fjárlaga nema ríkisstj. lofaði áður að ganga frá tilteknum efnahagsráðstöfunum fyrir 1. febr. 1979. Hér er m. ö. o. valdi Seðlabankans beitt til að beygja stjórnmálaflokkana í þessu efni, til að kúga stjórnmálaflokkana til að taka upp þessa vaxtaokursstefnu. Það fellur eitt vígið af öðru og niðurstaðan verður svo sú að lagt er fram 1. mars 1979 frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. sem hér á að fara að breyta. Þetta frv. byggist m. a. á þeirri forsendu að teknir séu upp raunvextir, þ. e. frv. Alþfl., sem áður hafði verið birt í Alþýðublaðinu, var komið þarna, flutt af Framsfl. og stutt af Sjálfstfl. Þannig var yfirgnæfandi meiri hl. orðinn á Alþingi fyrir því að vaxtaokursstefnan næði fram að ganga.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni og Karvel Pálmasyni, er margt gott að segja. Verið er að reyna að draga í land frá fyrri kröfum í þessu efni af hálfu Alþfl. Það er fagnaðarefni. Og ég heyri það t. d. á þm. Framsfl., sem talað hafa um þessi mál í þessari umr., að þeir eru sömu skoðunar, að þetta fyrirkomulag gangi ekki lengur. Þetta er ákaflega skýrt í þeim fskj. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggur fram með frv. sínu og ég vil nota tækifærið til að þakka henni fyrir þau fskj. því að þau eru ákaflega glögg og skýr.

Á bls. 8 í frv. þm. Alþfl. er fskj. II sem er dæmi um

greiðslubyrði og greiðslufrest. Greiðslubyrði er þarna í dálki 2 í mánaðarlaunum miðað við fiskvinnslutaxta, efsta þrep. Ef það tók ákveðinn lántaka 4.3 mánuði að vinna fyrir greiðslubyrði 1. júní 1979, þá tók það 4.5 mánuði 1. júní árið eftir, 4.9 mánuði 1. júní árið þar á eftir og 4.9 mánuði 1. júní 1982. Síðan tekur steininn úr því skv. þessu fskj. er greiðslubyrðin, sem áður tók menn 4.3 mánuði að vinna fyrir, komin upp í 6.6 mánuði á árinu 1984 og 8.6 mánuði á árinu 1985 skv. þeim forsendum sem þm. gefur sér og eru í einu og öllu í samræmi við efnahagsforsendur þær sem ríkisstj. byggir sitt á um þessar mundir. Það er því rangt, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði hér um daginn, að hér væri um að ræða einhverjar spár út í loftið. Hér er um að ræða nákvæmlega sömu forsendurnar og ríkisstj. byggir allt sitt á í sínum efnahagsspám. Sem sagt, greiðslubyrði sem nam 4.3 mánuðum 1. júní 1979 nemur 8.6 mánuðum 1. júní 1985. Það er tvisvar sinnum lengur verið að vinna fyrir þessu láni. Hér er um að ræða hrottalega kjaraskerðingu og eignaupptöku.

Það er einnig mjög fróðlegt að sjá þá tölu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir birtir á bls. 9 og 10 í fskj. III með frv. sínu, þar sem fram kemur að lánskjaravísitalan hefur sótt inn á kaupgjaldsvísitöluna og greiðslubyrðin hefur þyngst, hvort sem miðað er við kauptaxta launþega eða fiskvinnslutaxta. Hámarki nær þetta eftir maímánuð 1983 og þegar komið var fram í janúar 1984 var greiðslubyrðin 54.1% hærri en hún var 1. júní 1979. Af þessum tölum og þessum upplýsingum má sjá hvað hér er um hrikalegt vandamál að ræða.

Alþb. hefur lagt fram á þessu þingi í tveimur frumvörpum ákveðnar tillögur um vaxtamál, bæði í frv. til l. um verndun kaupmáttar o. fl. og í frv. til l. um ráðstafanir í húsnæðismálum, sem er lagt fram á Alþingi í dag. Það er því alveg ljóst að það er verulega viðtæk samstaða um að snúa við af vaxtaokursbrautinni, snúa við frá raunvaxtaæðinu sem greip um sig fyrir fáeinum árum, vegna þess að menn sjá að það leysir engan vanda. Það skapar vanda og dæmi um það ætla ég að nefna. Hvaða vanda hefur þetta skapað?

Lítum hér aðeins á fjóra eða fimm þætti. Fyrsti þátturinn er sjávarútvegurinn. Hvernig hefur sjávarútvegurinn komið út úr þessu vaxtaævintýri öllu saman? Ætli staða undirstöðuatvinnugreinarinnar hafi batnað við þessar hrottalegu vaxtahækkanir? Ætli möguleikar frystihúsanna til að borga hærra kaup hafi aukist? Staðreyndin er sú að það er fjöldinn allur af frystihúsum í landinu sem borgar jafnvel svipaða vexti og kaup, mjög mörg frystihús um helming í vexti á móti kaupi.

Ég ætla að nefna ykkur dæmi um eitt frystihús sem ég kynntist hér á dögunum. Það er frystihús sem var með 100 millj. kr. í veltu á síðasta ári.

Þetta frystihús hefur verið hallalaust í 27 ár. Það hefur aldrei þurft að taka lán í almennan rekstur fyrr en á árinu 1984. Þá varð þetta hús að taka lán í almennan rekstur og niðurstaðan varð sú að vaxtaútgjöld þess voru 70% á móti launum. Þetta er fyrirtæki sem hefur ekki lagt í neinn fjárfestingarkostnað á undanförnum árum. Þeir hafa endurnýjað sinn vélasal og sín tæki fyrir eigið fé á undanförnum 20—30 árum. (**GJG:** Þetta hlýtur að vera Hnífsdalur.) Ég segi nú ekki alveg hvar það er, en það er ekki langt frá. Síðan kemur þessi ríkisstj., sem ætlaði að leysa allan vanda undirstöðuatvinnuveganna, og staðan er þá þessi, að peningarnir eru fluttir frá framleiðslunni og yfir til milliliðanna, eins og kunnugt er, þannig að nú borgar sig betur að flytja inn svissneskt konfekt en að verka fisk, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson hefur sýnt fram á hér úr þessum ræðustól. Þannig er staðan, þannig hefur vaxtastefnan leikið undirstöðuatvinnuveginn, sjávarútveginn. Þar leikur allt á reiðiskjálfi. Þetta er vaxtastefnan. Þeir, sem eru upphafsmenn að þessari vaxtastefnu, skulu gera sér grein fyrir því hverju þeir hafa valdið. Þeir skulu gera sér það ljóst hvar ábyrgð þeirra liggur í íslenskum stjórnmálum þessa dagana.

Ég ætla að nefna landbúnaðinn líka. Milli áranna 1983 og 1984 hækkuðu skuldir, framreikningur skulda bænda hjá Kaupfélagi Austur-Húnvetninga um á annað hundrað prósent. Á sama tíma hefði verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins hækkað um 18—19%. Það blasir ekkert við annað en gjaldþrot og byggðaeyðing hjá þessum bændum. Þannig er það á mjög mörgum svæðum í landinu. Ég er sannfærður um að byggð í landinu á mörgum svæðum hefur aldrei verið í meiri hættu en eftir að þessi fjármagnsstefna var innleidd sem núna gildir.

Ég er búinn að nefna sjávarútveg og landbúnað. Tökum svo í þriðja lagi húsbyggjendur. Þar er um að ræða svo ægilega hluti að það þarf ekki að fara um þá mörgum orðum hér úr þessum ræðustól. Sú hrikalega staða stafar í fyrsta lagi af kaupskerðingunni eftir 1. júní 1983, í öðru lagi af þeim gífurlegu vaxtahækkunum sem hafa síðan verið að ganga yfir, hærri raunvexti en við höfum nokkurn tíma horft framan í. Hvaða vextir eru það sem fólk er að borga? Hvað þýðir það að borga kannske 3% raunvexti, kannske 6%, 9% eða 12%?

Í tímaritinu Vísbendingu var birt um það tafla nýlega hvað það þýðir að borga 3% raunvexti, 6% raunvexti, 9% raunvexti o. s. frv. Þar er birt tafla sem sýnir hvað höfuðstóll er lengi að tvöfaldast miðað við vexti umfram verðbólgu með tilteknum hætti. Tökum fyrst 3% vexti umfram verðbólgu. Hvað skyldi það taka langan tíma? 23.5 ár. 6% vextir umfram verðbólgu 11.9 ár, 9% vextir 8 ár, 12% vextir 6.1 ár, 15% vextir 5 ár, 18% vextir 4.2 ár.

Það hefur stundum verið sagt að það væri út af fyrir sig kannske hægt að ætlast til þess af venjulegri fjölskyldu með gott starfsþrek og skikkanlegar tekjur að koma sér upp einni íbúð á ævinni. Eins og vextirnir eru orðnir núna er verið að fara fram á það við fólk að það skili mörgum íbúðum á einni starfsævi ef menn þurfa að taka allt að láni í upphafi, sem flestir þurfa að gera aðrir en erfðaaðallinn í þjóðfélaginu, sem er fámennur, og liðið sem sleppur við að borga það til samneyslunnar sem það á að borga.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að 18% vextir ofan á verðtryggingu er ekki nein fjarstæða hér í dag. Hafa menn tekið eftir auglýsingum sem hafa birst frá þessum vinsælu, frjálsu, fínu eftirlætisfyrirtækjum Sjálfstfl. að undanförnu? Þar er verið að bjóða upp á raunávöxtun af þessari stærðargráðu. Og það er fólk sem er að kikna undir skuldabyrðum sem gengur með skuldabréf inn á þessar okurbúllur um þessar mundir og selur þessi bréf, verðtryggð bréf með 18% vöxtum og jafnvel afföllum líka. Og hverjir haldið þið að eignist þessi bréf? Hverjir eignast þessa peninga? Hverjir græða á þessu? Það eru þeir sem eiga mikla peninga fyrir. Það hefur aldrei átt betur við á Íslandi en í dag að

þeir ríku verða ríkari og þeir fátækari fátækari. Það er stöðugt gengið grimmara að þeim síðarnefndu af núverandi ríkisstj. á öllum sviðum, en ekki síst í þessum efnum. Og það fólk sem sagt er að hafi eignast íbúðir á undanförnum áratugum vegna neikvæðra raunvaxta er nú að missa sínar íbúðir vegna þess að það er að veðsetja þær fyrir framfærslukostnaði í stórum stíl. Það er þetta fólk sem við þm., t. d. hér í Reykjavík og vafalaust úr öðrum kjördæmum líka, hittum á hverjum einasta degi á skrifstofunum okkar. Fólk sem stynur undan þessari byrði. Þarna er að eiga sér stað peningatilflutningur. Þeir peningar, sem eru teknir af þessu fólki, týnast ekki, þeir gufa ekki upp. Þeir eru fluttir til í samfélaginu, til þeirra sem hafa mikið fyrir og eignast miklu meira með þessum ráðstöfunum.

Ég hef nefnt hér sjávarútveginn. Ég hef nefnt hér launafólkið og húsbyggjendur. Ég ætla að nefna tvo þætti enn. Hvað með verðbólguþróunina að undanförnu? Verðbólgan hefur ætt upp úr öllu valdi núna að undanförnu, margfaldast á tiltölulega mjög stuttum tíma. Það er auðvitað verið að kenna verkafólki um það eins og venjulega. En ætli vaxtaokrið og vaxtaþenslan eigi ekki þátt í þessu brjálaða verðbólguspani sem hefur verið að ganga yfir hér að undanförnu? Ég er sannfærður um það. En það segir sína sögu um Seðlabankann og þessar opinberu stofnanir, sem eiga að rannsaka og fylgjast með hlutum hér í efnahagsmálum, að það er aldrei kannað mál eins og þetta, hvaða áhrif vaxtaokrið hefur haft á verðbólguspanið að undanförnu. Frá því má ekki segja vegna þess að þá væri komið upp um „strákinn Tuma", því að Seðlabankinn var auðvitað sá aðilinn sem fremstur þrýsti á það að þessi vitlausa fjármagnskostnaðarstefna var tekin upp í landinu.

Ég hef nefnt hér fjóra þætti. Og ég hefýjað að þeim fimmta sem er vaxandi misrétti í þjóðfélaginu. Menn hafa tekið eftir því að þeir aðilar sem nú eru að eignast þessi skuldabréf og sölsa undir sig fjármuni frá þeim sem minnst hafa eru að gera kröfur um það að þeir fái að ávaxta sitt pund í betri gögnum en skuldabréfum því að þeir óttast að það fólk sem á að borga bréfin fari á hausinn. Það er rétt að ástæða er til að óttast að það geti ekki borgað. Menn sjá nauðungaruppboðslistana í Lögbirtingablaðinu, hinu sameiginlega málgagni þeirra Þorsteins Pálssonar og Steingríms Hermannssonar, hv. þm. og hæstv. forsrh. Það er það málgagn sem sameinar þá þessa dagana, Lögbirtingablaðið, sem kemur út ótt og títt um þessar mundir, troðfullt af nauðungaruppboðstilkynningum frá þessu fólki sem núna horfir á eignir sínar hrifsaðar af því vegna þeirrar stefnu sem þessir menn bera ábyrgð á.

Þetta misrétti birtist okkur á ýmsum sviðum. Þessir menn, sem þarna eru að gera kröfur varðandi nauðungaruppboðin, þeir fara núna fram á það að fá að flytja inn gull. Þeir fara fram á það að fá að flytja inn gull til þess að þeir geti geymt eignir sínar, til þess að þeir þurfi ekki að eiga það á hættu að einhverjir Jónar Jónssynir, meðal-Jónar í Breiðholtinu, fari á hausinn og geti ekki borgað þetta. Þeir vilja fá gull til að geta ávaxta sitt pund. Svona er það. Þannig liggur þetta þjóðfélag misréttis sem hér blasir við okkur. Ég fullyrði það að einn stærsti þátturinn í efnahagsvanda Íslendinga á síðustu 5—6 árum, fyrir utan samdráttinn í þjóðartekjum sem ég geri ekki lítið úr, einn stærsti þátturinn fyrir utan samdráttinn í þjóðartekjum er þessi brjálaða fjármagnskostnaðarstefna. Og ég fagna því að þm. Alþfl. skuli nú flytja hér frv. sem gengur í rauninni gegn þeim kröfum sem þeir í upphafi settu fram.

Ég held að það sé núna aðalatriðið, herra forseti, að við gerum okkur grein fyrir því að þm. úr öllum flokkum eru sammála um að hér hafi ekki verið gengið til góðs og að það eigi að breyta þessu.

Ég minni á að hv. 1. þm. Suðurl. nefndi það hér í útvarpsumr. frá Alþingi fyrir nokkru að nauðsynlegt væri að setja niður nefnd fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu og annarra aðila til þess að fjalla um breytingarnar á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Mér fannst þetta góð hugmynd. Hins vegar er a. m. k. einn þm. hér og hæstv. ráðh. sem hefur ekki verið mjög spenntur fyrir þessari hugmynd í verki að mér hefur sýnst. Það er hæstv. forsrh. Einhverra hluta vegna hefur hann ekki komið þessu frá sér, og hefur þó margt sést frá honum viturlegt síðustu daga, eins og að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með því að selja bjór. Hann kemur sem sé auga á eitt og annað sá maður. Þjóðin á að drekka sig frá vandanum. En að öllu gamni slepptu, þá væri fróðlegt að þessi nefnd, sem hv. 1. þm. Suðurl. lagði til að yrði sett á laggirnar, kannaði alveg sérstaklega hvaða áhrif fjármagnskostnaðarkerfið hefur haft á lífskjör fólks í landinu á undanförnum árum. Það kann að vera að margt af því sem sagt er í þeim efnum byggist meira á tilfinningu en því að menn hafi farið mjög nákvæmlega ofan í hlutina. Það væri mjög æskilegt að fá upplýsingar um það hvað vaxtaokurskerfið hefur haft í för með sér í eignaflutningi í þjóðfélaginu. Og ég vil í þessum umr. spyrja hv. 1. þm. Suðurl.: Er þess ekki að vænta að ríkisstj. komi þessari nefnd saman? Og benda honum jafnframt á að ef ríkisstj. ekki kemur þessari nefnd saman, þá getur hann auðvitað gert það sjálfur.

Að lokum, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að hæstv. viðskrh. er fjarverandi við þessa umr. Það er afleitt. En hann er mjög oft fjarverandi, hæstv. viðskrh. Í dag mun hann hafa veikindaforföll og það er ekkert við því að gera. En hæstv. viðskrh. er búinn að vera hér á mælendaskrá í fimm vikur út af 5. dagskrármáli, næstur á mælendaskrá, en hefur aldrei verið viðstaddur til þess að taka til máls, og er það bagalegt þegar mál þurfa að komast í n. og til meðferðar hér í þinginu. En einkum hefði ég þurft að eiga orðastað við hæstv. viðskrh. út af öðru máli, sem tengist vaxtamálum og kom fram í fréttum sjónvarpsins núna á dögunum, þar sem það kemur fram að bankarnir viðurkenna að þeir taki kolvitlausa vexti af fólkinu og bankastjórarnir segja: það er eðlilegt vegna þess að leiðbeiningarnar eru svo vitlausar að við skiljum þær ekki. Í fréttum sjónvarpsins núna á dögunum sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir rúmri viku sendi lögfræðingur í Reykjavík Seðlabankanum erindi þar sem því var haldið fram að Landsbankinn hefði á fyrrgreindu tímabili tekið ólöglega vexti af skuldabréfum sem bankinn hafði til innheimtu.

Forsaga málsins„var sú að um miðjan apríl 1983 gaf lögfræðingurinn út vegna íbúðakaupa 12 samhljóða skuldabréf, hvert að upphæð 30 þús. kr. Bréfin voru verðtryggð með lánskjaravísitölu og vextir skyldu vera þeir hæstu löglegu af verðtryggðum lánum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Skuldar-

eigandinn fól síðan aðalútibúi Landsbanka Íslands innheimtu bréfanna.

Fyrir tímabilið 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985 krafðist Landsbankinn að greiddir yrðu meðaltalsvextir 8.288% af framangreindum bréfum. Í erindi sínu heldur lögfræðingurinn því hins vegar fram að samkvæmt ákvörðunum Seðlabankans hefðu meðaltalsvextir á þessu tímabili átt að vera 6.755% og vextir Landsbankans því hærri en lög heimiluðu. Það munaði þarna liðlega 1%. Mismunurinn, sem er rúmlega 1½%, kann reyndar að virðast smávægilegur, en í þessu tilfelli þurfti þó viðkomandi einstaklingur á þessu tímabili að greiða hvorki meira né minna en rúmum 7000 kr. meira í vexti en annars hefði orðið.

Sveinbjörn Hafliðason, lögfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, sagði í samtali við fréttastofuna í dag að sér sýndist að hér væri um að ræða of háa vaxtatöku hjá Landsbankanum, en málið hefði verið sent áfram til frekari athugunar hjá bankaeftirlitinu. Helgi Bergs, bankastjóri Landsbankans, sagði í dag að þessi vaxtataka væri í samræmi við túlkun lögfræðinga bankans á ákvörðunum Seðlabankans og Seðlabankinn gæti sjálfum sér um kennt ef ákvarðanir hans væru svo óljósar að það væri ekki á valdi færustu bankalögfræðinga að framkvæma þær með réttum hætti."

Sjá menn ekki í hvert óefni er hér komið með þessa vaxtavitleysu? Það er ekki nóg með það að verið sé að ráðast að fólki og atvinnuvegum með þeim hætti sem ég hef hér lýst, heldur eru vaxtareglurnar orðnar svo flóknar að sögn bankastjóranna að það er útilokað að reikna þær út. Það botnar enginn neitt í þeim. Það væri fróðlegt að vita hvað hv. þm. Friðjón Þórðarson og Stefán Valgeirsson segja um þetta í Búnaðarbankanum, af því að þeir sitja nú hér fyrir framan mig. Ætli það hafi verið kannað hvernig þessir hlutir eru þar? Ég held að það væri full ástæða til þess fyrir viðskrh. að athuga hvort verið er að oftaka af fólki gífurlega fjármuni vegna þess að menn kunna ekki að reikna út vextina, botna ekkert í þessari flækju, frumskógi og vitleysu lengur. Ég held að það væri full ástæða til þess, herra forseti, að þegar umr. fer hér aftur fram um vaxtamál verði tryggt að hæstv. viðskrh. sé viðstaddur, til þess að fram komi hvort hann hefur ekki veitt þessu athygli, að hér er verið að oftaka af fólki gífurlega fjármuni af því að menn kunna ekki að reikna út vexti.

Sjá menn þá ekki hvert þetta er allt að leiða? Það er eignaupptaka. Það er kollkeyrsla á atvinnuvegunum á eina hlið og endileysa í framkvæmd allri á hina hliðina. Niðurstaða mín er sú, að hér hafi í rauninni verið rætt um eina vitlausustu ákvörðun í efnahagsmálum á Íslandi á síðasta áratug, og er þá langt jafnað, skal ég viðurkenna, og þó yfir lengri tíma væri farið. Ég held að þetta hafi verið óheppileg og hættuleg ákvörðun og ég held að það sé aðalatriðið að nú er ljóst að fulltrúar allra flokka hér á Alþingi eru tilbúnir til þess að taka á þessu máli og reyna að snúa þessu við. Því að vaxtaokrið er að keyra hér allt í kaf, bæði einstaklinga og atvinnuvegi.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Áður en ég tek til að ræða það frv. sem hér liggur fyrir vil ég leyfa mér vegna þeirra ummæla sem féllu við þessa umr. um þetta mál á mánudaginn, að allir hefðu tekið undir þetta mál hér á þinginu nema fulltrúar BJ og að enginn væri viðstaddur umr. frá BJ, að benda viðkomandi á að ég var hér allan tímann, ég vék ekki af þingdeildarfundi. Ég var að vísu hluta tímans hér inni í hliðarherbergi að gera það sem ekki má tala um úr þessum ræðustól og helst ekki minnast á almennt, og það má helst ekki sjást, það má bara framkvæma það þarna megin en ekki hérna megin, svo ég segi ekki meir.

Ég taldi mig, eins og síðar kom í ljós, með rétti vera á mælendaskrá, en þegar ég átti viðræður við virðulegan deildarforseta kom í ljós að hann hafði skrifað niður annan þm. í minn stað, mann sem alls ekki var búinn að biðja um orðið. Af sinni alkunnu ljúfmennsku leiðrétti hann þetta auðvitað þegar í stað, og hér er ég nú. Hins vegar datt mér í hug augnablik að hann hefði haldið mig vera að heilsa sér eftir langa fjarveru mína, hérna utan úr sal með því að ég hefði verið að vinka honum. En þetta er sem sagt leiðrétt.

Með þessu frv. til laga, sem hér liggur fyrir til umr., er ekki verið að tala um að fella niður verðtryggingu lána. Það er verið að tala um að framlengja lánstímann til þess að létta greiðslubyrðina. Hér er sem sagt á ferðinni mál þar sem hugmyndin er að fresta greiðslu á þeim hluta verðtryggingarlána sem er umfram almennar launahækkanir í landinu. Þá er með því verið að tala um það að lánstíminn lengist þannig að afborgun lána á hverjum tíma verði ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa hverju sinni. Tilgangurinn er góður og nauðsynlegur. Þarna er í raun verið að fá fólk til þess að sætta sig við orðinn hlut, þ. e. að kaupgjaldsvísitalan sé ekki í samræmi við lánskjaravísitöluna. Þetta leysir að vísu vanda þeirra sem verst eru staddir en það viðheldur samt sem áður því óréttlæti sem kjaraskerðingarnar hafa leitt af sér undangengin ár. Hér þurfum við að ræða um sjálfsvirðingu og réttlæti. Það er ljóst að ef um væri að ræða eitthvert réttlæti þá mundi fjármagnskostnaður vegna húsnæðiskaupa þurfa að dreifast á a. m. k. heila mannsævi, þ. e. starfsævi hans. Það er bráðnauðsynlegt að aflétta þessu oki sem við lýði er og viðhelst. Þetta er ekkert annað en hróplegt óréttlæti eins og nú er. Það hefur auðvitað engum, sem talað hefur í þessu máli, dottið í hug að afnema beri verðtryggingu lána. Auðvitað ætlast menn til þess að þau lán sem tekin hafa verið séu borguð, en það verður bara að gera aðstæður þannig úr garði að það sé kleift, að það verði viðráðanlegt.

Það er vitaskuld með öllu ófyrirgefanlegt að lánstíminn skuli ekki hafa verið lengdur þegar verðtryggingin var tekin upp. Sú þróun má ekki halda áfram að menn þurfi sífellt að halda áfram að lengja vinnutímann til þess að standa við fyrir fram gerðar skuldbindingar og enn þá síður að menn þurfi sífellt að taka ný og ný lán til þess að geta staðið við afborganir af upphaflegum lánum. Auk þess sem það er nú ekkert auðvelt að fá lán.

Húsnæðislánakerfið eins og það er í dag er algerlega ónýtt. Það verður að færa það til betri vegar, þannig að fólk þurfi ekki að ganga eins og betlarar fyrir einn bankastjórann af öðrum. Það er verið að ganga af sjálfsvirðingu dauðri. Hér verður að koma til leiðrétting og það verður að koma til réttlæti. Sjálfsvirðing byggist á því að vera sjálfbjarga, hún byggist á því að sjá arð af starfi sínu. Eins og kerfið er nú byggir það ekki upp, það drepur niður. Við verðum að spyrja að því hvað sé réttlætanlegt að húsnæðiskostnaður vegi þungt af mán-

aðarlaunum fólks.

Í nágrannalöndum okkar er það viðurkennd staðreynd og hefur verið það í áratugi að það sé a. m. k. æviverkefni að koma yfir sig húsnæði. Hér á landi hefur hins vegar verðbólgan kastað glýju í augun á okkur og hindrað það að þessi staðreynd fengist viðurkennd. En nú er svo komið að þessi staðreynd dylst engum lengur. Og þá er komið að því að taka til höndunum og breyta þessu óréttláta kerfi. Það þýðir ekkert að vera að reyna að slá sig til riddara með því að taka sér í munn ummæli eins og þau að hafa á málinu velvilja, fullan velvilja og góðan skilning, hann nær ekki langt einn sér. Athafnir þurfa að fylgja í kjölfarið og það strax, vegna þeirrar einföldu og nöturlegu staðreyndar að nú er svo komið fyrir þeim fjölmörgu sem lagt hafa út í skuldbindingar vegna kaupa eða byggingar húsnæðis að þeir eru komnir á ystu nöf sjálfsvirðingar sinnar. Hvað tekur þá við? Ekkert annað en niðurlæging, niðurlæging sem felst í því að þurfa að horfa á eftir húsnæði, sem þrælað hefur verið fyrir hörðum höndum, hverfa á nauðungaruppboði. Og hvað tekur þá við? Leiga, ef nokkuð fæst þá, ef húsnæði er að fá á leigumarkaðnum. Og ef það fæst er þar yfirleitt um að ræða okurverð, verð sem nemur stórum hluta teknanna.

Hæstv. ríkisstj. ætti að taka sér tak og hressa upp á minnið með því að líta yfir kosningaloforðaþættina úr sjónvarpinu frá 1983 og hugsa svo rækilega út í það hvaða orð það eru úr þeim þáttum sem m. a. gera það að verkum að ríkisstj. er við völd í dag. Það voru greinilega margir sem treystu því að hæstv. ríkisstj. hygðist vinna vel og skörulega að þessum málaflokki, vinna að því að koma húsnæðismálunum í heilbrigðan farveg. En það hefur bara ekkert gengið eftir af þessum loforðum þeirra. Hins vegar voru þeir fljótir til, eftir að völdin komust í þeirra hendur, að afnema vísitölubindingu launa.

Mig langar til að vitna í áramótaávarp hæstv. forsrh. fyrir rúmu ári síðan, með leyfi forseta, en þar talar hæstv. forsrh. undir kjörorðunum: Framtíðin er björt ef vel er á málum haldið. Þar segir hann, m. a.:

„Í þeim tímabundnu erfiðleikum, sem við eigum við að stríða nú, hljóta kjör einstaklinga að skerðast og ýmiss konar sameiginleg þjónusta að dragast saman um skeið. Annað er blekking. Mikilvægast er að þessum byrðum sé dreift þannig að þeir beri sem borið geta. Mér er ljóst að þetta er ekki í fyrsta sinn sem minnst er á breiðu bökin. Eflaust er það einnig rétt að oft hefur mistekist að dreifa byrðunum réttlátlega. Engu að síður er krafan réttmæt og að því verður að stefna."

Hæstv. forsrh. sagði að mikilvægast væri að byrðunum væri dreift þannig að þeir beri sem borið geta. Er það virkilega skoðun hæstv. forsrh. að eins og málum er nú háttað beri þeir byrðarnar sem borið geta? Geta þeir borið byrðarnar sem eru nú að missa og eru búnir að missa húsnæði sitt á nauðungaruppboði? Eru þeir að þessu bara að gamni sínu, að afsala sér húsnæði, til þess að sýna og sanna að þeir geti borið byrðarnar? Er þessi krafa réttmæt eins og hæstv. forsrh. lét um mælt?

Það deilir enginn um réttmæti þess að menn eiga og ætla að greiða til baka þau lán sem þeir hafa tekið. En til þess að svo megi verða þurfa laun að halda í við þróun lánskjaravísitölu. Öðruvísi er ekki hægt að ætlast til þess að fólk geti gert þá langtímaáætlun sem nauðsynleg er þegar það tekur á sig langtímaskuldbindingu. Eins og kerfið er uppsett í dag virkar það hreinlega eins og eignaupptaka. Fólk leggur nótt við dag til þess að afla þeirra tekna sem til þarf til að standa undir skuldbindingum sínum. Þegar það hefur í því skyni nánast kreist úr sér hvern blóðdropa þá er svo komið að það er einungis hægt að líkja því við eitt og það er eignaupptaka. Hér ríkir hreint og beint neyðarástand í þessum málum og skylda stjórnvalda liggur í því að bregðast við með hverju því ráði sem til bjargar má verða og leysa allt þetta fólk af klafa þeirra skuldbindinga sem það er orðið vafið í og flækt.

Hér er verið að fara fram á framlengdan lánstíma. Ég get ekki séð annað en að það sé mjög svo sanngjarnt, miðað við þær aðstæður sem við búum við. Fólk verður að geta treyst því að greiðslubyrði lána verði aldrei meiri á hverjum tíma en sem nemur almennri launahækkun. Afborgun t. d. af lífeyrissjóðsláni, sem tók einn mánuð að vinna fyrir á fyrri hluta s. l. árs, má ekki, eins og nú er, taka sama mann einn og hálfan mánuð að vinna fyrir. Sú þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnum hér á landi hefur einnig orðið þess valdandi að upp er komið nýtt vandamál í formi upplausnar innan fjölskyldna. Það er mjög svo alvarlegur hlutur. Og þetta vandamál hleður utan á sig því þó alveg sé sleppt að ræða um afleiðingar þess fyrir fólkið sjálft og börnin, sem oftast eru inni í myndinni, þá vefur þetta upp á sig í formi kröfu um aukið húsnæði á markaðinn. Þar sem hjónin eða sambýlisfólkið gátu áður notað eina íbúð þurfa þau nú tvær. Ég tel að hér sé á ferðinni mjög svo þarft mál og ég kem til með að greiða því atkvæði mitt komi það til atkvæðagreiðslu.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér. Það hefur greinilega komið fram mikill vilji hjá flestum þeim þm. sem talað hafa til að leiðrétta það vandamál sem reynt er að leiðrétta með þessu frv. Má segja að þm. allra flokka hafi tekið undir þetta og lýst yfir stuðningi, flestir hverjir, við þá leið sem hér er lögð til. Því ber líka sérstaklega að fagna að margir þeirra sem fjölluðu um þetta frv. þegar það var til umr. á þingi 1982 og vissulega höfðu þá skilning á þessu vandamáli, en töldu þó ekki fært að fara löggjafarleiðina, hafa nú breytt um skoðun og telja nauðsynlegt að fara þá leið að gera þetta með lögum.

Hér verður ekki komist hjá því, herra forseti, að gera nokkuð að umtalsefni ræður tveggja hv. þm. sem hér hafa talað, þ. e. hv. þm. Friðriks Sophussonar sem talaði hér á mánudaginn þegar þetta frv. var til umr. og ekki síst að gera athugasemdir við ýmislegt af því sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni áðan.

Mér fannst á máli hv. 2. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar að hann slægi nokkuð úr og í í þessu máli. Annað veifið talar hann um að óeðlilegt væri að fara löggjafarleiðina í þessu máli og sérstaklega að því er lífeyrissjóðina varðar og nefndi hann þá sérstaklega, en í hinu orðinu viðurkenndi hann reyndar vandamálið og sagði að koma yrði til móts við þá sem harðast verða úti og sérstaklega þegar litið er til langs tíma.

Að því er lífeyrissjóðina varðar, og hv. þm. nefndi þá sérstaklega, tel ég að það sé ekkert óeðlilegra að skuldbinda lífeyrissjóðina með þessum hætti, sem hér er lagt til, og verð ég að segja að þessar skuldbindingar, sem hér eru lagðar til, eru lífeyrissjóðunum örugglega

léttbærari en þær skuldbindingar sem t. a. m. hv. 2. þm. Reykv. hefur staðið að, þ. e. að skuldbinda lífeyrissjóðina til að binda stóran hluta af sínu fjármagni til skuldabréfakaupa. Ef ég man rétt eru það um 1400 millj. á þessu ári. Að því er varðar lífeyrissjóðina er það einmitt tekið fram í grg. með þessu frv. og vil ég vitna í það, með leyfi forseta:

„Hvað lífeyrissjóðina snertir þá eru innlánsskuldbindingar þeirra í raun verðtryggðar samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu og því ætti frv. ekki að hafa nein áhrif á greiðslugetu þeirra við útborgun lífeyrisgreiðslna."

Hv. 2. þm. Reykv. og reyndar einnig hv. þm. Svavar Gestsson komu því ítrekað til skila að það væri Alþfl. sem hefði knúið fram verðtryggingarákvæðin í Ólafslögunum og mátti ráða af orðum þeirra að ófremdarástandið hjá húsbyggjendum væri af þeim sökum Alþfl. að kenna og því ekki skrýtið að Alþfl. mundi bera fram slíkt frv.

Mér fannst það nokkuð furðulegt sem fram kom í máli hv. þm. Svavars Geststsonar og ég hélt reyndar að þær raddir væru þagnaðar sem draga í efa réttmæti verðtryggingarstefnunnar og halda því raunar fram, eins og mér fannst hv. þm. gera hér, að verðtryggingarstefna væri röng og þetta væri vitlausasta ákvörðun í efnahagsmálum á umliðnum árum. Það eru aldeilis furðuleg ummæli sem fram koma í þessu máli. Þegar verið er að fjalla um verðtrygginguna og þau áhrif sem hún hefur haft á efnahagslífið m. a. með því að koma nokkuð í veg fyrir óarðbærar fjárfestingar og brask, þá er Alþfl. yfirleitt ekki nefndur. Þegar talað er um galla verðtryggingarstefnunnar, sem snúa að húsbyggjendum, fylgir því gjarnan að eigna Alþfl. þessa stefnu. En þegar kemur að kostunum er auðvitað ekki minnst á Alþfl.

Það er alveg rétt að Alþfl. barðist fyrir þeirri stefnu að koma á verðtryggingu fjárskuldbindinga hér á landi. Alþfl. er enn þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt stefna. En það sem brást þegar verðtryggingarstefnunni var komið á var að ekki fylgdu þær ráðstafanir sem þurfti að gera til að létta hag húsbyggjenda, t. d. lenging lánstímans og hækkað lánshlutfall. Þar ber hv. þm. Svavar Gestsson töluverða ábyrgð. Hann hafði með að gera húsnæðismálin sem ráðh. í þrjú ár þannig að hann hafði valdið til að breyta lögunum, lengja lánstímann og skapa húsnæðiskerfinu það fjármagn sem til þarf til að hækka lánshlutfallið. Þar brást hv. þm. Svavar Gestsson. Vitaskuld varð ljóst þegar verðtryggingarákvæðin komu til sögunnar að þær ráðstafanir yrðu að fylgja með. Og það vil ég taka skýrt fram að á það lagði Alþfl. áherslu og fylgdi því eftir með ítrekuðum tillöguflutningi hér á hv. Alþingi.

Hv. þm. Friðrik Sophusson var að mörgu leyti sanngjarnari í sínu máli en hv. þm. Svavar Gestsson þegar hann fjallaði um verðtryggingarstefnuna og kenndi þó Alþfl. að nokkru um að því er húsbyggjendur varðar. En hann var þó það sanngjarn, og það var nokkuð merkilegt við hans ræðu, að í lok ræðunnar tók hv. þm. Friðrik Sophusson upp á því að hrósa verðtryggingarákvæðunum sem hann fyrr í ræðu sinni reyndi að koma höggi á Alþfl. fyrir gagnvart húsbyggjendum. Í ræðu sinni talaði hann til að mynda um að á Íslandi ríkti meiri jöfnuður varðandi eignir en annars staðar og auðnum hér á landi væri verulega jafn dreift miðað við okkar nágrannaþjóðir. Nú er ég ekki sammála þessum ummælum hv. þm. Það er ljóst að misréttið í eigna- og tekjuskiptingunni hefur farið verulega vaxandi. En hv. þm. sagði að jöfnun í eigna- og tekjuskiptingunni mætti að verulegu leyti rekja til þeirrar stefnu sem tekin var upp á sínum tíma þegar útlán voru verðtryggð. Þar með hefði fótunum verið kippt undan því að þeir sem væru skuldakóngar gætu tekið lán og borgað niður með krónum sem voru minna virði. Það er kannske það sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur viljað halda áfram, að lofa skuldakóngunum og þeim sem geta braskað með fjármagn og haft aðgang að fjármagninu að valsa áfram og öðlast stóreignir fyrir niðurgreitt fé. Það er kannske það sem hv. þm. meinar þegar hann talar um að þetta sé vitlausasta ákvörðun í efnahagsmálum sem tekin hafi verið.

Mér fannst eitt furðulegt sem fram kom í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar. Hann taldi að það væri mikilvægt að gera sem flesta að eignamönnum í þjóðfélaginu. Maður spyr: Hvað er orðið um frelsi það sem Sjálfstfl. berst fyrir, frelsi fyrir fólkið til þess að velja og hafna? Er það til að mynda í anda stefnu Sjálfstfl. að pína fólk nauðugt viljugt til þess að eignast húsnæði, hvort sem það vill eða ekki, hvort sem það er í stakk búið til þess að taka á sig þær drápsklyfjar sem því fylgir eða ekki? Nei, sannleikurinn er nefnilega sá að fjöldi heimila í landinu er að leysast upp vegna þeirrar stefnu sem rekin hefur verið í húsnæðismálum, vegna þess að fólk hefur ekkert frelsi og á enga valkosti í húsnæðismálum. Það er athyglisvert að bera t. d. saman eignaríbúðahlutfallið hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Hér á landi er eignaíbúðahlutfallið, miðað við landsmeðaltal, um 90% á meðan það er að meðaltali á hinum Norðurlöndunum um 40—50%. Á hinum Norðurlöndunum hefur fólk nefnilega valfrelsi í húsnæðismálum sem ungt fólk hefur ekki hérna. Það hefur miklu meiri möguleika á hinum Norðurlöndunum til að ákvarða sjálft hvaða húsnæðisform það velur sér og þar eru lánakjörin miklu viðráðanlegri en þau eru hér á landi.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta frv. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra þm. sem hér hafa talað og tekið undir það frv. sem hér er til umr. Ég vil þó ekki fara hér úr ræðustólnum án þess að fara nokkrum orðum um það sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi í sinni ræðu, en það er tekjuskiptingin í þjóðfélaginu og hve nauðsynlegt væri að kanna og gera úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Hann beindi orðum sínum sérstaklega til hv. þm. Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl., og spurðist fyrir um hvenær hv. þm. mundi standa við orð sín um að koma á þeirri nefnd sem hann hafði hug á til þess að gera þessa úttekt á tekjuskiptingunni og launakjörum í þjóðfélaginu. Þetta er mál sem ég hef margsinnis hreyft hér í þingsölum, og með ítrekuðum tillöguflutningi einnig, um að kannanir yrðu gerðar á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Svo vill til að það liggur fyrir vilji Alþingis í þessu máli, um að það verði gerð úttekt og könnun á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Sú till. var samþykkt 28. apríl 1980 og er í 15 töluliðum og fjallar um ýmsa þætti sem nauðsynlegt er að fá fram í dagsljósið til að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Hv. þm. Svavar Gestsson er nú að leita eftir því að

hv. þm. Þorsteinn Pálsson standi við það loforð sem hann gaf fyrir örfáum vikum og telur að hann dragi ansi mikið lappirnar í því og það taki langan tíma að koma þessu í framkvæmd, en það furðulega er að hv. þm. Svavar Gestsson var félmrh. þegar till. var samþykkt um að fara skyldi fram úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Hv. þm. var félmrh. frá 1980—1983 og þessi till. er samþykkt eins og ég sagði á árinu 1980. Hvers vegna notaði hv. þm. ekki sína ráðherratíð, þegar hann hafði valdið, til að gera úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu? Ég margspurði hann að þessu með fsp., en ég fékk alltaf loðin svör. Það var greinilegt að þáltill. var vísað til hans rn. til framkvæmda. Ég tel að nauðsynlegt sé að þetta sé upplýst hér þegar hv. þm. setur sig á háan hest í þessu máli. Hann hafði öll tækifæri til að láta þessa úttekt fara fram á sínum tíma og fara að vilja Alþingis í þessu efni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það mál sem er hér til umr. er efalaust eitt alvarlegasta vandamálið sem þjóðin á við að glíma í dag. Það vandamál er sú stefna sem upp var tekin um verðtryggingu og háa vexti og það sem sú stefna hefur svo leitt af sér. Ég var einn af þeim sem bentu á það alla tíð hvernig þessi þróun mundi verða, hvað það mundi leiða af sér ef ætti að verðtryggja fé á þann veg sem ákveðið var. Það er auðvitað lofsvert að þó skuli vera gerð tilraun til að flytja frv. um einhverjar leiðréttingar á ástandinu þó að ég sé alls ekki viss um að þetta frv. leysi þann vanda sem blasir við.

Ég stend í þeirri trú að það gangi ekki upp að borga ekki verðtryggingu á laun, en verðtryggja allar fjárskuldbindingar. Það gengur ekki upp. Það hefur sýnt sig og veldur því óréttlæti sem við horfum öll á í þjóðfélaginu.

Fyrsta mgr. í frv. er um að að miðað sé við opinbera skráða vísitölu, svonefnda lánskjaravísitölu. Á að fara að festa það í lögum að það skuli fara eftir þeirri lánskjaravísitölu eins og hún er upp byggð? Eru menn sammála um að þessi vísitala sé það eina rétta eins og hún er upp fundin? Ég held að það sé eitt af því sem þurfi að velta fyrir sér, ef þessi verðtrygging á að vera að einhverju marki áfram, og það þurfi að hugsa þetta mál svolítið betur hvað það varðar.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði hvort vextir mundu verða innheimtir af skuldabréfum í Búnaðarbankanum eins og í Landsbankanum. Ég hef ekki hugmynd um þetta. Ég hef ekki hugmynd um það og skal viðurkenna það. Ef menn ættu að setja sig inn í allt það vaxtafrelsi sem nú ríkir í þjóðfélaginu gerðu menn ekki annað en fylgjast með vaxtabreytingum frá degi til dags. Þetta er slík hringavitleysa allt saman. Það verður að játast.

Ég sakna þess mjög að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson skuli ekki vera hér inni. Ég ætlaði aðeins að ræða við hann. Ég skal viðurkenna að ég er ekki oft sammála hv. 3. þm. Reykv., en sú ræða sem hann flutti áðan varðandi það ástand sem ríkir vegna þessarar vaxtastefnu var þannig að ég verð að segja að ég er að flestu leyti sammála honum í því efni. Þar af leiðir að hann sparar mér að eyða löngum tíma hér í ræðustól. Þessi mál þarf að athuga betur.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson flutti athyglisverða ræðu þegar þetta mál var til umr. M. a. gat hann þess að hann hefði farið á fundi til útlanda, að mér skildist til íslenskra námsmanna, þar sem hann ræddi hið pólitíska ástand. Hann sagðist hafa spurt námsmennina hvort þeir ætluðu ekki að flytja heim að námi loknu og hann sagði að þeir hefðu í kór sagt nei. Nú vill svo til að ég hef haft samband við námsmenn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á undanförnum árum og stór hópur þeirra kom t. d. heim um síðustu jól og þá fékk ég tækifæri til að ræða við marga þeirra sem ég þekki þar. Einmitt var þá rætt um viðhorf námsmanna erlendis og þá erfiðleika sem þeir auðvitað verða að leysa eftir að þeir eru búnir að taka nokkuð mikil lán vegna námsdvalar erlendis. Um jól þegar þeir voru hér kom fram að enginn af þeim mönnum í þessum þremur löndum, sem ég hitti, ætlaði sér að dvelja erlendis eftir það að þeir væru búnir að nema það sem þeir ætluðu sér. Þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kemur til þeirra og boðar þeim eflaust sína stefnu í þjóðmálum og þeir sjá hvernig prófkjörin fara fram hér á landi og hvernig straumar virðast vera í pólitíkinni, þá bregður svo við að þeir hætta allir við á samri stundu að fara heim. Hvað var þm. að segja okkur? Ég er að vísu ekki hissa á að þetta skuli vera viðbrögðin, en ég held að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ætti að draga lærdóm af þessari reynslu sinni.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það heitir svo í dagskránni að við séum að ræða hér um breytingar á stjórn efnahagsmála, en við erum nú öllu heldur að ræða um viðbrögð vegna óstjórnar í efnahagsmálum og þá aðeins einn þátt þeirra mála. Flm. hafa tekið fram, eins og frv. ber reyndar með sér, að hér er fyrst og fremst verið að fjalla um húsnæðismál. Ræðumenn hafa að vísu komið víða við og m. a. rætt um raunvaxtastefnuna. Þar á meðal flutti hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson aldeilis dæmalausa ræðu um raunvaxtastefnu þó að hann viti sjálfsagt og auðvitað, eins og allir aðrir í þessu landi, að ef ekki er haldið uppi hér raunvaxtastefnu er andstæðan neikvæð vaxtastefna sem reyndar ríkti hér um árabil með þeim afleiðingum að brask og spákaupmennska og misskipting á tekjum varð óskaplegri og ömurlegri en nokkur dæmi eru um í Íslandssögunni. Það var þá fyrst þegar neikvæðir vextir ríktu á Íslandi sem skuldakóngarnir og braskararnir blómstruðu og misskiptingin í landinu þreifst. Auðvitað veit hv. þm. Svavar Gestsson að við eðlilegar og heilbrigðar aðstæður í efnahagslífinu er skynsamlegt og sjálfsagt að fólk borgi þær krónur til baka sem það fær að láni og eðlilega vexti af því fjármagni sem það hefur til afnota í lengri eða skemmri tíma.

Á vaxtamálum og verðtryggingarmálum eru auðvitað tvær hliðar. Við vitum vel að sparifé og sjóðir brunnu upp á tímum hinna neikvæðu vaxta. Þetta mál, sem við erum að tala um núna, snýst að sjálfsögðu fyrst og fremst um verðbólguna og afleiðingar hennar vegna þess að rétt útfærð raunvaxtastefna yrði ekki verulegt vandamál og mundi ekki leiða til misskiptingar í þjóðfélaginu ef verðbólga væri í lágmarki og væri í núlli.

Vandamálið að því er varðar þetta sérstaka mál, í húsnæðismálum, stafar af því að eftir að búið er að kippa kaupgjaldsvísitölunni úr sambandi, eru enn þá aðrar vísitölur í gangi. Í þessu tilviki er gert ráð fyrir því að það fólk sem fær fé að láni í húsnæðismálasjóði eða byggingarsjóði endurgreiði þau lán skv. hækkun á byggingar- og lánskjaravísitölu. Auðvitað sjá allir sanngjarnir menn að það ástand getur ekki staðið lengur,

enda er öllum ljóst, og er búið að viðurkenna m. a. í þessari umr., að það fólk, sem hefur þá fífldirfsku til að bera að slá slíkt lán nauðugt viljugt, fær ekki undir því risið þegar fram líða stundir og þegar vextir og verðbætur hlaðast á höfuðstólinn.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, er spor í þá áttina að draga úr þessum ókjörum og gerir ráð fyrir því að miðað sé við lánskjaravísitölu og ekki sé gert ráð fyrir að verðbætur séu hærri en sem nemur hlutfallslega þeim hækkunum sem verða með hliðsjón af öðrum viðmiðunum og þá hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Um leið og við viðurkennum að allar almennar fjárskuldbindingar eigi að bera eðlilega vexti og hugsanlegar verðbætur, þannig að lántakandi greiði þær krónur til baka sem hann fær að láni, þá viðurkennum við líka að á vissum sviðum í þjóðfélaginu er nauðsynlegt að veita önnur og betri kjör sem við oftast nær köllum félagslega aðstoð eða eitthvað annað í þá áttina. Ég skil frv. þeirra Alþfl.-manna, sem hér er til umr., á þann veg að þeir vilji að því er varðar húsnæðismál veita þessa svokölluðu félagslegu aðstoð. Ég skil undirtektir annarra þm., sem hér hafa tjáð sig um málið og eru því samþykkir og lýsa yfir stuðningi svo að þeir séu líka sammála um að veita skuli vissa félagslega aðstoð svo að fólk hafi möguleika til að koma yfir sig þaki. Þetta hefur Sjálfstfl. líka viðurkennt í orði og á borði í gegnum tíðina og ég geri ráð fyrir því að það sé fyrst og fremst vegna þess að sá flokkur hefur haft það á stefnuskrá sinni að sem flestir einstaklingar í landinu eigi sínar eigin íbúðir.

Þetta frv., sem hér er á dagskrá, er nokkurs konar björgunarhringur sem verið er að kasta út til að halda þeim á floti um einhvern tíma sem hafa dottið í sjóinn og svamla þar í hafróti skulda, vaxta og vaxtavaxta, en það er öllum ljóst að þetta frv. er engin allsherjarlausn. Það er hvorki lausn fyrir þá sem nú þegar eru komnir í miklar skuldir né heldur nokkur lausn, minnsta tilraun til að leysa þann vanda þeirra sem standa frammi fyrir því að þurfa að koma sér upp húsnæði eða afla sér íbúða fyrir sig og sína. Satt að segja er ég alveg hissa á því að Alþfl., úr því að hann er á annað borð að hreyfa till. í þessum málaflokki, húsnæðismálunum, skuli ekki ganga miklum mun lengra en vera að flytja þetta frv. sem hefur ákaflega lítið að segja þótt það yrði samþykkt. Sannleikurinn er sá að í húsnæðiskerfinu eru engir peningar til lengur. Þeir sem fá lán fá 30% af byggingarkostnaði, sem er með allra lægsta hlutfalli sem þekkst hefur í tíð þessa sjóðs, og þeir sem fá þetta litla lán eru um leið komnir inn í þann vítahring sem hér hefur verið lýst í umr.

M. ö. o. blasir það við þeirri kynslóð sem vill nú gjarnan koma sér upp eigin húsnæði og framfylgja þeirri sjálfseignarstefnu sem verið hefur við lýði á Íslandi að hún hefur í engin hús að venda og er algerlega úti í kuldanum í vonleysi og ráðleysi. Það er af þessum sökum sem umr. um Búseta hafa vakið athygli og fengið hljómgrunn. Þar er um að ræða hóp fólks, þúsundir ungs fólks sem sér sér alls ekki kleift að sökkva sér í skuldir, sér sér ekki kleift að verða sér úti um sjálfseign og íbúð vegna þess að því fylgja óyfirstíganlegir skuldabaggar. Það er þetta fólk sem nú er að leita leiða til að koma sér upp byggingarsamvinnufélagi sem fylgir kaupleigufyrirkomulagi. Menn eru að rífast um hvort þetta form og þessi hópur, þetta félag Búseti, eigi að fá aðgang að kerfinu eða ekki. Menn eru m. ö. o. að rífast um hvort þetta félag eða einhverjir aðrir eigi að hafa forgang að þeim litlu peningum sem til eru, forgang að þeim vítahring sem kerfið býður upp á. Auðvitað er þetta algerlega óviðunandi ástand.

Því er haldið fram að forsvarsmenn og talsmenn þessa kaupleigufyrirkomulags, og þá líka þeir sem mæla því bót hér á þingi, séu að gera alla að leiguliðum í landinu, en ég leyfi mér að halda því fram að það sé hæstv. núv. ríkisstj. sem sé að gera alla hér, og sérstaklega unga fólkið, að leiguliðum í þessu landi með því að halda öllu niðri í húsnæðismálum, með því að veita ekki ríflegra fé til sjóðsins og með því að bæta ekki þau lánakjör sem þar eru við lýði.

Ég er sannfærður um að ungt fólk, jafnt mín kynslóð og þeir sem á undan hafa gengið, vill eiga sínar eigin íbúðir. Það vilja allir viðhalda sjálfseignarstefnunni. Þess vegna er það skylda þeirra flokka og þeirra ríkisstjórna sem hafa haft það á stefnuskrá sinni að stuðla að sjálfseign einstaklinganna að sjá til þess að úr þessu ófremdarástandi verði bætt hið fyrsta. Hvað er orðið um kosningaloforðin frá síðustu kosningum?

Það er ekkert nýtt af nálinni að húsnæðismál séu aðkallandi og brýn. Ég minnist þess úr síðustu kosningabaráttu, sem ég tók þátt í, að þá var þetta mál jafnvel efst á baugi að undanskilinni verðbólgunni sjálfri, og þá höfðu menn orð á því að það þyrfti að ná þegar á þessu kjörtímabili 80% í lánum af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Ég hef tekið eftir því að á þinginu 1982 fluttu þm. Sjálfstfl., það var að vísu fyrir kosningarnar, en þá fluttu fjölmargir þm. Sjálfstfl. í þessari deild ágæta þáltill. sem gekk í þessa átt, sem gerði ráð fyrir því að samanlögð lán húsnæðisstjórnar og lífeyrissjóða næðu 80% af byggingarkostnaði, og það átti að ná fram á kjörtímabilinu og lánin áttu að hækka mjög verulega strax á árinu 1983. Nú er komið árið 1985 og ég hef ekki orðið var við að stefnumótun nein sé í gangi. Hún er öll á reiki, hún er þá öll í huganum á hæstv. félmrh. sem talar út og suður, því miður, í þessu máli svo að ekkert er mark á takandi og enginn skilur upp né niður í. Hann er því miður ekki viðstaddur þessa umr. svo að ég mun ekki halda uppi mikilli gagnrýni á hann eða hans störf í þessum efnum sem væri þó full ástæða til.

Ég held því fram að sjálfseignarstefnan í húsnæðismálum sé þjóðhagslega sjálfsögð og mjög hagkvæm og það sé sjálfsagt að styðja fólk með félagslegri aðstoð í gegnum húsnæðismálakerfið, í gegnum Byggingarsjóðinn til þess að eignast sínar eigin íbúðir. Þetta frv., sem hér er á dagskrá, er góð viðleitni. Því fylgir sjálfsagt jákvæður hugur af flm. hálfu, en það er ákaflega lítið spor og hefur ákaflega lítið að segja frammi fyrir þeim risavaxna vanda sem nú ríkir. Ég hefði haldið að nær hefði verið að hv. Nd. hefði rætt um húsnæðismálin og lausnir á vandanum að frumkvæði ríkisstj. og að hér lægju fyrir tillögur frá hæstv. ríkisstj. um það hvernig hún ætlaði að bregðast við, um það hvernig hún ætlaði að koma til hjálpar, því að það eru þúsundir ungs fólks sem nú lifa í örvæntingu hér í landinu, ekki aðeins vegna atvinnu og vegna erlendra skulda, heldur líka vegna þess að það sér ekki fram á að geta fengið húsnæði fyrir sig og sína. Og það eru aðvörunarorð þegar fullyrt er að þetta unga fólk muni flýja land þó ekki væri af öðru en því að það getur ekki komið sér fyrir í þjóðfélaginu. Það þarf ekki að vísa til stúdentafunda í útlöndum eða

einkaviðræðna til þess að komast að þeirri niðurstöðu að það er virkilega alvarlegt ástand fram undan. Og það eru mjög alvarlegir tímar ef ungt fólk í landinu sér sér ekki farborða og getur ekki komið sér upp eigin húsnæði fyrir sig og sína fjölskyldu. Ég skora því á hæstv. ríkisstj. að taka á sig rögg í þessu máli og leggja fram hið snarasta tillögur sem ekki gera aðeins ráð fyrir að vandi þeirra sem nú þegar eru með skuldabaggana á herðunum verði leystur, heldur líka að það verði einhver von fyrir þá sem enn bíða í biðröðunum þannig að þeir geti fengið fyrirgreiðslu hjá húsnæðismálastjórn og hjá Byggingarsjóði til þess að þeir geti ráðist út í það sem skiptir máli í húsnæðismálum, en það er að eignast sínar eigin íbúðir.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa um margt verið athyglisverðar og fróðlegar, ekki síst fyrir þá sök að meginhluti þeirra hefur snúist um karp á milli tveggja stjórnarandstöðuflokka um núverandi stefnu þeirra og viðhorf og ekki síst um fyrri sambúð þeirra í ríkisstj.

Í annan stað hefur þessi umr. verið athyglisverð fyrir það að hún hefur gripið á mjög mörgum þáttum, húsnæðismálum almennt og peningamálastjórn í þjóðfélaginu. Það frv. sem hér er til umr. sýnist mér fjalla um sjálfvirkar skuldbreytingar á verðtryggðum lánum, bæði að því er varðar lán í bankakerfi, hjá lífeyrissjóðum og húsnæðislán. Ég tel ekki óeðlilegt að í þessu efni skoði menn sérstaklega hina einstöku lánaflokka.

Hv. 5. þm. Reykv. vék að því í ræðu fyrr við þessa umr. að frv. fjallaði einvörðungu um húsnæðismál og ekkert annað. Í sjálfu sér er það miklu víðtækara og hefur enda gefið tilefni til almennra umr. um peningamál. Ég held að það sé hins vegar full ástæða til að ræða í fullri alvöru um stöðu húsnæðismálanna í þjóðfélaginu og tek á margan hátt undir þau ummæli sem hv. þm. Ellert B. Schram viðhafði hér um þau efni og nauðsyn frumkvæðis í því að koma fram breytingum á skipan þeirra mála.

Það er grundvallaratriði í hverju þjóðfélagi að um það sé séð að fólk geti komið sér í húsnæði. Frá mínum bæjardyrum séð er æskilegast að búa svo um hnútana að velflestir geti komið sér eigin þaki yfir höfuðið. Ég held að sjálfseignarstefnan í þessu efni sé farsæl. Við höfum sýnt það. Reynsla íslensku þjóðarinnar sýnir að hún er farsæl.

Það sem hins vegar skiptir máli er að gera mönnum kleift að eignast eigin íbúðir. Ég held að við getum ekki hvikað frá því marki, sem mjög almenn samstaða hefur orðið um, að veita 80% lán til íbúðarkaupa, en þá skiptir máli á hvaða grundvelli það markmið yrði reist. Því verður ekki á móti mælt að framlög til húsnæðismála hafa verið stóraukin og tvöfölduð á þessu ári. Það sem skiptir máli og ræður úrslitum um í hvaða horfi húsnæðismálin eru er hvernig þetta fjármagn er nýtt, eftir hvaða reglum því er veitt út. Þar er á misbrestur að mínu mati. Ég held að nú þegar sé nauðsynlegt, eins og áform hafa verið uppi um, að setja takmörk á íbúðarstærð við lán, jafnvel takmörk á endurlán, og nota það fjármagn sem þannig vinnst til þess að hjálpa því fólki sem nú á sannarlega í miklum erfiðleikum varðandi greiðslur afborgana og vaxta af húsnæðislánum. Það er frumskylda stjórnvalda við þessar aðstæður að rétta þessu fólki hjálparhönd og það er unnt að gera með þessum hætti.

Ég held að það verði einnig unnt að ná 80% lánamarkmiðinu til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn ef viðmiðunarreglur eru miðaðar við hóflega íbúð og sama mark er ekki sett gagnvart endurkaupum. Í því efni verðum við einnig að hugleiða hvort og með hvaða hætti væri unnt að samtengja húsnæðislánakerfið og lán lífeyrissjóðanna sjálfra til húsnæðismála.

Þær deilur sem staðið hafa um leiguhúsnæði og eigin húsnæði eða sjálfseignarstefnu hafa auðvitað mikla þýðingu í þessu efni. Frá mínum bæjardyrum séð skiptir mestu máli að aðstaða manna sé jöfn í þessu efni. Þær kröfur sem fram hafa komið um lánafyrirgreiðslu til þeirra sem vilja búa í leiguhúsnæði og eiga þann valkost hafa lotið að því að veita því íbúðarformi sérstakan forgang umfram önnur lán. Því er ég andvígur. Ég tel að þarna eigi sömu reglur að gilda, það kosti jafnmikið að byggja hús hvort heldur sem menn eiga þá íbúð eða leigja hana. Við eigum að stefna að því að ná því marki að geta lánað 80% til kaupa á íbúð og þá gildir auðvitað einu hvort menn vilja eignast íbúðina eða komast í leiguhúsnæði. Þá er hægt að koma við sömu reglu hvort heldur menn vilja búa í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Það er það markmið sem við eigum að setja okkur. Við getum hins vegar ekki gengist undir það að leiguíbúðum eða byggingu leiguíbúða verði veittur sérstakur forgangur eða forréttindi í lánakerfinu.

Hér hefur verið vikið að tveimur mikilvægum málum varðandi peningamálin, bæði vísitölubindingu og vöxtum. Vísitalan hefur meginþýðingu á tveimur samningssviðum, þ. e. annars vegar í launasamningum og hins vegar að því er varðar fjárskuldbindingar. Það er athyglisvert hversu háværar raddir og mikið fylgi hefur verið við það á Íslandi í áratugi að koma á vísitölutengingu. Helsti fræðimaður og frömuður um vísitölutengingu, áhugamaður og baráttumaður um það efni, heitir Milton Friedman. Hann er aðalbaráttumaður fyrir því að koma á vísitölutengingu á öllum sviðum, hvort heldur er á launum, launakjarasamningum eða á fjárskuldbindingum. En svo vill til að sterkustu fylgismenn þessa hagspekings eru einmitt hér uppi á Íslandi í röðum sósíalista sem annars vegar hafa barist fyrir því að viðhalda vísitölutengingu á launum og nú hin síðari ár, eftir að Alþfl. eða íslenskir sósíaldemókratar urðu helstu forsvarsmenn þess að hafa vísitölutengingu á fjárskuldbindingum. Fyrir ýmissa hluta sakir er það nokkuð skondið að íslenskir sósíalistar skuli með þessum hætti hafa gerst aðaltalsmenn einnar meginkenningar hagfræðingsins Miltons Friedmans.

Það kom hins vegar fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. fyrr við þessa umr. að hann vildi ekki taka afstöðu til þess hvort koma ætti á gamla vísitölukerfinu aftur að því er varðaði kjarasamninga. Það er mjög athyglisvert viðhorf að þessi einn helsti forustumaður verkalýðshreyfingarinnar skuli komast þannig að orði og viðurkenna með þeim hætti að æskilegt er að fara nýjar leiðir í þeim efnum að treysta og vernda kaupmátt launafólksins í landinu. Og auðvitað er það unnt. Með því að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum er unnt að varðveita og auka kaupmátt með miklu áhrifameiri hætti en gamla vísitölukerfið gerði.

Ég held líka að í fullu samræmi við þetta sé eðlilegt að afnema vísitölutengingu, a. m. k. á skammtíma fjárskuldbindingum til þriggja eða fimm ára. Það er í fullu

samræmi við það að laun eru ekki vísitölutengd. Auðvitað er erfiðara um vik að því er varðar langtíma fjárskuldbindingar, sérstaklega meðan vissa um áframhaldandi verðlagsþróun er ekki meiri en raun ber vitni, fyrst og fremst fyrir þá sök að við höfum einsett okkur að verðtryggja ellilífeyri, en ein meginuppspretta fjármagns til að mynda í húsnæðiskerfinu er úr lífeyrissjóðakerfinu og ég geri ekki ráð fyrir að nokkrum manni detti í hug að raska þeirri verðtryggingu á lífeyri sem nú er komin á með því að afnema verðtryggingu á langtíma fjárskuldbindingum. Þar eru hagsmunir lífeyrisþega svo yfirgnæfandi að í því efni væri mjög varhugavert að rasa um ráð fram.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að því í sinni ræðu hvort vísitölutenging og vextir hefðu ekki átt snaran þátt í því sem hann kallar að stuðla að meiri ójöfnuði í tekjuskiptingu en verið hefur áður í okkar þjóðfélagi. Í því sambandi er rétt að rifja upp að einmitt þegar vísitölutengingin var sett á fjárskuldbindingar, sennilega að réttu fyrir frumkvæði Alþfl. þá í ríkisstj., var hv. þm. bankamálaráðh. Sem bankamálaráðh. lét hann það yfir sig ganga að þessi vísitölutenging yrði sett á fjárskuldbindingar. Hann hefur a. m. k. metið aðstæður með þeim hætti að það væri meira virði að sitja áfram í þeirri ríkisstj. en nota afl sitt til að koma í veg fyrir að þau áform Alþfl. næðu fram að ganga.

Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga að stærsti hluti sparnaðarins í bankakerfinu er á vegum einstaklinga. Atvinnufyrirtækin í landinu eru hins vegar með meginhlutann af útlánunum. Ein aðaluppspretta sparnaðar í þjóðfélaginu er svo í lífeyrissjóðakerfinu. Þann sparnað eiga launþegar. Meginhluti alls sparnaðar í þjóðfélaginu er m. ö. o. á vegum launafólksins sjálfs. Ef við hefðum hér neikvæða raunvexti værum við að flytja fjármagn frá eigendum sparifjárins í lífeyrissjóðum og bönkum yfir til þeirra sem skulda, sem að stærstum hluta til eru atvinnufyrirtæki. Raunvextir, hvort heldur þeir eru með vísitölutengingu eða nafnvaxtaákvörðunum, tryggja því hagsmuni þessara sparenda í þjóðfélaginu, hvort sem er í bönkum eða lífeyrissjóðum, og koma í veg fyrir að fjármagn sé flutt frá launafólki yfir til atvinnufyrirtækja í stórum stíl, eins og gerðist meðan vextir voru hér neikvæðir árum saman. Þess vegna held ég að svarið við fsp. hv. þm. í þessu efni sé afar einfalt og skýrt. Hann hefur enda staðið hér að flutningi frv. um verndun kaupmáttar á þessu þingi þar sem gert er ráð fyrir að vextir séu jákvæðir. Ágreiningurinn getur svo staðið um það hversu háir raunvextir eiga að vera og við getum sjálfsagt, allir alþm., tekið undir að vaxtastig er býsna hátt. En af hverju stafar það? Þá verðum við að huga að því að við höfum í mörg undangengin ár staðið þannig að stjórn okkar mála að helmingurinn af öllu lánsfjármagni í landinu á nú uppruna sinn erlendis. Þjóð sem komin er í þá stöðu að helmingurinn af öllu lánsfjármagni, sem hún hefur úr að spila, á sér uppruna erlendis er háð vaxtastigi á erlendum fjármagnsmörkuðum. Í ákaflega mörg ár hefur ríkissjóður Íslands verið einn harðasti samkeppnisaðili um sparifé. Það fer auðvitað fyrir okkur eins og öllum öðrum þjóðum sem þannig er ástatt um að slík samkeppni af hálfu ríkissjóðs um spariféð hækkar vaxtastigið í landinu. Leiðin til þess að ná vöxtum niður, en halda þó raunvöxtum, er því fyrst og fremst sú að reyna að takmarka erlendar lántökur og draga úr ásókn ríkissjóðs á hverjum tíma í þetta sparifé. Það eru leiðirnar að þessu markmiði og ég hygg að við ættum að vera nokkuð sammála um að það eru markmið og aðgerðir sem æskilegt er að stefna að.

Hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. flm. þess frv. sem hér er til umr. viku aðeins að till. sem fram kom af minni hálfu fyrr á þessu þingi um að sett yrði á fót sérstök nefnd til að kanna þróun tekjuskiptingar í þjóðfélaginu þannig að stjórnarflokkar og stjórnarandstaða ásamt með hagsmunaaðilum á vinnumarkaði gætu fylgst með slíku starfi og fjallað um þetta mál á grundvelli þeirra upplýsinga og þeirrar þekkingar sem út úr slíkri vinnu kæmi. Ég hef beint þessari till. til ríkisstj. Hún hefur haft hana til meðferðar að undanförnu ásamt ýmsum öðrum þáttum sem hún hefur fjallað um og ég geri ráð fyrir því að af þessari nefndarskipun verði alveg næstu daga og ríkisstj. taki á þann veg undir þessa till. og komi henni í framkvæmd, enda held ég að það sé mikilvægt fyrir þá umræðu sem nú fer fram um þessi efni og jafnframt fyrir þær umræður sem væntanlega hefjast innan ekki langs tíma og leiða eiga til lausnar á kjarasamningum á þessu ári.

Það hefur verið að því vikið í þessum umr. að eitt meginatriðið til þess að stuðla að auknum jöfnuði í þjóðfélaginu, til þess að fá fjármagn til að standa undir átaki í húsnæðismálum sé að stórauka eignarskatta. Alþfl. hefur haft frumkvæðið um tillöguflutning um þetta efni sem gerir ráð fyrir því að þrefalda eignarskatt frá því sem nú er á þann veg að fólk sem á meðaleign verði áfram eignarskattsfrjálst, en síðan komi stighækkun eignarskatts þar til þreföldun eignarskattstekna hefur verið náð. Í fljótu bragði kann kannske ýmsum að sýnast að hér sé einföld lausn á ferðinni sem muni leiða til aukins jafnræðis milli borgaranna í þessu landi. Þegar betur er að gáð er þetta auðvitað hin mesta firra.

Það er ljóst, miðað við núverandi skattleysismörk til eignarskatts, sem eru nálægt 2 millj. kr., að eignarskattshækkun af þessu tagi mundi ná til svo til allra fjölskyldna sem í dag greiða eignarskatt. Ef þessi hækkun ætti að koma jafnt niður á alla þyrfti að hækka þennan skatt um nálega 300%. Hann þyrfti að verða nálega 3%. Fjölskylda sem á eign upp á um það bil 3.5 millj. kr., góða íbúð og bíl, sem greiðir í dag um 15 þús. kr. í eignarskatt, þyrfti eftir þetta að borga um 45 þús. kr. Skatthækkunin er nálægt 30 þús. kr. á þessa venjulegu fjölskyldu. Till. Alþfl. gengur sem sagt út á að þessi venjulega fjölskylda, sem á þessa venjulegu eign, þyrfti að borga sem samsvarar góðum mánaðarlaunum til hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar ef hann fengi að ráða. Það er sú viðbótarskattheimta sem hér er verið að leggja til á hina venjulegu fjölskyldu í landinu. Ég hygg að þegar málið er brotið til mergjar með þessum hætti verði flestum ljóst að þessi leið leiðir ekki til mikillar lausnar á þeim vanda sem við er að etja. Og ef við horfum nú á atvinnufyrirtækin, sem ýmsum sýnist að sé hinn eðlilegi aðili til þess að borga aukna skatta, skulum við athuga á hvaða fyrirtækjum þessi skattbyrði mundi lenda með mestum þunga. Ef hér yrði um stighækkandi skatt að ræða þyrfti eignarskattur á atvinnufyrirtæki væntanlega að vera um 5%, þannig að eignir manna sem lentu í hæsta skattþrepi yrðu með öllu gerðar upptækar á 20 árum.

Þessi skattheimta mundi koma með mestum þunga niður á þeim fyrirtækjum sem þurfa að fjárfesta mest í

hlutfalli af veltu sinni. Það eru framleiðslufyrirtækin í landinu. Það eru fiskvinnslan, útgerðin, landbúnaðurinn og iðnaðurinn. Hún mundi hins vegar koma léttast niður á versluninni, sem þarf að fjárfesta minnst í hlutfalli af veltu og tekjum. Eitt meginvandamál sjávarútvegsins á Íslandi í dag er það að eiginfjárstaða atvinnufyrirtækja í þeirri grein er léleg. Það er eitt meginvandamálið. Ein meginástæðan fyrir þeim erfiðleikum sem sjávarútvegurinn á í á Suðurnesjum, sem hér var gert að umtalsefni fyrir skömmu á hinu háa Alþingi, er sú að atvinnufyrirtæki þar hafa ekki nægilega góða eiginfjárstöðu. Og SÍS vakir auðvitað yfir slíkum atvinnufyrirtækjum á Suðurnesjum eins og víða annars staðar og veldur ótta og ógn hjá mörgum í þessu þjóðfélagi. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki hræddur við það.) Það er þessi aðstaða sem er fyrir hendi og það eru þessi fyrirtæki sem eiga að bera hita og þunga af þessu. Hvað ætli verði um atvinnuhagsmuni fólks á Suðurnesjum eða á Ísafirði, í næsta nágrenni við Alþýðuhúsið sem sjálfur leiðtoginn fæddist í?

Ég er ansi hræddur um að þegar þessi till. er skoðuð og brotin með þessum hætti til mergjar komi í ljós að hún leysir engan vanda. Hún mundi auka svo á vanda þeirra fyrirtækja sem skapa verðmætin sem við lifum á að í mörgum tilvikum mundi það leiða til rekstrarstöðvunar. Vandi þeirra nú er sá að leiðrétta eiginfjárstöðuna, bæta eiginfjárstöðu sína. Það er eitt meginatriðið í framleiðsluatvinnugreinum landsmanna. Gegn þessu snýst tillöguflutningur Alþfl. Nú geri ég ekki ráð fyrir að það sé markmið Alþfl. í þessu efni, alveg af og frá að ég haldi að það sé stefna Alþfl., að vega með þessum hætti að þessum mikilvægu atvinnufyrirtækjum. Þeir Alþfl.-menn hafa einungis sett fram till. að óathuguðu máli af því að það er unnt að nota hana í lýðskrumi á málfundum ef ekki er skyggnst undir yfirborðið. Hér þarf því að fara aðrar leiðir en þessar hugmyndir gera ráð fyrir.

Það frv. sem hér er hins vegar til umr. um sjálfvirka skuldbreytingu á lánum er athyglisvert fyrir margra hluta sakir. Ég geri ráð fyrir að það eigi sérstaklega við um húsnæðislán og teldi að það þyrfti að gera verulegan greinarmun á því hvers konar lán um er að ræða. Ég held að í fullri alvöru sé svo mikils átaks þörf nú í húsnæðismálum, til þess m. a. að viðhalda hér séreignastefnu og möguleikum fólks til þess að eignast sitt eigið húsnæði, að aðgerðir af þessu tagi í húsnæðislánakerfinu séu mjög mikilvægar og brýnar. Að því leyti tek ég undir þær hugmyndir sem hér eru uppi þó að auðvitað þurfi að kanna með ýmsum hætti tæknilegar hliðar þess máls. Hitt er svo annað mál, að hve miklu leyti eða hvort réttlætanlegt er að slík sjálfvirk skuldbreyting eigi sér stað á öðrum sviðum á fjármagnsmarkaðinum. Það þarf sjálfstæðrar athugunar við. Hitt er meginatriði að huga nú að þeim þætti er lýtur að húsnæðismálum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Sú umr. sem hefur farið hér fram í dag er fyrir margar sakir nytsamleg. Hún er um almenn efnahagsmál, húsnæðismál og vaxtamál og það gefst vafalaust kostur á því að taka hana upp síðar undir öðrum málum sem hér eru til meðferðar. Þar minni ég sérstaklega á frv. til l. um ráðstafanir í húsnæðismálum sem þm. Alþb. í Nd. leggja fram í dag. Þar er m. a. gert ráð fyrir tekjuöflun til húsnæðismála upp á 1.4 milljarða kr. Þar er farin nokkuð önnur leið en Alþfl. leggur til í þeim efnum. Ég held að sú leið sem við erum þarna með till. um geti verið góð og till. Alþfl. og hugmyndir í þeim efnum eigi að skoða líka.

Ég kvaddi mér ekki hljóðs núna til að skattyrðast við einstaka ræðumenn. Ég held að við getum tekið tíma í það síðar. Ég ætla aðeins að gera eitt atriði að umtalsefni og það varðar frv. sjálft.

Ég dreg í efa að það sé rétt að miða við lánskjaravísitölu. Ég held að ef miða á við að hérna sé um að ræða breytingar sem einkum snúa að húsbyggjendum og þeim sem eru að koma sér upp íbúðarhúsnæði, þá sé eðlilegra að miða við byggingarvísitölu. Að undanförnu hefur lánskjaravísitala hækkað mun meira en byggingarvísitala af þeim ástæðum að lánskjaravísitala er sett saman úr tveimur vísitölum, framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu, og framfærsluvísitalan hefur hækkað mun meira en byggingarvísitalan m. a. af því að niðurgreiðslur af landbúnaðarvörum hafa verið lækkaðar verulega og fleira hefur þar komið til. Þess vegna held ég að hæpið sé að slá því föstu í lagagrein að hér eigi að miða við lánskjaravísitölu eins og þá sem reiknuð hefur verið út. (**JS:** Þú leggur það sjálfur til í frv. í dag.) Nei, það er ekki alveg rétt hjá hv. þm. vegna þess að þar er miðað við að tekið sé mið af kaupgjaldsvísitölu um leið. Ég held að í sambandi við húsnæðislán eigi að miða við byggingarvísitölu. Ég get fært fyrir því rök þó síðar verði hvað ég tel að komi í veg fyrir að lánskjaravísitalan sé notuð eins og sakir standa núna, eftir að kaupgjaldsvísitala hefur verið bönnuð, sem er aðalatriði og hefur gerbreytt högum húsbyggjenda og annarra í þjóðfélaginu frá því sem áður var.

Ég geri ekki mikið með það tal, herra forseti, sem uppi var haft af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Ellert B. Schram um að raunvaxtastefna hafi komið í veg fyrir brask og spillingu og annað eftir því. Horfi menn í kringum sig. (**EBS:** Ég sagði ekki að hún hefði komið í veg fyrir það.) Það voru að vísu orð hv. 2. landsk. þm., en hv. þm. Ellert B. Schram lagði á það áherslu að hér hefði verið mikið brask, spákaupmennska og misskipting í tekjum, það mesta sem um hefði verið að ræða í Íslandssögunni, ef ég tók rétt eftir hans orðum. Ég held að sú lausn sem menn ímynduðu sér að þeir fengju út úr hávaxtastefnunni, hvað sem þeir vilja kalla hana, hafi ekki skilað sér, hafi ekki komið í ljós, vegna þess að þeir sem eru núna að tapa eru kannske dálítið aðrir en töpuðu þegar þetta fé var mest allt inni í bönkunum. Núna verðum við að átta okkur á því að verulegur fjöldi fólks er fórnarlamb okurlánastarfsemi sem er utan bankakerfisins og staða þess er allt önnur en áður var. Þetta held ég að við eigum að hafa í huga. Hérna var ekki um að ræða þá frelsandi lausn sem menn héldu að yrði á húsnæðismálum. — Og mér fannst það gott hjá hv. þm. Ellert B. Schram að rifja hérna upp kosningaloforð Sjálfstfl. Það er ekki seinna vænna að halda þeim til haga. Ég vil leggja á það áherslu að ég hygg að það sé alveg hárrétt hjá honum, sem hann sagði hér áðan, að það er hæstv. núv. ríkisstj. sem er að gera alla að leiguliðum í landinu eins og staðan er nú.

Alþb. er ekki andvígt því að fólk eigi sínar eigin íbúðir. Alþb. vill að fólk hafi valfrelsi í þessum efnum. Ég tel að það sé heppilegra að fólk eigi sínar íbúðir sem allra mest og hafi efni á því að greiða þær niður með

eðlilegum hætti með kaupinu sínu. Það er grundvallaratriðið. Síðan verður auðvitað að skapa forsendur fyrir leiguhúsnæði í verulegum mæli, þegar um er að ræða t. d. yngra fólk og aldraða o. s. frv. En okkar stefna hefur verið sú að leggja áherslu á að meginþunginn í húsnæðiskerfinu fari inn á eignaríbúðir og á því byggðust og byggjast þau lög sem enn gilda um Húsnæðisstofnun ríkisins og við beittum okkur fyrir að sett voru á sínum tíma.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í að ræða við hv. 1. þm. Suðurl. um Milton Friedman. Hann er eins og kunnugt er sérstakt átrúnaðargoð þm. Hann hefur nýlega fundið það upp að Milton Friedman sé sérstakur talsmaður vísitölubindingar. Ég kunni vel að meta þá tilraun til að bregða léttleika yfir ræðuna sem hv. 1. þm. Suðurl. flutti áðan. En ég vil minna á að það liggur hérna fyrir þinginu frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum frá Alþb. sem gerir ráð fyrir að það sé bannað að vísitölutengja lán til skemmri tíma en fimm ára meðan kaupgjaldsvísitalan er bönnuð.

Herra forseti. Ég ætla að láta máli mínu lokið að sinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Heimaöflun í landbúnaði, þáltill. 97. mál (þskj. 101). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipaútgerð ríkisins, þáltill. 17. mál (þskj. 17). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afvopnun, þáltill. 101. mál (þskj. 105). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 105 flytjum við allmargir þm. Sjálfstfl., þ. e. allur þingflokkurinn utan hæstv. ríkisstj., till. til þál. um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, og ekki síst kjarnorkuveldin, sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela utanrrh. að láta gera úttekt á þeim hugmyndum sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum."

Till. þessi hefur verið flutt a. m. k. tvisvar sinnum en ekki náð fram að ganga. Þá var flutt með henni ítarleg framsaga. Till. fylgir nokkuð ítarleg grg. Af þeim sökum sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar hefur komið fram nema í mjög litlum mæli. Till. þessi er tvíþætt, eins og fram kemur. Það er annars vegar almenn stefnuyfirlýsing um nauðsyn raunhæfrar stefnu í afvopnunarmálum sem geti orðið grundvöllur samkomulags milli þjóða heims. Eftir að þessi till. var flutt hafa þau góðu tíðindi borist að nýjar afvopnunarviðræður á mjög breiðum grundvelli muni fljótlega hefjast milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna og hljóta allir þeir sem vilja stuðla að friði í heiminum að líta til þeirra viðræðna með bjartsýni og von um að þær beri raunhæfan árangur.

Í annan stað er í till. ályktun um að fela utanrrh. að láta gera úttekt á þeim hugmyndum sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar með sérstöku tilliti til legu Íslands. Slík úttekt gæti orðið grundvöllur samstöðu meðal stjórnmálaflokka um sameiginlega stefnu í þessum málum. Þessi till. er því fyrst og fremst flutt til að leitast við að sameina menn um stefnu í einstökum þáttum friðar- og afvopnunarmála, þ. e. sérstaklega þeim þáttum sem snúa að Íslandi öðrum fremur.

Þessi mál eru auðvitað alþjóðleg í eðli sínu og engin þjóð getur látið þau fram hjá sér fara. En það eru þó ýmsar hugmyndir, sem komið hafa fram og ræddar hafa verið, sem snerta Ísland meira en aðrar þjóðir. Ég nefni t. d. takmörkun vígbúnaðar í hafinu, ég nefni friðlýsingu ákveðinna hafsvæða og ég nefni hugmyndir um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, sem reyndar sérstök till. hefur verið flutt um hér á hv. Alþingi. Hlutlaus rannsókn, sem t. d. öryggismálanefnd gæti framkvæmt, mundi örugglega auðvelda íslenskum stjórnmálamönnum að taka afstöðu til þessara mörgu hugmynda sem uppi eru og snerta okkur Íslendinga sérstaklega.

Ég tek það sérstaklega fram að hefði þessi till. náð fram að ganga, sem er í eðli sínu þess efnis að allir stjórnmálaflokkar ættu að geta sameinast um hana, þegar hún var fyrst flutt fyrir u. þ. b. tveimur árum síðan má vænta þess að fyrir hefðu legið nú upplýsingar og úttekt á hugmyndum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Sú till., sem hér hefur verið flutt sérstaklega um það efni, hefði þá hugsanlega verið óþörf. Um það skal ég þó ekki fullyrða en benda á að því fyrr sem starf af þessu tagi hefst því betra fyrir íslenska stjórnmálaflokka og íslenska stjórnmálamenn að átta sig á þessum mikilvæga málaflokki.

Ég ítreka að þessi till. er þess efnis að það ætti að vera unnt að ná samstöðu um hana. Í fyrra eða á síðasta þingi voru fluttar allmargar till. um friðar- og afvopnunarmál og þá var þess freistað í utanrmn. að ná samstöðu og sameinast um eina till. í því efni. Því starfi var ekki lokið þegar þingi var slitið á s. l. vori. Sameiginleg till. kom því ekki fram. Ég tek það sérstaklega fram að mér finnst að þessi till. sé þess eðlis að hún þyrfti ekki að lenda í slíku sáttastarfi því að efnislega ættu allir að geta sameinast um hana. Ég sé ekki ástæðu til

að fjölyrða frekar um þetta en ég legg til að áður en umr. lýkur fari þessi till. til meðferðar utanrmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þessi till. er út af fyrir sig góðra gjalda verð. Fyrri hlutinn er sjálfsagður og jafnvel seinni hlutinn líka en þó vantar e. t. v. ofurlítið meira kjöt á beinin. Það er mjög viðtækt verkefni sem þarna er lagt til að ráðist verði í og e. t. v. væri heppilegra að einbeita sér fremur að ákveðnum þáttum verkefnisins og leggja meiri áherslu á einhver einstök atriði. Þetta er mál sem menn mega ekki sýna tómlæti og ég held að ástæða sé til fyrir Alþingi að ræða meira og oftar en gert hefur verið. Þegar hefur verið getið um till. til þál. á þskj. 232 um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum sem við flytjum, þm. úr öllum flokkum, og ég vona að náist um víðtæk samstaða. Ég sé ekkert á móti því að þessi till. verði sem sagt samþykkt og ástæða til þess að styðja þessa till. þeirra sjálfstæðismanna á þskj. 105 svo langt sem hún nær.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú till. sem hér er til umr. hefur komið fyrir þingið áður og þau sjónarmið sem að baki hennar liggja því allvel kunnug. Þau eru mjög almenns eðlis og það er hægt að lýsa fylgi við ákveðna þætti sem fram koma í þessari till., svo sjálfsögð sem þau mega teljast, eins og í fyrri hluta till.

Fyrir þingið hafa hins vegar komið till. sem taka meira sértækt á hinum stóru málum er snerta vígbúnaðarkapphlaupið. Vísa ég þar til brtt. sem við þm. Alþb. lögðum fram við 14. mál þingsins, brtt. við till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna, þar sem í mörgum liðum er vísað til þáttar sem nauðsynlegt er að Alþingi álykti um og tekið verði á. Einnig liggja nú fyrir þinginu óræddar þrjár till. sem ég tel mjög brýnt að hér komi á dagskrá fyrr en seinna og um verði fjallað á yfirstandandi þingi þannig að afstaða fáist. Þar er um að ræða þáltill. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum sem hv. þm. Páll Pétursson er 1. flm. að, þáltill. um geymslu kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir er 1. flm. að og svo 206. mál Sþ., till. um nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytur ásamt hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur. Þetta eru stórmál sem snerta okkur Íslendinga sérstaklega hér og nú. Þau ásamt þeim öðrum till. sem þegar hafa verið ræddar á þinginu og vísað hefur verið til n. er nauðsynlegt að utanrmn. gefi sér tíma til að fjalla um, leita samstöðu um og helst að ná landi með afstöðu þingsins til þessara stóru mála.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kom fram í máli frummælanda er hér endurflutt till. sem áður hefur verið til umfjöllunar í þinginu. Till., sem hafa gengið í svipaða átt frá öðrum aðilum, hafa einnig komið hér áður fram. Það var lagt nokkurt starf í það á s. l. ári að leitast við að ná samstöðu um þessi efni og sameina þær hugmyndir sem komu fram í þeim till. sem fram hafa verið lagðar. Því starfi varð ekki lokið.

Það er greinilegt að sú spenna, sem hefur verið ríkjandi milli stórveldanna á undanförnum árum og fór um hríð vaxandi, virðist nú vera heldur að minnka. Vitaskuld er það mikið ánægjuefni en þó ber mikið á milli og vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram fullum fetum. Viðræður eru nánast hafnar milli stórveldanna á ný og það er vitaskuld gleðiefni vegna þess að það er ekki líklegt að menn nái árangri í þessum efnum öðruvísi en með viðræðum.

Segja má að hinar vestrænu þjóðir standi frammi fyrir tvíþættu verkefni í þessum efnum. Það er augljóst að þær mega ekki láta deigan síga þannig að jafnvægi raskist í varnarviðbúnaði þeirra gagnvart Sovétríkjunum og fylgilöndum þess. Það yrði vitaskuld misskilið. En ávinningur til langs tíma í því að bæta sambúð þjóðanna og draga úr afvopnun getur ekki fengist öðruvísi en með þrotlausu starfi sem miðar að því að draga úr spennunni, eyða misskilningi, leitast í rauninni við að ná meiri samböndum við þjóðirnar austan járntjaldsins.

Ég held að hverjum sem hefur litið á þessi málefni sé það ljóst að það sé tortryggnin sem knýi áfram það vígbúnaðarkapphlaup sem við lýði hefur verið á undanförnum árum. Þess vegna verða menn sífellt að leggja sig í líma við að eyða þeirri tortryggni og leitast við að ná betra sambandi austur yfir tjaldið á sama tíma og menn halda vöku sinni. Ég lít svo til að þau ályktunarorð, sem felast í fyrri hluta þessarar till. til þál., taki mið af þessum sjónarmiðum og þess vegna sé ekki nema sjálfsagt að þingið taki undir þau. Þar held ég sé falið í einni setningu viðhorf sem allir Íslendingar hljóti að geta tekið undir. Menn getur vitaskuld greint á um leiðir, um það hvernig best verði að farið í þessum efnum. En markmiðið, sem fram kemur, ætti að vera öllum ljóst og allir ættu að geta verið því sammála.

Í seinni hluta þáltill. er utanrrh. jafnframt falið að láta gera úttekt á þeim hugmyndum sem uppi eru um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar með tilliti til legu Íslands. Vitaskuld er það bæði rétt og nauðsynlegt að Íslendingar átti sig á öllum þeim hugmyndum sem uppi eru í þessum efnum á hverjum tíma og hvenær sem þær birtast til þess að geta myndað sér raunhæfa og skynsamlega skoðun á því hvaða áhrif þau hafi að því er Ísland varðar. Líka þetta er nauðsynlegt. Ég þykist vita að öryggismálanefnd hafi að hluta til unnið að þessum störfum og mér þykir líklegt að utanrrn. og utanrrh. geti haft stoð og styrk af störfum öryggismálanefndar að því er þetta varðar. Öryggismálanefnd hefur að mínum dómi unnið mjög merkilegt starf og á því má byggja í mörgum greinum.

Margir munu sjálfsagt segja að hér sé um lágmarkstillögu að ræða og við Alþfl.-menn gætum að sjálfsögðu hugsað okkur ýmsar viðbætur í þessum efnum. Vitaskuld væri æskilegt að það væri leitast við að ná víðtækri samstöðu eins og var hafið hér fyrir ári síðan að gera, eins og menn leituðust við í þeim efnum og reyna að láta reyna á það hvort menn geti ekki náð samstöðu um einhverja lágmarkstillögu. En í ljósi þess, sem ég hef þegar sagt, held ég að það hljóti að vera ljóst að við þá till., sem hér liggur frammi, er í sjálfu sér ekkert að athuga. Spurningin er einungis sú hvort menn sjái ekki ástæðu til að meitla þetta eitthvað nánar, bæta einhverju við og leitast við að ná víðtækari samstöðu um fleiri atriði.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samanburður á launakjörum launafólks á Íslandi og Norðurlöndum, þáltill. 113. mál (þskj. 117). — Ein umr.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. 1. flm. till. var Tómas Árnason og mæli ég fyrir till. í hans stað, en aðrir flm. eru hv. þm. Gunnar G. Schram, Geir Gunnarsson, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir og Stefán Benediktsson. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. og aðilum vinnumarkaðarins að gera samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Niðurstöður verði birtar opinberlega. Kostnaður af athugun þessari verði greiddur úr ríkissjóði."

Eins og getið er um í grg. með till. er altítt að bera saman lífskjör hér og í öðrum löndum í umr. um kjaramál, þótt slíkur samanburður hljóti að byggjast á hæpnum forsendum ef engin skipuleg könnun liggur þar að baki. Með samþykkt þessarar till. og framkvæmd hennar mætti gera hlutlægan samanburð á launakjörum og nærtækt er að miða við Norðurlandaþjóðir þegar lífskjör eru metin vegna líkrar þjóðfélagsgerðar. Þess má og geta að lífskjör Norðurlandaþjóða eru talin ein þau bestu sem um getur í veröldinni svo að ekki er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þegar samanburður er gerður.

Í grg. er bent á ýmsa þætti sem þörf væri á að skoða sérstaklega. Segir þar svo, með leyfi forseta:

„Það eru margir þættir þessa máls sem þörf væri að skoða nánar. Fyrst er að nefna samanburð á þjóðartekjum á mann, þá hlutfall launa af þjóðartekjum og hlut launafólks í hreinum þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu. Við slíkan samanburð þarf að athuga og bera saman, ef unnt er, tekjur af eigin atvinnurekstri, þ. e. aðrar atvinnutekjur en laun sem launamenn bera úr býtum. Fróðlegur er og samanburður á hlutfalli neyslu, einkaneyslu og samneyslu, og fjármunamyndun. Þá þarf að bera saman hve lengi launafólk er að vinna fyrir launum sínum, þ. e. vinnutíma og orlof, svo og hlunnindi sem ekki teljast til beinna peningalauna. Í þessu sambandi þarf og vel að huga að mismunandi neyslumynstrum í ýmsum löndum og mismunandi skattkerfum. Atvinnuöryggi er einn allra þýðingarmesti þáttur velferðarþjóðfélags. Skattar hafa afgerandi áhrif á tekjur og lífskjör og því eðlilegt að bera þá saman, m. a. hlutfall beinna skatta og þjóðarframleiðslu og hlutfall beinna skatta heimilanna og bruttótekjur þeirra, miðað við greiðsluár.

Þá er og ýmislegt í nútímaþjóðfélagi sem fróðlegt er að gera samanburð á og gefur vísbendingar um hvernig lífskjörin eru raunverulega. Nefna má stærð íbúðarhúsnæðis, bílafjölda, sjónvarp, myndbönd, síma og e. t. v. fleiri ábendingar um lífskjörin."

Það er fullvíst að sú kjararannsókn, sem hér er lagt til að fari fram, getur verið gagnleg, bæði fyrir atvinnurekendur, launafólk og ríkisvald. Niðurstöður þessa samanburðar mundu bregða ljósi á hvaða lífskjör við búum okkar fólki miðað við þær þjóðir sem við berum okkur saman við oftast og höfum við nánast samstarf. Geta má þess að mjög algengt er að Íslendingar stundi vinnu og búi á Norðurlöndum um lengri eða skemmri tíma. Slík könnun væri gagnleg fyrir það fólk, gæfi upplýsingar um að hverju það gengi ef það tekur þá afdrifaríku ákvörðun að flytja sig í annað land og setjast þar að um lengri eða skemmri tíma.

Ég tel af því sem að framan er sagt og kemur fram í grg. með till. að hér sé um gott mál að ræða og vona að það fái greiðan framgang hér á hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ekkert hef ég við þá till. að athuga sem hér hefur verið mælt fyrir og er fús til þess að veita henni stuðning minn. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því að fyrir þinginu liggur einnig till. sem er 287. mál þingsins, till. til þál. um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Sú till., sem hér var talað fyrir, heitir till. til þál. um samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á þessum tveimur tillögum eru orðin „í nálægum löndum" og „annars staðar á Norðurlöndum". Engin lönd veit ég nálægari en Norðurlönd. Ég verð því að lýsa undrun minni yfir því að þessar tvær tillögur skuli koma fram á sama þingi. Ég hélt að þm. hefðu nóg að gera við að fylgjast með þeim málum sem fram koma þó að slíkt gagnrýnisleysi sé ekki viðhaft hér, hvar sem það nú annars er sem tekin er ákvörðun um hvort ástæða sé til að flytja mál eða ekki.

Ekki síst vekur það undrun að flm. að báðum þessum till. er hv. þm. Gunnar Schram. Ég er enginn sérfræðingur í þingstörfum, en ég get hugsað mér að hafi hv. þm. Gunnar Schram fengið bakþanka og talið að vert hefði verið að færa sig út fyrir Norðurlöndin í fyrri till. væri eðlilegra að draga till. til baka og semja við aðra flm. um að sameina þessar tvær tillögur. En því er ég nú svona gagnrýnin að þetta er í annað sinn a. m. k. á þessu þingi sem slíkt sem þetta kemur fyrir og í bæði skiptin reyndar hjá þessum hv. þm. og lagaprófessor.

Ef ég man rétt er þetta í annað sinn sem þetta kemur fyrir. Hér í þingskjalabunka okkar liggur — ég held ég muni það rétt — till. til þál. um lyfjaiðnað á Íslandi. Ég tel mig fylgjast nokkuð vel með því sem fram er lagt hér í þinginu og ef mig brestur ekki minni var samþykkt í Sþ. fyrir 2—3 árum að efla og vinna að lyfjaiðnaði. Flm. þeirrar till. var hv. þáv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson.

Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta: Eru engin takmörk fyrir því hvernig mál skuli fram lögð? Er hvert einasta mál óháð öðru? Skiptir engu máli hvort sama málið hefur verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi? Er ekki kominn tími til að einhver taki á sig ábyrgð á því hér í þinginu, að menn séu ekki að eyða tíma okkar hér í lestur sömu þskj. ár eftir ár, ýmist samþykktra eða ekki samþykktra?

Að þessu gefna tilefni vil ég leyfa mér að færa fram aðra gagnrýni, sem ég vona að forseti telji ekki málinu öldungis óviðkomandi, þ. e. hvernig þskj. eru farin að líta út hér á hinu háa Alþingi. Í lögum um þingsköp segir að greinargerð skuli vera stutt. Ég bið forseta að fletta því upp, mig minnir að það sé í 14. gr. Greinargerðir með þskj. eru nú komnar upp í 70—80 síður. Ekki nóg með það, heldur eru birtar tillögur frá fyrri

árum, blaðagreinar, þingræður manna frá fyrri árum, allt er þetta að sjálfsögðu prentað í fyrri þingtíðindum. Ég hlýt að vekja athygli á þessu og biðja menn nú aðeins að huga að sér í þeirri keppni sem nú er hafin hér á Alþingi.

Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni að fjölmiðlar eigi þar nokkra sök. Það hefur komist í tísku nú upp á síðkastið að þm. séu gefnar einkunnir. Hver er duglegastur þingmanna? Það er sá sem rausar hér mest alveg óháð hvað hann hefur verið að segja eða að hvaða gagni það hefur komið landsmönnum eða sá sem hefur úðað hér inn í þingið flestum málum, hvort sem þau hafa verið samþykkt áður eða ekki hér á þinginu. Ég held, herra forseti, að ég hljóti fyrir hönd fjölmargra þm. hér að biðja um að einhverjar hefðir séu hér í heiðri hafðar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni skal það tekið fram að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að bera fram hér af málum á Alþingi. Það hefur komið fram gagnrýni á það að hér hafi komið fram till. til þál. sem sé efnislega eins og sú till. sem við hér ræðum. Forseti mun athuga þetta mál. Forseti hefur ekki séð þessa tillögu sem vitnað hefur verið hér í og hv. 2. þm. Reykn. er flm. að.

Það má segja að þegar skilað er handritum að þingmálum þurfi af hálfu skrifstofunnar að athuga um þessi atriði og vekja athygli forseta á ef einhver vafi leikur á hvort rétt sé að farið eða þingsköp misnotuð. Ég vil ekki á neinn hátt áfellast skrifstofu þingsins fyrir það sem kann að hafa skeð í þessu efni. Og ég vil ekki fullyrða á þessu stigi málsins hvort hér hafi skeð eitthvað sem þarf að taka sérstaka afstöðu til, en það verður athugað um þessa þáltill.

Hitt atriðið, sem hv. 10. landsk. þm. minntist á, er sá síður, og ég vil segja ósíður, að demba inn sem fskj. miklu lesefni með einstökum þingmálum. Þó er rétt að hafa það í huga að það getur verið ástæða til þessa í undantekningartilfellum. En ég hygg að það séu réttmæli að það sé allt of langt gengið í þessum efnum. Það skal tekið fram að þetta atriði er eitt af því sem sú nefnd, sem þingið hefur kjörið til þess að endurskoða þingsköp Alþingis, tekur til athugunar. Þetta vandamál hefur þar borið á góma og það verður leitast við að athuga þetta vandamál eins og önnur sem sú nefnd er að fást við.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Listskreyting Hallgrímskirkju, þáltill. 132. mál (þskj. 136). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík sem hér liggur fyrir á þskj. 136 og er 132. mál þingsins. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á árinu 1985 leggi íslenska ríkið fram 10 millj. kr. til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík og síðan samkvæmt fjárlögum hverju sinni með hliðsjón af verkáætlun til tíu ára.

Kirkjumálaráðherra skipi sjö manna nefnd til að annast undirbúning verksins og eftirlit með framkvæmd þess. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumálaráðherra tilnefni einn mann og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra, biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju í Reykjavík, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina."

Byggingarsaga Hallgrímskirkju er orðin æðilöng eða rúm 40 ár. Þegar litið er á þetta mikla mannvirki er næsta ótrúlegt að það skuli hafa verið byggt að mestu fyrir frjáls framlög velunnara kirkjunnar og óbilandi elju safnaðarins. Framlög ríkis og borgar eru einungis óverulegur hluti byggingarkostnaðarins. Oft hafa staðið um þetta mikla mannvirki hatrammar deilur, en nú er mál að linni. Áætlað er að ljúka byggingu hennar árið 1986, en þá er eftir að vinna það stórvirki að gera kirkjuna þannig úr garði að innan að fullur sómi sé að.

Til þessa dags í 40 ár hefur ríkið lagt til kirkjubyggingarinnar 6 millj. 955 þús. 267 kr., en á árinu 1985 eru á fjárlögum 6.5 millj. og er það í annað sinn, sem framlag sem um munar er lagt til kirkjunnar. Árið 1984 lagði ríkissjóður til hennar 4.5 millj. Skattgreiðendur hafa því ekki borið þunga bagga vegna þessa mikla mannvirkis sem nú stendur nær fullbyggt á Skólavörðuhæð. Þann bagga hafa borið einstaklingar sem af ýmsum ástæðum settu sér það mark að kirkjubyggingunni yrði lokið þrátt fyrir margvíslegt andstreymi við þá framkvæmd allan þann tíma sem hún hefur staðið yfir.

Flestar höfuðborgir Evrópu eiga fagrar dómkirkjur sem færustu listamenn hafa prýtt svo að menn gera sér langar ferðir til að njóta þeirrar snilldar hugar og handa sem þar má augum líta, og þeir sem ekki eiga kost á ferðalögum mega nú um hverja jólahátíð líta listaverk þau, sem dómkirkjur Evrópu prýða, á sjónvarpsskermum sínum. Höfuðborg Íslands á enga slíka kirkju fyrr en Hallgrímskirkja er fullbyggð. Á þeim öldum þegar kristnin átti hvað sterkust ítök í hugum Evrópumanna og þjóðhöfðingjar gengust fyrir því og kirkjuhöfðingjar að eyða stórfelldum fjármunum til að reisa voldugar kirkjur, gera stórfengleg myndverk og semja göfuga tónlist guði sínum til dýrðar, þá áttu Íslendingar ekki þann veraldlega auð sem þurfti til að reisa óbrotgjarnan minnisvarða af áþreifanlegu tagi. En við áttum samt andann og það efni sem kannske er öllu dýrara, orðið. Og við áttum menn sem gátu sett saman úr þessu efni þau listaverk sem munu standa á meðan einhver kann íslensku og metur list.

Sá maður sem best kvað á íslensku var auðvitað séra Hallgrímur Pétursson. 30 árum áður en séra Hallgrímur Pétursson fæddist réðst frændi hans, Guðbrandur Þorláksson biskup, í það stórvirki að láta prenta Biblíuna á íslensku. Þess minnast menn nú um þessar mundir, en síðan eru liðin 400 ár. Þetta stórvirki breytti þróun íslenskrar tungu svo að torvelt er að gera sér í hugarlund hvað um hana hefði orðið án hinnar íslensku Biblíu. Og víst er að það velferðarþjóðfélag sem við búum við og er harla ólíkt sárfátæku samfélagi Guðbrands biskups og séra Hallgríms væri varla það sem það er á okkar dögum nema fyrir afrek þessara forfeðra okkar. Hvað sem menn hugsa eða hugsa ekki um íslenska menningu er hún óumdeilanleg undirstaða þess mannlífs sem þrífst í landinu hverju sinni.

Nú eru breyttir tímar. Íslendingar eiga þann veraldarauð sem nægir til að reisa voldugar byggingar, misjafnlega þarfar, og undanfarna áratugi hefur verið unnið af mikilli atorku og ósérhlífni við að koma upp mannvirki á Skólavörðuholti í minningu hins mikla skálds. Um þessa kirkju hefur að vísu staðið styr þá áratugi sem hún hefur verið í smíðum, en nú er byggingu hennar að ljúka og hún er óumdeilanleg staðreynd og því mál að þrætum linni og menn taki höndum saman um að gera kirkju séra Hallgríms sem veglegasta og fegursta. Engin ytri vandkvæði ættu að vera á slíku þar sem þjóðin á nú orðið valinn hóp manna sem getur unnið fagra hluti úr margvíslegustu efnum: litum, gleri, mósaík, steini, bronsi o. s. frv. Það sem hins vegar þarf að koma til er sú stærð í hugsun, sú efling andans, sem fyrri tíma höfðingjar höfðu til að bera þegar þeir létu gera miðaldakirkjur að ódauðlegum listaverkum, og einnig var aflvaki séra Hallgríms Péturssonar þegar hann orti sín ódauðlegu ljóð.

Þær raddir hafa heyrst að á erfiðum tímum í efnahagslífi þjóðarinnar sæmi ekki að eyða fjármunum í svo óþarfa fjárfestingu sem listskreytingu Hallgrímskirkju. Menn gera sér ekki grein fyrir að afkoma þjóðar fer eftir menningarástandi hennar. Þá hafa menn haft við orð að nær væri að láta af hendi rakna fé til nauðstaddra systra og bræðra í hungurhéruðum Afríku. Hér er mikill hugsanaruglingur á ferðinni. Víst er að margir Íslendingar dóu úr hungri meðan Guðbrandsbiblía var í prentun. Nú hafa allir Íslendingar talsvert að bíta og brenna, þó því sé allt of misskipt, en þeir hafa efni á að leggja sinn skerf til íslenskrar menningar og íslenskrar listar og þeir hafa um leið efni á að aðstoða þau börn jarðarinnar sem nú búa við hörmungar hungurs og kúgunar. Það getur á engan hátt stangast á að gera sitt til betra og auðugra mannlífs í sínu eigin landi og að leggja það sem unnt er af mörkum til að lina þjáningar annarra sem eru til orðnar vegna þess að menning þeirra var lögð í rúst svo að þeir fengu ekki ráðið við þá arðræningja sem ruddust af miskunnarleysi yfir lönd þeirra án tillits til fólksins sem lifað hafði í löndum sínum um aldir. Það fólk er nú að deyja fyrir augunum á okkur eins og menning þess var drepin. Menning þjóðar er ekki aðskiljanleg frá afkomu hennar. Hrynji menning þjóðar í rúst verður engu mannlífi, sem þolanlegt er, haldið uppi. Þess vegna verðum við að standa vörð um list og menningu þjóðarinnar og minning séra Hallgríms Péturssonar verðskuldar hvort tveggja. Og hafi séra Hallgrímur haft efni á því sem hann gaf þjóð sinni til varðveislu um aldur og ævi höfum við svo sannarlega efni á að ljúka byggingu kirkju hans. Það er óveruleg greiðsla upp í mikla skuld sem aldrei verður greidd.

Skreyting og innrétting kirkjunnar er verk sem nú þegar þarf að skipuleggja. Það er verk fjölmargra listamanna um langan tíma. Mér er til efs að hv. þm. geri sér ljósa stærð þessa mikla mannvirkis. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að skoða það til að hafa um það nokkra hugmynd. Hér má ekki kasta til höndum. Þetta verk kostar að sjálfsögðu mikið fé og fyrir Alþingi liggur nú till. okkar um fjárveitingu í þessu efni.

Í grg. fyrir till. er stiklað á stóru um sögu byggingarinnar.

Fyrsta tillagan um kirkjubyggingu á Skólavörðuholti kom fram árið 1916 og um svipað leyti var hafist handa við byggingu safnhúss Einars Jónssonar, Hnitbjörg. Guðjón Samúelsson, hinn mikli húsameistari sem síðar varð, var þá nemi í húsagerðarlist við listaakademíuna í Kaupmannahöfn og var að vinna að fyrsta stórverkefni sínu, húsi Nathans og Olsens sem blasir við okkur úti í Austurstræti. Eftir nokkrar tilraunir, m. a. samkeppni um byggingu kirkjunnar, og ég skal nú ekki fara yfir það til að stytta mál mitt, varð úr að Guðjóni Samúelssyni var falið að teikna kirkjuna.

Það var árið 1937 að ríkisstjórnin skrifaði Guðjóni Samúelssyni bréf fyrir áeggjan safnaðarnefndar Dómkirkjunnar og fól honum að teikna og standa fyrir byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð, en þá höfðu þegar verið samþykkt lög á Alþingi um stofnun Hallgrímsprestakalls. Við þessari beiðni varð Guðjón Samúelsson.

Guðjón Samúelsson lauk námi árið 1919 og var ári síðar skipaður húsameistari ríkisins. Því starfi gegndi hann síðan til dauðadags árið 1950 og hafa fáir menn haft jafnmikil áhrif á íslenska húsagerðarlist og hann. Meðal helstu verka hans má nefna Þjóðleikhúsið, Háskóla Íslands, Landspítalann, Sundhöll Reykjavíkur, Akureyrarkirkju og síðast en ekki síst Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Hið háa Alþingi eyðir ekki miklum tíma til menningarmála er varða komandi kynslóðir. Hversdagslegt amstur er oftar viðfangsefni okkar hv. þm. Um séra Hallgrím Pétursson segir Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur í bók sinni um skáldið sem sjálft fór ekki varhluta af basli, fátækt og þjáningum: „Passíusálmarnir eru vitaskuld höfuðverk hans og hátindur ævistarfs hans hvernig sem á er litið. Þó eru rit hans meiri að vöxtum og miklu fjölbreyttari en marga unnendur Passíusálmanna grunar. Hann lagði hönd að flestum kveðskapargreinum sinnar aldar og einnig að lausamálsritun. Á engu sviði eru rit hans fjarska mikil að vöxtum, en alls staðar tókst honum prýðilega upp að sinnar tíðar hætti og vann jafnvel merk brautryðjendaverk. Sum rit hans hafa nú einkum sögulegt gildi, en þó eru mörg ljóð hans sígild snilldarverk, sem eiga erindi við hvern ljóðelskan mann. Ljómi þeirra slævist ekki fremur en Passíusálmanna við að skína gegnum mistur þriggja alda."

Og ljóma Passíusálmanna njótum við enn einu sinni um þessar mundir kvöld hvert í flutningi annars höfuðsnillings íslenskrar tungu og bókmennta, Halldórs Laxness.

Fyrir þrem öldum orti séra Hallgrímur:

> Ísland, þér ætlar að hnigna,
> eru þar merki til.
> Manndyggð og dugur vill digna,
> dofna því laganna skil.
> Guð gæfi að þú nú þekkir,
> það ósk er hjarta míns
> fyrr en hefnd stærri hnekkir,
> hvað heyrir til friðar þíns.

Hið háa Alþingi ætti að þekkja hvað til þess friðar heyrir hverju sinni. Séra Hallgrímur Pétursson og aðrir jöfrar andans þekktu kall sitt og þeim eigum við tilveru okkar að þakka mörgum öldum síðar. Þeim eigum við skuld að gjalda.

Minningu séra Hallgríms Péturssonar væri vart meiri sómi sýndur en með því að fela íslenskum listamönnum að gera kirkju hans að musteri listar og fegurðar í hjarta höfuðborgar landsins þar sem menn mega eiga griða-

stað til að hlýða á það sem hann unni mest, orð guðs, skáldskap og tónlist.

Hallgrímskirkja er landskirkja, eign þjóðarinnar allrar, og Íslendingar eiga nú þann auð sem nægir til að gera hana sambærilega hinum fegurstu kirkjum annarra þjóða, bornum og óbornum til friðar og gleði. Ég skora á hv. alþm. að veita þessari till. okkar brautargengi og leyfi mér að vísa henni til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Úrbætur í umferðarmálum, þáltill. 121. mál (þskj. 125). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 125 hef ég lagt fram ásamt hv. alþm. Davíð Aðalsteinssyni, Stefáni Guðmundssyni, Þórarni Sigurjónssyni og Haraldi Ólafssyni till. til þál. um framkvæmdaáætlun til úrbóta í umferðarmálum. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun til þriggja ára um úrbætur í umferðarmálum. Áætlunin nái til eftirtalinna atriða:

1. Almennrar kynningar og fræðslu í umferðarmálum með bætta umferðarmenningu að leiðarljósi.
2. Umferðarslysavarna og bætts öryggisbúnaðar farartækja.
3. Frekari fræðslu ökumanna áður en þeir fá fullnaðarökuskírteini.
4. Kennslu- og leiðbeiningarstarfa á sviði vélhjólaaksturs.
5. Rannsókna á sviði umferðaröryggis."

Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Er hún því flutt hér aftur óbreytt.

Upphaflega tilefnið með flutningi þessarar till. var að fylgja eftir þeirri vakningu sem virtist verða hér á landi í umferðarmálum og bættri umferðarmenningu á árinu 1983 sem var eins og menn vita norrænt umferðaröryggisár.

Við flm. teljum brýnt að fylgja eftir þessari vakningu og þeim árangri sem þá náðist með aukinni almennri kynningarstarfsemi og fræðslu um umferðarmál hvers konar, slysavarnir og öryggismál umferðarinnar og síðast en ekki síst með rannsóknum á umferðarslysum sem síðan gætu leitt til margs konar úrbóta og varnaraðgerða á því sviði. Við leggjum til að að þessu verði unnið skv. sérstakri áætlun og beinum því til ríkisstj. að sjá um gerð hennar þar sem hér þarf að koma til samstarf fleiri rn., svo sem menntmrn. hvað fræðsluþáttinn varðar, heilbrmrn. varðandi ýmis öryggismál og slysavarnir, samgrn. vegna gerðar og frágangs samgöngumannvirkja, auk dómsmrn. sem alla jafna hefur þó mest með umferðarmál að gera.

Við teljum mikilvægt að öll þessi rn. vinni sameiginlega að þeim úrbótum sem nauðsynlegar eru til að draga úr þeim hörmungum sem leitt getur af hvers konar vanrækslu í umferðarmálum: Eignatjónið, slysin, bæði smá og stór, sem sumir bíða aldrei bætur, og að lokum það, sem átakanlegast er, ef einhver lætur lífið, oft af tilefni sem maður getur ekki sætt sig við að þurfi að kosta svo mikið, smávægileg vanræksla, hugsunarleysi, tillitsleysi eða eitthvað af þeim toga. Fólk á besta aldri er allt í einu hrifið á burt frá lífsstarfi sínu, frá fjölskyldum, börnum, systkinum, foreldrum, sumt fyrir fullt og allt, en annað dæmt til að búa við meiri eða minni fötlun, e. t. v. aðeins tímabundið, en því miður einnig oft um langa framtíð, jafnvel til æviloka.

Þetta er ekki fögur upptalning né skemmtileg en þetta er því miður alltaf að gerast allt í kringum okkur og því miður allt of oft. Í hvert einasta skipti má í raun segja: einu skipti of oft. Því ber okkur öllum að leggjast á eitt og gera allt sem í okkar valdi stendur til að bæta umferðina í hvaða mynd sem er, auka skilning og tillitssemi og gera allt sem hægt er til að draga úr hörmungunum og þeim kostnaði sem umferðarslysin hljóta ávallt að hafa í för með sér, bæði fyrir einstaklinginn og fyrir þjóðfélagið í heild.

Upplýsingar, sem Umferðarráð hefur tekið saman og liggja fyrir um umferðarslys og dauðsföll af völdum umferðar á undanförnum árum, sýna okkur og sanna að öll sú upplýsingamiðlun, auglýsingastarfsemi og áróður sem rekin voru á norræna umferðaröryggisárinu 1983 leiddu til þess að það ár dró verulega úr slysum ef borið er saman við árin næst á undan svo og nýliðið ár. Sama er að segja ef litið er til áranna 1968 og 1969 þegar breytt var yfir í hægri umferð. Þá dró einnig verulega úr slysum, enda var þá mikil áróðursherferð í gangi. Fólk breytti akstursvenjum sínum, tók meira tillit til annarra í umferðinni og sýndi meiri aðgát, sem kom berlega fram í því að umferðaróhöppin urðu miklu færri og þar af leiðandi afleiðingarnar ekki eins geigvænlegar og raun ber vitni þegar mest hefur verið um umferðarslys. Sömu sögu er einnig að segja frá öðrum löndum. Þar segir reynslan okkur að þegar gert hefur verið sérstakt átak í umferðarmálum hefur það ávallt komið fram í bættri umferðarmenningu. Það hefur dregið úr slysum og afleiðingum þeirra. Þannig var það t. d. í Finnlandi, en þar var gert sérstakt átak í umferðarmálum á 8. áratugnum, enda fækkaði slysum þar á því tímabili einna mest meðal Evrópuþjóða.

Hugmyndin um norrænt umferðaröryggisár mun fyrst hafa komið fram árið 1972. Á fundi samgn. Norðurlandaráðs, sem haldinn var á Húsavík árið 1979, var samþykkt að beina tillögu til Norðurlandaráðs um að árið 1982 yrði fyrir valinu, en aftur var málinu frestað. Það var svo í marsmánuði árið 1981 að norræna ráðherranefndin samþykkti að tillögu Norðurlandaráðs að nú væri ekki eftir neinu að bíða og var ákveðið að árið 1983 skyldi helgað þessum málaflokki, þ. e. öryggi í umferðinni. Þetta mun vera fyrsta sameiginlega átak Norðurlandaþjóða þar sem sú aðferð er reynd að norrænar stofnanir, yfirvöld þjóðanna og einstakar stofnanir hvers lands fyrir sig sameinist um ákveðin verkefni og beinlínis ætlast til þess að samvinnu yrði leitað á sem víðtækustum vettvangi. Leitað var aðstoðar frjálsra félagasamtaka, sem mörg hver búa yfir þekkingu á sviði umferðaröryggismála eða mála sem tengjast þeim með einum eða öðrum hætti, og má telja fullvíst að sú reynsla, sem þessi félagasamtök bjuggu yfir, hafi komið að góðu gagni.

Áróðurinn, sem rekinn var, var af margvíslegum toga. M. a. var gefið út sérstakt merki sem átti að tákna gott samstarf milli bílstjóra og hinna svokölluðu „óvörðu vegfarenda" í umferðinni. Gefin voru út veggspjöld með

merki þessu í öndvegi ásamt ýmiss konar kjörorðum. Merkið var einnig prentað á límmiða sem síðan var dreift mjög víða. Þá var og sérstök umferðarfræðsla í skólum og tóku börnin ekki hvað minnstan þátt í áróðri á þessu umferðaröryggisári. M. a. efndi Umferðarráð til spurningakeppni tólf ára barna í grunnskólum. Þá voru auglýsingar settar á strætisvagna, í símaskrána, á plastpoka, umbúðir eða burðarpoka. Fyrir jólin framleiddi Plastprent í samráði við Umferðarráð 50 000 poka fyrir fjölmargar verslanir þar sem nafn fyrirtækjanna var á annarri hlið pokans en merki Norræns umferðaröryggisárs á hinni með orðunum „Verum jákvæð í jólaumferðinni". Á almanaki Sjálfsbjargar var mynd eftir Sigmund í tilefni ársins með orðunum „Aðgát er allt sem þarf". Einnig var merki ársins á dagatölum frá nokkrum fyrirtækjum og stofnunum. Að lokum má svo nefna það að sunnudagskrossgáta kórs Langholtskirkju var tileinkuð umferðarmálum í tilefni ársins og var merkið notað á getraunaseðla þar að lútandi.

Ekki er nokkur vafi á að allur þessi áróður átti sinn þátt í því að vekja menn til umhugsunar um umferðina og það að gæta varúðar. Fjölmörg félög tóku þátt í þessari herferð, svo sem Samband foreldra- og kennarafélaga í grunnskólum, Slysavarnafélag Íslands, samtök skáta, JC-klúbbar, Bindindisfélag ökumanna, Ökukennarafélag Íslands, klúbbarnir Öruggur akstur svo og allir grunnskólar svo sem áður er getið. Þá var efnt til bílbeltahappdrættis þar sem allir voru hvattir til þess að nota þetta þýðingarmikla öryggistæki í umferðinni. Sýning var haldin á öryggisbúnaði fyrir börn í bifreiðum og hvatt var til stofnunar umferðarnefnda hjá sveitarfélögum um allt land. Og ekki má gleyma þætti lögreglunnar, en að sjálfsögðu er hlutverk hennar eitt það allra mikilvægasta til að efla og auka öryggi í umferðinni.

Dómsmrn. sendi bréf til allra lögreglustjóra landsins í nóvember 1982, en í því sagði m. a., með leyfi forseta:

„Rn. leggur áherslu á hinn mikilvæga þátt lögreglu í öllu umferðaröryggisstarfi og telur þýðingarmikið að lögreglan eigi sem virkastan þátt í slíku starfi á Norrænu umferðaröryggisári. Hvetur rn. til þess að í hverju umdæmi fari fram undirbúningur að því með hvaða hætti lögreglan getur orðið að liði ein og sér og með samstarfi við aðra aðila, stofnanir og samtök. Verði um þetta efni haft samráð við Umferðarráð og þeim aðgerðum, sem það mun standa fyrir, veittur fullur stuðningur. Rn. telur nauðsynlegt að starf lögreglu á þessu sviði verði samræmt eftir því sem kostur er. Hefur rn. ákveðið að koma á fót sérstökum starfshópi lögreglumanna er vinni í samráði við Umferðarráð og rn. að undirbúningi og framkvæmd samræmdra aðgerða lögreglunnar á Norrænu umferðaröryggisári".

Ég taldi rétt að rifja lítils háttar upp sumt af því sem reynt var að gera til þess að bæta umferðarmenningu okkar Íslendinga á Norræna umferðaröryggisárinu og studdist við skýrslu Umferðarráðs við upplýsingaöflunina.

Til þess svo að sýna fram á það hversu allur þessi áróður og öll þessi vinna hefur haft áhrif má leita upplýsinga í nýútkomnum skýrslum frá Umferðarráði varðandi umferðarslys árið 1984 og samanburð við árin þar næst á undan. Í skýrslum þessum kemur m. a. fram að þeir sem látist hafa í umferðarslysum á Íslandi árin 1966 til 1984 hafa verið á bilinu frá 20 til 37 manns á ári. Þrjú ár skera sig þó nokkuð úr. Það eru árin 1968, 1969, þegar sex látast í umferðarslysum fyrra árið og tólf seinna árið, og árið 1983, en þá létust af völdum umferðarslysa 18 manns. Árin næst á undan voru þetta 25 til 30 manns á ári og flestir árið 1977, en þá létust 37 manns af völdum umferðarslysa, og því miður hækkar þessi tala aftur á síðastliðnu ári, en þá létust í umferðarslysum 27 manns, en 18 árið 1983 eins og ég sagði áðan.

Sama þróun virðist vera ef litið er á þá sem slasast í umferðinni. Þá kemur í ljós að alls slasast eða látast í umferðarslysum á s. l. ári 789 manns, en voru 631 árið 1983. Séu þessar tölur skoðaðar aðeins nánar kemur í ljós að árið 1983 létust 18, meiri háttar meiðsl hlutu 297, en minni háttar meiðsl 316. Árið 1984 eru þessar tölur hins vegar öllu geigvænlegri. Þá látast 27 af völdum umferðarslysa, meiri háttar meiðsl hlutu 419, en það sem kallað er minni háttar meiðsl 343 menn. Þá kemur einnig fram á þessum skýrslum að það fólk sem fyrir flestum slysum verður er á aldrinum 17 til 20 ára, unga fólkið okkar sem á allt lífið fram undan, og það er auðvitað hryggileg staðreynd að það skuli einmitt vera þetta fólk sem verst fer út úr umferðarslysunum. Banaslysin, sem urðu 18 árið 1983, skiptust þannig að tveir voru á aldrinum upp að 14 ára, sjö voru á aldursskeiðinu 17 til 20 ára, þrír frá 21 árs aldri til 64 ára og sex voru 65 ára og eldri. Sjö af þeim sem létust voru ökumenn, fimm voru farþegar, einn var á reiðhjóli, og fimm voru gangandi vegfarendur.

Á þessum árum, sem ég nefndi áðan, þ. e. frá 1966 til 1983, urðu samtals 400 banaslys eða um 22 á ári að meðaltali. Því sjáum við að árið 1984 fer langt fram yfir þetta meðaltal. Getur þetta kennt okkur nokkuð annað en það að hér verður að taka alvarlega í taumana? Við verðum að snúa þessari þróun við og halda áfram á þeirri braut sem við virtumst vera að feta okkur inn á árið 1983, á Norræna umferðaröryggisárinu. Það kemur einnig greinilega í ljós að á árunum 1968 og 1969 er fjöldi látinna af völdum umferðaróhappa mun minni en á árunum á undan og eftir, svo sem ég gat um áðan, og má alveg örugglega þakka það þeirri umferðarfræðslu og stórauknu og efldu umferðareftirliti sem tengt var breytingunni í hægri umferð vorið 1968.

Þessar upplýsingar, sem ég hef hér tínt til, vildi ég setja fram í framsögu með þessari annars tiltölulega látlausu þáltill. Ég vildi leggja enn meiri áherslu en þar er gert á hversu augljóst það er að umferðarslysin eru eilífðarvandamál og við verðum að auka allt fræðslu- og upplýsingastarf og efla fyrirbyggjandi aðgerðir til muna. Umferðarráð hefur frá upphafi unnið veigamikið starf á þessum vettvangi og lögregluyfirvöld hafa lagt sitt af mörkum. Þá má ekki heldur gleyma framlagi hinna ýmsu félagasamtaka sem stutt hafa dyggilega við þessa upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Til enn frekari áherslu langar mig til að vitna í *tímaritið Heilbrigðismál*, 3. tölublað árið 1983, en þar er fróðleg grein eftir Bjarna Torfason um umferðarslysin og afleiðingar þeirra, sem hann telur enn stærra vandamál en áður hefur verið álitið. Hann gerir þar grein fyrir rannsókn sem hann vann fyrir nokkrum árum á umferðarslysum sem skráð voru á slysadeild Borgarspítalans á eins árs tímabili. Fyrir valinu varð árið 1975 og var ákveðið að kanna sérstaklega afleiðingar alvarlegustu slysa allt fram til ársins 1980. Þessi grein er öll

hin fróðlegasta og þó er sérstaklega eitt sem vakti mig til umhugsunar um að vandamálin væru e. t. v. enn þá stærri en þó kemur fram í skýrslum Umferðarráðs og lögregluskýrslum. Hann bendir einmitt á í sinni grein, ef ég má vitna til hennar, með leyfi forseta:

„Samanburður á opinberri skráningu Umferðarráðs (sem byggir á lögregluskýrslum) við þessa rannsókn, sem byggð er á gögnum slysadeildar Borgarspítalans, leiðir í ljós verulegt misræmi. Alls létust eða slösuðust 1682 íbúar höfuðborgarsvæðisins í umferðarslysum árið 1975. Þar af voru 27% á skrám beggja þessara aðila, 2% eingöngu á skrá Umferðarráðs og 71% eingöngu á skrá slysadeildar. Á sama tíma og Umferðarráð telur 490 manns hafa slasast í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu voru 649 fluttir með vitund lögreglunnar í Reykjavík á slysadeildina eftir umferðarslys. Samkvæmt skrá slysadeildar kom u. þ. b. helmingur þeira sem þangað leituðu vegna meiðsla úr umferðarslysum (eða á níunda hundrað manns af höfuðborgarsvæðinu) annaðhvort með sjúkrabíl eða lögreglu.

Vanskráning Umferðarráðs er ekki aðeins bundin við þau slys sem talin eru minni háttar. Þannig skráði ráðið ekki nema rúmlega 70 af hundraði þeirra sem slösuðust svo mikið að leggja varð þá inn á sjúkrahús, þar af voru 7% ranglega skráðir með lítil meiðsl. Mismunur á skráningu Umferðarráðs og slysadeildarinnar á þessum alvarlegu slysum var mestur ef hinir slösuðu voru á reiðhjólum (70%), síðan komu slys á vörðum vegfarendum (26%), þá vélhjólaslys (22%) og loks slys á gangandi fólki (16%)".

Síðan spyr Bjarni: „Er fjöldi slasaðra á þriðja þúsund? Með hliðsjón af þessum samanburði eru leidd að því rök í skýrslunni ... að í stað þess að 707 manns hafi látist eða slasast í umferðinni á Íslandi árið 1975, eins og Umferðarráð telur, sé líklegt að fjöldi slasaðra hafi verið á þriðja þúsund. Svipað ósamræmi á skráningu þessara aðila er einnig árin 1976 til 1982. Það er því ljóst að slysin í umferðinni eru mun stærra vandamál en áður var talið."

Síðar í grein sinni segir Bjarni: „Hætt er við að viðbrögð stjórnvalda við vandamálum umferðarinnar hafi mótast af miklu vanmati á raunverulegu ástandi þessara mála. Það er því brýnt að bæta slysaskráningu lögreglu og Umferðarráðs eða taka upp nýja skráningu á vegum heilbrigðisstjórnarinnar, en slíkt er nú þegar í undirbúningi að því er varðar höfuðborgarsvæðið. Þó að einhver hluti umferðarmálanna sé innan verksviðs dómsmálayfirvalda þá verður ekki horft fram hjá því að slysin í umferðinni eru fyrst og fremst heilbrigðisvandamál. Því þarf að efla þátt heilbrigðisstétta í mótun umferðarmenningar hér á landi og undarlegt er að enginn fulltrúi þeirra stétta eigi sæti í Umferðarráði. Samhliða bættri skráningu þarf að auka rannsóknir og gera með því stjórnvöldum ljósar afleiðingar umferðarslysanna. Forsenda þess að hægt sé að meta arðsemi fyrirbyggjandi aðgerða í baráttunni gegn umferðarslysum er að afleiðingarnar séu kunnar. Niðurstöðum slíkra rannsókna þarf einnig að koma á framfæri við almenning þannig að t. d. foreldrar geti áttað sig á því hvaða hætta börnum þeirra sé búin í umferðinni".

Hér hreyfir Bjarni Torfason einmitt þeim málum sem við leggjum einnig áherslu á í okkar þáltill., þ. e. að hér þurfi að koma til samstarf allra yfirvalda, ekki bara lögreglu og dómsmálayfirvalda, og að efldar séu rannsóknir á sviði umferðaröryggis.

Í þessu tímariti, Heilbrigðismálum, er einnig gerð grein fyrir norrænni umferðarslysaráðstefnu sem haldin var í Reykjavík dagana 8. til 10. ágúst 1983. Þar hefur margvíslegur fróðleikur komið fram. M. a. kom fram að Davíð Á. Gunnarsson, þáverandi forstjóri ríkisspítalanna, hefur áætlað að umferðarslysin árið 1982 hafi kostað íslenska þjóðfélagið 440 millj. kr. eða álíka mikið og kostaði að reka Landspítalann það ár. Í þessum tölum er tekjutap vegna dauðaslysa og annarra umferðarslysa, kostnaður vegna vistunar og meðferðar slasaðra á heilbrigðisstofnunum og greiðslu tryggingafélaganna vegna bóta á farartækjum. Kostnaður við eitt slys, þar sem viðkomandi einstaklingur verður varanlega fatlaður, samsvarar verði góðs einbýlishúss.

Á þessari norrænu umferðarslysaráðstefnu kynnti Hjördís Þorsteinsdóttir sjónarmið starfshóps aðstandenda þeirra sem hafa misst börn sín eða aðra ástvini í umferðarslysum eða slasast í þeim, en markmið þess hóps er að starfa að slysavörnum í umferðinni og aðstoða þá sem fyrir áföllum hafa orðið vegna umferðarslysa. Hjördís sagði m. a., með leyfi forseta:

„Þær raunir sem lagðar eru á aðstandendur þeirra sem slasast hafa eða látist í umferðarslysum eru þungar og þungbærar. Margir sligast undan þeirri byrði. Að horfa á börn sín slasast til ævilangra örkumla er þyngra en tárum taki. Hvert verður farið næst með þá slösuðu og hvaða líf bíður þeirra? Hvaða staður tekur við þegar sjúkrahúsin geta ekki sinnt þeim lengur og framfarir eru ekki fyrirsjáanlegar?

Að missa börn sín, hraust og heilbrigð, full starfsorku og lífsgleði, er hörmulegt. Við höfum fætt þessi börn í þennan heim, lagt þau á brjóst, leitt þau í skólann ... kennt þeim hvernig á að ganga yfir götuna og sýnt og skýrt út fyrir þeim hvernig á að nota umferðarljósin. Það erum við sem stöndum stjörf í kirkjugarðinum yfir gröfum þeirra og hrópum hátt og í hljóði í örvæntingunni: Hvers vegna?"

Síðar í þessari grein sinni ræðir Hjördís um rannsóknir umferðarslysa og kemur þá einnig inn á einn af þeim punktum sem við leggjum áherslu á í okkar till., en þar segir hún:

„Á Íslandi mun ekki starfandi nein nefnd sem hefur það verkefni að rannsaka sérstaklega orsakir umferðarslysa, eins og t. d. rannsóknarnefnd sjóslysa og rannsóknarnefnd flugslysa. Það hlýtur að verða eitt af fyrstu verkefnum íslenskra stjórnvalda eftir þessa ráðstefnu að skipa slíka nefnd, sem getur kannað til hlítar hinar raunverulegu orsakir umferðarslysa ..."

Herra forseti. Ég hef nú talað miklu lengur en ég ætlaði og er þó margt enn ótalið sem þörf væri á og full ástæða til að nefna og benda á þegar rætt er um umferðaröryggismál. Ef ég sný mér þá að þáltill. sjálfri má vafalaust með sanni segja að þau fimm atriði, sem þar eru sérstaklega tilgreind og gert er ráð fyrir að fjalla um í áætlun þeirri sem till. gerir ráð fyrir, séu ekki tæmandi hvað umferðaröryggismál og umferðarslysavarnir varðar. Þetta þyrfti allt saman að kanna ítarlega og e. t. v. verður svona áætlun ekki samin svo vel fari nema það verkefni verði fengið sérstakri nefnd.

Um 1. liðinn, almennt kynningar- og fræðslustarf í umferðarmálum, hef ég nokkuð fjallað hér á undan og tel mig hafa leitt rök að því hversu þýðingarmikil öll kynning og fræðsla, upplýsingar og áróður eru til að

bæta umferðarmálin og þarf ekki að fara mörgum orðum um það í viðbót.

Varðandi 2. liðinn, sem fjallar um umferðarslysavarnir og bættan öryggisbúnað farartækja, má í fyrsta lagi benda á nauðsyn þess að endurskoða gildandi umferðarlög. Umferðarlög þau sem nú eru í gildi eru að mörgu leyti orðin úrelt. Ýmis ákvæði þeirra eru óskýr og ómarkviss, eru loðin og illskiljanleg, eiga jafnvel ekki lengur við um umferðina eins og hún er orðin í dag. En í umferðarlögum er að sjálfsögðu fjallað um allt sem að umferðinni lýtur. Þar er að finna ákvæði um ökutækin og gerð þeira, um ökumennina sjálfa, réttindi þeirra og skyldur, ákvæði um ökuprófin, um umferðarstjórnun og umferðarmerkingar svo og um fébótaábyrgðir, vátryggingar og refsingar við umferðarlagabrotum. Þá er þar og fjallað um Umferðarráð, um umferðarfræðslu í skólum og margt fleira sem lýtur að hinum almenna borgara í umferðinni, en meira og minna eru þessi lög og þessar reglur orðin úrelt og þarf því að endurskoða þau í heild sinni.

Á undanförnum árum hefur Alþingi að sjálfsögðu samþykkt ýmsar breytingar sem örugglega hafa verið til bóta. Má þar t. d. nefna ákvæði um skyldunotkun bílbelta og hertar reglur um notkun ökuljósa svo eitthvað sé nefnt.

Hinn 15. sept. 1980 skipaði þáverandi hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson umferðarlaganefnd til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga. Þessi nefnd hefur síðan setið að störfum og er mér kunnugt um að hún muni fyrir örfáum dögum hafa skilað drögum að frv. til hæstv. dómsmrh. Þetta er ítarlegt frv. með 122 lagagreinum svo að hér er stórt mál á ferðinni og auk þess brýnt. Ég vænti þess að ráðh. sjái sér hið fyrsta fært að leggja þetta frv. fyrir Alþingi og að Alþingi gefi sér tíma til að fjalla um frv. vegna þess að ég efast ekki um að þar eru fjölmörg ákvæði sem koma til með að auka öryggi í umferðarmálum og bæta umferðarmenningu og leiða á þann hátt til færri umferðarslysa með auknum slysavörnum og bættum öryggisbúnaði farartækja.

Ég ætla því ekki að eyða tímanum í það nú að nefna ýmis ákvæði í eldri umferðarlögum sem þó væri full ástæða til þess að gera athugasemdir við því að þar er svo fjölmargt sem ekki á lengur við, enda eru þau síðan 1968 og þó að stofni til enn þá eldri eða allt frá árinu 1958. Öllum hlýtur að vera ljóst að frá því í apríl 1968, er við tókum upp hægri umferð, og fram til ársins 1985 hafa gerst svo margvíslegar breytingar og orðið svo ör þróun, sem lýtur að samgöngum og umferðarmálum okkar, að full ástæða hlýtur að vera til að taka umferðarlögin til gagngerðrar heildarendurskoðunar svo sem ég vænti að þetta nýja frv. til umferðarlaga beri með sér.

Önnur atriði, sem ég vil sérstaklega nefna í sambandi við slysavarnir og bættan öryggisbúnað farartækja, er m. a. að nauðsynlegt er að tollar og álögur á hvers konar öryggisútbúnað, svo sem hjólbarða, endurskinsþríhyrninga, hjálma vélhjólafólks, barnastóla í bíla o. fl. o. fl., verði sem allra lægst.

Þá þarf að gefa verkstjórum og verktökum, sem vinna að umferðarmannvirkjum, kost á námskeiðum um fyrirkomulag og meðferð lausra umferðarmerkja og annarra viðvarana vegna framkvæmda sem eiga sér stað í vegakerfi okkar á hverju ári. Við höfum sjálfsagt öll orðið vör við það að oft og einatt eru umferðarmerkingar, sem settar hafa verið upp vegna einhverra sérstakra aðgerða, látnar standa miklu lengur en ástæða er til. Verkefni því, sem umferðarmerkið hefur átt að vara við, er e. t. v. löngu lokið og hlýtur að fara svo að eftirtekt ökumanna slævist og öll virðing þeirra fyrir umferðarmerkjum hlýtur að dvína. Það er hættuleg þróun.

Þá er og nauðsynlegt að fylgja því eftir svo sem frekast er kostur að ný umferðarmannvirki séu ekki tekin í notkun fyrr en þau eru tilbúin til umferðar. Mér er að vísu ljóst að þetta er oft og tíðum erfitt ef um er að ræða vegagerð þar sem ekki er auðvelt að hleypa daglegri umferð fram hjá framkvæmdum sem verið er að vinna við eða beina umferðinni á aðrar leiðir, en þetta þyrfti þó að reyna eftir því sem nokkur tök eru á og taka síðan ný umferðarmannvirki út þegar framkvæmdum er lokið og gæta þess að þá sé ekkert sem getur valdið truflunum og þar með orðið orsök slysa og manntjóna.

Þá hygg ég einnig að huga mætti betur að skipulagi og starfsháttum hjá lögreglunni með tilliti til aukinnar áherslu á bætta umferðarmenningu. Þáttur löggæslunnar í fyrirbyggjandi starfi í umferðinni verður seint ofmetinn. Sama mætti segja um starfshætti Bifreiðaeftirlitsins. Ég tel að leggja ætti enn meiri áherslu á það hlutverk bifreiðaeftirlitsmanna að þeir fylgdust betur með ástandi og öryggisbúnaði bifreiða á vegum úti og hafi heimildir til skyndiskoðana. Það álít ég að sé ekki síður mikilvægur þáttur en að taka bifreiðar til skoðunar á skipulegan hátt á sérstaka skoðunarstaði. Menn leggja sig þá fram um að reyna að hafa bifreiðar í skoðunarfæru ástandi a. m. k. þann daginn sem þær eru færðar til skoðunar, en hugsa ef til vill minna um að öryggisbúnaður bifreiðarinnar sé í fullkomnu lagi þegar bifreiðin er í eðlilegri notkun.

Varðandi starfshætti lögreglunnar vil ég geta þess að þegar ég vann að gerð þessarar þáltill. átti ég tal við nokkra menn úr umferðarlögreglunni hér í Reykjavík og ræddi við þá um þeirra starf. Höfðu þeir margir góðar og gagnlegar athugasemdir fram að færa um það hvernig þeirra starf gæti skilað betri árangri og þeirra vinna orðið meira fyrirbyggjandi en nú er, en eins og háttað er í dag er starf þeirra því miður allt of mikið í því fólgið að gera skýrslur um umferðartjón sem þegar hefur átt sér stað og fást við ýmis önnur störf sem eru afleiðingar af slysum sem þegar hafa orðið fremur en að geta varið tíma sínum til að reyna að koma í veg fyrir umferðarslysin. Þeir töldu að sjálfsögðu eina meginorsökina vera þá hvað lítil fjölgun hefði orðið í umferðarlögreglunni og þar afleiðandi gæfist allt of lítill tími til fyrirbyggjandi starfs. Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík fékk ég þær upplýsingar að hinn 1. jan. 1973 hafi skráð vélknúin ökutæki í Reykjavík verið 23 566 talsins. Tíu árum síðar eða 1. jan. 1983 voru skráð ökutæki í Reykjavík 39 692 og hafði þeim á þessu tíu ára tímabili fjölgað um 16 126 eða 68%. Á sama tíma hafði heildartala lögreglumanna í Reykjavík aukist um 39 lögregluþjóna, úr 197 í 236 lögreglumenn. Þá ber þess að geta að fjölgun lögreglumanna á þessum tíu árum er að mestu tilkomin vegna stofnunar rannsóknardeildar við embætti lögreglustjórans og þrátt fyrir að lögregluþjónum hafi fjölgað um 20% hafði engin fjölgun orðið í almennri löggæslu eða umferðardeild á þessu tímabili.

Þetta er að sjálfsögðu ekki góð þróun og þó að við viljum auðvitað spara í öllum opinberum rekstri verðum við þó ávallt að líta á báðar hliðarnar og spara ekki eyrinn, en kasta krónunni en það sýnist mér að gæti einmitt verið í þessu tilviki ef okkur tækist að nota löggæsluna til fyrirbyggjandi starfa.

Þessir ágætu lögreglumenn, sem ég átti tal við á sínum tíma, bentu einmitt á ýmis dæmi um að hefðu þeir haft betri tíma til að sinna slíkum fyrirbyggjandi aðgerðum væri ástandið annað og betra en raun ber vitni. Þeir töldu ljóst að hraðamælingar lögreglu hefðu veruleg áhrif á almennan umferðarhraða og slysatíðni væri í beinu samhengi við umferðarhraðann. Sömu niðurstöðu má reyndar sjá víðar, m. a. í nýútkominni skýrslu umferðarnefndar Reykjavíkurborgar. Þá sögðu þeir einnig að bæta þyrfti tengsl lögreglu og umferðarnefnda hinna ýmsu byggðarlaga. Oft mætti leita hagkvæmra upplýsinga hjá lögreglu sem vissi e. t. v. betur en nokkur annar um helstu slysagildrurnar í gatna- og vegakerfinu. Þeir bentu á það að víða væru biðskýli strætisvagna illa staðsett og gæfu tilefni til óþarfa-umferðar gangandi fólks yfir umferðarþungar götur. Þeir bentu á að nánast hvergi væri að finna útskot fyrir bilaða bíla á umferðarþungum götum, t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu. Þá töldu þeir nauðsynlegt að auglýsa betur en gert væri ný umferðarmannvirki. Upplýsingamiðlunin frá lögreglu til almennings væri ekki nægilega góð. Einnig töldu þeir nauðsynlegt að geta miðlað oftar og betur upplýsingum til almennings um færð eftir aðstæðum. Þá töldu þeir umferðarlagabrot einstakra ökumanna vera ótrúlega tíð og með harðari viðurlögum, sektum eða jafnvel ökuleyfissviptingu á staðnum mætti koma í veg fyrir eða draga úr margvíslegum síendurteknum brotum hjá sömu ökumönnum.

Allt þetta sýndist mér benda til að nákvæma úttekt þyrfti að gera á allri starfsemi lögreglunnar, þ. e. þess hluta hennar sem vinnur að umferðarmálum, og hafa við það náið samstarf við þá lögreglumenn sem reynsluríkastir eru á þessu sviði. Ég held að um þetta mál væri hægt að fá gott samstarf við lögregluna sjálfa og ég hygg að engum væri kærara en einmitt henni að á þessum málum yrði tekið af röggsemi og festu.

Þá vil ég enn ítreka mikilvægi þess að umferðarfræðsla fari fram í grunnskólunum. Trúlega er mikilvægast af öllu að hefja umferðarfræðslu sem fyrst meðal barna svo að þau séu vel undir það búin að taka þátt í umferðinni sem ábyrgir vegfarendur síðar á lífsleiðinni. Nauðsynlegt er að skólalóðir séu skipulagðar með tilliti til aðgreiningar umferðar og einn þáttur í hönnun skóla ætti að vera teikning og skipulagning skólalóðarinnar með tilliti til umferðar gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Gott skipulag skólalóðar hlýtur að hafa mikið uppeldislegt gildi fyrir skólabörnin og viðhorf þeirra til reglu í umferðinni getur mótast á þann hátt rétt eins og skipulagsleysi hlýtur að hafa öndverð áhrif.

Fyrir nokkrum dögum kom út skýrsla um umferðaraðstæður við skóla í Reykjavík, sem gerð var að tilhlutan umferðarnefndar Reykjavíkurborgar, og þar kemur m. a. fram að við 13 skóla þarf að bæta lýsingu, við tíu skóla er talin ástæða til að koma fyrir grindverkum og við 14 skóla var bent á að vinna þyrfti að nánari frágangi lóða og að reyndar væri enginn skóli í Reykjavík með fullfrágengna skólalóð. Þetta er staðfesting á því að hér er mikið verk að vinna.

Þriðja atriði í tillögu okkar fjallar um frekari fræðslu ökumanna áður en þeir fá fullnaðarökuskírteini. Það hlýtur að vera afar mikilvægt að hver maður sem í fyrsta skipti stjórnar farartæki hafi hlotið góðan undirbúning og góða menntun fyrir það ábyrgðarmikla hlutverk. Það heyrist oft að menn hljóti mög mismunandi undirbúning fyrir ökupróf og séu því mismunandi vel til þess fallnir að stjórna ökutæki. Getur þetta farið eftir því hvort prófraunin er þreytt í dreifbýli eða þéttbýli og hvort ökukennslan hefur farið fram að vetri eða sumri. Margt annað getur spilað hér inn í.

Ástæða væri því til að kanna hvort ekki sé þörf frekari samræmingar ökuprófa um allt land. Jafnvel hefur sú hugmynd komið upp að sérstakt æfingarsvæði yrði útbúið fyrir ökumenn þar sem þeir gætu á einum stað kynnst sem flestum aðstæðum og flestum þeim vandamálum sem upp geta komið í akstri. Þá er og hugsanlegt að fullnaðarökuskírteini sé ekki gefið út fyrr en menn hafa sýnt ökuhæfni sína bæði við akstur að sumarlagi og vetrarlagi þar sem aðstæður geta verið mjög mismunandi. Þá þyrfti einnig að kanna þekkingu ökumanna á umferðarmerkingum og umferðarlögum þegar ökuskírteini eru endurnýjuð og láta ekki einungis duga að menn leggi inn nýtt augnvottorð um að þeir hafi sæmilega sjón, heldur einnig að þeir viti eitthvað hvað umferðarmerkin, sem þeir horfa á, tákna og hvaða þýðingu þau hafa fyrir öryggið í umferðinni.

Þá er í fjórða lið minnt á nauðsyn góðra kennslu- og leiðbeiningarstarfa á sviði vélhjólaaksturs, en þar er ýmsu því miður talið áfátt.

Að lokum er svo lögð áhersla á rannsóknir á sviði umferðaröryggis. Rannsóknir á sviði umferðaröryggis eru nú um margt taldar afar ófullnægjandi og ekki nóg að gert til að kanna raunverulegar orsakir umferðarslysa. Lögregluskýrslur eru fyrst og fremst miðaðar við störf dómara, en beinast ekki að rannsókn á innri orsök slysanna. Þess má geta að skv. loftferðalögum er starfandi flugslysanefnd sem kannar orsakir flugslysa ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nauðsyn á einnig að gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Svipuð nefnd, rannsóknarnefnd sjóslysa, er starfandi skv. ákvæðum í lögum um eftirlit með skipum.

Rannsóknir af þessu tagi eru liður, og það mjög þýðingarmikill liður, í fyrirbyggjandi starfi og virðist ekki síður brýn þörf fyrir það í sambandi við umferðarslys. Benda má á þann möguleika að leitað verði samstarfs við félagsvísindadeild Háskóla Íslands um ýmiss konar rannsóknir á sviði umferðarslysavarna. Þetta teljum við flm. þessarar þáltill. um framkvæmdaáætlun til úrbóta í umferðarmálum ekki þýðingarminnsta atriðið, e. t. v. eitt það þýðingarmesta, að menn leiti orsakanna fyrir þessum miklu og válegu umferðarslysum sem kosta einstaklinga og þjóðfélagið svo mikið sem raun ber vitni, og við væntum þess að þetta geti haft veruleg áhrif til að draga úr því böli sem hlýst af slysum í umferðinni. Ég vænti þess að í frv. til nýrra umferðarlaga sé einmitt tekið á þessu þýðingarmikla atriði.

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að svo lengi sem ökutæki fara um göturnar verður ekki hægt að koma í veg fyrir umferðarslys. Menn gera mistök í umferðinni

sem annars staðar. Hins vegar er hægt að hafa áhrif á fjölda umferðarslysa og það gerum við með því að efla fræðslu um umferðarmál, með því að reyna að hafa áhrif á hugarfar ökumanna og með því að hvetja til varkárni og tillitssemi í umferðinni. Ég lýk orðum mínum með því að vitna í blaðagrein, sem hv. þm. Helgi Seljan ritaði í Dagblaðið 6. apríl 1984 um umferðarmál, og leyfi mér að gera lokaorð hans í þeirri grein að mínum: „Gegn voðavá dauðsfalla, örkumla og eyðileggingar eigum við öll að snúast, þú og ég. Saman getum við gert kraftaverk."

Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til allshn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar til þess að koma upp vegna þess að ég tel þetta hið þarfasta mál og nauðsynlegt að það nái fram að ganga.

Heilbrigðismál þykja dýr póstur á fjárlögum ríkisins og mikið er yfir þeim kvartað. Það er því að verða mönnum æ ljósara að óhjákvæmilegt er að leggja meiri áherslu á fyrirbyggjandi heilsugæslu. Ég tel þessa till. til þál. fjalla um fyrirbyggjandi heilsugæslu og e. t. v. á því sviði sem fyrst mundi skila verulegum fjárhagslegum sparnaði. Ég þarf svo ekki að tíunda þann sparnað eða varðveislu sem mundi verða á heilsu og mannslífum ef slíkt átak mundi ná fram að ganga. En sá tollur sem íslensk umferð tekur í mannslífum og heilsutjóni á börnum og fullorðnum er algjörlega óviðunandi. Við getum ekki sætt okkur við hann.

Ég tel þetta því vera mjög brýnt mál, þjóðþrifamál, og styð það heils hugar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sóllampanotkun og húðkrabbamein, þáltill. 152. mál (þskj. 157). — Fyrri umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur leyft mér að flytja till. til þáltill. á þskj. 157 sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að skipa þegar í stað nefnd sérfræðinga til að kanna hvort tengsl séu milli sóllampanotkunar og húðkrabbameins. Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði".

Nú er það svo, herra forseti, að það eru a. m. k. tveir, ef ekki þrír mánuðir síðan þessi till. var lögð fram hér á Alþingi og síðan kann eitthvað að hafa gerst í þessum efnum í þá veru sem þessi till. felur í sér.

Það er alkunna að hin síðari ár hefur það verið eitt af því sem kalla mætti stöðutákn í íslensku þjóðfélagi að geta verið sólbrúnn allan ársins hring. Áður fyrr hafði þetta í för með sér að menn urðu að sækja þennan sólarlit til Suðurlanda en síðan hefur tækninni fleygt svo fram að komið hafa á markaðinn svokallaðir sóllampar eða samlokulampar sem eru mjög vinsælir, bæði hjá konum og körlum, þó hygg ég í nokkru ríkari mæli hjá konum, a. m. k. ef dæma má eftir aðsókn að þeim stofum og sundstöðum í Reykjavík sem bjóða þessa þjónustu. Í dagblöðunum má lesa auglýsingar frá 10—15 og kannske fleiri fyrirtækjum sem bjóða slíka lampaþjónustu, bjóða slíkan sólbrúnkulit. Þetta er líka til reiðu á sundstöðum Reykjavíkurborgar og þar tjáir mér fólk sem þar starfar að þess séu dæmi að einstaklingar skipuleggi sinn tíma þannig, til þess að verða brúnir á sem skemmstum tíma, að þeir fara kannske á þrjá eða fjóra svona staði í runu, eiga pantað á einum staðnum klukkan þrjú, þeim næsta kortér fyrir fjögur og síðan áfram til að ná þessu markmiði á sem skemmstum tíma. Það er nú gjarnan svo með okkur Íslendinga að við tökum hlutina svolítið skarpt, hvað sem um er að tefla, og mér sýnist að sú hafi einnig orðið raunin í þessu tilviki.

Í Morgunblaðinu 8. nóv. s. l. var frétt sem ég held að hafi vakið töluvert mikla athygli en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Á þessu ári hefur orðið gífurleg fjölgun tilfella af húðkrabbameini hérlendis. Um er að ræða tegund húðæxla sem kölluð er illkynja litaræxli. Í langflestum tilvikum er um að ræða ungar konur sem hafa stundað sóllampa.

„Við hljótum að spyrja hvað sé hér um að vera því að á þessu ári hefur fjölgum húðkrabbameinstilfella verið slík að við höfum haft til meðferðar á lýtalækningadeild Landspítalans sama fjölda tilfella og á fjórum til fimm árum samanlagt fram að þessu," sagði Árni Björnsson skurðlæknir á lýtalækningadeild Landspítalans í samtali við Morgunblaðið í gær.

„Þegar við bætist að í flestum tilfellum er um að ræða ungar konur sem hafa notað sóllampa fer ekki hjá því að mann gruni að þarna á milli sé orsakasamband, eins og reyndar hefur verið bent á áður bæði hér á landi og annars staðar," sagði Árni.

„Það hlýtur að vera svo, enda veit ég ekki hvort þessi mikla sóllampanotkun hér á landi á sér nokkra hliðstæðu og þessarar skyndilegu aukningar á húðkrabbameinstilfellum hefur ekki orðið vart á hinum Norðurlöndunum.

Hins vegar er erfitt að sanna að einstök tilfelli af þeirri tegund húðkrabbameins, sem hér um ræðir, séu til komin vegna notkunar sólarlampa, frekar en hægt er að sanna að krabbamein í lungum stafi af reykingum, þó að orsakasambandið þar á milli sé svo greinilegt að engum detti í hug að neita því að það sé til staðar."

Árni kvað lækna á lýtalækningadeild Landspítalans hafa sent landlæknisembættinu bréf um málið og væri ákvarðanataka um aðgerðir því nú í höndum þess.

„Ef orsakasamhengið milli notkunar sóllampanna og illkynja húðæxla reynist vera til staðar," sagði Árni Björnsson að lokum, „þá eigum við eftir að sjá gífurlega aukningu á þessum tilfellum á næstunni, til viðbótar því sem þegar er orðið."

Hér talar læknir sem nýtur álits og þetta eru vissulega alvarlegir hlutir sem hann bendir á. Hér er ekkert fullyrt en flm. þessarar þáltill. telja að hér sé alvarlegt mál á ferðum og einskis megi láta ófreistað til að kanna hvort þessi grunur lækna, um samband milli sóllampanotkunar og húðkrabbameins, sé á rökum reistur, einskis megi láta ófreistað til að kanna og komast að hinu sanna eða eins nálægt sannleikanum og unnt er í þessum efnum. Og það er tilgangurinn með flutningi þessarar till.

Það hefur komið fram í blaðaskrifum um þetta mál seinna að með sóllömpum á þessum ljósastofum hefur ekkert eftirlit verið. Það er líka ljóst að eftirlitslaus geta þessi ljós verið hættuleg. Áreiðanlega er notkun slíkra ljósalampa í hófi ekki aðeins í góðu lagi heldur beinlínis af hinu góða fyrir ýmsa. Hins vegar telja ýmsir að notkun þessara lampa í óhófi sé beinlínis hættuleg. Tilgangur okkar, sem stöndum að þessari till., er eingöngu sá að óska eftir því að heilbrrh. láti kanna þetta mál svo gaumgæfilega sem kostur er.

Ég sé, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. er ekki hér í salnum. Ég vildi þá óska eftir því að þessari umr. verði frestað þangað til hann getur verið hér viðstaddur og frá honum hægt að fá upplýsingar um á hvern rekspöl, ef einhvern, þetta mál þegar kann að vera komið.

Sennilega þarf nú að hafa tvær umr. um þessa till. vegna þess að gert er ráð fyrir að kostnaður við störf þessarar nefndar greiðist úr ríkissjóði. Að lokinni fyrri umr. legg ég því til að henni verði vísað til allshn.

Umr. frestað.

Rekstrargrundvöllur sláturhúsa, þáltill. 158. mál (þskj. 163). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um könnun á uppbyggingu og rekstrargrundvelli sláturhúsa. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að skipa fimm manna nefnd er hafi það hlutverk að kanna framtíðaruppbyggingu, endurbætur og rekstrargrundvöll sláturhúsa í landinu.

Störf nefndarinnar beinist m. a. að eftirtöldum atriðum:

1. Gera till. um byggingu nýrra sláturhúsa og sameiningu þeirra sem fyrir eru þar sem landfræðilegar og félagslegar aðstæður leyfa.
2. Kanna áhrif hugsanlegrar svæðaskiptingar í framleiðslu og uppbyggingu sláturhúsa.
3. Kanna aukna nýtingu, tæknivæðingu sláturhúsa og hugsanleg ný verkefni.
4. Gera till. um hvernig fjármögnun skuli háttað við byggingu nýrra sláturhúsa.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1985."

Það má spyrja hver sé tilgangur með skipun nefndar sem hér um ræðir í ljósi þess að á síðustu tíu árum hafa tvær nefndir starfað að athugun þessara mála, sú fyrri árið 1974, en hin síðari frá árinu 1979 til ársins 1980 er hún skilaði ítarlegu áliti 13. júní, prentuðu sem fskj. með þáltill. sem hér er flutt. Ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi er sú að á þeim tíma sem liðinn er frá árinu 1980, síðustu fjórum árum, hafa aðstæður í sauðfjárbúskap gjörbreyst hér á landi. Teknar hafa verið upp beinar stjórnunaraðgerðir í framleiðslu sem hafa haft þau áhrif á kindakjötsframleiðsluna að á árunum 1979—1983 minnkaði hún um 15.3% eða 2399 tonn og fjárstofninn minnkaði um 22%. Sama þróun hélst áfram árið 1984. Skv. tölum sem upplýsingaþjónusta landbúnaðarins gaf út í nóvember s. l. fækkaði sláturfé um 67 880 dilka og um 20 þús. af fullorðnu fé frá síðasta ári og kjötframleiðslan minnkaði um 413 tonn þrátt fyrir að aukinn fallþungi vegna betra árferðis á þessu ári skilaði 529 tonnum af kjöti. Segja má að kjötframleiðslan nálgist það að framleitt sé rúmlega fyrir innanlandsþarfir, en þá stefnumörkun hafa samtök bænda sett fram, m. a. í ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda frá s. l. hausti þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Framleiðsla landbúnaðarvara skal fullnægja, eftir því sem tök eru á, þörfum innanlands, bæði er varðar landbúnaðarafurðir til manneldis og iðnaðarframleiðslu. Framleiðsla umfram það verði í samræmi við aðstæður á erlendum mörkuðum."

Það er því ljóst að mjög breyttar aðstæður eru varðandi rekstur og uppbyggingu sláturhúsa og full ástæða er til að fram fari könnun á málefnum þeirra þar sem tekið er mið af þessum aðstæðum sem fyrirsjáanlegt er að verði í sauðfjárframleiðslunni á næstu árum. Ástandið í málefnum sláturhúsanna er þannig að uppbygging þeirra hefur stöðvast og þau hús sem byggð hafa verið eða endurnýjuð frá árinu 1980 eiga í mjög miklum erfiðleikum og nægir að vitna þar í blaðafréttir sem voru síðla á árinu 1984 um möguleika á uppboðum á tveimur nýlegum sláturhúsum sem ókleift hefur reynst að reka sökum fækkunar sláturfjár og mikils fjármagnskostnaðar. Þannig hagar til víða um land, einkum þó á Austurlandi og Vestfjörðum, að það þarf að endurbyggja sláturhús og endurnýja þau að meira eða minna leyti. Fjöldi sláturhúsa starfar á undanþágum sem yfirdýralæknir veitir og er það ástand alls óviðunandi til lengdar. Því er nauðsynlegt að gerð sé athugun og tillögur um það hvernig að uppbyggingunni skuli staðið og hvort sameining sláturhúsa, þar sem aðstæður leyfa það, geti reynst hagkvæm. Við þessa athugun þarf að huga mjög að því hverjir möguleikar eru á því að sláturhúsin hafi verkefni sem stuðli að betri nýtingu þeirra. Við það þarf að taka mið af hugsanlegri svæðaskiptingu í framleiðslu og hvort um ný verkefni, t. d. í sambandi við nýjar búgreinar eða aukna vinnslu fyrir innanlandsmarkað, getur verið að ræða. Þá ber að kanna hvort ný tækni eða aukin tæknivæðing sláturhúsanna geti létt rekstur þeirra.

Síðast en ekki síst þarf nefndin að leggja vinnu í það verkefni að kanna með hvaða hætti fjármagnskostnaður nýrra sláturhúsa og reyndar alls þorra sláturhúsanna í landinu verði borinn uppi án þess hann komi niður á verðinu til bænda því að slíkt er alls óviðunandi. Ástandið er þannig hjá þorra sláturhúsa í landinu að þau ná ekki saman endum í rekstri sínum og er fjármagnskostnaðurinn þar höfuðorsökin, einkum í nýrri húsunum. Nýbyggingar sláturhúsa við óbreyttar aðstæður, hvað þetta varðar, eru óframkvæmanlegar. Það er full ástæða til að stjórnvöld hugi að þessum vanda.

Rekstur sláturhúsanna hefur bein áhrif á afkomu bænda, enda eru þau rekin af þeim og á ábyrgð þeirra við núverandi fyrirkomulag. Bændur hafa gert stórátak í því að minnka framleiðsluna, eins og hér hefur verið rakið. Því fylgir tekjumissir svo mikill að víða um land eiga bændur í miklum fjárhagserfiðleikum um þessar mundir. Þeir mega því ekki við tekjuskerðingu til viðbótar vegna fjármagnskostnaðar af byggingu og rekstri sláturhúsa. Þau málefni verða ekki leyst án heildarskipulags.

Þess má geta að það er einnig í þágu neytenda að góðar og vel útbúnar vinnslustöðvar landbúnaðarafurða séu í landinu. Framtíð íslensks landbúnaðar byggist á því öðru fremur að bjóða fjölbreytta gæðavöru á

innanlandsmarkaði og góð meðferð varanna frá upphafi er algjör forsenda fyrir gæðum framleiðslunnar. Hér fara hagsmunir framleiðenda og neytenda því algjörlega saman.

Því er þessi till. flutt hér á hv. Alþingi að flm. finnst eðlilegt að hér sé fjallað um þessi mál og Alþingi standi að baki landbrh. í þeirri ákvörðun að láta hefja vinnu við þessi mál. Samþykkt þáltill. væri viljayfirlýsing Alþingis í þá átt að taka beri á þessum þætti landbúnaðarmálanna og uppbyggingu skuli haldið áfram og þannig að henni staðið að hún sé hagkvæm og hún sé búskap og byggð í sveitum landsins til styrktar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Efnislega ætla ég ekki að fara út í umr. um þetta mál, aðeins að segja um það örfá orð. Ekki skal standa á mér að taka undir till. af þessu tagi hér og nú, ekki síst í ljósi tillöguflutnings okkar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á s. l. þingi og samþykktar Alþingis þar um. Till. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram gagngera athugun á sláturhúsum landsins með þessi meginmarkmið í huga:

1. Tryggður verði sem best rekstrargrundvöllur þeirra sláturhúsa sem nú standa lakast, m. a. með því að gera markvisst átak til þess að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo lengja megi nýtingartíma þeirra.

2. Sérstök áhersla verði lögð á að endurbæta eldri sláturhús svo viðunandi sé og ekki þurfi að ráðast í nýbyggingar. Sérstaklega sé þetta kannað þar sem sláturhúsavinna er snar þáttur í afkomu fólks í nágrenninu."

Þessi till. fór til atvmn. og þaðan kom hún breytt og var samþykkt hér sem þál. um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa 8. maí 1984 svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m. a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús svo að viðunandi sé eða ráðast í nýbyggingar."

Ég þykist vita að hv. þm. vilji með þessari till. undirstrika enn frekar tillögugerðina og samþykktina frá í fyrra og um leið reka betur á eftir því að hæstv. ríkisstj. aðhafist meira en hingað til í þessu brýna máli. Þessi mál bar á góma í Ed. fyrir jól og í ljós kom að harla lítið hafði verið gert og þar kom fram í máli hæstv. landbrh. að athugun málsins, um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsanna, væri í góðum höndum hv. fyrirrennara flm. hér, þáv. kommissars í Framkvæmdastofnun, Tómasar Árnasonar, núverandi Seðlabankastjóra. Hins vegar kom líka fram í máli hæstv. ráðh. að lítið hefði verið aðhafst í málinu hjá þeirri góðu stofnun og ekki lægju fyrir till. enn þá frá henni um það hversu að þessu máli mætti standa.

Ég ætla ekki að fara efnislega út í þetta, vegna þess hvað það var gert rækilega í fyrra og þarf engu þar við að bæta. Málið er vissulega jafnbrýnt og það var í fyrra vegna þess að það hefur ekkert gerst til að framkvæma þá ályktun sem Alþingi samþykkti í fyrra. Það stendur ekki á mér að samþykkja aðra ályktun í þessa veru með nefndarskipun sem gengi beint í þetta verk þó ég álíti að landbrn. annars vegar og Framkvæmdastofnun hins vegar eigi að geta tekið þokkalega á þessu máli ef þar er einhver vilji fyrir hendi. Vilji er allt sem þarf í þessum efnum, til að byrja með a. m. k., en hvort árangur verður af því að samþykkja einhverja nefndarskipun, það skal látið ósagt. Ég hef sjálfur tekið þátt í því að reyna að koma betra skipulagi á þessi mál með þátttöku í sláturhúsanefnd á sínum tíma og eins og flm. veit gekk vægast sagt illa og gengur enn, t. d. á okkar svæði, að samræma viðhorf og sjónarmið og hagkvæmnin er ekki í fyrirrúmi í huga margra í þessum efnum, síður en svo. Það kann að vera að það verði sá veggur sem menn reka sig á, ef þeir ætla að fara ofan í þetta mál á nýjan leik, að það verði hin ýmsu viðkvæmnissjónarmið heima fyrir sem standi í veginum fyrir því að eitthvað róttækt verði gert í þessum efnum.

Hins vegar standa þessar byggingar auðvitað sem slíkar, vandaðar og dýrar byggingar, með lítil verkefni og takmörkuð og þeim verður að finna eitthvert verkefni. Mál sláturhúsanna í heild standa illa, eins og hv. flm. kom inn á, og það þarf að bregðast skjótt við. Þetta á ekki eingöngu við um þau verst settu, eins og sláturhúsin á Patreksfirði og Breiðdalsvík sem eru auðvitað þau sem standa langlakast og eru á gjaldþrotastiginu, heldur eru það flestar vinnslustöðvar sem hafa verið byggðar í seinni tíð sem standa nokkuð illa. Þetta er hins vegar byggðamál fyrst og síðast og það er Byggðasjóður sem verður að koma að þessu verkefni myndarlega og fljótt ef ekki á illa að fara. Til þess er þessi sjóður að grípa á málum af þessu tagi þar sem oft er hreinn byggðavandi á ferðinni eins og er í sumum þeim byggðarlögum þar sem sláturhúsin eru. Ég tek dæmi aftur af Breiðdalsvíkinni þar sem þetta er hreint byggðavandamál. Ég reikna ekki með því að neinn aðili, hvorki Stofnlánadeild landbúnaðarins eða Byggðasjóður eða neinn slíkur aðili, vilji sitja uppi með sláturhús og eiga það eftir að það væri komið á uppboðsstigið. En þessi tvö hús a. m. k., á Patreksfirði og Breiðdalsvík, eru á uppboðsstiginu og hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins eru stærstu skuldirnar. Þar verður að taka á, en lausaskuldirnar verða að leysast annars staðar frá. Stofnlánadeildin verður vitanlega að mæta þessum vanda hjá sér með einhverjum ráðum, með lengingu lána eða einhverri frestun á þessu, ef ekki er hægt að nýta þessi sláturhús öðruvísi. Hitt er svo annað mál að Byggðasjóður hlýtur að koma inn varðandi aðra þætti málsins, lausaskuldirnar sem þarna hvíla á og eru ekki síðra vandamál í þessum húsum.

Um þetta mætti sem sagt hafa langt mál, en ég tek efnislega undir till. og það kann vel að vera að full ástæða sé til þess, miðað við það sem ekki hefur gerst frá í fyrra hjá landbrn. og Framkvæmdastofnun, að setja nú nefnd í málið þar sem röskari menn kæmu að hlutunum.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga og get með góðri samvisku stutt það að hér sé árlega flutt og samþykkt till. um skipulagningu og rekstur á sláturhúsum. Það er ekki neitt því til fyrirstöðu að styðja það. En ég held hins vegar að það þurfi að huga að ýmsu öðru tengdu þessum rekstri. Það er t. d. mikil ástæða að huga að því hvernig

þróast hefur í þessum rekstri aukning mannafla og tilkostnaðar. Það liggja fyrir um það órækar tölur að á sama tíma og verulega hefur fækkað í landbúnaði hefur vinnuafl í slátrun og kjötiðnaði tvöfaldast.

Það er mikil spurning hvað það viðskiptafyrirkomulag sem bændur búa við í þessum efnum á mikinn þátt í breytingu á mannafla við þessa verslun og þennan iðnað. Ég verð að segja að það voru mér nokkur vonbrigði hvernig hv. frsm. fjallaði um viðskipti bændanna við sláturhúsin þar sem svo mátti á honum skilja að þessi till. væri m. a. til þess flutt að sláturhúsin gætu skilað eðlilegu skilaverði til bændanna. Það er augljóst mál að það fyrirkomulag sem nú er verður að breytast og getur ekki beðið eftir skipulagsbreytingu í sláturiðnaði. Ég hygg að hægt sé að finna þess dæmi að á s. l. ári hafi viðskipti við sláturhúsin verið með þeim hætti að á stórum svæðum hafi bændurnir ekki verið búnir að fá greiddan nema helming eða 2/3 hluta af afurðaverði sínu fyrir s. l. ár.

Stærsta og þýðingarmesta ákvörðunin og sú sem mundi vafalaust skila mestum árangri í þessum efnum væri sú ákvörðun að bændur fengju greitt fyrir sína framleiðslu um leið og hún kæmi til vinnslustöðvar hvort sem þar væri um að ræða mjólk, kjöt eða aðrar framleiðsluvörur. Það er m. a. þýðingarmikið af þeirri ástæðu að þá gæti sá er við tekur metið hvað mikið má leggja í kostnað við þá meðhöndlun sem fram fer á hans vegum. Þetta er stærsta mál landbúnaðarins í dag. Það er hárrétt, sem hefur komið fram, að framleiðslan hefur dregist saman. Það má þá ekki minna vera en að það sé greitt fyrir þá framleiðslu sem bóndinn skilar í vinnslustöð. Þetta segi ég sérstaklega vegna þess sem fram kom í máli flm. Ég hefði raunar ekki þurft að taka til máls nema af því að þetta er sá þáttur sem er alls óskyldur vinnslurekstri og skipulagningu í sláturiðnaði. Burtséð frá því verður að koma því skipulagi á í sölumálum landbúnaðarins að bændur eins og allt annað fólk í landinu fái launin sín greidd. Það er ekki hægt að bíða eftir skipulagsbreytingu í milliliðastarfseminni til að ná þeim árangri fram.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við að bæta. Ég þakka undirtektir við þessa till. Hún er flutt til að reka á eftir þessum málum og fá fram viljayfirlýsingu frá Alþingi um að þm. vilji taka á og setja í gang athugun. Það er rík hefð í þessum atvinnuvegi og það tekur nokkurn tíma að það verði breytingar á.

Í máli síðasta ræðumanns kom fram sú skoðun að uppgjör við bændurna yrði að breytast. Ég get verið sammála þessu. Það verður að finna leiðir til að bændur geti fengið sín laun greidd strax eins og aðrar stéttir í landinu. En hér er um fjármögnunarvanda að ræða og ég hef ekki trú á því að það sé svo mikil óráðsía í rekstri sláturhúsa að hagræðing í rekstri þeirra og vinnu þar mundi ein laga þennan vanda. Hér verður að koma til lánakerfið í landinu til að gera þetta kleift, en vissulega get ég verið sammála hv. 11. landsk. þm. í því efni að höfuðnauðsyn er að bændur fái sína framleiðslu greidda um leið og hún kemur til vinnslustaðar.

Hv. 11. landsk. þm. kom inn á það að vinnuafl hefði ekki minnkað í slátrun í samræmi við fækkun á sláturfé. (**Gripið fram í:** Það hefur aukist um helming.) Það kann vel að vera. Ég held ég hafi tekið rétt eftir að ræðumaður hafi talað um kjötvinnslu í þessu sambandi. Kjötvinnslan hefur vissulega aukist. En þar sem ég þekki til í slátrun hefur tíminn við slátrun styst eftir því sem fénu hefur fækkað. Það hefur verið hætt að slátra á laugardögum, þannig að slátrunin hefur verið ódýrari en ella. Þar sem ég þekki til hagar þannig til að bændurnir slátra að langmestu leyti sjálfir, vinna þessi verk. Á þeim brennur að þetta sé gert á sem ódýrastan og hagkvæmastan hátt. Hins vegar er víða slátrað í gömlum og óhagkvæmum sláturhúsum og það eykur kostnaðinn við slátrunina og gerir hana óhagkvæmari. En bygging nýrra húsa, miðað við svo stuttan nýtingartíma eins og er á þessum mannvirkjum, er ókleif miðað við þann fjármagnskostnað sem nú er í landinu.

Það mætti lengja umr. mjög og fara út í fleiri atriði þessara mála því þau eru margslungin og flókin. Ég ætla ekki að gera það á þessu stigi málsins. Það gefst kannske síðar tækifæri til þess.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í almenna landbúnaðarumr., en vil vekja athygli á örfáum atriðum.

Hv. 11. landsk. þm. talaði um að það hefði fjölgað við slátrun og kjötvinnslu og setti þetta í einn pakka. Þetta er í sjálfu sér mjög ónákvæmur málflutningur því það segir ekkert um það, sem er aðalatriðið, hvort fjölgað hefur við slátrunina sjálfa eða fækkað. Ég vona að við hv. 11. landsk. þm. séum sammála um að kjötvinnsluna sem slíka ber að efla. Það er vöruþróunin sem stuðlar að aukinni sölu á kjötinu. E. t. v. hefur það að einhverju leyti staðið kjötsölu fyrir þrifum að vöruþróunin hefur ekki verið jafnhröð á því sviði og t. d. í mjólkuriðnaði þó átt hafi sér stað miklar framfarir.

En ég vildi víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Austurl. þar sem að hann gat þess að sláturhúsin væru engin óskaeign fyrir stofnlánadeildina eða Byggðasjóð. Það er samt svo að það er stofnlánadeildin sem gengur grimmast fram í því að láta bjóða þessi hús upp og hefur mjög svo þrjóskast við að vilja semja um að lánum sé skuldbreytt og menn fái ráðrúm til að breyta rekstri. Byggðasjóður hefur fylgst vel með þeim hugmyndum sem t. d. liggja fyrir á Patreksfirði og ætlunin er að framkvæma þar til að auka veltu þess fyrirtækis og reyna að tryggja að hægt sé að greiða þær skuldir til baka sem þarna eru. Aftur á móti hefur Byggðasjóður hikað við að líta á það sem sitt hlutverk að lána fjármuni til að greiða skuldir við stofnlánadeildina. Ég verð að segja eins og er að mér þætti æskilegra að þeir herrar sem þar eru athuguðu að Fiskveiðasjóður og ýmsir aðrir hliðstæðir stofnfjársjóðir hafa þurft að endurlána undir sumum kringumstæðum. Þegar þær aðstæður skapast eins og hafa skapast t. d. á Patreksfjarðarsvæðinu að sauðfé er skorið þar niður vegna riðu, þá hlýtur það að vera eðlileg krafa og réttlætanlegur grundvöllur fyrir því að hægt sé að fá framlengingu lána.

Byggðasjóður mun að sjálfsögðu vinna að hinu, eins og eðlilegt er, að reyna að stuðla að því að þarna sé hægt að koma á fjölbreyttari rekstri. Það er sjálfsagt mál, en mér þætti vænt um ef stofnlánadeildin hyrfi frá þeim hugsunarhætti að æskilegt væri fyrir hana að eignast sláturhúsin.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ekki veit ég hvaðan hv. þm. koma þessar hugmyndir. (**ÓÞÞ:** Uppboðsbeiðni.) Uppboðsbeiðni? Það hefur ekki verið samþykkt nein uppboðsbeiðni í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins í sambandi við þetta. Það veit ég mætavel sem stjórnarmaður þar. Það hefur heldur aldrei verið talað um að Byggðasjóður tæki á sig skuldgreiðslu af því sem stofnlánadeildin á útistandandi hjá þessum sláturhúsum, það veit hv. þm. líka mjög vel. Það hefur aldrei verið um það rætt.

Hins vegar er meginskuldin við stofnlánadeildina og það er furðulegt hve Byggðasjóður hefur komið lítið inn í þetta dæmi um sláturhúsin bæði. Ég tek dæmi af sláturhúsinu í Breiðdal sem á sínum tíma var mikið byggðamál. Það eru ekki nema líklega 600 þús. af skuldum þess áhvílandi hjá Byggðasjóði og Byggðasjóður hefur ekki treyst sér til að taka á því litla máli. Hins vegar er um nokkurra milljóna skuld að ræða hjá stofnlánadeildinni og alls ekki útséð um hvernig þar muni verða tekið á málum.

Við höfum lýst því yfir og lýstum því yfir í viðræðum við Byggðasjóð, sem mér sýnist á öllu að hv. þm. viti ekki um, við formann stjórnar, hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem gæti borið vitni um þessar viðræður hér, og framkvæmdastjóra, að stofnlánadeildin væri fyrir sitt leyti tilbúin að taka á þeim skuldum sem að henni snúa ef Byggðasjóður kæmi inn í myndina hvað aðrar skuldir snertir. Og ég spyr hv. þm.: Hefur Byggðasjóður nokkurn tíma tekið alvarlega á þessu máli, t. d. varðandi Breiðdalsvík, og tekið á öðrum skuldamálum en snerta stofnlánadeildina? Mér er ekki kunnugt um það. Ef svo er, þá væri rétt að fá það upplýst og hvað stjórn Byggðasjóðs hafi ákveðið að gera. En uppboðsbeiðni á þessum sláturhúsum hefur ekki verið samþykkt í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Um það get ég upplýst hér og nú.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því sem kom fram í ræðu hv. flm. áðan og leyfi mér að skilja það svo að hann haldi ekki eins við þær áherslur sem komu fram í framsöguræðu hans, að hægt sé að forsvara léleg skil til landbúnaðarins með því að það skorti grundvöll fyrir rekstur sláturhúsa. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið að menn geri upp við sig að þetta tvennt er ekki hægt að tengja saman. Það væri sjálfsagt ekki stór vandi í sjávarútvegi, iðnaði eða í öðrum atvinnugreinum hér á landi ef ekki þyrfti að standa skil á öðrum greiðslum en vinnulaunum. Það er afar þýðingarmikið að gera sér grein fyrir þessu og ekki síst vegna þess að það er ærið ofarlega í mörgum forsvarsmönnum, m. a. s. í landbúnaði, að þetta sé eðlilegt eins og það er þó það jafnvel vanti ⅔ hluta af laununum upp á eins og gerðist á s. l. ári.

Sú athugasemd kom fram hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að tölurnar sem ég vitnaði til, um tvöföldun mannafla á 20 árum í slátrun og kjötiðnaði, væru ónákvæmar. Ég veit ekki um neinar tölur þar sem þetta er aðgreint. Hv. þm. hafði líka orð á því að það hefði nú upp á síðkastið náðst góður árangur í sambandi við mjólkuriðnaðinn sem hefði m. a. orðið til þess að auka mjög sölu á mjólkurvörum. En þar er samt mannaflaaukning helmingi minni en í kjötinu og er það byggt á sömu heimildum.

Ég held því að menn eigi ekki að vera svo óskaplega viðkvæmir og rjúka alltaf upp til handa og fóta til varnar milliliðunum í landbúnaði þó á það sé minnst hvort huga þurfi að úrbótum og að þar sé skapað aðhald fram yfir það sem verið hefur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. nafngreindi tvö sláturhús sem væru undir hamrinum. Hvort sem hann hefur samþykkt það í stofnlánadeild eða ekki hefur honum verið fullkunnugt um að leitað hefur verið eftir uppboðum. Ella hefði hann ekki vitað að þau væru undir hamrinum. Það kom einnig fram í hans máli að þessi mál hefðu verið rædd í sumar. Ég undirstrika að mér vitanlega liggja ekki fyrir áætlanir um hvaða starfsemi hægt væri að taka upp í sláturhúsinu fyrir austan til að auka þar veltu og umsvif. Það verður að sjálfsögðu að skoða og ég er sannfærður um að Byggðasjóður telur það sitt hlutverk að lána til slíkrar uppbyggingar eftir að hugmyndir eru fram komnar um hvað hægt væri að gera í því sambandi.

Hins vegar liggur fyrir að búið er að taka ákvarðanir um hvað æskilegt væri að gera á Patreksfirði. Engu að síður hefur stofnlánadeildin allt til þessa ekki viljað ganga að samningum um framlengingu lánanna. Þetta var það sem ég fullyrti hér áðan og þetta vil ég standa við.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Það er örstutt athugasemd. Ég er ekki viss um að við hv. 11. landsk. þm. höfum skilið algerlega hvor annan eða hvort við erum að tala um nákvæmlega það sama. Hann er að tala um að leggja niður það umboðssölukerfi á kjötinu sem nú er við lýði, en að sláturhúsin kaupi kjötið af bændum á ákveðnu verði að hausti og borgi þeim það út og síðan skeiki að sköpuðu um hvort þeim tekst að selja það og á hvaða verði, það sé þá þeirra áhætta. Ég er ekki búinn að sjá að þetta fyrirkomulag mundi skila bændum, þegar til lengri tíma er litið, betri kjörum en núna er og ég er ekki tilbúinn að skrifa undir það, án þess að ég fari þó að hefja umr. um þetta mál nú því að það er ekki beinlínis skylt því máli sem ég var að flytja.

Það kerfi sem nú er við lýði er þannig, að kjötið er í umboðssölu og bændum er skilað því verði sem fæst fyrir það. Ef það fæst meira en grundvallarverð er því skilað til bænda, en ef vantar upp á vantar upp á verðið til bænda. Ég ætla ekki að fara að setja á langar ræður um það núna hvort breyta eigi þessu fyrirkomulagi, en ég er ekki tilbúinn að skrifa undir það nú með hæstv. 11. landsk. þm.

Hann segir þær fréttir að mannaflaaukning í mjólkuriðnaði hafi verið helmingi minni en í kjötiðnaði, það sýnir kannske að það er hagkvæmni í mjólkuriðnaði og hann er kannske ekki eins alvondur og er að skilja á blöðum þar sem oft má lesa greinar um að þetta sé mesti óþurftariðnaður og óráðsía þar gífurlega mikil. Því ber ekki saman við upplýsingar sem við fáum nú frá hv. 11. landsk. þm.

Þórður Skúlason: Herra forseti. Hér er um hið athyglisverðasta mál að ræða sem er auðvitað fyrst og fremst byggðamál og landbúnaðarmál, enda hefur umr. þróast þannig að menn hafa farið að ræða landbúnaðarmál almennt, m. a. útborgun á afurðum bænda. Ég ætla ekki að hætta mér mikið út í þá umr., heldur nota

tækifærið til að lýsa yfir stuðningi mínum við efnisinnihald þeirrar till. sem hér liggur fyrir um að gerð verði könnun á uppbyggingu og rekstrargrundvelli sláturhúsa.

Eins og allir vita hefur á undanförnum árum verið gert mikið af því að byggja dýr og vönduð sláturhús vítt um landið, sem svo sannarlega var full nauðsyn á, a. m. k. í mörgum tilfellum, en grundvöllur fyrir rekstri þessara sláturhúsa er mjög hæpin sökum þess að nýtingartíminn á þessum dýru húsum er mjög stuttur og það hvíla á þessu þungar greiðslubyrðir í afborgunum og vöxtum. Sláturkostnaðurinn er þar af leiðandi gífurlega hár vegna lélegrar nýtingar þessara húsa.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvern þátt mikill sláturkostnaður á í þeim erfiðleikum sem landbúnaðurinn glímir við um þessar mundir. Það kemur upp í hugann í þessu sambandi hvað hefur verið að gerast í milliliðastarfseminni í landbúnaðinum í höfuðborginni að undanförnu. Eins og við munum kom það upp í umr. á dögunum að það væri fyrirhugað að byggja hér í Reykjavík 100 þús. rúmmetra hús þar sem ætti að fara fram úrvinnsla á kjöti. Þetta var kölluð kjöthöll og ekki að ástæðulausu vegna þess að hér er um gríðarlega stórt mannvirki að ræða. Þetta 100 þús. rúmmetra hús svarar til þess að ef lofthæð væri þar um 4 m, sem er kannske ekki óeðlileg stærð í iðnaðarhúsnæði, væri flatarmálið líklega um 2.5 hektari hvorki meira né minna. Þetta kostar auðvitað fleiri hundruð milljóna króna. Í þessu sambandi er fróðlegt að rifja upp hvað hefur gerst fleira hérna á svæðinu, eins og t. d. bygging á húsnæði Osta- og smjörsölunnar og bygging Mjólkursamsölunnar hérna uppi á hálsi. Mér skilst að hérna séu bændur einnig að byggja gríðarlega stórt hótel. Svo á að koma kjöthöll til viðbótar. Auðvitað hlýtur þetta að hafa einhver áhrif á afkomu landbúnaðarins, ég held að það geti ekki hjá því farið, eða á verðið til neytenda. Mér finnst ólíklegt annað. Hins vegar hefur maður heyrt þau svör hjá þeim sem standa fyrir þessum framkvæmdum, sem eru raunar sömu svörin og maður heyrir frá Seðlabankanum í sambandi við byggingu hans, að þessar byggingar séu hvorki borgaðar af neytendum né þeim sem framleiða vörurnar. Peningarnir hreinlega detta niður úr loftinu og það er engin sem borgar þetta. Þetta hefur maður heyrt, en auðvitað getur það ekki verið rétt. Þetta hlýtur að hafa einhver áhrif á afkomu landbúnaðarins og einnig hlýtur það að hafa áhrif á verð landbúnaðarvaranna til neytenda.

Ég held að þessi till. sé mjög þörf að því leyti til að þarna verði skoðuð nýtingin á fjárfestingunni í sláturhúsunum og þá líka því húsnæði sem landbúnaðarvörurnar eru unnar í. Í því sambandi held ég að full þörf sé á að athuga einmitt þessa fyrirhuguðu kjöthöll og nauðsyn þess að reisa hana hér. Ég held raunar að það sé algerlega óþarft því það sé nóg húsnæði vítt og breitt um landið í sláturhúsunum, sem eru vannýtt, sem væri hægt að nota til að vinna kjötvörur og auðvitað miklu eðlilegra að gera það á því svæði þar sem landbúnaðarframleiðslan á sér stað að öðru leyti.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég fagna því að heyra það hjá hv. 5. þm. Vestf. að tekin hafi verið ákvörðun um nýja starfsemi í sláturhúsinu á Patreksfirði. Það er nokkuð sem ég hef ekki heyrt. Ég vissi að það stóð til, og það var einmitt fulltrúi frá Stofnlánadeild landbúnaðarins sem tók þátt í viðræðum við heimamenn þar ásamt fulltrúa frá Framkvæmdastofnun ríkisins um að kanna leiðir til nýrra verkefna þar, alveg eins og eystra. Ég fagna því að það hefur verið gert. En hinu er ekki að leyna að stofnlánadeildin er vissulega í miklum vanda, og það veit ég að hv. þm. Stefán Valgeirsson getur staðfest enn betur á eftir, þegar um svo stórkostlega skuld er að ræða eins og þarna er á ferðinni og lausaskuldir þar að auki við fjölmarga aðila sem enginn veit hvernig út úr á að sjá.

Ég vil taka það fram að ég minntist aldrei á það í minni ræðu að þessi hús væru komin undir hamarinn, en ég sagði að þau væru komin að gjaldþrotastigi og þar hafa þau verið lengi. Stofnlánadeildin hefur sannast sagna, miðað við þessar háu skuldir og þessi miklu vanskil, sýnt geysimikla biðlund við þessa aðila af eðlilegum ástæðum og vegna þeirra aðstæðna sem þarna hafa skapast. Þetta eru ekki vanskil bara núna eða eitthvað sem er nýtilkomið, heldur eru margra ára vanskil, eins og hv. þm. veit, á ferðinni þarna.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir er þörf og tímabær því að sannleikurinn er sá að það eru ekki eingöngu þessi tvö sláturhús, sem hafa hér verið nefnd, sem eiga í erfiðleikum, heldur munu þau vera fleiri.

Hv. þm. átta sig vonandi á því að hér er um erfitt mál að ræða. Það eru enn mjög mörg sláturhús á undanþágu. Dýralæknar og heilbrigðisnefndir segja til um hver útbúnaður þurfi að vera til þess að leyfilegt sé að það fari fram slátrun á búpeningi. Þetta hefur leitt til þess að byggð hafa verið á undanförnum árum ný sláturhús þar sem ástandið hefur verið einna verst. Það var nefnd sem gerði tillögur um þessa uppbyggingu og þróunin hefur orðið sú að sláturhúsum hefur fækkað mjög á s. l. 14—15 árum. Svo gerist það að stórfækkun verður á búpeningi víða og þá er enginn grundvöllur fyrir því að reka þessi hús. Það kemur fram í því að t. d. þau tvö hús sem hér hafa verið nefnd hafa í sjálfu sér engan rekstrargrundvöll. Jafnvel þótt þau þyrftu ekki að standa undir neinum kostnaði af upphaflegum byggingum mundi samt sem áður ekki gera betur en reksturinn sjálfur stæði undir þessari starfsemi.

Þetta er auðvitað byggðamál og ekkert var óeðlilegt þó Byggðasjóður hlypi þarna að einhverju leyti undir bagga. Ég vil staðfesta það, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði, að enginn áhugi er fyrir því í stjórn stofnlánadeildar að eignast sláturhús, það er af og frá, en það þarf að finna lausn á þessu máli. Það verður ekki gert með öðru en sameiginlegu átaki Byggðasjóðs, stofnlánadeildar og stjórnvalda. Ég fagna því þessari till.

Það er misskilningur að stofnlánadeild vilji fara í uppboð á þessum húsum. Hins vegar eru ákveðnar reglur um hvernig skuli fara með skuldir sem ekki innheimtast og forstöðumaður stofnlánadeildar hefur þar ákveðin fyrirmæli að fara eftir. Það geta ekki liðið mjög mörg ár þannig að ekkert sé gert í þessu máli. Þess vegna liggur á að finna lausn í þessu.

Síðasti ræðumaður var að tala um Osta- og smjörsölunna og þær byggingar sem eru hér á vegum bændasamtakanna. Nú þekki ég ekki uppbygginguna hjá Mjólkursamsölunni og ætla ekki að fjalla um það, en ég þekki nokkuð til um Osta- og smjörsöluna. Með tilkomu

hennar hafa Eyfirðingar t. d. ekki þurft að borga í sölulaun nema ¼ af því sem þeir urðu að borga fyrir þá tíð að Osta- og smjörsalan hóf hér sína starfsemi. Þetta skulu menn athuga. Raunar veit ég að hún hefur verið ávinningur fyrir bæði framleiðendur og neytendur. Við skulum ekki slá því föstu að t. d. fullkomin vinnslustöð í Reykjavík verði til þess að varan verði dýrari eða framleiðendur fái minna fyrir hana. Ég held að eins og nú er komið sé líklegt að fullkomin vinnslustöð yrði til þess að það yrði meira neytt af kjötvöru. Ég held að það sýni reynslan. Hvernig á að koma þessum málum fyrir er svo annað mál, hvort það á endilega að byggja þetta allt hér eða annars staðar. Ég er ekki fagmaður í því. En ég vil hafa alla fyrirvara á því og samþykki ekki að það sé endilega víst að það sé af hinu neikvæða að byggð sé t. d. fullkomin kjötvinnslustöð hér eða annars staðar. Ég hygg einmitt að þetta hafi verið nauðsyn og sé nauðsyn nú ekkert síður en í sambandi við þá reynslu sem við höfum af Osta- og smjörsölunni.

Það var verið að koma hér með miða til mín þar sem segir að það muni hafa komið fram uppboðsbeiðni á Patreksfirði, hafi verið send nýlega án samþykktar stofnlánadeildar. Helgi Seljan kom með þennan miða hér inn. Þetta eru nýjar upplýsingar sem ég hafði ekki hugmynd um og ég harma að það hafi verið farið fram á uppboð. Hitt er annað mál að samþykktin sem við gerðum var sú að það skyldi reynt að fá niðurstöðu um aðgerðir fyrir árslok 1984. Þeir menn sem fóru til að athuga þetta, einn frá Byggingastofnun landbúnaðarins og annar frá Byggðasjóði, hafa ekki gefið stjórn stofnlánadeildar skýrslu og þess vegna ekki tímabært að senda uppboðsbeiðni. Ég harma þetta og það mun verða tekið fyrir á fundi á miðvikudaginn hvernig á þessu stendur. Meðan er verið að kanna þetta betur verður uppboði frestað.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en ítreka að ég tel till. tímabæra og mjög gott að það sé farið ofan í þessi mál. Umræðan um þessi mál er yfirleitt neikvæð. Hún er sprottin af því að menn hafa lítinn skilning á þessum málum, hvernig þau eru. Flestir sem um þau tala og þeir sem tala mest um þetta yfirleitt vita minnst um hvernig þessi mál eru, því miður.

Siggeir Björnsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. sem síðast talaði að bygging vinnslustöðva í Reykjavík þarf ekki að vera af hinu neikvæða. Hér mun hafa verið vikið að fyrirhugaðri byggingu Sláturfélags Suðurlands í Reykjavík og það er ekkert undarlegt þó að Sláturfélagið hugsi nú til að endurbyggja þau hús sem það byggði í upphafi þessarar aldar. Ég held að góðar vinnslustöðvar séu ekki einungis til að tryggja hag framleiðandans, bóndans, heldur líka til að tryggja hag neytandans. Ég veit ekki betur, og verð vonandi leiðréttur ef það er rangt hjá mér, en að Íslendingar reki miklar verksmiðjur í Ameríku þar sem þeirra aðalfiskmarkaður er. Er þá nokkuð undarlegt þó að bændur telji best fyrir sig að hafa sína fullkomnustu kjötvinnslu einmitt þar sem aðalmarkaðurinn er? Þetta mun vera mat stjórnar og forstöðumanna Sláturfélags Suðurlands og ég mun ekki halda öðru fram en það geti verið rétt.

Það sem fékk mig til að koma hér upp var kannske fyrst og fremst það að ekki hefur komið hér fram að eitt af vandamálum sláturhúsanna í dag er að slátur-kostnaður er stórlega vanmetinn í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins s. l. líklega tvö ár. Þetta er vitanlega vegna hins mikla þrýstings að reyna að halda verðinu á landbúnaðarafurðum niðri. En þetta kemur niður á afurðasölufélögunum þannig að þau eiga erfiðara með að borga bændum út það afurðaverð sem þeir eiga að fá og eiga rétt á.

Í annan stað hafa kröfurnar til bættra sláturhúsa, til vöruvöndunar og heilbrigðisþjónustu vaxið alveg stórkostlega á undanförnum árum. Er það ekki af hinu góða? Er ekki verið að tryggja hag neytandans líka með því að vinna að almennri vöruvöndun í landinu og framleiðslu góðrar vöru?

Hitt er svo annað mál að ég hef ekki mikla trú á því að hægt væri að nýta sláturhúsin, nema þá á einstaka stað, til annars en slátrunar vegna þess að þar sem er blandaður búskapur, mjólkurframleiðsla og sauðfjárbúskapur, verða sláturhúsin meira og minna notuð allt árið. Þar sem ég er kunnugastur er sláturhúsið t. d. opnað til slátrunar einu sinni til tvisvar í mánuði vegna slátrunar nautgripa.

Ég veit ekki hvort ég hef ástæðu til að lengja þessa umr. meira. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram um notkunartíma sláturhúsanna. Í 4—6 vikur er slátrað þar á hverjum degi. Þetta hlýtur því að verða ákaflega dýr rekstur. Og eins og ég sagði áðan eru stöðugt meiri kröfur gerðar til bættra hús ynna. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé, eins og hér hefur komið fram, að Byggðasjóður komi til skjalanna og grípi inn í á einn eða annan hátt. En hins ber svo líka að gæta að það hlýtur að þurfa að setja eitthvert lágmark fyrir því að hægt sé að byggja sláturhús og reka það þar sem framleiðslan er lítil. Annars verður engin nýting á fjármagninu.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég hlýt nú að hafa misst úr eitthvað áðan því að umr. fer svo vítt um völl fyrir utan efni till. Auðvitað hlýtur starfsemi sláturhúsa eðli málsins skv. að verða nokkuð óhagkvæmur rekstur. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni er það 6—8 vikna nýtingartími á hverju ári sem þarna er um að ræða og sífellt eru gerðar vaxandi kröfur um aukið hreinlæti og vinnuaðstöðu alla. Einhvern veginn læðist sá grunur að mér líka að rekstur sláturhúsa, eins og reyndar annarra fyrirtækja í landinu, sé misjafn og að ein lausn muni varla duga til að sinna þörfum allra þeirra sem þar eiga hlut að máli.

Út af því hvort aðra starfsemi megi reka í húsakynnum sláturhúsa, þá er það sjálfsagt rétt að það er ekki um auðugan garð að gresja. Þó er það svo, að kjötvinnsla fer fram í húsakynnum sumra þeirra og með starfsliði sem starfar við sláturhúsin ella. Það má benda á að refafóður mætti vinna í húsakynnum nokkurra þessara sláturhúsa og er gert reyndar. Þá hefur verið hafin framleiðsla á gæludýrafóðri, sem einnig mætti koma við í þessum húsakynnum, þannig að það eru e. t. v. einhverjir möguleikar til annarrar starfsemi en hinnar hefðbundnu.

Ég hneigist nú til þess að taka undir það með hv. þm. Helga Seljan að Byggðasjóður og landbrn. gætu hugsanlega verið búin að láta sig málið nokkru skipta og ættu e. t. v. að vita meira um það sem hér er verið að fjalla um.

En ég kom hér aðallega upp út af því að það var

minnst nokkrum sinnum á staðgreiðslu á afurðum til framleiðenda. Nú er í gildi enn ákveðið stjórnarsamstarf milli Sjálfstfl. og Framsfl. Í haust er leið var birt plagg sem nefnt hefur verið samkomulag formanna stjórnarflokkanna. Í því plaggi stendur í kafla um landbúnaðarmál, með leyfi forseta:

„Í samráði við fulltrúa bænda, vinnslustöðva og neytenda verði verðlagningu landbúnaðarafurða hagað þannig að verð til bænda annars vegar verði ákveðið sérstaklega og hins vegar sjálfstætt til vinnslustöðva og í smásölu, enda verði verðjöfnun tryggð.

Endurskoðun fari fram á ákvæðunum um verðjöfnun svo sem vegna fjármagnskostnaðar af fjárfestingu."

Og liður 8.6: „Framleiðendur fái fulla greiðslu fyrir afurðir sínar sem næst við afhendingu, enda verði vinnslustöðvum með afurðalánum gert það kleift."

Við þetta samkomulag ætlast ég að sjálfsögðu til að verði staðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn fisksjúkdómum, þáltill. 271. mál (þskj. 449). — Ein umr.

Flm. (Vigfús B. Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að flytja till. til þál. um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum. Meðflm. mínir eru alþm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson og Gunnar G. Schram. Þáltill. er á þskj. 449 og svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar gangskör að því að varnir gegn fisksjúkdómum verði stórefldar og ráðið verði hæft starfsfólk til að fylgjast með fiskeldisstöðvum og aðstoða í baráttunni gegn fisksjúkdómum bæði í stöðvunum og hinum dýrmætu veiðivötnum landsins."

Fiskirækt er tiltölulega ung atvinnugrein hér á landi og má segja um hana að við hana séu miklar vonir tengdar. Það er ekki ágreiningur um það að ef vel tekst til eigi hún eftir að verða styrk stoð í atvinnu- og efnahagslífi okkar Íslendinga í náinni framtíð. Það er enginn ágreiningur um það að miðað við margar aðrar þjóðir, sem fiskirækt stunda, er aðstaða okkar Íslendinga afburða góð svo að miðað sé við landkosti. Á ég þá einkum við heita vatnið sem við notum til að hraða vexti fiskjarins.

Það er margt gott gert í sambandi við fiskirækt hér á landi, m. a. það að við höfum flutt inn erlenda þekkingu og við höfum líka eignast þekkingu af eigin reynslu. Hins vegar höfum við líka gert mistök í okkar fiskirækt sem minna okkur á það að í þessum efnum þarf að standa vel að verki.

Fiskirækt er viðkvæm og vandasöm atvinnugrein sem krefst bæði vísindalegrar þekkingar og reynslu. Það er því ekkert undarlegt þótt þessi tiltölulega unga og vaxandi atvinnugrein hafi auknar kröfur og þarfir í sambandi við faglega þekkingu og vísindalega aðstoð. Í hinum hefðbundnu landbúnaðargreinum höfum við Íslendingar byggt upp kerfisbundið heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisþjónustu. Mér er sem ég sjái hvar þessar greinar stæðu án þeirrar þjónustu. Það er ábyggilega ekki ofsagt að þörfin fyrir kerfisbundna heilbrigðisþjónustu í fiskirækt er jafnbrýn og í hinum hefðbundnu landbúnaðargreinum.

Við höfum nú þegar beiska reynslu af ýmsum uppákomum í sambandi við fisksjúkdóma. Við höfum líka reynslu af því hversu mikilvægt það er að fisksjúkdómar uppgötvist sem fyrst svo að hægt sé að einangra þá og eyða þeim. Svo er líka hitt, að koma í veg fyrir það að sýktum fiski sé dreift milli fiskeldisstöðva og út í hin dýrmætu veiðivötn landsins. Það er því aðkallandi nauðsyn að koma upp kerfisbundnu heilbrigðiseftirliti í eldisstöðvunum og hafa í frammi viðeigandi aðgerðir gegn fisksjúkdómum, bæði í stöðvunum og í veiðivötnunum. Þörfin fyrir slíkar aðgerðir er þeim mun brýnni fyrir það að nú fara fleiri og fleiri út í fiskeldi og má því ætla að sums staðar skorti nokkuð á að nægileg þekking og reynsla sé fyrir hendi.

Á undangengnum árum hefur aðeins einn fisksjúkdómafræðingur verið starfandi hér á landi og þótt hann sé mikill ágætismaður hefur hann bæði skort aðstoð og aðstöðu til þess að því verkefni yrði valdið sem hér um ræðir.

Það er ekki mitt að segja um það hvernig þær sjúkdómavarnir, sem hér um ræðir, verði best upp byggðar. Það hlýtur að koma til kasta sérfróðra manna. Hins vegar get ég fullyrt að þeir sem að fiskirækt vinna geti verið mér sammála um það að stóraukna varnir gegn fisksjúkdómum eru ein af meginforsendum fyrir velferð fiskiræktarinnar í landinu.

Ég sé reyndar ekki ástæðu til að vera að fjölyrða meira um þetta að sinni. Ég leyfi mér að vona að hv. alþm. sjái hina miklu nauðsyn sem hér er á og veiti þessu máli góðan framgang.

Herra forseti. Ég vil að lokum óska þess að þessari till. verði vísað til atvmn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hér er mál sem við hljótum að hafa miklar áhyggjur af, þ. e. sá sjúkdómur sem hefur komið fram, ekki síst í fiskeldisstöð ríkisins í Kollafirði. Það fer ekkert á milli mála að það eru margir sem telja að í fiskeldi séu miklir möguleikar hér í landi þó að allt of litlar tilraunir og rannsóknir hafi verið gerðar í því efni.

Af þessum ástæðum fór ég að reyna að afla mér upplýsinga um það hvers konar sjúkdómur væri þarna á ferðinni og hver væri reynsla annarra, t. d. Norðmanna, af þessum sjúkdómi. Ég hef hér fengið í hendur punkta frá manni sem þekkir þarna nokkuð til og mér finnst rétt að sumt af því sem hann sendir mér komi fram hér í umr. um þetta mál vegna þess að ég get ekki betur séð en að af þeim upplýsingum megi læra töluvert.

Hann byrjar á því og segir að þessi nýrnasjúkdómur, sem gangi undir skammstöfuninni BKD, hafi í fyrsta skipti verið uppgötvaður árið 1930 í tveimur ám í Skotlandi. Síðan þá hefur sjúkdómsins orðið vart í Bandaríkjunum, í Frakklandi, Ítalíu, Júgóslavíu, Kanada, Tyrklandi, Englandi og á Spáni. Má því segja að hann hafi mikla útbreiðslu. Í Noregi varð sjúkdómsins fyrst vart 1980 í tveimur klak- og seiðaeldisstöðvum og í þremur sjóeldisstöðvum. Eftir það hefur BKD herjað víða í fiskeldisstöðvum Norðmanna. Þrátt fyrir rannsóknir og upplýsingasöfnun fisksjúkdómafræðinga hefur ekki tekist að sýna fram á hvernig sjúkdómurinn berst á milli stöðvanna. Ekki er um að ræða sameiginlegt upphaf fisks í þessum sýktu stöðvum og ekki hefur

heldur tekist að sýna fram á að smitið sé í vatninu sem rennur í stöðvarnar.

BKD er króníska sjúkdómur sem í flestum tilfellum leiðir til sýnilegra breytinga í nýrum. Orsök sjúkdómsins er baktería og ef ekki fisknum tekst að einangra sýkinguna verður stöðugt stærri hluti nýrnanna sýktur. Einnig er hægt að sjá breytingar í lifur og milta. Breytingar í áðurnefndum líffærum lýsa sér sem hvítir hnúðar og geta náð stærð kaffibaunar. Hnúðarnir geta einnig fundist í fiskikjötinu, eins og hann kemst að orði. Í lifur og milta líta þeir út eins og hvítir dropar. Þar er um að ræða dauðan vef. Í slæmum tilfellum getur fiskurinn haft útstandandi augu og útþaninn búk og maga. Sýkt seiði í fersku vatni fá stundum sára húð. Hægt er að uppgötva sjúkdóminn snemma við slátrun. Annars getur útbreiðslan orðið meiri og meiri án þess að nokkur taki eftir því.

Það er mismunandi hvað langan tíma sýkingin tekur og sennilega breytilegt frá einum fiski til annars og háð mótstöðueiginleikum hvers einstaklings gegn bakteríunni. Lyfjameðhöndlun leiðir venjulega af sér að fiskurinn verður frískur á meðan hann fær lyf en síðan heldur sjúkdómurinn áfram eftir að lyfjameðferð er hætt. Margar stöðvar hafa hins vegar lært að lifa með sjúkdómnum. Hitastig vatns og sjávar, harðleiki vatnsins og hvernig vatnið er samsett virðist hafa mikil áhrif á þennan sjúkdóm. Í þessu felst að Norðmenn hafa ekki getað komið í veg fyrir útbreiðslu þessa sjúkdóms.

Þetta sýnir okkur að þessi sjúkdómur er mjög útbreiddur. Þetta segir okkur líka að Norðmenn hafa lært að lifa með honum, þ. e. þeir hika ekkert við að auka fiskeldið þrátt fyrir það að þessi sjúkdómur herji hjá þeim. Ég held að það sé nokkuð stórt atriði að þeir, sem eiga að fjalla um þessi mál, reyni að fá upplýsingar um allt sem þessu viðkemur hjá þeim sem eru að reyna að berjast við þennan sjúkdóm, t. d. í Noregi þar sem lengst er komið í þessum fiskeldismálum, og haga sinni starfsemi skv. þeirra reynslu.

Ég hygg að fiskeldið verði að reyna að fá hrygningarfisk sem er heilbrigður og þannig að það sé öruggt að hrogn séu tekin úr heilbrigðum fiski. Það kann að vera að við þurfum ekki að verða fyrir stórum áföllum þrátt fyrir þennan sjúkdóm. Hver veit nema þessi sjúkdómur sé búinn að vera lengi í fiski hér eins og er í nágrannalöndunum, hver veit? Ég held að það viti enginn. A. m. k. er þessi sjúkdómur þekktur í Bretlandseyjum, í Kanada, í Ameríku og víðar eins og fram kom hér áður. En það þarf auðvitað að taka á þessu máli þannig að við verðum fyrir sem minnstum áföllum og horfast alveg í augu við það að það kann að vera að við getum ekki útrýmt honum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta voru fróðlegar upplýsingar sem komu fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefáni Valgeirssyni og var vissulega merkilegt á að hlýða. En erindi mitt hingað er kannske af svolítið öðrum toga en beinlínis það að bæta upplýsingum við um þetta atriði.

Það kom í huga minn, þegar frsm. var að flytja hér ræðu sína, að ég var á ferðinni í Noregi fyrir einu ári síðan. Þá hitti ég þar gamlan skólabróður í barna- og gagnfræðaskóla sem hafði sest þar að og búið þar s. l. 20 ár og komist þar vel af. Ég fór að ræða við hann um það að það væri áreiðanlega mikill vaxtarmöguleiki í fiskirækt á Íslandi, það væri slæmt til þess að vita að við hefðum ekki eflst í þessari grein með sama hætti og þeir Norðmenn hefðu gert. Nú bind ég miklar vonir við það að við munum koma upp öflugri útflutningsgrein á þessu sviði. Þá sagði þessi Íslendingur: Nei, láttu þér ekki detta það í hug. Íslendingar eru göslarar, en fiskirækt er nákvæmnisvinna. Það fer áreiðanlega allt í vaskinn hjá okkur.

Mér brá auðvitað, fannst þetta harður dómur. Kannske var þetta sagt að hluta til í gamni, en þegar maður lítur yfir ýmislegt sem við höfum verið að spreyta okkur á á undanförnum árum virðist vera svolítið sannleikskorn í þessu.

Ætli það sé ekki áratugur eða svo síðan mikil bylgja gekk yfir landið að nú ætti að hefja hér minkarækt því að hér væri aðstaða til minkaræktar langtum betri en víðast hvar annars staðar. Og minkaræktarbúin risu um allar trissur. Það leið ekki á löngu þar til þeir, sem ætluðu að verða ríkir á minkarækt, fóru að verða fyrir ýmiss konar áföllum af einu og öðru tagi. Mörg búin hættu starfrækslu og þetta var dýrt og þetta var áreiðanlega mörgum erfitt. Það fóru langtum fleiri út í þetta en greinilega réðu við það. Áföllin voru stór.

Fyrir fáeinum árum fórum við að tala um að refarækt væri það sem mundi verða mjög til bjargar og menn hafa reist mörg refaræktarbú. En við höfum líka fengið að heyra tíðindi af verulegum áföllum á því sviði. Ég hitti bónda í sumar og gerði það að umtalsefni hvernig stæði á þessu. Er þetta ekki einmitt ágæt atvinnugrein sem getur leyst af hólmi hefðbundinn búskap að verulegu leyti? Hann var sammála því að þetta væri áreiðanlega nákvæmnisverk rétt eins og gamall skólabróðir minn í Noregi hafði sagt um fiskiræktina. Refarækt og minkarækt væru það líka. En hann sló því fram að það væri allt of mikil tilhneiging til þess að þeir, sem reyndust búskussar í venjulegum búskap, væru kannske styrktir til þess að fara út í refarækt. Ekki kann ég sönnur á þessu. En sá sem ekki kann til verka í hefðbundnum búskap og ætlar síðan að hefja nýja búskapargrein án þess að læra sér neitt til í þeim efnum, er ekki líklegur til þess að skila miklum árangri. Þá er allt eins líklegt að frá honum komi frekar áföll en árangur. Ég óttast það að í því, sem gamall skólabróðir minn nú búsettur í Noregi sagði, sé allt of mikill sannleiksneisti. Við megum helst ekki láta það henda í fleiri greinum og oftar.

Ég er sannfærður um að fiskirækt er nákvæmnisvinna og hún þarf að byggjast á vísindalegum grunni, eins og flest annað í atvinnuháttum. Í rauninni má segja að núna þessi árin hafi eftir margra ára tómlæti stjórnvalda hafist veruleg umræða og áhugi á fiskiræktinni. Allir stjórnmálaflokkar og allir stjórnmálamenn tala um það að í fiskirækt sé fólginn mikill hagvaxtarmöguleiki, þarna sé að finna nýja búgrein sem við gætum að hluta til byggt afkomu okkar á í framtíðinni og batnandi lífskjör. En hvað höfum við gert til þess að undirbúa það? Ekkert. Nánast ekkert. Það hefur að vísu verið rekin svolítil fiskiræktarstöð á vegum ríkisins hér uppi í Kollafirði af miklum vanefnum og venjulega við nöldur héðan úr þingsölum um það að þeir fjármunir sem þangað færu nýttust illa og færu til lítils.

Hafa menn stundað einhverjar vísindalegar rann-

sóknir? Það er tæpast hægt að segja það. Það er upplýst að það sé einn aðili, sem kunni eitthvað fyrir sér í sjúkdómum í fiski, sem starfi við það. Ekki var það mikið. Við tölum um að við getum búið til góða fæðu handa fiskinum. Ég held að það sé ákaflega takmarkað sem hefur verið unnið að rannsóknum á því sviði. Ég veit að vísu að hér var prófað eitthvert mjöl til að gefa fiskum fyrir nokkrum árum síðan. Við fyrstu atrennu reyndist það nú ekki betur en svo að fiskarnir urðu eineygðir og fengu kryppu, en úr því hefur væntanlega verið bætt.

Ég er ansi hræddur um að íslenska ríkið hafi gert lítið til að leggja grundvöll að þessari atvinnugrein. Þrátt fyrir hávær ummæli síðustu 3—4 árin kannast ég ekki við að ríkið hafi lagt fram neitt að marki til að undirbyggja þessa atvinnugrein, til að auka þekkingu í greininni, til að efla menn til lærdóms í greininni, til vísindalegra rannsókna hvort heldur að því er varðar vöxt, lifnaðarhætti, líklegar fóðurblöndur til þess að ná árangri eða neitt af því tagi. En ef við höfum trú á einhverri atvinnugrein er það einmitt þetta sem er eðlilegt að ríkið leggi fé til til að efla einhverja tiltekna atvinnugrein. Það er eðlilegt framlag ríkisins til atvinnuuppbyggingar langtum frekar en standa í því að reka Landssmiðju í 40 ár þegar hennar er í rauninni ekki þörf sem slíkrar og aðrir geta stundað þá atvinnustarfsemi. En að stuðla að vexti og stuðla að því að það náist góður árangur í nýrri atvinnugrein, það er hlutverk ríkisins.

Nú er mikil uppbyggingaralda komin í gang. Það er verið að reisa fiskeldisstöðvar víða um völl, en grunnurinn sem byggt er á er að þessu leytinu veikur og þess vegna hætta á áföllum. Það eru þúsundir tonna sem menn ætla að framleiða. Hér ætlum við að reisa og er verið að undirbúa að reisa mjög stóra stöð, langtum stærri en þær sem reistar hafa verið í Noregi vegna þess að þeir hafa ekki einu sinni leyft svo stórar stöðvar. Það er ein skýringin á því að erlendir aðilar vilja eiga við okkur samvinnu um þessa stöð. En er ekki grunnurinn harla veikur?

Þess vegna fagna ég þeirri till. sem hér er flutt af Vigfúsi B. Jónssyni og fleirum. Hún er áminning um það að sé ekki vel á haldið í þessum efnum getur illa farið. En ég minnist þess líka að á yfirstandandi fjárlögum eru 500 millj., ef ég man rétt, til eflingar nýrra atvinnugreina. Hvað ætli það sé stór fjárhæð sem á að verja í undirstöðurannsóknir, fræðslu, heilbrigðisvarnir, í það sem þessi till. fjallar um, af þessari 500 millj. kr. upphæð, í það að kenna mönnum til verks í fiskeldi? Eg hef ekki hugmynd um það. Það hefur hvergi komið fram hér á þingi. En ef menn vilja fá raunverulega framþróun í þessari grein og verjast áföllum ættu menn að huga að því að verja verulegum hluta af þessari upphæð einmitt til slíkra hluta, til rannsókna, til þekkingaröflunar, hvort heldur er varðandi heilbrigði, vöxt fiskjarins, rekstur, aðstæður eða hvað eina og þá líka að því er varðar fóðurgjöf og árangur í vexti miðað við þá mismunandi möguleika sem menn hafa á fóðuröflun til þessara stöðva hér innanlands. Ég hefði gjarnan viljað að menn sameinuðust um þessi mál hér í þinginu frekar en ríkið gerist aðili að einhverri svona stöð, að varið verði verulegum fjárhæðum til þess að þessi grein standi á traustum grunni og það rætist ekki þau orð sem hinn íslenski vinur minn og gamli félagi í Noregi viðhafði um framtíðarhorfur þessa atvinnubúskapar.

Alþt. 1984. B. (107. löggjafarþing).

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á síðari árum hefur verið mjög rætt um þá ríku nauðsyn að koma hér á landi á fót nýjum atvinnugreinum við hlið hinna hefðbundnu búgreina sem við höfum stundað frá fornu fari. Í þessu sambandi hefur einkum verið rætt um loðdýrarækt og fiskeldi. En það er deginum ljósara að til þess að setja á laggirnar og efla nýjar búgreinar þarf margt til að koma. Það þarf að skapa þeim skilyrði til vaxtar og þróunar.

Að því er fiskeldi snertir, þá er það talin mjög álitleg búgrein, en því aðeins að henni verði sköpuð viðunandi lífsskilyrði og þar kemur margt til greina að sjálfsögðu, ekki síst að þeir sem leggja stund á slíka atvinnugrein fái hæfilega fjármagnsaðstoð til þess að koma fótum undir sína starfsemi og fleira þarf þá til að koma.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að þessum málum. Það má benda á Kollafjarðarstöðina sem aukin hefur verið á vegum ríkisins. Einnig hafa nokkrir einstaklingar lagt af mörkum mikla vinnu og fórnfýsi til þess að kanna þessi mál og undirbyggja langtíðarstarfsemi í þeim greinum. Ég nefni t. d. Lárósstöðina á Snæfellsnesi þar sem mikið hefur verið unnið að þessu verki. Samt er margt óunnið. Hv. 3. þm. Reykn., sem hér talaði síðastur, ræddi um að þetta væri mikil nákvæmnisvinna og við Íslendingar værum varla hæfir til þess að leggja stund á slíka vinnu, að mér skildist. Ef svo er, þá þurfum við að rækta okkur sjálf til þess að fást við slík verk en ekki gefast upp strax við þá mótbáru.

En ég get getið þess svona til fróðleiks að vitanlega hafa margir sýnt þessum nýju búgreinum, ekki síst fiskeldi, áhuga á síðustu árum. Ég nefni sem dæmi að gamni mínu að nú fyrir skömmu síðan þegar stjórn Brunabótafélags Íslands kom saman á fund til þess að úthluta heiðurslaunum til margra álitlegra umsækjenda úr ýmsum atvinnugreinum, listum og vísindum, þá var sá maður, sem valinn var úr þeim hóp sem skipti nokkrum tugum, ungur fisksjúkdómafræðingur sem er að ljúka störfum erlendis. Sá styrkur, sem hann fær frá Brunabótafélaginu, á að gera honum kleift að halda áfram námi sínu í nokkra mánuði í viðbót, þar sem hann leggur stund á þessa sérfræði. Þetta er byggt á þeirri hugsun og þeirri staðreynd að einnig að þessu leyti verðum við að sjá fyrir því að skilyrði skapist hér á landi til að stunda fiskirækt. Það þurfa að vera til sérfræðingar sem kunna skil á þeim fisksjúkdómum sem gert hafa vart við sig hér á landi og eru að sjálfsögðu uggvekjandi nema menn finni við þeim góð ráð.

Hér liggur fyrir till. til þál. um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum, þar sem sérstök áhersla er lögð á að varnir gegn fisksjúkdómum verði stórefldar. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. 2. þm. Norðurl. e., 1. flm. þessarar till., fyrir þetta framtak að ýta þessu máli hér á flot í sölum Alþingis og lýsi eindregnu fylgi mínu við þessa till.

Flm. (Vigfús B. Jónsson): Herra forseti. Ég fagna þeim undirtektum sem þessi þál. hefur fengið. Ég hrökk svolítið við þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði, að vísu eftir öðrum, að við værum svo miklir göslarar að við mundum tæpast ná árangri í þessari atvinnugrein.

Nú hef ég unnið að fiskirækt meira og minna í tvo áratugi og er henni því nokkuð kunnugur. Því miður veit ég um mörg slys í fiskirækt og þau hafa orðið vegna þess að þeir, sem hlut áttu að máli, voru einmitt göslarar, vissu ekki nógu mikið. Þegar maður fer að vita mikið, þá veit maður best hvað maður veit lítið. Þessi tillöguflutningur er einmitt til þess að þær aðgerðir sem hér um ræðir mættu verða til þess að koma í veg fyrir það að menn geri einhverjar vitleysur. Það er alveg rétt að mikil þörf er á því að mönnum sé leiðbeint. Þekkingin er ekki nógu almenn og ég veit að það eru margir að fara út í þetta, eins og ég sagði áðan, og það eru einmitt þeir sem fyrst og fremst þurfa aðstoðina, ekki við sem erum búnir að vera lengi í þessu. Ég er voðalega hræddur um að einhverjir eigi eftir að fótbrjóta sig í þessu. Við viljum koma í veg fyrir það.

Ég vil ekki vera að lengja þessa umr. úr hófi fram. En mér þykir þessi þáltill. hafa fengið góðar undirtektir. Og hvað sem líður göslarahætti okkar Íslendinga trúi ég samt á framtíð þessarar atvinnugreinar. Ég endurtek þakkir fyrir góðar undirtektir sem þessi tillöguflutningur hefur fengið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú kannske ekki ástæða til þess að lengja þessar umr. á þessu stigi miðað við þá till. sem hér liggur fyrir. En út af því sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði hér áðan, þá er ég alveg sammála honum um það að miðað við þá bjartsýni sem hefur verið gagnvart þessari atvinnugrein á undanförnum árum er það alveg merkilegt að ekki skuli enn þá hafa farið fram neinar umtalsverðar rannsóknir á því hvers við getum í raun og veru vænst í þessu efni. Við höfum það þó á tilfinningunni margir að þarna séu þeir möguleikar, en það er ekki nóg. Við þurfum að byggja slíkan atvinnurekstur, sem er mjög fjárfrekur, á rannsóknum.

Hann minntist á það hvernig fór með minkaræktina hér á árunum. Það er enginn vafi á því að þar eru líka miklir möguleikar, en menn kunnu bara ekkert á þetta. Það er sannleikurinn og þess vegna varð þeim fótaskortur. Ég lenti nú í því að vera með í því að undirbúa þá löggjöf, sem Ásberg Sigurðsson var aðalhvatamaður að að semja og koma í gegnum þingið. Ég man því vel eftir undirbúningi á því máli og ýmsum aðvörunarorðum sem þeir fengu sem fóru út í þennan rekstur. Það á ekki síður við um fiskeldið að eins og hefur komið fram er þarna um mikla nákvæmnisvinnu að ræða eins og með alla ræktun á hvaða búpeningi sem er. Og þetta er ekkert annað. Þetta verður búpeningur ef það er tilfellið að við gætum haft það eins og í Noregi að bændur gætu haft eldisstöð heima hjá sér, a. m. k. þar sem er heitt vatn fyrir hendi.

Að einu leyti hefur þetta þó þróast í jákvæða átt, þ. e. að það eru nokkuð margir að læra þessa fræði erlendis og koma heim á næstu árum með þá þekkingu sem hægt er að nema í öðrum löndum við aðrar aðstæður en hér eru. En við megum heldur ekki blekkja okkur á því að hér eru allt aðrar aðstæður. Þó að þeir komi með þekkingu þarf því að gera rannsóknir og byggja okkar stöðvar eftir þeirri reynslu sem mun fást. En hér er mikið í húfi og þess vegna þarf að byggja þessa starfsemi á tilraunastarfsemi, en ekki að leggja út í stórfellda fjárfestingu án þess að vita hvernig fer.

Hér hefur ekki heldur verið tekin nokkur stefna í þessum málum eins og t. d. Norðmenn hafa gert. Þar setja þeir takmarkanir. Þeir setja takmarkanir á fjármagn líka. Það eru takmarkanir á því hve mikið fjármagn fær að fara inn í þessa framleiðslu. Ríkisstjórnarflokkarnir þar takast á um það hver eigi að vera framtíðarstefna í þessum málum, hvort þetta eigi að vera stoð í að halda uppi byggðunum eða hvort *fjármagnið eigi að fá möguleika til að sölsa þennan* atvinnurekstur undir sig. Þar er líka talað um að ekki sé hyggilegt — það er þeirra reynsla — að hafa stöðvarnar mjög stórar. Áhættan sé svo mikil, sýkingarhættan sé enn þá meiri. Á Reykjanesi eru þeir með alls konar plön, en það veit enginn um það hvort það er nóg heitt vatn eða nóg grunnvatn fyrir þá starfsemi sem menn eru að hugsa um að reisa þar t. d. — (Gripið fram í.) Ég hef nú ekki daglegt samband við SÍS þó að Friðrik Sophusson *haldi það. En ég hef samband við ýmsa aðra og mér* er tjáð, að það geti verið spurning hvað Reykjanesið getur borið af stöðvum, bæði vegna heits og kalds vatns. Það skulu menn bara vita og gera sér grein fyrir. Þetta er órannsakað mál. (**Gripið fram í:** Sérstaklega kalda vatnið.) Já, sérstaklega kalda vatnið.

Þetta mál kemur fljótlega hér í sali Alþingis aftur þannig að ég ætla að láta þetta duga. En þó að við verðum fyrir áföllum í þessu eins og allri annarri *framleiðslu má það ekki verða til þess að við gefumst* upp. Það er engin ástæða til þess. Það sýnir t. d. sú þróun sem hefur orðið í Noregi. Hún er í raun og veru ævintýri, hvorki meira né minna. Það er líka ævintýri hvað hefur gerst á örfáum árum í Færeyjum. En við, hvað höfum við gert? Við höfum talað, búið. Punktur. Og meira að segja þeir, sem hafa farið til þess að reyna að læra þessi fræði, hafa ekki fengið styrk til þess. Það getur vel verið að sumir af þeim mönnum sem eru að læra núna — (**GGS:** Þeir fá námslán eins og aðrir.) Þeir fá námslán, þetta er dýrt, þetta er dýrt hv. þm. Gunnar Schram. Það er mjög dýrt og áhættusamt að fara út í þetta og það getur vel verið að þeir séu sumir að gefast upp í þessum lærdómi, verði að hætta námi, nái ekki þeirri þekkingu sem þeir eru farnir að reyna að höndla fyrir sína þjóð.

Flm. (Vigfús B. Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er bara út af því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að við hefðum ekki gert neitt nema tala. Þetta er nú ekki rétt — (Gripið fram í.) Nú, fyrirgefðu, það er misskilningur. Ég ætlaði bara að segja það að ef þú stendur í þeirri meiningu þá þyrftirðu að kynna þér þessi mál miklu betur, því að við eigum seiðaeldisstöðvar í landinu sem jafnast á við það albesta sem er til erlendis. Það hef ég heyrt erlenda menn segja og meira að segja er verið að sýna slíka stöð. Það er ekki lítið sem við höfum gert í lónunum í Kelduhverfi og það er ekki lítið sem við höfum flutt inn af erlendri þekkingu. Við erum nú þegar, eins og síðasti ræðumaður tók fram, að fá nýja og nýja menn sem eru lærðir. Þó að þeirra lærdómur passi kannske ekki alveg við okkar aðstæður er hann gífurlega mikils virði. Ég vil endilega taka undir það sem hér hefur verið sagt að þetta verður að byggja á þekkingu. Hún er nr. eitt, tvö og þrjú.

Umr. frestað.

Kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, þáltill. 172. mál (þskj. 183). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum. Till. er 172. mál þessa þings á þskj. 183 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um að koma á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum. Kennslugagnamiðstöðvar hafi það meginverkefni að lána skólum námsgögn, kennslutæki og hjálpargögn þannig að öllum nemendum verði tryggður aðgangur að fjölbreyttum kennslugögnum hvar á landinu sem þeir búa."

Till. þessa flytja auk mín hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir, Kristófer Már Kristinsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Till. þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Flestum er kunnugt að verulegur munur er á aðstöðu barna til náms og kennslu hér á landi. Þessi þáltill. tekur á einum þætti þessa flókna máls, þ. e. aðstöðumun hvað varðar námsgögn, kennslutæki og önnur hjálpargögn. Skólar hér á landi eru afar misvel búnir hvað þetta varðar. Í þessu sambandi má vitna til könnunar er gerð var á vegum Félags skólastjóra og yfirkennara á aðstöðu og búnaði í skólum árið 1981, en hún var framkvæmd af Viktori A. Guðlaugssyni núv. skólastjóra í Brekkulækjarskóla á Akranesi.

Niðurstöður þessarar könnunar sýndu gífurlegan mun á aðstöðu og búnaði skóla í landinu og enn fremur að skólar í dreifbýlinu stóðu þar mjög höllum fæti. Almennt var niðurstaðan sú að litlu skólarnir voru mjög vanbúnir að tækjum og aðstöðu og á sviði verklegrar kennslu var ástandið hörmulegt.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á tímariti sem heitir Ný menntamál og gefið er út af Bandalagi kennarafélaga. Í 2. tbl. 2. árgangs 1984 er þema um menntun og byggðastefnu. Þar er grein sem ber fyrirsögnina „Samræmd próf, jöfnuður til náms" eftir Rósu Eggertsdóttur og Rúnar Sigþórsson. Þar kemur fram að séu skýrslur um niðurstöður þessara prófa skoðaðar, þ. e. samræmdu prófanna, er meðaltalsárangur nemenda mjög mismunandi eftir fræðsluumdæmum. Þau fræðsluumdæmi sem lakastan árangur hafa eru fámennustu og dreifbýlustu umdæmin, Vestfirðir og Norðurland vestra. Þessar niðurstöður hafa haldist í stórum dráttum frá því að samræmdu prófin voru tekin upp. Þar sést enn fremur að þéttbýlissvæði eins og Reykjavík eru vel yfir landsmeðaltali hvað varðar árangur.

Þó að slík próf séu engan veginn algildur mælikvarði á hæfni nemenda ræður niðurstaða þeirra þó miklu um framtíð þeirra og hverja stefnu hún getur tekið. Því hlýtur þessi mismunur að vekja ýmsar spurningar sem nauðsynlegt er að svara. Áleitin er sú spurning hvort aðstöðumunur nemenda í þéttbýli og dreifbýli sé slíkur að valdið geti svo marktækum mun á námsárangri.

A. m. k. er þessi munur svo mikill að fram hjá honum verður ekki litið og eitthvað hlýtur að þurfa að gera til að bæta þar úr.

S. l. sumar átti ég þess kost að ferðast í kvennarútu víða um Suðurland og Austurland og ræða við fólk. Í þessari ferð kvennarútunnar og áframhaldi hennar á hringferð um landið kom afar vel í ljós hinn gríðarlegi mismunur á aðstöðu til menntunar sem ríkir á öllum skólastigum milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þar er ekki einungis um að ræða mismun á aðgangi að fjölbreyttum kennslugögnum heldur líka mikinn mun á því hve auðvelt eða ódýrt það reynist nemendum að sækja skóla sinn.

Heimavistir og mötuneyti eru kostnaðarsöm auk þess sem börn þurfa þá að dvelja löngum fjarri heimilum sínum. Heimanakstur bætir að vísu úr því en ber jafnframt með sér þau óþægindi að börn þurfa að eyða jafnvel mörgum klukkustundum á dag í akstur sum hver til og frá skóla. Þessir margvíslegu erfiðleikar dreifbýlisbarna gera menntun síst aðlaðandi eða auðvelda og sú mismunun, sem ríkir í þessum efnum millii dreifbýlis og þéttbýlis, stuðlar ekki að félagslegum jöfnuði í íslensku samfélagi.

Í lögum nr. 63 frá 1974, um grunnskóla, segir svo í 72. gr., og ég vitna í hana með leyfi forseta:

„Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna. Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau."

Hér eru vissulega gefin fögur fyrirheit. En spyrja má í fullri alvöru hvenær þess sé að vænta að slík aðstaða verði komin í alla skóla í landinu. Í því sambandi er vert að minnast þess að í rúmlega 100 skólum eru nemendur færri en 100 og í rúmlega 70 skólum eru nemendur færri en 50. Við 51 af rúmlega 220 grunnskólum starfa aðeins einn eða tveir kennarar. Ljóst er að sé þetta mál skoðað raunsæjum augum er þess seint að vænta að fullkomin skólasöfn rísi við alla skóla. Þeir munu ekki í bráð eignast þau gögn og tæki sem talin eru upp í 72. gr. grunnskólalaga og til var vitnað hér á undan.

Því má halda fram með sterkum rökum að óraunhæft sé að ætla að litlir skólar eignist öll þau sömu námsgögn og kennslutæki og stórir skólar. Lítil sveitarfélög munu við óbreyttar aðstæður ekki hafa bolmagn til að búa skóla sína öllum nauðsynlegum gögnum. Engu að síður verður að tryggja þessum nemendum aðgang að vönduðum og fjölbreyttum náms- og hjálpargögnum. Þessi tillaga felur í sér leið til lausnar þess, þ. e. að litlir skólar á ákveðnu svæði, jafnvel allir skólar á sama svæði, eigi saman ýmis þau gögn, tæki og áhöld sem hverjum einum skóla reynist ofviða að eignast upp á eigin spýtur eða ekki er ástæða til að hver skóli eigi. Hér er t. d. um að ræða ýmis dýr kennslutæki og hjálpargögn sem aðeins eru notuð skamman tíma á hverju skólaári. Rétt er að finna þessum gögnum samastað í tengslum við fræðsluskrifstofurnar í hverju fræðsluumdæmi þaðan sem þau verði lánuð til skóla í

umdæminu. Er við það miðað að það starfsfólk, sem þar er fyrir, muni a. m. k. að nokkru beina starfskröftum sínum í þennan farveg. Við margar skrifstofanna starfa nú þegar sálfræðingar, sérkennarar, kennsluleiðbeinendur í hlutastöðum auk skrifstofufólks og má ætla að í flestum tilvikum dugi að ráða til viðbótar t. d. einn starfsmann sem að líkindum yrði með hliðstæða menntun og skólasafnverðir.

Til lengri tíma litið má jafnframt færa að því rök að auk margháttaðs ávinnings af starfi slíkra miðstöðva næðist beinn fjárhagslegur sparnaður af rekstri þeirra. Á það ekki síst við um ráðgjöf fyrir skóla um kaup á hentugum búnaði sem fengin væri reynsla af. En nú ræður oft kylfa kasti í innkaupum skólanna hvers um sig. Einnig hefðu kennslugagnamiðstöðvarnar til útlána ýmis tæki og gögn sem einstakir skólar ella keyptu.

Með því að byggja þessar miðstöðvar upp í fræðsluumdæmunum er þess einnig að vænta að finna megi í hverju tilviki hagkvæmustu leið við að dreifa gögnum frá kennslugagnamiðstöðvum út í skólana og halda kostnaði í lágmarki. Þá er hægt að gera ráð fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofurnar veiti kennurum og foreldrum ýmsa þjónustu svipaða þeirri sem veitt er í kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík. Þar verði gagnasmiðja fyrir kennara, aðstaða til fræðslustarfs, sýninga og kynninga af ýmsu tagi. Fleiri verkefni mætti fela kennslugagnamiðstöðvum ef henta þætti. Má þar m. a. nefna þjónustu við skólasöfn og aðstoð við uppbyggingu þeirra og sameiginleg innkaup á skólavörum fyrir skólana í umdæminu.

Nokkur reynsla er komin á starfsemi kennslumiðstöðvar þeirrar er Námsgagnastofnun hefur rekið frá því í maí 1982. Meginhlutverk þeirrar miðstöðvar hefur verið kynningar- og upplýsingaþjónusta fyrir kennara. Þar er unnið að því að koma á fót gagnasafni fyrir allar námsgreinar, gagnasmiðju þar sem kennarar hafa aðstöðu til að búa til eigið námsefni. Haldnar hafa verið sýningar á námsgögnum, hjálpargögnum og skólabúnaði og efnt hefur verið til fræðslustarfsemi af ýmsum toga. Starfsemi þessi hefur mælst afar vel fyrir meðal kennara og aðsókn mörg þúsund kennara á hverju ári sannar að full þörf hefur verið fyrir þessa þjónustu. Aðeins einn starfsmaður hefur verið á kennslumiðstöðinni og hefur svo verið frá upphafi en það takmarkar vitaskuld mjög þjónustu við kennara utan stór-Reykjavíkursvæðisins.

Við rekstur kennslumiðstöðvarinnar í Reykjavík hefur og komið skýrt í ljós hversu mikil þörf er á að unnt sé að lána skólunum námsgögn. Um þessar mundir eru möguleikar kennara á þessu takmarkaðir og þá einkum bundnir við fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar, sendiráð og nokkrar stofnanir og félög sem halda uppi fræðslustarfsemi. Skv. lögum ber Námsgagnastofnun að sjá nemendum á skyldunámsstigi fyrir ókeypis námsgögnum. Aðstæður Námsgagnastofnunar valda því að þau námsgögn sem sú stofnun gefur út duga engan veginn ein sér til að skóli verði vel búinn námsgögnum. Hér er því sveitarfélögum ætlað stórt hlutverk en ljóst er að aðstæður þeirra til að rækja það eru afar mismunandi. Rétt þykir því að ríkið beri allan stofnkostnað af slíkum kennslugagnamiðstöðvum og tryggi jafnframt helming af rekstrarkostnaði skv. nánari reglum sem setja þarf.

Mig langar í þessu sambandi að ræða lítillega þær hugmyndir sem nýlega hefur verið hreyft um breytingar á rekstri grunnskóla. Þar er talið æskilegt að færa stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð sem mest frá ríki til sveitarfélaga. Í fyrrnefndu hefti Nýrra menntamála, sem ég vitnaði til áðan, skrifar hv. 1. þm. Suðurl. grein þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það er meira um það rætt en áður að efla þurfi sjálfstæði skólanna og að heimamenn fái jafnframt aukna ábyrgð á stjórn þeirra og rekstri. Fjármálaleg ábyrgð verður jafnan að haldast í hendur við stjórnunarlega ábyrgð."

Það er sannarlega í anda þeirrar stefnu, sem Kvennalistinn fylgir, að draga úr miðstýringu ríkisstofnana, færa völd og ábyrgð út til fólksins í landinu. Við teljum að slík valddreifing muni virkja fleiri einstaklinga til þátttöku í mótun þess þjóðfélags, sem þeir byggja, og þannig stuðla að frjórra og fjölbreytilegra mannlífi. En þegar ábyrgð á stjórnun og fjárhag er þannig flutt til sveitarfélaganna, t. d. í heilbrigðis- og skólamálum, er vitanlega grundvallaratriði að því fylgi jafnframt flutningar á tekjustofnum. Skólamál og heilbrigðismál eru hornsteinar velferðarþjóðfélags og farsæl framkvæmd þeirra mála hlýtur því að krefjast samheldni og samábyrgðar þegnanna, ekki síst þar sem þetta eru mjög fjárfrekir málaflokkar. Þetta skilur hv. 1. þm. Suðurl. vel því að hann segir í grein sinni, sem ég hef áður vitnað til, með leyfi forseta:

„En auðvitað er það svo að það verður að ætla sveitarfélögunum tekjustofna í samræmi við þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Tilfærsla á verkefnum og ábyrgð hlýtur að haldast í hendur við tilfærslu á tekjustofnum," segir hv. 1. þm. Suðurl.

Ég tek undir þetta með þm. því að þetta er meginatriði.

Með þessari till. er alls ekki boðað að hverfa eigi frá því markmiði að í framtíðinni rísi skólasöfn við alla skóla. Má miklu fremur líta á kennslugagnamiðstöðvar sem mikilvægt spor í þá átt. Útlán námsgagna og kennslutækja munu stuðla að hagkvæmni við þá uppbyggingu. Í því sambandi má nefna að kennarar geta við innkaup á námsgögnum og kennslutækjum stuðst við þá reynslu sem fengist hefur og þannig metið mun betur en ella hvaða námsgögn þurfi að vera til í skólunum allt skólaárið. Það er því mikilvægt að ljóst verði að hér er um að ræða leið sem hefur í för með sér bætta þjónustu um leið og gætt er ýtrustu hagkvæmni.

Síðast en ekki síst er hér um að ræða mannréttindamál. Það er óverjandi með öllu að börn okkar skuli hafa svo misjafna aðstöðu til náms eftir búsetu sem raun beri vitni. Nútíminn og framtíðin gera æ meiri kröfur til manna, bæði um fjölbreytta og sérhæfða menntun. Það er því hvorki boðlegt börnum þessa lands að draga þau svo í dilka hvað varðar undirbúning undir lífið né heldur hefur þjóðin efni á því.

Flm. þessarar till. vilja þakka Ingvari Sigurgeirssyni, deildarstjóra hjá kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar, fyrir góð ráð og ábendingar við gerð þessarar þáltill.

Að lokum vil ég, hæstv. forseti, leggja til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. Sþ. að loknum umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það mál sem hér er flutt og fjallar um kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum

landshlutum er auðvitað fyrst og fremst spurning um fjármagn til þessara hluta. Að vísu hljóðar þessi till. einungis um það að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um þetta efni. Ég hygg að samstarfið við samtök sveitarfélaga um þetta efni mundi verða með eitthvað svipuðum hætti og samstarfið um fræðsluskrifstofurnar og að hér sé enda gert ráð fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar væru e. t. v. deildir í fræðsluskrifstofunum sem er auðvitað eðlilegt og er verkefni fræðsluskrifstofunnar nú þegar. En eins og ég sagði í upphafi, spurningin er um fjármagnið. Það er til lítils að koma á miðstöðvum, sem hafa með höndum miðlun kennslugagna og væru sérstakar stofnanir eða sérstakar deildir, umfram það sem nú er, ef ekki eru til námsgögn hjá Námsgagnastofnun, sem hér er í Reykjavík, til þess að dreifa þeim þangað. Ég held því að það verkefni, sem fyrst og fremst þarf að sinna til þess að hægt væri að ganga til móts við það erindi sem hér er flutt, sé að efla Námsgagnastofnun sem starfað hefur í nokkur ár. Sannleikurinn er sá að hún er búin að vera í fjársvelti árum saman og margir skólar, bæði úti um land og hér í Reykjavík, hafa kvartað um skort á sjálfsögðum kennslugögnum, sem Námsgagnastofnun bæri að láta í té, bæði eftir lögum um hana og svo eftir grunnskólalögum.

Það sem menntmrn. hefur lagt megináherslu á í þessu sambandi hefur verið að efla Námsgagnastofnun. Og sannleikurinn er sá að þar er ástand mála nú þannig að það hefur aldrei verið neitt svipað því jafnmiklu fjármagni hlutfallslega beint til Námsgagnastofnunar eins og einmitt á síðustu fjárlögum. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkaði um yfir 70% frá því í fyrra og það er meira en hægt hefur verið að segja um langt, langt árabil, meira að segja þegar verðþróun var allt önnur en var á síðasta ári. En þá var hún auðvitað miklu hagstæðari slíkri stofnun en hefur verið um langt árabil áður. Staða þeirrar stofnunar er því allt önnur nú þó að e. t. v. sé ekki búið að vinna upp allt það svelti sem hún hefur verið höfð í mörg undanfarin ár. T. d. má geta þess að núna var tekin inn sem nýr liður í fjárlögum Kennslugagnamiðstöðin sem hv. 1. flm. þessarar till. lét sér einmitt svo tíðrætt um. Hún er núna sérstakt fjárlaganúmer meðal fjárveitinga til Námsgagnastofnunar.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust fylgdi svofelld greinargerð um fjárveitingar til þessarar stofnunar. Ég vil taka fram að menntmrn. hafði raunar gert, eins og oft er um margar fjárveitingar til fagráðuneyta, enn þá hærri tillögur. Ástæðan var sú að við vildum gera tilraun til þess að koma rekstri stofnunarinnar á þann grundvöll að það yrði unnt að hagræða betur í rekstrinum. Þegar um er að ræða rekstur af því tagi sem þar er kostar það talsvert að koma rekstrinum á verulega traustan grundvöll. En okkur þarf ekkert að undra að ekki var unnt að sinna ýtrustu tillögum okkar, sem við töldum reyndar lágmarkstillögur eins og gengur. Þó að það hafi ekki verið gert hefur niðurstaðan orðið sú að það hefur aldrei verið jafnvel gert við þessa stofnun. Í grg. með fjárlagafrv. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 20 millj. 762 þús. sem er 67.1% hækkun frá fjárl. 1984."

Ég vil gera hlé á tilvitnuninni, sem ég ætlaði að flytja, og nefna hér að síðan hækkaði framlagið í meðferð fjárlaga hér á Alþingi um 7.1 millj. Ég held áfram tilvitnuninni úr grg. fjárlagafrv.:

„Gert er ráð fyrir eftirtöldum breytingum á viðfangsefnum í samræmi við tillögur nefndar, sem fjallaði um starfsemi stofnunarinnar:

a) Skólavörubúð, sem áður var í B-hluta fjárlaga, er lögð niður en í stað stofnuð afgreiðslu- og söludeild sem annast innkaupa- og pöntunarþjónustu fyrir grunnskóla.

b) Námsefnisgerð flyst til stofnunarinnar af fjárlagalið 02-423" sem skiptir kannske ekki máli í þessu sambandi.

„c) Kennslumiðstöð er nýtt viðfangsefni. Launakostnaður hækkar um 8 millj. 335 þús. kr. en þegar tekið er tillit til lækkana á öðrum viðfangsefnum er hækkunin 3 millj. 29 þús. Hækkunin er vegna lausráðinna starfsmanna en laun þeirra voru áður greidd af rekstrarfé stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði 39 talsins auk afleysingafólks. Þar af eru 10 heimiluð stöðugildi. Almenn rekstrargjöld eru áætluð með hliðsjón af raunverulegum rekstrarkostnaði á síðustu árum og aukinni útgáfustarfsemi í samræmi við tillögur nefndar. Til útgáfu kennsluefnis eru ætlaðar 39 millj. 923 þús. kr."

Mér þótti nauðsynlegt að gera grein fyrir þessu vegna þess að þetta er lykilatriði til þess að unnt sé að dreifa með skynsamlegum og virkum hætti kennslugögnum út í fræðsluumdæmin. Það er eðlilegt hlutverk fræðsluskrifstofanna að hafa þá meðalgöngu með höndum og það mun vera gert eftir því sem unnt er nú og verður að sjálfsögðu gert enn frekar eftir því sem þessi mál komast í æ betra horf og ég vona að framhald verði á því.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á að verk þeirrar nefndar, sem gerði sérstaka athugun á fjárhagsstöðu Námsgagnastofnunar og gerði tillögur þar um, var mjög árangursríkt að því er ég tel. Þar komu fram margar mjög skynsamlegar ábendingar sem þegar hafa skilað verulegum árangri í því að menn átta sig betur á hvar raunverulega þurfti að laga mest hjá þeirri stofnun. Vonandi tekst það með því að áfram verði haldið á þeirri braut sem mörkuð er.

Hv. þm. minntist á það í þessu sambandi að námsárangur væri mismunandi á ýmsum stöðum á landinu og leiddi getum að því að það kynni að vera — ja, mér skildist helst vegna skorts á kennslugagnamiðstöðvum úti um landið. Það má vera að meira hefði þurft af kennslugögnum. Um það fullyrði ég ekki. En hvort miðstöðvarnar sjálfar hefðu ráðið þar úrslitum, það skal ég ekki segja um. Hugleiðingar um orsakir þessa eru m. ö. o. einvörðungu getgátur. Þess vegna hefur verið ákveðið að láta gera sérstaka könnun á árangri skólastarfs á Íslandi. Það tel ég vera meginatriði til þess að átta sig á því hvar við þyrftum e. t. v. að gera breytingar, hvar við þyrftum að leggja þyngstar áherslur og reisa þær ákvarðanir á þekkingu sem fæst með rannsóknum. Skýrt hefur verið frá því að stjórn þessa verkefnis hafi verið falin Þórólfi Þórlindssyni prófessor í þjóðfélagsfræði og hann er að hefjast handa um það núna. M. a. verður athuguð vinnuaðstaða kennara og nemenda. Fyrsti þáttur þess verkefnis, sem Þórólfur er að vinna, mun einmitt vera könnun meðal kennara og skólastjóra. Síðar verður svo leitað til nemenda og foreldra, aðila vinnumarkaðarins og fleiri aðila. En fyrsti þáttur verkefnisins er vinnuaðstaðan í skólanum.

Hv. þm. vék hér að aðstöðu skólabókasafna. Þar er vissulega komið inn á stórt mál og mikilvægt. En þá erum við líka komin að þeim stóra vanda sem er stofnkostnaður í skólunum og er viðameira mál en svo að við getum leyst það í einu vetfangi, enda sjáum við að það hefur vafist fyrir mönnum alllengi. Víða háttar svo til að unnt er að sameina þjónustu í skólabókasafni og almenningsbókasafni og þá væntanlega einhverja kennslugagnadreifingu. En þar er vissulega vikið að mikilvægu máli. En hitt er svo annað, sem ég get ekki látið hjá líða að nefna hér í þessu sambandi, að um sjálfa bókadreifinguna og þau kennslugögn sem safnað er saman á hvern stað kann að verða allt öðruvísi ástatt eftir að tölvutæknin er komin til sögunnar á fræðsluskrifstofunum. Þá verður auðveldara fyrir menn að útvega þau gögn sem þarf án þess að setja uppi með miklar birgðir af þeim vörum sem þarna er um að ræða. En það er einmitt unnið að því núna að tölvuvæða fræðsluskrifstofurnar í landinu til þess að greiða fyrir ýmsum slíkum verkefnum.

Ég vildi láta þessi atriði koma fram, herra forseti, og undirstrika það að aðalatriðið er það að móðurstofnunin, ef svo má segja, Námsgagnastofnunin, hafi þá aðstöðu að hún geti sinnt því grundvallarverkefni sem hún hefur og þar með staðið að dreifingu nauðsynlegra námsgagna út um landið.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. orð hennar. Mér fannst ánægjulegt að heyra að hún skyldi hafa barist fyrir málefnum Námsgagnastofnunar. Það gerðum við Kvennalistakonur reyndar líka í sambandi við fjárlögin, fluttum brtt. Þær voru afar hógværar og ég er sannfærð um að kröfur Námsgagnastofnunar voru mjög hógværar líka. Brtt. Kvennalistans svöruðu á engan hátt metnaði okkar fyrir hönd Námsgagnastofnunar og í sambandi við kennslumiðstöðina held ég að Námsgagnastofnun hafi farið fram á 2.2 millj. og taldi það algjört lágmark til þess að greiða laun. Við fórum jafnvel lægra og báðum um 1.5 millj., en ef ég man rétt þá voru ekki nema 750 þúsund veitt. Það kann vel að vera að orðið hafi einhver prósentuhækkun milli ára og það er að sjálfsögðu ágætt vegna þess hve verðbólgan hefur verið ör, en ég tel samt að þessi skerfur sem Námsgagnastofnun fékk hafi verið allt of lítill. Það er ábyrgðarhluti í raun ef ekki er hægt að jafna þetta misrétti því að ég tel að það vandamál sem af því hlýst verði til langframa. Það er þegar farið að bera á miklum fólksflutningum til þéttbýliskjarna eins og Reykjavíkur vegna vandkvæða úti á landsbyggðinni og þessi ójöfnuður, félagslegi ójöfnuður og vandkvæði aukast með árunum. Eftir því sem menntunarástand almennt verður lélegra úti á landsbyggðinni þeim mun stærri verður vandinn.

Í sambandi við það sem ég sagði um þennan aðstöðumun eða þennan mismun á milli þéttbýlis og dreifbýlis þá taldi ég nú ekki að kennslumiðstöðvarnar einar mundu leysa hann eða væru eina svar við þeim vanda. Það er fyrst og fremst þessi almenni aðstöðumunur sem ræður úrslitum. Ég skora á hæstv. ráðh. að beita sér af alefli, og við munum sannarlega Kvennalistakonur styðja þétt við bakið á henni í þeim efnum, að beita sér við fjárveitingavaldið að hafa nú vit og rænu og metnað til þess að jafna þennan mismun á milli þéttbýlis og dreifbýlis í menntunarmálum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Tölur sem hv. þm. nefndi hér áðan um fjárframlag til kennslumiðstöðvar vil ég leiðrétta. Í fjárlögum ársins 1985 er fjármagnið til kennslumiðstöðvar 1 millj. 126 þús. kr. en ekki 700. Enn fremur vil ég leggja á það áherslu að sú hækkun sem Námsgagnastofnun fékk á þessum fjárlögum er náttúrlega margfalt umfram það sem var um margar aðrar stofnanir og raunar flestar sem fjárlög fjölluðu um. Um þetta segja Kvennalistakonur: Ja, það má vera að það hafi orðið einhver prósentuhækkun á milli ára. Það var ómögulegt af því að við fengum ekki samþykkt til fulls þáltill. sem við lögðum fram.

Auðvitað gætum við öll sagt þetta. Við vitum hins vegar að við höfum ekki peninga í allt sem okkur langar til að hafa peninga í. Og það að láta sér fátt um finnast þegar stofnun fær aðra eins hækkun og þarna er um að ræða tel ég vægast sagt ekki vera málefnalega umfjöllun. Ef við aðgætum hver fjárveitingin var til Námsgagnastofnunar í fyrra á fjárlögum er hún 32 millj. 805 þús. Núna er upphæðin 58 millj. 807 þús. Ég held að það hljóti að þurfa meira en dökk sólgleraugu til að sjá þetta ekki. Það er náttúrlega alveg ljóst að þarna eru geysilegar umbætur. Það er hins vegar ekki von að við náum því upp á einu einasta ári, á einum einustu fjárlögum, þegar ástatt er eins og við vitum um fjárhag ríkisins. Það er ekki von að við náum því upp á þeim einu fjárlögum sem búið er að halla á í heilan áratug.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að hafa farið með ranga tölu. Það kemur til af því að ég fann hreinlega ekki umrædda brtt. í þeim brtt. sem við fórum yfir í sambandi við fjárlögin fyrir jól og notaði því plagg sem var orðið úrelt. Ég er mjög ánægð að það skuli þó vera þessi hækkun til kennslumiðstöðvarinnar sem ég var búin að gleyma.

Það hefur orðið hækkun, það er rétt. En vegna þessarar auknu skyldu sem lögð er á herðar Námsgagnastofnunar um dreifingu námsefnis um landið þá þurfum við, tel ég, að reyna að gera enn betur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Saga íslenskra búnaðarhátta, þáltill. 151. mál (þskj. 156). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 156 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi þáltill. ásamt hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinssyni, hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfi Konráð Jónssyni, hv. 3. landsk. þm. Málmfríði Sigurðardóttur, hv. 8. landsk. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur, hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni og hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir ráðstöfunum sem tryggi vísindalegar rannsóknir og ritun á sögu og þróun íslenskra búnaðarhátta."

Till. þessi var flutt í nóv. s. l. Eftir það hafa fjárlög verið afgreidd og þar mun hafa verið komið til móts við þessa till. og því tryggt að þegar á þessu ári mun málið tekið upp og fagna ég því. Þar trúi ég að búnaðarþingsfulltrúinn, hv. 11. landsk. þm., hafi lagt sitt góða lóð á vogarskálarnar og tryggt að þetta þarfa mál náði fram á

fjárlögum þess árs. Viljayfirlýsing Alþingis almennt um þetta mál væri þó engu að síður af hinu góða.

Þó ekki væri nema til að rekja aðdraganda málsins og uppistöðu er rétt að fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum. Með ályktunargreininni er prentuð sem fskj. samþykkt Búnaðarþings frá 1984, en sú samþykkt er í beinu framhaldi af umfjöllun Búnaðarþings um þetta mál og þá sérstaklega í framhaldi af erindi Árna Björnssonar þjóðháttafræðings á Búnaðarþingi um nauðsyn þessa verks. Ég læt nægja hér að vitna til þess erindis og þarf ekki fleiri orð þar um.

Árni rakti í erindi sínu gagnmerkt starf Lúðvíks Kristjánssonar og rit hans Íslenska sjávarhætti, tilurð þess verks og stuðnings Alþingis við það. Orðrétt segir Árni svo í framhaldi af því og ég tek aðeins hluta af hans erindi, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaður og sjávarútvegur, eða nánar tiltekið kvikfjárrækt og fiskveiðar, eru hinar hefðbundnu atvinnugreinar okkar Íslendinga. Bændum og fiskimönnum hefur hins vegar farið mjög fækkandi á þessari öld miðað við aðra atvinnuhópa og áfram virðist stefna í þá átt með síaukinni tækni. Nú skal þeirri spurningu varpað fram hvort fulltrúum bænda og bændum almennt þyki ekki við hæfi að við eignumst með tímanum og áður en það verður um seinan sambærilegt ritverk um íslenska búnaðarhætti og nú er svo gott sem orðið veruleiki varðandi íslenska sjávarhætti.

Það ætti að vera vel gerlegt og tiltölulega auðvelt að hrinda þessu í framkvæmd ef vilji er til og skipulega að verki staðið. Það bráðliggur á að hefjast handa meðan enn eru til menn sem þekkja gamla búskaparhætti af eigin raun og þurfa því ekki að lesa sér til um sjálfsögðustu hluti af bókum, en eru þó enn í nægu fjöri til að vinna verkið á næstu einum til tveim áratugum.

Nú á 9. tug 20. aldar hlýtur slíkur maður nánast að vera kominn um sextugt a. m. k. og sé gert ráð fyrir álíka meðgöngutíma og var um sjávarhættina þyrfti sá maður helst að enda um áttrætt. Rétt er þó að gera sér ljóst að sennilega þyrfti höfundur vísindarits um íslenska búnaðarhætti ekki að eyða jafnlöngum tíma í könnun frumheimilda og Lúðvík Kristjánsson þurfti. Það er a. m. k. miklu meira prentað mál til á víð og dreif um íslenska búnaðarhætti en sjávarhætti allar götur frá bókum Björns í Sauðlauksdal og ritum Lærdómslistafélagsins á 18. öld til búnaðarritanna og bændablaðanna á 19. og 20. öld. Og íslenskir bændur hafa að jafnaði skrifað meira um eigin hagi en sjómenn hvað sem veldur.

Þá er þess að geta að á síðasta aldarfjórðungi hefur þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands fengið þúsundir af svörum við tugum sérstakra spurningalista um vinnubrögð í sveitum frá mörgum hundruðum heimildarmanna hvaðanæva af landinu. Blaðsíðufjöldi þessara heimilda skiptir þegar mörgum tugum þúsunda, en helstu heimildarmennirnir voru fæddir laust eftir 1870.

Kristján Eldjárn þjóðminjavörður hratt þessari heimildasöfnun af stað á sínum tíma en Þórður Tómasson safnvörður í Skógum undir Eyjafjöllum hefur samið flestar spurningaskrárnar frá upphafi enda mun leitun að núlifandi manni sem hefur eins alhliða þekkingu á öllum sviðum verklegrar og andlegrar bændamenningar á Íslandi og er jafnframt eins fær um að gera öðrum þessa þekkingu auðskiljanlega. Það liggur því þegar fyrir geysimikið efni sem mest á eftir að vinna úr og væntanlegur höfundur hefði nokkurt forskot þar sem búið er að inna af hendi talsvert af undirbúningsstarfi sem vinna þurfti frá grunni varðandi sjávarhættina. En það er áreiðanlega eins gott að unnið sé úr þessum heimildum af manni sem skilur það tungumál og þau orðtök sem heimildarbændurnir nota í svörum sínum. Þrátt fyrir mikið efni á víð og dreif eru enn margar eyður sem fylla þarf í af manni sem skilur og veit hvar þessar eyður eru. Það er nefnilega óvíst að menn geri sér þær eyður ljósar eftir fáeina áratugi. Svo gersamlega geta einstakir tímabundnir atvinnuhættir og vinnubrögð fallið í gleymsku með sinni kynslóð."

Síðan segir Árni Björnsson hér í lokin: „Hér er ekki lagt til að bændasamtökin sjálf ráði mann á borð við Þórð Tómasson til að semja slíkt vísindarit á næstu áratugum þótt út af fyrir sig væri þeim ekki nema sómi að því. Það voru heldur ekki samtök sjómanna og útgerðarmanna sem endanlega réðu mann til að skrifa vísindarit um sjávarhætti. Það gerði Alþingi sjálft, enda er ekki nema sanngjarnt að öll þjóðin fjármagni slík stórvirki um þá undirstöðuatvinnuvegi sem allt líf þjóðarinnar hefur verið reist á í 1000 ár. Því er löngu orðið tímabært að Alþingi veiti fræðimanni sams konar rannsóknaraðstöðu vegna íslenskra búnaðarhátta og gert var varðandi íslenska sjávarhætti fyrir tveim áratugum. Þótt mikið sé kvartað um slæmt ástand í þjóðarbúskapnum nú um stundir eins og ævinlega þurfa menn ekki að vera langminnugir til að glöggva sig á að það var líka kveinað sáran yfir ástandi þjóðarskútunnar árið 1964. Það er hins vegar óyggjandi að þrátt fyrir allt eru Íslendingar enn auðugri nú en þá."

Við þetta er engu að bæta öðru en því að fagna á ný afgreiðslu fjvn. og Alþingis í fjárlögum þessa árs. Samþykkt slíkrar till. sem þessarar væri þá enn frekari áréttíng og áherðing þessa og því eðlilegt að hún fái þinglega meðferð og verði vísað að loknum þessum hluta umr. til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, þáltill. 202. mál (þskj. 231). — Ein umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ásamt hv. 4. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur, hv. 6. landsk. þm. Karli Steinari Guðnasyni, hv. 4. landsk. þm. Guðmundi Einarssyni og hv. 7. landsk. þm. Kristínu Halldórsdóttur flyt ég á þskj. 706 svohljóðandi þáltill. um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela Skógrækt ríkisins í samráði við sveitarfélög og félagssamtök á Suðurnesjum að kanna hvaða landsvæði í eigu þessara aðila eru hæf til ræktunar trjágróðurs. Ef slík svæði reynast hæf til skóg- og trjáræktar leiti Skógræktin eftir samningum við þau sveitarfélög og félagasamtök á þessum slóðum um sérstakt átak til slíkrar ræktunar þar sem aðstæður eru bestar."

Á undanförnum árum hefur mjög vaxið áhugi fólks á því að fegra umhverfi bústaða sinna með gróðri. Sveitarfélög hafa breytt um svip frá því sem áður var með stórauknu ræktunarstarfi, bæði á íbúðarlóðum einstaklinga og vegna framkvæmda sveitarstjórna við

almenningssvæði í þorpum og bæjum. Víst er að margur maðurinn telur að nánasta umhverfi þess sveitarfélags sem hann býr í sé talsverður hluti af öllu því sem hann metur sem jákvæða eða neikvæða þætti varðandi búsetu á viðkomandi stað. Víða hagar svo til að umgjörð byggðar í næsta nágrenni er svo frá náttúrunnar hendi að ekki þarf úr að bæta. Ekki er annars þörf en að vernda umhverfið fyrir of miklum ágangi búfjár og tryggja að athafnasemi manna, bygging mannvirkja, spilli ekki svæðinu.

En jafnvel hér umhverfis höfuðborgina og næstu byggðarlög, þar sem er Heiðmörk og víður Reykjanesfólkvangurinn allur, hefur þó verið talin ástæða til þess að bæta um betur með verulegu átaki í skóg- og trjárækt. Sér þess rækilega merki þegar vel viðrar til útivistar að íbúar á þessu svæði kunna vel að meta það sem gert hefur verið og æ fleiri leita um helgar og í frítímum á vit þessara gróðursvæða, helst þangað sem trjágróðurinn er.

En það hagar ekki alls staðar eins um vistlegt umhverfi hið næsta mannabyggð. Á Suðurnesjum, sem þessi þáltill. fjallar um, þykir mörgum umhverfi byggðarlaga berangurslegt og nakið og ýmsir kunna að telja að þar sé í öfugu hlutfalli annars vegar þörfin á aðgerðum til að bæta úr því sem á skortir í þessu efni frá náttúrunnar hendi og á hinn bóginn möguleikarnir á því að úr verði bætt með tilstyrk ræktunar.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1984 segir Hörður Kristinsson prófessor m. a. svo um gróðurskilyrði á Reykjanesskaga, með leyfi hæstv. forseta:

„Loftslagið er dæmigert úthafsloftslag eins og það gerist hvað mest hér á landi. Það hefur þá kosti að vera fremur milt ef litið er á árið allt og meðalhiti nokkuð hár. Einkum eru veturnir mildir og vaxtartími verður því lengri vor og haust en víða gerist annars staðar á landinu og er það ýmsum plöntum í hag. Hins vegar eru heitir og sólríkir sumardagar fáir og vindurinn sem fylgir þessu loftslagi rýrir skilyrðin verulega."

Í grein Harðar eru raktar breytingar sem orðið hafa á gróðri á þessu svæði vegna viðartöku og kolagerðar. En í úttektarskýrslu, sem birt er í áliti um landgræðsluáætlun 1974—1978, kemur fram að um mikla lyng- og hrístekju hefur verið að ræða í mið- og vesturhluta Gullbringusýslu allt fram á árið 1918.

Á síðari árum hefur margt verið gert til þess að snúa þróuninni við. Frá árinu 1968 hafa sveitarfélög á Suðurnesjum ásamt félagssamtökum þar grætt upp örfoka land svo að skiptir hundruðum hektara. Í upphafi háði það starfinu að erfitt var að verja þessi svæði ágangi sauðfjár, en eftir að landið sunnan Voga á Vatnsleysuströnd og vestan Grindavíkur, um 35 þús. hektara, var girt árið 1977 og friðað fyrir sauðfjárbeit hefur ræktunarstarfið skilað miklum árangri og landið breytt um svip á stóru svæði. En á því landi, sem nú hefur verið friðað fyrir ágangi sauðfjár, voru veturinn 1971—1972 ríflega 3600 fjár á fóðrum. Hafa Suðurnesjamenn þannig gert mjög raunhæfar og árangursríkar ráðstafanir til landverndar og landgræðslu.

Að dómi okkar flm. þessarar þáltill., sem hér er til umr., þyrfti að fylgja þessum mikilsverðu aðgerðum eftir með tilraunum til þess að koma upp helst sem næst sjávarplássunum skjólbeltum, runnum eða öðrum trjágróðri sem gerði umhverfið hlýlegra og rækta upp trjágróður þar sem með tíð og tíma gæti orðið útivistarsvæði fyrir íbúana. Hér er án efa um erfitt verkefni að ræða vegna skjólleysis á þessu svæði og nálægðar við sjó. Þó var það svo að jafnvel á Miðnesheiði óx áður kjarr af víði og birki allt þar til hrís- og lyngtekja og ágangur sauðfjár eyddi þessum gróðri.

Nú er ástæða til að fylgja eftir þeim gróðurverndarstörfum sem þegar hafa verið unnin með friðun og sáningu og kanna hvar helst mætti bæta umhverfið enn með ræktun trjágróðurs. Þótt verkefnið kunni að vera erfitt eykur það bjartsýni að einstaklingum hefur tekist býsna vel að ná árangri í ræktunarstörfum á íbúðarhúsalóðum, jafnvel niður við sjóinn og kunnáttu í trjá- og skógrækt hefur fleygt fram hin síðustu ár. Til þess að árangurs sé að vænta þarf að standa skipulega að starfi og því leggjum við flm. til að Skógrækt ríkisins verði í samráði við sveitarfélög og félagssamtök á Suðurnesjum falið að kanna hvaða landssvæði í eigu þessara aðila eru hæf til ræktunar trjágróðurs. Ef könnunin ber árangur, þá leiti Skógræktin eftir samningum við sveitarfélög og félagssamtök um sameiginlegt átak til slíkrar ræktunar þar sem aðstæður reynast bestar.

Við teljum að því fjármagni, sem þjóðin ver til starfsemi Skógræktar ríkisins, eigi ekki hvað síst að verja til þess að bæta og fegra það umhverfi sem landsmenn eru í nánastri snertingu við í daglegu lífi, þ. e. að gera umhverfi bæja og þorpa hlýlegra og þá helst þar sem berangurinn er. Við teljum að á Suðurnesjum sé þörf á aðgerðum í þessum efnum og eðlilegt að komið sé til móts við aðila sem svo mikið hafa lagt af mörkum til landverndar sem gert hefur verið á Suðurnesjum með friðun 35 þús. hektara landsvæðis, sem áður var undirorpið eyðingu. Við teljum einnig að það mæli með aðgerðum að það land, sem kynni að reynast hæft til trjáræktar, er þegar afgirt fyrir sauðfé.

Það er vitað að hér yrði um erfitt verkefni að ræða, en von um árangur í starfi að fegrun næsta umhverfis sjávarplássa og hlýlegra umhverfi fyrir íbúana er þess virði að tilraun sé gerð til að sigrast á þeim erfiðleikum. Það er einnig ljóst að það tekur langan tíma að ná árangri, en þeim mun meiri ástæða er til að hefjast handa sem fyrst. Áratugur eða áratugir eru ekki langur tími í sögu sveitarfélaga. Aðalatriðið er í hvora áttina þróunin gengur, til eyðingar eða til uppgræðslu og fegrunar. Það þarf að hefjast handa um framkvæmdir sem tryggja að tíminn vinni ekki lengur með eyðingaröflunum, heldur gróðurvextinum og uppgræðslunni. Þann sama tíma, sem nú og á næstunni nýtist til gróðuraukningar á því stóra landssvæði sem friðað hefur verið á Suðurnesjum, þarf einnig um leið að nýta til þess að gera tilraun innan þessa girta svæðis til að koma upp trjágróðri til skjóls og prýði við sjávarplássið. Jafnframt því að bæta umhverfið og færa íbúunum vísi að útivistarsvæðum gæti plöntun og umhirða trjágróðurs að sumarlagi orðið nokkurt verkefni fyrir börn og unglinga á þessum slóðum. Einmitt slík ræktunarstörf eru mikilsverður þáttur í jákvæðu uppeldi svo sem mjög er þörf á um þessar mundir.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn. Ég veit að þar hafnar hún í höndum góðra manna sem sjá til þess að hún hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannafé til tækifærisgjafa, þáltill. 215. mál (þskj. 254). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Eiði Guðnasyni og Kristínu Halldórsdóttur. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannafjár til tækifærisgjafa hjá stofnunum í eigu ríkisins."

Till. þessi var lögð fram á síðasta þingi en komst þá aldrei til umr. Tilefni hennar þegar hún var lögð fram var að opinberum embættismanni hafði þá nýlega verið gefin afmælisgjöf sem greidd var af opinberu fé sem lætur nærri að þá hafi numið um 4—5 árslaunum verkafólks fyrir dagvinnu. Þegar slíkt er upplýst hlýtur það að vera orðið tímabært að settar séu reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Til upplýsinga fyrir nefndina, sem fær þetta mál til meðferðar og hv. þm., fylgir nú með í grg. hvernig með slíkar gjafir er farið í Noregi og Danmörku, en eins og þar kemur fram eru tækifærisgjöfum þar settar mjög þröngar skorður og ákveðinn rammi og má segja, að slíkar gjafir séu að jafnaði ekki meiri að verðmæti en frá 1—5 þús. ísl. kr. Þar þekkist líka víða að settar eru reglur sem banna embættismönnum og stjórnmálamönnum að þiggja gjafir frá viðskipta- og hagsmunaaðilum í tengslum við störf sín. Þó að það sé ekki lagt til í þessari till. er þetta sett hér fram til ábendinga og umhugsunar fyrir þá nefnd sem málið fær til meðferðar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa till. Það liggur ljóst fyrir og kemur skýrt fram, hvert tilefnið er með flutningi þessarar till. og legg ég til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vaxtafrádráttur til jöfnunar húsnæðiskostnaðar, þáltill. 231. mál (þskj. 290). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um athugun á vaxtafrádrætti til jöfnunar á húsnæðiskostnaði, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Karl Steinar Guðnason. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvernig skattafrádráttur vegna vaxtagjalda nýtist húsbyggjendum og íbúðakaupendum til jöfnunar á húsnæðiskostnaði með tilliti til mismunandi tekna og fasteignaveðskulda. Jafnframt skal á grundvelli könnunarinnar lagt á það mat hvort þennan frádrátt megi nýta betur eftir öðrum leiðum með það að markmiði að ná meiri jöfnun í húsnæðiskostnaði húsbyggjenda og íbúðakaupenda. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við upphaf næsta þings."

Það er ljóst að vaxtabyrði er gífurleg hjá húsbyggjendum og íbúðakaupendum, ekki síst fyrstu árin þegar oft þarf að brúa stóran hluta af kostnaðinum með skammtímalánum úr bankakerfinu. Þó ekki sé um það deilt að það sé eðlilegt að fara þá leið að veita skattaívilnanir vegna öflunar á eigin húsnæði til þess að auðvelda fólki að eignast húsnæði hefur minna verið hugsað um hversu áhrifarík eða réttlát þessi leið er til jöfnunar á húsnæðiskostnaði. Í yfirliti yfir tekju- og frádráttarliði í skattframtölum frá ríkisskattstjóra vegna álagningar 1984 kemur fram að vaxtagjöld til frádráttar vegna álagningar 1984 nema samtals 1 milljarði 241 millj. rúmri og ná til 16 480 framteljenda.

Vaxtagjöld til frádráttar eru vextir af fasteignaveðskuldum teknum til tveggja ára eða lengur til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og til endurbóta á því og eru vaxtagjöldin frádráttarbær á næstu þrem árum frá og með kaupári íbúðarhúsnæðis og næstu sex árum frá og með byggingarári. Ljóst er að þegar á árinu 1984 eru tæplega 1 milljarður og 300 millj. frádráttarbær til tekjuskatts vegna vaxtagjalda. Þá vaknar sú spurning hvort nýta megi þessa fjármuni sem ríkissjóður verður af vegna þessa eftir öðrum leiðum sem hefði þau áhrif að sú opinbera aðstoð, sem þannig er veitt í formi niðurgreiddra vaxta, nýtist betur til jöfnunar til þeirra sem eru að afla sér húsnæðis.

Í grg. með þessari þáltill. er sýnd tafla um hvernig óafturkræf framlög ríkisins til jöfnunar húsnæðiskostnaðar er háttað á hinum Norðurlöndunum. Þær upplýsingar, sem hér koma fram, eru þannig til komnar að ég fór þess á leit við Húsnæðisstofnun ríkisins að fá lýsingu á fyrirkomulagi fjármögnunar og valkostum í húsnæðismálum á Norðurlöndum og var þess sérstaklega óskað að fá samanburð milli landa um áætlaða styrki til húsnæðismála úr opinberum sjóðum. Húsnæðisstofnunin fól Inga Val Jóhannssyni að svara beiðninni, en við upplýsingavinnslu hans vegna þessa máls kemur margt athyglisvert í ljós að því er þennan þátt varðar sem hér er til umr. og reyndar fleiri þætti sem snerta fyrirkomulag húsnæðisfjármögnunar á Norðurlöndum. Þar kemur til að mynda fram að Danir veita hlutfallslega mest af sinni aðstoð í formi skattalækkunar vegna vaxta af húsnæðislánum, eða full 78% af heildarstyrkjum ársins 1978. Tilsvarandi hlutfall í Noregi var 60%, 41% í Svíþjóð og 26% í Finnlandi.

Í töflunni kemur fram að niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar með skattalækkun var í Danmörku á árinu 1979 11 millj. 600 þús. danskar krónur og 6 millj. 400 þús. sænskar krónur. Rannsóknir á skattalækkunum annars staðar á Norðurlöndum vegna vaxta af húsnæðislánum sýna að þessi óbeina aðstoð fer að mestu leyti til hátekjufólks. Vegna aukinnar verðbólgu víðast hvar hefur vaxtaprósentan hækkað og leitt til meiri skattalækkunar. Niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði með skattaafslætti er í raun orðin umfangsmesti liður aðstoðar við húsnæðisneyslu á Norðurlöndum.

Þeirri könnun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, er ætlað að leiða í ljós hvort þessi niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði hér á landi í formi skattafrádráttar vegna vaxtagjalda fari að miklu leyti til hátekjufólks eins og rannsóknir hafa sýnt að á sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Komi það í ljós hlýtur að vera eðlilegt að leitað sé annarra leiða til að nýta þetta fjármagn í því skyni að ná fram meiri jöfnuði í niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur.

Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er í raun tvíþættur, annars vegar að leiða í ljós hvernig vaxtafrádráttur nýtist einstökum tekjuhópum og hins vegar að kannað verði hvort haga beri niðurgreiðslum vegna

húsnæðiskostnaðar með skattalækkun með öðrum hætti til að ná því markmiði að opinber aðstoð við öflun íbúðarhúsnæðis komi sem jafnast niður í hlut þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál nema tilefni gefist til og legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 42. fundur.

Mánudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 464). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 464. Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn 18 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati rn. uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir því á undanförnum árum.

Í fyrri mgr. 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu árin, en í síðari mgr. 2. gr. er um nýmæli að ræða. Eftir að Alþingi hvarf frá skilyrðislausri kröfu um að taka upp íslenskt nafn hefur það vakið óánægju hjá nokkrum þeirra, sem áður höfðu verið skyldaðir til þess, sérstaklega hjá þeim sem haldið hafa áfram að nota sitt fyrra nafn og það jafnvel í opinberum skilríkjum. Hér er því sett fram till. um það að þeir, sem þess óska, geti fyrir lok þessa árs fengið nafni sínu breytt á ný og haldið sínu upphaflega nafni í samræmi við ákvæði fyrra málsliðar. Þess er varla að vænta að margir muni nýta sér þetta ákvæði, þó að lögum verði, en það er nokkrum einstaklingum mikið áhugamál að eiga kost á þessu.

Ég vænti þess að nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, muni athuga þessa tillögu vel og hvort hún geti ekki fallist á það skammtímaákvæði sem hér er lagt til.

Enn fremur mun nefndin að venju fá margar umsóknir sem rn. hafa borist og ekki uppfylla öll þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Í þeim hópi munu vera einhverjir sem orðnir eru hér rótgrónir og sótt er eftir að fá til starfa. Hlýtur því að koma til athugunar hjá nefndinni hvort fært sé að gera einhverjar breytingar á fyrri reglu.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda, þáltill. 280. mál (þskj. 460). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hagnýting Seðlabankahúss, þáltill. 281. mál (þskj. 461). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áfengislög, frv. 111. mál (þskj. 115, n. 458). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133, n. 457). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Þetta mál hefur áður borið á góma hér í þessari hv. deild. Það var á síðasta ári. Þá var það samþykkt hér en náði eigi fram að ganga í gegnum hv. Nd. Frv. var síðan endurflutt nú á haustdögum.

Allshn. hefur lokið sinni umfjöllun um það og er það samdóma álit nm. að mæla með því að frv. verði samþykkt. Það felur í sér í sem skemmstu máli að heimilt verði að beita sektarákvæðum láti menn í framsæti bifreiðar það undir höfuð leggjast að nota öryggisbelti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 388). — Frh. 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Þetta verða ekki mörg orð af minni hálfu, aðeins nokkrar athugasemdir og spurningar um leið til hæstv. fjmrh. Ég minnti á það hér á dögunum að eðlilegt væri að umfjöllun um þessi mál við 1. umr. færi fram eftir að hæstv. ríkisstj. hefði sýnt sínar víðtæku efnahagsráðstafanir, sem hún hefur nú gert, en mönnum reyndar ekki veist ýkja langur tími til að skoða og kanna í hverju eru fólgnar. Hafði ég því jafnvel vænst þess að menn fengju betra ráðrúm til að kynna sér þær, einmitt í tengslum við þessa lánsfjáráætlun, lengra ráðrúm til þess en hefur þegar gefist, áður en 1. umr. um þessi mál færi fram. Hins vegar eru nokkur atriði, sem hafa komið fram í þessari tilkynningu ríkisstj. sem hefur verið kynnt stjórnarandstöðuflokkunum, sem kalla á spurningar einmitt nátengdar þessu máli.

Talsmaður Alþb. í þessum málum, hv. þm. Ragnar Arnalds, er nú fjarri. Hann á sæti í þeirri nefnd sem um málið fjallar og mun fá það þar til meðferðar. Málið fær svo frekari umr. hér við 2. umr. þegar einnig liggur ljóst fyrir hvernig á hinum einstöku þáttum muni verða tekið.

Vitanlega er hér um eitt stærsta mál hvers þings að ræða, þar sem eru fjárfestingar ríkisins og lántökur til þeirra og því full þörf á að hafa um það vandaðri umr. en a. m. k. ég er þess umkominn að hafa á þessu stigi.

Annars vegar er rétt að gera athugun nokkra á þeim skerðingarákvæðum, sem í frv. felast, en við vitum að þau eru þegar í fjárlögum. Fjárlög hafa þegar ákveðið þessi skerðingarákvæði, þ. e. ekki lögfest þau. Þau þarf að lögfesta með þessum hætti, en það er greinilegt að þegar er búið að ganga frá í fjárlögum framlögum til hinna ýmsu málaflokka sem skipta mjög miklu máli. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Þórður Skúlason, kom hér á dögunum inn á þau ákvæði t. d. sem snerta sérstaklega sveitarfélögin og þarf ég ekki neinu þar við að bæta.

Í raun og veru væru öll þau atriði umhugsunarverð og umræðuverð. En ég vék hér í stuttu framhjáhlaupi á dögunum að Kvikmyndasjóði og það mál er vissulega nú í sviðsljósinu í þess orðs fyllstu merkingu og fullyrðingar um frekari framlög í Kvikmyndasjóð ganga þar nokkuð á víxl. Hæstv. fjmrh. aftók hins vegar í stuttu svari að það mál væri á borðum ríkisstj., Alþingi hefði tekið sína ákvörðun. Það er rétt. Alþingi hefur tekið sína ákvörðun um framlag í Kvikmyndasjóð. Hins vegar ganga yfirlýsingar annarra ráðherra nokkuð á víxl miðað við þessa fullyrðingu og það er haft eftir ýmsum mönnum, sem þar eru innst í búri, að von sé nú á frekari framlögum með aukafjárveitingum í Kvikmyndasjóð til þess m. a. að mæta þeim brýnu verkefnum sem þar bíða og koma eitthvað til móts við nýsamþykkt lög um þennan sjóð. En það virðast sem sagt ekki allir ráðherrar vera á sama máli því að öðru hverju er verið að ýja að þessu. Hins vegar trúi ég alveg hæstv. fjmrh. þegar hann segir að málið sé hreinlega ekki til meðferðar hjá hæstv. ríkisstj. og ekkert á döfinni um að bæta úr hneykslanlegri ákvörðun Alþingis nú fyrir jólin. Ég trúi hæstv. ráðh. í þessu efni og reikna með að hitt sé bara gert til að friða ákveðnar sálir og segja þeim rangt til um hver sannleikurinn í málinu sé og upphæðin muni verða óbreytt eins og hæstv. fjmrh. hefur hér fullyrt.

Nú gengur hæstv. menntmrh. í salinn og ég veit að frá hennar embættismönnum hafa komið yfirlýsingar um að Kvikmyndasjóður mundi fá meira fé. En hæstv. fjmrh. upplýsti það hér úr þessum ræðustól að Alþingi hefði tekið sína ákvörðun og málið um Kvikmyndasjóð væri ekki á borðum ríkisstj. eða til afgreiðslu þar. Og meðan annað kemur ekki fram hlýt ég að taka þau orð trúanleg enda hæstv. fjmrh. óvanur því að fara með fleipur.

Ég vildi aðeins gera 16. gr. þessa frv. að umræðuefni, ekki þó löngu, vegna þess að frv. hefur þegar verið rætt það ítarlega á Alþingi að þess gerist ekki þörf. Það varðar framlögin til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það segir að vísu ekki nema hluta af því dæmi vegna þess að við fjárlagaafgreiðsluna var framlaginu nokkuð breytt varðandi Erfðafjársjóð, en framlög til Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti voru hækkuð úr 19 í 25 millj. við afgreiðslu fjárlaga enda eðlilegt að allur erfðafjárskatturinn sé látinn renna til þessa verkefnis svo sem lög segja til um.

Það var upplýst fyrir jólin, skv. því sem landssamtökin Þroskahjálp höfðu gefið frá sér, að framlagið á fjárlögum nú væri aðeins um 48% þess sem lögákveðið væri að því er þeir best sæju. Eg efa ekki að þessar tölur séu nokkuð réttar, enda hef ég ekki séð þeim mótmælt og ég veit að vandi þeirrar stjórnarnefndar sem nú er að úthluta úr Framkvæmdasjóði fatlaðra er gífurlegur. Þar er mér sagt af stjórnarmönnum að vandinn mundi verða miklu minni eða ekki verða eins áberandi mikill og ekki kæmi til niðurskurðar eins og útlit er fyrir nú ef þarna fengjust 15—20 millj. kr. til viðbótar þeim 65 millj. kr., sem samtals eru til ráðstöfunar. Hér er eingöngu um að ræða framhald verkefna sem þegar eru í gangi, því það er rétt að á vegum sjóðsins er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum framkvæmdum. Til þess er ekki fé og við skulum taka það gott og gilt að ekki séu hafnar nýjar framkvæmdir í þessum brýna málaflokki meðan efnahagsástand er ekki gott. Engu að síður verður að ætlast til þess að séð verði fyrir því að hægt sé að halda áfram við þær framkvæmdir, sem þegar eru í gangi. Ég hef því leyft mér að bera fram brtt. við 16. gr. frv. um að í stað 40 millj., sem þar eru ákveði um, verði 60 millj. Ég reikna með því að þær 20 millj. sem þar mundu bætast við — og þá með aukafjárveitingu eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, með því móti mundi stjórnarnefndin geta nokkurn veginn séð um brýnasta fé í þær framkvæmdir sem eru í gangi.

En aðalumræðuefnið, sem ætti nú að vera, er nátengt þeim yfirlýsingum sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið frá sér um væntanlegar efnahagsráðstafanir. Þar er talað um 1000 millj. kr. niðurskurð á erlendu lánsfé, sem tilkynnt var um helgina. Við vitum að eftir þann darraðardans sem hefur verið í kringum þá ágætu stofnun Landsvirkjun, sem að undanförnu hefur verið mest í umræðum manna, hefur áætlun þeirrar stofnunar verið skorin niður um 200—250 eða jafnvel 350 millj., segja sumir, frá því sem ráð er fyrir gert í þessari lánsfjáráætlun. Ef við reiknum með 250 millj. sem líklegri tölu, þá standa eftir 750 millj. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað er það sem ríkisstj. hyggst helst skera í framhaldi af þessu? Eru það Rafmagnsveitur ríkisins? Ég á von á því að þær séu inni í þessari mynd. Eða hvaða liðir aðrir eiga að fylla þessa býsna stóru tölu sem þarna vantar upp á þegar Landsvirkjun er reiknuð frá með 250 millj. kr. lækkun? Hvar á helst af að taka?

Lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir 708 millj. kr. í F-lán Húsnæðisstofnunar og veitir sjálfsagt ekki af. Tilkynnt er nú að veita eigi 150—200 millj. kr., að mér skilst, til að bjarga þeim sem hafa verið að byggja hús sín á undanförnum árum, 150—200 millj. kr. til G-lánakerfisins til kaupa á eldri íbúðum alveg sérstaklega, ef ég hef skilið rétt. Það hlýtur að þýða að mínu mati, að lántökurnar, 708 millj. í F-lán Húsnæðisstofnunar, muni lækka að sama skapi um þessa upphæð, og að það verði þeim mun minna fjármagn til ráðstöfunar í þann lánaflokk, þ. e. í ný lán. Um þetta væri líka fróðlegt að fá upplýsingar án þess að ég ætli að fara út í neina efnislega umr. um húsnæðismálin í heild sinni.

En þegar ríkisstj. hefur nú verið að fjalla um þessi mál svo ítarlega sem hún hefur gert og fengið til sín færustu ráðgjafa, þá eru örugglega nokkrar tölur sem er mjög auðvelt fyrir hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir við þessa umr. T. d. hverjar verða hinar erlendu skuldir í lok ársins að mati ríkisstj., að gerðum þessum ráðstöfunum sem nú eru boðaðar. Og þá spyr ég í fyrsta lagi: Hvað verða þær mikið hlutfall af þjóðarframleiðslu í lok ársins? Og hve mikill hluti lækkunarinnar í hlutfalli stafar af því að loðnuveiðin verður meiri? Því að í þessu efni er afgerandi hið mikla gjaldeyrismagn sem fæst fyrir loðnuafurðir en þær verða greinilega miklu meiri en gert var ráð fyrir í upphafi ársins og við afgreiðslu fjárlaga. Og þá er spurt í framhaldi af því hver upphæð erlendra skulda muni verða í lok ársins. Þannig mætti

áfram spyrja einnig um gjaldeyriseignina. Hvað áætlar ríkisstj. að gjaldeyriseignin verði mikil í lok ársins eftir að hún hefur gert þessar ráðstafanir? Þær tölur eru örugglega á hraðbergi hjá hæstv. ráðh. og þá alveg sérstaklega hver hún er núna í upphafi ársins. Um það hef ég ekki heldur tölur.

Þessar spurningar og margar fleiri vakna við lestur þeirra tilkynninga sem við höfum fengið, þó aðallega í gegnum fjölmiðlana, frá hæstv. ríkisstj., vegna þess að ég er ekki viss um að þessar ráðstafanir í heild sinni séu enn þá það opinberar að menn megi fara með þær hér í ræðustól. A. m. k. þegar ég er með plagg sem á stendur Trúnaðarmál, þá reikna ég með að það sé enn þá svo og ætla þess vegna ekki að vitna í það beint, þó að vel kunni að vera að innsiglið hafi verið rofið um leið og hæstv. ráðherrar gerðu grein fyrir þeim á fréttamannafundi. Þá væri full ástæða til að fara ofan í ótalmarga hluti sem í því plaggi standa. En það verður geymt til seinni tíma. En við þessum spurningum væri öllum hollt að fá svör við núna í upphafi þessarar umr., áður en málið fer til nefndar og fær sína umfjöllun, og þær frekari tillögur sem hæstv. ríkisstj. hlýtur að ætla að gera um meðferð þessa máls. Því að eins og það liggur fyrir okkur núna getur varla nokkur tala verið marktæk. Það hlýtur að eiga eftir að endurskoða flestar eða allar tölur sem í þessari lánsfjáráætlun eru og lækka þær til samræmis við það sem boðað hefur verið. Því hefði ég talið að heppilegt hefði verið fyrir þingheim allan, bæði stjórn og stjórnarandstöðu, að ríkisstj. hefði getað lagt fram plagg um fyrirætlanir sínar úr því að hún er búin að vinna svo vel í þessu máli sem raun ber vitni á undanförnum dögum og hefur náð svo ágætu samkomulagi um það sem gera skal, fullkomnu samkomulagi allra stjórnarþm. að manni skilst. Að hún hefði lagt fram skrá um það hvað ætti að breytast í frv. og í þeirri lánsfjáráætlun sem við erum nú að fjalla um við 1. umr. en vitum í raun og veru ekki um hvað fjallar fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég get verið stuttorður um þetta mál þó að stórmál sé hér á ferðinni. Staðreyndin er sú að þetta frv. sem hér liggur fyrir og við erum að ræða, frv. til lánsfjárlaga, er ómark. Það er ekkert að marka þær tölur sem standa í þessu frv. Frá því að frv. hefur verið samið eða prentað er búið að gera margvíslegar ráðstafanir, gefa alls konar yfirlýsingar og þær tölur sem hér eru eiga ekki við lengur. A. m. k. gildir það um langflestar þeirra. Þess vegna hefði verið eðlilegast að hæstv. fjmrh. hefði aldrei lagt þetta plagg fram í þessari mynd, eða þá hann tæki það til baka með einhverjum hætti og legði fram nýtt frv. sem væri talnalega séð nær þeim veruleika sem er verið að fást við í dag. Hv. 2. þm. Austurl. rakti ýmis dæmi um þetta. Hann minntist m. a. á Kvikmyndasjóð þar sem fjmrh. segir eitt og hæstv. menntmrh. segir allt annað. Hann minntist einnig á Landsvirkjun og þær breytingar sem þar hafa orðið. Og síðan þessar svokölluðu efnahagsráðstafanir ríkisstj. sem auðvitað snerta þetta mál á mörgum flötum.

Ég ætla því ekki, virðulegi forseti, að fara að eyða tíma deildarinnar í að ræða plagg sem er markleysa. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar og verður frv. að fá þar mjög gagngera skoðun, sérstaklega í ljósi þess hve vitlaust það er. Ég veit að okkur mun ganga það verk vel undir ötulli verkstjórn hv. 4. þm. Norðurl. v.

En sæmst hefði verið að ráðh. drægi þetta mál til baka og léti endurprenta frv. með þeim breytingum sem þegar er vitað um. Það er tómt mál að vera að tala um þetta plagg og leggja út af þeim tölum sem hér eru, það er bara tímasóun fyrir alla sem hlut eiga að máli. Annaðhvort er að koma með plagg sem er í samræmi við veruleikann eða að setja þetta mál strax til nefndar og byrja á því að endurskoða það og draga fram stærstu vitleysurnar ef vera kynni að unnt væri að leiðrétta þær.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að þetta er orðið úrelt plagg. Hér er reiknað með 9 milljörðum 868 millj. kr. lántökum en hæstv. ráðh. hefur upplýst að undanförnu að hann ætli að skera þetta niður um 1000 millj. Það er ekkert smáræði sem hér er um að ræða. Það vekur mann til umhugsunar. Hversu ábyggileg plögg eru það sem lögð eru hér fram? Er ekki þörf á þessum framkvæmdum sem áætlaðar hafa verið? Það stakk mig strax í augu að í lánsfjáráætlun um fjárfestingar fyrir 1985 er áætlað að Landsvirkjun auki sínar framkvæmdir um 6%. Nú er það boðað að hún muni ekki þurfa á allri þessari aukningu að halda og verði dregin saman. Ef ég man rétt nefndi hæstv. ráðh. 250 millj. fyrir örfáum dögum þegar hann mælti fyrir þessu úrelta plaggi. Eins hef ég heyrt á honum — ég man ekki hvort það var í fjölmiðlum eða hér úr ræðustól — að hann muni ekki taka meiri lán til A-hluta ríkissjóðs en til að standa undir afborgunum og vöxtum af þeim lánum sem fyrr hafi verið tekin. Ég vildi fá útskýringar á því og einnig hvort þær tölur sem standa í þessu plaggi séu miðaðar við það. Afborganir á A-hlutanum eru 1 milljarður 349 millj. kr. En ef við förum í töfluna hérna, þá eru það um 1861 millj. sem á að taka að láni til A-hluta.

Ég sé ekki hvort þetta gengur alveg saman eða hvort hæstv. ráðh. hefur meint að þarna væri eingöngu um erlenda lántöku að ræða, að innlend lántaka sem er áætluð 600 millj. sé ekki inni í þessu dæmi. Margar fleiri spurningar bíða svars og ekki hægt að reiða sig á þau gögn sem hér liggja fyrir. Ég held að ekki sé skynsamlegt að fara ítarlega út í þessi mál fyrr en sundurliðun fæst á þessum 1000 millj. sem áætlað er að draga saman í lántöku.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst reyna að svara hv. 2. þm. Austurl. örlítið og þá byrja á því að harma það að hann hlustar meira á fregnir eftir ýmsum mönnum úti í bæ um Kvikmyndasjóð og frekara framlag til hans en fjmrh. (**HS:** Ég tók hann trúanlegan.) Ég veit ekki hvaða ýmsir menn þetta eru úti í bæ, en oft hef ég undrast það hvað skrifað er á reikning fjmrh. Mér finnst stundum eins og margir fjmrh. séu að verki hingað og þangað um bæinn. En í þessu tifelli er vitnað í mín orð, svo að ég held mig við þau. En ég verð að segja það alveg eins og er að eins og fjármálum þjóðarinnar er komið og við erum í þrengingum með, stöndum uppi með 700 millj. kr. halla á fjárlögum, þá finnst mér óverjandi að taka einn sérstakan lið út úr, lið sem er þó tiltölulega nýr og hækka hann verulega, hvað sem líður fjárfestingum einstaklinga úti í bæ og hinum ýmsu nýju atvinnutækifærum sem virðast vera að skapast. Ég á eftir að sjá Alþingi samþykkja slík

gríðarleg stökk í fjárveitingu. En ég mun ekki leggja það til, það hef ég sagt úti í bæ og ég mun standa við það.

Aftur á móti hef ég vissan áhuga á þeirri till. sem hv. 2. þm. Austurl. boðaði að hann mundi flytja hér og varðar Þroskahjálp. Ég hef miklu meiri tilhneigingu til að standa vel að því verki en að stórauka framlög til Kvikmyndasjóðs.

Við erum nýbúnir að eignast nýja afreksmenn í handknattleik. Það er atvinnugrein. Íþróttir eru atvinnugrein víðast hvar í heiminum. Ég veit ekki betur en atvinnuíþróttir séu einhver stærsta tekjulind heims. Ekki nokkur atvinnugrein dregur eins mikið að. En það hefur engum dottið í hug að stórauka framlag til að búa til slíkt aðdráttarafl fyrir Ísland. Hitt er annað mál að við skulum standa vel að kvikmyndum og öðrum nýatvinnugreinum eins og okkur ber skylda til að gera. En sem sagt, þessi brtt. sem hv. 2. þm. Austurl. boðaði hefur miklu meiri hljómgrunn í mínum eyrum. Hvort hægt er að verða við þeirri ósk eða ekki verður að koma í ljós þegar nefndin hefur fjallað um þessa till. eins og aðrar góðar till. af velvilja.

Virðulegur þm. gerði að umræðuefni þær 1000 millj. sem stendur til að skera niður á fjárlögum, bæði A- og B-hluta. Ég er ekki með lista yfir það sem á skera niður, hvorki þær 250 eða 350 millj., hvort sem verður, frá Landsvirkjun né heldur mismuninn sem þarf að ná þar til að ná 1000 millj. Ef þeirri nefnd sem starfar undir forustu ríkisendurskoðanda og annarra fagmanna í fjmrn. tekst eins vel til 1985 og 1984, sem ég vona, þá tel ég að hægt verði að taka minna erlent lán á A-hluta árið 1985. En árið 1984 voru erlendar lántökur 600 millj. minni en ætlað var við endurskoðun á fjárlögum í maí 1984. Þessu til viðbótar hefur mjög breytt meðhöndlun á tollafgreiðslum flýtt tekjuinnstreymi í gegnum tollþjónustuna. Þar hefur verið komið á svokallaðri hraðbraut fyrir stærstu viðskiptavinina og hefur það skapað tolltekjur ríkissjóðs miklu fyrr og með meiri hraða en áður var. Því til viðbótar höfum við tekið mjög alvarlega ábendingar og tillögur stjórnarandstöðunnar og lagt mjög mikla áherslu á hert skattaeftirlit. Það er nú talað um að flýta dómsmálum á því sviði og við reiknum með að það gefi bæði betri skil og hraðari tekjur til ríkissjóðs. Þetta samanlagt reikna ég með að nægi til að mæta þessum 1000 millj.

Þá talaði hv. þm. um þær 200 millj. sem ætlaðar hafa verið frá nýbyggingum í húsnæðiskerfinu til þeirra sem eru í greiðsluvanda. Ég lít á þessa hugmynd sem eins konar varatillögu við þá hugmynd að skaffa peninga annars staðar frá og gera aðrar ráðstafanir til að hlaupa undir bagga með þeim sem eru í greiðsluvandræðum og hafa fengið lán hjá húsnæðismálastjórn á ákveðnu tímabili, og það sé þá með lengingu lána. En það veit hver maður sem fengið hefur lán að lenging lána getur bjargað mjög miklu í greiðsluerfiðleikum. Eins er með samstarfið við aðra aðila, t. d. Seðlabankann. Það hefur a. m. k. verið mín hugmynd og ég mun leggja á það áherslu áfram að reyna að færa bindifé úr Seðlabankanum yfir til húsnæðismálastjórnarinnar, þannig að nýtt fé leysi þann vanda en ekki verði tekið frá nýjum lánum til húsbyggjenda sem byggja í fyrsta sinn og binda vonir sínar við fyrirgreiðslu hins opinbera.

Þá spurði hv. þm. um hverjar lántökur yrðu í lok ársins. Það er á bls. 6 sem fylgiskjal I í frv., það kemur þar fram og einnig heildarlántökurnar sundurliðaðar. Ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann við að lesa það upp. En hitt er svo annað mál að hver skuldaprósentan verður af þjóðarframleiðslu í lok ársins er mér ómögulegt að segja. Ég held að það verði erfitt að fá þá tölu frá Þjóðhagsstofnun með nokkurri vissu um að hún geti verið rétt. (Gripið fram í.) Jú, en ég vil í mínum eigin fyrirtækjum frekar fara eftir því sem ég hef nokkuð örugglega á milli handanna en ágiskun fram í tímann. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Og þar af leiðandi hef ég heldur hliðrað mér við að fara mjög nákvæmlega eftir spám sem koma allt of víða að og fáar þeirra eru eins.

Þetta er það sem ég hef að segja. Eins er það með lánsfjárþörfina á árinu, hún kemur fram á bls. 7, svo að ég ætla ekki að tefja tímann með frekari upptalningu á því.

Ég sé ekki þörf á að gera að umræðuefni þær ráðstafanir sem ríkisstj. er nú að hrinda af stað. En það er rétt sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. og fleirum að þessi lánsfjárlög, eða drög að þeim, koma fram áður en nýjar ráðstafanir eru ræddar í ríkisstj. þó þær hafi verið kynntar. Og það er eðlilegt að við málsmeðferð og í nefnd komi fram brtt. til nánari skoðunar en venja er til við afgreiðslu á slíku máli. Ég er sem sagt opinn fyrir því að skoða hvaða till. sem fram kynnu að koma og eru til bóta, til sparnaðar og til að draga úr erlendum lántökum. En það er eitt af því sem ríkisstj. stefnir hvað ákveðnast að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir til breytinga á matvælalöggjöfinni, sem að grunni til er frá 1936, er flutt að beiðni Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í þeim tilgangi að heilbrigðiseftirlitið geti starfað á þann hátt sem nauðsynlegt er.

Með frv. er lagt til að sönnunarbyrði verið snúið við. Finnist t. d. matvara á framleiðslu-, dreifingar- eða sölustað verði það hér eftir framleiðenda, dreifenda eða seljenda að sanna að vara sem að öðru jöfnu er þar á boðstólum sé ekki til dreifingar eða sölu. Þyrfti þá heilbrigðiseftirlitið ekki að standa frammi fyrir því, eins og átti sér stað í því tilviki sem greint er frá í grg. með þessu frv., að færa sönnur á að óstimplað kjöt, sem finnst á kjötborði veitingahúss, sé ætlað til neyslu. Þarf ekki að tíunda það frekar hér að eigi eftirlitið framvegis að búa við þá kosti áorkar það litlu. Ekki þarf að óttast um framkvæmdina því það hlýtur að vera auðvelt fyrir framleiðendur, dreifendur og seljendur að sanna að mál sitt sé allt með felldu. Auk þess hvetur þessi skipan til frekari gætni, því skemmd vara getur skemmt út frá sér sé henni ekki komið fyrir á forsvaranlegan hátt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 198. mál (þskj. 224). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Á þskj. 224 hef ég borið fram frv. til útvarpslaga. Í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Fæstum blandast hugur um þýðingu fjölmiðla í nútímasamfélagi. Almennur þekkingarforði ræðst sífellt meira af starfsemi fjölmiðla og þeir gegna æ stærra hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almenningsings. Auk þess eru fjölmiðlar mikilvægur miðill menningar, listsköpunar og afþreyingar. Fjölmiðlar eru því áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Hin öra tækniþróun, sem átt hefur sér stað í dreifingu hljóðvarps- og útvarpsefnis, hefur skapað margvíslega möguleika m. a. til móttöku erlends efnis. Það má þó aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælar hennar heldur ber að taka tæknina í þjónustu íslenskrar menningar. Ef allar gáttir eru látnar standa opnar í þessum efnum gefur auga leið að íslenskri menningu og tungu er hætta búin. Ríkisútvarpið hefur verið eitthvert öflugasta menningartæki landsmanna og hefur lögum skv. miklar menningarlegar skyldur. Menning kostar peninga en gildi hennar er ómetanlegt. Það er hagur allra landsmanna að menning og tunga þjóðarinnar sé varðveitt. Enginn einn aðili í landinu annar en Ríkisútvarpið á hagsmuna að gæta í að miðla íslenskri menningu og efla hana í allri sinni fjölbreytni handa öllum landsmönnum í senn. Þess vegna er m. a. í frv. þessu tryggt að hlutfall íslensks efnis verði aldrei minna en helmingur af útsendu efni hverrar útvarpsstöðvar. Samræmd fjölmiðla- og menningarstefna hefur úrslitaþýðingu fyrir okkur sem þjóð og einstaklinga og það ber að hafa í huga þegar sett eru útvarpslög.

Menningar- og fjölmiðlastefna Íslendinga hlýtur að byggja á lýðræðislegum grunni. Á undanförnum misserum hefur mikið verið rætt um frelsi og lýðræði í útvarpsmálum. Því hefur verið haldið fram að frelsi fælist í ótakmarkaðri uppsetningu útvarpsstöðva og ótakmarkaðri móttöku útvarpsefnis. En „frelsi“, sem aðeins kveður á um réttindi en ekki skyldur, sem helgar rétt hins styrkari án þess að gæta réttar þess sem minna má sín, er frelsi án ábyrgðar og samræmist vart raunverulegu lýðræði.

Útvarpsrekstur er fjárfrekt fyrirtæki. Aðeins þeir sem fjármagn hafa eiga þess kost að setja á stofn og reka útvarpsstöðvar. Lýðræði fjármagnsins er ekki það lýðræði sem stjórnarskráin kveður á um og stuðlar ekki að tjáningarfrelsi allra einstaklinga. Eingöngu útvarp allra landsmanna, þ. e. Ríkisútvarpið í nýrri mynd, getur haldið í heiðri raunverulegt lýðræði og tjáningarfrelsi í útvarpsmálum.

Í þessu frv. heldur Ríkisútvarpið einkarétti á útvarpsrekstri í landinu en starfsemi stofnunarinnar er efld og komið er til móts við óskir um meiri fjölbreytni og greiðari aðgang landsmanna allra að fjölmiðlun þeirri sem útvarpstækni veitir þriðju hljóðvarpsrásinni og möguleikum á staðbundnum útvarpsstöðvum, þ. e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum.

Í annan stað er skipulagi og rekstri stofnunarinnar breytt í grundvallaratriðum og er það gert á eftirfarandi forsendum:

Íslenskt þjóðfélag byggir á valdakerfi fulltrúalýðræðis. Í hugum fólks býður þetta fyrirkomulag upp á eins mikið réttlæti og raunsætt þykir að fara fram á í samfélagi manna. Þetta valdakerfi hefur samt augljósa annmarka í framkvæmd. Menn kjósa fulltrúa til að annast mál sín á öllum sviðum og afsala sér oft um leið möguleika til að hafa bein áhrif á nánasta umhverfi sitt. Afleiðing þessa kerfis er að allur þorri manna er gerður nánast óvirkur og jafnvel afskiptalaus um samfélag sitt. Þetta á við alls staðar í þjóðfélaginu.

Eina leiðin til að vega þar upp á móti er aukin valddreifing á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Í stefnuskrá Samtaka um kvennalista segir svo um valddreifingu, með leyfi forseta:

„Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur. Talandi dæmi um þetta eru viðamikil rn. þar sem ákvarðanir eru teknar um jafnt hin stærstu mál sem varða alla þjóðina og minni mál sem snerta eingöngu einstök sveitarfélög. Allir þekkja ráðuneytistilskipanir um hvernig skuli hagað þjónustu t. d. við fatlaða og aldraða, og hvernig fyrirkomulagi skólastarfs skuli háttað án tillits til staðhátta eða þarfa neytenda.

Sambærilega miðstýringu er að finna í öllum ríkisstofnunum en þar ráða ríkjum flokkspólitísk ráð og nefndir en starfsfólk og neytendur eru áhrifalitlir um allar meiri háttar ákvarðanir. Flestir fá þannig litlu ráðið um skipan samfélags síns, verða áhorfendur og þolendur í stað þess að vera þátttakendur. Í slíkum kerfum er rödd kvenna veik og hagsmunir þeirra fyrir borð bornir.

Því viljum við leggja áherslu á að kannaðar verði leiðir til aukinnar valddreifingar í stjórnkerfinu. Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu. Einkum leggjum við áherslu á að minnka miðstýringu og kerfisbindingu í skóla- og menningarmálum og á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Á þessum sviðum viljum við smáar og sjálfstæðar einingar þannig að hver og einn hafi tækifæri til að hafa þar bein áhrif á gang mála ...

Með valddreifingu af þessu tagi viljum við stuðla að frjórra og fjölbreytilegra mannlífi sem tekur tillit til þess sem hver og einn hefur fram að færa þar sem samheldni og samábyrgð sitja í fyrirrúmi.“

Með þessu frv. er gerð tilraun til valddreifingar í Ríkisútvarpinu þar sem sérhver starfsmaður er gerður ábyrgari í starfi og honum jafnframt gefinn kostur á að nýta hæfileika sína betur. Til þess að svo megi verða er ákvarðanataka færð úr höndum deildarstjóra og annarra yfirmanna til starfsmanna þeirrar deildar er málið varðar hverju sinni. Þetta á við um allar ákvarðanir hvort sem um er að ræða rekstur, mannaráðningar eða annað sem til fellur, t. d. á þetta við um dagskrá í dagskrárdeildum. Með þessu er starfsmönnum treyst til að vinna störf sín af metnaði og ósérplægni sem er stofnuninni nauðsynlegt til að fullnægja kröfum sem gerðar eru til hennar. Ef upp kemur ágreiningur innan deildar sem ekki semst um á annan hátt skal atkvæðagreiðsla skera úr um málið og er eðlilegast að það sé gert með vægiskosningu enda tryggir hún best jafnt

vægi allra skoðanna. Starfsmenn hverrar deildar velja umsjónarmenn og sjá þeir um að framkvæma ákvarðanir sem teknar eru af starfsmönnum deildarinnar. Umsjónarmenn sitja í framkvæmdanefnd sem samræmir störf og ákvarðanir deildar og eru þeir tengiliður milli deilda og framkvæmdaráðs. Framkvæmdaráð tekur að hluta til við þeim störfum sem nú er gegnt af útvarpsstjóra en starfssvið þess er víðtækara þar sem ráðið er einnig tengiliður milli allra útvarpsstöðva. Útvarpsráð í núverandi mynd leggst af. Reynslan hefur sýnt að meiri hluti útvarpsráðs, sem er pólitískt kjörið og hefur endanlegt ákvörðunarvald um dagskrá, hefur vald og aðstæður til að þjóna flokkshagsmunum fremur en að gæta hlutleysisskyldu sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt. Það getur einnig reynst starfsmönnum erfitt að gæta fyllsta hlutleysis í starfi þegar úrslitavald til að ákveða dagskrá er að lokum í höndum fulltrúa pólitískra afla. Pólitískt kjörið útvarpsráð er því óæskilegt.

Þess í stað kemur notendaráð skipað 14 konum og körlum. Notendaráð er valið með tilviljunarúrtaksaðferð enda er hún eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika allra landsmanna, sem kjörgengi hafa og kosningarrétt, til setu í notendaráði. Slík tilnefning hefur hvetjandi áhrif á einstaklinga til skapandi hugsana og starfa. Jafnframt eykur valddreifing af þessu tagi áhuga einstaklinga á að hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt. Hlutverk notendaráðs er að móta dagskrárramma útvarpsstöðvanna hvað varðar hlutfall hinna ýmsu efnisflokka (t. d. hlutfall barnaefnis, íþrótta, afþreyingarefnis) og ráðið gætir þess að mismunandi sjónarmið allra málaflokka fái sambærilega umfjöllun. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af dagskrárgerð né framkvæmd dagskrár en gagnrýnir hana eftir á og veitir starfsmönnum Ríkisútvarpsins þannig aðhald í störfum sínum.

Valddreifing sú, sem frv. þetta byggir á, er að mati flm. undirstaða sanngjarnari þjóðfélagsskipunar en við búum nú við. Með þessu frv. er leitast við að færa sér kosti valddreifingar í nyt í útvarpsmálum og tryggja að Ríkisútvarpið verði ótvírætt fjölmiðill landsmanna allra, lýðfrjálst útvarp þar sem íslensk menning og virðing fyrir skoðunum allra einstaklinga og hópa í íslensku þjóðfélagi sitja í öndvegi."

Hér lýkur grg. með frv. Mun ég nú fjalla um einstakar greinar þess. Það er óhjákvæmilegt að hafa þann háttinn á því að nýmæli í frv. eru mörg og vísast eru aðrar leiðir ekki betri til að koma þeim skilmerkilega til skila við þessa umr.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Er þessi grein óbreytt frá 1. gr. gildandi laga.

Í 2. gr. frv. er einkaréttur Ríkisútvarpsins á útvarpi, þ. e. hljóðvarpi og sjónvarpi, hér á landi áfram tryggður. Er ástæða til að fjalla hér dálítið um þetta atriði.

Skilningur manna á því hvað felist í einkarétti Ríkisútvarpsins er nokkuð mismunandi. Eins og fram hefur komið í umr. um útvarpsmál að undanförnu hafa sumir talsmenn svonefnds „frjáls útvarps" gengið svo langt að kalla einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpi einokun án þess þó að skilgreina hver sé að einoka hvern í þessum málum. Að mínu viti einokar einkaréttur Ríkisútvarpsins engan og ekkert hér á landi af þeirri einföldu ástæðu að Ríkisútvarpið er eign íslensku þjóðarinnar og ber skv. lögum að gæta hagsmuna landsmanna allra. Einkaréttur Ríkisútvarpsins á útvarpi er því almenningsréttur sem á að tryggja að landsmenn allir hafi sama rétt gagnvart þeirri fjölmiðlun, sem fram fer í útvarpi, að útvarp hér á landi sé almenningseign þar sem öllum sjónarmiðum sé gert jafnhátt undir höfði.

Raunverulegt einkaréttarfyrirkomulag á útvarpi felst hins vegar að mínu viti í þeim einkarekstri útvarpsstöðva sem frv. ríkisstj. til útvarpslaga kveður á um. Og sá einkaréttur getur fyrirsjáanlega snúist upp í raunverulega einokun á þessu sviði fjölmiðlunar, það sem nefnt hefur verið einokun fjármagnsins í fjölmiðlaheiminum. Þegar eru teikn á lofti sem benda í þá átt að svo kunni að fara. Er þar nærtækast að minna á fyrirtækið Ísfilm, sem tilbúið er til að hefja útvarpsrekstur strax á morgun, að því er virðist, ef leyfi fengist, en að því fyrirtæki standa m. a. tvö dagblöð, Morgunblaðið og Dagblaðið/Vísir, sem þegar ráða yfir stórum hluta þess fjölmiðlamarkaðar sem hér er fyrir hendi. Í stað þess að auka á það misvægi, sem þegar er í fjölmiðlum hér á landi þegar litið er til dagblaðanna, og færa lögmál dagblaðamarkaðarins yfir á útvarpsrekstur í landinu vil ég tryggja almenningsrétt á þeirri fjölmiðlun, sem fram fer í útvarpi, m. a. til að mynda eðlilegt mótvægi við einkarekstursfyrirkomulag dagblaða.

Að öllu samanlögðu tel ég brýnt að tryggja jafnan rétt landsmanna allra gagnvart útvarpsfjölmiðlun og því er einkaréttur Ríkisútvarps á útvarpi áfram tryggður í 2. gr. frv. Jafnbrýnt er vitaskuld að gera Ríkisútvarpinu kleift að gegna hlutverki sínu sómasamlega. Eru tekjustofnar þess því efldir í þessu frv., skipulagi og stjórn stofnunarinnar breytt í grundvallaratriðum og starfsemi hennar stóraukin og opnuð, m. a. með þriðju rásinni sem á að vera öllum þeim, sem áhuga hafa á útvarpsútsendingum, opin til notkunar. Kem ég nánar að þessum atriðum hér á eftir.

Nýmæli í 2. gr. frv. er að felld eru niður tollagjöld af tækjum sem Ríkisútvarpið flytur inn til eigin þarfa. Árið 1983 námu tollagjöld af tækjabúnaði innanhúss rúmum 20 millj. kr. Þetta er liður í að mæta auknum kostnaði sem Ríkisútvarpinu er gert að standa straum af vegna uppbyggingar nýrra stöðva og aukins starfsmannahalds. Nýr kostnaðarliður Ríkisútvarpsins er einnig dreifikerfi og tækjabúnaður vegna rásar þrjú en gera má ráð fyrir að stofnkostnaður við hana verði svipaður og vegna rásar tvö, eða um 60 millj. kr. á núgildandi verðlagi skv. upplýsingum fjármálastjóra Ríkisútvarpsins.

3. gr. frv. kveður á um skyldur Ríkisútvarpsins og hlutverk þess sem útvarps allra landsmanna. Greinin er að mestu leyti óbreytt frá 3. gr. gildandi laga en nýmæli er ákvæði um að a. m. k. helmingur útsends efnis hverrar stöðvar skuli vera íslenskur. Er þetta liður í að efla og varðveita íslenska tungu og menningu eins og fram kemur í grg. Enn fremur er bætt inn í greinina að Ríkisútvarpinu sé skylt að „efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum". Þetta hefur Ríkisútvarpið hingað til gert og er þessu atriði bætt hér inn eingöngu til áréttingar. Ekki þykir rétt að taka einstaka málaflokka fram yfir aðra og því er orðunum: „... þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum", sem standa í núgildandi lögum, sleppt í þessu frv. enda kveður greinin ótvírætt á um slíka fræðslu.

Í greininni er einnig kveðið á um að menning og reynsla minnihlutahópa fái sambærilega umfjöllun og

meirihlutahópa og þess skuli sérstaklega gætt að kynjum sé ekki mismunað á neinu sviði. Þetta ákvæði er sett inn til áréttingar og sem sjálfsagðar starfsreglur starfsmanna fjölmiðils allrar þjóðarinnar.

4. gr. frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins a. m. k. þrjár hljóðvarpsdagskrár og a. m. k. eina sjónvarpsdagskrá.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að stofna til fræðsluútvarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

Ríkisútvarpinu er heimilt að stofna staðbundnar útvarpsstöðvar óski sveitarfélög þess, eitt eða fleiri, að uppfylltum skilyrðum, sbr. 7. gr. laga þessara."

Eins og fram kemur í aths. við greinina er hér gert ráð fyrir a. m. k. einni hljóðvarpsrás til viðbótar við þær tvær sem fyrir eru. Þriðja rásin er ætluð fyrir hvers konar efni frá félagasamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum sem þar með hafa beinan aðgang að þeirri fjölmiðlun sem hljóðvarpstækni veitir. Einnig má benda á að rásin hentar einkar vel fyrir kennsluútvarp og beint útvarp frá Alþingi.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að byggja upp staðbundnar útvarpsstöðvar, svo og dreifikerfi þriðju rásarinnar, en æskilegt er að hafist verði handa við uppsetningu dreifikerfis rásar þrjú svo fljótt sem auðið er. Landsrásir Ríkisútvarpsins þjóna landsmálum *fremur en málum er varða einstök héruð og byggðarlög.* Tilgangur staðbundinna útvarpsstöðva er að koma til móts við þarfir einstakra byggðarlaga, sem landsrásirnar geta ekki orðið við. Vil ég í því sambandi nefna það svæðisútvarp sem nú er verið að koma upp á Akureyri.

Svæðisútvarpi eða staðbundnum útvarpsstöðvum er ætlað að auðvelda upplýsingastreymi og tjáskipti á afmörkuðum svæðum. Hvað snertir stofnun staðbund*inna útvarpsstöðva má telja eðlilega þróun að byrjað* verði með landshlutastöðvar þannig að þróunin í uppbyggingu verði sambærileg í öllum landshlutum. Áætlað er að fleiri stöðvar bætist síðan við eftir því sem svigrúm leyfir. Með þessu er þjónusta Ríkisútvarpsins stórlega aukin að umfangi og fjölbreytni.

5. gr. frv. kveður á um skiptingu Ríkisútvarpsins í útvarpsstöðvar og um sjálfstæði hverrar útvarpsstöðvar. Hér eins og ævinlega í frv. á útvarp bæði við um hljóðvarp og sjónvarp. Í aths. með greininni segir svo um sjálfstæði útvarpsstöðva, með leyfi forseta:

„Með sjálfstæðri útvarpsstöð er átt við að stöðin fari sjálf með ákvarðanatöku um mál er hana varða innan ramma laga þessara. Miðstýring á þessum vettvangi, sem og öðrum, er óæskileg og því eðlilegt að hver útvarpsstöð verði sjálfstæð eining innan Ríkisútvarpsins, sbr. þær valddreifingarhugmyndir sem frv. byggir á og fjallað er um í grg."

Í 6. gr. frv. er kveðið á um starfsemi rásar þrjú. Í aths. við greinina segir að vegna kostnaðar við hljóðver og annan tækjabúnað, sem nauðsynlegur er, þykir flm. fráleitt að félög, hagsmunahópar eða einstaklingar, sem vilja notfæra sér beinan aðgang að hljóðvarpi, þurfi hvert fyrir sig að fjárfesta í slíkum búnaði. Hér er því Ríkisútvarpinu gert skylt að leggja til hljóðver með tækniaðstoð til þáttagerðar á rás þrjú en þeim sem nýta sér útsendingar er gert að greiða annan kostnað við þáttagerðina.

Hugsanlegt er einnig að staðbundnar hljóðvarpsstöðvar noti dreifikerfi þriðju rásarinnar hluta úr degi til útsendinga hver á sínu svæði og er þá miðað við að þriðja rásin sendi ekki út til alls landsins allan daginn.

Rétt þykir að staðbundnar útvarpsstöðvar hafi sama rétt og aðrir til að bjóða landsrásunum efni.

Í 7. og 8. gr. frv. er kveðið á um staðbundnar útvarpsstöðvar. Er það lagt í hendur íbúa hvers sveitarfélags að ákveða hvort stofna skuli staðbundna útvarpsstöð á svæðinu. Hlutverk sveitarstjórna í þessu efni er eingöngu að sjá um að kosning fari fram og sækja, að fenginni viljayfirlýsingu íbúa, formlega um að útvarpsstöð verði stofnuð. Ákvörðunarvaldið er sem sagt hjá íbúum í sveitarfélaginu og hlutverk sveitarstjórnar er eingöngu að sækja formlega um leyfi til að setja á fót staðbundna útvarpsstöð.

Nauðsynlegt er að sveitarstjórnir kynni íbúum kostnaðaráætlanir við mismunandi dreifikerfi staðbundinna sjónvarpsstöðva og hljóðvarpsstöðva, svo og annan kostnað sem íbúunum er gert að bera vegna stöðvanna, áður en kosning fer fram.

Til þess að auðvelda Ríkisútvarpinu að koma á fót staðbundnum útvarpsstöðvum er til þess ætlast að notendur, sem æskja þessarar þjónustu, standi undir hluta stofnkostnaðar sjálfir. Ríkisútvarpinu er gert að sjá um innheimtu stofngjalds frá notendum og í samvinnu við Póst- og símamálastofnun skal það sjá um að *setja upp dreifikerfi staðbundinna útvarpsstöðva.*

Ákveði sveitarstjórn að styrkja staðbundna útvarpsstöð með framlagi úr sameiginlegum sveitarsjóðum skal það framlag greiðast til Ríkisútvarpsins sem síðan skal standa viðkomandi sveitarstjórn skil á ráðstöfun fjárins.

Í 9. gr. frv. er kveðið á um mannaráðningar að útvarpsstöðvum. Í aths. með gr. segir, með leyfi forseta:

„Í frv. er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar stöðvar *annist að jafnaði ráðningar starfsmanna að stöðinni,* sbr. 10. og 11. gr. frv. Því verður augljóslega ekki við komið við stofnsetningu nýrra útvarpsstöðva og því er sá háttur hafður á að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins auglýsir eftir tveimur starfsmönnum og ræður í störfin þegar ný útvarpsstöð er stofnsett. Skal annar starfsmannanna hafa nauðsynlega tækniþekkingu en rétt þykir að hver stöð fyrir sig ákvarði starfssvið hins starfsmannsins."

Í 10. og 11. gr. er kveðið á um innra skipulag Ríkisútvarpsins. Í aths. segir, með leyfi forseta:

„Í samræmi við valddreifingarhugmyndir frv. er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar útvarpsstöðvar taki ákvarðanir um málefni sem stöðina varða innan ramma þessara laga. Á sama hátt er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar deildar innan stórra stöðva eins og landsrásanna stjórni sínum málum. Augljóst er að starfsmenn hverrar deildar hafa besta yfirsýn og þekkingu hver á sínu sviði. Því er eðlilegt að t. d. ákvarðanir um tækjakaup séu teknar sameiginlega af starfsmönnum hverrar tæknideildar í samræmi við fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins, sbr. 11. gr. frv. Á sama hátt teljum við eðlilegt að ákvarðanir um dagskrá hverrar stöðvar séu í höndum starfsmanna dagskrárdeildar og fréttamat og ákvarðanir um fréttir í höndum starfsmanna fréttadeildar enda hlíti þeir ákvæðum 3. gr. frv., sem kveður á um hlutleysisskyldu Ríkisútvarpsins, og *þeim sé jafnframt veitt aðhald í þeim efnum frá* notendaráði og notendaþáttum.

Mannaráðningar eru einnig í höndum starfsmanna hverrar deildar og hverrar staðbundinnar stöðvar þar sem starfsmenn hverrar deildar eru að jafnaði hæfastir til að meta störf við deildina og þar með umsóknir um þau. Þeir munu væntanlega einnig setja hagsmuni deildarinnar ofar öðrum hagsmunum við mannaráðningar, sem og í öðrum málum, einfaldlega vegna þess að annað kæmi niður á þeim sjálfum.

Hvað snertir störf umsjónarmanns er rétt að starfsmenn hverrar deildar skipti með sér umsjón framkvæmda, sem og öðrum störfum í eins ríkum mæli og unnt er. Ráðningartími umsjónarmanns ræðst af aðstæðum og óskum hverju sinni en ekki er gert ráð fyrir að hver starfsmaður gegni starfi umsjónarmanns lengur en þrjú ár í senn. Hlutverk umsjónarmanns er jafnframt að sitja í framkvæmdanefnd útvarpsstöðvarinnar sem sér um samræmingu á ákvörðunum hinna ýmsu deilda og fjallar um málefni sem snerta fleiri en eina deild.

Framkvæmdaráð er skipað þremur mönnum og tekur það að hluta til við störfum núverandi útvarpsstjóra en jafnframt er starfssvið þess umfangsmeira þar sem gert er ráð fyrir fjölgun útvarpsstöðva. Eins og segir í greininni er það hlutverk framkvæmdaráðs að samræma rekstur útvarpsstöðvanna, sjá um tengsl milli framkvæmdanefnda allra stöðvanna og sjá um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana Ríkisútvarpsins.

Deildir Ríkisútvarpsins falla undir þrjú meginsvið útvarpsrekstrar: a) dagskrársvið, b) tæknisvið, c) rekstrar- og fjármálasvið. Þessi þrjú meginsvið eru lögð til grundvallar þegar valið er í framkvæmdaráð þannig að þau eigi hvert sinn fulltrúa þar sem fjárhagsáætlanir eru gerðar og þar sem endanleg ábyrgð á fjármálum er. Með þessu er tryggt að fagleg þekking og sjónarmið þessara þriggja meginsviða útvarpsrekstrar nýtist stofnuninni sem best.

Dagskrármenn allra útvarpsstöðva sameinast um að velja einn fulltrúa, tæknimenn allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa og starfsmenn aðalskrifstofu fjármáladeilda allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa til setu í ráðinu. Formleg ákvæði um fundarsetu framkvæmdaráðs eru sett til að tryggja samskipti þess og allra eininga Ríkisútvarpsins.

Í frv. er gert ráð fyrir að enginn sitji lengur í framkvæmdaráði en þrjú ár í senn og er það í samræmi við valddreifingarhugmyndir frv.

Í 12. og 13. gr. er kveðið á um notendaráð og starfssvið þess en notendaráð kemur í stað núverandi útvarpsráðs sem, eins og menn vita, er pólitískt skipað. Er þessi háttur hafður á þar sem okkur Kvennalistakonum þykir miklu skipta að eigendur og notendur Ríkisútvarpsins, þ. e. almenningur í landinu, eigi þar greiðari og beinni aðgang að skipan mála en fæst með núverandi fyrirkomulagi.

Eins og segir í aths. við 12. gr. er notendaráð skipað sjö konum og sjö körlum sem með tilviljunarúrtaki eru valin úr þeim hópi landsmanna sem kjörgengi hefur og kosningarétt skv. lögum. Tilviljunarúrtaksaðferðin er eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika landsmanna til setu í ráðinu. Við gerð þessa tilviljunarúrtaks þarf að gera ráð fyrir a. m. k. tveimur lagskiptum úrtökum, þ. e. konur annars vegar og karlar hins vegar, og jafnvel fleirum þar sem menn vildu e. t. v. taka tillit til búsetu og jafnvel til aldurs líka. Með þessu móti er öllum kjörgengum og atkvæðisbærum landsmönnum gefinn kostur á að gegna störfum í notendaráði. Líta ber á setu í notendaráði sem þegnskyldu sambærilega við skyldu til að sitja í kviðdómi, t. a. m. í Bretlandi, enda eru störf notendaráðs ólaunuð. Samt er gert ráð fyrir að þeir, sem valdir eru, geti hafnað setu í ráðinu ef góðar og gildar ástæður eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að notendaráð komi saman eftir þörfum, a. m. k. fjórum sinnum á ári. Ríkisútvarpið greiðir ferða- og dvalarkostnað vegna fundanna. Gert er ráð fyrir að vinnuveitandi veiti leyfi frá störfum án tekjutaps þannig að einstaklingur geti gegnt störfum í notendaráði, enda séu þau skilgreind sem þegnskylduvinna. Sé um ólaunað starf að ræða, t. d. heimilisstörf, verði Ríkisútvarpinu skylt að bera sannanlegan kostnað sem seta í notendaráði kann að hafa í för með sér fyrir viðkomandi að þessu leyti. Einnig er gert ráð fyrir að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins undirbúi fundi notendaráðs og að fulltrúar úr framkvæmdaráði skipti með sér að stjórna fundum ráðsins. Hver útvarpsstöð skal skila notendaráði skýrslu um útsent efni a. m. k. fjórum sinnum á ári, svo og ramma að dagskrá næstu mánaða.

Í 13. gr. er kveðið á um starfsemi notendaráðs, hvernig það skal leggja drög að skiptingu efnis í höfuðdráttum í hverri útvarpsstöð og fjalla um drög að dagskrá sem gert er ráð fyrir að útvarpsstöðvar skili til ráðsins reglulega ásamt skýrslum um það efni sem þegar hefur verið sent út. Ráðið skal ávallt gæta þess að ákvæði 3. gr. séu í heiðri höfð. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af framkvæmd dagskrár fyrir fram en gagnrýnir hana eftir á. Framkvæmdaráð sér um að koma vilja ráðsins á framfæri við deildir eða útvarpsstöðvar sem í hlut eiga og að honum sé framfylgt.

Notendaráð auglýsir eftir og ræður síðan umsjónarmenn að föstum þætti á hverri útvarpsstöð sem fjallar um gagnrýni notenda á útsendu efni stöðvarinnar. Þannig myndast bein tengsl milli notenda og starfsmanna viðkomandi stöðvar þar sem gert er ráð fyrir að starfsmenn svari gagnrýninni. Þessir þættir eru hluti af því aðhaldi sem starfsmönnum Ríkisútvarpsins er veitt í störfum sínum og skulu umsjónarmenn þáttanna því ekki vera úr hópi fastra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Í II. kafla frv. er kveðið á um fjármál Ríkisútvarpsins. Helstu nýmælin þar er að finna í 14. og 15. gr. Í 14. gr. er leitast við að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins enda er tilgangurinn með frv. að efla og bæta Ríkisútvarpið og þar með að tryggja fjármagn til þess að það geti fullnægt lagalegum skyldum sínum.

Nýmælið í þessari grein er að lögbundið sé að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins vegna aukinnar fjárþarfar þess. Árið 1983 voru aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau 47.5 millj. kr., sérstakt vörugjald nam tæplega 32 millj. kr. og tollafgreiðslugjöld 0.8 millj. kr. Samtals gerði þetta rétt rúmar 80 millj. kr. en þar af runnu til Ríkisútvarpsins 30.5 millj. kr.

Þótt lagt sé til að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins er sýnt að leita þarf fleiri leiða til að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins. Má í því efni t. d. benda á þann tekjuöflunarmöguleika að undanskilja Ríkisútvarpið söluskatti af auglýsingum en hann nam rúmum 35 millj. kr. á árinu 1983. Undanþágur sem þessar eru þegar fyrir hendi, sbr. að dagblöð eru undanþegin

söluskatti af auglýsingum. Samanlagt munu þessir tekjustofnar auk þeirrar gjaldaniðurfellingar, sem 2. gr. frv. kveður á um, skila Ríkisútvarpinu um 105 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1983, en það sama ár námu rekstrargjöld hljóðvarps og sjónvarps rúmlega 350 millj. kr. svo að menn hafi einhverja hugmynd um hlutfall þeirrar fjárhæðar sem hér um ræðir. Vísast eru þessar tekjur engan veginn nægar til að standa undir stórfelldri starfsemi Ríkisútvarpsins á skömmum tíma. En þær eru spor í áttina og það er vitaskuld undir Alþingi komið, eins og kveðið er á um í frv., að ákveða nýja tekjustofna Ríkisútvarpsins og þar með þann hraða sem á uppbyggingu þess verður.

Í 14. gr. er einnig gert ráð fyrir að hver útvarpsstöð ákveði auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár sínar sjálf enda er hver útvarpsstöð sjálfstæð rekstrareining. Í þessu efni eru þó afnotagjöld undanskilin þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdaráð í samvinnu við framkvæmdanefndir hverrar stöðvar ákveði þau enda er framkvæmdaráð ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins.

Í 15. gr. er kveðið á um að hver útvarpsstöð skuli standa sjálf undir rekstri sínum og því er áætlað að tekjur hverrar stöðvar renni óskiptar til hennar. Framkvæmdaráði er ætlað að yfirfara fjárhagsáætlun hverrar útvarpsstöðvar og hafa hönd í bagga með ákvörðun afnotagjalda enda er framkvæmdaráð ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Ríkisútvarpið hefur þegar innheimtukerfi sem sjálfsagt er að nýta fyrir innheimtu afnotagjalda allra útvarpsstöðva því að annars þyrfti hver og ein stöð að koma sér upp slíku kerfi og það yrði mikill kostnaðarauki.

Um aðrar greinar frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða þar sem þær fela ekki í sér veruleg nýmæli frá gildandi lögum eins og þær greinar sem ég hef rætt um og þess vegna talið nauðsynlegt að fjalla dálítið ítarlega um. Rétt er þó að taka fram að í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að lög þessi verði endurskoðuð að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra enda er hér um umfangsmiklar breytingar á skipan útvarpsmála að ræða sem eðlilegt er að endurskoða þegar reynslan hefur fengist af framkvæmdinni.

Virðulegi forseti. Skipan útvarpsmála á tækniöld er menningarpólitískt stórmál. Hljóðvarp og sjónvarp hafa víðtæk mótandi áhrif hvarvetna í þjóðfélaginu. Þegar við fjöllum um útvarpsmál erum við um leið að fjalla um hvernig þjóðfélag við sjáum fyrir okkur og viljum hafa hér. Og þá megum við ekki gleyma því hver við erum. Við megum ekki gleyma því að við erum lítið menningarsamfélag í stórum heimi og að okkur er nauðsyn að gæta menningar okkar og þjóðlegra einkenna jafnframt því sem okkur er nauðsynlegt að nýta okkur það besta úr menningu annarra þjóða. Ríkisútvarpið hefur allt frá því að það var sett á stofn stuðlað að sameiningu þjóðarinnar í eina menningarheild. Það hefur staðið vörð um tungu okkar og menningu, um það sem gerir okkur að einni þjóð í þessu landi. Slíka hluti hefur engin þjóð efni á að forsmá og því er tryggt í því frv. sem ég er hér að mæla fyrir að Ríkisútvarpið gegni þessu hlutverki áfram. En þótt hér sé um stóra hluti að ræða þá er það samt ekki nóg. Það er ekki nóg að standa vörð um íslenska tungu og menningu. Það verður líka að opna gáttirnar til umheimsins, taka við nýjum hugmyndum hvaðan sem þær koma, nýta þær og þróa. Það verður að halda áfram að skapa íslenska menningu í orðsins fyllstu merkingu.

Íslensk menning, og þá á ég við menningu í merkingunni þjóðlíf, íslensk menning á að mínu viti ekki að vera nein kyrrstaða. Hún á að vera lifandi og síbreytilegt ferli. Hún á að virða að verðleikum framlag hvers og eins og vera sameign allra sem þetta land byggja. Fjölmiðlar eru einn vettvangur slíkrar menningar eða þjóðlífssköpunar. Því er brýnt að þar finni nýjar hugmyndir sér farveg og að þar eigi allir jafngreiðan aðgang að. Því er ekki aðeins um það að ræða í þessu frv. að hljóðvarp og sjónvarp verði áfram í almenningseign hér á landi heldur eru gerðar tillögur um róttækar breytingar á Ríkisútvarpinu svo að það megi sem best þjóna þessu hlutverki sínu. Skipulagi stofnunarinnar er gerbreytt, starfsmenn hennar gerðir ábyrgari í starfi, pólitísk stýring með útvarpsráði er afnumin og notendum sjálfum gert að veita starfsmönnum það aðhald sem nauðsynlegt er. Starfsemi Ríkisútvarpsins er og stóraukin bæði að umfangi og fjölbreytni, stöðvar þess gerðar sjálfstæðari en nú er og jafnframt er útvarpið opnað öllum sem áhuga hafa á að láta til sín taka á þessum vettvangi. Það er gert með þriðju rásinni og að hluta til með staðbundnu stöðvunum.

Að lokum eru tekjustofnar Ríkisútvarpsins efldir svo að það komist í raun nær því að gegna sínu mikilvæga hlutverki. Með þessu viljum við Kvennalistakonur leitast við að tryggja jafnrétti og þar með raunverulegt frelsi landsmanna allra til þessarar fjölmiðlunar, að þar fái sem flestar og helst allar raddir að hljóma og öll grös að gróa hvernig sem þau eru að lit eða lögun.

Að lokum vil ég við þetta tækifæri þakka þeim fjölmörgu Kvennalistakonum sem lögðu hönd á plóginn við samningu þessa frv. en einkum vil ég þar nefna þær Elínborgu Stefánsdóttur og Ingibjörgu Hafstað sem eru fulltrúar Kvennalistans í útvarpsráði.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það hryggir mig að þurfa að segja það sem ég nú þarf að segja. Mörg eru plöggin vitlaus sem koma hér inn á borð okkar þm. En þetta plagg, frv. þeirra hv. Kvennalistakvenna, eins og þær kalla sig, til útvarpslaga er tvímælalaust eitt allra vitlausasta plagg sem nokkurn tíma hefur verið lagt fram sem þskj. á hinu háa Alþingi. Ég skal rökstyðja þessi orð mín. Það er vandalaust.

Þetta er afturhaldsfrv. Í þessum efnum eru fulltrúar Kvennalistans afturhaldssamari en Alþb. og er þá langt til jafnað og mikið sagt. Þær vilja viðhalda einokun Ríkisútvarpsins. Þetta frv. gengur út á það. Það er bundið hinu gamla skipulagi og fulltrúar Kvennalistans heyra greinilega ekki kall hins nýja tíma. Sem sagt skilyrðislaus einkaréttur Ríkisútvarpsins.

Hvað er svo sagt hér? A. m. k. þrjár útvarpsrásir. A. m. k. ein sjónvarpsrás, staðbundið útvarp og staðbundið sjónvarp. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir nefndi hér nokkrar tölur áðan. En staðreyndin er sú að fjármálahlið þessa plaggs, þessa frv. sem hér hefur verið lagt fram, er öll í myrkri, hún er öll í óvissu. Hv. flm. nefndi tölur um það að Ríkisútvarpið fengi tolltekjur og afnuminn yrði söluskattur af auglýsingum. Þetta er bara dropi í það kostnaðarhaf sem fylgja mundi

ef þessar tillögur væru framkvæmdar, bara dropi í það kostnaðarhaf. Það eru engar áætlanir í þessu frv. um það hversu mikið þetta muni kosta, ekki nokkrar.

Auðvitað er vandalaust, hv. þm., að búa til tillögur sem kosta peninga. Það er enginn vandi. Það er hægt að unga þeim út á færibandi og það hafa þm. Kvennalistans gert á Alþingi. En þegar kemur til alvörunnar um það hvernig eigi að fjármagna þessa ágætu hluti, þá verður færra um svör og oftast engin svör. Öll fjármálahlið þessa máls er í brúnamyrkri. Þetta eru óljósir þankar út í loftið. Það eru sko hreint ekki hagsýnar húsmæður sem hafa samið þetta frv. Það eru ekki hagsýnar húsmæður. A. m. k. vildi ég ekki halda heimili með þeim.

Það er t. d. gert ráð fyrir óbreyttu skráningarkerfi og afnotagjaldafyrirkomulagi eins og raunar er í frv. hæstv. menntmrh. Það kerfi er hrunið. Það hefur verið sagt frá því í fréttum að dæmi séu um það að allt að fimm sjónvarpstæki sitt í hverju horni bæjarins séu skráð á sama nafn. Þetta kerfi er úr sögunni. Það er orðið ónýtt. Það er ekki hægt að nota það lengur til að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins. Og það ber að viðurkenna. Þá meginstaðreynd verða menn að viðurkenna. Útvarpsráð, sú vonda stofnun, á að leggjast af í núverandi mynd og það er talað um að þar eigi tilviljunarúrtak að ráða. Það er ekkert tilviljunarúrtak sem ræður ef menn gefa sér það fyrir fram að það eigi að vera sjö konur og sjö karlar, þetta fólk eigi svo e. t. v. að vera á ákveðnum aldri og búa á ákveðnum stöðum á landinu. Þá er ekki lengur um að ræða neitt tilviljunarúrtak. Og ef útvarpsráð er svona vont, þá spyr ég hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur: Hvers vegna sótti Kvennalistinn það í fyrra af slíkum ofurþunga að fá fulltrúa í þetta vonda, pólitíska útvarpsráð sem sífellt er að misnota aðstöðu sína, eftir því sem hér er sagt?

Hér segir á bls. 9, með leyfi forseta, í grg. frv. og á því óska ég skýringa:

„Það getur einnig reynst starfsmönnum erfitt að gæta fyllsta hlutleysis í starfi þegar úrslitavald til að ákveða dagskrá er að lokum í höndum fulltrúa pólitískra afla", m. a. í höndum fulltrúa Kvennalistans. Ég spyr: Hvað þýðir þessi setning? Hún er mér torskilin.

Það mætti kannske í þessu sambandi líka víkja að tillögum Bandalags jafnaðarmanna sem einnig vill leggja niður útvarpsráð. En hvað á að koma í staðinn í tillögum Bandalags jafnaðarmanna? Jú, menntamálanefndir Alþingis. Nú eru það ágætar nefndir. En halda menn að það yrði til sérstakra bóta að menntamálanefndir Alþingis tækju að verulegu leyti við hlutverki útvarpsráðs? Ég efast um það. Ég hef miklar efasemdir um það.

Hv. þm. nefndi hér tvö nöfn sem höfunda frv. Það kom mér ekkert á óvart. Ég er ekki ókunnugur innanhúss í sjónvarpinu og útvarpinu og það þarf engan fingrafarasérfræðing til þess að sjá hverjir hafa farið höndum um þetta frv. Og það eru fleiri en ég, hv. þm. Sigríður Dúna, sem telja þetta plagg ekki mjög gáfulegt.

Í leiðara Dagblaðsins hinn 7. febr. s. l., sem er skrifaður af Jónasi Kristjánssyni ritstjóra, segir, með leyfi forseta:

„Í Ríkisútvarpinu hefur verið búið til frv. til l. um að einokun þess skuli ekki rofin, heldur á formlegan hátt breytt í einokun starfsmanna." Taki menn síðan eftir: „Kvennalistinn hefur verið gabbaður til að flytja frv. sem er vitlausasta plaggið á Alþingi um þessar mundir."

Nú veit ég ekki í sjálfu sér hversu kunnugur þessi leiðarahöfundur er innanstokks hjá Kvennalistanum. Þó segir mér svo hugur um að hann sé þar ekki allsendis ókunnugur. Hann hefur a. m. k. hárréttar upplýsingar um það hvernig þetta frv. hefur orðið til. Og eins og mér hefur verið tjáð á mínum gamla vinnustað, þá var það nákvæmlega svona sem þetta frv. varð til. Ég er hjartanlega sammála Jónasi Kristjánssyni ritstjóra DV í þessum leiðara þar sem hann segir að þetta sé vitlausasta plaggið á Alþingi um þessar mundir. Það er dagsatt. Og mér segir svo hugur um, þó að ég ætli að eyða nokkrum tíma í að tala um þetta mál núna, að Alþingi muni ekki verja miklum tíma í að fjalla um þetta mál. Með fullri virðingu fyrir hv. þm. Kvennalistans, þá verða þær að viðhafa vandaðri vinnubrögð en þetta ef þær vilja láta taka mark á sér hér á hinu háa Alþingi.

Við skulum skoða aðeins það sem voru meginatriðin í ræðu hv. þm. Sigríðar Dúnu hér áðan. Það er þetta mikla tal um valddreifingu. Er verið að tala um atvinnulýðræði? Nei, aldeilis ekki. Valddreifing, það er þetta uppáhaldslykilorð þeirra hjá Kvennalistanum, orð sem ég held að þær viti bara ekkert hvað þýðir.

Í vikuritinu Time 23. des. s. l. var grein um þann stjórnmálaflokk í Þýskalandi sem kallaður hefur verið Græningjarnir og ber mjög fyrir brjósti sum þau sömu mál og Kvennalistinn hér. Það var uppi ágreiningur í þeim flokki. Það eru nefnilega sumir þar sem telja að ekki sé rétt að skipta um menn í öllum trúnaðarstöðum á árs fresti eða tveggja ára fresti með *réttlætingunni* valddreifing. Þar var viðtal við Petru Kelly sem hefur verið einn helsti talsmaður Græningjanna í Þýskalandi. Hún sagði: „Þetta tal um valddreifingu er fullkomin hræsni." Mér fundust þetta athyglisverð ummæli og ég held að þau séu líka sönn.

Samkvæmt þessu frv. á að afnema allar yfirmannastöður. Það er greinilegt að deildarstjórar í útvarpi og sjónvarpi fara eitthvað í taugarnar á þeim sem sömdu þetta frv. Og eftir að hv. flm. hefur nefnt nöfn höfundanna get ég að vissu marki kannske skilið það án þess að farið sé nánar út í þá sálma. Það á enginn að ráða, það eiga allir að ráða. Hugsi menn sér skip þar sem allir eru skipstjórar. Færi það skip nokkurn tíma í róður? Nei. Þetta er ekki atvinnulýðræði sem hér er verið að tala um. Þetta er stjórnleysi og rugl, það fullyrði ég. Hvernig ætla menn að reka fréttastofu t. d. ef starfsmennirnir eiga að halda fund um hvert einasta mál og greiða atkv. um hvernig eigi að fjalla um það? Ég skal segja ykkur það, hv. þm., að ef þetta kerfi þeirra Kvennalistakvenna yrði tekið upp í Ríkisútvarpinu, þá yrðu afköstin, sem sumum þykja nú kannske ekki mikil fyrir, nákvæmlega engin vegna þess að starfsfólkið mundi ekkert annað gera en sitja á fundum og reyna að taka ákvarðanir. Það væru engir til að taka af skarið og starfsemi fréttastofanna yrði einn samfelldur fréttafundur þar sem menn diskúteruðu fréttirnar. Það yrðu engar fréttir, það yrði engin útsending.

Þetta byggist á svo hlálegum misskilningi á stjórnun og atvinnulýðræði að það er í rauninni sorglegt til þess að hugsa. Það yrði að halda fund um það hvort ætti að kaupa nýjan yddara. Það má enginn ráða, það má

enginn vera yfirmaður. Ef slíkt stjórnunarlögmál réði í stofnun eins og Ríkisútvarpinu, hvernig halda menn þá að þetta færi? Ég veit að hv. þm. skilja þetta. Það þarf ekki að hafa um þetta svo mörg orð. Þess vegna þykir mér sorglegt að hv. flm. skuli hafa eytt jafnmiklum tíma í að undirbúa sig eins og hún hafði gert fyrir þessa ræðu, sem hún flutti hér áðan, sem var ágæt frá hennar sjónarmiði, til að tala fyrir jafnvitlausu plaggi, plaggi sem Jónas Kristjánsson ritstjóri DV fullyrðir að Kvennalistinn hafi verið gabbaður til að flytja. Þetta þykir mér miður. Þessir ágætu einstaklingar, sem hér sitja fyrir Kvennalistann, eiga annað skilið en að vera hafðir að fíflum með þessum hætti, að vera gabbaðir til að flytja vitlaus frv. Þetta er sorglegt.

Ég skal nú ekki, virðulegi forseti, hafa um þetta mikið fleiri orð. Þetta valddreifingartal er út í hött. Það mætti svo sem fara í gegnum greinar frv. og minnast á ýmis atriði. Ég hef áður um það getið að fjármálahliðin er öll botnlaus og í myrkri. Innheimtukerfið á að vera óbreytt, innheimtukerfi sem er hrunið og allir eru sammála um að verður að breyta.

Nei, allt þetta frv., aðdragandi þess og tilbúningur er því miður ein sorgarsaga. Bara eitt dæmi hér sem ég hjó eftir í ræðu hv. flm. Sigríðar Dúnu. Þetta notendaráð á að setja á laggirnar með úrtaki og það á að skylda menn til að taka sæti í því hvort sem menn vilja eða ekki. Og það sem meira er, það á að skylda atvinnurekendur til að borga þessu fólki kaup. Ég efast um að hægt sé með svona frv. að leggja slíkar skyldur á einstaka atvinnurekendur. Ég efast um að það fái staðist að lögum. Ég hef miklar efasemdir um það. Þetta frv. því miður byggir á alveg einstakri vanþekkingu á eðli og hlutverki Ríkisútvarpsins, alveg einstakri vanþekkingu. Án þess að hafa um það öllu fleiri orð, þá er sjálfsagt, virðulegi forseti, að vísa þessu máli til menntmn. þessarar deildar sem tekur síðan ákvörðun um hvaða meðferð það fær. En ég samhryggist þeim hv. þm. Kvennalistans sem hafa látið gabba sig til að flytja þetta mál hér inn á Alþingi.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langt mál og hef þó kannske eitt og annað um þetta frv. að segja. Þó er kannske eitt sem stendur öðru fremur upp úr í mínum huga. Lög eru náttúrlega býsna alvarlegur hlutur og setja þá menn sem nota eiga lögin í ákveðinn vanda þegar þeir eiga að skilgreina þau í meðförum sínum.

Ég held að þetta frv. útheimti það að höfundar þess eða einhverjir aðrir góðir menn sem treystandi er til skilgreini orðið menning. Og ég meina þetta í fúlustu alvöru. Hér byrjar grg. þessa frv. á því að sagt er: „Hin öra tækniþróun, sem átt hefur sér stað í dreifingu hljóðvarps- og útvarpsefnis, hefur skapað margvíslega möguleika til móttöku erlends efnis. Það má þó aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælar hennar heldur ber að taka tæknina í þjónustu íslenskrar menningar.“ Og þá spyr ég: Hvað er átt við? Hvað er að taka einhverja hluti í þjónustu íslenskrar menningar? Er það að taka hluti í þjónustu fólks eða er það að taka hlutina, tæknina í þjónustu þess sem kallað er hér í grg. „samræmd fjölmiðla- og menningarstefna sem hafi úrslitaþýðingu fyrir okkur sem þjóð og einstaklinga og beri að hafa í hug þegar sett eru útvarpslög?“ Erum við Íslendingar virkilega svo langt komnir í stjórnáhuga okkar að við ætlum að fara að setja lög um það í þessu landi hvað sé menning og hvað sé ekki menning?

Við vitum það að til eru lönd hér í þessum heimi sem ákveða það með lögum hvað hafi menningarlegt gildi og hvað ekki. Ég hélt og held enn, trúi því og mun berjast fyrir því að slík lög verði aldrei sett á þessu landi sem kveða á um það hvað sé menning og hvað sé ekki menning.

Hér er fullyrt m. a.: „Ef allar gáttir eru látnar standa opnar í þessum efnum“ — þ. e. þróun tækninnar — „gefur auga leið að íslenskri menningu og tungu er hætta búin.“ Ég vil leyfa mér að spyrja: Á hvaða forsendum er svona fullyrðing sett fram? Tölum við Íslendingar verri íslensku í dag en við töluðum fyrir 100 árum síðan? Ég efa það. Ég held t. d. að sú íslenska sem við töluðum fyrir 100 árum síðan almennt upp til hópa hafi verið ólíkt meira dönskuskotin en hún er í dag. Flámælgi og latmælgi var svo mikil hér á landi í byrjun þessarar aldar að skólastefnan beindist eingöngu að því í raun og veru að reyna að útrýma þessum vanköntum í íslensku máli.

Menn hafa hafið hlutverk Ríkisútvarpsins hátt í þróun íslenskrar tungu og víst er um það að mjög margir þættir, sem sendir hafa verið út á vegum Ríkisútvarpsins, hafa fjallað um íslenskt mál og íslenska tungu, fróðlegir margir hverjir. En ég held að menn séu líka sammála um það að óholl áhrif Ríkisútvarpsins hvað tungu og málfar snertir geti verið alveg jafnmikil. Ég er alls ekki jafnsannfærður um það eins og höfundar þessa frv. að menning Íslands standi og falli eingöngu með Ríkisútvarpinu. „Það er hagur allra landsmanna,“ segir hér í frv., „að menning og tunga þjóðarinnar sé varðveitt.“ Það er líka fullyrðing sem mér finnst þurfa að sanna. Ég er ekkert viss um að það sé hagur íslenskrar þjóðar að menning hennar og tunga séu varðveitt og maður þurfi að samþykkja um það lög. Var það ekki hagur íslenskrar þjóðar að við köstuðum burt okkar menningu og tungu nánast, og fluttum frá Noregi til Íslands? Eða vilja menn hverfa til baka og snúa þeirri þróun við? Hver segir að við værum ekki alveg eins vel komnir að tala Swahili hér á Íslandi?

Það er örugglega góð meining í þessu frv., ég efa það ekki. En mér óar við frösum eins og þeim að menningarstefna á lýðræðislegum grunni sé eitthvað sem sé svona nokkurs konar skapadægur í lífi íslenskrar þjóðar. Ég held að þegar fjöldinn er farinn að ákveða hvað sé menning, þá fari einstaklingnum, hinum skapandi einstaklingi að verða æði mikil hætta búin. Öll framþróun í listum, hvort sem það er myndlist, bókmenntir, tónlist eða eitthvað annað, verður til yfirleitt fyrir tilstilli manna sem brjótast undan hefðum og oki samfélagsins hvað skoðanamyndun snertir, brjótast út og skapa þann grundvöll til nýrrar hugsunar og nýrra hugsjóna. Þessum mönnum væri engin þægð í því að lýðurinn ákvæði í eitt skipti fyrir öll hvað sé menning.

Höfundar frv. tala af mikilli lítilsvirðingu um frelsi án ábyrgðar. Það er þó nokkuð í tísku hér í sölum að frelsi og ábyrgð fari saman. Ég get að vissu leyti verið sammála slíkri hugsun. En ábyrgðarlaust frelsi hefur samt sem áður verið ákveðin uppspretta menningar alla tíð, þ. e. frelsi þeirra einstaklinga sem viðurkenndu ekki þá ábyrgð sem aðrir menn ákvæðu að ætti að vera. Þetta voru menn sem ruddust oft og tíðum með kannske

allhrottalegum hætti út úr viðjum hefðar og fast mótaðra skoðana til nýrra átta. Við metum þessa menn í dag mjög mikils og heiðrum þá sem nokkurs konar höfunda að því þjóðfélagi og þeirri menningu sem við búum við í dag. Þetta á t. d. við um flestalla þá menn sem við teljum hafa lagt grunn að því þjóðskipulagi sem við búum við í dag, lýðræði og mannréttindum. Að þessu leyti finnst mér kveða við dálítið óheppilegan tón í allri röksemdafærslu sem lögð hefur verið til grundvallar við samningu þessa frv. enda kemur það líka í ljós þegar frv. er skoðað nánar að það breytir í raun afskaplega litlu. Það eina sem raunverulega hefur breyst fyrir manninn sem kveikir eða slekkur á útvarpinu sínu úti í bæ er það að það hefur hugsanlega opnast ein rás í viðbót hjá þessu fyrirtæki. Búið spil, það er allt og sumt. Jú, jú, það er eitthvað ruglað saman reytum í sambandi við valdaspil innan þessarar stofnunar en það er á stundum sett fram með svo klaufalegum hætti að það gleymist t. d. að taka fram hver á að gera hvað. Það er t. d. talað hér um ákveðið úrtak fólks sem á að mynda það sem mundi vera kallað útvarpsráð í dag en er kallað notendaráð í þessu frv. Það gleymist t. d. að segja hver á að taka það úrtak. Hver á að gera það? Það er hvergi tekið fram.

Ég hirði ekki að svara hv. 5. landsk. þm., hann er farinn úr salnum, en hann var eitthvað að rugla um hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna í útvarpsmálum. Hann hefur greinilega ekki lesið sér til enn þá svo að það þýðir ekkert að vera að rökræða það við hann.

Ég hef lokið máli mínu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 452). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Dómsmrh. skipaði starfshóp í byrjun síðasta árs í samræmi við þáltill., sem samþykkt var á Alþingi 20. des. 1983, um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Þessi nefnd skilaði svo áliti snemma á s. l. ári. Meðal þess, sem lagt er til, er að viðurlög við brotum verði hækkuð í allt að sex ára fangelsi. Benti starfshópurinn á að viðurlög skv. gildandi lögum um ávana- og fíkniefni geti mest orðið tveggja ára fangelsi og hafi þegar komið fyrir tilvik þar sem beita hefur þurft þeim allt að því til fulls.

Það varð að samkomulagi milli mín og dóms- og kirkjumrh., þar sem framkvæmd þessarar löggjafar heyrir undir heilbr.- og trmrn., að flytja þetta frv. um að hækka sektir og lengja fangelsisvist fyrir brot á þessum lögum. Það er einnig í fyllsta samræmi við það sem verið er að gera á hinum Norðurlöndunum, þar sem verið er að þyngja þessi viðurlög. Þau hafa þegar verið þyngd verulega, sérstaklega í Noregi, og undirbúningur þyngingu viðurlaga í þessum efnum.

Hins vegar má um það deila hvort þetta sé nógu langt gengið í þessum efnum. Bendi ég hv. þingnefnd, sem fær málið til yfirferðar, á að hugleiða hvort lengra eigi að ganga, því að eins og allir vita er það einhver ljótasti glæpur, sem framinn er í dag að ánetja börn og unglinga ávana- og fíkniefnum. Því mundi ég ekki taka því illa eða vera á móti því þó að nefndin flytti brtt. um meiri þyngingu viðurlaga í þessum efnum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna því frv. sem hér er til umr. Hér er um að ræða, eins og fram kemur í grg., einn þátt í þeim aðgerðum sem starfshópur hefur lagt til sem skipaður var í samræmi við ályktun Alþingis um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, en þá till. fluttu þm. úr öllum flokkum. Þessi starfshópur lagði reyndar til miklu fleiri tillögur og úrræði í þessu efni. Þær snertu skipulagsbreytingar við rannsókn fíkniefnamála, aukinn mannafla löggæslu og tollgæslu, aukinn tækjakost, aukna menntun löggæslu- og tollgæslumanna, aukið samráð milli lögregluumdæma og samræmingu aðgerða hjá lögreglu og tollgæslu, þær snertu breyttar rannsóknaraðferðir, alþjóðasamvinnu og hert viðurlög, en það er það mál sem við nú erum að fjalla um.

Ég sé ástæðu til, herra forseti, við þessa umr. að beina ákveðnum fsp. til hæstv. dómsmrh. Því vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hægt sé að ná í dómsmrh. þannig að hann verði viðstaddur þessa umr. (**Forseti:** Ég skal verða við því að hafa upp á hæstv. dómsmrh. — Hæstv. dómsmrh. gengur í salinn.)

Ég beindi fyrr í vetur ákveðnum fsp. til hæstv. dómsmrh. út af tillögum sem starfshópurinn lagði fyrir. Ég fékk þau svör við þeirri fsp. að ýmislegt væri í undirbúningi af hálfu dómsmrn. er snerti þessar tillögur. M. a. sagði hæstv. dómsmrh. að hann hefði ritað heilbrmrn. bréf — það var fyrir tæpu ári síðan — þar sem fram kom ósk um að leggja fram það frv. sem hér er til umfjöllunar. Það hefur tekið þennan tíma, eða tæplega ár, að undirbúa þetta frv. sem við fjöllum um hér í dag.

Hæstv. dómsmrh. upplýsti að ýmislegt annað væri í undirbúningi. Hann upplýsti að hann hefði óskað eftir því við fjárlagaafgreiðslu að fjölgað yrði um sex lögreglumenn til að taka á þessum málum. Hann upplýsti að stofnaður hefði verið samstarfshópur 16 fulltrúa frá 9 embættum til að skipuleggja aðgerðir og löggæslu á þessu sviði. Hann minntist á breytingar á skipulagi sakadóms og fleira kom fram í máli hæstv. dómsmrh.

Nú er það svo að við fjárlagaafgreiðslu var einungis veitt til þessa verkefnis 1 millj. kr. á fjárlögum. Ég held að það sé ljóst og allir þm. hljóta að vera um það sammála að það má ekki ske að skortur á fjármagni standi í vegi fyrir því að hægt sé að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir neyslu og ólöglegan innflutning og dreifingu ávana- og fíkniefna. Hæstv. heilbrrh. og dómsmrh. hafa vissulega mikinn skilning á þessu máli og eins og ég sagði eru ýmsar aðgerðir í undirbúningi. En miðað við það takmarkaða fjármagn, sem veitt er á fjárlögum, óttast ég að hægt miði í þessu máli þó að ég efi ekki góðan vilja þeirra sem með þessi mál fara.

Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. og hæstv. heilbrrh. hvort frekari aðgerða sé að vænta af hálfu dómsmrn. og heilbrrn. á þessu ári að því er þessi mál varðar og hvort það sé mat þeirra að skortur á fjármagni muni koma í veg fyrir að hægt sé að hrinda frekar í framkvæmd þeim till. og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að fyrirbyggja neyslu og dreifingu þessara efna og hvort þeir muni þá beita sér fyrir því að aukafjárveiting komi til á þessu ári til að hægt sé að hrinda frekar í framkvæmd till. starfshóps sem um þessi mál fjallaði.

Það er ljóst að hver dagur, hver vika, sem líður án þess að þessi mál séu tekin föstum tökum getur orðið dýrkeypt. Fréttir eru sífellt að berast um aukna neyslu þessara eiturefna. Það er ekki bara aukin neysla þeirra sem er ógnvekjandi, heldur ofbeldi, rán o. fl. sem fylgir einatt neyslu þeirra, að ekki sé minnst á hvernig neysla þessara efna getur eyðilagt líf fjölda ungmenna og fjölskyldna þeirra og aukið á vandamálin í heilbrigðiskerfinu. Það er því ljóst að einskis má láta ófreistað af hálfu stjórnvalda til að fyrirbyggja neyslu þessara efna og það getur orðið þjóðfélaginu dýrkeypt ef spara á þarna fjármuni til nauðsynlegra aðgerða. Hér verður að bregðast skjótt við, að öðrum kosti getur þjóðin jafnt sem einstaklingar staðið frammi fyrir stórfelldu og alvarlegu vandamáli sem erfitt verður við að ráða. Því beini ég þessum spurningum til hæstv. ráðh. hvort frekari aðgerða sé að vænta á þessu ári og hvort skortur á fjármagni muni hindra það að frekar verði aðhafst í þessu máli á yfirstandandi ári.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. hefur óskað eftir frekari upplýsingum um umfjöllun þessara mála hjá dómsmrn. og heilbrrn. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda var skipaður starfshópur milli lögsagnarumdæma til þess að reyna að samræma vinnubrögð. Sá hópur heldur áfram starfi sínu, heldur fundi alltaf öðru hvoru og reynir að samræma aðgerðir og beina þeim á þann veg sem árangursríkastar eru. Alþingi veitti 1 millj. kr. í þessu skyni, það hefur ekki enn þá verið tekin endanleg ákvörðun um það hvernig þeirri upphæð verður varið, en um það verður fjallað af þessum hóp og starfsmönnum rn.

Vissulega er það svo að alltaf er hægt að gera meira eftir því sem meira fjármagn er fyrir hendi og þess vegna hlýtur það alltaf að takmarka eitthvað þessi umsvif. En ég vænti þess að það verði farið af stað með þær aðgerðir sem vænlegastar þykja. Ef síðan kemur í ljós að þetta fjármagn, þessi eina millj. kr., hrekkur hvergi nærri til mun síðar á árinu verða leitað eftir meiru ef fjárskortur er talinn standa í vegi fyrir brýnum aðgerðum.

Fyrir utan þennan starfshóp, sem skipaður var í fyrra, hafa átt sér stað viðræður milli heilbrrh. og mín og heilbrrn. og dómsmrn. og reyndar fleiri aðila, borgarinnar líka. Það hefur verið ákveðið að mynda hóp til að gefa ábendingar í þessum efnum, kannske fyrst og fremst í sambandi við aðgerðir fyrir þá sem að einhverju leyti eru orðnir háðir þessum efnum. Ég hef reynt að ýta á það að þessi vinna færi af stað og ég vænti þess að hún geri það nú innan fárra daga. Það er samstaða á milli okkar heilbrrh. um að þarna sé nauðsynlegt að gera allt sem mönnum sýnist tiltækt, auðvitað fyrst og fremst að fyrirbyggja það að eftirspurn verði eftir þessum efnum hér í landinu — því að vitanlega er það eftirspurnin sem veldur því að menn freistast til að flytja þetta inn og hagnast á því í því skyni — og síðan að reyna að hjálpa þeim sem eru svo gæfulitlir að ánetjast þessum efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 469). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að mæla fyrir frv. til l. um Landmælingar Íslands. Frv. er samið af starfsmönnum samgrn. í samráði við forstöðumann Landmælinga Íslands og lögmann stofnunarinnar, Jónas Aðalsteinsson hrl. Árið 1956 voru Landmælingar gerðar að sjálfstæðri stofnun en áður hafði vegamálastjóri verið milligöngumaður ríkisstj. við dönsku mælingastofnunina. Kortlagningar Dana af landinu hófust upp úr aldamótum 1800, en aðalmælingastörfum Dana og kortagerð var lokið árið 1939. Eftir stríð var haldið áfram við kortagerðina á vegum Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn og Landmælingar Íslands fengu með samningi dags. 1. febr. 1973 við Geodætisk Institut öll gögn varðandi mælingar á Íslandi og einkarétt á notkun þeirra.

Landmælingar Íslands hafa stöðugt haldið áfram því verki sem Danir unnu að, þ. e. grundvallarmælingum á landinu, endurskoðun kortanna og kortaútgáfu og loftmyndatöku af landinu vegna mælinga og kortagerðar. Meginmarkmið þessa frv. er að lögfesta starfsgrundvöll stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á störfum, skipulagi og verkefnum Landmælinga frá því sem nú er í reynd en mikilvægt er fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum.

Frv. er skipt niður í sex kafla. I. kaflinn fjallar almennt um skipulag stofnunarinnar. Í II. kafla eru talin upp helstu verkefni Landmælinga Íslands sem eru, eins og ég greindi frá fyrr í máli mínu, grundvallarmælingar til kortlagningar af landinu, taka loftmynda vegna mælinga og kortagerðar og útgáfa almennra korta af landinu.

Rétt er að benda á ákvæði 7. gr. sem miðar að því að Landmælingar Íslands verði miðstöð mælinga í landinu. Þar er kveðið svo á að af hverjum þeim aðila, sem lætur mæla, mynda eða gera uppdrætti þannig að gögn fáist sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingu, sé skylt að skila til skráningar og geymslu frumgögnum eða fulkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi sem kveðið er á um með reglugerð.

Skv. III. kafla skulu Landmælingar Íslands gera áætlun til fjögurra ára í senn um verkefni stofnunarinnar. Samgrh. skal leggja áætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. Með tilliti til þess að mælingar og kortagerð eru langtímaverkefni og að mikið verk er fyrir höndum í grunnmælikerfi landsins og á öðrum sviðum mælinga og kortagerðar

verður að telja æskilegt að stofnunin geri framkvæmdaáætlanir til nokkurra ára í senn.

IV. kafli frv. fjallar um höfundarétt og útgáfurétt Landmælinga Íslands á því efni sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út. Er þar lagt til að með tilliti til sérstöðu höfunda og útgáfuréttar stofnunarinnar verði hann ótímabundinn.

Í V. kafla, sem ber heitið Fjármögnun, er gert ráð fyrir tvenns konar gjaldi til að tryggja fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar, stimpilgjaldi og sérstöku gjaldi fyrir afnot af gögnum stofnunarinnar. Með þessum kafla er stefnt að því að gera Landmælingar Íslands sem sjálfstæðasta fjárhagslega einingu sem geti látið í té þjónustu við almenning og opinberar stofnanir hverju sinni.

Eins og fram kemur í aths. með þessu frv. er upplýst að á 100. löggjafarþingi 1978 var lagt fram frv. til l. um landmælingar, en eftir umfjöllun samgn. hv. Ed. var því vísað til ríkisstj. þar sem í ljós kom „að aðilar, sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu, voru mjög ósammála um frv.“ Frv. fjallaði aðeins lítillega um stofnunina Landmælingar Íslands, en fyrst og fremst um eignamælingar, merkjastefnur, merkjaskrár og þess háttar. Enn fremur var gert ráð fyrir landmælingastjórn sem tryggja átti samstarf þeirra aðila er að landmælingum og kortagerð vinna.

Þeir aðilar, sem þetta frv. sömdu, telja eignamælingar ekki innan verkahrings Landmælinga Íslands og er því ekki um þær fjallað í þessu frv.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel það út af fyrir sig góðra gjalda vert að hér er komið fram frv. til l. um Landmælingar Íslands en til þessa hefur þessi stofnun ekki haft lagagrundvöll, eins og fram er tekið í aths. með frv. Ég tel hins vegar miður að skv. þessu frv. og aths. við það er ekki gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á störfum, skipulagi og verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er í reynd. Þetta segir orðrétt í aths. með frv.

Ég hef vakið athygli á því í tengslum við umr. um skyld málefni hér á Alþingi á undanförnum þingum að kortagerð af landinu er í megnasta ólestri að mínu mati. Þar er um að ræða mikla vanrækslu — ég er ekki að segja vanrækslu Landmælinga Íslands sem stofnunar, en vanrækslu framkvæmdavaldsins og löggjafans, má segja, að tryggja það að unnið sé að þessum grundvallarmálum, kortlagningu Íslands, á þann hátt sem skylt ætti að vera hjá sjálfstæðri þjóð.

Ég fullyrði að vegna skorts á kortum af landinu tefjast nauðsynlegar aðgerðir á ýmsum sviðum, m. a. á sviði skipulagsmála og varðandi ýmsar rannsóknir þar sem nauðsynlegt er að hafa kort fyrirliggjandi til þess að geta fært inn á þær upplýsingar sem verið er að safna. Þetta á m. a. við um gróðurkortagerðina sem að vísu hefur verið þokað áfram af Rannsóknastofnun landbúnaðarins en engan veginn hefur verið hægt að vinna að sem skyldi vegna vöntunar á grunnkortum. Og þetta á ekki síst við um skipulagsmálin, skipulag lands og landnotkunar, þar sem vöntun á kortum stendur mjög fyrir þrifum því starfi sem er hér langt á eftir miðað við það sem æskilegt væri og nauðsynlegt.

Ég vek einnig á því athygli að það eru ýmsar opinberar stofnanir sem hafa unnið á undanförnum árum mikið að kortagerð og kostað miklu til. Á það ekki síst við um stofnanir orkumála í landinu, svo sem Orkustofnun og Landsvirkjun, svo dæmi séu tekin. Þessar stofnanir hafa verið mikilvirkastar á þessu sviði og þær hafa staðið fyrir kortagerð af brýnni nauðsyn vegna þess að aðrir aðilar hafa ekki leyst þessi verkefni. Auðvitað hefur verið kostað almannafé til þessara starfa, sem fært hefur verið sem rannsóknar- eða undirbúningskostnaður vegna viðkomandi þátta. En það hefur skort að nauðsynlegs samræmis væri gætt við þessa kortlagningu. Ég er alveg viss um að hún hefur orðið dýrari vegna þessa skipulagsleysis og vegna þess að sú stofnun, Landmælingar Íslands, sem eðlilegt væri að annaðist verkefni af þessu tagi, kemur þar ekki við sögu og er þar ekki frumkvæðisaðili.

Það getur út af fyrir sig vel komið til greina að fleiri aðilar standi að kortagerð. En það verður þá að vera í fullu samræmi við ákveðna markaða stefnu í þessum efnum, en á það hefur vissulega skort. Það má vel vera að það megi nýta þetta frv. sem grunn fyrir löggjöf varðandi Landmælingar Íslands, en mér sýnist að það þurfi að gera á því veigamiklar breytingar til þess að það nái því markmiði sem eðlilegt væri í sambandi við landmælingar, m. a. varðandi tekjugrundvöll til þess að hér sé hægt að gera mjög verulegt átak til þess að bæta úr sárri vöntun á þessum grunnupplýsingum varðandi land okkar.

Skv. frv. er gert ráð fyrir því að Sjómælingar Íslands annist áfram sjókortagerð. Ég skal ekki leggja mat á það atriði. Það kann vel að vera að það henti að Sjómælingar Íslands sinni þessu verkefni áfram þó að hitt geti komið til álita að sameina þessa starfsemi. Ég tel mig ekki hafa þekkingu til að fullyrða neitt í þeim efnum en tel eðlilegt að það mál verði athugað jafnhliða öðrum þáttum sem varða þetta frv. Ég tel vissulega að ýmis efnisatriði þessa frv. horfi til bóta, enda engin lög fyrir varðandi Landmælingar Íslands, og þ. á m. það ákvæði að gera þurfi verkefnaáætlun fyrir stofnunina sem lögð verði fyrir Alþingi. Auðvitað má mörgu fram þoka með slíkum áætlunum sem tekið yrði tillit til við fjárveitingar til stofnunarinnar sem verða tvímælalaust að koma til ef bæta á á skömmum tíma úr því sem nauðsynlegast er í þessum efnum.

Hér á árum áður var það verkefni Geodætisk Institut að kortleggja landið og var unnið af dönskum aðilum fram til ársins 1939 stórvirki á okkar mælikvarða í þessum efnum og enn í dag eru þetta einu grunnkortin af allstórum svæðum á landinu, þ. e. hið svokallaða herforingjaráðskort í mælikvarðanum 1:100 000 en sem er auðvitað algerlega úrelt og ófullnægjandi miðað við þær þarfir sem fyrir liggja í sambandi við kortlagningu landsins. Ég vil svo hvetja þá nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar að athuga möguleika á að gera á því róttækar breytingar og ég hvet hæstv. samgrh. til að stuðla einnig að því fyrir sitt leyti að svo geti orðið því að á því er mikil nauðsyn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel mjög til bóta að lögfesta með þessum hætti starfsgrundvöll þessarar merku stofnunar sem hér hefur starfað um þó nokkurt árabil og á sér merka forsögu í höndum Dana eins og hér hefur verið rakið. Mér sýnist frv. vera í meginatriðum gott. Það er einfalt og tekur til þeirra meginatriða sem eðlilegt er að binda í lögum án þess að

flækja sig í smáatriðum eins og gjarnt er í sambandi við lög af þessu tagi. Ég held að það hljóti líka að vera styrkur fyrir stofnunina að gera verkefnaáætlanir eins og hér er gert ráð fyrir og þá muni athygli Alþingis beinast betur að því að hvers konar verkefnum þarna er verið að vinna og hversu mikils virði þau eru.

Það er sjálfsagt rétt og æskilegt og nauðsynlegt að treysta betur fjárhagsgrundvöll þessarar stofnunar en hefur verið gert á undanförnum árum eða beinlínis kemur fram í lagafrv. sem hér er lagt fram. Lagafrv. hindrar hins vegar ekki með neinum hætti að það verði gert, stendur síst af öllu í vegi fyrir því, en getur hins vegar með kynningum á verkefnaáætlunum orðið til þess að auka skilning á nauðsyn þess að efla fjárhagsgrundvöll hennar. Að hinu leytinu trúi ég að það hafi stundum reynst þessari stofnun erfitt, eins og sumum öðrum ríkisstofnunum, að halda í mannskap vegna þess að hinn frjálsi markaður býður gjarnan langtum betri launakjör en opinber stofnun eins og þessi hefur í raun og veru getað gert. Það er í sjálfu sér íhugunarefni, en fyrir utan það mál sem hér er til umfjöllunar þó það tengist því með vissum hætti, að þegar menn ræða um fjárhagsgrundvöll, vöxt eða viðgang stofnunar hljóta menn að líta til þess hvaða atriði það eru sem ráða úrslitum um það hvernig stofnanir vaxa eða með hvaða hætti þær geta dafnað. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en eins og ég sagði í upphafi líst mér vel á frv. og er reiðubúinn að greiða götu þess.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég þakka jákvæðar undirtektir þeirra sem til máls hafa tekið um þetta frv. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum engan veginn að draga úr starfsemi þeirra stofnana sem hafa unnið að kortagerð, að vísu vegna sinna eigin hagsmuna. Eins og nú er háttað málum taldi ég ekki rétt að fara róttækara í þetta frv., en tel að áætlanagerð og verkefnaskrá sé höfuðatriðið að lögfesta. Meðan það er verið að fá þessari stofnun stað í stjórnkerfinu tel ég að verkefnaskrána á hverjum tíma og starfsáætlun eigi að leggja fyrir Alþingi og þá á að leggja fram fjármagn til að framfylgja þeirri verkefnaskrá, en ekki að telja upp of mikið í einu og láta svo skera niður verkefnaskrárnar. Það vill svo oft gleymast að viðkomandi stofnun þurfi mikið fjármagn, en best minnir sjálf verkefnaskráin á það.

Ég er ekki með neina fyrirfram gerða afstöðu um að það megi ekki breyta stafkrók í frv. og tel eðlilegt að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar skoði efni þess og stöðu landmælinganna rækilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frv. 290. mál (þskj. 470). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., í kafla um endurskipulagningu stjórnkerfisins, er ákvæði þess efnis að efla beri eftirlit löggjafarvaldsins með framkvæmdavaldinu og er þar m. a. tilgreint að ríkisendurskoðun skuli breytt á þann veg að hún heyri undir Alþingi. Reyndar hafa komið fram hugmyndir um þetta fyrr á hinu háa Alþingi. Var lagt fram frv. 1978 um sama efni. Í samræmi við þá stefnu er það meginefni þess frv. sem ég mæli nú fyrir að flytja endurskoðun með fésýslu ríkisins frá stjórnvöldum til Alþingis.

Stjórnarskrá ríkisins fær Alþingi vald til að ákveða fjárveitingar. Hún gerir jafnframt ráð fyrir endurskoðun á þess vegum því að í 43. gr. hennar er boðið að reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil skuli safnað saman í einn reikning og leggja fyrir Alþingi til samþykktar. Með þessu ákvæði er ríkisstj. skyldug til að standa löggjafanum reikningsskil á framkvæmd fjárlaganna. Þessum reikningsskilum fylgir Alþingi eftir með því að kjósa sérstaka trúnaðarmenn til að endurskoða ríkisreikninginn. Hefur því verið svo frá hnútum gengið við setningu stjórnarskrárinnar að löggjafanum beri að annast endurskoðun ríkisreikninga.

Með lögunum nr. 61 frá árinu 1931 um ríkisbókhald og endurskoðun var komið á sérstakri endurskoðunardeild í fjmrn. Núverandi starfsemi ríkisendurskoðunar hvílir á heimildum laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73 frá 1969. Þar er svo kveðið á að ríkisendurskoðun sé sérstök stjórnardeild og lúti fjmrh. Í þeim lögum er einnig fest nafnið „ríkisendurskoðandi" á forstöðumanni ríkisendurskoðunarinnar. Í reglugerð nr. 96 frá 1969 er þannig kveðið á um hlutverk ríkisendurskoðunar:

1. Endurskoðun reikningsskila embætta, ríkisstofnana og sjóða í vörslu ríkisins.
2. Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana en endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir skv. sérstökum lögum.
3. Eftirlit með opinberum sjóðum skv. lögum nr. 20 frá 1964.
4. Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkvæmt, sbr. II. kafla laga nr. 61 frá 1931 og 82. gr. laga nr. 52 frá 1966.

Með núverandi hætti er endurskoðun ríkisreikninga því tvenns konar: Annars vegar er hin umboðslega endurskoðun sem heyrir undir fjmrh. og hins vegar endurskoðun af hálfu Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og að líkum lætur hafa störf ríkisendurskoðunarinnar aukist með auknum umsvifum ríkisins á öllum sviðum. Hins vegar hefur eftirlit og endurskoðun löggjafans með framkvæmd fjárlaga ekki getað vaxið að sama skapi. Þeir þrír menn sem Alþingi kýs til þess að annast endurskoðun geta ekki komist yfir allt það verk samtímis öðrum störfum og Alþingi hefur ekki verið sköpuð aðstaða til að gegna eftirlits- og endurskoðunarhlutverki sínu á þessu sviði. Hefur raunar verið vakin athygli á þessum vanda á Alþingi og á það bent að mjög litlar umr. og skýringar fylgi ríkisreikningi á þinginu.

Í þingstjórnarlöndum er þjóðþingum fengið úrslitavald um fjárstjórn viðkomandi ríkja. Þessi fjárstjórnarréttur verður þó í eðli sínu ekki talinn löggjafarmálefni. Fjárlög eru t. d. í reynd áætlun um tekjur og gjöld ríkisins sem ætlað er að ná yfir tiltekið tímabil og eru háð samþykki Alþingis. Skyldan til þess að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþingi er skv. 42. gr. stjórnarskrárinnar hjá ríkisstj., en endanleg gerð fjárlaga er í höndum Alþingis. Má því segja að þessi skipan tengi á

þýðingarmikinn hátt saman starfsemi stjórnvalda og löggjafans.

Stjórnarskráin fær Alþingi fjárveitingavaldið í hendur. Er sú ráðstöfun einn þýðingarmesti hyrningarsteinn þingræðisskipulagsins því að telja verður að sá sem valdið hefur í þeim efnum ráði í reynd mestu um stjórn ríkisins almennt. Það er því rökrétt að á vegum löggjafans fari fram endurskoðun á því hvernig framkvæmdavaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis svo og hvort farið hafi verið út fyrir þær. Hinu opinbera hafa á undanförnum árum og áratugum verið falin æ fleiri verkefni og stærri hluti af þjóðartekjum fer til opinberra og sameiginlegra þarfa.

Öllum má vera ljóst að ekki er unnt að auka hina opinberu starfsemi og samneyslu óendanlega. Sumir hafa viljað ráðast gegn aukinni hlutdeild samneyslunnar í þjóðartekjum með því að leggja niður ýmiss konar þjónustu og starfsemi. Slíkt hefur þó lengst af reynst örðugt í framkvæmd. Ég held að ekki sé síður ástæða til að leggja á það áherslu að þeir fjármunir sem eytt er til sameiginlegra þarfa nýtist sem best í þágu þjóðarheildar og í samræmi við vilja fjárveitingavaldsins.

Menn eru sammála um að eftirlit með framkvæmd fjárlaga þurfi að auka af hálfu Alþingis. Það er skoðun ríkisstj. að ríkisendurskoðun eigi að vera tæki Alþingis í eftirlits- og aðhaldshlutverki þess. Alþingi ber að axla ábyrgðina af þessu eftirliti og aðhaldi í ríkisrekstrinum. Því ber að vísa veginn í stað þess, sem oft vill brenna við, að Alþingi gefi heimildir og samþykki fjárframlög án þess að fylgja því nægjanlega vel eftir hvort fjármunir nýtist á þann veg sem fyrirhugað var.

Þá verður að telja að endurskoðun ríkisfjármála geti því aðeins náð viðunandi árangri að stofnun sú sem annast hana sé óháð þeim sem endurskoðunin beinist að. Sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður best tryggt með því að færa forræði hennar til löggjafans.

Með því að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis er að því stefnt að styrkja starfsaðstöðu Alþingis við gerð fjárlaga. Víða erlendis hafa fjárlaganefndir þinga sérstaka skrifstofu þar sem sérmenntaðir menn starfa allt árið að margháttuðum rannsóknum og athugunum er varða fjárlög. Er þá lögð áhersla á að þessir trúnaðarmenn löggjafarvaldsins hafi nána samvinnu við þá fulltrúa stjórnvalda sem starfa að undirbúningi og framkvæmd fjárlaga.

Skyldan til að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþingi hvílir á framkvæmdavaldinu. Ber ríkisstj. og einkum fjmrh. ábyrgð á að fjárhagsáætlun fyrir ríkið sé gerð og lögð fyrir Alþingi í frv.-formi. Er sú skipan mála eðlileg þar sem handhafar framkvæmdavaldsins hafa betri tök en aðrir á að kynna sér fjárþörf ríkisstofnana og tekjur þeirra. Hins vegar ber nauðsyn til þess að Alþingi og nefndir þess fjalli um fjárlagafrv. og önnur fjárhagsleg málefni óháð stjórnvöldum. Til þess þarf Alþingi eigin sérfræðiaðstoð og er ríkisendurskoðun ætlað það hlutverk.

Ég mun nú gera grein fyrir einstökum greinum frv. eftir því sem ástæða er til, en vísa þó jafnframt til ítarlegra athugasemda við þær sem fylgja frv.

Eins og fram hefur komið tel ég nauðsynlegt að ríkisendurskoðun verði sem stofnun óháð ríkisstj. og öðrum stjórnvöldum, enda er í 1. gr. lagt til að hún þiggi vald sitt og umboð beint frá Alþingi án milligöngu framkvæmdavaldsins. Þá er að því stefnt að löggjöfin láti endurskoða á eigin vegum hvernig framkvæmdavaldið hefur notað þá fjármuni sem Alþingi samþykkti heimildir fyrir.

Gert er ráð fyrir því að ríkisendurskoðun leggi fjvn. til sérhæfða starfskrafta sem geti unnið að margháttuðum umsögnum og upplýsingaöflun varðandi fjárlagagerðina. Nefndinni berst ætíð fjöldi erinda og brtt., sem taka þarf afstöðu til, bæði frá opinberum stofnunum og einstaklingum. Iðulega er líka talsverð vinna við að samræma fjárlagafrv. þeirri stefnu sem Alþingi vill marka um fjárveitingar hverju sinni. Vegna mikillar þekkingar sem ríkisendurskoðun hefur á þessu sviði er æskilegt að hún sé þar til aðstoðar og ráðgjafar. Enn fremur er ráðgert að aðrar þingnefndir fái notið aðstoðar ríkisendurskoðunar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Í 2. gr. frv. er ráðgert að stjórn ríkisendurskoðunar verði skipuð þeim þremur yfirskoðunarmönnum sem Sþ. kýs skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst er að með vaxandi umsvifum ríkisins hefur það orðið þremur mönnum ofviða að skoða alla þá reikninga sem tilheyra ríkisrekstrinum. Er því eðlilegt að þeir fái notið þeirrar aðstoðar sem í frv. er ráðgert að ríkisendurskoðun veiti þeim.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ríkisendurskoðandi verði ráðinn til sex ára í senn. Er það gert með hliðsjón af tillögum sem fram hafa komið m. a. um Stjórnarráð Íslands, og tilhögun, sem víða hefur verið tekin upp í stofnunum ríkisins, að ráða tímabundið æðstu starfsmenn. Þá er sú krafa gerð til menntunar ríkisendurskoðanda að hann sé löggiltur endurskoðandi. Leiðir það af eðli málsins þótt það hafi ekki verið lögbundið til þessa.

Rétt þykir að forstöðumaður ríkisendurskoðunar, þ. e. ríkisendurskoðandi, ráði starfsfólk og meti hæfni þess og er gerð um það tillaga í 4. gr. Ljóst er að gera verður kröfur um starfsmenn með sérmenntun og sérþekkingu á ýmsum sviðum, bæði löggilta endurskoðendur og menn sérhæfða á sviði fjárlagagerðar og ríkisfjármála, vegna þeirrar þjónustu sem ríkisendurskoðun á að veita fjvn. og öðrum nefndum þingsins við undirbúning fjárlaga og annarra fjárhagsverkefna.

Í 5. gr. er lagt á vald ríkisendurskoðunar að ákveða hvernig starfseminni verði skipt í deildir eftir eðli og umfangi verkefna á hverjum tíma.

Gert er ráð fyrir því í 6. gr. að stjórn ríkisendurskoðunar kjósi sér sjálf formann sem boðar til funda og stjórnar þeim. Til þess að tryggja að stjórnin geti fylgst náið með starfsemi stofnunarinnar og rekstri ríkisstofnana er nauðsynlegt að fundir séu nokkuð tíðir og ríkisendurskoðandi gefi á stjórnarfundum skýrslur um gang mála og niðurstöður endurskoðunar hjá rn. og stofnunum ríkisins.

Það verður að teljast nauðsynlegt að ríkisendurskoðun geti falið óháðum löggiltum endurskoðendum endurskoðun tiltekinna stofnana eða verkefni eftir því sem aðstæður krefja á hverjum tíma. Slík heimild felst í 7. gr. frv. Varðandi kostnað þykir eðlilegt að hlutaðeigandi stofnun beri hann.

Rétt þykir að reikningar ríkisendurskoðunar verði endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda og ráð fyrir því gert í 8. gr. Sú skipan er þar lögð til að forsetar Alþingis kveði á um hver til þess verður valinn.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að öll meðferð ríkisfjár sæti endurskoðun og að ríkisendurskoðun endurskoði framkvæmd fjárlaga og ríkisreikning. Frávik hafa iðulega orðið mjög mikil milli fjárlaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar og Alþingi, sem eyðir miklum tíma á ári hverju í að ræða hvernig fjárlög skuli úr garði gerð, notar lítinn tíma til að ræða frávikin eða afla sér skýringa á þeim. Ég held að nauðsynlegt sé að huga betur að þessu eftirliti á vegum þingsins.

Þá er lagt til í 9. gr. að stofnunin endurskoði reikninga allra embætta, stofnana, sjóða og fyrirtækja sem ríkið á eitt sér. Í þessu felst t. d. að ríkisfyrirtæki og stofnanir, svo sem ríkisbankar, Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, falla undir verksvið ríkisendurskoðunar. Þá mun ríkisendurskoðun endurskoða reikninga Alþingis.

Í 10. gr. er ríkisendurskoðun veitt heimild til að kanna hvernig framlög og styrkir úr ríkissjóði hafa verið notuð. Er þá litið svo á að þeir sem sækja um styrki og framlög af almannafé sætti sig jafnframt við að það sé kannað hvort féð hafi verið notað til þess sem ráðgert var og komið að þeim notum sem að var stefnt.

Ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að margs konar starfsemi. Jafnframt tekur ríkið þátt í atvinnurekstri í samstarfi við aðra aðila. Ríkisendurskoðun er í 10. gr. 2. málsgr. veitt heimild til að rannsaka reikningsskil stofnana og fyrirtækja þegar svo stendur á. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að með þessu ákvæði er ekki ráðgert að veita ríkisendurskoðun rýmri rétt í þessu efni en svo að hún gæti hagsmuna ríkisins skv. þeim reglum sem um hlutaðeigandi rekstur gilda.

11. gr. þarf ekki skýringa við.

Í 12. gr. er lögð áhersla á það hlutverk ríkisendurskoðunar að fylgjast með því að gætt sé hagræðingar og hagkvæmni í ríkisrekstri. Tilgangurinn er sá að efla frumkvæði löggjafans til afskipta af framkvæmd fjárlaga og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins.

Í 13. gr. er kveðið á um að ríkisendurskoðun skuli eiga aðgang að gögnum er máli skipta í starfi hennar. Rétt er að vekja á því athygli að þegar um er að ræða stofnanir og félög sem ríkissjóður tekur þátt í með öðrum, t. d. hlutafélög, takmarkast heimildir ríkisendurskoðunar til að kalla eftir gögnum af reglum viðkomandi stofnunar eða félags. Þannig hefur t. d. ríkið sem hluthafi í hlutafélagi aðeins sama rétt og aðrir hluthafar til þess að krefjast gagna eins og sá réttur er ákveðinn í samþykktum félagsins eða hlutafélagalögum. Frv. er auðvitað ekki ætlað að skapa ríkinu aukinn rétt að þessu leyti.

Í 14. gr. er kveðið á um að árlega skuli samin heildarskýrsla um störf ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári og hún lögð fyrir Alþingi. Slík skýrslugerð kæmi einnig til greina oftar ef um er að ræða mikilsverð mál eða sérstakar upplýsingar. Þetta er gert til að tryggja þinginu ítarlegar upplýsingar og umræður sem nauðsynlegar eru til eftirlits og aðhalds í ríkisfjármálum.

Herra forseti. Með þessu frv. er stigið mjög mikilvægt skref til þess að auka aðhald það sem Alþingi getur fjárveitingavaldinu veitt. Í þessu frv. eru ýmis ákvæði sem eiga að tryggja betur en gert hefur verið til þessa að löggjafarvaldið hafi eftirlit með ráðstöfun þess fjármagns sem það samþykkir að veita til hinna fjölmörgu verkefna og sömuleiðis, sem ekki hefur heldur verið í verkahring ríkisendurskoðunar, að fylgjast með þeim ýmsu ríkisstofnunum sem starfa meira eða minna sjálfstætt. Það er von mín að með þessu skapist meiri festa en verið hefur í ráðstöfun opinbers fjár.

Að þessari umr. lokinni legg ég til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem fær þetta mál til meðferðar þannig að ég ætla ekki að taka málið fyrir almennt nú. En ég ætla að vekja athygli á 15. gr. frv. sem ég hygg að sé mjög óvenjuleg í stjfrv. Þar segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og þau ákvæði í lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og öðrum lögum sem stangast á við lög þessi."

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvaða önnur lög það eru sem hugsanlega gætu stangast á við lög þessi, vegna þess að það er alveg ótvírætt að löggjafinn verður að taka af skarið um það hvaða lagaatriði það eru sem þarna er hugsanlega um að ræða. Ella kemur upp ágreiningur um túlkun á því hver atriði stangast á við lög þessi og hver ekki þegar fram í sækir og frv. verður að lögum. Ég vil sem sagt spyrja að því hvort fyrir liggi tæmandi listi yfir hver lagaákvæði það eru sem hér er átt við. Það er alveg óhjákvæmilegt að ríkisstj. geri grein fyrir því.

Í annan stað hlýtur að vekja nokkra athygli, mér hefur verið bent á það undir þessari umr., að að einhverju leyti er hér um að ræða sömu eða svipuð verkefni og hagsýslan á að fjalla um skv. lögum og reglum um Stjórnarráð Íslands eins og þau eru nú. Ég vil sem sagt spyrja í öðru lagi: Er ætlunin að draga með einhverjum hætti úr starfsemi hagsýslunnar og hvaða atriði eru það í starfsemi hagsýslunnar sem falla niður að mati ríkisstj. ef frv. þetta verður að lögum?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. um 15. gr. get ég tekið undir það að þetta kann að vera nokkuð óvenjulegt. Ég skal láta þá nefnd sem frv. vann gera skrá yfir þau lög sem þarna er um að ræða. Ég tel eðlilegra að þau séu upptalin og þá breytt.

Ég hef ekki litið svo á að hér væri um neina árekstra að ræða við verkefni hagsýslunnar. Í ítarlegri yfirferð yfir þetta frv. með þeim sem það sömdu bar það mál nokkuð á góma. Það var ekki skoðun nefndarinnar né mín skoðun, eftir þá yfirferð, að svo væri. Að sjálfsögðu er ljóst að hagsýslan vinnur ýmiss konar hagkvæmnisathuganir fyrir framkvæmdavaldið. Ég held að óhjákvæmilegt sé að framkvæmdavaldið hafi á sínum snærum þá starfsemi þótt ekki sé það beinlínis endurskoðun eins og ríkisendurskoðun hefur með höndum. Ef sú n. sem fær málið til meðferðar kemst að þeirri niðurstöðu að þarna sé um einhvern óeðlilegan tvíverknað að ræða er sjálfsagt að taka það til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Verndun kaupmáttar, frv. 175. mál (þskj. 187). — Frh. 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom er nokkuð langt liðið síðan 1. umr. þessa máls hófst og 1. flm., hv. 3. þm. Reykv., talaði fyrir þessu máli. Í stuttri ræðu eftir ræðu hans lét ég í ljós skoðanir mínar á frv. og innihaldi þess. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mjög þessar umr. eða fara að ræða einstakar greinar frv. Frv. gengur að sjálfsögðu til n., eins og þm. hefur lagt til, og þegar við 2. umr. gefst tækifæri til að ræða frekar einstakar greinar eins og þar er gert ráð fyrir.

Hv. þm. beindi fsp. til mín sem ég vil ekki láta hjá líða að svara, að vísu ekki nema einni beinni fsp., en vék hins vegar í nokkrum orðum að verðlagsmálum og hvernig þeim yrði háttað þær vikurnar sem frv. var flutt og umr. fór fram. Hann vék sérstaklega að svonefndri 30%-reglu sem oft hefur verið beitt í sambandi við verðlagsmálin þegar átt hafa sér stað breytingar á gengi íslenskrar krónu. Þessari reglu hefur ekki verið beitt nú. Það hefur verið haldið óbreyttu fyrirkomulagi því sem var á þessum málum allt árið 1983 og það fyrirkomulag var árið 1984 líka í framhaldi af breytingu íslensku krónunnar í nóvembermánuði s. l. Ég taldi hins vegar eðlilegt og rétt, þegar þessi gengisbreyting átti sér stað, að vekja athygli verðlagsyfirvalda á því, svo og þeirra samtaka sem hér eiga hlut að máli og undirstrikaði það mjög, að framkvæmd þeirra laga sem gilda um samkeppnishömlur og verðlag, hvernig til tækist, ætti mjög undir því að þegar gengisbreytingar yrðu væri það þessara aðila að gæta hófs og reyna að haga þannig málum að neytendur yrðu ekki fyrir barðinu á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hefðu verið, umfram það sem óumflýjanlegt væri. Ég skal ekki í þessari ræðu metast á um það við hv. þm. hvernig til hefur tekist, en fyrst og fremst gera grein fyrir því að beitt hefur verið 30%-reglunni í verðlagsmálum, svo og því sem áður hafði verið viðhaft varðandi uppfærslu á verði þeirra vara sem í landinu voru þegar gengisbreyting átti sér stað.

Hv. þm. spurði enn fremur um erlendar lántökur og í tengslum við þann hluta frv. þar sem vikið er að — í 5. gr. frv. — lánanefnd og hlutverki hennar. Hann spurði hvort mikið væri um að erlend lán hefðu verið fengin til fjárfestingar í verslun á árinu 1984. Það væri fróðlegt, eins og hann orðaði það, að fá upplýsingar þar um. Hann orðaði það líka svo, með leyfi forseta:

„Ég hef af því fregnir að ákveðnar einkaverslanir hér á höfuðborgarsvæðinu hafi fengið tugi milljóna í erlendum lánum í fjárfestingu á þessu ári, tugi milljóna."

Og hann hélt áfram, með leyfi forseta:

„Er það rétt að á þessu ári" — þ. e. 1984 — hafi verslunin fengið hundruð milljóna í erlendum fjárfestingarlánum í gegnum langlánanefnd fram hjá lánsfjáráætlun?"

Þessu er til að svara að notaðar hafa verið sömu reglur og venjur um heimildir til erlendrar lántöku hjá lánanefnd á árinu 1984 og áður höfðu verið. Ég get upplýst að í lánsfjáráætlun ársins 1984 er gert ráð fyrir að heimild atvinnufyrirtækja til erlendrar lántöku nemi 1 milljarði en niðurstaða ársins var sú að 994 millj. kr. erlend lántaka var heimiluð á árinu 1984, aðeins innan við það sem lánsfjáráætlun hafði gert ráð fyrir.

Ég vonast til að ég hafi veitt þm. þær upplýsingar sem hv. þm. óskaði eftir. Eins og umr. um málið er komið sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, en tel að með þessu hafi ég svarað því sem þm. óskaði eftir.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og getið var um hér í upphafi þá kom þetta frv. til 1. umr. fyrir alllöngu og hefur verið hér lengi á dagskrá en ekki verið tekið fyrir vegna fjarveru þeirra sem voru á mælendaskrá. Ég vil af minni hálfu þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann hér hefur gefið, þ. e. varðandi annars vegar 30%-regluna og hins vegar erlendu lánin. Og ég vil fyrst í sambandi við 30%-regluna segja það að það er auðvitað erfitt, ef ekki útilokað, að beita 30%-reglunni í verslunarálagningu þegar ekkert eftirlit er með verslunarálagningu eins og er núna. Auðvitað gat ríkisstj. tekið ákvörðun um það að taka upp verðlagseftirlit á ný og beita 30%-reglunni í verðlagsákvæðum eins og yfirleitt var gert í tengslum við gengisbreytingar. Ríkisstj. kaus að halda eftir sem áður þessu svokallaða frjálsa verðlagi, sem æðir núna upp þessa dagana og fólk heyrir ekki um í tilkynningum frá Verðlagsstofnun, eins og þetta var, heldur mæta menn þessu í verslununum þegar þeir koma að kaupa í matinn, þar sem lífsnauðsynjar hækka dag frá degi um gífurlegar upphæðir, enda er verðbólgan núna þessa dagana að mati ríkisstj. í kringum 50% á ári skv. upplýsingum sem komu fram hjá forsrh. á fundi sem stjórnarandstöðuþm. sátu með honum á föstudaginn var. Það segir auðvitað sína sögu um efnahagsstefnu ríkisstj. þegar verðbólgutalan er þannig. Það var meginmarkmið stjórnarinnar að keyra verðbólguna niður en það hefur mistekist gjörsamlega, enda von. Þegar ríkisstj. reynir að keyra verðbólguna niður með því að taka aðeins á einum þætti efnahagsmála, þá er slíkt dæmt til að mistakast gjörsamlega.

Það hefur margoft verið reynt að gera þetta. Þetta gerði ríkisstjórn Geirs Haligrímssonar 1974—1978 en það mistókst auðvitað líka. Það er vonlaust að ná verðbólgunni niður með því að ráðast að launafólki eins og núv. ríkisstj. hefur gert.

Í öðru lagi svaraði hæstv. ráðh. því að varðandi erlend fjárfestingarlán, sem hafa farið í gegnum langlánanefnd, hafi verið fylgt svipuðum reglum á árinu 1984 og áður hefur verið fylgt. Ég skal ekkert um það segja hvort það er nákvæmlega svo, en ég hef enga ástæðu til að rengja orð ráðh. í þessu efni. Hins vegar vildi ég benda á að það væri fróðlegt fyrir þingið að fá upplýsingar um það hvernig þessi erlendu fjárfestingarlán, sem fóru í gegnum langlánanefnd, skiptust á árinu 1984. Get ég, eða aðrir þm., auðvitað gert ráðstafanir til þess að bera fram við hæstv. ráðh. skriflega fsp. í þeim efnum til þess að skiptingin á þessum milljarði í erlendum lánum til fyrirtækjanna komi skýrt fram fyrir þingið svo að menn viti hvað þeir eru þar um að tala. Nú skilst mér að frv. til lánsfjárlaga sé til meðferðar í hv. Ed. og það verður auðvitað fjallað um það mál hér áður en langur tími líður. Þá gefst kostur á því að leggja spurningar fyrir ráðh. og einstakar ríkisstofnanir varðandi erlent lánsfé á árinu 1984.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, áður en ég geng hér úr ræðustólnum að í því frv. sem hér er á

dagskrá, sem er 175. mál þingsins, er tekið á öllum helstu þáttum efnahagsmála. Og það er í mínu minni í fyrsta sinn sem stjórnarandstöðuflokkur leggur fram jafnvíðtækt frv. í efnahagsmálum og hér er lagt fyrir. Ég hef verið hér viðloðandi þingið sem þm. og þingfréttaritari um 20 ára skeið og ég man ekki eftir að stjórnarandstöðuflokkur hafi lagt fram frv. af þessum toga fyrr. Það breytir engu í þessu sambandi hvaða skoðun menn kunna að hafa á einstökum efnisatriðum hér. Hitt er aðalatriðið að menn átti sig á því að hér er um algjört nýmæli að ræða af hálfu stjórnarandstöðuflokks. Hér er tekið á verðlagsmálum í 2. gr., sérstaklega innflutningsverslunarinnar, sem við höfum reyndar flutt um sérstaka þáltill. Það hefði vissulega verið ástæða til að setja á nokkrar ræður um þau mál en það mál liggur hér fyrir Sþ. í öðrum búningi og ég ætla ekki að fara út í það nánar hér.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi, herra forseti, vekja athygli á 4. gr. þessa frv. Hún fjallar um það að gripið verði til ráðstafana í sjávarútvegi til að treysta rekstrarstöðu og afkomu útflutnings sjávarafurða til þess að auðvelda fiskverðshækkun, þannig að sjómenn fái a. m. k. það sama í sinn hlut og verkafólk í landi skv. kjarasamningum og til þess að koma til móts við útgerðina vegna óhóflegs olíukostnaðar.

Eins og kunnugt er lagði ríkisstj. fram fyrir fjölmiðla núna fyrir helgina tilkynningu um efnahagsatriði. Það plagg heitir því hógværa nafni Tilkynningar um efnahagsatriði. Töluliður 5 í því plaggi er um sjávarútvegsmál og innihaldið er þetta: Það verður fylgt sömu stefnu í sjávarútvegsmálum og verið hefur. Það er í raun og veru ekkert annað sagt um þann málaflokk. Það eru engar tillögur uppi, virðist vera, af hálfu ríkisstj. í sambandi við sjávarútvegsmál. En það blasir núna við að til rekstrarstöðvunar komi í mörgum þýðingarmestu verstöðvum landsins vegna þess hvernig rekstrargrundvöllur útflutningsgreinanna, bæði vinnslu og veiða, er um þessar mundir. Og það er býsna alvarlegur hlutur að þegar stjórnarandstaðan leggur fram till. um lausnir á málum af þessu tagi þá skuli ríkisstj. ekki einu sinni hafa vit á því, liggur mér við að segja, að stökkva inn á þær till. sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram og þannig boðist til að hjálpa til við að leysa þennan meginvanda í okkar efnahagskerfi sem er rekstrarstaða sjávarútvegsins eins og hún er í dag.

Í 5. gr. þessa frv. er lagt til að gerð verði algjör breyting á langlánanefnd, hún stokkuð upp. Á fundi stjórnarandstöðunnar með forsrh. núna á dögunum kom það fram að ríkisstj. viðurkennir að langlánanefnd er ófullnægjandi stjórnunartæki í sambandi við erlendar lántökur fyrirtækja. Forsrh. greindi frá því á þessum fundi með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna að það væri nauðsynlegt að endurskipuleggja og breyta langlánanefnd. Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvaða hugmyndir hann sé með í sambandi við breytingar á langlánanefnd vegna þess að auðvitað hlýtur hæstv. viðskrh. að hafa meira um það að segja en aðrir ráðh. þar sem langlánanefnd er á hans sviði.

Í 7. gr. þessa frv. er svo fjallað um vexti. Þar er lagt til í tölul. 1 að óheimilt verði að verðtryggja útlán til skemmri tíma en tíu ára. Hv. þm., formaður og varaformaður Sjálfstfl., lýstu því yfir í umr. hér á miðvikudaginn var að þeir væru hlynntir þessari hugmynd Alþb., teldu að það ætti að afnema vísitölutryggingu á skammtímalánum. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. viðskrh. hvort þess sé að vænta að ríkisstj. muni beita sér fyrir því að afnema vísitölutryggingu á skammtímalánum. Ég held að það sé mjög brýnt að fá um það upplýsingar hvort hér sé eingöngu um að ræða hugmyndir formanns og varaformanns Sjálfstfl., sem ráða nú ekkert miklu í ríkisstj. þessa dagana að mér sýnist, eða hvort það er þannig að ríkisstj. hafi gert þessar hugmyndir að sínum og sé tilbúin til þess og muni á næstunni leggja fram frv. eða gefa út aðrar tilkynningar um það að skammtímalán verði ekki vísitölutryggð. Og ég endurtek að það geta auðvitað verið aðrar tilkynningar, það þarf ekki lög í þessu efni. Viðskrh. getur í samvinnu við Seðlabankann tekið ákvarðanir í þessu efni sem duga. Það þarf í sjálfu sér ekki lagasetningu, þetta þarf ekki að vera löggjafaratriði, heldur getur þetta verið nánari útfærsla á efnahagslögum Ólafs Jóhannessonar nr. 13/1979 sem viðskrh. hefur fullt vald yfir að framkvæma í samráði við Seðlabankann.

Hér er í 9. gr. minnst sérstaklega á skuldabréf en það er einn ljótasti þátturinn í efnahagskerfinu núna hvernig farið er með það fólk sem neyðist til að ganga fyrir okurlánara. Það er mjög mikið að sögn um nafnlaus handhafaskuldabréf í gangi þó að þau séu með verðtryggingarákvæðum. Það er óheimilt skv. lögum að vera með nafnlaus verðtryggð skuldabréf. Skv. lögum eiga öll skuldabréf sem eru með verðtryggingarákvæðum að vera skráð á nafn en þessi lagaframkvæmd hefur verið í molum. Þess vegna er hér lagt til að öll skuldabréf verði framvegis skráð á nafn. Í íslenskri löggjöf eru engin heildarákvæði til um skuldabréf, það er nú svo sérkennilegt. Því máli hefur oft verið hreyft af fyrri ríkisstjórnum á síðustu áratugum, sjálfsagt aftur og aftur án þess að ég kunni að veita neitt yfirlit um það. En forsrh. lýsti því yfir fyrir hönd viðskrh. hér á dögunum að ríkisstj. væri með þetta mál alveg í sérstakri athugun varðandi skuldabréfin og skráningu þeirra á nafn. Ég vil því nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. viðskrh. hvar sú athugun sé á vegi stödd.

Herra forseti. Í þessu frv. eru einnig önnur ákvæði eins og um að afnema sjúklingaskattinn. Það er sá skattur sem á fyrst að fella niður að mínu mati, á undan öllum öðrum sköttum, og það er fyrsta skref í þeirri skattalækkunarleið sem Alþb. leggur áherslu á, það er alveg meginatriði. Við teljum að það sé siðlaust og fráleitt að leggja slíkan skatt á á sama tíma og fyrirtækjum er gert kleift að greiða lægri skatta en verið hefur.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri að lokum til að þakka fyrir þá góðu umr. sem þetta mál hefur fengið og vænti þess að það fái góða og eðlilega umr. í nefnd. Í frv. er bent á margar tillögur í efnahagsmálum sem væri hollt fyrir stjórnarmeirihlutann og ríkisstj. að setja sig inn í. Og ég tek eftir því að sumt af því er þannig að a. m. k. hafa formaður og varaformaður Sjálfstfl. lesið það. En það kemur væntanlega í ljós í svörum hæstv. viðskrh. hér á eftir hvort ríkisstj. hefur kynnt sér það.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er forvitnilegt að nota tækifærið vegna þessa máls, sem er frv. þm. Alþb. um verndun kaupmáttar og viðnám gegn verðbólgu, frv. til l. um ýmsar efnahagsráðstafanir almenns eðlis, og gera samanburð á því og áformum

hæstv. ríkisstj., sem nýlega hafa verið birt, um hvað hæstv. ráðh. og stjórnarflokkar sjá helst til ráða í efnahagsmálum.

Áður en ég vík að einstökum atriðum þessa frv. langar mig til að fara nokkrum orðum um reynslu þjóðarinnar af efnahagsstefnu Alþb. eins og hún hefur birst þjóðinni skv. dómi reynslunnar af ríkisstjórnarþátttöku þess flokks á undanförnum árum.

Eins og mörgum hv. þm. er kunnugt um hefur sá sem hér stendur verið býsna gagnrýninn á efnahagsstefnu Alþb. og er það af mörgum ástæðum. Alþb. telur sig málsvara vinnandi fólks í landinu og í haus málgagns þess er málgagnið kallað: málgagn verkalýðshreyfingar, sósíalisma og þjóðfrelsis. Það er því ljóst að Alþb. vill láta líta á sig sem baráttutæki launþega í landinu, starfandi á hugsjónagrundvelli einhvers konar sósíalisma og sem kunnugt er hefur það markað sér sérstöðu í utanríkismálum sem það kennir við þjóðfrelsi.

Lengi vel var það svo að Alþb. var í stjórnarandstöðu og þá t. d. á áratugnum 1960—1971 ásamt með Framsfl. Kannske hefur það gerst meira eða minna fyrir tilviljunarkennda rás atburðanna að Alþb. gerðist einhvers konar pólitískur tvíburi Framsfl. Flokkarnir voru lengi í stjórnarandstöðu, þeir virtust draga dám mjög hvor af öðrum á þessu stjórnarandstöðutímabili. Að loknu þessu langa stjórnarandstöðutímabili hafa þessir tveir flokkar setið lengi í stjórn, Framsfl. reyndar lengst af, og vinstri stjórnir, sem reyndar hafa verið þrisvar á tímabilinu eftir 1971, einkennst af því að þar hefur verið um að ræða samstarf Alþb. og Framsfl.

Ég er sammála þeim hagfræðingum sem meta það svo að Íslandi hafi ekki í annan tíma verið verr stjórnað en á þessu tímabili hinna glötuðu tækifæra. Sér í lagi finnst mér umhugsunarefni að ef litið er á reynsluna af efnahagsmálastjórn þessara tveggja flokka, sem kenna sig við vinstri stefnu, félagshyggju, verkalýðshreyfingu, sósíalisma, þjóðfrelsi og fleira gott, þá var niðurstaðan að því er varðar kjör þess fólks, sem þessir flokkar hafa reyndar báðir mjög á orði að þeir beri fyrir brjósti, varla í annan tíma rýrari. Ég nefni nokkur dæmi.

Það hlýtur að vera Alþb.-mönnum mikið áhyggjuefni og umhugsunarefni að í hvert skipti sem Alþb. settist í ríkisstj. voru sett ný verðbólgumet sem að lokum var með svo myndarlegum hætti að það á sér fáar samlíkingar, þ. e. í lok síðustu hæstv. ríkisstj., en hver þessara ríkisstj. setti nýtt verðbólgumet. Gáfaðasti leiðtogi sósíalista á lýðveldistímanum, Magnús Kjartansson, fyrrv. hæstv. ráðh., lýsti þessu fyrirbæri, verðbólgunni, sem gróðamyndunaraðferð braskara. Það er hverju orði sannara hjá Magnúsi Kjartanssyni. Óðaverðbólga er gróðamyndunaraðferð braskara. Hún er afskræming á heilbrigðu efnahagslífi, hún er aðför að rekstrargrundvelli alþýðuheimila í landinu. Þeir sem báru skarðastan hlut frá borði í slíkri óðaverðbólgu eru að sjálfsögðu launþegar í landinu og þá einkum og sér í lagi þeir sem lægst hafa launin. Þeir sem græða á verðbólgu eru braskarar, þ. e. hvers kyns milliliðir, fjármagnseigendur, kerfiskarlar, skjólstæðingar kerfisins, enda leiddi af þessari óðaverðbólgu á þessum áratug gífurlega efnahagslega mismunun og sívaxandi félagslegt misrétti.

Annað einkenni slíkrar óðaverðbólgu er gífurleg eigna- og tekjutilfærsla frá venjulegu vinnandi fólki til fjármagnseigenda.

Það var einmitt einkenni á efnahagspólitík Alþb. á þessum tíma, undir andlegri leiðsögn Lúðvíks Jósepssonar, fyrrv. hæstv. ráðh., að Alþb. fylgdi því sem kallað var lágvaxtastefna. Þetta þýddi að í 50—60% verðbólgu virtist það vera ein af kennisetningum Alþb. að rétt væri að verðtryggja ekki sparifé og að bjóða atvinnulífinu upp á neikvæða vexti allt að 17—20%. Þetta þýddi að þeir sem best voru settir, atvinnurekendur í þjóðfélaginu og aðrir fjármagnseigendur, fengu lán á þessum tíma sem þeir ekki þurftu að endurgreiða nema að litlum hluta. M. ö. o.: þarna var um að ræða eignatilfærslu frá launþegum til atvinnurekenda. Ég er einn þeirra fjölmörgu vinstri manna sem aldrei gátu skilið þessa efnahagspólitík. Ég kallaði hana einhvern tíma í háðungarskyni grútarbræðsluhagfræði Lúðvíks Jósepssonar, en tel reyndar að það sé rangnefni því að það á ekki að kenna hana við grútarbræðslu. Grútarbræðsla er þjóðlegur atvinnuvegur og útflutningsatvinnuvegur og nýtur ekki nema mjög takmarkaðs gagns af slíkri efnahagspólitík.

Þegar saman fer óðaverðbólga, sem er mælikvarði á kunnáttuleysi í stjórn efnahagsmála, neikvæðir vextir, sem er eigna- og tekjutilfærsla frá vinnandi fólki til fjármagnseigenda, hriplekt og ranglátt skattakerfi, þá er ekki að undra að á stjórnartíma þessara flokka gerðist það að framleiðsluatvinnuvegir, útflutningsatvinnuvegir, máttu þola endalausar kárínur, voru reyndar alltaf á núllgrundvelli eða í hallarekstri undir hamrinum, en hvers kyns skjóttekin gróðastarfsemi, milliliðastarfsemi, innflutningsverslun, verslun, dreifing, þjónusta, voru þær greinar sem blómstruðu.

Nú hvarflar ekki að mér að þetta hafi verið gert af ásettu ráði. Það hvarflar ekki að mér að væna forustumenn Alþb. um slíka tvöfeldni að þeir hafi meint og meini ævinlega þveröfugt við það sem þeir gera. Ég hef einfaldlega ekki getu til þess að trúa því og hlýt þess vegna að álykta að þessar hræðilegu niðurstöður séu frekar dæmi um kunnáttuleysi en tvöfeldni eða hræsni.

Það fer ekki milli mála að þegar litið er á þessar grunnstærðir efnahagsmála, litið á þessar niðurstöður á efnahagsmálastjórnun Alþb., gefa þær tilefni til mjög rækilegrar endurskoðunar. Alþb. hefur breyst frá því að vera það sem þeir kölluðu sjálfir „eðlilegur stjórnarandstöðuflokkur“ yfir í að vera það sem þeir vilja kalla sjálfir „eðlilegur stjórnarþátttökuflokkur“. Og forusta Alþb. er farin að hugsa sem svo, að það sé eins og hjá Framsfl. eðlilegt keppikefli Alþb. að vera í ríkisstj. Þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að forustumenn Alþb. setjist nú niður og rannsaki þennan stjórnarþátttökuferil sinn mjög gaumgæfilega, mjög gagnrýnum augum. Þetta heitir á máli sósíalismans að stunda sjálfsgagnrýni. Ég held að hún sé ákaflega tímabær. Og ég segi þetta ekki af neinni áreitni. Ég segi þetta af því að ég tel mjög æskilegt að Alþb.-forustan einsetji sér það í nafni framtíðarþjóðarhagsmuna að læra af þessari hörmulegu reynslu.

Mér er það t. d. alveg óskiljanlegt, ef við lítum aðeins á atvinnumál, hvernig á því stendur að forustumenn Alþb. kunnu ekki önnur ráð, þegar um var að ræða ranga og dýra landbúnaðarpólitík, en að stunda yfirboð gagnvart Framsfl. í stað þess að taka undir með okkur Alþfl.-mönnum um að gæta hagsmuna launþega í landinu. Framsfl. er í eðli sínu hagsmunavörsluflokkur þess milliliðakerfis sem kennt er við SÍS og landbúnað.

Það hefur verið neytendum í landinu ákaflega dýrt í 20 ár, reyndar svo dýrt að allir tekjuskattar einstaklinga, sem að mestu eru greiddir af launþegum, hafa farið í þetta kerfi. Það hafa verið um 1—1.5 milljarðar á fjárlögum. T. d. s. l. sex ár um 14 milljarðar á verðlagi ársins 1983. Eina sem Alþb. hafði um þetta að segja var að foringi flokksins lagði til að landbúnaðarvandamálið yrði étið og það mætti leysa auðveldlega með því og hvatti launþega til að éta meira. Þetta er ekki hægt að taka alvarlega. En þarna virðist mér að forusta Alþb. hafi fallið í þá freistni að stunda hentistefnu, þ. e. láta þarna sitja í fyrirrúmi vilja sinn til að kaupa atkvæði af vinstri sinnuðum framsóknarbændum fremur en að gegna skyldu sinni og í skjóli réttra raka halda fast á hagsmunum launþega í þéttbýlinu.

Annað dæmi, sem mér er mikið undrunarefni og ég veit að mörgum vinstri sinnuðum mönnum sem stutt hafa Alþb. í góðri trú var mikið undrunarefni, var niðurstaðan af ráðsmennsku Alþb. í húsnæðismálum milli 1980—1983. Við höfum svo sem deilt um þetta fyrr. Það sem mér er fyrst og fremst undrunarefni er þetta: Það var búið að koma á verðtryggingu á sparifé á þessum tíma. Það var staðreynd. Því var ekki breytt. Frá því var ekki fallið. Þegar við jafnaðarmenn börðumst fyrir og innleiddum verðtrygginguna á sinni tíð, sem við stöndum við og föllum ekki frá og teljum að hafi verið rétt ráðstöfun, fylgdi okkar till. í því efni alveg skýlaus krafa um að lánstíminn yrði lengdur mjög verulega til þess að mæta verðtryggingunni, m. ö. o. til þess að tryggja að greiðslubyrðin yrði ekki launþegum óviðráðanleg. Ef menn vefengja þetta bið ég þá hina sömu að gera svo vel að kynna sér mjög merkilegt frv. sem aldrei þessu vant var ekki lagt fram á hinu háa Alþingi heldur í ríkisstj. þar sem áttu sæti ráðh. bæði Alþfl. og Alþb. Það var hið fræga frv. Alþfl. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Þetta var hið merkasta frv. þó að það hafi verið eyðilagt í meðförum framsóknarmanna og Alþb.-manna í ríkisstj. Þar segir t. d. í 23. gr., með leyfi forseta:

„Seðlabanka Íslands er skylt að ákveða endurgreiðslukjör lána og annarra fjárskuldbindinga í áföngum þannig að á árinu 1980 verði því markmiði náð að raunvextir verði jákvæðir", þ. e. afnumið yrði það ástand að vextir væru neikvæðir, verðtryggingu komið á, en gert ráð fyrir lágum raunvöxtum.

Þar segir enn fremur:

„Jafnframt skal ríkisstj. undirbúa lagasetningu um samræmda lengingu á lánstíma fjárskuldbindinga, þar með talið almenna heimild lánþega til skuldabréfaskipta vegna þessara breytinga."

Þetta var lykilatriðið að því er varðaði aðlögun lánastarfseminnar að verðtryggingarákvæðum. Mér er það endalaust undrunarefni hvers vegna þær ríkisstjórnir sem við tóku sinntu ekki þessu.

Stundum er vitnað í þessu samhengi í Ólafslög, en Ólafslög eru sem alþm. er kunnugt um útþynning á upphaflegu frv. Alþfl. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Það var í helstu atriðum gert með þeim hætti að þar sem einhver broddur var í frv. var hann slævður eða þar sem verulega átti að taka á, var það afnumið. Og síðan þegar lögin höfðu þó verið lögfest var séð tryggilega til þess að þau hafa aldrei komið til framkvæmda. En í Ólafslögum, sem hæstv. fyrrv. forsrh. sagði að hann hefði samið á eldhúsbekknum heima hjá sér, er ákvæði um verðtryggingu. Af einhverjum ástæðum hef ég ekki tekið með mér rétt ljósrit þannig að ég get ekki lesið þetta upp orðrétt eins og ég ætlaði mér. Nægir þá að vísa til þess eftir minni að í þessum Ólafslögum var líka ákvæði þar sem var kveðið á um skyldu stjórnvalda til að lengja lánstímann verulega til þess að mæta verðtryggingunni.

Annað er mér undrunarefni frá þessum tíma. Húsnæðislánakerfið er sem kunnugt er trúlega þriðja helsta tekjujöfnunarkerfi landsmanna og á ég þá við að það eigi að vera það til viðbótar tryggingakerfi og skattakerfi. Snemma á stjórnartíma þar sem Alþb.-menn sátu bæði í fjmrn. og félmrn. komu þeir sér ásamt um þá pólitík að svipta húsnæðislánakerfið föstum tekjustofnum sínum. Í staðinn var þessum félagsmálakerfum vísað á óvissan lánsfjármarkað innanlands og sá leikur endurtekinn að vísa Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna á að afla sér tekna með lánum frá lífeyrissjóðum, jafnvel miðað við það að þröngva lífeyrissjóðum til þess, skuldbinda þá til þess að afhenda 40% af ráðstöfunarfé sínu, Atvinnuleysistryggingasjóði skyldusparnað o. s. frv. Staðreynd var og hlaut að liggja í augum uppi að þessi lánakjör voru með þeim hætti að lífeyrissjóðalánin voru til skemmri tíma og vextirnir voru hærri en á þeim lánum sem byggingarsjóðirnir lánuðu út. Af þessu hlaust verulegur vaxtamunur sem smám saman átti sinn þátt í því að grafa undan eiginfjárstöðu þessara mjög þýðingarmiklu tekjujöfnunarkerfa almennings, sem eru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, sem hefur endað með þeim ósköpum í tíð núv. hæstv. félmrh. að heita má að báðir þessir sjóðir séu óvirkir. Byggingarsjóður ríkisins er sokkinn í skuldir og að Byggingarsjóði verkamanna hefur verið búið þannig að s. l. tvö ár hefur ekki verið hafist handa um að byggja eina einustu nýja íbúð á hans vegum með þeim afleiðingum að þar er bara vísað á biðlista og kunningsskap við verkalýðsleiðtoga. Þetta finnst mér vera hörmuleg mistakasaga.

Þar við bætist að á þessum tíma, þegar Alþb. stýrði ríkisfjármálunum og sat í fjmrn., er mér gersamlega óskiljanlegt hvernig hæstv. fyrrv. fjmrh. gat horft aðgerðarlaust í þrjú ár upp á það skattakerfi sem við höfum fyrir augunum. Það lýsti sér í því að það var orðið opinbert ríkisleyndarmál að aðeins hluti þjóðarinnar, þ. e. launþegar sem selja vinnuafl sitt hjá öðrum, greiddi tekjuskatt. Hinn hluti þjóðarinnar var stikkfrí. Honum nánast selt sjálfdæmi um það hvaða tölur hann skrifar á blað í formi tekjuskattsframtala.

Atvinnurekstur í landinu hafði á öllu þessu tímabili að vísu allnokkuð greiðan aðgang að lánastofnunum. Jafnvel þó vextir væru neikvæðir töldust þeir vera frádráttarbærir til skatta. Fyrirtæki báru litla tekjuskatta. Minnist ég þess frá stjórnarandstöðutíð þeirra Alþb.-manna að hæstv. fyrrv. fjmrh. — ég á við Ragnar Arnalds — birti hér á þingi langa lista yfir hin skattlausu fyrirtæki. En þegar Alþb. settist í stjórnarstóla og fékk sjálft fjmrn. á sitt vald, þetta voldugasta rn. íslenskra ríkisstjórna, var horft á þetta skattakerfi og ekkert aðhafst.

Ég er hér að lýsa ranglátu tekjuskattakerfi og hripleku söluskattskerfi. Öllum mönnum sem einhverja þekkingu hafa á atvinnulífi og viðskiptum á Íslandi er kunnugt um að söluskattur er í stórum stíl innheimtur af venjulegum launþegum og neytendum. Þar eru stórir

hópar sem eru vörslumenn þessa almannafjár, en hins vegar alveg augljóst mál að féð kemst ekki til skila. Mér er alveg gersamlega óskiljanlegt hvernig á því stendur að allan þann tíma sem Alþb. hafði með þessi mál að gera skyldi ekkert vera aðhafst í þessum málum. Hér erum við að tala um kjarna mála, þ. e. reynsluna af stjórn Alþb. í þeim málaflokkum sem almenning varðaði mestu að góð stjórn væri á.

Oft hef ég heyrt þá viðbáru að þetta sé ekki sanngjörn umsögn af því að Alþb.-menn hafi verið í ríkisstjórn með framsókn og ekki komið fram sínum málum fyrir kerfisflokknum gamla. Eitthvað kann að vera til í því, en þó er á það að líta að þegar Alþb.-ráðherrar fóru með hvort tveggja útgjaldarn., félagsmála- og fjmrn., er alveg augljóst mál, miðað við íslenska stjórnskipun, miðað við sjálfstæði íslenskra ráðherra, að ekki verður framsókn um kennt að því er þetta varðar.

Ef við drögum saman finnst mér alveg augljóst að upp á framhaldið að gera, t. d. í hugum þeirra manna sem gjarnan gætu hugsað sér samstarf við Alþb., þá velti maður fyrir sér: Hefur Alþb. eitthvað lært af þessum hræðilega stjórnarferli? Er það virkilega svo að þeir hafi lært þessa lexíu þannig að menn þurfi ekki að ganga út frá því sem gefnu að ef Alþb. settist á stjórnarstóla aftur mundi það halda þannig á málum að menn mættu búast við nýjum og nýjum verðbólgumetum? Er það virkilega svo, að formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., hafi ekkert lært af mistökum fyrri ríkisstjórna Alþb. að því er varðar verðtryggingu og vexti? Það veldur mér nánast hryggð, miðað við þingræður hans að undanförnu og blaðagrein í Dagblaðinu í dag, að mér virðist sem svo að hann hafi engu gleymt og ekkert lært.

Þetta eru ákaflega þýðingarmikil mál, sérstaklega með hliðsjón af því að öðrum stjórnmálaflokkum í stjórnarandstöðu hefur nýlega borist bréf frá Alþb. þar sem boðið er upp á umr. Það er að vísu orðað í þeim anda að Alþb. býðst til þess að verða samfylkingarsamtök vinstri manna. Að vísu getur það ekki orðið, enda er Alþb. núna þriðji minnsti flokkur þjóðarinnar skv. skoðanakönnun. Svona rétt kvensterkir í svipinn. En látum það nú vera. Ég vildi gjarnan mega taka þessar viðræður alvarlega og ég vona í lengstu lög að Alþb.-forustan læri af mistökum sínum.

Mér er ljóst að það er við mikla erfiðleika að etja í Alþb. eins og er. Sérstaklega virðast þeir menn sem valdir hafa verið til trúnaðarstarfa í verkalýðshreyfingunni eiga þar erfitt uppdráttar, sbr. það að þeir voru nýlega hreinsaðir út úr því sem heitir verkalýðsmálaráð Alþb. og virðast þannig vera eins konar pólitískir flóttamenn, vera á götunni. Mér er mikið í mun að rétta þessum pólitísku flóttamönnum bróðurlega hönd og lýsi því hér með yfir að ég mundi vilja beita mér fyrir því að þeir fengju pólitískan griðastað í Alþfl., þar sem ég tel að þeir eigi nú heima, enda ljóst af gagnrýni þeirra margra hverra, og þá vitna ég sérstaklega til forseta Alþýðusambandsins, Ásmundar Stefánssonar, á pólitík Alþb. í undanförnum ríkisstjórnum er mjög í anda þess sem fram hefur komið almennt í málflutningi Alþfl. Ég minni á að verkalýðsforustumenn Alþb. hafa beitt sér fyrir og beittu sér þá fyrir harðorðum ályktunum um skilningsleysi þessara ríkisstjórna á atvinnumálum, um nauðsyn þess að stokka upp fjárfestingarstjórnkerfið, um nauðsyn þess að taka upp annars konar stefnu í fjárfestingarmálum, um nauðsyn þess að fjárfestingin skilaði okkur meiri arði, um nauðsyn þess að stokka upp stefnuna í landbúnaðarmálum, en allt eru þetta mál sem Alþfl. hefur barist fyrir á annan áratug.

Herra forseti. Með hliðsjón af þessu öllu saman er þetta kurteisleg ábending til raunsærra manna og verkalýðssinna í Alþb. um nauðsyn þess að reyna að greiða fyrir samstarfi vinstri manna. Það eru mjög alvarleg vandamál við að fást í íslensku þjóðfélagi í framtíðinni. Þess vegna er ákaflega þýðingarmikið að þess sjáist einhver merki að forustumenn Alþb. hafi lært af mistökum sínum þannig að þau hendi ekki aftur. Það er í ljósi þess sem ég les frv. um verndun kaupmáttar og viðnám gegn verðbólgu. Ég vil sérstaklega taka fram að þetta er þeim mun þýðingarmeira sem við sitjum nú uppi með ríkisstj. sem hefur nýlega gert þriðju atrennuna að því að móta sér stefnu í efnahagsmálum. Það gerði hún fyrst með stjórnarsáttmála sínum. Því næst gerði hún það með stjórnarsáttmála nr. 2 frá því í sept. s. l. sem var eins konar heiðursmannasamkomulag þeirra hv. þm. Þorsteins Pálssonar, 1. þm. Suðurl., og hæstv. forsrh. Lítið hefur orðið um efndirnar á því plaggi. Og nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram í þriðja sinn hugleiðingar sínar á fjórum bls., A—4, um hvað hún gæti hugsað sér að gera smátt og smátt út þetta ár og á hinu næsta í efnahagsmálum.

Það er ekki undrunarefni að í umsögnum fjölmiðla um þetta hafa menn fyrst og fremst staldrað við það sem ekki er að finna á þessu plaggi. Það hlýtur að vera mönnum mikið umhugsunarefni að á sama tíma og sjávarútvegurinn er í djúpri kreppu, að hluta til sokkinn í skuldir, og fram undan er sjómannaverkfall er í efnahagsáformum ríkisstj. ekki að finna stafkrók um málefni sjávarútvegsins, hvorki um skuldaskil, gengisskráningu, verðlagningu aðfanga, olíuverðið eða eitt eða neitt.

Þar er ekkert vikið að upprætingu skattsvika með breytingum á skattakerfi þó að það séu teknar upp góðu heilli tillögur Alþfl. og þá sérstaklega hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um aukið aðhald í skattaeftirliti með því að fjölga skattrannsóknarmönnum. Vandamálið er hins vegar ekki leyst vegna þess að sérstökum fjármunum var ekki veitt til þess á fjárlögum. Það var reyndar fellt. Sú ráðstöfun ein sér kemur því ekki til með að skila miklum árangri nema sem liður í samræmdum aðgerðum, að stokka upp skattkerfið sjálft.

Þarna er ekkert að finna um skattlagningu banka, ekki gerð tillaga um ráðstöfun á hagnaði Seðlabankans.

Það eru engar tillögur um skattlagningu á skattsviknum verðbólgugróða stóreignamanna og stórfyrirtækja, enda var heldur dapurlegt að heyra ræðu hv. 1. þm. Suðurl. s. l. miðvikudag um þau mál. Þar fjallaði hann með skætingi og útúrsnúningum um eitt stærsta málið sem liggur fyrir þessu þingi, sem er till. um stighækkandi eignarskatt á stóreignamönnum og stórfyrirtækjum. Málflutningur hv. þm. byggðist á útúrsnúningum. Það hvarflaði að mér að halda að hann hefði alls ekki kynnt sér málið, alls ekki lesið frv. En um það fjöllum við betur síðar.

Þarna var ekkert að finna um einokunargróða milliliðakerfisins í landbúnaði, ekkert um aðgerðir gegn einokunarhringum og einokunarverðmyndun, svo sem eins og hjá SÍS, olíufélögum, Aðalverktökum og trygg-

ingafélögum. Það er ekkert hjá ríkisstj. að finna um aðferðir eða leiðir til að tryggja þjóðinni lægra innflutningsverð. Þar var ekkert að finna um neina atvinnustefnu, ekkert um markaðsmál, ekkert um aukið frelsi til útflutnings, engar tillögur um að draga úr velferðarkerfi fyrirtækjanna á fjárlögum, sem er reyndar orðið af því taginu að það er verið að stefna að því að gera atvinnuvegina, sem eiga að vera undirstaða velferðarríkisins, að niðursetningum skattgreiðenda. Það var ekkert um hið rangláta lífeyrisréttindakerfi og enga byggðastefnu þar að finna.

Niðurstaðan var sú að hæstv. ríkisstj. situr við sinn keip. Þar er allt á sömu bókina lært. Hún stefnir áfram að auknum erlendum lántökum miðað við árið 1984 þó að ráðh. reyni að klóra í bakkann og draga úr aukningu þeirra um 350 millj. Það er áfram látið líðast að við stefnum í milli 4 og 5 milljarða viðskiptahalla á næsta ári. Það á að halda áfram að reka ríkissjóð með halla og það á að viðhalda ránvaxtastefnu Seðlabankans. Þó ekki kæmi annað til er alveg ljóst að hafi þessar ráðstafanir átt að vera bjarghringur fyrir samstarf stjórnarflokkanna mun það ekki takast. Í hæsta lagi munu þær duga sem sjónhverfingaleikur fram á vorið og ef stjórnarflokkarnir verða mjög hræddir við kosningar í vor gæti dregist fram á haust að kjósa, en ekki lengur.

Þeim mun þýðingarmeira er að stjórnarandstöðuflokkarnir, sem hljóta að búa sig undir það að um leið og þessi ríkisstj., sem nú þegar er búin að vera og hefur enga stefnu, kemur að sínu útgönguversi og þá verður þegar í stað að fara að undirbúa stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, þeim mun þýðingarmeira er að spyrjast fyrir um það hvort þeir Alþb.-menn hafi nokkuð lært af mistökum sínum. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að það sjónarmið — (**FrS:** Er þetta bónorð til Alþb.?) Nei, nei, þetta er málefnaleg umræða um nauðsyn þess að meta reynsluna af efnahagsóstjórn þríflokkanna, Sjálfstfl., Alþb. og Framsfl., á áratug hinna glötuðu tækifæra, svo að ég vitni nú í hagfræðing Vinnuveitendasambandsins og helsta ráðgjafa formanns Sjálfstfl. í efnahagsmálum.

Það er alkunna að innan þessara flokka, þ. e. Sjálfstfl. og Alþb., hafa lengi verið uppi draumar um sögulegar sættir. Alkunna er að þó að formaður Alþb. sendi stjórnarandstöðuflokkunum bréf og biðji um viðræður stjórnarandstöðuflokkanna um landstjórnarafl, þá kemur formaður verkalýðsmálaráðsins og telur að þessar hugmyndir séu ekki byggðar á raunsæi, það beri raunverulega að stefna að nýrri nýsköpunarstjórn þar sem um væri að ræða stjórn Sjálfstfl., Alþb. — og svona miðað við það hvernig landið liggur pólitískt væntanlega undir stjórnarforustu Alþfl. Þess vegna er þetta ekkert hégómamál. Í ljósi þess arna, miðað við það að ríkisstj. situr uppi stefnulaus og miðað við það að reynslan af stjórnarþátttöku Alþb. hefur verið einkar slæm, sérstaklega fyrir launþega og vinnandi fólk, þá er þetta ákaflega þýðingarmikið mál.

Það er mér ánægjuefni að um suma af þeim þáttum sem hér eru settir fram sem efnahagsstefna Alþb. get ég verið hjartanlega sammála þó að sumt sé með þeim hætti að það verði að endurskoða mjög rækilega. Lítum aðeins á nokkur atriði. Lítum t. d. á innflutningsverslunina. Það er alveg augljóst mál að við getum ekki látið bjóða þessari þjóð upp á það til langframa að innflutningsverslunin íslenska skili íslenskum neytendum innflutningsverði sem er kannske fjórðungi hærra en sambærilegt innflutningsverð annarra Norðurlandaþjóða. Og það þarf enginn að segja mér það að þetta sé náttúrulögmál. Við höfum búið við ákaflega fáránlegt kerfi í þessum efnum. Spurningin er: Hvernig ætlum við að breyta því?

Niðurstaða mín af reynslunni er sú að það stoði lítið að setja lög, það stoði lítið að setja lög um verðstöðvun og um herta verðstöðvun nema því aðeins að það sé liður í samræmdri efnahagsstefnu. Þýðingarmest í verðmyndunarmálum er að brjóta á bak aftur auðhringi og einokunarverðlag og stuðla að raunverulegri samkeppni. Ég er sammála þeim sjálfstæðismönnum um það að það eina sem tryggi neytendum til lengdar lægsta hugsanlegt verð sé sem mest samkeppni á markaði. Nú geri ég mér það ljóst að íslenskt þjóðfélag er með þeim hætti að þessu verður ekki við komið nema að litlu leyti. Þess vegna held ég að sú till. sem hér liggur fyrir, um að beina atorku og starfsemi Verðlagsstofnunar sérstaklega að innflutningsverðlaginu, sé góðra gjalda verð, enda í samræmi við þá skýrslu sem Verðlagsstofnun lagði á borð viðskrh. sem einu sinni hét hv. þm. Svavar Gestsson. En því miður var lítið með hana gert, minna en efni stóðu til.

Að því er varðar sjávarútveginn, þá er hér stungið upp á ýmsum ráðstöfunum svo sem eins og skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég hef svolitlar efasemdir um það skattform því að ég er hræddur um að verslunin velti því að verulegu leyti út á neytendur. Þá er talað um veltuskatt á banka. Ég tel sjálfsagt að auka skattheimtu á banka, sömuleiðis að taka hagnað Seðlabankans í ríkissjóð, það tel ég algerlega sjálfsagt. En hvort þetta eru þær réttu ráðstafanir sem gætu bjargað sjávarútveginum, því er ég ekki endilega sammála. En ég er sammála um að þarna verður að grípa til ráðstafana.

Að því er sjávarútveginn varðar verða menn náttúrlega fyrst og fremst að koma sér saman um eitt: að sjávarútvegurinn verður að búa við rétta gengisskráningu. En ég er sammála þeim Alþb.-mönnum um að það sé hægt að gera ótalmargt til að lækka kostnað aðfanga í sjávarútvegi. Sérstaklega kemur mjög til álita að þjóðnýta olíufélögin. Að vísu er það svo að olíuinnflutningsverslunin er í höndum ríkisins. En síðan tekur þessi þríeini olíuauðhringur við og hann hefur staðið sig með þeim endemum að árum saman hefur hann boðið íslenskum sjávarútvegi upp á þau skilyrði að þurfa að kaupa olíu og bensínvörur á 30—40% hærra verði en tíðkast á öllum fiskihöfnum í Evrópu. Þetta gengur ekki. Þetta á sér ákveðnar skýringar og það er ekki hægt að taka sem góðar og gildar skýringar olíueinokunarinnar í því efni. Ég er sammála Alþb.-mönnum um það.

Að öðru leyti vísa ég til tillagna Alþfl. í sjávarútvegsmálum sem eru fleiri en þessar. Sérstaklega þyrftu menn að beina umr. að því hvað við getum gert til þess að styrkja okkur í samkeppninni við þær þjóðir sem nota olíu- og iðnaðarauð sinn til þess að niðurgreiða sjávarafurðir. Þar eigum við að beita mjög hörðum aðgerðum gagnvart Norðmönnum og nota fyrsta tækifærið sem gefst til þess sem er nú þegar Norðurlandaráð kemur saman hér í Reykjavík. Ég ætla ekki að orðlengja um það frekar.

Að því er varðar hugmyndirnar um að stöðva erlendar lántökur, þá skiptir þar mestu að menn hafi raunsæjar hugmyndir um hvernig við ætlum að fara að því að byggja upp innlendan sparnað. Það gerist ekki með þeim hugmyndum sem hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, formaður Alþb., er að reifa þessa dagana að því er varðar verðtryggingu sparifjár. Hins vegar hygg ég að sú umr. sé að verulegu leyti byggð á misskilningi vegna þess að auðvitað getum við ekki hlaupið frá því að stuðla að sparifjármyndun. En um leið útilokar það ekki að við hegðum okkur eins og menn gagnvart hagsmunum húsbyggjenda. Sá sem ætlar að stöðva erlendar lántökur verður í fyrsta lagi að hafa svör á reiðum höndum um það hvernig við ætlum að byggja upp innlendan sparnað og hvernig hann ætlar að haga sinni skattapólitík. Og þar vantar eiginlega mikið á, þar er stórt gat í tillögum Alþb.

Við erum að sjálfsögðu sammála þeim um það að afnema sjúklingaskatta. Ég sé að ég get nú ekki rætt vaxtamálin eins ítarlega og kannske væri þörf á en ég er sammála þeim Alþb.-mönnum um það að vexti má að ósekju, að því er varðar skammtíma skuldbindingar, hafa án verðtryggingar. Þá á ég við að þar er um að ræða áhættulán fyrst og fremst og bisness er bisness, menn taka áhættu í viðskiptum og við því er ekkert að segja.

Að því er varðar lánamál til lengri tíma getur það hins vegar ekki gengið, ekki miðað við aðstæður í íslensku þjóðfélagi að svo stöddu. Við eigum að bjóða sparifjáreigendum upp á verðtryggingu. Við eigum að hafa lága raunvexti, mjög lága raunvexti. Fyrir því eru ákveðin rök að við þurfum ekki að elta Reagan í þeim efnum. Vaxtapólitík núv. ríkisstj. er sannanlega alröng.

En að því er varðar húsnæðismálin er kjarni málsins sá að við þurfum í fyrsta lagi tekjustofna til þess að endurreisa fjárhag byggingarlánasjóðanna. Það er atriði númer eitt. Um það höfum við lagt til alveg ákveðnar tillögur sem eru tillögurnar um stóreignaskattinn á hinn skattsvikna verðbólgugróða hinna ríku.

Í annan stað verðum við að tryggja byggingarsjóðunum fasta tekjustofna, það er óhjákvæmilegt. Við verðum að þurrka út vaxtamuninn milli inn- og útlána.

Í þriðja lagi verðum við að lengja lánstímann og það styðst við þau rök að fjárfesting í húsnæði er til langs tíma. Hún er án áhættu og getur þess vegna borið lága vexti enda þekki ég engin dæmi þess frá löndunum í kringum okkur að boðið sé upp á sama raunvaxtastig að því er varðar fjárfestingarlán til atvinnurekstrar, sem á að skila arði, og til húsnæðislána.

Það væri mjög æskilegt að við gætum komist að sameiginlegum niðurstöðum í þessum efnum en þá bið ég formann Alþb. endilega að setjast nú niður og læra lexíuna sína um vaxtamál betur en hann hefur gert að undanförnu.

Að því er varðar að hafa stjórn á skipafélögum í sambandi við fragt og slíka hluti er ekki mikill ágreiningur.

Ég tek líka undir með Alþb. um það, enda höfum við gert það áður, kannske má orða það svo að Alþb. taki undir með okkur, að það beri að breyta þeim reglum sem nú gilda um skattmeðferð verðbréfahagnaðarins. Það er ljóst að hluti af sparifjármynduninni í þjóðfélaginu er náttúrlega ekki sparifjármyndun í eiginlegum skilningi heldur skattsvikinn hagnaður eða erfðafé sem er partur af neðanjarðarhagkerfinu og er ávaxtaður með góðum árangri á allt að 18% raunvöxtum á verðbréfamarkaðinum íslenska sem lýtur engum lögum og engum reglum. Satt að segja eru menn, sem kunnugir eru þessum viðskiptum, farnir að óttast það mjög að þetta ævintýri endi með stóru hruni. Kjarni málsins er sá að þarna er um að ræða svo himinháa raunvexti, og aðallega er hér um að ræða fé huldumanna Stigahlíðarþjóðarinnar, skattsvikið fé sem þolir ekki dagsins ljós, og það er ekki framtalsskylt og það er ekki skattskylt. Fórnarlömb þessa kerfis eru að verða ansi mörg og ég er algerlega á einu máli um það að þarna beri að breyta reglum, þarna beri að setja lög, og einnig hugmyndinni um það að skuldabréf skuli ekki látin ganga kaupum og sölum nafnlaus heldur vera skráð á nafn, svo sem tíðkast í öllum góðum kapítalískum ríkjum, þ. á m. Bandaríkjunum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð lengri að sinni. Þetta voru fáein orð að gefnu tilefni um efnahagsstefnu Alþb. í tilefni af þessu frv., tilraun til þess að meta störf Alþb. í ríkisstjórn í ljósi reynslunnar. Að lokum læt ég í ljósi þá frómu ósk að menn læri af reynslunni.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. né heldur blanda mér í kennslutíma síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann reyndi að kenna þeim hv. Alþb.-mönnum, né heldur ræða sjónarmið þau sem fram komu af hans hálfu þó að ástæða væri til að gera það með ýmsum hætti og gera samanburð á því sem hér var sagt og því hvernig áður hefur verið að málum staðið af hálfu Alþfl.-manna.

Hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín þremur fsp. í ræðu sinni hér áðan sem ég vildi gjarnan mega svara nú. Í fyrsta lagi spurði hann um breytingu á störfum langlánanefndar eða lánanefndar eins og sú nefnd heitir. Þegar fleiri bankar en ríkisbankarnir fá heimild til erlendrar lántöku liggur ljóst fyrir að þar verður að gera breytingu á hvernig með þessi mál skuli farið, þ. e. erlendar lántökur. Og þeir hafa t. d. ekki fengið aðild að lánanefndinni sem veitir heimildir til erlendra lána að fengnum tillögum bankanna. Þetta er eitt atriðið sem gerir það að verkum að reglurnar sem í dag gilda verður að endurskoða. Og þá gildir það hvort heldur er varðandi lánanefndina eða svokallaða samstarfsnefnd bankanna sem fjallar aðeins um þau lán sem heimilt er að taka innan árs.

Hér er um að ræða, eins og segir í grg. sem frá ríkisstj. kom og forsrh. og fjmrh. gerðu grein fyrir, að nýjar reglur og viðmiðanir verði settar um erlendar lántökur og þar m. a. tekið fram að á þeim verði gerðar breytingar þannig að erlendar lántökur, endurlán banka, ábyrgðir banka taki m. a. mið af eiginfjárstöðu og auk þess verði farið inn á þær brautir að veita einstaklingum heimildir til að taka lán án þess að ríkisábyrgð eða bankaábyrgð komi til. Með hvaða hætti menn hugsa sér að þetta fyrirkomulag verði liggur ekki ljóst fyrir í dag en að mínum dómi miðar þetta að því að breyta störfum lánanefndarinnar, hvernig svo sem þeim störfum verður fyrir komið, eða því skipulagi sem á þessum málum þarf auðvitað að hafa hér eftir sem hingað til. Ég teldi sjálfur eðlilegast að þessi mál væru hjá bönkunum, þeim sem hafa heimildir til erlendrar lántöku, en að sjálfsögðu innan þeirra marka sem sett væru og m. a. er bent á í því sem ég vék að hér áðan.

Hv. þm. vék að verðtryggðum lánum og minntist á þær hugmyndir að lán til skemmri tíma væru ekki verðtryggð. Þetta gerðist m. a. við síðustu vaxtaákvörðun. Þar var tekið fram að lán til sex mánaða og skemmri tíma væru ekki heimiluð verðtryggð og litið á það sem fyrsta skref í þá átt að lán til skemmri tíma væru ekki verðtryggð.

Á vék hv. þm. að skuldabréfum og meðferð þeirra. Það er rétt sem kom fram hjá þm. að breytingar á þessum reglum er hægt að gera án lagabreytinga, þ. á m. að setja reglur varðandi verðbréf. Og það er einmitt það sem rn. hefur haft til meðferðar og kemur fram í þeirri yfirlýsingu sem hér var vikið að og gerð var grein fyrir á föstudaginn og ætlunin er að koma í framkvæmd. Það er gert ráð fyrir því að reglur um verðbréf verði settar og auk þess gert ráð fyrir því að Seðlabankanum verði falið að koma á fót því kaupþingi sem gert er ráð fyrir í lögum um Seðlabankann til þess að öruggar upplýsingar fáist um verð og verðlagningu á verðbréfum.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að skoða skattalega meðferð skuldabréfa. Það liggur í hlutarins eðli, miðað við þær breyttu aðstæður sem í dag eru á verðbréfamarkaðinum, að það þarf að gera.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Alþingi 12. febr. 1985.

Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., er nú í sjúkrahúsi og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sighvatur Björgvinsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Sighvatur Björgvinsson hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs um þingsköp vegna fsp. sem kom fram hér í Sþ. þann 17. okt. s. l. til menntmrh. um niðurskurð og sparnað í skólum. Ég ætlaði að leyfa mér að gera athugasemd vegna þessa en teldi æskilegt að hæstv. menntmrh. væri hér við til að hlýða á mál mitt. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. var hér rétt í þessu og honum verður gert viðvart.) — Ég kaus að doka við á meðan hæstv. menntmrh. kæmi í þingsal. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp vegna fsp. sem lögð var fram hér í Sþ. 17. okt. s. l. til menntmrh. um niðurskurð og sparnað í skólum.

Nú eru liðnir nær fjórir mánuðir síðan fsp. þessi var fram lögð og engin svör hafa borist frá hæstv. ráðh. en óskað var eftir skriflegu svari. Ég ræddi þetta mál við hæstv. forseta Sþ. fyrir jól og bað hann um að ýta á eftir svari. Einnig ræddi ég þá persónulega við hæstv. ráðh. um þetta mál utan fundar og spurðist fyrir um hvað ylli þeim drætti sem orðið hefði. Þá lofaði hæstv. ráðh. skjótri úrlausn á þessu. En jólahlé leið og þing hóf störf að nýju og enn hefur ekki borist svar.

Ég tel að fsp. sem þessar missi mjög marks, hlutur þeirra í sambandi við þingstörf, ef ekki er orðið við beiðni þm. um svör á eðlilegum tíma. Vissulega getur tekið mismunandi langan tíma að afla upplýsinga um fsp. en í reynd ættu ekki að þurfa að gilda um þetta mikið aðrar reglur en um aðrar fsp. Ég vænti þess að hæstv. forseti hlutist til um að hér geti orðið breyting á, enda veit ég af viðræðum við hæstv. forseta um önnur tilefni að hann hefur lagt sig fram um það að kalla eftir svörum ráðh. við fsp. þar sem skriflegs svars er óskað.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er rétt að langt er um liðið síðan fsp. hv. þm. var fram borin. En hún var að ýmsu leyti allflókin í vinnslu. Nokkrir þættir hennar eru komnir en það hefur kostað mikla vinnu að finna svar við sumum liðunum og sumum þáttunum var hreinlega ekki unnt að svara af tæknilegum ástæðum og vegna starfs skólanna þegar hún var fram borin.

Ég hef beðið starfsmenn rn. að hraða því að fá þessar úrlausnir. Mikill hluti af efninu er kominn en ekki allt og ef það dregst einhverja daga eða við skulum segja fram yfir þessa viku að það fáist, þá mun ég skila því sem komið er.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fara að ræða þetta mál efnislega hér en ég verð að segja að mér þykja boðleiðir orðnar nokkuð langar í landinu þar sem 1½ mánuður er liðinn frá því að ég ræddi við hæstv. ráðh. um þetta mál og hann gerði ráð fyrir að hægt væri að bæta úr jafnvel áður en Alþingi fór í jólaleyfi. Ég vek athygli á því að þessi fsp. fjallar um framkvæmd á fyrirmælum rn. varðandi síðasta ár, a. m. k. að hluta til, og ég hélt að það hlyti að vera áhugamál viðkomandi rn. að fylgjast með því hvernig staðið væri við fyrirmæli sem það gefur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að gefnu tilefni að forseti hlutast til um það að ýtt sé á eftir svörum við skriflegum fsp. Og það hefur verið gert í þessu tilfelli sem öðrum þegar ástæða hefur verið til. Það hefur nokkrum sinnum verið talað af hálfu skrifstofunnar við rn. og síðast var talað í morgun við rn. áður en vitað var um að sú athugasemd sem hér hefur verið gerð kæmi fram. Á blaði sem afhent var forseta fyrir þennan fund stendur um þetta efni:

„Verkfall tafði. Er komið á lokastig. Verið að vinna að ákveðnum viðbótarupplýsingum. Væntanlegt í næstu viku."

Ég vona því að það standi sem rn. hefur tilkynnt enda er það í samræmi við það sem hæstv. menntmrh. hefur hér sagt.

Ríkisstyrkir Norðmanna til sjávarútvegs, fsp. 228. mál (þskj. 284). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 284 um ríkisstyrki Norðmanna í sjávarútvegi. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Er engin vörn í fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna gegn stórfelldum ríkisstyrkjum Norðmanna til sjávarútvegs?

2. Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að koma í veg fyrir þessa aðför að íslenskum sjávarútvegi?

3. Kemur norrænt samstarf Íslendingum að engu gagni í þessum efnum?"

Það má ljóst vera að ríkisstyrkir annarra þjóða til atvinnureksturs koma samkeppnislöndum afar illa. Ríkisstyrkir eru víða tíðkaðir og í ýmsu formi. Kanadamenn styrkja sinn fiskiðnað verulega, bæði gera fylkin það og ríkið sjálft. Á síðasta ári voru t. d. í gangi 37 prógrömm til styrktar fiskveiðum í Nýfundnalandi. Hafa fiskimenn í Bandaríkjunum af þessu miklar áhyggjur og hefur Bandaríkjastjórn hótað Kanadamönnum að setja toll á innflutning þeirra eða banna innflutning alveg.

Færeyingar eru alls ekki stikkfrí í þessum efnum, en ⅓ af fjárlögum þeirra kemur frá Dönum sem óbeint er notað til slíkrar styrkjastarfsemi. Einnig mun slík styrkjastarfsemi vera til staðar í Danmörku. Sannleikurinn er sá að styrkjastefna í sjávarútvegi breiðist út frekar en hitt.

Í Noregi eru ríkisstyrkir í sjávarútvegi meiri en hjá nokkurri annarri þjóð. Sá er þó munurinn á Norðmönnum og öðrum þjóðum að þeir gefa þessa ríkisstyrki upp sem aðrar þjóðir gera ekki. Aðeins 5—6% af þjóðarframleiðslu Norðmanna eru sjávarútvegur. Helstu rök Norðmanna fyrir ríkisstyrkjum til sjávarútvegs eru byggðastefnan. Í Noregi skiptir litlu hvert er markaðsverð fiskjar. Hið eina sem skiptir máli fyrir sjómenn og útgerðarmenn í Noregi er hvað ríkið styrkir þá mikið.

Um síðustu áramót náðist samkomulag milli Norsk fiskerlag og norsku ríkisstjórnarinnar um stóraukna styrki til sjávarútvegsins. Á þessu ári fær norski sjávarútvegurinn samtals 1375 millj. n. kr. eða samtals um 6.2 milljarða ísl. kr. Samsvarar þetta því að norska ríkið greiði um 60% af öllu fiskverði þar í landi auk þess sem stórar upphæðir fara í hvers konar sérverkefni.

Ef við tökum dæmi héðan af Íslandi og þá hvað varðar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem flytur út stærstan hluta freðfisks, þá flutti Sölumiðstöðin út á s. l. ári fyrir 5000 millj. kr. Af þessari upphæð má reikna með að helmingurinn sé hráefnisverð. Skv. þessu eru styrkir Norðmanna 2.5 sinnum meiri en aflaverðmætið.

Eins og fram kom áðan er ríkisstyrkur Norðmanna í ár 6.2 milljarðar kr. eða mun meiri en nemur öllum útflutningi Sölumiðstöðvarinnar. Einnig má nefna annan samanburð. Þessir norsku ríkisstyrkir svara til þess að borga yrði 100% framlag á laun allra starfsmanna í frystihúsum og við saltfiskverkun hérlendis svo og til allra sjómanna nema þá loðnusjómanna.

Það er óhætt að segja að styrkjakerfi Norðmanna sé aðför að íslenskum sjávarútvegi. Það geri ég vegna þess að ríkisstyrkirnir gera samkeppnisaðstöðu okkar á erlendum mörkuðum mjög erfiða. Það er óverjandi að Norðmenn, sem eru vina- og frændþjóð okkar, skuli haga sér þannig gagnvart Íslendingum. Ég hef átt viðræður við helstu útflutningsaðila fiskjar hér á landi. Alls staðar er því haldið fram að Norðmenn, sem berjast um sömu markaði og við Íslendingar, komi óheiðarlega fram sem samkeppnisaðili. Sagt er að Norðmenn hafi lítinn áhuga á að kynna sér markaðsverð hverju sinni. Þeir selji fyrir lægra markaðsverð en þeir geti fengið. Þeir segja við kaupendur fiskjar að þeir viti ekki hvaða verð þeir þurfi að fá fyrir afurðina, það fari eftir ríkisstyrknum. Þá hæla kaupendur sér af því að það sé mun þægilegra að eiga viðskipti við Norðmenn vegna ríkisstyrkjanna. Okkar útflutningsaðilar telja að Norðmenn séu að verða sífellt andvaralausari gagnvart markaðinum, þeir reyni ekki að fá hæsta markaðsverðið, það skipti þá ekki máli.

Nýlega var gerð bókun hjá Sambandi ísl. fiskframleiðenda sem komið hefur verið á framfæri við viðskrh. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn SÍF lýsir miklum áhyggjum vegna sívaxandi opinberra styrkja til sjávarútvegsins í Noregi og hjá öðrum keppinautum okkar. Vegna þessara ríkisstyrkja geta framleiðendur í þessum löndum selt framleiðslu sína undir kostnaðarverði og haldið þannig verði á íslenskum fiski lægra en ella væri. Stjórn SÍF óskar þess að öll tækifæri verði notuð til að vekja athygli viðkomandi aðila á því hve mjög þessir ríkisstyrkir skaða hagsmuni Íslands."

Þá segja SÍF-menn að Norðmenn sæki nú fast á Portúgalsmarkað og hafi nýlega gert samning við Portúgali um mikið magn af saltfiski á þessu ári. Sömu sögu hafa skreiðarútflytjendur að segja. Á þeim mörkuðum þurfa Íslendingar að mæta sífelldum undirboðum Norðmanna. Einnig mun svo vera hvað varðar frystan fisk. Á öllum fiskmörkuðum þar sem báðir eru finna okkar útflytjendur fyrir vinnubrögðum Norðmanna. T. d. má nefna að fyrir nokkrum árum seldu Íslendingar verulegt magn af ufsa til Tékkóslóvakíu. Norðmenn undirbuðu þann markað og sitja nú einir að honum. Sá markaður er okkur Íslendingum tapaður vegna undirboðs Norðmanna.

Í viðræðum við útflytjendur spurði ég hvort ekki hefði verið reynt að ná samstarfi við Norðmenn. Fram kom að oft hefði það skeð, en þrátt fyrir að stundum hefði náðst samstarf hlypu Norðmenn alltaf frá slíku samkomulagi strax og á reyndi.

Íslendingar hafa lengi verið aðilar að EFTA. Á þeim vettvangi hefur ýmislegt jákvætt átt sér stað er styrkt hefur hagsmuni Íslendinga, en er það rétt að Norðmönnum líðist að undanskilja fisk og fiskafurðir í þessum fríverslunarsamningi?

Við Íslendingar höfum einnig tekið virkan þátt í norrænu samstarfi. Það samstarf hefur fært okkur nær þeirri þjóðafjölskyldu sem okkur er skyldust. Norrænt samstarf er vissulega mikils virði og sér þess víða stað. Það nær hins vegar engri átt hvernig Norðmenn haga sér gagnvart okkur á fiskmörkuðunum. Það er því ástæða til að spyrja: Kemur norrænt samstarf Íslending-

um að engu gagni í þessum efnum?

Það mætti minna Norðmenn á hve viðskiptajöfnuður gagnvart þeim er okkur óhagstæður. Það mætti krefjast þess að þeirra byggðastefna verði ekki til að kyrkja íslenskan sjávarútveg. Ég spyr hvað ríkisstj. hafi gert í þessum efnum og hvað sé fyrirhuguð að gera.

Á næstunni verður þing Norðurlandaráðs haldið hér í Reykjavík. Ég tel að nota eigi það tækifæri til að gera frændum okkar á Norðurlöndum ljóst að styrkjastefna Norðmanna í sjávarútvegi geti komið íslenskum sjávarútvegi á kaldan klaka og rýrt lífskjör hér á landi mjög verulega. Vettvang Norðurlandaráðs á að nota til að knýja Norðmenn til samstarfs á fiskmörkuðunum og koma í veg fyrir að stórfelldir ríkisstyrkir Norðmanna grafi undan efnahagslegu sjálfstæði Íslendinga.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. hefur komið með fsp. um ríkisstyrki Norðmanna til sjávarútvegs:

„1. Er engin vörn í fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna gegn stórfelldum ríkisstyrkjum Norðmanna til sjávarútvegs?

2. Hvað hyggst ríkisstj. gera til að koma í veg fyrir þessa aðför að íslenskum sjávarútvegi?

3. Kemur norrænt samstarf Íslendingum að engu gagni í þessum efnum?"

Varðandi 1. fsp.:

Samningurinn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, frá 1960, sem Íslendingar gerðust aðilar að árið 1970, tekur aðallega til iðnaðarvara. Í samningnum er þó gert ráð fyrir fríverslun með nokkrar tegundir sjávarafurða, t. d. fryst fiskflök. Þegar Fríverslunarsamtökin voru stofnuð árið 1960 gerðu Norðmenn þann fyrirvara að þeir gætu haldið áfram að veita ríkisstyrki til sjávarútvegsins. Þótt Norðmenn hafi gert þennan ákveðna fyrirvara við samninginn hafa Íslendingar ævinlega og við fjölmörg tækifæri mótmælt hinum víðtæku styrktaraðgerðum Norðmanna til sjávarútvegs og vísað þá m. a. til almennra ákvæða í EFTA-samningum og þeirra sjónarmiða sem liggja til grundvallar ákvæðum samningsins um ríkisstyrki og samkeppnishömlur.

Þetta mál hefur verið tekið upp á fundum viðskrh. Íslands og Noregs og þar hef ég mótmælt þessu. Forsrh. Íslands hefur á fundum með forsrh. Norðurlanda vikið að þessu og látið sína skoðun þar í ljós og mótmælt. Og sjútvrh. hefur þar sem hann hefur haft tækifæri í viðræðum við sinn norska starfsbróður og annars staðar látið sína skoðun í ljós og mótmælt þessu.

Þá hefur verið fjallað um málið á vettvangi EFTA, á ráðherrafundum samtakanna þar sem viðskrh. mæta, og þar hefur þessu verið mótmælt. Mótmælum Íslendinga hafa Norðmenn svarað á þá lund að ríkisstyrkjum sé fyrst og fremst ætlað að styrkja atvinnulíf í Norður-Noregi, sem byggist aðallega á sjávarútvegi, og koma þannig í veg fyrir byggðaröskun og, að þeir segja, fólksflótta.

Svar við nr. 2:

Það kemur fram í svari við 1. fsp., eins og ég gerði grein fyrir áðan, að við öll hugsanleg tækifæri hefur verið borin fram gagnrýni og mótmælt vegna ríkisstyrkja Norðmanna til sjávarútvegs og því verið haldið fram, enda þótt of sterkt sé e. t. v. til orða tekið, að hér sé um aðför að íslenskum sjávarútvegi að ræða. Þeim hefur verið gerð grein fyrir því að það skipti ekki máli hvort um niðurgreiðslu sé að ræða á frumstigi eða á lokastigi í sambandi við vöruframleiðslu.

Sem svar við nr. 3:

Á norrænum vettvangi hafa íslenskir fulltrúar, hvort heldur það eru ráðherrar eða alþingismenn, mótmælt styrktaraðgerðum Norðmanna. Ég er sammála hv. þm. um að á því þingi Norðurlandanna sem í hönd fer er sjálfsagt að láta til sín heyra, hvort sem það eru þar ráðherrar eða þm., því að við erum að sjálfsögðu sammála um að hér er ekki þannig að farið að við viljum láta við það sitja.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér vekur fyrirspyrjandi máls á brýnu hagsmunamáli undirstöðuatvinnuvegar Íslendinga. Og mig undrar það nokkuð að hæstv. viðskrh. skuli telja það spurningu hvort í ríkisstyrkjum Norðmanna til sjávarútvegs hjá sér, styrkjum sem nema 6—7 milljörðum ísl. kr., sé um að ræða aðför að íslenskum sjávarútvegi. Ég held að það geti ekki verið nokkur vafi á því að svo er.

Í svari hæstv. ráðh. kom það fram að Íslendingar hefðu ítrekað haft uppi mótmæli við þessum styrkjum. En það er alveg ljóst að þau mótmæli hafa ekki breytt neinu fram til þessa. Við hljótum að sakna þess frá hæstv. ráðh. að hann kynnti einhverjar áætlanir íslenskra stjórnvalda til að fá þessu óþolandi ástandi breytt í reynd. Það eru fleiri en Norðmenn sem eiga við vanda byggðaröskunar að stríða og það er óþolandi að innan fríverslunarsamtaka eins og EFTA skuli eiga sér stað sú þróun sem þessir ríkisstyrkir bera vott um. Fleiri þjóðir styrkja sinn sjávarútveg, eins og t. d. Kanadamenn sem við eigum í harðri samkeppni við. En þeir eru þó ekki aðilar ásamt okkur að fríverslunarsamtökum og gildir því að nokkru annað um þeirra styrki þó að þeir séu engu að síður hið alvarlegasta mál fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ég held að fram hjá þeirri staðreynd verði ekki horft að íslensk stjórnvöld, ráðuneyti viðskiptamála á Íslandi, hafa á umliðnum árum, frá því að við gengum í EFTA, verið afar deig að verja okkar hagsmuni að því er snertir styrki við framleiðslu annarra þjóða, framleiðslu sem við eigum í samkeppni við í útflutningi og í innflutningi. Ég þekki það frá þeim árum sem ég var í ríkisstj. að þá var ekki staðið að þessum málum með eðlilegum hætti af viðskrn. og nefndir sem skipaðar voru voru ekki nema sýndarmennskan ein og luku ekki starfi, t. d. varðandi samkeppnisaðstöðu íslensks húsgagnaiðnaðar svo að dæmi séu tekin. Ég tel að það sé lágmarkskrafa til íslenskra stjórnvalda að mótuð verði áætlun um það að fá hér á breytingu og láta einhverjar athafnir fylgja orðum því að það er greinilegt að orðin nægja hér ekki ein.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það má að sjálfsögðu alltaf deila um það hvernig sé best að vinna að okkar brýnustu hagsmunamálum á alþjóðavettvangi. Ég held að það sé ekki rétt að við förum að ásaka hver annan um það að illa hafi verið staðið að málum í sambandi við þetta að ég vil telja brýnasta hagsmunamál landsins, vegna þess að þessir styrkir hafa orðið þess valdandi að lífskjör eru hér verri en ella hefðu orðið. Og ef þeir verða áfram við lýði munu lífskjör á Íslandi vart batna þannig að hér er að því

leytinu til um langbrýnasta hagsmunamál okkar að ræða fyrir utan fiskistofnana sjálfa og markaðsmálin að öðru leyti.

Ég tek undir það að Norðmenn hafa lítið gert til hins betra í þessu máli. En það er ekki vegna þess að þeir geri sér ekki fulla grein fyrir mótmælum okkar og viti ekki um afstöðu okkar. Málið hefur verið tekið fyrir nánast á hverjum einasta fundi sem að ég hef setið bæði sem þm. í Norðurlandaráði og síðar sem ráðh. Þannig er alltaf verið að ræða um þetta mál og notað hvert tækifæri til þess. Hins vegar hafa Norðmenn ekki breytt þessu og þeir bera því við að þeir nái ekki saman samningum við sjómenn og útvegsmenn nema ganga til þessara styrkja. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt.

Sjútvrn. hefur nýlega falið Þjóðhagsstofnun og síðar Þjóðhagsstofnun í samvinnu við utanrrn. að safna nákvæmum upplýsingum um þessa styrkjastarfsemi í Bandaríkjunum, Kanada, Færeyjum, Danmörku, Bretlandi og Noregi. Jafnvel þó við vitum nokkurn veginn hverjir þessir styrkir eru þyrftu að liggja fyrir betri upplýsingar um þá. Við höfum einnig notað tækifærið í alþjóðastofnunum, t. d. á hinum árlegu fundum með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem koma á hverju ári til að yfirheyra Íslendinga. Lagði ég á það mjög mikla áherslu á þeim fundi sem ég átti með þeim mönnum að þetta yrði tekið upp innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það var gert. Þeir tóku það upp í viðræðum við Norðmenn. Norðmenn komu með sín venjulegu andsvör.

Noregur er ríkt land sem getur leyft sér ýmislegt í viðskiptum og alþjóðasamstarfi og þeir hafa ekki tekið tillit til okkar í þessu sambandi, en ég vil halda því fram að það sé ekki vegna þess að ekki hafi verið eðlilega að málinu unnið af okkar hálfu innanlands. Við getum því miður ekki, jafnvel þó að við gerum mikið og segjum mikið, reiknað með því að það sé trygging fyrir því að önnur þjóð fallist á kröfur okkar. Það veit hv. þm. Hjörleifur Guttormsson jafnvel og ég.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Það er einnig nauðsynlegt að við tökum upp viðræður við Kanadamenn í þessu sambandi. Við höfum ekki átt nægilegar viðræður við þá um þessi mál að mínu mati. Og það er mjög nauðsynlegt að halda fast á þessu máli á næstunni. En ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki því um að kenna að illa hafi verið haldið á málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. tók svo til orða að hér væri um brýnasta hagsmunamál landsins að ræða. Ég held að það sé ekki of sterkt til orða tekið. Ég segi að hér sé um lífsspursmál að ræða. Það er augljóst að ef niðurgreiðslum og styrkjum með sjávarútvegi í samkeppnislöndum okkar er haldið áfram er kippt grundvellinum undan lífskjarasókn Íslendinga og við drögumst aftur úr grannþjóðum okkar. Þá er kippt grundvellinum undan því að við getum búið hér og haldið uppi því menningarlífi sem við hljótum að gera kröfur til.

Ef svo fer fram sem horfir, að þessir styrkir aukast stig af stigi, þá er augljóst að það var í raun ekki gagn að landhelgisstríðinu því að það á að leggja okkur í viðskiptastríði með óheilbrigðum aðferðum eftir þann sigur sem við unnum í landhelgisstríðinu. Þetta er sannleikurinn í þessu máli.

Ég hef ítrekað gert þessi mál að umtalsefni í utanrmn. og sagt, eins og hæstv. ráðh., að að þessu ættum við að snúa okkur öllu öðru fremur. Fyrir níu mánuðum óskaði ég eftir því sérstaklega þar að tekin yrði saman grg. um hvernig styrkjum væri háttað í grannlöndum og samkeppnislöndum okkar. Ég fagna því, sem kom fram hjá sjútvrh., að hann hefur lagt því lið og sú athugun er nú í fullum gangi.

Ég get ekki litið öðruvísi á en að þessi styrkjaaðferð sé brot á þeirri stefnu sem hefur verið boðuð bæði innan GATT og innan EFTA. Sú stefna er í grundvallaratriðum sú að afnema eigi verndartolla. Styrkir af þessu tagi eru algerlega hliðstæðir við verndartolla. Þeir hafa nákvæmlega sömu áhrif og verndartollar og þeir spilla jafnmikið fyrir samkeppnisaðstöðu og slíkar aðgerðir gera. Þess vegna höfum við siðferðilegan rétt til þess að berjast í þessu máli af fyllstu hörku.

Hæstv. viðskrh. sagði áðan að þegar samningarnir um EFTA voru gerðir 1960 hefðu Norðmenn gert fyrirvara um rétt sinn til að styrkja sjávarútveg. Það er í sjálfu sér rétt. En fyrsta spurningin sem ég hlýt að spyrja er: Hverjir voru styrkirnir 1960? Og hvernig eru þeir núna í samanburði við það sem þeir voru þá? Hafa þeir ekkert aukist? Það væri þá a. m. k. áfangi að skoða þann hlutann og hvort ekki er hægt að fá þá eitthvað niður fyrir það stig sem þeir voru í 1960 frekar en þeir séu alltaf á leiðinni upp fyrir það stig sem þeir voru í 1960. Það voru ákveðnar forsendur sem þá lágu fyrir. Þá gengu menn að ákveðnum atriðum, nefnilega þeim styrkjum sem þá voru við lýði, og gerðu vitaskuld ráð fyrir því að frekar mundi draga úr þeim heldur en hitt.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að við verðum að nota hvern þann vettvang sem býðst til þess að ráðast að þessu styrkjakerfi, ekki bara Norðmannanna heldur langtum fleiri þó styrkjakerfi Norðmanna og reyndar Kanadamanna sé það alvarlegasta í þessum efnum. Í byrjun janúar s. l. var ég fulltrúi á fundi hjá þingmannanefnd EFTA og þá notaði ég einmitt tækifærið til að gera þetta að umtalsefni og lagði til á þeim fundi að styrkjakerfi í sjávarútvegi yrði gert að sérstöku umræðuefni innan þess vettvangs. Það varð fátt um svör hjá Norðmönnum, en aðrir tóku undir að vel gæti komið til álita að taka það sérstaklega til umfjöllunar. Á vettvangi Evrópuráðsins hef ég líka ítrekað reynt að ýta við þessum málum og fékk ég m. a. á s. l. ári samþykkta till. þar sem styrkjakerfið var gagnrýnt mjög.

Mér er ljóst að þetta hrekkur mjög skammt. Mest munar um ef ríkisstj. sjálf, utanrrn. og viðskrn., beitir sér af fyllstu hörku í þessu máli. Ég tel að við höfum siðferðilegan rétt með okkur í þessu máli og ég ítreka að þetta stríð verðum við að vinna. Það er lífsspursmál. Annars var landhelgisstríðið í raun og sannleika unnið fyrir gýg ef við verðum svo lagðir að vellir í viðskiptastríði með óheiðarlegum aðferðum.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Það er reyndar mjög eðlilegt að þetta mál komi hér á dagskrá eins og reyndar mörgum sinnum áður.

Þessir styrkir Norðmanna hafa, eins og fram hefur komið hér, viðgengist í mörg, mörg ár. Þeir eru reyndar ekkert mikið hærri núna en þeir voru fyrir tveim árum þegar hægri stjórnin kom til valda í Noregi og frestaði að fastsetja styrkina í tvö ár. Þeir eru mjög svipaðir nú.

Okkur þykir það ósvinna að Norðmenn skuli reka sína byggðastefnu með þessum hætti. Þeir halda uppi allt of stórum fiskiskipaflota. Þeir eru með þremur til fjórum sinnum fleiri sjómenn en við. Þeir eru með meira en helmingi fleira fiskverkunarfólk. Og þeir fá mjög svipaðan afla og við nema meira af loðnu og meira af rækju, það er allt og sumt. Ég efast ekkert um að útreikningur manna á upphæð styrkja á kíló af íslenskum fiski eða á ársverk sé réttur, ef menn vilja nota þann mælikvarða, en ég er ekki alveg viss um að þessir styrkir muni hafa áhrif á verðlag eða samkeppnisaðstöðu okkar á mörkuðum. Verð á fiskafurðum fer nefnilega fyrst og fremst eftir því hvaða verð er á kjúklingum, kjöti eða eftir uppskeru í löndum og þar fram eftir götunum.

Norðmenn selja sinn fisk eins dýrt og þeir geta og þar sem þeim finnst hagkvæmast. Það er svo annað mál að þeir hafa mjög öflugan stuðning við sína markaðsstarfsemi. Ef þeir hættu þessari vonlausu styrkjavitleysu sinni, sem þeir viðurkenna flestir hverjir að er vitleysa, mundi að sjálfsögðu fækka fyrirtækjum í sjávarútvegi fyrst í stað, þau mundu einfaldlega fara á hausinn. Hvort verð á afurðum Norðmanna mundi hækka við það efast ég um. Þeir mundu selja á sömu mörkuðum og við á því verði sem þeir fengju fyrir, eins og nú er. Það mundi e. t. v. fyrstu árin verða eitthvað aðeins minna framboð á norskum fiski, en fiskveiðar yrðu stundaðar áfram í Noregi og norskur fiskur yrði áfram fyrir okkur á mörkuðunum. Þá er það eitt fengið að heilbrigður sjávarútvegur yrði rekinn þar.

Þá sem ekki vita upplýsi ég um að þessi styrkjaflækja er orðin aldeilis geigvænleg. Það eru u. þ. b. 50 mismunandi atriði styrkt á þennan hátt. Stærsta upphæðin, yfir 300 millj. n. kr., er ætluð til að verðbæta fisk sem landað er á tilteknum svæðum. Í samkomulaginu segir: „Tekið er tillit til fisktegunda sem eru óhagkvæmar í vinnslu og landsvæða þar sem rekstur er erfiður". Til að landa rækju á tilteknum svæðum eru ætlaðir nokkrir tugir millj. Í flutningastyrki á bolfiski eru ætlaðar 50 millj. Til að verðbæta síld, sem landað er í vinnslu á tilteknum svæðum, eru ætlaðar 10 millj. Það er veitt ábyrgð á að verð á mjöli og lýsi haldist. Það eru styrkir til að veiða hámeri. Til smáhvalaveiða, selveiða, úreldingar fiskiskipa og vinnslufyrirtækja eru veittir tugir millj. Næststærsta upphæðin er frátekin í sparnaðaraðgerðir og til að endurgreiða opinber gjöld af eldsneyti.

Mér finnst mjög eðlilegt að þetta mál sé tekið til umr., en ég er ekki viss um að við höfum mikil áhrif á það þó að við berjumst um eins og við höfum gert undanfarin ár. Ég minnist þess að hv. þm. Kjartan Jóhannsson fyrrverandi sjútvrh. reyndi líka sitt til þess með litlum árangri.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Menn hafa hver á fætur öðrum skýrt frá mótmælum af hálfu íslenskra aðila út af þessum undirboðum Norðmanna. Ég vil líka láta það koma hér fram að á fundi með formönnum jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum og Grænlandi um miðjan janúar s. l. gafst tækifæri til að árétta þessi mótmæli enn. Ég vakti þar athygli á því að sjávarútvegur Íslendinga væri að vissu leyti í kreppu. Að sumu leyti væri þar um að ræða viðráðanlega þætti innanlands sem lytu að efnahagsstjórn og tækniatriðum, en það alvarlegasta við þetta væri þó óviðráðanlegt af okkar hálfu þar sem væri um að ræða þessa styrkjapólitík Norðmanna sem ég sagði fyrir mína parta að við teldum vera brot á almennum viðskiptareglum EFTA, fyrir utan að það samrýmdist lítt eilífðartali manna á norrænum samkundum um bróðurlegt samstarf.

Í fyrsta lagi er rétt að skýra frá því að svör Norðmanna við þessu erindi voru engin. Og nú hafa menn hver á fætur öðrum skýrt frá því að árum saman hafi menn borið upp slík mótmæli og þau dugi ekki. Og þá er komið að þeirri spurningu hvað gera á við Norðmenn. Það dugar ekki að bera fram endalaus mótmæli. Það verður að fylgja þeim eftir í verki. Í raun og veru er þetta aðför Norðmanna að hagkerfum eyríkjanna sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi, byggja lífskjör sín á sjávarbúskap. Í Noregi er sjávarútvegur aukabúgrein og hún harla ómerkileg í samanburði við þann iðnaðar- og olíuauð sem þeir hafa úr að spila.

Ég tek ekki undir það með síðasta hv. ræðumanni að þessi styrkjapólitík kunni hugsanlega ekki að skipta neinum sköpum að því er varðar samkeppni. Mér sýnist augljóst að ef ekki væri um að ræða verulegar niðurgreiðslur og styrki mundi framleiðsla Norðmanna vera mun minni en hún er. Það hefði áreiðanlega áhrif á bæði verð og samkeppnisaðstöðu okkar.

Ég vil nota þetta tækifæri til að beina því til hæstv. viðskrh. að nú er ekki lengur nóg að mótmæla. Í fyrsta lagi er auðvitað rétt að gera þetta að máli málanna þegar Norðurlandaþing kemur saman í Reykjavík, hætta venjulegum skálaræðum og glamri um vini vora og frændur Norðmenn sem þeir eru náttúrlega ekki nema að hluta til kannske. Í annan stað er rétt að íslenska ríkisstjórnin og allir talsmenn okkar á þingi Norðurlandaráðs fylgi þessum mótmælum eftir og geri þetta að máli málanna, en við hættum að ræða við þá um að við séum tilbúnir til að verja einhverjum peningum til að kaupa leiðinlega norska sjónvarpsdagskrá. Og í þriðja lagi væri rétt að hafa í hyggju og undirbúa ákveðnar ráðstafanir til að breyta okkar viðskiptastarfsemi með Norðmönnum. Þegar þar við bætist hvað viðskiptajöfnuður okkar í verslunarviðskiptum við þá er óhagstæður, þá væri kannske orðið tímabært að gera ráðstafanir til að breyta því líka.

Að lokum vildi ég beina því, ef það gæti borist gegn um fjölmiðla, til fiskverkunarfólks á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu að það væri kannske ástæða til að það fjölmennti fyrir utan það hús þar sem Norðurlandaráðsþing verður haldið eða norska sendiráðið til þess að fylgja þessum mótmælum eftir í verki.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vænti að við heyrum eitthvað skarpara frá hæstv. viðskrh. í þessu máli áður en umr. um það lýkur hér. Upplýst hefur verið að Norðmenn hafi gert fyrirvara við inngöngu sína í EFTA varðandi styrki til síns sjávarútvegs. Sú spurning hlýtur að vakna hvort Íslendingar hafi ekki gert slíkan fyrirvara við inngöngu í EFTA 10 árum síðar, og ef ekki, hvað hafi þá valdið því. Vissir fyrirvarar voru gerðir.

Ég minni á það í þessu sambandi að árið 1979 tókst okkur að ná fram á vettvangi EFTA sérstökum tollverndaraðgerðum fyrir íslenskan iðnað með álagningu aðlögunargjalds. Það var af hálfu embættismanna viðskrn. á þeim tíma talið óvinnandi verk og engin rök

fyrir slíku. Það þurfti að ganga fram með pólitískum ákvörðunum þáverandi ríkisstj., þáverandi viðskrh. Svavars Gestssonar og iðnrn., með sendinefnd til allra EFTA-ríkja. Það fóru tvær nefndir til allra EFTA-ríkja nema Portúgal til þess að tala máli okkar í þessu efni. Það var til lykta leitt á vettvangi EFTA með samhljóða samþykki að við fengjum að leggja á tolla sem embættismenn viðskrn. töldu þá að væri nánast móðgun að orða á þeim vettvangi.

Við verðum að vinna í þessu máli af pólitískri dirfsku og ákveðni. Nóg er samt sem á íslenskum sjávarútvegi hvílir, m. a. það að þurfa að greiða þriðjungi hærra olíuverð en keppinautar okkar í nágrannalöndunum, og heyrist næsta lítið um aðgerðir stjórnvalda í því brýna hagsmunamáli.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það var kominn tími til að við fyndum okkur verðugt verkefni á Alþingi og ræddum norska byggðastefnu. Ég verð að viðurkenna að mér finnst umr., sem hér hefur farið fram, nánast öll út í hött. Formaður Sjálfstfl. uppgötvaði einhvern tíma fyrir jól, í eitt af þeim örfáu skiptum sem hann steig í ræðustól, hinn nýja óvin Íslendinga. Sá var með vefjarhött og bjúgnef og gerði það illt af sér að lána Íslendingum peninga. Nú eru kratarnir búnir að finna hinn nýja óvin Íslendinga. Hann er í austri, hann er frændi okkar, og gerir það illt af sér að reka byggðastefnu. Örfáum sálum á norðvesturströnd Noregs er gert kleift að búa á þeim stað, sem almennt samþykki ríkir um að hann fái að búa á, með ákveðnum framlögum úr sameiginlegum sjóðum sem Norðmenn hafa yfir að ráða nægum. Það er allt í einu orðið þjóðarböl Íslendinga. Skyldi nokkurn undra þó að Íslendingar ráði ekki við sinn vanda heima fyrir þegar þeir sí og æ finna sína óvini einhvers staðar utan þessa lands en ekki innan?

Mér er sem ég sjái góðvin 5. þm. Reykv., formann verkamannaflokksins í Noregi, Gro Harlem Brundtland, flytja langt mál á þingi um Framkvæmdastofnun Íslendinga, ill áhrif hennar á verðlagningu í sjávarvöruframleiðslu Íslendinga og áhrif þess á samkeppnisaðstöðu Norðmanna á erlendum mörkuðum sem er algjörlega sambærilegt dæmi. Út úr þeirri stofnun hefur verið dælt peningum í fiskiðjufyrirtæki hér, bæði á vöxtum og gjafvöxtum. Áhrif þess hafa nákvæmlega engin verið nema til ills.

Ég er alveg hjartanlega sammála 5. þm. Norðurl. e. um að verðlag á framleiðslu okkar á þeim mörkuðum sem hún er seld á fer fyrst og fremst eftir því hvað menn vilja borga fyrir hana. Það fer eftir gæðum vörunnar og þeirri eftirspurn sem þar ríkir. Ég er líka hjartanlega sammála honum um að það er ekki á nokkurn hátt hægt að gera því skóna, þó að Norðmenn legðu styrki sína af, að það þýddi hækkun á afurðum þeirra og auðveldaði samkeppnisaðstöðu okkar og gerði okkur þá um leið ekki eins nauðsynlegt að reyna að taka til í búskap okkar hérna heima.

Ég held að menn séu hér að hengja bakara fyrir smið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. flutti athyglisverða ræðu. Hann kom á framfæri þeirri grasrótarkenningu að það skipti engu máli fyrir okkur í viðskiptum út á við hvort sams konar vörur og við værum að selja úr landi væru styrktar stórkostlega af samkeppnisaðilum erlendis eða ekki. (**Gripið fram í:** Það er gagnkvæmt.) Það er gagnkvæmt þegar 5% af þjóðarframleiðslunni hjá einu landi eru sjávarútvegsvörur en yfir 73% hjá öðru? Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur gert sér grein fyrir því hvílíkum firnum af vitleysu hann gat komið fyrir í einni ræðu og hvílíka vanþekkingu hann útbreiddi áðan.

Hv. þm. réðist jafnframt á Framkvæmdastofnunina fyrir að hafa varið fjármunum til hraðfrystihúsaáætlunar í þessu landi. Hagvöxturinn frá 1970 til 1980 varð 4.5%. E. t. v. hefur hv. þm. aldrei heyrt þess getið. (**StB:** Hver er hann nú?) Hver er hann nú, segir hann og horfir upp í stjörnuhimininn. Það er von að maðurinn spyrji. Það er hægt að taka fjármuni frá sjávarútveginum með ýmsum leiðum. Vinsælasta aðferðin til að hirða af honum þá fjármuni sem hann hefur átt með réttu er að skrá gengi íslensku krónunnar rangt á hinum ýmsu tímum. Og eignarupptakan hefur farið fram í Seðlabanka Íslands.

Ég hygg að hver sem fer yfir sögu þessa lands geri sér grein fyrir því að það gengur ekki upp sögulega að íslenska þjóðin hafi lifað á sjávarútvegi, en samt sem áður hafi íslenska ríkið alltaf verið að gefa sjávarútveginum peninga. Þessi kenning gengur einfaldlega ekki upp. (**StB:** Sammála því.) Það er vel.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ætlun mín með þessari fsp. var ekki sú að menn efndu til deilna hver við annan heldur áttuðu menn sig á því hvernig væri komið í samkeppni okkar á mörkuðunum og hvernig óheiðarleg samkeppni Norðmanna fer með okkur.

Norðmenn geta haft sína byggðastefnu og allt í lagi með það. En sú byggðastefna sem þeir reka á ekki að koma niður á okkur á mörkuðunum. Hver einasti útflytjandi, sem um þetta fjallar, segist finna fyrir því hvernig þessum ríkisstyrkjum er fyrir komið, segist finna mjög verulega fyrir undirboðum Norðmanna á mörkuðunum. Það er það sem skiptir máli. Það skiptir máli að ná samstöðu við Norðmenn á mörkuðunum í stað þess að þeir séu bjóðandi niður okkar vöru. Ég tel það mikið hagsmunamál fyrir íslenskan sjávarútveg, fyrir íslensku þjóðina, að við bregðumst hart við þessari styrkjastefnu.

Styrkjastefna er almennt af því illa. Ég minni á það í tilefni af ummælum hv. 8. þm. Reykv. að Norðmenn hafa líka sína byggðastofnun og þeir styrkja sinn sjávarútveg á þann hátt sem hann taldi Framkvæmdastofnun gera, með lánafyrirgreiðslu. Það kemur að auki þeirra ríkisstyrkja sem okkur er sagt frá. Ég furða mig á því ef menn halda að þessi styrkjastarfsemi komi ekki niður á íslenskum sjávarútvegi. Ég tel það mikið óraunsæi og mikið sakleysi manna ef þeir halda að svo sé ekki.

Ég tel að það þurfi að nota vettvang Norðurlandaráðs núna á næstunni til að gera harða hríð að Norðmönnum í þessum efnum og krefjast þess að þeir komi ekki fram við okkur eins og þeir hafa gert til þessa á fiskmörkuðum erlendis. Óheiðarleg samkeppni þeirra hefur valdið okkur miklu tjóni og á eftir að valda íslensku þjóðinni miklu tjóni áfram ef ekkert verður að gert. Ég skora á viðskrh., sjútvrh. og fleiri, sem munu sitja Norðurlandaráðsþingið, að gera allt sem unnt er til að gera

Norðmönnum það ljóst að þetta verði ekki þolað af okkur Íslendingum, þetta séu óheiðarlegar aðfarir sem komi í bakið á íslenskum sjávarútvegi og rýri lífskjör íslensku þjóðarinnar.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég held að ekki þjóni neinum tilgangi að við deilum í þessu máli, en ég held að komið hafi glögglega fram að hér er við að etja málefni sem alls ekki er hægt að dæma eins einfaldlega og mönnum virðist í fyrstu að hægt sé að gera. Ég held hins vegar, eins og kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda nú áðan, að við eigum tvímælalaust að nota okkur alla þá möguleika sem við höfum til að koma í veg fyrir að slíkir hlutir gerist hjá okkar samstarfsþjóðum, hvort heldur það eru Norðmenn eða aðrir. Þá langar mig að vekja athygli á því sem við höfum þurft að glíma við í sambandi við tolla á innfluttum saltfiski til Portúgals á síðastliðnu ári og hvernig var orðið við þeim mótmælum og þeim tilmælum sem frá íslensku ríkisstjórninni komu í þeim efnum.

Ég held að við séum allir sammála um að hvar sem við getum vekjum við athygli á þessu, og að sjálfsögðu láta íslenskir ráðh. og þm. til sín heyra í þessu máli þegar kemur á Norðurlandaráðsþing og láta í ljós þau sjónarmið sem við teljum eðlilegt að við höfum í þessum efnum.

Mig langar til að leiðrétta því að hv. 5. þm. Austurl. hafði ekki rétt eftir mér. Ég orðaði það svo vegna 2. tölul. fsp. hv. 6. landsk. þm.: enda þótt það sé ef til vill of til sterkt til orða tekið. Þetta voru mín orð og við þau stend ég. Þm. vildi hafa eftir mér ákveðnari fullyrðingu í þessum efnum. Ég veit að þegar hann heyrir mig endurtaka þetta áttar sig á því að það sem ég sagði var nákvæmlega það sama og ég endurtók nú.

Viðskiptajöfnuður Íslands og Noregs nú — við gætum þá tekið Svíþjóð, Finnland og Danmörku einnig — er mjög óhagstæður. Það er eitt af þeim málefnum sem ég hef fengist við í minni tíð sem viðskrh. að leita leiða til að vinna bug á þessu og hef ég fengið mjög góða aðstoð minna samstarfsráðherra á Norðurlöndum, hvort heldur eru viðskrh. eða samstarfsráðherrar Norðurlanda, og á vegum íslensku ríkisstjórnarinnar og Norðurlandaráðs er unnið að sérstöku átaki í þessum efnum nú og hefur verið um eins árs skeið með aðstoð sænsk forustumanns í útflutningi. Ég vonast til þess að það gefi góðan árangur og að sú aðstoð sem þar er og hefur verið muni verða slík að útflytjendur okkar geti nýtt hana, ekki bara á meðan hún stendur heldur og um ókomna framtíð.

Ég ætla ekki að taka þátt með öðrum hætti í þeim umr. sem hér hafa farið fram. Ég met það svo að við stöndum saman þar sem við mætum og munum gera hver á sínum stað það sem við getum til að koma í veg fyrir að að okkur verði sótt. Ég hef ekki þá trú að ekki hafi verið í viðskrn., áður en ég kom þar, unnið að þessum málum eins skörulega og mögulegt hefur verið. Ég álít að rösklega hafi verið að verki staðið þar.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki gera lítið úr því að menn beini spjótum sínum að Norðmönnum í þessu sambandi. Þó að ég leyfi mér að efast um að þetta mál verði leyst með eins hávaðamiklum umr. á Norðurlandaráðsþingi og mögulegt er, ég leyfi mér að efast um það, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að halda mjög fast á því máli þar. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að stuðningur Kanadamanna er ekki síður alvarlegur, m. a. vegna þess að þeir selja á miklu lægra verði en við á okkar aðalsamkeppnismarkaði í Bandaríkjunum. Ég vil upplýsa það hér að eftir að núverandi ríkisstjórn tók við í Kanada setti ég mig í samband við þann sjútvrh. sem þar er tekinn við og heitir Fraser. Það endaði með því að hann hefur boðið mér að koma þangað til viðræðna um þessi mál og ýmis önnur og ég hef að sjálfsögðu ákveðið að þiggja það og mun fara síðar á þessum vetri.

Til þess að gera sér betur grein fyrir alvöru málsins, út að því sem hv. þm. Stefán Benediktsson sagði hér áðan, má segja að Norðmenn séu að halda uppi byggð í Norður-Noregi með mikilli aðstoð frá suðurhluta Noregs. Danir eru að halda uppi byggð í Færeyjum með mikilli aðstoð frá Danmörku. Kanadamenn eru að halda uppi byggð á Nova Scotia og Nýfundnalandi, sem missti sjálfstæði sitt, með miklum stuðningi frá syðri hluta Kanada. Það getum við Íslendingar ekki gert. Við búum við alveg sömu skilyrði og fólk í Norður-Noregi, á Nýfundnalandi, í Færeyjum og annars staðar, en við byggjum afkomu okkar á okkar eigin getu og okkar eigin afli. Það alvarlega, sem er að gerast í þessum málum, er að fólk sem býr við svipuð skilyrði og við heldur uppi sínum lífsskilyrðum með stuðningi annarra og við eigum að keppa við þetta fólk. Þetta er hin alvarlega mynd þessa máls.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Heimska og barnaskapur eru nokkuð stór orð og ekkert við þeim að segja. Þeir dæma sig sjálfir sem slíkt orðbragð hafa í frammi. Það er leiðinlegt að þurfa að stafa fyrir fólk. Auðvitað er ég í sjálfu sér ekkert á móti því að setja fram þá kröfu við Norðmenn að þeir hætti þeim stuðningi við sjávarútveg sem þeir halda uppi. En það hlýtur að vera atriði sem menn semja um. Við erum að tala um að við keppum á mörkuðum á svipuðum samkeppnisgrundvelli. Átta menn sig ekki á því þó að það sé reyndar andstætt því sem hæstv. sjútvrh. var að halda fram? Það sér hvert einasta mannsbarn sem skoðar íslenskan sjávarútveg að samkeppnisaðstaða hans er ekki með öllu eins og hún gæti verið. Því eru allir menn sammála á þessu þingi og víðs vegar um allt land.

Það eru of mörg skip að veiða of fáa fiska. Þegar við setjum einhverja kröfu fram við granna okkar er ekkert óeðlilegt að þeir setji þá kröfu fram við okkur að við reynum þá að afla þessara fáu fiska, sem við höfum aðstöðu til að veiða, með sem hagkvæmustum hætti. Er það óeðlilegt? Ekki að mínu mati. Ekki miðað við það að við séum að setja fram þá sömu kröfu við þá að þeir keppi á því sem við köllum heilbrigðan samkeppnisgrundvöll. Við erum búin að koma upp núna með kvótakerfinu ákveðnu skömmtunarfyrirkomulagi sem verkar sem byggðastefna, skammtar mönnum möguleika á því að tóra kringum allt land á afkomu sem reyndar er léleg og við erfiðar aðstæður en nægir þó til þess að tóra, en gerir það að verkum að við æpum eftir hærra verði á okkar afurðum. Það þýðir ekkert að halda að við getum leyst það með því að draga keppinautana út úr samkeppninni með jafnbarnalegum kröfum og það að þeir láti af sinni byggðastefnu.

Ég tek alveg undir með hæstv. sjútvrh. Þó að við

förum að gaspra eitthvað um þetta á komandi Norðurlandaþingi á ég ekki von á að þar náist mikill árangur og því sé verr af stað farið en heima setið.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessum umr., en eftir að hv. 8. þm. Reykv. hefur komið hér upp í tvö skipti með mjög vafasaman málflutning í garð sjávarútvegsins get ég varla orða bundist. Þegar dregið er úr því á allan hátt af hans hálfu og nokkurra annarra að við leggjum ekki ofurkapp á það að leiðrétta okkar mál við vinaþjóðir eins og Norðmenn, sem styrkja sinn sjávarútveg, skulum við halda okkur við þau orð en ekki blanda byggðastefnu okkar inn í byggðastefnu Norðmanna. Það er röng túlkun á málinu.

Hafa menn gert sér ljóst að hér er talað um 6.2 milljarða sem Norðmenn láta til að styrktar sínum sjávarútvegi? Lætur ekki nærri að það séu 25% af fjárlögum okkar sem þarna er um að ræða? Það er eins og smábiti fyrir þá, en við lokum augunum og segjum: Verði þeim bara að góðu, þetta hefur engin áhrif á okkar markaði. — Þetta er rangt. Þess vegna á að fylgja málinu fast eftir og nota tækifærið núna á Norðurlandaráðsþinginu. Ég hvet ekki til útifunda eða sérstakra mótmæla, heldur að okkar fulltrúar þar, sem ég veit að þeir gera og eiga að gera, leggi á þetta höfuðþunga. Þetta er okkur meira virði en margur hyggur.

Það er rétt hjá hæstv. fyrirspyrjanda að truflun er veruleg á mörkuðum okkar. Nægir þar að nefna Nígeríumarkaðinn á skreiðinni þar sem alltaf er verið að reyna að troða af okkur skóinn í erfiðri aðstöðu okkar. Þess vegna megum við ekki láta liggja að því á þessari hv. samkomu að þetta geri okkur bókstaflega ekkert til. Við eigum að sameina kraftana og vinna á móti þessu. Norðmenn eru vinir okkar. Við eigum að koma vitinu fyrir þá. Þeir verða að hjálpa okkur í þessum efnum. En við megum ekki gefast upp fyrir þeim orðalaust og segja að þessir styrkir geri ekkert til.

Endursöluíbúðir hjá stjórn verkamannabústaða, fsp. 239. mál (þskj. 339). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að flytja hér fsp. til félmrh. um endursöluíbúðir í verkamannabústöðum. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hve margar íbúðir komu til endursölu hjá stjórn verkamannabústaða á árunum 1983 og 1984?

Hvert var heildarkaupverð þeirra annars vegar og endursöluverð hins vegar?

Hvernig er mismunurinn á kaupverði og endursöluverði skýrður og hvernig er honum ráðstafað?"

Í 64. gr. laga um Húsnæðisstofnun er kveðið á um að hagnaður, sem verða kann á sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum, skuli renna til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er því fróðlegt að fá upplýst hvernig sá hagnaður er fundinn út og hver sú upphæð er sem runnið hefur í Byggingarsjóð verkamanna vegna þessa ákvæðis. Vænti ég að svör við þeim spurningum, sem ég hef hér lagt fram fyrir hæstv. ráðh., varpi nokkru ljósi á það. Á því hlýtur líka að þurfa skýringu ef um er að ræða mikinn mismun á matsverði til kaupenda og endursöluverði til seljenda sömu íbúðar. Vænti ég þess að svör ráðh. leiði í ljós hvort svo sé.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. á þskj. 339 er ég hér með upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við 1. lið fsp., hve margar íbúðir komu til endursölu hjá stjórn verkamannabústaða á árunum 1983 og 1984, er svarið svohljóðandi: Endursöluíbúðir á árinu 1983 voru 156 og á árinu 1984 167.

Þá er spurt hvert sé heildarkaupverð þeirra annars vegar og endursöluverð hins vegar og hvernig mismunur á kaupverði og endursöluverði sé skýrður og hvernig honum sé ráðstafað. Það hefur komið í ljós að hjá stofnuninni er erfitt að fá nákvæm svör við þessari fsp. Heildarinnkaupsverð endursöluíbúða hefur ekki verið tekið saman, segir stofnunin. Byggingarsjóður verkamanna lánar 80% af endursöluverði og fær mismunurinn á greiðslu til seljenda og endursöluverði inn á næstu 42 árum verðtryggt með 1% vöxtum. Lán til endursöluíbúða á árinu 1983 voru 75 millj. 975 þús. og 1984 124.7 millj. kr.

Ég óskaði eftir því við stofnunina að reynt yrði að fá nákvæmari upplýsingar um heildarendursöluverð þessara íbúða á þessum tveim árum miðað við þá tölu sem gefin er upp og hvert hefði verið innkaupsverð þeirra íbúða. Það hefur reynst erfitt að fá nákvæmt svar við þessu. Hins vegar hef ég fengið frá stofnuninni upplýsingar um árið 1984 vegna verkamannabústaða í Reykjavík. Endursöluverð íbúða á Reykjavíkursvæðinu það ár var 95.9 millj. og innkaupsverð sömu íbúða 92.8 millj. Mismunur var því nærri 3.1 millj.

Það er ljóst að skv. lögum skal mismunur á innkaupsverði og endursöluverði renna til Byggingarsjóðs verkamanna og þannig hefur þetta verið framkvæmt allar götur frá því að lögin tóku gildi. Til frekari upplýsinga hefur stofnunin gefið upp að greiðslur til seljenda á árinu 1984 voru 46.5 millj. kr. og Byggingarsjóður verkamanna gerði upp öll áhvílandi lán af 84 íbúðum í Reykjavík en höfð voru nafnaskipti á lánum 10 íbúða á árinu.

Eins og fram kemur í svari Húsnæðisstofnunar virðist færsluform á framkvæmd endursölu verkamannabústaða ekki vera þannig að auðvelt sé að fá nákvæmar upplýsingar um stöðu þessara mála á fljótvirkan hátt. Ég hef því í tilefni þessarar fsp. og þeirra erfiðleika sem það hefur verið bundið að fá nákvæm svör við þeim óskað eftir því við Húsnæðismálastofnun að á þessu verði ráðin bót nú þegar.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að nú er að hefjast úttekt á Húsnæðisstofnun ríkisins með það að markmiði að koma á betra skipulagi sem leiðir til meiri hagkvæmni í rekstri og betri upplýsinga. Undir þessa úttekt fellur að sjálfsögðu samskiptaform stofnunarinnar við veðdeild Landsbanka Íslands sem annast afgreiðslu á nærri öllum lánum sem frá stofnuninni eru veitt. Ég vænti þess að þetta svar fullnægi að vissu marki því sem um er spurt en ég mun í framhaldi að því sem ég sagði hér áðan láta semja skriflegt svar, nánara svar sem taki yfir þessa starfsemi um landið allt, og afhenda hv. þm. um leið og það berst. En þetta svar mitt byggir á upplýsingum sem ég hef getað fengið nú þegar frá stofnuninni.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans þó að þau séu mjög ófullnægjandi. Ég geri ráð fyrir að það sé ekki við hæstv. ráðh. að sakast í því efni enda hefur hann haft um það góð orð að hann muni beita sér fyrir því að hægt verði að fá gleggri upplýsingar um þetta mál. Það er auðvitað nánast furðulegt að ekki skuli vera hægt að gefa Alþingi upplýsingar um endursöluíbúðir, kaupverð þeirra og söluverð, en upplýst er hér að þær séu 156 á árinu 1983 og 167 1984, að það skuli ekki vera hægt að gefa svo einfaldar upplýsingar sem hér er beðið um.

En hæstv. ráðh. upplýsir að í Reykjavík hafi árið 1984, og það er eina svarið sem ég raunverulega fæ við minni fsp., endursöluverð verið rúmar 95 millj. og innkaupsverð 92 og mismunurinn því 3 millj. Ég fæ ekkert svar um árið 1983 og ekki hvernig þetta er yfir landið í heild. En ég tel varðandi þær tölur sem hér koma fram um mismun á kaupverði og endursöluverði að í raun sé um mun meiri mismun að ræða en hér er gefið upp. Spurningin er: Er sú tala sem ráðh. gefur hér upp innlausnarverð á íbúðinni eða kaupverð íbúðar í verkamannabústöðum miðað við matsverð, eða matsverð að frádreginni fyrningu, sem er það verð sem seljandi íbúðar fær í raun greitt fyrir hana? Til þess að þær tölur séu sambærilegar sem hæstv. ráðh. gefur hér upp þarf að miða við greiðsluverð til seljanda eftir fyrningu og síðan það söluverð sem nýr kaupandi fær hana á.

Fyrningin, sem dregin er frá matsverði, getur verið töluverð fjárhæð. Sem dæmi má taka t. d. að fyrir þriggja herbergja íbúð, sem metin er á 1 millj., fær seljandi eftir 10 ára eignarhaldstíma ekki nema 900 þús. Það er m. ö. o. frádráttur þarna upp á rúm 100 þús. Grunur minn er að í þessum tölum sé eingöngu miðað við matsverð og því tel ég að mismunur á sölu- og kaupverði sé meiri en hér er gefinn upp. Hinn raunverulegi munur er að mínu mati mun meiri. Og þá er ég að tala um þann mun sem er á greiðsluverði til seljanda eftir fyrningu og söluverði til kaupanda. Söluverðið sem seljandi fær í hendur rýrnar mikið með ákvæðum um fyrningu og því er spurning hvort endursöluverðið, það sem kaupandi greiðir fyrir íbúðina, sé ekki hærra en forsendur eru fyrir.

Hugmyndin að baki verkamannabústöðum er að gefa láglaunafólki kost á íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði. Virðist manni að verið sé að fjarlægjast upphaflegan tilgang og markmið með verkamannabústöðum ef ekki er reynt að halda endursöluverði eins lágu og mögulegt er. Enda er ljóst að því lægra sem verðið er því lægri upphæð þarf hlutfallslega að lána kaupanda og því minna fjármagn sem fer í endurfjármögnun íbúða í verkamannabústöðum.

Ég vil leyfa mér að leggja fyrir hæstv. ráðh. spurningu í tilefni að þeirri reglugerð sem nýlega var sett um verðlagningu á félagslegum íbúðum. Þar er kveðið svo á að verðbætur á stofnframlag seljanda ásamt vöxtum skuli reikna frá upphafi eignarhalds til söludags. Nú er spurningin: Við hvað miðast söludagur og þar með verðbótarútreikningur til seljanda? Er það frá þeim tíma að seljandi rýmir íbúðina sem honum er gert að gera þegar hann hefur tilkynnt stjórn verkamannabústaða um sölu? Eða er það frá matsdegi en nokkur tími getur liðið frá því að íbúð er rýmd þar til mat fer fram? Eða nær verðbótaútreikningur til seljanda til þess tíma að hann fær greiðsluna í hendur og afsal er gefið út? Þetta skiptir allt máli. Það getur munað töluverðu fyrir seljanda hvaða tíma er miðað við og því er um þetta spurt hér.

Einnig væri fróðlegt að fá upplýst hvernig vísitöluviðmiðunin er gagnvart kaupanda endursöluíbúðar. Er í endursöluverði til seljanda bætt við þeim vísitöluhækkunum sem verða frá því að mat á endursöluíbúðum fór fram og þar til kaupsamningur er gerður? Nú virðist mega ráða af reglugerð sem er útgefin í desember s. l. að ekki hafi verið hægt að framkvæma útreikninga á verði endursöluíbúða með stoð í 63. gr. nýrra laga frá 1984 og virðist hafa verið gripið til þess ráðs að fella inn í reglugerðina ákvæði í brbl. sem aldrei hafa verið staðfest af Alþingi.

Að þessu tilefni er líka spurt: Er það skilningur hæstv. ráðh. að hægt sé að byggja framkvæmd 63. gr. húsnæðislöggjafarinnar að hluta til á ákvæði í brbl. sem aldrei hafa verið staðfest á Alþingi? Og þá vaknar spurningin núna: Hversu margir útreikningar hafa verið gerðir frá því að reglugerðin tók gildi sem hafa stoð í 63. gr. húsnæðislaganna, þ. e. í 2. gr. reglugerðarinnar, og hversu margir útreikningar hafa verið gerðir á endursöluíbúðum eftir gildistöku reglugerðarinnar sem byggja á 3. gr. hennar og þar með ákvæðum í brbl. sem aldrei hafa verið staðfest á Alþingi?

Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa kynnt sér vel þessar reglugerðir. Um þetta er spurt hér vegna þess að það er ljóst að reglugerðin er að hluta til byggð á 63. gr. núgildandi laga og að hluta til á útreikningum sem giltu frá 1982 til 1. júní 1984 og höfðu stoð í brbl. sem aldrei hafa verið staðfest af Alþingi. Hæstv. ráðh. hefur upplýst hér að hann muni, til frekari fyllingar á þeim svörum sem hann hefur gefið hér, leggja fyrir Alþingi skriflegt svar um þetta efni. Ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að svara þeim spurningum sem ég hef nú lagt fyrir hann vænti ég að þær upplýsingar sem ég hef beðið um komi þá fram í þeim svörum vegna þess að þetta snertir þær spurningar sem hér hafa verið lagðar fram.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herrra forseti. Vegna ræðu hv. fyrirspyrjanda tel ég rétt að það komi hér fram að þær spurningar sem hv. þm. bar fram nú útheimta ítarlegt svar. Spurningarnar eru þess eðlis að það þarf að gefa við þeim svör sem eru nákvæm í alla staði. Ég mun að sjálfsögðu láta þau af hendi og tel eðlilegra að það sé gert í skriflegu svari svo að menn sé ekki að velkjast í vafa um hvað við er átt í svarinu sjálfu.

Ég er hér með og hef raunar sýnt hv. þm. útreikning á innkaupsverði en um það hvernig matsgerðin er á þessum íbúðum má sjálfsagt margt segja og ekki víst að allir séu sammála um aðferðina. Þetta er ákaflega erfitt mál í framkvæmd, segja þeir starfsmenn stofnunarinnar mér sem við þetta starfa, þ. e. verðlagning félagslegra íbúða sem voru byggðar fyrir 1. júlí 1980. Ég skal ekki fullyrða að fram komi allt sem gerir þann mismun sem er á endursöluverði og innkaupsverði íbúða. Ég geri ráð fyrir því að stofnunin sjái um að hér sé rétt að staðið, og ég hef ekki ástæðu til að vefengja að þeir fjármunir sem komi þarna í mismun renni beint í Byggingarsjóð verkamanna lögum samkvæmt.

En ég get vel tekið undir það að þetta er ákaflega viðkvæmt mál og það er ekki sama hvernig á þessu er haldið. Þetta er einn sá þáttur í lögum um verkamanna-

bústaði sem orðið hefur fyrir mestri gagnrýni víðs vegar að. Þess vegna þarf að skoða þetta mál vel. Það hefur vafist fyrir stofnuninni í sambandi við afgreiðslu á reglugerðum eftir að nýju lögin tóku gildi 1. júlí á s. l. ári að fjalla um þetta mál en það er nauðsynlegt að einn og sami skilningur sé um það hvernig að þessu er staðið. Að vísu var ákvæðum breytt þannig að stjórnir verkamannabústaða víðs vegar um landið hafa núna meira frelsi til að semja um endursöluverð á íbúðum heldur en áður var. Það er ekki nema ef um ósamkomulag er að ræða sem stofnunin sjálf eða sérfræðingar á hennar snærum blanda sér í matið, ef ekki næst samkomulag milli stjórnar verkamannabústaða og þeirra sem afhenda íbúð eða fá íbúð. Ég vil endurtaka það að ég mun að sjálfsögðu reyna að láta hraða nákvæmu svari við því sem vantar upp á þessa fsp. og sjá til þess að hv. fyrirspyrjandi og hv. þm. fái það skriflegt hér inn á Alþingi.

Viðskipti með skuldabréf, fsp. 246. mál (þskj. 416). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á þskj. 416 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um viðskipti með skuldabréf. Á lánamarkaði fara nú orðið fram stórfelld viðskipti með skuldabréf. Okurlánarar, eins og þeir áður hétu, heita nú fínni nöfnum og stunda það sem menn almennt kalla heiðarleg viðskipti með skuldabréf. Þessi skuldabréf eru bæði verðtryggð og óverðtryggð. Þau eru líka tryggð með veðum eða ekki tryggð með veðum. Þar um gilda mismunandi vinnubrögð við kaup og sölu þessara bréfa. En reglan er náttúrlega sú að maður sem vantar peninga býr til einhvers konar skuldabréf með einum eða öðrum hætti og fer með það til verðbréfasala. Sá hinn sami kemur því svo á markað fyrir hann og selur það með svo og svo miklum afföllum, þ. e. maðurinn skuldar einhverja ákveðna upphæð en hann fær ekki nema hluta af henni að láni raunverulega, þar sem mismunurinn er í raun og veru ágóði þess sem skuldabréfið kaupir. Á ferðinni eru í íslensku viðskiptalífi í dag risaupphæðir á þessum lánamarkaði og eftirspurnin á þessum markaði eykst nánast með hverjum degi. Eftirspurnin eftir lánsfé er orðin svo mikil, sagði maður mér í gær, að þeir hörðustu í okurlánamarkaðinum krefðust orðið 18% mánaðarvaxta af því fé sem þeir lána. En hinir, sem eru ekki alveg eins siðlausir, krefjast einhvers staðar á milli 6 og 10% mánaðarvaxta.

Ástæða þess að ég spyr hér er sú að eins og ég sagði áðan eru á þessum markaði skuldabréf af ýmsum toga. Hluti þessara skuldabréfa eru svokölluð verðtryggð skuldabréf, þ. e. skuldabréf sem verðbætt eru með einhvers konar vísitölu. Þau eru tengd einhverri ákveðinni vísitölu og verðbætast eftir því. Nú eru þó nokkuð mikil brögð að því á þessum lánamarkaði að þarna sé ekki farið algerlega að lögum.

Þannig er mál með vexti að í 39. gr. laga sem almennt ganga nú undir nafninu Ólafslög en eru lög um stjórn efnahagsmála nr. 13 frá 1979, í 39. gr. þessara laga, 1. tölul., segir: „að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn.“ Það þýðir það að á skuldabréfinu sjálfu kemur fram nafn kröfuhafa. Það þýðir það líka að ef viðkomandi kröfuhafi framselur þessa kröfu til einhvers þriðja aðila verður nafn þess hins sama að koma fram á skuldabréfinu. Og það er þarna sem brestur verður á í framfylgd laganna. Fólk upplifir það orðið æ tíðar að fá kröfu um greiðslur af skuldabréfum, sem það hefur samþykkt, frá aðilum úti í bæ sem hafa þá keypt slík skuldabréf af hinum upphaflega kröfuhafa en er ekki nafngreindur. Það þýðir þá líka hvað skattayfirvöld snertir að þær tekjur sem þessir menn hafa af þessum skuldabréfum koma hvergi fram í framtölum.

Þess vegna spyr ég hér í 1. tölul. minnar fsp.: „Hefur rn. fylgst með því sérstaklega hvort ákvæðum 1. tölul. 39. gr. laga um stjórn efnahagsmála, frá 7. apríl 1979, um nafnskráningu verðtryggðra sparifjárreikninga, krafna og skuldabréfa, sé framfylgt?“

Í 2. tölul. spyr ég: „Hefur rn. fylgst með því hvort 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 1798 sé framfylgt í bönkum, sparisjóðum og í viðskiptum manna?“ Ég bið menn að taka eftir því að á hinni prentuðu fsp. á þskj. 416, sem fyrir mönnum liggur, er prentvilla. Þar stendur í 2. tölul. ártalið 1978. Er þar líklega eingöngu því um að kenna að menn hafa ekki trúað því ártali sem þeir höfðu fyrir augunum. En þannig er mál með vexti að hér er enn í fullu gildi í íslensku viðskiptalífi tilskipun frá 1798 þar sem segir mjög skýrum og einföldum orðum:

„Eins og það er skylda lánadrottins, þegar skuldunautur borgar allan höfuðstól skuldabréfs, að skila honum aftur bréfinu með áritaðri kvittun, eins á hann, þegar nokkuð er afborgað af höfuðstólnum, að hafa við höndina frumrit skuldabréfsins, og vera skyldur til, í nærveru skuldunauts eða umboðsmanns hans, að rita bæði á bréfið sjálft það er afborgað er, og að gefa auk þess sérstaka kvittun fyrir því. Ef lánadrottinn skorast undan að gera þetta, þá er skuldunaut (sem vottfast býður fram afborgun þá, er greiða skyldi) heimilt að fresta afborguninni.“

Að þessu er spurt vegna þess að það ber orðið á því í þessu skuldabréfafári, sem við búum orðið við hér, að bankar leiða hjá sér að skrá afborganir af skuldabréfum á bakhlið þeirra þegar afborgunin fer fram, hvað þá heldur að þeir geri það í viðurvist greiðandans og votta. Síðan er, þegar skuldabréfið er að fullu greitt, venjulega gengið frá þessum áritunum áður en skuldabréfið er afhent. Auðvitað eru gefnar kvittanir og farið að öllu leyti rétt þannig að lögum. En í 2. gr. þessarar tilskipunar konungs frá 1798 stendur því miður: „Kvittanir á lausu blaði fyrir afborgunum á höfuðstól, er skuldabréf er fyrir, skulu, ef afborganirnar eru eigi einnig ritaðar á skuldabréfið sjálft, aðeins hafa gildi gagnvart þeim, sem gaf þær út.“ Það þýðir það að ef þetta skuldabréf er selt í hendur þriðja aðila, þá gilda kvittanirnar ekki lengur ef gleymst hefur að skrá aftan á bakhlið bréfsins. Síðan leyfi ég mér að bera fram einfalda spurningu um afstöðu: Telur ráðh. þörf á að innleiða algera framtalsskyldu varðandi skuldabréf sem ganga kaupum og sölum, þ. e. svokölluð handhafaskuldabréf? En Ísland mun vera orðið eitt af fáum löndum í veröldinni þar sem nafnlaus handhafaskuldabréf eru leyfð sem gjaldmiðill.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Til þess að spara tíma læt ég ógert að endurtaka fsp. hv. þm. sem hann gerði grein fyrir í sinni ræðu áðan.

Til að svara 1. lið þeirrar fsp., sem hér liggur fyrir, var leitað upplýsinga hjá Seðlabankanum en bankinn hefur skv. 36. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., umsjón með framkvæmdum ákvæða þess kafla laganna sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, þ. á m. ákvæða 1. tölul. 39. gr. Svar bankans er svohljóðandi:

„Verðtryggð og gengistryggð spariskírteini ríkissjóðs eru nafnskráð, sbr. ákvæði laga nr. 7/1974 og nr. 13/1979, við sölu til frumkaupenda. Við innlausn skírteinanna er fylgst með hvort framsalsröð sé gölluð og sé svo eru spariskírteinin ekki innleyst nema handhafi þess leiði fullar sönnur að eignarheimild sinni.

Verðtryggðir innlánsreikningar innlánsstofnana eru nafnskráðir, sbr. lög nr. 13/1979. Einnig eru auglýstar sérstakar reglur Seðlabankans um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o. fl. en núgildandi reglur eru frá 20. des. 1984.

Verðtryggð skuldabréf vegna lántöku hjá innlánsstofnunum eða utan þeirra eru nafnskráð, sbr. lög nr. 13/1979 og sérstakar reglur Seðlabankans sem getið er hér að framan.

Veðskuldabréf, sem eru verðtryggð, fást ekki þinglýst nema nafnskráningarskyldu sé fullnægt. Dómar fyrir verðtryggðum kröfum fást ekki nema nafnskráningarskyldu hafi verið fullnægt."

Mér virðist þetta svar bankans gefa til kynna að reynt sé að gæta þess að nafnaskráningu skv. 1. tölul. 39. gr. sé framfylgt. Um sérstakt eftirlit af hálfu rn. með framkvæmdinni er ekki að ræða, sbr. 36. gr. laganna. Þess skal og getið að ekki hefur verið leitað til rn. eða athygli þess vakin á misbresti í framkvæmd lagaákvæðisins. Telji hins vegar einhver að lög hafi verið á sér brotin í þessu efni getur hann að sjálfsögðu leitað réttar síns fyrir dómstólum. Þar ætti að hjálpa hversu skýrt og gagnort lagaákvæðið er. Rn. mun ekki heldur skorast undan ábendingum frá einstaklingum eða lögaðilum um hvað betur mætti fara í framkvæmd ákvæðisins.

Svar við 2. tölul. fsp. er að mestu á sömu leið. Skv. lögum nr. 10/1961 um Seðlabankann er bankaeftirlitinu falið eftirlit með starfsemi innlánsstofnana. Skal eftirlitið fylgjast með því að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Rn. óskaði því upplýsinga frá bankaeftirlitinu um tilhögun á eftirliti með framkvæmd 1. gr. tilskipunar frá 1798. Svar bankaeftirlitsins er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með aukinni tölvuvinnslu á bókhaldi innlánsstofnana, sem m. a. nær til eigin skuldabréfa þeirra, hafa skapast aðrar aðstæður en gert var ráð fyrir þegar umrædd tilskipun frá 1798 var gefin út. Út úr því kerfi koma mánaðarlega greinargóðir greiðslu- og stöðulistar auk daglegra lista og skilagreina sem gera það mögulegt að staðreyna stöðu hvers bréfs og rekja greiðsluröð þess. Jafnframt er fyrirkomulag upplagningar á verðbréfabirgðum þannig að auðvelt er að framkvæma birgðatalningu.

Með hliðsjón af framangreindri þróun hafa allflestar þær innlánsstofnanir, sem haga bókfærslu eigin skuldabréfa með þessum hætti eða á sambærilegan hátt, horfið frá þeirri reglu að færa greiddar afborganir, vexti og/eða verðtryggingu ásamt raunverulegum eftirstöðvum á bréfin sjálf.

Bankaeftirlitið hefur ekki gert athugasemdir við þessa framkvæmd enda er þess gætt í öllum tilvikum að bréf, sem vegna uppgreiðslu, innheimtuaðgerða eða af öðrum ástæðum eru afhent úr vörslu innlánsstofnana, séu áritуð með réttum eftirstöðvum og eða kvittuð uppgreidd.

Sú regla er viðhöfð þar sem tölvuvinnsla er ekki fyrir hendi eða færslukerfi jafnöruggt að skuldabréfaeign innlánsstofnana ber ávallt með sér réttar eftirstöðvar í samræmi við áðurnefnda tilskipun frá 1798. Öll skuldabréf, sem innlánsstofnunum eru fengin til innheimtu, bera undantekningarlaust með sér hverjar séu eftirstöðvar þeirra á hverjum tíma með áritun á bréfin sjálf. Hefur bankaeftirlitið kannað framkvæmd viðskiptabanka og sparisjóða á þessu atriði sérstaklega en eftirlit hefur farið fram hjá greindum stofnunum."

Eins og þetta svar ber með sér er ákvæðum 1. gr. tilskipunar ekki fylgt lengur nema að litlu leyti hjá innlánsstofnunum. Að sjálfsögðu hefði verið réttara að breyta lögunum áður en þessi tilhögun var tekin upp. Með vísan til þess að ríkisstj. hefur nú lýst yfir að hún setji reglur um meðferð og sölu verðbréfa mun viðskrn. hafa forgöngu um að lögum verði breytt í þessu efni. Það skal þó undirstrikað að sú tækni, sem innlánsstofnanir hafa tekið í þjónustu sína, á skv. upplýsingum bankaeftirlitsins að tryggja þeim, er greiða af skuldabréfum, sama öryggi og gert er ráð fyrir í 1. gr. tilskipunarinnar. Á það skal einnig bent að rn. er ekki kunnugt um að þetta fyrirkomulag mála hafi í einhverju tilvika haft í för með sér réttarmissi. En eins og áður er komið fram mun rn. beita sér fyrir því, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. um að reglur verði settar um meðferð og sölu verðbréfa, að eytt sé réttaróvissu á þessu sviði.

Að því er varðar 3. lið fsp. verður aftur að vísa til yfirlýsingar ríkisstj. um að settar verði reglur um meðferð og sölu verðbréfa. Skv. þeim upplýsingum sem rn. hefur aflað sér má ætla að með aukinni tölvunotkun utan og innan innlánsstofnana verði nafnaskráning krafna algengari en nú er. Staðreyndin er sú að við erum á hraðri leið inn í „pappírslaust samfélag". Séu þessar upplýsingar réttar liggur ljóst fyrir að það er fyrst og fremst spurning um tíma hvenær nafnaskráning verður að fullu tekin upp.

Ég vona að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka viðskrh. ítarleg svör hans. Ég fagna sérstaklega yfirlýsingum um það að núv. ríkisstj. skuli ætla endanlega að hrinda í framkvæmd 5 ára gömlu verkefni Seðlabankans, þ. e. að ganga frá lögum og reglugerðum um verðbréfaviðskipti. Eins og nokkrir menn vita hér inni var Seðlabankanum falið þetta verkefni fyrir alllöngu síðan en hann hefur ekki skilað því enn.

Þetta er mjög mikilvægt atriði fyrir þá aðila sem lent hafa í vandræðum út af fyrrgreindum atriðum en þannig eru þessar fsp. tilkomnar. Og vandinn liggur kannske einna helst í því að aðilar eiga erfitt með að leita réttar síns. Hafi maður orðið fyrir því að fá kröfu frá nánast ónefndum aðila út af verðtryggðu skuldabréfi og vilji ekki sæta þeirri kröfu þar sem ekki hafi verið farið að lögum, þá verða menn að leita til kæruaðila, þá rannsóknarlögreglu ríkisins eða ríkissaksóknara. Og staðreynd er að mál sem þetta eiga alls engan forgang hjá því ákæruvaldi. Auðvitað er þar ekki við viðkomandi ráðh. að sakast heldur e. t. v. aðra ráðh.

Eins er það að hafi áritunarskyldu ekki verið fullnægt og skuldabréf hugsanlega lent í höndum þriðja aðila, þá er skuldarinn fyrst verulega í vanda, því að þá er ekkert ákæruvald sem tekur við því vandamáli. Sú eina stofnun, sem þar er hugsanlega hægt að kvarta til, er Félag ísl. lögmanna eða lögfræðinga, ég þori nú ekki að fara með alveg hvað það heitir. Þar yrði slíkt mál tekið fyrir sem spurning um siðgæði eða siðleysi í viðskiptum.

Ég verð að játa það að mér fannst svör hæstv. ráðh. hvað 3. lið snertir ekki alveg afdráttarlaus heldur benda til þess að líkur væru á að eitthvað slíkt væri í uppsiglingu sem kalla mætti nafnskráningu skuldakrafna almennt, á öllum lánamarkaði.

Hlustunarskilyrði hljóðvarps, fsp. 282. mál (þskj. 462). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Siggeir Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til menntmrh. um hlustunarskilyrði hljóðvarps og er hún svohljóðandi:

„Er þess að vænta að gerðar verði ráðstafanir til að bæta hlustunarskilyrði fyrir hljóðvarp austan Mýrdalssands í Vestur-Skaftafellssýslu?"

Hlustunarskilyrði hljóðvarps í Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands hafa vægast sagt verið mjög slæm um langt skeið. Yfir þessu hefur oft verið kvartað, en því miður engar úrbætur fengist. Eru menn satt að segja orðnir æðilangþreyttir á þessu ástandi ár eftir ár.

Fyrir jól í vetur lá undirskriftalisti frammi á Kirkjubæjarklaustri í stuttan tíma þar sem skorað var á menntmrh., útvarpsstjóra og póst- og símamálastjóra að bæta úr þessu slæma ástandi. Undir þessa áskorun skrifuðu á skömmum tíma 50% allra héraðsbúa á aldrinum 12—70 ára.

Í þessari áskorun kemur fyrst og fremst fram óánægja með að hlustunarskilyrði á Rás 1 skyldu ekki verða bætt áður en fjármagni var veitt til Rásar 2. Rás 2 heyrist alls ekki á því svæði sem fsp. þessi fjallar um. Vafalaust hefur fólk í ýmsum öðrum byggðum landsins svipaða sögu að segja. Hins vegar bera allir sömu gjöld til þessarar stofnunar og eiga því vitanlega rétt á svipaðri þjónustu. Hlustunarskilyrði hljóðvarps í þessum sveitum, sem hér um ræðir, eru svo slæm að Rás 1 heyrist ekki eða víða alls ekki nema með því að hafa dýran loftnetsútbúnað, svo að ekki sé nú talað um bílatæki eða venjuleg ferðatæki.

Þá hefur mér verið bent á, en ég skal þó játa að það hef ég ekki sérstaklega kannað sjálfur, að ýmsir þættir í hljóðvarpi, svo sem þáttur sem kallaður er Listapopp að ég held og danslög á laugardagskvöldum, hafi verið fluttir yfir á Rás 2. Vekur það að sjálfsögðu óánægju þeirra sem á það vilja hlusta og þó einkum unga fólksins eins og eðlilegt er.

Viðunandi hlustunarskilyrði hljóðvarps og einnig að geta séð og heyrt sjónvarp eru réttlætismál. Það er líka menningarmál að geta notið þess sem þessir fjölmiðlar hafa fram að færa. Þá er það einnig byggðamál og það er ekki ómerkur þáttur í þeirri viðleitni að halda jafnvægi í byggð landsins sem svo oft er talað um. Ekki er síður nú en oft áður þörf á standa þar vel á verði þegar fjármagn og vinna leita til höfuðborgarsvæðisins, e. t. v. í ríkari mæli en oftast áður.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hlustunarskilyrði fyrir hljóðvarp austan Mýrdalssands í Vestur-Skaftafellssýslu eru þannig að langbylgjumóttaka er mikið til ónothæf á svæðinu vegna truflana frá erlendum stöðvum, en sending á hljóðvarpsrás 1 er frá FM-stöð á Háfelli. Hún næst víðast hvar með viðeigandi loftnetabúnaði, en styrkur er ekki alls staðar nægjanlegur fyrir ferðatæki.

Ríkisútvarpið hefur farið þess á leit við Póst- og símamálastofnun að hið fyrsta verði gerðar sviðsstyrksmælingar á svæðinu. Síðan verði metið út frá þeim hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að bæta hlustunarskilyrði. Þetta segir í bréfi frá útvarpsstjóra, Markúsi Erni Antonssyni, frá 11. febr. 1985 eða í gær.

Eftir að sú umsögn, sem þetta svar útvarpsstjóra er byggt á, barst útvarpinu var sent þaðan bréf til Pósts og síma þar sem þess er farið á leit við stofnunina að sviðsstyrksrannsóknum á þessu svæði verði hraðað svo sem verða má. Ætlunin er að þetta verði nákvæmar rannsóknir á sviðsstyrk einstakra senda. Þegar niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir ætti að vera ljóst hvað mörgum sendum þarf að bæta við dreifikerfið svo viðunandi hlustunarskilyrði náist. Ekki á að verða nein töf á því að sendar verði settir upp þegar niðurstöður rannsóknanna liggja fyrir þar sem von er á sendum hingað til lands sem nota mætti á þessu svæði. Þessir sendar koma til landsins næsta sumar og ákvörðun um nýtingu þeirra mun tekin í beinu framhaldi af niðurstöðu rannsóknarinnar.

Núna er verið að huga að dreifikerfi fyrir Rás 2 á þessu svæði. Þegar sendar fyrir Rás 2 verða settir upp mun loftnetum verða breytt þannig að styrkur Rásar 1 mun aukast verulega. Jafnframt mun ætlunin vera sú, eins og áður sagði, að setja upp nýja senda bæði fyrir Rás 1 og 2 þannig að með auknum styrk á útsendingum ætti að draga verulega úr senditruflunum einstakra útvarpsstöðva, en eins og fram kemur í bréfi útvarpsstjóra er langbylgjumóttakan mikið til ónothæf á þessu svæði vegna truflana frá erlendum stöðvum.

Ástæðurnar fyrir því að ekkert hefur verið aðhafst til að bæta hlustunarskilyrði á þessu svæði eru einkum þær að radíódeild Pósts og síma hafði ekki talið að ástandið þarna væri svo slæmt, þ. e. það var talið viðunandi eða a. m. k. ekki neitt verra en gerist annars staðar á landinu. — Loftnetsbúnaði húsa úti um landið er víða ábótavant og margir mundu fá betri móttöku ef þeir hygðu að loftnetum á húsum sínum, sagði starfsmaður Ríkisútvarpsins.

Ég vonast til að með þessu sé fsp. hv. þm. svarað að nokkru. Því miður liggja ekki rannsóknir fyrir þannig að hægt sé að svara þessu nægilega skýrt. Það verður ekki fyrr en eftir nokkurn tíma. Ég vona að það líði ekki á löngu. En afstaða til þessa máls er jákvæð.

Ég bið velvirðingar á því, herra forseti, ef umr. um fsp. dragast, að ég verð að víkja úr húsinu á næstu mínútum. Ég þarf að vera annars staðar kl. 4 vegna mokstursstarfa heilbrrh., ef ég má svo segja, vegna skóflustungu við K-byggingu á Landspítalanum þar sem ég ætla að vera viðstödd, og vegna þess að ég þarf rétt á eftir að opna afmælismót Skáksambands Íslands.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil gera aths. við það að ekki skuli vera tekin til umr. fsp. sem er hin næstsíðasta hér á dagskránni að vísu, en varðar þau

alvarlegu tíðindi sem við blasa í skólum landsins. Það er fsp. sem hv. þm. Gunnar G. Schram hefur beint til menntmrh. Ég tel með öllu óviðunandi að þetta mál komist ekki á dagskrá. Ég er viss um að þm. hefur leitað eftir því með öðrum hætti að fá þetta mál til umr. ef ekki hefði verið von á því að fsp. kæmi til umr. og gæfi tilefni til umr. um þau alvarlegu mál sem nú blasa við í skólum landsins. Ég óska eftir því að leitað verði eftir því að slík umr. geti farið fram hér í dag.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil taka fram að ég hefði fagnað því að fá að svara fsp. hv. þm. Gunnars Schram hér í dag og ef það er ætlun forseta að taka það mál fyrir nú, þá mun ég tilkynna að ég geti alls ekki verið viðstödd þá athöfn sem ég ætlaði að vera við vegna K-byggingar Landspítalans. Hins vegar er mér gersamlega ómögulegt að breyta því sem ég nefndi síðar þar sem ég verð og hef lofað fyrir löngu að vera viðstödd. Ef fsp. hefði verið tekin fyrir fyrr á fundinum hefði þetta gengið, en ég sé ekki betur en liðið sé að lokum fundartíma að auki. En ég vil gjarnan fá afstöðu hæstv. forseta um þetta.

Ég vil bæta því við að ég tel að umr. um fsp. þurfi nokkurn tíma, eins og umr. sem áðan tók mikinn tíma á fundinum, og nú spyr ég hæstv. forseta hvort ekki væri unnt að koma á fyrirspurnatíma á fimmtudaginn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að ekki er hægt að hafa fyrirspurnatíma á fimmtudaginn. Ég hafði gert ráð fyrir því að á tímanum frá kl. 4—5 tækjum við fyrir þetta mál. (**Menntmrh.:** Ég sagði að ég þyrfti að fara núna.) Já, milli kl. 4 og 5. Það var með tilliti til þess sem hafði farið fram milli mín og hæstv. menntmrh. áður. En fyrst á fundinum þurfti hæstv. ráðh. að fara í viðtöl eða eitthvað slíkt skildist mér. Þess vegna var málið ekki tekið fyrir fyrst á fundinum.

Við freistum þess að ljúka núna umr. um fsp. sem nú er til umræðu. Það er aðeins einn á mælendaskrá.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Ég hlýt, herra forseti, að skýra þetta til að það valdi ekki misskilningi. Ég nefndi vissulega við hæstv. forseta að ég þyrfti að geta skroppið niður í sjónvarpsviðtal, en af því viðtali varð ekki. Það varð að ráði að fresta því þar til síðar í dag, þar til undir kvöld, þannig að ég var með annan fótinn inni í salnum ef ég ekki var kölluð í síma út af aðkallandi málum sem ýmsir hafa kannske fylgst með þessa dagana.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið strax fram að það hefur komið fram af hálfu hæstv. menntmrh. áður við forseta þegar rætt var um þetta mál að hún er þess mjög fús að svara fsp. á þessum fundi. Ég vona að það geti orðið af því.

Fyrirspyrjandi (Siggeir Björnsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hún gaf hér, svo langt sem þær náðu. En einkum og sér í lagi vil ég þakka hennar jákvæðu ummæli um þetta mál. Ég mun að sjálfsögðu fylgjast með gerðum rn. með því að hafa samband við rn. seinna.

Kjör og starfsaðstaða framhaldsskólakennara, fsp. 286. mál (þskj. 466). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 466 um kjör og starfsaðstöðu framhaldsskólakennara. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hefur menntmrh. gert einhverjar ráðstafanir til að stuðla að samkomulagi í þeirri kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins sem nú er fyrir Kjaradómi? Ef svo er, þá hverjar?“

Seinni liður fsp. fjallar um það hvort menntmrh. mundi neyta heimildar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og framlengja starfstíma kennara einhliða um þrjá mánuði frá og með 1. mars n. k. Svarið við því barst í gær í bréfum til kennara þar sem ráðh. segist muni neyta þess réttar.

Það er ekki að ástæðulausu að þessi fsp. er borin hér fram. Svo sem alþjóð veit hafa um 440 framhaldsskólakennarar eða um 70% stéttarinnar sagt upp störfum sínum hjá ríkinu frá og með 1. mars n. k. Þegar þær uppsagnir koma til framkvæmda er deginum ljósara hvað mun gerast. Starf nánast allra framhaldsskóla í landinu mun stöðvast frá og með sama degi. Raunar hef ég þó í huga framlengingu þá sem menntmrh. hefur ákveðið. Þúsundir nemenda hefðu orðið að hverfa frá námi og horfa fram á skólavetur sem farið hefði forgörðum með þeim kostnaði sem því fylgir fyrir hvern og einn.

Það er ekki of sterkt að orði kveðið þó sagt sé að þessi staða mála er líkleg til þess að skapa neyðarástand í íslenskum menntamálum. En hvers vegna hafa þessir óvenjulegu atburðir gerst, og ég nefni þá mjög óvenjulega, þegar þorri framhaldsskólakennara segir upp störfum sínum? Hvers vegna hyggst nú nánast heil stétt, sem mikilsverð störf vinnur, hverfa úr þjónustu ríkisins? Hvers vegna er málum svo komið?

Það stoðar í sjálfu sér ekki að leita að neinum blóraböggli í þeim efnum, það þjónar ekki miklum tilgangi. En það er óhjákvæmilegt að menn reyni að átta sig á því hvers vegna kennarar hafa sagt upp störfum og eru margir hverjir þessa dagana að ráða sig til einkaframtaksins þar sem þeim er víða tekið tveimur höndum. Það er ekki vegna þess að þeim líki ekki lengur kennarastarfið sem þeir hafa af dugnaði og áhuga menntað sig til og rækt um áraraðir margir hverjir. Kennarastarfið er eitt af mikilvægustu störfum landsins og þá ekki síst starfið í framhaldsskólunum. Þar er í raun verið að skapa framtíð þessarar þjóðar. Ástæðan er einfaldlega sú að laun kennara eru ekki lengur lífvænleg. Eftir margra ára sérmenntun er þeim skipað á bekk í launum með þeim starfsmönnum sem minnst bera úr býtum í mörgu einkafyrirtækinu. Ríkið hefur á liðnum árum búið þannig að þeim mönnum sem mennta eiga næstu kynslóð þessa lands að þolinmæði þeirra er einfaldlega þrotin. Verkfallsrétt eiga þeir ekki, en þeir eiga uppsagnarrétt og til hans hefur því verið gripið á þessum tímamótum.

En hver eru þá laun kennara í framhaldsskólum landsins í dag? Byrjunarlaun þeirra eru 22 þús. kr. á mánuði þegar áralangt háskólanám er að baki til undirbúnings starfinu. Með langri starfsreynslu og aukinni menntun, svo sem doktorspróf í viðkomandi grein, geta þessi laun mest hækkað um 7 þús. kr. eða í

29 þús. kr. á mánuði en ekki fram yfir það. Það er kannske ástæða í þessu sambandi til að minna á að laun framhaldsskólakennara eru skv. nýlegri könnun á launum, sem Hagstofa Íslands framkvæmdi, lægri en skrifstofumanna á einkamarkaði sem hafa ekki verslunarskólapróf. Ef við berum á grundvelli þessarar sömu könnunar Hagstofu Íslands saman laun framhaldsskólakennara og meðaltal launa háskólamanna, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, kemur í ljós að laun framhaldsskólakennara eru 81% lægri en það meðaltal sem þarna er um að ræða hjá þeim sem vinna í einkageiranum. Það er sem sagt næstum því helmingsmunur á launakjörum í þessum tilvikum.

Þessar tölur bera með sér hve mjög störf þessarar stéttar eru vanmetin í launakerfi ríkisins. Það sést enn betur þegar haft er í huga að byrjunarlaun menntaskólakennara eru yfir 44 þús. ísl. kr. í Noregi, 47 þús. í Danmörku og 48 500 kr. í Færeyjum. Þessi bágbornu laun endurspegla í hnotskurn þá þróun sem átt hefur sér stað síðustu árin í launamálum háskólamenntaðra manna sem starfa hjá ríkinu. Árið 1977 voru laun þeirra 28% lægri en laun háskólamanna hjá öðrum en ríkinu. Í dag er þessi munur orðinn miklu mun meiri. Sú könnun Hagstofunnar á einkageiranum, sem ég nefndi, sýnir að munurinn á launum háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og á frjálsa markaðinum er í dag 61%.

Fyrir dyrum stendur úrskurður Kjaradóms um aðalkjarasamning háskólamenntaðra manna sem hjá ríkinu starfa. Hann mun væntanlega falla þann 22. þ. m. Kennarar hafa lýst því yfir að ef þeir fá með þeim dómi sæmilegar kjarabætur miðað við aðra háskólamenntaða menn í þjóðfélaginu muni þeir draga uppsagnir sínar til baka. Það má því segja að framhald þessa máls velti á því hver er niðurstaða Kjaradóms. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að í lögum frá 1973, um kjarasamning opinberra starfsmanna, segir að „kjaradómur skal gæta þess við úrlausnir sínar að ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins."

Hér segir það svart á hvítu að ríkisstarfsmenn og þá ekki síst kennarar skuli njóta sambærilegra kjara og menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð á almennum markaði. Þar ber nú 61% á milli. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu.

Að óreyndu verður því að teljast líklegt að hér verði gerð á sú bragarbót sem duga muni til þess að setja niður þessa deilu og koma á friði. Það er ekki síst vegna þess að annar málsaðili í þessu efni fyrir Kjaradómi er fjmrh. þar sem hann kemur fram fyrir hönd ríkisstj. Það veltur því m. ö. o. að miklu leyti á afstöðu ríkisstj. og þá ekki síst fjmrh. og menntmrh. til óska kennarasamtakanna hver verða úrslit þessa máls fyrir Kjaradómi. Ég vil því beina þeirri áskorun til menntmrh. og fjmrh. að þeir beiti sér fyrir farsælli lausn þessa máls svo að kennarar og aðrir háskólamenntaðir menn í þjónustu ríkisins megi búa við svipuð launakjör og almennt tíðkast í landinu. Það hlýtur að vera beggja hagur.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil taka undir lokaorð hv. 2. þm. Reykn., að það er beggja hagur — og ég vil bæta við að það er allra hagur — að kjör og aðstaða í skólum landsins séu með þeim hætti að það tryggi sem allra best skólastarf og sem allra besta fræðslu fyrir æskufólk landsins. Þetta er sameiginlegt áhugamál menntmrn. og kennarastéttarinnar, skólastjóra, nemenda og foreldra. Að þessu hefur menntmrn. reynt að vinna í vetur af fremsta megni innan þess valdsviðs sem það hefur. Það er því mikill misskilningur að halda að þarna séu kennarar í stríði við menntmrn. Þvert á móti er það svo að þegar uppsagnir kennara bárust hinn 30. nóv. s. l., og í bréfum sem þeim uppsögnum fylgdu til rn. var sérstaklega tekið fram að áhersla væri lögð á að sérkröfum væri sérstaklega sinnt, að sérkjarasamningar gætu hafist sem fyrst, þá var tekin sú ákvörðun í menntmrn. að gera allt sem þar væri unnt að gera í samráði og samstarfi við kennarana sjálfa og hugsanlega gæti haft áhrif á þetta mál.

Frá því í okt. s. l. hefur borið hæst nokkur mál í þessu sambandi. Það er endurmat á störfum kennara. Það hefur bæði komið fram á þingum kennaranna og við ýmis tækifæri að það þætti vera mikill grundvöllur þess að kjarabætur fengjust. Í öðru lagi, með sömu rökum, löggilding á starfsheiti kennara. Í framhaldi af þessu og óskinni um sérkjaraviðræður, vegna þess að kennarar hafa lagt á það áherslu að þeirra stétt hafi dregist aftur úr öðrum stéttum í ríkiskerfinu, voru sérstakar ráðstafanir gerðar af menntmrn. hálfu til að koma til móts við þessar óskir og í okt. s. l. skipaði ég nefnd til að vinna að gerð lagafrv. um lögverndun starfsheitis kennara. Í þeirri nefnd eru Hörður Lárusson deildarstjóri, Hanna Kristín Stefánsdóttir kennari, Kristján Bersi Ólafsson skólameistari, Kristín Tryggvadóttir kennari, Sigurður Helgason deildarstjóri og Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri skólamála, sem er formaður nefndarinnar. Þórunn Hafstein lögfræðingur í rn. vinnu með nefndinni. Þrír þessara manna voru tilnefndir af samtökum kennara. Þessi nefnd hefur unnið mikið og vandasamt starf og niðurstaðna hennar er að vænta innan ekki langs tíma í tillöguformi.

Í framhaldi af þessu og einnig óskum framhaldsskólakennara um endurmat á störfum kennara var skipuð nefnd til að gera tillögur um endurmat á störfum þeirrar stéttar. Eftirtaldir menn voru skipaðir í þá nefnd: Gerður Guðmundsdóttir menntaskólakennari, Hrólfur Kjartansson nú deildarstjóri í rn., Inga Jóna Þórðardóttir aðstoðarmaður menntmrh., Sigurður Helgason deildarstjóri, Svanhildur Kaaber grunnskólakennari og Viktor Guðlaugsson skólastjóri. Bandalag kennarafélaga tilnefndi fulltrúa í þessa nefnd. Formaður hennar er Inga Jóna Þórðardóttir.

Báðir formenn nefndanna þekkja störf framhaldsskólakennara af eigin raun. Sú síðarnefnda hefur sjálf staðið í kjarabaráttu framhaldsskólakennara fyrir nokkrum árum.

Til viðbótar þessu vil ég nefna í sambandi við endurmat á störfum kennara að það er mikið áhugamál framhaldsskólakennara að fá könnun á starfsaðstöðu sinni svipaða þeirri sem gerð var fyrir hjúkrunarfræðinga fyrir nokkrum árum og framkvæmd var af Þórólfi Þórlindssyni prófessor. Hann hefur tekið að sér slíkt verk. Það er liður í heildarkönnun á árangri skólastarfs og okkur þykir ekki að niðurstaða í því máli fáist nema þetta atriði sé sérstaklega athugað. Einmitt þetta atriði er fyrsta verk Þórólfs. Ég vil taka fram að í rn. og meðal starfsmanna þess hefur verið innt af hendi mikil og vandasöm vinna í sambandi við þessi mál og þar er

mikill áhugi á því að stuðla að lausn þeirra. Við höfum haft af þessu miklar áhyggjur.

Við höfum kosið að reyna að vinna að þessum málum í félagi við kennara, en ekki að standa í stríði við þá, enda ekki til þess ástæða. Oft hefur þó komið fram í umfjöllun manna að látið hefur verið í veðri vaka að þarna séu menn á öndverðum meiði, en svo er ekki.

Strax og uppsagnir kennara voru lagðar fram í menntmrn. var því lýst yfir af hálfu menntmrn. opinberlega og hvað eftir annað síðan að ef nauðsynlegt reyndist yrði gripið til lagaheimildarinnar um framlengingu uppsagnarfrests, en allan tímann var verið að vinna að lausn málanna á þann veg að gera það mögulegt, ef kennurum sýndist svo, að draga sjálfir uppsagnir sínar til baka á svipaðan hátt og reyndar var gert hjá Kennarasambandi Íslands. Þar voru uppsagnir dregnar til baka vegna samstarfs stjórnvalda við þann kennarahóp. En það lá svo fyrir að þegar kröfugerðir fóru að koma fram óskuðu kennarar eftir því sérstaklega að sérkjarasamningar gætu hafist þó að niðurstaða um aðalkjarakröfur lægi ekki fyrir. Það er ekki venjuleg aðferð, en til að vinna tíma, vegna þess hve skammur tími líður á milli kjaradóms og þess dags þegar uppsagnir áttu að taka gildi, beitti menntmrn. sér fyrir því að þessar viðræður gætu farið í gang. Var fundur haldinn 1. febr. um það efni skv. ósk kennaranna. Þá kom í ljós að kennararnir óskuðu ekki eftir því að halda áfram þeim viðræðum fyrr en eftir að kjaradómur hefði verið upp kveðinn. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Þetta er skv. upplýsingum formanns samninganefndar ríkisins. Þetta eru hans upplýsingar og ef þetta er ekki rétt vonast ég til að þessar viðræður fari strax í gang aftur því ég held að það hljóti að vera hægt að flýta fyrir málum og greiða fyrir kjarabótum kennara með því að halda áfram þessum viðræðum sem allra fyrst. Leiðin til þess er opin.

Í gær var hverjum einstökum kennara sem sagt hefur upp störfum sent bréf úr menntmrn. þar sem þessi mál eru skýrð og kennurum tilkynnt að ætlunin sé að nota lagaheimildina til framlengingar á uppsagnarfresti. Þetta bréf hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og ég skal lesa hratt til að ganga ekki á tímann:

„Hinn 30. nóv. s. l. barst menntmrn. bréf yðar þar sem þér biðjist lausnar frá kennarastarfi frá og með 1. mars n. k. Sams konar bréf bárust frá 400 félagsmönnum í Hinu íslenska kennarafélagi. Allt frá þessum tíma hefur rn. unnið að því að mál þessi séu leyst á farsælan hátt fyrir skólnemendur og kennara. Samninganefnd ríkisins semur fyrir hönd fjmrn. um laun opinberra starfsmanna og getur menntmrn. ekki ráðið sjálfum kjarasamningunum og því síður kjaradómi. Menntmrn. hefur hins vegar beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum sem varða hagsmuni kennara og samtök þeirra hafa lagt áherslu á. Má í því sambandi nefna undirbúning löggildingar starfsheitis kennara og endurmat á kennarastarfinu. Í rn. hefur mikil vinna verið innt af hendi vegna þessara mála og það hefur fengið fulltrúa kennarasamtakanna til þátttöku í viðræðunefndum um þau.

Bandalag háskólamanna lagði fram kröfur um aðalkjarasamning 30. nóv. s. l. og sama dag lagði Hið íslenska kennarafélag fram kröfur um sérkjarasamning. Deilunni um aðalkjarasamning var vísað til Kjaradóms hinn 10. jan. og er niðurstöðu hans að vænta 22. þ. m. Þar sem þér og fleiri kennarar höfðuð óskað lausnar frá störfum frá og með 1. mars taldi menntmrn. að viðræður um sérkjarasamning ættu að fara fram samhliða málsmeðferð fyrir Kjaradómi, enda ljóst að tíminn yrði ella of naumur. Sama afstaða kom fram í bréfi Hins íslenska kennarafélags frá 24. jan.

Menntmrn. beitti sér fyrir því að teknar yrðu upp viðræður um sérkjarasamninginn og var haldinn fundur samninganefndar hinn 1. febr. s. l. Tveimur dögum fyrir þennan fund hafði launamálaráð BHM lagt fram í Kjaradómi greinargerð sína varðandi aðalkjarasamning. Fyrr var því ekki unnt að hefja viðræður um sérkröfur. Afstaða fulltrúa kennara á fundinum 1. febr. var þá með þeim hætti að ekki virðist sem stendur grundvöllur fyrir frekari viðræðum fyrr en kjaradómur liggur fyrir.

Menntmrn. ritaði HÍK bréf 5. þ. m. þar sem spurt var um hvort afstaða Hins íslenska kennarafélags til uppsagnar félagsmanna, sem ganga eiga í gildi 1. mars n. k., hefði breyst í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur frá því að þær voru lagðar fram 30. nóv. s. l., og hvort þær verði dregnar til baka. Í bréfi HÍK 7. febr. segir m. a.:

„Í bréfi yðar eru nefnd eftirtalin þrjú atriði og spurt hver áhrif þau hafi á kjör kennara og líkur til að þau verði leiðrétt. Um þetta var ekki spurt í bréfi rn. svo sem sjá má af ofanrituðu. Hvað sem því líður kemur ekki fram í bréfi þessu að HÍK telji aðgerðir rn. til að þoka áfram málefnum kennara neinu breyta um lausnarbeiðnirnar. Er þó hér um að ræða atriði sem kennarar hafa lagt áherslu á, þ. e. löggildingu starfsheitis, endurmat á kennarastarfi og sérkjarasamningsviðræðurnar sjálfar. Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, er ljóst að tæpast eru líkur til að samningum við Hið íslenska kennarafélag ljúki fyrir 1. mars n. k."

Menntmrn. telur sér skylt að nota lagaheimild til að áskilja lengri uppsagnarfrest en tilgreindur er í bréfi yðar svo að skólastarf geti verið með eðlilegum hætti. Ef þér og aðrir kennarar, sem lausnar hafa leitað frá og með 1. mars, hættið störfum þann dag mundi verða veruleg röskun á skólastarfi í annað sinn á þessum vetri vegna kjarabaráttu starfsmanna skólanna. Mundi það fyrst og fremst valda nemendum erfiðleikum.

Lagaheimild sú, sem til er vitnað, er í 15. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir m. a.:

„Nú vill starfsmaður beiðast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert starfsmann ófæran til að gegna stöðu sinni eða viðkomandi stjórnvöld samþykki skemmri frest. Skylt er að veita lausn, ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðst er, ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfsrækslu þar mundi horfa, ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum."

Með þessari lagaheimild er yður hér með tilkynnt að lausnarbeiðni yðar verður ekki tekin til greina þannig að þér fáið lausn frá störfum frá og með 1. mars, heldur 1. júní 1985. Uppsagnarfrestur er lengdur um þrjá mánuði.

Rn. tekur fram að það væntir þess að þér dragið

lausnarbeiðni yðar til baka fyrir þann tíma. Rn. er um það kunnugt að einhverjir kennarar hafa undirritað umboð til fulltrúaráðs HÍK þar sem m. a. segir að þeir munu ekki hlíta framlengingu uppsagnarfrests. Rn. lítur svo á að þetta ákvæði umboðsins sé ógilt að lögum þar sem það fær ekki samrýmst 15. gr. laga nr. 38/1954. Menntmrn. hefur gert og mun gera það sem í þess valdi stendur til þess að stuðla að blómlegu skólastarfi með hagsmuni nemenda og kennara í huga og væntir góðrar samvinnu við yður."

Með þessu lýkur þessu bréfi og ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið þessa fsp. á dagskrá þótt tíminn sé naumur því að ég tel miklu skipta að koma réttum upplýsingum á framfæri í þessu máli.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hér er rætt um kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins, sem nú er fyrir Kjaradómi, og hefur hv. þm. Gunnar G. Schram beint ákveðnum spurningum til menntmrh. varðandi málið og hæstv. ráðh. svarað. Hvað varðar framlengingu á gildistöku uppsagna framhaldsskólakennara, þá er, eins og fram hefur komið í fréttum, lögfræðilegt álitamál hvort hæstv. menntmrh. hafði þann framlengingarrétt í höndum sér er hún framlengdi gildistöku uppsagnanna. Úrskurður í því máli verður vitaskuld ekki kveðinn upp hér á Alþingi, en hæstv. menntmrh. hefur með þessum aðferðum sínum lýst vilja sínum í þessu máli og mun það koma á daginn hvern árangur hann ber í samningaviðræðum við kennara.

En þessi kjaradeila snertir ekki síður hæstv. fjmrh., sem er viðsemjandi viðkomandi aðila fyrir hönd ríkissjóðs, og langar mig til að taka hér upp eitt atriði þessa máls og beina í því efni einni spurningu til hæstv. fjmrh. sem hann hefur góðfúslega fallist á að svara við þessa umr.

Í grg. varnaraðila, þ. e. fjmrh., í þessu máli, sem lögð var fyrir Kjaradóm 4. febr. s. l., er m. a. að finna eftirfarandi rök fyrir því að laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eins og framhaldsskólakennara skuli vera lægri en háskólamenntaðra manna á hinum almenna vinnumarkaði. Ég les hér upp úr grg., með leyfi forseta:

„Sé reiknað út hver meðallaunin hjá háskólamenntuðum starfsmönnum á almennum markaði hefðu orðið með þeirri hlutfallslegu skiptingu milli kynjanna sem er hjá ríkinu kemur í ljós að þau mundu lækka úr 50 þús. 322 kr. í 47 256 kr. sem er rétt um 6% lækkun."

M. ö. o. er réttlætanlegt að mati málaflutningsmanns hæstv. fjmrh. að laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna séu allt að 6% lægri en annarra háskólamenntaðra manna vegna þess að konur eru fjölmennari í þeim hópi en á hinum almenna vinnumarkaði. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann taki undir þessi rök fulltrúa síns, Indriða H. Þorlákssonar, hvort hæstv. ráðh. finnist að laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eigi að vera lægri en annarra háskólamenntaðra manna vegna þess að háskólamenntaðar konur eru fjölmennari hjá ríkinu en annars staðar, hvort það sé stefna stjórnvalda að viðhalda kynbundnu launamisrétti með þessum hætti og það sem meira er: nota misréttið sjálft sem rök til þess að viðhalda því.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er margt sem hæstv. ríkisstj. hefur sér til frægðar unnið á þessum vetri og þau eru mörg alvörumálin sem að steðja. Það sem nú blasir við í sambandi við skólastarf í landinu er kannske eitt af því stærsta sem við hefur borið og það er alveg ófyrirséð hvort bætt verður úr því tjóni sem þegar hefur verið unnið gagnvart skólum í landinu og skólastarfi vegna aðgerðarleysis núv. ríkisstj.

Sú bjartsýni sem einkenndi störf í skólunum fyrir nokkrum árum hefur eðlilega farið dvínandi í ljósi þeirra sérkennilegu viðhorfa sem komið hafa frá ráðherrum þessarar ríkisstj. og skýrast komu fram hjá hæstv. fjmrh. á síðasta hausti og landsfleyg urðu. Nú segir hæstv. menntmrh. að það sé mikill misskilningur að kennarar séu í stríði við menntmrn. Það væri betur að rétt væri. Og ef það er svo, þá spyr ég hæstv. menntmrh.: Við hvern eiga kennarar í stríði? Hvaða aðilar eru það í ríkisstj. sem kennarar eiga í stríði við? Hverjir eru það sem ekki vilja taka á málum kennara svo sem lög og reglur standa til um, um leiðréttingu á kjörum þeirra í ljósi kjara á almennum vinnumarkaði? Hefur mál þetta ekki verið rætt í ríkisstj.? Ég óska svara við því. Hefur menntmrh. ekki rætt þetta mál í ríkisstj.? Hverjir eru það sem standa gegn því að eðlileg leiðrétting fáist? Hver er afstaða Framsfl. til þessa máls? Það væri ástæða til þess að einhverjir ráðh. hans tækju hér líka til máls við þessa umr.

Ég vek athygli á því að það er þrjú atriði sem hæstv. menntmrh. telur að hefðu getað orðið til að liðka fyrir lausn þessarar deilu. Það er endurmat á störfum kennara, löggilding á starfsheiti og sérkjaraviðræður. En hvar er þeim málum komið? Þar er ekkert fast í hendi. Þar hefur orðið sá dráttur á, sem ekki skyldi verið hafa, að niðurstaða fengist. Kennarar hafa hér ekkert í hendi frá rn. annað en nefndir. Það hefur ekkert komið út úr þessu starfi sem kennarar hafi fast í hendi og þess vegna er hörmulegt að vita hvernig hæstv. menntmrh. og ríkisstj. í heild hefur haldið á þessu máli. Þetta er ekki einkamál kennara. En auðvitað er þetta mál kennarastéttarinnar sem slíkrar. En þetta mál landsmanna allra, sem hér er við að fást, mál sem varðar undirstöðu í uppeldi og lífskjörum þjóðarinnar, því að á starfi skólanna hvílir það hvernig mál þróast í þessu þjóðfélagi og hvort unnt reynist að beita hér þeirri þekkingu og heilbrigðu uppeldi til að sækja fram á við eins og þörf er á.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Þetta er auðvitað allt mjög svo alvarlegt mál sem hér er til umr. vegna þess að höfuðkjarninn í þessu er að það þýðir lítið að tala um það á hátíðarstundum að menntun sé undirstaða fyrir áframhaldandi tækniþróun og fleira þess háttar, svo sem lífskjör og annað slíkt, ef ekki er gert ráð fyrir þessari undirstöðu með því að hlúa að menntuninni á sem allra bestan hátt. Ástæðum þeirra uppsagna sem hér eru til umr. hafa verið gerð mjög góð skil af þeim ræðumönnum sem tekið hafa til máls hér. Þess vegna langar mig að vekja athygli á því hvað varðar uppsagnarfrestinn sem er framlengdur í allt að sex mánuði skv. 15. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það sem ég vil koma að hér er að mér finnst hafa orðið óeðlilegur dráttur á tilkynningu frá rn. um þessa framlengingu uppsagnarfrests. Þetta segi ég vegna þess að mér finnst vera um að ræða algjört undantekningartilfelli í lok þessarar 15. gr. og frá þeirri

aðalreglu að aðilar séu lausir að þremur mánuðum liðnum skv. lögboðnum samningsbundnum uppsagnarfresti. En þar segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þó er óskylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðst er, ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein, að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa, ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum."

Það er þetta sem ég á við með því að um undantekningartilfelli sé að ræða. Þess vegna hlýtur það að liggja fyrir, það hlýtur að liggja fyrir um leið og uppsagnirnar berast, hvort til þessarar auðnar horfi um starfrækslu. Ég get ekki annað séð en að réttur stjórnvalda skv. þessari 15. gr. til framlengingar uppsagnarfrestsins sé löngu fyrir bí enda veit ég ekki hvernig helst má rökstyðja það að hægt sé að meina kennurum að leita sér að nýrri vinnu og að skuldbinda sig við nýja atvinnurekendur þegar nú lifir aðeins hálfur mánuður eftir af þessum uppsagnarfresti. (Forseti hringir.).

Þegar skipun hefur nú borist frá rn. þess efnis að framlengingin sé ákveðin þá horfir illa fyrir þeim kennurum sem nú þegar hafa bundið sig, ráðið sig annars staðar, með tilliti til hugsanlegrar bótaskyldu gagnvart atvinnurekanda. Ég vil bera fram þá spurningu hér hvort það sé einhvers staðar til umræðu hvernig að þeim málum verði staðið.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hafði gert hæstv. forseta og raunar þingheimi grein fyrir því að ég verð að vera viðstödd og opna alþjóðlegan viðburð suður á Hótel Loftleiðum nú kl. fimm og verð að koma við í rn. áður. Það skilst væntanlega að ég verð að vera mætt þar í tæka tíð. Þess vegna vil ég leyfa mér að óska þess að umr. verði frestað. Ég færist síður en svo undan því að ræða þessi mál en ég óska þess að umr. fari ekki fram að mér fjarstaddri fyrst ekki var unnt að taka þetta mál fyrir fyrr á fundinum.

Ég vil einungis svara því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði um. Vitanlega hafa þessi mál verið rædd ítarlega í ríkisstj. og það eru allir sammála um að það þurfi að bæta kjör kennara, um það er ekki deilt. Niðurstaða er nú fyrir dómi og það er ekki háttur siðaðra stjórnvalda að taka fram fyrir hendur á dómi. Það mál er fyrir dómi nú og eftir lögum sem Alþingi hefur sjálft sett. Þessi dómur hefur að nokkru á sér gerðardómseðli því að málflytjendur beggja aðila flytja þar mál þeirra. Þessi dómur fellur 22. febr. eins og hv. þm. er kunnugt. Þetta liggur svona.

Ég vil andmæla því af öllu hjarta, sem hv. þm. sagði, að það hefði verið einhver seinagangur á störfum nefnda að málum kennara í rn. Því andmæli ég. Og ég veit að fulltrúi kennara, sem þeir sjálfir hafa tilnefnt í þessari nefnd, munu bera um það að þar hefur verið vel unnið. Ég hlýt að lýsa furðu og vanþóknun á ummælum sem þessum sem eru greinilega ætluð til þess að reka fleyg í samstarf þeirra stjórnvalda sem fara með menntamál og kennaranna sjálfra. Það er ekki gott verk og ekki fallið til þess að bæta aðstöðu skólanna í landinu. Ég vildi aðeins bera af mér sakir því að ég hafði verið borin þungum sökum.

Ég leyfi mér að óska þess, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og henni haldið áfram við fyrsta tækifæri — og tek náttúrlega fram að ég óska fjarvistarleyfis af þeim ástæðum sem ég hef þegar skýrt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. greindi frá því hér áðan að hún væri tilbúin til þess að hafa umr. um þessi mál á næsta fundi í Sþ. ef fsp. yrðu þá teknar fyrir. Ég vil taka undir þessa áskorun hæstv. menntmrh. til hæstv. forseta um það að framhaldsumræða um þetta mál fari fram á fimmtudaginn kemur, það dragist ekki þangað til á þriðjudaginn í næstu viku. Ég tel það í rauninni algjörlega fráleitt, miðað við stærð þessa máls og eðli og það hvernig á stendur í tíma, að draga umr. um það þangað til í næstu viku, fram til 19. þ. m. Þess vegna skora ég á hæstv. forseta að sýna þingheimi og aðilum málsins þann skilning að umr. um þetta mál fari fram á fimmtudag. Það er í rauninni ekkert sem segir að fyrirspurnatími geti ekki verið á fimmtudag rétt eins og á þriðjudögum, þar ræður vilji hæstv. forseta. Og ég er viss um að það er vilji þm. flestra, ef ekki nær allra, að þessi umr. haldi áfram strax á fimmtudaginn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég hygg að það séu allir sammála um það að halda áfram þessari umr. svo fljótt sem verða má. Það er ekki útilokað að það megi verða á fimmtudag eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði. Það er ekkert sem bannar það þó að það sé ekki venja. En ég hygg að málið sé það óvenjulegt og beri að með þeim hætti að það réttlæti að bregða út af venju. Það mun verða séð um það að framhald umr. fari fram eins fljótt og kostur er.

Umr. frestað.

Nöfn fyrirtækja, fsp. 254. mál (þskj. 432). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Í febrúar 1982 beindi ég fsp. til þáv. hæstv. viðskrh. um hver lög giltu um nafngiftir fyrirtækja, og væru þau ekki fullnægjandi hvort til stæði að setja lög um þær. Hæstv. þáv. ráðh. svaraði því til að hann hefði ekki í hyggju að flytja slíkt frv. og taldi lög nr. 42 frá 1903 ásamt breytingum á þeim með lögum nr. 24 1959, lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, duga þar sem þar væru skýr ákvæði um að fyrirtæki skuli bera nöfn er samrýmist íslensku málkerfi. Orðrétt sagði hæstv. þáv. ráðh. Tómas Árnason:

„Ég verð þó að lokum að játa það, að ég efast um að lagasetning af þessu tagi geri mikið gagn ein sér. Mestu máli skiptir að efla alla umræðu um íslenskt mál."

Hv. þáv. þm. Vilmundur Gylfason tók til máls og sagði:

„Ég vil líka segja frá því, að skömmu fyrir jól barst allshn. Nd. erindi þar sem vakin er athygli á sögu löggjafar í þessum efnum, efnislega mjög í þá veru sem hv. þm. gerði grein fyrir í framsögu með þessari fsp. Á vegum allshn. Nd., í framhaldi af því erindi sem nefndinni barst, hefur farið fram umræða og athugun á því, hvort mögulegt sé að á vegum nefndarinnar verði lagt fram lagafrv. sem feli í sér að komið verði í veg fyrir nafngiftir á atvinnustarfsemi sem falli ekki að málkerfi íslensks máls."

Í apríl 1982 mælti svo hv. þáv. þm. Vilmundur Gylfason fyrir frv. eða öllu heldur tveim frv. allshn.

Nd., sem voru að vísu á einu þskj., og var þar annars vegar um að ræða breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og hins vegar á lögum nr. 53 frá 1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Bæði þessi frv. urðu að lögum á skjali sem bar laganúmerið 57 frá 1982. Eftir breytinguna hljóðar 8. gr. hinna fyrrnefndu laga, þ. e. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, svo með leyfi forseta:

„Hver sá sem rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skal hlíta ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar skv. lögum nr. 35/1953."

Sams konar ákvæði komu inn í 4. gr. laga nr. 53 frá 1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Þrátt fyrir þessa viljayfirlýsingu hins háa Alþingis virðist lítt að lögum farið. Á þskj. 432, sem er 254. mál þingsins, hef ég því sett fram eftirfarandi fsp. til hæstv. viðskrh., með leyfi forseta:

„Telur viðskrh. það samrýmast lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, sbr. lög nr. 57/1982, að erlend vörumerki séu höfð í nöfnum íslenskra fyrirtækja?"

Það hefur lengi verið vitað að ákveðin fyrirtæki hafa farið á bak við þessi lög, sem hér var áður getið, með því að nota vörumerki sín sem nafn á fyrirtæki. Nægir að nefna hið kunna fyrirtæki Etienne Aigner sem er undir því nafni í símaskrá. En þessi leið virðist raunar vera með öllu ónauðsynleg því að þeim fyrirtækjum fjölgar í sífellu sem bera erlend nöfn sem ekki eru vörumerki. Þarf ekki nema aka niður Laugaveginn til að sjá fyrirtæki sem heita Companí, Gallerí, Bonný, Spútnik, Top Class, Lips, Ping Pong, Etienne Aigner, High Voltage, Party o. s. frv. Allt er þetta nefnt af handahófi, og skal ekki um það fást við þessi fyrirtæki frekar en mörg önnur, sem undir sömu sök eru seld.

Ég skal játa það hér að ég hélt, þegar ég bar fram fsp., að margt af þessum nöfnum væru vörumerki en svo er aðeins í þessum tilvikum um Etienne Aigner. Ég vona því að hæstv. ráðh. misvirði ekki við mig fáfræði mína um snyrti- og tískuheiminn og svari því jafnframt hvað hann telji að gera skuli til að koma í veg fyrir þessar erlendu nafngiftir sem óumdeilanlega eru brot á íslenskum lögum. Frá því verður ekki vikið.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fsp. hv. þm., sem hér liggur fyrir til umr., um nöfn fyrirtækja svara ég að sjálfsögðu neitandi. Ég vil þó bæta við að skv. lagabreytingu sem gerð var á árinu 1982 á firmalögum nr. 42/1903 segir að hver sá er reki verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skuli hlíta ákvæðum laganna um nafn það er hlutaðeigandi notar við atvinnu og við undirskrift fyrir hana, enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þessi nöfn sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Þá segir að ágreiningi, sem rísa kann út af nafninu, megi skjóta til örnefnanefndar. Skrásetjarar skv. þessari lagagrein eru sýslumenn, bæjarfógetar og borgarfógetinn í Reykjavík, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Í tilefni af fsp. aflaði viðskrn. upplýsinga um framkvæmd lagabókastafsins frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Rn. var þar tjáð að reynt væri eftir fremsta megni að sporna gegn skráningu nafna á fyrirtækjum og atvinnustarfsemi sem ekki samrýmist íslensku málkerfi. Kemur oft fyrir að neitað er um skráningu nafns eða leitað til örefnanefndar. Engu að síður er rn. og embættinu ljóst að færst hefur í vöxt að fyrirtæki í borginni auglýsi sig undir erlendu nafni. Skv. þeim upplýsingum sem rn. hefur aflað getur í þeim tilvikum bæði verið um nafn að ræða sem hvergi er skráð eða skráð sem vörumerki. Í vörumerkjalögunum er ekki gert ráð fyrir því að orð eða orðasambönd, sem skráð eru sem vörumerki, þurfi að samrýmast íslensku málkerfi, en ég vek athygli á því að vörumerkjalöggjöfin heyrir undir iðnrn. Leiðir það af eðli málsins þar sem um er að ræða alþjóðleg vörumerki.

Til að herða á framkvæmdinni hefur rn. ítrekað fyrirmæli laganna til skráningarmanna um land allt að herða á framkvæmd umræddrar lagagreinar og gæta þess sérstaklega að í þeirra umdæmi séu ekki rekin fyrirtæki er auglýsi sig undir óskráðum heitum.

Hinu má þó ekki gleyma að boð eða bönn í lögum verða ekki til þess ein sér að varðveita íslenska tungu. Í heimi þar sem samskipti þjóða aukast með ári hverju og erlend menningarsamskipti fara sífellt vaxandi verður þjóðin sjálf að skynja þau verðmæti sem tungan hefur að geyma. Slík vakning mun fyrst og fremst gerast með aukinni fræðslu í skólum og fjölmiðlum. Fjölmiðlarnir hafa hér sérstaklega veigamiklu hlutverki að gegna sem þeir að mínu mati mættu vissulega rækja betur.

Ég sagði í upphafi, herra forseti, að þeirri fsp. sem hér liggur fyrir um nöfn fyrirtækja svaraði ég að sjálfsögðu neitandi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin og get tekið undir það sem hann sagði, að auðvitað þarf að halda lifandi umræðu meðal þjóðarinnar um íslenska tungu. En því verður ekki breytt að til einhvers erum við hér á hinu háa Alþingi að setja lög. Og þegar að þessum lögum er ekki farið hlýtur það að vera í verkahring viðkomandi ráðh. að sjá til þess að svo verði.

Ólafur Oddsson, kennari í íslensku við Menntaskólann í Reykjavík, reit ágæta grein í sunnudagsblað Morgunblaðsins 9. sept. s. l. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Fyrir rúmum tveimur öldum vildi skólamaður nokkur að Íslendingar legðu niður móðurmál sitt og tækju upp danska tungu. Um svipað leyti var lagt til að Reykjavík, höfuðstaður landsins, yrði heiðruð með nafninu Christiansvig. Þessar tillögur náðu sem betur fer ekki fram að ganga en hin erlendu máláhrif voru þá og reyndar lengi síðar afar sterk. Íslandsvinurinn Rasmus Rask taldi árið 1818 að íslensk tunga mundi fljótlega deyja „ef ekki verða rammar skorður við reistar". Ýmsir þjóðhollir menn veittu hér öflugt viðnám og okkur er hollt að minnast auglýsinga Stefáns Gunnlaugssonar frá 7. febr. 1848 þess efnis að íslensk tunga eigi best við í íslenskum kaupstað".

Ég held að þessi orð séu gjörsamlega tímabær nú. Auðvitað er ég ekki þar með að segja að nöfn á íslenskum fyrirtækjum ráði úrslitum um örlög íslenskrar tungu. En það er satt að segja ópolandi að þessi kaupsýsluíslenska, eins og Baldur Jónsson, formaður íslenskrar málnefndar, svo réttilega kallaði hana í

annarri grein í Morgunblaðinu, ráði hér ríkjum og þegar við göngum um okkar eigin kaupstað blasi við okkur að annað hvert fyrirtæki í bænum heiti nöfnum eins og þeim sem ég taldi hér upp áðan.

Það veldur mér því nokkrum vonbrigðum að hæstv. ráðh. sagði ekki afdráttarlaust að hann mundi kalla á sinn fund eigendur þessara fyrirtækja og benda þeim á löggjöf landsins og ekki síður reyna að hafa áhrif á þá sem málsvari mennta og menningar í landinu sem hæstv. íslenskur ráðh. Ég held að hér þurfi að herða mjög tökin ef þessi lög, sem við settum hér 1982, eiga ekki gjörsamlega að verða að engu höfð. Því að það er alveg hárrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta fer ört í vöxt. Þeim rökum hefur oft verið beitt að hér séu einnig gróin og gömul fyrirtæki sem hafi heitið erlendum nöfnum um árabil. Nægir að nefna London og einhver slík fleiri. En ég held að einhvern tíma verði að hefja þessa baráttu og það verði að nota svipuð rök og þegar lögin voru sett um ríkisborgararétt á Íslandi og menn fengu að halda sínum eigin nöfnum en hafa ekki leyfi til að halda við erlendum nöfnum. Ég held að hér verði að ganga betur fram og ég vildi gjarnan heyra hæstv. ráðh. segja að hann hyggist virkilega hefja einhverjar aðgerðir í þessu máli.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði, að ég mun gera mitt til þess að reyna að framfylgja þeim lögum sem um þetta gilda, þ. e. þeim sem hér eru til umr. En ég vek enn á ný athygli á löggjöfinni um vörumerki sem eru vissulega alþjóðleg orð sem notuð eru. Í því tilfelli sem þar er um að ræða er þetta ekki eins einfalt og sýnist vera. En ég er sammála fyrirspyrjanda um að það ber auðvitað að gera allt sem hægt er til þess að tryggja það að því sé framfylgt sem þessi lög kveða á um í þessum efnum. Og það mun ég að sjálfsögðu gera eftir því sem í mínu valdi stendur.

Auglýsingakostnaður vegna sölu spariskírteina ríkissjóðs, fsp. 252. mál (þskj. 430). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vildi gjarnan hefja ræðu mína í viðurvist aðspurðs hæstv. ráðh. **(Forseti:** Við skulum gera ráð fyrir því að svo verði og hinkra við augnablik.) Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. gengur í salinn.

Það hefur vakið nokkra athygli landsmanna að fjmrn. hefur nú lagt út í hinn harða heim auglýsinganna og notar nú alkunn meðul auglýsenda og auglýsingaframleiðenda til þess að selja vöru sína í harðri samkeppni við aðra slíka. Það sem skilur á milli rn. og vöruframleiðenda er þó e. t. v. að hér er verið að selja spariskírteini sjóðs allra landsmanna, ríkissjóðs, í samkeppni við banka landsins fyrst og fremst, sem einnig eru óumdeilanlega sameiginlegur sjóður landsmanna, með gífurlegum tilkostnaði án þess að eigendur þessara sjóða hafi tekið um það ákvörðun.

Við lifum í heimi auglýsingaskrums þar sem einskis er svifist og verulegur hluti tekna ríkisfjölmiðlanna er fenginn með auglýsingaskrumi framleiðenda og seljenda. Hundruð manna hafa nú atvinnu af að gera auglýsingar og virðist þess lítt gætt varðandi listræna framleiðslu að sömu kröfur um vinnubrögð séu gerðar til auglýsinga sem annars efnis fjölmiðlanna né að auglýsendur geri kröfur um að þær séu í samræmi við metnað þeirra stofnana sem þær eiga að kynna. Þó gæti maður farið að hafa efasemdir.

Sem dæmi má nefna þann heim sem háborg íslenskrar menningar, Háskóli Íslands, kynnir sem æskilega umbun fyrir að taka þátt í Happdrætti Háskóla Íslands. Þar getur að líta mannlíf Dallasfólksins sem eyðir tíma sínum við sundlaugarbakkana með glas í hönd, og víst er það rétt að slík tilvera er líklegri fyrir menn með því að eiga happdrættismiða en með því að afla sér menntunar við téða menntastofnun og vinna síðan venjulegan vinnutíma.

Nú hefur sjálft fjmrn. hrist af sér rykið og látið gera mikla auglýsingaröð, sem aldnir og ungir horfa nú á og hlýða, svo að nú æfa öll börn landsins sig í að vera ótalandi, þ. e. að bulla eins og menn gera í umræddri auglýsingu, en eins og allir vita hafa auglýsingar mikil áhrif á ung börn. Ekki veit ég hvort rn. telur það gefa nokkra hugmynd um þá starfsemi sem þar fer fram. En um efnistök í ofangreindum auglýsingum ætlaði ég raunar ekki að ræða, heldur kostnaðinn.

Nú er svo komið að opinberir starfsmenn eru ekki lengur matvinnungar, yfir vofir að skólum landsins verði lokað og menntað fólk reynir allar leiðir áður en það ræður sig til starfa hjá íslenska ríkinu. Það verður því að teljast forvitnilegt að fá að vita hversu miklum fjármunum er eytt í þessa nýstárlegu starfsemi sem fjmrn. hefur nú tekið upp, auglýsingastarfsemina. Hér var fyrir nokkrum mínútum rætt um það alvarlega ástand sem er að skapast vegna launadeilna framhaldsskólakennara landsins. Það hlýtur þess vegna að vera nokkur ástæða til að vita hversu mikið hefur til þessara auglýsinga farið. Ég hef að vísu spurt í spurningu minni hvað þessi auglýsingakostnaður nemi launum margra manna í 15. launaflokki en það er auðvelt að deila ef upphæðin verður upp gefin.

Það er líka ástæða til að velta því fyrir sér hvort fjmrn. landsmanna er orðið svo gjörsamlega firrt frá fólkinu í landinu að það nái ekki til landsmanna óðruvísi en að leggja í baráttu við almennan auglýsingamarkað. Sú var tíðin að menn gátu náð rödd rn. á annan hátt, en hér hefur verið tekin upp þessi nýstárlega aðferð við að tala til landsmenn og maður gæti velt fyrir sér hvort stjórnmálamenn almennt fara að neyðast til þess að láta auglýsingastofur landsins sjá um málflutning fyrir sig.

Af þessu gefna tilefni, herra forseti, hef ég leyft mér að bera fram fsp. sem liggur hér fyrir á þskj. 430 og er 252. mál þingsins, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hversu miklu fé hefur fjmrh. ákveðið að verja alls í auglýsingaherferð þá sem nú stendur yfir vegna sölu á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs?

2. Hvað má ætla að auglýsingakostnaður þessi jafngildi launum margra manna í 15. launaflokki (1. þrepi) hjá BSRB?"

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Til viðbótar við þær fsp. sem hv. 10. landsk. þm. hefur borið fram á þskj. 430 hóf hún mál sitt með því að segja að auglýsingar þær sem hún hér ræðir um hafi vakið mikla athygli og ég fagna því. Þá hafa þær náð tilgangi sínum. Það er tilgangurinn með auglýsingum.

Ég tel rétt að það sé undirstrikað að við lifum í heimi auglýsinga, kannske auglýsingaskrums eins og hv. þm.

gat um, en hún hefði átt að fara svolítið lengra aftur í tímann vegna þess að það var af brýnni nauðsyn og í samkeppni við bankana almennt sem ríkissjóður taldi sig þurfa að taka þátt í þessu auglýsingakapphlaupi. Þessi nýstárlega starfsemi, eins og hún gat um og það er sannarlega nýstárleg starfsemi, er fundin upp og framkvæmd af ungu fólki með framtíðarsýn sem starfar í fjmrn. og er allt háskólaborgarar.

En sem svar við fsp. hv. 10. landsk. þm. um auglýsingakostnað vegna sölu spariskírteina ríkissjóðs er þetta að segja:

Á árinu 1985 eru spariskírteini innleysanleg fyrir um 3080 millj. kr. miðað við verðlag 31. des. 1984. Í janúar til apríl eru á gjalddaga um 1880 millj. kr., en um 1200 millj. kr. í sept. og okt. n. k. Í fjárlögum ársins 1985 er gert ráð fyrir að spariskírteini verði innleyst fyrir 650 millj. kr. og á móti selji ríkissjóður ný spariskírteini fyrir 400 millj. kr. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess sem setning lánsfjárlaga kann að hafa í för með sér. Það er því greinilega mikið í húfi fyrir ríkissjóð að vel takist til við kynningu á þeim kostum sem hann býður til að halda þeim hlut í lánsfjármarkaði sem fjárlög gera ráð fyrir.

Eins og kunnugt er voru innleysanleg spariskírteini á gjalddaga í september s. l. um 1732 millj. kr. Af þeim innleystu sparisjóðseigendur skírteini fyrir um 862 millj. kr., en keyptu nú skírteini fyrir aðeins 262 millj. kr. Þessi mikla septemberinnlausn átti sér stað þrátt fyrir þá staðreynd að ríkissjóður bauð góð kjör á nýjum skírteinum. Því var m. a. um kennt að illa hefði tekist til við kynningu á þeim skírteinum sem ríkissjóður hafði til sölu. Var því ákveðið að leggja áherslu á kynningu spariskírteina við útgáfu 1. flokks 1985. Auglýsingastofa Gísla B. Björnssonar var fengin til að hanna auglýsingar og gera áætlun um birtingar. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessa auglýsingaherferð, sem standa mun fram í apríl, verði um 5 millj. kr. sem er um 0.017% af þeim 2830 millj. kr. sem í húfi eru.

Fyrstu merki um árangur eru núna að koma í ljós. Í janúar innleystu eigendur spariskírteina skírteini fyrir um 290 millj. kr. og ný spariskírteini voru seld fyrir 209 millj. kr. sem eru um 72% af janúarinnlausn. Í september s. l. var sama hlutfall aðeins um 30%. Þess má geta að í janúar s. l. voru um 855 millj. kr. á gjalddaga. Þar af báru 450 millj. kr. vexti á bilinu 3.7% til 4.3% sem þykja það lágir vextir í dag að gera má ráð fyrir innlausn á meiri hluta þeirrar upphæðar.

Í febrúar voru laun skv. 15. launaflokki (1. þrepi) 18 240 kr. Því til viðbótar má bæta um 40% sem að meðaltali er greitt vegna annarra launa, þar með talin yfirvinna. Þar ofan á bætast um 14.6% vegna launatengdra gjalda. Má segja að áætlaður auglýsingakostnaður jafngildi um 14 ársverkum manna í 15. launaflokki, 1. þrepi. Sé það lánsfé, sem verið er að halda í, sett á sömu mælistiku jafngildir það um 8059 ársverkum starfsmanna í 15. launaflokki.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessa umr. Það voru fáein orð, sem hv. fyrirspyrjandi, hv. 10. landsk. þm., mælti hér áðan, sem urðu þess valdandi að ég ákvað að segja nokkur orð.

Í fyrsta lagi þykir mér undarleg sú afstaða hennar og margra flokkssystkina hennar að agnúast við auglýsingar. Nú skal ég fyrstur manna viðurkenna að auglýsingar eru misjafnar og töluvert skortir á það í okkar þjóðfélagi að haft sé eftirlit með því að auglýsingar séu réttar. En réttar auglýsingar með upplýsingum eru fréttir og þær eru upplýsingaþjónusta við neytendur. Við lifum í þjóðfélagi, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þar sem auglýsingar eru þáttur af upplýsingamiðluninni í þjóðfélaginu. Hv. þm. hristir höfuðið. Það getur hún vel gert, en engu að síður er þetta staðreynd.

Ég er alveg sannfærður um að fjmrn. átti einskis annars úrkosta en að taka þátt í þeim leik sem hér er leikinn og ýmsum finnst ganga fulllangt. Auðvitað verður rn. sem keppir um peninga við bankana að hafa sig í frammi. Ég veit að flokksbróðir hv. 10. landsk. þm., hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds, hefði gert nákvæmlega það sama í þessari stöðu, að hafa úti öll spjót til að tryggja ríkissjóði fjármagn. Og hvað sem má segja um auglýsingar fjmrn. hafa þær vakið athygli og vakið mikla athygli þegar þekktur gamanleikari í konulíki kemur á fund hæstv. fjmrh., að því er manni sýnist í auglýsingunni, og þeir tala sama mál sem báðir virðast skilja!

En það sem gerði að verkum að ég kvaddi mér hljóðs var það að ég heyrði að hv. þm. Guðrún Helgadóttir var að hnýta í þá sem hafa atvinnu af því að búa til auglýsingar. Ég fullyrði að þeir sem vinna við auglýsingagerð hér á landi fyrir sjónvarp og kvikmyndahús eru mjög vel starfi sínu vaxnir og ef rétt væri á málum haldið gæti sú kunnátta og tækniþekking, sem hér er til staðar, orðið útflutningsvara til hinna Norðurlandanna og raunar víðar vegna þess að þær auglýsingar, sem hér eru gerðar fyrir sjónvarp og kvikmyndahús, standast fyllilega samkeppni við það sem gert er í löndunum í kringum okkur. Ég sé satt að segja ekki hvaða ástæðu hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur til að hnýta í það fólk sem starfar að þessu. Þetta er heiðarleg vinna. Það var á henni að skilja að þetta væri illa unnið og lélegt. Ég mótmæli þeim ásökunum hennar. Ég þekki nokkuð til þessara hluta að því er kvikmyndagerðina varðar og ég fullyrði að þeir sem þessi störf vinna hér eru vel sínu starfi vaxnir. Hennar ummæli um þá voru ómakleg og óeðlileg og henni sæmst að draga þau til baka.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Enginn endir er nú á hvað þm. fá sig til. Ég leyfi mér að endurtaka það sem ég sagði um þá stétt manna sem býr til auglýsingar. Ég var ekki að hnýta í þá, enda snýst þetta mál ekki um það. Ég sagði að hins vegar væri það oft svo að ekki væru sömu kröfur gerðar um listræn vinnubrögð við auglýsingar og annað efni í sjónvarpi t. d. og útvarpi. (**EG:** Þetta kallast að hnýta í það fólk.) Vill nokkur mótmæla því að það séu ekki gerðar sömu kröfur? Ég leyfi mér að halda því fram. Það segir ekkert um að auglýsingagerðin sé ekki stundum ákaflega vel af hendi leyst. Hitt er svo annað mál að það fer auðvitað eftir því við hvað við miðum.

5. landsk. þm. er að tala um tæknilega kunnáttu í auglýsingaskruminu hér á landi. Jú, jú, þeir standa öllum öðrum á sporði er ég alveg viss um. En vondar auglýsingar eru jafnvondar fyrir það. Þm. leyfir sér að segja að auglýsingar séu upplýsingar. Það er svo langt í frá að svo sé. Auglýsingar eru almennt og yfirleitt fjarri því að vera upplýsingar. Ég væri ekki að amast við auglýsingum ef þær væru það, en þær eru það ekki. Þær eru til þess eins að ýkja og afskræma það sem þær eru

að auglýsa og yfirganga þann sem á undan kom.

Það er eðli auglýsinga og ég vil ekki ganga inn í þennan heim og síst af öllu vil ég að fjmrn. landsins taki þátt í þessum leik. Er virkilega svo komið að stjórnvöld landsins þurfi á þessum skrípalátum að halda til að láta rödd sína heyrast um jafnalvarleg mál og fjármál fólks? Þetta er alveg fráleitt og ef auglýsingaframleiðendur landsins kjósa að greiða Alþb. ekki atkvæði sitt út á þessi orð verður bara að hafa það. Það er mál til komið að einhver sporni við fæti í þessum glysheimi sem við göngum í með lokuð augu eins og allar aðrar þjóðir. Ég sé enga ástæðu til þess að gera það. Við getum alveg talað saman og fengið upplýsingar, eins og hv. þm. sagði, án þess.

Fjmrh. kveðst hafa verið nauðbeygður til að fara í samkeppni við ríkisbankana og banka landsins. Ég get út af fyrir sig skilið hans sjónarmið þar. En við getum líka spurt: Hvenær var ákveðið að bankar landsins færu í þennan skrípaleik? Hvar voru fulltrúar hins háa Alþingis í bankaráðum landsmanna? Hvers vegna komu þeir ekki hingað og spurðu hv. þm.: Eigum við að ganga inn í auglýsingaheiminn með ríkisfyrirtækin upp á vasann? — Höfum við einhvern tíma samþykkt það? Ekki ég, enda hef ég aldrei verið spurð.

Það er hraksmánarlegt að fulltrúar Alþingis skuli hefja þennan bjánagang og síðan skuli fjmrn. landsins telja sig tilneytt að ganga inn í þetta. Hvað verður næst? Ætlar forseti Sþ. að tala við auglýsingaskrifstofur bæjarins ef hann þarf að koma auglýsingum á framfæri um starfsemi Alþingis? Hlustar nokkur á hann öðruvísi? Verður ekki einhver að dansa og syngja og standa uppi á borðum og tala bull til þess að þjóðin nenni að hlýða á rödd Alþingis? Nei, hv. þm. Þetta hlýtur að enda með ósköpum. Það getur ekki verið nauðsynlegt að eyða í þetta 5 millj. sem eru reyndar alls ekki 14 árslaun manna í 15. launaflokki, heldur 24 árslaun eftir því sem mér reiknast til. Á sama tíma og menntamenn þjóðarinnar, sem eru að kenna börnunum okkar, eru ekki matvinnungar, því að það eru þeir ekki eins og stendur, er eytt 5 millj., 24 árslaunum fólks sem hefur ekki miklu lægri laun en þeir, í að auglýsa spariskírteini ríkissjóðs. Þvílík endemi! Og mig undrar að hv. þm. Eiður Guðnason skuli taka undir þessa vitleysu, þó að hann sé fjölmiðlamaður og sjái eflaust í þessu tekjulind fyrir Ríkisútvarpið sitt, að hann skuli vera að mæla þessu bót, maður sem er formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs! Ég held að það sé engan veginn sæmandi að taka þátt í þessu. Ég ætti kannske spyrja hann ef mér leyfist svo: Hefur nokkur önnur Norðurlandaþjóðanna leitað þessara leiða til að ná til fólks um málefni ríkissjóðs? Það er mér stórlega til efs. Nei, Íslendingar hafa hér riðið á vaðið og ég vil leyfa mér að mótmæla þessu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég get ekki svarað þeirri spurningu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hvort hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa farið nákvæmlega sömu leið. Það er mér bara ekki kunnugt um, ég veit það ekki, og ég sé ekki hvað mín formennska í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs kemur þessu máli við.

Mér finnst furðulegt að heyra hér, anno 1985, þau afturhaldssjónarmið sem komu fram hjá síðasta ræðumanni, þ. e. að auglýsingar séu alfarið af hinu illa, auglýsingar séu vondar. Hvað vill hv. þm. gera? Vill hún banna auglýsingar til að hafa vit fyrir fólki? Er það hún sem á að ráða? Hvaða sjónarmið eru það sem verið er að flytja okkur hér? Hvað vill hv. þm.? Vill hún banna auglýsingar í eitt skipti fyrir öll? Við eigum heimtingu á svari.

Auðvitað eru auglýsingar misjafnar. Auglýsingar eru einn þáttur þess þjóðfélags sem við lifum í í dag, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ég man að hv. þm. átti ásamt fleirum aðild að því að flytja till. á vettvangi Norðurlandaráðs um að banna auglýsingar í ljósvakamiðlum. Sú till. fékk að deyja drottni sínum vegna þess að það voru allir sammála um að það væri ekkert hægt að gera með hana, hún var óframkvæmanleg. Við verðum að horfast í augu við þann heim sem við lifum í. Sumir geta lifað í einhverjum afturhaldsórum og draumum, ef þeir svo kjósa. En það veldur mér mikilli furðu að heyra þessum sjónarmiðum haldið fram anno 1985. Sem sagt: við skulum banna auglýsingar. Það getur vel verið að þetta sé ein leið hv. þm. til að stuðla að því að Þjóðviljinn hætti að koma út, það getur vel verið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er satt að segja ekkert hissa á því þó að umr. af þessu tagi fari fram á Alþingi. Auglýsingabrjálæðið hefur náttúrlega keyrt langt úr hófi. Menn geta svo deilt um hvort einhverjar auglýsingar séu góðar eða vondar. En ég held að það hafi verið ástæða til að hreyfa þessari fsp. og fyrirspyrjandi, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, á heiður skilið fyrir það.

Það er ekki nógu rúmur tími til að ræða þetta mál hér til hlítar í fyrirspurnatíma og eðlilegra að taka þá umr. upp síðar. En baráttan um sparifé landsmanna er gengin langt úr hófi og því miður á ríkisvaldið mikla sök á því þar sem útboð ríkisvíxla var startsignalið að öllu þessu brjálæði og þá féll skriðan eftir að ríkisvíxlarnir voru boðnir út. Og með vaxtafrelsinu færðist fyrst fjör í uppboðið.

Það myndast ekki nein verðmæti við það að búa til auglýsingar. Þjóðarauðurinn vex ekki þó að menn auglýsi og auglýsi. Neytandinn greiðir þessar auglýsingar með einum eða öðrum hætti einhvern tíma. Einhverjir fá vinnu við að búa þessar auglýsingar til, Gísli B. Björnsson, auglýsingastofa hans eða einhverjir aðrir. En það er eitt enn sem mér skilst að ekki hafi komið fram í umr. og ég mun spyrja um síðar og óska skriflegs svars. Það er hverjum hafi verið greitt fyrir birtingu þessara auglýsinga, hvaða fjölmiðlum, og hvaða upphæð hafi verið greidd hverjum fjölmiðli fyrir birtingu auglýsinga ríkisins. Ég mun bera þessa spurningu upp á sérstöku þskj. Mér þykir ósennilegt að hæstv. fjmrh. hafi tölur handbærar. Og ég mun ekki einasta spyrja um janúar, heldur mun ég spyrja um febrúar og e. t. v. mars ef mér býður svo við að horfa að leggja ekki þessa fsp. fram fyrr en þá.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Þessar umr. hafa farið svolítið öðruvísi en ég hafði búist við. Hér var spurt og ég tel að ráðh. hafi svarað, en ýmislegt annað hefur komið inn í þessar umr., m. a. það að næst ætti Alþingi að fara að auglýsa og mér skildist að hv. 10. landsk. þm. vildi þá fá að leika aðalhlutverkið með því að dansa á borðum. Ég ætla að

fá að dansa við hana ef úr því verður. Við getum sameiginlega komið fram þó að það kosti kannske einhver atkv. — Við dönsum illa, virðulegi þm.

Hv. síðasti ræðumaður boðaði að hann mundi óska eftir því að sundurliðaður kostnaður yrði lagður fram í tölum. Eftirfarandi tafla, sem ég hef hér, sýnir annars vegar áætlunarkostnað við auglýsingaherferðina á tímabilinu janúar—apríl 1985 og hins vegar áfallinn kostnað til og með 11. febrúar. Ég tek fyrst áfallinn kostnað miðað við 11. febrúar: Til dagblaðanna fóru 1 millj. 15 þús. Það skiptist þannig að Morgunblaðið hefur fengið 587 þús., Dagblaðið/Vísir hefur fengið 284 þús., Nýi Tíminn 43 þús., Þjóðviljinn 43 þús., Helgarpósturinn 29 þús., Alþýðublaðið 29 þús. Ríkisútvarpið hefur fengið 649 þús. samtals. Það skiptist þannig að Rás 1 hefur fengið 90 þús., Rás 2 130 þús. og sjónvarpið 429 þús. Ég er hér með sundurliðaðan áætlaðan heildarkostnað líka, þannig að samtals eru þetta 5 millj. kr. Til að spara hv. fyrirspyrjanda fyrirhöfn get ég látið hann hafa afrit af svari mínu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mig langaði að taka undir orð hv. 5. landsk. þm. varðandi auglýsingar. Við verðum að fylgja þróun tímans. Það er alveg útilokað annað. Auglýsingar eru auðvitað misjafnar að gæðum, en við megum ekki heldur gleyma því að auglýsingar eru þjónusta við neytendur. Það hefur oft verið kvartað undan lélegri þjónustu að þessu leyti við neytendur af hendi ríkisvaldsins. Ég tel auglýsingarnar um spariskírteinin jákvæðar að því leyti að þær upplýsa almenning um fleiri valkosti á ávöxtun sparifjár. Það er matsatriði hvort mönnum finnast þær vera góðar eða lélegar, en þær eru upplýsandi. Og ég sé ekki að það sé skaðlegt þó að það fylgi ofurlítið grín með, þó að hið opinbera auglýsi alveg eins og einstaklingarnir gera. Ég get ekki séð hvað er athugavert við það.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greið svör við fsp. minni og sýnir það að hann er snarráður og vel útbúinn í þessari umr. Það er þó ýmislegt í þessum upplýsingum hans sem vekur nokkuð til umhugsunar. Ég sé það t. d. að Morgunblaðið hefur fengið nærri 600 þús. í sinn hlut fyrir þessar auglýsingar á meðan NT og Þjóðviljinn fá ekki nema 43 þús. hvort og Alþýðublaðið ekki nema 29 þús. DV fær nærri 300 þús. á sama tíma. Svo er þetta Morgunblað að skrifa skammaleiðara og hreyta óhróða í hæstv. ráðh. eftir þessa þjónustu. Mér kemur þetta mjög á óvart. NT er hins vegar alltaf að bera blak af ráðh. og láta á því bera að hann sé fjmrh. og segja frá því sem hann er að bralla. DV kastar hins vegar ekki steinum að ráðh. og það kann að meta þessa þjónustu því að mér skildist á því í gær að hæstv. fjmrh. hefði leyst eigin hendi alvarlega kjaradeilu sem stóð í þjóðfélaginu — bara privat og persónulega — með því að heita sjómönnum skattfríðindum.

Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og ég áskil mér rétt til að gera þær að umtalsefni síðar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það skal vera stutt.

Fyrst af öllu vil ég segja vegna orða hv. 5. landsk. þm.: Afturhaldssemi getur verið dyggð. Já, ég er afturhaldssöm í þessum efnum. Ég mótmæli því að auglýsingaskrum sé nokkurn tíma upplýsing. Það er ekki þjónusta við einn eða neinn. Auglýsingar eru til þess gerðar að rugla dómgreind hvers og eins. Hv. þm. spyr: Hvað á að gera? Vill hún ráða, þ. e. fyrirspyrjandi? Vill hún ráða hvað menn kaupa? Nei. Svarið er afdráttarlaust nei. En ég vil að fólkið ráði því sjálft. Því er nefnilega ráðið fyrir það með auglýsingaskruminu. Það er m. a. s. svo langt gengið, eins og alþjóð veit, að á Rás 2 eru skipulagðar hersveitir til að ákveða hvaða hljómplata sé vinsæl. Þetta kalla ég ekki upplýsingu og auglýsing er ekki fremur upplýsing en þetta rugl.

Ég harðneita því að ég hafi verið, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að hnýta í það fólk sem rekur auglýsingastofur eða gerir auglýsingar. Það er auðvitað að gera það sem það er beðið um: að við skulum eins og allir aðrir, vegna skorts á heilbrigðri íhaldssemi, hlaupa inn á þennan gljámarkað sem ég sé ekki hvað við höfum að sækja til.

Þm. segir og það er skelfilegt til að vita ef fleiri þm. hugsa þannig: Við verðum að horfast í augu við þann heim sem við lifum í. Ég hélt að við værum hingað kjörin til að móta þann heim sem við lifum í. (**Gripið fram í:** Já.) Ef við sættum okkur við hann eins og hann verður af einhverjum ástæðum, eins og í þessum tilvikum vegna fjársterkra afla sem móta hann að sinni vild, þá er illa komið. Ég hélt að við værum hér til að spyrna þarna við fæti. (Forseti hringir.) Ég verð hins vegar, forseti, að fá eina eða tvær mínútur til að benda á dálítið varðandi þær 5 millj. sem hæstv. fjmrh. talaði hér um. (**Forseti:** Ein eða tvær mínútur eru allt of langur tími fyrir örstutta aths. Það verða menn að skilja. Við verðum að leitast við að hafa hemil á þessum umr. og fara ekki út fyrir þingsköpin til þess að við eyðileggjum ekki þetta form sem þm. hafa til þess að leita upplýsinga.) Ég skal virða það, herra forseti.

Þá nokkur orð að síðustu: Sjónvarpið hefur upplýst mig um að í janúar—mars fái það greidda 1 millj. 169 þús. 920 kr., en hæstv. fjmrh. sagði að heildaráætlunin varðandi sjónvarpið væri að mig minnir um 600 þúsund. Á þessu er verulegur munur. Ég tel því ekki að ég hafi fengið ítarleg svör við fsp. minni og leyfi mér að hafa þann grun að hér sé um miklu hærri upphæðir að ræða. Ég minni á að til aðgerða í fíkniefnamálum var veitt á fjárlögum 1 millj. kr. En þó að það séu ekki nema 5 millj. sem fara í þetta auglýsingaskrum, þá er það ærið nóg og verra er ef það er meira.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér hafa komið fram fróðlegar upplýsingar. Það kemur fram hvaða blöð það eru sem fá ríkisstyrkina í þessu landi. Á undanförnum árum hafa ákveðin blöð og ákveðnir fjölmiðlar reynt að gera sig dýrlega með því að þeir fái engan stuðning frá ríkinu. Niðurstaðan af upplestri fjmrh. er sú að Morgunblaðið fær 587 þús. kr. í ríkisstyrk með þessum hætti, DV 287 þús. kr., en Þjóðviljinn, NT og Alþýðublaðið samanlagt 115 þús. kr., innan við helminginn af því sem kemur í hlut DV og um fjórðung af því sem kemur í hlut Morgunblaðsins. Þetta er leið þessara blaða til að tryggja sér ríkisstyrkinn bakdyramegin. Það er það fróðlegasta við tölur fjmrh. að mínu mati.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., að loknum 47. fundi.

Jöfnun vöruverðs, þáltill. 294. mál (þskj. 475). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á launum og lífskjörum, þáltill. 287. mál (þskj. 467). — Hvernig ræða skuli.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri þegar þetta mál er komið á dagskrá til þess að víkja nokkrum orðum að umr. um það mál sem átti sér stað hér í Sþ. s. l. fimmtudag þegar á dagskrá var till. til þál. sem er 113. mál í Sþ., þskj. 117. Ég kveð mér hljóðs vegna ummæla sem 10. landsk. þm., hv. þm. Guðrún Helgadóttir, lét frá sér fara í því tilefni og ég hafði ekki tækifæri til þess að svara og leiðrétta við umr. hér á fimmtudaginn.

Hv. þm. hélt því fram að till. til þál. á þskj. 467 sem ég hef flutt í Sþ. og hér er nú á dagskrá, um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, en auk mín er þar flm. Pétur Sigurðsson, sé í raun nákvæmlega sama málið og till. til þál. á þskj. 117, samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Vegna þessa taldi hv. þm. fulla ástæðu til að gera sérlegar athugasemdir og vanda um sérstaklega við flm. að síðari till., þ. e. mig og Pétur Sigurðsson, þó svo að það sé í sjálfu sér í hendi forseta og hans hlutverk að annast slíkar umvandanir og siðbætur í fari þm. hér í Sþ., og þá jafnt í deildum deildarforsetar.

Það sem Guðrún Helgadóttir, hv. 10. landsk., sagði um þetta atriði sérstaklega er orðrétt svohljóðandi:

„Sú till., sem hér var talað fyrir," — þ. e. till. sú sem Tómas Árnason og fleiri fluttu — „heitir till. til þál. um samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á þessum tveimur tillögum eru orðin „í nálægum löndum" og „annars staðar á Norðurlöndum". Engin lönd veit ég nálægari en Norðurlönd. Ég verð því að lýsa undrun minni yfir því að þessar tvær tillögur skuli koma fram á sama þingi. Ég hélt að þm. hefðu nóg að gera við að fylgjast með þeim málum sem fram koma þó að slíkt gagnrýnisleysi sé ekki viðhaft hér, hvar sem það nú annars er sem tekin er ákvörðun um hvort ástæða sé til að flytja mál eða ekki."

Það er út af fyrir sig ánægjulegt, eins og ég sagði áðan, þegar þm. taka sér það hlutverk að benda á það sem miður fer í þingstörfum og vanda um við kollega sína og ekki nema gott eitt um það að segja. En ég sé mig tilneyddan að mótmæla þessum ummælum hv. 10. landsk. þm. hér í Sþ. s. l. fimmtudag einfaldlega vegna þess að ég tel ekki að þau séu á rökum reist og skal ég nú rökstyðja það örlítið frekar.

Hér er að mati okkar flm., Péturs Sigurðssonar og mín, ekki um sama málið að ræða heldur fjarri því að svo sé. Það mætti kannske segja að það væri skylt mál en fjarri því að það sé sama málið.

Till. okkar fjallar um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, eins og það heitir í fyrirsögn. Það má kannske segja að það sé rétt hjá 10. landsk. þm. að hér er farið fram á vissa könnun sem á að taka til nálægra landa — vitanlega eru Norðurlöndin nálæg, það er alveg hárrétt. Till. Tómasar Árnasonar fjallaði eingöngu um þau fjögur Norðurlönd sem hér um ræðir. Till. okkar Péturs Sigurðssonar, eins og fram kemur í grg., fjallar um öll OECD-löndin sem eru öll Evrópuríkin, Bandaríkin, Kanada og þar að auki Japan.

En það er vitanlega ekki aðalmálið. Þetta er ekki annað en aukaatriði. Aðalatriðið í þessu efni er vitanlega það hvert er markmið með þessari till. okkar Péturs Sigurðssonar á þskj. 467. Það kemur raunar ekki fram fyrr en í lok till. Markmið till. okkar Péturs Sigurðssonar er nefnilega að kanna hverjar orsakir þess eru að laun og lífskjör eru talin — það er að vísu efni sem þarf að staðreyna skv. till. — eru talin lakari á Íslandi en í nálægum löndum — hverjar eru orsakir þess. Það er vitanlega kjarni málsins. Það er verið að leita að þeim ástæðum að þjóð, sem er með einna hæstar þjóðartekjur í veröldinni, er ekki betur í stakk búin í sínum efnahagsmálum, og hefur ekki verið áratugum saman, en svo að ástandið er slíkt í launamálum að við greiðum hér óeðlilega lág laun fyrir vinnuframlag manna. Þetta er vitanlega markmið, þungamiðja og kjarni till. okkar.

Á þetta er hins vegar ekki minnst í till. Tómasar Árnasonar o. fl. á þskj. 117. Þar er aðeins farið fram á samanburð, hlutlægan samanburð, á launum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum, eins og það heitir orðrétt. Það er út af fyrir sig ágætt og fróðlegt að fá þann samanburð enda studdi ég þá till. og skrifaði upp á hana með Tómasi að hans beiðni. En hér fáum við aðeins samanburðinn, tölulegan samanburð. Við fáum ekkert að vita um það, sem er meginefni hinnar till., hverjar eru orsakir þeirra lágu launa sem við búum við á þessu landi.

Ég held að það sé alveg ástæðulaust, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vona að ég hafi getað gert hv. 10. landsk. þm. það skiljanlegt hvert er efni till. okkar og jafnframt að ef till. hefði verið lesin í heild þá hefði það ekki átt að dyljast neinum manni. En það er nú því miður svo að hér hefur eitt atriði verið gripið úr till. en aðalatriðinu gjörsamlega sleppt í ummælum hv. þm. hér á fimmtudaginn var. Ég segi ekki að það hafi verið viljandi gert. Menn lesa oft þskj. í flaustri og menn eru að flýta sér. Ég tel ekki að það hafi legið neinar slæmar hvatir á bak við þessa athugasemd hv. þm. en vildi engu að síður láta það koma fram sem ég hef hér sagt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þessara orða hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja þetta: Hvorug þessara till., sem hér eru á þskj. 467 og 117, eru svo langar að það sé mikið verk að lesa þær. Ég hef margt við tillöguflutning af þessu tagi að athuga. Þegar einn þm. skrifar upp á, eins og það er kallað, eða flytur mál með öðrum, þá varpar hann auðvitað ekkert af sér ábyrgð á því þskj., það er mikill misskilningur, enda veit ég að hv. þm. Gunnar Schram og lagaprófessor veit það. Það sem ég gerði athugasemd við er þetta: Hann hefur flutt mál hér í þinginu um að fela ríkisstj. og

aðilum vinnumarkaðarins að gera samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Þar hlýtur hann ásamt 1. flm., Tómasi Árnasyni, að bíða niðurstöðu úr þeirri rannsókn. Til þess hlýtur hún að vera gerð. Það sem gerist svo er að hv. þm. gerist 1. flm. að annarri till. hér á hinu sama þingi og hún er um það að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins — sem sagt þeim hinum sömu — til að kanna hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör séu lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess.

Mér þykir þetta kyndugt og mér þótti það þegar ég gerði þessa athugasemd. Og mér þykir það enn. Í annarri till. er beðið um rannsókn, óhlutdræga rannsókn á stöðu mála sem eru launakjör og lífskjör fólks á Íslandi í samanburði við annars staðar á Norðurlöndum, eins og segir í till. Á sama tíma þykir mér óþarfi að flytja till. um að sömu aðilar kanni jafnframt það sem búið er að fela þeim að kanna skv. hinni till. — og að hvaða leyti launin séu lakari,sem er fyrir fram gefin niðurstaða. Þarna finnst mér kynduglega að farið og eðlilegt hefði verið að sameina þessar tvær tillögur, flm. hefðu ræðst við, og þar sem hv. þm. Gunnar Schram er flm. á báðum till. þá þykir mér að hann hefði átt að gera annað tveggja, að fara þess á leit við Tómas Árnason að orðalagi væri lítillega breytt á fyrri till. og þar tekin inn nærliggjandi lönd önnur en Norðurlönd, eða hv. þm. hefði beðið um þennan tillöguflutning þangað til niðurstöður þessara sömu aðila lágu fyrir. Svo einfalt er það. Og þess vegna læt ég ekkert af því, herra forseti, ég tel að athugasemd mín hafi átt fullan rétt á sér og sé þess vegna enga ástæðu til þess að hér sé talað um slæmar hvatir. Nei, það er hárrétt sem hv. þm. sagði, ég varð ekki vör við neinar slæmar hvatir þegar ég gerði þessa athugasemd síður en svo. Ég vildi einungis benda á að mér þættu þetta annarleg vinnubrögð og mér þykir það enn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það vakti athygli mína hve ágætum lagaprófessor, hv. 2. þm. Reykn., gekk illa að skýra muninn á till. tveimur. Og mér datt í hug:

Illa skreið hér skrýtin gnoð
skýring vakti aukinn grun.
Langsótt var hans lagastoð.
Loks í Japan fann hann mun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hafa komið hér mismunandi sjónarmið um það mál sem hér hefur verið rætt. Forseti lét þess getið þegar þetta var áður rætt að hann mundi athuga málið. Hann hefur gert það. Ekki þykir ástæða af hans hálfu að gera neinar ráðstafanir út af þessu máli. Það er oft sem mál eru skyld eða lík. Það kann að vera að í upphafi hafi verið eðlilegt að sameina slíkar till. eins og hv. 10. landsk. sagði. En hafi það ekki verið gert í upphafi þá hendir það stundum að slíkar till. eru sameinaðar í meðförum nefndar sem báðar eða allar till. ganga til. Og ég vænti þess að það verði enginn vandi í þessu máli.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er samþykkur úrskurði hæstv. forseta um það að ekki sé ástæða til á þessu stigi eða úr því sem komið er að fara að gera vesen af hans hálfu vegna þessa tillöguflutnings. Auðvitað er þetta nálega sama till. og auðvitað hefði verið hægurinn hjá hv. flm. síðari till., Gunnari G. Schram, að koma að máli við flm. fyrri till., hv. þm. Tómas Árnason og hv. þm. Gunnar G. Schram, og fá endurbætur fram á þeirra till. ef síðari till., sem rétt er, er aðeins víðtækari. Ég tel að þeir hefðu átt að geta komið sér saman um það á sínum tíma ef hv. þm. Gunnari G. Schram sýndist betur fara á því að hafa till. víðtækari en Tómas Árnason hafði stílað, því að ég geri ráð fyrir því, þó þeir séu báðir flm., að þá hafi nú Tómas samið tillögugreinina. En svo vel þekki ég lipurð hv. fyrrv. þm. Tómasar Árnasonar að hann hefði tekið því góðmótlega að víkja við orðum og breyta orðunum „Norðurlönd“ í „nálæg lönd“.

Mönnum geta alltaf orðið á mistök og það er alveg spurning hvort ekki er ástæða til þess að skrifstofa Alþingis hafi sérstaka gæslu á því að menn séu ekki að flytja sem þáltill. tillögur sem samþykktar voru í fyrra eða hitteðfyrra sem ályktanir Alþingis eins og einnig mun hafa komið fyrir. Á þessu þyrfti skrifstofan að hafa eitthvert kontról. Nú ég læt þess einnig getið, úr því að ég er kominn hér, að mér þykir það óviðfelldið ef stjórnarþingmenn taka frv. sem samin hafa verið á vegum ríkisstj. og væntanleg eru sem stjfrv. og flytja sem sín mál.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þá er þessum umr. um þingsköp lokið. Það skal tekið fram að á síðasta fundi þegar mál þetta var rætt þá tók forseti fram að það þyrfti að hafa þau vinnubrögð að skrifstofa Alþingis fylgdist sem gleggst með því hvort einhver misbrestur yrði á eðlilegri málsmeðferð að því leyti sem hér hefur verið fundið að. Það er nákvæmlega það sama og hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér nú og það er tekið undir hans orð.

Það liggur fyrir að afgreiða 2. dagskrármálið, könnun á launum og lífskjörum, þ. e. ákveða hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Saga íslenskra búnaðarhátta, þáltill. 151. mál (þskj. 156). — Frh. einnar umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Atkvgr. verður frestað Það er hart að þurfa að segja að það er ekki til fyrirmyndar að þm., sem eru fyrir augnabliki hér á þessum fundi, hverfa af fundi þó þeir viti að það þurfi minnst að fara fram atkvgr. um sex mál til þess að koma þeim til nefndar. En það er nú eins og svo oft áður þegar maður finnur, að það á ekki við þá sem hegða sér vel og eru viðstaddir, heldur hina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þrjú bréf fjármálaráðherra, þáltill. 120. mál (þskj. 124). — Ein umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 124 flyt ég ásamt þremur öðrum þm. till. til þál. um þrjú bréf fjmrh. Flm. till. auk mín eru hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson og Sigríður Dúna

Kristmundsdóttir. Tillgr. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að draga til baka eftirfarandi bréf fjmrn.:

1. Til allra rn. um „starfsskyldur forstöðumanna", dags. 25. sept. 1984, undirritað af Höskuldi Jónssyni f. h. ráðh.

2. Til allra rn. um skráningu á athöfnum BSRB-manna, dags. 8. okt. 1984, undirritað af Höskuldi Jónssyni f. h. ráðh.

3. Til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, dags. 22. okt. 1984, undirritað af Albert Guðmundssyni og Höskuldi Jónssyni."

23. október s. l. barst alþm. eftirfarandi bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra alþingismaður. Eftirfarandi tillaga var samþykkt með öllum atkv. á fundi stjórnar BSRB í dag:

„Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja mótmælir harðlega þeirri einræðislegu framkvæmd fjmrh., sem er sjálfur annar aðilinn í kjaradeilu BSRB, sem fram kemur í þremur bréfum fjmrh. dags. 25. sept., 8. okt. og 22. okt. 1984, sem hér fylgja með í ljósriti. Bandalagsstjórnin vekur athygli á því að með bréfum þessum er stefnt að því að afnema þau mannréttindi og það lýðfrelsi sem íslenskt þjóðfélag byggir á.

Í bréfunum felst:

1. Fyrirskipun til forstöðumanna ríkisstofnana að ganga í verk undirmanna sem eru í verkfalli og þar með fremja verkfallsbrot.

2. Ögrun við félagsmenn um skrásetningu á gjörðum þeirra og framkomu að viðlögðum brottrekstri síðar.

3. Hótun um beitingu hegningarlaga skv. lagagreinum er varðað geta margra ára fangelsi.

Því er beint til alþm. hvort þeir telji að í löggjöf, sem Alþingi hefur samþykkt, felist þessi stefna og hvort það sé vilji Alþingis að réttarríkið sé afnumið með þessum hætti af framkvæmdavaldinu.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar BSRB
Kristján Thorlacius formaður,
Albert J. Kristinsson 1. varaformaður,
Haraldur Steinþórsson 2. varaformaður."

Í þskj. því sem hér um ræðir eru bréfin birt í heild. Þau hafa áður komið hér til umr., m. a. í fyrirspurnatíma á hv. Alþingi og einnig hafa þau komið til meðferðar í umr. utan dagskrár um vinnubrögð fjmrh. og rn. í kjaradeilu opinberra starfsmanna. Ég tel að þessi bréf séu öll með þeim hætti að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki afstöðu til þeirra. Jafnvel þó að deilan sé um garð gengin er ljóst að bréfin höfðu mikil áhrif á kjaradeiluna.

Ég tel að það sé hættulegt fordæmi sem fjmrh. setur með bréfaskriftum af þessu tagi. Sérstaklega tel ég hættulegt það bréf þar sem þess var krafist af yfirmönnum ríkisstofnana að þeir skráðu hegðun opinberra starfsmanna í verkfallinu. Einnig tel ég mjög alvarlegt í þessu sambandi að í bréfunum var hótað margra ára tugthúsvist ef menn ekki færu að vilja fjmrh. í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. fjmrh. eigi meiri sök á verkfalli opinberra starfsmanna en nokkur annar maður. Hann efndi til illinda þegar hann átti að reyna að bera klæði á vopnin. Þessi bréf eru þrjú dæmi um vinnubrögð ráðh. í þessu máli og ég tel skylt og eðlilegt að Alþingi taki afstöðu til þeirra.

Ég legg til, herra forseti, að það verði ekki tvær umr., heldur ein og málið fari til allshn.

Ég vil svo vekja athygli á því, herra forseti, að á dagskrá þessa fundar eru 44 mál. Það er forsetanum auðvitað ljóst og þingheimi öllum. Ég lagði þessa till. t. d. fram í miðjum októbermánuði. Nú er miður febrúar. Á fyrstu dögum þingsins eftir jólahlé lagði ég fram þáltill. um rannsókn á starfsemi innflutningsverslunarinnar. Sú till. er mjög aftarlega á dagskránni. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann leiti samkomulags hið fyrsta við þingflokkana um að haldnir verði kvöldfundir eftir þörfum meðan gengið er á þessa dagskrá. Það er í rauninni óeðlilegt að mál liggi svo lengi sem hér hefur orðið. Þó er ekki við forseta að sakast. Það er samt óeðlilegt og óheppilegt vegna þess að þegar líður að þinglokum þurfa mál að hafa fengið einhverja meðferð í nefndum. Sanngjarnt er að ætlast til þess að mál sem flutt eru snemma á þinginu hafi fengið þinglega meðferð.

Þegar kemur að þinglokum vill það oft verða svo að hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. á frv. ofan og óskar eftir því að fá þau afgreidd í skyndingu. Það verður útilokað fyrir þm. að ætlast til neinnar sanngirni af hálfu ríkisstj. í þeim efnum. Á sama tíma hafa þeir átt fsp. eða þáltill. liggjandi mánuðum saman á dagskrá án þess að þau mál kæmust til meðferðar. Ég vil því heita á hæstv. forseta að leita samkomulags hið allra fyrsta um það að í næstu viku eða svo geti farið fram slík umr., þannig að nokkuð gangi á þessa dagskrá og vinnubrögð þingsins verði þar að öllu leyti sómasamleg. Ég vil, að svo miklu leyti sem ég get eitthvað í þessu gert, veita forseta þann stuðning sem ég get.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með tilliti til síðustu orða hv. 3. þm. Reykv. skal það tekið fram að af hálfu forseta er litið svo á að hér sé um vandamál að ræða. Snemma á þessu þingi ræddi forseti þetta mál. Tók hann fram að það væru tvær meginástæður fyrir þeim vanda sem við stöndum í á þessu þingi, annars vegar að málin eru miklu fleiri en venja hefur verið og hins vegar að umr. um einstök mál eru jafnvel lengri en verið hefur. Það voru því tilmæli forseta að þm. hefðu þetta í huga og leituðust við að stilla máli sínu í hóf í umr. um hin einstöku mál. Og tekið skal fram að umr. þurfa ekki að vera lakari fyrir þær sakir eða málin verr skýrð. Það var tekið þá fram að ekki væri ætlunin þá að halda kvöldfundi, m. a. vegna þess að það yrði að líta svo á að hv. þm. vildu frekar komast hjá kvöldfundum. Sá vilji lýsti sér í verki m. a. í því að það væri hart á því að það tækist, og raunar tækist ekki alltaf, að halda fundum fram til kl. 7 og því mætti ætla að það mundi vera nokkrum vandkvæðum bundið að halda kvöldfundi.

Það kom engin athugasemd fram við þetta mál á sínum tíma og það hefur enginn hreyft síðar athugasemdum við það. Ég tel það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði í raun og veru enga athugasemd við það. En hv. þm. er jafnljóst og forseta og öðrum hv. þm. að hér er um vandamál að ræða og athugað verður það sem hv. 3. þm. Reykv. gat um, hvort það væri núna ráð að hafa kvöldfundi. En um það verður rætt við formenn þingflokkanna.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að vísa á bug öllum ásökunum á mig persónulega frá hv. 3. þm. Reykv. um ábyrgð á verkfalli opinberra starfsmanna, en tek að sjálfsögðu á mig alla þá ábyrgð sem mér ber að bera sem ráðh. sem fer með fjármál ríkisins. Ég sé ekki ástæðu til þess, þó að ég sé með vel undirbúna ræðu hér til andsvara ræðu hv. 3. þm. Reykv., að fara með hana því að hann hélt sjálfur mjög stutta ræðu, en tek undir það með honum að þetta mál fái þinglega meðferð og komi aftur til frekari afgreiðslu Sþ. Þá getum við haft frekari umr. um málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Yfirtaka ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu, þáltill. 156. mál (þskj. 161). — Ein umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir till. til þál. um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands, en meðflm. minn að þessu máli er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Till. er í því fólgin að:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta ljúka nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti eins fljótt og auðið er. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstj. að yfirtaka bygginguna undir Stjórnarráð Íslands.

Þá skorar Alþingi á ríkisstj. að láta Seðlabankanum í té í makaskiptum byggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg, með vísan til ákvæðis nr. 6.2 í „samkomulagi stjórnarflokkanna" — þ. e. annarri tilraun til málefnasamnings núv. hæstv. ríkisstj. — „frá því í september s. l. þess efnis að gerðar verði tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Eins og hv. þm. er kunnugt er Seðlabankinn ríkiseign undir þingkjörinni stjórn. Seðlabankabyggingin telst því kostuð af almannafé.

Af umr. á Alþingi, í fjölmiðlum og á mannamótum má ráða að sú framtakssemi bankastjórnar Seðlabankans að verja verulegum fjármunum „af eigin fé bankans", eins og það hefur verið orðað, til þess að byggja höll yfir starfsemi Seðlabankans, á sama tíma og stjórnvöld og atvinnurekendur telja sig ekki hafa efni á að greiða starfsfólki sínu mannsæmandi laun, njóti takmarkaðra vinsælda meðal skattgreiðenda. Margir hafa á orði að ótímabært sé að reisa sérstakt minnismerki yfir peningamálaóstjórn landsmanna á „áratug hinna glötuðu tækifæra".

Á 106. löggjafarþingi létu tveir hv. alþm. þetta mál til sín taka. Hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir flutti till. til þál. „um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands" og hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason flutti frv. til l. um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna. Hvorugt málið náði fram að ganga. Nýlega flutti hv. þm. Eiður Guðnason fsp. í sex liðum til viðskrh., þ. e. 90. mál Sþ., m. a. um kostnað við nýbyggingu Seðlabankans, starfsmannafjölda, bifreiðaeign, risnukostnað sem og hvaða ráðstafanir Seðlabankinn hefði gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri svo sem öðrum ríkisstofnunum hefur verið gert að gera. Svör hæstv. viðskrh. og bankamálaráðh. við þeim fsp. vöktu nokkra athygli.

Með þessari till. til þál. er tekinn annar póll í hæðina en þeir hv. þm. áðurnefndir, Guðrún Helgadóttir og Karvel Pálmason, gerðu. Úr því sem komið er þykir ekki raunsætt að stöðva byggingarframkvæmdir við Seðlabankahöll, enda ekki pólitískur vilji fyrir stöðvun framkvæmda. Þvert á móti gildir hér það sjónarmið að hagkvæmast sé að koma byggingunni sem fyrst í gagnið. Hins vegar gera flm. till. um að húsið verði nýtt með öðrum hætti en bankastjórn Seðlabankans mun upphaflega hafa ráðgert.

Alkunna er að Stjórnarráð Íslands býr við þröngan húsakost. Uppi hafa verið ráðagerðir um að ríkið keypti skrifstofubyggingu Sambands ísl. samvinnufélaga við Sölvhólsgötu undir stjórnarráð. Nálægð Sambandshússins við Arnarhvol hefur þótt mæla með þeirri ráðstöfun. Af samningum mun ekki hafa orðið. Hin nýja höll Seðlabanka Íslands við Arnarhól liggur mjög vel við sem frambúðarsetur Stjórnarráðs Íslands, m. a. vegna nálægðar við Arnarhvol. Yfirtaka ríkissjóðs á byggingu Seðlabankans sýnist því vera skynsamleg og hagkvæm ráðstöfun.

Miklar umræður hafa orðið á Alþingi á undanförnum árum um breytingar á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Tillögur hafa verið uppi um að leggja þá stofnun niður með öllu, en fela öðrum aðilum, t. d. félmrn. eða bönkum, verkefni hennar. Flm. leyfa sér að minna á „samkomulag stjórnarflokkanna", það sem ég minntist á í upphafi, frá því september s. l., en þar segir í tölulið 6.2 um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis, með leyfi forseta:

„Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum sem henta þykir verði sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verði gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Með vísan til þessa leggja flm. þessarar till. til að ríkið bjóði bankastjórn Seðlabanka Íslands byggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg í makaskiptum fyrir nýbyggingu Seðlabankans við Ingólfsstræti og Arnarhól.

Skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra fjmrn. lágu ekki fyrir á einum stað haldbærar upplýsingar um hversu háum upphæðum ríkissjóður ver á ári hverju vegna húsaleigu undir starfsemi sína og ríkisstofnana. Ástæða er til að minna á að þetta er nú upplýst þar sem hæstv. fjmrh. hefur svarað fsp. um það hér á hinu háa Alþingi. Ef ég man rétt upplýsti hæstv. ráðh. að ríkið verði á s. l. ári eða á tólf mánaða tímabili 111 millj. kr. í húsaleigu auk ýmislegs annars kostnaðar því viðvíkjandi.

Ljóst er að Stjórnarráð Íslands býr við mjög þröngan húsakost. Starfsemi þess er dreifð víðs vegar um Reykjavíkurborg. Tillagan um að finna Stjórnarráði Íslands framtíðarsamastað í nýbyggingu Seðlabankans virðist því styðjast við ærin hagkvæmnisrök. Þar að auki færi vel á því út frá skipulags- og fegurðarsjónarmiðum að Stjórnarráði Íslands væri valinn staður til frambúðar í hjarta höfuðborgarinnar við Arnarhól. Sýnist fara betur á því en að bankastofnun hreyki sér svo hátignarlega á einum fegursta stað borgarinnar. Hæverska og leynd er sem kunnugt er aðalsmerki bankastarfsemi, svo sem verið hefur um aldir, og ekki bara í Sviss.

Með þessari till. vilja flm. slá tvær flugur í einu höggi. Starfsemi Seðlabankans er fundinn hagkvæmur sama-

staður og húsnæðisvandræði Stjórnarráðs Íslands eru leyst til frambúðar. Ekki sakar að með þessum ráðstöfunum þættu stjórnvöld sýna myndugleik gagnvart bruðli og óráðsíu ríkisstofnunar sem á erfiðum tímum hefur farið sínu fram án tillits til árferðis og afkomu þjóðarbúsins. *Myndugleiki stjórnvalda af þessu tagi er* til þess fallinn að auka trú manna og traust á síendurteknum yfirlýsingum ráðh. um nauðsyn „aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri". Með samþykkt þessarar till. væri Alþingi að sýna eftirbreytnivert fordæmi.

Það skal tekið fram, herra forseti, að flm. hafa ekki borið þessa till. undir ritstjóra Morgunblaðsins og því liggur ekki ljóst fyrir hvort það virðulega blað telur að svona leyfist þm. og flokksformönnum að tala, hvað þá heldur að flytja tillögur um á Alþingi.

Ein rök hef ég heyrt sem væru andstæð þessari till., en þau eru að þegar sé búið að leggja svo mikið fé af eigin fé bankans og binda svo mikið járn fyrir það fé í peningageymslur bankans að óhæft sé að það járnbenta kjarnorkubyrgi komist ekki í gagnið utan um peningasjóði landsmanna. Þetta finnst mér dálítið tvíbent rök, í fyrsta lagi vegna þess að það er margupplýst, það birtist víst árlega á aðalfundum Seðlabankans, að það eru engir peningar til og svo hitt, að ef við mundum nú verða aðnjótandi búhnykks, þannig að við þyrftum mjög á að halda svo járnbentum peningageymslum, þá kæmi til álita þrátt fyrir allt að leigja Seðlabankanum afnot af þessum peningageymslum. Hins vegar kæmi einnig til álita, af því að þetta mun vera járnbentasta kjarnorkubyrgi landsins, að það yrði afhent almannavörnum sem stjórnstöð fyrir æðstu stjórn ríkisins, þ. e. ráðherra og seðlabankastjórn, ef til alvarlegra stríðsátaka kæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stighækkandi eignarskattsauki, þáltill. 162. mál (þskj. 167). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir till. til þál. um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára. Flm. að þessu máli ásamt mér eru þeir hv. alþm. Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon og Eiður Guðnason. Till. er um það að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frv. til l. um stighækkandi eignarskatt. Nefndin hafi til hliðsjónar í starfi sínu eftirtalin atriði:

1. Eignarskattsútreikningur skv. 83. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 skuli óbreyttur, þannig að af fyrstu 780 þús. kr. af eignarskattsstofni skuldlausum greiðist enginn skattur. En af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, skal greiða frá 0.95%, þó þannig að skatturinn fari stighækkandi eftir því sem eignarskattsstofn vex. — Við þetta er þó þá athugasemd að gera að þessi till. er samin í septembermánuði s. l. og þá í ljósi tiltækra gagna, þ. e. miðað við upplýsingar ríkisskattstjóraembættis um dreifingu eignarskatts miðað við álagningu ársins 1984 á tekjur ársins 1983. Þær tölur, sem hér eru lagðar til grundvallar, þurfa því endurskoðunar við.

2. Við það skal miða að skattbyrði eignarskattsfjölskyldu með meðaltekjur, eigin íbúð og bifreið hækki ekki frá því sem nú er að raungildi.

3. Við það skal miða að tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga og lögaðila skv. frv. til fjárlaga 1985 þrefaldist a. m. k.

4. Þessi *nýi skattstofn geti komið í stað niðurfellingar* tekjuskatts á launþega, sbr. þál. um það sem samþykkt var á síðasta þingi — en fyrsti áfangi á framkvæmd þeirrar þáltill. hefur nú komið til framkvæmda við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985. — Tekjuauka ríkissjóðs af hækkuðum eignarskatti má að nokkru leyti miða við ákvarðanir Alþingis um tekjuskattslækkun við afgreiðslu fjárlaga.

5. Það er ætlun flm. að nýjum tekjum ríkissjóðs af þessum skattstofni verði, a. m. k. að hluta til, varið til að stórauka framlög ríkissjóðs til byggingarsjóða ríkisins — þ. e. Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna — til þess að styrkja fjárhag sjóðanna og létta greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

6. Gildistími laganna verði tvö ár, en þá falli þau sjálfkrafa úr gildi nema því aðeins að Alþingi veiti nýjar lagaheimildir. M. ö. o. hér er um að ræða tillögu að „sólarlagsákvæði".

Lagt er til að nefndin skuli skipuð einum fulltrúa ríkisskattstjóra, einum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, einum fulltrúa viðskiptadeildar Háskóla Íslands og fulltrúa *fjmrn.* sem skal vera formaður nefndarinnar.

Það segir kannske sína sögu um hversu hratt afgreiðsla mála gengur fyrir sig hér á hinu háa Alþingi að þegar þessi till. var lögð fram á liðnu hausti var bjartsýni flm. slík að hér er lagt til að nefndin hraði störfum þannig að núv. hæstv. ríkisstj. gæti lagt fram frv. til l. um stighækkandi eignarskatt fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1985. Í því sambandi er rétt að geta þess að flm. jókst bjartsýni um svo hraða afgreiðslu vegna þess að það heyrðist mjög hvíslað á hinu háa Alþingi að annar stjórnarflokkanna a. m. k. væri mjög jákvæður gagnvart þeirri hugmynd sem sett er fram á þessu þskj., þ. e. um stighækkandi eignarskatt. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. — Af sjálfu leiðir, herra forseti, miðað við þann drátt sem orðið hefur á flutningi og afgreiðslu málsins, að setja þarf framkvæmd málsins í annað tímaperspektíf, ef ég má nota svo ljótt orð.

Ástæða þess að flm. flytja ekki að svo stöddu frv. til l. um stighækkandi eignarskatt er þessi: Þótt fyrir liggi frá embætti ríkisskattstjóra upplýsingar um skiptingu *eignarskattsstofns á eignabil* við álagningu 1984 að því er varðar einhleypa og hjón, sbr. fskj. I í grg. þessarar þáltill., þá var slíkum upplýsingum ekki til að dreifa um lögaðila og fyrirtæki. Á þeim tíma þegar þetta mál var unnið og undirbúið stóð yfir verkfall opinberra starfsmanna í fjórar vikur. Það þýddi að ekki var unnt að útbúa forrit til tölvutækrar úrvinnslu fyrirliggjandi gagna. En í trausti þess að ríkisstj. hafi tök á að hraða gagnavinnslu, sem nauðsynleg er, umfram það sem þegar er aðgengilegt, hafa flm. kosið að flytja málið í formi þáltill. þar sem það er að mati flm. mjög brýnt.

Skv. lögum um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 er eignarskattsstofn skilgreindur skv. 80. gr. sem „þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna, sem um ræðir í 73. gr., hafa verið dregnar fjárhæðir sem um ræðir í 76., 77. og 78. gr., eftir því sem við á." Um eignarskattsútreikning segir svo í 83. gr. umræddra

laga, sbr. 6. gr. laga nr. 71/1984:

„Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 þús. kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er, greiðist 0.95%."

Um þetta á við sú athugasemd, sem ég kom á framfæri áðan, að þessum tölum þarf að breyta í ljósi verðþróunar og álagningar fyrir árið 1985.

Meginhugmynd flm. er sú að í stað sömu prósentuálagningar eignarskatts, án tillits til eignarskattsstofns og eignarfjárhæðar, skuli álagning vera stighækkandi eftir því sem eignarskattsstofn og fjárhæð eignar fer hækkandi.

Skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 eru tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga áætlaðar 305 millj. kr. og af fyrirtækjum 200 millj. kr. Það er ætlun flm. að tekjur ríkissjóðs af stighækkandi eignarskatti megi þrefalda án þess að launþegum með meðaltekjur og í eigin húsnæði verði íþyngt umfram það sem er. Ætlun flm. er að skattbyrði hins stighækkandi eignarskatts leggist fyrst og fremst á sannanlega stóreignamenn og stóreignafyrirtæki.

Það er vilji flm. að undirbúningi nauðsynlegrar löggjafar um þetta efni verði hraðað svo sem kostur er. Það var upphaflega ætlan flm. að ríkisstj. gæti hraðað afgreiðslu málsins nægilega til þess að leggja hefði mátt fyrir Alþingi frv. til l. um málið fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985. Flm. leggja til að haft verði „sólarlagsákvæði" í lögunum er kveði á um að þau skuli falla úr gildi eftir tvö ár, nema því aðeins að Alþingi sjái ástæðu til, að fenginni reynslu, að framlengja þau.

Herra forseti. Af því, sem hér hefur verið sagt, má ljóst vera að athugasemdir hv. 1. þm. Suðurl. við þetta þingmál, sem hann flutti í umr. um allt annað mál á miðvikudag í fyrri viku, byggjast á allsherjarmisskilningi. Er ljóst af því sem hann þá sagði og birtist reyndar í málgagni hans, Morgunblaðinu, í dag, að hv. 1. þm. Suðurl. hefur ekki lesið þskj. Það er rétt að svara þeim gagnrýnisatriðum strax, en þau voru þessi, með leyfi forseta:

1. þm. Suðurl. hélt því fram að skv. þessari till. um stighækkandi eignarskattsauka mundi hún ná til — eins og það var orðað — „flestra fjölskyldna í landinu sem á annað borð borga eignarskatt."

Því er til að svara að þetta er alrangt og algerlega á misskilningi byggt, enda skilmerkilega tekið fram af flm. að við það skuli miðað að skattbyrði eignarskatts fjölskyldna með meðaltekjur, eigin íbúð og bifreið hækki ekki frá því sem nú er.

Annað gagnrýnisatriði hv. þm. var að ef hækkunin kæmi jafnt niður á alla þá ályktaði hann og nefndi sem dæmi að fjölskylda, sem ætti skuldlausa eign skv. framtali upp á 3.5 millj. kr. og greiddi núna 15 þús. kr. eignarskatt, mundi skv. þessum till. greiða 45 þús. kr. eignarskatt.

Forsendurnar eru rangar og ályktunin er röng. Það er alls ekki um það að ræða að þessi skattheimta leggist jafnt á alla. Hér er um að ræða till. um stighækkandi eignarskatt og kyrfilega tekið fram að þegar talinu víkur að slíkri fjölskyldu með ekki meiri skuldlausa eign en þarna um ræðir, þá er ekki skv. þessari till. gert ráð fyrir því að hún verði fyrir þyngri skattbyrði en þegar er.

Um þetta mætti nefna t. d. eitt dæmi. Við erum hér að tala um stighækkandi eignarskatt, bæði á einstaklinga og lögaðila og höfum talað um sem dæmi að lágmark væri að þetta skilaði ríkissjóði nettó á fyrra árinu um 1 milljarði kr. Ef litið er á þær töflur, sem fylgja í grg. með frv., kemur í ljós að ef einungis væri um að ræða að ná til þeirra 5% einstaklinga, sem teljast skv. töflum yfir álagningu 1984 vera efnamestir, þ. e. eiga mestar skuldlausar eignir, og eignarskatturinn stighækkandi væri í efsta þrepi 3%, þá mundi það skila ríkissjóði 300 millj. kr. tekjuauka. Hér er eingöngu verið að taka dæmi af einhleypum. Miðað við það væri miðað við að stighækkandi eignarskattsauki á stóreignafyrirtæki og stóreignamenn þyrfti ekki að skila á þessu ári nema 700 millj. kr. Þetta dæmi eitt sér nægir til að sýna að hv. 1. þm. Suðurl. fer ósköp einfaldlega af ásettu ráði með útúrsnúninga þegar hann gefur sér rangar forsendur og ályktar síðan út frá þeim. Þetta sýnir að hér er um að ræða skattlagningu sem gæti skilað umræddum tekjum þótt hún næði til tiltölulega mjög fárra aðila í efsta skala skuldlausrar eignar.

Fjórða gagnrýnisatriði hv. þm. var að skattlagning af þessu tagi væri óréttlát vegna þess að hún legðist með mestum þunga á þau fyrirtæki og þær atvinnugreinar þar sem fjárfesting væri hvað hæst hlutfall af veltu og nefndi sem dæmi að þetta mundi eiga sér stað í útgerð, fiskiðnaði, iðnaði og landbúnaði.

Þetta byggist einnig á misskilningi vegna þess að eignarskattshugtakið er ekki sama og fjárfesting, það er um að ræða skattlagningu á skuldlausa eign og það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar sem gefa hv. þm. heimild til að ályktа út frá þeim það sem hann gerir. M. ö. o., fyrirtæki geta átt umtalsverðar skuldlausar eignir þótt ekki sé þau að finna í þessum atvinnugreinum. Mætti þar tilnefna t. d. mörg stór verslunarfyrirtæki, jafnvel fyrirtækjasamsteypur eins og Samband íslenskra samvinnufélaga, olíufélögin, tryggingafélög, stórverslanakeðjur og aðrar slíkar. Um stöðu fyrirtækja almennt verður ekkert ályktað fyrir fram. Auðvitað finnum við fyrirtæki, sem eiga verulegar skuldlausar eignir, í sjávarútvegi. Miðað við hins vegar allar almennar upplýsingar um afkomu í helstu framleiðslugreinum — og þá á ég einkum og sér í lagi við sjávarútveginn — er ekki líklegt að þessi skattlagning hvíli þyngst á þeim atvinnuvegi.

Fimmta athugasemd hv. þm. var sú að hér væri Alþfl. að stefna að eignaupptöku sem þýddi að á 20 árum væru fyrirtæki gerð eignalaus. Þessa athugasemd er ekki hægt að taka alvarlega þegar af þeirri ástæðu einni að þessi þáltill. er um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára. 20 ára spásagnir hafa því ekkert gildi að því er þessa till. varðar.

Þá nefndi hv. þm. loks að þessi tillöguflutningur væri dæmi um það að Alþfl., en þeim flokki tilheyra flm., sé sérstakur ríkisforsjárflokkur og þetta væri enn dæmi um kapphlaup A-flokkanna svokölluðu um að tæma launaumslög landsmanna.

Fyrri athugasemd er sett fram gegn betri vitund. Ef hv. þm. hefði haft fyrir því að kynna sér stefnuyfirlýsingu Alþfl. getur þar að líta skilmerkilega yfirlýsingu um það að Alþfl. er einmitt ekki gamaldags ríkisforsjár- og kerfisflokkur. Þvert á móti leggur hann áherslu á að draga úr ríkisforsjá í efnahagsmálum og hefur flutt og mun flytja fleiri tillögur um að ríkisrekstur eigi ekki rétt á sér í þeim tilvikum þegar hann styðst einungis við

söguleg rök, en hægt er að færa hagkvæmnisrök fyrir því að hann væri betur kominn í höndum annarra, skilaði þar meiri hagkvæmni eða arði. Þessi fullyrðing hv. 1. þm. Suðurl. er þess vegna, að því er ég best fæ séð, útúrsnúningur og öfugmæli sett fram gegn betri vitund. Og þegar hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., er að bera öðrum á brýn viðleitni til að tæma launaumslög annarra, þá er það athugasemd sem ég af gæsku minni ákveð að hlífa honum við að svara svo sem verðugt væri. (**Fjmrh.:** Það er 5. þm. Reykv. sem tekur úr launaumslögunum.) Var hæstv. fjmrh. eitthvað að tala um að taka úr launaumslögum? Það fer vel á því. Hann er sérfræðingur í þeirri grein svo sem vikið verður að síðar.

Herra forseti. Ég hef með þessum athugasemdum svarað þeirri fyrstu gagnrýni sem fram hefur verið borin hér á hinu háa Alþingi á þessa till. Ég þykist hafa sýnt fram á að sú gagnrýni er byggð á svo hrapallegum misskilningi að hann verður helst ekki skýrður á annan veg en þann að hv. 1. þm. Suðurl. hafi ekki kynnt sér málið.

Í grg. þeirri, sem fylgir þessari þáltill., er lagður fram ítarlegur rökstuðningur fyrir réttmæti þessa máls, auk þess sem vísað er um enn frekari rökstuðning til fjölda fskj. Þó er alveg sérstök ástæða til að vekja athygli á þessum meginatriðum:

1. Á síðasta Alþingi fékk hæstv. ríkisstj. samþykkta lækkun eignarskattsprósentu úr 1.2% í 0.95%, eða um 20.8%, og um leið hækkun frádráttar fyrir eignarskattsstofn um 57.3%. Skattalækkun skv. þessum lagabreytingum hæstv. ríkisstj. á hina efnamestu í þjóðfélaginu má áætla u. þ. b. 160 millj. kr. á s. l. ári. Flm. telja að þessi breyting hafi verið misráðin.

2. Alkunna er að á s. l. hálfum öðrum verðbólguáratug hefur átt sér stað veruleg eignatilfærsla í þjóðfélaginu í skjóli óðaverðbólgu, neikvæðra vaxta og ríflegs vaxtafrádráttar skuldara til skatts. Á þessum árum var látlaus eftirspurn eftir lánsfé þar sem vitað var að ekki þurfti að endurgreiða það nema að hluta. Vaxtafrádráttur stuðlaði að minni bókhaldslegum hagnaði fyrirtækja og lækkun tekjuskatts. Þetta er t. d. meginskýringin á hinum fræga lista hv. þm. og fyrrv. fjmrh. Ragnars Arnalds, sem hann sýndi oft hér í þingsölum á stjórnarandstöðuárum sínum 1974—1978, yfir hin svokölluðu skattlausu stórfyrirtæki Íslendinga. Þessu lánsfé var einkum varið til fjárfestingar í húsnæði, fasteignum, vélum og búnaði, því að eignir af því tagi tryggðu verðgildi peninganna. Þannig nutu skuldarar margvíslegra hlunninda: Lánin voru að stórum hluta styrkir, vaxtabyrðin lækkaði aðra skatta og skattar á eignum fylgdu ekki mats- og endursöluverði þeirra í verðbólgunni. Skattakerfi af þessu tagi stuðlaði beinlínis að offjárfestingu, ruglaði allt raunverulegt arðsemismat og hvatti ekki til hagkvæmrar nýtingar húsnæðis- og vélakosta.

3. Með þessum hætti var um að ræða verulega eigna- og tekjutilfærslu frá sparifjáreigendum, eða almenningi, til fyrirtækja og aðila í sjálfstæðum rekstri. Þeir fjármunir, sem stóðu undir þessari eignaaukningu, voru ekki endurgreiddir á raunvirði og eignirnar hafa ekki verið skattlagðar í takt við verðhækkanir.

4. Þessar skattareglur eiga sinn þátt í látlausum þrýstingi stjórnenda fyrirtækja á lánafyrirgreiðslu banka sem og í þrálátum skorti íslenskra fyrirtækja á eðlilegu rekstrarfé.

5. Eignum verður síður skotið undan skatti en tekjum. Þess vegna er eðlilegt að eignarskattur stóreignaaðila bæti ríkissjóði upp þær tekjur sem það glatar með afnámi tekjuskatts einstaklinga.

6. Fyrir því má færa rök að niðurgreiddir vextir af opinberum lánum til húsbygginga komi nú einkum til góða hinum efnameiri í þjóðfélaginu sem byggja stærst og fá mest lán. Þær upplýsingar eru athyglisverðar að frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna fjárfestingar í húsnæði nemur 1.2 milljörðum kr., sbr. yfirlit frá ríkisskattstjóra 30. júlí s. l. um tekju- og frádráttarliði á skattframtali við álagningu ársins 1984. M. ö. o. þessi tala bendir til þess að lánakerfi, sem menn töldu vera tekjujafnandi, eins og húsnæðislánakerfið, sé í reynd tekjumismunandi, þ. e. það færi til fjármagn frá hinum efnaminni í þjóðfélaginu til hinna efnameiri, sbr. þá staðreynd að ef menn skoða talsvert miklar byggingarframkvæmdir í Reykjavíkurborg á síðasta hálfu öðru ári kemur á daginn að það er ekki verið að byggja litlar hóflegar íbúðir yfir ungt fólk eða láglaunafólk, það er fyrst og fremst verið að byggja villur yfir efnameiri fjölskyldur.

7. Eignarskattar stuðla að vandaðra arðsemismati áður en fjárfestingarákvarðanir eru teknar og væntanlega einnig að bættri nýtingu húsnæðis, véla og annarrar fjárfestingar einfaldlega vegna þess að ef menn vita af slíkum sköttum munu þeir væntanlega ganga úr skugga um það, áður en þeir taka lán til að leggja út í nýja fjárfestingu, að hin nýja fjárfesting skili a. m. k. lágmarksarði.

8. Það er ætlun flm. að tekjum ríkissjóðs verði, að hluta til a. m. k., varið til að auka framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og til félagslegra bygginga, verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélaga, sbr. fskj. XXIII með þessu þingmáli. Þetta má orða á einfaldan máta á þann veg að hér sé uppi till. um að skattleggja að nokkru leyti skattsvikinn verðbólgugróða stóreignamanna, stóreignafyrirtækja, hinna fjársterku í þjóðfélaginu, og færa þar með til fjármagn frá þeim og bæta fyrir misgerðir þessa þjóðfélags gagnvart þeirri kynslóð sem nú hefur verið gerð að algerri vanskilakynslóð vegna þess sem við getum kallað húsnæðisfáránleika, vegna þeirra aðstæðna sem þessu fólki er boðið upp á á húsnæðismarkaðinum. Það er kannske ekki hvað síst með hliðsjón af þessu sem ég hef áður haft þau orð um þetta þskj. að það sé róttækasta þskj. sem lagt hefur verið fram á Alþingi Íslendinga á þessu þingi.

9. Ríkisstjórnir í öðrum löndum hafa skoðað möguleika á stighækkandi eignarskatti og þær röksemdir sem mæla með þeirri leið í skattlagningu. Þannig segir í stefnuyfirlýsingu norska Verkamannaflokksins um skattamál frá því í júní 1984: „Helsti kostur eignarskattsins er sá að hann má gera stighækkandi. Nefndin, sem fjallaði um fasteigna- og eignarskatta árið 1973, gerði það að till. sinni að upp yrði tekinn stighækkandi eignarskattur þannig að prósentuálagningin fari hækkandi í takt við hækkandi tryggingamat eigna.“ Þessi tilvitnun er tekin úr riti sem heitir „Skattepolitikken til Debatt: Et Studie- og debattopplægg“, útgefandi Arbejdernes forbund, Osló 1984, bls. 29.

Herra forseti. Þær ályktanir, sem draga má af þeim töflum sem fylgja á fskj. I, II og III með þessu máli, leiða í ljós m. a. eftirfarandi niðurstöður eða ályktanir:

1. Eignum er verulega misskipt.
2. Mikill fjöldi einstaklinga greiðir engan eignarskatt.
3. Framteljendur með lágan eignarskattsstofn, skv. verðlagi ársins 1983 1—2 millj. kr., greiða u. þ. b. helming allra eignarskatta einstaklinga.
4. 28 einstaklingar og hjón eiga sameiginlega skuldlausar eignir metnar á 600 millj. kr. en greiða af slíkum stóreignum mjög óverulega eignarskatta. Slíkar eignir hafa vafalítið verið fjármagnaðar með lánsfé sem á tímabili neikvæðra vaxta, þ. e. fyrir verðtryggingu, var nánast fundið fé.
5. Hæstu 2% framteljenda eiga 13.4% framtalinna eigna einstaklinga. Samt nema skattgreiðslur einstaklinga í þessum hópi aðeins 27.8 þús. kr. að meðaltali miðað við álagningu 1984 á tekjur ársins 1983.

Eins og fyrr segir liggja ekki fyrir tölvutækar upplýsingar um eignarskattsdreifingu fyrirtækja. Hins vegar tekur ekki langan tíma að vinna úr þeim gögnum þegar þau væru fáanleg. Þess vegna telja flm. engan veginn útilokað að unnt sé að undirbúa frv. til l. um stighækkandi eignarskatt þegar á þessu þingi. Það hefði verið hægt ef pólitískur vilji hefði verið fyrir hendi fyrir afgreiðslu fjárlaga og er enn hægt áður en þessu þingi lýkur. Svo að vitnað sé í hæstv. fyrrv. forsrh. lýðveldisins, Gunnar Thoroddsen: „Vilji er allt sem þarf."

Herra forseti. Er það ætlan forseta að ég flytji þetta þýðingarmesta skattamál þingsins áfram í nótt yfir hausamótunum á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni?

Forseti HS: Ég vil svara hv. þm. þannig að mér er ekki kunnugt um hvaða áform aðalforseti hefur um framhald þessa fundar eða hversu hann hefur hugsað sér að haga honum og halda honum lengi fram. En ég vænti þess að þar sem svo fátt er orðið í þingsalnum, sem reyndar er oft á þessum tíma, muni vera hægt að fresta þessum fundi og umr. um þetta mál aðalforseta að meinalausu ef hv. flm. óskar eftir.)

Já, herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í greinum eftir virtan endurskoðanda um skattamál, sem birst hafa í Morgunblaðinu að undanförnu, er það dæmi tekið, aldeilis sérstaklega Alþingi og alþm. til háðungar, að í hvert sinn sem fyrir Alþingi liggi þýðingarmiklar tillögur um skattamál, sem snerta kannske afkomu fjölda fólks, hverfi þingheimur gjarnan allur í kaffi. Er þar með gefið í skyn að hér séu þingbekkir setnir slíkum þöngulhausum að það sé þýðingarlaust að ræða við hv. alþm. um mál af viti ef þau skipta einhverju máli.

Herra forseti. Ég vék þeirri spurningu til virðulegs varaforseta hvort það væri ætlun forseta að ég flytti eitt þýðingarmesta mál þingsins um skattamál, sem snertir afkomu fjölda fólks og hefur verulega efnahagslega, pólitíska þýðingu, yfir hausamótunum á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni einum saman.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það var ætlunin að halda áfram með málið þannig að við enduðum þennan fund á eðlilegum tíma fyrir kvöldmat, en ekki gert ráð fyrir kvöldfundi. Það er ekki hægt annað en hagnýta tímann svo vel sem kostur er. Ég skil sjónarmið það sem fram hefur komið hjá hv. 5. þm. Reykv. Það er ekki ætlunin að ljúka þessari umr. nú. En það hygg ég mundi greiða fyrir afgreiðslu málsins ef við gætum freistað þess t. d. að ljúka framsöguræðunni núna. Þá eru þeim, sem eru svo óheppnir að vera hér ekki til staðar til þess að hlýða á mál hv. þm., ekki allar bjargir bannaðar því að þeir mundu geta lesið ræðuna yfir og verið viðbúnir að taka þátt í framhaldsumr. um málið. Þetta var ætlunin. Ég vænti þess að við getum haldið eitthvað áfram.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég hlýddi með nokkurri aðdáun á virðulegan forseta í dag vanda um við þá þm. sem jafnvel stóð til að ættu að flytja hér mál eða taka þátt í atkvgr. en voru fjarverandi. En þá komst forseti svo vel að orði að þær umvandanir ættu ekki við þá fáu sem í þingsalnum voru. Ég hef ekkert á móti því, herra forseti, að minn tími sé hagnýttur og tími hv. þm. Steingríms Sigfússonar og hv. þm. Helga Seljans. En í nafni virðingar Alþingis verð ég að játa að ég tel að þegar um slíkt stórmál er að ræða sé virðingu Alþingis stórlega misboðið, mér sjálfum sem formanni míns stjórnmálaflokks og málinu sem ég er að flytja, ef herra forseti ætlast til þess að ég flytji slíkt alvörumál yfir auðum sal. Ég vil eindregið mælast til þess að forseti verði við þeim óskum mínum að þessari ræðu verði frestað, í og með líka vegna þess að hún er fyrirsjáanlega miklum mun lengri en svo að henni verði lokið á þeim tíma sem ætlaður var fyrir kvöldhlé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég skil þann alvöruþunga sem er að finna í orðum hv. 5. þm. Reykv. Með tilliti til þess svo og þeirrar yfirlýsingar að þess er ekki að vænta að bráðum ljúki þessari ræðu þannig að það yrði að rjúfa hana og fresta framhaldi á ræðunni, þá þykir rétt og eðlilegt undir þessum kringumstæðum að fresta umr. nú þegar.

Umr. frestað.

Efri deild, 43. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Sala Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar, þáltill. 293. mál (þskj. 474). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Áfengislög, frv. 111. mál (þskj. 115). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útvarpslög, frv. 198. mál (þskj. 224). — Frh. 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Þar sem ég vil svara þeim orðum sem hér féllu á síðasta fundi Ed. ætlaði ég að biðja forseta um að kalla hv. þm. Eið Guðnason í salinn en hann gekk í salinn rétt í þessu og gerist þess því ekki þörf.

Ég vil svara hér þeim makalausu ræðum sem hv. þm. Eiður Guðnason og Stefán Benediktsson fluttu í tilefni þessa máls á síðasta deildarfundi. Ég segi: í tilefni málsins, því í hvorugri ræðunni var um málefnalega umfjöllun að ræða og sem slíkar segja þessar ræður vitaskuld meira um þessa hv. þm. sjálfa en það mál sem hér er á dagskrá. Ég mun því ekki verða langorð.

Hv. þm. Eiður Guðnason notaði lýsingarorðið vitlaust með jöfnu millibili í ræðu sinni. (**EG:** Það var ritstjóri DV sem notaði það.) Þm. vill kannske lesa upphaf ræðu sinnar þar sem orðið kemur beint frá hv. þm. sjálfum. Var þetta lýsingarorð ein meginuppistaðan í gagnrýni þm. á málið. Við svona djúphugsaðri gagnrýni er vitaskuld aðeins eitt svar og það er að senda lýsingarorðið aftur heim til föðurhúsanna þar sem það á heima og sómir sér vel.

Síðan bar hv. þm. Eiður Guðnason það upp á flm. frv. að frv. hafi verið samið í Ríkisútvarpinu og flm. göbbuð til að flytja það. Í þessu efni tilnefndi hv. þm. sér til fulltingis Jónas Kristjánsson ritstjóra Dagblaðsins/Vísis.

Eins og fram kom í kvöldfréttum hljóðvarpsins í gærkvöld hefur Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins vísað þessum þvættingi á bug fyrir sitt leyti. Vil ég gera slíkt hið sama hér og nú fyrir mitt leyti og lýsi þessar ásakanir uppspuna einn og hrein ósannindi, þvætting sem vart er samboðinn virðingu hæstv. Alþingis þótt hann kunni að vera samboðinn virðingu Dagblaðsins/Vísis. Hitt er svo aftur annað mál að margur maðurinn hló dátt þegar frá því var greint í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins s. l. mánudag að hv. þm. Eiður Guðnason hefði haldið því fram í sama orðinu að frv. væri samið af starfsmönnum Ríkisútvarpsins og sýndi jafnframt alveg fádæma vanþekkingu á starfsemi þeirrar stofnunar. Þótti þá fleirum en mér að ræða þm. hefði verið nokkuð vanhugsuð.

Sama er að segja um þá afturhaldssemi sem hv. þm. taldi frv. bera vott um. Ef það er afturhaldssemi að vilja tryggja rétt landsmanna allra til þeirrar fjölmiðlunar sem fram fer í hljóðvarpi og sjónvarpi og gjörbreyta í leiðinni útvarpsrekstri hér á landi, þá vil ég leyfa mér að efast um að hv. þm. skilji þetta orð á sama hátt og flestir aðrir Íslendingar. Slík viðleitni er að mínu viti ekki afturhald heldur viðleitni til að halda jöfnuði samtímis því sem sótt er fram til nýrra tíma með róttækari breytingum á skipan útvarpsmála en hingað til hafa verið orðaðar á hv. Alþingi. Að vísu virðist hv. þm. hafa flogið í hug að um einhverjar breytingar á skipan útvarpsmála væri að ræða í þessu frv. því á einum stað í ræðu sinni talar hann um að frv. boði stjórnleysi. En stjórnleysi fer ekki saman með afturhaldi eins og allir vita nema e. t. v. hv. þm. Það væri að æra óstöðugan og stöðugan reyndar líka að elta ólar við öll þau endemi sem er að finna í ræðu hv. þm. Skal ég því fara sparlega með orð mín þótt af nógu sé að taka. Tvö atriði enn vil ég þó nefna.

Hv. þm. spyr hvers vegna Kvennalistinn hafi haft áhuga á því að skipa fulltrúa sína í núverandi útvarpsráð fyrst það sé svona vont. Þeirri spurningu er fljótsvarað. Annars vegar var það til að kynnast af eigin raun hvernig núverandi útvarpsráð starfar svo gulltryggt sé að ekki sé farið með fleipur um starfsemi þess apparats og hver skuli vera framtíð þess. Hins vegar til þess að leggja okkar af mörkum í því starfi sem fram fer í útvarpsráði á meðan það er skipað eins og nú er, þátttaka sem helgast af þeim veruleika sem nú er í útvarpsmálum. En það er veruleiki sem við viljum breyta, eins og fram kemur í því frv. sem við erum hér að ræða um.

Hitt atriðið, sem ég vil nefna, er að hv. þm. staðhæfir að fjármálahlið frv. sé í svartamyrkri. Þessu vísa ég á bug og bendi hv. þm. á að í frv. er gert ráð fyrir að tekjustofnar Ríkisútvarpsins eflist um nær þriðjung auk þess sem bent er á að það er vitaskuld í höndum Alþingis hverju sinni að ákveða aðrar tekjur Ríkisútvarpsins og þá um leið hversu hröð sú uppbygging útvarpsins, sem hér er lögð til, verður. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði í framsöguræðu minni á síðasta fundi deildarinnar að vandalaust ætti að vera að koma upp þriðju rásinni, opnu hljóðvarpsrásinni, mjög fljótlega þar sem stofnkostnaður við hana mun vera svipaður og vegna Rásar 2, en hann er áætlaður um 60 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Það mun vera um helmingur þess fjár sem frv. gerir ráð fyrir að komi til viðbótar í sjóði Ríkisútvarpsins árlega. Þannig mætti áfram telja. En það sér vitaskuld hver heilvita maður að ekki er hægt að gera kostnaðaráætlanir langt fram í tímann um uppbyggingu sem stjórnast annars vegar af vilja Alþingis og hins vegar af eftirspurn og kröfum landsmanna og beinni kostnaðarþátttöku þeirra, t. d. hvað varðar staðbundnu stöðvarnar. Uppbyggingu sem aukin heldur mun taka mið af sífellt nýrri tækni á þessu sviði og því breytilegum kostnaði. Slíkar áætlanir eru til þess eins að vera úr gildi fallnar fljótlega eftir að þær eru gerðar, ef það er þá hægt að gera þær, og því marklausar. Hv. þm. telur það vera skort á hagsýni að láta ekki gera marklausar áætlanir, og sannast þar eina ferðina enn hversu mótsagnakenndar hugleiðingar hv. þm. eru um þau mál sem hér eru til umr. Eyði ég ekki fleiri orðum þar um.

Hv. þm. Stefán Benediktsson er því miður með fjarvistarleyfi á þessum fundi. En hann bað mig í sinni ræðu um að útskýra fyrir sér hvað átt væri við með íslenskri menningu og fann þessu frv. það helst til foráttu að með því væri verið að setja lög um hvað væri menning og hvað ekki. Í slíku athæfi ætlaði hv. þm. sér ekki að taka þátt þótt hann hafi sagt síðar í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Ég held að þegar fjöldinn er farinn að ákveða hvað er menning, þá fari hinum skapandi einstaklingi að verða ærið mikil hætta búin.“

Það er nefnilega það. Ég læt þingheim um að dæma hversu rökfastur þessi málflutningur er innbyrðis. En ég hlýt að gera því skóna að hv. þm. hafi alls ekki heyrt þann hluta framsögu minnar þar sem ég skilgreindi hvað væri átt við með orðinu menning í þessu frv. Ég skal endurtaka það sem ég sagði:

„Með íslenskri menningu er átt við íslenskt þjóðlíf.

Það er átt við allar þær athafnir, hugmyndir og kunnáttu, sem marka mannlíf í landinu. Það er jafnt átt við tungu þjóðarinnar sem og verkkunnáttu á öllum sviðum. Það er jafnt átt við fagrar listir sem og almenna hluti eins og borðsiði."

Í þessu frv. er ekkert gildismat lagt á menningu, hvað sé menning og hvað ekki. Það er einfaldlega verið að tala um íslenskt þjóðlíf í sinni víðustu merkingu og lagt til að því verði viðhaldið sem ég fæ ekki séð að sé nein ofstjórnarsynd. Hins vegar lagði ég ríka áherslu á það í framsögu minni hversu nauðsynlegt er að halda áfram lifandi sköpun, sífelldri endurnýjun þessa þjóðlífs, að taka við og nýta nýjar hugmyndir á öllum tímum og finna þeim sem breiðastan farveg. Og hvað hvort tveggja varðar, bæði viðhald og endurnýjun íslenskrar menningar að svo miklu leyti sem hljóðvarp og sjónvarp hafa hlutverki að gegna í því efni, tel ég að útvarp allra sem þessari menningarheild tilheyra, þ. e. öðru nafni útvarp allra landsmanna í nýrri og breyttri mynd, sé best í stakk búið til að gegna þessu hlutverki. Það er mín einlæg skoðun þegar miðað er við hvaða aðra valkosti við höfum í þessum efnum.

Hv. þm. Stefán Benediktsson virðist hins vegar ekki hafa áttað sig á að þetta frv. brýtur að mörgu leyti í bága við viðteknar hugmyndir um stjórnun og útvarpsrekstur, þótt ræða hv. þm. og útvarpsráðsmanns Eiðs Guðnasonar hefði e. t. v. átt að nægja til að opna augu hans fyrir því. Ég er nefnilega hjartanlega sammála hv. þm. Stefáni Benediktssyni í því að kjarkur til að hugsa sjálfstætt, þótt í bága sé við ríkjandi viðhorf, er með því dýrmætasta sem hverjum manni er gefið. Það sem við Kvennalistakonur erum að reyna að gera með þessu frv. er, að á því miðlunarsviði sem frv. tekur til gefist öllum tækifæri til að koma fram með sínar hugmyndir, í hvaða formi sem þær eru, að skapaður sé vettvangur til frjórrar þjóðlífssköpunar, ef ég má svo að orði komast, þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir framlagi sínu og geti, ef hugur stendur til, verið gefandi en ekki aðeins þiggjandi. Það er ekki bara spurning um hversu margar rásir viðkomandi getur haft í viðtækinu sínu. Val hans hefur ekkert aukist ef hann hefur sama efni á öllum rásunum. Spurningin snýst um að á rásunum hans sé sem fjölbreytilegast efni og ekki síður að hann hafi möguleika á að gefa sjálfur, að hann hafi greiðari aðgang en nú er til að koma sínum hugmyndum, uppgötvunum, afurðum og sjálfstæðum skoðunum á framfæri.

Í umr. um útvarpsmál tala menn iðulega um landsmenn sem þiggjendur, þiggjendur einhvers sem matreitt er ofan í þá. Þetta frv. tekur mið af mönnum sem gefendum ekki síður en þiggjendum. Ríkisútvarpið er opnað upp á gátt, almenningsréttur á þessari fjölmiðlun er tryggður og miðstýring og bein pólitísk afskipti af stofnuninni eru afnumin. Ef menn vilja eitthvað meira og eru tilbúnir til að ganga lengra í þá átt, sem þetta frv. markar, þá er ég fyrir mitt leyti tilbúin til að hlusta á allar slíkar hugmyndir og afskrifa ekkert að óathuguðu máli, eins og því miður virðist vera siður ýmissa hv. þm. hér á hv. Alþingi.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Stefán Benediktsson beindi til mín einni spurningu sem varðar tæknilega útfærslu þessa frv. og henni vil ég að lokum svara þótt hv. þm. verði að vísu að lesa svarið í þingtíðindum. Hann spurði: Hver á að taka úrtak þess fólks sem skipa á notendaráð Ríkisútvarpsins? — Eðlilegt er að Reiknistofnun Háskólans sjái um þá framkvæmd og má víst telja að þeir mætu menn sem þar starfa séu fullfærir um það.

Ég hef þessi orð mín ekki fleiri í bili en ef hv. þm. hafa fleiri spurningar varðandi framkvæmd þessa frv., þá er ég fús til að svara þeim.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykv. á alla mína samúð fyrir að þurfa að inna hér það verk af hendi að tala fyrir þessu frv. sem ég segi aftur og enn, og tek þar undir með ritstjóra DV, Jónasi Kristjánssyni, að er vitlausasta plagg sem uppi er á Alþingi um þessar mundir.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir lét hér þau orð falla að mín gagnrýni á þetta frv. hefði ekki verið málefnaleg. Nú skal ég telja upp fyrir hv. þm., ef hún hefur þolinmæði til að sitja og hlusta, nokkur þau atriði málefnaleg sem ég nefndi hér en hún hefur ekki svarað einu einasta orði.

Ég nefndi það að í frv. Kvennalistakvenna er gert ráð fyrir sama innheimtufyrirkomulagi og nú er við lýði. Allir eru sammála um að það fyrirkomulag er ónýtt. Var þetta ómálefnaleg gagnrýni? Ég heyrði hana ekki minnast einu einasta orði á þetta. Ég sagði að fjármálahlið málsins væri öll í myrkri. Hún sagði hér áðan að það væri ekki hægt að gera áætlanir langt fram í tímann. Það er auðvitað rétt. Það er erfiðleikum háð. En samt er fjármálahlið þessa frv. öll í myrkri.

Í þriðja lagi gerði ég í töluvert löngu máli að umtalsefni hugmyndir þeirra Kvennalistakvenna, sem þær svo nefna sig, um valddreifingu og vitnaði þar til orða Petru Kelly, þingmanns á vesturþýska sambandsþinginu, sem segir í viðtali við vikuritið Time að þessar valddreifingarhugmyndir eins og Græningjarnir í Þýskalandi eru að reyna að útfæra, séu hámark hræsninnar vegna þess að þetta sé stjórnleysi. Ég fullyrði að öll þessi gagnrýni er málefnaleg. En hv. þm. Kvennalistans kaus að svara ekki þessari gagnrýni heldur gera það að meginefni ræðu sinnar að ég hefði sagt að þetta frv. væri vitlausasta plagg sem nú væri til umr. hér á Alþingi. Henni er það auðvitað frjálst og það má vissulega með sanni segja að það séu ekki mjög málefnaleg ummæli, ég skal fyrstur manna viðurkenna það. En þetta er nú engu að síður skoðun mín og ég er ekki einn um þá skoðun. Ritstjóri DV, Jónas Kristjánsson, hefur haldið þessu fram í leiðara og það er hann sem fullyrðir að Kvennalistinn hafi verið gabbaður til að flytja þetta frv. Það er ekki ég. Ég hef ekki þá þekkingu á málefnum Kvennalistans að ég geti fullyrt það. (**SDK:** Ekki Jónas heldur:) Það veit ég ekkert um. Hins vegar fullyrðir hann það að Kvennalistinn hafi verið gabbaður til að flytja þetta frv. og ég er alveg sannfærður um að það er mergurinn málsins. En annað vildi ég segja hv. þm. Í minni ræðu sagði ég orðrétt, með leyfi forseta:

„Hv. þm. nefndi hér tvö nöfn" — þetta er orðrétt tilvitnun í mína ræðu hér á mánudaginn — „sem höfunda frv. Það kom mér ekkert á óvart. Ég er ekki ókunnugur innanhúss í sjónvarpinu og í útvarpinu og það þarf engan fingrafarasérfræðing til að sjá hverjir hafa farið höndum um þetta frv. Og það eru fleiri en ég, hv. þm. Sigríður Dúna, sem telja þetta plagg ekki mjög gáfulegt."

Og hvers vegna sagði ég þetta? Vegna þess, virðulegi

forseti, og taki menn nú eftir, að hv. þm. Kvennalistans sagði orðrétt í sinni ræðu hér á mánudaginn:

„Að lokum vil ég við þetta tækifæri þakka þeim fjölmörgu Kvennalistakonum sem lögðu hönd á plóginn við samningu þessa frv. Einkum vil ég þar nefna þær Elínborgu Stefánsdóttur og Ingibjörgu Hafstað sem eru fulltrúar Kvennalistans í útvarpsráði."

Meira en það. Elínborg Stefánsdóttir er starfsmaður sjónvarpsins, dagskrárfulltrúi í lista- og skemmtideild. Og á því voru mín ummæli byggð. Þau voru byggð á því sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði hér í sinni ræðu og þessi yfirlýsing Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins, sem ég hef nú raunar aðeins heyrt af en ekki séð, mér hefur ekki verið send hún, hún var bara send í fréttir Ríkisútvarpsins varðandi mín ummæli, hún er auðvitað marklaus. Það er yfirlýst af hálfu aðaltalsmanns Kvennalistans og flm. frv. að einn af starfsmönnum sjónvarpsins sé aðalhöfundur þessa frv. Ég sé ekki hvernig hv. þm. ætlar að snúa sig út úr þessu. Mér er lífsins ómögulegt að sjá það. Það stendur hér og fyrir því eru hennar eigin orð að einn af starfsmönnum sjónvarpsins sé aðalhöfundur frv.

Ég veit miklu meira, hv. þm. Sigríður Dúna, um þetta mál en ég kæri mig um að segja hér úr ræðustóli á Alþingi. Ég veit miklu meira um tilurð þessa frv. heldur en er við hæfi að ræða um úr ræðustóli hér. Þess vegna stend ég við það sem ég hef sagt, og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fyrir hönd Kvennalistans hefur staðfest það, að þetta frv. er að hluta til samið af starfsmanni sjónvarpsins, starfsmanni sem hefur átt sæti í útvarpsráði fyrir hönd Kvennalistans núna um nokkra hríð, með þeim erfiðleikum sem fylgja því fyrir starfsmann að eiga þar sæti, sem þýðir það að annan hvern fund verður viðkomandi starfsmaður alltaf að kalla varamann inn fyrir sig.

Ég ætla ekki heldur að gera þau mál frekar að umtalsefni hér. Það er engin ástæða til þess. En það stendur óhaggað og alveg sama hvernig hv. þm. reynir að snúa því að það eru hennar eigin orð um faðerni þessa frv., ef ég má nota það orð. Það er skilgetið afkvæmi þeirra sem hér voru tilefndir af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Þessu frv. verður vísað til nefndar og þar mun það áreiðanlega hljóta hægt andlát vegna þess að þeir sem ég hef átt kost á að ræða þetta mál við a. m. k., og er ég þá ekki að tala um nm. sérstaklega, eru sammála um það að þetta frv. rísi alveg undir því nafni að vera vitlausasta plagg sem nú er til umr. á Alþingi. Það mun væntanlega hljóta afgreiðslu, ég treysti því. Það eru menn með ágæta dómgreind í hv. menntmn. þessarar deildar og ég treysti því og veit að þetta frv. fer ekkert lengra sem betur fer. Og það er líka best fyrir þá sem að því standa.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég skil mætavel að þingheimi leiðist að hlusta á tveggja manna tal hér í deildinni eins og umr. um þetta frv. er nú orðin. Hv. þm. Eiður Guðnason lætur mér alla sína samúð í té. Þetta er fallega sagt en fyrir hana hef ég enga þörf og afþakka samúð hv. þm. (**Gripið fram í:** Er það ekki fallega gert?) Sælla er að gefa en þiggja, stendur einhvers staðar.

Hv. þm. heldur áfram að nota lýsingarorðið „vitlaus" við öll hugsanleg tækifæri og ég er þegar búin að svara þeirri gagnrýni. Hann dregur DV-ritstjórann eina ferðina enn inn í málið. Ég var rétt áðan búin að svara því atriði fyrir mitt leyti og lét þess getið að Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins hefði svarað því fyrir sitt leyti.

Eins og hv. þm. nefndi réttilega færði ég hér við framsögu þessa frv. Kvennalistakonunum Elínborgu Stefánsdóttur og Ingibjörgu Hafstað sérstakar þakkir fyrir þá alúð sem þær lögðu í samningu þessa frv. Vissulega er það laukrétt hjá hv. þm. að Kvennalistakonan Elínborg Stefánsdóttir er líka starfsmaður Ríkisútvarpsins. En hún er varla Ríkisútvarpið sjálft eins og það leggur sig. Mikill er þá orðinn máttur Elínborgar Stefánsdóttur ef hún ein getur talist samnefnari allra starfsmanna útvarps hér á landi. Að halda slíku fram, að þótt starfsmaður komi nálægt samningu frv. um efni sem tilheyrir hans starfssviði, þá sé frv. þar með samið af stofnuninni nær vitaskuld ekki nokkurri einustu átt. (**EG:** Þm. verður að lesa ræðu mína.)

Eftir því sem ég heyrði best sagði þm. að frv. væri komið úr Ríkisútvarpinu. Frv. er ekki komið þaðan. Það er komið úr Kvennalistanum.

Sú þinglega meðferð sem hv. þm. leggur til að þetta mál fái, þ. e. hægt andlát í nefnd, eins og hann nefnir það, sýnir best hversu lýðræðisleg vinnubrögð þessa hv. þm. eru og eru þm. vart til sóma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Verslun með áfengi, frv. 285. mál (þskj. 465). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Það er ekki viðamikið frv. sem hér er á ferðinni, en það gerir ráð fyrir að aflétt verði einokun á vindlingapappír og eldspýtum. Við félagarnir sem flytjum þetta frv. flytjum það í fyrsta lagi til að afnema þessa einokun og í öðru lagi til að sýna fram á hversu allt er morandi í hvers konar forneskju í viðskiptaháttum hér á Íslandi og að þörf sé á að taka til hendi í þeim efnum.

Í grg., sem við látum fylgja frv., segir:

„Með lögum nr. 63/1969 er ríkisstj. einnig heimilt að flytja inn frá útlöndum áfengi, tóbak, vindlingapappír og eldspýtur.

Lög þessi hljóta að koma öðru hverju til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna. M. a. mætti athuga hvort hagræðing væri í því fólgin að taka sérskatta ríkisins á áfengi og tóbaki með tolli í stað þess að reka umfangsmikið verslunarfyrirtæki með þessar vörur. Það mál þarfnast ítarlegrar skoðunar."

Þar með erum við ekki að leggja til sérstakar breytingar aðrar en að það þurfi að endurskoða þessa þætti með það í huga að koma á hagræðingu. Við teljum mjög vafasamt að nauðsynlegt sé að ríkið reki umfangsmikið verslunarfyrirtæki með þessar vörur, eins og reyndar með aðrar vörur líka.

Hér er gerð till. um þá breytingu eina að einkaréttur ríkisins til innflutnings á vindlingapappír og eldspýtum falli niður.

Einkasala á eldspýtum er fyrirbæri sem blómstraði á

árunum milli heimsstyrjaldanna, m. a. með tilstuðlan sænska eldspýtnakóngsins Ivars Kreuger sem útvegaði fjárþurfa ríkisstjórnum lán gegn einokunarleyfi á eldspýtnasölu. Það fór illa fyrir Ivari þessum og dó hann í París árið 1933, og með honum dó hugmyndin um einokun á eldspýtnasölu út á næstu áratugum — nema hér. Á sama tíma og innflutningur og sala á hvers kyns eldfærum, eins og kveikjurum t. d., er frjáls búum við enn við einokun á eldspýtnasölu sem leitt hefur til þess að hér eru oft og tíðum eingöngu afleitar eldspýtur til sölu. Sama gildir um vindlingapappír. Engin ástæða er til að einoka innflutning og sölu á svo lítilfjörlegri vörutegund. Því er lagt til að þessi einokun verði nú afnumin.

Ég legg til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Mér finnst flm. þessa frv. vera helst til lítillátur að gefa í skyn að hér sé mjög lítið og ómerkilegt mál á ferðinni. Mér finnst það nefnilega ekki. Þetta mál er lýsandi fyrir það að við höfum í okkar þjóðlífi ýmiss konar afturhaldsfyrirkomulag og þessi ábending, sem þarna kemur fram, er vissulega þess virði að veki nokkra athygli. Satt að segja öfunda ég flm. af því að hafa fundið út að þarna væri rétt að gera á bragarbót. Þetta yrði kannske til þess að ég og fleiri færu að leita að einhverju öðru svipuðu því að af nógu er áreiðanlega að taka og erfiðleikar okkar á undangengnum árum stafa nefnilega mjög mikið af ofstjórn og ríkisíhlutun. Það er kannske svo að hæstv. fjmrh. missi einhvern spón úr aski sínum þegar einkasölu á eldspýtunum er lokið af ríkisins hálfu, en ég veit að hann sér ekkert eftir þeim aurum. Hann er frjálslyndur maður eins og allir vita. En við skulum bara leita víðar.

Ég held að eldspýtur séu dýrari á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar og þar að auki stundum alveg stórhættulegar. Ég hef af því slæma lífsreynslu. Varð nokkurt grín út af því fyrir áratug eða svo að þá voru hér tékkneskar eldspýtur, að ég held, og ég fékk brennisteininn upp í augað þrjú þúsund gráðu heitan. Það var rétt við augasteininn. Það var hægt að ná honum út, en annars væri ég líklega blindur á öðru auganu. En þetta er nú í gamni sagt.

Auðvitað eiga allir menn að geta selt eldspýtur rétt eins og kveikjara og ég er ekki í nokkrum vafa um að eldspýtur munu lækka stórlega í verði þegar þar ríkir frjáls samkeppni. Það er m. a. s. alveg furðulegt hvað hægt er að smyrja á þessa vöru. Ég veit ekki hvað verðið er orðið núna. Ætli það sé ekki að nálgast tvær krónur stokkurinn, tvö hundruð krónur gamlar, eða eitthvað svoleiðis? Auðvitað mundi verðið stórlækka. Víða erlendis eru eldspýtur hreinlega gefnar á öllum veitingahúsum og hvar sem er og þær eru þá ódýrari í framleiðslu en eldspýtur í stokkum og miklu betri oft og tíðum.

Við skulum ekki gera lítið úr þessu máli. Við skulum reyna að drífa það í gegnum deildina í einum logandi hvelli og vera sammála um að uppræta þessa vitleysu, en fyrst og síðast að reyna að finna eitthvað annað og margt fleira og kannske í eitthvað stærri stíl en þetta. Og ég ætla svo sannarlega að leggja höfuðið í bleyti og reyna að finna eitthvað fleira sem mætti koma frá ríkisvaldinu yfir til borgaranna til að auka lýðræði og bæta hag þessarar þjóðar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið fyrir því óláni eins og hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. v., að fá það, sem hér er lagt til að leggja niður að selt verði á vegum ríkisins, framan í mig eða í föt, hvorki eldspýtur né vindlingapappír, en ég vil taka undir það sem hann sagði um þetta frv. Frv. er ekki stórt í sér þegar hugsað er um það sem um er fjallað, en prinsipið sem hann talaði um og liggur bak við er miklu stærra og ég tek heils hugar undir það og legg til að þetta frv. verði samþykkt þrátt fyrir að fyrir liggur í stjórnarflokkunum frv. frá mér sem gerir ráð fyrir því sama. Það frv. er víðtækara að því leyti til að þar er talað um að leggja niður einokun á dreifingu á tóbaki líka. Tóbaksgjald verði tekið í tolli alfarið, en umboðsmenn sjái um dreifinguna þannig að ríkið sleppi við þann kostnað. En þrátt fyrir það frv. vil ég ekki missa nokkurn tíma þegar um er að ræða að aflétta einokun ríkisins eða einokun almennt og legg því til að þetta frv. verði samþykkt.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Ég þakka ágætar undirtektir undir þetta frv. og minni á það sem ég sagði í upphafi máls áðan, að hvers konar forneskja viðgengist í viðskiptaháttum hér á Íslandi og þörf væri á að brjóta það upp. Ég vil alls ekki gera lítið úr því. Þetta er prinsipmál sem skiptir vissulega máli. Ég hygg að ástæða væri til að afnema einokun ríkisins á fleiri sviðum, eins og kemur reyndar fram í grg. Ríkiseinokun er óþörf í dag, að mínu mati og okkar flm., og það þarf að skoða hvort ekki næst meiri hagræðing og vitrænni viðskiptahættir með því að afnema einokun á öllum sviðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda, þáltill. 280. mál (þskj. 460). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Till. til þál. um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda er auk mín flutt af hv. þm. Eiði Guðnasyni, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Hún fjallar um það að Alþingi feli ríkisstj. að hlutast til um að afurðasölu- og verslunarfyrirtæki, sem ekki hafa staðið bændum full skil á greiðslum, geri það nú þegar og að jafnframt yrði þeim bændum, sem sækja vildu rétt sinn að lögum, veitt gjafsókn. Þetta mál hefur ekki í þessum búningi verið rætt mikið á Alþingi, en hins vegar er nú hartnær áratugur síðan á því var vakin athygli að bændur fengju ekki í hendur þá fjármuni, sem þeim væru ætlaðir af löggjafans hálfu og af stjórnvalda hálfu, bankakerfinu o. s. frv., fyrr en þá e. t. v. seint og um síðir.

Það var lengi barist fyrir því að afurða- og rekstrarlán til landbúnaðarins yrðu greidd bændum beint og jafnframt að niðurgreiðslu- og uppbótafé yrði greitt beint til bændanna, a. m. k. að vissu marki. Það eru nú liðin nærri því sex ár síðan Alþingi samþykkti að afurða- og

rekstrarlán skyldu ganga beint til bænda eða, eins og það er orðað, að „bændur skyldu fá þessa fjármuni í hendur um leið og lánin væru veitt". Það var fimm ára afmæli þessarar ályktunar 22. maí á s. l. ári. Árlega hefur verið eftir því gengið að staðið yrði við þessi fyrirmæli Alþingis, en Alþingi hefur verið vanvirt allan þennan tíma, bankakerfið og stjórnvöld hafa ekkert mark tekið á fyrirskipunum Alþingis. Þess vegna er enn spurt í Sþ. um framkvæmd þessara mála nú og kemur væntanlega til umr. þar áður en langt um líður.

Það er að vísu svo að landbúnaðarlöggjöfin er í meginefnum stórgölluð. Hún er frumskógur sem naumast nokkur lögfræðingur getur komist í gegnum, hvað þá bændur eða aðrir þeir sem ekki hafa notið laganáms. Þessi löggjöf hefur í mjög mörgu skaðað landbúnaðinn og gerir enn. Tilgangurinn með flutningi þessa máls er að sjálfsögðu sá að rétta hlut bænda. Við skulum minnast þess að það eru yfir 50 ár frá því að lög voru sett um greiðslu kaupgjalds í peningum til sjómanna og verkafólks, lög nr. 22 frá 1930. Enn þann dag í dag er engin trygging fyrir því að bændur fái í hendur sín laun, hvað þá fyrir sína fjárfestingu o. s. frv., og í mörgum tilfellum er það svo að minni bændur fá hvergi nærri þau laun sem þeim eru ætluð af svokallaðri sexmannanefnd og stjórnvöldum.

Öðrum þræði er þessi till. flutt til að reyna að fá upplýsingar frá því sem ég hef leyft mér, og við flm., að kalla leyndarráð landbúnaðarkerfisins. Það er furðulegt hve lítið liggur fyrir af upplýsingum um hvernig afurðasölufyrirtæki standa bændum skil á því sem ætlast er til að bændur fái. Lagagrundvöllurinn kann að vera eitthvað vafasamur. Ég er ekki að halda því fram hér eða við flm. að eitthvað saknæmt hafi verið framið í sambandi við þennan drátt á greiðslum, en hitt er ljóst að ekki er farið að vilja Alþingis, a. m. k. ekki að því er varðar afurða- og rekstrarlánin, og að bændur ná ekki þeim rétti sem þeim hefur verið ætlaður og áskilinn. Þess vegna verður það starf þeirrar hv. þingnefndar sem væntanlega fær málið til umfjöllunar, og ég legg til, hæstv. forseti, að það verði fjh.- og viðskn., finnst það eðlilegast, að ganga eftir upplýsingum um öll þessi mál. Ég er fyrir fram ekki að gera því skóna að við fáum ekki þessar upplýsingar. Ég hygg að við munum fá þær bæði frá Framleiðsluráði, Stéttarsambandi bænda, bönkum og öðrum sem hugsanlega geta greitt úr þessari flækju. Ég held að það hljóti að vera öllum, bæði afurðasölufyrirtækjunum, bændum og landslýð öllum, til heilla að upplýsa þessi mál algjörlega. Ég á því ekki von á öðru en að þessi till. muni verða samþykkt einróma hér í hv. Ed.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að hér upphefjist allsherjarumræður um afurðasölumál landbúnaðarins almennt enda þótt þessi till. um rétt skil afurðasölufyrirtækja sé til umr.

Mér er ekki ljóst í raun hvernig það mætti gerast að dómtaka svo þau mál með þeim hætti sem hér er um að ræða. Í ályktuninni stendur svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að afurðasölu- og verslunarfyrirtæki, sem ekki hafa á undanförnum árum staðið bændum full skil á grundvallarverði afurða, geri það nú þegar, ásamt vöxtum og verðbótum."

Mér er ekki ljóst með hvaða hætti er unnt að höfða mál varðandi verðbætur í þessu efni. Það kann að vera glámskyggni. Ég er ekki að fullyrða að það sé ekki hægt, en ég kem sjálfur ekki auga á það.

Hér er gert ráð fyrir að veitt verði gjafsókn. Einnig er talað um rétt verð. Spurningin sem vaknar er þessi: Hvað er rétt verð? Er endanlegt lögformlegt verð það sem sexmannanefnd ákveður? Út af fyrir sig má segja að það sé gott að fá úr því skorið. Hitt vita hv. alþm. að afurðasölufyrirtæki með landbúnaðarvörur stunda í raun umboðssölu. Skv. því kaupa þau ekki vöruna. Þau eru umboðssöluaðilar fyrir bændur. Það má deila um hvort þetta er rétt uppbygging á sölukerfi landbúnaðarins. Hins vegar hef ég grun um, miðað við stöðu mála í dag, að bændur fyrirhitti sig sjálfa sem þolendur í þessu máli þegar dómstólameðferð yrði á enda runnin.

Ég er ekki að færast undan því að réttarstaða bænda og vinnsluaðila, afurðasöluaðila verði grandskoðuð og úr verði skorið með einum eða öðrum hætti. Ég bið hann að hafa ekki þau viðhorf til míns máls. Ég vil fyrst og fremst vara við því að rasa um ráð fram. En undanfarin ár hefur orðið töluvert mikill samdráttur í heðbundinni landbúnaðarframleiðslu. Afurðasölufyrirtækjunum hefur ekki, a. m. k. sumum hverjum, kannske flestum, tekist að hagræða í sínum rekstri í takt við þann samdrátt sem ég gat um. Ég geri ráð fyrir því að þegar fram í sækir verði lögð miklu meiri áhersla á að svo verði en hingað til hefur verið og staðreyndir vitna um.

Hv. 1. flm. þessarar till. vék að afurðalánum. Mönnum blandast ekki hugur um að það er ekki síst mikilvægt fyrir framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða og lífsmöguleika þeirra sem landbúnað stunda að afurðalán séu sem hæst hlutfall af verðmæti vörunnar. Um greiðslu þessara afurðalána og fyrirkomulag hefur verið deilt mjög lengi, m. a. hvort tök eru á því að greiða þau, eins og hv. 1. flm. þessarar till. hefur oftsinnis vikið að, beint til bænda. Þetta hefur að hluta til verið framkvæmt í því umboðssölufyrirtæki með landbúnaðarafurðir sem ég þekki best. Þar er forspilið að afurðalánum, þ. e. rekstrarlán eru greidd í raun beint til bænda. Þannig er það framkvæmt á þeim bæ. Það er ekki framkvæmt þannig að send sé ávísun heim á hvern bæ sem svarar til rekstrarlánsins. Þetta fé er lagt beint inn á reikning hjá framleiðanda.

Ég tel að þegar endurskoðun framleiðsluráðslaga lýkur, sem verður vonandi innan skamms, ætti öll þessi umr. að halda áfram og menn að leitast við að skoða þessi mál í heild sinni, en umr. byggðist að meira eða minna leyti á grundvelli þeirra till. sem vonandi líta dagsins ljós, eins og ég sagði, áður en langt um líður.

En að síðustu: Ég er hlynntur því að fjh.- og viðskn. líti aðeins yfir þessi mál. Það er alltaf af hinu góða þegar alþm. og þingnefndir, sem hafa nokkurn myndugleika í störfum sínum ef þær vilja, athuga einstök mál. Ef ég hef skilið hv. flm. rétt er það e. t. v. aðalatriði í hans huga að á grundvelli þessarar till., án þess að hún verði samþykkt, hefjist og verði unnið ákveðið starf í fjh.- og viðskn. Ég efast ekki um vandvirkni fjh.- og viðskn. en ég bið hana að flana ekki að neinu og kynna sér málavöxtu mjög vel að því er varðar þessa till.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni fyrir ræðu hans áðan. Það hefur aldrei að mér hvarflað að halda að sá

þm. vildi ekki að réttarstaða bænda væri grandskoðuð og því síður að mér hvarflað að bændur gætu átt á þingi öllu betri fulltrúa en einmitt hann. Þegar alltaf er verið að ráðast að Alþingi er kannske gaman að rifja það upp, þegar sagt er að Alþingi sé ómerkilegra nú en nokkru sinni áður, að þessi tónn heyrðist ekki fyrir tíu árum þegar farið var að berjast fyrir þessum sömu hagsmunum. Þá var það tekið sem árás á bændastéttina, sölukerfi hennar o. s. frv. Það hefur orðið framför í þessu efni á síðasta áratug. Nú er hægt að rökræða um málið, tala um það skynsamlega og án allra öfga. Það gerði hv. þm. hér og ég er honum svo sannarlega þakklátur, enda átti ég alls ekki von á neinu öðru. Ég hef kynnst honum það vel.

Það er sagt að allar afurðirnar séu í umboðssölu. Því hefur verið haldið fram æðilengi. En ef svo er held ég að það liggi líka fyrir að afurðasölufélögin setji veð í eignum sem þau alls ekki eiga. Ég held að bankakerfið hafi yfirleitt ekki veð fyrir einu eða neinu, þessum gífurlegu fjárhæðum, milljörðum á milljarða ofan. Það varð um þetta almenn umræða á s. l. vori þar sem lögfræðingur Landsbankans játaði berum og óberum orðum að ég hefði haft rétt fyrir mér í því efni allan tímann að það eru alls ekki nokkur veð fyrir þessum skuldum og ef afurðasölufélag færi á hausinn, mundu bankarnir hreinlega tapa þessum peningum. Þannig er nú kerfið allt saman.

Ég ætla ekki að leggja á þetta neinn lagadóm. En að því er varðar að það yrðu mörg mál sem höfða yrði og þess vegna gæti gjafsóknin orðið dýr ríkisvaldinu, þá held ég að það gæti aldrei orðið. Ég held að það mundi verða bara einhver einn sem færi í mál fyrir alla, það yrði prófmál, og þannig fengist úr þessari lagaflækju skorið.

Það er ekki rétt skilið að ég ætlist ekki til að till. verði samþykkt, en auðvitað ekki án skoðunar og sem formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar lofa ég því að hún skal fá ítarlega skoðun.

Ég vona þá líka að ekki standi á svörum hjá þeim sem upplýsingar geta veitt. Ég hef einhvern tíma sagt áður að menn mega ekki vera svo hræddir við sannleikann að vilja ekki leita hans. Það hefur gerst í landbúnaðarmálunum. Menn hafa neitað að leita sannleikans, sem raunar liggur ljós fyrir öllum bændum, af því að þeir hafa vitað að þeir mundu finna hann. Óumdeilt er það að gífurlegir fjármunir hafa verið í veltu verslunarfyrirtækjanna og afurðasölufyrirtækjanna sem sagt er að bændur eigi. Nú eiga bændur auðvitað ekki einir kaupfélögin. Það eru 40 þús. manns í samvinnuhreyfingunni, er manni sagt, en 4 þús. bændur svo að þetta er náttúrlega allt meira og minna út í bláinn. En ég hygg að svona skoðun gæti leitt til þess að þetta kæmi allt saman í ljós. Og ég held að hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, miðað við það sem hann hér sagði, muni í rauninni ekkert hafa á móti því að eitt prófmál yrði rekið, kannske bara með útdrætti, þannig að það verði ekki sagt að verið sé að ráðast á eitt afurðasölufélagið öðrum fremur, og láta þá fyrir dómstólum á það reyna hvernig þetta kerfi er í rauninni í framkvæmd og hvað er rétt og hvað er rangt. A. m. k. hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu að núna, að rúmri hálfri öld liðinni, séu bændum tryggð með löggjöf sömu réttindi og sjómönnum og verkamönnum. Auðvitað var það svo í gamla daga að það var innskriftarkerfi gagnvart sjómönnum og verkamönnum. Menn urðu að fara til kaupmannsins eða kaupfélagsins og krjúpa til þess að fá úttekt. Þeir fengu aldrei eyri í hendur.

Og það er auðvitað reginmunur á því þó að það sé góðra gjalda vert að Kaupfélag Borgfirðinga færi inn á reikningana afurðalánin eða rekstrarlánin, og reyndar einungis rekstrarlánin, inn á reikninga manna. (Gripið fram í.) Já, forspilið. Það veit ég. Ég þekki þetta ekki lítið. Hitt er meginmálið að auðvitað á bóndinn sjálfur að fá féð í hendur. Það á að veita honum það þannig að hann geti farið til kaupfélagsstjórans með seðilinn í hendinni þegar hann ætlar að kaupa. — Raunar þarf hann ekki að heilsa upp á kaupfélagsstjórann. Hann getur bara talað við afgreiðslustúlku rétt eins og við hinir. Hann þarf ekkert að biðja kaupfélagsstjórann um að fá peningana sína.

Þetta er mjög niðurlægjandi fyrir bændur og sérstaklega efnaminni bændur. Þeir sem meira mega sín eru kannske ekkert niðurlútir þegar þeir bíða á biðstofunni og ganga inn til kaupfélagsstjórans. En hvað um hina? Af hverju mega þeir ekki fá peningana sína? Mergurinn málsins er að bændastéttin er ekki frjáls á meðan við búum við þetta kerfi. Þess vegna trúi ég því og treysti að hv. þm. láti nú af því verða í eitt skipti fyrir öll að uppræta þetta kerfi, koma á staðgreiðslukerfi svo að bændur fái sína peninga í hendur, a. m. k. launin sem þeim eru ætluð í grundvellinum svokallaða.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Við fáum þetta úr n. væntanlega og áreiðanlega kemur það með einhverjum hætti aftur til umr. hér.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umferðarlög, frv. 291. mál (þskj. 471). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum. Flm. þessa frv. auk mín eru hv. þm. Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Stefán Benediktsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og var þá afgreitt frá Ed. en var ekki afgreitt úr allshn. Nd. Það er endurflutt nú með þeirri breytingu að í stað þess að lögbinda notkun ökuljósa allan ársins hring er lagt til að lögbinding gildi frá 1. sept. til 30. apríl ár hvert. Þessi breyting, að ganga ekki jafnlangt og í fyrra frv., er gerð til þess að koma til móts við þá sem eru andvígir breytingu að þessu leyti frá gildandi lögum í þeirri von að frv. nái þá fram að ganga. Flm. eru þeirrar skoðunar að notkun ökuljósa séu þýðingarmikill þáttur í aðgerðum til að koma í veg fyrir umferðarslys og fækka þeim. En staðreyndin er því miður sú að þriðja hvert banaslys hér á landi verður í umferðinni og þar slasast helst börn, unglingar og gamalt fólk.

Með þessu frv. er ekki verið að leggja aukin útgjöld á ríkissjóð umfram aðra. Það er fyrst og fremst verið að leggja til að gerð verði breyting á umferðarlögum sem leggur ákveðnar skyldur á herðar ökumönnum. Kostn-

aðarauki fyrir hvert ökutæki er óverulegur ef haft er í huga hve gífurlegur kostnaður er af slysum. Ljósin eyða að vísu orku sem talin er svara til einnar aukafyllingar á bensíntank bifreiðar á ári og perur þarf e. t. v. að endurnýja oftar. En að slíkur kostnaður ætti að hafa úrslitaþýðingu telja flm. fráleitt þegar haft er í huga að þetta er liður í aðgerðum til að koma í veg fyrir slys í umferðinni.

Mikilvægi ljósanotkunar ökutækja er tvíþætt. Úti á þjóðvegum er það fyrst og fremst tillitssemi við aðra ökumenn, sem á móti koma, að nota ljósin. Gangandi vegfarendur í yngstu aldurshópunum og þeim elstu hafa ekki allir fullt sjónskyn. Ýmsir eru sjóndaprir og hreyfihamlaðir að meira eða minna leyti og viðbragðsflýtir margra skertur vegna aldurs eða af öðrum ástæðum. Að kveikja ökuljós á farartækjum veitir þessum vegfarendum mikið öryggi. Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferðinni, kemur fram sú hörmulega staðreynd að í aldurshópnum 7—20 ára eru slys algengasta dánarorsök hér á landi. Öllum ráðum verður því að beita til að tryggja öryggi í umferðinni.

Í Svíþjóð var það lögleitt 1. okt. 1977 að ökumenn væru skyldugir til að nota ljós allt árið. Í athugun sem fram fór var gerður samanburður á slysum næstu tvö árin fyrir gildistöku laganna um lögbundna ljósanotkun í akstri að degi til og fyrstu tvö árin eftir gildistökuna. Fyrir samþykkt laganna notuðu 50% ökumanna ökuljós en eftir gildistökuna yfir 95%. Talið var að umferðaróhöppum að degi til, þar sem slys urðu á fólki og fleiri en eitt farartæki kom við sögu, hafi fækkað um 11%. Fækkun slysa eftir tegundum var sem hér segir:

Mest fækkaði slysum þar sem hlut áttu að máli bifreið og vegfarandi á reiðhjóli eða bifhjóli. Þar fækkaði slysum um 21%. Slysum fækkaði um 17% þar sem gangandi vegfarendur og bifreiðar áttu í hlut. Minna dró úr slysum sem urðu vegna árekstra bifreiða. Þeim slysum, sem urðu vegna árekstra bifreiða er komu hvor á móti annarri, fækkaði um 10%. Slysum í árekstrum á gatnamótum fækkaði um 9%. Slysum í árekstrum bifreiða, er voru á leið í sömu átt, fækkaði um 2%.

Ákvæði 2. gr. frv , varðandi skólabifreiðar er þáttur í þeirri viðleitni að tryggja sérstaklega öryggi ungra vegfarenda. Þarf e. t. v. ekki að hafa mörg orð um mikilvægi þess atriðis. Á fundi, sem ég sat á s. l. ári þar sem umferðarslys voru til umr. — það var ráðstefna á vegum Umferðarlæknisfræðifélagsins — barst mér bréf frá einum fundarmanna. Þetta bréf tel ég vera gott innlegg inn í þennan þátt málsins og ég vil, með leyfi forseta, lesa það. Það er varðandi skólabifreiðar:

„1981—1983 bjó ég í London, Ontario, Kanada og tók þar bílpróf. Skólabifreiðar voru merktar mjög vel með stórum ljósum sem blikkuðu er bifreiðin stansaði til að hleypa börnum inn eða út. Umferð aftan við og framan við stansaði. Brot á þessu varðaði tafarlausri sviptingu ökuleyfis og var í flokki hörðustu refsinga við umferðarlagabrotum. Fólk virðir þetta og fer þá um leið að hugsa um börn almennt í umferðinni. Í London, þar sem búa 270 þús. manns“ — þetta er London í Ontario, Kanada — „varð ekkert slys á skólabarni á leið úr eða í skóla 1982—83.“

Þetta segir þessi bréfritari og þótti mér, herra forseti, gagnlegt fyrir hv. þdm. að heyra frá reynslu þeirra þarna í Kanada af þessu máli.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég kem hér upp til að lýsa skoðun minni á því frv. sem hér er lagt fram, og er nánast endurflutt frá því í fyrra en þó með ákveðinni breytingu sem ég fagna vegna þess að breytingin er — ég held ég muni það rétt — sú sama og ég lagði til í brtt. minni í hv. deild s. l. vetur, að ljósatími ökutækjanna væri ekki í gildi nema þann tíma sem skólar störfuðu almennt. Ég ætla alls ekki að berjast á móti þessu máli. Ég tek það skýrt fram að það vill enginn okkar verða þess valdandi að það megi segja að með því að vera á móti slíkum málum sé maður að stuðla að aukinni slysahættu. En ég ítreka að mér er alltaf illa við að setja lög sem ekki eru almennt haldin og ég óttast það mjög í þessu að það geti orðið á þessu brot. Við sjáum daga eins og í dag. Hér er glampandi sólskin. Ég efast mjög um að tendruð verði ljós á öllum bifreiðum í bænum á slíkum degi eftir að þessi lög taka gildi. Þetta er mér illa við. Þess vegna er það teygjanlegt að tala um að aka með ljósum eftir aðstæðum, menn virða það misjafnlega. Þetta skulum við gera okkur fullkomlega ljóst. Það væri spurning hvort það á ekki annað við um þetta í bæjum en úti á þjóðvegum.

Ég vara nú eins og í fyrra við því sem kemur fram hér í 2. gr. í sambandi við skólabifreiðar. Ég er því algerlega hlynntur og finnst það sjálfsagt að þeim sé gefinn viss forgangur og sérstök aðgæsla í umferðinni. En það verður þá að haga því þannig að gætt sé fyllsta öryggis, að það bjóði ekki upp á hættu. Það er mikið verk að ganga svo frá að tryggt sé að þær bifreiðar, sem eiga leið um t. d. viðkomandi þjóðveg, stansi örugglega og það séu greinilega merktir viðkomustaðir fyrir slíkar bifreiðar svo ekki geti skapast þar viss gildra fyrir þessa ungu þegna sem þarna er verið að verja. Það er mjög mikils virði að þetta sé vel frágengið og þarf að koma mjög greinilega fram í reglugerð.

Við 3. gr. lýsi ég stuðningi mínum. Þó að ég hafi að vissu leyti um þetta efasemdir þá er þetta það sama og ég flutti í fyrra brtt. um og ég mun styðja þetta. En þess vegna þykir mér koma svolítið mikil spurning upp í sambandi við síðari hluta 3. gr., þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Við akstur bifreiða og bifhjóls og létts bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum frá og með 1. sept. til 30. apríl ár hvert.“ Svo segir: „Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.“

Ég vil benda hv. flm. á að þarna finnst mér vera slakað á frá því sem sagt er á hinum staðnum. Við vitum það öll, sem ökum hér bæði um bæinn og fyrir utan bæinn og úti á þjóðvegum, að það er svo og svo mikið t. d. af dráttarvélum þar á ferðinni, það er svo og svo mikið af vinnuvélum, gröfum og öðru slíku sem eru því miður allt of oft illa merktar. Þetta flokkast ekki undir ljósaskylduna að mínu mati, eftir því sem segir hér í byrjun 3. gr. Ef þetta á að setjast upp held ég að það sé rétt að setja þetta upp á þessi ökutæki öll og þau séu vel merkt sem við eigum von á að séu á ferðinni á okkar þjóðvegum.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram til þess að við reynum að gera sem best úr þessu frv. Ég lýsi aftur stuðningi

mínum við þessa breytingu sem hér er orðin og mun standa þar að, en bendi á að ég er ekki sáttur við niðurlag 3. gr. Þarna finnst mér vera slakað of mikið á við þau skilyrði sem við þekkjum í dag.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hv. síðasti ræðumaður er nú raunar orðinn fylgismaður þessa máls og fagna ég því. (**VI:** Stuðningsmaður þess.) Já, hann er stuðningsmaður þess og er þar orðin allveruleg breyting á, enda er frv. svolítið breytt frá því sem það var flutt í fyrra. (**VI:** Eins og ég vildi hafa það.) Ég held að það sé staðreynd að notkun ljósa yfirleitt hefur aukist mjög verulega. Ég tek a. m. k. eftir því á þeirri leið sem ég ek rétt að segja vikulega fyrir Hvalfjörð að það eru fleiri bílar en færri sem ég mæti, enda þótt ég fari þar um þegar bjart er, og eru með fullum ljósum.

Ég vil aðeins vekja athygli á 2. gr. þessa frv. þar sem vikið er að skólabifreiðum. Ég ætla síðar en svo að draga úr mikilvægi þess að þær séu rækilega merktar og mikil aðgát sé viðhöfð í nálægð þeirra allra hluta vegna. En hér stendur, með leyfi forseta:

„Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina."

Að vísu er gert ráð fyrir því að um þetta verði nánar kveðið á í reglugerð. Í því sambandi ber auðvitað að taka fram við þá reglugerðarsmíð við hvaða aðstæður menn verða að lúta þessari lagagrein, hvenær skal stöðva bifreið, einu gildi hvort henni er ekið á eftir eða á móti skólabifreið. Aðstæður eru auðvitað mjög misjafnar. Það er ólíku saman að jafna akbrautum með einstefnu og útskotum og akbrautum með akstursstefnu í tvær áttir, engum útskotum, engri aðstöðu fyrir skólabifreiðar til þess að hleypa börnum inn í skólabílinn og út úr honum. Þarna verða menn að setja fram í reglugerð mjög skýr ákvæði svo að á því leiki enginn vafi hvaða reglur gilda.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði fremur kosið að þetta frv. hefði komið fram og verið samþykkt í upphaflegri mynd. Með tilliti til þess, sem ég sagði í upphafi minnar stuttu ræðu, hef ég trú á því að áður en langur tími líður aki menn með fullum ljósum og gildir þá einu hvort það er slík veðurblíða sem á þessum degi.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og þarf ekki að hafa mörg orð þar um. Ég hef nokkra hríð verið fylgjandi því að tekin væri upp regla um að ekið væri með ljósum allan ársins hring. Þó að oft sé bjart hér á Íslandi eru á mörgum stöðum þau akstursskilyrði sem gera ljósanotkun nauðsynlega bæði vegna ryks og þoku. Víða er landslagi þannig háttað að maður sér ljósglampa áður en maður sér ökutækið sjálft. Ég tel engan vafa á því að það mundi auka mikið öryggi á vegum landsins ef ekið væri með ljósum allan ársins hring og öll ökutæki sem á ferð eru, hvort sem það eru bílar, reiðhjól, mótorhjól, dráttarvélar eða vinnuvélar, væru með fullum ljósum.

Ég vil einkum og sér í lagi taka undir með hv. 3. þm. Vesturl. varðandi síðustu mgr. í 3. gr. Ég held að þar þurfi að taka til orða af meiri nákvæmni en gert er.

Við, sem búum hér í Reykjavík, þekkjum vanda umferðarinnar þar sem þúsundir skólabarna eru á ferli í svartasta skammdeginu. Oft og tíðum hagar svo til að börnin verða að fara yfir fjölfarnar umferðargötur þar sem slysagildrur eru á öðru hverju götuhorni. Það er að vísu ekki hlutverk Alþingis að fjalla um það mál út af fyrir sig þó að hugsanlegt sé að einhverjar almennar reglur yrðu settar um gangbrautir í grennd við skóla og í grennd við stoppistöðvar strætisvagna sem skólabörn nota mjög mikið. Ég veit það af reynslu hér úr Vesturbænum að þar þurfa börn, sem koma t. d. sunnan úr Skerjafirði og eru að fara annaðhvort í Melaskóla eða síðan unglingarnir í Hagaskóla, að fara yfir Suðurgötuna með tvöfaldri akrein og gífurlegri umferð einmitt á þeim tíma sem börnin eru á leið í skólann og heim úr skóla. Ég vil aðeins undirstrika þetta og að allt, sem unnt er að gera til að tryggja öryggi barna og unglinga í umferðinni, er af hinu góða. Ég vil beina því til réttra aðila hvort ekki væri unnt að fá til stuðnings bæjaryfirvöldum á hverjum stað einhvers konar almennar reglur um frágang á gangbrautum og stoppistöðvum í grennd við skóla sem skólabörn nota mikið.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur um alllangt skeið staðið yfir endurskoðun umferðarlaga. Það mál er svo langt komið nú að frv. að nýjum lögum er fullprentað og verður væntanlega lagt hér fram á Alþingi á morgun. Ég mun því ekki ræða efnislega það sem í þessu frv. felst, en láta í ljós ánægju mína yfir þeim áhuga sem hv. þdm. hafa á umferðarmálum og því að reyna að færa það til betri vegar sem stuðla má að bættri umferð. Það er jákvætt að þessi mál hafa verið skoðuð svo ítarlega hér í deildinni áður og ætti að greiða fyrir því að hægt væri að afgreiða fyrr hið endurskoðaða frv. til umferðarlaga sem ég vænti að hægt verði að afgreiða á þessu þingi þar sem alllangur tími er til stefnu og þá sérstaklega með tilliti til þess hvað þessi mál hafa verið athuguð vel hér áður.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég átti sæti hér á Alþingi í fyrra þegar þetta frv. var til umr. og hafði þá vissar efasemdir um að til bóta væri að hafa ljós á bifreiðum allt árið um kring, það mundi vera hæpið að farið yrði eftir þeirri lagasetningu. Ég hef hugsað töluvert um þetta síðan ég átti hér sæti í fyrra. Ég hef tekið nokkrum sinnaskiptum í þessu. Ég held að þetta frv. sé til bóta og ég styð það eins og það er úr garði gert og ég held að það líði ekki á löngu áður en það verði gengið enn lengra.

Ég vildi láta þessi sinnaskipti mín koma fram. Mér finnst engin skömm að því að skipta um skoðun á þessum málum við nánari athugun.

En ég vil líka eindregið taka undir það, sem hefur komið fram um niðurlag 3. gr., að það þyrfti að kveða skýrar á með alls konar önnur tæki sem eru á ferðinni úti á vegum, t. d. vinnuvélar og slík tæki. Af þeim stafar ekki minni hætta en af bifreiðum og bifhjólum. Ég held að það væri mjög til bóta og vildi beina því til þeirrar n. sem um þetta fjallar og taka undir þær skoðanir sem hafa komið hér fram um þetta atriði.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Þetta frv. er nú aftur á okkar borðum. Ég tel til bóta að ljósaskylda yrði

aðeins yfir vetrartímann. Ég lít ekki á lagasetningu sem neina allsherjarlausn. Aðalatriðið finnst mér fyrst og fremst áróður og kynning á því öryggi sem hlýst af því að hafa tendruð ljós á bílum. Ég er alltaf svolítið hrædd við að setja lög um boð og bönn án þess að fólk sé tilbúið að kyngja því að slíkt sé nauðsyn. Við kynntumst þessu varðandi bílbeltin. Það tekur vissan tíma að meðtaka öryggið sem þau óneitanlega veita. Ég keyri mjög mikið um landið og ég sé gífurlegan mun á því hvað bílstjórar eru nú farnir að nota ljósin mikið. Ég óttast ekki, þó að enginn fái sekt, að ljós verði ekki notuð í miklum mæli yfir sumartímann. Það er aðalatriðið.

Ég mun ekki greiða atkv. gegn þessu frv., en bendi á að áróður og skilningur manna á mikilvægi þess að aka með ljósum er atriði númer eitt. Eins vil ég taka undir að ljósaskyldan verði að taka til allra ökutækja og, eins og hefur verið bent hér á, vinnuvélar ekki síst. Slík ökutæki eru ekki eins hraðskreið og bílar og því getur hlotist af mikil hætta ef þau sjást ekki í tíma.

Eins vil ég fagna því að hæstv. dómsmrh. boðaði hér endurskoðun á umferðarlögum, en tel samt sem áður að það komi ekki þessu frv. beint við og ekki þurfi að geyma þetta frv. þar til endurskoðunarfrv. yrði afgreitt. Ég veit að vísu ekki hversu flókið frv. það er eða hversu mörgum atriðum á að breyta, en ég er alveg sannfærð um að það þarf ítarlega skoðun og umfjöllun hér á þingi og því ætti ekki að draga afgreiðslu þessa máls. En ég held að n. ætti að athuga mjög vandlega hvort rétt er að beita sektarákvæðum strax.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hv. þdm. fyrir góðar undirtektir undir þetta frv., jákvæðar undirtektir, og einnig hæstv. dómsmrh. fyrir að upplýsa að nú eigum við von á að heildarendurskoðun umferðarlaganna sjái dagsins ljós á hv. Alþingi með framlagningu frv. í þeim efnum, jafnvel á morgun.

Ég vil taka undir það, sem hv. 8. landsk. þm. sagði einmitt í lok sinnar ræðu, að e. t. v. sé ekki ástæða til að láta þessi atriði varðandi umferðarlögin bíða ef það kemur í ljós að umfangsmikið mál sé að endurskoða heildarlöggjöfina eða ræða frv. sem verður lagt fram, en mér finnst sjálfsagt að skoða þessi mál samhliða og sjá síðan til hvað skynsamlegast er að gera í þeim efnum. Ég get tekið undir það strax að ef hægt er að koma því í kring er sjálfsagt að heildarlöggjöfin nái fram að ganga á þessu hv. þingi.

Það kom einnig fram í máli hv. 8. landsk. þm., sem ég fagna sérstaklega að hefur að vissu marki tekið sinnaskiptum í þessu máli eins og hv. 4. þm. Austurl. upplýsti að hann hefði gert frá því á síðasta ári og það var einmitt mergurinn málsins, að hún sagðist hafa tekið eftir því að ljósanotkun hefði aukist mikið eftir að hún fór að aka mikið um þjóðvegina. Það er einmitt það sem málið snýst um.

Strax eftir að þetta frv. var upphaflega lagt fram, þ. e. þegar ég lagði fram frv. á 105. löggjafarþingi þar sem það fékk nokkra umfjöllun og var gagnrýnt af mörgum, sérstaklega í fjölmiðlum, fór að bera á vaxandi ljósanotkun. Menn fóru að veita þessu eftirtekt og það skapaði umræður. Síðan hefur þetta verið að þróast í rétta átt og ljósanotkun aukist mjög mikið, góðu heilli. Ég held að það staðfesti einmitt að verið sé að stefna í rétta átt.

Hv. 3. þm. Vesturl. gat þess að eins og frv. væri lagt fram núna væri það í þá veru sem hann hefði lagt til í brtt. við afgreiðslu frv. héðan úr Ed. á síðasta þingi. Það er alveg rétt. Þetta er þó ekki gert vegna þess að ég sé þeirrar skoðunar að rangt hafi verið að staðið með því að ganga svo langt að segja að nota ætti ökuljós allan sólarhringinn allan ársins hring, heldur er það af tillitssemi við þá sem eru ekki enn þá alveg tilbúnir að aðlaga sig þessu hlutverki, eins og ég sagði í ræðu minni áðan. (Gripið fram í.) Já, að kveikja alltaf ljósin. Þeir fá þá aðlögunartíma. Ég er sannfærð um að ef þetta frv. nær fram að ganga líður ekki á löngu áður en það verður jafnvel orðin algeng venja að nota ljósin að sumrinu til. Jafnvel á fögrum sólskinsdegi eins og í dag, er sama þörfin fyrir ljósanotkun, sérstaklega hér í þéttbýlinu varðandi gangandi vegfarendur.

Ég man eftir því að við ræddum nokkuð um skólabifreiðarnar, hvort e. t. v. væri hættulegt að ganga svo langt, sem greinin gerir ráð fyrir, að um yrði að ræða algera stöðvunarskyldu. Ég vil gjarnan upplýsa hér að það var einmitt af þeim ástæðum að ég skýrði frá því að ég vildi skoða það mál betur að ég fékk bréfið sem ég las upp áðan. Það gerði að verkum að ég sá að hér var verið að fara rétta leið, að það væri um að ræða stöðvun en ekki að gæta varúðar og menn ættu að ákveða sjálfir hvort þeir stöðvuðu bifreiðina eða hægðu á sér eða hvenær þeir stöðvuðu. Þetta var ástæðan. Ég vildi gjarnan láta það koma hér fram.

Ég er alveg sammála því að sjálfsagt er að skoða niðurlag 3. gr. nánar. Ég má segja að niðulag hennar sé í samræmi við gildandi lög. En ég er alveg sammála aths. þetta varðandi og mér finnst sjálfsagt að n. skoði það og geri brtt. ef ástæða þykir til að því leyti.

En ég vil leggja áherslu á að ef þetta mál nær fram að ganga, þá tel ég að þarna sé hálfur sigur unninn og þá hefur okkur miðað nokkuð langt áleiðis. Ég vil að lokum segja að þetta frv. byggist á tillitssemi við náungann í einu og öllu og þannig eru flm. sjálfum sér samkvæmir og koma til móts við sjónarmið þeirra sem enn hafa ekki sannfærst um notkun ökuljósa, jafnvel í fögru sólskinsveðri eins og í dag, og vilja þess vegna leyfa þeim að ráða því hvað þeir gera á slíkum dögum á tímabilinu frá 1. maí til 1. sept.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni þakka tillitssemi flm. frv. við mig að þeir skyldu breyta frv. í þá veru sem ég óskaði eftir af því að ég er ekki kominn nógu langt á þroskabrautinni, eins og ég segi sjálfur, í þeim efnum. Við skulum öll vona að það komi það besta út úr þessu, en ég er ekki kominn lengra á þeirri þroskabraut enn þá en svo að ég sé ekki annað en það verði meiri og minni brögð að því, einkum í þéttbýlinu, t. d. hér í Reykjavík, á svona dögum eins og í dag, að menn kveiki ekki ökuljósin. Hins vegar er ég sammála því að úti á vegum er mun meira ekið með ljósum en áður. Það er auðvitað áróðri að þakka að það er gert og því verður ekki breytt. Ég segi að sem betur fer má aka þar með ljósum. Þó að gildandi lög segi að það skuli gerast við viss birtuskilyrði eru flestir farnir að gera þetta og er það af hinu góða. En það á allt annað við þegar við keyrum á vegum úti á landsbyggðinni, í ryki og eftir hæðóttum vegum, en hér í þéttbýlinu. Þar geta ljósin frekar ruglað heldur en hitt. Ég er þetta langt á eftir í þroskanum að ég sé ekki að þörf sé á að

lögbinda svo stranga ljósaskyldu í mesta þéttbýlinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 453). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

Í maímánuði 1982 kaus Alþingi sjö manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu í samræmi við ályktun Alþingis frá 18. febr. 1982. Í nefndinni voru kjörnir Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, Friðrik Sophusson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður ráðh., Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur. Nefndin kaus Friðrik Sophusson formann og Guðmund Bjarnason varaformann. Guðjón Petersen framkvæmdastjóri almannavarnaráðs var ráðinn ritari nefndarinnar.

Nefnd þessi skilaði ítarlegu áliti og tillögum í aprílmánuði s. l. Frv. það um breytingu á lögum um almannavarnir, sem hér liggur fyrir, er flutt á grundvelli tillagna nefndarinnar en nál. í heild sinni er prentað sem fylgiskjal með frv. Vil ég leyfa mér að færa nefndarmönnum þakkir fyrir vel unnið starf. Áður en vikið er að efni frv. er rétt að víkja nokkrum orðum að heildartillögum nefndarinnar en þeim má skipta í nokkra afmarkaða þætti.

Í fyrsta lagi eru tillögur um breytingu á lögum um almannavarnir og um setningu reglugerðar um öryggisbyrgi.

Í öðru lagi er áætlun um eflingu almannavarna sem ætlað er að hrinda í framkvæmd á næstu 10 árum.

Í þriðja lagi eru tillögur um aðgerðir á sviði almannavarna, löggæslu og hagvarna, ásamt tillögum um athuganir á uppbyggingu stjórnsýslu, viðbúnaðar, heilbrigðisviðbúnaðar og upplýsinga- og fræðsluviðbúnaðar á tímum hamfara.

Fram kemur í nál. að nefndin átti viðræðufundi með fjölmörgum aðilum, þ. á m. almannavarnaráði og fulltrúum almannavarnanefnda og björgunar- og hjálparsveita.

Enn fremur átti nefndin fund með yfirmönnum almannavarna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er héldu fund hér á landi. Með nál. fylgja sérstakar grg. m. a. um allsherjarvarnir og um almannavarnir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Að því er varðar lög um almannavarnir lagði nefndin fram frv. að nýjum lögum um almannavarnir sem byggja á gildandi lögum um það efni frá 1962 með breytingum frá 1967 og 1979. Helstu brtt. nefndarinnar að því er varðar lög um almannavarnir eru þessar:

Verkaskipting ríkis- og sveitarfélaga verði skýrari og ábyrgð á almannavörnum verði skipt skv. verkefnum. Ekki verði um kostnaðarskiptingu að ræða á milli ríkis og sveitarfélaga um sama verkefni nema að því er varðar opinber öryggisbyrgi. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga, sem hafa samstarf um almannavarnir, verði skv. íbúatölu.

Ekki náðist samstaða um skipan almannavarnanefnda í héraði. Í megintexta er þó sett fram till. sem mest fylgi hlaut í nefndinni og er þar gert ráð fyrir því að lögreglustjóri sé formaður nefndarinnar en aðrar till. koma fram í skýringum. Sams konar ákvæði og nú gildir í Reykjavík verði tekið upp í lögum um skipun almannavarnanefnda á öllu landinu. Gefst sveitarstjórnum með því möguleiki á að skipa áhugamenn um björgunar- og líknarstörf í almannavarnanefndir.

Aukið verði við verkefni almannavarnaráðs málaflokkum á sviði almannavarna sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í núgildandi lögum. Þessir málaflokkar eru:

1) Athugun og mat á hættu vegna náttúruhamfara og hernaðar.

2) Rekstur viðvörunarkerfa.

3) Almannavarnir vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana.

4) Söfnun neyðarbirgða og tæknibúnaðar.

5) Aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á sviði almannavarna.

6) Umboð Almannavarnaráðs verði rýmkað til skyndiráðstafana á hættutímum.

Lágmarkskröfur um viðbúnað á sviði almannavarna verði settar með reglugerð svo tryggt verði að sveitarstjórnir hugi að og sinni viðbúnaði gegn vá.

Loks er lagt til að í lögin verði settur nýr kafli um hagvarnir og hagvarnaráð.

Frv., sem hér liggur fyrir, byggir á tillögum þingkjörnu nefndarinnar. Er frv. flutt sem brtt. við gildandi lög. Í frv. eru ekki teknar með breytingar í 3., 7. og 20. gr. laganna sem nefndin gerði tillögur um, en þar var gert ráð fyrir því að almannavarnaráð tæki ákvarðanir um atriði sem nú eru í höndum ríkisstj. eða ráðh. Ákvarðanir skv. 3. gr. laga varða setningu fyrirmæla um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum sem almenningur hefur aðgang að. Ákvarðanir skv. 20. gr. varða fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði. Varða þessi atriði grundvallarréttindi borgaranna sem eðlilegt er að þeir, sem bera pólitíska ábyrgð, taki ákvörðun um en ekki embættismenn. Hér ber þó að hafa í huga að lögreglustjórar, sem jafnframt fara með stjórn almannavarna, hafa í krafti síns embættis víðtækar heimildir til að gera til bráðabirgða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi borgaranna. Geta þeir í því sambandi leitað álits almannavarnaráðs og ráðh. þar til ákvörðun ríkisstj. liggur fyrir.

Frv. gerir því ekki ráð fyrir breytingu á ákvarðanatöku um þessi atriði. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að vegna breytinga á ákvæðum þessum er eðlilegt að almannavarnaráð undirbúi tillögur og geri áætlanir er auðveldi og flýti ákvörðun um þessi atriði. Ákvarðanir um þessi atriði varða ekki einungis setningu fyrirmæla heldur og brottfall þeirra.

Ég hef hér rakið helstu brtt. skv. frumvarpsdrögum þingkjörnu nefndarinnar og að hvaða marki þær eru

ekki teknar inn í frv. það sem hér er til umr. Ég tel ekki ástæðu til að víkja að einstökum brtt. skv. frv. eða skýringum við þær. Er grein gerð fyrir þeim í grg. með tillögum nefndarinnar sem og í athugasemdum við frv.

Ég tel þó rétt að taka fram að í 5. gr. frv. er lagt til að almannavarnanefndir kjósi sér sjálfar formann. Í tillögum þingkjörnu nefndarinnar komu fram mismunandi sjónarmið um það hvernig formennsku skyldi varið. Var það ýmist óbreytt skipan með borgarstjóra, bæjarstjóra og oddvita sem formann, formennsku í höndum lögreglustjóra sem að öðru leyti fer með stjórn almannavarna og loks sú skipan að nefndin kjósi sér sjálf formann. Rök má færa fyrir formennsku hvort heldur er í höndum framkvæmdastjóra sveitarfélags eða oddvita eða í höndum lögreglustjóra. Ég hef hallast að því að lögbinda ekki formennskuna enda geta mismunandi sjónarmið átt við í hinum ýmsu umdæmum og því sé eðlilegt að nefndirnar kjósi sér sjálfar formann.

Að því er varðar ákvæði 9. gr. frv., þ. e. kaflans um hagvarnir og hagvarnaráð sem forsrh. er ætlað að skipa, þá er það algjörlega byggt á tillögum nefndarinnar. Ég tel þó ástæðu til að þingnefnd hugi betur að því hvort eigi að skipa þeim málum með einfaldari hætti en að leggja þau undir jafnfjölmennt ráð, 15 manna, að óbreyttri löggjöf um stjórnarráð. Enn fremur tel ég æskilegt að nefndin, sem fær þetta til meðferðar, athugi þetta atriði frá öllum sjónarmiðum þar sem þarna er um mikilvægt mál að ræða. Það hefur verið stefna t. d. þjóða í kringum okkur að reyna að vera sjálfum sér nægar um matvæli og matvælaframleiðslu í eins ríkum mæli og kostur er og hljótum við að taka það til athugunar og önnur atriði þessara tillagna.

Í 11. gr. frv. er fjallað um breyttar reglur um greiðslu kostnaðar af ráðstöfunum til almannavarna þannig að kostnaður af verkefnum, sem undir ríkisvaldið falla, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði en sveitarstjórnir beri að öllu leyti kostnað vegna almannavarna í héraði, þó svo að ríkissjóður beri ⅔ hluta kostnaðar vegna bygginga og reksturs opinberra öryggisbyrgja.

Með þessu er stefnt að skýrari kostnaðarskiptingu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Leitað hefur verið umsagnar fjárlaga- og hagsýslustofnunar að því er varðar kostnað. Er í umsögn stofnunarinnar bent á að eðlilegt sé að kostnaður vegna sjúkrahúsa og sjúkrastofnana skiptist skv. lögum um heilbrigðisþjónustu og almannatryggingar. Er bent á að erfitt sé að afmarka rekstur og birgðahald og greiða hluta kostnaðar skv. einum lögum en annan hluta skv. öðrum. Er bent á að ef um náttúruhamfarir eða annað slíkt yrði að ræða, sem yrði ofvaxið stofnun að greiða af venjulegum rekstri, mætti gera sérstakar ráðstafanir, en birgðakaup og almennur undirbúningur vegna hugsanlegrar hættu ætti að vera hluti af daglegum rekstri og greiðast skv. því. Er rétt að þm. kanni nánar þessar ábendingar.

Í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar er talið að í heild sé um að ræða flutning kostnaðar frá sveitarfélögum til ríkissjóðs. Erfitt sé þó að meta kostnaðarauka ríkissjóðs, en kostnaðarmestu liðirnir falla á ríkissjóð, t. d. viðvörunarkerfið. Þá er ríkissjóði ætlað að bera kostnað vegna nýmæla um hagvarnir og sérhæfðar birgðir.

Herra forseti. Ég hef nú rakið í nokkrum atriðum þær tillögur sem felast í frv. því til laga um breytingu á lögum um almannavarnir sem hér liggur fyrir. Segja má að efni þeirra sé annars vegar að styrkja stöðu almannavarnaráðs og hins vegar að kveða skýrar á um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er varðar verkefni og fjárhagslega ábyrgð.

En lög mynda eigi nema ramma um það verkefni sem fást skal við. Þetta gerði þingkjörna nefndin sér ljóst. Nefndin lagði því fram áætlun um eflingu almannavarna og náði hún til 10 ára tímabils. Varðar áætlunin bæði almannavarnir ríkisins og sveitarfélaga. Að því er ríkisþáttinn varðar er um að ræða aukningu á skrifstofuhúsnæði Almannavarna ríkisins, aukinn mannafla á skrifstofu, eflingu tækjabúnaðar, ýmiss konar fræðslustarf með námskeiðahaldi fyrir leiðbeinendur, yfirmenn og liðsmenn stofnana og félagasamtaka, viðhald skipulags almannavarna og umsjón með almannavarnanefndum, aukningu rekstrar- og viðhaldsfjár til að mæta þessum kostnaði og yfirtöku verkefna. Þá leggur nefndin til að settar verði reglur um öryggisbyrgi skv. heimild í lögum en gerir þó tillögu um skipan nefndar almannavarnaráði til ráðuneytis um endurskoðun á áætlunum um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna.

Að því er varðar almannavarnir sveitarfélaga er um eftirtaldar tillögur að ræða:

1. Markviss uppbygging verði hafin á skipun hjálparliðs á einstökum almannavarnasvæðum í samvinnu við starfandi björgunar- og líknarfélög í sveitarfélögunum, en í helstu þéttbýliskjörnum landsins nægir fjöldi félagsmanna í björgunar- og líknarfélögum ekki til að fylla nauðsynlega tölu hjálparliðs.

2. Almannavarnir sveitarfélaga hefji reglubundin þjálfunarnámskeið í héraði fyrir hjálparlið skv. skipulagi almannavarnaráðs um þjálfun og fræðslu.

3. Hafin verði kerfisbundin söfnun og uppbygging búnaðar og tækja fyrir hjálparlið almannavarna í héruðum.

4. Almannavarnanefndir leiti samstarfs við lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir um sameiginlegar stjórnstöðvar þessara aðila til neyðaraðgerða.

Þessar tillögur sem eru til frekari athugunar hjá almannavarnaráði, er nauðsynlegt að þingnefnd kynni sér náið því þær varða m. a. þátt fjárveitingavaldsins í eflingu almannavarna. Sama er og um annan viðbúnað á sviði allsherjarvarna sem svo eru nefndar og um er fjallað í áliti nefndarinnar og varðar stjórnsýsluviðbúnað, upplýsinga- og fræðsluviðbúnað, heilbrigðis- og hollustuviðbúnað og hagvarnir. Eru þetta allt þýðingarmiklir þættir er varða öryggi ríkis og borgara, en varða ekki almannavarnir í hefðbundnum skilningi. Snerta þessi atriði flesta þætti stjórnsýslu okkar.

Herra forseti. Almannavarnir varða öryggi almennings. Almannavörnum er ætlað að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum náttúruhamfara, hernaðaraðgerða eða af annarri vá og veita líkn og aðstoð vegna tjóns sem orðið hefur. Ég fullyrði að á undanförnum árum hafa almannavarnir í landinu áunnið sér í vaxandi mæli traust og tiltrú fólksins. Almannavarnir hafa eflst vegna verkefna í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og í Mývatnssveit, svo nokkur dæmi séu nefnd. Það má segja að með lagabreytingu árið 1967 hafi yfirbragði almannavarna verið breytt en þá voru náttúruhamfarir tilgreindar sérstaklega sem fast viðfangsefni almanna-

varna. Nauðsyn ber þó til að efla þessa starfsemi frekar svo að hún geti fengist við hver þau vandamál sem upp koma hverju sinni. Að því miðar frv. það sem hér liggur fyrir.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hér hefur verið lagt fyrir gríðarmikið plagg með fskj. og ýmsum ályktunum þeirrar nefndar sem vann að málinu. Ég vildi vekja athygli hv. þm. og um leið þeirrar nefndar, sem um málið á að fjalla, á nokkrum atriðum í þessu viðamikla plaggi. Það er fyrst á bls. 12. Þar stendur, með leyfi forseta, í kafla um reglugerðir 2.1.3:

„Nefndin leggur fram tillögur að reglum um loftvarnabyrgi og öryggisbyrgi fyrir fólk að leita skjóls í undan loftárásum, skotárásum og geislavirku úrfalli í hernaði. Reglurnar kveða á um skyldur húsbyggjenda, sveitarfélaga og ríkis um gerð þeirra.

Rétt er að geta þess að meðal erlendra sérfræðinga eru uppi mismunandi viðhorf um gildi öryggisbyrgja í kjarnorkustyrjöld. Því leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga, almannavarnaráði til ráðuneytis, um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna."

Á bls. 28 í grein 3.2.3. stendur: „Nefndinni er kunnugt um að skiptar skoðanir eru á gildi öryggisbyrgja og fólksflutningaáætlana sem viðbúnaði gegn vá af völdum kjarnavopna. Því leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga, almannavarnaráði til ráðuneytis, um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna. Almannavarnaráð leggi síðan endurskoðaða áætlun fyrir ríkisstj. til frekari ákvörðunar."

Af þessu tilefni vildi ég leggja til að það yrði Alþingi sem þessi endurskoðaða áætlun yrði lögð fyrir, þegar til kæmi, til frekari ákvörðunar en ekki ríkisstj.

Ég vil síðan að lokum beina athygli hv. þm. að bókun og séráliti og öllu því sem eftir fer frá bls. 59 og út til loka þessa plaggs, en sérstaklega að bls. 62 — og ég vitna, með leyfi forseta, í bréf frá Guðjóni Magnússyni sem nú gegnir embætti landlæknis, en þar stendur:

„Í ríkjum þar sem búast má við kjarnorkuárás er alger samstaða meðal læknahópa sem kynnt hafa sér kosti og galla skýla að þau séu lítils virði og líklega verri kostur en enginn. Rökin eru m. a. þau að skýli ali á falskri öryggiskennd, við sprengingu í nágrenni skýlis veiti skýli mjög takmarkaða vörn og því ekki skynsamlegt að leggja áherslu á fjölgun þeirra né að búa þau vistum."

Ég vona að hv. þm. hafi veitt þessu athygli.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram og mælt fyrir því frv. sem hér er til umr. Það er frá því að segja að sá sem hér stendur var form. þeirrar nefndar sem á sínum tíma vann að breytingum á lögum um Almannavarnir ríkisins. Eins og kemur fram í fskj. þessa frv. vann nefndin að þessu starfi skv. þáltill. sem samþykkt var einróma á hv. Alþingi. Erindi nefndarinnar var fyrst og fremst að vinna að eflingu almannavarna. Nefndin skilaði áliti sem var á þann veg að gert var ráð fyrir að sett yrðu ný lög um almannavarnir og það skýrir það hvernig á því stendur að allt önnur greinaröð er í till. nefndarinnar en koma fram í frv. hæstv. ríkisstj., en frv. ríkisstj. er frv. til breytingar á lögum frá 1962 um almannavarnir. Nefndin skilaði enn fremur till. um önnur atriði þ. á m. um þróun og fjárhagsáætlun fyrir almannavarnir næstu árin, eða allt til ársins 1995, þ. e. 10 ára áætlun. Að auki skilaði nefndin inn hugmyndum sínum um önnur atriði, drög að reglugerðum. Enn fremur kom frá nefndinni hugmynd um það að sett yrði á laggirnar nefnd sú sem hv. síðasti ræðumaður minntist á.

Ég þarf ekki, herra forseti, að fara mörgum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir, né heldur að gera grein fyrir störfum nefndarinnar. Það er gert mjög ítarlega í fskj. með frv. En ég tel þó ástæðu til að benda á að till. nefndarinnar, sem vann að þessu frv., var sú að sett yrði ráðgjafarnefnd, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á í sinni ræðu, og sú nefnd átti að vera almannavarnaráði til ráðgjafar eða ráðuneytis um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna. Á sínum tíma var gerð ítarleg könnun á þessum málum hérlendis, en síðan hefur það starf legið niðri. Það er ekki gert ráð fyrir því að þessi nefnd skili till. sínum til Alþingis eða ríkisstj., heldur verði almannavarnaráði til ráðuneytis. En auðvitað er það sjálfsagt og eðlilegt að alþm. hafi aðgang að hugmyndum og ráðgjöf þessarar nefndar sem væntanlega verður komið á laggirnar.

Þau atriði sem hv. síðasti ræðumaður drap á og snerta þýðingar Ásmundar Ásmundssonar, sem var einn nefndarmanna, og koma fram sem fskj. við nál. þeirrar nefndar sem þingið kaus á sínum tíma til að endurskoða lögin, eru auðvitað birtar hér á hans ábyrgð. Þetta eru þýðingar Ásmundar Ásmundssonar og má þó ekki skilja orð mín þannig að þar sé hallað máli.

Hitt er svo annað mál að það er alþekkt að uppi eru tvær kenningar, meginstefnur, er varða það hvort byggja eigi skýli til að verjast hernaðarvá, hvort heldur er um venjulegan hernað að ræða eða kjarnorkustríð. Langflestar þjóðir, þ. á m. Norðurlandaþjóðirnar og flestar aðrar Evrópuþjóðir, leggja mikið upp úr slíkum öryggisbyrgjum, en fyrst og fremst í Bandaríkjunum hefur borið á því að lítið sé gert úr byrgjum á borð við þau sem hér er um að ræða. Ástæðurnar eru tvenns konar. Í fyrsta lagi eru það aðilar sem halda því fram að lítið gagn sé í slíkum byrgjum og þau veiti falska öryggiskennd, en hins vegar er sú skoðun uppi, sem er mjög skyld þeirri sem ég var nú að lýsa, að það eigi fremur að leggja áherslu á virkar varnir, kjarnorkuvarnir, og þess vegna sé óþarfi að halda úti og byggja upp byrgi eins og lagt er til að gert verði hér á landi og gerist víðast í heiminum. M. ö. o., þær þjóðir, sem verja sig með kjarnorkuvopnum, t. d. Bandaríkjamenn, leggja fremur upp úr því að hægt sé að fæla aðrar þjóðir frá því að gera kjarnorkuárás á landið vegna þess að þeim verði svarað í sömu mynt og þess vegna sé verið að kasta peningum á glæ ef verið sé að byggja upp byrgi til þess að verja fólk fyrir hugsanlegri kjarnorkuárás.

Fyrir aðrar þjóðir, sérstaklega þó þær sem ekki hafa kjarnorkuvopn í landi sínu, gegnir allt öðru máli. Það kann að vera full ástæða til þess fyrir okkur og þjóðir í okkar nágrenni að huga að því að kjarnorkustríð getur brotist út þannig að sprengjur springi í mikilli fjarlægð frá landinu. Við slík skilyrði koma byrgi að fullum

notum að talið er. Hins vegar geta allir sagt sér sjálfir að ef um allsherjar stríð verður að ræða þar sem kjarnorkuvopn eru notuð er mjög ólíklegt að mannkyn eða annað líf á jörðinni lifi það af.

Þetta held ég, herra forseti, að þurfi að koma skýrt fram. Þetta kynnti nefndin sér á sínum tíma. Það er ljóst, eins og kemur fram í þeim ritum sem Ásmundur Ásmundsson hefur safnað og birt með nál. og þó sérstaklega sínum fyrirvara, að þau sjónarmið eru uppi í heiminum, þó sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem varnir eru með öðrum hætti en víðast annars staðar. Hins vegar hafa okkar nágrannaþjóðir, Evrópuþjóðir, t. a. m. Svíar, Svisslendingar o. fl., lagt gífurlegt kapp á að byggja upp kerfi sem grundvallast á því að hægt sé að skýla fólki sé um að ræða hernaðarárás og jafnvel þótt kjarnorkuvopnum sé beitt.

Þetta held ég, herra forseti, að þurfi að koma fram, ekki síst vegna þeirrar ræðu sem hv. síðasti ræðumaður flutti hér áðan.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég tel ekki ástæðu til þess að eyða tíma þingsins í rökræður um þetta. Það verður fjallað nánar um þetta mál í nefnd. Það eru bara tvö atriði. Hv. síðasti ræðumaður tók fram að það væru skiptar skoðanir um byggingu öryggisbyrgja í hernaði, þ. e. bæði hefðbundnum og kjarnorku. Það er algjör eðlismunur á svo kölluðum hefðbundnum hernaði og kjarnorkuhernaði. Það er grundvallar eðlismunur á þeim vopnum sem notuð eru. Og það er eitt atriði sem ég vildi vekja athygli hv. þm. á. Það eru niðurstöður veðurfræðinga og eðlisfræðinga og annarra vísindamanna sem hafa komið í ljós á s. l. einum til tveimur árum og menn eru sammála um austan hafs og vestan. Og þeim mun meira sammála þeim mun meira sem þeir hafa athugað málið. Þessar niðurstöður sýna að það þarf ekki nema lítinn hluta af þeim kjarnorkuvopnum sem til eru til þess að gera jörðina þannig að það er ekki búandi á henni. Hvorki inni í öryggisbyrgjum né utan þeirra, vegna þess að gróður og dýralíf eyðist. Og þau eyðast vegna þess að hitastig jarðarinnar fellur. Hitinn lækkar vegna þess að reykur frá sprengjunum byrgir sólu og varnar sólarljósinu frá því að komast til jarðarinnar. Ég mun með glöðu geði gefa hv. 2. þm. Reykv. margar greinar um þessi efni til þess að kynna sér. (**FrS:** Ég á nóg af greinum.) Þess vegna er það fjáraustur og þar að auki fáránlegt að ræða um byggingu slíkra skýla til að verjast kjarnorkuvá.

Ég er ekki að mótmæla byggingu annarra skýla, t. d. til þess að verjast náttúruhamförum, alls ekki.

Guðrún Helgadóttir: Ég vil aðeins koma hér í ræðustól til að fagna þessu framkomna frv. Ég held að það sé mjög til bóta. Hér hefur verið unnið vel og nefnd sú sem falið var að vinna að þessu frv. hefur lagt að baki mikla vinnu og fyrir það ber að þakka.

Ég vil þó fá, með leyfi forseta, að gera hér nokkrar athugasemdir. Það er þá fyrst hér í 4. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„7. gr. orðist svo: Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi.“

Ég er sammála því áliti Ásmundar Ásmundssonar verkfræðings, sem sat í nefndinni, að þarna væri eðlilegra að almannavarnir á hverjum stað fari með stjórn almannavarna og kjósi sér sjálfar formann. Ég sé ekki ástæðu til þess að það sé sjálfgefið að það skuli endilega vera lögreglustjóri.

Hér á bls. 12 og 13 í skýrslu þeirri sem nefndin lét frá sér fara og í eru till. af öllu tagi vil ég gera athugasemd við 2.1.3 þar sem að talað er einmitt um það sem hér var áðan verið að ræða: um öryggisbyrgi, loftvarnabyrgi og þess háttar. Ég tek undir það með hv. 3. landsk. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að ég tel illa farið með peninga ef Íslendingar ætla að fara að byggja yfir sig skýli fyrir kjarnorkuvá. Ég tek undir það sem hún sagði og tel ekki ástæðu til að endurtaka það, að þar verði litlu bjargað og ástæðulaust að eyða peningum í slíkt.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason og Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur hafa einnig skilað sérálíti hér um kafla 2.3 á bls. 13, þar sem talað er um allsherjarvarnir, eða það sem kallað er á erlendum tungumálum „total defence“. Ég er alveg sammála því að þetta orð ætti helst ekki að sjást, því að í þeim löndum þar sem her er felur þetta ævinlega í sér að almannavarnir og herinn vinna slíkar varnir saman. Ég held að við eigum að aðskilja það mjög ákveðið hvað herir gera og hvað almannavarnir og þeir sem að þeim vinna framkvæma. Ég held að við ættum ekki á nokkurn hátt að festa þetta tvennt saman. Og í sambandi við það, þá er á bls. — þetta er nú stórt og mikið plagg og erfitt að hafa það alveg í höfðinu — jú, hér á bls. 36 í kafla 4.6 er sagt: „Hins vegar er um að ræða upplýsingastöðvar til eftirlits með utanaðkomandi hættu svo sem vegna hernaðarátaka.“ Og svo segir: „Til að tryggja öryggi við starfrækslu þess þáttar almannavarnanna þarf í fyrsta lagi að koma á fót kerfi upplýsingamiðstöðva umhverfis landið og í öðru lagi þarf að tryggja upplýsingastreymi frá viðvörunarstöðvum Atlantshafsbandalagsins og varnarliðinu á Íslandi.“

Ég harma að sjá það í þskj. hér að við gerum einhverjar sérstakar kröfur til Atlantshafsbandalagsins eða herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Ég held að þarna verði Íslendingar að leita upplýsinga, hvar sem þær er að fá, og vildi óska þess að þetta hefði ekki sést þarna, og ég held að nm. sumir hafi verið sammála því. Að öðru leyti tel ég að hér hafi verið vel að verki staðið. Og þetta mál þarf auðvitað mjög ítarlega meðferð í nefnd.

Ég vil hins vegar nota tækifærið, úr því ég er komin hér í ræðustól, til að leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. hvers sé að vænta og hvenær sé að vænta frv. til varnar gegn snjóflóðum. Ef ég man rétt fullyrti ráðh. nýlega að það frv. væri á lokastigi. Þess vegna vil ég spyrja hvort vænta megi að það sjái dagsins ljós nú fljótlega á þessu þingi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hafa verið háð, að því er talið er, nokkuð á annað hundruð stríð í heiminum, sem betur fer mjög takmörkuð við ákveðin landsvæði. Eigi að síður verðum við að hafa það í huga að í þeim hafa fallið jafnmargir og féllu í síðari heimsstyrjöldinni.

Það er áætlað að í dag fari yfir 80% af því fjármagni, sem fer til hernaðarútgjalda, fyrst og fremst til venjulegrar vopnagerðar, ekki til kjarnorkuvopnagerðar. Enn í dag stendur því heiminum mikill stuggur af venjulegum vopnaburði, venjulegum vopnum, en ekki kjarnorkuvopnum. Sem betur fer hafa þau ekki verið

notuð í stríði síðan Bandaríkjamenn sendu sprengjur á borgirnar Nagasaki og Hiroshima í síðari heimsstyrjöldinni.

Það er alveg ljóst að það fer eftir styrk og stærð sprengjunnar sem springur hvort skýli hafa þýðingu. En það er alveg ljóst að ef magn er innan ákveðinna marka og ef sprengja springur í ákveðinni fjarlægð koma skýli að fullum notum. Þrátt fyrir nýjustu upplýsingar um kjarnorkuvetur og þær ráðstefnur sem haldnar hafa verið er það alveg ljóst að það fer fyrst og fremst eftir því magni sem springur. Þess vegna er spurningin, sem við stöndum frammi fyrir, sú: Ber okkur að auka okkar öryggi, halda uppi lágmarkstryggingu þrátt fyrir það að við vitum að svo kunni að fara að heimurinn tortímist í kjarnorkustríði?

Ef við hugsuðum þannig á öllum sviðum verðum við að gera upp við okkur í hverju einasta máli: Tekur það því fyrir okkur að gera þetta eða gera hitt ef óttinn er svo mikill í brjóstum okkar að við trúum því virkilega að til þess þurfi að koma að allsherjarstríð, allsherjar kjarnorkustríð tortími mannkyninu? Sem betur fer eru það langflestir sem eru það bjartsýnir að þeir ímynda sér að hægt sé að bjarga mannkyninu frá slíkri tortímingu. Sem betur fer eru það langflestir sem treysta því að forustumenn stórveldanna, sem hafa yfir þessum sprengjum að ráða, hafa í sér manndóm til að semja um að ekki eingöngu verði hætt framleiðslu á þessum vopnum, heldur og að þeim verði eytt og það verði bannað að hafa slík vopn í fórum sínum.

Samt sem áður vitum við það að svo auðvelt er orðið að smíða slíkar sprengjur að ávallt er hætta á því að þær lendi í höndum á mönnum sem misnota það. Þess vegna hlýtur það að vera eðlilegt þegar við útbúum okkur skýli eða gerum byrgi að við högum okkur eins og flestallar þjóðir gera sem ekki búa yfir kjarnorkuvopnum, ekki geta varið sig með kjarnorkuvopnum eða hótun um að beita kjarnorkuvopnum eins og sumar þjóðir gera, að við áttum okkur á því að byrgi geti í fyrsta lagi haft þýðingu fyrir venjulegt stríð og koma þar að fullum notum og það þarf tiltölulega litla viðbót til þess að þau komi að notum ef um eiturefni er að ræða sem notuð eru. Eða kjarnorkusprengjur springa, hvort sem það er í hernaði eða af slysni eða af öðrum ástæðum. Þar er þetta spurning um magn. Þetta er það sem við verðum að gera upp við okkur á hverjum tíma í þessum málum eins og svo mörgum öðrum.

Vík ég þá að máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Það er alveg rétt sem kemur fram hjá henni, það var ágreiningur í nefndinni um orðalag 7. gr. Nú hefur hæstv. dómsmrh. tekið af skarið í þeim efnum. Og ég læt hv. þingnefnd eftir að kynna sér hvaða sjónarmið komu fram í nefndinni og leituðum við reyndar fanga út fyrir nefndina, þ. á m. til Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hins vegar er ég henni ekki sammála hvað snertir allsherjarvarnir. Auðvitað er það svo þar sem um her er að ræða, að þar þýða allsherjarvarnir það að herinn er hluti af allsherjarvarnafyrirkomulagi ríkjanna. Eins og t. d. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. En það þýðir ekki það að til sams konar samstarfs þurfum við að grípa hér á landi. Og ég sé ekkert athugavert við það, á meðan við höfum gert varnarsamning við aðra þjóð um að verja okkar land, að þá sé hugsanlegt að það samstarf gangi út á það að þeir komi okkur til aðstoðar þegar um er að ræða varnir sem ekki eru í þrengstu merkingu kallaðar almannavarnir. Þetta höfum við gert, við höfum átt ágætis samstarf við þá. Þeir hafa lagt okkur til ýmiss konar tæki þegar um er að ræða vá sem er af náttúruhamförum. Ég sé ekkert athugavert við það að þetta sé gert og þá sé skýrt frá því nákvæmlega í hverju slíkt samstarf felst en ekki farið með þessi mál eins og þetta sé eitthvert algjört pukur og herinn, sem hér er á Miðnesheiði, sé eins konar lús á þjóðinni sem hún getur ekki þvegið af sér. (**GH:** En hún er það.) Það er minni hluti, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem telur að svo sé. Sá minni hluti ræður ekki hér og sá meiri hluti, sem hefur tekið þá ákvörðun að haga varnarmálum þjóðarinnar með þeim hætti sem nú viðgengst, ber auðvitað ábyrgð á því og ég tel enga ástæðu til að skammast sín fyrir það. Ég tel hins vegar fullkomlega eðlilegt að það samstarf, sem við eigum við varnarliðið, sé á almannavitorði, en það sé ekki verið að fara með það eins og þetta sé leyndarmál sem við skömmumst okkar fyrir.

Herra forseti. Ég vil enn á ný fagna því að þetta mál er hér til umr. og vænti þess að hv. þm. kynni sér mjög rækilega þau skjöl sem fylgja með frv. Ég held að það sé okkur öllum til heilla ef það tekst að afgreiða þetta frv. á yfirstandandi þingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu taka undir það að það er mjög æskilegt að þetta frv., sem hér er til umr., er lagt hér fram og það verður að reikna með því að Alþingi gefi sér tíma til að skoða þetta mál vandlega og afgreiða það sem lög. Ég vil aðeins vekja athygli á því hlutverki sem sveitarfélögin í landinu þurfa að taka á sig í sambandi við þetta mál. Mér finnst einnig rétt að vekja athygli á því að fskj. með þessu frv. er till. formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga á bls. 22. Það álit kemur inn á hlutverk sveitarfélaga sem hér hefur verið til umr. Mér finnst ástæða til að þingnefnd átti sig vel á því að tengja sveitarfélögin á réttan hátt við afgreiðslu þessa máls.

En tilefni þess að ég er kominn hér upp er aðeins til að svara fsp. sem hér kom fram frá hv. 10. landsk. þm. í sambandi við frv. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Ég skýrði frá því hér á þingi nýlega að frv. þetta væri væntanlegt. Nefndin, sem var skipuð til að gera slíkt frv., skilaði því fullbúnu 3. desember s. l. Málið hefur síðan verið hjá ríkisstj. og ég get upplýst það hér að það líða ekki margir dagar þangað til það verður lagt hér fram á hv. Alþingi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég gleymdi nú að þakka fyrir þetta ágæta plagg í byrjun. Það var ókurteisi af mér og ég vil gera það hér með. En ég get ómögulega látið hv. 2. þm. Reykv. komast frá umr. á þennan hátt. Að láta sér detta það í hug að það verði bara ein lítil kjarnorkusprenging ef af slíku verður. Þetta er allt undir sjálfvirkum ræsi- eða stýribúnaði, þannig að um leið og ein fer þá kemur önnur á móti. Og það eru sekúndubrot til umhugsunar. Þannig að jafnvel þó að menn vildu stöðva þá væri það líklega ekki hægt. Og þess vegna er ekki hægt að ráða magninu, því miður. Í öðru lagi þá finnst mér ekki hægt að vera að tala um að eyða fjármunum í svona barnalegar tálsýnir meðan við skerum niður og skerum niður og skerum niður til þess sem er miklu, miklu þarfara. Ég er alveg sammála hv. þm., það þarf að

byggja einhver byrgi. Við búum í landi sem getur hvenær sem er opnast undir fótum okkar. Og auðvitað þurfum við að verja okkur gegn náttúruhamförum, ég er alveg sammála. En að fara að eyða steinsteypu, mannafla og kostnaði í gríðarlega trausta og sterka veggi til að verjast kjarnorkuárás, mér finnst það bara barnaskapur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 atkv.

Verndun kaupmáttar, frv. 175. mál (þskj. 187). — Frh. 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég bjóst ekki við að það yrði mikið meiri umr. um þetta frv. en fram hafði farið þegar á þremur fundum þegar það gerðist að hv. 5. þm. Reykv. kvaddi sér hljóðs á síðasta fundi og gerði frv. þetta að umtalsefni. Einnig ræddi hann sérstaklega um stefnu og starf Alþb. á undanförnum árum og gerði það með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að svara þar nokkrum atriðum. Hann ræddi einnig um frv. sjálft, sem hér er á dagskrá, 175. mál., og tók hann undir mörg atriði þessa frv. sem mér sýnist að bendi til að af hans hálfu sé skilningur á nauðsyn þess að menn stilli sig saman um mótun efnahags- og atvinnumálastefnu gegn þeirri stjórnarstefnu sem nú er við lýði í landinu og hefur orsakað það misrétti og þau efnahagslegu vandamál sem hvarvetna blasa við.

Ég ætla ekki að haga máli mínu þannig að fara út í miklar árásir á hv. þm. eða málflutning hans þó að margt af því sem hann væri með gæfi fullt tilefni til þess að honum væri svarað af fullri hörku. Ég ætla að reyna að haga máli mínu þannig að koma að efnisatriðum frekar en við förum að iðka hérna pólitískar skylmingar. Sumir kynnu að segja að eðlilegast væri að við héldum áfram, ég og hv. þm., þar sem frá var horfið í æskulýðsnefnd Alþb. við undirbúning borgarstjórnarkosninganna 1966, þar sem við sátum hvor gegn öðrum og ræddum um hvernig best mætti efla veg Alþb., og ég er út af fyrir sig tilbúinn til að halda þeirri umr. áfram við hv. þm. Ég er viss um að í hjarta sínu sér hann dálítið eftir þeim félagsskap sem hann þar var í, en hann gefur ekki kost á því eins og sakir standa, hvað sem síðar verður. Hins vegar vil ég að gefnu tilefni leyfa mér að bjóða hann velkominn fyrir fram ef hann kynni að leita skjóls aftur þó ekki væri nema á vettvangi æskulýðsnefndarinnar sem við sátum saman í á Lindargötu 9 vorið 1966.

Hann vék að þáttum í efnahagsstjórn síðustu ára. Ég vil taka fram í eitt skipti fyrir öll í upphafi þessarar ræðu minnar að ég mun ekki fara að svara fyrir alla hluti í efnahagsstjórn síðustu tíu, fimmtán ár eða svo. Þar bera margir ábyrgð. Alþb. gerir það að nokkru leyti, aðrir flokkar að nokkru leyti, verkalýðshreyfingin að nokkru leyti, atvinnurekendasamtökin að nokkru, bankarnir að nokkru o. s. frv.

En ég vil fara orðum um þá þætti í máli hv. þm. sem mér fundust snúa að Alþb. Það sem hann ræddi fyrst var verðbólgan og verðbólgumet sem hann taldi að hefðu verið sett á þessum tíma. Hann vitnaði þar til Magnúsar Kjartanssonar og þess hvernig Magnús lýsti verðbólgunni sem gróðamyndunaraðferð braskaranna. Undir þau orð Magnúsar hef ég mjög oft tekið. Ég held að verðbólgan sé ákaflega hættuleg meinsemd, hún flytji til fjármuni í þjóðfélaginu í stórum stíl, hún rugli verðmætamat og skapi vandamál við stjórn efnahagslífsins. Deilan hefur aldrei verið um það hvort verðbólgan er góð eða vond í þessum efnum. Menn hafa verið sammála um að hún væri af hinu illa. Deilurnar hafa verið um það með hvaða hætti ætti að taka á verðbólgunni, hvaða aðferðir ætti að nota.

Í þeim efnum má segja að það hafi verið tvær aðalaðferðir sem menn hafa talað fyrir. Önnur er sú, sem núverandi ríkisstj. fylgdi í upphafi ferils síns, að beita leiftursóknarstefnu gegn verðbólgunni, leiftursóknarstefnu Sjálfstfl. sem Framsfl. tók svo að sér að framkvæma að nokkru leyti. Hin leiðin er sú að gera tilraun til að ná tökum á öllum þáttum efnahagslífsins svo að segja samhliða, leggja áherslu á víðtæka þjóðfélagslega samstöðu við það að kveða verðbólguvandann niður, við það að skera verðbólgutölurnar niður og vinna sig þannig út úr verðbólgunni. Við höfum reynslu af því hvernig þessar stefnur hafa gefist í framkvæmd. Við höfum reynslu af því að í upphafi tókst núverandi ríkisstj. að færa verðbólgutölur verulega niður, það er ekki nokkur vafi á því, með einhliða árás á kaupið, með því að banna vísitölubætur á laun. Ríkisstj. gerði ekkert annað til að kveða verðbólguna niður. Það er mjög auðvelt fyrir ríkisstj. að ná henni niður tölulega séð með þeim hætti, en það er mjög sársaukafullt fyrir almenning í landinu, yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, þ. e. launafólk og ellilífeyrisþega. Niðurstaðan verður líka sú að þegar fólk er búið að búa við lágt kaup um nokkurra mánaða skeið eða missera neita menn að hlýða lengur og gera uppreisn. Fólkið í landinu gerir uppreisn gegn þessari stefnu og menn neita að beygja sig undir þá kúgun sem í henni felst. Það verður efnt til vinnudeilna.

Því hefur verið haldið fram stundum af íhaldinu, aðallega hæstv. fjmrh., að það séu bara vondir kommúnistar sem skipuleggi vinnudeilur í þessu landi. Þetta er fullkomið rugl. Vinnudeilur eru til orðnar á vegum verkalýðsfélaganna í heild og í þeim eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Það segir sína sögu hvaða ár það eru sem tapast hafa flestir vinnudagar vegna verkfalla hér á landi. Hvaða ár ætli það séu? Það eru árin 1970, 1976 og 1984. Þessi ár eru öll með yfir 300 000 tapaða vinnudaga vegna vinnudeilna, vegna þess að stjórnvöld á þessum tíma hafa ráðist gegn samtökum launafólks af fullri hörku og ætlað að keyra verðbólguna niður, leysa efnahagsvandann einhliða á kostnað hins almenna launamanns. Þessi stefna er dauðadæmd. Alþfl. og Sjálfstfl. mistóku sig á þessari stefnu á árunum 1958—1971 og útkoman varð sú sem kom í ljós í kosningunum 1971. Framsfl. og Sjálfstfl. hafa síðan reynt að beita þessari stefnu, en hún er óframkvæmanleg. Það er ekki hægt að leysa efnahagsvandann í þessu þjóðfélagi í stríði við verkalýðshreyfinguna. Það er grundvallaratriði sem allir alþm. og ríkisstjórnir í þessu landi verða að fara að læra. Þess vegna var það sem þessi lausn á verðbólguvandanum, leiftursóknarlausn Framsfl. og Sjálfstfl., dugði ekki heldur. Verðbólgan spanar auðvitað af stað aftur. Verðbólgutölurnar þessa dagana bera þess glöggt vitni, eru 50—60%.

Önnur leið, sem hefur verið reynd í þessum efnum, er sú leið sem reynd var á árinu 1981 þegar stjórnvöld og aðrir horfðu fram á að verðbólgan færi að óbreyttu upp í 80%. Þá voru gerðar marghliða efnahagslegar ráðstafanir til að kveða verðbólguna niður og hún varð ekki 80%, eins og gert hafði verið ráð fyrir, heldur 40%. Á sama tíma hélst kaupmáttur launa uppi. Það gerðist vegna þess að það voru flestir þættir í efnahagskerfinu teknir með. Ég er sannfærður um að þó að þessi tilraun hafi hvergi verið nærri nóg og góð á árinu 1981, og kom þar margt til, þá hafi hún verið ein heiðarlegasta tilraunin sem gerð hefur verið til að taka á öllum þáttum efnahagslífsins í einu í því skyni að koma verðbólgunni niður.

Vandi okkar í síðustu ríkisstj. var margþættur, m. a. sá að við höfðum ekki meiri hluta í þinginu, m. a. ekki í Nd. Vandinn stafaði líka af því að Framsfl. var ekki tilbúinn til að gera neitt annað til að keyra niður verðbólguna en að lækka kaupið. Framsfl. sá aldrei neina aðra leið. Það mátti ekki taka á millilíðunum eða á innflutningsversluninni. Það mátti ekki taka á millilíðunum í landbúnaðinum. Það mátti hvergi hrófla við kerfinu — þessu kerfi sem framsókn og íhaldið hafa verið að byggja upp á síðustu áratugum. Framsókn var eins og varðhundur fyrir þetta kerfi í öllum tilvikum. Þess vegna var það sem verðbólgutölur urðu ekki lægri. Við vorum ekki tilbúin til að taka verðbólguna niður á kostnað launafólksins eingöngu. Alþb. er ekki flokkur sem situr í ríkisstj. upp á slík býti. Þetta verður að vera skýrt og er grundvallaratriði sem hv. 5. þm. Reykv. þarf að átta sig á.

Um hvað stóðu deilurnar í þjóðfélaginu á árunum 1971—1983? Hver var grunndeilan í öllu efnahagskerfinu? Um hvað var verið að deila? Það var verið að deila um hvernig arðinum er skipt af þjóðarbúinu, hvað launafólkið eigi að fá mikinn hlut. Með myndun vinstri stjórnarinnar 1971 hækkar kaupmáttur launa í kringum 20%. Allan þann tíma sem líður fram til 1983 er verið að takast á um það að halda kaupmættinum uppi. Það sem er svo sögulegt við myndun leiftursóknarstjórnar Steingríms Hermannssonar árið 1983 er að árangur verkalýðshreyfingarinnar er að engu gerður með því að taka vísitöluna úr sambandi. Þess vegna þýðir ekkert fyrir menn að tala um verðbólgutölurnar einar út af fyrir sig í þessu efni. Menn verða líka að spyrja: Hvernig var kaupmáttur launa á þessum tíma? Hvað höfðu menn fyrir sig að leggja? Staðan í þeim efnum er ljós. Kaupmáttur launa var á þessum tíma 20—30% hærri en hann er núna.

Formaður Alþfl. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti því yfir á s. l. þingi — ég ætla að herma það á hann — að það hafði verið skynsamlegt að taka vísitöluna úr sambandi. Hann hefur orðað það þannig aftur og aftur að það hafi í raun verið þannig að ríkisstj. hafi farið vel af stað. Það eru orðrétt ummæli hv. þm. En hvernig fór ríkisstj. vel af stað? Hún fór vel af stað með því að lækka kaupið um 20—30%. Ef hv. þm. er á þeirri skoðun að það hafi verið rétt að lækka kaupið um 20—30% þá á hann eftir að læra mjög mikilvæga lexíu í íslenskum stjórnmálum, sem sé að ríkisstj. sem reynir að stjórna landinu gegn verkalýðshreyfingunni getur ekki stjórnað landinu. Það er tilgangslaust að reyna slíkt.

Hafi hv. þm. gert sér vonir um að Alþb. hefði lært það, eins og hann orðaði það, og væri tilbúið til að taka þátt í að stjórna landinu gegn verkalýðshreyfingunni, þá skal ég segja það fyrir mína hönd og flokksins: Við höfum ekki lært það. Við viljum ekki stjórna landinu gegn verkalýðshreyfingunni vegna þess að við teljum það óframkvæmanlegt. Ef menn eru þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að taka vísitöluna úr sambandi, hvað átti fólkið þá að fá í kaup? Vill Alþfl. ekki gera svo vel og svara því? Hvaða kaup áttu menn að fá? Ég minni á að hv. þm. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., mótmælti í blöðum sérstaklega þessum ummælum hv. 5. þm. Reykv., taldi að Alþfl. hefði alls ekki verið inni á þessu. Er það kannske einkaskoðun núverandi formanns Alþfl. og Alþfl. hafi verið skiptur í þessu efni og hv. 5. þm. Reykv. róið einn á báti? Þá er mér rórra, satt að segja, ef svo er. En fróðlegt væri að fá svör við því.

Hins vegar er það rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. segir, að verðbólgan veldur gífurlegum fjármagnstilflutningum og vanda fyrir láglaunafólkið og sérstaklega þá sem hafa allra minnst handa á milli. Í þeim efnum vil ég minna á að í tíð síðustu ríkisstj. voru teknar ákvarðanir um margvíslegar endurbætur á félagslegri þjónustu til að koma til móts við þetta fólk. Það var ákvörðun okkar að snúa okkur sérstaklega að því að bæta kjör aldraða og kjör fatlaðra. Það var alveg ljóst að við urðum að velja þarna á milli. Og það var ákvörðunarefni okkar að bæta verkamannabústaðakerfið. Það er ljóst að með því að taka þá peninga sem fóru í málefni fatlaðra, aldraða og verkamannabústaðakerfið var hugsanlegt að auka eitthvað útlán úr Byggingarsjóði ríkisins. En stjórnmálamenn verða að velja. Þeir verða að ákveða forgangsröð. Það er þeirra skylda. Það þýðir ekkert fyrir þá að fleyta kerlingar á einhverjum vinsældalistum. Þeir verða að raða í forgangsröð eftir þeim fjármunum sem þeir hafa úr að spila.

Ég taldi og ég tel enn rétt að brýnast hafi verið að verja fatlaða, aldraða og lágtekjufólk sem kemst inn í verkamannabústaðakerfið fyrir þeirri verðbólgu sem óneitanlega var þarna um að ræða. En til viðbótar kemur að kaupmáttur launanna var — og það er grunnatriði — 20—30% hærri en hann er nú. Þá gat fólk betur byggt og borgað skuldir sínar en það getur gert í dag.

Hv. þm. Alþfl. fluttu haustið 1978 frv. á Alþingi um að það ætti að taka upp raunvexti sem hv. formaður Alþfl. kallar núna ránvexti. Það er gott hjá honum vegna þess að það er ránvaxtastefna sem hann er núna að berjast á móti og við erum sammála um. Hann telur ránvextina að vísu hærri en raunvextina. (Gripið fram í.) Já, já, já. Það er það sem hann er að tala um. Ég held að ránvaxtastefnan hafi byrjað með raunvaxtastefnunni. Það samhengi þurfa menn að horfa á. Hver var tilgangur Alþfl.-manna með frv. um raunvexti á sínum tíma? Hann var sá að reyna að draga úr verðbólgu og verðþenslu í þjóðfélaginu, koma í veg fyrir eignatilflutning út á ódýrt lánsfé o. s. frv. Niðurstaðan hefur orðið sú að raunvaxtastefnan hefur breyst í ránvaxtastefnu, allsherjar kapphlaup í þjóðfélaginu um sparifé undir trylltri forustu ríkissjóðs. Er nú svo komið að það er verið að flytja til, vegna raunvaxtastefnunnar alias ránvaxtastefnunnar, stórkostlega fjármuni í þjóðfélaginu þessa dagana. Útilokað er fyrir þá Alþfl.-menn að ætla að neita því að þeir eiga verulegan þátt í þessu upphafi hávaxtastefnunnar, ránvaxtastefnunnar hér á

landi. Kenningarnar um að t. d. útflutningsatvinnuvegirnir eigi að borga í öllum tilvikum einhverja raunvexti eru allrar athygli verðar. En ég segi: Hvaða ástæða er til að útflutningsvörubirgðir, sem fyrirtæki í útflutningi liggja með, skili svo og svo miklum raunvöxtum meðan birgðirnar liggja á tilteknum stað hér á landi og bíða þess að vera fluttar út? Ég held það sé algjör fjarstæða að gera kröfur til að útflutningsvörubirgðir skili viðbótarfjármagni einungis af því að þær bíða eftir að fara úr landinu. Ég get ekki skrifað upp á slíka vaxtastefnu fyrir mitt leyti. Ég held að slík vaxtastefna endi með því að fyrirtækin geta ekki borgað kaup. Þegar menn eru að tala um að borga þurfi vexti og raunvexti verða menn að gera sér grein fyrir því að verið er að þrengja svigrúm fyrirtækjanna til að borga kaup, það er meginatriði. Menn eru að velja á milli hvort fyrirtækið borgar kaup eða hvort fyrirtækið borgar fjármagnskostnað. Sá sem segir að fyrirtækið eigi að eyða meiru í vexti, meiru í fjármagnskostnað er að segja: Fyrirtækið á að borga lægra kaup vegna þess að menn nota ekki peningana til að borga með þeim bæði kaup og vexti.

Í ummælum hv. formanns Alþfl. kom m. a. fram að á undanförnum árum hafi frystihúsin og fyrirtækin verið rekin á núllgrundvelli og ekki fengið fjármagn til endurnýjunar. Þetta er ein spekin sem menn hafa étið hver upp eftir öðrum á undanförnum árum. Hver er þessi núllgrundvöllur sem menn eru að tala um? Það er eitthvert meðaltalsfrystihús sem er reiknað út inni við Rauðarárstíg. Meðaltalið er sett í kringum núll, sem þýðir að annar helmingurinn af frystihúsunum er fyrir ofan núllið og hinn helmingurinn er fyrir neðan núllið. Hér er það ekki þannig, eins og ætla mætti af þessu *núllgrundvallartali, að menn hafi verið að dæma öll* frystihús í landinu til rekstrartaps. Þvert á móti. Ég bendi á að í útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefur alltaf verið gert ráð fyrir að þar væru inni fjármunir til endurnýjunar, bæði á vélum og tækjum, í frystihúsunum. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir að þarna er um að ræða tiltekið meðaltal og oft og tíðum eru þessi meðaltöl meira og minna vitlaus. Meðaltalið má ekki verða eini vegvísir stjórnmálamanna í þessum efnum.

Hv. þm. segir í ræðu sinni að skjóttekin gróðastarfsemi, milliliðastarfsemi, innflutningsverslun, dreifing og þjónusta, hafi blómstrað á undanförnum árum. Það er rétt hjá honum, en það hefur hlaupið ofvöxtur í hana að undanförnu. Ég held að við höfum ekki staðið okkur nógu vel í því að halda aftur af þessari þenslu. Ég er fullkomlega sammála þm. um það. Og ég vona að hann sé sammála mér um að þenslan í þessari atvinnugrein á árunum 1960—1970 hafi verið langt umfram efni þjóðarinnar.

Ég kann hins vegar efnahagslega skýringu á þessari þenslu. Hún er fyrst og fremst sú að á þessum tíma dansaði þetta kerfi meira og minna stjórnlaust sem afleiðing af markaðsstefnunni sem var í gröfum dráttum tekin upp í íslenskum efnahagsmálum á árunum 1960—1970. Eftir að sú stefna hafði verið tekin upp, fríverslunarstefna innanlands og utan, var mjög erfitt – og er — að taka á þessu. Það tókst hins vegar að halda verðlagsákvæðum í gildi, tókst að halda aftur af vaxtahækkunum þangað til núverandi ríkisstj. tók við. Þá er allt gefið laust, bæði kostnaður við fjármagn, kostnaður við vöru og þjónustu og annað þess háttar.

Hv. þm. kom að því að það væri keppikefli fyrir Alþb. að vera í ríkisstj. Það er keppikefli fyrir Alþb. að hafa áhrif. Það er keppikefli fyrir Alþb. að koma fram stefnu sinni. En Alþb. hefur engan áhuga á því að fara í ríkisstj. nema til að hafa áhrif í samræmi við sína stefnu. Alþb. getur ekki gengið inn í ríkisstj. með svipuðum hætti og t. d. Framsfl. á árinu 1983 þar sem gjörsamlega allt er látið laust í upphafi stjórnartímans. Framsfl. fellur frá öllum sínum sjónarmiðum. En Framsfl. hefur áður hagað sér svona til að koma sér inn í ríkisstj. Ég ætla aðeins að nefna það seinna í ræðu minni hvernig Framsfl. hagaði sér í fyrsta stjórnarsamstarfinu við Alþfl. á árunum 1934—1938, í stjórn hinna vinnandi stétta þar sem Framsfl. féllst á kosningastefnuskrá Alþfl. eins og hún lagði sig og Alþýðublaðið lýsti því yfir að forustumenn Alþfl.: Þetta er okkar stjórn.— Framsfl. lýsti því aftur á móti yfir: Við höfum nú fyrirvara um þetta og fyrirvara um hitt. Hvernig endaði sú stjórn? Hún endaði með því að Framsfl. sveik þennan málefnasamning stjórnar hinna vinnandi stétta svo að segja eins og hann lagði sig. Og þegar kom að því að gera Kveldúlf upp á árinu 1937 gafst Framsfl. upp vegna þess að hann sá að ákveðin SÍS-fyrirtæki yrðu þá gerð upp líka. Þannig hefur bandalag þeirra flokka sem núna stjórna landinu alltaf verið. Þeir eru fulltrúar ákveðinna fyrirtækja og gróðahagsmuna í þessu landi. (**JBH:** Stemmir þetta við reynslu hv. ræðumanns af tuttugu ára samstarfi við SÍS-flokkinn?)

Nú kem ég aðeins að því, hv. þm., hvernig þessu samstarfi hefur verið háttað og hvernig samstarfið hefur verið við Framsfl. að því er okkur varðar. Ég ætla fyrst að rifja upp að sá flokkur sem hefur verið lengst í ríkisstjórn í sögu lýðveldisins, en það eru fjörutíu ár, er Alþfl., lengst samfellt í fimmtán ár. (**JBH:** Lengst samfellt?) Samfellt. Maður skyldi ætla að þessi flokkur hafi markað slík spor á hálfum öðrum áratug í löggjöf og efnahagsþróun landsins að þar yrði ekki mörgu snúið til verri vegar eftir að hann hefði skilið við skútuna. Framsfl. hefur núna setið lengst samfellt í stjórn í þrettán ár, þ. e. frá 1971. Það er reyndar komið á fjórtánda ár, frá 1971—1985. Sjálfstfl. hefur setið lengst samfellt í ríkisstj. í þrettán ár, frá 1958—1971. M. ö. o.: enginn flokkur hefur setið lengur samfellt við stjórnvöl þessa þjóðfélags en Alþfl. Frá þessum tíma, á árunum 1956—1971, má nefna ýmis dæmi um málefni sem ég er sannfærður um að Alþfl. er ekki ánægður með hvernig þróuðust. Ég er sannfærður um að Alþfl. skýrir það núna með því að hann hafi ekki verið nægilega sterkur í samstarfinu við íhaldið og ég er sannfærður um að Alþfl.-mennirnir á árunum 1937, 1938 og 1939 skýrðu mistökin í stjórn hinna vinnandi stétta með því að Alþfl. hafi ekki verið nógu sterkur og Framsfl. of sterkur.

Reynsla mín af samstarfi við Framsfl. er mjög svipuð og reynsla Alþfl. í stjórn hinna vinnandi stétta. Ég nefni hér stjórn hinna vinnandi stétta vegna þess að það hefur nýlega verið gefinn út ritlingur um þessa stjórn eftir Valdimar Unnar Valdimarsson sem heitir „Alþýðuflokkurinn og stjórn hinna vinnandi stétta 1933—38, rit Sagnfræðistofnunar 12, Reykjavík 1984". Þar kemur fram að Framsfl. hefur alltaf tilhneigingu til að fallast á kröfu þess flokks sem hann er að semja við um að koma sér inn í ríkisstj. í upphafi stjórnartímans, en lætur svo loforðin öll lönd og leið þegar líður á tímann. Þetta er sama reynslan og Alþb. hefur af Framsfl., sama

reynslan og Alþfl. gekk í gegnum á árunum 1934—1937, og Sjálfstfl. er að sumu leyti að kynnast núna þó að þeir flokkar eigi mikið meira sameiginlegt en nokkurn tíma Alþb. og Framsfl.

Eitt af því sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og þeir Alþfl.-menn eru stundum að gagnrýna í sambandi við Alþb. er stefnumótun okkar í landbúnaðarmálum. Það er talað um það að Alþb. hafi viljað styðja við bakið á bændum gegn launþegum í landinu, hinum almenna launamanni, og það er talað um niðurgreiðsluvitleysuna. Éta vandann, er sagt og hafðar í flimtingum þær áherslur sem Lúðvík Jósepsson hafði í landbúnaðarmálunum á árunum 1978 og 1979. Um þá landbúnaðarstefnu sem þar var lögð áhersla á má margt segja. En það er óhjákvæmilegt að viðurkenna að á milli niðurgreiðslna og neyslu á landbúnaðarvörum og kaupmáttar launa er órjúfanlegt samhengi hvað sem öllu öðru líður. Núna hefur það gerst að niðurgreiðslur í hlutfalli af útsöluverði á dilkakjöti eru sennilega komnar niður fyrir 10% og hafa aldrei verið lægri um margra áratuga skeið. Niðurgreiðslur á nýmjólk eru komnar niður fyrir 10%, en hafa verið í 31%. Niðurgreiðslur á smjöri eru komnar niður í 22%. Þannig mætti lengi telja. Ég er sannfærður um að offramleiðsluvandinn í landbúnaðinum getur vaxið við það að menn dragi úr niðurgreiðslum. Menn geta neitað þessu samhengi og sagt: Þetta er tóm vitleysa, það er verið að segja fólkinu að éta vandann. En samhengið er þarna, það þýðir ekki annað fyrir menn en að horfast í augu við það. Alþfl. féllst á þetta samhengi við stjórnarmyndun haustið 1978 þegar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum voru auknar stórkostlega frá því sem áður hafði verið. Alþfl. samþykkti þá stefnu með aðild sinni að stjórninni haustið 1978.

Varðandi landbúnaðarpólitíkina að öðru leyti ætla ég að segja fáeinar setningar frá mínum bæjardyrum séð. Ég tel að nálgast eigi þau vandamál allt öðruvísi en gert hefur verið, hvort heldur það gerir Framsfl., sem vill verðtryggja eigið tilverukerfi í gegnum landbúnaðarkerfið, eða Alþfl. og að hluta Sjálfstfl. sem vill eingöngu horfa á markaðinn. Ég ætla að byrja annars staðar í sambandi við landbúnaðarmálin. Ég spyr fyrst: Hvað þolir auðlindin? Hversu mikinn arð getur landið gefið og hvernig skiptist það eftir landsvæðum? Þá spyr ég: Hversu mikið magn landbúnaðarafurða er unnt að framleiða úr þeirri auðlind sem grasnytjarnar eru á hverju svæði, ræktun og aðrir landkostir? Þarna á að byrja. Síðan á að laga byggðastefnu og afkomu bænda að þessu. Ef við byrjum á markaðshliðinni og afkomu bænda er meiri hætta á rányrkju á auðlindinni, landinu sjálfu, en ella er um að ræða. Ég held að umræður um landbúnaðarmál á þessum grundvelli, þ. e. á grundvelli auðlindarinnar, séu mikið heillavænlegri fyrir þjóðina og þingið en sú umræða og togstreita sem hefur farið fram um þessi mál á undanförnum árum.

Ég gæti aðeins vikið að húsnæðismálum, sem við höfum rætt hér oft, en ég ætla ekki að tefja umr. mikið í þeim efnum. Ég get bent á frv. Alþb. um 1.5 milljarða til húsnæðismála, um nýtt fjármagn til byggingarsjóðanna, bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Ég ætla að víkja aðeins að skattamálunum. Því er stundum haldið fram af þeim hv. þm. sem ég er aðallega að ræða við að lítið hafi verið gert í skattamálum á undanförnum árum. Sumum fannst talsvert gert, a. m. k. þeim sem eiga skrifstofu- og verslunarhúsnæði. A. m. k. var fróðlegt að lesa táraflóðstilkynningarnar sem maður fékk svo að segja mánaðarlega frá Verslunarráði Íslands um að skattastefna Ragnars Arnalds væri að drepa verslunina. Ég held að líka væri fróðlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir því að síðasta ríkisstj. beitti sér fyrir því að það voru í fyrsta sinn í sögunni lagðir skattar á banka hér á landi. Það hafði aldrei áður verið gert. Ég held að það væri líka fróðlegt fyrir hv. þm. að kynna sér það hvernig sjúkratryggingagjald var fellt niður af lágtekjum. Og ég held það væri fróðlegt fyrir hv. þm. að kynna sér þær endurbætur á innheimtu söluskatts sem áttu sér stað á síðasta tímabili. En ég vil segja það við hv. þm. og aðra hér að auðvitað var ekki um að ræða tæmandi lagfæringar á þessu. Margt var í deiglunni. Í rauninni er nauðsynlegt, að mínu mati, að endurmeta áherslur í skattamálum, m. a. með tilliti til þess hvort ekki á að flytja áhersluna yfir á eignir í auknum mæli af tekjum. En það má ekki gerast í einu skrefi. Það hlýtur að taka þó nokkurn tíma ef það á ekki að valda stórfelldum vandamálum.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vék nokkuð að spurningunni um hvort við hefðum eitthvað lært af því að vera í tilteknum ríkisstjórnum á liðnum árum. Ég vona satt að segja að við höfum eitthvað lært. Við erum reynslunni ríkari. Það er eitt atriði sem ég vil leggja þar megináherslu á. Ég tel ekki að það sé unnt að gera ráð fyrir að ríkisstj. nái varanlegum árangri við endurbætur á þjóðfélaginu, hvort sem það er í félags-, efnahags- eða atvinnumálum, öðruvísi en að stjórnkerfinu verði breytt í grundvallaratriðum. Stjórnkerfið eins og það er nú er fjandsamlegt róttækum flokkum, það er fjandsamlegt róttækum sjónarmiðum. Ég tala af reynslu í þessu efni. Ég veit hvernig lagst er á mál í stjórnkerfinu. Auðvitað ber Alþingi ábyrgð á stjórnkerfinu á hverjum tíma og þar með ríkisstjórnarmeirihlutinn, en til þess að breyta þessu stjórnkerfi þarf meiri hluta á Alþingi. Það er t. d. ekki nóg fyrir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að segja: Ég vil reka bankastjóra Seðlabankans. Hann þarf meiri hluta á Alþingi á bak við þessa hugmynd sína þó honum dugi meiri hluti í Alþfl. til að reka fólk þar. Þennan lýðræðislega meiri hluta verða menn að hafa og þeir verða að sætta sig við að ekki er hægt að ná fram öðrum breytingum á þjóðfélaginu en þeim sem lýðræðislegur meiri hluti er fyrir að ná í gegn í þinginu á hverjum tíma. (**FrS:** Hv. þm. Jón Baldvin þarf engan meiri hluta í sínum flokki til að reka fólk. Hann gerir það bara einn.) Já, hv. þm. Friðrik Sophusson vill greinilega læra af honum. Ég nefni þá ekki sem hv. þm. Friðrik Sophusson vill reka. Það gæti orðið sex manna listi.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við áttum okkur á því að til að tryggja róttækar umbætur til frambúðar verður að gjörbreyta stjórnkerfinu. Það verður t. d. að afnema æviráðningu æðstu embættismanna, ráða þá til takmarkaðs tíma í senn. Það verður að gjörbreyta stjórnarráðslögunum. Ég held að ef núv. ríkisstj., sem er með tiltölulega sterkan meiri hluta hér í þinginu, færi út í að breyta stjórnarráðslögunum yrði hún að leggja áherslu á samstarf við stjórnarandstöðuna um að breytingar á stjórnarráðslögunum tækju gildi frá og með næstu kosningum. Ég held að það sé mjög erfitt fyrir hvaða

flokk sem er að breyta stjórnarráðslögunum þannig að það eigi að taka gildi hér og nú því að það eru alltaf alls konar hagsmunir einstaklinga og samtaka sem rekast á breytingaviðleitni á miðjum kjörtímabilum. — En ég tel að það sé eitt stærsta framfaramál þessa þjóðfélags að gjörbreyta Stjórnarráði Íslands frá því sem það er nú.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi einstakar stofnanir sem hafa á undanförnum árum tregðast við, þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli ráðh., að framkvæma það sem þær eiga að framkvæma. Í þessu sambandi get ég t. d. nefnt Húsnæðisstofnun ríkisins, ég get nefnt Tryggingastofnun ríkisins, ég gæti nefnt fleiri slíka aðila, að ég tali nú ekki um bankana. Hvað halda menn að það séu margir starfsmenn í viðskrn. sem sjá um bankana? Viðskrn. er sem kunnugt er bankamálarn. Hvað ætli þeir séu margir? Enginn. Ekki einn einasti maður í viðskrn. hefur með bankamálin að gera. Þannig hefur það verið núna undanfarin 2—3—4 ár. Það var þarna einn maður um skeið, en er enginn núna. Þetta gerir það auðvitað að verkum að viðskrn. er á hverjum tíma meira og minna sett undir hælinn á Seðlabankanum sem er stórkostlega hættulegt, en þetta seðlabankakerfi var byggt upp af þeim Gylfa Þ. Gíslasyni og Jóhannesi Nordal á sínum tíma. Þeir voru þar brautryðjendur og lögðu grunninn að seðlabankalögunum frá 1961 eins og þau eru. Ég hef farið yfir ræðuhöld hæstv. fyrrv. ráðh. Gylfa Þ. Gíslasonar hér á Alþingi um seðlabankalögin þar sem því er lýst í bak og fyrir hvílíkt framfaraspor það sé að hafa seðlabankalögin eins og þau eru með því mikla valdi sem Seðlabankinn hefur.

Það sem ég hef lært, af því að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spurði um það, er að útilokað er að fara inn í ríkisstj. með róttækar umbótatillögur, jafnvel þó að þær séu festar niður í málefnasamningi, öðruvísi en að gerbreyta stjórnkerfinu. Ég vil líka segja það að fenginni reynslu að þó að sett séu orð á blað í málefnasamningi við Framsfl. heldur það ekki nema tiltölulega mjög skamman tíma. Sú er reynsla m. a. okkar frá liðnum árum.

Alþb. hefur að undanförnu rætt um þann möguleika hvort hægt væri að búa til það sem kallað er nýtt landstjórnarafl. Hvað er það? Með nýju landstjórnarafli eigum við við að unnt verði að mynda ríkisstjórn í landinu sem er þannig skipuð að forustu til og yfirgnæfandi meiri hluta a. m. k. að Framsfl. og Sjálfstfl. ráði þar hvorugur úrslitum um þróun mála. Það er kominn tími til að gefa þeim flokkum báðum frí. Það er kominn tími til að það verði til nýtt afl í landinu sem þorir og hefur afl og vilja til að ráðast til atlögu við staðnað valdakerfi þessa þjóðfélags sem er orðið rándýrt og ofurþungt á herðunum á launafólki í þessu landi. Þetta grundvallaratriði höfum við viljað ræða m. a. við stjórnmálaflokka eins og kunnugt er og að því máli kom hv. 5. þm. Reykv. hér á dögunum. Það sem mér fannst sérstaklega jákvætt í máli hans, og ég ætla að ljúka orðum mínum með því, var hvernig hann tók á þessu efnahagsfrv. Alþb. Hann vildi fyrir sitt leyti fallast á ýmis atriði sem þar eru. Ég get ekki gert þá kröfu til hans að hann fallist á þau öll, en mér fannst koma fram vilji til samstarfs, skilningur á nauðsyn þess að þau öfl, sem vilja ekki hlíta eilífri forsjá afturhaldsflokkanna í þessu landi, snúi bökum saman.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka hv. 3. þm. Reykv. og formanni Alþb. fyrir þessa tilraun til að svara ýmsum fsp. frá mér. Ég var einkum og sér í lagi að leggja fyrir hann spurningar um það hvernig hann sjálfur mæti reynsluna af lélegum landsstjórnarárangri Alþb. á umliðnum árum og ég er tiltölulega ánægður með það að í staðinn fyrir skæting þá verð ég að meta það svo að þetta hafi verið tilraun, nokkuð svo heiðarleg, til endurmats á þeim hlutum.

Það er nefnilega svo að það er alveg nauðsynlegt fyrir þá sem bjóða öðrum til samstarfs og gera það bréflega og biðja um nýtt landsstjórnarafl, sé það svo að reynslan af störfum þeirra á umliðnum árum sé slæm, einkum og sér í lagi út frá sjónarmiði venjulegs fólks, vinnandi fólks, launþega, þá verður að fara fram veruleg vinna við að meta þessa reynslu á raunsæjan máta áður en mikið meira getur orðið af endurnýjun á þeirri reynslu.

Ég vil skjóta því inn í á persónulegum nótum, af því að persónuleiki skiptir líka máli í pólitík, að hv. 3. þm. Reykv. er að mörgu leyti ákaflega frambærilegur stjórnmálamaður. Þetta er skörulegur maður, prýðilega máli farinn, kominn með næga pólitíska reynslu til þess að vera vel heima í ýmsum hlutum. Þar að auki er það ekki lakara að í honum má finna lýríska streng sem gerir manninn skemmtilegan í umgengni. Eiginlega má segja að mínu mati eftir að hafa hlýtt á þessa tiltölulega hreinskilnu umræðu að það eina sem nú vantar á til þess að fullkomna þetta sköpunarverk drottins er eiginlega að skipta um forrit. Það þarf að skipta um pólitískt forrit. Og það kemur fram í ræðunni.

Hv. 3. þm. Reykv. ræddi hér um verðbólgu, reynsluna af viðureign Alþb. í þremur ríkisstjórnum við verðbólgu. Það var dapurleg lesning. Það fer ekki á milli mála að árangurinn varð hörmulegur. Þarna þarf að læra betur, þarna þurfa þeir Alþb.-menn að læra miklu betur því að það sem formaðurinn sagði um þau mál fær ekki staðist.

Í annan stað var rætt um verðtryggingu og vexti. Þar er formaðurinn mjög á villigötum og þarf alveg nauðsynlega að læra betur áður en mikið lengra verður fram haldið þessum umræðum. Að því er varðar hina sögulegu lexíu, þá getum við látið það liggja á milli mála. Það er vísað til reynslunnar af viðreisnarstjórninni. Það sögulega mat skiptir nú kannske ekki meginmáli að öðru leyti en því, að þegar kemur að því að meta afstöðu vinstri manna til annars vegar ríkisforsjár og hins vegar samkeppni á markaði og fríverslunarpólitíkur, þá þarf formaðurinn enn að læra miklu betur því að þar á hann margt ólært.

Aðrar sögulegar lexíur frá Rauðku gömlu á kreppuárunun, reynslunni af stjórnarþátttöku Alþfl. fram að 1970 eru að vísu svo fjarlægar því viðfangsefni sem við erum að fást við nú að ég ætla ekki að fara um það mörgum orðum. Frásagnir hv. þm. af reynslunni af samstarfi við Framsfl. eru út af fyrir sig lærdómsríkar fyrir alla þá sem hér eru inni og hafa gildi fyrir framtíðina. Það eina sem er undrunarefni, úr því að Alþb.-forustan telur að reynslan af samstarfi við Framsfl. frá kreppuárum, sem var nú allur annar flokkur, hafi verið svona slæm, er að þeir skuli hafa endurtekið þann leik í 20 ár að hafa byggt upp samstarf við Framsfl. alla eyðimerkurgönguna á viðreisnarárun-

um frá í stórum dráttum 1960—1971 og síðan ekki séð aðra flokka vænlegri til samstarfs allan tímann frá 1971 til 1983, hafandi þó haft þessa sögulegu reynslu fyrir sér um það hvers eðlis sá flokkur væri og hvað væri hægt að gera og hvað ekki í samstarfi við þann flokk í ríkisstj.

Um landbúnaðarmálin er það að segja að þar á Alþb. enn mikið ólært. Mikið vantar á að Alþb. hafi endurmetið hræðilega reynslu af ráðsmennsku sinni í fjmrn. að því er varðar uppstokkun á skattakerfi.

Þegar formaðurinn nefnir stjórnkerfi og nauðsyn á breytingum á því, þá erum við sammála um það. Við búum við stjórnkerfi sem er silalegt, seinvirkt, þar sem embættismenn sitja lon og don á sínum stað og eru raunverulega valdapólitíkusar. Þarna hafa stjórnmálamenn brugðist. En þarna skiptir geysilega miklu máli að forustumenn Alþb. læri líka lexíuna upp á nýtt, þ. e. hver er afstaðan til ríkisforsjár og ríkisrekstrar. Það er komin allt of mikil yfirbygging í nafni ríkisbákns á Íslandi og reynslan af því er slæm. Það þarf ekki bara að endurskipuleggja þetta ríkisbákn, það þarf ekki bara að setja ákveðnar vinnureglur um hreyfanleika, ráðningartíma o. s. frv. Það þarf líka að tryggja að í þjónustu ríkisins komi hæfir starfskraftar sem þýðir að launakerfið er ónýtt. En það þarf í grundvallaratriðum að meta hvert skal vera hlutverk ríkisvaldsins. Þar á Alþb. eftir að draga þá lexíu af reynslunni að hlutverk ríkisvaldsins á að vera mjög takmarkað. Það á hins vegar að vera þeim mun markvissara í þeim þáttum þar sem því er beitt. Þetta er grundvallarlexían að því er varðar báknið. Þetta er geysilega þýðingarmikil lexía fyrir hvern þann stjórnmálaflokk sem hyggst í alvöru og af einlægni og af bestu getu vinna að hagsmunum vinnandi fólks eitthvað að gagni.

Þetta voru fróðlegar umr. Kannske ættum við tveir að biðjast velvirðingar á því að þessar umr. fari fram. Þetta eru umr. í alvöru um stjórnmál og fulltrúar annarra flokka hafa kannske á því takmarkaðan áhuga. Kannske er rétt að við tökum þessar umr. upp á öðrum vettvangi. Ég væri t. d. alveg tilbúinn að beina því til formanns Alþb. að við mættum til fundar, hvort heldur væri í Háskólabíói, Austurbæjarbíói eða Laugardalshöll, til að ræða okkar í milli reynsluna af stjórn Alþb. s. l. átta ár og um leið meginþættina í þeirri stefnu sem kenna má við jafnaðarstefnu, róttæka umbótastefnu, hvernig þurfi að breyta íslensku þjóðfélagi næstu tíu árin. Ekki efa ég að þeir mundu streyma þar að, karlarnir neðan af höfn, vinnandi fólk víðs vegar að af öllum vinnustöðum Reykjavíkur. Það er kannske fyrst og fremst við það fólk sem við eigum erindi miklu fremur en þá sem hér sitja að svo stöddu. Ég ætla m. ö. o. ekki að taka upp umr. hér og nú í smáatriðum eða svara hv. 3. þm. Reykv. í efnisatriðum um verðbólgu og vexti, um vísitölukerfi. Ég hef reyndar gert það þegar og við breytum sjálfsagt ekki skoðunum hvors annars í því efni.

Það merkilega er að þessar umr. leiða í ljós hversu ólíkir þeir flokkar eru sem við erum hvor um sig fulltrúar og formenn fyrir. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt. Þessir flokkar hafa verið keppinautar og andstæðingar út frá grundvallarviðhorfum til stjórnmála í bráðum 70 ár. Hugmyndagrundvöllur Alþfl. er lítt breyttur að því leyti að við höfum frá upphafi haslað okkur völl sem flokkur lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna, en hugmyndagrundvöllur Alþb., miðað við forvera þess, er náttúrlega gerbreyttur. Ég hef orðað það svo, að Alþb. sé nú orðið pólitísk flóttamannasamtök frá fortíðinni. Ég þarf ekki að rökstyðja það frekar. Þetta byrjaði sem kommúnistaflokkur og það olli miklum breytingum í íslensku þjóðfélagi. Sú staðreynd, starfsemi kommúnista í íslensku þjóðfélagi, varð sögulega til þess að kljúfa verkalýðshreyfinguna, koma í veg fyrir að hér risi öflugur, róttækur sósíaldemókratískur flokkur. Það er að verða mönnum æ ljósara nú að þetta hafi haft hörmulegar afleiðingar í íslensku þjóðfélagi, fyrir vinnandi fólk sérstaklega. Það er hins vegar liðin tíð.

Þessi umr. hefur hins vegar leitt í ljós að þó að forustumenn Alþb. vilji nú ekki kannast við fortíð sína og vilji ekki ræða hana, þá eiga þeir enn margt ólært um hvernig róttækur verkalýðsflokkur á að setja fram stefnu og stjórna í þjóðfélagi sem kennt er við blandað hagkerfi og lýðræði. M. ö. o.: hugmyndaarfurinn er ekki endurskoðaður nema að hluta, þ. e. afstöðuna til Sovétríkjanna, gulagsósíalismans, verja þeir ekki lengur, en þeir eiga ólærða alla hina lexíuna, sem sósíaldemókrataflokkar lærðu strax á árunum fyrir stríð, nefnilega um hið takmarkaða hlutverk ríkisvaldsins við stjórnun slíkra þjóðfélaga, um nauðsyn þess að endurmeta hugmyndaarfinn um ríkisforsjá, ríkiseinokun, um að endurmeta oftrúna á stofnanalausnir í mannlegum samskiptum, um það að viðurkenna gagnsemi samkeppni á markaði út frá sjónarmiðum hagsmuna neytenda að því er varðar verðlag, um nauðsyn þess að gefa framtaki einstaklinga, hugmyndum þeirra, dugnaði þeirra, áræði þeirra að vissu marki lausan tauminn vegna þess að ef við ekki gerum það endum við í stöðnunarþjóðfélagi. Efnahagslegar framfarir byggjast á því, en um leið að standa fast á þeim grundvallarsannindum, sem eru rétt, úr hugmyndaarfi jafnaðarmanna, að hlutverk ríkisvaldsins er að koma í veg fyrir að hér verði innleitt óbeislað markaðskerfi sem mundi leiða til þjóðfélags allsnægta og örbirgðar. M. ö.o.: hlutverk ríkisvaldsins er fyrst og fremst að hafa áhrif á tekju- og eignaskiptinguna í átt til jafnaðar. Hlutverk jafnaðarmanna er að koma í veg fyrir með fyrirbyggjandi umbótum að þjóðfélagið leysist upp í andstæða hópa sem eiga fátt sameiginlegt. Þetta er kannske hið eiginlega pólitíska hlutverk lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna í þjóðfélögum af þessu tagi. Þarna eiga forustumenn Alþb. ólærðar nokkurra áratuga lexíur, þ. e. um afstöðuna til ríkisvaldsins, ríkisbáknsins, ríkisíhlutunar, afstöðuna til gildishugmyndanna um samkeppni á markaði þar sem þær eiga við nú og annarra raunsærra hagstjórnaraðferða að því er varðar verðbólgusamskipti við verkalýðshreyfingu og önnur slík kerfi.

Þetta ætla ég ekki að ræða, herra forseti, frekar, þó að tilefni gæfist til. Ég árétta að ég er tilbúinn til að ræða þessi mál nánar á öðrum vettvangi við formann Alþb. hvenær sem er, hef reyndar áður boðið honum upp á slíkar umr., er hann því miður hafnaði, taldi sig þá ekkert eiga vantalað við Alþfl. Nú heyrist mér að hann telji sig eiga það og það er af hinu góða.

Ég er nefnilega ekki þeirrar skoðunar að einn maður eða einn stjórnmálaflokkur sé yfir það hafinn að ræða við aðra. Ég tel það skyldu okkar að vera reiðubúnir að rökstyðja hugmyndir okkarog skoðanir hvenær sem er. Ég er alveg reiðubúinn að ræða við forustumenn Alþb.

hleypidómalaust allar þær hugmyndir sem þeir hafa fram að færa um leið og ég áskil mér að sjálfsögðu réttinn til að gagnrýna þá í ljósi staðreynda um þátttöku þeirra í ríkisstjórnum á undanförnum árum.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég held að það hafi verið gagnlegt að þessi umr. fór fram. Ég þakka hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrir að hann skuli hafa tekið þátt í henni með þeim hætti sem hann hefur gert. Að undanförnu hefur Alþb. eins og kunnugt er gert tilraun til að hefja viðræður við aðra stjórnarandstöðuflokka. Til þessa höfum við ekki fengið mikil svör utan neitun frá Bandalagi jafnaðarmanna, sem er ekki við hæfi að taka til umr. hér og nú, en það er bersýnilegt að formaður Alþfl. er tilbúinn að hefja viðræður við Alþb. Því fagna ég og ég er tilbúinn að láta þær fara fram hvar sem heppilegt þykir eftir atvikum. Það geta verið þau fundahúsnæði sem hann nefndi eða einhver önnur. Slíkt gætum við örugglega komið okkur saman um.

Varðandi hans málflutning, þá finnst mér að það hafi verið vandamál Alþb., Sósíalistaflokksins og Alþfl. á undanförnum áratugum að þessir flokkar hafa gjarnan hugsað sína pólitík út frá því með hvaða hætti þeir mundu haga samstarfi sínu við annan hvorn þeirra flokka sem nú eiga aðild að ríkisstjórn Íslands. Ég held að þarna þurfi að skipta um forrit. Ég held að þeir flokkar sem hafna sjónarmiðum afturhaldsflokkanna þurfi að venja sig á að hugsa stjórnmálin út frá þeirri nýju sýn sem Alþb. hefur bent á, að skapa hér forsendur fyrir nýju landsstjórnarafli þannig að unnt sé að mynda hér í landinu ríkisstj. án þess að fésýsluflokkarnir, sem núna stjórna landinu, hafi þar forustu. Ég held að það sé markmið sem eigi að starfa að á næstu árum og áratugum kannske og ég fullyrði: Það er ekkert verkefni brýnna í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir en að skapa slíkt stjórnmálaafl sem hefur í fullu tré við afturhaldið.

Framsfl. hefur fyrir löngu og sérstaklega eftir stjórnarmyndunina 1983 sagt sig úr þeim félagsskap. Hann er í rauninni ekki á blaði sem úrræði vinstri manna og félagshyggjufólks í þessu landi, því miður. Það er liðin tíð. Af því að hv. þm. vék aðeins að samstarfi okkar við framsóknarmenn, þá vil ég minna á að á árunum 1958-1971 voru þessir flokkar tveir, Alþb. og framsókn, saman í stjórnarandstöðu og það hafði vitaskuld áhrif á myndun ríkisstjórnar 1971 og svo aftur 1978. Eftir 1983 hefur Framsfl. hins vegar stigið alfarið út úr þessu fari, að mínu mati.

En það er ekki þetta sem skiptir mestu máli frá mínum bæjardyrum séð í viðtölum við Alþfl. Það sem skiptir mestu máli er að þessir tveir flokkar geti snúið bökum saman um að mynda í landinu nýtt landsstjórnarafl sem hefur í fullu tré við afturhaldið og getur haft forustu um myndun stjórnar í þessu landi án þess að fésýsluflokkarnir ráði þar úrslitum eins og þeir hafa gert. Það er kominn tími til að gefa þeim frí, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson, núv. hæstv. ráðh., orðaði það um Framsfl. fimm dögum fyrir kosningar vorið 1983.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mjög. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það er að verða fastur liður í sölum Alþingis að einu sinni til tvisvar í viku eru settar á svið miklar umr. milli Alþb. og Alþfl. Þessir tveir aðalflokkar stjórnarandstöðunnar taka sem sagt orðið upp meginhluta fundartímans til innbyrðis átaka og það er um margt athyglisvert hvernig komið er fyrir stjórnarandstöðunni.

Formenn Alþb. og Alþfl. hafa hér átt orðastað um þessi miklu átök sem eiga sér nú stað á milli flokkanna. Alþb. hefur nýlega boðist til þess að hafa forustu fyrir stjórnarandstöðunni og sameina vinstri öflin í landinu. Alþfl.-menn hafa skrifað öðrum flokkum bréf og kosið sértaka viðræðunefnd til þess að annast þennan samruna. Svarið sem viðræðunefndin fær er alls staðar nei og það eina sem situr eftir af þessu mikla frumkvæði er þessi nefnd sem hefur ekkert annað að gera en að sitja í flokksskrifstofu Alþb.

Alþfl. hefur haft uppi svipaðar tilraunir, að vísu með meira auglýsingayfirbragði, enda virðast auglýsingaskrifstofur og umboðsmenn skemmtikrafta eitt aðalafliðið innan þess stjórnmálaflokks. Hafa þeir Alþfl.-menn með rauðum rósum reynt að laða aðra flokka til samstarfs við sig og ekki fengið annað til baka en fræ í pokum. Þannig er hin raunverulega aðstaða í stjórnarandstöðunni.

Meginhluti þessarar umr. gengur út á innhverfa íhugun stjórnarandstöðunnar, ekki um aðstæður í landinu í dag, ekki um það hver séu vandamál þjóðfélagsins í augnablikinu né heldur hvað eigi að taka við, hvernig eigi að byggja upp öflugt þjóðfélag á Íslandi. Öll þessi umr. gengur út á það hvernig þeim hafi nú gengið að starfa saman áður fyrr, hversu það hafi nú verið slæmt í Rauðku, í vinstri stjórninni 1956. Þetta er allt saman innhverf íhugun fortíðarinnar. Og svo ætlast þessir forustumenn stjórnarandstöðunnar til þess að fá fylgi fólksins í landinu. Ég held að það hafi sjaldan komið betur fram og með jafnaugljósum hætti að þessir flokkar eru ekki til þess fallnir, eins og umr. forustumanna þeirra falla, að hafa forustu fyrir þeim verkefnum sem nú blasa við í íslensku þjóðfélagi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð miklu fleiri. En það var nauðsynlegt að vekja athygli á þessari á margan hátt skemmtilegu umr. Þeir voru furðu lostnir á því formenn Alþfl. og Alþb. að þeir skyldu ekki hafa nálgast hvorn annan með bardagaaðferðum þeim sem kenndar eru við hana. Þeir gerðu það hins vegar með þeim lögmálum sem kennd eru við refi og fer vel á því. (**GHelg:** Forseti. Hvaða dagskrármál er á ferðinni?) (**Forseti:** Verndun kaupmáttar, 2. dagskrármálið.)

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Já, það er verndun kaupmáttar á dagskrá, það er rétt að minna hv. þm. á það, og tillögur Alþb. um hvernig skuli fara að því að vernda kaupmáttinn. Það er af þeirri ástæðu sem tilefni gafst sérstaklega til að meta svolítið reynsluna af störfum Alþb. í ríkisstj. við að vernda kaupmátt og síðan að fara nokkrum orðum um þær tillögur sem Alþb. nú leggur til í stjórnarandstöðu að framkvæmdar verði í því skyni.

En orð hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl., gefa tilefni til örfárra aths.

Það er ástæða til að bjóða hv. 1. þm. Suðurl. velkominn til stjórnmálaumr. á Alþingi. Það er ákaflega fátítt að hann láti þar nokkuð til sín heyra, eins og menn sáu fyrir sér í sjónvarpsþætti í gærkvöldi.

En það er vandséð hvað hv. þm. er að blanda sér inn í

þessa umr. og ákaflega vandséð með hvaða rétti hann er að fara með köpuryrði um tillögugerð annarra um brýnustu vandamál þessarar þjóðar. Það er því miður dapurleg staðreynd og þjóðinni kunn að það sem þessi, enn sem komið er, stærsti flokkur þjóðarinnar hefur helst haft til málanna að leggja að því er varðar brýnustu verkefni þjóðarinnar hefur einmitt verið innanflokksvandamál Sjálfstfl. Mánuðum saman hafa fjölmiðlar þessarar þjóðar talið það vera helstu tíðindin af stjórnarheimilinu hvort það tækist, eins og það er orðað, „að klambra saman stól handa Steina" hvort það tækist að fá einhvern af núverandi ráðherrum til að rísa upp og bjóða formanni Sjálfstfl. til sætis. Mánuðum saman var þetta það sem stærsti flokkur þjóðarinnar hafði til málanna að leggja.

Þessum dapurlegu málum lauk á þann veg að hinn ungi formaður lýsti því yfir loksins, eftir margra mánaða þóf, eftir margar atrennur að þessari klambursmíð, að inn í þessa ríkisstj. færi hann aldrei. Það bendir a. m. k. til þess að pólitísk dómgreind hv. 1. þm. Suðurl. sé enn í sómasamlegu lagi. Hann gerir sér m. ö. o. ljóst að þessi ríkisstj. er feig og hver sá maður, pólitíska dauðanum vígður, sem hefur tekið að sér að gerast leiðtogi hinnar yngri kynslóðar í Sjálfstfl. á ekkert erindi inn í þessa ríkisstj. Þó að við stjórnarandstæðingar flytjum vantraust á þessa ríkisstj. hefur enginn maður í þessum sal flutt það vantraust með skilmerkilegri hætti en formaður Sjálfstfl.

Og að lokum enn eitt atriði. Formaðurinn vék nokkuð að þeim ágreiningi sem uppi er milli Alþfl. og Alþb. Hann vék að því að þau stjórnmálasamtök sem Alþb. hefur leitað til hafi ýmist hafnað því eða ekki svarað. Og það er rétt að í þessum umr. okkar í milli hefur komið fram að milli þessara tveggja flokka er verulegur ágreiningur. Engu að síður er það svo, úr því að menn eru almennt sammála um að dagar þessarar ríkisstj. séu taldir og það sé aðeins tímaspursmál hvenær hún hypji sig, að uppi eru miklar umr., bæði meðal fjölmiðlanna og stjórnmálamanna, um það hvers konar ríkisstj. þurfi að taka við. Öllum er ljóst að þetta þjóðfélag er illa statt. Vandamálin fram undan eru hrikaleg. Þetta þjóðfélag er sokkið í skuldir og öllum er ljóst að ríkisstj. sem nú situr hefur gersamlega mistekist að ná nokkrum tökum sem máli skipta í sinni efnahagsstjórn. M. ö. o.: henni hefur ekki tekist að binda endi á erlenda skuldasöfnun, hún hefur engin tök á því að stöðva óþolandi og vaxandi erlendan viðskiptahalla, hún rekur ríkissjóð áfram með halla og hún rekur pólitík í vaxtamálum sem má heita að sé að gera undirstöðuatvinnuvegum nærri því ólíft. Það eru ekki nokkrar hugmyndir uppi innan ríkisstj. um hvað eigi að gera, hvað eigi að taka við. Það hefur verið hlutverk ekki hvað síst okkar í Alþfl. og auðvitað annarra stjórnarandstöðuflokka að leggja fyrir þetta þing fleiri málefnalegar tillögur, sem svara því hvernig við viljum breyta hlutunum, en gert hefur verið af hálfu stjórnarandstöðuflokka lengi.

En að lokum þetta: Þegar formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., er við skulum segja með nokkra þórðargleði yfir því að stjórnarandstaðan sé ekki öll á einum báti, þá ætti hann að spara sér það. Það er nefnilega alkunna að innan hans flokks eru þær raddir mjög háværar og eiga verulegu fylgi að fagna sem boða nauðsyn kosninga hið fyrsta og eygja þann kost helstan að leita til þeirra flokka sem hv. formaður var að reyna að skensa, þ. e. Alþfl. og Alþb. Hugmyndin um nýsköpunarstjórn á núna verulegu fylgi að fagna innan Sjálfstfl. Hugmyndin um hinar „sögulegu sættir" var reyndar útfærð með heldur slysalegum hætti á s. l. kjörtímabili, en engu breytir það um að þessi hugmynd er sú sem reyndar hefur að margra manna mati verið talið að formaðurinn hefði helst augastað á. Þar mundi hann nú helst vilja, í þessu kompaníi, leita sér bandamanna ef svo kynni að fara að hugmynd hans um að ná saman landsfundi í Sjálfstfl. gæti leitt til þess árangurs að hann fengi einhver völd í þeim flokki, að hann hætti að vera vandamál flokksins, en fengi pólitískan styrk til þess að takast á við það sem honum er ætlað að gera, að leysa vandamálin. Við skulum vona að hinum unga formanni verði eitthvað ágengt í þeim efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 49. fundur.

Fimmtudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hafa tvö bréf. Hið fyrra hljóðar svo:

„14. febr. 1985.

Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Brynjólfur Sveinbergsson mjólkurbússtjóri, Hvammstanga, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir svohljóðandi símskeyti:

„Til forseta neðri deildar Alþingis.

Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti Páls Pétursssonar á Alþingi að þessu sinni.

Sverrir Sveinsson."

Enn fremur fylgir kjörbréf Brynjólfs Sveinbergssonar.

Hitt bréfið sem borist hefur hljóðar svo:

„14. febr. 1985.

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum

erindum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Vegna setu 1. varamanns á Alþingi nú og forfalla 2. varamanns óska ég eftir að 3. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Óli Þ. Guðbjartsson skólastjóri, Selfossi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Þessu bréfi fylgir svohljóðandi símskeyti til skrifstofu Alþingis:

„Vegna anna get ég ekki tekið sæti Árna Johnsens í fjarveru hans.

Guðmundur Karlsson."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Óla Þ. Guðbjartssonar.

Með því að svo er ástatt að hvorki Óli Þ. Guðbjartsson né Brynjólfur Sveinbergsson hafa áður setið á Alþingi þarf að rannsaka kjörbréf þeirra. Er þess farið á leit við hv. kjörbréfanefnd að nefndin taki kjörbréfin til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréf Brynjólfs Sveinbergssonar mjólkurbússtjóra á Hvammstanga en þess er óskað að hann taki nú sæti á Alþingi í stað Páls Péturssonar sem er fjarverandi vegna utanfarar í opinberum erindum. Fyrir liggur bréf 1. varamanns Framsfl. í Norðurl.v., Sverris Sveinssonar, þar sem hann staðfestir að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi nú.

Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréfið og hefur engar athugasemdir fram að færa og mælir með því að það verði samþykkt.

Þá hefur kjörbréfanefnd yfirfarið kjörbréf Óla Þ. Guðbjartssonar skólastjóra á Selfossi, sem er 3. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, en þess er óskað að hann taki nú sæti á Alþingi í fjarveru Árna Johnsens sem er á förum utan í opinberum erindum. Fyrir liggur að 2. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur Karlsson, á þess ekki kost að taka sæti á Alþingi nú.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og hefur engar athugasemdir fram að færa og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Óla Þ. Guðbjartssonar samþ. með 33 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Brynjólfs Sveinbergssonar samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að hvorki Brynjólfur Sveinbergsson né Óli Þ. Guðbjartsson hafa setið áður á Alþingi undirrita þeir nú drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drengskaparheit unnið.

Brynjólfur Sveinbergsson, 2. þm. Norðurl. v. og Óli Þ. Guðbjartsson, 3. þm. Suðurl., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er upplýst, sem átti að vera vitað, að Brynjólfur Sveinbergsson hefur setið áður á Alþingi og var því ekki nauðsynlegt að vinna nú drengskaparheit að stjórnarskránni. En það hefur ekkert slys skeð.

Óli Þ. Guðbjartsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég býð Óla Þ. Guðbjartsson og Brynjólf Sveinbergsson velkomna til starfa á Alþingi.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Grein í Morgunblaðinu frá 8. febr. 1985, sem ber heitið „Látið veggina í friði", hefur vakið athygli mína á breyttum vinnubrögðum varðandi verkaskiptingu hér í húsinu og varðar 11. gr. þingskapa. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér um verksvið skrifstofustjóra:

„Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og gera tillögur um það. Hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistíðindanna, lesa prófarkir af þeim og ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um að allt sé í lagi í þinghúsinu þegar þing kemur saman."

Það fer ekki á milli mála að skv. þessari grein er skrifstofustjóra falið allt eftirlit með þinghúsinu. Því vil ég spyrja hæstv. forseta í tilefni þeirrar greinar sem ég vitnaði hér í og fjallar um sendibréf, ef sendibréf skyldi kalla, til þm. og hengt hefur verið upp í símklefum frá forseta Ed. Spurning mín til hæstv. forseta er á þessa leið:

Hefur skrifstofustjóri Alþingis ráðið hæstv. forseta Ed. til að hafa eftirlit með símaklefum þinghússins? Hefur verið gert samkomulag um það af forsetum að pappírssneplar með orðaleppum verði hengdir upp hér og þar í þinghúsinu til að koma á framfæri aðfinnslum?

Mér þykir eðlilegt að um þetta sé spurt því að það er á margan hátt hægt að lítillækka þm. og mér virðist að það hafi náðst nokkuð góður árangur í því með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að hv. 5. þm. Vestf. hefur farið rétt með það sem hann vitnaði til, 11. gr. þingskapa. En hv. þm. lauk ekki þeirri mgr. sem hann vitnaði í. Á eftir því sem hv. þm. las upp stendur:

„Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna og skulu þeir semja og setja erindisbréf handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins."

Það eru forsetar þingsins sem bera ábyrgð á skrifstofustjóra Alþingis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Má ekki telja það eðlileg vinnubrögð forseta, telji þeir að í eftirlitsskyldum sínum við skrifstofustjóra þurfi þeir að koma á framfæri aðfinnslum, að þeir snúi sér beint til skrifstofustjórans?

Og í annan stað: Er eitthvað það í erindisbréfinu sem breytir því sem hér stendur í greininni og færir til eftirlitsrétt með húsinu og búnaði þess?

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég kem nú hér í ræðustól sem forseti Ed. Þetta var nokkuð undarleg uppákoma hjá hv. 5. þm. Vestf. að finna hvöt hjá sér til að fara hér í ræðustól til að gera athugasemd af þessu tagi. Ástæðan fyrir því að forseti Ed. setti þennan bréflappa inn í símaklefana var augljós og það vita hv. þm. best sjálfir. Ástæðan var sú að ég taldi að það væri drengilegra að gera slíka athugasemd á þessum stað. Þetta var í raun og veru mín athugasemd og tilmæli um að gæta sín þegar við erum í símaklefanum að nota pennana ekki til þess að krota á veggina heldur á blöðin sem eru á borðunum. Og þetta var ekki gert með leyfi eins eða neins en mér þótti rétt að gera slíka athugasemd undir nafni.

Hitt er svo annað mál að það grunaði forseta Ed. ekki að þetta yrði hvati fyrir fréttamenn til þess að birta frétt í blaði og þar liggur kannske hundurinn grafinn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta er að vísu mikið alvörumál, sem hér er hreyft, en þó held ég að væri nú lausn að hraða afgreiðslu þess svo að hv. Alþingi gæti komist að minna mikilvægum málum. En í 12. gr. þingskapa stendur orðrétt með leyfi forseta:

„Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað."

Nú veit ég ekki betur en hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sé einn af varaforsetum þingsins svo að ég legg til að hann beiti þá því valdi sínu í fjarveru forseta næst þegar þar kemur málum og láti þá taka þessa lappa niður og er þá málið leyst.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel rétt að það komi fram að mér hefur orðið enn meira á en hæstv. forseta Ed. Ég tók mér það vald í gær að minnast á það við skrifstofustjóra Alþingis að mér þætti illa farið borð það er við sitjum við hér frammi. Mér er þó ljóst að til þess hafði ég ekkert umboð og ekkert vald þar sem ég er enginn forseti. Ég tel rétt að það komi þá fram, ef mannleg samskipti eru svo hér innan þings að það er brot á þingsköpum ef menn gefa hvor öðrum bendingar um það sem miður fer í þinginu, þá tel ég mér skylt að játa þessa yfirsjón, herra forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil beina því til hv. 4. þm. Reykn. hvort hún viti til þess að þm. hafi krotað á veggi í símaklefunum og þá hverjir. Það er grundvallaratriði að stunda ekki hópdóma og mér finnst undarlegt ef þær leikreglur eiga að takast upp.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég neyðist til að koma hér aftur og svara þessari fsp. hv. 5. þm. Vestf. Þessi margumræddi bréflappi minn var ekki stílaður til annarra en þeirra sem koma inn í símaklefana. Það var ekki sérstakt ávarp til þm. umfram aðra. Þetta var almennt til þeirra sem nota símaklefana.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og allir vita, þá er ein af þekktustu útflutningsvörum Bandaríkjamanna kölluð American graffiti. Hún er einmitt sams konar veggmálverkalist eins og hér er til umr. og hefur gert ýmsa atburði í ameríska sögu nokkuð fræga. Nú veit ég að hæstv. ríkisstj. er að leita með logandi ljósi að tækifærum til að efla íslenskan útflutningsiðnað. Væri nú ekki ráð fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga hvort ekki mætti flytja þetta margfræga Icelandic graffiti út og fela einhverri til þess kjörinni nefnd að skoða það mál vandlega sem þátt í þeim 25 liðum efnahagsráðstafana sem hæstv. forsrh. var að flagga með í sjónvarpinu nýlega?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs um þingsköp og er mál til komið að umr. þessari linni.

Þessi umr. er glöggt merki þess hvernig þingsköp eru misnotuð þegar hafin er slík umr. Það er talað um af hv. 5. þm. Vestf. að það sem skeð hefði í símaklefunum væri til óvirðingar Alþingi. Ég held að við hljótum öll að telja, og ég veit að hv. 5. þm. Vestf. hlýtur að vera sammála um það, að þessi umr. sé ekki til virðingar Alþingi.

Lögregluvarðstöð í Mosfellssveit, þáltill. 304. mál (þskj. 485). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Námskeið fyrir fiskvinnslufólk, þáltill. 305. mál (þskj. 486). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Saga íslenskra búnaðarhátta, þáltill. 151. mál (þskj. 156). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rekstrargrundvöllur sláturhúsa, þáltill. 158. mál (þskj. 163). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, þáltill. 172. mál (þskj. 183). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, þáltill. 202. mál (þskj. 231). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Almannafé til tækifærisgjafa, þáltill. 215. mál (þskj. 254). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vaxtafrádráttur til jöfnunar húsnæðiskostnaðar, þáltill. 231. mál (þskj. 290). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þrjú bréf fjármálaráðherra, þáltill. 120. mál (þskj. 124). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Yfirtaka ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu, þáltill. 156. mál (þskj. 161). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sóllampanotkun og húðkrabbamein, þáltill. 152. mál (þskj. 157). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Varnir gegn fisksjúkdómum, þáltill. 271. mál (þskj. 449). — Frh. einnar umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir þessa till. um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum sem er hin þarfasta till. Við Íslendingar erum göslarar, sagði vinur Kjartans Jóhannssonar hv. alþm. Ekki veit ég hvort það er heilagur sannleikur. Mín skoðun er nú sú að sá göslaraháttur, sem kemur fram í illa undirbúnum framkvæmdum og atvinnustarfsemi, stafi fyrst og fremst af fæð okkar og smæð. Við höfum ekki nægjanlegt fjármagn og opinberir sjóðir hafa ekki lagt til fjármagn til þess að nýsköpun fái nægjanlega undirbyggingu. Auðvitað vonum við að á þessu verði breyting og bindum vitanlega vonir við þróunarsjóð þann sem er í uppbyggingu.

En ég vil aðeins víkja að öðru og það eru ólík viðbrögð stjórnvalda og þeirra aðila sem standa að fiskirækt. Þegar sjúkdóms verður vart hjá einkaaðilum er öllu slátrað hjá þeim. En ríkið hefur ekki sýnt jafnskjót viðbrögð. Er þó að mínu mati um enn alvarlegri hlut að ræða þar sem smitsjúkdóms hefur orðið vart í eldisstöð ríkisins í Kollafirði en þaðan er seiðum dreift víðs vegar um landið. Ég hef ekki heyrt þess getið að ákvörðun hafi verið tekin um viðbrögð í þessu máli og það vekur furðu og jafnvel kvíða.

Við hljótum að vona og ætlast til þess að opinber stofnun sýni ekki minni ábyrgð en einkaaðilar í fiskirækt. Væri fróðlegt að fá upplýsingar um þessi mál nú við þessa umr. Því spyr ég hæstv. landbrh. hver eigi að verða viðbrögð við þeim vágesti sem vart hefur orðið í eldisstöð ríkisins í Kollafirði.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Strax þegar það hafði komið í ljós að fisksjúkdómur var kominn upp í Kollafirði var ákveðið að ekki yrði leyfður neinn flutningur á hrognum, seiðum eða laxi þaðan svo að ekki væri hætta á því að hann bærist hér eftir út úr stöðinni. Jafnframt var lögð áhersla á að reyna að rannsaka eins og kostur væri hvernig þessum málum væri háttað, hversu víðtækur þessi sjúkdómur væri, til þess að gera sér betur grein fyrir því hvað væri rétt að aðhafast.

Að undanförnu hefur verið óskað eftir því að Alþingi veitti aukið fjármagn til fisksjúkdómarannsókna. Á fjárlögum þessa árs var bætt við nýrri stöðu. Að því leyti er aðstaðan betri nú en áður hafði verið. Ég óskaði jafnframt eftir því við fisksjúkdómasérfræðinginn að hann gerði tillögur um á hvern hátt væri hægt að bæta þar betur úr. Hann gerði lista yfir þau tæki sem væru nauðsynleg í því skyni, hann lagði hann fram, má segja, strax. Jafnframt var honum veitt heimild til að kaupa þessi tæki. Enn fremur er nú verið að bæta aðstöðu hvað húsnæði varðar við tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum þar sem þessar rannsóknir fara fram að svo miklu leyti sem það er gert á rannsóknarstofu.

Jafnframt óskaði ég eftir því, eins og ég sagði, að eins víðtæk rannsókn færi fram á þessu sviði og kostur væri og þá sérstaklega á því hvort sjúkdómurinn væri í laxi utan Kollafjarðar. Sýkingin er langmest í laxi sem hefur gengið í stöðina á síðasta sumri. Það er því augljóst að hann er á þann hátt utan stöðvarinnar. Áður en frekari ráðstafanir eru ákveðnar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvar þess má vænta að þessi sjúkdómur geti komið upp. Hann hefur áður komið upp tvisvar, í Elliðaánum í annað skiptið og í hitt skiptið í Laxalóni. Að þessu starfi er unnið ötullega af þessu starfsliði og jafnframt var lögð áhersla á að reynt yrði að útvega meira starfslið eftir því sem fisksjúkdómafræðingur gerði tillögur um.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil skýra frá því að nú alveg nýlega var undirritað setningarbréf sérfræðings í fisksjúkdómum á tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum. Það var gert enda þótt formlega væri ekki að öllu leyti búið að ganga frá þeirri stöðuheimild. Vegna þess hve málið er brýnt var þetta gert. Undirritaði ég slíkt bréf nú alveg nýlega.

Vonast ég til þess að það geti orðið til að greiða fyrir úrlausn í þessu máli.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þetta mál, sem hér er til umr., er gífurlega mikilvægt. Á því leikur ekki minnsti vafi að hér á Íslandi eru betri skilyrði til fiskiræktar en kannske nokkurs staðar annars staðar. Frumskilyrði er að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma í fiskum, hvort heldur er vatnafiskum eða sjávarfiskum, þegar farið verður að rækta þá líka, sem auðvitað verður gert áður en mjög langt um líður. Þess vegna er ekki nægilegt að hafa tvo fisksjúkdómafræðinga að störfum. Þeir verða að vera mun fleiri.

Sjálfsagt munu fiskiræktarmenn, þegar fram í sækir, hafa sína eigin fisksjúkdómafræðinga að einhverju leyti. En á meðan þessi atvinnugrein er í frumbernsku hlýtur ríkið fyrst og fremst og raunar alltaf að hafa þar hönd í bagga og yfirsýn og eftirlit með öllum fiskiræktarstöðvum.

Við megum hins vegar ekki kippa okkur allt of mikið upp við það þó að einhvers staðar komi upp sjúkdómar. Því miður er það svo með fiskirækt eins og alla aðra ræktun að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að aldrei þurfi að meðhöndla þar sjúkdóma. Það er ekkert land til sem stundar fiskirækt þar sem ekki koma upp einhverjir sjúkdómar. En þá verður að bregðast skjótt við, annaðhvort með niðurskurði, ef sýkin er mjög hættuleg, eða þá með lækningum, en flestir þessir skjúkdómar eru sem betur fer mjög vel læknanlegir ef nægilega snemma er gripið í taumana.

Sem betur fer er þessi tegund nýrnaveiki sem hér hefur orðið vart ekki hin versta. Þetta er bakteríusjúkdómur. Sú baktería er í náttúrunni og við komumst aldrei fram hjá því. Hún er í laxfiskum einungis og þrífst ekki annars staðar. Mér er sagt að hún geti jafnvel verið í loðnunni sem laxar éta svo og svo mikið af á sínum ferðalögum. Við komumst sem sagt aldrei frá því að einhverjir sjúkdómar láti á sér kræla.

Eins er það með þessa svokölluðu kýlaveiki, sem hefur orðið hér vart líka, að vísu mjög veikt afbrigði þess sjúkdóms, ekki mjög hættulegt. Sú baktería er einnig í náttúrunni, bæði hér og annars staðar. Hægt er að hindra það í mjög mörgum tilvikum að hún berist í eldisstöðvar eða berist í fisk en ekki alltaf. Það getur alltaf hent. En sem betur fer er það líka mjög vel læknanlegur fisksjúkdómur. Aðrir eru miklu skæðari sem aðrar þjóðir hafa þurft að glíma við.

En sem sagt, aðeins þessi örfáu orð. Fiskiræktin er framtíðin. Innan örfárra ára gætum við stóraukið okkar gjaldeyristekjur. Ég hef leyft mér að segja að á næsta áratug gætum við tvöfaldað þær með fiskiræktinni einni saman. Sjá víst allir hvernig lífskjör yrðu þá hér miðað við það sem þau eru í dag, sérstaklega þegar það er haft í huga að við fiskiræktina er svo til engin gjaldeyrisnotkun. Ef við framleiðum fóðrið sjálf úr loðnumjölinu, ef við teljum loðnumjöl og rækjuskel, sem hent er í sjóinn en er meginuppistaðan í fiskfóðrinu, íslenska afurð, þá er engin gjaldeyrisnotkun í bókstaflegri merkingu önnur en vítamín í fóðri. Hitt er allt innlendur kostnaður nema auðvitað við byggingar stöðvanna, þá þarf einhvern tiltölulega mjög lítinn erlendan gjaldeyri. Þetta er slíkt stórmál að ekkert áhorfsmál er að það á að fjölga fisksjúkdómafræðingum. Þeir eru til fleiri sem eru vel menntaðir og eru núna að koma frá námi strax á þessu ári. Þá hljótum við að bæta við 2—3—4 mönnum og veita það fé til þessarar starfsemi sem nauðsynlegt er.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðherrum fyrir upplýsingarnar og taka einlæglega undir orð hv. síðasta ræðumanns, sem ég veit að er mjög fróður um þessi mál, og leggja áherslu á að við þurfum að sýna enn meiri aðgát og efla varnir gegn þessum alvarlega sjúkdómi sem getur haft óbætanlegar afleiðingar fyrir okkur.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framleiðslustjórn í landbúnaði, þáltill. 102. mál (þskj. 106). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú till. sem ég mæli hér fyrir hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að undirbúa og semja frv. um skipan framleiðslustjórnar, verðlagningar og sölumála í landbúnaði svo og annars þess sem lög nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. taka til. Markmið laganna verði að auka frjálsræði í viðskiptum, tryggja viðskiptalegt aðhald að vinnsluaðilum og að sem stærstur hluti hins endanlega söluverðs skili sér til bænda."

Síðan kemur að kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og till. um það hvenær áliti verði skilað.

Þau lög, sem hér um ræðir, munu vera nokkuð gömul að stofni til og þau fjalla um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Það er ekkert smáræðisverkefni sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi skv. þeim lögum sem hér um ræðir. Það hefur á hendi verðmiðlun, það hefur yfirstjórn með kvótakerfi, það hefur á hendi yfirstjórn kjarnfóðurgjalds, það ræður verðjöfnun á mjólk, það gerir tillögur varðandi verðlagningu og þar fram eftir götunum.

Nánar til tekið getur Framleiðsluráðið ákveðið verðmiðlunargjald af kindakjöti sem renni til sláturhúsanna vegna þess að fjármagnskostnaður þeirra sé mismunandi eða þá að fjarlægðin frá sláturhúsum á markaði sé mismunandi. Í öðru lagi getur það ákveðið verðmiðlunargjald af kindakjöti vegna þess að það sé mislangt frá búunum til sláturhúsanna. Í þriðja lagi getur það ákveðið verðjöfnunargjald til sláturhúsanna vegna stórgripaslátrunar og þá í tvennu lagi, annars vegar vegna nautgripa og hins vegar vegna hrossa, vegna þess að fjármagnskostnaður sé mismunandi eða fjarlægð á markað sé mismunandi. Það getur sömuleiðis ákveðið verðmiðlunargjald er renni til bændanna vegna stórgripaslátrunar vegna þess að það sé mislangt að fara í sláturhúsið.

Það getur í fimmta lagi ákveðið verðmiðlunargjald, og gerir það, sem fari til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða vegna þess að vinnslukostnaðurinn vegna fjármagnskostnaðar sé mismunandi í hinum mismun-

andi mjólkurbúum. Það getur í sjötta lagi, og gerir, ákveðið verðmiðlunargjald sem gangi til þess að jafna flutningskostnað á mjólkinni frá bændum til samlaganna. Í sjöunda lagi getur það ákveðið sams konar verðmiðlunargjald á egg og í áttunda lagi getur það ákveðið sams konar verðmiðlunargjald á kartöflum. Það getur ákveðið verðjöfnunargjald á mjólk til verðuppbóta á vörur þær sem Framleiðsluráðið telur þörf á að verðuppbætur fari til. Það getur líka ákveðið stofngjald til að standa undir stofnkostnaði nýrra mjólkurstöðva og ef það telur að þessar mjólkurstöðvar séu á traustum grunni reistar á ríkissjóður að styrkja stofnkostnaðinn að ¼ með ríkisframlagi.

Það gerir tillögur til landbrh., sem hann getur þá ákveðið hvernig með skuli fara, um framleiðslugjald sem getur verið misstórt eftir bústærð. Það gerir líka tillögur til ráðh. um kjarnfóðurgjald og hvernig eigi að verja því í verðuppbætur til þeirra sem draga úr búrekstri, að því er helst verður séð. Og það gerir tillögur til landbrh. um kvóta í sambandi við kvótakerfi og um mishátt verð sem menn fá fyrir afurðir sínar með tilliti til þess hvernig kvótinn er afmarkaður.

Hlutverk Framleiðsluráðs er enn fremur að gera tillögur til sexmannanefndar um það hver sé kostnaður af vinnslu og dreifingu annars vegar kjötafurða og hins vegar mjólkurafurða. Það á líka að gera tillögur til sexmannanefndar um hver sé svokallaður geymslukostnaður. Framleiðsluráðið á líka að gera tillögur til sexmannanefndar um hver smásöluálagning eigi að vera. Og á hverjum tíma getur Framleiðsluráðið tilkynnt til sexmannanefndar að það hafi uppi óskir um að verðlagningu verði breytt.

Framleiðsluráðið getur líka ákveðið mishátt útborgunarverð til framleiðenda, t. d. eftir árstíðum, og það er hlutverk Framleiðsluráðsins að verðskrá landbúnaðarvörur.

Hlutverk Framleiðsluráðsins hefur enn ekki verið tíundað til fullnustu því að Framleiðsluráðið ákveður hvaða mjólkurstöðvar skuli vera við lýði í landinu og *ákveður mjólkursölusvæði. Og sláturhús verða ekki* rekin öðruvísi en með leyfi Framleiðsluráðsins. Framleiðsluráðið hefur meira vald að því er varðar sláturhúsin en einungis það að þau megi reka og þar stunda slátrun því að Framleiðsluráðið hefur heimild til að ákveða hvað hvert sláturhús megi slátra mörgum sauðum, liggur mér við að segja, hversu miklu magni hvert sláturhús megi slátra. Það er líka hlutverk Framleiðsluráðsins að ákveða hversu miklu sé haldið eftir af verði á kjöti til að standa undir verðmiðlun.

Það er enn fremur hlutverk Framleiðsluráðsins að ákveða takmarkanir á kjötflutningum milli staða eða svæða ef því þykir það við þurfa og það á að ákveða styrki til mjólkurflutninga milli svæða ef því þykir ástæða til.

Þetta eru nokkur af þeim atriðum, kannske flest þau helstu, enda orðin allmörg, sem Framleiðsluráðið hefur á sinni könnu. Ég treysti mér ekki til að fullyrða að hér sé fulltíundað, en menn sjá af þessari upptalningu að vald Framleiðsluráðsins er æðimikið og það eru mörg gjöldin sem Framleiðsluráð getur ákveðið að leggja á, það eru mörg tækin sem það hefur vald yfir. Þó hef ég ekki minnst á það sem snýr að útflutningi því að í lögunum um Framleiðsluráðið eru einmitt ákvæði um, að til að tryggja greiðslu á þeim halla sem bændur kunni að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarafurða skuli til þeirrar tryggingar vera varið fjárhæð sem svari 10% hið hæsta af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár. Það stendur hvergi í þessum lögum að Framleiðsluráðið fari með þetta fé. Það stendur hvergi beinlínis í þessum lögum. Einungis er tekið fram að Hagstofan skuli reikna þá fjárupphæð sem hér um ræðir. Hins vegar rekur mig minni til þess að Framleiðsluráðið hafi fengið leyfi til að taka lán til að standa undir verðuppbótum umfram það sem þessar útflutningsbætur, eins og þær eru ákveðnar af Alþingi, risu undir á sínum tíma. Ég stend því í þeirri meiningu að Framleiðsluráðið hafi líka dálítið með útflutningsbæturnar að gera, enda kemur fram annars staðar í lögunum að það geti ákveðið verðjöfnunargjald til þess að standa undir kostnaði eða skakkaföllum sem menn verða fyrir vegna þess að ekki fáist fullt verð fyrir landbúnaðarvörurnar í útflutningi.

Þau lög sem hér um ræðir innihalda að sjálfsögðu mörg önnur ákvæði. Það eru t. d. ströng ákvæði um það í 28. gr. laganna, að ef kaupmaður eða verslun vilji fá leyfi til sölu á mjólk, rjóma eða skyri sé þeim sem hafi hlotið slíkt leyfi skylt að hafa ávallt á boðstólum allar vörutegundir sem mjólkursamsala og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma. Ekki veit ég hvers vegna þetta er gert, en manni þykir kvöðin rík, einkum þegar til þess er litið að Mjólkursamsalan í Reykjavík er nú farin að framleiða ýmsar vörur sem tæpast verða taldar mjólkurafurðir. Er þá skv. þessari grein öllum þeim verslunum sem vilja hafa mjólk til sölu skylt að taka þær aðrar vörur til sölu sem Mjólkursamsalan í Reykjavík framleiðir.

Það eru líka ákvæði um það hér og kannske eðlileg að enginn megi kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en því sem ákveðið er í þessum lögum. Á þessu trúi ég að mann hafi slakað eins og kunnugt er.

Eins og ég sagði eru þessi lög að stofni til nokkuð gömul og þau hafa hlotið ýmsar endurbætur. En úr því að hér er um svo víðtækt vald að ræða er kannske rétt að líta á hverjir fara með þetta vald.

Framleiðsluráðið er skipað sjö mönnum, kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess, en auk þess fjórum mönnum sem koma frá eftirtöldum aðilum: Frá SÍS, þ. e. þeirri deild sem fer með landbúnaðarafurðir, frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, frá Sláturfélagi Suðurlands og einum fulltrúa frá mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Auk þess eru ákvæði um að þegar þeir fjalli um garðávexti, egg eða hross skuli fulltrúar frá viðkomandi samtökum fá að sitja fundina, en þeir hafi ekki atkvæðisrétt.

Þegar litið er á hlutverk Framleiðsluráðsins eins og það er skilgreint í lögunum er það einkar fróðlegt að skoða. Í 1. tölul. 2. gr. er sagt að það sé verkefni Framleiðsluráðs að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara. Ekki verður gerð nein aths. við það svo framarlega sem þessi stofnun er fyrir hendi.

Í öðru lagi skal það stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar. Ekki veit ég hvernig ber að skilja þetta, en vafalaust hefur legið til grundvallar á sínum tíma að menn hefðu hug á því að auka landbúnaðarframleiðsluna. Nú er öld svolítið önnur en þegar lögin voru sett í upphafi og sjálfsagt álitamál

hvort þessi tilgangssetning stenst að öllu leyti miðað við núverandi aðstæður.

Í þriðja lagi á Framleiðsluráðið að stuðla að umbótum í vinnslu og meðferð varanna og í fjórða lagi að vinna að aukinni hagnýtingu markaða. Allt er þetta góðra gjalda vert.

En í fimmta lagi er það hlutverk Framleiðsluráðsins skv. þessum lögum að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Mér er það stórlega til efs, ef við lítum yfir undangenginn áratug, að Framleiðsluráðið hafi haft þetta markmið nægilega vel í huga miðað við þær ógöngur sem við erum komin í með framleiðslumál landbúnaðarins.

Lögin taka til margs konar atriða sem varða þau stjórntæki sem Framleiðsluráðið hefur yfir að ráða og ég taldi upp hér áðan í svo mörgum liðum að varla varð tölu á komið, enda voru verðmiðlunar- og verðjöfnunargjöldin af margvíslegum toga eins og fram kom. En í þessum lögum eru líka nánari ákvæði um verðlagningaraðferðina og kemur þá sexmannanefnd til sögunnar. Sú sexmannanefnd sem hér um ræðir átti að vera skipuð annars vegar fulltrúum framleiðenda og hins vegar neytenda þó að neytendur hafi verið tregir til setu í nefndinni og þess vegna séu komin inn ákvæði um hvernig með skuli fara þegar neytendur tilnefna ekki fulltrúa sína og er þá tilnefningarvaldið hjá ráðh.

Sexmannanefnd ákveður skv. þessum lögum afurðaverðið til framleiðenda og heildsöluverð og smásöluverð og hún ákveður verðlagsgrundvöll sem gildir til tveggja ára hverju sinni. Í verðlagsgrundvellinum er fólgin upptalning á þeim rekstrarþáttum sem menn telja að tilheyri búvöruframleiðslunni, hversu mikil notkun sé á kjarnfóðri eða áburði og þar fram eftir götunum, hversu mikil notkun sé á hinum ýmsu rekstrarþáttum. Að því er varðar verðlagningu þessara þátta er hins vegar heimild til að endurskoða verðlagningu þáttanna ársfjórðungslega og það sama gildir ef ástæða þykir til að breyta verðlagningu á kaupi bóndans. En það sem er sérstakt við þessa verðlagningaraðferð er það að flest af því sem sexmannanefnd á að byggja verðákvarðanir sínar á á að gerast skv. tillögum frá Framleiðsluráðinu sem jafnframt hefur á hendi skv. lögunum gagnasöfnun varðandi mörg þau atriði sem á á að byggja, svo sem eins og varðandi vinnslu- og dreifingarkostnað, geymslukostnað og hæfilega smásöluálagningu.

Það er skoðun okkar flm. að fyllsta ástæða sé til þess og hafi reyndar verið fyrir löngu að endurskoða þessi lög. Þessi till. hefur vakað í hugum okkar og við höfum í sjálfu sér talað fyrir tillögum af þessu tagi mjög oft áður. Við teljum nauðsynlegt að það stjórnkerfi sem við lýði sé taki mið af núverandi aðstæðum.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá gagnrýni sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu varðandi yfirstjórn landbúnaðarmála. Það er í rauninni einkenni núverandi kerfis að verð á landbúnaðarvörum til neytenda er hátt, en verð til bænda verður að teljast lágt í mörgum tilvikum. Þeim sem utan við standa sýnist hins vegar, og reyndar hef ég það úr samtölum við marga bændur, að milliliðir, vinnslustöðvar, hafi allt sitt á þurru og vel það og ekki virðist vera neinn svikkur á því hversu mikið þessir aðilar geti lagt í fjárfestingu á sama tíma og margir bændur berjast í bökkum. Það er m. a. af þessum sökum sem vinnslu- og dreifingarkerfi landbúnaðarins og stjórnkerfið hefur sætt vaxandi gagnrýni á undanförnum árum. Margt hefur komið upp á yfirborðið í þeirri gagnrýni og þeim athugunum sem framkvæmdar hafa verið. Fyrir skömmu framkvæmdi Hagvangur fyrir ríkisstj. athugun á kostnaði við framleiðslu einstakra mjólkurafurða. Þá kom í ljós að því væri ekki einu sinni haldið til haga í bókhaldi vinnslustöðvanna. Verðmyndun á hinum einstöku mjólkurafurðum, þ. á m. kakómjólk og mangósopa, sem var mikið deiluefni á síðasta ári, fékkst aldrei upplýst, um það vissu menn ekki neitt.

Þorvaldur Búason hefur ritað mikið um sláturkostnað og hann hefur leitt rök að því að mikill dulinn hagnaður sláturhúsanna hafi átt sér stað á undanförnum árum og því meiri sem verðbólgan var meiri. Þetta lá m. a. í því að skil til bænda komu seint og fé var varðveitt hjá sláturleyfishöfum og þeir höfðu möguleika til verðbólgugróða af þeim fjármunum sem þeir höfðu á milli handanna.

Það er ekki nýtt heldur að menn hafi haft áhyggjur af lélegri nýtingu fjárfestingar í vinnslustöðvum landbúnaðarins. Auðvitað getur verið vandi að nýta sumar af þessum vinnslustöðvum þannig að vel sé, svo sem eins og sláturhúsin. En það hafa fleiri atriði verið tínd til í þeim efnum, eins og mikil afkastageta og mikil stórhýsi í Borgarnesi, svo dæmi séu tekin og mætti víðar til telja. Enn sjáum við rísa margar dýrar stórbyggingar fyrir vinnslustöðvar og dreifingarstöðvar í landbúnaði án sýnilegs fjárskorts til framkvæmdanna þrátt fyrir samdrátt og þrengingar á mörgum öðrum sviðum þjóðlífsins.

Það er skoðun okkar flm. að öllum atvinnurekstri sé hollt að njóta viðskiptalegs aðhalds. En það má einmitt færa rök að því að slíkt viðskiptalegt aðhald skorti að því er vinnslustöðvar landbúnaðarins varðar og skýringanna á því, sem ég gerði að umtalsefni áðan, sé að hluta til að leita í því að hið viðskiptalega aðhald í þessari grein sé minna en æskilegt verði að teljast. Menn sjá það af öllum þeim verðjöfnunar-, stofngjöldum, framleiðslugjöldum og þar fram eftir götunum, sem Framleiðsluráðið getur lagt á, að viðskiptalegur árangur hjá einni vinnslustöð nýtist henni ekki nema að hluta. Við getum orðað það svo: Þeir sem standa sig illa, þeir sem hafa fjárfest um of, verða styrktir, ekki bara til fjárfestingarinnar heldur líka í framhaldinu, og hafa verið styrktir til að standa undir fjármagnskostnaði.

Það kann að vera — og er ekki ólíklegt — að meðan á uppbyggingunni stóð og hér var sífellt verið að auka framleiðsluna, eins og rétt var á sínum tíma, hafi jöfnunaraðgerðir af þessu tagi átt fyllsta rétt á sér og verið eðlilegar og skynsamlegar. En við búum við allt aðrar aðstæður eins og stendur. Þess vegna er nauðsyn að taka þetta til endurskoðunar. Markmiðið með þeim lögum sem í gildi eiga að vera og markmiðið með þeirri endurskoðun sem við erum að leggja til að hér verði framkvæmd hlýtur að vera og á að vera að auka hagkvæmni í vinnslunni og stuðla þannig að því að sem stærstur hluti hins endanlega afurðaverðs skili sér til bænda og að neytendum verði ekki gert að greiða óeðlilega hátt verð. Það er skoðun okkar flm. að ein leiðin til þess að stuðla að þessu sé að auka frjálsræði og einmitt, eins og ég gerði að umtalsefni hér áðan, að tryggja viðskiptalegt aðhald, enda kemur það fram í

grg. með þessari till.

Það eru æðimörg ár liðin síðan Gylfi Þ. Gíslason gerði að umtalsefni að offramleiðsla í landbúnaði væri vandamál á Íslandi og gæti orðið vaxandi vandamál. Hann var þá og Alþfl., hverrar stefnu Gylfi túlkaði, stimplaður sem óvinur bænda, það væri ljótt að hafa á orði að það gæti verið vandamál að of mikið væri framleitt af landbúnaðarvörum. Við höfum líka, Alþfl.-menn, oft á undanförnum árum flutt till. og haft uppi málflutning um að þessi óheyrilegi útflutningur og öll þessi gjöld sem á þjóðina væru lögð vegna hans væru byrðar sem við gætum ekki borið, þetta væri óskynsamlegt og hér væri nauðsynlegt að grípa í taumana. Þá höfum við gjarnan verið stimplaðir óvinir bænda og ýmsir ritsnillingar og skriffinnar hafa verið sendir út á völlinn til að vaða elg og standa í rauninni í vegi fyrir skynsamlegri umræðu um þessi mál. Þeir hafa farið offari, ýmsir þeir skriffinnar, og það hefur enginn mátt æmta eða skræmta um landbúnaðarmál utan kerfis landbúnaðarmafíunnar, ef ég má orða það svo, utan þess kerfis sem fer með stjórn þessara mála, öðruvísi en þar risu upp hver á fætur öðrum ýmsir frammámenn og sögðu mönnum að þeir hefðu ekki hundsvit á því sem þeir væru að tala um.

Loksins, tíu til fimmtán árum of seint, eru menn að vakna til vitundar um að stefnan hefur verið röng, sú stefna sem hefur verið fylgt í þessum efnum, framleiðslustefnan sé orðin úrelt, henni hefði þurft að breyta langtum fyrr. Þarna er seint í rassinn gripið, eins og sagt er, og hefur kostað okkur ómælda peninga og kostar bændastéttina nú verulegar þjáningar og fórnir.

Eftir þennan aðdraganda er yndislegt að sjá einn af þeim hagfræðingum sem eru í þjónustu Sambandsins lýsa eins og sólargeisla út úr því myrkviði sem þaðan hefur birst á undanförnum árum þegar fjallað hefur verið um þessi mál. Ég á hér við Guðmund Stefánsson, en eftir hann hafa birst greinar sem eru byggðar á erindi sem hann hefur flutt um þessi mál. Ég get ekki stillt mig um, herra forseti, að vitna nokkuð til þessara greina og fara með hluta úr þeim. Ef bændasamtökin hefðu borið gæfu til þess að hlusta á málflutning okkar Alþfl.-manna fyrr og halda uppi málefnalegri og skynsamlegri umræðu er ég sannfærður um að við stæðum langtum betur nú en ella. Og það er athyglisvert að sjá í þessum greinum hversu margt af því sem við höfum haft uppi orð um og flutt tillögur um er tekið undir af þessum greinarhöfundi, Guðmundi Stefánssyni.

Hann getur þess í upphafi fyrri greinar sinnar að það hafi verið fljótlega upp úr 1960 sem viðvaranir fóru að heyrast um offramleiðslu, og hann bætir við:

„...en engar ráðstafanir voru gerðar til að hafa hemil á framleiðslunni og allt fram til 1978 jókst framleiðsla búvara, enda þótt þá væri löngu ljóst að markaðslegar forsendur væru ekki fyrir allri þessari framleiðslu, hvað þá fyrir framleiðsluaukningu."

Hér er réttilega mælt, en þetta er harður dómur um Alþingi, um það stjórnkerfi sem við lýði hefur verið í landbúnaði, að það skyldi taka það 18 ár að taka aðeins við sér.

Hann bendir á það í grein sinni að á árunum frá 1978 hafi hins vegar náðst verulegur árangur í þessum efnum. Það er auðvitað rétt og ljóst af framleiðslutölum að miðað við þá feikna framleiðslu sem þá var hefur náðst árangur, þó að hann sé ekki nægilegur, í því að hafa stjórn á heildarframleiðslumagninu og draga úr því.

En í þessu sambandi gerir Guðmundur einnig að umtalsefni afurðasölufyrirtækin. Hann bendir á að þegar samdráttur verði í framleiðslunni, eins og hafi átt sér stað frá 1978 og augljóslega þarf að verða eitthvað meiri miðað við þá stöðu sem nú er, hljóti að koma upp erfiðleikar hjá afurðasölufyrirtækjunum. Hann segir að það hafi reyndar komið í ljós erfiðleikar vegna þess að vanskil hafi aukist hjá mjólkurstöðvum og sláturleyfishöfum og þeir eigi í vaxandi erfiðleikum á báðum þessum stöðum við að greiða bændum fullt verð fyrir afurðir sínar og þess vegna „er full ástæða til að endurskoða skipulag mjólkuriðnaðarins".

Og um þetta atriði segir hann:

„Sum mjólkursamlögin eru orðin óþörf séð frá þeim sjónarhóli að án þeirra verði neytendum á viðkomandi svæði ekki séð fyrir nýmjólk. Sum hinna minnstu mjólkursamlaga mætti og á að leggja niður."

Þetta er maður sem hefur kynnt sér sérstaklega hverjar aðstæður ríkja í landbúnaðinum.

Sama er uppi á teningnum að því er sláturhúsin varðar. Hann segir varðandi þau:

„Ég held ... að slíkur samdráttur fari illa með hvert fyrirtæki og á það jafnt við um mjólkursamlög sem sláturhús."

Og hann segir:

„Hér er endurskipulagningar þörf og margar þær forsendur sem lágu því til grundvallar að sláturhúsin voru staðsett eins og er í dag og eins mörg og raun ber vitni eru ekki til staðar lengur."

Forsendurnar undir úthlutun sláturleyfanna eru sem sagt hrundar að áliti greinarhöfundar sem á vel til að þekkja í þessum efnum. Og hann bætir við:

„Það er landbúnaðinum meginnauðsyn að nýta þær fjárfestingar sem fyrir hendi eru eins og nokkur kostur er."

Hér erum við einmitt komin að því atriði, sem ég gerði að sérstöku umtalsefni áður, að léleg nýting fjárfestingar í vinnslu og dreifingu hefði verið gagnrýnisefni og það er áreiðanlega fyllsta ástæða til að taka þessi mál nýjum tökum og tryggja betri nýtingu fjárfestingarinnar.

Greinarhöfundur segir líka í grein sinni að það sé sammerkt með íslenskum landbúnaðarrannsóknum að aðaláherslan hafi verið lögð á framleiðsluþáttinn. Það er auðvitað í samræmi við þá stefnu sem var réttilega mörkuð fyrir fjórum áratugum um nauðsyn þess að auka framleiðsluna. En nú eru önnur viðhorf uppi og einmitt á þeim forsendum bendir hann á nauðsyn þess að hyggja betur að ýmsum öðrum rannsóknarþáttum en einmitt þessum í framhaldinu. Hann segir að þó að rannsóknir að því er varði framleiðsluþáttinn séu eflaust góðar og gegnar telji hann að nauðsynlegt sé að leggja aukna áherslu á markaðs- og hagfræðirannsóknir og auk þess sé ástæða til að taka sérstaklega til skoðunar og leggja aukna áherslu á bútæknirannsóknir, ekki síst vinnu- og verktæknirannsóknir og rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins. Þetta eru áreiðanlega orð að sönnu, miðað við þær aðstæður sem við búum við nú, og þetta sannar enn frekar en ég hef áður gert hér nauðsyn þess að taka málin í heild til endurskoðunar, að flytja áhersluna, vegna þess að það er harla óskemmtilegt að ætla sér að vera eingöngu með skömmtunarkerfi eins og kvótakerfið er eða taka af

mönnum útflutningsbæturnar eins og hlýtur að gerast, þó væntanlega í áföngum því annað yrði allt of harkalegt. Menn verða sem sagt að laga sig að þeim aðstæðum sem eru ríkjandi núna.

Í þessu sambandi gerir greinarhöfundur, Guðmundur Stefánsson, líka að umtalsefni opinber framlög til landbúnaðarins. Þetta er eins og upp úr ræðu eftir krata hér á Alþingi, ekki bara á þessu ári, heldur á mörgum undanförnum árum. Hann bendir á að framlög af hálfu ríkisins virðist vera æðimikið bundin við hinar hefðbundnu búgreinar. Hann segir:

„Grænfóðurrækt hefur aukist verulega á þessum árum" — sem eru 1976—1984 — „en nýræktir hafa dregist saman. Engu að síður voru veitt framlög að upphæð 14.3 millj. árið 1984 vegna nýræktarframkvæmda 1983. Þá voru greiddar á sama hátt 11 millj. vegna grænfóðurræktar."

Svo segir hann:

„Þetta er gert á sama tíma og á öðrum vígstöðvum er barist þrotlausri baráttu fyrir að halda framleiðslunni í skefjum og helst draga úr henni. Þá má nefna," segir hann, „að 1984 voru greiddar rúmar 20 millj. vegna skurðgraftar, þar af tæpar 8 millj. vegna nýframkvæmda. Framlög til byggingar votheyshlaða voru árið 1984 4.1 millj. kr., en vegna þurrheyshlaða rétt rúmar 2.8 millj. Þetta hlutfall hefur haldist svipað mörg undanfarin ár þrátt fyrir margar yfirlýsingar um að efla þurfi votheysgerð eins og reynslan reyndar sýnir að er nauðsynlegt."

Og greinarhöfundur heldur áfram:

„Nú er ég ekki að hafa á móti því að hið opinbera veiti fjármuni til uppbyggingar í hefðbundnum búgreinum. Það er hins vegar umhugsunarefni að á sama tíma og viðurkennt er að nýsköpunar sé þörf og að efla þurfi nýjar búgreinar, þá er, mælt á verðlagi ársins 1984, varið 76 millj. árið 1983 til stuðnings og uppbyggingar á hefðbundnum búskap í formi jarðabótaframlaga. Sama ár veitti Framleiðnisjóður 2.4 millj. til loðdýraræktar og 1.9 millj. til fiskiræktar og veiðimála. Til hefðbundinna búgreina veitti sjóðurinn 1.5 millj. og til vinnslustöðva í landbúnaði 3.6 millj."

Og greinarhöfundur bætir við:

„Allir hljóta að sjá að hér er ærið bil milli orða og athafna. Framlög hins opinbera hafa í reynd eingöngu stutt hinn hefðbundna búskap, en nýgreinar, þar sem menn eygja vaxtarmöguleika, eru að mestu látnar afskiptalausar."

Og hann heldur áfram:

„Það er erfitt að skilja hvers vegna reynt er að stuðla að aukinni grænfóðurræktun, hvers vegna verið er að styðja nýrækt og framleiðslu þegar allt þetta stuðlar að framleiðslu vara sem ekki er markaður fyrir og offramleiðsla á.

Það er mitt álit," segir hann, „og ég veit að fjölmargir eru því sammála, að allt styrkjakerfi hins opinbera þarfnist endurskoðunar. Ég held að nauðsynlegt sé að stórauka opinber framlög, a. m. k. næstu árin meðan uppbygging á sér stað, en hitt er ekki síður nauðsynlegt að þessum fjármunum sé varið í samræmi við nýja stefnu í landbúnaði, til að styrkja hana og stuðla að framgangi hennar."

Ég tek vissulega undir það sem hér er sagt.

Í seinni grein sinni fjallar Guðmundur Stefánsson m. a. um verðlagningu og það sem nú er farið að kalla markaðsfærslu búvara. Þar bendir hann á að verðlagning búvara hafi í meginatriðum haldist óbreytt í 40 ár þótt ýmsar minni háttar breytingar hafi verið gerðar. Hann telur að þetta hafi hentað vel hér á árum fyrr en á síðari tímum hafi aðstæður breyst, einkum á þá lund að neytendur geri kröfu um aukna þjónustu, og þessi viðhorf geri það m. a. að verkum að verðlagning sexmannanefndar hefur oft verkað stíf og erfitt að laga hana að breyttum verslunarháttum. Hér kemur vissulega fram sjónarmið sem er í samræmi við þá þáltill. sem ég hér flyt og þau orð sem flutt voru henni til stuðnings.

Hann bendir líka á að því sé ekki að neita að ekkert nýtt hafi gerst í markaðsfærslu t. d. á kinda- og nautakjöti og hann bendir á að flestir séu að komast á þá skoðun að ekkert selji sig sjálft og þess vegna sé nauðsyn á hugarfarsbreytingu í markaðsmálum. Ég minnist þess, herra forseti, að hafa hér fyrr, bæði á þessu þingi og á síðustu þingum, gert sérstaklega að umræðuefni það sem ég hef kallað sölumál landbúnaðarafurða og nauðsyn þess að aðlaga þær að markaðinum. Það hefur átt við bæði innanlands og jafnframt, svo framarlega sem við erum að selja landbúnaðarafurðir til útlanda, að við gerðum það á hinum erlendu mörkuðum.

Greinarhöfundur segir síðan að hann telji að það sé nauðsynlegt að gera verðlagningu á búvörum liprari, þannig að auðveldara sé að aðlaga hana þörfum og einkennum markaðarins hverju sinni. Þetta er auðvitað hin hliðin á því máli sem fjallað er um í þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir.

Í framhaldi af þessu og þeim nýju aðstæðum sem uppi eru í landbúnaðinum fjallar greinarhöfundur um lánamálin. Þá kemst hann að þeirri niðurstöðu að einmitt þar hafi líka verið fylgt rangri stefnu. Hann telur að það séu hæpin vinnubrögð hjá stofnlánadeildinni, og ég tek undir það, að neita nýbúgreinum um lán á þeim grundvelli að þær hafi ekki greitt til deildarinnar. Þetta er vissulega alveg rétt. Ef menn hafa áhuga á því að nýjungar komist á verða menn auðvitað að stuðla að því. Ekki er þess að vænta að grein sem ekki hefur verið til hafi nokkurn tíma greitt til deildarinnar.

Hann segir að það sé mikið áhyggjuefni að ekki sé meira fjármagn látið ganga í nýbúgreinar og það sé ljóst að lán til hefðbundinna búgreina séu langfyrirferðarmest og hafi haldist að raungildi nokkuð jöfn á undanförnum árum. Það liggur sem sagt í því sem hér er sagt að breyta hefði átt um stefnu. Ég er sammála að veita auknu fé í hinar nýju búgreinar og þá á kostnað hinna hefðbundnu að einhverju leyti og þá út frá þeim forsendum að það er ekki framleiðslustefna sem á að gilda lengur, heldur verður að gilda markaðsstefna í landbúnaðinum og við stjórn þeirrar greinar. Framleiðslustefnan er orðin úrelt og markaðsstefnan verður að taka við.

Í framhaldi af þessu gerir greinarhöfundur að umtalsefni þá leiðbeiningarþjónustu sem bændur njóta. Þá bendir hann á réttilega að fjöldi bænda og flestir ráðunautar hafi alist upp við og verið menntaðir við önnur skilyrði og aðrar aðstæður en nú eru. Framleiðslustefnan, þar sem meiri ræktun, stærri byggingar, meiri afurðasemi og aukin framleiðsla voru lykilorðin, hefur ráðið ríkjum á undanförnum árum. Að þessu leyti eru aðstæður að öllu leyti breyttar núna.

Hann segir: „Erlendir markaðir fyrir kjöt og mjólkurafurðir hafa brugðist.“ Það er vissulega rétt. Á það var bent af hálfu Alþfl. upp úr 1960 hver hætta væri í þessum efnum, en með þeim niðurgreiðslum sem nú eru hjá Efnahagsbandalagi Evrópu er gersamlega óhugsandi að við fáum nema lítið brot af kostnaðarverði fyrir þær landbúnaðarafurðir sem við hér framleiðum, þannig að enn frekar hafa stoðirnar kippst undan því að skynsamlegt sé að selja landbúnaðarafurðir á erlendum markaði. Þess vegna segir hann: „Vandamál bænda eru nú miklu fremur rekstrarlegs eðа hagræns eðlis en tæknilegs. Þeir þurfa í síauknum mæli leiðbeiningar um búreikninga, rekstraráætlanir, fjárfestingar, greiðsluáætlanir.“ Hann leggur til, og ég tel að það sé rétt, að áhersla verði nú lögð á þessa þætti.

Hann bendir einnig á að ráðunautarnir séu ekki menntaðir í rekstrarfræðum og þess vegna þurfi sérstakt átak að því er þann þátt leiðbeiningar og ráðgjafar varði og hann gagnrýnir enn að of lítil áhersla hafi verið lögð á leiðbeiningar í nýjum búgreinum sem ætlað var að bæta upp samdrátt í hefðbundnum greinum. Komum við þá aftur að því atriði sem ég gerði að umtalsefni í umr. um aðra þáltill. sem varðaði varnir gegn fisksjúkdómum. Þar hafði ég eftir norskbúsettum fyrrverandi skólabróður mínum að Íslendingar væru göslarar og þeir mundu áreiðanlega fara með fiskiræktina í vaskinn eins og svo margt annað. Ég leyfði mér að segja að í því fælist svolítið sannleikskorn. En í þessum orðum liggur nákvæmlega það sama og við Stefán Valgeirsson gerðum að umtalsefni í þeirri umr., nefnilega að hinar nýju búgreinar, hvort heldur það er minkarækt, refarækt, laxarækt, fiskirækt, hvað eina sem það er, eru atvinnugreinar sem krefjast kunnáttu, natni og nákvæmni og til þess verða menn að læra. Þess vegna er ömurlegt til þess að hugsa að leiðbeiningastarfsemi í þessum greinum, rannsóknarstarfi, uppeldisstarfi, kennslustarfi, verklegri kennslu, skuli ekki hafa verið sinnt, enda höfum við fengið að sjá áföllin í minkaræktinni, í refaræktinni og reyndar í laxaræktinni líka.

Í lokaorðum sínum segir greinarhöfundur að hann hafi í stuttu máli rakið þá stefnubreytingu sem hafi verið að eiga sér stað og bætir svo við:

„Ég held að flestir geti verið sammála um að „kerfið“ hafi í mörgum, allt of mörgum, tilfellum ekki brugðið við sem skyldi.“

Ég leyfi mér að bæta því við að ég flokka undir kerfið Alþingi, löggjafarsamkomuna, ríkisstj., Framleiðsluráðið og sexmannanefnd.

Hann heldur áfram:

„Ég held líka að landbúnaðurinn sé enn mitt inni á breytingaskeiði og að mikilvægt sé að hann komi sem sterkastur út úr því gagnvart þjóðfélaginu í heild. Á því veltur í raun framtíð landbúnaðarins sem öflugs atvinnuvegar sem keppt getur við annað atvinnulíf um vinnuafl og veitt þeim sem við hann starfa sambærileg kjör og aðrir atvinnuvegir gera.“

Hér er einmitt komið að lykilatriðinu sem hefur legið allt of mörgum hulið allt of lengi og staðið landbúnaði fyrir þrifum.

Greinarhöfundur heldur áfram:

„Til þess að þetta geti orðið er nauðsynlegt að horfst sé mjög ákveðið í augu við þann vanda sem við er að eiga.“

Tími er nú til kominn að menn geri það, segi ég. Menn hafa verið að tala um þetta allar götur síðan 1960 og vandinn hefur verið að magnast stig af stigi í framleiðslustjórninni, í sölumálum, í leiðbeiningarstarfseminni, í því að koma upp nýjum búgreinum. Verkin tala ekki nægilega skýru máli.

Greinarhöfundur heldur áfram:

„Það er ljóst að ekki eru við núverandi aðstæður möguleikar á að greiða öllum þeim sem hefðbundna búvöruframleiðslu stunda þau laun né veita þeim þau kjör sem viðunandi geta talist.“

Þetta er harkalegt. En sé þetta rétt, sem er ástæða til að ætla að sé, knýr það á um skjót viðbrögð til þess að þeir aðilar sem búskapinn stunda lendi ekki í algerum ógöngum.

Greinarhöfundur heldur áfram:

„Annaðhvort fækkar bændum við þessa framleiðslu verulega eða þeir fara í auknum mæli að stunda aðra atvinnu með búskapnum.“

Þegar Gylfi Þ. Gíslason eða aðrir talsmenn Alþfl. stunduðu uppsetningu af þessu tagi fengu þeir aldeilis að heyra það hér í þingsölunum. En nú sést að þeir sögðu það sem var satt og það sem var rétt og sáu örlítið fram á veginn. Sannleikurinn er stundum óþægilegur. Þetta er staðreynd þessa máls og þetta gerist nema aðrar búgreinar komi í stað þeirra sem menn hafa stundað fram að þessu.

Greinarhöfundur heldur reyndar áfram og segir:

„Spurningin er bara hvort þeir eiga almennt kost á nokkurri annarri vinnu og hvort þá sé um nokkuð annað að ræða en ganga frá eignum og atvinnu og setjast að á mölinni. Ef koma á í veg fyrir þá þróun er nauðsynlegt að hefja markvissari nýsköpun atvinnutækifæra í sveitum og efla þá kosti sem vænlegir eru til vaxtar. Fjármagni þarf að beina í auknum mæli til nýrra búgreina, en gæta þess þó jafnframt að eðlileg endurnýjun geti átt sér stað í hinum hefðbundnu. Styrki og framlög sem beinlínis ganga í berhögg við tilgang framleiðslustjórnar ber að afnema og beina því fjármagni til nýsköpunar.“

Þegar við þm. Alþfl. höfum talað um þessa styrki á undanförnum árum höfum við fengið orð í eyra, en hér eru sérfræðingar landbúnaðarins að segja nákvæmlega þau orð sem við höfum verið að koma á framfæri á undanförnum árum. Ráð hefði nú verið að hlusta betur og taka upp alvarlega og málefnalega umræðu um málið þegar við höfum gert þetta að umtalsefni en að standa í fúkyrðum og skömmum og leigja jafnvel sérstaka skriffinna til þess eins og gert hefur verið af hálfu bændasamtakanna.

Greinarhöfundur heldur áfram:

„*Ég tel að allt of stór hluti kerfisins*“ — og ég leyfi mér að túlka það svo aftur að kerfið séu þeir aðilar sem ég taldi upp hér áðan, Alþingi, ríkisstj., Framleiðsluráð, — “hafi nýtt illa þann tíma sem hefur verið til umþóttunar og nánast hjakki í sama fari.“

Það er galli, herrar mínir og frúr. Það nánast hjakkar í sama farinu.

Greinarhöfundur heldur áfram:

„Á þessu þarf að verða breyting. Stjórnvöld verða að vera reiðubúin til að marka ákveðna stefnu í atvinnumálum og þar með talið stefnu í málefnum landbúnaðarins. Þau verða að hafa þor til að framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð er og hinir ýmsu hlutar landbúnaðargeirans verða að haga starfsemi sinni í samræmi við þá

stefnu sem ríkir á hverjum tíma og vera reiðubúnir til að takast á við sífellt ný og breytileg verkefni.

Ef það er ekki gert, þá blasir við stöðnun og stöðnun fylgir hrörnun. Það er því landbúnaðinum lífsnauðsyn að vera sífellt í sókn og hann verður að sækja þangað sem eitthvað er að sækja."

Með þeim orðum lýkur Guðmundur Stefánsson grein sinni.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér fannst þessi grein svo athyglisverð og bera svo af ýmsu því sem maður hefur fengið að sjá frá svokölluðum sérfræðingum í landbúnaðarmálum á undanförnum árum að fyllsta ástæða væri til að tíunda hana nokkuð greinilega. Sannleikurinn er sá, að þessi grein kemur í rauninni tíu árum of seint. Sannleikurinn er sá, að sú stefnubreyting sem hér er beðið um hefði átt að eiga sér stað fyrir langalöngu. Þá hefðum við ekki upplifað allar þær þjáningar sem menn hafa þurft að þola í þessari grein á undanförnum árum. En gert er gert. Og þó að það sé hryggilegt til þess að vita hversu mjög menn tíðka það hér á Íslandi að sofa á verðinum og horfa ekki fram á veginn, eins og þetta dæmi sannar, verðum við að taka á þeim viðfangsefnum sem við stöndum frammi fyrir á hverjum tíma, jafnvel þótt við vitum að það sé í rauninni verið að gera það allt of seint.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða meira um þessi mál á þessu stigi. En þau orð sem ég hef hér látið mér um munn fara og sú grein sem ég hef hér til vitnað hljóta að vekja menn til umhugsunar um nauðsyn skynsamlegrar umræðu um þessi mál, nauðsyn þess að uppstokkun eigi sér stað.

Nú hef ég heyrt nýverið að á vegum hæstv. landbrh. færi fram endurskoðun á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og nýs lagafrv. væri að vænta bráðlega. Ég hef að vísu heyrt það áður. Það er ekki í fyrsta skipti sem sagt er að það frv. muni koma bráðlega. En hverjir eru það sem eiga að hafa samið það frv. til l., hlýt ég að spyrja, ef það er þá að fæðast? Eru það kerfiskarlarnir sem hafa staðið vörð um það kerfi sem hefur verið við lýði og atað alla þá óhróðri sem hafa viljað málefnalega umræðu um þau vandamál sem hér er við að stríða og hafa óttast að hér stefndi í ógöngur eða eru það nýir menn með ferskar tillögur, góðar hugmyndir? Eru fulltrúar neytenda í hópi þeirra sem standa að samningu þessa frv.? Er hér á ferðinni sú bylting sem nauðsynleg er, sú uppstokkun sem nauðsynleg er til þess að ná raunverulegum árangri og tryggja stefnumörkun?

Í upphafi máls míns gerði ég að umtalsefni ótal liði sem Framleiðsluráðið ætti að taka ákvörðun um, varðandi gjaldtöku, varðandi verðlagningu, varðandi kostnaðarþætti, varðandi sláturhús, varðandi mjólkurbú og þar fram eftir götunum. Ég tel augljóst að þetta kerfi eigi að einfalda. Ég held að jafnvel þótt frv. komi frá hæstv. landbrh. um þetta efni á næstu vikum sé engu síður ástæða til þess fyrir Alþingi að kjósa sérstaka nefnd, eins og hér er gerð ályktun um, til að skoða þessi mál sérstaklega og líta á þau. Það getur vel skeð að hér verði samþykkt á Alþingi breyting á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Það getur vel verið að það verði skref í rétta átt. Ég held að þetta sé svo stór málaflokkur og varði Alþingi svo miklu að eðlilegt sé að Alþingi kjósi, eins og hér er gert ráð fyrir, sérstaka nefnd til að skoða það, jafnvel þótt einhver breyting yrði samþykkt á lögunum í þessu tilfelli. Hitt er svo annað mál að jafnvel þótt frumvörp séu lögð fram er ekki víst að þau verði samþykkt á þeim vikum og mánuðum sem lifa þings til vors og þá gæti verið fyllsta ástæða til þess fyrir Alþingi að hafa einmitt starfandi nefnd til að skoða þetta frv. til þess þings sem næst kemur á eftir. Þess vegna, herra forseti, tel ég að hvað svo sem líður þeirri endurskoðun á framleiðsluráðslögunum, sem sagt hefur verið nú eins og oft áður að væri í gangi í landbrn., eigi að samþykkja þá þáltill. sem ég mæli hér fyrir og njóta góðs af þeim möguleikum, sem sú till. veitir, að Alþingi taki ákveðið frumkvæði í þessum efnum.

Herra forseti. Að lokinni umr. legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur flutt allítarlega ræðu um landbúnaðarmál sem vissulega má segja að eðlilegt sé þar sem hér er um yfirgripsmikinn og mikilvægan málaflokk að ræða. Sumt get ég tekið undir í hans ræðu, en öðru get ég ekki samsinnt. Einu atriði vil ég sérstaklega mótmæla harðlega strax í upphafi, það er að forsvarsmenn bændasamtakanna stundi glæpastarfsemi og kalla megi þá mafíu.

Eins og kom fram í máli ræðumanns eru þessi mál til umfjöllunar hjá ríkisstj. og landbrn. Það verður lagt fram frv. um breytingar á framleiðsluráðslögunum síðar á þessu þingi og þá mun þetta mál verða ítarlega rætt. Ég vil þó minnast á örfá atriði í tilefni af ræðu hv. þm.

Það er rétt að framleiðslustefna mótaði framleiðsluráðslögin þegar þau voru sett. Þá var of lítil framleiðsla búvara í landinu fyrir innanlandsmarkaðinn og þá ríkti í öllum löndum sú stefna að auka framleiðslu og reyndar ekki aðeins í landbúnaði heldur á öllum sviðum. Þess vegna var eðlilegt að sú framleiðslustefna setti svip sinn fyrst og fremst á framleiðsluráðslögin. Síðustu 25 árin hefur annað atriði verið grundvöllur, má segja, að framleiðsluráðslögunum. Það er stefna Alþfl., sem hann mótaði í samstjórn með Sjálfstfl. árið 1960, að taka upp útflutningsuppbætur. Með því var búið að skapa markaðstryggingu fyrir svo mikla búvöruframleiðslu að það hlaut að setja mjög svip sinn á landbúnaðarstefnuna næstu árin og meðan þær væru í gildi. Það er því næsta furðulegt að segja að Alþfl. hafi farið að benda á hættu af þessu upp úr 1960, á sama tíma sem hann lögleiðir þetta fyrirkomulag. Hv. 3. þm. Reykn. virðist hins vegar skilja að þegar búið er að setja þetta ákvæði og á það treyst í áratugi er erfitt að kippa því snögglega í burtu.

Hv. 3. þm. Reykn. vildi gera lítið úr þeirri vinnu sem nú er verið að leggja fram til að byggja upp nýja atvinnustarfsemi í sveitum. Ég vil benda á að á síðasta ári var stuðningurinn við loðdýraræktina margfaldaður. Þá var veittur öflugur stuðningur til skipulegrar uppbyggingar fóðurstöðva um landið og lánveitingum úr stofnlánadeild var fyrst og fremst beint til loðdýraræktarinnar og var rúmlega 50 millj. kr. varið í þessu skyni. Vissulega er ekki hægt að kippa öllu öðru í burtu allt í einu. T. d. verða alltaf eigendaskipti að jörðum. Það gildir jafnt um jarðir þar sem stunduð er loðdýrarækt og önnur framleiðsla. Til þess þarf allverulegan hluta af lánsfé stofnlánadeildar. Enn fremur er um að ræða ýmsar fleiri framkvæmdir í sveitum sem byrjað er á og nýtast ekki að fullu nema þeim sé haldið áfram.

En ég get tekið undir að þarna þurfi að sýna fyllstu

gát. Í ræðu sem ég flutti á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1983 lagði ég áherslu á að áður en lánveitingar yrðu ákveðnar lægju fyrir stofnkostnaðar- og rekstraráætlanir um framkvæmdir. Framlög úr ríkissjóði til landbúnaðarins eru einnig í endurskoðun. Ég hef lagt áherslu á að í fyrsta lagi hljóti þau að miðast við þann búrekstur sem á að fara fram á hverri jörð og í öðru lagi þær greinar sem menn telja mesta þörf á uppbyggingu í.

En þó að þarna þurfi að leita nýrra leiða, nýrra verkefna, mega menn ekki svelta þær búgreinar, mjólkur- og kjötframleiðslu, sem menn hafa byggt á á undanförnum árum. Þar þurfa menn einnig að njóta viðunandi afkomu og eðlilegt viðhald verður að eiga sér stað þar.

Reynt hefur verið að auka þekkingu á sviði nýrra búgreina. Kennsla hefur verið tekin upp við báða bændaskólana í loðdýrarækt og við Bændaskólann á Hólum í fiskeldi. Leiðbeiningarþjónusta hefur einnig verið aukin á þessu sviði. Vissulega er rétt að ráðunautar og aðrir þurfa að fylgjast með nýjungum og verða þannig sem best færir um að gegna sínu starfi. Það er þó athyglisvert að benda á í þessu sambandi að í Noregi er forstöðumaður rannsókna í fiskeldismálum fyrrv. aðalsérfræðingur Norðmanna í sauðfjárrækt og hann lagði áherslu á að í nýjum búgreinum yrðu að gilda sömu lögmál og í öðrum búskap. Ég held að reynslan hér á landi, a. m. k. í loðdýraræktinni, hafi sýnt að ekki fór að ganga vel fyrr en farið var að vinna á sama hátt í öðrum búgreinum af bændum sjálfum og í tiltölulega smáum stíl til að byrja með. Því fer víðs fjarri að það sé einhver löstur fyrir þá sem ætla sér að vinna við nýjar búgreinar að hafa þekkingu á öðrum búskap. Segja má að það sé grundvallaratriði.

Augljóst er að það er sameiginlegt hagsmunamál framleiðenda og neytenda að hafa sem mesta hagkvæmni í búrekstri og vinnslu og dreifingu búvara. Það held ég að bændum sé betur ljóst en öllum öðrum. Þess vegna hafa þeir reynt á undanförnum áratugum að skipuleggja þá starfsemi út frá því sjónarmiði. Öllum ætti að vera augljóst hversu þýðingarmikil skipulagningin er. Það var gerbreyting t. d. þegar Mjólkursamsalan var stofnuð fyrir 50 árum og hver og einn bóndi hætti að flytja mjólk sína til neytandans í Reykjavík, heldur var tekin upp skipulögð vinnsla og dreifingarkerfi. En vissulega hafa viðskiptahættirnir breyst og eru alltaf að breytast. Hv. 3. þm. Reykn. las upp eitt atriði, um skyldu mjólkurbúða til að hafa allar framleiðsluvörur á boðstólum. Um það leyti sem framleiðsluráðslögin voru sett munu það hafa verið sex tegundir af mjólkurvörum sem Mjólkursamsalan framleiddi, en núna eru þær orðnar á annað hundrað. Vissulega er eðlilegt að slíkt lagaákvæði falli niður, enda hygg ég að því hafi ekki verið framfylgt á síðustu árum. Þeim ákvæðum mun verða breytt við þá endurskoðun sem nú stendur yfir eins og vitanlega mörgum þeim ákvæðum sem nú eru í lögunum.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að flytja langt mál um þáltill. að þessu sinni, en fullyrði að við þá endurskoðun sem nú er verið að vinna að og kemur fram á Alþingi sem nú situr verður reynt að taka tillit til hinna breyttu sjónarmiða, breyttu aðstæðna. Það verður reynt að samræma sjónarmiðin því að vissulega stangast óskir manna stundum á. Mér fannst það ákaflega athyglisvert sem núverandi landbrh. Dana sagði við mig. Hann mun hafa verið ráðh. u. þ. b. tvö ár. Hann sagði að sín landbúnaðarstefna hefði verið sú að hafa sem allra minnst afskipti af landbúnaði. Samt hefði það orðið hlutskipti sitt að taka upp miklu meiri stjórnun þar en nokkur fyrirrennara hans hefði gert vegna þeirra aðstæðna sem landbúnaðurinn býr við í Danmörku eins og í öllum okkar nágrannalöndum.

Við þeim erfiðleikum sem nú er við að etja verður vitanlega að bregðast af festu og ríkisvaldið verður að styðja eins og kostur er að bændur komist fram úr þeim erfiðleikum. Það er ekki aðeins nauðsynlegt bændanna vegna, heldur þjóðfélagsins alls.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur flutt langa ræðu sem ég mun ekki ræða efnislega að þessu sinni, aðeins víkja að örfáum atriðum. Þessi ræða var hófsamlega flutt, svo sem oft er hjá þessum hv. þm., og ýmislegt var þar réttilega sagt. Á hinn bóginn var annað sett fram með þeim hætti að a. m. k. mátti orka tvímælis. Ég ætla hins vegar ekki að rifja upp þær deilur um landbúnaðarstefnuna sem staðið hafa á undanförnum árum og þátt Alþfl. í þeim deilum og ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau smekklegu orð hv. flm., 3. þm. Reykn., að helst hafi ekki mátt víkja að málefnum landbúnaðarins án þess að settir hafi verið ýmsir skriffinnar í að vaða elginn og þeim hafi öllum verið stjórnað af landbúnaðarmafíunni. Ég vil aðeins segja um þetta atriði, þó ég beini því ekki sérstaklega til þessa hv. þm., að ýmsir aðrir en skrifinnar á vegum landbúnaðarins hafa vaðið elginn um landbúnaðarmál með þeim hætti að það hefur orðið þeim sjálfum til vansæmdar. Þó ég sé ekki að kenna þá við eina mafíu eða aðra er mér ekki grunlaust um að undir þetta megi flokka einstaka menn sem tengdir hafa verið Alþfl.

Ég vil hins vegar segja í tilefni af tilvitnunum hv. þm. í greinar Guðmundar Stefánssonar búnaðarhagfræðings og erindi sem þessi starfsmaður bændasamtakanna flutti á ráðunautafundi, að þar er margt mjög vel og réttilega sagt þó að í sumum greinum megi kenna að farið sé nokkuð offari og annað orki tvímælis. Ég tek sem dæmi, án þess að nefna tölur, skiptingu fjármagns, lánsfjár og framlaga á milli hefðbundins búrekstrar og svokallaðra nýbúgreina.

Ég tel, sem kom líka fram í máli hv. 3. þm. Reykn., að við höfum ekki mátt fara hraðar, svo dæmi sé tekið, í uppbyggingu loðdýraræktar hér á landi en gert hefur verið. Við höfum orðið fyrir óhöppum í þeirri grein, minkastofninn, sem var fluttur inn, var sýktur. Við höfum þurft að leggja í mikinn kostnað við að útrýma þeim sjúkdómi. Við höfum varðandi þann þátt loðdýraræktarinnar sem snýr einkum að refarækt og hófst hér á árinu 1979 þurft að byggja upp í landinu sjálfu þekkingu og reynslu sem eru mikilvægustu undirstöður þess að hægt sé að reka þennan atvinnuveg með árangri. Þess vegna var, a. m. k. á þeim árum sem ég var þessum málum kunnugastur, ekki hyggilegt að fara hraðar en gert var í því að byggja upp þessa atvinnustarfsemi meðan við vorum að afla okkur reynslu og þekkingar innanlands. Það er hins vegar svo komið að við höfum þegar náð verulegum árangri á þessum sviðum, reynsla hefur safnast upp, við erum sífellt að öðlast nýja og nýja þekkingu. Ungir menn hafa sótt þekkingu til annarra landa og við höfum byggt upp möguleika innanlands til

að mennta menn í þessum greinum. Þess vegna er svo komið að undirstaðan er fengin í loðdýrarækt og við erum að ná meiri tökum á því í krafti þeirrar reynslu og þeirrar menntunar sem við höfum aflað okkur. Á þetta ber að líta þegar horft er til þess hvernig fjármagni hefur verið skipt á milli einstakra greina landbúnaðarins, eins og hér var vitnað til, því að vitaskuld er það svo að þeir sem stunda aðra þætti landbúnaðar en hér er um rætt eru svo margfalt fleiri en þeir sem fram til þessa hafa unnið að loðdýrarækt og hinum svokölluðu nýbúgreinum.

Það er enn fremur skoðun mín að hið opinbera, ríkisvaldið og kerfið, eigi ekki með framlögum og lánveitingum að beita sér fyrir uppbyggingu í t. a. m. loðdýrarækt á eigin vegum umfram það sem gert hefur verið, umfram það sem bændurnir sjálfir vilja standa fyrir. Það á að fylgja eftir því sem fram kemur að frumkvæði bændanna sjálfra, styðja það frumkvæði og gefa því frumkvæði möguleika til að dafna og veita fjármagn í samræmi við það. Hin opinbera uppbygging á ekki að ná lengra en svo að byggja upp eins og gert var með uppbyggingu kennsluaðstöðu á Hólum og nú síðast, sem er á þessu fjárlagaári, með því að veitt er fé til uppbyggingar loðdýrahúss á Hvanneyri, þannig að þar geti einnig hafist verkleg fræðsla í þessum efnum. Hin opinbera starfsemi á ekki að ná lengra en svo að leggja grundvöll að þekkingaröflun, fræðslu, jafnvel tilraunastarfsemi, svo og að veita eðlilega aðstoð þegar sérstök óhöpp verða eins og í sambandi við sjúkdóma og útrýmingu þeirra. Að öðru leyti ber að fylgja eftir frumkvæði bændanna sjálfra og gefa bændunum svigrúm. Ég vænti þess að þegar hv. 3. þm. Reykn. skoðar málið frá þessum sjónarhóli séum við sammála því að ég held að hv. þm. sé ekki það mikill krati — hann notaði sjálfur það orð — að hann vilji færa þessa atvinnustarfsemi undir ríkisforsjá.

Hið sama má að verulegu leyti segja um fiskiræktina. Ég beitti mér fyrir því á sínum tíma að veita styrki ýmsum ungum mönnum sem sóttu nám í fiskirækt til annarra landa. Ég hygg að af því hafi orðið verulegt gagn, þessa hafi verið full þörf. Ég beitti mér einnig fyrir því að byggt var upp kennslubú í fiskirækt á Hólum í Hjaltadal sem ég efa ekki að verður og hefur orðið undirstaða þekkingaröflunar í þessari grein. Einnig í þessari grein er það þekkingin, natni, eins og ræðumaður sjálfur orðaði það, og samviskusemi í meðferð þessa rekstrar sem ræður úrslitum um hvernig útkoman verður. Mér er ekki kunnugt um að verulega hafi staðið á lánveitingum í þessari grein fyrr en, eins og hv. ræðumaður nefndi einnig, upp kom deila á milli fulltrúa fiskeldisstöðva í landinu og fulltrúa veiðimála og veiðiréttar annars vegar og Stofnlánadeildar landbúnaðarins hins vegar um greiðslur þessarar greinar landbúnaðarins til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Í ályktunum frá þessari grein landbúnaðarins, þeim sem veiðimálum sinna og þeim sem stóðu að fiskirækt, óskuðu þeir jafnvel eftir að verða leystir undan því að greiða framlög til stofnlánadeildar og þá jafnframt að afsala sér rétti til lána sem stofnlánadeildin veitti og taka sín lán annars staðar. Skömmu áður en ég fór úr landbrn. leysti ég þetta mál til bráðabirgða. Ljóst var að það ástand gat ekki staðið nema skamma hríð og mér er ekki nægilega kunnugt um hvernig að því hefur verið staðið síðan.

En þarna eru augu manna að opnast æ meir fyrir því að við eigum mikla möguleika, eins og lýst var úr þessum ræðustóli í dag, sem við þurfum að vera reiðubúnir að geta mætt með stuðningi, einkanlega lánsfé, því það er heppilegt, ef við getum byggt upp nýjar atvinnugreinar í landinu, að þær þurfi ekki að byggja á framlögum. Ríkisstj. hefur ákveðið að hluti af því fé, sem svokallaður þróunarsjóður á að fá til ráðstöfunar skv. því sem fram kemur í frv. til lánsfjárlaga og í fjárlögum, renni til nýjunga og hagræðingar í landbúnaði, en þetta fé svarar til 55—60 millj. kr.

Ég held að margt væri hægt að ræða í tengslum við þær tilvitnanir sem fram komu í grein Guðmundar Stefánssonar, en ég skal spara það. Ég vil aðeins undirstrika, sem ég hef í mörg ár lagt á ríka áherslu, ég segi nærri megináherslu á, að öll framleiðsla verður að byggjast á því að hún seljist. Hún hlýtur að verða að byggjast á markaði. Þess vegna ber að sinna markaðnum með nýrri tækni í vinnslu og með sölutækni á þann máta sem frekast er unnt til að geta þjónað markaðnum sem best og nýtt hann fyrir innlenda framleiðslu. Hér á ég bæði við innlendan markað og eins að svo miklu leyti sem framleiðsla okkar landbúnaðar getur orðið gjaldgeng á erlendum markaði. Það hlýtur að verða að byggja á þessum atriðum og vil ég gjarnan undirstrika það sem fram kom í tilvitnunum hv. 3. þm. Reykn.

Hann sagði einnig að vandinn hafi verið sífellt að vaxa síðan 1960. Þarna er nokkuð rúmt yfir farið a. m. k. Það var tekið á þessum vanda að nokkru með lagabreytingum 1979, en síðan með breytingum á þeim lögum og skörpum stjórnvaldsaðgerðum 1980 sem höfðu veruleg áhrif. Þær komu fram í því að innanlandsframleiðsla mjólkur minnkaði úr 120 millj. lítra í 102—103 millj. lítra og var þá við hæfi innlenda markaðarins. Stóð svo í 2—3 ár a. m. k. Það er þess vegna ekki hægt að segja að vandinn hafi sífellt verið að vaxa frá 1960, heldur hefur a. m. k. á þessum hluta vandans verið tekið, þó að nokkuð hafi slakað á aftur á síðasta ári varðandi þessa framleiðslugrein.

Ég held að ég fari ekki út í að ræða efnislega ræðu hv. 3. þm. Reykn. að þessu sinni. Þó kom fram undir lok ræðu flm. að hann hefði heyrt nýverið, eins og hann orðaði það, að nefnd væri að starfi til að endurskoða þau mál sem till. greinir. Þessi nefnd hefur verið að starfi í u. þ. b. eitt ár. Það er mikið vanmat hjá hv. þm. ef hann telur þessi mál það einföld og auðleyst, eins og hér kemur fram í tillgr. sjálfri, að unnt sé að skila niðurstöðum í máli af þessu tagi fyrir 1. apríl 1985. Þó þessi till. flm. kynni að verða samþykkt fyrir miðjan næsta mánuð er það mikið vanmat og sýnir ókunnugleika hans á þessum málum.

Hins vegar vil ég segja að ég tel ekki tilefni til þess að Alþingi kjósi nefnd til að vinna verk sem önnur nefnd á vegum landbrh., á vegum stjórnarflokkanna, er að vinna. Í þeirri nefnd eiga sæti fjórir mætir alþm., sem ég ber fullt traust til, og vinna að þessu verki ásamt aðstoðarmanni hæstv. landbrh. Ég vil a. m. k. sjá hvort niðurstaða þessarar nefndar kemur ekki til okkar áður en önnur nefnd er kosin af hv. Alþingi til að gegna sama hlutverki.

Það var ekki síst þetta sem ég vildi láta koma fram. Hitt er víst og ljóst að nú eru, að ég ætla, allir sammála um, eins og sýnir sig á yfirlýsingum stjórnarflokkanna og á því starfi sem verið er að vinna á þeirra vegum, að

nauðsyn er á endurskoðun framleiðsluráðslaganna, sem þessi till. fjallar um, og þeirra mála sem tengjast framleiðsluráðslögunum og framkvæmd þeirra. Ég tel að sú vinna sem í gangi er á vegum stjórnarflokkanna hafi það að markmiði að mæta þeim nýju viðhorfum sem uppi eru í þessum málum. Eins og ég sagði áður ber ég fullt traust til þess að það starf takist, þannig að sú löggjöf sem Alþingi væntanlega afgreiðir að þeirri vinnu lokinni feli í sér að móta nýjan lagaramma um framleiðslustjórn, um verðlagningu, sölumál, sölutækni og markaðsmál landbúnaðarins.

Ég ætla ekki að bæta við þetta þó hér sé um efni að ræða sem gæti kallað á mjög miklar og ítarlegar umr., en aðeins láta þá skoðun mína koma fram að till. þessi er óþörf og virðist flutt — ef ókunnugleiki hv. þm. er ekki meiri en ég ætla — til að æfa sig í ræðuhöldum á hv. Alþingi, en ekki til neins annars.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þessa till. þó að e. t. v. sé ekki vanþörf á því að ræða þessi mál. Ef hægt er að ræða þau mál þannig að reynt sé að fara ofan í saumana á þeim vandamálum sem blasa við og ef það yrði einnig til þess að við öll, hv. alþm., mundum skilja þessa hluti betur að umr. lokinni væri ekki vanþörf á slíkri umr. En ég geri ráð fyrir að undirbúningslítið sé ég ekki maður til að taka það þannig í gegn að það yrði að því gagni sem þyrfti að verða.

Í upphafi vil ég minna hv. 3. þm. Reykn. á að fyrir 1960 voru samningar um að landbúnaðurinn mætti hækka verð innanlands til að hægt væri að flytja út eitthvað af framleiðslunni og bændur fengju þannig sæmilegt heildarverð fyrir sína framleiðslu. Um það var samið og stóðu að því viðreisnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Alþfl., á sínum tíma að taka upp það kerfi sem hefur síðan gilt í þessum málum. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Kjartan Jóhannsson sé ekkert að firra Alþfl. ábyrgð á þessum málum frekar en aðra, ég ætla honum það ekki, en ég vil út af hans orðum minna á þessa staðreynd.

Það er mikill misskilningur, að mér sýnist, sem kom fram, ef ég hef skilið þm. rétt, í sambandi við vinnslustöðvarnar. Í sambandi við vinnslustöðvarnar er það þannig að þeir bændur sem framleiða t. d. mjólk á ákveðnu svæði standa að öllu leyti að vinnslu og dreifingu á mjólkinni. Þar sem ég þekki til er þetta gert upp eins og hvert annað fyrirtæki. Það er kannske hægt að deila um hvort hægt væri að reka vinnslustöðvarnar einhvern veginn öðruvísi, það er alltaf hægt að deila um alla hluti, en þetta er gert upp. Þessi mál væri hægt að endurskoða. Alþingi gæti látið endurskoða þessa reikninga til að komast að hinu sanna í þessu efni. En ég er alveg sannfærður um að í ljós kæmi að það eru allt aðrar ástæður en menn telja sem valda því að vinnslu- og dreifingarkostnaður er það hár sem raun ber vitni. Ég vil líka undirstrika að fyrir 2—3 árum, þegar þetta var kannað, var vinnslu- og dreifingarkostnaður hærri í öllum nágrannalöndunum en hér. Það ættu menn að athuga.

Það er verið að tala um að verið sé að verðjafna á milli mjólkurbúanna sérstaklega. En það eru ýmsar ástæður fyrir því. Lögum var breytt — ég man ekki hvort það var 1978 eða 1979 — þannig að það mætti einnig verðjafna fjármagnskostnaði. Það var vegna þess að sum mjólkursamlögin byggðu til að framleiða ákveðnar vörutegundir sem var mikið dýrara að framleiða en aðrar, einmitt til þess að það væru ekki allar stöðvarnar að fjárfesta í því sama. Þegar á heildina er litið var þessi fjárfesting langtum minni með þessu móti en ef hver og ein vinnslustöð hefði farið að fjárfesta í því að geta framleitt allar þessar tegundir. Það er að mörgu að hyggja í þessu efni.

Það kom fram í umr. á Alþingi á dögunum að sláturkostnaður hefði verið áætlaður allt of lágur. Þessi kostnaður er m. a. svona mikill vegna þess að ekki hefur fundist leið til að nýta sláturhúsin nema 7—8 vikur á ári. Það er erfitt viðfangs þar eð heilbrigðisyfirvöld gera ákveðnar kröfur um byggingu þessara húsa. Það eru bundnar hendur þeirra sem með þessi mál fara og ekki á þeirra valdi hvernig bygging og rekstur fer fram í þessum húsum. Ég sé mig neyddan til að benda á þetta.

Stofnlánadeildin neitaði ekki neinum manni sem bað um lán í sambandi við loðdýrarækt á síðasta ári. Ég vil að það komi fram. Meira að segja þó að þeir hefðu ekki sótt um fyrir tilskilinn tíma fengu allir sem báðu um lán til að fara út í að byggja og setja á stofn loðdýrabú. Um hitt er ég sammála hv. 3. þm. Reykn., að tíminn frá 1959 hefur ekki verið notaður sem skyldi í þessum efnum. Ég kom fram með þá tillögu þá að breyta jarðræktarlögunum og fá þannig peninga til að breyta framleiðslunni í landbúnaði. En ekki var staðið við að láta þá fjármuni af hendi, þrátt fyrir lagafyrirmæli, fyrr en á síðasta ári. Þá var það í fyrsta sinn gert. Það var látið af hendi miðað við greiðsluna sem átti að vera á því ári en ekki þann hala sem hafði skapast.

Það var bagalegt að svo fór vegna þess að í sauðfjárrækt hefur orðið mikill samdráttur, jafnvel yfir 20% í mörgum héruðum. Þá gefur það auga leið að erfitt verður fyrir þá sem eiga við að búa, þeir halda ekki kaupi. Ef að menn eygja ekki aðra tekjumöguleika er það líklegt að æðimargir gefist upp á næstu árum. Þess vegna er nauðsyn að taka á þessum málum öðruvísi en hefur verið gert og langtum ákveðnara.

Hv. þm. talaði um að nauðsynlegt væri að nýir menn með ferskar tillögur kæmu að þessu frv. til að semja nýtt frv. miðað við þær aðstæður sem eru fyrir hendi. Það er ágætt að til séu menn með ferskar tillögur en þeir þurfa að hafa einhverja innsýn og skilja þessi mál. Þetta eru flókin og vandasöm mál og ef illa tekst til með löggjöf í þessu efni gæti það orðið alvarlegt áfall, ekki einungis fyrir landbúnaðinn heldur fyrir þessa þjóð, því að mikið kostar það okkur ef verulegir fólksflutningar yrðu t. d. til suðvesturlandsins og margar byggðir færu ef til vill í eyði, eins og horfir í þessum málum.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um að einhver deila væri á milli stofnlánadeildar og þeirra sem eru í fiskirækt í sambandi við lán til þeirrar atvinnugreinar. Ég vil einungis minna hv. þm. á að eins og lögin eru í dag er ekki heimild fyrir því að lána öðruvísi en hver og ein framleiðslugrein greiði ákveðið gjald í stofnlánadeild. Það þarf þá að breyta lögunum. Það þýðir ekki að saka stofnlánadeildina um að hún hagi sér þannig. Stjórn stofnlánadeildar verður að fara að lögum. Gjaldið var lækkað til þessara greina fyrir um 3—4 árum (Gripið fram í.) Þannig að þeir þurftu ekki þar á eftir að borga nema helminginn á móti hinum hefðbundnu greinum. Við vissum ekki annað en að búið væri að gera samkomulag, enda fór þetta í gegnum þingið. Það

hefur ekki enn a. m. k. orðið niðurstaðan að þeir borguðu sitt gjald, miðað við það samkomulag sem gert var og miðað við þau lög sem að gilda. Auðvitað verður með einhverjum ráðum að laga þessi mál. Ég vil að þetta komi fram.

Það er margt hægt að segja um horfurnar fyrir landbúnaðinn. Ég hef þá trú að ef við ekki getum rekið blómlegan landbúnað á Íslandi verði þéttbýliskjörnunum víða um land líka hætt. Ég held að við getum aldrei lifað menningarlífi í þessu landi öðruvísi en að nokkuð blómlegur landbúnaður sé rekinn hér. Ef menn hafa trú á því á annað borð ættu hv. alþm. að sameinast um að búa þannig að þessum atvinnuvegi að hann hafi svipuð kjör og aðrir. Það verður ekki gert með því að svelta stofnlánadeildina. Stofnlánadeildin getur ekki frekar en aðrir lánað, hvorki til hefðbundinna búgreina né nýrra, fjármuni sem hún ekki fær í hendur. En ég sé ekki annað en að ef þær upphæðir standast sem stofnlánadeildin á að fá verði ekki mikið gert á árinu 1985, a. m. k. ekki af nýjum framkvæmdum, því miður.

Ég hef þá trú, miðað við það sem er að gerast í kringum okkur, að það sé e. t. v. styttra í það en margir halda að við höfum möguleika á að flytja út vörur frá landbúnaðinum. Það er að grípa um sig, a. m. k. sums staðar í kringum okkur, ótti vegna þeirrar miklu mengunar sem er í þessum löndum. Það kom fram hjá Sigurði Markússyni á fundi þar sem ég hlustaði á hann ekki alls fyrir löngu að skýringin á því að við getum haldið uppi þessu háa fiskverði í Bandaríkjunum sé m. a. sú að Bandaríkjamenn vita að hér er hreint og ómengað land. Sé rétt að það sé orðið hluti af verði fiskjarins, menn vita að vatn hér og aðstæður eru slíkar, hvers vegna er þá ekki hugsanlegt að einnig sé hægt að selja landbúnaðarvörur á meira verði en hefur verið gert hingað til? Það er nú orðið þannig, m. a. s. á Norðurlöndum, að mörg fiskivötnin og margar árnar eru dauðar af mengun. Þær eru orðnar fiskilausar. Skógarnir í Evrópu, þriðjungurinn af þeim, eru að deyja. Þannig er nú ástandið. Það getur vel verið að ég reynist ekki sannspár í þessu efni, en sé hitt rétt, sem Sigurður Markússon hélt fram, að Bandaríkjamenn líti þannig á að rétt sé að gefa okkur meira fyrir fiskinn af þessum ástæðum þá gæti hitt ekkert síður staðist.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Hæstv. forseti. Ég vona að ekki hafi komið forseta mjög á óvart að ég tæki til máls aftur í þessu máli. **(Forseti:** Engan veginn. Það var staðreynd að enginn hafði kvatt sér hljóðs, en þess var getið óðar sem hv. þm. gaf merki. En það er ekki sjálfgefið að menn þurfi endilega að tala tvisvar eða þrisvar. Það er í valdi hvers og eins og forseti gengur ekki út frá neinu fyrirfram.) Þetta var bara hugboð.

Herra forseti. Mér fannst það allskrýtið hjá hæstv. ráðh. og öðrum þm. sem hér töluðu og hafa víðtæka reynslu í landbúnaði að þeir skyldu gera það að umtalsefni að hér væri um málaflokk að ræða sem væri eðlilegt að fjallað væri ítarlega um, eins og ég var raunar að gera að umtalsefni að nauðsynlegt væri, en segja jafnharðan að þeir ætluðu samt ekki að gera það. Ég held að það sé mikið atriði að fram fari ítarleg og skynsamleg umræða um þetta mál. Orð þeirra voru mér því í sjálfu sér vonbrigði og mér þykja þau einkennileg þegar menn hafa þá skoðun, eins og kom fram hjá öllum þeim þremur ræðumönnum sem hér töluðu, hæstv. ráðh., hv. þm. Pálma Jónssyni og hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að nauðsynlegt væri að um þetta færi fram ítarleg og skynsamleg umr. Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði ekki vanþörf á að ræða þessi mál, svo að notuð séu hans orð, en að því sögðu kikna þeir niður og segja: Við ætlum nú samt ekki að gera það. Við ætlum ekki að fara hér út í þá ítarlegu umr. sem við teljum nauðsynlegt að fari fram á þessum vettvangi. Í þessu þykir mér felast verulegur þverbrestur og ekki samræmi. Ég hefði einmitt haldið að nauðsynlegt væri að menn ræddu þessi mál ítarlega og málefnalega, eins og ég gerði reyndar að umtalsefni í framsöguræðu minni fyrir þessari þáltill.

Í ræðu hæstv. ráðh. kom ekkert fram um hver væri stefna ráðh. að því er varðaði endurskipan mála sem eru á vegum Framleiðsluráðsins eða endurskoðun laganna um Framleiðsluráð. Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa á þessu einhverja skoðun. Þetta hefði verið eðlilegur vettvangur, staður og stund til að gera grein fyrir því hver stefnan ætti að vera í þessum efnum. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að ráðh. geri þinginu nú grein fyrir því til hvaða áttar eigi að stefna í þessum efnum og ekki eingöngu með þeim óljósu orðum að það eigi að færa sig eitthvað nær nútímanum eða taka meira tillit til aðstæðna eins og þær eru núna. Ég held að mönnum hljóti að vera það forvitnismál hvers konar endurskoðun er að fæðast í þeirri nefnd sem er starfandi á hans vegum. Ég ætla þá líka að segja að ég held að það sé ljóður á starfsháttum í sambandi við nefndir af þessu tagi að menn skuli ekki einmitt hafa uppi opinbera umræðu samtímis. Betur sjá augu en auga og menn hafa gott af því, þegar verið er að fjalla um svona mál, að heyra fleiri sjónarmið, heyra með- og mótrök fyrir hinum ýmsu þáttum og átta sig þannig betur á málinu. Einnig af þeirri ástæðu og til að tryggja framgang skynsamlegri niðurstöðu í þeirri nefnd sem að starfi er hefði verið bæði skynsamlegt og rétt, að ráðh. gerði þinginu og þar með alþjóð grein fyrir því, þar með bændum í landinu og neytendum, hvað sé á döfinni.

Ég skildi reyndar ekki sumt í ræðu hæstv. ráðh. Hann talaði um það í sambandi við loðdýrarækt að menn ættu ekki að líta á það sem löst þó að menn hefðu þekkingu á öðrum búskap. Ég veit ekki hvaðan hæstv. ráðh. hefur það að einhverjir gangi með þá skoðun að ef menn hafi góða þekkingu á sauðfjárbúskap eigi þeir alls ekki að fást við loðdýrarækt. Þetta er alveg þveröfugt við það sem t. d. kom fram í ummælum mínum í umr. um till. sem varðaði sjúkdóma í fiski. Þá gerði ég einmitt að umtalsefni að ýmsir kunningjar mínir í sveit, bændur í sveit, hefðu svarað því til, þegar ég spurði þá hvernig stæði á því að svona áfallagjarnt væri í loðdýrabúskapnum, bæði að því er varðaði minkaræktina og síðar í refaræktinni, að það væri svo rík tilhneiging til að setja búskussana í þessar nýju greinar. Þeir, sem hefði ekki gengið vel í sauðfjárbúskap eða öðrum hefðbundnum búskap væru þá kannske styrktir eða studdir til að hefja búskap í hinum nýju greinum, en búskussar væru alltaf búskussar. Þetta sögðu vinir mínir, sem ég hef hitt, til sveita. Nú er fyrir þá sem þykjast hafa og ég veit að hafa mikla þekkingu á þessu sviði að svara fyrir hvort þetta feli í sér að ég telji það einhvern löst í sambandi við loðdýrarækt að menn hafi þekkingu á öðrum búskap. Ég tel svo ekki vera þvert á móti. Það er líka fyrir þá sem þekkingu hafa á þessu sviði að upplýsa hvort hér sé

um rétta tilgátu að ræða, sem ég varpaði hér fram vegna þess að *ég hafði heyrt hana, að hluti af skýringunni væri* þessi.

Hvað sem því líður kom fram að þeir þm. Stefán Valgeirsson og Pálmi Jónsson og ég held líka hæstv. ráðh. voru sammála mér um að það þyrfti natni og þekkingu í þessari búskapargrein alls ekki síður en öðrum. Af þeim orsökum sagði hv. þm. Pálmi Jónsson að það hefði legið í orðum mínum, sem rétt væri, að ekki hefði mátt fara hraðar í uppbyggingu í loðdýraræktinni en gert hefði verið. Það getur vissulega verið rétt. En í fyrsta lagi hefðu menn getað byrjað fyrr og í öðru lagi fer ég ekki ofan af þeirri skoðun minni að menn hefðu getað byrjað öðruvísi. Menn hefðu getað byrjað á því að afla þeirrar þekkingar, vitneskju og rannsókna sem voru grundvöllur þess og forsenda að vel tækist til. Sú fjárfesting sem menn hefðu lagt í af þeim sökum þurfti ekki að hlaupa á mörgum hundruðum eða tugmilljónum kr., en hún hefði áreiðanlega skilað sér mjög vel. Eins er það í sambandi við fiskiræktina. Við erum búin að tala hér um fiskirækt í meira en áratug en að því er þekkingaröflunina varðar, að því er menntunina varðar, að því er „uppeldið" varðar til þess að stunda þennan búskap höfum við farið hræðilega hægt af stað. Ég tel það ekkert stórvirki þó að sett hafi verið upp deild við Bændaskólann á Hólum í fiskeldi. Aðalatriðið er að þeir sem fara í þessa starfsemi eigi kost á því að læra til þess sem um er að ræða.

Þeir gerðu það báðir að umtalsefni, hæstv. landbrh. og hv. þm. Stefán Valgeirsson, að fyrir 1960 hefði verið leyft að hækka verð innanlands vegna útflutnings, en síðan hefðu verið sett ný lög, sem Alþfl. stóð að, varðandi útflutningsbætur. Þetta er rétt. Ég hef aldrei mótmælt því. Ég skal ekki um það segja hversu skynsamlegt þetta hafi verið fyrir næstu árin, 1960—1965. Hins vegar var alveg ljóst að árið 1965 var komið fram hversu varasamt þetta væri. Það var þegar árið 1965, fyrir 20 árum, komið fram hversu vafasamt og varasamt þetta væri. Fyrir 20 árum, hugsið þið ykkur! *Það er kannske ekki nema von að hv. þm. Stefán* Valgeirsson tæki svo til orða að tíminn frá 1959 hefði ekki verið notaður sem skyldi.

Það er nefnilega mergurinn málsins. Og þetta er að gerast aftur og aftur hjá okkur. Tíminn er illa notaður, menn horfa ekki fram á veginn.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson gerði líka að umræðuefni að ég hefði spurt hvort í þeirri endurskoðun sem væri í gangi á vegum hæstv. landbrh. væru þá ekki einhverjir nýir menn með ferskar hugmyndir. Ég endurtek þá skoðun mína að það sé nauðsynlegt. En ég gerði auðvitað ekki ráð fyrir því að þarna væru að verki einhverjir heimskingjar sem ekkert skildu, eins og mér fannst liggja í orðum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar þegar hann sagði að nauðsynlegt væri að mennirnir hefðu innsýn og að þeir skildu það sem um væri verið að fjalla. Annaðhvort væri nú! Það er grundvallaratriði. Mér finnst ekki að menn geti verið með svona málflutning, hv. þm. Stefán Valgeirsson. Ég verð reyndar að segja að þarna finnst mér brydda á því, sem menn hafa oft fengið að heyra ef þeir hafa vogað sér að tala um landbúnaðarmálefni, að þeir hefðu ekkert vit á því ef þeir voru ekki úr þeim kjarna sem hefur ráðið málum í þessari grein á undanförnum árum og áratugum. Það hefur að mínum dómi verið röng nálgun hjá þeim sem hafa verið í forsvari í landbúnaðinum. (**SV:** Þú hefur ekki hlustað á málflutning minn.) Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði hér áðan að það væri ekki vanþörf á að ræða þessi mál ef reynt væri að fara ofan í saumana á þeim vandamálum sem blasa við. Og það er það sem ég hef verið að biðja um. En síðan veigra menn sér við að ræða málið, þ. á m. hv. þm. Stefán Valgeirsson.

Hæstv. landbrh. gerði hér aðeins að umtalsefni að hann hefði skipað nefnd í þetta mál og víst hafði ég heyrt það nefnt áður og gat þess í framsöguræðu minni. Það var reyndar rangt með farið hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að ég hefði sagt að ég hefði einungis nýverið heyrt um þessa nefnd. Ég tók svo til orða að ég hefði nýlega heyrt um að hún væri að störfum, en ég hefði að vísu oft heyrt það áður að hún væri að störfum og hún væri rétt að ljúka störfum. Og það getur vel passað við það að nefndin sé ársgömul eða rúmlega það. Sannleikurinn er sá að annað veifið, þegar menn taka hér einhver mál upp til umfjöllunar, hvort heldur það er þetta mál eða annað, þá er ævinlega viðkvæðið að nefnd sé að störfum og hún sé alveg að ljúka við. En það vill stundum dragast. Stjórnarskrárnefnd er búin að vera að störfum í 40 ár svo að dæmi sé tekið. Þar er líka ein nefndin sem er alltaf að störfum allt árið að ljúka sér af. En ekkert hefur gerst.

En í sambandi við þessa umræddu nefnd langar mig til að ítreka þá spurningu til hæstv. landbrh. sem ég bar fram hér áðan og ég skal þá bera hana fram með öðrum hætti. Ég spurði: Hvaða aðilar eru í þessari nefnd, hverjir eru í nefndinni? Eru það fulltrúar neytenda? Eru það fulltrúar kerfiskarlanna eða eru það nýir menn með ferskar hugmyndir? Nú vil ég bara fá að vita nöfnin á þessum mönnum. Ef ekki er hægt að svara spurningunni eins og hún var borin fram í upphafi, þá vil ég fá að vita nöfnin á þeim aðilum sem sitja í þessari nefnd svo að ég geti þá dæmt um það sjálfur í hvaða kategóríu eða flokki þeir eigi heima af þeim flokkum sem ég nefndi.

Í máli hæstv. ráðh. kom fram að kollegi hans í Danmörku hefði sagt að hann vildi hafa sem minnst *afskipti eða sem minnsta stjórnun í landbúnaðarmálum* en hefði þó neyðst til harðari stjórnunaraðgerða en nokkur af forverum hans. Ég spyr nú hæstv. ráðh.: Er þetta líka skoðun núv. hæstv. ráðh., að það sé skynsamlegt að hafa sem minnst afskipti og sem minnsta stjórnun í þessari grein? Við skulum a. m. k. spyrja hvort hann vilji hafa stjórnunina sem einfaldasta og skýrasta. Það skiptir máli í þessu sambandi vegna þess að flóknari lög með eins mörgum ákvörðunum og margbreytilegum og eru í þessum framleiðsluráðslögum er varla að finna. Þær eru slíkur frumskógur að ýmsir *þeir sem eru vel að sér í efnahagsmálum hafa hreinlega* játað það fyrir mér að þeir botni ekki í því hvernig það sé allt framkvæmt sem í lögunum standi. (**Gripið fram í:** Það er ekki allt framkvæmt.) Það var nefnilega það. Það væri kannske ráð að fá svolítið yfirlit yfir það hvað væri framkvæmt og hvað ekki.

En það er svolítið skrýtið með lögin því að hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að Stofnlánadeildin yrði auðvitað að fara eftir lögum og þess vegna gæti hún ekki veitt lán til þeirra sem ekki greiddu gjöld til deildarinnar. En hæstv. landbrh. sagði að tiltekin grein, sem væri í lögunum, væri auðvitað svo vitlaus að það væri ekki farið eftir henni. Hún er um það að í öllum þeim verslunum, ekki bara mjólkurbúðum, en í öllum

þeim verslunum sem hefðu mjólkurafurðir til sölu skyldi selja allar þær vörutegundir sem mjólkursamsölurnar á viðkomandi svæði hefðu upp á að bjóða.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það að þetta er afskaplega vitlaus lagagrein miðað við núverandi aðstæður. En ég held að það gildi bara nákvæmlega sama um lagagreinina sem hv. þm. Stefán Valgeirsson var að vitna í. Hún er alveg hræðilega vitlaus og hefur líklega alltaf verið, ekki bara núna, vegna þess að ef menn ætla að stuðla að framþróun í greininni verða menn auðvitað að vera reiðubúnir að veita fjármagn í þær nýjungar sem eru að koma upp. Og það sem nýtt er getur ekki hafa greitt áður til sjóðsins.

Hv. þm. Pálmi Jónsson, sem ég veit nú reyndar ekki hvort er hér í húsinu lengur, sagði að ég hefði sagt að vandinn væri *sífellt* að vaxa. Og það var á hv. þm. Pálma Jónssyni að skilja að þar færi ég rangt með því hann hefði minnkað. Það er rétt að offramleiðslan í mjólk og kjöti er ekki jafnmikil núna og hún var 1978. En vandinn í landbúnaðinum er ekkert minni núna en áður að ýmsu öðru leyti. Þetta verður ekki bara mælt í mjólkurstöðuvötnum, smjörfjöllum eða kindakjötshólum. Þetta verður líka mælt í afkomu bændastéttarinnar. Og við skulum bara sjá hvað Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri hefur um þetta að segja, hvort vandinn hafi stórlega minnkað. Hann hefur minnkað á einu sviði en hann hefur líka verið fluttur til, því að Hákon Sigurgrímsson segir í grein í Tímanum 12. febr., og hún mun vera ættuð af þessari sömu ráðstefnu búnaðarráðunauta og sú grein sem ég vitnaði til hér áðan:

„*Bændur hafa verið neyddir til þess að draga úr* framleiðslunni án þess að geta hækkað verð afurðanna eins og þurft hefði til þess að mæta tekjutapinu.

Hækkanir rekstrarvara og launa hafa á undanförnum misserum verið það miklar að þær, ásamt minnkandi niðurgreiðslum, hafa fullnýtt verðþol búvaranna.

Ekkert svigrúm hefur verið til þess að velta áhrifum samdráttarins út í verðlagið. Það hefur því að mati forustumanna bænda verið skárri kostur fyrir bændastéttina fram að þessu að taka á sig tekjutapið vegna samdráttarins en að eiga á hættu stórfelldan samdrátt í búvörusölunni vegna of hás verðlags. En að mínu mati hefur þessi gata nú verið gengin á enda. Bændur hafa dregist svo aftur úr öðrum stéttum tekjulega að ekki verður lengur við unað."

Og hefur þá vandinn bara horfið og gufað upp eins og hv. þm. Pálmi Jónsson var að tala um hér áðan? Ekki aldeilis. Hann brennur aldeilis á baki bændanna núna. Ég hef orðið margoft var við það að þeir eru margir í öngum sínum yfir því ástandi sem ríkir vegna þess að framleiðslustjórnunin tekur ekki nema á takmörkuðum þáttum.

En það er athyglisvert að líta á þessa grein Hákonar Sigurgrímssonar varðandi önnur atriði. Hann segir t. d. varðandi hagkvæmni: „Andvaraleysi verðbólguáranna varðandi fjárfestingar, kaup á aðföngum og um mat á því hvað hagkvæmt er verður að hverfa. Þetta á einnig við um sölukerfi landbúnaðarins sem ekki hefur enn lagað sig að þeim breyttu aðstæðum sem samdráttur í framleiðslunni skapar."

Það var helst að skilja hér áðan á orðum Stefáns Valgeirssonar að menn ættu ekkert að vera að tala um hvernig þetta væri hjá vinnslustöðvunum, þetta væri allt svo gott, og því um líkt. Menn gætu fengið að endurskoða reikningana, Alþingi gæti fengið að endurskoða reikningana og þar fram eftir götunum. Það væri ekki ástæða til að vera með neina gagnrýni. Ég er ekki einn með þessa gagnrýni. Hún hefur komið hér fram frá Hákoni Sigurgrímssyni framkvæmdastjóra meðal annarra. Ég veit ekki betur en hann sé í trúnaðarstöðu hjá samtökum bænda. (**Gripið fram í:** Og Framsfl. líka.) Það getur vel skeð. Ég skipti mér ekki af því hvar menn eru í pólitík ef þeir skrifa skynsamlega. Hann ber að vísu ákveðinn ugg í brjósti varðandi þær breytingar, sem hann telur nauðsynlegt að verði gerðar, og segir að örfáir áhrifamiklir einstaklingar í bændastétt hafi snúist gegn sumum grundvallaratriðum stefnunnar þar sem þeir telji að þau komi um of við eigin pyngju. En ég *ætla* að vona að það verði ekki *einhverjir slíkir sérhagsmunir* sem ráði ferðinni og verði til þess að bregða fæti fyrir þá endurskoðun sem er nauðsynleg í greininni.

En Hákon Sigurgrímsson bendir líka á það að ýmislegt, sem menn hafi lagt til grundvallar, geti nú orðið erfitt að halda sig við. Hann segir: „Eins og áður er vikið að hefur landbúnaðarstefnan fram til þessa einkennst af ríkri viðleitni til þess að viðhalda byggð í landinu." Svo segir hann: „Ljóst er að við þær aðstæður, sem nú hafa skapast, er ekki hægt að hafa það sjónarmið í öndvegi í jafnríkum mæli og hingað til. Byggðastefnu er ekki hægt að reka á kostnað bændastéttarinnar einnar. Sá samdráttur, sem þegar er orðinn í hinum hefðbundnu búgreinum, gerir það að verkum að ekki eru lengur verkefni og viðunandi tekjumöguleikar fyrir alla þá sem nú vinna við þessa framleiðslu."

Þetta er vandamálið miðað við þessi orð framkvæmdastjórans. Ég held að ég haldi mig alveg fast við það að vandamálið hafi farið sívaxandi allar götur síðan 1965.

Í orðum hv. þm. Pálma Jónssonar kom líka fram harla einkennilegt atriði. Hann var að velta því fyrir sér hvort ég mundi ekki vera talsmaður þess að ríkið færi að reka refabú og minkabú. Ja, ég gat ekki skilið manninn öðruvísi. Hann sagði að kerfið ætti ekki að beita sér fyrir uppbyggingu á eigin vegum, að opinber uppbygging ætti ekki að ná lengra en að afla þekkingar og veita aðstoð í áföllunum. Í framhaldi af þessu fór hann að tala um ríkisrekstur og því um líkt. Ég skil ekki hvaðan maðurinn hefur þetta. Ég veit ekki til þess að ég hafi nokkurn tíma látið að því liggja, og fjarri er það mér að ætlast til þess, að ríkið færi að reka refabú eða minkabú. Ég veit ekki hvaðan maðurinn hefur þetta.

En það er annað. Hann sagði að landbúnaðurinn ætti ekki að vera undir ríkisforsjá. Vel að merkja. Getur ekki verið að það sé einmitt það sem hefur verið að hjá okkur að landbúnaðurinn sé og hafi verið undir allt of mikilli ríkisforsjá? Allir þeir framleiðslustyrkir, ræktunarstyrkir, skurðgraftarstyrkir o. s. frv., sem ég gerði hér að umtalsefni áðan og búnaðarhagfræðingurinn gerði að umtalsefni, er það ekki ríkisforsjá? Eru útflutningsbæturnar ekki ríkisforsjá? Það skyldi þó ekki vera að það væru einmitt þeir sem hafa ráðið mestu í þessum efnum, þm. Sjálfstfl. og Framsfl., sem hafi stefnt landbúnaðinum í allt of mikla ríkisforsjá við vaxandi og stöðuga gagnrýni frá Alþfl.? Það skyldi þó ekki vera? (**SV:** Viltu ekki telja Alþfl. með?) Það er ríkt í huga hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að Alþfl. hafi haft áhrif á landsstjórnina á áratugnum frá 1960—1970, sem

var að mörgu leyti ágætt skeið. (**SV:** Menn gleyma því.) En þm. ætti þá ekki heldur að gleyma því að Alþfl. varaði við því strax á miðjum 7. áratugnum, fyrir 20 árum, að það kerfi sem við byggjum við væri gallað og varasamt og að sú ákvörðun, sem hann hefði staðið að 1960, væri varasöm. Það sagði Alþfl. strax þá og hann er búinn að segja það í 20 ár. Ég held að það væri gott ef einhverjir aðrir viðurkenndu mistök sín og tækju til hendinni í því sem þarf að gera frekar en halda sig alltaf við einhverja atburði sem gerðust fyrir 30—40 árum.

Herra forseti. Það kom líka fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar að hann teldi að sú till. sem hér væri flutt væri óþörf. Ég er ekki sammála honum. Mér er alveg sama þó að það sé í gangi einhver endurskoðun á vegum rn. Í svona mikilvægum málaflokki tel ég að það sé fyllsta ástæða til þess fyrir þingið að fara að eigin frumkvæði ofan í saumana á þessu máli. Auk þess hefur maður orðið þó nokkra reynslu af því að hvenær sem mál eru borin upp af ýmsu tagi hér á þinginu og þingið hefur áhuga á því að láta rannsaka þau, setja í þau nefnd, þá á að afgreiða það með því að það sé einhver nefnd að störfum og hún sé alveg að klára. Þetta geta menn þulið hér ár eftir ár án þess að menn sjái nema stöku sinnum einhvern árangur af því.

Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðh. um að hann geri grein fyrir því hverjir eru í þessari nefnd, sem er starfandi í þessu máli, og geri þinginu grein fyrir því hver skoðun hans sé um það í hvaða átt eigi að þróa þessi mál, hver sé stefna hans varðandi þá uppstokkun sem hann stendur þó fyrir.

Það er líka annað í þessu efni. Meðan ekki liggur fyrir hver sú stefna sé, sem verið er að vinna að í nefndinni, höfum við ekki hugmynd um hvort hún er að skapi þingsins. Það er fráleitt að þingið láti afgreiða sig með því að það sé einhver nefnd að störfum sem enginn veit hvað er að gera eða hvert er að stefna eða hvað hún vill. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess, hvað sem öllu líður, að samþykkja þessa till.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál, herra forseti. En ég hefði gjarnan kosið að þeir ræðumenn sem tóku hér til máls og þeir sem mest vit hafa á þessum málum hefðu látið ljós sitt skína vegna þess sem þeir sögðu sjálfir um nauðsyn þess að fram færi ítarleg umr. um málin. Það er ég sannfærður um að ítarleg og skynsamleg umr. um þetta mál er landbúnaðinum til framdráttar og þjóðinni til heilla rétt eins og samþykkt þessarar þáltill. gerir ráð fyrir.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja framsöguræðu fyrir frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, en ég vænti að ég muni gera það síðar á þessu þingi. En til þess að fræða hv. 3. þm. Reykn. um það hver sé stefna mín, Framsfl. eða ríkisstj. vil ég benda honum á atvinnumálastefnu sem Framsfl. samþykkti fyrir stuttu. Ef hann hefur hana ekki í höndunum skal ég afhenda honum hana. Þar er skýrt markað hvert ætlunin er að stefna.

Spurt var hverjir hafi unnið að þessum málum. Það kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. áðan að aðstoðarmaður minn í landbrn. hefur leitt þetta starf og þm. úr báðum stjórnarflokkum. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég get sagt hverjir hafa komið þar að verki. Frá Framsfl. eru það Davíð Aðalsteinsson, Stefán Valgeirsson og Þórarinn Sigurjónsson og frá Sjálfstfl. hafa verið þar að störfum frá upphafi Þorsteinn Pálsson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Egill Jónsson. En það hafa miklu fleiri komið að þessum málum. M. a. skipaði ég nefnd fyrir ári síðan til að móta framleiðslustefnu í landbúnaði. Hún skilaði áliti á s. l. hausti sem kom fram á aðalfundi Stéttarsambands bænda m. a. Ég vænti að hv. þm. hafi séð það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun vöruverðs, þáltill. 294. mál (þskj. 475). — Ein umr.

Flm. (Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir): Herra forseti. Sú þáltill. er ég mæli fyrir á þskj. 475 um jöfnun vöruverðs hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir aðgerðum til að jafna verð á vörum í landinu í því skyni að draga úr því misræmi sem er í vöruverði eftir búsetu manna.

Sérstaklega verði athugað:

1. Áhrif flutningskostnaðar á vöruverð. M. a. verði kannað hve mikil áhrif skattlagning á flutninga hefur á vöruverð úti á landi.

2. Rannsakað verði hvernig bætt skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar tryggi sem best jöfnuð í vöruverði."

Þessi þáltill. um að leitað verði leiða um meiri jöfnun vöruverðs varðar mikilvægan þátt í lífsafkomu fólks úti á landsbyggðinni. Ástæða þess að ég flyt þessa till. er að ég tel íbúa smærri og afskekktari byggðarlaga bera skertan hlut frá borði bæði hvað varðar vöruverð, vöruval og þjónustu á því sviði. Samið er um kaup og kjör fyrir alla landsmenn og því sanngirnismál að hlutur landsbyggðarinnar sé sem réttlátastur í þessum efnum sem öðrum svo að lífskjör fólksins í landinu séu sem líkust, enda hefur margt verið gert gott í þá átt.

Verðjöfnun á olíu og bensíni var lögfest þann 18. febrúar árið 1953. Verðjöfnunargjald er á áburði og sementi og það sama á við um landbúnaðarvörur. Flutningskostnaði á þeim vörutegundum sem ég hef nefnt er jafnað út og því ætti ekki að vera ýkja erfitt að nota svipaðar reglur við jöfnun verðs á öðrum nauðsynjavörum. Ýmis framleiðslufyrirtæki hérlendis hafa tekið upp jöfnun flutningskostnaðar og selja vöruna á sama verði hvert sem hún er send.

Vert er svo að minnast þeirra ágætu þm. sem unnið hafa að framgangi þessa máls á árum áður og hverju þeir fengu ágengt. Fyrir 15 árum var þessu máli hreyft á þingi en þá varð lítið um framkvæmdir. Á 93. löggjafarþingi árið 1972 var enn flutt þáltill. svipaðs efnis. Voru flm. þeir Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Guðlaugur Gíslason og Halldór Blöndal. Í till. þessari var lagt til að Alþingi skipaði fimm manna milliþinganefnd til þess að — og vísa ég í áðurnefnda þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„1. Kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu.

2. Skila áliti um hvort tiltækt væri að jafna kostnað við vöruflutninga með stofnun og starfrækslu vöruflutningasjóðs þannig að verð á allri vöru verði hið sama á öllum stöðum á landinu sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabílar halda áætlun til."

Þessi milliþinganefnd átti einnig að gera tillögur um bætt skipulag vöruflutninga á sjó, landi og í lofti með tilliti til breyttrar tilhögunar frá helstu viðskiptaborgum Íslands erlendis til hinna ýmsu hafna hér á landi. Nefndinni var gert að hraða störfum svo að frv. yrði lagt fyrir næsta þing. Þetta var árið 1972 eða fyrir 13 árum síðan. Þessi nefnd skilaði síðan niðurstöðum sínum eftir mikla vinnu í október 1976 eða sem sagt fyrir rúmum átta árum.

Í kjölfar þessarar athugunar á bættum samgöngum og jöfnun vöruverðs var ýmsu góðu komið til leiðar. Menn voru sammála um að stofnun Verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga væri ekki sú leið er fara ætti. En stórt átak var gert í skipulagningu á rekstri Ríkisskips með tilkomu bættra flutningshátta í formi gámaflutninga. Það annaðist starfsmaður nefndarinnar, núverandi forstjóri Ríkisskips, Guðmundur Einarsson, sem vann af miklum dugnaði í þessu máli.

Þarna er átt við ferðir á fasta viðkomustaði í kringum landið. Flóabátar gegna og mikilvægum þætti í þessum flutningum. Einnig áunnust úrbætur í landflutningum en ekki nægileg skipulagning þeirra innan landsfjórðunganna og mun ég víkja að þeim þætti á eftir.

Á síðustu árum hefur orðið umtalsverð aukning á innflutningi varnings erlendis frá til þess landsfjórðungs er varan á að fara til. Þar vil ég nefna siglingar Norrænu og skiparekstur Austfars hf. á Seyðisfirði. Þessir flutningar eru til mikilla hagsbóta fyrir Seyðisfjörð og ekki síst fyrir atvinnuvegina í fjórðungnum. Ávinningur þessarar nefndar verður að teljast allgóður og því vek ég máls á þessu. Ég tel að halda verði áfram skipulagðri vinnu að þessum málum uns takmarkinu er náð og verðlag sé sem jafnast. Þjónusta verslunarinnar þarf að geta náð því takmarki að fullnægja þörfum neytandans og það gerist hér á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Eftir að álagning var gefin frjáls hefur skapast eðlileg samkeppni. Á svo stórum markaði sem hér er verður veltuhraðinn meiri og því skapast möguleikar á hagstæðu vöruverði og meira vöruúrvali. Íbúar minni byggðarlaganna búa ekki við þau skilyrði að geta litið á það sem sjálfsagðan hlut að geta farið út í búð og keypt það sem þá vanhagar um, gengið á milli stórmarkaða og tryggt sér sem hagkvæmust innkaup. Þar verður að láta sér nægja eina matvöruverslun eða í mesta lagi tvær verslanir sem keppa verða um þann þrönga markað er hér um ræðir. Þessar verslanir búa auk þessa við stopular samgöngur og oft samgönguteppur að vetrarlagi en verða samt að tryggja neytandanum þær brýnustu nauðsynjar sem við getum ekki án verið. Vil ég í því sambandi benda á staði þar sem vegum er aðeins haldið opnum tvo daga í viku yfir vetrartímann. Aðra daga er aðeins um fólksflutninga með snjóbíl að ræða og sums staðar ekki einu sinni það, alger einangrun ríkir.

Það er augljóst að þegar ungt fólk velur sér stað til búsetu þarf það að vega og meta nokkur stór atriði. Efst á blaði eru atvinnumöguleikar. Þá koma húsnæðismál, heilbrigðisþjónusta, menntunaraðstaða, samgöngur og síðast en ekki síst verslun og þjónusta. Allir þessir þættir verða að vera í góðu lagi til að búseta teljist fýsileg. Sem betur fer eru mörg byggðarlög vítt og breitt um landið sem uppfylla öll ofangreind skilyrði, þó með þeirri undantekningu að þjónusta, svo sem á neysluvöru, er þar miklum mun dýrari.

Í örlítilli könnun sem ég framkvæmdi í gær í matvöruverslun úti á landi og í stórmarkaði í Reykjavík kom eftirfarandi munur í ljós:

Kjúklingar í stórmarkaði 202,90 kr., landsbyggðin 272 kr. Appelsínur í stórmarkaði 46,60 kr., landsbyggðin 67 kr. Epli 54 kr., landsbyggðin 63 kr. Laukur í stórmarkaði 30,60 kr., verslun á landsbyggðinni 44,80 kr. Egg í stórmarkaði 113 kr., landsbyggðinni 165 kr. Grænar baunir 19,90 kr. í stórmarkaði, 27,40 kr. á landsbyggðinni. Kaffi í stórmarkaði 42,90 kr., verslun á landsbyggðinni 48 kr. Tómatsósa í stórmarkaði 24,50 kr., verslun á landsbyggðinni 34,10 kr. Ef ég legg saman allar þessar prósentur, sem munar á verðinu þarna á milli, kemur út að meðalverðmunurinn er 35%. Þessar vörur kosta í stórmarkaði 534,40 kr. en í verslun á landsbyggðinni 721,30 kr. Þetta þýðir að húsmóðir sem verslar fyrir helgina í Reykjavík í stórmarkaði fyrir 2000 kr. þarf, til að fá sömu vöru úti á landi, að greiða 2700 kr. Hún þarf sem sé að vinna einn vinnudag aukalega í frystihúsinu í hverri viku.

Það er ekki ætlun mín að halda því fram að allur þessi gífurlegi verðmunur komi til vegna flutningskostnaðar. Þarna spila auðvitað mörg önnur atriði inn í. Þetta dæmi ætti þó að sýna okkur að allar aðgerðir til lækkunar vöruverðs á landsbyggðinni eru lóð á vogarskálina til að sporna við þeirri miklu búseturöskun sem nú á sér stað. Flutningskostnaðurinn verður þá alltaf stór liður því að póstverslun er oft það eina sem grípa verður til.

Flutningur með flugvél er að sjálfsögðu dýrastur en fljótastur þangað sem flogið er, en það eiga ekki allir því láni að fagna að hafa flugvöll. Dæmi um kostnað ætla ég aðeins að nefna. Undir 0.4 kg kostar í Egilsstaði 137 kr., 5—9 kg 198 kr. og 10—14 kg 256 kr. Ef flytja þarf stærri stykki, eins og 100 kg, kostar það 1466 kr. Og ef mikið liggur á og óskað er eftir hraðsendingu er þessi upphæð tvöfölduð, eða 2932 kr. Oft verður að grípa til þessarar lausnar ef um varahlut í atvinnutæki er að ræða. Ég hélt satt að segja að flugvélin flýtti sér ekkert meira þó að hraðsending væri innanborðs. Þessi taxti er lítils háttar breytilegur eftir landshlutum en sá munur er óverulegur og verður ekki tíundaður hér.

Þessa fljótvirku þjónustu kemst enginn landsbyggðarþegn hjá að nota. Vanti þig varahlut í þvottavélina þína, trilluna eða togarann er ekki um annað að ræða en grípa til símans ódýra og panta. Ég ætla að nefna lítið dæmi. Það er örugglega afar algengt að öðru leyti en því að hluturinn var ódýr en það er tiltölulega dýrast að fá litla vöru ódýra senda.

Það var pantað eitt stk. plasthjól í þvottavél. Vöruverðið er 25 kr., akstur á flugvöll 100 kr., flutningsgjald 137 kr., póstkrafa 50 kr., hóflegur símreikningur 65 kr. Samtals eru þetta 377 kr. fyrir utan tímann sem þetta tók og óþægindin er af þessu hlutust.

Með flutningabílum er töluverður munur á flutningsverði eftir ákvörðunarstöðum á landinu ef um lítið magn er að ræða. En ef flutningarnir eru yfir 100 kg jafnast flutningsgjöldin út. Skipaútgerð ríkisins býður ódýrustu flutningsgjöldin en þar koma inn í tekjur hafnanna, svonefnd vörugjöld. Verðskrá þeirra sundurliðast þannig: Flutningsgjaldið fyrir 100 kg er 137 kr., útskipun verður 78 kr., vörugjaldið 17 kr., uppskipun 78 kr. og vörugjald 18 kr. Samtals eru þetta 330 kr. Skipaútgerðin er rekin með ríkisstyrk svo að þar má

segja að komi inn í flutningsstyrkur. En þetta gagnast ekki öllum landsmönnum. Þar sem skip koma aldrei verður að leita annarra leiða.

Póstflutningar eru ódýrastir en um leið oft afar óhagstæðir innan sama landsfjórðungs. Dæmi um þetta langar mig aðeins að nefna. Bréf og bögglar sem fara eiga frá Djúpavogi til Breiðdalsvíkur eru fyrst sendir til Hafnar í Hornafirði, þaðan til Reykjavíkur, frá Reykjavík til Egilsstaða, þaðan er pósturinn fluttur með bifreið, trúlega sérleyfi, til áfangastaðarins. Tekur þetta allt sinn tíma og geta menn séð að af þessu geta skapast mikil óþægindi ef mikið liggur á og pósturinn er áríðandi.

Dæmi eru og um það að flutningabílarnir keyri hver á eftir öðrum til sama áfangastaðar og renni hver af öðrum upp að dyrum hjá kaupmanninum, einn með mjólkina, annar brauðið og sá þriðji með grænu baunirnar. Sama má segja um dreifingu á bensíni og olíu. Skipin losa hvert frá sínu olíufélagi á nálægum höfnum og olíuflutningabílar mætast svo á miðri leið á sömu áfangastaðina. Þessu verður að breyta og skipuleggja allt upp á nýtt. Það er staðreynd að með því að tryggja flutningsaðilum — hér á ég við skip og bíla — trygga frakt mánaðarlega, má lækka flutningskostnaðinn allverulega. Um leið hlýtur verulegur rekstrarkostnaður að sparast hjá flutningafyrirtækjunum og ætti það að verða öllum í hag.

Ég legg til í þáltill. minni að kannað verði hver áhrif skattlagning á flutninga hefur á verðmyndun vörunnar. Það gefur auga leið að því oftar sem skipa þarf upp vöru eða skipta um flutningstæki og/eða greiða vöruna í póstkröfu, því meiri kostnaður leggst á hana í formi flutningsgjalda, vörugjalda, póstkröfukostnaðar og fleira. Því er nauðsynlegt að gæta ýtrustu hagkvæmni í allri skipulagningu á vöruflutningum og póstþjónustu á Íslandi.

Herra forseti. Eins og ég minntist á í upphafi máls míns er tilgangur þessarar þáltill. að jafna kjör manna hvar á landinu sem þeir búa. Jöfnun vöruverðs er aðeins einn áfangi á þeirri leið. Ég vil í því sambandi nefna jöfnun húshitunarkostnaðar og raforku sem ekki eru síður brýn mál. Það er ósk mín og von að þm. taki þessu máli vel og ég vona að sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar afgreiði það á fljótan og farsælan hátt.

Legg ég svo til að málinu verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geymsla kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. 204. mál (þskj. 239). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, sem liggur hér fyrir á þskj. 239 og er 204. mál þingsins. Meðflm. mínir eru hv. þm. Páll Pétursson, Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Geir Gunnarsson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf um bann við geymslu og notkun á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi, jafnt á tímum friðar sem ófriðar. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði.

Í samræmi við ófrávíkjanlega yfirlýsingu Alþingis um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á Íslandi verði aldrei staðsettar í landinu hersveitir sem sérþjálfaðar eru í meðferð kjarnorkuvopna, né heldur neinum þeim búnaði fyrir komið sem nauðsynlegur er fyrir notkun þeirra.

Kveðið verði sérstaklega á um að eftirlit af Íslands hálfu með framkvæmd laganna verði tryggt."

Við lifum í heimi sem er í vissum skilningi kominn á lánaðan tíma þar sem nú hafa um alllangt skeið staðið tveir risar sinn hvoru megin okkar og Atlantshafsins og hlaðið upp sífellt stórfelldari eyðingarvopnum sem fyrir löngu eru orðin nægilega máttug til að tortíma öllu lífi á jörðinni mörgum sinnum á örfáum klukkustundum. Þetta er ógnvekjandi staðreynd sem ekkert mannsbarn getur látið afskiptalausa. Síst af öllu við Íslendingar sem erum flækt inn í þennan ljóta leik vegna þátttöku okkar í hernaðarbandalagi.

Til eru að vísu þeir sem mæla kjarnavopnum bót. Þeir segja sem svo að tilvist þeirra hafi haldið friðinn í stórum hluta heims allt frá síðustu heimsstyrjöld, að ógnarjafnvægið, hræðslan við tortímingarmátt andstæðingsins, hafi komið í veg fyrir heljarglímu risanna. Fyrir þessu kann að vera unnt að færa einhver rök, en hljóta ekki allir menn að vera sammála um að núverandi þróun getur aðeins leitt til glötunar? Ef vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram á þeim aukna hraða sem Reagan-stjórnin hefur nýverið lofað, vopnakerfin verða sífellt fullkomnari og flóknari, hlýtur þá ekki í sífellu að aukast hættan á því að kjarnorkustyrjöld hefjist, annaðhvort af slysni eða vegna þess að einhverjir hreinlega þoli ekki spennuna lengur?

Kjarnavopn eru glæpur gegn mannkyninu, tilvist þeirra er óþolandi ógnun við allt líf á jörðinni. Við skuldum börnum okkar og afkomendum öllum að gera hvað við getum til að beina risaveldunum af þeirri braut sem þau eru nú á og aðeins getur leitt til tortímingar. Um þetta hygg ég að flestir Íslendingar geti verið sammála. Þeir eru líka sammála um að kjarnorkuvopn skuli ekki vera á Íslandi né þeim beitt héðan til árása á önnur lönd. Fyrir því liggja bæði skoðanakannanir um vilja þjóðarinnar svo og margendurteknar yfirlýsingar ráðamanna allt frá því að herstöð var komið á fót á Keflavíkurflugvelli. Við erum ekki sammála um herstöðina en því ber að fagna að við getum a. m. k. sameinast um að hún skuli ekki vera kjarnorkumiðstöð. Þess vegna ættu allir að geta sameinast um þá till. sem hér liggur fyrir.

En þá munu menn spyrja: Er nokkur þörf fyrir slíka till.? Er ekki Ísland kjarnorkulaust svæði hvort sem er? Hæstv. utanrrh. mun vafalaust standa hér upp og fullyrða að svo sé. Hér séu ekki og muni ekki verða kjarnorkuvopn nema með leyfi Íslendinga. Þetta kann að vera rétt að vissu marki, en þar með er ekki allt sagt ef Íslendingar vilja vera sjálfum sér samkvæmir í þeirri stefnu sem Ólafur Jóhannesson orðaði svo á Alþingi 1979, með leyfi forseta: „Eitt grundvallaratriði varnarmálastefnu Íslands er að þar verði ekki staðsett kjarnavopn nema með leyfi Íslendinga." Þá verða þeir að fjarlægja undanþágumöguleikann, koma í veg fyrir að hægt verði að veita slíkt leyfi. Ég held að það væri flestum Íslendingum óbærileg tilhugsun að slíkt leyfi yrði hugsanlega veitt. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar

að rétt sé að fyrirbyggja að unnt sé að veita það. Auk þess höfum við enga tryggingu fyrir því að Bandaríkjamenn spyrðu okkur leyfis ef í harðbakkann slær, einkum með tilliti til þeirrar staðreyndar að það er ófrávíkjanleg stefna Bandaríkjanna að segja bandamönnum sínum ekki sannleikann um hvar þeir staðsetja kjarnavopn.

Mergurinn málsins er sá að herstöðin á Miðnesheiði hefur á margvíslegan hátt verið búin undir það að taka við kjarnavopnum og beita þeim. Meðan svo er hefur íslenska þjóðin enga tryggingu fyrir því að svo kunni ekki að fara að land þeirra verði gert að kjarnorkuherstöð þvert ofan í allar yfirlýsingar stjórnvalda. Ég vil aðeins rekja nokkur atriði varðandi þennan kjarnorkubúnað.

Á Keflavíkurflugvelli hafa nýlega verið staðsettar 18 orustuvélar af gerðinni F 15, en þær geta borið kjarnavopn.

Í öðru lagi eru þar staðsettar 9 P3C Orion kafbátaleitarvélar sem geta borið kjarnorkudjúpsprengjur af gerðinni B-57, en þær er einnig hægt að búa Harpoon stýriflaugum með kjarnaoddum.

Í þriðja lagi eru vopnageymslur fyrir B-57 kjarnasprengjur í herstöð einni sem Macrihannish heitir á Vestur-Skotlandi.

Bandaríkjaforseti hefur gefið sérstaka heimild til þess að 48 B-57 sprengjur verði fluttar til Íslands á stríðstímum. Tilvist þessarar heimildar hefur ekki verið vefengd heldur einungis endurtekið þetta ónýta loforð um að Bandaríkjamenn muni ekkert gera nema með leyfi Íslendinga og mun ég aðeins koma að því síðar.

Þessi heimild hefur í för með sér að á Keflavíkurflugvelli er fyrir hendi aðstaða til að taka við þessum kjarnavopnum og beita þeim, m. a. sérstök sprengjubyrgi og sérþjálfaður mannafli. Bandaríkjamenn hafa gert áætlanir um að framleiða yfir 4000 stýriflaugar sem sumar verða búnar kjarnaoddum til að koma fyrir um borð í skipum og kafbátum. Stórum hluta þessara vopna verður komið fyrir í hafinu kringum okkur sem hernaðaráætlanir og framkvæmdir Bandaríkjanna eru að gera að einu almesta spennusvæði austurs og vesturs.

Af þessu má sjá að herstöðin á Miðnesheiði er í eðli sínu kjarnorkustöð, hvað sem yfirlýsingum íslenskra og bandarískra stjórnvalda líður. Till. okkar um að gera Ísland að kjarnorkuvopnalausu svæði er fram komin vegna þessara staðreynda, vegna þess að við teljum að það sé eina leiðin til að Ísland verði í raun kjarnorkuvopnalaust land, en einnig vegna þess að við teljum að brýna nauðsyn beri til að sporna gegn því æðisgengna vígbúnaðarkapphlaupi sem er að færa mannkynið fram á ystu nöf. Framlag Íslands gæti þá m. a. verið að lýsa landið kjarnorkuvopnalaust svæði. Sú aðgerð yrði að fela í sér algera tryggingu fyrir því að hér verði aldrei notuð kjarnavopn undir nokkrum kringumstæðum.

En hvað er kjarnorkuvopnalaust svæði? Um það eru nokkuð skiptar skoðanir hvað raunverulega eigi að felast í samkomulagi um slík svæði. En það er ljóst að fyrir Íslendinga mundu einhliða yfirlýsingar stjórnvalda vera harla gagnslitlar. Ég vil leyfa mér að setja hér fram skilgreiningar á lágmarkskröfum um kjarnorkuvopnalaus svæði sem Jens Evensen notaði í fyrirlestri árið 1982. Skilyrði hans eru m. a. þessi:

„Það eða þau ríki sem ákveða að gerast kjarnorkuvopnalaus svæði taka á sig þjóðréttarlega skyldu til að framleiða ekki kjarnavopn né staðsetja þau á landsvæði sínu né leyfa öðrum ríkjum að staðsetja þau á landsvæði sínu, hvort sem er í lofti, láði eða á landi. Kjarnorkuveldin verða á móti að skuldbinda sig til að virða hið kjarnorkuvopnalausa svæði og lofa að beita ekki kjarnavopnum né hótunum um notkun þeirra gegn löndum á svæðinu. Koma verður upp alþjóðlegu eftirlitskerfi til að tryggja að allir aðilar standi við skuldbindingar sínar. Nota þarf hin kjarnorkuvopnalausu svæði til að skapa í heiminum slökunarástand, létta spennunni af vissum heimshlutum og búa þannig í haginn fyrir batnandi samskipti þjóða og viðræður sem gætu leitt til afvopnunar."

Þessi sjónarmið Evensens eru bæði skiljanleg og skynsamleg, en vígbúnaðarkapphlaupið æðir áfram. Jafnvel frá því að þessi fyrirlestur var fluttur hafa sjónarmið manna breyst og þjóðþing þriggja Norðurlandanna hafa nú samþykkt að lýsa lönd sín kjarnorkuvopnalaus svæði, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Markmiðið er að Norðurlöndin öll verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði og þegar hefur verið lögð fram till. til þál. um að kjósa nefnd til að kanna hugsanlega þátttöku Íslands í umr. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Ég er meðflytjandi þeirrar till. en lít á hana sem varatill. nái sú till., sem ég mæli hér fyrir, ekki fram að ganga, þar sem ég lít svo á að hún nái allt of skammt. Ég tel að umr. um þessi mál sé nær tæmd. Ég held að nú sé kominn tími til aðgerða.

Á fjölmörgum fundum með Norðurlandaþjóðum hefur sú skoðun komið fram að torvelt sé að hafa Ísland með í kröfu Norðurlandaþjóða um að Norðurlöndin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Ástæðan er sú að Ísland er eina landið sem hefur herstöð í landi sínu og það herstöð annars stórveldisins. Þeim mun mikilvægara er þá að fyrir liggi skýr vilji Alþingis um að í þeirri herstöð séu ekki og verði ekki kjarnorkuvopn á friðartímum né ófriðar. Um þetta hljóta allir að geta verið sammála og þar til nýlega töldu stjórnvöld þetta eflaust tryggt. En koma Williams Arkins til Íslands fyrir nokkrum mánuðum breytti þeirri fullvissu í óvissu og uppljóstranir hans um leyfisveitingar bandarískra stjórnvalda um flutning kjarnorkuvopna til landsins eru enn á dagskrá, nú síðast í stórblaðinu The New York Times miðvikudaginn 13. febr., þ. e. í gær. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Bandaríkin hafa gert áætlun um að flytja kjarnorkuvopn til Kanada, Íslands, Bermúda og Puerto Rico á hættutímum að sögn embættismanna Reagans-stjórnarinnar og skv. opinberum skjölum þar sem áætlunin er sett fram."

Nýlegar fréttir í erlendum blöðum um að áætlanir þessar séu til staðar hafa skapað vandræði í Washington vegna þess að bandarískir embættismenn höfðu ekki upplýst viðkomandi stjórnvöld um málið. Tilvist áætlananna var staðfest fyrir stjórnvöldum í viðkomandi löndum eftir að blöð höfðu skrifað um málið að sögn embættismanna í Washington jafnvel þótt áætlanirnar hafi verið í gildi í allt að áratug. Enn fremur segir þar:

„Skv. fréttum afhenti herra Arkin Steingrími Hermannssyni forsrh. Íslands leyndarskjölin um kjarnorkuvopnaflutninginn frá 1975 snemma í desember 1984 og hann krafðist opinberlega skýringar frá Washington. Þann 7. desember sagði Geir Hallgrímsson utanrrh. Íslands að ef bandarískur forseti hafi gefið heimild til

slíkra vopnaflutninga, þá væri það „hreint brot á varnarsáttmálanum“ á milli landanna. Þar átti hann við samkomulagið frá 1951 um herstöðina í Keflavík, þar sem segir m. a.: „Þjóðernisleg samsetning herafla og þau skilyrði, sem honum er gert að hlíta við notkun aðstæðna á Íslandi skv. þessum samningi, skulu ákvarðast í samkomulagi við Ísland.“

Embættismenn í Washington sögðu að Ísland hefði kannað afstöðu Danmerkur og Noregs varðandi uppsetningu kjarnorkuvopna á hættutímum, og komist að því að þau mundu geta samþykkt slíkt, en ekki án sérstakrar samþykktar.

Embættismenn í Washington sögðu að þeir væru ekki vissir í sinni sök um afstöðu Íslands til hugsanlegrar uppsetningar vopnanna, en þeir töldu þó að íslensk stjórnvöld teldu sig hafa fengið næga skýringu.“

Þetta segir í grein í stórblaðinu The New York Times, en hana skrifar Leslie H. Geld, fyrrv. háttsettur embættismaður í utanrrn. Carters, fyrrv. Bandaríkjaforseta. Í lok greinarinnar segir, með leyfi forseta, ég tel ástæðu til að leyfa mönnum að heyra þetta:

„Þegar embættismenn stjórnarinnar voru spurðir að því í dag hvernig stjórnvöld í Washington mundu bregðast við frekari uppljóstrunum um kjarnorkuvopnaáform Bandaríkjanna, sögðu þeir að sendiráðum Bandaríkjanna í öllum löndum þar sem kjarnorkuvopn eða ákvörðun um slík vopn væri til staðar hefðu verið sendar eftirfarandi leiðbeiningar:

„Eins og við höfum oftar en einu sinni lýst yfir opinberlega, þá er það stefna bandarískra stjórnvalda varðandi uppsetningu kjarnorkuvopna í öðrum löndum að hún sé í fullu samræmi við fyrirliggjandi tvíhliða samninga á milli ríkjanna og í samræmi við ákvörðun þjóðarleiðtoga NATO-ríkjanna sem samþykkt var í París 1967, þar sem ákveðið var að „uppsetning þessara vopnabirgða og eldflauga og aðstaða til notkunar þeirra verði ákveðin í samræmi við varnaráætlanir NATO og með samkomulagi við viðkomandi ríki.“

Embættismennirnir sögðu að m. ö. o. væri bandaríska stjórnin að segja að héðan í frá muni hún upplýsa, hafa samráð og leita tilskilins samþykkis viðkomandi ríkisstj. fyrir öll áform um uppsetningu kjarnorkuvopna á hættutímum.“

Þetta eru vissulega ánægjuleg tíðindi ef þeim er unnt að treysta. Menn hafa talað hér um að óþarfa mál hefði verið gert hér á hinu háa Alþingi vegna komu Williams Arkins. Ég held að menn hljóti nú að endurskoða þá afstöðu verulega. Við Íslendingar skulum ekki láta neinn velkjast í vafa um hver er vilji okkar í þessum efnum. Við skulum ekki láta embættismenn í Washington halda að við teljum okkur hafa fengið nægar skýringar.

Það er ljóst að Bandaríkjastjórn hefur farið gróflega á bak við íslensk stjórnvöld í öllum atriðum varnarsáttmálans. Hún hefur nú viðurkennt til hvers Orion-P3 eldflaugarnar á Keflavíkurflugvelli eru ætlaðar og þess vegna verður að krefjast að þær verði fjarlægðar nú þegar.

Þess verður einnig að krefjast að rannsókn fari fram á öllum framkvæmdum bandaríska hersins á Íslandi með tilliti til hugsanlegrar nýtingar á þeim til notkunar eða geymslu kjarnorkuvopna. Um þetta getur ekki verið neinn ágreiningur. Enginn Íslendingur vill lána land sitt undir gereyðingarvopn og mér dettur ekki eitt augnablik í hug að það vilji stjórnvöld heldur. En það er ljóst að við stöndum höllum fæti við að fylgjast með því sem stórveldin hafa í hyggju og ég held að það hljóti að vera sjálfsögð krafa allra Íslendinga að fenginn verði erlendur óháður aðili eða aðilar til að ganga úr skugga um hvað raunverulega fer fram á Keflavíkurflugvelli.

Það er ljóst að vilji norrænna stjórnmálamanna til að lýsa Norðurlönd kjarnorkuvopnalaust svæði fer ört vaxandi. Ráðstefna, sem haldin var að frumkvæði danskra jafnaðarmanna undir leiðsögn Anker Jörgensen í Kaupmannahöfn á s. l. ári, var til marks um það. Á fundi nú á dögunum létu jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum og norræn verkalýðssamtök, samtök sem kalla sig SAMAK, frá sér fara yfirlýsingu þess efnis að ríkisstjórnir Norðurlandanna ættu nú þegar að gera áætlun um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði. Innan nokkurra daga hefst hér á Íslandi Norðurlandaráðsþing. Það er enginn vafi að þar verða þessi mál verulega til umr. þó að enn sé ekki unnt að ályktа um utanríkismál á þingi Norðurlandaráðs.

Á þessum fundi í Osló flutti Anker Jörgensen tillögu um að halda norrænan þingmannafund um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði nú í haust. Sú hugmynd kom raunar fram á áðurnefndum fundi í Kaupmannahöfn. Varla er ástæða til að ætla annað en þessi fundur eigi sér stað og það er svo sannarlega frumkvæði sem ber að fagna. Það ber einnig að fagna því að kjarnorkuveldin hafa nú tekið upp viðræður um afvopnun að nýju. Meðan svo er er von til þess að við fáum að líta til framtíðar mannkynsins með bjartari augum.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi ræðu minnar að við lifðum nú í heimi sem kominn væri á lánaðan tíma. Ég skora á hið háa Alþingi að leggja gömul og ný flokkspólitísk ágreiningsmál til hliðar og taka höndum saman um að verja rétt hvers einasta Íslendings til að taka þátt í baráttunni fyrir heimi þar sem gereyðingarvopnum er hafnað. Aldrei hefur Alþingi Íslendinga fengið mikilvægara verkefni og aldrei hefur ábyrgð þess verið meiri. Ég trúi því og treysti að það rísi undir þeirri ábyrgð meðan til þess gefst tækifæri. Fái það óvit, sem vígbúnaðarkapphlaupið er, að æða áfram kann svo að fara að fulltrúar þjóðarinnar fái ekki annað tækifæri. Tíminn er okkur ekki lengur léður og skuldadagarnir kynnu að vera skammt undan fyrir vitund og vilja eða fyrir slys.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég legg til að þeirri þáltill., sem ég hef hér mælt fyrir, verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn. Hana bið ég að greiða fyrir skjótri afgreiðslu þessa máls.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni ræða þessa till. í einstaka atriðum, en tel þó rétt að fara nokkrum orðum um mál það er hún fjallar um og sömuleiðis víkja örfáum orðum að málflutningi hv. þm. síðasta ræðumanns, Guðrúnar Helgadóttur.

Við getum öll verið sammála um það að kjarnavopn eru hættuleg og ef þeim verður beitt, þá er fyrir höndum fimbulvetur mannkynsins. Þess vegna skiptir öllu máli að koma í veg fyrir að þeim verði nokkurn tíma beitt. Atlantshafsbandalagsríkin, sem við Íslendingar erum aðilar að, hafa lýst því yfir að þau muni aldrei undir neinum kringumstæðum beita valdi að fyrra bragði, hvorki atómvopnum eða hefðbundnum

vopnum. Hættan er því ekki frá Atlantshafsbandalagsríkjunum, heldur er hættan sú að önnur ríki grípi til þessa örþrifaráðs. Ég er ekki með neinar getsakir í þeim efnum. Við gerum okkur væntanlega öll grein fyrir því að mestu máli skiptir að stórveldin tvö komi sér saman um afvopnun og einkum fækkun og helst afnám allra kjarnavopna. En það gera þau ekki meðan annaðhvort telur á sig hallað í þeim efnum eða sér ógnað af kjarnavopnum.

Sem betur fer horfir nú betur en áður hvað snertir samningaviðræður stórveldanna um fækkun kjarnavopna. Reagan forseti Bandaríkjanna hefur sett sér og samninganefnd Bandaríkjanna og Bandaríkjunum það lokatakmark, að öllum kjarnavopnum verði útrýmt í heiminum. En þótt mestu máli skipti að þessi tvö stórveldi setjist að samningaborðinu og komist að niðurstöðu og síðan hefjist handa um framkvæmd afvopnunar, þá er því miður því svo farið í heiminum að fleiri lönd ráða yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til að búa til kjarnavopn og raunar hafa sum önnur lönd þegar búið sér til kjarnavopn.

Ég var á fundi um daginn þar sem einn ræðumanna taldi að það væri ekki mesta hættan að stórveldin gripu til kjarnavopna heldur væri mesta hættan sú að einhver þau önnur ríki, sem yfir kjarnorkuvopnum ráða, yrðu fyrst til í þeim efnum og af því báli mundu fljótlega kvikna önnur stærri, því að auðvitað er ekki unnt að heyja takmarkaða kjarnorkuvopnastyrjöld, það er óhugnanleg blekking. Því skiptir öllu máli, eins og ég nefndi áðan, að til kjarnavopna eða til vopna yfir höfuð verði ekki gripið í stórstyrjöld sem jafna má til heimsstyrjaldanna tveggja sem háðar hafa verið á þessari öld þótt raunsæi hljóti að leiða til þess að væntanlega verður ófriði ekki með öllu útrýmt í veröldinni eins og þau mörgu vopnuðu átök og styrjaldir, sem háðar hafa verið víðs vegar í heiminum frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, bera vitni um þótt við hér í okkar heimshluta höfum notið friðar.

En ástæðan til þess að ég rifja upp er að það er ekki takmark í sjálfu sér að útrýma kjarnavopnum einhliða, krefjast einhliða afvopnunar, ef gagnaðili stendur grár fyrir járnum og getur sett öðrum þá kosti sem hann kýs. Við hljótum að miða að gagnkvæmri afvopnun undir tryggu alþjóðlegu eftirliti sem sér um að afvopnunin sé í raun framkvæmd. Við viljum ekki að einhver einn aðili geti sett öðrum sína úrslitakosti um það hvernig haga skuli málum heima fyrir og í samskiptum þjóðanna. Af þessu leiðir að til þess að tryggja frið með frelsi verðum við að líta á málin á breiðum grundvelli og ekki takmarka athugun málsins við okkur Íslendinga eina vegna þess að örlög okkar eru bundin örlögum annarra þjóða.

Ég efast um að það sé út af fyrir sig nokkur þörf á því að Alþingi með sérstakri samþykkt kveði svo á um að við Íslendingar viljum ekki geyma kjarnavopn á okkar landi. Það er yfirlýst stefna stjórnvalda allt frá því að kjarnavopn urðu til og sú stefna íslenskra stjórnvalda hefur verið ítrekuð hvað eftir annað eins og raunar er gerð nokkur grein fyrir í greinargerð með þeirri till. til þál. sem hér er til umr. Ég get vel fallist á þá frásögn og mætti raunar gera hana ítarlegri og nákvæmari og tíunda enn fleiri yfirlýsingar sem íslensk stjórnvöld hafa gefið um það að við Íslendingar viljum ekki kjarnavopn á okkar landi. En þess vegna er það því meira undrunarefni að hv. flm. Guðrúnu Helgadóttur sýnist vera umhugað um að telja bæði okkur trú um og öðrum — og það er auðvitað hættulegra og í það minnsta varasamara — að herstöðinni á Miðnesheiði, eins og hv. þm. komst að orði, megi jafnvel líkja, ef ég tók rétt eftir sem ég vona nú að hafi ekki verið, við kjarnavopnahreiður. Þetta er undarleg árátta hjá hv. þm. sem segist vilja Ísland kjarnavopnalaust og veit að Ísland er kjarnavopnalaust og tíundar í grg. þáltill. sinnar að stjórnvöld á Íslandi, hvaða afstöðu sem menn hafi til varnarliðsins á Miðnesheiði, hafi sagt og skuldbundið sig til að Ísland væri kjarnavopnalaust. Hvers vegna þá þessi árátta að telja sjálfum sér og öðrum trú um að herstöðin á Miðnesheiði sé kjarnavopnahreiður? Í hvaða tilgangi er þessi málflutningur í raun og veru viðhafður? Hann er fordæmanlegur að mínu mati, því að e. t. v. kunna einhverjir annars staðar í heiminum að trúa þessum orðum sem hafa við engin rök að styðjast.

Hv. þm. vék nokkuð að kjarnavopnalausum svæðum og þ. á m. að umr. um kjarnavopnalaus Norðurlönd. Ég hef aðstöðu til að ræða það mál sérstaklega þegar þáltill., sem flutt er sérstaklega um könnun á þátttöku okkar Íslendinga í kjarnavopnalausu svæði á Norðurlöndum, kemur hér til umræðu og meðferðar. En ég vil á þessu stigi málsins aðeins ítreka það, sem fram hefur komið af minni hálfu áður, að ávallt þegar þetta málefni ber á góma hef ég tekið skýrt fram að ég teldi að við Íslendingar ættum að vera þátttakendur í þessari umr. um kjarnavopnalaus Norðurlönd. Um leið hef ég látið þá skoðun í ljós að það út af fyrir sig að lýsa Norðurlönd kjarnavopnalaus hefði litla þýðingu ef annað og meira fylgdi ekki með. Norðurlöndin eru kjarnavopnalaus og þau hafa lýst því öll yfir að kjarnavopn væru þar ekki geymd. Það væri þess vegna nær að leggja áherslu á að fá fram yfirlýsingu annarra ríkja, sem nú geyma kjarnavopn, um að þau gerðust kjarnavopnalaus. Þá væri um framfarir í afvopnun heimsins að ræða. Ég hef enn fremur tekið fram að það væri sjálfsögð ráðstöfun og sjálfsagt skilyrði af hálfu Norðurlandanna að gera þá kröfu til Sovétríkjanna sem næsta nágranna margra þeirra að kjarnavopnum sem að Norðurlöndum er beint frá Sovétríkjunum væri útrýmt, þ. e. að Sovétríkin lýstu yfir kjarnavopnalausu svæði á Kólaskaga og í Eystrasalti og Eystrasaltsríkjunum svo að dæmi sé nefnt.

Ég hef enn fremur bent á það að það væri lítið gagn í yfirlýsingu um kjarnavopnalaus svæði ef afleiðingin yrði eingöngu sú að sami fjöldi kjarnavopna yrði áfram til staðar eða jafnvel yrði aukinn fjöldi kjarnavopna til staðar eftir slíkar yfirlýsingar um kjarnavopnalaus svæði. Og þessi samþjöppun kjarnavopna yrði e. t. v. til þess að afleiðingin yrði að þeim yrði frekar beitt á sjó úti eða á ferð í hafinu. Við Íslendingar höfum bent á þá hættu að auðlindir sjávar yrðu eyðilagðar þó ekki væri nema að slys bæri að höndum ef sú verður þróunin. Allt þetta verður að skoða.

Þessu til viðbótar vil ég líka láta þess getið að eins og ég er þeirrar skoðunar að það sé blekking að tala um takmarkað kjarnavopnastríð þá er ég býsna smeykur um að það sé ákaflega mikil blekking að álíta að yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði geri gagn þegar í algleyming heljarorustu er komið. Ég held að þarna megi draga samasemmerki á milli e. t. v., að þarna sé um sams konar blekkingu að ræða, takmarkað kjarnavopnastríð og yfirlýsingu um kjarnavopnalaus svæði. Ef

um það væri að ræða að kjarnavopnalaus svæði væru liður í afvopnun kjarnorkuveldanna, þáttur í einhverjum framförum í afvopnunarmálum, þá tel ég nokkuð hafa áunnist. En við skulum gæta þess að blekkja okkur ekki í þessum efnum heldur gera það einmitt að skilyrði fyrir yfirlýsingum sem taki til allrar framtíðar, að við viljum að þær séu raunhæfar og geri gagn, að samhliða eigi sér stað allsherjar afvopnun stórveldanna og kjarnavopnavelda yfir höfuð.

Við skulum einnig hafa það í huga að einmitt slíkt skilyrði knýr kjarnavopnaveldin til að gera raunhæfar ráðstafanir til afvopnunar en einhliða yfirlýsingar geta tafið fyrir að kjarnavopnaveldin geri nokkuð í málinu og sýni nokkurn lit afvopnunar. Ef kjarnavopnaveldin eru þeirrar skoðunar að þau geti ein stjórnað framvindu í þessum málum, annaðhvort þeirra stjórnað ferðinni eða þau bæði setið að þessum ógnarvopnum, þá e. t. v. sýna þau engan lit afvopnunar eins og mannkyninu er nauðsynlegt.

Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, að víkja nokkuð að tilvitnunum hv. þm. í góðkunningja okkar, Mr. Arkin, sem hingað kom í heimsókn í desember s. l. Enn á ný ganga ummæli hans aftur, en þó nokkuð í breyttri mynd. Fyrir nokkrum árum var vitnað til þessarar sömu heimildar og þá fullyrt að kjarnavopn væru á Íslandi á friðartímum. Þegar Mr. Arkin kom hingað í heimsókn í desember s. l. tók hann fyrst af öllu fram að það væri rangt, hann hefði haft rangt fyrir sér þegar hann dró þá ályktun. Hér væru áreiðanlega engin kjarnavopn geymd. Ég bið nú hv. þm., Guðrúnu Helgadóttur, að taka a. m. k. mark á þessum ummælum Arkins úr því hún vitnar til hans og vera ekki að gera því skóna sem ekki er.

Í desember afhenti Mr. Arkin forsrh. og mér plagg sem hann taldi hafa inni að halda heimild Bandaríkjaforseta um að flytja kjarnavopn hingað til Íslands á ófriðartímum án leyfis íslenskra stjórnvalda. Mánuði síðar kom þetta mál upp í Kanada. Þá hafði fréttaritari hljóðvarpsins samband við Mr. Arkin og þá sagði Mr. Arkin, eftir að hafa beðið fréttaritarann um frest til að athuga málið betur, að hann hefði nú endurskoðað ályktunina sem hann dró í desember og tók það fram að sennilega væri það í þessu plaggi annars staðar að Bandaríkjastjórn eða hermálaráðuneyti Bandaríkjanna eða bandarískri herinn hefði því aðeins þessa heimild forsetans ef fengið væri áður leyfi íslenskra stjórnvalda til slíks flutnings kjarnavopna á ófriðartímum.

Og enn höfum við nú, mánuði eftir Kanadauppákomuna, nýja skýringu og skilyrði, þ. e. að hafi Mr. Arkin haft skjal undir höndum sem byggja megi á þá sé ekki um að ræða heimild Bandaríkjaforseta til varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna eða Bandaríkjahers að flytja kjarnavopn til Íslands að fengnu leyfi íslenskra stjórnvalda, heldur þurfi nýja heimild Bandaríkjaforseta áður en hafist er handa um slíkan flutning, þ. e. að þarna sé algerlega um áætlun að ræða sem sé gerð til þess að vera viðbúin öllum hugsanlegum og jafnvel „óhugsandi tilvikum". Þannig hefur komið í ljós þessa tvo mánuði síðan Mr. Arkin var hérna — að ég nú ekki segi frá fyrstu staðhæfingu hans fyrir örfáum árum, að hér væru geymd kjarnavopn á friðartímum — að jafnvel skv. hans eigin skýringum sé um hvert skilyrðið á fætur öðru að ræða og undir öllum kringumstæðum bundið leyfi íslenskra stjórnvalda.

Það er auðvitað mál út af fyrir sig hvort menn eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa varnir hér á landi og þar af leiðandi varnarlið. En ég held að við Íslendingar séum allir sammála um að hér verði ekki geymd kjarnavopn. Og ef við erum sammála um það að hér verði ekki geymd kjarnavopn finnst mér það ekki þjóðhollt að telja sjálfum sér trú um að svo sé gert og breiða það út meðal annarra þjóða sem einhverjar gætu e. t. v. gert sér það að átyllu ef illa færi og til átaka kæmi, og afsakað sig með því gagnvart umheiminum ef slíkar þjóðir gripu til óhæfu- og voðaverka gagnvart Íslandi. Það er enginn málflutningur sem betur er fallinn til að gera Ísland að skotmarki ef til átaka kemur en einmitt þessi málflutningur. Ég veit að hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerir þetta ekki viljandi og gerir sér ekki grein fyrir hvaða áhrif hennar málflutningur gæti mögulega haft ef einhverjir tækju mark á honum. En ég bið hv. þm. að hugleiða það.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að orðlengja frekar um þessa þáltill. á þessu stigi málsins. Utanrmn. fær hana til meðferðar ásamt öðrum þeim þáltill. sem hér hafa verið fluttar, m. a. um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum, svo og till. um frystingu kjarnavopna og fleiri slíkar tillögur. Ég hef áður látið í ljós að þegar þessum till. öllum hefur verið vísað til utanrmm. vil ég leggja áherslu á að utanrmn. komi sér saman um meðferð þeirra og afgreiðslu. Í því sambandi hef ég bent á að það væri æskilegt að Alþingi Íslendinga kysi nefnd til þess að fara rækilega ofan í öll þessi mál, bæði hvað snertir þátttöku Íslands og hlutverk til þess að leggja afvopnunarmálum í heiminum almennt lið og hvað Íslendingum er best gert í þeim efnum svo að þeir megi í framtíðinni lifa bæði í friði og njóta frelsis.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil taka undir síðustu orð hæstv. utanrrh. Ég held að það sé ákaflega áríðandi í þeirri stöðu sem Ísland er að utanrmn. og Alþingi geti skilað sameiginlegu áliti um þau mikilvægu mál sem hér er um fjallað. Það er ánægjuefni að utanrrh. skuli taka þetta sérstaklega fram og ég vænti þess að innan skamms verði skipuð sú nefnd sem hann hefur nú nefnt og áður nefnt er taki þessi mál til heildarathugunar.

Ég held að það sé skoðun allra sem um þessi mál fjalla að hér skuli ekki vera kjarnavopn. Þetta er grundvallaratriði og hver utanrrh. á fætur öðrum hefur undirstrikað þetta og núv. utanrrh. ekki síður en aðrir. Hitt er annað mál að e. t. v. eru skiptar skoðanir um leiðir að því marki að tryggja öryggi Íslands sem best má verða og hver staða landsins skuli verða í samskiptum þjóðanna. Ég held að það ætti þó að vera samkvæði allra að hlutverk Íslands á að vera að draga úr spennu eftir því sem mögulegt er hér á Norður-Atlantshafi og þá einkum Norðaustur-Atlantshafi. Þetta á að gera í náinni samvinnu við þær þjóðir sem eiga lönd að og hagsmuna að gæta á þessu svæði. Þar nefni ég til Norðurlöndin, Bretland, Kanada, Bandaríkin og Sovétríkin. Framsóknarmenn hafa oft ítrekað þá skoðun að Íslendingar eigi að hafa forgöngu um að ræða þessi mál, efna til ráðstefnu um þessi mál þar sem um þau verði fjallað af öllum þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta.

Það er hárrétt hjá hæstv. utanrrh. að einhliða yfirlýsingar um kjarnorkuvopnalaus svæði eru lítils virði. Eins

og forsrh. Svía, Olof Palme, sagði, er hann var hér í opinberri heimsókn fyrir nokkrum vikum, er slík yfirlýsing marklaus nema stórveldin viðurkenni hana á einhvern hátt. Mín skoðun er sú að Ísland eigi að vera aðili að öllum umræðum um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og að vera með í umræðum og helst að standa fyrir umræðum um hvernig draga megi úr spennu á Norðaustur-Atlantshafi. Það er enginn vafi á því að þetta svæði er hernaðarlega mjög mikilvægt og mikilvægi Íslands, sem oft er talað um, er auðvitað fyrst og fremst af því að hér er herstöð. Það er staðreynd sem við getum ekki gengið fram hjá. Það hlyti að kosta nýja mjög flókna samninga að leggja niður þá herstöð og ég tel að það verði ekki gert nema í sambandi við allsherjarsamkomulag stórvelda og ríkja, bæði austan hafs og vestan, um afvopnun og öryggismál.

Það eru ýmsar spurningar sem koma upp í hugann í sambandi við þessa till. til þál. um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði og það eru allalvarlegar spurningar.

Í fyrsta lagi hlýtur maður að spyrja: Hvað eru hættutímar? Við hvaða aðstæður er hugsanlegt að Bandaríkjastjórn eða Bandaríkjaforseti óski eftir að hér verði komið fyrir kjarnavopnum? Við höfum reynslu af því að við ráðum ekki, Íslendingar, svo miklu um það hvað taldir eru hættutímar. Á tímum Kóreustríðsins kom hingað bandarískt herlið og eftir á held ég að það hafi sýnt sig að þeir tímar voru kannske ekki eins stórlega hættulegir hér í Evrópu og um tíma var látið í veðri vaka.

Í öðru lagi er það spurningin: Getur það skaðað Ísland og hagsmuni Íslands á nokkurn hátt þó einhliða verði lýst yfir að ekki skuli höfð hér kjarnavopn, hvorki á friðartímum né tímum ófriðar? Ég hef í raun svarað þessu fyrir mitt leyti, en þetta er auðvitað mál sem þarf að ræða og kanna í sambandi við allsherjarúttekt á þessum málum. Ef það getur orðið til þess að auka líkurnar á því að dragi úr spennu á þessu svæði, að hægt sé með því að minnka hernaðarumsvif, er að sjálfsögðu jákvætt að Íslendingar gefi slíka yfirlýsingu. Ef það yrði hins vegar til þess að aukinn þrýstingur yrði á öðrum sviðum, varðandi önnur hernaðarmálefni á Íslandi væri verr farið en heima setið. Þó að kjarnorkuvopn séu slæm og reyndar það slæm að manni finnist oft og tíðum næsta óhugsandi að til þeirra verði nokkru sinni gripið — sá möguleiki er þó því miður ekki útilokaður — þá eru annar vopnabúnaður og önnur tegund herbúnaðar einnig hættulegt fyrir fámenna þjóð á hjara veraldar.

Ég held að ég lengi ekki mál mitt. Þetta kemur til utanrmn. og ég vænti þess að þar verði unnið af mikilli alvöru að þessum málum. Ég veit reyndar að bæði hæstv. utanrrh., formaður utanrmn. og nm. hafa mikinn hug á því að sinna þessum málum rækilega þannig að unnt sé að standa að sameiginlegri yfirlýsingu allra flokka um þessi mál. En að lokum vil ég aðeins geta þess í sambandi við fréttir síðustu daga varðandi áætlanir, áform og möguleika á flutningi kjarnavopna til Íslands að ég held að það hljóti að vera grundvallaratriði fyrir öryggi Íslands og fyrir alla umræðu um íslenska hagsmuni, frelsi, sjálfstæði og möguleika til þess að hafa hönd í bagga um framvindu mála að Íslendingar og íslenskir ráðamenn þekki til hlítar allar áætlanir sem snerta Ísland og stöðu þess, bæði á friðartímum og ófriðartímum. Það held ég að sé sú lexía sem margnefndur Mr. William Arkin kenndi okkur.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Menn hljóta að spyrja þegar stórveldin standa ekki bara grá fyrir járnum, heldur grá fyrir kjarnorkuvopnum: Hvað er öryggi? Ég held að það sé alveg ljóst að við þessar aðstæður er það svo að ef til kjarnorkustyrjaldar milli þessara stórvelda kemur er ekkert öryggi til, engu verður þyrmt, það er allt búið. Þetta þýðir í mínum huga að við getum ekki talað við þessar aðstæður um öryggi Íslands. Það er ekki til lengur sem hugtak, eitt sér og sjálfstætt. Það sem er í húfi er öryggi allra. Það er sameiginlegt öryggi þeirra sem byggja veröldina eða a. m. k. norðurhvel jarðar. Eina öryggið, eina leiðin er að kjarnavopnum verði aldrei beitt því að það eru ekki til neinar varnir gegn slíkum vopnum. T. d. eru hugmyndir Reagans Bandaríkjaforseta um varnarviðbúnað í geimnum mjög gagnrýndar nú vegna þess að slíkt kerfi sé hæpið að unnt sé að búa til og reyndar líka vegna þess að það geti verið óskynsamlegt að gera það. Það gæti jafnvel aukið freistinguna ef það tækist að einhverju leyti. Og í þriðja lagi gæti það orðið til þess að efna til nýs kapphlaups. En hvað sem því líður er við þessar aðstæður ekki til neitt einstakt og sjálfstætt öryggi fyrir einhvern landskika, heldur er einungis til sameiginlegt öryggi allra sem byggja norðurhvelið a. m. k.

Ég held við verðum að skoða allar tillögur, sem koma fram um öryggismál og þar með varnarmál Íslendinga, m. a. út frá þessum sjónarpunkti. Nú liggur alveg ljóst fyrir að Íslendingar vilja ekki hafa hér staðsett kjarnavopn og eru til um það margfaldar yfirlýsingar. Ég hef líka verið talsmaður þess að unnið yrði að því að Norðurlöndin yrðu lýst kjarnorkuvopnalaust svæði, en þá vitaskuld með það að markmiði að það yrði til þess að draga úr spennunni en stæði ekki eitt sér. Það er ekki gagn við þessar aðstæður að einhliða yfirlýsingu sem enginn hefur skuldbundið sig til að virða. Allar hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði verða að beinast að því að draga úr spennunni og ná til víðtækara svæðis, vera gagnkvæmar og hafa það að markmiði að reyna að auka öryggið. Ég hef reyndar talið að það væri þá æskilegt og reyndar mjög æskilegt að jafnframt yrði dregin slík rein kjarnorkuvopnalauss svæðis alla leið frá Norðurhöfum og suður á Balkanskaga, þar sem mætast austrið og vestrið eins og þau eru skilgreind í okkar daglegu umræðu, m. a. vegna þess að ég held að það sé ekki skynsamlegt að hlaða upp vopnunum á þessu svæði þar sem þau eru svo nálægt andstæðingunum. En hvað sem menn gera í þessum efnum held ég að nauðsynlegt sé að það gerist með skilningi og þátttöku beggja aðila, báðir aðilar taki þátt í því og leggi sitt af mörkum og ábyrgist það sem menn eru að gera.

Er nokkuð verra að gefa yfirlýsingu eins og þá sem hér er gerð tillaga um? spurði hv. síðasti ræðumaður, Haraldur Ólafsson. Gerir það nokkuð til? Já, ég held að það sé verra. Ég held að það sé verra vegna þess að hér er um einhliða yfirlýsingu að ræða sem ekki krefst neins af umhverfi sínu. Ég held að hér séu skref eftir sem við eigum að nota til að draga úr spennunni, til að fá raunverulegan árangur í afvopnunarmálum, til að reyna að auka öryggið, til að það verði dregið úr áhættunni, og það verði liður í víðtækara samkomulagi.

Hvað eina sem við gerum í þessum málum verðum við að leggja nokkrar mælistikur ef það á að horfa til

framfara, ef það á að vera partur af því að öryggið aukist sem einungis er til í þeim skilningi að það sé sameiginlegt öryggi.

Verður síður stríð ef við gerum eitthvað tiltekið? Það á að vera mælikvarði númer eitt. Ég held að sé Ísland lýst kjarnorkuvopnalaust sé stuðlað að því að það verði síður stríð ef það er liður í stærra samhengi, en ekki ef það er gert eitt sér.

Í öðru lagi hlytum við að spyrja: Verður þessi aðgerð, hver svo sem hún er af okkar hálfu, til þess að draga úr spennu? Stuðlar það frekar að jafnvægi, dregur það úr tortryggni? Ég óttast að einhliða skref af því tagi sem hér er gerð tillaga um muni í rauninni vekja tortryggni, muni ekki verða til þess að auka jafnvægi, muni ekki verða til þess að draga úr spennu.

Og í þriðja lagi hlytum við að spyrja: Stuðlar það að afvopnun? Ísland er kjarnorkuvopnalaust. Það mundi ekki vera um afvopnun í þeim skilningi að ræða. En ef þetta er gert einhliða og eitt sér án þess að nokkuð annað gerist jafnframt hefur ekkert gerst nema það að menn hafa gefið þessa yfirlýsingu. En ég vil að þegar og ef svona yfirlýsing verði gefin hafi hún verið liður í því að afvopnunarskref væru stigin, að hún beinlínis yrði til þess að stuðla að afvopnun.

Herra forseti, þetta eru mín viðhorf til þessa máls.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það er nú svo mjög liðið á þennan fund að erfitt er að segja allt sem ástæða er til að segja eftir þær ræður sem hér hafa verið haldnar. Ég skal því reyna að stytta mál mitt mjög.

Hæstv. utanrrh. gefur mér ástæðu til þess að fá það á tilfinninguna að allar tilraunir til að ræða þessi mál hér á hinu háa Alþingi séu næsta gagnslitlar. Hér sýnast menn halda áfram að berja hausnum við steininn. Hæstv. utanrrh. var mjög hneykslaður á að ég skyldi gefa til kynna að herstöðin í Keflavík væri kjarnorkuvopnahreiður vegna þess að hér væru ekki kjarnorkuvopn. Ég hef aldrei sagt að hér væru kjarnorkuvopn og ég hef ástæðu til að trúa því að svo sé ekki. Það er bara ekki mergurinn málsins. Það er löngu sannað að hér er uppbygging í gangi og hefur verið fyrir móttöku kjarnorkuvopna ef á þyrfti að halda og enginn heilvita maður mótmælir því að Orion P-3 flugvélarnar séu til þess gerðar að bera kjarnorkuvopn. Í umræddri grein í The New York Times, sem er virt blað og ég held að full ástæða sé til að taka þó nokkurt mark á, segir svo, með leyfi forseta:

„Embættismenn óttast," segir blaðið, „að fleiri upplýstranir af þessu tagi geti valdið því sem þeir kalla „ofnæmi fyrir kjarnorkuvopnum", en merki þessa ofnæmis" — ef við notum þeirra orðalag — „hafi komið fram á Nýja-Sjálandi og í Vestur-Evrópu nýverið. Kjarnorkuvopnin, sem yrðu flutt til landanna fjögurra, þ. e. Bermúda, Puerto Rico, Kanada, Íslands, eru kjarnorkudjúpsprengjur, svo kallaðar B-57 sprengjur. Hver þeirra hefur um 10 kíló tonn af sprengikrafti sem er samsvarandi 10 þús. tonnum af TNT og er aðeins minna en Hiroshima-sprengjan. Þessum sprengjum yrði varpað úr P-3 Orion flugvélum til þess að eyðileggja kafbáta eða hefta leið þeirra. Þessar vélar eru yfirleitt", segir blaðið, „árið um kring staðsettar í löndunum fjórum."

Hvers vegna skyldi nú þessi tegund flugvéla vera staðsett í löndunum fjórum? Er ekki full ástæða til að halda að það sé vegna þess að þessi leyfi, sem Bandaríkjastjórn hefur gefið án vitundar íslenskra stjórnvalda til að flytja kjarnorkusprengjur til landsins, á svokölluðum hættutímum, séu ástæðan fyrir veru þessara véla hér t. d.?

Ég nenni ekki að munnhöggvast við hæstv. utanrrh. um manninn William Arkin, ég hef engan sérstakan áhuga á honum sem persónu. Ég veit að hann er ekki í Alþb., hann hefur aldrei farið með mér í Keflavíkurgöngu, hann er ekki einn af félögum mínum. William Arkin er vísindamaður, sem vinnur við vísindastofnun og það er eðli vísindalegra rannsókna að reyna að hafa það sem réttara reynist. Þess vegna er fullkomlega fáránlegt að vera alltaf að tala um það að maðurinn skuli hafa viðurkennt að hann hefði rangt fyrir sér. Það væri slæmur vísindamaður sem ekki gengist við því að ákveðinn grunur, sem hann hefði haft, hefði ekki verið á rökum reistur.

William Arkin er Bandaríkjamaður, hann er ekki andstæðingur Bandaríkjastjórnar, hann er sérfræðingur í vígbúnaði, hann er sérfræðingur í kjarnorkuvopnum og hann er að rannsaka ástand þeirra mála en ekki að stunda pólitískan áróður. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði. Ég held að það sé hárrétt sem hv. þm. Haraldur Ólafsson sagði hér áðan, að okkur beri að þakka komu hans hingað vegna þess að vissulega hefur sú umr., sem varð hér á hinu háa Alþingi, valdið því að Bandaríkjastjórn verður eflaust að endurskoða afstöðu sína til þess hvað hún telur sig geta gert með hliðsjón af varnarsáttmálanum.

Menn hengja sig endalaust í það að það sé gagnslaust að lýsa ákveðin lönd og svæði kjarnorkuvopnalaus, það verði að fara fram tvíhliða samningur jafnframt. Auðvitað þurfa stórveldin að semja, um það verður ekki deild. En ég get ekki skilið hvernig það getur verið til skaða að einstök ríki taki af allan vafa um að þau vilji ekki leyfa kjarnorkuvopn í ríkjum sínum og á löndum sínum, hvorki í friði né ófriði. Ég tel því að það sé fjarstæða, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson 3. þm. Reykn. sagði áðan, að till. sú, sem hér hefði verið mælt fyrir, sé verri en ekki.

Hér var minnst á Olof Palme. Olof Palme hefur gefið út sem sína skoðun í norrænum dagblöðum núna allra síðustu daga eftir fundinn í Osló hjá SAMAK að hann telji að nú verði norrænar ríkisstjórnir að vinna að drögum að samþykkt um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Palme hefur sagt það afdráttarlaust. Sama hefur Anker Jörgensen sagt. Báðir hafa þeir sagt að í kjölfar þess verði að sjálfsögðu að fara fram umr. milli stórveldanna en einhvers staðar verður að byrja á að stöðva þá skelfingu sem vígbúnaðarkapphlaupið er.

Það er engin tilviljun hvaða lönd hafa verið hér til umr. sem hugsanlegar kjarnorkubirgðastöðvar Bandaríkjamanna. Ef við hefðum hér kort af heiminum væri auðvelt að sjá hvers vegna þessi lönd hafa verið valin. Utanrrh. hæstv. talar eins og hann geri sér ekki ljóst hvers vegna Ísland er svo áhugavert í augum Bandaríkjamanna og eflaust Sovétmanna líka. Ástæðan fyrir því að mér verður tíðræddara um vígbúnaðarkapphlaup Bandaríkjamanna er einfaldlega sú að við erum hér með bandarískа herstöð. Ég býst við að ég mundi tala í nákvæmlega sömu veru og verða tíðræddara um Sovétríkin ef Sovétríkin hefðu hér herstöð. Um þessi mál er

ekki lengur hægt að ræða á svo móðursýkislegan hátt sem hér var gert á árum áður. Sú fræðsla, þær upplýsingar sem borist hafa frá ýmsum aðilum á síðustu árum hafa sem betur fer breytt þessari umr. Menn vita meira um hvað verið er að gera í vígbúnaðaruppbyggingunni í heiminum. Mér er það lítið áhugamál að pexa hér um hvort kjarnorkusprengjur Sovétmanna séu æskilegri en Bandaríkjamanna, ég held að þar sé enginn munur á.

Í skandinavískum blöðum las ég í dag að friðarsamtök, sem heita Traktat nå í Noregi, hafi nýlega ákveðið að fulltrúar þeirra heimsæktu til skiptis nokkrum sinnum nú á þessu ári leiðtoga Sovétríkjanna og forseta Bandaríkjanna. Fyrsta heimsókn er nú afstaðin til Moskvu. Þar fengust þær yfirlýsingar frá sovéskum stjórnvöldum að Chernenko teldi að það ætti að stöðva vígbúnað úti í geimnum. Þessu ber auðvitað að fagna. Við skulum vona að honum sé alvara um það. En það er ákaflega erfitt að trúa á friðarvilja stórveldanna þegar svo er komið að jörðin nægir ekki fyrir kjarnorkuvopn þeirra heldur verður að taka geiminn líka.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga lýsi því yfir að það sé vilji þess að Ísland verði um aldur og ævi kjarnorkuvopnalaust svæði. Alþingi Íslendinga hefur aldrei ályktað um það. Vissulega hafa utanrrh. þjóðarinnar sagt það hver á fætur öðrum, en hið háa Alþingi hefur aldrei ályktað um það. Mér er fyrirmunað að skilja hvernig sú ályktun sem slík gæti hugsanlega verið til skaða.

Herra forseti. Hér er orðið æðifátt í salnum og næsta þýðingarlítið að endurtaka enn einu sinni það sem oft hefur verið sagt um þessi mál. Ég mun því láta þetta nægja að sinni. En ég trúi því og treysti að hv. utanrmn. taki nú á þessum málum af myndarskap. Því verður ekki á móti mælt — og það er ekki sagt hæstv. núv. utanrrh. né forverum hans til lasts — að við höfum ástæðu til að vantreysta stórveldunum í þessum viðskiptum. Í tíu ár hefur legið fyrir leyfi Bandaríkjastjórnar til að flytja kjarnorkuvopn til Íslands á hættutímum án þess að íslensk stjórnvöld hafi haft hugmynd um. Af þessu hljótum við að verða að læra. Við verðum að gera kröfu um að engin slík leyfi verði veitt, það sé lýðum ljóst að Alþingi Íslendinga hafnar slíku og mótmælir slíku og með samþykkt þessarar till., sem hér hefur verið mælt fyrir í kvöld, eru a. m. k. tekin af öll tvímæli um vilja Alþingis, vilji þjóðarinnar liggur fyrir.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mér þykir vænt um að hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti því yfir, gagnstætt því sem mátti skilja á fyrri ræðu hennar, að hér væru ekki kjarnorkuvopn, en hins vegar væri hætta á því að sá vopnabúnaður sem hér væri fyrir hendi gæti nýst kjarnorkuvopnum. Nú er það svo að nútíma vopna- og varnarbúnaður er margur þess eðlis að hann getur væntanlega borið kjarnavopn sem önnur vopn og við því verður út af fyrir sig ekkert gert. Orion-flugvélarnar eru, að því er mér skilst, vel útbúnar til kafbátaleitar og það er það starf sem þær inna af hendi við okkar strendur. Ég undrast ef nokkur Íslendingur vill ekki fylgjast með hverjir eru við strendur landsins innan okkar efnahagslögsögu. Til þess er leikurinn gerður að hafa eftirlit með umferð umhverfis landið að við öflum okkur þessarar vitneskju. Ég tel það lágmarksskilyrði fyrir sjálfstæða þjóð að afla slíkrar vitneskju.

Þá þótti mér líka ágætt að hv. þm. gerir sér grein fyrir því að Ísland, því miður, er á þeim stað á hnettinum að aðstaða þar er hernaðarlega mikilvæg. Það er einmitt ástæðan fyrir því að við verðum að hafa varnir hér á landi þannig að frelsi okkar sé ekki skert og sjálfstæði okkar ekki ógnað.

Ég vil svo að lokum segja að hv. þm. lét þess getið að hún talaði aðeins svona í garð Bandaríkjanna vegna þess að Bandaríkin hefðu hér herstöð. Hún mundi tala alveg eins í garð Sovétríkjanna ef Sovétríkin hefðu hér herstöð. Ég er ansi hræddur um að hv. þm. hefði engin tök á að að tala svona í garð Sovétríkjanna ef Sovétríkin hefðu hér herstöð vegna þess að þá væri hún múlbundin, hér væri ekki málfrelsi. Ég lýk orðum mínum með því að biðja hv. þm. að hugsa um þessa grundvallarforsendu fyrir öryggi okkar og sjálfstæði.

Umr. frestað.

Lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, á þskj. 342.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var að meðaltali elli-, örorku- og makalífeyrir sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiddi sjóðsfélögum á árinu 1984, sundurliðaður eftir aldri og kyni?

Jafnframt er óskað að fram komi fjöldi lífeyrisþega og starfsaldur í hverjum aldurshópi fyrir sig, einnig sundurgreindur eftir kyni.

Svar:

Meðaltal elli-, örorku- og makalífeyris sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiddi sjóðsfélögum á árinu 1984, sundurliðað eftir aldri, kyni og fjölda lífeyrisþega:

Fæðingar-			Karlar:			
ár	E	F	M	F	Ö	F
1884	111 398	1				
88	58 326	1				
89	158 309	1				
91	218 796	5				
92	220 493	4				
93	86 621	4				
94	110 479	8				
95	165 861	7				
96	118 500	7				
97	136 758	12	139 383	2		
98	240 608	16				
99	113 086	19				
1900	163 641	13				
01	151 615	25				
02	180 777	36				
03	161 426	31				
04	156 122	43	151 018	1		
05	157 597	49				
06	165 476	55	8 670	1		
07	155 412	49				
08	156 442	56	26 458	1		
09	139 640	70	141 913	1		
10	132 681	58	48 318	1		
11	169 113	86	122 797	2		
12	153 524	70	38 925	1		
13	159 341	89	132 988	3		
14	130 006	65				
15	164 296	38	64 323	1		
16	157 742	40	268 911	1		
17	135 226	45	116 278	2		
18	156 790	37	31 671	3		
19	154 469	26	87 904	1	105 294	4
20	140 446	18	43 906	1	112 490	5
21	142 515	12	35 094	3	130 585	7
22	162 111	17			72 115	3
23	141 640	12			125 776	9
24	105 658	5	85 965	2	69 905	2
25	63 964	1			97 243	3
26			49 605	2	77 065	3
27			59 590	2	89 269	3
28	137 299	1				
29			32 129	2	57 549	3
30			68 811	2	56 987	3
31			89 628	3		
32					118 911	4
33			86 001	1		
34			55 712	1	39 423	2
35			9 187	1	42 290	1
36					70 906	2
37			135 764	2	41 139	3
38			39 426	1		
39			8 114	1		
40			35 042	1		
41			76 271	2	43 372	1
42			31 844	2	35 809	1

Fæðingar-			Konur:			
ár	E	F	M	F	Ö	F
1886			69 246	1		
88	174 723	1				
89			65 958	1		
90	115 478	1				
91	78 930	2	163 519	5		
92			103 551	3		
93	61 666	2	98 361	3		
94	178 365	1	119 385	9		
95	116 475	2	128 923	7		
96	153 904	3	101 181	9		
97	192 296	6	144 856	9		
98	97 966	5	114 870	15		
99	102 427	8	107 059	12		
1900	117 579	8	120 665	14		
01	117 390	8	110 206	10		
02	135 055	14	123 584	22		
03	123 133	6	115 168	17		
04	111 741	11	140 191	22		
05	109 259	17	147 234	26		
06	112 674	16	144 114	31		
07	104 859	20	154 468	32		
08	99 340	22	135 340	29		
09	96 633	21	127 141	30		
10	119 981	23	147 549	14		
11	108 207	36	115 743	30		
12	115 609	39	140 236	36		
13	101 143	24	149 256	28		
14	88 600	20	112 835	36		
15	99 344	21	132 124	28		
16	94 942	20	107 504	33		
17	100 757	19	131 950	35		
18	123 485	11	128 701	27		
19	121 172	5	114 617	22	34 684	1
20	151 587	7	120 647	23	138 649	4
21	115 665	6	114 291	49	38 840	3
22	151 725	4	113 247	26	112 845	3
23	54 087	2	112 378	24	83 913	1
24	109 959	2	176 299	16	67 773	2
25			99 230	17	34 378	2
26			138 225	18	42 058	3
27			101 889	18	42 542	2
28			219 456	10	43 398	3
29	15 323	3	111 420	13	49 633	2
30			111 410	21	56 472	1
31			78 526	13	82 412	2
32			96 320	10	144 667	1
33			84 878	7		
34			104 395	7		
35			89 576	8	52 514	3
36			65 033	10	37 196	1
37			109 774	2		
38			74 288	11		
39			75 977	8		
40			84 642	5	51 452	1
41			35 446	2	46 763	1

Fæðingar-		Karlar:				Fæðingar-		Konur:			
ár	E	F M	F	Ö	F	ár	E	F M	F	Ö	F
43				60 946	1	42		60 822	5	30 341	1
44		62 983	2			43		106 212	1	46 685	4
46				55 246	1	44		56 111	4		
47		54 993	2			45		52 081	1	24 125	1
48		41 457	1			46		30 983	1		
52				64 325	1	47		34 829	2		
55				11 108	1	48		117 717	7		
						49		26 017	1		
						50		28 815	3		
						51		48 561	1		
						52				17 364	1
						53		52 105	2		
						55		52 218	2		
						57		36 423	1		
						Heildarmeðaltal:					
	154 544	73 850		87 968			108 472	119 782		74 965	

Skammstafanir:

E = Ellilífeyrir
M = Makalífeyrir
Ö = Örorkulífeyrir
F = Fjöldi lífeyrisþega

Efri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463, n. 488). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar, þ. e. þetta frv. til l. um eftirlit með matvælum. Í grg. með þessu frv. er raunar vikið að aðdraganda þessa máls, þ. e. þess að það þótti nauðsynlegt að setja nánari ákvæði í lög um það hvað er átt við þegar neysluvara er höfð á boðstólum. Það má segja að þetta litla frv. sé fyrst og fremst flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir réttaróvissu. Í grg. stendur, með leyfi virðulegs forseta, um aðdragandann:

„Fyrir nokkru kærði heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis til ríkissaksóknara dreifingaraðila, sem taldi ákveðna vöru ekki til sölu á dreifingarstað og hélt því fram að það væri heilbrigðiseftirlitsins að sanna að hún væri til sölu. Ríkissaksóknari taldi ekki lagalega forsendu til aðgerða, þar sem áðurnefnd reglugerðarákvæði ættu sér ekki lagastoð og þegar sönnunarbyrði væri snúið við á þennan hátt þyrfti til ótvíræða lagaheimild."

Hæstv. heilbr.- og trmrh. skýrði þessi mál mjög nákvæmlega, ef ég man rétt, í framsögu fyrir þessu máli þannig að ég tel ekki þörf á því að ég sem nefndarformaður bæti þar fleiru við.

Eins og fram kemur í nál. kom Örn Bjarnason forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins á fund nefndarinnar og veitti henni ágætar upplýsingar, m. a. þær sem hugsanlega hafa komið fram áður, hugsanlega við 1. umr., ég man það ekki, að þetta væri í fyrsta skipti sem slíkt mál bæri á góma. Áður, þegar fundist hefur óskoðað kjöt við svipaðar aðstæður, enda óstimplað, hefðu þeir, sem slík matvæli hefðu haft með höndum, aldrei neitað upptöku varningsins. Þetta væri í fyrsta skipti. Þetta atvik leiddi til þess að þetta frv. var flutt.

Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. 226. mál (þskj. 281, n. 492). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Menntmn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um vélstjóranám og er sammála um að mæla með að það verði samþykkt óbreytt. Á fund n. kom Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri í menntmrn. og skýrði frá ýmsu í sambandi við framkvæmd í menntunarmálum vélstjóra ef frv. yrði að lögum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Rétt fyrir jólafrí hv. þm. í vetur, þ. e. 19. des., voru samþykkt lög hér frá deildinni um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Frv. að þeim lögum var til umfjöllunar í samgn. og fékk þar ítarlega umfjöllun.

Það frv., sem hér er til umr., er beint framhald af þeirri lagasetningu sem ég hef hér nefnt. Í þessu frv. er meira að segja ákvæði til bráðabirgða sem er samhljóða ákvæði til bráðabirgða í lögunum um atvinnuréttindi vélstjóra. Það ákvæði er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Þeim vélstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. jan. 1985, skal boðið upp á vélstjórnarnámskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárið 1984—85 og 1985—86 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veiti réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélarstærð allt að 750 hestöfl. Menntmrn. skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélskóla Íslands."

Ákvæði þetta segir okkur í báðum tilfellum nokkra sögu og hana dálítið alvarlega. Sagan er þessi:

Á undanförnum árum hefur ekki tekist að fá til starfa á fiskiskipaflota okkar Íslendinga menn með full vélstjóraréttindi og svo er enn. Til þess að hægt væri að lögskrá á skipin skv. samningum og lögum hefur samgrn. gefið út svokallaðar undanþágur frá námsskyldunni og réttindunum. Fleiri og fleiri vélstjórastöður hafa verið skipaðar undanþágumönnum. Ýmissa orsaka vegna hefur ungt fólk ekki lagt fyrir sig vélstjóranám á undanförnum árum með það sem markmið með náminu að starfa að námi loknu á íslenska fiskiskipaflotanum. Með ákvæðinu til bráðabirgða í lögum um atvinnuréttindi og hér í frv. er boðið upp á leið til réttindanáms fyrir þá sem fengið hafa undanþágur á liðnum árum. Um þessa leið má ýmislegt segja, en þetta er samkomulagsleið sem er hugsuð sem aðferð til að stytta leiðina að því marki að hætta með öllu undanþáguveitingum til vélstjórnar og vélgæslu.

Ég stóð að þessari samþykkt réttindalaganna 19. des. og ég mun einnig greiða því frv. sem hér er atkvæði mitt. Þetta frv. og lögin eru bæði góð og gild, en þau eru þó í eðli sínu eins og glæsileg fiskiskip án veiðarfæra gagnvart því að fá réttindafólk til starfa á fiskiskipaflotanum. Góð lög um atvinnuréttindi, sem menn fá eftir að hafa lokið ákveðnu námi og staðist tilheyrandi próf, og lög um vélstjóranám á þetta mörgu stigum gera lítið í þessu tilfelli ef ungt fólk aflar sér ekki þessara réttinda eða allir þeir sem afla sér þessara réttinda fara til allt annarra starfa en til vélstjórnar á fiskiskipaflotanum.

Það er eflaust margt sem veldur því að þessi störf eru ekki það áhugaverð að fólk leggi á sig nám til að öðlast réttindi til að sinna þeim. Þar má til nefna: Undanþágur hafa verið of auðfengnar. Launakjörin hafa verið umdeilanleg. Fjarvistir eru yfirleitt frá heimilum hjá þeim mönnum sem sinna þessum störfum. Ýmislegt fleira mætti upp telja. Þó eru þessir þættir flestir svipaðir annmarkar og tilheyra ýmsum öðrum störfum í íslenskum atvinnuvegum.

Þegar verið er að ræða um frv. til vélstjóranáms hvarflar að manni sú hugsun að verið geti að skipulag námsins eigi hér nokkra sök. Skoðum það svolítið nánar.

Stór hluti fiskiskipastólsins er gerður út frá stöðum sem eru nokkuð fjarri þeim stað þar sem aðalnám til

vélstjóranáms fer fram, þ. e. Vélskóla Íslands sem er staðsettur í Reykjavík.

Það má nokkurn veginn ganga út frá því sem vísu að flestir nemendur, sem kæmu til vélstjóranáms með það markmið að fara á fiskiskipaflotann, kæmu úr fiskibyggðunum umhverfis landið. Þetta fólk þarf því að taka sig upp frá sinni heimabyggð til að stunda það nám til að njóta réttinda við þessi störf.

Með þessu frv. er boðið upp á það að aðrir framhaldsskólar en Vélskóli Íslands geti veitt nemendum réttindi í sambandi við þetta nám. Í 3. gr. frv. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Vélskóli Íslands skal veita menntun á öllum stigum vélskólanáms, en auk þess er öðrum framhaldsskólum heimilt að annast vélstjórnarmenntun eftir því sem henta þykir og menntmrn. heimilar."

Þ. e., sumir fjölbrautaskólar hafa heimild og hafa reyndar haft heimild til að annast þessa menntun. Fjölbrautaskólinn á Akranesi og Fjölbrautaskóli Suðurnesja hafa báðir boðið upp á þessa kennslu á undanförnum árum. Nokkur áhugi var fyrir þessu námi í upphafi, en síðustu 2—3 árin mun enginn nemandi hafa verið við þetta nám í Fjölbrautaskólanum á Akranesi. Einhverja svipaða sögu mun vera að segja frá Keflavík, en þó ekki kannske alveg eins vonda.

Eitt af frægðarverkum hæstv. ríkisstj. Steingríms Hermannssonar var að leggja niður fjölbrautadeild í Ólafsvík. Það var reyndar gert víðar en í heimabyggð hæstv. félmrh., en þessi deild hafði starfað í nokkur ár að sumu leyti með góðum árangri. Námsvalið var þó nokkuð einhæft ef litið er á umhverfið. Það sem boðið var upp á fyrir nemendur úr fiskiþorpunum okkar á Hellissandi og Ólafsvík var fyrst og fremst viðskiptafræðibraut. Það var reyndar að einhverju leyti boðið upp á tungumálakennslu, en það svið, sem fyrst og fremst var boðið upp á, var viðskiptasvið.

Það má segja það að margt framfaraspor hafi verið stigið til að auðvelta menntun. Margt er þar vitaskuld ógert og slík mál eru í stöðugri þróun. En það grundvallaratriði hefur gleymst að menntakerfið verði þess ekki valdandi að fleiri hverfi frá því að sinna undirstöðuatvinnuvegum okkar, hverfi frá fiskimennsku til þjónustustarfa og hverfi frá landsbyggð til Reykjavíkur. Ég er nokkuð hræddur um að ef ekki verða gerðir aðrir hlutir í tengslum við það frv. sem við erum að samþykkja hér hnígi að þessari óheillaþróun. Ef við byggjum ekki upp úti um landið í auknum mæli við fjölbrautaskólana deildir eins og ég nefndi áðan sem hafa starfað við skóla eins og í Ólafsvík, ef við byggjum ekki upp menntakerfi sem hnígur að því að mennta það fólk sem þar er að alast upp og hefur áhuga fyrir því starfi sem þar er verið að vinna, ef við köllum á allt þetta fólk hingað til Reykjavíkur til að sækja það nám, þá erum við að fjarlægjast það markmið að byggja upp menntun sem á að þjóna okkar atvinnuvegum.

Ég tel að að mörgu leyti hefði verið æskilegt að byggja Vélskóla Íslands þannig upp að hann væri ekki með upphafsnám í vélfræðimenntun, að fyrstu 2—4 annirnar ættu sér stað úti í fjölbrautaskólunum og þá í mörgum tilfellum í deildum eins og áður voru starfandi í Ólafsvík og við vonum að slík starfsemi sjái aftur dagsins ljós og við þurfum jafnvel ekki að skipta um ríkisstj. til þess, það væri ansi leitt ef það þyrfti að vera það stórt átak til að snúa aftur á þann veg að þessar deildir fái áfram að starfa við grunnskólana vítt um landið. En ég vil undirstrika það að ég tel að með þessu frv. sé að vísu stigið framfaraspor, en það þurfi um leið að huga að því að byggja þessa menntun upp þannig að hún geti farið fram í sem ríkustum mæli úti um landið og á þeim stöðum sem nemendurnir fyrst og fremst koma frá, sem eru ábyggilega sjávarþorpin í landinu.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég er nú ekki eins svartsýnn á þetta frv. eins og hv. 4. þm. Vesturl. sem var að ljúka hér máli sínu. Ég teldi að það væri mjög til bóta, en auðvitað má finna á öllu ýmsa vankanta og svo er áreiðanlega hér þó að það sé í smærri stíl. Vélskólanámið sjálft er búið að vera ansi innviklað og erfitt nám vegna þess skipulags sem þar hefur ríkt. Það var komið þannig að mjög lítil aðsókn var að skólanum þeirra manna sem ætluðu sér að stunda sjómennsku og þaðan komu eiginlega engir orðið nema þeir sem fóru þá á millilandaskipin og okkar gömlu stærri togara sem voru yfir 500 brúttótonn. Áður fyrr var þetta nám í tveim deildum hjá Fiskifélaginu, svokallað 1. stig sem gaf 500 hestöfl og 2. stigið sem gaf 1000 hestöfl. Menn sóttu Fiskifélagsnámskeiðin að langstærstum hluta, meðan þeirra naut við, til þess að fá réttindi á bátaflotanum.

Eins og flestum er kunnugt er almenn vélastærð á bátaflotanum upp að 1000 hestöflum og rúmlega það. Þess vegna var það að hið svokallaða undanþágufargan var orðið svo algert eins og þm. er kunnugt frá þeim yfirlýsingum sem hér komu í fyrra vegna fsp. og rætt hefur verið mikið um hvernig hægt væri að laga. Vélskólinn var til skamms tíma þannig að þar fengu menn ekki inngöngu nema hafa lokið vélvirkjanámi eða námi í smiðju, fjögurra ára námi. Fyrir nokkrum árum var þessu breytt þannig að nokkurn veginn samhliða fjölbrautaskólunum fengu menn að taka iðnbrautina innan skólanna og gátu farið og tekið 1. og 2. stigið í Vélskólanum án þess að taka sveinspróf í vélvirkjun.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að léttari stigin, 1. og 2. stigið sem gefa almennt réttindi á bátaflotann og til vélavarðarvörslu á stærri vélum verði við fjölbrautaskólana.

Hérna er lagt til að höfuðskólinn sé í Reykjavík eins og verið hefur. Þessu get ég ekki mótmælt, einhvers staðar verða þessar höfuðstöðvar að vera. En aftur gerir frv. ráð fyrir því að þeir, sem ætla að fara lengra, taka 4. stigið, taka mestu réttindi eftir tilskilinn siglingartíma og reynslutíma, verði í Vélskólanum. Reynslan í dag sýnir okkur að stærri hlutinn af þeim, sem koma út úr 4. stiginu, fara í tækninám.

Þetta er undirbúningur undir það að komast í vélfræðinám og framhaldsnám í tækniskólum. Þess vegna er verið að fara út í það með þessu frv. að gera þetta léttara og auðveldara fyrir menn til þess að geta losnað við undanþágufarganið sem kallað er og komið þessu niður í það að gefa þeim mönnum, sem fengjust til að stunda sjó og vélstjórn á minni vélum, sem 2. stigið, eins og ég sagði, gefur upp í 1000 hestöfl, tækifæri til að taka þetta meira heima við. Þar sem fjölbrautaskólarnir eru hefur þetta verið reynt, a. m. k., eins og kom fram hjá hv. þm., á Akranesi og í Keflavík þar sem aðsókn hefur ekki verið nógu góð. En þar held ég að verði að leita annarra orsaka en þess að þarna sé ekki boðið upp á námsefnið eins og það getur best verið fyrir þessi stig.

Ég veit að t. d. á Akranesi er mjög vel búin deild bæði að vélum og áhöldum til að kenna slíka hluti. En það skortir á að fá áhuga ungra manna til að fara inn í þetta starf. Það er aftur annað mál að fá menn til þess. Af því að þeir hafa fengið undanþágurnar svo auðveldlega á annan hátt er ekki nema von að það taki smátíma að koma þeim til þess að fara að læra þetta. En ég held að það komi.

En ég er algerlega sammála því að það verði kannað mjög rækilega, þó að það geti auðvitað komið í reglugerð, ekki í frv. sjálfu, að hin stærri sjávarpláss — en þau eru í flestum tilvikum tengd fjölbrautaskóla á viðkomandi svæði — geti fengið að taka þennan hluta alveg eins og er með framhaldsdeildirnar við grunnskólann í bóklegu fögunum, að þau geti einnig fengið aðstöðu til að taka slík námskeið heima fyrir — t. d. í Ólafsvík, á Hellissandi og víðar og einnig hérna suður með sjó og á Norðurlandinu — þannig að þeir geti lokið prófinu við viðkomandi aðalskóla en fengið að taka námsefnið heima fyrir. Það er það, held ég, sem hv. þm. vill leggja til og ég er sammála honum í því að það verði leitast við að koma þessu fyrir í kennslu í framhaldsdeildum heima í viðkomandi byggðarlögum, en það verði samt í gegnum höfuðskólann, þ. e. viðkomandi fjölbrautaskóla, sem menn ljúka prófi.

Án þess að orðlengja meira um þetta er ég sammála þessu frv. Ég tel það mjög til bóta að vélstjóramenntuninni er hér mörkuð ákveðin staða sem var orðin full þörf á. Þetta er einn stærsti þáttur okkar í iðnfræðslunni. Vélskólastigið er þarna með alhliða málmiðnaðarbrautum sem menn eiga kost á að ljúka með 4. stigi Vélskólans og halda svo áfram í tækniskóla. En það eru lægri stigin, 1. og 2. stigið, sem geta orðið svolítið erfið í minni byggðarlögum og sjávarplássunum. Æskilegt væri að geta komið þeim þangað heim til að hægt sé að örva menn til áð fara út í þessa atvinnugrein.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég vildi bara þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu á þessu frv. og vonast til að það verði nú enn fljótara í gegnum Nd. Ég tel að það sé orðið brýnt að afgreiða þetta frv. vegna þess að námskeið vegna undanþágumannanna eru þegar komin í gang og það þarf að vinda að því bráðan bug að semja reglugerð eftir þessu frv. ef að lögum verður til að unnt verði að framkvæma það sem í því segir.

Að því er varðar athugasemd hv. 4. þm. Vesturl. vil ég sérstaklega taka það fram að síðla árs 1983 var gengið frá formlegu samkomulagi milli allra framhaldsskólanna á Vesturlandi. Þ. á m. var gert ráð fyrir því að þar sem ekki væri nemendafjöldi til að halda uppi viðhlítandi fræðslu á framhaldsskólastigi, eins og var í því tilfelli sem hv. þm. vék að, væri sótt til eins höfuðskóla á samningssvæðinu sem var Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Ég hygg að allir sveitarstjórnarmenn á svæðinu og skólamenn hafi verið mjög ánægðir með það að þetta samkomulag komst á og ég veit ekki betur en að það hafi reynst vel það sem af er. En því er ég að nefna þetta að ég vil undirstrika það að ég tel ekki nægilegt að fræðslan fari fram á þeim stað þar sem nemendur eiga heima. Hitt tel ég vera aðalatriðið að tryggja gæði þessarar fræðslu, að hún sé eins og best verður á kosið, þannig að fullnægt sé öllum nútímakröfum, bæði til að tryggja atvinnuöryggi þeirra manna sem fræðsluna fá og öryggi þeirra sjálfra og starfsmanna á flotanum þar sem væntanlegir vélstjórar munu starfa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Dómsvald í héraði, frv. 227. mál (þskj. 282, n. 493). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., hefur verið til umr. í allshn. Ed. og eru nm. sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. 309. mál (þskj. 491). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Í 79. gr. laga 67/1971 um almannatryggingar er ákvæði um það að ráðh. skuli innan sex mánaða breyta upphæðum bóta skv. þeim lögum ef breyting hefur orðið á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Í reynd hefur þessi sex mánaða frestur ekki verið notaður heldur reynt að láta bótaupphæðir verða samstiga kauphækkunum.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar, nú síðast lögunum frá 1981, eru hins vegar engin samsvarandi ákvæði, heldur hafa iðgjöld og bætur miðast við tilgreindan launaflokk í samningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda. Bætur og iðgjöld hafa þó jafnóðum hækkað þegar kaup skv. hinum tiltekna launaflokki hækkaði vegna nýrra samninga eða vegna vísitöluuppbótar. Segja má að þetta hafi verið eðlileg regla og fullnægjandi trygging fyrir tengslum launa og bóta meðan það var aðalreglan við samningsgerð að kaup skv. tilgreindum launaflokkum hækkaði en flokkum fjölgaði ekki að ráði.

Nú er hins vegar svo komið að aðalkjarabætur felast oftar en ekki í tilflutningi starfa á milli launaflokka. Enda er svo komið að í dag eru engin laun eftir í þeim launaflokki sem við er miðað í lögum um atvinnuleysistryggingar, 8. launaflokki. Sá flokkur er nú aðeins notaður til að reikna út iðgjöld og bætur.

Störf þeirra launþega sem á sínum tíma tóku kaup skv. 8. fl. eru nú flokkuð í 13. launaflokk og eiga skv. gildandi kjarasamningum að færast í 15. launaflokk 1. maí n. k. Þetta misræmi stakk svo í augu við síðustu samningsgerð að ríkisstj. hét því að beita sér fyrir leiðréttingu á Alþingi í því skyni að hækka viðmiðunar-

flokk bóta til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á röðun starfa í launaflokka frá því að lögin voru sett 1981. Við þá leiðréttingu þótti rétt að miðað yrði, eins og gert var 1981, við þann flokk sem greitt væri eftir fyrir almenna fiskvinnu, enda munu einna flestir taka laun skv. þeim flokki. Því liggur beint við að nefna þau störf sem miða skal við en ekki rígbinda bætur áfram við númeraðan launaflokk.

Um þessa breytingu fjalla þrjár fyrstu gr. þessa frv. eins og rakið er í athugasemdum við þær. Í 4. grein frv. eru hins vegar nýmæli sem segja má að leiði af setningu laga nr. 22/1981 og nr. 46/1981, en með þeim lögum öðluðust félagsmenn BHM og BSRB rétt til atvinnuleysisbóta á sama hátt og aðrir launþegar. Bætur skv. þessum síðastnefndu lögum greiðast hins vegar ekki úr Atvinnuleysistryggingasjóði heldur af ríki eða sveitarfélögum hverju fyrir sig án iðgjaldainnheimtu, enda ekki um sameiginlegan bótasjóð þessara aðila að ræða. Þetta leiðir til þess að í gangi eru þrjú aðskilin kerfi sem eru þó að því leyti eins að öll mál á að afgreiða í samræmi við lögin nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Af þessu leiðir að hver sem sækir um bætur vegna atvinnuleysis verður að hafa unnið a. m. k. 425 klst. innan ramma viðkomandi kerfis til að öðlast lágmarksrétt. Skv. þessu er það því hugsanlegt að launþegi, sem unnið hefur alls 1272 klst. á síðustu 12 mánuðum skv. samningum ASÍ, BSRB og BHM, eigi þegar upp er staðið engan lagalegan rétt til bóta. Því er hér lagt til að heimilað verði að leggja saman vinnuframlag til ákvörðunar bóta og greiða úr hverju kerfi fyrir sig að tiltölu. Það er ekki mikið um það að á slíka heimild reyni, svo hér yrði ekki um verulegan útgjaldaauka að ræða. Hins vegar munar það hvern þann sem er atvinnulaus miklu að hann njóti bóta miðað við allt sitt vinnuframlag en ekki aðeins hluta þess. Þetta verður að teljast sanngirnismál sem og það að fólk sé ekki bundið á klafa í einu kerfinu og geti trauðla skipt um vinnu nema eiga á hættu að missa rétt til bóta ef á bótakerfið reynir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ekki þarf að hafa mörg orð um þetta frv. út af fyrir sig. Það er til bóta í öllum greinum, enda kannske einn örfárra sjáanlegra ávinninga kjarasamninga þeirra sem gerðir voru í haust. Hinir hafa flestir verið fjarlægðir snyrtilega og rækilega. Hitt er annað mál að þrátt fyrir miklar leiðréttingar á undanförnum árum, allt frá því að þessi lög tóku gildi í kjölfar kjarasamninganna 1955, vita allir að þær bætur, sem hér eru greiddar, eru víðs fjarri lífibrauði. Þær eru enn fjær skuldbindingum fólks gagnvart húsnæði sínu og ýmsu öðru og ég tala nú ekki um þar sem ein fyrirvinna er fyrir fjölskyldu.

Ég ætla ekki að fara út í þetta efnislega, vegna þess að frv. tel ég til bóta. Það er aðeins rétt að minna á það í sambandi við þetta að atvinnuleysisbæturnar í þessu landi snerta fyrst og fremst einn hóp manna framar öðrum. Það eru að vísu til fámennir hópar, sem þetta snertir einnig, en fyrst og síðast snertir þetta fiskverkunarfólkið hér á landi og þá konur kannske öðrum fremur. Allt of víða brennur þetta nú á í dag. Ég hafði eitt dæmi um þetta fyrir augunum í mínu kjördæmi í sumar á Seyðisfirði. Þetta vandamál varðandi atvinnuleysið í frystihúsunum og hina smánarlega stuttu kauptryggingu sem fólk er með leiðir hugann að þeirri þróun sem hefur orðið í siglingum skipanna þó ég sé ekki að mótmæla þeim eða andmæla þeim, en kannske enn þá frekar þróuninni í gámamálunum sem hefur verið til umr. hér nýlega einnig. Þannig mætti lengi telja.

Ég ætla ekki að fara út í það hversu nátengt þetta mál, þ. e. atvinnuleysistryggingarnar í heild, eru því máli sem núna er til meðferðar í þinginu varðandi kauptrygginguna. Það getur hv. 6. landsk. þm. gert miklu betur en ég. Það eru órofa tengsl á milli þess réttindamáls sem þar er verið að flytja og svo aftur bóta þeirra sem hér er verið að lagfæra að nokkru.

Ég vil aðeins í þessu sambandi leggja áherslu á þetta og minna sjálf okkur á það enn og aftur hvaða fólk það er sem býr við mest óöryggi í þessum efnum, hvaða fólk það er sem þarf á þessum atvinnuleysisbótum að halda og verður oft að láta sér þær nægja tímunum saman. Ég minni á að jafn nauðsynlegt og það er að eiga góða löggjöf um þetta, sem tryggi lágmark, tryggi reyndar enn betri og öruggari greiðslur en nú eru, þá er vitanlega nauðsynlegra að tryggja atvinnuna og gera hana örugga, ekki síst hjá því fólki sem ég ræddi um áðan, fiskverkunarfólkinu. Það á að vera höfuðmarkmið hverra stjórnvalda umfram allt annað, meira að segja umfram verðbólguvandann, að atvinnuleysisbætur séu óþarfar með öllu.

Ég nefndi dæmi frá Seyðisfirði í sumar. Það var ömurlegt dæmi. Það var ömurlegt að koma í það pláss þá þar sem allt byggðist á fiski og verða var við vonleysið og vantrúna á það að nokkurn tíma yrði risið upp úr öskustónni aftur, finna að það hvíldi í raun og veru eins og mara yfir byggðarlaginu öllu. En fyrst og síðast kom þetta við afkomuna á heimilunum og ekki síst þar sem fyrirvinnan var ein og átti allt sitt undir vinnunni í frystihúsinu.

Þetta vildi ég segja og um leið ítreka að mér var kunnugt um það að stjórnvöld brugðust allvel við þessum vanda, m. a. ráðh. Austfirðinga og aðrir, svo ég gefi þeim nú „kompliment" enda ekki svo oft sem maður hefur efni á því, unnu að því allvel að leysa úr þessu máli á Seyðisfirði. En það voru bara önnur yfirvöld sem réðu. Þau yfirvöld hétu bankayfirvöld. Þau réðu og töfðu lausnina von úr viti. Það er dapurlegt dæmi um vald á vitlausum stað.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er vissulega til bóta og er í takt við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf við gerð síðustu kjarasamninga. En þær tilfærslur, sem urðu með þeim samningum, gerðu það að verkum að ef þetta hefði ekki verið fært til, þ. e. bótaupphæðin, þá hefðu atvinnuleysisbætur færst niður fyrir alla taxta.

Hv. síðasti ræðumaður hefur minnst á það að ástæða er til að huga að því hvernig atvinnumálum er komið þegar við nú fjöllum um frv. um atvinnuleysistryggingar.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir að hámarksbótatími sé 180 dagar. Nú er svo komið þar sem ég þekki gerst til að allmargar konur hafa nú verið á atvinnuleysisbótum í þennan tíma. Eftir það hafa þær að engu að hverfa. Það er dapurlegt fyrir það fólk sem

þannig er statt og það er dapurlegt fyrir þjóðfélagið að svo skuli málum komið að þetta eigi sér stað. Auðvitað þurfa hlutir að vera þannig að allir hafi atvinnu. Það eru mannréttindi, fyllstu mannréttindi, að hafa atvinnu. En í fiskiðnaði þar sem atvinnuleysið er mest er svo komið hvað réttindi þessa fólks snertir að hægt er að segja því upp með sáralitlum fyrirvara, sjö daga fyrirvara. Kauptrygging þess er svo til engin. Því hafa verkalýðssamtökin lagt á það mikla áherslu að úr því verði bætt. Reyndar liggur fyrir frv. í Nd. þar sem gerð er till. um breytingar í þessum efnum.

Það ástand, sem er í atvinnumálum, endurspeglar það hvernig sjávarútveginum er komið, að það er rekstrarstöðvun þar annað slagið og fólkið geldur þess allra fyrst. Það eru einkum konur sem verða fyrir þessu, u. þ. b. 75% af þeim, sem eru atvinnulausir, eru konur. Því miður lenda þær í því að gjalda þessa réttindaleysis sem er í þjóðfélaginu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á hv. þdm. þegar þetta frv. um aukið öryggi fiskvinnslufólks kemur hingað, sem ég vona að það geri, að menn leggi því lið. Atvinnuleysisbæturnar eru vissulega ekki háar. Þeim er öðruvísi fyrir komið en í nágrannalöndum okkar þar sem tekið er mið af því kaupgjaldi sem fólk hafði áður en það varð atvinnulaust. Átta tímarnir duga til framfærslu t. d. í Danmörku og eru lífskjör þar reyndar sannarlega betri en hér. En í sjávarplássunum þykir það vart að hafa vinnu, hafi menn aðeins átta tíma vinnu. Það eru tíu tímar sem menn vinna yfirleitt. Þegar menn verða síðan atvinnulausir fá menn aðeins hluta af átta tíma vinnu sem er náttúrlega langtum, langtum lægra en dugir til lífsviðurværis. Þessu þarf vissulega að breyta.

Ég vildi vekja athygli á þessu. Ég vek athygli á því líka enn á ný að það eru allmargar konur sem nú standa frammi fyrir því að hverfa af bótum vegna þess hvað atvinnuleysið er orðið langt. Ég vil í lokin fagna þessu frv. Það er til bóta eins og ég sagði áðan og er í samræmi við þau fyrirheit sem samningsaðilum voru gefin nú er gengið var frá síðustu kjarasamningum.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað á undan mér og fagna því að það sé verið að hreyfa þessu máli og breyta þessu í réttlætisátt. En mig langar samt að spyrja hæstv. ráðh. hvað þetta segi okkur í krónum talið.

Nú vitum við að hluti af launum í fiskvinnslunni er greiddur í bónus. Ég þekki mörg dæmi þess, þar sem tímabundið atvinnuleysi er árlegur viðburður, að þetta fólk, sem fær atvinnuleysisbætur, fær varla krónu í vasann vegna þess að það er um eftirásköttun að ræða hér á landi. Stundum eru því 500 kr. eða 1000 kr. í umslaginu sem dugar skammt í dag. Þess vegna langar mig til að vita hvað þetta segir okkur mikið í kr. Eru þetta kannske um 80 kr. á tímann sem gera þá um 12 800 kr. yfir mánuðinn?

Eins er það mjög bagalegt þegar atvinnuleysi er svona langvarandi eins og á Suðurnesjum að eftir 180 daga standi fólk uppi allslaust, sem sagt ekki með neinar bætur og enga vinnu að fá. Það er ekki hægt að hlaupa í burtu frá heimilum, alla vega ekki fyrir konur sem eru stærsti hlutinn af þessu vinnuafli, þær komast ekki langt í burtu til að afla sér atvinnu. Það kemst ekkert heimili af í dag nema hafa tvo til að vinna fyrir heimilinu, alla vega ekki meðal almennra launþega.

Mér er mjög minnisstætt að fyrir rúmu ári síðan var ég að spyrjast fyrir um það úti á landi í sjávarplássi hvernig væri með atvinnuna. Svarið var: Ja, það er nú svo sem í lagi en það eru bara 10 tímarnir núna, það er frí bæði á laugardögum og sunnudögum. Þetta er nefnilega viðhorfið víða, það þarf að vinna myrkranna milli og helst annaðhvort laugardag eða sunnudag til að hafa ofan í sig og á, vegna þess að skattarnir eru greiddir árið eftir af þeim launum sem aflað var árið á undan. Og enginn leggur fyrir, vegna þess að þeir, sem eru að reyna að koma þaki yfir höfuðið eða standa í einhverjum framkvæmdum, mega ekki sjá af neinni krónu til þess að geyma og verður þetta oft mjög bagalegt í eftirá-sköttun. Ég vil undirstrika það í þessu samhengi vegna þess að það hefur mest verið rætt um það á þeim tímum þar sem atvinnuleysi hefur verið hvað fáar krónur hafa fengist útborgaðar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir með þeim sem hér hafa talað og lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að í þessu frv. felist þó nokkur réttarbót fyrir þá sem atvinnuleysi þurfa að þola. Eins og menn hafa minnst á eru konur fjölmennar í þeim hópi og vísast er fjárhagsstaða þeirra einna bágbornust allra, einkum þeirra sem einar þurfa að sjá fyrir heimili.

Út af áskorun hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar hér áðan varðandi það frv., sem nú er til meðferðar í Nd. Alþingis og miðar að því að bæta atvinnuöryggi fiskvinnslufólks, vil ég lýsa því yfir að því frv. mun ég veita stuðning minn þegar og ef það kemur hingað til þessarar deildar.

Ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur að það væri gaman að fá að vita hvað þetta þýðir í krónum, en fagna því ella að þetta frv., sem við erum hér nú að ræða, er fram komið.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Út af þeirri fsp. sem fram kom get ég í fyrsta lagi ekki upplýst og sennilega getur enginn upplýst hversu háar upphæðir verða greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það fer auðvitað eftir atvinnuástandi og horfum sem vonandi batna ef friður verður á vinnumarkaðnum eftir því sem líður á vertíðina og afli verður meiri. Hins vegar er hægt að fá alla aðra útreikninga í kr. frá rn. Ég veit að formaður n. er reiðubúinn að óska eftir þeim og þá verða þeir lagðir þar fyrir.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðum sumra manna hér og þá sér í lagi 6. landsk. þm., að það er langmest um atvinnuleysi í fiskiðnaðinum. Ástæðan fyrir atvinnuleysi í fiskiðnaði er fyrst og fremst þær aðgerðir, sem hafa verið gerðar á undanförnum árum, að draga mjög úr fiskveiðum, setja meiri hömlur á veiðarnar, friða ákveðnar fisktegundir sem við ekki þekktum áður. Þetta kemur auðvitað harðast niður á því fólki sem þessa atvinnu stundar.

Ég er ekki líkt því að öllu leyti sammála því sem hefur verið gert í þessu á síðustu árum og alls ekki sammála Alþingi í afskiptum þess. Ég tel ekki að það sé verið að búa í haginn fyrir framtíðina með því að taka undir með samtökum eins og Greenpeace-samtökunum að það megi ekki drepa orðið nokkra skepnu hér innan 200

mílna, heldur eigi að fjölga þeim og margfalda stofninn við landið á komandi árum. Það þarf töluvert af fiski í þessa stóru belgi, þessi stóru dýr sjávarins. Þau þurfa að lifa og þau sækja í fiskstofnana. Með sama áframhaldi hlýtur það að vera stefna þeirra að binda fleiri skip. Það eykur ekki á atvinnu þessa fólks sem stundar veiðar og vinnslu sjávarafla.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að fara varlega í öllum veiðum og við eigum vitaskuld að sinna aðvörun fiskifræðinga í því að ganga ekki of nærri ungfiski, hvort sem hann er innfjarða eða ekki. Sem betur fer bendir nú margt til þess að það sé óvenjumikið um seiðagengd á fjörðum inni og flóum, sem við eigum að gleðjast yfir og binda miklar vonir við. En við megum heldur ekki eyðileggja með því að haga okkur alveg eins og græningjar, eins og mér sýnist því miður að allt of margir í þessu þjóðfélagi geri og það meira að segja innan hv. Alþingis.

Það fer engan veginn saman að tala hér samhliða um það að tryggja atvinnu og kaupmátt launa ef við ætlum að ala hér margfaldan stofn af hvölum við landið á kostnað þjóðarinnar og þessa atvinnureksturs. Hann verður aldrei sá atvinnurekstur sem hægt er að byggja á og fólk getur treyst á undir þessum kringumstæðum.

Við mörkum stefnu í sjávarútvegsmálum eitt ár í einu og breytum henni hvað eftir annað á þessu eina ári og vitum aldrei okkar rjúkandi ráð. Stundum grípur náttúran inn í og gerir hlutina léttari og skynsamari. Það er búið að drepa alla loðnu alveg upp og kæfa hana. En ég bara segi það í sambandi við þessa hugmynd manna hér: Hugleiðið þetta líka í leiðinni. Það er fyrsta skrefið til að treysta atvinnugrundvöll í sjávarútvegi að viðurkenna það að hann verður að hafa einhverja stoð til að standa á, en hann á ekki alltaf að eiga von á því að nú verði stoppað næsta dag eða þar næsta með þeim undantekningum, sem ég nefndi, til verndunar ungfisks bæði á fjörðum og á öðrum miðum, sem við eigum sannarlega að fara eftir. Þetta er einn liðurinn í því að treysta atvinnugrundvöllinn og þetta er höfuðástæðan fyrir því hvað það er mikið óöryggi í þessum atvinnuvegi núna.

Ég legg svo mikla áherslu á það, virðulegi forseti, að þetta frv. fái greiðan gang hér í gegnum hv. deild því að það fólk, sem þarf núna á þessum bótum að halda, bíður eftir afgreiðslu þessa máls og þetta er loforð við lausn kjarasamninga eins og fram hefur komið.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það var spurt hér áðan um upphæðir atvinnuleysisbóta. Ég er hér með kauptaxta frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur sem greinir frá því hvert kaupið í fiskvinnslunni er. Menn sem standa því fjarri átta sig ekki alveg á því alltaf hversu lágar tölur þetta eru. Kaup fiskvinnslufólks á fyrsta ári í fiski er 73,11 á tímann og það sinnum 8. Þetta eru ekki hærri upphæðir sem þarna er átt við.

Ég vil taka undir margt það sem hv. síðasti ræðumaður sagði og einkum varðandi þann áróður Græningja eða Greenpeace-manna að hverfa frá hvaladrápi sem ég tel og taldi mjög óráðlegt á sínum tíma. Maður veltir því fyrir sér hvenær koma upp hópar sem hafa sérstaka samúð með þorskinum og ýsunni og hvenær okkur Íslendingum verði bannað að veiða þær tegundir.

Ég held að það atvinnuleysi, sem nú gerir vart við sig, eigi sér fleiri orsakir en aðeins í aflabresti. Það er reyndar spurning hvort eigi að tala um aflabrest því að ef við lítum á tölur undanfarinna ára hefur ekki svo miklu minna fiskast á síðasta ári en árið þar á undan. Ég minni á það líka að á þeim tíma, þegar fiskgengdin var hvað mest og Íslendingar öfluðu allra mest, var tap á sjávarútveginum. Þá var þannig komið málum og þannig staðið að verki af hálfu stjórnvalda að útgerðin var rekin með tapi. Menn sjá því að það er ekki endilega aflabrestur sem gerir það að verkum að erfiðleikar eru í þessum útvegi, sérstaklega hjá þeim sem eru atvinnulausir og líka hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum.

Á laugardaginn var var haldinn fjölmennur fundur suður í Keflavík þar sem kom saman fiskverkunarfólk, sjómenn, útvegsmenn og vinnuveitendur og málin voru rædd á öðrum grundvelli en oft gerist um þessi mál. Sannleikurinn er sá að fólkið, sem er næst þessum útvegi, skilur betur erfiðleikana, skilur betur hvernig málin standa en margur annar og vill gjarnan ræða það hvernig megi úr bæta. Í ályktun, sem sá fundur samþykkti, er vikið að því hvers vegna þessir erfiðleikar eru svo miklir sem raun ber vitni, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Gengisstefna stjórnvalda hefur um langt árabil verið fjandsamleg sjávarútvegi og orðið til þess að flytja gífurlega fjármuni frá sjávarútvegi til innflutnings, verslunar og þjónustu, sem kemur fram í mikilli þenslu á Reykjavíkursvæðinu. Það er gundvallarforsenda heilbrigðs rekstrar í sjávarútvegi að þessari gengisstefnu verði breytt og gengi erlendra gjaldmiðla verði rétt skráð."

Þetta er einn þátturinn í þessum vanda. Það er vikið að mörgu öðru í þessari ályktun sem mun verða birt á næstunni. Þar segir t. d.:

„Fundurinn mótmælir vaxtaokri sem á sér stað í landinu, bæði hjá útgerð, fiskvinnslu og launþegum. Bendir fundurinn á að vaxtakostnaður hjá sjávarútvegsfyrirtækjum er í mörgum tilfellum jafnhár og launakostnaður fyrirtækjanna."

Þegar svo er komið er ekki undarlegt að víða séu erfiðleikar á ferðinni.

Það var vikið hér að gámavæðingu og útflutningi fiskjar í gámum. Það verður að viðurkennast að ekki sé ég alveg fyrir mér hvernig taka skuli á því máli. Þarna á sér stað tæknivæðing, þróun sem verkalýðsfélögin sjá ekki ástæðu til að stöðva. Það væri líka óskynsamlegt að gera það. Hins vegar hef ég bent á að menn skyldu flýta sér hægt í þessum efnum, vegna þess að eftir situr fólk atvinnulaust og skv. mínum skilningi á fólkið í landinu fiskinn. Fólkið á rétt á atvinnu. En við eigum heldur ekki að bregðast við vandanum með því að spyrna gegn framförum. En við verðum að gá að okkur að því leyti til að atvinnutækifærin séu ekki tekin af fólki á einu bretti á meðan annað hefur ekki komið í staðinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 314. mál (þskj. 499). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli

hér fyrir frv. til umferðarlaga. Þetta frv. er samið af umferðarlaganefnd, sem fyrirrennari minn í embætti dómsmrh. skipaði í september 1980 til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga svo og reglugerðar skv. þeim eftir því sem ástæða þætti til. Í nefndina voru skipaðir þeir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Reykjavík, Garðar Gíslason borgardómari, Haraldur Henrysson sakadómari og forseti Slysavarnafélags Íslands, Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri í dómsmrn. og Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri. Ritari nefndarinnar var Örn Sigurðsson. Nefndin skilaði frv. þessu til rn. í lok síðasta mánaðar. Hefur orðið að ráði að leggja það fyrir Alþingi óbreytt og hefur ekki gefist aðstaða til þess, hvorki fyrir ráðh., ríkisstj. eða þingflokka stjórnarinnar, að taka afstöðu til einstakra atriða frv. Hins vegar þykir brýnt að þingið fái færi á að fjalla um efni þess, enda hefur gætt nokkurrar óþreyju meðal þm. þess vegna. Frv. liggur nú fyrir mikið af vöxtum og að því er best verður séð vandlega undirbúið.

Frv. felur í sér heildarendurskoðun á umferðarlögum, sem eru frá árinu 1968, en að stofni til eru þau frá árinu 1958 þegar hér voru fyrst sett heildarlög um umferð. Frá þeim tíma hafa verið gerðar ýmsar breytingar á umferðarlögunum og var veigamesta breytingin gerð þegar hægri umferð var lögleidd hér á landi árið 1968.

Það segir sig sjálft að nauðsyn hefur borið til að endurskoða umferðarlögin þar sem góður aldarfjórðungur er síðan þau voru sett. Hefur á þessum tíma átt sér stað ör þróun hér á landi sem og erlendis, endurbætur á bifreiðum og gífurleg fjölgun, nýir og bættir vegir o. s. frv. Umferðarlögin eru því á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar beinlínis úrelt.

Þá er nauðsynlegt að samræma löggjöf okkar á þessu sviði eftir því sem kostur er umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð, m. a. vegna aukinna samskipta þjóða á milli. Hafa þessi sjónarmið ráðið mestu um þær breytingar sem felast í frv. Verði frv. samþykkt verður kleift að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 1968.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. hefur við samningu þess verið höfð hliðsjón af breytingum sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á umferðarlögum og umferðarreglum annars staðar á Norðurlöndum. Byggðist sú endurskoðun á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite, um samnorrænar umferðarreglur sem byggðust m. a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál. Ísland átti ekki aðild að þessu norræna samstarfi. En við samningu frv. hefur einnig verið tekið tillit til aðstæðna hér á landi og kemur fram að nefndin leitaði eftir ábendingum og óskum frá fjölmörgum aðilum sem láta sig umferðarmál og umferðaröryggi varða á einn eða annan hátt.

Hið nýja frv. byggir í sjálfu sér að verulegu leyti á gildandi lögum, en efnisskipan allri er mjög breytt, bæði að því er varðar skipan kafla innan frv. og efnisatriði einstakra greina. Er meginatriðum skipað fyrst, svo sem reglum fyrir alla umferð, þá umferðarreglum fyrir gangandi vegfarendur, síðan umferðarreglum fyrir ökumenn, sérreglum fyrir reiðhjól og bifhjól og fyrir reiðmenn, þá ákvæðum um ökumenn, síðan ákvæðum um ökutæki o. s. frv. Í athugasemdum við hverja grein er vísað til hliðstæðs ákvæðis í umferðarlögunum. Til skýringa eru og millifyrirsagnir innan kafla.

Ekki eru tök á því að tíunda allar þær breytingar sem í frv. felast. Í athugasemdum eru taldar helstu breytingar frá gildandi lögum og eru þær 47 talsins, ýmist breytingar á gildandi ákvæðum eða nýmæli. Mun ég geta nokkurra helstu atriða í sambandi við hvern kafla.

Í I. kafla er fjallað um gildissvið laganna og skilgreiningu hugtaka. Þar er að finna nýja skilgreiningu á hugtökunum bifreið, dráttarvél og vinnuvél. Eru vélknúin ökutæki til fólks- eða vöruflutninga, sem aka hægar en 30 km á klst., talin til vinnuvéla, en þau teljast nú til bifreiða. Sama er um vélknúin ökutæki sem ekki eru ætluð til slíkra flutninga en aka má hraðar en 30 km á klst. Þau mundu ýmist teljast dráttarvél eða vinnuvél eftir eðli ökutækja.

Í þessum kafla er og ítarleg lýsing á því hvenær sé ljósatími auk þess sem ljósatími er ákveðinn allan sólarhringinn frá 1. október til 1. apríl.

Í II. kafla, þar sem eru reglur fyrir alla umferð, er aukin áhersla lögð á tillitssemi gagnvart börnum og öldruðum og þeim sem eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir þannig að það hái þeim jafnvel þótt þeir beri ekki auðkenni fatlaðra. Þá er í þessum kafla ákvæði um vistgötur. Í öðrum köflum frv. eru og nýmæli þar sem lögð er aukin áhersla á rétt allra vegfarenda svo sem ákvæði um sérstaka skyldu ökumanna gagnvart skólabifreiðum sem numið hafa staðar til að hleypa farþegum inn eða út og ítarlegri ákvæði um skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum almennt.

Í III. kafla eru umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur eða hvar á vegi þeir skuli vera. Það er fyrst og fremst utan akbrautar og hvernig þeir skuli fara yfir akbraut.

Í IV. kafla eru umferðarreglur sem gilda fyrir ökumenn og er hann einna veigamestur. Þar kemur fram meginreglan um hægri umferð, en kveðið er skýrar á um það en nú að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut. Þá eru nýmæli um akstur á vegi með þrjár eða fleiri akreinar. Ef akreinar eru fjórar eða fleiri má eigi aka á akrein sem er að öllu leyti vinstra megin við miðju akbrautar í aksturssstefnu og ef akreinar eru þrjár má eigi aka á þeirri akrein sem er lengst til vinstri. Þetta gildir þó ekki þar sem einstefnuakstur er.

Þá eru nýmæli um akstur af aðrennslisrein til að auðvelda ökumanni þaðan akstur inn á akrein þá sem hann ætlar inn á og ákvæði um að nota skuli aðrennslisrein strax og hún byrjar. Enn fremur eru nýmæli um framúrakstur. Aka skal hægra megin fram úr ökutæki sem beygir til vinstri eða ef ökumaður þess undirbýr greinilega vinstri beygju. Ný ákvæði eru um skyldu þess sem ekur fram úr og einnig þess sem ekið er fram úr. Loks eru ákvæði um framúrakstur þar sem umferð fer fram á fleiri en einni akrein í sömu aksturssstefnu. Er þá heimilt að aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein, enda sé umferð ökutækja þétt og ökuhraðinn ráðist af þeim sem á undan fara. Við þessar aðstæður verður og óheimilt að skipta um akrein nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Þessum ákvæðum ásamt ákveðnari reglu um að aka vel til hægri er ætlað að koma í veg fyrir ótímabæran akstur á vinstri akrein og tíð akreinaskipti við framúr-

akstur, eins konar svigakstur.

Þá eru ítarlegri ákvæði um ljósanotkun en nú er, þ. e. hvenær nota skuli háa ljósgeisla og hvenær þá megi ekki nota, svo og hvenær nota skuli lágan ljósgeisla. Ákvæði eru um að ekki megi valda ónæði með ónauðsynlegum akstri í námunda við íbúðarhús og ákvæði sem beinast gegn þeim sem með hægum akstri tefja akstur annarra.

Í V. kafla er fjallað um ökuhraða. Þar er miðað við óbreytt hraðamörk í þéttbýli, 50 km á klst. Hins vegar er lagt til að hámarkshraði á vegum með bundnu slitlagi utan þéttbýlis hækki í 80 km á klst., enda eru aksturskilyrði á þeim vegum að jafnaði betri en á malarvegum. Hámarkshraði utan þéttbýlis verður að öðru leyti óbreyttur, 70 km á klst. Þá er gert ráð fyrir því að heimila megi að uppfylltum vissum skilyrðum allt að 90 km hámarkshraða og að lækka megi hámarkshraða þar sem nauðsynlegt þykir og er það í samræmi við núgildandi heimildir. Að því er ökuhraða stórra fólksbifreiða og vörubifreiða varðar og þeirra sem draga tengi- eða festivagna er og um nokkra rýmkun að ræða. Er lagt til að ökuhraði stórra fólksbifreiða megi ekki vera meiri en 80 km á klst., en vörubifreiða og dráttarbifreiða 70 km. Þá er nýmæli er varðar akstur vélsleða sem nú eru nefndir beltabifhjól í lögum. Lagt er til að þeir megi eigi aka hraðar en 30 km á klst. á vegum nema um akstur í þágu öryggis eða heilsugæslu sé að ræða.

Í VI. kafla eru sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól, þ. á m. létt bifhjól eða vélhjól sem svo eru nefnd. Nýmæli er að því er varðar vinstri beygju hjólreiðamanna. Skal hjólreiðamaður, sem ætlar að beygja til vinstri, vera áfram hægra megin, aka beint áfram yfir vegamót og þá fyrst beygja til vinstri þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Í frv. eru að öðru leyti ýmis nýmæli til að tryggja aðstöðu hjólreiðamanna, svo sem við framúrakstur og akstur í beygjum. Að því er bifhjól, þ. á m. létt bifhjól, varðar er nýmæli um að við akstur utan ljósatíma skuli nota lágan ljósgeisla og er ákvæðinu ætlað að auka öryggi ökumanna bifhjóla þannig að hjólin sjáist betur í umferðinni. Að öðru leyti er við það miðað að reglur um bifhjól gildi í aðalatriðum um létt bifhjól, enda eru þau í eðli sínu líkari öðrum bifhjólum en reiðhjólum.

Í VII. kafla eru sérreglur um reiðmenn. Er þá gert ráð fyrir því að setja megi reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta, t. d. endurskinsmerki, þegar farið er á vegi á ljósatíma.

Í VIII. kafla eru ákvæði um ökumenn. Ákvæði er varða akstur undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eru í meginatriðum óbreytt. Nýmæli er þó er bannar neyslu slíkra efna næstu sex klst. eftir að akstri lauk ef ökumaður hefur haft ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins. Þá er lögð skylda á bensínafgreiðslumenn að reyna að hindra ölvun við akstur og ákvæði eru um töku öndunarsýna.

Að því er ökuréttindi varðar er flokkun ökuréttinda breytt til samræmis við alþjóðasamninga um umferð þannig að aukin réttindi þurfi til aksturs bifreiða til flutnings fleiri en átta farþega og vörubifreiða sem eru 3.5 tonn að leyfðri hámarksþyngd. Bráðabirgðaökuskírteini byrjenda gilda í tvö ár og heimild er til að ákveða að norræn ökuskírteini gildi hér á landi einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að. Nýmæli er um 14 ára aldursmark til aksturs dráttarvéla við landbúnaðarstörf og aldursmark til útgáfu ökuskírteina fyrir létt bifhjól og vélsleða er hækkað í 16 ár. Loks eru í þessum kafla nokkuð breyttar reglur um ökukennara. Er aldursmark þar lækkað í 21 ár og áskilnaður um leigubifreiðarstjóraþróf felldur niður, en gert ráð fyrir ökukennaranámi og prófi er taki mið af kröfum sem gera þarf til ökukennara. Einnig er þar heimild til að setja reglur um endurmenntun kennara.

Í IX. kafla um ökutæki eru ýmsar breytingar. Þar er gert ráð fyrir því að reglur verði settar um gerð og búnað, skráningu o. fl. Er gert ráð fyrir því að skráning ökutækja verði í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins og við það miðað að umdæmaskráning falli niður. Þar eru og ákvæði um heimild til að fela verkstæðum almenna skoðun ökutækja eða tiltekna þætti skoðunar undir eftirliti Bifreiðaeftirlitsins.

X. kafli fjallar um notkun öryggisbúnaðar, þ. e. öryggisbelta og hlífðarhjálma. Eru þau ákvæði í meginatriðum óbreytt. Þó er felld niður undanþága er varðar farþega í framsæti leigubifreiðar og undanþága leigubifreiðarstjóra miðuð við það þegar bifreið er í leiguakstri. Rétt er að taka fram að enginn fyrirvari er í frv. um refsinæmi þessara brota.

Í XI. kafla eru ákvæði um flutning, hleðslu, þyngd og stærð ökutækja og er þar að verulegu leyti gert ráð fyrir því að reglur verði settar um það efni í reglugerð en þær eigi bundnar í lögum. Mundu slíkar reglur þurfa að vera ítarlegri en nú er án þess að geta orðið tæmandi og þörf er á heimild til undanþága vegna þróunar ökutækja og breytilegra þarfa við flutninga. Nýmæli er að gert er ráð fyrir setningu reglna um flutning hættulegra efna og tækja.

XII. kafli fjallar um hindrun á vegi og XIII. kafli um umferðarstjórn, umferðarmerki o. fl. XIV. kafli fjallar um fébætur og vátryggingu. Er í meginatriðum byggt á óbreyttum bótareglum og vátryggingarskyldu. Ákvæði um lögboðna eigin áhættu eru felld niður og sett ákvæði um nefnd til að fjalla um ágreiningsmál vegna sakarskiptingar.

Í XV. kafla er fjallað um viðurlög. Að því er sviptingu ökuréttinda varðar er lagt til að fyrsta brot vegna aksturs undir áhrifum áfengis varði a. m. k. tveggja ára ökuleyfissviptingu ef vínandamagn er yfir 2‰. Ákvæðum um ítrekuð brot við ölvun við akstur er breytt þannig að þau varði ýmist tveggja eða þriggja ára sviptingu í stað ævilangrar sviptingar, en endurtekin ítrekuð brot ævilangri sviptingu. Þá er reglum um endurveitingu ökuréttinda nokkuð breytt. Meginreglan verði sú að endurveita megi ökuréttindi eftir þriggja ára sviptingartíma, en þó ekki fyrr en eftir fimm ár þegar svipting hefur verið ákveðin ævilöng.

Í sambandi við þetta atriði vildi ég aðeins leggja áherslu á hvað ökuleyfissvipting vegna ölvunaraksturs er mörgum þungbær. Þess vegna þyrfti að gera allt sem hægt er til að vekja athygli þeirra, sem ökuleyfi hafa og eru að verða flestir þjóðfélagsþegnar, hversu mikilvægt það er að láta slíkt aldrei henda sig.

Í þessum kafla eru og nokkur nýmæli um að leggja megi hald á erlend ökutæki sem erlendur ökumaður hefur notað og brotið gegn ákvæðum umferðarlaga. Ítarleg ákvæði eru um gjaldtöku vegna ýmiss konar stöðvunarbrota og verður meðferð slíkra brota ekki refsiverð. Er um að ræða mjög umfangsmikinn málaflokk þar sem nauðsynlegt er að einfalda málsmeðferð. Loks eru nýmæli um heimild lögreglu til að flytja eða

láta flytja brott ökutæki, sem með ýmsum hætti brjóta í bága við reglur um stöðvun eða lagningu, valda truflun eða óþægindum eða skilin hafa verið eftir.

Í XVI. kafla er fjallað um Umferðarráð og umferðarfræðslu. Er þar í meginatriðum byggt á gildandi ákvæðum. Lagt er til að formaður og varaformaður Umferðarráðs, sem ráðh. skipar án tilnefningar, eigi sæti í framkvæmdanefnd þess, sem skipuð verði fimm mönnum sem að öðru leyti verði valdir af ráðinu sjálfu. Þá er lagt til að við hlutverk ráðsins bætist „að beita sér fyrir könnun á umferðarháttum og öðru sem umferð varðar". Hins vegar er ljóst að starfsemi Umferðarráðs og það hver áhrif það getur haft ræðst fyrst og fremst af því fjármagni sem til þess er ráðstafað.

Í XVII. kafla eru loks ákvæði um gildistöku og er lagt til að lögin taki gildi 1. júní á næsta ári. Nauðsynlegt er að ætla tíma frá því að lögin verða samþykkt til að ganga frá ýmsum reglugerðum sem gert er ráð fyrir að settar verði. Þá er nauðsynlegt að undirbúa kynningu á hinum nýju umferðarreglum og öðrum nýmælum og loks er nauðsynlegt að gildistaka fari fram á heppilegum árstíma.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rakið helstu breytingar og nýmæli skv. frv. og er þá eigi allt talið. Frv. ber það með sér að það þarf að skoða gaumgæfilega og bera saman við gildandi lög. Ég tel sjálfsagt að þm. leiti eftir umsögn um frv. hjá aðilum sem láta sig umferðarmál varða. Efni frv., einkum umferðarreglurnar, eru þess eðlis að óheppilegt er að þeim sé oft breytt, enda ríður á að borgararnir kunni jafnan á þeim glögg skil. Ég tel því ljóst að þingnefnd verði að fjalla ítarlega um efni frv.

Ég tel eigi ástæðu til að fjalla frekar um frv. þetta á þessu stigi. Í nútíma þjóðfélagi skipar umferð og umferðarmál veigamikinn þátt í daglegu lífi. Bifreiðar og önnur ökutæki eru á margan hátt nytsamleg tæki og stuðla að bættum hag þjóða, en notkun þeirra felur í sér marga hættu. Hér á landi láta um 25 manns lífið árlega í umferðarslysum, mörg hundruð slasast árlega og eignatjón af völdum umferðarslysa er gífurlegt. Það ríður því á miklu að reglur allar á þessu sviði séu glöggar, að borgurunum séu þær kunnar og að þeir fari eftir þeim. Frv. þessu er ætlað að stuðla að því að svo geti orðið.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er um umfangsmikinn lagabálk að ræða sem þarfnast umfangsmikillar umfjöllunar í nefnd eins og hæstv. ráðh. kom inn á. Þar á ég mína möguleika á vendilegri athugun og fer því ekki út í efnisatriði og breytingar, enda illa lesinn í þessum fræðum enn þá. En það voru örfá orð aðeins til íhugunar nú við 1. umr. Vitanlega er laganauðsynin ótvíræð og þeim mun skýrari og betri reglur sem við höfum, einfaldari og ljósari en ákveðnari um leið, því betra. Það er nauðsyn að huga að þessu atriði þegar öll skilyrði og allar reglur eru taldar af hinu illa og frelsið eitt skal gilda. Hvergi er „frelsið" og 100% rétturinn minn eða þinn válegri en einmitt í umferðinni, því meginatriði umferðarinnar felast í raun og veru í því að líta í eigin barm. Varfærnin og tillitssemin í annarra garð skiptir mestu máli en ekki spurningin um hvar rétturinn er þegar upp er staðið. Það er nefnilega þannig að fyrir hinn örkumlaða eða fyrir aðstandendur hins látna skiptir þessi margumtalaði réttur engu.

Hver ferð hér um borgina eða hver ferð úti á vegum landsbyggðarinnar kallar fram hrópandi dæmi um hið ótrúlega tillitsleysi, hinn undraverða glannaskap þar sem aðalpersónan, ég, með réttinn og öryggið og sjálfstillitið gengur fyrir öllu. Konan, sem ræddi við útvarpið í morgun, minnti á þátt sjálfsábyrgðarinnar í umferðinni, hina ofurþungu ábyrgð okkar hvers og eins og kvað áróðurinn ekki snúast nóg um áminningu þessa, þ. e. varúðina gagnvart öðrum. Mér þóttu orð hennar allrar athygli verð.

Ný heildarlöggjöf er nauðsyn. Hér hafa menn verið að bæta brýnustu ágalla að því að menn hafa talið. Tvö frv. hér í þessari hv. deild nú bera þessa gleggst vitni. En framkvæmdin og möguleikar á virkri framkvæmd er það sem enn meiru skiptir. En við sjálf ráðum hér auðvitað langmestu.

Áróður hefur sannað gildi sitt. Áróður byggðan á fræðslu og staðreyndum þarf að auka. Ég nefni eitt dæmi. Það mætti fá örkumla fólkið enn frekar til liðs. Af samtölum við sumt af því veit ég að það er reiðubúið, vill leggja sitt fram til að forða öðrum frá óvægnum og grimmum örlögum sem það sjálft hefur orðið að lúta í lægra haldi fyrir. Hér má nefnilega margt gera. En sannleikurinn er sá að þá þarf að vísu enn frekara fjármagn og það fjármagn þarf þá að nýta og nota til virkilegrar fræðslu og áróðurs sem skírskotar beint til fólksins.

Ég nefni annað dæmi. Rás 2 mun mjög vinsæl meðal margra líklega sem kannske þurfa mest á að halda. Hvernig væri nú að nýta hana til hins ýtrasta í þessu efni svo sem fjölmiðla yfirleitt? En ég nefni þetta bara vegna þess að ég finn það og veit að unga fólkið t. d. — án þess að ég ætli að fara að ásaka það — hlustar mjög á Rás 2 og tekur vel eftir mörgu því sem þar er sagt.

Skólinn á sína miklu möguleika. Ég þekki það sjálfur frá mínu eigin starfi. En ég held að við ættum samt sem áður ekki frekar í þessu en öðru að gleyma grunneiningunni, heimilunum sjálfum. Þar er kannske vöntunin mest á raunhæfri umferðarfræðslu. Ég er ekki frá því að þar sé brotalömin allra verst. Það vantar máske eitthvert hjálpartæki fyrir foreldrana. En vitanlega eru þar margar ánægjulegar undantekningar sem sanna þessa reglu. Að öllu þessu þarf að hyggja.

Aðalerindi mitt hingað var þó það atriði sem er eitt þeirra sem oft má ekki hafa hátt um, en er þó ein meginvá allra okkar umferðarmála. Þar á ég við ölvunaraksturinn. Tiltækar tölur eru þar uggvekjandi en annað felst aldrei í þeim tölum, önnur brot komast aldrei upp. En tiltækar tölur segja allt of mikið. Nú telja menn það helst rétt að bæta við þessa vá, þessa hræðilegu hættu. Bjórlíkhúsin segja þegar til sín, það segir lögreglan ótvírætt og hefur um skýr dæmi. Yfirfljótandi bjór gæti því skapað enn meiri hættu þar sem andvaraleysið, að ég segi nú ekki kæruleysið, segði þá enn frekar til sín en nú er. Ég held að hér þurfi líka að vera vel á verði og ótti minn er ekki ástæðulaus, segja þeir sem gleggst þekkja og eru best inni í umferðarmálum.

Að lokum í fullri alvöru þó mönnum þyki það kannske einhver gálgahúmor. Hvernig væri að gera skyndikönnun eftir veislur í ráðherrabústað eða öðrum slíkum stöðum, Höfða eða Rúgbrauðsgerðinni? Ég skýt þessu svona að hæstv. dómsmrh. að hann beiti sér fyrir

einni slíkri eða svo. Ekki mæli ég svo af því að hæstv. landbrh. hefur boð inni í dag og liggja til þess auðskildar ástæður. En einhvern veginn er það nú svo eftir að ég hef verið í slíkum fagnaði — það er sjaldan en það kemur fyrir — og ekið brott ásamt öðrum að ljóðlínurnar frægu hafa ómað í eyru mér: „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.“ Skal svo ekki orðlengt um það frekar á föstunni.

Eiður Guðnason: *Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa* um þetta mörg orð við þessa umr. Ég vil aðeins fagna því að þetta frv., endurskoðuð umferðarlög, skuli hér fram komið. Það hefur átt sér langan aðdraganda. Ég hef oftar en einu sinni innt ráðh., bæði hæstv. núv. dómsmrh. og hans forvera í því embætti, eftir því hvað þessari endurskoðun liði. Hún hefur tekið mjög langan tíma og vonandi hafa gæði endurskoðunarinnar verið í réttu hlutfalli við þann tíma sem þetta hefur tekið.

Við fljótalestur á þessu frv. sýnist mér að ýmislegt sé hér til bóta, en annað orkar kannske meira tvímælis. En það sem mér þykir nú kannske einna lakast við fyrstu skoðun þessa frv. er að mér sýnist að það sé allt skrifað í hálfgerðum kansellístíl 19. aldarinnar. Ég hirði svo sem ekki um að fara að nefna mörg dæmi hér, en þau eru ýmis, t. d. í þessum skilgreiningum og raunar víðar. Þá sýnist mér eitt og annað vera þannig að það þoli ákaflega vel endurskoðun og mætti gjarnan endurskoða.

Það eru ýmis ákvæði hér sem tvímælalaust eru til bóta. Hæstv. dómsmrh. rakti hér ýmis þau nýmæli sem *eru í þessu frv. T. d. minntist hann á ákvæði um akstur* af aðrennslisrein eins og hér er kallað. Þetta er allt af hinu góða. En því miður er það svo að umferðarmannvirki hér eru allvíða hönnuð með þeim hætti að mér sýnist að það muni verða erfitt að fara eftir þessum ákvæðum. Ég bendi á t. d. hér inn við Elliðaár, þar sem aðrennslisrein kemur inn á og 60—80 metrum lengra í burtu kemur það sem kalla mætti frárennslisrein þar sem ekið er út af. Þessi umferðarmannvirki eru einfaldlega þannig hönnuð og upp sett — og þetta gildir víðar — að mér sýnist að ekki sé hægt að fara eftir þessu, a. m. k. ekki til hlítar. En ég ætla að geyma mér frekari athugasemdir um þetta.

Ég játa það og viðurkenni að ég hef ekki kynnt mér þetta nægilega vel á þessu stigi. En ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar og það mun, fullyrði ég, fá þar vandaða athugun eins og brýnt er.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 2. þm. Austurl., að mönnum hefur þótt svo brýnt að breyta ýmsu að það hafa verið flutt frv. í þá veru um ýmsar greinir þessa máls og er það eðlilegt. En mér segir svo hugur um að hv. allshn. þessarar hv. deildar muni þurfa verulegan tíma til að athuga þetta mál. En ég fagna því að það skuli hér fram komið til athugunar og vinnslu, enda þótt auðsætt sé að það muni þarfnast töluverðra breytinga.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég, eins og aðrir hv. þm. sem hér hafa talað, fagna því að frv. þetta til umferðarlaga hefur nú loksins séð dagsins ljós. Það er auðvitað mikið verk að endurskoða umferðarlög, en því er ekki að neita að mönnum hefur þótt það taka nokkuð langan tíma eða á fimmta ár. Þetta frv. er stór lagabálkur, 122 greinar, og því er fyrir séð, eins og hér kom fram í máli hv. 5. landsk. þm., að það muni taka nokkurn tíma fyrir hv. allshn. að fara yfir það. En ég tel nauðsynlegt að jafnframt því að ítarlega verði unnið í þessu máli verði lögð áhersla á að sú vinna gangi eins greiðlega og unnt er.

Ég á sæti í allshn. sem fær frv. til umfjöllunar og því ætla ég ekki að eyða löngum tíma hér við 1. umr. Ég vil þó nefna örfá atriði. Ég fagna því t. d. að í frv. er gert ráð fyrir breytingu á ljósatíma bifreiða, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., þ. e. ljósatími verði frá 1. október til 1. apríl, sbr. 2. gr. frv. Það er vissulega í átt við frv. okkar þm. sem við höfum nú endurflutt frá fyrra ári og ég mælti hér fyrir s. l. miðvikudag. Í þessu frv. er þó gengið nokkru skemur en í hinu, þ. e. að í stað þess að ljósatíminn skuli vera frá 1. október til 1. apríl er gert ráð fyrir í hinu frv. að hann sé frá 1. september til 1. maí.

Ég fagna því einnig að tekið er upp í þessu frv. ákvæðið, sem er í okkar frv., um skyldu ökumanna gagnvart skólabifreiðum. Bæði þessi atriði ræddum við nokkuð ítarlega hér á fundi s. l. miðvikudag svo að ég ætla ekki að eyða tíma í að fara út í það hér á ný.

Ég fagna því vissulega að lögð er sérstök áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem varðandi vernd barna og fatlaðra í umferðinni, sérstaklega varðandi skólabörn eða umferð í kringum skóla. Ég get þó ekki séð að gert sé ráð fyrir lögbindingu hvíta stafsins, en blindir hafa lagt mikla áherslu á að fá hann lögbundinn, en það er nú þegar til reglugerðarákvæði um notkun hans. Ég má segja að sú reglugerð sé svo gömul að hún hafi verið sett af þáv. dómsmrh., Auði Auðuns, það sé það langt síðan.

Ég sakna þess einnig að ekki er gert ráð fyrir slysarannsóknanefnd sem kanni orsakir slysanna á svipuðum grundvelli og rannsóknarnefndir flug- og sjóslysa.

Ég sé að nokkrar breytingar eru gerðar á skipan í Umferðarráð sem ég held að séu til bóta. Það eru þrír nýir aðilar settir þar inn frá Bílgreinasambandinu, heilbr.- og trmrn. og Öryrkjabandalaginu. Einnig sýnist mér vera nokkurs konar leiðrétting að í staðinn fyrir ríkislögreglu er settur lögreglustjórinn í Reykjavík. Ég kann nú ekki skýringu á því. Við fáum hana væntanlega. Þá er ákvæði um að í stað fræðslumálastjórnar komi menntmrn. sem hlýtur að vera eðlileg breyting. Ég tel ákvæðið um þessa nýju aðila, sem þarna eiga að koma inn í Umferðarráð, vera til bóta. En mér þykir þó vanta þarna fulltrúa frá Umferðarlæknisfræðifélaginu, því að ég tel að það séu samtök sem þekkja best og láta sig umferðarslysin mjög miklu varða. Ég hefði talið mjög gagnlegt að hafa fulltrúa frá þeim í Umferðarráði.

Ég endurtek að ég fagna því að þetta frv. hefur séð dagsins ljós og ég tek undir þýðingu þess að það nái fram að ganga á þessu þingi þó að við verðum að sjálfsögðu að gefa okkur góðan tíma til að fara yfir það. Ég vil einnig taka undir orð hv. 2. þm. Austurl. um að gagnkvæm tillitsemi er það sem skiptir sköpum í umferðinni. Margt í þessu frv., eins og því sem áður er komið fram og mælt hefur verið fyrir, byggir einmitt á því að sýna tillitssemi í umferðinni.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Gerð þessa frv. hefur tekið alllangan tíma. Það kemur fram hér að nefndin, sem átti að semja þetta frv., hefur verið skipuð

1980 svo að það eru tæp fimm ár sem nefndin hefur haft til að semja þetta frv.

Síðan er þessu frv. dreift á borðin hér og mönnum gefinn afskaplega lítill kostur á að kynna sér það þegar farið er að mæla fyrir því. Hins vegar segir að lögin eigi ekki að taka gildi, ef þetta frv. verður samþykkt, fyrr en 1. júní 1986. Það verða þá um sex ár sem þetta hefur tekið.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá dómsmrh. hvenær þessi nefnd hóf í raun störf. Það er ýmislegt í frv. sem vekur undrun. Ég fletti t. d. upp á bls. 11 og þar segir varðandi ljósanotkun: „Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju." Ég þarf skýringu á þessu. Sjálfsagt gerist það á seinni stigum málsins, en margt er undarlegt í þessu frv.

Ég fagna því samt að það er komið fram og vonum seinna og tel að það mætti gjarnan stefna að því að það taki gildi fyrr en frv. gerir ráð fyrir, því vá umferðarslysa er svo mikil að ekki má bíða með að bæta úr þar sem úrbóta er þörf. Dauðaslysin, sem við fáum fréttir af í hverri viku, og limlestingar á fólki krefjast þess að gert verði allt það sem hugsast getur til þess að bæta úr.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi einmitt um nauðsyn þess að sýna varkárni og að hafður væri uppi harður áróður fyrir bættri umferðarmenningu. En hann minntist líka á svokallaðar ölkrár sem nú eru á hverju götuhorni hér. Heyrt hef ég að brotum vegna ölvunaraksturs hafi fjölgað mjög með tilkomu þeirra. Ég spyr dómsmrh. hvort til eru tiltækar tölur um það hvort samhengi er á milli þess eða ekki, hvort það hafi verið athugað. Væri fróðlegt að fá þær upplýsingar ef þær liggja fyrir. En ég hef það einmitt eftir lögreglumönnum að þeir telji að svo sé.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim sem tekið hafa undir frv. þetta þó að eðlilegt sé að menn komi með ýmsar athugasemdir þar sem um svo viðamikið mál er að ræða. Margt er matsatriði í þessu sambandi og því hljóta að vera uppi skiptar skoðanir um þetta mál. En ég valdi þann kost, eins og ég skýrði frá, að leggja þetta frv. sem fyrst fram, þegar það kom í mínar hendur, án þess að fara að leggja neina vinnu í að endurskoða það, hvorki að efni til eða orðfæri. En vafalaust mun hv. allshn. taka slíkt til athugunar.

En vegna spurningar, sem hv. 6. landsk. þm. bar hér fram um hvort ég hefði á reiðum höndum skýrslu um breytingu nú á síðasta ári við tilkomu svonefndra ölkráa á brotum vegna áfengisaksturs, þá er ég ekki með hana í höndunum. Hins vegar hafa til mín komið einstaklingar sem sagst hafa drukkið eina eða tvær ölkrúsir og alveg í öngum sínum yfir því hvernig fyrir þeim hefur farið vegna þess að það hefur valdið ökuleyfismissi. Þarna var um að ræða einstæðar mæður og aðra. Það er því tvímælalaust óhætt að fullyrða að þar er um bölvald mikinn að ræða sem vissulega væri ástæða til að vekja meiri skilning á. Einnig mun það hafa gerst að skólaunglingar hafi farið inn á þessar krár og af þeim sökum misst sitt ökuleyfi.

Það styður það sem ég var að leggja áherslu á áðan í máli mínu, að áfengisneysla er og verður sífellt ósamrýmanlegri okkar nútímaþjóðfélagi vegna allrar þeirrar tækni og þess hraða sem hér er. Það veitir ekki af að menn haldi alltaf fullu ráði og rænu við þær aðstæður.

(**KSG:** Hvenær hóf nefndin störf?) Mér er ekki kunnugt um það hvenær hún hóf störf, en undir eins og ég kom í dómsmrn. fyrir rúmu 1½ ári síðan fór ég að spyrjast fyrir um það hvernig starfinu liði og þá var það því miður miklu skemmra á veg komið en ég hafði þá vonast eftir og því miður mikill hluti af verkinu þá óunninn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Mánudaginn 18. febr. kl. 2 miðdegis.

Verndun kaupmáttar, frv. 175. mál (þskj. 187). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í samráði við forseta og hæstv. félmrh. hef ég sérstaklega óskað eftir því að mega hreyfa hér máli utan dagskrár og þó einkum til þess að beina ákveðnu erindi til hæstv. félmrh.

Forsaga þessa máls er að s. l. föstudag boðaði framkvæmdastjóri Byggingarsamvinnufélagsins Byggung, Þorvaldur Mawby, fulltrúa þingflokka til viðræðu í vinnuskúr á vinnustað um neyðarástand sem við blasir vegna vanhæfni Húsnæðisstofnunar ríkisins til að standa við fjárhagslegar skyldur og loforð ríkisstj. um lánamál að lögum og með vísan til samþykktar ríkisstj. Tilgangur framkvæmdastjóra Byggung var að koma á framfæri neyðarkalli til Alþingis með beiðni um íhlutan þess til þess að greiða úr því öngþveiti sem núv. ríkisstj. hefur komið húsbyggjendum í.

Það er ekkert launungarmál að þessi félagsskapur, Byggung, hefur á undanförnum árum talið sig vera að gera sérstakt átak í byggingu íbúða af hóflegri stærð, einkum og sér í lagi fyrir ungt fólk sem er að byggja í fyrsta sinn. Framkvæmdastjóri Byggung, Þorvaldur Mawby, hefur gefið ákveðnar upplýsingar í því efni á undanförnum árum. Það er þó ekki kjarni þessa máls. Það er einnig ekkert launungarmál að framkvæmdastjórinn er mjög virkur og aðsópsmikill stuðningsmaður annars stjórnarflokkanna. Framkvæmdastjórinn afhenti ljósrit af bréfi frá Byggung til ríkisstjórnar Íslands, dags. 14. febr. 1985, en í því segir m. a.:

„Með bréfi þessu og hjálagðri greinargerð viljum við vekja athygli ríkisstj. á stórkostlegum vandræðum sem eru í þann veginn að hljótast af vanefndum á samþykkt ríkisstj. um húsnæðismál. Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 21. maí 1984 og samþykkt ríkisstj. um húsnæðismál frá 22. sept. 1983 ættu 44 millj.

kr. að hafa komið til útborgunar til félagsins umfram þá upphæð sem borist hefur.“

Um þá samþykkt ríkisstj. frá 22. sept. 1983, sem hér er vitnað í, sagði hv. þm. Halldór Blöndal, er hann mælti fyrir áliti meiri hluta um frv. að lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, skv. þingtíðindum 2. maí 1984 orðrétt, með leyfi forseta:

„Það sem hér var gefið fyrirheit um hefur ræst í þeirri útlánaáætlun sem húsnæðismálastjórn hefur gert fyrir þetta ár. Er gert ráð fyrir að það standi að þeir sem eru að kaupa eða byggja íbúðir í fyrsta sinn fái sinn hluta greiddan eins og hér segir: Á fyrsta mánuði eftir fokheldisstig helming lánsfjárins og hinn helminginn sex mánuðum síðar.“

Einnig sagði hv. þm. í sömu ræðu orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef við miðum við verðgildi lánsfjárins er vafalaust að þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti fá nú fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins sem er meira en 100% betri en gerðist fram að myndun þessarar ríkisstj. Ég held að það sé alveg vafalaust,“ sagði hv. þm. orðrétt.

Það er rétt að geta þess hér að miðað við tölur frá því fyrir áramót er hér um að ræða lán sem ætti að vera miðað við 2—4 manna fjölskyldu 685 þús. kr. og skiptist greiðslan í tvennt, mánuði eftir fokheldisstig og svo sex mánuðum síðar. Til einstaklinga verður upphæðin 40 þús. en vegna 5—6 manna fjölskyldu 802 þús. kr. Það ákvæði sem hv. þm. Halldór Blöndal vitnaði hér í, að heimilt sé að greiða síðari hluta nýbyggingarlána 6 mánuðum eftir fokheldisstig, er bundið í 29. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 21. maí 1984. Hv. þm. vitnaði hér í fyrirheit um 100% betri fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði en áður hafði þekkst. Hér gumaði hv. þm. af því að núverandi ríkisstj. mundi setja met í samskiptum við húsbyggjendur. Og vissulega eygðu þeir, eins og hann, vinningsmöguleika í þeirri stöðu. En því miður virðist klukkan nú fallin í þeirri skák og að sett hafi verið Íslandsmet í vanefndum sem vonandi verður aldrei slegið. Fyrirheitin fögru hafa nú breyst í neyðarkall 500 fjölskyldna undir taktsprota hv. framkvæmdastjóra, Þorvaldar Mawby. Undir þennan harmasöng tekur svo allur sá fjöldi einstaklinga sem yfirgefnir og einir síga neðar og neðar í kviksyndi skuldanna og eygja ekkert hálmstrá að grípa í.

Varðandi fjármögnun þessara fyrirheita ríkisstj. sagði hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson skv. Alþingistíðindum þann 16. maí 1984 orðrétt, með leyfi forseta:

„Húsnæðisstjórn er heimilað að veita lán til kaupenda íbúða innan tiltekins tíma frá því að húsin eru fokheld. Þetta kemur fram í 29. gr. Ég vil geta þess í þessu sambandi að í gangi eru núna viðræður við Seðlabanka og viðskiptabanka og sparisjóði um að reyna að fullnægja þessu ákvæði sem er gert ráð fyrir að sé af stærðargráðunni á þessu ári um 120 millj. kr.“

Á áðurnefndum fundi með fulltrúum þingflokkanna sagði framkvæmdastjóri Byggung í Reykjavík að ekkert, nákvæmlega ekkert hefði komið út úr þessum viðræðum við bankakerfið. Hæstv. félmrh. verður þó ekki með réttu sakaður um aðgerðarleysi í málinu því kunnugt er að hann hefur fengið áheyrn hjá bankastjóra Seðlabankans, án árangurs að vísu en viðleitnina ber að virða. Sem ósjálfráð taugaviðbrögð af hálfu Seðlabankans kann afstaðan að vera skýranleg, en Seðlabankinn er sem kunnugt er að byggja og skynjar því betur eigið skinn en annarra, en sé sú skýring rétt verður hér á hinu háa Alþingi að krefjast þess að hæstv. ríkisstj. taki ákvarðanir í þessu máli við eigið borð því að aðdróttanir um að þær ráðist af viðbrögðum manna, sem með þessi mál eiga ekki að fara, hvort heldur er í stjórn Seðlabanka eða annars staðar, er ekki hægt að líða.

Í bréfi því til ríkisstj. frá Byggung, sem hér hefur verið vitnað til, segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Laun hafa ekki verið greidd í þessum mánuði hjá fyrirtækinu og vanskilaskuldir upp á tugi milljóna myndast við viðskiptaaðila og banka. Ekki er með nokkru móti unnt að halda starfsemi félagsins gangandi lengur við þessar aðstæður, en sú upphæð, sem hér um ræðir, nemur nálægt þriðjungi af veltu félagsins á síðasta ári, þessar 44 milljónir. Stundarhlé á starfsemi af þessu tagi er mun alvarlegra en sýnast kann í fyrstu. Hér er ekki einungis um að ræða tímabundið atvinnuleysi 150 starfsmanna félagsins og undirverktaka, heldur mun stöðvun valda umfangsmikilli og margvíslegri röskun á öllum framkvæmdum og fjárreiðum félagsins og þeirra nær 500 fjölskyldna sem eiga í mörgum tilvikum aleigu sína hjá félaginu.“

Skv. upplýsingum frá framkvæmdastjóra Byggung hafa vanefndir stjórnarinnar tafið afhendingu 103 íbúða á Grandasvæði í sex mánuði og 43 íbúða á Seltjarnarnesi í þrjá mánuði. Samtals eru þetta 747 leigumánuðir. Þótt fjármagn fengist strax er samt eftir að framkvæma fyrir það í þessum íbúðum. Það mun því vart ofætlað að tala um 1000 leigumánaða töf nú þegar. Sé reiknað með 10 þús. kr. húsaleigu á mánuði verða þessar 146 fjölskyldur að greiða 10 millj. í leigugjöld sem bætast ofan á greiðslur af íbúðarkaupum. Í mörgum tilfellum er þetta fé fengið að láni og þegar haft er í huga hvernig ranglát lánskjaravísitala, sem m. a. hækkar við hækkun áfengis og kaffibauna, hefur ætt upp síðustu mánuði er víst að fjárhagslegu hruni fjölda heimila verður ekki forðað þrátt fyrir nýboðaðar neyðarráðstafanir. Það er aðkallandi og nauðsynlegt að hv. alþm. skilji þá ógn sem að þessum fjölskyldum steðjar sem verður verri með hverjum degi sem við ræðum frekar um vanda þeirra án þess að aðhafast nokkuð.

Herra forseti. Hvað er það svo sem Byggung fer fram á í bréfi sínu til ríkisstj. til þess að leysa þessa nauð? Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Félagið hefur ekki í hyggju að óska eftir neinni nýrri eða sérstakri fyrirgreiðslu stjórnvalda. Það er einvörðungu farið fram á að til þess verði séð að gildandi lög og samþykktir ríkisstj. komi til framkvæmda hvað félagið varðar.“

Hér er eingöngu farið fram á að ríkisstj. sýni þann manndóm að standa við lög og eigin samþykktir.

Á þessum fundi með fulltrúum þingflokkanna afhenti framkvæmdastjóri Byggung einnig ljósrit af bréfi til hæstv. félmrh. dags. 21. jan. 1985. Í því bréfi segir:

„Félagið hefur nú undanfarna daga haft samband við Húsnæðisstofnun ríkisins og fengið þau svör að ekkert sé vitað hvernig greiðslum verði háttað frá stofnuninni næstu mánuði.“ Ég endurtek: „Ekkert vitað hvernig greiðslum verði háttað næstu mánuði.“

Framkvæmdastjóri upplýsti að enn væri svarið það sama, að ekkert væri vitað um greiðslur næstu mánuði. Í þessu sama bréfi óskaði Byggung eftir viðræðum við

hæstv. félmrh og fjmrh. sem allra fyrst um þessi mál. Hvorugur hæstv. ráðh. hefur enn virt félagið svars.

Nú er spurningin, herra forseti, sem ég vil beina til hæstv. félmrh.: Ætlar hæstv. ráðh. að standa við ákvæði 29. gr. laga og samþykkt ríkisstj. frá 22. sept. s. l. sem og yfirlýsingu sína á Alþingi frá 16. maí s. l.? Um það snýst málið. Það eru um tvö þúsund manns sem eiga aleigu sína undir svari hæstv. ráðh. og það svar búumst við við að mega heyra hér.

Hér er bara spurt fyrir hönd Byggung, 150 fjölskyldna eða svo, en ég spyr í öðru lagi: Hversu margir aðrir bíða úrlausnar með nákvæmlega sama hætti?

Í þriðja lagi: Hvað er hér um að ræða mikla fjárþörf til þess að fullnægja ákvæðum laga, þ. e. 29. gr., og samþykkt ríkisstj.?

Og í fjórða lagi: Getur hæstv. ráðh. upplýst Alþingi um hvert hann hyggst sækja þetta fé?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara hv. 5. þm. Reykv. sem óskaði eftir því að fá að beina þessu máli til mín. Þó að tíminn hafi verið skammur til að leita upplýsinga um þetta mál hjá Húsnæðisstofnun tel ég rétt að reyna að gefa hér þau svör sem ég hef handbær í sambandi við þetta mál.

Að því er varðar Byggung sf. vil ég taka það fram að ég ber mikið traust til þess fyrirtækis og álít að það hafi unnið mjög þarft brautryðjendastarf að því er byggingu á íbúðarhúsnæði snertir. Það er byggingarsamvinnufélag sem hefur vissulega unnið sér sess í þessari iðngrein og sannað svo að ekki verður um deilt að þetta form, sem félagsmenn hafa valið til að byggja á félagslegum grundvelli, hefur jákvæðar hliðar svo að ekki verður um deilt. Þar á ég fyrst og fremst við þá einföldu staðreynd að þetta félag byggir ódýrari byggingar og það nýtir betur það fjármagn sem ungt fólk hefur til að koma þaki yfir höfuðið. Það framkvæmdaform sem þetta fyrirtæki hefur tekið upp er því vissulega til fyrirmyndar.

Ég vil strax taka það fram að skv. upplýsingum sem Húsnæðisstofnun hefur gefið sótti þetta byggingarfyrirtæki ekki um framkvæmdalán á árinu 1984, heldur er miðað við að þeir félagsmenn sem hefja slíkar byggingar fái lán hjá húsnæðiskerfinu eins og lög gera ráð fyrir. Ég hef hér í höndum aths. sem húsnæðismálastjórn hefur sent mér varðandi bréf Byggung frá 21. jan. til ráðh. Þar er farið nokkrum orðum um þau rök sem Byggung setur fram. Ég tel ekki ástæðu til að fara að lesa það sérstaklega hér upp, heldur aðeins skýra frá því að skv. upplýsingum Húsnæðisstofnunar er heildarfjárhæð sem fólk sem byggir á vegum Byggung á rétt á í janúar og febrúar 36.6 millj. kr. en ekki 44.1 eins og Byggung gerir ráð fyrir. Skv. þeim úthlutunarreglum sem gilt hafa fyrir þá sem eru með tvískipt lán fá þeir sinn fyrri hluta í þarnæsta mánuði, en Byggung gerir ráð fyrir að það líði 30 dagar frá fokheldi til lánveitingar, t. d. að þeir sem geri fokhelt ættu að fá sín lán í mars. Byggung gerir einnig ráð fyrir að fjórir mánuðir líði frá fokheldi til lánveitinga hjá þeim sem eru að skipta um íbúð. Sú bið hefur verið enn lengri undanfarið.

Ég tel að það sé rétt af þessu tilefni, áður en ég kem að því að upplýsa hvað er verið að gera til að leysa þetta vandamál, að fara örfáum orðum um forsögu þessa máls. Af því að hér er vitnað í nýju lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins þá er þess fyrst að geta að þegar þessi ríkisstj. tók við 1983 var miklu meira vandamál á ferðinni en gert hafði verið ráð fyrir. Til þess að leysa nokkuð úr vandanum var farið út í sérstakar aðgerðir sem ég þarf ekki að tíunda hér vegna þess að hv. alþm. vita hverjar þær voru. Í fyrsta lagi var frestað hluta af verðbótagreiðslu og í öðru lagi var gert samkomulag við bankakerfið um að breyta vanskilalánum í lengri lán, allt að átta ára lán. En afdrifaríkast var að veitt voru viðbótarlán, þ. e. veitt voru hækkuð lán um 50% á árunum 1981, 1982 og 1983. Þetta notfærðu sér tæplega 5 þús. lántakendur sem fengu útborgað 50% viðbótarlán í desember 1983 og janúar 1984. Nam sú upphæð samtals 303 millj. kr. Sú aðgerð sem var gerð vegna erfiðrar stöðu húsbyggjenda á árinu 1983 nam rúmlega 500 millj. kr. Ég tel rétt að þetta komi hér fram til þess að það sé samhengi í þessu máli.

Jafnframt þessu samþykkti ríkisstj. 22. sept. 1983 nýjar lánareglur sem tækju gildi 1. jan. 1984 þó að endurskoðun laganna yrði ekki lokið fyrir þann tíma. Þessar lánareglur voru í stuttu máli þær að öll lán skyldu hækka um 50% frá 1. jan. 1984. Nýbyggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn skyldu greidd í tveimur hlutum, þ. e. fyrri hlutinn mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn sex mánuðum frá útborgun fyrri hlutans. Þetta var gífurlega veigamikil breyting sem allir skilja sem þekktu þetta mál. Það þýddi í raun að greiðslutímabilið yrði 7—9 mánuðir í stað 18—24 mánaða eins og það var áður. Þessu tel ég að menn þurfi að átta sig á. Þetta eru einfaldar staðreyndir sem höfðu gilt frá gildistöku laganna 1980 til 1983. Ef menn bera þetta saman sjá allir hvaða áhrif ákvörðun ríkisstj. hefur haft fyrir húsbyggjendur, jafnvel þótt á síðari hluta s. l. árs hafi þurft að grípa til frestunar á lánum þannig að greiðslutímabilið hefur orðið allt að 9—10 mánuðir.

Önnur veigamikil breyting sem var ákveðin miðað við 1. jan. 1984 var sú að öll lán eru afborgunarlaus fyrstu tvö árin í stað eins áður. Þetta var gert m. a. til þess að reyna að draga úr greiðslubyrði af þessum lántökum. Einnig var ákveðið, sem er líka þýðingarmikið, að fjölga gjalddögum húsnæðislána í fjóra á ári. Það hefur mikla þýðingu í sambandi við greiðslubyrði lána.

Ég tel rétt í þessu sambandi að víkja hér nokkuð að framkvæmd þessara mála 1984, þar sem það snertir óneitanlega umr. sem hér er hafin, og þá vil ég aðeins koma inn á framkvæmd þessa máls á liðnu ári. Það væri að sjálfsögðu freistandi að taka samanburð frá fyrri árum, en ég veit ekki hvort ég geri það vegna þeirrar einföldu ástæðu að þau gögn sem ég bað um í morgun frá Húsnæðisstofnun, þegar ákveðið var að þessi umr. skyldi fara fram, voru að berast mér í umslagi um leið og ég steig upp í ræðustól. Þó tel ég rétt að ég fari nokkrum orðum um þetta þar sem það hefur nokkra þýðingu og nauðsynlegt er að hv. þm. viti það. Þó er gert ráð fyrir að þegar lánsfjárlög fyrir árið 1985 verða afgreidd verði allar skýringar á þessum málum nákvæmari en liggja fyrir í dag.

Í fyrsta lagi: Á fjárlögum 1984 var ríkisframlagið til Byggingarsjóðs ríkisins 200 millj. kr. og gert var ráð fyrir að lánveitingar skv. þeirri lánsfjáráætlun, sem upp var sett, yrðu 1167 millj. Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. muni þær umr. sem urðu um lánsfjárlögin 1984 og húsnæðismálin. Það var fullyrt af stjórnarandstæðing-

um fyrst og fremst að engin líkindi væru til að við þessa áætlun yrði staðið, svo fjarlægt væri að af því gæti orðið. Nú liggja hins vegar staðreyndir fyrir. Skv. sjóðsuppgjöri sem farið hefur fram, dags. 13. febr., urðu útlán á árinu 1984 úr Byggingarsjóði ríkisins, sem var skv. lánsfjárlögum gert ráð fyrir að yrðu 1167 millj., 1552.3 millj. kr. Að vísu er þá með talið viðbótarlán frá árinu 1983, sem var greitt í janúar og ég greindi frá áðan, 161 millj., þannig að raunverulegt útlán tilheyrandi árinu 1984 úr Byggingarsjóði ríkisins urðu 1391.3 millj. kr., þ. e. 20% hærri en lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir.

Menn segja kannske sem svo að þetta skipti ekki öllu í því máli sem hér er til umr. En ég vil einmitt segja að þetta skiptir talsverðu máli vegna þess að það skýrir að hluta hvernig við var brugðist þeirri gífurlegu aukningu sem varð á íbúðabyggingum árið 1984, sem varð í raun langt umfram þær áætlanir sem Húsnæðisstofnun hafði lagt fram og gert ráð fyrir. Það er ástæðulaust að ræða sérstaklega af hverju þetta er. Það er hins vegar staðreynd að fokheldisvottorð og byggingarstigsvottorð urðu mörgum hundruðum fleiri í hverjum þætti en húsnæðismálastjórn hafði reiknað með. Þess vegna gerðist það strax á haustdögum að Húsnæðisstofnun neyddist, miðað við það fjármagn sem Alþingi hafði henni ætlað, til að draga úr lánveitingum, ekki á þann hátt að stöðva lán heldur að draga úr þeim, seinka afgreiðslu lána. Þetta var óhjákvæmilegt að gera. Ríkisstj. reyndi að bæta úr þessu með því að fá sérstakt bráðabirgðalán í byrjun desember upp á 270 millj. kr. til þess að hægt yrði að lána út í desembermánuði sem að sjálfsögðu var gert. Þetta hefur aftur þær eðlilegu afleiðingar að nokkuð af lánarétti, þegar ég tala um lánarétt á ég við þá sem höfðu lagt inn fokheldisvottorð og byggingarstigsvottorð, færðist yfir áramót og þeir sem lánarétt hefðu átt skv. stífustu reglum sem hér hefur verið lýst, urðu þess vegna að þola þá seinkun sem varð frá desember til þessa dags. Hér er um að ræða vandamál sem hefur verið til meðferðar síðan og það er ekkert leyndarmál að þetta mál hefur ekki enn þá verið leyst að fullu þó að líkur bendi til að það verði jafnvel í þessari viku frá því gengið á hvern hátt það verður leyst.

Til þess að gefa hv. þm. nokkrar upplýsingar um stöðu þessa máls, það sem um var spurt af hv. málshefjanda, lítur þetta þannig út: Miðað við að staðið væri við þessa afgreiðslu ættu þeir sem gerðu fokhelt í október-desember 1984 og eiga að fá fyrsta hluta að fá núna í febrúar 40 millj. Til þess að fullnægt væri þeirra rétti þyrftu þeir að fá 40 millj. í þessum mánuði. Þeir sem gerðu fokhelt í ágúst-desember 1984 og eiga að fá fyrsta hluta — þegar ég talaði um fyrri hluta áðan var ég að tala um þá sem eiga að fá lánin í tvennu lagi — þurfa 28 millj. svo fullnægt sé þeirra rétti. Síðari hlutar, sem hefðu átt að greiðast í desember-janúar, eru samtals upp á 47 millj. Til kaupa á notuðum íbúðum þyrftu að koma 60 millj. og í önnur lán 7 millj. Samtals vantar til þess að leysa þetta vandamál, sem við erum að glíma við á hverjum degi, 185 millj. kr.

Ég get ekki svarað spurningu hv. fyrirspyrjanda um það upp á dag hvenær þetta verður leyst, en þetta mál liggur nú í fjmrn. til ákvörðunar og ég á von á því að það fjármagn sem ég hef farið fram á verði fært til í áætlun um útgreiðslu á fyrri hluta ársins hjá ríkissjóði til að hægt sé að standa við þessa áætlun.

Hins vegar tel ég rétt að koma inn á að auðvitað tengist það þessu máli öllu og áætlun Húsnæðisstofnunarinnar fyrir árið 1985 að við eigum eftir að afgreiða lánsfjárlög fyrir árið 1985 á hv. Alþingi. Í þeirri áætlun, fyrir árið 1985, sem hv. þm. hafa fyrir framan sig, er gert ráð fyrir að lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1985 verði 1 milljarður 790 millj. kr. sem er allverulega aukning frá árinu 1984 þó lánveitingar það ár hafi orðið hærri en lánsfjárlög gerðu ráð fyrir. Hins vegar eru greinilegar veilur í uppsetningu fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem verður að takast á við og ríkisstj. á eftir að fjalla um á fundum sínum næstu daga. Það er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir leggi Byggingarsjóði ríkisins til 875 millj. kr. Samkvæmt þeim athugunum sem við höfum gert og unnið hefur verið að einnig frá hendi fjmrn. er hér um vafasama áætlun að ræða. Það er best að það komi fram strax. Ég reikna með því að hægt sé að gera ráð fyrir, miðað við undirtektir lífeyrissjóðanna, að lífeyrissjóðirnir veiti 700 millj. í þetta. Þá er þar kominn strax mismunur upp á 175 millj. kr.

Ég tel rétt að gefa líka upplýsingar um annan þátt sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætluninni að eigi að standa á núlli. Það er skyldusparnaðurinn. Útilokað er að loka augunum fyrir því að staðreyndin er allt önnur. Á árinu 1984, þrátt fyrir þá útkomu sem ég greindi frá áður, var skyldusparnaður mínus 81.6 millj. kr., þ. e. að það kom inn skyldusparnaður upp á 509.4 millj. kr. á árinu 1984, en fóru út 591 millj. kr. Þannig er ljóst að skv. gildandi lögum, þrátt fyrir að í nýju lögunum sem tóku gildi 1. júlí s. l. var gerð breyting á útgreiðslu skyldusparnaðar, er þarna um að ræða neikvæða fjáröflun sem verður að taka tillit til þegar rætt er um fjármögnun á Byggingarsjóði ríkisins fyrir þetta ár.

Ég hygg að fáum detti í hug í alvöru að afnema skyldusparnað, svo fyrirferðarmikill er hann í sparnaði ungs fólks og raunar í húsnæðiskerfinu, en greinilegt er að þarna þarf að gera á vissar breytingar til þess að hann dragi ekki niður þann framkvæmdaþátt sem Húsnæðisstofnunin byggir á í sambandi við skyldusparnað. Þetta verður m. a. til þess að ekki er hægt á þessari stundu að gefa út nákvæma framkvæmdaáætlun um húsbyggingar á árinu 1985 fyrr en ríkisstj. og Alþingi eru búin að taka ákvörðun um hvernig með lánsfjárlög verði farið. Ég vildi koma inn á þetta hér til að menn átti sig á því að það er ekki af því að menn vilji ekki hraða þessum áætlunum sem þær eru ekki komnar fram, heldur er þetta háð því í ríkari mæli nú en oft áður hvaða ákvörðun ríkisstj. og Alþingi taka í sambandi við þetta mál. Byggingarsjóður ríkisins er í þessari áætlun 2½ milljarður kr. í umfangi og Byggingarsjóður verkamanna um 800 millj. kr. Hér er því orðið um að ræða stórar fjárhæðir. Þýðir ekki annað en að vinna að því að þær verði raunhæfar þannig að Húsnæðisstofnun geti gert þær áætlanir sem fólk getur treyst.

Ég held að ég þurfi ekki að ræða þetta sérstaklega meira nema tilefni gefist til, en ég tel mig hafa svarað hv. málshefjanda eins og hægt er miðað við hvernig málið liggur fyrir. Eins og ég hef getið um er nú til meðferðar í félmrn. og fjmrn. á hvern hátt er mögulegt að færa til fjármagn sem nægir til að greiða út lán til þeirra sem eiga óumdeilanlega lánarétt frá því í desember, þ. á m. Byggung sf. Vona ég að það geti orðið á næstu dögum.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að nefna í leiðinni

að sá óstöðugleiki sem byggingarsjóðirnir verða að búa við varðandi inngreiðslu á fé frá lífeyrissjóðum hefur ekki lítil áhrif á meðferð þessa máls. Þetta er orðið það stórt vandamál að ég tel fyrir mitt leyti að við getum ekki afgreitt lánsfjárlög fyrir 1985 vegna byggingarsjóðanna nema þetta sé sett þannig upp að því megi treysta. Á s. l. ári greiddu lífeyrissjóðirnir í raun ekki nema um 70% af því fjármagni sem þeim var ætlað að greiða í lánsfjárlögum 1984. Við leystum þetta með sérstökum lántökum ríkissjóðs til byggingarsjóðanna, þannig að þeir gátu tryggt hærri lánaupphæðir, eins og ég sagði áður, en áætlað var, en það er ekki aðferð sem hægt er að byggja á raunhæfa áætlun.

Af því að hv. 5. þm. Reykv. vitnaði í 29. gr. húsnæðislaga, þ. e. um framkvæmdalán í byggingariðnaði, vil ég undirstrika að Byggung sf. sótti ekki um framkvæmdalán á árinu 1984 og notar þess vegna ekki þá aðferð sem bæði samvinnubyggingarfélög og aðrir byggingarverktakar hafa samið um við Húsnæðisstofnun.

Ég enda á því að segja að ég skil vel erfiðleika þessa byggingarfélags, en það er ekki nóg að leysa vanda þess, heldur verður að leysa þetta mál í heild. Til þess að svo verði er verið að semja um núna milli rn. að reyna að færa til 185 millj kr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil færa hinum vasklega formanni Alþfl. kærar þakkir fyrir það að hann skyldi gefa tækifærið með því að biðja um umræður utan dagskrár til að hreyfa húsnæðismálin, þannig að fram megi koma í fyrsta lagi hver staða þeirra sé nú og í öðru lagi að málsvarar hinna einstöku flokka geti gert grein fyrir afstöðu sinni til húsnæðismálanna í heild og hvernig þeir vilja standa að þeim málaflokki.

Ég held að okkur sé það öllum ljóst að eftir að full verðtrygging á skuldbindingum húsnæðismálastjórnar var tekin upp meðan Magnús H. Magnússon var húsnæðisráðh., ráðh. Alþfl., 1979, þá kaus Alþfl. að miða við byggingarvísitölu og síðan eftir að Svavar Gestsson tók við stjórn þessara mála var miðað við lánskjaravísitölu. Ég held að við séum allir sammála um það í dag að þessar ákvarðanir voru báðar mjög hæpnar og nauðsynlegt þá þegar að setja vissa fyrirvara, þannig að sú vísitala sem hæð lánanna miðast við skuli þó aldrei fara upp fyrir kaupgjaldsvísitölu á hverjum tíma. Þetta hef ég oft talað um hér í hinu háa Alþingi.

Ég vil líka þakka formanni Alþfl. sérstaklega fyrir það að hann skuli hafa tekið undir þá skoðun mína fullkomlega, notað m. a. sömu orð og ég, þegar hann talar um að varðandi húsnæðismálin búi tvær þjóðir í þessu landi. Þessi orð hef ég oft notað í þessum ræðustól einmitt til að minna á þann mikla mun sem varð í aðstöðu húsbyggjenda eftir að áhrifa af vaxta- og verðtryggingarstefnu Alþfl. fór að gæta eftir haustdaga 1978. Það má auðvitað segja að ráðh. sem þá sátu hafi verið nokkur vorkunn vegna þess að þegar litið er yfir eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins kemur í ljós að hún versnaði mjög skjótt þegar eftir að Magnús Magnússon varð húsnæðisráðh. Beint framlag ríkissjóðs á árinu 1979 lækkaði úr um 49% 1978 í 39% af ráðstöfunarfé sjóðsins þann tíma sem Magnús Magnússon fór með húsnæðismálin. Ég þarf ekki heldur að taka fram að næstu ár á eftir hélt eiginfjárstöðunni enn áfram að hraka. Ég vil hins vegar minna á að það var eitt fyrsta verk núverandi húsnæðisráðh. að skipa nefnd til að treysta fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs. Og verkin tala. Við þurfum ekki að biðjast afsökunar á okkar framlagi. Þrátt fyrir þrönga stöðu ríkissjóðs, þrátt fyrir þá staðreynd að þjóðartekjur hafa nú dregist saman þriðja árið í röð sýna fjárlög að beint framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins hefur aldrei vaxið jafnmikið frá einu ári til annars í sögu sjóðsins og frá árinu 1984 til 1985 þegar það hækkar úr 200 millj. kr. í 622 millj. kr. Þetta talar skýru máli um að þessi ríkisstj. hefur látið hendur standa fram úr ermum í húsnæðismálunum.

Ég vil líka minna á að ef við tölum beint um það lánsfé sem Byggingarsjóður ríkisins hefur veitt kemur í ljós að á árinu 1982 voru lánaðar úr Byggingarsjóði ríkisins 393.1 millj., á árinu 1983 551 millj. og á árinu 1984 1391.3 millj. Eru þá ekki tekin inn í þau viðbótarlán sem veitt voru um áramótin 1983-1984 til að bæta stöðu þeirra húsbyggjenda sem útlánastefna Alþfl. og Alþb. hafði leikið hvað verst og þar á ég sérstaklega við þá ákvörðun Alþfl. að húsbyggingalán skyldu að fullu verðtryggð og miðuð við byggingarvísitölu beint og engin hliðsjón höfð af kjaraþróun í landinu að öðru leyti. Strax fyrsta haustið eftir að þessi ríkisstj. tók við völdum var tekin ákvörðun um að veita um 300 millj. kr. til að bæta greiðslustöðu húsbyggjenda, 141 millj. á árinu 1983 og 161 millj. kr. á árinu 1984, og með þessar staðreyndir í huga leyfir formaður Alþfl. sér að hafa það í flimtingum að Sjálfstfl. hafi staðið við sín orð í húsnæðismálum.

Ég þekki ekki dæmi þess úr sögunni að frá einu ári til annars, ef viðbótarlánin eru meðtalin, skuli útlán Byggingarsjóðs þrefaldast á sama tíma og verðbólgan hrekkur úr 130% niður undir 20%. Nú er ég að tala um verðbólgu í einstökum mánuðum á árinu 1984. Á sama tíma og byggingarkostnaður hækkaði um 58% hækkuðu lánin ekki um 58% og ekki um 100% heldur um 200% úr Byggingarsjóði ríkisins. Á sama tíma og byggingarkostnaður hækkar innan við 60% hækkuðu útlán Byggingarsjóðs í krónum talið um rúmlega 200%. Ef við lítum á útlán til hvers einstaklings kemur líka í ljós, það var rétt sem hv. húsnæðisráðh. sagði áðan, að ef við miðum beint við hlutfall af staðalíbúðarverði hækkuðu lánin um 50%, en ef við tökum raungildi lánanna og berum saman við hækkun byggingarvísitölu á tímanum kemur í ljós að raungildi lánanna hefur a. m. k. tvöfaldast og meir ef við tökum inn í dæmið að tíminn var styttur frá fokheldisstigi og þangað til lánin voru veitt.

Hitt ætla ég að láta koma skýrt fram og er ekki launungarmál, enda hafði ég sérstakt orð á því í Morgunblaðinu á laugardaginn, að það olli mér vonbrigðum að fá þær fregnir að greiðslustaða Byggingarsjóðs ríkisins skuli vera svo tæp nú, en fyrir því eru ýmsar ástæður og m. a. sú að Alþingi tók þá ákvörðun á síðasta þingi að allar greiðslur til námsmanna vegna skyldusparnaðar skyldu gjaldfalla strax eftir áramót. Bara þessi eina skuldbinding þýðir mjög verulegt fjárstreymi út úr sjóðnum ásamt því sem skuldbindingar féllu frá lífeyrissjóðum og Seðlabanka, auk þess sem nokkurt fé var veitt að láni úr sjóðnum.

Þetta vil ég að komi skýrt fram. Ég held að ríkisstj. þurfi ekki að bera kinnroða fyrir þær lánveitingar sem veittar hafa verið úr ríkissjóði, en mér dettur á hinn bóginn ekki í hug að draga dul á að auðvitað hljótum við að harma að dagsetningar skuli ekki hafa getað

staðið. Auðvitað er nauðsynlegt að gera áætlun til þess að svo geti orðið í framtíðinni. Það er mín skoðun og ég heyri að hæstv. félmrh. er sammála mér, það kom fram í ræðu hans hér áðan, að óhjákvæmilegt sé að Byggung og aðrir þeir húsbyggjendur sem áttu að fá greiðslu á lánum hinn 1. jan. fái úrlausn í þessari viku. Ég átti tal við stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun í morgun og ég veit að þeir munu hitta fulltrúa Seðlabankans í dag eða á morgun og ég efast ekki um að þetta geti tekist og leyfi mér að vona líka að hægt verði að koma þessum málum í betra horf.

Ég vil líka vekja athygli á því að nú er meira átak gert að raungildi í útlánum úr Byggingarsjóði en kannske nokkru sinni fyrr í sögunni frá einu ári til annars samtímis því sem mikil fjölgun verður á íbúðabyggingum. Ef við tökum bara Reykjavíkurborg kemur í ljós að þar hefur aldrei á einu ári verið byrjað á jafnmörgum byggingum og á s. l. ári, nema farið sé aftur til ársins 1973. Þannig var hafin bygging á rúmlega 800 íbúðum bara hér í borginni og víða voru byggingaframkvæmdir miklar. Þetta kemur auðvitað fram í miklum útlánum Byggingarsjóðsins. Ég er þeirrar skoðunar að ástæðan fyrir þessari miklu lánsfjárþörf nú sé m. a. fullkomnari tækni við byggingariðnaðinn en áður, þannig að hús verða fyrr fokheld og komast fyrr á fokheldisstig. Þetta sáum við glöggt þegar við skoðuðum þá miklu tækni sem Byggung hefur tekið upp og einnig hitt að einingahús færast nú mjög í vöxt sem styttir byggingartíma og flýtir fyrir því að skuldbindingar falla á Byggingarsjóð ríkisins.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé yfirgangsár sem við erum nú að lifa. Ég held að skuldbindingar Byggingarsjóðs ríkisins verði mestar kannske á þessu ári, kannske því síðasta, kannske á þessu ári, ég býst við því, og síðan muni þær fara að minnka og draga úr byggingarframkvæmdum, markaðurinn muni mettast, verði byrjað á færri íbúðum í haust eða á næsta ári, þannig að hápunkturinn sé nú, og frammi fyrir því þurfum við að standa að þessu sinni.

Ég hafði gaman af því, ef ég tók rétt eftir, að hæstv. húsnæðisráðherra sagði að það væri vandi fjmrn. að afla fjár til húsnæðismálanna. Ekki skal ég draga úr því að Albert verður að standa sig, hæstv. fjmrh., en ekki mundi spilla fyrir þó hæstv. félmrh. reyndi að hjálpa til.

Í mínum huga er það ekki aðalatriði, þegar við tölum um lán til húsnæðismála, hversu mikill hluti fer í gegnum Húsnæðisstofnun ríkisins og hversu mikið fer í gegnum lífeyrissjóðina. Þegar Sjálfstfl. setti fram stefnumark sitt um 80% lán til íbúða var inni í okkar áætlun að lífeyrissjóðslánin kæmu þar til viðbótar og þetta hefur tekist að vissu marki. Ef við lítum t. d. á þær íbúðir sem Byggung er að reisa nú, sem eru mun ódýrari en t. d. íbúðir í verkamannabústöðum, ætla ég að í mörgum tilvikum sé þessi viðmiðun 29% af staðalíbúðarverði. Fari hún yfir 50% af raunverði þeirra íbúða sem Byggung er að reisa, liggi á bilinu 50—60%, og ef við bætum þar við lífeyrissjóðslánum þessa unga fólks, þá hygg ég að nærri láti að lánin fari oft og tíðum upp í 70—80%. Þannig hefur þetta tekist, líka vegna þess að á hinum frjálsa markaði sjá bæði þeir sem byggja og húskaupendurnir sér hagnað í því að byggja ódýrt. Þeirra lánsfyrirgreiðsla úr Byggingarsjóðnum er bundin við ákveðna krónutölu, er bundin við ákveðið hlutfall af hinni hugsuðu staðalíbúð og þeir fá ekki eyri meir úr Byggingarsjóði ríkisins þó þeir byggi dýrt og eftir hinum nýju reglum minna eftir því sem óhóflegra er byggt. Á hinn bóginn er það svo um verkamannabústaðakerfið, svo ég taki það til viðmiðunar, að lán úr ríkissjóði hækka líka að vissu marki eftir því sem byggingarkostnaðurinn vex. 80% markið í Byggingarsjóði verkamanna miðast við staðalíbúðarverðið. Þó svo að fram hafi komið t. d. í uppgjöri húsnæðismálastjórnar frá 1. des. 1983 að verðmunur á tveimur íbúðum hafi verið 78%, þó svo að íbúð í verkamannabústað, að vísu í raðhúsi, hafi verið 78% dýrari en íbúð í verkamannabústað á öðrum stað, þá fá báðir þessir aðilar 80% af verði íbúðarinnar. Í því kerfi er engin tilhneiging til sparnaðar, meiri hagsýni, eins og er í hinu almenna kerfi og eins og hefur leitt til þess, vafalaust, að Byggung leggur ríkari áherslu á það og ýmsir á hinum frjálsa markaði að byggja ódýrar en gert er í verkamannabústaðakerfinu. Ég er raunar þeirrar skoðunar að útilokað sé fyrir þá menn sem ábyrgð bera á því kerfi að horfa á það þegjandi hversu dýrt er að komast yfir slíkar íbúðir og að óhjákvæmilegt sé fyrir þá að efla til verðlaunasamkeppni meðal arkitekta um það hversu hagkvæmt sé að byggja íbúðir fyrir þá sem verst eru settir, lægstu launin hafa. Það fólk hefur ekki ráð á því að borga 78% meira á einum stað en öðrum.

Ég vil vekja athygli á því að ef Byggung nyti sömu kjara hjá húsnæðismálastjórn og verkamannabústaðir hefðu heildarlán til þess fyrirtækis, allra íbúða félagsins, kostað byggingarsjóðina 900 millj. kr. meir en raunveruleg lán nema. Ef íbúðir Byggung hefðu verið byggðar eftir verkamannabústaðakerfinu hefðu skuldbindingar ríkissjóðs til þess að lána eigendum þessara íbúða orðið 900 millj. kr. meiri en þær hafa verið og eru. Það er samanlagt allt fé sem lánað var úr Byggingarsjóði ríkisins árin 1982 og 1983, ef maður miðar eingöngu við krónutölu.

Formaður Alþfl. talaði um að ég hefði gumað af því að ríkisstj. mundi setja met gagnvart húsbyggjendum. Ég skora nú á þennan mann, ef hann vill standa fyrir sínum orðum, að benda mér á það ár þar sem fyrirgreiðsla til húsbyggjenda úr Byggingarsjóði ríkisins hefur vaxið jafnmikið frá einu ári til annars og frá árinu 1983 til 1984.

Hitt skal ég játa að ýmislegt gott var gert í húsnæðismálunum á þeim tíma þegar við héldum í skottið á Alþfl., þó að við leyfðum honum að fara með þau mál, í viðreisnarstjórninni. En það sýndi sig þegar við slepptum af þeim hendinni að þeir voru fljótir til að brjóta niður það kerfi sem við byggðum upp í sameiningu, þessir tveir flokkar, á árunum 1960—1970. Það sýndi hinn stutti og snautlegi ráðherraferill varaformanns Alþfl. á árunum 1978—1979, eins og ég hef gert hér grein fyrir.

Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir bera fjárlög og lánsfjárlög með sér að ríkisstj. hefur sett sér hátt mark í sambandi við húsnæðislánin á þessu ári ekki síður en á því síðasta og tel ég miklu skipta að okkur takist í hvívetna að standa við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf með yfirlýsingu sinni haustið 1983 og margsinnis hefur verið ítrekuð síðan. Þá á ég ekki aðeins við lánsfjárhæðina heldur einnig að hægt sé að flýta lánsfyrirgreiðslu þannig að tíminn styttist hjá þeim lántakendum sem fá svokölluð G-lán og að fullu verði staðið við greiðslur til húsbyggjenda úr Bygging-

arsjóði ríkisins. Ég vil vænta þess að við meðferð lánsfjárlaga á hinu háa Alþingi takist okkur að ná þessu marki.

Það er öldungis rétt, sem fram hefur komið í blöðum og mikil umræða er um í þjóðfélaginu, að ýmsir þjóðfélagsþegnar, margt ungt fólk, eiga nú í erfiðleikum með að standa í skilum vegna sinna fjárskuldbindinga vegna þess hversu mjög lánin hafa hækkað borið saman við kaupmátt í landinu. Við þessu mátti náttúrlega búast eftir að samdráttur varð í þjóðarframleiðslunni. Eftir að þjóðartekjurnar minnkuðu ár frá ári var að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að lífskjörum hnignaði nema við héldum áfram þeirri óhóflegu söfnun erlendra lána sem fyrstu árin eftir 1980 bera með sér. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, og hafði orð á því raunar á þeim tíma hér á Alþingi, að breytingin frá vaxtaaukalánum yfir í verðtryggð lán hafi verið of snögg. Ég og minn flokkur vorum þeirrar skoðunar þá að nauðsynlegt hefði verið að gefa þeim mönnum sem stofnað höfðu til skuldbindinga í bönkum, sparisjóðum og víðar meira svigrúm til að standa í skilum eftir að full verðtrygging var upp tekin miðað við fyrri lánakjör. Því miður var sú leið ekki farin og því miður hefur það farið saman að lífskjörin hafa versnað fram á haustið 1984 með þeim afleiðingum að greiðslubyrði lánanna er nú mun meiri en þetta fólk hafði gert ráð fyrir og stundum hefur þetta leitt til mjög mikilla erfiðleika. Ég vil þess vegna fagna því sérstaklega að ríkisstj. skuli nú öðru sinni beita sér fyrir mjög víðtækum ráðstöfunum til að koma til móts við þá húsbyggjendur sem erfiðast eiga. Það var gert hið fyrra sinnið á s. l. hausti. Eins og ég sagði áðan var varið 300 millj. kr. í því skyni og nú er gert ráð fyrir verulegri fjárhæð til hins sama. Ég hef lánsfjáráætlun ekki hjá mér og vil þess vegna ekki með það fara. Þó er ekki búið að binda neitt fastmælum í þeim efnum þannig að sú fjárhæð getur hækkað ef nauðsyn krefur.

Þetta er mjög þýðingarmikið mál, þetta er frá mannlegu sjónarmiði merkilegt mál. Þetta sýnir að ríkisstj. vill, eftir því sem kostur er, reyna á þessum erfiðu tímum að koma á móti því fólki sem þyngstar ber byrðarnar. Þetta er þess vegna einn liður í því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þessu þjóðfélagi, eins og hinar ýmsu aðgerðir ríkisstj. bera vott um að gert hefur verið. Vil ég sérstaklega líka í því sambandi tala um þær miklu breytingar sem urðu á kjörum einstæðra mæðra eftir ráðstafanirnar fyrir ári. Ég vil einnig minna á að lágmarkstekjutrygging var tekin upp á s. l. ári þó ég hljóti um leið að harma að í samningunum í haust var dregið úr þeirri tryggingu. En allt er þetta til þess að koma til móts við þá sem verst eru settir. Ég hef orðið var við það hjá ýmsum sem ég hef talað við að fólk fylgist mjög náið með þessum málum og telur að ríkisstj. hafi þarna einmitt komið til móts við borgarana á þann hátt að um raunverulegar kjarabætur er að ræða. Það er verið að hjálpa fólkinu til að búa betur í haginn fyrir framtíðina.

Herra forseti. Ég þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hef sýnt fram á það og það liggur fyrir að þessi ríkisstj. hefur tekið húsnæðismálin svo föstum tökum að undrun má sæta. Það liggur fyrir að lán til húsnæðismála úr Byggingarsjóði ríkisins eru svo há miðað við fyrri ár að ég efast um að það þoli samjöfnuð. Mér þætti vænt um að sjá þann samjöfnuð. Ef við lítum á lánsfyrirgreiðslu sem fólk hefur fengið á s. l. ári og er að fá afhent nú, t. d. það fólk sem byggir á vegum Byggung, kemur í ljós að einungis lánsfyrirgreiðslan úr Byggingarsjóði ríkisins nemur, miðað við kostnaðarverð þessara íbúða, milli 50 og 60%. Það hygg ég að sé meiri árangur en ýmsir stjórnarandstæðingar höfðu gert sér grein fyrir, enda ber það allt of oft við hér á Alþingi að menn gleymi að setja sig inn í málin sem skyldi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill, áður en hann gefur næsta manni á mælendaskrá orðið, minna á að við höfum rætt þetta mál nú í fullan klukkutíma og það lifa ekki nema um það bil 50—52 mínútur af þessum fundi og enn eru þrír á mælendaskrá. Það eru því vinsamleg tilmæli forseta að menn stytti svo mál sitt að við getum lokið þessari umr. áður en fundartíma lýkur.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu reyna að virða kurteisleg tilmæli virðulegs forseta um að lengja ekki meira þessa umr. en ég tel óhjákvæmilegt.

Þeir hafa nú báðir talað hér um stund, hæstv. félmrh. og hv. þrautavarahúsnæðismálaráðherra ríkisstj., hv. þm. Halldór Blöndal. Það er nefnilega svo, að þegar mikið liggur við í húsnæðismálunum kemur þessi aðstoðarhúsnæðismálaráðherra ríkisstj. hér á þingi í ræðustól á hæla hæstv. félmrh. og bætir um betur eins og hann gerði núna. Maður hafði það á tilfinningunni að hann væri ekkert allt of ánægður með frammistöðu hæstv. félmrh. Það var ýmislegt sem hann þurfti að hnykkja á og hann kom því að í framhjáhlaupi að það væri erfitt fyrir þá sjálfstæðismenn og hæstv. fjmrh. að ráða fram úr þessum málum og gjarnan mætti hæstv. félmrh. hjálpa til. Það væri ekki verra þó hann aðstoðaði fjmrh. við lausn þessara flóknu og þungu vandamála.

Reyndar mátti skilja á hv. þm. Halldóri Blöndal að það væri ekkert að í þessum efnum. Það var nú öðru nær. Hann var reyndar sannfærður um, og lauk þannig hjartnæmum kafla sínum um manngæsku þessarar ríkisstj., að fátt mundi afla henni meira fylgis en einmitt þetta myndarlega átak í húsnæðismálunum — eða ég skildi a. m. k. orð hans þannig. Það er ágætt að hv. þm. beri sig vel og sé kokhraustur og gaman að heyra einhvern koma hingað upp og verja þessa ríkisstj., það gerist ekki allt of oft nú orðið, en ég verð þó að segja það, herra forseti, að ég kann betur við að menn komi í þennan ræðustól og séu hreinskilnir og viðurkenni málin eins og þau liggja fyrir. Það vil ég taka fram að hæstv. félmrh. gerði það að nokkru leyti í sinni ræðu. Hann viðurkenndi hreinskilnislega að við erfið vandamál væri að glíma, að staða byggingarsjóðanna væri mjög erfið og reyndar ört versnandi og þar biðu óleyst vandamál. Það finnst mér sýnu heiðarlegri og hreinskilnari málflutningur en hv. þm. Halldór Blöndal reyndi að halda uppi fyrir húsnæðismálastefnu þessarar ríkisstj.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að fara aðeins yfir kosningaloforð stjórnarflokkanna í húsnæðismálum vegna þess að menn fjargviðrast hér yfir því að ákveðnum þm. finnist efndirnar hafa verið nokkuð í skötulíki. Því ætla ég, með leyfi forseta virðulegs, að vitna í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. frá 1983. Ekki man ég nú

hvort það hét „leiftursókn" eða „einn flokkur til ábyrgðar", en eitthvað svoleiðis gæti hafa staðið á forsíðunni. En kaflinn um húsnæðismálin hét „Einn fyrir alla — átak í húsnæðismálum". Þar stendur m. a. að þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fái 80% lán með betri kjörum en aðrir. Framsóknarmenn voru nú ekki að hafa fyrir því að binda þetta við þá sem væru að eignast, byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Þeir sögðu ósköp einfaldlega: Húsnæðislán nemi 80% af byggingarkostnaði og verði til 42 ára. (**Gripið fram í:** Og skuldbreytingu á afgangnum.) Þetta var í plaggi þeirra framsóknarmanna sem mun hafa heitið „Festa, sókn, framtíð" og í grænum lit. — Svo maður sleppi þessu plaggi ekki alveg svona billega, þá stóð t. d. í annarri línu fyrir ofan línuna um húsnæðismálin að flokkurinn héti því að tryggja fullt jafnrétti kynja til starfa, launa og lífshamingju — og geri aðrir betur! Sennilega er þetta merka framlag þeirra og átak í húsnæðismálum liður í því að tryggja jafnrétti allrar þjóðarinnar til lífshamingju og skoðanakönnun Jóhannesar Nordal liður í upplýsingasöfnun í því efni.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh., ef hann er áfram í því skapi að gefa hreinskilin og góð svör og viðurkenna þann vanda sem við er að glíma, hvernig útkoma byggingarsjóðanna er ef hann tekur þær 185 millj., sem eru sá vandi sem velt var milli ára og þýða aukin útgjöld á árinu 1985 fyrir sjóðina vegna lána sem hefðu ella átt að borgast á síðasta ári, og bætir við hann sjóðsstöðu, þ. e. hallanum á sjóðunum, eins og hann var gerður upp í árslok. Ég hef grun um að sá halli hafi verið allnokkur og þætti fróðlegt ef hæstv. félmrh. vildi sundurliða fyrir okkur hver hann var um áramót og hversu miklum yfirdrætti hjá Seðlabanka var þegar búið að breyta í löng lán á árinu 1984.

Það er annað, herra forseti, sem er kannske ekki minna atriði og hvílir ekki léttar á herðum þeirra sem ráðist hafa í húsbyggingar eða kaup á íbúðum á síðustu árum. Það er sú ránskjaravísitala sem notuð er til að framreikna þessi lán og framreikna vexti og verðbætur og afborganir af verðtryggðum lánum hjá Húsnæðisstofnun. Það hefur verið upplýst í merku blaði hér í höfuðborginni, sem heitir Þjóðviljinn, að undanförnu hvernig þessi ránskjaravísitala, sem ég nefni svo, hefur leikið húsbyggjendur á undanförnum mánuðum og hvernig t. a. m. hækkanir á áfengi og tóbaki — og svo sjálfsagt á bjór ef hann verður leyfður — hækka skuldir húsbyggjenda. Þannig hafa hækkanir á þessum vörum einum, þ. e. áfengi og tóbaki um rúm 50% á síðustu ellefu mánuðum hækkað lánskjaravísitölu um 1.2% sem getur þýtt skuldaaukningu hjá viðskiptamönnum Húsnæðisstofnunar, sem hafa fengið lán t. a. m. í Byggingarsjóði ríkisins, fullt lán, þeirra sem byggja í fyrsta sinn, um einar 7000-8000 kr. Skuld vegna íbúðar í Byggingarsjóði verkamanna getur af þessum sökum hækkað um allt að 15 000 kr. vegna hækkana á áfengi og tóbaki einu saman á síðustu ellefu mánuðum. Þetta eru fróðlegar tölur og ég held að hv. þm. og varahúsnæðismálaráðherra, Halldór Blöndal, ætti að punkta það hjá sér. (**HBl:** Hvernig var þetta meðan Svavar var húsnæðisráðherra? Hvernig var það þá?) Svavar Gestsson er á mælendaskrá og mun að sjálfsögðu svara fyrir sig eins og hans er von og vísa. Og þá getur hv. þm. Halldór Blöndal einnig skráð sig á mælendaskrá og reynt að taka þátt í umræðum samkvæmt fundarsköpum hér í hv. Nd.

Ég beini því til hæstv. félmrh. að það er gott og blessað að lengja aðeins í snörunni hjá þeim sem eru að hengjast, eins og hann er að gera með ráðstöfunum sínum þessa dagana, og ekki mæli ég því í móti að mönnum sé veitt ráðgjöf um það hvernig andlátið beri að, en ég held að hitt væri sýnu nær að gera þær ráðstafanir sem í senn tryggðu að greiðslubyrði lánanna héldist í hlutfalli við kaup á hverjum tíma og gerðu fólki kleift að koma yfir sig húsnæði með skikkanlegu móti. Þetta tvennt verður að fylgjast að því annars verða þessar ráðstafanir allar saman hjóm eitt.

Ég er þeirrar skoðunar, og um það hef ég reyndar ásamt fleiri þm. Alþb. flutt frv. hér á Alþingi, að lánskjaravísitalan sé ónothæf við þær aðstæður sem nú eru í íslensku þjóðfélagi. Það er siðleysi af verstu tegund að afnema verðtryggingu á laun, en halda fullri verðtryggingu skv. ránskjaravísitölu á skuldbindingum þeirra sömu manna sem ríkisstj. hefur þannig skammtað skít úr hnefa. Lágmarkskrafa í þessu tilefni væri að tryggja að greiðslubyrðin og framreikningur þessara lána væri þá frekar miðaður við byggingarkostnað og mældur skv. byggingarvísitölu einni, þannig að jafnhjákátlegir hlutir eins og ég rakti hér áðan og mælast í framfærsluvísitölu, sem síðan hefur áhrif á lánskjaravísitölu, kæmu ekki til með að íþyngja húsbyggjendum.

Ég get tekið annað dæmi. T. d. mundu lækkaðar niðurgreiðslur á matvörum, á landbúnaðarafurðum, sem væntanlega þýðir að þessar vörur verða dýrari í innkaupi, þýða á sama tíma — það bjargræði — aukningu á skuldum húsbyggjenda. Ríkisstj. hefur einmitt stundað það að lækka niðurgreiðslur. Þannig hefur hún í senn gert matvælin dýrari í innkaupi og skuldir húsbyggjendanna meiri, og segir þetta nú ýmislegt um manngæsku stjórnarinnar sem hér hefur þegar verið til umræðu í þessu efni.

Hæstv. félmrh. viðurkenndi hér, þannig að það þarf út af fyrir sig ekki að fara fleiri orðum um það, hvað orðið hefur um efndirnar á öllum loforðum og samþykktum ríkisstj., t. a. m. samþykktinni góðu frá 26. sept. 1983. Ég get vitnað um það af minni persónulegu reynslu að til mín hafa leitað viðskiptavinir Byggingarsjóðs ríkisins sem gerðu fokhelt á tímabilinu október—desember 1983 og bíða enn þá eftir síðasta hluta af sínu nýbyggingarláni. Þannig snúa nú efndirnar að mönnum sem þó gerðu ekki fokhelt fyrr en mánuðum eftir að samþykktin margnefnda frá því í sept. 1983 var undirrituð af hæstv. félmrh. Alexander Stefánssyni.

Einnig væri það fróðlegt fyrir hæstv. þrautavarahúsnæðismálaráðherra, ef hann væri hér í salnum, að vita að lánsupphæðir þeirra sem eru að kaupa notaðar íbúðir hafa staðið í stað í talsvert á annað ár og hafa ekki hreyfst. Það er mjög athyglisvert að þegar talsmenn ríkisstj. ræða efndir sínar í húsnæðismálum kjósa þeir yfirleitt að fjalla eingöngu um lán til þeirra sem eru að byggja sína fyrstu íbúð og fá lán hjá Byggingarsjóði ríkisins. Það er sem minnst rætt um hina sem standa í því að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða að skipta á húsnæði. Þar eru mjög fróðlegar tölur. T. d. fær tveggja til fjögurra manna fjölskylda, sem er að skipta um íbúð, 115 þús. kr. í lán. Það er nú ekkert annað. Hún hefur að vísu átt íbúð fyrir, en það getur verið tveggja herbergja kompa. Það skiptir ekki máli hversu breitt bilið er á milli þeirrar fasteignar sem seld er og hinnar sem er keypt. Það geta verið 2 millj. þess vegna. Þessi fjölskylda fær 115 þús. kr. mest í lán frá Byggingarsjóði ríkisins. Þessi upphæð hefur staðið óbreytt frá því í okt.

1983. Sé um fyrstu kaup að ræða eru þetta að vísu heilar 290 þús. kr. En hvað halda menn að það sé hátt hlutfall af staðalíbúð sem hér hefur verið nefnd? Það eru 11.5% af staðalíbúð. Málið er því ekki bara afgreitt með því að vitna til þess að núna fáist lánuð 29.1% ef um er að ræða byggingu í fyrsta sinn. Það eru fleiri viðskiptavinir stofnunarinnar en þeir einir. Ég held að hæstv. félmrh. og hv. þm. Halldór Blöndal ættu að athuga einnig hvernig þeir koma út úr þessu dæmi.

Hæstv. félmrh. viðurkenndi það, og það fannst mér ágætt og gott hjá honum, að sú áætlun um fjármögnun frá lífeyrissjóðunum, sem þeim yrði ætlað skv. lánsfjáráætlun að standa við, væri hæpin og það væru allar líkur á því að þar vantaði jafnvel 175 millj. kr. upp á. Raunhæft væri það. Þar er ég honum alveg sammála. Ég er reyndar, því miður, ekki viss um að þeim 700 millj., sem hann ætlar lífeyrissjóðunum að inna af hendi, geti þeir skilað vegna annarra skuldbindinga sinna í þjóðfélaginu. Og ég skil vel starfsmenn Húsnæðisstofnunar sem hreinlega neita að reyna að setja upp framkvæmdaáætlun og greiðsluáætlun fyrir þjóðina eins og óvissan er í þessum efnum. Það er því auðvitað okkar verk, sem sitjum á löggjafarsamkundunni og förum með fjárveitingavaldið, að reyna að tryggja þannig fjárhag byggingarsjóðanna að starfsfólki stofnunarinnar, sem vill leggja sig allt fram, sé gert kleift að gera réttar áætlanir. Það hefur ekki verið hægt og ég held að sökinni verði ekki með nokkrum rétti skellt á það ágæta fólk. Hún liggur hjá þeim sem ákváðu og ákveða fjárveitingar til byggingarsjóðanna.

Ég held að í slíkt óefni stefni með fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna að hvort sem við ræðum það mál lengur eða skemur í dag muni á næstu mánuðum og næstu árum einmitt þetta atriði, þ. e. ört versnandi eiginfjárstaða byggingarsjóðanna, koma aftur og aftur til umræðu hér þangað til ráðin verður þar einhver varanleg bót á. Sá háttur, sem viðgengist hefur undanfarin misserin, að vísa þessum sjóðum í sífellt vaxandi mæli á óhagkvæman lánamarkað, þar sem þeir taka í stórum stíl lán á mun verri kjörum en þeir síðan endurlána til sinna viðskiptamanna, getur auðvitað ekki endað nema á einn veg. Það sjá allir hugsandi menn og hæstv. húsnæðismálaráðherrar einnig. Ég held að lausn vandans felist í því að sjóðunum verði með tekjuöflun að auðnast á næstu árum að mynda eigið fé og byggja upp fjárhag sinn þannig að þeir verði í framtíðinni í stakk búnir til að sinna sínu hlutverki. Það er stefna okkar þm. Alþb., sem flutt höfum um það frv. hér á hv. Alþingi, að einmitt þetta verði gert, að tekna verði aflað með skattlagningu á þeim aðilum sem hafa fé handa á milli og hafa makað krókinn í tíð þessarar ríkisstj. og þeir látnir borga inn í húsnæðiskerfið þannig að það verði gert fjárhagslega sjálfstætt á ákveðnu tímabili og þannig gert kleift að uppfylla skyldur sínar við húsbyggjendur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. kaus að setja hér á almennar umr. um húsnæðismál og það sama var að segja um sérstakan talsmann ríkisstj. og Sjálfstfl. í húsnæðismálum, hv. þm. Halldór Blöndal. Þess vegna er óhjákvæmilegt að þessi umr. berist nokkuð víðar en nákvæmlega að þeirri fsp. sem hv. 5. þm. Reykv. bar fram og fékk ekkert svar við.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson bar fram fsp. út af tilteknu byggingarsamvinnufélagi. Hæstv. ráðh. svaraði þeirri spurningu að engu leyti en reyndi að skýla sér á bak við það að Byggingarsamvinnufélagið Byggung hefði ekki sótt um framkvæmdalán. Af hverju sótti Byggingarsamvinnufélagið Byggung ekki um framkvæmdalán? Það var vegna þess að forráðamenn þess, sem margir eru með vissum hætti, að ekki sé meira sagt, tengdir ríkisstj., treystu loforðum ríkisstj. Þeir treystu loforðum ríkisstj. í sambandi við húsnæðismál, þ. e. því loforði að þeir sem eru að byggja í fyrsta sinn fái tvískipt lán í mesta lagi með sex mánaða millibili. Þessu loforði treystu forustumenn Byggung og þeim er nú að verða hált á því. Það er þess vegna sem framkvæmdir þeirra eru að stöðvast.

En til að víkja að þessum málum nánar vil ég leyfa mér að vitna til eins þm. Sjálfstfl. í Reykjavík sem sagði, skv. fréttum í málgagni hans, Morgunblaðinu, að það væri brýnasta verkefnið í húsnæðismálum um þessar mundir að stöðva ruglið í hæstv. félmrh. Ég tek það fram að þetta eru ekki mín orð, heldur mælir einn af stuðningsmönnum hans þessi orð skv. blaðafréttum í Morgunblaðinu. Hv. 6. þm. Reykv. hefur líka haft sömu orð um þessi mál og ég ætla að lesa þau hér, með leyfi hæstv. forseta, og ég vil hvetja hv. þm. Halldór Blöndal til að lesa líka það sem fram kemur í þingtíðindum, síðasta hefti, dálki 2700, þar sem hv. þm. Sjálfstfl. Ellert Schram segir svo, með leyfi forseta:

„Það er ekkert nýtt af nálinni að húsnæðismál séu aðkallandi og brýn. Ég minnist þess úr síðustu kosningabaráttu, sem ég tók þátt í, að þá var þetta mál jafnvel efst á baugi að undanskilinni verðbólgunni sjálfri, og þá höfðu menn orð á því að það þyrfti að ná þegar á þessu kjörtímabili 80% í lánum af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Ég hef tekið eftir því að á þinginu 1982 fluttu þm. Sjálfstfl., það var að vísu fyrir kosningarnar, en þá fluttu fjölmargir þm. Sjálfstfl. í þessari deild ágæta þáltill. sem gekk í þessa átt, sem gerði ráð fyrir því að samanlögð lán húsnæðisstjórnar og lífeyrissjóða næðu 80% af byggingarkostnaði, og það átti að ná fram á kjörtímabilinu og lánin áttu að hækka mjög verulega strax á árinu 1983. Nú er komið árið 1985 og ég hef ekki orðið var við", segir hv. þm. Ellert Schram, „neina stefnumótun í þessum efnum. Hún er öll á reiki, hún er þá öll í huganum á hæstv. félmrh. sem talar út og suður, því miður, í þessu máli svo að ekkert mark er á takandi og enginn skilur upp né niður í."

Síðan sagði hv. þm. Ellert B. Schram að núv. ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. væri að gera alla að leiguliðum. Gagnstætt þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. vildi í orði kveðnu fylgja, að menn eignuðust sínar eigin íbúðir, þá væri ríkisstj. að gera alla að leiguliðum. Það er sjálfsagt þetta sem hv. þm. Halldór Blöndal á við þegar hann segir hér í ræðustól áðan: Ríkisstj. hefur staðið sig þannig í húsnæðismálum að undrun sætir. Það má auðvitað taka þannig til orða þegar þess er gætt hvaða loforð stjórnarflokkarnir gáfu fyrir kosningarnar.

Í sjálfu sér skiptir mestu máli í þessu efni að núverandi stjórnarflokkar gáfu fyrirheit um að laga húsnæðislánakerfið stórkostlega. Framsfl. hafði tregðast við að afla tekna í húsnæðislánakerfið á síðasta kjörtímabili. Sjálfstfl. hafði stöðvað allar tilraunir í þá átt. Í kosningabaráttunni gáfu þessir flokkar engu að síður yfirlýsingu um að þeir ætluðu að laga stórkostlega húsnæðislánakerfið. Það sem liggur fyrir í þeim efnum er það, að í fyrsta lagi hafa þeir skorið svo niður kaup fólksins í landinu, sem skiptir auðvitað mestu í þessu, að fólk getur ekki byggt, getur ekki staðið í skilum, og þau fyrirheit, sem gefin hafa verið, hafa verið svikin eitt af

öðru. Hafi ríkisstj. náð því að setja met í húsnæðismálum að einhverju leyti er það í sviknum kosningaloforðum. Það er alveg sama hvernig þau mál eru skoðuð. Svo er auðvitað sú nýlunda hæstv. ríkisstj. að taka erlend lán til að reka Byggingarsjóð ríkisins. Það er brautryðjendastarf, það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, og sætir undrun út af fyrir sig.

Síðan kemur hæstv. ríkisstj. núna og stofnar til ráðgjafarþjónustu fyrir húsbyggjendur. Það er gott að stofnað skuli til ráðgjafarþjónustu fyrir húsbyggjendur. En staðan þar er þannig að náðarsamlegast fá menn að hringja í Húsnæðisstofnunina í tvo tíma á hverjum morgni til að fá um það upplýsingar hvenær þeir eiga að koma í viðtöl. Þetta er sérstaklega þægilegt fyrir þá sem eru í Ólafsvík, Ísafirði og Vopnafirði, að fá um það upplýsingar hvenær þeir mega koma í viðtöl í Húsnæðisstofnuninni því að þetta verður ekki afgreitt annars staðar en í stofnuninni. Setjum svo að viðkomandi sé með vanskil upp á 70—80 þús. kr. Það er ekki nóg. „Skortur á vanskilum" getur orðið til þess að menn fái ekki húsnæðislán eins og kerfið er hjá hæstv. félmrh. Það er brýn nauðsyn að menn skuldi minnst 150 þús. og séu með það í vanskilum. Sá maður sem hefur lagt það á sig að standa í skilum, er ekki með vanskil upp á 150 þús., fær ekki neitt. „Skortur á vanskilum" mun líklega valda því að fjöldi fólks fær ekki þá þjónustu sem hæstv. ríkisstj. er hér að bjóða upp á. Svona er að málum staðið þar.

Hvernig á svo að fjármagna þessa vanskilaþjónustu? Talaði hæstv. félmrh. um það hér áðan? Hvernig á að fjármagna hana? Það á að fjármagna hana með því að skera niður nýbyggingarlán um 150—200 millj. kr. Það sætir undrun, svo að ég vitni aftur í hv. þm. Halldór Blöndal, að lögð skuli vera fram lánsfjáráætlun í Ed. þessa daga um 708 millj. kr. til nýbygginga í húsnæðismálum, en sömu dagana lýsir ríkisstj. því yfir að þessa tölu eigi að lækka niður í 500—550 millj. Þetta er yfirgengilegt. Hæstv. forsrh., formaður Framsfl., hefur lýst þessu sama yfir aftur og aftur, m. a. í fjölmiðlum. Hann hefur að vísu bætt við því hollræði og heilræði til húsbyggjenda að þeir sem ekki ráði við þetta og þeir sem ekki nái vanskilaþjónustunni hjá Alexander eigi bara að selja, þeir hafi reist sér hurðarás um öxl. Það er afskaplega gott að segja þetta við húsbyggjendur á Ísafirði eða í Hnífsdal eða Bolungarvík eða Súðavík, þessum stöðum þar sem íbúðarhúsnæði er gersamlega óseljanlegt um þessar mundir og dæmi eru þess að ágætar íbúðir hafi staðið á annað ár vegna þess að það getur enginn keypt þær eins og búið er að búa að landsbyggðinni í tíð núv. ríkisstj.

Ég vil minna á það, herra forseti, að þessi svik í húsnæðismálum hafa skapað mjög alvarlegan vanda hjá þúsundum einstaklinga um allt land. Þetta er fólk sem treysti því að ríkisstj. mundi standa við orð sín, fólk sem treysti því að lán yrðu greidd út eins og verið hafði í versta falli, en væntanlega aðeins fyrr en áður hafði verið. Ég frétti af manni á Akureyri núna á dögunum, sem sótti um G-lán hjá húsnæðismálastjórn í ágúst 1984. Mér var sagt í Húsnæðisstofnuninni að þessi aðili gæti verið nokkuð öruggur með að fá þetta lán í ágúst 1985. Síðan koma í þessum ræðustól upplýsingar frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að þeir sem gerðu fokhelt í október-desember 1983 bíða enn eftir niðurstöðu. Hversu langt ætlar ríkisstj. sér í rauninni að ganga með þennan svikaslóða á eftir sér? Er ekki rétt fyrir hæstv. félmrh. að fara að segja eins og er í þessum efnum, þ. e. að ríkisstj. ræður ekki við að standa við þau loforð sem ráðh. hefur gefið? Hæstv. félmrh. er afskaplega ötull í þeim efnum að tryggja útgjöldin. Það er hans sterka hlið. Hann hefur afskaplega mikið lag á því sem ráðh. með yfirlýsingum sínum að tryggja útgjöldin. En ráðherrar verða að tryggja tekjurnar líka. Til þess eru þeir. Og þeir eiga ekki að gefa stærri loforð í húsnæðismálum eða öðrum málum en þeir geta staðið við tekna megin.

Í þskj. sem hér liggur fyrir til umr. síðar á þessum fundi kemur það m. a. fram hvernig hæstv. ráðh. hefur orðið að fara í ríkisábyrgðasjóð aftur og aftur. Því var lofað af þessum mönnum fyrir kosningar og eftir kosningar, bæði íhaldinu og framsókn, að þessi mál yrðu öll leyst. Staðan er þannig að 15. des. 1983 tóku þeir, þrátt fyrir þessi loforð, lán hjá ríkisábyrgðasjóði, verðtryggt lán, upp á 30 millj. kr., það var fyrsta skrefið í þessum efnum, með 4.25% vöxtum ofan á verðtryggingu. Síðan tóku þeir lán 27. jan., aðeins rúmum mánuði seinna, hjá ríkisábyrgðasjóði Íslands upp á 13 millj. kr. með 4.25% vöxtum ofan á verðtryggingu. Þremur mánuðum seinna taka þeir enn lán hjá ríkisábyrgðasjóði Íslands, 23. mars 1984, upp á 40 millj. kr. með 5.25% vöxtum ofan á verðtryggingu. 28. júní, enn þremur mánuðum seinna, þetta er nokkurn veginn ársfjórðungslega, er enn tekið lán hjá ríkisábyrgðasjóði Íslands upp á 274 millj. kr. með 5.25% vöxtum. Og enn er farið sömu leið. 25. júlí 1984 er tekið lán í Seðlabanka Íslands upp á 195.6 millj. kr. með 8% breytilegum vöxtum ofan á verðtryggingu. Og svo bætist það við, það er síðasta afrekið á árinu 1984, að það er skrifað undir lán 21. nóv. 1984 upp á 250.6 millj. kr. Það er erlent lán í Bandaríkjadollurum með breytilegum vöxtum sem þróast eftir millibankavöxtum í London. Þessi slóði, sem hér er um að ræða, er auðvitað hrikalegur. En hann sýnir það fyrst og fremst að þau fyrirheit, sem gefin voru um lagfæringar á húsnæðislánakerfinu, höfðu ekki verið tryggð með tekjustofnum fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Þessi slóði sýnir að ráðh. er ötull við að tryggja útgjöldin, en hann ræður ekki við að tryggja tekjurnar og þess vegna verður að slá og aftur slá og slá enn í ríkisábyrgðasjóði Íslands og Seðlabanka til að bjarga Byggingarsjóði ríkisins. Þetta sætir undrun, eins og hv. þm. Halldór Blöndal orðaði það hér áðan. Vissulega sætir þetta undrun.

Ég held að það sé alveg fráleitt og stórkostlega alvarlegt þegar hv. alþm. tala um húsnæðismálin eins og hv. þm. Halldór Blöndal gerði hér áðan. Hafa menn ekki tekið eftir því blaði sem oftast kemur út í þessu landi? Það er farið að tala um síðdegisútgáfu af Lögbirtingablaðinu til þess að birta skrárnar yfir nauðungaruppboðin sem hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á með stefnu sinni í kjaramálum vegna þess að fólkið getur ekki byggt eða borgað skuldir. Hafa menn ekki tekið eftir Lögbirtingablöðunum, síðu upp og síðu niður, dálkur við dálk á smáu letri, þar sem verið er að auglýsa eignir fólks á nauðungaruppboði? Og hafa menn ekki hugsað um það, fulltrúar stjórnarflokkanna hér á hv. Alþingi, hvernig ástandið er á heimilunum næstu daga áður en þessi nauðungaruppboð eru auglýst, næstu vikur og næstu mánuði, þegar fólk hefur verið að berjast við að losa sig við þessar skuldir með ýmsum ráðum hér og þar í bönkum og annars staðar þar sem menn hafa átt kost á? Og hafa menn ekki hugleitt hvaða áhrif þessi nauðungaruppboð, þessi slóði ríkisstj., hafa á líf þeirra fjölskyldna sem þúsundum

saman standa núna frammi fyrir þessum alvarlega vanda? Hafa menn ekki hugsað um hvaða áhrif þetta hefur á samheldni fjölskyldnanna, hvaða áhrif þetta hefur á börnin, hvaða áhrif þetta hefur á möguleika þeirra til þess að lifa eðlilegu lífi? Þar er oft um að ræða hættur á miklu stærra tjóni en nokkur breyting á húsnæðislánum til eða frá getur haft í för með sér. Hér er það kaupránsstefnan sem fyrst og fremst bitnar á þessu fólki. Það er kauplækkunin sem veldur því að fólk getur ekki byggt og fólk getur ekki borgað skuldir sínar.

Ég vil að lokum, herra forseti, bera fram fyrir hæstv. félmrh. fsp. varðandi húsnæðislánin sérstaklega. Eftir að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi, eftir að bannað var að greiða verðbætur á laun, er ljóst að munurinn á framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu hefur orðið allt annar en áður var. Byggingarvísitala hefur hækkað mikið meira en nemur lánskjaravísitölunni. Byggingarvísitalan hækkar þannig í raun að um verður að ræða raunávöxtun á því fjármagni sem inni er umfram það sem lánskjaravísitalan kveður á um. Það hefur verið sýnt fram á það í Þjóðviljanum að í rauninni sé hér um að ræða á mælikvarða byggingarvísitölunnar 6—7% raunávöxtun umfram það sem eðlilegt er, sem lánskjaravísitalan færir kröfuhöfum aukalega. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er hann tilbúinn að lýsa því hér yfir að lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna verði vegna þessa flutt yfir á byggingarvísitöluna?

Það liggur líka fyrir, eins og hér var gert að umtalsefni, m. a. af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að þegar áfengi og tóbak hækkar á s. l. ári, eins og menn hafa verið að rekja í blöðum að undanförnu, hefur það í för með sér aukahækkun á íbúð í verkamannabústöðum upp á 25—27 þús. kr., eins og fram kom í blaðinu NT sem stundum er sagt vera málgagn Framsfl. þó að blaðamenn þar vilji nú af eðlilegum ástæðum gjarnan sverja það af sér. Ljóst er að hækkanir á áfengi og tóbaki valda stórfelldri hækkun á skuldum. Þetta stafar af því að kaupgjaldsvísitalan hefur verið tekin úr sambandi. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er hann tilbúinn að lýsa því yfir hér og nú að hér verði gerðar breytingar á?

Herra forseti. Í þessari umr. leikur hæstv. félmrh. þann leik sem hann hefur aftur og aftur gert á undanförnum tæpum tveimur árum. Hann vísar vandanum á fjmrn. og fjmrh. Þess vegna held ég að óhjákvæmilegt sé, ef hæstv. fjmrh. getur ekki tekið þátt í umr. þessari, að umr. verði nú frestað fram á næsta fund Nd. þannig að unnt verði að spyrja hann að því hvernig hann ætlar að tryggja þessar 180—200 millj. sem að sögn félmrh. vantar upp á til þess að hægt sé að standa við þau loforð sem gefin hafa verið, en hafa verið svikin til þessa. Ég held að óhjákvæmilegt sé að fram komi alveg skýrt hvernig ríkisstj. í heild ætlar að leysa það. Útilokað er fyrir hv. Alþingi að láta hæstv. félmrh. aftur og aftur komast upp með að vísa vandanum á milli þingdeilda svo að segja, þegar hann kemst í kastþröng, og svara fyrir sig með því, eins og hann hefur leikið málefni húsbyggjenda í landinu.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir að hefja þessa umr. sem hefur nú reyndar teygst dálítið út um víðan völl eins og venjulega með utandagskrárumr. Umr. um vanda húsnæðiskaupenda eru háværar þessa dagana. Sá vandi er margþættur, en hæst ber óbærilega greiðslubyrði lántakenda sem vaxið hefur langt umfram greiðslugetu vegna misgengis í þróun kauptaxta og lánskjara. Ég vil ekki eyða tímanum núna í að ræða þann vanda frekar, til þess ætti að gefast tækifæri síðar í umr. um þáltill. Kvennalistans um það að miða verðtryggingu húsnæðislána við vísitölu kauptaxta en ekki lánskjaravísitölu eins og raunar þegar hefur verið ögn minnst á hér fyrr í dag.

Því miður virðast stjórnvöld ekki hafa getað sameinast um aðra leið til lausnar þeim vanda en að bjóða lán á lán ofan. Það stangast hins vegar illilega á við þá staðreynd sem verið er að ræða hér í dag, þ. e. fjárvöntun byggingarsjóðanna og óhæfilegan drátt á greiðslu lána úr þeim skv. reglugerðum. Beint framlag ríkisins hefur aldrei vaxið jafnmikið og nú í ár, sagði hv. 2. þm. Norðurl. e. og vissulega er töluvert til í því, að vísu aðeins á pappírnum enn þá. Það er auðvitað ekki nóg að setja háar tölur í fjárlögin ef ekki fæst fé til að standa við slík fyrirheit.

Upplýst hefur verið að húsnæðismálastjórn standi nú í viðræðum við Seðlabanka og verður nú ekki bara vonað heldur hreinlega ætlast til þess að þær viðræður beri árangur og nauðsynlegt fjármagn fáist til lausnar þessum vanda. Það olli nokkrum vonbrigðum að svör hæstv. félmrh. voru ekki mjög skýr um þetta.

En það var annað sem ég vildi aðeins víkja að. Fáum dettur í hug að leggja niður skyldusparnað, sagði hæstv. félmrh. hér áðan. Það dettur nú reyndar ýmsum í hug. Okkur Kvennalistakonum dettur það sannarlega í hug, þ. e. *við viljum leggja skyldusparnað niður í núverandi* mynd og kemur vel til greina að taka upp svokallaðan hvetjandi sparnað í staðinn, sem t. d. væri í þá veru að þeir, sem leggja fyrir fé til húsnæðiskaupa, sitji fyrir um lán frá byggingarsjóðunum eða fái fyrirgreiðslu í samræmi við sparnað. Þetta er nú á frumstigi enn þá, en við höfum töluvert velt þessu fyrir okkur.

Við teljum ekki rétt að neyða ungt fólk til sparnaðar á þann hátt sem verið hefur, enda hefur reyndin orðið sú að skyldusparnaður er í mínus eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. áðan.

Ég skal nú ekki, herra forseti, lengja þessar umr. frekar en tek undir gagnrýni og fsp. hv. 5. þm. Reykv. Það virðist augljóst að húsnæðismálakerfið stendur á býsna völtum fótum og er brýnt að styrkja það frekar. Meðan slík vandamál koma upp, eins og þau sem urðu tilefni þessarar umr., er undarlegt að heyra slíka sjálfhælni héðan úr ræðustólnum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. viðhafði hér áðan, en a. m. k. flokkur hans vill ekki sækja neitt fé til þessara mála og allar tillögur stjórnarandstöðunnar fara ákaflega fyrir brjóstið á þeim, hvort sem nefndur er skyldusparnaður á hátekjumenn, stighækkandi eignarskattur, Seðlabankahagnaðurinn eða eitthvað annað. En einhvers staðar verðum við að fá fé.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í tíð þessarar ríkisstj. hefur ýmislegt komið fram sem sýnir ljóslega að staða húsnæðismála hefur sjaldan eða aldrei verið verri en frá því að þessi ríkisstj. tók við. Við heyrðum það í fróðlegum sjónvarpsþætti ekki alls fyrir löngu að veðdeild Landsbanka Íslands sendi frá sér á árinu 1983 20 þús. beiðnir um nauðungaruppboð. Fyrir ekki löngu síðan var boðað til fjölmenns fundar í Sigtúni þar sem mættur var fjöldi húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem voru með íbúðir sínar undir hamrinum og sendu neyðaróp hingað til Alþingis vegna stöðu þessara mála.

Nú í dag erum við að fjalla um neyðaróp frá Byggung

þar sem 500 fjölskyldur eiga allt sitt undir því komið að ríkisstj. standi við gefin loforð. Undir þeim kringumstæðum sem ég hef hér lýst er það furðulegt að hv. þm. Halldór Blöndal skuli hreykja sér svo sem hann gerði hér úr þessum ræðustól og tala svo að aldrei hafi verið tekið svo föstum tökum á húsnæðismálum eins og nú, og eins og hann orðaði það, svo undrun má sæta. Þetta er furðulegur málflutningur. Og málflutningur hans að öðru leyti var líka eftir þessu.

Ég vil mótmæla því sem fram kom hjá hv. þm. Halldóri Blöndal þegar hann gerði því skóna að í tíð Magnúsar H. Magnússonar fyrrv. félmrh. hafi húsnæðiskerfið verið brotið niður. Þetta er ómakleg árás sem ég hlýt að mótmæla og vil ég, með leyfi forseta, fá að rökstyðja það nokkru nánar.

Í tíð Magnúsar H. Magnússonar var lagt fram hér á Alþingi ítarlegt frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem var mjög vandlega unnið og byggði á því að hægt væri að ná 80% lánshlutfalli á tíu árum. Í því frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Lánshlutfall verði hið sama árlega fyrir alla húsbyggjendur. Skal það ákveðið af félmrh. fyrir eitt ár í senn í tengslum við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstj. en við það miðað að árið 1980 verði hlutfallið 30% af byggingarkostnaði og hækki síðan um 5% á ári uns það hefur náð 80% af byggingarkostnaði árið 1990. Mun ríkisstj. ábyrgjast þá aukningu framlaga og lána til Byggingarsjóðs ríkisins sem nauðsynleg er til þess að þessu markmiði verði náð."

Við það var miðað í frv. Magnúsar H. Magnússonar að húsnæðissjóðirnir héldu því óafturkræfa framlagi sem þeir hafa fengið af launaskatti og það var bókað í ríkisstj. 1979 að þessi tekjustofn yrði óskertur og að auki kæmi aukið framlag á fjárlögum á þessu tíu ára tímabili þar til 80% lánahlutfallinu væri náð. Við það var þá miðað að hægt væri að veita 2200 nýbyggingarlán, þar af 700 íbúðir í félagslega kerfinu. Það var miðað við það að horfið yrði frá þeim lántökum sem byggingarsjóðirnir hafa undanfarin ár þurft að byggja á.

Á árinu 1978 fékk Byggingarsjóður ríkisins 2% af launaskatti. Árið 1979 hafði Byggingarsjóður ríkisins enn þá þessi 2% af launaskatti. Við fjárlagaafgreiðslu á árinu 1979 var það að vísu þannig að lagt var til að lækkað yrði framlag til fjárfestingarsjóðanna um 10%. En í des. 1979, þegar ríkisstj. Alþfl. sat að völdum, var þessu breytt með aukafjárveitingu þannig að framlagið var aftur hækkað. 1979 var það því enn þá 2% af launaskatti. Árið 1980 fær Byggingarsjóður ríkisins einungis 65% af sínum fasta tekjustofni, árið 1981 aðeins 25.4% af sínum fasta tekjustofni, árið 1982 21.4%, árið 1983 37.1%, árið 1984 37.9% og nú á árinu 1985 er það áætlað 89.4% af þessum fasta stofni sem það hafði í upphafi. Ég hef því ljóslega sýnt hér fram á að í tíð Magnúsar H. Magnússonar sem félmrh., 1978 og 1979, voru þessi framlög óskert sem runnu í Byggingarsjóð ríkisins.

Við sýndum fram á það, þm. Alþfl., þegar húsnæðisfrv. var afgreitt á síðasta ári hvert hefði stefnt af því að svo mikið hefur verið byggt á lántökum. Í því nál. sem við skiluðum kom í ljós að 1978 voru lántökur 23.06% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Árið 1981 eru lántökurnar orðnar 52.3% af ráðstöfunarfé sjóðsins og áætlað var í því nál. að lántökurnar yrðu á árinu 1984 54.4% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Það er töluvert mikill munur á því að byggja upp sjóðina þannig að það séu óafturkræf framlög sem veitt eru í því skyni eða að byggja á lántöku eins og Sjálfstfl. og Framsfl. hafa gert. Ef við tökum árið 1985 sem dæmi þá er af 1790 millj. kr. ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skv. lánsfjáráætlun um 1200 millj. sem á að veita inn í sjóðinn með lántökum og þar af að hluta til erlendum lántökum. Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins mun því á yfirstandandi ári verða að 65—70% hluta byggt á lántökum. Síðan leyfir hv. þm. Halldór Blöndal sér að standa hér í ræðustól og hreykja sér af framlagi þessarar ríkisstj. til húsnæðismála.

Á árunum 1976, 1977 og 1978 voru raunvextir líka 5—7%, en á árinu 1979 lækkuðu þeir og voru 2%. Síðan má á það benda — og vitna ég þá aftur í frv. Magnúsar H. Magnússonar — að þar var miðað við 2200 nýbyggingarlán. En í áætlun húsnæðisstjórnar, sem er dags. 7. nóv. 1984, var miðað við að á næsta ári væri hægt að veita 1100 nýbyggingarlán, en þá var gert ráð fyrir að sjóðurinn hefði til umráða 2.2 milljarða sem hann mun ekki hafa að óbreyttu. Ef við það er miðað er ekki staðið við það lagaákvæði sem er í húsnæðislöggjöfinni um að 40% af samþykktri útlánaáætlun eigi að koma af fjárlögum.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það, herra forseti, að hv. þm. Halldór Blöndal viðhafði hér ómerkilegan og ómaklegan málflutning. En ég vil hér í lokin — og ég skal ekki eyða lengri tíma í þetta mál að sinni — taka undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að það er nauðsynlegt að áður en þessari umr. ljúki muni hæstv. fjmrh. skýra sín sjónarmið í þessu máli. Það eru 500 fjölskyldur sem hér hefur verið upplýst að neyðarástand ríkir hjá út af þessum vanefndum við Byggung. Þess vegna er nauðsynlegt að fá inn í þessa umr. sjónarmið hæstv. ráðh. í þessu máli.

Hæstv. félmrh. kom inn á það að í umr. væri núna milli fjmrn. og félmrn. að færa til fjármagn. Hann skýrði það ekki frekar og er auðvitað nauðsynlegt að fá um það vitneskju hvort færa eigi til fjármagn innan útlánaflokkanna í húsnæðiskerfinu eða hvaðan þetta fjármagn á að koma sem talað er um að færa til.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Kjör og starfsaðstaða framhaldsskólakennara, fsp. 286. mál (þskj. 466). — Frh. einnar umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Tvær mínútur duga skammt í stórmálin. Langlundargeð kennara er eðlilega á þrotum, launakjörin vitanlega slík að engu tali tekur og endurspeglar vanmat á þýðingu og gildi kennarastarfsins og furðulegt skilningsleysi á vinnutíma þeirra og álagi samfara starfinu. Spurningin snýst í raun um áherslu á menntun og menningu, uppeldi æskunnar til framtíðarheilla og farsældar. Spurningin er: Er okkur alvara með þessum orðum? Hagsmunir nemenda og kennara fara saman. Atgervisflótti úr kennarastétt hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Framkoma stjórnvalda gagnvart kennurum sýnir ekki þetta viðhorf, þessi sannindi, og skal þó ósköpunum frá í haust gleymt þó að máske endurspegli það viðhorf skoðanir fleiri. Ekki þótti mér heldur hæstv. menntmrh. — þrátt fyrir býsna falleg orð þar sem ýmislegt var gefið í skyn — vera á þeim buxunum að rétta hlut kennara svo sem þarf og ber ef forða á

miklum vanda. Mér heyrðist frekar að hún væri að hugsa um einhver lagaákvæði sem gætu þvingað kennara til að halda áfram á óviðunandi launum.

Ekki þykja mér bréf hæstv. ráðh. heldur barmafull af velvilja og skilningi. — Það skal tekið fram í ljósi síðustu atburða að máske megi annað lesa þar milli línanna eins og nú er helstur siður í stjórnarráðinu að túlka tilkynningar frá stjórnvöldum.

En alvarlegast í öllu þessu máli er þó ef okkar ágæta menntakerfi verður brotið á bak aftur og þar er ég kannske komin að meginmálinu í þessu efni. Það virðist svo að fólk sé í góðu skapi í rn. hæstv. ráðh. Þar gerir það óspart að gamni sínu að sögn hæstv. ráðh. En ég spyr: Skyldi ekki hreinskilni hæstv. aðstoðarmanns ráðh. vera það sem gildir og eigi að gilda? Ætli bónuskennslan og tilboðskennslan á markaðstorgi auðhyggjunnar sé ekki það sem koma skal, að jöfnuður í menntun og jafnrétti til náms og uppfræðslu verði máske eitthvað sem fólk muni í framtíðinni nota til þess að gera að gamni sínu í fílabeinsturni frelsisins í krafti fjármagns en fyrst og fremst með mismunun að leiðarljósi? (Forseti hringir.) Þetta óttast ég og mér sýnast mörg teikn á lofti sem sýna að það sé þessi stefna sem eigi að ráða í framtíðinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þegar þessari umr. var frestað á síðasta fundi var mörgu ósvarað. Þá var hins vegar ekki fallinn sá dómur í Kjaradómi sem nú liggur fyrir, en skv. honum er allt í fullkominni óvissu um það hver verða kjör kennara, hvaða aðstaða verður þeim búin. Nú er það raunverulega í hendi ríkisstj. miklu frekar en í umr. hér um daginn, eins og mál lágu þá fyrir, að ákvarða hver verða launakjör kennarastéttarinnar. Hæstv. menntmrh. svaraði því til aðspurður í dagblaði nú fyrir skemmstu að hann hefði ekki hitt hæstv. fjmrh. að máli til þess að bera sig saman við hann, en ég vænti þess að hæstv. ráðh. hafi nú borið sig saman um þessi mál og séu reiðubúnir að svara til um það hvernig þeir hyggjast standa að þeim sérkjarasamningum sem nú standa yfir við kennara.

Hæstv. menntmrh. vísaði í umr. um daginn til nefndarstarfa varðandi tvö atriði, varðandi starfsmat fyrir kennara og varðandi lögverndun á starfsheiti kennara. Þessi tvö atriði hafa verið til meðferðar í menntmrn. um lengri tíma, mánuðum saman, og ég spyr hér enn og aftur um niðurstöður af þessu starfi: Hvað dvelur það frv. sem hæstv. menntmrh. boðaði á haustdögum að koma mundi mjög fljótlega fyrir þingið varðandi lögverndun á starfsheiti kennara? Og hvað líður niðurstöðum varðandi starfsmat kennarastéttarinnar og hvers mega kennarar vænta í því sambandi?

Sú óvissa sem málefni kennarastéttarinnar hafa verið í að undanförnu, sú hraklega þróun sem orðið hefur á kjörum þeirra með tilliti til launaþróunar á almennum markaði hefur þegar valdið ómældu tjóni í skólastarfinu. Það eru síðustu forvöð fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að bæta úr því ástandi sem skapast hefur. Á því eiga kennarar kröfu og á því eiga þeir kröfu sem hafa börn sín í skólum landsins. Ég vænti þess að hér fáist af hálfu bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. skýr svör um það hvers vænta má í þessum efnum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Heyrði ég það ekki rétt að hv. 5. þm. Austurl. væri að bera hér fram fsp. til tveggja hæstv. ráðh.? Tek ég einnig rétt eftir því að ráðh. ætli ekki að svara, ætli að þegja þetta mál af sér í þessari umr.? Ég tel það alveg fráleitt. Ég skora á hæstv. fjmrh. að svara því hvernig hann hyggst koma til móts við kennara í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir, þeim sérkjarasamningum sem nú eru að hefjast. Það er með öllu óþolandi að ráðh. svari ekki spurningum hv. þm. þegar svona stendur á og jafnmikið er í húfi og raun ber vitni um hér.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Í tilefni af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði skal þess getið að hæstv. menntmrh. fór fram á það á síðasta fundi að umr. þessari yrði frestað og gerði þá að sjálfsögðu ráð fyrir að taka til máls við framhald umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það var skrýtin þula sem hv. 3. þm. Reykv. hafði yfir hér í ræðustól því að ég var á mælendaskrá hjá hæstv. forseta og ætlaði auðvitað að fjalla um þær athugasemdir sem beint hefði verið til mín. (**SvG:** Forseti var að slíta umr., hæstv. ráðh.) Forseti hafði bent mér að koma í ræðustól þegar hann snéri sér að hv. 3. þm. Reykv. (**SvG:** Forseti sagði annað.) Ég held að ekki sé ástæða til að ræða um þetta, en auðvitað svara ég ekki fsp. úr sæti mínu í salnum.

Þó að þær fsp. sem nú seinast hafa verið fram bornar hafi ekki verið fram bornar með þinglegum hætti eins og sú sem er hér á dagskrá mun ég að sjálfsögðu svara þeim. Það sem um er verið að ræða er að í menntmrn. hefur verið unnið mjög mikið starf að þessum hagsmunamálum kennara sem annars vegar er málið um löggildingu starfsheitis og hins vegar um endurmat á störfum. — Og þar sem nú er lokið aukafundum í salnum held ég áfram.

Það er náttúrlega að vonum að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson telji það kannske ekki heppilegan afgreiðslumáta að láta vinna mál í nefndum. Það er einhvern veginn eins og mig reki minni til að hér hafi verið talað um foringja 40 starfshópa á árum áður þegar hv. þm. var ráðh. og var enginn maður ötulli í að skipa fjölmenna starfshópa. Hér er um að ræða samstarfsnefndir beggja þeirra aðila sem hlut eiga að máli, annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar kennaranna sjálfra. Og það sem verið er að gera er að það er verið að vanda verkin. Það er unnið í mjög góðu samkomulagi og á málefnalegum grundvelli að þeirri lausn þessara mála sem viðunandi er. Ég vona að það takist. Starfslok eru nú mjög skammt undan í þessu, t. d. fyrir nokkrum dögum heils dags fundur í endurmatsnefndinni og tveim, þrem dögum áður annar mjög langur fundur. Þannig er unnið mjög ötullega að þessum málum. Hygg ég þá að þeim hluta fsp. hv. þm. sé svarað.

Hv. þm. spyr með hvaða hætti ríkisstj. hyggist bæta kjör kennara. Hv. þm. veit fullvel sjálfur að það gilda tiltekin lög í landinu um það hvernig standa beri að þessum málum en hv. þm. veit það kannske ekki, sem margir vita, að það eru í gangi núna sérkjaraviðræður til að ákvarða hvar í launaröðuninni kennarar verði. Ég skal ekkert um það segja hvort kennarar álíti að það sé betra að láta hina endanlegu ákvörðun um það koma þegar þeir sjá allt munstrið, ef svo má segja, í heild. Allt launakerfið verður stokkað upp á nýtt. Það verður

raðað í alla launaflokka að nýju. Ég veit ekki betur en að einmitt þetta atriði gefi þeirri stétt manna sem hér er um fjallað og raunar fleirum nýtt svigrúm til þess að fá viðunandi lausn á þeim vanda sem hér er við að etja. Það er algjörlega ljóst.

Allt það sem ég hef fylgst með af stjórnvalda hálfu hefur verið á þann veg að verið er að vinna að því að leysa þessi mál í samstarfi. Ég hvet til þess að þm. stuðli að því að unnið sé að lausn kjaradeilunnar í samstarfi og samvinnu en ekki á þann veg að menn sitji sem andstæðingar í einhverju stríði. Við erum að vinna að sameiginlegu hagsmunamáli, sem er mikilvægur þáttur í skóla- og menntakerfi landsins, og ég veit ekki betur en við séum öll sammála um að það sé þáttur sem varðar miklu fyrir framtíð okkar þjóðar, fyrir framtíð þess unga fólks sem í skólunum situr og fyrir allt líf þeirra sem í þeim stofnunum starfa. Ég vonast til þess að allir sem að þessu máli standa geri það með þeim hætti að menn hafi fullan sóma af og grípi ekki til neinna örþrifaráða sem ég hygg að ljóst sé að séu óþörf.

Það er allur vilji fyrir því að leysa þessi mál.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þegar þetta mál var til umr. í Sþ. í síðustu viku beindi ég fsp. til hæstv. fjmrh. sem hann hafði áður fallist á að svara við þessar umr. Fsp. var á þá leið hvort hæstv. fjmrh. tæki undir rök fulltrúa síns, Indriða H. Þorlákssonar, um að laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eigi að vera lægri en annarra háskólamenntaðra manna vegna þess að háskólamenntaðar konur eru fleiri hjá ríkinu en á hinum almenna vinnumarkaði. Og nú spyr ég: Ætlar hæstv. fjmrh. ekki að svara spurningunni?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hygg að allir hafi eftir því tekið að engin efnisleg svör komu frá hæstv. menntmrh. í þessu stóra máli. Það var ekki heldur upplýst af hæstv. ráðh. hvort hann hefði borið sig saman við fjmrh. og ætti von á stuðningi hans. Það er greinilegt að ríkisstj. og viðkomandi ráðh. ætla að halda þannig á málum að 1. mars líði án þess að gengið hafi verið frá sérkjarasamningum við kennara og án þess að fyrir liggi hvers sé að vænta í þeim efnum sem til umr. hafa verið, svo sem varðandi lögverndun á starfsheiti kennara og starfsmat fyrir þá. Þetta eru ósæmileg vinnubrögð og þau hlýt ég að fordæma og ég veit að það munu margir undir það taka.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vona að hv. þingheimi sé ljóst að þær ályktanir sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson dró voru mjög óvandaðar og alls ekki í neinu rökréttu samhengi við þær upplýsingar sem fyrir liggja. Þær virðast til þess eins fallnar að efla úlfúð. Og úlfúð verður ekki til þess að bæta aðstöðu til samningaviðræðna. Ef hv. þm. vill raunverulega stuðla að samkomulagi held ég að hann ætti ekki að vera með einhverjum óvönduðum hætti að seilast til ástæðna sem valda því einungis að auka tortryggni og auka erfiðleika í viðræðum.

Hv. forseti. Það er e. t. v. ekki mitt að svara fsp. hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, en mig langar til þess að skjóta inn einu atriði varðandi það sem hún spurði um. Ég hugsa að mér hafi brugðið jafnmikið í brún og henni og mörgum þegar hv. þm. las — að vísu tekinn út úr samhengi — kafla úr grg. Indriða Þorlákssonar, formanns samninganefndar ríkisins, og ég lét spyrjast fyrir um það strax hverju þetta sætti. Ég fékk þá skýringu að hér hafi verið um að ræða tiltekinn tölulið í greinargerð formannsins þar sem einungis var verið að skýra frá tölfræðilegum staðreyndum, upplýsingum um staðreyndir og útreikninga sem fyrir liggja, en ekki að þarna væri verið að tefla fram rökum fyrir því að svona ætti þetta að vera, heldur þvert á móti að þessi niðurstaða, þessi munur, sem við vitum öll að er í meðallaunum kvenna og karla í hinu opinbera kerfi, sé munur sem þarf að leiðrétta, það sé munur sem þarf að eyða.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það er augljóst að í allri sinni málefnafátækt ætlar stjórnarandstaðan að reyna að kynda enn betur undir þeim eldi sem þegar hefur verið kveiktur í sambandi við launamál kennara. (**HG:** Sem ríkisstj. hefur kynt.) Ja, þessi ríkisstj. bjó ekki til þann launaskala kennara sem þeir vinna við. Það var önnur ríkisstj. á milli sem gerði ekki neitt í því að leiðrétta launamál kennara. Við skulum átta okkur á því að það er sótt að ríkisstj. núna til að leiðrétta þann launamun sem orðinn var löngu áður en hún tók við. En við skulum ekki þræta um það. Þessi deila er í gangi. En allar deilur eiga sér einhverja lausn. Lausn finnst alltaf. Það er tímaspursmál hvenær sættir komast á. Ég veit að það augnablik er fyrirkvíðanlegt fyrir aumingja vesalings Alþb.-mennina sem hafa þá engan eld að kynda á þeim vígstöðvum lengur.

Ég kom upp til að svara hv. 11. þm. Reykv. sem beindi til mín spurningu. Ég er með hana á blaði skrifaða af hv. þm., en fyrri liður hennar hljóðar svo:

„Tekur ráðh. undir þau rök Indriða H. Þorlákssonar að meðallaun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eigi að vera allt að 6% lægri en meðallaun háskólamenntaðra manna á hinum almenna vinnumarkaði vegna þess að konur eru fjölmennari meðal háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna en annars staðar?“ — Ég vona að ég hafi lesið þetta rétt.

Nú vil ég taka það fyrst fram að ég hef rætt við formann launamálanefndar ríkisins, Indriða H. Þorláksson, sem hér er vitnað til, og hann segir mér, og ég trúi honum vel, það er trúverðugur starfsmaður, að þessi ummæli, sem eftir honum eru höfð, séu rangtúlkuð. Þau eru rangtúlkuð og slitin úr sambandi. En ef þau væru rétt, eins og gert er ráð fyrir hér í fsp., er mitt svar nei.

Spurning númer tvö:

„Er það stefna stjórnvalda að viðhalda kynbundnu launamisrétti með þessum hætti og nota misréttið sjálft sem rök til að viðhalda því?“ — Ég vona að ég fari rétt með þetta.

Svar mitt er að sjálfsögðu nei og hefði líklega verið það sama frá öllum ríkisstjórnum. Ég vona að ég hafi þá svarað þeirri spurningu líka.

Hitt er svo annað mál að hv. 2. þm. Austurl. — held ég ég fari rétt með — spurði á hvern hátt yrði staðið að lausn á sérkjarasamningum við kennara. Ég get ekki svarað því öðruvísi en að staðið verður að þeim á hefðbundinn hátt, á sama hátt og vant er. — Svo er verið að leggja fyrir mig spurningu hér nú um hvernig útkoman verður úr slíkum samningaumleitunum. Mér er ekki nokkur leið að svara því. Ég get alveg eins snúið spurningunni við: Hvernig halda þm. að niðurstaðan

verði af næstu viðræðum milli kennara og launamálanefndar ríkisins?

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þessi umr. fer að verða hinu háa Alþingi lítt til sóma. Það verð ég að segja. Hér blasir við að framhaldsskólum landsins verði að loka vegna þess að kennarar lifa ekki af launum sínum. Menn sitja hér svo og gantast með þau mál. Þetta er ekkert einkamál kennara landsins. Þetta er ekki síður mál okkar foreldra sem eiga börn í þessum skólum. Og við skyldum ætla að hið háa Alþingi ætti að sjá um mennt og menningu í landinu.

Það er afskaplega erfitt að ætla hæstv. ríkisstj. að hún taki þessi mál sérdeilis alvarlega. Alþb. er borið það á brýn að hér sé einungis um skæting að ræða og það verði því til mestrar gleði ef þessi sorglega deila ekki leysist. Það kemur jafnframt fram að hvorki menntmrh. hæstv. né hæstv. fjmrh. hafa lagt á sig að lesa grg. varnaraðila í kjaradómsmáli launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Hér er vitnað í embættismann í fjmrn. og það hefur komið fram bæði í sjónvarpi og hér að hæstv. fjmrh. hafði ekki hugmynd um hvað stóð í þessu plaggi og svo er að heyra af umr. hér að hæstv. menntmrh. viti það ekki heldur. Auðvitað eru röksemdir hér svo langt undir öllu velsæmi og hárréttar þær ábendingar sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur borið hér fram. Önnur röksemd um að ósambærilegt sé að bera saman einkasektorinn í launamálum og hinn opinbera er ekki betri, en hún er sú að það sé raunar miklu meiri launamunur í einkakerfinu, menn séu þar mjög mishátt settir. Þar komist menn til hárra launa án þess að þurfa að leggja á sig önnur eins ósköp eins og að læra eitthvað og kunna eitthvað og geta eitthvað. Þess vegna sé þetta ekki sambærilegt. Það er nánast stunið yfir því að fólk sem hefur sambærilega menntun hafi sambærileg laun. Þetta er auðvitað ósæmileg málfærsla, sem ráðh. bera algjörlega ábyrgð á en ekki embættismenn rn., því að gert er ráð fyrir að ráðh. lesi þau gögn sem frá rn. fara.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. mjög lengi. Hún er sorglegri en tárum taki. Um þetta mætti ræða heilan dag vegna þess að auðvitað eru launamál þjóðarinnar í algjörum ólestri. Hér er um það að ræða að sjötta tekjuhæsta þjóð í veröldinni er orðin svo bágstödd og búin að koma fjármunum sínum svo illa fyrir að það fólk sem vinnur þýðingarmestu störf þjóðfélagsins getur ekki lengur lifað af launum sínum. Þetta er vandamál sem Alþingi ætti að hafa næst á dagskrá að leysa. (Forseti hringir.) Það er ósæmilegt að ráðh. þjóðarinnar komi svo hér og væni heilan stjórnmálaflokk um óvönduheit vegna þess að áhyggjur eru hafðar af máli eins og þessu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Að sjálfsögðu vonast allir alþm. til þess að það takist samkomulag í þeirri launadeilu sem nú stendur á milli hæstv. ríkisstj. og kennara. Það er okkar allra ósk hvar svo sem við sitjum í salnum og hvoru megin við stjórnarborðið sem við erum. Þessi deila hefur hins vegar sprottið af því að það hefur orðið mjög verulegt launabil í landinu og aðgerðir hæstv. ríkisstj. í kjaramálum á síðustu misserum hafa enn vakið athygli á því hversu breitt þetta bil er orðið. Það er stór hópur þjóðfélagsþegna sem tekist hefur að velta öllum þeim byrðum af sér sem hæstv. ríkisstj. hefur reynt að jafna niður á þjóðina. Því miður er þetta sá hinn sami hópur og tekur því sem næst engan þátt í því að standa undir útgjöldum samfélagsins. Það er þetta misrétti sem opinberir starfsmenn og aðrir láglaunahópar eru að mótmæla í kjarabaráttu sinni nú. Það eru aðgerðir ríkisstj. sem öðru fremur hafa vakið athygli á þessu mikla misrétti.

En, herra forseti, það eru fleiri aðilar að þessu máli en hæstv. ríkisstj. og kennarar. Menn verða líka að hugleiða vandamál nemendanna. Hæstv. menntmrh. hlýtur að geta frætt okkur um hvað gerist þann 1. mars í framhaldsskólakerfinu ef ekki verður búið að ná samningum við kennara. Hvaða framhaldsskólar munu þá geta starfað áfram svo til ótruflaðir og hverjir ekki? Hæstv. menntmrh. hlýtur einnig að geta frætt okkur eitthvað um hvaða úrræði eru þá til til þess að reyna að tryggja það eftir föngum, ef ekki næst samkomulag, að íslenskir nemendur, sem þegar hafa orðið fyrir verulegum truflunum á skólastarfi vegna átaka um kaup og kjör milli hæstv. ríkisstj. og kennara, geti sómasamlega notið kennslu á þeim vetri sem nú er að líða og geti gengið til prófa í vor, þegar samkomulagi hefur verið náð, á grundvelli þeirrar takmörkuðu kennslu sem þeir hafa fengið. Hæstv. menntmrh. hlýtur eitthvað að vita um þessi mál, hlýtur að geta skýrt okkur frá þessum málum þegar svo fáir dagar eru til úrslita.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú deila, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, er að því leyti til gömul að þeir ráðherrar, sem með þessi mál fara í dag hafa ekki raskað þeim hlutföllum sem verið hafa. Ég tel að Kjaradómur hafi með sínum úrskurði skapað það rými sem þarf til að hægt sé að ná samkomulagi og ég tel að unnið sé að því að leita lausnar í því máli. Ég er sannfærður um að það er öllum fyrir bestu, bæði stjórnendum landsins og þegnum, að þær meginreglur gildi að menn starfi innan ramma laganna eins og gjarnan var sagt hér á haustdögum. Því segi ég þetta að því hefur verið haldið á loft að svo gæti farið að menn ætluðu ekki að starfa innan ramma laganna. Ég fyrir mína parta tel að slík ákvörðun væri ákaflega vanhugsuð og gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir fleiri en nokkurn grunar.

Ég vara við því að hér í þingsölum haldi menn æsingaræður á borð við það sem 10. landsk. þm. gerði áðan. Ég er ekki viss um að það sé gleymt að Alþb. var með menntmrh. Alþb. var með fjmrh. Leiðrétti hann hlut kennara gagnvart öðrum stéttum? Ég veit ekki til þess. Þó að svo hátt heyrist í þeirra herbúðum í dag er ekki víst að sé sagan skoðuð örlítið aftur í tímann komi í ljós að þeir hafi verið kennarastéttinni hagstæðari en aðrir.

Mér sýnist að það hafi farið þannig að fullmikið hafi borið á ódýrum tilraunum til árásar á þá tvo sjálfstæðisráðherra sem bera ábyrgð á þessum málum í dag. Ég vænti þess að þeir sem standa í þessari kjarabaráttu hugleiði það í fullri alvöru að það geti verið hollt að skoða hvort Alþb. hefur fylkt sér svo sterkt á bak við kennarastéttina til stuðnings þegar það hefur átt tök á því að verja þeirra mál.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. fyrir þau vör sem þau gáfu við fsp. minni. Ég fagna því að

ráðuneytismenn skuli hafa horfið frá því að beita launamismun kynjanna fyrir sig í samningaviðræðum við opinbera starfsmenn eins og allt útlit var fyrir áður en skýringar fengust á röksemdafærslum Indriða H. Þorlákssonar. Nú skora ég á ráðuneytismenn að gera enn betur og ráðast til atlögu við misréttið sjálft í komandi sérkjarasamningum og leiðrétta þar bæði hlut þeirra kvenna sem hér um ræðir og starfsmannahópsins alls.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er orðinn heldur leiðigjarn sá málflutningur, sem heyrist hérna nokkuð oft, að ef menn leyfa sér að hafa skoðun á málum og ekki síst ef sú skoðun er andstæð ríkisstj. séu menn að æsa til óláta. Í þessari umr. er verið að auglýsa eftir stefnu í menntamálum. Ríkisstj. er spurð hvort hún hafi stefnu í menntamálum og skólamálum. Hluti af slíkri stefnu er stefna í launamálum kennara. Það er það sem málið snýst um. Menn eru að spyrja hvað ríkisstj. hafi á prjónunum í þeim efnum, hvort hún hafi jafnvel í hyggju að gera kennarastörf að eftirsóttum störfum í landinu. Um þetta er verið að spyrja. Þessu ætti ríkisstj. að geta svarað. Svo er talað um að þetta mál eigi að fara hefðbundnar leiðir. Það er verið að spyrja að því hvort ríkisstj. ætli að fylgja eftir ákveðinni stefnu.

Það þýðir lítið að standa hérna í stól hvað eftir annað og lýsa því yfir að upp séu runnir nýir tímar í þessu landi, að nú sé að koma öld þekkingar og nýrra atvinnutækifæra og nýrra starfshátta, gamlir atvinnuhættir líði undir lok og nýrri atvinnuhættir taki við. Undirstaðan að öllu þessu er menntakerfi, skólakerfi. Sé mótuð stefna í þeim málum verður líka að móta stefnu í launamálum kennara. Það verður engin slík endurreisn, það verður ekki byggt á neinu slíku nema byrjað sé á grunninum, skólastarfinu. Þar er uppspretta þekkingarinnar. Og þetta varðar ekki bara börn. Þetta varðar fullorðna líka vegna þess að skóli á eftir að verða miklu mikilvægari fyrir fullorðið fólk en við gerum okkur grein fyrir í dag. Skóli er ekki bara hús, skóli er starf. Það er verið að spyrja að því hvort það verði þannig búið um launamál kennara að þar starfi fólk sem eflir þessa starfsemi. Það er þessi stefna sem verið er að lýsa eftir, hvort kennslustörf verði gerð að eftirsóknarverðu starfi.

Ég hef sagt einu sinni áður í þessum stól sögu um það þegar John F. Kennedy setti þjóð sinni það takmark að koma manni til tunglsins. Ég hélt því líka fram þá að það hefði verið lymskulegt, pólitískt bragð til að safna þjóðinni og þm. um það markmið að efla kennslu og rannsóknir í Bandaríkjunum. Ég held að það sé lykillinn. Þetta bragð tókst, það komst maður til tunglsins. En það mikilvægasta í því efni var ekki tunglgangan, heldur það að eftir stóð öflugasta kennslu- og rannsóknarstarf í heiminum. Á grundvelli þess 20 ára starfs byggist það að Bandaríkjamenn eru núna forustumenn í þekkingaröflun og þekkingariðnaði. Ég var að segja þessa sögu á fundi með menntaskólanemum í Kópavogi í gær og sagði þeim að Bandaríkjamenn hefðu átt þær lausnir að senda menn til tunglsins. Það kom uppástunga um það að líklega væri besta ráðið í menntaskólamálum á Íslandi að senda ríkisstj. til tunglsins. Aðra leið, var bætt við.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er talað um að eldar séu kyntir og æsingur sé í mönnum. Eru menn búnir að gleyma því hvers vegna þetta mál er hér á dagskrá? Fyrirspyrjandinn er hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram. Hann er sem sagt sá sem fyrstur kveikti eldana, eftir því að dæma sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. En ég segi: Þökk sé hv. þm. fyrir að koma með þetta mál hér inn til þess að hægt sé að ræða það og fá þau svör, ef svör skyldi kalla, sem hér hafa fengist.

Ekki var ég hissa á því þótt hv. 5. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson sæi ástæðu til að skjóta skildi fyrir hæstv. ráðh. Sjálfstfl. svo illa sem þeir voru komnir. En það liggur önnur ástæða til þess að hv. þm. skýtur skildi fyrir þá. Þannig er nefnilega að NT liggur nú undir miklu ámæli frá Sjálfstfl. og Morgunblaðinu vegna þess að einstaka menn þar eru að gera uppreisn gegn íhaldinu og frjálshyggjunni, að vísu sjálfsagt í þykjustunni. En það er vissara að rétta af „kúrsinn" og það gerði hv. þm. rækilega hér áðan. En erfiðara er að skilja það þegar hann er að tala um fyrrv. menntmrh. í þessu efni og gleymir þeim hæstv. menntmrh. sem á undan þeim sat sem nú er í stólnum, hv. þm. Ingvari Gíslasyni sem var í tæp fjögur ár. Var þetta dulbúin árás á hann einnig?

Auðvitað veit hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson að sú launatilfærsla, sem hefur orðið í þessu þjóðfélagi á tímum þessarar ríkisstj. til ýmissa annarra aðila í þjóðfélaginu en t. d. opinberra starfsmanna, ræður mestu um þessa ólgu, þessa ókyrrð í dag. Þetta veit hann. — Ég fagna því hins vegar að einhver framsóknarmaður skuli þó hafa djörfung í sér til að koma hér upp þó að ég hefði kosið að það væri á annan veg en þann að verja ráðherra íhaldsins í líf og blóð.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þannig er háttað verkaskiptingu ráðh. að fjmrh. fer með samninga við ríkisstarfsmenn, þ. á m. kennara. Ég minnti á menntmrh. og fjmrh. vegna þess að mér þótti nokkuð rökrétt að gera ráð fyrir því að sá maður sem fyrst var menntmrh. og síðan fjmrh. hefði til að bera þá grunnþekkingu og hefði viljað koma því á framfæri sem máli skipti í þessu sambandi. En það var athyglisvert að hv. 2. þm. Austurl. taldi ekki rétt að veita honum neina aðstoð þrátt fyrir ádeiluna sem hann hafði fengið. (Gripið fram í.) Hann var ekki búinn að biðja um orðið áðan. Það var alveg greinilegt hver afstaða hv. 2. þm. Austurl. var. Hann taldi að ráðh. hefði brugðist.

En það sem ég vildi undirstrika áðan var að launahlutfallið, hlutfallið á milli stéttanna, hefur verið kennarastéttinni mjög óhagstætt lengi. Þessi þróun byrjaði u. þ. b. 1956. Stór hluti af þessari þróun byggist á því að aðrar stéttir hafa fengið ákvæðisvinnutaxta eða álag á sína vinnu, en kennararnir hafa setið eftir hvað þetta snertir. Meðan uppmælingin tók við hjá sumum stéttum eða bónuskerfi sátu þeir eftir með það sama launakerfi og var. Þetta er grundvöllurinn fyrir þeirri mismunun sem orðið hefur. En það liggur ljóst fyrir að þegar Alþb.-menn hafa verið í aðstöðu til að breyta þessu kennurum í hag hafa þeir ekki gert það þó þeir séu núna ákaflega háværir þegar aðrir hafa tök á því að leiðrétta þetta.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur gert nokkuð að umtalsefni afskipti mín af kjaramálum kennara á liðnum árum. Það er rétt hjá

honum að ég gerði æðioft fyrir hönd ríkisstj. samninga við kennarasamtök, líklega eina fjóra aðalkjarasamninga og jafnmarga sérkjarasamninga. Ég hygg að samskipti við samtök kennara hafi á þessum tíma verið allgóð og þá hafi æðimörg hagsmunamál kennara verið til athugunar og komið til framkvæmda, en í fyrirspurnatíma er sannarlega ekki tækifæri til að rifja það upp.

Nú er allt annað ástand eins og menn þekkja. Nú eru fjöldauppsagnir í gangi og skólakerfið að lamast. Slíkt ástand skapaðist ekki í tíð fyrri stjórnar. Reyndar þarf að leita nokkuð langt aftur í tímann til að finna slíkt ástand. Undirrót þessa vanda er að sjálfsögðu sú að ríkisstj. hefur staðið fyrir því að taka u. þ. b. fjórðu hverju krónu úr launaumslagi fólks, bæði kennara og margra annarra. Það er auðvitað ekkert síður á ábyrgð hv. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar eða annarra þm. Framsfl. en þm. Sjálfstfl. að þessi kjaraskerðing hefur orðið með þeim afleiðingum að mjög mikill óróleiki er á vinnumarkaði eins og eðlilegt er. Þetta er undirrót vandans: Fólk getur ekki lifað af launum sínum og þess vegna grípa menn til svona aðgerða.

Í þessu sambandi er sérstök ástæða til að vekja athygli á því að hæstv. menntmrh. hefur framlengt uppsagnarfrest kennara um þrjá mánuði eins og flestir þekkja. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna á að vefengt hefur verið að ráðh. hafi rétt til þess með svo skömmum fyrirvara sem hér er um að ræða, aðeins hálfs mánaðar fyrirvara, að framlengja frest kennara. Það var talið í tíð fyrri ríkisstjórnar að ráðh. yrði að beita þessum rétti með a. m. k. mánaðar fyrirvara. Ég minnist þess að á þetta reyndi þegar ég var í fjmrn. Þá var fresturinn ekki notaður einmitt af þessari ástæðu að talið var að tími væri orðinn of skammur til þess. Ég vil sem sagt vekja athygli á því að hér er um mjög umdeilt lögfræðilegt spursmál að ræða og alls ekki ljóst að hæstv. ráðh. hafi réttinn sín megin.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Þá er komið að lokum umr. sem hófst á þriðjudaginn var í tilefni af fsp. minni um kjör og starfsaðstöðu framhaldsskólakennara. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka menntmrh. fyrir svör hennar við fsp. sem lutu að þeim atriðum sem undir menntmrn. heyra. Umr. í dag hefur raunar farið nokkuð út um víðan völl og snúist meira upp í karp milli stjórnar og stjórnarandstöðu en fsp. í sjálfu sér gaf tilefni til.

En við megum ekki gleyma því hver er kjarni málsins. Hann er einfaldlega sá að kennarar hafa sagt upp störfum frá og með 1. mars og hafa margir hverjir lýst því yfir að þeir muni halda fast við þá uppsögn þó svo að menntmrh. hafi framlengt starfstíma þeirra um þrjá mánuði. Það liður sem sagt að því að vandræðaástand skapast, svo að vægilega sé tekið til orða, í þessum efnum.

Frá því að umr. fór fram í Sþ. s. l. þriðjudag hafa þau tíðindi gerst að Kjaradómur hefur á laugardag kveðið upp úrskurð sinn í máli BHM gegn fjmrh. Viðhorfin eru þess vegna að mörgu leyti breytt. Um er að ræða algerlega nýtt launakerfi, nýja launatöflu. Er þá einfaldlega eftir að raða hinum ýmsu flokkum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna inn í þá töflu. Það er ekki langur tími til þess nú að vinna að sérkjarasamningum að því er framhaldsskólakennara varðar og raunar aðra hópa háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Það þarf að gerast fyrir 1. mars. Ég vil lýsa þeirri von minni að það verk takist að vinna fyrir þann dag, a. m. k. að því er tekur til framhaldsskólakennara þannig að þeim verði þá skipað í launaflokka sem samræmist ábyrgð þeirri og menntun sem þeir hafa aflað sér.

Sérkjarasamningur er gerður milli fjmrn. og hinna einstöku félaga innan BHM. Mér er ljóst að tíminn er ekki langur, en þegar hafa verið boðaðir samningafundir. Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á fjmrh., sem fer með samningsumboðið fyrir hönd ríkissjóðs, og einnig á menntmrh., sem þetta mál heyrir að mjög miklu leyti undir, að beita sem slíkir áhrifum sínum í þeim samningaviðræðum um sérkjarasamninga, sem nú eru að hefjast, til þess að samkomulag megi nást fyrir 1. mars eða þá mjög skömmu eftir þá dagsetningu þannig að frá verði bægt þeim vanda sem hefur skapast í þjóðfélaginu við uppsögn 440 framhaldsskólakennara sem eru 70% allra kennara í þeim skólum landsins. Hér er miklu alvarlegra mál á ferðinni en við gætum hafa haldið eftir að hafa hlýtt hér á umr. Þess vegna endurtek ég og ítreka þau tilmæli, þá von og ósk til þessara tveggja ráðh. sem að verulegu leyti hafa málið í hendi sér.

Staðfesting Flórens-sáttmála, fsp. 225. mál (þskj. 278). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Það er ekki ýkjalangur vegur frá því máli sem hér var rætt síðast til þess máls sem ég nú flyt.

Á síðasta þingi var flutt till. til þál. um staðfestingu Flórens-sáttmála. Hún var flutt af Gunnari G. Schram, Birni Dagbjartssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðmundi Bjarnasyni, Hjörleifi Guttormssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Pálma Jónssyni og Valdimar Indriðasyni. En þessir þm. eiga allir sæti í Rannsóknaráði ríkisins. Þessi till. var endurflutningur á samhljóða till. sem flutt var á næsta þingi þar áður en hlaut ekki afgreiðslu. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svonefndum Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá."

Eins og fram kemur í till. var enn fremur flutt á síðasta þingi frv. til l. um breytingu á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl., þar sem gert er ráð fyrir að tollskrárákvæðum verði breytt til samræmis við efnisatriði Flórens-sáttmálans.

Á aðalfundi UNESCO, sem haldinn var í Flórens á Ítalíu árið 1950, var samþykktur sáttmáli um niðurfellingu gjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarmála og ákveðið að leggja samninginn fyrir aðildarríkin til staðfestingar. Þessi samningur miðar að því að efla mennta-, vísinda- og menningarmálastarfsemi aðildarlandanna og greiða fyrir streymi hvers kyns efnis, tækjabúnaðar og tækja á milli aðildarríkjanna í þeim tilgangi og að stuðla að menningarlegum og efnahagslegum framförum innan vébanda þeirra. Ísland er nú eitt af örfáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja sem ekki hefur enn þá gerst aðili að þessum 34 ára gamla samningi.

Íslensk rannsóknarstarfsemi hefur lengi barist í bökkum. Andstæðingar hennar eru margir, t. d. sú faglega einangrun sem hlýst af fámenni og landfræðilegri legu Íslands, innbyrðis sundurlyndi en síðast en ekki síst fjármagnsskortur. Í því sambandi má nefna að aðflutningsgjöld af vísindatækjum eru umtalsverð fjárhagsleg byrði og oft stór hluti af naumu rekstrarfé rannsókna. Það hefur orðið stjórnmálamönnum sem og öðrum æ ljósara á síðustu árum að nýsköpun í atvinnuháttum byggist að verulegu og veigamiklu marki á rannsóknum. Íslendingar þurfa nú meira en áður að endurskipuleggja grundvallaratvinnuvegi sína og leita jafnframt fjölbreyttari atvinnukosta. Allt kallar þetta á undirstöðurannsóknir.

Í 1. gr. laga um Háskóla Íslands stendur, með leyfi forseta:

„Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu."

Þeir eru æ fleiri sem gera sér grein fyrir því að til þess að Háskólinn geti staðið undir nafni og fylgt þeim lögum, sem um hann hafa verið sett, verða háskólakennarar að geta stundað rannsóknir í kennslugrein sinni. Mikið vantar á í þeim efnum nú og eru virkar rannsóknir háskólakennara næstum undantekning fremur en regla, en meginhluti vinnutíma háskólakennara er bundinn við kennslu eingöngu. Rannsóknir fara þó fram víðar en í Háskólanum, ekki síst vegna þess aðskilnaðar sem varð milli rannsóknastofnana atvinnuveganna annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar. Þær stofnanir og aðrar, sem vinna beinlínis að rannsóknum í þágu atvinnuveganna, þurfa einnig allan þann stuðning sem hægt er að veita. Sú framtíð sem við blasir gerir æ meiri kröfur til þekkingar og margar þær atvinnugreinar, sem nú virðast hafa hvað þróttmestan vaxtarbrodd, byggja fyrst og fremst á hugviti og aðstöðu til að beita því. Það er því grundvallaratriði, bæði til afkomu en ekki síður fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, að hún hafi frumkvæði og metnað til að stunda eigin rannsóknir. Okkur dugar því ekki lengur að skipa bekk með þeim þjóðum sem minnst leggja til rannsóknarstarfsemi eins og verið hefur. En skv. opinberum skýrslum rannsóknaráða Evrópu og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu hefur Ísland verið meðal þeirra þjóða sem minnst leggja af mörkum til rannsóknarstarfsemi, en það hefur verið talsvert innan við 1% af þjóðarframleiðslu.

Sem betur fer virðist nú vera vaxandi skilningur á þessu ófremdarástandi. Má í því sambandi vitna til fjölmenns og ágæts ársfundar Rannsóknaráðs ríkisins sem haldinn var fyrir rúmri viku. Hann var fjölsóttur af fulltrúum frá Háskóla Íslands, frá hinum ýmsu stofnunum atvinnuveganna og einnig af ýmsum fulltrúum fyrirtækja og annars staðar úr atvinnulífinu. Það var mjög greinilega ríkjandi viðurkenning á þeirri staðreynd að þekking og skilningur eru ekki bara lífsgæði heldur árangur rannsókna og jafnframt í vaxandi mæli markaðsvara nútímans og framtíðarinnar.

Það er því vel að bæði ofangreind þingmál voru samþykkt á síðasta þingi. Fjmrn. mun vera með reglugerð í smíðum um útfærslu á breyttum tollskrárákvæðum þeirra er áður var minnst á. Ég vil því, ásamt Gunnari G. Schram og Birni Dagbjartssyni hv. þm., bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. utanrrh. á þskj. 278:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 15. mars 1984 um staðfestingu á aðild Íslands að Flórens-sáttmálanum?"

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur greint frá efni fsp. og sömuleiðis rakið þál. þá um staðfestingu Flórens-sáttmála sem fsp. fjallar um, þannig að ég tel ekki þörf á því.

Flórens-sáttmáli um innflutning vara til mennta-, vísinda- og menningarmála var samþykktur 22. nóvember 1950. Skv. 1. gr. sáttmálans skuldbinda aðildarríkin sig til að leggja ekki aðflutningsgjöld á eftirfarandi vörur sem taldar eru upp í viðaukum sáttmálans og upprunnar eru í öðru aðildarríki:

Viðauki A): Bækur, ýmis rit og önnur skjöl.

Viðauki B): Listaverk og safnmunir menntunarlegs, vísindalegs eða menningarlegs eðlis.

Viðauki C): Sýningarefni og hljóðritað efni menntunarlegs, vísindalegs eða menningarlegs eðlis.

Viðauki D): Vísindatæki og búnaður til notkunar við kennslu eða vísindarannsóknir.

Viðauki E): Vörur til afnota fyrir blinda.

Í viðaukum eru nánari skilgreiningar á ofangreindum vörum auk skilmála. Skv. lögum nr. 120/1976, um tollskrá, eru aðflutningsgjöld ekki lögð á vörur sem taldar eru upp í viðaukum A) og B) nema á bækur með íslensku efni sem fluttar eru inn frá löndum utan EBE og EFTA, en á þær er lagður 7% tollur. Til þess að geta framfylgt Flórens-sáttmálanum þarf að leggja niður þennan toll, annaðhvort með því að breyta tollskrárlögum eða beita 6. tölul. 3. gr. laganna sem heimilar fjmrn. að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í milliríkjasamningum. Þessi þáttur er til athugunar og meðferðar í fjmrn.

Skv. 37. tölul. 3. gr. tollskrárlaga er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld af hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjónskertra, sbr. viðauka E). Með bréfi fjmrn. 15. okt. 1982 er ákveðið að beita þessari heimild og sett nánari skilyrði um þennan innflutning.

Til þess að geta framfylgt viðauka D) var 39. tölul. 3. gr. tollskrárlaga breytt með lögum nr. 29/1984 og fjmrn. veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum.

Frá og með 1. janúar s. l. hefur heimild þessari verið beitt og aðflutningsgjöld felld niður í einstökum tilfellum. Unnið er í fjmrn. að reglugerð um framkvæmd þessarar heimildar almennt.

Ekki hafa enn verið gerðar ráðstafanir til að geta fellt niður gjöld af vörum í viðauka C), en á sumar þeirra er nú lagður 75% tollur. Fjmrn. hefur eins og kunnugt er haft til endurskoðunar tollskrá og undirbúið vandlega till., en lausn vandamálanna, sem tengjast þessum þáttum, felst væntanlega í þeirri endurskoðun. Ljóst er af framansögðu að til þess að geta staðfest Flórens-sáttmálann þarf að gera ráðstafanir, annars vegar vegna tollsins á bækur með íslensku efni og hins vegar vegna vara í viðauka C). Að svo búnu er hins vegar ekkert til fyrirstöðu þess að unnt sé að staðfesta aðild Íslands að umræddum Flórens-sáttmála.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svör hans, en í raun er ég alveg jafn nær um hvenær á að framkvæma þennan vilja Alþingis. Það liggur fyrir að málin hafa verið samþykkt hvor tveggja á s. l. þingi og vilji Alþingis er að þau nái fram að ganga. En ég er alveg jafn nær eftir svar hæstv. utanrrh. hvenær það verður. Fjmrn. bað um frest á þessu í fyrra fram að 1. jan. og nú heyri ég að í einstökum tilfellum hefur verið veitt undanþága. Málið er í athugun í fjmrn. E. t. v. gæti hæstv. fjmrh. frætt okkur um það hvenær væri að vænta framkvæmdar málsins?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég get nú ekki svarað án þess að endurtaka sumt af því sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. Eins og menn vita fjallar Flórens-sáttmálinn um innflutning vara til mennta-, vísinda- og menningarmála. Hér var rætt um viðaukana. Í viðauka A) eru bækur, ýmis ritföng og önnur skjöl, prentaðar bækur, bæklingar, blöð og tímarit og ýmiss konar kort og uppdrættir. Aðflutningsgjöld eru ekki lögð á þessar vörur. Ein undantekning er þó frá því, eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh., þ. e. innfluttar bækur á íslensku, en á þær er lagður 7% tollur. Í tollalagafrv., sem nú er í bígerð, er gert ráð fyrir að þessi tollur lækki í 5%. Tollur þessi er sennilega lagður á til verndar íslenskum bókaframleiðendum. En til að Ísland geti staðfest sáttmálann þarf að fella þennan toll niður og hlýtur þá að vera best að það sé gert í frv. því sem nú er í undirbúningi.

Hins vegar er hér um pólitískt mál að ræða og búast má við mótmælum frá prentiðnaðinum ef tollar á bókum prentuðum erlendis verða alfarið felldir niður. Hér er því um visst vandamál að ræða sem þarf að taka pólitíska ákvörðun um.

Í viðauka B) eru listaverk, safnmunir, menntunarlegs, vísindalegs og menningarlegs eðlis. Hér er að vísu um tolla að ræða, en þeir eru allir í 0-tollflokki.

Í viðauka C) er sýningarefni og hljóðritað efni menntunarlegs, vísindalegs eða menningarlegs eðlis. Undir þetta falla kvikmyndir, hljómplötur og hljóðbönd, kassettur og myndbönd o. fl., en það eru engin aðflutningsgjöld af kvikmyndum. Aðflutningsgjöld af hljómplötum, hljóðböndum og myndböndum með erlendu efni eru, eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh., með 75% tolli ásamt vörugjaldi sem er 30%. Af íslensku efni er það 20%, en með kennsluefni er það 0.

Í tollalagafrv., sem nú er unnið að, er gert ráð fyrir að ofangreindar vörur með erlendu efni beri 20% toll, en tollur af íslensku efni verði 0 og liðurinn kennsluefni falli alfarið út úr tollskránni. Sú spurning hefur vaknað hvort setja ætti ákvæði í lögin þar sem tollur af efni sem inniheldur efni menntunarlegs, vísindalegs eða menningarlegs eðlis yrði felldur niður. Sá liður yrði hins vegar afskaplega erfiður í framkvæmd ef ekki óframkvæmanlegur. Því hver á að skera úr því hvert gildi viðkomandi efni hefur? Rn. telur sér ekki fært að svo stöddu að verða eins konar hæstiréttur í þeim efnum.

Viðauki D) eru vísindatæki og búnaður til notkunar við kennslu eða vísindarannsóknir. Hæstv. utanrrh. vitnaði til laga nr. 29/1984. Hér vil ég segja það að fjmrh. hefur nú þegar gefið út auglýsingu varðandi framkvæmd þessa ákvæðis þannig að tollar hafa þegar verið felldir niður.

Í viðauka E) þar sem eru vörur fyrir blinda — ég þarf ekki að endurtaka það — hefur þegar verið notuð og er í gangi heimild sem gefin var út 15. okt. 1982 og voru settar nákvæmar reglur þar um.

En ég verð að segja að þrátt fyrir samþykkt Alþingis um að fela fjmrn. að setja ákveðnar reglur til að meta hvað tilheyrir menningu og hvað ekki menningu og hvað á að falla undir hvern lið fyrir sig, þá er þetta ákaflega erfitt og langvinnt verkefni. Eigi að síður er nú verið að kanna í fjmrn. með hvaða hætti hægt er að setja reglur sem gera okkur kleift að staðfesta umræddan sáttmála. Sem sagt, það er unnið að þessu þrátt fyrir þann vanda sem samþykkt Alþingis setti fjmrn. í þegar á að meta hvað er hvað í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Það er nú kannske komið á daginn að ekki er sanngjarnt að láta fjmrn. reyna að skilgreina menningu. En ég get samt ekki alveg séð að það skuli vera pólitísk ákvörðun að framkvæma vilja Alþingis og ég vildi benda hæstv. fjmrh. á það að Íslendingar hafa yfirleitt ekki látið bækur þvælast fyrir sér og ég vildi jafnframt benda á það að við höfum engin efni á að bíða. Það er mjög mikilvægt mál að ákvæði þessa samnings komist í gildi til þess að mennta-, menningar- og vísindalíf fái þrifist hér sem grundvöllur fyrir framtíð okkar. Ég vildi því hvetja hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að þessu máli verði lokið sem fyrst og reglugerðin verði smíðuð. Hann getur þá kvatt til sín hjálp úr menntmrn. eða hvaðan sem hún best gæti komið til þess að hægt sé að skilgreina hvað tilheyri menningu og hvað ekki.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Mér þykir ákaflega vænt um að það komi í ljós að til er manneskja sem getur skilgreint hvað er menning. Það er enginn vandi að gera tollfrjáls menningarrit og tímarit og bækur sem það snertir, en menning er miklu víðtækari, það er vandamál okkar að skilgreina hvað er menning. Mér þætti vænt um ef hv. þm. kæmi nú upp í fjmrn. og hjálpaði okkur til þess að gera þetta að veruleika, að skilgreina hvað er menning.

Starfsemi banka og sparisjóða, fsp. 257. mál (þskj. 435). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 435 leyft mér að flytja fsp. til hæstv. viðskrh. um starfsemi banka og sparisjóða. Þessi fsp. er sú fyrsta sem hér kemur til umr. af þeim sex fsp. sem ég hef lagt fyrir hæstv. viðskrh. og snerta umsvif og ýmsa þætti í starfsemi banka og sparisjóða. Sú fsp. sem hér er lögð fram hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hverju nema skuldbindingar viðskiptabankanna erlendis?

2. Hverjar eru heimildir viðskiptabankanna til lántöku erlendis?

3. Hvernig er ábyrgð ríkissjóðs háttað á erlendum skuldbindingum bankanna?

4. Hvernig er háttað ábyrgð viðskiptabanka og sparisjóða á innstæðum sparifjáreigenda og með hvaða hætti eru innstæður sparifjáreigenda tryggðar í bönkum og sparisjóðum?“

Aðrar fsp., sem enn er ósvarað, snerta eiginfjárstöðu banka og sparisjóða, fjárfestingarbankanna, útlán- og heildarfyrirgreiðslur til stærstu lántakenda, verðbréfamarkaðinn, auglýsingakostnað bankanna, vaxtamismun, vanskil í bönkum og sparisjóðum og fleira.

Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þessa sérstöku fsp. sem nú liggur fyrir til umr. Ljóst er að það hvernig starfsemi banka og sparisjóða er háttað getur haft víðtæk áhrif á hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild. Því er nauðsynlegt aðhald af hálfu Alþingis og að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir um starfsemi peningamálastofnana í landinu.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. hefur gert grein fyrir þeim fsp. sem hann hefur beint til viðskrh. á þskj. 435 og lesið þær hér upp svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær.

Svar við fyrstu fsp. er svohljóðandi: Hinn 31. des. 1984 námu skuldbindingar viðskiptabankanna erlendis sem hér segir í milljónum króna á gengi 31. þess mánaðar: Yfirdráttarskuldir hjá erlendum bönkum 1 milljarður 117 millj., endurlánuð skammtímalán 6 milljarðar 81 millj., endurlánuð lán til langs tíma 4 milljarðar 661 millj., erlendar ábyrgðir 3 milljarðar 957 millj. Samtals 15 milljarðar 816 millj.

Að því er varðar 2. tölul. fsp. má vísa til lagaákvæða, nánar tiltekið í lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í 12. gr. er kveðið á um þá meginreglu sem skal gilda um heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til lántöku erlendis. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis, nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu svo og leigusamningar, sjá þó 2. málsgr.

Viðskrn. setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur til lengri eða skemmri tíma, þar með talið stutt vörukaupalán.

Lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka erlendis til að endurlána innlendum aðilum, svo og aðrar lántökur en þær sem nefndar eru í 10. gr., skulu háðar ákvæðum þessarar greinar."

Eins og fram kemur í 12. gr. njóta viðskiptabankar og sparisjóðir undanþágu frá meginreglunni. Undanþáguna er, eins og áður segir, að finna í 10. gr. laganna. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skulu þeir gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum, svo og rn., ef þess er óskað. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi."

Á grundvelli laga nr. 63/1979 hefur verið sett reglugerð með sama heiti og lögin. Með reglugerð nr. 383/1984 var þessari reglugerð breytt. Breytingin fólst í því að orðalagið „skamma hríð" í 10. gr. laganna var skilgreint sem fast ákveðið tímabil, eða ein vika. Á grundvelli laga nr. 63/1979 og laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, hefur Seðlabankinn sett viðskiptabönkunum og sparisjóðum reglur um greiðslujöfnuð og fleira. Núgildandi reglur eru frá 12. sept. 1984 og í samræmi við það sem kom fram í áðurnefndri reglugerðarbreytingu.

Um 3. tölulið fsp. er það að segja að svarið er að finna í lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka. Hafa öll lögin að geyma samhljóða ákvæði. Svo að dæmi sé tekið má nefna 2. gr. Landsbankalaganna en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni."

Um 4. tölul. fsp. skal þetta tekið fram: Viðskiptabankar bera ábyrgð á innstæðum sparifjáreigenda með öllum eignum sínum. Sé um ríkisviðskiptabanka að ræða ber ríkissjóður auk þess einfalda ábyrgð á skuldbindingum bankans gagnvart innstæðueigendum. Ábyrgð sparisjóða gagnvart innstæðueigendum er með svipuðum hætti og gildir almennt um viðskiptabanka. Sparisjóðirnir bera ábyrgð á innstæðum með eigum sínum, stofnfé, ábyrgðarfé og tryggingarfé. Af þessu leiðir að innstæður í viðskiptabönkum eru fyrst og fremst tryggðar með eigin fé þessara stofnana en eins og áður segir ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Einnig er starfandi tryggingarsjóður sparisjóða. Er tilgangur sjóðsins að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslur á þeim. Getur tryggingarsjóðurinn veitt sparisjóði bráðabirgðalán gegn tryggingu, er stjórn sjóðsins metur gilda, til að fullnægja skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé. Því skal hins vegar ekki neitað að þessi sjóður hefur aldrei náð nægjanlegum styrkleika. Má það rekja til þess skipulags sem honum er ákveðið í lögum en gert er ráð fyrir að því verði breytt.

Ég tel að með því sem hér hefur fram komið hafi ég svarað fsp. hv. þm.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það hefði náttúrlega mátt bæta því við og spyrja, í samræmi við þá reglu sem gildir um yfirdrætti viðskiptabankanna, hvort það standist í þessum tölum frá 31. desember og hvernig tekist hafi að standa við það að yfirdráttur til skamms tíma færi ekki fram úr innstæðum bankanna erlendis en það á að vera meginregla skv. ákvæði laganna.

En það sem ég vildi fyrst og fremst gera að umtalsefni er það sem kom fram í svari viðskrh. við 4. lið fsp. — eða réttara sagt það sem kannske kom tæplega fram í svari ráðh. þegar hann svaraði 4. lið fsp. Sannleikurinn er sá að ég held að stór hluti Íslendinga sé þeirrar skoðunar að innstæður þeirra í bönkum og sparisjóðum séu tryggar. En í öðrum bönkum en ríkisbönkum er engin raunveruleg endurtrygging eða ábyrgð á innstæðum önnur en eignir bankanna sjálfra. Ef t. d. Alþýðubankinn eða Samvinnubankinn eða Verslunarbankinn eða Iðnaðarbankinn eða einhverjir sparisjóðir skyldu rúlla í þeim skilningi að verða gjaldþrota, þá þýðir það að eignir bankanna standa ekki undir skuldbindingum þeirra og þá eru engar tryggingar sem vernda innstæðufé sparifjáreigenda. Eða eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh., innstæðurnar í bönkunum eru aðeins tryggðar með eignum bankanna. Þetta er í raun frábrugðið því sem tíðkast í langflestum grannlöndum okkar, þar sem eru eins konar tryggingarákvæði um það að ef slík staða kemur upp þá taki sjóðir að sér, tryggingarsjóðir getum við í rauninni kallað þá, að

greiða innstæður upp að tilteknu hámarki. Þannig er þetta t. d. í Bandaríkjunum. Og ég held mér sé óhætt að fullyrða að í flestum grannlöndum okkar sé þetta líka þannig.

Í starfi svonefndrar bankamálanefndar, sem ég sat í ásamt fleiri þm., kom þetta nokkuð til umfjöllunar. Ekki varð að ráði hjá meiri hluta nefndarinnar að gera tillögur varðandi þetta atriði. En ég vakti sérstaka athygli á þessu máli í nál. vegna þess að ég held að menn búi við falskt öryggi í þessum efnum, telji sér trú um að menn búi við langtum meiri tryggingar en raun ber vitni.

Ég tel að þetta sé stórt mál, herra forseti, og að fyllsta ástæða sé til þess að gaumgæft verði með hvaða hætti menn vilja tryggja innstæður betur en nú er gert og hvort ekki sé ástæða til að fara svipaðar leiðir og farnar hafa verið í grannlöndum okkar í þeim efnum.

Ég vildi gjarnan að lokum, herra forseti, heyra álit hæstv. viðskrh. á því hvort hann telji það ekki athugunarefni.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. mjög greinargóð og ítarleg svör við þeim fsp. sem ég hef hér lagt fram. Satt að segja kom sú upphæð sem hæstv. viðskrh. nefndi um skuldbindingar viðskiptabankanna erlendis mér mjög á óvart. Hér er um geysilega háa upphæð að ræða, tæpa 16 milljarða kr. Því vaknar sú spurning hvort þessar skuldbindingar séu allar gerðar með vitund og ábyrgð ríkisstj. Um það vil ég spyrja. Það er líka ljóst að hæstv. ríkisstj. hefur þótt full ástæða til að setja erlendum lántökum bankanna ákveðnar skorður. Í hinum svokölluðu efnahagsaðgerðum ríkisstj. kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Heimildir banka til ábyrgða og erlendrar lántöku, til að endurlána einstaklingum eða fyrirtækjum, taki m. a. mið af eiginfjárstöðu viðkomandi banka."

Því hefði auðvitað verið fróðlegt að fá svar við því, um leið og við ræðum þessa fsp. um erlendar lántökur, hver sé eiginfjárstaða bankanna. Bæði vegna erlendrar lántöku og ekki síst með tilliti til þess sem hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson kom inn á, tryggingar sparifjáreigenda fyrir sínum innstæðum þar sem hún ræðst mikið af því hver eiginfjárstaða bankanna er.

Það er ljóst að útþensla bankakerfisins hefur verið *meiri en góðu hófi gegnir*. Nauðsynlegt er að fram komi hve mikið t. d. af eiginfé bankanna er bundið í fasteignum. Sú spurning hlýtur að vakna hvort bankarnir hafi gengið á innlánsfé sparifjáreigenda til að fjármagna fasteignamyndun sína. En það er kannske annað mál og um það fáum við tækifæri til að fjalla síðar. En þegar það er ljóst að sparifjáreigendur verða að treysta á það sem ábyrgð fyrir sínum innstæðum að eiginfjárstaða bankanna sé nokkuð traust, þá er rétt að upplýsa það að í skýrslu um efnahag og rekstur bankanna fyrir árið 1982, sem útgefin er af Seðlabanka, kom það fram t. d. að eigið fé eins viðskiptabankans, að frádregnum fasteignum og áhöldum, var ekkert í árslok 1982 og að bankinn hafði fjárfest töluvert umfram eiginfjárstöðu. Var varanleg fjármunamyndun í þeim banka 33% umfram eigið fé. Sömu sögu er að segja um tvo aðra banka þetta ár, að eiginfjárstaða þeirra var í núlli í árslok. Það er því vissulega full ástæða til að setja þessu ákveðnar skorður og um það virðist mér vera nokkur vilyrði uppi af hálfu ríkisstj. í þessum svokölluðu efnahagsaðgerðum hennar, en þar kemur þetta ákvæði fram.

En ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðh.: Er það með vitund ríkisstj. að þessar skuldbindingar eru gerðar? Og þá spyr ég um ábyrgðina í leiðinni.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. ræddi í sinni ræðu um tryggingar á því sparifé sem landsmenn eiga í innlánsstofnunum. Sem betur fer er reynslan sú að það hefur aldrei átt sér stað að fólk hafi þurft að standa frammi fyrir því að fá ekki sparifé sitt greitt. Hins vegar benti þm. réttilega á að í sambandi við einkabankana og sérstaklega sparisjóðina er um miklu minni tryggingu að ræða en í sambandi við ríkisbankana.

Ég vék að því aðeins í lok ræðu minnar áðan, er ég gerði grein fyrir tryggingarsjóði sparisjóða, að ég teldi að þar þyrfti að gera bragarbót á. Og ég ætla að þegar frv. um sparisjóðina verður lagt fyrir þingið nú á næstunni, þá megi sjá í því frv. að hugsað er fyrir því einmitt að gera það mögulegt að tryggingarsjóður sé fyrir hendi, þannig að þar sé um að ræða sameiginlega tryggingu hjá sparisjóðunum.

Það verður að sjálfsögðu eitt af því sem þingið tekur afstöðu til þegar bæði frv., um viðskiptabanka og sparisjóði, verða hér til umr., með hvaða hætti það vill haga þessum málum. Ég met það svo að hér vilji menn fyrst og fremst vera öruggir um að viðskiptamenn stofnana megi ganga að því sem gefnu, þegar þeir leggja sparifé sitt inn, að það fáist þaðan með réttum skilum út aftur.

Að sjálfsögðu verður ævinlega að treysta því að stjórnendur stofnana, þeir sem veljast til að stýra þeim, sjái vel fyrir því fjármagni sem stofnunum er falið til geymslu og þannig sé í raun og veru ævinlega full trygging fyrir því að það fjármagn sem innstæðueigendur eiga skili sér til útborgunar þegar þess verður óskað. En hv. þm. spurði um skoðun mína á þessu. Eins og ég vék að í minni fyrri ræðu tel ég mjög æskilegt að því er varðar sparisjóðina að tryggingarsjóðurinn verði efldur til þess að gera stöðu sparifjáreigenda, sem við þá skipta, öruggari. Helst eigi það að vera þannig að ekki skipti máli hvar fjármagnið er geymt, eigendur þess eigi jafnan rétt á að fá það endurgreitt hvort sem það er í sparisjóðum eða bönkum og hvort sem um er að ræða ríkisbanka eða einkabanka.

Hv. fyrirspyrjandi, 2. landsk. þm., spurði hvort þær skuldir og ábyrgðir sem bankarnir væru í væru til orðnar með vitund ríkisstj. Það liggur ljóst fyrir um hver einustu mánaðamót hvernig staða þessara stofnana er. Það varð á þessu misbrestur á s. l. ári eins og öllum er kunnugt. Og einmitt þess vegna var gerð breyting á reglugerðinni, til þess að tryggja það að út fyrir það sem reglugerð og lög mæla verði ekki farið. Hins vegar verður að taka það með í reikninginn að hér er um að ræða endurlánuð skammtímalán með tryggingum innanlands, endurlánuð löng lán með tryggingum innanlands og endurlánaðar ábyrgðir með tryggingum innanlands. Þannig að eftir standa yfirdráttarskuldir hjá erlendum bönkum upp á 1 milljarð 117 millj. sem eru þá skuld ríkisviðskiptabankanna, því hér er fyrst og fremst um þá að ræða á þessum tíma, svo lítið er það sem aðrir bankar hafa verið í fyrirgreiðslu um erlend lán.

Eins og ég sagði áðan liggur fyrir um hver mánaðamót greinargerð um stöðu bankanna. Það á því ekki að geta farið fram hjá neinum hvernig þessir hlutir hafa gerst. En einmitt vegna þess sem úrskeiðis fór á s. l. ári var gerð á reglugerðinni breyting og ég veit ekki til að út af hafi brugðið eftir að sú reglugerðarbreyting var gerð.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Ég skil hann svo að hann telji nauðsynlegt að menn geti verið öruggir með innstæður sínar í bönkum og sparisjóðum, hverju nafni sem þeir nefnast, hvort heldur þeir flokkast sem ríkisbankar, einkabankar eða sparisjóðir af einu eða öðru tagi, og hann muni íhuga mjög gaumgæfilega og hyggja að því að koma á þeim tryggingum, sem nauðsynlegar og eðlilegar geti talist þannig að menn geti verið bærilega öruggir með innstæður sínar, hvað menn eru ekki eins og stendur og við ríkjandi skipulag, enda þótt, eins og hann tók fram, ekki hafi til þess komið að menn hafi tapað innstæðum í peningastofnunum, sem betur fer. Ég vænti þess því að þegar bankamálin koma hér frekar til umfjöllunar verði þetta eitt af því sem viðskrh. leggi fram till. um.

Maður vaknar svona til umhugsunar um þetta sterkar annað veifið, ef ég má orða það svo. Og þó manni þyki það afleitt skipulag sem hefur verið, þá er það nú þannig að þegar manni berast einhver tíðindi um að ekki gangi allt of vel í bankakerfinu vaknar maður enn til vitundar um hvað þetta getur verið nauðsynlegt. Það ganga nú reyndar sögur af því einmitt núna að afkoma bankanna yfirleitt sé ekki mjög góð. Afkoma sumra banka sé afleit og sumra sparisjóða mjög slæm. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. getur staðfest það að þannig sé í pottinn búið. En ef hann hefði einhver tíðindi af því eða gæti eitthvað um það sagt þá væri það vel þegið. Að öðru leyti þakka ég honum svörin.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því sem hv. 3. þm. Reykn. sagði hér í lokin um afkomu banka og sparisjóða á árinu 1984 vil ég láta þess getið að ég hef ekki niðurstöður einstakra ársreikninga þessara stofnana. Mér er hins vegar kunnugt um að það hefur gengið misjafnlega, eins og gefur að skilja, þar eins og annars staðar hefur rekstrarafkoma verið mismunandi. Ég hef þar með ekki möguleika hér og nú að tjá mig um það. Reikningar þessara stofnana hafa ekki borist rn., sjálfsagt vegna þess að þeim er ekki fullkomlega lokið. En þegar frv. um viðskiptabanka verður hér til umr. og í nefnd trúi ég að menn vilji gjarnan fá tækifæri til að skoða þessi mál og það verði þá hægt — og auðvitað ekki aðeins þá heldur um leið og reikningar liggja fyrir sé það öllum ljóst hvernig afkoma þeirra hefur verið.

Veiði á smokkfiski, fsp. 276. mál (þskj. 454). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Á þskj. 454 hef ég leyft mér að leggja fram eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvrh. um veiði, nýtingu og kaup á smokkfiski:

„1. a. Hvaða ráðstafanir voru gerðar á vegum sjútvrn. til að auðvelda og tryggja að aflað yrði smokkfisks til beitufrystingar úr þeirri smokkfiskgöngu sem var við Vestfirði og Vesturland í haust?
   b. Hve mikið var fryst til beitu?
   c. Voru gerðar tilraunir til að vinna smokkfiskinn til manneldis?
   Eru markaðir fyrir slíka vöru?
2. a. Hve mikið var flutt inn af beitusmokki 1983?
   b. Hve mikið er áætlað að flytja inn nú til notkunar á yfirstandandi vertíð og hvert er áætlað söluverð þeirrar beitu?“

Á síðastliðnu hausti var mikil smokkfiskgengd í fjörðum og flóum frá Snæfellsnesi vestur og norður á Húnaflóa. Smokkfiskur er talinn mjög góður til beitu en þó sérstaklega talinn tálbeita á haustmánuðum og fyrri hluta vertíðar. Nú á tímum fiskveiðistjórnunar, sem m. a. er að sögn til þess að skipuleggja rétta nýtingu fiskistofna, láta ekki sækja um of í nytjastofna og ekki heldur vannýta þá stofna sem óhætt er að veiða úr, hlýtur að vera spurt um það hvað gert hafi verið af stjórnunarvaldinu til að auðvelda og tryggja það að aflað yrði smokkfisks til beitu. Mín spurning kemur því í beinu framhaldi: Hvað rn. hafi komið til leiðar mikilli beitufrystingu af smokkfiski? Það er nú svo að þessi fiskur geymist mjög vel frosinn. Það hefði því ekki verið neitt hættulegt að frysta af smokkinum til áætlaðrar notkunar tveggja ára eða svo.

Hér áður fyrr var það næstum árvisst að smokkfiskur kæmi inn á firði á Vestfjörðum og fyrir Norðurlandi og væri veiddur til beitu. Með hlýnandi veðurfari og hlýrri sjó væri hægt að gera sér vonir um að sagan endurtæki sig, þessi fiskur yrði hér árviss. Smokkfiskur ku vera herramannsmatur og víða veiddur til manneldis. Það eru ekki mörg ár síðan að við nýttum ekki loðnuna til annars en beitu. Nú er hún unnin í stórum stíl til manneldis og er víst einnig mjög góð fæða. Gerði rn. ekki eitthvað til þess að kanna það hvort rétt væri að undirbúa framleiðslu á þessum fiski til manneldis? Nú mun vera fluttur inn smokkur frá Falklandseyjum til að sjóða hér niður í niðursuðuverksmiðjum. Er ekki hægt að nota hráefni af Íslandsmiðum til þessarar vinnslu?

Til að fá samanburð á því sem fryst var hér af beitusmokki í haust og því sem flutt hefur verið inn undanfarin ár spyr ég um innflutt magn árið 1983. Ég spyr ekki um innflutt magn á árinu 1984 vegna þess að ég veit að menn hafa búist við því á miðju því ári að hér veiddist það mikill smokkur að ekki væri ástæða til þess að flytja hann inn og síðari hluta ársins mun ekkert hafa verið flutt inn af smokkfiski. Ég spyr einnig hvað mikið sé áætlað að flytja inn á yfirstandandi vertíð af þessum beitufiski sem svo mikið var af hér við land í haust að hann hljóp á land í þvílíku magni að sums staðar var hann í bunkum í fjörum.

Undanfarið hafa heyrst auglýsingar í útvarpi um að von væri á Falklandseyjabeitusmokk til landsins og sjálfsagt mun eitthvað af honum vera komið nú þegar. Ekki mun hafa mátt tæpara standa með komu beitunnar til að forða því að til stöðvunar kæmi á línuflotanum áður en sú stöðvun varð sem nú hefur átt sér stað vegna verkfallsins. Það mun einnig hafa verið svo ástatt að beitusíld var að mestu til þurrðar gengin. Þá spyr ég um það hvað Falklandseyjabeitan muni kosta. Ég hef heyrt

því fleygt að hún muni kosta allt að 40 kr. kg. Verðlagsráðsverð fyrir smokkinn veiddan á Íslandsmiðum í haust var gefið út 9,80 kr. fyrir kg, en að viðbættum um 40%, sem eru fyrir utan skipti, mundi greiðslan fyrir beitusmokkinn til vinnslustöðvar hafa verið milli 13 og 14 kr. Smokkur sem var keyptur til landsins 1983 kostaði frá 23 kr. upp í 30 kr. kg. Verðlagsráð hefur við sína verðlagningu ekki tekið mikið mið af því hvað útlendingum svo og innflytjendum íslenskum hafði árið 1983 verið greitt fyrir þessa vöru sem verðlögð var til skipta fyrir íslenska sjómenn á 9,80 kr. haustið 1984.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni vil ég greina frá því að á síðasta hausti voru veitt leyfi til þess að gera tilraunir til veiða á smokki, bæði í flottroll og í hringnót fyrir Vestfjörðum. Það varð lítill árangur af þessum tilraunum en þó fengust einhver tonn í hringnótina. Þessar tilraunir sættu miklum andmælum. Margir hringdu frá Vestfjörðum og mótmæltu því mjög harðlega að slíkt væri gert. Við leyfðum það hins vegar og fyrst í stað var ákveðið að aðeins einn togari fengi slíkt leyfi. Var talið rétt að láta á það reyna hvort hann næði einhverjum árangri áður en fleiri slíkar heimildir væru gefnar út. Eins og ég sagði varð af þessu lítill árangur. En þeir sem drógu smokkfiskinn á handfæri voru mjög andsnúnir því að heimila öðrum að koma þar nærri. Þess má geta að það voru greiddar 7% uppbætur á smokkfisk úr almennu deild Aflatryggingarsjóðs á s. l. hausti.

Sem svar við 1. b. liggur það fyrir að tæpar 1500 lestir voru veiddar og frystar.

Sem svar við c. er þess að geta að flutt hefur verið út óverulegt magn frosið í tilraunaskyni. Það eru gerðar tilraunir með niðursuðu hjá ORA í Kópavogi. Markaðir eru einhverjir fyrir hendi en vandinn liggur fyrst og fremst í því að göngur smokkfisksins eru mjög óvissar og það er að sjálfsögðu mjög erfitt að byggja upp markaði fyrir afurð ef framleiðslan getur síðan dottið niður um mjög langt skeið. Hann kom sem sagt í fyrra smokkfiskurinn en þar áður munu hafa liðið 14 ár frá því að hann veiddist hér. Við finnum fyrir því t. d. að því er varðar loðnuna. Það að við hættum að veiða loðnu í nokkurn tíma varð til þess að við eigum í erfiðleikum að vinna þá markaði upp aftur. Einhverjir markaðir eru fyrir hendi en vandinn er fyrst og fremst þessi.

Svar við annarri spurningu, a-lið: Á árinu 1983 voru fluttar inn 2 050 lestir og verðmæti er gefið upp 38.2 millj. kr.

Ég treysti mér nú ekki til að svara b-lið þessarar spurningar nákvæmlega. En ef ekki verður veiddur smokkur næsta haust má áætla að flytja þurfi inn 1500—2000 tonn. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda eru menn nú fremur bjartsýnir um það að smokkfiskur muni ganga á miðin aftur vegna þess hvað mikil hlýindi eru í sjónum. Vonandi kemur því ekki til þess að svona mikið þurfi að flytja inn. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um það sem muni þurfi að flytja inn núna alveg á næstunni, sem hv. fyrirspyrjandi gat hér um. Skv. mínum upplýsingum er gefið upp verðið 25 kr. pr. kg. Það eru þær upplýsingar sem aflað var fyrir mig í mínu rn. Ég hef ekki neinar upplýsingar um það verð sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, 40 kr. á kg.

Það má að sjálfsögðu alltaf um það deila hve mikil afskipti rn. skal hafa af slíkum málum sem þessum. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst verkefni þeirra sem þurfa að afla sér beitu að gera viðeigandi ráðstafanir. Það kom okkur mjög á óvart hvað menn voru viðkvæmir fyrir því á s. l. hausti að reyna aðrar aðferðir en tíðkast höfðu til að veiða smokkfisk, m. a. með trolli. Ég tel sjálfsagt að halda því áfram því að hér er um mikil verðmæti að tefla og mjög slæmt að menn skuli standa frammi fyrir því sumir hverjir að fá ekki þennan verðmæta fisk til beitu á sama tíma og — ja ég vil nú leyfa mér að segja sömu aðilar vildu með öllu móti koma í veg fyrir það að nýjungar yrðu reyndar í sambandi við þessar veiðar. En sem betur fer tókum við nú ekki tillit til þess og vonandi tekst betur til næst.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargóð svör við spurningum mínum. Þau staðfesta ákveðinn grun um það að þrátt fyrir þessa sérstöku fiskgengd sem hér var inni á fjörðum og flóum tókst ekki að afla þess beitumagns sem okkur var nauðsynlegt. Og það staðfestir frekast þann þáttinn að þrátt fyrir það að við erum með mjög mikla aflastjórn hér í landinu þá hafi svona slys átt sér stað. Þessu er alls ekki hægt að gefa annað nafn en slys, þegar jafnnauðsynleg afurð og smokkfiskur er hér inni í hverjum firði og flóa þá skuli hún ekki vera veidd, og að nú skuli ekki vera til í landinu nægileg beita fyrstu mánuði eftir að þessi fiskur var hér raunverulega inni í hverjum firði og flóa.

Hitt kemur manni líka undarlega fyrir sjónir að gegn þeim tilraunum sem rn. stóð fyrir, þ. e. að veiða þennan fisk í hringnót og flottroll, skuli hafa verið uppi slík andstaða sem hæstv. ráðh. upplýsti. Og það vekur furðu að það skuli hafa orðið þess einhvern veginn valdandi að ekki var veitt meira en raun ber vitni af þessum fiski. Ég vil þó ekki tengja það saman. Ýmsar aðrar ástæður hafa frekar valdið því að svo lítið varð um smokkveiðina en það að hún veiddist ekki í hringnót eða flottroll. Um hringnótaveiðina er það að segja að við urðum nokkuð varir við það t. d. vestur við Breiðafjörð að bátur hafði veitt smokkfisk í hringnót vestur á fjörðum og bauð hann til frystingar við Breiðafjörð. En þær upplýsingar bárust um leið að slík veiðiaðferð hefði verið höfð uppi að menn höfðu ekki mikinn áhuga. Veiðiaðferðin hafði verið á þann máta að fiskurinn var fenginn í hringnót, en til þess að auðvelda það að ná fiskinum í skipið var notuð dæla. Og menn voru almennt ásáttir um það að eftir að slíkur fiskur hefði verið settur í dælu væri hann ekki ýkja girnilegur til beitufrystingar. Sú mun einnig hafa orðið raunin á. Þar sem þessi smokkur hefur verið frystur mun hafa komið í ljós að hann hafði skemmst svo við dælinguna að hann er ekki áhugaverður sem beita.

Ég fékk einnig þær fréttir að það skip sem hafði fengið leyfi til að fara á flottroll, skip frá Þingeyri, hefði einhverra hluta vegna ekki farið á þessar veiðar vegna einhverrar tregðu frá rn. Það sem fyrst og fremst varð þess valdandi að ekki var veitt meira af smokki en gert var í haust voru þó ekki þessir þættir, heldur fyrst og fremst það að í gildi var aflakvóti á smábáta, aflakvóti sem menn gerðu ráð fyrir að mundi skerða þeirra veiðitímabil. Trillukarlar lögðu sem sagt ekki í það að hætta þorskveiðum til þess að fara að veiða smokkfisk vegna þess að þeir bjuggust við því að sá tími sem þeir

hefðu heimild til að stunda þorskveiðarnar mundi verða styttur, enda varð raunin sú. Það var viss áhætta fyrir litlu bátana að hætta við þorskveiðar og fara á smokkfiskveiðarnar. Það var meiri áhætta að fara á smokkveiðarnar ef það lá ekki fyrir að þeir gætu haldið áfram veiðum eftir að smokkfiskgöngunni lyki. Ég lít svo á að sú aflastjórnun sem ríkjandi er í landinu hafi orðið þess beint valdandi að ekki var veitt meira af þessum fiski í haust en raun ber vitni.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég tel það alrangt að aflastjórnun hafi komið í veg fyrir veiði á smokkfiski. Það liggur fyrir að margir þeir bátar sem stunduðu þessar veiðar höfðu ekki önnur verkefni, m. a. vegna þess að þeir voru búnir að veiða upp í þá kvóta sem þeir höfðu. Og ég hef ekki orðið var við það að kapp smábátanna í sameiginlegum kvóta hafi á nokkur hátt hamlað veiðunum. Ég held að það sé allt annað sem hefur takmarkað veiðina, þ. e. móttökugeta frystihúsanna. Það var takmarkað magn sem húsin gátu tekið á móti og geymslur fylltust. Og það var hætt að frysta smokkfisk áður en veiði þurfti að ljúka vegna þessara aðstæðna. Það liggur m. ö. o. fyrir að það var alls ekki skert veiðigeta á nokkurn hátt sem kom í veg fyrir það, heldur fyrst og fremst afkastageta og móttökugeta eða áhugi, ég skal ekki um það fullyrða, þeirra frystihúsa sem tóku við þessari afurð.

Varðandi þann togara sem hv. þm. minntist hér á þá er það rétt að leyfi var veitt fyrir einn togara. Það var vegna þess að það voru mjög mikil andmæli gegn því að togararnir færu í þetta verkefni og við tókum tillit til þess að því leytinu til að við töldum ekki rétt að nema eitt skip reyndi fyrir sér í upphafi til að sjá hvernig það mundi ganga. Satt best að segja voru þessi andmæli mjög harkaleg og það varð til þess að við veittum aðeins einu skipi leyfi. Það er rétt að það kom til tals að það skip sem hv. þm. nefndi hér færi einnig til þessara veiða. En úr því varð ekki, enda veit ég ekki betur en þeir hafi misst allan áhuga þegar þeir fréttu af því hvernig til tókst hjá hinum togaranum, sem var Elín Þorbjarnardóttir ef ég man rétt.

Innheimta erfðafjárskatts, fsp. 296. mál (þskj. 477). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég hef á þskj. 477 leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. um innheimtu erfðafjárskatts á árinu 1984. Spurt er um rauntölu, en í fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir tekjum upp á 40 millj. Lögum skv. eiga allar tekjur af erfðafjárskatti að renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, en skv. lánsfjárlögum og fjárlagaafgreiðslu s. l. árs var talan skert um rúm 50% eða lækkuð í 19.4 millj. Nú hefur hæstv. ráðh. beitt sér fyrir og afgreitt 10 millj. til viðbótar hinu almenna framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á þessu ári og ber að fagna því og færa hæstv. ráðh. þakkir fyrir þann skilning. En varðandi erfðafjárskattinn vildi ég vita hver raunveruleg skerðing hefði orðið á s. l. ári og því er spurt um innheimtuskil þess árs.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Til að svara fsp. á þskj. 477 skal upplýst að skv. bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds nam innheimta erfðafjárskatts tæpum 45.9 millj. kr. s. l. ár. Áætlun fyrir árið gerði hins vegar ráð fyrir 40 millj. kr. innheimtu. Í ár er hins vegar aðeins reiknað með að tekjur af erfðafjárskatti nemi 25 millj. kr. Ástæðan fyrir lækkun tekna af skattinum er hin nýju lög um erfðafjárskatt sem tóku gildi um mitt s. l. ár. Með þeim lögum voru allar viðmiðunarfjárhæðir, svo sem skattþrepin sem staðið höfðu óbreytt í mörg ár, hækkaðar mjög verulega og verða þær framvegis verðtryggðar. Af þessu leiðir verulega lækkun álagningar erfðafjárskatts. Afar erfitt er að meta tekjutapið af þessum sökum, en í forsendum fjárlaga fyrir yfirstandandi ár er reiknað með að það nemi þriðjungi tekna eða um 15 millj. kr. Þessi áætlun er þó afar óviss.

Þá skal þess getið að í frv. til lánsfjárlaga er lagt til að framlag ríkissjóðs til erfðafjársjóðs verði að hámarki 19.4 millj. kr. þrátt fyrir að ákvæði laga um erfðafjárskatt kveði á um að tekjur af skattinum skuli renna í erfðafjársjóð.

Að lokum er rétt að vekja athygli hv. fyrirspyrjanda á því að málefni erfðafjársjóðs og erfðafjárskatts heyra undir félmrh. Því er rétt að beina fsp. af þessu tagi til hans þó svo að ég hafi tekið mér bessaleyfi að þessu sinni að svara.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er alveg rétt að erfðafjársjóður heyrir undir félmrh., en innheimta erfðafjárskattsins, sem ég spyr þarna beint um, og hver skil hafi orðið á þeirri innheimtu heyrir undir fjmrn. Varðandi það er rétt að taka fram að þar er hæstv. ráðh. réttur aðili til svara.

Það kemur í ljós að skv. bráðabirgðauppgjöri er hérna um 46 millj. að ræða. Það sýnir að 6 millj. í það minnsta hafa innheimst umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Ég vil aðeins segja um það að í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds var ævinlega bætt við ákveðinni upphæð ef innheimta fór fram úr áætlaðri fjárlagaupphæð. Þetta gat skipt nokkrum milljónum þá og var mjög mikils virði fyrir þá starfsemi sem var þá á vegum endurhæfingarráðs en voru svipuð verkefni og Framkvæmdasjóður fatlaðra sér um núna. Mér hefur ævinlega þótt sanngjarnt að bæta þannig við ef meira hefur innheimst þó ég taki fram að vitanlega eigi öll upphæðin að fara beint í Framkvæmdasjóð, svo sem fjárlög nú segja til um, því að nú er innheimtur erfðafjárskattur 25 millj. eins og hæstv. ráðh. kom inn á og í gegnum erfðafjársjóð fara 25 millj. einnig. Eins og ég tók fram áðan er hæstv. ráðh. búinn að gera vel, eins og ég þakkaði honum fyrir áðan, varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra. En ég bið hann samt að huga hér að, ef unnt væri að greiða enn betur fyrir þeim brýnu verkefnum sem bíða, því að ef skerðingin væri sú sama af þeim viðbótarmilljónum sem þarna hafa innheimst í ríkissjóð, þessum 6 millj., þá mundi það þýða 3 millj. til viðbótar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 19. febr., að loknum 50. fundi.

Viðmiðunargrunnur verðtryggingar langtímalána, þáltill. 310. mál (þskj. 495). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Sölu- og markaðsmál, þáltill. 311. mál (þskj. 496). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Jöfnun vöruverðs, þáltill. 294. mál (þskj. 475). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geymsla kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. 204. mál (þskj. 239). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattaívilnun vegna ættleiðingar barna, þáltill. 273. mál (þskj. 451). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég hafði reyndar ekki reiknað með því að röðin kæmi að mér svo fljótlega en sannleikurinn er sá að ýmsir flm. till. hér virðast ekki fylgja þeim ýkja vel eftir svo ekki sé meira sagt. Þykir mér hart til þess að vita að hæstv. forseti, svo mjög sem hann gætir virðingar þingsins, skuli þurfa að standa í látlausri smölun fund eftir fund til þess að einhver vilji mæla fyrir till. sem hann hefur flutt fyrir vikum eða jafnvel mánuðum síðan. En þetta mál, sem ég mæli hér fyrir, er einfalt og í eðli sínu athugunarmál fyrst og fremst. Ég treysti mér því til þess að mæla fyrir því nokkur orð til viðbótar því sem í grg. stendur.

Þetta er till. til þál. um skattaívilnun vegna ættleiðingar barna. Ásamt mér flytur þessa till. hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmason. Tillgr. ætla ég ekki að lesa en þar er í raun og veru um að ræða undirbúning sem falinn er ríkisstj. varðandi breytingar á lögum um tekjuskatt og könnun á leiðum til lækkunar útsvars og möguleikum til afturvirkni ívilnana til þeirra foreldra sem ættleiða börn erlendis frá með gífurlegum tilkostnaði. Í grg. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ættleiðingar barna erlendis frá fara stöðugt í vöxt. Ástæður eru öllum kunnar, augljósar og eiga sér fyllstu réttlætingu frá tilfinningalegu og mannlegu sjónarmiði. Til ýmissa fjarlægra þjóðlanda hefur verið leitað og er gert í ríkum mæli, enda ekki um aðra möguleika að ræða. Í sumum þessara landa hefur verið lokað fyrir þessa möguleika, en þá er annarra leitað. Auk þess að hafa ómetanlegt og varanlegt lífsgildi fyrir viðkomandi foreldra er einnig oft um að ræða björgun mannslífa. Hins vegar er hér um verulegar fjárupphæðir að tefla og mikinn aukakostnað, en óhjákvæmilegan, og full ástæða er til að kanna hvort ekki eigi að taka tillit til hans við álagningu tekjuskatts árið eftir og jafnframt veita lækkun á útsvari.

Aukin lífsgæfa, meiri lífsfylling, nýr lífstilgangur — þessir þættir verða að vísu aldrei metnir til fjár eða lagðir á skattavog. Engu að síður þykir flm. að það fólk, sem af ríkri nauðsyn, þar sem sjálf lífshamingjan er oft í veði, kostar svo miklu til í fyrirhöfn, ferðalögum og fjármunum, hljóti að eiga til þess nokkurn rétt að samfélagið taki tillit til þessa alls. Hér er hins vegar aðeins um ívilnun í eitt ár að ræða og skiptir því litlu fyrir samfélagið, en þeim mun meira fyrir viðkomandi aðila.

Flm. þykir og sjálfsagt að jafnframt séu kannaðar leiðir til útsvarslækkunar hjá sveitarfélögunum.

Afturvirkni er erfið og e. t. v. óframkvæmanleg, en flm. þykir samt rétt að láta kanna hvað unnt er að gera í því efni." — Og síðan segir hér og tekið nokkuð upp í sig: „Frekari rökstuðningur bíður framsögu."

Ég ætla hins vegar ekki að hafa þann rökstuðning langan því að ég tel að þrátt fyrir allt hafi flest af því komið fram sem máli skiptir í þessari grg. Ég vil aðeins geta þess að þeir foreldrar, sem við mig hafa talað um þessi mál, nefna upphæðir á bilinu 300—500 þúsund í beinum kostnaði fyrir utan það vinnutap og ýmsa aðra fyrirhöfn sem þeir verða fyrir af þessum sökum. Hér er því ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Hitt er svo annað mál að kannske þykir mönnum allt sem lýtur að lækkun tekjuskatts eða breytingum á lögum um tekjuskatt vera heldur einkennilegt í dag þegar stefnt er að því að afnema þann skatt með öllu. Ég bendi þó á það að þrátt fyrir þær yfirlýsingar um að tekjuskatturinn skuli afnuminn er nýbúið, að manni skilst, að leysa kjarasamninga heillar stéttar með þeim hætti að ákveðinn skattfrádráttur varðandi tekjuskattinn er tekinn þar inn og bíður lögfestingar Alþingis. Menn virðast því enn þá meta það nokkuð mikils að fá skattaívilnun af svipuðu tagi og hér er verið að fara fram á.

Öll slík skattaívilnun orkar hins vegar tvímælis. Á okkar framtalsseðlum eru margir frádráttarliðir sem ég tel að séu ekki betur til þess fallnir en þessi hér að vera viðurkenndir. Ýmsir slíkir liðir eru sjálfsagðir, aðrir vafasamari. Ég hygg að þessi liður, sem við erum að fara hér fram á að tekinn verði inn og það aðeins einu sinni, mundi ekki leiða af sér stórfellda röskun og væri auk þess sanngjarnari en margir aðrir frádráttarliðir sem þar eru þó tíundaðir.

Hér er um að ræða mikið tilfinningamál og mál sem fólk vill í raun og veru ekki láta meta og vega á þeirri vog sem við erum að tala um hér í grg. Ég tek það fram að það eru ekki foreldrar þessara barna sem hafa verið að óska eftir því við flm. að þetta yrði gert, en þeir hafa greint okkur frá miklum kostnaði sínum, mikilli fyrirhöfn og miklu vinnutapi. Þar af leiðandi teljum við sjálfsagt að þetta sé athugað og til þess er þessi till. flutt. Ég vænti þess að hún fái góða afgreiðslu og sanngjarna í n., svo sanngjörn sem till. er í eðli sínu. Ég leyfi mér að vænta þess að henni verði vísað að loknum fyrri hluta umr. til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Raforka til vatnsdælingar hitaveitna, þáltill. 163. mál (þskj. 168). — Ein umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Í fjarveru Sverris Sveinssonar, sem sat hér sem varaþm., mæli ég fyrir till. til þál. á þskj. 168 um niðurfellingu söluskatts af raforku til vatnsdælingar hitaveitna. Flm. auk mín og Sverris eru hv. þm. Ingvar Gíslason og Þórarinn Sigurjónsson. Tillgr. er orðuð þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til vatnsdælingar hitaveitna."

Þetta mál er í sjálfu sér afskaplega einfalt að allri gerð. Fyrir því eru að okkar dómi flm. nokkuð skýr rök. Ég vil leyfa mér að hafa yfir þá grg. sem fylgir með þessari litlu till., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Mikill hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna er fólginn í kaupum á raforku til dælingar á vatni. Söluskattur hefur verið innheimtur af raforku til dælingar þrátt fyrir þá almennu stefnu, sem mörkuð er í reglugerð um söluskatt nr. 468/1982, að dregið sé úr húshitunarkostnaði, sbr. 19. og 20. tölul. 13. gr. og 12., 13. og 22. tölul. 14. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. og 7. gr. laga nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, og 1. gr. reglugerðar nr. 317/1974.

Samband íslenskra hitaveitna og orkusparnaðarnefnd hafa fengið því framgengt að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til varmadælna, en slík tæki er verið að setja upp um þessar mundir og gert ráð fyrir að þau verði tekin til enn frekari nota á næstu árum" — eins og stendur hér. — „Tilgangur þeirra er að vinna úr volgu vatni, t. d. lághitavatni og bakrennslisvatni hitaveitna, með raforku. Án niðurfellingar söluskatts af raforku til þessara nota væri þessi tækni óarðbær.

Sú er skoðun flm., og það er einnig álit Sambands ísl. hitaveitna, að raforka til vatnsdælingar hitaveitna skuli með sömu rökum og rn. féllst á gagnvart varmadælum undanþegin söluskatti. Í bréfi til Sambands ísl. hitaveitna frá 6. des. 1983 lýsti fjmrn. þeirri skoðun sinni að flutningur orku verði ekki lagður að jöfnu við framleiðslu hennar. Þessi skýring rn. telur Samband ísl. hitaveitna að byggist á misskilningi þar sem í báðum tilvikum er um öflun orku, þ. e. framleiðslu, að ræða. Í öðru tilvikinu er framleitt nothæft hitaveituvatn úr afrennslisvatni með raforku. Í hinu tilvikinu er öflun orkunnar, þ. e. framleiðsla, fólgin í því að dæla laugarvatni upp úr borholum og koma til notenda með raforku. Í báðum tilvikum er raforka á viðunandi verði forsenda orkuöflunar eða framleiðslu á nothæfu hitaveituvatni á samkeppnisfæru verði."

Eins og hv. alþm. er kunnugt og þeir hafa eflaust veitt athygli fylgir þessari till. grg. um kostnað vegna dælingar á heitu vatni vegna nokkuð margra hitaveitna, kotnaður frá árinu 1982 og áætlun fyrir árið 1983. Það skal viðurkennt að það hefði verið eðlilegra að hafa nýjar tölur í þessu sambandi, uppreiknaðar til núvirðis og á grundvelli hugsanlegra breytinga sem hefðu orðið á eða hafa orðið á þörf hinna ýmsu hitaveitna til þess að dæla vatni, en það getur verið breytilegt á milli ára.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að tíunda þetta mál frekar. Meginrökin fyrir flutningi þessarar till. eru þau, sem komið hafa fram að raforka á eðlilegu verði til dælingar á heitu vatni sé í mörgum tilvikum forsenda þess að hægt sé að afhenda vatn við sanngjörnu verði. Raforkan er óumdeilanlega í mörgum tilvikum, eins og getið hefur verið um, forsenda þess að ná og nýta heitt vatn, þ. e. venjuleg dæling er óumflýjanleg. Söluskattur á raforku til þeirrar dælingar á að falla niður.

Herra forseti. Ég legg til að þessari till. verði vísað til atvmn. að loknum þessum hluta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja, þáltill. 222. mál (þskj. 269). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Þetta er 222. mál, þskj. 269. Flm. auk mín eru hv. þm. Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir og Kristófer Már Kristinsson. Ég vil, með leyfi forseta, lesa till. sjálfa. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera áætlun um eflingu atvinnulífs með aðgerðum til stuðnings við stofnun smáfyrirtækja. Aðgerðir þessar nái m. a. til eftirtalinna atriða:

1. Fræðsla verði efld fyrir almenning um stofnun og rekstur smáfyrirtækja, m. a. með samningu fræðsluefnis, útgáfu handbóka og námskeiðahaldi.
2. Tímabundin, ódýr sérfræðiþjónusta verði veitt stofnendum smáfyrirtækja, t. d. með rekstrarráðgjöf, bókhaldsaðstoð, markaðskönnunum, lögfræðiþjónustu og aðstoð við vöruþróun.
3. Fjárhagslegur grundvöllur fyrir stofnun smáfyrirtækja verði styrktur með ýmsum hætti."

Þessari þáltill. fylgir ítarleg grg. og ég ætla þess vegna ekki að hafa mörg orð um þetta mál nú. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það er niðurstaða athugana í ýmsum löndum að smáfyrirtæki henta mjög vel til atvinnuuppbyggingar. Þau eru atvinnuskapandi, þau hafa reynst mikil uppspretta nýsköpunar og þau hafa auk þess reynst fólki ánægjulegt umhverfi. Þar eru launakjör og ýmis aðbúnaður oft með þeim hætti að fólki þykir það fýsilegri vettvangur til þess að vinna á en í hinum stærri fyrirtækjum.

Til þess að efla rekstur smáfyrirtækja hafa verið farnar ýmsar leiðir eins og vikið er að í þáltill. sjálfri.

Í fyrsta lagi hefur í ýmsum löndum verið rekin mjög öflug upplýsinga- og kennslustarfsemi um rekstur og stofnun smáfyrirtækja. Það hefur beinlínis verið rekinn áróður fyrir því að fólk reyni sig á þessum vettvangi, að fólk kynnti hugmyndir sem það hefur og mættu hugsanlega verða til gagns í atvinnulífi. Það hafa verið samin ýmiss konar fræðslu- og áróðursrit í þessu skyni. Að því er vikið í III. kafla ályktunarinnar þar sem rætt er um fræðslu. Ég ætla ekki að ræða það mál meira hér.

Í öðru lagi er, eins og ályktunin segir, mikilvægt að veita ýmiss konar sérfræðiþjónustu til að kanna og til að aðstoða fólk við fyrstu stig þess að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Þar mætti nefna tæknismiðju. Það er þjónusta, sem er rekin í ýmsum löndum, þar sem fólki er veittur aðgangur að tækjum og sérfræðiþjónustu þar sem athugað er í grófum dráttum hvort þær hugmyndir, ef þær eru tæknilegs eðlis, gætu verið nýtilegar til framleiðslu. Þessi sérfræðiþjónusta getur

verið af ýmsu fleiru tagi. Það getur verið aðstoð í sambandi við bókhald, rekstrarráðgjöf og ýmislegt fleira, en þessi þjónusta á að hafa það að markmiði að koma öllum til einhvers þroska þannig að þeir geti sinnt þessum efnum sjálfir þegar fram í sækir.

Veigamikið atriði í svona atvinnustefnu eru aðgerðir í fjármálum. Í því skyni hafa ýmsar leiðir verið farnar. Við þm. BJ munum á næstu dögum leggja fram þáltill. um það sem við köllum lánsábyrgðir smáfyrirtækja. Slík lánsábyrgðakerfi eru þekkt frá ýmsum löndum. Nærtækt dæmi er frá Bretlandi. Breska ríkisstjórnin setti árið 1981 af stað lánsábyrgðakerfi fyrir smáfyrirtæki þar sem hið opinbera ábyrgist ákveðinn hluta lána sem bankar veita smáfyrirtækjum. Í framkvæmdinni, eins og hún hefur verið hjá Bretum, hafa fyrirtæki á framleiðslusviði verið látin njóta forgangs. Það hefur gengið á ýmsu í þessari framkvæmd, en þetta kerfi var endurskoðað á síðasta ári og ákveðið að halda því áfram eftir þriggja ára reynslutímabil með ákveðnum breytingum. Ég tel að mikilvægt sé að sinna þessu máli hérlendis.

Í ýmsum löndum tíðkast ýmiss konar aðrar aðgerðir í fjármálum á þessu sviði. Það eru aðgerðir í skattamálum, ýmiss konar tímabundinn afsláttur af gjöldum, styrkir í ákveðnu skyni til að koma svona starfsemi af stað, rekstur iðngarða eins og við þekkjum og ýmsir hafa reynt hér og þannig mætti lengi telja. Þetta er atriði sem rætt er um í grg. og ég vísa til hennar.

Í síðasta lagi vildi ég gera að örstuttu umræðuefni stjórn aðgerðanna. Það er hugmynd okkar í BJ sem við höfum gert grein fyrir og voru fluttar um tillögur á síðasta þingi, að forræði heimamanna og landshluta verði aukið í atvinnumálum og reyndar á fleiri sviðum. Í því sambandi vil ég benda á þáltill., sem var flutt á síðasta þingi, sem var um að komið yrði á fót þróunarstofum landshlutanna. Þessar þróunarstofur áttu að okkar mati að hafa forgöngu um mótun atvinnustefnu og veita alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs og ættu að hafa umtalsvert sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og dreifingar og öflunar fjármagns. Ég tel að mjög mikilvægt sé að forræði heimamanna sé tryggt í þessum efnum hvernig sem að því er staðið. Nú er þegar fyrir hendi vísir að stjórnvaldi sem gæti sinnt þessum efnum, en það eru samtök sveitarfélaga sem eru orðin þó nokkuð sterk í ýmsum landshlutum. Ég held að með samstarfi þeirra aðila og iðnráðgjafa, sem einnig eru starfandi í flestum landshlutum, mætti stíga fyrstu skrefin í þessu efni. Ég legg á það áherslu um leið að ég held að þessu heimastjórnarmáli verði að sinna sérstaklega og þegar það er komið vel á rekspöl ætti atvinnustefna í smáfyrirtækjamálum e. t. v. að heyra undir nýtt stjórnvald á þessu sviði. En eins og er er hægt að hefja aðgerðir með þeim aðilum sem þegar eru fyrir hendi, samtökum sveitarfélaga, sveitarstjórnum og iðnráðgjöfum.

Ég hef hérna drepið á nokkur atriði sem ég held að séu mikilvæg í þessum efnum. Ég vísa aftur til grg., sem tekur ítarlega fyrir ýmsa þætti þessa máls, og vil benda á að síðan þetta mál var flutt á síðasta þingi hafa komið út á vegum iðnrn. þrjár skýrslur sem fjalla um atvinnumál af þessu tagi. Það er í fyrsta lagi skýrsla sem heitir Iðnráðgjöf í landshlutum, í öðru lagi Smáfyrirtækjaverkefni og í þriðja lagi Þróunarverkefni. Í þessum skýrslum er lýst verkefnum sem unnið hefur verið að af hálfu iðnrn. síðan 1981. Þar er að finna mikilvægan fróðleik og ágæta undirstöðu að stórtækari stefnumörkun til langs tíma eins og þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég vil enda þessa stuttu framsögu mína með því að skora eindregið á Alþingi að taka þetta mál mjög sterklega fyrir, nýta þá reynslu sem þegar hefur fengist í þessu með þeim fyrstu skrefum sem hafa verið stigin og marka stórvirka, stórtæka stefnu í þessu efni. Ég er alveg viss um að smáfyrirtæki eiga eftir að reynast okkur jafn vel og þau hafa reynst í öðrum löndum þar sem þau hafa verið gerð að meginás í nýsköpun atvinnulífs.

Að svo mæltu vil ég leggja til að að þessum hluta umr. loknum verði málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. 268. mál (þskj. 447). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum sem ég flyt ásamt Helga Seljan, hv. 2. þm. Austurl., en till. er efnislega svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera átak á árinu 1985 til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og útvega lánsfé til framkvæmda.

Jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra, svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum."

Þessi till., sem hér liggur fyrir, var flutt efnislega svipuð á þingum 1978 og 1979, raunar þrívegis en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hins vegar má telja að sá tillöguflutningur og umræður sem tengdust honum hafi ýtt á eftir stjórnvöldum að leita úrbóta varðandi mengun frá fiskimjölsverksmiðjum á árunum þar á eftir, frá 1980—1983, og er gerð grein fyrir þeim aðgerðum og undirbúningi í fskj. með þáltill.

Það fór hins vegar svo, að hinn mikli samdráttur í loðnuveiðum og bann við þeim veiðum á árunum 1981—1982 leiddi til mikilla rekstrarerfiðleika hjá þeim verksmiðjum sem byggt höfðu afkomu sína á loðnuvinnslu og það dró úr viðleitni og getu til að fjárfesta í verksmiðjunum, þar á meðal til mengunarvarna.

Frá árinu 1983 að telja hafa loðnuveiðar til bræðslu hins vegar farið vaxandi á ný og eru nú stórtækar orðnar sem betur fer og er ástæðulaust annað en gera ráð fyrir að þar verði framhald á þótt sveiflur verði í aflamagni. Auk þeirra loðnuverksmiðja sem nú eru starfræktar eru um 20 verksmiðjur sem einungis vinna úr fiskúrgangi. Frá sumum þeirra stafar vissulega veruleg mengun.

Þó að úrbætur hafi verið gerðar á mengunarmálum ýmissa fiskimjölsverksmiðja að undanförnu, eins og t. d. á Krossanesi við Eyjafjörð, er ástandið víða með öllu óviðunandi og á það ekki síst við um loðnubræðslur á Austfjörðum. Því er enn brýnt að knýja á um aðgerðir þar sem stjórnvöld verða að hafa forustu í samvinnu við

forráðamenn viðkomandi fyrirtækja og sveitarstjórnir. Hér er bæði um að ræða sjávarmengun og loftmengun frá verksmiðjunum fyrir utan bágborið innra starfsumhverfi hjá mörgum þeirra. Sjávarmengunin kemur einnig til við löndun úr veiðiskipum, þar sem ekki er fyrir hendi viðhlítandi löndunarbúnaður eða brotið gegn reglum, m. a. varðandi skolun lesta og dælingu á hráefni í höfnum við bræðslurnar. Ófullkomin geymsla á hráefni og vinnsla úr skemmdu hráefni bætir svo vitanlega ekki úr skák þegar þannig háttar til.

Ástandið í þessum efnum, vegna loftmengunar, er með fádæmum slæmt þar sem aðstæður eru verstar, ekki síst í þröngum fjörðum, og tilfinnanlegast á góðviðrisdögum sem hafa verið margir á þessum vetri. Engin mengun hérlendis veldur jafnmiklum óþægindum fyrir marga og „peningalyktin" svokallaða og ég tel að hún sé tvímælalaust heilsuspillandi, ekki síst fyrir þá sem veilir eru fyrir í öndunarfærum.

Raunar hafa verið leiddar líkur að því að þessi mengun geti valdið mun alvarlegra heilsutjóni en hér er látið að liggja, en um það vil ég ekkert staðhæfa þar sem einhlítar niðurstöður liggja ekki fyrir eða rannsóknir sem unnt sé að byggja á fullyrðingar um þau efni. En flm. þessarar till. telja að ekki megi dragast lengur að á þessum vanda sé tekið með þeim hætti sem lagt er til í þessari þáltill.

Sem kunnugt er eiga allar fiskimjölsverksmiðjur að hafa starfsleyfi frá heilbr.- og trmrn., en einungis fáar þeirra hafa fullt starfsleyfi, eins og kemur fram á fskj. I með till., og sumar eru reknar án nokkurs leyfis heilbrigðisyfirvalda. Á árunum 1980—1983 var unnið að ýmsum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til þess að ráða hér bót á. Þannig er að finna í fskj. með þessari till., fskj. II, álit nefndar sem páv. heilbrrh., Svavar Gestsson skipaði á árinu 1980 til að semja drög að reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Þessi drög að reglugerð, sem ekki hefur verið útgefin eða staðfest, munu vera notuð af Hollustuvernd ríkisins að verulegu leyti þegar fjallað er um málefni þessara fyrirtækja.

Þá skipaði ég sem iðnrh. á árinu 1981 starfshóp með fulltrúum frá fjórum ráðuneytum til að fjalla um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum á grundvelli sérstakrar ríkisstjórnarsamþykktar frá 13. júlí 1981. Sá starfshópur skilaði áliti ári seinna eða 29. júní 1982 og fjallaði um lánsfjármögnun og styrkveitingar úr ríkissjóði til að hvetja til að dregið yrði úr mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Einnig er í þessum ábendingum að finna tillögur um hvernig innlendur iðnaður gæti orðið betur hlutgengur en áður í verkefnum á þessu sviði. Álit þessa starfshóps er birt á fskj. III með þessari till.

Á grundvelli þessara tillagna var veitt framlag á fjárlögum áranna 1981—1984 til að styrkja fiskimjölsverksmiðjur til að koma á úrbótum í mengunarvörnum og fengu níu verksmiðjur slíka styrki, sumar þrjú ár í röð, eins og nánar kemur fram á fskj. I með till. Á fjárl. yfirstandandi árs er, því miður, hins vegar ekki gert ráð fyrir neinu framlagi í þessu skyni og er það tilfinnanleg afturför og mér er ekki fullljóst hvað hafi valdið þeirri niðurstöðu. Þeim mun brýnna er að tryggt verði nú lánsfé til aðgerða í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja skv. lánsfjáráætlun ársins 1985. Ég vænti þess að till. þar að lútandi fái stuðning, svo stórkostlega brýnt málefni sem hér er um að ræða. Að mati okkar flm. er eðlilegt að því fjármagni verði ráðstafað í gegnum Fiskveiðasjóð sem lánað hefur til fiskimjölsverksmiðja. Vissulega þarf þess að gæta að slíkt fjármagn fari til brýnustu úrbóta í mengunarvörnum, en á næstu árum verði svo tryggt fjármagn skv. þeirri áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir.

Í fskj. með till. er að finna yfirlit yfir stöðu þessara mála og sum þeirra gagna eru komin frá Hollustuvernd ríkisins sem veitti flm. góðfúslega upplýsingar og aðstoð við undirbúning að þessari tillögugerð.

Ég vil að lokum, herra forseti, vænta þess að á þessu stóra vandamáli verði tekið með jákvæðum hætti nú af hálfu Alþingis og legg til að eftir að umr. um þetta mál verður frestað verði till. vísað til hv. atvmn. sem fékk á sínum tíma hliðstæðar tillögur á árunum 1978—1979. Því er það till. mín að þessi nefnd fái þessa till. einnig þó að hugsanlegt væri að allshn. hefði áhuga á að fjalla um þetta mál. En ég hygg að hún hafi býsna mörgum málum að sinna og ekki óeðlilegt að atvmn. taki á þessari till. þar sem hún varðar vissulega heilbrigðismál, kannske í fyrsta lagi, en einnig þróun þessara fyrirtækja bæði varðandi nýtingu hráefnis og einnig orkusparnað.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég vil í byrjun lýsa stuðningi mínum við till. til þál. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum. Mengun er gamalt og nýtt vandamál sem hefur skotið upp kollinum í þessum iðnaði okkar, en ekki hefur verið tekist á við það sem skyldi á undanförnum árum. Áður fyrr þótti gott að hafa „peningalykt" og í mörgum byggðarlögum þótti sem það væri merki um grósku og hagsæld fólks ef fyndist nógu góð og mikil „peningalykt", en tímarnir eru breyttir og menn fóru að gera kröfu til annars en þessarar góðu lyktar. Mér hefur alltaf fundist hún góð, en nútíminn æskir ekki eftir henni og því er hún orðin vandamál.

En það er fleira að athuga. Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum er einnig stórfellt orkusparandi. Ég vil að þetta tvennt sé tengt saman. Ef við viljum losna við reykinn sem kemur úr verksmiðjunum — eitthvað verður kannske eftir af lykt — er hægt að beisla hann og nýta hann sem orkugjafa fyrir suðu og þurrkara í verksmiðjunum. Það liggja fyrir útreikningar á því að sennilega mætti koma olíueyðslu við að framleiða hvert hráefnistonn af loðnu niður í um 30 kg á móti 50 kg í dag í þeim verksmiðjum sem eru verst búnar. Hjá þeim sem skástar eru er eyðslan 40—45 kg, en 50 kg sjáum við dæmi um. Þarna sjáum við hve miklu er til kostað þegar við erum að vinna þessa afurð.

Annað er samhliða þessu sem við Íslendingar höfum ekki gert okkur ljóst og höfum vanrækt. Við erum orðnir langt á eftir þeim nágrannaþjóðum okkar sem eru sterkastar í þessum iðnaði, t. d. Norðmönnum og Dönum. Verksmiðjur okkar eru flestar hverjar orðnar mjög úreltar. Þessar þjóðir, t. d. Norðmenn, hafa lagt mikið fjármagn, auðvitað í gegnum styrkjastarfsemi í sjávarútvegi, í að endurbyggja verksmiðjur sínar og lagt mikið af mörkum til að taka upp nýjungar og endurbyggja. Það eru óþekkjanleg fyrirtæki frá því sem áður var. Þetta veldur því að þeir ná meiri og betri nýtingu út úr sínu hráefni og framleiða í flestum tilfellum auðseldari vöru.

Eitt er það mál sem mikið er á dagskrá í íslensku

þjóðfélagi núna. Það er fiskeldi og fóður til fiskeldis. Þannig er það í dag að sennilega getur Krossanesverksmiðjan ein afgreitt það fóður eftir þeim kröfum sem gerðar eru um framleiðslu á fiskimjöli. Það byggist á því að mjöl í slíka starfsemi er ekki talið nógu gott ef það er unnið í svokölluðum eldþurrkurum. Það þarf að vinna í loft- eða gufuþurrkurum. Það er loftþurrkun í Krossanesi sem hefur gefist vel.

Þarna fæst einnig hærra próteininnihald í mjöli og meira verðmæti. Ef við getum tryggt á okkar mörkuðum, sem varan er seld á, að við getum skilað mjöli með 70—72% próteininnihaldi sem er mjög auðvelt við loftþurrkun, verður um verulega tekjuaukningu að ræða frá því að halda sig við 68%-samsetninguna sem er ríkjandi hér á markaði á þessari vöru. Ég er enga tölu með í þessu sambandi, en þarna getur munað verulega.

Ég bendi á þetta vegna þess að þarna fara saman mengunarvarnir og betri tækjabúnaður verksmiðjanna sem vinna okkar verðmæta hráefni. Ég held að það sé ekki ofsagt að ef okkur tekst að veiða það sem út af stendur núna af loðnukvótanum og ef þær deilur leysast sem eru uppi, þá verði framleidd um 130 þús. tonn af loðnumjöli. Hér er gert ráð fyrir rúmlega 16% nýtingu að meðaltali. Það getur hver reiknað það út fyrir sig hvað þetta gæfi ef við getum selt þessa afurð með 3% hærra próteininnihaldi en hefur verið undanfarin ár.

En allt kostar þetta mikla peninga. Það skulum við gera okkur ljóst. Ég veit að SR á Siglufirði er núna að hefja endurbyggingu á verksmiðju sinni. Það verður verulega dýrt. Þess vegna skal á það bent að fjárfrekt fyrirtæki er að endurbyggja verksmiðjur okkar allt í kringum landið sem í loðnuvinnslunni eru. Kanna þarf vel leiðir til að ná í fjármagn til að byggja þetta upp á ákveðnum tíma. Með því mætti láta þessa atvinnugrein okkar skila þeim arði sem hún getur gert.

Við tölum um fullnýtingu í sjávarafla. Þarna er einmitt einn þátturinn sem er mjög vannýttur að mínum dómi. Við höfum alltaf skilist þannig við þessar verksmiðjur að þær hafa ekkert haft til að byggja sig upp í þeim mæli sem þyrfti að vera svo að þær gætu skilað því sem ætlast er til af þeim.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um málið. Ég er búinn að skýra nokkuð mín sjónarmið. Ég legg því til að þessi till. komist sem best áleiðis og verði studd og fundnar raunhæfar leiðir. Ég legg áherslu á að þarna er bæði um mengunarvarnir, sparnað á orku og hærra söluverð fyrir afurðir að ræða. Allt er þetta sami pakkinn, eins og sagt er nú til dags.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Þessi till., sem hér um ræðir, er vissulega nokkuð gamall kunningi, jafnvel eldri en hv. flm. gat um, a. m. k. í umr. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að líklega hefur loðnubresturinn komið að nokkru í veg fyrir að betur yrði að gert á þeim tíma er hann var iðnrh. og fór með þessi mál ásamt þáv. heilbrrh., hv. þm. Svavari Gestssyni. Vissulega komst þá nokkur hreyfing á þessi mál. Hitt er svo annað að á seinni hluta valdatíma þeirra var lítið gert í því að fylgja eftir þeim reglugerðum sem þá voru þegar komnar og hefur reyndar lítið gerst í þeim málum enn.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi jafnvel verið lán í óláni að við rukum ekki í það fyrir u. þ. b. tíu árum að framfylgja kröfum um mengunarbúnað með þeim búnaði sem þá var þekktur. Síðan þá hafa komið fram tæki og aðferðir, eins og síðasti ræðumaður hv. þm. Valdimar Indriðason gat um, búnaður sem gerir ekki aðeins mun auðveldra að þétta gufuna, heldur einnig að vinna úr henni nýtanlega orku til upphitunar á hráefni. Með þessu móti hefur sýnt sig, og óbeina eldþurrkunin sem á sér stað á Krossanesi og eimibúnaðurinn sem kominn er upp á Raufarhöfn, að hægt er að spara verulega orku með því einu að þétta gufuna, sem kallaður er reykur, úr verksmiðjunum, en sú gufa ber einmitt lyktarefnin og olíudropana vítt og breitt um nágrennið.

Það er sennilega alveg rétt að við séum nokkuð langt á eftir því sem best gerist í nágrannalöndum okkar. Hins vegar eigum við nú til verksmiðjur sem eru sambærilegar. Á Krossanesi er, má segja, engan reyk að sjá. Að vísu eiga þeir eftir að gera átak innan verksmiðjunnar sjálfrar. Ástandið þar er ekki alveg nógu gott enn þá. Auðvitað er lykt af skemmdu hráefni enn þá til angurs þar í nágrenninu.

Eins og hv. þm. Valdimar Indriðason gat um kostar þetta fé. Því miður sýnist mér ekki horfa efnilega um það. Verksmiðjurnar eru núna reknar með miklu basli og afkoma þeirra er nánast mjög hæpin. Ég hef ekki séð áætlanir um að þar verði ráðin bót á.

Það er hins vegar til upplýsingar rétt að geta þess að Fiskveiðasjóður lánar út á aðgerðir eins og Síldarverksmiðjur ríkisins ætla sér að fara í á næstunni. Mér er kunnugt um að ný loðnubræðsla á Ólafsfirði hefur fengið fyrirgreiðslu. Hún er búin þvottaturni og gufuþurrkun og þess vegna nokkuð — hvað eigum við að segja — loftmengunarminni en aðrar verksmiðjur hér. Að sjálfsögðu má deila um hvort lánveiting Fiskveiðasjóðs er nægileg til þessara hluta og ég hef einhvern veginn grun um að lánveiting Fiskveiðasjóðs sé fyrst og fremst til orkusparandi aðgerða. Ég skal þó ekki fullyrða um að svo sé.

Mælingar á loftmengun eru nokkuð erfiðar. Því er ekki að leyna að þeir sem hafa átt fyrir þessum verksmiðjum að sjá, sem taldar hafa verið menga loft í bæjarfélögum, hafa gjarnan getað varið sig með því að ekki sé þægilegt að mæla hvað er vond lykt og hvað ekki. Það er gert með sérstöku tæki og sérþjálfuðum nefum sem látin eru lykta af lofti með mismunandi þynningum, en hvorki hefur slíkt fólk verið þjálfað upp hér né heldur eru tæki til. Ég hef þó von um að það séu betri tímar í vændum á þessum sviðum.

Ég get tekið undir að það eru sérstakir staðhættir í kjördæmi hv. flm. Ég þekki það vel frá minni tíð sem eftirlitsmaður með þessum verksmiðjum að aðstæður þar og ástand þar var hvað verst á landinu. Því er ekki að leyna. Það er gjörsamlega gagnslaust að byggja háa skorsteina á Seyðisfirði og Eskifirði. Þeir hjálpa ekki neitt þar þó að þeir mundu geta og geti hjálpað töluvert á öðrum stöðum.

Ég vil að efni til taka undir þessa till. og held að vissulega sé löngu tímabært að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi ekki láta þessa umr. líða hjá án þess að taka efnislega undir till. Hér er um þarft mál að ræða og ég mun fyrir mitt leyti styðja það að till. fái gaumgæfilega umfjöllun hér og athugun. Vissulega er um stórt mál að ræða og framkvæmdir kosta mikið fé.

Það er rétt, sem fram hefur komið, að þetta mál er alvarlegt í Austurlandskjördæmi og brennur víða á mönnum þar. Peningalyktin þótti góð áður fyrr. Hún þótti bera vott um góða tíma og var yfirleitt um hábjargræðistímann. Nú er úthaldstími verksmiðjanna miklu lengri og peningalyktin liggur í loftinu miklu lengur en áður var og yfir veturinn líka. Í fjörðum fyrir austan sér víða ekki handa skil þegar verksmiðjurnar eru í fullum gangi, ekki síst þegar veðurblíða er einstök eins og í vetur.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að viss hagkvæmni er því samfara ef það tekst að ráða hér bót á. Maður hefur séð verksmiðjur sem þannig er ástatt um að sópa má á þeim þakið þegar þær eru í fullum gangi vegna þess að það fer svo mikið mjöl út með reyknum og einnig er frá þeim grútarmengun um allar fjörur.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr. eða fara út í önnur atriði. Það hafa talað við þessa umr. menn sem eru gagnkunnugir þessum málum og ég hef í rauninni engu við þeirra orð að bæta, en vildi ekki láta hjá líða að taka undir þetta mál því að það er þarft.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þremur þm., sem hér hafa talað í umr. um þetta mál, fyrir jákvæðar undirtektir og skilning á þeim vanda sem hér er við að fást. Ég met þau sjónarmið sem þar komu fram og t. d. þau orð sem hv. þm. Valdimar Indriðason mælti um það mikla hagræði sem hægt væri að hafa af endurbótum í þessum málum. Það eru orð sem ég held að menn ættu að íhuga nú þegar nauðsyn er á því að við fáum sem mest út úr því sem aflast í okkar sjávarútvegi og einmitt sú staða ætti að vera mönnum hvatning til þess að ráðstafa fjármagni til þeirra úrbóta sem nauðsynlegar eru í þessu samhengi.

Mér er alveg ljóst að hér þarf að koma til lánsfé og það er ekki vinsælt á þessum dögum að mæla fyrir erlendum lántökum í sambandi við framkvæmdir í okkar atvinnulífi. Það þekkja menn af umr. í þinginu. En ég tel að þegar um brýn mál er að ræða sem þessi og sem einnig eru auðsæilega arðgefandi til lengri tíma litið beri að veita þeim ákveðinn forgang.

Það er alveg rétt, sem hér hefur verið undirstrikað af mér og þeim sem síðar hafa talað, að ástandið er misjafnt eftir staðháttum varðandi þennan mengunarvanda, sérstaklega loftmengunina, en einnig reyndar sjávarmengunina, þar sem dreifingunni er mjög misjafnlega háttað eftir staðháttum. Á engum landsfjórðungi mun þetta mál brenna heitar en Austurlandi nú í aflasældinni á yfirstandandi loðnuvertíð og við þær aðstæður í veðurfari sem ríkt hafa. En slíkir staðir eru víða eins og menn þekkja, þar sem þessi mengun er tilfinnanleg þannig að hér er ekki um afmarkað kjördæmismál að ræða. Það er hv. þm. auðvitað einnig ljóst.

Ég vænti þess, herra forseti, ekki aðeins að þetta mál fái þinglega meðferð í nefnd, heldur verði það tekið til meðferðar í tengslum við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hér í þinginu fyrir þetta ár að tryggja lánsfjármagn til loðnuverksmiðjanna sem sérmerkt sé í þessu skyni. Ég er ansi smeykur um að eins og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggur fyrir sé heldur þröngt fyrir dyrum hjá Fiskveiðasjóði, miðað við þá mörgu sem þangað sækja, og ég veit um það að á vissum stöðum a. m. k. er undirbúningur vel á veg kominn og fyrirliggjandi til úrbóta. Það á t. d. við um mína heimabyggð, Neskaupstað. Þar liggur fyrir áætlun um brýnustu úrbætur, aðgerðir sem unnt er að ráðast í á þessu ári ef hægt er að verða við umsókn um lánsfé til aðgerðanna. Og ég hygg að svo sé víðar. En jafnnauðsynlegt er að taka á þessum málum til lengri tíma litið þannig að hámarksárangri verði skilað í sambandi við nýtingu hráefnis, verðmætisauka og orskusparnað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum, þáltill. 272. mál (þskj. 450). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 450 ásamt hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarssyni að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því að haldin verði námskeið fyrir fatlaða í meðferð og notkun á tölvum til að auðvelda fötluðum að fá störf á vinnumarkaðnum. Félmrn. standi fyrir þessum námskeiðum, viðkomandi að kostnaðarlausu."

Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumál fatlaðra hafa oft verið til umræðu og ýmislegt hefur verið gert til að auðvelda atvinnuþátttöku þeirra, t. d. verndaðir vinnustaðir. Einskis má hins vegar láta ófreistað til að auka þátttöku fatlaðra sem mest í atvinnulífinu og þá alveg sér í lagi við þau störf sem mest eru við hæfi þeirra.

Tölvutækni og tölvunotkun ryðja sér æ meir til rúms í atvinnulífinu. Til að starfa við tölvur þarf ákveðna þekkingu byggða á námi, en augljóst er að tölva sem vinnutæki hentar sérstaklega vel fötluðum, m. a. hjólastólafólki. Fá störf munu þessu fólki þægilegri viðhorfs, auk þess sem þau gefa betri tekjumöguleika en mörg önnur. Störf sem lúta að tölvum og notkun þeirra ná til æ fleiri þátta og svo mun verða enn frekar í náinni framtíð.

Fatlaðir þurfa að eiga kost námskeiða til þess að geta orðið hlutgengir til þessara starfa. Upp á slík námskeið þarf að bjóða fötluðum þeim að kostnaðarlausu til örvunar og hvatningar til frekari atvinnuþátttöku, en fjárhagur fatlaðra almennt er slíkur að námskeið getur verið þeim ofviða fjárhagslega.

Félmrn. er yfirstjórnandi þessa málaflokks skv. lögum og hlýtur að vera sá aðili sem tekur þetta að sér. Námskeiðahald af þessu tagi mundi skjótlega skila sér á margan veg til samfélagsins auk þeirra áhrifa sem það gæti haft á hagi og líf fatlaðra."

Ég sat fyrir skömmu — allt of skamman tíma þó — hluta af ráðstefnu um atvinnumál fatlaðra. Sú ráðstefna var mjög fjölsótt. Ótrúlegur áhugi kom þar fram á öllum möguleikum hinna fjölmörgu hópa fatlaðra sem þar voru saman komnir. Þar var m. a. rætt um verndaðu vinnustaðina og þeir taldir af hinu góða þar sem þeir væru óhjákvæmilegir, en hins vegar tekið skýrt fram af öllum þeim sem þar töluðu að þeir væru vitanlega það úrræði sem síðast ætti að grípa til, hin almenna atvinnuþátttaka ætti að sitja fyrir.

Það kom ljóst fram á þessari ráðstefnu hversu miklar vonir fatlaðir binda við tölvuna. Að vísu gera þeir það

gagnvart ýmsum hjálpartækjum sem tengd eru við tölvur og stjórnað af þeim eða með þeim, með tölvubúnaði, ýmiss konar hugbúnaði einnig af því tagi, en alveg sérstaklega varð maður var við að þeir bundu vonir við að atvinna tengd tölvunni félli þeim í skaut.

Það var almennt álit á þessari ráðstefnu, dapurlegt að vísu, að einkaaðilar stæðu sig mun betur en hið opinbera í því að sjá fötluðum fyrir vinnu. Ég hygg að þetta sé rétt, hið opinbera hafi mjög lítið gert af því — eða eins lítið og unnt er — að greiða fyrir atvinnuþátttöku fatlaðra. Ég man það frá því í umr. fyrr í vetur að þá komu þessar upplýsingar einnig fram þegar hv. þm. Geir Gunnarsson spurði um það sérstaklega hér hvort það yrði ekki gert, svo sem eru bein ákvæði um, að þegar störf væru auglýst á vegum hins opinbera, þau sem fatlaðir gætu tekið að sér, þá væri þess getið sérstaklega í auglýsingunni að þeir ættu þar forgang.

Það var líka dapurlegt, sem kom fram á þessari ráðstefnu, hversu lítið er vitað um fjölda fatlaðra sem gætu unnið ýmis störf ef þau væru tiltæk og fyrir þeim séð. Um þetta vantaði upplýsingar frá öllum stöðum á öllum svæðum á landinu utan Reykjavíkur og í Reykjavík voru m. a. s. langt í frá tæmandi upplýsingar um þetta þó að þar hafi lengst og best verið unnið að þessum málum. Á Reykjanessvæðinu var um töluverðar upplýsingar að ræða, en á öllum hinum svæðunum var um bráðabirgðatölur að ræða sem voru handahófskenndar svo ekki sé meira sagt. Einna skást var þetta þó á Norðurlandi eystra, en átti þó alveg sérstaklega við Akureyri, enda hefur félagsskapur fatlaðra á Akureyri unnið sérstaklega gott starf í þessum efnum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun á Reykjavíkursvæðinu er hvergi nærri í því fari sem vera skyldi. Það varð mér best ljóst, þegar ég átti tal við hinn nýja deildarstjóra svæðisstjórnar hér eða öryrkjadeildarinnar í Reykjavík, Ástu B. Schram, sem er gífurlega fær starfskraftur og vinnur af mikilli samviskusemi, hversu illa er búið að þessum þætti þar sem henni er í raun einni ætlað að sjá um atvinnuleit og vinnumiðlun á þessu stóra svæði — með að vísu kannske einhverri aðstoð annarra, en meginþunginn hvílir á herðum þessa eina starfskrafts.

Hér hefur að vísu verið lofsvert starf unnið og ég vil geta þess alveg sérstaklega hér. Skóli fatlaðra hefur verið í gangi, eins og menn þekkja, og þar hafa bæði Öryrkjabandalagið og Rauði krossinn unnið umtalsvert starf og Rauði krossinn m. a. alveg sérstaklega tekið þátt í því að styrkja tölvunámskeið fyrir fatlaða, tölvunámskeið sem hafa verið alveg sérstaklega vel sótt. Þess ber einnig að geta að Skóli fatlaðra hefur verið styrktur af hinu opinbera, en það hefur verið undir hælinn lagt hverju sinni hversu mikill sá styrkur hefur verið og hversu vel hefur verið þar að verki staðið.

Við flm. teljum hins vegar að stjórnvöld eigi hér skyldu að gegna og þeim beri að sinna þeirri skyldu og rækja hana, ekki bara til framtíðarheilla fyrir þá einstaklinga sem hér gætu öðlast nýja lífssýn, ef svo mætti að orði kveða, heldur ekki síður þjóðfélaginu því að það kom fram á þessari ráðstefnu að í beinhörðum tölum talið er þjóðhagsleg hagkvæmni þess að útvega fötluðum vinnu við hæfi ótvíræð og þarf reyndar engan hagfræðispeking til að segja sér þá einföldu hluti.

Réttur fatlaðra er betur lagatryggður nú en áður með löggjöfinni um málefni fatlaðra. Það er aðeins í svo mörgu, eins og í fleiri greinum, sem á skortir um framkvæmd. Hér er vissulega ein brotalömin, kannske ein sú alvarlegasta, sem úr þarf að bæta. Mikilvægi starfsins fyrir hvern og einn er ótvírætt og ekki síður fyrir þá fötluðu sem oft hafa ekkert að gera og eru auk þess í of mikilli einangrun. Hin nýja tækni á að skapa þeim möguleika. Þá möguleika þarf að nýta til fullnustu. Þar kemur tölvan sem tæki hinna fötluðu til þess að hasla sér völl á vinnumarkaðnum. Því þarf hér aðgerðir sem duga. Því er till. þessi flutt.

Ég legg svo til, herra forseti, að að loknum þessum hluta umr. verði þessari till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennslukostnaður.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um kennslukostnað, á þskj. 444, sent þm. 18. febrúar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarkostnaður (þar með talinn stjórnkerfiskostnaður) ríkissjóðs árin 1983, 1984 og 1985 (skv. fjárlögum):

1. Af hverjum bóknámsnemanda í fullu námi
   a. á grunnskólastigi,
   b. á öðrum skólastigum?
2. Af hverjum verknámsnemanda í fullu námi?

Svar:

1. a. Kostnaður vegna nemenda á grunnskólastigi er til jafnaðar sem hér segir:

	kr.
Samkvæmt ríkisreikningi 1983	20 320
Samkvæmt bráðabirgðareikningi 1984 .	23 400
Samkvæmt fjárlögum 1985	30 810

Tölur þessar taka til alls launa- og rekstrarkostnaðar ríkissjóðs, svo sem vegna kennslu, stjórnunar, námsbóka o. s. frv. Stofnkostnaður vegna skólahúsnæðis er þó ekki meðtalinn.

Fjöldi nemenda í grunnskólum, þar með taldir forskólanemendur, eru á þessu árabili milli 40 600—40 700. Kostnaður þessi ár var sem hér segir: Árið 1983 tæpar 827 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1984 950 milljónir kr. og samkvæmt fjárlögum 1985 1253 milljónir kr.

Rétt er að benda á að hér er um meðaltalskostnað að ræða. Kostnaður er misjafn eftir landshlutum, skólum, aldri nemenda o. s. frv.

   b. Kostnaður ríkissjóðs vegna nemenda í fjölbrauta- og menntaskólum er sem hér segir, til jafnaðar á nemanda:

	kr.
Samkvæmt ríkisreikningi 1983	31 660
Samkvæmt bráðabirgðareikningi 1984 .	38 240
Samkvæmt fjárlögum 1985	45 630

Nemendur í mennta- og fjölbrautaskólum eru á þessu árabili frá 8400—8600 sem er um 75% allra nemenda á framhaldsskólastigi. Meginþorri þeirra, eða tæp 90%, er skilgreindur sem bóknámsnemendur.

Kostnaður ríkissjóðs við mennta- og fjölbrautaskólanemendur var alls um:

267 millj. kr. árið 1983,
323 millj. kr. árið 1984 samkvæmt bráðabirgðareikningi og
386 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 1985.

Kostnaður ríkissjóðs er, með sama hætti og í grunnskólum, misjafn á framhaldsskólastigi. Kemur þar til stærð skóla, staðsetning, umfang og tegund náms, svo og mismikil hlutdeild ríkissjóðs í rekstri skóla.

2. Kostnaður ríkissjóðs vegna verknámsnemenda er til jafnaðar sem hér segir:

	kr.
Samkvæmt ríkisreikningi 1983	38 840
Samkvæmt bráðabirgðareikningi 1984 ...	44 340
Samkvæmt fjárlögum 1985	52 950

Tölur þessar taka til alls kostnaðar ríkissjóðs í nokkrum verkmenntaskólum. Í skólum þessum stunda um 1500—1600 nemendur nám og er það um helmingur allra verknámsnemenda.

Efri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vélstjóranám, 226. mál (þskj. 281). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dómsvald í héraði, frv. 227. mál (þskj. 282). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hagnýting Seðlabankahúss, þáltill. 281. mál (þskj. 461). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Till. þessi til þál. er nú endurflutt. Hún var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Raunar var hún þá flutt í Sþ. en nú hér í þessari hv. deild. Tillögugreinin skýrir sig sjálf:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á því hvernig æskilegast sé að nýta svonefnt Seðlabankahús. Sérstaklega verði athugað hvort það gæti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands.

Framkvæmdir við bygginguna verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið."

Það er alkunna að bankakerfið hefur þanist út á undangengnum árum sérstaklega — og reyndar nokkuð á annan áratug hefur verið mikil aukning í byggingum á vegum bankanna samhliða því sem sparifé þjóðarinnar hefur verið að ganga til þurrðar. Ég hygg að sparifé hafi verið eitthvað um sem svaraði 40% þjóðarframleiðslu fyrir rúmum áratug. Það mun nú verið komið niður fyrir 20% þjóðarframleiðslunnar og allt að helmingur af því fjármagni er frystur, lokaður inni að hluta til ráðstöfunar eftir öðrum leiðum en nákvæmlega þeim sem æskilegast getur talist. Peningarnir hafa þess vegna nýst harla illa.

Það er enginn vafi á því að sú stefna, sem hér hefur verið fylgt í peningamálum, svokölluð peningamagnskenning hefur riðið hér húsum, monetarismi heitir það víst á erlendu máli, hefur stórskaðað þessa þjóð eins og raunar vestrænar þjóðir margar hverjar, sem reyndu að bregðast við svokallaðri olíukreppu með því að draga úr peningamagni í umferð, eins og það heitir á tæknimáli, frysta peningana, gefa ekki út ávísanir á þjóðarauð, sjá þjóðunum ekki fyrir starfsfé, til þess að stemma með þeim hætti stigu við verðbólgu. Það átti að vera hið algilda meðal við verðbólguþróun.

Reynslan varð raunar alls staðar þveröfug. Það var hægt að koma á kreppu, það var hægt að auka atvinnuleysi, draga úr framleiðslunni, en það var ekkert hægt að stöðva verðbólguna með þessum hætti. Við getum t. d. litið til Svisslands. Hefur ekki alltaf verið gífurleg verðbólga þar, þar sem bankastjórarnir standa á tröppunum og biðja fólk að taka lán, m. a. s. á lágum vöxtum? Varð verðbólga í Bandaríkjunum þegar fjármagn þjóða heims byrjaði að streyma þangað fyrir fjórum, fimm árum? Nei, hún hjaðnaði. Hefur verðbólga minnkað á Íslandi við það að peningarnir eru frystir? Nei, hún hefur farið vaxandi. Er kannske engin verðbólga í Suður-Ameríkuríkjum þar sem engir peningar eru til en gnótt af örbirgð og atvinnuleysi? Þar er verðbólgan mest.

Þessi kenning er með þeim hætti að frá henni verður að hverfa. Hvort sem þessi ríkisstj. ber gæfu til þess eða ekki þá hlýtur sú næsta að gera það. Og auðvitað vona ég að það verði þessi ríkisstj. Þessi stefna gengur ekki upp. Þetta er stefna sem allir íslenskir stjórnmálaflokkar hafa borið ábyrgð á nokkuð á annan áratug með þessum afleiðingum sem ég var að lýsa, að sparifé er uppurið og verðbólgan hefur ætt áfram.

Þessi till. er auðvitað angi af því að berjast gegn þessari þróun. Seðlabankinn hefur ekki neitt við þetta húsnæði að gera, nema mjög lítið af því, og sjálfsagt að sú virðulega stofnun hafi þar eitthvert aðsetur. En stjórnarráðið getur sem best hagnýtt þetta hús. Það færi mjög vel á því að t. d. ráðuneytin öll hefðu þar aðsetur nema forsrn. sem væri í hinu gamla virðulega húsi við næstu götu, þannig að æðstu starfsmenn ráðuneytanna a. m. k. gætu hist, verið undir sama þaki en ekki dreifðir út um allan bæ, og haft greiðan aðgang innan dyra. Þetta liggur svo beint við að það þarf varla að hafa um það mörg orð.

Það liggur reyndar fyrir þessari hv. deild frv. um það að færa starfsemi Seðlabankans að þessu leyti til þess horfs sem upphaflega var, þegar lög um hann voru sett í byrjun sjöunda áratugarins, þ. e. að Seðlabankinn hafi ekki heimildir til að frysta peninga nema í mjög litlum mæli. Raunar ætti enginn að hafa slíka heimild. Þessi kenning sem ég var að tala um, um skömmtun fjármagns, hefur gengið sér til húðar og alls staðar verið frá henni horfið enda hefur orðið fjörkippur í efnahagslífi vestrænna þjóða nú á síðustu árum. En því miður ekki hér.

Í þessu sambandi má kannske aðeins víkja að einni kenningunni í viðbót, sem er sú að erlendar skuldir eigi að fylgja þjóðarframleiðslu — megi ekki vera hærri en einhver ákveðin prósenta af henni. Nú er alltaf talað um 60% eða eitthvað slíkt af þjóðarframleiðslu. Þessi kenning er álíka vitlaus og allar hinar sem hagfræðingarnir hafa verið að boða okkur. Hvernig í ósköpunum ætti það í sveiflukenndu þjóðfélagi eins og á Íslandi að vera kappsmál að borga upp erlendu skuldirnar þegar þjóðarframleiðslan er minnst en auka þær upp úr öllu valdi þegar þjóðarframleiðslan er mikil, sem prósentu af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs, og taka þá erlend lán í stórum stíl eins og gert var á árunum 1980, 1981, 1982? Þá var ausið inn erlendu fjármagni þegar þjóðarframleiðslan er meiri en nokkru sinni áður, metaflaár. Þá er allt í lagi að taka erlend lán og dengja þeim peningum út í þjóðlífið, leyfa Bandaríkjamönnum og Aröbum að fjármagna hér alla skapaða hluti, m. a. s. neyslu á raunvöxtum sem eru upp undir 20% eða eitthvað slíkt, á sama tíma sem vextir voru neikvæðir á íslensku sparifé. Þessar kenningar eru allar með þeim hætti að það á að draga úr þessu opinbera valdi og þessari ofstjórn á öllum sviðum. Þess vegna eigum við að hafa lítinn, virðulegan Seðlabanka og síðan auðvitað öfluga einkabanka og hugsa um okkar eigið fjármagn.

En það er líka dálítið athyglisvert að nú, þegar vextir eru hér óneitanlega mjög háir, svo að veldur atvinnuvegunum erfiðleikum, þá er hert á skömmtun peninga. Eins og það er nú gáfulegt að fara í tvær gagnstæðar áttir, annars vegar að láta vextina vera nokkuð frjálsa en hins vegar að frysta peningana. Sú kenning stenst ekki. Það verður að vera verulegt magn af peningum í umferð ef vextir eiga að vera frjálsir, til þess að þeir æði ekki upp úr öllu valdi og fari m. a. s. út úr bankakerfinu og allir inn á verðbréfaviðskipti, kannske á 15—20% raunvöxtum. Þetta er ein endaleysan í viðbót. Það má kannske segja að ef þjóðfélagið hefði efni á því að borga niður vexti, reka bæði eyðslu og fjárfestingar á neikvæðum vöxtum, þá væri það ósköp huggulegt, ef við ættum einhvern gullsjóð einhvers staðar sem við gætum bara grafið í. En að láta vextina vera lausa og taka svo alla peningana úr umferð, það er auðvitað hrein endaleysa. Peningar eiga ekki að vera annað en ávísanir á verðmæti og einhverjar stofnanir verða að vera til og hjálpa mönnum að gefa út ávísanir á sínar eignir.

Við skulum segja að mig langaði að leggja einhverja verulega upphæð, ½—1 milljón, í fiskirækt. Ég á að geta fengið þá milljón einhvers staðar ef ég veðset húsið mitt, tek áhættuna af því, set fullar tryggingar. Peningar eiga ekki að vera neitt annað en ávísanir á verðmæti. Það eina sem ekki má skammta, ef við ætlum að búa í lýðfrjálsu þjóðfélagi, er einmitt peningar. Það er út af fyrir sig allt í lagi að skammta sykur og kaffi. Við fengjum öll sama skammtinn og við gætum vel lifað af honum og kannske án hans. En þegar peningarnir eru skammtaðir þá er það ekki sá sem minna má sín sem fær þá peninga, ég tala nú ekki um þegar maður fær kannske styrk, 10, 20 eða 30% að auki, hreina gjöf.

Ég veit ósköp vel hvernig það er að berjast fyrir því að hjálpa fólki, sem bráðvantar 20, 30 eða 40 þús. kr., að ná þessari upphæð út úr banka. Það er sko ekki heiglum hent að ná því út. En svo velta milljónir, milljónatugir, milljarðar út með öðrum hætti. Ranglætið er auðvitað mest þegar peningarnir eru skammtaðir með þessum hætti. Það samræmist ekki í bókstaflegri merkingu lýðræðislegum hugsjónum.

Ef þjóðfélagið vill styrkja þá sem minna mega sín þá gerist það með öðrum hætti. Það gerir það með ýmiss konar félagslegum umbótum og það gerir það að vissu marki með styrkjum til þeirra sem ekki geta séð sér farborða. Það getur gert það t. d. með því að lána þeim, sem eru að byggja sína fyrstu íbúð, vaxtalaus lán eða vaxtalítil, eða með einhverjum slíkum hætti. En það á ekki að fela það einhverjum duttlungum einhverra skömmtunarstjóra hvort þessi má fá peninga, hvort þessi má byggja en ekki hinn. Það á auðvitað að ríkja þarna jafnrétti og jafnræði.

Þessi þáltill. er auk mín flutt af hv. þm. Eiði Guðnasyni og hv. þm. Stefáni Benediktssyni. Ég á von á því að hún njóti hér mikils stuðnings. Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. Síðan kemur hún hér aftur til lokaafgreiðslu og þá treysti ég því að þingdeildarmenn geti að öllu leyti eða mestu sameinast um samþykkt hennar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við tillgr. þessarar þáltill. sem fjallar um hvernig nýta beri ákveðna byggingu hér í bænum. Málefni Seðlabankans hafa margoft verið til umr. hér á Alþingi, en lítið hefur hingað til verið um beinar tillögur um málefni sem bankann varða ef undan er skilið frv. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og hv. þm. Valdimars Indriðasonar um að lækka innistæðubindingu í bankanum niður í 10%. Það frv. er nú til meðferðar í fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Mér þykir vera vel við hæfi að á grundvelli þess og þeirrar till. sem hér er nú til umr. taki n. málefni Seðlabankans til nokkuð ítarlegrar umfjöllunar.

Það hefur t. d. vafist fyrir mörgum, þ. á m. ýmsum hv. þm., hvernig Seðlabankinn geti átt eitthvað sem kallast eigið fé bankans þar sem hann er ríkisbanki, hvernig hann getur átt eitthvað sem tilheyrir ekki ríkinu. Það hefur líka komið fram að margir vita ekki, þ. á m. hæstv. fjmrh., fyrir hvaða fé Seðlabankinn er að byggja það stórhýsi sem tillgr. fjallar um, hvort það er fyrir eigið fé bankans eða einhverja peninga sem vaxa á peningatré í fjárhirslu bankans.

Sem nm. í fjh.- og viðskn. lýsi ég mig reiðubúna til að athuga gaumgæfilega málefni bankans í n. og stjórn efnahagsmála sem tengjast bankanum og ég tel einsýnt að framkvæmdir við umrædda byggingu verði stöðvaðar á meðan. Því styð ég þá till. sem hér er til umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Hér eru málefni Seðlabankans á dagskrá, þó fyrst og fremst sú till. sem hér hefur verið flutt í því efni að athugað verði hvernig æskilegt sé að nýta svonefnt Seðlabankahús og sérstaklega verði athugað hvort það geti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands. Í grg. með till. er ýmislegt fært fram sem þykja vera gild rök að dómi flm. fyrir því að till. verði samþykkt. Þar eru reyndar að mínum dómi viðhöfð nokkuð stór orð sums staðar þar sem talað er um ofstjórn og óstjórn í peningamálum. Það má auðveldlega skilja þannig að þegar það er sagt sé um leið vísað til Seðlabankans.

Nú ætla ég að taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning hjá hv. þm. að ég ætla ekki að fara hér úr

þessum ræðustóli að gerast málsvari athafna Seðlabankans sérstaklega á undanförnum árum. Hitt þætti mér vænna um, þegar svona till. er flutt og fullyrt er að óstjórn hafi verið og fullyrt að umfang í starfsemi Seðlabankans sé allt of mikið, að fluttar væru raunhæfari tillögur í því efni með hvaða hætti starfsemi Seðlabankans á að verða á næstu árum ef menn vilja á annað borð breyta þar einhverju.

Hv. síðasti ræðumaður minntist á frv. sem hér hefur verið flutt og gerir ráð fyrir lækkaðri bindiskyldu Seðlabankans, niður í 10% eins og hún upphaflega var. Nú er hv. alþm. kunnugt að stefnt er að því að lækka bindiskylduna. En hvaða breytingar verða þá gerðar til móts við þá breytingu? Einmitt þær að afurðalánin færist alfarið til viðskiptabankanna, að Seðlabankinn láti af endurkaupum afurðalána, en bindiskyldufé hefur m. a. verið notað í því skyni. Ég held að menn verði að sjá þetta fyrir sér í svolitlu samhengi.

En áfram um stærð og umfang Seðlabankans. Nú vil ég ekki leggja neinn dóm á það, ég þekki það ekki nægilega vel enn þá, hvort starfslið Seðlabankans sé of fjölmennt miðað við þau störf og miðað við það umfang sem honum er ætlað skv. gildandi lögum. Í þessum samanburði má e. t. v. vitna til bankakerfisins í heild. Ef ég man rétt hefur starfsmönnum bankastofnana í landinu — utan Seðlabankans — fjölgað úr 1897 í 3114 frá upphafi árs 1978 til loka ársins 1984. Þetta er fjölgun um 64%. En þegar margrædda útþenslu Seðlabankans ber á góma er rétt að minna á að stöðugildi í Seðlabankanum voru í upphafi árs 1978, ef ég man rétt, 117 en við lok ársins 1984 128. Fjölgunin er innan við 10%.

Ég er ekki að segja frá þessu hér til að réttlæta eitt eða neitt vegna þeirrar stofnunar sem hér er fyrst og fremst til umræðu. Auðvitað er augljóst mál öllum mönnum að þensla í bankakerfinu, þá á ég við hið almenna bankakerfi, hefur farið langt út fyrir allt velsæmi. Tek ég undir það með 1. flm. þessarar till. og reyndar hefur það komið fram miklu víðar.

En þegar vikið er að óstjórn í peningamálum og efnahagsmálum almennt leiðir maður hugann að hlutverki Seðlabankans, sem er markað í lögum, þar sem gert er ráð fyrir að Seðlabankinn ráðleggi ríkisstj. á hverjum tíma í peninga- og gjaldeyrismálum. Og þá hugsar e. t. v. einhver: Ja, þá er öll óstjórnin og vitleysan alfarið á ábyrgð Seðlabankans. Þá vil ég minna á 4. gr. seðlabankalaganna þar sem skýrt er tekið fram að bankastjórum Seðlabankans sé skylt að opinbera ágreining, ef um hann er að ræða, milli Seðlabankans og viðkomandi ríkisstjórnar, en niðurlag greinarinnar er þannig að eigi að síður skuli Seðlabankinn telja það eitt meginhlutverk sitt að fara að þeirri stefnu sem ríkisstj. markar að lokum. Og nú er það spurningin um eggið og hænuna. Hvort kemur á undan? Ég get ekki að því gert að mér hefur stundum fundist svo sem við stjórnmálamenn leituðumst við að skýla okkur bak við ýmsar stofnanir sem við berum ábyrgð á, höfum augljóslega á hendi að líta eftir. Þar eigum við kjörna fulltrúa í ráðum og stjórnum og okkur á því að vera í lófa lagið að hafa mikil áhrif á vegum þessara fulltrúa okkar á starfsemi viðkomandi stofnana.

Ég tek auðvitað undir það að ráðstöfun fjármagns í landinu hefur á undanförnum árum oft verið með þeim hætti að það hefði mátt fara betur. En það gerist ekki síður úti í hinu almenna bankakerfi. Ég hef hugmynd um að margir forsvarsmenn í hinu almenna bankakerfi hafi ekki verið nægjanlega opnir fyrir þeim brautum fjármagns sem eðlilegar hefðu verið á undanförnum árum til þess að treysta okkar efnahagslíf. Þá er ég ekki síst með í huga ýmiss konar atvinnuuppbyggingu sem aðrar þjóðir sjá efnahag sínum borgið í, en við þybbumst við að viðurkenna. Því miður hefur það allt of oft gerst að einstaklingar hafa ekki fengið lánafyrirgreiðslu hjá bönkum nema því aðeins að það sem menn báðu um lánið til væri beint vaxið út úr hinum hefðbundnu gömlu, að vísu ágætu, atvinnuvegum okkar. Ef menn hafa haft eitthvað annað fram að færa hefur öllu verið neitað. Að þessu leyti tek ég undir málflutning hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Slíkri öfugþróun hefði átt að snúa við fyrir löngu.

En ástæðan fyrir því að ég stóð upp var kannske fyrst og fremst sú að ég vildi benda á ábyrgð okkar stjórnmálamanna og þá fyrst og fremst þeirra ríkisstjórna sem setið hafa á undanförnum árum. Ég get ekki séð annað en gjörðir Seðlabankans á undanförnum fjölmörgum árum og jafnvel alla tíð hafi hlotið velþóknun viðkomandi ríkisstjórnar. A. m. k. hefur djúpstæður ágreiningur ekki verið opinberaður, eins og skylt er að gera skv. lögum ef um ágreining er að ræða. Ég hvet menn því til þess að gera sér grein fyrir orsökum og afleiðingum og ábyrgð á endanlegum ákvörðunum.

En Seðlabankahúsið er fyrst og fremst til umræðu, höllin við Arnarhól. Ég skal strax taka undir að þar er byggt nokkuð við vöxt. Ég vil þó minna á að nú þegar er gert ráð fyrir nýtingu töluverðs hluta hússins til annarrar starfsemi en beinlínis fyrir Seðlabankann. Efast ég ekki um að hv. 1. flm. till. um hagnýtingu Seðlabankahúss sé fullkunnugt um það. (Gripið fram í.) Já. Ég held þá sé rétt að ég fari örfáum orðum um fyrirhugaða nýtingu Seðlabankahússins eins og það liggur fyrir nú að óbreyttum Seðlabanka.

Heildargólfflötur er 12 765 fermetrar. Þar af eru bílageymslur ásamt öryggissvæði og rými fyrir tæknibúnað 3600, mötuneyti og sameiginleg þjónustuaðstaða 500, en almennt rými alls 8665. Reiknistofa bankanna fær 2260 m^2, en eins og menn vita er hún til húsa suður í Kópavogi og þar vinna 75 manns eða þar um bil. Almennt rými án Reiknistofu er 6405 m^2: fjárhirslur og seðlagreining 1390 m^2, geymslurými, fjölritun o. fl. 930 m^2, afgreiðslusalur og anddyri 480 m^2, skrifstofuhúsnæði og fundarsalir 3605 m^2. (**Gripið fram í:** Fyrirgefðu. Á eftir mötuneyti talar þú um almennt rými. Hvað sagðir þú að það væri?) 8665 m^2.

Núverandi húsnæði Seðlabankans til sambærilegra nota, þ. e. skrifstofuhúsnæði og fundarsalir, er 2500 m^2 eða um 70% af rými til sambærilegra nota í nýju fallegu Seðlabankabyggingunni sem bráðum verður fullgerð eða á árinu 1986.

Ég taldi rétt, virðulegi forseti, að þetta kæmi fram svo menn vissu hve stórt húsið væri sem verið er að fjalla um. Það er eðlilegra og skemmtilegra, þegar verið er að tala um hús, að vita stærð þeirra. (**Gripið fram í:** Fyrirgefðu aftur.) Menn vita nokkurn veginn hvar húsið er staðsett, þannig að ég þarf ekki að fara að... (**Gripið fram í:** Reiknistofan. Hvað sagðir þú um hana?) Reiknistofu bankanna? Ég skal gefa hv. þm. þetta svo ég þurfi ekki að endurtaka þetta oftar en tvisvar eða oftar en þrisvar héðan úr ræðustól og eyða dýrmætum fundartíma.

Það má vel vera að þetta hús verði notað til fleiri þarfa en nú er gert ráð fyrir. Ég vil ekki fullyrða neitt um það. Það kemur í ljós á sínum tíma. (Gripið fram í.) Byggingin verður afskaplega falleg, það er ég sannfærður um. Annað mál er að opinberar stofnanir eiga að gæta lágmarksfyrirhyggju og sparnaðar í öllu sínu atferli og ég held ég hafi komið að því fyrr í ræðu minni að mér þykir þetta nokkuð flott. En það voru byggð myndarleg hús á Íslandi fyrir áratugum þegar þjóðin var að drepast. Þegar hún átti varla málungi matar byggðu menn hallir, jafnvel á nútímavísu.

Ég vil segja það að lokum að ég hefði fremur kosið að flm. hefðu velt því fyrir sér og gert ljósari grein fyrir því hvers konar stofnun þeir vilja að Seðlabankinn sé vegna þess að þung orð hafa fallið í þessu efni.

Menn tala um bindiskylduna og segja að væri látið af bindiskyldunni mundi minnka umfang Seðlabankans svo að eftir það kæmist hann fyrir í einni lítilli skúffu eða svo til. Já, hann var í skúffu í Landsbankanum. Nú er það þannig að líklega vinna tveir starfskraftar í Seðlabankanum við innheimtu bindiskyldunnar. Að vísu starfa nokkru fleiri við að ráðstafa þeim fjármunum. Mér er ekki kunnugt um hversu margir þeir eru. En ég neita því að bindiskylduféð fari í óþarfa. Þetta er nátengt þeim afurðum sem atvinnuvegirnir gefa af sér og við þurfum að afsetja og við þurfum að borga framleiðendunum strax með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Ég hvet fjh.- og viðskn. til þess að kynna sér rækilega starfsaðstöðuna í Seðlabankanum og kynna sér rækilega hvaða hlutverk er eðlilegt að Seðlabankinn hafi með höndum. Vilja menn breyta einhverju þar um? Ef svo er, þá komi menn með myndarlegri frv. en að lækka bindiskyldu, málefni sem þegar er í framkvæmd.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka hv. 5. þm. Vesturl. og bankaráðsmanni í Seðlabankanum, Davíð Aðalsteinssyni, fyrir glöggar upplýsingar um nýtingu á Seðlabankahúsinu. Það er ekki algengt að óumbeðið komi menn frá því valdi sem þar er saman komið og upplýsi Alþingi svo rækilega sem hann gerði áðan og er það vissulega þakkar vert. (**Fjmrh.:** Er bankavaldið komið í hár saman?) Nei, aldeilis ekki, hæstv. fyrrverandi bankaráðsmaður Útvegsbankans, aldeilis ekki, því að ef hæstv. ráðh. hefur lagt grannt að eyru hefur hann heyrt að þetta var þakkarkvak mitt til hv. bankaráðsmanns Davíðs Aðalsteinssonar fyrir að hafa gefið upplýsingar hér sem ekki liggja alltaf á lausu, jafnvel þó um þær sé spurt í beinum fsp.

Það má segja að byltingin geri það ekki endasleppt hér. Það kemur hvert byltingarfrv. á fætur öðru í kjölfar þess að byltingin var boðuð um daginn af hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og fer vel á því að hann haldi þeirri iðju áfram þó að ég efist um að allir í hans herbúðum séu jafnhrifnir af þeim byltingarkenndu hugmyndum sem hann hefur og ég er, svo maður noti venjulegt orð, býsna skotinn í mörgum hverjum.

Hans ræða hér áðan var merkileg ádeila á vissa kenningu sem tröllríður hér húsum. Eflaust er það rétt hjá honum að allir hafa verið andvaralausir gagnvart peningamagnskenningunni. Ég hygg hins vegar að hv. þm. yrði að verða hæstv. ráðh. til þess að eitthvað gerðist nú í þessum efnum á þann veg sem hann var að lýsa þó að hann gerði sér örlitlar vonir — þær voru mjög veikar — um að núverandi ríkisstj. mundi eitthvað fara að hans ráðum í þessum efnum. Þó var hann ekki alveg úrkula vonar um það.

Ég tek hins vegar undir það að það er auðvitað breyting á lögum Seðlabankans sjálfs og endurskoðun á lögum um Seðlabankann sjálfan sem gildir í þessum efnum. Það er talað um völd og áhrif Seðlabankans og vissulega er það rétt að þau völd og áhrif eru allt of mikil, sumpart lögbundin, en að öðru leyti er það óneitanlega rétt, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., að stjórnvöld eiga að hafa síðasta orðið og geta haft það og eiga ekki að þurfa að láta neina segja sér fyrir verkum.

Það er svo annað mál að það er með ódæmum hvað ríkisstj. almennt láta hagspekinga ýmiss konar í Seðlabanka og í Þjóðhagsstofnun reikna allt út af fyrir sig og reikna sig nánast til fjandans, ef ég má orða það svo hér úr þessum ræðustól, í nær öllum greinum. Það er alveg með undrum. Og ekki er ástandið best núna, enda vitum við að hæstv. ríkisstj. hefur tröllatrú á þessum aðilum. En það hafa því miður miklu fleiri og það svo að þessi hagspeki ræður öllu. Þessi hagspeki sem margsinnis hefur sýnt sig að vera röng. Niðurstöður hennar eru kolrangar. Heilbrigð skynsemi er hreinlega lögð til hliðar. Kannske hún hafi verið sett í þessa margfrægu skúffu í Landsbankanum á sínum tíma, heilbrigð skynsemi, en hagspekin tekin upp í staðinn og breitt jafnrækilega úr sér og raun ber vitni.

Ég tek líka undir það með hv. 5. þm. Vesturl. að vitanlega geta stjórnmálamenn ekki notað Seðlabankann sem allsherjar blóraböggul. En hitt er annað að sá ágæti maður, sem ekki hefur nú tækifæri til að svara fyrir sig hér og stjórnar Seðlabankanum í flestum greinum skulum við segja, sá ágæti maður hefur náð til sín býsna miklum völdum í þessu þjóðfélagi og menn hafa lítt þorað þar upp að rísa. Fólk spyr mann gjarnan að því hvernig á þessu ægivaldi stendur sem við öll berum að vissu leyti einhverja ábyrgð á og notum sem blóraböggul.

Varðandi þessa till. er rétt að um fátt er meira rætt meðal fólks en einmitt þetta hús. Þó að nokkrar skýringar hafi komið á því að það eigi nú að nýta það á einhvern skynsamari máta að hluta til en menn höfðu reiknað með, eins og kom fram í upplýsingum hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, er það svo að fólk rekur upp stór augu ævinlega þegar byggingarmeistarinn mikli, sem ekki er hér til andsvara eins og ég sagði áðan, kemur fram á sjónvarpsskerminum og segir fólki að herða sultarólina, segir fólki að það séu engir peningar til nema þetta margfræga eigið fé Seðlabankans sem hv. þm. Sigríður Dúna kom réttilega inn á áðan, engir aðrir peningar til nema þetta eigið fé Seðlabankans. Þá auðvitað er von að fólk spyrji hvað við séum að hugsa og hvað við séum að gera.

Ég vil benda á að till. um þetta mál hafa komið fram áður. Ég man eftir frv. frá hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni o. fl. í Nd. á sínum tíma og ég man eftir till. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um stöðvun byggingarframkvæmda. Ég man sömuleiðis eftir þar sem þetta mál hefur kannske komist lengst, till. í ríkisstj. frá Alþb. í tengslum við efnahagsráðstafanir 1982, á sumardögum þá. Hún var um ákveðnar ráðstafanir varðandi þetta margfræga hús. En allt hefur komið fyrir ekki.

Ég hlýt að styðja það að látin sé fara fram athugun á

því hvernig æskilegast sé að nýta Seðlabankahúsið, þetta hús sem skattgreiðendur í landinu, hinir almennu borgarar í landinu, eiga með réttu eins og allir vita. Seðlabankinn á náttúrlega ekkert í þessu húsi sjálfur. Við eigum það öll og aðrir þjóðfélagsþegnar og eigum þess vegna að hafa það til ráðstöfunar á skynsamlegasta máta sem hægt er að finna.

Aðeins út af því sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson sagði um það að menn ættu ekki að vera að miklast yfir byggingum af þessu tagi vegna þess að þegar menn voru bláfátækir hafi menn byggt reisulegar og góðar byggingar hér á landi. Rétt er það og ber að meta. En ég vil aðeins bæta við: Menn byggðu þær byggingar, blessunarlega, yfir önnur og meiri og betri verðmæti en Seðlabankinn er að byggja yfir.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er flm. og stuðningsmaður þessarar till. — Ég vil líka bæta við orð síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl. Menn byggðu þá ekki fyrir ágóða af verðbólgu. Menn byggðu fyrir raunverulega peninga.

Hv. 5. þm. Vesturl. fræddi okkur um notkun þessarar byggingar. Til allrar hamingju er ég búinn að átta mig á því að það hefur ekkert breyst frá upphaflegum ásetningi. Áfram verður ⅓ byggingarinnar bílageymsla, ⅓ þessarar byggingar, ef rúmlega er áætlað getur kallast skrifstofa Seðlabankans og ⅓ er rými til annarra nota.

Ég er þeirrar skoðunar, sem hv. frsm. þessarar till. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti, að hlutverk Seðlabankans beri að takmarka frá því sem nú er. Hv. 5. þm. Vesturl. saknaði þess að lýst væri skoðun á hlutverki Seðlabankans. Einkum virtist hann hafa áhyggjur af því að Seðlabankinn og starfsemi hans væru notuð sem einhvers konar blóraböggull í pólitískri umræðu. Ég er ekki þeirrar skoðunar að Seðlabankinn beri í einu eða öðru ábyrgð á hlutverki sínu. Það eru stjórnmálamenn sem gera það. Það eru ríkisvald og Alþingi sem bera ábyrgð á gerðum Seðlabankans. Og ég vil andmæla því, sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl., að forstöðumaður þessarar stofnunar hafi náð til sín völdum. Það er alls ekki rétt. Völdin hafa verið honum gefin og rétt að honum af stjórnmálamönnum. Hann hefur ekki sölsað þau undir sig. Þeim hefur beinlínis verið troðið upp á hann. Og ég er ekkert viss um að hann hafi ýkjamikið sóst eftir þeim.

Ég tel að þeirri tilraun sem þetta tæki þjónar, þ. e. Seðlabankinn, sé lokið. Hún var okkur gífurlega dýr og kostnaðarsöm. Við verðum lengi að ná okkur eftir þessa tilraun. En tækið hefur sýnt að það dugar ekki. Ofstjórn er sama sem óstjórn og árangur sama sem núll. Það er ekki rétt, sem hv. 5. þm. Vesturl. vildi halda fram, að þetta tæki hafi þjónað tilgangi. Ef horft er til þeirra undirstöðugreina sem þessi banki hefur ekki hvað síst þjónað í gegnum afurðalánakerfið og gegnum þjónustu sína við fjárfestingarlánasjóði, þá blasir við sú staðreynd að tveir af aðalatvinnuvegum Íslendinga eru á heljarþröm. Það er ekki vegna þess að varan, sem framleidd er, seljist ekki. Hún selst. Það er markaður fyrir hana. Það er vegna þess að þær fjárfestingar sem í þessari atvinnugrein liggja skila ekki þeim arði sem til er ætlast. Við fáum ekki hærra verð fyrir varninginn en raun ber vitni og þá hljótum við að verða að taka tillit til þess í okkar fjárfestingarmarkmiðum og fjárfestingarvinnu. Það hefur ekki verið gert. Það er ekki Seðlabankanum sem slíkum að kenna. Það er alveg hárrétt. Hann er bara tækið. Menn mega eiga þrjár tilgátur að því hverjum það er að kenna. Það getur verið í fyrsta lagi stjórnmálamönnum að kenna, í öðru lagi stjórnmálamönnum að kenna og í þriðja lagi stjórnmálamönnum að kenna. Ég gef ekki aðra möguleika. Það sem flm. þessarar till. eru að leggja til er að þetta tæki, þessi freisting nánast, verði tekin frá stjórnmálamönnum, kaleikurinn hverfi.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir um hvernig hagnýta skuli Seðlabankahús hefur orðið orsök allmikillar umræðu og kannske er það eðlilegt þar sem málið hefur verið á döfinni í alllangan tíma eða allt frá því að þessi bygging hófst.

Það verður skoðað nánar í n. hvað við leggjum til í þessum efnum. En um þetta er mjög deilt. Það hlýtur að blasa við hverjum manni að þarna er mjög ríflega byggt yfir peningastofnun, þarna er peningamusteri okkar með tóman kassa að byggja stórhýsi.

Ég þakka hv. 5. þm. Vesturlands Davíð Aðalsteinssyni fyrir að gefa okkur hér upplýsingar um það hve þetta hús er stórt, hvernig það skuli nýtast o. s. frv. En ég hjó eftir einu hjá hv. þm. Sigríði Dúnu áðan. Hv. þm. spurði: Fyrir hvað er Seðlabankinn að byggja? Þannig getum við áreiðanlega spurt. Ég ligg ekki á þeirri skoðun minni að ég held að Seðlabankinn sé að stærstum hluta að byggja fyrir vanskila- og refsivexti viðskiptabankanna við Seðlabankann. Þetta er gert þegar undirstöðuatvinnuvegir okkar, eins og sjávarútvegurinn sem hefur þurft á miklu fjármagni að halda vegna afurðalána og fyrirgreiðslu viðskiptabankanna, hafa teygt sig langt fram yfir þau mörk sem sæmileg eru til þess að halda atvinnulífinu gangandi. Seðlabankinn hefur aftur hirt arðinn af þeim yfirdrætti sem myndast hefur í formi refsivaxta. Ef ég man rétt hefur meginhlutinn af tekjuafgangi Seðlabankans myndast fyrir refsivexti frá viðskiptabönkunum. Ég held að fyrir þetta fé sé byggt. Þá getum við spurt: Er rétt farið að í þessum efnum? Ég segi nei.

Þá kem ég inn á hitt málið sem hefur fléttast inn í þessar umr. Það er till. okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs og mín í sambandi við bindiskylduna sem mjög hefur verið til umræðu og á eftir að ræða hér síðar. Hér hefur verið dregið í efa að réttlætanlegt væri að minnka bindiskylduna. Ef ég man rétt er heimildin í dag upp á 38% bindiskyldu, er sennilega í kringum 30% í dag. Ég tel þetta óþarft vegna þess að afurðalán sjávarútvegsins eru öll komin út úr bindiskyldunni í Seðlabankanum. Þau eru fjármögnuð með erlendum lánum. Eftir eru þá landbúnaðurinn og hluti iðnaðarins með endursölu á afurðalánum og léttir það bindiskylduna.

En það er eitt í viðbót. Þeir bankar sem harðast eru keyrðir gagnvart atvinnuvegunum með kaupum, hvort heldur í erlendum eða innlendum afurðalánum, þ. e. að stærstum hluta Landsbanki, Útvegsbanki og Búnaðarbanki, verða að inna af hendi bindiskylduna þrátt fyrir að þeir sjái um útlánin, en aðrar peningastofnanir, sem spila frjálsar, ef svo má segja, í vinsælli lánum, eru ekki bundnar af afurðalánum. Þannig verður þetta mjög erfitt dæmi og verður ekki leiðrétt nema með því að bindiskyldan sé verulega lækkuð. Það mun koma til nánari umræðu þegar við ræðum frv. sem ég nefndi

áðan.

En ég tel mjög eðlilegt að rætt sé hér á hvern hátt Seðlabankabyggingin verði sem best nýtt. Ég sé ekki að Seðlabankinn nýti nema hluta af henni sjálfur. En hvort hagkvæmt er að taka hana undir aðra starfsemi, skulum við skoða nánar.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka öllum þeim hv. alþm. sem tekið hafa til máls við þessa umr. fyrir málefnalega umr., en svo vill oft fara, því miður, hér í okkar fámenni að málefnaleg umræða getur snúist í persónulegar umræður, jafnvel skæting. Það hefur ekki gerst hér og því fagna ég.

Það er í sjálfu sér ekki mjög margt sem ég sé ástæðu til að gera við aths., en þó hefur ýmislegt komið fram sem mig langar að víkja að og þá kannske sérstaklega að ræðu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar sem af eðlilegum ástæðum skýrði sjónarmið Seðlabankans og þó allt af hógværð.

Hann sagði þó að í grg. okkar með till. væri kannske tekið nokkuð djúpt í árinni eða jafnvel notuð stóryrði. Hygg ég að þar hafi hv. þm. átt við það að það væri á Íslandi ríkjandi ofstjórn og óstjórn í peningamálum. Hv. þm. Helgi Seljan vék nú að því — ég hygg að það hafi verið hann — að óstjórn fylgdi oft ofstjórn. Ég hef nú m. a. s. leyft mér að kalla þær Ofstjórn og Óstjórn óaðskiljanlegar tvíburasystur og þannig er það nú. Og það hefur mannkynssagan sannað okkur að ofstjórn fylgir ætíð óstjórn og því meiri sem ofstjórnin er því meiri er óstjórnin og því meiri er jafnvel kúgunin, fátæktin og örbirgðin. Þetta er því ekkert nýtt. Og það hefur verið ofstjórn í okkar peningamálum.

Ég vil ekki játa það að ég hafi ekki rökstutt mitt mál hér áðan, kannske ekki í mjög löngu máli, en ég ræddi um hver þessi ofstjórn og óstjórn væri. Það hefur bryddað á henni í fleiri löndum en hér, hvergi þó keyrt um þverbak eins og hér, enda hvergi verið sett lög á borð við þá löggjöf sem hér hefur verið kölluð Ólafslög, ranglega þó að vísu vegna þess að þáv. forsrh. var enginn hvatamaður að setningu þeirrar löggjafar. Í kjölfar þessarar stefnu hefur sem sagt fylgt óáran. Það hafa fylgt minni framfarir en ella, minna réttlæti, minna lýðræði. Þetta þóttist ég allt saman hafa rökstutt.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að 4. gr. seðlabankalaganna er eitt merkasta ákvæði þeirra laga. Hún er um það að Seðlabankanum beri að aðvara stjórnvöld opinberlega ef bankanum finnst að ekki sé fylgt réttri stefnu í peningamálum og fjármálum og efnahagsmálum almennt. Því miður hefur Seðlabankinn aldrei gert þetta. Það hefði farið betur að hann hefði gert það. Og það er auðvitað alveg rétt, sem hefur komið fram, að það eru stjórnmálamennirnir sem kannske hafa ráðið úrslitum um stjórnina í Seðlabankanum og kannske haft þau áhrif að slíkar aðvaranir voru ekki gefnar, heldur var farið að fyrirmælum viðkomandi ríkisstjórnar og Alþingis, meiri hluta Alþingis á hverjum tíma, og þess vegna með öllu ósæmandi að ætla sér — það hefur enginn gert hér — þvert á móti að kenna einhverjum einstaklingi um það. Þetta er okkur öllum meira og minna að kenna.

Ég get ósköp vel játað það hér að ég hélt á tímabili að það væri eitthvert vit í þessari peningamagnskenningu. En ég hef það mér þó til afsökunar að það eru sex eða sjö ár síðan ég byrjaði að skrifa um það æðimargar greinar og halda um það ræður, bæði á Alþingi og annars staðar, og fyrirlestra, hver endaleysa þetta væri. Og þess vegna tek ég það ekki til mín að ég hafi ekki aðvarað í þessu efni.

En um þverbak keyrði í fyrra þegar Alþingi samþykkti að hækka heimild Seðlabankans til að binda sparifé þjóðarinnar, þetta litla sem eftir er, úr 28% í 38%, sem í rauninni þýðir að bindingin er 42% því að bankarnir eru líka látnir greiða til Framkvæmdasjóðs 4%.

Það er ekkert launungarmál eða þarf ekki að vera að ég frétti af þessu klukkan hálfátta þann morgun sem frv. um þetta m. a. — þetta var nú bandormur eins og menn vita — var fram lagt. Þá var búið að prenta það. Það var aldrei tekið fyrir í þingflokki Sjálfstfl. Þessu var smeygt inn. Hvernig það komst inn veit ég ekki, en ég veit það hins vegar að t. d. forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem hér hefur komið til umræðu, hefur mjög verið fyrir það að hafa þau verkfæri sem nauðsynleg eru til stjórnar efnahagsmála, eins og hann hefur orðað það á fundum og í mín eyru, að þeir þurfi að hafa þessi verkfæri. Ég benti honum á að þeir hefðu haft æðimikið af sleggjum, hömrum, töngum og slíku árum saman án góðs árangurs. — En þetta kom sem sagt þarna inn á síðustu stundu. Ég veit að allir hv. þm. hér vita að ég var andvígur þessu ákvæði og greiddi atkvæði á móti því í nafnakalli að hagspeki kæmi í stað heilbrigðrar skynsemi eins og hér var haft á orði.

Ég er ekki einn þeirra sem segja að allar hagfræðikenningar endilega séu vitlausar. Auðvitað stangast þar margt á og sem betur fer eru ekki allir sammála. Það er auðvitað með hagfræðina eins og önnur hugvísindi að það er ekki algildur sannleikur og menn verða auðvitað að hafa hliðsjón af aðstæðum og breyttri þróun þjóðskipulagsins. Þess vegna geta ekki kenningar um það að of mikið framboð einnar vöru lækki hennar verð og þegar vöruskiptaverslun er hækki verð annarrar vöru hlutfallslega. Við erum með miklu fjölbreyttara þjóðskipulag í dag en þá var. Og þá var gjaldeyririnn raunverði. Það var skipst á landbúnaðarafurðum, það var skipst á öllum mögulegum verðmætum. Síðan varð gullið sérstakur mælikvarði og bæði verðmælir og mynt. En svo var farið að gefa út seðlana og gullið átti að vera til tryggingar o. s. frv. Þetta er auðvitað allt saman meira og minna hrunið og breytt og það er einmitt tekið fram hér í þessari grg. að hvorki meira né minna en bankastjóri Seðlabankans, Jóhannes Nordal, hefur gert sér fulla grein fyrir þeim breytingum sem eru að verða. Það segir, með leyfi forseta, þar sem hann svarar spurningum frá merkum hagfræðingum, hvorki meira né minna en hagfræðingnum Hayek og svo Buchanan, sem hér kom, svarar spurningunni um hvort eðlilegt væri að taka í stjórnlög ýmsar takmarkanir á valdi stjórnmálamanna til seðlaprentunar. Um þetta segir Jóhannes Nordal:

„Einnig er rétt að benda á það, eins og margir hafa gert, hversu erfitt muni reynast að skilgreina í stjórnarskrá merkingu þeirra hugtaka sem hér er um að ræða. Þótt peningamagn sé t. d. hugtak sem allir hagfræðingar nota er nákvæm skilgreining þess varla hugsanleg svo óyggjandi sé. Þar að auki hefur eðli peningamagnsins tekið sífelldum breytingum, eftir því sem greiðsluvenjur og greiðslutækni hefur breyst. Það er jafnvel hugsanlegt

að næsta kynslóð eigi eftir að lifa í allt að því seðlalausu þjóðfélagi, og hvaða gildi hefðu þá þær takmarkanir á seðlaprentun sem settar væru í stjórnarskrá við núverandi aðstæður?"

Þetta eru ekki mín orð. Þetta eru orð þess merka manns Jóhannesar Nordal. Auðvitað vitum við að seðlamagn í umferð verður ekki neitt sem hægt er að takmarka. Í frjálsu hagkerfi koma allar mögulegar aðrar greiðsluvenjur. Það er m. a. s. komið svo t. d. í Bandaríkjunum að þar eru menn varla með einseyring í vasanum, kannske einn eða tvo dollara fyrir strætó. Þar gengur þetta allt saman fyrir telexum, tölvum og margháttuðum kreditkortum og óbeinum viðskiptum. Þetta er þróunin. Og í meiri háttar viðskiptum eru engir seðlar notaðir. Það er m. a. s. verið að afnema meira og minna bein bankaviðskipti. Þetta gengur eftir tölvum og telexum heimsálfanna á milli á augnabliki. (**Fjmrh.**: Seðlabankinn reyndi nú að koma í veg fyrir þessi viðskipti hérna.) Það má vel vera — kreditkortaviðskipti? (**Fjmrh.**: Já.) Já, já, það eru tiltölulega litlar upphæðir í þeim miðað við það sem er í millifærslum á milli stórra fyrirtækja. — En ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma af því að það er eðlilegra að ræða þetta í sambandi við frv. sem hér hefur verið getið og kemur fljótlega til umr. hér.

Um hagnýtingu hússins höfum við fengið upplýsingar um að Reiknistofa bankanna muni fá þarna verulegt húsnæði eða það sé fyrirhugað. Þetta hafði ég ekki heyrt áður. Það hefur hreinlega farið fram hjá mér ef það hefur verið rætt einhvers staðar opinberlega.

Ég veit ekki mikið um Reiknistofu bankanna. Hún er staðsett í Kópavogi, hefur hér verið upplýst. Ég held hún geti verið staðsett svo til hvar sem er annars staðar en á dýrustu lóð bæjarins og þurfi ekki að hindra það að stjórnarráðið geti verið þarna. Þar að auki segja mér bankamenn að Reiknistofa bankanna muni fljótlega verða lögð niður vegna þess að tölvutæknin er svo ör að bankarnir muni verða hver um sig með tölvuþjónustu sem væri miklu ódýrari en þetta sem orðið er nokkurs konar bákn. Ég sel þetta ekki dýrar en ég keypti.

Þeir bæta því við að það sé algjörlega óeðlilegt að í einhverri stofnun með tugum manna séu allar færslur allra peninga, allar peningafærslur alls bankakerfisins í sjónmáli viðkomandi fólks sem ekki er beint bankafólk. Nú er ég ekki mikið hrifinn af leynd í bankamálum, en hún verður þó að vera ákveðin. Ég tel t. d. að þar sem er um gífurlega stóra viðskiptamenn að ræða eigi ekki að vera leynd yfir þeim viðskiptum. En það getur verið ástæða til að ákveðin leynd sé yfir minni háttar viðskiptum. Þetta gengur allt í gegnum einu og sömu stofnunina.

Það er líka óeðlilegt, þegar bankar keppa hver við annan, að einhverjir alveg óviðkomandi hafi upplýsingar um allt sem gerist í bankakerfinu í heild. Ég mundi halda að eðlilegast væri að hugsa alls ekki til þess að flytja þessa reiknistofu úr Kópavogi. Það er nú dreifbýlismál líka að hafa þetta í Kópavogi en ekki hérna við Austurvöll. En að öllu gamni slepptu held ég að þá stofnun eigi aldrei að flytja burt þaðan sem hún er af því að hún verður, held ég, lögð niður og það mjög bráðlega. Hún var tímabundið fyrirbæri meðan menn voru að átta sig á þróuninni í tölvuvísindum sem er svo ör að ég botna ekki nokkurn skapaðan hlut í einu eða neinu. Ég kann varla á þessar vasatölvur einu sinni svo ég ætti kannske ekki að fara að gera þetta hér að umræðuefni.

Það er ekki heldur rétt að ég hafi verið að ásaka einhverja sérstaka stofnun fyrir ofstjórn eða óstjórn í peningamálum, þvert á móti. Ég flutti fyrir mörgum, mörgum árum till. ásamt Pétri Sigurðssyni um sparnað í fjármálakerfinu. Hana höfum við núna endurflutt vegna þess hve útþenslan er gífurleg, ekki endilega í Seðlabanka, heldur miklu frekar í viðskiptabönkunum. Útþenslan var nokkurn veginn í öfugu hlutfalli við minnkun sparifjárins. Það hefur verið svo fram á þennan dag að því minna sparifé þeim mun fleiri bankastarfsmenn og þeim mun fleiri útibú og bankastofnanir. Það var það sem ég var að gagnrýna í minni frumræðu, en alls ekki sérstaklega Seðlabankann.

Hér er einfaldlega um að ræða að Seðlabankinn verði það sem honum var ætlað að verða og um var fullt samkomulag, ég held bara flestra stjórnmálaflokka, ekki mikil andstaða gegn því alla vega. Ég veit að þeir sem nú ráða Seðlabankanum höfðu hönd í bagga með að semja lögin um Seðlabankann. Honum var aldrei ætlað annað en að vera með yfirstjórn peningamála og gjaldeyrisviðskipti og annað slíkt og síðan að geta haft nokkur áhrif á peningamagn í umferð og þó mjög takmörkuð. Hitt kemur allt saman miklu síðar og það kemur frá Alþingi og ríkisstjórnum sem vildu beina peningum í ákveðna farvegi. Menn héldu að þar sem sparifé var þverrandi væri lausnin sú að binda það litla sem eftir væri til að beina því í einhverja ákveðna farvegi. Auðvitað minnkaði þá sparifé þeim mun meira. Þegar einn maður lagði peninga inn í banka, við skulum segja fátækur verkamaður, 5 eða 10 þús. kr., vissi hann að hann var ekki bara að lána ríkinu þetta og bönkunum. Hann var að gefa það í kannske 20—30% verðbólgu og neikvæðum vöxtum. Þar var um gjöf að ræða. Það var eignaupptaka af ríkisins hálfu. Það hefur verið slík ógnarleg samþjöppun peningamagns í þessu þjóðfélagi yfir til ríkisins og ríkisstofnana frá einstaklingum, frá borgurunum. Og þetta á sér stað enn þann dag í dag. Það er þess vegna sem ég er ekki sammála stefnu hæstv. ríkisstj. að þessu leyti. Ég hlaut að greiða atkvæði gegn þessu atriði, að herða þarna enn á. Og ég var ekki heldur sammála því að auka enn neysluskatta þótt í litlu væri. Ég hlaut að greiða atkvæði gegn því. Þetta er röng stefna.

Ég vonast til að hæstv. ríkisstj. breyti um stefnu. Og geri hún það ekki hef ég ekki trú á að það verði happasælt. (**Fjmrh.**: Hvað er á dagskrá? Eru það efnahagsmál?) Peningamál. (**Fjmrh.**: Peningamál? Ég hélt það væri seðlabankabyggingin.) Ég hef málfrelsi, hæstv. fjmrh., rétt eins og þú og ég held að ég hafi alveg eins heillavænlegar skoðanir á þessum málum og ráðh. Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. Helgi Seljan hér sagði, að mér hefur ekki orðið mjög mikið ágengt að koma þessum skoðunum á framfæri, en einhvern veginn er það nú svo að eftir dálítinn tíma, þegar menn eru búnir að hamra á hlutunum kannske í fimm, sex, sjö ár, fer maður að heyra að sumir eru sammála þrátt fyrir allt. Og þá vil ég nú segja, af því að hæstv. fjmrh. var að grípa fram í fyrir mér, að hann er í æðimörgu sammála mér þó að hann kannske ráði ekki heldur öllu. (**Fjmrh.**: Þetta er allt annað mál en er á dagskrá.) Ég held þá áfram. Á ég að fara að mæla upp bygginguna betur eða fara að ákveða kannske húsaskipan þar hæstv. fjmrh.?

Ég hef talað nákvæmlega í tíu mínútur, hæstv. fjmrh., og ég ætla ekki að láta bjóða mér ... (**Fjmrh.:** 25 mínútur.) Hef ég talað í 25 mínútur? Ætli við förum þá ekki yfir þetta allt saman aftur?

Ég legg sem sagt megináherslu á að peningamagnskenningin, monetarisminn, hefur riðið húsum hér á Íslandi og raunar í hinum vestræna heimi núna meira og minna á annan áratug. Þetta hefur verið mjög óheillavænleg stefna þar sem peningar hafa verið frystir og þannig héldu menn að þeir gætu ráðið við verðbólgu, en afleiðingin varð öll önnur. Verðbólga fór vaxandi, kjör manna versnandi, framfarir urðu minni en þær ella hefðu getað orðið ef frjálsræði hefði fengið að ríkja á peningamarkaði.

Að því er varðar t. d. Breta, svo að við lítum okkur nærri, reyndi forsrh. þar í landi, Margaret Thatcher, að koma á þessari peningamagnskenningu. Henni tókst það auðvitað mjög takmarkað vegna þess að bankar eru þar yfirleitt einkabankar og fjármálakerfið er háþróað. Þar eru verðbréfaviðskipti og ýmiss konar millifærslur eins og ég hér áðan vék að. Engu að síður er það röng stefna þar og hefur áreiðanlega aukið á þá miklu erfiðleika sem orðið hafa þar í landi. Og of mikil stjórnun peninga er af hinu illa en ekki hinu góða og við höfum af því mjög bitra reynslu.

Því miður hefur ekki orðið á þessu breyting hér á landi. Þrátt fyrir ágæti núv. hæstv. ríkisstj. í mörgu hefur hún hert á þessari stefnu með því að heimila Seðlabanka Íslands á s. l. vetri með samþykki Alþingis að auka bindingu sparifjár. Sú ábending að jafnvel svona góð og frjálslynd ríkisstj. skyldi fara inn á þessa leið olli því að mælirinn var fullur hjá mér a. m. k. Þess vegna flutti ég hér í fyrra till. þá til þál. sem nú er til umr., endurflutt til að vekja athygli á því að það væri verið að gera Seðlabanka Íslands að allt öðru en hann átti að vera skv. þeim lögum sem sæmilegur friður var um árið 1960 og áratuginn þar á eftir.

Við gátum kannske séð þetta áður en þessum nýju lögum var hrundið í framkvæmd um að auka enn ofstjórnarvald í peningamálum því að byggingin var að rísa. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti stórum og fallegum húsum, það er ekki málið. Ég er hér að tala um stefnumál en ekki einstakar byggingar. Þegar svo var komið að sparifé landsmanna hafði rýrnað um helming á einum áratug og síðan átti enn að fara að herða að og taka meira, bæði í frystingu sparifjár og svo enn þá að hugsa alltaf um að fylla upp í eitthvert gat á fjárlögum og taka meiri peninga í því efni, þá var mælirinn fullur. Og þegar mér var tilkynnt kl. hálfátta að morgni að búið væri að ákveða að þessi 10% aukning í bundnu fé skyldi verða að lögum og búið að prenta frv. var mér auðvitað nóg boðið. Þess vegna bið ég hvorki hæstv. fjmrh. né neinn annan afsökunar á því að ég ræði þetta mál hér og mun ræða það ædilengi, ekki endilega núna í dag, það eru víst fleiri mál á dagskrá, en ég mun taka mér allan þann tíma sem þörf er á til að vekja nógu rækilega athygli á því að í þessu efni er fylgt rangri stefnu. Það getur ekki orðið til velfarnaðar. Það þarf að ráðast gegn þessari stefnu. Það þarf að auka peningamagnið í umferð. Það er þversögn í því að hafa vexti frjálsa — og þeir þá mjög háir við lítið framboð peninga — en síðan að frysta peningana. Það dæmi gengur ekki upp. Það verða að vera til nægilegar ávísanir á eignir borgaranna. Peningar eru ekkert annað og eiga ekki að vera annað en ávísanir á fjármuni. Það verða að vera nægilegar ávísanir á fjármuni borgaranna til þess að vextir geti orðið eðlilegir í frjálsum skiptum manna. Það er áreiðanlega nauðsynlegt. Og þar sem frelsi í peningamálum er mest eru framfarirnar mestar. Á ég þar sérstaklega við Bandaríkin núna. Það hefur að vísu verið mjög gagnrýnt, bæði þar í landi og annars staðar, að ríkissjóður þar er rekinn með gífurlega miklum halla ár eftir ár og hallinn þar er hvorki meira né minna en sem svarar 5% af þjóðartekjum — ekki af fjárlögum. Þetta eru kannske upp undir 15% af fjárlögum ár eftir ár og ár eftir ár og hagspekingarnir hafa sagt að þetta hagkerfi hlyti að hrynja, dollarinn hlyti að lækka, en hann hefur stöðugt farið hækkandi, framfarir hafa aukist, framleiðsla hefur aukist. Og jafnvel þó að Bandaríkjamenn sem ráða í peningamálum og jafnvel forsetinn segi að þeir séu ekkert sérstaklega hrifnir af því að dollarinn haldi áfram að hækka, hann vildi gjarnan hafa einhver áhrif á það að dalurinn hækkaði ekki en hann gerði það. Hann hækkar samt af því að það er nú svo að hagfræðikenningarnar verða alltaf að víkja fyrir tilfinningu fólksins, fyrir trú fólksins á það hvað muni gerast, fyrir eftirvæntingunni. Þess vegna er það auðvitað hlutverk stjórnmálamanna að skapa jákvæða eftirvæntingu ef þeir ætlast til þess að framfarir verði miklar og lífskjör geti farið batnandi en ekki að drepa þá eftirvæntingu niður.

Það er þetta sem um er að ræða. Byggingin sjálf er auðvitað bara symból fyrir þá röngu stefnu sem fylgt hefur verið. Þess vegna er alveg sjálfsagt að menn taki þann tíma sem þeim sýnist til þess að ræða einmitt um efni málsins. Eins og ég sagði áðan er það einmitt eftirvæntingin, það er trúin á stjórnarstefnu og aðgerðir stjórnvalda, eða vantrúin, sem veldur því hvort þjóðum farnast vel eða illa. Þess vegna endurtek ég að við skulum ræða þessi mál. Það er annað meira en þessi till., það er frv. sjálft sem vonandi kemur núna næstu daga, og ég vænti þess að bæði ég og aðrir hv. þdm. fái fullt frelsi til að ræða þau mál og láti sig engu varða þó að einhver ráðh. fari að grípa fram í og skipa manni að þegja.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég minni á að jafnvel þó að hv. þm. reyni að gera það tortryggilegt þó einhver ráðh. grípi fram í, er sá ráðh. bara þm. með nákvæmlega sama rétti. Hv. síðasti ræðumaður hefur hvorki meiri né minni — og síst meiri — rétt en aðrir þm.

Hitt er annað mál að þegar á dagskrá er ákveðið prentað skjal, sem segir um hvað á að fjalla, eru menn ekki viðbúnir almennum umr. um gælumál viðkomandi þm. Það er þetta sem ég geri aths. við. Þm. hefur enga heimild til að vaða vítt og breitt út fyrir þau mál sem eru á dagskrá. (Gripið fram í.) Já, það getur verið. Ef þm. vill deila á forseta fyrir að stoppa það ekki skal hann gera það. Ég deili ekki á forseta fyrir það, ég deili á þm. Hann er nógu þingreyndur til að vita hvað er á dagskrá, sérstaklega þegar hann flytur till. sjálfur.

Hann talar hvað eftir annað, í hvaða ræðu sem hann heldur, um efnahagsmál Bandaríkjanna, þau eiga að vera einhvers konar flaggskip lýðræðisþjóða, og það á að vera réttlæting fyrir því að jafnvel við erum með halla á fjárlögum. En þrátt fyrir peningainnsteymi alls staðar að úr veröldinni inn í Bandaríkin vegna hárra

vaxta eru Bandaríkjamenn að fara á hausinn með sitt efnahagskerfi. Það er að springa. Ekki þarf annað en að fjármagnseigendurnir fái heldur minni vexti en þeir fá í dag. Þá taka þeir peningana sína aftur og eftir stendur Bandaríkjaforseti berrassaður með sitt efnahagskerfi. Við skulum átta okkur á því hvað er að ske. Við getum ekki lent í þessari aðstöðu vegna þess að erlent fjármagn fær ekki að streyma inn í landið umfram það sem ríkið tekur ábyrgð á, beint eða óbeint. Við skulum því ekki vera að bera saman tvo ólíka hluti.

Ríkisstj. hefur ekki aukið bindingu sparifjár. Aftur á móti hóf ríkisstjórnin 1974—1978 að binda sparifé lífeyrissjóðanna. Það er það eina sem við erum í vanda með núna. (**HS:** Það eina?) Eina, já. Það er það eina. Það vantar tekjurnar frá lífeyrissjóðunum. En ég ætla bara að segja að það var ekki með slíkum sparnaði, það var ekki með slíkum skyldum, sem voru lagðar á herðar sparifjáreigenda, að fyllt var upp í hið fræga gat sem hv. þm. gerði að umræðuefni. Það var gert með niðurskurði, fyrst milljarður við gerð fjárlaga og síðan milljarður við endurskoðun í maí s. l. Þannig voru fjárlög endanlega afgreidd.

Ég bendi á að halli á ríkissjóði er 2.8% af þjóðartekjum. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki á dagskrá núna.) Ég er að svara því sem var á dagskrá tekið með leyfi forseta eða athugasemdalaust. Ef við berum okkur saman við frændþjóðir okkar, þá er Svíþjóð með 20% halla og 21.9% af heildarþjóðartekjum fara í greiðslu á vöxtum af erlendum lánum eingöngu.

Það getur verið að bygging Seðlabankans sé röng stefna. Það er auðvelt að leggja dóm á gjörðir annarra þegar maður þarf ekki á einn eða annan hátt að vera ábyrgur fyrir þeim né heldur vita ástæðuna fyrir þeim. Og það er auðvelt að taka hér og setja á höggstokk einn hæfasta mann þjóðarinnar. (**EKJ:** Hef ég gert það?) Þú hefur gert það með þessari till. (**EKJ:** Ég óska eftir að ráðh. verði víttur fyrir þessi ummæli sín.) Það eru hans verk sem hér eru sett á höggstokk. Það á að skera frá hans stofnun (**EKJ:** Hvenær ætlar þú að víta hann?) sem honum hefur verið treyst fyrir. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gæta orða sinna.) Hvað er það sem hv. forseti er að víta hjá mér í ræðustól? (**Forseti:** Aðeins að biðja hæstv. ráðh. að gæta orða sinna.) Hvað er það í orðum mínum sem ég á að ...? (**Forseti:** Það var höggstokkurinn.) Já, hvað er með það? Er það ekki gott íslenskt orð? Er það einhver misnotkun á orðinu? Það er verið að skera hérna frá Seðlabankanum ævistarf manns sem hefur verið að byggja Seðlabankann upp frá má segja vöggu og nú kannske til grafar því mér heyrist að það eigi að taka upp lögin og gera bankann að þeirri stofnun sem hann var þegar hann var sagður vera í skúffu hjá Landsbanka Íslands.

Ég er fyllilega reiðubúinn að skoða vel hvað Seðlabankinn er að gera, endurskoða það starf. Það þarf alltaf að endurskoða störf stofnana, ríkisstofnana þá sérstaklega, þegar þær þróast og þróast kannske of hratt. Af hverju? Það skal ég ekki segja um.

Hitt er annað mál að það eru ekki bara hugmyndir hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að bindiskylda sé vond. Það er löngu áður en hann varð fastaþm. sem sú skoðun kom fram. Ég veit ekki betur en bankaráð Útvegsbanka Íslands hafi allt barist fyrir því þann tíma sem ég var bankaráðsformaður þar að hún yrði gefin frjáls, vegna þess — og það benti ég á og það er hægt að fletta upp í þskj. — að takirðu verkfærin af manni, og ég lít á peningana sem verkfæri þjóðarinnar, gerir hann ekki neitt. Takirðu verkfærin frá við skulum segja iðnaðarmanni, þó ekki sé nema trésmiður sem er beðinn um að negla nagla í spýtu, þá neglir hann ekki með hnefunum. Hann verður að fá hamarinn. Það eru peningarnir sem eru þessi vinnutæki. Hv. þm. er að gera tillögur annarra og hugmyndir að sínum og gerir það í löngum ræðum um tiltölulega lítið frv. sem á ekki að kalla á langar umr. um efnahagsmál almennt.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri nema tilefni gefist til.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni má segja það að skv. orðanna hljóðan fjallar þessi till. um Seðlabankahús og nýtingu þess. Hér hafa hv. ræðumenn fléttað inn í þá umr. starfsemi Seðlabanka og peningamál og efnahagsmál sem óneitanlega hljóta að tengjast Seðlabanka. Það hlýtur því að vera erfitt að skilgreina eða setja takmörk um efnisinnihald ræðna hv. þm. Þar af leiðandi hefur forseti ekki séð ástæðu til að gera aths. við innihald þeirra.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 43. fundur.

Miðvikudaginn 20. febr. kl. 2 síðdegis.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 111. mál (þskj. 115). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, á þskj. 115. Frv. þetta er samhljóða frv. sem flutt var á síðasta Alþingi. Það var þá samþykkt í Ed. og vísað til n. hér í hv. Nd. en varð eigi útrætt.

Þetta frv. er nú endurflutt og það er til samræmis við breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit sem samþykktar voru með lögum nr. 46/1984. Var þá breytt reglum um meðferð varnings í skipum og öðrum farkostum er til landsins koma, þannig að ekki er skylt að innsigla tollskyldan varning sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota. Er þess í stað lögð á skipstjóra skylda til að setja slíkan varning undir lás og afhenda tollgæslu skrá yfir varninginn. Með ákvæði 1. gr. er lagt til að um áfengi gildi sams konar reglur og um annan tollskyldan varning samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 25. gr. þeirra laga.

Með 2. gr. þessa frv. er lagt til að fellt verði úr gildi sérákvæði 2. málsgr. 6. gr. áfengislaga um víðáttu landhelgi. Er landhelgi þar ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði. Með breytingunni verður landhelgin samkvæmt áfengislögum hin sama og ákveðin er í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þ. e. 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli ystu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, eins og þeim var breytt á síðasta Alþingi, fylgir tollalögsagan nú landhelgi.

Þetta frv. var lagt aftur fyrir Ed. á þessu þingi og hefur verið afgreitt þaðan. Vænti ég þess að hv. Nd. sjái sér fært að gera það einnig. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef ekkert nema gott um það frv. að segja sem hér er til umr. en vil vekja á því athygli, fyrst opnaðar eru umræður um áfengislög, að það var samþykkt þáltill. á Alþingi Íslendinga þar sem sú skylda var lögð á hendur opinberum stjórnvöldum að marka áfengisstefnu. Og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvort þess sé einhver von að vilji þingsins verði virtur og að slík stefnumörkun verði framkvæmd. Því að frekar er það nú þunnur þrettándi í breytingum á áfengislögunum ef þetta er það eina sem fram kemur, miðað við áður samþykkta þáltill. Alþingis.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Þáltill. sú sem hv. síðasti ræðumaður minntist á var samþykkt í tíð fyrrv. ríkisstj. og mun þá hafa verið falin heilbrrh. til meðferðar og afgreidd þannig að fyrrv. heilbrrh. skipaði fjölmenna nefnd til þess að fjalla um þau mál. Þessi nefnd mun enn þá vera að störfum en hafa skilað áfangaáliti til hæstv. heilbrrh. sem ekki hefur, að ég veit, tekið neinar ákvarðanir í málinu frekar. Veit ég ekki hvenær er að vænta niðurstöðu af þeim nefndarstörfum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mun hafa verið á Alþingi 1982 að gerð var samþykkt um að fela ríkisstj. að undirbúa tillögugerð að opinberri stefnumótun í áfengismálum. Í desemberlok 1982 var skipuð nefnd til að fjalla um þessi mál, fjölmenn nefnd eins og hæstv. dómsmrh. gat um hér áðan. Hún skilaði tillögum til heilbr.- og trmrh. samkvæmt blaðafréttum, hygg ég, snemma á árinu 1984 að hluta til, að því er varðaði áfengismál, og hún mun einnig hafa skilað ítarlegri tillögugerð í sambandi við aðra vímugjafa seint á árinu 1984.

Mér er ekki kunnugt um annað en að þessar tillögur hafi verið afhentar hæstv. heilbr.- og trmrh. Vil ég spyrja hæstv. dóms- og kirkjumrh. að því og einnig hæstv. forsrh., fyrst hann er hér í salnum, hvort ríkisstj. hafi ekki fjallað um þessar tillögur, hvort ekki sé ætlun hennar að hrinda einhverjum af þeim tillögum í framkvæmd sem þar eru á blaði. Ég tel að þetta sé sérstaklega mikilvægt vegna þess að það er uppi um það umræða í þjóðfélaginu og þinginu að gera að mínu mati mjög róttækar breytingar á áfengislöggjöfinni. Ég tel því að þessi umr., sem hv. 5. þm. Vestf. hefur hér hafið, sé mjög á sínum stað. Ég vil spyrja ríkisstj.: Hefur hún ekki fjallað um þessa tillögugerð nefndar sem starfar skv. samþykktum Alþingis? Í annan stað vil ég spyrja að því og reyndar fara þess á leit að ríkisstj. og hæstv. forsrh. hlutist til um það að hv. alþm. fái þessa tillögugerð í heild.

Mér fannst ekki ljóst af orðum hæstv. dóms- og kirkjumrh. hvort hann hefði fengið þessar tillögur í hendur. Þykir mér það nokkuð sérkennilegt vegna þess að hann er yfirmaður framkvæmdar áfengislaganna þó að áfengisvarnir heyri undir heilbr.- og trmrn. Mér finnst þetta benda til þess að þessi mál hafi lítið verið rædd í ríkisstj. fyrir utan það, sem mun hafa verið rætt um þar, hvort ríkisstj. ætti að taka afstöðu til þess að hún fyrir sitt leyti styddi það að opnað yrði fyrir sölu og bruggun áfengs öls hér í landinu, en það mun hafa borið á góma í ríkisstj. er menn voru þar að ræða um þær þrengingar sem ríkissjóður á í og létu sér detta í hug að hella ofan í hvert mannsbarn 15 ára og eldra 40 lítrum af sterku öli á ári til að bjarga ríkissjóði. Síðan hefur ekkert til þessara mála spurst. Raunar hefur ekkert frést af ríkisstj. í áfengismálum annað en það hvernig hún hugsar sér að koma þessu öli ofan í mannsbarnið 15 ára og eldra.

Ég vil sem sagt ítreka spurningar mínar til hæstv. forsrh.: Er hann tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þessar tillögur verði lagðar hér fram á Alþingi, þannig að alþm. geti áttað sig á þessu máli þó að ríkisstj. virðist ekki hafa tekið á þeim enn þá?

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var kominn tími til þess að ræða svolítið um áfengismálin, ekki síst við hæstv. dómsmrh. Það er auðvitað hverjum manni ljóst að það er mikill ruglingur í meðferð þessara mála. Í áfengislögum er sagt að eigi megi flytja inn, brugga eða selja áfengt öl í landinu. Á þessu er ansi mikill misbrestur. Það er bannað að flytja sterkt öl til landsins en samt er það gert. Flugfarþegar, sem koma frá útlöndum, mega taka með sér inn í landið áfengt öl þrátt fyrir lög um það gagnstæða.

Það er auðvitað öllum kunnugt, sem hér eru inni, að víða um land hafa verið opnaðar ölkrár svokallaðar. Og hvað skyldi nú vera selt í þeim? Ekkert annað en sterkt áfengt öl, þrátt fyrir það að lög banna bruggun og sölu á áfengu öli. Hvað er bruggun? Það er hægt að framleiða áfengt öl fram yfir hið löglega mark með því að sulla út í það einhverju brennivíni. En með því verður það auðvitað áfengt og ólöglegt. Ég hef ekki tekið eftir því að hæstv. dómsmrh. hafi á nokkurn hátt hruggað við þessu, nema kannske með því að leyfa sumum ölsjoppum að hafa opið til 11 og öðrum til kl 1. Kjarni málsins er auðvitað sá að þessi ölsala er ólögleg. Ber hæstv. dómsmrh. þess vegna að stöðva þá sölu til þess að farið sé eftir lögum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil svara fsp. hv. 3. þm. Reykv. Að sjálfsögðu voru tillögur þeirrar nefndar, sem hann ræddi um, lagðar fram í ríkisstj. og ræddar. Ákveðið var að biðja embættismenn í þeim ýmsu ráðuneytum sem um þessi mál fjalla að fara yfir þær og segja álit sitt. Sá hópur skiptist. Kom ítarlegt álit frá einum þeirra embættismanna sem dró mjög í efa ágæti sumra þessara tillagna. Þær eru nú enn til meðferðar hjá viðkomandi rn.

Ég tek undir það með hv. þm. að nauðsynlegt er að setja heilsteypta löggjöf um áfengismálin. Og margt í

þessum tillögum er gott og sannarlega þess virði að á það verði látið reyna. Ég verð hins vegar að lýsa þeirri persónulegu skoðun minni að ég held að sá árangur, sem að er stefnt, náist ekki með víðtækum boðum og bönnum eins opið og íslenskt þjóðfélag er orðið. Það er mín persónulega skoðun. Ég held að fara þurfi þær leiðir, sem m. a. í þessum tillögum eru nefndar ásamt öðru, að auka mjög fræðslu og kynningu á skaðsemi áfengis.

Ég vil einnig láta það koma fram að ég held að mjög sé brýnt að herða ákaflega mikið lög og allt eftirlit með fíkniefnanotkun. Leggja ber mikið fjármagn til slíks eftirlits til að draga úr fíkniefnanotkun. Það held ég að sé jafnvel enn brýnna mál og á því máli þarf að taka. Um það var fjallað í síðustu ríkisstj. en mér virðist því miður að menn hafi ekki náð þeim tökum á þeirri löggæslu og því eftirliti sem nauðsynlegt er og þarf því að taka það mál upp að nýju. Það sem hv. þm. sagði um bjórinn er einkennandi fyrir fyrrv. fréttamenn eins og þeir tala. Ég vísa því heim til föðurhúsanna.

Ég tek undir sumt sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði hér áðan. Ég held að þetta bjórlíki, eða hvað það er kallað, sé hinn mesti skaðvaldur. Hins vegar veit ég ekki betur en að um þetta hafi verið fjallað af saksóknara og sú niðurstaða orðið að ekki væri samkvæmt lögum unnt að stöðva þetta. Staðreyndin mun víst vera sú að hv. þm. sem öðrum er heimilt að blanda eða þynna út brennivínið sitt með nokkurn veginn hverju sem honum sýnist, hvort sem það er appelsín, kók eða pilsner. Og það mun víst vera ástæðan eftir því sem mér skilst. (**GGS:** Ég stend þó ekki í að selja það.) Nei, þú stendur ekki í því að selja það. En það standa ýmsir í að selja útþynnt brennivín með appelsín og kók. Og þá er spurningin hver sé munurinn. Ég er ekki fræðimaður í þessu en mér er sagt af manni, sem þekkir þetta mjög vel, að þetta sull sé allt annað en bjór. Í því eru m. a. brennd vín, sem eru ekki bjór. Því er ekki hægt að flokka það undir bjór þó að þessi brenndu vín séu þynnt út með pilsner. En ég tek undir það með hv. þm. að ég held að þetta sé hinn mesti skaðvaldur. Og reyndar er ég þeirrar skoðunar að þetta sé miklu, miklu verra en bjór sem ekki er með brenndum vínum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það sem hann útskýrði í máli þessu. En ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ríkissaksóknari hefur að mínu viti brugðist því trausti sem lögin setja honum varðandi embættisskyldur í afskiptum af áfengismálum. Látið hefur verið kyrrt liggja að búið er að kæra það að bjór er fluttur inn í landið skv. reglugerð frá fjmrh. Málið er svæft suður með sjó. Það er staðreynd að verið er að selja bjór á bjórstofum hér á landinu. Og það svar sem gefið er er að það sé heimilt að blanda brennivín með hverju sem er, þynna það upp og selja það þannig. Sú venja hefur verið á skemmtistöðum að sérstakir sjússmælar hafa verið notaðir til þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um það hversu mikið er verið að selja af áfengi. Þarna á sér stað aftur á móti blöndun og bruggun og svo er varan seld. Það eru ekki neinir sjússmælar sem notaðir eru til að staðfesta það í hverju tilfelli að verið sé að setja þetta eða hitt vínið í þessa blöndu. Bruggunin á sér stað áður og svo er allt selt.

Það var mikið gæfuleysi hjá þinginu, þegar lögin um saksóknara voru samþykkt, að eftirlitsskylda dómsmrn. yfir embættinu, eins og er á Norðurlöndum, skyldi ekki vera til staðar. Þetta embætti er svo sjálfstætt að það er eins og ríki í ríkinu. Það verður nú að segjast eins og er að menn geta forpokast í starfi. Og ekki verður annað séð en að ríkissaksóknari hafi tapað áttum í þessu máli.

Ég vil líka bæta því við að ég skil ekki á hvaða forsendum jafnstórt mál eins og áfengismálin fá jafnhæga umfjöllun hjá ríkisstj. Þáltill. þingsins er löngu samþykkt, nefndin er búin að skila áfangaskýrslu. Þetta mjakast áfram en engu að síður hafa ráðh. ekki talið sér skylt að gera þinginu grein fyrir stöðu málsins. Mig undrar þetta. Mér finnst það óvirðing við Alþingi Íslendinga að standa svona að þessu máli. Á sama tíma og vitað er að áfengisneysla Íslendinga hefur verið að aukast er vaxandi þrýstingur á það að rýmka þessa löggjöf. Mér er óskiljanlegt hvers vegna hæstv. dómsmrh. er að afgreiða þessi leyfi til að opna bjórstofur út um hvippinn og hvappinn. Mér er það óskiljanlegt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þarf ekki að endurtaka það sem hæstv. forsrh. sagði um afskipti saksóknara af bjórblöndun. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að nýlega hefur saksóknari óskað eftir því að rannsókn fari fram á starfsemi fyrirtækis hér í borginni þar sem átti að fara fram blöndun og sala á áfengi á nokkuð annan hátt en þann sem hér hefur verið lýst, með því að hella saman tveimur drykkjartegundum. Vænti ég þess að niðurstaða fáist um lögmæti þeirra áforma. Kannske liggur málið þá nokkuð skýrara fyrir á eftir.

Ég hef vitanlega séð umrædda áfangaskýrslu áfengismálanefndarinnar um áfengismálin. Eins og kom fram hjá forsrh. hefur hún verið tekin fyrir í ríkisstj. og ég hef óskað eftir því að þar yrði tekin afstaða sem fyrst. En það hefur því miður ekki verið gert enn þá. En í sambandi við þau vínveitingaleyfi, sem ég hef veitt að undanförnu, þá eru þau veitt til matsölustaða, til matargesta, þar sem viðkomandi sveitaryfirvöld hafa talið það æskilegt og þá til samræmis við það sem aðrir matsölustaðir hafa á viðkomandi svæði.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil ítreka það, sem ég fór hér fram á áðan, að þingið fái áfangaskýrslu þeirrar nefndar sem hér hefur verið að störfum á undanförnum misserum og skilað tveimur álitum. Ég tel að það sé verkefni alþm. að taka afstöðu til þessarar skýrslu. Embættismenn eru auðvitað góðir svo langt sem það nær. En það getur ekki verið hlutverk ríkisstj. í þessu efni að hlusta einvörðungu á þær athugasemdir sem fram koma frá embættismönnum. Ég tel að það sé skylda alþm. að taka á þessu máli þegar jafngífurlegur þrýstingur er í gangi í þjóðfélaginu á það að brjóta upp áfengislöggjöfina. Auðvitað er algert lágmark að þm. fái þessa skýrslu hér til meðferðar og til umræðu. Það væri út af fyrir sig ekki úr vegi að hér yrði haldin sérstök umræða í Sþ. um þessa skýrslu og það hvernig hv. alþm. vilja nálgast þessi mál. Ég skora á hæstv. landbrh., sem á fulltrúa í þessari nefnd, trúi ég, að beita sér fyrir því að slík umræða fari hér fram á hv. Alþingi. En ég endurtek sérstaklega áskorunina um það að skýrslurnar, tillögur

nefndarinnar um opinbera stefnumótun í áfengismálum, eiga alþm. að fá undanbragðalaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 230. mál (þskj. 289). — 1. umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 289 um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn á þessu frv. eru hv. þm. Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson og Pétur Sigurðsson.

Efni þessa frv. er að með því er lagt til að úr lögunum frá 1980 um tekjustofna sveitarfélaga verði felld niður málsgrein úr 3. gr. þar sem fjallað er um fasteignaskatta. Álagningu er þannig háttað í dag að sveitarstjórnum er heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.

Með frv. þessu er lagt til að þetta ákvæði verði fellt úr lögunum af eftirtöldum ástæðum: Þessi 4% hlunnindaskattur mismunar þegnum eftir búsetu í landinu. Flm. telja að hann brjóti á þann hátt í bága við viðurkenndar grundvallarreglur skattaréttar. Má jafnvel telja að slíkur skattur, slík mismunun skattborgaranna, brjóti í báta við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Um það álitaefni var einmitt nýlega fjallað í úrskurði sem yfirfasteignamatsnefnd ríkisins kvað upp 26. júlí 1982. Í því máli var einmitt deilt um réttmæti þessarar skattlagningar.

Í þeim úrskurði sínum segir yfirfasteignamatsnefnd orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin fellst á það með kærendum að umræddur 4% hlunnindaskattur sé óeðlilegur og hæpinn frá sjónarmiði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hann byggist hins vegar á lagareglu sem eigi hefur verið hnekkt af dómstólum og verður því ekki komist hjá því að leggja hana til grundvallar í úrskurði þessum."

Hér kemur mjög glöggt fram hvert er álit yfirfasteignamatsnefndar á þessari skattheimtu. En þar er undirstrikað að þar sem skatturinn byggist á lagareglu sem hafi ekki verið hnekkt af dómstólum hljóti yfirfasteignamatsnefnd að beita henni í úrskurði sínum þó hún telji skattinn bæði óeðlilegan og hæpinn frá sjónarmiði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er einmitt um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að ræða.

Í þessu sambandi má benda á það að fyrir utan þá mismunun sem í þessu ákvæði laganna um tekjustofna sveitarfélaga felst er hér raunverulega um ákaflega háan skatt að ræða. Í framkvæmd er það svo að við skattálagningu er fasteignaskattstofn af hlunnindum metinn sem tífaldar árstekjur af þeim. Það hefur í för með sér að þessi 4% skattur, eins og hann er í lögunum, verður í framkvæmd í rauninni 40% skattur af hlunnindatekjum árlega. Síðan greiða hlutaðeigendur vitanlega tekjuskatt og útsvar af hlunnindatekjum í heimabyggð. Lokaskattgreiðslan eða upphæðin fer svo eftir því hvort heimilað er að draga hlunnindaskattinn frá. Ef það er heimilað yrði heildarskattgreiðslan 75—80%, en ef ekki fæst að draga hlunnindaskattinn frá tekjuskattstofni getur heildargreiðslan farið yfir 100%. Það telja flm. fráleita skattlagningu.

Hér er vitanlega um ýmis hlunnindi að ræða, svo sem lax- og silungsveiði, jarðhita og annað slíkt. Á það er bent í grg. að þessi skattur getur í raun haft mjög óæskileg áhrif og neikvæð í framkvæmd. Á síðari árum hefur áhugi manna á fiskirækt og ylrækt farið mjög vaxandi. Á það vitanlega jafnt við um innansveitarmenn sem utansveitarmenn. Miklum fjármunum hefur verið varið til seiðasleppingar, fiskiræktar og laxastigagerðar í ám landsins. Þessi hlunnindaskattur leggst á veiðiár, séu þær ekki í eigu innansveitarmanna, og á jarðvarma á sama hátt. Það ætti því að liggja í augum uppi hve þessi skattur hlýtur að draga úr fjárhagslegu bolmagni eigenda til þess að standa í slíkri ræktun og uppbyggingu sem öllu byggðarlaginu hlýtur þó að koma til góða.

Ég hef hér tíundað rökin með því að fella niður þennan sérstaka skatt. Hins vegar er út af fyrir sig skiljanlegt, hvers vegna menn töldu á sínum tíma ástæðu til að setja hann í lög. Það var vitanlega gert til þess að auka tekjur sveitarfélaganna sem mörg hver eru fjárvana. Út af fyrir sig er það vel skiljanlegt að þau vilji auka sínar tekjur. Það er ekki heldur ætlun flm. með þessu frv. að ganga gegn þeirri fjármagnsþörf. Hins vegar telja þeir að hér sé ranglega að tekjuöfluninni staðið og þess vegna beri að afla tekna á annan máta. Ein leið í því sambandi væri að hækka fasteignamatið og endurmeta fasteignir í sveitarfélögum landsins. Þær yrðu þá ríflegri tekjustofn en þær eru í dag. Slíkt endurmat fasteigna gæfi þá meiri tekjur í aðra hönd fyrir hreppa og sveitarfélög. Aðrar leiðir mætti vitanlega benda á í því efni.

En megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er hins vegar, eins og ég sagði áðan, að afnema það misrétti í skattlagningu sem hér er um að ræða. Flm. eru hins vegar tvímælalaust fúsir til að ræða aðrar tekjuöflunarleiðir sem til greina kæmu og ekki fela í sér slíka mismunun sem um er að ræða í þessu tilviki.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Þetta mál, svo einfalt sem það virðist við fyrstu sýn, vakti hjá mér margar spurningar og ég hef reynt að leita svara við sumum þeirra. Ef svör mín reynast röng þá vildi ég biðja hv. flm. um að leiðrétta mig.

Á s. l. árum og áratugum hefur þróunin stefnt í þá átt að auðvelda þéttbýlisbúum að njóta kosta og hlunninda þeirra sem dreifbýlið hefur upp á að bjóða. Þess hefur þó ekki jafnframt verið gætt nægilega vel að tryggja sveitarfélögum tekjumöguleika í þessu sambandi. Það er áberandi og ógnvænlegur skortur á fjölbreytni atvinnuhátta víða á landsbyggðinni. Grundvallaratvinnuvegirnir, landbúnaður og sjávarútvegur, krefjast endurskipulagningar til þess að afrakstur þeirra geti talist tekjustofn, hvort heldur er fyrir sveitarfélög eða fyrir landið allt. Fólksflótti er þegar byrjaður úr dreifbýli í þéttbýli og tekjustofnar fámennra sveitarfélaga fara þverrandi. Þróunin hefur líka gengið í þá átt að minnka tekjumöguleika sveitarfélaganna. Má sem dæmi nefna lög, samþykkt á síðasta Alþingi, um lækkun fasteignaskatts af sumarbústöðum. Hlunnindi ýmiss konar, sem í landinu eru, hafa reynst drjúg tekjulind fyrir bændur og

sveitarfélög. Þessir aðilar sitja þó ekki að þessum gæðum óskiptum heima í héraði því að ýmis hlunnindi eru mjög eftirsóknarverð af þéttbýlisbúum. Má sem dæmi nefna laxveiðiár. Ýmsar þær bestu eru, a. m. k. að hluta til, raunar í eigu þéttbýlisbúa sem eru búsettir utan þeirrar sveitar þar sem hlunnindin er að finna. Ég er samt engan veginn viss um hve marga aðila er hér um að ræða sem átt er við í frv. Þær jarðir sem að ánum liggja hafa verið keyptar háu verði og þeir leiguliðar sem á jörðunum búa eða aðrir hafa ekki bolmagn til að kaupa þær og nýta jafnframt í hefðbundinn búskap. Tregða eigenda til að leyfa framkvæmdir á jörðunum, sem þeir þyrftu síðan að kaupa af leiguliðum, veldur því að leiguliðar gefast upp á því að nytja jarðirnar. Tilhneigingin er því sú að jarðirnar leggjast í eyði og tekjur renna til eigenda frá hlunnindum eingöngu.

Hreppsfélagið hefur því engar útsvarstekjur af slíkum eyðijörðum en hefur haft sem svarar 4% skatts af virðingarverði hlunninda. Með frv. þessu er lagt til að þetta ákvæði verði fellt úr lögum og þar með tekjumöguleikar viðkomandi hreppsfélags af þessum hlunnindum.

Til eru ýmsar aðferðir við að meta fasteign. Söluaðferð dugar vel þar sem hlutirnir ganga kaupum og sölum og verðmæti má dæma af söluverði. Það á illa við um hlunnindi sem sjaldan ganga kaupum og sölum. Kostnaðaraðferð er ekki nothæf þar sem um er að ræða náttúruauðlind sem litlu hefur oft verið kostað til. Því hefur við fasteignamat á hlunnindum verið beitt svokallaðri tekjuaðferð, en þá er verið að reyna að gera sér í hugarlund verðmæti höfuðstóls með því að áætla gildi hans út frá þeim tekjum sem hann gefur af sér. Í því tilviki sem hér um ræðir er lögbundin sú reikningsaðferð að tífalda tekjurnar til að fá út verðgildi höfuðstóls. Þessi háttur skilst mér að hafi verið lögbundinn 1978 og tekur því engan veginn tillit til þeirra ávöxtunarkrafna sem nú gilda í þjóðfélaginu.

Það mætti spyrja hvort hlunnindi eins og t. d. drjúg laxveiðiá sé ekki vænlegri fjárfesting en t. d. ríkisskuldabréf þau sem nú eru á boðstólum. Hvort mundu hv. þm. fremur setja fé sitt í ef þeir ættu kost á að velja? Það mætti því líka e. t. v. spyrja hvort ætti ekki a. m. k. að tuttugufalda tekjurnar af slíkum hlunnindum, svo verðmæt sem þau eru og trygg fjárfesting. Það mætti enn fremur spyrja hvort hlunnindi eru ekki í reynd vanmetin sem eign hérlendis. Ef litið er á mat hlunninda á árinu 1984 kemur eftirfarandi í ljós — mig langar til þess að lesa upplýsingarnar sundurliðaðar eftir landshlutum:

Það er þá Reykjanes með 90 staði og hlunnindamat í krónum er 199 millj. 752 þús. Það er Vesturland ásamt Vestfjörðum án Strandasýslu með 798 staði, 203 millj. 404 þús. kr. Síðan er Strandasýsla ásamt Norðurl. vestra og eystra með 1300 staði, 107 millj. 979 þús. Austurland með 254 staði, 16 millj. 623 þús. Suðurland með 841 stað, 84 millj. 98 þús. kr. Samanlagt gerir þetta 3283 staði á Íslandi öllu sem hafa heildarmat hlunninda upp á 611 millj. 866 þús. Og þetta gildir hvort heldur sem þessi hlunnindi eru í eigu utan- eða innansveitarmanna.

Nú vil ég benda hv. þm. á að í þetta 611 millj. 866 þús. kr. heildarmat hlunninda er síðan deilt með tíu til þess að fá út tekjurnar af hlunnindum á landinu öllu. Þá fæst talan rúmlega 61 millj. kr. Þetta er ekki ýkja há tala ef tekið er tillit til þess að þarna er um að ræða landið allt og þarna er innifalinn jarðvarmi auk lax- og silungsveiði, dúntekju, malarnáms, rekaviðar o. fl. o. fl.

Snúum okkur síðan að laxveiðinni eingöngu. Á hverju sumri eru leyfðir laxveiðidagar um 100. Gildir sú regla að öllum jafnaði að ódýrast er að veiða í byrjun og lok þessa tímabils, þ. e. fyrri hluta júní og síðari hluta ágúst, en langdýrast er um miðbikið þegar mest er af laxi. Tilhneigingin undanfarin ár hefur verið sú að gjöfulustu og skemmtilegustu árnar hafa verið leigðar útlendingum, að sögn fyrir ærið fé, a. m. k. um hámarkstímann. Hafa erlendir aðilar verið viljugir að greiða svo háa leigu fyrir sumar árnar að langflestir Íslendingar geta ekki við slíkt verð keppt. Veiðiréttur í þeim ám kemur því aldrei til úthlutunar fyrir Íslendinga, t. d. hjá Stangveiðifélaginu, a. m. k. ekki yfir hámarkstímann. Reyndar er verð á veiðileyfum mjög breytilegt, allt eftir árstíma, ám, veiðistað í á og svo eftirspurn eftir leyfum. Erfitt er að fá uppgefið verð á veiðileyfum í hinum dýrari ám en þar heyrist fleygt ævintýralegum tölum. Hins vegar eru aðrar ár sem þykja miðlungi góðar eða ágætar en eru ódýrari og Íslendingum býðst að veiða í. Má þar nefna sem dæmi Leirvogsá sem kostar 7200 kr. fyrir eina stöng í einn dag í júlímánuði. Grímsá kostar 7200 kr. fyrir eina stöng í einn dag í ágúst en þar eru 10 stangir. Sú á gefur því 72 þús. kr. á dag utan hámarkstíma eða rúmar 7 millj. kr. ef reiknað er með þessu lægra verði yfir alla 100 dagana. Eins og áður sagði var reiknað með rúmlega 61 millj. kr. í tekjur af hlunnindum á landinu öllu á s. l. ári. Við þurfum því ekki nema 10 meðalgóðar laxveiðiár, ekki nærri því á hámarksverði, til að fá út 70 millj. kr. í hlunnindatekjur á ári af þeim eingöngu. Og þá skulum við ekki gleyma að undan er skilinn jarðvarmi allur.

Finnst ykkur þetta ekki athyglisvert hv. alþingismenn?

Ástæður sem gefnar eru í frv. þessu til að réttlæta niðurfellingu ákvæðisins um 4% hlunnindaskatt eru í fyrsta lagi að skattur þessi mismuni þegnum eftir búsetu og brjóti þannig í bága við viðurkennda grundvallarreglu skattaréttar.

Í öðru lagi. Enn fremur að telja megi að hann sé andstæður eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þ. e. 67. gr., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Í þriðja lagi er talið að hlunnindaeigendur beri gífurlega þunga skattbyrði þar sem þeir greiði bæði hlunnindaskatt og líka tekjuskatt og útsvar af hlunnindatekjunum í heimabyggð sinni. Gangi þetta svo langt að heildargreiðslan geti farið yfir 100%.

Í fjórða lagi. Enn fremur er þetta talinn vera refsiskattur sem letji frekari fjárfestingar og uppbyggingu eigenda t. d. við fiskeldi og ylrækt.

Hvað varðar aðra málsástæðu, þ. e. ákvæði um eignarréttinn, þá sé ég ekki að umrætt ákvæði þetta knýi menn til að láta eign sína af hendi. Hvað viðkemur svo þriðju málsástæðu, þar sem tiltekin er hin þunga skattbyrði hlunnindaeigenda, þá kem ég því bara hreint ekki heim og saman hve áfjáðir menn virðast vera í að eiga og halda hlunnindajörðum ef þeir þurfa síðan

hreinlega að borga með sér til að eiga þær. Í þessu sambandi vil ég benda á þær tölur sem ég vitnaði til áðan, þar sem tíu miðlungs laxveiðiár, reiknaðar á verði utan hámarkstíma, gefa af sér sem svarar andvirði allra hlunnindatekna sem skráðar eru á landinu á s. l. ári. Ég verð því að segja að þegar ég ber saman málsástæður hreppsfélaga eða sveitarfélaga annars vegar og málsástæður hlunnindaeigenda hins vegar, þá finnst mér þær síðarnefndu ekki nægilega sterkar til þess að réttlæta niðurfellingu þessa ákvæðis um 4% hlunnindaskatt og get því ekki stutt þetta mál. Það er hins vegar spurning hvort ekki þurfi að hyggja nánar að því hve hlunnindi virðast vanmetin sem eign á Íslandi.

Hvað varðar fjórðu málsástæðuna, þá að þessi þunga skattbyrði letji, þetta sé refsiskattur sem letji frekar fjárfestingar og uppbyggingu eigenda t. d. við fiskeldi og ylrækt, þá tel ég sjálfsagt að koma til móts við ætlanir manna í þeim efnum á annan hátt.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég skal ekki taka efnislega afstöðu til þessa máls. En ég vil vekja athygli á því að ríkisstj. hefur fyrir nokkru skipað nefnd, sem hefur verið tilkynnt opinberlega um, til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga. Nefndin hefur þegar hafið störf.

Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þessu vegna þess að menn eru væntanlega sammála um að það er löngu orðin þörf á að endurskoða gildandi tekjustofnalög. Það eru ýmsar breytingar orðnar í okkar þjóðfélagi sem beinlínis kalla á það, ekki síst það sem hefur verið að gerast og á eftir að gerast í þá átt að endurskipuleggja verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Jafnhliða þessari endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga hefur verið ákveðið að taka fyrir ákveðin verkefni, sem ríki og sveitarfélög koma sér saman um að taka til endurskoðunar á þann veg að um verkefnaflutning, tilflutning á annan hvorn veginn verði að ræða, og er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að eðli tekjustofna breytist í samræmi við það. Þetta er ákvörðun sem þegar er komin til skoðunar. Ég hefði þess vegna talið að svona tillöguflutningur eins og hér kemur fram um núgildandi lög hefði átt að falla inn í þessa heildarendurskoðun. Ég geri þá athugasemd til flm. þessarar till.

Hins vegar vil ég geta þess að mér hefði fundist ástæða til, þar sem rökstuðningur fylgir hér í grg., að flm. hefðu aflað sér upplýsinga um heildarfjárhæð þeirra tekna sem sveitarfélögin hafa fengið í gegnum þetta ákvæði tekjustofnalaga. Þess er hvergi getið í grg. en miðað við uppsetningu hennar mætti ætla að hér væri um að ræða gífurlegar fjárhæðir sem sveitarfélögin væru að taka í sinn hlut af þessum skattstofni. Mér finnst ástæða til að benda mönnum á þetta. Þó að ég hafi þessar upphæðir ekki með mér á þennan fund þá er auðvelt að afla þeirra með því að hafa samband við Samband ísl. sveitarfélaga sem hefur allar upplýsingar hvað þetta varðar. En það er eigi að síður innlegg í þetta mál.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að þegar þessi ákvæði tekjustofnalaga voru tekin í lögin þá var það fyrst og fremst gert til þess að styrkja litlu sveitarfélögin, fámennu sveitarfélögin sem raunverulega hafa ekki fjölbreyttari tekjustofna en allir þekkja, en hafa þarna vissa möguleika, ef vel er á haldið, til þess að fá nokkurn tekjuauka þó að misjafnlega hafi gengið í framkvæmd að ná þeirri tekjuaukningu til sveitarfélaganna sem þau höfðu vænst af þessu lagaákvæði.

Ég vil svo taka undir með hv. síðasta ræðumanni, 3. landsk. þm. Það var ýmislegt í málflutningi hv. þm. sem á vissulega heima í þessum umræðum og ýmsar upplýsingar og ábendingar sem hún kom með sem ég tel athyglisverðar. Ég hefði viljað beina því til hv. 3. landsk. þm. að senda þessar ábendingar til umræddrar nefndar, sem er að störfum, sem innlegg í þær umræður sem vissulega þurfa að fara fram og þá vinnumeðferð sem þessi nefnd á að fjalla um. Það er ákaflega þýðingarmikið, ekki síst fyrir framtíð sveitarfélaganna og yfirleitt til þess að tryggja stöðu þeirra í stjórnkerfinu, að á þessum málum sé tekið á réttan hátt.

Ég get getið þess hér, af því að ég held ég muni það rétt, að í nefndinni eiga sæti Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri í fjmrn., sem er formaður nefndarinnar, Jón Kristjánsson alþm., Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Björn Friðfinnsson formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Ævar Ísberg borgardómari, Elsa Kristjánsdóttir oddviti í Sandgerði og Jón Þorgilsson oddviti á Hellu.

Ég hef ekki meira um þetta mál að segja en ég tel að það sé þess eðlis að það ætti að falla inn í þá heildarendurskoðun sem þegar er hafin á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta frv. nú við 1. umr. enda fer það að sjálfsögðu til nefndar og verður skoðað þar vandlega.

Hér er um að ræða frv. til l. um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Það er áhugamál hv. flm. að fá fellda úr lögunum síðustu málsgr. 3. gr. Þessi málsgr. mun hafa komið inn í lögin á árinu 1972 svo að það er þegar hægt að benda á nokkra reynslu af þeirri löggjöf.

Gegn þeim rökum, sem hv. flm. færði fram er hann hélt framsöguræðu sína hér áðan, vil ég þó aðeins minnast á það að ég held að það hljóti að vera frumregla eða grundvallarregla þegar rætt er um fasteignaskatta að á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, skuli leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteignin er. Sjálfsagt er að hafa þessa meginreglu í huga.

Hv. flm. gat þess og að því er vikið í grg. að þessi skattur verði óbærilega hár í framkvæmd. Ég hef ekki heyrt miklar sögur fara af því, enda ber að hafa í huga að ákvæði um fasteignaskatta og álagningu eru mörg í heimildarformi þannig að þeir sem leggja skattinn á og innheimta geta haft það nokkuð í hendi sér hvað hann verður hár og hversu hann er innheimtur. Enda geri ég ekki ráð fyrir því að það sé höfuðviðfangsefni og leiðarljós þeirra aðila sem við þessi störf fást að fléttla þann aðila sem á þessi hlunnindi. Ég hef ekki þá reynslu a. m. k., hún er mér ekki handbær eða hugstæð, að það hafi verið farið illa með skattgreiðendur í þessu falli. Hins vegar ber náttúrlega að geta þess að varast ber alla tvísköttun í þessum efnum sem öðrum.

En það er ekki hægt annað en að benda á að þetta er mál sem varðar sum sveitarfélög landsins mjög miklu og

verður þess vegna að halda á því með gætni. Og ég tel fara mjög vel á því að sú nefnd sem athugar þessa löggjöf í heild skoði þetta mál vandlega.

Að því er varðar þau rök að þessi álagning á þessi hlunnindi kunni að draga úr áhuga manna á fiskirækt þá kannast ég ekki við það. Ég þekki marga mikla áhugamenn um fiskeldi og fiskirækt sem hafa lifað og starfað síðan þessi lagagrein kom í gildi árið 1972. Og áhugi þeirra er mikill enn í dag. Ég læt svo þessi orð nægja um málið að sinni.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Aðeins nokkur orð hér að lokum í þessari umr. Ég vil taka undir þau orð hæstv. félmrh. hér áðan að það er eðlilegt að þetta mál verði skoðað af þeirri nefnd sem nú er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Það var alveg réttmæt ábending. Að því er varðaði ábendingu hans um könnun á heildartekjum sem þessi hlunnindaskattur hefur aflað sveitarfélögum þá er það því miður ekki svo að þær upplýsingar liggi á lausu eins og hann taldi, og þá hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það var sérstaklega kannað af flutningsmönnum þessa frv., bæði hjá skattayfirvöldum og hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, hver væri upphæð þessa skatts, því að eins og hann vék réttilega að þá er það mikilvæg efnisástæða í þessu máli. Svörin voru einfaldlega þau að engar upplýsingar væru fyrir hendi um upphæð þessa skatts.

Að því er varðar orð hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur þá get ég tekið undir margt sem fram kom í hennar máli. Hún flutti hér glögga og að mörgu leyti góða ræðu eins og hv. þm. var von og vísa. En ég vil þó aðeins undirstrika það, sem mér fannst kannske ekki koma alveg nóg fram í hennar máli, að tilgangur þessa frv. er ekki sá í sjálfu sér að minnka tekjur sveitarfélaga eða hreppa landsins. Ég undirstrika það, og gerði það í minni framsöguræðu, að það bæri frekar að finna leiðir til þess að auka tekjur sveitarfélaganna, ekki síst minni sveitarfélaga. Frv. miðar einfaldlega að því að koma í veg fyrir þá mismunun þegnanna sem í 3. gr. laganna felst. Það kæmi vel til mála að athuga það í þingnefnd hvort ekki bæri að gera þennan hlunnindaskatt, sem nú er mjög mismunandi skattur, að almennum skatti á alla hlunnindaeigendur. Þá væri ekki um neina mismunun þar að ræða og það mundi auka tekjur sveitarfélaganna. Ég hygg að flutningsmenn yrðu ekki andvígir slíku. Yfirfasteignamatsnefnd telur, og það var ágreiningslaust og engu sératkvæði skilað, að við það jaðraði að þetta ákvæði tekjustofnalaganna brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég held að við getum ekki afgreitt það álit eða þann úrskurð án þess að staðnæmast örlítið betur við hann. Hér er ekki um það að ræða, ætlun flutningsmanna er ekki sú, að draga almennt úr tekjum sveitarfélaga. Ég hygg að þeir mundu fúsir til þess að standa að auknum tekjum sveitarfélaga en þá í mynd skattlagningar sem kæmi jafnt og réttlátlega niður á alla þá skattþegna sem hér eiga hlut að máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Ráðstafanir í húsnæðismálum, frv. 279. mál (þskj. 459). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ráðstafanir í húsnæðismálum. Þetta er 279. mál á þskj. 459. Flutningsmenn eru ásamt mér hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., hv. þm. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn., og hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson.

Meginefni þessa frv. felst í tekjuöflun og ráðstöfun þeirra tekna samkv. 1.—4. gr. frv. með ákveðnum ákvæðum í 6. og 7. gr. Í 5. gr. er fjallað um það hvernig tekna skuli aflað til að standa undir þeim ráðstöfunum sem frv. kveður á um og er það í stuttu máli á þann hátt að lagður skuli sérstakur tímabundinn veltuskattur á verslun og skipafélög og þannig aflað um 500 millj. kr., að lagður skuli sérstakur tímabundinn veltuskattur á banka samtals 300 millj. kr., með skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og stóreignaskatti alls um 200 millj. kr., með skatti af vaxtatekjum af innistæðum sem hærri eru en 4 millj. kr. á verðlagi í lok ársins 1984, með gjaldi af skuldabréfum og viðskiptum verðbréfasala og með því að fasteignasalan skili fjórðungi sölutekna sinna í ríkissjóð samtals um 100 millj. kr. og með framlögum úr ríkissjóði samkv. nánari ákvörðun í fjárlögum hverju sinni þannig að heildarfjárhæðin samkv. 1.—6. tölul. verði 1400 millj. kr. árið 1985 á verðlagi þess árs. Eru allar tölur sem ég hér las, að undanskildri 4. gr., miðaðar við verðlag þessa árs.

Fjármagn þetta, sem þannig aflast og lánað skal út skv. þessum lögum, á að vera eign byggingarsjóðanna, renna til þeirra sem framlög, enda annist þeir alla innheimtu og útborganir skv. þessum lögum.

Gert er ráð fyrir að gildistími þessara sérstöku laga um ráðstafanir í húsnæðismálum verði fimm ár og skal tekna aflað með þeim hætti sem hér var rakið öll þau fimm ár og framreiknast miðað við hækkanir verðlags hverju sinni.

Ráðstöfun þessa fjár er í megindráttum á þá lund sem kveður á um í 1.–4. gr. og er það þannig að Byggingarsjóður ríkisins skal verja árlega 400 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1985, frá og með því ári sem nú er að líða til þess að koma til móts við þá sem byggt eða keypt hafa íbúðir til eigin nota eftir árið 1980.

Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna skulu síðan verja þeim 1000 millj. kr. sem þá eru eftir til að auka framboð á hóflegum íbúðum í nýju húsnæði til húsnæðissamvinnufélaga, byggingarsamvinnufélaga og til leiguíbúða eftir nánari ákvæðum húsnæðisstjórnar í samræmi við ákvæði þessara laga.

Lán samkv. 2. gr., sem ég hef nú lesið, skulu veitt samkv. eftirfarandi meginatriðum, að þeir sem hafi eignast húsnæði í fyrsta sinn á umræddu fimm ára tímabili, þ. e. frá árinu 1980 að telja, skuli hafa forgang að lánunum, að þeir sem hafa miðlungstekjur eða lægri með hliðsjón af fjölskyldustærð hafi forgang og skulu þeir sem telja verður í hátekjuflokki og/eða búa við mikil efni mæta afgangi. Lánin verði þá og því aðeins veitt að ljóst sé að viðkomandi geti því aðeins haldið íbúð sinni að hann fái sérstaka aðstoð. Miða skal þessar lánveitingar við það að um 800 fjölskyldur á ári fái lán samkv. fyrri málsgr. 2. gr. eða alls um 4 þús. fjölskyldur á gildistíma þessara laga. Heimilt skal að veita þessi lán beint til viðkomandi aðila, en þau er einnig heimilt að

veita sem endurkaupalán til viðskiptabanka til breytinga á skammtímaskuldum íbúðareigenda. Þá er húsnæðisstjórn einnig heimilt að verja hluta af þessum 400 millj. kr., sem kveðið er á um í fyrri málsgr. 2. gr., til þess að fresta greiðslum og lengja lán sé greiðslubyrði afborgana vaxta og verðbóta af þeim lánum, sem hlutaðeigandi hefur hjá byggingarsjóðunum, óeðlilega hátt hlutfall af tekjum viðkomandi fjölskyldu.

Síðan segir að lán skv. fyrri málsgr. 2. gr. skuli veita fyrir 1. ágúst ár hvert og í fyrsta sinn á þessu ári, árinu 1985, og skuli lánin veitt í einu lagi. Húsnæðisstofnun skal gefa viðkomandi einstaklingi kost á fjárhagslegri ráðgjöf í tengslum við afgreiðslu þessara lána. Félmrh. setji síðan nánari reglur um framkvæmdir þessa lagaákvæða að höfðu samráði við félmn. Alþingis.

Fyrri málsgr. 2. gr. frv. og 3. gr., sem kveður nánar á um úthlutun þessa fjármagns, eru til þess fallnar að leysa brýnasta vanda þess fólks sem byggt hefur eða keypt húsnæði á síðustu fimm árum og er nú, eins og hv. þm. eflaust vita, margt hvað í mjög miklum vanda statt. Ég ætla ekki, herra forseti, að rekja þá sögu nánar að sinni, en kem aftur að vanda húsnæðismálanna almennt síðar.

Í 4. gr. er kveðið á um úthlutun þeirra 1000 millj. kr. sem nefndar eru í síðari málsgr. 2. gr. og skal þeim skipt upp milli Byggingarsjóðs ríkisins sem fái 400 millj. kr. og Byggingarsjóðs verkamanna sem fái 600 millj. kr. á verðlagi ársins 1985 og sömu upphæðir næstu fjögur ár, framreiknað eftir verðlagi ársins 1985. Byggingarsjóður ríkisins skal miða nýtingu þess fjármagns sem í hans hlut kemur við eftirfarandi meginatriði: að unnt verði að byggja 1000 íbúðir á ári með láni sem nemur 75% af kostnaði íbúðar samkvæmt nánari ákvörðun félmrh.; að íbúðirnar séu af hóflegri stærð fyrir viðkomandi fjölskyldu og eigi stærri en 140 fermetrar; að byggingarsamvinnufélög eigi forgang að lánum samkv. þessum lagaákvæðum; að lánin gangi að jafnaði til þeirra sem hafa miðlungstekjur eða lægri samkv. nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar; að framkvæmdir í byggingu nýs íbúðarhúsnæðis dreifist eðlilega um landið samkvæmt þessum lögum.

Byggingarsjóður verkamanna skal leggja áherslu á eftirfarandi atriði við úthlutun þess fjármagns sem í hans hlut kemur sem er 600 millj. kr.:

Húsnæðissamvinnufélög fái óskerta aðild að sjóðnum fyrir það nýja fjármagn sem lögin kveða á um. Miða skal við að á árinu 1985 verði 300 millj. kr. varið til húsnæðissamvinnufélaga og síðan sömu upphæð árlega á verðlagi ársins 1985. Síðan skuli lána sérstakt fjármagn, allt að 100 millj. kr. á ári, til byggingar leiguhúsnæðis. Annað fjármagn, þ. e. þær 200 millj. kr. sem þá eru eftir, skuli skv. lögum þessum vera hagnýtt til að auka byggingar verkamannabústaða frá því sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1985.

Þetta eru, herra forseti, í meginatriðum þær reglur sem frv. kveður á um notkun þess fjármagns sem aflað skal skv. 5. gr.

Í 6. gr. er sérstakt ákvæði um vexti og verðtryggingar húsnæðisstjórnarlána, en hún er svohljóðandi:

„Frá og með gildistöku laga þessara skal verðtrygging vaxta og afborgana verðtryggðra húsnæðislána ætíð bundin við þá af vísitölunum tveimur, kaupgjaldsvísitölu (skv. útreikningum kjararannsóknanefndar) og lánskjaravísitölu, sem er lægri. Eftirstöðvar lána skulu hins vegar reiknaðar upp eftir lánskjaravísitölu og lánin lengd eftir þörfum sem nemur þessum mismun."

Í 7. gr. er sagt að ráðh. skuli setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samræmingu við önnur lög og reglugerðir um húsnæðismál, sem nauðsynlegt verður að telja.

Það sem gerst hefur í málum húsbyggjenda á síðustu misserum og sérstökum vanda veldur má segja að sé tvíþætt. Það er í fyrsta lagi sú gífurlega lækkun á tekjum fólks í samanburði við hækkanir á byggingarkostnaði og framfærslukostnaði sem raun ber vitni og hins vegar sú skerðing á fjármagni til verkamannabústaðakerfisins og félagslegra íbúðabygginga og óvissa um húsnæðislánakerfið í heild sem glöggt kemur fram í umfjöllun fjölmiðla um þessi mál þessa dagana. Þetta frv. okkar þm. Alþb. er flutt til að svara þessum vanda. Kjarni þess er sú tekjuöflun, sem ég hóf mál mitt á að gera grein fyrir, upp á 1.4 milljarða kr. á verðlagi ársins 1985 og sem síðan skal gilda þau fimm ár sem lögin gildi. Áhrif af slíkri tekjuöflun ættu að verða þau, sem kveðið er á um í frv., að unnt yrði að reisa a. m. k. 1000 íbúðir af hóflegri stærð fyrir það fólk sem er að eignast húsnæði í fyrsta sinn og lána því allt að 75% af byggingarkostnaði. Einnig mundi átak hjá Byggingarsjóði verkamanna hafa mikil áhrif í þá átt að leysa húsnæðisvanda þeirra sem verst eru staddir. Auk þess fengju um 800 fjölskyldur, sem keypt hafa eða byggt húsnæði eftir 1980, sérstök lán til lengri tíma í stað þeirra skammtímalána og víxla sem það margt hvert fleytir sér á með ærnum kostnaði þessa dagana.

Það hefur verið upplýst í umr. hér á hv. Alþingi nýverið að við ærin greiðsluvanda sé að stríða þessa dagana hjá byggingarsjóðunum og einkum Byggingarsjóði ríkisins. Hæstv. félmrh. upplýsti í umr. í hv. Nd. á mánudaginn var að ekki minna en 185 millj. kr. hefðu staðið út af um áramót og væri sá vandi óleystur og hefði einungis færst milli áranna 1984 og 1985.

Í Dagblaðinu Vísi í dag, miðvikudaginn 20. febr., eru nýjar upplýsingar sem hafðar eru eftir Húsnæðisstofnun og blaðið hefur aflað sér þar. Þar er talið að um 1500 manns bíði nú eftir láni og þar vanti ekki 185 millj. heldur um 350 millj. kr. til þess að gera upp þann hala, eins og það er orðað, sem hjá stofnuninni sé, til þess að allir, sem nú ættu að fá lán eða ættu í þann vegin að vera að fá lán hjá stofnuninni, fengju sitt. Jafnframt er upplýst að líklegt sé skv. upplýsingum frá Húsnæðisstofnun að enn verði tveggja til þriggja mánaða bið hjá mörgum þeirra sem ættu að vera að fá lán sín um þessar mundir.

Það þarf í sjálfu sér ekki fleiri vitnanna við um það ástand sem ríkir í húsnæðismálunum þessa dagana og þessar vikurnar. Það var einnig athyglisvert að á fyrsta hálftímanum eða svo sem nýstofnuð ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar starfaði rauðhitnuðu allar símalínur til stofnunarinnar og upp voru pantaðir allir viðtalstímar hjá ráðgjöfunum fyrsta hálfan mánuðinn. Þurfa menn varla fleiri vitnanna við um þá þörf sem er á skjótum aðgerðum í þessu máli.

Við þm. Alþb., sem stöndum að þessu frv., erum þeirrar skoðunar að eina lausnin í húsnæðismálunum, sem raunhæf sé og varanleg geti talist, sé tvíþætt. Í fyrsta lagi eigi að afla tekna sem renni til byggingarsjóðanna sem framlög og verði þeirra eign og þannig byggi þeir upp sitt eigið fé á næstu árum og verði fjárhagslega

sjálfstæðari en nú er og til þess færir að standa undir hlutverki sínu í framtíðinni. Hin hlið ráðstafananna er sú að létta greiðslubyrði þeirra viðskiptamanna stofnunarinnar sem nú eru að kikna undan þeim kjörum sem þeim er boðið upp á af hálfu Húsnæðisstofnunar og vegna þeirra ráðstafana í kaupgjaldsmálum sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á undanförnum misserum og verða ekki slitnar úr samhengi í umræðum um húsnæðismál. Er þar auðvitað fyrst að telja þá harkalegu kjaraskerðingu, sem gripið var til strax á fyrstu lífdögum þessarar ríkisstj., að afnema verðtryggingu launa, en halda hins vegar fullri verðtryggingu lána og annarra skuldbindinga launafólks sem síðan hefur valdið því að greiðslubyrði viðkomandi fólks hefur þyngst gífurlega á undanförnum mánuðum og misserum svo að gjarnan sjá menn nú á eftir 10—20% hærra hlutfalli af launum sínum í afborganir slíkra lána en var fyrir einu og hálfu ári.

Herra forseti. Það væri út af fyrir sig hægt að hafa hér langt mál um ástand húsnæðismála, um framgöngu hæstv. ríkisstj. í þeim efnum, um þær miklu og digru yfirlýsingar sem stjórnarflokkarnir gáfu hvor í sínu lagi fyrir síðustu alþingiskosningar sem og ríkisstj. í málefnasamningi sínum hafði í þessum efnum og um ýmsar samþykktir stjórnarinnar síðar í húsnæðismálum, en efndirnar á öllu þessu hafa eins og kunnugt er verið mjög í skötulíki. Húsnæðismál hafa hins vegar komið til umr. nýlega á hv. Alþingi og eiga trúlega eftir að gera það enn og aftur og því tel ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt með miklum umræðum.

Alvarlegasta hlið þeirra mála er að mínu mati sú staðreynd að fjöldi fólks hefur, vegna þess að það hefur treyst yfirlýsingum og loforðum hæstv. ríkisstj. í sambandi við húsnæðismál, lent í verulegum vandræðum og vanskilum vegna þess að þessar yfirlýsingar hafa ekki staðist. Það er viðurkennt af hæstv. félmrh. og flestum öðrum talsmönnum ríkisstj. að efndir hafa ekki orðið á ýmsum þessum yfirlýsingum. Er það að mörgu leyti alvarlegasti og ljótasti kafli þessa máls þar sem grandvart fólk er iðulega gert að vanskilamanneskjum sökum þess að það treysti yfirlýsingum og samþykktum hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Er skemmst að minnast þess í hvert óefni er komið eða í það minnsta var komið fyrir fyrirtæki hér um slóðir sem Byggung nefnist. Það fyrirtæki hafði eins og fleiri treyst því að afgreiðsla lána yrði í samræmi við samþykktir hæstv. ríkisstj. Svo hefur ekki orðið sem kunnugt er og þarf ekki að rekja það mál frekar.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg á það áherslu að hér er lagt fram frv. sem tekur heildstætt á þessum málum. Hér er ekki um að ræða sýndarmennsku, eyðslutill. eins og því miður stundum sjást í þessum efnum. Við leggjum í það metnað okkar, flm. þessa frv., að áætlanir um útgjöld og tekjur standist á og að þær séu raunhæfar og við teljum að svo sé og tekið er hér á vandanum eins og hann birtist á raunsæjan hátt og bent á leiðir til úrlausnar. Ég vona að hæstv. ríkisstj. og sú n. sem fær þetta mál til umfjöllunar virði það framlag sem hér er innt af höndum af hálfu okkar flm. til lausnar þessara miklu vandamála og taki fullt tillit til þeirra uppástungna sem hér eru gerðar um lausn á þessum málum.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. félmn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hef engu að bæta við framsöguræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég ætla aðeins að ítreka það, sem hann sagði hér að lokum, að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að hv. Alþingi fari rækilega yfir þær tillögur sem hér eru lagðar fram, sem Alþb. mun fyrir sitt leyti leggja metnað sinn í að koma á framfæri við fólk og reyna að knýja fram, þó síðar verði, í þessum málaflokki sem núna leikur hag fólks grátt, svo ekki sé meira sagt, og gleggst kemur fram í Lögbirtingablaðinu.

En ég kvaddi mér aðallega hljóðs vegna þess að ég tók eftir því, herra forseti, að hæstv. félmrh. sat hér undir þessari umr. og ég vildi spyrja hann um eitt atriði. Það kemur fram í blaðinu DV í dag að Húsnæðisstofnun hafi að mati Seðlabankans oftekið vexti á árinu 1983 í september um heil 3%. Í frétt blaðsins DV segir svo í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo virðist sem lántakendur eigi inni talsverðar upphæðir hjá Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem lánskjaravísitala hefur verið ofreiknuð í september 1983. Það er a. m. k. skoðun Bjarna Braga Jónssonar aðstoðarseðlabankastjóra.

„Þetta er ekki mál Seðlabankans, en ég vil benda þeim sem ákafast gagnrýna lánskjaravísitöluna á að fylgjast með hvernig framkvæmd fyrri lagfæringa hefur farið fram," sagði Bjarni Bragi í samtali við DV."

Bjarni vísar hér til loforða ríkisstj. frá í ágúst 1983 þegar nýr útreikningur lánskjaravísitölunnar var upp tekinn og hún reiknuð mánaðarlega í stað þriggja mánaða tímabila eins og áður var.

Samkvæmt eldri útreikningsaðferðinni átti vísitalan að hækka um 8.1% í september en skv. þeirri nýju um 3% minna eða um 5.1%. Gamla aðferðin var látin gilda almennt í september en hin nýja kom til framkvæmda í næsta mánuði. Hins vegar sagði í tilkynningu frá ríkisstj. frá 21. ágúst 1983:

„Hins vegar hefur ríkisstj. ákveðið að ganga til móts við húsbyggjendur og námsmenn með þeim hætti að nýja lánskjaravísitalan gildi strax gagnvart þeim og verði því 5.1% í september. Jafnframt mun ríkisstj. beina þeim tilmælum til lífeyrissjóðanna að þeir hafa hafi sama hátt á húsnæðislánum sínum."

Bjarni Bragi segir að þetta hafi átt að hafa í för með sér að heildarstofn húsnæðislána hækkað 3 prósentum minna en raun varð á. Hins vegar hafi þessu ekki verið framfylgt og honum var aðeins kunnugt um einn mann sem notfært hafði sér heimildina.

Sigurður E. Guðmundsson, forstjóri Húsnæðisstofnunar, sagði að stofnunin hefði skrifað félmrh. bréf þegar þessi fyrirmæli bárust og beðið um upplýsingar um nánari útfærslu. Svar við því bréfi hafði hins vegar aldrei borist og þetta því ekki komist til framkvæmda."

Þetta var tilvitnun í blaðið DV frá deginum 20. febrúar 1985, þ. e. í dag. Aðstoðarbankastjóri Seðlabankans fullyrðir að Húsnæðisstofnun hafi oftekið vexti um 3% í september 1983, lánin hafi verið reiknuð upp 3% hærri en gert var ráð fyrir skv. tilkynningu ríkisstj. 21. ágúst 1983. Það þýðir að öll lánin hafa þá verið færð upp um þessi 3% aukalega og hafa þar af leiðandi tekið á sig viðbótarverðlagshækkanir og vaxtahækkanir stöðugt, vexti og vaxtavexti og verðlagshækkanir þar ofan á, um þessi 3% aukalega. Þegar aðstoðarbankastjóri Seðlabankans gefur út yfirlýsingu um það að

Húsnæðisstofnun hafi ofreiknað vexti með þessum hætti þá er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. að því hvað hann hafi gert í þessu máli og hvort það er rétt, sem hér er haft eftir Sigurði E. Guðmundssyni, að ráðh. hafi aldrei svarað bréfi Húsnæðisstofnunarinnar þar sem beðið var um upplýsingar um nánari útfærslu á þessu seint á árinu 1983. Ég vil sem sagt spyrja hæstv. félmrh. um þetta atriði.

Í öðru lagi vil ég í tilefni af þessum umr. spyrja hæstv. ráðh.: Eftir að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi, eftir að bannað var að greiða verðbætur á laun, þá liggur það fyrir að byggingarvísitala hefur hækkað miklum mun minna en lánskjaravísitala. Mér sýnist að það sé eðlilegt, þegar verið er að lána til bygginga, að þá verði framvegis miðað við byggingarvísitölu. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi veitt þeim upplýsingum athygli sem hafa komið í dagblaðinu Þjóðviljanum núna undanfarna daga og hvort hann hefur í hyggju að gera ráðstafanir til að þessi mál verði könnuð, því að það er mín skoðun að úr því sem komið er sé skynsamlegra að miða þetta við byggingarvísitölu. Ég segi þetta þó að ég hafi áður lagt til að miðað yrði við lánskjaravísitölu. Mér sýnist að vegna þess að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi þá sé lánskjaravísitalan orðin svo vitlaus að hún sé með öllu óbrúkleg í þessu sambandi. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. félmrh. um afstöðu hans til byggingarvísitölunnar.

Í þriðja lagi var greint frá því í Morgunblaðinu í dag að hæstv. fjmrh. hefði samþykkt að flýta greiðslum á 150 millj. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta er ekki nýtt fé, heldur er hæstv. fjmrh. þarna eingöngu að flýta greiðslum til Húsnæðisstofnunarinnar á þessum 150 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Telur hann að þessi flýting á greiðslum til Byggingarsjóðs ríkisins sé þannig að stofnuninni sé borgið, miðað við sínar skuldbindingar, það sem eftir er ársins 1985 eða gerir hann ráð fyrir því að þurfi á ný að berja upp á hjá ríkissjóði síðar á þessu ári eða hjá Seðlabanka Íslands eða hjá Ríkisábyrgðasjóði eins og hefur verið gert reglulega á þriggja mánaða fresti frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við og menn fóru að gefa stóru loforðin í húsnæðismálum þar sem menn tryggðu útgjöldin en ekki tekjurnar? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þessum þremum fsp.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Þessum fsp. mun ég reyna að svara. Þetta sem hv. 3. þm. Reykv. las upp úr DV sá ég bara á skotspónum um leið og ég kom hér inn áðan. Kemur mér það ákaflega mikið á óvart og mun að sjálfsögðu láta rannsaka það niður í kjölinn af þeirri einföldu ástæðu að það var einmitt að minni tillögu í ríkisstj. 1983 að gerður yrði mismunur á meðferð vaxtahækkunar í sambandi við það sem þá lá fyrir. Lánskjaravísitalan átti þá að mæla 8.1% en lagt var til að það yrði ekki nema 5.1% að því er varðaði húsnæðislán til námsmanna sérstaklega. Um þetta var gerð ákveðin samþykkt sem var birt opinberlega í öllum fjölmiðlum og Húsnæðisstofnun hafði bein fyrirmæli í bréfi 2/9 1983 um afgreiðslu mála í samræmi við þessa samþykkt. Hins vegar mun ég láta rannsaka það, eins og ég sagði áðan, hvernig á því stendur að aðstoðarbankastjóri Seðlabankans gefur þessar upplýsingar og ekki hvað síst það sem haft er eftir forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins en það er kapítuli út af fyrir sig. Ég vissi ekki annað en þetta hefði verið framkvæmt eins og frá því var gengið því að þetta var sérstök aðgerð af hálfu stjórnvalda til að reyna að létta undir við meðferð lánskjaravísitölunnar í sambandi við húsnæðismálin og í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta verður athugað.

Varðandi það sem hv. þm. spyrst fyrir um, lánskjaravísitöluna og áhrif hennar og hvort um væri að ræða tillögugerð eða áform um að breyta lánskjaravísitölunni að því er varðar húsnæðislánin, skilji ég rétt, og miða eingöngu við byggingarvísitölu, þá vil ég geta þess hér að þetta mál er í meðferð. Hinn 15. janúar s. l. lagði ég fram tillögu í ríkisstj. um að endurskoðun færi fram á lánskjaravísitölunni og meðferð hennar miðað við þá miklu greiðslubyrði, sem er mér og ég geri ráð fyrir flestum ljós, og þann vanda sem fólk er í vegna verðryggðu lánanna. Niðurstaðan varð sú að til starfa tók sérstök nefnd sem er nú að ljúka úttekt á þessu máli. Reynt er að finna aðferð sem gæti dugað til frambúðar, án þess þó að breyta lánskjaravísitölunni út af fyrir sig, heldur yrði fundin greiðslujöfnunaraðferð til að mæta þeim vanda sem fólk er í með verðtryggð lán, a. m. k. að því er varðar opinbera sjóði.

Ég geri ráð fyrir því að núna fljótlega, a. m. k. ekki seinna en í næstu viku, verði hægt að skýra frá því hvaða meðferð þetta mál fær. Þessar tillögur verða lagðar fyrir ríkisstj. og það er vilji fyrir því að reyna að finna viðráðanlegan flöt á þessu máli sem brennur á öllum. Ég geri ráð fyrir að menn séu sammála um það. En það er ekki sama hvernig þetta er gert. Hér hafa komið fram á hv. Alþingi fleiri en ein tillaga um það hvernig við þessu verði orðið og eins og ég segi, það er verið að leita leiða til að leysa þetta vandamál. Ég svara þessari spurningu ekki öðruvísi á þessu stigi máls.

Í sambandi við það sem spurt var hér um fjárhagsvanda byggingarsjóðanna er það rétt að því leyti til að það kom frétt um það í Morgunblaðinu í morgun að búið væri að leysa þessi mál. Við vorum á fundi, hæstv. fjmrh. og ég, í gær og samkomulag náðist um tilfærslu á því fjármagni sem öruggt er í dag að byggingarsjóðunum er ætlað á þessu ári, að færa það fram til þess að hægt sé að mæta þeim lánarétti sem þegar liggur fyrir vegna framkvæmda á árinu 1984 og hefja útgreiðslu á lánum til húsbyggjenda. Þessi lánaréttur er liðlega 300 millj. kr. og mun það fé þá koma til útborgunar í þessum og næsta mánuði. Og ég reikna með því að það geti leyst úr þessu máli. Ég hef þegar haldið fund í morgun með Húsnæðisstofnun um framkvæmd á þessu og þegar í dag er byrjað að skrifa út til fólks um þessa afgreiðsluákvörðun sem væntanlega verður þá hægt að hraða útborgun á.

Hins vegar mun öllum vera ljóst og ég gerði grein fyrir því í umr. s. l. mánudag í þessari hv. deild að það er eftir að fjalla um lánsfjáráætlunina og lánsfjárlög. Þar er um að ræða að marka þá lánastefnu og þá útlánastefnu sem Alþingi og ríkisstj. koma sér saman um á árinu 1985. Og fyrr en búið er að taka þá ákvörðun er ekki nákvæmlega hægt að segja til um útlánastefnuna fyrir árið 1985 að öðru leyti. En ég tel mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að sú áætlun og ákvörðun verður að vera þannig að við hana verði hægt að standa.

Ég vil geta þess, af því að það hefur nú komið fram í fjölmiðlum, að það hefði verið ástæða til að gera ráðstafanir á árinu 1984 til þess að draga úr þenslu í

byggingariðnaðinum. En hvorki í eldri lögum frá 1980 né í nýsettum lögum frá 1984 fannst mönnum ástæða til að setja sérstakar skorður við frelsi manna til bygginga. Og ég get getið þess hér að það hefur sjálfsagt aldrei verið farið af stað með eins mikið magn af byggingum eins og á árinu 1984, án þess þó að menn hefðu í höndum sérstakan lánsrétt hvað slíkar framkvæmdir varðar, nema það sem gert er ráð fyrir í lögum.

Þar sem ljóst var að lánsréttur vegna framkvæmda 1984 er miklu, miklu meiri en áætlanir Húsnæðisstofnunar og lánsfjárlög gerðu ráð fyrir þá var ekki um annað að ræða en að taka ákvörðun um það að setja eindaga á lánaumsóknir, sem var 1. febrúar s. l., og einnig að taka ákveðna stefnu gegnum Húsnæðisstofnun um þær takmarkanir sem kæmu til greina varðandi lán úr byggingarsjóðunum. Það var gert og Húsnæðisstofnun hefur nú þegar skilað mér tillögum um það hvernig stofnunin vill draga úr lánarétti með takmörkun á stærð íbúðarhúsnæðis. Þær eru nú til meðferðar hjá ráðh. og munu verða staðfestar innan tíðar.

Ekki verður hægt að gefa fólki nein fyrirheit um lánamöguleika til nýrra framkvæmda á árinu 1985 að mínu mati fyrr en lánsfjárlög hafa verið endanlega samþykkt hér á hv. Alþingi. Og ég mun ekki láta Húsnæðisstofnunina fara af stað með lánsfyrirmæli til nýrra framkvæmda á árinu 1985, sem ekki var byrjað á eða samþykkt á árinu 1984, fyrr en Alþingi hefur gengið frá lánsfjárlögum, svo að tryggt sé að það fjármagn sem stofnunin á að byggja sínar áætlanir á til fólksins fái staðist.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. neitt efnislega þótt það sé sannarlega allrar umr. vert. En af því að vísitöluskammirnar komu mjög eðlilega til umr. hérna, þá vildi ég aðeins minnast á till. okkar Kvennalistans í þeim efnum. Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi hér um þessar vísitölur og hélt fram hlut byggingarvísitölunnar fremur en lánskjaravísitölunnar, sem er snöggtum skárra að sjálfsögðu. En nú hefur Kvennalistinn lagt til að miða verðtryggingu við vísitölu kauptaxta og er hugsunin að baki þeirrar till. að eðlilegast og réttlátast sé að miða við jafnvirði í vinnustundum, það sé eina tryggingin sem dugi almennu launafólki sem hefur ekki aðra tekjuöflunarleið en sölu vinnu sinnar, og þetta er að okkar mati eina leiðin sem firrt getur almenna lántakendur þeim skakkaföllum sem þeir verða fyrir þegar slíkt misgengi verður í þróun mála sem hefur komið á daginn. Að öðru leyti ætla ég að geyma mér frekari ræðuhöld þangað til sú till. kemur til umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það þarf að sjálfsögðu ekki að endurtaka það til skýringar fyrir hv. síðasta ræðumann, Kristínu Halldórsdóttur, að einmitt í þessu frv. er gert ráð fyrir að sá háttur verði upp tekinn sem hv. þm. Kvennalista hafa nú flutt þáltill. um, þ. e. að framreikningur verðbóta, vaxta og afborgana af húsnæðisstjórnarlánum skuli miðast við þá af vísitölunum tveimur, kaupgjaldsvísitölu eða lánskjaravísitölu, sem lægri er. Ætti það ekki að misskiljast. Þannig hyggjumst við flm. einmitt tryggja að greiðslubyrði þyngist ekki miðað við kaupgjald eða unna vinnustund eða hvað sem við nú kjósum að kalla það.

Herra forseti. Það er ánægjulegt til þess að vitað að hæstv. félmrh. er að læra af reynslunni. Það eru sannarlega gleðileg tíðindi að hann ætlar nú ekki að lofa meiru en hann hyggst geta staðið við og mun því stöðva allar úthlutanir lána frá Húsnæðisstofnun þangað til hann hefur fengið lánsfjáráætlun samþykkta og tryggt þannig tekjuöflunina. Þarna er hann vissulega að læra því það sem mistekist hefur hingað til er að sjá fyrir fjármagni til að standa undir þeim loforðum sem gefin hafa verið, eins og hér hefur iðulega komið fram.

Þá er einnig sérstakt gleðiefni, herra forseti, að sjá þm. Sjálfstfl. mætta hingað í þingsalinn. Það vakti athygli mína að um hríð var enginn hv. þm. Sjálfstfl. í salnum og þaðan af síður var hv. varahúsnæðismálaráðherra Halldór Blöndal hér. Hann hefur stundum látið sig húsnæðismál varða, en er illa fjarri góðu gamni nú. Það er mjög ánægjulegt, eins og ég sagði, að hafa hér fulltrúa Sjálfstfl., ekki síst hv. 1. þm. Suðurl. og formann flokksins, því að ástæða væri til að spyrja hann, úr því að hann er hér mættur, hvernig Sjálfstfl. hyggst nálgast það markmið sitt, þá stefnu sína sem hann lagði fram fyrir síðustu kosningar, að allir eignuðust húsnæði. Eign fyrir alla, hét það, og 80% lán til allra þeirra sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn. Ég held að ég fari orðrétt með þetta upp úr kosningastefnuskrá þeirra sjálfstæðismanna.

Herra forseti. Það er auðvitað ekki til fyrirmyndar að vekja athygli á því að menn séu að laumast burt úr þingsalnum á fundartíma, en kallað var í mig í áðan í símann vegna þess að sami einstaklingur var hvað eftir annað búinn að reyna að ná við mig sambandi og ég leyfði mér að laumast út örstutta stund. Og viti menn! Sá einstaklingur var ungur maður norður á Akureyri að rekja fyrir mér raunir sínar. Hann keypti sína fyrstu íbúð og sá kaupsamningur var móttekinn af Húsnæðisstofnun 4. júlí 1984. Þessi ungi maður, sem var þarna að eignast sitt fyrsta húsnæði, hefur ekki fengið eina einustu krónu enn þá af þeim 80% sem hv. sjálfstæðismenn ætluðu nú að lána honum skv. kosningaloforðum. Hann bíður sem sagt enn þá, þegar komið er þetta fram á árið 1985, eftir sínum fyrstu krónum frá Húsnæðisstofnun. Skv. upplýsingum þaðan var honum núna í vikunni sagt að hann þyrfti ekki að eiga von á fyrirgreiðslu þaðan í bráð eins og staðan væri. Ég tek þetta dæmi hér til að minna fólk á að við erum að tala um örlög lifandi fólks sem á mikið undir því að hv. Alþingi bregðist þeim ekki í þessum efnum. Það eru þúsundir, það eru ekki hundruð, það eru þúsundir, sem eiga nú í hliðstæðum erfiðleikum og sá ungi maður sem ég tók dæmi af.

Það sem veldur því að Sjálfstfl. og Framsfl. eru víðs fjarri því að standa að nokkru við kosningaloforð sín í húsnæðismálum er aumingjaskapur þessara flokka þegar að því kemur að afla tekna. Það er það sem sker úr í þessu efni. Og þó að hæstv. félmrh. hafi, eins og þeir vita sem fylgst hafa með honum á þessum þunna ís undanfarna mánuði, haft vissa tilburði í þá átt að reyna að afla tekna inn í húsnæðiskerfið hefur hann jafnóðum verið barinn niður með það af samstarfsmönnum sínum, einkum og sér í lagi Sjálfstfl. sem má aldrei heyra það nefnt að nokkurs staðar sér reynt að afla fjármagns í þetta kerfi til þess að það geti gengið. Það er sem sagt aðferð Sjálfstfl. við að framkvæma stefnu sína, eign fyrir alla, að berja niður allar tilraunir hæstv. félmrh. sem af veikum burðum er að reyna að afla tekna til

húsnæðismála og hefur gert sér grein fyrir því að það er forsenda þess að nokkuð sé hægt að gera í þessum efnum. Þeirri feigðarstefnu er hins vegar fylgt þessa dagana að láta byggingarsjóðina taka lán og aftur lán og enn þá lán og vísa þeim á lánamarkaðinn, sbr. afgreiðslu lánsfjáráætlunar sem öllu máli á að skipta í húsnæðismálum. Það eru ekki fjárlög, það eru ekki tekjustofnar, ekki framlög, heldur lán sem eiga vandann að leysa. Og menn vita á hvaða kjörum þau lán bjóðast þessa dagana, hvernig kaupin gerast á þessari eyri frjálshyggjunnar og vaxtaokursins. Það eru 4, 6, 8, 9% vextir ofan á verðtryggingu sem byggingarsjóðnum er ætlað að greiða af þeim skammtíma- eða langtímalánum sem hann er að taka og endurlánar síðan á miklu lægri vöxtum eins og allir vita. Þetta er aðferð hv. stjórnarsinna til að byggja upp byggingarsjóðina og húsnæðiskerfið.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það vekur athygli mína fjarvera og þögn Sjálfstfl. og það að þeir skuli ekkert hafa fram að færa við þessa umr. Það vekur svo sannarlega athygli mína, herra forseti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 52. fundur.

Fimmtudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosning varamanns í útvarpsráð skv. 1. gr. laga nr. 8 12. mars 1976, um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971, í stað Ingibjargar Hafstað sem orðin er aðalmaður.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvgr.:

María Jóhanna Lárusdóttir.

Kosning varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins skv. 4. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, í stað Kristínar Einarsdóttur sem orðin er aðalmaður.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvgr.:

Guðrún Sæmundsdóttir.

Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi, þáltill. 319. mál (þskj. 504). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framleiðslustjórn í landbúnaði, þáltill. 102. mál (þskj. 106). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jöfnun vöruverðs, þáltill. 294. mál (þskj. 475). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Geymsla kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. 204. mál (þskj. 239). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Raforka til vatnsdælingar hitaveitna, þáltill. 163. mál (þskj. 168). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja, þáltill. 222. mál (þskj. 269). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. 268. mál (þskj. 447). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum, þáltill. 272. mál (þskj. 450). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skattaívilnun vegna ættleiðingar barna, þáltill. 273. mál (þskj. 451). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veiðileyfastjórn á fiskveiðum, þáltill. 103. mál (þskj. 107). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Flestir munu sammála um það að einhver afdrifaríkasti þátturinn í stjórn efnahagsmála væri hvernig tækist til um stjórn fiskveiðanna, ekki einungis að því er varðar hvert ár út af fyrir sig, ekki í bráð heldur einnig í lengd, vegna þess að framkvæmd fiskveiðistefnunnar á hverjum tíma hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar mörg ár fram á við, mörg ár fram í tímann.

Það ætti að vera óþarfi að rifja upp það sem fyrir okkur hefur komið varðandi stjórn fiskveiðanna. Hrun í síldarstofni, hrun í loðnustofni og svo hvernig gengið var á þorskstofninn á árunum 1981—1983, þannig að óhjákvæmilegt þótti að innleiða kvótakerfi fyrir árið 1984 og síðan að endurnýja það fyrir yfirstandandi ár með nokkrum breytingum.

Við höfum í sjálfu sér reynt ýmsar stjórnunaraðferðir. Við tókum snemma upp kvóta að því er varðaði síldveiðar og rækjuveiðar og síðar í loðnunni. Við bjuggum við skrapdagakerfi í þorskveiðunum um nokkurra ára skeið og nú síðast var tekið upp almennt kvótakerfi fyrir allar bolfiskveiðar, magnkvóta nær eingöngu til að byrja með, en síðan að því er varðar árið 1985 viðbótarákvæði um svonefndan sóknarkvóta.

Þegar núverandi kvótakerfi var upp tekið voru m. a. þau rök færð fram að kvótakerfið mundi auka gæði aflans. Því hefur verið haldið fram að einmitt á því sviði, varðandi gæði aflans, hafi náðst árangur. En spurningin er: Með hvaða hætti hefur sá árangur náðst? Þegar leitað er svara við því setur að manni efasemdir um hvort það kerfi sem við búum við hafi borið þann árangur í því að auka aflagæðin sem menn hafi ætlast til. Því er óhikað haldið fram að gæði aflans hafi aukist vegna þess að menn bæði hendi smáfiski í langtum ríkara mæli en áður og reyndar lélegum fiski líka. Þessu er óhikað haldið fram, nefnilega því að núverandi kvótakerfi hafi haft þær afleiðingar að fiski sé hent í langtum ríkara mæli en áður. Af því leiðir að sjálfsögðu að veiðarnar eru miklu meiri en kvótinn gefur til kynna. Óneitanlega er þetta alvarlegur galli eða þverbrestur á því kerfi sem við búum við.

Menn þurfa hins vegar í sjálfu sér ekki að láta sér koma á óvart að viðbrögðin geti verið þau að henda fiski í ríkara mæli, hvort heldur er vegna smæðar eða vegna þess að hann er lélegur, vegna þess að sjálfsbjargarviðleitnin í greininni hlýtur ævinlega að vera rík.

En spurningin hlýtur að vakna: Hversu miklu meiri eru veiðarnar í rauninni en það aflamagn sem á land berst? Sagt var líka um núverandi kerfi að það mundi verða til þess að draga úr tilkostnaði. Í þessu sambandi hljóta menn að spyrja hvort verulegur árangur hafi náðst að því leyti. Einn árangurinn var talinn verða sá að skipum yrði lagt í eitthvað ríkara mæli en áður. Ég veit að það hefur gerst hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur í einhverjum mæli. En hefur náðst sá árangur sem að var stefnt?

Það er einnig ljóst að núverandi kvótakerfi er mjög stirt í meðförum. Eins og það var framkvæmt á árinu 1984 og eins og meginreglan virðist eiga að vera árið 1985 er um eins konar arfleifð að ræða frá fyrri tíma. Aflahámarkið, sem menn eiga að miða sig við, er miðað við afla eins og hann var hjá viðkomandi skipum á fyrri tíma eða á undanförnum þremur árum. Ég held að það sé alveg ljóst að svona kerfi getur ekki staðist til lengdar.

En af því sem ég hef rakið ættu menn að sjá að nauðsynlegt er að menn hafi opin augu, ekki einungis gagnvart því stjórnunarfyrirkomulagi sem valið hefur verið núna, heldur almennt að því er varðar stjórnarfyrirkomulag fiskveiða. Og jafnvel þó menn kjósi að vera með svonefnd kvótakerfi þá geta þau verið mjög mismunandi. Við höfum ýmis afbrigði úr reynslu okkar sjálfra og aðrar þjóðir hafa líka búið við kvótakerfi í einhverjum mæli sem eru afbrigði af öðru tagi en því sem við höfum reynt. Þess vegna er ástæða til að rannsaka mjög gaumgæfilega þau mismunandi afbrigði sem til eru af kvótakerfum og öðrum stjórnunaraðgerðum og meta kosti og galla.

Menn hljóta að spyrja: Hvernig er það kerfi sem tryggir sem best samræmi milli veiða og landaðs magns, þ. e. að sem minnstu sé fleygt? Hvernig er það kerfi sem tryggir sem mest samræmi milli veiða og vinnslu, svo oft sem það hefur borið á góma hér í þingsölum og reyndar í almennri umræðu? Hvernig er það kerfi sem tryggir gæði öðru frekar og lækkar tilkostnað en lætur jafnframt þann sem stendur sig vel njóta árangursins? Því að eitt af því sem hefur verið gagnrýnt réttilega í núverandi kerfi er að þeir sem standi sig vel fái lítils að njóta.

Ég sagði áðan að þegar núverandi kerfi var tekið upp hefði verið sagt í umr. um það að eitt af því sem menn vildu ná fram væri að stefna að sem minnstum tilkostnaði en áður hafi veiðarnar einkennst af því að menn veiddu sem mest, að magnið væri sem mest. En ef miklu er fleygt, eins og ég hef gert að umtalsefni að menn tali óhikað um, meiru fleygt en áður, þá er ekki verið að lækka tilkostnaðinn heldur að auka hann, vegna þess að ef það eykst sem fleygt er eykst tilkostnaður þjóðarbúsins að því leytinu að það birtist í minni aflabrögðum síðar hjá flotanum í heild. Þessi atriði öll hljóta menn að vilja taka til skoðunar.

Það er m. a. út frá þessum sjónarmiðum sem sú till. til þál. er flutt sem ég mæli hér fyrir. Hún hefur verið flutt í svipuðu formi tvisvar sinnum áður, var reyndar í fyrsta skipti flutt áður en til svonefnds kvótakerfis kom. Texti hennar hljóðar þannig.

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að gera í samráði við sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsluaðila úttekt á leiðum við veiðileyfastjórn á fiskveiðum og leggja á þær mat með tilliti til þess að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðarstaðir fái að njóta sín. Hlutverk nefndarinnar verði að gera ítarlega athugun á mismunandi fyrirkomulagi veiðileyfastjórnar og meta líklega kosti í samráði við ofangreinda hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá sem nefndin telur rétt að kveðja til ráðuneytis.

Nefndin skal skila tillögum sínum og greinargerðum til Alþingis og samtaka sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnsluaðila.

Nefndinni er heimilt að ráða til sín sérfræðinga eftir því sem þörf er talin á.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Meginhugsunin að baki þessari þáltill., eins og hún var flutt upphaflega og eins og hún er endurflutt núna, er sú að hér sé um svo mikilvægan málaflokk að ræða að það sé eðlilegt og rétt að fram fari ítarleg athugun á mismunandi leiðum að því er veiðileyfastjórn og fyrirkomulag fiskveiðanna varðar. Skiptir þá engu þó að hér verði árlega á Alþingi að taka ákvarðanir um þetta efni. Hjá því verður vafalaust ekki komist. En hér er talað um að gera nauðsynlega úttekt, vinna vísindalega vinnu, upplýsa hvaða leiðir koma til greina, reyna að meta kosti þeirra og galla. Árangur af slíku starfi á ekki bara að vera til eins árs, heldur til lengri tíma. Þarna yrði vettvangur skoðanaskipta um þetta efni, vettvangur þar sem menn reyndu að vega og meta við aðrar aðstæður en þær sem menn búa við á ári hverju þegar þeir standa frammi fyrir því að þurfa endilega að taka ákvörðun og afgreiða málið. Þarna gæfist tækifæri til að vega málin og meta í öðruvísi andrúmslofti og við betri aðstæður.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þessa till., ég vísa til grg. En svo mikið er ljóst að Íslendingar eiga mikið undir góðri fiskveiðistjórn og þess vegna verður að teljast fyllsta ástæða til að þessi mál séu athuguð og könnuð gaumgæfilega. Og það er af þeim sökum sem þessi þáltill. er flutt.

Herra forseti. Að loknum fyrri hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. 123. mál (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 127 um framhaldsrannsóknir á ilmenitmagni í Húnavatnssýslum og eiginleikum þess og vinnsluhæfni. Till. þessi hefur verið flutt tvívegis áður, en ekki hlotið afgreiðslu úr nefnd. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim ilmenitsvæðum sem þekkt eru í Húnavatnssýslum og leita nýrra svæða þar sem titanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni titans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf og fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta."

Það ilmenit, sem hér hefur fundist, inniheldur titan sem er verðmætur léttur málmur sem m. a. er mikið notaður sem íblöndun við aðra málma. Langstærsti hlutinn fer þó til framleiðslu á málningarvörum þar sem við þekkjum það allvel. Einnig er titan notað sem einangrun í suðuþráð og karbítþráð, svo og við pappírsvinnslu, plastvinnslu o. fl. Með flutningi þessarar þáltill. vilja flm. vekja athygli á hugsanlegum möguleika til vinnslu þessa efnis. Þáltill. fjallar fyrst og fremst um rannsóknir á magni titans og annarra málma sem samhliða vinnslu þess væri hagkvæmt að nýta.

Vitað er um nokkra staði í Húnavatnssýslum þar sem ilmenit er að finna, en ilmenit er titansteinn sem er eitt helsta titanhráefnið í heiminum sem unnið er úr. Ilmenitið er unnið bæði úr bergi og sandi og er það aðallega í basísku djúpbergi. Þeir staðir, sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum, þar sem ilmenit er að finna, eru Steinsvað í Víðidalsá, Urðarfell upp af Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan í Víðidalsfjalli, Deildarhjalli í Vatnsdalsfjalli og nokkrir aðrir staðir.

Þær takmörkuðu rannsóknir, sem fram hafa farið á þessum stöðum, benda til þess að þar geti verið um mikið magn af basísku bergi að ræða og hafa frumrannsóknir sýnt athyglisvert magn af titan, auk málmsteinda, í berginu.

Árið 1976 fól Framkvæmdastofnun ríkisins Baldri Líndal efnaverkfræðingi að kanna tilvist málmríkra steinefna í Víðidal. Í því sambandi voru gerðar efnagreiningar og málmskiljutilraunir á sýnum og var gefin út um það skýrsla merkt „Áfangaskýrsla I" frá Verkfræðistofu Baldurs Líndals.

Árið 1978 var gefin út könnunarskýrsla Iðnþróunarstofnunar Íslands og Orkustofnunar um íslenskt ilmenit. Fram kemur í skýrslunni að þótt hlutfall titans og annarra verðmætra efna í íslensku ilmeniti sé e. t. v. lágt miðað við það sem best gerist erlendis, þá sé nú tekið til vinnslu berg með sífellt minna innihaldi verðmætra efna með hverju árinu sem líður, þar sem auðugustu námurnar eru nýttar fyrst og verið er að taka til vinnslu námur sem ekki þóttu vinnsluhæfar áður.

Rannsóknir virðast sýna að á Íslandi sé titanauðugt berg í allmiklum mæli. Einnig virðist kornastærð, aukaefni, harka bergsins o. fl., sem máli skiptir varðandi vinnsluhæfni, hagstætt íslensku ilmeniti.

Í skýrslu Orkustofnunar og Iðnþróunarstofnunar um íslenskt ilmenit frá árinu 1978, sem áður er vitnað til, segir m. a.:

„Steinsvað. Gabbró sést á smábletti undir brú á Víðidalsá hjá Lækjamóti. Berg þetta er grófkornótt og inniheldur yfir 3% titanoxíðs. Sýni úr þessu bergi hefur verið rannsakað nánar", og er til um það skýrsla frá Baldri Líndal og Sigurði Steinþórssyni frá árinu 1977.

„Titaninnihald reyndist þá samsvara 4.4%, sem tókst að auka með þyngdarskiljun ákveðinnar kornastærðar í um 25% titanoxíðs, en talið var að þar mætti hæglega gera betur. Þarna við Steinsvað nær gabbróið rétt upp fyrir vatnsborð Víðidalsár. Útbreiðsla þess nærlendis er óþekkt, þar eð bergið er allt hulið þykkum lausum jarðlögum. Hins vegar eru góðar líkur á að kanna mætti tilvist eða útbreiðslu gabbrósins þarna með jarðfræðilegum aðferðum".

Með tilkomu þeirrar miklu orkuvinnslu sem nú er unnið að í Húnavatnssýslu og nálægðar tveggja þéttbýlisstaða, Hvammstanga og Blönduóss, og góðra samgangna og þéttbýlla sveita virðast ýmis skilyrði vera fyrir hendi til framkvæmda og framleiðslu ef þær rannsóknir, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir að fram fari, leiða í ljós að hagkvæmt sé að hefja vinnslu titans og annarra verðmætra efna á þeim stöðum sem þáltill. þessi fjallar um.

Það má koma hér fram að ég geri mér í sjálfu sér ekki ljósa grein fyrir því um hversu álitlegan kost hér er verið að ræða. Þó tel ég víst að hann sé það álitlegur að

óskynsamlegt sé annað en að rannsaka sem gaumgæfilegast þá staði sem hér um ræðir í nefndri till.

Það að lagt er til að rannsóknir fari fram á nefndum jarðefnum í því kjördæmi er við flm. till. erum fulltrúar fyrir er ekki óeðlilegt. En við minnum einnig á aðra mögulega staði, svo sem á Austurlandi, sem sjálfsagt og eðlilegt er að einnig verði athugaðir þannig að myndin öll verði sem skýrust að rannsókn lokinni.

Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að benda sérstaklega á mismun þess að vinna dýrmæt hráefni til iðnaðarframleiðslu úr íslenskri jörð eða flytja hráefnið óravegu hingað til vinnslu, eins og nú er gert. Okkur Íslendingum er það mjög nauðsynlegt að rannsaka og skoða þá kosti sem landið hefur að geyma. Íslendingar verða því aðeins efnahagslega sjálfstæð þjóð að takast megi að afla auðs úr því sem okkar eigið land og landhelgi hefur að geyma.

Ég vona að örlög þessarar þáltill. verði önnur nú en á síðasta þingi, þar sem hún dagaði uppi í nefnd þingsins, ekki síst vegna þess að þeir aðilar sem leitað var til með umsagnir voru jákvæðir í málinu um frekari skoðun á þessum atvinnukosti. T. d. segir í umsögn Orkustofnunar, dags. 20. mars 1984, m. a.:

„Þáltill. fjallar um rannsókn á ilmeniti í Húnavatnssýslu þar sem það er að finna í bergi. Fyrsta stig í frekari rannsóknum á því eru skv. framansögðu tilraunir á sýnum úr gabbróí sem þegar hefur fundist þar og annars staðar hér á landi í því skyni að meta hvort það berg teljist nothæft til ilmenitvinnslu. Í samræmi við það telur Orkustofnun æskilegt að orðalag þáltill. verði gert hnitmiðaðra í þessa átt, ef till. verður samþykkt, og upphaf hennar orðist eitthvað á þessa leið:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram tilraunir er miði að því að meta hæfni gabbróbergs, sem fundist hefur í Húnavatnssýslum og víðar, til að vinna úr því ilmenit. Verði árangur þeirra jákvæður láti ríkisstj. fara fram frekari rannsóknir á þeim ilmenitsvæðum sem þekkt eru í Húnavatnssýslum og leita nýrra svæða þar sem titanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.“

Þetta var úr áliti frá Orkustofnun.

Í umsögn Iðntæknistofnunar, sem er dags. 8. apríl 1984, segir m. a. í lokaorðum:

„Að því gefnu að Alþingi telji lítt álitlegt að kanna frekar vinnslu ilmenits á Íslandi er eðlilegt að skoða og kanna fýsileik verkefnisins í heild, þ. e. að gera forathugun á stofn- og rekstrarkostnaði ilmenitvinnslu þar sem og yrði litið til enn frekari úrvinnslu. Í forathugun er almennt stefnt að + eða − 20% nákvæmni í áætlun kostnaðarliða. Slík könnun gæti verið grundvöllur viðræðna við hugsanlega erlenda samstarfsaðila. Næsta ólíklegt er að unnt sé að hefja viðræður án slíkra upplýsinga um markaðs- og tæknimál ásamt upplýsingum um fundarstað íslensks ilmenits hérlendis og hugmyndir um líklegar gæðunaraðferðir.“

Þetta var í umsögn Iðntæknistofnunar.

Það sem fyrir okkur flm. vakir er að heimild fáist til að framkvæma jarðfræðiathuganir á nokkrum stöðum þannig að vitneskja fáist um magn, efnisgæði og vinnslumöguleika, sem frekari áætlanir mætti byggja á. Ég vil trúa því að alþm. séu mér sammála um að okkur Íslendingum sé nauðsyn að vinna að aukinni verðmætasköpun í landinu sem fyrst og fremst byggist á því sem landið sjálft hefur okkur að gefa. Þótt nokkur vitneskja sé þegar fyrir hendi um verðmæt efni í jörðu hér á landi ber okkur að leitast við að bæta við þá vitneskju með frekari rannsóknum. Það er með þessi grundvallaratriði í huga sem flm. flytja þessa þáltill.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til atvmn. og vænti ég þess að hún njóti skilnings og fái jákvæða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum lýsa efnislegum stuðningi mínum við till. sem hér er til umr. Ég held að hér sé gerð þörf till. og er ánægjulegt í hvert sinn sem menn ræða nýtingu íslenskra auðlinda, hvort sem það eru jarðefni eða annað.

Ég vil taka undir það, sem kom reyndar fram í máli hv. flm. þegar hann las úr umsögnum Iðntæknistofnunar um þetta mál, að það er ástæða til, að mínu mati, að gera þessa till. víðtækari, án þess að ég sé að draga úr því að Húnavatnssýslur eigi að koma þar sérstaklega til skoðunar svo sem eðlilegt er af jarðfræðilegum ástæðum og landfræðilegum. En það er auðvitað víðar basískt djúpberg að finna á Íslandi en í Húnavatnssýslum. Ég held að eðlilegt væri að gera víðtækari úttekt á möguleikum okkar á þessu sviði sem og reyndar á fleiri sviðum er varða nýtingu íslenskra jarðefna, hvort sem þar er um að ræða jarðefni úr föstu bergi eða lausum jarðlögum.

Ég held að málið liggi einnig þannig að óhjákvæmilegt sé að vinna í tengslum við slíka úttekt og jarðfræðilega könnun ákveðna tilraunastarfsemi því að það er allmikið til af efnagreiningum úr basísku djúpbergi og einnig er eitthvað til af efnagreiningum af lausum jarðefnum sem þaðan eru ættuð og innihalda titan, en hitt hygg ég að menn skorti meira vitneskju um, þ. e. vinnslulega eiginleika þessara jarðefna. Þar þarf óhjákvæmilega að gera nokkrar tilraunir, jafnvel frumrannsóknir, því að basískt djúpberg er ekki algengt á yfirborði jarðarinnar. Það vill nú svo til að Ísland er jarðfræðilega í miklum minnihlutahópi, ef svo má að orði komast. Það tilheyrir botni úthafanna miklu fremur en þurrlendinu og meginlandsskildir heimsálfanna hafa yfirleitt ekki á yfirborði sínu berg af þeirri tegund sem við erum hér að ræða um. Ísland er, eins og kunnugt er og óþarfi er að lýsa fyrir hv. þingheimi, jarðfræðilega miklu skyldara botni úthafanna og hryggjunum sem þar liggja enda reyndar kollur á einum slíkum.

Í gamni og alvöru bendi ég flm. og þeirri nefnd sem fær þetta til umfjöllunar á að snúa sér til Seðlabanka Íslands í leit að upplýsingum því að eins og allir vita hefur Seðlabankinn undanfarna mánuði staðið fyrir umfangsmikilli starfsemi sem er að saga gabbró, sem er einmitt bergtegund sú sem hér er til umfjöllunar, niður í þunnar sneiðar. Það gefur auga leið að miklar upplýsingar hljóta að hafa komið fram við þetta brautryðjendastarf Seðlabankans og þá miklu vinnu sem þar hefur verið innt af höndum. Ég held því að ástæða sé til að kanna hvort þeir lumi ekki á einhverjum upplýsingum sem að gagni mega koma í þessu efni.

Að öllu gamni slepptu er auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með hvað varðar nýtingu á þessu efni sem og fleiri jarðefnum. Það er ýmislegt að breytast úti í hinum stóra heimi, bæði af völdum þess að námur, sem fram undir þetta hafa verið nýttar, ganga til þurrðar og einnig hitt að ný tækni

kallar á ný hráefni. Almennt séð má segja að þar sé tilfærsla frá hinum hefðbundnu jarðmálmum yfir til ýmissa léttari málma og nýrra tegunda í svonefndum hátæknigreinum, en þetta mál gæti sem best flokkast og fallið undir það.

Herra forseti. Ég hef þessi orð þá ekki fleiri, en lýsi efnislega stuðningi mínum við þessa till. svo langt sem hún nær.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sala á íslenskri sérþekkingu erlendis, þáltill. 122. mál (þskj. 126). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni biðja afsökunar á því að ég hef a. m. k. tvívegis á undanförnum dögum beðist undan því að mæla fyrir þáltill. þeirri sem nú hefur loks verið tekin fyrir. Það stafar ekki af því að ég telji málið ekki mikilvægt eða brýnt að það fái þinglega meðferð, heldur þvert á móti. Eg tel það mjög þýðingarmikið og legg áherslu á þá ósk mína að málið fái skjóta meðferð í nefnd og þingið sjái sér fært að samþykkja till. Ástæður fyrir töfinni voru hins vegar þær að ég vildi afla mér enn betri upplýsinga um hvað nýjast væri að gerast í þessum málum til að geta greint þinginu nánar frá því en gert er í grg. með þáltill. Ég bað því um að framsögu yrði frestað fram yfir ráðstefnu sem haldin var í gærdag og fjallaði um sama málefni og þáltill. Mun ég því í framsögu minni gera nokkra grein fyrir merkilegum upplýsingum sem þar komu fram.

Á þskj. 126 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um sölu á íslenskri sérþekkingu erlendis ásamt nokkrum öðrum þm. Framsfl. Till þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga með hvaða hætti unnt er að koma íslenskri ráðgjöf, sérfræðiþekkingu og reynslu í atvinnulífinu á markað erlendis og hvernig megi samræma vinnubrögð og aðstoða þá aðila sem hafa nú þegar kannað möguleika á útflutningi íslenskrar tækniþekkingar."

Till. þessa fluttum við á síðasta þingi, en þá náði hún ekki fram að ganga. Því flytjum við hana aftur óbreytta.

Ég vil í upphafi máls míns taka það skýrt fram til að fyrirbyggja allan misskilning að till. þessari er að sjálfsögðu ætlað að efla og auka atvinnulífið í landinu, nýta þá sérfræðiþekkingu sem við búum nú þegar yfir og efla hana og gefa þeim mönnum sem yfir þessari þekkingu ráða meiri starfsmöguleika en þeir e. t. v. að öðru leyti hafa ef þeir vinna aðeins fyrir okkar íslenska atvinnulíf.

Einhverjum kann að finnast að með till. af þessu tagi sé verið að flytja fólk úr landi og dýrmæta þekkingu sem við getum þá ekki notað okkur hér heldur missum til annarra þjóða sem síðar gætu keppt við okkur á hinum ýmsu mörkuðum þegar við værum búnir að afhenda þessa þekkingu okkar öðrum aðilum. Þetta er að sjálfsögðu ekki tilgangurinn, heldur eins og ég sagði áðan, að skapa sérfræðingum okkar og ráðgjöfum víðara verksvið. Ég hygg einnig að markvísleg rök megi færa fyrir því að þeir flytji inn í landið ýmiss konar atvinnustarfsemi svo og að sjálfsögðu nýja þekkingu og reynslu. Í því sambandi getum við litið í kringum okkur til nágrannaþjóða okkar og séð hvernig þær hafa brugðist við og hagað sér á þessu sviði. Þær hafa gert sérstakt átak í því að selja sína þekkingu og kunnáttu í atvinnulífinu til annarra þjóða í allt öðrum og miklu meira mæli en okkur hefur tekist að gera hingað til.

Við þurfum að skapa íslenskum aðilum með margvíslega þekkingu á hinum ýmsu sviðum aðstöðu til að flytja út hugvit sitt, reynslu og menntun. Erlend verkefni, sem unnin eru af íslenskum aðilum, stundum að verulegu leyti hér heima á Íslandi, eru vel til þess fallin að auka atvinnutækifærin og fjölbreytni starfsins og laða að hæfileikamenn sem annars mundu e. t. v. setjast að erlendis, t. d. að loknu námi sínu, hefðu þeir ekki starfsvettvang hér heima.

Margt fleira má að sjálfsögðu benda á sem áhugavert kann að reynast ef okkur tekst að skapa okkur nýja markaði á þessu sviði. Í því sambandi vil ég nefna að í kjölfar ráðgjafar og verktakastarfsemi hvers konar fylgir aukin eftirspurn eftir ýmsum iðnaðarvörum frá því landi sem veitt hefur ráðgjöfina.

Í öðru lagi má nefna að við störf erlendis fæst reynsla á ýmsum sviðum atvinnulífsins sem síðar gæti komið að gagni við úrlausn verkefna innanlands.

Í þriðja lagi skapast samband við erlend fyrirtæki, verkfræðinga og fyrirtæki þeirra, svo og ýmiss konar sérfræðinga, bæði með samstarfi við þessa aðila og einnig í samkeppni við þá. Slík sambönd munu síðar styrkja aðstöðu íslenskra sérfræðinga þegar leysa þarf af hendi vandasöm verkefni hér heima. Þau munu efla gæði íslenskrar verkfræði og verkmenningar, jafnframt því sem slíkt dregi úr áhrifum og störfum erlendra verkfræðinga að verkefnum hérlendis. Á þann hátt ætti að sparast gjaldeyrir og margvísleg útgjöld í tímans rás.

Í fjórða lagi má nefna að ef okkur tekst vel til má gera ráð fyrir því að sala á þessari sérþekkingu okkar erlendis sé arðvænlegri en vinna við ýmis sambærileg störf hér innanlands. Dæmi eru um meira en tvöfaldan þjónustutaxta á tímavinnu sérfræðinga eða um 60 Bandaríkjadali á klukkustund borið saman við 27 dali hér. Með einföldum dæmum sem byggð eru á reynslu nágranna okkar, t. d. Finna, á þessu sviði má reikna með að íslenskir verkfræðingar gætu skapað gjaldeyristekjur sem næmu hundruðum millj. kr. á ári hverju ef við gefum þessum málum nægan gaum og snúum okkar í alvöru að þessum mörkuðum.

Þá má til gamans velta því fyrir sér að kostnaður við verkfræðistörf er að langmestu leyti í íslenskum krónum, þannig að þókunin fyrir þjónustu af þessu tagi skilar sér því sem næst öll í nettógjaldeyristekjum í þjóðarbúið ef undan er skilinn kostnaður við menntun verkfræðinga erlendis á námsárum. Hér er því sannarlega til einhvers að vinna. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi 1981 um nýjar og endurnýtanlegar orkulindir í heiminum kom m. a. fram að það fjármagn sem áætlað er að þurfi fram til ársins 1990 til að standa straum af kostnaði við rannsóknir, þjálfun, frumathuganir og verkhönnun við undirbúning að nýtingu orkulinda í þróunarlöndunum nemur samtals 14.2 milljörðum Bandaríkjadala. Hér er því gífurlega stór markaður fyrir verkfræðinga og aðra sérfræðinga. Starfsemi þessi ætti því að geta verið gjaldeyrisaflandi ekki síður en önnur útflutningsstarfsemi og sölustarfsemi á

erlendum vettvangi.

Í fimmta lagi vil ég benda á að með útflutningi á hugviti er lagður grundvöllur að nýrri útflutningsatvinnugrein. Við Íslendingar höfum til skamms tíma litið svo á að lífsafkoma okkar byggðist fyrst og fremst á þeim auðlindum sem felast í landinu sjálfu og hafinu umhverfis það svo og orkunni sem við búum yfir, bæði í fallvötnum og jarðhita. Að undanförnu hefur athygli manna hins vegar beinst meira og meira að þeirri auðlindinni sem eðlilegast væri þó að telja upp fyrsta, þ. e. orkunni sem felst í manninum sjálfum, hugvitinu, þekkingunni og reynslunni.

Eins og nú háttar í þjóðarbúskap okkar má telja að þeir atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, sem mest byggja á landsgæðum og hafinu, hafi nokkurn veginn nýtt þær auðlindir svo sem aðstæður leyfa, vonandi þó aðeins um stundarsakir. Við vitum að Ísland býr yfir mikilli orku og það má teljast með ólíkindum í þessum orkusvelta heimi ef okkur tekst ekki fyrr en síðar að afla markaða fyrir þessa orku okkar á erlendum vettvangi, en eins og sakir standa virðist ekki um auðugan garð að gresja á því sviði. Það virðist því ýmislegt vera mótdrægt okkur í atvinnulegu tilliti um þessar mundir og því full ástæða og nauðsyn að hefja af miklum krafti nýsköpun í uppbyggingu atvinnulífsins á sem flestum sviðum. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það að þessu sinni utan það sem snertir beint efni þessarar þáltill. og þar vil ég leggja áherslu á að við verðum að leita markaða fyrir það sem ég hef leyft mér að kalla hugvit.

Hugvitið er sú auðlind sem við höfum, a. m. k. hingað til, lítt hugleitt að geti verið markaðsvara eitt og sér. Aðrar þjóðir hafa hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að miklir möguleikar séu fyrir sölu á hugviti, þ. e. reynslu og þekkingu sem menn hafa skapað sér í gegnum tíðina. Við Íslendingar höfum ekki gefið því nægan gaum að selja okkar reynslu og þekkingu en höfum hins vegar á undanförnum árum keypt erlendis frá margvíslega þekkingu sem í mörgum tilfellum hefur ekki verið til staðar hér á landi. Þó gæti verið álitamál í sumum tilvikum a. m. k., t. d. á sviði tækniþekkingar, hvort ekki hafi verið leitað langt yfir skammt. Þó við eigum enn eftir að sækja margvíslega þekkingu til annarra landa er mál til komið að brjóta í blað og huga að því með hvaða hætti við getum gert okkar hugvit að markaðsvöru erlendis. Merkileg þekking er lítils virði ef enginn vill nýta hana og okkur tekst ekki að selja hana.

Ekki leikur nokkur vafi á því að Íslendingar búa yfir reynslu og þekkingu á ýmsum sviðum sem hagnýta mætti í þágu annarra þjóða. Þetta á áreiðanlega bæði við um útgerð og fiskvinnslu og ekki síst um hvers konar tækniþekkingu á sviði jarðhita. Einnig má nefna þá reynslu sem við höfum fengið vegna framkvæmda við vatnsaflsvirkjanir á undanförnum árum. Þá hafa einnig orðið miklar framfarir í almennum iðnaði, t. d. við úrvinnslu landbúnaðarafurða, í prjónaiðnaði, skinnaiðnaði og sútun. Veiðarfæragerð er vel þróuð og komin á hana mikil reynsla. Þá vil ég benda á að í þessu harðbýla landi okkar höfum við rekið öflugan landbúnað við hin erfiðustu skilyrði og í landbúnaði höfum við hvað mesta og lengsta reynslu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að íslenskir landbúnaðarráðunautar hafa öðlast mjög góða þekkingu og dýrmæta reynslu í störfum sínum sem án efa gæti nýst öðrum þjóðum og einmitt við þær aðstæður sem nú eru í okkar landbúnaði, þegar við þurfum að draga úr þeim greinum sem við höfum stundum kallað hefðbundnar, þ. e. sauðfjárrækt og nautgriparækt, þá finnst mér ekki ólíklegt að þekkingu og starfsreynslu ráðunautanna okkar á þessu sviði mætti nýta í þágu annarra þjóða þó að skilyrði þar geti að sjálfsögðu verið nokkuð með öðrum hætti en hér á landi.

Íslendingar eiga aðild að Norræna verkefnaútflutningssjóðnum sem stofnaður var árið 1982 og starfar í náinni samvinnu við Norræna fjárfestingarbankann. Sjóðurinn veitir norrænum fyrirtækjum áhættufjármagn til að kanna möguleika þeirra á að komast inn á markaði í þróunarlöndunum. Áhersla hefur einkum verið lögð á þrjú svið í starfsemi sjóðsins. Það eru tæki og búnaður til sjávarútvegs, landbúnaðar og orkumála. Íslendingar hafa ýmislegt fram að færa á öllum þessum sviðum og getur sjóðurinn því orðið þýðingarmikill íslenskum hagsmunum. Grundvallarþáttur í starfsemi sjóðsins er að styðja norræn fyrirtæki og samtök við gerð skilyrða- og arðsemisathugana í tengslum við alþjóðleg verkefni. Til að styrkja fyrirtæki við öflun nýrra verkefna í þróunarlöndunum gefur sjóðurinn þeim kost á áhættufjármagni, allt að helmingi kostnaðar. Ef verkefni tekst endurgreiðir fyrirtækið það fé sem sjóðurinn veitti. Leiði athugun fyrirtækisins hins vegar ekki til neins fellur endurgreiðslan niður, þ. e. fyrirgreiðslan breytist í beinan styrk.

Nokkrir íslenskir aðilar hafa þegar fengið styrk eða stuðning frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum. Má þar nefna verkfræðifyrirtækið Virki sem er hlutafélag nokkurra verkfræðistofnana, Ráðgjöf og hönnun hf. og Slippstöðina á Akureyri svo að eitthvað sé nefnt. Auk þessa hefur Útflutningsmiðstöð iðnaðarins svo og einstakir verkfræðingar hlotið styrki úr þessum sjóði.

Framkvæmdastjóri Virkis hf., Andrés Svanbergsson verkfræðingur, hefur sagt mér að fjölmargir Íslendingar hafi þegar haft vinnu af þessum verkefnum og sú vinna hafi að meiri hluta til verið innt af hendi hér heima á Íslandi. Það staðfestir það, sem ég lagði áherslu á í upphafi máls míns, að útflutningur á þekkingu þarf ekki að þýða útflutning á mannafla, heldur skapar þvert á móti ný atvinnutækifæri hér á landi og aukna fjölbreytni í atvinnulífinu á ýmsan máta. Kem ég betur að því síðar.

Telja má líklegt að á sviði jarðhita standi Íslendingar best að vígi til að flytja út sína tækniþekkingu. Eðlilegt er að Orkustofnun fylgist vel með þessum málum þar sem flestir jarðvísindamenn landsins með reynslu á sviði jarðhitarannsókna starfa einmitt hjá þeirri stofnun. Undir handarjaðri Orkustofnunar, ef svo má að orði komast, starfar merk stofnun sem heitir Jarðhitaskóli háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Orkustofnun sér um rekstur skólans og kennarar eru sérfræðingar frá Orkustofnun, Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og verkfræðistofnunum. Styrkþegar Háskóla Sameinuðu þjóðanna fá sérhæfða starfsþjálfun á hinum ýmsu sviðum jarðhitarannsókna og nýtingar. Skóli þessi var stofnaður árið 1979 og síðan hafa fjölmargir styrkþegar frá orkustofnunum og leiðandi virkjunaraðilum í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku verið hér í þjálfun 6—8 mánuði hver um sig. Skólinn er kostaður af Sameinuðu þjóðunum og íslenska ríkinu.

Tvímælalaust má telja starfsemi Jarðhitaskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna eina bestu auglýsingu og

markvissasta framtak íslenskra stjórnvalda til að auka hróður íslenskrar jarðhitaþekkingar erlendis. Á ferðum sínum víðs vegar um heim við val á styrkþegum hafa forstöðumaður og starfsmenn skólans fengið glögga mynd af því hvernig aðrar þjóðir fara að því að koma sérfræðiþekkingu sinni á markað. Reynt var að koma þessari vitneskju á framfæri við opinbera aðila og einkafyrirtæki hér á landi, sem vinna að því að afla markaðar erlendis fyrir tækniþekkingu á sviði jarðhita, og stuðla að samstarfi þeirra um útflutning á jarðhitaþekkingu. Því gekkst Orkustofnun fyrir fundi um þessi málefni hinn 8. febr. 1984. Á fundi þessum komu fram margar athyglisverðar upplýsingar sem rétt er að gefa nánari gætur.

M. a. kom þar fram að ráðgjafarfyrirtæki á Norðurlöndunum hafa sótt mjög á erlenda markaði undanfarin 15 ár með góðum árangri. Um 40% verkefna finnskra verkfræðinga eru erlendis, mest í Sovétríkjunum, en 25—30% verkefna verkfræðinga annars staðar á Norðurlöndum eru erlendis. Íslenskar verkfræðiskrifstofur eru hins vegar langt á eftir í þessu tilliti þrátt fyrir góða viðleitni einstakra aðila.

Meðal ýmissa þjóða hefur tíðkast að veita þróunaraðstoð með fjárframlögum eða hagstæðum lánum með skilyrðum um að sérfræðivinna og tækjabúnaður séu keypt frá viðkomandi þjóð. Á fyrrnefndum fundi Orkustofnunar kom fram að þetta er ýmist gert með tvíhliða samningum milli þjóða um þróunaraðstoð eða með því að styrktarþjóðin leggur ákveðna fjárhæð til alþjóðastofnunar til sérstaks verkefnis í tilteknu þróunarlandi, en á móti kemur fjárframlag frá alþjóðastofnuninni og þróunarlandinu. Oft skipta upphæðir í slíkum þróunarverkefnum milljónum dollara og eru því töluvert hærri en þær takmörkuðu fjárveitingar sem Íslendingar veita til þróunaraðstoðar. Slík þróunarverkefni koma þróunarlandinu að sjálfsögðu mjög til góða, skapa umtalsverð verkefni fyrir ráðgjafarfyrirtæki, verktaka og iðnfyrirtæki í þróaða landinu, en gera fyrirtækjum í öðrum löndum, eins og t. d. Íslandi, illmögulegt að koma tækniþekkingu sinni á markað. E. t. v. ættu Íslendingar að hugleiða að eyrnamerkja framlög til alþjóðastofnana jafnframt því að auka þarf slík framlög. Dæmi frá löndum eins og Nýja-Sjálandi benda til þess að þegar til lengri tíma er litið geti framlög til þróunarlanda skilað sér að fullu til baka í formi viðskipta. En það er nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki leiti uppi slík verkefni á erlendri grund því að þau fást ekki að öðrum kosti. Það kom fram á fundinum að danska hitaveitusambandið hefur siglt í kjölfar styrkþega Jarðhitaskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna frá Kína eftir þjálfun þeirra hér á Íslandi til að afla verkefna fyrir dönsk ráðgjafarfyrirtæki og iðnfyrirtæki við hönnun og byggingu hitaveitna í Kína.

Á þessu sviði verðum við að efla okkar starfsemi að miklum mun. Nauðsynlegt er að íslensk fyrirtæki hafi samstarf um verkefnaöflun erlendis fremur en samkeppni vegna þess hvað við erum fáir og smáir og hversu verkefnið er brýnt fyrir okkur og nauðsynlegt að vel takist til þegar við reynum að koma okkur á framfæri á þessum erlendu mörkuðum. Einnig er mikilvægt að fyrirtækin hafi gott samstarf við Orkustofnun og að Orkustofnun láti í té sérfræðinga og jafnvel tæki til þátttöku í verkefnum erlendis.

Ég hef hér að framan einkum rætt um útflutning á þekkingu á sviði jarðhita og jarðhitarannsókna og markað fyrir slíka þekkingu í þróunarlöndunum. En þróunarlöndin leita eftir margvíslegri annarri þekkingu en á þessu sviði. Má þar að sjálfsögðu nefna fiskveiðarnar og fiskvinnsluna sem við ættum að hafa góða möguleika á að veita þeim upplýsingar um. Þar vantar einnig þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu, uppbyggingu menntastofnana, vegagerð, hafnargerð, flugumferðarþjónustu, símaþjónustu og margt fleira mætti upp telja. Ekki er vafi á því að Íslendingar búa yfir mjög góðri þekkingu á flestum þessum sviðum og ættu því einnig þar að hafa góða möguleika til að selja sína þekkingu.

Þá er það jafnvel svo, að þróunarlöndin vilja helst kaupa alla þessa þætti í einum pakka, ef svo má segja. Pakkinn felst þá í því að kenna fiskveiðarnar og fiskvinnsluna, útvega til þess skip og báta, byggja upp fiskvinnslustöðvarnar, tækjavæða þær, fá upplýsingar um hvernig vinna á afurðirnar og síðast en ekki síst hvernig á að koma þeim á markaðinn. Þetta má kalla allsherjarúttekt á öllum þáttum atvinnugreinarinnar, allt frá fiskrannsóknum til markaðsmála.

Þá er einnig til í dæminu að byggja þurfi höfnina, leggja þurfi vegi, byggja þjónustustofnanir, svo sem fyrir heilbrigðisþjónustu og skóla, jafnvel íbúðarhús og nánast allt sem til þarf svo að mannlífið geti gengið eðlilega fyrir sig á þessum stöðum. Vafalaust er þetta nokkuð stór pakki fyrir íslenska aðila að takast á við, en þó má vel hugsa sér, með góðri samvinnu og samstarfi margra aðila sem þekkingu hafa á hinum margvíslegu sviðum og jafnvel samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í nágrannalöndunum, að takast megi að leysa verkefni af þessu tagi.

Ef Íslendingar tækju að sér verkefni eins og hér hefur verið lýst þarf að koma til samstarf opinberra stofnanna, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Vita- og hafnamálastofnunar, Vegagerðarinnar, menntastofnana, svo sem Sjómannaskólans, annarra hagsmuna- og áhugaaðila, eins og bankastofnana, verkfræðistofnana, frystihúsa og fjölmargra verktaka sem síðar ynnu að framkvæmd og framgangi málsins.

Vissulega væri þetta mjög áhugavert verkefni og staðreyndin er að þau eru fyrir hendi. Með útflutningsstarfsemi af þessu tagi má að sjálfsögðu segja að farið sé að selja fleira en sjálfa þekkinguna og reynsluna þó að vafalaust sé einnig erfitt að draga þar skýr mörk á milli — hvað er þekking og hvað er reynsla og hver er sú starfsemi önnur sem af hugvitinu leiðir? — en vissulega er það allt af hinu góða ef okkur tekst að koma sem flestum þáttum íslensks atvinnulífs á markað erlendis.

Sannleikurinn er sá að okkar heimamarkaður er mjög lítill og því brýnt fyrir okkur að leita allra tiltækra leiða til að stækka hann og auka. Við búum yfir þekkingunni. Við höfum í allflestum tilfellum nægan tækjakost til að sinna hinum ýmsu verkefnum þó stærri tæki til meiri háttar mannvirkjagerðar sé trúlega ekki skynsamlegt að flytja milli landa.

Þó að við séum fámenn þjóð á eyju langt norður í höfum er það svo að við búum yfir góðum samgöngum sem gera okkur kleift að hafa samskipti við aðrar þjóðir. Sannleikurinn er einnig sá að ýmsir aðilar, einkum í hinum svokallaða nýfrjálsa heimi, vilja frekar samskipti við smáþjóðir fremur en stórar þar sem þeir telja að þá séu minni líkur á tilraunum til einhvers

konar íhlutunar um innanríkismálefni.

E. t. v. lítum við einnig langt yfir skammt ef við einblínum á verkefni í þróunarlöndunum og gætum litið okkur nær í markaðsöflun fyrir okkar kunnáttu og þekkingu. Við höfum t. d. átt fremur lítil samskipti við næstu nágranna okkar, Grænlendinga og Færeyinga, þó að e. t. v. megi segja að nokkur breyting hafi orðið þar á á allra seinustu árum. Við eigum að sjálfsögðu sameiginlega hagsmuni með þessum þjóðum hvað varðar fiskveiðar og fiskvinnslu og sölu sjávarafurða. En það er ekki síður hinn tæknilegi þáttur fiskveiðanna og fiskvinnslunnar sem hér gæti skipt máli.

Grænlendingar og Færeyingar sækja tækniþjónustu hvað mest til Danmerkur. Ég tel ekki nokkurn vafa leika á því að við Íslendingar gætum veitt þessum nágrönnum okkar verulegan hluta af þeirri tækniþjónustu. Þessari þjónustu mundu fljótt fylgja aðrir þættir samskipta, svo sem á sviði verslunar og viðskipta. Jafnvel kæmi til greina samskipti á sviði heilbrigðisþjónustu og menntamála svo eitthvað sé nefnt. Mér er kunnugt um að leitað hefur verið eftir samvinnu við Grænlendinga. Þar hafa verið uppi hugmyndir um þjónustu og ráðgjöf á sviði fiskveiða og fiskvinnslu, einnig varðandi skipasmíðar og skipaviðgerðir svo og upplýsingamiðlun og ráðgjöf varðandi úrvinnslu á landbúnaðarafurðum, bæði vinnslu úr ull og skinnasútun.

Samgöngur eru auðvitað lykilatriði í samvinnu á þessu sviði. Þyrfti að efla og bæta samgöngurnar milli Íslands og Grænlands til að þessi fyrirhugaða samvinna, sem vissulega yrði báðum aðilum til góðs, gæti orðið að veruleika.

Í gær, hinn 20. febr., stóð Stjórnunarfélag Íslands fyrir ráðstefnu sem hafði yfirskriftina „Sala á íslenskri þekkingu og hugviti erlendis." Ráðstefna þessi var í alla staði hin fróðlegasta. Þar voru haldin mörg framsöguerindi og síðan voru pallborðsumræður um stöðu þessara mála og hvað helst mætti verða til úrbóta til að efla þessa starfsemi sem allir voru sammála um að væri mjög þýðingarmikill þáttur í eflingu íslensks atvinnulífs og aukinni útflutningsstarfsemi. Þar kom m. a. fram að nokkur íslensk fyrirtæki hafa þegar haslað sér völl á erlendum mörkuðum með sölu á sinni þjónustu.

Verkfræðifyrirtækið Virkir, sem áður hefur verið nefnt, hefur t. d. unnið við hönnun og ráðgjöf suður í Asíu og Afríku og einnig bæði í Ungverjalandi og Grikklandi og hefur þessi starfsemi þegar skilað af sér verulegum gjaldeyristekjum. Þá má einnig nefna að fyrirtækið Ráðgjöf og hönnun hf. hefur verið í samstarfi við ýmis finnsk fyrirtæki og finnska aðila og selt sína þjónustu og ráðgjöf í Austur-Evrópu og Rússlandi. Einkum hafa þeir haft samskipti við fyrirtækið Rauma-Repola í Finnlandi sem er mjög stórt, með um 20 000 manns í vinnu og viðskiptasambönd um allan heim. Vinna þeir nú við sameiginlegt markaðsátak í Austur-Evrópu með öðrum fyrirtækjum frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi og nýtur það verkefni aðstoðar Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Í þessu verkefni er það íslenski aðilinn sem er mest ráðandi bæði um frumkvæðið og stjórnunina. Þetta sýnir að nú þegar hafa íslenskir verkfræðingar hafið brautryðjendastarf á þessu sviði og ber að virða það framtak.

Þá komu einnig fram á ráðstefnu þessari mjög merkilegar upplýsingar um hversu margfalda mætti útflutningsverðmæti á ýmsum þeim framleiðsluvörum sem við seljum lítt unnar úr landi. Stendur þar kannske fyrst og fremst á því að efla sölumennskuna eða markaðsmálin. Aðrir þættir, svo sem þekkingin og tækjakosturinn, fyrir utan sjálft hráefnið, eru fyrir hendi, en markaðssetninguna vantar.

Að lokun vil ég draga saman nokkra þá þætti sem ég held að helst þurfi að leggja áherslu á í þeirri athugun sem þáltill. gerir ráð fyrir að ríkisstj. láti framkvæma. Það þarf fyrst og fremst gott samstarf hins opinbera við þá aðila sem þegar hafa haslað sér völl á þessu sviði eða eru nú að kanna möguleika á sölu íslenskrar þekkingar og hugvits erlendis. Nauðsynlegt er að þar vinni saman fulltrúar frá viðskrn., utanrrn., iðnrn. svo og sjútvrn. og landbrn. og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum sem vinna í opinberri þjónustu. Ríkisvaldið þarf að skapa aðstæður fyrir þessa starfsemi, en þarf ekki endilega að vera beinn þátttakandi. Stjórnkerfið þarf að vera aðgengilegt. Ákvarðanir þurfa að vera skjótar og afgreiðsla mála fljótvirk. Skipuleggja þarf síðan samstarf þessara tilkvöddu stjórnvalda og útflutningsaðilanna, þ. e. annarra hagsmuna- og áhugaaðila, um verkefnið. Þá er og nauðsynlegt að hafa góðan aðgang að fjármagni sem jafnframt þarf að hluta til að vera áhættufjármagn. Til þess þarf að efla aðild Íslendinga að alþjóðastofnunum, svo sem þróunarbönkum og bönkum og þróunarsjóðum hvers konar. Þjálfa þarf mannafla í alþjóðlegum samskiptum. Taka þarf til athugunar skattamál fyrirtækja og einstaklinga sem starfa erlendis í því skyni því ávallt er hætta á tvísköttun og trúlega þyrftu að koma til sérstakir samningar til að koma í veg fyrir tvísköttunina. Þá þarf að endurskipuleggja og aðlaga menntakerfið að þörfum atvinnulífsins á þessu sviði. Jafnvel þyrfti að koma á kennslu í sölu- og markaðsmálum erlendis sem því miður virðist hafa verið nokkur hornreka í íslensku menntakerfi á undanförnum árum. Þá þarf tungumálakennsla einnig að vera mjög góð, þannig að við séum vel undir það búin að taka þátt í keppni um þessa mikilvægu markaði og vinna við þau verkefni sem til kunna að falla. Að lokum verður svo að leggja áherslu á nauðsyn þess að jafnvægi sé í efnahags- og atvinnulífinu, að gjaldmiðillinn okkar sé traustur. Vafalaust væri vel varið hluta af því fjármagni sem nú er talað um að verja í nýsköpun í atvinnulífinu til að efla markaðs- og sölumál okkar Íslendinga á erlendum vettvangi.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég legg hér nokkur orð í belg til að taka undir meginefni þessara till.

Ég álít að hér sé mjög merkilegur vaxtarbroddur íslenskrar atvinnustarfsemi á ferðinni og að það beri að styðja hann með öllu afli. Ég hef fengist við það nokkra undanfarna mánuði að undirbúa félagsstofnun sem hefur það að markmiði að flytja út íslenska sérþekkingu á sviði sjávarútvegs. Fyrirtæki þessu, sem á undirbúningsstigi hefur hlotið nafnið Icelandic Fisheries Consultants, ICEFISCO, er ætlað að gera verðmæti á erlendum vettvangi úr þeirri þekkingu og reynslu sem við Íslendingar höfum yfir að ráða. Þessa þekkingu viljum við láta af hendi án þess þó að skaða hagsmuni íslenskra atvinnuvega. Meginhugmyndin á bak við það er að við höldum engri þekkingu fyrir okkur eina nú orðið og það sé skynsamlegra að selja hana þar sem og þegar

markaður er fyrir hendi en að láta hana af hendi ókeypis eins og nú tíðkast. Eins og bráðabirgðanafn fyrirtækisins bendir til var í upphafi gert ráð fyrir að fyrst og fremst verði um að ræða þekkingu á íslenskum sjávarútvegsmálum. Það er þó ekkert því til fyrirstöðu að taka fleiri greinar með ef ástæða þykir til og þeim möguleikum verður að sjálfsögðu haldið opnum.

Á undanförnum árum hefur iðulega verið spurst fyrir um hvort íslensk fyrirtæki gætu tekið að sér ákveðin verkefni erlendis. Að jafnaði hafa þau verkefni verið þannig að þau íslensku ráðgjafarfyrirtæki sem til eru hafa ekki haft nægjanlega breitt reynslusvið og ekki nægjanlegan mannafla til að taka þau að sér. Þess vegna kom upp sú hugmynd að ráðgjafarfyrirtæki og einstaklingar með sérþekkingu mynduðu starfshóp sem gæti sameiginlega tekið að sér slík verkefni. Nánari athugun leiddi í ljós að slíkt samstarf þarf að bindast í fyrirtæki. Til þess að svona fyrirtæki geti tekið að sér veigamikil verkefni í sjávarútvegi er nauðsynlegt að ráða yfir þekkingu á mjög mörgum sviðum, eins og t. d. í haffræði, sjávarlíffræði, veiðitækni og á tækjum, skipagerðum, hafnaraðstöðu, fiskvinnslu, vörudreifingu, markaðssetningu o. fl. Þeir einstaklingar sem tekið hafa þátt í undirbúningi þessa fyrirtækis hafa þekkingu á öllum þessum sviðum nema það vantar e. t. v. enn þá nokkuð á að bestu ráðgjafar á sviði markaðsmála séu til reiðu. Það er ekkert því til fyrirtstöðu að bæta við fleiri þátttakendum ef þurfa þykir.

Þess er ekki að vænta að um samfellt starf yrði að ræða hjá þessu fyrirtæki á erlendum vettvangi. Þess vegna er gert ráð fyrir að allir þeir sem taka þátt í þessu fyrirtæki gegni áfram störfum hver hjá sínu fyrirtæki, en ICEFISCO *gæti tímabundið náð saman þeim starfshópi* sem nauðsynlegur er hverju sinni.

Annar megintilgangur með stofnun þessa fyrirtækis er að safna þekkingu og reynslu erlendis til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og þá ekki síst fyrir íslenskan sjávarútveg. Það færi ekki hjá því að þeir sem kunna að starfa fyrir fyrirtækið öfluðu sér margs konar reynslu og þekkingar sem ekki væri auðvelt að afla á annan hátt. Það má nefna þar til veiðar og vinnslu á ýmsum sjávarafla sem við ekki þekkjum hér. Þá reynslu og þekkingu væri síðar hægt að nota sér við undirbúning og vinnslu ónýttra fisktegunda sem tekin yrði upp eða vegna veiða á fjarlægum miðum sem oft hafa komið hér til umræðu.

Það fer ekki hjá því að stofnun fyrirtækis eins og þessa kostar peninga. Því er í undirbúningi ásamt því að stofna fyrirtækið, sem væntanlega gerist á næstu vikum, stofnun eins konar fjármögnunarfyrirtækis sem mundi hafa að markmiði að fylgja þessari starfsemi úr hlaði með fjárframlögum. Því er ekki að neita að þá höfum við horft vissum vonaraugum til þess þróunarfyrirtækis sem stjórnarflokkarnir hafa nefnt í sínum viðræðum undanfarna mánuði að til stæði að stofna og taka ætti þátt í nýsköpun atvinnulífsins.

Leggja má á það meiri áherslu en gert hefur verið að markaðssetning á sérþekkingu er hvað veigamestur þáttur í því að þess háttar atvinnustarfsemi geti tekist. Ég vildi mega ljúka máli mínu með því að vitna í erindi sem Steinar Berg Björnsson forstjóri Lýsis hf. flutti í gær á fundi Stjórnunarfélagsins og fjallaði um þátt fyrirtækja í nýsköpun atvinnuveganna. Hann segir m. a., með leyfi forseta:

„Ég get ekki skilið við þetta verkefni án þess að hamra enn á mikilvægi sölumála fyrir nýsköpun í atvinnurekstri. Það er sama hversu miklu fjármagni er varið í rannsóknarstarfsemi og vöruþróun, að án öflugrar og skipulegrar markaðsstarfsemi skilar þessi fjárveiting sér aldrei. Við verðum alltaf að hafa það í huga að varan er einskis virði ef við fáum engan til þess að kaupa hana á því verði sem við þurfum að fá fyrir hana til þess að geta haldið sömu lífskjörum og þær þjóðir sem við viljum vera samstíga.

Það er mér líka umhugsunarefni," segir Steinar Berg Björnsson, „að ég heyrði einhvers staðar að um það bil 6 þús. manns ynnu við innflutningsverslun landsmanna, en aðeins 250—300 manns ynnu við okkar útflutningsstarfsemi. Nýsköpun verður að gerast í fyrirtækjunum sjálfum. Hún tekur langan tíma og mikla vinnu og henni lýkur aldrei. Hins vegar verður ekki um neina nýsköpun að ræða nema við nýtum þá þekkingu sem skólakerfi landsins og rannsóknir og þróunarstofnanir þess hafa upp á að bjóða. Í nýsköpun atvinnulífsins eru engar töfralausnir til, eins og loðdýrarækt, fiskrækt, lífefnatækni, svo að eitthvað sé nefnt. Þessir atvinnuvegir fara ekki að skila arði fyrr en eftir margra ára skipulegt þróunar- og uppbyggingarstarf og þá því aðeins að við nýtum á kerfisbundinn hátt alla þá þekkingu, bæði tæknilega, stjórnunarlega og markaðslega, sem við höfum yfir að ráða.

Raunhæfasti þáttur atvinnuveganna í nýsköpun tel ég að sé að breyta þekkingu í söluhæfa vöru, einbeita sér að verkefnum sem við ráðum við og eru framhald og viðbót við þá þekkingu og reynslu sem þegar er fyrir hendi. Jafnframt tel ég að raunhæfasti þáttur hins opinbera sé að skapa það umhverfi fyrir þessa þróun sem nauðsynlegt er, en gera sem minnst af því að marka stefnu í þessum efnum."

Ég vil, herra forseti, gera þessi síðustu orð Steinars Berg að mínum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðni íslenskra atvinnuvega, þáltill. 232. mál (þskj. 305), — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram till. til þál. á þskj. 305 um átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega. Meðflm. þessarar þáltill. eru Guðmundur J. Guðmundsson, Karvel Pálmason, Pétur Sigurðsson og Stefán Guðmundsson. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa tillögutextann:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leita eftir samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins um að hrinda af stað átaki til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. að leggja grundvöll að endurnýjuðum hagvexti og þar með stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum;

2. að skapa forsendur fyrir þjóðarsamstöðu um að auka það sem til skipta er í þjóðfélaginu og deila þeim ávinningi af réttsýni;

3. að efna til þríhliða samvinnu ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda um að bæta efnahag þjóðarinnar og innleiða ný vinnubrögð í samskiptum aðila á vinnumarkaðinum;

4. að kynna þjóðinni grundvallaratriði framleiðni-

hugsunar og skapa skilning á nauðsyn aðlögunar að síbreytilegum samkeppnisaðstæðum fyrir íslenskt atvinnulíf."

Í till. er gert ráð fyrir að ríkisstj. skipi níu manna stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd þessa átaks. Verði hún skipuð þremur fulltrúum samtaka vinnuveitenda skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, þremur fulltrúum launþega skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þremur fulltrúum ríkisvaldsins sem forsrh. skipar að höfðu samráði í ríkisstj. Forsrh. skipi formann stjórnarnefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

„Enn fremur ályktar Alþingi að framleiðniátak þetta verði unnið í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og jafnframt tengt öðrum tilraunastofnunum atvinnuveganna. Þá verði leitað aðstoðar annarra opinberra stofnana (rannsóknastofnana, skóla og fjölmiðla) eftir því sem verkefni bjóða hverju sinni. Þjóðhagsstofnun verði falið að fylgjast með þróun framleiðni í atvinnuvegunum samhliða átakinu.

Loks ályktar Alþingi að átak þetta verði hafið á árinu 1985" þ. e. á þessu ári „og að eitt fyrsta verk stjórnarnefndar verði að skila ítarlegri till. til ríkisstj. um nánari tilhögun og framkvæmd málsins. Verði sú till., ásamt greinargerð um ákvörðun ríkisstj. um framkvæmd málsins, lögð fyrir Alþingi og við byrjun þings haustið 1985".

Þetta er tillögutextinn og af honum má nokkuð ljóslega sjá hvert er efni og hver er tilgangur með þessum tillöguflutningi.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi er brýn nauðsyn á að koma að nýju á hagvexti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að á síðustu þremur árum hefur þjóðarframleiðsla, hagvöxturinn, dregist saman og verið neikvæð ólíkt því sem var á árunum þar áður. Hefur svo rammt að þessu kveðið að eitt árið af þessum þremur minnkaði þjóðarframleiðslan á mann um 5.5%. Það er fyrst á þessu ári að örlítil batamerki eru í sjónmáli eftir þetta samdráttarskeið. Þjóðhagsstofnun spáir því að þjóðarframleiðsla muni aukast um 0.5% á þessu ári, en það er aðeins spá og ekki séð fyrir hvort hún muni ganga eftir. Það er því augljóst að við verðum að leita ýmissa leiða til að auka þjóðarframleiðsluna. Þar koma ýmis úrræði til greina; stuðningur við nýjar atvinnugreinar, sem nú eru á tilraunastigi, aukning á grundvelli stóriðju o. s. frv.

Sá kostur sem þó er e. t. v. einna nærtækastur og gæti fyrst skilað árangri er að auka framleiðni í þeim fyrirtækjum sem eru starfandi í landinu í dag og stuðla þannig að bættri samkeppnisstöðu og arðbærari rekstri fyrirtækjanna. Þetta er að dómi flm. eitt brýnsta verkefnið í íslensku atvinnulífi nú og undirstaða þess að hægt sé innan skamms tíma að bæta lífskjör í landinu ef á heildina er litið og bæta úr þeim samdrætti sem orðið hefur á síðustu árum. Með þessum tillöguflutningi er lagt til að stjórnvöld hrindi af stað átaki í þessu efni í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins.

Auk hins efnahagslega ávinnings sem fengist af aukinni framleiðni í íslenskum fyrirtækjum sem starfandi eru í dag, gæti átak í þessum efnum orðið grundvöllur, og það er kannske ekki síst mikilvægt, að bættum samskiptum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, en ég hygg að fáum blandist hugur um að nauðsyn er slíkra bættra samskipta í íslensku þjóðfélagi í dag. Um nokkurt skeið hefur verið lýst eftir breyttum vinnubrögðum í þessum efnum og gætu nú verið aðstæður til að hefja samvinnu um það mál skömmu eftir að nýlokið er samningum milli aðila vinnumarkaðarins og raunar skömmu áður en slíkir samningar hefjast aftur á nýjan leik á þessu vori.

Hér er því í hnotskurn gerð till. um að við nýtum tækifæri í íslenskum atvinnuvegum, í starfsemi íslenskra fyrirtækja, betur og gjörr en verið hefur á liðnum árum, þannig að afraksturinn af hinum efnahagslegu þáttum í atvinnuvegunum verði meiri án þess að um sérstakan og aukinn tilkostnað sé þar að ræða. Hér er um framleiðsluþætti að ræða sem vitanlega eru alkunnir. Það er vinnuaflið, fjármagnið, hráefnið og orkan sem hér skipta mestu máli. Það má t. d. auka framleiðnina með því að bæta hráefnisnýtingu eða með því að nýta fjármagnið á arðbærari hátt en áður var gert. Ekki er vanþörf á þessu síðasta í íslenskum fyrirtækjum.

Framleiðnistig iðnaðarþjóða heimsins er mjög mismunandi. Í þessu efni er kannske ekki úr vegi að við gerum okkur mjög stuttlega grein fyrir því hvar við Íslendingar erum staddir í þessum efnum miðað við aðrar þjóðir og þá vitanlega fyrst og fremst nágrannaþjóðirnar. Má þar m. a. vísa til OECD-þjóðanna. Þá kemur, ef á heildina er litið, í ljós að framleiðni í íslenskum fyrirtækjum er tiltölulega lítil hér á landi. Við stöndum aftarlega í þessum efnum. Það þýðir einfaldlega að arðbærni íslenskra atvinnuvega er ekki jafnmikil og sambærilegra atvinnuvega hjá öðrum þjóðum. Hún gæti verið mun meiri. Því er þetta átak lagt til. Ef hún væri mun meiri mundi það skila meiri tekjum, ekki aðeins til starfsmanna fyrirtækjanna, launþega, og eigenda, sem er í sjálfu sér meginatriðið, heldur einnig til þjóðarbúsins alls.

Í fskj. og í grg. með þáltill. eru birtar tölulegar upplýsingar sem gera kleift að bera saman framleiðnistig þar sem íslenskir atvinnuvegir standa á í dag við aðrar þjóðir. Hér eru upplýsingar um ellefu þjóðir. Ef við miðum við að framleiðni á Íslandi árið 1976 hafi verið 100, þá sést þar að framleiðni var svipuð á Islandi og í Bretlandi á þeim tíma, en framleiðni í þessum tveimur löndum var helmingi minni en framleiðni í Bandaríkjunum. Það er ekki nóg með að framleiðni sé lítil hér á landi, eins og ég vék að, heldur hefur framleiðniþróunin verið mjög hæg á undanförnum árum.

Það kemur í ljós, ef við lítum á tölur í þessum efnum, að framleiðniþróun var langörust í Svíþjóð, Danmörku, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi á undanförnum árum, mun örari en á Íslandi. Það má segja að við séum á svipuðu stigi og Bretland í þessum efnum og erum þar í hópi þeirra ellefu þjóða sem hér eru teknar sem dæmi. Flestar eru þær Evrópuþjóðir. Við erum hér ásamt Bretlandi lægstir hvað framleiðniþróun snertir.

Ef við lítum sérstaklega á iðnaðinn, framleiðniþróun vinnuafls í iðnaði á tímabilinu frá 1974—1982, kemur í ljós að framleiðni í íslenskum iðnaði á þessu tímabili hefur aukist að meðaltali úr 89.2 stigum á árinu 1974 í 104 stig á árinu 1982. Þetta þýðir að framleiðniaukningin í íslenskum iðnaði hefur verið um 2% á ári. Það er svipað og árleg framleiðniaukning í Bretlandi á sama tíma. Ef við lítum hins vegar á lönd eins og Frakkland, Vestur-Þýskaland og Belgíu er framleiðniaukningin

helmingi meiri eða um 4% á ári á þessu tímabili, en ekki nema um 1% í Bandaríkjunum og Kanada. En þar er hún í heild miklu meiri og þess vegna er kannske eðlilegt að hún hafi aukist hægar í þessum tveimur síðast töldu löndum. Þetta bendir til að framleiðnistig á Íslandi hafi síður en svo hækkað í samanburði við aðrar þjóðir frá árinu 1976, en ég nefndi tölur um það áðan.

Þegar við lítum á þessar staðreyndir, sem sýna að við erum nálægt botninum í þessum efnum, kemur í ljós að það er full ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana. Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að átakið til þess að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega, þar sem við mundum hafa hliðsjón af reynslu annarra þjóða, gæti reynst árangursrík leið til að skapa þjóðarsamstöðu um að koma á ný á hagvexti hér á landi og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, sem svo mjög er um rætt í þingsölum sem utan þeirra á síðustu mánuðum. Jafnframt gæti slíkt sameiginlegt átak skapað nýjar forsendur fyrir samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Það er, *eins og ég nefndi í upphafi máls míns*, kannske ekki síst mikilvægt og eitt meginatriði þessa tillöguflutnings.

Það er hin þríhliða samvinna beggja aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins sem er undirstöðuatriði þess að árangur náist. Í upphafi þarf að setja mjög vandaðar leikreglur um hvernig skipta eigi ávinningi af aukinni framleiðni og bregðast við afleiðingunum sem gætu verið röskun á störfum og högum fólks vegna breytinga á tækni og vinnuaðferðum, en slíkar breytingar eru óhjákvæmilega forsenda allrar framleiðniaukningar.

Það er skoðun flm. að þetta framleiðniátak þurfi að ná til allra höfuðatvinnuvega landsmanna en ekki einskorðast við einstakar atvinnugreinar. Það er þess vegna sem gert er ráð fyrir að ríkisstj. í heild eða forsrh. fyrir hennar hönd hafi frumkvæði um að skipa þá stjórnarnefnd sem á að stýra framkvæmd þessa átaks.

Þetta er, herra forseti, í meginatriðum efni þessarar þáltill. Aðalatriðið er að arðbærni og arðgefni atvinnuvega sem fyrir eru í landinu verði mun meiri. Reynslan frá öðrum þjóðum og fordæmi hefur sýnt að framleiðni er þar verulega meiri en í íslenskum atvinnuvegum. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að við nýtum betur fjármagn, hráefni og afl vinnunnar í náinni samvinnu aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins. Það er kjarni málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 168. mál (þskj. 177). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð. Flm. ásamt mér er hv. þm. Sveinn Jónsson. Þetta er 168. mál Sþ. á þskj. 177. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta Vegagerð ríkisins í samstarfi við aðra sérfróða aðila gera langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi í samráði við fulltrúa þingflokkanna.

Við vinnslu áætlunarinnar skal eftirfarandi athugað og metið eftir því sem kostur er:

1. Hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir þar sem samgöngur á landi eru erfiðar vegna aðstæðna:
   a. með tilliti til stofnkostnaðar,
   b. með tilliti til notagildis,
   c. með tilliti til viðhaldskostnaðar,
   d. með tilliti til byggðaþróunar og félagslegra sjónarmiða.
2. Hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki sérhæfðum í gerð jarðganga borið saman við útboð verkanna.
3. Hagkvæmni þess að hafa verkefni við jarðgangagerð samfelld.
4. Hvaða tækjabúnaður til jarðgangagerðar henti best íslenskum aðstæðum.
5. Að hve miklu leyti Íslendingar geti nýtt sér reynslu nágrannaþjóða, svo sem Færeyinga og Norðmanna, í jarðgangagerð og hvaða viðmiðun er þaðan að hafa um kostnað o. fl.“

Enn fremur segir: Áætlunin skal vera þannig upp byggð að hún falli eðlilega að langtímaáætlun í vegagerð og geti orðið hluti af henni á síðari stigum. Þá skal áætlunin taka mið af þeim framkvæmdahraða, sem hagkvæmastur er í jarðgangagerð, innan þeirra marka sem framlög til vegamála setja hverju sinni. Áætlunin skal hefjast með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er og vera síðan samfelld.

Markmið áætlunarinnar skal vera að koma með gerð jarðganga þeim byggðarlögum í varanlegt vegasamband sem ekki verða með öðru móti tengd vegakerfinu á fullnægjandi hátt árið um kring. Jafnframt skal áætlunin miða að innbyrðis tengingu byggðarlaga sem eru eðlileg heild samskiptalega, en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín á milli án jarðganga. Er hér einkum átt við svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ályktun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1985.“

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga á gerð jarðganga til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur það mál oftar en einu sinni komið til meðferðar og umfjöllunar á hinu háa Alþingi í formi þingmála og í umr. um samgöngumál, en einkenni þeirrar umræðu hefur gjarnan verið það að menn hafa bundið sig við ákveðin svæði, við ákveðin vandamál í samgöngum, en ekki litið til samgöngukerfis landsmanna í heild hvað þetta snertir. Till. þessi er tilraun til þess að ráða bót á því og líta á landið í heild með tilliti til þess hvernig jarðgöng geti leyst þau samgönguvandamál sem ólíklegt má telja að leyst verði á fullnægjandi hátt með öðrum hætti.

Allmikil undirbúningsvinna hefur verið innt af hendi á undanförnum misserum og árum af hálfu Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar og fleiri aðila hvað jarðgangagerð varðar og má þar minna á kannanir Vegagerðarinnar á aðstæðum á Austurlandi og Vestfjörðum, sérstaka úttekt á möguleikum til að koma Vopnafjarðarhéraði í varanlegt vegasamband við byggðarlögin þar fyrir austan og þá undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið af hálfu Vegagerðar ríkisins og fleiri aðila til að gera jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla og tengja Ólafsfjörð þannig við Eyjafjarðarsvæðið.

Í fskj. með þessari þáltill. eru m. a. birtir niðurstöðukaflar og ágrip úr þessum skýrslum og því til viðbótar má nefna að nýlega er út komin skýrsla hjá Orkustofnun eftir Björn Harðarson jarðfræðing um jarðgöng á Íslandi og berggæðamat í því sambandi. Á Orkustofnun

hefur verið unnið, eins og sú skýrsla reyndar ber vitni um, allmikið starf að því að meta eiginleika íslenskra berglaga með tilliti til jarðgangagerðar og nýtist sú vinna jafnt hvort sem heldur er um að ræða göng til vegalagna eða göng í virkjunarframkvæmdum.

Einkenni þeirrar vinnu sem þegar hefur átt sér stað, að undantekinni e. t. v. jarðfræðilegri könnun á aðstæðum í Ólafsfjarðarmúla, er það að þar er um lauslegar athuganir og kannanir að ræða og bráðabirgðaniðurstöður, enda eðlilegt að ekki sé meiru til kostað á meðan slík óvissa ríkir um hagnýtingu þeirra upplýsinga sem þar er verið að safna.

Jarðfræðilegar og landfræðilegar aðstæður á Íslandi eru með þeim hætti á ákveðnum svæðum hér á landinu að ólíklegt má telja, eins og ég hef þegar sagt, að samgöngum verði komið í viðunandi horf á vissum svæðum á Austfjörðum, Vestfjörðum og Miðnorðurlandi án þess að gerð jarðganga komi þar til. Að verulegu leyti er um sambærilegar aðstæður að ræða á þessum svæðum og gerast í Færeyjum, Noregi og víðar. Því er eðlilegt að við Íslendingar lítum þangað eftir reynslu og þekkingu, enda eru þær þjóðir, sem ég þar nefndi, komnar mun lengra á þessu sviði en við erum. Fulltrúar Orkustofnunar fóru í þessum tilgangi til Færeyja og hafa skilað skýrslu um för sína þangað þar sem þeir gera úttekt á jarðfræðilegum aðstæðum við jarðgangagerð í Færeyjum og gera tilraun til að bera þær saman við aðstæður hér á Íslandi.

Það er eflaust flestum kunnugt að Færeyingar hafa verið athafnasamir mjög í jarðgangagerð á undanförnum árum og skiptir lengd jarðganga þar þegar tugum kílómetra. Má segja að þeir hafi gert sem svarar rúmlega einum Oddsskarðsgöngum á ári hverju. Er nú samanlögð lengd jarðganga þar að nálgast 15 km.

Jarðfræðilegar aðstæður í Færeyjum eru um margt svipaðar og ætla má að þær séu í flestum tilfellum hér á landi. Hér er um skyld jarðlög að ræða jarðfræðilega séð og því eðlilegt einnig í því tilliti að litið sé til Færeyja um samanburð. M. a. með þetta í huga er till. þannig upp byggð að beinlínis er gert ráð fyrir því að leitað verði ítarlegra upplýsinga til nágrannaþjóða, svo sem eins og Færeyinga og Norðmanna, og þá er ekki aðeins um jarðfræðileg atriði að ræða, heldur einnig framkvæmdaleg og upplýsingar um kostnað.

Áætlunartölur um kostnað við jarðgangagerð á Íslandi hafa verið nokkuð á reiki. Nefndar eru tölur allt frá 40 millj. kr. á hvern km jarðganga og upp í og yfir 100 millj. kr. Munar þar allmiklu, eins og heyra má, og er eðlilegt að reynt verði að grafast fyrir um hvað megi ætla að raunverulegur framkvæmdakostnaður yrði. Þá má einnig geta þess að jarðgangagerð er þegar í gangi í landinu við Blönduvirkjun og athyglisvert verður að fylgjast með því hvaða niðurstöður koma þaðan um kostnað. Reyndar benda áætlanir verktaka og þau útboð sem þegar hafa farið þar fram til þess að framkvæmdir á hvern lengdarmetra eða kílómetra jarðganga verði þar í lægri kantinum á þeim tölum sem ég nefndi áðan.

Það er einnig eðlilegt að könnuð verði hagkvæmni þess að koma á fót sérhæfðum vinnuflokki í þessum efnum og það borið saman við aðra möguleika. Í Færeyjum hefur upp á síðkastið verið farin sú leið að sérstakur vinnuflokkur hefur annast þetta verk. Er þar um 10 til 15 manna vinnuflokk að ræða sem vinnur öll þau verk sem til falla við jarðgangagerðina, bæði tækjavinnu og annað. Með þeirri tilhögun má ætla að sú reynsla og þekking sem fæst nýtist betur en ella frá einu verki til annars. Einnig er trúlega hægt með þessu móti að ná betri afköstum og betri nýtingu þeirra tækja sem kaupa þarf til jarðgangagerðar.

Framfarir í tækjabúnaði við jarðgangagerð hafa verið miklar á undanförnum árum og því er ljóst að sú reynsla sem Íslendingar hafa af gerð vegganga er úrelt orðin hvað þetta varðar. Til sögunnar eru komin ný og fullkomnari tæki sem bjóða upp á meiri afköst og meira öryggi og gera kleift að leggja göng án verulegra erfiðleika við mun erfiðari jarðfræðilegar aðstæður en áður var hægt. Þannig tel ég a. m. k. að þeir erfiðleikar sem upp komu við gerð Oddsskarðsganga á sínum tíma mundu að verulegu leyti hverfa og vera úr sögunni, væru jarðgöng nú lögð við svipaðar aðstæður, vegna þeirra tækniframfara sem orðið hafa.

Það er ljóst að hér er á ferðinni verulegt hagsmunamál og mikið hagsmunamál þeirra byggðarlaga sem væntanlega nytu góðs af slíkri jarðgangagerð og horfa til slíkra framkvæmda um lausn á sínum samgöngumálum. Þar er um að ræða mikið byggðamál því að ljóst er að staða þeirra byggðarlaga sem nú búa við mjög erfiðar samgöngur og nánast eru einangruð hvert frá öðru um langan tíma ársins, eins og Vestfirðirnir og Austfirðirnir, mundi gerbreytast í þessu tilliti ef tryggar samgöngur kæmust á árið um kring og tengdu þannig byggðarlög og mynduðu öfluga samtengda heild. Einnig eru einstök byggðarlög, sem undir þetta heyra, sem með engu öðru sjáanlegu móti komast í öruggar samgöngur. Þá á ég t. a. m. við Ólafsfjörð, en það er viðurkennt að án jarðganga verða samgöngumál Ólafsfirðinga ekki leyst með viðunandi hætti. Þar er reyndar öll undirbúningsvinna lengst á veg komin, enda jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla aftast í þeirri langtímaáætlun um vegagerð sem þegar er í gildi og gert ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist þar innan fárra ára. Þessi áætlun, sem hér er flutt till. um, á einmitt að hefjast á þeim framkvæmdum og vonandi fyrr en seinna.

Það er eðlilegt að leggja á það áherslu að slík áætlun um stefnumörkun og langtímaáætlun um jarðgangagerð verði þannig upp byggð að hún geti fallið eðlilega að öðrum áformum um samgöngumál og þá einkum og sér í lagi að langtímaáætlun um vegagerð og endurskoðist þá samhliða henni, enda er um það ákvæði í þessari till. að svo verði. Þá er eðlilegt að litið verði til þess að hve miklu leyti mögulegt er með tilliti til fjárveitinga að hafa framkvæmdir við jarðgangagerð samfelldar því öllum má vera ljóst að mikil hagkvæmni fælist í því ef unnt væri að halda úti í nær stöðugu starfi vinnuflokki eða nýta tækjabúnað og mannafla samfellt við jarðgangagerð þannig að unnt væri að fara úr einu verki í annað eftir því sem framkvæmdum miðaði.

Það er skoðun okkar flm. að meta beri, eftir því sem hægt er, hagkvæmni, ef rétt er þá að nota það orðalag, í sambandi við byggðaþróun og félagslegar aðstæður í þeim byggðarlögum sem hér eiga hlut að máli. Það er þó óhjákvæmilegt að þetta verði tekið inn í umfjöllun um þessi mál því ljóst er að fátt er brýnna í því tilliti að jafna aðstöðumun byggðarlaga og fólks eftir búsetu en að jafna mun manna í samgöngulegu tilliti.

Þess vegna er í till. gert ráð fyrir því að reynt verði að meta þetta eftir því sem kostur er, þ. e. með tilliti til

byggðaþróunar og möguleika þessara byggðarlaga til að þróast og eflast, bæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti. Að vísu verður aldrei einhlítur mælikvarði hagkvæmni eða peningagildis lagður á slík huglæg viðfangsefni, en óhjákvæmilegt er engu að síður, að mati okkar flm., að þetta verði skoðað í samræmi og samhengi við annað. Einnig hljóta menn að líta til þess hversu miklu meira notagildi hlýst af því að leysa þessi samgöngumál á þennan hátt á varanlegan hátt og þannig að árið um kring fáist þarna viðhlítandi lausn. Í mjög mörgum tilfellum er um að ræða þannig landfræðilegar aðstæður að nær óhugsandi má telja að koma þessum byggðarlögum í tryggt vegasamband án jarðgangagerðar, nema þá hluta úr árinu. Einnig þarf að líta til þess hvernig væntanlega minni viðhaldskostnaður á slíkum mannvirkjum kemur upp á móti hærri stofnkostnaði.

Það er ljóst að hér er á ferðinni stórt mál og tæpast verður framkvæmdum hrint úr vör á allra næstu misserum eða árum. Ljóst er einnig að hér yrði um langtímaáætlun að ræða í eiginlegri merkingu þess orðs því naumast er raunhæft að gera ráð fyrir að meira en eins og einn flokkur eða einföld framkvæmdaröð yrði í gangi í einu á þessu sviði. Þó hér séu nefndar háar upphæðir, um sé að ræða tugi kílómetra í allt í jarðgangagerð og kostnaðartölur, eins og ég áðan sagði, kunni að liggja á bilinu 40 — 100 millj. kr. á hvern km, bið ég menn engu að síður að hrökkva ekki frá að óathuguðu máli. Það hefur borið nokkuð á því að menn vilji afskrifa jarðgangagerð á Íslandi af þeim sökum einum að hún sé svo óheyrilega dýr og komi því tæpast til greina eins og fjárveitingum til vegamála er háttað nú um stundir.

Ég hlýt þó að benda á í þessu sambandi að bæði fyrr og síðar höfum við ráðist í einstakar fjárfrekar framkvæmdir á sviði samgöngumála og árlega eru t. a. m. byggðar brýr sem kosta tugi milljóna til þess eins að koma vegi yfir eina á eða eitt gil. Í því tilfelli sem hér um ræðir gæti verið um að ræða jarðgöng sem leystu af hólmi dýran og hættulegan veg yfir fjöll eða fyrir annes sem ýmist eru varasamir og lélegir vegir eða alls engar samgöngur eins og nú stendur.

Þá er einmitt nefndur til sögunnar einn sá þáttur þessara mála sem ég tel ekki vega hvað minnst, en það er það öryggi sem væntanlega fengist með því að leysa af hólmi hættulega vegi um skriður eða fjöll með jarðgöngum. Margir hættulegustu vegir landsins eru einmitt inni í þeim athugunum sem Vegagerð ríkisins og aðrir aðilar hafa verið að vinna. Ég nefni þá Ólafsfjarðarmúla og svæði á Austfjörðum og Vestfjörðum aftur.

Ég hef hér, herra forseti, í höndum mínum allþykkan skýrslubunka sem er frá ýmsum þeim aðilum sem ég hef þegar nefnt. Ég tók hann með mér í ræðustól til að sýna þm. að ýmislegt hefur þegar verið gert á þessu sviði þó hitt sé auðvitað miklu meira sem enn er ógert. Ég held að staða þeirrar vinnu sé þannig nú að öllu meira verði ekki gert af hálfu þessara stofnana nema til komi stefnumörkun í þessum málum. Ég mundi í sjálfu sér telja óráðlegt að eyða meiri orku, meira fé í slíkt fyrr en fyrir lægi framkvæmdaröð og stefnumörkun af hálfu þeirra sem slíku ráða. Og það er auðvitað Alþingis að marka meginlínur í þeim efnum með aðstoð þeirra sérfræðinga sem tiltækir eru. Ég held að jarðgangagerð sé liður sem eigi að koma inn í langtímastefnumörkun í samgöngumálum og um vegagerð og tímabært sé að slík áætlun verði unnin og felld inn í aðra stefnumörkun um vegamál og samgöngumál.

Þess vegna er þessi till. flutt, herra forseti, og ég vænti þess að hún mæti velvilja og þetta verði tekið til skoðunar. Því hagar þannig til að langtímaáætlun um vegagerð á einmitt að koma til endurskoðunar á yfirstandandi ári. Það væri ánægjulegt mjög ef hægt væri við þá endurskoðun að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hér eru sett fram í þál.-formi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, herra forseti, en legg svo til að að loknum fyrri hluta umr. verði till. vísað til allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það þurfa ekki að vera mörg orð í framhaldi af þeirri ítarlegu framsöguræðu sem hér hefur verið flutt fyrir þessu máli. Ég vil þó ítreka það og taka undir að rannsóknir á þessu sviði hafa þrátt fyrir ýmis átök í því efni verið allt of litlar og fjármagn það sem Vegagerð ríkisins hefur haft á hverjum tíma til að sinna þessum verkefnum hefur vitanlega verið af ærið skornum skammti, allt of naumt til þess skammtað, kannske ekki einungis varðandi jarðgangagerð heldur almennt varðandi lausnir í vegamálum hinna einstöku byggðarlaga. Þar hefur það fjármagn, sem Vegagerðin hefur haft til ráðstöfunar til rannsókna og athugana, verið allt um of lítið.

Inn á hina nýju tækni í þessum málum hefur verið rækilega komið og hana þurfum við vitanlega að hagnýta okkur þar sem tök eru á. Ég man eftir því að þegar ráðist var í Oddsskarðsgöngin á sínum tíma álitu margir að ekki mundi það skipta sköpum þar, en engu að síður gerði það þó það. Þar var margt unnið þannig að af vanefnum var gert. Rannsóknir höfðu ekki verið nægar og annað því um líkt sem olli því að verkið fór býsna mikið fram úr áætlun og skerti vegáætlun okkar á Austurlandi um langan tíma af þeim ástæðum hversu það verkefni var fjárfrekt. Ástæðan fyrir því var vitanlega sú að Vegagerð ríkisins hafði ekki haft tök á því eða aðrir aðilar að gera nægilega vandaðar athuganir á þessu máli áður en í það var ráðist. En munurinn á samgöngum við þetta byggðarlag er vitanlega gífurlegur og ótrúlegur miðað við það hvað hæðarmunur á Oddsskarðsgöngunum og Oddsskarðinu sjálfu er lítill. Það er það undraverðasta. En það þekkjum við sem erum staðkunnugir eystra að þetta hefur gjörbreytt samgöngum við þetta byggðarlag yfir vetrartímann.

Áhugi á þessu máli eystra er virkilega mikill. Menn eru hins vegar jafnsammála því þar að málefni eins og jarðgöngin í Ólafsfirði eigi að hafa forgang, enda ekkert á okkar borðum þar eystra sem er komið neitt nálægt verkefni því sem þar um ræðir. Sumir hafa tekið það upp hjá sér nokkurn veginn sem heimaaðilar að láta kanna möguleika á jarðgöngum, svo sem þeir Fáskrúðsfirðingar hafa gert — að vísu með góðri aðstoð Vegagerðar ríkisins. Þeir hafa unnið vel að þessu og fengið til liðs við sig færa menn til að kanna hvaða möguleikar væru á því að stytta leiðina þaðan og til miðsvæðisins.

Á þinginu í fyrra var flutt till. af hv. 2. flm. þessarar till. nú, Sveini Jónssyni, till. um athugun á jarðgangagerðinni miklu, sem menn kalla svo fyrir austan, þ. e. þeirri áætlun sem löngum var kennd við þá bæjarstjórana á Seyðisfirði og Neskaupsstað, Jónas Hallgrímsson og Loga Kristjánsson, sem voru miklir áhugamenn um jarðgöng þar á milli sem tengdi það svæði. Sumir sögðu

að sú áætlun hefði e. t. v. að megintilgangi að koma Mjóafirði og þar með þeim heiðursbónda sem þar býr nú í almennilegt vegasamband í ellinni. Hins vegar er nokkuð öruggt að framtíðin á eftir að sýna að þetta er alls ekki óraunhæfur möguleiki þó að hann komi seinna í röðina en menn, sem allra bjartsýnastir voru og allra framtakssamastir voru um þetta, vildu vera láta í upphafi.

Á Vopnafjarðarleiðina til Héraðs var minnst áðan. Þar er áhugi heimamanna vissulega mikill. Þar hefur þó fengist nokkurt rannsóknafé og verið unnið fyrir það.

Þar þarf vitanlega að huga að fleiri leiðum en jarðgangagerð, eins og reyndar var komið inn á áðan. Það er ekki endilega víst að það sé sú lausn sem byrjað verður á, en framtíðarlausn verður það eflaust með tímanum.

Ég vildi aðeins koma því hér á framfæri að þó að við höfum ekki, þm. Austurl., lagt áherslu á það í sambandi við langtímavegáætlunina að fá jarðgöng á Austurlandi viljum við láta athuga til langs tíma alla möguleika sem gætu orðið til að auðvelda samgöngur milli byggðarlagana þar og gera það svæði að einni samfélagslegri heild enn frekar en nú er.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. flm. þessarar till. kom að í máli sínu er hér um stórmál að ræða og mál sem vissulega verður ekki leyst á næstu árum. Áhugi manna á jarðgöngum er að vaxa og er þó mikill fyrir, t. d. á Austurlandi.

Ég vil taka undir þessa till. efnislega og tel að hér sé hreyft þörfu máli. Hér á landi hafa verið grafin tvenn jarðgöng á síðari árum og þar hefur verið við ýmsa byrjunarörðugleika að etja. E. t. v. hafa þeir byrjunarörðugleikar dregið kjarkinn úr mönnum til áframhaldandi framkvæmda. En hitt er víst að þær kostnaðartölur sem sést hafa yfir jarðgangagerð liggja langt ofan við þær upphæðir sem hefur verið varið til vegamála til þessa. Það má nefna sem dæmi að áætlaður kostnaður við jarðgöng til Vopnafjarðar frá Héraði er um 600 millj. kr. Eðlilegt er að mönnum vaxi það nokkuð í augum. Hitt er svo annað mál að kostnaðurinn má ekki verða til þess að sá möguleiki sé afskrifaður. Nauðsynlegt er einnig að halda rannsóknum og allri öflun upplýsinga í gangi eins og mögulegt er og fá upplýsingar um notagildi jarðganga, fá upplýsingar um viðhald þeirra, hvað jarðgöng spara í snjómokstri og síðast en ekki síst að fylgjast með öllum þeim tækjabúnaði sem tiltækur er til slíkra framkvæmda, fylgjast með tækninýjungum hvað varðar jarðgangagerð og fylgjast með þeirri reynslu sem við höfum fengið á seinni árum við virkjanaframkvæmdir, en þar höfum við fengið dýrmæta reynslu á þessu sviði sem ætti að nýtast okkur. Ég er sannfærður um að verkkunnátta á þessu sviði hefur vaxið mjög á síðari árum.

Ég vil taka sérstaklega undir þann kafla í till. sem fjallar um byggðaþróun og félagsleg sjónarmið. Sá þáttur er mjög afgerandi í þessu máli. Þannig hagar til á Austurlandi að erfiðir fjallvegir skera sundur fjölmenn byggðarlög. Við vitum það vel, sem þurfum að ferðast um þessar byggðir á öllum tímum árs, og kannske ekki síst við stjórnmálamenn sem þurfum oft að ferðast um á veturna, að þetta slítur byggðarlögin sundur félagslega.

Á Austurlandi eru ein jarðgöng, Oddsskarðsgöngin. Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. áðan, að Oddsskarðsgöngin hafa þegar sannað gildi sitt og stóraukið samskipti milli byggðarlaga á Austurlandi í venjulegu árferði.

Jarðgangagerð á Austurlandi mundi þjappa byggðarlögunum þar mjög mikið saman. Aðstæður eru þannig þar. Hins vegar er hér um framtíðarmál að ræða. Eigi að síður er nauðynlegt að halda vel vöku sinni í þessu efni og nauðsynlegt að einbeita sér að verkefnaröð í þessum málum. Þess vegna vildi ég taka efnislega undir till. sem hér er fram komin.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka þann stuðning sem till. hefur fengið. Ég held einmitt að ástæða sé til að leggja sérstaklega áherslu á það hér, þegar til umræðu eru þau svæði á landinu sem horfa mest til jarðgangagerðar til lausnar á sínum samgöngumálum, að það er mikil þjóðarnauðsyn að góð samstaða náist um framkvæmdaröð í þessum efnum sem menn geti sætt sig við og menn þannig einbeiti kröftunum í sameiningu til að útvega fjármagn og verja því í þessar framkvæmdir, en stígi ekki skóinn hver niður af öðrum í kapphlaupi um hverjir eigi að koma fyrst. Ég held að það sé mikil nauðsyn að stjórnmálamenn og sérfræðingar og aðrir þeir sem málið varðar verði ásáttir um ákveðna framkvæmdaröð sem síðan verði bundin í langtímáætlun um þessar framkvæmdir. Það hefur sýnt sig, og ég hygg að enginn mæli því mót, að langtímaáætlun um vegagerð hefur haft sérstaklega góð áhrif einmitt hvað þetta varðar. Þegar fyrir liggur samþykkt áætlun, þar sem forgangsröðun verkefna er bundin, sætta menn sig við það sem orðinn hlut og samhæfa kraftana til að ýta henni áfram í staðinn fyrir hitt, sem er því miður allt of algengt um fjárveitingar af hálfu hins opinbera, að nægilega skýr stefnumörkun og framkvæmdaröð liggur ekki fyrir og menn bítast um þær krónur sem til skiptanna eru hverju sinni. Þess vegna legg ég á það áherslu að hér er um stórt og mikið langtímaverkefni að ræða sem ég held að væri mikil gæfa ef menn næðu að sameinast um, þannig að t. a. m. Austfirðingar og Vestfirðingar þyrftu ekki að berast á banaspjótum um það hver fengi fjárveitingar hverju sinni, fyrir nú utan það að slík vinnubrögð eru ákaflega óhagkvæm og óheppileg og engum til framdráttar þegar til lengdar lætur.

Ég tel mig mega fullyrða að viðhorf, ekki bara almennings heldur og sérfræðinga, hafi breyst á allra síðustu árum hvað möguleika okkar til jarðgangagerðar varðar. Í ljósi nýrrar tækni og í ljósi þess árangurs sem náðst hefur í að lækka kostnað hafa margir sérfræðingar um vegamál, jarðfræðingar og aðrir sem þessum málum eru kunnugir, að verulegu leyti skipt um skoðun og telja nú að það standi okkur miklu nær en kannske áður var talið að leysa samgöngumál okkar einmitt á þennan hátt. Ég vil nefna það sem dæmi, þegar talað er um kostnað af lægri eða hærri stærðargráðunni sem ég nefndi, að jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, þau sem menn helst hallast nú að að þar verði lögð til að leysa samgöngumálin þar, eru 3.2 km á lengd og þar hafa menn nefnt kostnaðartölur allt frá 120 millj. kr. og upp í 400 og jafnvel þar yfir. Þannig er ljóst að miklu máli skiptir hvort raunverulegt kostnaðarverð liggur þarna í lægri eða efri kantinum eða hvar það liggur þarna á milli.

Ég held að aldrei verði lögð of mikil áhersla á það í þessu sambandi að það sem kannske þyngst vegur í afstöðu manna og ræður mestu um áhuga heimamanna í mörgum byggðarlögum um þessi mál er það öryggisleysi og sú gífurlega áhætta sem hvílir eins og mara á því fólki sem býr við hættulegar og ótryggar vegasamgöngur. Það hafa orðið hroðaleg slys á undanförnum árum á mörgum þeim vegum sem einmitt falla undir þetta mál. Ég nefni þar Ólafsfjarðarmúla sérstaklega. Þeir sem kunnugir eru aðstæðum á þeim stað og þekkja til fólks sem þar býr vita að þetta er í langflestum tilfellum, eða nær undantekningarlaust, hagsmunamál númer eitt þegar það fólk nefnir það sem það telur byggðarlagið mestu varða. Kemur það jafnvel á undan heilsugæslu, skólamálum og öðru slíku sem gjarnan er þó haft á oddinum.

Ég hygg að menn þyrftu ekki að óttast fjárskort svo mjög ef við berum gæfu til þess — eða má ég kannske segja, herra forseti, ef við höfum manndóm til þess — að standa við okkar áætlanir um langtímamarkmið í vegagerð og verja ákveðnu hlutfalli okkar þjóðartekna í þessu skyni, þeim 2.4% sem ég hygg að náðst hafi á sínum tíma samkomulag um að verja í þessu skyni. Þá þyrfti í raun ekki nema tiltölulega mjög lítinn hluta af þeim fjármunum ár hvert til að halda uppi allmyndarlegu átaki í jarðgangagerð ár frá ári sem dygði til þess að ein tækjasamstæða og einn vinnuflokkur gætu unnið á fullum afköstum við þetta mál.

Ég ætla þá ekki að lengja þess umr. frekar en þakka aftur þær undirtektir sem till. hefur fengið og vona að hún hljóti eins og öll önnur mál góða meðhöndlun þingsins. Ég vil þó nota þetta tækifæri til að hrósa sérstaklega einni opinberri stofnun sem lagt hefur sitt af mörkum í þessu efni, en það er Vinnueftirlit ríkisins. Það hefur af miklum myndarskap látið útbúa sérrit um jarðgangagerð. Þar eru á ferðinni leiðbeiningar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra sem við jarðgangagerð vinna og er þetta rit nr. 5. Ég vil hrósa þeim sérstaklega fyrir framsýnina og framtakið. Þar með liggur ljóst fyrir að ekki verður Vinnueftirlitið til að tefja framkvæmdir í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattbyrði hjóna, þáltill. 171. mál (þskj. 180). — Ein umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál., 171. máli, en 1. flm. þeirrar till. var Magnús H. Magnússon varaþm. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að undirbúa breytingu á lögum og tekju- og eignarskatt sem feli í sér að skattbyrði hjóna verði jöfn hvort sem annað þeirra eða þau bæði vinna fyrir tekjum. Taka skal sérstakt tillit til þess ef verulegur kostnaður hlýst af því að hjónin vinna bæði utan heimilis."

Í grg. með þessari till. til þál. segir svo:

„Það er óverjandi að hjón, þar sem annar makinn treystir sér ekki til að vinna utan heimilis, t. d. vegna fjölda barna, vegna veikinda eða vegna umönnunar aldraðs fólks eða sjúks, skuli greiða mun hærri skatta af sömu tekjum og hjón sem vinna bæði utan heimilis.

Í þessum tilvikum sparar heimavinnandi makinn því opinbera oft mikið fé í stofn- og rekstrarkostnaði barnaheimila, heilbrigðisstofnana og dvalarheimila aldraðra. Í stað þess að meta þetta starf að verðleikum er fólkinu refsað með hækkun tekjuskatts. Þessu má breyta t. d. með því að hafa sérstakan skattstiga fyrir einstaklinga og annan fyrir hjón og sambýlisfólk eins svo víða er erlendis og var hér á landi til skamms tíma.

Á hinn bóginn er eðlilegt að tekið sé sérstakt tillit til þess að veruleg aukaútgjöld, t. d. vegna gæslu tveggja eða fleiri barna, hljótast af því að bæði hjónin vinna utan heimilis. Þetta má gera á ýmsan hátt, t.d. með hækkun barnabóta eða með viðauka við heimildarákvæði 66. gr. laga um tekju- og eignarskatt."

Með grg. er birtur samanburður í töfluformi á tekjuskattsgreiðslum hjóna eftir því hvort annað hjóna vinnur fyrir öllum tekjunum eða annað hjóna vinnur fyrir ⅔ hluta tekna, en hitt fyrir ⅓ hluta eða ef tekjur skiptast til helminga milli hjóna. Á þessari töflu sést að fyrir 300 þús. kr. tekjustofn munar hér 11 700 kr. ef tekjur skiptast jafnt milli hjóna eða ef annað hjóna vinnur fyrir öllu. Ef tekjurnar eru hærri eykst bilið þannig að það fer upp í 49 100, miðað við tekjuskattsstofn sem er 600 þús., og upp í 65 500 ef tekjuskattsstofninn er 800 þús. Munurinn er nokkru minni ef tekjurnar skiptast ekki jafnt milli hjóna, heldur þannig að annað hjóna vinni fyrir ⅔ hlutum teknanna en hitt fyrir ⅓.

Í sambandi við afgreiðslu á skattalögum nýverið komu þessi mál til umræðu. Það var uppi viðleitni af hálfu ríkisstj. til þess að minnka þetta bil með því að leyfa tilflutning á ónýttum persónuafslætti. Sú aðferð sætti ákveðinni gagnrýni af hálfu ýmissa aðila í þjóðfélaginu, m. a. þeirra sem halda uppi merki jafnréttis milli kynjanna. Þó kom fram á nefnarfundi þar sem þessir aðilar fluttu mál sitt að þeir töldu ekki að sá mismunur á skattbyrði sem í gildi væri væri að öllu leyti réttlátur, heldur gagnrýndu þeir beinlínis þá aðferð sem ríkisstj. hefði valið við að jafna þetta bil.

Þessi till. til þál. kom fram áður en það frv. til l. um breytingar á skattstigum o. fl., sem ég vitnaði til áðan, var lagt fram á Alþingi. En engu að síður þykir okkur meðflm. Magnúsar H. Magnússonar ástæða til þess að þessi mál verði tekin til frekari skoðunar og þá m. a. í ljósi þeirrar gagnrýni sem kom fram þegar umrædd breyting var gerð á tekjuskattslögunum skömmu fyrir áramót. Þess vegna leggjum við til að þáltill. verði tekin til meðferðar í n. og fái þar gaumgæfilega skoðun og væntum þess að hún verði síðan samþykkt í þessu formi eða einhverju því öðru formi sem menn koma sér saman um og svarar þeim markmiðum sem hér eru lögð fram um það að leita eftir því að hafa sanngirni og réttlæti í þessu kerfi eftir því sem auðið er.

Herra forseti. Ég held að ég sjái ekki ástæðu til að fjölyrða öllu frekar um þetta, en legg til að að loknum fyrri hluta þessarar umr. verði þáltill. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Könnun á launum og lífskjörum, þáltill. 287. mál (þskj. 467). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli

hér fyrir till. til þál. á þskj. 467 sem fjallar um könnun á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum. Þessa till. flytjum við Pétur Sigurðsson alþm. Ég les till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að kanna hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar eru orsakir þess.

Nefndin skili athugun sinni fyrir árslok 1985."

Svo sem fram kemur í þessum tillögutexta er það meginatriði þessarar till. að kanna hvernig á því stendur að þótt Íslendingar séu með þeim þjóðum sem einna hæstar þjóðartekjur hafa á mann í veröldinni, sjöttu í röðinni eins og að undanförnu eða jafnvel ofar á þeim lista, hvernig á því stendur að slík þjóð býr þó ekki við betri lífskjör en raun ber vitni. Þurfum við þó ekki að standa undir neinum herkostnaði svo sem aðrar þjóðir, en til slíkra hluta fer allverulegur hluti ríkisútgjalda flestra þjóða.

Það hefur vafist nokkuð fyrir mönnum að komast að niðurstöðu um það hver sé orsökin. Umræður um það hafa verið ákaflega pólitískar oft og tíðum og mótast af því hverjir hafa tekið þátt í umræðunni. Það er skoðun okkar flm. að það sé hins vegar kominn tími til að gerð verði hlutlæg athugun í þessum efnum á orsökum þess sem hér um ræðir og á grundvelli þeirrar rannsóknar og þeirra ábendinga um orsakirnar sem hér er kallað eftir, þá geti stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins, stjórnmálaflokkar, Alþingi og aðrir aðilar sem mál þetta varðar í verulegum mæli gert ráðstafanir sem eru í samræmi við þær niðurstöður sem við væntum að muni þá liggja fyrir.

Það fer ekki á milli mála að lífskjör hér á landi hafa versnað á undanförnum árum. Það þekkja allir og þarf ekki að fara mörgum orðum um. Kaupmáttur kauptaxta hefur minnkað um fimmtung á síðustu þremur árum og er nú svipaður og hann var árið 1971. Töflu um þessa þróun er að finna í grg. þeirri sem fylgir með þessari þáltill.

Nú er það svo að kaupmáttur kauptaxta er vitaskuld ekki algildur mælikvarði á lífskjör launafólks þó að hann sé þýðingarmikill. Oft er bent á að nær væri að líta fyrst og fremst á ráðstöfunartekjurnar frekar en taxtana. En aðrir mælikvarðar sýna einnig alldökka mynd þó mismunandi sé eftir því hvaða stærðir eru skoðaðar.

Ef við lítum á þjóðartekjurnar er það alkunna að þær hafa minnkað verulega á síðustu þremur árum, eitt árið um 5.5%. Þjóðartekjurnar í dag eru á svipuðu stigi og árið 1973 eða fyrir tæpum 12 árum og þær hafa dregist saman þrjú ár í röð. Það má einnig nefna ráðstöfunartekjurnar sem ég gat um. Þær voru svipaðar árið 1984 og þær voru upp úr miðjum síðasta áratug.

Þetta er alvarleg þróun, ég held að engum blandist hugur um það, ekki síst með hliðsjón af því að þær þjóðir sem við berum okkur gjarnan saman við hafa nú komist út úr þeirri kreppu sem einkennt hefur alþjóðaefnahagsstarfsemi og efnahagslíf á árunum 1979—1982. Við erum meðlimir í OECD-bandalaginu, Efnahagssamvinnustofnun Evrópuþjóða, þó að fleiri séu þar aðildarríkin. Þess vegna er nærtækt að bera þróun mála í þessum efnum hér á landi saman við þróun hjá OECD-ríkjunum í heild.

Hagvöxtur í OECD-ríkjunum var árið 1983 að meðaltali 2.6%, tæplega 5% 1984 og gert er ráð fyrir að í ár verði hann milli 3 og 4%. Samfara þessum hagvexti fara lífskjör batnandi í flestum nálægum löndum meðan lífskjörum hefur farið hrakandi hér á landi. Tölurnar sem birtar eru í nákvæmari og ítarlegri útgáfu með grg. gefa allgóða vísbendingu um lífskjörin hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir og þó ýmislegt þurfi að athuga nánar, m. a. áhrif örra breytinga á gengi gjaldmiðla, einkum á síðari árum, bera þær þó með sér að lífskjör á þennan mælikvarða hafa verið almennt góð í OECD-ríkjunum og yfir meðaltali í löndum eins og Danmörku, en lélegri þó þar en í Svíþjóð og Noregi.

Fram til 1982 er samanburður við OECD-ríkin á margan hátt ekki óhagstæður okkur Íslendingum, en sama verður ekki sagt um framhaldið. Þjóðartekjur á mann hér á landi eru nú einungis um 9 þús. dollarar eða um 84% af því sem þær voru 1982 og um 70% af þjóðartekjunum 1981. Að vísu veldur hér allmiklu um hve staða dollarans hefur styrkst mjög á undanförnum árum, en þessar tölur tala engu að síður sínu máli. Það virðist liggja fyrir svo ekki þurfi um það að fara í grafgötur hver launaþróunin hefur verið á undanförnum árum miðað við þann stóra hóp þjóða sem ég gat um. Þær staðreyndir liggja allljóslega fyrir.

Það eru þó fleiri atriði sem hér þarf að kanna en þjóðartekjur á mann á Íslandi í sambandi við önnur lönd. Sú nefnd, sem fær það verkefni að fylgja fram þessari þáltill. sem hér er á ferðinni, mun að sjálfsögðu leggja mat á hvaða þættir skipta mestu máli í þessu sambandi.

En það er rétt að nefna nokkur mikilvæg atriði sem könnunin þarf augljóslega að ná til. Eitt þeirra er hlutur launþega í þjóðartekjunum. Það er mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi. Í öðru lagi breyting á kauptaxta og launaþróun, bæði almenn og eftir atvinnugreinum. Það þarf að líta á atvinnutekjur, heildartekjur og ráðstöfunartekjur, og enn fremur vægi annarra tekna en launa, t. d. tilfærslutekjur og eignatekjur. Það þarf að líta á vinnutíma og atvinnuöryggi, á óbeina skatta og beina og opinbera þjónustu, í hve ríkum mæli hún er veitt. Það þarf að líta á greiðslubyrði og skuldastöðu gagnvart öðrum löndum, fjárfestingarþróun, gengisþróun, ekki síst gagnvart dollaranum, og hagsveiflur í einstökum löndum.

Eftir að þetta liggur fyrir er komið að kjarna málsins, því sem þessari nefnd er ætlað að vinna að. Nefndinni er ætlað að gera þessa launakönnun, en henni er einnig ætlað að skýra niðurstöður sínar að því er varðar lífskjaraþróun hér á landi í samanburði við þau lönd sem ég nefndi. Hverjar eru orsakir þessarar þróunar? Og þá má spyrja: Hafa ytri ástæður ráðið mestu um þessa þróun, aflabrögðin, sem hafa verið misjöfn, — að vísu var þriðja besta aflaárið á síðasta ári — eða er það staða alþjóðlegra efnahagsmála sem hér ræður mestu eða er skýringanna e. t. v. að leita í okkar eigin efnahagslífi, skipan þess og stjórn?

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að draga lærdóm af reynslunni í þeirri stöðu sem við blasir. Ef mistök hafa orðið ber vissulega að viðurkenna þau og einbeita kröftunum að því að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Við eigum m. ö. o. að læra af sögunni í þessum efnum.

Það er skoðun flm. að þessari till. að það verkefni

sem hér liggur fyrir sé afar brýnt með tilliti til þess að hætt er við að Íslendingar fari í vaxandi mæli að setjast að þar sem betri kjör bjóðast ef bilið heldur áfram að breikka milli lífskjara hér á landi og í nágrannalöndunum. Því fyrr sem við getum greint þær orsakir sem liggja til grundvallar þeirri þróun sem ég hef gert hér að umtalsefni því betra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fasteignamat ríkisins, þáltill. 28. mál (þskj. 28). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir 28. máli Sþ. á þskj. 28 þar sem lagt er til að starfsemi Fasteignamats ríkisins verði lögð niður. Framsaga mín í þessu máli þarf ekki að vera löng. Hún er grunduð á því að hjá Fasteignamati ríkisins fer fram verðmætamat á fasteignum sem grundvöllur að skattfæti eða álagningargrundvöllur. Ég tel þessa starfsemi óþarfa í ljósi þess að verðmætamat á fasteignum fer fram á öðrum stöðum í stjórnsýslunni. Annars vegar er um að ræða brunabótamat og hins vegar mat á lóðaverði hjá byggingarfulltrúaembættum. Þar tel ég þar með álagningargrundvöllinn vera fyrir hendi, sem hægt er að nota við álagningu fasteignagjalda, og að allt annað starf Fasteignamats ríkisins þjóni í raun engum tilgangi, skili engum árangri sem mælanlegur er til hagsbóta fyrir samfélagið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Embætti húsameistara ríkisins, þáltill. 27. mál (þskj. 27). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég verð víst að byrja á því að biðjast afsökunar á því að mér láðist, í tilraun minni til þess að hafa orð mín um seinustu þáltill. sem fæst, að beiðast þess að þáltill., sem ég mælti fyrir hér áðan, yrði vísað til allshn. Sþ.

Ég mæli þá hér fyrir till. á þskj. 27 um að ríkisvaldið hætti rekstri embættis húsameistara ríkisins, þ. e. leggi niður þá starfsemi sem þar fer fram. Til skýringar þá get ég sætt mig við það að embættið sjálft sé fyrir hendi. Það þarf að sinna ýmsum verkefnum sem eru kannske meira bókasafnslegs eðlis en verklegs eðlis. Einhver þarf að sinna þeim og því er alveg hægt að hugsa sér það að til þess sé skipaður eða ráðinn maður sem megi þá heita húsameistari ríkisins. Það sem ég er að leggja áherslu á að afnumið verði er annars vegar óeðlileg niðurgreidd starfsemi húsameistaraembættisins, óeðlileg í ljósi þess að þessa sérfræðilegu þjónustu er raunverulega ekki hægt að draga til ábyrgðar fyrir störf sín með sama hætti og sérfræðinga sem keyptir eru að úr atvinnulífinu. Þar sem ríkisvaldið ber ábyrgð á gerðum þessa sérfræðings getur það ekki sótt sjálft sig til saka.

Hins vegar hefur þjónusta þessa embættis mælst illa fyrir víðs vegar í kerfinu þar sem menn hafa orðið að nota hana — eða í sumum tilvikum nánast orðið að þola hana. Það er bæði hægt að benda á það að byggingarkostnaður þeirra bygginga, sem húsameistaraembættið hefur staðið að, er óeðlilega hár þar sem hægt er að bera hann saman við sambærilegar byggingar á frjálsum markaði og það er með öllu óeðlilegt að þeir aðilar, sem sinna annars vegar embætti húsameistara ríkisins og hins vegar störfum hjá embættinu, séu að meira eða minna leyti teiknandi og vinnandi sem sérfræðingar og ráðgjafar fyrir einkaaðila út um borg og bæ. Ég er þá að tala um það að húsameistari ríkisins sinni þeim verkefnum, sem honum eru falin af sínum yfirboðara, sem í þessu tilviki er forsrh., en sé ekki að teikna hótel eða atvinnubyggingar. Á ég þá við byggingar eins og Hótel Sögu, Breiðablik eða Eimskip eða einkahús út um borg og bæ. Ég held því fram að þessi aukastarfsemi starfsmanna embættis húsameistara ríkisins, og þar undanskil ég fáa, leiði hreint og beint til þess að þjónusta þessa embættis við viðskipavini sína sé léleg og slök. Þess vegna beri að leggja þessa starfsemi niður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, þáltill. 26. mál (þskj. 26). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill., 26. máli Sþ. á þskj. 26. Hún fjallar um það að leggja niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Það liggja að mörgu leyti sömu rök og ástæður til þess að ég mælist til þess að þessi starfsemi verði lögð niður eins og um hið fyrra embætti sem ég ræddi hér um áðan.

Embættið er að verða bráðum 14 eða 15 ára gamalt og það hefur ekki skilað því hlutverki sem því var ætlað. Og það sem það hefur skilað er ekki eins gott og það gæti verið og í sumum tilvikum beinlínis mjög skaðsamlegt.

Ég skal tína til hér örfá dæmi og reyna að stytta mál mitt eins og hægt er og benda hér á helstu atriði sem ég tel vera ámælisverð í starfsemi þessarar stofnunar.

Afgreiðsla mála er mjög treg og tafir eru afskaplega algengar. Afleiðing þessa er sú að fjárveitingar nýtast mjög illa. Þetta er mjög bagalegt á verðbólgutímum. Byggingar verða seint arðbærar fyrir þessa sök.

Það er hægt að hugsa sér að orsök þessa seinagangs hafi t. d. verið of mikil verkefni miðað við mannafla eða þá, og það tel ég miklu frekar vera ástæðuna, skipulagsleysi í vinnubrögðum og hreint og beint kunnáttuleysi í stjórnun.

Það má nefna sem dæmi að vestur á Ísafirði dróst um sjö mánuði að auglýsa útboð III. áfanga sjúkrahússins og heilsugæslunnar eingöngu vegna samskiptaörðugleika, eins og það var kallað, milli einstaklinga í kerfinu. Það tók þar tvö ár að taka ákvörðun um gerð varmadælu og loftræstikerfis fyrir þessa sömu byggingu. Það varð á endanum að taka þessa þætti út úr útboðinu til þess yfir höfuð að menn gætu komist áfram við verkið.

Það lítur oft og tíðum út fyrir að starfsmenn framkvæmdadeildarinnar hafi ekki aðgang að þeirri tækniþekkingu sem krafist er af stofnuninni. Sem dæmi má nefna að í þessari fyrrnefndu byggingu, sjúkrahúsinu á Ísafirði, eru ýmsir hönnunargallar sem framkvæmda-

deildin, sem verkið er falið, hefði átt að geta fyrirbyggt ef tækniþekking hefði verið fyrir hendi. Þetta eru tiltölulega einföld atriði eins og það að innkeyrsla sjúkravagna er ónothæf í þessu húsi — eða var. Það eru atriði eins og það að húsið er byggt á stað þar sem útsýni er þó nokkuð gott, en útsýnið er síðan byrgt með steinhandriði. Það eru mistök í gerð og uppsetningu raflagna og svo mætti lengi telja.

Þetta eru alls kyns einstök atriði sem ég á nokkurn sæg upplýsinga um. Menn hafa verið afskaplega ötulir að hafa samband við mig og benda mér á ýmsa annmarka sem þeir hafa orðið fyrir í samneyti sínu við þessa stofnun. Og þess eru dæmi að fyrirtæki hafi beinlínis reynt að komast hjá því að skipta við þessa stofnun ef mögulegt var. Ég get nefnt að Orkubú Suðurnesja átti í svo miklum örðugleikum í samskiptum sínum við þetta fyrirtæki að forráðamenn þess enduðu með því að sniðganga hreinlega fyrirtækið við öflun efnis og þjónustu til uppbyggingarinnar.

Það sem ég tel þó kannske enn alvarlegra er það að stofnunin hefur ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum. Það alvarlegasta er það að þessu fyrirtæki var ætlað að gefa heildaryfirsýn yfir fjárfestingar á vegum hins opinbera til þess að menn gætu gert sér grein fyrir því a) hvað miklir peningar höfðu farið í fjárfestingarnar, b) hverju þeir höfðu skilað, c) hvaða árangur hafði náðst í útboðum, d) var hægt að hugsa sér með endurbótum á útboðum að ná betri árangri? o. s. frv. Allt þetta átti að skila sér í því fyrirbæri sem kallað var skilamat. Um það segir svo í lögum um opinberar framkvæmdir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila."

Á þessum 14 árum, sem þessi stofnun hefur starfað, hefur þessu skilamati aldrei verið skilað. Fjvn. Alþingis hefur aldrei séð stafkrók um þetta skilamat frá þessu embætti. Ef horft er á þetta mál í réttu ljósi má hreint og beint halda því fram að þessi stofnun hafi staðið að lögbrotum í 14 ár. Auðvitað koma þar aðrir aðilar til sem ábyrgð bera á þessu eins og ríkisendurskoðun.

Það eru fersk í minni ummæli háskólarektors þar sem hann lýsti samskiptum sínum við þetta fyrirtæki. Hann hélt því fram að framkvæmdadeildin væri hreint og beint ábyrg fyrir því að opinberar byggingar væru yfirleitt lekar, ónýtar og héldu hvorki vatni eða vindi. Þetta kann að vera fullsterkt í árinni tekið en við vitum það að Háskólinn hefur eftir harða og skorinorða baráttu fengið því framgengt að hann hefur nú orðið framkvæmdasjálfstæði án þess að þurfa að skipta við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar.

Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og hæstv. forseta að í þeim tilgangi að reyna að flýta afgreiðslu þessara mála til nefndar reyni ég eftir bestu getu að stytta mál mitt sem hægt er. Þess vegna læt ég það vera að tína fleira til. En í heild má segja að áhrifin af starfsemi þessa fyrirtækis séu þau að framkvæmdir á vegum hins opinbera fara fram með þeim hætti að enginn aðili hefur í raun nokkra yfirsýn yfir það hvaða peningar fara í hvað og með hvaða hætti þeir skila sér. Ef maður ætti að nota eitt lýsingarorð yfir þessa starfsemi þá held ég að kalla mætti hana í hæsta máta subbulega.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil sannarlega skoða þetta mál sem hér er til umr. Það hefur æðioft verið til umræðu hér á Alþingi og komið fram frá fjölmörgum þm. hörð gagnrýni á þessa stofnun. Og ég veit að það er ekki að ástæðulausu, því miður. Það skal viðurkennt að þar hefur margt mátt betur fara í framkvæmdum og aðhaldi og aðgæslu allri. Ég skal hins vegar ekki hér og nú hafa nein stóryrði uppi um það, hvorki um subbuskap í þeirri stofnun eða annað eftir því. Hér eru ekki þeir menn til staðar, sem geta svarað þeirri gagnrýni og ég veit að margt er þar ágætra manna, sem vilja vinna sitt starf af fyllstu samviskusemi og gera vel, en hafa kannske fyrst og fremst ekki til þess nægilega góða aðstöðu, eins og reyndar hv. flm. kom réttilega inn á. Ég hef alltaf litið svo á að eitt meginvandamálið varðandi þessa stofnun væri það að hún væri vanmönnuð miðað við þau miklu verkefni sem henni eru fengin, þau allt of miklu verkefni sem henni eru fengin.

Þegar við ræðum um þessa stofnun erum við komin inn á svið ákveðinna laga sem við þekkjum hér mætavel. Það eru lögin um skipan opinberra framkvæmda. Aðili frá Innkaupastofnuninni er einn þeirra fulltrúa sem situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sem stundum hefur fengið það ágæta nafn bremsunefnd, nefnd til þess að stoppa af ákveðna hluti. Varðandi þau dæmi sem hér hafa verið nefnd í þingsölum oftar en einu sinni um tafir á verkum vil ég ekki fullyrða hverjum þær tafir eru að kenna. En það skyldi nú aldrei vera að það væri ekki alfarið þessari stofnun að kenna, heldur hefðu viðkomandi stjórnvöld eða hin svokallaða bremsunefnd, þar sem situr fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þar sem situr fulltrúi okkar hér, fulltrúi fjárveitingavaldsins, þ. e. formaður fjvn., og til viðbótar fulltrúi frá Innkaupastofnun ríkisins, það skyldi þó aldrei vera að þessir aðilar hefðu rekið fingurinn þarna óvart í. Ég fullyrði það ekki en það skyldi þó aldrei vera að bremsunefndin hefði stundum komið inn í þau mál.

Ég þekki dæmi þess að mál hafa stöðvast í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir þrátt fyrir fjárveitingar. Ég býst við að við þekkjum nokkuð mörg sem þar höfum komið að verki að úr þeim fjármunum sem veittir hafa verið af Alþingi hefur stundum orðið býsna lítið af þeim ástæðum.

Ég vil m. ö. o. ekki gera lítið úr þeim ásökunum sem hér komu fram í garð þessa aðila, ef það er sannanlegt að þar hafi verk verið beinlínis tafin, þar hafi eftirlitshlutverk ekki verið rækt sem skyldi, þar hafi beinlínis verið unnið þannig að fé hafi rýrnað að framkvæmdagildi svo sem hér var rakið áðan. Ég vil ekkert um þetta fullyrða en ég veit að um þetta eru dæmi. En hver á sökina í þessum efnum? Það vil ég láta liggja á milli hluta. Ég vil ekki kenna það þeim starfsmönnum einvörðungu sem þarna vinna, það tek ég skýrt fram. Ég veit að hv. flm. er mér sammála um þetta atriði, að það er ekki hægt að varpa alfarið sökinni á starfsmenn framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar í þessum efnum. Þar koma aðrir til, sem eru þeim æðri og eiga að sjá

um eftirlitshlutverkið, því að vitanlega á samstarfsnefndin um opinberar framkvæmdir að láta hér til sín taka. Ef framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins stendur sig ekki sem skyldi á samstarfsnefndin að taka í taumana. Og það er þá kannske hún sem hefur brugðist hlutverki sínu, þeir sem í henni sitja, sem ég skal telja upp aftur, formaður fjvn., fjárlaga- og hagsýslustjóri eða fulltrúi þaðan og svo þessi eini fulltrúi Innkaupastofnunarinnar. Það eru þessir þrír aðilar sem þessu ráða.

Ég vil skoða þetta mál. Ég tek ekki undir þetta fortakslausa orðalag um að leggja þessa stofnun niður: Hún er mér ekki að skapi. Ég flutti hins vegar á sínum tíma og fékk samþykkta tillögu um það að lögin um skipan opinberra framkvæmda skyldu endurskoðuð. Og endurskoðunin mun hafa verið falin, að mér helst skilst, fjvn. Það var þá helst aðilinn til þess að fela það! Því að eins og hv. varaformaður fjvn. veit þá eru fjvn. og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir ekkert gefin fyrir að fara ofan í svona hluti, enda nógu að sinna af öðru tagi. Það er eitt það versta sem ég get hugsað mér að vísa þáltill. til fjvn. til afgreiðslu ef maður hugsar sér að fá afgreiðslu á till. af því tagi. Og nú man ég eftir ritara Sþ. sem einum þeirra manna sem þar eiga hlut að máli. Það er ekki af illvilja heldur af feiknalegri aðgæslu þeirrar nefndar varðandi fjármuni að ekki séu samþykktar tillögur sem eru útgjaldaaukandi fyrir ríkissjóð. Ég hygg nú samt sem áður að ekki hefði sakað þó að sú tillaga sem hér var samþykkt um endurskoðun laganna um skipun opinberra framkvæmda hefði verið framkvæmd. Ég hygg að það hefði verið af hinu góða.

En við hv. flm. vil ég segja það að ég vil athuga með *honum hvað á þá að koma í staðinn og hvernig við* eigum að haga þessum málum. Og ég vil spyrja hann í leiðinni: Er það þá meining hans sem eðlilegt framhald af þessu að hann ætli að leggja það til að lögunum um skipan opinberra framkvæmda verði breytt á þann veg að samstarfsnefndin verði lögð niður og það eftirlitshlutverk, sem hún á að hafa, sé þar með fellt niður? Það er stóra atriðið í þessu máli að mínu viti.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Svar mitt við spurningu síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl., er að ég álít að samstarfsnefndina megi leggja niður. Ég minni á að í smíðum er frv. til l. um Stjórnarráð Íslands og þar er gert ráð fyrir því að ábyrgð á framkvæmdum verði færð til viðkomandi ráðuneytis. Ég tel það eðlilegt þar sem þá er af löggjafans hálfu miklu hægara og auðveldara að draga einstaka ráðherra til ábyrgðar fyrir þær framkvæmdir sem þeir hafa staðið að.

Ég held að lýsing hv. 2. þm. Austurl. á samstarfi samstarfsnefndarinnar og framkvæmdadeildarinnar sé ein sér mjög sterk röksemd fyrir því að þessa stofnun megi leggja niður. Því að til hvers er að smíða undir mann fót sem ekki nær til jarðar og getur ekki gengið? M. ö. o. ef annars staðar í stjórnkerfinu er eitthvert það apparat, sem hreint og beint kemur í veg fyrir að viðkomandi stofnun geti starfað með eðlilegum hætti, þá er þar með búið að smíða tæki sem engum þjónar og engum gagnast.

Ég vil leggja áherslu á það að í þessari till. eins og öðrum sem ég hef flutt er ég ekki að veitast að mönnum. Menn geta verið misjafnir og þeir verða oft að nokkurs konar tákngervingum fyrir stofnanir. Þeir verða stofnanirnar persónugerðar þannig að menn nefna kannske menn með nöfnum og skilgreina þá, en eru að gagnrýna stofnunina, stjórnkerfið sjálft.

Ég held að þeir sem kynnst hafa starfsemi framkvæmdadeildarinnar af eigin raun hljóti að geta samsinnt mér í því að þetta fyrirtæki skilar nánast engu af þeim verkefnum sem því eru ætluð. Ég bendi bara á *jafneinfalt atriði og það að þeir aðilar sem standa að* opinberum framkvæmdum og eiga viðskipti við framkvæmdadeildina geta aldrei, ekki á ársgrundvelli, ekki á mánaðargrundvelli, ég tala nú ekki um vikugrundvelli, fengið upplýsingar um fjárhagslega stöðu sína gagnvart framkvæmdadeildinni. Þeir fá seint endanlegar upplýsingar um það. Í fyrsta lagi er reikningsleg staða þeirra við fyrirtækið ekki vituð fyrr en einhvern *tíma eftir dúk og disk og þá ekki á grundvelli neins* annars en annars vegar reikninga og hins vegar innborgana. Endanlegt skilamat, þ. e. verðmætamat eins og ég lýsti áðan, fer aldrei fram.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þessarar fram komnu till. Ég held að það sé rétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan að breyta þarf lögum um framkvæmd opinberra bygginga. Það er alveg ljóst að allt eftirlit með þeim er oft fyrir neðan allar hellur. Til þess liggja ýmsar ástæður sem sumar hverjar hafa verið hér raktar. En vegna þess að hv. flm. tilheyrir stétt manna, sem bera starfsheitið arkitektar, tel ég ástæðu til að minnast aðeins á hlut þeirra við gerð opinberra bygginga.

Ég hef ekki mikla reynslu af framkvæmd við ríkisbyggingar öðruvísi en sem hluta af byggingum sem sveitarfélög einnig fjármagna. Eftir fjögurra ára veru mína í borgarstjórn Reykjavíkur undraðist ég oft hvernig þessum málum var háttað. Í stuttu máli virðist arkitektinum, sem húsið teiknaði, vera það nokkuð í mun — flm. leiðréttir mig ef ég hef rangt fyrir mér — að húsið sé nokkuð vel dýrt vegna þess að prósenta af byggingarkostnaði hússins rennur til arkitektsins. Og því hærri sem hún er, því betra fyrir hann væntanlega. Þetta er þó nokkurt atriði.

Oft er um að ræða byggingar sem eru fjármagnaðar bæði af ríki og sveitarfélögum. Og þá er oft, a. m. k. af hálfu sveitarstjórna, reynt að hrúga því sem mögulegt er inn í húsið strax í byrjun, nauðsynlegu sem ónauðsynlegu, til þess að geta gert reikning ríkisins sem hæstan. Sveitarstjórnarmenn sögðu alveg blákalt: Þetta er stofnkostnaður. Við skulum kaupa þetta vegna þess að þetta er stofnkostnaður og þar með greitt að hluta af ríkinu. — Ég gæti talið upp mörg dæmi, dæmi um hnausþykk gólfteppi í tugum fermetra á gólf sem aðalega átti að aka um í hjólastólum. Og svo þykk voru gólfteppin að gangandi fólki, vel gangandi, var varla fært um húsið. Ég get talið upp dæmi um eldavélar á dagheimili, sem áttu að þjóna 24 börnum + starfsliði, sem voru á stærð við eldavélar á Hótel Sögu. En þegar kvartað var yfir þessu af hálfu þeirra sem þóttust hafa eitthvað með málið að gera, þá var svarið: Þetta er stofnkostnaður. Og arkitektinn dró svo sannarlega ekki úr því að hann yrði sem allra hæstur. Ég held því að hér sé oft býsna slungið samspil.

Öll þekkjum við að einstöku arkitektar virðast komast að, ef svo má segja, jafnt hjá ríki sem sveitarfélögum

og fá fyrirhafnarlítið að annast hönnun hvers stórhýsisins á fætur öðru. Og það er nokkuð hægt að rekja það, því að menn læra auðvitað af reynslunni, að síðasta húsið er ævinlega það allra dýrasta og íburðarmesta. Auðvitað hefur lítil þjóð eins og við engin efni á þessu, það er svo langt í frá. Bruðlið og íburðurinn í opinberar byggingar eru löngu farin fram úr öllu hófi.

Sams konar dæmi er einnig hægt að taka úr viðskiptum við Innkaupastofnun ríkisins, óheyrilegur dráttur á því að koma útboðum af stað, annar eins dráttur við að ganga frá þeim og velja úr þeim. Þetta hleypir upp kostnaði þannig að í fæstum tilfellum standast nokkrar kostnaðaráætlanir, jafnvel þó að tillit sé tekið til óstöðugs verðlags í landinu. Kostnaður fór oft langt fram úr því öllu saman. Ég get tekið undir orð hv. flm. þó að það sé kannske ákveðinn glannaskapur: Leggjum embætti húsameistara ríkisins niður. Leggjum framkvæmdadeild Innkaupastofnunar niður.

Það er a. m. k. alveg ljóst að einhverjar breytingar þurfa að verða þarna á. Og ég tek undir það með hv. flm. að það er fráleitt að háttsettir embættismenn, sem eiga að stjórna opinberum framkvæmdum, séu svo jafnvel sjálfir að teikna og hanna stórhýsi út um allt land. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Hér er um stjórnunarstarf að ræða sem ætti að samræma til að koma einhverju viti í framkvæmd opinberra bygginga. Ég get því lofað hv. flm. að ég mun hugsa mig vandlega um áður en ég treysti mér til að leggjast harkalega gegn þessari framkomnu till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það væri náttúrulega hægt að segja ýmislegt um þessa till. Við höfum sjálfsagt mörg okkar misjafna reynslu af Innkaupastofnunni eða framkvæmdadeild hennar. Ég hef stundum hugsað henni þegjandi þörfina út af ýmsum töfum sem orðið hafa frá hennar hendi. Ég held að hv. flm. hefði kannske átt að flytja sitt mál á annan veg. Það þarf auðvitað að byrja á því að breyta lögum um opinberar framkvæmdir eða þá að flytja þáltill. um að það skuli gert.

Þegar Alþingi er búið að ákveða fjárveitingu til að byggja eitthvert mannvirki er óeðlilegt að einhverjir menn úti í bæ geti hindrað það fleiri vikur eða mánuði eða jafnvel ár að byrjað sé á því verki. En það er það sem hefur skeð. Ef Alþingi samþykkir það á annað borð að byggt skuli og leggur til fjármagn til þess, þá eiga náttúrlega þeir aðilar, sem þetta mannvirki á að þjóna, að hafa leyfi til þess að fara af stað. Hitt er svo annað mál, að það er kannske ekki óeðlilegt að einhver á vegum ríkisins hafi eftirlit með því að fullnægt sé ákveðnum skilyrðum um það sem þarf að gera og undirbúning allan undir slíka byggingu. En að hægt sé að tefja þetta á þennan hátt er alveg óþolandi að búa við.

Það væri hægt að segja margt um þetta. Við gætum sjálfsagt öll, a. m. k. við sem erum búin að vera hér um nokkurn tíma, sagt frá reynslu okkar í þessu efni. Og sumt er ansi hastarlegt. En eins og síðasti hv. þm. ræðumaður rakti hér áðan höfum við líka orðið að búa við það að þurfa að leita til hönnuða, til arkitekta til að teikna þessar byggingar og það hefur ekki heldur verið allt í sómanum oft og tíðum. Bæði hafa þeir tafið fyrir, ekki staðið í skilum gagnvart tímalengd, hafa teiknað þessar byggingar á þann veg að maður er rasandi, kannske meira að segja í mörg ár, að slíkir hlutir skuli geta skeð sem sumar þessar byggingar eru. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði sem hér var í ræðustól á undan mér, að það væri hægt að benda á byggingar sem hafa orðið af þessum völdum helmingi dýrari en þurft hefði að vera. Ég vil auðvitað ekki hér á þessum stað benda á slíkar byggingar og þá arkitekta sem hafa teiknað þær. En það væri hægt að benda á slíkt.

Ég tala nú ekki um mistök eins og flötu þökin og margt fleira sem hefur valdið ýmsum miklum skaða og erfiðleikum á undanförnum árum. Sú árátta sumra arkitekta að vilja alltaf vera að byggja einhvers konar minnisvarða, eitthvað sem stingur í augu, eitthvað sem er allt öðruvísi, hugsa ekki um hagkvæmnina, ekki um kostnaðinn, hún er náttúrlega alveg óþolandi. Það þyrfti að setja á þessa menn einhver bönd. Það er það sem þyrfti að vera. En ég vil taka undir það að þessi mál eru þannig vaxin að eðlilegt er að Alþingi reyni að breyta þarna um, ekki einungis í sambandi við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar, heldur þessi mál öll og setja um þau skorður, setja t. d. ákveðinn ramma sem arkitektar eða hvaða hönnuðir sem eru verða að fara eftir.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá málefnalegu umr. um þessi till. hefur fengið. Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni, nafna mínum, hv. 3. þm. Norðurl. e., á að það er hægt að leysa þau vandamál sem hann lýsti á afskaplega einfaldan hátt. Í fyrsta lagi hefur maður ekki samninga við arkitektinn fyrr en maður hefur hreinlega og ítarlega byggingarlýsingu, þar sem er tekið fram hvað í byggingunni eigi að vera, af hvaða stærðum og hvað byggingin megi kosta.

Ef maður verður fyrir því óhappi að skipta við slíkan vitleysing að hann taki engum sönsum eða sinni ekki athugasemdum manns, þá hefur maður náttúrlega ekki nema um eitt að velja og það er að skipta ekki við hann aftur. Sá möguleiki er fyrir hendi þegar maður hefur úr rúmlega 100 sérfræðingum á þessu sviði að velja. Þetta segi ég ekki hvað síst í ljósi orða hv. 10. landsk. þm. Það er nefnilega nokkuð áberandi að jafnvel við þá menn, sem hvað mest er kvartað undan í viðskiptum, og þá á ég við starfsbræður mína, arkitekta, er alltaf skipt aftur og aftur. Og reyni nú einhver að skýra út fyrir mér hvers vegna það er gert. Það skyldi þó aldrei vera að þar gilti nokkuð sem hv. 3. þm. Norðurl. e. kallaði einhvern tíma að nauðsynlegt væri að menn væru eitt og hið sama yst sem innst klæða.

Til upplýsingar fyrir hv. 10. landsk. þm., þá er það reyndar ekki þannig að greiðslur til arkitekta fari beint eftir verklagi hússins sem um er að ræða hverju sinni. En því miður eru greiðslur til arkitekta háðar rúmmálsstærð hússins. Þetta er óheppilegt og hefur lengi verið unnið að því að reyna að breyta því. Mér skilst að þær breytingar nái fram að ganga jafnvel á þessu ári að þóknunargreiðsla til arkitekta verði ekki miðuð við rúmmálsstærð því að stórt rúmmál þýðir reyndar hærri byggingarkostnað. Aftur á móti hefur það þrjál og sá lúxus, sem arkitektar samþykkja eða jafnvel standa fyrir í húsbyggingum, ekki bein áhrif á þóknun til þeirra. En því miður fara oft og tíðum saman með ákveðnum hætti hagsmunir arkitektsins og ímyndaðir hagsmunir sveitarstjórna, sem ætla sér að drýgja hlut

sinn vegna kostnaðarþátttöku ríkisins við upphaf verks við viðkomandi byggingu, upphaflegan stofnkostnað, og taka þá oft og tíðum of stór skref í ákvörðunum og það leiðir endanlega svo e. t. v. til fáránlega dýrra bygginga. En vel að merkja, þetta tel ég þá vera enn eina röksemd fyrir því að títtnefnd stofnun, sem hér er til umr., hafi ekki gegnt sínu hlutverki sem skyldi, því að aldrei hef ég vitað til þess að hún hafi raunverulega gengið þarna á milli og stöðvað menn í bruðli.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af þáltill. sem hér er til umr. Ég verð að játa á mig þá sök að hafa ekki verið í sal þegar 1. flm. flutti framsöguræðu sína fyrir till., en af þeim umr. sem síðan hafa spunnist heyrist mér að hér sé rætt um starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar og þó ekki síður starfsemi svokallaðrar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir sem stundum gengur einnig undir nafninu bremsunefnd. Það er einkum vegna þeirra ummæla sem ég kem í ræðustól, þar sem ég hef um tíma skipað sæti fulltrúa fjvn. í þessari samstarfsnefnd.

Ég held að það sé óráð hið mesta að leggja þessa samstarfsnefnd niður. Hitt skal ég taka undir að það er full ástæða til að endurskoða starfsemi hennar og gera það starf allt skilvirkara og hraðvirkara. Ég held samt að nafnið bremsunefnd, sem þessari ágætu samstarfsnefnd hefur stundum verið gefið, sé af ýmsum toga til orðið og ekki sé ávallt því um að kenna að það sé starfsemi nefndarinnar sem tefur fyrir framkvæmdum, og því að vilja Alþingis sé framfylgt sem auðvitað kemur fram þegar Alþingi veitir fjármagn til ákveðinna framkvæmda. Samstarfsnefndinni er falið það hlutverk að fylgjast með þessum framkvæmdum, sjá um að þær séu unnar á réttan og eðlilegan hátt og jafnframt að reyna að gæta þess að dregið sé úr bruðli og óhófi í opinberum byggingarframkvæmdum eins og hér kom fram áðan.

Ég held að þetta bruðl og þetta óhóf væri oft og tíðum meira ef samstarfsnefndin kæmi þar hvergi nærri. Mér er kunnugt um að samstarfsnefndin hefur iðulega gert aths. við teikningar og hönnun á opinberum byggingum sem á að fara að hefja framkvæmdir við, einmitt í því skyni að reyna að draga úr því bruðli sem fulltrúum í þeirri nefnd hefur virst vera í uppsiglingu. Þetta kann að tefja framkvæmdir eitthvað. En ég álít þó að það sé sjaldnast svo að ef framkvæmdir fara ekki af stað sé það fyrir tilstuðlan samstarfsnefndarinnar, heldur sé þar eitthvað annað sem spilar inn í.

Ég vil máli mínu til sönnunar nefna tvö dæmi frá síðasta ári þar sem samstarfsnefndin hafði fjallað um ákveðin verkefni sem átti skv. fjárlögum að hefja framkvæmdir við. Það var annars vegar fiskvinnsluskólinn og hins vegar svokölluð K-bygging. Samstarfsnefndin hafði fjallað um bæði þessi verkefni og fyrir sitt leyti samþykkt að þær framkvæmdir yrðu hafnar eins og fjárveitingar gerðu ráð fyrir og reynt yrði að spila úr því fjármagni í samræmi við fjárlög. En vegna ráðstafana sem gerðar voru í ríkisfjármálum á síðasta ári og vegna aðgerða ríkisstj. til að reyna að draga úr þenslu í þjóðfélaginu var báðum þessum framkvæmdum frestað. Það var alls ekki fyrir tilstuðlan samstarfsnefndarinnar og hafi hún hlotið heitið bremsunefnd m. a. þess vegna er það ekki réttnefni.

Ég hygg að fleiri dæmi gætu verið í þessum dúr. Það sem mér sýnist að mundi leiða af því að leggja niður framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins og hlutverk samstarfsnefndarinnar væri að við fengjum nýjar framkvæmdadeildir í öll rn. Einhvers staðar hlýtur eftirlit með byggingarframkvæmdum hins opinbera að verða að vera áfram þó að þessar stofnanir yrðu lagðar niður. Einhvers staðar hlýtur hið opinbera að þurfa að fylgjast með. Við höfum reyndar eina slíka byggingardeild í menntmrn. Ég álít að slíkar byggingardeildir mundu koma upp í öllum ráðuneytum í kjölfar þess að þessi starfsemi yrði lögð niður.

Ég skal hins vegar ekki draga úr því að ekki sé fullkomin ástæða til að endurskoða starfsemi annars vegar framkvæmdadeildarinnar og hins vegar samstarfsnefndarinnar, ef við getum kallað hana stofnun sem er kannske ekki réttnefni, og reyna að gera hana skilvirkari. Við höfum oft heyrt þetta og vitum að það er nokkuð til í því að skilamat fari seint og illa fram varðandi einstakar opinberar byggingar. Þó held ég að sé ofmælt að segja að það fari aldrei fram. En vissulega þyrfti það að gerast jafnóðum og verkefnum er lokið hverju og einu. Ég vil þá líka upplýsa, ef hv. þm. ekki vita það, að nú er í gangi endurskoðun á starfsemi Innkaupastofnunarinnar og ég hygg að því nefndarstarfi sé nú um það bil að ljúka. Ég er viss um að þar er ýmislegt lagt til sem til bóta má horfa. Og ég vænti þess að Innkaupastofnunin muni geta gegnt sínu hlutverki enn betur eftir þá endurskoðun og þá endurskipulagningu en hún hefur getað gert hingað til.

Það var aðeins þetta sem ég vildi láta koma fram, herra forseti, þar sem ég hef að undanförnu kynnst nokkuð starfsemi samstarfsnefndarinnar. Ég vil vara við því að sú starfsemi sé lögð niður. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt vegna þess að einhvers staðar þurfi þetta eftirlit að vera og það sé betur komið á einum stað, á einni hendi og við skulum þá segja í einni nefnd en í stofnunum og nefndum í hverju einstöku ráðuneyti.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá leyfi til að gera hér örstutta athugasemd, en það eru tvö atriði eða þrjú sem mér finnst ekki mega láta fara í gegn án þess að athugasemd sé gerð við þau. Ég vil upplýsa síðasta ræðumann, hv. 6. þm. Norðurl. e., um það að sú nefnd sem hann var að enda við að lýsa, þ. e. samstarfsnefndin eða bremsunefndin, er ekki betur hlutverki sínu vaxin en það að hún var búin að samþykkja framkvæmd K-deildarinnar enda þótt undirbúningur þeirrar byggingar væri með öllu óhæfur af hendi húsameistara ríkisins. Það varð að taka upp hönnun hússins á síðustu stundu, þar sem alls ekki var gert ráð fyrir þeim tæknilegu þörfum sem sú starfsemi sem þar átti að fara fram gerði ráð fyrir. Það var nánast fyrir slysni að danskt sérfræðingafyrirtæki, sem fengið var til ráðgjafar, gat bent framkvæmdaaðilum á þetta á síðustu stundu og haft um leið gífurleg áhrif á framkvæmdaröðun og þar með tilkostnað hins opinbera í þessari byggingu. (**GB:** Hvað á ræðumaður við með á síðustu stundu? Í haust eða vetur?) Ég á við fyrir rúmu ári. (**GB:** Það er áður en samstarfsnefndin gaf grænt ljós á framkvæmdir.)

Framkvæmdadeildir í hverju rn. eru auðvitað það sem ég var að tala um. Þar með getur maður dregið hvert rn. til ábyrgðar fyrir sínar framkvæmdir, en stendur ekki frammi fyrir slíku vatnshöfði sem núverandi

framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er, þar sem einn bendir á annan, Einbjörn á Tvíbjörn o. s. frv. Síðan mundi ég gjarnan vilja, ef hv. 6. þm. Norðurl. e. á þess kost, að hann sýndi mér svo sem eitt skilamat frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. flm. sagði í fyrri ræðu sinni. Mér skildist á hans máli að hann teldi að sveitarstjórnir mundu í sumum tilvikum ekki vera því mótfallnar að þessi kostnaður vegna hlutdeildar ríkisins væri hár.

Það tilvik sem mér er minnisstæðast í sambandi við þessi mál var fyrst og fremst vanrækslusynd af þeirra hálfu, þ. e. að þeir athuguðu ekki þá teikningu af skólastjóraíbúð sem um var að ræða og það leiddi svo til þess að húsið varð að allra mati helmingi dýrara en það hefði þurft að vera. Ég hygg að það sé algengt að í sveitarstjórnum eða skólanefndum séu ekki menn sem hafi neina sérstaka þekkingu á þessum málum og það geti valdið þar einhverju um að frá þeirra hendi sé ekki nægilegt eftirlit með slíkum byggingum.

Svo er nú fyrirkomulagið þannig á þessu t. d. í sambandi við skólana að þó að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar sé með þessi mál að einhverju leyti, þá er menntmrn. líka með sína sérdeild. Og samt sem áður — og kannske vegna þess — koma þarna fyrir ýmis óhöpp og ekki gengið frá þessum málum eins og eðlilegt mætti teljast.

Ég sný ekki aftur með það að það verði að stokka þetta upp og aðilar frá ríkinu, hverjir sem það eiga að vera, séu fyrst og fremst til þess að hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákveðnum reglum en hafi ekki vald til að tefja framkvæmdir ef á annað borð er fjármagn fyrir hendi. Ég gæti sagt ykkur ýmislegt frá minni reynslu á þeim tíma sem ég hef setið á Alþingi — að það hefur verið reynt að tefja slíkar framkvæmdir hvað eftir annað og hefur orðið að beita hörðu til að fá að hefjast handa þó að allt liggi fyrir, teikningar og fjármagn. Slíkt má bara ekki koma fyrir. Það er óþolandi fyrir þm. að búa undir slíku skipulagi. Þarna þarf að verða breyting á.

Hins vegar er það alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að það verður að vera eftirlit með þessum byggingum. En ekki á þann veg sem nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill. 25. mál (þskj. 25). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir 25. máli Sþ. á þskj. 25 sem fjallar um að lögð verði niður starfsemi tækni- og þjónustudeildar Húsnæðisstofnunar. Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 69. gr., segir sem svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðarteikninga.

Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

Tækniskor: 1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í Mát-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla."

Um þetta atriði er eftirfarandi að segja:

Að endurmeta að staðaldri skilyrði fyrir lánshæfni íbúða. Það atriði sem gengur út frá því að hægt sé að ákveða nákvæmlega hvaða stærð húsnæði við vissa fjölskyldustærð eigi að hafa. Þetta atriði er tiltölulega einfalt í framkvæmd og engin ástæða til þess að halda úti heilli stofnun til þessa endurmats. Við vitum einfaldlega að viss fjölskyldustærð þarf á ákveðnum herbergjafjölda að halda og er þegar fyrir hendi ákveðin viðmiðun sem notuð hefur verið um nokkurra ára skeið og kallast staðalíbúð. Að framreikna ellegar bakreikna verðgildi hennar og nota hana sem viðmiðun er minna verkefni en að það þurfi til þess heila tæknideild.

Deildin hefur lítið sinnt þeim verkefnum sem annars eru nefnd hér í greininni, þ. e. gera grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum, enda er það út í hött vegna þess að við höfum lög sem ákveða hvaða gæði eigi að vera á húsnæði, bæði hvað stærð og tæknileg atriði snertir.

Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í Mát-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla. Þessu atriði hefur aldrei verið hægt að framfylgja.

Tæknideildin á að gera tillögu um staðalíbúðir. Það hefur hún þegar gert og þar með lokið hlutverki sínu. Hún á að áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Þetta hefur þegar verið gert, eins og ég segi, og er mjög einföld handavinna að framreikna það til viðmiðunar, enda álít ég að viðmiðun staðalíbúðarinnar sé ekki nema einn þáttur í þeim viðmiðunum sem nota þarf. Ég álít miklu eðlilegra að horft sé til þeirrar getu sem húsbyggjandinn hefur til að byggja yfir sig með einum eða öðrum hætti og honum sé ekki lánað fé til fjárfestinga nema að sýnt sé að hann hafi einhverja getu eða möguleika til að greiða það fé aftur. Ella verður að sjá fyrir því að honum gefist kostur á einhvers konar öðruvísi fullnægingu sinnar húsnæðisþarfar, t. d. í leiguhúsnæði eða öðru slíku.

Þá er þessari stofnun ætlað að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum. Þar er hún komin inn á verksvið annarrar frægrar stofnunar. Og hún á að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni. Þetta er ráðgjöf sem Húsnæðisstofnun gæti þess vegna fengið víðs vegar að, t. d. frá þeim aðilum sem hugsanlega mundu þjóna félmrn. Þá stendur í lögunum:

„Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviðum byggingarmála, svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis."

Þessi þjónusta er þegar fyrir hendi og rekin af fyrirtæki sem heitir Byggingarþjónustan. Húsnæðisstofnun er núna orðin aðili að þessu fyrirtæki og þar með enn ein stoðin farin undan rekstri tæknideildarinnar.

Því næst kemur það sem meira máli skiptir, a. m. k. í mínum augum. Það er að þessari stofnun er ætlað að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar

og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni.

Tæknideildin hefur lítið sinnt þessu verkefni og ég veit að hönnunaraðilar hafa hvað eftir annað gengið á vit forstöðumanns þessarar stofnunar og boðið honum teikningar til sölu af hentugu og handhægu húsnæði, bæði í fjölbýli og einbýli, og þeim tilboðum hefur ekki verið sinnt. Stofnunin hefur mjög takmarkaðan áhuga á að sinna þessum verkefnum, jafnvel með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í lögunum, þ. e. að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum eða byggingarhlutum, þ. e. bjóða til sín aðilum sem standa að hönnun húsnæðis og reyna að fá frá þeim húsnæði sem bæði er hentugt og vænlegt til þess að vera ódýrt í byggingu.

Tæknideildin hefur sinnt því verkefni að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga. Sú þjónusta er seld af mjög mörgum. Þeim aðilum sem hér eru nefndir, sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, er engin vorkunn að kaupa þá þjónustu og hafa hana þá við hendina.

„Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar." Þessu hlutverki hefur stofnunin ekki sinnt. Því er sinnt í Byggingarþjónustunni að nokkru leyti þó að betur mætti vera.

„Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar."

Þetta eru orð sem gætu gefið tilefni til ansi mikillar umr. Ég ætla samt að nefna aðeins eitt atriði til gagnrýni. Þessi stofnun selur teikningar sínar langt undir því sem aðrir þjónustuaðilar á þessu sviði geta keppt við. Þeir segja samt sem áður að þetta söluverð standi undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar. Í því ljósi ber að hafa í huga að þessi stofnun leyfir sér það, sem enginn þjónustuaðili á frjálsum markaði gæti leyft sér, að færa allar teikningar sem þeir teikna sér til eignar. Höfuðstóll þeirra í bókhaldi stækkar því jafnt og þétt eftir því sem meira er teiknað. Það þýðir að fyrirtækið sýnir — hvað eigum við að segja — afkomu og hagnað sem einkaaðilar aldrei gætu sýnt nema þeim væri heimilt að gera hið sama. Bókhaldslega er engum það heimilt nema þessari stofnun.

„Félmrn. setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar."

Skv. nýjustu þróun mála um verðlagningu eru þessi lög orðin ólög því að verðlagning á þessari þjónustu á að vera frjáls og ekki heimilt að hafa gjaldskrá. A. m. k. er það sú tilkynning sem þau félög sem standa að þjónustu á þessu sviði, þ. e. Arkitektafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands, hafa fengið frá hæstv. rn. fjármála.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég ætla að blanda mér í umr. um niðurlagningarstarfsemi hv. þm. Stefáns Benediktssonar. Þetta er mikill iðnaður sem hann stendur hér fyrir. Það má kannske kalla hann „niðurlagmetisiðnað" eða eitthvað í þeim dúr. Hann er að leggja hér niður hvert fyrirtækið á fætur öðru og eitt slíkt er nú til umr. þó reyndar sé þar um deild innan stærri stofnunar að ræða, þar sem er tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hv. þm. fór yfir ákvæði í lögum um tæknideild nokkrun veginn lið fyrir lið og stóð naumast steinn yfir steini þegar þeirri yfirferð var lokið. Ýmist gat sú starfsemi, sem þar er kveðið á um, farið fram annars staðar, að mati flm., eða þá að hann gagnrýndi tæknideildina fyrir að starfa ekki skv. lögunum og sinna ekki þeim hlutverkum sem það ætti að rækja skv. lögunum. Hún var sem sagt sek um hvort tveggja, að vera að vasast í hlutum sem hún ætti ekkert að vera að vasast í og aðrir gætu gert og einnig sek um að sinna ekki hlutverki sínu og starfa ekki á öllum þeim sviðum sem lög mæla fyrir um. Þá er orðið vandlifað í veröld þessari þegar menn eru þannig gagnsekir í bak og fyrir.

Ég vil segja það um tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og þau kynni sem ég hef haft af þeirri stofnun og þeirri starfsemi sem þar fer fram, að þar er ýmis þjónusta innt af hendi sem ég hef ekki trú á að yrði gerð með mikið hönduglegri hætti annars staðar og sé enga ástæðu til þess að það opinbera megi ekki inna af höndum rétt eins og hver annar. Reyndar var það svo, að þegar þessi þjónusta var í upphafi byggð upp var henni komið á fót til að uppfylla ákveðið tómarúm á þessu sviði sem ég vænti jafnvel að hv. flm. sé mér sammála um að var fyrir hendi á þeim tíma. Þá áttu sveitarstjórnir og aðrir þeir aðilar sem mikið sækja þjónustu til stofnunarinnar naumast í annað hús að venda. Þá var ekki um að ræða aðra sem gátu á einum stað og í einni stofnun, í einu lagi innt af hendi alla þá þjónustu sem tæknideildin tók að sér og hefur innt af hendi síðan.

Ég hef fyrir því, herra forseti, ummæli margra grandvarra sveitarstjórnarmanna og sveitarstjóra, sem skipti hafa átt við þessa stofnun, að þau samskipti séu sveitarstjórnum úti á landsbyggðinni hagstæð og kemur þar margt til. Það liggur í eðli máls að opinber stofnun sem tæknideild getur staðið að sinni þjónustu við landsbyggðina með öðrum hætti og rækt þau tengsl með öðrum hætti en einkafyrirtækjum, kannske misjafnlega öflugum, er kleift að gera. Þá er auðvitað að taka því og fagna því ef einhverjir njóta þar góðs af.

Ég skil ekki heldur alveg andúð þá sem mér finnst birtast í máli flm. á þessari stofnun. Ég hef reyndar rekist á að starfsbræður hv. flm., þ. e. þeir sem voru áður hans starfsbræður, menn úr arkitektastétt, en þaðan mun hann hafa komið hingað inn á hið háa Alþingi, eru margir sama sinnis og eru heldur fúlir út í tæknideild Húsnæðisstofnunar. Einmitt það hvað mörgum arkitektum er illa við hana hef ég oft leyft mér að taka sem ákveðna sönnun þess að þetta væri þörf stofnun og gott væri að hafa hana í þjóðfélaginu. Hún hefur, eins og hér kom fram, boðið upp á ódýra þjónustu og boðið teikningar á verði sem hefur hugsanlega verkað sem ákveðin samkeppni á þessum markaði. Ég held að sú samkeppni hafi í alla staði verið heiðarleg. Ég tek ekki undir nein ummæli um annað og bið þá hv. flm. að færa að því rök að bókhald Húsnæðisstofnunar ríkisins hvað varðar uppgjör á rekstri tæknideildar sé ekki fyllilega réttmætt, þ. e. að það sé ekki rétt, sem kemur fram í ársreikningum þeirrar stofnunar undanfarin ár, að rekstur tæknideildarinnar, og þar á ég við rekstur, ekki eiginfjárframreikninga, að tekjur hafi hreinlega staðið undir rekstrargjöldum deildarinnar. Ég

hef farið yfir reikningana, þó að ég hafi þá ekki undir höndum núna, og leyfi mér að fullyrða að svo sé.

Ég tel auk þess fráleitt, ég verð að segja það sem mína skoðun, að leggja til að stofnun eins og Húsnæðisstofnun ríkisins, sem veltir jafngífurlegum fjármunum handa á milli til húsnæðismála og sú stofnun gerir, væntanlega hátt í 3 milljarða kr. á núlíðandi ári, hafi ekki innan sinna vébanda tæknilega menntað starfslið og tækniþjónustu innanhúss. Tal um að kaupa þá þjónustu út um hvippinn og hvappinn, af einhverjum aðilum úti í bæ, er að mínu mati skot út í loftið. Húsnæðisstofnun á og þarf að hafa tæknimenntað fólk, sem hún getur leitað til daglega, innan sinna vébanda og það þarf helst að vera á sömu hæð í þeirri stofnun, eins og nú er. Það er mín bjargföst sannfæring.

Það spillir svo ekki fyrir ef hægt er að koma því svo snoturlega fyrir að sú starfsemi standi undir sér vegna annarra verkefna og tel ég þá að allir mættu vera sæmilega ánægðir ef tekst að sameina þetta tvennt í einu lagi.

Ég hygg að það mundu berast, og kannske berast, hávær mótmæli við því víða af landsbyggðinni ef leggja á tæknideild Húsnæðisstofnunar niður. Það er mín tilfinning. Því hlutverki sem tæknideild hefur leikið í uppbyggingu t. a. m. verkamannabústaðakerfisins og þeim störfum sem hún þar innir af hendi í sambandi við kostnaðarmat og eftirlit með því kerfi yrði að mínu mati ekki betur fyrir komið á annan hátt en verið hefur.

Það má vel vera að tæknideild hafi ekki sinnt öllum þeim verkefnum, sem henni er ætlað að sinna lögum samkvæmt, sem skyldi. Reyndar veit ég að minna hefur orðið úr því að tæknideild stæði fyrir samkeppni meðal arkitekta um teikningar og annarra tæknimanna sem fást við hönnun íbúðarhúsnæðis. En á móti kemur að þeirri starfsemi hefur verið sinnt af hálfu annarra aðila. Ég vænti þá að flm. geti verið ánægður með það að Húsnæðisstofnun eða tæknideild sé þá ekki að vasast í því.

Hann svaraði því sjálfur hvernig þjónustustarfsemi við húsbyggjendur er fyrir komið, þ. e. í fyrirtæki því sem Byggingarþjónustan nefnist og rekið er í nánu samstarfi við margnefnda tæknideild. Ég get ekki fallist á það, að með því að koma sér í eitt skipti fyrir öll niður á einhverja staðalíbúð og reikna hana út sé um aldur og ævi búið að inna það hlutverk af hendi. Ég held að hér sé um síbreytilegt viðfangsefni að ræða sem tæknideild eða einhver annar slíkur aðili þurfi sífellt að hafa til endurskoðunar.

Auk þess fjallaði hv. flm., 8. þm. Reykv., um tæknideildina sem heila stofnun og mátti eiginlega skilja hann svo að hann sæi fyrir sér heilt steinsteypuferlíki á borð við Framkvæmdastofnun. Þeir sem kunnugir eru málum vita að hér er um að ræða einn gang á einni hæð í miklu stærra húsi, sem hýsir m. a. Landsbankann og Lánasjóð ísl. námsmanna auk Húsnæðisstofnunar. Naumast er því rétt að gefa þá ímynd af þessari starfsemi að þar sé um heila stofnun að ræða. Þetta er deild í Húsnæðisstofnun sem notar sama skiptiborð, sömu símaþjónustu, sömu kaffistofu og þannig mætti áfram telja. Þannig er þetta sannanlega, herra forseti, deild en ekki stofnun.

Ég vil að síðustu taka það fram að ég er ekki endilega að segja að sú tilhögun í húsnæðismálum sem felst í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins og þar með tæknideild sé hin eina og rétta og skuli vera svo um alla framtíð. En ég held að á meðan Húsnæðisstofnun er ætlað að inna af hendi það gífurlega mikla hlutverk sem henni er nú falið með lögum og veltir handa á milli þeim gífurlegu fjármunum sem raun ber vitni — eða sem hún í öllu falli ætti og þyrfti að velta miðað við þörfina — þá sé ekki annað raunhæft en að gera ráð fyrir því að hún hafi innan sinna vébanda einhverja tæknideild. Um umfang þeirrar starfsemi og að hve miklu leyti starfsmenn þeirrar tæknideildar eiga t. a. m. að vera í almennri teikningavinnu fyrir íbúðarhúsnæði er ég tilbúinn að ræða við flm. hvenær sem er. En að leggja tæknideildina niður og stroka út alla þá starfsemi sem þar fer fram tel ég einfaldlega ekki ganga upp. Ég er sannfærður um að daginn eftir að slík breyting yrði væri Húsnæðisstofnun eða einhverjir þá fyrir hennar hönd komnir á stúfana að leita sér að tæknimenntuðu starfsliði til að ráða þá við þá Húsnæðisstofnun sem eftir sæti án tæknideildar. Það væri lítið unnið við það.

Hitt held ég að sé miklu nær að menn taki sig saman og endurskoði lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins og þar með það hlutverk sem menn ætla tæknideildinni, þau umsvif sem menn ætla henni og afmarki hana nánar og þá nýtt og breytt starfssvið frá því sem verið hefur í gildandi lögum. En ég er tiltölulega sáttur við þá starfsemi sem þar hefur verið og eins og hefur verið að henni staðið og tel að á meðan deildin stendur undir sínum rekstri, getur auk þess innt af höndum þýðingarmikið hlutverk í sambandi við ráðgjöf til Húsnæðisstofnunar og húsnæðisstjórnar, séu engar forsendur til þess að leggja hana niður.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er ekki annað að gera en að halda uppi samræðum. Við skiptumst á um það þeir sjö þm. sem eru í salnum.

En varðandi það sem hv. síðasti ræðumaður sagði langar mig að gera tvær aths., án þess að ég vilji þar með láta í ljós skoðun mína á því til eða frá hvort ég vil leggja niður tæknideild Húsnæðisstofnunar. Hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á að tæknideildin þjónustaði stjórn verkamannabústaða við byggingu þeirra.

Það hefur komið í ljós upp á síðkastið að verkamannabústaðir eru orðnir mun dýrari byggingar en t. d. íbúðir þær sem Byggung hefur látið byggja. Öllum er ljóst að hugmyndin að baki byggingu verkamannabústaða var sú að gefa tekjulágu fólki kost á viðráðanlegu húsnæði. Það mætti spyrja hvort tæknideildin hafi þarna sinnt því verkefni, t. d. að sjá um að halda niðri byggingarkostnaði í þessa veru í samræmi við það.

Annað hlutverk hygg ég að Húsnæðisstofnun hafi að parti á sínum snærum, þ. e. að annast mat á endursöluíbúðum innan verkamannabústaðakerfisins. Ég held að ég ýki ekki þó að ég leyfi mér að halda því fram að oftlega dregst mjög á langinn að íbúðir séu metnar eftir að úr þeim hefur verið flutt. Þetta tefur á allan hátt fyrir því að fólk fái íbúðir og hefur auðvitað kostnað í för með sér fyrir alla aðila. Mér þætti fróðlegt að heyra, vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. er stjórnarmaður Húsnæðisstofnunar, hvort ekki sé ástæða til að ýta eitthvað við þessari starfsemi a. m. k. Ég held að til þess sé nokkur ástæða. Ég er ekki viss um að þessum tveimur þáttum starfseminnar sé sinnt sem skyldi.

En vegna þeirra mála sem hér hafa verið á dagskrá eitt af öðru er nú svo komið að manni sýnist að það leiði af sjálfu sér að velflestar opinberar stofnanir verði lagðar niður innan tíðar. Það er svo komið að menn fá ekki greidd laun sem eru á nokkurn máta lífvænleg. Það er því kannske til mikils ætlast að starfsmenn þessara stofnana vinni störf sín af lífi og sál ef þeir þurfa að eyða hálfum vinnudeginum í að eltast við bankastjóra til þess að eiga fyrir matarreikningnum. Mér sýnist því að núv. ríkisstj. leysi till. hv. flm. sjálf, þessar stofnanir lognist allar út af hvort sem er eins og þessi þingfundur virðist vera á góðum vegi með að gera.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hugsa að hv. 10. landsk. þm. gæti reynst að ýmsu leyti nokkuð sannspár um að stofnanir þessar, sem aðrar á vegum ríkisins, gætu hæglega lagst niður vegna þeirrar launastefnu sem ríkisstj. rekur og væri þá betur. Þar er reyndar snert á einu mjög veigamiklu atriði. Það er að rekstur ríkisins á þjónustu í samkeppni við einkaaðila hefur reyndar, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi, veitt samkeppni. Hann hefur hugsanlega áhrif á verðlag þessarar þjónustu, en hann heldur líka niðri launum þess fólks sem á þessu þjónustusviði starfar á vegum ríkisins. Það er mjög áberandi. Það þarf ekki annað en að bera saman þau laun sem sérfræðingar í sambærilegum störfum á hinum frjálsa markaði, sem kallað er, og í þjónustu hins opinbera hafa, hvaða launamunur er þar á milli. Bera má saman annars vegar þjónustuaðila sem ekki standa í beinni samkeppni við ríkið og svo hins vegar þjónustuaðila sem standa í samkeppni við ríkið. Það er staðreynd að þjónustufyrirtæki rekin á vegum ríkisins hafa haldið niðri verði þessarar þjónustu með þeim hætti að halda niðri launum starfsmanna sinna. Þegar hæstv. fjmrh. krefst enn meiri sparnaðar af þessum fyrirtækjum gera þau það, eins og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar, einfaldlega með því að hækka þjónustugjöld sín við fyrirtæki ríkisins um 50% og sýna þar með betri útkomu að ári liðnu.

Síst átti ég von á því að hv. 4. þm. Norðurl. e. færi að gagnrýna mig fyrir stéttabaráttu. Ég hélt að hann mundi hrósa mér fyrir hana. En komst svo að því alveg óvart, sem hafði dottið úr höfði mínu, að allar erum við syndugar, systur. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að ég væri að ræða við varðhund valdsins, stjórnarmann Húsnæðisstofnunar og þar af leiðandi sjálfskipaðan verjanda í þessu máli. Og honum er hér með fyrirgefið.

Ég býst við að hann hafi skoðað bókhald Húsnæðisstofnunar, en ég býst við að hann viti það líka eins vel og ég að það að halda sundurgreindum kostnaði við rekstur fyrirtækis á sama gangi er erfiðara en svo að menn leggi sig í framkróka um smáatriði. Þar af leiðandi held ég að það sé aldrei hægt að bera saman bókhald tæknideildarinnar og bókhald einkaaðila.

Að öðru leyti þakka ég þá umr. sem hér hefur farið fram um þetta mál. Mér er það nokkuð hugleikið að ríkið losi sig við starfsemi þeirra stofnana á þess vegum sem sýnt og sannað er að sinna sínu hlutverki ekkert betur en aðrir geta gert. Sérstaklega þegar sýnt og sannað er að þær hreint og beint framkvæma ekki þau lög sem þeim er falið að framkvæma. Framkvæmdavald sem ekki stendur í stykkinu á ekki að vera til.

Ég held að ekki sé hægt að halda því fram að tæknideildin hafi staðið í einhvers konar heiðarlegri samkeppni. Ég er ekki að væna hana um óheiðarleika og allra síst þá menn sem þar starfa. Þar höfum við reyndar aftur sama dæmið fyrir augunum og hjá húsameistara, að þar sitja menn sem þiggja lág laun fyrir sín störf af því að þeir hafa aðstöðu til þess á kvöldin að teikna hús fyrir Pétur og Pál. **(GHelg:** Á kvöldin?) Ég fullyrði ekki meira. Eftir fjögur. Þeir þola þannig léleg kjör og eru örugglega þar af leiðandi ekki harðir í samningum við hið opinbera eins og annars væri.

Sveitarstjórnir eru mjög stjórnþægar yfirleitt. Þær eru valdþægar. Það er mjög sjaldgæft að sveitarstjórnir leiti almennt til margra aðila um hönnun t. d. verkamannabústaða í sínu umdæmi. Það er afar sjaldgæft, en ég veit það sjálfur af eigin reynslu að þá sjaldan það gerist koma þær út með miklu ódýrari byggingar en þær fá í gegnum þjónustu tæknideildar Húsnæðisstofnunar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Flm. sagði áðan að hans stefna væri sú að leggja niður þær ríkisstofnanir sem sýnt og sannað væri að veittu ekki a. m. k. betri þjónustu en einkaaðilar gætu innt af hendi. Ég held það verði ákaflega erfitt fyrir hv. þm. að sannfæra aðra sem hafa reynslu í þessum málum. **(StB:** Hef ég hana ekki?) Ég sagði aðra. Það hafa fleiri reynslu. Það væri erfitt að sannfæra þá um að það sé sýnt og sannað að þessi þjónusta sé á þann veg að það réttlæti það að leggja hana niður. Það eru sjálfsagt ýmsir hér sem hafa staðið í miklum byggingarframkvæmdum á löngu tímabili. Ég verð að segja að reynslan af tæknideildinni er á þann veg, a. m. k. hef ég þá reynslu, að ég mundi ekki vilja leita annað í mörgum atriðum. Hitt skal ég viðurkenna að bestu teikningar sem ég hef fengið koma frá tæknifræðingum. Það eru langbestu teikningarnar og það eru þeir sem halda niðri kostnaðinum fyrst og fremst.

Ef ég ætti að fara að byggja í dag mundi ég fyrst athuga hvað þeir hafa á boðstólum hjá húsnæðismálastjórn, og ég mundi, af minni reynslu, skipta við þá. Þá mundi ég fá ýmsar leiðbeiningar vegna þess að ég veit að þeir hafa mikla reynslu í þessum efnum og gott er til þeirra að leita. Hins vegar er ég ekki viss um að ég mundi nota teikningu frá þeim. Ég er ekki viss um það. En ég mundi þá fara til tæknifræðings og reyna að fá hann til að teikna.

Ég held að það verði mjög erfitt fyrir hv. þm. að sanna það fyrir okkur að sú reynsla sem þarna er fengin réttlæti að leggja til að leggja tæknideildina niður. Ég held reyndar að þessar tólf till. sem hv. þm. hefur lagt fram í röð séu ekki grundaðar nægilega vel, enda er grg. við flestum ein setning. Það er ekki hægt að rökstyðja mikið, þegar menn eru að flytja till., þegar tillgr. er ein setning og grg. önnur. Það þarf meira til.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það hefur verið látið að því liggja hér að ég gegni ákveðnu hlutverki í þessari umr., gegni hér varðstöðu fyrir valdið, sé eins og varðhundur valdsins og sé nú að reyna að glefsa í hv. flm. af því að hann sé að voga sér að ráðast til atlögu við valdakerfi þjóðfélagsins, eins og hann sjálfur kallar það. Ég hafði ekki sett þetta mál í svo stórkostlegt samhengi og sá reyndar ekki að sú tilviljun að ég er reyndar, ekki stjórnarmaður heldur varamaður, í stjórn Húsnæðisstofnunar skipti hér öllu máli, að öðru leyti en þá því að ég hefði eitthvað betri

þekkingu fyrir vikið á því máli sem hér er til umfjöllunar. En það er kannske svo að mér renni blóðið til skyldunnar af því að ég hef komið þarna inn fyrir dyr og kannast við nokkur andlit sem þarna vinna.

Ég er að sjálfsögðu ekki réttur maður til að dæma um hvort þar með sé ég nánast úr leik í þessari umr., en ég ætla engu að síður að leyfa mér að koma hér upp aftur vegna ummæla sem féllu frá því að ég stóð hér síðast, herra forseti.

Í fyrsta lagi var það hv. 10. landsk. þm. sem vék að þjónustu tæknideildar við verkamannabústaðakerfið. Nú verð ég að hryggja hv. þm. með því, þó ég þakki honum fyrir þá tiltrú sem hann hefur á þekkingu minni, að ég er ekki nógu kunnugur því hvernig er háttað mati á endursöluíbúðum innan verkamannabústaðakerfisins og ég get því ekki skorið úr um hvort sá seinagangur, sem ugglaust er á því og þar mun rétt með farið hjá hv. þm., er tæknideildinni eða einhverjum öðrum að kenna. Um hitt veit ég, að tæknideild verður naumast sökuð um að íbúðir í verkamannabústöðum séu dýrar í verði því að þar er ekki við hana að sakast. Hún er ekki framkvæmdaaðili í því máli. Hún undirbýr útboðsgögn og leggur gjarnan til teikningar. En ég leyfi mér að fullyrða að það sem að henni snýr gefi fullt tilefni til þess að íbúðir í verkamannabústöðum séu ódýrar og það sem til hennar heyrir valdi í engu því að íbúðir í verkamannabústöðum séu dýrar. Hitt vil ég biðja hv. þm. að athuga, að ég hef hvergi séð fyllilega sambærilegar og marktækar upplýsingar um það hver raunverulegur verðmunur er. Ég hef að sönnu lesið dagblöð og séð þar uppsláttarfréttir um að íbúðir í verkamannabústöðum séu svo og svo miklu dýrari en einhver óskilgreind tala sem fengin er að láni án nánari rökstuðnings utan úr bæ. Ég vil a. m. k. fá að sjá það svart á hvítu, vel rökstutt, að á raunverulegu og sambærilegu verði, að öllum forsendum teknum til greina, sé svo mikill munur eins og menn hafa stundum viljað vera láta. Ég veit að vísu að framkvæmdaaðilum í þessu máli, þ. e. stjórnum verkamannabústaða á hinum mismunandi stöðum, hafa verið mislagðar hendur um að ná góðum kjörum og fá ódýrar íbúðir. Þar er mikill munur innan kerfisins. Menn standa sig misjafnlega vel þar eins og annars staðar. En ég endurtek að ég held að tæknideild Húsnæðisstofnunar eigi þar minnstan hlut að máli og ítreka það, sem ég hef áður sagt, að þær upplýsingar sem ég hef, þau viðtöl sem ég hef átt við þjónustuaðilana og þá sem þjónustu tæknideildar njóta, eru flest á þann veg að þeir telja sér þau viðskipti öll mjög hagstæð.

Það er mjög slæmt ef ég hef gagnrýnt hv. flm. ómaklega fyrir vasklega stéttabaráttu og ekki ætla ég að lá honum það þó hann vilji berjast fyrir kjörum þeirrar stéttar sem hann er þarna að fjalla um, þ. e. arkitektastéttarinnar. En það er nú illa komið, — og er slæmt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér til að taka þátt í umr., og værum við þá átta, — ef það er virkilega orðin vænlegasta leiðin í kjarabaráttu fyrir hverja stétt að útrýma öllum mönnum í stéttinni sem vinna hjá því opinbera þannig að hinn óhagstæði samanburður við láglaunafólkið sem vinnur hjá ríkinu sé ekki fyrir hendi. En ég verð að benda á að í sama mund og hv. þm. væri að vinna sinni stétt vel með því að koma í veg fyrir að nokkur arkitekt ynni á sultarlaununum hjá hinu opinbera gæti hann einmitt verið að hækka verð á þjónustu við húsbyggjendur. Þarna verðum við að finna einhvern meðalveg, þannig að arkitektar fái sæmileg laun, geti verið fullsæmdir af því að lifa á þeim, en þeir sem standa í húsbyggingum eigi kost á ódýrri þjónustu. Ég vil leyfa mér að fullyrða að tilvera tæknideildar og þeirrar þjónustu sem það hefur komið hafi stuðlað að hinu síðarnefnda, þ. e. að menn hafi átt þarna val og komist í ódýrar teikningar og getað notið ódýrrar þjónustu einmitt vegna tilvistar þessarar stofnunar.

Annars gefur öll þessi umr., herra forseti, af því að við höfum nógan tíma, tilefni til að hugleiða svolítið þær umræður um sölu eða niðurlagningu ríkisfyrirtækja sem tröllríða nú húsum, bæði hér á hv. Alþingi og annars staðar. Það er eiginlega komið svo að þetta einstaklingshyggjukjaftæði — fyrirgefið orðbragðið — veldur því að það þorir varla nokkur sála að halda uppi vörnum fyrir það sem vel er gert hjá hinu opinbera. Menn eru orðnir svo niðurbeygðir og kengbognir undan því að það er ráðist á allt sem hið opinbera hefur með höndum — ýmist á að leggja það niður eða selja það og því er fundið flest til foráttu — að það má yfirleitt ekki orðið taka upp hanskann fyrir nokkurn hlut sem opinberir aðilar, ríki eða sveitarfélög standa fyrir, það skal allt vera af hinu illa. Ég er ekki í þessum hópi, herra forseti, og ég skal hvar og hvenær sem er taka upp hanskann fyrir það sem vel er gert hjá hinu opinbera. Það er sem betur fer ýmislegt sem þar er vel rekið og þar er innt af hendi mikilvæg þjónusta sem ég held að þýði ekki að ræða um að fela öðrum í hendur. Eðli margrar starfsemi er slíkt að það fer best á því að hún sé í höndunum á opinberum aðilum og undir almannastjórn. Hvað sem allri einstaklingshyggju og einstaklingsfrelsi líður höfum við samið um það í okkar þjóðfélagi að beita félagslegum ráðstöfunum í ýmsum málum og málaflokkum og láta samtök almennings í þessu landi, hvort sem það eru sveitarfélög eða löggjafarvald og ríkisstj., annast ýmis verk. Auðvitað verða þeir aðilar þá að hafa starfsfólk og tæki í sínum höndum til að inna það af hendi. Ég lít svo á að tæknideild sé eitt slíkt og það sé margt í starfsemi opinberra aðila sem frekar bæri að hyggja að að breyta eða leggja niður en einmitt sú deild.

Aldrei hef ég botnað í þeirri aðferð í þessum efnum að byrja gjarnan á því að tala um þau fyrirtæki sem ganga best hjá hinu opinbera. Helst vilja menn selja mjólkurkýrnar, reyta þær af sér eins og hæstv. iðnrh. er manna frægastur fyrir. Alltaf skal byrjað á því að selja eða leggja niður það sem vel gengur þá stundina. Ríkið situr hins vegar uppi með hitt, eðlilega, sem enginn annar vill taka að sér og enginn annar vill reka. Ég held að við þurfum að hugsa um hag ríkisins í þessum efnum. Það gerir enginn góðbóndi að byrja á því að láta frá sér bestu mjólkurkýrnar sínar eða selja bestu kynbótahrútana. Þetta vita bændur og aðrir þeir sem fróðir eru um búskap. — Nú, eru einhverjir hér inni?

Ég held sem sagt að tæknideildin sé ágætis búpeningur í hjörð hins opinbera og það sé með öllu ástæðulaust að vísa henni út á gaddinn.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég varð að bregða mér aðeins frá þannig að ég þarf kannske andartak til þess að átta mig á því hvar við vorum í umr. En það snýst þó enn um það mál sem hér var til umr., þ. e. tæknideild Húnæðisstofnunar og þátt henn-

ar í því eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. heldur enn statt og stöðugt fram að halda niðri verðlagi húsbygginga og þá einkum með þeim hætti að halda niðri verðlagi teikninga. Það er nú í fyrsta lagi þannig að þáttur teikninganna í byggingarkostnaði er nú sjaldnast mikið yfir 2% af heildarverði byggingarinnar þegar upp er staðið, þannig að áhrif hans á endanlegan byggingarkostnað og þar með þessi víðtæku samkeppnisáhrif tæknideildar Húsnæðisstofnunar eru ekki svo ýkja mikil. Auk þess veit ég að það er fjöldi aðila sem býður þjónustu sömu tegundar, ég skal ekki fullyrða að hún sé sambærileg, á jafnvel enn lægra verði en nokkurn tíma Húsnæðisstofnun. Þetta eru aðallega aðilar sem hafa áður starfað hjá tæknideildinni, hætt síðan störfum þar, haft með sér yfirleitt álitlegan bunka af ljósritum af teikningum, sem sum hver eru jafnvel ættuð úr þýskum blöðum, eins og einn af samstarfsmönnum okkar benti mér á, og sitja síðan út í bæ og fjölrita nokkurn veginn þessar teikningar í samkeppni við tæknideildina. Og ég held — (**Gripið fram í:** Leikur þú ekki kollega þína dálítið hart?) Þetta eru að mínu mati ekki mínir kollegar, allavega ekki í dag. Ég dæmi oft kollega mína hart, jafnvel þá sem eru kollegar mínir í dag. En ég er ekki að dæma hér, ég er bara að segja frá því sem ég veit. Ég tel að sé verið að margprísa hlutverk þessarar stofnunar til að halda niðri byggingarkostnaði annars vegar og hins vegar teiknikostnaði, en það séu röksemdir sem eiga ekki stoð í veruleikanum. Ég ætlaði að lesa hér fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, upp úr þeim lögum sem ég vitnaði í hér áðan. (**Forseti:** Ég vil minna hv. ræðumann á að hér er um að ræða örstutta athugasemd.) Það er hlutverk tæknideildar að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða sem þess óska til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga og að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipulagsstjóri ríkisins, þáltill. 23. mál (þskj. 23). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill., 23. máli Sþ. á þskj. 23, þar sem lagt er til að fela ríkisstj. að annast framkvæmd nauðsynlegra aðgerða til að leggja megi niður starfsemi skipulagsstjórna ríkisins.

Í skipulagslögum segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um stjórn skipulagsmála, í 3. málsgr. 1. gr.:

„Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður á milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórna, sker ráðh. úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum."

Lögin um stjórn skipulagsmála eru frá árinu 1964. Þá var, eins og um Húsnæðisstofnun og tæknideild hennar, ákveðin ástæða til að taka skipulagsmál það föstum tökum að miðstýra þeim frá einum stað því að skipulagsmál voru vægast sagt í mjög lausum reipum.

Er það reynsla manna að 20 árum liðnum að ýmsir þættir, sem gert var ráð fyrir að fullnægja þyrfti í lögunum, hafa reynst annaðhvort ónauðsynlegir eða jafnvel illframkvæmanlegir. Þá á ég einmitt við þetta mikilvæga hlutverk skipulagsstjórnar skv. lögunum að staðfesta skipulagsuppdrætti sem gefur þeim, þegar ráðh. hefur áritað þá, endanlega lagagildi. Örfáir aðalskipulagsuppdrættir — þeir eru örfáir og teljandi á fingrum annarrar handar — hafa verið staðfestir og undirritaðir af ráðh. Og aðeins örfá deiliskipulög hafa verið staðfest og undirrituð endanlega af ráðh. Ástæða þessa er sú að mjög fljótlega eftir að þessi festa komst á skipulagsstarf hér á landi áttuðu menn sig á þeirri viðblasandi staðreynd að skipulag er starfsemi sem tekur mið af þörfum nútíðarinnar og áætlunum um þarfir framtíðarinnar, það þarf því að vera mjög aðlögunarhæft. Breytileiki er nánast frumskilyrði fyrir góðu skipulagi, þ. e. aðlögunarhæfni að breyttum aðstæðum. Við vitum sjálfir, og þá sérstaklega við sem hér inni sitjum, hversu seinlegt er að breyta lögum. Að ætla sér þannig að gefa skipulagi lagagildi er góður ásetningur gagnvart þegnunum en illframkvæmanlegur eða óframkvæmanlegur þegar til lengdar lætur og beinlínis illa verjandi þegar maður hugsar til þess hlutverks sem skipulag á að hafa. Það hefur líka sýnt sig í áranna rás að þessu hlutverki skipulagsstjórnar er raunverulega ekki hægt að sinna eða beinlínis þarf ekki að sinna. Og þar með er mjög stórum þætti kippt undan rekstri þessa fyrirtækis, enda hefur stofnunin lengi vel sinnt aðallega öðrum verkefnum. Það er það sem segir í 2. gr.: „...gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir". Þetta var líka mjög eðlilegt á þeim tíma þegar skipulagsfróðir aðilar voru mjög fáir hér á landi. Það er ekki fyrr en einhvern tíma upp úr 1970 að skipulagsstjórn samþykkir í fyrsta sinn að öðrum aðila en þeim sem hjá henni starfar er falin gerð skipulagsuppdrátta. En í dag er þetta nánast orðin viðtekin venja að það eru allir aðrir aðilar en þeir sem starfa hjá skipulagsstjórn sem sinna gerð aðalskipulagsuppdrátta og deiliskipulagsuppdrátta.

Eftirlitshlutverk skipulagsstjórnar með þessari vinnu er algjörlega ónauðsynlegt. Við höfum ákveðin lög í landinu um það hvernig eigi að framfylgja skipulagi, bæði aðalskipulagi og deiliskipulagi, og það er miklu nær að þegnarnir séu eftirlitsaðilar með skipulagsaðilunum en einhver og einhver stofnun sem er meira og minna í mjög litlum tengslum við þá hluti sem verið er að framkvæma á hverjum stað úti um hinar dreifðu byggðir landsins.

Þannig hagar líka til skv. lögunum að þessari skipulagsstjórn er ætlað ákveðið gerðardómshlutverk, þ. e. að til hennar skal leita með úrskurði um það hvort byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag. Þessi lagagrein tengist þeim hugsunarhætti sem var í upprunalegu löggjöfinni að skipulagsstjórn bar ábyrgð á skipulaginu og þar af leiðandi átti hún umsagnaraðild að því hvort einstakar framkvæmdir brytu í bága við það. En ef við viðurkennum einfaldlega að hlutverki hennar sé lokið þá er ekkert eðlilegra en að

mál sem þessi séu sótt fyrir dómstóli skv. lögum um skipulag og skv. byggingarlögum. Þar með er öllum þeim þáttum sem lúta að starfsemi þessarar stofnunar fundinn staður annars staðar en hjá stofnuninni sjálfri og í höfuðdráttum með þeim hætti að færa það eftirlitshlutverk sem þessi stofnun átti að gegna til þegnanna sjálfra sem standa í miklu nánari tengslum við þær framkvæmdir sem um er að ræða. Því er hér á ferðinni um leið ákveðin tillaga um valddreifingu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, þáltill. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég flyt hér till. á þskj. 20 um að lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins verði lögð niður. Ég skal vera stuttorður um þessa till. Hún er grundvölluð á þeirri staðreynd að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir forstöðumanna Framkvæmdastofnunar hefur ekki tekist að sanna að starfsemi lánadeildarinnar hafi borið tilætlaðan árangur. Henni var ætlað að stuðla að uppbyggingu á grundvallaratvinnuvegum lands okkar. Ég held að það sé óþarfi að ræða það yfir höfuð hvert ástand þessara atvinnuvega er í dag. Þar af leiðandi blasir við sú augljósa staðreynd að þessi stofnun hefur alls ekki valdið því hlutverki sem henni var ætlað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðboranir ríkisins, þáltill. 19. mál (þskj. 19). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 19 um það að ríkisstj. verði falið að leggja niður Jarðboranir ríkisins, þ. e. að leggja niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem fjallað er um í reikningum þess undir því heiti. Hér er um sjálfstætt fyrirtæki, anga út úr Orkustofnun, að ræða þar sem sinnt er verkefni ósköp ámóta því sem við gætum hugsað okkur, skurðgreftri, leigubílaakstri eða öðru slíku og ekki nokkur ástæða til að ríkissjóður eða stofnanir hans séu að bera þann kostnað sem óhjákvæmilega hlýst af fjárfestingum í tækjum sem þarna er um að ræða. Þegar ríkissjóður þarf svo mjög á fé að halda hlýtur að liggja í augum uppi að selja eigi tæki sem þessi svo að ríkið þurfi ekki að greiða neitt annað, þegar það þarf á þessari þjónustu að halda, en það þjónustugjald sem upp er sett hverju sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ferðaskrifstofa ríkisins, þáltill. 18. mál (þskj. 18). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 18 þar sem lagt er til að ríkið hætti starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins. Það gildir um þetta mál nokkurn veginn það sama sem um það fyrra, sem hér var til umr., að hér er á ferðinni rekstur á vegum ríkisins sem engar röksemdir eru fyrir að þurfi nauðsynlega að sinna. Í fyrsta lagi stuðlar þetta afskaplega lítið að almannaheill og ekkert úr almannaheill dregið heldur þó að ríkið hætti rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins. Þarna er líka um ákveðnar fjárfestingar að ræða sem ríkið gæti losað sig við og þar með náð einhverjum aurum í sarpinn sem eflaust eru ekki illa þegnir.

Í ríkisreikningi sýnir Ferðaskrifstofa ríkisins sig að koma út á sléttu en, vel að merkja, hún situr að ákveðinni þjónustu fyrir hið opinbera, sem telur sér skylt að versla við þessa stofnun þar sem hún sé í þess eign, þannig að það er ekkert merkilegt þó að þetta fyrirtæki sitji a. m. k. ekki í taprekstri.

Sérdeild í rekstri þessa fyrirtækis er hótelrekstur. Hann kemur líka nokkurn veginn út á sléttu. En þar er á ferðinni atriði sem væri vel þess virði að skoða dálítið nánar því að það er að mínu mati mjög gagnrýnisvert að standa að þeim hótelrekstri eins og gert er. Það væri barnaleikur fyrir hvern sem er að reka hótel á þeim grundvelli að þurfa ekki að greiða fjárfestingar. Það gæti hver sem er gert. Ég er alveg viss um að hótelstjórinn á Hótel Sögu þægi það mjög gjarnan að þurfa ekki að greiða þá fjárfestingu sem þar liggur í byggingunum við rekstur þess fyrirtækis. Og ég tel miklu eðlilegra, ef menn eru að hugsa sér rekstur af þessu tagi, að viðkomandi sveitarfélög, sem eiga þessar byggingar, fengju að njóta þess með einhverjum hætti. Það er líka sýnilegt að ef ríkinu væri gert að borga leigu fyrir það skólahúsnæði sem ferðaskrifstofan notar á sumrin til hótelrekstrar væri þessi rekstur í dúndrandi tapi. Það segir sína sögu um þann rekstur allan og það segir líka hversu nauðsynleg eða réttara sagt ónauðsynleg þessi starfsemi er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningar um örugga gáma, frv. 324. mál (þskj. 513). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir að heimila ráðh. þeim sem fer með siglingamál að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, um örugga gáma. Alþjóðasamningur um örugga gáma, International Convention for Safe Containers, var gerður á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunar FMO í Genf, 2. desember 1972 og gekk í gildi 6. september 1977. Breytingar voru gerðar á samningnum 1981 og 1983 en það eru ekki ráðgerðar fleiri breytingar á honum næstu fimm árin.

Samningur þessi skiptist í þrjá meginhluta, þ. e. aðalsamning, viðauka I með fskj. og viðauka II. Báðir viðaukarnir ásamt fskj. eru fullgildir hlutar samningsins.

Tilgangur þessa samnings er að auka öryggi við meðhöndlun, hleðslu og flutning á gámum. Aðilar samningsins viðurkenna hagræði þess að reglubinda almennar alþjóðlegar öryggiskröfur. Hlutaðeigandi stjórnvöld skuldbinda sig því til að setja samhæfðar starfsreglur um prófun, skoðun og viðurkenningu á gámum. Slíkar reglur munu auðvelda mjög flutninga á gámum á milli landa. Viðauki I hefur að geyma reglur um prófun, skoðun, viðurkenningu og viðhald á gámum, en viðauki II fjallar um smíðaöryggiskröfur og prófanir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóðir landshluta, frv. 323. mál (þskj. 512). — 1. umr.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um iðnþróunarsjóði landshluta sem ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 512. Frv. þetta er samið að tilhlutan sveitarstjórnarmanna og raunar flutt að þeirra beiðni. Það þarf í sjálfu sér ekki að gegna furðu þó að frv. af þessu tagi komi einmitt úr þeirri átt. Fáum ætti að vera ljósari en sveitarstjórnarfólki sá margháttaði vandi sem nú steðjar að víða um land um framvinduna í atvinnuþróun þessarar þjóðar. Sá vandi er margþættur.

Ég á hér vitaskuld ekki við hið hefðbundna og nær árstíðabundna hlutskipti stjórnmálamanna, Alþingis og ríkisstjórnar auk forustufólks í atvinnulífinu: að finna höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar rekstrargrundvöll. Nei, ég á miklu fremur við þau þáttaskil sem að flestra dómi eru að verða í skiptingu mannafla á milli aðalatvinnuveganna, þeirra sem skapa hin raunverulegu þjóðarverðmæti og þjónustugreinarnar hvíla í rauninni á, og þjónustugreinanna.

Vitaskuld er og verður mikill vaxtarbroddur í þjónustugreinunum í þjóðfélagi sem verður æ margslungnara með degi hverjum. En sá vöxtur á sér þó ætíð þau takmörk sem felast í grósku grunngreinanna, þaðan sem þjóðarauðurinn er sprottinn. Það skiptir því ekkert litlu máli að menn sameinist um það meginverkefni í atvinnumálum Íslendinga á næstu árum og áratugum að stuðla að hagstæðari iðnþróun, enn hagstæðari en er í dag um allt land, sameinist um það á þann veg í fyrsta lagi að beina fjármagni inn á þær brautir að leiði til hagkvæmrar iðnþróunar og í annan stað að hið takmarkaða fjármagn nýtist sem best í því að virkja hugvit og haga hönd með sem bestum árangri. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt, til þess að verða lóð á vogarskál og einn af vegvísum á braut farsællar iðnþróunar.

Í fremur stuttri greinargerð sem frv. fylgir segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Fjöldamörg verkefni líðandi stundar einkennast af þeirri staðreynd að frumatvinnugreinarnar tvær, sjávarútvegur og landbúnaður, taka tæpast við meiri mannafla að tiltölu í náinni framtíð. Þegar haft er í huga hve umskipti þessi verða í rauninni snögg og nær samtímis í frumgreinunum báðum er ekki að undra þó að margháttaður vandi fylgi sem erfitt reynist að bregðast við."

Hér er vitaskuld átt við þá staðreynd að það er nokkurn veginn jafnsnemma tekin upp að verulegu leyti skipulögð veiðistjórn í sjávarútvegi sem aftur þýðir takmörkun mannafla og tækja sem áður tæpast þekktist. En svo til samtímis verða kröfur æ háværari um að miða landbúnaðarframleiðsluna við innanlandsmarkað einvörðungu.

Hér er í sjálfu sér um svo róttækar breytingar að ræða, sem að vísu verða ekki frekar krufnar til mergjar hér, en eru það afdrifaríkar um velferð og afkomu almennings, að óhjákvæmilegt er að bregðast við þeim á fjöldamörgum öðrum sviðum á tiltölulega skömmum tíma. Þar er iðnþróun eina raunhæfa lausnarorðið og á því sviði er margt hægara sagt en gert. Og þau mál öll hafa á sér margar hliðar, eins og raunar er drepið á í fyrrnefndri greinargerð.

Í samanburði við búskap og sjósókn er iðnaður hér á landi fremur ung atvinnugrein. Með flestum þjóðum, sem fram úr hafa skarað á sviði iðnaðar, hefur slík þróun tekið áratugi og hvílt á hefð margra kynslóða. Það er sem sagt erfitt að stökkva alskapaður inn á þennan vettvang. Svo virðist að auki sem Íslendingum sé oft ýmislegt betur gefið en að tileinka sér markaðstækni og þá alúð í starfi sem yfirleitt alltaf er lykillinn að árangri á þessum sviðum. Þó ber vissulega að viðurkenna að stundum hefur mjög vel til tekist, svo sem um sölu ýmissa sjávarafurða okkar. Því má þó síst gleyma að vöruþróun og markaðstækni er enn þá mikilvægari þáttur þegar um raunverulega iðnþróun er að ræða.

Sveitarfélög um allt land finna nú æ betur hvar skórinn kreppir í þessu efni. Þess vegna hefur á nokkrum stöðum verið stofnað til sjóðsmyndunar til að létta undir í þeirri sókn sem framundan er. Flest hefur það þó verið af vanefnum gert, því ekki þurfa sveitarfélög eða samtök þeirra hér á landi að kvarta undan verkefnaskorti, öðru nær. Þær tilraunir sem þegar eru komnar á flot á þessu sviði eru einkum á Austfjörðum,

Vestur- og Suðurlandi. Víðar er nú unnið að þessum málum, m. a. á Vestfjörðum og Suðurnesjum.

Menn gætu e. t. v. álitið að frv.-flutningur, af því tagi sem hér er uppi hafður, væri óþarfur þar sem þegar væru nægilegir möguleikar að ná árangri á þessum sviðum án slíkrar lagasetningar. Svo er þó ekki, vegna þess að tekjuöflun til þessa verkefnis er því nær óhugsandi nema einungis frá sveitarfélögunum sjálfum sem fyrir eru yfirhlaðin verkefnum. Auk þess sem samræmdar aðgerðir með löggjöf eins og hér er lögð til munu reynast hvati í sjálfu sér til raunhæfrar iðnþróunar.

Skv. 1. gr. þessa frv. er lagt til að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði heimilt að stofna iðnþróunarsjóði í landshlutum er vera skuli sjálfstæðir sjóðir í eign sveitarfélaganna. Megintilgangi iðnþróunarsjóða landshluta er lýst í 2. gr. frv., sem er að efla atvinnu í landshlutunum. Tilgangi sínum skulu sjóðirnir leitast við að ná á eftirfarandi hátt:

„a. með lánveitingum til nýrra framkvæmda einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til langs eða skamms tíma,

b. með lánveitingum til sveitarfélaga til framkvæmda sem beint eða óbeint gætu stuðlað að betri þjónustu við uppbyggingu atvinnulífs,

c. með því að kosta, styrkja eða veita áhættulán til sérstakra athugana og áætlanagerða í sambandi við nýjar atvinnugreinar sem hugsanlega kynnu að þrífast á svæðinu,

d. með styrkveitingum til hagnýtra athugana á atvinnulífi svæðisins og möguleikum til atvinnuþróunar,

e. með því að veita lán eða styrk til vöruþróunar, nýsköpunar, náms o. fl.

f. með því að verja fé til hlutafjárkaupa í fyrirtækjum í landshlutunum skv. samþykkt aðalfundar landshlutasamtaka hverju sinni.

Í þessari seinustu grein væri í raun opnaður möguleiki á að þessir sjóðir kæmu einnig inn á svið fjárfestingarfélaga.

Skv. 3. gr. frv. er lagt til að tekjur iðnþróunarsjóða landshluta verði:

„a. árlegt framlag þeirra sveitarfélaga sem að hverjum sjóði standa og skal það nema allt að 2% af föstum tekjum þeirra, þ. e. útsvari, fasteignagjöldum og aðstöðugjaldi; ákveða má með reglugerð að tiltekinn hluti þessa framlags sé bundin inneign sveitarfélaga hjá sjóðunum og skal hún þá verðtryggð að fullu."

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hér er lagt til að 2% markið sé hámark. Vitaskuld yrði á valdi viðkomandi aðila að hafa þessi mörk neðar. Þeir sjóðir sem þegar hafa verið myndaðir hafa árlegt framlag 0.6—1% af föstum tekjum þeirra sveitarfélaga sem sjóðina mynda.

Þá er og rétt að geta þess sérstaklega að vitaskuld er það á valdi hverrar sveitarstjórnar fyrir sig hvort hún kýs að viðkomandi sveitarfélag verði aðili að iðnþróunarsjóði. Enn fremur gerir 3. gr. frv. ráð fyrir þeim möguleika að sveitarfélag geti gengið úr iðnþróunarsjóði landshluta. En þá skulu þau tilkynna það með árs fyrirvara og endurgreiðsla framlaga þeirra skal þá fara fram á tvöföldum þeim árafjölda sem greiðslur í sjóðinn hafa átt sér stað.

Ef mönnum leikur hugur á að vita hversu háar upphæðir hér væri um að ræða, skv. þessari grein, þá námu heildartekjur sveitarfélaganna í landinu á s. l. ári tæpum 4700 millj. kr., þannig að 2% þeirrar upphæðar mundu losa 90 millj. á ári. Jafnvel helmingur þeirrar upphæðar hefði þýðingu enda þótt verkefnið sé gífurlegt.

Aðrar tekjur iðnþróunarsjóða landshluta yrðu, skv. þessu frv., arður og einstakir tekjuliðir þeirra fyrirtækja sem sjóðirnir yrðu hluthafar í, fjármagnstekjur af útlánum, lántökugjöld og aðrar slíkar tekjur. Ótalinn er þó sá tekjuliður sem er einn megintilgangur þessa frv., en um hann er sérstaklega fjallað í 4. gr. þess. Þar er gert ráð fyrir að raforkuver í hverjum landshluta greiði iðnþróunargjald sem nema á 1% af heildsöluverði orku. 33% þessa gjalds renni óskipt til iðnþróunarsjóðs landshlutans en 67% skiptist milli iðnþróunarsjóða í öllu landinu eftir íbúatölu í hverjum landshluta 1. des. árið áður. Sérstaka athygli ber að vekja á því að ekki er gert ráð fyrir sérstökum tekjum úr ríkissjóði skv. þessu frv. En 1% iðnþróunargjaldið á raforkuheildsöluna er hins vegar ekki óeðlilegur grunnur, m. a. af eftirtöldum ástæðum.

Raforka er nær hvarvetna grundvallaratriði við hvers konar iðnþróun. Þess vegna eru framfarir á sviði iðnaðar, og þá allt eins smáiðnaðar sem iðnaðar sem væri stærri í sniðum, nátengdar stækkun raforkumarkaðarins. Í annan stað gilda sömu lögmál um verðmyndun raforku sem annarrar þjónustu til handa atvinnulífi og almenningi að stærð markaðar hefur veruleg áhrif á möguleikana á lækkun verðsins. Þess vegna gæti iðnþróunargjaldið beinlínis stuðlað að lækkun raforkuverðs með aukinni raforkunotkun í innlendum iðnaði. Og enn fremur gæti gjald af þessu tagi stuðlað að sparnaði og hagkvæmni í rekstri raforkuveranna.

Skipting þessa gjaldstofns hefði og sérstaka þýðingu. Annars vegar væru ⅔ hlutar þess sem dreifðust á milli allra iðnþróunarsjóða í landinu eftir íbúatölu hvers svæðis og hins vegar þriðjungurinn sem rynni til iðnþróunar í þeim landshluta þar sem orkan væri framleidd. Þessi þriðjungur væri eins konar aðstöðugjald fyrir þá sérstöku aðstöðu sem viðkomandi raforkuveri væri búin á viðkomandi svæði.

Svo var um hnúta búið er álverinu í Straumsvík var komið á fót, að álíka staðbundinn ávinningur var bæjarsjóði Hafnarfjarðar til hags með sérstöku gjaldi sem í hann rann til viðbótar þeim óbeina hag sem hann hafði auðvitað af staðsetningu iðjuversins á því svæði. Annars má í þessu sambandi minna á að sú hugsun er býsna gömul með Íslendingum að tiltekin heild geti átt sameiginlega eign og þá væntanlega haft af henni not. Ætla ég þó að persónulegur eignarréttur eigi sér óvíða lengri hefð en hér. Ég á hér við það forna lagaákvæði Jónsbókar, allt frá 1281, að almenningar séu eign fjórðungsmanna og enn eru lagaákvæði um almenninga í gildi úr hinum aldna stofni Jónsbókar. Sérstök gjaldtaka, sem rynni til iðnþróunar í landshlutanum, gæti verið reist á slíkum grunni. Meginhluti iðnþróunargjaldsins eða ⅔ hlutar skiptust hins vegar eftir íbúatölu um allt land, enda verður að telja þetta sanngjarna millileið, því hvarvetna er þörfin brýn.

Ef spurt er um hvaða fjárhæðir væri hér um að ræða er því til að svara að árið 1984 var heildarraforkusalan 3666 gígawattstundir að söluverðmæti 2 milljarðar 194 millj. kr. og 1%ið næmi því tæpum 22 millj. kr.

Ég hef lokið við að geta þeirra helstu atriða sem áhersla er lögð á í þessu frv. til l. um iðnþróunarsjóði landshluta. Það er flutt í fullvissu þess að iðnaður hafi

tekið sér stöðu sem einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, en þess þó sérstaklega að hann muni í vaxandi mæli taka við því hlutverki að vera vaxtarbroddur atvinnulífsins og ein helsta undirstaða aukinnar atvinnu og batnandi lífskjara allrar alþýðu manna. Fyrir aðra undirstöðuatvinnuvegi landsins hefur sterkur iðnaður ómetanlega þýðingu, hvort sem litið er til mannvirkja og vélaframleiðslu, þjónustu eða daglegra nauðsynja. Framleiðsla til útflutnings hefur aukist. Framleiðsla ullar- og skinnavöru er nú ein sér orðin mikilvægur þáttur í þjóðarbúskapnum og veitir mikla atvinnu á fjölmörgum stöðum á landinu. Stóraukin nýting jarðhita og vatnsorku hefur opnað nýja markaði innanlands sem aftur stuðlar að aukinni iðnþróun. Uppbyggingu stóriðju til útflutnings munu á sama hátt fylgja fjölbreytt iðnaðarverkefni í öllum landshlutum.

Virðulegi forseti. Megintilgangur með flutningi þessa frv. er einmitt sá að stuðla að hagkvæmri iðnþróun um allt land. Á það legg ég áherslu í lok máls míns. Ég vona að mál þetta fái þinglega meðferð og að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og iðnn. þessarar hv. deildar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Mér barst fyrir skömmu erindi frá stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi þar sem þeir sendu drög að frv. því sem hér er flutt. Ég leit þann veg á að stjórnin óskaði eftir umsögnum stjórnvalda um frv. Fyrir því var það að ég sendi það stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til umsagnar þar sem frv. og innihald þess hlýtur mjög að snerta hagsmuni sveitarfélaganna. Á ég von á svari innan tíðar. Ég hef að sjálfsögðu fyrirvara um ýmsa þætti þessa frv. þótt við getum allir verið sammála um nauðsyn þess að efla iðnþróun í landinu. Ég hlýt að hafa sérstakan fyrirvara um tekjur hinna fyrirhuguðu sjóða. Til að mynda af hálfu sveitarfélaganna vil ég fá að heyra þeirra viðhorf til þess, vegna þess að hér er um engar smáfjárhæðir að ræða, eða 90—100 millj. kr., eins og upplýst var að þetta gjald mundi vera, framlag sveitarfélaganna til hinna áformuðu sjóða.

Ég hef mjög sterkan fyrirvara á um skattlagningu á raforkuver. Það háttar því miður ekki þann veg til um þau fyrirtæki að mér þyki líklegt að á næstunni megi gera þeim að borga meiri skatta en tíðkast. Að raforkan verði skattlögð meira en nú tíðkast getur ekki orðið að mínum vilja, heldur þarf að stórdraga úr því, þegar við búum við allt of hátt raforkuverð til allra almennra nota, að ég tali ekki um húshitunar — og ýmissa smáiðnaðarnota líka, allt of hátt raforkuverð, af ástæðum sem mönnum eru nú ljósar, og er enda verið af stjórnskipaðri nefnd og skv. ályktun Alþingis að gera sérstaka úttekt á ástæðum hins háa raforkuverðs.

Þetta vildi ég að fram kæmi nú við 1. umr. þessa máls. Auðvitað er það mjög svo góðra gjalda vert að menn finni til þess ráð að efla íslenskan iðnað og þróun hans. Á hitt ber þó að líta að menn seilast oft og tíðum mjög um hurð til lokunnar þegar þeir eru að finna tekjustofna til styrktar þeim framförum sem menn gjarnan æskja. Er enda fátt eitt orðið óskattlagt, nema þá kannske súrefnið í loftinu, en á hverju kann maður ekki að eiga von þar sem sveitarfélögin skattleggja með þungum álögum eignir sem einstaklingurinn á ekkert í, svo sem eins og leigulóðir og annað þess háttar. En raforkan í landinu getur því miður ekkert borið af frekari álögum heldur verðum við að kappkosta að minnka þær álögur svo sem eins og með því, sem nú er ákveðið, að fella niður verðjöfnunargjald af raforku í áföngum.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. flm. fyrir vandaða og góða framsögu fyrir sínu máli þar sem margt var skynsamlega rætt um okkar atvinnulíf og vanda þess út um landsbyggðina. Það má hins vegar taka undir með hæstv. iðnrh. að hér er um háar upphæðir að ræða og þarf eflaust að huga þar vel að, sérstaklega varðandi skattlagninguna á raforkuna sem er vissulega allt of dýr í dag. En þegar rætt er um iðnþróun úti á landsbyggðinni, þá er ástæða til að leggja þar nokkuð jákvætt til málanna, en það þótti mér ekki áberandi í máli hæstv. iðnrh. svo sem hefði þó mátt vænta frá honum í hans innleggi. Þetta einstaka mál, sem hér er reifað, er allra athygli vert þó ég hefði viljað sjá það í öðrum búningi varðandi tekjuöflun. Ég veit um þörf sveitarfélaga, félaga og einstaklinga á fjármagni til uppbyggingar og aðgerða af þessu tagi. Það fer ekki milli mála og það ber því að skoða jákvætt, held ég, allar leiðir að því marki að auka möguleikana á iðnaðartækifærum úti á landi þar sem hugvit og verkkunnátta eru fyrir hendi, en afl þess sem gera skal, þ. e. fjármagnið, skortir.

Það sem ég hefði viljað sjá til viðbótar skatti á raforkuverin, sem ég hygg að mætti hafa einhvern fyrirvara á um upphæð, því man ég eftir reyndar úr tillögum Halldórs Árnasonar, þá iðnráðgjafa á Austurlandi, frá 1981. Þar minnir mig eitthvað standa um tekjur til iðnþróunarsjóða á þann veg, með leyfi virðulegs forseta: Ákveðinn hundraðshluta af veltu stóriðjuvera og virkjana í fjórðungnum. Hér er sem sagt sú hugsun sem hv. flm. er með.

Í frv. um kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði var gert ráð fyrir þessu, þ. e. að ¼ af aðstöðugjaldstofni eða samsvarandi aðstöðugjaldstofni færi til iðnþróunarsjóðs Austurlands, en það frv.-ákvæði náði ekki í gegnum þingið þannig að lögin um kísilmálmverksmiðjuna eru án þess arna. Ég mundi sem sagt vilja bæta við ákveðnum hlut stóriðjunnar inn í þetta dæmi og draga þá úr hlut raforkuveranna sem því næmi. Ég kem aðeins með þetta til ábendingar.

Þegar um iðnþróun í landshlutunum er rætt er ekki hægt annað en að minnast á löggjöfina um iðnráðgjafana sem sett var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það starf sem þar hefur verið innt af hendi hefur reynst dýrmætt víða. Það er ekki áhlaupaverk á ferðinni þar. Mikið verk er að vinna og vart á eins manns færi í víðlendum landshluta þar sem byggðarlögin bíða öll eftir fjölbreytni þeirri sem iðnfyrirtæki geta skapað þeim.

Ég hygg líka að hollt væri að Alþingi færi að taka iðnaðarstefnuna í heild til umr. Hér var að forgöngu fyrrverandi iðnrh. samþykkt stefnumótun í iðnaðarmálum og þar er um margþætt verkefni að ræða. Að sumum er eflaust unnið, önnur bíða eflaust og sitja á hakanum eins og gengur. Um framkvæmd þeirrar stefnumótunar hefur hæstv. núverandi iðnrh. gleggsta yfirsýn. Hæstv. iðnrh. á að hafa gleggsta yfirsýn yfir það sem verið er að vinna í hans rn. hvað þetta snertir, hins vegar mun hann hafa fengið nýlega um það formlega fsp. og því bíð ég með að spyrja hann um það enda var hann mjög öruggur þegar hann gekk úr salnum um

að ég mundi ekkert eiga vantalað við sig.

Málið er stórt í heild sinni. Hvert skref sem þar yrði stigið mundi auðvelda atvinnurekstur og skapa nýjan og traustari grunn úti í byggðunum. Það er af hinu góða svo sem hér er stefnt að.

Þegar ég tala um byggðirnar er ég einnig að tala um sveitirnar minnugur þess að ég flutti og fékk hér samþykkta till. um smáiðnað í sveitum sem ég veit að unnt er að gera sitthvað í ef menn vilja snúa sér að því í alvöru. Það mál mun því miður hafa fengið lítinn eftirrekstur, og kannske okkur flm. þeirrar till. eitthvað að kenna að hafa ekki rekið betur á eftir en raun ber vitni. En þar er um ýmsa möguleika að ræða og kom best í ljós þegar Framkvæmdastofnun kannaði viðhorf hinna smærri sveitarfélaga að það var virkilegur áhugi á því að taka á einhverjum smærri verkefnum sem gætu hentað vel til að vernda byggðina í sveitum landsins. Iðnráðgjöf, iðnþróunarsjóðir sem legðu til fjármagn og framtak fólksins gæti allt áorkað miklu þó þungt sé víða undir fæti. En margt er þó gert.

Ég get ekki stillt mig um að nefna ljós dæmi úr mínu eigin byggðarlagi um þessi atriði. Ég nefni þar mjög öfluga og að mörgu leyti fjölbreytta kjötinaðarstöð sem þar tók til starfa. Kaupfélagið á staðnum, sem hafði alla burði til þess arna taldi ekki á sínum tíma möguleika fyrir slíkri vinnslu, en þessi vinnsla vinnur nú fyrir Austurland að meginhluta og ég hygg að það sé ekki of sagt að þar séu 12—14 starfskraftar miðað við fullan vinnudag. Ég nefni annað dæmi þar. Brauðgerð sem menn höfðu ekki heldur trú á á sínum tíma, annar nú miklum hluta Austurlands og hefur 6—8 manna starfslið. Það munar um minna en 20 manns í 70 manna byggðarlagi sem fær þannig atvinnu við að vísu mjög hefðbundinn iðnað, úrvinnsluiðnað eins og kjötiðnaðinn. Það munar verulega um það og er mjög til góðs vegna þess að í kjötiðnaði hefur líka verið fitjað upp á ýmsum nýjungum og mundi vera enn frekar gert ef fjármagn væri fyrir hendi til að þróa þann iðnað. Í kjötiðnaðinum er ég sannfærður um að við eigum mikla möguleika ef við vinnum þar bæði að framleiðslumálum og kannske enn frekar að markaðsmálum meira en gert er. Þetta er unnt að gera. Ég nefni merkilegt dæmi sem ég veit að er núna á döfinni í Breiðdal, því litla byggðarlagi, sem gæti skapað fötluðum og öldruðum vinnu — atriði sem mér hefði varla dottið í hug að gæti átt sér stað en er býsna vænlegt þegar betur er skoðað — sérstæða leikfangagerð, svokölluð þroskaleikföng, sem þar væri unnt að framleiða en annars eru innflutt fyrir býsna mikinn pening.

Öll þessi átök þarfnast stuðnings og örvunar og því held ég að frv. af þessu tagi, sem hreyfir við máli þessu, sé vert allrar skoðunar með jákvæðu hugarfari ef það mætti verða til þess að þrýsta á enn frekari aðgerðir til eflingar þessa nauðsynlega þáttar sem við verðum að taka á í enn ríkari mæli og með enn meiri fjölbreytni í huga en við höfum þegar gert.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég tek hér til máls aðallega í tvennum tilgangi. Annars vegar til að fjalla um í aðalatriðum 1. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir og hins vegar til að upplýsa eilítið um hug þings og ríkisvalds til mála sem þessa.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa því yfir að ég er ekki sammála 1. gr. þessa frv. og þar með frumvarpsdrögunum öllum að því leyti að ég tel ekki nauðsynlegt að löggjafinn samþykki að landshlutasamtökum sveitarfélaga sé heimilt að stofna iðnþróunarsjóði. Ég tel að þeim sé heimilt að gera slíkt ef þau svo kjósa og það tekst samkomulag milli þeirra um slíkt, eins og við höfum þegar ákveðinn vísi að.

Ég skil, eins og hv. flm. lýsti, að eitt aðalatriði þessa frv. er tekjuöflunin sem að öllu leyti er ætlast til að sveitarfélög og fyrirtæki innan sveitarfélaga standi undir nema að einu leyti og það eru nefndar álögur á raforkuver í hverjum landshluta sem greiða skuli til þessara iðnþróunarsjóða. Ég er sammála hæstv. iðnrh. um að raforkuverðið gefur ekki beinlínis tilefni til þess að tekið sé til við að skattleggja það.

Í öðru lagi held ég að hér sé farið inn á brautir í fjáröflun sem ekki leiði endanlega til árangurs. Ég held að við verðum að skilgreina vanda okkar betur en svo að telja að við getum leyst hann með gjaldtöku eða skattlagningu sem þessari.

Ég tel að við séum hér að tala um vanda sem flm. lýsti að nokkru leyti í sinni framsögu. Við búum við það ástand að hafa tvær frumatvinnugreinar sem skapa grundvöllinn undir allt annað atvinnulíf í þessu landi. Þessar frumatvinnugreinar hafa tekið miklum breytingum eftir fyrri heimsstyrjöld. Það má segja að ógöngur þessara atvinnugreina hafi, að því maður best fær séð, hafist upp úr fyrri heimsstyrjöldinni þegar ríkisvaldið fékk heimild til að standa að miðstýringu í atvinnulífi með þeim hætti sem við höfum upplifað síðan.

Við sífellt vaxandi miðstýringu í þessum atvinnugreinum, og þá á ég aðallega við miðstýringu fjárfestingar sem síðan hefur leitt til miðstýringar framleiðslu og verðlagningar og dreifingar og nánast alls sem viðkemur viðkomandi atvinnugreinum, hefur þjappast saman ábyrgðin á hendur þeim sem miðstýrir, þ. e. ríkisvaldinu, og áhrifin af sveiflum í þessum atvinnugreinum. Hverfum aftur fyrir fyrri heimsstyrjöldina og ímyndum okkur hvaða áhrif það hafði á atvinnulíf og efnahag þessa lands þó að eitt eða tvö býli færu í eyði á landinu eða einn eða tveir bátar hættu róðrum. Það hafði engin heildaráhrif á atvinnugreinina sem slíka vegna þess að valdi og ábyrgð var dreift. Ábyrgð á fjárfestingum og valdi til þess að stýra þeim var dreift um allt land. Það var ekki á einni hendi. Það var ekki tekið inn í meðaltöl til að jafna afkomuna og hafði þar af leiðandi ekki nándar nærri sömu áhrif á efnahagslíf okkar í heild og nú. Það er þess vegna sem ég held að hættulegt sé að leiða þessa þróun inn á þær brautir að hún stefni til sömu áttar og gerst hefur í þeim tveimur atvinnugreinum sem við höfum byggt alla okkar afkomu á hingað til. (Gripið fram í.)

Við erum að tala um skort á fjármagni til að standa straum af heilbrigðu atvinnulífi úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Fjármagnið er fyrir hendi. Við vitum að það er til. Í þessari deild er t. d. til meðferðar þáltill. um breytingu á starfsemi Seðlabankans sem miðar að því að losa um mjög mikið af því fjármagni sem stýrt er af ríkisvaldinu þannig að það leiti þeirra leiða sem eðlilegt er að það leiti í samkeppnishæfu samfélagi. Ég tel að aðgerðir í þá veru séu miklu heppilegri aðgerðir til að stuðla að eðlilegri uppbyggingu atvinnulífs en margt annað.

Ég bendi hv. flm. á að fjórir þm. BJ fluttu þáltill. í fyrra um þróunarstofur landshluta. Þar gerðum við

m. a. ráð fyrir að þessar þróunarstofur hefðu forgöngu um mótun byggðastefnu í landshlutum og veittu alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs, að stjórnir þessara þróunarstofa væru skipaðar fulltrúum lýðræðiskjörinna landshlutasamtaka, sem ég tel mjög mikið atriði í þessu máli, þ. e. að kosningu til landshlutasamtaka verði breytt með lögum þannig að kjör til þeirra sé lýðræðislegt, þar sé ekki fulltrúasamkunda eins og núna tíðkast. Þróunarstofurnar hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegunar, þ. e. að ríkisvaldið sé ekki með puttana ofan í ákvörðunum þessara þróunarstofa. Þróunarstofurnar starfi í tengslum við byggða- og áætlanadeild núverandi Framkvæmdastofnunar, en verði sjálfstæðar stofnanir sjálfar og byggðadeildin sé sjálfstæð stofnun undir umsjón félmrn. Síðan sögðum við í 5. lið að þróunarstofurnar skyldu sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana og leituðu þær til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum. Ef það fjármagn væri samþykkt á fjárlögum skyldu þróunarstofurnar bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir og varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka. Það eru þegar til fordæmi að þessum iðnþróunarsjóðum víðs vegar um landið, á örfáum stöðum. Ég sé ekki annað en að sveitarfélög eða samtök þeirra geti staðið að stofnun slíkra sjóða og þá hugsanlega sótt fé til fjárveitingavaldsins, (Gripið fram í.) en þá eftir beinum leiðum. Ég verð að hryggja hv. 4. þm. Vesturl. Ég hef það ekki á takteinum, en ég skal reyna að verða mér úti um þær upplýsingar og útvega honum þær við fyrstu hentugleika, eins og hæstv. fjmrh. segir alltaf.

Ég tel ekki vera tilefni til að vera bjartsýnn í þessum málum núna á þessum síðustu og verstu tímum. Ég get upplýst hv. flm. um að við fjórir þm. Bandalags jafnaðarmanna lögðum fram brtt. við gerð fjárlagafrv. núna fyrir áramót, við 6. gr. frv., þar sem við lögðum til að nýr liður yrði tekinn inn í fjárveitingaheimildir sem hljóðaði á þessa leið:

„Að greiða iðnþróunarsjóðum í landshlutum upphæð sem svarar framlagi sveitarfélaga til hvers sjóðs."

Þetta átti að verka sem hvatning fyrir sveitarfélögin til að leggja fé í þessa sjóði, vitandi að ríkið legði annað eins á móti. Enn fremur skyldi framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs skerðast sem þessari heildarupphæð næmi.

Reyndar vorum við með annan lið líka sem hljóðaði þannig, að ríkið tæki að sér að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, þ. e. fjmrh., áhættulán til nýrra fyrirtækja í iðnaði og ábyrgðir þessar næmu allt að 80% af lánsupphæðum, en iðnrn. setti nánari reglur um ábyrgðir þessar. Þessu voru þm. ekki meira opnir fyrir en það að þeir héldu hreint og beint að við værum að tala um að draga fé úr einhverjum öðrum sjóðum til að leggja fram í þessu tilefni. Hér var þó eingöngu verið að tala um ríkisábyrgðir á lán innanlands með sama hætti og menn hafa stundað ríkisábyrgðir á lán utanlands frá.

Ég á sæti í iðnn. þessarar deildar og mun þar af leiðandi *fjalla um þetta frv. Ég mun þar reyna að koma*, að svo miklu leyti sem mér er mögulegt, mínum skoðunum á framfæri og styðja þessa viðleitni eins og mér er framast unnt því að mér er ljóst að hv. flm. gengur gott eitt til í sínum málflutningi.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að hafa fært umr. um iðnþróunarsjóði landshluta hér inn í Alþingi. Reyndar hefur mikið verið rætt um þessi efni og víða er svo komið að slíkir iðnþróunarsjóðir hafa þegar verið stofnaðir. Ég minnist þess að árið 1978 flutti ég tillögu í bæjarstjórn Keflavíkur um að bæjarstjórnin beitti sér fyrir því að á Suðurnesjum yrði slíkur sjóður stofnaður. Tildrögin að þeim tillöguflutningi voru það útlit sem var í atvinnumálum á Suðurnesjum á þeim tíma og er enn og þörf á sameiginlegu átaki sveitarfélaganna til að ýta undir ný atvinnutækifæri, nýjungar á sviði iðnaðar og annað sem að gagni gæti komið í atvinnumálum.

Þess er skemmst að minnast að mönnum þótti ekki mikið til koma þá, einkum voru stöku sjálfstæðismenn á móti þessu vegna þess að þeim fannst svo sósíalískt að samþykkja slíka sjóðsstofnun. En það gefur að mínu viti þessari hugmynd gildi að hér er einmitt á ferðinni svipuð hugmynd eða í ætt við það sem í Svíþjóð eru kallaðir launþegasjóðir, þ. e. safnað saman fjármagni til uppbyggingar atvinnulífs. Þetta er í öðru formi og rætt um aðra tekjustofna, en það er sama hugsunin á bak við þetta og þar: góður vilji til að nýta samvirkt átak heildarinnar.

Ég fagna því sérstaklega að þetta skuli vera fært inn á Alþingi af þm. Sjálfstfl. sem sýnir að í þeim flokki eru margar vistarverur og litskrúðugar skoðanir þar á ferðinni.

En svo er komið þar sem ég þekki til, og reyndar víðar að stofnaður hefur verið Iðnþróunarsjóður Suðurnesja. Sú andstaða sem þessi sjóðsstofnun varð fyrir á sínum tíma hefur alveg lognast út af. Menn hafa séð að *þörf var á sterku átaki til atvinnuuppbyggingar* og sameinast þrátt fyrir annan skoðanaágreining. Í grg. sem Iðnþróunarsjóður Suðurnesja sendi frá sér segir um fjármögnunarmöguleika, sem eru á annan veg en hér er greint:

„Hugsanlegir fjármögnunaraðilar þróunarsjóðs Iðnþróunarfélags Suðurnesja eru sveitarfélögin á Suðurnesjum, verktakafyrirtækin á Keflavíkurflugvelli, orkuveitur, fagfélög á Suðurnesjum og opinberir aðilar, t. d. Byggðasjóður. Stefnt verður að því að sveitarfélög greiði árlega fasta prósentu af útsvari, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti. Fyrsta árið verði þessi prósenta 0.5%, en síðar aukin."

Frekar segir hér:

„Umræður eru í gangi við fagfélögin á Suðurnesjum um fastan tekjustofn til sjóðsins þar sem upphæðin miðist við fjölda meðlima félaganna eða heildartekjur."

Þetta er sú hugsun sem ríkir þar.

Hvað varðar tilgang og starfshætti þess sjóðs segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk sjóðsins verður að styrkja umbótastarf í atvinnulífi Suðurnesja í þeim tilgangi að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu, að aukin framleiðni, að örva hugsmíðar og þróun hugmynda er leitt geta til framleiðslu nýrra vörutegunda. Þessum markmiðum leitast sjóðurinn við að ná með áhættulánum, *styrkveitingum og framlögum*."

Enn fremur er gerð grein fyrir því hverjir geti notið aðstoðar, hver eru skilyrði fyrir stuðningi o. fl.

Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir verð ég að segja að ég held að 1. gr. sé óþörf. Það er þegar heimilt að stofna iðnþróunarsjóði og það hefur reyndar verið gert.

Það er annað sem ég hef við þetta frv. að athuga við fljóta athugun. Ég tel að sjálfstæði sveitarfélaga sé of takmarkað með slíkri lagasetningu. Ég tel að hér eigi að vera um sjálfstætt framtak sveitarfélaganna að ræða. Ég tel að ef svo verður vinnist málin betur og þeim fylgi betri hugur en verði þetta gert með lagasetningu þar sem öllum er skylt að gera þetta án tillits til þess hvort sveitarfélögin, sem hér er um að ræða, vilja það eða ekki. Þetta er almenn skoðun mín sem byggist á því, að ég tel að sveitarfélögin eigi að búa við meira sjálfstæði en tíðkast í dag. Þannig er flm. enn sósíalískari en ég og má vera að það megi samhæfa þetta. En ég má til með að segja frá þessari almennu skoðun minni.

Hvað varðar fjármögnun man ég eftir því að á sínum tíma vorum við flm. till., sem borin var fram í bæjarstjórn Keflavíkur, með hugmyndir um að hún yrði 1% af föstum tekjum sveitarfélagsins. Hér er talað um 2%. Ég get vel fallist á að hún gæti verið hærri. Þessari till. var vel tekið í bæjarstjórn Keflavíkur, en minni sveitarfélögin voru óhress. Þau töldu sig ekki hafa efni á að fara svona að. Hins vegar veit ég að bæjarstjórn Keflavíkur lagði til um skeið 1% af sínum tekjum til að ráðstafa til þeirra verkefna sem hér eru nefnd og er það mjög af því góða.

Varðandi 4. gr., þá er þar gert ráð fyrir að hækka rafmagnið. Það kemur vissulega til skoðunar að gera það. En ég held að hyggilegra sé að það verði heimamenn sem taki ákvörðun um slíkt, það verði ekki hönd ríkisins sem þar grípi inn í. Svo er háttað þar sem ég þekki til — það er sjálfsagt öðruvísi annars staðar — að sveitarfélögin eiga rafveiturnar og geta vissulega ákveðið að fara svona að, en ég er á móti því að 67% þessa gjalds skiptist milli iðnþróunarsjóða í landinu öllu eftir íbúatölu í hverjum landshluta 1. desember árið áður. Ég sé ekki alveg hvaða rök eru fyrir þessu. Það má vera að þau séu fyrir hendi, en þetta er það sem mér kemur fyrst í hug.

Ég er eins og að líkum lætur mjög sammála því að reynt verði að koma á löggjöf sem gæti orðið rammalöggjöf um þessa hluti ef þess er þörf og ef það getur orðið til þess að ýta undir slíka sjóðsstofnun til styrktar atvinnulífi á þeim stöðum sem við erfiðleika eiga að stríða. Ég er hins vegar, eins og ég gat um áðan, almennt þeirrar skoðunar að frumkvæðið eigi að koma að heiman, það eigi að vera pólitísk ákvörðun bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna hvort þeir vilja fara þessa leið eða aðra, hvað þeir vilji leggja mikið fé í þetta verkefni.

Ég lýk máli mínu með því að þakka flm. enn á ný fyrir að hafa hafið þessa umr. á Alþingi. Það getur orðið til þess að flýta fyrir og vekja meiri áhuga sveitarstjórna á því að fara svona að. Þetta er leið til að virkja átak fjöldans, átak heildarinnar til atvinnuuppbyggingar þar sem þess er þörf, og því fagna ég.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. til l. um iðnþróunarsjóði landshluta.

Ég vil eins og aðrir hv. ræðumenn þakka flm. fyrir að gera glögga grein fyrir þessu máli. Það er mála sannast að menn velta því mikið fyrir sér þessa dagana og vikurnar og hafa gert það lengi undanfarið með hvaða hætti væri eðlilegast að efla iðnþróun í landinu. En til iðnþróunar skortir fjármagn eins og annarra fjölmargra hluta og þá er spurningin: Hvernig er mögulegt að útvega það fjármagn sem þarf?

Í 3. gr. þessa frv. er vikið að árlegu framlagi þeirra sveitarfélaga sem að hverjum sjóði standa og skal það nema allt að 2% af föstum tekjum þeirra, þ. e. útsvari, fasteignagjöldum og aðstöðugjaldi. Ákveða má með reglugerð að tiltekinn hluti þessa framlags sé bundin inneign sveitarfélaga hjá sjóðunum og skal hún þá verðtryggð að fullu.

Ég ætla ekki að fetta fingur út í gjaldtöku sem þessa. Hitt hygg ég að flestum sé vel ljóst að fjárhagur margra sveitarfélaga er síður en svo góður og þá ekki síst hinna fámennari sveitarfélaga. Á þetta minntist hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, örfáum orðum, slíkt hefði borið á góma á Suðurnesjum vegna stofnunar iðnþróunarsjóðs þar.

Í 7. gr. þessa frv. stendur, með leyfi forseta:

„Stjórnir iðnþróunarsjóða skulu kosnar á aðalfundi. Aðalfund sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem greitt hafa framlag sitt til sjóðsins skv. a-lið 3. gr. fyrir næst liðið ár. Atkvæði á aðalfundi ráðast af bundinni inneign hvers sveitarfélags í sjóðnum eins og nánar skal kveðið á um í samþykktum sjóðsins, þó þannig að ekkert sveitarfélag fari með minna en 1% atkvæða né meira en 48% atkvæða þeirra sveitarfélaga sem rétt hafa til setu á aðalfundi."

Hér er um það að ræða að fyrirtæki sem stofnuð eru og ekki hafa sveitfesti innan þess sveitarfélags sem lagt hefur til sjóðsins og öðlast rétt innan hans eiga það á hættu, vegna þess að inneign í sjóði og aðild gerir ráð fyrir myndugleika um stjórn hans, að fá ekki úthlutun, þ. e. fyrirtæki sem eru staðsett í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa lagt til sjóðsins. Þetta er í beinu samhengi, að mínum dómi, við litla burði fjölmargra sveitarfélaga sem eiga raunar í erfiðleikum þrátt fyrir fulla álagningu með að standa undir þeim lögboðnu gjöldum, óumflýjanlegu gjöldum, sem þau þegar þurfa að standa straum af.

Þetta frv. mun að sjálfsögðu fá þinglega meðferð í nefnd. Að vísu táknar það stundum að mál verði sett í söltunarstöð, að það verði sett í salt. Ég er þó ekki viss um að svo verði um þetta frv. Ég á sæti í iðnn. og hef því aðstöðu til að skoða það nánar, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að eyða dýrmætum tíma deildarinnar til frekari umr. um þetta mál.

Varðandi atvinnurekstur, iðnrekstur og stofnun hans er það staðreynd að sum sveitarfélög hafa hliðrað til vegna fyrirhugaðrar stofnunar ýmissa fyrirtækja, m. a. iðnfyrirtækja, hvert á sínum stað. Mér er kunnugt um að slíkar tilhliðranir hafa orðið þungar í skauti í ýmsum sveitarfélögum, enda þótt beint hafi legið við að fyrirtækið yrði stofnað og starfrækt í því sveitarfélagi sem lagði á sig beinar og óbeinar fjárskuldbindingar vegna viðkomandi fyrirtækis.

Virðulegi forseti. Ég vil eigi að síður taka undir margt af því sem hv. flm. kom að í sinni framsögu. Hitt er það að auðvitað er æskilegast, þegar á allt er litið, að hverjum atvinnuvegi séu búin þau rekstrar- og starfsskilyrði að honum sé fært einum og sér að standa undir vexti sínum og viðgangi og þróun framvegis.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni þessa frv. að því leyti að ég held að það sé alveg ótvírætt hvaða ávinningur felst í því fyrir landshluta að hafa iðnþróunarsjóð. Slíkur sjóður var stofnað-

ur á Suðurlandi þegar verið var að vinna að því að reist yrði steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn og enda þótt sá tilgangur sjóðsins næðist ekki var þar tvímælalaust um framfaraspor fyrir svæðið að ræða.

Við þekkjum hvað það eru margvíslegar hugmyndir um atvinnustarfsemi víða úti um land sem of þungt er fyrir menn að hrinda í framkvæmd nema þeir hafi einhvern stuðning. Slíkur sjóður getur lagt fram upphæðir sem geta riðið baggamuninn þó að þær séu ekki mjög stórar.

Ég get ekki heldur séð að sú hugmynd sé neitt fjarri lagi, sem þarna er sett fram, að til viðbótar framlögum sveitarfélaganna komi gjald á orkuverin. Flm. færði rök að því að þar geti beinlínis verið um ávinning fyrir orkuverin að ræða ef því fylgir aukin orkunotkun. Á Suðurlandi hefur lengi verið uppi sú skoðun að óeðlilegt væri að mestöll orkan væri flutt út úr landshlutanum án þess að reynt yrði að nýta hana að örlitlum hluta og þá til iðnaðar á svæðinu sjálfu. Í þessu frv. er þó ekki farið inn á að gera þetta landshlutabundið nema að litlu leyti þar sem meiri hlutinn á að renna í iðnþróunarsjóðina um allt land af því gjaldi sem hér er lagt til að lagt verði á.

Ég vil því beina því til hv. iðnn. að hún skoði það mjög ítarlega. Að hvað miklu leyti þörf er á að lögbinda það sem sveitarfélögin sjálf hafa í hendi sér hvort sem er skal ég ekki segja um. A. m. k. verði skoðað rækilega hvernig megi afgreiða þetta mál þannig að það geti orðið til stuðnings þeirri stefnu, sem því er ætlað að marka, að efla atvinnulífið úti um land.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson): Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umr. sem þetta frv. hefur þegar fengið hér í deildinni. Sérstaklega vil ég þakka fyrir þá flokkslegu breidd, ef svo má segja, sem umr. hefur borið með sér. Það sýnir í sjálfu sér að hér í deildinni er vakandi vilji til þess að eiga þátt í raunhæfum aðgerðum í þessu efni.

Í sjálfu sér er ekki að furða þó hæstv. iðnrh. hafi haft sterka fyrirvara á ýmsum þáttum þessa frv. Ég bjóst ekki við öðru. En engu að síður hefur komið greinilega fram í máli allra sem hér hafa talað að menn finna það vel að hér er verulegra umbóta þörf.

Það kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv. að frv. gerði eiginlega ráð fyrir miðstýringu eða samþjöppun valds. Í mínum huga er það hins vegar þveröfugt. Iðnþróunarsjóðir landshluta dreifast eðli sínu samkvæmt um allt landið og þeir hljóta þar af leiðandi að hafa í sér fólgna dreifingu valds og dreifingu fjármagns, en megintilgangur með frumvarpsflutningnum er einmitt sá að finna leiðir til að auka fjármagnsstreymi inn á þetta svið.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að vitaskuld er til heimild til að stofna til slíkra sjóða og þeir hafa verið stofnaðir. En mergur málsins er sá að þeir eru ekki stofnaðir á þann veg sem hér er lagt til. Þar er einungis um að ræða, eins og ég gat um í framsögu minni, fjármagn frá sveitarfélögunum sjálfum sem eru yfirhlaðin verkefnum, eins og hér hefur ríkulega verið á bent af ýmsum aðilum. Þess vegna er meginnauðsynin sú að búa til farvegi fyrir fjármagn inn á þessi svið annars staðar að öllum til hagsbóta. Ég fæ ekki betur séð en umr. hér sýni að við getum í rauninni öll sameinast í þessu stórmáli í einum allsherjar sjálfstæðissósíalisma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl. frv. 292. mál (þskj. 473). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð um þetta frv. til l. um breyt. á tollskrá o. fl. sem við flytjum hv. 6. landsk. og sá er þetta mælir. Þetta frv. hefur áður verið flutt hér en ekki náð fram að ganga. Í grg. segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ljóst er að reglur þær, sem nú gilda um hlunnindi ráðherra í sambandi við bifreiðakaup, stangast á við réttarvitund almennings. Þess vegna ber nauðsyn til að breyta þeim reglum sem nú eru í gildi um þetta efni."

Á 100. löggjafarþingi var flutt stjfrv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá sem miðaði að því að fella þessi fríðindi ráðh. niður, þ. e. að þeir gætu keypt bifreiðar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Á sínum tíma var frv. samþykkt í Nd. Alþingis og nál. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar er prentað með þessu frv. sem fskj. á bls. 2, en á vordögum 1979 dagaði frv. uppi einhverra hluta vegna í fjh.- og viðskn. Ed.

Þegar þetta stjfrv. var flutt á sínum tíma fylgdi því grg. þar sem m. a., með leyfi forseta, var vitnað til reglugerðar um bifreiðamál ríkisins, en þar segir:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Þessar bifreiðar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðh., er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðh. í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota."

Enn fremur sagði í grg. stjfrv.:

„Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frv. þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi."

Hér er tekið upp þetta mál, sem ríkisstj. flutti 1978—1979, og þarf svo sem ekki að hafa um það fleiri orð.

Oft hafa skapast um þetta miklar umræður. Það er ekki verið að leggja til að neinar þær breytingar aðrar séu gerðar en að ráðherrar verði að sæta sömu kjörum og almenningur þá er þeir kaupa sér bifreiðar til einkanota. Hér er ekki verið að amast við því að ráðherrar hafi góða bíla og bílstjóra til afnota í embættisins þágu. Það þykir sjálfsagt og er ekki nokkur aths. við það gerð. En ef ráðherrar kaupa sér hins vegar einkabifreiðar eiga þeir að kaupa þær með sömu kjörum og aðrir verða að sæta.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að þessu sinni, en legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sala Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar, þáltill. 293. mál (þskj. 474). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Þessi till. er einföld í sniðum. Hún var raunar flutt hér á síðasta þingi, þá í Sþ. að vísu og nokkru víðtækari en hún er nú. Það flytja hana auk mín hv. þm. Eiður Guðnason og Stefán Benediktsson.

Í fyrra urðu allmiklar umr. um störf Grænmetisverslunar landbúnaðarins og í þeim umr. var það upplýst að ríkissjóður ætti Gullaugað svonefnda, húsnæði það sem Grænmetisverslunin notar eða leigir út, geysiglæsilegt hús eins og menn vita og auðvitað allt of stórt fyrir rekstur þess fyrirtækis þó að honum yrði haldið áfram í einhverju formi, en væntanlega dregur þó eitthvað úr þeirri starfsemi þar sem menn eru almennt orðnir þeirrar skoðunar að meira frjálsræði eigi að ríkja um verslun með grænmeti en verið hefur. En ég er ekkert að amast við því að fyrirtækin séu allmörg sem með þessa vöru versla þannig að eðlileg samkeppni verði. Þess vegna er sjálfsagt að Grænmetisverslun landbúnaðarins haldi áfram störfum ef bændasamtök eða aðrir æskja þess. En húsnæði þetta hefur hún ekkert við að gera nema þá að mjög litlu leyti og á þá auðvitað að borga fyrir það leigu.

En það er lagt til að hagnaður af söluandvirði eignarinnar mundi renna með einhverjum hætti til styrktar landbúnaði. Vissulega er mikil þörf á því að hjálpa bændum til að aðlaga sig nýjum aðstæðum því að svo mikið er nú um það rætt og allir vita hvaða erfiðleikar eru í landbúnaðinum að því er varðar þessar hefðbundnu búgreinar eins og það er orðað. Það þarf mikið til að koma til að bjarga sveitunum og styrkja atvinnulífið um land allt. Um það eru allir sammála, hygg ég.

Þá er einnig lagt til að breyta Áburðarverksmiðjunni í almenningshlutafélag og að söluhagnaði yrði einnig þar varið til styrktar landbúnaðinum. Í grg. er um það getið að æskilegt gæti verið og eðlilegt að breyta verksmiðjunni í almenningshlutafélag, eins og ég sagði áðan, og hjálpa bændum þá til að eignast hana og öðrum ef þeir hefðu á því áhuga. Um þetta annars ágæta fyrirtæki er það að segja að það hefur verið í gífurlegum fjárhagserfiðleikum á undangengnum árum. Menn þekkja það hér í hv. deild einkum og sér í lagi þó nm. í hv. fjh.- og viðskn. hvernig hag þessa fyrirtækis var komið þegar á s. l. ári. Þá var safnað saman allviðamiklum upplýsingum um afkomu verksmiðjunnar í sambandi við frv. til l. um staðfestingu á ríkisábyrgð sem fyrirtækið hafði fengið fyrir 80 millj. kr., að mig minnir. Þá kom í ljós að halli fyrirtækisins var geigvænlegur, m. a. sprottinn af því að rekstrarlán höfðu verið tekin í dollurum og dollaragengið hækkaði mikið eins og menn vita. Fyrirtækið lenti mjög illa út úr því öllu saman. Hins vegar var varan seld með langtíma gjaldfresti með takmörkuðum vöxtum og engum fyrst í stað. Ég hygg að þarna sé enn um að ræða mjög mikla fjárhagslega erfiðleika.

Það er skoðun okkar flm. að heppilegra sé að þetta fyrirtæki sé rekið á venjulegum viðskiptagrundvelli og þess vegna eigi ríkið að losa sig við starfrækslu þessa fyrirtækis.

Ég þarf ekki, hæstv. forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Þetta skýrir sig sjálft. Málið gengur væntanlega til hv. fjh.- og viðskn., og það legg ég til, og síðan til framhaldsumræðu.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta langt mál, en vildi aðeins koma að örfáum ábendingum í sambandi við þetta mál.

Ég fagna orðum hv. flm., hv. 4. þm. Norðurl. v., að allir séu sammála um að hjálpa bændum í þeim vanda sem breyttar markaðsaðstæður valda nú. Þá vil ég koma því á framfæri að það er ekkert síður þörf að huga þar að kartöflubændum en öðrum. Nýlega var ég á fundi með bændum í Þykkvabæ, þar sem kartöfluframleiðslan er langstærstur þáttur í búrekstri, og þeir létu í ljós mikinn ugg ef ekki yrði unnt að halda áfram skipulegri verslun með kartöflur, töldu að ef þeir þyrftu hver og einn að keyra sínar kartöflur til kaupandans væri um svo ótryggan atvinnuveg að ræða að ekki væri lengur á hann að treysta. Því yrðu þeir að leita annarra leiða með annarri búvöruframleiðslu sem er lítið svigrúm fyrir á markaðinum. Þetta er því mjög mikið áhyggjuefni, ekki aðeins fyrir þá heldur einnig fyrir þjóðfélagið allt. Það er sem sagt spurningin um hvort hér á að vera hægt að halda uppi kartöfluræktsem fullnægir þörfum þjóðarinnar eins og kostur er.

Sem dæmi um það tjón, sem af því hlytist ef þarna yrði frá að hverfa, má nefna að fjárfestingarkostnaður vegna þessa atvinnuvegar í þessum eina hreppi er áætlaður 400—500 millj. kr. Það er því vissulega dýrt fyrir þjóðfélagið ef hann yrði allur til einskis. Ég held því að það verði að fara mjög með gát að öllum breytingum á þessu sviði, breytingum sem kynnu að stefna þessum atvinnurekstri í hættu.

Um Áburðarverksmiðjuna get ég verið fáorður. Eins og kunnugt er var það ákvörðun Sjálfstfl. að breyta henni úr hlutafélagi í ríkisfyrirtæki. Ég þekki ekki þá sögu svo að ég viti hver ástæðan var fyrir því. Hins vegar hefur það komið fram hjá núv. iðnrh. að hann telji að þó að rekstrarformið sé breytt sé ekki rétt að ríkið afhendi meiri hluta sinn í fyrirtækjum sem hafa slíka einkaaðstöðu á markaðinum eins og Áburðarverksmiðjan hefur hér á landi. En ég vil ekki loka fyrir að það geti ekki verið heppilegra að breyta um rekstrarform, þ. e. gera verksmiðjuna að hlutafélagi þannig að fleiri aðilar komi að rekstrinum eins og var í upphafi þegar Áburðarverksmiðjunni var komið af stað.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er flm. að þessari till., en á ekki sæti í þeirri n. sem væntanlega fjallar um hana þannig að mér finnst nauðsynlegt að ég lýsi mínum skoðunum í þessu máli.

Ég get ekki með nokkru móti samþykkt þá röksemd, sem fram kom í máli hæstv. ráðh., að það sé ekki nema tvennt til: annars vegar að selja og dreifa kartöflum með því móti sem nú er gert og hins vegar að kartöflubændur þurfi að bera kartöflurnar á bakinu til hvers neytanda fyrir sig. Ég hélt og held enn og held lengi við þá trú að við lifum í lýðfrjálsu landi þar sem menn geti bundist samtökum um hagsmuni sína þegar

þeir vilja svo við hafa án íhlutunar ríkisvaldsins. Ég tel að sú tilraun sé vel þess virði að reyna að breyta sölu- og dreifingarmálum með þeim hætti að hið opinbera láti af afskiptum sínum, bæði af dreifingu og verðlagningu þessarar vöru, og að kartöflubændur reyni að framleiða, selja og dreifa þessari vöru sinni með þá grundvallarhugsun að leiðarljósi að framleiðslan sé í takt við þörfina annars vegar og verðlagið fari eftir eftirspurn hins vegar. Ef svo mikil þörf er fyrir þessa framleiðslu, sem allir vilja halda fram og flestallir trúa og ég líka, get ég ekki séð að menn séu að hætta á neitt stórt í þessu, hvorki um afkomu sína né varðandi fjárfestingar.

Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei getað sætt mig við þá grundvallarröksemd fyrir tilvist bændastéttarinnar í þessu landi að hún þarfnist offramleiðslu. Offramleiðslan er sá „samkomulagsendi" sem beitt er þegar bændur og hið opinbera, þ. e. ríkisvaldið, eru að semja um afkomu þeirra. Við höfum upplifað að landeigendur hafa afsalað sér sínum sterka rétti, þ. e. samningsréttinum, í hendur ríkisvaldsins gegn þeirri tryggingu af ríkisvaldsins hálfu að það ábyrgist lágmarksafkomu bændastéttarinnar. Þetta er rökstutt þannig að við getum ekki án þessarar framleiðslu verið þar sem hún sé nauðsynleg fyrir lífsafkomu okkar sem þjóðar og taka allir menn undir þá röksemd út af fyrir sig. En tilfellið er að hún hefur ekki enn þá verið sönnuð með þeirri tilraun t. d. að framleiða einhvern tíma of lítið en ekki of mikið. Ég held að með þeirri tilraun fengist raunveruleg niðurstaða í gildismati okkar á þessari framleiðslu og nauðsyn hennar fyrir þjóðarbúið.

Hvað hinn hluta þessarar till. varðar, þ. e. sölu Áburðarverksmiðju ríkisins, þá er ég henni líka hlynntur. Við stöndum þar frammi fyrir íslenskum vanda. Almenningshlutafélög eru fá og mjög erfitt hér á landi að koma þeim upp. Ég tel að það sé mjög verðugt verkefni fyrir löggjafarvaldið að reyna á næstunni að gera sér grein fyrir því hvers vegna við getum ekki byggt upp á Íslandi efnahagslíf með svipuðum hætti og tíðkast í nágrannalöndum okkar og viðskiptalöndum, þ. e. hvers vegna almenningur í þessu landi getur ekki orðið virkur þátttakandi í atvinnulífi með því að festa fjármuni sína í því.

Hluta þessarar skýringar er að finna í afkomu Íslendinga almennt sem einstaklinga. En hinn hlutinn liggur að einhverju leyti í fjárfestingarstefnu í öðrum málaflokkum. Við vitum, eins og ég hef oft minnst á í þessum ræðustól, að mjög miklu af okkar fjármagni er stýrt af því opinbera til fjárfestingar og þá ekki allt eftir hagkvæmni svo ég segi nú ekki meira. En það er annað atriði sem skiptir kannske ekki minna máli þegar á er horft. Það er að flestallir stjórnmálaflokkar á þessu landi hafa, a. m. k. um tveggja eða þriggja áratuga skeið, stutt mjög eindregið þá stefnu að allir Íslendingar væru sjálfir eigendur að sínu húsnæði. Þetta er atriði sem hljómar mjög þekkilega þegar á er hlustað, en við getum samt sem áður leitt að því vissar líkur að þar sem allir landsmenn hafa fest peninga sína að miklu leyti í steinsteypu á undanförnum árum hefur örugglega minna orðið eftir í þeirra pyngju til að leggja í fjárfestingar í atvinnulífi, í t. d. hlutafélögum eða eftir öðrum leiðum sem fyrir hendi eru. Það sem rökstyður þetta einna best og í sem stystu máli er að þegar við horfum til nágrannalanda okkar, alveg sama hvert þeirra það er, hefur hvergi verið framfylgt sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum af jafnmikilli einurð og hér á Íslandi, en þar er aftur á móti alls ekki óalgengt að fólk sem m. a. s. gegnir störfum sem að okkar mati teljast láglaunastörf, þ. e. í iðnaði eða einhverju því um líku, getur lagt fyrir og leggur fyrir fé og það fjárfestir m. a. í hlutabréfum í gegnum fjárfestingarsjóði sem bjóða þau til sölu. Það er ekkert óalgengt að venjulegir launþegar eigi þó nokkuð góða tryggingu til ellidaganna í slíkum fjárfestingum.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstvirtur forseti. Það er einkum tvennt sem ég vil víkja að.

Í fyrsta lagi eru það engin rök fyrir því að viðhalda þurfi framleiðslu á garðávöxtum hér á landi að þá þurfi endilega að selja innanlands í einokun. Það er alveg út í bláinn. Og að 400—500 millj. fjárfesting í Þykkvabænum sé glötuð ef ekki væri einokun á innanlandsverslun með kartöflur eru líka rök sem ég skil ekki satt að segja að menn þar um slóðir vilji bera fyrir sig. Aðalatriðið er að markaður sé innanlands fyrir þessa framleiðslu. Ég hef ekki heyrt hér í sölum Alþingis að menn hafi viljað heimila innflutning á kartöflum á meðan góðar íslenskar kartöflur eru á boðstólum. Hvort þær eru á boðstólum á einum stað eða fleirum það segir ekkert til um það hvort kartöflurækt verður áfram í Þykkvabænum eða ekki.

Auðvitað verða þeir, sem geta framleitt kartöflurnar bestar og ódýrastar, samkeppnishæfastar á markaðinum. Einhverjir heltast þá úr lestinni, en aðrir auka við sína framleiðslu. En aðalatriðið er að það hlýtur að hvetja alla bændur til að standa vel að sínum rekstri ef einhver samkeppni er um markaðinn. Þess vegna held ég að við þurfum ekkert að deila um þetta. Kartöflur verða framleiddar áfram á Íslandi og væntanlega betri og ódýrari en nú er ef frjáls samkeppni fær þar að ríkja. Skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Að því er varðar Áburðarverksmiðjuna og að Sjálfstæðisflokkurinn hafi þjóðnýtt hana er það út af fyrir sig rétt að það fyrirtæki var þjóðnýtt. Það voru þó ekki allir sjálfstæðismenn sem því voru sammála. Ég greiddi a. m. k. atkvæði á móti því hér í Alþingi sem varaþingmaður. Ég var víst einn um það af þingheimi þá, en engu að síður var þó til einn andvígur. Þeir eru mun fleiri núna, sem betur fer, í öllum eða flestum flokkum sem sjá að ríkiseinokun á svona atvinnufyrirtækjum er ekki eðlileg.

Bændur þurfa að fá áburð. Ég minnist þess ekki að í því sambandi hafi hæstv. iðnrh. haldið því fram að þar sem um aðeins eitt fyrirtæki væri að ræða á einhverju sviði þyrfti ríkið að eiga meiri hluta. Það kann að vera að hann hafi einhvern tíma sagt það, en mér finnst það ólíkt honum.

Að því er Áburðarverksmiðjuna t. d. varðar er ekki nokkur minnsti vandi að skapa því fyrirtæki eðlilegt aðhald. Það þarf ekki endilega að framleiða allan áburðinn sem á landinu verður notaður í þessu fyrirtæki. Það er víst árciðanlega nægileg samkeppni í framleiðslu áburðar til þess að veita fyrirtækinu ekki meiri tollvernd en svo að það framleiði á nokkurn veginn því verði sem hægt er að fá áburðinn fyrir annars staðar að viðbættum flutningskostnaði. Það má segja það sama um sementið. Einmitt í svona þungavöru vegur flutningskostnaður mjög mikið. Það er talsvert mikil vernd fólgin í kostnaðinum við flutninga til

landsins. Ef mönnum sýnist svo má veita þessum fyrirtækjum einhverja frekari tollvernd ef það þá ekki brýtur í bága við samninga okkar um fríverslun, samninga við Fríverslunarbandalagið og líka Efnahagsbandalag Evrópu. En það er engin ástæða til þess að hafa ekki slík fyrirtæki í hlutafélagsformi og í einkaeigu. Það er hægt að veita þeim algjörlega fullkomið aðhald. Þar að auki höfum við í lögum ákvæði til að hindra einokunarmyndun og samkeppnishömlur sem er hægt að beita ef stofnað er til óhófsgróða í skjóli einokunar.

Síðasti ræðumaður, hv. þm. Stefán Benediktsson, vék hér nokkuð að almenningshlutafélögum og ég er honum þakklátur fyrir að ræða það mál. Það er alveg rétt að eignamyndun hjá einstaklingum á Íslandi hefur orðið mest í íbúðarhúsnæði og það er vel. Það má vel vera að við Íslendingar séum eitthvað ákveðnari í því en aðrir að vilja eiga okkar eigin reit og eiga hann einir. Vafalaust hefur bændaþjóðfélagið, þar sem eignarréttarinn var helgur og allir vildu eitthvað eignast sem þeir einir áttu, stuðlað að því að menn vilja hér fyrst og fremst eiga sínar íbúðir. En það á ekki að hindra að menn geti líka orðið þátttakendur í atvinnulífinu með hlutabréfakaupum.

Einmitt þeir, sem eru komnir á miðjan aldur eða þar yfir og margir hverjir eru búnir að eignast sínar íbúðir og búa þess vegna við lítinn húsnæðiskostnað, ættu að geta varið fjármunum til að efla atvinnuvegina. Ef fjármagn er til í þjóðfélaginu til að koma fyrirtækjum á legg mættu einstaklingarnir alveg eins hafa eignarréttinn en ekki ríkið. Þessir peningar eru íslenskir peningar. Hvers vegna ekki að dreifa þeim meðal fólksins þannig að fólkið geti notið þess öryggis sem því er samfara að eiga einhverja eign í atvinnuvegunum? Öll þjóðin nyti þess aðhalds sem þar með skapaðist í stað þess að einhverjar klíkur á vegum ríkisins ræku fyrirtækin og væri hér um bil sama hvernig þau gengju.

Gátan er því ekki torleyst. Það þarf aðeins að hafa það pólitíska vald sem auðveldar mönnum að eignast fjármunina í stað þess að þeir renni í stöðugt ríkara mæli í ríkishítina og til margháttaðra ríkisstofnana sem byggja yfir sig óhófsbyggingar og hafa kannske ekki aðhald til þess að reka fyrirtækið með mestri hagkvæmni. Mín skoðun er sú að á Íslandi gætu menn vel átt sínar hóflegu íbúðir, gætu kannske átt hlutabréf eða skuldabréf sem svaraði til íbúðareignar, oft og tíðum af því að það er mikil auðlegð til í þessu þjóðfélagi. Það sem hefur á skort er að menn fengju að gefa ávísanir á þessa auðlegð sína eins og áður hefur verið rætt hér og verður rætt hér áður en langt um líður í sambandi við þessa peningamagnskenningu sem við höfum búið við. Það er bara röng hugsun að ekki megi dreifa auðnum meðal þjóðarinnar. Það er ekki hægt að tryggja virkt lýðræði með öðrum hætti en að menn séu sæmilega fjárhagslega sjálfstæðir, geti sagt það sem þeim sýnist og gert það sem þeim sýnist án íhlutunar opinbers valds. Auðvitað verður auðlegðin miklu meiri ef einstaklingurinn og kraftur hans fá að njóta sín. Ég held að okkur hv. þm. greini ekkert á um þetta. Ég vildi aðeins benda á þetta í framhaldi af hugleiðingum hv. þm.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Dómsvald í héraði, frv. 227. mál (þskj. 282). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Með frv. þessu er gerð tillaga um breyt. á lögum um skipan dómsvalds í héraði o. fl. sem geri mögulegt að í stað embættis löglærðs fulltrúa við embætti sýslumanns í Árnessýslu og bæjarfógeta á Selfossi og við borgarfógetaembættið í Reykjavík verði unnt að setja á stofn embætti héraðsdómara við embættið á Selfossi og eins borgarfógeta við borgarfógetaembættið.

Í Árnessýslu og á Selfossi er nú hátt á ellefta þúsund íbúa og hefur dómsmálum fjölgað þar jafnt og þétt og þykir það til styrktar meðferð dómsmála í umdæminu og þar verði starfandi sérstakur héraðsdómari svo sem orðið er í öllum fjölmennari umdæmum. Ekki er þó ætlunin að þessu fylgi fjölgun lögfræðinga við embættið. Frá árinu 1979 hefur einn borgarfógeti, auk fulltrúa, fjallað um skiptaréttarmálefni við borgarfógetaembættið í Reykjavík, en þeir höfðu áður um árabil verið tveir. Komið hefur í ljós að betur hentar, vegna mögulegrar verkaskiptingar og af fleiri ástæðum, að borgarfógetarnir, sem um þau málefni fjalla, séu tveir svo sem áður var. Þess má geta að málum, sem fjallað er um í skiptarétti, hefur fjölgað mjög hin síðustu ár við borgarfógetaembættið. Ekki er þó gert ráð fyrir í þessu samhengi að lögfræðingum verði nú fjölgað við borgarfógetaembættið.

Rétt þykir að jafnframt ofangreindum efnisbreytingum verði lagfærð þau atriði er hafa breyst frá 1972, er lög um skipan dómsvalds o. fl. voru sett, að því er varðar sveitarfélög í Reykjanesumdæmi, þ. e. að Gullbringusýsla hefur verið lögð til umdæmis bæjarfógetans í Keflavík og Grindavík og Njarðvík hafa orðið kaupstaðir. Enn fremur hafa Garðahreppur og Seltjarnarneshreppur orðið kaupstaðir. Þar er aðeins um að ræða lagfæringu á lögunum í samræmi við breytingar sem orðið hafa síðan þau voru sett.

Hv. Ed. hefur fjallað um þetta frv. og samþykkt það óbreytt og vænti ég þess að það eigi greiða leið hér í gegnum hv. Nd. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur frammi, er til breytinga á matvælalöggjöfinni. Er sú löggjöf að grunninum til frá árinu 1936. Er frv. flutt að beiðni Hollustuverndar

ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í þeim tilgangi að Heilbrigðiseftirlitið geti starfað á þann hátt sem nauðsynlegt er.

Með frv. er lagt til að sönnunarbyrði verði snúið við. Finnist t. d. matvara á framleiðslu-, dreifingar- eða sölustað verði það hér eftir framleiðenda, dreifenda eða seljenda að sanna að vara sem að öðru jöfnu er þar á boðstólum sé ekki til dreifingar eða sölu. Þyrfti þá heilbrigðiseftirlitið ekki að standa frammi fyrir því, eins og átti sér stað í því tilviki sem greint er frá í grg. með frv., að færa sönnur á að óstimplað kjöt, sem finnst á kjötborði veitingahúss, sé ætlað til neyslu. Það þarf ekki, að mínum dómi, að tíunda frekar hér að eigi eftirlitið framvegis að búa við þá kosti áorkar það litlu. Því hefur heilbrrn. fallist á að flytja þetta frv. Það var lagt fyrir Ed. sem afgreiddi það á mjög skömmum tíma óbreytt og var full samstaða um afgreiðslu málsins í þeirri n. sem fjallaði um það í Ed.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5, n. 509, 506, 517 og 522, 505, 507, 514, 516, 518). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta mál hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun í menntmn. Alls voru haldnir 13 fundir um málið og stóðu flestir hverjir klukkustundum saman, sjaldan skemur en í tvær stundir og stundum mun lengur, þannig að ekki er hægt undan því að kvarta að n. hafi ekki gefið sér tíma til að fjalla um málið, enda bárust ítarlegar umsagnir frá ýmsum aðilum eða alls frá 15 aðilum og fjölmargir menn voru kvaddir á fund n. og í þeim efnum farið eftir öllum þeim óskum sem fram komu. Ég tek þess vegna ekki við því, sem fram kemur í einu nál., að skort hafi á það að n. hafi gefið sér tóm til að ræða þau atriði sem fram komu um einstök atriði frv. eða um Ríkisútvarpið almennt.

Um þetta mál hefur verið allítarleg umfjöllun í fjölmiðlum. Ég vil af því tilefni aðeins segja að sumt á þar að sjálfsögðu við rök að styðjast. Oft greinir menn á um einstök efnisatriði. Það eru skiptar skoðanir um fjölmargt, bæði varðandi útvarpslög sem annað. En því miður hefur einnig borið á hinu að menn hafa ýmist misskilið tilgang frv. eða ekki sett sig inn í þær brtt. sem meiri hl. n. flytur, þannig að margt er þar líka missagt og hefur raunar sumt verið leiðrétt á opinberum vettvangi.

Höfuðtilgangurinn með þessum frv.-flutningi er sá, eins og hv. þdm. er kunnugt, að veita einkaaðilum leyfi til útvarpsrekstrar og er hugsunin sú að slík leyfi skuli veitt til þriggja ára, enda skuli lögin endurskoðuð innan þess tíma, þannig að Alþingi veitist svigrúm til að fjalla um ný útvarpslög, og eru ýmis ákvæði frv., bæði í brtt. n. og í frv. sjálfu, sem bera keim af því að hér er um tilraunaútvarp að ræða, ef svo má segja. Menn treysta sér ekki til þess á þessari stundu að slá því föstu hversu þessum málum skuli skipað til frambúðar, enda tæknipróun mjög ör og erfitt að sjá fyrir hver þróun í fjölmiðlun verður á næstu árum.

Ég vil taka það sérstaklega fram að útvarpsráð eða meiri hluti þess með fimm atkv. gegn tveim hefur lýst stuðningi við þá meginstefnu frv. að fleiri en Ríkisútvarpið fái heimild til að útvarpa. Með því verði sköpuð skilyrði fyrir samkeppni í útvarpsrekstri sem hlýtur að orka hvetjandi á þá er starfa að slíkri þjónustu við almenning og notendum veittir auknir valmöguleikar, einkanlega að því er varðar staðbundið útvarp í einstökum byggðarlögum.

Í frv. er lögð áhersla á að útvarpsstöðvar skuli gæta lýðræðislegra grundvallarreglna í starfsemi sinni, virða tjáningarfrelsi og gefa svigrúm fyrir mismunandi skoðunum í dagskrá og nánari ákvæði eru um hvernig með skuli farið ef út af því er brugðið. Þetta er að sjálfsögðu í fullu samræmi við þá grundvallarskoðun lýðræðisþjóðfélaga að með öllum hætti sé nauðsynlegt að tryggja skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, að menn séu frjálsir að sínum orðum og að ekki skuli setja óeðlilegar tálmanir við því að menn geti látið þær í ljós og látið þær berast.

Varðandi einstakar brtt. er þetta að segja:

Í fyrsta lagi varðandi 1. gr. Gleggra þykir að taka fram að hliðsjón skuli hafa af lögum um fjarskipti nr. 73 1984 og er þetta fyrst og fremst tæknilegt atriði. Á hinn bóginn hefur meiri hl. n. ekki fallist á að setja inn í þessa grein ákvæði um að sendingar milli radíóamatöra teljist ekki útvarp í skilningi laga þessara. Það er óþarft. Um starfsemi þeirra er fjallað í fjarskiptalögum og kemur þessu máli ekki við.

Við 2. gr. er sú brtt. að útvarpsréttarnefnd skuli skipuð til fjögurra ára og er hugsunin á bak við þá brtt. sú að sama nefndin skuli sitja þann tíma sem þessum lögum er ætlað að gilda eða þangað til endurskoðun á þeim lýkur.

Nokkrar breytingar eru við 3. gr. Er þar fyrst að nefna að í frv. er talað um að útvarpsréttarnefnd geti veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum. Okkur þykir þessi takmörkun óþörf og skiljum ekki tilgang hennar og leggjum til að í staðinn fyrir „félögum, sem til þess eru stofnuð“ komi: lögaðilum. Með þessu er að sjálfsögðu rýmt fyrir þeim sem kynnu að vilja stofna til útvarpsrekstrar og reglurnar gerðar frjálsari en ella. Að því sama lýtur sú brtt. að 2. tölul. falli niður, að það sé gert að skilyrði að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfis áður en það sé veitt. Þetta miðar hvort tveggja að því að gera reglurnar einfaldari og nema burt þá þröskulda sem eru fyrir slíkri leyfisveitingu í lögunum eins og þau eru nú.

Varðandi 1. tölul., sem er umorðaður, er annars vegar um að ræða lagfæringu á orðalagi, hins vegar er því bætt við að heimilað sé í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgju þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju. Það er nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði mjög þröngt vegna þess að frá tæknilegum sjónarhóli eru því þröngar skorður settar hversu mörgum sé unnt að veita leyfi til útsendinga á miðbylgju. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa það mjög í hófi, en á

hinn bóginn réttlætismál fyrir ýmsa landsfjórðunga, Vestfirði m. a. og ekki síst, að þeir eigi þess kost að geta notið þráðlausra útvarpssendinga.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því að óheimilt sé að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar og því er bætt við að ekki skuli heldur leyfa félagi eða stofnun, þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%, slíkt leyfi.

Aðrar brtt. við 3. gr. skýra sig að mestu leyti sjálfar. 5. töluliður er óþarfur að okkar mati. Sjálfsagt er að menn fari eftir lögum og þarf ekki að setja inn sérstök ákvæði þess efnis. Að því sama lýtur brtt. við 6. tölulið.

Breytingar við 5. gr. eru tæknilegs eðlis og skv. ábendingum Póst- og símamálastofnunarinnar. Þær þarfnast ekki skýringa.

Hér er lagt til að á eftir 6. gr. komi ný grein er verði svohljóðandi:

„Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun o. fl. í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að."

Þessi grein er sett inn til að taka af tvímæli og er í fyllsta samræmi við þær alþjóðasamþykktir sem við erum aðilar að, eins og fram kemur í greininni og er óþarfi að fjalla nánar um það.

Það er nýmæli og ein meginbreyting n. að hér er gert ráð fyrir því að nýr kafli, II. kafli, bætist inn í lögin, „Menningarsjóður útvarpsstöðva". Hlutverk hans er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Ástæðan fyrir þessari till. n. er fyrst og fremst sú að við óttumst að nægilegt fjármagn sé ekki fyrir hendi, a. m. k. í öndverðu, til þess að vanda innlenda dagskrárgerð.

Kvikmyndaiðnaður er nú mjög nýr af nálinni og nauðsynlegt að efla hann eftir föngum, enda má færa rök fyrir því að í framtíðinni geti hann veitt mörgum mönnum atvinnu og orðið verulegur þáttur í íslensku atvinnulífi, aflað okkur gjaldeyris og orðið til menningarauka. Meiri hl. n. telur m. ö. o. rétt að stuðla að slíkri starfsemi og varð sammála um að sérstakt gjald skyldi lagt á auglýsingar í því skyni sem við köllum „menningarsjóðsgjald" og skuli vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.

Skv. þeirri fjárhagsáætlun, sem Ríkisútvarpið hefur gert á þessu ári, er reiknað með því að sjónvarpsauglýsingar nemi 83.1 millj. kr., Ríkisútvarpið Rás 1 93.5 millj. og Ríkisútvarpið Rás 2 23.3 millj., eða 199.9 millj. kr. Það þýðir m. ö. o. að um 20 millj. kr. munu koma inn í sjóðinn skv. þessari till. ef gengið er út frá því að magn auglýsinga verði hið sama og áður og að nýjar útvarpsstöðvar bætist ekki í hópinn. Hér er engu slegið föstu um það hvenær þetta gjald skuli tekið upp. En ég vek athygli á því að í þessum brtt. er jafnframt gert ráð fyrir því að af því greiðist sá hallarekstur sem Ríkisútvarpinu er gert skv. lögum um Sinfóníuhljómsveitina að standa skil á, sem er sennilega um þriðjungur þessa gjalds, um 7 millj. kr. á þessu ári, 7—7.5 millj. kr. Sjóðurinn mun þá hafa til ráðstöfunar um 14 millj. kr. ef tekið er mið af heilu ári og ef ekki er gert ráð fyrir því að önnur auglýsingaútvörp komi til skjalanna sem auðvitað verður ekki.

Það má að sjálfsögðu jafnan deila um það hvort rétt sé að vera með markaða tekjustofna eins og þennan. Það hefur oft komið fram hér á Alþingi að of mikið sé af slíku í íslenskri löggjöf og þessi ríkisstj., eins og margar aðrar, hefur sett sér það markmið að reyna að höggva suma þessa mörkuðu tekjustofna í herðar niður, ef svo má segja, nema ákvæði um þau úr lögum, og ég get verið sammála því. Á hinn bóginn töldum við nauðsynlegt að setja skýr ákvæði um það hvaðan Menningarsjóðurinn skyldi hafa sínar tekjur ef á annað borð yrðu sett inn ákvæði um hann. Ég vil í þessu sambandi líka minna á það að útvarpsauglýsingar, hvort heldur er í útvarpi eða sjónvarpi, eru söluskattsskyldar eins og nú standa sakir meðan t. d. auglýsingar í blöðum eru undanþegnar söluskatti. Það hefur þess vegna verið litið svo á af Alþingi að ástæða sé til að standa vörð um auglýsingamiðilinn hjá dagblöðunum og verið rökstutt með því að þau standi mörg hver höllum fæti og nauðsynlegt sé að hlúa að slíkri útgáfu til þess að auðvelda það að mismunandi sjónarmið komist til skila og reyna með þeim hætti að standa vörð um prentfrelsið og tjáningarfrelsið.

Nú hefur ríkisstj. lýst því yfir að virðisaukaskattur verði upp tekinn um næstu áramót sem eðli sínu samkvæmt hlýtur þá að leggjast á allar auglýsingar hvort heldur er í útvarpi eða blöðum. Þessi skattvernd verður þá úr sögunni samtímis. Þá sýnist okkur ekki óeðlilegt þótt nokkrar byrðar verði eftir sem áður lagðar á útvarpsreksturinn. Með hliðsjón af því er hér í raun um helmingslækkun á opinberum gjöldum að ræða borið saman við aðra fjölmiðlun og er ég þá að tala um dagblöðin.

Ég vil vekja athygli á því sérstaka eðli virðisaukaskattsins að hann kemur til frádráttar hjá auglýsendum við lokauppgjör skattsins hjá viðkomandi auglýsanda. Það má því með nokkrum rétti segja að þjónustuiðnaður eins og auglýsingaiðnaður sé undanþeginn virðisaukaskattinum þegar til hins endanlega uppgjörs kemur borið saman við þann praxís sem verið hefur á álagningu söluskattsins. En söluskattur af sjónvarpsauglýsingum og útvarpsauglýsingum hefur ekki verið frádráttarbær við endanlegt uppgjör söluskatts. Þarna er þess vegna um mismunandi skattútreikning að ræða þessum fjölmiðlum í hag og þangað sækjum við m. a. þau rök að réttlætanlegt sé að leggja þetta 10% gjald á auglýsingar í útvarpi.

Við gerum ráð fyrir því að menntmrh. setji nánari reglur um starfsemi sjóðsins. Í till. okkar er gert ráð fyrir því að stjórn hans skuli skipuð þrem mönnum, einum tilnefndum af útvarpsráði, einum af öðrum útvarpsstöðvum eða útvarpsréttarnefnd ef þeim er ekki til að dreifa og formaður nefndarinnar skuli skipaður af menntmrh. án tilnefningar.

Í nefndinni komu ekki fram athugasemdir við þetta fyrirkomulag og hafa aðrar hugmyndir ekki verið uppi um það. Hins vegar gerum við ráð fyrir því að tengsl ríkisútvarps og sjónvarps rofni ekki þrátt fyrir þetta nýja ákvæði og gerum þess vegna ráð fyrir því að sérstakur samningur verði gerður milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar svo sem verið hefur og er ákvæði um það í 7. brtt.

Ég vek sérstaka athygli á því varðandi núverandi II. kafla frv., sem verður III. kafli, að í brtt. er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið komi upp aðstöðu til dag-

skrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins. Jafnframt er kveðið skýrt á um það að Ríkisútvarpið skuli starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skuli veitt til þess fé á fjárlögum. Með þessu viljum við leggja áherslu á nauðsyn fræðsluútvarpsins og undirstrika þá skoðun að ekki sé við því að búast, eftir að hin aukna samkeppni kemur til sögunnar, að Ríkisútvarpið geti eitt staðið undir hinum aukna kostnaði sem fræðsluútvarpið hlýtur að hafa í för með sér, enda ekki nema eðlilegt að aukin áhersla sé lögð á hvers konar fræðslu, menntun og endurmenntun, eins og hæstv. menntmrh. hefur lagt mjög ríka áherslu á.

Þá gerum við ráð fyrir því að sú heimild sé afdráttarlausari í lögunum en í frv. að Ríkisútvarpinu sé heimilt að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Í 11. brtt. er sú skylda Ríkisútvarpsins gerð ríkari en í frv. að því beri að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni sé varðveitt til frambúðar og haft til útlána eða sölu og fram tekið að því sé rétt að ganga frá samningum við rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt. Við viljum m. ö. o. auka hlut Ríkisútvarpsins í slíkri miðlun á útvarpsefni, bæði til heimilisbrúks og hjá hinum ýmsu aðilum til sjós og lands sem slíks kynnu að óska. Þetta þarfnast ekki skýringar, en við teljum þetta ákvæði mjög þýðingarmikið og geti orðið til menningarauka.

Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir því að sú er skoðun Ríkisútvarpsins að það afnotagjaldakerfi, sem það hefur stuðst við frá öndverðu, standi nú mjög höllum fæti og að nauðsynlegt sé að taka það mjög til endurskoðunar. Ástæðan fyrir því að meiri hl. menntmn. hefur ekki á þessu stigi ákveðnar tillögur fram að flytja um það hvað við skuli taka er einfaldlega sú að fyrir tíu dögum hafði Ríkisútvarpið samband við formann nefndarinnar um að það hefði falið sérstökum rekstrarráðgjafa að gera úttekt á tekjustofnum Ríkisútvarpsins — og þá einkum afnotagjaldakerfinu eins og það hefur verið rekið — og gera tillögur til úrbóta þar um. Ríkisútvarpið spurðist fyrir um það hvort nefndin gæti ekki fallist á að bíða með endanlegan tillöguflutning þangað til álit rekstrarráðgjafans lægi fyrir og var það að sjálfsögðu auðsótt.

Ástæðan fyrir því að þetta kerfi hefur — ég veit ekki hvort ég á að segja — hrunið eða er orðið mjög erfitt í framkvæmd er sú annars vegar að tækninni hefur fleygt fram þannig að torveldara er en áður að fylgjast með því hverjir séu rétthafar hljóðvarps- eða sjónvarpstækja. Á hinn bóginn hefur borið á því eftir að sú regla var upp tekin að einungis skyldi greitt af einu sjónvarpstæki á hverju heimili að mörg tæki eru skráð á sama mann þótt þau séu jafnvel í raun í notkun í þrem landsfjórðungum, eins og fram kemur í grg. Það er m. ö. o. augljóst að sú tilhneiging að koma sér undan að greiða afnotagjaldið er fyrir hendi og nú fer fram úttekt á því hversu mikil brögð kunni að vera að því og hvort unnt sé að komast fyrir slíka misbeitingu.

Ég tek það fram að þegar fjármálastjóri Ríkisútvarpsins hitti nefndina að máli í nóvembermánuði hafði hann ekki uppi neinar hugmyndir um það að afnema afnotagjaldið. Þessi hugmynd Ríkisútvarpsins kom því nm. í opna skjöldu.

Áður en þetta samtal formanns nefndarinnar við fjármáladeild útvarpsins átti sér stað hafði meiri hl. látið gera könnun á því hvort gerlegt væri að taka upp nefskatt í stað afnotagjalds, eins og hér er gerð grein fyrir. Þá er gert ráð fyrir því að greiðendur afnotagjalds séu um 105 þús. á landinu öllu. Ef gengið er út frá 289.7 millj. kr., sem er sú fjárhæð sem Ríkisútvarpið hyggst ná inn með afnotagjöldum á þessu ári, þarf slíkur nefskattur, sem miðast við það að börn innan 16 ára aldurs séu undanþegin honum og þeir einstaklingar sem á s. l. ári höfðu tekjuskattsstofn undir 115 500 kr., að vera miðað við 100% innheimtu 2700 kr., miðað við 85% innheimtu 3176 kr. og miðað við 80% innheimtu 3375 kr. Afnotagjaldið er nú 2650 kr. fyrir fyrri hluta ársins. Miðað við einstakling yrði því þarna um verulega lækkun að ræða, á hinn bóginn um nokkra hækkun að ræða ef miðað er við hjón þar sem báðir aðilar vinna sér inn umtalsverðar tekjur. Fjárhæðin 115 500 kr. svarar til fullrar tekjutryggingar með heimilisuppbót, sem er sú viðmiðun sem Tryggingastofnun ríkisins og Ríkisútvarpið hafa nú þegar einstaklingum er veitt undanþága frá greiðslu afnotagjalds. Út frá þessu er gengið.

Ég vil aðeins víkja að því að hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson gerir í sínum brtt. efnislega ráð fyrir því að afnotagjald verði upp tekið sem hefur þó ekki við útvarpstæki að styðjast heldur við nef, það yrði þá nýr nefskattur. Skv. hans till. er gert ráð fyrir því að sérhver einstaklingur á aldrinum 20—70 ára skuli greiða gjald fyrir útvarpsafnot sem innheimtumenn ríkissjóðs innheimti. Undanþegnir gjaldinu séu blindir og aðrir sem undanþegnir eru í reglugerð sem menntmrh. setur.

Það er náttúrlega mjög einfalt að leysa málið með þessum hætti, slá því föstu í lagagrein að slíkt gjald skuli á lagt og að útvarpsstjóri skuli ákveða hæð gjaldsins, að vísu að höfðu samráði við menntmrh. Ég hygg á hinn bóginn að slík opin lagaákvæði varðandi skattamál stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnnar, en þar segir í 40. gr. að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Í bók Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Málefnum þeim sem stjórnarskráin sjálf felur löggjafanum verður því aðeins skipað með lögum og löggjafanum er óheimilt að framselja framkvæmdavaldshafa ákvörðunarvald um þau efni.“ Þar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Og þegar stjórnarskráin sjálf býður að eitthvað skuli gert með lögum er almenna löggjafanum, eins og áður er sagt, almennt óheimilt að fela framkvæmdavaldshöfum ákvörðun um þau efni.“

Ég held þess vegna að það sé ekki vafamál að þessi brtt., eins og hún er fram sett af formanni Alþfl., stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þó að í sumum tilvikum kunni að vera réttlætanlegt að framkvæmdavaldið kveði á um ýmsar þær reglur sem í þröngum skilningi ber að ákveða af Alþingi sjálfu sé slíkt með öllu óþolandi þegar um almenna skattlagningu er að ræða. Ég held að hið háa Alþingi hljóti að standa fast á þeim rétti sínum að setja framkvæmdavaldinu þröngar skorður um skattlagninguna. Það verður heldur ekki ráðið af tillögum Alþfl. hvaða viðmiðun þeir hyggist hafa í þessum efnum. Tel ég því að till., eins og hún liggur fyrir á þskj. 518 frá formanni Alþfl., sé ekki frambærileg.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um fjármálakafla n. í frv. Það má að sjálfsögðu halda því fram að menntmrn. hafi ekki átt að taka málið til 2. umr. fyrr en endanleg

niðurstaða væri komin varðandi þennan þátt málsins. Á hitt vil ég þó leggja áherslu í því sambandi að nm. höfðu komið sér saman um að málið kæmi til endanlegrar afgreiðslu á fundi nefndarinnar s. l. þriðjudag. Þá skýrði ég einstökum nm. frá því að ég óskaði eftir því að fjármál Ríkisútvarpsins yrðu sérstaklega tekin til meðferðar í nefndinni milli 2. og 3. umr. Engin athugasemd kom um það frá einstökum nm. Mönnum finnst þetta ekki óeðlileg málsmeðferð og vil ég vænta þess að ég geti átt jafngott samstarf við nefndina milli 2. og 3. umr. um þetta efni og ég hef að öðru leyti átt við hana um þetta mál. Hér er um mjög afmarkaðan þátt í frv. að ræða, og snertir ekki efni þessa máls að öðru leyti. En ég sé ástæðu til þess að undirstrika í þessu samhengi að meiri hl. nefndarinnar telur það eina af höfuðskyldum sínum í sambandi við þetta frv. að ganga þannig frá rekstrargrundvelli Ríkisútvarpsins að það verði áfram rekið með myndarbrag og geti rækt þær miklu menningarlegu og fréttalegu skyldur sem því eru lagðar á herðar.

Ég vil vekja sérstaka athygli á 16. brtt. Þar er nýrri lagagrein bætt inn sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps skv. lögum þessum, skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu, útsendu efni. Þó er heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar."

Þetta orðalag hefur fengið verulega umfjöllun og teljum við að nægilegt svigrúm sé að miða við 18 mánuði í þessu samhengi. En hér er að sjálfsögðu fjallað um ábyrgð á útvarpsefni og skyldur útvarpsstöðva til þess að varðveita þau gögn sem nauðsynlegt er að séu til staðar ef menn vilja leita réttar síns gagnvart þeim.

Að síðustu vil ég víkja aðeins að ákvæðum til bráðabirgða. Hér er gert ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi. Gert er ráð fyrir því að leyfi til útvarps, sem veitt verði, geti ekki orðið til lengri tíma en þriggja ára og, eins og ég sagði áður, að útvarpsréttarnefnd skuli kjörin þegar eftir gildistöku þessara laga og sitja til ársloka 1989 og að stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skuli skipuð í fyrsta sinn fyrir árslok 1985. Loks er hér ákvæði um að utanrrn. sé heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skuli þá tekið mið af ákvæðum I. kaflans að svo miklu leyti sem við getur átt. Við töldum nauðsynlegt að taka af skarið um það að varnarliðið hefði áfram sömu heimildir og nú til slíks rekstrar, enda var það aldrei tilgangur þessa frv. að raska neinu varðandi útvarpsrekstur varnarliðsins.

Að síðustu vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að því sem hlotið hefur nafnið „boðveitur" þar sem ég sé að þetta orð er að finna sums staðar í þeim brtt. sem fluttar eru við þetta frv. Ég hef haft samband við Orðabók Háskólans til þess að fá skilgreiningu á því hvað orðið boðveita þýðir, en það er ekki að finna í þeim plöggum. Ef maður reynir að skilja orðið með hliðsjón af öðrum samsettum orðum þar sem „veita" kemur fyrir, eins og hitaveita eða rafveita, kemur í ljós að orðið virðist notað um stofnanir sem hafa það verkefni að dreifa t. d. rafmagni eða vatni til almennings. Getum við því vel sagt að stærsta boðveita hér á landi sé Póstur og sími. En við getum líka sagt að Ríkisútvarpið, eins og það er rekið, sé boðveita þar sem það kemur boðum út til almennings þó að Póstur og sími annist um það að menn geti talast við í ýmsum landsfjórðungum, jafnvel innan sama húss eða landa á milli, komið boðum landa á milli.

Ég vakti athygli á því í nefndinni að skilgreiningu vantaði á þessu orði og það væri að sjálfsögðu óhugsandi að fallast á að það væri tekið inn í brtt. meiri hl. nefndarinnar nema þeir menn, sem bæru orðið fyrir brjósti, legðu á sig það ómak að reyna að gera öðrum grein fyrir því hvað þeir meintu nákvæmlega með orðinu.

Ég vil vekja athygli á því að í lögum um fjarskipti er nákvæmlega skýrgreint hvað einstök orð, sem þar koma fyrir, þýða. 1. gr. frv. og I. kafli ber heitið Orðskýringar. Þar er nákvæmlega skýrgreint hvað orðið fjarskipti þýðir, fjarskiptavirki og notendabúnaður. Mér skilst að orðið boðveita taki yfir öll þessi orð og meira en það, taki yfir þau fyrirtæki sem ráða yfir slíkum tækjum og notast við þau.

Ég hef borið það undir m. a. Póst og síma og ýmsa lögfræðinga hvort ákvæði um boðveitur, eins og gert er ráð fyrir í brtt. hv. 5. þm. Reykv., eigi heima í útvarpslögum og hefur mér ekki tekist að finna neinn þann mann sem telur svo vera. Þvert á móti hefur mér verið bent á það af öllum að þessi ákvæði eigi heima í fjarskiptalögum. Ég hef skýrt frá því á nefndarfundi að hæstv. samgrh. hafi þessi mál til athugunar og muni leggja fram frv. um þau efni þegar niðurstöður liggja fyrir. Ég hlýt því að leggja til að þær brtt. sem lúta að þessum svokölluðu boðveitum verði felldar, í fyrsta lagi vegna þess að þær eru fluttar við vitlaust frv. og í öðru lagi vegna þess að skýrgreiningu á orðinu „boðveita" vantar í brtt. Á hinn bóginn var það óhugsandi að menntmn. tæki þetta mál upp á sína arma þar sem fjarskiptalög heyra skv. þingsköpum undir samgn. Ég bauðst til þess að gera formanni samgn. viðvart um það að í menntmn. væri ríkur áhugi á því að koma að breytingum á fjarskiptalögum en slík milliganga hefur ekki verið þegin fram að þessu. Ég vil hins vegar beina því til hv. samgn. að athuga þessi mál, ef henni þykir ástæða til, jafnframt því sem ég beini því til einstakra þm., sem telja fjarskiptalögum ábótavant, að flytja um það sérstakt frv. með þinglegum hætti. En eins og fram kemur hef ég enga löngun til þess að fara inn á verksvið samgn. og frábið mér um leið að samgn. fari inn á verksvið menntmn.

Í nefndinni urðu mjög ítarlegar umr. varðandi 4. gr. sem lýtur að auglýsingum og þau ákvæði í 5. gr. sem lúta að hinu sama. Ég hef séð að fjölmargar brtt. hafa verið lagðar fram varðandi þann þátt frv. Ég mun taka þau mál upp í menntmn. um leið og fjármál Ríkisútvarpsins verða rædd milli 2. og 3. umr. og vil beina því til tillögumanna að þeir dragi brtt. sínar varðandi 4. gr. til baka til 3. umr. til þess að nefndinni gefist kostur á að líta nánar á þær.

Frsm. 1. minni hl. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að menntmn. skiptist í afstöðu sinni til þessa frv. til útvarpslaga, sem liggur fyrir hér til umr. í dag. Í menntmn. gerði ég grein fyrir því að ég áskildi mér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma hér í hv. deild.

Á þskj. 507 koma fram brtt. frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni sem ég skýri nánar hér eftir því sem þörf krefur í máli mínu.

Við í Bandalagi jafnaðarmanna höfum þegar gert grein fyrir þeirri skoðun okkar að frv. sé afar illa í stakk búið til að marka þau tímamót í útvarpsmálum þjóðarinnar sem því er ætlað. Þetta kemur m. a. fram í nál. 1. minni hl. menntmn. á þskj. 506. Þar að auki finnst okkur furðu sæta að við Íslendingar skulum yfirleitt vera að eyða tíma okkar í það að ræða um það hvort, hvernig og þá hvenær við ætlum að rýmka þá einokunarlöggjöf sem gildandi lög eru.

Þegar ríkisstj. lagði hvað mesta áherslu á að afgreiða frv. s. l. haust voru aðstæður um margt mjög óvenjulegar og sérstæðar. Það hafði gripið um sig mikill fjölmiðlaáróður í verkfalli BSRB sem þá stóð sem hæst. Mikið var rætt um mikilvægi frjálsrar fjölmiðlunar og þessar umræður manna á meðal kveiktu ákveðnar óskir með þjóðinni, þ. e. þeim hluta þjóðarinnar, sem er stór hluti, sem vill að frumkvæði, sjálfstæði og frelsi ríki í fjölmiðlum. Hinir, sem eru færri, eru vissir um það og dæma um það fyrir fram að þjóðin hafi ekki gott af neinu öðru en því sem henni er skammtað gegnum pólitískt skömmtunarkerfi kerfisflokkanna. Þeir telja sig vita hvað þjóðinni beri að sjá og heyra, hvað henni er hollt og óhollt, telja sér skylt að hafa vit fyrir fólki með því að mata það með því sem þeim kemur best.

Virðulegi forseti. Forsjárhyggja kerfisflokkanna endurspeglast í þessari afstöðu. Hv. þm. gömlu kerfisflokkanna eru svo uppfullir af því að þeim beri að hafa vit fyrir fólki að þeir geta ómögulega sett sér það fyrir hugskotssjónir að frelsi fólks til þess að velja og hafna þurfi ekki nauðsynlega að fara fyrir einhverja réttarnefnd eða eitthvert ráð þar sem þeir hafa töglin og hagldirnar. Þeir verða óttaslegnir við tilhugsunina um hvert eitt minnsta skref í átt til frelsis.

En þetta er raunverulega sama dæmið sem tekið hefur verið áður, undir öðrum formerkjum að vísu, þegar vikið hefur verið að því leynt og ljóst hvað þessir smáflokkar séu nú orðnir þungir í skauti hér á þingi, hvað þeir flækist nú fyrir við afgreiðslu mála og allt annað í þeim dúr. Það fer ekki hjá því að það hvarfli að manni að þeim hinum sömu, sem slíkan þankagang hafa, þyki það tilheyra að hafa bara eitt útvarp. Æskilegast væri að þeirra mati að aðeins ein hlið mála væri tekin fyrir til umr. Til þess að létta af mönnum öllum tilraunum á þessu sviði er hægt að benda þeim á að leita til þeirra sem reynsluna hafa þar að lútandi, eða valdhafanna í Kreml. Þá þyrfti ekkert að vera að reyna að burðast við að sýna þetta yfirborðskennda lýðræði. Allt þetta kjaftæði um að til staðar eigi að vera skoðanafrelsi, allt slíkt yrði bara þreytandi vella sem auðvelt væri að ýta til hliðar.

Það er erfitt og þreytandi fyrir menn með slíkar skoðanir að þurfa sífellt að vera að tala sér þvert um hug, auk þess sem það er dýrt að halda uppi þessu upplýsta lýðræði. Nóg um það.

Hæstv. menntmrh. lagði frv. fram við aðstæður þar sem þetta mikla fjölmiðlafrelsi var sem mest til umræðu. Ráðh. virtist hafa hugsað sér það sem mótleik við harkalegum aðgerðum verkfallsmanna í fyrstu. Við þær aðstæður var bætt inn í frv. grein sem gerði ráð fyrir að frv., yrði það að lögum, tæki gildi 1. nóv. 1984. Þessi breyting hæstv. menntmrh. á frv. við þessar aðstæður, þegar vitað var að nánast einungis aðilar í mjög sterkum pólitískum tengslum við forustu Sjálfstfl. voru í stakk búnir til að hefja útsendingar með þessum stutta fyrirvara, var vægast sagt afar óeðlileg og ósmekkleg ráðstöfun.

Það er löngu orðið ljóst að Bandalag jafnaðarmanna er mjög hlynnt frjálsum útvarpsrekstri og vill veg hans sem mestan. Bandalag jafnaðarmanna er eina stjórnmálaaflið sem ekki bara heldur þessum skoðunum fram sem slíkum heldur þorir einnig að standa við þær. Ýmsir aðrir segjast hafa þessar sömu skoðanir. Þetta sé nú eiginlega þeirra skoðun, þeirra stefna. Já, en hvað? Jú, þeir þora bara einhverra hluta vegna ekki að standa við yfirlýstar skoðanir sínar. E. t. v. eru þeir búnir að láta skoðun sína af hendi fyrir eitthvað annað inn í þetta frv.

Bandalag jafnaðarmanna vill greiða fyrir þessu máli svo sem unnt er án þess þó að flaustursleg vinnubrögð komi niður á lögunum. Það er ljóst að frv. ber á sér ör þeirra pólitísku átaka og málamiðlana sem ríkt hafa innan þeirrar nefndar sem samdi það.

Það er ekki hægt að fallast á það að hinn pólitíski dómstóll, þ. e. útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð eins og frv. gerir ráð fyrir, gegni þeim hlutverkum sem honum er ætlað. Það liggur fyrir að ætlunin er að kjósa þessi apparöt af þingi, sjö menn í hvort eftir hverjar kosningar. Þeir verða kjörnir af flokkunum sem sæti eiga á þingi og þá í hlutfalli við stærð þeirra. Menntmrh. er ætlað að skipa formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Við leggjum hins vegar til að útvarpsréttarnefnd verði einfaldlega ekki skipuð. Menntmrh. verði falið hlutverk hennar að svo miklu leyti sem þessa hlutverks er þörf, þ. e. að hann veiti leyfi til útvarpsreksturs þeim sem um það sækja. Hvað á útvarpsréttarnefnd að hafa með það að gera hverjir fái leyfi til útvarpsreksturs? Þeir sem áhuga hafa á slíku og hafa fengið til þess tilskilin leyfi frá menntmrh. geta snúið sér til Pósts og síma til að fá úthlutað senditíðni og sendirás.

Það aðhald, sem þessar stöðvar þurfa á að halda, kemur af sjálfu sér vegna þess að það vill svo til að það eru í gildi lög í þessu landi sem eru fullfær til að ná yfir það að útvarpsstöðvar beri fulla ábyrgð á rekstri sínum. Auk þess er það ljóst, að almenningur kemur til með að veita þessum stöðvum mjög mikið aðhald, a. m. k. ef þær tillögur þar að lútandi verða samþykktar sem Bandalag jafnaðarmanna hefur lagt til.

Við höfum ekkert að gera við þann pólitíska dómstól sem verið er að setja af stað með stofnun á borð við útvarpsréttarnefnd. Ef þessi pólitíski dómstóll á að hafa það hlutverk sem honum er ætlað — það er m. a. að velja og hafna hverjir það verða sem hugsanlega fá að standa að útvarpsrekstri — þá er ekki til neins að tala um frjálst útvarp. Það getur ekki orðið fyrr en við höfum náð þeim þroska að koma flokkavaldinu burt og gefa það frelsi og hin sjálfsögðu mannréttindi sem alltaf er verið að tala svo fjálglega um en nær aldrei lengra en á þetta yfirborðskennda umræðustig.

Frv., eins og það liggur fyrir, stendur alls ekki undir nafni, því nafni sem reynt hefur verið að nota yfir það, eða „afnám einkaréttar og einokunar í útvarpsrekstri". Það er sem sagt orðið hálfútþynnt þetta frelsi sem þó var svo mikið hampað í fyrstu. Lög, sem í gildi eru og veita þetta aðhald, eru lög eins og lög um vernd barna

og ungmenna, meiðyrðalöggjöf og lög um höfundarétt, lög sem fjalla um réttindi og skyldur rekstraraðila fyrirtækja og lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Það telst nægilegt þó að ekki verði farið að spyrða saman slíkan dómstól eins og áður var um getið. Þarna vantar ekki fulltrúa stjórnmálaafla í áhrifastöður, þarna þar sem stefnan er mörkuð.

Leyfi þau, sem menntmrh. veitir skv. okkar tillögum, viljum við að gildi aðeins til þriggja ára í senn, að þau verði tímabundin og það verði jafnaðarlega sótt um endurnýjun. Þetta virkar þá sem einn liður til þess að veita stöðvunum aðhald.

Þá er það einnig ljóst að mjög mikilvægt er að kannað verði markvisst hvaða skoðanir almenningur hefur á þeim stöðvum sem fara kunna af stað. Þess vegna höfum við lagt til að við veitingu nýrra leyfa og við endurnýjun leyfa verði auglýst eftir umsögn almennings. Með því móti gefst fólki kostur á að segja álit sitt. Óhjákvæmilega hlyti að verða tekið tillit til þess álits og umsagnir teknar til athugunar. Þar með er réttur almennings til áhrifa tryggður. Á sama hátt höfum við gert því skóna að mikilvægt sé, jafnframt því að skoðanir almennings komi fram og tjáningarfrelsi sé virt, að reglan um jafnan tíma hvað varðar stjórnmálaumræður í fjölmiðlum sé virt og alfarið tryggð. Þess vegna höfum við lagt til að menntmrh. gefi út reglur um jafnan tíma hvað þetta varðar.

Við í Bandalagi jafnaðarmanna höfum lagt til að engar hömlur skuli lagðar á það að útvarpsstöðvar geti aflað tekna með auglýsingum aðrar en að auglýsingar verði skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Einnig er það sjálfsagt réttlætismál að stöðvarnar ákvarði sjálfar verð þeirrar þjónustu sem þær veita. Við álítum það fráleitt að til frambúðar verði litið á auglýsingar í útvarpi sem nauðsynlegan en illan kost. Það ber að okkar áliti að líta svo á að auglýsingar gegni mikilvægu hlutverki við að upplýsa almenning og er þá bæði átt við hvað varðar opinbera aðila og verslun og þjónustu.

Jafnframt þessu ákvæði um að auglýsingar verði gefnar frjálsar komum við í veg fyrir það sem aðrir eru hræddir um að verði til þess að við lendum undir, eins og þeir kalla það, ofríki þeirra hagsmuna sem stjórna auglýsingum. Þá erum við að tala um að með þessu ákvæði um frelsi í auglýsingum komum við í veg fyrir dulbúnar auglýsingar. Með því spornum við því að auglýsingar hafi áhrif á dagskrána í formi hinna dulbúnu auglýsinga eins og þær tíðkast mikið í dag, t. d. bókakynningar og Skonrokk o. fl. í þeim dúr. Dæmi eru um það erlendis frá, þar sem auglýsingar eru ekki leyfðar frjálsar, að borgað sé undir borðið til þess að koma að dulbúnum auglýsingum. Þá er þetta auðvitað orðinn eintómur skrípaleikur.

Með því að samkeppnin um auglýsendur verði mikil verður í verulegum mæli komið í veg fyrir að það séu fyrst og fremst alþjóðleg fyrirtæki og þau öflugustu á markaðinum sem hafa ráð á að auglýsa í einhverjum mæli. Ef hins vegar verður um það að ræða að auglýsingar verða aðeins leyfðar í takmörkuðum mæli og alls ekki stöðvum sem senda út um þráð, þá verður svo dýrt að auglýsa í stöðvunum að þau fyrirtæki sem smærri eru hefðu enga möguleika á því að auglýsa neitt að ráði.

Með því að auglýsingar séu gefnar alfarið frjálsar myndast heilbrigð samkeppni um auglýsendur og þar með er verðinu haldið niðri og það kemur auglýsendum til góða og ekki síður neytendum. Þeir sem mest tala um að álagning vegna auglýsinga renni óheft út í verðlagið sem álagning á vöruverði og þjónustu, ættu að reyna að gera sér grein fyrir að með því að leggja til að útvarpsréttarnefnd ákveði auglýsingataxta með hliðsjón af gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra eru þeir í raun og veru að ýta undir neikvæða þróun þessara mála. Sé þetta mál allt grannt skoðað efast ég um að þetta ákvæði standist gagnvart lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þetta gerir það eitt að verkum að ekki verður um heilbrigða samkeppni að ræða og þetta verður til þess eins að spenna upp verðlag á þessari þjónustu. Auk þess er mun hættara við að um verði að ræða dulbúnar auglýsingar af einhverju tagi eins og ég gat um áðan.

Það er auðvitað fáránlegt að leggja það til að þeir, sem hyggja á útsendingar um þráð eða útsendingar sem einungis verður hægt að ná með sérstökum búnaði, fái ekki að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum. Á meðan þetta ákvæði er alveg skýrt stendur það einnig fullum fetum í frv. að útvarpsstöð, sem dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, sé heimilt að birta auglýsingar. Er það virkilegt að þeim mönnum, sem leggja svona nokkuð til, hafi ekki dottið það í hug hve mikil mismunun á sér stað með þessum tveimur ákvæðum? Sjá þeir ekki að íslenskir framleiðendur og iðnrekendur eiga virkilega undir högg að sækja með þessum ákvæðum? Er það e. t. v. ætlunin að íslenskum aðilum verði ætlað að fara með auglýsingar sínar til erlendra stöðva, sem dreifa efni sínu um gervihnött sem sendir til Íslands, til þess að komast inn á auglýsingamarkaðinn hérlendis? Er það þetta sem þessir menn ætla sér þegar þeir tala svo fjálglega á öðrum vettvangi um að styðja og styrkja íslenskan iðnað og framleiðslu? Þvílík tvöfeldni og skrípaleikur, ég segi nú ekki annað.

Auk þess verður þetta ákvæði til þess að í þessum stöðvum verður einungis um að ræða ódýrt, erlent afþreyingarefni sem hægt er að senda út án mikils tilkostnaðar. Þetta segi ég vegna þess að það sýnir sig í dag hve Ríkisútvarpinu verður lítið ágengt með innlenda dagskrárgerð ef einungis er tekið mið af afnotagjöldum. Þess vegna segi ég: Þetta ákvæði verður örugglega ekki til þess að efla innlenda dagskrárgerð.

Þeir hinir sömu, sem hvað harðast hafa gagnrýnt auglýsingar og talið þær eingöngu af hinu illa og um að þær hafi í för með sér mikinn kostnað fyrir neytendur, koma svo fram á sjónarsviðið með menningarsjóð. Þar er gert ráð fyrir að allt að 10% menningarsjóðsgjald skuli leggjast ofan á allar auglýsingar í útvarpi. Hvar eru þá allar áhyggjur þessara sömu manna af neytendum? Hvar er eiginlega réttur neytenda þá?

Með þessum 10% á að greiða hluta Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar og síðan er ætlunin að úthluta styrkjum til útvarpsstöðva til eflingar innlendri dagskrárgerð, eins og það heitir, dagskrárgerð er verða má til menningarauka og fræðslu. Ég tek það skýrt fram að ég er hlynnt því að við fáum menningarauka og fræðslu nánast í hvaða formi sem er, en bara ekki undir þessum formerkjum.

Hvað er eiginlega að innréttingunum í þessum mönnum sem leggja slíkt og þvílíkt til jafnframt því sem

þeir halda fram þessum kostnaðarauka fyrir neytendur? Til þess að koma í veg fyrir þetta bákn sem þessi menningarsjóður hefur alla burði til að verða er einfaldlega hægt að setja allan rekstrarkostnað Sinfóníuhljómsveitarinnar á fjárlög þannig að þar komi skýrt og skilmerkilega fram hvað hún kostar. Og ef vilji er fyrir hendi til að styrkja innlenda dagskrárgerð á það einnig að koma fram á fjárlögum. (**ÓÞÞ:** Hvað með neytendur?) Ég var að geta um það. (**ÓÞÞ:** Hverjir borga fjárlögin?) Ég var að geta um það að þá kemur það hreint fram en ekki í formi óbeinna skatta. Það er hreinlega fáránlegt að fara að koma fram með nýjar álögur og skatta á neytendur í þessu formi og fara að búa til enn eitt apparatið til að deila niður og drottna með almannafé. Ég segi bara nei við slíkum till. Þessi menningarsjóður verður örugglega ein auðveldasta leiðin til þess að dagskrár verði eins konar dulbúnar auglýsingar fyrir hagsmunaaðila sem kaupa sér tíma á einn eða annan hátt.

Til þess að gefa enn betra og meira aðhald og veita samkeppni á auglýsingamarkaðinum gerum við í Bandalagi jafnaðarmanna brtt. sem kveður á um að hlustendakönnun verði gerð eigi sjaldnar en á mánaðar fresti. Hlustendakönnun gegnir mikilvægu hlutverki og Ísland er örugglega einasta landið í Evrópu, ef ekki í heiminum, þar sem ekki er gert ráð fyrir þessu mikilvæga atriði. Ég bið hv. þdm. að athuga þetta atriði mjög vel. Með því að leggja þetta til gerum við ráð fyrir að skoðanir almennings komist jafnaðarlegast á framfæri. Með því er stöðvunum veitt mjög strangt aðhald og þar kemur í ljós hvað fólki finnst um stöðvarnar, hvort því finnst þær vera góðar og fjölbreyttar, hvort dagskráin sé í því formi sem það kýs, hvort þar sé um óhlutdrægar fréttir að ræða, of mikið eða hæfilega mikið af auglýsingum o. s. frv.

Við teljum að verði slík hlustendakönnun framkvæmd reglulega verði þar um að ræða geysimikið aðhald. Af niðurstöðum slíkra hlustendakannana yrði tekið mið við dagskrárgerð og gerð og magn auglýsinga. Með þessu er sjálfgefið að stöðvar sem einungis eru reknar með gróðasjónarmiði, þ. e. með því að hafa á boðstólunum ódýrt afþreyingarefni og fylla upp með auglýsingum, e. t. v. misvel gerðum, detta út allsnarlega því að hlustendur koma til með að dæma þær úr leik strax. En þarna kemur aftur fram hjá kerfisflokkunum þessi mikla vantrú þeirra á almenningi, vantrú þeirra á getu almennings til að velja og hafna.

Okkur finnst sjálfsagt að sveitarfélögin hafi einkarétt á uppsetningu kapalkerfa, en að sveitarstjórnum sé heimilt hverju sinni að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með sérstökum samningum. Með þessu þykir okkur tryggt að sveitarstjórnir hafi það alfarið í hendi sér hvernig þær haga þessum málum á sínu yfirráðasvæði.

Til þess að koma í veg fyrir það sem á einhvern máta getur kallast einokun í formi hringamyndunar — en þá væri verr af stað farið en heima setið — viljum við í BJ setja skörp skil á milli þess sem talist getur frjáls útvarpsrekstur og hins vegar hringamyndun. Þess vegna leggjum við til að einstaklingum og fyrirtækjum, sem eiga eignaraðild í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum, sé óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Það er fljótgert að til verði slíkir aðilar hér, í ekki stærra landi. Slíkir risar verða okkur ekki til góðs. Með einokun fjölmiðlaheimsins af slíku tagi erum við farin að tala um einstefnu í skoðanamyndun og hagsmunavörslu af því tagi sem er langt í frá að vera æskileg. Þess vegna leggjum við til að hlutdeild að útvarpsrekstri verði skorður settar hvað þetta eina atriði varðar.

Í framhaldi af þessu finnst okkur eðlilegt að sama aðila sé ekki heimilt að reka fleiri en tvær stöðvar.

Við erum að sjálfsögðu trú okkar hugmyndafræði og leggjum á það ríka áherslu að Alþingi hafi eftirlit með framkvæmdavaldinu á meðan við viljum setja við því skorður að löggjafinn taki að sér eða fari inn á valdsvið framkvæmdavaldsins. En eins og mönnum hér ætti að vera kunnugt af umræðum undangenginna ára viljum við í BJ skýra greiningu þessara tveggja valdþátta.

Þá leggjum við til að nefnd sjö þm. hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd þessara laga. Ekki er síður lögð á það áhersla að nefndin fylgist með hver verður þróun fjölmiðlunar og lagasetningar hvað varðar fjölmiðlun meðal nágrannaþjóða okkar. Þessari nefnd er svo gert að huga jafnaðarlega að nauðsynlegum breytingum á lögum þessum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Við leggjum til að nefndin skili skýrslu til Alþingis í nóv. ár hvert þar sem gerð verði ítarleg grein fyrir störfum nefndarinnar.

Við höfum komið með brtt. þar sem kveðið er á um að æviráðning útvarpsstjóra sé afnumin. Við höfum lagt þetta til á fleiri stöðum í embættismannakerfinu og sýnist að þetta geti stuðlað að eðlilegri endurnýjun í allri yfirstjórn.

Við hlutverki útvarpsráðs, að svo miklu leyti sem við álítum það þarft, viljum við að taki stjórn Ríkisútvarpsins. Í þeirri stjórn viljum við sjá fulltrúa sem að okkar mati eru eðlilegir í þessu samhengi. Þar er fyrstan að telja útvarpsstjóra, þrjá framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins, tvo fulltrúa sem skipaðir verði af menntmrh. og einn frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Þessi till. okkar er í átt til valddreifingar. Þarna gerum við ráð fyrir afnámi miðstýringar.

Einhvers staðar las ég að það vekti athygli í þessu sambandi hvernig hugmyndir okkar í Bandalagi jafnaðarmanna um valddreifingu birtust, þ. e. að við vildum útiloka fulltrúalýðræði og setja þess í stað upp hreint embættismannakerfi. Þessu er mér ljúft að svara og gera grein fyrir. Við í Bandalagi jafnaðarmanna gerum nefnilega ráð fyrir nokkru, sem í þessum rótgrónu kerfisflokkum virðist alls ekki hafa hvarflað að fólki, en það er að þessi stjórn, sem við leggjum til, á alls ekki að sjá um dagskrárgerð eins og útvarpsráði er ætlað. Við ætlumst alls ekki til að þessari stjórn sé ætlað að sjá um að velja og hafna hinu og þessu sem fólk vill koma á framfæri í Ríkisútvarpinu. Við gerum ráð fyrir að stjórn þessa ríkisrekna fyrirtækis sjái um rekstur í stórum dráttum, svo sem byggingarmál og sendingar, punktur og basta. Hins vegar gerum við ráð fyrir að hinar frjálsu útvarpsstöðvar verði Ríkisútvarpinu til góðs, m. a. að því leyti að samkeppnin við þær stuðli að því að staða Ríkisútvarpsins verði á allan hátt tryggð sem best.

Innan stofnunarinnar gerum við ráð fyrir að ríki starfsmannalýðræði, en þurfi ekki að vera í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir, að bera þurfi alla dagskrárgerð undir útvarpsráð. Við reiknum með starfsmannalýðræði, aukin áhrif starfsmanna, sem leiði af sér aukið frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð starfsmanna við dag-

skrárgerð. Við reiknum með að slíkt andrúmsloft samheldni og eindrægni í vinnubrögðum skapist m. a. vegna þess að við gerum jafnframt ráð fyrir að ákvæði í brtt. okkar komi í veg fyrir atgervisflótta starfsmanna Ríkisútvarpsins til hinna frjálsu stöðva, sem e. t. v. koma til með að hafa frjálsari hendur til að bjóða hærri laun fyrir hæfa starfsmenn. Þetta ákvæði í brtt. okkar, sem við vonumst til að verði samþykkt, er að útvarpsstjóra verði heimilað með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins að gera kjarasamninga við starfsmenn stofnunarinnar.

Til að gera stöðu þeirra sem jafnasta, sem hyggja á útvarpsrekstur og eru jafnvel í startholunum með allt saman og hinna sem vildu bíða og sjá hver framvinda mála yrði hér á Alþingi, sýnist okkur réttmætt að öll ákvæði þessara laga komi ekki til framkvæmda fyrr en að sex mánuðum liðnum eftir birtingu þeirra. Ég ætla að geyma mér að taka til umr. fjármálahliðina um afnotagjaldakerfið þar til tillögur og álit er fram komið sem í vændum er frá Ríkisútvarpinu.

Afstaða okkar er mjög skýr. Útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð er út úr myndinni hvað okkur varðar. Við föllumst ekki á þau rök sem fram hafa verið sett varðandi skipun þeirra og hlutverk. Það er augljóst að setja verður reglur sem gilda skuli varðandi stjórnmálaumræður í fjölmiðlum og alveg er ómögulegt að fallast á að það eigi að vera þm. sem setji reglur þar að lútandi í gegnum útvarpsréttarnefnd. Hugtakið frelsi má aldrei nota sem yfirvarp yfir kúgun af einu eða neinu tagi, hvort heldur um er að ræða skoðanakúgun, ritskoðun eða að nota dómstól af því tagi sem útvarpsréttarnefnd er ætlað að verða.

Með því að ákveða á þann hátt auglýsingataxta, sem ætlað er í frv. með hliðsjón af gildandi töxtum Ríkisútvarpsins, þá stuðlar það að óeðlilegu verðlagi og verðþróun, auk þess sem það brýtur í bága við lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Auglýsingataxti hlýtur að miðast við mat auglýsenda á gildi þess að auglýsa hjá viðkomandi stöð. Það verður að afnema lögbundin afskipti stjórnmálaafla af þessu tagi sem alls staðar skína í gegn í þessu frv. Við viljum ekki að forsjárhyggja kerfisflokkanna í formi pólitískt skipaðrar nefndar hafi eftirlit með og gefi um það umsögn hvers konar rekstrarform eigi að vera á fyrirtæki sem hyggur á útvarpsrekstur. Það er ekki til neitt einfaldara en að Póstur og sími úthluti þeim senditíðni sem áhuga og vilja hafa til þess að stofna útvarpsstöð. En að ætla síðan að láta þessa almáttugu nefnd útvarpsmála þjóðarinnar um það hverjir fyrir náð og miskunn hennar hljóti það hnoss að fá að útvarpa er auðvitað jafnfáránlegt og hitt er sjálfsagt og eðlilegt.

Eins og útvarpslagafrv. lítur út í dag veitir það ekki frelsi. Það veitir einungis hugsanlega öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu heimild til þess að útvarpa, en þá fyrst, eins og ég sagði áðan, að fengnu náðarsamlegu leyfi þessarar almáttugu útvarpsréttarnefndar. Það á ekki að koma til slíkur þröskuldur sem torveldi og hamli að svo geti orðið. Það verður fróðlegt að fylgjast með því þegar meiri hl. hér á Alþingi hefur fengið þessa útvarpsréttarnefnd í gegn og þegar hún svo fer að úthluta leyfum skv. kvótaskiptingu kerfisflokkanna alveg á sama hátt og þegar kvótinn kom fram í skiptingu formanns- og varaformannsembætta bankaráðanna nú nýverið. Einn fyrir þig og einn fyrir mig, sögðu þeir þá, kerfiskarlarnir. Ekki er líklegt að annað verði uppi á teningnum þegar kemur að því að ákveða hverjir það verða sem taldir verða hæfir að mati þessara sömu manna til að tjá sig á vettvangi frjáls útvarps.

Bandalag jafnaðarmanna hefur í störfum sínum lagt á það áherslu að eitt meginhlutverk laga og þar með lagasetningar sé að tryggja fólki frelsi. Það verður að gera ráð fyrir því sem allra mest innan lagasetningar að fólki verði treyst sjálfu, að treyst verði á dómgreind þess og rétt til að velja og hafna. Það felst í einföldustu skilgreiningu á mannréttindum að hafa réttinn til að tjá sig. Það eru hin einföldu og sjálfsögðu mannréttindi sem Bandalag jafnaðarmanna berst fyrir að fólk fái.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil leyfa mér að taka það fram við hv. frsm. að fundurinn stendur til kl. fjögur og hafi hv. frsm. ekki lokið máli sínu þá verður að láta þar staðar numið í dag, en málið yrði þá tekið upp síðar.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hlýt að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra takmarkana sem settar eru hér um lengd funda og mun gera það fúslega. Þetta mál hefur nú verið rætt hér í einn og hálfan tíma af tveimur hv. þm., hv. frsm. meiri hl. Halldóri Blöndal og hv. talsmanni 1. minni hl., og ég sé að það er ósennilegt að ég geti gert grein fyrir mínu nál. á styttri tíma en þessir hv. þm. hafa eðlilega tekið sér til að fjalla um þetta mál. Ég mun því nota rétt til þess að ræða málið frekar eftir að fundi yrði frestað.

Frv. það til nýrra útvarpslaga sem hér er komið til 2. umr. ætluðu ríkisstj. og menntmrh. að lögfesta fyrir 1. nóv. s. l. Alþingi var því aðeins ætlað að hafa málið til meðferðar í tvær vikur. Slíkt óðagot var auðvitað fyrir fram dauðadæmt í slíku stórmáli og í raun hefði menntmn. þurft að hafa þetta mál lengur til meðferðar en raun ber vitni og lýsa betur inn í ýmsa þætti þess áður en málið kæmi hér fyrir öðru sinni í deildinni.

Fyrir liggur að fjármálaþátturinn að því er Ríkisútvarpið varðar er enn óunninn af hálfu nefndarinnar og ætlunin að taka á honum milli 2. og 3. umr. eins og hv. talsmaður meiri hl. n. tók hér skilmerkilega fram. Sama gildir raunar um fjarskiptaþáttinn að því er varðar útvarpsstöðvar, spurninguna um eignar- og umráðarétt yfir dreifikerfi útvarpsstöðva sem farið er að kalla boðveitur í víðu samhengi. Meiri hl. nefndarinnar kaus að fjalla sem minnst um þetta mál í tengslum við útvarpslagafrv. eins og raunar kemur fram í áliti meiri hl. þótt auðsætt ætti að vera að fráleitt er að afgreiða ný útvarpslög án þess að skýr ákvæði séu lögfest um dreifikerfi útvarpsstöðva. Á þetta atriði minnti ég rækilega við 1. umr. þessa máls s. l. haust og raunar þegar málið kom hér fyrir í fyrravor þegar sama frv. kom fyrir hv. þingdeild. Þeir sem minnihlutaáliti skila nú hafa allir sett fram tillögur varðandi dreifikerfi útvarpsstöðva.

Fleira mætti nefna varðandi ófullnægjandi skoðun þessa máls í hv. menntmn. T. d. fengust litlar upplýsingar inn til nefndarinnar um stöðu og þróun útvarpsmála á öðrum Norðurlöndum þar sem þessi mál hafa verið á flugferð undanfarin ár og þar sem athyglisverðar tilraunir eru í gangi. Þurftu einstakir nm. að hafa af því talsverða fyrirhöfn að nálgast slíkar upplýsingar seint og um síðir frá öðrum Norðurlöndum og þær hafa ekki

komið að því haldi við skoðun málsins hingað til sem vert hefði verið. Á þessum vinnubrögðum ber meiri hl. n. alla ábyrgð. Það mætti vissulega margt hér segja um þau vinnubrögð sem tíðkuð hafa verið í tengslum við þetta mál í hv. menntmn.

Ég nefni það hér sem dæmi að annar stjórnaraðilinn, fulltrúi Framsfl., hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, skilaði fyrst inn tillögum af hálfu Framsfl. um þetta stóra mál rétt fyrir jólin þegar nefndin hafði haft mál þetta til meðferðar í tvo mánuði nærfellt að ég hygg. Og það var ekki fyrr en á allra síðustu stigum málsins, á líklega næstsíðasta fundi nefndarinnar eða þriðja síðasta, sem þeir hv. talsmenn ríkisstj. kynntu nefndinni sameiginlegar tillögur sínar í þessu máli. Þannig var um það fullkomin óvissa þar til fyrir tæpum hálfum mánuði hvort og með hvaða hætti fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni næðu saman um tillögur.

Tillögur meiri hl. í nefndinni liggja nú fyrir. En fátt sýnir betur flaustrið við þessa grautargerð, sem þeir unnu að öðrum fremur, formaður og varaformaður menntmn., hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að þeim kom ekki saman um túlkun á innihaldinu í fjölmiðlum eftir að tillögur höfðu verið lagðar fram af þeirra hálfu í nefndinni.

Þau eru raunar ófá viðtölin sem virðulegur formaður menntmn., hv. þm. Halldór Blöndal, hefur átt við Ríkisútvarpið og fleiri fjölmiðla um þetta frv. og ætla ég sannarlega ekki að finna að því að hann ræði við fjölmiðla. En að hans sögn var von á málinu út úr nefnd næsta dag eða svo, hverju sinni sem rætt var við fjölmiðla um þessi efni. Þessi túlkun mála gagnvart almenningi af formanni hv. menntmn. á sama tíma og stjórnarliðið var víðs fjarri því að hafa náð saman um málið tel ég hafa sett vinnu að þessu máli í hv. menntmn. í langtum verri stöðu en ella hefði verið. Menn hefðu annars horft til þess raunsæjum augum í upphafi að hér var um viðamikið mál að ræða sem óhjákvæmilega hlaut að taka verulegan tíma fyrir nefndina að skoða þó svo að sæmileg samvinna hefði verið um málið milli ríkisstjórnarflokkanna.

Þegar svo loksins þessi bræðingur hv. stjórnarliða lá fyrir tilkynnti formaður nefndarinnar alþjóð í sjónvarpinu 15. febr. s. l. að skv. samkomulagi stjórnarflokkanna væri svokölluðum frjálsum sjónvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar. Orðrétt sagði hv. þm. Halldór Blöndal í sjónvarpinu þann 15. febr. s. l. í fréttatíma: „Um það hefur ekki tekist samkomulag við Framsfl. en ég held á hinn bóginn að þrýstingurinn á frekara frelsi í þessum efnum verði það mikill á næstu mánuðum að þessu verði breytt þegar á næsta þingi.“ Þetta voru orð hv. þm. Halldórs Blöndals í sjónvarpinu næstsíðasta föstudag og fylgdi strax á eftir ramakvein frá stjórnarformanni Ísfilm, Indriða G. Þorsteinssyni, í sérstöku viðtali í fréttatíma sjónvarpsins. En Ísfilm er sem kunnugt er nýjasta helmingaskiptafélag peningaaflanna í Framsfl. og Sjálfstfl. ásamt meiri hluta Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur sem hefur tengt borgina þessu fyrirtæki.

Þessi túlkun hv. þm. Halldórs Blöndals á samkomulagi þeirra stjórnarliða kom raunar fleirum en fulltrúa Ísfilm á óvart, m. a. okkur, fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í menntmn., sem höfðum haft sameiginlegar brtt. meiri hl. undir höndum í nokkra daga. Enda reyndist þetta skammgóður vermir. Það var varaformaðurinn í nefndinni, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem kunni betri skil á bræðingnum en formaðurinn og gat létt áhyggjum af Ísfilm. Kvöldi síðar, þann 16. febrúar, kom sameiginleg textaskýring frá þeim félögum. „Hafa fulltrúar stjórnarflokkanna,“ sagði þar, „í menntmn. Nd. óskað eftir því að það komi fram að engar brtt. þeirra snerti ákvæði frv. um rétt frjálsra sjónvarpsstöðva til auglýsinga.“

Í þessu kemur fram kjarni málsins, eins og hann liggur fyrir varðandi það mikilsverða atriði er varðar réttinn til auglýsinga í svæðisbundnum stöðvum eða ekki, sýnir það sýndarandóf af hálfu fulltrúa Framsfl. í menntmn. sem við var haft. Tillögur fulltrúa stjórnarflokkanna fela það í sér að innleiða — eins og raunar frv. þegar það var lagt fyrir — auglýsingaútvarp í svæðisstöðvum, bæði í hljóðvarpsstöðvum og í þráðlausu sjónvarpi. Lögmál markaðarins og gróðans eiga að ráða því hverjir megna að nýta sér gæði ljósvakans og bindiefnið, sem á að tryggja þessa niðurstöðu, er m. a. Ísfilm, þ. e. forustuklíkan í SÍS og Árvakri, svo að nokkrir sé nefndir sem að þessu fyrirtæki standa sem mjög hefur látið að sér kveða í þessu máli.

Undir þessi sjónarmið féþúfunnar og markaðarins taka síðan fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna og mátti heyra það hér áðan hjá hv. talsmanni 1. minni hl. í þessu máli og vilja raunar gerast kaþólskari en páfinn og leggja engar hindranir í götu auglýsingafjölmiðlunar. Þar á bæ er það auglýsingin sem blífur sem leiðarstjarna.

Þegar kemur að Alþfl. — eða a. m. k. formanni hans sem sæti á í menntmn. — tekur því miður lítið betra við. Í brtt. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar stendur undir lið 12 d svofellt, með leyfi forseta:

„Útvarpsfélög sem reka eigin sendistöð mega afla sér tekna með birtingu auglýsinga skv. nánari reglum sem útvarpsréttarnefnd setur.“

Það er býsna langt á milli kratanna hér, sem svo eru kallaðir, og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum sem hingað til hafa lagst ákveðið gegn auglýsingaútvarpi og sama máli gegnir raunar um ýmsa miðflokka eins og t. d. í Svíþjóð og sumpart í Danmörku. Ég á bágt með að trúa því að þessi afstaða fulltrúa Framsfl. og Alþfl. í menntmn. endurspegli afstöðu viðkomandi þingflokka í heild, hvað þá viðhorf þess fólks sem veitt hefur þessum flokkum brautargengi hingað til. En það á eftir að koma í ljós í umr. og atkvæðagreiðslu hér í þinginu hverjir vilja afhenda fjármagnsöflunum í þjóðfélaginu lykilinn að svæðisbundnum útvarpsrekstri og kippa kannske í leiðinni fjárhagsgrundvelli undan Ríkisútvarpinu. Alþb. varar eindregið við öllum tillögum um auglýsingar í svæðisbundnum útvarpsstöðvum, jafnt í hljóðvarpi og í sjónvarpi, og gerir kröfu til þess jafnframt að dreifikerfi útvarps verði í almannaeigu.

Á þskj. 517 er að finna álit mitt sem 2. minni hl. menntmn. og endurspeglar það viðhorf þingflokks Alþb. Þar koma fram nokkur meginatriði til nýrra útvarpslaga og fyrirliggjandi frv. og ég ætla að nefna þau hér. Fyrsta áhersluatriði okkar skv. þessu áliti er um eflingu Ríkisútvarpsins og segir um það í nál., með leyfi forseta:

„Alþb. leggur nú sem fyrr mikla áherslu á að vel sé búið að Ríkisútvarpinu varðandi alla starfsaðstöðu. Á það reynir enn frekar þegar hafin verður starfræksla svæðisbundinna útvarpsstöðva. Ríkisútvarpið þarf eftir

sem áður að vera burðarásinn í útvarpsfjölmiðlun og á það eru lagðar margháttaðar skyldur sem ekki eru gerðar til svæðisstöðva.

Tryggja þarf viðunandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og áhrif þeirra á starfrækslu stofnunarinnar. Að því lúta nokkrar af þeim brtt. sem undirritaður flytur við frv., m. a. um starfsmannaráð. Alþb. mun styðja brtt. við frv. sem til heilla horfa fyrir Ríkisútvarpið og gera það færara að rækja hlutverk sitt sem öflugasti fjölmiðill í landinu."

Þetta var tilvitnun í fyrsta meginþátt í nál. okkar. Í brtt. sem ég flyt á þskj. 516 eru tillögur undir töluliðum 6—11 varðandi Ríkisútvarpið og þar með varðandi II. kafla frv. sem fjallar um Ríkisútvarpið sérstaklega. Þar er gerð brtt. við 10. gr. frv. sem er stefnumarkandi um útvarpsefni og um óhlutdrægni gagnvart flokkum og stefnum. Sú grein er raunar nánast samhljóða gildandi lögum. Skv. brtt. er kveðið á um orðrétt: „Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi."

Ekki á að þurfa að rökstyðja svo eðlilega kröfu til Ríkisútvarpsins. Í frv. segir að Ríkisútvarpið skuli flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og skal sannarlega ekki dregið úr þeirri áherslu. En fleira þarf að koma til gagnvart þeim fjölmenna hópi hlustenda sem börnin eru. Í því efni á ábyrgð Ríkisútvarpsins að vera mikil og hafa lagastoð eins og hér er lagt til. Að baki þessari till. felst það viðhorf að mun betur þurfi að gera varðandi barnaefni eða efni fyrir börn í Ríkisútvarpinu en tekist hefur hingað til og vænti ég að undir það sé almennt tekið.

Undir 7. tölul. á þskj. 516 er gerð brtt. við 12. gr. frv. þess efnis að útvarpsstjóri sé aðeins ráðinn til fimm ára í senn, en heimild sé til endurráðningar í fimm ár til viðbótar eftir að staða hans hefur verið auglýst laus til umsóknar. Hliðstæð till. er gerð á brtt. við 15. gr. varðandi framkvæmdastjóra hinna einstöku deilda Ríkisútvarpsins. Í þessum till. kemur fram sú stefna Alþb. að enga embættismenn ríkisins eigi að æviráða og takmarka beri skipunartíma háttsettra manna í ríkiskerfinu við fimm ár, þó með heimild til endurskipunar í eitt tímabil til viðbótar. Um þetta hefur Alþb. flutt sérstakt frv., m. a. á síðasta þingi í Ed. Eðlilegt er að setja um þetta almenna reglu jafnframt því sem hliðstæð ákvæði eru sett í sérlög um einstakar stofnanir. Þetta viðhorf á vaxandi fylgi að fagna eins og m. a. kemur fram í hliðstæðum brtt. frá fulltrúum Bandalags jafnaðarmanna og Alþfl. í menntmn. Með brtt. undir tölul. 11 er gert ráð fyrir sérstakri grein, svohljóðandi:

„Við Ríkisútvarpið skal komið á fót starfsmannaráði *sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar*. Fulltrúi starfsmannaráðsins á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um hliðstæð ráð í opinberum stofnunum."

Að mati Alþb. er eðlilegt að setja slík ákvæði um rétt starfsmanna í lög og tryggja þeim þannig íhlutunarrétt m. a. gagnvart útvarpsráði. Í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens hafði þáv. fjmrh. Ragnar Arnalds frumkvæði að því að settar voru reglur um slík starfsmannaráð í opinberum stofnunum að höfðu samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fleiri aðila. Er vísað til þeirra reglna í þessari till.

En það er fleira sem taka þarf til athugunar varðandi starfsmenn Ríkisútvarpsins þegar til þess kemur að fleiri fá heimild til útvarpsreksturs. Hef ég þá sérstaklega í huga kaup og kjör þessara starfsmanna og samkeppnisaðstöðu Ríkisútvarpsins gagnvart öðrum stöðvum og skyldum rekstri. Hér er á ferðinni undirstöðuatriði sem finna verður á farsæla lausn ef orð og lagagreinar um eflingu Ríkisútvarpsins eiga að verða annað en nafnið tómt.

Telja verður að Ríkisútvarpið standi nú þegar afar höllum fæti varðandi það að halda reyndu starfsfólki í samkeppni við aðra aðila á vinnumarkaði, m. a. auglýsingastofur og dagblöð. Þetta er í rauninni sama þróun og verið hefur að gerast annars staðar í ríkiskerfinu alveg sérstaklega á undanförnum misserum í tíð núv. ríkisstj., t. d. í skólum landsins. Innan Ríkisútvarpsins hefur þetta leitt til þess að starfsmannafélag stofnunarinnar, sem aðild á að BSRB sem fór með samningsréttinn fyrir hönd félagsins til skamms tíma a. m. k., hefur verið að riðlast sem hagsmunasamtök starfsmanna. Fréttamenn Ríkisútvarpsins hafa stofnað með sér sérstakt félag sem hlotið hefur inngöngu í Bandalag háskólamanna. Tæknimenn Ríkisútvarpsins eru að ganga úr Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins. Mér er ekki kunnugt um hvort þeir hafa sagt sig formlega úr félaginu, gangi úr þessu félagi sem hagsmunasamtökum og inn í Alþýðusamband Íslands í gegnum Rafiðnaðarsambandið.

Fréttamenn og tæknimenn, þessir tveir hópar innan Ríkisútvarpsins, sem ég hef gert hér að umtalsefni, eru tveir sérhæfðustu hóparnir innan stofnunarinnar. Eftir eru þá einkum skrifstofumenn og aðstoðarlið svo og yfirmenn á stofnuninni. Mér er til efs að þessi uppskipting starfsmanna Ríkisútvarpsins í a. m. k. þrennt skili heildinni því sem hún væntir til lengri tíma litið, síst hinum ósérhæfðari starfskröftum. Hér endurspeglast hins vegar þróun sem víða gerir vart við sig á vinnumarkaðinum, að hver reyni að bjarga sér. Meginatriðið í *því samhengi*, sem við ræðum þetta mál hér á Alþingi nú, er að stuðla að því að kjaramál starfsmanna þessarar ríkisstofnunar verði leyst með þeim hætti að komið verði í veg fyrir atgervisflótta frá Ríkisútvarpinu, m. a. vegna þeirra breytinga á útvarpsrekstri sem líklegt er að lögleiddar verði innan tíðar.

Ég hef ekki talið rétt að flytja sérstakar breytingar eða viðaukatill. við frv. á þessu stigi að því er kjaramál og samningsrétt starfsmanna varðar. Hér er um margþætt og viðkvæmt atriði að ræða þar sem löggjafinn þarf að gæta sín og ég tel nauðsynlegt að samráð sé haft við helstu hagsmunaaðila þessa máls áður en stefna er mörkuð í löggjöf.

Bandalag jafnaðarmanna flytur till. þess efnis að útvarpsstjóri geri kjarasamning við starfsmenn stofnunarinnar með samþykki svonefndrar stjórnar Ríkisútvarpsins. Þetta er ein af þeim leiðum sem til álita gætu komið. En ég tel ekki tímabært að lýsa hér neinni afstöðu til þeirrar till. og æskilegt að menntmn. gefist ráðrúm til að fjalla um þessi atriði milli umr. því að ég geri ráð fyrir að allir nm. geri sér grein fyrir hvað hér er í húfi fyrir Ríkisútvarpið.

Ég kem þá, herra forseti, að þeim þætti er varðar réttinn til útvarps skv. I. kafla frv. og spurninguna um afnám á einkarétti Ríkisútvarpsins. Það er sá þáttur þessa frv. sem langhæst hefur borið í umr. sem vonlegt er, enda um grundvallarbreytingu að ræða. Um það

segir í því nál. sem ég stend að á þskj. 517, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþb. er fylgjandi því að hópum með ólíkan bakgrunn verði heimilað að spreyta sig á útvarpsrekstri með það í huga að auka tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umr. Með þessi markmið í huga telur þingflokkurinn rétt að einungis samtök, sem sérstaklega eru stofnuð með útvarpsrekstur í huga, fái slíka heimild. Fyrirtæki, sem stunda annan og óskyldan resktur, eiga ekki að geta gerst beinir aðilar að útvarpsrekstri.

Þingflokkur Alþb. bendir á að ráðstöfun útvarpsréttar er í höndum almannavaldsins og hlýtur að verða það áfram. Svigrúm til almennrar útvarpsstarfsemi er í raun takmarkað og því hlýtur Alþingi að sníða henni stakk með nýjum útvarpslögum. Vegna þessara takmarkana telur Alþb. með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. Því leggst flokkurinn ákveðið gegn því að handhöfum útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í svæðisbundnum útvarpsstöðvum. Sýnt hefur verið fram á með skýrum rökum hvernig unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Fjölmörg dæmi eru um það erlendis að útvarpsstöðvar séu reknar án auglýsinga, t. d. eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku."

Hér kemur skýrt fram afstaða þingflokks Alþb. til afnáms einkaleyfis Ríkisútvarpsins að því er auglýsingar varðar. Alþb. er því fylgjandi að heimila sem flestum að nýta sér þá tækni sem er í senn auðveld og útgjaldalítil til staðbundins útvarpsrekstrar — einkum á þetta við að því er varðar hljóðvarp — og auka þannig tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umr. til viðbótar þeim möguleikum sem öflugt Ríkisútvarp gefur. Þeim markmiðum verður hins vegar ekki náð með því að framselja slíka heimild í hendur markaðsaflanna þar sem fjárhagslegir yfirburðir munu fyrr en varir ráða ferðinni og örfáir stórir og fjársterkir aðilar ráða lögum og lofum í svæðisbundnum útvarpsrekstri. Slíkt á ekkert skylt við fjölbreytni eða lýðræði og frelsið sem um er talað, takmarkast þá við fáa fjármagnssterka aðila eins og þá sem sameinast hafa undir merki fyrirtækisins Ísfilm.

Það sætir raunar furðu að fjölmiðill eins og Ríkisútvarpið skuli éta upp klisjuna „frjálsar útvarpsstöðvar" ítrekað í fréttaútsendingum varðandi það frv. sem hér er til umr.

Það er grundvallarmisskilningur, sem talsmönnum viðskiptalífsins hefur tekist að læða inn hjá allt of mörgum, að rýmkun á rétti til útvarps þurfi að fela í sér atvinnurekstur í gróðaskyni. Það er hins vegar eðlilegt að talsmenn slíkra aðila hafi uppi málflutning til þess að fá sem mest áhrif og fátt sýnir betur eðli auglýsingaútvarpsins, sem meiri hl. menntmn. og fleiri vilja hér lögleiða, en ummæli stjórnarformanns Ísfilm, Indriða G. Þorsteinssonar, í sjónvarpi 15. febr. s. l. þegar hann hélt að fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. í menntmn. væru að taka frá honum möguleikana á auglýsingasjónvarpi. Þar sagði þessi stjórnarformaður Ísfilm, með leyfi forseta, eftirfarandi m. a.:

„Ég lít líka svo á að ákvæðið um það að sjónvarp skuli ekki hafa auglýsingar sé eiginlega alveg út í hött. Það er verið að bjóða upp á frjálsan útvarpsrekstur með skilyrðum."

Og síðar í sama viðtali:

„Ég reikna með því að ef svo ólíklega vildi til að Alþingi eða flokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., á Alþingi samþykktu frelsi með skilyrðum og segðu við menn: Þið getið rekið sjónvarp ef þið hafið engar áskriftartekjur og engar auglýsingatekjur, þá reikna ég með að Ísfilm biði átekta og reyndi að sjá til þess hvort Eyjólfur hresstist ekki eitthvað."

Já, herra forseti. Þetta var tilvitnun í stjórnarformann Ísfilm. Það fyrirtæki bíður átekta til að sjá til hvort Eyjólfur hressist og er þá átt við að alþm. opni fyrir flóðgáttir auglýsinga hjá svæðisstöðvum þannig að fjármálaöflin, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, geti helgað sér sem mest af öldum ljósvakans og um leið eyru og augu hlustenda og áhorfenda. Vonandi rætist ekki sá draumur Ísfilm og annarra hagsmunasamsteypa fjármagnsaflanna í landinu.

Herra forseti. Það var ætlun mín að víkja að brtt. mínum sem 2. minni hl. við I. kafla þessa frv. En vegna þess að ég hygg að fundi verði senn frestað og ég á nokkuð eftir til að gera hér grein fyrir máli mínu og tillögum kýs ég að beina hér máli mínu til hæstv. samgrh. sem ég hafði óskað sérstaklega eftir að væri hér viðstaddur þessa umr. vegna fsp. sem ég vil beina til hans. Þó að það kunni að dragast sýnilega til næsta fundar að hæstv. ráðh. geti svarað mínum fsp. kýs ég að bera þær hér fram þannig að hæstv. ráðh. gefist tækifæri til þess að íhuga þær fsp. og veita hér svör síðar í umr.

Fsp. mínar til hæstv. samgrh. varða þá umr. sem orðið hefur bæði innan menntmn. og fram kemur í tillöguflutningi við þetta frv. varðandi dreifikerfi útvarpsstöðva. Ég flyt sérstaka brtt. við frv. á þskj. 516 um þetta efni, svohljóðandi:

„Dreifikerfi útvarpsstöðva um þráð, kapalkerfi, boðveitur, svo og endurvarpsstöðvar, skulu vera í opinberri eigu. Samgrh. setur reglur um gerð og notkun slíkra kerfa, svo og um leigugjald."

Þetta er till. sem ég flyt við frv. um opinbert eignarhald á dreifikerfum útvarps. Hv. frsm. meiri hl. n. ræddi þetta mál og gerði grein fyrir sínum viðhorfum í þessu efni og taldi að það gæti ekki verið á verksviði menntmrn. að fjalla um þessi mál þar sem það heyrði undir samgrn. og fjarskiptalöggjöf. Ég tel óhjákvæmilegt að fá fram viðhorf hæstv. samgrh. um þetta efni og raunar hæstv. menntmrh. einnig, svo geysilega mikilsverður þáttur sem hér er á ferðinni. Ég hef þegar lýst því viðhorfi mínu að ég telji ekki fært fyrir Alþingi að taka afstöðu til breytinga á útvarpslögum án þess að fyrir liggi hver sé vilji þingsins í sambandi við eignarhald á dreifikerfum útvarpsstöðva. Æskilegt væri að í leiðinni væri hægt að taka á þeim málum sem varða svokallaðar boðveitur sem nú er farið að nota sem hugtak um þessi efni. Ég beini í þessu samhengi svofelldum fsp. til hæstv. samgrh.:

1. Hvert er viðhorf hæstv. samgrh. til eignarhalds á dreifikerfum útvarps með þráðum eða köplum, eins og það er einnig kallað, og til sendivirkja sem upp yrðu sett í þessu sambandi eins og endurvarpsstöðvar?

2. Hvað líður undirbúningi að löggjöf um þessi mál á vegum hæstv. ráðh. og samgrn.? Til skýringar þessari fsp. rifja ég það upp, sem fram kom hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að þetta mál mundi vera til athugunar hjá hæstv. samgrh. og gefur það tilefni til þessarar

fsp.

3. Ætlar hæstv. ráðh. að beita sér fyrir lagasetningu um þessi efni á yfirstandandi þingi?

4. Í fjórða lagi spyr ég hæstv. ráðh. að því: Er samstaða milli hæstv. menntmrh. og hans, hæstv. samgrh., um það á hvern hátt skuli taka á þessum málum og tryggja að þau geti orðið samferða í gegnum þingið ef það er viðhorf ríkisstj. að málefni þetta heyri undir samgrn. og löggjöf um fjarskipti?

Ég hef, hæstv. samgrh., vel í minni það sem fram kom í sambandi við fjarskiptalög sem sett voru hér s. l. vor. Þar voru rýmkuð ákvæði í sambandi við viss atriði sem snertu tímabundið leyfi til þess — eins og það heitir í fjarskiptalögum — „að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni, að því er varðar fjarskiptin sem slík.“ Fram kom við umr. um þessi mál það viðhorf hæstv. samgrh. að þessi ákvæði og þessi rýmkun í fjarskiptalögum tækju ekki til kapalkerfa. Ég vænti þess og efast ekki um að hæstv. ráðh. muni greiða úr óvissu í þessum efnum að því er varðar hans viðhorf og hans rn. til þessara málefna og tel það raunar skipta mjög miklu máli.

Herra forseti. Ég sé að þingfundartíma er lokið og ég er reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni til næsta fundar. Ég á eftir að lýsa hér brtt. mínum við I. kafla frv. og ég á eftir að gera að umtalsefni nokkur atriði sem fyrir liggja í brtt. annarra fulltrúa í menntmn., bæði meiri hl. og minni hl. og frá hv. þm. Friðrik Sophussyni.

Ég vil enda þennan hluta ræðu minnar á því að vekja sérstaka athygli á brtt. sem hv. þm. Friðrik Sophusson flytur á þskj. 514. Hún sýnir allvel hvernig staða þessa máls er milli ríkisstjórnarflokkanna. Hér er komin fram brtt. frá einum þm. Sjálfstfl. um mjög þýðingarmikið atriði í þessu frv. Ég inni talsmenn Framsfl. og hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson alveg sérstaklega eftir því hvert sé viðhorf hans til þess að hér fari að rigna inn tillögum frá öðrum stjórnarliðum í þessu máli. Nær það samkomulag, sem lýst var í hv. menntmn., aðeins til hans og hv. þm. Sjálfstfl. sem þar eiga sæti? Við bíðum svars við þessu og sjáum hverju fram vindur í þessu máli. Ég hygg að það eigi enn alllangt í land að fá afgreiðslu hér í þinginu, ekki síst vegna þess hvernig að því hefur verið staðið af ríkisstj. hálfu fram til þessa og einnig vegna þess að hér er um geysilega vandasamt og viðamikið mál að ræða sem afar miklu skiptir að Alþingi taki sér tíma til að fara yfir svo að afgreiðsla þess beri engin einkenni flausturs, heldur yfirvegaðs vilja þingheims. [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins, fsp. 261. mál (þskj. 439). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Stórmál eins og þetta er, húsnæðismálin almennt, verður ekki rætt í fyrirspurnatíma eða rakið. Hitt vita allir, að fyrir ótrúlega stóran hóp í okkar þjóðfélagi eru húsnæðismálin og vandinn þar sem ókleifur veggur sem hækkar stöðugt og verður enn örðugri yfir að komast venjulegu fólki. Í ljósi síversnandi ástands og æ fleiri nauðungaruppboða væri freistandi að gera nokkra úttekt á þessum málum öllum, efndum glæsiloforða sem gefin voru fyrir síðustu kosningar um betri tíð með blóm í haga fyrir húsbyggjendur sem húskaupendur, en það verður gert síðar. Hitt skiptir mestu í dag, hversu bætt skuli úr hreinu neyðarástandi fjölmargra fjölskyldna, hversu lánveitingar ganga fram til þeirra sem lengi hafa beðið úrlausnar og hafa fengið lítil svör um hvenær úr verði bætt.

Eins og spurningarnar bera með sér snerta þær einungis tvo lánahópa og af þeim sést einnig hver seinkun hefur á orðið um afgreiðslu umfram það sem áður hefur verið. Hins vegar taldi ég brýnt að bein svör fengjust um það frá hæstv. ráðh. hversu líklegt væri að um þessa lánahópa og afgreiðslu til þeirra færi. Svo margir hafa hér hagsmuna að gæta að ótækt er að ekki séu gefin svo skýr svör sem nú er unnt um afgreiðslu þegar þess er gætt að undir venjulegum kringumstæðum hefði átt að afgreiða lán til þessa fólks í desember s. l.

Ég reikna með því að eftir upphlaupið í kringum Byggung á dögunum og yfirlýsingar í kjölfar þess og fyrirgreiðslu til Húsnæðisstofnunar ríkisins þar á ofan séu nú svör á reiðum höndum. En hitt er svo aftur miklu meiri spurning í mínum huga hvort það þurfi virkilega voldugan byggingaraðila til þess að venjulegt fólk geti fengið svör og úrlausn sem hefur verið beðið eftir um mánaðaskeið. Því spyr ég hæstv. félmrh. á þskj. 439:

„1. Hvenær má vænta afgreiðslu G-lána — lána til eldri íbúða — til þeirra sem keyptu íbúðir í apríl-júní á s. l. ári?

2. Hvenær verður þriðji hluti nýbyggingarlána afgreiddur til þeirra sem fengu fyrsta hluta í desember 1983?“

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Við fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég gefa þetta svar:

„1. Hvenær má vænta afgreiðslu G-lána — lána til eldri íbúða — til þeirra sem keyptu íbúðir í apríl-júní á s. l. ári?“

Svar: Lán til þeirra sem lögðu inn umsóknir til kaupa á eldri íbúðum frá 1. apríl til júníloka á s. l. ári verða til afgreiðslu 5. mars n. k. í veðdeild Landsbankans.

„2. Hvenær verður þriðji hluti nýbyggingarlána afgreiddur til þeirra sem fengu fyrsta hluta í desember 1983?“

Svar: Þeir sem fengu fyrsta hluta nýbyggingarláns í desember 1983 fá þriðja hlutann afgreiddan í veðdeild Landsbankans 5. mars n. k.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, skýr og greinargóð, og glögga dagsetningu, þá dagsetningu sem fólk hefur beðið eftir í lengri tíma og ekki fengið um nein svör. Ég vek athygli á því að þó að skammt sé undan að þessi lán fáist sem betur fer afgreidd, þá hefðu þau að öllu eðlilegu átt að afgreiðast í desember s. l. í síðasta lagi. Það er auðvitað mergurinn málsins að næstum þrjá mánuði hefur fólk beðið eftir þessum lánum og miðað skuldbindingar sínar við það í bönkum og annars staðar að þessi lán fengjust fyrir áramótin síðustu.

Húsnæðismálaumræða almennt fer hér fram í þinginu og því skal ekki farið út í hana hér. Spurningin er eins og fyrr í hvað féð á að fara í þjóðfélaginu og hversu samfélagið vill búa að þessum málum í heild sinni. Við sjáum risabyggingar í verslun og viðskiptum hér á höfuðborgarsvæðinu og glæsihallir gjörblankra olíufélaga rísa, ekki bara hér í Reykjavík heldur úti um land því að það eru einu byggingarnar sem rísa úti um land núna. Glæsihallir þessara skítblönku olíufélaga og umsvif ýmissa milliliða sýna hvar féð í þjóðfélaginu er að finna og víðar má þau dæmi sjá. Ég held að brýnt verkefni sé að sækja þetta fé og flytja það til húsbyggjenda og húskaupenda fyrst og síðast, til þeirra sem eru að eignast þak yfir höfuðið.

Þær ráðstafanir, sem nú hafa verið boðaðar til hjálpar þeim verst stöddu, koma eflaust einhverjum að gagni. Hjá sumum er og verður eflaust um gálgafrest að ræða, því miður. En aðrir, og ég óttast að sá hópur sé allt of stór, fá ekki þá úrlausn sem dugar. Lögbirtingur mun því að öllum líkindum, því miður, enn blómstra miðað við þau dæmi sem maður sér hvarvetna í kringum sig.

Hinu ber að fagna að óvissuástandi um greiðslu lána er létt af stórum hópi fólks og er það vel þótt það sé trúa mín að það verði staða viðskiptabankanna en ekki fólksins sem fyrst og fremst skánar við þessa úrlausn og greiðslu þessara lána.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er að sönnu gott að fá hér klárar dagsetningar fyrir þann hóp húsbyggjenda sem á í hlut og spurt er um á þskj. 439, en ég bendi á að margir koma þar á eftir. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Getur hann gefið einhverjar upplýsingar um hvenær koma til útborgunar lán til þeirra sem voru svo óheppnir t. d. að umsóknir þeirra um G-lán á árinu 1984 voru dagsettar 2., 3. eða 4. júlí? Má vænta þess að þeir fái þá á mánaðar fresti frá 5. mars að telja greidd út sín lán eða verður þeim safnað saman og það dregið í enn þá lengri tíma?

Einnig mætti spyrja um þá sem koma næstir á eftir þeim, sem eiga að fá útborguð F-lán í febrúar og byrjun mars. Hversu langan tíma þurfa þeir að bíða? Treystir hæstv. félmrh. sér til þess að svara því hér og nú þannig að létta megi óvissu af því fólki? Verður það tekið í jöfnum áföngum þannig að ekki aukist biðin fyrir hvern og einn hóp eða verður einhver annar háttur hafður á? Ég tel mjög miklu skipta að hæstv. félmrh. geti gefið þessu fólki einhver svör hér. Það hefur margt hvert hringt upp í Húsnæðisstofnun og spurt hana út í samþykkt stofnunarinnar, sem birt er í blöðum 21. febr., og það fólk sem ekki er inni í þeirri samþykkt, lendir ekki í þeim hópum sem þar eru taldir upp, fær engin svör. Því er hreinlega sagt að engu sé hægt að svara til um það á þessu stigi málsins hvenær lán þeirra komi til afgreiðslu.

Nú þarf auðvitað ekki að benda hæstv. félmrh. á að margt af þessu fólki ætti nú þegar að vera búið að fá sín lán eða að vera að fá þau núna og ég vil því spyrja hann: Hvað verður um þá hópa sem koma þarna næstir á eftir, bæði hvað F- og G-lán varðar?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég tel ekki efni standa til að fara að hefja almennar umræður í fyrirspurnatíma um húsnæðislánin almennt, en ég vil geta þess, út af því sem hér hefur komið fram, að núna eru til afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnuninni, sem er gert ráð fyrir að veðdeildin greiði úr til marsloka, 1621 lán. Ég hef ekki hér í höndum nákvæma skiptingu á því fé. Sumt af þessum lánum hefur verið tilkynnt opinberlega um, 1230 lán. Það kom í fjölmiðlum. Viðbótin hefur ekki verið sett í fjölmiðla. En það er unnið að því að raða upp næstu lánveitingum, sem væntanlega verða þá í apríl-maí, og verður tilkynnt formlega um þær þannig að ekki sé um neinar getsakir að ræða þegar ljóst er hvernig fjármagn verður til til þeirrar afgreiðslu.

Ég sé ekki ástæðu til að svara þessu öðruvísi en þannig að reynt verður að vinna þessi mál eftirleiðis þannig að fólk fái að vita um það fyrir fram hvenær það á von á afgreiðslu lána. Verða send bréf til hvers einstaklings um það mál.

Ullariðnaður, fsp. 263. mál (þskj. 441). — Ein umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í fjarveru minni á þingi nú fyrir skemmstu bar varamaður minn fram nokkrar fsp. til iðnrh. um afkomu og verðmætishlutdeild fyrirtækja í ullariðnaði. Varamaður minn, Þórður Skúlason, er nú farinn af þingi. Ég vil því leyfa mér að bera upp þessar fsp. fyrir hann.

Tilefni þeirra er að í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem gerð var á s. l. hausti að tilhlutan landssamtaka prjóna- og saumastofa, um afkomu og verðmætishlutdeild einstakra greina ullariðnaðarins, kom það fram að verulega hallar á framleiðendur miðað við það sem verið hefur meðan útflytjendur hafa aukið hlut sinn. Niðurstaðan er sú að útflytjendur eru taldir hafa í hreinan hagnað tæp 10% af tekjum sínum á haustmánuðum s. l. árs, eða nánar tiltekið 9.6%, meðan aftur á móti tapið hjá saumastofunum er tæp 3% og tapið hjá prjónastofunum er rúmt 1%. Ef niðurstöður þessar eru bornar saman við niðurstöður fyrri könnunar, sem gerð var árið 1981, er ljóst, eins og ég hef þegar sagt, að verulega hefur hallað á framleiðendur á þessu tímabili.

Í stórum dráttum má segja að árið 1981 hafi framleiðendur fengið í sinn hlut um 50% af andvirði útflutningsvörunnar en hlutdeild þeirra af andvirðinu var komin niður í 38% á árinu 1984. Hún hafði m. ö. o. lækkað um ¼ hluta. Þó er á það að líta að verð vörunnar í erlendri mynt hefur lækkað til framleiðenda. Jafnframt hefur það að sjálfsögðu aukið á vanda framleiðenda að nú eru greiddir raunvextir af flestum lánum, en áður voru t. d. vextir af skuldabréfum í mörgum tilvikum neikvæðir.

Ég vil leggja á það áherslu hér að mál þetta er ákaflega þýðingarmikið fyrir stóran hóp fólks, því að hér er um að ræða fjöldann allan af fyrirtækjum sem staðsett eru hringinn í kringum landið. Enginn vafi er á því að ef þessi fyrirtæki verða að hætta starfsemi sinni og hún leggst niður vegna stanslauss taprekstrar, á sama tíma og útflytjendur virðast hafa þeim mun meiri hagnað, hlýtur það að hafa veruleg neikvæð áhrif á byggðaþróun í landinu og verða til að veikja mjög mörg byggðarlög, sem sannarlega standa ekki allt of vel að vígi um þessar mundir undir núverandi stjórnarstefnu.

Á hitt ber einnig að líta að ríkisvaldið ber hér býsna þunga ábyrgð því að stærsta fyrirtækið meðal útflytjenda í þessari grein er ríkisfyrirtæki. Það er fyrirtækið Álafoss, sem hefur til skamms tíma verið að öllu leyti í

eigu Framkvæmdasjóðs og er að sjálfsögðu eign ríkisins þótt í seinni tíð hafi nokkuð verið rætt um að starfsmenn fyrirtækisins eignuðust hlutdeild í því. Ég veit nú ekki gjörla hversu langt það mál er komið, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi, því að hér er ríkið úrslitaaðili við stjórnun á langsamlega stærsta fyrirtækinu meðal útflytjenda í þessari grein. Og því er spurt:

„Hefur iðnrn. tekið til athugunar skýrslu Þjóðhagsstofnunar o. fl., er gerð var á s. l. hausti að tilhlutan landssamtaka prjóna- og saumastofa, um afkomu og verðmætishlutdeild einstakra greina ullariðnaðarins?"

Í öðru lagi er spurt: „Telur rn. eðlilega þá breytingu sem orðið hefur á afkomu og verðmætahlutdeild fyrirtækjanna frá árinu 1981?"

Í þriðja lagi er spurt: „Má vænta þess að rn. láti þessi mál á einhvern hátt til sín taka til að koma í veg fyrir að þýðingarmikill framleiðsluatvinnuvegur á landsbyggðinni leggist niður?"

Og í fjórða lagi er spurt: „Mun rn. taka þátt í hagræðingarátaki á prjóna- og saumastofum sem nú er verið að hrinda af stað á vegum landssamtaka prjóna- og saumastofa?"

Þetta eru þær fjórar spurningar sem Þórður Skúlason bar hér fram á þingi fyrir nokkrum vikum síðan.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Til að meta stöðu og horfur ullariðnaðarins hef ég látið gera athugun á greinum hans og einstökum rekstrarþáttum hverrar greinar fyrir sig. Náði sú athugun yfir árin 1970-1984. Þar er byggt á skýrslu Þjóðhagsstofnunar að hluta og enn fremur öðrum upplýsingum sem til féllu.

Hér er enn fremur spurt hvort rn. telji eðlilega þá breytingu sem hafi orðið á afkomu og verðmætahlutdeild fyrirtækjanna frá því á árinu 1981. Þótt það eigi í sjálfu sér örðugt með að meta hvað fyrirspyrjandi á við um eðlilega þróun, þá verður ekki hjá því komist að álíta að svo hafi ekki verið. Ég tek þó skýrt fram að til að meta hvað sé eðlilegt og hvað ekki í ullariðnaði sem og öðrum iðngreinum er ekki nóg að líta einungis á þróunina hér heima fyrir. Menn verða að hafa það hugfast að án nákvæmra athugana heima fyrir sem og erlendis hjá helstu samkeppnisaðilum munu vandamál, sem blasa við iðngreinum heima fyrir, ekki verða leyst, hvort sem það er ullariðnaður eða annar iðnaður. Íslendingar eiga við sívaxandi alþjóðlega samkeppni að etja á heimamarkaði sem og erlendis og þá samkeppni verða þeir að standast ef takast á að viðhalda og bæta þau lífskjör sem við búum við í dag. Menn verða að gera sér grein fyrir langtímaþróun iðngreina og hvert stefnir þar á alþjóðamörkuðum og haga aðgerðum sínum eftir því, í stað þess að horfa til eins eða tveggja ára eða jafnvel nokkurra mánaða, eins og okkur hefur allajafna hætt til.

Ráðuneytið athugaði, að vísu lauslega, þróunina í vefjariðnaðinum hin síðustu 10 árin. Helstu þættir innlendu þróunar ullariðnaðarins eru m. a. þessir: Ef athuguð er hlutdeild einstakra greina í vöruútflutningnum 1974—1984 eftir verðmæti kemur í ljós að heildarútflutningur hefur vaxið um 127% að verðmæti í Bandaríkjadollurum talið. Af því hefur verðmæti sjávarafurða vaxið um 107% og iðnaðar, að áli og kísiljárni meðtöldu, um 206%, en 209% ef ekki er talið með ál og kísiljárn. Á sama tíma hefur verðmæti útfluttra ullarvara aukist um 288% og er það athyglisvert í samanburðinum.

Hlutdeild ullarvöru eftir verðmæti af heildarvöruútflutningi iðnaðarvara, að meðtöldu áli og kísiljárni, hefur þó ekki aukist nema um 3% á sama tíma eða úr 11% 1974 í 14% 1984 þar sem útflutningur annarra greina hefur vaxið einnig. Skv. úttekt Þjóðhagsstofnunar og fleiri aðila á hag ullariðnaðarins var afkoma í öllum greinum hans, þ. e. hjá spunaverksmiðjum, prjónastofum og saumastofum og útflytjendum, allgóð 1981 á mælikvarða hreins hagnaðar fyrir skatta og sýndu allar greinarnar nokkurn hagnað. Afkoma árin 1983-1984 var hins vegar nokkuð breytt á þann veg að afkoma prjónastofa og saumastofa hafði versnað töluvert og voru báðar greinarnar reknar með tapi 1984, saumastofur með 2.9% tapi og prjónastofur 1.1%. Á sama tíma hafði hagur spunaverksmiðja og útflytjenda batnað eða staðið í stað í versta falli frá 1981. En þó hafði hagur útflytjenda batnað einna mest og var hagnaður þeirra um 9.6%. Það er þetta sem fjallað er um í lið 2, þar sem spurt er hvort eðlilega megi telja þá breytingu sem orðið hafi á afkomu og verðmætahlutdeild fyrirtækjanna frá árinu 1981 og kemur það fram í þessum svörum. Skýringar á þessum breytingum eru sennilega af tvennum toga spunnar vegna hinnar innlendu þróunar, þ. e. verðlagsbreytinga og framleiðsluvandamála.

Í fyrra lagi, hvað verðlagsbreytingar snertir, er ljóst að afkomuþróun einstakra greina er verulega háð hækkunum á afurðum og hráefnum og hlutfallinu þar á milli, en frá ársmeðaltali 1983 hefur þetta hlutfall verið nokkuð óhagstætt fyrir saumastofur vegna misvægis milli þróunar gengis og innlends kostnaðarverðlags.

Skv. spá OECD fyrir helstu samkeppnislönd okkar í ullariðnaði fyrir 1984—1985 er verðbólga þar um 4—7% á meðan við höfum búið við mun hærri verðbólgu eins og menn þekkja. Mönnum má vera ljóst að þetta er vandamál sem fyrirtæki okkar á útflutningssviðinu hafa við að glíma og verður ekki bætt nema menn vinni bug á verðbólgunni, eins og allir a. m. k. játa í orði, þótt í framkvæmdinni vilji það nú ganga úrskeiðis eins og hefur sýnt sig á umliðnum árum, því allir hafa haft uppi góðu áformin en minna orðið úr, eins og dæmin sönnuðu og alveg einkum og sér í lagi hjá ríkisstjórninni 1980-1983.

Fjármagnskostnaður ullariðnaðarins vegna afurðalána hefur líka verið mun meiri að minni hyggju en hann hefði þurft að vera þar sem afurðalán hans hafa verið í SDR-mynt, þ. e. miðast við hin svonefndu „sérstöku dráttarréttindi" og hefur það orðið mjög íþyngjandi fyrir iðnaðinn. Skv. heimildum Seðlabanka Íslands eru afurðalán til ullariðnaðarins nú að upphæð um 315 millj. Hefðu framleiðendur fengið að taka lánin t. d. í einhverri Evrópumynt, svo sem pundum eða svissneskum frönkum, hefði hækkun lánanna vegna gengissigs og vaxta verið allt að 50% minni á s. l. ári en hún varð.

Þá er skýringa á þessum vanda að hluta til að leita í vandamálum sem upp hafa komið í framleiðslunni sjálfri. Skv. mati Þjóðhagsstofnunar batnar afkoma í öllum greinum ullariðnaðar 1984 þegar tillit hefur verið tekið til magnaukningar sem aðallega er til komin vegna þess að afkastageta framleiðslu í öllum greinum var vannýtt áður og magnaukningin þýddi þannig betri nýtingu fasteigna, véla og tækja. Ef hins vegar er

skoðuð þróun framleiðni í ullariðnaði 1970-1982 kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Í heild eykur vefjariðnaðurinn framleiðni sína um 42%. Þar af eykst framleiðni í spunaverksmiðjum um 61%, prjónastofum um 50% en framleiðni saumastofa minnkaði á sama tíma um 2%. Geta menn skilið hve örlagarík áhrif slíkt hefur á afkomu þeirra fyrirtækja.

Ef við aðeins lítum í upplýsingaskyni á atvinnuþróun sem átt hefur sér stað í vefjariðnaði erlendis þá kemur fram að um verulega fækkun starfsfólks er að ræða í þessum greinum í helstu samkeppnislöndum. Þannig fækkaði ársverkum á árunum 1970-1982 í Þýskalandi um 42%, í Danmörku um 39% og í Svíþjóð um 62%. Það hefur því orðið veruleg fækkun starfsfólks í vefjariðnaði í nálægum löndum.

Á sama tíma hefur ársverkum hins vegar fjölgað á Íslandi um 13%. Ísland er m. ö. o. eina landið sem hefur fjölgað störfum í þessari iðngrein. Ekki er þó við aukningu að búast í þessari grein á næstu árum nema við aukum samkeppnishæfni okkar verulega frá því sem nú er.

Herra forseti. Ég mun reyna að stytta mál mitt en ýmislegt fleira fróðlegt hafði verið hér saman tekið sem mér gefst því miður ekki tími til að drepa á nú. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. skal bent á að hann hefur farið út fyrir tímamörk.) Ég hafði þetta einhvern veginn á meðvitundinni og þess vegna ávarpaði ég hæstv. forseta sérstaklega til að biðja um náð og miskunn eins og í mínútu til viðbótar.

Iðnrn. mun beita sér fyrir því að auka samkeppnishæfni í ullariðnaði sem öðrum greinum og því hefur rn. ákveðið að styrkja úttekt á rekstri einstakra fyrirtækja í ullariðnaði skv. beiðni Landssambands prjóna- og saumastofa um 40% af kostnaðarhlutdeild sem áætluð var í upphaflegri kostnaðaráætlun Landssambands prjóna- og saumastofa frá því 11. okt. 1984, eða um 300 þús. kr.

Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að atvinnugrein þessi er mjög mikilvæg vegna atvinnumála á landsbyggðinni og ber því að styrkja hana og styðja.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hér hefur ullariðnaður verið gerður að umræðuefni. En því er ég hingað komin að ég vil minna hæstv. iðnrh. á að á 104. löggjafarþingi 1981—1982 var samþykkt þáltill. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar. Flm. þeirrar till. voru hv. þm. Birgir Ísleifur Gunnarsson, Salome Þorkelsdóttir, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal.

Þessi till. fól það í sér að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Nefndin skyldi fjalla um það í fyrsta lagi hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á íslenskum iðnaðarvörum. Í öðru lagi hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi til þess að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni, svo og hvernig staðið verði að vernd og hönnun á mynstrum, á útlendu máli „design". Í þriðja lagi hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis og í fjórða lagi hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að sömu markmiðum hjá nágrannaþjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum.

Það er alveg ljóst að Íslendingar eiga mikið af listamönnum sem bíða þess eins að fá tækifæri til að vinna á hinum ýmsu sviðum listiðnaðar. Við eigum vefara, glerlistarmenn, leirkerasmiði, ullariðnaðarfólk af öllu tagi. Þess vegna er fyrirspurn mín hér til hæstv. ráðh.: Hefur hann skipað þessa nefnd? Þetta gerðist að vísu í tíð fyrrverandi hæstv. iðnrh. en hann hefur þá sennilega átt mjög stutt eftir af sinni ráðherratíð. Ég vil a. m. k. minna hæstv. ráðh. á að hafi hann nú skipað nefnd til að athuga um ullariðnaðinn, þá mætti vissulega fara að skipa þá nefnd sem átti að taka listiðnað í landinu sérstaklega fyrir.

Ég held að það hafi litla þýðingu að menn séu að samþykkja hér ár eftir ár þáltill., sem margar eru svo sannarlega ómerkari en þessi, ef þeirra bíður svo það eitt að gulna í skrifstofum hæstv. ráðh. Ég vil minna á ýmsar sorgarsögur... (Forseti hringir.) Ég er rétt að verða búin, herra forseti. — Sorgarsögur eins og þá að um þessar mundir er íslenskur listamaður að verða heimsfrægur fyrir stól þann sem Sóley er kallaður. Ekki tókst að koma neinu viti í framleiðslu þessa stóls á Íslandi heldur sitja útlendingar að því að framleiða hann í þúsundatali. En sem sé, herra forseti, ég vildi gjarnan vita hvort þessi nefnd ályktunarinnar frá 1982 hefur verið skipuð.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Í máli hans var eindregið staðfest allt það sem ég hafði sagt hér í formálsorðum um stöðu þessara mála. Og mér þótti vænt um að hæstv. ráðh. skyldi taka undir það með mér að ekki væri um eðlilega þróun að ræða. Hann upplýsti okkur líka um að verðmæti ullarvara hefði á skömmum tíma aukist um 288%. Satt best að segja var í svari hans býsna fróðleg en að vísu tímafrek „prósentupassía" en kannske minna um svör við spurningunni um það hvað rn. hygðist gera ef frá er talið það að styrkja landssamtök sauma- og prjónastofa um 300 þús. kr. til að rannsaka málið.

Ég hygg að þörf verði á snarpari viðbrögðum af hálfu hæstv. iðnrh. í þessu máli. Ég hygg að iðnrh. komist ekki undan því að tryggja það með einum eða öðrum hætti að forustuafl útflytjenda í þessari iðngrein, Álafoss, sæki ekki ávinning sinn af slíku ofurkappi að framleiðendur, þeir sem verðmætin skapa, verði skildir óvígir eftir og nái ekki vopnum sínum úr því. Ég er ekki að bera fram ásökun á hendur iðnrh. fyrir afskipti hans af þessum málum. En ég hygg að ef mikið dregst úr þessu að ákveðin og skýr stefna verði mörkuð til að koma í veg fyrir að ullariðnaðurinn verði að velli lagður hljóti menn að fara að brýna busana og reyna að koma einhverjum vörnum við. Það er því eindregin hvatning mín að lokum til hæstv. iðnrh. að hann láti þessi mál meira til sín taka.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég tek fram að ég tel það mjög mikilvægt að styrkja myndarlega, eins og ákveðið er, úttekt á rekstri einstakra fyrirtækja í ullariðnaði og gera svo ráð sín í framhaldi af því. Ég ítreka þá áherslu sem ég hlýt að leggja á þessa atvinnugrein, einkum og sér í lagi vegna atvinnumála landsbyggðarinnar.

Ég er því miður ekki í færum um að svara hv. 10. landsk. þm. Ég hefði að ósynju ætlað að þetta mál eigi heima hjá hæstv. menntmrh. og þá mun það væntanlega

hafa verið fyrrverandi menntmrh., hv. þm. Ingvar Gíslason sem hefur haft með höndum þessa nefndarskipan. Ég kannast ekki við nefndina eða starfsemi hennar og ég sé á látbragði fyrirrennara míns að honum er það einnegin hulin ráðgáta. Ég mun því vafalaust eiga kollgátuna að hv. þm. og fyrrverandi ráðh. Ingvar Gíslason hafi sómann af þeim framkvæmdum í þessu máli sem til framkvæmdavaldsins heyra.

Lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins, fsp. 295. mál (þskj. 476). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. til félmrh. um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, en fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver verður fjöldi nýbyggingarlána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna eftir þá ákvörðun ríkisstj. að skerða ráðstöfunarfé sjóðanna til nýbyggingarlána um 150—200 millj. á árinu 1985?

Óskað er eftir að fram komi hvaða breytingar verða á fjölda lánveitinga og upphæð í hverjum útlánaflokki fyrir sig frá því sem ráð var fyrir gert í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985, svo og hvort þessi ákvörðun muni hafa áhrif á afgreiðslufrest útlána úr byggingarsjóðunum.

2. Hve margar umsóknir liggja nú fyrir um lán í hverjum útlánaflokki fyrir sig hjá Byggingarsjóði ríkisins annars vegar og Byggingarsjóði verkamanna hins vegar?

3. Hvaða reglur munu gilda um þá aðstoð sem veitt verður þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum og hafa fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna á tímabilinu 1. janúar 1981 til desember 1984?"

Tilefni þessarar fsp. er að, eins og fram hefur komið, stofnuð hefur verið ráðgjafarþjónusta fyrir þá sem nú eru í miklum greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðislána. Hefur ríkisstj. ákveðið að verja hluta af því fé sem áætlað var til nýbyggingarlána á þessu ári til að aðstoða þá sem eru í greiðsluerfiðleikum. Því ber vissulega að fagna að reynt er að létta á þeim drápsklyfjum sem nú eru að sliga húsbyggjendur og íbúðakaupendur, en þar sem fram hefur komið að ráðstafa eigi í þessu skyni af mjög takmörkuðu fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins til nýbyggingarlána er nauðsynlegt að Alþingi fái vitneskju um hvaða áhrif þetta hefur á útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. á þskj. 476 hef ég hér í höndum upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins. — Ég vil fyrst leiðrétta hv. fyrirspyrjanda, hv. 2. landsk. þm. Það hefur hvergi verið gefin yfirlýsing um það frá minni hálfu að það fjármagn, sem á að taka til viðbótarlána fyrir húsbyggjendur sem eiga í erfiðleikum, yrði tekið af nýbyggingarlánum einvörðungu. Það hefur hvergi komið fram.

Svar við 1. fsp. hv. þm. er svohljóðandi: Þar sem lánsfjárlög hafa enn ekki verið samþykkt hefur húsnæðismálastjórn ekki enn ákveðið skiptingu útlána sjóðanna. Sú skipting, sem fram kemur í lánsfjáráætlun sem liggur fyrir Alþingi, er gerð af fjárlaga- og hagsýslustofnun án afskipta Húsnæðisstofnunarinnar. Strax þegar fyrir liggur hvaða fjármagn Húsnæðisstofnun hefur til útlána á árinu 1985, eftir að lánsfjárlög hafa verið samþykkt, verður gefin út áætlun um útlán sundurliðuð eftir lánaflokkum, en fyrr ekki. Þar af leiðandi telur Húsnæðisstofnunin ekki eðlilegt að gefa sundurliðun skv. þessari fsp., enda er fsp. óraunhæf eins og hún er borin fram.

„2. Hve margar umsóknir liggja nú fyrir um lán í hverjum útlánaflokki fyrir sig hjá Byggingarsjóði ríkisins annars vegar og Byggingarsjóði verkamanna hins vegar?"

Fjöldi umsókna hjá Byggingarsjóði ríkisins: Nýbyggingar, 750 íbúðir: Óafgreiddar umsóknir vegna fokheldra íbúða fyrir s. l. áramót. Að vísu er hluti af þeim til afgreiðslu næstu daga. Nýbyggingar, 300 íbúðir: Lánshæfar umsóknir um s. l. áramót vegna íbúða sem ekki voru orðnar fokheldar og ekkert fokheldisvottorð hefur komið fram um enn. Nýbyggingar, 830 íbúðir: Innkomnar umsóknir frá einstaklingum frá 1. jan. 1985 til eindagans 1. febrúar s. l. sem er ekki farið að taka til skoðunar. Nýbyggingar, 1920 íbúðir: Bráðabirgðaumsóknir frá ýmsum framkvæmdaaðilum sem borist hafa á tímabilinu 1. jan. 1985 til 31. jan. 1985. Þetta eru bráðabirgðaumsóknir sem er ekki heldur farið að skoða enn í stofnuninni. Umsóknir um eldri íbúðir eru 1980, leiguíbúðir aldraðra 100, viðbyggingar og endurbætur 350 íbúðir, orkusparandi lán 200 íbúðir og vegna sérþarfa 10 íbúðir. Samtals liggja hjá Byggingarsjóði ríkisins í dag umsóknir um 6440 íbúðir.

Fjöldi óafgreiddra umsókna hjá Byggingarsjóði verkamanna: Umsóknir frá 23 sveitarfélögum vegna 108 íbúða. Einnig liggja fyrir umsóknir um byggingu á 282 leiguíbúðum skv. c-lið 33. gr. laga nr. 60/1984.

„3. Hvaða reglur munu gilda um þá aðstoð sem veitt verður þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum og hafa fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna á tímabilinu 1. janúar 1981 til desember 1984?"

Um þetta hafa verið settar ákveðnar reglur. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er í gangi sérstök ráðgjafarþjónusta í stofnuninni sem greiða skal úr vandamálum fólks, bæði í viðtölum, bréfum og símtölum. Er víst byrjað að vinna úr þeim viðtölum og verður væntanlega hægt að afgreiða skv. þessum umsóknum strax eftir mánaðamót.

Þær reglur sem Húsnæðisstofnun samþykkti um þessi mál eru:

1. Lánshæfni umsækjenda. Þeir einir eru lánshæfir sem fengið hafa lán úr byggingarsjóðunum á tímabilinu 1. jan. 1981 til 31. des. 1984 til að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn. Tímamörk eru miðuð við lánveitingar, en ekki hvenær lánið er hafið. Við ákvörðun þess hvað teljast skuli fyrsta íbúð ber að fara eftir reglum Húsnæðisstofnunar þar um, sbr. t. d. 8. gr. reglugerðar um Byggingarsjóð ríkisins. Umsækjandi þarf jafnframt að fullnægja eftirfarandi skilyrðum: a) Fjárhagsvandi umsækjanda skal vera til orðinn vegna fjármögnunar íbúðarhúsnæðis af hóflegri stærð miðað við fjölskyldu hans. b) Greiðsluerfiðleikar umsækjanda þurfa að vera það miklir að hann sé í verulegri hættu að missa íbúð sína nema bráð aðstoð komi til. Vanskilaskuldir vegna íbúðarinnar sem fallnar eru í gjalddaga fyrir 1. jan. 1985 verða að jafnaði að nema a. m. k. 150 þús. til að umsækjandi teljist lánshæfur. c) Aðrir lánsmöguleikar

umsækjanda skulu hafa verið fullkannaðir og nýttir.

Nú er umsækjandi með skammtímalán í bönkum eða sparisjóðum sem hann á í erfiðleikum með að greiða af samkvæmt umsömdum kjörum. Skal þá jafnhliða aðstoð hjá Húsnæðisstofnun ríkisins beina þeim tilmælum til viðkomandi lánastofnunar að umsækjanda verði gefinn kostur á skuldbreytingu þeirra lána til lengri tíma. Stefnt skal að því að um þetta verði gert sérstakt samkomulag við banka og sparisjóði. Undanskilin nefndum skammtímalánum skulu vera lán sem veitt hafa verið vegna væntanlegra húsnæðislána, lífeyrissjóðslána eða annarra tímasettra greiðslna.

2. Lánsfjárhæðir og lánskjör. Fjárhæðir veittra lána skulu vera 50—150 þús. kr. í hverju einstöku dæmi. Lánstími skal vera á bilinu 5 til 10 ár, en lánskjör að öðru leyti hin sömu og á F- og G-lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

3. Tryggingar. Veitt lán skulu ásamt áhvílandi lánum, uppfærðum, að jafnaði vera innan við 75% af brunabótamati fasteignar.

4. Gögn sem fylgja þurfa umsókn: Veðbókarvottorð yfir íbúð umsækjanda, yfirlit yfir skuldir staðfest af lánardrottnum og ljósrit af skattframtali.

Í framhaldi af þessu vil ég geta þess að þegar eru hafnar viðræður við fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um að taka þátt í þessari aðgerð og stendur til að athuga núna að þessir aðilar tilnefni fulltrúa í þá ráðgjafarnefnd sem fjallar endanlega um ákvörðun um aðstoð við viðkomandi skv. þeim gögnum sem fyrir liggja.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta svar sé nægjanlegt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. félmrh. áðan um að það hafi hvergi komið fram að taka ætti af nýbyggingafé í þessa sérstöku neyðarfyrirgreiðslu, þá vil ég láta þess getið að á fundi forsrh. með fulltrúum allra stjórnarandstöðuflokkanna kom beinlínis fram að hann taldi að fé til neyðaraðstoðarinnar ætti að taka af nýbyggingafé. Fsp. hv. 2. landsk. þm. styðst væntanlega við þessar yfirlýsingar forsrh. sem hafa einnig komið fram á opinberum vettvangi. Það er því full ástæða til þess að spurt sé með þeim hætti sem hér er gert.

Skv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og hún liggur fyrir er gert ráð fyrir að veita 705 millj. kr. til F-lána á árinu 1985. Skv. þeim yfirlýsingum sem forsrh. hefur gefið er gert ráð fyrir að lækka þá upphæð niður í 500—550 millj. kr. Ef þetta á ekki að taka af öðrum liðum þýðir það stórkostlega lækkun á lánshlutfalli. Ég vil ítreka spurningu hv. 2. landsk. þm. til félmrh. og spyrja: Er ætlunin að lækka lánin eða er ætlunin að fækka lánunum? Ef hvorugt stendur til, af hvaða lánaflokkum Húsnæðisstofnunar á þá að taka 150—200 millj. kr.? *Lánum til meiri háttar viðgerða á íbúðarhúsnæði, orkusparnaðarlánum, lánum til dagheimila, lánum til íbúða aldraðra eða lánum til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði?* Hvaða lánaflokkar eru það sem ráðh. ætlar að skera niður?

Í annan stað vil ég mótmæla mjög ákveðið yfirlýsingum hans aftur og aftur varðandi lánsfjáráætlun. Frv. til lánsfjárlaga liggur fyrir í Ed. Alþingis. Þar hefur ekki verið hægt að taka á því máli til fulls eins og eðlilegt væri vegna þess að það skortir stefnumótun frá ríkisstj. Ríkisstj. hefur ekki gefið út hvað hún ætlar að skera niður, skv. síðustu yfirlýsingum upp á 1000 millj. kr., hvaða atriði það eru sem á að skera niður. Þess vegna er útilokað að setja dæmið þannig upp: Ja, það er beðið eftir því að þingið afgreiði lánsfjáráætlunina. Lánsfjáráætlun er eðli málsins skv. lánsfjáráætlun ríkisstj. og hún heitir það. Lánsfjárlög eru sá þáttur sem lagalega byggir undir lánsfjáráætlunina. Það er því með öllu fráleitt fyrir hæstv. ráðh., hvort sem það er þessi ráðh. eða aðrir, að skjóta sér á bak við þingið í þessum efnum. Það er ríkisstj. sem ræður þessu ein. Ef það stendur á lánsfjáráætlun í sambandi við húsnæðismálin er það ríkisstj. einni að kenna.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. svör hans þó að þau hafi að mörgu leyti verið mjög furðuleg svo að ekki sé meira sagt.

Hæstv. ráðh. sagði að hér væri um óraunhæfar spurningar að ræða. Ég verð að segja að ég skil ekki svona svör. Hér liggur fyrir og fram hefur komið að það eigi að skera af því ráðstöfunarfé sem fyrir hendi er og ætlað var til Byggingarsjóðs ríkisins árið 1985. Þá er eðlilegt að spurt sé hvaða áhrif þetta hafi á þær áætlanir sem gerðar hafa verið og á þær lánveitingar og umsóknir sem fyrir liggja. Þess vegna vil ég mótmæla harðlega svörum eins og fram komu hjá hæstv. ráðh.

Í húsnæðislöggjöfinni er t. d. talað um að af fjárlögum eigi að koma 40% af samþykktri útlánaáætlun, ef ég man rétt. — Ég er ekki með lögin fyrir framan mig. — Er þá eðlilegt að samþykkja fjárlögin fyrr en útlánaáætlun liggur fyrir? Ég fæ ekki skilið orð ráðh. öðruvísi en að þessi útlánaáætlun liggi ekki fyrir fyrr en Alþingi hafi afgreitt lánsfjárlög. Mér finnst það nokkuð furðulega að verki staðið.

Eftir að ég lagði þessa fsp. fram fékk ég að vísu upplýsingar um að það hefði verið gerð bráðabirgðagreiðsluáætlun hjá Húsnæðisstofnun ríkisins um miðjan febrúar, miðað við þær upplýsingar um fjármagn sem nú liggja fyrir. Mér finnst að ráðh. hefði getað gefið Alþingi upplýsingar um ýmislegt sem þar kemur fram. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir þá nefnd sem fjallar um lánsfjáráætlun. Það er mjög brýnt fyrir þá nefnd að hafa slíka áætlun undir höndum.

Í þeirri áætlun kemur t. d. fram að það vanti 700 millj. í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, miðað við óbreyttar reglur og venjur eftir því sem lánveitingar hafa verið á undanförnum árum.

Ég fæ heldur ekki betur séð af þeirri áætlun en um sé að ræða töluvert mikla skerðingu á ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins 1985, miðað við það sem hann hafði til ráðstöfunar á árinu 1984. Á árinu 1984 hafði sjóðurinn til ráðstöfunar 1552 millj. kr., en miðað við þessa áætlun, sem ég hef hér undir höndum og ég fékk eftir að ég lagði fsp. fram, kemur fram að ráðstöfunarfé, þegar búið er að draga frá — ef gert er ráð fyrir því að það sé tekið af fé Byggingarsjóðs ríkisins — það sem fara á til aðstoðar fólki sem nú á í greiðsluerfiðleikum, þá verða einungis um 1100—1200 millj. til ráðstöfunar til nýbyggingarlána.

Ég vil taka undir þá fsp. sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni: Ef ekki er gert ráð fyrir að taka þetta af nýbyggingarlánum, hvaðan á þetta fé að koma? Er ráð fyrir því gert að afla þess með aukafjárveitingu eða

er ráð fyrir því gert að lánsfjáráætlun taki þeim breytingum að auka enn á lántökurnar frá því sem ráð er fyrir gert í lánsfjáráætlun? Hvernig verður fjár aflað? Ég fæ ekki skilið af hverju svona mikil leynd þarf að hvíla yfir þessu og af hverju Alþingi getur ekki fengið upplýsingar um stöðuna í svo mikilvægu máli sem húsnæðismálin eru.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Mér finnst ástæða til að eyða talsverðum misskilningi.

Eins og allir hv. þm. vita er eftir að afgreiða lánsfjárlög frá Alþingi. Auðvitað er ég ekki að vefengja að ríkisstj. eigi eftir að gefa ákveðin fyrirmæli um það til fjh.- og viðskn. Ed., þar sem lánsfjáráætlunin er til meðferðar, hvernig verður staðið að till. um lánsfjárlögin. Það liggur alveg ljóst fyrir. En ég hélt að það hefði komið greinilega fram í svari Húsnæðisstofnunarinnar við 1. lið fsp. að Húsnæðisstofnunin hefur ekki enn þá lagt fram neina sundurliðaða útlánaáætlun fyrir árið 1985. Það kom fram í svarinu að það sem liggur fyrir í lánsfjáráætluninni, sem er til meðferðar á Alþingi, eru hugmyndir sem fjárlaga- og hagsýslustofnun lagði fram en ekki Húsnæðisstofnunin sjálf.

Það kom einnig fram í svari mínu að því hefur ekki verið slegið föstu í þessu sambandi að þær 150—200 millj. sem er áætlað að fari í ráðstafanir til húsbyggjenda sem eiga í erfiðleikum, verði teknar af nýbyggingafé, heldur er möguleiki á því að taka fé það af heildinni og deila því niður á lánaflokka eftir nánari athugun sem verður rætt við Húsnæðisstofnunina sérstaklega um.

Ég vil minna hv. 3. þm. Reykv. á að skv. gildandi lögum hefur félmrh. á hverjum tíma vald til að leggja til breytingar bæði að því er varðar að bæta við útlánaflokkum og eins breytingar á því fjármagni sem ætlað er í hvern lánaflokk. Auðvitað mun hann gera það í samráði við húsnæðismálastjórn og það verður engin breyting á því. En það er ekki hægt, að mínu mati, og ekki skynsamlegt að leggja til nákvæma útlánaflokkun fyrir árið fyrr en Húsnæðisstofnunin er búin að fá tryggingu fyrir því fjármagni sem um verður að ræða í þessum málaflokki í heild. Þá mun hvorki standa á félmrn. né Húsnæðisstofnuninni að gera það. Auðvitað er það nauðsynlegt og verður að ganga eftir því og það er svo sjálfsagt að áður en lánsfjárlög verða afgreidd frá Alþingi, t. d. Ed., verði slík áætlun lögð fram.

Eftirlit með innflutningi matvæla, fsp. 288. mál (þskj. 468). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á þskj. 468 hef ég leyft mér að flytja fsp. til heilbr.- og trmrh. um eftirlit með innflutningi matvæla. Ég vildi mega leyfa mér að lýsa því í örfáum orðum hvers vegna þessi fsp. er fram komin.

Aðalástæður hennar eru þær að eins og allir vita flytjum við inn gífurlega mikið af matvælum bæði sem niðursuðu og í pökkum. Þessi matvæli koma inn í landið að því er virðist gersamlega án nokkurs eftirlits. Þá á ég við að ekki fer fram neitt eftirlit með því hver ending þessara matvæla kunni að vera. Bent hefur verið á að það virðist fara nokkuð í vöxt að flutt sé inn pakkavara og niðursuðuvara sem á mjög skammt í það að endingartími hennar sé útrunninn. Gæði hennar fyrir kaupandann eru því ekki nærri eins mikil og ef um eðlilegan endingartíma slíkrar vöru væri að ræða.

Á þeim margvíslega varningi, sem fluttur er inn í pökkum eða niðursoðinn eru auðvitað alls kyns leiðbeiningar og upplýsingar um innihald, efnagreiningu, vigt og þar fram eftir götunum sem neytandanum eiga að koma til góða. Aftur á móti er ekki um neinar íslenskar upplýsingar að ræða á þessum innflutningi. Það er m. ö. o. beinlínis gert ráð fyrir því að fólk sé afskaplega vel að sér í hinum ýmsu þjóðtungum jarðarinnar og alls ekki sjaldgæft að sjá megi áritanir á jafnframandi tungumálum eins og kínversku, japönsku og fleiri austurlenskum tungum. Tæpast eru þeir margir hér á landi sem komast fram úr leiðbeiningum af því tagi jafnvel þó að orðabækur væru fyrir hendi. Gagnrýnin hefur m. a. s. gengið svo langt að menn hafa fullyrt að Ísland sé á góðri leið með að verða nokkurs konar ruslakista, þ. e. að varningur sem ekki væri boðinn til sölu í verslunum í nágrannalöndum okkar vegna þess að hann uppfyllti ekki þau skilyrði, sem þar eru sett fyrir dreifingu matvæla, eigi mjög greiðan aðgang að markaði hér á Íslandi, þá náttúrlega ekki hvað síst vegna þess að e. t. v. er hægt að fá hann á eitthvað vægara verði í heildsölu en ella, en með þeim annmörkum sem ég lýsti áðan fyrir neytendurna. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja eftirtalinna þriggja spurninga:

1. Hvernig er háttað eftirliti með innfluttum matvælum til landsins? — og þá á ég við öll matvæli, ekki bara þau sem hugsanlega eru beinar húsdýraafurðir.
2. Hvaða reglur gilda um heilbrigðis- og gæðavottorð með slíkum matvælum?
3. Stendur til að endurskoða löggjöf um þessi efni? Og ef svo er hvernig líta þau áform út?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fyrsta spurningin er: „Hvernig er háttað eftirliti með innfluttum matvælum til landsins?“ Það hefur engin sérlöggjöf verið sett varðandi innflutningseftirlit með matvælum og er skipulegt eftirlit með innfluttum matvælum, áður en þau eru tollafgreidd, ekki framkvæmt hér á landi.

Um eftirlit með matvælum almennt og þar með innfluttum matvælum fer skv. lögum nr. 109 frá 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem að grunni til eru frá árinu 1981 og byggja reyndar á erlendum lögum frá 1969 hvað þennan þátt snertir. Eftirlitið er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, þ. e. hið almenna eftirlit er í höndum heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga. Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með þessu starfi og sér um framkvæmd ákveðinna þátta, en stofnuninni er sérstaklega ætlað að vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlitsins, þar með matvælaeftirlitsins, í landinu. Þeirri stofnun er hins vegar ekki ætlað það sem kallað hefur verið beint eftirlit nema um sé að ræða sérhæfð verkefni og þá eingöngu skv. lögum eða ákvörðun ráðh. Í þeim tilvikum er einkum um að ræða eftirlit sem krefst sérkunnáttu sem ekki er hægt að krefjast að heilbrigðisfulltrúar búi yfir. Má sem dæmi nefna eftirlit með mengun frá iðjuverum og geislavarnaeftirlit.

Þegar Hollustuvernd ríkisins tók til starfa 1. ágúst 1982 í kjölfar breyttra laga um heilbrigðiseftirlit í landinu fór stofnunin þess á leit við gerð fjárlaga fyrir árið 1983 að heimiluð yrði staða við stofnunina til að

skipuleggja þetta eftirlit og að vera sveitarfélögum til ráðuneytis um framkvæmd þess. Ekki var fallist á þessa beiðni við gerð fjárlaga fyrr en ári seinna og í upphafi árs 1984 var ráðið í stöðuna. Það ár sem þessi staða hefur verið setin hefur aðallega verið unnið að gagnasöfnun með það fyrir augum að setja reglugerð um eftirlit með innflutningi matvæla.

Eins og sakir standa er eftirlit með innflutningi matvæla mjög takmarkað þar sem eftirlitsmenn í sérhæfðu matvælaeftirliti eru fáir og tækjabúnað skortir til að annast eftirlit á vissum sviðum. Sérstaklega skortir aðtöðu til að sinna eftirliti varðandi efnasamsetningu matvæla, notkun aukaefna og efnamengun matvæla. Hollustuvernd ríkisins hefur enga efnarannsóknarstofu þó svo stofnuninni sé ætlað að sinna slíkum rannsóknum skv. lögum og ákvæði hafi verið um rekstur slíkrar efnarannsóknarstofu allt frá árinu 1977 er fyrst voru sett lög um matvælarannsóknir hér á landi.

Ég vil leggja áherslu á að þegar sérstök mál koma upp í öðrum löndum, eins og t. d. ef hætta er á alvarlegum eitrunum af völdum matvæla, hefur Hollustuvernd ríkisins fengið tilkynningar um slík mál, ekki síst frá Norðurlöndum, en mjög góð samvinna hefur tekist á þessu sviði milli Norðurlandanna. Er tilkynnt þegar í stað um öll slík tilvik og ákveðnir aðilar eru tilnefndir af ríkisstjórnum viðkomandi ríkja sem tengiliðir.

Önnur spurning: „Hvaða reglur gilda um heilbrigðis- og gæðavottorð?" Almennt er ekki gerð krafa um heilbrigðis- eða gæðavottorð vegna innflutnings á matvælum og engar heildarreglur hafa verið settar um slík vottorð. Í þeim tilvikum þar sem farið er fram á vottorð frá framleiðanda eða innflytjanda er þess þó krafist að sá aðili sem veitir vottorðið sé viðurkenndur af eftirlitsaðila. Í þeim tilvikum sem um er að ræða einkaleyfi til innflutnings, eins og t. d. varðandi grænmeti og landbúnaðarafurðir, gildir að sjálfsögðu annað. Þau mál heyra hins vegar undir landbrn.

Þriðja spurning: „Stendur til að endurskoða lög um þessi efni?" Í sjálfu sér er ekki þörf á nýjum lögum á þessu sviði heldur að settar verði fastmótaðar reglur og þeim verði framfylgt. Á vegum Hollustuverndar ríkisins er nú unnið að gagnasöfnun vegna fyrirhugaðra reglna um eftirlit með innflutningi matvæla. Verður unnið að þessu í nánu samstarfi við embætti tollstjóra. Komið hefur verið á fót norrænni nefnd, sem starfar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, og er hlutverk hennar að koma á samstarfi milli aðildarríkja um innflutningseftirlit með matvælum og samræma eftirlitið. Er gert ráð fyrir að samstarf milli Norðurlandanna á þessu sviði hefjist á þessu ári. Þetta starf mundi í byrjun nýtast okkur fyrst og fremst í þeim tilvikum þegar tilkynningar koma frá eftirlitsaðilum hinna Norðurlandanna um að innflutningur hafi verið stöðvaður á ákveðnum vörum.

Þær breytingar sem gera þarf hér til að koma á þessu norræna samstarfi snerta fyrst og fremst samræmingarþáttinn, þ. e. að í gildi séu hliðstæðar reglur. Nefna má sem dæmi lista yfir viðurkennd aukaefni í matvælum og reglur um merkingu umbúða fyrir matvæli. Að báðum þessum verkefnum er unnið á vegum Hollustuverndar ríkisins og verða væntanlega fljótlega settar reglur hér að lútandi. Einnig kemur til álita að taka upp staðla fyrir matvæli, sem samþykktir hafa verið af Alþjóðastaðlaskrárráðinu, en Ísland er aðili að því samstarfi.

Nýlega hef ég skipað íslenska staðlaskrárnefnd og verður eitt af meginverkefnum nefndarinnar að gera tillögur til stjórnvalda varðandi matvælastaðla sem æskilegt væri að taka upp vegna innflutningseftirlits með matvælum. Hvernig skipulagningunni verður hins vegar háttað í framtíðinni er erfitt að segja um á þessu stigi en ekki er ólíklegt að einn liður í auknu innflutningseftirliti verði sá að krefjast heilbrigðis- og gæðavottorða frá framleiðanda eða innflytjanda í ríkari mæli en nú er gert.

Menn verða líka að gera sér grein fyrir því að skipulagning og markviss uppbygging innflutningseftirlits með matvælum kostar töluvert fé. Má þar nefna kostnaðarliði eins og skipulagningu og hönnun húsnæðis, tækjakaup og ráðningu starfsfólks fyrir efnarannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins, kaup á tölvu og telexvélum vegna skráningar og úrvinnslu gagna, m. a. með tilliti til þess norræna samstarfs sem ég áðan gat um. Við gerð fjárlaga á undanförnum árum hefur stjórn Hollustuverndar ríkisins ítrekað farið fram á ákveðnar úrbætur í þessum málum og notið stuðnings rn. í því sambandi. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að ef við ætlum að koma hér upp markvissu innflutningseftirliti kostar það fé og eins og í pottinn er búið verður það að koma úr sameiginlegum sjóði landsmanna a. m. k. stofnkostnaðurinn.

Enn fremur má benda á það að innflutningur matvæla fer fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum stöðum á landinu svo að spurningin er hvort ekki þurfi meiri miðstýringu þess eftirlits í samvinnu við tollayfirvöld. En að þessari athugun er nú markvisst unnið.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör hans. Ég fagna því líka að það skuli þó vera komin þessi hreyfing á þennan málaflokk, að því er virðist ekki hvað síst fyrir tilstuðlan hæstv. ráðh. Ég álít þetta mjög mikilvægan málaflokk og bendi á það til samanburðar að við höldum hér úti á Íslandi mjög öflugu lyfjaeftirliti, eftirliti með sölu og dreifingu varnings sem eingöngu fer um hendur sérfróðra aðila, þ. e. lækna og hjúkrunarfólks, sem veit mjög vel hvaða vöru það er með í höndunum og hvernig það á að færa hana sínum viðskiptavinum, sjúklingunum. Með varningi sem náttúrlega stendur að sínu leyti undir heilbrigði þjóðarinnar, þ. e. þeim mat sem hún etur, hefur eftirlitið aftur á móti verið mjög lítið, eins og hæstv. ráðh. lýsti, eða nánast ekki neitt.

Það kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðh., og þarf ekki að breyta í neinu minni skoðun, að ekki þurfi til lög heldur þurfi einfaldlega að semja reglur um framkvæmd þessa málaflokks. Ég geri mér grein fyrir því, eins og hæstv. ráðh. sjálfsagt áttar sig á, að þetta kostar peninga. Ég er þó ekki alveg sammála því að til þess þurfi allar þær fjárfestingar sem greinilegt var af máli ráðh. að menn eru farnir að sjá fyrir sér í hillingum. Það hljóta að vera þegar fyrir hendi hér á Íslandi t. d. rannsóknarstofur sem gætu bætt við sig verkefnum af þessu tagi og unnið þau fyrir slíkt matvælaeftirlit. Og mætti nú kannske stinga því að mönnum svona í framhjáhlaupi þegar og ef farið verður raunverulega af stað með þetta eftirlit. En það sem máli skiptir fyrst og fremst er að við viljum öll sem hér sitjum og væntanlega flestallir landsmenn stuðla að heilbrigði með þeim hætti

að fyrirbyggja sjúkdóma en ekki að þurfa að eyða kröftum okkar og orku í það að lækna þá þegar þeir koma upp. Ég tel að þetta eftirlit sé mjög stór þáttur í því að stuðla að bættu heilbrigði, þ. e. að fólk borði annars vegar mat sem ekki er mengaður og hins vegar mat sem það veit hvað hefur í sér geymt og býður þar af leiðandi ekki hættunni heim í fávisku sinni einni saman.

Útlán banka og sparisjóða, fsp. 260. mál (þskj. 438). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 438 að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um útlán banka og sparisjóða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hver var heildarfyrirgreiðsla viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóðanna til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984?

2. Hvert var hlutfall heildarfyrirgreiðslu hvers lánþega um sig af eigin fé stofnunarinnar?

3. Er þar um að ræða lántakendur, einn eða fleiri, sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum lántakendum stofnunarinnar að skoða beri heildarfyrirgreiðslu þeirra í einu lagi?

4. Hvernig var fyrirgreiðslan tryggð í hverju tilviki?"

Ég sé ekki að orðlengja þurfi frekar um þessa fsp. Tilefni hennar og annarra fsp., sem ég hef lagt fram hér á hv. Alþingi um bankamálefni, er að fá upplýsingar um ýmsa þætti í starfsemi banka og sparisjóða sem mikilvægt er að þeir sem ákvarðanir taka í þjóðfélaginu hafi fulla vitneskju um, enda varðar það hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild hvernig lánastofnanir eru reknar og starfsemi þeirra háttað í þjóðfélaginu.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. hefur flutt fjórar fsp., þ. e. 260. mál Sþ. Þm. hefur lesið upp fsp. hér svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær.

Þær fsp. sem hér liggja fyrir voru sendar bankaráðum viðskiptabanka og Sambandi sparisjóða í byrjun þessa mánaðar og þess óskað að svör væru send rn. hið allra fyrsta. Svörin hafa nú borist. Svör einkabanka eru á þá leið að þeim sé hvorki heimilt né skylt að veita þær upplýsingar sem leitað er eftir með fsp.

Í svari Iðnaðarbankans er vísað til álitsgerðar sem bankinn lét taka saman um skyldur sínar til að láta stjórnvöldum í té upplýsingar. Síðan segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Helstu niðurstöður lögfræðingsins eru þær, að Iðnaðarbanki Íslands sé lögpersóna og hlutafélag í skilningi íslenskra laga og hafi bankinn ákveðna upplýsingaskyldu gagnvart *hluthöfum eins og hlutafélagalögin* ákveða. Af ákvæðum hlutafélagalaganna og samþykkt bankans sé ljóst að upplýsingaskipti milli hluthafa annars vegar og bankaráðs, bankastjórnar og endurskoðenda bankans hins vegar eigi fyrst og fremst að fara *fram á hluthafafundum, aðal- og aukafundum.*

Í álitsgerðinni kemur enn fremur fram að Iðnaðarbanki Íslands hf. sé í stjórnarfarslegum skilningi hvorki stjórnarstofnun í hinu almenna né sérstaka stjórnkerfi ríkisins.

Loks fjallaði lögfræðingurinn um upplýsingaskyldu gagnvart Alþingi og komst að þeirri niðurstöðu að skv. gildandi réttarheimildum hafi bankinn ekki upplýsingaskyldu gagnvart einstökum þm. eða þingnefndum, fastanefndum eða lausanefndum, með þeirri undantekningu einni sem fjallað er um í 39. gr. stjórnarskrárinnar, um sérstakar rannsóknarnefndir.

Með vísan til þessarar álitsgerðar Þórðar S. Gunnarssonar hrl. telur bankaráð Iðnaðarbanka Íslands hf. sér ekki skylt að svara framkominni fsp."

Í svari Verslunarbankans segir:

„Það er skoðun bankaráðs að því sé hvorki skylt né heimilt skv. lögum að veita umbeðnar upplýsingar í því formi sem óskað er. Á aðalfundum bankans eru gefnar upplýsingar um þau atriði er snúa að hinum ýmsu þáttum í rekstri hans ef tilefni gefst til hverju sinni, en hins vegar er ekki fjallað um stöðu einstakra viðskiptamanna þar sem slíkt samrýmist ekki þeim trúnaði sem þeir njóta.

Með hliðsjón af framansögðu sjáum vér oss ekki fært að veita efnisleg svör við þeim spurningum sem til vor var beint."

Svar Samvinnubankans er því sem næst á sama veg, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er skoðun bankaráðs að bankanum sé ekki skylt að veita umbeðnar upplýsingar. Ekki er heimilt að gefa upplýsingar um einstaka viðskiptamenn bankans, sbr. þagnarskyldu bankans, bankaráðs og starfsmanna, skv. reglugerð nr. 11/1963 um Samvinnubanka Íslands hf."

Alþýðubankinn vísar í sínu svari til 56. gr. reglugerðar bankans, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki verða gefnar upplýsingar um viðskipti manna við bankann, skuldir þeirra né eignir. Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst þó þeir láti af starfi."

Í svari Sambands sparisjóða kemur fram sama afstaða til fsp og hjá einkabönkum.

Ríkisbankarnir svara fsp. á þann veg að þeim sé óheimilt að veita þær upplýsingar sem leitað er eftir með fsp. Bankarnir vísa að öðru leyti til álits lögfræðings Landsbankans, Stefáns Pétursson, en þar segir svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, er svohljóðandi:

„Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu."

Lagagr. þessa verður að túlka á þann veg að stjórnendum og starfsmönnum bankans sé óheimilt að veita upplýsingar um nokkuð það sem snertir hagi viðskiptamanna bankans, hvort sem óskað er eftir nöfnum *viðkomandi aðila* eða ekki. Viðskiptin sjálf falla undir þagnarskyldu bankamanna.

Ekki verður séð af fsp. hvort óskað er eftir nöfnum þeirra aðila sem um er spurt, en svör við henni án slíkrar tilgreiningar mundu leiða til getsaka sem lagagr. er m. a. ætlað að vernda viðskiptamenn bankans fyrir. Niðurstaða mín er því sú" — þ. e. lögfræðingsins — „að skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961 sé óheimilt að veita þær upplýsingar sem eftir er leitað í fsp."

Þar lýkur því sem segir í bréfi frá Landsbankanum og hinir ríkisbankarnir vísa til. Svör viðskiptabankanna og

Sambands sparisjóða eru, eins og fram hefur komið, ótvíræð. Svör þeirra eru fengin eftir að viðskrn. leitaði upplýsinga hjá þeim skv. þeirri fsp. sem hér er til umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þetta voru hinar fróðlegustu upplýsingar. Það er ekki von að við vitum mikið um efnahagslíf þjóðarinnar ef sparisjóðir og bankar landsins eru gersamlega lokaðir múrar utan um það fé sem til er í landinu. Það leiðir hugann að því, sem ég hef satt að segja oft undrast, hversu lítið hv. alþm. sem sitja í bankaráðum sjá ástæðu til þess að ræða um stöðu bankanna á hinu háa Alþingi.

Við vitum öll að núna eiga velflestir bankar landsins í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Slík mál koma ekki til umræðu á þingi. Bankaráðsmenn telja sig ekki þurfa að skýra þinginu, að því er virðist, frá einu eða neinu sem varðar banka landsins. Þá hlýt ég að spyrja: Til hvers í ósköpunum erum við að kjósa alþm. í bankaráð? Varla til þess eins að lána hinum ýmsu landshlutum góðan mann á góðan stað til að hygla hinum ýmsu viðskiptavinum. Ég mælist til þess að hið háa Alþingi íhugi að nýju hvort nokkur ástæða sé til þess að alþm. hafi af því verulegar tekjur að sitja í bankaráðum til þess að þegja með bankastjórum landsins um fjármálasvindl þjóðarinnar. Ég mun a. m. k. ekki taka þátt í kosningu bankaráðsmanna eftir að ég hef fengið að vita þetta.

Ég spyr hæstv. viðskrh.: Fær hann ekkert að vita heldur? Veit hann yfirleitt nokkurn skapaðan hlut um hvernig háttað er um stöðu mála í bönkum landsins? Má nokkuð segja hæstv. ráðh. það?

Hæstv. fjmrh. er víst ekki hér, en ég vil líka spyrja: Gildir þessi þagnarskylda líka um skattayfirvöld? Hafa þau ekki heldur tök á því að komast að því hverjir eiga verulegar fjárhæðir í bönkum landsins þó að þær séu kannske í litlu samhengi við uppgefnar tekjur að öðru leyti?

Það ber sannarlega að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu því að það hefur lengi verið illgjörnum mönnum ljóst að bankar landsins lékju einleik í fjármálakerfi þjóðarinnar. Ekki alls fyrir löngu, á yfirstandandi þingi, bar hv. þm. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., fram fsp. um laxveiðileyfi og skemmtanahald í laxám landsins á vegum bankanna. Einn bankastjóra landsins svaraði því til og það svar var birt í þskj. — (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég skal rétt ljúka máli mínu. — að hann vonaði að þar með væri forvitni hv. þm. svalað. Fulltrúi Alþingis í bankaráði Búnaðarbankans sá enga ástæðu til að ávíta þennan bankastjóra fyrir ókurteisi í garð hins háa Alþingis.

Ég held, hv. þm., að við eigum að leggja af þann sið að senda þm. inn í þessar frímúrararreglur fjármálakerfisins.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans. Það vekur vissulega athygli að um þetta geta bankar og sparisjóðir sameinast, að neita að gefa Alþingi upplýsingar eins og hér er um spurt, og skjóta sér á bak við bankaleynd og þagnarskyldu. Ég verð að segja að þetta vekur furðu mína. Leynd yfir slíkri starfsemi gerir auðvitað ekkert annað en að skapa tortryggni. Þær spurningar sem ég hef sett fram eru allar þess eðlis að þeim á að vera hægt að svara án undanbragða, enda þótt þess verði gætt um leið að bankarnir brjóti ekki trúnað við viðskiptamenn sína.

Það er alveg ljóst að þessa samtryggingu bankakerfisins þarf að rjúfa og skylda þá til þess að gefa Alþingi slíkar upplýsingar. Hér er ekki verið að spyrja um nein nöfn, ég hélt að það hefði komið nægjanlega skýrt fram í fsp., og ekki stöðu einstakra viðskiptamanna eins og sagt var í einu svarinu. Hér er einungis spurt um heildarfyrirgreiðslu viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóðanna til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða.

Það er algengt í bankalögum hjá nágrannaþjóðum okkar að þar eru ákvæði sem eiga t. d. að tryggja að bankarnir láni ekki einum viðskiptamanni eða einu fyrirtæki, sem eru fjárhagslega tengd hvort öðru, óhæfilega mikið fé, t. d. miðað við eiginfjárstöðu bankanna. Ég held að það sé aldeilis nauðsynlegt að slíkt ákvæði verði leitt hér í lög og ekki síst að þegar og ef hæstv. viðskrh. leggur fram frv. til nýrra bankalaga fyrir Alþingi verði í því ákvæði sem tryggi að Alþingi geti fengið slíkar upplýsingar sem hér er spurt um. Ég spyr hæstv. ráðh. um skoðun hans á því efni, í fyrsta lagi hvort hann telji ekki að lögfesta eigi slíkt ákvæði sem tryggi að bankar láni ekki neinum viðskiptamanni eða fyrirtæki óhæfilega mikið fé, t. d. miðað við eiginfjárstöðu, og í annan stað hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar, ef það er rétt að bankarnir geti skotið sér á bak við slíka bankaleynd, sem ég vart trúi, að setja beri þá inn ákvæði sem skikki þá til þess að veita Alþingi slíkar upplýsingar. Ég vil mjög gjarnan heyra skoðanir hæstv. ráðh. í þessu efni.

Það væri líka fróðlegt að heyra skoðanir ýmissa bankaráðsmanna sem hér eiga sæti. Ég sé hér t. d. bankaráðsmennina hv. þm. Valdimar Indriðason og hv. þm. Garðar Sigurðsson. Eru þeir því sammála að slík leynd eigi að hvíla yfir bankastarfsemi eins og komið hefur fram í þessum svörum? Leggja þeir virkilega blessun sína yfir það að Alþingi fái ekki slíkar upplýsingar? Það væri mjög fróðlegt að fá fram svör þeirra við því í þessum umr. Er þetta svona agalegt, sem þarna skeður varðandi lánveitingar og annað, að Alþingi geti ekki fengið upplýsingar um það?

Það er staðreynd að það verður að rjúfa þá samtryggingu bankakerfisins sem hér á sér stað.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Fyrirspyrjandi beindi orðum sínum einnig til okkar sem sæti eigum í bankaráðum ríkisbankanna. Það er ósköp eðlilegt. Við erum kjörnir í þau af Alþingi. En hvort okkur er skylt að veita sérstakar upplýsingar um einstök bankamál, það hef ég ekki séð í mínu skipunarbréfi. (**JS:** Á að hvíla leynd yfir þessu?) Nei, en nú vil ég leyfa mér að fara örlítið út í spurningarnar.

Ég vil að hv. fyrirspyrjandi spyrji beint: Við hverja er átt? 1. spurningin er: „Hver var heildarfyrirgreiðsla viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóðanna til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984?“ Það er átt við einhverja fimm aðila. Ég vil fá að vita hverjir þeir eru til þess að hægt sé að svara þessu. Fyrirspyrjandi er með einhverja fimm aðila í huga.

Svo kemur 2. spurning: „Hvert er hlutfall heildarfyrirgreiðslu hvers lánþega um sig af eigin fé stofnunarinnar? Er þar um að ræða lántakendur, einn eða fleiri, sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum lántakendum

stofnunarinnar að skoða beri heildarfyrirgreiðslu til þeirra í einu lagi?“

Við skulum ekkert vera að fela okkur bak við þetta því að þarna er áreiðanlega verið að skjóta spjótum að ákveðnum aðilum. Mér þykir best að það komi þá fram við hverja er átt.

Ég er algjörlega sammála því, sem hæstv. viðskrh. sagði áðan, því að ég tel það ekki til bóta fyrir neinn bankanna, hvort sem það er einkabanki eða ríkisbanki, að hann láti allar upplýsingar algjörlega lausar. Ég tel það ekki vera til bóta fyrir þann sem á sitt fé í bönkunum eða fær fé lánað að þarna myndist trúnaðarbrestur á milli.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta langt mál.

Ég tel að fram komi þegar í þessari stuttu umr. hinn meinlegi ágalli á því að ríkið skuli eiga banka. Ef þessir bankar ætla að starfa eftir þeim vinnureglum sem bankar alls staðar í heiminum fylgja almennt, þ. e. að halda viðskiptum sínum leyndum að því leyti að gefa einstöku aðilum ekki innsýn inn í hagi eða stöðu einstakra viðskipaaðila, rekumst við á þá staðreynd að ákveðnir aðilar hins pólitíska valds hafa þessar upplýsingar, sitja að þeim og geta hagnýtt sér þær með þeim hætti sem þeir telja hentugast hverju sinni. Þá er ég ekki endilega að gera þeim upp illar hugsanir eða fyrirætlanir, en við erum að upplifa valdþættingu í þessu þjóðfélagi þar sem kjósandanum, þ. e. sá sem á tyllidögum á landið, er meinað um bæði upplýsingar og þar með vald sem hann aftur á móti framselur til sinna pólitísku fulltrúa og þeir geta í skjóli upplýsingaleyndar notað að eigin geðþótta. Ég tel að þetta mál verði ekki leyst nema með einni aðferð. Hún er einfaldlega sú að ríkið afsali sér eignaraðild að þessum peningastofnunum og hætti afskiptum sínum af þeim.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta er nokkuð merkileg umr. Hér er talað um bankaleynd. Um hvað fjallar bankaleynd? Hún er um það að gefa ekki upp upplýsingar um nafngreinda einstaklinga og fyrirtæki. Hér er ekki verið að spyrja um slíkt. Ég segi alveg eins og er að það er ómerkilegur fyrirsláttur þessara stofnana og þeirra lögfræðinga sem þær hafa í þjónustu sinni. Nú veit ég að lögfræðingar geta skrifað greinargerðir um hvað sem er fyrir hvern sem er og túlkað næstum því hvað sem er og hvaða skoðun sem er. Það hefur komið í ljós í verkföllum og kjaradeilum undanfarið. En mér finnst það ómerkilegur fyrirsláttur að bera fyrir sig bankaleynd um þessi efni. — Og hugtakið bankaleynd er að hverfa. Ég veit ekki betur en að t. d. í Sviss sé í auknum mæli farið að gefa upplýsingar úr bönkunum þar. Í síðasta hefti vikuritsins Time, sem liggur hérna frammi meðal tímaritanna sem þm. hafa aðgang að, er greint frá málaferlum gagnvart tveimur bandarískum bönkum, virðulegustu bönkunum þar í landi, tvö hundruð ára gömlum banka í Boston og Bank of America. Og hvernig komst það upp? M. a. vegna þess að stjórnmálamenn, blaðamenn o. fl. spurðu áleitinna spurninga sem bankarnir neyddust til að svara. Í landi viðskiptafrelsis og einstaklingshyggju dugði ekki bankaleyndin.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan að þm. væru að kjósa þm. í bankaráð. Þm. ber engin skylda til að kjósa þm. í bankaráð. Ég vil vekja athygli hennar á því að sumir stjórnmálaflokkar, Alþfl. t. d., tilnefna ekki þm. til setu í bankaráðum. Þessu eiga flokkarnir að breyta. Til hvers er verið að kjósa bankaráð hér á Alþingi ef ekki fást gefnar jafneinfaldar upplýsingar og hér er óskað eftir? Ég held að það hljóti þá að koma verulega til athugunar að Alþingi hætti — (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. — að hafa afskipti af því að kjósa bankaráð. Til hvers er verið að kjósa bankaráð ef bankaráðsmenn eiga ekki að vera trúnaðarmenn Alþingis í þessum stofnunum og geta veitt Alþingi upplýsingar? Ég spyr. Það er einhver önnur hagsmunagæsla sem þessum mönnum er þá ætlað að inna af hendi ef þeir eru ekki þar til að afla upplýsinga fyrir Alþingi þegar þm. óska upplýsinga eins og hér er óskað eftir.

Ég held að þetta mál sé öllu alvarlegra en að hægt sé að ræða það til hlítar á þeim stutta tíma sem er hér til umræðu.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það hafa orðið hér nokkrar umr. um hugtakið bankaleynd. Hv. síðasti ræðumaður sagði að það væri að hverfa. Hugtakið hverfur nú ekki, en það má vel vera að menn vilji ekki hafa bankaleynd með sama hætti hér eftir sem hingað til. Að vísu hefur orðið á þessu nokkur breyting.

Hér spurði hv. 10. landsk. þm. um skattaeftirlit. Óski skattrannsóknastjóri eftir upplýsingum úr bönkunum biður hann um þær og ég veit ekki betur en svarað sé þeim ákveðnu spurningum sem hann spyr vegna rannsókna á málum sem þar fara fram. Þessu var breytt fyrir nokkuð mörgum árum, en þar áður voru ekki slíkar upplýsingar veittar.

Skiptum bönkum annars vegar í ríkisbanka og hins vegar í einkabanka. Við skulum átta okkur á því að Alþingi kýs líka endurskoðendur ríkisbankanna. Það er ekki bara reglan að Alþingi kjósi bankaráð til að taka þátt í stjórnun bankanna, heldur kýs það endurskoðendur. Þeim er auðvitað ætlað, nákvæmlega eins og bankaráðsmönnum, að fylgjast með því að bankarnir starfi skv. þeim lögum sem um þá gilda.

Hv. fyrirspyrjandi spurði um mína skoðun varðandi bankaleynd. Ég hef fengist nokkuð við þessi mál um langan tíma, aldarfjórðung, og ég er þeirrar skoðunar að mjög nauðsynlegt sé að sá sem vill ávaxta sitt fé geti treyst því að það sé trúnaður á milli hans og þeirrar stofnunar sem hann óskar eftir því að geyma sitt fé í. Viðkomandi bankastjórar ráðstafa svo fjármagninu skv. sínu stöðuumboði. Ég held að það verði enn fremur að ríkja trúnaður — og það mikill trúnaður — á milli þeirra sem leita eftir fyrirgreiðslu og þeirra stofnana sem leitað er til.

Þessi mál öll fá þm. að sjálfsögðu til umræðu þegar frv. til almennrar löggjafar verður lagt fram, sem verður áður en margir dagar eru liðnir, og þá koma menn fram sínum sjónarmiðum. Þá geri ég ráð fyrir því að ég láti í ljós það sjónarmið mitt og þær skoðanir sem ég hef á því máli sem hér hefur verið til umfjöllunar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er synd að hæstv. forseti skuli þurfa að sitja þarna fastur í stólnum sínum þar sem hann er nú einn af bankaráðsmönnum og væri ekki úr vegi að fá varamann til þess að hann gæti gefið við þessu svör.

Sannleikurinn er sá að það hefur verið allmikill gusugangur í þessum umr., ekki síst hjá hv. kvenkyni hér í salnum og varð enginn hissa. Eins hafa menn látið hér uppi dálítið einkennilegar skoðanir og engin leið að svara því á mjög stuttum tíma. Ég er ansi hræddur um að ef ríkið færi úr bönkunum og ekkert væri nema einkabankar, þá gæti nú orðið erfitt að fjármagna undirstöðuatvinnuvegina með einkabönkum, a. m. k. ef þeir verða eins og þeir sem fyrir eru.

En ég undrast það þegar einn hv. þm. kemur hér og spyr: Hvers vegna þingmenn í bankaráð? Og heldur áfram: Er það til þess að menn geti reynt að hygla vinum sínum og viðskiptavinum í kjördæmum eða eru þeir til þess að þegja yfir fjármálahneykslum þjóðarinnar? Sem eru allt annars staðar. Og hvernig stendur á því að ekki er hægt að fá að vita um stöðu bankanna? Það getur hver kjaftur gert — og kvenfólk líka — því að það eru gefnir út ársreikningar bankanna á eðlilegum og reglulegum tímum. Þar geta menn fengið fram stöðu bankanna ef þeir kæra sig um og kunna að lesa það.

Það er auðvitað ekki, að mínum dómi, neitt nauðsynlegt að hafa þm. í bankaráðum, því fer víðs fjarri. Og það eru ekki allir bankaráðsmenn þm. Hvernig stendur á því að hv. Alþfl.-menn, sem eru að spyrja svona spurninga eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, spyrja ekki sína fulltrúa þar og athuga hvort þeir fái meiri svör? En ég er ansi hræddur um að þessar spurningar séu ósköp ómerkileg forvitni og svörin, þó gefin yrðu, yrðu varla til eins eða neins.

En þm. sem hafa verið kosnir í bankaráð hafa, a. m. k. þó nokkrir, lagt sig fram í því að kynna sér bankamál, vaxtamál og fjármögnun atvinnuveganna svo eitthvað sé nefnt, umfram aðra. Það veitti svo sannarlega ekki af því að hér væru einhverjir inni sem veltu þessum málum fyrir sér í stað þess að vera með upphrópanir og gaspur.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Nú æsist leikurinn. Fyrst vil ég svara hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni. Það skiptir auðvitað ekki neinu máli hvort flokkarnir kjósa þm. eða einhverja kommissara sína úti í bæ. Alþb. hefur gert það líka. Það hefur ekki einungis kjörið þm. í bankaráð. Það gildir þó einu því að auðvitað gangast þeir allir undir sömu bankaleyndina. Ég sé ekki hverju það kunni að breyta.

Orð hæstv. ráðh. voru harla merkileg. Hann talar á mjög gamaldags hátt um trúnað milli bankans og viðskiptavina — að sjálfsögðu hinna stóru viðskiptavina því að það ríkir enginn trúnaður milli litla fólksins og bankanna, það er nú eitthvað annað. Ég hlýt að spyrja: Fólk gefur upp til skatts í þessu landi. Ég veit ekki hvernig aðrir gera það, en ég er krafin um hvað ég skulda, hverjum ég skulda, hvað ég hef í tekjur o. s. frv. Þurfa einhverjir í þessu landi ekki að gefa upp skuldir sínar? Það þættu mér töluverð tíðindi. — Það er sorglegt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér. — En það kynni að gefa nokkra vísbendingu um ástæður fyrir því að til eru þm. sem hafa opinber gjöld á borð við menn sem eiga olíufélög, tollvörugeymslur, flugfélög, skipafélög og annað slíkt. Þar skyldi nú aldrei vera skýringin komin, að það fólk þarf ekki að gefa upp hvar það fær peninga. Ef maður skuldar bönkunum þá er það trúnaðarmál. Þannig skil ég þessa umr.

Hv. félagi minn, 4. þm. Suðurl. og bankaráðsmaður, Garðar Sigurðsson ætlaði að reyna að sannfæra þingheim um að menn væru ekki í bankaráðum til að hygla kjördæmum. Það hefur aldrei neinum dottið í hug að hann væri að hygla kjördæmi sínu í bankaráði. Það hefur ekki hvarflað að mér. Ég vil alveg hafa það skýrt. (Forseti hringir.) Hitt er annað mál að kannske var hann að segja það sem skiptir máli, að bankaráðsmenn gera nefnilega ekki neitt. Þeir botna ekki neitt í neinu. Og ég hugsa að við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir séum duglegri við að lesa ársskýrslur bankanna en þeir eru. (**Gripið fram í:** Heyr.) Og ég vil benda á að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt till. og fengið þær samþykktar hér á hinu háa Alþingi um að bönkunum yrði gert að gefa upp risnukostnað, bílakostnað og annað slíkt í ársskýrslum sínum.

Ég biðst afsökunar, herra forseti. — Ég vil minna þingheim á að einu sinni þegar ég sagði honum það í fréttum, þrátt fyrir ársskýrslu Seðlabankans, að til væri heilt stórhýsi uppi í Einholti fyrir dýrasta bókasafn í landinu, þá voru tíu þm. sem vissu að það var til. Það stendur nefnilega ekkert um það í ársskýrslu Seðlabankans eða stóð ekki þá, og það stendur ekki mikið um það enn þann dag í dag. Við Jóhanna Sigurðardóttir kunnum bæði að telja og lesa, það ætla ég bara að segja þeim háa herra, hv. þm. Garðari Sigurðssyni, og við lesum harla vel ársskýrslur bankanna. En um þetta, sem hér er verið að spyrja um, stendur nákvæmlega ekki neitt og bankaráðsmenn vita ekkert um það heldur. (Forseti hringir.) Þeir eru nefnilega ekki byrjaðir að kynna sér bankamál eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði áðan.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er ekki möguleiki á að ræða þessi mál í fyrirspurnatíma, en ég held að menn ættu að halda sinni stillingu hér þó að þeir hafi kannske kynnt sér mjög vel bankamál og telji sig þess umkomna að geta rætt um það við hvern sem er.

Bankaráðin eiga fyrst og fremst að fylgjast með bönkunum. Ef þau gera það ekki standa þau auðvitað ekki í stykkinu. Þeir sem tala um bankaleynd og vilja breyta henni ættu þá að gera tillögur um breytingu á þeirri löggjöf sem þeir hafa sjálfir staðið að að samþykkja á hv. Alþingi. Það er það sem þeir þurfa að gera. Það þýðir ekki að skamma bankana fyrir bankaleynd ef þeir fara eftir þeim lögum sem gilda í þessu landi og Alþingi hefur sett.

Það gefst tími til þess að ræða þessi mál á næstunni og þá erum við sjálfsagt tilbúin að gera það, en ég vil endurtaka að bankaráðin eiga fyrst og fremst að fylgjast með bönkunum, með bankastjórunum, með starfsemi þeirra. Það er ýmislegt sem bankaráðsmenn geta upplýst á Alþingi en annað ekki, miðað við þá löggjöf sem bankarnir starfa eftir. Nú skora ég á þá sem hafa hæst haft í þessum umr. að lesa lögin um bankana og tala svo.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Aðeins örstutt. Mér finnst hæstv. viðskrh. í svörum sínum færast undan að svara því sem ég spurði hann um. Spurningarnar voru mjög einfaldar. Ég spurði hann um afstöðu hans til fsp. sem hér liggur fyrir, hvort honum fyndist að hún væri þess eðlis að bankarnir gætu skotið sér á bak við bankaleynd í því máli. Hæstv. viðskrh. ræddi almennt um bankaleynd en ég var að spyrja

hæstv. ráðh. um afstöðu til þessarar ákveðnu fsp.

Eins lagði ég fyrir hann þá spurningu hvort hann mundi styðja að t. d. yrði sett ákvæði í bankalöggjöfina sem tryggði að bankar láni ekki einum viðskiptamanni eða einu fyrirtæki óhæfilega mikið fjármagn, t. d. miðað við eiginfjárstöðu bankans. Þetta eru mjög einfaldar og skýrar spurningar og ég vænti þess að hæstv. ráðh. geti svarað þessum spurningum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég svaraði þeim spurningum fyrr á fundinum sem hv. 2. landsk. þm. bar upp nú. Ég vísaði til þess að rn. hefði óskað eftir svörum frá bönkunum, þetta væru þau svör og ég hefði ekkert við þau að athuga. Í öðru lagi svaraði ég þm. og sagði: Þegar bankalöggjöfin verður hér til umr. mun ég tjá mig um þetta atriði eins og önnur þau atriði sem um verður fjallað þegar málið verður hér á dagskrá.

Afurðalán í sjávarútvegi, fsp. 277. mál (þskj. 455). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. viðskrh. eftirfarandi fsp. á þskj. 455:

„Hver var ástæða þess að bankar veittu ekki lán út á sjávarafurðir frá 1. til 30. janúar í ár?"

Eins og fram kemur í fsp. voru ekki veitt afurðalán út á sjávarafurðir, a. m. k. hjá sumum viðskiptabönkunum, á tímabilinu 1. til 30. jan. s. l. Á þingfundi hér í Sþ. 29. f. m. spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. viðskrh. í utandagskrárumræðum hverju slíkt sætti, að ekki væri enn farið að veita afurðalán út á sjávarafurðir. Svör ráðh. voru á þann veg að nú væru þessi mál að leysast og bankarnir mundu verða tilbúnir að lána afurðalán næsta dag, þ. e. 30. janúar. Það fór eftir. Hinn 30. janúar var tekið við veðsetningargögnum og 31. janúar voru lán afgreidd. Stór hluti bankakerfisins á Íslandi var óvirkur í heilan mánuð gagnvart aðalútflutningsframleiðslugrein okkar. Afurðalánadeild Landsbankans lýsir ástandinu þannig með leyfi forseta:

„Nýjar veðsetningar byrjuðu að berast afurðalánadeild strax upp úr áramótum, þ. e. loðnuverksmiðjur er tóku við hráefni loðnubáta fram eftir desembermánuði. Fyrstu veðsetningarskýrslur vegna annarrar framleiðslu bárust 12. janúar s. l. og sum fyrirtækin hafa nú skilað inn fjórum veðsetningarskýrslum."

Það er Seðlabankinn sem enn hefur með höndum útreikning útlánsverða og endurkaupaviðskipti eru þar eins og áður þótt margir haldi að þar hafi breyting átt sér stað s. l. haust. Endurkaupaviðskipti Seðlabankans eru enn í gangi gagnvart viðskiptabönkum. Á vegum hans er það tölvukerfi sem notað er við útlánin. Þar eru notuð viðmiðunarverð sem Seðlabankinn samþykkir. Þau eru grundvöllur þess að hægt sé að veðsetja. Hvernig getur það komið fyrir að heilan mánuð standi á þessum verðum frá Seðlabanka? Hvernig er það réttlætt að fyrirtækjum í aðalatvinnugreinum okkar sé neitað um eðlileg bankaviðskipti í 30 daga? Getur það verið því að kenna að Seðlabankinn sé svo stirðnuð stofnun að smávægilegar breytingar á verði afurða stöðvi starfsemi jafnmikilsverðs þáttar í starfsemi bankans og endurkaup á afurðalánum eru? Eða metur þessi stofnun sjávarútveginn ekki meira en það að það sé allt að því sjálfsagður hlutur að stöðva grundvallarbankaviðskipti við sjávarútveginn án fyrirvara og án skýringa?

Margir efast um ágæti ýmissa uppátækja þessarar sjálfumglöðu stofnunar og eflaust með réttu. Það reynist svolítið erfitt að fá skýringu á ýmsu sem þar gerist.

Það liggur fyrir að útgerð fór mun hægar af stað í janúar vegna þessara aðgerða eða aðgerðaleysis bankans heldur en orðið hefði ef eðlileg bankaviðskipti hefðu átt sér stað. Verkafólk, sem var atvinnulaust vegna þess að ekki voru veitt afurðalán, sjómenn, sem ekki sóttu fisk í sjó vegna þess að fiskkaupandi fékk ekki fyrirgreiðslu, fiskverkun og útvegsmenn, sem fengu stöðugt sama svarið: Athuga eftir helgi — og fengu ekki lánafyrirgreiðslu í heilan mánuð, allir þessir aðilar þurfa að fá að vita hvernig á því stendur að aðalbankastofnun landsins veitir ekki afgreiðslu á slíkum lánum í heilan mánuð.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 4. þm. Vesturl. óskaði viðskrn. skýringar Seðlabankans á þeim drætti sem varð á veitingu afurðalána til sjávarútvegs í síðasta mánuði. Eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. kom þetta mál hér til umr. utan dagskrár í lok janúarmánaðar.

Í svari Seðlabankans kom fram að við útreikning lána út á afurðir styðst bankinn við upplýsingar í verðskrám frá söluaðilum eða útflutningssamtökum framleiðenda um skilaverð til framleiðenda. Verðskrár þessar gilda ákveðinn tíma í senn. Verðskrár yfir skilaverð fyrir afurðir sem framleiddar eru á þessu ári tóku ekki að berast lánadeild Seðlabankans, eftir því sem fram kom í þeirra bréfi, fyrr en 18. janúar og næstu daga þar á eftir. Þá gat lánadeildin fyrst hafist handa um útreikning og úrvinnslu skránna og aflað nauðsynlegra viðbótarupplýsinga. Þetta starf tekur óhjákvæmilega nokkra daga eins og þar er skýrt frá. Var því ekki unnt að dómi Seðlabankans að senda innlánsstofnunum hina nýju verðskrá fyrr en 30. f. m., eins og fram kom hér hjá fyrirspyrjanda. Eru þessar tafir ástæða þess að ekki reyndist unnt að veita afurðalán vegna sjávarafurða á þessu tímabili eins og greinir í fsp.

Í svari Seðlabankans segir enn fremur að þess misskilnings hafi orðið vart að Seðlabankinn hafi neitað innlánsstofnunum um lánafyrirgreiðslu út á sjávarafurðir framleiddar eftir áramót. Hið rétta er, segir í bréfi Seðlabankans, að lán hafi verið veitt út á ⅔ hluta allra veðsetninga sem honum bárust frá innlánsstofnunum í janúar að skreið undanskilinni. Ég er hins vegar sammála fyrirspyrjanda, eins og fram kom hér í ræðu þegar málið var fyrr til umr., að auðvitað er slíkur dráttur sem hér er orðinn mjög óþægilegur og ber að gera allt sem unnt er til að koma í veg fyrir slíkt.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans þó að ég efi — ég hef nú ekki sterkari orð um það en að ég segi að ég efast um að það séu rök fyrir því að halda viðskiptum lokuðum í heilan mánuð vegna þess að það eigi eftir að reikna út viðmiðunarverð á afurðum. Viðmiðunarverð er að breytast allan ársins hring og ef slík stöðvun ætti að eiga sér stað í hvert skipti sem viðmiðunarverð

breytist, þá væri lítið um það að Seðlabankinn hefði möguleika til að afgreiða þessi lán sem fara í gegnum hann til viðskiptabankanna. Og það er af og frá að viðmiðunarverðin öll hafi verið að breytast á þessu tímabili. Ég geri frekar ráð fyrir því að á þessu tímabili eða um áramótin síðustu hafi engin viðmiðunarverð breyst eða þá bara mjög lítið. Það urðu engar gengissveiflur á þessu tímabili og þar af leiðandi ekki líklegt að viðmiðunarverð framleiðsluvaranna hafi í neinu breyst.

Hitt er það að það voru áramót og þessi blessuð áramót virðast geta truflað bankaerfið ótrúlega mikið bæði á undan og eftir. En ég vil sem sagt mótmæla slíkum vinnubrögðum og jafnvel þó að um það tímabil ársins sé að ræða þegar verið er að gera upp einhverja sérstaka reikninga bankanna. Og ég vil undirstrika það að ég efa að þessi skýring Seðlabankans, að beðið hafi verið eftir viðmiðunarverðum frá framleiðslufyrirtækjunum eða útflutningsfyrirtækjunum, hafi við rök að styðjast og að þessi frestur á afgreiðslu afurðalána hafi orðið vegna þess. Mér þykir trúlegra að það hafi verið einhverjir aðrir hlutir í kerfinu sem urðu þess valdandi að dráttur varð á afgreiðslu lánanna.

Samvinnufélög og samvinnusambönd, fsp. 306. mál (þskj. 487). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Á þingi 1977 og 1978 var mikið unnið að setningu nýrra laga um hlutafélög. Það var nokkuð langur aðdragandi að undirbúningi þeirrar löggjafar, þar sem m. a. starfaði samstarfsnefnd Norðurlanda um samræmingu hlutafélagalöggjafar þessara landa, en einnig höfð hliðsjón af bandarískum rétti. Þingnefndir störfuðu þennan vetur mjög mikið að þessari löggjöf og hygg ég að fluttar hafi verið einar 70 brtt., en um það er lauk urðu allir flokkar og allir þm. raunar sammála um þá löggjöf. Ég held að hún sé hin merkasta löggjöf. Hefur kannske ekki enn mikið á hana reynt því að við höfum ekki mjög mikið af almenningshlutafélögum, af almenningspátttöku í rekstri atvinnufyrirtækja, en þeir sem að löggjöfinni unnu lögðu auðvitað megináherslu á að reyna að tryggja rétt þess fólks sem vildi reyna að leggja hluti í atvinnurekstur í landinu, án þess að fara þar með meirihlutavald eða einhver sérréttindi, heldur einungis að ávaxta sitt fé, að réttur þess fólks yrði tryggður og eru mörg nýmæli í lögunum um þetta efni.

Stofn gömlu hlutafélagalaganna er frá fyrstu áratugum aldarinnar og svo er einnig um samvinnufélagalögin. Það voru merkilegir hlutir sem gerðust í upphafi þessarar aldar þegar Íslendingar voru að brjótast frá örbirgð til bjargálna, ekki síst fyrir tilstuðlan samtaka manna bæði í samvinnufélögum og hlutafélögum, og það var furðulega frjálsleg og góð löggjöf sem studdi þessa starfrækslu á þeim tíma og uppbyggingu atvinnulífsins. En því miður sótti í það farið að áhrif almennings minnkuðu í þeim félagasamtökum, bæði hlutafélögum og samvinnufélögum, og löggjöfin staðnaði, þoldi ekki tímans rás, fór jafnvel aftur á bak og gerði hlut alþýðu lakari í þessum félögum en verið hafði á fyrstu áratugum aldarinnar. Þessu var sem sagt breytt í löggjöf um hlutafélög, með lögum nr. 32 frá 1978, og í framhaldi af því komu upp raddir um það að einnig þyrfti að breyta lögum um samvinnufélög og samvinnusambönd með hliðsjón af þessari nýju löggjöf og taka upp í þau lög, samvinnufélagalögin, ýmis þau ákvæði sem samstaða náðist um á Alþingi varðandi hlutafélögin, þar á meðal t. d. hlutfallskosningar og tryggingu þess að félagar í samtökunum hefðu raunveruleg áhrif á stjórn þeirra, gagnstætt því sem reynslan hefur því miður orðið, hverju sem um má kenna.

Það var samþykkt hér á þingi í maímánuði 1980, nánar tiltekið 29. maí, tillaga um endurskoðun á samvinnufélagalöggjöfinni. Nú eru senn fimm ár liðin síðan sú tillaga var samþykkt og allmiklu lengra frá því að hún var flutt. Ég var einmitt flm. að henni. Hún var sem sagt samþykkt í lok þingsins 1980. Enn bólar ekkert á þessari nýju löggjöf eða frv. að henni og þess vegna er tímabært að fá svör við því hvað þessari endurskoðun líði. Veit ég að hæstv. ráðh. mun svara því hér á eftir. En fsp. er svohljóðandi:

„Hvað líður undirbúningi að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd sem ákveðin var með ályktun Alþingis 29. maí 1980?"

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það frv. sem hv. þm. spyr hér um mun væntanlega verða tilbúið svo tímanlega að unnt sé að leggja það fram áður en þessu þingi lýkur.

Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt skipaði fyrrv. viðskrh. Tómas Árnason nefnd, sem falið var að semja frv. til l. um samvinnufélög og samvinnusambönd, eftir að samþykkt hafði verið á Alþingi þáltill. sem hann vék hér að. Nefndin lauk störfum í byrjun maímánaðar 1983. Um áramótin næst á eftir ákvað ég hins vegar að sett skyldi á laggirnar ný nefnd til að endurskoða lög um félög og stofnanir í atvinnurekstri almennt. Þar á meðal var nefndinni falið að yfirfara og endurmeta það frv. sem fyrri nefndin hafði skilað af sér og samræma frumvörpin um rekstrarform eftir því sem rétt þætti. Hin nýja nefnd hefur starfað af krafti og innan tíðar vænti ég þess að fá í hendurnar þau frv. til breytinga á lögum um rekstrarform sem nefndinni hefur verið ætlað að semja.

Nefndin mun að sjálfsögðu gera þann samanburð sem ég lagði sérstaka áherslu á á milli rekstrarforma. Ég vænti þess að hv. fyrirspyrjandi sé mér sammála um það að hér sé um rétt vinnubrögð að ræða og ég vænti þess að ég geti, eins og ég sagði í upphafi, lagt þessi frv. fram áður en þessu þingi lýkur og þá væntanlega með þeim hætti að hægt verði að veita þeim skjóta fyrirgreiðslu og góða afgreiðslu á Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Það er ánægjulegt að þetta frv. sér væntanlega dagsins ljós hér á hinu háa Alþingi fyrir þingslit í vor. Þá verður hægt að taka til óspilltra málanna á næsta hausti til þess að reyna að koma á heilbrigðri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd, eins og það er kallað, því að sérstakur kafli í lögum fjallar um samvinnusambönd, VI. kafli núverandi laga, en samvinnusambönd eru ekki samvinnufélög eins og þau eru nú starfrækt á Íslandi. Þau eru það í engum skilningi. Og það er eitt af því sem þarf auðvitað að leiðrétta. Í 3. gr. samvinnufélagalaganna eru talin upp skilyrði fyrir því að eitt félag geti kallast samvinnufélag, og samvinnusambönd uppfylla nánast í engu tilliti þau skilyrði. Þetta er eitt af því sem

leiðrétta þarf til að koma heilbrigðri skipan á samvinnurekstur í þessu landi.

Eins og allir vita er mikið umrót í þessu þjóðfélagi. Sjálfsagt hljótum við öll að vona að það sé af hinu góða. Það er margt að gerast og miklar breytingar verða ábyggilega á þessu þjóðfélagi á næstu misserum. Ég endurtek að við vonum auðvitað öll að þær verði af hinu góða, en það verða þær því aðeins að lýðræðið aukist en ekki þrengist um svigrúm manna. Þess vegna er þessi þáttur, endurskoðun samvinnufélagalaga, ekki hinn ómerkasti. Það þarf vissulega að huga að breytingum í rekstri og störfum þeirra samtaka ekki síður en á sviði einkarekstrarins og að því er hlutafélögin varðar. En ég endurtek þakkir mínar.

Um þingsköp.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að bíða með að gera grein fyrir fsp. um vanskil vegna húsnæðislána þar sem hæstv. félmrh., sem ég beini fsp. til, er ekki hér í salnum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. félmrh. veit að málið er á dagskrá og vissi að það yrði tekið fyrir og hann var hér rétt í þessari andrá. Það verður gerð gangskör að því að fá hann í salinn. — Ég bið hv. 2. landsk. þm. afsökunar á því fyrir hönd ráðh. að hann skuli ekki vera hér viðstaddur, en við getum ekki tekið málið til umr. Tími okkar allra er dýrmætur og við getum ekki beðið eftir ráðh.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum 53. fundi.

Þróunarverkefni á Vestfjörðum, þáltill. 328. mál (þskj. 523). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útboð á neyslu- og fjárfestingarvörum, þáltill. 330. mál (þskj. 527). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ferðaskrifstofa ríkisins, þáltill. 18. mál (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jarðboranir ríkisins, þáltill. 19. mál (þskj. 19). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, þáltill. 20. mál (þskj. 20). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulagsstjóri ríkisins, þáltill. 23. mál (þskj. 23). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill. 25. mál (þskj. 25). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, þáltill. 26. mál (þskj. 26). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Embætti húsameistara ríkisins, þáltill. 27. mál (þskj. 27). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fasteignamat ríkisins, þáltill. 28. mál (þskj. 29). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sala á íslenskri sérþekkingu erlendis, þáltill. 122. mál (þskj. 126). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 168. mál (þskj. 177). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skattbyrði hjóna, þáltill. 171. mál (þskj. 180). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framleiðni íslenskra atvinnuvega, þáltill. 232. mál (þskj. 305). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til atvmn. með 41 shlj. atkv.

Könnun á launum og lífskjörum, þáltill. 287. mál (þskj. 467). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fullvinnsla sjávarafla, þáltill. 251. mál (þskj. 429). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fullvinnslu sjávarafla á þskj. 429. Þessi till. til þál. er mjög stutt:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum til að efla fullvinnsluiðnað sjávarafla, m. a. með því að beina til hans auknu lánsfé og auka rannsóknir og efla markaðsleit fyrir sjávarafurðir."

Ærið oft heyrist það í seinni tíð að möguleikar íslensks sjávarútvegs fari þverrandi vegna takmarkaðs afla og sjávarútvegurinn muni gegna æ minna hlutverki í íslenskri þjóðarframleiðslu. Ég er á annarri skoðun. Ekki vegna þess að ég sé andvígur aukinni þróun í íslenskum iðnaði og öðrum atvinnugreinum, öðru nær, heldur vegna hins, að það er trúa mín og vissa að við getum stóraukið gjaldeyristekjur okkar af íslenskum sjávarútvegi og fjölgað atvinnutækifærum með aukinni vinnslu sjávarafla.

Ég er þeirrar skoðunar að þjóðin ætti að setja sér þau markmið að auka hlutfallslegt verðmæti íslensks sjávarafla um a. m. k. ⅓ á næstu fimm árum. Gjaldeyristekjur af íslenskum sjávarútvegi 1984 voru 16 milljarðar 331 millj. 600 þús. Þriðjungshækkun mundi þýða gjaldeyrisaukningu upp á rösklega 5.4 milljarða. Þá hef ég trú á að ef verulega vel væri að verki staðið mætti auka þessi verðmæti enn meira. Ég skal síðar í máli mínu renna stoðum undir þessar fullyrðingar, en eins og segir í grg. þál. er það frumskilyrði að uppfyllt séu fjögur grunnatriði:

1. Aukið fé til uppbyggingar vinnslustöðva.
2. Hagstæðari afurðalán.
3. Auknar rannsóknir og þróunarstarfemi.
4. Stórefld markaðsleit.

Allir þessir þættir verða að haldast í hendur og verður varla í sundur greint hver þeirra er mikilvægastur, svo samtengdir eru þeir.

Vöruskiptajöfnuðurinn 1984 varð óhagstæður um 3 milljarða. Útfluttar vörur voru 23 milljarðar 760 millj., en innfluttar vörur 26 milljarðar 744 millj. Finnst mönnum markmiðið að auka útflutningsverðmæti sjávarafla um a. m. k. ⅓ ekki vera knýjandi í ljósi þessara talna?

Nú mundi einhver spyrja hvort ég væri að leggja til áætlunarbúskap. Nei, svo er ekki. En þó vil ég minna á að eitt merkasta starf sem unnið hefur verið fyrir íslenskan sjávarútveg var unnið af skipulagsnefnd atvinnumála sem sett var á laggirnar 1934, hafði viðurnefnið Rauðka, hvar í var formaður Héðinn Valdimarsson og síðar tók við hans störfum Finnbogi Rútur Valdimarsson. Einnig má nefna störf fiskimálanefndar, sér í lagi frá 1935—1938. Þessar nefndir lögðu grunninn að íslenskum frystiiðnaði, skreiðarverkun, markaðsleit og svo mætti lengi upp telja, t. d. tillögur fiskimálanefndar í lagmetismálum. Sannleikurinn er sá að þessar nefndir unnu svo ótrúleg brautryðjenda- og framfarastörf að ég efast um að í aðra tíð hafi verið unnin öllu jákvæðari störf fyrir íslenskt atvinnulíf.

Nú held ég að þessi störf verði ekki leyst með nefnd þótt það kunni að vera nauðsynlegt til að hafa betri heildarsýn. Ég held að sölusamtök, einstök fyrirtæki og einstaklingar þurfi að einhenda sér í þessi störf og þá sé hægt að ná þessum markmiðum.

Í grg. með þáltill. er vakin athygli á nokkrum dæmum um aukna vinnslumöguleika. Þarna er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Svo verður ekki heldur í ræðu minni hér, en þó skal ég koma með fleiri dæmi til áhersluauka og gæti þulið enn lengur.

Í grg. minni er minnst á grásleppuhrogn. Við höfum yfirleitt saltað í 12—20 þús. tunnur á ári. Til loka októbermánaðar á síðasta ári, 1984, fluttum við út röskar 16 þús. tunnur að verðmæti tæpar 130 millj. Stærsti hluti þessa magns fór til Danmerkur, en stór hluti framleiðslunnar hefur verið seldur þangað um árabil. Í Danmörku er framleiddur kavíar úr hrognunum og honum pakkað í litlar neytendaumbúðir. Vinnsla þessi er einföld. Hrognin eru tekin úr tunnunum frá Íslandi, lituð og blönduð rotvarnarefnum og er meginvinnslan fólgin í þessu.

Athyglisvert er að þetta er ekki gert fyrir danskan heimamarkað, heldur flytja Danir þessa vöru úr landi. Verksvið þeirra er framhaldsvinnsla og verslun. Danski kavíarinn frá Íslandi er fluttur sem lúxusvara til ýmissa landa, en stærsta markaðslandið er Frakkland. Stærstu kaupendur eru hótel og verslunarhringar í þessum löndum.

Íslendingar hafa framleitt lítils háttar kavíar, úr 1—3 þús. tunnum á ári. Framleiðslan er þetta frá 12—20 þús.

tunnur, en við fullvinnum sjálfir um 1—3 þús. Útflutningsverðmætið tvö- til þrefaldast við þessa vinnslu. Hins vegar er vitað að Danir hafa komist inn á dýrari markað en við sem þýðir að verðmætisaukningin hjá þeim er mun meiri. Í ljósi þess að 60% heimsframleiðslunnar af grásleppuhrognum koma frá Íslandi og bestu hrognin á heimsmarkaði eru héðan er ljóst að við Íslendingar ættum að hafa markaðinn í hendi okkar. Hvað mundi gerast ef við hættum að leggja Dönum til þetta hráefni?

En áfram halda Íslendingar að salta grásleppuhrogn í tunnur.

Tökum þorskhrogn. Það er af nægu að taka. Álitið er að Íslendingar framleiði allt að 50% af þorskhrognum á heimsmarkaði, svona um 3 þús. tonn á ári. Nær allir togarar henda hrognum í sjóinn svo framleiðslan gæti verið töluvert meiri ef hráefnið væri nýtt.

Meiri hluti þorskhrogna er saltaður. Árið 1984 framleiddum við 1026 tonn af sykursöltuðum þorskhrognum að verðmæti 41 millj. 116 þús. sem gera um 40 þús. fyrir tonnið, 193 tonn frystra matarhrogna fyrir 11 millj. 890 þús. kr., þ. e. 61 þús. 450 kr. á tonnið, 734.6 tonn iðnaðarhrogna fyrir 13 millj. 606 þús. eða 18 500 kr. á hvert tonn og 295 tonn niðursoðinna hrogna fyrir 55 millj. 682 þús. eða á 185 þús. 237 á tonnið. Svokölluð iðnaðarhrogn eru hrogn þar sem hrognasekkurinn hefur rifnað. Þau seljum við til Danmerkur fyrir röskar 18 þús. kr. á tonnið. Danir sjóða þessi hrogn niður og selja út um heim. M. a. er mjög auðvelt að fá þau í verslunum á Íslandi. Við sjóðum niður tæpan helming af því sem við seljum Dönum sem iðnaðarhrogn og flytjum mest af því út til Frakklands og Bandaríkjanna. Verðið er röskar 185 þús. kr. tonnið eða tífalt það verð sem fæst fyrir hrognin sem við seljum Dönum til niðursuðu. Bestu hrognin seljum við sykursöltuð til Svíþjóðar og lítils háttar til Grikklands. Fyrir það fáum við 40 þús. kr. tonnið á móti 185 ef við sjóðum þau sjálfir niður eða rösklega ⅕ af því verði sem við fáum fyrir okkar eigin niðursuðu. Svíar breyta miklu af þessum hrognum í kavíar, setja í neytendaumbúðir, svo sem túpur, með alls konar bragðefnum. Þessi vara er seld á sælkeramarkaði í Svíþjóð og í öðrum löndum. Það er t. d. hægt að fá hana hér í verslunum. Við seljum 310 tonn af grófsöltuðum hrognum til Grikklands og fáum fyrir það 27 400 kr. á tonnið. Ég fæ þær upplýsingar frá bækistöð Sölumiðstöðvarinnar í Grimsby að bæði Bretar og Frakkar séu sífellt að biðja um hrogn sem Bretar steikja en Frakkar reykja m. a., en okkar svar er: Við eigum engin hrogn til að selja.

Við hendum hluta af hrognunum sem til falla. Okkar eigin niðursuða gefur tífalt verð á móti því hráefni sem við seljum Dönum. Var einhver að segja að íslenska þjóðin ætti í gjaldeyriserfiðleikum?

Lifur. Sú lifur sem nýtt er hér á landi er einkum úr fiski sem landað er óslægðum, þ. e. úr afla dagróðrabáta. Hún er einkum brædd til lýsisframleiðslu, en lítils háttar er þó soðið niður. Svo til allri lifur sem til fellur á togurum er fleygt í sjóinn til múkkafóðurs. Sovétríkin hafa í tvennum síðustu viðskiptasamningum óskað eftir að kaupa helmingi meira magn af niðursoðinni lifur en við höfum getað afgreitt. Við framleiðum árlega um 1.5 millj. dósa, en getum auðveldlega tvöfaldað það magn af þeirri lifur sem til fellur nú þegar. Vestmanneyingar eru manna ötulastir í niðursuðu á lifur. Gjaldeyristekjur af niðursoðinni lifur eru u. þ. b. fimmfaldar miðað við brædda lifur. Ekki er að sjá af þessu að gjaldeyrisöflunin sé mikið atriði fyrir íslenskt þjóðfélag.

Völsum örlítið meira um. Sjólax er framleiddur úr söltuðum ufsaflökum. Fiskurinn er skorinn í lengjur, beinhreinsaður og skorinn í sneiðar, litaður og rotvarður og líkist þá laxi. Sjólaxinn er oft soðinn niður. Söltuð ufsaflök sem við seljum til Þýskalands eru notuð til sjólaxframleiðslu þar í landi. Aðrir markaðir fyrir sjólax eru í Tékkóslóvakíu og Frakklandi. Gjaldeyristekjur eru mun meiri fyrir sjólax en saltaðan ufsa, en ýmsir þeirra sem aðstöðu hafa til slíkrar framleiðslu hér á landi segja og það er athyglisvert og það á eftir að koma hér fram oftar, að þeir hafi ekki vinnuafl til þessarar vinnslu. Einnig munu tollamál valda þarna nokkru um. Áður var nokkur framleiðsla á sjólaxi hér á landi, en undanfarin ár hefur hún að mestu legið niðri. Sagt var að Norðmenn hefðu undirboðið okkur á þessum mörkuðum.

Gífurleg aukning hefur orðið á rækjuveiðum síðustu árin og stafar það fyrst og fremst af veiðum á úthafsrækju. Rækjan er fryst að hluta, að hluta heilfryst en mikill meiri hlutinn er þó pillaður. Talsverð niðursuða er einnig á rækju. Leggja þarf áherslu á báðar þessar vinnslugreinar þar sem verðsveiflur á mörkuðum eru nokkrar, en falla ekki saman á niðursoðinni rækju og frystri. Áraskipti eru á því hvor vinnslugreinin er hagstæðari. Stór hluti af frystu rækjunni er fluttur út í 10 kg. pakkningum, en erlendis, t. d. í verksmiðjum SH í Grimsby er henni pakkað í smærri umbúðir — slíkar umbúðir eru 250 gr., 400, 450 o. s. frv. — þ. e. í svokallaðar neytendaumbúðir. Margir rækjuframleiðendur telja sig ekki hafa vinnuafl til að annast smærri pakkningar, þannig að þó nokkur atvinna flyst úr landi af þessum sökum og að sjálfsögðu nokkur gjaldeyrir.

Vitað er að hér við land eru ýmsar skelja- og krabbategundir sem lítið eða ekkert eru nýttar. Verið er að kanna útbreiðslu á krabbategundum og skeljum á vegum Hafrannsóknastofnunar og þyrfti að auka þær rannsóknir og veita í þær meira fjármagni þar sem fjárskortur háir þeim. Af skeljum er hörpudiskurinn mest veiddur hér við land og raunar eins mikið og þekking á veiðisvæðum leyfir. Gegna veiðar hans mikilvægu hlutverki í atvinnumálum ýmissa byggðarlaga og gera hreint útslag á afkomu þeirra. Kúskel er hér við land mjög útbreitt skeldýr að margra áliti. Sérstaka veiðitækni þarf að nota við veiðar á kúskel, svokallaða dæluplóga. Gengið hefur illa fram til þessa að fá viðunandi verð á markaðinn fyrir kúfiskinn, en nú fer fram nokkuð ítarleg rannsókn á meðferð og vinnslu þessa hráefnis og gefur vissar vonir þótt ekkert sé hægt að fullyrða hver niðurstaðan verði. En verði niðurstaðan jákvæð yrði um mjög mikla framleiðslu að ræða.

Ýmsar aðrar skeljategundir eru hér við land sem kanna þyrfti möguleika á veiðum og vinnslu á.

Víða erlendis eru veiðar og vinnsla á ýmsum krabbategundum stundaðar með góðum árangri. Til mikils er að vinna í þessu sambandi þar sem afurðir af kröbbum eru einhverjar dýrustu sjávarafurðir sem þekkjast. Krabbaveiðar hafa farið vaxandi víða um heim og má í því sambandi benda á að krabbaveiðar við Atlantshafsströnd Kanada hafa ekki verið stundaðar að marki fyrr en núna síðustu árin að mikill vöxtur hefur hlaupið í þær. Krabbinn er veiddur í gildrur og haldið lifandi um

borð í skipum. Það sem einkum er nýtt er fiskurinn og klóin og notaðar sérstakar vélar til þess að ná kjötinu úr klónum. Lögð er á það megináhersla að kjötið skaddist sem minnst og haldi upprunalegri lögun þar sem langhæsta verðið fæst fyrir stykki sem ekki hafa skaddast. Kjötið er bæði fryst og soðið niður o. fl. Mikil gróska er í þessari grein í Kanada og er talið að þetta sé arðvænlegasta grein í sjávarútvegi þar í landi. Sömu sögu mætti segja víða frá, að lögð er áhersla á krabbaveiðar.

Þau krabbadýr sem veidd eru við Ísland eru humar og rækja, en það eru einmitt dýrustu sjávarafurðir sem við framleiðum.

Hér við land eru nokkrar krabbategundir sem til greina gæti komið að veiða og standa nú yfir tilraunir með veiðar og vinnslu. Það er langt mál upp að telja tegundir. Þarna þarf aukið fé líka. Sem dæmi um tegundir eru trjónukrabbi, bogakrabbi, gaddakrabbi, stóri og litli tröllakrabbi. Góðir markaðir eru fyrir þessar afurðir t. d. í Frakklandi.

Það hefur háð íslenskum sjávarútvegi í gegnum tíðina að hér hefur aldrei tekist að ná góðum tökum á lagmetisiðnaði, þrátt fyrir að við höfum að mörgu leyti bestu skilyrði þar sem er úrvalshráefni. Orsökina fyrir þessu getur verið nokkuð erfitt að skýra, en þarna virðast vera margir samverkandi þættir, Þetta má kannske skýra best þannig að danskt lagmeti úr aðfluttu íslensku hráefni virðist oft vera betri vara en tilsvarandi íslenskt lagmeti. Hér á landi virðist því vanta faglega þekkingu og árvekni og við virðumst vera ákaflega fjarri hinni heimsfrægu matargerðarlist Dana. Við stæðum öðruvísi að vígi ef við kæmumst nær henni. Einnig kann það að vera þáttur í þessu að við leggjum svo mikið kapp á aflamagn frekar en að sérhæfa okkur í fullvinnsluiðnaði. Til skamms tíma var fullt eins mikið keypt af erlendu lagmeti hér á landi og innlendu, ef fiskibollur og fiskbúðingur eru frátalin.

Eitt af því sem háði lagmetisiðnaði hér á landi var að margir smáir aðilar fluttu það úr landi. Með tilkomu Sölustofnunar lagmetis var ráðin bót á þessum þætti. En þótt um nokkra aukningu hafi verið að ræða á framleiðslu og sölu verður að telja að starfsemi Sölustofnunar lagmetis hafi ekki skilað þeim árangri sem vænst var við stofnun hennar. T. d. eru ekki nema nokkur ár síðan minnstu munaði að við legðum stærsta markað okkar fyrir niðurlagða síld, Sovétmarkaðinn, í rúst vegna forkastanlegra vinnubragða. Á þessu hefur nú verið ráðin bót og vaxandi sala er á niðurlagðri síld til Sovétríkjanna sem býður upp á enn meiri möguleika ef vel er á haldið. Því ber hins vegar ekki að neita að nú allra síðustu árin virðast hafa orðið framfarir í þessum efnum. Útflutningur lagmetis hefur aukist, en fyrst og fremst í gaffalbitum og rækjum. Þrátt fyrir nokkra aukningu í útflutningi er lagmetisiðnaðurinn ekki í hópi stærri vinnslugreina.

Eitt af skilyrðum þess að um verulega verðmætisaukningu verði að ræða í íslenskum sjávarútvegi er að við náum tökum á lagmetisiðnaðinum t. d. með fjölbreyttari framleiðslu. Því ekki að reyna einhverja séríslenska rétti, niðursoðið heilagfiski, rauðmaga? Svona mætti telja endalaust. Við skulum ekkert fullyrða um hvað væri heppilegast þarna. Það eru uppi margar skoðanir, enda möguleikarnir svo margir.

Langstærsta vinnslugreinin í íslenskum sjávarútvegi er frystiiðnaðurinn. Helstu kaupendur okkar eru Bandaríkjamenn, eins og allir vita, en í Bandaríkjunum er langstærsti markaðurinn og verðmesti, þá Bretland og Sovétríkin. Í frystiiðnaðinum hefur orðið mikil þróun síðustu 30 árin. Áður fyrr seldum við mest af frystum fiski til Bretlands, ýsu fyrst og fremst. En þegar löndunarbann var sett á íslenskan fisk í Bretlandi vegna stækkunar landhelginnar í 4 mílur árið 1952 tókst okkur að gera mjög stóra samninga um sölu á frystum fiski til Sovétríkjanna. Bretum hefði sennilega tekist að kúga Íslendinga til hlýðni í landhelgismálum hefðu þessir samningar ekki náðst við Sovétríkin. En sennilega hafa Bretar gert okkur stóran greiða. Þetta varð til þess að við fórum að snúa okkur að vinnslu sjávarafla í mun stærri stíl en hafði verið áður. Á síðari árum hefur salan til Sovétríkjanna minnkað og er nú að mestu bundin við karfaflök og heilfrystan fisk.

Ein happasælasta aðgerð sem framkvæmd hefur verið í markaðsmálum íslenskrar fiskvinnslusögu er þegar Jón Gunnarsson, forstjóri Coldwater í Bandaríkjunum, lét reisa fiskverksmiðju þar í landi og braust inn á bandarískan fiskmarkað. Upphaflega var aðeins um fiskblokkir að ræða, en síðan í vaxandi mæli fisk í flaka- og svokallaðar neytendapakkningar. Þessi markaður greiðir langhæsta verð fyrir frystan fisk.

Það er athyglisvert að fjölmargir frystihúsaeigendur hér á landi hafa sagt mér að þeir hafi ekki mannafla í frystihúsum til að vinna dýrustu pakkningarnar vegna þess hvað þær séu mannfrekar. Ég held að það væri rétt að þm. hefðu þetta í huga þegar hagsmunamál fiskvinnslufólks ber hér á góma á næstunni.

Frekari möguleikar á hinum bandaríska markaði byggjast á því að við getum nýtt til fullnustu framleiðslu og sölu á dýrustu pakkningum. Því nær sem við komumst matardiskum neytandans, því örari verður verðhækkunin á vörunni. Fyrir 15—20 árum hefði verið talið útilokað að við gætum selt jafnmikið magn í dýrum neytendaumbúðum og við gerum nú. Enginn skal halda að það séu ekki fyrir hendi í Bandaríkjunum enn frekari og dýrari vinnslu- og sölumöguleikar en nú eru. Frekari vinnsla á frystum fiskafurðum okkar er leiðin að aukinni verðmætasköpun. Ef við erum vakandi fyrir gæðum, vöruvöndun, hugkvæmni og sölutækni getum við enn aukið verðmæti frystra fiskafurða á Bandaríkjamarkaði.

Íslendingur, sem er búsettur í Bandaríkjunum og er þrautkunnugur sölu á íslenskum frystum fiski þar í landi, segir mér að það veki oft undrun sína hve mikið af fiski sé í frystum blokkum og það af góðum fiski, en verð á þeim er mikið lægra en á fiski í svokölluðum neytendapakkningum. Þegar hann spyr hvað þessu valdi er jafnan svarað í höfuðstöðvum íslenskra söluaðila að ekki sé vinnuafl til að vinna í vinnslufrekari neytendaumbúðir. Þá segir hann mér einnig að svokallaðar neytendapakkningar séu minnst í 5 punda öskjum. Þetta séu fyrst og fremst pakkningar fyrir hótel, alls konar mötuneyti o. s. frv. Hins vegar séu sérfrystar minni pakkningar, t. d. 1 punds, ófáanlegar, en þær væri hægt að selja í kjörbúðum um öll Bandaríkin og komast þannig nær hinum almenna neytanda. Það sé nær óþekkt. Kanadamenn hafi verið fljótari á ferðinni með slíkar pakkningar, en sannfæring þessa manns er sú að hægt sé að stórauka sölu á Bandaríkjamarkaði á slíkum pakkningum. Þá segir hann mér einnig að hægt

sé að stórauka sölu á grálúðu í minni og dýrari pakkningum en nú tíðkast. Grálúðan sé að vinna á á Bandaríkjamarkaði. Var einhver að tala um að ameríski markaðurinn væri gjörnýttur?

Áður en Bretar misstu fiskimiðin við Ísland, Færeyjar og Noreg fiskuðu þeir um 1 millj. tonna af bolfiski og flatfiski. Eftir að þeir töpuðu þessum miðum fiska þeir um 500 þús. tonn tæp af þessum fisktegundum. Minnkaði afli þeirra um rösklegan helming. Þeir flytja inn um 400 þús. tonn af bolfiski og flatfiski. Þarna höfðum við möguleika á aukinni sölu á frystum fiski. Hins vegar hefur gengi enska pundsins verið mjög lágt og fer sífellt lækkandi. Það orsakar að þessi markaður hefur ekki verið hagstæður, en hafa verður í huga að markaðurinn er stór því Bretar eru ef ég man rétt, um 56 millj. og miklir fiskneytendur.

Við seljum Bretum fyrst og fremst blokkir. Hluti af þeirri framleiðslu er skorinn niður í litlar sneiðar og þær seldar sem fiskborgarar, „Seaburgers". Niðurskurður í blokkirnar fer að miklu leyti fram í fiskverksmiðju SH í Grimsby og síðan meiri tilheyrandi vinnslu. Í fiskverksmiðju SH í Grimsby vinna um 200 manns við niðurskurð á fiskblokk, steikingu og frekari vinnslu og við pökkun á íslenskri rækju.

Athyglisvert er að bæði Dönum og Norðmönnum hefur tekist að framleiða og selja í Evrópu fullunna fiskrétti og þar gildir lögmálið sem ég gat um áðan: Því nær matardisknum sjálfum, því örari verðmyndun. Þarna sitjum við Íslendingar algerlega eftir. Ég veit ekki til að neinar tilraunir að ráði hafi farið fram í þessum efnum. Við höfum komist einna lengst í framleiðslu á fiskibollum og seljum þær alla leið til Ástralíu. Enn kemur aftur skortur á tilraunum, lítil matargerðarlist og sölutækni á lágu stigi. Það væri fróðlegt fyrir þm. að skoða danskar umbúðir á matvörum. Skoðið þið danskar lagmetisumbúðir í verslunum hér á landi utan um vöru sem selst vel. Þarna bíða okkar miklir möguleikar.

Því er haldið fram að tollmúrar Efnahagsbandalagslandanna hindri að slíkir hlutir séu framkvæmanlegir. Má ég þá benda á að Norðmenn eru ekki í Efnahagsbandalaginu og kaup er helmingi lægra hér en í Danmörku og Noregi og fiskverð upp úr sjó lægra hér. Þarna er miklu meiri munur en sem nemur tollunum.

Það er athyglisvert að með hafréttarsáttmálanum um 200 mílna fiskveiðilögsögu hafa ýmsar fjölmennustu fiskneysluþjóðir misst mikla möguleika til fiskveiða. Það má nefna Sovétríkin með um 300 millj. íbúa, Japan með um 120 millj., Bretland og Þýskaland með samanlagða íbúatölu yfir 100 millj. og fleiri þjóðir mætti nefna. Þetta eykur mjög á möguleikana fyrir fiskveiðiþjóðir. Gott dæmi er útflutningurinn á frystum karfa til Japans sem er ein mesta fiskneysluþjóð í heimi. Þessi sala gefur mikil fyrirheit. Viðbrögð okkar við þessari þróun verða því að vera bæði snögg og markviss.

Söltun hefur verið önnur stærsta vinnslugrein í íslenskum sjávarútvegi. Útflutningur á saltfiski hefur numið 35—60 þús. tonnum árlega að undanförnu. Nær allur saltfiskur er fluttur úr landi blautverkaður gagnstætt því sem áður var. Fram yfir heimsstyrjöldina síðari var hins vegar nær allur saltfiskur fluttur út þurrkaður. Athyglisvert er að aðrir helstu framleiðendur saltfisks, Norðmenn og Kanadamenn, þurrka megnið af framleiðslu sinni. T. d. nam útflutningur saltfisks frá Noregi um 69 þús. tonnum árið 1982. Þar af voru 53 þús. tonn af þurrkuðum fiski og tæp 16 þús. tonn af blautfiski. Saltfiskur léttist um rúmlega þriðjung við þurrkunina, misjafnlega þó, og samsvarar megnið af útfluttum þurrfiski því um 71 þús. tonnum af blautverkuðum fiski eða um 80%. Í Noregi er óheimilt að flytja blautverkaðan fisk úr landi nema fá til þess sérstakt leyfi þjóðbankans.

Á Íslandi nam útflutningur á blautverkuðum saltfiski rúmum 56 þús. tonnum árið 1982, en á þurrkuðum fiski tæpum 1500 tonnum eða 3—4%. Árið 1983 nam útflutningur blautverkaðs saltfisks á Íslandi um 45 þús. tonnum, en þurrfisks um 2800 tonnum. Hvernig stendur á þessum gífurlega mismun á verkunaraðferðum á Íslandi annars vegar og í Noregi og Kanada hins vegar?

Norðmenn og Kanadamenn telja sig fá meiri gjaldeyrisverðmæti með því að flytja út þurrkaðan saltfisk. Þess vegna þarf sérstakt leyfi í Noregi til að flytja út fiskinn blautverkaðan.

Hagstætt ætti að vera að þurrka fisk á Íslandi þar sem jarðhita er að finna við hin ýmsu framleiðslusvæði. Aðrir kostnaðarliðir eru rafmagn og vinnuafl. Hluti af umbúðakostnaði er erlendur og reyndar enginn í sumum verkunartegundum í seinni tíð. En að öðru leyti er um innlendan kostnað að ræða. Meiri hluti þess blautverkaða saltfisks sem við flytjum út er þurrkaður í kaupendalöndunum. Sá fiskur sem þurrkaður er á Íslandi er einkum ódýrari fisktegundir, svo sem ufsi, keila, langa svo og smáfiskur og fiskur í lægstu gæðaflokkum, 3. og 4. gæðaflokki, jafnvel úrkast. Af þessum ástæðum er óraunhæft að bera saman meðalverð á útfluttum tonnum af þurrkuðum og blautverkuðum fiski.

Talið er að meginástæðan fyrir því að íslenski saltfiskurinn er fluttur út blautverkaður sé sú að hægt sé að afskipa honum þannig mun fyrr og spara með því mjög óhagstæð afurðalán. Gjaldeyrislega er þetta hins vegar óhagkvæmt að dómi Norðmanna og Kanadamanna.

Nú mundi einhver segja: Er það að þurrka saltfiskinn ekki byggðastefna til að skapa atvinnu í Norður-Noregi? Þetta gæti virst trúleg skýring. Ef betur er að gáð er megnið af þeim afla sem fer í saltfiskverkun landað og saltað í Norður-Noregi. En þá kemur það furðulega. Saltfiskurinn er fluttur blautverkaður til Sunnmæris, aðallega Álasunds, og þar er hann þurrkaður. 75% af norskri saltfiskþurrkun fer fram í Álasundi og miðað við héraðið allt, Sunnmæri, þurrka þeir þar um 90% af allri saltfiskframleiðslu Norðmanna. Einungis 5% af saltfiskinum er þurrkað í Norður-Noregi. — Vilji einhver halda því fram að Sunnmæri eða Álasund sé í Norður-Noregi skal sá hinn sami lesa gömlu landafræðina sína úr barnaskóla eða líta á landakort. — Mér er nær að halda að Norður-Noregur sé þarna að styðja Suður- eða Mið-Noreg. Það er fróðlegt að geta þess fyrir íslenskt fiskverkunarfólk að kaup er helmingi hærra í Álasundi en á Íslandi.

Ég vil geta þess til fróðleiks — það er af svo mörgu að taka — að það kom hér fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að Norðmenn fiskuðu mjög svipað og Íslendingar ef frá væri talin loðnan. Þetta er rétt. Við erum með mun meiri þorskafla en þeir, við erum með minni loðnuafla, við erum með minni rækjuafla. En til þess að fiska þetta — ég hef hér tölur úr Árbók Norðurlanda 1981 sem ég hef ekki tíma til að þylja, eru íslenskir

fiskimenn, þeir sem hafa meginframfærslu sína af fiskveiðum, 6038. En Norðmenn með ekki ósvipaðan afla, hvað eru þeir með marga fiskimenn? 25289 eða rösklega fjórfalt. Ef teknir eru sjómenn sem starfa hluta ársins, sennilega minni hlutann af árinu eru þeir á Íslandi 992, en í Noregi rösk 10 þús. Það er 1:5 og þó eru okkar sjómenn í verkfalli. Þetta var nú útúrdúr, en það er býsna fróðlegt ef maður fer að glugga í þessi efni.

Það er fleira athyglisvert við saltfiskverkun Norðmanna. Þeir selja þurrkaðan saltfisk til a. m. k. 25 landa. Þar er nú s. l. ár í fyrsta sinn stærsti kaupandinn Portúgal sem keypti 13 þús. tonn 1984. Brasilía, sem hefur verið stærsti kaupandinn, er með svipað magn, en örlítið lægra. En Ísland selur til helmingi færri landa. Norðmenn eru með rösklega 25 lönd. Við náum varla helmingnum fyrir okkar markað á saltfiski. En þar af seljum við röskan helming til eins lands, Portúgals. En það sem er nýtt er að Portúgal er orðinn jafnstór kaupandi og Brasilía á þurrkuðum saltfiski Norðmanna og Norðmenn virðast leggja óhemjuáherslu á að komast inn á markað í Portúgal. Þeir hafa nýlega gert nýjan samning við Portúgal fyrir árið 1985 um kaup á 10 þús. tonnum af þurrkuðum saltfiski og 9 þús. tonnum af blautverkuðum fiski. Þeir hafa ekki selt blautverkaðan saltfisk til Portúgals um árabil. Portúgal er hins vegar langstærsta markaðsland okkar fyrir saltfisk. Á s. l. ári keyptu þeir 25 þús. tonn. Norðmenn eru þá bara með hliðstæða sölu og við til Portúgals. Hvað Norðmenn einhenda sér á viðskipti við Portúgal án þess að það verð sem þeir fá sé nokkuð sérstakt umfram aðra staðfestir aðeins þann grun og reyndar vissu að þeir leggja sig fram um að bola hættulegum keppinautum, og ekki síst Íslendingum, út af mörkuðum.

Það er einnig fróðlegt, þótt á öðru sviði sé, að íslenskir saltfiskframleiðendur segja að þeir hafi ekki vinnuafl til saltfiskverkunar hér á landi. Aftur kemur þetta í sífellu: Það er ekki til vinnuafl. Ég veit það og þekki að það að liggja með birgðir á afurðalánum með vöxtum sem á þeim eru er þarna ein meginorsök.

Æskilegt væri að ítarleg rannsókn færi fram á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að þurrka stærri hluta saltfiskframleiðslunnar í landinu. Þarna er ég ekki að ásaka einn eða neinn. Ég vil taka það skýrt fram. Ég er aðeins að óska eftir því að þjóðhagsleg hagkvæmni væri athuguð varðandi þurrkun á saltfiski.

Ýmsir möguleikar virðast vera til fjölbreyttari framleiðslu á söltuðum afurðum þó e. t. v. sé ekki í stórum stíl. Í Bandaríkjunum er þó nokkur neysla á saltfiski. Innflytjendur frá Ítalíu, Spáni, Portúgal og eyríkjum í Karabíska hafinu og niðjar þeirra neyta saltfisks. Saltfiskur þessi er yfirleitt seldur í kjörbúðum í litlum neytendaumbúðum. Ekki er vitað til að við höfum nokkru sinni reynt í alvöru að komast inn á þennan markað þó verð sé áberandi hærra en í hefðbundnum markaðslöndum okkar. Fiskur þessi kemur að mestu leyti frá Kanada, þó eitthvað frá Norðmönnum. Þeir selja þangað um 800 tonn af þurrkuðum saltfiski.

Minna má á, ef mönnum finnst þetta fráleitt, að nýlega er upplýst að við höfum selt að undanförnu 1—2 gáma á mánuði af niðursagaðri skreið í litlum plastumbúðum. Hver hefði trúað þessu fyrir svona ári? Þetta er að vísu ekki mikið magn, en þetta sýnir inn á þá ótal möguleika, sem við höfum.

Fyrir eru í landinu skreiðarbirgðir fyrir 1.6 milljarða, að ætlað er. Það er öllum kunnugt hvað mikið er í húfi að við getum selt þessar skreiðarbirgðir. Þarna er um að ræða Afríkuskreið sem eingöngu er hægt að selja í Nígeríu. Meginuppistaðan af þessum fiski er þorskur. En í þessu sambandi hlýtur að vakna sú spurning: Hvers vegna í ósköpunum fórum við að framleiða Afríkuskreið í jafnstórum mæli og gert hefur verið úr þorski, mikilvægustu fisktegundinni sem hægt er að vinna á mun dýrari markað í öðru formi? Gjaldeyrislega er þetta hreint brjálæði. Við verðum að standa þannig að fiskmeðferð að við séum ekki háðir Afríkumarkaði, ekki háðir framleiðslu á Afríkuskreið svo að nokkru nemi. Fyrir getur komið að fiskur verði lélegur af óviðráðanlegum orsökum, t. d. netafiskur í miklum ógæftum. Það eitt ættum við að framleiða af Afríkuskreið. Ef við erum háð þessum markaði að einhverju marki liggur sökin hjá okkur sjálfum og hjá okkur einum að öllu leyti.

Loðnan er sá fiskur sem við veiðum hvað mest af og afli hefur verið sveiflukenndur eins og allir þekkja, en s. l. ár og það sem af er þessu ári hefur afli verið góður. Afkoma þessara veiða fer gífurlega mikið eftir því hvort við þurfum að setja allt í bræðslu eða hvort við getum gert stóran sölusamning við Japan um frysta loðnu og loðnuhrogn. Ef það tekst eru gjaldeyristekjur allt aðrar og meiri. Hrognafrysting úr loðnu er nokkuð vandasöm. Gæta þarf fyllsta hreinlætis í hrognafrystingu og meðferð allri. Þar hafa okkur orðið á nokkur mistök, enda Japanir mjög kröfuharðir um gæði og heilnæmi vörunnar. En okkur ætti að vera auðvelt að uppfylla þær kröfur.

Meginhlutinn af loðnunni er bræddur. Loðnuverksmiðjur á Íslandi eru að ýmsu leyti sæmilega búnar. Þó hafa þær ekki fylgt þeirri þróun sem átt hefur sér stað erlendis. Mætti þar nefna að hráefnisgeymslur eru víða ekki fullnægjandi og svo hitt, að við höfum ekki tekið upp gufuþurrkun á mjölinu eins og nágranna- og samkeppnisþjóðir okkar hafa gert. Við notum enn þá nær eingöngu eldþurrkara þar sem eldgösunum er blásið á pressukökuna til að þurrka hana. Ekki nóg með það að ýmiss konar mengandi efni geta komist í mjölið, heldur verður nýting á mjöli lægri og næringargildi þess minna en við gufuþurrkun. Þá mætti benda á að mengun frá loðnuverksmiðjum hefur verið mjög á dagskrá undanfarin ár, en mengunarvandamál eru mun auðleystari þar sem gufuþurrkun er viðhöfð. Að skipta yfir í gufuþurrkun í öllum loðnuverksmiðjum á Íslandi kostar stórfé og við getum ekki ráðist í það í öllum verksmiðjum í einu, en að þessu ber að vinna. Árangurinn verður betri nýting, betra mjöl, minni mengun.

Frá því um aldamót og fram til ársins 1968 voru síldveiðar og síldarvinnsla einn veigamesti þátturinn í íslenskum sjávarútvegi. Eins og allir vita gilti um síldina frekar en aðrar fisktegundir: Svipull er sjávarafli. Ekki ætla ég hér að fara að rekja sögu íslenskra síldveiða, en hún var ýmist hin gjöfulasta atvinnugrein eða tími vonbrigða og aflabrests. Ég get ekki stillt mig um að minnast á að þegar síldin varð mest á Austfjarðamiðum á áratugnum 1960—1970, árið 1966 t. d., fengust 44% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar fyrir síldarafurðir. Aðeins 3% þjóðarinnar veiddu þetta og verkuðu á þremur mánuðum. Ég efast um að nokkra hliðstæðu sé hægt að finna í veröldinni.

Allir vita hvernig fór með norsk-íslenska og íslensku síldarstofnana sem voru mjög hætt komnir, en með vísindalegum friðunaraðgerðum tókst okkur að ná upp íslenska síldarstofninum, þ. e. sumargotsíldinni, sem síldveiðar Íslendinga byggjast nú á.

Síldveiðar og síldarvinnsla eru nú orðin snar þáttur í íslenskri þjóðarframleiðslu og er síldin fyrst og fremst nýtt til söltunar. Söltun hefur farið vaxandi og nemur 220—240 þús. tunnum, eitthvað um það bil. Aðalmarkaðslandið fyrir saltsíld er Sovétríkin og kaupa þau allt að 80% af saltsíldarframleiðslunni. Næststærsti kaupandinn er Svíþjóð sem hefur mjög fullkominn síldariðnað. Aðrir kaupendur eru smáir; Finnland, Danmörk, Þýskaland, Bandaríkin.

Markaðir fyrir saltsíld eru mjög þröngir og takmarkast að mestu við þau lönd er liggja að Eystrasalti. Áður fyrr var stór kaupandi á íslenskri saltsíld Pólland, en síld er mjög eftirsóknarverð í því landi. En vegna þeirra efnahagsörðugleika sem það land hefur átt í hefur salan þangað nú dottið niður, en íbúar Póllands eru milli 35 og 40 millj.

Það sem skiptir sköpum um afkomu saltsíldariðnaðarins er salan til Sovétríkjanna. Án markaðar í Sovétríkjunum væri þarna um að ræða litla atvinnugrein. Við seljum allt að 200 þús. tunnur til Sovétríkjanna. Eftirspurn meðal neytenda þar í landi er mun meiri en þessu magni nemur. Neysla saltsíldar, einkum í vesturhluta Sovétríkjanna, er mikil og þrátt fyrir að Sovétmenn salti töluvert magn sjálfir, einkum af síld frá Kyrrahafsströndinni í seinni tíð, er síldin það eftirsótt fæðutegund og nýtur slíkra vinsælda þar í landi að möguleikar ættu að vera á enn meiri sölu þangað.

Þarna eigum við í harðri samkeppni við Norðmenn. Þau sölusamtök íslensk sem tvímælalaust mest trausts njóta, bæði innan lands og utan, eru síldarútvegsnefnd. Hún hefur staðið sig frábærlega vel í sölu á afurðum og lagt gífurlega áherslu á vöruvöndun.

Þrátt fyrir að við höfum ekki lengur besta hráefnið til síldarsöltunar, sem við höfðum með Norðurlandssíldinni, framleiðum við bestu saltsíld sem er á mörkuðum. Hvers vegna?

Verkmenning við söltun, verkun og síldarmat er hér á hærra stigi en í nokkru öðru landi. Þetta, ásamt góðri sölumennsku og samningatækni, hefur tryggt okkur sovéska markaðinn.

Úr ákveðnum hópum heyrast stundum þær raddir að við höfum of mikil viðskipti við Sovétríkin sem vestrænt land. Þess vegna vil ég endurtaka að án sovéska markaðarins mundi saltsíldarsalan hrynja. En það spaugilega er — og þó er það kannske ekki mjög spaugilegt — að Norðmenn, sem hafa tekið undir í þessum kór í fordæmingu á sovétviðskiptum, hafa sjálfir gert ítarlegar tilraunir til að komast inn á sovéska markaðinn. Þegar síldarsölusamningar voru að hefjast í haust buðu Norðmenn 30% lægra verð en Ísland og þegar samningar voru u. þ. b. að takast kom frá þeim tilboð til Sovétríkjanna um 40% lægra verð en Íslendingar voru að semja um. Ja, þetta er sovésk fordæming í lagi hjá þeim Norðmönnum.

Sjálfsagt er það fróm ósk, en sú ósk er byggð á eftirsókn sovéskra borgara eftir íslenskri síld, en ef við gætum aukið síldarsölu okkar þangað, t. d. um 100 þúsund tunnur, mundum við treysta mjög afkomu íslenska bátaflotans, tekjur sjómanna og síldarverkunarfólks og gjaldeyristekjur vaxa um u. þ. b. 400 millj. á ári.

Ég er alinn upp á heimili togarasjómanns. Alltaf þegar karl faðir minn kom af sjónum gat hann ekki fyrst um aflann, heldur hversu margar tunnur af lifur hefðu verið í túrnum. Aðalhlutur togarasjómanna fyrir stríð var lifrarhlutur, en þá var lifrarlýsið verðmætt og eftirsótt, enda einn helsti vítamíngjafi og mikilsverður vítamíngjafi vítt um heim. Með tilkomnum verksmiðjuframleiddum vítamínum lækkaði verðið á lýsi og hafði þá ekki neitt svipað gildi og áður var.

Nýlegar rannsóknir á vegum Lýsis hf. og Raunvísindastofnunar Háskólans gefa tilefni til bjartsýni með fjölþættari og verðmætari vinnslu úr lýsi. Framtak þetta er virðingarvert og dæmi um þá möguleika sem eru á vinnslu úr íslenskum sjávarafurðum.

E. t. v. finnst mörgum að ég sé orðinn langorður og skal ég draga mál mitt saman þótt ég eigi mjög margt ósagt. Ég hef verið að reyna að benda á nokkra þætti til aukinnar verðmætasköpunar í íslenskum sjávarútvegi, en það er aðeins fátt eitt talið. Möguleikarnir í íslenska sjávarútveginum eru miklu meiri og á hinum ótrúlegustu sviðum. Spurningin er aðeins sú hvort við höfum framsýni og hyggindi til að hagnýta okkur þá eða ekki.

Ég legg áherslu á að það getur enginn atvinnuvegur borið sig á þeim vaxtakjörum sem íslenskur sjávarútvegur býr nú við ef við ætlum að byggja upp íslenskan fiskiðnað enn frekar. Þá kynnu einhverjir að spyrja: Hvar á að fá fé til þess að byggja frekar upp íslenskan fiskiðnað? Svar mitt er eitt og aðeins eitt: Ef það verður ekki gert verður ekkert fé til í þessu landi.

Við verðum að gera okkur grein fyrir að við þurfum stóraukið fé til fiskirannsókna og við komum ekki upp fiskiðnaði án verulegrar eflingar rannsókna og þróunarstarfsemi. Engu fé er jafnvel varið og til slíkra rannsókna. Það gengur ekki lengur að við verjum minnsta fé hlutfallslega miðað við aðrar nágrannaþjóðir til rannsóknastarfsemi. Þróaður fiskiðnaður rís ekki án öflugrar rannsóknarstarfsemi. Þetta gildir jafnt um ríki og fyrirtæki. Það eru ekki síður fyrirtækin sem þyrftu að athuga sinn gang í þessu.

Í markaðsleit og vöruþróun þurfum við að umbylta öllum okkar vinnubrögðum. Við þurfum fyrst að framleiða fjölbreyttari vöru og við þurfum síðan að kynna hana með öflugri kynningarstarfsemi og fylgjast vel með vöruþróun á hinum ýmsu mörkuðum í heiminum. Við þurfum hóp sérfræðinga, jafnöfluga í útflutningsstarfsemi þeim sem nú starfa í innflutningsstarfsemi. — Getum við ekkert lært af Dönum í umbúðatækni? Við eigum hóp af góðum listamönnum, við eigum prýðilega hæfar auglýsingastofur. Af hverju ekki að nýta þetta fólk í þágu útflutnings og gjaldeyrisöflunar? Það er ekki nóg að auglýsa innanlands vátryggingar og kaffisölu.

Boðorð dagsins er: Meiri kraft í útflutninginn, meiri kraft í sölutækni á íslenskum afurðum, kynna sér betur vöruþróun í hinum fjölmörgu ónýttu og vannýttu markaðslöndum, meiri matargerðarlist í íslenskan sjávarútveg og svo mætti lengi telja.

Ég sagði í upphafi að ég teldi að hægt væri að auka verðmæti íslensks sjávarafla um ⅓ á fimm árum. Ég er sannfærður um að þetta er vel framkvæmanlegt og þótt hærra væri stefnt. Í dag flýr fólk úr íslenskum sjávarútvegi. Hvert stefnir sú þjóð þar sem fólkið flýr grunnframleiðsluna vegna lélegra launa eða óvissrar atvinnu?

Að lokum vil ég undirstrika þann boðskap sem hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur boðað manna mest hér á landi og á þakklæti og virðingu skilið fyrir, en það er fiskirækt, sér í lagi laxarækt. Að mati Eyjólfs og annarra kunnugra getum við á fimm árum ræktað af laxi ýmist með hafbeit eða eldi, um 25 þúsund tonn. Það mundi gefa í gjaldeyri 7 milljarða á ári. Við höfum óvenjulega hagstæða aðstöðu umfram flestar aðrar þjóðir: ómengað vatn og sjó, heitt vatn og möguleika á innlendri ódýrri fóðuröflun, loðnu, loðnumjöli og alls konar fiskimjöli, rækjuskel o. fl. Heita vatnið eykur vaxtarhraðann.

Ég flyt ekki lengra mál um laxarækt. Það hefur einn brautryðjandi okkar á þessu sviði, Eyjólfur Konráð Jónsson, gert bæði hér á Alþingi og í fjölmiðlum og sýnt það í verki í laxaræktunarstöðvum, sem hann er þátttakandi í, hvers við erum megnungir. En með þessum tillögum, 5.5 milljarða í aukningu á verðmæti sjávarafla á næstu fimm árum, 7 milljarða eingöngu á laxarækt — það er fleiri fiskirækt til — eru komnar þarna hátt í 13 milljarða gjaldeyristekjur á ári. Erum við í svo miklum vandræðum að við sjáum ekki hvaða möguleikum við stöndum frammi fyrir? Við höfum gleymt hvar við búum. Þetta er síður en svo sagt til þess að gera lítið úr öðrum atvinnugreinum eða draga úr gildi þeirra.

Herra forseti. Ég skal ekkert um það segja hvaða afgreiðslu þessi stutta þáltill. mín fær hér á Alþingi. Kannske verður henni vísað frá, kannske svæfð í nefnd, kannske samþykkt og látin rykfalla í stjórnarráðinu. En hver sem afdrif hennar verða, þá brennur á þessu þjóðfélagi hvort það ætlar að nýta þá möguleika sem fullvinnsla sjávarafurða býður og það verður ekki svæft.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vildi fara nokkrum orðum um þá þáltill. sem hér er til umr. á þskj. 429, um fullvinnslu sjávarafla. Að mínu mati er hér um að ræða eitt athyglisverðasta þingmálið sem fram hefur komið á þessu þingi og hér hefur verið flutt stórfróðleg og að mörgu leyti mjög merkileg framsöguræða af hálfu flm. Guðmundar J. Guðmundssonar um þetta mál. Flest af því sem hann sagði voru orð í tíma töluð. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, sem fiskifræðingar hafa svo þráfaldlega bent okkur á á liðnum misserum og árum, að sjávaraflinn er takmarkaður og ekki horfur á að hann verði aukinn í bili. Þess vegna er það vitanlega meginmálið að gera meiri verðmæti úr þessum takmarkaða sjávarafla en við gerum í dag.

Flm. benti á að ugglaust mætti á fimm ára tímabili auka verðmæti sjávaraflans um þriðjung. Það er ávallt erfitt að spá um þróun mála í framtíðinni en ég hygg að hér hafi hann ekki gerst um of bjartsýnn. Þetta þýðir, miðað við aflaverðmæti í dag, um 5 milljarða kr. verðmætaaukningu sem mundi renna til starfsfólks í sjávarútvegi, til eigenda framleiðslutækjanna, til þjóðarbúsins alls. Jafnvel þó að hér væri aðeins um 10% verðmætaaukningu að ræða þá er það 1.5 milljarður og sjá allir hver búbót sú er þó ekki sé um hærri upphæð að ræða.

Þegar menn velta þessum málum fyrir sér þá er eðlilegt að staðnæmst sé við þær aðgerðir og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í fiskvinnslu og fiskiðnaði nágrannaþjóðanna. Oft áður hefur verið minnst á markaðsöflun og markaðssetningu grásleppuhrogna í mynd miklum mun dýrari kavíars, bæði í glösum og túpum, svo aðeins eitt dæmi sé tekið. Fjölmörg önnur dæmi hafa hér verið tíunduð í dag sem ég er ekki að rekja hér sérstaklega.

Það er alveg ljóst að við Íslendingar erum langt á eftir nágrannaþjóðunum, fiskveiðiþjóðum Evrópu, í þessum efnum. Við erum enn að vissu leyti á nýlendustiginu að því er varðar fullvinnslu sjávarafurða. Við erum hin dæmigerða hráefnisöflunarþjóð sem enn hefur ekki nema að tiltölulega takmörkuðu leyti, þó að miklar framfarir hafi að vísu orðið á síðustu árum, farið út á þá braut að fullvinna, auka verðmæti þessara hráefna í þeim mikla mæli sem það er unnt að gera. Það liggur hins vegar í augum uppi þegar við tölum um aukinn hagvöxt, þegar við tölum um erfiðleika í sjávarútvegi, þegar við tölum um rýrnandi þjóðartekjur, svo sem á síðustu þremur árum, að hér er einmitt að finna lykilinn að breyttu ástandi í þessum efnum, hagsæld sem unnt er að ná fram ef rétt er að málum staðið. Þess vegna er vissulega ástæða til að gefa þessu máli aukinn gaum innan þings og utan, beina athyglinni í mjög vaxandi mæli að því hvernig unnt er að ná þar fram verðmætaaukningu og verðmætasköpun sem í sumum greinum sjávarútvegs og iðnaðar getur verið margföld miðað við það sem er í dag.

Við heyrðum nýlega getið um það í sjónvarpsfréttum að tilraunavinnsla væri hafin á Hellissandi á því sem á erlendu máli er nefnt Surimi. Við höfðum einnig í þessum sama fréttamiðli séð nokkrum mánuðum fyrr verksmiðju sem er risin í Færeyjum í samvinnu við japanska aðila til framleiðslu á þessari afurð. Hér er um það að ræða að úr þeim fiskitegundum sem verðminnstar eru, eins og ufsi, kolmunni og spærlingur, er unnin afurð, þ. e. fiskmarningur, fiskfars, fiskþykkni eða hvað sem menn vilja kalla það, sem síðan eru búnar til úr eftirlíkingar af mjög verðmiklum fiskafurðum eins og humar og rækju. Geysilega stór markaður hefur á síðustu árum skapast fyrir Surimi í Bandaríkjunum. Grunnhráefnið er að mestu leyti flutt inn frá Japan og síðan er það fullunnið í Bandaríkjunum. Hér er um verulega verðmætaaukningu á mjög ódýrum fiskitegundum og að vissu leyti vannýttum að ræða. Það var tímabær framsýni hjá framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum að hefja könnun á því hvort Íslendingar, íslenskur fiskiðnaður ætti hér ekki mikla framtíðarmöguleika. Hér er eitt dæmi um afurð sem eykur mjög verðmæti þeirra fiskitegunda sem verðminnstar hafa verið og er fyllilega ástæða til að gefa gaum. Er ánægjulegt að tilraunastarfsemi er u. þ. b. að hefjast í þessu efni. Slík vinnsla er einnig í bígerð í Sandgerði.

Hv. frsm., 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson, nefndi hér fjölmörg dæmi máli sínu til stuðnings, dæmi um það hve nágrannaþjóðirnar hafa aukið verðmæti fiskafla verulega þar sem við stöndum enn ef svo mætti segja á frumstigi. Mig langar til að bæta örfáum dæmum við um möguleika á mjög mikilli verðmætaaukningu íslensks sjávarafla.

Upplýsingar um þetta komu m. a. fram á ráðstefnu Rannsóknaráðs ríkisins sem haldin var hér í desember s. l. í erindi sem þar var flutt af Steinari Berg Björnssyni forstjóra Lýsis hf. Hann tók m. a. dæmi af íslenska þorskalýsinu. Þorskalýsisframleiðslan árið 1983 var 2853 tonn. Ef lýsið er selt óhreinsað er verðmætið í

Bandaríkjadollurum 1 millj. 711 þús. Ef lýsið hins vegar er selt sem svokallað EPA DHA þykkni og 20% af magninu nýtist við þá vinnsluaðferð er verðmætið 9 millj. 129 þús. dollarar. Hér er um fimmföldun að ræða.

Ef við lítum á verðmæti óunnins lýsis í dag þá er tonnið af lýsi selt úr landi fyrir 600 dollara fob. Ef við flytjum út lýsi fullunnið í tunnum þá eykst verðmætið í 1028 dollara tonnið. Ef þetta sama lýsi fullunnið er sett á flöskur í neytendaumbúðir svonefndar, sem þekktar eru hér úr matvöruverslunum og lyfjabúðum, hefur verðmæti þessa tonns vaxið úr 600 dollurum, sem var grunntalan, í 3450 dollara. Ef þetta sama lýsi er síðan sett í perlur, lýsisperlur svonefndar, er verðmæti þess sama tonns komið í 18 820 dollara. Ef lýsinu er síðan umbreytt í hið síðasta stig, sem að vísu er enn í tilraunavinnslu, hið svokallaða EPA fitusýruþykkni, þá er verðmæti þessa eina tonns 160 þús. dollarar. Þessar tölur tala sínu eigin máli. Ég þarf ekki að leggja sérstaklega út af þeim.

Annað dæmi er fiskimjölið. Fiskimjöl er til margra hluta nytsamlegt og skal ég ekki tíunda alla notkun þess. M. a. er unnt að framleiða úr því vítamíntöflur fyrir gæludýr og önnur slík dýr, en sem kunnugt er er mikill markaður fyrir slíkt fóður erlendis. Raunar mun það einnig vera hérlendis þar sem inn mun vera flutt árlega á fjórða hundrað tonna af slíkum mat. En ef við lítum á fiskimjölið í þessu sambandi þá eru framleiddar úr því í Bandaríkjunum vítamíntöflur. Ef við tökum dæmi um 160 tonn af fiskimjöli, sem er dæmigerð framleiðsla einnar verksmiðju þar í landi, þá er verðmæti þessara 160 tonna af venjulegu fiskimjöli 67 200 dollarar. Ef búið er að fitudraga fiskimjölið, sem er nú ekki miklum vandkvæðum bundið, þá eykst verðmætið upp í 352 þús. dollara. Framleiðslukostnaður á vítamíntöflunum úr þessu fitudregna fiskimjöli er rúmlega 700 þús. dollarar. Samtals er þetta rúmlega 1 millj. dollara sem þarna er um að ræða í kostnaði en söluverðmæti þessa fiskimjöls, þessara 160 tonna, í Bandaríkjunum er 10 millj. dollara.

Ef við lítum á þetta sama dæmi þá er lestin af fiskimjöli seld í dag á 420 dollara. Verðmætaaukningin við að fitudraga þetta fiskimjöl er slík að þetta sama tonn er selt á 2200 dollara. Miðað við vítamíntöflur, sem mikill markaður er fyrir vestra, leggur tonnið sig þar á 62 500 dollara. Ég nefni aðeins þessi tvö dæmi en þau eru ýmis fleiri, m. a. nýting á beinhákarlslifur og ýmis fleiri dæmi mætti hér nefna. Ég vildi bæta þessum dæmum við þann langa lista sem frsm. fór hér með og benti réttilega á að með slíkum aðgerðum má margfalda verðmæti ýmissa, ekki allra, íslenskra sjávarafurða sem nú eru seldar nánast á hráefnisstigi eins og grásleppuhrognin.

En vitanlega þarf hér framtak til og það sem þarf fyrst og fremst til að byggja upp iðnað til verðmætasköpunar úr sjávaraflanum er fjármagn til slíkrar starfsemi. En ekki aðeins það heldur einnig til rannsókna. Það var réttilega á það bent að við erum nánast lægstir allra Evrópuríkja hvað varðar framlag okkar til rannsókna, ekki aðeins í fiskiðnaði heldur á öðrum sviðum, þó að úr verði bætt á þessu þingi þegar 50 millj. kr. verður varið úr væntanlegum þróunarsjóði. En það er ekki síður markaðsleitin sem hér er mikilvæg. Þar stöndum við enn langt að baki nágrannaþjóðum okkar.

Þetta er tvímælalaust ein langáhrifamesta leiðin til þess að efla íslenskt atvinnulíf í framtíðinni, auka gjaldeyristekjur og bæta afkomu allra þeirra sem við þennan mikilvæga atvinnuveg starfa og raunar þjóðarbúsins í heild, jafnframt því sem viðskiptahallanum margnefnda yrði þá eytt. Hér höfum við tækifærin, við höfum hráefnið, hver íslenskur sjómaður dregur eins og alkunna er margfalt aflamagn á land miðað við sjómenn annarra þjóða, jafnvel fjórfalt á borð við Norðmenn sem þó munu koma okkur næstir. En hér skortir einfaldlega það á, sem þessi þáltill. fjallar um, að margfalda verðmæti þeirra tonna sem á land koma.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þá þáltill. sem hér er til umr. og þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir mjög góða ræðu er hann flutti hér áðan. Ég ætla ekki að flytja hér neinn boðskap um þá möguleika, þar er ég einfaldlega sammála ræðumanni, en vil vekja athygli á því að boðskapurinn er algjörlega öfugur við það sem allir fjölmiðlar þjóðarinnar hafa látið dynja á landslýð nú um alllangt skeið. Þar hefur sí og æ verið talað um offjárfestingu í sjávarútvegi, of stóran skipastól. Samt er það svo að því eins náum við þeim afla á land sem um er að ræða. En við nýtum ekki nema brot af þeim verðmætum sem þar eru til umfjöllunar. Á Íslandsmiðum tíðkaðist það einu sinni, til þess að koma sem mestu magni af karfa fyrir í skipunum, að hann var höggvinn í sundur og stórum hluta fleygt. Þetta finnst okkur skoplegt í dag, ekki satt? En við erum enn að framkvæma sömu vinnubrögðin.

Það sem ég ætlaði að vekja athygli á er grein sem birtist í Morgunblaðinu 26. febr. Með leyfi forseta vil ég fá að vitna í greinina. Fyrirsögnin hljóðar svo: „Hið opinbera og bankarnir hafa aukið mannafla sinn yfir 200%. 34.4% samdráttur á mannafla í landbúnaði á sama tíma.“ Það hefur einnig orðið samdráttur í fiskveiðum. Það hefur einnig orðið samdráttur í fiskiðnaði í prósentum á þessu tímabili. Þetta tímabil nær frá 1963 til 1983. Í fiskiðnaði hefur fækkað úr 9.9% í 9%. Í fiskveiðum hefur fækkað úr 6.6 í 5%. Bankarnir hafa verið að auka í prósentum sinn mannafla um 217.9% og opinber stjórnsýsla um 232.2%. Það vantar ekki að við höfum fengið okkur atvinnuveg og starfsmöguleika fyrir þá ásku sem við höfum verið að ala upp. Við höfum búið henni á þessum stöðum það miklu betri kjör að menn streyma frá hinum dreifðu byggðum þar sem frumframleiðslan hefur að stórum hluta farið fram. Og við erum farnir að hegða okkur eins og Aþenubúar til forna. Þeir fluttu inn þræla. Svíar flytja líka inn erlenda þjóðstofna til að vinna viss verk. Við flytjum inn menn í stórum stíl til að láta þá vinna í fiski.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort engar tækniframfarir hafi orðið t. d. í bankakerfinu á öllum þessum tíma. Það er nú öðru nær, það er búið að fjölga þar tækjum ekki svo lítið. En við byggjum myndarlega á því sviði og það er lengi hægt að koma fyrir stólum og fleiri mönnum.

Raunverulega skerast hér tvær stefnur. Sú fjölmiðlastefna, sem hefur fengið að ráða, að það sé ekkert vit í því að halda áfram að fjárfesta í sjávarútvegi, vegna þess að það hefur verið tískufyrirbrigði hjá fjölmiðlum allt frá því að ég man eftir mér að menn hafa talað um tonnafjölda, hver væri aflakóngurinn, ekki hver kom með mest verðmæti að landi. Öll umræðan virðist grundvölluð á þessu.

Ég hygg að það sé erfitt að snúa þessu tafli við. En ég er sammála flm. að hagvöxturinn í landinu fer eftir því hvort það verður gert eða ekki. En þá verður líka að nást sá friður í þessu landi að illindi út af því hvort það sé byggðastefna eða ekki byggðastefna, að tryggja það að þeir sem vinna við sjávarútveg vítt og breitt um landið hafi þá starfsaðstöðu og þau laun sem þarf til að sætta fólkið við það vinnuframlag sem það er að leggja til þjóðarbúsins. En því miður hefur reyndin orðið sú að við höfum ekki reynt að leysa þetta á þennan veg. Við höfum reynt að velja þann kostinn að flytja inn erlent vinnuafl. Hver og einn sem ekki skynjar samhengið á milli þess og þeirrar sögulegu staðreyndar þegar Aþenubúar fóru að flytja inn þræla til að vinna ákveðin störf, hann skynjar ekki þá þróun sem á sér stað. Það var nefnilega ekki langt tímabil sem menn gátu leikið sér í Aþenu og haldið þjóðfélaginu eðlilega gangandi eftir að þeir töldu sig of fína til að vinna þau störf sem skiptu máli fyrir borgina. Og það er hætt við því að það geti farið eins fyrir okkur Íslendingum ef niðurstaðan verður sú að við höldum áfram að láta fjölmiðlaheiminn ráða ferðinni með þá kenningu að það sé offjárfesting í sjávarútvegi, launum illa þá sem vinna þessi störf og leysum málið með því að flytja bara inn erlent vinnuafl. Þá gæti farið svo að það hefði örlagaríkari afleiðingar fyrir efnahag og sjálfstæði þessa lands en margan grunar.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það er ástæða til að þakka Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir að hafa flutt hér inn á hv. Alþingi till. um fullvinnslu og betri nýtingu sjávarafla. Hann hélt hér áðan það skilmerkilega ræðu um þann vettvang að þar verður varla miklu bætt við. Ég vil taka undir flest af því sem hann sagði þar og benti á. En hinu er ekki að leyna að mikið af því sem þar var sagt verður vitaskuld draumsýn ef umræðan í þjóðfélaginu gengur út á það að þeirri fjárfestingarstefnu verði haldið fram sem hefur verið haldið fram á undanförnum árum. Ef það þykir sjálfsagt að fiskiskipaflotinn haldi áfram að eldast eins og gerst hefur á undanförnum árum, það hefur verið bann í gildi við því að byggja megi nýtt fiskiskip, ef fiskiskipaflotinn á að vera eins og nú er, 20, 30 ára meginhluti bátaflotans, þá eru ekki miklar líkur fyrir því að við finnum fyrir framþróunarmöguleikum á öðrum sviðum sjávarútvegs. Það þarf að eiga sér stað allsherjar breyting á skoðunum manna gagnvart þessum frumatvinnuvegi okkar og þá er ég ekki í neinum vafa um það að við getum fylgt því eftir sem Guðmundur nefndi hér áðan, að hægt væri að auka gjaldeyristekjur okkar á næstu fimm árum af þessum afla um þriðjung.

Það mætti svo sem aðeins undirstrika það, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson nefndi hér áðan, hver þróunin hefur orðið í atvinnutækifærum hér á landi á síðustu tuttugu árum. Svo sem upplýst er í Morgunblaðinu hefur mannaflaaukning í bönkum og opinberri þjónustu verið um 230% á sama tíma og mannaflaaukning í fiskvinnslu og sjávarútvegi stendur næstum í stað ef frá er talin hlutfallsaukning vegna fólksfjölgunar í landinu.

Ef við gerum okkur grein fyrir því að þessi hópur, sjávarútvegshópurinn, skilar enn í dag raunverulega sömu verðmætum að landi, hann stendur undir þessu sama þjóðarbúi áfram á nákvæmlega sama máta og hann gerði fyrir 20 árum, sami fjöldinn heldur uppi þessari 230% aukningu á mannafla til þjónustugreinanna, ef við litum á hlutfallið þarna á milli gerðum við okkur grein fyrir því hvað sjávarútvegshópurinn hefði mátt fá mikla kauphækkun núna þegar fiskveiðiflotinn er bundinn við bryggju vegna verkfalls. Ef það væri í hlutfalli við þá aukningu sem hann stendur undir í dag þá væru það ekki nein 30 eða 35 þús., það væru ábyggilega miklu hærri tölur. Og ég held að það sé gott að þingheimur geri sér ljóst að staðan er einmitt á þennan veg. Núna er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að við verðum að breyta um stefnu bæði gagnvart fiskvinnslufólki og þeim sem eru að byggja upp atvinnufyrirtæki í sjávarútvegi. Það verður að skapa þar ný atvinnutækifæri og það þarf að hækka kaup þess fólks sem vinnur við þetta.

Flm. bendir á í grg. og í ræðu sinni ýmsa möguleika í sambandi við aukningu og nýtingu sjávarafla, niðursuðu, fjölbreytileik í pökkun og ýmsa úrvinnslu. Það eru ótalmargir möguleikar þar og ég mun ekki tíunda það frekar. Við höfum ekki enn þá notfært okkur þá sérstöðu sem við höfum umfram aðra nema að mjög litlu leyti. En sú sérstaða byggist fyrst og fremst á því að við höfum jafnan úrvalshráefni, besta hráefni sjálfsagt sem er á boðstólum hér á norðanverðu Atlantshafi, í framleiðsluna.

Eitt af því sem hv. flm. bendir á í till. er að auknu fjármagni verði beint til þessa verkefnis. Sú hefur verið tilhneigingin í fiskvinnslunni hjá okkur að koma hráefninu sem fyrst gegnum vinnslu og þá oftast í verðminni vöru til útflutnings. Það hefur oft verið furðulegt að horfa á hve mikið af góðum fiski, eins og flm. benti reyndar á, hefur verið hengt upp í skreið þótt verkun á annan máta, t. d. söltun eða frysting, gæfi mun meira fyrir vöruna fullverkaða til útflutnings. Ég tel að hér sé oft um að kenna peningaleysi til framleiðslu þegar um kostnaðarsamari vinnslu hefur verið að ræða. Sama mun eiga sér stað ef farið er út í frekari fullvinnslu.

Ég kom fyrst og fremst hingað upp til að segja frá því að á undanförnum mánuðum, eða undanförnum misserum kannske réttara sagt, hefur fjölbreytni í pakkningum á útfluttum sjávarafurðum aukist mjög. M. a. s. er farið að framleiða í pundspakkninguna sem flm. nefndi hér að væri lítið um á Ameríkumarkaði og ýmsar aðrar pakkningar sem bjóða viðskiptamönnum fjölbreyttari vöru á mörkuðunum. Það mun hafa komið ítrekað fyrir að erfiðlega hafi gengið að fá slíka framþróun viðurkennda hjá lánastofnunum. Framleiðendur hafa því orðið að framleiða slíka vöru án þess að fá tilskilin afurðalán. Ég tel því að einn af aðalorsakavöldum þess að frekari framþróun hefur ekki átt sér stað hér hjá okkur í nýtingu sjávaraflans til nýrra vörutegunda hafi verið það hvað bankakerfið á Íslandi hefur verið stirt. Þegar um nýjungar hefur verið að ræða hefur iðulega þurft að bíða eftir afgreiðslu þeirra mánuðum saman. Ég er einmitt að undirstrika það með því að koma hér upp núna að ég tel það kannske aðalatriðið í till. Guðmundar J. Guðmundssonar að það þarf að veita aukafjármagn til þessarar þróunar. Og ef það verður gert á heilbrigðan og eðlilegan máta um leið og menn leggja fram sín gögn þá hef ég mikla trú á því að um framþróun verði að ræða á þessu sviði.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir hugmyndir hv. þm. Guðmundar J. Guð-

mundssonar og þakka honum fyrir að flytja þetta ágæta mál. Þarna er um að ræða grundvallaratriði fyrir afkomu Íslendinga. Það gegnir því furðu að svo illa skuli búið að því fólki sem að þessum undirstöðuatvinnuvegi vinnur eins og raun ber vitni og komið hefur fram í máli annarra þm. Það er ekki bara um að ræða lág laun heldur líka það óheyrilega vinnuálag sem bónusfyrirkomulagið er og sá skortur á undirbúningsverkmenntun sem menn sætta sig við. Mér hefur í seinni tíð orðið hugsað til þess að það jaðri við fyrirlitningu hvernig búið er að fiskvinnslufólki og ég spyr: Síðan hvenær hefur þjóð haft efni á því að fyrirlíta lífsviðurværi sitt?

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt þunga áherslu á nauðsyn þess að auka verðmæti íslensks sjávarafla með því að láta sér annt um gæði hans og fjölbreytni. Við búum að slíku kostahráefni að við höfum þar úr meiru að spila en flestar aðrar þjóðir. Þær kröfur sem við gerum til lífsins knýja okkur til að láta af því hlutverki sem við höfum hingað til leikið í útflutningsmálum, þ. e. hlutverki nýlenduþjóðarinnar. Við getum ekki lengur staldrað við á veiðimannastiginu eingöngu í sjávarútvegi, við verðum að fara yfir í iðnaðinn í þessum efnum og huga betur að úrvinnslu ef við ætlum okkur að halda áfram að lifa af fiskveiðum. Við verðum að virkja hugvit okkar í ríkara mæli en áður í þann grundvallaratvinnuveg sem sjávarútvegurinn er og við verðum að endurskipuleggja þennan atvinnuveg og fjárfestingar í honum.

Hv. þm. Gunnar G. Schram hefur þegar rakið dæmi úr mjög fróðlegum fyrirlestri, sem við heyrðum bæði og haldinn var nýlega af Steinari Berg Björnssyni á fundi hjá Rannsóknaráði ríkisins, svo að ég ætla ekki að orðlengja frekar um það. En möguleikar okkar eru fjölmargir og lítt kannaðir.

Ég vil lýsa eindregnum stuðningi okkar þm. Kvennalista við þetta ágæta mál og ég vona að því verði veitt verðskulduð athygli og stuðningur jafnt innan þings sem utan.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að koma upp og þakka hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir að opna umr. um stórt mál. Það er ekki svo oft sem við gefum okkur tíma til þess að staldra við, ágætir þm., og fjalla um þessi annars svo mikilvægu mál.

Það er orðið nokkuð liðið á dag og ég skal ekki efna til langra umr. í viðbót við það sem þegar er orðið þó að vissulega væri ástæða til þess. Það vildi svo til að þegar ég kom inn á þing sem varamaður eitt sinn flutti ég till., kannske ekki svo mjög ólíka þessari, um bætta nýtingu í sjávarafla og taldi mig þar geta sýnt fram á hvaða árangri mætti ná með því að auka nýtingu þess sjávarfangs sem á land væri dregið. Sú till. var samþykkt seint og um síðir því að þegar ég var kominn hér inn aftur sem þm. endurflutti ég það mál. Það má sjálfsagt deila um það hvort einhver árangur hefur hlotist af þeirri samþykkt eða ekki, um það skal ég ekki segja. Hins vegar er það staðreynd að tækninni hefur fleygt fram og við höfum vissulega náð lengra á þessari braut en menn töldu sig þá sjá og væri raunhæft að tala um. En ég vil taka það skýrt og rækilega fram að ég er sammála nánast flestu eða öllu sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði.

Þegar ég var að basla með till. mína kom maður úr þessari atvinnugrein, sem hvað mest hafði skrifað og talað um þessi mál, og taldi að hér væri ekki skynsamlega á málum haldið og mikið væri ofsagt í þeim tölum sem ég nefndi um þann árangur sem þar mætti ná. En ég held að ef ég mundi setjast niður með honum í dag og ræddi við hann yrði hann að viðurkenna fyrir mér að sá árangur hefði náðst og raunverulega miklu meira.

Ég vil einnig taka það skýrt fram að ástæða er til þess enn og aftur að brýna mjög fyrir mönnum að bæta meðferð afla, bæði um borð í fiskiskipunum og ekki síður bæta meðferð aflans eftir að á land er komið. Því er ekki að leyna að það urðu viss þáttaskil, a. m. k. í togaraútgerð, þegar kassavæðingin átti sér stað, en ég dreg þó í efa, og ég þarf ekki að draga það í efa, ég tel mig geta fullyrt það, að menn hafi enn komist upp á lag með að nota þessa kassa eins og efni stóðu til. Svo hlálegt er það.

Ég veit ekki hvort mönnum finnst það smámunasemi að vera að nefna slíkt, en eitt atriði sem vegur mjög þungt í þessu er hvernig aflinn berst um borð og hvernig menn fylgja aflanum eftir með því að dagmerkja kassana. Hvernig halda nú menn að þetta sé gert?

Ég þarf ekki að segja frá því, það er svo einfalt mál, að það hefur nánast engu verið varið til að reyna að finna upp hentugt kerfi til að dagmerkja kassana þannig að það sé augljóst mál og þægilegt að fylgja aflanum eftir í gegnum vinnslurás frystihúsanna. Það er nánast tilviljun ein hvort dagmerkingar á fiskikassa sjást eftir að búið er að taka kassann upp úr veiðiskipi.

Hér var rætt áðan, það gerði hv. þm. sem var að tala á undan mér, um aðstöðuna í landi. Ég held að það hafi verið okkur Íslendingum til mikillar vansæmdar um langt skeið hvernig við höfum búið að því fólki sem hefur viljað og vill enn vinna í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Það hefur verið okkur til háborinnar skammar. Það þarf enginn að vera hissa á því þó að þeim fækki sem núna fást til þess að vinna við sjávarútveg miðað við þann aðbúnað sem fólk hefur mátt þola. Sem betur fer, ef við erum sanngjarnir, verðum við þó að viðurkenna að hér hefur orðið veruleg bót á. Samt er eftir að gera átak víða. Og það vil ég að komi hér skýrt fram að ég vil leggja mitt lóð á þá vogarskál sem mætti verða til þess að létta þar undir og bæta úr svo að það fólk fái mannsæmandi vinnuaðstöðu. Það þarf enginn að vera hissa á því þó að sá sem rekur frystihús í dag missi sína bestu starfskrafta miðað við þá vinnuaðstöðu sem þessu fólki er víða boðið upp á.

Við höfum verið að smíða skip og við höfum verið að endurnýja skip. Núna er í tísku að búa til svokallaða verksmiðjutogara úr eldri skipum okkar. Við setjum vélbúnað um borð og vinnum aflann að nokkru leyti um borð. — Það fellur hreint undir þessa till. Guðmundar J. Guðmundssonar. Ég heyrði því miður ekki — ég var truflaður — upphafsorð hans, en ég held að hann hafi þó ekki komið inn á það að fróðlegt væri að láta skoða það og kanna hvort sé mögulegt að 40%, 50% eða 60% af því sem um borð kemur fari í hafið aftur frá þessum nýju skipum. Þetta eru þó nýjustu og af mörgum talin fullkomnustu veiðiskipin okkar í dag.

Þetta er slík villimennska í veiðiskap að við þetta getum við ekki látið sitja lengur ef þetta er rétt. Einfalt mál er að fá úr þessu skorið. Og ég held að það sé líka

ástæða að staldra við vegna þess hver þróunin ætlar að verða. Mér skilst að fjöldi útgerðarmanna sjái þessa leið besta til að bjarga sér úr þeim fjárhagsvanda sem útgerðin er í í dag og ætli að breyta skipum sínum á þennan hátt. Ef við ætlum að fara inn á þá braut að breyta skipunum á þennan hátt er spurning í mínum huga hvort það ætti ekki að vera skilyrði, hreint skilyrði fyrir fyrirgreiðslu vegna slíkra breytinga, að fiskurinn sé fullnýttur um borð og engu sé hent í hafið.

Ég vildi koma því að, þegar við erum að tala um meðferð og nýtingu á sjávarfangi sem úr hafinu er dregið, að við erum á sama tíma að byggja upp aðra atvinnugrein í landinu, eina af þessum nýju búgreinum okkar, sem við tölum um í dag, en það er loðdýraræktin sem er í mínum huga mjög álitlegur atvinnukostur og ég er sannfærður um að hún á eftir að vaxa alveg stórkostlega. Sumar af fóðurstöðvunum sem sjá um fóðuröflun til loðdýrabúa eru í erfiðleikum með hráefni á sama tíma sem við göngum illa um garð í sjávarútvegi.

Ég tek undir það að auðvitað er nauðsynlegt að stórauka fjármagn til að auka og efla fullvinnslu í sjávarútveginum. Ég vil leggja þunga áherslu á að menn átti sig á þeim gífurlegu möguleikum sem við Íslendingar eigum til að efla og nýta meira hefðbundnar atvinnugreinar. Ég held að það sé hollt fyrir menn að reyna að staldra við og átta sig á þeim möguleikum sem þar blasa við ef mönnum er á annað borð gert kleift að framkvæma þá hluti.

Vissulega ber að fagna því sérstaklega að ríkisstj. hefur sett það á oddinn að gera hér myndarlegra átak en nokkru sinni áður hefur verið gert. Þar á ég við m. a. að hún ætlar að veita um 500 millj. kr. til að efla nýgreinar í gegnum þróunarsjóð. Ég held að það sé stærra mál en menn hafa áður látið uppi og er sérstök ástæða til að fagna því alveg sérstaklega.

Úr því að ég er kominn hingað langar mig til að hnykkja á því sem var verið að tala um áðan. Ég held það hafi verið hv. þm. Ólafur Þórðarson sem var að tala um offjárfestinguna í sjávarútveginum. Oft höfum við setið hér og roðnað aðeins í vöngum, framsóknarmenn þegar ákveðnir fulltrúar hafa geyst upp í ræðupúltið og talað um vitlausa fjárfestingu í sjávarútvegi, vitlausa byggðastefnu og allt væri þetta Framsfl. að kenna. Við höfum kannske verið of hógværir til að taka til máls og átt að berja frá okkur í þessum efnum. En ég held að við þolum vel að bíða og það eigi eftir að sannast að hér sé nokkuð mikið sagt og við þurfum ekki að skammast okkar fyrir eitt eða neitt í þessum efnum. Hér hafa fyrst og fremst fjölmiðlamenn riðið húsum og sjálfskipaðir spekingar sem telja sig vita allt um þessa hluti. En skoðum þetta mál nánar og gáum hvar þessi vitleysa er í erlendum skuldum. Er það þá fjárfestingin í íslenskum sjávarútvegi sem er að fara með þessa þjóð? Hlutur sjávarútvegsins er þó ekki nema um 16.2% af erlendum skuldum, en sú atvinnugrein aflar þó til þjóðarbúsins um 70—75% af gjaldeyristekjunum.

Það væri einnig gaman að velta því fyrir sér, það er ekki tími til þess nú en gefst kannske tækifæri til þess síðar, hvar þessi 70—75% af framleiðslunni verða til í landinu. Það minnir líka á allt talið um vitlausa byggðastefnu eða offjárfestingar í sjávarútvegi. Það er nefnilega alveg furðulegt, og kom rækilega fram í ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem ég þakka enn og aftur, og það er verðugt rannsóknarefni hvað það eru undarlega fáir sem geta aflað jafnmikils og raun ber vitni í þjóðarkökuna. Það er líka verðugt umhugsunarefni fyrir okkur hvað þeir fá raunverulega lítið af þessari þjóðarköku sem til hennar hafa svo rækilega aflað.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson hefur flutt hér till. til þál. um fullvinnslu sjávarafla og fylgt henni úr hlaði með mjög ítarlegri ræðu, sem ég þakka fyrir, því að í henni komu fram mjög mikilsverðar og miklar upplýsingar. Ég get raunar tekið undir hvert orð af því sem fram kemur í grg. með till. og þeim orðum sem hann sagði hér og undirstrika mikilvægi þess að reyna að auka sem mest verðmæti okkar sjávarafla, bæði með því að bæta nýtingu þess afla sem á land er dreginn og fullvinna þar sem það á við. Það var einmitt þessi fyrirvari sem ég vildi undirstrika og er kannske ástæða til þess að ég kem hér upp, að ég vil undirstrika þennan fyrirvara „þar sem það á við".

Sannleikurinn er sá að fiskur er ekki alltaf hráefni í iðnaði, eins og mér heyrist allt of margir tala um sem almenna staðreynd og nota niðrandi orð eins og veiðimannastig og veiðimannaþjóðfélag í því sambandi. Ég held að það sé alveg ljóst, ef við lítum á okkar fiskmarkaði, þá er sennilega sá fiskur sem gefur hvað hæst verð í dag, það er ferskur fiskur, sem fluttur er inn beint inn á neytendamarkaði.

Ég átti þess kost á s. l. ári að fara í nokkrar stuttar ferðir til Bandaríkjanna. Ég hef verið að reyna að huga að fiskmarkaði og fiskneyslu þar í landi og mér sýnist að fiskneysla sé að aukast mjög mikið í Bandaríkjunum, m. a. vegna áróðurs frá læknum og öðrum heilbrigðisstéttum, áróðurs þess efnis að hvetja fólk til þess að borða hollari fæðu. Og fiskur er þar mjög ofarlega á blaði þegar verið er að hvetja menn til hollara mataræðis. En þessi aukna fiskneysla í Bandaríkjunum virðist fyrst og fremst vera í ferskum fiski og veitingahús í Bandaríkjunum gera sér nú greinilega mjög mikið far um það að hafa aukinn og fjölbreyttari fisk á boðstólum og er þá alltaf auglýstur sem ferskur fiskur. Nú skal ég að vísu ekki um það fullyrða hvort auglýsingatæknin sé þannig þar í landi að þeir kalli ferskan fisk eða noti sama orðið í sömu merkingu og við, að ferskur fiskur gæti ekki hafa komið við einhvers staðar í frystihúsi, en allavega eru áróður um og auglýsingar veitingahúsa á ferskum fiski orðnar mjög áberandi. Og það er ljóst að þar er um verðmætari og verðmeiri vöru að ræða.

Frosinn fiskur virðist fyrst og fremst nú vera seldur til stofnana, til mötuneyta, sjúkrahúsa, fangelsa, stórra veitingahúsakeðja, sem selja fyrst og fremst það sem Bandaríkjamenn kalla „fast food" eða hraðtilbúinn mat, sem er búinn til snögglega og neytt á staðnum, en hinn almenni neytendamarkaður fyrir frosinn fisk virðist vera á undanhaldi.

Ég gerði mér far um það ekki alls fyrir löngu að koma við í einu af þeim veitingahúsum, sem eru hvað mikilvægastir viðskiptamenn Íslendinga í fiski, þ. e. Long John Silver. Þessi veitingahúsakeðja telur um 1400 veitingastaði, sem dreifast um öll Bandaríkin, og selur fyrst og fremst fisk og hefur keypt mikið af frosnum fiski af okkur Íslendingum. Ég borðaði þarna til þess að sjá hvernig þeir matreiddu þennan fisk. Þetta er „standard"-fæða. Hann er vafinn inn í ákveðið deig,

sem þeir virðast hafa einkarétt á, og sannast sagna fannst mér að gæði fisksins skiptu ekki verulegu máli í þeirri matreiðsluaðferð, sem þarna fór fram, því að *bragðefni og það deig, sem utan um fiskinn var sett*, virtist vera fullt eins mikilvægt og fiskurinn sjálfur. Í þessu tilviki var um kanadískan fisk að ræða. Kanadamenn eru að komast inn á þennan markað í mjög stórum stíl og ég verð að viðurkenna að fiskurinn var ágætur og ekkert upp á hann að klaga. En einhvern veginn fannst mér að ef þetta væri sá markaður, sem við Íslendingar legðum mesta áherslu á í okkar fisksölu í Bandaríkjunum, þ. e. veitingahús af þessu tagi, þá værum við ekki að bjóða 1. flokks vöru, ég vil ekki segja 1. flokks vöru fyrir þær kröfur sem þarna eru gerðar, en mér fannst kröfurnar sem gerðar eru um gæðin ekki það miklar að við ættum ekki að geta gert betur.

Sama þróun held ég að sé í Evrópu. Frakkar t. d. eru mikil fiskneysluþjóð en Frakkar borða helst ekki frosinn fisk. Þeir leggja höfuðáherslu á að fá ferskan fisk og París er einn stærsti ferskfiskmarkaður Evrópu. Þangað er fiskur fluttur frá höfnunum við Atlantshafið og þaðan er honum dreift um allt Frakkland og reyndar víðar inn í Mið-Evrópu, ferskur fiskur sem kemur daglega inn á markaðinn þar. Allt þetta hefur orðið til þess að ég hef verið að velta því fyrir mér: Getur verið, og ég set mikið spurningarmerki við þetta, ég tek það fram, en mér þótti rétt að varpa þessu hér inn í þessa umr., getur verið að ný bylting sé í aðsigi varðandi fisksölu og meðferð á fiski? Getur verið að sú bylting, sem gerð var fyrir nokkrum áratugum og við Íslendingar tókum mjög sterklega þátt í varðandi frystingu fisks, getur verið að sú bylting sé að renna sitt skeið á enda og ný bylting sé í aðsigi, bylting sem eigi rætur að rekja til breyttra neysluhátta og nýrrar samgöngutækni, þ. e. að fólk vilji fyrst og fremst ferskan fisk og það sé ferski fiskurinn sem gefi betra og meira verð en sá frysti? Um þetta skal ég þó ekki fullyrða.

Það væri auðvitað gífurlega alvarlegt áfall fyrir okkur Íslendinga ef þessi þróun yrði, því að við höfum byggt okkar net frystihúsa út um allt land og notað til þess gífurlega mikið fjármagn og hundruð eða þúsundir manna eiga atvinnu sína undir þessu. En ég tel að hér sé um að ræða atriði sem við þurfum að fylgjast mjög rækilega með og leggja okkur mjög fram um að skynja þennan markað, fá tilfinningu fyrir honum, þannig að við getum verið við því búin í tíma að bregðast við ef svo færi sem ég hef hér tæpt á. Ég ítreka það að ég set mikið spurningarmerki við þetta, en tel engu að síður rétt að við Íslendingar höfum þetta sterklega í huga svo að við missum ekki af strætisvagninum í þessum efnum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég bið menn um að líta ekki á þau sem nein andmæli við þessari till., ég tek undir hana. Mér þótti hins vegar rétt að líta á málið frá svolítið öðru sjónarhorni heldur en till. gerir ráð fyrir.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég er nú ekki kominn hér til þess að keppa í orðum við þá fróðu menn um sjávarútveg og fiskvinnslu sem hér hafa talað og kannske eiga eftir að tala. En ég get ekki látið hjá líða að lýsa stuðningi við þessa till. hv. 7. þm. Reykv. og tel að í ræðu hans hafi komið fram fjölmörg atriði sem eru þess eðlis að allir Íslendingar, sem láta sig framleiðslu þjóðarinnar og hag hennar nokkru skipta, verði að velta fyrir sér. Það er enginn vafi á því að þetta eru mál sem hljóta að teljast með hinum stærri málum á þessu þingi og reyndar eiginlega hvenær sem væri þegar rætt er um efnahags- og atvinnulíf á Íslandi.

Það var skemmtilegt hvernig hv. 7. þm. Reykv. tengdi þetta mál atburðum fyrir um það bil hálfri öld þegar upp hófst mikil atvinnubylting í landinu. Kannske erum við núna að renna inn í nýtt Rauðkutímabil þar sem tekið er á málunum á ferskan hátt og mikil uppbygging er fram undan. Eins og bent hefur verið á í þessum umr. hefur ríkisstj. ákveðið að verja allmiklu fé til þróunar atvinnulífs. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að verulegur hluti þess hlýtur að renna til sjávarútvegs eða greina sem tengdar eru sjávarútvegi og þá gefst tækifæri til þess að fjalla rækilega um ýmsa kosti sem tæpt er á bæði í grg. með till. og eins í hinni ágætu framsöguræðu.

En það eru tvö atriði sem ég vildi einkum og sér í lagi undirstrika, þar sem ekki ríður minna á að vel verði unnið. Það eru markaðsmálin. Þau hljóta að fara saman við allar nýjungar í þessum efnum, og tengd því eru útflutningsmálin. Ég held að það hljóti að líða að því að taka verði útflutningsmál okkar Íslendinga til rækilegrar athugunar og þá með það fyrir augum að veita þar meira frelsi, meira svigrúm en nú er. Það gefur auga leið að þurfi að sveigja framleiðsluna að nýjum markaði, eins og hv. 4. þm. Reykv. benti á að hugsanlegt væri, þá er mikilvægt að útflytjendur hafi möguleika á því að hreyfa sig, ef svo mætti að orði kveða, án þess að vera of njörvaðir af reglugerðum og lagaákvæðum. En ég ætla ekki að lengja þessa umr. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni með þær umræður sem þessi till. hefur vakið. Það eru umræður sem reyndar aldrei lýkur hér á landi en ég get með sanni sagt að a. m. k. ég er nokkru fróðari um ýmsa þætti íslensks atvinnulífs eftir að hafa hlýtt á ræður hv. þingmanna um þetta mál.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það er orðið langt liðið á dag og ég skal hafa mál mitt mjög stutt. Ég vil eins og aðrir þakka hv. 7. þm. Reykv. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir að hreyfa þessu máli hér í þingsölum. Allir sem hér hafa komið upp hafa fært honum þakkir og ég veit að hann fer svolítið hjá sér við það, en hann á þær skilið fyrir að hreyfa þessu máli á þessum virðulega stað.

Ég fagna þessari umr. vegna þess að það hefur verið of lengi of neikvæð umræða um íslenskan sjávarútveg á meðal okkar Íslendinga. Þar kenni ég engum sérstökum um. Þetta hefur verið tíska í þjóðfélaginu um of langan tíma. Það er kominn tími til þess að við snúum af þeirri braut og förum að átta okkur á því á hverju við lifum. Það hefur viljað gleymast of oft í umr. að undanförnu.

Hér hafa verið fluttar margar og merkilegar ræður um það hvernig hægt sé að bera sig að við fullvinnslu á því verðmæta hráefni sem úr sjónum kemur og þar er margt mjög athyglisvert og þarf að gefa góðan gaum. En allt kostar þetta tíma. Við eigum þarna miklu meiri möguleika en hafa verið hafðir í hámæli. Það eru alltaf að skapast nýir og nýir möguleikar í þessum efnum. Við eigum það besta gæðahráefni á matvælasviðinu sem fyrirfinnst, vil ég fullyrða, og það eigum við að nýta okkur. Hér hefur verið rætt um veiðimannaþjóðfélag. Ég tek undir það að við höfum of lengi hugsað eingöngu

um þann tonnafjölda sem úr sjónum er dreginn, en ekki lagt nógu ríka áherslu á hvaða verð við gætum fengið fyrir aflann ef við stæðum rétt að vinnslu.

Ég vil einnig taka það fram að ég hef orðið var við að sá misskilningur er uppi að t. d. í frystiiðnaðinum, sem er enn þá mikilvirkastur í okkar framleiðslu, sé alltaf hægt að auka nýtingu. Ég held að með meiri vélakosti og öðru, sem nú er komið í flestöll frystihús landsins, göngum við ekki öllu nær því að naga af beininu en við gerum í dag. Þar er ekki mikils að vænta í viðbót frá því sem nú er. Þetta hefur breyst mjög til batnaðar á síðari árum vegna öflugs áróðurs í þessum efnum.

En hvernig getum við gert hráefnið að enn þá verðmætari vöru en það er í dag? Þar er við mikla erfiðleika að etja. T. d. ræddi flm. um verulega erfiðleika í ýmsum þáttum niðursuðuiðnaðar. Það er búið að reyna verulega á þetta. Valdið hefur miklum vonbrigðum að ekki skuli vera hægt að ná þar lengra. Auðvitað er það hægt með markvissri þróun í þessum efnum. En það eru þessi gömlu og grónu fyrirtæki og grónu lönd á niðursuðumarkaði sem ríkja þar algerlega. Þar má nefna Danmörku mjög framarlega í flota sem tekur stóran hluta af grásleppuhrognum okkar t.d. og sýður þau niður undir sínum vörumerkjum.

Ég er ekki að útiloka þann möguleika, meðan við erum að koma okkur af stað, að við séum í samvinnu við sterk fyrirtæki sem eru í slíkri framleiðslu og pakka hér, hvort það eru niðursuðudósir eða annað, og komum vörunni þannig inn á markaðinn. Þetta hefur verið gert að vissu leyti af Norðurstjörnunni í Hafnarfirði. King Oskars-merkið gekk allvel. Ég held að svo sé jafnvel enn þá. Við megum því ekki vera of lokuð fyrir svona löguðu meðan við vinnum okkur markaði.

Ég lofaði að vera stuttorður og ég ætla að standa við það og þarf litlu við að bæta, en aðeins þessu: Ég legg áherslu á það með flm., þar komst hann vel að orði, að við þurfum að komast sem næst diski neytandans. Þá er varan verðmest. Við þurfum að leita uppi allar leiðir til þess. Við þurfum að skapa meira frelsi í okkar markaðsmálum og virkja fleiri til þess að flytja vörur úr landi. Hér flytja nógu margir inn. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól. En við þurfum að virkja þá betur sem vilja koma vörum okkar á markaði erlendis. Það er þungamiðjan í þessu máli. Ég er ekki með þessum orðum að leggja til að lögð séu niður hin stærri sölusamtök, en þau þurfa sterkt aðhald. Það þarf að fylgjast með þeim líka. En þau þurfa að starfa. Við eigum þó að virkja einstaklingana og aðra aðila til að afla nýrra markaða fyrir þessar vörur okkar sem við eigum hráefnið í en höfum ekki komið á markað.

Ég ætla ekki að fara að ræða við hv. 4. þm. Reykv. um ferskan fisk. Það yrði langt mál. Ég ætla að sleppa því núna vegna þess að það er svo áliðið. En ég ítreka þakklæti mitt til 7. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli hér og vona að af því hljótist verulegur árangur.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tek undir þakkir til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar fyrir hans ágæta framsöguerindi. Þar fólst mikill fróðleikur sem á erindi inn í sali Alþingis. Ég er einmitt mjög ánægður með að þessi umr. skuli vera færð hingað inn í Alþingi — umr. sem á sér stað víðs vegar um landið og þá einkum í sjávarplássunum hjá sjávarútvegsfólki sem ekki skilur að landinu okkar er þannig stjórnað að m. a. s. þegar allra mest fiskast, þegar allra mestur afli berst á land, þá er tap á sjávarútvegi. Þetta eru skringilegheit sem venjulegt fólk skilur ekki í.

Það vandamál, sem hér er tekið fyrir og varðar fullvinnslu afla, er umræðu vert. Sannleikurinn er sá að okkur Íslendingum hefur ekki tekist sem skyldi að ráða við þessa fullvinnslu. Því hefur verið borið við að ekki borgaði sig að standa í því. Tökum t. d. niðursuðu. Niðursuða hefur orðið fyrir miklum áföllum. Við höfum ekki náð okkur á strik í þeim efnum. Það mætti taka marga aðra þætti fyrir þar sem það er sýnt að fullvinnsla borgar sig ekki skv. því vinnulagi sem við höfum hér á landi.

Ég tel að það sem skipti sköpum í þessum efnum sé markaðsleit, markaðurinn og sölumennska sem því fylgir. Það hefur verið svo hér á landi til langs tíma að orðið „sölumaður" hefur verið nokkurs konar skammaryrði í hugum Íslendinga. Við höfum lagt afar lítið upp úr markaðsleit, upp úr markaðinum. Förum við í þeim efnum alveg öfugt að við Japani sem byrja á því að huga að markaðnum áður en þeir fara að framleiða. Við byrjum að framleiða og hugsum síðan um markaðinn.

Það er líka ástæða til að ætla að ýmis tilbreyting í sambandi við útflutning eigi erfitt uppdráttar vegna þess að bankakerfið er erfitt í taumi. Nokkrir ræðumenn hafa bent á það og ég er sannfærður að það á sinn þátt í því hversu illa gengur að fara nýjar leiðir. Mér er kunnugt um að aðilar hér á landi vilja gjarnan fara út í að pakka rækju á neytendamarkað. Rækja er seld héðan í stórum umbúðum til heildsala erlendis, sérstaklega í Danmörku, heildsala sem síðan standa í því að pakka henni í minni pakkningar og margfalda verðið. Til eru þeir sem vilja fara í það að gera þetta hér, en fá ekki fyrirgreiðslu úr bankakerfinu, menn sem geta margfaldað verðmæti vörunnar með því að breyta um pakkningar og geta komist inn á þennan markað. Þannig á bankakerfið sinn þátt í þessu.

Það er líka ástæða fyrir okkur Íslendinga að íhuga þá byltingu sem er að eiga sér stað varðandi alla tæknivæðingu. Ég er sannfærður um að tölvubyltingin á eftir að koma mjög við okkur Íslendinga, ekki aðeins á þeim sviðum sem nú eru þekkt, heldur líka í frystihúsunum. Ég tel að það líði ekki mörg ár þangað til frystihúsin þurfa miklu minni mannskap en þarf í dag. Tölvuvæðingin sér fyrir því. Það verður til þess að mönnum hlýtur að koma í hug hvert atvinnustigið verður þegar svo er komið — burtséð frá því að sennilega er málum þannig háttað að frysting fiskjar er að verða úrelt.

Tökum t. d. Bandaríkjamarkað, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson ræddi aðeins um áðan. Þá liggur ljóst fyrir að sala á ferskum fiski hefur aukist í Bandaríkjunum um allt að 15–20%. M. a. s. er svo komið að glæsileg matsöluhús, sem hafa á undangengnum árum einkum selt ameríska steikur, sérhæft sig í því, eru nú farin að bjóða upp á hina ýmsu fiskrétti og salan á þessum réttum hefur aukist alveg stórkostlega. Þeir gera þetta með ýmsum tilfæringum. Þeir hafa á boðstólum fisk sem heitir ýmsum ljótum nöfnum. Þeir breyta nöfnunum á fiskinum. Hér segir í amerísku tímariti að háfur sé nefndur laxhákarl og fiskur sem á ensku er kallaður ratfish og kallast langhali á íslensku, en Ameríkumönnum kemur sjálfsagt í hug „rottufiskur", er nefndur allt öðru nafni. Þannig er það sölumennskan

sem ræður því hvað kemst á borð neytenda og verður til þess að auka mjög neyslu þessa fiskjar.

Það hafa margir amast við útflutningi á ferskum fiski og talið að menn ættu að fullvinna vöruna. Aðrir halda því fram að ferskur fiskur sé fullunnin vara. Það má til sanns vegar færa. Það er einmitt þannig sem neytandinn vill fá vöruna. Ef þið hv. alþm. horfið í eigin barm og ég líka kjósum við miklu fremur nýjan fisk en frosinn. Hitt er annað mál að það eru erfiðleikar í því að mæta þessari þróun hjá okkur Íslendingum vegna þess að atvinna þúsunda manna er þarna í veði. Hins vegar er ekkert vit í öðru en að selja fisk á hæsta verði sem fáanlegt er á markaðinum. Þarna tel ég að skorti mjög á sölumennsku og ekki sé rétt brugðist við breyttum aðstæðum. Ég tel að sölusamtökin hafi mjög dregið lappirnar í þessum efnum og hafi á margan hátt staðið í vegi fyrir þróun. Það eru einstaka lítil einkafyrirtæki sem hafa farið út í það að selja ferskan fisk. Sölusamtökin hafa reynt þetta líka og dengt inn á markað stórum förmum af ferskum fiski, en það hefur orðið til þess að markaður hefur fallið og helmingurinn af fiskinum kannske ekki selst. Það hafa verið farnar að þessu aðrar leiðir en duga.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að leita allra leiða til að fullvinna sjávarafla, en til hliðar við það, jafnvel framar, verður að leggja meira fé í markaðsöflun til þess að geta selt þá vöru sem við erum að bjóða og við verðum að laga okkur betur að breyttum aðstæðum en tekist hefur. Til þess að það sé unnt þarf bankakerfið að vera virkara og við Íslendingar duglegri að framleiða það sem markaðurinn vill.

Það hefur komið fram hér að veita eigi 500 millj. til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ekki er mér kunnugt um að neitt liggi fyrir um það hvernig eigi að verja því fé og ekki er mér kunnugt um að féð sé til reiðu enn. Mjög væri fróðlegt í framhaldi af þessari umr. að fá vitneskju um hvernig menn ætla að verja þessu fé.

Nokkrir hafa hér rætt um gæði fiskjar og hvernig með hann er farið í landi og á sjó. Af því tilefni vil ég segja frá því að verkalýðssamtökin hafa þrýst á um það, t. d. nú síðustu árin, að fiskverkunarfólk fái einhverja menntun til þess að geta sinnt þessu hlutverki sínu, viti meira um hvað er að ske í vinnslurásinni og verði betur að sér um það hvernig meðhöndla skuli fisk. Það er að fæðast núna námskeið fyrir fiskvinnslufólk sem m. a. hefur orðið til vegna þrýstings frá verkalýðssamtökunum, ekki öðrum. En það er rétt að taka það fram að sjútvrn. hefur nú tekið þessu vel og hefur slík námskeið í bígerð. En það er eitt sem er mjög athyglisvert og táknrænt fyrir það hvernig þau mál standa. Það lítur út fyrir að fólkið, sem á að fara á þessi námskeið, þurfi að greiða vinnutapið sjálft, það þurfi að borga allt sem til fellur sjálft. Ef kennarar eða aðrir opinberir starfsmenn fara á fræðslunámskeið eða til að mennta sig á einhvern hátt, fjárfesta í þekkingu, þykir sjálfsagt að hið opinbera greiði það. Ég bendi á þetta vegna þess að menn voru að tala um fyrirlitningu í garð fiskvinnslufólks hér áðan.

Flm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætlaði að segja aðeins örfá orð.

Ég ætlaði fyrst og fremst að þakka þeim hv. þm. úr öllum flokkum sem hér hafa tekið til máls fyrir jákvæðar undirtektir og að mörgu leyti mjög athyglisverðar ábendingar. Ég ítreka þær þakkir og jafnframt vil ég segja við hv. þm. Valdimar Indriðason, minn ágæta vin, að það er misskilningur að ég fari nokkuð hjá mér þegar mér er hrósað eitthvað. Mér líður aldrei betur.

Ég legg áherslu á að komið hafa fram ákaflega fróðleg sjónarmið og tillögur. Ekki var tilgangurinn að löggilda einhverjar ákveðnar vinnsluaðferðir eða skoðanir. Ég held það séu rannsóknirnar sem þarf að leggja áherslu á.

Ég trúði því varla í upphafi að það yrði jafnmiklar og jákvæðar umr. um þetta mál, en það hefur sýnt sig, eins og reyndar vita mátti ef maður hugsaði málið betur, áhugi hv. alþm. á þessu brennandi máli að reisa við íslenskan sjávarútveg og íslenska fiskvinnslu.

Ég vil svo þakka hv. alþm., sem til máls hafa tekið, fyrir mjög jákvæðar umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi, þáltill. 319. mál (þskj. 504). — Ein umr.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál., um orkufrekan iðnað á Suðurlandi, sem ég hef leyft mér að leggja hér fram á þskj. 504. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að því nú þegar að koma á fót orkufrekum iðnaði á Suðurlandi. Í þeim tilgangi verði m. a. iðnrn. og stóriðjunefnd falið að leita eftir erlendum samstarfsaðila til þessa verkefnis."

Búseta á Íslandi er ákaflega sérstæð og á sér trúlega hvergi annars staðar hliðstæðu. Er þar átt við þá staðreynd að í höfuðstað landsins, Reykjavík, og næsta nágrenni, á Reykjanesi, búa rúmlega 60% þjóðarinnar.

Ástæður þessa eru vitaskuld margar og aðdragandinn býsna langur. Alla þessa öld hefur þróunin verið í þessa átt, mishröð að vísu, en nánast aldrei stöðvast eða snúist við. Mannfjölgun á Íslandi frá síðustu aldamótum hefur verið um 1.4% að meðaltali á ári. Á sama tíma hefur fjölgunin verið yfir 3% í Reykjavík og á Reykjanesi, en innan við ½% á landinu utan þess svæðis.

Enda þótt landgæði séu á margan hátt mikil og þar með aðstæður góðar hér við Faxaflóa og þó að einnig beri að viðurkenna að tiltölulega fjölmenn höfuðborg hjá jafn fámennri þjóð sé heildinni allri til hagsbóta, þá er hér um svo gífurlegan mun að ræða, svo einhliða þróun um svo langan tíma, að sannarlega er þörf að leita lausna til að beina þessari þróun í aðra átt.

Skýringin á þessari þróun er vitaskuld sú að Reykjavík og Reykjanes hafa haft verulegt aðdráttarafl, sérstaklega eftir að atvinnutækifærum fækkaði annars staðar á landsbyggðinni samhliða tækniframförum, vélvæðingu og aukinni verkaskiptingu sem hafði í för með sér bætt lífskjör og vaxandi velmegun. Hafa verður þó í huga að fólksflutningar úr strjálbýli í þéttbýli hafa orðið um allt land lengst af þessu tímabili af sömu ástæðum.

Ef nefna á einn þátt sem öðrum fremur hefur haft úrslitaþýðingu um framvinduna undanfarna áratugi ber raforkuna og hagnýtingu hennar hæst. Af eðlilegum ástæðum hefur raforkuvinnslan á Suðurlandi, við Sogs-

virkjanir og á Þjórsársvæðinu, verið langmestur hluti framleiðslunnar. Með hringtengingu seinustu ára dreifist sunnlensk orka nú um allt land. Sem eðlilegt framhald af þessu hefur Alþingi ákveðið að raforkuvinnslan dreifist einnig um landið með fyrirhuguðum stórvirkjunum á Norður- og Austurlandi.

Þegar farið var að hagnýta orku íslenskra fallvatna til orkufreks iðnaðar var því orkan af Suðurlandi þýðingarmest, og er svo enn. Ekkert þeirra fyrirtækja, sem nýtti þessa orku, varð þar hins vegar staðsett og var m. a. hafnleysi suðurstrandarinnar borið við.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi, reist 1952–1954, varð fyrst þessara fyrirtækja. Sementsverksmiðjan á Akranesi, reist 1956–1958, varð annað fyrirtækið af þessu tagi. Álverið í Straumsvík 1966 markaði þáttaskil í þessum efnum með eignaraðild erlendra aðila.

Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn 1966 varð fyrsta fyrirtækið sem telja verður orkufrekan iðnað og staðsett var utan Faxaflóasvæðisins. Sú staðsetning var að auki allfjarri höfn, enda ástæðan staðbundið hráefni. Engu að síður varð þessi framkvæmd hin fyrsta á þessu sviði til að sporna gegn þeirri búsetuþróun sem bent var á í upphafi þessa máls.

Málmblendiverksmiðjan á Grundartanga í Hvalfirði 1977 markaði tímamót með meirihlutaeignaraðild Íslendinga í félagi við útlendinga. Enn var sunnlensk orka burðarásinn en staðsetning fyrirtækisins við Faxaflóa. Hér var að auki annað fyrirtæki í Vesturlandskjördæmi sem byggði á orku af Suðurlandi.

Hér verður ekki tíundað hversu mikill mannafli hefur atvinnu af öllum þessum iðjuverum, hvað þá í þjónustugreinum þeim tengdum, en víst er að sá mannfjöldi skiptir þúsundum. Þegar hér er komið sögu finnst bæði þingi og þjóð að tími sé til kominn að efna til orkufreks iðnaðar víðar á landinu en eins við Faxaflóa. Kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð hefur verið á dagskrá í röskan áratug og álver við Eyjafjörð er a. m. k. mjög til umræðu, enda virkjanir nyrðra og eystra ýmist á framkvæmda- eða undirbúningsstigi. Komist þessi áform í framkvæmd mun það treysta byggð í þessum fjórðungum og bæta heildarhag og stuðla að heilbrigðari búsetuþróun en hér hefur áður verið.

En Suðurland, sem fram að þessu hefur lagt til meginhluta allrar orku í orkubúskap þjóðarinnar, ber hins vegar enn skarðan hlut frá borði í þessum efnum. Um þessar mundir verða hins vegar þau tímamót í atvinnuþróun Íslendinga sem knýja menn til að leita nýrra leiða og láta einskis ófreistað til að fjölga atvinnutækifærum á áður óþekktum sviðum eins og eftirminnilega hefur komið fram hér á þessum fundi. En vandséð er að frumatvinnugreinar þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, taki við meiri mannafla um fyrirsjáanlega framtíð hlutfallslega a. m. k. Iðnaður verður þar lausnarorðið í æ ríkari mæli auk þjónustugreina.

Enda þótt mönnum hafi verið þetta ljóst um alllangt skeið er hægara sagt en gert að leggja grunn að hagkvæmri iðnþróun. Með flestum þjóðum tekur nokkrar kynslóðir að breyta svo um sem hér hlýtur að verða. Enn verður að leggja svo sem kostur er áherslu á úrvinnslu þess hráefnis sem landið og sjávarafli gefur af sér. Ég vil sérstaklega af því tilefni lýsa ánægju minni með hina gagnmerku till., sem 7. þm. Reykv. flutti hér á þessum fundi og mælti fyrir, og verð ég að skjóta því hér rétt inn í að mér hlýnaði um hjartarætur að sú tillögugerð skyldi ættuð úr Arnarfirði.

Reynsla annarra þjóða, svo sem granna okkar Norðmanna, hefur hins vegar sýnt að farsæld fylgir að sækja fram á sem flestum sviðum í senn, þ. e. úrvinnslu- og smáiðnaður dafnar oft vel í skjóli orkufreks iðnaðar.

Suðurland hefur á undanförnum áratugum verið sá hluti landsins þar sem hlutfallslega flestir starfandi manna hafa haft atvinnu af frumatvinnugreinunum tveimur, sjávarútvegi og landbúnaði. Það gegnir því ekki furðu þó að harðast bitni á þeim fjórðungi þegar þessar atvinnugreinar taka ekki lengur við nýju fólki.

Eins og áður segir hefur sunnlenskt afl knúið flest þau orkuver sem enn hafa malað íslenskri þjóð gull. Hafnleysi suðurstrandarinnar hefur hins vegar orðið orkufrekum iðnaði á Suðurlandi þrándur í götu fram að þessu. Engu að síður hefur tækni fleygt fram á síðustu árum á sviði hafnargerðar, jarðvegsfluttninga og annars þess sem til þarf í þessu efni. Það er hátt til lofts og vítt til veggja á Suðurlandi ef svo má að orði komast í þessu sambandi. Þess vegna er lítil hætta á loftmengun, enda búnaður nú orðið vandaður til varnar slíku. Þéttbýli er nauðsyn í þessu sambandi, en nú búa tæplega átta þúsund manns í þéttbýli Flóa og Ölfuss. Þegar liggur fyrir mat á því að á Suðurlandi er að finna aðstæður sem fullnægja þeim skilyrðum sem gerðar eru til staðhátta þar sem orkufrekum iðnaði er komið á fót, a. m. k. iðnaði af miðlungsstærð.

En sú slæma þróun, sem áður var hér gerð að umtalsefni, í frumatvinnugreinunum tveimur hefur þegar sagt til sín í mannfjöldaþróuninni á Suðurlandi. Árið 1984 varð 0.9% meðaltalsfjölgun íbúa á landinu. Fólksfjölgun á Suðurlandi varð það ár einungis 0.33%. En þá bregður hins vegar svo við að bein fækkun verður í öllum sýslunum þremur austan fjalls og þeim mun meir sem austar dregur. Í Árnessýslu varð fækkunin 0.12%, í Rangárvallasýslu varð hún 1.06% og í Vestur-Skaftafellssýslu 1.34%. Hins vegar varð fjölgun í kaupstöðunum tveimur, 1.31% í Vestmannaeyjum og 1.88% á Selfossi.

Af því, sem hér hefur verið nefnt, er ljóst að tími er til kominn að byggðirnar austan heiðar fái notið þeirra gæða sem héraðið gefur af sér í orku fallvatnanna. Enn fremur er ljóst að fram undan er varnarbarátta á þessu svæði til þess að koma í veg fyrir fækkun fólks og þann vanda sem slíku fylgir. En íslenska þjóðin öll stendur í raun á tímamótum í atvinnumálum um þessar mundir. Hún á að baki mjög mörg stórverkefni, allt frá því að uppbygging sjávarútvegsins í nútímahorf hófst í byrjun aldarinnar. Ætla má að 20–25 þúsund manns komi á vinnumarkað fram um aldamót. Eina raunhæfa leiðin til að búa drjúgum hluta þess mannafla atvinnutækifæri í útflutningsatvinnuvegi eru stórvirkjanir og orkufrekur iðnaður. Á þann veg er og haldið um stjórnvöl þessara mála. En algjör nauðsyn er að þessi verkefni dreifist víða um land. Suðurland þarf aukin atvinnutækifæri fyrir rösklega tvö þúsund manns á þessum tíma. Vandséð er að því verði náð nema orkufrekur iðnaður, útflutningsiðnaður, komi til á þessu svæði.

Venjulega eru fjórar meginforsendur lagðar til grundvallar þegar svæði er metið í þessa veru. Í fyrsta lagi vinnumarkaður, í öðru lagi landrými, í þriðja lagi raforka og í fjórða lagi hafnarskilyrði. Um aðstæður á

Suðurlandi hvað varðar þrjár fyrsttöldu forsendurnar þarf vart að ræða, svo augljóst er það hverjum manni. Vinnumarkaður um átta þúsund manns, landrými nær ótakmarkað og raforkan yfir 90% af virkjuðu afli hér á landi. En hinn gamli þrándur í götu stóriðnaðar eða miðlungsiðnaðar á Suðurlandi, hafnarskilyrðin, er hins vegar verður nokkurrar íhugunar.

Stundum eru stórverkefni, sem á eru einhverjir tækniörðugleikar að framkvæma, nánast afskrifuð um áratugi eða dæmd óframkvæmanleg í vitund manna. Svo var t. d. um brúun fljótanna á söndum Suðurlands. En einn góðan veðurdag dettur þm. einum í hug að efna til happdrættis í því skyni og öðrum að tengja framkvæmdina ellefu hundruð ára afmæli byggðar í landinu. Og viti menn. Hið óframkvæmanlega virtist nú leikur einn. Menn gerðu sér dagamun í sumarblíðunni 1974 og óku austur og vestur yfir fljótin sem byltust á brunasöndum.

Árið áður hafði gosið í Eyjum og margt gerðist nánast í sömu svipan. Í því sambandi var stórbætt hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn. Þar er nú höfn fyrir 4–5 þúsund tonna skip, 110 metra langur viðlegukantur og 7 metra dýpi. Með tilltölulega litlum kostnaði er hægt að stækka höfnina fyrir 5–6000 tonna skip. Höfnin við Grundartanga er af þeirri stærð, enda þótt stærri skip geti lagst þar við bryggjuhaus. Þannig er það oft að stærstu framfarasporin verða nánast af ófyrirséðum ástæðum.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi hér rakið í fremur stuttu máli rökin fyrir þeirri bráðu nauðsyn sem Sunnlendingum er á að sú þáltill. sem hér er fram borin verði samþykkt og efni hennar komi til framkvæmda fyrr en síðar. Hér er um efni að ræða sem tekur langan tíma í umræðu og undirbúningi. Þess vegna er brýnt að því sé ýtt á flot sem fyrst. Ég vænti þess að skilningur og vilji þingheims reynist Sunnlendingum hliðhollur og bið þess, herra forseti, að till. verði að frestaðri þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir að flytja þá till. sem hér er til umr. Stóriðja er sannarlega ekki allra meina bót, en jafnframt að efla þá atvinnuvegi sem fyrir eru þarf hún að koma til. Og hér var áðan einmitt rædd stórmerk till. hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar varðandi sjávarútveginn, okkar höfuðatvinnuveg.

Ekki væri óeðlilegt markmið að eitt stóriðjufyrirtæki risi í hverjum landsfjórðungi auk stór-Reykjavíkursvæðisins og þá ekki síst í þeim fjórðungi þar sem meginhluti orkunnar verður til. Fyrrv. iðnrh. hrinti um of frá okkur orkukaupendum, því miður. Nú hefur dæminu verið snúið við í þessum efnum hjá hæstv. núv. iðnrh., en það er erfitt að vinna upp það sem miður fór. Með tækni nútímans er hægt að byggja stórskipahöfn á suðurströndinni en ýmsir telja að hana hafi vantað til að Suðurland væri inni í myndinni þegar rætt er um staðarval stóriðju. Fyrir forgöngu þm. Suðurlands hefur iðnrh. tekið þetta mál upp við staðarvalsnefnd og stóriðjunefnd. Vonandi nást sem fyrst hagstæðir orkusölusamningar um stækkun álversins í Straumsvík og í framhaldi af því samningar um áframhaldandi uppbyggingu stóriðju hér á landi sem m. a. leiði af sér að iðjuver rísi á Suðurlandi.

Umr. frestað.

Sala á fiski erlendis.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um sölu á fiski erlendis, á þskj. 443, afhent þm. 25. febr.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mikið af ferskum fiski var flutt í gámum til sölu erlendis frá einstökum verstöðvum á s. l. ári? Tilgreint sé magn einstakra fisktegunda frá hverri verstöð ef unnt er.
2. Hve mikið verð fékkst fyrir þennan útflutning frá hverri verstöð?
3. Hvert var meðalsöluverð hverrar fisktegundar að frádregnum sölukostnaði?

Svar:

1. Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands liggja eftirfarandi bráðabirgðatölur fyrir um útflutning á ferskum fiski í gámum árið 1984. Tölur miðast við óslægðan fisk, ekki reyndist unnt að tilgreina magn einstakra fisktegunda.

	tonn
Vestmannaeyjar	1077
Eyrarbakki	88
Þorlákshöfn	2169
Grindavík	981
Sandgerði	550
Garður	1808
Keflavík	784
Vogar	254
Hafnarfjörður	717
Kópavogur	466
Reykjavík	2849
Akranes	342
Hellissangur	23
Ólafsvík	91
Patreksfjörður	21
Tálknafjörður	405
Þingeyri	25
Flateyri	235
Bolungarvík	118
Ísafjörður	640
Súðavík	119
Siglufjörður	7
Bakkafjörður	9
Seyðisfjörður	208
Neskaupstaður	2133
Eskifjörður	9
Samtals:	16128

2. Ekki er unnt að veita svar við þessari spurningu þar sem fiski er í mörgum tilfellum safnað frá mörgum verstöðvum og fiskibátum. Hins vegar ber þess að geta að vegna stóraukins útflutnings á ferskum fiski í gámum á uppboðsmarkað erlendis hefur ráðuneytið sett nýjar reglur sem kveða á um að gerð sé ítarleg grein fyrir magni hverrar fisktegundar í hverjum gámi, hver sé eigandi aflans og nafni veiðiskips. Þessar reglur voru settar um síðustu áramót og ættu að auðvelda gagnasöfnun.

3. Ekki er unnt að gefa svar við þessari spurningu þar sem söluverði einstakra fisktegunda er ekki haldið aðgreindu við lokauppgjör banka hérlendis vegna sölu á ferskfiski á erlendum markaði.

Vegur undir Ólafsvíkurenni.

Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um kostnað við gerð vegar undir Ólafsvíkurenni, á þskj. 482, afhent þm. 25. febr.

Fyrirspurnin er þannig:

1. Hver var talinn kostnaður við gerð vegar undir Ólafsvíkurenni samkvæmt áætlun Vegagerðar ríkisins?
2. Hvert var tilboðsverð Hagvirkis hf. í gerð vegarins?
3. Hver var heildarkostnaður við vegagerðina:
   a) samkvæmt tilboði Hagvirkis hf.,
   b) við aukaverk, unnin af Hagvirki hf., ófyrirséð í tilboðslýsingu,
   c) við aukaverk, umfram tilboð, unnin af Hagvirki hf. eða öðrum,
   d) við eftirlit Vegagerðar ríkisins og stjórn,
   e) við aðkeypt eftirlit,
   f) við aðra kostnaðarþætti?

   Upphæðir tilgreinist á sama verðlagi.

Svar:

Áður en vikið er að einstökum liðum fyrirspurnarinnar verður að gera stutta grein fyrir verkinu í heild. Verk af þessu tagi er háð fáum en stórum óvissuþáttum. Þótti ekki annað tiltækilegt en að hefja tilraunavinnslu á grjótnámi, skurð- og grjótvörn á vegfyllingu í fjöru áður en unnt væri að bjóða verkið út. Var þetta unnið af Vegagerð ríkisins árið 1982 og fengust þar með betri forsendur fyrir útboðsgögn. Slík tilraunavinnsla, sem miðar að því að draga úr óvissuþáttum, er mjög til þess fallin að lækka tilboðsverð. Þá þurfti að styrkja og endurbæta flutningsleiðir sem nota átti við framkvæmdina.

Snemma árs 1983 var síðan boðinn út meiri hluti vegfyllingar ásamt grjótvörn. Stærð þessa útboðs takmarkaðist af fjárveitingu til verksins, en vegfylling ásamt grjótvörn hins vegar komin það hátt yfir sjó að ekki átti að vera mikil hætta á skemmdum af völdum sjávargangs. Þegar hið lága tilboð Hagvirkis hf. lá fyrir var þegar við gerð verksamnings ákveðið að það lyki við alla grjótvörnina.

Frágangi vegar með bundnu slitlagi var síðan lokið árið 1984. Tvö verktakafyrirtæki önnuðust þann þátt, Völur hf. sem sá um efnisvinnslu og Hagvirki sem lauk vegagerð og lagði bundið slitlag.

Vegagerð ríkisins sá um efniskaup af ýmsu tagi til framkvæmdarinnar. Hún hafði með höndum hönnun vegar og undirbúning allan, svo og yfirumsjón með verkinu. Daglegt eftirlit með verktökum var í höndum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Verður þá vikið að einstökum liðum fyrirspurnarinnar í þeirri röð sem þeir eru settir fram. Allar tölur eru á verðlagi í mars 1983, en á því verðlagi var verksamningur við Hagvirki hf. gerður.

1. Heildarkostnaður við gerð vegar undir Ólafsvíkurenni var áætlaður af Vegagerð ríkisins 93,7 m. kr. Sá áfangi, sem boðinn var út, átti að kosta 69,5 m. kr. skv. sömu áætlun.
2. Tilboð Hagvirkis hf. í þann áfanga var 36,8 m. kr.

3a. Svo sem fyrr var getið var þegar við gerð verksamnings bætt við verkið á einingarverði tilboðs, og var upphæð verksamnings við Hagvirki hf. 40,3 m. kr. Kostnaðaráætlun fyrir sama áfanga var 75,5 m. kr.

3b. Hækkun á verksamningi vegna magnbreytinga, breyttra forsendna í klapparskurði og annarra ófyrirséðra atriða var 1,1 m. kr. eða 2,7% af samningsupphæð. Heildarkostnaður við útboðinn verkáfanga varð því 41,4 m. kr.

3c. Kostnaður við að ljúka vegagerð og leggja bundið slitlag varð 2,0 m. kr. og önnuðust Hagvirki hf. og Völur hf. þau verk.

3d. Kostnaður Vegagerðar ríkisins vegna hönnunar, stjórnar o. þ. h. varð 4,9 m. kr.

3e. Kostnaður við aðkeypt eftirlit varð 2,4 m. kr.

3f. Aðrir kostnaðarþættir en þegar eru taldir eru einkum tveir, þ. e. tilraunavinnsla árið 1982 9,2 m. kr. og efniskaup ásamt nokkrum frágangsverkefnum 2,9 m. kr.

Alls nema þessir kostnaðarþættir því 12,2 m. kr. og annaðist Vegagerð ríkisins þá.

Heildarkostnaður við vegagerð undir Ólafsvíkurenni á verðlagi í mars 1983 varð því 62,9 m. kr.

Gjaldeyrissala.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um gjaldeyrissölu, á þskj. 193, sent þm. 20. febrúar.

Fyrirspurnin er þannig:

Hvert var gjaldeyrisútstreymið úr viðskiptabönkunum seinustu fimm dagana fyrir gengisfellinguna síðustu?

Svar:

Gjaldeyrissala viðskiptabankanna í vikunni fyrir gengisbreytinguna, þ. e. 12. til 16. nóvember, var samtals 1203,8 millj. kr. Eftir dögum skiptist gjaldeyrissalan sem hér segir:

12. nóv.	183,9 millj. kr.
13. nóv.	175,8 millj. kr.
14. nóv.	258,0 millj. kr.
15. nóv.	314,7 millj. kr.
16. nóv.	271,4 millj. kr.
Samtals	1203,8 millj. kr.

Gjaldeyrissala Seðlabankans þessa daga var 109,8 millj. kr. Samtals var gjaldeyrissalan því 1313,6 millj. kr., þar af vegna greiðslu afborgana og vaxta 368,7 millj. kr. Var gjaldeyrissala þessa daga 31,1% af gjaldeyrissölu nóvembermánaðar.

Niðurskurður og sparnaður í skólum.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um niðurskurð og sparnað í skólum, þskj. 84, afhent þm. 20. febr.

1. Hvernig hefur fyrirmælum menntamálaráðherra um 2,5% niðurskurð á kennslukostnaði í grunnskólum og framhaldsskólum á árinu 1984 verið framfylgt í heild og sundurliðað eftir skólahverfum?

Svar:

Heildarkennslumagn í grunnskólum skólaárið 1984—1985 er 1,5% minna en skólaárið á undan, þ. e. 1983—1984.

Sparnaðurinn skiptist á eftirfarandi hátt eftir fræðsluumdæmum (miðað er við kenndar stundir á viku):

	1983—84	1984—85	%
Reykjavík	19 580	19 605	
Reykjanes	16 083	15 837	1,5
Vesturland	5 359	5 225	2,5
Vestfirðir	4 006	3 906	2,5
Norðurland vestra	4 515	4 471	1,0
Norðurland eystra	8 264	8 037	2,7
Austurland	5 104	4 995	2,1
Suðurland	7 116	6 888	3,2

Um sundurliðun eftir skólahverfum vísast til meðfylgjandi yfirlita frá fræðsluskrifstofum.

Þótt tekist hafi að ná þessum sparnaði merkir það ekki að hver nemandi fái minni kennslu en áður heldur náðist hagræðing, t. d. með því að sameina fámennar bekkjardeildir. Skýrir þetta einnig hvers vegna erfiðara reyndist að spara í Reykjavík þar sem bekkjardeildir voru þegar það fjölmennar að slíkt svigrúm var ekki fyrir hendi.

Í framhaldsskólum hefur kennslumagn á viku aukist milli skólaáranna 1983—1984 og 1984—1985 um 4,4% en það stafar af fjölgun nemenda eins og fram kemur af meðfylgjandi greinargerð og yfirliti yfir nemendafjölda og kennslumagn.

Samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra var sparnaðarviðleitni í skólakerfinu miðuð við hagræðingaraðgerðir sem unnt væri að framkvæma án þess að dregið væri úr þeirri fræðslu sem skólum ber að láta hverjum og einum nemanda í té.

Fylgiskjöl.

Skólaskrifstofa Reykjavíkur

Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri,
Menntamálaráðuneytinu,
Hverfisgötu 6.

Reykjavík, 18. febr. 1985.

Með vísun til símtals yðar í dag, sbr. og áður sent bréf varðandi deildafjölda og kennslumagn í grunnskólum Reykjavíkur, vil ég taka fram eftirfarandi:

Á s. l. skólaári voru kenndar 19 580 vikustundir í grunnskólum borgarinnar, eða sem svaraði 1,65 std. á nemanda á viku.

Á yfirstandandi skólaári eru samsvarandi tölur 19 605 vikustundir eða 1,64 std. á nemanda á viku.

Auk þeirrar lækkunar kennslumagns á nemanda milli ára, sem hér kemur fram, má benda á að í framkvæmd tókst að halda þeim deildafjölda sem menntamálaráðuneytið taldi fyllstu hagkvæmni miðast við en slíkt reynist æ erfiðara með hverju árinu vegna aukinnar dreifingar byggðar og óhentugrar skiptingar nemenda milli skóla.

Virðingarfyllst,
Ragnar Georgsson.

Reykjanesumdæmi.

	Kennsla 1984/84	Kennsla 1984/85	Mismunur	%
Kópavogur	3 613	3 528	−85	−2,35
Seltjarnarnes	1 019	1 021	2	0,20
Garðabær	1 720	1 737	17	0,99
Hafnarfjörður	3 461	3 454	−7	−0,20
Bessastaðahreppur	211	219	8	3,79
Mosfellshreppur	1 261	1 275	14	1,11
Kjalarneshreppur	142	137	−5	−3,52
Kjósarhreppur	70	65	−5	−7,14
Keflavík	1 660	1 708	48	2,89
Grindavík	709	697	−12	−1,69
Njarðvík	674	676	2	0,30
Miðneshreppur	298	289	−9	−3,02
Gerðahreppur	317	303	−14	−4,42
Vatnsleysustrandarhreppur	240	277	37	15,42
Sérkennsla og sérdeildir	319	158	−161	−50,47
Sérstök stuðningskennsla	369	293	−76	−20,60
Samtals	16 083	15 837	−246	−1,53

Ath.:

Stuðnings- og sérkennsla er óbreytt hvað magn snertir frá fyrra ári, en uppsetning er önnur þar sem þeim nemendum, sem þurfa á hjálparkennslu að halda, er nú meira blandað inn í almennar deildir en gert var á síðasta skólaári.

Fræðslustjóri Vesturlandsumdæmis

Menntamálaráðuneyti,
skólamálaskrifstofa
Hverfisgötu 4,
101 Reykjavík.

Hér með er leitast við að svara, eftir því sem tök eru á, fyrirspurn háttvirts alþingismanns, Hjörleifs Guttormssonar, til menntamálaráðherra „um niðurskurð og sparnað í skólum" (107. löggjafarþing, 82. mál).

Þessu verður best svarað með því að bera saman áætlun um fjölda kennslustunda í skólum umdæmisins vegna skólaáranna.

Skólahverfi:	1983/84	1984/85
Akraneskaupstaður	1 527	1 535
Ólafsvíkurkaupstaður	436	415
Heiðarskóli, Leirársveit	269	250
Andakílsskóli, Hvanneyri	100	99
Kleppjárnsreykjaskóli	256	250
Varmalandsskóli, Mýrasýslu	290	275
Borgarnes	566	550
Laugargerðisskóli, Snæfellsnesi	259	250
Lýsuhólsskóli, Staðarsveit	65	61
Neshreppur utan Ennis	290	280
Eyrarsveit	295	290
Stykkishólmur	486	440
Búðardalur, Laxárdalshreppi	244	230
Laugaskóli, Dalasýslu	276	300

Fræðslustjóri Vestfjarðaumdæmis

Menntamálaráðuneytið,
Sólrún Jensdóttir.

Svar frá Vestfjarðaumdæmi vegna fyrirspurnar Hjörleifs Guttormssonar til menntamálaráðherra um niðurskurð og sparnað í skólum.

Samanburður á kenndum stundum skólaárið 1983—84 og 1984—85:

Skóli:	1983—84	1984—85
Barnaskóli Ísafjarðar	625	607
Barnaskóli Hnífsdal	117	110
Gagnfræðaskóli Ísafirði	356	347
Grunnskólinn Bolungarvík	414	409
Grunnskólinn Geiradalshreppi	35	44
Reykhólaskóli	201	202
Grunnskólinn Flatey	30	0
Grunnskólinn Barðaströnd	122	102
Grunnskólinn Rauðasandi	39	43
Grunnskólinn Patreksfirði	346	346
Grunnskólinn Tálknafirði	177	166
Grunnskólinn Bíldudal	169	165
Grunnskólinn Auðkúluhreppi	32	30
Grunnskólinn Þingeyri	163	162
Grunnskólinn Núpi	53	60
Grunnskólinn Holti	63	59
Grunnskólinn Flateyri	175	141
Grunnskólinn Suðureyri	199	197
Grunnskólinn Súðavík	113	71
Grunnskólinn Reykjanesi	44	47
Finnbogastaðaskóli	41	47
Klúkuskóli	68	54
Grunnskólinn Drangsnesi	59	84
Grunnskólinn Hólmavík	216	224
Grunnskólinn Broddanesi	68	66
Grunnskólinn Borðeyri	81	79
Bræðratunga, sérdeild	0	44
Samtals	4 006	3 906

Rétt er að taka fram að ýmsar ástæður aðrar en niðurskurðarviðleitni valda breytingum milli ára, svo sem breytingar á nemendafjölda, breytt kennsluskipan o. fl.

Fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis vestra

	Kennslumagn í skólahverfum					
	1983—1984			1984—1985		
	Alm. kennsla	Stuðnings-kennsla	Sér-kennsla	Alm. kennsla	Stuðnings-kennsla	Sér-kennsla
Grunnskólinn Siglufirði	574	36		606	33	9
Barnaskólinn Sauðárkróki						
Gagnfræðaskólinn Sauðárkróki	670	50		705	68	
Grunnskólinn Staðarhreppi, V-Hún.	66			58	7	
Laugarbakkaskóli	307	20		306	28	
Grunnskólinn Hvammstanga	249	14		267	14	
Vesturhópsskóli	68			54	3	
Húnavallaskóli	355	31		336	26	20
Grunnskólinn Blönduósi	332	24		348	26	
Grunnskólinn Höfðakaupstað	302	12		304	17	
Grunnskólinn Skefilsstaðahreppi	34			26		
Melsgilsskóli	67			47		
Varmahlíðarskóli	336	15		276	35	
Steinsstaðaskóli	175	7		160	16	
Grunnskólinn Akrahreppi	93	6		86		
Grunnskólinn Rípurhreppi	65			51		
Grunnskólinn Hólum	100	7		97	11	
Grunnskólinn Hofsósi	263	19		235	19	
Sólgarðaskóli	63			61	5	
Egilsá sérdeild			155			111
Samtals	4 119	241	155	4 023	308	140

Fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra

	Kennslu-kvóti 1983 st/v	Kennslu-kvóti 1984 st/v
Námsstjórn		30
Grímseyjarhreppur, grunnskólinn	63	55
Ólafsfjörður, barnaskólinn, gagnfræðaskólinn	409	385
Dalvík, grunnskólinn	482	440
Svarfaðardalshreppur, Húsabakki	124	136
Hríseyjarhreppur, grunnskólinn	139	136
Árskógarhreppur, grunnskólinn	114	136
Arnarneshreppur, grunnskólinn	71	55
Glæsibæjarhreppur, Þelamörk	247	258
Akureyri, Barnaskóli Akureyrar		
Glerárskóli		
Lundarskóli		
Oddeyrarskóli		
Gagnfræðaskóli		
Síðuskóli		
Bröttuhlíðarskóli		
Samtals	3 408	3 323
Hrafnagilshreppur, grunnskólinn	98	97
Saurbæjarhreppur, grunnskólinn	92	84
Öngulsstaðahreppur, grunnskólinn	99	109
Hrafnagilsskóli	242	210
Svalbarðsstrandarhreppur, grunnskólinn	94	92
Grýtubakkahreppur, grunnskólinn	153	179
Ljósavatnshreppur, Stórutjarnir	242	210
Bárðdælahreppur, grunnskólinn	67	65
Skútustaðahreppur, grunnskólinn	226	220
Reykdælahreppur, grunnskólinn	166	150
Aðaldælahreppur, Hafralækur	258	240
Húsavík, barnaskólinn, gagnfræðaskólinn, samtals	696	679
Kelduneshreppur, Skúlagarður	63	56
Öxarfjarðarhreppur, Lundur	112	109
Fjallahreppur, Grímsstaðir		10
Presthólahreppur, grunnskólinn	93	100
Raufarhafnarhreppur, grunnskólinn	220	210
Svalbarðshreppur, grunnskólinn	65	43
Þórshafnarhreppur, grunnskólinn	231	220
Samtals stundir	8 264	8 037

Austurlandsumdæmi

Stundafjöldi skólaárin 1983—84 og 1984—85.

Skóli	1983	1984	Mismunur	Skýringar
Seyðisfjörður	364	328	−36	Heimilaðar stundir 1984:352. Breyting sennilega væntanleg eftir áramót.
Neskaupstaður	576	591	+15	Bættist við ein deild.
Eskifjörður	372	331	−41	Fækkun um eina deild, o. fl.
Skeggjastaðahreppur	53	58	+5	Fleiri eldri börn.
Vopnafjörður	343	348	+5	
Brúarásskóli	109	110	+1	
Skjöldólfsstaðir	66	66		
Borgarfjörður	80	78	−2	
Hallormsstaður	188	177	−11	Útibú í Fljótsdal lagt niður.
Egilsstaðir	503	514	+11	Ófyrirséð sérkennsla.
Eiðar	136	136		
Mjóifjörður	34	33	−1	
Norðfjarðarhreppur	35	34	−1	
Reyðarfjörður	306	298	−8	
Fáskrúðsfjörður	332	341	−9	Fækkun skiptist. Óhagstætt meðaltal.
Stöðvarfjörður	163	156	−7	
Breiðdalur	164	164		
Beruneshreppur	60	60		
Djúpivogur	195	185	−10	
Geithellnahreppur	50	58	+8	
Nesjaskóli	218	218		
Hafnarhreppur	614	567	−40	Fækkun um eina deild. Minni sérkennsla.
Mýrahreppur	56	58	+2	
Borgarhafnarhreppur	53	54	−1	
Hofshreppur	34	32	−2	
Samtals	5 104	4 995	−122	

Samanburðurinn miðast við haustönn bæði árin. Í sumum skólum breytist stundafjöldinn á vorönn.

Suðurlandsumdæmi

Kennslustundafjöldi (almennar kennslustundir) á viku skólaárið 1983/84 og haustið 1984 sundurliðaður eftir skólahverfum. Búast má við að stundafjöldi vorið 1985 gæti orðið 10—20 stundum meiri frá því sem var haustið 1984.

	Kennslu-stundir 1983—84	Kennslu-stundir 1984—85
Vestmannaeyjar	1 366	1 373
Selfoss	1 201	1 101
Kirkjubæjarklaustur	264	259
Víkurskóli	203	185
Ketilsstaðaskóli	67	65
A-Eyjafjallahreppur	92	90
V-Eyjafjallahreppur	63	62
A-Landeyjahreppur	93	90
V-Landeyjahreppur	70	64
Fljótshlíðarhreppur	68	63
Barnaskóli Hvolsvelli	161	180
Gagnfræðaskóli Hvolsvelli	194	175
Hella	292	276
Holtahreppur	276	272
Djúpárhreppur	93	90
Gaulverjabæjarhreppur	57	56
Stokkseyri	273	279
Eyrarbakki	287	263
Hraungerðishreppur	68	69
Villingaholtshreppur	70	69
Skeiðahreppur	73	69
Gnúpverjahreppur	110	102
Hrunamannahreppur	300	303
Biskupstungnahreppur	253	227
Laugardalshreppur	87	88
Grímsneshreppur	134	129
Hveragerði	525	532
Þorlákshöfn	376	357
Alls	7 116	6 888

Mismunur er 3.2%.

Svipaður sparnaður hefur einnig náðst í hjálparkennslu.

Menntamálaráðuneytið

18. febr. 1985

Í framhaldsskólum var reynt að ná fram umræddum sparnaði með hagræðingu kennslunnar án þess að skerða námsframboð og fjölda nemendastunda.

Skólaárin 1981—82 og 1982—83 óx nemendafjöldi í framhaldsskólum um u. þ. b. 4%. Fjölgun skiptist tiltölulega jafnt á þær tegundir skóla sem hér er miðað við og kennslumagn á hvern nemanda hélst óbreytt, u. þ. b. 2.26 kennarastundir á viku.

Haustið 1983 hafði framhaldsskólanemendum fjölgað um 4.6% miðað við haustið 1982. Kennslumagn dróst hins vegar saman um 1% og kennarastundum á nemanda fækkaði um 5.4%. Þá fækkun má einkum rekja til betri stjórnunar á stærð námshópa og röðun áfanga í brautaskiptum skólum.

Haustið 1984 hefur nemendum í þessum skólum enn fjölgað og eru nú um 12 600 sem er 9.6% fjölgun frá haustinu 1982. Aukning kennslumagns á sama tíma er um 3.3% og stundafjöldi á nemanda er nánast sá sami og á síðasta skólaári eða 2.135 st/v en var 2.14 haustið 1983.

Auk þess sem hér hefur verið rakið ber að hafa það í huga að fjölgun framhaldsskólanema síðast liðin 2—3 ár hefur einkum beinst að fjölbrautaskólunum sem flestir bjóða upp á fjölbreytt verknám og nota því eðli málsins samkvæmt meira kennslumagn á nemanda en bóknámsskólar með hefðbundnu sniði.

Sá sparnaður, sem hér hefur náðst með hagræðingu, er því í raun töluvert meiri en fram kemur af þeim hlutfallstölum sem raktar eru hér á undan.

Í meðfylgjandi töflum um nemendafjölda og kennslumagn í framhaldsskólum 1981—1984 vantar nokkra skóla þar sem kennsla er annaðhvort árstíðabundin eða fer að verulegu leyti fram í námskeiðaformi.

Hins vegar má ætla að í heild hafi þróun kennslumagns þar verið svipuð því sem varð í hinum háttbundnari skólum.

Yfirlit um nemendafjölda og kennslumagn í framhaldsskólum.

	Haust 1981			Haust 1982			Haust 1983			Haust 1984		
	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda
Menntaskólar	3,835	7,122	1,85	4,046	7,470	1,85	4,087	7,314	1,790	4,116	7,316	1.777
Fjölbrautaskólar	4,447	9,423	2,12	4,499	9,936	2,21	4,898	10,031	2,048	5,977	12,044	2,015
Iðnskólar	1,445	4,509	3,12	1,616	4,948	3,06	1,787	4,940	2,764	1,380	4,385	3,179
Verk- og tæknm.sk	540	1,832	3,39	595	1,723	2,89	559	1,681	3,007	440	1,397	3,175
Héraðsskólar	795	2,092	2,63	750	1,945	2,59	701	1,774	2,530	671	1,726	2,572
	11,062	24,978	2,26	11,506	26,022	2,26	12,032	25,740	2,139	12,584	26,868	2,135

Allar tölur um kennslumagn hér að ofan
vísa til fjölda kennarastunda á viku.

Menntaskólar

	Haust 1981			Haust 1982			Haust 1983			Haust 1984		
	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda
M. Reykjavik	840	1,464	1,7	873	1,566	1,8	839	1,466	1,747	830	1,436	1,730
M. Akureyri	551	1,095	2,0	576	1,089	1,9	612	1,060	1,732	620	1,003	1,607
M. Laugarvatni	164	313	1,9	157	319	2.0	157	313	1,994	172	345	2,006
M. Hamrahlíð	848	1,531	1,8	849	1,556	1,8	830	1,530	1,843	850	1,520	1,788
M. v/Sund	853	1,455	1,7	864	1,459	1,7	830	1,420	1,713	838	1,393	1,662
M. Ísafirði	123	294	2,4	135	307	2,3	138	301	2,181	142	312	2,197
M. Egilstöðum	159	397	2,5	202	477	2,4	214	423	1,977	230	453	1,970
M. Kópavogi	289	573	2,0	390	697	1,8	467	799	1,711	430	854	1,986
	3,835	7,122	1,85	4,046	7,470	1,85	4,087	7,314	1,790	4,116	7,316	1,777

Fjölbrautaskólar

	Haust 1981			Haust 1982			Haust 1983			Haust 1984		
	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda
F. Breiðholti	1,452	3,084	2,1	1,250	2,826	2,3	1,256	2,674	2,129	1,255	2,677	2,133
F. Ármúla	607	1,175	1,9	698	1,346	1,9	753	1,359	1,805	756	1,319	1,745
Kvennaskólinn	190	376	2,0	268	469	1,7	301	535	1,777	310	550	1,774
F. Vestmannayjum	102	288	2,8	140	351	2,5	160	419	2,619	210	425	2,024
F. Selfossi	259	674	2,5	341	853	2,5	419	992	2,368	422	962	2,280
F. Akranesi	511	1,211	2,2	537	1,093	2,0	518	1,092	2,108	545	1,092	2,004
F. Garðabæ										294	544	1,850
Verkm.sk.Akureyri										874	1,518	1,737
F. Flensborg	649	1,179	1,8	574	1,160	2,0	610	1,136	1,862	570	1,074	1,884
F. Suðurnes	458	1,012	2,2	415	1,094	2,6	525	1,184	2,255	535	1,025	1,916
F. Neskaupstað	65	177	2,7	70	234	3,3	85	198	2,329	115	237	2,061
F. Sauðárkrók	154	374	2,5	206	510	2,5	271	532	1,963	291	621	2,134
	4,447	9423	2,12	4,499	9,936	2,21	4,897	10,031	2,048	5,977	12,044	2,015

Allar tölur um kennslumagn hér að ofan
vísa til fjölda kennarastunda á viku.

Héraðsskólar

	Haust 1981			Haust 1982			Haust 1983			Haust 1984		
	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda
Laugar	117	384	3,3	136	308	2,3	123	300	2,439	137	300	2,190
Núpur	76	235	3,1	73	246	3,3	71	190	2,676	44	190	4,318
Eiðar	129	289	2,2	121	276	2,3	128	275	2,148	109	268	2,459
Reykjanes	37	128	3,5	47	127	2,7	35	171	4,886	58	159	2,741
Reykir	127	293	2,3	104	280	2,7	75	210	2,800	80	179	2,238
Skógar	72	205	2,9	80	211	2,6	80	187	2,338	73	191	2,616
Reykholt	144	358	2,5	129	322	2,5	128	277	2,164	121	294	2,430
Laugarvatn	93	200	2,2	60	175	2,9	61	164	2,689	49	145	2,959
	795	2,092	2,63	750	1,945	2,59	701	1774	2,531	671	1,726	2,572

Allar tölur um kennslumagn hér að ofan vísa til fjölda kennarastunda á viku.

Iðnskólar

	Haust 1981			Haust 1982			Haust 1983			Haust 1984		
	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda
Reykjavik	1,077	3,422	3,2	1,159	3,759	3,2	1,240	3,613	2,914	1,136	3,655	3,217
Hafnarfjörður	124	382	3,1	151	406	2,7	191	457	2,392	165	515	3,121
Ísafjörður	45	148	3,3	80	185	2,3	91	220	2,418	79	215	2,722
Akureyri	199	557	2,8	226	598	2,6	265	650	2,453			
	1,445	4,509	3,12	1,616	4,948	3,06	1,787	4,940	2,764	1,380	4,385	3,179

Allar tölur um kennslumagn hér að ofan vísa til fjölda kennarastunda á viku.

Aðrir verk- og tækninmenntunarskólar

	Haust 1981			Haust 1982			Haust 1983			Haust 1984		
	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda	Nem.fj.	Kennslu-magn	Kennslumagn pr. nemanda
Vélskóli Íslands	281	1,022	3,6	330	1,004	3,0	293	915	3,123	202	633	3,134
Stýr. Reykjavík	119	381	3,2	100	307	3,1	91	270	2,967	80	269	3,363
Stýr. Vestmannaeyjum	25	80	3,2	40	81	2,0	24	85	3,542	28	74	2,643
Fiskvinnsluskólinn	39	163	4,2	42	166	3,9	67	210	3,134	40	208	5,200
Hótel- og veitingask.	76	186	2,5	83	165	2,0	84	201	2,393	90	213	2,367
	540	1,832	3,39	595	1,723	2,89	559	1,680	3,007	440	1,397	3,175

Allar tölur um kennslumagn hér að ofan vísa til fjölda kennarastunda á viku.

2. Að hve miklu leyti hafa ráðstafanir skv. 1. lið komið niður á stundum til ráðstöfunar í skólabókasöfnum?

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá fræðslustjórum hafa ráðstafanir skv. 1. lið ekki komið nema óverulega niður á stundum til ráðstöfunar í skólabókasöfnum.

Er hér á eftir vísað í svör fræðslustjóranna:

Reykjavík: Ráðstafanir skv. 1. lið hafa ekki komið niður á stundum til ráðstöfunar í skólabókasöfnum svo umtalsvert sé.

Reykjanes: Ráðstafanir skv. 1. lið hafa ekki komið niður á skólabókasöfnum.

Vesturland: Engin veruleg breyting hefur orðið vegna ráðstafana skv. 1. lið.

Vestfirðir: Ekki er vitað til að þessar ráðstafanir hafi komið niður á stundum til ráðstöfunar í skólabókasöfnum, en þróun þeirra er skammt á veg komin í umdæminu.

Norðurland vestra: Skólar, sem starfrækja skólabókasöfn, hafa fengið óskipta þá tíma sem ætlaðir eru til leiðbeiningar í bókasöfnum. Kvóti til starfa við eftirlit með kennslutækjum og til starfa á bókasöfnum hefur í engu verið skertur.

Norðurlandsumdæmi eystra: Ráðstafanir skv. 1. lið hafa haft óveruleg áhrif.

Austurlandsumdæmi: Þessar ráðstafanir hafa ekki mér vitanlega komið niður á ráðstöfunarstundum skólasafna.

Suðurland: Áhrif mjög óveruleg.

3. Hver var nemendafjöldi í einstökum skólahverfum, flokkaður eftir árgöngum, og fjöldi bekkjardeilda í árgöngum á skólaárinu 1983—1984 og hverjar eru hliðstæðar tölur skólaárið 1984—1985?

Svar:

Varðandi þennan lið vísast til skráa ráðuneytisins um fjölda nemenda og kennara skólaárin 1983—1984 og 1984—1985 sem hér fylgja.

Um fjölda bekkjardeilda í umræddum árgöngum vísast til upplýsinga frá fræðsluskrifstofum. Þó vantar enn upplýsingar um þetta atriði frá Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR

NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 1983 - 1984

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	Alls 1.-9. b.	Sér-deildir	Forskóli 6 ára	5 ára	Alls
Austurbæjarskóli	55:2	56:2	53:2	63:3	45:2	43:2	49:2	23:1	42:2	429:18	10:1	49:3		488
Laugarnesskóli	57:2	63:3	55:2	60:3	73:3	73:3				381:16	10:1	50:3		441
Melaskóli	81:4	114:5	87:4	123:5	107:4	100:4				612:26		104:6		716
Langholtsskóli	60:3	48:2	60:3	73:3	61:3	68:3	77:3	76:3	73:3	596:26		62:4		658
Hlíðaskóli	45:2	43:2	39:2	40:2	37:2	41:2	51:2	42:2	39:2	377:18	24:2	23:2		424
Breiðagerðisskóli	44:2	35:2	41:2	43:2	52:2	50:2				265:12	13:1	40:2		318
Árbæjarskóli	90:4	94:4	92:4	92:4	101:4	83:3	95:4	99:4	72:3	818:34		87:6		905
Vogaskóli	24:1	25:1	29:1	22:1	30:1	34:2	27:1	28:1	42:2	261:11		32:2		293
Vesturbæjarskóli	49:2	37:2	42:2	39:2	35:2	27:1				229:11		50:3		279
Álftamýrarskóli	30:1	25:1	42:2	39:2	37:2	39:2	41:2	45:2	50:2	348:16	13:1	24:1	19:1	404
Hvassaleitisskóli	36:2	30:2	36:2	26:1	43:2	35:2	25:1	30:2	56:2	317:16		33:2		350
Breiðholtsskóli	77:4	81:3	66:3	84:4	82:4	76:4	69:3	92:4	96:4	723:33	11:1	73:4		797
Fossvogsskóli	43:2	63:3	62:3	61:3	77:3	70:3				376:17		48:3		424
Fellaskóli	110:5	92:4	114:5	129:6	116:5	120:5	110:5	118:5	108:4	1.017:44	31:3	101:6		1.149
Hólabrekkuskóli	132:6	129:5	120:6	128:6	114:5	106:4	99:4	93:4	90:3	1.001:43	10:1	124:6		1.135
Ölduselsskóli	71:3	96:4	115:4	102:4	127:5	104:4	85:4	80:4	72:3	852:35	6:1	60:3		918
Seljaskóli	151:6	130:5	145:5	140:6	150:6	107:4	90:3	89:3	66:3	1.068:41		132:8		1.200
Bústaðaskóli											10:1			10
Hagaskóli							138:7	155:7	184:7	477:21	16:2			493
Réttarholtsskóli							103:4	126:5	122:5	351:14	10:1			361
Langalækjarskóli							60:3	49:2	50:2	159:7	8:1			167
	1.155:51	1.161:50	1.198:52	1.264:57	1.287:55	1.176:50	1.119:48	1.145:49	1.144:47	10.649:459	172:17	1.092:63	19:1	11.932
Áfengaskóli K.H.Í.	31:2	33:2	35:2	48:2	43:2	40:2	41:2	59:3	49:2	379:19		24:2		411
Landakotsskóli	19:1	19:1	23:1	22:1	19:1	17:1				119:6		22:1		141
Skóli Ísaks Jónss.	103:4	92:4								195:8		142:6	126:6	463
	1.308:58	1.305:57	1.256:55	1.334:60	1.349:58	1.233:53	1.160:50	1.204:52	1.193:49	11.342:492	172:17	1.280:72	153:7	12.947

GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR.

NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 1984 - 1985.

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	Alls 1.-9. b.	Sér-deildir	Forskóli 6 ára	5 ára	Alls
Austurbæjarskóli	53:2	45:2	46:2	51:2	59:3	50:2	44:2	41:2	22:1	411:18	8:1	52:4		471
Laugarnesskóli	66:3	71:3	84:3	67:3	70:3	85:3				443:18	10:1	76:4		529
Melaskóli	113:5	93:4	132:5	93:4	130:5	109:4				670:27		133:8		803
Langholtsskóli	65:3	54:2	52:2	60:3	68:3	60:3	73:3	79:3	73:3	584:25		52:3		636
Hlíðaskóli	23:1	42:2	48:2	48:2	43:2	39:2	44:2	48:2	40:2	375:17	24:3	50:3		449
Breiðagerðisskóli	40:2	39:2	43:2	40:2	41:2	50:2				253:12	13:1	36:2		302
Árbæjarskóli	84:4	94:4	105:4	93:4	101:4	101:4	83:3	96:4	96:4	853:35		89:6		942
Vogaskóli	27:1	21:1	25:1	28:1	23:1	30:1	35:2	21:1	31:2	241:11		26:2		267
Vesturbæjarskóli	47:2	46:2	35:2	39:2	45:2	39:2				251:12		38:3		289
Álftamýrarskóli	27:1	32:2	28:1	42:2	41:2	35:2	44:2	39:2	44:2	332:16	11:1	35:2	15:1	393
Hvassaleitisskóli	34:2	42:2	33:2	42:2	36:2	45:2	44:2	27:1	43:2	346:17		29:2		375
Breiðholtsskóli	81:4	76:3	78:3	65:3	84:4	82:3	71:3	72:3	90:4	699:30	13:1	72:4		784
Fossvogsskóli	49:2	48:2	62:3	61:3	61:3	70:3				350:16		41:2		400
Fellaskóli	88:4	93:4	95:4	103:4	124:5	105:5	109:5	102:5	110:4	929:40	45:3	67:6		1.041
Hólabrekkuskóli	116:6	121:6	125:5	125:5	121:6	113:5	100:4	87:4	85:3	993:44	10:1	117:6		1.120
Ölduselsskóli	67:3	65:3	99:4	114:5	97:4	119:5	102:4	84:4	83:3	830:35	10:1	66:3		906
Seljaskóli	136:6	161:6	138:6	145:6	138:6	156:6	111:4	96:4	83:4	1.164:48		132:8		1.296
Bústaðaskóli											10:1			10
Hagaskóli							149:7	138:7	164:7	451:21	15:2			466
Réttarholtsskóli							109:5	103:4	132:5	344:14	8:1			352
Laugalækjarskóli							67:3	53:2	52:2	172:7	10:1			182
	1.116:51	1.143:50	1.228:51	1.216:53	1.282:57	1.296:54	1.185:51	1.086:48	1.148:48	10.700:463	167:10	1.131:68	15:1	12.013
Áfengaskóli K.H.Í.	23: 1	44: 3	38: 2	37: 2	39: 2	43: 2	43:2	42:2	62: 3	371: 19		19:2	9	399
Landakotsskóli	22: 1	19: 1	22: 1	20: 1	21: 1	15: 1				119: 6		24:1		143
Skóli Ísaks Jónss.	110: 5	85: 4								195: 9		131:6	156:7	482
	1.271:58	1.291:58	1.288:54	1.273:56	1.342:60	1.354:57	1.228:53	1.128:50	1.210:51	11.385:497	167:10	1.305:77	180:8	13.037

NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI Í GRUNNSKÓLUM REYKJANESUMDÆMIS SKÓLAÁRIÐ 1983/84.

	FORSKÓLI		1.BEKKUR		2.BEKKUR		3.BEKKUR		4.BEKKUR		5.BEKKUR		6.BEKKUR		7.BEKKUR		8.BEKKUR		9.BEKKUR		SAMTALS	
	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.
NJARÐVÍKUR	146	12	222	10	248	11	249	12	268	12	286	12	237	9	223	10	249	10	205	9	2432	107
SELTJARNARNES	54	2	51	2	65	3	71	3	68	3	72	3	75	3	69	3	79	4	75	3	679	29
GARÐABÆR	81	5	103	5	98	4	120	5	124	5	131	6	126	5	147	5	138	5	114	5	1182	50
HAFNARFJÖRÐUR	218	11	269	12	224	10	242	10	269	11	269	11	256	10	220	9	231	10	233	10	2431	104
BESSASTAÐAHR.	21	1	13	1	17	1	14	1	19	1	18	1	20	1							122	7
MOSFELLSHR.	65	4	76	3	80	4	85	4	98	4	105	4	89	3	79	4	83	3	91	4	851	37
KJALARNESHR.	7	1	6	0	9	1	6	0	8	1	13	0	5	1	10	1					64	5
KJÓSARHR.	3	0	4	0	2	0	2	1	5	0	0	0	5	1							21	2
KEFLAVÍK	138	8	100	4	136	5	94	4	102	4	127	5	119	5	117	5	126	5	142	6	1201	51
GRINDAVÍK	36	2	50	2	39	2	34	2	54	3	44	2	41	2	59	3	48	2	30	2	435	22
NJARÐVÍK	52	3	46	2	48	2	37	2	54	2	46	2	52	2	34	2	45	2	44	2	458	21
MIÐNESHR.	31	2	24	1	28	2	20	1	20	1	20	1	24	1	14	1	27	1			208	11
GERÐAHR.	22	1	18	1	24	1	16	1	33	2	18	1	16	1	22	1	17	1			166	10
VATNSL.STRHR.	14	1	13	1	18	1	13	1	9	1	16	1	18	1	11	1	15	1			127	9
SAMTALS:	987	53	995	44	1036	47	1003	47	1131	50	1165	49	1083	45	1005	45	1058	44	934	41	10397	465

NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI Í GRUNNSKÓLUM REYKJANESUMDÆMIS SKÓLAÁRIÐ 1984/85.

	FORSKÓLI		1.BEKKUR		2.BEKKUR		3.BEKKUR		4.BEKKUR		5.BEKKUR		6.BEKKUR		7.BEKKUR		8.BEKKUR		9.BEKKUR		SAMTALS	
	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.	NEM.	DFJ.
NJARÐVÍKUR	221	12	239	10	237	11	248	11	242	12	273	12	281	11	229	9	210	10	243	10	2423	108
SELTJARNARNES	64	2	56	2	45	2	71	3	70	3	67	3	70	3	77	3	71	3	82	3	673	27
GARÐABÆR	98	6	84	4	110	5	99	4	126	5	127	5	130	5	153	6	145	6	138	5	1210	51
HAFNARFJÖRÐUR	234	12	217	10	257	11	230	10	235	10	267	11	274	11	252	10	222	9	215	9	2403	103
BESSASTAÐAHR.	16	1	22	1	16	1	19	1	17	1	21	1	19	1	0	0	0	0	0	0	130	7
MOSFELLSHR.	86	5	64	3	80	3	89	4	90	4	100	4	106	4	96	4	85	3	83	3	860	37
KJALARNESHR.	8	1	6	1	0	0	13	1	0	0	14	1	13	1	4	1	0	0	0	0	58	6
KJÓSARHR.	1	0	0	0	0	0	8	1	0	0	0	0	8	1	0	0	0	0	0	0	17	2
KEFLAVÍK	126	8	140	5	102	4	136	5	95	4	108	4	130	5	120	5	115	5	150	6	1222	51
GRINDAVÍK	44	3	35	2	47	2	40	2	33	2	53	3	43	2	38	2	52	3	40	2	425	23
NJARÐVÍK	50	3	49	2	47	2	44	2	36	2	49	2	48	2	47	2	36	2	44	2	450	21
MIÐNESHR.	22	1	29	2	22	1	30	1	19	1	21	1	19	1	23	1	14	1	0	0	159	10
GERÐAHR.	25	2	22	1	17	1	23	1	18	1	29	2	16	1	20	1	22	1	0	0	192	11
VATNSL.STRHR.	14	1	15	1	12	1	20	1	15	1	12	1	18	1	18	1	11	1	15	1	150	10
SAMTALS:	1009	57	978	44	992	44	1070	47	996	46	1141	50	1175	49	1077	45	984	44	1010	41	10438	467
FJÖLGUN FRÁ FYRRA ÁRI:	22	4	-17	0	-44	-3	67	0	-135	-4	-24	1	92	4	72	0	-74	0	76	0	35	2

Grunnskólar á Vesturlandi.

Samkvæmt haustskýrslum		Nemendafjöld 1983-1984, 1984-1985									Fjöldi bekkjardeilda 1983-1984, 1984-1985								
Skólahverfi	vetur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Akraneskaupstaður	83-84	113	98	119	133	100	103	114	100	93	5	4	5	6	4	4	5	4	4
	84-85	91	110	98	119	127	99	103	115	94	4	5	4	5	6	4	5	5	4
Heiðarskóli	83-84	11	12	10	14	11	11	10	5	8	1	1	1	1		1	1	1	1
	84-85	9	11	11	11	13	13	11	10		1	1	1	1	1	1	1	1	
Andakílsskóli	83-84	10	2	4	9	6	6						1		1	1			
	84-85	4	10	1	4	8	6						1		1	1			
Kleppjárnsreykjaskóli	83-84	13	12	15	12	10	13	8	10		1	1	1	1	1	1	1	1	
	84-85	7	12	11	13	12	8	17	7		1	1	1	1	1	1	1	1	
Varmalandsskóli	83-84	14	11	16	17	23	9	16	16		1	1	1	1	1	1	1	1	
	84-85	19	14	10	16	16	23	9	16		1	1	1	1	1	1	1	1	
Borgarnes	83-84	35	45	37	31	41	28	31	32	23	2	2	2	2	2	2	2	2	1
	84-85	15	33	41	37	29	36	27	27	23	1	2	2	2	2	2	1	2	1
Laugargerðisskóli	83-83	6	9	7	7	8	12	15	17	18	1	1	1	1	1	1	1	1	1
	84-85	8	7	11	8	6	9	14	14	24	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Lýsuhóll, Staðarsveit	83-87	1	2		2	1	5								1	1			
	84-85		1	2	2	3	1	2							1	1			
Hellissandur	83-84	17	14	6	12	12	10	13	10	4	1		1	1	1	1	1	1	1
	84-85	10	16	14	7	10	14	9	11	7	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Ólafsvík	83-84	20	21	20	29	28	18	28	16	24	1	1	1	2	2	1	2	1	1
	84-85	22	22	18	22	27	26	17	28	14	1	1	1	1	2	2	1	2	1
Grundarfjörður	83-84	17	14	13	13	17	10	14	9	12	1	1	1	1	1	1	1	1	1
	84-85	16	16	12	14	12	17	8	15	5	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Stykkishólmur	83-84	24	25	25	29	30	19	26	29	32	1	1	1	2	2	1	1	2	2
	84-85	28	24	24	24	24	32	22	29	23	2	1	2	1	1	2	1	2	1
Búðardalur	83-84	5	11	10	6	10	10	13	6	10		1		1		1	1	1	1
	84-85	8	5	9	11	5	12	11	13	8	1		1		1	1	1	1	1
Laugar í Sæli, Dalasýslu	83-84	10	12	14	16	14	15	14	16	20	1	1	1	1	1	1	1	1	1
	84-85	8	9	11	13	15	13	15	13	15	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Nemendafjöldi í árgangum eftir einstökum skólahverfum ásamt fjölda deilda í skólaárið 1983-1984.

	F.	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	Deildir
Barnaskóli Ísafjarðar	65	59	63	56	56	64	64				19
Barnaskóli Hnífsdal		10	13	5	5	10	8				4
Gagnfrsk. Ísafirði								2 38	3 69	3 45	8
Grunnsk. Bolungarvík	2 25	2 31	26	2 33	22	2 34	22	16	19	19	14
Grunnsk. Ceiradalshr.	4	3	2	2	2	1					2
Reykhólaskóli	4	8	6	2	4	4	7	9	9	7	5
Flateyjarhreppur Grunnsk. Barðaströnd	1	3	2	1	5	1 2	3	5	2 6		1 4
Grunnsk. Rauðasandi			1		4	2	4		2		
Grunnsk. Patreksfirði	18	15	22	23	19	20	23	19	10	10	10
Grunnsk. Tálknafirði	6	6	7	4	8	4	7	7	5		6
Grunnsk. Bíldudal	8	8	5	6	6	7	11	8	7		7
Grunnsk. Auðkúluhreppi		1			1		1	1			1
Grunnsk. Þingeyri	4	8	8	10	7	7	8	5	4		7
Grunnsk. Núpi			1	2	1	1	2	1			2
Grunnsk. Holti		2	1		1		2	2			2
Grunnsk. Flateyri	6	9	6	11	7	9	7	10			7
Grunnsk. Suðureyri	4	8	8	7	7	12	5	6	10		7
Grunnsk. Súðavík	3	3	4	4	4	7	2	3			4
Grunnsk. Reykjanesi					2	6	0				1
Finnbogastaðaskóli		6	5	1	3	4	1	3	1		2
Klúkuskóli	1	4			3	2	2	2	4		2
Grunnsk. Drangsnesi		4	2	3	5	4	2				2
Grunnsk. Hólmavík	11	14	6	6	7	8	9	5	12	11	7
Grunnsk. Broddanesi	2	1	3	1	1		4	3			2
Grunnsk. Borðeyri	4	1	2		3	2	2	5			2

Nemendafjöldi í árgangum eftir einstökum skólahverfum ásamt fjölda deilda í skólaárið 1984-1985.

	F.	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	Deildir
Barnaskóli Ísafjarðar	58	60	72	62	51	66	66				19
Barnaskóli Hnífsdal		7	9	12	4	6	11				3
Gagnfrsk. Ísafirði								3 69	2 37	3 60	8
Grunnsk. Bolungarvík	2 28	21	2 31	24	2 36	21	2 34	23	14	15	14
Grunnsk. Ceiradalshr.	1	4	4	2	3	2					2
Reykhólaskóli	4	4	9	6	4	4	5	9	12	6	5
Grunnsk. Barðaströnd	3	2	3	2	1	7	1	2	5		4
Grunnsk. Rauðasandi						4	2	4			1
Grunnsk. Patreksfirði	14	20	17	21	23	19	19	22	15	12	10
Grunnsk. Tálknafirði	11	5	6	7	4	7	4	8	7		6
Grunnsk. Bíldudal	7	7	8	5	4	5	7	11	6		6
Grunnsk. Auðkúluhreppi	2		1			1		1			1
Grunnsk. Þingeyri	9	3	6	6	8	6	6	8			6
Grunnsk. Núpi	2	2	1	1	1	2	1	2			2
Grunnsk. Holti	2		2	1		1		2			2
Grunnsk. Flateyri	7	8	9	6	9	6	8	7	11		7
Grunnsk. Suðureyri	10	7	11	8	8	7	13	7	5		7
Grunnsk. Súðavík	7	3	4	5	4	4	6				3
Grunnsk. Reykjanesi		4	4	5	2	2	6				2
Finnbogastaðaskóli	1	3	6	5	1	3	4	1			2
Klúkuskóli	4	1	4	2	1						2
Grunnsk. Drangsnesi	6	0	4	2	3	6	5	3			3
Grunnsk. Hólmavík	12	12	14	6	8	7	8	10	9	12	8
Grunnsk. Broddanesi	3	2	1	3	1	1		4			2
Grunnsk. Borðeyri	3	4	1	2		3	2	2			2

Fjöldi nemenda og deilda 1983-84.

Skóli	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	fjöldi nem.	fjöldi deilda.
Seyðisfjörður	13	14	20	16	24	18	18	8	17	18	166	10
Neskaupstaður	19	37	38	36	32	33	39	27	27	27	315	16
Eskifjörður	21	19	16	21	21	18	17	15	27	22	197	11
Skeggjastaðahr.	2	4	1	2	2	3	3				17	2
Vopnafjörður	13	17	21	13	14	15	11	19	18	16	157	11
Hlíðarhreppur	3		3	1	5	2	2	7	6		29	4
Jökuldalur	2	3	3	6	4	8	3				29	2
Borgarfjörður	7	4	2	6	2	1	4		2		28	3
Hallormsstaður	6	3	5	6	8	6	7	12	6		59	6+3 se
Egilsstaðir	30	25	27	44	48	38	25	29	26	23	315	15
Eiðar	3	7	8	8	3	5	4	3	5		46	4
Alþýðuskólinn										41	41	2
Mjóifjörður		1	1				2				4	1
Norðfjarðarhreppur	3	1	1	2	1	1	1				10	2
Reyðarfjörður	9	19	12	15	10	9	11	13	20	18	136	10
Fáskrúðsfjörður	13	19	18	19	13	14	14	26	22	18	176	10
Stöðvarfjörður	5	7	9	5	11	7	5	14	7		70	6
Breiðdalshreppur	6	6	3	2	9	6	5	11	4		52	5
Beruneshreppur	1	1		2	3	4	3				14	2
Djúpivogur	13	6	4	7	11	12	3	6	9	10	81	7
Geithellnahr.	3	1	1	2	4	4					15	2
Nesjahreppur	7	10	10	8	7	7	5	7	11	12	84	7
Hafnarskóli	30	41	17	39	28	32	33				220	13
Heppuskóli								27	32	27	86	4
Mýrahreppur	3	3	3	3		2	5				19	2
Borgarhafnarhr.	1	2	2		4	2	2				13	2
Hofshreppur			3	1	2		1				7	1

Fjöldi nemenda og deilda 1984-85.

Skóli	6 ára	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	Fjöldi nem.	Fjöldi deilda.
Seyðisfjörður	29	13	13	24	18	24	13	15	10	15	174	11
Neskaupstaður	28	20	35	38	35	32	34	39	28	32	321	18
Eskifjörður	23	21	19	16	22	19	19	17	14	24	194	10
Bakkafjörður	1	2	4	1	2	2	3				15	2
Vopnafjörður	20	13	19	22	11	15	15	15	18	16	164	11
Brúarásskóli	1	3		3	1	3	2	5	6		24	4
Skjöldólfsst.	2	2	3	3	6	4	8				28	2
Borgarfjörður	7	8	3	2	6	2	1	4			33	3
Hallormsstaður	4	6	4	5	7	10	7	6	12		61	8
Egilsstaðir	34	32	25	24	45	45	35	25	28	27	320	15
Eiðar	6	6	8	9	8	4	5	4	3		53	6
Alþýðuskólinn										34	34	2
Mjóifjörður	1		1	1				2			5	1
Norðfjarðarhr.	2	3	1		2	1	1				10	1
Reyðarfjörður	13	9	18	14	13	12	10	11	13	20	133	10
Fáskrúðsfjörður	13	13	18	19	18	12	13	12	26	19	163	10
Stöðvarfjörður	3	4	6	8	4	10	5	7	14		61	6
Breiðdalshreppur	6	7	5	4	2	9	5	6	11		55	6
Beruneshreppur	2	1	1	2	3	4.					13	2
Djúpivogur	3	12	6	4	7	12	13	4	6	6	73	9
Geithellnahreppur	2	3	1	1	2	4	4				17	2
Nesjahreppur	6	8	9	9	9	7	7	14	6	10	85	10
Hafnarskóli	30	28	38	17	40	25	31				209	12
Heppuskóli								32	27	31	90	6
Mýrahreppur	1	3	4	3	3		2				16	2
Borgarhafnarhr.	3	1	3	2		4	2				15	2
Hofshreppur	1	1		3	1	2					8	1
Samtals :	241	219	244	234	265	262	235	218	222	234	2374	172

FRÆÐSLUSTJÓRI SUÐURLANDSUMDÆMIS
AUSTURVEGI 38 - 800 SELFOSSI - SÍMI 99-1905

Dagb.:

Suðurlandsumdæmi.

Selfossi, 13. febrúar 1985.

Nemendafjöldi í einstökum skólahverfum flokkað eftir árgöngum og fjöldi bekkjardeilda í árgöngum skólaárin 1983-84 og 1984-85.

		83/84		84/85	
Barnask. Vestmannaeyjum	1.b.	63	3	52	2
	2.b.	58	3	65	3
	3.b.	47	2	56	3
	4.b.	59	3	50	2
	5.b.	50	2	61	3
	6.b.	55	2	51	2
	7.b.	80	4	58	2
		412	19	393	17
Hamarsskóli Vestm.e.	1.b.	55	3	36	2
	1.b.	45	2	55	3
	3.b.	36	2	42	2
	4.b.	46	2	38	2
	5.b.	47	2	44	2
	6.b.	40	2	46	2
	7.b.	269	13	42	2
				303	15
Gagnfræðaskólinn Vestm.e.	8.b.	78	4	83	4
	9.b.	77	4	72	3
		155	8	155	7
Barnaskóli Selfoss	1.b.	87	4	57	3
	2.b.	75	3	94	4
	3.b.	62	3	78	3
	4.b.	80	4	60	3
	5.b.	80	3	80	4
	6.b.	90	4	80	4
		474	21	449	21

		83/84		84/85	
Gagnfræðaskóli Selfoss	7.b.	77	4	105	4
	8.b.	77	4	87	4
	9.b.	78	4	76	3
		232	12	268	11
Kirkjubæjarskóli	1.b.	11	1	12	1
	2.b.	14	1	10	1
	3.b.	14	1	15	1
	4.b.	13	1	13	1
	5.b.	9	1	12	1
	6.b.	9	1	9	1
	7.b.	13	1	9	1
	8.b.	13	1	12	1
	9.b.	14	1	16	1
		110	9	108	9
Víkurskóli	1.b.	9		6	1
	2.b.	5		10	
	3.b.	8	1	6	
	4.b.	5	1	9	1
	5.5.	5		6	1
	6.b.	5	1	6	1
	7.b.	7	1	13	1
	8.b.	12	1	8	1
	9.b.	5	1	12	1
		61	6	76	7
Ketilsstaðaskóli	1.b.	5		3	
	2.b.	3		4	
	3.b.	2	1	2	1
	4.b.	2		2	
	5.b.	5		1	
	6.b.	9	1	5	1
		26	2	17	2

		83/84			84/85
Grunnsk. A-Eyjafjalla	1.b.	2		3	
	2.b.	11		2	1
	3.b.	2	1	10	1
	4.b.	10	1	2	
	5.b.	7		9	1
	6.b.	3	1	10	1
		35	3	36	4
Grunnsk. V-Eyjafjalla	1.b.	3		1	
	2.b.	4		4	
	3.b.	4	1	5	1
	4.b.	1		4	
	5.b.	1		2	
	6.b.	2	1	4	1
		15	2	20	2
Grunnsk. A-Landeyja	1.b.	1		8	
	2.b.	4	1	2	1
	3.b.	8		4	
	4.b.	6	1	8	1
	5.b.	8		7	
	6.b.	6	1	8	1
		33	3	37	3
Grunnsk. V-Landeyja	1.b.	6		5	
	2.b.	4		5	
	3.b.	4	1	4	1
	4.b.	5		4	
	5.b.	3		5	
	6.b.	6	1	3	1
		28	2	26	2

		83&84		84/85	
Grunnsk. Fljótshlíðarhr.	1.b.	4		7	
	2.b.	2		4	
	3.b.	3	1	2	1
	4.b.	2		3	
	5.b.	6	1	3	1
	6.b.	5	1	6	1
		22	3	25	3
Barnask. Hvolsvelli	1.b.	15	1	18	1
	2.b.	18	1	16	1
	3.b.	12	1	17	1
	4.b.	11	1	12	1
	5.b.	17	1	11	1
	6.b.	25	1	15	1
		98	6	89	6
Gagnfr.sk. Hvolsvelli	7.b.	28	1,5	41	2
	8.b.	27	1,5	28	1
	9.b.	32	2	23	1
		87	5	92	4
Grunnsk. Hellu	1.b.	21	1	8	1
	2.b.	15	1	22	1
	3.b.	18	1	15	1
	4.b.	18	1	17	1
	5.b.	11	1	14	1
	6.b.	15	1	11	1
	7.b.	6	1	20	1
	8.b.	22	1	4	1
	9.b.	19	1	21	1
		145	9	132	9

		83/84			84/85	
Laugalandssk, Holtahr.	1.b.	12	1	13		1
	2.b.	13	1	9		1
	3.b.	7	1	19		1
	4.b.	18	1	7		1
	5.b.	14	1	18		1
	6.b.	11	1	12		1
	7.b.	12	1	11		1
	8.b.	16	1	12		1
	9.b.	18	1	14		1
		121	9	115		9
Grunnsk. Djúpárhrepps	1.b.	3		2		
	2.b.	6	1	3		1
	3.b.	4	1	5		
	4.b.	7	1	3		1
	5.b.	5		7		
	6.b.	6	1	5		1
		31	4	25		3
Grunnsk. Gaulverjab.hr.	1.b.	4		3		
	2.b.	3		6		1
	3.b.	1	1	6		
	4.b.	3		1		
	5.b.	4		2		
	6.b.	4	1	3		1
		19	2	21		2
Grunnsk. Stokkseyrar	1.b.	7	1	11		1
	2.b.	11	1	6		
	3.b.	19	1	9		1
	4.b.	8	1	18		1
	5.b.	16	1	10		1
	6.b.	7	1	17		1
	7.b.	12	1	8		1
	8.b.	12	1	10		1
	9.b.	9	1	10		1
		101	9	99		8

		83/84		84/85	
Grunnsk. Eyrarbakka	1.b.	11	1	9	1
	2.b.	6		12	1
	3.b.	10	1	6	1
	4.b.	21	1	10	1
	5.b.	12	1	18	1
	6.b.	14	1	11	1
	7.b.	11	1	14	1
	8.b.	6	1	11	1
	9.b.	11	1	6	1
		102	8	97	9
Grunnsk. Hraungerðishr.	1.b.	3		1	
	2.b.	6		3	
	3.b.	4	1	4	1
	4.b.	3		4	
	5.b.	4		3	
	6.b.	6	1	3	1
		26	2	18	2
Grunnsk.Villingah.hr.	1.b.	6		6	
	2.b.	3	1	6	1
	3.b.	0		3	
	4.b.	5		0	
	5.b.	2		4	
	6.b.	4	1	1	1
		20	2	20	2
Grunnsk. Skeiðahr.	1.b.	3		6	1
	2.b.	6		2	
	3.b.	2	1	5	1
	4.b.	5		2	
	5.b.	2		6	
	6.b.	8	1	3	1
		26	2	24	3

		83/84		84/85	
Ljósafosssk. Grímsnesi	1.b.	5		4	
	2.b.	11	1	4	1
	3.b.	8		11	
	4.b.	2	1	6	1
	5.b.	6		2	
	6.b.	9	1	6	1
	7.b.	7	1	7	1
		48	4	40	4
Barnask. Hveragerðis	1.b.	36	2	32	2
	2.b.	27	2	37	2
	3.b.	34	2	26	1
	4.b.	45	2	33	2
	5.b.	38	2	46	2
	6.b.	32	2	37	2
		212	12	211	11
Gagnfr.sk Hveragerðis	7.b.	28	1,5	32	2
	8.b.	23	1,5	29	1,5
	9.b.	21	1	25	1
		72	4	86	4,5
Grunnsk. Þorlákshafnar	1.b.	26	1	26	1
	2.b.	33	2	23	1
	3.b.	21	1	34	2
	4.b.	25	1	22	1
	5.b.	21	1	25	1
	6.b.	22	1	23	1
	7.b.	22	1	24	1
	8.b.	16	1	14	1
	9.b.	22	1	18	1
		208	10	209	10
Suðurland alls		3495	213	3510	211,5

		83/84		84/85	
Grunnsk. Gnúpverjahr.	1.b.	11		3	
	2.b.	6	1	11	1
	3.b.	7		6	
	4.b.	7	1	10	1,5
	5.b.	11		7	
	6.b.	9	1	12	1,5
		51	3	49	4
Grunnsk. Hrunamannahr.	1.b.	9		8	
	2.b.	12	1	11	1
	3.b.	8		13	1
	4.b.	8	1	7	
	5.b.	18	1	8	1
	6.b.	8	1	18	1
	7.b.	31	2	23	1
	8.b.	28	1	29	2
	9.b.	22	1	26	1
		144	8	151	8
Grunnsk. Biskupstnhr.	1.b.	7	1	13	1
	2.b.	11	1	7	1
	3.b.	9	1	13	1
	4.b.	10	1	10	1
	5.b.	0		6	
	6.b.	9	1	5	1
	7.b.	5	1	9	1
	8.b.	12	1	5	1
	9.b.	17	1	12	1
		80	8	80	7
Grunnsk. Laugardalshr.	1.b.	4		9	
	2.b.	3	1	2	1
	3.b.	4		3	
	4.b.	8	1	5	
	5.b.	5		9	1
	6.b.	5		5	
	7.b.	3	1	6	1
		32	3	39	3

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
	Nemendafjöldi																Kennarar		
REYKJAVÍK:																			
Alftamýrarskóli	9		1)	50	27	32	28	42	41	35	44	39	44	332	+ 11	393	36	2	4
Arbæjarskóli	9			89	84	94	105	93	101	101	83	96	96	853		942	47	3	8
Austurbæjarskóli	9			53	53	45	46	51	60	51	44	40	21	411	+ 10	474	31	4	2
Breiðagerðisskóli	9			36	40	39	43	40	44	50				256	+ 13	305	24		
Breiðholtsskóli	9			73	82	76	77	65	84	82	72	70	90	698	+ 13	784	48	3	8
Bústaðaskóli	9							1	3	4	2			10		10	3	2	
Fellaskóli	9			87	88	93	95	103	124	105	111	102	109	930	+ 24	1041	65	11	9
Fossvogsskóli	9			41	49	48	62	61	61	78				359		400	25		3
Hagaskóli	9										143	136	163	442	+ 15	457	32	7	4
Hlíðaskóli	9			50	23	42	48	48	43	39	44	48	40	375	+ 24	449	29		
Hólabrekkuskóli	9			118	114	120	124	122	121	112	96	82	84	975	+ 10	1103	56	3	7
Hvassaleitisskóli	9			29	34	42	32	42	35	45	44	28	44	346		375	23	2	2
Langholtsskóli	9			52	65	54	52	60	68	60	73	80	73	585		637	36	4	2
Laugalækjarskóli	9										68	52	49	169	+ 10	179	16	2	1
Laugarnesskóli	9			76	66	71	84	67	70	85				443	+ 10	529	34	2	
Melaskóli	9			132	115	92	131	92	132	109				671		803	43	4	8
Réttarholtsskóli	9										109	105	130	344	+ 8	352	26	3	2
Seljaskóli	9			132	136	161	138	145	138	156	111	96	83	1164		1296	60	6	3

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
	Nemendafjöldi																Kennarar		
Vesturbæjarskóli	9			38	47	48	35	39	45	39				253		291	17	1	1
Vogaskóli	9			27	27	21	25	28	23	30	35	21	31	241		268	22	4	4
Æfinga- og tilraunask. K.H.I.	9		2)	30	22	36	38	38	39	43	43	42	62	363		393	34	7	4
Ölduselsskóli	9			66	68	65	99	115	99	119	99	80	83	827	+ 8	901	49	4	4
Sérkennarar																	3		
Sundkennarar																	3		
Sjúkraleikfimikennarar																	2		
Tungumálakennarar																	2		
SAMTALS:				1179	1140	1179	1262	1252	1331	1343	1221	1117	1202	11.047	+156	12.382	766	74	76

1) Þar af 15 fimm ára.
2) Þar af 9 fimm ára.
3) Þar af 24 fimm ára.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

REYKJANESUMDÆMI:	Nemendafjöldi															Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaskyldir - sérdeildir	Skertur námstími	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
KÓPAVOGUR:																			
Digranesskóli	9			30	38	42	44	36	94	78	82	70	120	604	+ 4	638	34	9	6
Hjallaskóli	9			40	40	38	46	32						156		196	10	3	2
Kársnesskóli	9			57	57	52	63	70	68	78				388		445	21	4	4
Kópavogsskóli	9			31	49	45	48	39	42	55	42	33		353		384	21	2	1
Snælandsskóli	9			63	55	60	47	65	68	68	47	49	52	511		574	25	8	1
Þinghólsskóli	9										57	62	71	190		190	8	5	1
Íþróttakennarar																	9		2
Sérkennarar																	1		2
SAMTALS:				221	239	237	248	242	272	279	228	214	243	2202	+ 4	2427	129	31	19
SELTJARNARNES:																			
Mýrarhúsaskóli	9			64	56	45	71	70	67	70				379		443	31	2	3
Valhúsaskóli	9										77	71	82	230		230	14	2	4
SAMTALS:				64	56	45	71	70	67	70	77	71	82	609		673	45	4	7
GARÐABÆR:																			
Flataskóli	9			37	42	46	99	126	127					440		477	27	4	2
Hofstaðaskóli	9			61	42	64								106		167	8	1	
Garðaskóli	9									130	153	145	138	566	x	566	44	2	4
SAMTALS:				98	84	110	99	126	127	130	153	145	138	1112		1210	79	7	6

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

	Nemendafjöldi															Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaskyldir - sérdeildir	Skertur námstími	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
HAFNARFJÖRÐUR:																			
Engidalsskóli	9			58	60	71	56	72						259		317	14		3
Lækjarskóli	9			45	48	60	42	48	53	63	53	48	47	462		507	26	3	3
Víðistaðaskóli	9			62	39	55	64	50	145	138	123	123	119	856	+ 14	932	46	5	2
Öldutúnsskóli	9			69	70	71	68	65	69	73	76	51	49	592		661	35		1
Íþróttakennarar																	9		
SAMTALS:				234	217	257	230	235	267	274	252	222	215	2169	+ 14	2417	130	8	9
KEFLAVÍK:																			
Myllubakkaskóli	9			126	140	102	136	95	108					581	+ 5	712	29	1	1
Holtaskóli	9									130	120	115	150	515		515	26	2	2
SAMTALS:				126	140	102	136	95	108	130	120	115	150	1096	+ 5	1227	55	3	3
GRINDAVÍK:																			
Grunnskólinn í Grindavík	8			44	35	47	40	33	53	43	38	52	40	381		425	23		
NJARÐVÍKUR:																			
Grunnskólinn í Njarðvíkum (Njarðvíkur- og Hafnarhr.)	9			50	49	47	44	36	49	48	47	36	44	400		450	23		

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - mán. Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
KJÓSARSÝSLA:																	
Alftanesskóli	8	16	22	16	19	17	21	19				114		130	6	2	
Varmárskóli	9	86	64	80	89	90	100	106				529		615	27	3	1
Gagnfræðaskólinn í Mosfellssv.																	
(Nem. Mosfellssv., Kjalarn.																	
og Kjósarhr.)	9								96	86	83	265		265	20	2	
Klébergsskóli Kjalarnesi	8	8	6	6	7	5	8	13	4			49		57	4	3	1
Ásgarðsskóli Kjósahr.	8		3	4	1	2	6	1				17		17	2	1	
SAMTALS:		110	95	106	116	114	135	139	100	86	83	974		1084	59	11	2
GULLBRINGUSÝSLA:																	
Grunnskólinn í Sandgerði	8	22	29	22	30	19	21	19	23	14		177		199	9		2
Grunnskóljnn í Garði	8	25	22	17	23	18	29	16	20	22		167		192	8	5	1
Stóru-Vogaskóli	8 ½	14	15	12	20	15	12	18	18	11	15	136		150	9	2	
SAMTALS:		61	66	51	73	52	62	53	61	47	15	480		541	26	7	3
Sérkennarar við grunnskólana																	
í Reykjanesumdæmi:															10		
REYKJANESUMDÆMI		1008	981	1002	1057	1003	1140	1166	1076	988	1010	9423	+ 23	10.454	579	71	49

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

VESTURLANDSUMDÆMI:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - mán. Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
AKRANES:																	
Brekkubæjarskóli	9	54	40	43	49	65	60	48	97	112		514	+ 19	587	40		1
Grundaskóli	9	60	48	65	49	53	65	50				330		390	21	2	2
Fjölbrautask. á Akranesi (grsk.d.	9										89	89		89	11		
SAMTALS:		114	88	108	98	118	125	98	97	112	89	933	+ 19	1066	72	2	3
BORGARFJARDAR- OG MÝRARSÝSLA:																	
Heiðarskóli (Hvalfj.st.,																	
Innri-Akranes, Skilmannahr.,																	
Leirár- og Melahr.)	8	8	9	11	11	11	13	13	11	10		89		97	8	3	1
Andakílsskóli	8	6	4	10	1	4	8	6				33		39	3	1	
Kleppjárnsreykjaskóli (Anda-																	
kíls- Skorrad.- Lundarreykjad.-																	
Reykholtsd.- Hálsahr.)	8	12	7	12	11	13	12	8	17	7		87		99	10	1	1
Héraðsskólinn í Reykholti	8 ½ H										65	65	x	65	11	2	1
Varmalandsskóli (Hvítárs.,																	
Þverárhl., Norðurárd., Stafh.t																	
Borgar.,Alftan. og Hraunhr.)	8 x H	12	19	14	10	16	16	23	9	16		123		135	9	7	
Grunnskólinn í Borgarnesi	9	37	15	33	41	37	29	36	27	27	23	268	x	305	24	2	2
SAMTALS:		75	54	80	74	81	78	86	64	60	88	665		740	65	16	5

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólatími - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x fræðslud. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSSÝSLA:																			
Laugargerðisskóli (Kolbeinsst.,																			
Eyja., Miklah., Staðarsv.,																			
Breiðuv. og Skógarströnd)	9	x	h	8	8	7	11	8	6	9	14	14	24	101		109	8	3	
Grunnskólinn í Staðarsveit	8			2		1	2	2	3	1	2			11		13	2		
Grunnskólinn á Hellissandi	8			8	10	16	14	7	10	14	9	11	7	98		106	11		
Grunnskólinn í Ólafsvík	8½			28	22	22	18	22	27	26	17	28	14	196	x	224	18	1	1
Grunnskóli Eyrarsveitar	8¼			15	16	16	12	14	12	17	8	15	5	115		130	11	1	
Grunnskólinn í Stykkishólmi	8¾			22	28	24	24	24	24	32	22	29	23	230	x	252	17		3
SAMTALS:				83	84	86	81	77	82	99	72	97	73	751		834	67	5	4
DALASÝSLA:																			
Grunnskólinn í Búðardal	8			9	8	5	9	11	5	12	11	13	8	82		91	6	5	
Laugaskóli (Allir hreppar í																			
Dalasýslu)	9	x	H	8	8	9	11	13	15	13	15	13	15	112	x	120	11	6	
SAMTALS:				17	16	14	20	24	20	25	26	26	23	194		211	17	11	
Sérk. v/grunnskólana í																			
Vesturlandsumdæmi																			
VESTURLANDSUMDÆMI:				289	242	288	273	300	305	308	259	295	273	2543	+ 19	2851	221	34	12

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

VESTFJARÐAUMDÆMI:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólatími - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x fræðslud. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
ISAFJÖRÐUR:																			
Barnaskólinn á Ísafirði	9			58	60	74	62	51	66	66				379		437	21	1	
Barnaskólinn í Hnífsdal	9				7	9	12	4	6	11				49		49	3	4	
Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	8½										69	37	60	166		166	12	3	
SAMTALS:				58	67	83	74	55	72	77	69	37	60	594		652	36	8	
BOLUNGARVÍK:																			
Grunnskólinn í Bolungarvík	8			28	21	31	24	36	21	34	23	14	15	219		247	15	3	
AUSTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Geiradalshr.	7	x	h	1	4	4	2	3	2					15		16	1	3	
Reykhólaskóli (Reykhóla.,																			
Geiradals., Flateyjar- og																			
Gufudalshr.)	8		h	4	4	9	6	4	4	5	9	12	6	59		63	7	4	
Grunnskólinn í Flatey						starfar ekki													
SAMTALS:				5	8	13	8	7	6	5	9	12	6	74		79	8	7	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólaefni - mán.	Skertur námsefni	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
VESTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Barðastrandarhr.	8			3	2	3	2	1	7	1	2	5		23		26	2	3	
Grunnskólinn í Rauðasandshr.	7	x	h				1		4	2	4			11		11	1	2	
Grunnskólinn á Patreksfirði	8			14	20	17	21	23	19	19	22	15	12	168		182	14		
Grunnskólinn á Tálknafirði	8			11	5	6	7	4	7	4	8	7		48		59	5	2	
Grunnskólinn á Bíldudal	8			7	7	8	5	4	5	7	11	6		53		60	6	2	
SAMTALS:				35	34	34	36	32	42	33	47	33	12	303		338	28	9	
VESTUR- ÍSAFJARÐARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Auðkúluhreppi	7	x		2		1			1		1			3		5	1	1	
Grunnskólinn á Þingeyri	8			9	3	6	6	8	6	6	8			43		52	5	2	
Grunnskólinn í Mýrahreppi	8			2	2	1	1	1	2	1	2			10		12	2	1	
Héraðsskólinn á Núpi	8		H									13	8	21	x	21	6	2	
Grunnskólinn í Mosvallahreppi	7			3		2	1		1		2			6		9	2		
Grunnskólinn á Flateyri	8			7	8	9	6	9	6	8	7	11		64		71	5	4	
Grunnskólinn á Suðureyri	8			10	7	11	8	8	7	13	7	5		66		76	6	2	
SAMTALS:				33	20	30	22	26	23	28	27	29	8	213		246	27	12	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólaefni - mán.	Skertur námsefni	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
NORÐUR-ÍSAFJARÐARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Súðavík	8			7	3	4	5	4	5	6				27		34	2	1	
Grunnsk. í Reykjanesi (Ögurhr., Reykjafj.hr., Nauteyrarhr. og Snæfjallahr.)	8	x	H		4	4	5	2	2	6				23		23	1	2	
Héraðsskólinn í Reykjanesi	8		H								8	19	22	49	x	49	4	3	
SAMTALS:				7	7	8	10	6	7	12	8	19	22	99		106	7	6	
STRANDASÝSLA:																			
Finnbogastaðaskóli	8	x	H	1	3	6	5	1	3	4	1			23		24	1	3	
Klúkuskóli	7		H	4	1	4			2	1				8		12	2		
Grunnskólinn á Drangsnesi	8			6		4	2	3	6	5	3			23		29	2	1	
Grunnskólinn á Hólmavík	8			12	12	14	6	8	7	8	10	9	12	86		98	7	2	
Grunnskólinn í Broddanesi	7			3	2	1	3	1	1		4			12		15	2	1	
Grunnskólinn á Borðeyri	8			3	4	1	2		3	2	2			14		17	3	2	
SAMTALS:				29	22	30	18	13	22	20	20	9	12	166		195	17	9	
Sérk. v/grunnskólana í Vestfjarðaumdæmi																	1		
VESTFJARÐAUMDÆMI:				195	179	229	192	175	193	209	203	153	135	1668		1863	139	54	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA:			Nemendafjöldi													Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - mán. Skertur námsefni Heimavist		Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SIGLUFJÖRÐUR:																		
Grunnskólinn á Siglufirði	8	1/2	24	31	32	31	27	30	29	35	28	28	271		295	21	3	
SAUÐÁRKRÓKUR:																		
Barnaskólinn á Sauðárkróki	8	1/2	45	50	39	40	45						174		219	16	1	1
Gagnfræðaskólinn á Sauðárkróki	8	1/2						58	38	51	41	45	233		233	8	6	
SAMTALS:			45	50	39	40	45	58	38	51	41	45	407		452	24	7	1
VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLA:																		
Grunnskólinn í Staðarhreppi	8		2	1	3	3	2	3					12		14	1	5	
Héraðsskólinn á Reykjum	8	H									32	28	60	x	60	7	3	
Laugarbakkaskóli + útibú																		
(Fr.Torfust., Ytri-Torfust.,																		
Kirkjuhv.hr., og Þorjelssh.hr.)	8	h	19	12	11	7	13	13	16	15	15	14	116		135	11	3	
Grunnskólinn á Hvammstanga	8		12	18	23	20	6	11	14	8	12	9	121		133	10	7	
Vesturhópsskóli	8	x	1	6	2	2	2	2	3				17		18	1	3	
SAMTALS:			34	37	39	32	23	29	33	23	59	51	326		360	30	21	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

			Nemendafjöldi													Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - mán. Skertur námsefni Heimavist		Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLA:																		
Húnavallaskóli + 3 útibú (Áshr.,																		
Sveinsst.hr., Torfal.hr.,																		
Svínav.hr.,Bólstaðarhl.hr.,																		
Engihlíðarhr.og Vindhælishr.)	8		16	7	15	10	19	23	23	15	15	16	143		159	14	3	
Grunnskólinn á Blönduósi	8		23	26	18	24	19	23	22	26	16	10	184		207	14	3	1
Grunnskólinn í Höfðakaupstað																		
(Höfðahr. og Skagahreppur)	8		18	11	12	16	15	16	12	14	14	14	124		142	8	6	
SAMTALS:			57	44	45	50	53	62	57	55	45	40	451		508	36	12	1
SKAGAFJARÐARSÝSLA:																		
Grunnsk. í Skefilsstaðahr.	7		1	2		2		1					5		6	1		
Grunnsk. í Staðarhr. (Nem. úr																		
Skarðshr. þar og á Sauðárkr.)	7			2	1	4	1	3	4				15		15	1	3	
Varmahlíðarskóli (Seyluhr. og																		
ungl. úr Akrahr., Skarðshr.,																		
Staðarhr.,Hólahr.,Viðvíkurhr.,																		
Haganeshr.,Holtshr og Egilsá)	8	h	10	10	13	8	10	7	9	20	23	36	136	+6	152	12	4	2
Steinsstaðaskóli	8		9	7	4	8	6	7	8	5	2		47		56	4	6	
Grunnskólinn í Akrahreppi	7	x	4	4	3	11	3	4	1				26		30	3	1	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólastig - bekkir	Fjartur námsefni	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Grunnskólinn í Ríputreppi																			
(Ungl.sækja skóla á Sauðárkr.	7			1	2		1	3	3					9		10	1	1	
Grunnskólinn á Hólum (Hóla- og																			
Viðvíkurhr.)	8			3	3	10	4	5	8	8				38		41	4	3	
Grunnskólinn á Hofsósi (Hofsóshr.																			
Hofshr., Fellshr.)	8			9	9	12	12	12	3	16	10	4	10	88		97	9	5	
Grunnskólinn í Haganeshreppi																			
(Haganeshr. og Holtshr.)	8			2	1	5	1	4	4	2				17		19	2	2	
SAMTALS:				39	40	48	51	44	40	48	35	29	46	381	+6	426	37	25	2
Sérk. v/grunnskólana í																			
Norðurlandsumdæmi vestra:																	1		
Sérdeild Norðurlandsumd. vestra																	5		
NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA:				199	202	203	204	192	219	205	199	202	210	1836	+6	2041	154	68	4

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA: Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólastig - bekkir	Fjartur námsefni	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
AKUREYRI:																			
Barnaskóli Akureyrar	9			85	40	55	53	60	54	71				333		418	25		1
Bröttuhlíðarskóli	9							3					1	4		4	3	1	
Gagnfræðaskóli Akureyrar	8½										137	124	155	416		416	29	4	2
Glerárskóli	9			50	43	59	64	47	54	79	66	69	51	532	+ 7	589	31	5	3
Lundarskóli	9			68	76	73	78	77	72	100				476	+15	559	35		
Oddeyrarskóli	9			30	38	31	38	42	47	40	36	43	25	340		370	25	4	2
Síðuskóli	9				26	37	34	38	34					169		169	11		
SAMTALS:				233	223	255	267	267	261	290	239	236	232	2270	+22	2525	159	14	8
HÚSAVÍK:																			
Barnaskólinn á Húsavík	9			53	39	53	40	45	52	54				283		336	16	2	
Gagnfræðaskólinn á Húsavík	8½										35	31	49	115	x	115	13	5	
SAMTALS:				53	39	53	40	45	52	54	35	31	49	398		451	29	7	
ÓLAFSFJÖRÐUR:																			
Barnaskólinn á Ólafsfirði	9			13	24	19	17	29	14	26				129		142	7	4	
Gagnfræðaskólinn á Ólafsfirði	8½										14	15	25	54	x	54	6	4	
SAMTALS:				13	24	19	17	29	14	26	14	15	25	183		196	13	8	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - mán.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
DALVÍK:																		
Grunnskólinn á Dalvík (Ungl. úr Hrísey, Svarfaðard.hr. og Árskógsstrandarhr.)	8½		24	21	18	34	24	25	30	25	25	47	249	x	273	20	6	1
EYJAFJARÐARSÝSLA:																		
Grunnskólinn í Grímsey	8		2	3	2	1	1	3	3				13		15	2	1	
Húsabakkaskóli	8	H	9	4	5	6	6	8	5	9	5		48		57	4	6	
Grunnskólinn í Hrísey	8		5	3		6	3	10	4	7	2		35		40	3	2	
Árskógarskóli	8		4	4	4	8	5	5	5	6	5		42		46	4	3	1
Grunnskólinn í Arnarneshreppi	8		2	2		2	3	2	4				13		15	2	1	
Þelamerkurskóli (Skriðuhr., Öxnadalshr., Glæsibæjarhr., og ungl. úr Arnarneshr.)	8	h		7	6	11	13	7	17	17	12	26	111		111	8	5	
Grunnskólinn í Hrafnagilshr.	8		5	6	6	9	4	8	7				40		45	4	2	
Hrafnagilsskóli (Hrafnagilshr. Saurbæjarhr.,Öngulsstaðahr., Svalbarðsstr.hr. og Grímsey)	8	h								23	25	33	81		81	6	7	1
Grunnskólinn í Saurbæjarhr.	8		2	4	3	3	9	5	5				29		31	3	1	
Grunnskólinn í Öngulsstaðahr.	8		8	7	9	8	9	9	5				47		55	5		
SAMTALS:			37	40	35	54	53	57	55	62	49	54	459		496	41	28	2

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - mán.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA:																		
Grunnsk. á Svalbarðsströnd	8		3	5	4	7	4	11	5				36		39	3	1	
Grenivíkurskóli	8		12	6	10	4	9	14	10	9	11		73		85	6	1	
Stórutjarnaskóli (Hálshr., Ljósavatnshr. og ungl. úr Grýtubakkahr. og Bárðdælahr.)	8	h	9	5	4	4	11	8	11	12	9	25	89		98	8	1	
Grunnskólinn í Bárðardal	8	H	4	4	2	7	3	3	9				28		32	2	1	
Grunnsk. í Skútustaðahreppi og útibú í Reykjahlíð	8		17	9	11	15	13	12	6	5	12		83		100	7	5	
Grunnsk. í Reykdælahreppi	8		6	2	5	5	6	6	4	4	4		36		42	5	4	
Héraðsskólinn á Laugum	8	H										49	49	x	49	11	4	
Hafralækjarskóli (Aðaldælahr., Reykjahr. og Tjörneshr.)	8	h		7	13	14	9	16	20	14	15		108		108	9	3	
SAMTALS:			51	38	49	56	55	70	65	44	51	74	502		553	50	20	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólastig - sán.	Skertur námstími Reimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
NORÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA:																		
Grunnskólinn í Skúlagarði																		
(Kelduneshr., og Öxarfj.hr.)	8	h	3	2	1		3						6		9	2	1	
Grunnsk. í Lundi, Öxarf.																		
(Kelduneshr., Öxarfj.hr. og																		
Presthólahr. Ungl. úr öllum																		
hreppum sýslunnar sækja 9.b.)	8	h	3	2	6					7	9	10	34		37	4		
Grunnskólinn á Kópaskeri	8		3	5	5	3	8	7	4				32		35	3	2	
Grunnskólinn á Raufarhöfn	8		4	6	5	10	11	7	8	8	10	7	72		76	6	2	
Grunnsk. í Svalbarðshreppi	7		3	2	2			5	1				10		13	1	2	
Grunnskólinn á Þórshöfn																		
(Sauðaneshr. og Svalbarðshr.)	8		15	9	4	5	8	13	8	10	8	14	79		94	6	2	
SAMTALS:			31	26	23	18	30	32	21	25	27	31	233		264	22	9	
Sérk. við grunnskólana á Norðurlandi eystra																2		
NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA:			442	411	452	486	503	511	541	444	434	512	4294	+22	4758	337	92	11

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

AUSTURLANDSUMDÆMI: Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólastig - sán.	Skertur námstími Reimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SEYÐISFJÖRÐUR:																		
Grunnskólinn á Seyðisfirði	9		29	13	13	24	18	24	13	15	10	15	145	x	174	12	5	
NESKAUPSTAÐUR:																		
Nesskóli	9		28	20	35	38	35	32	34				194		222	14	2	
Framh.sk. í Neskaupstað (grsk.d.)	9									39	28	32	99		99	6	3	
SAMTALS:			28	20	35	38	35	32	34	39	28	32	293		321	20	5	
ESKIFJÖRÐUR:																		
Grunnskólinn á Eskifirði	8½		23	21	19	16	22	19	19	17	14	24	171		194	11	3	2
NORÐUR-MÚLASÝSLA:																		
Grunnsk. í Skeggjastaðahr.	7		1	2	4	1	2	2	3				14		15	2	1	
Grunnsk. á Vopnaf. + útibú	8		20	13	19	22	11	15	15	15	18	16	144		164	12	2	
Brúarásskóli (Hlíðar- og																		
Hróarstunguhreppu)	7½	x h	1	3		3	1	3	2	5	6		23		24	4	1	
Skjöldólfsstaðaskóli	7½	x H	2	2	3	3	6	4	8				26		28	2	1	
Grunnsk. á Borgarfirði eystra	8		7	8	3	2	6	2		5			26		33	2	2	
SAMTALS:			31	28	29	31	26	26	28	25	24	16	233		264	22	7	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

		Nemendafjöldi													Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - mán. Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SUÐUR-MÚLASÝSLA:																	
Hallormsstaðaskóli + 2 útibú																	
(Skriðdalshr., Vallahr. og																	
Fljótsdalshr.)	8 h	4	6	4	5	7	10	7	6	12		57		61	6	1	
Grunnskólinn á Egilsstöðum	8½	34	32	25	24	44	44	35	25	28	26	283	+ 4	321	20	6	2
Grunnsk. á Eiðum (Eiðahr. og																	
Hjaltastaðahr.)	8 x h	6	6	8	9	8	4	5	4	3		47		53	5	3	
Alþýðuskólinn á Eiðum	8 H										34	34	x	34	8	4	
Grunnskólinn í Mjóafjarðarhr.	7 x	1		1	1				2			4		5	1	1	
Grunnsk. í Norðfjarðarhreppi																	
(Ungl.sækja sk.í Neskaupstað)	8	2	3	1		2	1	1				8		10	1	2	
Grunnsk. á Reyðarfirði	8	13	9	18	14	13	12	10	11	13	20	120		133	11	1	
Grunnsk. Fáskrúðsfjarðar																	
(Búða- og Fáskrúðsfjarðarhr.	8 ½	13	13	18	19	18	12	13	12	26	19	150		163	9	4	1
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	8	3	4	6	8	4	10	5	7	14		58		61	4	1	
Grunnskólinn í Breiðdalshr.	8	6	7	5	4	2	9	5	6	11		49		55	5	1	
Grunnskólinn í Beruneshreppi	7	2	1	1		2	3	4				11		13	1	1	
Grunnskólinn á Djúpavogi	8	3	12	6	4	7	12	13	4	6	6	70		73	6	1	1
Grunnsk. í Geithellahreppi	7½	2	3	1	1	2	4	4				15		17	2	1	
SAMTALS:		89	96	94	89	109	121	102	77	113	105	906	+ 4	999	79	27	4

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

		Nemendafjöldi													Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - mán. Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA:																	
Nesjaskóli (Ungl. úr öllum																	
hreppum A-Skaft. nema Hafnar-																	
hr. ásamt ungl. úr Geith.hr.)	8 h	6	8	9	9	9	7	7	14	6	10	79		85	7	1	
Hafnarskóli	8½	30	28	38	17	41	25	30				179		209	11	1	
Heppuskóli	8½								32	27	31	90	x	90	10	1	
Grunnskólinn í Mýrahreppi	7	1	3	4	3	3		2				15		16	1	3	
Hrollaugsstaðaskóli	7½	3	1	3	2		4	2				12		15	2	1	
Grunnskólinn í Hofshreppi	7	1	1		3	1	2					7		8	1	2	
SAMTALS:		41	41	54	34	54	38	41	46	33	41	382		423	32	9	
Sérkennari við grsk. á																	
Austurlandi															1		
AUSTURLANDSUMDÆMI:		241	219	244	232	264	260	237	219	222	233	2130	+ 4	2375	177	56	6

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

SUÐURLANDSUMDÆMI:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaferð - mán. Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
		Nemendafjöldi													Kennarar		
VESTMANNAEYJAR:																	
Grunnsk. í Vestmannaeyjum	9	58	51	64	53	50	55	49	56	79	70	527	+21	606	36	8	1
Hamarsskóli	9	38	36	55	42	38	44	46	42			303		341	16		
SAMTALS:		96	87	119	95	88	99	95	98	79	70	830	+21	947	52	8	1
SELFOSS:																	
Barnaskólinn á Selfossi	8½	64	57	94	78	60	80	80				449	+11	524	33	1	1
Gagnfræðaskólinn á Selfossi																	
(Ungl. úr Flóahr. og Grímsnesi)	8½								105	87	76	268		268	19	1	1
SAMTALS:		64	57	94	78	60	80	80	105	87	76	717	+11	792	52	2	2
VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA:																	
Kirkjubæjarskóli																	
(Hörglandshr., Kirkjubæjarhr.,																	
Leiðvallahr., Skaftártunguhr.																	
og Álftavershr.)	8		12	10	15	13	12	9	9	12	16	108		108	10		
Grunnskólinn í Vík	8	7	6	10	6	9	6	6	13	8	12	76		83	6	2	
Ketilsstaðaskóli (Hvammshr. og																	
Dyrhólahr.)	8	3	3	4	2	2	1	5				17		20	3		
SAMTALS:		10	21	24	23	24	19	20	22	20	28	201		211	19	2	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaferð - mán. Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
		Nemendafjöldi													Kennarar		
RANGÁRVALLASÝSLA:																	
Grunnsk. í A-Eyjafjallahr.	8	6	2	2	9	2	9	9				33		39	2	6	
Héraðsskólinn í Skógum	8 H								7	14	20	41	x	41	6	5	
Seljalandsskóli V-Eyjafj.hr.)	8	3	1	4	5	4	2	4				20		23	2	2	
Grunnsk. í A-Landeyjahreppi	8	2	8	2	4	8	7	8				37		39	2	4	
Grunnsk. í V-Landeyjahreppi	8	4	5	5	4	4	5	3				26		30	3	3	
Grunnskólinn í Fljótshlíð	8	5	7	4	2	3	3	6				25		30	2	3	
Barnaskólinn á Hvolsvelli	8	13	18	16	17	12	11	15				89		102	4	1	
Gagnfræðask. á Hvolsvelli																	
(Hvolhr., Fljótshlíðarhr.,																	
A- og V-Landeyjahr.)	8								41	28	23	92		92	9	2	
Grunnskólinn á Hellu																	
(Ungl. úr Djúpárhreppi)	8	9	8	22	15	17	14	11	20	4	21	132		141	11	2	1
Laugalandsskóli í Holtum																	
(Holtahr., Ásahr. og Landsveit)	8	6	13	9	19	7	18	12	11	12	14	115		121	9	2	
Grunnsk. í Djúpárhreppi	8	3	2	3	5	3	7	5				25		28	3	1	1
SAMTALS:		51	64	67	80	60	76	73	79	58	78	635		686	53	31	2

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaskyldir - mán.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
ARNESSÝSLA:																		
Grunnsk. í Gaulverjabæjarhr.	8			3	6	6	1	2	3				21		21	2	1	
Grunnskólinn á Stokkseyri	8		8	11	6	9	18	10	17	8	10	10	99		107	10	1	
Grunnskólinn á Eyrarbakka	8		12	9	12	6	10	18	11	14	11	6	97		109	10	2	
Grunnsk. í Hraungerðishreppi	8		5	1	3	4	4	3	3				18		23	2	2	
Grunnsk. í Villingaholtshr.	8		6	6	6	3		4	1				20		26	2	2	
Grunnsk. í Skeiðahreppi	8		5	6	2	5	2	6	3				24		29	2	3	
Grunnsk. í Gnúpverjahreppi	8		5	3	11	6	10	7	12				49		54	4	3	
Flúðaskóli Hrunamannahreppi (Ungl. úr Gnúpverjahr. og Skeiðahreppi)	8	h	7	8	11	13	7	8	18	23	29	26	143		150	11	5	
Reykholtsskóli í Biskupstungum	8		10	13	7	13	10	6	5	9	5	12	80		90	10	2	1
Grunnskólinn á Laugarvatni	8		6	9	2	3	5	9	5	6			39		45	2	5	
Héraðsskólinn á Laugarvatni	8	H									15	29	44	x	44	6	1	
Ljósafossskóli (Grímsnes, Grafningshr. og Þingvallahr.)	8	h	7	4	4	11	6	2	6	7			40		47	4	2	
Barnaskólinn í Hveragerði	8		29	32	37	26	33	46	37				211		240	15	1	
Gagnfræðaskólinn í Hveragerði	8									32	29	25	86		86	6	2	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaskyldir - mán.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Grunnskólinn í Þorlákshöfn (Nem. úr Selvogshr. sækja skóla ýmist til Hveragerðis, Þorlákshafnar, Selfoss eða í heimavistarsk.)	8	½	21	26	23	34	22	25	23	24	14	18	209		230	11	6	2
SAMTALS:			121	131	130	139	128	146	144	123	113	126	1180		1301	97	38	3
Sérk. við grunnskólana í Suðurlandsumdæmi																1		
SUÐURLANDSUMDÆMI:			342	360	434	415	360	420	412	427	357	378	3563	+32	3937	274	81	8

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

EINKASKÓLAR:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - mán.	Sérstur námsefni	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5.-bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
EINKASKÓLAR:																			
Landakotsskóli	9			24	21	20	23	20	20	15				119		143	7	2	
1) Skóli Ísaks Jónssonar	9			289	110	85								195		484	19		
ADVENTISTASKÓLAR:																			
Reykjavík	9				2		3	2		2	4			13		13	1	2	
Hlíðardalsskóli	9		H									14	16	30		30	1	4	
SAMTALS:				313	133	105	26	22	20	17	4	14	16	357		670	28	8	

1) Af forskólanemendum eru 5 ára börn 157.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

HÆFINGAR- OG ÞJÁLFUNARSKÓLAR:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - mán.	Sérstur námsefni	Heimavist	Nemendafjöldi: Nem. fæddir 1978 og síðar	Nem. fæddir 1977	Nem. fæddir 1976	Nem. fæddir 1975	Nem. fæddir 1974	Nem. fæddir 1973	Nem. fæddir 1972	Nem. fæddir 1971	Nem. fæddir 1970	Nem. fæddir 1969 og eldri	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	framhaldsd.	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Hæfingar- og þjálfunarskólar:																			
Sk. geðd. Barnasp. Hringsins	9	h			2	2	2	2	4	1	2			15		15	9	2	1
Heyrnleysingjaskólinn	9	h		21			2	4	13	3	1	1	13	37	27	85	27	5	
Skóli Unglingah. ríkisins	9	H									2	1	3	6		6	3		
Þjálf.sk. rík. Bjarkarás	9														87	87	9	1	
Þjálf.sk. rík. Kópavogshæli	9	H		2	1		1	1	2	4	1	1	34	45	39	86	18	6	
Þjálf.sk. rík. Safamýrarskóli	9			4	3	8	2	4	4	4	6	6	12	49	7	60	25	3	
Þjálf.sk. rík. Hvammshl.6 Ak.	9	H		2	1	2	1		1	2		1	17	25	31	58	12	1	1
Þjálf.sk. rík. Sólheimar	9	H													20	20	2		
Þjálf.skr. rík. Tjaldanes	9	H									1			1	20	21	2	2	
Öskjuhlíðarskóli	9	h		2	3	10	10	6	9	10	7	17	22	94	27	123	47	6	1
Barnaspítali Hringsins																	2		
Barnadeild Landakotsspítala																	2		
Talkennsla á dagvistarheimilum																	1		
SAMTALS:				31	10	22	18	17	33	24	20	27	101	272	258	561	159	26	3

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1984-85.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skóletni - sán. / Skertur námstími / Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
ALLT LANDIÐ:																	
Reykjavík		1179	1140	1179	1262	1252	1331	1343	1221	1117	1202	11.047	+156	12.382	785	74	76
Reykjaneesumdæmi		1108	981	1002	1057	1003	1140	1166	1076	988	1010	9.423	+ 23	10.454	580	71	49
Vesturlandsumdæmi		289	242	288	273	300	305	308	259	295	273	2.543	+ 19	2.851	221	34	12
Vestfjarðaumdæmi		195	179	229	192	175	193	209	203	153	135	1.668		1.863	139	54	
Norðurlandsumd. vestra		199	202	203	204	192	219	205	199	202	210	1.836	+ 6	2.041	154	68	4
Norðurlandsumd. eystra		442	411	452	486	503	511	541	444	434	512	4.294	+ 22	4.758	337	92	11
Austurlandsumdæmi		241	219	244	232	264	260	237	219	222	233	2.130	+ 4	2.375	177	56	6
Suðurlandsumdæmi		342	360	434	415	360	420	412	427	357	378	3.563	+ 32	3.937	274	81	8
Einkaskólar		313	133	105	26	22	20	17	4	14	16	357		670	28	8	
SAMTALS:		4208	3867	4136	4147	4071	4399	4438	4052	3782	3969	36.861	+262	41.331	2695	538	166
Hæfingar- og þjálfunarskólar		31	10	22	18	17	33	24	20	27	101	272	258	561	159	26	3

1) Af forskólanem. eru 5 ára börn 181.

H - heimavist

h - heimavist + akstur

2) Kennarar við framhaldsdeildir grunnskóla meðtaldir.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

REYKJAVÍK:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skóletni - sán. / Skertur námstími / Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
REYKJAVÍK:																	
Álftamýrarskóli	9 1)	44	30	25	42	39	38	39	42	46	50	351	+12	407	32	4	4
Árbæjarskóli	9	87	90	94	92	92	101	83	95	99	72	818		905	48	5	3
Austurbæjarskóli	9	49	55	49	53	62	42	41	43	17	40	402	+ 9	460	28	6	
Breiðagerðisskóli	9	41	44	36	41	44	52	50				267	+13	321	24		
Breiðholtsskóli	9	75	77	81	67	84	83	76	71	92	88	719	+11	805	51	4	7
Bústaðaskóli	9				3	4	2	2				11		11	3	2	
Fellaskóli	9	99	109	92	113	129	117	116	107	117	108	1008	+30	1137	69	9	3
Fossvogsskóli	9	47	43	61	61	61	77	69				372		419	24	1	3
Hagaskóli	9								133	154	184	471	+16	487	35	8	5
Hlíðaskóli	9	22	45	43	39	40	39	40	52	43	37	378	+24	424	36	3	3
Hólabrekkuskóli	9	120	130	126	120	130	116	107	94	90	83	996	+10	1126	58	7	4
Hvassaleitisskóli	9	34	36	30	37	26	43	35	25	30	56	318		352	21	6	2
Langholtsskóli	9	62	60	48	61	73	61	68	77	76	73	597		659	38	6	2
Laugalækjarskóli	9								57	48	51	156	+11	167	18	5	2
Laugarnesskóli	9	50	57	63	55	60	73	73				381	+10	441	32	8	2
Melaskóli	9	105	81	113	86	122	106	98				606		711	41	6	
Réttarholtsskóli	9								100	128	122	350	x+10	360	28	5	2
Seljaskóli	9	131	152	130	145	146	147	107	93	90	67	1077		1208	56	8	1

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólatími - mín.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Vesturbæjarskóli	9		50	49	36	43	39	35	27				229		279	13	4	
Vogaskóli	9		32	25	25	29	22	30	35	27	28	43	264		296	23	4	4
Æfinga- og tilraunask. K.H.Í.	9	2)	34	31	33	35	48	43	40	41	60	49	380		414	32	8	3
Ölduselsskóli	9		60	69	96	114	101	127	105	80	74	73	839	+ 9	908	47	2	5
Sérkennarar																2		
Sundkennarar																3		
Sjúkraleikfimikennarar																2		
Tungumálakennarar																2		
SAMTALS:		3)	1142	1183	1181	1236	1322	1332	1211	1137	1192	1196	10.990	+165	12.297	766	111	55

1) Þar af 17 fimm ára.
2) Þar af 8 fimm ára.
3) Þar af 25 fimm ára.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

REYKJANESUMDÆMI:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólatími - mín.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
KÓPAVOGUR:																		
Digranesskóli	9		43	41	45	34	93	82	84	78	120	103	680		723	41	9	4
Hjallaskóli	9		38	38	49	35							122		160	8	2	4
Kársnesskóli	9		59	49	63	72	67	81	62				394		453	20		
Kópavogsskóli	9		53	40	48	41	38	58	42	35			302	+ 5	360	21	1	
Snælandsskóli	9		52	54	43	67	70	65	49	45	53	40	486		538	27	4	
Þinghólsskóli	9									65	76	62	203		203	8	6	
Íþróttakennarar																10		2
Sérkennarar																3		
SAMTALS:			245	222	248	249	268	286	237	223	249	205	2.187	+ 5	2.437	138	22	10
SELTJARNARNES:																		
Mýrarhúsaskóli	9		54	51	65	71	68	72	75				402		456	30	3	6
Valhúsaskóli	9									69	79	75	223		223	15	2	1
SAMTALS:			54	51	65	71	68	72	75	69	79	75	625		679	45	5	7
GARÐABÆR:																		
Flataskóli	9		34	41	47	66	124	131					409		443	27	5	
Hofstaðaskóli	9		47	62	51	54							167		214	8	2	
Garðaskóli	9								126	147	138	114	525	x	525	44	9	
SAMTALS:			81	103	98	120	124	131	126	147	138	114	1101		1182	79	16	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólaskyldir - sérn.	Skyldir nemendur fjarverandi	Heimsóttir	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
HAFNARFJÖRÐUR:																			
Engidalsskóli	9			66	75	56	75	79						285		351	18	1	
Lækjarskóli	9			46	57	41	47	54	64	52	46	50	47	458		504	26	4	
Víðistaðaskóli	9			41	61	66	53	68	137	126	120	124	125	880	+ 5	926	48	7	3
Öldutúnsskóli	9			65	76	61	67	68	68	78	54	57	61	590		655	32	3	4
Íþróttakennarar																	11		
SAMTALS:				218	269	224	242	269	269	256	220	231	233	2213		2436	135	15	8
KEFLAVÍK:																			
Myllubakkaskóli	9			138	100	136	94	102	127					559	+ 6	703	29	2	2
Holtaskóli	9									119	117	126	142	504		504	27	1	2
SAMTALS:				138	100	136	94	102	127	119	117	126	142	1063	+ 6	1207	57	3	4
GRINDAVÍK:																			
Grunnskólinn í Grindavík	8			36	50	39	34	54	44	41	59	48	30	399		435	23	1	
NJARÐVÍKUR:																			
Grunnskólinn í Njarðvíkum	9			52	46	47	37	52	46	52	34	45	43	402		454	24	3	1
(Njarðvíkur- og Hafnarhr.)																			

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Nemendafjöldi: Skólaskyldir - sérn.	Skyldir nemendur fjarverandi	Heimsóttir	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
KJÓSARSÝSLA:																			
Álftanesskóli	8			21	13	17	14	19	18	20				101		122	6	3	
Varmárskóli	9			65	76	80	85	98	105	89				533		598	26	3	3
Gagnfræðaskólinn í Mosfellssv.																			
(Nem. Mosfellssv., Kjarlarn.																			
og Kjósarhr.)	9										79	83	91	253		253	19	3	
Klébergsskóli Kjalarnesi	8			7	6	9	6	8	13	5	10			57		64	4	4	
Ásgarðsskóli Kjósahr.	8			3	4	2	2	5		5				19		21	2	4	
SAMTALS:				96	99	108	107	130	136	119	89	83	91	962		1058	57	17	3
GULLBRINGUSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Sandgerði	9			31	24	28	20	20	20	24	11	27		177		208	10		
Grunnskólinn í Garði	9			32	18	24	15	31	13	18	22	17		164		196	8	3	
Stóru-Vogaskóli	8			14	13	18	13	9	16	18	11	15		113		127	8	1	
SAMTALS:				67	55	70	48	60	54	60	47	59		454		531	26	4	
Sérkennarar við grunnskólana																			
í Reykjaneskjördæmi:																	8		
REYKJANESKJÖRDÆMI				987	935	1035	1003	1127	1175	1083	1005	10	93	9106	+16	10.409	532	86	33

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

VESTURLANDSUMDÆMI:			Nemendafjöldi													Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaf. - mán.	Skortur náms.fsi Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
AKRANES:																		
Brekkubæjarskóli	9		43	52	48	69	67	50	103	114	100		603		646	44	2	3
Grundaskóli	9		50	61	50	50	66	50					277		327	18	1	2
Fjölbrautask.á Akranesi(grsk.d.)	9											93	93		93	13		
SAMTALS:			93	113	98	119	133	100	103	114	100	93	973		1066	75	3	5
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARSÝSLA:																		
Heiðarskóli(Hvalfj.st.,																		
Innri-Akranes, Skilmannahr.,																		
Leirár- og Melahr.)	8		10	11	12	10	14	11	11	10	5	8	92		102	8	1	
Andakílsskóli	8		6	10	2	4	9	6	6				37		43	3	1	
Kleppjárnsreykjaskóli(Andakíls-																		
Skorrad.- Lundarreykjad.-																		
Reykholtsd.-Hálsahr.)	8		6	13	12	15	12	10	13	8	10		93		99	9		
Héraðsskólinn í Reykholti	8	H										48	48	x	48	10	2	2
Varmalandsskóli (Hvítárs.,																		
Þverárhl., Norðurárd., Stafh.t.																		
Borgar.,Álftan. og Braunhr.)	8	x H	17	14	11	16	17	23	9	15	17		122		139	9	8	
Grunnskólinn í Borgarnesi	9		19	35	45	37	31	41	28	31	32	23	303	x	322	25	8	
SAMTALS:			58	83	82	82	83	91	67	64	64	79	695		753	64	20	2

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

			Nemendafjöldi													Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaf. - mán.	Skortur náms.fsi Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSSÝSLA:																		
Laugargerðisskóli (Kolbeinsst.																		
Eyja., Miklah., Staðarsv.,																		
Breiðuv. og Skógarströnd)	9	x h	7	6	9	7	7	8	12	15	17	18	99		106	9	2	
Grunnskólinn í Staðarsveit	8			1	1	1	3	1	3	1			11		11	2		
Grunnskóli á Hellissandi	8		8	17	14	7	12	14	9	12	10	4	99		107	11		
Grunnskólinn í Ólafsvík	8		25	20	21	20	29	28	18	28	16	24	204	x	229	17	1	
Grunnskóli Eyrarsveitar	8		16	17	14	13	13	18	9	14	9	12	118		134	13	3	3
Grunnskólinn í Stykkishólmi	8		27	26	25	27	25	27	21	26	25	28	230	x	257	18	1	
SAMTALS:			83	87	84	75	89	96	72	96	77	86	762		845	70	7	3
DALASÝSLA:																		
Grunnskólinn í Búðardal	8		7	5	11	10	6	10	10	13	6	10	81		88	6	6	1
Laugaskóli (Allir hreppar í																		
Dalasýslu)	9	x H	9	10	12	14	16	14	15	14	16	20	131	x	140	11	5	
SAMTALS:			16	15	23	24	22	24	25	27	22	30	212		228	17	11	1
Sérk. v/grunnskólana í																		
Vesturlandsumdæmi																2		
VESTURLANDSUMDÆMI:			250	298	287	300	327	311	267	301	263	288	2642		2892	228	41	11

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

VESTFJARÐAUMDÆMI:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaf. - mán. Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
ÍSAFJÖRÐUR:																	
Barnaskólinn á Ísafirði	9	65	69	63	56	66	64	64				382		447	20	3	
Barnaskólinn í Hnífsdal	8½		10	13	5	5	10	8				51		51	4	3	
Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	8½								38	69	48	155		155	14	2	
SAMTALS:		65	79	76	61	71	74	72	38	69	48	588		653	38	8	
BOLUNGARVÍK:																	
Grunnskólinn í Bolungarvík	8	25	31	26	33	22	34	22	16	19	19	222		247	12	2	1
AUSTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA:																	
Grunnskólinn í Geiradalshr.	6 x h	4	3	2	2	2	1					10		14	1	3	
Reykhólaskóli (Reykhóla., Geiradals., Flateyjar- og Gufudalshr.)	8 h	4	8	6	2	4	4	7	9	9	7	56		60	8	1	
Grunnskólinn í Flatey	6 x						1			2		3		3	1		
SAMTALS:		8	11	8	4	6	6	7	9	11	7	69		77	10	4	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaf. - mán. Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
VESTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA:																	
Grunnskólinn í Barðastrandarhr.	8	1	3	2	1	5	2	3	5	6		27		28	4	1	
Grunnskólinn í Rauðasandshr.	7 x h			1		4	2	4		2		13		13	1	2	
Grunnskólinn á Patreksfirði	8	18	15	22	23	19	20	23	19	10	10	161		179	15		
Grunnskólinn á Tálknafirði	8	6	6	7	4	8	4	7	7	5		48		54	5	2	
Grunnskólinn á Bíldudal	8	8	8	5	6	6	7	11	8	7		58		66	4	6	
SAMTALS:		33	32	37	34	42	35	48	39	30	10	307		340	29	11	
VESTUR-ÍSAFJARÐARSÝSLA:																	
Grunnskólinn í Auðkúluhreppi	6½ x		1			1		1	1			4		4	1		
Grunnskólinn á Þingeyri	8	4	8	8	10	7	7	8	5	4		57		61	6	1	
Grunnskólinn í Mýrahreppi	8			1	2	1	1	2	1			8		8	1	3	
Héraðsskólinn á Núpi	8 H									15	23	38	x	38	7	1	1
Grunnskólinn í Mosvallahreppi	7		2	1		1		2	2			8		8	2		
Grunnskólinn á Flateyri	8	8	9	6	11	7	9	7	10			59		67	6	2	
Grunnskólinn á Suðureyri	8	4	8	8	7	7	12	5	6	10		63		67	6	2	
SAMTALS:		16	28	24	30	24	29	25	25	29	23	237		253	29	9	1

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólatími - sérn.	Skortur námsefnis	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
	Nemendafjöldi																Kennarar		
NORÐUR-ÍSAFJARÐARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Súðavík	8			3	3	4	4	4	7	2	3			27		30	3		
Grunnsk. í Reykjanesi (Ögurhr.,																			
Reykjavj.hr., Nauteyrarhr. og																			
Snæfjallahr.)	8	x	H					2	6					8		8	1	3	
Héraðsskólinn í Reykjanesi	8		H								9	9	12	30	x	30	5	2	1
SAMTALS:				3	3	4	4	6	13	2	12	9	12	65		68	9	5	1
STRANDASÝSLA:																			
Finnbogastaðaskóli	8	x	H		6	5	1	3	4	1	3	1		24		24	1	3	
Klúkuskóli	7		h	1	4			3	2	2	2	4		17		18	2	1	
Grunnskólinn á Drangsnesi	8				4	2	3	5	4	2				20		20	2	1	
Grunnskólinn á Hólmavík	8			11	14	6	6	7	8	9	5	12	11	78		89	6	3	
Grunnskólinn í Broddanesi	7			2	1	3	1	1		4	3			13		15	2	1	
Grunnskólinn á Borðeyri	8			4	1	2		3	2	2	5			15		19	3	1	
SAMTALS:				18	30	18	11	22	20	20	18	17	11	167		185	16	10	
VESTFJARÐAUMDÆMI:				168	214	193	177	193	211	196	157	184	130	1655		1823	143	49	3

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA:																			
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólatími - sérn.	Skortur námsefnis	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
	Nemendafjöldi																Kennarar		
SIGLUFJÖRÐUR:																			
Grunnskólinn á Siglufirði	9			30	33	30	29	30	29	35	29	30	18	263	x	293	20	4	
SAUÐÁRKRÓKUR:																			
Barnaskólinn á Sauðárkróki	8			51	42	36	44	54	37	47				260		311	17		
Gagnfræðaskólinn á Sauðárkróki	8										41	45	40	126		126	9	3	
SAMTALS:				51	42	36	44	54	37	47	41	45	40	386		437	26	3	
VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Staðarhreppi	8			1	4	3	2	2		1				12		13	1	7	
Héraðsskólinn á Reykjum	8		H									19	37	56	x	56	8	3	
Laugarbakkaskóli + útibú																			
(Fr.Torfust., Ytri-Torfust.																			
Kirkjuhv.hr. og Þorkelssh.hr.)	8		h	13	11	6	15	15	14	10	15	16	8	110		123	10	5	1
Grunnskólinn á Hvammstanga	8			17	20	18	7	9	14	7	12	7	7	101		118	10	5	
Vesturhópsskóli	8	x		6	2	2	2	2	3	3				14		20	1	3	
SAMTALS:				37	37	29	26	28	31	21	27	42	52	293		330	30	23	1

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - sém.	Skortur námsefni Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
AUSTUR-HÚNAFATNSSÝSLA:																		
Húnavallaskóli + 3 útibú																		
(Ásbr.,Sveinsst.hr., Torfahl.hr																		
Svínav.hr., Bólstaðarhl.hr.,																		
Engihlíðarhr. og Vindhælishr.)	8		6	14	10	19	26	24	15	17	16	11	152		158	16	1	
Grunnskólinn á Blönduósi	8		24	20	24	18	24	20	28	15	14	10	173		197	13	3	
Grunnskólinn í Höfðakaupstað																		
(Höfðahr. og Skagahreppur)	8		12	12	15	15	15	12	12	12	14	11	118		130	7	4	
SAMTALS:			42	46	49	52	65	56	55	44	44	32	443		485	36	8	
SKAGAFJARÐARSÝSLA:																		
Grunnsk. í Skefilsstaðahr.	7				2		1						3		3	1		
Grunnsk. í Staðarhr.(Nem. úr																		
Skarðshr. þar og á Sauðárkr.)	7			1	4	1	3	4	3	1			17		17	1	4	
Varmahlíðarskóli (Seyluhr. og																		
ungl. úr Akrahreppi, Skarðshr.																		
Staðarhr., Hólahr., Viðvíkurhr.																		
Haganeshr., Holtshr. og Egilsá)	8	h	9	14	8	11	7	6	4	25	39	37	151	+ 5	165	11	1	
Steinsstaðaskóli	8		6	5	8	5	6	7	5	3	3		42		48	4	7	
Grunnskólinn í Akrahreppi	7	x	4	2	11	4	4	1	3				25		29	3	1	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaefni - sém.	Skortur námsefni Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Grunnskólinn í Rípurhreppi																		
(Ungl.sækja skóla á Sauðárkr.)	7		2		1	3	3		2				9		11	1	3	
Grunnskólinn á Hólum (Hóla- og																		
Viðvíkurhr.)	8		5	7	5	5	9	9	4				39		44	4	3	
Grunnskólinn á Hofsósi																		
(Hofsóshr., Hofshr., Fellshr.)	8		9	12	12	12	5	16	10	4	10	10	91		100	10		
Grunnskólinn í Haganeshreppi																		
(Haganeshr. og Holtshr.)	8		1	5	1	4	4	2	1				17		18	2	1	
SAMTALS:			36	46	52	45	42	45	32	33	52	47	394		410	36	20	
Sérk. v/grunnskólana í																		
Norðurlandsumdæmi vestra:																7		
NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA:			196	204	196	196	219	198	190	174	213	189	1779	+ 5	1980	155	58	1

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA:	Nemendafjöldi														Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skóletni - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Akureyri:																			
Barnaskóli Akureyrar	9			40	50	79	92	84	71	73				449		489	31	2	1
Bröttuhlíðarskóli	9						2		1	1			2	6		6	3		
Gagnfræðaskóli Akureyrar	8½										122	152	142	416	x	416	43	17	1
Glerárskóli	9			45	71	72	53	56	78	68	72	55	66	591	+ 6	642	34	8	2
Lundarskóli	9			75	84	79	85	75	104	69				496	+11	582	32	2	2
Oddeyrarskóli	9			68	43	38	43	50	43	34	50	29	35	365		433	26	3	
SAMTALS:				228	248	268	275	265	297	245	244	236	245	2323	+17	2568	169	32	6
HÚSAVÍK:																			
Barnaskólinn á Húsavík	9			41	52	40	47	51	52	36				278	+ 3	322	17	1	1
Gagnfræðaskólinn á Húsavík	8½										31	49	50	130	x	130	12	11	1
SAMTALS:				41	52	40	47	51	52	36	31	49	50	408	+ 3	452	29	12	2
ÓLAFSFJÖRÐUR:																			
Barnaskólinn á Ólafsfirði	9			25	20	18	30	16	27	16				127		152	8	4	
Gagnfræðaskólinn á Ólafsfirði	8½										18	30	31	79	x	79	7	3	
SAMTALS:				25	20	18	30	16	27	16	18	30	31	206		231	15	7	
DALVÍK:																			
Grunnskólinn á Dalvík(Ungl. úr																			
Hrísey, Svarfaðard.hr. og																			
Árskógsstrandarhr.	8½			22	19	33	26	26	32	26	24	39	36	261	x	283	19	6	3

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

	Nemendafjöldi														Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skóletni - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
EYJAFJARÐARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Grímsey	8			3	2	1	1	3	3	1				11		14	2	1	
Húsabakkaskóli	8		H	4	5	5	4	7	5	9	6			41		45	4	3	
Grunnskólinn í Hrísey	8			3		6	3	10	4	7	2	7		39		42	4		
Árskógarskóli	8			4	4	8	3	5	5	8	4			37		41	4		
Grunnskólinn í Arnarneshreppi	8			2		2	3	2	4	1				14		16	4	2	1
Þelamerkurskóli (Skriðuhr.,																			
Öxnadalshr., Glæsibæjarhr. og																			
ungl. úr Arnarneshr.)	8	h			7	10	15	8	19	13	12	24	17	125		125	7	4	
Grunnskólinn í Hrafnagilshr.	8			6	8	9	4	9	7	8				45		51	4	2	
Hrafnagilsskóli (Hrafnagilshr.																			
Saurbæjarhr., Öngulsstaðahr.,																			
Svalbarðsstr.hr. og Grímsey)	8	h									26	32	38	96		96	6	7	1
Grunnskólinn í Saurbæjarhr.	8			4	3	3	9	4	6	3				28		32	4	1	
Grunnskólinn í Öngulsstaðahr.	8			8	9	9	8	8	6	5				45		53	4	2	
SAMTALS:				34	38	53	50	56	59	57	50	63	55	481		515	41	21	1

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólasetur - sókn.	Skertur námstími	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA:																			
Grunnsk. á Svalbarðsströnd	8			5	4	7	5	11	5	4				36		41	3	2	
Grenivíkurskóli	8			5	11	5	9	14	10	9	11			69		74	5	2	
Stórutjarnaskóli (Hálshr., Ljósavatnshr. og ungl. úr Grýtubakkahr. og Bárðdælahr.)	8	h		5	4	4	9	7	10	9	9	26	26	104		109	11		1
Grunnskólinn í Bárðardal	8	H			1	7	4	3	8	3				26		26	2	2	
Grunnsk. í Skútustaðahreppi og útibú í Reykjahlíð	8			7	11	13	13	12	6	4	11	11		81		88	6	5	
Grunnsk. í Reykdælahreppi	8			5	5	4	6	6	5	5	5	6		42		47	5	6	
Héraðsskólinn á Laugum	8	H											44	44	x	44	12	4	
Hafralækjarskóli (Aðaldælahr. Reykjahr. og Tjörneshr.)	8	h			11	13	8	16	19	14	13	13		107		107	9	4	
SAMTALS:				27	47	53	54	69	63	48	49	56	70	509		536	53	25	1

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólasetur - sókn.	Skertur námstími	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
NORÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA:																			
Grunnskólinn í Skúlagarði (Keldunesh. og Öxarfj.hr.)	8	h					2		1	3				6		6	2		
Grunnsk. í Lundi, Öxarf. (Keldunesh., Öxarfj.hr. og Presthólahr. Ungl. úr öllum hreppum sýslunnar sækja 9.b.)	8	h		3	6						7	10	12	35		38	4		
Grunnskólinn á Kópaskeri	8			5	5	3	5	8	4	3				28		33	3	1	
Grunnskólinn á Raufarhöfn	8			7	6	11	10	7	7	9	10	8	8	76		83	7	3	
Grunnsk. í Svalbarðshreppi	7			2	2			4	1	2				9		11	1	3	
Grunnskólinn á Þórshöfn (Sauðaneshr. og Svalbarðshr.)	8			7	5	7	10	13	10	9	8	11	11	84		91	8	2	
SAMTALS:				24	24	21	27	32	23	26	25	29	31	238		262	25	9	
Sérk. við grunnskólana á Norðurlandi eystra																	3		
NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA:				401	448	486	509	515	553	454	441	502	518	4426	+20	4847	354	112	13

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

AUSTURLANDSUMDÆMI:	Nemendafjöldi															Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaferi - sún.	Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SEYÐISFJÖRÐUR:																		
Grunnskólinn á Seyðisfirði	9		13	14	20	16	24	18	18	8	17	18	153	x	166	13	3	
NESKAUPSTAÐUR:																		
Nesskóli	9		19	37	38	36	32	33	39				215		234	15	2	1
Framh.sk. í Neskaupstað (grsk.d.)	9									27	27	27	81		81	5	2	
SAMTALS:			19	37	38	36	32	33	39	27	27	27	296		315	20	4	1
ESKIFJÖRÐUR:																		
Grunnskólinn á Eskifirði	9		21	19	16	21	21	18	17	15	27	22	176		197	11	2	
NORÐUR-MÚLASÝSLA:																		
Grunnsk. í Skeggjastaðahr.	7		2	4	1	2	2	3	3				15		17	2	1	
Grunnsk. á Vopnaf.+útibú	8		13	17	21	13	14	15	11	19	18	16	144		157	11	2	
Brúarásskóli (Hlíðar- og																		
Hróarstunguhreppur)	7½	x h	3		3	1	5	2	2	7	6		26		29	4	1	
Skjöldólfsstaðaskóli	7½	x H	2	3	3	6	4	8	3				27		29	2	1	
Grunnsk. á Borgarfirði eystra	8		7	4	2	6	2		5		2		21		28	2	2	
SAMTALS:			27	28	30	28	27	28	24	26	26	16	233		260	21	7	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

	Nemendafjöldi															Kennarar		
Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaferi - sún.	Skertur námstími Heimavist	Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
SUÐUR-MÚLASÝSLA:																		
Hallormsstaðaskóli + 2 útibú																		
(Skriðdalshr., Vallahr. og																		
Fljótsdalshr.)	8	h	6	3	5	6	8	6	7	12	6		53		59	7	1	
Grunnskólinn á Egilsstöðum	8½		30	25	27	43	47	38	25	30	24	24	283	+ 4	317	20	2	4
Grunnsk. á Eiðum (Eiðahr. og																		
Hjaltastaðahr.)	8	x h	3	7	7	9	3	5	4	2	6		43		46	5	1	
Alþýðuskólinn á Eiðum	8	H										41	41	x	41	8	2	
Grunnskólinn í Mjóafjarðarhr.	6	x		1	1				2				4		4	1	1	
Grunnsk. í Norðfjarðarhreppi																		
(Ungl. sækja sk. í Neskaupst.)	8		3	1	1	2	1	1	1				7		10	1	2	
Grunnskólinn á Reyðarfirði	8		9	19	12	15	10	9	11	13	20	18	127		136	10	1	
Grunnsk. Fáskrúðsfjarðar																		
(Búða- og Fáskrúðsfjarðarhr.)	8		13	19	18	19	13	14	14	26	22	18	163		176	11	1	
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	8		5	7	9	5	11	7	5	14	7		65		70	6	1	
Grunnskólinn í Breiðdalshr.	8		6	6	3	2	9	6	5	11	4		46		52	5		
Grunnskólinn í Beruneshreppi	7		1	1		2	3	4	3				13		14	2		
Grunnskólinn á Djúpavogi	8		13	6	4	7	11	12	3	6	9	10	68		81	6	2	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - sérk. Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Grunnsk. í Geithellahreppi	7½	3	1	1	2	4	4					12		15	1		
SAMTALS:		92	96	88	112	120	106	80	114	98	111	925	+ 4	1021	83	15	5
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA:																	
Nesjaskóli (Ungl. úr öllum																	
hreppum A-Skaft. nema Hafnarhr.																	
ásamt ungl úr Geirh.hr.)	8 h	7	10	10	8	7	7	5	7	11	12	77		84	7	2	
Hafnarskóli	8½	30	41	16	41	28	31	33				190		220	14	1	
Heppuskóli	8½								27	32	27	86	x	86	10		2
Grunnskólinn í Mýrahreppi	7	3	3	3	3		2	5				16		19	2	1	
Hrollaugsstaðaskóli	7½	1	2	2		4	2	2				12		13	2	1	
Grunnskólinn í Hofshreppi	7			3	1	2		1				7		7	2		
SAMTALS:		41	56	34	53	41	42	46	34	43	39	388		429	37	6	2
Sérkennari við grsk. á																	
Austurlandi															1		
AUSTURLANDSUMDÆMI:		213	250	226	266	265	245	224	224	238	233	2171	+ 4	2388	186	37	8

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

SUÐURLANDSUMDÆMI:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - sérk. Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
VESTMANNAEYJAR:																	
Grunnsk. í Vestmannaeyjum	9	54	63	58	47	59	50	55	80	78	75	565		619	41	8	2
Hamarsskóli	9	36	55	45	36	46	47	40				269		305	11		1
SAMTALS:		90	118	103	83	105	97	95	80	78	75	834		924	52	8	3
SELFOSS:																	
Barnaskólinn á Selfossi	8½	56	87	75	62	80	80	90				474	+16	546	30	3	3
Gagnfræðaskólinn á Selfossi																	
(Ungl. úr Flóahr. og Grímsnesi)	8½								77	77	78	232		232	18	3	
SAMTALS:		56	87	75	62	80	80	90	77	77	78	706	+16	778	48	6	3
VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA:																	
Kirkjubæjarskóli																	
(Borgslandshr., Kirkjubæjarhr.																	
Leiðvallahr., Skaftártunguhr.																	
og Álftaversh.)	8 h		11	14	14	13	9	9	13	13	14	110		110	9		
Grunnskólinn í Vík	8	6	9	5	8	5	5	5	7	12	5	61		67	6	2	
Ketilsstaðaskóli (Hvammshr. og																	
Dyrhólahr.)	8	3	5	3	2	2	5	9				26		29	3		
SAMTALS:		9	25	22	24	20	19	23	20	25	19	197		206	18	2	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - sérn.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
RANGÁRVALLASÝSLA:																		
Grunnsk. í A-Eyjafjallahr.	8		3	2	11	2	10	7	3				35		38	2	4	
Héraðsskólinn í Skógum	8	H								11	17	21	49	x	49	7	2	
Seljalandsskóli V-Eyjafj.hr.	8		1	3	4	4	1	1	2				15		16	2	3	
Grunnsk. í A-Landeyjahreppi	8		8	1	4	8	6	8	5	1			33		41	2	4	
Grunnsk. í V-Landeyjahreppi	8		6	6	4	4	5	3	6				28		34	3	4	
Grunnskólinn í Fljótshlíð	8		6	4	2	3	2	6	5				22		28	2	1	
Barnaskólinn á Hvolsvelli	8		15	15	18	12	11	17	25				98		113	4	2	
Gagnfræðask. á Hvolsvelli																		
(Hvolhr., Fljótshlíðarhr.,																		
A- og V-Landeyjahr.)	8									28	27	32	87	x	87	8	2	
Grunnskólinn á Hellu																		
(Ungl. úr Djúpárhreppi	8		8	21	15	18	18	11	15	6	22	19	145		153	11	1	
Laugalandsskóli í Holtum																		
(Holtahr., Ásahr. og Landsveit)	8		12	12	13	7	18	14	11	12	16	18	121		133	10	1	
Grunnsk. í Djúpárhreppi	8		3	3	6	4	7	5	6				31		34	3	1	
SAMTALS:			62	67	77	62	78	72	78	58	82	90	664		726	54	25	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólastig - sérn.	Skertur námstími Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
ÁRNESSÝSLA:																		
Grunnsk. í Gaulverjabæjarhr.	8			4	3	1	3	4	4				19		19	2	1	
Grunnskólinn á Stokkseyri	8		11	7	11	19	8	16	7	12	12	9	101		112	10	1	
Grunnskólinn á Eyrarbakka	8		10	11	6	10	21	12	14	11	6	11	102		112	11	3	
Grunnsk. í Hraungerðishreppi	8		1	3	6	4	3	4	6				26		27	2	4	
Grunnsk. í Villingaholtshr.	8		7	6	3		5	2	4				20		27	2	3	
Grunnsk. í Skeiðahreppi	8		6	3	6	2	5	2	8				26		32	3	3	
Grunnsk. í Gnúpverjahreppi	8		4	11	6	7	7	11	9				51		55	4	3	1
Flúðaskóli Hrunamannahreppi																		
(Ungl. úr Gnúpverjahr. og																		
Skeiðahreppi)	8	h	9	9	12	8	8	18	8	31	28	22	144		153	11	6	
Reykholtsskóli í Birkupstungum	8		13	7	11	9	10		9	5	12	17	80		93	8	3	
Grunnskólinn á Laugarvatni	8		6	4	3	4	8	5	5	3			32		38	2	4	
Héraðsskólinn á Laugarvatni	8	H									19	21	40	x	40	6	3	
Ljósafossskóli (Grímsnes,																		
Grafningshr. og Þingvallahr.)	8	h	4	5	11	8	2	6	9	7			48		52	5	3	
Barnaskólinn í Hveragerði	8		27	36	27	34	45	38	32				212		239	13	2	1
Gagnfræðaskólinn í Hveragerði	8									28	23	21	72		72	8	1	

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaferi - mán.	Skertur námsferi	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Grunnskólinn í Þorlákshöfn																			
(Nemendur úr Selfoqshreppi																			
sækja skóla ýmist til Hvera-																			
gerðis, Þorlákshafnar,																			
Selfoss eða í heimavistarskóla)	8			24	26	33	21	25	21	22	22	16	22	208		232	13	5	
SAMTALS:				122	132	138	127	150	139	137	119	116	123	1181		1303	100	45	2
Sérk. við grunnskólana í																			
Suðurlandsumdæmi																		1	
SUÐURLANDSUMDÆMI:				339	429	415	358	433	407	423	354	378	385	3582	+16	3937	273	45	8

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

EINKASKÓLAR:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaferi - mán.	Skertur námsferi	Heimavist	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Einkaskólar:																			
Landakotsskóli	9			22	19	19	23	22	18	17				118		140	7		
1) Skóli Ísaks Jónssonar	9			269	103	92								192		464	20		1
Aðventistaskólar:																			
Reykjavík	9			2		3	1		2	3	2			11		13	2		
Hlíðardalsskóli	9		H									12	25	37		37	4	2	
) SAMTALS:				293	122	114	24	22	20	20	2	12	25	361		654	33	3	3

1) Af forskólanemendum eru
5 ára börn 126.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

HÆFINGAR- OG ÞJÁLFUNARSKÓLAR:

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Skólaetni - mán.	Skertur námstími	Heimavist	Nemendafjöldi: Nem. fæddir 1977 og síðar	Nem. fæddir 1976	Nem. fæddir 1975	Nem. fæddir 1974	Nem. fæddir 1973	Nem. fæddir 1972	Nem. fæddir 1971	Nem. fæddir 1970	Nem. fæddir 1969	Nem. fæddir 1968 og eldri	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	framhaldsd.	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
Hæfingar- og þjálfunarskólar:																			
Sk.geðd.Barnasp.Hringsins	9		h		1	2	3	3	1	3	2			15		15	9	1	1
Heyrnleysingjaskólinn	9		h	9	3	1		13	2	1	1	5	12	38	24	71	27	5	1
Skóli Unglingah.ríkisins	9		H							1	2	4	2	9		9	9	2	1
Þjálf.sk. rík. Bjarkarás	9														82	82	10	1	
Þjálf.sk. rík. Kópavogshæli	9		H	4	1	1	2	2	3	1	1	2	31	44		48	23	4	
Þjálf.sk. rík. Safamýrarskóli	9			2	8	2	3	4	5	5	6	5	19	57		59	27	4	
Þjálf.sk. rík. Sólborg	9		H	2	1	1		1	2		1	3	45	54		56	15	1	
Þjálf.sk. rík. Sólheimar	9		H												20	20	2		
Þjálf.sk. rík. Tjaldanes	9		H							1				1	23	24	2	3	
Öskjuhlíðarskóli	9		h	3	11	6	6	10	9	6	16	12	22	98	27	128	44	4	
Barnaspítali Hringsins																	3		
Barnadeild Landakotsspítala																	1		
Talkennsla á dagvistarheimilum																	1		
SAMTALS:				20	25	13	14	33	22	18	29	31	131	316	176	512	166	24	2

YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA
GRUNNSKÓLAR 1983-84.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Fjöldi skóla	Nemendafjöldi: Forskóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals nemendur í 1.-9. bekk	x framhaldsd. + sérdeildir	Alls nemendur í skólanum	Kennarar: Fastir kennarar	Stundakennarar	Kennarar í leyfi
ALLT LANDIÐ:																	
Reykjavík	22	1142	1183	1181	1236	1322	1332	1211	1137	1192	1196	10.990	+165	12.297	766	111	55
Reykjanesumdæmi	28	987	995	1035	1003	1127	1165	1085	1005	1058	933	9.406	+ 16	10.409	592	86	33
Vesturlandsumdæmi	17	250	298	287	300	327	311	267	301	263	288	2.642		2.892	228	41	11
Vestfjarðaumdæmi	28	168	214	193	177	193	211	196	157	184	130	1.655		1.823	143	49	3
Norðurlandsumdæmi vestra	20	196	204	196	196	219	198	190	174	213	189	1.779	+ 5	1.980	155	58	1
Norðurlandsumdæmi eystra	33	401	448	486	509	515	553	454	441	502	518	4.426	+ 20	4.847	354	112	13
Austurlandsumdæmi	28	213	250	226	266	265	245	224	224	238	233	2.171		2.384	186	36	8
Suðurlandsumdæmi	33	339	429	415	358	433	407	423	354	378	385	3.582	+ 16	3.937	273	45	8
Einkaskólar	4	293	122	114	24	22	20	20	2	12	25	361		654	33	3	3
1,2) SAMTALS:	213	3989	4143	4133	4069	4423	4442	4070	3795	4040	3897	37.012	+222	41.223	2720	541	135
Hæfingar- og þjálfunarskólar	10	20	25	13	14	33	22	18	29	31	131	316	176	512	166	24	2

1) Af forskólanemendum eru 5 ára börn 151.

H - heimavist

h - heimavist + akstur

2) Kennarar við framhaldsdeildir grunnskóla meðtaldir.

4. Hvernig hefur tekist að ná markmiðum menntamálaráðherra um 4% sparnað í rekstri grunnskóla á árinu 1984?

Svar óskast sundurliðað eftir skólahverfum.

Svar:

Ekki verður ljóst hvernig eða hvort markmiðum um 4% sparnað í rekstri grunnskóla verður náð, enda ekki miðaður við reikningsárið 1984 heldur mismun skólaáranna 1983—1984 og 1984—1985.

5. Í hve mörgum grunnskólum í landinu er kennd heimilisfræði samkvæmt viðmiðunarstundaskrá skólaárið 1984—1985?

Svar:

Niðurstöður könnunar á því hvernig framkvæmd heimilisfræðikennslu í skólum landsins hefur tekist á þessu ári og skýrt er frá í bréfi ráðuneytisins 19. des. s. l. liggja enn ekki fyrir og er því vísað til meðfylgjandi greinargerðar Bryndísar Steinþórsdóttur, námsstjóra í heimilisfræðum, sem fylgir hér með.

Upplýsingar um heimilisfræðikennslu hafa borist frá nokkrum fræðslustjórum og eru sem hér segir:

Reykjavík:

Í Reykjavík er nú eins og undanfarið alls staðar kennd heimilisfræði í 7. og 8. bekk samkvæmt viðmiðunarstundaskrá nema hvað erfitt er að koma því við í Æfingadeild KHÍ vegna húsnæðisleysis.

Í 9. bekk er alls staðar gefinn kostur á heimilisfræði sem valgrein. Í öllum skólum í 1.—6. bekk er kennsla í heimilisfræðum, en þar sem kennslan fer fram í námskeiðum er erfitt að tilgreina hvort kennt er fyllilega samkvæmt viðmiðunarstundaskrá frá 9. 4. 1984. Það virðist samt nokkuð langt í land að á því skólastigi geti kennslan farið fram skv. viðmiðunarstundaskrá. Er það aðallega vegna skorts á kennsluaðstöðu sem ekki er nægileg fyrir bekkjardeildir allra árganga og á þetta helst við um fjölmennustu skólana. Á það skal minna að væntanlega liggja fyrir innan tíðar niðurstöður úr könnun sem verið er að vinna úr á vegum menntamálaráðuneytisins varðandi stöðu heimilisfræðinnar.

Reykjanes:

Þar eru kennd 31 57% þeirra stunda sem heimilt er að nota til heimilisfræðikennslu skv. viðmiðunarstundaskrá. Sjá meðfylgjandi yfirlit.

Vesturland:

Heimilisfræði er kennd samkvæmt viðmiðunarstundaskrá í tveimur skólum. Greininni er að einhverju leyti sinnt í 13 skólum, þar af allvel í fjórum. Tveir skólar bjóða ekki upp á neina kennslu í heimilisfræði.

Vestfirðir:

Heimilisfræði er kennd í 12 skólum í umdæminu og vitað er um allmarga skóla sem hyggjast taka upp heimilisfræði, margir hverjir í formi námskeiða vegna skorts á hæfum kennurum.

Austurland:

Í 6 af 28 skólum í umdæminu er heimilisfræði kennd skv. viðmiðunarstundaskrá. Í 15 bekkjum er skert kennsla. Vikunámskeið eru á Hallormsstað fyrir 7.—9. bekk margra skóla, en kennsla yngri nemenda er víða hafin þótt fullum tíma sé ekki náð. Engin kennsla er í 7 skólum, en flestir þeirra eru mjög litlir.

Suðurland:

¾ hlutar nemenda í umdæminu njóta kennslu í heimilisfræði.

Fylgiskjöl.

Yfirlit um kennslu í heimilisfræði í Reykjanesumdæmi skólaárið 1984/85

	Viðmiðun	Kennt	%
Kópavogur	229	89	38,86
Seltjarnarnes	62	12	19,35
Garðabær	114	62	54,39
Hafnarfjörður	224	76	33,93
Bessastaðahreppur	13	0	0
Mosfellshreppur	81	0	0
Kjalarneshreppur	10	10	100
Kjósarhreppur	3	0	0
Keflavík	106	31	29,25
Grindavík	42	16	38,10
Njarðvík	42	15	35,71
Miðneshreppur	21	0	0
Gerðahreppur	21	0	0
Vatnsleysustrandarhreppur	17	0	0
Samtals	985	311	31,57

UM KENNSLU Í HEIMILISFRÆÐI

Á skólaárinu 1982—1983 var gerð könnun á stöðu heimilisfræði í grunnskólum landsins. Fylgir sú könnun hér með ásamt nokkrum upplýsingum um stöðuna í einstökum fræðsluumdæmum og þeim breytingum sem vitað er um frá því könnunin var gerð.

Með nýrri viðmiðunarstundaskrá, sem gekk í gildi haustið 1984, var gert ráð fyrir heimilisfræði sem sjálfsögðum lið í skólastarfi á öllum aldursárum. Skólamönnum og foreldrum ber saman um að hér sé um þarfa og áhugaverða námsgrein að ræða sem komi öllum að góðum notum og auki fjölbreytni í skólastarfi. Því virðist vera vilji fyrir hendi að koma kennslunni á samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Vandamál skólanna eru mismunandi, bæði þeirra sem þegar hafa komið sér upp heimilisfræðikennslu að einhverju leyti og þeirra sem enga kennslu hafa í greininni.

Vandamálin eru m. a.

1. Aðstöðuleysi.

Hjá stórum hluta skólanna eru þrengsli mikil og lítil von virðist vera um aukið húsnæði á næstu árum. Þetta á bæði við um dreifbýli og þéttbýli.

2. Fjárskortur.

a) Fjármagn vantar til að kaupa innréttingar. Einingainnréttingar hafa verið unnar á vegum menntamálaráðuneytisins og framleiddar af Grein í Kópavogi samkvæmt áætlaðri þörf. 50 innréttingar voru smíðaðar og fáar hafa selst, m. a. vegna erfiðrar

fjárhagsaðstöðu sveitarfélaga. Innréttingarnar eru sérstaklega smíðaðar með hliðsjón af þörf þeirra skóla sem eru fámennir og hafa ekki sérstakt húsnæði og einnig til viðbótar við aðrar innréttingar til heimilisfræðikennslu. Auk innréttinganna þarf fjármagn til kaupa á búnaði.

b) Fjármagn vantar til að auka kennslu í greininni. Um leið og auka átti kennslu í heimilisfræði var skorinn niður skólakostnaður og lá þá beinast við hjá mörgum skólum að strika út nýjungar að því er virðist og þá einkum þær nýjungar sem hafa aukinn kostnað í för með sér.

Ath. Þegar aðeins var um 4 stundir á skólaári að ræða í 1.—6. bekk, sbr. eldri viðmiðunarstundaskrá, var veittur sérstakur kvóti til kennslunnar. En með nýrri viðmiðunarstundaskrá var ekki gert ráð fyrir neinum viðbótarkvóta vegna námsgreinarinnar.

Allir skólar kvarta undan því að þeir hafi ekki nægilegar skiptistundir.

3. Stundaskrárgerð. Komið hefur fram að víða vefst það fyrir mönnum af hvaða námsgrein á að taka ef bæta á við stundum í heimilisfræði. Þar koma einnig til kennararáðningar.

4. Kennaraskortur. Í mörg ár hefur verið bent á að efla þarf menntun kennara í heimilisfræði, bæði í valgreininni heimilisfræði og í kennaramenntun, svo að hinn almenni kennari geti tekið að sér kennslu yngri barna í heimilisfræði sem og í öðrum greinum. Enn fremur þarf að auka námskeið fyrir þá sem taka að sér kennslu í greininni, bæði í fræðsluumdæmunum og í Kennaraháskóla Íslands.

Mikill skortur er á heimilisfræðikennurum, þó einkum í dreifbýli.

Það hefur því borist eindregin ósk um að haldin verði námskeið fyrir almenna kennara í þeim skólum sem ekki eiga kost á heimilisfræðikennara svo að unnt verði að hefja kennslu í greininni. Á þetta ber að líta sem nauðsynlega bráðabirgðalausn þar til heimilisfræðikennarar fást til starfa í öllum skólum landsins. Að því ber að stefna.

Skólahaldsskýrslur fyrir yfirstandandi skólaár hafa ekki borist ráðuneytinu. Hér er því einungis gerð grein fyrir þeim breytingum sem vitað er um frá því könnunin var gerð.

Reykjavík.

Heimilisfræði er nú kennd í öllum skólum. Vesturbæjarskólinn hefur bæst við síðan könnunin var gerð. Einhver aukning er á stundum fyrir 1.—6. bekk í átt að nýrri viðmiðunarstundaskrá.

Ef kenna á samkvæmt viðmiðunarstundaskránni hafa 8 skólar nægilegt húsnæði, en viðbótarhúsnæði vantar í 12 skólum. Það mætti leysa t. d. með lausum innréttingum í venjulegri kennslustofu.

Ath. Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands hefur orðið afskiptur, er eini skólinn í Reykjavík sem enga aðstöðu hefur til heimilisfræðikennslu. Laus kennslustofa er fyrir hendi sem bráðabirgðalausn, en fjármagn hefur ekki fengist til kaupa á innréttingum.

Reykjanesumdæmi.

Garðaskóli og Flataskóli hafa fengið ný kennslueldhús og Hofstaðaskóli sendir nemendur í Flataskóla.

Gagnfræðaskólinn í Mosfellssveit fær brátt aðstöðu til heimilisfræðikennslu í lausri kennslustofu.

Ath. Kennsla hefur ekki getað hafist í Digranesskóla í Kópavogi, vegna kennaraskorts. Einnig vantar kennara í Keflavík svo að hægt sé að fullnægja þeirri skertu kennslu sem skólarnir gefa kost á.

Vesturlandsumdæmi.

Nýtt kennslueldhús er í Grundaskóla á Akranesi og í Grunnskólanum í Borgarnesi, bæði eldhúsin koma í stað eldra húsnæðis. Í Ólafsvík er kennsla hafin í nýju húsnæði. Þar hefur ekki verið kennt áður.

Vestfirðir.

Kennsla er hafin við barnaskólann á Ísafirði. Ný kennslueldhús hafa komið í Bolungarvík og á Suðureyri. Kennsla er að hefjast á Borðeyri.

Norðurland vestra.

Nýtt kennslueldhús er í grunnskólanum á Skagaströnd. Áður var kennt í félagsheimilinu. Kennsla er að hefjast í grunnskólanum á Hvammstanga, kenna á í mötuneytiseldhúsi sláturhússins.

Einnig er nú kennt í grunnskólanum í Akrahreppi og á Hólum.

Norðurland eystra.

Grunnskólinn í Öngulsstaðahreppi hefur með nýju húsnæði fengið aðstöðu til heimilisfræðikennslu sem Hrafnagilsskóli fær einnig afnot af. Nýtt eldhús er væntanlegt í Glerárskóla á Akureyri.

Skólar á Akureyri hafa búið við skerta kennslu sem var skert enn meira í haust, þrátt fyrir að húsnæði sé fyrir hendi, t. d. í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Þar hafa verið kenndar 4 stundir hálft skólaár í 7. bekk, ekkert í 8. bekk, en val í 9. bekk. Nú eru einungis kenndar 3 stundir í hálft skólaár í 7. bekk og val í 9. bekk. Þetta eru sparnaðarráðstafanir sem vakið hafa óánægju bæði kennara og nemenda.

Lundaskóli er eini skólinn með yngri barna kennslu á Akureyri. Skólastjórinn þar hafði skipulagt auknar stundir í heimilisfræði en getur ekki vegna sparnaðarráðstafana gefið kost á nema 4 stundum á skólaári fyrir hvert aldursár.

Austurlandsumdæmi.

Ellefu skólar af tuttugu og átta fá 1—2 vikur í heimilisfræði á Hallormsstað. Eru það námskeið sem skólinn hefur gefið kost á í nokkur ár. Nú er fyrirhuguð breyting á starfsemi skólans og því liggur m. a. fyrir að ákveða með hverju móti heimilisfræðin verður kennd í heimaskólum. Hugmynd hefur komið frá fræðslustjóra um að halda námskeið fyrir verðandi kennara þeirra 20 skóla sem eru það fámennir að erfitt verður að fá heimilisfræðikennara til starfa á næstunni.

Suðurlandsumdæmi.

Nýtt kennslueldhús er komið í Kirkjubæjarskóla. Kennsla er að einhverju leyti hafin við grunnskólana á Eyrarbakka, í Fljótshlíð, í Þykkvabæ, Reykholtsskóla í Biskupstungum og Villingaholtsskóla.

Augljóst er að aukið fjármagn þarf til að koma á kennslu í námsgreininni, þar kemur til þörf á kennslu-

NEMENDUR Í GRUNNSKÓLUM SKÓLAÁRIÐ 1982-1983

í mars 1983

HEIMILISFRÆÐI Í 1.-9. bekk.

Fræðsluumdæmi	Fjöldi skóla	Heimilisfræði kennd	Engin kennsla	Fjöldi nem.	Nem. sem eiga ekki kost á heimilisfr. 1982-1983	Kennt í 1.-6. b. 4 st. á skólaári eða minna	Kennt samkv. viðm. í 7.og 8.b.	Heimilisfræði kennarar	Réttindalausir kennarar
Reykjavík	21	20	1	10.914	196	20	18	22	0
Reykjanesumdæmi	27	12	15	9.440	4.507	7	8	14	1
Vesturlandsumdæmi	17	9	8	2.628	959	7	3	4	5
Vestfjarðaumdæmi	28	8	20	1.682	999	2	0	2	6
Norðurlandsumd. vestra	20	11	9	1.789	217	4	2	5	4
Norðurlandsumd. eystra	34	19	15	4.563	861	6	6	8	10
Austurlandsumd.	28	22	6	2.174	86	5	0	6	4
Suðurlandsumdæmi	33	17	16	3.524	753	9	6	9	4
	208	118	90	36.714	8.578	60	40	50	34

aðstöðu, skiptistundum og námskeiðum fyrir kennara eða aðra sem taka að sér kennslu í greininni þar til heimilisfræðikennarar fást. Brýn þörf er á heildarstefnumörkun á framkvæmd í samræmi við nýja viðmiðun. Áformað er að senda könnun í skóla þar sem borin verður saman staðan árið 1978 og nú svo að vitað sé nákvæmlega hverra úrlausna er þörf. Það var mjög óheppilegt að um leið og átti að auka kennslu í heimilisfræði átti einnig að spara í skólakerfinu. Þess vegna m. a. er nauðsynlegt að koma til móts við þá skóla sem hafa fullan vilja á að fara eftir því sem kveðið er á um í viðmiðunarstundaskránni.

21. okt. 1984.
Bryndís Steinþórsdóttir
námsstjóri.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 50, n. 525, 526). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. Ed. hefur haft til meðferðar þetta frv., um ríkisábyrgð á launum, frá því í nóvembermánuði s. l. Það er þess vegna orðinn nokkuð langur tími sem farið hefur í umfjöllun um þetta mál. Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og kallað til viðræðna aðila, svo sem fram kemur í nál.

Ég mun e. t. v. hafa nokkru fleiri orð í framsögu um þetta frv. en ef skammt væri síðan mælt hefði verið fyrir því, ekki síst til upprifjunar.

Eins og hv. alþm. er kunnugt er þessu frv. um ríkisábyrgð á launum ætlað að leysa af hólmi lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot nr. 31/1974 eins og þeim var breytt að nokkru með lögum nr. 8/1979. Samanburður á frv. og núgildandi lögum leiðir í ljós að í upphaflegri mynd hefur frv. ekki verið ætlað að gera umtalsverðar efnislegar breytingar frá núgildandi lögum. Þetta er raunar nefnt í grg. með frv. Það má þó segja að á hinn bóginn séu meginbreytingarnar, sem frv. stefnir að, formlegs eðlis. Þær eru einkum tvíþættar:

Annars vegar eru í frv. skilgreind nokkur grundvallarhugtök varðandi ríkisábyrgð á launum. Það kemur fram í 3. og 4. gr. þess hvað átt er við með hugtökunum „vinnulaun“ og „launþegi“. Einnig er í 4. gr. tíundað nákvæmlega til hvaða krafna launþega ríkisábyrgð eigi að ná. Í núgildandi lögum vantar skilgreiningar af þessu tagi að miklu leyti og hefur þetta gert þau ómeðfærileg í framkvæmd, auk þess að leysa hefur orðið úr réttaróvissu fyrir dómstólum um atriði sem skilgreiningar þessar taka til. Í grg. með frv. kemur fram að skilgreining þess á þessum atriðum er í samræmi við túlkun núgildandi laga og niðurstöður dómstóla um vafaatriði. Þótt ekki væri nema af þessum ástæðum er ekki nema eðlilegt að menn leggi nokkra áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga til þess að skýrar reglur verði lögfestar um þessi atriði.

Hin meginbreytingin, sem frv. ráðgerir, varðar formlega meðferð stjórnvalda á kröfum um greiðslu í skjóli ríkisábyrgðar. Núgildandi lög eru um margt ófullkomin að þessu leyti og framkvæmd þeirra hefur reynst nokkuð örðug. Í frv. koma fram reglur um þessi atriði í III. kafla. Ákvæði þessi eru þannig úr garði gerð að tilefni ætti ekki að vera til vafa um hvernig standa eigi að framkvæmd, en meginkostur þeirra er hins vegar sá að úrlausn stjórnvalda um greiðsluskyldu ríkissjóðs ætti að verða greiðari en nú er.

Við meðferð nefndarinnar á þessu máli hefur verið komið á framfæri óskum frá ASÍ um breytingar á frv. frá því horfi sem það var lagt fram. Óskir þessar beinast einkum að því að ríkisábyrgð verði víðtækari en gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. og látin ná til iðgjalda, til lífeyrissjóða og sjúkra- og orlofsheimilasjóða. Enn fremur óskaði ASÍ eftir breytingum á þeirri tilhögun, sem frv. mælir fyrir um, á orlofsfjárkröfum.

Innan nefndarinnar hefur orðið samstaða um það sjónarmið að ríkisábyrgð verði rýmkuð frá núgildandi lögum þannig að hún verði látin ná til réttinda sem tengjast launþega persónulega. Samkvæmt því sjónarmiði hefur nefndin talið rétt að leggja til breytingar á frv. í þá veru að ríkisábyrgð verði einnig látin ná til lífeyrissjóðsiðgjalda. Þau iðgjöld skapa persónubundin réttindi fyrir launþega. Ef iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna launþega fara forgörðum yfir eitthvert tímabil gæti hlotist af stórfellt tjón fyrir hann ef þær aðstæður skapast að hann þarf að leita bóta eða lífeyrisgreiðslu frá sínum lífeyrissjóði. Þess vegna er brýnt að tryggt verði að gjaldþrot vinnuveitanda leiði ekki til þess að hagsmunum launþega verði stefnt í hættu að þessu leyti.

Nefndin er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að sama röksemd eigi við um iðgjöld til sjúkra- og orlofsheimilasjóða. Hún leggur því ekki til að ríkisábyrgð verði látin ná til þeirra. Tilhögun frv. á ríkisábyrgð á orlofsfjárkröfum hefur hlotið allnokkra umfjöllun í n., en n. telur ekki ástæðu til breytinga í því efni nú.

Í ljósi þeirra sjónarmiða n. sem ég hef nú farið nokkrum orðum um leggur hún til að 4. gr. frv. verði breytt á þann hátt að nýjum lið, c-lið, verði bætt inn í 1. málsgr. ákvæðisins og fjalli sá stafliður um ríkisábyrgð á lífeyrissjóðsiðgjöldum. Með þessu riðlast einstakir stafliðir ákvæðisins þannig að upphaflegir liðir c–f verða með brtt. nefndarinnar að stafliðum d–g.

Af sömu ástæðum er lögð til breyting á ákvæðum að því leyti að í einstökum stafliðum er tilgreint hverjir geti í hverju tilviki átt kröfur sem ríkisábyrgðar njóta, en í upphaflegri mynd sinni náði 4. gr. frv. aðeins til einstakra krafna launþega eins og segir í upphafi greinarinnar.

Í sambandi við þessa brtt. n. leggur hún enn fremur til að 5. gr. frv. verði einnig breytt þannig að þeir sem í greininni eru taldir og nátengdir eru hinum gjaldþrota njóti ekki ríkisábyrgðar vegna lífeyrissjóðsiðgjalda sinna.

Í 6. gr. frv. hefur verið ráðgert að stytta þann frest, sem veittur er til að koma greiðslukröfu í skjóli ríkisábyrgðar á framfæri við félmrh., frá því sem er í 5. gr. núgildandi laga. Af hálfu ASÍ hefur komið fram að þetta kunni að kosta að launþegi fari á mis við ríkisábyrgð. Eftir þeim upplýsingum sem fram hafa komið um framkvæmd þessa málefnis teljum við þessa hættu svo til enga, enda virðast launþegar gera kröfur

þegar í stað við upphaf gjaldþrotaskipta, þ. e. kröfur til ráðuneytis. Stytting frestsins í 6. gr. úr tólf mánuðum skv. gildandi lögum í sex mánuði skv. frv. ætti þannig ekki að koma að sök svo neinu nemi.

Röksemdin fyrir því að frest þennan eigi að stytta mun vera sú að talið er æskilegt að stuðla að því að launþegar geri hið bráðasta eftir upphaf gjaldþrotaskipta ríkisábyrgðarkröfur til stjórnvalda þannig að ríkið eigi þess kost að hafa áhrif sem kröfuhafi á framvindu skiptameðferðar eins fljótt og mögulegt er. Þetta er eðlilegt í ljósi þess að ef eignir hins gjaldþrota hrökkva ekki til að greiða launakröfur verður ríkissjóður að bera hallann af því. Þrátt fyrir þessa röksemd leggur n. til að í undantekningartilvikum geti krafa komist að þótt hún berist ekki innan sex mánaða frests skv. 6. gr. frv. Því hefur verið gerð till. um að auka við 6. gr. frv. þannig að hægt verði að taka til greina kröfu um ríkisábyrgð þótt hún berist stjórnvöldum síðar en sex mánuðum frá upphafi þessa frests, en þó innan eins árs frá upphafi hans. Það yrði að sjálfsögðu háð mati ráðh. hvort gildar ástæður væru fyrir þeim drætti á kröfugerðinni.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi míns máls að það væri eðlilegra sökum þess að langt er síðan mælt var fyrir þessu frv. og einhverjir e. t. v. farnir að ryðga í efni þess að eyða eilítið lengri tíma í framsögu en oft áður. Með þeim breytingum sem ég þykist hafa gert grein fyrir leggur félmn. til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 526, 1 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 526,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 526,3 (ný 6. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
7.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Átak í dagvistarmálum, frv. 61. mál (þskj. 61, n. 537, 538 og 540). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. um átak í dagvistarmálum barna. Áliti meiri hl. n. hefur verið dreift á þskj. 537. Nefndin klofnaði um afgreiðslu málsins og hafa minni hl. n. skilað áliti á þskj. 538 og 540.

Þrátt fyrir að n. hafi klofnað í málinu var samstaða í henni um það markmið frv., sem kemur fram í nafni þess, að gera þyrfti átak í dagvistarmálum barna. Um það var enginn ágreiningur. Hins vegar greindi menn á um þá leið, sem lagt er til að farin sé til að ná þessu marki, að marka tekjustofna til þessa verkefnis í sjö ár. Við sem skipum meiri hl. n. teljum að fara verði mjög varlega í að marka tekjustofna ríkisins til ákveðinna verkefna. Við teljum það leiða til sjálfvirkni í fjárútlátum og ekki sé trygging fyrir því að slíkt leiði til besta árangurs í framkvæmdum. Fjárveitingavaldið, þ. e. Alþingi og fjárveitinganefnd, á að meta þörfina hverju sinni og veita fé til framkvæmda í samræmi við það. Fram kemur í nál. 2. minni hl. n. að hv. nm. eru á sömu skoðun hvað þetta atriði varðar.

Einnig ber að undirstrika sérstaklega að hér er um sameiginlegt verkefni sveitarfélaga og ríkisins að ræða og með ákvörðunum Alþingis í þessu efni er verið að binda hendur sveitarfélaganna í heild. Við þessu varaði Samband íslenskra sveitarfélaga í umsögn sinni um frv.

2. minni hl. n. leggur til að ákveðinni upphæð sé veitt til dagheimila og leggur til að á fjárlögum ár hvert skuli veita til byggingar dagvistarheimila eigi lægri fjárhæð úr ríkissjóði en svarar 75 millj. kr. að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu frá 1. des. 1984 til 1. des. hvers árs næst á undan nýju fjárhagsári. Þessi afstaða er í samræmi við brtt. sem flokkar hv. þm. í 2. minni hl. fluttu við síðustu afgreiðslu fjárlaga. Það skal undirstrikað í þessu sambandi að fjárlög fyrir 1985 hafa hlotið afgreiðslu og eru framlög til þessara mála því ákveðin fyrir yfirstandandi ár. Meiri hl. n. telur því eðlilegt að málinu verði vísað með jákvæðri umsögn til ríkisstj. og það verði metið af ríkisstj. og Alþingi þegar fjárlög fyrir árið 1986 verða undirbúin.

Undir nál. rita, auk frsm. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson og Valdimar Indriðason. Þess skal getið að hv. þm. Stefán Benediktsson sat fundi n. og er samþykkur álitinu með fyrirvara.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er að finna á þskj. 538, en eins og þar kemur fram legg ég til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Megintilgangur frv. er að tryggja fé til sérstaks átaks í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn, en eins og menn vita og fram kemur í grg. með frv. ríkir nú hið mesta ófremdarástand í þessum málum nú, þegar yfir 80% kvenna og rúm 90% karla vinna utan heimilis. Á sama tíma og báðir foreldrar ungra barna eru í sífellt auknari mæli kallaðir til vinnu úti á vinnumarkaðinum sökum bágs fjárhags heimilanna fara framlög ríkisins til dagvistarmála lækkandi að raungildi frá ári til árs. Það gerist þrátt fyrir loforð ríkisstjórna um hið gagnstæða við gerð kjarasamninga við aðila vinnumarkaðarins og þrátt fyrir að sýnt hefur verið fram á að þörfin fyrir dagvistarrými er miklum mun meiri en dagvistarheimilin fá nú annað. Ég vísa þar m. a. til skýrslu menntmrn. um þessi mál frá árinu 1982.

Undan þessum staðreyndum verður ekki vikist og um það er ekki deilt í hv. fjh.- og viðskn. að átaks sé þörf í þessum málum. Um það eru menn sammála, eins og fram kemur í nál. á þskj. 537 frá meiri hl. n. sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefur þegar gert grein fyrir og nál. á þskj. 540 frá 2. minni hl. n., og gleður það mig sannarlega að ekki skuli vera ágreiningur um þetta atriði.

Það sem menn greinir á um er með hvaða hætti tryggja beri að svo miklu leyti sem það er hægt framlög til þessara mála og hversu miklu fé skuli varið til uppbyggingar dagvistarheimila ár hvert, en það er einmitt meginmálið. Hv. meiri hl. n. setur allt sitt traust á ríkisstj. og leggur til að átakinu mikla verði vísað til hennar. Núverandi ríkisstj. hefur hins vegar ekki gert annað í þessum málum hingað til en að lækka framlög til byggingar dagvistarheimila frá einu ári til annars,

þannig að augljóst er að þaðan er lítilla átaka að vænta og viðbúið að þetta nauðsynjamál dagi þar uppi í einhverri möppunni.

Meiri hl. n. er ósammála flm. um að lögbinda skuli framlög til þessara verkefna, eins og segir í nál. meiri hl. með leyfi forseta, og vísar meiri hl. þar til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv. þar sem sett er fram sama skoðun. Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því að Samband íslenskra sveitarfélaga segir ekki eitt orð um það í umsögn sinni af hverju það telur slíka lögbindingu óæskilega. Má það undarlegt teljast þar sem gera verður þá lágmarkskröfu til umsagnaraðila að þeir segi af hverju þeir eru með eða á móti einhverju svo umsögnin sé fyllilega marktæk.

Ég vil út af þessu atriði ítreka það, sem ég sagði í framsögu með frv., að frvgr. bindur á engan hátt hendur sveitarfélaganna í þessum málum. Hún tryggir aðeins að ekki muni standa á framlagi ríkisins til dagvistarmála upp að ákveðnu marki. Sveitarfélögin hafa eftir sem áður nákvæmlega jafnfrjálsar hendur í þessum málum og þau nú hafa. Eftir sem áður er það undir pólitískum vilja og fjárhagslegu bolmagni sveitarfélaganna komið hversu miklu fé þau verja til dagvistarmála.

Það er líka rétt að benda á að ef sveitarstjórnir nýta ekki það fé sem til ráðstöfunar er af hálfu ríkisins hverju sinni fellur sá hluti fjárveitingarinnar sem umfram er sjálfkrafa niður um áramót, eftir því sem mér er tjáð af fjmrn. Allur ótti við það að ríkið sé að binda hendur sveitarfélaganna með þessu móti er því fullkomlega ástæðulaus og álit meiri hl. n. hvað þetta varðar því ekki á rökum reist.

Í annan stað segir í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn., með leyfi forseta.

„Ákvörðun um framlög ríkisins hverju sinni á að vera í höndum fjárveitingavaldsins og sé þá tekið mið af þeirri þörf sem fyrir hendi er."

Ég er fyllilega sammála þeim meirihlutamönnum í þessu efni, en ég fæ alls ekki séð hvernig þetta getur verið röksemd gegn efni þess frv. sem hér um ræðir. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og með þessu frv. er það lagt í hendur Alþingis að ákveða hver verði framlög ríkisins til dagvistarmála næstu sjö árin. Ákvörðun Alþingis er ákvörðun fjárveitingavaldsins. Það er síðan ríkisstj. að framkvæma ákvarðanir Alþingis og virðist mér sem hv. meirihlutamenn hafi hér e. t. v. ruglast eitthvað á hverjir séu handhafar hvaða valds.

Í öðru lagi, ef hv. meirihlutamönnum er alvara með því að segja að taka eigi mið af þeirri þörf sem fyrir hendi er við ákvörðun fjárveitinga, eins og segir á nál., er nærtækast fyrir þá að samþykkja það frv. sem hér er til umr. því það tekur einmitt mið af þeirri þörf sem menntmrn. áætlar að sé fyrir hendi þótt hins vegar sé óvíst hvort frv. næði að fullnægja þeirri þörf þótt að lögum yrði.

Ég fæ því ekki séð að neitt standi eftir af rökum meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Frv. miðar við áætlaða þörf fyrir dagvistarrými, það er háð samþykki fjárveitingavaldsins og það bindur á engan hátt hendur sveitarfélaganna.

Þar sem í nál. er tekið undir meginmarkmið frv. er ljóst að það sem upp á vantar er einfaldlega pólitískur vilji til að framkvæma það átak í dagvistarmálum barna sem frv. kveður á um, vilji til þess að takast á við það verkefni sem hér um ræðir og það e. t. v. á kostnað annarra verkefna. Það er ekki nóg að segjast vilja eitthvað, það verður líka að gera það sem menn segjast vilja. Og eins og ég sagði áðan hef ég ekki mikla trú á því að stefnubreyting verði hjá núv. hæstv. ríkisstj. á þann veg að hún taki allt í einu upp á því að framkvæma góðan vilja þeirra ágætu hv. þm. sem undirrita nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Það hefði verið fróðlegt að fá að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefur um þetta að segja. Hann er því miður ekki viðstaddur hér í deildinni, en e. t. v. hefur landbrh. einhverja skoðun á þessu og er e. t. v. tilbúinn til að lýsa henni héðan úr ræðustól á eftir.

Ég er, og ekki að ástæðulausu, vondauf um árangur í þessum efnum fari málið til ríkisstj., en ég fagna því að menn viðurkenni einróma að átaks sé þörf í dagvistarmálum barna, en um það voru menn hreint ekki sammála við 1. umr. málsins hér í hv. þd.

Í nál. 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. er öllu hraustlegar á málum tekið en hjá meiri hl. og leggur 2. minni hl. til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Um brtt. 2. minni hl. n. vil ég það segja að mér finnst ekki öllu máli skipta á hvern hátt framlög til dagvistarmála eru lögbundin. Ég hef valið þá leið að lögbinda hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga vegna þess að ég lít á framlög til dagvistarmála sem útgjaldalið sem skoðast verður í samhengi við aðra útgjaldaliði á fjárlögum, sem sagt hversu miklu við viljum verja til þessara mála miðað við önnur mál. Því hef ég valið þá leið sem er að finna í frv. Ég tel þann hátt eðlilegri en að lögbinda einhverja ákveðna fjárhæð eins og 2. minni hl. leggur til að gert verði, en eins og ég sagði hér áðan skiptir lögbindingarleiðin sjálf e. t. v. ekki öllu máli. Meginmálið er að tryggja nægilegt fé til þessara mála hvernig sem við förum að því.

Því er það að það sem ég hef einkum við brtt. 2. minni hl. n. að athuga er að upphæðin er of lág. 75 millj. á ári er vissulega miklum mun ríflegri upphæð en þær 30 millj. t. d. sem veittar voru á fjárlögum fyrir árið í ár, en þær duga samt engan veginn til að mæta þeirri þörf sem áætlað er af hálfu menntmrn. að fyrir hendi sé í þessum málum, hvað þá heldur til að vinna upp það sem tapast hefur í byggingarhraða á undanförnum árum eða mæta þeirri þörf sem kann að vera til staðar umfram þá þörf sem menntmrn. áætlar og bent er á í grg. með frv. Til þess þurfum við miklu hærri fjárhæð eða allt að 150 millj. kr. á ári miðað við verðlag ársins í fyrra. Ég tel ekki vænlegt að binda með lögum til sjö ára of lága fjárhæð til þessara mála. Þá er e. t. v. betur heima setið en af stað farið.

Flm. till. miða tillöguupphæðina við umsóknir sveitarfélaganna um fjárveitingar til byggingar dagvistarheimila á síðasta ári. Ég vil í þessu sambandi minna á að fjárbeiðnir sveitarfélaganna eru vitaskuld háðar pólitískum vilja meiri hl. sveitarstjórna í þessum málum hverju sinni og ber ekki að taka þær sem ábendingu um hver hin raunverulega þörf fyrir dagvistarrými er. Eins og þeim, sem fylgjast með málefnum Reykjavíkurborgar, er kunnugt lögðu minnihlutaflokkar í borgarstjórn fram tillögur — fleiri en eina — við gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar á s. l. hausti um mun hærri fjárveitingar til dagvistarmála en fengust samþykktar. Hefðu þær verið samþykktar hefði fjárbeiðni sveitarfélaganna hækkað til muna. Ég tel það fráleitt að

þegar verið er að lögbinda framlög til lengri tíma til ákveðinna verkefna, eins og till. gerir ráð fyrir, sé tekið mið af þeim pólitíska vilja sem tímabundið ræður ferðinni í sveitarstjórnum í stað þess að taka mið af þeirri þörf sem fyrir hendi er fyrir dagvistarrými barna.

Eins og ég sagði áðan leggur frv. engar skyldur á herðar sveitarfélaganna. Það tryggir aðeins framlög ríkisins til dagvistarmála sem sveitarfélögin geta notfært sér ef þau vilja. Því er engin ástæða til að skera framlög ríkisins við nögl af ótta við að þau reisi sveitarfélögunum hurðarás um öxl sem mér hefur hvarflað í hug að kunni að vera hugsunin á bak við þessa brtt.

Ég vil taka fram að það er rétt, sem fram kemur í nál. 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., að við afgreiðslu fjárlaga flutti Kvennalistinn brtt. um hækkun á fjárveitingu til byggingar dagvistarheimila sem miðaðist við að mæta fram komnum fjárbeiðnum sveitarfélaganna. Eins og ég sagði þegar ég mælti fyrir þeirri brtt. við 2. umr. fjárlaga vildi Kvennalistinn með þeirri till. leggja til að framlög til dagvistarmála hækkuðu í tveimur áföngum, fyrst upp í rúmar 70 millj. á fjárlögum ársins 1985 og síðan, fengist það frv. sem við erum nú að ræða um samþykkt, upp í nálega helmingi hærri fjárhæð á fjárlögum ársins 1986. Fjárlagatillagan miðaði því við að stóra stökkið í þessum málum yrði tekið í tveimur áföngum. Ég nefni þetta hér til þess að fyrirbyggja misskilning á tillöguflutningi Kvennalistans.

Virðulegi forseti. Góður vilji hv. þm. í 2. minni hl. fjh.- og viðskn. til að gera átak í dagvistarmálum barna leynir sér ekki og ég fagna þessum góða vilja. Okkur greinir í rauninni aðeins á um hversu stórt skref skuli nú stíga í þessum málum og við hvað skuli miða fjárframlög. Ég er þeirrar skoðunar að skrefið þurfi að vera býsna stórt ef við eigum að geta ráðið bót á þeim vanda sem nú blasir við fjölda foreldra ungra barna í landinu. Og ég er einnig þeirrar skoðunar, eins og reyndar hv. meiri hl. fjh.- og viðskn., að fjárframlög til dagvistarmála eigi að miða við þá þörf á dagvistarrými sem áætlað er að sé fyrir hendi á hverjum tíma en ekki við eitthvað annað. Við þetta hvoru tveggja miðast það frv. sem hér er nú til 2. umr. og því legg ég til á nál. á þskj. 538 að það verði samþykkt óbreytt.

Fyrir utan umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv., sem þegar hefur verið fjallað um, bárust þrjár aðrar umsagnir um það sem ég vil lesa, með leyfi forseta.

Frá Fóstrufélagi Íslands barst svohljóðandi umsögn:

„Fóstrufélag Íslands fagnar fram komnu frv. um átak í dagvistarmálum barna og væntir þess að það nái fram að ganga.

Í grg. með frv. er bent á svonefnda tíu ára áætlun sem hefur verið gengið fram hjá við fjárveitingar til dagvistaruppbyggingar. Á sínum tíma fagnaði Fóstrufélag Íslands umræddri áætlun sem því mikilverðasta sem lagt hefur verið fram varðandi dagvistaruppbyggingu. Á sama hátt hefur félagið talið allsendis óviðunandi að ríkið skuli ekki hafa staðið við gefin fyrirheit.

Fóstrur þekkja best hinn geigvænlega skort á dagvistarrýmum sem langir biðlistar vitna um. Þannig sjá þær í starfi sínu hörmulegar afleiðingar þess að börn búa við óörugga vistun þar sem ekkert markvisst uppeldisstarf fer fram. Börn okkar eru framtíðin og ekkert þjóðfélag hefur efni á að spara í aðbúnaði þeirra. Með tilliti til þessa varar Fóstrufélag Íslands við öllum hugmyndum um ódýrar lausnir við uppbyggingu dagvistarheimila. Þær verða gjarnan hinar dýrustu þegar til lengdar lætur. Að auki verða vinnustaðir barna að vera fyllilega sambærilegir við vinnuaðstæður annarra þjóðfélagsþegna."

Undir þessa umsögn rita formaður og varaformaður Fóstrufélags Íslands.

Frá stjórn Félags einstæðra foreldra barst svohljóðandi umsögn:

„Stjórn Félags einstæðra foreldra hefur kynnt sér frv. nr. 61 til laga, flm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, og lýsir stuðningi sínum við það."

Undir þetta ritar Stella Jóhannsdóttir.

Frá Sambandi foreldra- og kennarafélaga í grunnskólum Reykjavíkur barst svohljóðandi umsögn:

„Samband foreldra- og kennarafélaga í grunnskólum Reykjavíkur hefur móttekið bréf yðar, dags. 14. nóv. 1984, þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna. Með bréfi þessu vill stjórn sambandsins lýsa eindregnum stuðningi sínum við frv. þetta af eftirtöldum meginástæðum:

1. Þjóðfélagsrannsóknir hérlendis gefa ótvíræðar upplýsingar um að í flestum tilvikum vinna báðir foreldrar barna á aldrinum 1–10 ára utan heimilis. Afleiðingar þessa eru þær að fjölmörg börn eru án lágmarksumönnunar verulegan hluta dagsins.

2. Að áliti sérfróðra aðila um uppeldismál eru góðar dagvistunarstofnanir taldar nauðsynlegur stuðningur við uppeldisstarf heimilanna.

3. Þjónusta einkaaðila (dagmæður) á þessu sviði getur vart talist nægilega formföst og örugg lausn á dagvistun barna og því ber að efla þjónustu hins opinbera.

Að lokum ítrekar sambandið stuðning sinn við frv. þetta og treystir því að það fái fljóta og jákvæða afgreiðslu Alþingis."

Undir þetta skrifar f. h. stjórnar Sambands foreldra- og kennarafélaga í grunnskólum Reykjavíkur Ingibjörg Einarsdóttir ritari.

Jafnframt því að vekja athygli hv. þm. á þessum umsögnum um frv. langar mig til að minna hv. þm. á ályktun síðasta þings Alþýðusambands Íslands um dagvistarmál, en hún var svohljóðandi með leyfi forseta:

„Við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands haustið 1980 hét ríkisstj. að beita sér fyrir því í samvinnu við sveitarfélögin að þörfinni fyrir dagvistarþjónustu barna yrði fullnægt á næstu tíu árum. Síðan eru liðin fjögur ár og ekkert ber á efndum. Þvert á móti hefur framlag til byggingar dagvistarstofnana á fjárlögum farið lækkandi að raungildi hin síðari ár. Af þessum sökum skorar 35. þing Alþýðusambands Íslands á ríkisstj., Alþingi og sveitarfélög að gera nú þegar sérstakt átak í þessum málum þannig að staðið verði við gefin fyrirheit og dagvistarþörfinni fullnægt fyrir árið 1990."

Fjöldamargar aðrar ályktanir, áskoranir og samþykktir um þessi efni væri hægt að nefna, þ. á m. tillögu samþykkta á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna s. l. haust um þessi mál sérstaklega, tillögu sem Ísland studdi, en ég held að meining hinna fjölmörgu aðila, sem áskoranir, tillögur og samþykktir hafa gert um þessi mál, ætti að hafa komið nokkuð glögglega í ljós þegar.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um

þetta mál í bili. Hv. þm. er, trúi ég, öllum ljóst að við svo búið má ekki lengur standa í dagvistarmálum barna hér á landi. Það er ábyrgðarhlutur okkar sem sitjum á hæstv. Alþingi að leggja okkar af mörkum til að aflétta því neyðarástandi sem nú ríkir í þessum málum. Við getum ekki sent báða foreldra ungra barna út á vinnumarkaðinn án þess að hugsa fyrir því hvað eigi að gera við börnin. Og við getum ekki vænst þess að konur og karlar standi jafnfætis úti á vinnumarkaðinum á meðan foreldrar hafa ekkert val um það hvort þau fóstri börn sín á dagvistarheimili eða ekki. Annars vegar verðum við að minnka þá óheyrilegu vinnuskyldu sem þjóðfélagið leggur foreldrum þessa lands á herðar og gefa foreldrunum færi á að vera meira með börnum sínum en nú er og hins vegar verðum við að sjá til þess að öll börn eigi kost á góðri og öruggri fóstrun þann tíma sem foreldrarnir eru að vinna fyrir lífsnauðsynjum. Ég skora því á hv. þdm. að kanna nú grannt hug sinn til þessara mikilvægu mála og veita þeim liðsinni sitt.

Virðulegi forseti. Það er ekki á hverjum degi sem við Kvennalistakonur fáum málin okkar afgreidd úr nefndum Alþingis og ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka formanni fjh.- og viðskn., hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, fyrir góð og — ég vil leyfa mér að segja það — elskuleg vinnubrögð við afgreiðslu þessa máls.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umr. klofnaði hv. fjh.- og viðskn. í þrjá parta við afgreiðslu þessa máls. Við sem skipum 2. minni hl. n. og erum fulltrúar fyrir Alþfl. og Alþb. erum samþykkir þeirri *meginstefnu* frv. að það beri og sé brýn nauðsyn á að stórauka framlög til byggingar dagvistarheimila. Við létum þessa skoðun okkar koma ótvírætt fram við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l.

Við teljum að það sé mjög alvarlegt mál hvað framlög til dagvistarstofnana hafa lítið hækkað í krónum talið og þar með snarlega lækkað að raungildi í tíð þessarar ríkisstj. Fyrir tveimur árum mun framlag til dagvistarstofnana hafa numið, að því er mig minnir, rétt um 30 millj. kr., en núna, tveimur árum seinna, er framlagið ekki komið nema upp í 35 millj.

Hins vegar erum við ekki með öllu sáttir við að lög séu samþykkt á Alþingi sem bindi framlög til einstakra málaflokka við tiltekið hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga, þ. e. við heildarupphæðir í A-hluta fjárlaganna. Á þessu kerfi væru ansi margir meinbugir ef upp væri tekið á mörgum sviðum. Raunar er alls ekki víst að það væri viðkomandi *málefni* svo mjög til góðs. Ef t. d. yrði um að ræða stórfelldan niðurskurð á framlögum til annarra málefna, t. d. yrðu niðurgreiðslur afnumdar með öllu eða útflutningsuppbætur afnumdar og fjárlög lækkuð um kannske á annað þúsund milljónir eða um yrði að ræða annan stórfelldan niðurskurð, þá sveiflaðist upphæðin í hlutfalli við útgjöld ríkissjóðs og í þessu tilviki snarlega niður á við. Við teljum að eðlilegast sé að ákveða framlög til fjárfestingarmála ríkis og sveitarfélaga í fjárlögum fyrst og fremst en í undantekningartilviki, þar sem ákaflega brýnt er að reyna að móta skýra og ákveðna stefnu og hvika ekki frá henni um skeið, geti verið réttlætanlegt að tilgreina í lögum hver upphæðin eigi að vera að lágmarki. En þá teljum við eðlilegast að um sé að ræða tiltekna upphæð en ekki tiltekna prósentu af heildarútgjöldum fjárlaga.

Við verðum að hafa í huga í þessu sambandi að ekki er við hæfi að láta sér detta í hug hvaða upphæð sem er af hálfu ríkisvaldsins til þessara mála vegna þess að frumkvæði og *forusta* um *byggingu dagvistarheimila* er alfarið í höndum sveitarfélaga. Hvað svo sem ríkið vill vera örlátt í þessum efnum og leggja fram mikið fé er ekki víst að það komi að neinu gagni ef sveitarfélögin eru ekki reiðubúin að taka við því og byggja í takt við framlög ríkisins.

Óskir og beiðnir sveitarfélaga til Alþingis í haust voru um framlög af hálfu ríkisins upp á 70 millj. kr. Ég verð að segja alveg hreinskilnislega að mér finnst það dálítið yfirborðsleg till. og verður að flokkast undir yfirboð, þegar sveitarfélögin biðja um 70 millj. kr., að lögbinda þá framlag upp á 200 eða þrisvar sinnum hærri upphæð.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði áðan, að ef sveitarfélögin vilja ekki þiggja það sem að þeim er rétt í fjárlögum fellur fjárveitingin niður í árslok. Það er alveg rétt að þetta er ekki tapað fé, það rennur ekki í sjóinn. Það er niður fallið að árinu loknu. En auðvitað hljótum við að setja fjárlög saman af einhverju raunsæi og með það í huga hvað í óskum sveitarfélaga felast háar upphæðir. Og þó að vel megi hugsa sér upphæðina nokkuð ríflega finnst mér óneitanlega nokkuð of í lagt að hún sé næstum þrisvar sinnum hærri en óskir sveitarfélaga.

Hv. þm. spyrja kannske hvernig ég fari að því að fá út þessa tölu, 200 millj. kr. Hún er einfaldlega fundin þannig: Fjárlög eru nú hvað útgjöld snertir að upphæð 26 milljarðar 98 millj. 800 þús. Ef við tökum 0.8% af þeirri upphæð fáum við út liðlega 200 millj. kr. eða þrisvar sinnum hærri upphæð en óskir sveitarfélaga voru um.

Við afgreiðslu fjárlaga voru stjórnarandstöðuflokkarnir allir á því að nauðsynlegt væri og óhjákvæmilegt að hækka verulega framlög til dagvistarheimila. Þeir lögðu til að upphæðin yrði hækkuð verulega. Till. þeirra voru á bilinu 50–75 millj. kr. Þannig mun Alþfl. hafa lagt til að upphæðin yrði hækkuð í 50 millj., BJ að upphæðin yrði hækkuð í 50 millj., SK lögðu til að upphæðin yrði hækkuð um 70 millj. kr. og Alþb. lagði til að upphæðin yrði hækkuð í 75 millj. kr.

Við sem skipum 2. minni hl. fjh.- og viðskn., fulltrúar Alþfl. og Alþb., við teljum raunhæfast í ljósi tillögugerðar stjórnarandstöðuflokkanna á þingi í vetur og í ljósi óska sveitarfélaganna í vetur að upphæðin, sem miðað verði við sem lágmarksframlag, verði 75 millj. kr. og síðan bætist við upphæð sem svari til hækkunar *byggingarvísitölu frá 1. desember 1984 til 1. desember* hvers árs næst á undan nýju fjárlagaári, þannig að unnt verði að reikna út hver talan eigi að vera að lágmarki í fjárlögum áður en þau eru afgreidd.

Það er alveg rétt, sem hv. flm. segir, að það er ekki víst að það sé nóg að liðlega tvöfalda þá upphæð sem gengur til dagvistunarheimila. Ég er alveg sammála því að þörf gæti orðið á því að komast áfram í þessum málum í áföngum, taka annan áfanga á síðara stigi. En þá er ósköp einfalt fyrir okkur að breyta þessum lögum og hækka lágmarksupphæðina. Ég sé engan mun á því og hugsun hv. þm. SK sem hér talaði áðan og var einmitt að vekja athygli á því að þær Kvennalistakonur hefðu lagt til í vetur að fyrsti áfangi yrði tekinn með upphæðinni 70 millj. og svo yrði annar áfangi tekinn á

síðara stigi. Við teljum ekki raunhæft að fara öllu hærra með þessa upphæð að sinni, meðan ekki er sýnt að sveitarfélögin noti öllu stærri fjárhæð.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi gert nokkra grein fyrir till. okkar sem skipum 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Segja má að hún mótist af því hver er þörfin, að framlag ríkissjóðs sé miðað við framkvæmdavilja þeirra aðila sem hafa forustuaðstöðu í þessu máli. Það finnst okkur raunhæfari og raunsærri viðmiðun en að miða almennt við það hver kynni að vera þörfin í þessum málum, en gera sér þó grein fyrir því að sveitarfélögin eru almennt ekki reiðubúin að uppfylla hana að svo stöddu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þar sem ég hef ekki haft tækifæri til að fjalla um þetta frv. í n. þeirri sem hafði það til umfjöllunar vil ég við þessa umr. leggja nokkur orð í belg.

Hinar öru breytingar sem orðið hafa í þjóðlífinu á undanförnum árum hafa leitt til þess að uppeldi og gæsla barna hefur færst frá foreldrum yfir á aðra í auknum mæli, þ. e. dagvistarstofnanir og skóla. Þetta eru staðreyndir sem ekki er hægt að líta fram hjá, alveg án tillits til þess hvort menn telja þessa þróun góða eða slæma.

Það heyrir til undantekninga að fjölskyldan samanstandi af jafnvel þremur ættliðum, eins og í bændasamfélaginu hér áður fyrr. Nú eru það aðeins foreldrar og börn eða foreldri og barn eða börn því við búum í iðn- og tæknivæddu þjóðfélagi þar sem verkfært fólk verður að sækja út af heimilunum á vinnumarkaðinn til að afla tekna til heimilisins. Framleiðslan fer ekki lengur fram á heimilunum. Hún hefur flust í verksmiðjurnar sem kalla á fleiri verkfærar hendur, skapa fleiri atvinnutækifæri. Þannig hefur þjóðfélagið kallað á húsmæðurnar út á vinnumarkaðinn.

Fyrir svo sem tveimur áratugum var það ekki orðið algengt að húsmæður ynnu utan heimilis, a. m. k. ekki á meðan þær voru með ungbörn á framfæri eða börn á skólaaldri. Síðan hefur þetta breyst, eins og áður sagði, með breyttum atvinnuháttum og auk þess sem menntun kvenna hefur aukist. Konur nota nú hæfileika sína og menntun til að sinna hugðarefnum sínum utan heimilis, ef þau er þar að finna, og nú vinna, eins og kunnugt er, um 80% kvenna utan heimilis. Ekki þarf að minna á jafnréttisbaráttuna sem einnig vegur þungt í þessum málum.

Það er ekki heldur hægt að líta fram hjá því að launatekjur einnar fyrirvinnu duga ekki til framfærslu heimilis ef hafðar eru í huga kröfur tímans í lífsgæðakapphlaupinu.

Til þess að mæta þessari þróun verða opinberir aðilar að bregðast við og skapa þau skilyrði að foreldrar hafi sem flesta valkosti til að leysa þessi mál. Það verður að líta jöfnum höndum á konur og karla sem aðalfyrirvinnu heimilisins. Þess vegna verður á svo mörgum sviðum að taka tillit til breyttra aðstæðna og bregðast við þeim. Það ætti t. d. í frjálsum samningum vinnuveitenda og launþega að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar, t. d. með því að gefa kost á sveigjanlegum vinnutíma þar sem því verður við komið og gera ráð fyrir fjarvistum foreldra ungra barna. Einnig mætti gera ráð fyrir tímabundnu hlutastarfi meðan þörfin er mest fyrir umönnun og að foreldrar geti jafnvel tekið launalaust leyfi í stuttan tíma ef það hentar þeim betur. Ríki og sveitarfélög eiga að sjálfsögðu að ganga á undan og bæta möguleika foreldra með þessum hætti.

Varðandi það frv. sem hér er á dagskrá, þá tek ég undir það að engum dylst að gera þarf stórátak í uppbyggingu dagvistarheimila. Það er brýnt að finna leið út úr þeim vanda.

Skv. frv. er lagt til að lögbinda ákveðna prósentu á fjárlögum til bygginga dagheimila. Ég er sammála þeim sem telja varhugavert að fara út í slíkar ráðstafanir, að ganga lengra en orðið er á þeirri braut að marka tekjustofna ríkisins til ákveðinna verkefna. Ég er því sammála nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli.

Í nál. kemur fram að ríki og sveitarfélög kosta byggingu dagheimila sameiginlega og er hlutdeild hvors um sig 50%. Þar erum við e. t. v. komin að kjarna málsins, þ. e. samskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi verkefni sem betur væri komið í höndum annars aðilans. Ég tel að bygging og rekstur dagheimila eigi að vera alfarið í höndum sveitarfélaga, þeirra sem standa þessum verkefnum næst og þekkja best til þarfa á hverjum stað. Þetta eru staðbundin verkefni þar sem aðstæðurnar eru misjafnar og þörfin mismunandi eftir byggðarlögum. Sums staðar er hún mikil, annars staðar er hún lítil eða jafnvel engin. Núverandi fyrirkomulag skapar oftar en ella erfiðleika, eins og hér hefur greinilega komið fram í umr., þar sem fjárhagsgeta samskiptaaðilanna fer ekki saman. Sveitarfélögin lenda í erfiðleikum t. d. vegna þess að þau byggja hraðar en samið hefur verið um og ríkissjóður lendir þar af leiðandi í erfiðleikum með að standa við sínar skuldbindingar og safnar skuldahala sem erfitt reynist að losna við. Með því að færa þetta verkefni yfir til sveitarfélaganna, með tekjustofna að sjálfsögðu, tel ég að þessum málum yrði miklu betur sinnt og meiri möguleikar á sveigjanleika í rekstri eftir því sem hentar á hverjum stað.

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga hefur verið í athugun og til umræðu árum eða áratugum saman. A. m. k. minnist ég þess að í þá tvo áratugi sem liðnir eru frá því að ég tók fyrst þátt í sveitarstjórnarmálum hafa þessi mál verið á dagskrá. En það verður minna úr framkvæmdum.

Mig langar að lesa hér greinarkorn úr álitsgerð verkaskiptanefndar ríkis og sveitarfélaga sem kom út árið 1981. Að vísu er hún orðin fimm ára gömul, en hún er svo sannarlega ekki orðin úrelt hvað varðar þau mál sem hér er verið að fjalla um. Með leyfi forseta langar mig að lesa hérna greinarbút úr þessari ályktun sem varðar dagvistarmálin. Þar segir:

„Telja verður að tilgangurinn með setningu laga nr. 29/1973 [þ. e. upphaflega lagasetningin] um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarstofnana hafi verið sá að örva sveitarfélög og aðra aðila til að auka starfsemi sína á þessu sviði. Nefndin vekur athygli á að fjárveitingar til dagvistarmála hafi verið mjög takmarkaðar. Þó svo að þátttaka ríkisins í stofnkostnaði hafi e. t. v. örvað sveitarfélögin til framkvæmda, þá hefur það jafnframt valdið sveitarfélögunum óvissu um framkvæmdahraða og væntanlega starfrækslu. Í sem fæstum orðum telur nefndin óeðlilegt að sveitarfélög bindi fjármagn í framkvæmdum sem síðan dragast á langinn vegna þess að framlög ríkisins eru ekki innt af hendi. Þá telur nefndin staðla menntmrn. of einhliða og lítt til þess fallna að sveitarfélög eða áhugamannafélög leiti

hagkvæmustu leiða í dagvistarmálum."

Þá segir einnig í þesssum kafla um tillögur nefndarinnar „að þátttaka ríkis í stofnkostnaði dagvistarstofnana verði felld niður, en kostnaðurinn greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi og þeim er þjónustuna vilja nota."

Ég held að það væri vel við hæfi að taka á þessu verkefni sérstaklega með það í huga að koma þessum málum í viðunandi horf með því að færa þau yfir til sveitarfélaganna, þó það sé ekki það sem við getum leyst hér í dag, og tryggja þannig framtíðarlausn þeirra.

Það hefur komið fram í umr. að með því að vísa þessu máli til ríkisstj. óttaðist t. d. hv. flm. frv., hv. 11. þm. Reykv., að verið væri að svæfa málið eða fela það niðri í skúffu. Ég er ekki sammála þessu. Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. klofnaði n. í þrjá hluta, en var samt sammála um megininntakið. Eins og svo oft áður greinir okkur stundum á um leiðir að sama markmiði, en það er ekki sanngjarnt að segja að ekki sé einnig einlægur vilji meiri hl. n. Þó að ég eigi nú ekki að svara fyrir hönd meirihlutamanna finnst mér málflutningur þeirra og nál. bera þess vott að þeir séu sama sinnis og þeir þm. sem flytja tvö nál. minni hl.

Það kemur skýrt fram í nál. meiri hl. að tekið er undir meginmarkmið frv., að það verði að gera stórátak í dagvistarmálum barna sem miði að því að fullnægja þörf fyrir dagvistarrými. Mér finnst þetta vera gott vegarnesti fyrir ríkisstj. og um leið stuðningur fyrir hæstv. menntmrh. sem mér er vel kunnugt um að hefur einnig mjög mikinn áhuga á þessu máli, en orðið að sætta sig við, eins og við öll hin, að geta ekki staðið að því að auka fjárveitingar til þessa málaflokks. En þetta er góður stuðningur við þann vilja hennar að hlúa að þessum málum eftir því sem tök eru á. En við verðum að hafa í huga að niðurskurður á framlögum til dagvistarheimila varð ekki meiri en bitnaði á öðrum þáttum, þ. e. það var 50% niðurskurður frá till. hæstv. menntmrh. Það er nefnilega ekki spurning um vilja í þessu efni, heldur spurning um fjárhagsgetu.

Óli Þ. Guðbjartsson: Virðulegi forseti. Þessi mál, sem hér eru á dagskrá, eru býsna þýðingarmikil og afgreiðslan í n., sem hér hefur verið gerð grein fyrir, sýnir í rauninni að þetta mál hefur á sér margar hliðar. Nál. eru þrjú. Það kann vel að vera að hér gæti bæst við það fjórða. Ég hef að vísu ekki haft aðstöðu til að fjalla neitt sérstaklega um þetta fyrr, en engu að síður langar mig, úr því ég fæ tækifæri, til að láta í ljós skoðun mína á a. m. k. hluta af þessu máli.

Það er alveg rétt, sem hér kemur fram, að átaks í dagvistarmálum barna er sannarlega þörf, sjálfsagt í öllu þéttbýli hér á landi. Eins og kom fram í máli hæstv. forseta áðan er hér um að ræða verkefni sem er sameiginlegt verkefni sveitarfélaga og ríkis í dag, þ. e. bygging þessara stofnana. Þarna er 50% skipting rétt eins og varðandi grunnskólana hér á landi. Ég vil taka undir þá skoðun, sem kom fram í máli hæstv. forseta, að þetta verkefni er dæmigert um það og ætti að minni hyggju að vera eitt það fyrsta sem færa ætti frá ríki til sveitarfélaganna. Það er einmitt vegna þess að þau eru oft og tíðum ekki mjög viðamikil. Þau koma að vísu víða við, en notandinn er í sveitarfélaginu sjálfu og þess vegna eru neytendurnir býsna nærri þar sem þörfin er mest.

En það er önnur hlið þessa máls sem mig langaði sérstaklega til að vekja athygli á. Það eru tekjurstofnarnir. Það er alsiða og hefur verið um mörg undanfarin ár að verkefni hafa færst yfir á sveitarfélög frá ríki, en þá án tekjustofna. Ég minni t. d. á, kannske léttvægan þátt þó, viðhald skólahúsnæðis. Ég held að reynslan af þeirri breytingu hafi ekki verið góð. Það var vegna þess að það gleymdist í því sambandi að láta tekjustofna fylgja með. Það er einmitt aðalatriðið til þess að ná árangri að fá um leið öruggan tekjustofn.

Ég er að því leyti sammála flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, að eyrnamerkja ætti tekjustofna í þessu sambandi. Ég held þó að skynsamlegt væri að gera það á einhvern þann veg að ákveðinn hluti t. d. söluskatts eða í framtíðinni virðisaukaskatts yrði í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eyrnamerktur þannig að ákveðin framlög gætu gengið til þeirra sveitarfélaga, af því að þörfin er svo misjöfn í landinu, sem stæðu í framkvæmdum að þessu leyti. Mér sýnist að þetta atriði hafi ekki komið fram í þeim ágætu nál. sem hér er um að ræða, en vildi nota tækifærið til að koma þeirri skoðun minni á framfæri.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég ætla að minnast á örfá atriði sem hafa komið fram við þessa umr.

Það hefur verið rætt hér um samskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi byggingu dagvistarheimila. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að sveitarfélögin hafa frumkvæðið í því samstarfi. Þaðan koma upplýsingar um þörfina fyrir dagvistarrými og byggingu dagvistarheimila þegar að sveitarfélögin vilja ráðast í slíkar framkvæmdir.

Hv. flm. frv. lét að því liggja í ræðu sinni að oft skorti pólitískan vilja í sveitarfélögum til að ráðast í byggingu dagheimila fyrir börn. Ég held að þetta sé orðum aukið. Jafnvel þó að slíkt geti komið fyrir vil ég fullyrða að á það er mikill þrýstingur innan sveitarfélaganna að ráðast í slíkar byggingar. Þörfin er brýn á aðgerðum á þessu sviði. Ég held að pólitískur ágreiningur sé ekki þar til trafala nema í undantekningartilfellum.

Ég vil undirstrika það, sem kemur fram í nál. meiri hl. n., að meiri hl. n. álítur að taka þurfi dagvistarmálum barna rækilegt tak, fylgjast vel með þeirri þörf sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu á því sviði og miða að því að fullnægja þörf fyrir dagvistarrými. Ég undirstrika sérstaklega að ágreiningur er ekki milli nm. í því efni.

Það að taka mið af þörf fyrir dagvistarrými í þjóðfélaginu þýðir ekki að þar sé í öllum tilfellum hægt að mæta ýtrustu óskum. Það hefur orðið að skera niður við afgreiðslu fjárlaga framlög til mjög góðra mála, bæði þessara og annarra. Eigi að síður er nauðsynlegt að fram komi vilji þm. í þessu efni og gengið sé eins langt í þessum málum og mögulegt er.

Hitt er svo annað mál, og það hefur komið fram við þessa umr., að þorri þm. telur óeðlilegt að lögbinda framlög til dagvistarmála og hengja þau aftan í útgjöld fjárlaga vegna þess að útgjöld þeirra sveiflast bæði til hækkunar og lækkunar. Auðvitað getur þörfin verið breytileg frá ári til árs, e. t. v. vegna þjóðfélagsbreytinga. Kannske kemur einhvern tíma sá dagur að sveigjanlegur vinnutími fólks verði til þess að önnur hvor fyrirvinna fjölskyldunnar geti verið meira á heimili sínu. Kannske dregur batnandi afkoma fólks úr þörf

fyrir dagvistarrými. Vonandi kemur sá dagur þó að ég vilji engu spá í þessu efni. En þörfin er mikil nú. Ég vil ekki draga úr því.

Að lokum vil ég geta þess í sambandi við samstarf ríkis og sveitarfélaga að þessum málum að ég get vel tekið undir það sjónarmið að þessi málaflokkur eigi að færast yfir til sveitarfélaganna, en ég undirstrika, sem fram hefur komið hér, að það er algerlega þýðingarlaust að færa þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna nema þau fái tekjustofna til að sinna þessum málum svo í lagi sé.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. meira. Ég vildi aðeins undirstrika þessi atriði áður en umr. lýkur.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa tekið til máls og lagt sín lóð á vogarskálar þessa málefnis. Það er þó ástæða til að minnast frekar á fáein atriði og svara sumu af því sem hér hefur komið fram.

Þegar ég gerði grein fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. svaraði ég í rauninni flestu af því sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég get þó ekki látið fram hjá mér fara setningu, sem mér heyrðist detta upp úr hv. þm., á þá leið að ekki væri við hæfi að láta sér detta hvaða upphæð sem er í hug sem framlag til þessara mála. Okkur Kvennalistakonum hefur ekki dottið hvaða upphæð sem er í hug til þessara mála. Eins og er rækilega gerð grein fyrir í grg. með frv. er sú upphæð, sem við leggjum til að verði varið til þessara mála, vandlega miðuð við áætlaða þörf á aukningu dagvistarrýmis. Ég sé ekki ástæðu til að lesa grg., en þar er ítarlega gerð grein fyrir hvers vegna við teljum að þetta mikið fé þurfi.

Hv. þm. taldi að um yfirboð væri að ræða, að sveitarfélögin mundu ekki nýta sér þetta fé, það eru þá ekki hundrað í hættunni. Féð rennur ekki út í sjó á meðan, eins og hv. þm. tiltók. Fjárveitingin fellur einfaldlega niður um hver áramót. Mér finnst eins og ég sagði áðan, að það sé heldur hæpið að taka mið af óskum sveitarfélaganna á síðasta ári við ákvörðun framlaga. Óskir sveitafélaganna eru ekki náttúrulögmál. Þær eru háðar pólitískum vilja og forgangsröðun í sveitarstjórnum hverju sinni. Því finnst mér hæpið að taka mið af fjárhæð eins árs þegar verið er að leggja til svona langa bindingu á fjármunum eins og hér er gert.

Það virðist vera sem svo að hv. þm. geri ekki ráð fyrir breytingu á forgangsröðun sveitarfélaganna í þessu efni og þar með e. t. v. ekki ráð fyrir breytingu á pólitískum meiri hl. í sveitarstjórnum. (**Gripið fram í:** Þá breytum við lögunum.) Við getum vitaskuld á hverju einasta þingi, borið fram frv. um að breyta lögum, en lagafrv. eru borin fram til þess að þau hafi eitthvert gildi, vænti ég.

Mér þykir öllu heppilegra að þegar við erum að gera tillögur um lög tökum við mið af því að lögin geti reynst haldgóð, a. m. k. það tímabil sem þau eiga að vara.

Ég þakka mörg ágæt orð sem hæstv. forseti lét falla hér um þessi mál, en ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel ekki rétt að færa dagvistarmál alfarið frá ríkinu til sveitarfélaganna. Ég tel þjónustu dagvistarstofnana vera sambærilega við þjónustu skóla og heilsugæslustöðva. Það er ljóst að fjárhagsgeta sveitarfélaganna er mismunandi og þar af leiðir að ef ríkið tæki ekki þátt í fjármögnun dagvistarheimila gæti það leitt af sér mismunun. Sá jöfnunarþáttur sem ríkið getur þó sinnt er þá ekki lengur til staðar. Með þátttöku sinni er ríkið í stakk búið til að sjá um að menn sitji við sama borð í þessum efnum óháð búsetu, þ. e. óháð því hvaða sveitarfélagi menn búa í.

Hv. þm. nefndi það sem rök fyrir því að færa þessi verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga að framkvæmdir vildu oft dragast á langinn hjá sveitarfélögunum vegna þess að það stæði á framlagi ríkisins. Þetta er alveg rétt. Það er einmitt tilgangur frv. sem hér er nú til 2. umr. að tryggja að ekki standi á framlagi ríkisins til þessara mála og að framkvæmdir dragist ekki á langinn af þeim sökum.

Hv. 3. þm. Suðurl. og hv. 4. þm. Austurl. bentu báðir á að ekki væri ráðlegt að færa verkefni til sveitarfélaganna án þess að marka þeim tekjustofna í leiðinni. Ég er vitaskuld fyllilega sammála þessu. Við höfum þegar mörg dæmi um og slæma reynslu höfum við af að hafa fært verkefni á milli aðila án þess að hugsa fyrir tekjum.

Hæstv. forseti vildi álíta að ég hefði efast um góðan vilja hv. meirihlutamanna í fjh.- og viðskn. Ég tók það skýrt fram að ég efaðist ekki um góðan vilja þessara ágætu hv. þm. Það sem ég efaðist um var að stefnubreyting mundi verða í þessum málum hjá ríkisstj.

Hv. 4. þm. Reykn. taldi að frv. gæti orðið góð stoð fyrir hæstv. fjmrh. við gerð næstu fjárlaga og hefði gildi sem slíkt. Ég vona svo sannarlega að hæstv. forseti reynist þar sannspár og að hæstv. fjmrh. hafi mikla stoð af þessu frv. sem meiri hl. leggur til að verði vísað til ríkisstj. með góðum vilja.

Að endingu vil ég aðeins minnast á það, sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi áðan, að það væri mikill þrýstingur í sveitarfélögunum í þá átt að ráðast í framkvæmdir í dagvistarmálum. Ég vona að hv. þm. hafi þar lög að mæla. Það er ósk mín og von með því að bera fram þetta frv. að aukin fjárframlög ríkisins til þessara mála verði sveitarfélögunum mikil hvatning til að gera það stóra átak sem allir eru sammála um að þurfi að gera í þessum málum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni held ég að forseti verði að upplýsa að ef forseti stígur í ræðustól til að taka þátt í umr. skal auðkenna hann við kjördæmi sitt. Þá verður ekki misskilningur í þingtíðindum að forseti hafi tekið þátt í umr. úr forsetastóli.

ATKVGR.

Till. á þskj. 537 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 9:5 atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5, n. 506, 509, 517 og 522, 505, 507, 514, 516, 518). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson) (frh.): Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu á síðasta fundi telur Alþb. mestu skipta í sambandi við ný útvarpslög að með þeim sé rennt styrkari stoðum undir Ríkisútvarpið en nú er, að dreifikerfi nýrra útvarpsstöðva sé í opinberri eigu og að engar viðskiptaauglýsingar eða önnur verslun með dagskrártíma þeirra verði heimiluð. Ég lauk máli mínu þegar fundi var frestað hér á mánudag með því að beina nokkrum fsp. til hæstv. samgrh. varðandi dreifikerfið og ég vænti þess að hæstv. ráðh. gefist kostur á að svara þeim fsp. hér í umr.

Ég var að öðru leyti að því kominn í ræðu minni að gera grein fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 516 við I. kafla frv. varðandi rétt til útvarps. Þær till. eru í fimm tölusettum liðum við 3. og 4. gr. frv. og auk þess um að tvær nýjar greinar bætist við þennan kafla.

1. brtt. er við 3. gr., 2. tölul. Skv. frv. er gert ráð fyrir því sem einu af skilyrðum fyrir svæðisstöðvum, er ég kýs að kalla útvarp á afmörkuðum svæðum, að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfis af hálfu útvarpsréttarnefndar. Ég tel óeðlilegt að setja slíkt skilyrði, en hins vegar eðlilegt að sveitarstjórnir eigi kost á að veita umsögn um fyrirhugaðan útvarpsrekstur þó ekki væri nema til að fylgjast með hvað er á döfinni í þessu efni í sveitarfélaginu. Ég geri því till. um að tölul. 2. í 3. gr. orðist þannig: „Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, hafi átt kost á að veita um það umsögn til útvarpsréttarnefndar."

Önnur brtt. mín varðar 3. gr. 3. tölul. sem skv. frv. kveður á um að óheimilt sé að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar. Þarna vil ég bæta við orðunum „eða félagi eða stofnun sem útlendingar eiga hlut í". Með þessari viðbót eru tekin af tvímæli því að ella gætu erlendir aðilar komist bakdyramegin inn í slíkan rekstur.

Meiri hl. menntmn. gerir einnig brtt. við þennan lið og glufar fyrir útlendinga með því að setja mörkin við 10% erlenda eignarhlutdeild. Þetta er þeim mun afdrifaríkari breyting ef hún er skoðuð í ljósi brtt. meiri hl. við upphafsorð 3. gr., þ. e. að ekki þurfi að stofna sérstakt félag um útvarpsrekstur heldur geti hvaða lögaðili sem er fengið leyfi til að reka útvarp.

Þriðja brtt. mín við þennan kafla varðar 3. gr. 8. tölul. sem hljóðar þannig í frv. nú: „Óheimilt er að aðrir aðilar en félag það, sem leyfi hefur til útvarpsreksturs, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði."

Með lokaorðunum er í rauninni gert ómerkt það sem í upphafi segir og því legg ég til að niður falli orðin „þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði".

Síðan legg ég til að við bætist í beinu framhaldi ný setning þannig: „A. m. k. helmingur af útseldu efni skal tekinn saman eða framleiddur af viðkomandi leyfishafa." Með þessu væru sett eðlileg lágmarksskilyrði um efnisgerð hluteigandi stöðvar og komið í veg fyrir að að meiri hluta væri um útsendingar á aðkeyptu eða aðfengnu efni að ræða án nokkurrar aðlögunar að svæðisbundinni dagskrá.

Fjórða brtt. er við 4. gr. þar sem m. a. er lögð til sú grundvallarbreyting að svæðisstöðvum sé óheimilt að afla tekna með verslunar- og viðskiptaauglýsingum. Um þetta atriði hef ég nokkuð fjallað í fyrri hl. ræðu minnar en mun hér nokkru við bæta. Um ákvæði frv. gerði fulltrúi Alþb. í útvarpslaganefnd, sem undirbjó þetta frv., Ólafur heitinn Einarsson, skýran fyrirvara.

Það sætir vissulega furðu að meiri hl. útvarpslaganefndar sem undirbjó frv. og nú meiri hl. menntmn. skuli taka undir þá óhæfu að ætla að heimila hér viðskiptaútvarp. Ég skil vel áhuga ýmissa talsmanna Sjálfstfl. í þessu efni. Þeir mæla þar fyrir gróðaöflin sem halda uppi Sjálfstfl. og ráða mestu um stefnu hans. Hið sama virðist nú uppi á teningnum með Framsfl. þegar forstjóravaldið í S.Í.S. hefur gengið í fóstbræðralag við hlutafélög eins og Árvakur og Frjálsa fjölmiðlun og Davíð Oddsson innan Ísfilm.

Ég hef heyrt þær viðbárur þeirra, sem mæla með auglýsingum í svæðisstöðvum, að erfitt sé að koma í veg fyrir áhrif fjársterkra aðila á dagskrárgerð slíkra stöðva og því sé best að ganga hreint til verks og heimila auglýsingar og skattleggja þær í þágu innlendrar dagskrárgerðar eins og meiri hluti menntmn. leggur til. Hér er augljóslega um fyrirslátt þeirra manna að ræða sem ákveðið hafa að selja skrattanum ömmu sína og eru að finna afsökun eftir á fyrir þeirri ráðabreytni. Heimild til viðskiptaauglýsinga dregur að sjálfsögðu ekki úr þeirri hættu að markaðsöflin reyni að hafa áhrif á aðra þætti dagskrár í útvarpsstöðvum, sem hvort sem er þurfti að taka afstöðu til hversu við skyldi bregðast. Hér er því verið að bæta svörtu ofan á grátt — svo snúið sé við velþekktu orðtaki — varðandi áhrifamöguleika viðskiptalífsins á útsent efni svæðisstöðvanna.

Önnur viðbára er sú að með því að banna auglýsingar sé verið að kippa öllum rekstrargrundvelli undan nýjum stöðvum. Í því efni hefur skýrast talað framkvæmdastjóri Ísfilm sem ákallaði flokkana sína hér á Alþingi, Framsfl. og Sjálfstfl., til liðsinnis og vænti betrunar hér um daginn þegar hv. þm. Halldór Blöndal ló því að honum að nú væri úti um auglýsingar í bráð.

Hér kemur fram sú bábilja að saman þurfi að fara lýðræðislegur aðgangur að fjölmiðlum í útvarpi og fjárgróði, Alþingi beri um leið og það opnar ljósvakann fyrir fleiri aðilum en Ríkisútvarpinu að tryggja rekstrargrundvöll einhverra fyrirtækja á borð við Ísfilm sem ætla að fara að stunda útgerð á öldum ljósvakans svo fremi þó aðeins að það gefi gull í mund. Hvað um félagafrelsi í landinu? Kannast einhver við það að því lýðræðislega grundvallaratriði í okkar stjórnarskrá og löggjöf fylgi trygging fyrir því að stofnun félaga um einstök málefni fylgi gróðavon eftir lögmálum markaðarins? Að ábyrgð sé tekin á því að kvenfélög, svo dæmi sé tekið, og ungmennafélög beri sig eða þá Tófuvinafélagið? En réttur inn til slíkrar fjölbreyttrar félagamyndunar í landinu er ekki síður mikilvægur þótt hann sé ekki einskorðaður við markaðsöflin.

Að ekki sé nú minnst á þann boðskap talsmanns BJ, sem fram kemur í nál. 1. minni hl. og endurtekinn var af talsmanni hans við þessa umr., að fráleitt sé, eins og þar stendur „að litið verði til frambúðar á auglýsingar í útvarpi sem nauðsynlegan en illan kost. Það ber að líta svo á að auglýsingar gegni því hlutverki að upplýsa almenning og á það við bæði um opinbera aðila og verslun og þjónustu".

Segi menn svo að ekki sé hægt að lappa upp á trúarjátninguna: Ég trúi á auglýsinguna, skapara himins og jarðar. Ég geri fastlega ráð fyrir að við fáum brátt röð af þáltill. frá fulltrúum þessara krossriddara gegn kerfinu, t. d. frá hv. þm. Kristínu Kvaran, þess efnis að til að upplýsa almenning og sérstaklega æskufólk skuli

skólahúsnæði opnað fyrir hverskyns viðskiptaauglýsingum og sama gæti átt við um Þjóðleikhúsið.

Hvernig væri að rjúfa leikhússýningar reglubundið með auglýsingum til að upplýsa almenning t. d. um ágæti Coca Cola eða: „Hlustið á Ísfilm, Ísfilm er alsjáandi." Hver veit nema BJ megi vænta liðsinnis frá hæstv. menntmrh. í þessu brautryðjandastarfi við að greiða fyrir að upplýsa almúgann? Gæti hér ekki verið fundin leið til að öngla upp í kröfur skólamanna um hærri laun og bættan aðbúnað? Auglýsingar á skólagangana og utan á skólabyggingar. „Á það bæði við um opinbera aðila og verslun og þjónustu," segir í áliti BJ. Þar gætu komi t. d. Davíð borgarstjóri, Davíð Scheving og Davíð og Golíat. Það er munur að vera ekki kerfisflokkur.

Hins vegar birtir til þegar sami 1. minni hl. orðrétt „vill setja skörp skil á milli þess hvað talist getur frjáls rekstur og hringamyndun" og að einstaklingum og fyrirtækjum, sem eiga hlut í öðrum greinum fjölmiðlunar svo sem dagblöðum, sé óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta er nokkurn veginn orðrétt úr nál.

Hér sýnist mér Bandalagið komið í kerfi andstætt því sem er um auglýsingarnar og hugmyndafræðina og því dálítið á hálum ís þótt ég geti vissulega vel tekið undir þessa síðari till. sem einn úr kerfisflokkunum. Ég hef reynt að lýsa hér inn í hugmyndaheim þeirra lítillega sem tala fyrir auglýsingaútvarpi til að sýna hversu holur sá málflutningur er. Leiðirnar til að nýta sér rétt til útvarps án auglýsinga, til að standa undir kostnaði við slíka starfsemi, eru fjölmargar og Alþb. vill með sérstökum ákvæðum í útvarpslögum vísa á nokkrar þeirra og tryggja opinberan stuðning við fjölbreytta og óháða útvarpsfjölmiðlun. Þannig segir í síðari hluta brtt. undir tölul. 4 á þskj. 516, með leyfi forseta:

„Afnotagjöld til slíkra stöðva má innheimta samhliða afnotagjöldum til Ríkisútvarpsins til að auðvelda þeim tefjuöflun sem fengið hafa tímabundið leyfi til útvarpsrekstrar. Útvarpsréttarnefnd setur reglur um slíka innheimtu í samvinnu við útvarpsráð."

Og í tölul. 5.a. er lagt til að inn verði tekin ný grein svohljóðandi:

„Til að stuðla að því að aðrir en fjársterkir aðilar geti ráðist í útvarpsrekstur skv. 3. gr. og að sem fjölbreyttust reynsla fáist af rekstri útvarps á afmörkuðum svæðum, skal ríkissjóður leggja útvarpsréttarnefnd til allt að 10 millj. kr. árlega skv. fjárlögum næstu þriggja ára, 1986—1988, miðað við verðlag 1. janúar 1985. Þessum fjármunum skal varið á eftirfarandi hátt:

a. Til kaupa á útsendingarbúnaði sem útvarpsréttarnefnd festir kaup á að fengnum umsóknum frá útvarpsstöðvum er leyfi fá skv. 3. gr. skv. nánari ákvæðum í reglugerð er menntmrh. setur að fengnum tillögum útvarpsréttarnefndar.

b. Til að koma upp í hverjum landshluta vel búnu útvarpsveri sem útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsleyfishöfum aðgang að gegn viðráðanlegu leigugjaldi að undangengnu mati á þörfum viðkomandi aðila. Þó skal þess gætt að enginn einn aðili fái rétt til nota af slíku veri nema takmarkaðan tíma í viku hverri skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Ríkisútvarpið telst eigandi búnaðar og aðstöðu skv. a- og b-lið. Heimilt er Ríkisútvarpinu að selja útsendingarbúnað skv. a-lið til útvarpsstöðva að þremur árum liðnum og skal söluandvirði þá renna í sérstakan Menningarsjóð útvarpsstöðva er styrki innlenda dagskrárgerð."

Með þeim ákvæðum sem hér er lagt til að verði lögfest væri tryggður myndarlegur stuðningur af opinberri hálfu við útvarpsrekstur á vegum annarra en Ríkisútvarpsins og það víða á landinu. Varðandi sameiginlega innheimtu afnotagjalda fyrir svæðisstöðvar og Ríkisútvarpið vil ég vitna hér, með leyfi forseta, í kafla úr grein sem Þorbjörn Broddason lektor ritaði í nóvember s. l. í DV þar sem hann segir m. a.:

„Ef útvarpslagafrv. verður samþykkt óbreytt táknar það að viðskiptahagsmunir muni koma í stað hagsmuna almennings í landinu. Naumast mun það ríða þjóðinni að fullu en spyrja má hví við skyldum kalla slíkt yfir okkur að þarflausu. Fjölgun útvarpsleyfishafa þarf alls ekki að fela í sér upphaf viðskiptaútvarps hér á landi. Á þessari stundu höfum við, eða nánar tiltekið fulltrúar okkar á Alþingi, frjálst val um það hvort þeir vilja stofna til viðskiptaútvarps eða fjöldaútvarps.

Ef leið fjöldaútvarps verður farin losnum við algerlega við auglýsingar úr útvarpi en hins vegar þarf hún engan veginn að útiloka alls kyns tilkynningar og fróðleiksmiðlun um annað en söluvarning. Fjöldaútvarp er fjármagnað með þeim hætti að hver einasti þegn þjóðfélagsins eða hvert heimili með útvarpsviðtæki greiðir útvarpsiðgjald með nákvæmlega sama hætti og hingað til. Munurinn verður þó sá að í stað þess að allt iðgjald renni til Ríkisútvarpsins verður því skipt þannig að ákveðið hlutfall rennur þangað en afgangurinn til annarrar eða annarra útvarpsstöðva skv. frjálsri ákvörðun greiðandans. Ef greiðandinn vill ekki styðja neina nýja útvarpsstöð má láta allt gjaldið renna til Ríkisútvarpsins eða t. d. í sérstakan sjóð til stuðnings tilraunastarfi á sviði fjölmiðla.

Kostnaðarauki vegna innheimtu þessa gjalds yrði nákvæmlega enginn þar sem útvarpsiðgjald er innheimt nú þegar. Kostnaðarauki almennings yrði sennilega minni en enginn vegna þess að fjármögnun nýrra útvarpsstöðva með þessum hætti verður væntanlega ódýrari en næmi hækkun vöruverðs vegna auglýsingaútvarps.

Aðferðin er eins lýðræðisleg og unnt er að hugsa sér vegna þess að menn mundu einungis greiða til þeirrar starfsemi sem þeim líkar. Mér hefur verið bent á," segir Þorbjörn Broddason áfram, „að hugmyndin um fjöldaútvarp útiloki ekki að fjársterkir aðilar leggi til fé í áróðursskyni. Ég hef svarað því til að ekkert kerfi geti útilokað slíkt og að mínu áliti sé reyndar engin ástæða til að reyna það. Mér býður í grun að þeir fjársterku aðilar, sem hefðu hug á slíku, yrðu fyrst og fremst fjöldahreyfingar svo sem hugsjóna- og hagsmunasamtök ýmiss konar. Fjöldaútvarpið mundi þannig bera nafn með rentu, hvort sem litið yrði á iðgjaldshliðina eða fjármögnun með styrkjum. Þær útvarpsstöðvar, sem hvorki nytu hylli fjöldans né ættu sér trausta og fjölmenna stuðningsmannasveit, mundu hins vegar tæpast kemba hærurnar."

Í því fjöldaútvarpi, sem hér um ræðir og Þorbjörn gerði að umtalsefni, í stað viðskiptaútvarps fárra fésterkra aðila væri fólgið aukið lýðræði og valddreifing þar sem margir yrðu hluttakendur í útvarpsfjölmiðlun til viðbótar starfsemi Ríkisútvarpsins. Það er slík fjöldaþátttaka sem Alþingi ætti að stuðla að með breytingu á útvarpslögum í stað einokunar fjármagnsins sem auk

þess getur fyrr en varið kippt fótum undan Ríkisútvarpinu.

Með till. sínum um útvarpsstarfsemi er Alþb. í reynd að taka undir þau viðhorf varðandi valddreifingu sem t. d. koma fram í stefnuskrá Samtaka um kvennalista og um leið væru sköpuð skilyrði til að laða fram þátttöku mun fleiri víða á landinu í útvarpsstarfsemi en líklegt er að takist innan vébanda Ríkisútvarpsins eins þótt þar megi vissulega mörgu breyta til bóta, m. a. með útstöðvum víða um land. Samvinna og stuðningur Ríkisútvarpsins við svæðisstöðvar er í senn eðlilegur og nauðsynlegur, enda sé þar um að ræða það óháða fjöldaútvarp sem Alþb. mælir fyrir en ekki gróðafyrirtæki einkaaðila.

Herra forseti. Ég mun þá víkja að till. okkar um að dreifikerfi útvarpsstöðva verði í opinberri eigu. Það er sannast sagna furðulegt að stjórnarflokkunum skuli koma til hugar að ganga fram hjá svo mikilsverðu atriði sem er eignarhald og önnur atriði sem tengjast dreifikerfum útvarps. Á öðrum Norðurlöndum fer nú fram víðtæk umr. um þessi mál einnig innan þjóðþinga. En munurinn er sá að þar ætla menn sér tíma til að átta sig á viðfangsefnum hinnar nýju upplýsingaaldar og standa að markvissum tilraunum undir eftirliti ríkisins til að safna reynslu og skapa grundvöll fyrir vitrænni löggjöf.

Hér er hins vegar byrjað á öfugum enda. Í fróðlegri samantekt, sem Björn Friðfinnsson tók saman um boðveitur og ný viðhorf í boðmiðlun í febrúarmánuði 1983 á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, er að finna mikinn fróðleik um stöðu þessara mála sem er í mjög örri þróun. Grein sína ritar Björn eftir að hafa setið fund á vegum Nordisk dataunion sem naut stuðnings frá Norrænu menningarmálaskrifstofunni. Ég mun hér aðeins vitna í stuttan kafla í þessari fróðlegu samantekt Björns Friðfinnssonar varðandi viðhorf, sem fram komu á umræddum fundi, til þess hver eigi að eiga svonefndar boðveitur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Menn voru almennt sammála um að breytingum á einkarétti Pósts og síma í þá átt að leyfa öðrum aðilum uppsetningu boðveitukerfa yrði að fylgja það skilyrði að haldið verði við hina svokölluðu „common carrier" reglu, þ. e. þá meginreglu í fjarskiptum Pósts og síma að allir hafi jafnan aðgang að þjónustunni án tillits til þess hvort menn rita heimskuleg bréf eða nota ljótt orðbragð. Leyfisveitingu verði að binda þessu grundvallarskilyrði auk ýmissa tæknilegra skilyrða til þess að tryggja samræmingu og sem víðtækust not af kerfinu. Hægt er að búa þannig um hnútana við leyfisveitingar til einkaaðila, en hver sá sem kemur upp kapalkerfi hefur í raun fengið forgangsrétt á því svæði er kapalkerfið nær til og til langs tíma um ýmiss konar boðmiðlun.

Á fundinum var líka rætt um það sem meginstefnu, er byggir á framangreindri „common carrier" reglu, að óæskilegt sé að eigendur kapalkerfa séu jafnframt framleiðendur eða seljendur dagskrárefnis. Í grein, sem höfundur þessarar skýrslu ritaði í 6. tölublað Sveitarstjórnarmála 1982 og nefndi „Boðveitur sveitarfélaga", er vakin athygli á því að þótt löggjöf um fjarskipti hér á landi verði breytt á þann veg að einkaréttur Landssíma Íslands verði afnuminn, þá hafi lagning kapalkerfa á vegum einkaaðila þann ókost að kerfin verði ósamstæð og tæknilegar kröfur til þeirra verði með ýmsu móti."

Þetta var tilvitnun í greinargerð frá Birni Friðfinnssyni en hann hallast að því að lagning boðveitna gæti vel hentað sem verkefni fyrir sveitarfélög og einkum þá í þéttbýli á sama hátt t. d. og rafveitur, vatnsveitur, og hitaveitur. Slíkt kemur að mínu mati vel til álita, en nauðsynlegt er að náið samráð sé um þessi efni milli yfirstjórnar Pósts og síma og sveitarfélaga.

Í till. okkar Alþb.-manna er gert ráð fyrir því að lagaramminn kveði á um opinbera eigu, en undir því orðalagi geta í senn rúmast sveitarfélög og stofnanir ríkisins. Reynslan yrði síðan að skera úr um hvernig verkaskipting yrði æskilegust milli þessara aðila og nánari ákvæði að koma í reglugerð.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt. á þskj. 516 nema undir tölul. 9 og ákvæði til bráðabirgða. Í brtt. undir tölul. 9, sem er við 14. gr., er gert ráð fyrir að komi ný málsgr. þannig:

„Útvarpsráð skal beita sér fyrir reglubundnum könnunum á því hvernig hlustað er á hljóðvarp og horft á sjónvarp, jafnt varðandi Ríkisútvarpið sem og aðrar útvarpsstöðvar er leyfi fá skv. 3. gr."

Hér er um að ræða mjög mikilsvert atriði sem nauðsynlegt er að hafi lagagrundvöll að okkar mati í Alþb. og til þess að tryggja að það tímabil, sem væntanlega fer í hönd með útvarpsstöðvum utan Ríkisútvarpsins, verði markvisst notað og hægt verði að líta á það í raun sem eins konar tilraunatímabil fram að þeim tíma sem gert er ráð fyrir endurskoðun laganna og að sem fyllstar upplýsingar fáist á þessum tíma m. a. með reglubundnum könnunum, eins og hér er lagt til.

Í ákvæði til bráðabirgða gerum við ráð fyrir að inn verði tekið sem nýtt ákvæði umfram það sem er í frv. að engin ný leyfi til útvarpsrekstrar taki gildi fyrr en frá og með 1. janúar 1986 hið fyrsta, þ. e. að það skapist svigrúm frá því að Alþingi gengur frá löggjöf um þessi efni þar til nýjar útvarpsstöðvar fengju leyfi til starfsemi. Þetta ætti að vera svo sjálfsagt atriði að vart þyrfti um að fjalla eða rökstyðja í löngu máli. Það mun ég heldur ekki gera. Það er eðlilegt að aðilar, sem hyggja á útvarpsrekstur, hafi svigrúm og það gangi þar nokkuð eitt yfir alla og það verði ekki eingöngu t. d. fjársterkir aðilar, sem hafa þegar undirbúið þátttöku í útvarpsrekstri, sem þarna komi við sögu heldur einnig og enn frekar aðrir þannig að nauðsynleg fjölbreytni verði þarna á ferðinni.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu ákvæði til bráðabirgða að kosin verði sérstök nefnd af Alþingi ekki síðar en haustið 1987 til að vinna að endurskoðun laganna, en skv. frv. er gert ráð fyrir endurskoðun þeirra innan þriggja ára frá lagasetningunni.

Ég ætla þá að víkja hér aðeins að fáeinum atriðum í brtt. annarra sem skilað hafa áliti við þetta frv., en takmarka mig þar við örfá atriði. Ég vík fyrst að brtt. frá meiri hl. menntmn., hef að vísu þegar nefnt ýmis atriði sem tengjast þeim um leið og ég hef gert grein fyrir brtt. mínum. En ég vil sérstaklega vekja athygli hér á einum þremur atriðum sem meiri hl. gerir till. um og það þá fyrst sem varðar 2. gr., 3. mgr., þ. e. undir tölul. 2. í brtt. meiri hl., en þar segir:

„Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára."

Þetta er breyting sem fram kemur í þessu frá frv. sem gerir ráð fyrir því að menn í útvarpsréttarnefnd verði kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþing-

iskosningar. Það er sú regla sem gert er ráð fyrir skv. frv. Við það eru engar brtt. gerðar af meiri hl. menntmn. að útvarpsráð verði kosið eftir hverjar alþingiskosningar svo að hér skýtur skökku við. Hér á ekki hið sama að gilda um útvarpsréttarnefnd. Sætir það vissulega nokkrum tíðindum að meiri hl. menntmn. skuli standa að slíkri till.

Í ákvæði til bráðabirgða skv. till. meiri hl. menntmn. er einnig gert ráð fyrir því og alveg sérstaklega tekið fram að sú útvarpsréttarnefnd, sem kosin yrði að settum lögum, skuli sitja fram á árið 1989. Ég tel að Alþingi verði í rauninni að velja á milli annars tveggja, að útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð sé kosið að loknum einhverjum alþingiskosningum og það er sú tilhögun sem ég hef gert hér till. um. En vissulega kæmi hitt til greina, að báðar þessar nefndir eða ráð séu kosin til fjögurra ára í senn. En afar óeðlilegt og fráleitt er að vera að gera þarna greinarmun á.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá að rifja upp breytingu á útvarpslögum sem gerð var að tilhlutan sams konar hægri helmingaskiptastjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. á öndverðu ári 1975. Þá varð sú eina breyting gerð á útvarpslögum frá 1971 að kosning í útvarpsráð, kosning aðalmanna og varamanna, skuli verða eftir hverjar alþingiskosningar. En með setningu nýrra útvarpslaga nr. 19/1971, þeirra sem að meginstofni eru í gildi óbreytt frá þeim tíma, var gert ráð fyrir að útvarpsráð yrði kosið til fjögurra ára. Þessi breyting, sem ekki virðist stórvægileg og gerð var á útvarpslögum í febr. 1975, varð tilefni mikilla umr. hér á Alþingi, enda málatilbúnaður allur hinn kyndugasti.

Ég veit að þeir hv. alþm., sem sátu á þingi á þessum tíma, muna eftir þessari umr. og tilefni hennar og ég ætla ekki að fara langt út í þessa sálma. Ástæðan var sú að einn fulltrúi í útvarpsráði á þessum tíma var ekki lengur stuðningsmaður viðkomandi stjórnarflokka. Eitt ár var eftir af kjörtímabili útvarpsráðs og það var talin svo brýn nauðsyn af stjórnarflokkunum að fá þennan fulltrúa út úr ráðinu að það varð tilefni sérstakrar lagasetningar og kúvendingar frá þeirri stefnu sem tekin hafði verið, ég hygg að allvel skoðuðu máli, þegar ný útvarpslög voru sett 1971. Mættum við kannske eiga von á einhverju slíku í brtt. varðandi útvarpsréttarnefndina ef veður skipuðust í lofti varðandi fulltrúa sem í hana væru kosnir af núverandi ríkisstjórnarmeirihluta? (**HBl:** Er ekki rétt að halda því opnu?) Ég tel rétt að lágmarks samræmis sé gætt í þessu efni, hv. þm. Halldór Blöndal, þó að ég sé við öllu búinn frá þér og þínum skoðanabræðrum í þessum efnum. Þá munaði ekkert um að efna til sérstakrar lagabreytingar vegna eins manns sem ekki réð þó neinum meiri hl. í útvarpsráði árið 1975 því að hann var tryggður eftir sem áður. Þetta var einn þátturinn í till. meiri hl. sem ég taldi rétt að vekja sérstaka athygli á og vænti þess að menn hlaupi nú ekki til að fylgja eftir þessari till. Það teldi ég Alþingi til lítils sóma.

Þá vil ég nefna brtt. meiri hl. við 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir að breyting verði á frv. frá því horfi sem þar er ákveðið, að útvarpsréttarnefnd geti veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum. Hér er gerð till. af meiri hl. um að út verði tekið „félögum, sem til þess eru stofnuð“ og sett „og öðrum lögaðilum“. Skv. þessari brtt. getur hvaða fyrirtæki sem er sótt um leyfi til útvarpsrekstrar, hvaða lögaðili sem er. Hlutafélagið Árvakur t. d. gæti sent inn slíkt leyfi. Ég er ekki að spá því, þar sem það hefur nú komið ár sinni fyrir borð innan samsteypunnar Ísfilm, en ég nefni þetta aðeins sem dæmi. Hvaða viðskipta- og verslunarfyrirtæki sem er gæti sótt um slíkt leyfi. Ég spyr: Hvernig líst hv. alþm. á að fara að opna fyrir slíkt skv. lögum að fjárreiður í sambandi við útvarpsreksturinn væru ekki skýrt aðgreindar heldur einhvers staðar inni í ársreikningum og bókhaldi hvaða verslunarfyrirtækis eða viðskiptafyrirtækis sem er? Ég vara mjög við lagasetningu af þessu tagi og breytingu frá frv. og vona að til hennar komi ekki, að hún fái hér ekki meirihlutastuðning.

Þá vek ég athygli á tölul. 6 í brtt. meiri hl. við 7. gr. Niðurlag hennar, síðasta mgr., er þannig:

„Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar,“ — og meiri hl. menntmn. bætir við: „enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.“ Það á ekki að vera í frjálsu mati útvarpsréttarnefndar hvort aðili, sem leyfi hefur fengið, teljist hafa brotið gegn því þannig að ástæða sé til að svipta viðkomandi leyfi, heldur skal sá varnagli sleginn í lögum að um alvarleg og ítrekuð brot sé að ræða. Skulu svo hv. alþm. velta því fyrir sér hvaða möguleika útvarpsréttarnefnd í rauninni hefur til að svipta aðila útvarpsrekstrarleyfi sem veitt hefur verið með svo teygjanlegu orðalagi en þó ákvarðandi í lögum.

Það eru vissulega mörg önnur atriði í till. meiri hl. sem ég hefði talið ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við. Talsmaður meiri hl., hv. þm. Halldór Blöndal, gat þess sérstaklega í sambandi við eitt eða tvö atriði í framsöguræðu sinni að engar athugasemdir hefðu verið gerðar við þetta og þetta innan menntmn. Mátti skilja á því að hann væri að koma því að að menn væru þar með að samþykkja eða leggja blessun yfir viðkomandi till. Ég gat þess hér í upphafi máls míns á mánudag að tillögur meiri hl. komu ekki fram fyrr en fyrir hálfum mánuði í menntmn. Þá fyrst birtust þessar tillögur. Svigrúmið til að fjalla um þær og áhuginn á því að um þær yrði fjallað efnislega var enginn af hálfu meiri hl. nefndarinnar, það skyldi bara út úr nefndinni með málið. Það var engin viðleitni til að samræma þar sjónarmið, enda býst ég við að það hefði orðið nokkuð torvelt. En það hefði vafalaust tekist um ýmis atriði ef í það hefði verið lögð vinna. En upp á atriði, eins og þarna var tilvitnað af hv. þm. Halldóri Blöndal, m. a. varðandi stjórnarfyrirkomulag á Menningarsjóði útvarpsstöðva, var ekki skrifað með einum eða öðrum hætti af mér t. d. innan menntmn. Ég hygg að svipað gildi um aðra sem minnihlutaálitum hafa skilað, en þeir gera að sjálfsögðu grein fyrir slíkum þáttum.

Ég þarf vart að taka það fram að ákvæði, eins og í ákvæði til bráðabirgða hjá meiri hl. menntmn. um að lögfesta rekstur útvarps á vegum bandarískra hernámsliðsins hér, erum við Alþb.-menn ekki líklegir til að veita stuðning hér á Alþingi. Það er kapítuli út af fyrir sig, sem ég ætla ekki að fjölyrða um hér að sinni, að komin er till. um þetta efni, ekki aðeins frá meiri hl. heldur líka frá 3. minni hl. nefndarinnar, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Varðandi álit og till. frá 1. minni hl. hef ég þegar gert þau atriði að umtalsefni sem ég tel þörf á á þessu stigi mála varðandi auglýsingar o. fl. Ég ítreka aðeins að það

gætir ekki samræmis í hugmyndafræðinni að öllu leyti í þessari tillögugerð og ekki allt ljóst sem þar er fram sett. T. d. varðandi tölul. 4, sem varðar dreifikerfi útvarpsstöðva, þar sem segir:

„Sveitarstjórnir hafa einkarétt á uppsetningu kapalkerfa, en heimilt skal sveitarstjórn að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum."

Það verður ekki ljóst af þessu orðalagi hvort verið er að lögfesta eignarhald sveitarfélaga á kapalkerfum eða hvort það er bara vinnan, framkvæmdin við uppsetningu, sem þarna er átt við.

Varðandi tillögur 3. minni hl., hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, vil ég almennt segja að margt í þeim tillögum fer saman við tillögur sem ég stend að og Alþb. Það er engin djúp gjá á milli tillagna frá Alþfl. í mörgum greinum — og raunar að meiri hluta til — og Alþb. þó að engar tilraunir hafi verið gerðar sérstaklega til að hefla þessar tillögur saman af hálfu flokkanna eða fulltrúa þeirra í menntmn. En það er þó eitt atriði sem skilur verulega á milli og það er undir tölul. 12, stafl. d. í 17. gr. eða sem gert er ráð fyrir að verði 17. gr. Þar segir í síðari mgr., með leyfi forseta:

„Menntmrn. setur í reglugerð gjaldskrá þar sem kveðið er á um árlegt leyfisgjald fyrir sendistöðvar útvarpsfélaga. Útvarpsfélög, sem reka eigin sendistöð, mega afla sér tekna með birtingu auglýsinga skv. nánari reglum sem útvarpsréttarnefnd setur."

Hér skilur á milli. Það er ekki aðeins heimildin til auglýsinga heldur þetta sérkennilega árlega leyfisgjald. Ég á afar erfitt með að sjá rökin fyrir því að hið opinbera fari að rukka inn sérstakt leyfisgjald frá útvarpsleyfishöfum. Ég átta mig ekki á því að það geti talist eðlilegt. Hér er sérstaklega miðað við þær tillögur eins og ég hef lagt þær fyrir af hálfu Alþb. Sama gildir raunar um þá hugmynd, sem sett er fram í tillöguformi, um að félögin setji tryggingu að fjárhæð 5 millj. kr. til tryggingar fyrir ábyrgð félagsins á útsendingum. Þetta eru dálítið sérkennilegir skilmálar miðað við það að ætla að ná dreifðu frumkvæði í þennan rekstur sem ég vænti að sé hugsun fulltrúa Alþfl. að baki hans tillögum.

Þá eru það brtt. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni varaformanni Sjálfstfl. sem hér liggja fyrir og eru fyrst og fremst þess eðlis að opna allt upp á gátt varðandi auglýsingar. Ég þarf ekki að eyða frekar orðum að þeim till. Álit mitt á þeim liggur fyrir. En á hinu vek ég aftur athygli að hér er komin fram brtt. við tillögur meiri hl. menntmn. flutt af varaformanni Sjálfstfl. Það boðar að mínu mati ekki mikla festu í því samkomulagi sem birtist í till. meiri hl. að því er stjórnarliða varðar. Ég hef svo sem ekki áhyggjur af því. Ég vona að það verði margir þm. úr þessum flokkum sem átta sig á að sá annar bræðingur er ekki vænlegur til að veita sérstakan stuðning.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Ég vil aðeins vekja athygli á því undir lok míns máls með hve ólíkum hætti staðið er að undirbúningi lagasetningar hér annars vegar og á öðrum Norðurlöndum hins vegar. Mér þykir það mjög miður að við undirbúning þessa máls skuli ekki hafa verið horft til nágranna okkar í sambandi við rýmkun á útvarpsrétti. Ég veit ekki hvað hv. þm. hafa kynnt sér þessi efni. Nokkuð er að þessum málum vikið í grg. með frv., en það eru gamlar upplýsingar og úreltar í flestri grein því að þessi mál hafa verið í örri þróun á hinum Norðurlöndunum og tekin allt öðrum tökum en hér er lagt upp með.

Ég vil aðeins nefna dæmi frá Danmörku varðandi stöðuna þar. Þar hefur staðið yfir tilraunatímabil frá því 1. apríl 1983 sem stendur í þrjú ár með svæðisbundið hljóðvarp og sjónvarp. Engin grundvallarbreyting hefur verið gerð á dönsku útvarpslögunum. Yfirlýst markmið með þessu tilraunatímabili, sem lagaheimildar var aflað fyrir, er að afla nauðsynlegrar reynslu til að átta sig á því hvort setja eigi lög er heimili til frambúðar svæðisútvarp utan við danska ríkisútvarpið. Áður höfðu raunar staðið yfir tilraunir í Danmörku í kapalútvarpi á árunum 1974—1977. En þær tilraunir voru ekki taldar gefa fullnægjandi vitneskju til þess að unnt væri að taka málið upp og breyta útvarpslögunum á grundvelli þeirra. Sérstök svæðisútvarpsnefnd starfaði frá því í lok sept. 1981. Hún var sett þá á laggirnar um leið og mótuð var stefna um þetta tilraunatímabil. Henni var ætlað ekki ósvipað verkefni og útvarpsréttarnefnd skv. því frv. sem hér er um að ræða. Veittar voru sex millj. danskra króna — ætli það séu ekki um nálægt 20 millj. íslenskra — til stuðnings tilraunaútvarpi frá danska ríkinu gegn því að sama upphæð fengist frá sveitarfélögum. Það getur verið fróðlegt að koma því hér á framfæri að þessar sex millj. danskra kr. höfðu verið notaðar til fulls 1. júní 1984 og sundurliðuðust þannig: Til stuðnings útvarpsstöðvum sem leyfi höfðu fengið, samtals 43 stöðvum, voru veittar 4.8 millj. danskra króna af þessum sex millj., til útleigu á hljóðvarpsbúnaði hafði verið veitt hálf millj. danskra króna og til hlustendakannana og áhorfendakannana, bæði sem sagt í hljóðvarpi og sjónvarpi, hafði verið varið 700 þús. dönskum krónum. Fjöldi úthlutaðra leyfa þann 1. júní 1984 í Danmörku var 136.

Eins og ég hef áður getið hafa allir vinstri flokkar í Danmörku verið á móti því að heimila auglýsingar í útvarpi utan danska ríkisútvarpsins. Það hefur raunar ekki heldur auglýsingar á sinni dagskrá. Síðast þegar ég frétti var talið fullvíst að nú væri áfram meiri hl. gegn auglýsingum í svæðisútvarpi í Danmörku hvað sem síðar kann að gerast, því að þrýstingurinn frá viðskiptalífinu á þm. þar er gífurlegur að opna fyrir auglýsingar.

Hvernig eru þessi mál í Noregi? Þar stendur yfir á sama hátt og í Danmörku sérstakt tilraunatímabil sem talsvert er eftir af. Það hefur skipst í tvo þætti, hinn fyrri til haustsins 1984 og þá hófst annar þáttur þessa tímabils. Fyrra tímabilið var í rauninni bara til þess að undirbúa það að marktækar athuganir gætu farið fram á seinna skeiðinu. Þessi tilraunarekstur er undir eftirliti þriggja manna nefndar sem á að fylgjast með og meta dagskrárefni og gefa rn. umsögn og tillögur til rn. Yfirlýst markmið í Noregi er sameinað undir einu hugtaki. Hvað ætli það sé? Fjölbreytni. Mangfold. Það er markmiðið. Aukinn plúralismi eins og þeir orða það að láta fleiri spreyta sig, lofa mörgum formum í útvarpi að blómstra.

Svæðisútvarpsnefndin norska lagði á síðasta ári mat á rekstur eða tilraunir 35 leyfishafa í hljóðvarpi og veitt höfðu verið að auki 7 leyfi til sjónvarpsrekstrar. En ég hygg að aðeins tveir aðilar hafi haldið áfram rekstri þegar skýrsla var gefin um þetta efni á síðasta ári, sem sagt ekki allir haldið áfram.

Í Svíþjóð mun vera nýkomið fram eða er að koma fram sérstakt frv. um þessi efni að loknu löngu tilrauna-

tímabili, frv. um svæðisútvarp þar sem ekki er gert ráð fyrir auglýsingum þar sem vinstri flokkar eru sammála um það meginatriði varðandi fjármögnun og einnig hluti af miðflokkum styður þá stefnu, a. m. k. hingað til. Þarna hefur farið fram um lengri tíma tilraunarekstur fjölda stöðva. Alls eru það skv. upplýsingum, sem ég hef úr NT frá 20. febr., 678 aðilar sem hafa tekið þátt í svæðisútvarpi. Þar af eru 32% eða um þriðjungur trúarsamtök af ýmsu tagi. Sama mun raunar uppi á teningnum í Noregi, það eru trúfélög sem eru aðili að mörgum þeim tilraunum sem þar hafa farið fram.

Þetta eru nokkrar ábendingar um það hvernig á þessum málum hefur verið tekið í grannlöndum okkar. Og það væri betur að menn fetuðu í þau spor hér við breytingu á útvarpslögum og ég hefði sannarlega verið reiðubúinn að taka undir slíkar tillögur. Brtt. okkar Alþb.-manna við frv. eru mjög í svipaða átt og fram hefur komið á hinum Norðurlöndunum, að varna því að svæðisútvarp lendi fyrst og fremst í höndunum á fjársterkum aðilum, verði viðfangsefni fjársterkra aðila sem ýta öðrum til hliðar og koma þannig í veg fyrir það sem á að vera meginmarkmið, aukið lýðræði, aukið tjáningarfrelsi, aukin fjölbreytni í útvarpsrekstri. Það er það markmið sem Alþingi Íslendinga ætti að tryggja með endurskoðaðri löggjöf. En því miður eru þær tillögur, sem hér hafa verið kynntar undir merkjum meiri hl. menntmn. og að hluta til í fyrirliggjandi frv., ekki til þess fallnar að þessum markmiðum verði náð. Því er ég andstæðingur mjög margra og veigamikilla þátta í þeim tillögum og hef gert grein fyrir því í máli mínu eftir föngum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. beindi í fyrri hluta ræðu sinnar á mánudaginn nokkrum fsp. til mín. Fyrsta fsp. hans var hvert væri viðhorf samgrh. til eignarhalds á dreifikerfum útvarps með þráðum, eða köplum eins og það er einnig kallað, og til sendivirkja sem upp yrðu sett í þessu sambandi eins og endurvarpsstöðvar. Kerfum sem geta hvað endingu snertir þjónað nokkrum kynslóðum er best fyrir komið í opinberri eigu og þá í ríkiseign til að gera öllum jafnt undir höfði. Til álita kemur að kerfi þessi yrðu þó í eigu sveitarfélaga að öllu eða einhverju leyti. Þetta er í örstuttu máli mín skoðun og svar við þessari fyrstu fsp.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvað liði undirbúningi að löggjöf um þessi mál á vegum samgrh. Það er á misskilningi byggt að í samgrn. sé unnið að frv. til l. um þessi mál, enda ný lög um fjarskipti ekki ársgömul. Aftur á móti starfar sérstök sjö manna nefnd á vegum rn. að samningu reglugerðar um fjarskiptamál á grundvelli þessara nýju fjarskiptalaga. Hér er um vandasamt starf að ræða, sem mun taka lengri tíma en bæði ég og aðrir gerðu ráð fyrir, fyrst og fremst vegna þeirra fjölmörgu atriða sem fjalla þarf um.

Hitt er annað mál, að þetta starf nefndarinnar leiðir vafalaust til þess að nauðsyn er talin að breyta núgildandi lögum. En það er varla hægt að fara út í þær breytingar fyrr en reglugerðin liggur fyrir en það vona ég að verði um eða eftir mitt þetta ár.

Þriðja spurningin var hvort ég ætli að beita mér fyrir lagasetningu um þessi efni á þessu þingi. Eins og svar við fsp. á undan gerir ráð fyrir, þá er útilokað að ég muni leggja fram frv. á þessu þingi, en ég vænti þess að þessi mál verði komin það langt á veg að hægt verði að leggja frv. fyrir snemma á næsta þingi.

Í fjórða lagi spurði hv. þm. mig að því hvort samstaða væri á milli menntmrh. og samgrh. um það á hvern hátt taka skuli á þessum málum og tryggja að þau geti orðið samferða í gegnum þingið ef það er viðhorf ríkisstj. að efni þeirra heyri undir samgrh. og löggjöf um fjarskipti. Það verður, eins og ég sagði fyrr, ekki á þessu þingi sem þessi mál verða lögð fyrir.

Skilgreining fjarskiptalaganna á fjarskiptum er: hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum. Skilgreining laganna á fjarskiptavirki er þessi: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Skv. 2. gr. laganna hefur ríkið einkarétt á að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti. Í 2. mgr. þessarar greinar eru svohljóðandi ákvæði: „Ráðh. sá sem fer með fjarskiptamál (þ. e. samgrh.) getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki."

Þetta síðasta ákvæði kom inn í fjarskiptafrv. í meðferð Alþingis. Það er því ljóst að sé kapalkerfið rekið í atvinnu- eða fjáraflaskyni er ekki heimilt að veita þeim aðilum, sem þar greinir, heimild til stofnunar og reksturs slíkra fjarskiptavirkja.

Rétt er að taka það skýrt fram að sendingar um kapalkerfi snerta ekki það svið fjarskiptalaga sem er á vegum Póst- og símamálastofnunar. Það er vegna þess að skv. útvarpslögum er flutningur á tali og sjónvarpsefni undir einkarétti Ríkisútvarpsins hvað varðar starfsemina. Varðandi þetta ákvæði er 7. gr. fjarskiptalaganna sem hljóðar svo: „Póst- og símamálastofnunin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins til fjarskipta, nema lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta."

Að síðustu vil ég taka það skýrt fram að ég tel nauðsynlegt að settar verði reglur um hin svokölluðu kapalkerfi og yfirstjórn með framkvæmd þeirra verði í höndum samgrh. Hins vegar er það öllum ljóst að nauðsynlegt er að mjög gott samstarf sé milli samgrh. og menntmrh. um framgang þessara mála. Þetta eru flókin og erfið mál sem hefur tekið miklu lengri tíma að fjalla um en við var búist, eins og ég sagði í upphafi máls míns. En um leið og reglugerðin liggur fyrir er hægt að hefjast handa um næstu endurskoðun fjarskiptalaganna og verður reynt að hraða þeirri endurskoðun eins og tök eru á. Ég man það ekki alveg en ég held að ekki sé fjarri sanni að endurskoðun þessara fjarskiptamála hafi tekið fimm ár. Loks var svo afgreitt hér seint á síðasta þingi nál. sem þá lá fyrir. Ég lagði á það mjög ríka áherslu litlu eftir að ég varð samgrh. að þessi nefnd hraðaði störfum sínum, en störf hennar höfðu gengið afar hægt að mér er óhætt að segja 1—2 ár á undan. Það varð til þess að nefndin tók til óspilltra málanna og skilaði þessu nál.

Ég skal játa það að sem leikmaður á þessu sviði hélt

ég að samning reglugerðar mundi taka tiltölulega skamman tíma. Ég hef hvað eftir annað rætt við formann þeirrar nefndar sem nú fer með þessi mál og hann hefur skýrt mér frá hvað margt sé þarna flókið og þurfi ítarlegrar athugunar við. Því skil ég það núna miklu betur en áður að þetta tekur óhjákvæmilega lengri tíma en við hefðum kosið. En ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda og aðra um það að ég hef fullan hug á því að fylgja þessum störfum vel eftir og í framhaldi af því að hefja nýja endurskoðun fjarskiptalaga.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það má segja, að með afgreiðslu nefndar á þessu útvarpslagafrv. sem hér er til umr. hilli undir að á ný verði leyfður frjáls útvarpsrekstur hér á landi, og ég tala um frjálsan útvarpsrekstur í þeirri merkingu að það séu aðrir en ríkisvaldið sem standi að slíkum rekstri. Útvarpsrekstur var í höndum einkaaðila á 3. tug þessarar aldar, en árið 1930 var stofnað til ríkisrekstrar útvarps. Það var ekki fyrr en 1934 sem ríkið fékk einkarétt á útvarpsrekstri, en í þá tíð sveif andi Jónasar frá Hriflu yfir vötnum íslenskra stjórnmála. Frá þessum tíma eða árunum milli 1930 og 1940 eru einnig lög um einkasölu ríkisins á eldspýtum og fleira í þeim dúr.

Það var árið 1977 sem Guðmundur H. Garðarsson, þm. Sjálfstfl., flutti frv. til breytinga á útvarpslögum þar sem gert var ráð fyrir afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins. Það frv. var síðan endurflutt ári síðar og var ég þá meðflm. frv. Árið 1981 fluttum við svo nokkrir sjálfstæðismenn heillegt frv. um útvarpsrekstur annarra en ríkisvaldsins. Auk mín voru flm. hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Halldór Blöndal sem báðir eiga sæti í hv. menntmn. og auk þeirra hv. þm. Pétur Sigurðsson og hæstv. fjmrh., Albert Guðmundsson. Það frv. hafði sem betur fer talsverð áhrif á störf útvarpslaganefndar sem þá stóðu sem hæst, en það er sú nefnd sem samdi það frv. sem hér er til umr. og var lagt fram s. l. haust öðru sinni.

Ég viðurkenni að ég hefði kosið að frv. kæmi fram í öðrum búningi frá hv. menntmn., þ. e. gerðar yrðu aðrar og fleiri brtt. við frv. en koma frá meiri hl. n. Mér sýnist of mikið bera á því að reynt hafi verið að ná samkomulagi milli stjórnmálaflokka sem hafa mjög ólíka skoðun á þessu máli. Þau atriði sem ég tel að þyrftu að breytast eru í fyrsta lagi að útvarpsréttarnefnd verði embættismannanefnd skipuð en ekki kjörin af Alþingi. Ég tel að starfssvið útvarpsréttarnefndar sé framkvæmdalegs eðlis og að mínu áliti að hún hafi tiltölulega lítil völd. Hins vegar tel ég að þeir aðilar sem mestu ættu að ráða um leyfi til útvarpsreksturs séu sveitarstjórnir þar sem reksturinn fer fram.

Á sínum tíma kom það viðhorf fram hjá Bandalagi jafnaðarmanna — það var fyrir síðustu kosningar — að menntmn. þingsins ættu að hafa veruleg afskipti af útvarpsrekstri hér á landi, en sem betur fer virðist sá stjórnmálaflokkur hafa horfið frá því sjónarmiði og eru tillögur hans nú mun frjálslyndari en þá.

Því er stundum haldið fram að ekki sé hægt að setja völd í hendur sveitarstjórna í þessum málum þar sem heyrist í útvarpi eða sést í sjónvarpi út fyrir mörk viðkomandi sveitarfélaga. Þetta eru að sjálfsögðu ekki rök í málinu fremur en þau, að auðvitað getur hver og einn hér á landi fylgst með sendingum erlendra útvarpsstöðva og eru þó Íslendingar ekkert spurðir um það hvort slíkar stöðvar séu leyfðar eða ekki.

Í öðru lagi finnst mér það íhugunarvert, hvort Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins eigi að byggjast upp á 10% framlögum, eins og gert er ráð fyrir í frv., algerlega óháð afkomu útvarpsins hverju sinni. Það verður þó að segjast að fjármagnið sem safnast saman í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins á skv. lagafrv. að nýtast til fleiri framkvæmda en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Þá finnst mér enn fremur varhugavert að taka inn í 16. gr., eins og segir í 16. gr. frv., ákvæði þess efnis að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau skuli renna til Ríkisútvarpsins. Þessi háttur var á hafður fyrir nokkrum árum en var afnuminn, ef ég man rétt, árið 1977. Og ég tel það ekki til bóta að taka þessa fjármögnunarleið upp á ný. Í reynd þarf annað lagaákvæði til að koma en þetta, sem hér um ræðir, því varla verður það talið nægja til að innheimt verði aðflutningsgjöld beint til Ríkisútvarpsins.

Í þriðja lagi tel ég það ekki til bóta, sem kemur fram í till. meiri hl. hv. menntmn., að stofna eigi menningarsjóð sem verði til með skatti á auglýsingar í útvarpi, — útvarpi í merkingu þessa lagafrv. og mun ég ekki ræða um það atriði að sinni.

En það eru hins vegar önnur atriði í þessu frv. og í brtt. hv. n., þ. e. meiri hl. n., sem horfa til bóta frá mínum sjónarhóli. Annars vegar tel ég það til bóta að nú er gert ráð fyrir að hægt sé í vissum tilvikum að leyfa útvarp einkaaðila á miðbylgju auk FM-útvarps og í annan stað er gert ráð fyrir að útvarpsstöðvar geti nú átt og rekið þau tæki sem þær nota við útvarpsreksturinn. Það sem ég tel hins vegar alvarlegast og kannske vafasamast við frv. eins og það liggur fyrir nú og var lagt fram á sínum tíma, kom reyndar þannig frá útvarpslaganefndinni, er að það verður varla séð að nægilega sé gert ráð fyrir samkeppni í útvarpsrekstri og það frelsi sem verður til með lögunum virki ekki, enda er fjáröflun stöðvanna skorður settar. Það er af þessari ástæðu sem ég flyt brtt. sem nánast er orðrétt tekin úr því frv. sem við nokkrir sjálfstæðismenn fluttum á þinginu 1981—82. Skv. þessari brtt., sem er á þskj. 514, er gert ráð fyrir að ekki verði lögð höft á auglýsingar, hvort sem um er að ræða kapalútvarp eða þráðlaust útvarp og er enginn munur gerður á því, hvort afnotagjald er innheimt eða ekki. M. ö. o., þessar fjáröflunarleiðir, ef nota má það orð yfir þessi atriði, eru opnaðar þannig að hægt er að reka útvarpsstöðvar með svipuðum hætti og gerist með blöð og tímarit hér á landi. Jafnvel gæti Tófuvinafélagið gefið út tímarit og safnað auglýsingum í það rit og haft áskrift samhliða og nefni ég Tófuvinafélagið sérstaklega til heiðurs hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem ræddi það sérstaklega áðan eins mikið og það kom málinu við. (**HG:** Gefa út fréttabréf.) Vegna þessa innskots frá hv. þm., þá er það misskilningur að samkvæmt tillögu minni séu útvarpsstöðvar skyldaðar til þess að auglýsa. Hér er um heimildarákvæði að ræða og ef einhver hugsjónaaðili, svo að ég taki mér í munn það sem helst mátti skilja á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hann berðist fyrir, vildi nú útvarpa, þá er honum ekki skylt að safna auglýsingum. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða.

Ég hef trú á að þessar brtt. nái fram að ganga og að þm. Sjálfstfl. styðji þessar tillögur. Ég tel að nokkrir,

a. m. k. nokkrir þm. Framsfl. geri það jafnframt. Bandalag jafnaðarmanna hefur lýst stuðningi við þessar tillögur og reyndar flutt tillögur sem eru nánast eins. Er ég þá að tala um efnisatriði sem koma fram í þessari till. minni fremur en bylt sé í einu og öllu orðalaginu. (Gripið fram í.) Það er hins vegar spurning hvar Alþfl. stendur í þessu máli. Fulltrúi Alþfl. í nefndinni, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, flytur margar brtt. við frv. Þær ganga flestar út á það að fella inn í frv. hugmyndir Björns Friðfinnssonar um boðveitur sem eiga kannske fremur heima í annarri löggjöf sem heyra mundi þá undir samgrn. Verði ekki fallist á tillögur Alþfl. um boðveitur í þessu frv. tel ég ekki loku fyrir skotið að Alþfl. muni styðja þau sjónarmið sem koma fram í þeirri brtt. sem ég hef leyft mér að flytja.

Hv. formaður menntmn. hefur sagt frá því að frv. fari aftur til skoðunar hjá hv. nefnd milli 2. og 3. umr. Þess vegna þykir mér rétt að sú till. sem ég flyt við frv. verði til umr. í nefndinni og reynt verði að ná sem víðtækastri samstöðu innan nefndarinnar um hana eða þau sjónarmið sem liggja henni að baki. Það væri að mínu viti óverjandi að kanna ekki hvort meiri hl. sé á hv. Alþingi fyrir því að afnema þau auglýsingahöft sem koma fram í frv. Hv. menntmn. á ekki sök á því að þessi ákvæði voru í frv. eins og því var skilað til þáv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar, en útvarpslaganefnd vann að undirbúningi málsins fyrir hann þegar hann var menntmrh.

Viðhorf Alþb. koma engum á óvart. Það er óþarfi að hafa mörg orð um þau. Þeir hafa alltaf dregið lappirnar í þessu máli og þegar þeim var ekki stætt á að viðhalda einokun Ríkisútvarpsins sneru þeir sér að því að reyna að takmarka frelsi til útvarpsreksturs eins mikið og þeim var unnt. Þeir hafa bent á Norðurlöndin í þessu sambandi. En ég vil á móti segja að ein meginástæða fyrir því að ekki eru auglýsingar í sjónvarpsstöðvum á Norðurlöndum — það munu vera útvarpsauglýsingar a. m. k. í sumum í Finnlandi — meginástæðan er vernd dagblaðanna. Fulltrúar dagblaðanna í þessum löndum töldu að þau mundu lognast út af, ef aðrir fjölmiðlar, útvarp í skilningi þessara laga, fengi leyfi til að birta eða flytja auglýsingar í dagskránni. Þetta hefur verið til endurskoðunar og ég tel að það líði ekki mörg ár þangað til sjónvarpsstöðvar og útvarpsstöðvar á Norðurlöndum verði í auknum mæli farnar að birta og flytja auglýsingar. Kemur það til m. a. af því að í framtíðinni verður ekki hjá því komist að hægt sé að hlusta á útvarp og horfa á sjónvarp frá öðrum löndum, þar sem auglýsingar eru birtar og ekki nokkur leið að strika þær út úr dagskrá. Á ég þá við þá tækni sem fæst þegar gervihnettir verða notaðir til að varpa niður sendingum frá löndum þar sem auglýsingar eru leyfðar eða eins og gerist í dag. Þegar maður hlustar á erlendar útvarpsstöðvar, sem leyfa auglýsingar, þarf maður að vera ansi snöggur ef maður ætlar að skrúfa fyrir viðtækin til að koma í veg fyrir að auglýsingar flæði út úr útvarpstækjunum. En svona sjónarmið eins og koma fram hjá Alþb. koma ávallt til með að heyrast, ekki síst frá flokki eins og því. Alþb.-menn hafa ávallt alið á óttanum við auglýsendur, kallað þetta peningamenn og athuga ekki að auglýsendur auglýsa fyrst og fremst það sem þeir telja að sé vinsælt og er það kannske ein besta tryggingin fyrir því að vinsælt efni sé sýnt að auglýsendur fái að auglýsa í útvarpi. Þetta skilja ekki Alþb.-menn því að í þeirra hugum er fjölmiðlun aldrei afþreying eða fróðleikur, heldur alltaf áróður. Þjóðviljinn er tákrænt afkvæmi þessarar hugsunar, enda vill enginn auglýsa í Þjóðviljanum. Ég veit ekki af hvaða ástæðum hv. frsm. Alþb. þurfti að koma því að í sínu máli áðan að sumir væru tilbúnir til að selja skrattanum ömmu sína. Ég veit ekki hvaða erindi þetta átti í ræðu hans. Ég skal hins vegar viðurkenna að ég er viss um að Alþb. mundi ekki vilja selja ömmu sína, en þeir væru vísir til þess að gefa hana og senda síðan skattborgurunum reikninginn.

Guðrún Agnarsdóttir: Hæstv. forseti. Fyrir þessu 107. löggjafarþingi liggja tvö frumvörp til útvarpslaga. Annað er það stjfrv. sem hér er til umr. í Nd. og lagt er fram af hæstv. menntmrh. Hitt er frv. Kvennalista, lagt fram í Ed. af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Viðleitni hefur verið sýnd á undanförnum árum hér á Alþingi til þess að endurskoða og breyta og bæta löggjöf um útvarpsrekstur. Það stjfrv. sem hér er lagt fram var samið af þar til skipaðri nefnd og skilaði hún áliti sínu fyrir nær þremur árum til þeirra sem þá voru þm. í þessu húsi. Frv. þetta var svo lagt fram á síðasta þingi nær óbreytt frá því sem nú er. Þó sætir það furðu að þessu viðamikla máli skuli hafa verið ætlaður jafnnaumur tími til umfjöllunar og lögð var áhersla á þegar þessu frv. var fylgt úr hlaði laust eftir miðjan október s. l., en þá var til þess ætlast að frv. tæki gildi röskum tveimur vikum síðar. Það hefur nú komið í ljós við nánari umfjöllun málsins í nefnd að þarna var um óraunsæjar kröfur að ræða. Málið snertir afstöðu manna til ýmissa grundvallarhugmynda eins og t. d. frelsis. Það er tæknilega margslungið og um ýmsa fleti þess og framkvæmd ríkir ágreiningur, ekki aðeins milli flokka heldur líka meðal einstaklinga innan flokka. Ég vil því af þessu tilefni vara við slíkum vinnubrögðum, sem allt of oft sjást hér á Alþingi, þegar þm. er ætlað að kasta til höndunum vegna naumra tímamarka sem sett eru um mál. Slíkt er ekki hægt að sætta sig við.

Þetta er þeim mun meiri ábyrgðarhluti þegar um er að ræða viðamikil mál. Kvennalistinn tók þegar frá upphafi þá afstöðu í útvarpsmálum að styðja einkarétt Ríkisútvarpsins, en í stefnuskrá Kvennalista segir, með leyfi forseta:

„Við viljum ekki breyta útvarpslögunum að því er tekur til einkaréttar Ríkisútvarpsins til útsendinga en styðjum hugmyndir um fleiri rásir, landshlutaútvarp og beinan aðgang hópa eða félagasamtaka að ríkisfjölmiðlum.“ Reyndar segir áfram í stefnuskránni: „Í samræmi við hugmyndir okkar um valddreifingu viljum við leggja niður flokkspólitísk ráð og stjórnir á öllum sviðum menningar og lista.“

Það er því ljóst af þessari tilvitnun að hugmyndir Kvennalistans stangast frá öndverðu í meginatriðum á við þær skoðanir sem túlkaðar eru í stjfrv. Þær hugmyndir sem ég kynnti áðan ásamt þeim grundvallarhugmyndum um valddreifingu sem eru ein af undirstöðum Kvennalistans eða hugmyndafræði hans urðu síðan kveikjan að því frv. sem samið var af Kvennalistakonum, en um valddreifingu segir m. a. í stefnuskrá Kvennalista, með leyfi forseta:

„Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Sífaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur. Talandi dæmi um

þetta eru viðamikil ráðuneyti þar sem ákvarðanir eru teknar um jafnt hin stærstu mál sem varða þjóðina alla og minni mál sem snerta eingöngu einstök sveitarfélög. Allir þekkja ráðuneytis tilskipanir um hvernig skuli haga þjónustu, t. d. við fatlaða og aldraða, og hvernig fyrirkomulagi skólastarfs skuli háttað án tillits til staðhátta eða þarfa neytenda.

Sambærilega miðstýringu er að finna í öllum ríkisstofnunum. Þar ráða ríkjum flokkspólitísk ráð og nefndir en starfsfólk og neytendur eru áhrifalitlir um allar meiri háttar ákvarðanir. Flestir fá þannig litlu ráðið um skipan samfélagsins, verða áhorfendur og þolendur, í stað þess að vera þátttakendur. Í slíkum kerfum er rödd kvenna veik og hagsmunir þeirra fyrir borð bornir.

Því viljum við leggja áherslu á að kannaðar verði leiðir til aukinnar valddreifingar í stjórnkerfinu. Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu. Einkum leggjum við áherslu á að minnka miðstýringu og kerfisbindingu í skóla- og menningarmálum og á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Á þessum sviðum viljum við smáar og sjálfstæðar einingar þannig að hver og einn hafi tækifæri til að hafa þar bein áhrif á gang mála ...

Með valddreifingu af þessu tagi viljum við stuðla að frjórra og fjölbreytilegra mannlífi sem tekur tillit til þess sem hver og einn hefur fram að færa þar sem samheldni og samábyrgð sitja í fyrirrúmi."

Þetta frv. er um margt gerólíkt því stjfrv. sem hér er til umr. og því mjög erfitt að bera það sem heild eða hluta þess fram sem brtt. við stjfrv. Þó er þar nægilegt hráefni góðra hugmynda og því vil ég kynna þær hér til þess að þær eigi greiðari aðgang að þeirri almennu umfjöllun um útvarpsmál sem fer fram hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Ég vil því lesa úr grg. þessa frv. Kvennalista um útvarpsmál, með leyfi forseta:

„Fæstum blandast hugur um þýðingu fjölmiðla í nútímasamfélagi. Almennur þekkingarforði ræðst sífellt meira af starfsemi fjölmiðla og þeir gegna æ stærra hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almennings. Auk þess eru fjölmiðlar mikilvægur miðill menningar, listsköpunar og afþreyingar. Fjölmiðlar eru því áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Hin öra tækniþróun, sem átt hefur sér stað í dreifingu hljóðvarps- og útvarpsefnis, hefur skapað margvíslega möguleika m. a. til móttöku erlends efnis. Það má þó aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælar hennar heldur ber að taka tæknina í þjónustu íslenskrar menningar. Ef allar gáttir eru látnar standa opnar í þessum efnum gefur auga leið að íslenskri menningu og tungu er hætta búin.

Ríkisútvarpið hefur verið eitthvert öflugasta menningartæki landsmanna og hefur lögum samkvæmt miklar menningarlegar skyldur. Menning kostar peninga en gildi hennar er ómetanlegt. Það er hagur allra landsmanna að menning og tunga þjóðarinnar sé varðveitt. Enginn einn aðili í landinu annar en Ríkisútvarpið á hagsmuna að gæta í að miðla íslenskri menningu og efla hana í allri sinni fjölbreytni handa öllum landsmönnum í senn. Þess vegna er m. a. í frv. þessu tryggt að hlutfall íslensks efnis verði aldrei minna en helmingur af útsendu efni hverrar útvarpsstöðvar. Samræmd fjölmiðla- og menningarstefna hefur úrslitaþýðingu fyrir okkur sem þjóð og einstaklinga og það ber að hafa í huga þegar sett eru útvarpslög.

Menningar- og fjölmiðlastefna Íslendinga hlýtur að byggja á lýðræðislegum grunni. Á undanförnum misserum hefur mikið verið rætt um frelsi og lýðræði í útvarpsmálum. Því hefur verið haldið fram að frelsi fælist í ótakmarkaðri uppsetningu útvarpsstöðva og ótakmarkaðri móttöku útvarpsefnis. En „frelsi", sem aðeins kveður á um réttindi en ekki skyldur, sem helgar rétt hins styrkari án þess að gæta réttar þess sem minna má sín, er frelsi án ábyrgðar og samræmist vart raunverulegu lýðræði.

Útvarpsrekstur er fjárfrekt fyrirtæki. Aðeins þeir sem fjármagn hafa eiga þess kost að setja á stofn og reka útvarpsstöðvar. Lýðræði fjármagnsins er ekki það lýðræði sem stjórnarskráin kveður á um og stuðlar ekki að tjáningarfrelsi allra einstaklinga. Eingöngu útvarp allra landsmanna, þ. e. Ríkisútvarp í nýrri mynd, getur haldið í heiðri raunverulegt lýðræði og tjáningarfrelsi í útvarpsmálum.

Í þessu frv. heldur Ríkisútvarpið einkarétti á útvarpsrekstri í landinu en starfsemi stofnunarinnar er efld og komið er til móts við óskir um meiri fjölbreytni og greiðari aðgang landsmanna allra að fjölmiðlun þeirri sem útvarpstækni veitir með þriðju hljóðvarpsrásinni og möguleikum á staðbundnum útvarpsstöðvum, þ. e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum. I annan stað er skipulagi og rekstri stofnunarinnar breytt í grundvallaratriðum og er það gert á eftirfarandi forsendum:

Íslenskt þjóðfélag byggir á valdakerfi fulltrúalýðræðis. Í hugum fólks býður þetta fyrirkomulag upp á eins mikið réttlæti og raunsætt þykir að fara fram á í samfélagi manna. Þetta valdakerfi hefur samt augljósa annmarka í framkvæmd. Menn kjósa fulltrúa til að annast mál sín á öllum sviðum og afsala sér oft um leið möguleika til að hafa bein áhrif á nánasta umhverfi sitt. Afleiðing þess kerfis er að allur þorri manna er gerður nánast óvirkur og jafnvel afskiptalaus um samfélag sitt. Þetta á alls staðar við í þjóðfélaginu. Eina leiðin til að vega þar upp á móti er aukin valddreifing á sem flestum sviðum þjóðlífsins."

Í stefnuskrá Samtaka um kvennalista segir um valddreifingu það sem ég sagði áðan og mun því ekki endurtaka.

„Með þessu frv. er gerð tilraun til valddreifingar í Ríkisútvarpinu þar sem sérhver starfsmaður er gerður ábyrgari í starfi og honum jafnframt gefinn kostur á að nýta hæfileika sína betur. Til þess að svo megi verða er ákvarðanataka færð úr höndum deildarstjóra og annarra yfirmanna til starfsmanna þeirrar deildar er málið varðar hverju sinni. Þetta á við um allar ákvarðanir, hvort sem um er að ræða rekstur, mannaráðningar eða annað sem til fellur. T. d. á þetta við um dagskrá í dagskrárdeildum. Með þessu er starfsmönnum treyst til að vinna störf sín af metnaði og ósérplægni sem er stofnuninni nauðsynlegt til að fullnægja kröfum sem gerðar eru til hennar. Ef upp kemur ágreiningur innan deildar, sem ekki semst um á annan hátt, skal atkvæðagreiðsla skera úr um málið og er eðlilegast að það sé gert með vægiskosningu enda tryggir hún best jafnt vægi allra skoðana.

Starfsmenn hverrar deildar velja umsjónarmenn og sjá þeir um að framkvæma ákvarðanir sem teknar eru af starfsmönnum deildarinnar. Umsjónarmenn sitja í

framkvæmdanefnd sem samræmir störf og ákvarðanir deilda og eru þeir tengiliður milli deilda og framkvæmdaráðs. Framkvæmdaráð tekur að hluta til við þeim störfum sem nú er gegnt af útvarpsstjóra en starfssvið þess er víðtækara þar sem ráðið er einnig tengiliður milli allra útvarpsstöðva.

Útvarpsráð í núverandi mynd leggst af. Reynslan hefur sýnt að meiri hluti útvarpsráðs, sem er pólitískt kjörið og hefur endanlegt ákvörðunarvald um dagskrá, hefur vald og aðstæður til að þjóna flokkshagsmunum fremur en að gæta hlutleysisskyldu sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt. Það getur einnig reynst starfsmönnum erfitt að gæta fyllsta hlutleysis í starfi þegar úrslitavald til að ákveða dagskrá er að lokum í höndum fulltrúa pólitískra afla. Pólitískt kjörið útvarpsráð er því óæskilegt."

Ég vil inni í þessari tilvitnun fá að vitna enn fremur, með leyfi forseta. Það kom í Ríkisútvarpinu í morgun frétt frá Danmörku þar sem vitnað er til kjörinnar 60 manna nefndar sem hafði verið falið að fylgjast með reynslutíma þeirra útvarpsstöðva sem hafa verið leyfðar í Danmörku. Hún var eindregið sammála því að aflagt skyldi pólitískt kjörið útvarpsráð. Það væri ríkisútvarpinu danska nauðsynlegt til að lifa af og standast samkeppni að lúta stjórn duglegra fagmanna. Ég held því áfram þar sem ég sleit þessa tilvitnun í grg. frv. um útvarpslög sem Kvennalistinn flytur:

„Þess í stað", þ. e. í stað útvarpsráðs, „kemur notendaráð skipað 14 körlum og konum. Notendaráð er valið með tilviljunarúrtaksaðferð enda er hún eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika allra landsmanna, sem kjörgengi hafa og kosningarrétt, til setu í notendaráði. Slík tilnefning hefur hvetjandi áhrif á einstaklinga til skapandi hugsana og starfa. Jafnframt eykur valddreifing af þessu tagi áhuga einstaklinga á að hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt. Hlutverk notendaráðs er að móta dagskrárramma útvarpsstöðvanna hvað varðar hlutfall hinna ýmsu efnisflokka, (t. d. hlutfall barnaefnis, íþrótta, afþreyingarefnis) og ráðið gætir þess að mismunandi sjónarmið allra málaflokka fái sambærilega umfjöllun. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af dagskrárgerð né framkvæmd dagskrár en gagnrýnir hana eftir á og veitir starfsmönnum Ríkisútvarpsins þannig aðhald í störfum sínum.

Valddreifing sú, sem frv. þetta byggir á, er að mati flm. undirstaða sanngjarnari þjóðfélagsskipunar en við búum nú við. Með þessu frv. er leitast við að færa sér kosti valddreifingar í nyt í útvarpsmálum og tryggja að Ríkisútvarpið verði ótvírætt fjölmiðill landsmanna allra, lýðfrjálst útvarp þar sem íslensk menning og virðing fyrir skoðunum allra einstaklinga og hópa í íslensku þjóðfélagi sitja í öndvegi."

Þegar þetta frv. var kynnt í Ed. flutti flm. útskýringar með hinum ýmsu greinum frv. og mig langar að vitna í hennar mál. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði í framsögu fyrir frv., með leyfi forseta:

„Hér lýkur grg. með frv. Mun ég nú fjalla um einstakar greinar þess. Það er óhjákvæmilegt að hafa þann háttinn á því að nýmæli í frv. eru mörg og vísast eru aðrar leiðir ekki betri til að koma þeim skilmerkilega til skila við þessa umr.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Er þessi grein óbreytt frá 1. gr. gildandi laga. Í 2. gr. frv. er einkaréttur Ríkisútvarpsins á útvarpi, þ. e. hljóðvarpi og sjónvarpi, hér á landi áfram tryggður. Er ástæða til að fjalla hér dálítið um þetta atriði.

Skilningur manna á því hvað felist í einkarétti Ríkisútvarpsins er nokkuð mismunandi. Eins og fram hefur komið í umr. um útvarpsmál að undanförnu hafa sumir talsmenn svonefnds frjáls útvarps gengið svo langt að kalla einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpi einokun án þess þó að skilgreina, hver sé að einoka hvern í þessum málum. Að mínu viti einokar einkaréttur Ríkisútvarpsins engan og ekkert hér á landi af þeirri einföldu ástæðu, að Ríkisútvarpið er eign íslensku þjóðarinnar og ber skv. lögum að gæta hagsmuna landsmanna allra. Einkaréttur Ríkisútvarpsins á útvarpi er því almenningsréttur, sem á að tryggja, að landsmenn allir hafa sama rétt gagnvart þeirri fjölmiðlun, sem fram fer í útvarpi, að útvarp hér á landi sé almenningseign, þar sem öllum sjónarmiðum sé gert jafnhátt undir höfði. Raunverulegt einkaréttarfyrirkomulag á útvarpi felst hins vegar að mínu viti í þeim einkarekstri útvarpsstöðva, sem frv. ríkisstj. til útvarpslaga kveður á um og sá einkaréttur getur fyrirsjáanlega snúist upp í raunverulega einokun á þessu sviði fjölmiðlunar, það sem nefnt hefur verið einokun fjármagnsins í fjölmiðlaheiminum .. Þegar eru teikn á lofti sem benda í þá átt, að svo kunni að fara. Er þar nærtækast að minna á fyrirtækið Ísfilm, sem tilbúið er til að hefja útvarpsrekstur strax á morgun að því er virðist, ef leyfi fengist. En að því fyrirtæki standa m. a. tvö dagblöð, Morgunblaðið og Dagblaðið/Vísir, sem þegar ráða yfir stórum hluta þess fjölmiðlamarkaðar, sem hér er fyrir hendi. Í stað þess að auka á það misvægi, sem þegar er í fjölmiðlum hér á landi, þegar litið er til dagblaðanna og færa lögmál dagblaðamarkaðarins yfir á útvarpsrekstur í landinu vil ég tryggja almenningsrétt á þeirri fjölmiðlun, sem fram fer í útvarpi, m. a. til að mynda eðlilegt mótvægi við einkarekstursfyrirkomulag dagblaða. Að öllu samanlögðu tel ég brýnt að tryggja jafnan rétt landsmanna allra gagnvart útvarpsfjölmiðlun og því er einkaréttur Ríkisútvarps á útvarpi áfram tryggður í 2. gr. frv. Jafn brýnt er vitaskuld að gera Ríkisútvarpinu kleift að gegna hlutverki sínu sómasamlega. Eru tekjustofnar þess því efldir í þessu frv., skipulagi og stjórn stofnunarinnar breytt í grundvallaratriðum og starfsemi hennar stóraukin og opnuð m. a. með þriðju rásinni, sem á að vera öllum þeim sem áhuga hafa á útvarpsútsendingum opin til notkunar. Kem ég nánar að þessum atriðum hér á eftir.

Nýmæli í 2. gr. frv. er að felld eru niður tollagjöld af tækjum sem Ríkisútvarpið flytur inn til eigin þarfa. Árið 1983 námu tollagjöld af tækjabúnaði innanhúss rúmum 20 millj. kr. Þetta er liður í að mæta auknum kostnaði, sem Ríkisútvarpinu er gert að standa straum af vegna uppbyggingar nýrra stöðva og aukins starfsmannahalds. Nýr kostnaðarliður Ríkisútvarpsins er einnig dreifikerfi og tækjabúnaður vegna Rásar 3, en gera má ráð fyrir að stofnkostnaður við hana verði svipaður og vegna Rásar 2, eða um 60 millj. kr. á núgildandi verðlagi skv. upplýsingum fjármálastjóra Ríkisútvarpsins.

3. gr. frv. kveður á um skyldur Ríkisútvarpsins og hlutverk þess sem útvarps allra landsmanna. Greinin er að mestu leyti óbreytt frá 3. gr. gildandi laga en nýmæli er ákvæði um að a. m. k. helmingur útsends efnis

hverrar stöðvar skuli vera íslenskur. Er þetta liður í að efla og varðveita íslenska tungu og menningu eins og fram kemur í grg. Enn fremur er bætt inn í greinina að Ríkisútvarpinu sé skylt að „efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum". Þetta hefur Ríkisútvarpið hingað til gert og er þessu atriði bætt hér inn eingöngu til áréttingar. Ekki þykir rétt að taka einstaka málaflokka fram yfir aðra og því er orðunum „... þar á meðal umferðar- og slysavarnamálum", sem standa í núgildandi lögum, sleppt í þessu frv. enda kveður greinin ótvírætt á um slíka fræðslu.

Í greininni er einnig kveðið á um að menning og reynsla minnihlutahópa fái sambærilega umfjöllun og meirihlutahópa og þess skuli sérstaklega gætt að kynjum sé ekki mismunað á neinu sviði. Þetta ákvæði er sett inn til áréttingar og sem sjálfsagðar starfsreglur starfsmanna fjölmiðils allrar þjóðarinnar.

4. gr. frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins a. m. k. þrjár hljóðvarpsdagskrár og a. m. k. eina sjónvarpsdagskrá. Heimilt er Ríkisútvarpinu að stofna til fræðsluútvarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld. Ríkisútvarpinu er heimilt að stofna staðbundnar útvarpsstöðvar óski sveitarfélög þess, eitt eða fleiri, að uppfylltum skilyrðum, sbr. 7. gr. laga þessara."

Eins og fram kemur í aths. við greinina er hér gert ráð fyrir a. m. k. einni hljóðvarpsrás til viðbótar við þær tvær sem fyrir eru. Þriðja rásin er ætluð fyrir hvers konar efni frá félagssamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum sem þar með hafa beinan aðgang að þeirri fjölmiðlun sem hljóðvarpstækni veitir. Einnig má benda á að rásin hentar einkar vel fyrir kennsluútvarp og beint útvarp frá Alþingi.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að byggja upp staðbundnar útvarpsstöðvar, svo og dreifikerfi þriðju rásarinnar, en æskilegt er að hafist verði handa við uppsetningu dreifikerfis Rásar 3 svo fljótt sem auðið er. Landsrásir Ríkisútvarpsins þjóna landsmálum fremur en málum er varða einstök héruð og byggðarlög. Tilgangur staðbundinna útvarpsstöðva er að koma til móts við þarfir einstakra byggðarlaga sem landsrásirnar geta ekki orðið við. Vil ég í því sambandi nefna það svæðisútvarp sem nú er verið að koma upp á Akureyri.

Svæðisútvarpi eða staðbundnum útvarpsstöðvum er ætlað að auðvelda upplýsingastreymi og tjáskipti á afmörkuðum svæðum. Hvað snertir stofnun staðbundinna útvarpsstöðva má telja eðlilega þróun að byrjað verði með landshlutastöðvar þannig að þróunin í uppbyggingu verði sambærileg í öllum landshlutum. Áætlað er að fleiri stöðvar bætist síðan við eftir því sem svigrúm leyfir. Með þessu er þjónusta Ríkisútvarpsins stórlega aukin að umfangi og fjölbreytni.

5. gr. frv. kveður á um skiptingu Ríkisútvarpsins í útvarpsstöðvar og um sjálfstæði hverrar útvarpsstöðvar. Hér eins og ævinlega í frv. á útvarp bæði við um hljóðvarp og sjónvarp. Í aths. með greininni segir svo um sjálfstæði útvarpsstöðva, með leyfi forseta:

„Með sjálfstæðri útvarpsstöð er átt við að stöðin fari sjálf með ákvarðanatöku um mál er hana varða innan ramma laga þessara. Miðstýring á þessum vettvangi, sem og öðrum, er óæskileg og því eðlilegt að hver útvarpsstöð verði sjálfstæð eining innan Ríkisútvarpsins, sbr. þær valddreifingarhugmyndir sem frv. byggir á og fjallað er um í grg."

Í 6. gr. frv. er kveðið á um starfsemi Rásar 3. Í aths. við greinina segir að vegna kostnaðar við hljóðver og annan tækjabúnað, sem nauðsynlegur er, þyki flm. fráleitt að félög, hagsmunahópar eða einstaklingar, sem vilja notfæra sér beinan aðgang að hljóðvarpi, þurfi hvert fyrir sig að fjárfesta í slíkum búnaði. Hér er því Ríkisútvarpinu gert skylt að leggja til hljóðver með tækniaðstoð til þáttagerðar á Rás 3. En þeim sem nýta sér útsendingar er gert að greiða annan kostnað við þáttagerðina.

Hugsanlegt er einnig að staðbundnar hljóðvarpsstöðvar noti dreifikerfi þriðju rásarinnar hluta úr degi til útsendingar hver á sínu svæði og er þá miðað við, að þriðja rásin sendi ekki út til alls landsins allan daginn.

Rétt þykir að staðbundnar útvarpsstöðvar hafi sama rétt og aðrir til að bjóða landsrásunum efni.

Í 7. og 8. gr. frv. er kveðið á um staðbundnar útvarpsstöðvar. Er það lagt í hendur íbúa hvers sveitarfélags að ákveða hvort stofna skuli staðbundna útvarpsstöð á svæðinu. Hlutverk sveitarstjórna í þessu efni er eingöngu að sjá um að kosning fari fram og sækja, að fenginni viljayfirlýsingu íbúa, formlega um að útvarpsstöð verði stofnuð. Ákvörðunarvaldið er sem sagt hjá íbúum í sveitarfélaginu og hlutverk sveitarstjórnar er eingöngu að sækja formlega um leyfi til að setja á fót staðbundna útvarpsstöð.

Nauðsynlegt er að sveitarstjórnir kynni íbúum kostnaðaráætlanir við mismunandi dreifikerfi staðbundinna sjónvarpsstöðva og hljóðvarpsstöðva, svo og annan kostnað sem íbúunum er gert að bera vegna stöðvanna, áður en kosning fer fram.

Til þess að auðvelda Ríkisútvarpinu að koma á fót staðbundnum útvarpsstöðvum er til þess ætlast að notendur, sem æskja þessarar þjónustu, standi undir hluta stofnkostnaðar sjálfir. Ríkisútvarpinu er gert að sjá um innheimtu stofngjalds frá notendum og í samvinnu við Póst- og símamálastofnun skal það sjá um að setja upp dreifikerfi staðbundinna útvarpsstöðva.

Ákveði sveitarstjórn að styrkja staðbundna útvarpsstöð með framlagi úr sameiginlegum sveitarsjóðum skal það framlag greiðast til Ríkisútvarpsins sem síðan skal standa viðkomandi sveitarstjórn skil á ráðstöfun fjárins.

Í 9. gr. frv. er kveðið á um mannaráðningar að útvarpsstöðvum. Í aths. með greininni segir, með leyfi forseta:

„Í frv. er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar stöðvar annist að jafnaði ráðningar starfsmanna að stöðinni, sbr. 10. og 11. gr. frv. Því verður augljóslega ekki við komið við stofnsetningu nýrra útvarpsstöðva og því er sá háttur hafður á að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins auglýsir eftir tveimur starfsmönnum og ræður í störfin þegar ný útvarpsstöð er stofnsett. Skal annar starfsmannanna hafa nauðsynlega tækniþekkingu en rétt þykir að hver stöð fyrir sig ákvarði starfssvið hins starfsmannsins."

Í 10. og 11. gr. er kveðið á um innra skipulag Ríkisútvarpsins. Í aths. segir, með leyfi forseta:

„Í samræmi við valddreifingarhugmyndir frv. er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar útvarpsstöðvar taki ákvarðanir um málefni sem stöðina varða innan ramma þessara laga. Á sama hátt er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar deildar innan stórra stöðva eins og landsrásanna stjórni sínum málum. Augljóst er að starfsmenn hverrar deildar hafa besta yfirsýn og þekk-

ingu hver á sínu sviði. Því er eðlilegt að t. d. ákvarðanir um tækjakaup séu teknar sameiginlega af starfsmönnum hverrar tæknideildar í samræmi við fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins, sbr. 11. gr. frv. Á sama hátt teljum við eðlilegt að ákvarðanir um dagskrá hverrar stöðvar séu í höndum starfsmanna dagskrárdeildar og fréttamat og ákvarðanir um fréttir í höndum starfsmanna fréttadeildar, enda hlíti þeir ákvæðum 3. gr. frv., sem kveður á um hlutleysisskyldu Ríkisútvarpsins, og þeim sé jafnframt veitt aðhald í þeim efnum frá notendaráði og notendaþáttum.

Mannaráðningar eru einnig í höndum starfsmanna hverrar deildar og hverrar staðbundinnar stöðvar þar sem starfsmenn hverrar deildar eru að jafnaði hæfastir til að meta störf við deildina og þar með umsóknir um þau. Þeir munu væntanlega einnig setja hagsmuni deildarinnar ofar öðrum hagsmunum við mannaráðningar, sem og í öðrum málum, einfaldlega vegna þess að annað kæmi niður á þeim sjálfum.

Hvað snertir störf umsjónarmanns er rétt að starfsmenn hverrar deildar skipti með sér umsjón framkvæmda, sem og öðrum störfum í eins ríkum mæli og unnt er. Ráðningartími umsjónarmanns ræðst af aðstæðum og óskum hverju sinni en ekki er gert ráð fyrir að hver starfsmaður gegni starfi umsjónarmanns lengur en þrjú ár í senn. Hlutverk umsjónarmanns er jafnframt að sitja í framkvæmdanefnd útvarpsstöðvarinnar sem sér um samræmingu á ákvörðunum hinna ýmsu deilda og fjallar um málefni sem snerta fleiri en eina deild.

Framkvæmdaráð er skipað þremur mönnum og tekur það að hluta til við störfum núverandi útvarpsstjóra. En jafnframt er starfssvið þess umfangsmeira þar sem gert er ráð fyrir fjölgun útvarpsstöðva. Eins og segir í greininni er það hlutverk framkvæmdaráðs að samræma rekstur útvarpsstöðvanna, sjá um tengsl milli framkvæmdanefnda allra stöðvanna og sjá um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana Ríkisútvarpsins.

Deildir Ríkisútvarpsins falla undir þrjú meginsvið útvarpsrekstrar: dagskrársvið, tæknisvið og rekstrar- og fjármálasvið. Þessi þrjú meginsvið eru lögð til grundvallar þegar valið er í framkvæmdaráð þannig að þau eigi hvert sinn fulltrúa þar sem fjárhagsáætlanir eru gerðar og þar sem endanleg ábyrgð á fjármálum er. Með þessu er tryggt að fagleg þekking og sjónarmið þessara þriggja meginsviða útvarpsrekstrar nýtist stofnuninni sem best.

Dagskrármenn allra útvarpsstöðva sameinast um að velja einn fulltrúa, tæknimenn allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa og starfsmenn aðalskrifstofu fjármáladeilda allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa til setu í ráðinu. Formleg ákvæði um fundasetu framkvæmdaráðs eru sett til að tryggja samskipti þess og allra eininga Ríkisútvarpsins.

Í frv. er gert ráð fyrir að enginn sitji lengur í framkvæmdaráði en þrjú ár í senn og er það í samræmi við valddreifingarhugmyndir frv."

Í 12. og 13. gr. er kveðið á um notendaráð og starfssvið þess, en notendaráð kemur í stað núverandi útvarpsráðs sem, eins og menn vita, er pólitískt skipað. Er þessi háttur hafður á þar sem okkur Kvennalistakonum þykir miklu skipta að eigendur og notendur Ríkisútvarpsins, þ. e. almenningur í landinu, eigi þar greiðari og beinni aðgang að skipan mála en fæst með núverandi fyrirkomulagi.

Eins og segir í athugasemdum með 12. gr. er notendaráð skipað sjö konum og sjö körlum sem með tilviljunarúrtaki eru valin úr þeim hópi landsmanna sem kjörgengi hefur og kosningarrétt skv. lögum. Tilviljunarúrtaksaðferðin er eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika landsmanna til setu í ráðinu. Við gerð þessa tilviljunarúrtaks þarf að gera ráð fyrir a. m. k. tveimur lagskiptum úrtökum, þ. e. konur annars vegar og karlar hins vegar, og jafnvel fleirum þar sem menn vildu e. t. v. taka tillit til búsetu og jafnvel til aldurs líka. Með þessu móti er öllum kjörgengum og atkvæðisbærum landsmönnum gefinn kostur á að gegna störfum í notendaráði. Líta ber á setu í notendaráði sem þegnskyldu sambærilega við skyldu til að sitja í kviðdómi, til að mynda í Bretlandi, enda eru störf notendaráðs ólaunuð. Samt er gert ráð fyrir að þeir, sem valdir eru, geti hafnað setu í ráðinu ef góðar og gildar ástæður eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að notendaráð komi saman eftir þörfum, a. m. k. fjórum sinnum á ári. Ríkisútvarpið greiðir ferða- og dvalarkostnað vegna fundanna. Gert er ráð fyrir að vinnuveitandi veiti leyfi frá störfum án tekjutaps þannig að einstaklingur geti gegnt störfum í notendaráði, enda séu þau skilgreind sem þegnskylduvinna. Sé um ólaunað starf að ræða, t. d. heimilisstörf, verði Ríkisútvarpinu skylt að bera sannanlegan kostnað sem seta í notendaráði kann að hafa í för með sér fyrir viðkomandi að þessu leyti. Einnig er gert ráð fyrir að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins undirbúi fundi notendaráðs og að fulltrúar úr framkvæmdaráði skipti með sér að stjórna fundum ráðsins. Hver útvarpsstöð skal skila notendaráði skýrslu um útsent efni a. m. k. fjórum sinnum á ári svo og ramma að dagskrá næstu mánuði.

Í 13. gr. er kveðið á um starfsemi notendaráðs, hvernig það skal leggja drög að skiptingu efnis í höfuðdráttum í hverri útvarpsstöð og fjalla um drög að dagskrá sem gert er ráð fyrir að útvarpsstöðvar skili til ráðsins reglulega ásamt skýrslum um það efni sem þegar hefur verið sent út. Ráðið skal ávallt gæta þess að ákvæði 3. gr. séu í heiðri höfð. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af framkvæmd dagskrár fyrir fram en gagnrýnir hana eftir á. Framkvæmdaráð sér um að koma vilja ráðsins á framfæri við deildir eða útvarpsstöðvar sem í hlut eiga og að honum sé framfylgt.

Notendaráð auglýsir eftir og ræður síðan umsjónarmenn að föstum þætti í hverri útvarpsstöð sem fjallar um gagnrýni notenda á útsendu efni stöðvarinnar. Þannig myndast bein tengsl milli notenda og starfsmanna viðkomandi stöðvar þar sem gert er ráð fyrir að starfsmenn svari gagnrýninni. Þessir þættir eru hluti af því aðhaldi sem starfmönnum Ríkisútvarpsins er veitt í störfum sínum og skulu umsjónarmenn þáttanna því ekki vera úr hópi fastra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Í II. kafla frv. er kveðið á um fjármál Ríkisútvarpsins. Helstu nýmælin þar er að finna í 14. og 15. gr. Í 14. gr. er leitast við að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins, enda er tilgangurinn með frv. að efla og bæta Ríkisútvarpið og þar með að tryggja fjármagn til þess að það geti fullnægt lagalegum skyldum sínum.

Nýmælið í þessari grein er að lögbundið sé að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins vegna aukinnar fjárþarfar þess. Árið 1983 voru aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau 47.5

millj. kr., sérstakt vörugjald nam tæplega 32 millj. kr. og tollafgreiðslugjald 0.8 millj. kr. Samtals gerði þetta því rétt rúmar 80 millj. kr., en þar af runnu til Ríkisútvarpsins 30.5 millj. kr.

Þótt lagt sé til að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins er sýnt að leita þarf fleiri leiða til að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins. Má í því efni t. d. benda á þann tekjuöflunarmöguleika að undanskilja Ríkisútvarpið söluskatti af auglýsingum, en hann nam rúmum 35 millj. kr. á árinu 1983. Undanþágur sem þessar eru þegar fyrir hendi, sbr. að dagblöð eru undanþegin söluskatti af auglýsingum.

Samanlagt munu þessir tekjustofnar auk þeirrar gjaldaniðurfellingar, sem 2. gr. frv. kveður á um, skila Ríkisútvarpinu um 105 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1983, en það sama ár námu rekstrargjöld hljóðvarps og sjónvarps rúmlega 350 millj. kr., svo að menn hafi einhverja hugmynd um hlutfall þeirrar fjárhæðar sem hér um ræðir. Vísast eru þessar tekjur engan veginn nægar til að standa undir stórfelldri starfsemi Ríkisútvarpsins á skömmum tíma. En þær eru spor í áttina. Það er vitaskuld undir Alþingi komið, eins og kveðið er á um í frv., að ákveða nýja tekjustofna Ríkisútvarpsins og þar með þann hraða sem á uppbyggingu þess verður.

Í 14. gr. er einnig gert ráð fyrir að hver útvarpsstöð ákveði auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár sínar sjálf, enda er hver útvarpsstöð sjálfstæð rekstrareining. Í þessu efni eru þó afnotagjöld undanskilin þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdaráð ákveði þau í samvinnu við framkvæmdanefndir hverrar stöðvar. Enda er framkvæmdaráð ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins.

Í 15. gr. er kveðið á um að hver útvarpsstöð skuli standa sjálf undir rekstri sínum og því er áætlað að tekjur hverrar stöðvar renni óskiptar til hennar. Framkvæmdaráði er ætlað að yfirfara fjárhagsáætlun hverrar útvarpsstöðvar og hafa hönd í bagga með ákvörðun afnotagjalda, enda er framkvæmdaráð ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Ríkisútvarpið hefur þegar innheimtukerfi sem sjálfsagt er að nýta fyrir innheimtu afnotagjalda allra útvarpsstöðva því að annars þyrfti hver og ein stöð að koma sér upp slíku kerfi og það yrði mikill kostnaðarauki.

Um aðrar greinar frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða þar sem þær fela ekki í sér veruleg nýmæli frá gildandi lögum eins og þær greinar sem ég hef rætt um og þess vegna talið nauðsynlegt að fjalla dálítið ítarlega um. Rétt er þó að taka fram að í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að lög þessi verði endurskoðuð að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra, enda er hér um umfangsmiklar breytingar á skipan útvarpsmála að ræða sem eðlilegt er að endurskoða þegar reynslan hefur fengist af framkvæmdinni.

Og áfram vil ég vitna í orð hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur:

„Virðulegi forseti. Skipan útvarpsmála á tækniöld er menningarpólitískt stórmál. Hljóðvarp og sjónvarp hafa víðtæk mótandi áhrif hvarvetna í þjóðfélaginu. Þegar við fjöllum um útvarpsmál erum við um leið að fjalla um hvernig þjóðfélag við sjáum fyrir okkur og viljum hafa hér. Og þá megum við ekki gleyma því hver við erum. Við megum ekki gleyma því að við erum lítið menningarsamfélag í stórum heimi og okkur er nauðsyn að gæta menningar okkur og þjóðlegra einkenna jafnframt því sem okkur er nauðsynlegt að nýta okkur það besta úr menningu annarra þjóða.

Ríkisútvarpið hefur allt frá því að það var sett á stofn stuðlað að sameiningu þjóðarinnar í eina menningarheild. Það hefur staðið vörð um tungu okkar og menningu, um það sem gerir okkur að einni þjóð í þessu landi. Slíka hluti hefur engin þjóð efni á að forsmá og því er tryggt í þessu frv., sem ég er hér að mæla fyrir, að Ríkisútvarpið gegni þessu hlutverki áfram. En þótt hér sé um stóra hluti að ræða þá er það samt ekki nóg. Það er ekki nóg að standa vörð um íslenska tungu og menningu. Það verður líka að opna gáttirnar til umheimsins, taka við nýjum hugmyndum hvaðan sem þær koma, nýta þær og þróa. Það verður að halda áfram að skapa íslenska menningu í orðsins fyllstu merkingu."

Ég vil hér ljúka við þessa tilvitnun í orð hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur.

Það hefur verið lærdómsríkt fyrir Kvennalistakonur að leggja fram þetta útvarpslagafrv. á Alþingi og reyna þau viðbrögð sem það hefur vakið. Fjölmargir aðilar utan þings hafa látið í ljós velþóknun sína á þeim meginhugmyndum sem koma fram í frv. Þó er langt frá því að heyrst hafi lofið eitt. Ramakvein hafa runnið úr börkum og pennum manna.

„Argasta afturhald", kallar íhaldið sem vill opna allar dyr upp á gátt. Samt bregður fyrir iðrunarviðbrögðum á þeim bæ þar sem menn skynja hættuna af opingáttinni og vilja efla íslenska tungu og Íslandssögu sem viðnám gegn holskeflu engilsaxneskra áhrifa, eins og það hefur verið orðað. Engum er alls varnað. „Algjört stjórnleysi", hrópar kratinn. „Vitlaus, vitlausari, vitlausastur", stigbreyta aðrir. Hástigið er talið eiga best við hugmyndir kvennanna og hver etur upp eftir öðrum. En þessu eru konur vanar þegar þær eru að læðast til að fóta sig á nýjum sviðum og svo sem endranær líka. En kannske hafa slíkar raddir sín áhrif og þess vegna gengur það e. t. v. svona hægt fyrir konur að fóta sig í nýju landnámi. Þær skortir nefnilega almennt sjálfstraust. Þeim er ætlað að halda aftur af sér og sú árátta verður þeim brátt eiginleg sem grundvallaratriði í viðteknum hegðunarvenjum í því samfélagi þar sem við búum. Þau skilaboð koma til okkar kvenna strax á barnsaldri, bæði heima og heiman. Meðal þeirra skilaboða, sem við fáum, eru t. d. þær venjur og væntingar sem gilda um hlutverkaskiptingu kynjanna. Sú hvatning, sem flestar konur hafa fengið, miðar ekki að því að auðvelda þeim að koma fram á opinberum vettvangi eða tala á fundum. Hún miðar heldur ekki að því að beina þeim í áhrifastöður í þjóðfélaginu. Nei, því miður. Konum er í reynd alls ekki ætlað að tala í samkunduhúsum, hvorki um útvarpsmál né önnur mál, jafnvel ekki á Íslandi í dag.

Það er verst að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er ekki staddur hér í dag. Hann hefði haft gaman af því að ég vitnaði í grein sem hann skrifaði um Seðlabankann í Dagblaðinu og Vísi 23. janúar s. l. Þar segir hv. þm. þegar hann ræðir um árlegan mandarínafund bankans þar sem messað er um fjármuni þjóðarinnar:

„Samankomnir kerfiskarlar kinka ákaft kolli og líta málið alvarlegum augum. Þetta er hátíðleg stund. Kerfiskarlarnir kikna eilítið í hnjáliðunum þegar þeir

hugsa til þeirrar ábyrgðar sem á þeim hvílir. Þarna eru allir í svörtu og hvítu, engin kona viðstödd."

Hvers vegna? spyr ég.

Hæstv. iðnrh. hafði á orði hér í haust eitthvað á þá leið að allir flokkar hefðu haft áhyggjur af verðbólgunni fyrir kosningar, meira að segja Kvennalistinn. Er nú verið að treysta konum til að hafa vit á málunum? En þeir eru duglegir að stigbreyta: Vitlaus, vitlausari, vitlausastur.

Nei, hv. þm. Nú eru aðrir tímar. Konur láta ekki lengur ýta sér til hliðar með því að láta rýja sig sjálfstrausti og segja sér að þær hafi vitlausari hugmyndir. Við erum ekkert hræddar við að gera mistök. Það er mannlegt. Auðvitað reynum við að forðast þau. En við höfum almennt svo hreinan skjöld hvað varðar mistök í meðferð opinberra mála eða við stjórnunarstörf að það háir okkur engan veginn. Við höfum einfaldlega ekki verið þar til að gera mistökin. Það hafa verið aðrir. Ef fram koma gallar í þessu frv. okkar um útvarpslög má lagfæra þá. Mörgum finnst stjfrv. meingallað. Ég hef engan séð roðna af þeim sökum.

Hitt er svo annað mál að við erum hér öll 60 til þess kjörin að vera fulltrúar ólíkra skoðana sem bærast með þjóðinni. Skilningur minn er sá að hlutverk okkar sé m. a. að reyna að koma okkur saman um mál að svo miklu leyti sem það er hægt en ella að lúta atkvgr. um framkvæmd mála. Jafnframt er það skilningur minn að við hljótum að virða rétt annarra til að hafa skoðanir, hversu andstæðar sem þær eru okkar eigin, alveg eins og nauðsynlegt er að viðhafa í Ríkisútvarpi þar sem ríkja verður virðing fyrir skoðunum allra einstaklinga og hópa í íslensku þjóðfélagi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Fimmtudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Frelsi í innflutningi á olíuvörum, þáltill. 335. mál (þskj. 533). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Frelsi í útflutningsverslun, þáltill. 336. mál (þskj. 534). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Orkufrekur iðnaður á Vesturlandi, þáltill. 337. mál (þskj. 535). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fullvinnsla sjávarafla, þáltill. 251. mál (þskj. 429). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla iðnaðarráðherra um sjóefnavinnslu á Reykjanesi (þskj. 528).

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur ásamt níu öðrum hv. þm. beðið um skýrslu frá mér um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Upphaflega var talið að auðvelt væri að vinna að uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar í áföngum. Talið var að 8 þús. tonna áfanginn mundi geta staðið undir breytilegum framleiðslukostnaði, þannig að sannreyna mætti markaðsforsendur fyrirtækisins með þeim áfanga. Nú er aftur á móti ljóst að tæknilegar forsendur eru verulega breyttar og að kostnaður við 8 þús. tonna áfangann er mun meiri en áætlað var í upphafi. Auk þess mundi rekstur 8 þús. tonna áfangans ekki standa undir breytilegum kostnaði og þar með engu skila upp í afskriftir og vexti. Ein meginástæða þessa er sú að afköst úr saltpönnum eru innan við helming af því sem áætlað var að næðist miðað við kröfur markaðs um kornastærð o. fl. Miðað við upphaflegar forsendur eru tæknileg vandamál enn óleyst varðandi framleiðslu á fisksalti, einkum hvað snertir afköst, kornastærð og styrkleika saltkristalla.

Hér segir svo næst í þessari prentuðu skýrslu, sem skilja mætti á þann veg, að núverandi stjórn Sjóefnavinnslunnar hafi lagt til að lokið verði við 8 þús. tonna áfangann og að svokallaðri fínsaltsdeild yrði bætt við upp úr því til að bæta rekstrargrundvöll fyrirtækisins. Þessa till. hefur núverandi stjórn Sjóefnavinnslunnar ekki gert. En fyrrv. stjórn og ýmsir ráðgjafar fyrirtækisins hafa varpað fram þessari till. Þetta tek ég fram að því gefna tilefni að þetta er auðgert að misskilja, en eins og þar stendur verður það vart misskilið.

Með hliðsjón af lögum um Sjóefnavinnsluna hf. frá maí 1981 og með hliðsjón af skýrslu um 8 þús. tonna saltvinnslu frá febrúar 1981 álítur iðnrn. að hér sé um að ræða mjög svo breyttar forsendur varðandi uppbyggingu fyrirtækisins og skuldbindingar hins opinbera þar að lútandi. Rn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að forsendur þessa fyrirtækis hafi verið vafasamar frá upphafi og hafi auk þess veikst með tímanum. Helstu atriði í þessu sambandi eru eftirfarandi:

1. Söluhorfur.

Horfur um saltsölu frá fyrirtækinu hafa versnað af þremur ástæðum: a) Fyrirsjáanlegt er að innlend saltnotkun verður minni en áætlað var.

b) Markaðshlutdeild innlends salts verður aldrei 100%, eins og áætlað var, vegna samkeppni frá innfluttu salti.

c) Verð á innfluttu salti, sem er viðmiðun varðandi arðsemi sjóefnavinnslu, hefur lækkað upp á síðkastið, m. a. vegna samkeppni innlendu skipafélaganna. Vonir um afgerandi hærra verð fyrir Reykjanessalt hafa ekki ræst. Má í því sambandi geta þess að verð á salti frá verksmiðjunni er nú 2600 kr. á tonn, en s. l. sumar í ágústlok, þegar ég fékk skýrslu Iðntæknistofnunar um stöðu Sjóefnavinnslunnar, var breytilegur kostnaður á tonni af salti í Sjóefnavinnslunni 2878 kr. Af því mega menn marka að hér er saltið selt verulega undir breyti-

legum framleiðslukostnaði og eru þá öll hundruð milljónanna, sem fjárfest hafa verið, ekki með í því dæmi.

2. Aukaafurðir.

Áætlað var að sala á aukaafurðum, kalsíumklóríði o. fl., mundi standa undir meira en helmingi heildartekna fyrirtækisins. Sala þessara efna á erlendum markaði á viðunandi skilaverði er mikilli óvissu undirorpin. Ekkert hefur komið fram sem dregur úr þeirri óvissu, sem þetta hefur í för með sér um afkomu fyrirtækisins.

3. Fjármögnun og arðsemi.

Fjármögnun rannsókna- og þróunarstarfs með lánsfé er ætíð varhugaverð. Dollaralán hafa reynst fyrirtækinu erfið og hækkun raunvaxta á innlendum og erlendum lánamörkuðum leiðir óhjákvæmilega af sér mun hærri kröfur um arðgjöf. Í þessu tilliti hafa forsendur breyst nokkuð síðan unnið var að frv. um sjóefnavinnslu á árunum 1980—1981. Þó má segja, að upphaflega áætluð arðsemi upp á um 7% hafi ætíð verið óviðunandi, jafnvel þó að allt færi skv. áætlun. Sjóefnavinnslan hf. hefur nýlega áætlað arðsemi viðbótarfjárfestingar til lúkningar 40 þús. tonna áfanga um 7%, en 5% af heildarfjárfestingu. Slík niðurstaða byggist á þeirri forsendu að öll framleiðslan seljist og á viðunandi verði. Þessar niðurstöður eru því með öllu óviðunandi með tilliti til óvissu í markaðsmálum og, eins og hér segir, raunvaxta upp á 8—10%.

4. Hlutafé.

Upphaflega var gert ráð fyrir að a. m. k. 25% hlutafjárframlaga kæmu frá öðrum aðilum en ríkinu. Hlutur annarra er nú aðeins um 13%. Auk þess hefur hlutfall hlutafjár og lána farið hríðversnandi. Eftir á að hyggja virðist hafa verið misráðið og óraunhæft að stofna hlutafélag um tilraunastarfsemi af þessu tagi þar sem ábyrgð ríkisins er í raun ótakmörkuð.

5. Stærð fjárfestingar.

Nú er búið að verja um 350 millj. kr. til þessa verkefnis, en áætlað var að um 40 þús. tonna verksmiðja kostaði uppkomin 750 millj. kr. Kostnaður við 8 þús. tonna áfangann er nú kominn u. þ. b. 80% fram úr upphaflegri áætlun á föstu verðlagi. Endanlegur kostnaður við 40 þús. tonna verksmiðju gæti því farið langt fram úr 750 millj. kr., en sú upphæð samsvarar upphaflegum áætlunum. Þróunarverkefni af þessari stærð, þar sem ábatavon er eins lítil og hér um ræðir og í því fjársvelti sem á Íslandi ríkir, er að mati iðnrn. með öllu óréttlætanlegt. Áframhaldandi fjárveitingar og lántökur ríkisins til þessa verkefnis fælu í sér mismunun gagnvart öðrum aðilum í landinu sem vinna að rannsókna- og þróunarstarfi við knappan kost.

Ákvörðun mín um að hætta frekari þátttöku ríkisins í tilraunum með saltvinnslu úr jarðsjó að svo stöddu byggist á framangreindri endurskoðun iðnrn. á forsendum málsins, þar sem m. a. hefur verið höfð hliðsjón af skýrslu Iðntæknistofnunar, sem hér með fylgir sem fskj. I, og upplýsingum frá Sjóefnavinnslunni (fskj. II). Varðandi samanburð á upprunalegum áætlunum og skýrslu iðnrh. frá 1982 um raunverulegan stofnkostnað og rekstrarafkomu og upplýsingar um sundurliðun stofnkostnaðar og rekstrar ásamt arðsemismati vísast til fskj. II. Rn. mun verða þm. úti um skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands ef þess er óskað.

Núverandi staða er sú, að fyrirtækið er að stöðvast því að rekstrarfé þrýtur í næsta mánuði. Ríkissjóður, sem eigandi 87% hlutafjár og ábyrgðaraðili á öllum skuldum, verður að taka ákvörðun um hvað gera skuli. Verði ákveðið að halda áfram og lokið við 8 þús. tonna áfangann þarf um 50 millj. kr. framlag til fyrirtækisins á þessu ári til viðbótar við rúmlega 35 millj. kr. í afborganir og vexti, sem munu falla á fyrirtækið á árinu í öllu falli. Ég mun ekki leggja það til.

Verði ákveðið að hætta við byggingu verksmiðjunnar, fyrir fullt og allt eða um tíma, kostar það fyrirtækið 6—8 millj. kr. á ári að gæta eignanna. Til greina kemur að semja við aðra aðila um eignavörslu fyrir lægra verð og við það bindum við einnig vonir, en lokaákvörðun í þessu máli hefur enn eigi verið tekin af öllum þar til bærum aðilum.

Hér fylgir svo með í þessari skýrslu stuttur útdráttur eða tilvitnun í skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands sem ég leiddi fyrst augum 28. ágúst 1984. Þá eru enn fremur upplýsingar frá Sjóefnavinnslunni um stöðu fyrirtækisins og ýmis samanburður áætlana um framkvæmdakostnað, fjárhagsyfirlit miðað við lok október 1984, mat á arðsemi viðbótarfjárfestingar og yfirlit um markaðsmál sem ég vona að hv. þm. hafi kynnt sér.

Ég læt lokið máli mínu, herra forseti. En um alllanga hríð hefur hin nýja stjórn Sjóefnavinnslunnar unnið hörðum höndum að því að átta sig á öllum málavöxtum. Það hefur tekið langan tíma og auðvitað orkar flest ef ekki allt tvímælis í þessum efnum þá gert er, en ég vænti þess að þegar að úrslitum dregur, þá geti menn orðið sammála um þær ráðagerðir sem til verður gripið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta er vond skýrsla. Ekki út af þeim niðurstöðum sem menn hugsanlega geta fundið í skýrslunni því að það er í rauninni opin spurning hver niðurstaðan sé. Það er frekar þannig, að það séu margar niðurstöður og þær reki sig allar hver á aðra eða hvað reki sig á annars horn. Og skýrslan er mjög óaðgengileg, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Þessi skýrsla er ekki vel fallin til þess að byggja á ákvarðanir. Þetta eru í rauninni þrjár skýrslur. Það er skýrsla ráðh. fyrst, það er skýrsla Iðntæknistofnunar og svo er það skýrsla framkvæmdastjóra. Þær eru allar sitt með hverju sniðinu, sitt með hverjar niðurstöðurnar og á mismunandi forsendum. Þær stangast á. Ég held að þessi skýrsla sé dæmi um það hvernig skýrsla eigi ekki að vera.

Það er reyndar spurning í sambandi við eina af þessum þremur skýrslum, skýrslu, sem undirrituð er af framkvæmdastjóra fyrirtækisins, hvort hún er skýrsla framkvæmdastjórans eins eða skýrsla stjórnar fyrirtækisins sem framkvæmdastjórinn sendir. Er stjórn fyrirtækisins sammála skýrslu framkvæmdastjórans og er hún sammála um það og enginn ágreiningur innan stjórnarinnar um þær niðurstöður sem þar eru birtar og þau áform sem þar er látið að liggja?

Hitt sýnist mér líka ljóst að það birtist í þessari skýrslu dæmi um hvernig verkefnastjórn eigi ekki að vera. Þeir menn sem þarna hafa staðið að verkum hafa sjálfsagt gert eins og þeir hafa getað, sem best þeir gátu, en þeir hafa ekki getað betur. Svo margt virðist óljóst og að svo mörgu virðist ekki hafa verið lagður nægilega góður grundvöllur að ekki verður hjá því komist að gagnrýna það.

Ég er hins vegar sammála ráðh. um að þetta getur ekki haldið áfram hugsunarlaust í þeim farvegi sem það

hefur verið í. Ég hef haft áhyggjur af þessu máli eins og fleiri þm. og við höfum viljað að hér verði ríkt aðhald og fylgst vel með. Þess vegna var sú ósk borin fram um skýrslu sem hér er nú loksins verið að svara. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skiptið sem þm. Reykjaness, kannske öðrum frekar, bera fram ósk um skýrslu. Ég var áður 1. flm. að beiðni um skýrslu vorið 1982. Og veturinn 1983 var svarað fsp. um þetta sama efni frá Karli Steinari Guðnasyni.

En áður en við víkjum að efnisatriðum skýrslunnar kemst ég ekki hjá því að gagnrýna þau vinnubrögð sem við höfum orðið ásjáandi og áheyrsla að á undanförnum vikum. Það gerðist nefnilega fyrir mánuði eða svo að hæstv. ráðh. reið fram á völlinn með fullyrðingar og yfirlýsingar varðandi saltverksmiðjuna á Reykjanesi. Hann sagði að þessi tilraun hefði kostað á fjórða hundrað millj. kr. og í annan stað að hverjum leikmanni ætti að hafa verið ljóst fyrir löngu að þetta væri ótækt. Það er að sjálfsögðu sérstætt að ráðh. gefi yfirlýsingar sem þessar, sem voru efnislega eins einfaldar og ég hef lýst þeim, bara þetta tvennt, án þess að rökstyðja þær nánar og mjög sérstætt, að hann skuli ekki leggja spilin á borðið og sýna þá jafnframt fram á hvað hafi farið úrskeiðis og hvenær það hafi gerst. En hitt er þó miklu alvarlegra hvernig ráðh. sniðgekk þingið í þessu sambandi. Hann fór með málið í opinbera umræðu, hann skýrði ekki þinginu frá því. En það sem var meira. Það hafði fyrir löngu komið fram sú beiðni um skýrslu sem hér er þó loksins verið að fjalla um, fyrir löngu. Það eru bráðum fjórir mánuðir síðan sú beiðni um skýrslu var lögð fram. Það var þess vegna ekki einungis að ráðh. sniðgengi þingið, heldur sniðgekk hann óskina, ef svo má segja, um það að gefa þinginu skýrslu. Og þetta er þeim mun furðulegra þar sem einmitt í þessari beiðni var farið fram á helstu atriði sem skiptu máli við ákvarðanatöku og maður gerði ráð fyrir að ráðh. þyrfti á að halda til þess að geta gefið yfirlýsingar af því tagi sem hann hér gerði.

Ég mótmælti þessu við umr. um þingsköp fyrr í þessum mánuði. En hvað um það. Skýrslan kom samt ekki fyrr en núna í þessari viku eða réttara sagt fyrir tveimur dögum. Ég ítreka, að mér finnast svona vinnubrögð með öllu ótæk og mér finnst þinginu sýnd ótilhlýðileg óvirðing með þessum hætti.

En út af yfirlýsingu ráðh. um að hverjum leikmanni hefði átt að vera ljóst fyrir löngu hvernig komið væri, vaknar auðvitað sú spurning: Hvenær vaknaði ráðh.? Það er auðvitað ráðh. sem ber ábyrgð á þessu verkefni. Eins og ég sagði áðan, höfum við ýmsir þm. lagt okkur fram um að fá að fylgjast með þessu máli. Frv. um sjóefnavinnsluna var samþykkt 28. maí 1981. Fyrsta beiðni okkar um skýrslu kom 15. mars 1982 og á þinginu veturinn 1983 var svarað fsp. um þetta frá Karli Steinari Guðnasyni. Í skýrslunni vorið 1982 var fullyrt að allt væri í lagi og í samræmi við áætlanir. Svör við fsp. frá 1983 voru líka á þá lund að ekki komu neinar aths. fram, allt var í fínu lagi. Og við seinustu lánsfjárlagaafgreiðslu bar hæstv. iðnrh. fram ósk um 40 millj. til þessa verkefnis og þá var ekki annað að skilja en allt væri í stakasta lagi. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvenær komst ráðh. að þessari niðurstöðu? Hvenær voru mistökin gerð? Hvað var það sem brast? Átti ekki ráðh. sjálfur að hafa séð þetta fyrir löngu úr því að leikmenn áttu skv. hans eigin yfirlýsingu að hafa séð það fyrir löngu? Varla verður ráðh. afsakaður með því að hann sé ekki nægilega mikill leikmaður!

Í þeirri beiðni um skýrslu, sem hér er til umr., var spurt um stofnkostnað, um rekstrarafkomu, um framtíðaráætlanir. Það var spurt hver væri efnahagsstaðan nú, hver væri markaðsstaðan og hver væru áformin um framhaldið. Það var beðið um samanburð á upprunalegum áætlunum, áætlunum frá 1982, og í þriðja lagi því sem hefði orðið í reynd, en í fjórða lagi hverjar væru áætlanirnar fyrir framtíðina varðandi frekari stofnkostnað. Varðandi svörin við þessu er það að segja að þessi samanburður er hvergi settur fram í skýrslunni og ætti hann þó að vera eitt af því sem maður gerði ráð fyrir að stjórn verksmiðjunnar gerði frá degi til dags. Í annan stað verður ekkert séð af henni um rekstrarafkomu liðinna ára. Og stofnkostnaðaráætlanirnar stangast allar á, eins og ég skal nú víkja að nánar.

Í skýrslu ráðh. segir hann að það séu komnar 350 millj. kr. í verkefnin. Þetta er ein stofnkostnaðaráætlunin. Í skýrslu Iðntæknistofnunar stendur á einum stað að það séu komnar 262.9 millj. kr. í verkefnin. Á öðrum stað stendur að það séu komnar 208 + 84 eða 292 millj. kr. í verkefnin. (**Iðnrh.:** Vill ekki þm. fletta upp á bls. 20 og lesa tölurnar sem þar eru dregnar saman?) Á bls. 20 í skýrslu frá Sjóefnavinnslunni, ef hæstv. ráðh. vill leyfa mér að halda áfram að vitna í þetta, þá er talað um að það séu 326 millj. komnar í þetta verkefni, en það er hugsanlegt að þar eigi við að bæta 35 millj. kr., sem sé tilraunaverksmiðja sem eigi þar við að bætast, og þá koma út ca. 360 millj. Af þessu geta menn séð að hér rekast tölur á. Hér er ekki verið að setja málin fram með aðgengilegum hætti.

Í skýrslu ráðh. stendur að 8 þús. tonna áfanginn sé kominn 80% umfram áætlun. Nú vill svo til að ég er í rauninni sammála ráðh. um að það muni láta nærri að 8 þús. tonna áfanginn sé kominn 80% umfram áætlun. En þá er það einungis á grundvelli ágiskunartölu sem ég hafði búið mér til sjálfur á sínum tíma. Í skýrslunni er hvergi að finna neina áætlun um hvað 8000 tonna áfanginn hafi átt að kosta. Þó var um það beðið.

Um eitt eru menn sammála, að því er virðist, í þessari skýrslu, en það byggist á því að þar koma einungis tvö álit, að því er mér sýnist. Það er um það hvað muni kosta að ljúka 8 þús. tonna áfanga. Þar tala menn um 40 millj. kr., en verði þó að bæta við það 10 millj. kr., sem sé tap á árinu 1985, og reyndar 35 millj. kr. í afborganir og vexti, þannig að menn sjá fram á að hér er um umtalsverða fjárhæð að ræða sem í þetta þurfi að leggja. Staðan er sem sagt sú að 35 millj. kr. eru óhjákvæmilegar, en til þess að ljúka 8 þús. tonna áfanganum þarf 40—50 millj. kr., eftir því hvort menn halda áfram rekstri eða ekki, og þó ævinlega nær 50 millj. kr. vegna þess sem það mundi kosta að gæta verksmiðjunnar ef hún væri ekki í rekstri. Um þetta koma fram álit frá ráðh. og stjórn Sjóefnavinnslunnar.

Að því er varðar áætlun um hvað 40 þús. tonna verksmiðja muni kosta segir ráðh. í sínum hluta skýrslunnar að þurfa muni 750 millj. kr. í verkið í heild. Í skýrslu Iðntæknistofnunar er sagt að hinn 31. júlí sé það reiknað sem 608 millj. kr. og skeikar hér einungis 142 millj. Hins vegar vilji þeir spá 674 millj. kr. Í skýrslu Sjóefnavinnslunnar segir að þetta séu 738 millj. kr., en spurningin er þá reyndar hvar mismunurinn liggi á þeim 360 millj. sem eiga að vera komnar í þetta og þeim

274 sem stjórn Sjóefnavinnslunnar segir á bls. 12 að séu komnar í fjárfestingu.

Eins og menn sjá af þessum dæmum er skýrslan ekki par aðgengileg og ekki auðvelt að átta sig á því hvaða tölu sé mest að marka. Og eitt rekur sig á annars horn. Sama verður reyndar uppi á teningnum ef litið er á áætlanir varðandi sölutekjur. Iðntæknistofnun reiknar með sölutekjum, ef ég skil orðalag hér rétt, upp á 107 millj. kr. fyrir 40 þús. tonna verksmiðju. Framkvæmdastjóri Sjóefnavinnslunnar er að vísu með 107 millj. kr. á bls. 30, en hann er með 132—156 millj. kr. á bls. 15. Þarna skeikar verulega. Og á hvaða forsendum eru þá áætlanirnar gerðar, sem birtar eru að öðru leyti í skýrslunni, varðandi sölutekjur og á hvaða forsendum eru þær byggðar varðandi stofnkostnað? Þess hljóta menn að spyrja þegar þeir líta yfir þetta dæmi.

Þriðji þátturinn varðar arðsemi. Þar er líka hægt að sjá fjölbreytileika. Iðntæknistofnun er t. d. með innri afkastavexti upp á −0.67% fyrir skatta, en stjórn Sjóefnavinnslunnar er með 5 til 7% ef ég man rétt. Hverjar eru forsendurnar í hvoru tilvikinu fyrir sig? Það er tæpast skilgreint, hvort heldur litið er á skýrslu Iðntæknistofnunar eða skýrslu Sjóefnavinnslunnar. Og það er mikill ljóður á skýrslum þegar í það verður ekki ráðið á hvaða forsendum þær eru gerðar. Hver er t. d. afskriftatíminn hjá Iðntæknistofnun? Varðandi forsendur er vitnað í fylgiskjal sem hvergi sést. Hver er afskriftatíminn hjá stjórn Sjóefnavinnslunnar í þessum áætlunum? Og hverjar eru sölutekjurnar í hvoru tilviki fyrir sig?

Ég rek þetta vegna þess að ég sagði í upphafi máls míns að þetta væri ekki góð skýrsla. Og það er sama hvar gripið er niður. Það sama gerist ef litið er almennt á markaðsforsendur. Það verður ekki sagt að þar hafi verið dregið saman með skilmerkilegum hætti hverjar þær séu eða hver sé markaðsstaða þess salts sem hér er verið að framleiða eða annarra þeirra afurða sem í upphafi var fyrirhugað að stunda framleiðslu á.

Varðandi saltið hefur því verið haldið fram, og var það reyndar ein af forsendunum og hefur verið ein af forsendunum undir því að í þetta verkefni væri ráðist, að þetta salt mundi hafa sérstaka eiginleika. Það lágu fyrir prófanir frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. En sú reynsla sem fyrir hendi er af saltinu er því miður misjöfn. Þeir aðilar sem hafa notað þetta salt, sem ég hef haft samband við, segja að þeim hafi líkað vel að nota þetta salt til að salta saltsíld, en flök sem hafa verið söltuð með þessu salti hafa skemmst. Að því er þeir töldu var um að kenna kalsíuminnihaldi saltsins. Flökin skemmdust þannig að á þeim myndaðist hörð húð og síðan úldnuðu þau. Þetta er ekki góður eiginleiki hjá saltinu. En er þetta ekki til marks um það að menn hafi ekki náð tökum á framleiðslunni eða er hér í raun um að ræða verra salt en fæst með öðrum hætti? Við þessari spurningu verður að fást svar. Það dugar ekki að svara því einu að tilraun hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafi gefið ákveðna niðurstöðu fyrir tilteknum árum.

Það hefur líka verið rætt um í þessu sambandi að saltið gæfi hvítari fisk en annað salt. Er víst að menn geti ekki fengið það salt á öðrum markaði sem hefur þann eiginleika einan að gefa hvítari fisk? Ég held að svarið við því sé jú, menn geti fengið það. Þetta salt verður því að hafa, ef það á að seljast á betra verði en erlent salt, betri eiginleika en það salt sem innflutt er. Og það verður að líta á hver reynslan hefur verið og hvers vegna þeir gallar hafa komið fram sem ég gerði að umtalsefni. Saltið verður sem sagt að hafa sérstaka eiginleika til þess að hægt sé að gera ráð fyrir að það seljist við eitthvað hærra verði en annað salt sem innflutt er.

Þrátt fyrir alla þá galla sem á þessari skýrslu eru getur verið athyglisvert að reyna að gera sér grein fyrir hver sé hugsanleg afkoma hjá mismunandi stærðum af verksmiðjum sem hér er verið að tíunda, allt frá því að vera með 2000 tonna framleiðslu, eins og upplýst er að afköstin séu um þessar mundir, í það að vera með 8000 tonna verksmiðju eða 40 000 tonna verksmiðju eins og áætlanir voru uppi um. Ef eitthvað er að marka þær niðurstöður sem hér eru fæ ég í öllum tilvikum mjög svipaða niðurstöðu, nefnilega tap, hvort heldur það er 2000 tonna framleiðsla, 8000 tonna framleiðsla eða menn hætta framleiðslu, svo að ég taki það nú fyrst, 40 til 50 millj. kr. tap á ári. Þá skiptir ekki máli hver þessara þriggja kosta er tekinn og munar litlu, að mér sýnist, hver þeirra það er.

Það eru líka áætlanir um 40 þús. tonna verksmiðju, eins og ég gat um. Þær eru á blaðsíðu 30 í þessari skýrslu. Þær eru mjög sérstæðar vegna þess að árabilið frá 1985 til 1987 er með tómum núllum. Menn segja kannske að 40 000 tonna verksmiðjan verði ekki komin fyrr en 1988. — En hvað gerist í millitíðinni? Safna menn ekki upp 40—50 millj. kr. tapi á ári í millitíðinni fram til 1988? Og er það ekki sú ákvörðun sem menn standa frammi fyrir hvernig þær skuldbindingar muni vera sem menn taki á sig með því að halda áfram? Það vantar því inn í þetta dæmi.

Ég verð að segja það líka að ég er ósammála þeim niðurstöðum sem fást í þessari skýrslu. Hér er talað um að það verði 23.9 millj. kr. svokölluð rekstrarafkoma árið 1988 sem fari upp í 58 millj. árið 1999. Þá er eftir að sjá fyrir fjárfestingarkostnaði. Miðað við svipaðar forsendur um að standa undir fjármagnskostnaði og hafa verið að undanförnu sýnist mér að þessi niðurstaða muni líka gefa verulegt tap miðað við áætlanir, að svo miklu leyti sem þær er að marka. Ég ætla að leyfa mér að giska á, úr því að ágiskun mín varðandi stofnkostnað 8000 tonna verksmiðju hefur greinilega farið saman við það sem ráðh. gerði áætlun um, a. m. k. ef talan um 80% umframkostnað er nærri sanni ætla ég að leyfa mér að giska á u. þ. b. 50 millj. kr. tap á árinu 1988 og 15—20 millj. kr. tap á árinu 1990. En vel að merkja: einungis út frá þeim tölum sem gefnar eru þarna að öðru leyti og þeim forsendum sem ekki er unnt að meta skv. þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir. En vel að merkja: Allan þann tíma sem menn halda áfram að tapa hleðst upp viðbótarfjármagnskostnaður sem hvergi er tekið tillit til, að ég fái séð, í þessari skýrslu.

Ég verð því að segja, herra forseti, að vankantarnir á því að reyna að lesa eitthvað út úr þessari skýrslu eru gífurlegir. Þó er upplýst að ekki er um mikið hagnaðarfyrirtæki að ræða, miðað við þær forsendur sem gefnar eru, heldur verða menn að gera ráð fyrir því, hvaða leið sem menn velja, að hér verði um taprekstur að ræða. Svo mikið held ég að sé hægt að segja að svo komnu máli þó að skýrslan sé ófullkomin. Það er hart að þurfa að lesa það í þessari skýrslu að búið sé að rita 3000 vélritaðar síður um þetta mál, en þegar kemur að því að gera grein fyrir einföldustu grundvallaratriðum um það

hvað hafi gerst á undanförnum árum og hver staðan sé skuli það hvergi finnast í þessum 3000 blaðsíðum, að því er ætla má, úr því að það finnur ekki leið inn í þessa skýrslu.

Herra forseti. Þegar ákvörðunin var tekin um að ráðast í þetta fyrirtæki gerði ég ekki ráð fyrir hagnaði af því og það kemur fram í þingræðu sem ég hélt um þetta mál. Ég tók það beinlínis fram að menn skyldu ekki gera ráð fyrir hagnaði, þannig að ég hef ekki vænst þess.

Ég má kannske rifja aðeins meira upp varðandi aðdraganda þessa máls. Löngum var í gangi áætlun um 60 000 tonna verksmiðju. Fyrir þingið var lögð tillaga um 40 000 tonna verksmiðju. Ég sat í iðnn. á þessum tíma og við stóðum að því að takmarka verksmiðjuna við 8000 tonna afköst vegna þess að við töldum ekki skynsamlegt að fara í stærri áfanga. Það var sérstök áhersla lögð á að það væri tvennt sem ætti að gera í sambandi við þennan 8000 tonna áfanga. Í fyrsta lagi ætti að prófa hvernig saltið reyndist á markaði, prófa markaðsfærslu á þessu salti, og í annan stað ætti að vinna að rannsóknum á því hvaða önnur efni væri ábatavænlegt að framleiða, þ. e. hver væri þá markaðsstaða þeirra og hverjar væru tæknilegar forsendur fyrir slíkri framleiðslu.

Ég get ekki séð að þessum tveimur verkefnum hafi verið nægilega vel sinnt, markaðsfærslunni og að stunda þetta sem raunverulegt rannsóknarverkefni. Það kemur að vísu fram í eins konar öfundartón, að því er mér virðist, í skýrslu Iðntæknistofnunar að til hönnunar og rannsókna hafi farið miklar fjárhæðir. Mér finnst ekki óeðlilegt að miklar fjárhæðir fari í það þegar menn eru með þróunarverkefni í höndunum, þegar menn eru með rannsóknarverkefni í höndunum, en mér sýnist engu að síður að það hafi verið ákaflega takmarkaður hópur sem stóð í þessu rannsóknar- og þróunarverkefni og að markaðsrannsóknum hafi þar að auki verið sinnt í mjög takmörkuðum mæli. Hvað á svo að gera? hljóta menn að spyrja. Á að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist? Á að hætta? Finnast einhverjar aðrar leiðir?

Ég ætla að segja að svo mikið er upplýst að það er mín niðurstaða í fyrsta lagi að ekki sé hægt að halda áfram í óbreyttu fari. Ég er sammála ráðh. um það. Við getum ekki sett meira fé í fjárfestingar miðað við það sem við nú fáum að sjá og miðað við þá skýrslu sem hér er birt. En mér finnst að það hefði átt að fylgjast betur með og það sé nokkuð seint í rassinn gripið og að rn. iðnaðar og fjármála, sem fara raunar með stjórn þessa fyrirtækis, hafi ekki staðið sig, en á þeirra ábyrgð er þetta verk vitaskuld unnið. Þetta er fyrri hluti niðurstöðu minnar.

Í öðru lagi tel ég að sú skýrsla, sem hér er lögð fyrir okkur, sé svo ruglingsleg að hún sé ekki brúkleg til þess að taka ákvarðanir um framhaldið. Hvort eitthvert framhald eigi að vera eða hvernig framhaldið eigi að vera? Ég held að það væri rétt, miðað við þá ábyrgð sem þingið þó ber á þessu verkefni og miðað við þá skýrslu sem við hér höfum séð, að þingið velji nefnd hæfustu manna til að gera hlutlausa úttekt á stöðunni og leggja mat á hvert sé hið skynsamlegasta framhald. Það þarf að komast að því hver hin raunverulega staða sé í fyrsta lagi og það yrði verkefni þessara manna. Það þarf að komast að niðurstöðu um hvort saltið geti haft sérstaka gæðaeiginleika eða hvort við megum vænta þess að eiginleikar þess verði svo breytilegir að stundum skemmist varan og hvernig eigi að ráða fram úr þeim tæknilegu vandamálum sem því eru samfara. Hvað skortir á um tæknilegar forsendur til þess að ná tökum á þessari saltframleiðslu? Um það þurfa að fást svör. Það þarf jafnframt að rannsaka markaðsfærsluna og í fjórða lagi athuga um aðra framleiðslu en á salti því ég held að það hafi alveg verið ljóst þegar ákvörðun var tekin á sínum tíma að engum datt í hug að saltframleiðslan ein væri sérstaklega spennandi í þessu verkefni, heldur ýmis annar efnaiðnaður.

Mín niðurstaða er sem sagt sú að ekki er hægt að halda áfram í óbreyttu fari, en það sem hér er fyrir lagt er ekki brúklegt til ákvarðana um framhaldið. Það er rökrétt afleiðing af því að þingið velji hæfustu menn til að gera hlutlausa úttekt á stöðunni, menn sem hafa vit á hinum tæknilega þætti og hinum markaðslega þætti.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Skýrsla sú sem hér er til umræðu um Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi er allmikið gagn að blaðsíðutali, en innihaldið er ekki að sama skapi skýrt eða ljóst, hvað þá þær niðurstöður sem hæstv. ráðh. dregur af þeim gögnum sem fylgja með áliti hans og mun ég koma að því á eftir. Ég vil aðeins rifja upp að lög um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, sem samþykkt voru hér á Alþingi 22. maí 1981, leggja málefni Sjóefnavinnslunnar undir iðnrh., en fjmrh. skipar fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi ásamt iðnrh. að jöfnu og fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi, nema fulltrúar ríkisins sem skulu skipaðir af iðnrh. og fjmrh. að jöfnu svo og varamenn þeirra. Hins vegar skipar iðnrh. formann stjórnar verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu, eins og raun varð á.

Hér er því um að ræða fyrirtæki sem heyrir undir tvö rn. hvað snertir stjórn þó að iðnrh. beri eðlilega meiri ábyrgð og fari með málefni fyrirtækisins skv. lögunum. Þá er ástæða til að rifja upp að þegar lögin voru samþykkt fylgdu þeim ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonna afköst fyrr en Alþingi hefur heimilað byggingarframkvæmdir með þál. Þó er heimilt að ljúka hönnun, bora gufuholu og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu."

Ég held að það hefði verið hollt fyrir alla, sem um þetta mál hafa fjallað að undanförnu, að hafa þetta ákvæði til bráðabirgða í huga þegar t. d. Iðntæknistofnun að beiðni iðnrn. fer í að taka saman skýrslu um þetta mál, og ég fæ ekki betur séð en sjálfur ráðh. hafi gleymt þessum þýðingarmikla þætti málsins að nokkru þegar hann setti saman svör í framkominni skýrslu. Raunar hóf ráðh. umr. um þetta mál ekki hér á Alþingi, heldur á síðum Morgunblaðsins og ég tel ástæðu til þess hér að rifja upp upphaf að skýrslunni sem þar kom fram, með leyfi forseta. En í Morgunblaðinu þann 3. febr. segir hæstv. iðnrh. í viðtali undir fyrirsögninni „Þessari orkuveislu er lokið" eftirfarandi:

„Um Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi get ég verið fáorður. Þar átti íslenska hugvitið að fá að blómstra sem Alþb. talaði sem mest um, innlent frumkvæði, innlent hugvit. Þar standa menn nú upp fyrir haus í botnlausum skuldum, 300 millj. kr., allt í erlendum skuldum sem ríkið er í fullri ábyrgð fyrir og breytilegur framleiðslu-

kostnaður á salttonni nærri tvöfaldur á við það sem spænska saltið er boðið á hér. Að auki er glatað 100 millj. kr. eigið fé. Ég beini huga mínum að hinni miklu orku sem þarna er fyrir hendi í einni öflugustu holu sem boruð hefur verið, að því mér er tjáð, kannske upp á ein 25 megawött. Ég hef í huga að holan verði rannsökuð, en síðan ætla ég að bjóða fiskiræktarmönnum að gjöra svo vel að ganga í þann orkusjóð sem holan er. Þeir fái selda orku þar á mjög vægu verði og það verði framlag ríkisins til að herða stórlega á fiskirækt, sem er meginmál á landi hér." — Lokað er hermimerkjum svo notað sé orðalag hæstv. ráðh. í Morgunblaðinu, á eftir þessari frásögn sem virðist orðrétt eftir honum höfð. (**Gripið fram í:** Búið?)

Ég vil þá víkja að efni skýrslunnar, að svari hæstv. ráðh. Þar kemur fram í fyrsta lagi að tæknilegar forsendur varðandi Sjóefnavinnsluna séu verulega breyttar og kostnaður við 8 þús. tonna áfangann hafi orðið mun meiri en áætlað var í upphafi. Þetta eru þeir þættir sem væntanlega hafa valdið mestu um það hvernig áætlanir um þennan áfanga, þann eina áfanga sem Alþingi hafði heimilað, hafa hækkað um allt að 80% og fyrirtækið stendur eins og er ekki undir breytilegum kostnaði. En við skulum einnig hafa það í huga að þessum 8 þús. tonna áfanga er ekki lokið, og þó að framleiddur sé þarna drjúgur hluti af því salti sem ætlað var að framleiða í 8 þús. tonna áfanganum skortir nokkuð á að þessum áfanga sé lokið, eins og raunar kemur fram í þessari skýrslu, og þyrfti að koma til að mati ráðh. um 50 millj. kr. framlag til fyrirtækisins á þessu ári til viðbótar við um 35 millj. kr. í afborgarnir og vexti sem falla á fyrirtækið á árinu. Það er erfitt að leggja endanlegt mat á stöðu fyrirtækis sem þannig er háttað með að framleiðslan er ekki komin í fullan gang miðað við þann áfanga sem um er að ræða. Á þessu vil ég vekja alveg sérstaka athygli.

Varðandi skýrslu Sjóefnavinnslunnar hf. og það atriði að ekki liggi fyrir tillögur frá stjórninni, eins og ráðh. gat um sérstaklega, en annað mátti skilja af texta svarsins þá er þó hér að finna sérstakt fylgiskjal frá Sjóefnavinnslunni og yfirlit, sem ég hygg að frá henni sé runnið, ásamt niðurstöðum þar sem ekki virðist vera um ágreining að ræða. En ýmislegt af því sem þar kemur fram og þær ályktanir sem draga má af niðurstöðum í skýrslu stjórnarinnar er á annan veg en þær ályktanir sem hæstv. ráðh. dregur í þessu máli.

Niðurstaða hæstv. ráðh. er sú, eins og menn hafa heyrt og fram kom í Morgunblaðinu á sínum tíma, að hann hyggst hætta þátttöku ríkisins í rekstri þessa fyrirtækis. Það stendur hér í hans svari. En hins vegar voru allóljós þau lokaorð sem hann bætti við um það að lokaákvarðanir hafi ekki verið teknar um þetta mál af öllum þar til bærum aðilum. Ég held að við hljótum að inna hæstv. ráðh. eftir því hvaða aðilar það eru sem hann er hér um að tala og hvaða álit hefur komið fram frá þessum aðilum. Getur hann dregið einhverjar ályktanir af því sem fram hefur komið hjá þeim aðilum sem hann ætlar að láta fjalla um þetta mál, ef ég hef skilið orð hans rétt, áður en lokaákvarðanir eru teknar? Er niðurstaða ráðh., prentuð hér í svari hans, ekki lokasvar af hans hálfu? Hverjir eru það sem hugsanlega breyta þeirri niðurstöðu? Ég vænti þess að ráðh. geri skilmerkilega grein fyrir því því það hlýtur að vera meginmál hér í umr. um þetta að við áttum okkur á því hver verður framvindan í þessu máli. Hefur hæstv. ráðh. skellt hurðum endanlega með þeim hætti sem fram kom í Morgunblaðinu þann 3. febrúar og prentað er hér í svari hans eða ætlar hann að endurskoða þessa afstöðu sína?

Í svari ráðh. undir tölul. 1 er fjallað um söluhorfur og síðan um einn þáttinn af öðrum, aukaafurðir, fjármögnun og arðsemi, hlutafé og stærð fjárfestingar og síðan dregnar niðurstöður af þessu. Ég fæ ekki betur séð en ráðh. sé í svari sínu, öðrum þræði a. m. k., að draga ályktanir af hugsanlegum 40 þús. tonna áfanga, þ. e. þeirri stærð verksmiðju sem heimildir voru veittar til, en þó með þeim skýra fyrirvara að Alþingi þyrfti að taka sjálfstæða afstöðu til málsins. Er ráðh. undir tölul. 1—5 að fjalla um 8 þús. tonna áfangann sem er það verkefni sem að er unnið og við hljótum hér að ræða fyrst og fremst? Það er ekki verkefnið að velta nú vöngum yfir því hvaða stærð af verksmiðju væri hugsanlegt að reisa með sæmilegri vissu um arðsemi eftir að fengin er niðurstaða úr þeim tilraunum sem ætlað var að leiða til lykta með afurðum þessa 8 þús. tonna áfanga. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. veiti okkur afdráttarlaus svör um það: Í hvaða tilvikum er hann að tala um 8 þús. tonna áfanga og að hve miklu leyti er hann að ræða um 40 þús. tonna áfanga í svari sínu? Það er grundvallaratriði að ráðh. geri okkur grein fyrir þessu. Það kemur að vísu berlega fram að í vissum tilvikum er hann að tala um 40 þús. tonna áfanga, það stendur í svarinu. En ég spyr ráðh.: Hvers vegna er hann að eyða svo miklu púðri á hugsanlega 40 þús. tonna verksmiðju sem taka verður alveg sjálfstætt á að loknum tilraunum á grundvelli þeirrar framleiðslu sem fæst úr þeim áfanga sem er langt kominn, tilraunum sem auðvitað verða ekki til lykta leiddar ef rekstri fyrirtækisins verður hætt, þá eru menn að kasta þessu fjármagni á glæ sem komið er í efnavinnsluþáttinn? Það er það sem ráðh. virðist hafa í huga, en dregur þó seiminn að lokum og ég skil það vel að hann sé farinn að hugsa sitt ráð kannske aðeins betur en þegar hann talaði innan hermimerkja inn í Morgunblaðið 3. febrúar.

Ég læt nægja varðandi svar ráðh. þessar fsp. sem ég hef borið fram þar að lútandi, en ég ætla að vekja athygli á þeim gögnum sem ráðh. virðist byggja svar sitt á. Þar er alveg sérstaklega skýrsla Iðntæknistofnunar Íslands sem er hér birt sem fskj. I og tímasett í september 1984. Hún er satt að segja allmerkileg afurð, þessi skýrsla frá Iðntæknistofnun. Það er greinilegt að rn. hefur falið Iðntæknistofnun það verkefni, ekki að leggja mat á þann byggingaráfanga og þann tilraunarekstur sem Alþingi hafði tekið ákvörðun um og heimilað heldur fyrst og fremst að velta vöngum yfir hugsanlegri 40 þús. tonna verksmiðju.

Fjölmargt í skýrslu Iðntæknistofnunar er með þeim hætti að ég hefði ekki viljað standa að slíku plaggi. Það var mjög að vonum að þessi skýrsla Iðntæknistofnunar fékk mjög harða gagnrýni á aðalfundi Sjóefnavinnslunnar hf. s. l. haust þar sem hún var kynnt. (**Iðnrh.:** Frá hverjum?) Alveg sérstaklega frá stjórnarmanni tilnefndum af fjmrh., Höskuldi Jónssyni ráðuneytisstjóra í fjmrn. (**Iðnrh.:** Var það já?) Svo vill til, hæstv. iðnrh., að ég gæti vitnað til þessarar ræðu ef óskað væri og það er kannske ástæða til að rifja upp einhverja þætti úr henni í þessu samhengi. Ég get tekið undir margt af

þeirri gagnrýni sem þar kom fram og alveg sérstaklega um það kjarnaatriði að rn. og Iðntæknistofnun, væntanlega að fyrirmælum rn., skuli vera að eyða slíku púðri á verksmiðju af 40 þús. tonna stærð eða 26 þús. tonna stærð sem ekkert liggur fyrir um að reist verði og sem ekki er tímabært að fara að leggja fyrir Alþingi eitt eða neitt um því það vantar niðurstöðurnar úr þeim tilraunum sem fást skyldu af þeim áfanga sem hæstv. ráðh. ætlar sér að stöðva ef hann fær ráðið, ef mark er takandi á prentuðum orðum sem hann hefur sett í þessa skýrslu.

Í skýrslu Iðntæknistofnunar er að vísu vikið að 8 þús. tonna áfanganum hér og þar, en í graut við umsögn um 40 þús. tonna áfanga. Þar er að finna t. d. ábendingar eins og varðandi fjármögnun fyrirtækisins og alveg sérstaklega verið að finna að því að fyrirtækið sé fjármagnað með lánum. Það er út af fyrir sig matsatriði eigenda hvenær þannig er staðið að verki. En svo segir neðst á bls. 5 í skýrslu Iðntæknistofnunar:

„Afurðir þær sem rætt hefur verið um að framleiða úr jarðsjó á Reykjanesi eru flestar mjög ódýrar á almennum markaði. Arðsemi framleiðslu slíkra afurða er ávallt mjög háð stofnkostnaði framkvæmda. Torskilið er hvers vegna aðaleigandi fyrirtækisins hefur ákveðið að fjármagna framkvæmdir að jafnmiklu leyti og raun ber vitni með erlendu lánsfé. Þessi gáta verður enn erfiðari viðfangs þegar litið er til þess að 8000 t áfanginn er tilraunaframleiðsla sem eðli málsins samkvæmt hefði getað leitt til neikvæðrar niðurstöðu, annars hefði ekki verið ástæða til að leggja út í tilraunina.“ Þetta er nú speki, sem þarna er sett á blað, eða hitt þó heldur í sambandi við það að ekki væri ástæða til að leggja út í tilraunina ef ekki væri um tilraunaframleiðslu að ræða.

Í skýrslu Iðntæknistofnunar segir einnig á bls. 6:

„Forráðamenn SEV hafa lagt þunga áherslu á hreinleika og gæði Reykjanessaltsins og samkeppnishæfni þess þar af leiðandi. Þessi gæði eru talin munu skila hærra verði í sölu saltaðra sjávarafurða en nú þekkjast. Fáir, er rætt hefur verið við, bera brigður á hreinleika Reykjanessaltsins. Sérfræðingar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins telja saltið mjög gott. Lítil kristalstærð og styrkleiki hefur valdið nokkrum erfiðleikum, en nú er talið að þau vandamál hafi verið leyst.“

Þarna er þó tekið með jákvæðum hætti undir það fyrirtæki sem um er að ræða, þannig að ekki er allt neikvætt sem fram kemur í skýrslu Iðntæknistofnunar.

Einn er sá þáttur sem er kannske alveg sérstaklega merkilegur í sambandi við þessa skýrslugerð Iðntæknistofnunar. Hann er sá hvernig þar er aðgreindur annars vegar efnavinnsluþátturinn og hins vegar orkuvinnsluþátturinn. Það er sérstaklega að því fundið að litið skuli á þessi mál í samhengi. Ég verð að segja að það er undarlegt að þeir aðilar, sem til hafa verið kvaddir og í það settir af Iðntæknistofnun að semja þessa skýrslu fyrir rn., skuli ekki átta sig á því að undirstaðan undir skoðun þessa máls og þeim tilraunarekstri sem ákveðið var að leggja þarna í var að sjálfsögðu sú orka sem gert var ráð fyrir að fáanleg væri á Reykjanesi. Undirstöðuþáttur þessa máls er varmaorkan á Reykjanesi, en í skýrslu Iðntæknistofnunar er sérstaklega talin ástæða til að greina á milli þessara þátta og það virðist vera sem ráðh. sé einmitt að hlaupa inn á það sporið, sbr. þau ummæli sem ég vitnaði til eftir honum úr viðtali frá 3. febrúar. Skýrsla Iðntæknistofnunar fjallar sem sagt að verulegu leyti um byggingaráfanga sem ekki er á dagskrá. Það hefði verið fengur að því að stofnunin hefði farið alveg sérstaklega og fyrst og fremst ofan í þann byggingaráfanga sem heimild er fyrir samkv. samþykkt Alþingis og rekstraráætlanir verið gerðar um hann miðað við núverandi forsendur. En af Iðntæknistofnun eru settar fram tvær tillögur undir tölul. 9 á bls. 8.

Tveir meginkostir, segir þar, koma til álita um framtíð Sjóefnavinnslunnar. „Fyrri og einfaldari kosturinn er að leggja á hilluna öll áform um uppbyggingu efnavinnslu SEV um fyrirsjáanlega framtíð, leggja í staðinn áherslu á sölu þeirrar orku sem fyrir er á svæðinu og uppbyggingu ýmiss konar iðnaðar er nýtt gæti orkuna, þar á meðal t. d. fiskeldi. Til álita gæti komið að ríkissjóður yfirtæki áhvílandi skuldir fyrirtækisins um tíma og yfirfærði þær síðan, ef arðsemi orkusölu SEV yrði slík, að endurgreiðsla lána kæmi til greina.

Samvinna um orkusölu við Hitaveitu Suðurnesja gæti komið til álita. Stjórn fyrirtækisins þyrfti að vera skipuð í samræmi við markmið sem eigendur setja sér með rekstrinum.“

Þetta er fyrri kosturinn og þetta er sá kostur sem hæstv. ráðh. virðist vera að taka með sínum ákvörðunum.

Síðari kostinum sem Iðntæknistofnun bendir á er þannig lýst, og tek ég þar aðeins upphafið:

„Síðari kostinum og án efa mun erfiðari er lýst í eftirfarandi tillögum. Ljóst er, að eftir miklu getur verið að sækjast fyrir þjóðarbúið í heild, ef notkun úrvalssalts getur aukið verðmæti útfluttra, saltaðra sjávarafurða, þó ekki væri nema um nokkur prósent. Saltverðið vegur aðeins 2—3% í framleiðslukostnaði saltfisks.

Rétt og skylt er að vekja athygli á að þessi kostur krefst verulegs áhættufjármagns eigenda fyrirtækisins.“

Í síðari kostinum sem Iðntæknistofnun bendir á er að finna grundvallarástæðuna fyrir því að rétt og réttlætanlegt var talið að fara út í þennan 8 þús. tonna áfanga. En úr hagkvæmni þessa verður ekki skorið nema með tilraunum með afurðir Sjóefnavinnslunnar. Ef á að hætta rekstrinum nú verður þessum tilraunum að sjálfsögðu ekki fram haldið. Og eins og fram kemur í fskj. II, sem komið er frá Sjóefnavinnslunni hf. eða stjórn hennar, er þar að finna mjög jákvæðar vísbendingar í sambandi við notagildi saltsins, í sambandi við verkun saltfisks, möguleika sem þar virðast vera fyrir hendi, að þar sem eftir er að þróa markaðinn, en ekki síst í sambandi við söltun síldar, sem þegar er nokkur reynsla af fengin, og mér er kunnugt um það að síldarútvegsnefnd mun nú standa fyrir samanburðartilraunum með þessa afurð til að fá skorið úr um hvort ekki megi bæta gæði saltsíldar verulega, m. a. miðað við þær kröfur sem gerðar eru á Rússlandsmarkaði, með salti frá Sjóefnavinnslunni hf. Ég spyr hæstv. ráðh.: Er honum kunnugt um slíkar athuganir á vegum síldarútvegsnefndar og vill hann upplýsa Alþingi um þær í tengslum við þetta mál?

Ég tel að nú sé ekki rétti tíminn til að taka ákvarðanir um að hætta þessum tilraunarekstri og get ég fært mörg rök fyrir þeirri skoðun. Það var auðvitað álitamál á sínum tíma hvort upp skyldi lagt, en niðurstaðan varð sú sem lögin um Sjóefnavinnsluna bera vitni um. En að fara að loka á þessa tilraun nú, rétt um það bil sem farið er að láta reyna á þá þætti sem tilraunarekstrinum og framleiðslu í þessari 8 þús. tonna verksmiðju var ætlað

að skera úr um, það virðist mér vera sá tími sem síst skyldi. Ráðh. hefði kannske, ef hann hefði verið búinn að móta sér skoðanir fyrir einu ári eða svo, getað fært skýrari rök fyrir því að skynsamlegt væri að hætta uppbyggingu þarna áður en meira fjármagn væri í hana komið, en ekki er rétt að hætta við þennan rekstur einmitt um það leyti þegar reynir á hvað er þjóðhagslega hægt að hafa upp úr þessari framleiðslu í sambandi við verkun á útflutningsafurðum. Það er ekki bara fiskur. Mér er tjáð að tilraunir séu í gangi varðandi söltun á gærum sem hafi gefið mjög góða raun.

Þá kem ég að öðrum þætti sem lesa má út úr svari ráðh. Það er að taka þann þátt sem er einn gildasti liðurinn undir hugsanlegri hagkvæmni þessa fyrirtækis, þ. e. orkuþátturinn, út úr því það liggur í augum uppi að 25 megawatta borhola er mikils virði, og eins og hann sagði í umræddu viðtali vill hann bjóða fiskiræktarmönnum að gjöra svo vel og ganga í þann orkusjóð sem holan er. Og hverjir eru nú þeir fiskiræktarmenn sem hæstv. ráðh. ætlar að lofa að ganga í þennan orkusjóð? Við lásum um það í Morgunblaðinu ég hygg einmitt sama daginn og viðtalið var við ráðh. þann 3. febrúar. Þar er sagt frá aðalfundi fiskeldisfyrirtækisins Ísnó og að í lok janúar hafi verið undirritað samkomulag milli Ísnó o. fl. og iðnrn. vegna Sjóefnavinnslunnar um könnun á 5 þús. tonna laxeldisstöð við Kistu á Reykjanesi.

Ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. upplýsi Alþingi um þann samning sem þarna hefur verið gerður og hvort eitthvert samhengi sé á milli þeirra ákvarðana sem hann var að kynna þann sama dag í Morgunblaðinu og þessa samnings. Hvert er innihald þessa samnings? Eru þarna fiskeldisfyrirtæki á ferðinni sem á að bjóða að ganga í þann orkusjóð sem holan er? Eftir því sem ég best veit er stjórnarformaður Ísnó hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Var ráðh. ljóst, þegar þessi samningur við Ísnó var gerður í janúarmánuði, hvað stendur í 7. gr. í leigusamningi Sjóefnavinnslunnar sem ríkissjóður er eigandi að að yfirgnæfandi meiri hluta? Þetta er samningur ríkissjóðs og sveitarfélaga á Suðurnesjum um jarðhitaréttinn og þar segir í 7. gr.:

„Verði rekstri verksmiðjunnar hætt fyrir fullt og allt á samningstímabilinu er samningurinn allur úr gildi fallinn."

Í þetta er raunar vísað í fskj. með svari ráðh. Þar kemur þetta fram.

Var ráðh. ljóst, þegar hann var að gera samninginn við Ísnó o. fl., að iðnrn. hafði sýnilega enga heimild til að gera hvort tveggja í senn að hætta rekstri Sjóefnavinnslunnar og ráðstafa orkunni úr borholunni sem fyrirtækið hefur fjárfest í og er ¼ hluti af þeim fjárfestingarkostnaði sem kominn er í fyrirtækið? Það er von að bæjarstjórn Keflavíkur ályktí um þetta mál eins og kynnt er í blaðinu Víkurfréttum 21. febrúar. Segir þar í lok ályktunar sem efnislega er hvatning til þm. kjördæmisins að fylgjast grannt með þessu máli varðandi Sjóefnavinnsluna:

„Á það skal bent að sveitarfélögin á Suðurnesjum og ríkissjóður eru eigendur jarðhitaréttinda á Reykjanesi að jöfnu."

Samkv. leigusamningi er sem sagt samningur Sjóefnavinnslunnar sem ríkisfyrirtækis úr gildi fallinn verði rekstri verksmiðjunnar hætt á samningstímabilinu, en það er til ársins 2007 samkv. samningnum.

Vegna þess hvað hæstv. ráðh. er neikvæður í heild út í þessa tilraun, sem þarna er unnið að á Reykjanesi, og talar af mikilli fyrirlitningu um innlent frumkvæði og innlent hugvit og áhuga Alþb. á slíkum þáttum, þá vil ég benda hæstv. ráðh. á að horfa aðeins betur fram fyrir tærnar á sér áður en hann tekur fleiri ákvarðanir í þessu máli, áður en hann hefur uppi fleiri stór orð um þetta mál eins og hann hefur gert. Ég vil benda honum á umsögn, sem kom fram á ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins frá framkvæmdastjóra þess, um horfur á fiskeldismálum á Íslandi, aðvörunarorð mælt af Vilhjálmi Lúðvíkssyni framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs á aðalfundi fyrir skemmstu. Það vill svo til að þessi framsöguræða hans er prentuð í Morgunblaðinu í dag, þannig að menn geta kynnt sér textann þar. Ég leyfi mér að vitna hér í örstuttan kafla og ég geri ráð fyrir að ráðh. leggi við hlustir. Vilhjálmur Lúðvíksson segir:

„Ég óttast að á næsta leiti sé alda fjárfestinga í fiskeldi sem að miklu leyti verði byggð á sandi því þeir þættir, sem arðsamt mat fiskeldi þarf að byggjast á hér á landi, eru enn að miklu leyti órannsakaðir og hvergi hefur enn þá verið sýnt fram á hvernig reka eigi fiskeldi í heild frá klaki til markaðar, þannig að rekstraröryggi verði tryggt. Sú stýring á vaxtarferli laxins með aðstoð jarðhita, sem hér er reiknað með, er flókið og mjög vandasamt mál."

(**Iðnrh.:** Hver skrifar þetta?) Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Sömu viðhorf komu fram hjá nær öllum sem töluðu á sérstakri ráðstefnu sem Líffræðifélag Íslands hélt fyrir rúmum hálfum mánuði varðandi fiskeldi. Við skulum því átta okkur á að framleiðslumöguleikarnir hér á Íslandi, byggðir á okkar auðlindum og hugviti, verða ekki upp gripnir með einhverjum hókus pókus-aðferðum og með yfirlýsingum einum saman. Það er víða óvissan einnig í greinum sem margir líta eðlilega vonaraugum til sem hugsanlegs vaxtarbrodds í okkar atvinnurekstri, sem hæstv. ráðh. telur meginmál hér á landi og ætlar að bjóða fiskræktarmönnum að ganga gegn vægu gjaldi í þann orkusjóð sem holan á Reykjanesi er.

Hæstv. ráðh. talaði um að ein meginástæðan fyrir því að hann ætlaði að láta ríkið hætta þátttöku í Sjóefnavinnslunni væri sú að hann vildi ekki mismuna aðilum. Það segir hér orðrétt á bls. 2:

„Áframhaldandi fjárveitingar og lántökur ríkisins til þessa verkefnis fælu í sér mismunun gagnvart öðrum aðilum í landinu sem vinna að rannsókna- og þróunarstarfi við knappan kost."

Þetta er ein meginforsendan og hann hnykkti sérstaklega á þessu í ræðu sinni áðan. En hvað er hæstv. ráðh. að gera þegar hann er að hampa 25 megawatta holunni í eigu Sjóefnavinnslunnar hf. sem hann ætlar að bjóða fiskræktarmönnum að ganga í gegn vægu gjaldi? Er hann ekki með þeirri fyrirætlan, ef hún yrði að raunveruleika, að mismuna aðilum? Og kannske er þetta byrjað allt samkv. samningi við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson. Í hvaða aðstöðu er hann að setja Hitaveitu Suðurnesja með slíkri ráðgjöf, sem stendur frammi fyrir því verkefni að semja við fjölmarga aðila sem eru að leita eftir orkukaupum vegna fiskeldis á Suðurnesjum? Ég vænti þess að ráðh. geri rækilega grein fyrir því hvort þarna sé samkvæmni í orðum og athöfnum, annars vegar varðandi Sjóefnavinnsluna, hins vegar varðandi þá aðila sem hann ætlar að hygla með því að segja:

Gerið svo vel, 25 megawött.

Það væri freistandi, herra forseti, að benda á fleiri veikleika í þessu máli. Þeir eru svo geysilega margir eins og málið er lagt upp af ráðh. og ekki aðeins hvernig að verki er staðið, sem er auðvitað mjög gagnrýni vert, hvernig ráðh. hleypur fram á völlinn með yfirlýsingar og stóryrði í Morgunblaðinu áður en hann hefur veitt umbeðið svar hér á Alþingi. Hann gekk jafnvel fram hjá stjórn Sjóefnavinnslunnar sem hafði verið frá því í haust að vinna að skýrslu fyrir ráðh., að ég best veit. Stjórnin sem slík hafði ekki hugmynd um þessar yfirlýsingar, kannske þó einhverjir valdir úr stjórninni. Stjórn Sjóefnavinnslunnar hafði ekkert um slíkt heyrt. Hún var að vinna af kappi, að ég best veit, þann 3. febrúar við að ljúka við skýrslu og tillögugerð til hæstv. ráðh. Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem ein út af fyrir sig eru gagnrýni verð.

Þær ályktanir sem hæstv. ráðh. dregur af þessu og fram komu í svari hans eru með þeim hætti að menn eru í algerri óvissu um hvernig ráðh. hyggst ljúka þessu máli af sinni hálfu. Hann segir í einu orðinu að hann muni ekki leggja til að lokið verði við þennan áfanga þó það vanti þar tiltölulega lítinn hlut miðað við þann kostnað sem kominn er, en hins vegar segir hann hér á eftir að lokaákvarðanir hafi ekki verið teknar um þetta mál af öllum þar til bærum aðilum. Þetta verðum við að vita áður en Alþingi fer að taka einhverjar ákvarðanir af sinni hálfu í þessu máli.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni hér áðan, að vissulega kemur til greina og hlýtur nánast að vera skylda Alþingis að taka á þessu máli, fara ofan í saumana á því, ef ráðh. ætlar að hlaupast frá því með þeim hætti sem hann er að boða. Það er eiginlega óhjákvæmilegt og málið er það gruggugt, þegar farið er að líta á tilboð í sambandi við nýtingu á þeirri fjárfestingu sem þarna er búið að leggja í á vegum Sjóefnavinnslunnar hf., í sambandi við gufuholuna, að Alþingi ber skylda til að skoða þann þátt alveg sérstaklega.

Ég skora á hæstv. iðnrh. að fara betur yfir þetta mál áður en hann gerir alvöru úr að hlaupa frá þessu máli með jafnléttúðugum hætti og ætla mætti af þeim skýrslum sem hér eru fram komnar. Ég bind nokkra von við það að semingurinn í lok ræðu ráðh. hér áðan boði einhverja endurskoðun af hans hálfu. Ég hygg að hann sé farinn að átta sig á því að málið er ekki þess eðlis að það sé eðlilegt að hlaupa frá því með þeim hætti sem ráðh. vísar til.

Um þetta hefur margt verið sagt í fjölmiðlum á undanförnum vikum. Í Morgunblaðinu í gær var fróðleg yfirlitsgrein eftir þann mann sem hefur fylgt þessu máli eiginlega frá upphafi, Baldur Líndal, skrifuð af þekkingu á þessu máli og velvilja, upplýsandi grein.

Ég er ekki að leggja mat á einstaka þætti þessa máls. Saga þess nær aftur til 1954 eða svo og það eru um það 3000 bls. sem Iðntæknistofnun varð að fara yfir, þær ná yfir þessa áratugi. Hér er um eitthvert stærsta efnarannsóknaverkefni að ræða sem lagt hefur verið í á Íslandi. Svo ætlar ríkið bara að hlaupa frá því með þeim hætti sem ráðh. lýsir hérna.

Við skulum vænta þess að við verðum fróðari eftir að hafa heyrt svör ráðh. um þau atriði sem ég hef spurt um. Ég er reiðubúinn að stuðla að því hér að þetta mál geti fengið aðra og skynsamlegri lausn en ráðh. er að boða og ég er reiðubúinn að vinna að því hér á vegum þingsins að ofan í saumana verði farið ef nauðsynlegt er og framkvæmdavaldið og eigandi fyrirtækisins ætlar að skella hurðum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. skýrsluna um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir Sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Hæstv. ráðh. hefur talað alveg skýrt í þessu máli og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. Hann hefur sem sagt ákveðið að leggja ekki fram till. um að áfram verði haldið við 8000 tonna áfanga saltverksmiðjunnar, en til þess að þeim áfanga verði náð telur hann að þurfi að leggja fram um 50 millj. kr. til fyrirtækisins á þessu ári til viðbótar við um 35 millj. kr. sem fara í afborganir og vexti og falla munu á fyrirtækið á árinu. Þessi afstaða hæstv. ráðh. þarf ekki endilega að þýða að í þessa framkvæmd verði ekki ráðist, en telja verður þó, þar sem ríkið á um 87% í fyrirtækinu að afar litlar líkur séu á að þessi áfangi náist ef ríkisvaldið verður þar ekki þátttakandi. En það er stjórn fyrirtækisins sem framtíðarákvarðanir hvíla á. Þessi ákvörðun ráðh. byggist á ákveðnum forsendum og mér sýnist að fyrst og fremst mótist skoðanir hans af þeirri skýrslu sem Iðntæknistofnun Íslands gerði fyrir ráðh. og skilaði til hans í septembermánuði s. l.

Í ræðum hv. þm. í dag hefur margt komið fram sem ég vildi sagt hafa. Ég get því stytt mál mitt, en mun þó koma inn á suma þá þætti sem þegar hafa verið gerðir hér að umtalsefni.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um þær forsendur sem hæstv. ráðh. virðist byggja sína ákvörðun á. Þær koma fram í svarinu sem greint er frá á 1. og 2. síðu í skýrslunni á þskj. 528. Þar eru nokkur atriði sem ég kemst ekki hjá að gera aths. við.

Í upphafi svarsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphaflega var talið að auðvelt væri að vinna að uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar í áföngum."

Þetta er kannske lítilvægt atriði, en ég hef hvergi séð að það hafi verið talið auðvelt að vinna að uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar í áföngum. Hins vegar voru allir sammála um að það væri nauðsynlegt að vinna að þessari uppbyggingu í áföngum og 8 þús. tonna áfanginn var ákveðinn sem hinn fyrsti.

Síðan segir hér að tæknilegar forsendur hafi breyst verulega og kostnaður við 8 þús. tonna áfangann verði mun meiri en áætlað var í upphafi. Ég veit ekki til að tæknilegar forsendur hafi breyst sérstaklega. Menn hafa vitað um þær forsendur frá upphafi og það væri fróðlegt að fá skýringar á því hverjar þessar tæknilega breyttu forsendur eru. Þá held ég að til séu alveg augljósar skýringar á því hvers vegna kostnaður er meiri við 8 þús. tonna áfangann en áætlað var í upphafi. Skýringin er fyrst og fremst sú hversu staða dollarans hefur breyst, en lánin til verksmiðjunnar hafa verið tekin í dollurum og í öðru lagi felst skýringin í hinni gífurlegu verðbólgu sem hér hefur geisað á uppbyggingartíma verksmiðjunnar. Eitt vil ég nefna enn. Í upphaflegu áætlununum var ekki gert ráð fyrir borholu nr. 9 sem ætla má að hafi kostað um 30 millj. kr.

Einnig er talað um í svarinu að afköst úr saltpönnum séu innan við helmingur af því sem áætlað var að næðist. Þetta er beinlínis rangt. Mér er sagt — og ég hef ekki ástæðu til þess að rengja það — að afköstin séu

a. m. k. 75%. Þar munar býsna miklu frá því sem sagt er í svarinu að sé helmingur. Þessi fáu atriði, sem ég hef nefnt úr svari hæstv. ráðh., sýnist mér benda til þess að hann byggi sína ákvörðun á hæpnum forsendum.

Fleira gæti ég svo sem tínt til. Í kafla hér á eftir um söluhorfur segir í a-lið að fyrirsjáanlegt sé að innlend saltnotkun verði minni en áætlað var. Þetta er rétt og hefur verið ljóst um nokkurt skeið, enda hafa menn ekki talað um 40 þús. tonna verksmiðju eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu áætlununum. Áætlanir hafa hins vegar verið gerðar nú um 25 þús. tonna verksmiðju og um rekstur þeirrar stærðar. Þær benda til að hægt sé að reka verksmiðju af þeirri stærð án taps.

Þá segir í b-lið, að markaðshlutdeild innlends salts verði aldrei 100% eins og áætlað var vegna samkeppni frá innfluttu salti. Ég skil ekki hvers vegna er verið að setja þetta á blað vegna þess að það hefur hvergi og aldrei verið gert ráð fyrir að 100% markaðshlutdeild næðist. Í því sambandi bendi ég á rekstraráætlun sem prentuð er á bls. 23 í skýrslunni, en þar er talað um að fisk- og síldarsalt sé 23—25 þús. tonn, en markaðurinn er hins vegar talinn nema 50—60 þús. tonnum. Þetta er sem sagt um eða innan við 50% af markaðnum. Þar er einnig talað um 1000 tonna framleiðslu af fínu og milligrófu salti, en innflutningur er talinn nema nú um 1500 tonnum. Þetta nægir til að sýna að engum hefur dottið í hug 100% markaðshlutdeild.

Í c-lið er svo talað um verð á innfluttu salti, sem er viðmiðun varðandi arðsemi sjóefnavinnslu, og það hafi lækkað upp á síðkastið. Þetta er rangt. Því er alveg þveröfugt farið. Innflutt salt hefur hækkað um 12% miðað við dollar aðeins frá því að skýrsla Iðntæknistofnunar var birt í septembermánuði s. l.

Þá er hér áfram sagt varðandi aukaafurðir að þar hafi verið áætlað að sala á kalsíumklóríði og fleira mundi standa undir meira en helmingi heildartekna fyrirtækisins en sala þessara efna á erlendum markaði væri mikilli óvissu undirorpin og ekkert hafi komið fram sem dragi úr þessari óvissu um afkomu fyrirtækisins. Þetta er komið úr skýrslu Iðntæknistofnunar eins og fleira og hún mun hafa reiknað með miklu hærri flutningskostnaði á afurðunum en stjórn fyrirtækisins hefur gert. Þarna er gert ráð fyrir 9 þús. tonna framleiðslu, en markaður mun vera fyrir allt að 500 þús. tonn.

Þá segir hér enn að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir að a. m. k. 25% hlutafjárframlags kæmu frá öðrum aðilum en ríkinu. Hlutur annarra aðila sé nú aðeins um 13%, sem er rétt, en svo segir hér áfram að auk þess hafi hlutfall hlutafjár og lána fari hríðversnandi. Þetta er hins vegar ekki rétt. Þetta hlutfall hefur ætíð verið 25% og er svo enn.

Ég hef nefnt nokkra punkta úr svari hæstv. ráðh. sem virðast móta þá endanlegu skoðun hans að ekki skuli haldið áfram með 8 þús. tonna áfangann. Ég veit að þetta er ekkert sem hæstv. ráðh. er að taka upp hjá sjálfum sér. Hann byggir sitt mat fyrst og fremst á skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands sem lögð var fyrir hæstv. ráðh. í septembermánuði s. l. eins og ég áður sagði.

Það er margt athugavert við þessa skýrslu, eins og ég hef þegar drepið á. Það er t. d. afar athyglisvert, eins og hér hefur þegar komið fram í umr., hve miklu rúmi er eytt í skýrslunni í það að ræða um 40 þús. tonna áfangann. En eigendur Sjóefnavinnslunnar eða stjórn hennar hafa aldrei talið tímabært að taka það mál til alvarlegrar athugunar og stjórnin hefur fyrir löngu gert sér grein fyrir því að 40 þús. tonna verksmiðja væri of stór fyrir markaðinn sem hefur dregist saman á undanförnum árum.

Þannig segir í skýrslu Iðntæknistofnunar á einum stað að gera megi ráð fyrir að hugmyndir um að reisa 40 þús. tonna verksmiðju í einum áfanga ættu ekki nægu fylgi að fagna á Alþingi. Alveg ástæðulaust er að vera að gera ráð fyrir einu eða neinu í þessu sambandi. Það er ljóst á þskj. að 8 þús. tonna áfanginn skyldi vera byrjunaráfangi. En í umr. þingsins fór það hins vegar svo að þingið lögbatt að til stækkunar upp í 40 þús. tonnin þyrfti að fá sérstakt samþykki þingsins. Það hefur aldrei verið farið fram á að fá heimild til að stækka verksmiðjuna í 40 þús. tonn af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt og e. t. v. með réttu að það mikla fjármagn sem í verksmiðjuna hefur farið skuli allt hafa verið tekið að láni erlendis. Í skýrslu Iðntæknistofnunar segir svo:

„Torskilið er hvers vegna aðaleigandi fyrirtækisins hefur ákveðið að fjármagna framkvæmdir að jafnmiklu leyti og raun ber vitni með erlendu lánsfé."

Því er auðvitað til að svara að fyrirtækið hefur verið fjármagnað eftir ákvörðun Alþingis. Það er 25% hlutafé, en hitt er lánsfé og allar heimildir til erlendrar lántöku hafa verið veittar af Alþingi. Hins vegar gefur þetta kannske tilefni til þess að spyrja hvað það komi rekstri Sjóefnavinnslunnar við hvaðan fjármagnið er upprunnið, hvort það er upprunnið erlendis eða innanlands.

Á öðrum stað í skýrslu Iðntæknistofnunar er fjallað um orkuvinnslu og þar segir:

„Við teljum að varast verði að blanda saman hagkvæmni jarðvarmans og saltframleiðslu á Reykjanesi."

Þetta er mjög einkennileg setning og raunar illskiljanleg. Auðvitað er Sjóefnavinnslan til orðin vegna þess að menn töldu að hagkvæmt væri að virkja jarðvarma til saltframleiðslu. Sá stuðningur sem ríkissjóður hefur veitt Sjóefnavinnslunni hefur byggst á því að vonir væru bundnar við salt- og efnaframleiðslu, en ekki síður að fyrirtækið ætti öruggan bakhjarl í orkuvinnslunni. Þess vegna verður að vara við þeim hugmyndum, sem settar eru fram í margnefndri skýrslu, að skilja eigi að eignir og skuldir Sjóefnavinnslunnar og svo hugsanlegs orkufyrirtækis.

Það er einnig athyglisvert að í skýrslunni er hvergi að finna neinar hugleiðingar um að sala orku frá fyrirtækinu kunni að geta rennt stoðum undir saltvinnsluna á meðan hún er að komast út úr örðugleikunum og reyndar rennt stoðum undir rekstur fyrirtækisins síðar. Í þessari margnefndu skýrslu er talað um að breytilegur kostnaður pr. salttonn sé allt að 2800 kr. Þá er reiknað með að saltframleiðslan kaupi gufu og rafmagn af sjálfu fyrirtækinu fyrir um 800 kr. á tonn þótt búið sé að reikna allan stofnkostnað inn í dæmið áður. Slíkt stenst ekki og verður að teljast hreint rugl.

Annars er það athyglisvert í sambandi við allar umr. um þetta fyrirtæki og þá miklu fjármuni sem lagðir hafa verið í það að inn í þessu dæmi er allur kostnaður við orkuöflunina. Telja má að sá kostnaður, þ. e. bein fjárfesting í orkuvinnslu, sé um þriðjungur af því sem lagt hefur verið af fjármagni í þetta fyrirtæki. Þá er

talað um borholur og rafstöð, leiðslur og holubúnað. Þetta þýðir um það bil 160 millj. kr. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að telja þennan kostnað með vegna þess að eins og ég sagði áðan byggir þessi hugmynd um saltvinnslu á Reykjanesi á því að ódýr orka fáist. Hins vegar minnist ég þess ekki þegar talað er um kostnað við byggingu ýmissa orkufrekra fyrirtækja, svo sem eins og álverksmiðju eða kísilmálmverksmiðju svo að dæmi sé nefnt, að inn í þær áætlanir sé tekinn virkjunarkostnaður. Ég veit t. d. ekki til að það sé tekinn með hugsanlegur virkjunarkostnaður á Austurlandi eða virkjunarkostnaður við Blöndu til að hægt verði að reka kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, svo að dæmi sé tekið.

Í Morgunblaðinu í gær birtist mjög athyglisverð grein um sjóefnavinnsluna á Reykjanesi eftir Baldur Líndal efnaverkfræðing. Baldur er viðurkenndur vísindamaður og átti raunar hugmyndina að saltvinnslu á sínum tíma og hefur verið aðalhönnuður og ráðgjafi fyrirtækisins frá upphafi. Enginn ætti því að draga í efa að hann er allra manna kunnugastur þessari starfsemi, möguleikunum á saltframleiðslunni og annarri efnaframleiðslu og veit áreiðanlega betur en aðrir hvað þarf til að ljúka þeirri tilraun sem Alþingi ákvað að gera. Baldur segir m. a. í grein sinni að markaðurinn verði að fá það magn sem stefnt var að, þ. e. 8 þús. tonn, um nokkurn tíma til þess að fullreyndir verði eiginleikar og hæfni Reykjanessaltsins sem fisksalts. Þá fyrst mætti segja að kominn væri grundvöllur til að taka ákvarðanir um framtíð fyrirtækisins eins og lögin gera ráð fyrir. Þess vegna er illskiljanlegt hvers vegna skuli eiga að hætta í miðjum klíðum áður en þessum áfanga er náð.

Auðvitað hafa þegar verið gerðar umfangsmiklar prófanir á saltinu sem framleitt er. Í greininni segir Baldur að fullyrða megi að reynsla bendi til að Reykjanessaltið sé fremra venjulegu salti til verkunar saltfisks þar sem það hafi reynst gefa betri raun að flestra mati, það sé mjög gott síldarsalt og frábært gærusalt. Þetta sama kemur reyndar fram í Tæknitíðindum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, þ. e. í blaði nr. 145. Þar eru birtar ýmsar upplýsingar um kannanir sem gerðar hafa verið og samanburður á Reykjanessalti við Miðjarðarhafssalt. Þar segir m. a. að 10% meira af 1. flokks hráefni komi út sem 1. flokks saltfiskur við söltun með Reykjanessalti. Þar segir einnig að niðurstöður sýni að kalsíumklóríð, þ. e. Reykjanessalt, hafi bætandi áhrif á saltfisk skv. venjulegu fiskmati. Ahrifin séu mest við söltun á 2. flokks hráefni, en þeirra gæti þó einnig fyrir hina hráefnisflokkana.

Baldur Líndal spyr í grein sinni hvað það sé sem hafi farið svo úrskeiðis að ráðh. sjái ástæðu til þeirra orða sem hann hafi látið falla og ákvörðunar um að leggja ekki til að áfram verði haldið. Hann segir að það hafi tekið um það bil ári lengri tíma en reiknað var með að ná tæknilegum tökum á fisksaltsframleiðslunni. Að sjálfsögðu sé slíkt kostnaður sem hefði þurft að mæta, en tæplega sé þetta veigameiri þáttur en hinn óvænti árangur í gæðum sem fram er að koma. Auk þess minnir hann á hinn fágæta árangur við gufuborholu sem alkunnur er.

Baldur segir einnig að fréttin í fjölmiðlum hafi tæplega verið með þeim hætti að hinn almenni borgari geti gert sér grein fyrir stöðu Sjóefnavinnslunnar hf. í raun. Það sem á vanti að sínu mati sé þetta — og ég les orðréttan kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hinn svokallaði 8 þús. tonna áfangi er frá upphafi hugsaður sem þróunaráfangi. Stofnkostnaður hans og rekstur skyldi skoðast sem hluti fullbyggðrar verksmiðju fyrir margs konar efnavinnslu. Reiknað var með að rekstur þessa áfanga stæði undir beinum kostnaði þegar hann yrði fullbyggður, en nokkuð vantar enn á í tækjabúnaði, eins og fram hefur komið, og sum tæki bíða gangsetningar. [Þar er m. a. átt við eimana.] Á meðan svo er er til lítils að tala um að reksturinn beri sig ekki eins og gert er.

2. Margháttuð efnavinnsla hefur verið rædd og komið til álita og athugana í sambandi við Sjóefnavinnsluna. Verkefni í sambandi við þróun fisksalts hafa engu að síður yfirgnæft að sinni að því er framkvæmdir snertir.

3. Starfsemi Sjóefnavinnslunnar hf. á með réttu að geta skilað því fjármagni til baka með viðeigandi vöxtum sem í hana er lagt. En hún þarf stuðning eigenda sinna til eðlilegrar uppbyggingar. Sé hann ekki fyrir hendi er hætta á að stór hluti þess fjármagns, sem í fyrirtækið hefur verið lagt, tapist."

Síðan ræðir Baldur nokkuð um skýrslu Iðntæknistofnunar og að ætla mætti að hún skæri úr um það hvað gera skuli. Ég hef þegar farið nokkrum orðum um þessa skýrslu, en ég var ekki kominn að þeim tillögum sem þar eru lagðar fram og hér hafa reyndar verið nefndar í umræðunum þar sem talað er um tvo meginkosti sem til álita komi um framtíð Sjóefnavinnslunnar.

Fyrri og einfaldari kosturinn er að leggja á hilluna öll áform um uppbyggingu efnavinnslu Sjóefnavinnslunnar um fyrirsjáanlega framtíð og leggja í staðinn áherslu á sölu þeirrar orku sem fyrir er á svæðinu og uppbyggingu ýmiss konar iðnaðar er nýtt gæti orkuna, þar á meðal t. d. fiskeldi.

Síðari kosturinn og án efa mun erfiðari er sá að halda áfram og leggja fram það fé sem þarf til að ljúka við 8 þús. tonna áfangann.

Fyrri kosturinn þýðir í raun að striki skuli slegið yfir allt það sem búið er að gera í sjóefnavinnslu hér á landi frá upphafi og jarðhitasvæðið sem sagt tekið til annarra nota.

Baldur segir í grein sinni að ef einhver haldi að unnt sé að taka upp þráðinn seinna meir, ef hætt er nú, byggist það mat á ónógum upplýsingum. Það er hvergi hægt að framleiða salt á Íslandi svo hagkvæmt sé nema á Reykjanesi og gæta skal þess að einmitt þetta salt er upphaf og endir alls þess sem á þessum meiði getur vaxið. Sé Reykjanessvæðið tekið til annars er engu hægt að bjarga á þessu sviði, segir Baldur.

Hann segir jafnframt um þennan fyrri kost að bryddað sé á því að taka upp aðra starfsemi t. d. fiskeldi, en hann segir hér enn fremur: „En ekki þarf að sækja vatnið yfir lækinn. Sjóefnavinnsla og fiskeldi mundi fremur styrkja hvað annað. Fiskeldi þarfnast aðeins lágs hitastigs, sem getur nýst jafnt hvort sem um sjóefnavinnslu er að ræða eða ekki. En það er mjög hagkvæmt fjárhagslega fyrir tvo aðila að geta notað sama varmann hvor á eftir öðrum."

Annars eru þessar tillögur Iðntæknistofnunar um að nýta orkuna á þessu svæði til fiskeldis svo sem ekkert nýnæmi fyrir þá sem setið hafa í stjórn Sjóefnavinnslunnar á undanförnum árum vegna þess að á borðum þeirrar stjórnar hafa legið hugmyndir í þessa átt, a. m. k. þrjú s. l. ár. Stjórnin hefur rætt við marga aðila

á þessum árum um sölu orku til fiskeldis.

Það er ljóst að staðan í þessu máli öllu er mjög erfið og því ekki auðgert að taka ákvarðanir. Hæstv. iðnrh. hefur reyndar tekið sína ákvörðun, þ. e. að leggja ekki til að áfram verði haldið að sinni. Þessi ákvörðun hans, ef henni verður ekki breytt, þýðir að rekstri saltverksmiðjunnar verði hætt. Það er talið þýða að kostnaður við öryggiseftirlit á staðnum verði 6—8 millj. kr. á ári. Samanborið við það að halda áfram rekstri eins og hann er í dag er það nokkuð ódýrari leið vegna þess að tapið á árinu 1985 er talið geta numið um 10 millj. kr. Ef hins vegar yrði farið í það að ljúka við 8 þús. tonna áfanga er talið að tapið muni verða 1.5 millj. á ári, en ef verksmiðjan yrði hins vegar stækkuð í 9—10 þús. tonn er talið líklegt að staðið yrði undir breytilegum kostnaði.

Þessir eru kostirnir sem við stöndum frammi fyrir. Enginn kosturinn er góður, en þó held ég að sá kosturinn sem hæstv. iðnrh. hefur valið sé hinn hæpnasti, þ. e. að gera ekki neitt að sinni.

Ég ítreka það, sem hér hefur komið fram, að samningur er í gildi milli sveitarfélaganna á Suðurnesjum og ríkissjóðs annars vegar og hins vegar Sjóefnavinnslunnar hf. Upphaflega var þessi samningur gerður við undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, en framseldur til Sjóefnavinnslunnar eftir að hún var stofnuð með lögum frá 1981. 7. gr. þessa samnings hefur þegar verið lesin upp, en það sakar ekki að ég hnykki aðeins á því:

„Samningur þessi gildir til 31. des. 2007, en framlengist þá óbreyttur um fimm ár í senn hafi hvorugur aðili óskað eftir endurskoðun hans þegar sex mánuðir eru eftir af samningstímabilinu. Verði rekstri verksmiðjunnar hætt fyrir fullt og allt á samningstímabilinu er samningurinn allur úr gildi fallinn."

Þetta þýðir á mæltu máli að verði farið að vilja hæstv. ráðh. leggst niður starfsemi saltverksmiðjunnar og þar með er samningurinn um nýtingu orkunnar úr gildi fallinn. Það þýðir m. ö. o. að hvorki hæstv. ráðh. né stjórn Sjóefnavinnslunnar getur ráðstafað orkunni frá þeim borholum sem þarna hafa verið gerðar, til fiskeldis eða til nokkurra annarra nota. Ef nýta ætti þessa orku, sem menn hljóta að vera sammála um, þarf að gera nýjan samning.

Þessi orka er í sameign ríkisins og sveitarfélaganna. Ríkið á jörðina Stað í Grindavík, en sveitarfélögin eiga hins vegar í sameiningu landspilduna sem liggur að Staðarlandi, einmitt þá spildu sem saltverksmiðjan stendur á. Því er það svo að ríkið og sveitarfélögin eiga í sameiningu og að jöfnu réttinn til orkuvinnslunnar á þessu svæði. Þau hafa gert samning við Sjóefnavinnsluna, eins og ég áðan rakti, en tekið er skýrt fram í þeim samningi að verði rekstri verksmiðjunnar hætt fyrir fullt og allt sé samningurinn úr gildi fallinn.

Þar sem ríkið á 87% í þessu fyrirtæki og hæstv. ráðh. hefur tekið sína ákvörðun um að leggja ekki til að haldið verði þarna áfram er eðlilegt að menn ræði á þessum vettvangi hvað gera skuli þótt þarna sé um að ræða hlutafélag þar sem stjórn félagsins á að taka ákvarðanir. Eðlilegt er að hér á Alþingi sé þetta rætt vegna þessarar miklu hlutdeildar ríkisins í fyrirtækinu.

Ég hef ekki á takteinum neinar beinar tillögur um það sem gera skal. En ég vil þó geta þess, þar sem ég á sæti í stjórn Hitaveitu Suðurnesja, að að beiðni stjórnar Sjóefnavinnslunnar og hæstv. iðnrh. hafa farið fram viðræður um hugsanleg kaup Hitaveitu Suðurnesja á eignum Sjóefnavinnslunnar hf. Ég tel að það komi vel til greina að hitaveitan kaupi þessar eignir. Ekki þó til þess að hitaveitan fari að reka saltverksmiðju, slíkt tel ég ekki eðlilegt heldur kaupi hitaveitan þessar eignir til þess að öðlast réttindi yfir orkunni sem þarna er. Hana er hægt að nýta á margan annan hátt en til saltvinnslu. Ef svo verður gert, eins og t. d. til raforkuvinnslu eða til fiskeldis, þá er eðlilegt að einn og sami aðilinn annist orkuöflun á þessu svæði og sá aðili verði auðvitað Hitaveita Suðurnesja sem nú er að verða allsherjar orkuöflunar- og orkudreifingarfyrirtæki fyrir öll Suðurnesin, bæði að því er varðar heitt vatn og rafmagn skv. lögum sem sett voru hér á hinu háa Alþingi á s. l. vori. (**Iðnrh.:** Af mér.) Já, fyrir forgöngu hæstv. iðnrh. og ber að þakka honum fyrir þá forgöngu. (**KJ:** Setti ekki Alþingi lögin?) Alþingi setti lögin, en hæstv. iðnrh. hafði þar forgöngu og þess ber að geta sem hann gerir vel því að það kemur fyrir.

Þetta fer þó að sjálfsögðu eftir því hvort semst um greiðslur fyrir þessar eignir Sjóefnavinnslunnar. En það ætti að vera öllum ljóst að ríkið fær aldrei til baka það sem það hefur lagt í þetta fyrirtæki ef nú verður hætt og eignirnar seldar. Eftir þeim lýsingum sem hæstv. ráðh. hefur gefið á þessu fyrirtæki og möguleikum þess til saltvinnslu fer ríkið varla að verðleggja sinn hlut mjög hátt. Hins vegar er orkan sem þarna býr og þeir fjármunir sem lagðir hafa verið í virkjun gufunnar að sjálfsögðu markaðsvara og standa fyrir sínu. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa lokakafla greinar Baldurs Líndals, greinarinnar sem ég hef vitnað nokkuð til. Lokakaflinn er þessi:

„Þessi stutta grein er skrifuð til þess að þeir sem ókunnugir eru þessum málum geti áttað sig betur á því sem þarna er til umræðu. Sér í lagi vildi ég undirstrika að hér er ekki einfaldlega teflt um saltframleiðslu og fisksöltun, heldur engu síður heila iðngrein sem er ein aðaluppistaða í efnaiðnaði hvar sem er í heiminum. Þar sem það var Alþingi Íslendinga sem lagði grunn að Sjóefnavinnslunni með setningu laga á árinu 1981 vil ég í lokin hvetja alþingismenn, vegna þeirrar neikvæðu umræðu sem nú á sér stað varðandi þetta mál, að kanna vel hvort þessa framkvæmd hefur borið svo af leið sem af er látið. Ég er þess fullviss að þetta mál hljóti farsæla lausn."

Þetta voru lokaorðin í grein Baldurs Líndals.

Það má svo vera okkur alþm. nokkurt umhugsunarefni hversu illa gengur að koma hér á fót nýjum atvinnugreinum og virðist þar einu gilda hvort ríkið á þar hlut að máli eða ekki. Víðast hvar eru reistar einhverjar girðingar, ef ekki af ríkisvaldinu sjálfu þá í banka- eða sjóðakerfinu. Meðvitað eða ómeðvitað leggja menn stein í götu þeirra sem vilja reyna eitthvað nýtt. Eigendur Sjóefnavinnslunnar munu vera um 500 einstaklingar og félög, þ. á m. félög eins og Útgerðarfélag Akureyringa, Saltsalan og SÍF. Þessi hópur er með 4% af hlutafénu, sveitarfélögin sjö á Reykjanesi með um 9% og svo ríkið með 87%. Nú hvarflar ekki að mér að hæstv. iðnrh. hafi ekki áhuga á að koma hér upp nýjum fyrirtækjum sem nýtt geta orkuna. En í þessu tilviki hefur hann mótað skoðanir sínar og tekið ákvarðanir á grundvelli skýrslu sem er ekki nægilega vel unnin. 500 einstaklingar og eigendur margra fyrirtækja og

fulltrúar sjö sveitarfélaga eru ekki spurðir álits. Þeir eru að vísu með mikinn minni hluta hlutafjár í sínum höndum. En við ákvörðun fulltrúa ríkisins kunna þeir að tapa öllu því sem þeir hafa lagt fram í þetta fyrirtæki og þeir vita ekki hvað við tekur.

Ákvörðun hæstv. iðnrh. nær aðeins til þess að gera ekki neitt um sinn, en ekki er vitað hvað við tekur. Að vísu standa nú yfir viðræður við Hitaveitu Suðurnesja, eins og ég áðan greindi frá, en á meðan ekki er komin niðurstaða í þeim viðræðum er allt í óvissu. Ég hlýt að láta í ljós þá von að úr þessu máli greiðist á farsælan hátt, ekki síst með hliðsjón af því alvarlega ástandi sem nú er að verða í atvinnumálum á Suðurnesjum.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson varpaði fram í ræðu sinni þeirri hugmynd að Alþingi kysi nefnd manna til að gera úttekt á fyrirtækinu. Mér sýnist að slíkt kæmi vel til greina, en áður en til þess kemur sýnist mér nauðsynlegt að heyra hvað stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. hefur til málanna að leggja. Og mér sýnist einnig skynsamlegt að doka við þar til niðurstaða fæst úr þeim viðræðum sem nú standa yfir milli Sjóefnavinnslunnar hf. og Hitaveitu Suðurnesja.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég ætla að leggja fram nokkrar spurningar.

Það er ljóst að staða Sjóefnavinnslunnar er afar erfið og ekki margir kostir fyrir hendi, en það virðist ljóst að ráðh. ætli að láta hætta starfsemi verksmiðjunnar. Ég er sammála því að að óbreyttu sé rétt að doka við, en ég spyr: Hvenær er þá meiningin að hætta rekstri? Það kemur fram í skýrslunni að rekstrarfé þrjóti í byrjun marsmánaðar.

Mér er kunnugt um að stjórn Sjóefnavinnslunnar hefur haldið fund um þetta mál og eindregið farið fram á að haldið verði áfram við þetta verkefni. Svo vildi til að fulltrúi fjmrn. í stjórninni greiddi því atkvæði að svo yrði farið að. Ég spyr: Er ágreiningur milli fjmrn. og iðnrn. um þessi mál?

Svo þarf að vera ljóst að mínu mati, ef haldið verður áfram, hvers virði eru þau ýmsu efni sem talað er um að hægt sé að vinna úr jarðgufunni þar syðra. Er það ljóst hvaða markaður er fyrir þau efni? Eru þau einhvers virði í raun?

Aðrir hafa gagnrýnt þessa skýrslu mjög harkalega og það harkalega að mér sýnist að ástæða væri til að endurskoða hana og gera betur úr garði. En ég vildi aðeins bera upp þessar spurningar og líka spyrja hvort iðnrn. hefur undirbúið viðræður við sveitarfélögin á Suðurnesjum um það hvernig farið yrði með hitaréttindin. Það er ljóst að sveitarfélögin eiga helming hitaréttinda þarna. Mér þykja yfirlýsingar iðnrh. ansi glannalegar þar sem hann lýsir því yfir að sjóeldisstöðvar eigi bara að ganga í þá orkulind. Auðvitað hlýtur að þurfa að ræða við sveitarfélögin um þá þætti. Ég spyr hvort það hafi verið undirbúið.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þar sem mitt nafn bar hér á góma tel ég rétt að segja örfá orð til að upplýsa a. m. k. einn hv. þm. lítið eitt um fyrirtæki það sem hann réttilega sagði að ég væri stjórnarformaður í og heitir Ísnó hf. og samskipti þess við Sjóefnavinnsluna, en hins vegar alls ekki til að reyna að hafa áhrif á einn eða neinn varðandi stöðu þess fyrirtækis sem auðvitað er mikið vandamál. — En ég verð líklega að eyða í það nokkrum mínútum að lýsa gangi mála.

Það gerðist hér árið 1979 að forustumenn í norsku fyrirtæki — og raunar því stærsta í fiskirækt á Norðurlöndum og frumkvöðli í laxarækt í Noregi komu hingað til landsins til þess að kaupa seiði af litlu fiskeldisfyrirtæki, sem ég þá var viðriðinn og er raunar enn, og þau seiðakaup voru í tvö ár. Þá kom upp sjúkdómur í Húsatóftum við Grindavík, eins og menn minnast og það var lokað fyrir flutninga á seiðum til Noregs, en það er útúrdúr. — En þegar þessir menn komu hingað var okkar fyrsta verk að sýna þeim orkuna, jarðhitann, bæði í okkar eigin stöð fyrir austan fjall, en eins var farið út á Reykjanes og aðstæður þar kannaðar. Þetta leiddi til þess að samkomulag náðist um að fá norska stórfyrirtækið Norsk Hydro til að gera frumathugun á rekstri fiskeldisstöðvar með notkun jarðvarma.

Fyrstu aðilarnir sem rætt var við voru aðstandendur Sjóefnavinnslunnar, undirbúningsfélagsins. Það var rætt við þá á árunum 1979 og aðallega á því ári og haldnir með þeim margir fundir og þeir strangir og miklir. Þessi skýrsla, sem gerð var fyrir Ísnó, kostaði á sínum tíma mikið að sjálfsögðu. Hugmyndin var þá að byggja 1000—2000 tonna verksmiðju í Kistu á Reykjanesi. Skýrslan er dagsett 7. febr. 1980.

Í framhaldi af því komu Norðmennirnir hingað til lands og höfðu þá frétt af tilraunum sem Fiskifélag Íslands hafði gert í Lónum í Kelduhverfi til að nota jarðvarma, sem þar er á botni lónanna, til þess að velgja sjóinn upp og rækta þar lax. Það var gerður um það samningur við bændur að leigja þessa aðstöðu, fyrst til fimm ára til tilraunastarfsemi en síðan til tíu ára til viðbótar ef þessar tilraunir bæru tilætlaðan árangur.

Síðan var haldinn fundur í stjórn Ísnó dagana 4.—6. ágúst s. l. Þá voru fjögur ár liðin frá því að tilraunir hófust í Lónum. Þar var gerð bókun um það að tilraununum þar væri lokið á fjórum árum í stað fimm með fullum árangri og nú væri ástæða til að fara í meiri háttar rekstur.

Athugunin sem gerð var um Reykjanesstöðina hafði raunar verið skoðuð nánar á árinu 1983 og þá reiknað með allt að 5000 tonna stöð og það sýndi sig að hagkvæmni hennar var mun meiri en 1000—2000 tonna stöðvar. Það var á þessum sama fundi ákveðið núna á s. l. sumri að taka þá skýrslu til nýrrar athugunar og mér var persónulega falið að reyna að laða saman aðila hér innanlands til að láta gera fullnaðarkönnun á slíkri stöð sem gæti kostað allt að 12 millj. kr., þ. e. bæði líffræðilegar, tæknilegar og koma stöðinni á byggingarstig, að vísu í ákveðnum þrepum.

Mitt fyrsta verk var að sjálfsögðu að ræða við stjórnvöld og sérstaklega þó Sjóefnavinnsluna sem var sá aðili sem við höfðum alltaf haft samband við. Henni var skrifað bréf — ég held ég muni rétt dagsetninguna að það hafi verið 27. ágúst — þar sem tilkynnt var að við hefðum áhuga á að taka þetta mál fastari tökum en áður. Og málið ræddi ég margsinnis við framkvæmdastjóra Sjóefnavinnslunnar, Finnboga Björnsson.

Síðan gerist það, eins og réttilega er hér upplýst af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að það tókst að laða saman þessi öfl og er þar fyrst og fremst um að ræða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og reyndar okkar fyrirtæki sem heitir Fiskirækt hf., fjárfestingarfélag um fiskirækt, en aðilar að því eru tvö frystihús, Norðurtanginn á Ísafirði og Vestmanneyingar, Ísfélag Vest-

mannaeyja, auk okkar sem áður vorum þar hluthafar.

Málið er á því stigi nú að leitað er eftir samningum um orkukaup. Það hefur verið rætt mjög mikið um fyrirkomulag á því, m. a. margoft við Jakob Björnsson orkumálastjóra og Guðmund Pálmason, hans sérfræðing. Það vissi ég raunar ekki fyrr en tiltölulega nýlega að mjög heppilegt er að keyra saman mikla raforkuvinnslu, t. d. úr þessari stóru holu, 25 megawatta holu, og fiskeldi vegna þess að það mætti þá loka holunum að sumarlagi því að orkuna þarf til rafmagnsvinnslu að vetrarlagi og líka til að hita vatnið. Það hélt ég að gengi ekki vel upp. Ég er ekki beint fróður í tæknilegum málefnum, en það segja menn mér að sé það heppilegasta að nota varmann yfir ca. 150 gráðum til raforkuvinnslu eða efnaiðnaðar, eins og Sjóefnavinnslan gerir, en nota afgangsvatnið síðan til fiskiræktar eða í einhverjum öðrum tilgangi, húshitunar náttúrlega þar sem markaður er fyrir það. Samstarf þessara tveggja fyrirtækja mundi því styrkja þau bæði. Það væri þess vegna í hag Sjóefnavinnslunni að Fiskirækt keypti afgangsorkuna, þá orku sem Sjóefnavinnslan eða efnaiðnaður eða raforkuvinnslan ekki getur hagnýtt, og það hefur alltaf verið í okkar huga.

Ég veit að það er eingöngu af því að það er upplýsingaskortur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi orðið „gruggugt". Við þetta er nákvæmlega ekkert gruggugt. Það liggur allt saman fyrir. Það er rétt að það var greint frá þessum samningi í Morgunblaðinu, að vísu mjög lauslega, en hann er ekki meira leyndarmál en það að ungur maður í Grindavík hringdi í mig núna í hádeginu — það er nú stanslaust verið að hringja út af fiskirækt — því að það var Lions-klúbbur þar að gefa út blað með fréttum af Suðurnesjum og sínu umhverfi, og ekki síst um fiskirækt, og ég las nú samninginn fyrir hann. Ég á hann heima á skrifborði hjá mér og hann er líka til hérna úti á Vesturgötu og hv. þm. og hver sem er geta fengið hann. Hann er ekkert launungarmál. Þetta er samkomulag Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Ísnó og Fiskiræktar, sem er okkar félag, Þorvalds Guðmundssonar forstjóra og Sjóefnavinnslunnar að sjálfsögðu — iðnrn. f. h. Sjóefnavinnslunnar — samkomulag þessara aðila um að greiða kostnað í þrepum af þessum rannsóknum og síðan að stofna almenningshlutafélag um reksturinn, byggingu og rekstur stöðvarinnar ef út í hann yrði farið. En það er talið að svona stöð mundi kosta eitthvað nálægt 1 milljarði kr., 5000 tonna stöð, og framleiða árlega fyrir svipaða upphæð og það væru hreinar gjaldeyristekjur nokkurn veginn. Það er nánast engin gjaldeyrisnotkun sem þarf til rekstrar slíkrar stöðvar þegar búið er að byggja hana því að fóðrið yrði að sjálfsögðu framleitt hér innanlands. Þetta liggur allt saman fyrir, opið fyrir hvern sem er og aðgangur að öllum skjölum.

Tæknikunnátta Norðmanna er komin inn í landið, við höfum hana í lónunum og höfum þar þjálfað fólk. Við höfum samvinnu við þetta fyrirtæki, Mowi, og þeir hafa sérstaka deild, sem þeir kalla Mowi engineering, sem er reiðubúin að aðstoða okkur við að koma þessari stöð upp, og hugsanlega yrðu þeir einhverjir hluthafar í henni, en það liggur ekkert fyrir um það. Þeir eru alveg óskuldbundnir og ég hef ekki heimild til að skuldbinda Ísnó eitt eða neitt annað en að leggja fram þær skýrslur og grg. sem við þegar eigum og höfum greitt fyrir.

Ég vildi upplýsa þetta hér til þess að öllum misskilningi yrði eytt þegar í stað og ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tekur þetta gott og gilt.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það var sem vænta mátti að menn eru ekki á eitt sáttir um þetta mál, enda að sjálfsögðu flókið mál og mörg álitaefni. Hv. 3. þm. Reykn. taldi þetta vonda skýrslu. En þó hjálpaði hún honum til þess að komast að réttri niðurstöðu að mínum dómi, að óbreyttu yrði ekki haldið áfram með rekstur þessarar verksmiðju. Og það er meginatriði að menn átti sig á því. Að því leyti er þetta góð skýrsla að hún hefur leitt hann á réttan veg til réttrar niðurstöðu, að mínum dómi a. m. k.

Vinnubrögð mín hafa verið gagnrýnd, þau að ég skyldi yfirlýsa um afstöðu mína áður en ég gerði Alþingi grein fyrir skoðunum mínum á málinu. Ég bið menn nú að athuga vandlega hvað þeir eiga við með slíkri gagnrýni. Hv. þm. geta ekki lokað munni ráðh. þótt þeim þóknist að biðja og óska eftir skýrslu um einhver tiltekin málefni, sem á döfinni eru, skýrslu sem e. t. v. verður ekki komið við að gefa nærri strax, að þá eigi það svo að vera að ráðh. sé fjötur um fót að upplýsa á opinberum vettvangi um persónulegar skoðanir sínar á málinu. Ég veit ekki heldur hvort það er nokkrum til góðs. Ég þykist ekki hafa sýnt Alþingi neina vanvirðingu með þessari framkomu minni og ég hef ekki sniðgengið það að neinu leyti. Ég fór ekki í launkofa með þessa afstöðu mína og ég held að hún hafi áreiðanlega orðið til þess að vekja menn ýmsa af værum blundi. Og þeim mun gagnlegri kann kannske þessi umræða um skýrsluna að vera af því sem ég hafði gefið mönnum upplýsingar um afstöðu mína áður.

Ég orðaði það svo í viðtali við Morgunblaðið að hverjum leikmanni hefði mátt vera ljóst fyrir alllöngu hvert stefndi um rekstur þessa fyrirtækis. Mér varð það ekki ljóst fyrr en 28. ágúst í hvert óefni var komið og tæplega þó þá. En þann dag flutti Iðntæknistofnun mér fyrstu skýrslu sína munnlega um þær ástæður sem henni virtist að þarna væri að finna. Ég samdi við Iðntæknistofnun um úttekt á fyrirtækinu í aprílmánuði 1984. Ég hafði ekki fjármuni til þess að ráðast í verkefnið fyrr. En auðvitað hlaut Sjóefnavinnslan að vera í því taki sem ég hafði ákveðið að öll önnur fyrirtæki, sem á vegum iðnrn. starfa, skyldu vera, að úttekt færi fram á starfrækslu fyrirtækisins. Eins og ég segi hafði ég ekki fjármuni til þess arna fyrr en á árinu 1984. Í maímánuði í fyrra mun Iðntæknistofnun hafa hafist handa og hún er tilbúin með fyrstu munnlegu skýrslu sína mér til handa 28. ágúst. Mér er sá dagur minnisstæður og man þess vegna dagatalið.

Rétt upp úr mánaðamótum ágúst/september átti ég fund með þáverandi stjórn Sjóefnavinnslunnar og gerði henni munnlega grein fyrir því að mér sýndist ég hafa fengið svarta skýrslu um stöðu Sjóefnavinnslunnar. Og ég held að ég verði ekki ásakaður um það að hafa ekki gert þeirri stjórn Sjóefnavinnslunnar fyllstu grein fyrir afstöðu minni fyrr og síðar, einnegin áður en aðalfundur var haldinn, þar sem ég skipti um fulltrúa iðnrn. í stjórn. Þetta er frá því að segja, af því að beinlínis var spurt af hv. 3. þm. Reykn. Ég leiði hjá mér að ræða það sem þeir höfðu miklar umbúðir um, hv. 3. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Austurl., um uppsetningu málsins og umbúðir. Það er til þess eins að drepa málinu á dreif, til þess að hafa eitthvað til þess að finna að, og hjá hv. 5.

þm. Austurl. greinilega í þeirri vörn sem hann kýs að vera í fyrir þetta fyrirtæki, sem ég held hann ofgeri að vísu. Ég held hann sé ekki eins sekur og honum finnst sjálfur hann vera í þessu máli. Ég minni á að það varð nokkurt samkomulagsmál um það á sínum tíma þegar lög voru samþykkt um Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi. Það kann vel að vera að hann finni sök hjá sér í því að hafa ekki áttað sig á því fyrr í hvert óefni var komið og í hvert óefni stefndi. En það er eins og hver sjái sjálfan sig í því, að skammt var tilraununum miðað þá fram, og þótt hann fengi í hendur skýrslu, sem hefði átt að geta bent honum á annað, þá er ég ekki sérstaklega að gagnrýna hann fyrir það. En þó dróst þetta að mínu viti of lengi. Og ég finn til þess að ég skyldi ekki hafa áttað mig fyrr og finn til þess að fjárveitingavaldið skyldi ekki sjá af peningum til þess að athuga þetta fyrr, því að þá hefði mátt taka fyrr í taumana.

Ég minni á ýmsan kostnað sem þarna fellur til og hlýtur að vekja undrun og gagnrýni, eins og hv. 3. þm. Reykn. ætti að vera best í færum um að dæma. Það er ýmis hönnunar- og þróunarkostnaður, tækniráðgjöfin sem veitt hefur verið, sem gerir hvorki meira né minna en um 20% af stofnkostnaðinum eða fjór- til fimmfalt það sem eðlilegt hlýtur að teljast. Þeir sem lesa upp þulurnar eftir Baldur Líndal hér hefðu gjarnan mátt ganga í skrokk á honum um það hvaða laun hann hefur þegið fyrir sína ráðgjöf og í hverju hún er fólgin, svo menn bindi sig kannske eingöngu við árið 1983, fyrir hvað hann gerði reikninga upp á 1.6 millj. kr., í hverju sú ráðgjöf er fólgin. Og þá er hægt að halda áfram að leita upplýsinga um það í hverju ráðgjöf Sigurðar V. Hallssonar efnaverkfræðings var fólgin sem gerði reikninga upp á 1.4 millj. kr. til Sjóefnavinnslunnar árið 1983. Eða Sigurðar Rúnars Guðmundssonar upp á 1100 þúsundir króna. Það fer að verða dálítið alvarlegt mál hvernig verkfræðingastóðið hagar sér í ýmsum málum sem það er fengið til að vinna að.

Eg ætla að rifja hér upp bara til þess að benda á dæmi, trjákvoðuverksmiðjuna á Húsavík. Þar fengu verkfræðingar því ráðið að unnið var að því prógrammi fyrir 8 millj. kr. Þeir höfðu að vísu, held ég, pantað ráðgjöf utan úr Finnlandi fyrir 100 þús. dollara áður en þeir áttuðu sig á því að ekki var búið að leysa það tæknivandamál hvernig átti að leiða háhitagufu, háþrýstigufu um 30 km leið frá Þeistareykjum til Húsavíkur. Fyrir 8 millj. unnu þeir og alltaf voru pósitífar niðurstöður, bæði Húsvíkingum og öðrum haldið uppi á þessu snakki, en það kostaði nokkrar þúsundir dollara að fá bandarískan verkfræðing til þess að sýna fram á það á tveimur fólíósíðum að þetta verkefni stóðst ekki. Þannig stendur maður frammi fyrir því að sérfræðingarnir, t. a. m. verkfræðingarnir í þessu falli, halda að stjórnvöldum og þeim sem með peningana og framkvæmdavaldið fara, hugmyndum sínum og koma alltaf með jákvæðar niðurstöður endalaust til þess að hafa af því verkefni og þiggja af því laun. Ég hlýt að víkja að þessu efni af sérstöku tilefni vegna þessa fyrirtækis. Og það er ekki, eins og lesið var upp eftir þessum verkfræðingi, eingöngu saltið sem þarna á að vera. Það eru stóru draumórarnir um efnavinnsluna, til þess að þeir geti haft svona aldarlanga atvinnu af því og gert reikninga að geðþótta fyrir vinnu sína.

Það er leitt að þurfa að taka þann veg til orða um fjarstadda menn. En svo verður hver að liggja sem hann hefur um sig búið. Og úr því sem hér voru þuldar upp upplýsingar endalaust eftir framkvæmdastjóra verksmiðjunnar Finnboga Björnssyni, af hv. 9. landsk. þm., þá hefði hann að ósekju getað bætt við þeim upplýsingum hvaða reikninga fyrrv. formaður Sjóefnavinnslunnar setti upp fyrir sína ráðgjöf ekstra árið 1983. Það voru 500 þús. kr., hálf milljón kr. sem formaðurinn tók fyrir sína ráðgjöf. Ég hef spurt: Í hverju var ráðgjöfin fólgin? — og ég fæ ekki svör. Í hverju var ráðgjöf Baldurs Líndals fólgin fyrir 1600 þús. kr.? Ég fæ ekkert svar. Í hverju var fólgin ráðgjöf Sigurðar V. Hallssonar fyrir 1400 þús. kr.? Ég fæ ekkert svar. Eða Sigurðar Rúnars Guðmundssonar fyrir 1100 þús. kr.? Í þessu máli er ýmislegt fleira en þeim þykir sér henta að biðja hv. þm. að sendast með inn á Alþingi í upplýsingaskyni.

Hv. 3. þm. Reykn., verkfræðingurinn Kjartan Jóhannsson komst að kórréttri niðurstöðu með aðstoð þeirrar skýrslu sem hann kallaði vonda af kjósendahræðslu og engu öðru. Hún var góð og til þess fallin að leiða hann að réttri niðurstöðu. En það þarf að finna að ýmsu til þess að láta líta svo út í eyrum Reyknesinga að menn standi í ístaðinu. Það er sárt að þurfa að vega að fyrirtæki, nýju fyrirtæki sem menn bundu vonir við. Það er mér ekki sársaukalaust og alveg sérstaklega með tilliti til þess hvernig háttar atvinnu og atvinnuhorfum á Reykjanesi, sem þyrfti að taka til sérstakrar meðferðar. Það þyrfti að stofna þingnefnd til þess að aðstoða við að ráða bót á þeim háska sem þar steðjar að í atvinnulífinu. En það gerum við ekki með því að eyða ómældu erlendu fé í gæluverkefni eins og mér virðist Sjóefnavinnslan vera.

Það vantar auðvitað flest í þetta, eins og markaðsrannsóknina, markaðssetninguna, vöruþróunina. Við höfum ekki fengið nægileg svör, en samt sem áður eru svo yfirgnæfandi rök sem mæla gegn því að þess sé nokkur mögulegur kostur að halda þessu áfram að við hljótum að staldra við. Og mín ákvörðun er óbreytt um að stöðva þetta um hríð eins fljótt og kostur er. Ég er ekki að segja að sá skynsamlegi kostur sé í byrjun apríl þegar þrýtur rekstrarfé. Hv. 5. þm. Austurl. gat sagt sér það sjálfur hvað á vantaði í ákvörðunum. Ég segi hér neðst á bls. 2 í skýrslu minni: „Núverandi staða er sú, að fyrirtækið er að stöðvast því að rekstrarfé þrýtur í mars. Ríkissjóður, sem er eigandi 87% hlutafjár og ábyrgðaraðili á öllum skuldum, verður að taka ákvörðun um hvað gera skuli.“ Ég ætla ekki að leggja til fjárfestingarfé upp á 50 millj. til þess að ljúka 8 þús. tonna áfanganum. Það ætla ég ekki að gera og því hef ég lýst yfir.

Við höfum átt í viðræðum, m. a. við Hitaveitu Suðurnesja eins og hér kom fram, um möguleika á að ráðstafa þessu fyrirtæki. Þær viðræður standa enn yfir og þess vegna er það að ég er ekki sannfærður um að það sé rétt e. t. v. að stöðva reksturinn nú í marsbyrjun. En fjmrn. segir auðvitað sitt um það.

Hv. 5. þm. Austurl., fyrrv. iðnrh., tók það fram í upphafi ræðu sinnar að þetta mál heyrði ekki undir iðnrn. eitt. Ég skildi fullvel hvað hann var að fara. Hann var að deila sök, þar sem hann finnur til að hann sé sekur um, deila sök við Ragnar Arnalds. Hann finnur til sektar og vill skipta henni svona nokkurn veginn til helminga. Ég skil það vel.

Mér var fullkunnugt um ákvæði til bráðabirgða um það að hér var aðeins á ferðinni nú með leyfi Alþingis 8

þús. tonna áfangi en ekki 40 þús. tonna sem þurfti þá að sækja samþykki fyrir síðar. Hér eru í mínu svari aðeins þrisvar tekin dæmin af því sem menn ætla að 40 þús. tonnin mundu kosta. Og hvaða máli skiptir það? Sakar það eitthvað? Ekki veldur sá er varar. Það felst a. m. k. aðvörun í því sem fram kemur um það. Hvað er aðfinnsluvert við það þó að menn vísi til þess og taki það sem dæmi hvað um væri að vera, þar sem uppi voru þessi áform, þótt það þurfi að sækja síðar leyfi til hins háa Alþingis til að ráðast í það? Ég skil nú ekki að menn þurfi að vera typpilsinna þess vegna. Það er þá bara vegna þess að þeir náttúrlega kveinka sér undan því að á þessar hugmyndir þeirra skuli vera minnst.

En þetta eru engar einkahugmyndir fyrrv. iðnrh., eins og svo gjörla má lesa út úr afgreiðslu Alþingis á sínum tíma á þessu máli, þannig að mér finnst það nú óþarfa sparðatíningur, enda var þetta mestallt sparðatíningur, gerður í því augnamiði að gagnrýna og reyna að standa í ístaðinu, en þó án þess að það skipti höfuðmáli varðandi þær niðurstöður sem menn hljóta að komast að ef þeir vilja hafa opin augun í málinu, lokaákvörðun af þar til bærum aðilum.

Hér er fjmrh. fjarstaddur. En ég tek það fram vegna fsp. hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar að ég veit ekki til þess að ágreiningur sé uppi milli fjmrn. og iðnrn. í þessu máli. Hæstv. fjmrh. tók það fram ekki alls fyrir löngu að hann væri sammála niðurstöðum iðnrn. í þessu máli. Ég byggi á þeirri yfirlýsingu. En innan stjórnar Sjóefnavinnslunnar, þar sem fulltrúi fjmrn. á sæti, tveir fulltrúar frá iðnrn. og tveir kosnir af Suðurnesjamönnum, sveitarfélögum og einstaklingum, hefur ekki ríkt eindrægni í öllu og viðhorf fulltrúa iðnrn. og fulltrúa fjmrn. ekki farið saman að öllu leyti. Mér er ekkert umhendis að upplýsa það. M. a. gat hv. 5. þm. Austurl. þess að á aðalfundi Sjóefnavinnslunnar hefði verið haldin ræða, að vísu ekki af stjórnarmanni í Sjóefnavinnslunni, það er ráðuneytisstjóri fjmrn. ekki, heldur af Höskuldi Jónssyni ráðuneytisstjóra. — Hann flutti þar ungmennafélagsræðu um þetta fóstur sitt og fékk góðar undirtektir hjá Suðurnesjamönnum, þar sem hann veittist að iðnrh. fyrir offors hans og framgang — og framkomu segi ég — við þetta fyrirtæki sem hann taldi stórlega ámælisverða.

Ég ætla ekki heldur að gera þá málsmeðferð ráðuneytisstjóra fjmrn. að umtalsefni hér. Þetta er hans ákvörðun að taka þann veg á málunum þá og ég kann ekki skýringar á því nema þær, að þeim þyki í fjmrn. að þeir hafi kannske verið fulllausir á kostunum eða útausandi á fé á liðnum árum og þess vegna þyki þeim illt við að búa að þetta skuli hafa leitt til þeirrar hörmulegu niðurstöðu sem raun ber vitni um nú. Og raunar var það svo að fjmrn. greiddi 15 millj. kr. í hlutafé eftir að ég hafði varað við frekari fjármagnsgreiðslum til þessa fyrirtækis í desember s. l. þar til frekari upplýsingar um það lægju fyrir.

Þá minntist hv. 5. þm. Austurl. á þau ummæli mín að nú þætti mér kannske tækifæri til komið að styrkja fiskeldi í landinu með því að slík fyrirtæki fengju að ganga í þann orkusjóð sem hin öfluga hola á Reykjanesi væri. Ég dreg ekkert af þessum orðum mínum aftur. Ég vil aðeins benda á að það sem stór fyrirtæki af þeirri gerð gætu nýtt er aðeins hluti af því afli sem þessi hola býr yfir, þannig að af þeim ástæðum þyrfti ekki að leggja saltvinnslu af. En ég endurtek að það blasir við mér sem miklum áhugamanni um fiskrækt og fiskeldi, sem hef álitið að þar í ættum við gífurlega möguleika, mér virðist blasa við að þar hafi hið opinbera dregið lappirnar, að ég ekki segi verið þröskuldur í vegi fyrir eðlilegum framgangi fiskræktarmála, og þess vegna væri tími til kominn, ef tök eru á og skilyrði eru þarna fyrir hendi, að ríkið hlypi undir bagga með því að veita slíkum fyrirtækjum ódýra orku fyrstu árin meðan fyrirtækjunum vex fiskur um hrygg vegna þess að ef úr rætist, eins og allt bendir til, þá má vissulega gera ráð fyrir því að þau verði í færum um að borga gott verð fyrir orkuna. En í byrjun liggur það alveg fyrir að slík fyrirtæki geta ekki borgað nema hluta af því sem beislun háhitans kostar.

Mér er fullkunnugur sá samningur sem um er rætt. Þetta hefur ekki svo lítið verið rætt í iðnrn., öll gerð þessa máls og samsetning, þar sem menn hafa unnið baki brotnu að því að reyna að finna leiðir út úr ógöngunum. Mér er alveg ljós samningurinn sem gerður var um Sjóefnavinnsluna. Ég ætla engin orð að hafa um riftun þess samnings nú. Ég þarf ekkert að minna fyrirrennara minn á það hvaða rétt landsstjórn eða ríkið getur tekið sér í þeim efnum. Ég ætla ekki að hafa uppi neinar hótanir um það. En ég vinn ekki heldur undir neinum hótunum um það að sveitarfélög á Suðurnesjum geti sett ríkinu einhverja afarkosti vegna þessa máls. Um það þarf heldur ekkert að tefla.

Það hefði farið vel á því ef samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum og orkufyrirtæki þeirra, sem Alþingi hefur gert að orkufyrirtæki fyrir allt Reykjanes og er nú þessa dagana að semja við ríkið um yfirtöku og kaup á öllum eignum RARIK á því svæði, það hefði farið vel á því ef það treysti sér til að kaupa þessa aðstöðu sem þarna er og gera sér mat úr henni eins og best gerist. Það kom fram hjá hv. 9. landsk. þm. að alls ekki yrði um saltvinnslu þar að tefla. Ég veit nú ekki af hverju vegna þess að ýmislegt í ummælum Finnboga bendir þó til að það kunni að verða arðvænlegur kostur. (**ÓE:** Ég sagði að það væri ekki eðlilegt að hitaveitan færi að reka saltvinnsluna.) Ef þetta væri arðvænlegt fyrirtæki sé ég ekkert óeðlilegt við það að samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hefðu slíka starfrækslu með höndum, síst óeðlilegra en af hálfu ríkisins. En satt best að segja er hér eitt dæmið um það að ríkið á að borga brúsann og menn gá ekki að sér í fjármálasökum, halda áfram að taka ómæld lán erlendis í þessar tilraunir, sem eru með þeim hætti að þegar ég fyrst leit á það þá var breytilegur framleiðslukostnaður á tonn af salti 2878 kr. en Eimskip og Finnbogi Kjeld eða Saltsalan buðu það á 1500 kr. tonnið. Og menn mega ekki heldur gleyma því hvað átt er við með breytilegum framleiðslukostnaði. Þá eru ekki með í dæminu þessar 360 millj. rúmar sem búið er að verja til þess arna. Og hvað hefur orðið um áhuga þeirra sem vilja halda uppi atvinnu á þessu svæði? Þeir hafa alveg brugðist í þessu dæmi og eiga nú ekki nema réttan helming þess fjármagns og hlutafjár sem í upphafi var ætlað í þeirra hlut.

Við heyrum vissulega ýmsa úrtölumenn í sambandi við fiskeldið. Ég veit raunar að ýmislegt er þar eftir órannsakað og það er sök hins opinbera fyrst og fremst. En ég legg ekki eyrun að þeim yfirlýsingum, hvort heldur það er framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins eða einhver annar, að mikil óvissa ríki um möguleika á Íslandi í sambandi við fiskeldismál. Málið í

sambandi við fiskeldi á Reykjanesi í nánd við Sjóefnavinnsluna og borholuna þar er ekkert gruggugt. Það kom enda fram að það var nákvæmlega upplýst hvað þar er á ferðinni.

Ég endurtek það að niðurstaða mín í málinu er alveg ljós. Ég mun ekki leggja til að veitt verði fjármagn til nýrra fjárfestinga í þessu fyrirtæki. Ég þarf ekkert að minna á það að ég er ekki einn um þessa ákvörðun. Það upplýsti hv. 5. þm. Austurl. Ég geri þó ráð fyrir að þetta þyki heyra undir iðnrn. með þeim hætti að ég fái þessu ráðið. Ég geri fastlega ráð fyrir því og mér kæmi allt annað á óvart. Við höfum varið tímanum til þess að reyna með öllum hætti að finna þær lausnir sem skapfellilegastar væru, en ég verð að segja það að ekki hef ég komið auga á þær aðrar en ef skynsamlega kynni að verða haldið á málum með þeim hætti að Hitaveita Suðurnesja kæmi til skjalanna. Það er það bjargbelti helst sem ég hef komið auga á. Hvenær af stöðvuninni verði er því til að svara að verði ekki um frekara rekstrarfé að tefla til fyrirtækisins, þá verður lokað á næstu dögum. En ég minni á að þótt svo verði gert þarf fyrirtækið til sín töluvert fé. Það þarf til sín að hyggju manna þó nokkurt fé vegna öryggissjónarmiða, vegna öryggisgæslu alveg sérstaklega, því að þarna er háhiti mikill á ferðinni, 6—8 millj. segir hér. En við höfum líka í huga að e. t. v. væri þess kostur að ná samningum við Hitaveitu Suðurnesja um gæslu, sem gæti þá kostað verulega minna fé, kannske helminginn af því sem þarna um ræðir. Um þetta skal ég ekki dæma.

Menn hefur lengi dreymt um að með íslensku hugviti mætti á þessum stað efna til saltframleiðslu á Íslandi. Hún byrjaði raunar í Reykjanesi við Djúp vestur sautján hundruð og eitthvað, og ætti ég nú að muna það af mínum æskuslóðum hvaða ártöl gilda um sögu saltverksmiðjunnar, Saltiðjunnar í Reykjanesi. En menn verða að vakna af þessum draumi. Sér í lagi er nauðsynlegt að hrista menn til og fá þá til ráðs ef þetta er orðið að martröð, sem mér virðist það vera.

500 einstaklingar og fyrirtæki eiga þarna hlut að máli og auðvitað er það líka erfitt að menn tapi fé sínu þó þeir séu að vísu sjálfráðir að því. Það gerir enginn það að gamni sínu að taka þann veg á málum sem ég sé mig neyddan til. En þarna er það mikið í húfi, þarna hætta menn það miklu til og þarna eru ástæður og framtíðarútlit með þeim hætti að ég hlýt að taka þessa afstöðu.

Hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason spurði nokkurra spurninga og ég hef svarað þeim. Dagsetningar get ég ekki haft uppi um hvenær lokað verði eða hætt sjálfri saltvinnslunni. Ég minnist þess að hér var vikið að gæðum saltsins af ræðumönnum. Þá er frá því að segja varðandi gæðin, af því að um þetta var spurt, að menn eru tvísaga í því efni. Fyrirsvarsmenn verksmiðjunnar hafa haldið því fram að gærur séu betri og hvítari verkaðar með þessu salti, og að saltfiskur sé það. Það fer tvennum sögum alveg um það og reynslan er ekki fengin af þessu.

Menn láta vel af síldarsöltuninni. Það hef ég heyrt og ég trúi að tilraunir fari fram um þetta. Þær voru gerðar á síðustu vertíð og þá ætti einhver niðurstaða að sjást nú, þegar sú síld telst innan tíðar vera fullverkuð sem var söltuð með þessu salti. Einn stjórnarmanna í Sjóefnavinnslunni, Björgvin skipstjóri í Grindavík, sem ég á nú að kunna föðurnafn á, álítur þetta vera gott efni til þess að salta síld. En auðvitað eru tilraunir eftir með saltið. Auðvitað eru margháttaðar tilraunir eftir. En enda þótt það reyndist jafngott eða betra að einhverju leyti en það salt sem mögulegt er að fá, þá er framleiðslukostnaðurinn samt svo ótrúlega hár, miðað við það sem þekkist á salti annars staðar í heiminum, að ekki kemur til álita að minni hyggju að verja stórkostlegum fjármunum til þess arna frekar. En ég hef ekkert um það að segja og kemur það ekkert á óvart þótt menn hafi uppi aðrar skoðanir í því efni. Hins vegar þyrftu menn, úr því sem komið er, að byggja það þá á röksemdum og þekkingu en ekki aðeins á kjördæmasjónarmiðum.

Ég svaraði til um ágreininginn milli fjmrn. og iðnrn. Hann hefur komið fram í stjórn Sjóefnavinnslunnar. En milli mín og hæstv. fjmrh. veit ég ekki til að ríki óeining um málið með vísan til þeirrar yfirlýsingar, sem hann gaf fyrir skemmstu, að hann væri mér sammála um niðurstöðu í málinu. (**Gripið fram í:** Er markaður fyrir aukaefnin?) Um markað fyrir aukaefnin er frá því að segja að markaðsmálin hafa verið lítt eða ekki rannsökuð. Menn gáfu sér það í upphafi að þetta tæki yfir alla saltsölu á Íslandi og það er ekki rétt, sem fram hefur komið, að það hafi ekki verið reiknað með þá í tilhlaupinu 100%. Það var gert svo upphaflega. En vegna aukaefnanna þá er þetta skammt á veg komið og við höfum ekki fengið niðurstöðu í því með hvaða hætti og hvort þessi framleiðsla yfirleitt tekst. Ef við ættum nóga peninga í eigin sjóðum til að gera þessar tilraunir, þá væri ég e. t. v. tilbúinn til þess að slá til, ef maður á nóg af peningum og hefur efni á að gera slíka tilraun, því að enginn veit, við vitum ekki nógu mikið enn til þess að skera úr því hvort það kynni um einhverja framtíð að heppnast að við hefðum verðmætan atvinnurekstur af þessu eða verðmæta framleiðslu. Við vitum ekki nóg til þess. En að ætla sér, eins og útlitið er núna, að slá til þess erlent fé að halda þessu áfram ómælt, það er alveg óhugsandi. Við höfum ekki efni á því. Þess vegna verðum við að stoppa um hríð þangað til við kannske með einhverjum hætti ráðum gátuna þó síðar verði.

Ég hef ekki stofnað til sérstakra viðræðna við sveitarfélögin vegna hitaréttindanna, sem um er að tefla í þeim samningi sem gerður var vegna Sjóefnavinnslunnar, fyrir utan það að við erum í stöðugum viðræðum við samtök sveitarfélaganna um Svartsengi, hitaveituna, orkufyrirtæki Suðurnesja. Og ég tel þar náttúrlega skylt skeggið hökunni að við séum a. m. k. í viðræðum um alla þætti málsins þótt þessi sérstöku ákvæði, sem gilda ef þessari vinnslu er hætt, hafi ekki verið til sérstakrar umfjöllunar þar. Enda geri ég ráð fyrir því að við mundum þá, eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason spyr um, snúa okkur beint til sveitarstjórnanna en ekki fyrirtækis á þeirra vegum eins og hitaveitunnar í Svartsengi.

Ég verð að segja það að það urðu mér mikil vonbrigði þegar ég fékk fyrstu niðurstöðurnar af rannsóknum og úttekt Iðntæknistofnunar. Iðntæknistofnun er ekkert hafin yfir gagnrýni í sínum verkum frekar en aðrir. En það er kannske fulldjúpt tekið í árinni þegar hv. 3. þm. Reykn. segir að það þurfi að stofna sérstaka þingnefnd til málsins svo að málinu komist menn sem vit hafi á. Ég dreg ekkert í efa vitsmuni þm., en ég verð að segja það að af mörgum verkum hinnar nýju Iðntæknistofnunar tel ég nú mega ráða að það sé of

djúpt tekið í árinni að telja að þeir hafi ekki vitsmuni til þess að gera athugun á verkefnum eins og þessu.

Ég tók fram einnegin, vegna þess að menn telja þessa mína skýrslu magra í sniðum, að ég væri viðbúinn að verða þingmönnum úti um alla skýrslu Iðntæknistofnunar um málið svo að ekkert verði þá undan dregið. Kynni það að skýra ýmislegt af því sem menn ella sakna í þessari skýrslu. Ég vona nú að þessi orð mín séu ítrekað til þess að taka af tvímæli um mína afstöðu til málsins. Hún er byggð á þeim upplýsingum sem ég hef fengið. Hún er byggð á langvinnum viðræðum innan rn. við þá menn sem að málefninu hafa starfað fyrir mig við Iðntæknistofnun og aðra hlutgenga menn.

Ég vil aðeins bæta því við að vitanlega eru menn reiðubúnir til þess, ef þeim verður færður heim sanninn um að þeir vaði í villu og svíma í málum, þá eru menn auðvitað viðbúnir því að taka sönsum. En ekkert það hefur komið fram í þessu máli sem gefur mér minnsta tilefni til að breyta þessari afstöðu minni: að við verðum að stöðva þetta og a. m. k. gera ráð okkar í málinu um hríð.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er sérstætt að hlusta á ræðu eins og þá sem hæstv. seinasti ræðumaður, hæstv. ráðh., hélt. Hún var undursamlegt sambland af ágætri skynsemi og argasta bulli. Það er í sjálfu sér list að haga þannig orðum sínum að annað veifið fari menn rétt og skynsamlega með hlutina, en að hinu leytinu fari þeir með tóman þvætting.

Ráðh. gerði það að umtalsefni að við ættum ekki að gera ráð fyrir því að við gætum lokað munni ráðh., en ég held að það væri stundum betra fyrir þjóðarbúið ef ráðh. hefðu vit á því að hafa munninn á sér lokaðan. Munnurinn á ráðherrunum er að verða þjóðarböl hér á Íslandi og kannske stærsta efnahagsvandamálið.

Ráðh. sagði að ég hefði gagnrýnt skýrsluna og sagt hana vonda af kjósendahræðslu. Þetta segir sá ráðh. sem stendur hér upp og iðrast yfir því að hann hafi ekki vaknað í þessu máli. Hver er minn hlutur að þessu máli? Minn hlutur að þessu máli er sá í fyrsta lagi að skera niður verksmiðjuna úr 40 þús. í 8 þús. tonn á sínum tíma. Var það af kjósendahræðslu í Reykjaneskjördæmi? Hver er minn hlutur að öðru leyti að þessu máli? Enginn annar hefur vakið máls á þessu máli og heimtað skýrslu um það hér nema ég. Ég hef haft frumkvæði að því aftur og aftur vegna þess að ég vil enga ævintýramennsku í þessu máli. Svo stendur þessi ráðh. hér upp og talar um það að ef mönnum finnst ekki skýrsla frá honum alveg frábær og dásamleg sé það bara af kjósendahræðslu. Ja, margur heldur mig sig. Ég hef aldrei vitað annað eins dómadagsbull. Fuss og svei! Ég held að hæstv. ráðh. ætti að horfa í eiginn barm og á sína fyrirgreiðslupólitík á Austurlandi áður en hann opnar munninn með svona þvættingi því að ekkert er fjær sanni í þessu máli. Þeir þm. sem hafa staðið að því hér að biðja um skýrslu til að fá að vita sannleikann í þessu máli, ekki í eingang, ekki í tvígang heldur í þrígang, eiga síst af öllu skilið svona sendingar frá hæstv. ráðh. Hann ætti að vera þakklátur fyrir að það skuli vera til menn innan þings sem vilja fá að sjá sannleikann í þessu máli.

En ég fer ekki ofan af því eitt andartak að þessi skýrsla er vond. Hún er ekki nógu vel unnin. Það er alveg greinilegt. Ef ráðh. telur þetta góða skýrslu og góð vinnubrögð býð ég ekki í það hvernig vinnubrögð hann sættir sig yfirleitt við. Hann gerir þá litlar kröfur.

Hitt var annað mál að hæstv. ráðh. gerði hér að umtalsefni mál sem ég hef líka stundum gert að umtalsefni. Það varðar þær skýrslur sem eru unnar hér og hvar úti í bæ af ýmsum sérfræðingum og kosta oft stórfé. Ég hef gagnrýnt það á opinberum vettvangi, m. a. í útvarpinu, að mér sýndist eins og niðurstöðurnar væru pantaðar fyrir fram og forsendurnar væru faldar einhvers staðar, þannig að menn gætu helst ekki áttað sig á því hvernig niðurstöðurnar væru fundnar. Það er reyndar svo með þessa skýrslu líka að forsendurnar eru ekki tíundaðar og þess vegna er hún þessu sama marki brennd. Ég hef talið og tel að þetta sé mikill ljóður á sérfræðivinnu hér á Islandi og gildir jafnt um verkfræðinga, hagfræðinga, viðskiptafræðinga og ýmsa aðra sem vinna svona skýrslur. Að því leytinu erum við ráðh. algerlega sammála. (**Gripið fram í:** Og lögfræðingurinn.) Já og lögfræðingar sjálfsagt líka. Það var ágætt að fá liðveislu í hæstv. iðnrh. varðandi þetta sjónarmið. Og þarna hafði hann sem sagt lög að mæla. Þarna fór hann með sannleikskorn. En hæstv. ráðh. verður að láta sér lærast að þola gagnrýni á þau vinnubrögð sem eru léleg og slæm.

Hæstv. ráðh. sagði að þetta mál væri flókið. Auðvitað er það flókið. En sumt af því sem kom fram í umr. verður ekki til að einfalda það. Ég á t. d. mjög erfitt með að skilja það hjá hv. samþm. mínum Ólafi G. Einarssyni að hann skuli verja það, að mér heyrðist, að það yrði að halda áfram saltvinnslunni hvað sem það kostaði og að hinu leytinu vilja að hitaveitan keypti fyrirtækið, en ekki til að stunda saltvinnslu. Þetta fæ ég ekki alveg til að ganga upp. Vonandi hef ég misskilið eitthvað hjá hv. þm., en svona kom þetta samt út. — Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. er horfinn úr salnum, en ég ætlaði að eiga við hann enn þá frekari orðastað því að hann gaf vissulega tilefni til þess. Leyfist mér, herra forseti, að doka við þangað til ráðh. birtist aftur í gættinni. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að ráðh. verði viðstaddur. Hann var hér í þessari andrá.)

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. ráðh. að hann gerði því skóna að ef þingið kysi nefnd til að fjalla um þessi mál, eins og ég gerði hér að till. minni, yrðu auðvitað grannvitrir menn í henni, þ. e. hann taldi að búið væri að leggja til alla þá vitsmuni í þetta mál sem ráð væri á og rétt væri að beita. (**Iðnrh.:** Þetta er skemmtilegur útúrsnúningur.) Þetta er ekki útsúrsnúningur vegna þess að hæstv. ráðh. talaði sérstaklega um að ekki væri líklegt að við fengjum neina nefnd út úr því sem hefði meira vit á málinu en það sem væri búið að leggja í þetta. En ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi um þetta mál. Ég tók sérstaklega fram að ég teldi að þingið ætti að kjósa nefnd hæfustu manna, sem væru hlutlausir í þessu máli, til að gera úttekt á málinu. Ég varð var við það hjá öðrum þm. að þeir tóku undir þessa till. og ég er þakklátur fyrir það. Ég vil að þetta komi fram þannig að það fari ekkert á milli mála.

Mér sýnist engu að síður af sumu því sem hæstv. ráðh. sagði að við séum í meginatriðum sammála, nefnilega um að það séu ekki rök til þess, eins og þetta mál er í pott búið, að leggja meira fé í fjárfestingar, ekki rök til að halda áfram í sama fari. En ég tel að nauðsynlegt sé að farið sé ofan í þetta mál og ýmsir þeir þættir kannaðir

og skoðaðir sem ég rakti hér í upphafsræðu minni til þess að við komumst að niðurstöðu um framhaldið. Ég get ekki skilið ráðh. öðruvísi en hann sé með sömu hugrenningar í huga þegar hann talar um að við vitum ekki nóg og að sá tími getið komið að við vitum meira. Þá erum við að hugsa þetta eftir nákvæmlega sömu brautum. Og það er auðvitað ánægjuefni.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, herra forseti. En ég ítreka þá till. sem ég hef hér gert um það hvert verði framhald þessa máls. Ég held að menn ættu að ræða það í sinn hóp hvort menn telji það ekki farsælast í þessum efnum til þess að ná betri tökum á þessu máli og í ljósi þess hversu vond sú skýrsla er sem menn hafa hér fengið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eftir ræðu hæstv. iðnrh. hér áðan tel ég það liggja skýrar fyrir en eftir fyrri ræðu hans að ákvörðun hans um að stöðva rekstur Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi er endanleg. Ráðh. skýrði nánar hvað hann hefði átt við í lok ræðu sinnar áðan. Hann sagði að það væri ríkissjóðs að taka ákvarðanir um það nákvæmlega hvenær rekstri yrði hætt og vísaði þá væntanlega til hæstv. fjmrh., en tók það sérstaklega fram að honum kæmi á óvart ef endanlegt vald væri ekki í sínum höndum að þessu leyti. Það sýnist mér auðsætt af lögum um Sjóefnavinnsluna eða a. m. k. á meðan annað kemur ekki fram þá tel ég að það ákvæði í lögum um Sjóefnavinnsluna þar sem segir í 1. gr. „Málefni Sjóefnavinnslunnar hf. heyra undir iðnrh." skeri úr um þetta atriði. Og eru menn þá nokkurs vísari af þessari umr. hér?

Hæstv. ráðh. vísar e. t. v. til þess að það hefði mátt vera mönnum ljóst strax og hann lýsti persónulegum viðhorfum sínum, eins og hann orðaði það í Morgunblaðinu 3. febr. s. l. Ég tel það sérkennilega til orða tekið af manni sem telur sig hafa valdið að hann sé að segja frá persónulegum viðhorfum eins og hver annar maður úti í bæ. Aðfinnslur mínar varðandi vinnubrögð hæstv. ráðh. í þessu máli voru m. a. vegna þess að ég taldi að hann hefði komið upplýsingum um þetta efni og sjónarmiðum sínum á framfæri með óvenjulegum og óheppilegum hætti, eins og gert var í umræddu blaðaviðtali, án þess að stjórn fyrirtækisins hefði vitneskju um að slíkar yfirlýsingar kæmu fram á þessum tíma a. m. k. og á sama tíma og spurt hafði verið um málið hér á Alþingi.

Hæstv. ráðh. reyndi í máli sínu að víkja sér undan þeirri gagnrýni, sem fram kom í mínu máli og raunar fleiri hv. þm. sem hér töluðu og þá ekki síst hv. 9. landsk. þm. Ólafs G. Einarssonar, að þau gögn sem hann byggir á öðru fremur í sambandi við sína ákvörðun séu í mörgum greinum óljós og fjalli um annað en það sem hér er í rauninni til umræðu. Uppistaðan í skýrslu Iðntæknistofnunar er mat á hugsanlegri 40 þús. tonna saltverksmiðju en ekki 8 þús. tonna tilraunaverksmiðju. Og það er rétt, vegna þess að við höfum verið að gagnrýna forsendur í þessari skýrslu Iðntæknistofnunar, að bæta þar aðeins við: Er hæstv. ráðh. um það kunnugt að þegar þessi skýrsla er unnin er ein af forsendunum sú að afskrifa búnað verksmiðjunnar á fimm eða sex árum, afskrifa allan vélbúnað Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi á 5—6 árum? Hvar þekkja menn vinnubrögð af því tagi? Er það kannske það atriði sem verið er að vísa til á einum stað í skýrslu í fskj. frá Sjóefnavinnslunni hf. á bls. 21 þar sem vikið er að því að nokkur ágreiningur sé um ákveðna þætti? „Leitast hefur verið við", segir þar, „að miða fjárhæðir við sama verðlag og gert var í skýrslu Iðntæknistofnunar, þ. e. síðsumars 1984, auk þess sem fjárhæðir eru þær sömu hvað varðar aðra liði en vexti og afskriftir, en þar hefur forsendum verið breytt í samráði við starfsmenn Iðntæknistofnunar". Er það þessi viðmiðun um fimm eða sex ára afskriftatíma sem hefur þá verið tekin til endurskoðunar? En það var ein af forsendunum í útreikningum þeirra vísu manna sem sömdu þá skýrslu, að mér er tjáð. Ef þannig er í fleiri greinum er auðvitað von að menn spyrji. En alveg sérstaklega á gagnrýni við um það að skýrslan fjallar um annað mál en við erum hér að ræða. Hún fjallar fyrst og fremst um rekstrarforsendur miklu stærri saltverksmiðju. Þessum niðurstöðum þvælir síðan hæstv. ráðh. inn í svar sitt, bæði með óljósum hætti og ljósum. 40 þús. tonna verksmiðja er tekin til sérstaklega tvívegis, segir hann í svarinu, en er auk þess á bak við aðra þætti án þess að þess sé getið. Þetta er auðvitað ófær málflutningur og ótækt svar sem fram er reitt hér á Alþingi sem þannig er til komið.

Og ég skal taka annað dæmi hér til að skýra fyrir mönnum hvernig haldið er á þessu máli. Ég hef enga ástæðu til þess að vera að fegra þetta dæmi á einn eða annan hátt, ekki nokkra, og tel mig ekki hafa neina sök í þessu máli eða slæma samvisku, á engan hátt. Ég tók afstöðu til þessa máls eins og aðrir alþm., þá sem ráðh., eftir bestu samvisku vitandi það að hér var um tilraunaverkefni að ræða, áhættuverkefni að ræða. Það gerðu menn sér almennt ljóst. En það dæmi, sem ég ætlaði að rifja hér upp fyrir hæstv. ráðh., varðar markaðshlutdeildina varðandi fisksalt hér innanlands. Ég taldi mig vera með það gagn sem varðaði það, en ég get rakið það hér. Ég held að ég muni það. Hæstv. ráð. segir um markaðshlutdeild, undir Söluhorfur í tölul. 1b: „Markaðshlutdeild innlends salts verður aldrei 100%, eins og áætlað var, vegna samkeppni frá innfluttu salti." Hvað er nú hér á ferðinni? Heildarmarkaður fyrir fisksalt var áætlaður af Iðntæknistofnun fyrir nefndina sem fór yfir þetta mál og sett var niður af hæstv. iðnrh. Braga Sigurjónssyni 1980 í ársbyrjun og fékk hún þá niðurstöðu að markaðurinn væri, að mig minnir, 55 þús. tonn ef ekki 60. En framleiðslan, sem saltvinnslunefndin svonefnda gerði ráð fyrir, var 38 þús. tonn, hámarksframleiðslan af fisksalti, og gert er ráð fyrir að hluti færi hér á markaðinn, 20 þús. tonn hér suðvestanlands, á Faxaflóasvæðinu og Suðurnesjum, en 18 þús. tonn yrðu flutt lengra til. Það vantar því mikið á að gert hafi verið ráð fyrir 100% markaðshlutdeild eins og hér er látið að liggja. Hvers konar falsanir eru hér á ferðinni? Menn geta lesið þetta í grg. með frv. sem lagt var fram. Ég hef það á borði mínu og var að líta yfir þetta áðan. Ég vona að ráðh. sjái til að þetta verði leiðrétt, svona rangur málflutningur í sambandi við undirbúning málsins. Það er engin ástæða til þess að vera að gera hann lakari en efni standa til.

Hér er þetta þskj. Það er sem sagt frv. um Sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Þar er í grg. með því á bls. 6 yfirlit um markaðinn og þar eru þessar tölur, 38 þús. tonna framleiðsla af fisksalti, og þar segir í grg., með leyfi forseta:

„Verksmiðjan mun því ekki framleiða meira en sem nemur um 60% af innanlandsþörf fyrir fisksalt. Þeirri

markaðshlutdeild ætti að vera tiltölulega auðvelt að ná, svo framarlega sem innlenda saltið yrði selt á sambærilegu verði og það innflutta."

Þá hafa menn það á hreinu hvað þarna var fyrir lagt á sínum tíma.

Ég gerði að umræðuefni hér þá hugmynd ráðh. að veita fiskeldisfyrirtækjum aðgang að hitaorkunni við Sjóefnavinnsluna, hitaorkunni á Reykjanesi, og nefndi fyrirtækið Ísnó í því samhengi. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur gert hér nokkra grein fyrir því hvernig að því máli var staðið og ráðh. bætti þar engu við. Ég vil spyrja hér um eitt atriði, spyr hæstv. ráðh. um það: Hver gerði samninginn við fyrirtækið Ísnó? Það var tekið fram af hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að iðnrn. hefði gert það vegna Sjóefnavinnslunnar. Og ég spyr: Taldi rn. sig geta gert slíkan samning fram hjá stjórn Sjóefnavinnslunnar með tilliti til þeirra samninga um hitaréttindin sem fyrir liggja? Ég vænti skýrra svara um þetta efni. Ég bið um skýr svör. Og ég bendi enn á það sem er tekið alveg sérstaklega fram á bls. 2 í svari ráðh.: „Áframhaldandi fjárveitingar og lántökur ríkisins til þessa verkefnis fælu í sér mismunun gagnvart öðrum aðilum í landinu sem vinna að rannsókna- og þróunarstarfi við knappan kost." En þegar tiltekin fiskeldisfyrirtæki eiga í hlut gerir ráðh. samning, ef ég hef skilið málið rétt, um aðgang að hitaorkunni þarna gegn vægu gjaldi á sama tíma og látið er að því liggja að frambúðarstefnan sé að veita þeim í þetta tiltekna svæði, gegn vægu gjaldi á sama tíma og Hitaveita Suðurnesja og kannske fleiri aðilar á Suðurnesjum eru að velta fyrir sér beiðnum fiskeldisaðila um samninga um hitaorku. Er þar ekki mismunun á ferðinni sem kemur fram í þessari stefnu af hálfu hæstv. ráðh.? Ég tæ ekki annað séð og tel að þarna sé ekkert samræmi í afstöðu og rökstuðningi eins og þetta liggur fyrir.

Hæstv. ráðh. vék hér sérstaklega að undirbúningskostnaði vegna þessa fyrirtækis og það er margt sem hægt er um það að segja, eins og aðra þætti sem snerta undirbúning að stórum málum, og menn geta haft uppi gagnrýni og skoðanir í þeim efnum. Ég hef ekki í huga hvað þingsköp mæla fyrir um þegar um er að ræða upplýsingar hér á Alþingi varðandi viðskipti stjórnvalda við tiltekna menn eins og hér voru tíunduð af hæstv. ráðh., en ég hefði nú talið smekklegra af ráðh. að koma þeim sjónarmiðum sínum og upplýsingum á framfæri annars staðar frá eða með öðrum hætti en úr stóli Alþingis þar sem viðkomandi koma ekki vörnum við eða skýringum. (**Iðnrh.:** Heldur þú að þetta sé ekki á skattskýrslunni?) Jú, jú, það skulum við vona að sé. Ég er með þessu ekki út af fyrir sig að skjóta neinum skildi fyrir tiltekna aðila, hvorki þá sem þarna voru nafngreindir eða aðra sem stunda viðskipti við ríkið. Það á fullan rétt á sér, það sjónarmið, að þarna þarf að gæta sín, tvímælalaust. Ég get alveg tekið undir það atriði, en hitt er annað mál hvað menn telja að sé við hæfi í sambandi við upplýsingar af stjórnvalda hálfu í þessari grein. Það verður auðvitað hver að meta og hæstv. ráðh. reiddi hér fram upplýsingar og tölur þar að lútandi.

Hæstv. ráðh. ætlar að stöðva þetta mál um hríð, segir hann. Og hv. þm. Kjartan Jóhannsson tekur undir þá stefnu og segir að hann sé ekki reiðubúinn að standa að því að meira fé sé lagt í fjárfestingar við þetta fyrirtæki. Þetta er sjónarmið. En ég spyr bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Kjartan Jóhannsson: Hvernig ætla þeir að afla ítarlegri vitneskju til þess að meta það hvort og þá hvenær eigi að ljúka þessum 8 þús. tonna áfanga? Er ekki þekkingarskorturinn fyrst og fremst tengdur þeirri framleiðslu sem þarna er um að ræða, hvernig hún notast, hvernig hægt er að nýta hana í sambandi við úrvinnslu, í sambandi við söltun ýmissa afurða? Fá menn úr þessu skorið án þess að hafa þetta efni handa á milli og reyna markaðinn? Það finnst mér vera kjarnaatriðið í þessu máli. Og hinn þjóðhagslegi arður af þessari framleiðslu gæti fyrst og fremst verið fólginn í því að við fengjum mun verðmætari afurðir til útflutnings fyrst og fremst, sem hér á í hlut, og ég sé ekki að það verði reynt nema menn hafi þetta efni handa á milli. En nú á sem sagt að skera á það, loka, og hvernig vilja menn fá aukna þekkingu a. m. k. varðandi þennan úrslitaþátt málsins, markaðinn?

Það eru einmitt í gangi, að ég best veit, mjög þýðingarmiklar athuganir varðandi þetta efni, eins og ég vék að í mínu máli og fleiri hafa nefnt hér, — og er nú ekki rétt fyrir menn að líta á slíka þætti og tryggja a. m. k. að einhverjar marktækar niðurstöður fáist af þeim þáttum? Ég veit ekki betur en sumir a. m. k. notendur saltsins, sem núna er framleitt, kaupi það á 15% hærra verði en það er þá fáanlegt annars staðar, þ. e. hjá innflytjendum, og sæki það að auki á staðinn frá Keflavík, þ. e. taki á sig flutningskostnaðinn, þannig að í eitthvað er að sækja að þessu leyti. Það getur síðan orðið niðurstaðan úr þessari tilraunastarfsemi að menn sjái þann kost vænstan að hætta henni eftir að búið er að reyna framleiðsluna og þá einnig aukaafurðirnar, en mér sýnist að það sé ekki rétti tíminn núna til þess að taka þá ákvörðun sem hæstv. iðnrh. hefur tekið. Og ég er ekkert hissa á því að það séu ýmsir sem eru þessu máli gjörkunnugir, þar á meðal ráðuneytisstjórinn í fjmrn., sem telja slíka ákvörðun hæpna og reista á ótraustum grunni. Nefndur ráðuneytisstjóri sagði á aðalfundi Sjóefnavinnslunnar s. l. haust um þetta efni, og ég leyfi mér að vitna til ræðu hans, sem ég hef að vísu ritaða eftir upptöku á segulband: „Til þess að meta hvort nú eigi að hætta við 8 þús. tonna áfangann og segja bless þurfa upplýsingar að liggja fyrir um hvort 8 þús. tonna verksmiðjan, með eða án ríkisstyrkja, skili tekjum sem nemur a. m. k. breytilegum kostnaði plús arði af þeirri fjárfestingu sem enn vantar á að 8 þús. tonna verksmiðjan komist í gagnið. Áður en þessar áætlanir liggja fyrir er varla unnt að ganga burt af athafnasvæðinu og setja 260 millj. kr. fjárfestingu í reiðileysi."

Þetta voru orð hans og hann hafði ýmis fleiri þar uppi. Í þeirri ræðu sem ég hef undir höndum frá ráðuneytisstjóranum eru engar ásakanir á hæstv. ráðh., heldur aðeins verið að fjalla um skýrslu Iðntæknistofnunar sem kynnt var á þessum aðalfundi.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég hef lýst mínu viðhorfi hér til þessa máls og ég átta mig ekki á, eftir þessa umr. og skýrslu ráðh., hvernig hann í rauninni getur tekið ákvörðun af því tagi sem hann nú hefur tekið, og það alveg sérstaklega eftir að honum hefur verið bent á að þær forsendur sem hann hefur haft undir höndum, og þá alveg sérstaklega skýrsla frá Iðntæknistofnun Íslands og ýmislegt fleira, varða ekki málið nema að litlu leyti og verið er að gera tilraunir með þessa afurð sem unnt ætti að vera,

kannske á nokkrum mánuðum, að fá marktækar niðurstöður af.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hafði greinilega misskilið málið á þann veg að það væri búið að gera samning um orkusölu til fiskeldis. Svo er ekki.

Lögregluvarðstöð í Mosfellssveit, þáltill. 304. mál (þskj. 485). — Ein umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 485 hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstj. hlutist til um að komið verði á fót lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi ásamt tilheyrandi búnaði og fjölgun í lögregluliði sýslumannsembættis Kjósarsýslu svo að unnt verði að þjóna Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi auk Mosfellshrepps."

Till. þessi var flutt á 105. löggjafarþingi, en varð þá eigi afgreidd og er nú endurflutt óbreytt.

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli er þörfin fyrir sérstaka lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi orðin mjög brýn. Íbúar í hreppnum voru 1. desember s. l. 3627 og býr meiri hluti þeirra í þéttbýlinu við Varmá, en byggð í dreifbýli er einnig allnokkur. Auk þess eru í Kjalarneshreppi 366 íbúar og 187 í Kjósarhreppi. Íbúatala þessara þriggja hreppa er því orðin 4180 miðað við 1. desember s. l. skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þessa er getið hér til þess að leiðrétta þær tölur sem eru í grg. till., en þær eru orðnar tveggja ára og á þessu tímabili hefur orðið um 10% fjölgun íbúa a. m. k.

Umferðarmál og slysahætta eru meðal annarra ástæðna fyrir brýnni þörf á virkri löggæslu á þessu svæði. Vesturlandsvegur liggur um þéttbýlasta hluta Mosfellshrepps og sker raunar byggðina í tvennt með þeim hætti að samgöngur milli hverfa eru ógerlegar án umferðar yfir veginn. Opinber þjónusta, svo sem skólar, barnaheimili og íþróttasvæði, er öll staðsett öðrum megin vegarins og sama gildir um verslanir. Af þessu leiðir að innansveitarumferð um og yfir Vesturlandsveg er mjög mikil, hvort heldur um er að ræða ökutæki eða gangandi vegfarendur, börn jafnt sem fullorðna. Þetta ástand hefur í för með sér mikla og vaxandi slysahættu, eins og dæmi sanna, sem ber brýna nauðsyn að bæta úr.

Íbúar og sveitarstjórn hafa vaxandi áhyggjur af þessu ástandi og telja að ein mikilvirkasta vörnin gegn umferðarslysum hvers konar á þessu svæði sé virk löggæsla á og við Vesturlandsveginn. Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur ítrekað ályktað um þetta mál og leggur þunga áherslu á að löggæsla á þessu svæði verði efld.

Í ályktun hreppsnefndar er m. a. bent á að Vesturlandsvegurinn er í hópi fjölförnustu þjóðvega landsins, sérstaklega kaflinn frá Reykjavík og upp fyrir Mosfellshrepp. Þungaflutningar um veginn eru mjög miklir og við Brúarland liggur vegurinn í kvos sem leiðir af sér mikinn umferðarhraða, sérstaklega stórra og þungra bifreiða. En það er einmitt við Brúarland sem fjölfarnasta gangbraut barna og unglinga er yfir veginn þar sem þau fara í skólann eða til íþróttaiðkana að Varmá. Það dylst engum sem til þekkja, sérstaklega í ljósi reynslunnar, að verði umferðarslys á þessum stað er um líf að tefla. Hreppsnefndin leggur því þunga áherslu á stóraukna löggæslu við Vesturlandsveg í þéttbýli Mosfellshrepps. Hreppsnefndir Kjalarnes- og Kjósarhreppa hafa einnig ályktað um nauðsyn á efldri löggæslu á svæðinu og að lögregluvarðstöð verði staðsett í Mosfellshreppi.

Þá hefur fjölmennur borgarafundur um umferðarmál, sem haldinn var fyrir tveimur árum, ályktað og samþykkt áskorun um að komið verði upp svo fljótt sem verða má lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi.

Auk þeirrar sérstöku löggæslu vegna umferðarmála sem að framan greinir er löngu orðið tímabært að efla alhliða löggæslu í þéttbýlinu við Varmá sem og í hreppnum í heild. Í þeim efnum er það ekki hvað síst þýðingarmikið öryggisatriði ef vá ber að dyrum, hvort sem um er að ræða vegna náttúruhamfara, óveðurs, stórslysa eða bruna. Í janúar s. l. var gerð athugun á stöðu almannavarna í Kjósarsýslu á vegum Almannavarna ríkisins og Almannavarna Kjósarsýslu. Í þeirri athugun er fjallað sérstaklega um löggæslumálin og um þann þátt segir, með leyfi forseta:

„Að engin aðstaða er fyrir lögreglu á svæðinu og ekkert lögreglulið verður að teljast hafa lamandi áhrif á starfsemi almannavarna. Við vá á höfuðborgarsvæðinu verða íbúar á almannavarnarsvæðinu að taka löggæslu í eigin hendur þar sem aðrir staðir, svo sem Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður með Garðabæ, yrðu ekki aflögufærir varðandi löggæsluna. Sem neyðarráðstöfun vegna almannavarna var ákveðið að þjálfa a. m. k. 10 manns, hjálparliða til löggæslustarfa á hættutímum."

Þess má geta í þessu sambandi að slíkt alvarlegt ástand hefur skapast á Vesturlandsvegi þegar óveður og ófærð hafa borið snögglega að á undangengnum árum, en við höfum að vísu blessunarlega sloppið við á þessum vetri enn sem komið er.

Það er augljóst mál að það að hafa ekki staðsetta lögregluvarðstöð sem sinnir þessu svæði í hreppnum er afar veikur hlekkur með tilliti til almannavarna. Löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppum er í dag sinnt frá lögreglustöðinni í Hafnarfirði og er skylt að taka fram að góð samvinna er við lögreglu Hafnarfjarðar, enda sinna þeir þjónustu við byggðarlögin eftir því sem kostur er miðað við aðstæður. Það er ljóst að með núverandi mannafla og tækjakosti er mjög erfitt fyrir stöðina að sinna lágmarksþjónustu við Mosfellshrepp og upphreppana, hvað þá að nokkur möguleiki sé á virkri löggæslu eins og brýna þörf ber þó til.

Ég hef hér undir höndum nokkrar upplýsingar um mannafla og tækjakost lögreglunnar í Hafnarfirði og þar kemur m. a. fram að tækjakostur lögreglunnar er þrír sendibílar, ein fólksbifreið og þrjú lögreglubifhjól. Rannsóknarlögreglan er með eina bifreið. Á dagvakt á virkum degi eru sex lögreglumenn og eru tveir á lögreglustöð og fjórir lögreglumenn á tveimur lögreglubifreiðum. Annar lögreglubíllinn sér um útköll í Hafnarfirði og hinn í Garðakaupstað og Mosfellssveit. Á sumartíma eru tveir bifhjólalögreglumenn á vakt, sem þeir skipta á milli sín, og þrír lögreglumenn sinna vöktum á bifhjólum og eru í umferðareftirliti. Þessir bifhjólalögreglumenn, sem sinna vöktum á sumartíma, eru á vetrartíma á bifreið.

Á föstudögum og laugardögum eru tveir menn teknir

á aukavakt til að hafa þrjá lögreglumenn í þeim bifreiðum sem sinna útköllum og nú nýverið var skipun gefin frá dómsmrn. þess efnis að menn þeir sem hafa komið sem aukamenn um helgar ættu að mæta kl. 22 og fara af vakt kl. 5 að morgni, og áttu varðstjórar að meta það hvort eitthvað kæmi upp á eftir kl. 5. Dæmi sýna að þessi fjöldi lögreglumanna er algert lágmark til að halda uppi löggæslu ef eitthvað bjátar á. Þess skal getið að lögreglumenn í Hafnarfirði koma sjúkraflutningsmönnum oft til aðstoðar. Ef sjúkrabifreið sú sem sinnir útköllum er í verkefni hafa lögreglumenn ekið sjúkrabifreiðinni sem er til vara á Slökkvistöð Hafnarfjarðar. Fjórar vaktir eru sem sagt með sex mönnum. Eru það því 24 menn sem ganga vaktir og þrír bifhjólamenn, yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn ásamt einum manni sem vinnur í skráningu.

Í rannsóknarlögreglu starfa þrír rannsóknarlögreglumenn. Standa þeir bakvaktir eftir að vinnutíma lýkur og um helgar og koma á vettvang ef slys verða á fólki. Samtals starfa því 33 lögreglumenn við embættið. Auk þess eru tveir lögreglumenn sem starfa við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og starfa ekki við almenna löggæslu.

Þess má geta að nýlega var maður sendur til að kanna fíkniefnaneyslu í umdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði. Var ekki settur annar fyrir þann sem sendur var vegna þessa málefnis. Var því aðeins einn maður í lögreglubifreið þeirri sem stundar umferðareftirlit.

Tveir lögreglumenn eru starfandi á Seltjarnarnesi og vinna þeir einir á tvískiptri vakt og á bakvöktum um helgar. Ef íbúafjöldi í lögsagnarumdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði er borinn saman við fjölda lögregluþjóna kemur í ljós að u. þ. b. 700 íbúar eru bak við hvern lögreglumann og ef miðað er við stærri umdæmi eru samsvarandi tölur frá rúmlega 300 manns og upp í 500.

Rétt er að geta þess að í Mosfellssveit hefur lögreglan aðstöðu í litlu herbergi við Þverholt og er þar sími með sjálfsvara en engin talstöð. Lögreglan reynir að sinna þessu eftirliti með því að koma upp eftir þrisvar á dag, fyrir hádegi eftir hádegi og á kvöldin. Þetta er alls ófullnægjandi, sérstaklega nú á síðustu mánuðum þar sem innbrotafaraldur hefur aukist mjög og bitnar illa á byggðarlögum sem eru þannig sett að lögreglustöðin er staðsett svo fjarri þeim sem raun ber vitni og það tekur svo langan tíma fyrir lögreglu að sinna útköllum að þeir sem að verki hafa staðið er löngu horfnir á braut þegar hún kemst á áfangastað.

Það er alvarlegt hve staða þessara mála er slæm hjá lögreglu Hafnarfjarðar, bæði vegna of lítils tækjabúnaðar og manneklu. Það ber brýna nauðsyn að bæta þar úr. En lausn löggæslumála sem snúa að upphreppunum, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppum, má ekki verða á kostnað þeirrar þjónustu og þess öryggis sem lögregla Hafnarfjarðar veitir í heimabyggðarlögum, þ. e. Hafnarfirði og Garðabæ, enda leysir það ekki málið þar sem vegalengdir eru slíkar að svæðinu verður aldrei þjónað, svo vel sé, með útgerð mannafla frá Hafnarfirði né heldur frá t. d. lögreglustöðinni í Árbæ sem stundum hefur verið nefnd sem möguleg lausn í þessu sambandi. Því er ljóst að til að tryggja virka löggæslu í Mosfells,- Kjalarnes- og Kjósarhreppum þarf að koma á fót sérstakri lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi sem hafi á að skipa nægjanlegum mannafla og tækjakosti til sólarhringsvaktar á þessu svæði. Þannig er unnt að veita íbúum þessara byggðarlaga þá alhliða löggæslu sem þörf er á og ekki verður veitt með núverandi fyrirkomulagi.

Eftir að þessari umr. hefur verið frestað, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðmiðunargrunnur verðtryggingar langtímalána, þáltill. 310. mál (þskj. 495). — Ein umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur leyfi ég mér á þskj. 495 að bera fram eftirfarandi till. til þál. með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa nú þegar, að verðtrygging langtímalána til einstaklinga vegna náms eða byggingar eigin húsnæðis verði miðuð við vísitölu kauptaxta í stað lánskjaravísitölu."

Um síðustu áramót svaraði ég nokkrum spurningum Morgunblaðsins fyrir hönd Kvennalistans og lýsti því m. a. yfir að Kvennalistinn vildi láta miða verðtryggingu langtímalána við vísitölu kauptaxta en ekki lánskjaravísitölu. Margir hafa síðan komið að máli við okkur Kvennalistakonur og lýst sig fylgjandi þeirri hugmynd og hvatt okkur til að fylgja henni eftir á þingi og það höfum við nú gert með till. þeirri sem ég hef nú lesið. Þessi till. hefur reyndar verið talsvert lengur í undirbúningi, enda vorum við lengi í vafa um hver væri besta lausnin í þessu máli.

Umræðan um vanda húsbyggjenda er ákaflega hávær þessa dagana. Sá vandi er margþættur, en hæst ber hina óbærilegu greiðslubyrði lántakenda sem hefur vaxið langt umfram greiðslugetu vegna misgengis í þróun kauptaxta og lánskjara, en frá því í júní 1979, þegar lánskjaravísitalan var fyrst reiknuð út, hefur hún hækkað um 34% umfram kauptaxta verkamanna.

Flestir eru orðnir sammála um réttmæti verðtryggingar fjárskuldbindinga og viðurkenna það sjónarmið að lánardrottni beri að fá verðmæti lánsfjárhæðar að fullu endurgreitt að lánstíma loknum og eitthvað að auki fyrir greiðann. Það er hins vegar ekkert einfalt mál og öldungis ekki sama við hvað verðtryggingin er miðuð, eins og lántakendur hafa rækilega orðið varir nú síðustu árin.

Fram til þessa hefur þótt rétt að miða við kostnaðarþróun og verðtryggingin þannig miðuð við lánskjaravísitölu sem er mynduð af vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓ og vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum. Hugmyndin var þá sú að fá mætti jafngilt verðmæti í hlutum eða þjónustu fyrir endurgreiðsluna og upphaflegu lánsfjárhæðina, en vextir væru svo að auki. Þetta virðist eðlileg viðmiðun að því tilskildu að þróun kaupgjalds haldi a. m. k. í við þróun verðlags og framfærslukostnaðar. Því er þó alls ekki alltaf að heilsa og reynsla undanfarinna mánaða kallar eindregið á breytingu í þessum efnum. Það hlýtur að teljast með öllu ósanngjarnt að neyða fólk til að spá um verðlagsþróun til margra ára eða jafnvel áratuga til að átta sig á greiðslubyrði langtímalána með föstum vöxtum. Slíkt er raunar ógerlegt eins og komið er á daginn.

Nú um nokkurt skeið hefur þróunin verið almennu launafólki afar óhagstæð og ljóst að margir eru að kikna

— og hafa þegar kiknað — undir greiðslubyrði lána sem í flestum tilfellum hefur vaxið langt umfram greiðslugetu. Kaupmáttur hefur illa fylgt eftir kostnaðarþróun og einsýnt að mikið misgengi hefur myndast nú að undanförnu, m. a. vegna aðgerða stjórnvalda sem æ ofan í æ hafa hindrað að laun haldi í við verðlagsþróun. Af því leiðir að fólk þarf ekki aðeins að bera skertan kaupmátt á neysluvörum, heldur einnig að borga af langtímalánum sínum með sífellt fleiri vinnustundum

Langt er síðan farið var að benda á þennan vanda og er furðulegt að stjórnvöld skuli ekki fyrir löngu vera búin að taka á honum með einhverju móti til að koma í veg fyrir það ástand sem nú hefur skapast hjá fjölmörgum. Því miður virðast þau ekki koma auga á aðra leið en að bjóða lán á lán ofan sem farið er að minna óþægilega á eitt atriðið í áramótaskaupi fyrir rúmu ári þegar ímynd launþegans var látin skjögra um sviðið með hverja byrðina ofan á annarri. Ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum með þær aðgerðir því ljóst er að þær leysa ekki vandann, þær auka hann aðeins og slá honum á frest. Greiðslubyrðin léttist vitanlega um skeið, en svo fara viðbótarlánin að falla í gjalddaga og menn festast í vítahring sem erfitt reynist að rjúfa. Aukin lán eru því tæpast til bóta. Þau eru dæmigerðar skammtímalausnir sem hafa verið reyndar margsinnis áður. Varanlegri lausnir eru nauðsynlegar.

Svo að gætt sé fullrar sanngirni skal þess getið að sumar tillögur stjórnvalda varðandi húsnæðismálin eru góðra gjalda verðar, svo sem að leyfa einstaklingum að draga frá tekjum til skatts það sem þeir spara til húsnæðiskaupa, einnig tilraunir þeirra til að hamla gegn byggingu óhóflegs húsnæðis. En áfram um verðtryggingu lána.

Það hefur verið talað um afnám verðtryggingar, en slík lausn mundi vafalaust kalla á enn frekari hækkun vaxta en orðið hefur og greiðslubyrðin vaxa af þeim sökum. Vissulega hafa heyrst tillögur til úrbóta, t. d. að fresta greiðslu á þeim hluta verðtryggingar sem er umfram almennar launahækkanir þar til í lok lánstíma, en þá lausn hefur t. d. Alþfl. sett fram í frumvarpsformi á þskj. 445. Í umr. um það frv. í Nd. 4. febr. s. l. lýsti ég yfir stuðningi Kvennalistans við það um leið og ég skýrði frá því að við værum að vinna að till. þeirri sem hér er til umr.

Þá hafa heyrst hugmyndir um breytingu á lánskjaravísitölunni í þá átt að byggingarvísitalan verði látin vega þyngra eða jafnvel að miða verðtryggingu eingöngu við byggingarvísitölu. Til þess að það sé alveg á hreinu hvað um er að ræða, skal þess getið að frá því í júní 1979 hefur lánskjaravísitalan hækkað, eins og hv. þm. vafalaust vita, um 906%, byggingarvísitalan um 820%, en vísitala kauptaxta um 606%. Til þess að skýra málin enn frekar má taka dæmi: 1 millj. kr. lán tekið í janúar 1983 er með beinni framreiknun, þ. e. án afborgana og vaxta, orðið að 2 millj. 61 þús. 475 kr. í janúar 1985 miðað við lánskjaravísitölu. Miðað við byggingarvísitölu er upphæðin orðin 1 millj. 850 þús. eða 211 þús. 475 kr. lægri en miðað við lánskjaravísitöluna. En ef við miðum við vísitölu kauptaxta væri þessi upphæð orðin 1 millj. 678 þús. 571 kr. eða 382 þús. 904 kr. lægri en ef miðað væri við lánskjaravísitölu og 171 429 kr. lægri en ef miðað væri við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar þær hugmyndir sem heyrst hafa og ég hef hér getið eru til bóta á núverandi kerfi, sem er gersamlega ónothæft, en bestu lausnina telur Kvennalistinn að miða verðtryggingu við kaupgjaldsvísitölu eins og fyrrgreind till. okkar felur í sér. Meginhugsunin að baki slíkrar verðtryggingar er þá sú að launafólk þurfi að vinna jafnmargar vinnustundir fyrir greiðslu lánsins og virði þess var í vinnustundum þegar lánið var tekið að viðbættum einhverjum vöxtum. Mikið öryggi fælist í því að vita að endurgreiðsla lána yrði alltaf svipuð í vinnustundum talið.

Launafólk er í raun algerlega varnarlaust gagnvart ráðstöfunum sem miða að skerðingu kaupmáttar. Sala vinnu er eina tekjuöflunarleið þess og því eðlilegast og réttlátast að það sé lagt til grundvallar við ákvörðun verðtryggingar lána.

Það er sú mikla kjaraskerðing, sem almennt launafólk hefur mátt þola síðustu árin, sem er meginorsök vandans og þeir sem tekið hafa á sig fjárskuldbindingar til margra ára, þar sem boginn er spenntur til hins ýtrasta, ráða einfaldlega og skiljanlega ekki við afborganir og vaxtagreiðslur þegar slíkt misgengi verður í þróun kaupgjalds og verðlags eins og reynslan sýnir að undanförnu. Reyndar er mjög freistandi að leggja til að miðað væri við breytingar á kaupmætti kauptaxta, en við teljum tæpast raunhæft að fara fram á slíkt þótt ég standist ekki freistinguna að varpa því hér fram.

Hins vegar er full ástæða til að ætla að till. Kvennalistans um viðmiðun verðtryggingar við vísitölu kauptaxta hafi fylgi hér á Alþingi, sbr. t. d. grein hv. 2. þm. Reykn. í DV 11. febr. s. l., svo og ummæli ýmissa annarra nýlega í umr. hér á þinginu og annars staðar og sakna ég nú sannarlega ýmissa sem ég hefði vænst að mundu taka til máls í þessari umr.

Lánskjaravísitalan er ónothæf, a. m. k. eins og hún er nú saman sett. Það sannast best á því að hækkun áfengis og tóbaks s. l. tólf mánuði olli hækkun lánskjaravísitölunnar um rúmlega 1% og jók þar með skuldir kaupanda dæmigerðrar verkamannaíbúðar um 24—30 þús. kr. Og nú vilja stjórnvöld og stefna að því að taka upp virðisaukaskatt. Við Kvennalistakonur munum, eins og við höfum marglýst yfir, vinna sem við getum gegn því að hann hafi áhrif á verð matvæla, en leggist hann óheft og af fullum þunga á matvæli mun það valda stórfelldri hækkun lánskjaravísitölunnar. Það slys verður að hindra. Þetta rugl verður að stöðva strax. Í þeim tilgangi er till. Kvennalistans borin hér fram.

Herra forseti. Að loknum fyrri hluta umr. um till. þessa legg ég til að henni verði vísað til hv. allshn. og treysti því að hún vinni þetta mál fljótt og vel.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa íhugunarverðu till.

Taflan sem birt er með þessari till. og mismunurinn sem kemur þar fram varðandi árin 1983 og 1984 varðandi vísitölu kauptaxta og lánskjaravísitöluna segir í raun og veru allt sem segja þarf um þann gífurlega mismun sem hér er á orðinn og sem hlýtur að verða að leiðrétta. Ég vil ekki trúa því að óreyndu að stjórnvöld vilji ekki gera einhverja tilraun til þess að leiðrétta þá gífurlegu mismunun sem þar er á ferðinni, nema það sé vísvitandi stefna þeirra að sú mismunun eigi að ganga yfir fjölskyldurnar í landinu og yfir heimilin í landinu. Það þarf því að leita allra leiða. Að miða þetta við þann kaupmátt sem fólk hefur er vitanlega eðlilegri og sjálfsagðari leið þegar svo er komið að allar vísitölur í

landinu eru í gangi nema þessi eina, þ. e. kaupgjaldsvísitalan, og er ég þó ekki að segja að sú vísitala hafi á sínum tíma verið ógölluð, langt í frá, og skapaði sér kannske sem slík þær óvinsældir hjá launafólki, m. a. vegna prósentureglunnar þar, að launafólk var jafnvel farið að tala um það sjálft að það bæri að taka hana úr sambandi og taka upp eitthvert annað kerfi. En hitt er svo annað mál að þegar fyrir því er staðið að allar aðrar vísitölur, byggingarvísitalan, vísitala opinberrar þjónustu og að ég tali nú ekki um lánskjaravísitöluna, eru í gangi, en kaupgjaldsvísitalan ein, sem ræður launum fólks, er bundin, þá hljóta hlutföll að raskast hér svo að eitthvað verður að gera. Það er því ótækt annað en að taka á þessum málum.

Það er greinilegt að þær fálmkenndu tilraunir sem við sjáum þessa dagana, m. a. í húsnæðismálunum, gera ekki ráð fyrir þessu. Þar er aðeins um lengingu í snörunni að ræða, ef svo mætti segja, fyrir velflesta, því miður. Það er ekki tekið þar á neinu sem raunhæft er hægt að kalla svo að fólk geti séð út úr sínum vanda.

Ég skal því ekki hafa um þetta fleiri orð hér, en taka undir meginhugsunina í þessari till. því það er útilokað annað en að þær skuldbindingar sem launafólk tekur á sig séu í samræmi við þau laun sem það hefur þó að vissulega sé þar að öðru að gæta og stærra máli en hér er komið að þó óbeint sé, þ. e. launamismuninum í landinu og þeim ólíku möguleikum sem fólk hefur vissulega á því að mæta sínum skuldbindingum eftir því hvaða laun það hefur. En viðmiðunin hlýtur að vera eðlilegri, sjálfsagðari og réttlátari, einkum þegar svo er komið málum eins og taflan með þessari till. segir til um, og þarf ekki fleiri orð að hafa þar um.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þessa till.

Í fyrsta lagi langar mig að vekja athygli á því að það er ekki eins einfalt verk og það virðist vera við fyrstu sýn að leggja réttan grunn fyrir lánskjaravísitölu, hvaða grunn sem menn velja sér, vegna þess að ef menn miða t. d. við vísitölu kauptaxta eða vísitölu ráðstöfunartekna eða einhverja slíka vísitölu og ætla að byggja lánskjaravísitöluna á því, þá mun það gerast að fari svo, sem við stefnum nú öll að, að kaupmáttur taki aftur að aukast, þá þyngist lánið, þá hækkar lánið meira en eðlilegt er. Gallinn á núverandi viðmiðun lánskjaravísitölunnar er sá að kaupmáttur hefur dregist saman og þess vegna eykst greiðslubyrðin. Ef kaupmáttur hefði hins vegar staðið í stað, ég tala nú ekki um ef hann hefði aukist, hefði greiðslubyrði lánanna alls ekki aukist. Ef kaupmáttur hefði staðið í stað hefði greiðslubyrðin staðið í stað. Ef kaupmátturinn hefði aukist, hefði greiðslubyrðin minnkað. Menn verða því að skoða það mjög vandlega hvernig þeir ætla að breyta þessari viðmiðun því að öll stefnum við að því að kaupmáttur aukist á ný og þá væri mjög óeðlilegt að greiðsluþunginn af láni ykist samsvarandi. Þá gæti komið til skoðunar að þegar árferði er eins og nú, að kaupmáttur fer rýrnandi, væri ákvæði um það sett í lánskjaravísitölu að til greiðslu skyldi þó aldrei koma meira hverju sinni en sem samsvaraði breytingu á kaupmætti annaðhvort kauptaxta eða ráðstöfunartekna og sé mismunur þar á milli bættist hann við höfuðstól lánsins og yrði e. t. v. til þess að lengja lánstímann.

Það er annað atriði sem ég vildi benda á, en varðar þetta mál ekki beint þó svo að það varði ákveðinn hluta þess. Það er það sem hv. frsm. sagði áðan um möguleika fólks til frádráttar á vöxtum og verðbótaþætti af lánum eins og hér er verið að ræða um, þ. e. lánum til öflunar húsnæðis eins og flest þessi lán eru með einum eða öðrum hætti. Sjálfsagt hafa allir, sem þurft hafa að telja fram til skatts, rekið sig á að í greiðslukvittunum frá lánastofnunum, bönkum og lífeyrissjóðum, eru gjarnan ekki tilteknar nema tvær tölur, annars vegar vextir sem gjaldfalla og eru innheimtir af greiðanda og hins vegar svokölluð afborgun sem er samanlögð tala afborgunar af nafnverðsupphæð og verðbótum. Nú er það svo skv. gildandi skattalögum að húsbyggjendum er heimilt að draga frá tekjum sínum ekki aðeins vextina heldur einnig verðbótaþáttinn í afborgunargreiðslum. Eins og gengið er frá greiðslukvittunum frá bönkum og allflestum lífeyrissjóðum er hins vegar ógerningur fyrir fólk að sjá af afborgunartölunni, sem færð er í einu lagi, hvað af henni eru verðbótagreiðslur sem má draga frá skatti og hvað af því er nafnverðsafborgun. Þetta verður til þess og hefur orðið til þess að fjölmargir einstaklingar, sem telja sjálfir fram og mér er ekki grunlaust um einnig ýmsir einstaklingar sem láta aðra telja fram fyrir sig, hafa orðið af stórfé í sambandi við vaxtafrádrátt sem skattalögin heimila þeim. M. ö. o.: þegar það lítur á þessar tvær tölur á greiðsluviðurkenningarseðli heldur fólkið að það megi aðeins draga frá skattinum sínum það sem fært er á greiðslukvittun sem vaxtagreiðslur, en athugar ekki að því er einnig heimilt að draga frá tekjum sínum þann hluta afborgunar sem eru verðbætur. Sá hluti getur oft verið stærri en nafnverðsafborgunin sjálf.

Það er að sjálfsögðu fráleitt að lánastofnanir skuli ganga þannig frá greiðslukvittun að það sé ekki alveg ljóst hvaða fjárhæðir það eru sem heimilt er að draga frá launum skv. gildandi skattalögum. Einmitt þess vegna hef ég rætt um þetta mál í dag við hæstv. viðskrh. og lagt fram fsp. til hans hér á Alþingi sem ég vona að verði þess valdandi að þessum málum verði kippt í lag og bönkum og lánastofnunum settar reglur um gerð greiðslukvittana, þannig að það geti ekki gerst, sem hefur gerst á undanförnum árum, að fólk hafi orðið af stórum fjárhæðum, sem því er heimilt að draga frá launatekjum sínum til skatts, vegna þess hversu ranglega og villandi greiðslukvittanir banka og lánastofnana eru gerðar.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Mig langaði aðeins að bæta hér örlitlu við vegna þess sem sagt var hér áðan. Ég vil byrja á því að þakka undirtektir hv. þm. sem hafa talað í þessari umr. Það var þetta með kaupgjaldsvísitöluna. Það hefur vissulega heyrst oft einmitt undanfarna daga og vikur, ýmsir hafa sagt sem svo að við ættum að ríghalda jafnvel í lánskjaravísitöluna, svo vitlaus sem mörgum virðist hún, og sagt að ekkert vit væri í því að taka upp kaupgjaldsvísitölu. Þetta sé óeðlilegt ástand, sem við búum við núna, kauptaxtar hljóti að hækka, jafnvel rjúka upp og þar með lánin á eftir eða lánsupphæðirnar. Vissulega vonar maður að kauptaxtar hækki. En vilja menn með þessu halda því fram að hækkun kaupgjaldsvísitölu hefði ekki áhrif á lánskjaravísitölu eða byggingarvísitölu, kaupgjaldsvísitalan gæti bara hækkað en lánskjaravísitalan setið eftir?

Reynslan sýnir að þessar vísitölur hafa yfirleitt fylgst nokkuð að, þótt breyting hafi orðið á nú síðustu mánuðina þar sem kaupgjaldsvísitalan hefur setið eftir. Hækkun kaupgjaldsvísitölu kemur býsna fljótt fram í hækkun framfærslukostnaðar. Kaupgreiðendur eru fljótir að velta því út í verðlagið. Eða kunna menn haldgóð ráð gegn því? Og aukinn launakostnaður hefur áhrif á byggingarvísitöluna og örugglega líka lánskjaravísitöluna. Þær hækka sem sagt í kjölfarið þótt sú hækkun komi eitthvað á eftir.

Við skulum líka athuga við hvaða atvinnustéttir er miðað. Vísitala kauptaxta er miðuð við kauptaxta verkafólks og iðnaðarmanna. Nú er alltaf erfitt að spá, og einkanlega um framtíðina, eins og vitringurinn sagði. En er fráleitt að hugsa sér að viðmiðun verðtryggingar lána við vísitölu kauptaxta hefði þau áhrif að þessum viðmiðunartöxtum yrði lyft upp? Ekki mundi ég sýta það. Mér finnst á allan hátt eðlilegasta hugsunin að miða endurgreiðslu lána við jafnmikið framlag vinnu og við upphaf lántöku. Ef menn kjósa síðan að leggja á sig aukna vinnu um skeið til að greiða niður skuldir vegna fjárfestingar í húsnæði eða öðru njóta þeir góðs af því. Í þessu sambandi er vert að minna á það hagræði sem öllum skattgreiðendum væri að því ef tekin væri upp staðgreiðsla skatta eins og Kvennalistinn hefur flutt till. um og tekið þar með undir sjónarmið sem á sér áreiðanlega fylgjendur í öllum flokkum og stjórnmálasamtökum. Slíkt fyrirkomulag væri tvímælalaust í hag skattgreiðendum, sérstaklega þeim sem hafa sveiflukenndar tekjur, í þessu tilviki þeim sem verða að auka við sig vinnu tímabundið til að standa undir greiðslu skulda.

Það hefur líka heyrst, þó að það hafi alls ekki komið fram hér, að viðmiðun verðtryggingar við vísitölu kauptaxta mundi skerða tekjur þeirra sjóða og aðila sem lána. En í því sambandi hlýtur maður að spyrja hverra hag við eigum að bera mest fyrir brjósti og hvort ekki sé nær að tryggja að lántakendur geti staðið við fjárskuldbindingar sínar en að ýta þeim út á kaldan klaka og taka ekkert tillit til ástandsins í launamálum og nánast gera almennu launafólki gjörsamlega ókleift að áætla fram í tímann. Ég vildi aðeins koma þessum hugleiðingum að um leið og ég þakka þm. fyrir undirtektirnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þróunarverkefni á Vestfjörðum, þáltill. 328. mál (þskj. 523). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till. til þál. um þróunarverkefni á Vestfjörðum:

„Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að semja álitsgerð um framkvæmd þróunarverkefna í atvinnumálum á Vestfjörðum í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, efla vöxt byggðarkjarna og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Í álitsgerðinni skulu koma fram, auk ábendinga um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þ. á m. um hvaða sértækum aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkisins til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu."

Tillaga sama efnis og þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er íhugunarvert að frá því að þessi till. til þál. var fyrst flutt hafa borist fréttir af því úr herbúðum stjórnarliðsins að í undirbúningi sé ný löggjöf um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins þar sem gert er ráð fyrir því m. a., ef marka má blaðafréttir, að stofnuð verði sérstök stofnun, byggðaþróunarstofnun, til þess að vinna að tilteknum byggðaþróunarverkefnum. Það er einnig mjög athyglivert að ef marka má þessar sömu blaðafréttir þá virðist vera í hugum þeirra sem þetta nýja frv. sömdu að tilgangur þeirrar stofnunar sem þar er um fjallað, byggðastofnunar, sé einmitt að vinna svipuð þróunarverkefni í hinum einstöku landshlutum og hinum einstöku byggðum á landsbyggðinni og hér er gerð tillaga um. M. ö. o., það virðist vera að þegar við þremenningarnir fluttum þessa till. á Alþingi í fyrra höfum við þá a. m. k. verið að boða brot af þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstj. er nú að hugsa um að framkvæma því að þetta á víst að vera ósköp svipuð fyrirmynd, sem verið er að setja upp í sambandi við starfsemi væntanlegrar Byggðastofnunar ríkisins, eins og gerð er till. um að falið sé Framkvæmdastofnun ríkisins á þessu þskj.

Herra forseti. Þessari till. var fylgt úr hlaði á síðasta þingi og er því ástæðulaust að fara mjög mörgum orðum um efnisatriði hennar að öðru leyti en því að ég kemst ekki hjá því, þó svo að töflugerð sé ekki skemmtilegt lesefni, að vekja athygli á nokkrum upplýsingum sem draga má út úr þeim töflum sem birtar eru sem fskj. með frv.

Mjög athyglisvert er t. d. að skoða þar samband fólksflutninga til og frá landsbyggðinni annars vegar og hins vegar þróun atvinnutekna. Í töflum á bls. 8, fskj. III, má t. d. sjá breytingar á brottflutningstíðni í einstökum landshlutum á árabilinu 1965—1970 annars vegar og 1977—1982 hins vegar. Langmest dregur úr fólksflótta frá Vestfjörðum af öllum landsbyggðarkjördæmunum í heild. Brottflutningstíðni á Vestfjörðum 1965—1970 er 12.8%, brottflutningstíðni 1977—1982 er hins vegar 3.75%. Það dregur ekki jafnört úr brottflutningi í nokkrum öðrum landshluta eins og einmitt þarna. Ef menn skoða síðan aðra töflu á bls. 10, þar sem greint er frá meðalbrúttótekjum framteljenda eftir skattumdæmum og skattumdæmin flokkuð með sama hætti í kjördæmi, þá kemur í ljós að það helst í hendur að á sama tíma og dregur svo ört úr brottflutningi frá Vestfjörðum aukast atvinnutekjur þar að sama skapi umfram það sem atvinnutekjur aukast í öðrum landshlutum. Af þessu má beinlínis leiða að því gild rök að a. m. k. gagnvart landsbyggðinni sé mikið samhengi á milli búsetuþróunar annars vegar og atvinnuteknaþróunar hins vegar. Þegar atvinnutekjur vaxa í landshluta eins og Vestfjörðum, þar sem búsetuflutningar hafa verið miklir, þá stöðvast fólksflóttinn a. m. k. um skeið. Þegar hins vegar atvinnutekjur fara að dragast aftur úr á ný, eins og hefur verið að gerast undanfarin ár, þá hefst brottflutningurinn aftur.

Það er einnig mjög athyglisvert að skoða það, sem ég held að sé nýmæli líka og kemur fram í töflu á bls. 4, og bera saman annars vegar innanlandsflutninga, þ. e. brottflutninga og aðflutninga frá Vestfjarðakjördæmi í

heild, og hins vegar búsetuflutninga í þéttbýli á Vestfjörðum. Í ljós kemur allt önnur mynd þegar menn skoða þéttbýlisstaðina á Vestfjörðum eina út af fyrir sig heldur en gefin er ef menn aðeins staðnæmast við landshlutann sjálfan. Ef menn staðnæmast við landshlutann sjálfan þá hefur orðið mikill fólksflótti frá Vestfjörðum á ellefu árum, 1971—1982. Brott hafa flutt á því árabili 1166 einstaklingar umfram þá sem að hafa flust.

Sama mynd er hins vegar ekki uppi á teningnum ef við horfum á þéttbýlisstaðina eina út af fyrir sig. Þar hefur ekki verið um fólksflótta að ræða. Þvert á móti hafa þéttbýlisstaðirnir á Vestfjörðum staðið sig ákaflega vel í þessu sambandi. Fólk hefur ekki flutt þaðan. Miklu frekar hefur fólki fjölgað á þessum þéttbýlisstöðum. Þó að ekki sé það mikið ef á heildina er litið er það talsvert ef skoðaður er hver staðurinn fyrir sig. Þetta segir okkur þá sögu, sem við nánast þekkjum, að fólksflóttinn frá Vestfjörðum er fyrst og fremst úr hinum dreifðu byggðum, úr hinum gömlu landbúnaðarbyggðum og stafar af breyttum atvinnuháttum.

Þá er einnig mjög athyglisvert að skoða í fskj. með þessari till. ýmsar upplýsingar sem þar koma fram um avinnugreinaþróun á Vestfjörðum og aukningu ársverka. Kemur það sjálfsagt mörgum nokkuð á óvart, að á s. l. 10 árum er næstmesta vaxtargrein atvinnulífsins á Íslandi í fiskiðnaði. Störfum hefur fjölgað mest í þjónustu, eins og allir vita, en næstmesta vaxtargreinin á eftir þjónustunni er ekki iðnaðurinn, eins og margir hafa talið, heldur fiskvinnslan. Þess vegna mætti ætla að landshluti þar sem t. d. þjónusta væri mjög ríkur þáttur í atvinnulífi, eins og t. d. Reykjavíkursvæðið, mundi njóta mjög mikils góðs af þeirri atvinnugreinasamsetningu í sambandi við atvinnuþróun á staðnum. Með sama hætti mætti ætla að landshluti eins og Vestfirðir þar sem fiskvinnsla, næstmesta vaxtargreinin í atvinnulífinu, er mjög ráðandi hlyti að njóta atvinnulega góðs af samsetningu atvinnulífsins hvað varðar fjölgun atvinnutækifæra. En það kemur í ljós þegar hvort tveggja þetta er skoðað, að af ýmsum ástæðum stenst þetta ekki.

Til er sérstök aðferð, sem kölluð er á ensku máli „shift and share" sem ég veit ekki hvað heitir á íslensku, sem notuð er til þess að meta samsetningu atvinnugreinaskiptingar á atvinnuþróun. Ef þessi aðferð er notuð til þess að áætla stöðu og styrk atvinnulífsins á hverjum stað kemur það t. d. í ljós varðandi Reykjavík að þrátt fyrir hina styrku stöðu Reykjavíkur vegna mjög hás hlutfalls þjónustu, sem hefur verið mesta vaxtargreinin undanfarin 15 ár, þrátt fyrir þessa sterku stöðu Reykjavíkur hefur fjölgun atvinnutækifæra í Reykjavík verið langt undir því sem ætla mætti. Með sama hætti hefur vöxtur atvinnulífsins úti á landsbyggðinni verið miklu meiri en ætla mætti af óhagstæðri skiptingu atvinnugreina á landsbyggðinni. Menn geta auðvitað velt því fyrir sér hvaða þýðingu þetta hefur. En í mínum huga sýnir þetta og sannar að sú byggðastefna sem fylgt hefur verið á undanförnum árum hefur borið talsverðan árangur. Hún hefur borið þann árangur að þrátt fyrir það að landsbyggðin stendur höllum fæti hvað varðar atvinnugreinaskiptingu, þá hefur atvinnulífið úti á landsbyggðinni vaxið umfram það sem ætla mætti, en atvinnulífið í Reykjavík, sem stendur mjög vel hvað varðar atvinnugreinasamsetningu, hefur vaxið minna en ætla mætti af samsetningu atvinnugreina á höfuðborgarsvæðinu. M. ö. o., byggðastefnan, sem oft hefur verið harkalega gagnrýnd, hefur þó skilað þessum ótvíræða árangri. Þetta á við öll önnur kjördæmi en Vestfjarðakjördæmi.

Jafnvel þó að Vestfjarðakjördæmi standi betur en flest önnur landsbyggðarkjördæmin hvað varðar hagstæða atvinnugreinaskiptingu með tilliti til vaxtargreina, þá hefur það samt sem áður gerst þar að Vestfirðingar hafa ekki notið þeirrar atvinnugreinasamsetningar í fjölgun atvinnutækifæra. Þvert á móti eru Vestfirðir eini landshlutinn utan Reykjavíkur þar sem skortir mjög verulega á að atvinnutækifærum hafi fjölgað jafnmikið og samsetning atvinnulífsins í landshlutanum gefur tilefni til að ætla. Suðurland er þar ekki samanburðarhæft, þó að einnig sé neikvæður vöxtur þar, af þeirri einföldu ástæðu að eldgosið í Vestmannaeyjum hafði gríðarleg áhrif á atvinnulíf á Suðurlandi og er villandi í því sambandi að bera atvinnugreinaþróunina á Suðurlandi saman við atvinnugreinaþróun í öðrum landshlutum.

Vestfirðir skera sig úr öðrum landshlutum að þessu leytinu til. Þar hefur byggðastefnan ekki skilað sama árangri og annars staðar. Þar hefur atvinnulífið ekki vaxið umfram það sem ætla mætti af atvinnugreinasamsetningu, eins og í öllum hinum landsbyggðarkjördæmunum, heldur hefur atvinnutækifærum fjölgað þar minna en ætla mætti eftir atvinnugreinasamsetningu.

Þessar upplýsingar eru vissulega bæði athyglisverðar og umhugsunarverðar. Þegar haft er í huga að samdráttur er þar mjög verulegur í atvinnutekjuþróun og það bætist ofan á að fólksflótti hefst vegna samdráttar í atvinnutekjum, þá er vissulega ástæða til þess að Framkvæmdastofnun ríkisins eða ný stofnun á svipuðu sviði taki að sér það verkefni, sem gerð er tillaga um í þessu þskj., að semja álitsgerð um framkvæmd þróunarverkefna í atvinnumálum á þessum stað.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa till. til þál. því að hún skýrir sig að öllu leyti sjálf. Ég legg til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atvkgr.) frestað.

Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi, þáltill. 319. mál (þskj. 504). — Frh. einnar umr.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Á þskj. 504 flytur hv. 3. þm. Suðurl. Óli Þ. Guðbjartsson þáltill. um orkufrekan iðnað á Suðurlandi.

Eins og 3. þm. Suðurl. skýrði frá er veruleg fækkun í stórum hluta Suðurlandskjördæmis og tek ég undir það að nauðsynlegt sé að snúa þeirri þróun við og finna leiðir til atvinnuaukningar á þessum landshluta þar sem atvinnulífið er mjög veikt og stendur mjög veikum fótum þar sem dregið hefur mjög úr framkvæmdum nú um sinn, sérstaklega í orkumálum, sem unnið hefur verið að inni á hálendinu. Hvort það á að vera stóriðnaður eða ekki vil ég ekki fullyrða um, en að mínu áliti kæmi alveg eins vel til greina smærri iðnaður, t. d. ýmiss konar raftækniiðnaður og samsetningariðnaður ásamt mörgu fleiru. Á Suðurlandi hefur almennur iðnaður verið fremur lítill og þróun hans verið frekar hæg og tilviljunarkennd. En með stofnun Iðnþróunarfélags Suðurlands og tilkomu iðnþróunarfulltrúa hefur

verið unnið mikið starf, bæði til hjálpar iðnaði sem fyrir er og í leit að nýjum iðngreinum. En eigi iðnaður að vera veigamikil undirstaða í atvinnuþróun á komandi árum þarf að taka vel á og skipulega í þessum málum.

Suðurland hefur að vissu leyti sérstöðu að því leyti að þar eru stærstu landbúnaðarhéruð landsins, en samdráttur í landbúnaði kemur mjög hart niður á íbúum þess landshluta, sem byggt hefur afkomu sína að stórum hluta á landbúnaði og þróun og þjónustugreinum ýmiss konar. Núverandi stjórnarflokkar hafa líka tekið myndarlega á til uppbyggingar atvinnu með því að leggja 500 millj. til nýsköpunar í atvinnulífi og vænti ég þess að það eigi eftir að styrkja víða atvinnulíf í þessu landi.

Á Suðurlandi eru stærstu orkuver landsins og hitaorka er þar mikil svo að ekki ætti það að tefja fyrir framgangi uppbyggingar þar. Vafasamt er þó að léttur iðnaður og þjónustugreinar geti leyst vanda okkar í atvinnulífinu svo að eðlilegt er að skoða verði möguleika á stóriðnaði á Suðurlandi, eins og till. hv. 3. þm. Suðurl. Óla Þ. Guðbjartssonar gerir ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 56. fundur.

Mánudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna sérstakra anna get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður landskjörinna þm. Samtaka um kvennalista, Sigríður Þorvaldsdóttir leikari, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
forseti Nd."

Hér fylgir annað bréf svohljóðandi:

„Til skrifstofustjóra Alþingis.

Ég vil hér með tilkynna yður að vegna anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Kristínar Halldórsdóttur á Alþingi í fjarveru hennar í marsmánuði n. k.

Málmfríður Sigurðardóttir, Jaðri,
Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu."

Með því að Sigríður Þorvaldsdóttir hefur ekki setið áður á Alþingi þarf að rannsaka kjörbréf hennar. Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að taka til meðferðar kjörbréfið. Á meðan verður fundi frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sigríðar Þorvaldsdóttur sem hlaut sæti 2. varamanns Samtaka um kvennalista. Hún tekur sæti Kristínar Halldórsdóttur, 7. landsk. þm., en 1. varamaður Samtaka um kvennalista, Málmfríður Sigurðardóttir, hefur sent bréf og tilkynnt að hún geti ekki tekið sæti á Alþingi vegna anna.

Kjörbréfanefndin hefur athugað bréfið, finnur ekkert athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að Sigríður Þorvaldsdóttir hefur ekki setið áður á Alþingi undirritar hún nú drengskaparheit að stjórnarskrá.

Drengskaparheit unnið.

Sigríður Þorvaldsdóttir, 7. landsk. þm., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Sigríður Þorvaldsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Efri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 11. mars, að loknum fundi í Sþ.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 542). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 285. mál (þskj. 465, n. 536). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Efni þessa frv. er afar einfalt. Það fjallar í stuttu máli um að fella niður úr lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf einkasöluákvæði að því er varðar eldspýtur og vindlingapappír. Um það var ítarlega fjallað í framsögu fyrir þessu máli hvers konar tímaskekkja það væri að enn væri hér í lögum ákvæði um einkasölu ríkisins á eldspýtum. Að því er varðar hina síðari vörutegundina, vindlingapappír, þá mun nú afar lítið flutt inn af henni og viðskiptin með þá vörutegund mjög lítil. T. d. hygg ég að það hafi komið fram í viðræðum n. við forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að í fyrra hafi ekkert verið flutt inn af vindlingapappír. En það er auðvitað eins og hver önnur tímaskekkja að hér sé einokun á eldspýtum.

Nefndin ræddi þetta frv. á tveimur fundum og kom forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Jón Kjartansson, á fund n. og veitti upplýsingar. Það varð niðurstaða n. að mæla með að þetta frv. verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja og fylgja brtt. Stefán Benediktsson sat fundi n. og er samþykkur þessu áliti. Einn nm. Egill Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins, en hv. þm. Ragnar Arnalds hefur þann fyrirvara um afstöðu sína og fylgi við þetta frv. að samþykkt frv. hafi ekki í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Annars leggur n. til að þetta frv. verði samþykkt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hér er að sönnu ekkert stórmál á ferðinni og skiptir sennilega ekki miklu hvoru megin hryggjar eldspýtur og vindlingapappír liggja, en eins og fram kemur á nál. hv. fjh.- og viðskn. Ed. skrifa ég undir nál. með fyrirvara og vil nú gera grein fyrir þessum fyrirvara.

Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til þess að ríkið hafi einkarétt á sölu á eldspýtum og vindlingapappír. Hvað eldspýturnar varðar mun upprunaleg ástæða fyrir þeirri einkasölu hafa verið sú að tryggja með því móti að landið væri aldrei eldfæralaust og mun sú ástæða ekki vera lengur gild. Hins vegar kom það fram á fundum fjh.- og viðskn. að að óbreyttu mun þetta frv. þýða rúmlega 10 millj. kr. tekjutap á ári fyrir ríkissjóð og er það orða sannast að eitthvað þarf gætum við örugglega gert við þær 10 millj. Fram komu hugmyndir um að

þessum fjármunum mætti ná inn með tollum eða á annan máta, en um það hafa engar upplýsingar komið fram enn sem komið er.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns tel ég að ekki skipti mjög miklu máli hvernig farið er með sölu á eldspýtum og vindlingapappír, en ég sé samt ekki ástæðu til að skerða tekjustofna ríkisins án þess að eitthvað komi á móti og mun ég því ekki greiða atkv. með samþykkt þessa máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539). — 1. umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 539 um sölu á jörðinni Víðinesi í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu. Frv. er svohljóðandi:

„1. gr.: Ríkisstj. er heimilt að selja Gunnari Guðmundssyni, Lindarbrekku, eyðijörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. málsgr. 38. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976, sbr. lög nr. 90 30. maí 1984.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Um frv. segir svo í grg., með leyfi forseta:

„Frv. þetta er flutt að beiðni Gunnars Guðmundssonar, bónda á Lindarbrekku í Beruneshreppi. Jörðin Víðines hefur verið í eyði frá árinu 1944 og eru engin mannvirki á jörðinni. Síðustu áratugi hefur Gunnar haft jörðina á leigu, en Lindarbrekka er nýbýli úr landi Berufjarðar og Eyjólfsstaða. Jörðin Lindarbrekka er lítil og búskaparskilyrði þar erfið. Hafa afnot af landi Víðiness því bætt úr brýnni þörf bóndans á Lindarbrekku fyrir aukið land og er það ósk hans að fá jörðina Víðines keypta og tryggja þannig afnot Lindarbrekku af þessu landi.

Hreppsnefnd Beruneshrepps og jarðanefnd Suður-Múlasýslu hafa mælt með því að jörðin verði seld Gunnari Guðmundssyni og fylgja meðmæli nefndanna með frv. þessu sem fskj."

Við þessa grg. hef ég í rauninni litlu að bæta öðru en því að á Lindarbrekku er rekinn góður búskapur og þar eru nú að verða kynslóðaskipti, eins og kemur fram í jákvæðri umsögn hreppsnefndar Beruneshrepps sem fylgir frv. sem fskj. Einnig fylgir frv. umsögn jarðanefndar Suður-Múlasýslu sem mælir með þessari sölu.

Við flm. þessa frv. teljum eðlilegt að ábúendur á Lindarbrekku fái full umráð yfir eyðijörðinni Víðinesi með sölu jarðarinnar. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 11. mars, að loknum fundi í Sþ.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5, n. 506, 509, 517 og 522, 505, 507, 514, 516, 518). — Frh. 2. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um þetta frv., enda hafa farið fram miklar umræður um það. En ég sé ekki betur en að ef þetta frv. yrði að lögum mundi það auka aðstöðumuninn sem er í þjóðfélaginu, þvert ofan í þau loforð sem stjórnmálaforingjar allra flokka gáfu í sambandi við breytingar á stjórnarskránni og kosningalögunum. Ég held að ástandið í þjóðfélaginu sé ekki heldur þannig að ástæða sé til að leyfa mörgum nýjum útvarpsstöðvum og jafnvel sjónvarpsstöðvum að taka til starfa. Ég mun greiða atkvæði á móti þessu frv.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir nál. 3. minni hl. menntmn. á þskj. 522 og brtt. við frv. til útvarpslaga á þskj. 518.

Frv. til útvarpslaga var lagt fram á Alþingi í þingbyrjun, í annarri viku októbermánaðar.

Í frv. sagði að ný útvarpslög skyldu öðlast gildi 1. nóvember 1984. Þannig voru Alþingi ætlaðar röskar tvær vikur til að ræða og afgreiða þetta flókna mál. Slík vinnubrögð af hálfu hæstv. ráðh. munu nánast einsdæmi. Öllum var auðvitað ljóst að þessi dagsetning, þetta skamma ráðrúm, dugði hvergi nærri til þess að málið gæti fengið eðlilega umfjöllun á Alþingi. Er það raunar skoðun 3. minni hl. menntmn. að þetta mál sé þess eðlis að það sé með öllu óverjandi að hraða því svo sem að var stefnt og að mörg atriði þyrfti að ræða og fjalla um frekar ef tími hefði unnist til í nefnd. Má þar sem dæmi nefna að meiri hl. n. viðurkennir að núverandi innheimtufyrirkomulag afnotagjalda Ríkisútvarpsins er ekki lengur nothæft. Samt flytur meiri hl. ekki brtt. við þann kafla frv. sem fjallar um innheimtu afnotagjalda en boðar slíka tillögugerð á síðari stigum málsins.

3. minni hl. n. telur að frv. ríkisstj., eins og það var lagt fram, sé í mörgu ábótavant, enda er komið á þriðja ár síðan frv. var samið og margt hefur síðan breyst í þessum efnum. Fjölmargir aðilar hafa sent menntmn. umsagnir og ábendingar og margt athyglisvert hefur komið fram í umfjöllun n. um frv., en fæst af þessu hefur meiri hl. n. fallist á að gera brtt. um.

Það er skoðun þm. Alþfl. að veigamiklar breytingar þurfi að gera á frv. þar sem það sé í ýmsum atriðum gallað og enn fremur sé rétt að koma til móts við fjölmargar skynsamlegar ábendingar sem er að finna í umsögnum sem nefndinni hafa borist. Til þess að gefa aðeins til kynna hvers eðlis þessar ábendingar hafa verið, sem fram hafa komið ýmist í nál. eða í munnlegum umsögnum umsagnaraðila sem nefndin kvaddi á sinn fund, vil ég nefna nokkur atriði.

Fyrsta spurningin, sem kæmi til álita, var t. d. um eignarrétt á boðveitukerfum eða kapalkerfum. Um það var talsvert rætt við 1. umr. málsins hvort menn skyldu taka upp það sem kallað hefur verið svonefnd „common carrier" regla, greina í milli annars vegar eignarréttar á veitukerfunum sjálfum og hins vegar þeirra

útvarpsfélaga sem kynnu að æskja leyfis til að reka stöðvar og annast dagskrárgerð.

Dæmi um önnur álitamál er t. d. hvernig rétt sé að skipa útvarpsréttarnefnd. Kæmi til álita að gefa hlustendafélögum aðild að henni eða fulltrúum starfsmannaráða með málfrelsi og tillögurétti?

Annað dæmi er um áfrýjunarrétt, þ. e. ef útvarpsréttarnefnd synjar um leyfi eða í tilviki leyfissviptingar eða vegna kæru um brot einkastöðva á skilyrðum fyrir leyfisveitingu, hvernig þá skuli meðhöndla málið, til hvaða aðila ætti að skjóta slíkum ágreiningsefnum til endanlegs úrskurðar.

Eitt álitamálið er um varðveisluskyldu efnis, hvort ekki þurfi að tiltaka lágmarkstíma sem einkastöðvum væri skylt að geyma spólur með útsendu efni öðru en fréttaefni á handritsblöðum.

Enn eitt álitamál kom til umfjöllunar í nefndinni skv. ábendingum reyndra fréttamanna. Það var um þá vinnureglu t. d. einkastöðva í Bandaríkjunum sem kennd er við svokallaðan „delay time", m. ö. o. að stöðvunum er gert skylt að láta líða nokkurn tíma í beinni útsendingu. Þetta er út af fyrir sig tæknilegt atriði sem gerir það að verkum að hægt verður að bregðast við í beinni útsendingu ef þörf krefur.

Ein ábending frá Félagi fréttamanna var hvort rétt væri að lögbinda reglur um fréttaflutning og gerð auglýsinga, sbr. athugasemdir Ólafs Sigurðssonar fréttamanns í bréfi frá Félagi fréttamanna.

Enn eitt álitamálið er að því er varðar auglýsingar, hvort þær skuli að öllu leyti vera frjálsar, að einhverju leyti takmarkaðar eða hvort rétt sé að útvarpsréttarnefnd kveði eitthvað á um auglýsingataxta.

Enn eitt álitamál er hvort setja eigi ákvæði um bann við fjármögnun á dagskrárefni frá fjársterkum aðilum, sbr. athugasemd frá Félagi blaðamanna sem víkur að því sem kallað er „sponsorship", þ. e. að fjársterkir aðilar kaupi sér dagskrárefni í auglýsingaskyni.

Verulegt álitamál lýtur að fjármálum Ríkisútvarpsins, ekki aðeins að því hvort fella eigi niður sérstök afnotagjöld og taka upp nefskatt, eins og við leggjum til, heldur ýmislegt fleira í því samhengi. Í athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri hugmyndum um að taka beri sérstakt leyfisgjald af stöðvum eða taka upp menningarsjóðsgjald svo sem tillögur meiri hl. lúta að. Ein ábendingin var sú að rétt væri að taka upp ákvæði um tryggingarfé t. d. vegna hugsanlegrar skaðabótaskyldu, meiðyrða eða brota á almennum starfsreglum. Álitamál er með hverjum hætti stöðvarnar eru að öðru leyti jafnar fyrir skattlagningu, hvort rétt sé að leggja sérstakt gjald á erlent efni í þágu innlendrar dagskrárgerðar.

Eitt atriði, sem rétt þótti að taka afstöðu til, var ákvæði um innlend hlustendafélög og þátt þeirra við eftirlit með eða gagnrýni á útvarpsefni. Erindi bárust frá fulltrúum íslenskra fjarskiptaverkfræðinga þar sem þeir færðu rök að því að nauðsynlegt væri að innlendur iðnaður fengi rýmri aðlögunartíma. Töldu þeir það vera að lágmarki tvö ár og vitnuðu til reynslu annarra þjóða í því efni.

Enn eitt álitamálið var hvort ekki bæri að taka upp ákvæði um skyldur einkastöðva gagnvart almannaþjónustu, svo sem eins og almannavörnum, veður- eða öryggisþjónustu, hvort ekki bæri að hafa ákvæði um hámarkshlutfall erlends efnis í dagskrárgerð, gildistökuákvæði, hvort nauðsynlegt væri að hafa lengri aðlögunartíma. Talsvert mikil umræða fór fram um skilyrði fyrir leyfisveitingum einkastöðva. Þar kom m. a. fram sú ábending að rétt væri að slík félög væru opin félög og jafnvel með lágmarksaðild hlustendafélaga. Eitt álitamálið var hvort rétt væri að skylda einkastöðvar til að bera fyrir sitt leyti ákveðinn hluta af gjaldtöku eða skattlagningu vegna reksturs Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ábending kom fram frá tæknimönnum um nauðsyn þess að taka upp öflugra gæðaeftirlit, sem þyrfti að vera óháð Pósti og síma, að því er varðar innflutning eða framleiðslu á tækjabúnaði. Tillögur komu fram um lagaskyldu að því er varðar fræðsluútvarp og skyldu útvarps- og sjónvarpsstöðva vegna námskeiðahalds í dagskrárgerð og vegna fræðsluútvarps.

Veruleg umræða fór fram um hlutverk útvarpsréttarnefndar, hvort rétt væri að setja reglur fyrir fram um meðhöndlun á kærum, hvort rétt væri að setja strangari ákvæði um eftirlit en nú er í útvarpslagafrv. skv. þeirri ábendingu blaðamanna að nú væru ákvæði í prentrétti sem settu blöðunum strangari skyldur í þessum efnum, hvort lengra skyldi ganga í því að kveða á um það í lögum eða reglugerð að skoðanahópar hafi jafnan tíma eða rétt til jafns tíma í sambandi við umræður um ýmis álitamál. Þetta styðst við þekkta reynslu frá Bandaríkjunum, svokölluð „equal time" ákvæði sem þar eru nokkurn veginn algild.

Þá komu fram ábendingar frá blaðamönnum og starfsmönnum fjölmiðla um nauðsyn ákvæða sem tryggðu sjálfstæði dagskrárgerðarmanna gagnvart eigendum með hliðsjón af siðareglum blaðamanna. Ábendingar komu fram um nauðsyn þess að hafa ákvæði um svokallaðan andmælarétt og þá vísað til reglna úr prentrétti um rétt einstaklinga til þess að fá birtar leiðréttingar samdægurs ef þeir eru bornir sökum í ríkisfjölmiðlum, eins og ágætt dæmi var um hér nýlega í ríkisfjölmiðli. Ábendingar komu um ákvæði um viðurlög við leyfisbrotum og þannig mætti lengi telja.

Sannleikurinn er sá að hér er yfirleitt hreyft athugasemdum og tillögum sem styðjast ýmist við lög eða reglur eða starfsvenjur við slíkan rekstur með öðrum þjóðum. Það er ákaflega miður að umræða um þetta var ákaflega takmörkuð í nefndinni sem og hitt að niðurstöður meiri hl. voru þær að vísa flestum af þessum ábendingum á bug.

Ég mun ekki ræða það frekar. Þetta nægir til að sýna fram á að frv. í sinni upphaflegu mynd þarfnaðist mjög rækilegrar umfjöllunar. Að svo mæltu mun ég snúa mér að því að gera grein fyrir þeim brtt. sem við leggjum hér fram, en þær eru ítarlegastar þeirra sem fyrir liggja í þessu máli.

Í fyrsta lagi leggjum við til að kaflaskiptingu frv. verði breytt. Við teljum okkar till. að kaflaskiptingu eðlilegri og skýrari en sú kaflaskipting sem er í frv. ríkisstj. Skv. brtt. 3. minni hl. n. skal kaflaskipting frv. vera sem hér segir:

I. kafli. Réttur til útvarps. II. kafli. Ríkisútvarpið. III. kafli. Staðbundið útvarp. IV. kafli. Útvarpsréttarnefnd og útvarpsfélög. V. kafli. Endurvarp og dreifing dagskrárefnis frá innlendum og erlendum sendistöðvum. VI. kafli. Ábyrgð á útvarpsefni. VII. kafli. Ýmis ákvæði.

Brtt. 3. minni hl. er að finna á þskj. 518. Ég mun ekki

gera grein fyrir öllum þessum brtt. heldur eingöngu þeim sem við teljum þýðingarmestar og þá einnig vekja athygli á helstu nýmælum:

1. Lagt er til að inn í frv. komi nýtt ákvæði um boðveitur sveitarfélaga. Ábendingar um það efni hafa borist bæði frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Boðveitur á vegum sveitarfélaga eru ýmist þegar staðreynd eða í uppbyggingu í mörgum nágrannalöndum okkar. Um slíkar veitur er flutt efni af mörgu tagi. Má þar til nefna hljóðvarpsdagskrár, sjónvarpsdagskrár og svokölluð skjárit eða „videotex". Enn fremur eru slíkar boðveitur notaðar til að flytja tölvuboð. Boðveitur eru því bæði notaðar til fjölmiðlunar og til einstaklingsbundinnar boðmiðlunar í formi tölvuboðmerkja.

Upphaflega voru þessar boðveitur háðar þráðum, þær voru kapalkerfi. Tilkoma glertrefjaþráða, sem nú standast fyllilega samkeppni við venjulega kapla hvað snertir verð, hefur valdið byltingu á þessu sviði og önnur nýtilkomin nýjung mun einnig valda miklum breytingum á þessu sviði. Sú nýjung er að komið er fram á sjónarsviðið þráðlaust kerfi þar sem nota má um 12 sm bylgjulengd og hægt er að flytja margar rásir samtímis á afmörkuðu svæði fyrir tiltölulega lágt verð.

Gert er ráð fyrir því í okkar tillögum að boðveitur lúti hver um sig sérstakri stjórn sem eingöngu sjái um rekstur hennar en hafi ekkert með dagskrárgerð að gera eða útsendingu efnis. Að mati 3. minni hl. er hér um að ræða þriðja meginatriðið, nefnilega að glögg skil séu gerð milli annars vegar dreifikerfisins og hins vegar þess aðila sem leggur til innihaldið, þ. e. sjálfa dagskrána. Fjölmargir aðilar, útvarpsfélög og einstaklingar, eiga þannig aðgang að einu sendikerfi sem er undir stjórn annars aðila. Allir, sem uppfylla sett skilyrði, eiga aðgang að boðveitunni. Þetta fyrirkomulag þýðir að boðveitan er í rauninni öllum opin. Hún er það sem á ensku máli er nefnt „common carrier" sem er grundvallarregla varðandi framtíðarþróun þessara mála í grannlöndum okkar.

Ekki er gert ráð fyrir því að þeir aðilar, sem senda út efni í boðveitukerfi, geti aflað sér tekna með auglýsingum þar sem þeir eiga auðvelt með að innheimta afnotagjöld.

Ákvæðin um boðveitur sveitarfélaga eiga að tryggja að öllum almenningi nýtist kostir hinna nýju fjölmiðlunartækni. Þau eiga að tryggja að ekki taki við einokun einkaaðila af einokun Ríkisútvarpsins. Í þessum skilningi er þetta algert grundvallaratriði. Þau eiga að tryggja að ekki aðeins fjölgi þeim aðilum sem fást við útvarps- og sjónvarpsrekstur heldur aukist raunveruleg fjölbreytni að því er varðar dagskrárefni og áhorfendur og hlustendur hafi raunverulegt val. Tjáningarfrelsi eykst með þessu fyrirkomulagi og lýðræði fær betur notið sín. Í þessum skilningi er þetta grundvallaratriði þessa máls.

2. Því er slegið föstu í tillögum 3. minni hl. að Ríkisútvarpið skuli starfrækja fræðsluútvarp en ábendingar um þetta efni bárust m. a. frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins.

Upplýsingaþjóðfélagið er nú að leysa iðnaðarþjóðfélagið af hólmi og nám og menntun er ekki og verður ekki framvegis bundið við hið hefðbundna skólakerfi. Endurmenntun á miðjum aldri og á efri árum kemur til með að verða almenn regla í okkar þjóðfélagi á næstu árum. Þá er þess að geta að í skólabænum Akureyri er mikill áhugi á því að hefja tilraunastarfsemi á sviði fræðsluútvarps núna á næstunni og nýta í því sambandi þá aðstöðu sem Ríkisútvarpið hefur komið upp á Akureyri.

3. Lagt er til að tvær nýjar deildir, fræðsludeild, sbr. brtt., og tæknideild, verði starfræktar við Ríkisútvarpið. Ýmsir munu þeirrar skoðunar að óeðlilegt sé að binda deildaskiptingu stofnana í lög. Engu að síður er þetta lagt til hér til að leggja megináherslu á þessa skipulagsbreytingu.

4. Gerð er tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður til fimm ára í senn en ekki lagðar hömlur á endurráðningu hans ef hann reynist afburðamaður.

5. Þá er það nýmæli í tillögum 3. minni hl. að við Ríkisútvarpið starfi sérstakt starfsmannaráð og skal fulltrúi þess eiga sæti á fundum útvarpsráðs. Skal starfsmannaráðið vera ráðgefandi um málefni stofnunarinnar.

6. Lagt er til að núverandi fyrirkomulagi á innheimtu afnotagjalda verði gjörbreytt. Nefskattur verði tekinn upp í stað afnotagjalds. Eftir að heimilað var að skrá fleiri en eitt sjónvarpstæki á nafn sama einstaklings hafa ágallar núverandi kerfis komið skýrt í ljós. Kerfið er gloppótt og reyndar ónothæft að mati þeirra sem gerst til þekkja. Tillaga 3. minni hl. er sú að allir Íslendingar á aldrinum 20—70 ára, sem ekki eru sérstaklega undanþegnir, greiði útvarpsgjald enda njóta allir landsmenn þjónustu útvarpsins hvort sem þeir eru skráðir útvarpsnotendur eða ekki. Þetta er tillaga um verulegan sparnað í opinberum rekstri vegna þess að með henni má leggja niður núverandi innheimtukerfi. Margoft hafa verið gerðar tillögur um breytingar í þessum efnum en þær hafa hingað til ekki náð fram að ganga.

7. Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins verði lagður niður en fjallað verði um fjárfestingar Ríkisútvarpsins á Alþingi á sama hátt og þar er fjallað um almennan rekstur þess.

8. Sérstakur kafli fjallar skv. okkar tillögum um staðbundið útvarp. Þar er í fyrsta lagi fjallað um útvarp sem fram fer um boðveitur sveitarfélaga. Þar gerum við greinarmun á útvarpi sem er óreglubundið og getur átt sér stað á vegum ýmissa aðila og hins vegar reglubundnu útvarpi á vegum viðurkenndra útvarpsfélaga sem afli sér tekna með afnotagjöldum. Í þriðja lagi er um að ræða reglubundið, staðbundið hljóðvarp sem útvarpsfélag rekur, sendir út efnið frá eigin sendistöð og aflar sér tekna með auglýsingum skv. nánari reglum.

9. Ítarleg ákvæði eru um útvarpsréttarnefnd, verksvið hennar og skipan. Þá eru greind skilyrði sem útvarpsfélag þarf að uppfylla til að hljóta viðurkenningu. Meðal þessara skilyrða má nefna:

— Félagið er skráð skv. ákvæðum hlutafélagalaga.

— Tilgreina skal ábyrgðarmann útsendinga.

— Setja skal fjártryggingu vegna ábyrgðar á útsendingum. Í brtt. okkar er gert ráð fyrir, miðað við verðlag í upphafi árs 1985, um 5 millj. kr. tryggingarfjárhæð.

— Félagið skuldbindi sig til að halda í heiðri almennar grundvallarreglur um lýðræði og tjáningarfrelsi, stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

— Félagið kosti eitt gerð þeirrar dagskrár sem það sendir út og a. m. k. helmingur dagskrár sé byggður á innlendu efni.

— Upptökur af öllu útsendu efni verði geymdar í sex mánuði.

— Félagið skuldbindi sig til að hlíta úrskurðum útvarpsréttarnefndar og geri henni grein fyrir almennri dagskrárstefnu sinni.

— Félagið skuldbindi sig til að rjúfa dagskrá til að koma á framfæri tilkynningum er varða almannaheill og öryggi þjóðarinnar.

10. Sérstakur kafli í tillögum 3. minni hl. fjallar um endurvarp og dreifingu dagskrárefnis frá innlendum og erlendum stöðvum. Þar er í fyrsta lagi um að ræða móttöku eða sendingu efnis um gervihnött milli fastra stöðva. Í öðru lagi móttöku og dreifingu á dagskrám innlendra útvarpsfélaga þar sem gert er ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd þurfi að samþykkja samtengingu staðbundinna stöðva. Í þriðja lagi er svo um að ræða móttöku og dreifingu á dagskrá sem send er um gervihnetti gagngert til beinnar móttöku hjá almenningi en bylting er að eiga sér stað í þessum efnum og munu Íslendingar eiga þar margra kosta völ áður en langt um líður. Enda þótt norrænt sjónvarpssamstarf í þessum efnum virðist um sinn hafa steytt á skeri getum við átt von á því að geta horft á útsendingar með völdu efni frá ýmsum löndum á svonefndri Evrópurás áður en langt um líður.

11. Ljóst er að gera þarf breytingar á fjarskiptalögum með breyttum útvarpslögum. 3. minni hl. telur að ný útvarpslög geti tekið gildi 1. desember 1985 hið fyrsta. Tæknilegur undirbúningur að útsendingum og dagskrárgerð fyrir staðbundnar útvarpsstöðvar hljóti að taka nokkurn tíma auk þess sem eðlilegt sé að gefa íslenskum fyrirtækjum, er framleiða rafeindatæki, tíma til aðlögunar þannig að þau eigi nokkra möguleika á að keppa við erlend fyrirtæki um gerð búnaðar fyrir útvarpsstöðvar.

Herra forseti. Þar með hef ég gert grein fyrir tíu meginþáttum og aðalatriðum og helstu nýmælum í okkar tillögum. Að öðru leyti vísa ég hv. þm. á að kynna sér aðrar brtt., sem minni háttar geta talist, eins og þær eru settar fram á þskj. 518.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég tel rétt að taka þátt í þessari umr. um frv. til útvarpslaga á þessu stigi og skýra mín sjónarmið til þessa máls. Ég á sæti í menntmn. hv. Nd. og hef því tekið þátt í samkomulagi sem felst í framlögðum brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Það er ljóst að frv., eins og það var lagt fram, var málamiðlun á milli ákveðinna sjónarmiða sem vildu ganga mismunandi langt í þessu efni. Þær brtt. sem meiri hl. menntmn. flytur bera þess einnig ljóslega vott að um frekari málamiðlun er að ræða. Það er hins vegar alveg ljóst að meiri hl. nefndarinnar er fylgjandi því að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins til hljóðvarps og sjónvarps og það er að sjálfsögðu grundvallaratriði sem mjög mikilvægt er að fram komi og náist í gegn.

Um hitt eru skiptar skoðanir milli flokka og jafnvel innan flokka, hvaða reglur skuli gilda. Allir flokkar hafa sérskoðanir á því hvernig þessum málum verði fyrir komið. Það er t. d. alveg ljóst að stjórnarflokkarnir hafa mismunandi sjónarmið þannig að ef málið ætti að ná fram að ganga reyndist nauðsynlegt að gera samkomulag innan nefndarinnar um framgang þess og um ákveðnar breytingar á frv. Til að undirstrika enn betur nauðsyn einhvers konar samkomulags um framgang málsins er rétt að gefa gaum að afstöðu stjórnmálaflokkanna hér á hv. Alþingi eins og hún kemur fram í brtt. þeirra.

Alþb. hefur tilhneigingu til að draga mest lappirnar í þessu máli að Samtökum um kvennalista undanskildum. Alþb. hefur gert sér grein fyrir því að baráttan gegn frjálsu útvarpi er vonlaus og því beinir það nú kröftunum að því að takmarka það sem mest. Það kemur fram í algeru banni við auglýsingum í öllum öðrum stöðvum en í Ríkisútvarpinu og enn fremur í kröfu um að öll dreifikerfi útvarpsstöðva skuli vera í opinberri eigu. Samtök um kvennalista vilja viðhalda einokun Ríkisútvarpsins og hafa lagt fram sérstakt frv. í Ed. sem gengur út á það. Skal ég ekki gera það nánar að umtalsefni hér.

Bandalag jafnaðarmanna vill frjálst útvarp og að leyfisveiting og eftirlit sé í höndum menntmrh. en ekki útvarpsréttarnefndar. Þá vill Bandalag jafnaðarmanna engar hömlur á auglýsingar. Hins vegar vill Bandalagið takmarka hverjir geta fengið leyfi til útvarpsreksturs. Skv. þeirra brtt. yrði einstaklingum eða fyrirtækjum, sem hafa atvinnu af öðrum greinum fjölmiðlunar eða eiga hlut í fyrirtæki með þeirri atvinnugrein, svo sem dagblöðum, óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta ákvæði er mjög takmarkandi og alveg óaðgengilegt og er nú farið að sneyðast um frelsisástina hjá þeim flokki.

Alþfl. vill í orði kveðnu frjálst útvarp. Brtt. þeirra Alþfl.-manna bera þess þó mjög glöggt merki að Alþfl. reynir að drepa þessu máli á dreif og mundi vafalaust gráta það þurrum tárum þótt afgreiðsla þess drægist og málið yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Í brtt. þeirra er ítarlegur kafli um boðveitur sem séu í eigu sveitarfélaga. Jafnframt er áskilið að þeir sem nýta sér það boðveitukerfi hafi ekki heimild til auglýsinga.

Það er skoðun mín að ákvæði um boðveitur eigi fremur heima í fjarskiptalögum og þessar ítarlegu tillögur um boðveitur eigi ekki við varðandi útvarpslagafrv. og því sé hér um að ræða tilraun til að drepa þessu máli á dreif. Ég held að það sé ljóst að endurskoða þurfi fjarskiptalögin, ef þetta frv. nær fram að ganga, og þar komi til athugunar þær hugmyndir sem Alþfl. hefur lagt fram um boðveitur í eigu sveitarfélaga.

Þá leggur Alþfl. til að sérstakt leyfisgjald sé tekið af þeim stöðvum sem heimild fái til útvarpsreksturs.

Í Framsfl. eru öfl sem engu vilja breyta í þessu efni. Það kom m. a. glöggt fram í þeirri ræðu sem hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti hér áðan þar sem hann lýsti því yfir að hann mundi ekki fylgja neinum breytingum í þessu efni. Í Framsfl. eru líka menn sem eru áhugasamir um framgang þessa máls. En meginágreiningsefnið milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í þessu efni innan nefndarinnar, og væntanlega milli flokkanna að öðru leyti, er um frelsi til auglýsinga. Ég tel hins vegar rétt að geta þesss hér, þannig að það komi glöggt fram, að hæstv. menntmrh. hefur skýrt frá því í þingflokki sjálfstæðismanna að skv. samkomulagi, sem hún og hæstv. forsrh. hafa gert, hafi þm. beggja flokka Framsfl. og Sjálfstfl., óbundnar hendur í atkvgr. um þennan þátt málsins. Ég á fyllilega von á því að þm. Sjálfstfl. styðji þær brtt. sem hv. 2. þm. Reykv. hefur hér flutt um það efni.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti eru skoðanir flokkanna mjög skiptar og því nauðsynlegt að semja um

málið ef það grundvallaratriði eigi að komast í gegn að einokun Ríkisútvarpsins verði aflétt. Í slíkum samningum er alltaf fólgin málamiðlun, enginn kemur sínum skoðunum fram að öllu leyti. Ég hef hins vegar talið það svo mikilvægt að fá frelsi til útvarpsrekstrar fest í lög, þótt með takmörkunum sé, að ég hef frekar viljað ganga til samninga um málið en láta það daga hér uppi. Og ég vek athygli á að skv. þeim brtt. sem nú hafa verið fluttar er gert ráð fyrir því að þessi lög verði endurskoðuð eftir þrjú ár þannig að þá sé hægt að sníða af þeim verstu agnúana. Ég vil hins vegar á þessu stigi ekki láta hjá líða að gera að umtalsefni þau atriði sem ég er í mestum vafa um varðandi þetta frv. og þær brtt. sem fram hafa komið og ég tel að endurskoðun, þegar hún fer fram, eigi einkum að beinast að ef þessi atriði yrðu lögfest nú.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að útvarpsréttarnefnd. Ég hefði kosið að leyfisveitingar og eftirlit væri í höndum annarra en nefndar sem kjörin væri af Alþingi. Ég hefði talið að þetta verkefni ætti að vera í höndum menntmrh. eða menntmrn. Sumir óttast misnotkun af hálfu pólitísks ráðherra. Vafalaust er eitthvað til í því að slíkt megi óttast, ég segi t. d. ef Alþb.-maður sæti í því sæti, og ég reikna með að ótti manna beinist helst að því, en engu að síður tel ég rétt að taka þá áhættu og þetta verkefni ætti frekar heima í menntmrn.

Verkefni nefndarinnar er mjög viðamikið eins og það er skilgreint í frv., einkum við 3. og 4. gr., og ég tel að það sé mikil hætta á því að í kringum útvarpsréttarnefnd geti risið mikið bákn með fjölda starfsmanna. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. að þess verði gætt í reglugerð að forðast megi að þetta verði einhver risastofnun með fjölmennu starfsliði en upptalning verkefna gæti gefið fullt tilefni til þess.

Ég vil þá víkja að kaflanum um auglýsingar og ítreka reyndar það sem ég sagði áðan, að ég vil hafa meira frjálsræði í þeim efnum en frv. gerir ráð fyrir. Ég vil hins vegar sérstaklega vekja athygli á því að um þennan þátt málsins hefur farið fram mjög villandi umræða úti í þjóðfélaginu. Sumir fjölmiðlar hafa skrifað á þann veg að skv. þessu frv. eigi að banna allar auglýsingar í öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu. Þetta er misskilningur. Auglýsingar eru heimilar skv. frv. í öðrum útvarpsstöðvum en þeim sem senda um þráð. Skv. 4. gr. 1. mgr. segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga sbr. 3. gr., skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum."

Þessu ákvæði upphaflega frv. hefur ekki verið breytt í meðferð menntmrn. Skv. frv. á útvarpsréttarnefnd að gefa út reglur um auglýsingar og ákveða auglýsingataxta. Ég tel að þetta séu of þröng ákvæði og raunar að afskipti útvarpsréttarnefndar af þessu séu ekki nauðsynleg og þetta sé því atriði sem þurfi að taka til endurskoðunar. Hins vegar eru auglýsingar ekki heimilaðar skv. frv. í kapalsjónvarpi eða kapalhljóðvarpi, þ. e. ef útvarpað er um þráð. Þetta tel ég að sé of strangt og ég tel að þetta muni beinlínis hamla rekstri slíkra stöðva þótt þær hafi heimild til að innheimta afnotagjöld.

Ég vek athygli á að frelsi til auglýsinga er einmitt mjög líklegt til að auka gæði dagskrár. Auglýsingatekjur eru líklegar til þess að útvarpsstöðvar geti lagt meira í dagskrár og því líklegar til að auka menningargildi hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskráa. Án auglýsinga er líklegt að það verði einungis á færi fjársterkra aðila eins og stórfyrirtækja eða öflugra félaga að reka einkastöðvar.

Hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson hefur flutt sérstaka brtt. um þennan þátt frv. og ég er sammála því sem fram kemur í þeirri till.

Það hefur verið vikið sérstaklega að því að Norðurlönd heimili ekki auglýsingar í útvarpsstöðvum og það nefnt sem sérstök fyrirmynd fyrir okkur. Það er langt síðan við Íslendingar fórum aðra leið en Norðurlönd í þessum efnum vegna þess að við höfum alla tíð heimilað auglýsingar í Ríkisútvarpinu. Ástæðan fyrir því, og það vita vafalaust allir sem fylgst hafa með umræðum um fjölmiðla á Norðurlöndum, ástæðan fyrir því að Norðurlandamenn hafa ekki heimilað auglýsingar í útvarpi, þ. e. hljóðvarpi eða sjónvarpi, er sú að það er verið að vernda dagblöðin, það er verið að vernda þennan markað svo að dagblöðin og vikublöð eða blaðamaðurinn sitji einn að auglýsingum. Og öll umræða um það hvort leyfa eigi auglýsingar í útvarpsstöðvum á Norðurlöndum gengur út á þetta atriði. Við höfum hins vegar heimilað auglýsingar í Ríkisútvarpinu, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi, og eigum því jafnframt að heimila auglýsingar í útvarpsstöðvum, þótt þær sendi um þráð, og gefa stöðvunum frelsi til að ákveða sína taxta og hvernig auglýsingum verði háttað.

Ég vil þá aðeins víkja að brtt. varðandi menningarsjóðinn. Ég skal viðurkenna að þó að ég standi að þeirri till. og muni að sjálfsögðu greiða henni hér atkv., þá hef ég ekki fulla sannfæringu fyrir þeim sjóði. Upphaflega hugmyndin byggðist á því að Ríkisútvarpinu væri skylt að taka þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og því var haldið fram að með þann fjárhagslega bagga gæti Ríkisútvarpið ekki staðið jafnfætis öðrum stöðvum í samkeppninni. Því yrði að létta þeim fjárhagsbagga af Ríkisútvarpinu. Síðan var þessi hugmynd færð út og gert ráð fyrir að menningarsjóðurinn gæti, auk þess að greiða kostnað Ríkisútvarpsins af Sinfóníuhljómsveitinni, styrkt dagskrárgerð annarra stöðva eða eins og það er orðað í 7. brtt. meiri hl. menntmn. á þskj. 505: „Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöva er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu." Í því sambandi var gerð sjónvarpskvikmynda m. a. höfð í huga. Ég tel þetta þó vafasamt. Það hefur komið fram að Ríkisútvarpið telur þetta ekki gert í sína þágu og forráðamenn Sinfóníuhljómsveitarinnar eru ekki hrifnir af þessu fyrirkomulagi. Ég tel því að þetta sé eitt af þeim atriðum sem skoða þurfi betur.

Herra forseti. Í hinni almennu umræðu um þetta mál er *því haldið fram að tillögur meiri hl. menntmn. hnígi* allar í þá átt að leggja stein í götu frjálsrar fjölmiðlunar, auka hlut Ríkisútvarpsins og binda starfsemi annarra fjölmiðla í meiri fjötra en ákvæði upphaflega frv. gera ráð fyrir. Bæði Morgunblaðið og DV hafa ritað í þá veru og gagnrýnt tillögur meiri hl. menntmn. Ég tel að þetta séu ekki réttar fullyrðingar og tel að ýmsar brtt. sem meiri hl. menntmn. hefur flutt hnígi í þá átt að auka og rýmka réttinn frá því sem var skv. upphaflega frv. Ég vil í þessu sambandi minna á að meiri hl. n. hefur ekki hróflað við upphaflegum ákvæðum frv. um auglýsingar og ég hef þegar gert það að umtalsefni. En í ýmsum atriðum hefur meiri hl. n. gert tillögur um að rýmka rétt

og möguleika einkastöðva. Það virðist hins vegar hafa farið fram hjá mönnum og ekki komið nægilega fram í hinni opinberu umræðu til þessa og ég ætla því aðeins að gera þessi atriði að umtalsefni og rekja þau.

1. Skv. till. meiri hl. menntmn. geta fleiri fengið leyfi til útvarpsrekstrar en skv. ákvæðum frv. Skv. 3. gr. 1. mgr. frv. gat útvarpsréttarnefnd veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, leyfi til útvarpsreksturs. Þetta er rýmkað í brtt. þannig að nú geta „sveitarfélög og aðrir lögaðilar" fengið slíkt leyfi. Sem sagt, það þarf ekki að stofna sérstakt félag til útvarpsreksturs heldur geta skv. brtt. félög sem fyrir eru eða fyrirtæki eða einstaklingar fengið leyfi til útvarps.

2. Í 3. gr. 2. tölul. frv. segir nú að það sé skilyrði fyrir veitingu leyfis að sveitarstjórnir á svæðum þar sem stofna skal útvarpsstöð mæli með veitingu leyfis. Þetta skilyrði er fellt niður í brtt. meiri hl. nefndarinnar enda hefði það vafalaust getað orðið þröskuldur fyrir veitingu leyfis.

3. Fellt er niður ákvæði um fyrirfram ritskoðun útvarpsréttarnefndar. Í 3. gr. 7. tölul. í frv. segir að útvarpsstöðvar, er fái leyfi til útvarps, skuli gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Síðan segir í frv.: „Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá á böndum." Hér var sem sagt um að ræða ákvæði um fyrirfram ritskoðun á efni í útvarpsstöðvum en þetta ákvæði er fellt niður í brtt. meiri hl. menntmn.

4. Í brtt. við 3. gr. 1. tölul. eru rýmkuð ákvæði um hvaða bylgjur einkastöðvar megi nota þar eð opnuð er heimild fyrir millibylgju þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desímetrabylgjum.

5. Í 5. brtt. meiri hl. menntmn. er mjög mikilvægt ákvæði til rýmkunar. Þar er gert ráð fyrir að inn í frv. komi ný grein sem kveður á um að útvarpsstöð sé heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki. Með þessu ákvæði eru tekin af öll tvímæli um að einkastöðvar geti átt og rekið tæki sem nauðsynleg eru til útsendingar en um þetta voru ekki ákvæði í frv. eins og það liggur fyrir. Ofangreind atriði horfa því öll til rýmkunar frá frv.

Ég vil einnig nefna tillögur til breytinga á 7. gr. frv. Í frv. segir:

„Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar." Í brtt. meiri hl. menntmn. er lagt til að við ákvæði þetta sé bætt orðunum: „enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða." Með þessu er forðað geðþóttaákvörðunum útvarpsréttarnefndar.

Öll þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, eru til rýmkunar og hagsbóta fyrir einkastöðvar þótt betur megi gera eins og ég hef áður vikið að. Einmitt þess vegna er sett inn í brtt. ákvæði um endurskoðun laganna innan þriggja ára þannig að sníða megi af agnúa í ljósi reynslunnar.

Í hinni almennu umræðu hefur bryddað á því sjónarmiði að allar takmarkanir á frelsi til útvarpsreksturs séu af hinu illa og algert frelsi eigi að ríkja í þessum efnum. Hafa menn í því sambandi talið að ýmis skilyrði í þessu frv. önnur en ég hef hér gert að umtalsefni væru óeðlileg. Um útvarpsrekstur verða auðvitað að vera reglur og setja verður útvarpsstöðvum skilyrði. Um það *má hins vegar alltaf deila hversu langt eigi að ganga í* þeim efnum. Í umræðum um frjálst útvarp eru Bandaríkin oft nefnd sem fyrirmynd. Víst er það að þar eru einkastöðvar aðalreglan og þar ríkir mjög hörð samkeppni milli stöðva um hylli áheyrenda og áhorfenda. Engu að síður hafa Bandaríkjamenn séð ástæðu til þess að setja mjög strangar reglur um rekstur útvarpsstöðva og setja stöðvunum mjög ströng skilyrði. Við í menntmn. höfum haft útdrátt úr bandarísku reglunum til athugunar. Í ýmsum greinum eru þær reglur mun strangari og skilyrðin meiri en fram koma í því frv. sem hér er til umr. Skal ég rekja nokkur atriði úr þessum reglum mönnum til upplýsingar.

Meginreglan er að útvarpsstöðvar séu í eigu einkaaðila en allar útvarpsstöðvar verða að fá leyfi alríkisnefndar um fjarskipti (Central Communication Commission) sem hefur aðsetur í Washington. Útvarpsstöðvar selja auglýsingatíma en alríkisnefndin verður að samþykkja gjaldskrá stöðvanna. Útvarpsstöðvar fá leyfi til þriggja ára í senn. Þegar sótt er um endurnýjun leyfis skal nefndin kanna hvort viðkomandi stöð hafi verið rekin í þágu hagsmuna almennings og í samræmi við útvarps- og fjarskiptalög. Ef kvartanir berast um starfsemi útvarpsstöðva skal rannsaka málið og endurmeta leyfisveitingu. Nefndin getur sektað stöðvar, sem gerast brotlegar, um allt að 10 þús. dollara og ef um alvarleg brot er að ræða afturkallað leyfi.

Nefndin úthlutar senditíðni og kveður á um útgeislað afl stöðva og löggildir tæknimenn. Ítarleg ákvæði eru um skrár og skráningarskyldu efnis og eru slíkar skrár opnar hverjum sem er. Í bandarísku reglunum eru fyrirferðarmikil ákvæði um sanngirnissjónarmið í rekstri útvarpsstöðva, svokölluð „fairness doctrine". Skv. þeirri reglu verða útvarpsstöðvar að flytja andstæð sjónarmið ef þau útvarpa dagskrám um efni sem skiptar skoðanir eru um meðal almennings. Ef um er að ræða útvarp í sambandi við kosningabaráttu til einhvers opinbers starfs, t. d. þings eða einhvers embættis, þá verður viðkomandi stöð að tryggja aðalframbjóðendum jafnan tíma. Ef einn frambjóðandi kaupir tíma ber stöðinni skylda til að bjóða hinum frambjóðendum jafnan tíma og jafnvel láta hann ókeypis í té ef viðkomandi getur sannanlega ekki greitt fyrir tímann.

Þá eru ákvæði í þessum reglum sem koma eiga í veg fyrir einokun með því að takmarka fjölda sjónvarpseða hljóðvarpsstöðva í eigu sama aðila og enginn má eiga nema eina stöð sem nær yfir sama landsvæði. Þá er og takmarkað hvað sjónvarpsstöðvar, sem starfa á stærstu mörkuðunum, mega leggja marga klukkutíma undir dagskrá sína á aðalsjónvarpstíma á kvöldin. Hér er væntanlega átt við hinar stóru stöðvar, þ. e. ABC, NBC, CBS, sem senda um öll Bandaríkin og fá tíma í flestum staðbundnum stöðvum t. d. fyrir fréttir. En það eru sem sagt takmörk fyrir því hvað þessar stóru stöðvar mega leggja undir sig marga klukkutíma á hverju kvöldi í hverri og einni staðbundinni stöð.

Þá er í þessum reglum ákvæði um kapal- eða áskriftarsjónvarp en slíkt sjónvarp hefur verið háð reglum og stjórnun alríkisnefndarinnar allt frá árinu 1968.

Herra forseti. Mér þótti rétt að rekja hér nokkur meginatriði úr hinum bandarísku útvarpsreglum því að mér finnst umræðurnar hér á landi benda til þess að það sé fróðlegt fyrir þm. og almenning að kynnast þeim. Þó að þær þurfi ekkert að vera til fyrirmyndar fyrir okkur *er það ljóst að þær eru í mörgum greinum mun strangari* en þær reglur sem verið er að ræða um að setja hér á landi. Eitt er þó víst. Ýmsum þeim sem gagnrýnt hafa

hvað mest þetta frv. og brtt. meiri hl. menntmn., gagnrýnt þær í nafni frelsisins, mundi þykja æði þröngt fyrir sínum dyrum við útvarpsrekstur í guðs eigin landi, Bandaríkjunum.

Ég mun nú senn ljúka máli mínu. Ég ítreka að frv. með brtt. er málamiðlun. Meginatriðið er að afnuminn er einkarekstur Ríkisútvarpsins. Síðan verða vafalaust sniðnir af þeir agnúar sem á þessu frv. eru.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hafa verið fluttar margar og miklar ræður um það málefni sem hér er á dagskrá og fyrir deildinni liggja brtt. það margar að segja má að stjórnarandstaðan hafi brotnað upp í frumeindir sínar. Engu að síður er yfir því kvartað að ekki skuli hafa verið haldið áfram að vinna í n. og ná fram einingu um málið. Ég vil hvetja menn til að hugleiða hvort þeir yfir höfuð telji að það hafi verið hægt. Þeir valkostir hlutu að blasa við að annaðhvort yrði haldið áfram að þrefa um þetta mál í n. og það færi hvergi þaðan út eða að sá skoðanaágreiningur, sem til staðar var, hlyti að koma fram á þskj. hér í þinginu.

Ég hef einnig mátt hlusta á að hér hafa verið fluttar ræður — og þó sérstaklega ein ræða — þar sem samræmið á milli þess tillöguflutnings sem verið var að tala fyrir og þess efnisinnihalds sem var í ræðunni var ekkert. Og það er dálítið sérstætt þegar slíkt gerist. Annars vegar er flutt áhrifamikil ræða sem hefði átt að bera yfirskriftina „Frelsið" og svo koma brtt. sem hefðu átt að bera yfirskriftina „Fjötrar", svo furðulegur var þessi málflutningur.

Hv. 1. landsk. þm. Kristín Kvaran segir í sinni ræðu, lokaorðum, eins og til að hnykkja á talinu um frelsið, með leyfi forseta:

„BJ hefur í störfum sínum lagt á það áherslu að eitt meginhlutverk laga og þar með lagasetningar sé að tryggja fólki frelsi. Það verður að gera ráð fyrir því sem allra mest innan lagasetningar að fólki verði treyst sjálfu, að treysta verði á dómgreind þess og rétt til að velja og hafna. Það felst í einföldustu skilgreiningu á mannréttindum að hafa réttinn til að tjá sig. Það eru hin einföldu og sjálfsögðu mannréttindi sem BJ berst fyrir að fólk fái."

Í hvaða landi búum við? Búum við í landi þar sem fólki er bannað að tjá sig? Búum við í landi þar sem menn eru geymdir í fangelsum fyrir málflutning, fyrir ritsmíðar? Ég kem af fjöllum ef svo er.

En þegar kemur að brtt. BJ, þá segir í 5. brtt.:

„Einstaklingum [sem eiga hlut í fyrirtæki í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum,] er óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta ákvæði á einnig við um fyrirtæki."

Er þetta í nafni frelsisins? Mega menn m. ö. o. annaðhvort fá að tala eða skrifa, en fráleitt að þeir megi hvort tveggja? Hvert er verið að stefna? Er það traust á fólki og þess dómgreind ef það á að fara að ákveða á þennan hátt á hvað það má hlusta? Mér finnst að hér hafi orðið alvarlegur ruglingur.

Er verið að leggja til að ef Alþýðusamband Íslands gerðist eigandi að útvarpsstöð og kæmi þar sinni fræðslu á framfæri væri þar með ákveðið að það yrði að leggja niður öll dreifibréf til sinna félaga? Er það þetta sem verið er að segja eða er það óttinn við að Morgunblaðið fari að reka útvarpsstöð sem blundar þar á bak við? Og ef menn vildu nú hlusta á útvarpsstöð Morgunblaðsins er þá ekki dómgreind fólksins lengur treystandi? Þarf að setja lög til að koma í veg fyrir slíkt? (**SJS:** Er þm. áhugamaður um útvarpsrekstur Morgunblaðsins?) — Það er spurt úr hliðarsal hvort þm. sé áhugasamur um útvarpsrekstur Morgunblaðsins. Ég er hlynntur því frelsi að ef menn vilja lesa Morgunblaðið á morgnana, hlusta á fréttaskýringar úr Morgunblaðinu um miðjan daginn í útvarpi og fá svo kvöldsöguna lesna úr Morgunblaðinu um kvöldið megi þeir það. En það er greinilegt að til eru aðilar hér í þinginu sem vilja hafa þetta í fjötrum og eru hræddir við þetta af því að þeir treysta ekki dómgreind fólksins.

Ég held að það hefði verið skynsamlegt hjá hv. flm. að samræma brtt. og ræðuna og falla ekki í þá gildru að flytja ræðu um frelsið, en setja svo upp tillögur um breytingar þar sem fjötrarnir eru inntakið.

Í 4. brtt. BJ stendur svo:

„Sveitarstjórnir hafa einkarétt á uppsetningu kapalkerfa en heimilt skal sveitarstjórn að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum."

Er ekki verið að tala þarna um einokun sveitarfélaganna hvers á sínu svæði? Er það í átt til frelsisins sem þetta er lagt til? Nei, hér hlýtur eitthvað að hafa ruglast. Það er einkennilegt að það skuli gerast á hinu háa Alþingi að menn flytji brtt. sem draga úr frelsi, en boði svo í hástemmdri ræðu meira frelsi en vitað er um í nokkru ríki á jörðinni.

Ég ætla að leyfa mér að víkja að brtt. frá Hjörleifi Guttormssyni. Hann vill halda inni umsagnarrétti sveitarstjórna þar sem stofna skal útvarpsstöð. Ég veit ekki hvað liggur á bak við, en mér sýnist að t. d. hér á stór-Reykjavíkursvæðinu sé fráleitt að tala um að stofnuð verði útvarpsstöð sem nær t. d. bara til Seltjarnarness, Kópavogs og Garðabæjar. Eru menn þá að tala um að sveitarstjórnirnar þyrftu að komast að sameiginlegri niðurstöðu eða er það tilfellið að mönnum finnist að þarna sé um landfræðileg mörk á milli að ræða sem réttlæti það að þeir gerist umsagnaraðilar? Og hvað eiga sveitarstjórnirnar að gera ef það heyrist nú í stöð erlendis frá eða frá öðru bæjarfélagi? Eiga þær þá að senda athugasemdir við slíkt? Ég fæ ekki séð að þetta mál heyri undir sveitarstjórnir.

Við viljum hafa ein lög um útvarpsrekstur í þessu landi og eina framkvæmd þeirra og það tjáningarfrelsi sem því fylgir. Ég er andvígur því að sveitarstjórnir setji þar sérstakar leikreglur hver á sínu svæði. Auðvitað geta þær sent umsögn ef þeim sýnist svo. Það bannar enginn.

Hv. 5. þm. Austurl. víkur að því í 2. brtt.:

„Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar eða félagi eða stofnun sem útlendingar eiga hlut í."

Ég hygg að sú brtt. sem meiri hl. flytur, þar sem niður er njörvað að eignarhlutdeild erlendra aðila megi ekki fara yfir 10%, hljóti að ná tilganginum sem fyrir flm. vakir hvað þetta snertir. Því markmiði að útlendingar reki ekki hér útvarpsstöðvar er ég sammála, en mér sýnist aftur á móti að undir mörgum kringumstæðum geti það gerst að Íslendingar sem flytjast til útlanda hafi verið eignaraðilar að slíkri stöð og þá sé ekki réttlætanlegt, þrátt fyrir þeirra brottför, að þar með beri að svipta stöðina rétti til útvarpsreksturs.

Ég hygg að hugmyndir sem hér eru fram settar um takmarkaðan ráðningartíma útvarpsstjóra hljóti að falla

undir það sem verði almenn regla við ráðningu forstöðumanna opinberra stofnana, en ekki sérstaklega þegar talað er um útvarpið. Af þeirri ástæðu tel ég ekki eðlilegt að taka undir það sjónarmið hér þó að mér finnist margt mæla með því að æviráðning embættismanna ætti að leggjast niður.

Það er einnig minnst hér á hlustendakannanir. Þetta eru atriði sem ég tel sjálfsagt að séu framkvæmd. Hins vegar er mikil spurning hvort Ríkisútvarpið á að framkvæma hlustendakannanir eða hlutlaus aðili. Það er margt sem mælir með því að það sé miklu eðlilegra að t. d. Háskólinn eða einhver almenn stofnun leggi það fyrir sig að gera almenna hlustendakönnun og úttekt einnig á því lesefni sem þjóðin kynnir sér. Mér finnst þess vegna að það sé óþarfi að binda þetta í lögum.

Ég tel að þær hugmyndir, sem hér eru settar fram um að skipta afnotagjaldi sem innheimt væri eða innheimta sérstakt afnotagjald fyrir þessar stöðvar og taka upp þá stefnu að í gegnum afnotagjöld verði greitt fyrir frjálsar útvarpsstöðvar, gætu leitt til mikillar misnotkunar miðað við aðstæður í dag. Menn gætu gefið rangt upp hvaða stöðvar þeir hlusta á. Það gæti verið að þeir, hreinlega af pólitískum ástæðum, vildu að gjaldið sem þeir greiddu rynni til ákveðinnar stöðvar fremur en annarrar þó að þeir teldu að í bili væri hún ekki fær um að veita þá þjónustu sem þeir vildu una. Þess vegna er það ekkert launungarmál að að mínu viti er betur frá þessu gengið í frv. eins og það er í upprunalegri mynd.

Ég vil víkja að brtt. frá Jóni Baldvini Hannibalssyni. Sumar þær brtt., sem þar eru, eru einnig í þeim brtt. sem meiri hl. flytur. Hann hnykkir t. d. á því að Ríkisútvarpið skuli starfrækja fræðsluútvarp. Það er einnig tekið upp í brtt. meiri hl. að þannig skuli að málum staðið.

Hann er fylgjandi því að nefskattur verði tekinn upp við innheimtu gjalda til útvarpsins. Ég vil taka það fram að ég er sammála þessu sjónarmiði og meiri hl. n. var búinn að ná samkomulagi um að leggja til að nefskattur yrði upp tekinn. Það kom svo í ljós að Ríkisútvarpið var með miklar athuganir á því hvernig best væri að haga innheimtu gjalda fyrir þjónustu þess og samkomulag varð um að það mál skyldi skoðað á milli 2. og 3. umr. Ég veit ekki hvort afstaða mín á eftir að breytast í þessum efnum vegna þess að fram komi ný gögn í því máli, en mér sýnist mjög margt mæla með því að nefskattur verði upp tekinn. Ég vil í því sambandi minna á viðtal sem ég held að Morgunblaðið frekar en Dagblaðið hafi átt við formann menntmn. þar sem hann fagnar því að nefskattur verði upp tekinn.

Það eru e. t. v. ýmis rök sem menn geta fært fyrir því að viðhalda afnotagjaldi. Gagnvart sjónvarpi er hugsanlegt að koma á sérstökum lykli sem mundi koma í veg fyrir að menn næðu íslenska sjónvarpinu nema þeir hefðu þennan lykil undir höndum og hefðu þá greitt ákveðið gjald. En mér er ekki ljóst hvernig hægt væri að viðhafa slíkt þegar hljóðvarpið er annars vegar. Miðað við að Ríkisútvarpið er og verður jafnframt mikið öryggistæki sýnist sjálfsagt að ætlast til þess að allir þegnarnir taki þátt í greiðslu þess kostnaðar. Með nefskatti ætti að vera hægt að dreifa því gjaldi á réttlátari hátt en nú er gert.

Það kemur aftur á móti fram í þessum brtt. að bæði hv. 5. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austurl. vilja setja ákveðnar kvaðir á þær sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar sem leyfi fengju varðandi dagskrárgerð. Jón Baldvin vill leggja á kvaðir um hversu stór hluti skuli vera innlent efni, en hv. 5. þm. Austurl. vill leggja á kvaðir um hve stór hluti af efninu skuli saman tekinn af viðkomandi stöð. Mér er til efs að þetta sé framkvæmanlegt. Mér sýnist að eins og þetta er sett upp gæti þetta verkað sem mjög mikil bremsa á að þessar stöðvar gætu farið af stað og þróað sína dagskrárgerð.

Þá vil ég víkja að þeim brtt. sem hér hefur verið talað fyrir af hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég vil sérstaklega undirstrika það í hans málflutningi að ég tel að umræður um boðveitur hljóti að falla undir fjarskiptalög. Mér sýnist að hér sé um grundvallaratriði að ræða. Auðvitað geta menn haft skiptar skoðanir á því hvort Póstur og sími eigi að hafa þau einkaréttarákvæði sem þar eru inni í. Það er hugsanlegt að menn vilji brjóta þetta upp og fela sveitarstjórnunum hluta af þessu valdi. Ég hef þó miklar efasemdir um að það sé rétt. En ég held að það breyti þó engu um að breytingar sem tækju á þessu hljóta að falla undir breytingar á fjarskiptalögunum. Ég held að ef þetta hefði á annað borð verið tekið inn í breytingar við útvarpslögin hefði þó nokkuð stór hluti menntmn. litið svo á að eignarréttur á slíkum boðveitum ætti að vera í höndum sveitarfélaga fremur en einstaklinga. Þar kemur m. a. inn sú staðreynd að það þarf að grafa þessar boðveitur í jörðina, kaplana, og það er mjög óheppilegt að fleiri aðilar standi í því að koma köplum í land sveitarfélaganna en nú er. Hins vegar er tækniþróunin mjög hröð og það er engum ljósara en þeim sem hafa staðið að vinnu við þessar brtt., enda er gert ráð fyrir því að þessi lög yrðu endurskoðuð innan þriggja ára. Það má vel vera að tækniframfarir geri það nauðsynlegt að leita eftir þeirri endurskoðun enn fyrr.

Hitt er svo annað mál að viss grundvallaratriði hafa menn rætt í sambandi við þessa lagasetningu. Eitt er það að Framsfl. fer ekki dult með þá skoðun sína að efla beri Ríkisútvarpið og það beri að hafa hér öflugt ríkisútvarp. Ég hygg að sama sinnis sé mjög stór hluti þjóðarinnar. Við erum aftur á móti hlynntir því að einokun Ríkisútvarpsins verði afnumin og fleiri aðilum gefin tækifæri til að spreyta sig á útvarpsrekstri. Ef aftur á móti er þannig að þessum málum staðið að þeir aðilar hefðu bæði rétt til að hafa afnotagjöld og einnig auglýsingar og gætu afmarkað sína starfsemi við þann hluta landsins sem þéttbýlastur er, þá bendir allt til þess að rekstrargrundvöllur slíkra stöðva væri það miklum mun betri en Ríkisútvarpsins, sem þarf að sinna skyldum við landsmenn alla, að hér væri ekki um heiðarlega eða réttláta samkeppni að ræða.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. 4. þm. Reykv. að hann vitnaði í það samkomulag forsrh. og menntmrh. að þm. flokkanna hefðu óbundnar hendur um að styðja brtt. eða vera andvígir varðandi auglýsingar. Hér liggur fyrir brtt. frá 2. þm. Reykv. Að sjálfsögðu þarf ekkert samkomulag á milli forsrh. og menntmrh. um það hvernig menn greiða atkvæði hér í þinginu. Sá réttur er þm. gefinn í stjórnarskránni að greiða atkvæði samkvæmt sinni samvisku. Þess vegna er það í sjálfu sér fráleitt að láta sér detta í hug að það sé verið að versla með þann rétt og bjóða upp á það að núna sé einhver undanþága, nú megi menn greiða atkvæði eins og þeir sjálfir vilji. Auðvitað er það réttur þm. að greiða ávallt

atkvæði eins og samviskan býður. Hitt verða þeir að hugleiða, þ. á m. hv. 2. þm. Reykv., hvort þeir vilji þetta mál fram eða hvort þeir vilji það feigt. Ekki veit ég hvort hv. 2. þm. Reykv. hefur hugsað það til enda. Að sjálfsögðu er til lítils að gera samkomulag í nefndum um mál og reyna að þoka þeim fram ef aðrir telja sig svo hafa miklu meiri þekkingu á þessum málum, miklu meiri hæfni til að dæma þar um og ráðast að sínum samþm. á þann hátt að þeir flytji brtt. þvert á það efni sem samið hefur verið um.

Ég vil vekja athygli á þeirri staðreynd að í þessari ágætu menntmn. sitja fyrir hönd Sjálfstfl. fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkurborgar, núverandi formaður þingflokks Sjálfstfl. og einn af stjórnarmönnum í þingflokknum, hv. formaður n., 2. þm. Norðurl. e. (**HBl:** Það er raunar öll stjórn þingflokksins sem er í nefndinni.) Hv. skrifari vekur athygli á því að öll stjórn þingflokksins sé í nefndinni. Það verður þess vegna að flokka það undir uppreisn í þingflokknum ef einhver einstaklingur þar getur ekki unað samkomulagi sem stjórn þingflokksins hefur staðið að í nefndarstörfum. Hitt er þó öllu verra að svona vinnubrögð, ef þau ná meirihlutafylgi innan þess þingflokks sem þeim er ætlað að hafa áhrif á, hljóta að hafa það í för með sér að átökin um þetta mál færast aðeins úr Nd. upp í Ed. Og ég vil biðja hv. 2. þm. Reykv. að hugleiða hvort hann hefði viljað fá á sig brtt. við meirihlutaálit sem hann hefði staðið að, e. t. v. í tollamálum eða skattamálum, jafnvel þó að flm. brtt., þm. úr liði Sjálfstfl., teldi að hann hefði getað slegið sig til riddara hjá vissum öflum innan flokksins. Hefði honum ekki fundist það eins og rýtingsstunga í bakið? Ég veit ekki hvort hv. 2. þm. Reykv. hefur yfir höfuð hugsað mikið um það sem hann gerði þegar hann ákvað að varpa inn þeirri brtt. sem hann er hér flm. að.

Ég vil að lokum segja þetta: Þetta frv. til útvarpslaga er samið af nefnd sem lauk störfum 1982. Það var vissulega málamiðlun þegar það var samið. En ég vil vekja athygli á að að þeirri málamiðlun stóðu fulltrúar allra flokka, Alþb. sem annarra. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að láta á það reyna, með því að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum, hvort það getur ekki hjálpað okkur að komast áfram á þeirri braut sem ég hygg að við viljum öll komast, en það er að meira frelsi verði í fjölmiðlun á Íslandi án þess að það verði til þess að sú stofnun, sem hefur haft einkaleyfi til útvarpsrekstrar til þessa, þurfi að bíða þann skaða að hennar dagskrá verði verri en hún hefur verið.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr. er ekki nýtt af nálinni. Það var samið og lagt fram í ágúst árið 1982 af nefnd skipaðri af menntmrn. í sept. 1981 til að endurskoða útvarpslögin. Ég átti sæti í þeirri nefnd, en segja má að nefndin hafi verið samsett með þeim hætti að sjónarmið þeirra stjórnmálaafla sem á þeim tíma voru ráðandi hafi átt fulltrúa í nefndinni. Nefndin starfaði undir ágætri forustu Markúsar Á. Einarssonar veðurfræðings og það er rangt að halda því fram, eins og fram kemur í einu þskj., að frv. beri þess merki að það sé afsprengi mikilla pólitískra átaka, því sannleikurinn er sá að samkomulag og samstarf í þessari endurskoðunarnefnd var með ágætum. Hins vegar er því ekki að leyna að í veigamiklum atriðum var farið bil beggja, eða allra, gerð málamiðlun um ákvæði, efnisatriði og orðalag.

Meginatriðið var og er að samkomulag náðist um afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins og verður það tvímælalaust að teljast afrek út af fyrir sig og tímamótaviðburður að fulltrúar ólíkra stjórnmálaskoðana skyldu þannig ná saman um aukið frjálsræði í útvarpsrekstri. Enginn vafi er á því að meginástæðan var sú að flestum var þá þegar, árið 1981 og 1982, orðið ljóst að einkaréttur í höndum eins aðila var tímaskekkja með hliðsjón af tækniþróun, breyttum samfélagsháttum og síðast en ekki síst nýjum viðhorfum meðal alls þorra fólks. Sá stjórnmálaflokkur og það þjóðmálaafl sem ekki vill horfast í augu við þróunina á þessum vettvangi, sem vill hefta framgang frjálsræðis og valfrelsis á sviði fjölmiðlunar var, er og verður dæmdur sem argasta afturhald sem ekki fylgist með tímanum og getur ekki vænst fylgis meðal fólksins í landinu þegar til kosninga kemur.

Óhætt er að segja að á þeim tæplega þrem árum sem liðin eru síðan frv. var lagt fram í ágúst 1982 hefur þróun og framvinda mála öll verið á sama veg, ekki aðeins hér á landi heldur hvarvetna. Útvarpsstöðvar spretta upp svo tugum skiptir í öðrum löndum. Kapalsjónvörp, myndbandavæðing, gervihnettir og samfellt upplýsingastreymi í gegnum fjölmiðla sem er í höndum flestra annarra en ríkisvaldsins, allt gerir þetta óhjákvæmilegt að lög um Ríkisútvarpið séu endurskoðuð hér á landi og þau færð til nútímans, bæði að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins sjálfs svo og hitt meginatriðið, að öðrum aðilum sé gefinn kostur á útvarps- og sjónvarpsrekstri. Ef þörf hefur verið á breytingum og endurskoðun í september 1981 er svo sannarlega tímabært að taka til hendinni nú þegar langt er liðið fram á árið 1985.

Þau umbrot sem áttu sér stað í október s. l., þegar Ríkisútvarpinu var lokað og aðrir fjölmiðlar voru ekki heldur reknir vegna verkfalla og upp spruttu ýmsar útvarpsstöðvar á þeim tíma, staðfesta enn frekar þá skoðun að gagngerra breytinga sé þörf á lögunum sem hér um ræðir. Nú þegar mestur móðurinn er runninn af mönnum, þegar menn sjá atburðina í október í réttu samhengi, ég tala nú ekki um þegar atburðarásin er skoðuð í ljósi sögunnar, hljóta menn að átta sig á að útvarpsstöðvar löglegar eða „ólöglegar" eru afsprengi undanfarandi þróunar og nútímaviðhorfa. Krafan um frjálsræði í fjölmiðlun, krafan um frjálsa tjáningu fékk útrás í frjálsum útvarpsstöðvum sem skutu rótum í þeim jarðvegi sem við lifum við, voru nánast nokkurs konar börn síns tíma, viðbrögð almennings þegar lokað var fyrir aðra fjölmiðla, fréttir og þá frumþörf samfélagsins að njóta upplýsinga um atburði líðandi stundar.

Þó ég haldi því ekki fram að ný útvarpslög séu óhjákvæmileg vegna þessara afmörkuðu atburða á s. l. hausti hljóta stjórnvöld, löggjafarvald og unnendur lýðræðis að átta sig á að það kemst engin síðuð og upplýst þjóð upp með að viðhalda og ríghalda í löggjöf sem brýtur í bága við réttlætiskennd og tjáningarfrelsi, það kemst engin stjórn og ekkert þing upp með það að standa fast á einkarétti og einokun í þeim iðandi straumi breytinga, byltinga og umskipta sem orðið hafa í öllu því sem lýtur að fjölmiðlun í dag.

Það er sorglegt til þess að vita að þrátt fyrir svo augljósa og sjálfsagða þjóðfélagsumbót sem frjáls útvarpsrekstur hlýtur að vera skuli enn vera hér á landi á

meðal okkar talsmenn þeirra sjónarmiða að ríkisvaldið eigi eitt að sitja að slíkum rekstri. Frv. Kvennalistans ber þess því miður vott að sumir þm. og jafnvel heilir flokkar hafa dagað uppi eins og nátttröll og skilja ekki vitjunartímann. Frv. sem hafnar auknu frelsi, frv. sem einblínir á alræðisforræði ríkisins er táknrænt dæmi um málflutning sem ekki er í takt við samtíð sína. Jafnvel Alþb., sem er þó allajafna fulltrúi ríkisforsjár og miðstýringar, hefur ekki treyst sér til að bera fram svo forneskjuleg viðhorf. Alþb. er þó a. m. k. að gera heiðarlega tilraun til að tala í takt við tímann þótt sá flokkur reyni með öðrum hætti að bregða fæti fyrir frelsið í þessu máli, en það er önnur saga sem ég vík að hér á eftir.

Það útvarpslagafrv. sem hér er á dagskrá hefur áður verið lagt fram á Alþingi, en ekki fengist afgreitt. Það hafa jafnvel liðið heilu þingin án þess að frv. hafi verið sýnt né heldur nokkur önnur í þessa átt. Það var af þeim ástæðum sem ég leyfði mér að taka stórt upp í mig í upphafi þings í haust og gagnrýna Alþingi fyrir dáðleysi. Sú tregða sem ríkt hefur í garð endurskoðunar útvarpslöggjafar er sýnishorn af þeirri staðreynd að Alþingi er allt of oft svifaseint og jafnvel afturhaldssamt þegar framfaramál eru annars vegar. Alþingi hefur hunsað byltinguna í fjölmiðlaheiminum, ekki áttað sig á upplýsingaöldinni og hefur dregið fæturna í þessu stórmáli. Í stað þess að bretta upp ermar og knýja fram úrbætur í frjálsræðisátt stigu menn hér hver á fætur öðrum í pontu á haustdögum og langt fram á vetur til að skammast yfir meintum lögbrotum útvarpsstöðva sem settar voru á stofn í neyð og í svartamyrkri verkfallanna. Í stað þess að sýna því skilning að engin lög, allra síst úrelt lög, geta aftrað þjóðfélaginu frá því að grípa til sinna ráða þegar tjáningarfrelsið og upplýsingaskyldan eru bæld niður gerðust þm. sjálfskipaðir lögfræðingar í deilum um keisarans skegg. Þeir kaffærðu sjálfa sig og þingið í smáatriðum og orðhengilshætti í krafti einokunarlaga, en gleymdu aðalatriðum lýðræðis og samfélagslegra þarfa. Þeir sáu ekki skóginn fyrir trjánum.

Ég ætla ekki að eyða ræðutíma mínum í orðaskak út af öllum þeim ómerkilegu ásökunum sem beindust að mér og öðrum aðstandendum hinna frjálsu útvarpsstöðva í haust, enda er miklu brýnna að snúa sér frekar að framtíðinni en fortíðinni þegar svo mikið mál er í húfi. Við erum ekki aðeins að tala hér um afmarkaða löggjöf, við erum að tala og fjalla um grundvallarmál sem varðar frjálst og opið þjóðfélag. Við erum að tala um tjáskiptin, réttinn til að varðveita lýðræðið, mögu*leika almennings til að njóta valfrelsis í fjölmiðlum.* Við erum að tala um sjálf mannréttindin.

Grundvallarafstaða mín til þessa máls byggist á því að einkaréttur og/eða einokun ríkisins er tímaskekkja og við hana verður ekki unað lengur. Með sama hætti og við treystum eintaklingum, samtökum þeirra, félögum og fyrirtækjum til að tjá sig, athafna sig, velja og hafna, í stuttu máli sagt: með sama hætti og við treystum einstaklingunum til þátttöku í lýðræðinu, hljótum við að treysta þeim til reksturs á þeirri tegund fjölmiðlunar sem hér er á dagskrá.

Vel má vera að ýmsar hvatir búi að baki þeim óskum að útvarp verði gefið frjálst. Það geta verið hugsjónir, hagnaðarvon, tjáningarþörf, athafnaþrá eða einfaldlega áróður sem reka menn til aðgerða á þessu sviði. En má þá ekki segja að slíkt gildi um flest annað sem lýtur að daglegu lífi. Í atvinnustarfsemi, í útgáfurekstri, auglýsingum, félagastarfi og jafnvel pólitík er svo margt sem hvetur menn til dáða án þess að óttinn við meintar eða ímyndaðar forsendur valdi því að við setjum bönn og boð í lög. Annarlegar hvatir til góðs eða ills verða ekki bannaðar með lögum. Ef við trúum á lýðræðið verðum við að treysta fólkinu, treysta frelsinu. Annars erum við ekki sjálfum okkur samkvæm.

Þetta frv. snýst um það að meginefni til hvort við treystum öðrum en ríkinu til að reka útvarp og sjónvarp. Ef menn hefðu fyrr á öldum vantreyst ábyrgð og þroska einstaklinganna þekktum við að sjálfsögðu ekki prentfrelsið, fundafrelsið og félagafrelsið. Þá hefðum við aldrei leyft flokka, dagblöð, bækur, ekki einu sinni málfrelsi. Ef við hefðum ávallt óttast að máttur dagblaða í höndum einstaklinga ögraði lýðræði hefðum við ekki leyft útgáfu þeirra. Ef við værum sífellt haldin þeim kvíða að einhver kynni að græða á atvinnurekstri hefðum við aldrei notið góðs af allsherjararðinum. Ef við hefðum hræðst ómenningu af völdum frjálsrar menningarstarfsemi þekktum við ekki grósku fjölbreytts menningarlífs. Gildi fjölmiðlunar í útvarpi og sjónvarpi er fólgið í valfrelsinu, fjölbreytileikanum, hugmyndaauðginni og útrásinni sem menn fá við fjölgun slíkra stöðva. Menningin hefur aldrei beðið hnekki af frelsinu og pólitíkin ekki heldur, lýðræðið allra síst, einfaldlega af því að frelsið er forsenda lýðræðisins.

Ef við göngum út frá þeirri forsendu að meiri hluti alþm. sé sömu skoðunar í þessum grundvallaratriðum, sem ég hef hér verið að rekja, þá hljóta þeir, þ. e. meiri hluti alþm., að styðja afnám einkaréttar og einokunar í útvarpsmálum. Vitaskuld eru á þessu undantekningar sem við höfum heyrt hér m. a. í dag á afstöðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og við sjáum þá andstöðu og þá afstöðu einnig koma fram í frv. sem Kvennalistinn hefur borið hér fram á þinginu. Mér sýnist hins vegar spurningin ekki snúast um hvort menn vilji auka frelsið eða afnema einkarétt ríkisins, heldur hitt, í hvaða búning á að klæða þetta aukna frjálsræði. Á að setja því slíkar skorður og skilyrði að frelsið verði ekki nema nafnið tómt eða á að búa lögin svo úr garði að eftir þeim verði farið og hægt verði að fara eftir þeim?

Ég fer ekki dult með þá skoðun mína að ég hefði kosið að niðurstaða endurskoðunarnefndarinnar, sem gekk frá frv. upphaflega, hefði verið á annan og ýmsan hátt betri veg en frv. ber með sér. Mér er engin launung á því að ýmislegt er í frv. sem orkar tvímælis vegna þess að það setur útvarpsfrelsinu skorður og leggur stein í götu þeirra sem vilja veita Ríkisútvarpinu samkeppni. Ýmis þau ákvæði sem varða takmarkanir, eftirlit, skilyrði og heimildir eru mér lítt að skapi. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að ekki má fara of geyst í sakirnar og það er eðlilegt að menn séu varkárir og vilji stíga fyrstu skrefin varlega ef hálfrar aldar einokun er aflétt á annað borð. Þess vegna skrifaði ég undir nál. og frv. í sinni upphaflegu mynd með fyrirvara, en samþykkur því í öllum aðalatriðum. Mér kemur hins vegar ekki á óvart þó að viðhorf, nýjar tillögur og breytingar margs konar komi fram, enda mikið vatn til sjávar runnið síðan frv. var samið og sá fyrst dagsins ljós og það hefur átt sér stað þróun á þessum vettvangi sem sjálfsagt er að taka tillit til.

Við þessa umr. hafa hins vegar einnig séð dagsins ljós ýmsar brtt. sem útilokað er að samþykkja. Þær eru þess

eðlis að frjálsræðið reyndist í orði en ekki á borði. Ég er t. a. m. furðu lostinn yfir þeirri tillögugerð Alþb. sem gerir ráð fyrir að banna eigi allar auglýsingar í dagskrártíma svæðisbundinna útvarpsstöðva. Þeir Alþb.-menn hafa mjög haft á orði að nýjar útvarpsstöðvar yrðu tæki í höndum fjármagnseigenda og „gróðaafla". En ef einhver tillaga stuðlar að því að þeir einir sem eiga gnótt af peningum stofni og starfræki útvarpsstöðvar eru það einmitt tillögur sem banna auglýsingar. Það er gersamlega útilokað að nokkur aðili geti starfrækt útvarpsstöð án auglýsingatekna nema sá sem efni hefur á að reka útvarpsstöð með tapi. Og hverjir eru það nema fjármagnseigendurnir og kapítalistarnir sem hafa efni á því að reka útvarpsstöðvar eða yfirleitt halda uppi atvinnurekstri með tapi — a. m. k. að því er Alþb. telur? (**Gripið fram í:** Og ríkið.) Já, já, það er sjálfsagt að bæta ríkinu við, en ekki er um það að ræða hér að verið sé að búa til löggjöf fyrir ríkið, þannig að ég hef það ekki með í upptalningunni.

Í þessum rekstri eins og öllum öðrum gildir það lögmál að rekstur verður að standa undir sjálfum sér með eigin tekjum. Engin útvarpsstöð mun lifa deginum lengur nema skilyrði séu sköpuð til auglýsingatekna, þ. e. ef eigendurnir eru ekki með fullar hendur fjár, og þá er auðvitað lítið orðið eftir af umhyggjunni fyrir valddreifingunni ef þessi háttur er hafður á. Gildi aukins frjálsræðis í útvarpsmálum er vitaskuld fólgið í því að sem flestir ef ekki allir hafi möguleika til að spreyta sig, ekki bara þeir sem hafa efni á að tapa.

Sömu annmarkar eru á till. meiri hl. menntmn. Þar er að vísu ekki lagt til að banna auglýsingar, en þar er gert ráð fyrir að útvarpsstöðvum skuli gert skylt að greiða 10% af verði auglýsinga til menningarsjóðs sem á m. a. að standa undir hallarekstri Sinfóníunnar og efla innlenda dagskrárgerð. Þetta er að mínu mati algerlega óaðgengileg tillaga. Skattlagning af þessu tagi er frjálsum útvarpsstöðvum ofviða. Litlar staðbundnar útvarpsstöðvar sem greiða stefgjald, söluskatt, rekstrarkostnað og stofnkostnað og eru háðar ákvörðun annarra um auglýsingaverð, dagskrárgerð o. fl. hafa enga möguleika til að greiða 10% skatt af megintekjustofni sínum. Það er borin von og vanhugsuð ráðagerð. Hún kann að vera góð til að friða menningarsamviskuna, en hún er slæm fyrir þann menningarauka sem stöðvarnar sjálfar munu reynast. Það er aumt frelsi sem felst í því að veita Ríkisútvarpinu aðgang að nefskatti á alla landsmenn, veita Ríkisútvarpinu einu rétt til að ná til landsins alls, að heimila Ríkisútvarpinu að setja upp staðbundnar útvarpsstöðvar um land allt, að veita Ríkisútvarpinu aðgang að öllum stærstu bitunum, en skera á sama tíma frjálsar og litlar útvarpsstöðvar niður við trog og skattleggja þær að auki.

Með þessum tillögum hafa tilgangur og innihald væntanlegrar löggjafar verið afskræmd á þann veg að vonlaust er að halda því fram að frjálsræði muni skapast til eðlilegrar samkeppni eða viðunandi dagskrárgerðar. Ég hef haft afskipti af útvarpsrekstri, átt bæði sæti í *útvarpsráði um árabil og stóð að rekstri útvarpsstöðvar í* okt. s. l. Ég fullyrði að án verulegra tekna af auglýsingum er útilokað að reka útvarp að neinu gagni. Það er vonlaus rekstur og dæmdur til að mistakast. Ríkisútvarpið getur ekki lifað án auglýsinga. Aðrar stöðvar geta ekki lifað án auglýsinga. Skattar sem leggjast á tekjur umfram það sem nú þarf að greiða eru út í hött og ef menn telja sér trú um að þeir stuðli að auknu frjálsræði og fleiri útvarpsstöðvum með þeim tillöguflutningi eru þeir vísvitandi eða óviljandi að blekkja sjálfa sig.

Hitt er rétt að taka fram að í till. meiri hl. menntmn. er *ýmislegt sem til bóta horfir og skal ekki vanmetið.*

Ég vil lýsa því sem minni skoðun að brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni er mjög jákvæð og virðingarverð tilraun til að rétta hlut nýrra útvarpsstöðva og er í rauninni eina forsendan fyrir því að dæmið gangi upp. Mér þótti þess vegna miður að heyra hér í hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni sem lýsti fullri, andstöðu sinni við þessa till. og hafði nánast í hótunum um það að ef hún yrði samþykkt mundi flm. hennar og þá hans flokkur hafa verra af. Hann tók svo til orða að átökin mundu flytjast úr Nd. í Ed. og hann varpaði fram þeirri spurningu hvort menn vildu þetta frv. frá eða hvort þeir vildu það samþykkt. Auðvitað er ekki hægt að skilja þessi ummæli öðruvísi en svo, að hér séu uppi hótanir um að málið sé stöðvað ef þessi till. nái fram að ganga. Þetta finnst mér ekki málefnaleg afstaða.

Það verður einnig fróðlegt að fylgjast með afstöðu annarra þm. og þingflokka til þessarar till. frá hv. 2. þm. Reykv. vegna þess að sú afstaða sker úr um hvort menn meina eitthvað með því að breyta lögum til aukins frjálsræðis í útvarpsmálum. Ég hef lýst skoðunum mínum á frv. Kvennalistans og ég hef jafnframt lýst skoðunum mínum á því hvernig Alþb. hefur haldið á þessu máli. En eftir er að vita hver afstaða annarra þingflokka er til þessarar till. og til málsins í heild. Við heyrðum áðan í hv. Stefáni Valgeirssyni. Hann lýsti algerri andstöðu sinni við frv. og nánast *held ég allt* sem það varðar. Spurningin er sú: Hvernig bregðast aðrir framsóknarmenn við? Má vænta þess að þeir hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Valgeirsson séu talsmenn flokksins í þessu máli? Þá er því miður ekki von á góðu. Og hvað gera allir hinir, m. a. BJ og Alþfl.? BJ hefur flutt hér jákvæðar till. að mörgu leyti, en þó með vissum annmörkum, en ekki verður afstaða þessa flokks skilin öðruvísi en svo að hann muni fylgja brtt. hv. þm. Friðriks Sophussonar, hann muni vera hlynntur því að frjálsræði sé komið á í orði en ekki bara á borði.

Afstaða Alþfl. kann að ráða úrslitum hvort öll þessi umr., áhuginn og nauðsynin á afnámi einokunar í útvarpsmálum nær fram að ganga. Alþfl. hefur, eins og hér hefur komið fram í umr., því miður dregið fæturna, slegið úr og í og verið með mikinn málatilbúnað, en það hefur aldrei kristallast eða komið skýrt fram hver afstaða þess flokks er raunverulega til megintilgangs þessa frv., þ. e. að veita öðrum frelsi til útvarpsreksturs. Þess vegna er afstaða Alþfl. til brtt. hv. þm. Friðriks Sophussonar ákaflega forvitnileg þegar að afgreiðslu hennar kemur. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni því nú fer að sneyðast um fundartíma.) Ég er u. þ. b. að ljúka ræðu minni.

Ég lýsi því yfir afdráttarlaust að ef till. um menningarsjóðsgjaldið *frá meiri hl. menntmn.*, hvað þá till. um bann við auglýsingum sem kemur frá Alþb., ef þessar till. verða samþykktar þá eru ráðagerðirnar um fleiri útvarpsstöðvar andvana fæddar. Þá er jafnvel betra að gleyma þessu máli ef Alþingi vill ekki stíga skrefið til frjálsræðisins til fulls og af fullri einurð og heiðarleika.

Ég skal að lokum láta þess getið að ég er sammála

ummælum hv. þm. Birgis Ísleifs um afstöðu hans og meiri hl. menntmn. til hugmynda Alþfl. um boðveitur og eignarhald þeirra. Ég held að þær till. séu að mörgu leyti athyglisverðar og eigi rétt á sér, en það eigi þá að koma þeim fyrir í öðru frv. og í öðrum lögum en útvarpslögunum sjálfum. Þar á ég fyrst og fremst við fjarskiptalögin.

Að öðru leyti, herra forseti, áskil ég mér rétt til þess að taka afstöðu til einstakra till. eftir efni og ástæðum og læt svo máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattar verslunarinnar, fsp. 196. mál (þskj. 220). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 220 að bera fram svofellda fsp. til hæstv. fjmrh. um skatta verslunarinnar, banka og skipafélaga árið 1983:

„1. Hver var hagnaður
a. smásöluverslunar,
b. heildverslunar
skv. skattframtölum 1983 af rekstri (fyrir skatta, „skattalegar ráðstafanir" og framlag í varasjóð/fjárfestingarsjóð)?

2. Hve margar smásöluverslanir og heildverslanir töldu fram til skatts fyrir árið 1983?

3. Hver var hagnaður skipafélaganna alls skv. skattframtölum 1983?

4. Hver var hagnaður bankanna 1983 — sundurliðaður eftir bönkum?"

Þessa fsp. bar ég fram um svipað leyti og fsp. til hæstv. félmrh. um aðstöðugjöld, sem hann svaraði nú fyrir nokkrum vikum, þar sem innt var eftir upplýsingum um aðstöðugjaldsstofn fyrirtækja, smásöluverslunar, heildverslunar og skipafélaga fyrir árið 1983. Verður fróðlegt að fá svörin frá hæstv. fjmrh. um hagnað þessara fyrirtækja með hliðsjón af veltu, eftir að þau eru búin að gera svokallaðar skattalegar ráðstafanir sem eru margþættar eins og kunnugt er.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Í tilefni af fsp. hv. 3. þm. Reykv. Svavars Gestssonar um skatta verslunarinnar, banka og skipafélaga 1983 er fyrst nauðsynlegt að gera grein fyrir því að hjá skattyfirvöldum byggist ákvörðun um það hverjir eru taldir stunda smásöluverslun og hverjir heildsöluverslun á atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Þeir sem hafa jafnframt með höndum starfsemi aðra en verslun teljast til verslunar ef bruttótekjur af verslun í heild eru hærri en bruttótekjur af öðrum atvinnugreinum. Ljóst er því að einhverjir sem reka verslun koma ekki fram í þessum upplýsingum. Á sama hátt er greint á milli smásöluverslunar og heildsöluverslunar hjá aðilum sem reka hvoru tveggja eftir hærri bruttótekjum. Upplýsingar þær sem hér á eftir eru sýndar eru því ekki alveg nákvæmar, en eins nákvæmar og hægt er að fá með vélrænni vinnu.

Í 1. tölul. fsp. er spurt um hver verið hafi hagnaður a. smásöluverslunar, b. heildverslunar skv. skattframtölum árið 1983 af rekstri.

Í svari við þessum tölul. er rétt að gera greinarmun á einstaklingum og lögaðilum. Ef litið er fyrst á einstaklinga er nauðsynlegt, áður en ég kem að svarinu, að gera nokkra grein fyrir þeim annmörkum sem eru á því að gefa upplýsingar og valda því að þær eru ekki alveg nákvæmar.

Á það er fyrst að líta að skv. tekjuskattslögum skal draga frá tekjum af sjálfstæðri starfsemi það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir eigin vinnu. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Af þessu má sjá að þegar ekki er um að ræða hreinan hagnað, heldur einungis reiknuð laun er ekki ljóst hvort hagnaður sé jafn reiknuðum launum eða minni, jafnvel enginn. Hins vegar er ljóst hver hagnaður er þegar um er að ræða hreinan hagnað umfram reiknuð laun og telst þá hagnaðurinn vera reiknuð laun plús hreinn hagnaður. Í þessum upplýsingum eru reiknuð laun talinn hagnaður og getur af þeim sökum verið um minni hagnað að ræða en hér er gefið upp.

Varðandi „skattalegar ráðstafanir" er eingöngu hægt að gefa upplýsingar um tillag í fjárfestingarsjóð.

Með þessum fyrirvörum, sem að framan greinir, var hagnaður hjá einstaklingum með smásöluverslun ásamt tillagi í fjárfestingarsjóð 208 millj. 60 þús. 51 kr., en hjá einstaklingum með heildverslun var hagnaður ásamt tillagi í fjárfestingarsjóð 87 millj. 43 þús. 729 kr.

Ef litið er á lögaðila er hægt að segja mun nákvæmara til um þetta hjá þeim þar sem reiknuð laun koma ekki eins inn í myndina. Hins vegar eru uppi sömu vandamálin varðandi „skattalegar ráðstafanir" og hjá einstaklingum, þ. e. einungis er hægt að gefa upplýsingar um tillag í fjárfestingarsjóð og varasjóð. Hjá lögaðilum með smásöluverslun var hagnaður ásamt tillagi í fjárfestingarsjóð eða varasjóð 46 millj. 772 þús. 809, en hjá lögaðilum með heildsöluverslun var hagnaður ásamt tillagi í fjárfestingarsjóð eða varasjóð 231 millj. 906 þús. 817 kr.

Í 2. tölul. fsp. er spurt um hve margar smásölu- og heildverslanir hafi talið fram til skatts fyrir árið 1983. Með þeim fyrirvara sem getið er um hér að framan eru framtöl einstaklinga með smásöluverslun 873, en með heildsöluverslun 489. Lögaðilar með smásöluverslun eru 424 og heildverslun 558.

Í 3. tölul. fsp. er spurt um hver verið hafi hagnaður skipafélaganna alls skv. skattframtölum 1983. Tíu skipafélög voru með í hagnað án „skattalegra ráðstafana" 324 millj. 659 þús. kr. Fyrningar skv. 44. gr. skattalaganna voru 11 millj. 443 þús. kr. Niðurfærslureikningur skv. 1. mgr. 31. gr. skattalaga var tekjufærður um 1 millj. 957 þús. kr. Hreinar tekjur voru 234 millj. 390 þús. kr. Ekkert þessara skipafélaga var með skattstofn til álagningar tekjuskatts og þar af leiðandi hvorki tillag í varasjóð né í fjárfestingarsjóð. Greiddur arður var 1 millj. 818 þús. og 15 kr.

Í 4. tölul. fsp. er spurt um hver verið hafi hagnaður banka árið 1983 — sundurliðaður eftir bönkum. Sjö bankar og sparisjóðir, sem voru skattskyldir, voru með hagnað án „skattalegra ráðstafana" um 534 millj. 680 þús. kr. Afskriftareikningur útlána var að fjárhæð 138

millj. 719 þús. kr. Fyrningar skv. 44. gr. skattalaganna voru 23 millj. 272 þús. kr. Tillög í fjárfestingarsjóð voru 145 millj. 296 þús., en í varasjóð kr. 521 þús. Tekjuskattsstofn skattskyldra banka og sparisjóða var um 222 millj. kr. eða nákvæmlega 222 millj. 183 þús. Greiddur arður var 4 millj. 688 þús. kr. Hins vegar mun ég ekki sundurliða þessar upplýsingar eftir bönkum eins og beðið var um þar sem skattyfirvöldum er slík upplýsingagjöf óheimil skv. ákvæðum í 115. gr. laga nr. 75 frá 1981, um tekju- og eignarskatt.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem hann gaf. Þau voru auðvitað takmörkuð að tvennu leyti. Í fyrsta lagi gaf hann ekki upplýsingar um sundurliðun eftir bönkum og bar fyrir sig ákvæði skattalaga. Nú liggja þessar upplýsingar væntanlega fyrir í opinberum gögnum frá þessum aðilum, þannig að það er ekki fullt samræmi annars vegar milli laga og hins vegar þess, sem tíðkað er, að þessi fyrirtæki gefa yfirleitt út sína reikninga. Í rauninni skiptir það ekki heldur öllu máli í sambandi við þessa fsp. hvort einstakir bankar eru teknir. Aðalatriðið er að fá heildartöluna.

Það var einnig athyglisvert, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh., að það var mjög erfitt, virðist vera, að svara spurningum um raunverulegan hagnað fyrirtækja fyrir „skattalegar ráðstafanir". Það er greinilegt að skattyfirvöld hafa ekki aðgang að þeirri tölu í vélrænni vinnslu á skattframtölum fyrirtækja. Þess vegna er sú tala sem hér er gefin upp um fyrirtækin aðeins upplýsingar um nettóhagnað eftir að fyrirtækin eru búin að draga frá allt það sem þau geta. Menn í þessum sal þekkja hvað það er sem fyrirtæki geta dregið frá áður en kemur að svokölluðum nettóhagnaði. Það er ekkert lítið. Það er t. d. 10% fyrning vörubirgða sem á að draga beint frá áður en skattstofn er fundinn. Þar er um að ræða 5% fyrningu á útistandandi kröfum sem öll fyrirtæki geta dregið frá sínum skattstofni. Og þar er um að ræða 40% í fjárfestingarsjóð eða 20% í varasjóð. Sú tala sem kemur út í svari hæstv. fjmrh. er því útkoman þegar búið er að draga frá öll þessi atriði. Þess vegna segir talan ekki hver hagnaður er af rekstri. Hún segir aðeins hver hagnaðurinn er eftir að búið er að nota allar frádráttarheimildir sem þessi fyrirtæki hafa í sköttum, en þær heimildir hafa verið auknar stórkostlega eins og kunnugt er í tíð núverandi ríkisstj.

En það sem ég vil vekja athygli á er í fyrsta lagi hagnaður bankanna í þessu sambandi. Það kemur í ljós að hagnaður bankanna á árinu 1983 var hvorki meira né minna en 534 millj. kr., en þegar bankarnir voru búnir að nota sér allar heimildir í skattalögum til frádráttar var þessi tala ekki 534 millj., heldur 220 millj. kr. Það voru m. ö. o. um það bil 310 millj. af þessum 530 sem bankarnir gátu dregið frá áður en kom að skattalegum ákvörðunum í sambandi við tekjuskatt bankanna. Þessi tala um bankana, sem hæstv. fjmrh. rakti mjög ítarlega, sýnir hvernig þetta er hjá hinum aðilunum sem ég spurði um áðan. Tökum t. d. skattalögaðila með heildverslun. Það kemur fram að þeir hafa í hagnað 231 millj. kr. Ef sömu heimildir hefðu verið notaðar og hjá bönkunum hefði hagnaður heildverslunar á árinu 1983 ekki verið 231 millj. kr., heldur væntanlega eitthvað á 6. hundrað millj. kr.

Menn sjá af þessu að skattaárið sem hér er verið að spyrja um hefur verið mikið gróða- og veltiár hjá þessum aðilum, en vegna margvíslegra frádráttarreglna hafa þeir sloppið við að greiða til samneyslunnar í landinu. Þess vegna er það sem margir, þ. á m. þingflokkur Alþb., hafa lagt til að reynt verði að taka fé af þessum aðilum til samneyslunnar með veltusköttum þar sem er mjög erfitt fyrir þessa aðila að skjóta undan í skattstofni eins og hér er gert.

Ég vek einnig athygli á því að brúttóhagnaður skipafélaganna einna á árinu 1983 var 324 millj. kr., þannig að bara skipafélögin og bankarnir höfðu í hagnað á árinu 1983 858 millj. kr. Ef við tökum laun Dagsbrúnarverkamanns á árinu 1983 jafngildir það sennilega árslaunum 6—7 þús. Dagsbrúnarverkamanna á venjulegum kauptaxta Dagsbrúnar sem þessi fyrirtæki hafa haft í brúttóhagnað á árinu 1983. Menn sjá líka af þessum tölum hvar fjármunirnir eru í þjóðfélaginu.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, að þegar ég spurði hæstv. félmrh. um aðstöðugjaldsstofn fyrirtækja kom í ljós að smásöluverslunin var með um 16 milljarða, heildverslunin með 13.7 og skipafélögin með 2.7 milljarða eða samtals voru þessi fyrirtæki með 30 milljarða veltu 1983. Ég dró þá ályktun í umr. um fsp. á sínum tíma og hef farið nánar ofan í það, að velta þessara aðila á árinu 1985 væri sennilega í kringum 50 milljarðar kr. Skv. ákvörðunum ríkisstj. í verðlagsmálum hafa smásöluverslunin og heildverslunin heimild til að taka hvað sem þeim sýnist fyrir sína þjónustu. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. — Meðan verið er að eltast við smáupphæðir hjá einstaklingum út og suður í okkar kerfi dansar þessi hluti hagkerfisins, 50 milljarðar kr. 1985, í rauninni alveg laus eftir þær ákvarðanir sem ríkisstj. hefur tekið í verðlagsmálum, og vegna þeirra ákvarðana sem hún hefur tekið í skattamálum borga þessi fyrirtæki lægri hluta af sínum hagnaði í skatta en nokkurn tíma hefur verið.

Verðbréfamarkaður og auglýsingakostnaður banka og sparisjóða, fsp. 255. mál (þskj. 433). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að með vaxtafrelsinu í ágúst á s. l. ári hófst mikið auglýsingastríð milli banka og sparisjóða um sparifé landsmanna. Ekkert lát virðist á því hvað bankarnir hafa af fjármagni í allt auglýsingaflóðið á sama tíma og upplýsingar berast um slæman hag ýmissa bankastofnana og sífellt er erfiðara um vik fyrir einstaklinga, sem komnir eru í greiðsluþrot með sínar fjárhagsskuldbindingar, að fá fyrirgreiðslu. Spurningin er líka hvort allt auglýsingaflóðið verði ekki fremur til að rugla fólk í ríminu en hafa almennt upplýsingagildi.

Ríkissjóður hefur líka verið knúinn til þátttöku í þessu auglýsingastríði og í samkeppni um takmarkað fé landsmanna, ekki síst síðan verðbréfamarkaðurinn fór að verða æ umsvifameiri, en hann virðist hvorki háður ákvæðum laga né eftirliti varðandi umsvif og þau verðbréfaviðskipti sem þar fara fram. Ég hef því leyft mér að beina fsp. til hæstv. viðskrh. um verðbréfamarkaðinn og auglýsingakostnað banka og sparisjóða. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hversu mikill var auglýsingakostnaður einstakra banka og sparisjóða á árunum 1983 og 1984? Auglýsingakostnaður fyrir árið 1984 óskast sundurliðaður eftir ársfjórðungum.

2. Hve mikið var keypt af veðskuldabréfum og spariskírteinum á verðbréfamarkaðinum árin 1982, 1983 og 1984, og hvernig var sú velta í samanburði við spariskírteinasölu ríkissjóðs og heildarinnlán banka og sparisjóða á þessum árum?"

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fsp. sem hér liggur fyrir er í tveim liðum eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda.

Ráðuneytið óskaði upplýsinga frá viðskiptabönkum og Sambandi sparisjóða til þess að svara fyrri liðnum. Einkabankarnir eða hlutafélagabankarnir fjórir svöruðu beiðninni á þann veg að þeim væri hvorki heimilt né skylt að veita umbeðnar upplýsingar. Vísuðu þeir m. a. til þess að aðalfundir þeirra hefðu enn ekki verið haldnir. Að öðru leyti má um svör þeirra vísa til svars sem gefið var við fsp. um útlán banka og sparisjóða 26. febrúar s. l.

Þess skal þó getið að varðandi fyrri lið þessarar fsp. hefur Alþýðubankinn hf. nokkra sérstöðu. Í svari sínu til viðskrn. upplýsir bankinn að auglýsingakostnaðurinn hafi numið 443 þús. kr. árið 1983 en er ekki með svör varðandi árið 1984. Ég endurtek: 443 þús. á árinu 1983.

Samband sparisjóða hefur í svari sínu til rn. einnig gefið upp auglýsingakostnað sex stærstu sparisjóðanna á árinu 1983. Þessi kostnaður nam samtals 5 millj. 519 þús. kr. Að öðru leyti liggja ekki fyrir upplýsingar frá Sambandi sparisjóða enda liggja ekki fyrir endanlegar tölur um þennan kostnað á árinu 1984 hjá þeirra stofnunum.

Frá ríkisviðskiptabönkunum hafa borist eftirfarandi upplýsingar um auglýsingakostnað:

Landsbankinn: árið 1983 6 millj. 860 þús. kr., árið1984 12 millj. 227 þús. kr. sem skiptist þannig: 1. ársfjórðungur 1 millj. 910 þús. kr., 2. ársfjórðugur 3 millj. 605 þús. kr., 3. ársfjórðungur 2 millj. 808 þús. kr. og 4. ársfjórðungur 3 millj. 904 þús. kr.

Útvegsbankinn: árið 1983 3 millj. 500 þús. kr., árið 1984 5 millj. 928 þús. kr. sem skiptast þannig: 1. ársfjórðungur 404 þús. kr., 2. ársfjórðungur 1 millj. 660 þús. kr., 3. ársfjórðungur 904 þús. kr. og 4. ársfjórðungur 2 millj. 960 þús. kr.

Búnaðarbankinn: árið 1983 4 millj. 921 þús. kr., árið 1984 11 millj. 199 þús. kr. sem skiptist þannig: 1. ársfjórðungur 1 143 800 kr., 2. ársfjórðungur 1 228 155 kr., 3. ársfjórðungur 3 673 133 kr. og 4. ársfjórðungur 5 151 395 kr.

Að því er varðar síðari lið fsp. skal það tekið fram að rn. er ekki kunnugt um tölur sem gefa til kynna hversu mikið hafi verið keypt af veðskuldabréfum á svonefndum verðbréfamarkaði. Hins vegar er hægt að upplýsa að á árinu 1982 nam sala nýrra spariskírteina 127 millj. kr., árið 1983 101 millj. kr. og á síðasta ári voru seld spariskírteini fyrir 583 millj. kr. skv. þeim upplýsingum sem fengust frá fjmrn.

Að öðru leyti er ekki unnt að svara þessum lið fsp. þar sem ekki liggja fyrir nánari upplýsingar.

Herra forseti. Ég hef svarað þeirri fsp. sem hér er á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans. Það er ljóst af svörum ráðh. að enn reyna sumar bankastofnanir að skjóta sér á bak við bankaleynd þegar Alþingi biður um upplýsingar um starfsemi bankanna. Vísað er bæði til bankaleyndar og að aðalfundur hafi ekki verið haldinn. Ég vil minna á að það var líka spurt um árið 1983 svo að þeim bönkum sem neitað hafa að svara hefði verið í lófa lagið, líkt og Alþýðubankanum, að gefa upplýsingar um auglýsingakostnað fyrir 1983. En það er ljóst af þeim upplýsingum sem þó komu fram hjá hæstv. ráðh. varðandi t. a. m. ríkisbankana að um gífurlegar fjárhæðir er að ræða sem varið er í auglýsingakostnað á hverju ári. Lætur nærri að bara hjá ríkisbönkunum séu þetta 30 millj. árið 1984.

Ég tel að það sé alveg ljóst að sú samkeppni, sem háð hefur verið um takmarkað sparifé landsmanna, hafi gengið út í öfgar og í raun kallað fram yfirboð á innlánsvöxtum sem bankar eiga erfitt með að rísa undir. Ekki hefur þetta síst leitt til vaxtaokurs í útlánum. Síðan neyðist ríkissjóður til að taka þátt í þessu vaxtabrjálæði sem ég vil kalla svo. Vaxtafrelsið hefur leitt til þess að það eru nánast okurvextir sem eru á útlánunum. Það var ekki síst á síðastliðnu ári sem gífurlegar vaxtabreytingar urðu og þær eru nú að koma með fullum þunga niður á þeim sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Þegar vextir hækka úr 2.5% í 7—8% eins og gerðist á s. l. ári, eða um 180—200% þá er það nánast rothögg fyrir þá sem eru með miklar fjárhagslegar skuldbindingar. Ákvörðunin um vaxtafrelsi á s. l. ári og að fella úr gildi verðbótaákvæði launa á sama tíma og fjárhagslegar skuldbindingar eru háðar ákvæði lánskjaravísitölu og hún fær að æða áfram, þessir tveir þættir eru það fyrst og fremst sem þessa dagana eru að sliga íbúðakaupendur og húsbyggjendur. Ég tel því að vaxtafrelsið í ágúst s. l., sem formaður Sjálfstfl. kallaði tímamótaákvörðun og nánast efnahagsundur, sé með stærri mistökum sem þessi ríkisstj. hefur gert og er þó af mörgu að taka.

Af svörum ráðh. er ljóst að mjög litlar upplýsingar er hægt að fá um verðbréfamarkaðinn. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt að setja löggjöf um verðbréfamarkaðinn. Vil ég spyrja hæstv. ráðh. um skoðun hans á því máli og hvort að því hafi verið hugað að undirbúa frv. sem tryggi það að verðbréfamarkaðurinn verði háður eftirliti. Ég tel einnig að það þurfi að auka sjálfstæði bankaeftirlitsins þannig að það verði óháð ægivaldi Seðlabankans. Ég tel að það mundi stuðla að virkara bankaeftirliti og veita bönkunum aukið aðhald.

Ég ítreka þakklæti mitt til ráðh. og spyr hann í ljósi þess sem fram kom í svari hans, að það er nánast engar upplýsingar hægt að fá um verðbréfamarkaðinn, hvort ríkisstj. hafi hugað að löggjöf í því sambandi.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. þm. um verðbréfamarkaðinn er því til að svara að nú starfar nefnd að því að setja reglur um verðbréfamarkaðinn. Ég vonast til þess að ekki líði margar vikur þar til hún hefur lokið sínum störfum og lagt fyrir ríkisstj. þær tillögur sem hún gerir í þeim efnum. Nefndin starfar undir formennsku Sigurgeirs Jónssonar aðstoðarbankastjóra og hefur verið gefin út fréttatilkynning af hálfu rn. um það fyrir einum þremur vikum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það sem hefur vakið athygli mína helst á undanförnum vikum og sennilega margra annarra er ekki hin mikla auglýsingaherferð viðskiptabankanna heldur hin mikla auglýsingaherferð sem ríkissjóður heyr í sjónvarpi og útvarpi. Og það væri forvitnilegt að vita hvað herkostnaður ríkissjóðs í þessu vaxtastríði er mikill. (**Gripið fram í:** Allt frítt.) Það er að sjálfsögðu ekki hæstv. viðskrh. sem getur svarað því heldur hæstv. bankamálaráðh., hvað þessi Hollbert Gullmundsson eins og mig minnir að hann kallist í auglýsingunni, eða hvort það er Hollráður Gullmundsson, ég man nú ekki hvort heldur er, en Gullmundsson er hann alla vega, hvað hann kostar íslenska skattgreiðendur. Hvað kostar það stríð sem ríkissjóður Íslands heyr nú við banka og lánastofnanir og vekur athygli mína og margra annarra íslenskra skattgreiðenda?

Útflutningur landbúnaðarafurða, fsp. 297. mál (þskj. 478). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 478 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. varðandi ýmsar tölur, kostnað, greiðslur, í sambandi við útflutning landbúnaðarafurða. Fsp. er í fimm liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hve miklum fjárhæðum námu farmgjöld á útfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarafurðum á s. l. ári?

2. Hverjir önnuðust flutningana og við hvaða farmgjaldataxta var miðað?

3. Hve miklum fjárhæðum námu umboðslaun af útfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarafurðum á síðasta ári?

4. Hverjir fengu þessi umboðslaun?

5. Hefur komið til tals að bjóða út sölu og flutninga á útfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarvörum?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur borið fram fsp. á þskj. 478 sem ég hef fengið eftirfarandi upplýsingar um:

Um 1. spurninguna:

Farmgjöld fyrir afurðir verðlagsárið 1983—1984 námu eftirfarandi: Kasein, 55.8 tonn, 298.4 þús. kr., ostar, 639.9 tonn, 5 millj. 856.5 þús. kr., ull, 35.9 tonn, 274.9 þús. kr., hrossakjöt, 39.6 tonn, 369.2 þús. kr., sláturhross, 285 stykki, 746.8 þús. kr., sauðfjárafurðir, 4370.7 tonn, 21 millj. 383.7 þús. kr. Samtals eru þetta 5141.9 tonn og farmgjöldin 28 millj. 929.5 þús. eða að meðaltali 5.62 kr. á kíló.

Við 2. spurningu er svarið:

A. Skipadeild SÍS. Taxti þar var 371 dollari per tonn, en umsamið flutningsgjald var 200 dollarar per tonn. Mismunurinn er 171 dollari eða 46% lækkun á taxta.

B. Hafskip. Taxti var 1. jan. til 15. okt. á s. l. ári 1258 þýsk mörk á tonn og frá 15. okt. til áramóta 1234 þýsk mörk á tonn. Flutningsgjald á frystu kjöti var þó 859 þýsk mörk á tonn. Mismunurinn, lækkun, er 399 þýsk mörk eða um 30% lækkun á taxta.

C. Eimskip. Taxti frá 1. jan. til 14. okt. var 1178 þýsk mörk á tonn og frá 15. okt. til ársloka 1234 þýsk mörk á tonn, en umsaminn taxti á tonn er 77% af taxta og afslátturinn þar af leiðandi 23%.

Við 3. og 4. spurningunni eru svörin:

1. Vegna mjólkurafurða: Umboðslaun greidd Sambandi ísl. samvinnufélaga árið 1984 465 312 kr. Umboðslaun greidd Th. Benjamínsson hf. 102 905. Kostnaður mjólkursamlaganna greiddur Osta- og smjörsölunni sf. vegna útflutnings 1984 1 376 842. Vegna útflutnings á kindakjöti, sem var mjög mikill á þessu ári vegna þeirra uppsöfnuðu birgða sem myndast höfðu árið áður, voru umboðslaun til Sambands ísl. samvinnufélaga u. þ. b. 10.5 millj. kr. Aðrir aðilar sem fluttu úr kjöt voru Sláturfélag Suðurlands og Ísmat, en þar mun magnið hafa verið mjög lítið og kostnaðartölur liggja ekki fyrir.

Við 5. spurningunni er svarið:

Útboð hefur farið fram á flutningum, eins og þessar tölur sem ég las benda til, með þeim árangri að flutningsgjaldið er allt niður í það að vera aðeins helmingur af taxta. Sala er opin hverjum sem er á útflutningi búvara. Engar takmarkanir hafa verið að öðru leyti en því að við tilboðum, sem hafa legið langt undir almennu verði, hefur ekki verið talið fært að verða þar sem það skemmir bæði sölumöguleika annarra á sömu mörkuðum og einnig mundi það kalla á meiri útflutningsbótaþörf ef greiða ætti þann mismun að fullu.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans við fsp. mínum. Þau voru að ýmsu leyti ljós og skilmerkileg, en að öðru leyti alls ekki.

Í 2. lið var spurt hverjir önnuðust flutningana og við hvaða farmgjaldataxta væri miðað. Þar er greint frá því hvaða þrjú skipafélög hafi annast þessa flutninga. Hins vegar kemur í ljós í svarinu varðandi farmgjaldataxtana að þar er annars vegar talað um dollara og hins vegar talað um þýsk mörk. Það er kannske ekki auðvelt að átta sig á því í einni svipan hvernig þetta kemur út. Hins vegar kemur ekki fram hve mikið hver aðili flutti sem hefði þó verið sjálfsagt. Mér segir svo hugur um að þessum flutningum sé ekki beinlínis skipt jafnt á milli skipadeildar SÍS, Hafskipa og Eimskipafélags Íslands, án þess að ég geti fullyrt það, það kemur ekki fram í svarinu.

Sömuleiðis kemur hér fram hvernig umboðslaunagreiðslur skiptast að því er kjötútflutninginn varðar. Þar fær SÍS-veldið hálfa elleftu milljón. Tvö önnur fyrirtæki hafa flutt út kjöt í einhverjum mæli, en svo lítið að þau komast ekki á blað. Þetta sýnir hvernig veldi Sambands ísl. samvinnufélaga ræður lögum og lofum á þessum markaði.

Síðan segir hæstv. ráðh. að öllum sé frjálst að flytja út kjöt og landbúnaðarvörur. Það má sjálfsagt vera að svo sé í orði kveðnu, en mig rekur nú minni til þess að þegar aðilar utan Sambandsveldisins ætluðu að fara að flytja út lambakjöt fengu þeir einfaldlega þau svör að það væri ekkert kjöt til. Það er skrítið að tala um frjálsan útflutning ef það er sami aðili sem ræður ráðstöfun birgðanna sem eru til í landinu og sem hefur mestra hagsmuna að gæta af þessum útflutningi.

Varðandi 5. lið fsp. sagði hæstv. ráðh. að þessir flutningar hefðu verið boðnir út. Nú leikur mér nokkur forvitni á að vita um hve langan tíma útboð hafa átt sér stað eða hversu lengi Skipadeild SÍS hafi að meira og minna leyti annast þessa flutninga og önnur skipafélög

ekki fengið að bjóða í þá. Það væri fróðlegt að fá svör við því.

Öll svörin við þessum fimm fsp. sýna í hnotskurn hvernig Samband ísl. samvinnufélaga ræður ríkjum á þessum markaði varðandi útflutninginn á landbúnaðarafurðunum. Þó að hann sé í orði kveðnu frjáls er hann það ekki í raun. Ég er alveg sannfærður um að hægt væri að vinna stórvirki varðandi útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum af ýmsu tagi ef viðskiptafrelsi fengi þar að njóta sín í raun og framtakssamir menn gætu fengið að beita sér að því að selja þessar vörur. En eins og þetta er er þetta allt í viðjum einokunar og búið að vera í mörg ár, ekki bara salan heldur hafa flutningarnir verið það líka þó að einhver breyting hafi kannske orðið á því.

En ég ítreka að hér koma ekki fram tölur um það hve mikið hver þessara aðila hefur flutt út. Væri fróðlegt að fá þær. Ég óska eftir því, ef hæstv. landbrh. hefur þær tölur ekki handbærar, að þær verði útvegaðar og þeim komið á framfæri.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Spurningar þær sem eru á þskj. 478 voru sendar til skipafélaganna og beðið um upplýsingar sem þau síðan gáfu og ég las upp áðan. Ég hef því miður ekki fleiri tölur hér, þannig að ég geti farið að svara nýjum spurningum. Ég býst við að samanburð á flutningsgjaldi muni þeir sem eru kunnugir gengi gjaldmiðla geta gert þó að gengið breytist vitanlega nokkuð frá mánuði til mánaðar. En ég las hér upp þær upplýsingar sem fengust við þeim beinu spurningum sem í fsp. voru.

Ég á erfitt með að skilja að það sé einokun í reynd þegar allir hafa leyfi til að flytja út með þeim takmörkunum einum, sem ég nefndi, að ekki væri um að ræða allt of mikið undirboð. Það eru mjög margir sláturleyfishafar í landinu og aðeins hluti þeirra skiptir við Samband ísl. samvinnufélaga. Hinir selja kjöt sitt til allt annarra aðila. Ég get ómögulega séð hvernig hægt er að segja að þar sé um einokun að ræða.

Ég veit ekki heldur hversu lengi þessir flutningar hafa verið boðnir út. Það kemur ekki fram í fsp. að óskað sé eftir upplýsingum um það, heldur aðeins um þær staðreyndir sem fram komu í svörunum við hinum beinu spurningum.

Ég get tekið undir að það er mikilvægt að reynt sé að leita allra bestu markaða sem hægt er fyrir okkar búvörur. Þó verðum við í þeim efnum að hlíta því að allar þjóðir reyna að verja heimamarkað sinn fyrir innflutningi og styðja sinn eigin landbúnað með margvíslegu móti. Það heimsmarkaðsverð sem um er að ræða er því langt frá raunverulegu kostnaðarverði í öðrum löndum. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum munu sennilega allt að því 40% af framleiðslukostnaði búvara koma á einhvern hátt frá ríkinu. Það er við þetta sem við eigum að keppa m. a. með útflutningi þangað.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Í framhaldi af því sem hæstv. landbrh. sagði áðan vildi ég beina því til hans að nú munu vera óvenjumiklar birgðir af lambakjöti til í landinu. **(Gripið fram í:** Miklu minna en í fyrra.) Lítið eitt minna en í fyrra, en þá er ekki tekið tillit til útsölunnar þá. Þessar birgðir munu samt vera 10—11 mánaða neysla a. m. k., miðað við venjulegar aðstæður. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Til hvaða ráðstafana á að grípa? Verður hér kjötútsala að nýju eða verður gert eitthvað sérstakt átak til að flytja út og selja þessa vöru erlendis?

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vildi nota tækifærið til að þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir að bera fram þessa fsp. og um leið hæstv. landbrh. fyrir að upplýsa þingheim um nokkrar staðreyndir, sem þó eru aðeins brot af þeirri hrikalegu mynd sem blasir við í útflutningsmálum landbúnaðarins, og það sem snertir afskipti Sambands ísl. samvinnufélaga af þeim.

Það er aðeins eitt atriði, sem fram kom í svari ráðh., sem ég vildi þó undirstrika, en það var sú upphæð sem hann nefndi að væri umboðslaun til Sambands ísl. samvinnufélaga fyrir útflutning á kjötafurðum. Umboðslaun námu skv. þessum upplýsingum 10.5 millj. kr. Þessi upphæð er umboðslaun af brúttóandvirði þess kjöts sem var flutt til útlanda og það hefur margoft verið bent á það hneyksli sem í þessu er fólgið. Það hefur gefið auga leið að það er lítill hvati fyrir útflutningsaðila að fá hagstæðara verð á erlendum markaði eða leita yfirleitt markaða þegar hann getur fengið umboðslaun af brúttóverði afurðarinnar áður en búið er að greiða afurðina niður. Þetta er umtalsverð upphæð og er nánast furðulegt að landbúnaðarstjórnvöld skuli ekki hafa breytt þessu fyrirkomulagi og látið greiða umboðslaun af söluverði sem er hin algenga viðskiptaregla. Það mundi auðvitað þýða að Samband ísl. samvinnufélaga, sem ræður þar lögum og lofum, mundi gera einhverja tilraun a. m. k. til að leita eftir nýjum og betri mörkuðum. Það er ekki von til annars en að hér hlaðist upp birgðir af kjöti og að litlar breytingar verði á verðlagi erlendis á þessari útflutningsafurð þegar enginn hvati er í kerfinu til þess að fá útflutningsaðilana til að leita hagstæðari samninga.

Ég vildi nota tækifærið til að koma þessu sjónarmiði og þessari aths. að þó að ég geri mér grein fyrir, eins og sjálfsagt allur þingheimur, að þetta mál er miklu flóknara og viðameira en svo að hægt sé að ræða ofan í kjölinn í stuttum fyrirspurnatíma.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. þm. fsp. og hæstv. ráðh. fyrir svörin. Þetta er eina aðferðin sem við höfum til að fá svona mál upplýst eins og hér er verið að ræða um. Allar upplýsingar, sem koma fram um þessi mál, eru vel þegnar því að þær taka væntanlega af allan vafa um hvernig málum sé hagað.

Það er rétt, sem hv. þm. Ellert Schram sagði, að það er ekki mikill hvati til þess að leita nýrra og betri markaða þegar útflytjandi fær ávallt 2% sölulaun af verðinu eins og það er innanlands hverju sinni, án tillits til þess hvaða verði hann nær fyrir vöruna erlendis. Auðvitað eiga umboðslaunin að vera ákveðið hlutfall af því söluverði sem næst á erlendum mörkuðum.

Mig langar enn fremur til að benda á að þar sem söluverð erlendis dugar hvergi nærri fyrir framleiðslukostnaði eru allir þeir kostnaðarliðir sem hér eru upp taldir — flutningskostnaður á vörunni til útlanda, umboðslaun til söluaðila, og ekki aðeins það heldur einnig bankakostnaður, geymslukostnaður vörunnar frá því að slátrun fer fram og þangað til að út er flutt o. fl. o. fl. — greiddir beint úr ríkissjóði. Þetta er greitt

með skattfé.

Við þekkjum það, a. m. k. þeir sem hafa heyrt framleiðendur landbúnaðarafurða barma sér yfir erfiðleikum sínum, að bændur fá ekki gert upp fyrir sín verk fyrr en seint og um síðir. Hins vegar skilst mér að allir aðrir sem koma nálægt vinnslu, geymslu og sölu þessara afurða fái allt sitt uppgert þegar í stað.

Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson höfum lagt fram fsp. á þskj. 501 til þess að forvitnast nánar um þessi mál og við höfum beint fsp. til hæstv. fjmrh. Nú eru þessi mál í höndum fleiri ráðh. Ósk mín til hæstv. landbrh., sem hefur lýst sig fúsan til að upplýsa þessi mál, er sú að hann hjálpi til við að svara þessari fsp. og veiti fjmrn. þau svör sem hans rn. varðar þannig að hæstv. fjmrh. geti svarað fyllilega fsp. okkar Eyjólfs Konráðs Jónssonar, jafnvel þó að sumir þættir fsp. heyri undir hæstv. landbrh. en ekki fjmrh. Ég óska sem sé eindregið eftir því við hæstv. landbrh. að hann beiti sér í því að upplýsa þessi mál eins og um er beðið og treysti á að hann muni gera það.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það eru nokkrar upplýsingar í sambandi við það atriði sem hér kom fram, hvort gripið yrði til útsölu á kindakjöti. Það var reynt að meta hver útflutningsþörf yrði á s. l. hausti og jafnframt var lagt kapp á að reyna að flytja það magn út sem fyrst eftir að sláturtíð lauk. Skv. þeirri *áætlun hefur verið unnið. Ég vænti þess að í þessum* mánuði verði búið að flytja út mestallt það kjöt sem flytja þarf út, en samt sem áður verði útflutningurinn allt að því helmingi minni en hann var á fyrra verðlagsári vegna þess að þá var gengið svo mjög á birgðir og jafnframt hefur kjötframleiðsla í landinu verið að dragast saman.

Um umboðslaun á kindakjöti vil ég segja að þau virðast vera rúmlega 2 kr. á hvert kg sem út er flutt. Sá háttur sem hafður er á við útreikning þeirra var tekinn upp fyrir um 20 árum skv. ábendingu frá þáverandi landbrh. Hins vegar hef ég rætt um hvort hægt væri að haga útreikningi á einhvern annan hátt, en það virðist vera nokkuð vandamál. Sjálfsagt er þó að biðja um að það sé skoðað nánar. — En það var sem sagt eftir ábendingu þáverandi landbrh. sem þessi háttur var tekinn upp.

Iðnaðarstefna, fsp. 302. mál (þskj. 483). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þann 3. maí 1982 samþykkti Alþingi samhljóða þáltill. um iðnaðarstefnu þar sem kveðið var á um að stuðla bæri að framkvæmd iðnaðarstefnu með tilliti til líklegra breytinga í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og vaxandi hlutdeildar iðnaðar í atvinnuöryggi og lífskjörum þjóðarinnar. Upphaf þessa máls var að í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar vorið 1979 var fyrst flutt þáltill. um þetta efni sem kom nokkrum sinnum fyrir Alþingi áður en þessi till. loks var samþykkt.

Texti þál. skiptist í þrjá meginkafla eða þætti. Í fyrsta lagi eru þar nefnd sjö tölusett meginmarkmið iðnaðarstefnu. Í öðru lagi er fjallað um leiðir til að ná þessum markmiðum, m. a. með áætlunum er taki til einstakra iðngreina og verkefna í nýiðnaði, svo og með margháttuðum opinberum aðgerðum og bættum starfsskilyrðum fyrir iðnrekstur. Í þriðja lagi er kveðið á um framkvæmd á þessari stefnumörkun Alþingis sem er hin fyrsta sem varðar heilan atvinnuveg í landinu. Um þetta atriði segir orðrétt í þessari þál. Alþingis, með leyfi forseta:

„Við framkvæmd þeirra fjölþættu verkefna, sem þál. gerir ráð fyrir, þurfa stjórnvöld, samtök iðnaðarins og aðrir aðilar að stilla saman krafta sína. Iðnrn. hafi forustu um að samræma aðgerðir og áætlanir til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu. Í þessum tilgangi verði sett á fót „samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu", sem í eigi sæti skv. tilnefningu: einn fulltrúi frá viðskrn., fjmrn., Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi iðnverkafólks, Alþýðusambandi Íslands og fulltrúi iðnrn., sem jafnframt verði formaður nefndarinnar."

Þessi samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu var skipuð skömmu eftir samþykkt þessarar till. Starfaði nefndin ötullega a. m. k. til vors 1983 og gerði ýmsar tillögur til rn. um iðnaðarmálefni með hliðsjón af stefnumörkun Alþingis. Mér er ekki kunnugt um störf þessarar framkvæmdanefndar um iðnaðarstefnu eftir stjórnarskiptin vorið 1983 og leyfi mér því að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvernig hefur verið háttað í tíð núverandi ríkisstjórnar vinnu „samstarfsnefndar um framkvæmd iðnaðarstefnu" sem sett var á fót skv. ályktun Alþingis frá 3. maí 1982?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Fsp. er fljótsvarað. Samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu hefur ekki starfað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þeim hlutverkum sem henni voru ætluð hefur verið sinnt rækilega með öðrum hætti.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þetta var stutt svar frá hæstv. ráðh. en ekki að sama skapi innihaldsríkt. Hér var spurt hvernig framfylgt hefði verið samþykkt sem gerð var samhljóða hér á Alþingi þann 3. maí 1982. Og ég sé ástæðu til þess að rifja það upp hvernig samþykktin um þessa nefndarskipan er til orðin.

Þannig var að haustið 1981 komu fram tvær tillögur á Alþingi um iðnaðarstefnu. Önnur var endurflutt tillaga, í þriðja sinn að ég hygg, ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, hin var tillaga frá gjörvöllum þingflokki sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu, líklega um 19 talsins, ég hef nú ekki talið þá saman. Og inn í þessa tillögu þingflokks Sjálfstfl. er tekið sérstaklega svofellt, með leyfi forseta:

„Iðnrn. hafi forustu um að samræma aðgerðir til að greiða fyrir framkvæmd þessara stefnu. Í þessum tilgangi verði sett á fót *samstarfsnefnd um framkvæmd* iðnaðarstefnu sem í eigi sæti skv. tilnefningu" og síðan eru tilgreindir nokkrir aðilar sem sæti skuli taka í nefndinni.

Í texta þeirrar tillögu sem ég flutti sem iðnrh. á þeim tíma var aðeins kveðið á með svofelldum hætti: „Iðnrn. hafi forustu um að samræma aðgerðir hins opinbera, stofnana iðnaðarins og samtaka hans til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu."

Veturinn 1981 — 1982 var í atvmn. Sþ. lögð veruleg vinna í það að ná samstöðu um þessar tvær tillögur, þ. e. að fá fram málamiðlun um þetta þýðingarmikla

verkefni, stefnumörkun af hálfu Alþingis varðandi uppbyggingu iðnaðar í landinu á næstu árum og jafnvel áratugum. Í nefndinni starfaði þá m. a. núverandi varaformaður Sjálfstfl., hv. þm. Friðrik Sophusson, sem lagði sig mjög fram um það að þarna tækist samkomulag. Inn í þetta samkomulag voru tekin atriði frá báðum aðilum, þ. á m. þetta atriði að tillögu þingflokks sjálfstæðismanna á þessum tíma um sérstaka nefndarskipan. Hv. þm. Friðrik Sophusson hafði framsögu fyrir atvmn. hér í Sþ. 3. maí 1982 og sagði, með leyfi forseta, í upphafi:

„Þessi till. hv. atvmn. Sþ. er að langmestu leyti og nánast í öllum atriðum byggð á tveimur fyrirliggjandi þáltill. um iðnaðarstefnu, annars vegar 84. máli Alþingis, sem er till. 19 sjálfstæðismanna, og hins vegar 140. máli Alþingis, sem er þáltill. hæstv. ríkisstj."

Og hann segir enn frekar: „Þá kem ég að III. kafla, um framkvæmd. Fyrstu tvær mgr. voru í báðum þáltill. sem nefndin hafði til umfjöllunar, en í 3. mgr. er lagt til, eins og í till. sjálfstæðismanna, að sett verði á stofn samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu. Auk fulltrúa iðnrn. og félagasamtaka iðnaðarins ásamt Sambandi ísl. samvinnufélaga, en það fyrirtæki stundar umfangsmikinn iðnrekstur, er lagt til að einn fulltrúi komi frá tilteknum ráðuneytum. Ég vitna hér ekki tímans vegna frekar í þetta, en hef þegar nefnt þá aðila sem kveðið var á um í þál. að ættu sæti í nefndinni.

Þetta var síðan samþykkt samhljóða sama dag, þessi texti sem hv. þm. Friðrik Sophusson mælti þarna fyrir og í samræmi við það var nefndin skipuð og sett á fót og starfaði mjög ötullega undir formennsku Vilhjálms Lúðvíkssonar til stjórnarskipta 1983. Svo vill til að daginn eftir samþykkt þessarar till. þann 4. maí 1982 mælti hv. þáverandi þm. Sverrir Hermannsson fyrir þáltill. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu og ég hygg að margir muni eftir þeirri framsögu. Ég leyfi mér hér að lokum, herra forseti, að vitna í örstuttan kafla úr máli hv. þm., núv. hæstv. ráðh., á þeim tíma. Hann sagði þar:

„Það verður æ meira áberandi að ráðherrar telja sér ekki skylt að fara að ályktunum Alþingis. Af svörum við fjölda fyrirspurna á Alþingi hefur komið í ljós að hæstv. ráðherrar hafa annaðhvort vanrækt framkvæmd ályktana Alþingis eða virt þær að vettugi með öllu. Slíkt getur Alþingi ekki látið bjóða sér. Það er engin afsökun að fleira sé samþykkt en frambærilegt getur talist. Ríkjandi meiri hluti á Alþingi hverju sinni ber aðalábyrgð á afgreiðslu mála. Honum ber að vega og meta málin og kjósa sér þau þrifamál til samþykktar sem meiri hlutanum eru skapfellileg. Að fengnu samþykki Alþingis á framkvæmdavaldið engra annarra kosta völ en hlýða og framkvæma eða að leita ásjár Alþingis á nýjan leik um breytingu eða niðurfellingu mála."

Tilvitnun í mál hv. þáverandi þm. Sverris Hermannssonar lýkur. Ég hlýt að bæta hér við mína fsp.: Hvaða sinnaskipti hafa orðið hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni frá því 4. maí 1982 til þessa dags, að hann upplýsir okkur nú um það að hann hafi virt að vettugi samhljóða samþykkt Alþingis varðandi framkvæmd iðnaðarstefnu sem hér var gerð þann 3. maí 1982?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sinnaskipti hafa engin orðið og mun ég víkja að því síðar. Hv. 5. þm. Austurl. gerði fsp. sem krafðist einfalds svars. Hún var með þessum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig hefur verið háttað í tíð núverandi ríkisstjórnar vinnu „samstarfsnefndar um framkvæmd iðnaðarstefnu" o. s. frv. Svarið hlaut að verða einfalt: Hún hefur ekki starfað á þessu tímabili. Það hefur hv. þm. að vísu verið kunnugt um en ég skipti mér ekki af því. Ef hann hefði viljað fá einhver fleiri svör og frekari vegna þessa máls hefði hann getað haldið áfram fsp. sínum í þessu efni. En það ætti að vera regla manna, og hæstv. forseti hlýtur mjög að gá að því, að í þröngum fyrirspurnatíma haldi menn sig við þær fsp. sem gerðar eru en að mál séu ekki, eins og hættir oft til, rakin út í hörgul, oft og tíðum langt utan við það sem um er teflt í fsp. Þess vegna var það að ég kaus að svara þessu í fyrstu atrennu með þeim einfalda hætti sem ég gerði.

Ég tók fram að því hlutverki, sem þessari nefnd hefði verið ætlað að vinna og sinna, hefði verið gegnt á þessum tíma og rækilegar en nokkru sinni fyrr. En til þess að gera grein fyrir því þyrftum við eldhúsdag á hinu háa Alþingi en ekki tíma þar sem menn stikla á glóðum tímaskortsins. Og til þess er ég reiðubúinn, ef samkomulag næðist um það við hæstv. forseta, að gera grein fyrir því hvernig rekið hefur fram iðnþróuninni og stefnumótun og framkvæmd þeirrar þál. sem hér var gerð. Og það er aðalatriði málsins hvernig framkvæmd á vilja Alþingis, málefnalegum vilja Alþingis hefur farið úr hendi, en ekki hvort formennska í slíkri samvinnunefnd er skipuð Vilhjálmi Lúðvíkssyni, Ingjaldi Hannibalssyni eða einhverjum öðrum.

Þar á meðal er frá því að segja að hv. 2. þm. Reykv., varaformaður Sjálfstfl., hefur setið í sérstakri ráðgjafarnefnd þriggja manna sem með mér hefur starfað að framkvæmd þessara mála. Ég minni enn á það að mér var þetta mál ákaflega kunnugt og í fersku minni af því sem ég er einn af þeim sem skila nál. úr atvmn. á sínum tíma, árið 1982. A. m. k. vann ég að málinu í þeirri nefnd, hvort sem svo hefur nú viljað til að ég væri einn af þeim sem skiladi nál. þá eða ekki. Ég held þess vegna fast við það að ég hafi farið að ályktunum Alþingis, enda þótt ég hafi brugðið út af um þrengstu framkvæmd, eins og þá hvort heldur þessi stóra nefnd, sem er sett á fót fyrir atbeina fyrirrennara míns, starfaði að málinu eða einhverjar aðrar, eða ég með samtökum iðnaðarins eins og hefur verið gert.

Ég geymi mér, herra forseti, að útlista hér sjö meginmarkmið þeirrar þáltill. um iðnaðarstefnu sem við fylktum liði með hæstv. fyrrv. iðnrh. um, sjálfstæðismenn. Og þess vegna tókst að fella hana í þann farveg sem við gátum sætt okkur við og getum í meginefni enn sætt okkur við. M. a. má finna í henni ákvæði um að efla orkufrekan iðnað. Ég ætla nú ekki, hv. 5. þm. Austurl. til hrellingar, að fara að rifja það upp nú og hér hvernig honum fórst það úr hendi — við getum gefið okkur tíma til þess síðar — og í framhaldi af því í örstuttum fyrirspurnatíma að ég ætti að víkja að 21 leið sem þar er mörkuð til þess að ná fram eftirfarandi markmiðum. Til þess hefur vafalaust verið ætlast með þessari fsp., en því hlýt ég að vísa frá með öllu. Til þess þyrftum við marga fyrirspurnatíma og þótt þolinmæði hæstv. forseta sé óendanleg, þá veit ég að hann mundi frábiðja sér slík vinnubrögð. En ég ber aðeins niður í örfáa fyrstu punktana í þessum leiðum.

Hér segir fyrst: „Bætt verði aðstaða til iðnrekstrar. Iðnaður búi við eigi lakari starfsskilyrði en aðrir höfuð-

atvinnuvegir." — Í þessum efnum hefur snarbreyst til hins betra. Við vissum að löngum og löngum hallaði á iðnreksturinn. „Í því skyni verði m. a. kannað hvort taka beri upp virðisaukaskatt." — Það hefur verið tekin ákvörðun um að taka hann upp frá og með næstu áramótum.

Enn segir hér í 2. lið: „Við gengisákvarðanir verði tekið tillit til samkeppnisaðstöðu iðnaðarins jafnt á innlendum og erlendum markaði." — Áður fyrr var eiginlega einvörðungu stuðst við viðmiðanir í sjávarútvegi og framleiðsluvörur sjávarútvegsins þegar mörkuð var gengisstefna. Nú hefur þessu verið breytt þannig að fyllsta tillit hefur verið tekið til iðnaðarins að þessu leyti, að þessu grundvallarleyti.

Í þriðja lagi: „Lánasjóðir iðnaðarins verði efldir með því að rýmka heimildir þeirra til lántöku og þeim þannig gert kleift að takast á við stærri verkefni og auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði. Arðsemi fjárfestingar" o. s. frv. — Það hefur orðið gerbreyting á skipulagi lánasjóða iðnaðarins. Iðnrekstrarsjóður, máttlítill sjóður, sem ég ætla ekki að rekja frekar upphafssögu að, var lagður niður og sameinaður Iðnlánasjóði sem hefur verið rekinn af miklum myndarskap um langa hríð. Þeim sjóði, Iðnlánasjóði, var gert kleift að hlaupa undir bagga með útflutningsstarfsemi og margfalda það ráðstöfunarfé sem til þeirrar starfsemi var, svo að ég nefni einhver dæmi, fyrir utan það að nú hefur Iðnlánasjóði sjálfum vaxið fiskur um hrygg langt umfram það sem því miður verður sagt um aðra lánasjóði höfuðatvinnuvega í landinu.

Hér segir í fjórða lagi: „Fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi verði aukið eftir föngum og fyrirtæki örvuð til aðgerða í þeim efnum." — Menn þekkja að ákveðið hefur verið af hálfu stjórnvalda að af hinum áformuðu 500 millj. til nýrra framkvæmda og nýrra atvinnugreina verði varið 50 millj. kr. til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Verður því fé að meginhluta til ráðstafað undir stjórn Rannsóknaráðs ríkisins.

Í fimmta lagi — þetta er aðeins fyrsta síðan á þessari þál. áminnstri: „Þjónustustofnanir iðnaðarins verði efldar og starfsemi þeirra löguð að breyttum þörfum" o. s. frv. — Ég nefni þjónustustofnunina Iðnþróunarstofnun sem hefur tekið miklum stakkaskiptum. Það þarf heldur ekkert að liggja í þagnargildi að drög að því lagði fyrirrennari minn. Mér er ekkert umhendis að minna á það. En starfsemi hennar hefur farið miklu betur úr hendi en áður var og margeflst og stóraukist, fyrir utan það sem bæði rn. og fjölmargir aðrir aðilar hafa fengið þessari stofnun ný og fjölbreyttari verkefni.

En eins og ég segi, þess er enginn kostur að víkja í fyrirspurnatíma að svo viðamiklum málefnaflokki eins og hér er um að tefla. Þess vegna ítreka ég það boð mitt af minni hálfu, ef þess er kostur, að við fengjum til þess síðar eldhúsdag að víkja rækilega að þessum málum, sem eru áreiðanlega einhver þau allra mikilvægustu sem hið háa Alþingi getur fjallað um, og þá rifja ég enn upp þá staðreynd að iðnaðurinn, hinn almenni iðnaður, hlýtur að vera sú atvinnugreinin sem á næstu áratugum tekur við hér um bil öllum, langsamlega flestum nýjum vinnandi höndum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér talaði hæstv. ráðh. og þm. sem hefur tíðkað það mjög úr þessum ræðustól að reyna að flengja samþingsmenn sína og einkum ráðh. á hverjum tíma fyrir það að standa ekki við samþykktir Alþingis. Ég vitnaði hér til orða hans áðan þar sem hann sagði: „Að fengnu samþykki Alþingis á framkvæmdavaldið engra annarra kosta völ en hlýða og framkvæma eða að leita ásjár Alþingis á nýjan leik um breytingu og niðurfellingu mála."

Þetta var mælt 4. maí 1982. Ég beindi hér einfaldri fsp. til ráðh. og gerði síðan svarið að umtalsefni, eingöngu þann þátt. Hæstv. ráðh. reynir hér að bregða blæju yfir þann gjörning sinn að leggja af í reynd þá nefnd, sem Alþingi ályktaði 1982 að frumkvæði þingflokks Sjálfstfl. að sett yrði á laggirnar, að leggja hana af án þess að gera nokkurn tíma grein fyrir því opinberlega. Síðan kemur hæstv. ráðh. hér og segir: Ja, ég hef bara hagað þessu öðruvísi. Ég hef hérna þriggja manna innanhússnefnd undir forustu hv. þm. Friðriks Sophussonar. — Hverjir eru hinir tveir? Hvar eru þeir fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi iðnverkafólks sem kveðið var á um að ættu að hlutast til um framkvæmd iðnaðarstefnu skv. samþykkt Alþingis vorið 1982?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég skal svara því. Hv. 5. þm. Austurl. má ekki undrast þótt í einu og öllu sé ekki farið að þeirri skipan mála sem hann setti þegar hann var æðsti yfirmaður iðnaðarmála. Þá gæti hann rétt eins spurt hvernig á því standi að hann er ekki iðnrh. enn þá.

Ég hef breytt til að þessu leyti, það er rétt. En ég minni á það að við myndun nýrrar stjórnar kemur nýtt umboð mönnum til handa og ég fullyrði að ég hafi umboð hér á hinu háa Alþingi, meirihlutaumboð til þess að hafa haldið á iðnaðarmálum og framkvæmd þessara mála eins og ég hef gert. Ég fullyrði það þangað til sýnt verður fram á annað.

Framtíðarflugvallarstæði fyrir Ísafjörð, fsp. 318. mál (þskj. 503). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ásamt Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli er Ísafjarðarflugvöllur í hópi þriggja stærstu innanlandsflugvallanna, ef mælt er í fjölda farþega og magni flutnings sem um völlinn fer. Hér er ekki aðeins um að ræða flugvöll fyrir Ísafjörð, heldur fyrir alla norðurfirði Vestfjarða þar sem meginmannfjöldi Vestfjarða er búsettur.

Auk samgangna við Reykjavík er Ísafjarðarflugvöllur einnig miðstöð flugs um Vestfirði, en þaðan er rekið flugfélagið Ernir sem annast allt sjúkraflug vestur á fjörðum. Þessi flugvöllur hefur þá sérstöðu umfram hina tvo stóru innanlandsflugvellina að um er að ræða einu samgönguleið Vestfirðinga á norðanverðum Vestfjörðum stóran hluta ársins. Allt frá því um miðjan september og þangað til að vori er ekki um aðrar samgönguleiðir að ræða nema þá á sjó og sjósamgöngum hefur stórlega hrakað á undanförnum árum.

Eins og þeir vita, sem komið hafa til Ísafjarðar, er flugvallarsvæðið innarlega í Skutulsfirði þar sem þröngt og erfitt er um aðflug og aðeins möguleiki á að byggja eina flugbraut. Margir flugdagar falla því niður á ári

hverju, sérstaklega að vetri til, og lítið er við því hægt að gera. Þær lagfæringar, sem enn á eftir að gera á Ísafjarðarflugvelli, munu ekki auka öryggi hans hvað varðar flugdaga á ári. Þess vegna fóru menn snemma að huga að því að fá flugvallarstæði annars staðar en það er nú og ýmsir staðir þar tilnefndir sem frumathuganir hafa verið gerðar á.

Sá staður sem einna næst liggur kaupstöðunum Ísafirði og Bolungarvík af þeim sem til athugunar hafa verið er flugvallarstæði við Arnarnes utarlega í Skutulsfirði og hefur komið fram m. a. í bæjarstjórn Ísafjarðar áhugi á því að athuga nánar um flugvallarstæði þar. Því hef ég leyft mér, herra forseti, að beina svofelldri fsp. til hæstv. samgrh. um framtíðarflugvallarstæði við Ísafjörð:

„Er samgrh. reiðubúinn til þess að láta fara fram frekari athugun á nýju flugvallarstæði fyrir Ísafjörð við Arnarnes?"

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Áður en ég svara þessari fsp. vil ég taka fram að lengd flugbrautarinnar inni í Skutulsfirði er 1400 metrar, en breidd 45 metrar. Þangað fljúga á vegum Flugleiða Fokker F-27 flugvélarnar sem þurfa a. m. k. 1200—1300 metra langa braut, auk fjölda minni véla sem þurfa mun styttri brautir.

Þegar Ísafjarðarflugvöllur var hannaður árið 1958 voru staðhættir á Arnarnesi athugaðir. Kom Arnarnesið ekki til greina sem flugvallarstæði af eftirfarandi ástæðum sem nú skal greina:

1. Arnardalsáin skiptir svæðinu í tvo hluta þannig að beggja megin má fá um 500 metra brautarstæði, en brú yfir ána þvert gegnum brautina þarf að vera a. m. k. 60—80 m löng og er því mikið og dýrt mannvirki.

2. Jafnvel þótt brúin væri gerð fæst ekki meiri flugbrautarlengd en um 1000 m sem er ekki fullnægjandi.

3. Hliðarhalli er allmikill á svæðinu og er það því illa fallið fyrir flugbraut sem þarf að vera a. m. k. 60—80 metra breið að meðtöldum öryggissvæðum.

4. Staðurinn er mjög varhugaverður vegna misvindis í sunnan- og vestanáttum, en þá geta komið vindhnútar út Arnardalinn og Skutulsfjörðinn. Búast má við að eftir brautinni endilangri geti orðið misátta og óstöðugur vindur.

5. Flugvallargerð verður þar dýr því fyllingarefni þarf líklega að sækja að verulegu leyti inn í botn Álftafjarðar, en þangað er um 16 km vegalengd.

6. Þótt hægt væri að koma fyrir flugbraut á nesinu verður erfitt að fá nægilegt svæði fyrir stórt hlað og eins fyrir þær byggingar sem reisa þarf á flugvellinum.

7. Vegalengdin frá Ísafjarðarkaupstað og þar með einnig Bolungarvík lengist um 5—6 km, en á þann kafla geta snjóskriður fallið.

Ég vil til viðbótar þessu, þó að það sé ekki beint svar við þessari spurningu, segja að það sem mest er aðkallandi, að mínum dómi, til þess að auka öryggi í flugsamgöngum er í fyrsta lagi að bæta og stytta veginn á milli kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þá á ég fyrst og fremst við Þingeyri og Önundarfjörð með því að byggja brú yfir Önundarfjörð, sem þegar er lokið, byggja brú og fyllingu yfir Dýrafjörð, sem styttir vegalengdina eftir því sem ég best man um 14 km, og jafnframt er það okkar framtíðarstefna og áhugi að gera jarðgöng á Breiðadalsheiði. Þegar þessar tvær framkvæmdir, jarðgöng og fylling og brú á Dýrafjörð, eru komnar má segja að þessi byggðarlög hafi færst saman og öruggari samgöngur verði á milli þeirra. Það er augljóst af þeirri ástæðu sem ég nefndi varðandi Arnardal að ekki er fýsilegt að fara þar í flugvallargerð, heldur væri hitt verkefnið miklu nær og þá að taka ákvörðun um varaflugvöll fyrir flugið til kaupstaðanna við Ísafjarðardjúp. Er örugglega besta og skynsamlegasta lausnin ef Þingeyrarflugvöllur tæki við því hlutverki og eins kemur einnig mjög sterklega til greina að bæta verulega og lengja völlinn í Holti í Önundarfirði.

Eins og þessum málum er nú háttað tel ég ekki mikið fengið með því að eyða fjármunum í rannsóknir í Arnardal, en hitt mjög mikilsvert. Það er eðlilegt að þessi fsp. komi fram, en það skiptir ekki fyrst og fremst máli hvar þessi flugvöllur er, heldur að greitt verði fyrir samgöngum á milli þessara þéttbýlisstaða allra og sem öruggustum flugsamgöngum árið um kring.

Út af því sem hv. fyrirspyrjandi sagði varðandi Akureyrarflugvöll og þó einkum Egilsstaðaflugvöll, þá er öðru máli að gegna með Egilsstaðavöll. Ásigkomulag þess vallar er langt frá því að vera með sæmilegu móti og ég tel að það verði ein fyrsta framkvæmd sem í þarf að ráðast af hinum stærri framkvæmdum í flugmálum.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það hefur auðsjáanlega orðið einhver misskilningur á milli mín og hæstv. samgrh. um þetta mál, e. t. v. vegna þess að fsp. er ekki nægilega ljóslega orðuð. Sá vilji sem hefur komið fram í bæjarstjórn Ísafjarðar lýtur ekki að því að athugað verði um flugvallarstæðið í Arnardal þar sem fyrir löngu var athugað um flugvallarstæði þegar flugvelli var valinn staður innar í Skutulsfirðinum, heldur um nýtt flugvallarstæði í sjó fram utan við Arnarnes, þar sem talið er, eða a. m. k. er það skoðun bæjarstjórnarmanna á Ísafirði, að uppfyllingar séu ekki mjög dýrar, án þess þó að þeir hafi haft aðstöðu til að meta það. Það átti ég við þegar ég var að spyrja hæstv. samgrh. hvort hann væri reiðubúinn til að láta fara fram athugun á þessum vilja sem ég held að honum hljóti að vera ljós því að hann hefur fram komið bæði í bæjarblöðum og í bæjarstjórn Ísafjarðar.

Í öðru lagi er það alveg rétt hjá hæstv. samgrh. að það yrði mikil bót að því fyrir samgöngukerfið á norðanverðum Vestfjörðum öllum, og ekki aðeins fyrir flugvallarsvæðið heldur einnig fyrir vegasamgöngur, þegar komin verður brú yfir Dýrafjörð og með einhverjum hætti varanleg vegarlagning sem tryggir vetrarsamgöngur yfir Breiðadalsheiði. Ég hef, eins og hæstv. samgrh. hefur sjálfsagt einnig oft orðið fyrir, lent í því að flugvél sem ég hef verið í hefur ekki getað lent á Ísafirði á þeim árstímum þegar allir vegir voru opnir þannig að Breiðadalsheiðin hamlaði alls ekki því að hægt væri að fljúga á völlinn á Þingeyri. En ástæðan fyrir því að ekki var lent þar var sú að það er svo löng leið þar á milli, þó að vegir séu færir, að ef flugvöllur á Ísafirði lokast áður en lenda skal eiga Flugleiðir varla annan kost en fljúga beint suður vegna þess að það tekur svo langan tíma að flytja farþegana á Þingeyrarvöll að þá fer öll áætlun Flugfélagsins úr skorðum ef það er gert.

Herra forseti. Ég ítreka aftur að það hefur orðið einhver misskilningur á milli okkar hæstv. samgrh. Ég

var að fara fram á að hann léti athuga þær hugmyndir sem verið hafa uppi í bæjarstjórn Ísafjarðar um annað flugvallarstæði við Arnarnes en það sem áður voru búnar að fara frumathuganir fram á.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef heyrt getið um þessar uppástungur. Þetta eru hugmyndir sem fram hafa komið. Það mun kosta stórfé að rannsaka það til hlítar og gera kostnaðaráætlanir. Það fjármagn er ekki fyrir hendi miðað við fjárveitingar til flugmála. Ég ætla ekkert að fullyrða um það að um alla framtíð verði þessi leið ekki athuguð frekar, en það sem nær er að gera er að búa betur þá flugvelli sem fyrir eru, eins og í Dýrafirði, og sérstaklega að bæta samgöngur á milli allra þéttbýlisstaðanna frá Þingeyri og til Ísafjarðar. Þar verður um stórfelld framlög að ræða einmitt á sviði vegagerðar, og þá bæði brúa- og jarðgangagerðar, sem ég tel tvímælalaust vera miklu meira aðkallandi en hitt verkið.

Hins vegar vil ég svara fsp. hv. fyrirspyrjanda á þann veg að nú er starfandi nefnd sem vinnur að heildaráætlun í flugmálum og hefur skilað takmarkaðri áfangaskýrslu, en að er stefnt að hún skili lokaskýrslu á þessu ári. Allir möguleikar og allar tillögur, sem fram hafa komið, hafa verið kynnt þessari nefnd af flugmálayfirvöldum. Ég held að við verðum að bíða eftir því að endanleg skýrsla nefndarinnar liggi fyrir áður en við getum farið að segja meira hvað þetta sérstaka flugvallarstæði varðar.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þá erum við loksins farnir að tala um sama málið, ég og hæstv. samgrh., og hefði verið betra að við hefðum byrjað á því strax til að spara tímann. Mér er sagt af flugmálayfirvöldum að það sé alls ekki kostnaðarsamt að ganga úr skugga um með frumveðurfarsathugunum hvort það sé eitthvað sem frá þeim sjónarhóli útilokar flugbraut á þessum nýja stað, sem verið er að ræða um, eins og gerðist með Arnardal. Ég held að hæstv. samgrh. geti innan þess ramma sem honum hefur verið sniðinn mætavel látið slíka frumathugun fara fram á því hvort veðurfarsskilyrði útiloka byggingu flugbrautar.

Vanskil vegna húsnæðislána, fsp. 313. mál (þskj. 498). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 498 að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um vanskil vegna húsnæðislána. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hver var heildarupphæð vanskilaskulda í árslok 1984 vegna útlána annars vegar úr Byggingarsjóði verkamanna og hins vegar úr Byggingarsjóði ríkisins? Hve margir einstaklingar voru í vanskilum?

2. Hversu miklir dráttarvextir voru greiddir vegna vanskila á árinu 1984?

3. Hversu margar beiðnir um nauðungaruppboð sendi veðdeild Landsbanka Íslands frá sér á árinu 1984 vegna vanskila við Byggingarsjóð verkamanna annars vegar og Byggingarsjóð ríkisins hins vegar?"

Tilefni þessarar fsp. liggur ljóst fyrir. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá greiðsluerfiðleika sem nú eru að sliga fjölda heimila í landinu, ekki síst vegna mikillar greiðslubyrði af húsnæðislánum. Ég tel brýnt að fá fram hér á hv. Alþingi hve um er að ræða miklar vanskilaskuldir hjá Húsnæðisstofnun til þess að stjórnvöld og Alþingi hafi heildarmynd af þeim mikla vanda sem við er að glíma og geti þá betur gert sér grein fyrir með hvaða hætti best er að taka á vandanum.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 2. landsk. þm. á þskj. 498 hef ég hér í höndum upplýsingar frá veðdeild Landsbanka Íslands, dags. 22. febrúar s. l.

Fyrsti liður fsp. var: Hver var heildarupphæð vanskilaskulda í árslok 1984 vegna útlána annars vegar úr Byggingarsjóði verkamanna og hins vegar úr Byggingarsjóði ríkisins og hversu margir einstaklingar voru í vanskilum?

Svar: Byggingarsjóður ríkisins. Þar var um að ræða 136 millj. kr. sem voru í vanskilum um síðustu áramót. Þar af voru um 50 millj. kr. vegna nýbyggingarlána með gjalddaga 1. maí 1984, eða um 17.7% af því sem gjaldféll þá, og um 59 millj. kr. vegna lána til eldri íbúða með gjalddaga 1. nóvember 1984, eða um 47.7% af því sem gjaldféll þá. Sambærileg hlutföll um áramótin 1983/1984 voru vegna nýbyggingarlána 13.6% og vegna eldri íbúða 40.5%. Þess er getið að vanskil eru send til fógetaembættanna 3—4 mánuðum eftir gjalddaga.

Um áramótin voru um 14 700 lán í vanskilum. Einstaklingarnir eru færri, þar sem margir eru með fleiri en eitt lán í vanskilum. Hjá Byggingarsjóði verkamanna voru í vanskilum 6.2 millj. kr. um síðustu áramót vegna 588 einstaklinga.

Annar liður: Hversu miklir dráttarvextir voru greiddir vegna vanskila á árinu 1984? Svar: Dráttarvextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins voru 29.2 millj. kr. og dráttarvextir hjá Byggingarsjóði verkamanna 0.8 millj. kr.

Þriðji liður: Hversu margar beiðnir um nauðungaruppboð sendi veðdeild Landsbanka Íslands frá sér á árinu 1984 vegna vanskila við Byggingarsjóð verkamanna annars vegar og við Byggingarsjóð ríkisins hins vegar? Svar: Beiðnir um nauðungaruppboð frá veðdeildinni vegna Byggingarsjóðs ríkisins voru 17 600 á árinu 1984 og vegna Byggingarsjóðs verkamanna 183 beiðnir.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. þau svör sem hann hefur gefið. Það er ljóst af svörum hæstv. ráðh. að vanskil hjá húsnæðissjóðunum eru mjög mikil og að mjög mikill fjöldi einstaklinga á í erfiðleikum. Við verðum að átta okkur á því að hér er þó aðeins um hluta af vanskilunum að ræða. Ég hef líka lagt fram fsp. fyrir hæstv. viðskrh. til þess að fá fram svör við því hve mikil vanskil séu í bönkunum, en ég hef grun um að þau séu ekki minni en ráðh. hefur hér upplýst vegna þess að þar er um enn erfiðari greiðslukjör að ræða en í húsnæðiskerfinu.

Það er alveg ljóst að neyðaróp og örvænting þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið er orðin svo mikil að alþm. er ekki stætt á öðru en að taka umsvifalaust á þessu mikla vandamáli og þetta verði þá forgangsverkefni hér á þinginu sem fái úrlausn. Stjórn og stjórnar-

andstaða verða að taka höndum saman í þessu máli og finna þegar lausn til að leysa þann bráða vanda og greiðsluþrot sem fjöldi heimila um allt land er kominn í. Talan um nauðungaruppboð segir vissulega sína sögu. Á árinu 1984 eru 17 600 beiðnir um nauðungaruppboð sendar frá veðdeild Landsbanka Íslands.

Nú nýverið voru stofnuð samtök áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum. Þau setja í raun fram tvær meginkröfur. Í fyrsta lagi um leiðréttingu á því misvægi sem er milli lánskjara og launa og í annan stað kröfuna um að vextir verði stórlega lækkaðir. Ég vil minna á að fyrir þinginu liggur frv. frá þm. Alþfl. sem tryggja á að greiðslubyrði lána fari ekki fram úr kaupgjaldsþróun á hverjum tíma. Þetta frv. er ekki nýtt af nálinni. Þetta er í annað skipti sem það frv. er lagt fram. Það var lagt fram fyrst 1982 og hlaut þá ekki afgreiðslu hér á hv. Alþingi, því miður. Ég trúi því að staða húsbyggjenda væri önnur og betri nú ef Alþingi hefði borið gæfu til að samþykkja þetta frv.

Hæstv. félmrh. upplýsti í sjónvarpi í gærkvöldi, að mig minnir, að ríkisstj. væri nú einmitt að skoða þessa sömu leið og Alþfl. lagði til fyrir þremur árum. Því ber vissulega að fagna þó seint sé. Þetta frv., sem nú liggur fyrir þinginu, var tekið til umræðu fyrir fimm vikum hér í Nd. Alþingis en hefur þó ekki enn þá verið afgreitt til nefndar. Ég mun auðvitað og minn þingflokkur leggja áherslu á að það fái afgreiðslu hér og nái sem skjótast til nefndar.

Þeir tveir þættir sem ég hef hér nefnt, þ. e. misvægið í lánskjörum og launum og þeir háu vextir sem fólk hefur þurft að búa við, eru verkefni sem stjórnvöld verða umsvifalaust að taka á auk þess að lengja lánstímann og hækka lánahlutfallið. Það gengur auðvitað ekki lengur, sem húsbyggjendur og þeir sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið hafa þurft að búa við, að heiðarlegt fólk sé í raun gert að vanskilamönnum vegna vanefnda og síendurtekinna svika stjórnvalda í þessum málum.

Ég vænti þess að á þessu máli verði þegar tekið á Alþingi og þetta mál fái hér forgang öðrum málum fremur. Svo stórt er þetta vandamál.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp og geri orð hans að mínum hér í lokin, að það er aldeilis óþolandi að við svo búið standi öllu lengur að það eina sem heyrist frá hæstv. ríkisstj. í málefnum húsbyggjenda séu fréttir utan úr bæ um hugmyndir að þessari eða hinni lausn, en engar framkvæmdir líti dagsins ljós. Lánsfjáráætlun liggur í salti og hæstv. félmrh. ber það gjarnan fyrir sig í umræðum um húsnæðismál eins og eitthvert náttúrulögmál að hendur hans séu bundnar og fætur hans heftir vegna þess að lánsfjáráætlun sé ekki komin fram, rétt eins og hæstv. ríkisstj. með sínum meiri hluta hér á Alþingi fái engu um það ráðið.

Það er hrikaleg mynd sem dregin er upp fyrir manni með þeim tölum sem komið hafa fram í svörum við þessari fsp., að nauðungaruppboðsbeiðnir skuli vera hátt á 18. þúsund talsins, ef ég hef tekið rétt eftir, og vanskil séu 136 millj. hjá Byggingarsjóði ríkisins og nemi allt að helmingi þegar um er að ræða lán til kaupa á eldri íbúðum.

Stjórnarandstaðan hefur lagt eitt og annað til þessara mála eins og hv. síðasti ræðumaður vék hér að. Ég minni í því sambandi á frv. okkar nokkurra þm. Alþb. um lausn á þessum málum þar sem m. a. er tekið á vandamálunum um greiðslubyrðina og hvernig hún hefur vaxið og gerðar tillögur um hvernig megi leiðrétta það misræmi sem þar hefur orðið. Einnig munu hv. þm. Kvennalista hafa flutt þáltill. sem gengur í svipaða átt. Sjálfstfl. og Framsfl., sem eiga að teljast í meiri hluta á hinu háa Alþingi, hafa hins vegar lítið sent frá sér. Þeir karpa gjarnan um það hér í ræðustólum hversu erfitt það sé í raun og veru að leysa þessi erfiðu vandamál. Einn hv. þm. Sjálfstfl. lét þau orð falla að þegar félmrh. dragi lappirnar þá sé erfitt fyrir hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. að leysa þetta. Og svipuð ummæli heyrast gjarnan frá hæstv. félmrh., að hann geti lítið því að fjmrh. fari með valdið og síðan sé það Seðlabankinn og svo liggi lánsfjáráætlunin negld niður í Ed. og ekki nokkur leið að þoka henni áfram og ekkert sé hægt að gera fyrr en hún sé komin fram.

Ég held að það sem hefur verið að gerast úti í þjóðfélaginu síðustu daga ætti endanlega að færa meiri hlutanum hér á Alþingi og hæstv. ríkisstj. heim sanninn um það að farið er að hitna undir rassinum á henni í þessum málum. Ég vona að þeir láti sér það að kenningu verða og gangi til liðs við okkur í stjórnarandstöðunni um að leysa þessi mál.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég er hér að svara ákveðnum spurningum og ætla ekki að eyða tíma deildarinnar í það að karpa um meðferð þessara mála. Ég vil aðeins taka það fram út af ræðu hv. 2. landsk. þm. að það kemur fram í svörum frá veðdeild Landsbanka Íslands að vanskil við Byggingarsjóð á nýbyggingarlánum voru 17.7% í árslok 1984 en voru 13.6% 1983. Menn sjá því hver aukningin hefur orðið.

Þegar rætt er um útsendar beiðnir um nauðungaruppboð, sem eru allháar tölur, þá er það náttúrlega í engu samræmi við það sem er í raunveruleikanum því að það er ákaflega lítið um nauðungarsölur á fasteignum á vegum byggingarsjóðanna. Það er undantekning frekar en hitt þó að þessi aðferð sé notuð af veðdeildinni í sambandi við innheimtuna sjálfa. Ég vil að það komi fram til að fyrirbyggja misskilning að alls ekki er um það að ræða að slíkar nauðungarsölur fari fram.

Mér finnst vera heldur leiðinlegt að hlusta á sífelld brigsl um svik og vanefndir í þessum málum. Það er hægt að nota önnur orð um þetta en hv. 2. landsk. þm. vill gjarnan nota í ræðustól um þessi mál og fleiri.

Ég vil aðeins geta þess, sem hefur raunar komið fram áður, að ríkisstj. hefur þessi mál til meðferðar og frá því í janúar hefur verið unnið að því að finna skynsamlegar leiðir til að draga úr greiðslubyrði húsnæðislána. Því neitar enginn að fólk á í miklum erfiðleikum í sambandi við verðtryggð lán og það misvægi sem þarna hefur myndast. En það er verið að reyna að finna leiðir út úr því og ég vona að áður en langt um líður hætti menn að nota þetta orðbragð sem hér hefur verið viðhaft.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hæstv. félmrh. kveður sér leiðast að hlusta á að í umræðum um þessi mál sé talað um svik og brigsl. Ég er ansi hræddur um að hæstv. félmrh. verði bara að una því enn um sinn að svona sé talað. Frá því að hann tók við þessu embætti eru öll þessi mál búin að vera í skoðun. Við höfum heyrt hann segja það í hverju einasta viðtali, sem hann hefur komið í í fréttatíma sjónvarpsins, og þau eru ekki fá, að

allt sé þetta í skoðun og allt sé þetta í athugun hjá ríkisstj. Og það er það eina sem hefur gerst. Enn eru þessi mál í skoðun. Ég minnist þess að hafa heyrt, ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur miklu, miklu oftar, ef ekki í hverju einasta viðtali við þennan hæstv. ráðh. í fjölmiðlum, að alltaf sé verið að skoða þessi mál. Það er mál að þeirri naflaskoðun fari að ljúka hjá hæstv. félmrh. En hann verður bara að sætta sig við það að verk hans eða verkleysi í þessum efnum sé og verði gagnrýnt.

Mér fannst heldur lágt risið á hæstv. félmrh. áðan þegar hann var að svara þessari fsp. Það var eins og honum væri það heldur þvert um geð. Og ég man ekki betur en að fyrir hálfum mánuði, þegar þessi fsp. var hér á dagskrá líka og hv. fyrirspyrjandi var kominn í ræðustól og búinn að bera fram fsp., þá væri hæstv. félmrh. hlaupinn úr húsinu og fyrirspyrjandi varð frá að hverfa með sína fsp.

Hæstv. ráðh. gerir lítið úr því hér í ræðustól að 17 600 beiðnir hafi komið fram um nauðungaruppboð. Auðvitað voru ekki 17 600 fasteignir settar á nauðungaruppboð. Það dettur engum í hug. En aldrei fyrr í sögunni hygg ég að þetta hafi gerst, að beðið hafi verið á hverjum einasta degi um uppboð á tæplega 50 fasteignum, 48 fasteignum. Þar hefur þó þessi hæstv. ríkisstj. og hennar ráðherrar sett met, að ég hygg, með því að kreppa svo að almenningi í þessum efnum. Slíkt og þvílíkt hefur aldrei gerst fyrr, enda hafa nú húsbyggjendur og íbúðakaupendur um allt land risið upp til að reyna að ná rétti sínum gagnvart þessari ríkisstj. og hennar ráðherrum. Það hefur heldur aldrei gerst með þeim hætti sem nú er að gerast.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það kom fram í könnun hjá fyrirtæki, sem að vísu er þekkt fyrir að vera óábyggilegasta skoðanakönnunarstofnun í landinu, Hagvangi hf., að Íslendingar muni vera hamingjusamasta þjóð í heimi. Hver sem niðurstaðan úr þessari könnun hefur verið kemur mér ákaflega á óvart ef þeir sem eru í vanskilum við húsnæðismálakerfið hafa verið í þessum hamingjusama hópi. Og sannleikurinn er sá að ég er ekki einn um þá skoðun. Það eru ábyggilega allir þm. sem hér eru í salnum og einnig þeir sem ekki eru í salnum — sumir kannske ekki í salnum vegna þess að til þeirra leita tugir og hundruð manna í angist og örvæntingu yfir því að ekkert sé nema myrkur og uppgjör fram undan.

Ég er ekki forsvarsmaður hæstv. félmrh. Ég efast um að einhver brigslyrði og skammir um hann séu aðalinntakið í þessu máli. Inntakið í því er misræmið milli lána sem bundin eru lánskjaravísitölu og kaupgjalds eða launa meðan vísitala er ekki á kaup. Bilið breikkar í sífellu, skuldirnar vaxa mun hraðar en kaupið og þetta gerir skilamenn að vanskilamönnum. Það er þetta kerfi sem verður að afnema. Meðan það er ekki gert breytir hins vegar engu hver er félmrh. og hvort menn skamma hæstv. félmrh. eins og þeim sýnist. Ég er ekki forsvarsmaður þess. En þegar vísitalan á kaupið var tekin úr sambandi bauð það dauðanum heim.

Ég var að kanna lauslega stöðuna hjá lífeyrissjóði verkamannafélagsins Dagsbrúnar og verkakvennafélagsins Framsóknar. (Forseti hringir.) Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. Þar kom upp úr kafinu að umsóknir um lífeyrissjóðslán eru nú þegar þrisvar sinnum fleiri en á árinu 1984. Ég hugsaði: Þetta getur bara hreinlega ekki verið — og fór að skoða þessar umsóknir. Viti menn. Verulegur hluti umsækjenda var eldra fólk. Ég spurði í barnaskap mínum: Ætlar þetta eldra fólk að fara að byggja? Mér sýnist það eiga íbúð, sumir a. m. k. Svarið var: Nei, það er að bjarga börnum sínum. Og sumt af þessu fólki, sem hefur verið að gera þetta undanfarin ár, er líka að missa íbúðir sínar.

Ég held að kerfið sem við búum við sé algerlega vonlaust. Og það á ekki einungis við um húsbyggjendur. Það eru líka þeir sem eru að kaupa íbúð og skulda of fjár, fyrst og fremst í bönkum en einnig í lífeyrissjóðum. Þetta ástand endar með þvílíkri skelfingu að ég treysti því að ríkisstj. taki nú verulega til hendinni í þessum málum og það snarlega, áður en meiri ógæfa ríður yfir en orðin er.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Örstutt athugasemd. Ég vil aðeins staðfesta það sem ég áður sagði í sambandi við þær upplýsingar sem ég hef gefið og ég vil taka það fram vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. að ég hef aldrei neitað hér á Alþingi að veita upplýsingar um það sem um hefur verið spurt né svara fsp. Ef ég hef ekki verið hér í deildinni þegar fsp. hefur verið beint til mín, þá hef ég haft lögleg forföll sem ég hef tilkynnt fyrir fram. Það hefur aldrei staðið á mér og mun aldrei standa á mér að svara fsp. Ég vil taka þetta sérstaklega fram.

Í sambandi við það sem hér hefur komið fram vil ég aðeins rifja það upp að stór orð voru uppi höfð á s. l. ári í sambandi við lánsfjárlög og afgreiðslu þeirra fyrir árið 1984, þar sem gert var ráð fyrir að til Byggingarsjóðs ríkisins færu 1167 millj. kr. Það var talað um svik og brigðir og að aldrei mundi verða staðið við þetta o. s. frv. En staðreyndin varð samt sú að það voru lánaðar út í gegnum Byggingarsjóð ríkisins tæpar 1400 millj. kr. á s. l. ári.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram. Auðvitað er mér engu síður en öðrum hv. alþm. ljóst hver vandi húsbyggjenda er. Fjöldi manna sem á í þessum vanda snýr sér til mín bæði með viðtölum og bréfum og öðru móti. Mér er fyllilega ljóst, eins og öðrum hv. þm. væntanlega, hver þessi vandi er. Og það er einmitt þetta sem verið er að reyna að leysa. Það er alveg ljóst að það fyrirkomulag sem nú er á lánskjaravísitölunni, miðað við það að kaupgjald hefur verið tekið úr sambandi, stenst ekki lengur fyrst ekki heppnaðist að ná verðbólgunni niður eins og að var stefnt. Þeir sem fylgdust með kjörum og afborgunum lána á fyrri hluta árs 1984 hefðu getað séð hvaða áhrif það hafði að verðbólgan var komin niður. Þá var þetta misgengi ekki til. En í ástandi eins og núna er er þetta illþolandi. Þess vegna verðum við að finna leiðir til að jafna þennan mun og gera greiðslubyrði fólks viðráðanlega á þessu sviði. Að því er unnið.

Meint fjársvik í fasteignasölu, fsp. 317. mál (þskj. 502). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það skýtur nokkuð skökku við að á sama tíma og þessir erfiðleikar eru uppi hjá húsbyggjendum og

kaupendum fasteigna, sem var verið að ræða um áðan, fjölgar stöðugt auglýsingum í blöðum frá fasteignasölum. Aldrei hefur meira verið auglýst af þeirra hálfu í dagblöðum en gert er nú. Samt sem áður er fullyrt af öllum þeim sem til þekkja að sjaldan hafi kaupendur átt í meiri erfiðleikum en einmitt nú með að kaupa fasteignir og standa í skilum. Þær auglýsingar sem fasteignasalar birta í blöðunum kosta enga smápeninga. Og það er furðulegt að sjá að á sama tíma og viðskiptavinirnir eiga í hvað mestum erfiðleikum virðist, ef marka má auglýsingarnar, þessi atvinnugrein blómstra sem aldrei fyrr. Af einhverju hlýtur þar að vera að taka.

Það gefur auga leið að þegar slíkt árferði er verður ábyrgð þeirra mun meiri sem eru milliliðir milli kaupenda og seljenda fasteigna. Enginn aðili að slíkum viðskiptum veit betur en þeir hvernig staða seljanda eða kaupanda fasteignar er. Hjá aðilum, sem e. t. v. hugsa meira um sinn hag en annarra, getur verið mikil freisting í því fólgin að hafa upplýsingar um erfiða stöðu annarra, t. d. seljenda fasteigna, og geta e. t. v. nýtt sér þær upplýsingar í fjáröflunarskyni fyrir sjálfa sig.

Mikið hefur verið skrifað um þessi mál í blöðum að undanförnu og nefni ég þar t. d. Helgarpóstinn sem skrifað hefur mikið um málefni fasteignasala. Mér er einnig kunnugt um allnokkra, bæði kaupendur og seljendur fasteigna, sem lent hafa í erfiðleikum í viðskiptum sínum við fasteignasala, við þá aðila sem ber öðrum fremur skylda til að tryggja að allt í sambandi við viðskipti með fasteignir gangi löglega og eðlilega fyrir sig. A. m. k. eitt af þeim málum sem lýtur að viðskiptum fasteignasala og fasteignakaupanda varð blaðamál fyrir allmörgum misserum, þar sem talið var að fasteignasali hefði með óleyfilegum hætti haft stórfé út úr saklausum viðskiptamanni sínum með því að beita hann því sem blöðin töldu vera svik. Þetta mál fór að sjálfsögðu rakleiðis til dómstóla, eins og slík mál eiga að gera, og þar er þetta mál enn statt og ekki séð fyrir endann á því enn hvernig málarekstur fer.

Á nokkrum misserum virðast allir aðilar í þjóðfélaginu vera búnir að gleyma þeim einstaklingi sem þarna varð fyrir skaða. Blöðin eru búin að missa áhugann, dómstólarnir draga málið, ég veit ekki hvað yfirmenn dómsmála hafa sinnt því. En á þessum misserum hefur sá sem varð fyrir meintum fjársvikum fasteignasalans tapað stórfé og stendur nú uppi með mörg hundruð þús. kr. skuld á bakinu sem ólöglega var á hann lögð. Málarekstur í þessu tiltekna máli gengur fádæma seint og stirðlega. Eins og ég sagði hefur sá sem á þar um sárt að binda orðið fyrir feikilegum fjárhagslegum skaða og getur ekki leitað réttar síns fyrr en málsniðurstaða í ákærumálinu gegn viðkomandi fasteignasala liggur fyrir. Ég veit um fleiri slík mál í kerfinu. Annað mál er á leiðinni. Þar notfærði fasteignasali sér vitneskju um erfiðar fjárhagsaðstæður manns sem vildi selja fasteign til þess að kaupa hana á verði sem var langt fyrir neðan eðlilegt markaðsverð.

Svona dæmi eru vonandi fá í öllum þeim viðskiptum sem fasteignasalar stunda. En það er hlutverk löggjafans að koma í veg fyrir að svona dæmi geti orðið til.

Það er ekkert launungarmál að þessi dæmi urðu til þess að ég leyfði mér að bera fram ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá fsp. til hæstv. dómsmrh. á þskj. 502 sem hér er til umr. í dag. Þetta er fsp. í fjórum liðum:

„1. Hvaða mál eru nú fyrir dómstólum sem lúta að meintum fjársvikum fasteignasala í fasteignaviðskiptum, hvar eru þau mál í dómskerfinu og hvernig hefur málarekstur gengið?

2. Hafa einhverjir aðilar, sem telja sig hafa verið svikna af fasteignasölum í fasteignaviðskiptum, leitað aðstoðar dómsmrn. og hvaða hjálp hefur dómsmrn. þá getað veitt?

3. Hvaða aðgerðum er dómsmrh. reiðubúinn að beita sér fyrir til þess að auka eftirlit með fasteignasölu, t. d. þannig að fasteignasalar uppfylli í reynd öll þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri starfsemi?

4. Hvaða breytingar á lögum eða reglugerðum telur dómsmrh. að gera þurfi til þess að tryggja betur en nú er ábyrgð þeirra sem fasteignaviðskipti stunda og réttarstöðu þeirra sem slíkrar þjónustu njóta?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 502 hefur hv. 3. þm. Vestf. borið fram fsp. til mín í fjórum liðum sem ég vil gefa eftirfarandi svör við:

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvaða mál eru nú fyrir dómstólum sem lúta að meintum fjársvikum fasteignasala í fasteignaviðskiptum, hvar eru þau mál í dómskerfinu og hvernig hefur málarekstur gengið?"

Leitað hefur verið upplýsinga hjá ríkissaksóknara vegna þessa liðar. Í bréfi hans, dags. 26. febr. s. l., segir að eftir því sem næst verði komist séu tvö mál fyrir sakadómi Reykjavíkur sem kynnu að falla undir framanlýst ákæruefni og hér verður nánar getið.

Er þar í fyrsta lagi um að ræða ákæruvaldsmálið nr. 1570/83. Mál þetta barst embætti ríkissaksóknara með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 27. júní 1983. Málið var framsent Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dags. 29. sama mánaðar, og barst embættinu að nýju þann 10. ágúst 1983. Ákærði var þegar hér var komið undir meðferð skiptaréttar Reykjavíkur sem gjaldþrota. Kæruefnið var að ákærði hefði með sviksamlegum hætti náð eignarhaldi á fimm íbúðum í Reykjavík og nágrenni og endurselt þær jafnharðan og hagnýtt sér andvirði þeirra að hluta án þess að skeyta um skyldu sína sem kaupandi gagnvart hinum upphaflegu seljendum. Ákærði rak um tíma fasteignasölu hér í borg á ábyrgð viðskiptafræðings, en hafði að mestu hætt þeim rekstri þegar greindir atburðir áttu sér stað. Íbúðirnar keypti hann gegnum aðrar fasteignasölur. Dráttur varð á útgáfu ákæru í málinu vegna reksturs riftunarmála fyrir skiptarétti í Reykjavík. Ákæra var gefin út í málinu 6. nóv. 1984, þ. e. á s. l. hausti, og er málið rekið fyrir sakadómi Reykjavíkur.

Í öðru lagi er um að ræða ákæruvaldsmálið 2403/83. Mál þetta barst embætti ríkissaksóknara með bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 23. sept. 1983. Ákæra var gefin út í málinu 23. nóv. 1983 og var málinu stefnt fyrir sakadóm Reykjavíkur. Með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 9. jan. 1984 var ákæru málsins vísað frá dómi. Dómur þessi var kærður til Hæstaréttar og þar gekk dómur 2. mars 1984 á þann veg að frávísunardómurinn var úr gildi felldur og lagt fyrir sakadómarann að taka málið til dómsmeðferðar.

Ákærði rak þá er atburðir þessir gerðust fasteignasölu hér í borg á ábyrgð tilgreinds lögmanns og annaðist sölu þeirrar fasteignar sem mál þetta er sprottið af.

Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið eftir fyrrnefndu bréfi ríkissaksóknara er þess að geta að fyrra

málið var þingfest 25. febr. s. l. Var þá skipaður verjandi, en málið kemur næst fyrir 29. mars.

Síðara málið var fyrst tekið fyrir 18. maí 1984, en þá hafði um hríð ekki tekist að ná til ákærða. Það var tekið fyrir aftur í des. s. l. Voru þá teknar skýrslur fyrir dómi. Verjandi var skipaður 3. jan. s. l. og honum gefinn frestur til 22. febr. til að leggja fram skriflega málsvörn. Verjandi bar þá fram beiðni um frest vegna nýrrar gagnaöflunar og var honum veittur lokafrestur til 4. mars. Hann hefur nú skilað vörn og málið hefur verið dómtekið.

Fsp. lýtur að málum fyrir dómstólum vegna meintra fjársvika. Fsp. er skilin þannig að með fjársvikum sé átt við opinber mál, þ. e. refsimál, en ekki almenn einkamál vegna fasteignaviðskipta, vanskila eða galla og hefur eigi verið aflað upplýsinga um slík mál. Ekki er heldur spurt um mál til rannsóknar hjá lögreglu, en hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er talið að einungis sé eitt nýlegt mál til meðferðar sem fallið gæti undir þann flokk brota sem hér ræðir um.

Í 2. lið fsp. er að því spurt hvort einhverjir aðilar sem telja sig hafa verið svikna af fasteignasölum og í fasteignaviðskipum hafi leitað aðstoðar dómsmrn. og hvaða hjálp dómsmrn. hafi þá getað veitt.

Dæmi eru um að menn leiti til rn. af slíku tilefni. Er oftast um munnlegt erindi að ræða í síma eða í viðtali á skrifstofu. Ekki er til skrá um slík erindi. Úrlausn slíkra mála er naumast á færi rn. sjálfs með öðrum hætti en að vísa aðila á að leita til rannsóknarlögreglu og óska eftir rannsókn eða leita til lögmanns um aðstoð. Þegar slíkir aðilar hafa fjallað um málin að einhverju leyti reynir rn., eftir því sem efni standa til, að kynna sér þá umfjöllun þannig að verða megi að liði ef unnt er. Get ég fullyrt að allmiklum tíma hefur oft verið eytt í slíkt af hendi rn.

Í 3. lið fsp. segir: „Hvaða aðgerðum er dómsmrh. reiðubúinn að beita sér fyrir til þess að auka eftirlit með fasteignasölu, t. d. þannig að fasteignasalar uppfylli í reynd öll þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri starfsemi?“

Enn fremur segir í 4. lið fsp.:

„Hvaða breytingar á lögum eða reglugerðum telur dómsmrh. að gera þurfi til þess að tryggja betur en nú er ábyrgð þeirra sem fasteignaviðskipti stunda og réttarstöðu þeirra sem slíkrar þjónustu njóta?“

Undir lok síðasta þings var lagt fram stjfrv. til nýrra laga um fasteigna- og skipasölu. Frv. var samið af prófnefnd fasteignasala. Var í því gert ráð fyrir ýmsum breytingum frá gildandi lögum sem eru frá árinu 1938. Frv. kom eigi til umr. á því þingi. Þetta frv. verður lagt fram aftur innan skamms á Alþingi, en nokkrar breytingar hefur verið talið æskilegt að gera á því áður en það verður gert.

Nokkrar helstu breytingar skv. frv. voru:

Hert er á kröfum um menntun sem skilyrði fyrir löggildingu fasteignasala. Heimild er til að kveða á um starfsþjálfun. Heimild er til að stofna til námskeiðs fyrir þá sem vilja þreyta próf til löggildingarinnar. Ákvæði er um að fasteignasalar hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn, þ. á m. varðandi brot í starfi, starfsvernd, æruvernd og þagnarskyldu. Ákvæði er um að fasteignasalar skuli í hvívetna haga störfum í samræmi við góðar viðskiptavenjur. Ákvæði er um að fasteignasali skuli tryggja sér ótvírætt umboð. Rækilegri ákvæði eru en nú um þær upplýsingar sem fasteignasali skal afla og um greinargerð sem honum ber að semja um eign. Ákvæði er um að fasteignasali skuli sjálfur annast samningu skjala í ríkara mæli en nú er. Nýmæli er varða missi skilyrða til að stunda fasteignasölu. Ákvæði er um félag fasteignasala og um eftirlit og úrskurðarvald stjórnar þess félags, en það atriði verður tekið til nánari skoðunar.

Ég tel brýnt að Alþingi gefist færi á að fjalla um þessar tillögur og aðrar sem til bóta geta horft. Ég tel einnig brýnt að þannig sé um hnúta búið að einungis ábyrgir og hæfir menn annist þessa þýðingarmiklu miðlunarstarfsemi. Þarf að stuðla að því að þeir sem þess óska eigi jafnan kost á að afla sér tilskilinna réttinda að uppfylltum skilyrðum um menntun o. fl. og þeir þurfi þá eigi að standa í skjóli annarra. Koma tíðari próf, en með nægum undirbúningi, t. d. námskeiði, hér til álita, en slíkum námskeiðum mun ekki hafa verið til að dreifa.

Í grg. áðurnefnds frv. segir m. a.:

„Ljóst er að margir menn starfa að fasteigna- og skipasölu sem svonefndir „sölumenn“ án þess að hafa fengið leyfi til að starfa sem fasteigna- og skipasalar, en jafnan mun þó vera forstöðumaður skrifstofu með réttindum að lögum. Sjálfsagt er hér pottur brotinn, en illt að koma í veg fyrir það, enda fasteigna- og skipasölum að sjálfsögðu heimilt og oft nauðsynlegt að hafa starfsliði á að skipa í umsýslu sinni. Er því ekki að leyna að oft heyrist að hér sé farið í kringum lögin og forstaða skrifstofu lítið annað en orðin tóm. Er það mál sem ástæða er til að gefa gaum.“

Ég vil undirstrika að þessi orð eru fyllilega réttmæt. Eins og ég gat um áður ber að vinna að því að fasteignasala sé eingöngu stunduð af ábyrgum aðilum sem til þess hafa þekkingu og réttindi. Teldi ég heppilegra, eins og málum er nú komið, að ný og skýrari löggjöf taki gildi um þetta efni frekar en að við núverandi aðstæður verði stofnað til lögregluransókna meðal fasteignasala um það hvernig að þessum viðskiptum er staðið í reynd.

Rétt er að taka fram að talið hefur verið að firma eða félagi sé heimilt að reka fasteignasölu ef forstöðumaður þeirrar starfsemi fullnægir skilyrðum laga um fasteignasölu. Hefur þá jafnframt verið gengið út frá því að sá maður vinni að og fylgist með samningagerðum og öðru sem firmað annast í því sambandi. Ekki er kunnugt um að dómstólar hafi fengið til meðferðar mál þar sem á þessi atriði hefur reynt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson dró upp mjög skýra mynd af þeim erfiðleikum og fjárhagslega tjóni sem einstaklingur hefur orðið fyrir vegna svika í fasteignaviðskiptum og hvernig seinvirkt dómskerfi hefur enn aukið á fjárhagslega erfiðleika þessa einstaklings. Ég þekki nokkuð til þessa máls og þar var ekkert ofsagt. Það er með eindæmum að það skuli taka tvö, þrjú ár að fá niðurstöðu í því máli í gegnum dómskerfið.

Ég skora á hæstv. dómsmrh. að hann beiti sér fyrir því í þessu sérstaka máli, sem hann greindi hér frá, að því verði hraðað eins og kostur er að fá niðurstöðu því að þessi einstaklingur hefur þegar lent í það miklu fjárhagslegu tjóni að hann á það á hættu þessa dagana að missa sínar eignir ef ekkert verður að gert. Ég skora

á hæstv. dómsmrh. að beita sér í því máli.

Hæstv. dómsmrh. ræddi nokkuð um frv. sem lagt var fram á síðasta Alþingi og sem hann upplýsir að hann muni leggja fram á Alþingi innan skamms. Það tekur oft langan tíma að fá fram vilja Alþingis í ákveðnum málum og svo er einnig í þessu máli varðandi fasteignaviðskipti. Ég vil minna á að liðin eru 5—6 ár síðan rædd var hér þáltill. frá þm. Alþfl. sem fjallaði um kaup og sölu á fasteignum og sem að efni til hafði það að markmiði að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum. Þessi till. var samþykkt á Alþingi árið 1980. Í umræddri þáltill. var komist þannig að orði að við endurskoðun á lögum um fasteignaviðskipti, sem eru frá 1938, ætti einmitt að kveða nánar á um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu eiga að gilda, svo sem skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi. (Forseti hringir.) Ég verð að segja að það frv. sem var lagt fram á síðasta þingi inniheldur ekki, að mínum dómi, nægilega skýr ákvæði til þess að tryggja það.

Hæstv. dómsmrh. upplýsir hér að það frv. sem var lagt fram á síðasta þingi muni verða að einhverju leyti breytt þegar það verður lagt fyrir þing á nýjan leik. Ég vona að því verði þá breytt í þá veru að það muni tryggja betur skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans.

Ég leyfi mér að benda á að skv. tölul. 3 í þessari fsp. er spurst fyrir um hvaða aðgerðum ráðh. sé reiðubúinn að beita sér fyrir núna til að auka eftirlit með fasteignasölu innan gildandi lagaramma þannig að tryggt sé að fasteignasalar uppfylli þau takmörkuðu skilyrði sem lög setja þeim. Hæstv. ráðh. hefur því miður ekki gefið yfirlýsingu um að hann muni ganga eftir því að svo verði gert. Ég tel því miður harla litlar líkur á því að frv. sem kemur fram á Alþingi eftir þennan tíma fái afgreiðslu og þess vegna ítreka ég þá ósk mína við hæstv. dómsmrh. að hann beiti því valdi sem hann hefur í dag skv. gildandi lögum til þess að fylgja því eftir að þeir fasteignasalar sem nú starfa uppfylli þau skilyrði sem gert er ráð fyrir að þeir uppfylli.

Í annan stað langar mig til að vekja athygli hv. þm. á tvennu:

Fasteignasali er talinn sekur um að hafa með rangindum fimm íbúðir af saklausu fólki. Það líða tvö ár frá því að ákæruvaldið fær málið til meðferðar og þangað til það er þingfest fyrir dómi. Tvö ár!

Hinu málinu sem hæstv. ráðh. nefndi vísar Hæstiréttur heim í hérað til endurupptöku þann 9. jan. 1984. Það er ekki þingfest til endurupptöku í héraði fyrr en 18. maí 1984. Það tekur það hálft ár að komast rétta boðleið frá Hæstarétti til undirréttar á ný. Síðan líða margir mánuðir, þangað til í desember sama ár. Þá er það aftur tekið fyrir. Í þriðja sinn er það ekki tekið fyrir fyrr en 22. febr. og er þá liðið meira en heilt ár frá því að Hæstiréttur vísaði þessu máli til endurupptöku í héraði án þess að nokkuð hafi gerst, og ekkert er farið að gerast enn.

Við skulum athuga að sá einstaklingur sem þarna á hlut að máli hefur á þessum tíma orðið að taka á sínar herðar, rangindum beittur, yfir 600 þús. kr. sem honum er ætlað að bera vegna svika aðila sem hann átti skipti við. Nú á að fara að ganga að þessum manni og hirða það litla sem hann á. Enn er íslenska dómskerfið ekki búið að taka málið fyrir til úrskurðar í undirrétti eins og því þó ber.

Hvað sem líður lagalegum rökum í þessu efni er það alveg ljóst í mínum huga að íslenska kerfið, Alþingi, framkvæmdavaldið og dómsvaldið, allar þrjár valdastofnanir, bera siðferðislega ábyrgð á því sem er að gerst hjá þessari fjölskyldu.

Árið 1979 var stofnað í dómsmrn., því rn. sem hv. þm. Jón Helgason stýrir nú, embætti umboðsmanns til þess að taka við kvörtunum eins og þeim sem hér er um að ræða og reyna að hjálpa því fólki sem í hlut á. Það var á þeirri tíð þegar Alþfl. fékk einhverju ráðið um með hvaða hætti með þessi mál væri farið. Fyrsta verk manna eftir stjórnarskiptin þá var að leggja þetta starf niður. Nú er þetta embætti ekki lengur til í dómsmrn.

Ég veit að hæstv. dómsmrh. er maður velviljaður. Það er ekki hans sök né nokkurs annars einstaklings út af fyrir sig þó að myllur réttlætisins á Íslandi mali svona seint. En ég ætla að fara þess á leit við hann í fyrsta lagi að hann snúi sér til sakadóms Reykjavíkur og spyrji hvað valdi því að það er liðið á annað ár frá því að Hæstiréttur sendi mál þetta til baka til undirréttar til endurupptöku, án þess að neitt hafi gerst meira en það sem hæstv. ráðh. lýsti. Ég vil einnig að hæstv. ráðh. komi á framfæri athugasemdum. (Forseti hringir.)

Í öðru lagi, og þá lýk ég máli mínu, herra forseti, er það ósk mín til hæstv. ráðh., sem er góðviljaður maður, að hann leggi sig fram um það, eftir því sem hann getur, að leysa vanda þeirra sem eiga um sárt að binda vegna þess hve myllur réttlætisins á Íslandi mala seint.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég hef alloft átt viðræður við sakadóm Reykjavíkur og borið upp fyrirspurnir um gang þess máls sem hv. 3. þm. Vestf. var síðast að ræða um og óskað eindregið eftir að því máli yrði hraðað eins og kostur væri. Ég mun vitanlega halda því áfram.

Hins vegar vil ég að það komi fram að hér er um opinbert sakamál að ræða um það hvort framin hafi verið þarna refsiverð athöfn eða ekki og það bætir ekki tjón þess sem í því tilfelli er talinn hafa orðið fyrir skaða. Það er vitanlega opið fyrir hverjum og einum að höfða skaðabótamál hvenær sem er. Þannig er það ekki nema önnur hliðin á málinu sem snýr að þessari málshöfðun.

Ég hef í fleiri tilvikum en þessu lagt áherslu á það við forstöðumenn stofnana í dómskerfinu að reyna að hraða málum eins og kostur er. Hefur verið rætt á hvern hátt væri hægt að flýta þar afgreiðslu mála. Í gangi eru athuganir á því hvort með breyttum vinnubrögðum væri hægt að ná slíku marki þar sem vitanlega er mjög brýnt að ekki verði óþarfur dráttur þar á. Þó hlýtur jafnan að verða að taka tillit til þess að mál séu athuguð eins nákvæmlega og kostur er. Gjarnan biðja hlutaðeigandi um frest á máli, eins og ég rakti að hefði verið í þessu tiltekna máli, og þá er talið nauðsynlegt að verða við slíku. En vissulega mun ég gera það sem í mínu valdi stendur til að þetta nái sem fyrst fram að ganga og einnig að farið sé í hvívetna að lögum eins og kostur er.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það hefur löngum leitað á hug minn hverjar kröfur séu gerðar til fasteignasala. Þegar ég fór að hlusta grannt eftir málflutningi hæstv. dómsmrh., sem er mætur maður og gegn og ég tek undir að hann er örugglega fólki velviljaður og góðviljaður, fór að renna upp fyrir mér að annað af þessum málum kannaðist ég býsna vel við. Ég er nokkuð öruggur á því að sá ungi maður sem í hlut á leitaði til mín fyrir um það bil tveim árum. Ég talaði við Rannsóknarlögreglu ríkisins, einn af æðstu mönnum þar, og hann sagði mér að umræddur fasteignasali væri erlendis, en væri væntanlegur fljótlega. Þetta er mætur og góður embættismaður. Hann sagðist skyldu ganga í þetta þegar í stað og málið yrði tekið fyrir. Tveimur árum seinna upplýsist að þessu máli, sem átti að hraða, er ekkert komið áleiðis. Ungi maðurinn, sem hefur unnið hörðum höndum frá barnæsku, stendur frammi fyrir því að missa aleigu sína. Hús sem hann seldi úti á landi fer í hendurnar á óheiðarlegum fasteignasala og eftir stendur hann með sína fjölskyldu á götunni allslaus og gersnauður. Ég verð nú að spyrja sem ólögfróður maður: Málavextir í þessu máli eru einfaldir, en hvernig getur svona lagað skeð? Hvert er réttaröryggið í landinu hjá hinum óbreytta heiðarlega manni? Ég verð að segja eins og er að ég er furðu lostinn. (Forseti hringir.) Ég skal nú ljúka máli mínu, herra forseti.

Ég vil aðeins segja að fasteignasölum má skipta í þrjá flokka: mjög góða og vandaða, sæmilega og forkastanlega. Ég treysti hæstv. dómsmrh. til þess að gera allt sem hann mögulega getur í sambandi við þetta eina mál og eins til að tryggja að aðhald að fasteignasölum verði meira en nú er.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Aðeins ein örstutt ábending.

Eins og menn vita er næsta litlum vörnum hægt við að koma í víxilmálum. Þeir sem hafa skrifað upp á víxil í góðri trú eru dæmdir til að greiða hann og eiga sér litlar varnir. Til þess að þessi maður geti náð rétti sínum þarf fyrst að falla dómur í ákærumálinu sem hæstv. dómsmrh. var að lýsa. Til þess að maðurinn geti náð rétti sínum verður ljóslega að koma fram að sá sem hann átti viðskipti við sé sekur að lögum. Þá fyrst getur hann komið fram vörnum við þeirri kröfu sem annar angi ríkiskerfisins hefur nú gegn honum, sem er einn af ríkisbönkunum. Það er sannarlega furðulegt að ein ríkisstofnun skuli ætla að gera mann eignalausan vegna þess að önnur ríkisstofnun stendur ekki í stykkinu.

Gjaldmiðlar í erlendum lánum fyrirtækja, fsp. 332. mál (þskj. 530). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fyrir tiltölulega skömmu síðan kom fram í fjölmiðlum að forsvarsmaður framleiðslufyrirtækis hélt því fram að hans fyrirtæki hefði tapað stórfé vegna þess að í sambandi við útflutning hefði fyrirtækinu verið gert að taka lán í annarri mynt en því hentaði, nefnilega í annarri mynt heldur en þeirri sem svaraði til útflutningsins, annarri mynt en varan var seld í. Forstöðumaður þessa útflutningsfyrirtækis hafði allstór orð um þetta mál sem ég skal ekki endurtaka. En þá hlýtur sú spurning að vakna sem hér er borin fram: Er það rétt að útflutningsframleiðendur, sem fá tækifæri til að taka erlend lán, geti hins vegar ekki fengið að taka þau í þeim gjaldmiðli sem þeir óska eftir, og þá t. d. ekki í þeim gjaldmiðlum sem sala vörunnar er gerð í? Þetta er fyrri hluti þeirrar fsp. sem ég ber hér fram.

Við könnumst náttúrlega við ýmis dæmi í sambandi við skipakaup sem sýna það glöggt hversu mismunandi afkoman getur verið hjá fyrirtækjum í útgerð eftir því hvort lán hafa verið tekin í einum gjaldmiðli frekar en öðrum. Og til þess að velja það sem víst mun vera, þá munar mestu hvort menn hafa tekið lánin í dollurum eða pundum eins og sakir standa. En spurningin er náttúrlega sú: Ef þetta er svo, að mönnum er ekki frjálst að taka lánin í þeim gjaldmiðlum sem þeir selja í, hvort menn telji þetta vera eðlilegt. Ég beini þeirri fsp. til ráðh., ef svo er að mönnum sé það ekki frjálst, hvort hann telji það eðlilegt, og ef hann telji það ekki eðlilegt, hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir breytingum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. vildi ég svara með eftirfarandi greinargerð:

Árið 1979 var að óskum fiskvinnslunnar tekið upp að veita gengisbundin afurðalán endurkeypt af Seðlabanka með viðmiðun við Bandaríkjadollar. Hafði þá verið kvartað undan því að lánskjör á afurðalánum væru óhagstæðari en þau sem keppinautar íslenskra útflytjenda nytu erlendis.

Árið 1981 fór að bera allmikið á misgengi milli Bandaríkjadollars og helstu Evrópumynta. Komu þá fram óskir um að lán yrðu miðuð við gengi annarra mynta en Bandaríkjadollars og þá helst ýmissa Evrópumynta. Í júlí 1981 tilkynnti Seðlabankinn að hann væri reiðubúinn að endurkaupa af viðskiptabönkunum lán vegna útflutningsframleiðslu miðað við annan erlendan gjaldmiðil en Bandaríkjadollar. Þegar til kom var samt lítil eftirspurn eftir slíkum lánum. Í lok desember 1981, þegar afurðalán útflutningsframleiðslunnar voru aftur færð yfir í íslenskar krónur, námu slík lán í öðrum myntum en Bandaríkjadollar aðeins 0.6% af útistandandi gengisbundnum endurkaupum Seðlabankans.

Síðari hluta árs 1983 voru aftur uppi óskir um að gengisbinda afurðalán. Til þess að forðast gengisáhættu, sem fylgir því að miða við einn gjaldmiðil, var nú horfið að því ráði að miða gengisbindinguna við SDR-gjaldmiðil Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en hann er samansettur af fimm gjaldmiðlum. Enda þótt hlutfall einstakra gjaldmiðla geti verið breytingum háð frá einum tíma til annars eru þær breytingar yfirleitt smávægilegar. Nú eru hlutföllin sem hér segir: Bandaríkjadollar 56.58%, yen 13.68%, sterlingspund 7.98%, þýskt mark 14.26%, franskur franki 7.50%. Vegna mikillar þýðingar Bandaríkjadollars í milliríkjaviðskiptum heimsins vegur hann þyngra en hinar myntirnar en áhrifa japanska yensins og Evrópumynta gætir þarna verulega. Vegna þess er SDR til muna stöðugri gjaldmiðill en nokkur hinna út af fyrir sig. Sést það m. a. á því að á því tímabili sem liðið er frá því að gengisbinding við SDR var tekin upp í október 1983 og þar til nú hefur gengi krónunnar lækkað gagnvart þessum gjaldmiðlum sem hér segir: Gagnvart SDR 27.2%, Bandaríkjadollar 34.4%, yeni 26.8%, sterlingspundi 8.6%, þýsku marki 5.2% og frönskum franka

15.3%. Þrátt fyrir spádóma flestra þeirra sem fylgjast með þróun gengismála á gjaldeyrismörkuðum heimsins hefur gengi Bandaríkjadollars haldið áfram að hækka fram á þennan dag. Er nú svo komið að margir spá því að á því muni verða áframhald enn um sinn. Á móti hafa Evrópumyntir stöðugt farið lækkandi og yen liggur þarna á milli. Vægi Evrópumynta í SDR hefur þó dregið verulega úr hækkun þessa gjaldmiðils samanborið við Bandaríkjadollar. Þrátt fyrir þetta hefur gengisþróun verið óhagstæð þeim sem selja afurðir í Evrópumyntum, þar sem þær myntir hafa lækkað í hlutfalli við SDR á því tímabili sem áður getur vegna aukins styrkleika Bandaríkjadollars. Því má þó ekki gleyma að fyrir þá sem selt hafa í Bandaríkjadollurum en fengið lán með viðmiðun við SDR hefur þessi þróun verið hagstæð eins og framangreindar tölur sýna. Telja má að þannig sé ástatt um 70% af útflutningsframleiðslunni.

Þótt menn hafi ekki getað séð fyrir þá gengisþróun sem orðið hefur, og verið hefur gangstætt flestum spám síðustu misserin, þá er ekki óeðlilegt, þegar menn líta til baka, að óskir hafi komið í seinni tíð um að veita mönnum svigrúm til að taka afurðalán vegna framleiðslu með viðmiðun við aðra gjaldmiðla en SDR, þ. e. aðallega Evrópumyntir. Í sumum tilvikum hefur það raunar verið svo að fyrir milligöngu viðskiptabanka hafa útflytjendur tekið útflutningslán við afskipun afurða og þá í þeim gjaldmiðli sem varan greiðist í.

Varðandi 2. lið fsp. vil ég geta þess að skv. ósk ríkisstj. hefur verið unnið að því í Seðlabankanum síðan á árinu sem leið að endurkeypt afurða- og rekstrarlán Seðlabankans verði flutt til viðskiptabankanna og Seðlabankinn hætti að hafa bein afskipti af þeim lánveitingum. Ófyrirsjáanlegur dráttur hefur orðið á því að þessi breyting kæmi til framkvæmda en líða fer að því að svo verði. Undirbúningur er einnig hafinn að því að framleiðendur eigi kost á afurða- og rekstrarlánum með viðmiðun við aðra gjaldmiðla en SDR.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi svarað þeirri fsp. sem hér er borin fram.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta var fróðleg upprifjun hjá hæstv. ráðh. á því hvernig óskirnar breytast eftir því hvernig gengisþróun er á hverjum tíma. En ef hið eiginlega svar hans við fyrri hluta spurningarinnar er tekið verður það að teljast vera það að komið hafi fyrir síðan núverandi skipan var tekin upp 1983 um gengisbindingu afurðalána við SDR að útflutningsaðilar á Evrópumarkað hafi fengið ósk sína uppfyllta um að taka lán í Evrópumyntum.

Þá hefur þarna væntanlega átt sér stað einhver mismunun. Það eru þá til fyrirtæki sem hafa fengið að taka lánin í Evrópumyntum. En það eru önnur fyrirtæki sem hafa sent á markað, sbr. útvarpsviðtalið sem ég benti á hér áður, en ekki hafa fengið að taka lánin með þessum hætti. Hefur þá þetta fyrirtæki, sem talaði máli sínu í opinberum fjölmiðlum, ekki leitað eftir því? Mér hefur skilist að það hafi leitað eftir því. Hverju sætir þá það að sumir geti fengið að taka lánin í Evrópumyntum en aðrir ekki?

Í annan stað er á það að líta að öll sú saga sem hæstv. ráðh. rakti bendir til þess að það sé mjög erfitt að ætla sér að stýra þessum lántökum með þeim hætti sem við höfum gert. Ef það er valið í dollurum þá er það gott um hríð. Síðan vilja menn það ekki, þá vilja menn eitthvað annað. Síðan er valið SDR og það er kannske gott um hríð en síðan vilja menn eitthvað annað. Er ekki ráðið í þessum efnum að lántakendurnir geti tekið lánin í þeirri mynt sem þeir óska og þeir beri þá sjálfir fulla ábyrgð á lántökum sínum vegna þess að óskir þeirra hafa verið uppfylltar?

Hin hliðin á málinu er nefnilega sú, að meðan hér er um þvingaða aðgerð að ræða, eins og það virðist hafa verið að því er alla varðar a. m. k. framan af, og að því er flesta varðar en ekki alla núna, þannig að mismunun er komin upp, hin hliðin á málinu er sú, að þegar ríkisvaldið, Seðlabankinn og viðskiptabankarnir eru að setja mönnum fyrir að taka lánin í ákveðinni mynt, þá bera þeir eiginlega siðferðislega ábyrgð á þeim skakkaföllum sem menn verða fyrir, vegna þess að þeir taka lánin í þeirri mynt sem fyrirskipað er. Í þeim gjaldeyrissveiflum sem nú eiga sér stað er augljóst að menn geta lent í verulegum skakkaföllum af því að lánin séu tekin í einni mynt frekar en annarri, sbr. líka það sem ég minntist á hér áðan, hversu mismunandi útkoman er hjá skipum eftir því hvort lánin hafa verið tekin t. d. í dollurum eða pundum. Sama gildir auðvitað varðandi útflutninginn þó að þar sé heldur mildari mismunur, eins og ráðh. gerði að umtalsefni, ef við eigum að bera saman SDR og t. d. pund. Engu að síður beini ég því til ráðh.: Er ekki rétt, er ekki siðferðislega rétt, getum við það ekki og eigum við ekki að gefa þetta frjálst þannig að þau lán sem útflutningsfyrirtækin taka séu á ábyrgð þeirra sjálfra? Er eitthvað í veginum? Getum við gert það? Og ef ekkert er í veginum, eigum við þá ekki að gera það? Ef eitthvað er í veginum, hvað er þá í veginum? Um þetta óska ég eftir svörum frá ráðh.

Að lokum aðeins eitt. Það kom mjög skýrt fram frá hæstv. ráðh. hvaða áhrif gengisbreytingin og afurðalánakerfið hefur eins og stendur. Þeir sem selja vöru sína í Evrópumyntum hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna þess hvað Evrópumyntirnar hafa fallið miðað við dollar. En þeir hafa líka orðið fyrir skakkafalli vegna þess að lánin, sem þeir taka, eru í SDR en ekki í Evrópumyntum og SDR hefur risið meira en allar Evrópumyntirnar skv. upptalningu sem hér var gerð áðan. Þeir sem flytja út á Evrópumarkað bera því tvöfaldar byrðar. Á sama hátt hefur staða þeirra sem flytja út á Bandaríkjamarkað orðið tvöfalt auðveldari. Þeir hafa fengið hærra verð vegna gengisþróunar dollarans og þeir hafa fengið hagstæðari lán heldur en ef lánin hefðu verið í dollurum. Þeir hafa m. ö. o. haft tvöfaldan hag af því kerfi sem hér um ræðir. Í þeim gengissveiflum sem nú eru er hér um verulega mismunun að ræða. En ég ítreka þær spurningar sem ég bar hér fram í ræðu minni til ráðh. um grundvöllinn sjálfan og vildi gjarnan heyra svör hans við því.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir að koma með fsp. þessa hér því að þetta er kannske meira hagsmunamál en ýmsir gera sér grein fyrir. Ég þekki t. d. fyrirtæki sem framleiða fyrir breskan markað en verða að taka þessi lán, eins og fram hefur komið, í SDR. Vegna þess arna hafa þau verið rekin með tapi. Ef þessi fyrirtæki hefðu fengið að taka þetta í pundum hefði málið snúist alveg við. Þetta stafar af því hvað Bandaríkjadollar vegur

þungt í þessum fimmfalda gjaldeyrispotti.

Ég hef spurt um það, og hef haft aðstöðu til þess, hvort það væri nokkur fyrirstaða í sjálfu sér að koma því á af bankanna hálfu að hver og einn mætti taka slík afurða- og rekstrarlán miðað við þann gjaldmiðil sem framleitt væri fyrir og hef fengið þau svör að ekkert sé því til fyrirstöðu, a. m. k. í þeim banka sem ég þekki best til. Ég vil nú vinsamlegast beina því til hæstv. viðskrh. að þetta mál sé kannað. Í bréfi til bankanna frá Seðlabankanum, sem er dagsett ef ég man rétt 19. október, er það bundið að þessir aðilar eigi að taka lánin í SDR. Það þarf því að verða breyting á til þess að menn geti notið þessa hagræðis.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal endurtaka það sem ég sagði sem svar við 2. málsl. fsp. hv. 3. þm. Reykn.: Af hálfu ríkisstj. hefur verið unnið að því í Seðlabankanum að koma afurða- og rekstrarlánum Seðlabankans yfir til viðskiptabankanna. Ég er sama sinnis og báðir hv. þm., að þegar þessi mál eru þangað komin sé eðlilegt að það séu bankarnir sjálfir sem meti það skv. óskum viðskiptamannanna í hvaða gjaldmiðli lánin, sem þeir eru að veita fyrirgreiðslu um, séu tekin.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fyrst vil ég aðeins ítreka það sem ég gerði hér að umtalsefni, hvað val gjaldmiðils getur skipt miklum sköpum. Hugsum okkur t. d. fyrirtæki sem selur í dollurum. Það hefur á þessu tímabili fengið 34.3% hækkun vegna þess hvað dollarinn hefur hækkað en lánin hafa bara hækkað um 27.2%. Ef hann hefði selt í þýskum mörkum hefði verðið einungis hækkað um 5.2% en lánin um 27.2%. Þarna er 22% munur sem getur lent æði illilega á fyrirtækinu.

Svör ráðh. eru góð svo langt sem þau ná. Auðvitað er gott að þetta skuli verða með þessum hætti þegar það er komið til viðskiptabankanna. En væri ekki fyllsta ástæða til að gera þetta strax? Og ég ítreka spurningu mína: Hvað stendur í veginum fyrir því að veita þetta frjálsræði núna? Og vill ekki ráðh., ef mögulegt er að gera það núna, beita sér fyrir því? Að öðrum kosti verður hann að gera okkur grein fyrir því hvað það er sem stendur í veginum.

Í öðru lagi hlýt ég að ítreka hina spurninguna sem hæstv. ráðh. svaraði ekki. Hvernig stendur á því að skv. hans svari hafa sum fyrirtæki fengið að taka lán í Evrópumyntum en öðrum hefur verið gert að taka þau í SDR, þó að þau hafi haft uppi óskir um annað, eftir því sem ráðið verður af þeirri umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu? Hvað ræður því að þessi mismunun á sér stað? Við þessu tvennu vil ég gjarnan heyra svör.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna þess síðasta sem hv. þm. spurði um er mér ekki kunnugt um það misræmi eða í hverju það liggur ef svo er. Varðandi hitt atriðið, að gera þetta frjálst, þá var ég búinn að svara því strax í upphafi, endurtaka það, að það er unnið að því að koma þessum málum yfir til viðskiptabankana og þá í leiðinni að þeir geti tekið lán í þeim gjaldmiðli sem viðkomandi viðskiptaaðili óskar að taka.

Ávöxtun gjaldeyrisforða, fsp. 333. mál (þskj. 531). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Spurt er:

„Hvernig ávaxta Seðlabanki og viðskiptabankarnir gjaldeyriseign Íslendinga og hversu góð hefur meðalávöxtun verið á árunum 1982, 1983 og 1984, hverju um sig?

Hvernig er sú ávöxtun í samanburði við meðalvexti á skuldum Íslendinga á sömu árum?“

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þótt við séum skuldug þjóð ráðum við á hverjum tíma yfir þó nokkru af erlendum gjaldeyri. Að vísu gerum við það að verulegu leyti með því að bæta á okkur skuldum, en engu að síður er ævinlega til þó nokkur gjaldeyrisforði sem oft er talað um að endist til framfærslu þjóðarinnar svo sem eins og tvo mánuði eða eitthvað slíkt og þykir kannske ekki mjög mikið. En hér er sem sagt um eign í erlendum gjaldeyri að ræða. Spurningin er: Hvernig er þetta fé ávaxtað á hverjum tíma?

Vitaskuld hafa bankar margvíslega möguleika til að ávaxta reiðufé sitt, margvíslega aðra möguleika en láta það liggja á ávísanareikningi eða sparisjóðsreikningi í einhverjum banka í útlöndunum. Mér er kunnugt um að erlendir bankar og sjóðir leggja mikla alúð við ávöxtun á lausafé sínu, ef svo má segja, og hafa til þess mjög hæfa og reyndar oft dýra starfskrafta að stunda þá ávöxtun með sem bestum hætti. Það er kannske að vonum vegna þess að hér geta verið gífurlegir fjármunir í húfi þar sem hvert brot úr prósentustigi skiptir verulegu máli. Það er út frá þessu sjónarmiði sem fsp. er hér borin fram um það hvernig Seðlabankinn og viðskiptabankarnir ávaxta gjaldeyriseign sína og hvernig til hafi tekist í prósentum talið á undanförnum árum og hvernig það standist samanburð við meðalvexti á skuldum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. var send Seðlabanka Íslands og hefur bankinn sent viðskrn. svohljóðandi greinargerð sem ég leyfi mér að lesa upp, herra forseti:

Við ávöxtun gjaldeyrisforðans er þess fyrst og fremst gætt að hann sé ávaxtaður á öruggan hátt, í öðru lagi að hann sé til ráðstöfunar með sem stystum fyrirvara og í þriðja lagi að ávöxtunin sé sem arðbærust. Sjóðurinn er varðveittur á eftirfarandi hátt:

1. Í erlendum auðseljanlegum verðbréfum sem gefin eru út af: a) ríkisstjórnum iðnríkja sem mikils trausts njóta, b) alþjóðastofnunum, c) ríkisfyrirtækjum með sjálfskuldarábyrgð ríkisstjórna, d) erlendum bankastofnunum.

2. Með stutttíma innistæðum hjá erlendum bönkum sem Seðlabankinn hefur bein viðskipti við. Sjóðurinn er aðallega varðveittur í: a) Bandaríkjadollurum, b) þýskum mörkum, c) japönskum yenum, d) svissneskum frönkum.

Spurt er hvernig ávöxtun í samanburði við meðalvexti á skuldum Íslendinga á sömu árum sé. Meðalávöxtun gjaldeyrisvarasjóðsins var í lok áranna 1982—1984 eftirfarandi: 1982 11.4%, 1983 9.7%, 1984 10.3%. Meðaltalsvextir af erlendum skuldum Íslendinga til langs tíma voru á sama tíma eftirfarandi: 1982 11.8%, 1983 9.9% og 1984 10.4%. Hér er um að ræða

bráðabirgðatölur.

Í sambandi við samanburð á meðalávöxtun og meðaltali af vaxtagreiðslum er að geta þess að gjaldeyrisforðinn er ávaxtaður til frekar stutts tíma í auðseljanlegum skuldbindingum sem felur í sér nokkru lægri vexti en greiddir eru af lánum sem tekin eru til lengri tíma. Framangreindar upplýsingar eiga við um gjaldeyrisforða landsins sem varðveittur er af Seðlabankanum. Viðskiptabankarnir eiga að jafnaði ekki annan gjaldeyri en þann sem þeir þurfa til daglegra viðskipta.

Ég tel mig, herra forseti, hafa svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég get í sjálfu sér verið sammála þeim markmiðum sem fram komu um að gjaldeyrisforðann skuli ávaxta þannig að hann sé öruggur, hann ávaxtist sem best og hann sé til ráðstöfunar þegar menn þurfa á honum að halda. En trú mín er sú að það sé einmitt í sambandi við ráðstöfun fjárins sem menn leggja allmikla vinnu í það hjá erlendum bönkum og sparisjóðum að gera sér grein fyrir því hvenær menn muni að líkindum þurfa á þessu ráðstöfunarfé að halda og hins vegar að velja bestu ávöxtun með tilliti til þess.

Það kom ekki fram í svari hæstv. ráðh. hversu stór hluti gjaldeyrisforðans frá Seðlabankanum verði ávaxtaður í verðbréfum sem bera vitanlega hærri vexti en skammtímainnstæður í erlendum bönkum. Ég hefði nú óskað eftir því að það væri upplýst, þannig að auðveldara væri að átta sig á því hversu vel hefði til tekist í þeim efnum. Það skiptir nefnilega verulegu máli.

Að öðru leyti hlýt ég að segja um þessar tölur, sem hér eru gefnar, að þær gefi ekki á þessu stigi tilefni til þess að um þær sé frekar fjallað, en ýmiss konar annan samanburð, sem ég hef ekki óskað eftir að gerður yrði, væri ástæða til að skoða til að ganga úr skugga um hvort sú ávöxtun, sem hér um ræðir, sé eins góð og æskilegt hlýtur að teljast.

Þessi fsp. er borin fram ekki síst til að vekja menn til umhugsunar um að hér getur verið um stórkostlegar fjárhæðir að ræða. Ég hefði nú haldið að jafnvel viðskiptabankarnir gætu ávaxtað sínar gjaldeyriseignir með einhverjum öðrum hætti en bara með tilliti til þess að gjaldeyriseignin ætti að vera til daglegra nota.

Ég vil, um leið og ég þakka hæstv. ráðh. svörin, beina því til hans að hann beiti sér í þessu máli og hefði gjarnan viljað að tækifæri gæfist til þess síðar að fá nánari samanburðarupplýsingar um það hvernig til hafi tekist um ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðsins. Þá er það m. a. með tilliti til þess að þegar við lítum á samanburð við lántökurnar eru inni í þeirri súpu ýmiss konar gömul lán sem eru á lægri vöxtum en þeim sem gildandi eru varðandi ný lán.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 12. mars, að loknum 57. fundi.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, þáltill. 339. mál (þskj. 541). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stighækkandi eignarskattsauki, þáltill. 162. mál (þskj. 167). — Frh. fyrri umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 5. þm. Reykv. heldur nú fram ræðu sinni þar sem síðast var frá horfið í þessu máli.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Hv. þm. spyrja: Hvaða mál er það? Málið er 162. mál á þskj. 167, till. til þál. um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram að það er ekki meiri ástæða nú fyrir þm. að vita ekki hvað hér fer fram heldur en venjulega. Það er búið að taka málið á dagskrá með formlegum hætti.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Ég hef enga athugasemd að gera við þessa athugasemd forseta.

Með vísan til þess að ég hef þegar svarað þeirri gagnrýni sem þegar hefur verið hreyft gegn þessu máli, reyndar undir öðrum dagskrárlið, og með vísan til þess að málið er mjög ítarlega rökstutt í ítarlegri grg. ásamt með fjöldanum öllum af fylgiskjölum sem hv. þm. hafa greiðan aðgang að sé ég ekki ástæðu til að hafa þessa ræðu lengri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vesturlandsvegur, þáltill. 84. mál (þskj. 86). — Ein umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen viðskrh.): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 12. þm. Reykv. að flytja hér till. til þál., sem þannig hljóðar, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstj. láti fram fara athugun á því hvort hagkvæm sé vega- og brúargerð úr Geldinganesi yfir Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes og verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúargerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi."

Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er að vekja athygli á þýðingarmiklu máli og koma fram með hugmynd um mannvirkjagerð í vegamálum sem samtímis gæti skapað einkar hagstæð skilyrði fyrir laxahafbeit og/eða laxeldi. Ef að veruleika yrði gæti það orðið til þess að Íslendingar tækju að sér forustu í fiskiræktarmálum með laxahafbeit í Norður-Atlantshafi sem skilað gæti umtalsverðum hagnaði í þjóðarbúið.

Sú vega- og brúargerð er miðast við að nýta þessi skilyrði til hlítar hefur og þann kost að stytta leiðina frá Reykjavík upp á Kjalarnes um allt að 10 km og þá leiðina vestur og norður, en á fylgiskjali með till. má sjá vegalengdir eftir því hvaða leið yrði valin. Vegagerð ríkisins hefur látið gera þær athuganir svo og það kort sem fylgir með þessari till. sem fylgiskjal.

Eins og ég gat um áðan miðar þessi till. að því að könnuð verði hagkvæmni nýs Vesturlandsvegar með brúargerð er hafi þann tilgang, auk umtalsverðrar

styttingar fjölfarinnar þjóðbrautar, að skapa möguleika til fullnýtingar einkar ákjósanlegra aðstæðna fyrir laxahafbeit og/eða laxeldi í Kollafirði og Leiruvogi. Brúarmannvirki og aðfyllingar yrðu því sérstaklega hönnuð með það í huga að þau gætu nýst sem fyrirstöður með sleppi- og móttökuaðstöðu fyrir laxfiskinn.

Sá hluti Vesturlandsvegar, sem hér um ræðir, er úr Geldinganesi, þ. e. Reykjavík, í Kjalarnes, og er þess að geta að skv. samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 25. apríl 1977 og samþykktum skipulagsnefndar um endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur hafa borgaryfirvöld tryggt sér möguleika til hraðbrautarlagningar einmitt þá leið sem hér er bent á, yfir Elliðavog um Geldinganes, en þar er eitt af framtíðarbyggingarsvæðum Reykjavíkurborgar.

Laxeldi á sér orðið nokkuð langa sögu og mikil reynsla hefur fengist á því sviði hér á landi á undanförnum áratugum. Samt sem áður hefur þróunin ekki verið eins hröð í þessum efnum og æskilegt hefði verið. Norðmenn og Skotar hafa náð miklu forskoti undanfarinn áratug umfram Íslendinga í framleiðslu og markaðssetningu á eldisfiski. Með stofnun Kollafjarðarstöðvarinnar 1961 hófust tilraunir með hafbeit á laxi hér við land og höfðu þegar gengið inn í stöðina í Kollafirði á s. l. ári 33 þúsund laxar. Einnig má nefna að sumarið 1982 fengust hjá Pólarlaxi tæplega 2000 laxar, en fyrstu gönguseiðum af laxi var sleppt við Straumsvík 1981 og nokkur skil urðu þar á laxi sumarið 1982.

Fjárhagslegur grundvöllur hafbeitarinnar hvílir á endurheimtum sjógönguseiðum. Vegna fyrirkomulags laxveiða í löndum við Atlantshaf virðist rekstrargrundvöllur fyrir laxahafbeit vera bestur hér við land. Ástæðan er sú að annars staðar en við Ísland eru 80—90% veidd í sjó, en laxfiskur sem gengur í árnar þarf að standa undir sportveiðum og sjá um viðhald stofnsins. Því kemst aðeins lítill hluti hafbeitarlaxins á sleppistað og sá aðili sem kostað hefur beitina nýtur ekki arðsins. Vegna banns við laxveiði í sjó horfa málin öðruvísi við hjá okkur. Þá er ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að önnur lönd fari að dæmi Íslendinga og banni laxveiðar í sjó, enda styðjast veiðar þeirra við aldagamlar hefðir og fjölmargir þar hafa afkomu sína af þeim veiðum.

Hér á landi hafa á undanförnum árum farið fram tilraunir með hafbeit víða um land. Ágætur árangur hefur náðst, einkum á suðvestan- og vestanverðu landinu, í Kollafirði og Lárósi á Snæfellsnesi. Möguleikar á Faxaflóasvæðinu eru taldir einkar góðir, ekki síst vegna þess að flóinn liggur opinn fyrir tiltölulega hlýjum sjávarstraumum sunnan úr hafi, og hættan af hafís er hverfandi miðað við suma aðra landshluta. Þá eru önnur skilyrði, svo sem átumagn, talin ákjósanleg á þessu svæði.

Það sem einkum skortir er aðstaða til sleppinga sjógönguseiða og aðstaða til veiða á fullvöxnum laxi er leitar á sleppistaðina af hafi. Ef unnt yrði að skapa hagstæða sleppi- og móttökuaðstöðu, t. d. á umræddu svæði, mættu hugsa sér að fleiri en ein eldisstöð sleppti þar sjógönguseiðum, enda yrðu þau metin samkvmt vel skilgreindum stöðlum, þannig að hlutur einstakra eldisstöðva af endurheimtum laxi yrði ákvarðaður á slíkum grundvelli. Um leið mætti stuðla að auknum gæðum á sjógönguseiðum og koma í veg fyrir að lélegum eða ónýtum seiðum yrði sleppt til sjávar, en allmörg dæmi eru því miður um vinnubrögð af slíkum toga. Þá má og benda á að unnt er að stækka eða reisa á þessu svæði afkastamikla seiðaeldisstöð sem framleitt gæti milljónir sjógönguseiða. Stofnlagnir Hitaveitu Reykjavíkur og væntanlegrar hitaveitu Kjalarneshrepps liggja um næsta nágrenni og gætu því seiðaeldisstöðvar fengið nauðsynlega varmaorku til seiðaframleiðslu frá nærliggjandi hitaveitum. Í þessu sambandi má benda á að seiðaeldisstöð þafnast varmaorku á þeim árstíma er hitaveita er aflögufær um heitt vatn. Það virðist því sem á þessu svæði sé möguleiki á mikilli framleiðslu á seiðum til sjógöngu og góð hafbeitarskilyrði fyrir lax, framleiðslu sem gæti skipt miklu máli fyrir þjóðarbúið. Þá má benda á þann möguleika að heitt vatn verði notað til upphitunar sjávar á afmörkuðu svæði í Kollafirði eða Leiruvogi.

Víða erlendis er hafbeit á ýmsum laxategundum mikilvægur atvinnuvegur. Má í því sambandi nefna hafbeitarstarfsemi við Kyrrahaf. Kyrrahafslaxinn er einn mikilvægasti nytjafiskur á Norður-Kyrrahafi, einkum fyrir Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Japana og Sovétmenn.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja fleiri orðum að þessari till. eða þeim hugmyndum sem að baki henni liggja. Ég tel að hér sé um að ræða allt í senn: málefni sem skiptir okkur miklu, einstaklinga sem þjóðarbúið í heild, og að hér megi fara saman nýting á fjármagni fyrir aukna hagstæða vegagerð svo og fyrir það sem ég tel einna þýðingarmest í dag fyrir okkur, að hægt sé að sinna fiskeldi með þeim hætti, sem getur gefið okkur þann arð sem ætti að vera.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að umr. um þessa till. verði frestað og till. vísað til hv. atvmn. Sþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á innflutningsversluninni, þáltill. 249. mál (þskj. 427). — Fyrri umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 427, sem er flutt af öllum þm. Alþb., og er till. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu þm. hlutfallskosningu í Sþ. til þess að rannsaka málefni innflutningsverslunarinnar og til þess að gera tillögur til úrbóta. Nefndin skal beina rannsókn sinni að eftirfarandi atriðum:

1. Til hvaða ráðstafana er hægt að grípa í því skyni að tryggja að innflutningur til landsins verði hagkvæmari en nú er um að ræða?

2. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir misnotkun gjaldeyris í innflutningsverslun?

3. Hvað má ætla að stór hluti þjóðartekna tapist vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar?

4. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem brotið hafa reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál, fái verslunarleyfi á ný?

5. Hvernig er unnt að koma í veg fyrir að innflutningsverslun skipti við milliliði, heildsala, erlendis sem taka álagningu og umboðslaun af vörum sem seldar eru til Íslands?

6. Hvernig háttar innflutningsverði til annarra norrænna landa, þó einkum til Færeyja sem ætla má að séu á margan hátt sambærilegar við Ísland?

Nefndin skili skýrslu til Alþingis haustið 1985.

Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist af Alþingi, svo og sérfræðiaðstoð sem nauðsynleg kann að reynast."

Í grg. er ítarleg grein gerð fyrir þessari till. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur lengi legið fyrir að innflutningur til Íslands er miklum mun dýrari en til grannlanda okkar. Þetta kom m. a. fram í könnun á innflutningsversluninni sem gerð var árin 1978 og 1979. Þessari könnun var þó ekki fylgt eftir á árunum 1980—1983, þegar viðskrh. Framsfl. fór með þetta mál, og að sjálfsögðu hefur viðskrh. núverandi ríkisstj. ekki sinnt þessu máli. Rannsóknin á högum innflutningsverslunarinnar var fyrsta heildstæða úttektin á vinnubrögðum heildverslunarinnar og er enn í fullu gildi.

Af og til koma svo upp mál sem staðfesta það hvað innflutningsverslunin er dýr fyrir þjóðarbúið. Þessi kostnaður veldur lífskjaraskerðingu svo að nemur hundruðum millj. kr., jafnvel milljörðum, eins og auðvelt er að sýna fram á.

Nýjasta málið, sem hér hefur komið upp, er kaffibaunasvindlið sem sagt var frá í blöðum í þinghléinu. Þar kemur fram að mismunurinn á raunverulegu verði og gjaldeyrisúthlutun nemur um 220 millj. kr. Það er svipuð upphæð og tekjur allra íbúa í Þorlákshöfn á árinu 1984. Allt það strit, sem íbúarnir þar lögðu á sig á síðasta ári á sjó og til lands, skilaði álíka heildartekjum og skrifborðsákvörðun um fáeinar faktúrur! Það þurfti heilt byggðarlag til þess að vinna fyrir þessu — sem þó er auðvitað aðeins eins og toppurinn á ísjakanum sem enn marar í kafi frjálshyggjunnar.

Gróðamyndun og sjálftaka innflutningsverslunarinnar á fjármunum almennings er í samræmi við stefnu núv. ríkisstj. Þess vegna er ekki við því að búast að hún taki á þessum hrikalegu vandamálum. Till. þessi er því flutt til þess að gefa Alþingi kost á því að taka málin í sínar eigin hendur. Ef alþm. vilja ná í peningana, sem þeir ríku hafa margfaldað á síðustu misserum, samþykkir þingið þessa till. um rannsókn á innflutningsversluninni, gjaldeyrisnotkun hennar og skattaframtölum."

Með grg. þáltill. eru birt nokkur gögn. Þar er í fyrsta lagi birt í heild skýrsla verðlagsstjóra til viðskrh. um athugun á innflutningsversluninni í janúar 1979. Þar kemur mjög margt fróðlegt fram, m. a. um hagnað innflutningsverslunarinnar árin 1971—1976 og þær breytingar sem urðu á þessum hagnaði á árunum 1977, 1978 og 1979. Þá kemur það einnig glöggt fram í þessari grg. hvernig innflutningsverð hefur þróast í milljörðum kr. á árunum 1975—1978 og hversu stór hluti hefur verið tekinn í umboðslaun sem hlutfall af innflutningi á þessu árabili.

Það kemur einnig fram í grg. hvað innflutningur til Íslands er mikið dýrari en til grannlanda okkar. Það kemur fram í fskj. III, sem er grg. verðlagsstjóra um samnorræna verðkönnun á innfluttum vörum, dags. 23. ágúst 1978. Þar kemur í ljós að sé innflutningsverð til Svíþjóðar á því ári 100, þá er innflutningsverð til Danmerkur 103.6, Noregs 103.6, Finnlands 104.7, en Íslands 126.7. M. ö.o.: innflutningsverð til Íslands á þessu ári er talið vera 26.7% hærra en til Svíþjóðar á sama tíma. Þetta hærra innflutningsverð borgar þjóðin auðvitað með lakari lífskjörum en ella gæti verið um að ræða.

Í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen fór viðskrh. Framsfl. með þessi málefni og það verður ekki sagt að hann hafi beint iðað í skinninu við að taka á þessum málum. Þrátt fyrir yfirlýsingar sem sú ríkisstj. gaf aftur og aftur í efnahagsáætlunum sínum var ekki snert á þessum málum fyrr en á árinu 1982 þegar þáv. hæstv. forsrh. skipaði nefnd til þess að fara yfir þessi mál. Í rauninni jafngilti ákvörðun forsrh. því að taka málið úr höndum þáv. viðskrh. Hygg ég að það sé næsta fátítt í ríkisstj., ef ekki einsdæmi, að forsrh. telji sig knúinn til að taka mál úr höndum fagráðh. með þeim hætti sem hér var gert.

Í framhaldi af inngripi þáv. hæstv. forsrh. var skilað skýrslu 11. mars 1983. Skýrslan er birt sem fskj. IV með þessari þáltill. á bls. 18 í þskj. Skilabréf er undirritað af Þórði Friðjónssyni og Ragnari Árnasyni. Fulltrúi Framsfl. í þessari nefnd, sem fjallaði um málin, tók ekki þátt í störfum nefndarinnar og skilaði engu áliti og neitaði að standa að því nál. sem þarna var um að ræða. Það mun hafa verið Björn Líndal, starfsmaður í viðskrn.

Í grg. Þórðar Friðjónssonar og Ragnars Árnasonar er komið inn á leiðir til að draga úr viðskiptahalla og styrkja samkeppnisstöðu innlendra atvinnugreina með aðgerðum í innflutningsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga um utanríkisviðskipti. Í grg. er komið víða við. Ég ætla ekki að fara að rekja hana í smáatriðum í framsöguræðu minni nú, enda er hún aðgengileg þeirri nefnd, sem um málið mun fjalla, hér í þskj. Ég held að þó væri fróðlegt að rifja upp nokkur atriði úr tillögum þeirra Ragnars Árnasonar og Þórðar Friðjónssonar.

Í fyrsta lagi gera þeir tillögu um að gerðar verði breytingar á ytri tollum, þ. e. öðrum tollum en þeim sem lagðir eru á innflutning frá EFTA og Efnahagsbandalaginu. Það er lagt til að viðkomandi ráðuneytum verði falið að kanna þennan kost í einstökum atriðum og gera ríkisstj. grein fyrir niðurstöðum sínum og tillögum innan fjögurra vikna, eins og þar stendur.

Í annan stað leggja þeir til að beitt verði hér í vaxandi mæli svokölluðum jöfnunartollum. Í samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið er gert ráð fyrir þeim möguleikum að beitt verði jöfnunartollum á innflutning. Þetta hefur sáralítið verið gert. Ég man satt að segja bara eftir einu tilviki þar sem er um að ræða jöfnunartoll á innflutt tilbúin hús. Að öðru leyti held ég að þessu ákvæði hafi mjög lítið verið beitt. Tillaga þeirra tvímenninganna er þessi: Lagt er til að hafin verði kerfisbundin vinna á þessu sviði. Eðlilegast virðist að viðskrn. annist framkvæmdir í samvinnu við önnur viðkomandi rn. og innlenda aðila.

Í þriðja lagi er lagt til að fram fari kerfisbundin athugun á beitingu undirboðstolla á vörur og vörutegundir sem eru fluttar hingað til lands á undirboðsverði. Ég er sannfærður um að að þessu eru veruleg brögð í okkar innflutningi og í þeim efnum mætti jafnvel nefna dæmi. Staðreyndin er hins vegar sú að embættismannakerfið hefur ekki verið fáanlegt til að taka á þessu máli vegna þess að það er flókið, það tekur mikinn tíma og er vandasamt og ekki einfalt. Auðvitað er eðlilegast að fjmrn. taki að sér slíkt verkefni í samvinnu við viðkomandi rn. og aðra innlenda aðila. Ég er þeirrar skoðunar að það séu svo mikil brögð að undirboðstollum í okkar hagkerfi að eðlilegt væri að hafa starfsmann í fjmrn.

sem hefði lítið eða ekkert annað verkefni en að fylgjast kerfisbundið með tollum á þessu sviði. Ég er sannfærður um að ef þetta væri gert mætti skila inn verulegum fjármunum og um leið styrkja innlenda framleiðslu gagnvart innflutningi þrátt fyrir þau ákvæði sem eru í okkar lögum í raun vegna aðildar okkar að Fríverslunarsamtökunum og samningum okkar við Efnahagsbandalag Evrópu.

Í fjórða lagi leggja þeir félagar til að lagt verði tímabundið þróunargjald á sömu vöruflokka innfluttra iðnaðarvara og aðlögunargjald var lagt á á sínum tíma. Sérstakri sendinefnd verði falið að ræða um álagningu þróunargjaldsins við fulltrúa EFTA- og Efnahagsbandalagslandanna. Gjaldið verði 3—4% í upphafi, en lækki að 6—12 mánuðum liðnum stig af stigi uns það falli úr gildi 18—24 mánuðum eftir að það var lagt á. Hér er um að ræða gjald sem upphaflega var lagt á 1. jan. 1979 og rann út á árinu 1981. Það var kallað tímabundið aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur. Tilgangur þessa aðlögunargjalds var tvíþættur: Annars vegar að afla tekna til að stuðla að innlendri iðnþróun og hins vegar að gera okkar iðnaðarvörur samkeppnisfærari við innflutning en ella hefði verið. Það má segja að þessi ákvörðun hafi orðið til sem beint framhald af aðlögunartíma Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. Eins og menn muna var gert ráð fyrir því í fríverslunarsamningunum að fríverslunin tæki gildi á tíu árum. Hér var gerð tillaga um það að framlengingartímabilið yrði lengt um 3—4 ár.

Fimmta tillagan, sem þeir tvímenningar gerðu varðandi innflutninginn, var um tímabundna og sveigjanlega innborgunarskyldu. Þeir leggja til að tekin verði upp innborgunarskylda við innflutning eins og t. d. hefur verið gert með húsgögn í nokkrum mæli. Þá var gert ráð fyrir því um skeið að greiða yrði inn í banka ég held 35% af innflutningsverði húsgagna til þess að draga úr innflutningi og skapa innlendum húsgagnaiðnaði betri stöðu en annars var um að ræða.

Þá var gert ráð fyrir því í sjötta lagi að samstarfsnefnd um gjaldeyrismál yrði falið að koma á samráði við viðkomandi ráðuneyti um að kanna framkvæmd ákvæða um gjaldfresti og möguleika á að þrengja slíkar heimildir að því er varðar fullunnar vörur. Hér er um að ræða stórmál sem ekki hefur verið snert við, m. a. vegna þess, og ég kem aftur að því, að í embættismannakerfinu er ríkjandi vantrú á hvers konar aðgerðum af þessu tagi. Embættismennirnir telja margir að hér sé um að ræða tímafrekt og flókið verk og þeir vilja undir engum kringumstæðum fara út í slíkt verk þegar það reynir að sumu leyti á þanþolið á aðild okkar að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningi okkar við EFTA.

Hér eru taldar upp fleiri tillögur. Alls er hér um að ræða tólf ítarlegar tillögur um það hvernig hægt er að draga úr innflutningi, hvernig hægt er að draga úr viðskiptahalla, hvernig hægt er að styrkja iðnað okkar gagnvart innflutningi án þess að það þýði að brotnar séu þær reglur sem kveðið er á um í samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið.

Því er stundum haldið fram að það sé ekkert hægt að gera í innflutningsmálum vegna þess að við höfum svo strangar reglur gagnvart Efnahagsbandalaginu og EFTA að það sé ekki hægt. Þessi skýrsla, sem birt er á bls. 18—24 í þessu þskj., sýnir alveg ótvírætt að hægt er að takmarka innflutning með margvíslegum aðgerðum án þess að það brjóti á neinn hátt í bága við þær reglur sem við höfum gengist undir í EFTA og Efnahagsbandalaginu.

Núv. ríkisstj. stendur frammi fyrir stórfelldum viðskiptahalla. Hún hefur keyrt kaup niður í 60—70% af því sem var hérna fyrir þremur, fjórum árum. Þrátt fyrir það verður hér um að ræða mikinn viðskiptahalla og greinilegt að grípa verður til sérstakra aðgerða til að draga úr innflutningi og viðskiptahalla. Hvað er viðskiptahalli? Viðskiptahalli er erlendar skuldir. Menn eru mikið að kvarta yfir því og tala um að við berum þunga greiðslubyrði af erlendum lánum. Það er rétt. Ein leiðin til að draga úr erlendum skuldum er að skera niður viðskiptahallann með þeim tillögum sem hér eru á dagskrá.

Fskj. V með þessari þáltill. er margvíslegar blaðaúrklippur sem birtar voru í blöðum í framhaldi af svokölluðu „kaffibaunasvindli" og ætla ég ekki að rekja þær hér í einstökum atriðum að sinni nema sérstakt tilefni gefist til.

Í fskj. VI er farið yfir það hvaða lagaheimildir viðskrh. hefur í þessu efni samkv. gildandi lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Ég tel að ekki sé nokkur vafi á að hæstv. viðskrh. hafi mjög víðtækar lagaheimildir nú þegar til að draga úr innflutningi. Þessar lagaheimildir voru samþykktar samhljóða á Alþingi á sínum tíma. Það var gefin úr reglugerð á grundvelli þessara laga í nóvember 1979 af þáv. viðskrh. Kjartani Jóhannssyni. Þarna er, bæði í reglugerðinni og í lögunum, um að ræða mjög eindregnar heimildir sem viðskrh. landsins getur notað ef hann vill draga úr innflutningi, ef hann vill draga úr kostnaði við innflutningsverslunina. Öll hljótum við að vera sammála um nauðsyn þess að halda kostnaði við innflutningsverslunina sem mest niðri. Innflutningsverslunin er dýr og það er skylda Alþingis að fjalla um leiðir til að draga úr kostnaði við hana.

Herra forseti. Ég ætla í þessari umr. að draga fram nokkrar fleiri upplýsingar um innflutningsverslunina og þróun hennar og veltu á undanförnum árum. Grip ég þá niður hér í atvinnuvegaskýrslur Þjóðhagsstofnunar 1980—1981 sem nýlega hafa borist þm. í hendur og eru um margt mjög fróðlegt plagg.

Það kemur t. d. fram í því plaggi, sem ég er ekki viss um að allir þm. hafi gert sér grein fyrir, a. m. k. fannst mér talan athyglisverð, hvað fyrirtæki eru mörg á Íslandi. Hvað ætla alþm. að fyrirtæki séu mörg á Íslandi með sjálfstæð framtöl? Þau eru 31 985 í þessu litla landi, þessu litla hagkerfi. Svo eru menn að undrast á því að erfitt sé fyrir skattaeftirlitið að ná utan um þetta kerfi. Hér er um að ræða 31 þús. og 900 fyrirtæki sem eru flokkuð sem slík samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Fróðlegt er að líta á að það eru 1300 heildverslanir á Íslandi, eins og þetta var 1982, og smásöluverslanir eru á sama tíma 1900. Þetta segir okkur talsverða sögu um íslenska hagkerfið, hvernig það er og hvað það vill í rauninni vera erfitt oft og tíðum fyrir stjórnvöld að ná utan um þetta og hætta á að hlutirnir verði sundurvirkir og skili ekki ýtrustu hagkvæmni í hverri grein.

Það er fróðlegt einnig í þessu sambandi að skoða hvernig vinnuafl hefur þróast eftir atvinnugreinum hér á síðustu árum. Ég er hér með yfirlit um hvernig þetta

hefur þróast í heildversluninni 1974—1982. Þar kemur í ljós að allan tímann er um að ræða nokkra aukningu jafnt og þétt, stundum litla, stundum meiri, í þessari atvinnugrein. Aukningin á árabilinu er í kringum 17—18%. Ef hins vegar er skoðað annað atriði í þessu, sem er velta heildverslunarinnar, sjá menn hvað þetta er stór þáttur í þjóðarbúinu. Velta heildverslunarinnar á árinu 1983 var 16 milljarðar kr. Í dag komu fram upplýsingar um að hagnaður hennar hefði ekki verið nema í kringum 300 millj. kr. eftir „skattalegar ráðstafanir" á árinu 1983. Það sem kallað er hér „heildverslun" er heildverslun af hvaða tagi sem er, þ. á m. útflutningsverslun sem hefur mjög lítinn hluta af þessu eða um 780 millj. kr. Byggingavöruverslun hefur 2.5 milljarða kr., sala á bílum og bílavörum hefur 2.7 milljarða kr. og önnur heildverslun hefur hér um 10 milljarða kr.

Það er einnig fróðlegt, herra forseti, að virða fyrir sér skiptingu vinnuafls eftir atvinnugreinum á árunum 1974—1982 og athuga hvað heildverslunin er með marga menn í vinnu. Það kemur fram að á árinu 1982 er heildverslunin með 5623 menn í vinnu, en hvað skyldu allir sjómenn á Íslandi vera margir á sama ári? Þeir eru 5745. Allir þeir sem stunda fiskveiðar eru 5745. Þannig má segja að hver einn sjómaður sé með einn starfsmann heildverslunar á bakinu á sér.

Eitt af því, herra forseti, sem vakti athygli mína þegar ég fór að undirbúa framsöguræðu fyrir þessa þáltill. var hvað lítið er til af nýlegum upplýsingum um verslunina. Má það verða mönnum nokkurt umhugsunarefni, m. a. þeim mönnum sem telja sig tengda versluninni á einhvern hátt, að það eru í rauninni engar brúklegar upplýsingar til um verslunina eftir 1981 eða 1982. Þegar spurt er um brúttóhagnað verslunarinnar á síðustu árum eru engar tölur til. Það eru til gamlar tölur hjá Þjóðhagsstofnun. Þegar ég fékk engar tölur hjá Þjóðhagsstofnun hringdi ég í Verslunarráð Íslands og spurði: Hvað hafið þið af tölum í þessu? Ég hringdi í Félag ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtökin og spurði: Hvaða tölur eru þið með? Á hverju byggið þið ykkar ályktanir um afkomu verslunarinnar, heildverslunar eða smásöluverslunar eftir atvikum? Það kom í ljós, sem mér þótti kostulegt, að Verslunarráð Íslands og Kaupmannasamtökin voru ekki með neinar áætlanir um þetta sem þau samtök voru tilbúin að láta mér í té, en það sem var mikið alvarlegra, má segja, var að Þjóðhagsstofnun er ekki með neitt af brúklegum nýjum tölum í sambandi við verslunina. Þetta er alveg yfirgengilegt, miðað við það hvað hér er um stóran þátt að ræða í okkar efnahagskerfi. Heildverslun og smásöluverslun á Íslandi velta á þessu ári sennilega 50 milljörðum kr., en það eru engar heildartölur um alla þessa súpu til í hagkerfinu. Þjóðarframleiðslan er 80—90 milljarðar kr. 50 milljarðar fara í gegnum heildverslun og smásöluverslun. Það eru ekki til brúklegar upplýsingar um það að mínu mati.

Ég fékk upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun hvernig afkoma þessara fyrirtækja er áætluð og hversu mikil laun þau eru talin greiða á árunum 1981, 1982 og 1983. Þar kemur fram að heildarlaunagreiðslur í þessum fyrirtækjum eru taldar vera um 777 millj. kr. á árinu 1983 sem er rétt að hafa til hliðsjónar við 30 milljarða veltu. Vissulega eru þessi fyrirtæki mikilvægir atvinnurekendur og vissulega skulum við ekki gera lítið úr nauðsyn þess að hér þrífist brúkleg innflutningsverslun, en við skulum líka reyna að átta okkur á því að ef stjórnvöld eiga að geta tekið ákvarðanir í efnahagsmálum, það er sama um hvað það er, verða að liggja fyrir upplýsingar um þátt eins og þennan. Þess vegna verð ég að segja að það er alveg makalaust að maður skuli koma að algerlega lokuðum dyrum svo að segja hvað snertir upplýsingar um verslunina bæði hjá Þjóðhagsstofnun og jafnvel hjá Verslunarráði Íslands sem hefði nú átt að hafa einhverjar upplýsingar um þessi mál. Þetta þætti skrýtið t. d. hjá bændasamtökunum svo ég nefni dæmi. Þar eru menn með búreikningastofu og halda allnákvæmt bókhald um afkomu bænda eftir því sem kostur er á. Sama er að segja um frystinguna, saltfiskverkunina og útgerðina í landinu. Upplýsingasöfnunin er nokkuð nákvæm, eftir því sem mögulegt er, eftir skattaframtölum og leiðréttingum eftir á. En það vantar í rauninni allar upplýsingar um verslunina og Verslunarráð Íslands þorir ekki einu sinni að senda frá sér ágiskanir um þessa hluti vegna þess að Verslunarráðið hefur ekkert í höndunum.

Ég bað Þjóðhagsstofnun um nýjustu upplýsingar um hag smásöluverslunar og heildverslunar. Hér segir, með leyfi forseta: „Nýjustu tölur um raunverulegan hag smásöluverslunar eru frá árinu 1980." Það eru fimm ár. Og svo segir hér: „Svipuðu máli gegnir um heildverslun og smásöluverslun." Það eru fimm ár. Það eru engar skráningar til á þeirri sveiflu sem hefur orðið í þessari stóru starfsgrein á fimm ára tímabili.

Hins vegar hafði Seðlabankinn upplýsingar um gjaldeyrisskil umboðslaunatekna inn í bankakerfið frá 1968 og þar kemur margt fróðlegt fram. Það sem mér fannst athyglisverðast var hversu þessi gjaldeyrisskil eru sveiflukennd. Á einu árinu skilar innflutningsverslunin kannske í heildarumboðslaun 1.6% af almennum innflutningi, en annað árið skilar innflutningsverslunin 3.6% af almennum innflutningi í umboðslaun. Þetta eru stórar upphæðir, sem hér er um að ræða, fyrir þjóðarbúið. Á árinu 1984 munar þetta, bara þetta hlaup í lágum prósentum, milli 20 og 30 millj. kr.

Herra forseti. Tilefni þáltill. eru að nokkru leyti þær umræður sem í upphafi þessa árs urðu um innflutning á kaffibaunum hjá ákveðnu fyrirtæki. Ég vil hins vegar taka fram að að sjálfsögðu er engin ástæða til að ætla að sú innflutningsaðferð og gjaldeyrisskilaaðferð sé bundin við það fyrirtæki eitt. Það eru mörg fleiri fyrirtæki í innflutningi, eins og ég hef hér rakið. Það eru mörg fleiri fyrirtæki í kaffibaunainnflutningi en það fyrirtæki sem einkum hefur verið rætt um að undanförnu. Það má segja að það sé jákvætt að upplýsingar hafi komið frá þessu fyrirtæki sem tengist samvinnuhreyfingunni. Vonandi verður það til þess að unnt verði að taka á innflutningsmálum einkaverslunarinnar líka, vegna þess að ég er ekki í nokkrum vafa um að það er víðar pottur brotinn í þessu efni en aðallega hefur verið rætt um að undanförnu í tengslum við Samband ísl. samvinnufélaga.

Það kom fram fyrr í dag, herra forseti, að á árinu 1983 hefði heildarhagnaður skipafélaga, smásöluverslunar, heildverslunar og banka numið 1.5 milljörðum kr. Það jafngildir árslaunum 6—7000 verkamanna miðað við kauptaxta. Þetta gerist á sama tíma og kaup fólksins í landinu var skorið niður um 27% frá því að núverandi ríkisstjórn tók við á miðju því ári. Þarna eru peningarnir sem teknir voru upp úr launaumslögum

fólksins. Þeir eru hjá þessum aðilum sem hafa grætt meira en nokkru sinni fyrr á undanförnum misserum. Þarna kemur afleiðing stjórnarstefnunnar fram: tilflutningur fjármagns frá fólki og framleiðsluatvinnuvegum, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, yfir til milliliða og innflutningsaðila. Til þess að ná utan um þetta mál, til þess að rannsaka það til hlítar er Alþingi skylt að taka ákvörðun vegna þess að ríkisstj. sjálfri er ekki treystandi í þessu efni. Þess vegna er þessi till. flutt og ég vona að Alþingi sjái sóma sinn í því að samþykkja hana.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er kannske ekki mikil ástæða til þess að hefja hér umr. um þá þáltill. sem hér liggur fyrir til umr. Þetta er mál sem nokkrir hv. þm. Alþb. flytja og 1. flm., hv. þm. Svavar Gestsson, hefur gert grein fyrir till. Það er hins vegar nokkuð athyglisvert að lesa till. og þó sér í lagi þau fskj. sem fylgja með henni, því að hér er á ferðinni gamalt mál, mál sem páv. viðskrh. Svavar Gestsson beitti sér fyrir á sínum tíma og var nokkuð til umr. hér í sölum Alþingis fyrir nokkrum árum.

Það er augljóst af lestri þessarar till. að hún er uppgjör Alþb. við Framsfl. Till. gengur mestmegnis út á það að skamma arftaka hv. þm., fyrrv. þm. Tómas Árnason, sem þá var viðskrh. Það kemur mjög sterklega í ljós í þessari tillögugerð, er sagt hér beinlínis, að Framsfl. hafi í stjórnartíð þessara tveggja flokka komið í veg fyrir að fylgt væri eftir þeim tillögum sem páv. viðskrh. hafði gert. Síðan er tekið nýlegt mál, sem nú er fyrir dómstólum, svokallað kaffibaunamál, sem snýr að fyrirtæki sem er nokkuð nálægt Framsfl., þ. e. Samband ísl. samvinnufélaga. Eitthvað á annan tug blaðsíðna í grg. með þáltill. fjallar um þetta mál. Það er samansafn allra blaðagreina og frétta sem hafa verið skrifaðar um þetta mál, ekki síst úr Þjóðviljanum. Þetta er auðvitað hluti uppgjörs þessara tveggja vinstri flokka sem sátu saman í stjórn á sínum tíma. Loks er svo í grg. birt ræða hv. þm. frá þeim tíma sem hann var viðskrh. og er auðvitað gott að fá slíka upprifjun fyrir þá sem kannske eru búnir að gleyma því að hv. þm. gegndi á sínum tíma embætti viðskrh.

Þetta mál er gamalt. Það byggir á þeim grunni sem Alþb. venjulega flytur mál sitt á, þ. e. að hjá versluninni sé að leita að miklum fjársjóðum. Þar hafi verið stolið peningum frá alþýðunni og nú eigi að láta til skarar skríða.

Það besta sem kemur fram í þessari till. er bréf til fyrrv. forsrh. frá þeim Ragnari Árnasyni og Þórði Friðjónssyni, en það var áfangaálit, ekki lokaálit heldur áfangaálit um aðgerðir vegna halla á viðskiptajöfnuði og samkeppnisstöðu iðnðar. Ég endurtek: vegna halla á viðskiptajöfnuði og samkeppnisstöðu iðnaðar. Þessum mönnum tveimur var nefnilega falið af hæstv. fyrrv. forsrh. að koma fram með tillögur um þetta efni og þessum tillögum var skilað. Eins og mjög greinilega kemur fram í lokaorðum tilagnanna þá áttu þær við þá stund sem þeim var skilað. Þar segir nefnilega að innflutningstakmarkanir af því tagi sem um sé rætt í tillögunum séu „tvíeggjað vopn" og þessar tillögur helgist fyrst og fremst af þeim erfiðu aðstæðum sem þjóðarbúið átti við að stríða rétt um þær mundir sem hv. þm. Svavar Gestsson var að ljúka valdatímabili sínu, þ. e. í mars 1983. Síðan er sagt að tillögur þessar séu bráðabirgðaráðstafanir, þótt sumar þeirra gætu átt rétt á sér til lengri tíma, og loks er sagt að ef um innflutningstakmarkanir eigi að vera að ræða til frambúðar þurfi miklu meiri undirbúning en kostur hafi gefist á.

Það hefur ýmislegt gerst frá þessum tíma. Þar á meðal hefur það gerst að verðlagning í verslun á mjög mörgum sviðum hefur verið gefin frjáls. Sannarlega hefur sú aðgerð leitt til þess að vöruverð hefur lækkað. Ég endurtek: Sannarlega hefur komið í ljós við þær aðgerðir að vöruverð hefur lækkað. Ber ég þá fyrir mig Verðlagsstofnun, en um þá stofnun er ítarlega fjallað í ræðu hv. þm. sem er endurprentuð sem fskj. með þessu frv.

Það er auðvitað ekki nema góðra gjalda vert að Alþb. flytji till. á borð við þessa. Mér finnst sjálfsagt að í nefnd sé kannað með hvaða hætti er hægt að tryggja það fremur en nú er gert að gripið sé til íslenskra laga. En flest af því sem þeir tvímenningarnir Þórður og Ragnar bentu á var hægt að gera á grundvelli íslenskra laga. Þar á ég við m. a. jöfnunartoll og þó einkum og sér í lagi undirboðstollinn. Það finnst mér sjálfsagt að nefndin kynni sér og er ekkert nema gott um það að segja að fluttar séu slíkar till. Til viðbótar finnst mér að gjarnan mætti nefndin líka ræða það hvort ekki sé kominn tími til að innfluttar vörur séu merktar með sama hætti og vörur framleiddar hér á landi og að gerðar séu sömu gæðakröfur til innflutningsins eins og til þeirra vara sem framleiddar eru hér á landi.

Það situr ekki á mér að vera á móti hugmyndum sem geta verið til bóta. En flest af því sem kemur fram í þessari þáltill. sýnir þó að Alþb. er með þessari till. að gera upp við sinn fyrri samstarfsflokk og gefa það í skyn að hjá innflutningsversluninni sé að finna fjársjóði, sem auðvitað er ekkert öðruvísi nú en var þegar hv. þm. sat í ríkisstj. Ég hef ástæðu til að ætla að einmitt með aðgerðum núverandi ríkisstj., þó einkum og sér í lagi hæstv. viðskrh., hafi verið tekið stærsta skref í áttina til þess að innflutningsverslunin sé hagkvæm, m. ö. o. með því að gefa innflutninginn frjálsari og verðlagninguna frjálsari. Og ég ítreka það, sem ekki verður á móti mælt, að einmitt það frelsi hefur leitt til lækkaðs vöruverðs og þar með betri lífskjara fyrir þjóðina alla.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við þessa þáltill. Alþb., sem kom fram í ræðu hans hér áðan. Hann sýndi skilning á því að nauðsynlegt væri að taka á ýmsum þáttum innflutningsverslunarinnar og lagði áherslu á nauðsyn þess í lokin að tryggt yrði að innflutningsverslunin væri sem allra hagkæmust og ódýrust fyrir þjóðarbúið. Það er markmið sem við hljótum að keppa að í sameiningu. Spurningin er þarna eins og fyrr um leiðirnar í þeim efnum. Vafalaust sýnist þar að einhverju leyti sitt hverjum, en þó held ég að við eigum í þessu efni að kanna það vel hvort menn, jafnvel úr ólíkum stjórnmálaflokkum, geti ekki sameinast um niðurstöður að þessu leytinu til líka.

Ég verð að segja að ég sé ekki að það geti verið ósamrýmanlegt sjónarmiði núv. ríkisstj. og hæstv. viðskrh. að kannað verði hvaða leiðir eru til þess að tryggja að innflutningurinn til landsins verði enn þá hagkvæmari og miklu hagkvæmari en hann er. Um það hljóta allir hv. þm. að vera sammála að nauðsynlegt er

að gera það. Ég er sannfærður um að hæstv. viðskrh., sem á að líta eftir þessum málum, er sammála mér um að það er eðlilegt að slík könnun fari fram.

Í 2. lið till. segir að það skuli kannað hvaða ráðstafanir sé unnt að gera til að koma í veg fyrir misnotkun gjaldeyris í innflutningsverslun. Ætli það sé nokkuð sjálfsagðara en að reyna að finna leiðir til að koma í veg fyrir slíka misnotkun? Ég er viss um að hæstv. viðskrh. er sammála mér um það atriði.

Í þriðja lagi stendur hér: „Hvað má ætla að stór hluti þjóðartekna tapist vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar?" Er eitthvað á móti því að þetta verði kannað til hlítar? Hafa menn eitthvað að fela í þeim efnum eða hvað? Ég trúi því ekki að svo sé, að vísvitandi vilji menn fela eitthvað í þessum efnum. Því þá ekki að kanna það til þrautar?

Í fjórða lagi er hér spurt: „Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem brotið hafa reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál, fái verslunarleyfi á ný?" Ég hef flutt um það till. hér á þinginu aftur og aftur að gripið verði til þess að herða mjög reglur um verslunarleyfi þannig að þeir sem hafa orðið brotlegir við lög um innflutnings- og gjaldeyrismál fái ekki verslunarleyfi á nýjan leik. Ég tel að þetta sé sjálfsagt mál. Kannske á að beita einhverjum öðrum viðurlögum í þessu efni gegn þeim sem misfara með gjaldeyri þjóðarinnar, en þjóðin á gjaldeyrinn, hún skapar gjaldeyrinn, sjómenn og verkamenn. Þá er eðlilegt að reynt verði að finna leið til að koma í veg fyrir að misfarið sé með gjaldeyri.

Því næst er sjálfsagt atriði um það hvernig unnt sé að koma í veg fyrir að innflutningsverslunin skipti við milliliði erlendis. Þetta er mjög stórt mál í verðmyndun í innflutningi á Íslandi, gífurlega stórt mál eins og kemur m. a. fram í þáltill. og grg. sem henni fylgir.

Í sjötta lagi er beðið um samanburð á innflutningsverði til annarra norrænna landa og einkum til Færeyja. Hérna er um að ræða atriði sem eru alveg sjálfsögð. Ég heyrði að hv. 2. þm. Reykv. tók vel undir þetta í öllum meginatriðum og kom með ábendingar um viðbót, þ. e. að innflutningsvörur verði merktar eins og innlendar vörur. Það er sjálfsagt. Það er það bragð sem ýmsar þjóðir hafa gripið til til að tryggja eðlilega samkeppnisstöðu, svo maður segi nú ekki meira úr þessum ræðustól. Iðulega hefur það verið gert. Ég bendi t. d. á að það munu vera þær reglur í Japan að bandarískir bílar fara þar ekki inn í landið fyrr en búið er að reynsluaka þeim í Japan í tvö ár eða svo. Það er ekki brot á neinum reglum til eða frá og ekki nokkur leið að hanka Japani á því. Þetta er ég ekki að segja í beinum tengslum við ábendingar hv. þm., en mér fannst þær mjög athyglisverðar.

Hv. þm. nefndi enn fremur að till. væri einhvers konar uppgjör við framsóknarmenn. Það er mesti misskilningur að hér eigi sér stað uppgjör við framsóknarmenn. Það er alveg ástæðulaust. Þeir gera upp við sig sjálfir þessa dagana. Ég hef kynnst því m. a. á fundarferðum mínum út um landið að þeir þurfa enga hjálp í þeim efnum. Þeir eru að reyna að gera hlutina upp við sig sjálfir. Ég vona að þeir komist sem fyrst að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að fara út úr þessari stjórn þó að Steingrímur formaður flokks þeirra, hæstv. forsrh., sitji þar við stjórnvölinn. Ég hef enga ástæðu til að vera að gera neitt upp við Framsfl. sérstaklega í þessu efni, en var bara að benda á þá athyglisverðu staðreynd að fyrrverandi forsrh. sá sig tilneyddan til að taka þessi mál úr höndum fagráðherrans, viðskrh., vegna þess að hann hafði ekki sinnt þeim eins og stjórnarsamþykktir stóðu til. Menn geta kallað þetta uppgjör við Framsfl. ef þeir vilja, en þannig var að þessi ákveðni viðskrh. var og er í Framsfl., að því er best verður vitað, þó að það hafi orðið viss breyting á högum hans núna um áramótin.

Ég tel ástæðu til að fagna því að hv. 2. þm. Reykv. kvaddi sér hér hljóðs og sagði nokkur orð um þessa till. og ég vona að þau orð séu til marks um að þm. úr ólíkum flokkum geti sameinast um að taka á þessu þýðingarmikla máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. 183. mál (þskj. 199). — Fyrri umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 199 um skipan nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi" og tillögur til úrbóta. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi", þ. e. atvinnustarfsemi þar sem m. a. er komist hjá að greiða lögboðin opinber gjöld, og benda á leiðir til úrbóta.

Forsrh. skipi formann nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir árslok 1985."

Í grg. segir m. a.:

„Svarta atvinnustarfsemi" á Íslandi má nánast skilgreina á tvo vegu:

1. Skattsvik þar sem fjármunum er velt án þess að staðin séu skil á opinberum gjöldum eða staðið við aðrar þær reglukvaðir sem almennur atvinnurekstur verður að hlíta.

2. Starfsemi án tilskilinna leyfa og réttinda.

Hér skal ekki fullyrt hversu stórt og víðtækt þetta vandamál er, um það liggja ekki fyrir upplýsingar. Það er hins vegar mat þeirra er um hafa fjallað að umfang þess sé mikið. Hér er um að ræða óþolandi mismunun milli einstaklinga og fyrirtækja. „Svört atvinnustarfsemi" raskar grundvelli samkeppni milli þeirra sem hana stunda og þeirra sem reka fyrirtæki sín eftir settum reglum og standa skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þeirra fyrirtækja krefjast þess að samkeppnisaðstaðan verði í þessu efni jöfnuð.

Iðnþing Íslendinga hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um þessa starfsemi og leitað leiða til að sporna gegn þessari spillingu. Það er ástæða að fagna því alveg sérstaklega að Landssamband iðnaðarmanna hefur lýst sig reiðubúið til samstarfs ef verða mætti til að finna orsök þessa vanda. Á 40. Iðnþingi árið 1983 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Koma þarf á samstarfi ríkisvaldsins og samtaka fyrirtækja, sem rísa undir því nafni, til þess að uppræta svarta atvinnustarfsemi, enda eiga þessir aðilar sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum málum. Landssamband iðnaðarmanna vill leggja sitt af mörkum til að koma slíku samstarfi á og óskar eindregið eftir því að ríkisvaldið hafi forgöngu um þá samvinnu."

Í stefnuskrá sem samþykkt var á 39. Iðnþingi segir

m. a.:

„Ríkisvaldið, sveitarfélög og fleiri aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t. d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eiginþjónustu" er lítið sem ekkert greitt í skatta, t. d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af almennum fyrirtækjum, sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu, er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, þar á meðal úr hópi opinberra stofnana, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi.

Iðnlöggjöfin er m. a. sett til þess að tryggja atvinnuréttindi iðnaðarmanna í löggiltum iðngreinum. Atvinnuréttindi fjölmargra annarra stétta eru nú á tímum lögvernduð og þeim lagaákvæðum virðist fylgt eftir af ríkisvaldinu. Þess er krafist að iðnréttindi njóti sama réttar í þessu efni en verði ekki hornreka í kerfinu.

Iðnaðarlögin eru ekki síður sett í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda og tryggja þeim góða og faglega þjónustu og/eða framleiðsluvörur af hendi þeirra sem reka löggiltar iðngreinar. Þess er krafist að ríkisvaldið takmarki starfsemi ófaglærðra á hefðbundnu starfssviði löggiltra iðngreina, enda telst slíkt liður í almennri neytendavernd. Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt ber að fylgjast með framkvæmd iðnlöggjafarinnar, þurfa að taka á sig rögg og fara með iðnlagabrot í samræmi við það sem lög bjóða."

Á það er skylt að benda að svört atvinnustarfsemi er ekki aðeins bundin íslenskum iðnaði, hún þrífst í ýmsum atvinnugreinum. Það eru ekki aðeins atvinnurekendur sem slíka iðju stunda. Það er algengt að launþegar, sem margir stunda aðalstarf sitt hjá fyrirtækjum sem bera þær atvinnurekstrarlegu kvaðir sem ríkisvaldið leggur þeim á herðar, hverfi að reglubundnum vinnutíma loknum til starfa við „svarta atvinnustarfsemi" í beinni samkeppni við aðalvinnuveitanda sinn.

Á það er einnig rétt að benda að ýmis starfsemi á sér stað hér á landi með innflutningi, sölu og dreifingu ásamt framleiðslu á ýmiss konar varningi án þess að viðkomandi hafi aflað sér nauðsynlegra leyfa. Sú starfsemi er einnig svört. Þessir aðilar hafa oft ekki fasta starfsaðstöðu heldur koma og fara á markaðinn eftir því hve hagstæður hann er hverju sinni. Þessir leyfislausu aðilar veita því hinum, sem sinna þjónustu við almenning, samkeppni þegar markaðurinn er hagstæður en hverfa þegar kemur að því að uppfylla þarf skyldurnar.

Það er alveg sérstök ástæða að skora á stjórnvöld og almenning að berjast hart gegn þessari atvinnustarfsemi, sem hér er kölluð svört, í hverri þeirri mynd sem hún kann að birtast. Fólk þarf að átta sig á því að hafna þjónustu þessara aðila og stjórnvöld að herða aðgerðir gegn þessari starfsemi.

Þegar talað er um svarta atvinnustarfemi detta mönnum fyrst í hug undanbrögð frá því að skila innheimtum söluskatti eða alls ekki að innheimta hann. M. a. af þessu hefur söluskattsformið ekki verið talin góð skattheimtuaðferð ef svo mætti segja. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af innheimtum söluskatti fyrir árið 1985 eru um 9 milljarðar 835 millj. kr. Ef við lítum á það hvað söluskatturinn er mikilvægur tekjustofn fyrir ríkissjóð og hversu formið er ódýrt í innheimtu er það umhugsunarefni hvað lítið hefur verið gert til að lagfæra þá galla sem komið hafa í ljós þannig að skilvísin væri sem best. Hér þurfa hinir hæfustu menn að fjalla um. Ég held að ástæða sé til að íhuga þetta mál af gaumgæfni áður en breytt er um form. Spurningin er í mínum huga hvort ekki sé skynsamlegra hér að bæta en breyta. Það er ekki hægt að fullyrða að ósanngjörn og órökræn skattheimta sé orsökin. Ég held einmitt að svo sé ekki.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að sú nefnd sem till. gerir ráð fyrir að skipuð verði skoði bæði orsakir og afleiðingar þessarar starfsemi og leggi fram tillögur þar um. Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er að vekja athygli á og umræður um þetta margslungna vandamál og leita leiða til að brjótast úr þeim vítahring spillingar sem viðgengist hefur á þessu sviði. Þá neðanjarðarstarfsemi og þann hulduher sem hér er um fjallað og áhyggjum veldur verður að uppræta.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hjúkrunarfræðingar, þáltill. 308. mál (þskj. 490). — Fyrri umr.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram till. til þál. ásamt hv. þm. Kristínu Kvaran á þskj. 490, mál nr. 308 á þessu þingi, um úttekt á stöðu hjúkrunarfræðinga. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu hjúkrunarfræðinga hérlendis. Nefndin kanni m. a.

1. hvaða ástæður liggi að baki því að skortur er á hjúkrunarfræðingum til starfa,
2. hvaða leiðir séu færar til úrbóta.

Einnig hlutist nefndin til um að gerð verði áætlun um hver þörfin verður á hjúkrunarfræðingum til starfa á næstu tíu árum.

Nefndin skili niðurstöðum sem allra fyrst og eigi síðar en að sex mánuðum liðnum eftir samþykkt þessarar till."

Alþingi Íslendinga getur ekki setið aðgerðarlaust varðandi þetta mál á sama tíma og tugir sjúkrarúma standa auðir og ónotaðir vegna skorts á hjúkrunarfræðingum til starfa.

Á vegum Hjúkrunarfélags Íslands var gerð könnun á afstöðu hjúkrunarfræðinga til starfsins varðandi laun og vinnuálag, ásamt fleiri atriðum. Þórólfi Þórlindssyni prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands var falin framkvæmd þessarar könnunar. Úrvinnslu á niðurstöðum úr þessari könnun er ekki endilega lokið, en það starf er nú vel á veg komið. Þessi könnun náði til tæplega 500 hjúkrunarfræðinga.

Í framhaldi af þessari könnun hafa birst tvær greinar í blaði Hjúkrunarfélags Íslands á s. l. ári um menntamál hjúkrunarfræðinga og um hjúkrunarfræðingaskortinn. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í síðarnefndu greinina. Þar segir m. a.:

„Skortur á hjúkrunarfræðingum er engin ný bóla hér á landi. Árið 1942 skrifar Sigríður Bachmann grein í tímarit Hjúkrunarfræðifélags Íslands þar sem hún fjallar um vöntun á lærðum hjúkrunarkonum til starfa við

almenn hjúkrunarstörf. Sigríður segir orðrétt:

„Þar sem útlit er fyrir að enn meiri vöntun á lærðum hjúkrunarfræðingum verði í ár en verið hefur virðist þess full þörf að athuga nákvæmlega hvernig sakir standa ef hægt yrði að ráða af því hvað gera þarf til þess að leysa þetta mikla vandamál sem hjúkrunarkvennaskorturinn er að verða."

Í grein Sigríðar kemur enn fremur fram að árið 1942 voru 175 hjúkrunarfræðingar félagar í Hjúkrunarfélagi Íslands. 106 þeirra unnu við hjúkrunarfræðistörf eða rúmlega 60% félagsmanna. Þá voru 8—10 stöður óskipaðar. Það lætur því nærri að þarna hafi u. þ. b. 90% af leyfðum stöðum verið fylltar. Sigríður tekur ekki fram hve margir hjúkrunarfræðingar vinni hlutastörf eingöngu. Líklega hefur engin ástæða verið til þess, enda má ráða af þessum tölum að allir starfandi hjúkrunarfræðingar hafi þá verið í fullu starfi.

Árið 1964 fjallar Sigmundur Magnússon læknir um hjúkrunarfræðingaskortinn og leiðir til úrbóta í Tímariti Hjúkrunarfélags Íslands. Þar kemur fram að skv. upplýsingum sem sjúkrahúsmálanefnd Læknafélags Reykjavíkur tók saman hafi 30—40 hjúkrunarfræðinga vantað til starfa við sjúkrahús landsins. Lauslegir útreikningar, byggðir á upplýsingum úr grein Sigmundar, benda til þess að árið 1964 hafi 85% af nauðsynlegum stöðum verið skipaðar.

Enn er hjúkrunarfræðingaskorturinn til umræðu 1971. Í 4. tölublaði Tímarits Hjúkrunarfélags Íslands sama ár gerir Kjartan Jóhannsson grein fyrir athugun á hjúkrunarfræðingaskortinum. Í niðurstöðum þessarar könnunar kemur m. a. fram að þá voru 515 hjúkrunarfræðingar við störf á sjúkrahúsum og í borgarhjúkruninni. Vinna þessara 515 hjúkrunarfræðinga samsvarar 480 stöðugildum. Í þessari sömu könnun kemur einnig í ljós að forsvarsmenn sjúkrahúsa töldu æskilegan fjölda hjúkrunarfræðinga til þeirra starfa sem fyrir lægju vera 587 hjúkrunarfræðinga í fullu starfi og væri þá ekki tekið tillit til sumarleyfa. Skv. þessum upplýsingum nemur hjúkrunarfræðingaskorturinn því u. þ .b. 19% af áætlaðri hjúkrunarþörf.

Athugun Maríu Finnsdóttir á hjúkrunarfræðingaskortinum bendir til þess að hann sé engu minni nú en árið 1971. Könnun Maríu fór þannig fram að hún sendi spurningalista til 52 hjúkrunarforstjóra um allt land. Niðurstöður eru byggðar á upplýsingum þeirra 46 hjúkrunarforstjóra sem svöruðu spurningalistanum. Könnunin sýnir að á þessum 46 stöðum eru 1032.60 stöðugildi leyfð eða áætluð. Setnar stöður eru hins vegar 887.83. Skv. þessu vantar því 144.77 stöðugildi til þess að leyfðar eða áætlaðar stöður séu fylltar. M. ö. o. eru 85.9% af leyfðum stöðum eða áætluðum stöðum fyllt."

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir í dag er að 145 stöðugildi eru ómönnuð. Þetta leiðir til þess að mörg sjúkrarúm standa auð. T. d. eru 27 sjúkrarúm ónotuð á Borgarspítalanum og 29 ónotuð á Landspítalanum. Enn fremur eykst vinnuálag á starfandi hjúkrunarfræðinga þegar hjúkrunardeildir verða verr mannaðar. Þetta á sinn þátt í því að rúmlega helmingur hjúkrunarfræðinga vinnur hlutastörf.

Í fyrrnefndri grein kemur fram að meginástæður þess að hjúkrunarfræðingar fara úr fullu starfi yfir í hlutastörf eru að þeirra eigin sögn vandamál sem skapast við að samræma vaktavinnu og óreglulegan vinnutíma heimilislífi, óhóflega mikið vinnuálag og léleg laun.

Það er ekki ætlun mín að benda á eina leið umfram aðra til úrbóta. Það verður hlutverk þeirrar nefndar sem fær þetta verkefni. Ekki get ég samt látið hjá líða að nefna menntunarmál hjúkrunarfræðinga í nokkrum orðum.

Nú hafa 93% allra hjúkrunarfræðinga sína grunnmenntun úr Hjúkrunarskóla Íslands. Það er kunnara en frá þarf að segja að veruleg breyting hefur orðið á þessum þætti þar sem öll grunnmenntun hjúkrunarfræðinga mun færast á háskólastig. Þarft er því að kanna hvort þetta fyrirkomulag hafi áhrif á fjölda þeirra sem velja þessa námsbraut. Hjúkrunarfræðimenntun þarf að vera aðgengileg fyrir þá sem áhuga hafa á því að öðlast slíka menntun. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að opna ætti leið fyrir sjúkraliða sem hafa langa starfsreynslu en ekki stúdentspróf til þess að öðlast hjúkrunarfræðimenntun, t. d. með tveggja ára undirbúningsnámi undir hjúkrunarfræðinám. Með þessu er ég ekki að fara fram á skemmri skírn á sjálfu hjúkrunarfræðináminu, heldur varpa ég fram þeirri hugmynd að starfsreynsla væri metin sem hluti af undirbúningsnámi.

Eins og ég hef vikið að liggur fyrir nú þegar mikið af upplýsingum varðandi afstöðu hjúkrunarfræðinga til þessara mála. Þessar upplýsingar ættu að auðvelda og flýta fyrir störfum n. sem hér er lagt til að heilbrrh. skipi. Á sama tíma og lögð er áhersla á uppbyggingu sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana er ekki hægt að láta hjá líða að tekið verði á þessu vandamáli. Það er eins með heilbrigðisstofnanir og skóla, að lamist starfsemin vegna skorts á starfsfólki nær stofnunin ekki tilgangi sínum og því síður sínum markmiðum.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Þinglýsingalög, frv. 348. mál (þskj. 556). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39 10. maí 1978. Frv. þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir. Fer nú um það efni skv. VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala er varða skráningarskyld skip minni en fimm rúmlestir. Skal slíku skjali þinglýst þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma skal senda skjöl, er hana varða, til þinglýsingardómara í nýja umdæminu en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Þetta frv. var flutt á síðasta Alþingi í tengslum við frv. til l. um breytingu á umferðarlögum sem þá var lagt fram. Þessi frv. urðu þá ekki útrædd og hlutu ekki afgreiðslu frá Alþingi. Nú hefur verið lagt fram frv. til umferðarlaga á Alþingi. Þar er gert ráð fyrir því að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður og að

Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja ef lögfestar verða. Felur frv. þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt, svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið má þinglýsing fara fram að nýju, en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja að tiltækar séu upplýsingar um það, hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið, er gert ráð fyrir því að í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlitsins, þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinu, verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar Bifreiðaeftirlitsins og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o. fl.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 285. mál (þskj. 465). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Fjárfestingarsjóður launamanna, frv. 307. mál (þskj. 489). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Við flytjum hér þrír þm. Alþb., auk mín Helgi Seljan og Skúli Alexandersson, frv. til l. um fjárfestingarsjóð launamanna. Segja má um stofnun þessa sjóðs að með henni er ætlunin að slá þrjár flugur í einu höggi. Í fyrsta lagi er ætlunin að draga úr erlendum lántökum þjóðarinnar og stuðla að innlendum sparnaði. Í öðru lagi er ætlunin að efla atvinnuvegi landsmanna með fjárfestingarframlögum í atvinnulífi. En í þriðja lagi er með frv. þessu stefnt að því að auka eignaraðild launamanna í atvinnurekstri og ávaxta inneignir þeirra í fjárfestingarsjóði. Því er ekki að leyna að þetta þriðja og seinasta atriði, sem ég nú nefndi, er raunveruleg frumrót þess að frv. þetta er flutt. Hugmyndir af þessu tagi hafa verið til umr. hér á landi sem í mörgum nálægum löndum.

Í þjóðfélagi okkar tíðkast ýmiss konar rekstrarform. Við höfum hér ríkisrekstur, samvinnurekstur og ýmiss konar sameignarrekstur en langalgengasta rekstrar- og eignarformið í fyrirtækjum er að atvinnufyrirtæki sé í eigu eins eða fárra manna. Þessu frv. er fyrst og fremst ætlað að breyta þessu.

Fyrir langa löngu var svo ástatt að konungar áttu lönd og ríki og stjórnuðu þeim með einræðisvaldi. Nú þykir þetta harla einkennilegt fyrirkomulag í okkar landi og mörgum öðrum nálægum löndum, eitthvað sem tilheyrir liðinni tíð. Ég hygg að eftir nokkra áratugi þyki það einkennilegt sögulegt fyrirbrigði að svo hafi verið ástatt í okkar þjóðfélagi að einn maður hafi átt stórfyrirtæki kannske með hundruðum eða þúsundum manna í vinnu hjá sér og að öllum beri saman um að slíkt hljóti að heyra liðinni tíð til.

Þessu frv. er sem sagt ætlað að stuðla að því að breyting verði í þessum efnum. Með starfsemi sinni yrði fjárfestingarsjóður launamanna stórfelldur eignaraðili í atvinnurekstri með tíð og tíma. Sjóðurinn getur vissulega ávaxtað fé sitt með ýmsum hætti. Hann getur veitt fyrirtækjum lán, en þó er það megintilgangur sjóðsins að hann verði eignaraðili í atvinnulífi og leggi fé sitt fram sem áhættufjármagn, sem eigið fjármagn.

Þó eru það ekki forstjórar sjóðsins eða stjórnendur sem fá með þessum hætti stjórnunaraðild að fyrirtækjum vítt og breitt um þjóðfélagið. Á það verður að leggja sérstaka áherslu að hér er verið að gera tillögu um að starfsmenn í viðkomandi fyrirtæki fari með þann rétt sem fylgir hlutabréfaeign eða annarri eignaraðild að rekstri fyrir hönd fjárfestingarsjóðsins sem er þó hinn formlegi eigandi. Hver starfsmaður, sem inneign á í fjárfestingarsjóðnum, hefur eitt atkvæði á fundi starfsmanna þar sem fjallað er um mál er varða eignaraðild sjóðsins eða lánveitingar til viðkomandi fyrirtækis og reyndar óháð því hve mikil inneignin er eða hjá hverjum þeir störfuðu þegar inneignin myndaðist. Það eru sem sagt starfsmannafélögin sem fara með stjórnunaraðildina en hin formlega eignaraðild verður í höndum fjárfestingarsjóðsins.

Ég vík nú að því hvernig áformað er að sjóðurinn hagi starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir því í 3. gr. frv. að í öllum atvinnurekstri verði greitt framlag til fjárfestingarsjóðs launamanna og verði það fjórðungur úr prósenti af heildarlaunum starfsmanna á árinu 1986. Síðan hækki framlagið um fjórðung úr prósenti á ári hverju þar til það er orðið 2%.

Í 4. gr. er skýrt tekið fram að greiðsla frá atvinnurekstri til fjárfestingarsjóðsins skuli færð á reikning viðkomandi launamanns og teljist inneign hans hjá sjóðnum og eignaraðild hans lýsi sér í því að að átta árum liðnum fær starfsmaðurinn hálfa upphæðina endurgreidda en alla upphæðina að tólf árum liðnum. Þá skulu endurgreiðslurnar færðar til gildandi verðlags í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Hins vegar er hér ekki gert ráð fyrir að vextir séu greiddir af þessari innstæðu.

Um inneignina eru nánari ákvæði í 5. gr. þar sem sérstaklega er tekið fram að sá, sem eigi inneign hjá fjárfestingarsjóði en hættir vinnu vegna örorku eða aldurs áður en þessu átta eða tólf ára tímabili lýkur, skuli fá eða eigi rétt á að fá eign sína greidda út.

Í 2. gr. eru ákvæði um yfirstjórn fjárfestingarsjóðsins. Gert er ráð fyrir því að yfirstjórnin sé í höndum fulltrúa-

ráðs sem skipað er 45 fulltrúum verkalýðsfélaga og samtaka launamanna og sé fjöldi fulltrúa frá hverju félagi ákveðinn af félmrn. í samræmi við félagatölu og að höfðu samráði við samtök launafólks. Fulltrúaráð þetta á svo að koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á hverju ári og er hin formlega æðsta stjórn sjóðsins. Fulltrúaráðið markar fjárfestingarstefnu sjóðsins í meginatriðum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að fulltrúaráðið kjósi sex menn í stjórn sjóðsins og almannavaldið, í þessu tilviki Alþingi, kjósi þrjá fulltrúa þar á móti og að þessi níu manna stjórn hafi með höndum ákvarðanir um fjárfestingar og lánveitingar sjóðsins í samræmi við þá stefnu sem fulltrúaráðið hefur markað.

Eins og ég hef þegar tekið fram er ráð fyrir því gert að fjármagn sjóðsins sé lagt í arðbæran atvinnurekstur sem stofnfé í nýjum rekstri og þá til að auka fjárfestingar í þegar starfandi fyrirtækjum eða koma nýjum fyrirtækjum af stað. Sjóðurinn getur lagt fram fé, hvort heldur með kaupum á hlutabréfum með umsaminni eignaraðild þegar ekki er um hlutafélag að ræða eða með öðrum hætti. Ég hef þegar lagt á það áherslu að þetta væri megintilgangur sjóðsins en hins vegar er gert ráð fyrir því að sjóðurinn geti líka veitt lán gegn þeim tryggingum sem stjórn sjóðsins metur gildar.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á 3. mgr. 7. gr. þar sem lögð er sú lína í lögunum sjálfum að atvinnurekandi skuli eiga rétt á því að fá 50% af greiðslum fyrirtækisins til sjóðsins til síns fyrirtækis, annaðhvort í formi eignarframlags, ef hann ákveður það og þiggur það, eða sem lán. Hann er sem sagt ekki skuldbundinn á neinn hátt til að fallast á það að aðrir verði eignaraðilar að fyrirtæki hans en hann sjálfur. Þetta er sem sagt ekki frv. sem leggur þá kvöð á atvinnurekendur að þeir verði að taka sjóðinn með sem meðeiganda. Það gera þeir því aðeins að þeir fallist á það sjálfir og þeir telji það henta sinni starfsemi og sínum fyrirætlunum en ella eiga þeir kost á því að fá lán hjá sjóðnum. Í báðum tilvikum er um að ræða að helmingurinn af greiðslum fyrirtækisins til sjóðsins komi til baka með þessu lagi.

En það skilyrði er sett í 3. mgr. 7. gr. að fyrir liggi að starfsmenn fyrirtækisins hafi verið hafðir með í ráðum um ráðstöfun þessa fjár og meiri hluti þeirra hafi veitt samþykki sitt til ráðstöfunar fjárins. Það má sem sagt hugsa sér að starfsmenn öðlist áhrif á stjórn fyrirtækisins og rekstur þess eftir tveimur leiðum skv. þessu frv. Í fyrsta lagi getur verið um það að ræða að starfsmenn fái aðild að stjórn í framhaldi af eignaraðild fjárfestingarsjóðsins að viðkomandi fyrirtæki, en eins er hugsanlegt að það sé fyrst og fremst tengt ráðstöfun þess fjár, sem kemur til baka til fyrirtækisins, annaðhvort sem eignarframlag eða lán, að starfsmannahópurinn fær íhlutunarrétt um ráðstöfun á fjárfestingarfé hjá fyrirtækinu.

Ég gat þess í upphafi að með samþykkt þessa frv. væri verið að slá þrjár flugur í einu höggi, tilgangurinn væri þríþættur. Ég ætla þá að ljúka mál mínu með því að víkja að þeim tveim meginatriðum sem teljast meðal markmiða þessa frv. auk þess að auka eignaraðild launamanna í fyrirtækjum, þ. e., eins og ég nefndi áður, að stuðla að innlendum sparnaði og auka fjárfestingar í atvinnulífi.

Vaxandi skuldasöfnun Íslendinga erlendis er mikið áhyggjuefni. En þegar lög þessi, sem hér er gerð till. um, væru komin til framkvæmda endanlega og fyrirtækin væru farin að greiða 2% af launum til fjárfestingarsjóðsins væri þar með verið að standa fyrir og stuðla að árlegum innlendum sparnaði til fjárfestingar sem næmi hvorki meira né minna en 800 millj. kr. miðað við áætlaðar launagreiðslur á þessu ári.

Það þarf tæpast að brýna hv. alþm. á því að íslenskir atvinnuvegir þarfnast aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar til að bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum atvinnurekstri og til að gera þeim kleift að greiða hærri laun en þau sem nú eru greidd. En það vantar býsna mikið á að nægilegt átak hafi verið gert í þessa átt. Fjárfestingarsjóður launamanna opnar fyrirtækjum leið að verulegu fjármagni til þess að efla og bæta reksturinn.

Ekki er að efa að þetta fjármagn gæti orðið til að stuðla að verulega auknum fjárfestingum í atvinnulífi og þar með skapa mörg ný atvinnutækifæri, eins og það er nú nefnt á máli sérfræðinga.

Í þessu sambandi má velta því fyrir sér hvort ekki sé verið að leggja þunga byrði á atvinnureksturinn. Ég tel að svo sé ekki. Í fyrsta lagi er ljóst að helmingurinn af greiðslunni kemur til baka til viðkomandi fyrirtækis, annaðhvort í formi láns eða í formi eignarframlags, eftir því hvort eigandinn heldur kýs. Í raun má segja að þessi greiðsla komi fyrst og fremst frá atvinnurekendum, en það verður að hafa í huga að hún kemur til frádráttar í bókhaldi rekstrarins og væri því í mörgum tilvikum fyrst og fremst greidd af neytendum auk þess sem greiðslan kæmi hvorki til skatts hjá launagreiðanda né launamanni og væri þess vegna í raun greidd af skattgreiðendum, sbr. 6. gr. frv. Það er því ljóst að fjármunir sjóðsins eru ekki fengnir einhliða frá atvinnurekendum. Þeir eru miklu frekar teknir af landsmönnum öllum, neytendum og skattgreiðendum, launamönnum og atvinnurekendum. Þessir aðilar allir eru að leggja til hliðar fjármagn sem nyti sérstakra fríðinda, en atvinnufyrirtækin fengju endanlega að ráðstafa.

Fríðindi í þágu atvinnurekstrar í íslenskri löggjöf eru æði mikil og þykir mörgum nóg um. Á það einkum við um margháttuð skattfríðindi. Hér væri sem sagt leitað jafnvægis á þann hátt að launamenn yrðu formlegir eigendur þessa fjármagns sem atvinnureksturinn nyti þó góðs af með beinum eða óbeinum hætti. Jafnframt væri þá að því stefnt að starfsmenn fyrirtækja yrðu hafðir með í ráðum um fjárfestingu og uppbyggingu í fyrirtækjum.

Sjálfsagt er að geta þess að þessi hugmynd er ekki alíslensk. Hún er upphaflega orðin til í ýmsum nálægum löndum þar sem hliðstæðar hugmyndir hafa verið mjög til umr. Alþýðusamböndin í Danmörku og Svíþjóð hafa haft mikið frumkvæði í umr. um þessi mál, en ég hygg að atvinnurekendur hafi líka lagt talsvert af mörkum í þessari umr. Benda má á að í Svíþjóð hafa verið samþykkt lög um launþegasjóði eða um sjóði launamanna, eins og mér finnst eðlilegra að nefna þá á íslensku. Ég vil þó taka fram að þetta frv. er á margan hátt frábrugðið sænsku lögunum og það í ýmsum mikilvægum atriðum. Ég tel að lögin væru einfaldari í framkvæmd og vissulega yrði eignarhlutdeild launamanna miklu persónubundnari þar sem gert er ráð fyrir því að launamenn eigi þessa inneign hjá sjóðnum á sérstökum reikningi og geti fengið hana endurgreidda að nokkrum tíma liðnum. Ekki er gert ráð fyrir því í sænsku lögunum þar sem sjóðurinn er þar raunverulega

í aðalhlutverki. Það er einmitt þetta atriði sem mjög hefur verið gagnrýnt af andstæðingum launamannasjóða í Svíþjóð.

Loks er rétt að geta þess hér að þessi mál hafa verið nokkuð til umr. innan Alþýðusambands Íslands og á nýlegu Alþýðusambandsþingi var gerð ályktun um atvinnulýðræði þar sem m. a. er mjög hvatt til þess að stofnaðir verði launamannasjóðir. Mér er ekki kunnugt um að ágreiningur hafi verið á Alþýðusambandsþingi um þessa hvatningu og ályktun um stofnun launamannasjóða. En ályktun Alþýðusambandsins er birt í þskj. sem fskj.

Virðulegi forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég minni á að málið er náskylt því sem nefnt hefur verið atvinnulýðræði, en þó alls ekki sama málið. Atvinnulýðræði snýst fyrst og fremst um að gera starfsmenn fyrirtækja aðila með einum eða öðrum hætti að stjórnum fyrirtækja, annaðhvort með samkomulagi eða með löggjöf. En hérna er meira um að ræða eignaraðild launamanna að fyrirtækjum og sú hlið málsins hefur oft verið nefnd efnahagslegt lýðræði. En vissulega getur stjórnunaraðild síðan fylgt í kjölfarið og fer þá eftir eignaraðild í hverju tilviki.

Ég tel engu minni þörf á því að samkomulag yrði gert um verulegt átak í átt til atvinnulýðræðis en um það fjallar sem sagt ekki þetta frv. Hins vegar hef ég flutt hér á Alþingi nokkrum sinnum till. um þá hlið málsins. Þessu vildi ég bæta við til að gera málið skýrara í heild sinni.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja það að hér er á ferðinni mál sem er nokkurrar athygli vert. Hv. 1. flm. hefur nokkuð vikið að því að þetta væri á margan hátt hliðstætt mál við það sem komið er í framkvæmd a. m. k. í Svíþjóð. Það er greinilegt þegar þetta frv. er skoðað og litið til þeirra framlaga sem gert er ráð fyrir að fari stighækkandi, að þarna verður um allverulega samsöfnun fjármagns að ræða. Hinu er ekki að neita, að eins og umr. hafa átt sér stað um sparnað hér á landi hefur svokallaður frjáls sparnaður e. t. v. verið fyrirferðarmeiri í umr., þ. e. að hverjum einstaklingi sé þá frjálst með einum eða öðrum hætti að spara af sínu takmarkaða aflafé. Hér er hins vegar með vissum hætti á ferðinni skylda til sparnaðar.

Hv. 1. flm. vék að því að hér væri í raun og sannleika ekki um að ræða álögur á atvinnureksturinn. Ég get á vissan hátt tekið undir þessi ummæli þm., þ. e. ef þetta frv. verður samþykkt og kemur til framkvæmda verða launagreiðslur af hálfu fyrirtækja rýrari með tímanum að sama skapi en þessar framlagsprósentur segja til um. Niðurstaðan verður sú. Hins vegar vil ég síður en svo halda því fram að það form, sem hér er gerð till. um til að auka sparnað, eigi ekki rétt á sér.

Við fyrstu sýn virðist svo sem það sé nokkuð mikil miðstýring að því er varðar ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins, sem kjörin verður að hluta til af fulltrúaráðinu og að hluta til af Alþingi, mun fara með framselt vald af hálfu fulltrúa ráðsins í raun, ef ég skil þetta rétt. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um fjárfestingar og lánveitingar sjóðsins í samræmi við þá stefnu sem fulltrúaráðið hefur markað."

Með vísan til síðari greina frv., ekki síst 7. gr., virðist mér augljóst að stjórn sjóðsins er í raun ekki myndug gagnvart nema 50% af innstæðum í sjóðnum. Í 7. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Almennt gildir að atvinnurekandi á rétt á því að sjóðurinn leggi fram fé í formi eignarframlags eða lánveitingar er nemi 50% af greiðslum fyrirtækisins til sjóðsins, enda liggi fyrir að starfsmenn þess hafi verið hafðir með í ráðum um ráðstöfun þessa fjár og meiri hluti þeirra veitt samþykki sitt, sbr. 8. gr."

Mér kemur til hugar að miðað við þessa framsetningu, sem ég fyrst vék að í 2. gr. frv., geti myndast togstreita á milli ákvarðana á vegum stjórnar sjóðsins og þeirra viðhorfa sem ríkja í viðkomandi fyrirtæki, ef það er þannig, sem ég efast um, að sjóðsstjórninni er ætlað að hafa á hendi ráðstöfunarrétt á öllu fé. En ég tel mjög mikilvægt að úr þessu sé skorið þannig að — (Gripið fram í.) Já, það er einmitt það. Þá hygg ég að eðlilegt sé að taka skýrar til orða í 2. gr. Ég geri það að sjálfsögðu að engri frágangssök, en ég hygg að það væri heppilegra.

Það er vert að minna á það að á árinu 1984, á síðasta þingi, voru samþykkt lög um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Ég veit að hv. 1. flm. er fullkunnugt um þessa löggjöf og út af fyrir sig væri fróðlegt að hafa á hendi upplýsingar um það í hve ríkum mæli einstaklingar hefðu notað sér þann frádrátt frá tekjum vegna þess að þeir hefðu lagt fram fé í atvinnurekstur, ekki síst í formi hlutafjárkaupa. Það væri ekki síst forvitnilegt að vita eitthvað um það hversu víða hefðu verið stofnaðir starfsmannasjóðir. Ég get strax lýst því yfir að sá hluti viðkomandi löggjafar var mér geðþekkastur, ef ég má svo að orði komast. Mér virtist þá og virðist enn að það geti verið æskileg leið til að stofna til gagnkvæms áhuga starfsmanna og yfirstjórnenda fyrirtækja, leið til þess að auka hlutdeild starfsmanna í ákvarðanatöku um fyrirtækin. En þetta sem ég var að segja núna varðar þá starfsmannasjóði sem lagagrunnur var settur um árið 1984.

Ég geri fremur ráð fyrir því að fjh.- og viðskn. þurfi nokkurn tíma til að ígrunda þetta mál. Ég sagði það fyrst í minni stuttu tölu að hér væri mál á ferðinni sem væri nokkurrar athygli vert og ég vil að fjh.- og viðskn. skoði það vel. Hins vegar tel ég þrátt fyrir allt — og er það samhljóða því sem ég hef áður haldið fram — að sá sparnaður sé æskilegri þegar einstaklingarnir sjálfir ákveða hann á grundvelli síns aflafjár.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Að síðustu legg ég áherslu á það að menn hugi vel að því að þarna verði ekki sett upp stirt bákn. Allt fjárstreymi á grundvelli þessa sjóðs þarf að ganga sem eðlilegast fyrir sig og menn þurfa að gæta vel að því að menn lendi ekki í neinum blindgötum.

Hitt er það að eins og vikið er að í 4. gr. er gert ráð fyrir því að endanlegt uppgjör fari fram að tólf árum liðnum. Með vísan til hlutverks þessa sjóðs, sbr. að kaupa hlutabréf, og með vísan til þessa að uppgjör skal fara fram að tólf árum liðnum fyrir hvern einstakling, þá sýnist mér liggja í hlutarins eðli að það þurfi að koma til ærið ör endurfjármögnun á hlutabréfum því að það er eitt hlutverk sjóðsins að stofna til framlaga í atvinnurekstri með hlutabréfakaupum.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er lagt fram mun koma til umsagnar í þeirri nefnd sem ég á sæti í og þarf ég þess vegna ekki að hafa mörg orð um það nú, en ég vil láta það koma fram strax að eftir yfirlestur get ég ekki lýst við það stuðningi. Mér finnst það vera á þann veg að ég geti ekki fylgt því.

Ég held að við séum öll fylgjandi atvinnulýðræði. Segja má að það hafi ekki verið nógu virkt í einstöku atvinnufyrirtækjum, en ég dreg mjög í efa að þetta sé rétta leiðin til að efla það.

Frv. gerir ráð fyrir að tekinn sé upp skyldusparnaður hjá launþegum sem verði 2% þegar hámarki er náð eftir átta ár. Þessir peningar eru greiddir af fyrirtækjunum beint. Þau greiða þessi 2%. Spurning hlýtur að vera hvort við værum þá ekki að koma þarna upp einu bákninu enn í þessum efnum. Ég held að launþegum kæmi betur að fá peningana beint í launaumslög sín en á þennan veg. Hér er sjálfsagt að vissu leyti stuðst við sænska fyrirkomulagið. Hv. flm. gat um að stuðst væri við það. Ég er ekki nógu kunnugur þeim sjóðum til þess að geta um þá fjallað, en vafalaust er stuðst við sænska fyrirmynd.

En það er farið nokkuð mikið í kringum þetta. Peningarnir eiga eiginlega allir að koma til baka. Fyrirtækin eiga að geta tekið féð til baka í gegnum sitt bókhald og þurfa ekki að borga skatt af því. Launþeginn verður skattlaus af þessu líka. Þannig borgar raunverulega enginn neitt, að mér skilst eftir framsöguræðu hv. flm. Þetta fæ ég ekki til að ganga upp.

Fyrirtæki, sem greiða í launþegasjóð, eiga kost á því að fá 50% lánað af því sem þau greiða í viðkomandi sjóð. Hin 50% fara hins vegar til þess að fjármagna fyrirtækið því að auðvitað verða eignaraðilar sjóðsins að eiga aðgang að sínu fé, en að öðru leyti er þarna raunverulega verið að stofna fjárfestingarfélag sem fer inn í markaðinn og kaupir hlutafé í þeim fyrirtækjum sem því líst best á eða til uppbyggingar á nýjum fyrirtækjum. Þetta er vel ef til er fjármagn, en fram kemur í frv. að um verulegar upphæðir er að ræða eða 800 millj. þegar komin er full aðild.

Ég hef ekki á móti innlendum sparnaði, síður en svo. En ég held að það sé ekki rétt að vera að taka þó það séu ekki nema 2%, sem atvinnureksturinn hlýtur að borga ef þetta er lögfest, af þrautpíndum launþegum og láta það fé ekki í umslagið, heldur leggja það í sjóð með 45 manna fulltrúaráði og sérstakri stjórn skipaðri mönnum tilnefndum af Alþingi og einstaklingum úr fulltrúaráðinu til að hafa umsjón með því fjármagni sem þarna kemur inn. Ég hélt að við hefðum nóg af sjóðum fyrir. Ég get því ekki mælt með þessari aðferð.

Ég ætla, eins og ég sagði, ekki að hafa fleiri orð um þetta. Frv. kemur til umr. í fjh.- og viðskn. og þar getum við skipst á skoðunum og svo auðvitað við 2. umr. þegar málið kemur úr nefnd. En á þessu stigi málsins lýsi ég því yfir að ég get ekki stutt frv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forsti. Það er ýmislegt gott um þetta frv. að segja og þær hugmyndir sem í því koma fram og þann tilgang sem því er ætlaður, eins og segir í grg. með leyfi forseta:

„Frv. þetta hefur tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi er því ætlað að auka innlendan sparnað í þágu arðbærrar fjárfestingar fyrir atvinnuvegi landsmanna, í öðru lagi að stuðla með óbeinum hætti að aukinni eignaraðild launamanna í atvinnurekstri."

Auðvitað er þetta allt saman góðra gjalda vert og auðvitað er það líka af hinu góða að veita starfsfólki aukinn íhlutunarrétt um stjórn þeirra fyrirtækja sem það vinnur hjá, þó að þetta sé ekki atvinnulýðræði í beinum skilningi þess orðs, eins og 1. flm. hv. þm. Ragnar Arnalds tók réttilega fram áðan, og við höfum séð dæmi um frv. hér á hinu háa Alþingi þar sem hugtakið atvinnulýðræði er svo hrapallega misskilið að það tekur nánast engu tali. En mér sýnist að e. t. v. hefði þetta frv. þurft meiri undirbúning og nokkru meiri aðdraganda því ýmislegt sýnist mér hér geta orkað tvímælis, að ekki sé dýpra í árinni tekið.

Það er vitnað hér til ályktunar 35. þings Alþýðusambands Íslands um atvinnulýðræði og þar segir m. a. efnislega að verkalýðshreyfingunni beri nú að undirbúa á næstu misserum baráttu fyrir stórauknum áhrifum verkafólks á atvinnulífið og sú undirbúningsvinna og athugun eigi að beinast að eftirgreindum meginatriðum. Síðan eru talin upp nokkur atriði hér. T. d. segir, með leyfi forseta: „að safna upplýsingum um reynslu og hugmyndir verkalýðssamtakanna um atvinnulýðræði í nágrannalöndunum; í því sambandi skal leggja sérstaka áherslu á launamannasjóði, að móta tillögur um leiðir til stóraukinna áhrifa vinnandi fólks í atvinnulífinu."

Hér gera alþýðusamtökin sem sagt tillögur um að það verði aflað upplýsinga um reynslu og hugmyndir verkalýðssamtakanna og upplýsingum verði safnað um atvinnulýðræði í nágrannalöndunum með sérstakri áherslu á launamannasjóðina. Ég held að það hefði verið mjög eðlilegt að láta þessa vinnu og þessa upplýsingasöfnun eiga sér stað áður en flutt væri frv. um efnið. Og ég verð að játa að mér er ekki í öllum atriðum ljóst hvernig þetta á að gerast því að eins og fram hefur komið í ræðum hér áður fluttum er í rauninni eins og það eigi enginn að greiða þetta framlag. — Og þó. Í 3. gr. frv. segir:

„Í öllum atvinnurekstri skal greiða framlag til fjárfestingarsjóðs launamanna" o. s. frv. sem vera skal endanlega 2%.

Síðan segir, með leyfi forseta, í grg.: „Spyrja má hvort með þessu væri ekki verið að leggja gjald á atvinnureksturinn sem síðan væri endurgreitt í formi hlutafjár eða lánsfjár. Svo er ekki. Greiðslan kæmi frá báðum aðilum, launagreiðendum og launamönnum, án þess að greint yrði á milli hvað væri frá hverjum." — Þess vegna er í rauninni ekki hægt að spyrja: Hversu mikið greiðir hvor? — „Hún kæmi til frádráttar í bókhaldi rekstrar og væri því í mörgum tilvikum greidd af neytendum." Þá má náttúrlega spyrja sem svo: Er þetta ekki bara nýr skattur sem atvinnurekstrinn mundi velta út í verðlagið og sem neytendur mundu greiða?

Nú ítreka ég að þessar hugmyndir eru vissulega góðra gjalda verðar og ég vitna þá til launamannasjóðanna sem rætt hefur verið um í Svíþjóð, en hafa vissulega verið mjög umdeildir þar, ekki aðeins milli hinna ólíku stjórnmálaflokka, heldur hafa þeir verið umdeildir innan sænska jafnaðarmannaflokksins einnig. Mér sýnist líka að stjórnarfyrirkomulagið á þessu „apparati" sé ekki mjög lipurlega hugsað þar sem er 45 manna fulltrúaráð og síðan níu manna stjórn, þar af þrír sem Alþingi kýs. Hvað á Alþingi að vera að skipta sér af

þessu? Ég er ekki viss um það í fljótu bragði að Alþingi komi þetta neitt við. Ég tel að þetta eigi að vera mál launamanna og þeirra sem í þennan sjóð borga og leggja þetta fjármagn af mörkum. Ég sé ekki að Alþingi þurfi að vera með fingurna í þessu fjármagni. Það er sjálfsagt nógu víða sem það er.

Ég get tekið undir þessa meginhugmynd, en ég held hins vegar að eðlilegt hefði verið að verkalýðshreyfingin hefði fengið ráðrúm til að afla þeirra upplýsinga sem um er fjallað í ályktun síðasta Alþýðusambandsþings áður en hlaupið er til og farið að flytja frv. um málið á Alþingi og það hefðu þurft að liggja fyrir meiri upplýsingar. Það hefði í rauninni þurft að liggja fyrir vilji verkalýðshreyfingarinnar í málinu. Ég er ekki viss um að hann liggi fyrir. Mér sýnist raunar að hann liggi alls ekki fyrir þó að hér séu almennar yfirlýsingar um málið. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessa frv., eins og það er samið og eins og það liggur hér fyrir, liggur ekki fyrir.

Ég skal nú ekki, virðulegi forseti, hafa um þetta fleiri orð við 1. umr., en vildi aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég á sæti í þeirri hv. þingnefnd sem þetta mál fær til meðferðar og þar gefst betra ráðrúm til að ræða einstaka þætti þess í smáatriðum.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. alþm., sem tekið hafa til máls um þetta frv., fyrir aths. þeirra og ábendingar. Ég tel ekki að meginhugmynd frv. hafi mætt svo neikvæðu viðhorfi í þessum ræðum að nein ástæða sé til að kvarta þótt menn séu með fyrirvara um að þeir vilji hugleiða málið betur og athuga ýmsar hliðar þess.

Það var hins vegar misskilningur hjá hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðasyni að hér væri um að ræða skyldusparnað á launþega og ég sé mig tilneyddan til að andmæla þeim skilningi. Það er ekkert í frv. sem hægt er að skilja á þann veg að laun launamanna lækki um 2% við samþykkt þessa frv., og bið ég nú hv. þm. Valdimar Indriðason að taka eftir því sem ég segi.

Ég held að það sé alveg ljóst að ef hv. þm. veittu atbeina sinn til að þetta frv. yrði að lögum á næstu vikum mundu laun verkafólks og annarra launamanna ekki lækka um 2% að sama skapi. Það er alveg ljóst. Það félli í hlut atvinnurekstrarins að greiða þessi 2% án þess að það breytti neinu um gildandi kjarasamninga. Þegar af þeirri ástæðu er rangt að túlka þetta sem skyldusparnað á launþega. Það er alveg ljóst af frv. að það fellur í hlut atvinnurekenda að greiða þetta til viðbótar við þau laun sem greidd eru skv. kjarasamningum. Hvort þetta hefði einhver áhrif á samninga á komandi árum skal ég ekkert um segja. Það er kannske þess vegna sem ég tek þannig til orða í grg. að greiðslan komi frá báðum aðilum, launagreiðendum og launamönnum, án þess að greint verði á milli hvað væri frá hverjum. Staðreyndin er að þetta er greiðsla skv. lögum. Hún fellur á launagreiðanda, en hvort hún hefur einhver áhrif á framtíðarsamskipti aðila vinnumarkaðarins og samninga þeirra um kaup og kjör getur enginn fullyrt neitt um á þessu augnabliki.

Mér þótti það satt að segja heldur miður að í annars heldur jákvæðri umsögn hv. þm. Eiðs Guðnasonar skyldi þetta atriði gert að einhverju stórmáli, eins og frv. væri eitthvað lakara fyrir það að þar kæmi upp spurning sem aldrei yrði svarað í raun og veru. Auðvitað hlýtur þróunin að fylgja á eftir samþykkt þessara laga. Hvort samþykktin á þessum lögum hefur áhrif á launataxta í komandi framtíð getur enginn sagt neitt um, hvorki nú né síðar. Það er miklu frekar túlkunaratriði hjá hverjum og einum hvaða skilning hann leggur í þessa hlið málsins. Ég hygg að aldrei væri hægt að útbúa löggjöf af þessu tagi á neinn hátt þannig að ekki yrði alltaf einhverjum spurningum ósvarað.

Mér fundust líka heldur léttvægar mótbárur hv. þm. Eiðs Guðnasonar þegar hann var að tala um að yfirstjórn sjóðsins ætti að vera í höndum 45 fulltrúa verkalýðsfélaganna og samtaka launamanna. Ég er nokkurn veginn viss um að ef ákveðið hefði verið að fulltrúaráðið skyldi skipað miklu færra fólki hefði verið sagt að allt of fáir ætti að ráða málum allt of margra. Það er alltaf hægt að velta fyrir sér þessum hlutum og segja að þeir eigi að vera einhvern veginn öðruvísi. Ég er til viðræðu við alla aðila um að haga stjórnarfyrirkomulagi sjóðsins á einhvern annan veg. Það er auðvitað hægt að hugsa sér mjög mismunandi fyrirkomulag í þeim efnum. En ég held að það verði að reyna að rata einhvern meðalveg í þessum efnum. Annars vegar verður fulltrúaráðið að vera vettvangur verkalýðshreyfingarinnar í heild sinni og það verður að tryggja að verkalýðsfélög víðs vegar um land hafi þarna eitthvað að segja og þá verður ekki hjá því komist að þarna sé um nokkuð marga að ræða. Hins vegar verður að reyna að tryggja að stjórnin verði ekki bákn. Þetta er stofnun sem á að koma saman þrisvar á ári og þar eiga sæti 45 menn. Ég hygg að það sé ofmælt að kalla slík fundarhöld eitthvert bákn.

Hv. þm. Eiður Guðnason gagnrýndi að Alþingi kysi þarna þrjá menn. Sjóðurinn er ekki stofnaður með hagsmuni launamanna einna í huga. Þetta er sjóður sem á að hafa almennt gildi fyrir þjóðina alla. Hann á að verða verulegt framlag til fjárfestingar í þjóðfélaginu. Það skiptir miklu máli hvernig hann mótar stefnu sína í fjárfestingarmálum. Því þótti mér eðlilegt að Alþingi kæmi þarna við sögu og ætti kost á því að hafa nokkur áhrif á hvernig fjárfestingarstefnan væri mótuð. Eins má kannske minnast þess, sem ég sagði hér áðan, að þetta er auðvitað fyrst og fremst greiðsla atvinnurekandans. Hún kemur ofan á þá kjarasamninga sem fyrir eru. Kannske má líta á þessa þrjá fulltrúa Alþingis sem nokkurs konar fulltrúa atvinnurekstrarins í landinu, hvort sem um er að ræða ríkisrekstur eða annan rekstur.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði alveg réttilega að verkalýðshreyfingin hefði ekki mótað endanlegar tillögur í þessum efnum. Það er ekki vegna þess að ekki hafi verið aflað gagna frá nálægum löndum. Ég hygg að þau gögn hafi legið lengi fyrir. Hins vegar hefur verkalýðshreyfingin haft svo mörgu öðru að sinna og verið svo upptekin af kjarabaráttu sinni í seinni tíð að kannske hefur mönnum ekki gefist sami tími og í nálægum löndum til að fjalla um mál af þessu tagi. En vilji Alþýðusambandsins liggur fyrir. Það kemur fram alveg skýrt, ekki aðeins í þeim orðum sem hv. þm. Eiður Guðnason vitnaði til heldur síðar í ályktun Alþýðusambandsins, að það er jákvæður vilji Alþýðusambandsins að fara þessa leið. Hér segir m. a.:

„Til þess að í slíku náist raunverulegur árangur [þ. e. að áhrif vinnandi fólks á daglega stjórnun í atvinnulífinu verði aukin] verður verkafólk að fá efnahagsleg ítök í

fyrirtækjum, t. d. með stofnun launamannasjóða."

Þetta eru alveg ótvíræð jákvæð meðmæli með því að þessi leið sé reynd.

Ég hygg að allir gerir sér grein fyrir því að þetta frv. er hér fyrst og fremst lagt fram til að vekja athygli á þessari hugmynd, til að vekja umr. um hana. Það er síður en svo að flm. telji að fyrirkomulag þessara mála verði að vera í nákvæmlega því formi sem þeir hafa gert tillögur um. En hitt er áreiðanlegt að því aðeins eru einhverjar líkur til að sú hugmynd, sem hér um ræðir, verði að veruleika að hún verði rædd í þjóðlífinu, komi m. a. til umræðu hér á Alþingi, sé rædd af stjórnmálaflokkunum á Alþingi. Það er þess vegna sem þetta frv. er flutt.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan.

Hann mótmælti því, sem ég sagði í minni ræðu, að líta mætti þannig á að þetta frv. innihéldi skyldusparnað fyrir launþega. Ég ítreka að þetta er minn skilningur og hann er réttur. Ég sagði áðan að ef atvinnureksturinn gæti greitt 2% launahækkun væri spurning hvort það fé væri þá ekki betur komið í launaumslögum þrautpíndra launþega en í sérstökum sjóði sem væri skyldusparnaður því að hann er ekkert annað. Atvinnureksturinn greiðir féð, en launþeginn á ekki að fá það, heldur er því varið til stofnunar sjóðs. Þetta vil ég ítreka svo að það skiljist.

Mig langar ennfremur til að vitna í grg. til að undirstrika hvernig farið er í kringum hlutina og lesa upp eina grein, með leyfi hæstv. forseta, þar sem segir:

„Spyrja má hvort með þessu væri ekki verið að leggja gjald á atvinnureksturinn sem síðan væri endurgreitt í formi hlutafjár eða lánsfjár. Svo er ekki. Greiðslan kæmi frá báðum aðilum, launagreiðendum og launamönnum, án þess að greint yrði á milli, hvað væri frá hverjum; hún kæmi til frádráttar í bókhaldi rekstrar og væri því í mörgum tilvikum greidd af neytendum og auk þess kæmi greiðslan ekki til skatts, hvorki hjá launagreiðendum né launamanni, og væri þess vegna að hluta til greidd af ríkissjóði."

Þess vegna spyr ég aftur: Hver er raunverulega greiðandinn í þennan væntanlega sjóð?

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Hv. þm. fullyrðir fyrst að þetta sé skyldusparnaður á launþega, en spyr svo á eftir hver greiði og segir að hér sé verið að fara eitthvað í kringum hlutina. Í kringum hvað?

Ég hef lýst því að úr þessari spurningu verður ekki leyst með einföldu svari. Það er greinilegt að þeir sem greiða þetta endanlega eru fjölmargir, kannske við öll í þjóðfélaginu. Greiðslan kemur hins vegar ótvírætt frá atvinnurekandanum í upphafi, leggst ofan á gildandi samninga og er því ekki skyldusparnaður á launþega. Frekar má kalla þetta í upphafi skyldusparnað á atvinnurekendur. En vegna þess að greiðslan er frádráttarbær í bókhaldi og kemur ekki fram sem skattskyldar tekjur launamannsins er á það bent, og réttilega verið að skýra frá staðreyndum, að auðvitað eru það einnig skattgreiðendur sem þarna gjalda sitt og einnig vel hugsanlegt að í mörgum tilvikum gjaldi neytendur þess í einhverju. Ég sá ekki ástæðu til annars en að draga fram þessar þrjár hliðar málsins: þ. e. annars vegar launagreiðsluna sem slíka, hins vegar skattahliðina og svo aftur verðlagshliðina. Þetta eru allt þrjár hliðar á sama máli og vegna þess að hliðarnar eru þrjár er ekki alveg hægt að svara því með einföldu nafnorði hver það er sem innir þessa greiðslu af hendi. Greiðslan kemur bersýnilega frá öllu efnahagskerfinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 550). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Með frv. því til l. um breytingu á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu, sem hér er til umr. og ég mæli fyrir, er gert ráð fyrir því að verslunarleyfi verði áskilið til að stunda megi leigu á lausafjármunum í atvinnuskyni. Í því skyni er lagt til að bæta við 2. gr. laganna eftirfarandi mgr., með leyfi forseta:

„Leiga lausafjármuna í atvinnuskyni telst einnig verslun skv. lögum þessum."

Þegar um leigu lausafjármuna í atvinnuskyni hefur verið að ræða hafa sjaldnast verið gerðar nokkrar kröfur til rekstrarleyfis hér á landi. Þessi atvinnustarfsemi hefur færst mjög í vöxt á síðustu árum og þó sérstaklega kannske síðustu mánuðum, þar sem um hefur verið að ræða svonefndar myndbandaleigur. Er starfsemin, þ. e. leiga á lausafjármunum undir þessum kringumstæðum, oft umsvifamikil og líkist um margt verslunarrekstri, en ýmsar kröfur eru gerðar til þeirra sem verslun reka.

Lögunum um verslunaratvinnu er ætlað að tryggja að þeir aðilar, sem fást við verslun, séu búnir þeim hæfileikum að þeir geti uppfyllt skyldur sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu og hafi þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum varðandi verslunarrekstur sem telja má nauðsynlega til þess að reka slíka starfsemi. Það virðist því eðlilegt að sömu kröfur séu gerðar til þeirra aðila sem fást við leigu á lausafjármunum í atvinnuskyni í sambandi við þá leigustarfsemi sem ég hef áður vikið að. Leyfisbinding starfseminnar stuðlar m. a. að því að lög og reglur viðkomandi henni — t. d. lög um bann við ofbeldiskvikmyndum þegar um myndbandaleigur er að ræða — séu virt.

Rétt hefur þótt að gera vægari kröfur til þeirra sem sannanlega stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi. Hins vegar er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því að þeir sem hafa verslunarleyfi þurfi að gera sérstakar ráðstafanir vegna gildistöku laga ef það frv., sem hér er til umr., verður samþykkt. Það hefur færst í vöxt að viðkomandi leigustarfsemi sé stunduð með hefðbundnum verslunarrekstri og þess vegna er það óþarfi. Verði frv. að lögum verður firmaskráning undir öllum kringumstæðum nauðsynleg vegna leigu á lausafjármunum í atvinnuskyni, ekki aðeins þegar um er að ræða hlutafélög.

Virðulegi forseti. Með þessari greinargerð og með vísan til athugasemda við frv. leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þetta er hið ágætasta mál, en ég rek augun í það í ákvæði til bráðabirgða að veita skuli leyfi þótt viðkomandi aðilar fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað þýðir þetta „að öllu leyti" þarna? Um hvað er verið að tala? Hvers lags undanþágur eru hugsaðar þarna ef það er þá meiningin? Hvar á þá að slaka á með leyfisveitinguna?

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Mér finnst einhvern veginn að þessi lagagrein geti orðið til þess að farið verði svolítið lengra en meiningin í þessu frv. gefur til kynna. Mín tilfinning er sú að hér sé fyrst og fremst verið að setja lög í sambandi við myndbandaleigur og koma í veg fyrir ýmis vandræði sem átt hafa sér stað í sambandi við rekstur fyrirtækja sem hafa verið með myndbandaleigur. En með samþykkt frvgr. er verið að staðfesta það að verslunarleyfi þurfi til ýmissa smávægilegra hluta sem eiga sér stað í þjóðfélaginu.

Sveitarfélög eru með leigur á alls konar tækjum, einstaklingar eru einnig með leigur á alls konar tækjum, tiltölulega litlar í sniðum. Við vitum jafnvel um einstaklinga sem stunda það að hafa stiga og stillansa til leigu. Þeir eru bundnir því að hafa verslunarleyfi eftir orðanna hljóðan í frv. Ég vildi aðeins spyrja hæstv. ráðh. hvort meiningin í þessari till. sé sú að þetta skuli vera svo víðtækt sem það gæti orðið skv. orðanna hljóðan ef frv. verður að lögum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan upplýsa það að ég hef vakið athygli á því við hæstv. ráðh. að þetta geti verið nokkuð víðtækt ákvæði og tek undir þau sjónarmið sem komu hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni. Þetta mál kemur væntanlega til fjh.- og viðskn. og ég tel eðlilegt að það fái þar nokkuð góða skoðun. Ég hef bent á t. d. tjaldaleigu, skíðaleigu, leigu á hestum, smábátaleigu o. s. frv. Ég held að sú athugasemd, sem hér kom fram, sé réttmæt, að þetta sé nokkuð víðtækt ákvæði og þetta þurfi að skoða talsvert vel áður en málið gengur lengra en til nefndar. Hitt er auðvitað sjálfgefið að myndbandaleigurnar eiga að falla undir verslunarreksturinn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil taka í sama streng og þeir hv. ræðumenn sem hafa talað hér á undan mér. Ég held að eins og þetta ákvæði er orðað í frv. fái það hreinlega ekki staðist og því verði að breyta. Ég bendi á tvennt. Borgarbókasafn Reykjavíkur leigir út bækur. Bækur eru lausafé — ekki satt? — í skilningi laga. Þá er Borgarbókasafnið í Reykjavík farið að stunda verslun skv. orðanna hljóðan í lögum. Sama má segja um Norræna húsið í Reykjavík þar sem leigð eru út listaverk, eftirprentanir ýmiss konar. Þetta er gert í atvinnuskyni, má segja, á báðum þessum stöðum. Ég tek undir það og mér sýnist einsýnt að þetta þurfi að athuga langtum betur.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Út af því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan varðandi ákvæði til bráðabirgða, þá eru í 4. gr. laganna um verslunaratvinnu upptalin þau skilyrði sem sett eru til þess að fá verslunarleyfi. Hins vegar er í þeirri grein gert ráð fyrir að heimilt sé að veita undanþágu undir vissum kringumstæðum. Það sem hér er átt við er að hægt sé að veita þeim aðilum leyfi sem þegar hafa sett á stofn slíka starfsemi, enda þótt þeir fullnægi ekki að fullu þeim kröfum sem þar um ræðir.

Það er hins vegar ljóst að um leið og um leyfisveitingu er að ræða fá aðrir aðilar, sem þurfa að gæta laga í þessum efnum, aðstöðu til þess að beita þeim ákvæðum sem þeir hafa til þess að framfylgja lögum, þ. e. leyfissviptingu og öðru slíku.

Varðandi það sem þrír hv. þm. hafa vikið að hér á eftir hv. 11. þm. Reykv., þá hafði formaður hv. fjh.- og viðskn., 4. þm. Norðurl. v., einmitt bent mér á það, þegar við áttum viðræður um það, að hér væri um fortakslaust ákvæði að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að að sjálfsögðu komi nefndin til með að fjalla um það hvort ástæða væri til að hafa eitthvert annað orðalag í þessari grein frv. þar sem einhverjar undanþágur, sem eðlilegt þætti að veita, væru teknar fram. En ég held að bókasöfn yrðu tæpast heimfærð undir lausafjármuni í atvinnuskyni. Það held ég að væri ekki um að ræða. En frá minni hendi er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að á greininni yrðu gerðar breytingar einmitt í sambandi við það sem á hefur verið bent hér. Ég held hins vegar að í sambandi við alla þá skattaumræðu sem fer fram, undanskot frá skatti, þá þurfi ævinlega að vera nokkur íhaldssemi þegar um undanþágur er að ræða, eins og t. d. í þessu tilviki. En ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að koma þar fram breytingum og veit að bæði formaður nefndar og nm. munu skoða málið á þeim forsendum.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér, eins og margir þeir sem hér hafa talað, tekið undir það að það ákvæði, sem fyrirhugað er að fella hér inn í lög um verslunaratvinnu, geti verið helst til víðtækt.

Í sambandi við leigurekstur hygg ég að það megi jafnvel finna dæmi þess að annars konar rekstur en bein útleigustarfsemi kunni að vera til staðar í skjóli útleigustarfseminnar. Ég vil ekkert fullyrða í þessu efni en ég vil fagna því að þetta frv. er fram komið og ætla ekki að hafa uppi umr. um aðdragandann að flutningi þess.

En ég er fremur á því að ástæða væri til að setja skýrari ákvæði inn í lög um verslunaratvinnu, jafnvel kafla sem fjallaði einvörðungu um þessa tegund iðju, því að hún er nokkuð sérstæð, eins og menn hafa reyndar vikið að.

Í athugasemdum með frv. er að sjálfsögðu getið um fleira en myndbandaleigur. Þar er getið um áhaldaleigur og leigubíla, svo að eitthvað sé drepið á. Ég er ekki maður til þess að spá um niðurstöðu þessa máls í fjh.- og viðskn., en ég vildi leggja áherslu á það að menn útfærðu nánar þau ákvæði sem þurfa óumdeilanlega að vera í lögum um leigu lausafjármuna. Ég tel ástæðulaust að um það gildi sérstök lög. Það er eðlilegt að það verði nánar útfært í lögum um verslunaratvinnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Stjórn efnahagsmála, frv. 267. mál (þskj. 445). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna, frv. 347. mál (þskj. 555). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt lauk nýlega verkfalli sjómanna. Á þeim tíma sem það stóð áttu fulltrúar ríkisstj., fyrst og fremst sjútvrh. en einnig ég og fjmrh., marga fundi með fulltrúum sjómanna, fulltrúum farmanna og fulltrúum útvegsmanna. Í ljós kom að deilan yrði ekki leyst án þess að stjórnvöld legðu þar nokkuð af mörkum. Náðist samkomulag um sjö atriði sem öll eru rakin í almennum athugasemdum við þetta frv. Nokkur þessara atriða koma síðan fram í frumvarpsformi í frv. um Aflatryggingasjóð sem ég mun mæla fyrir síðar á þessum fundi fyrir hönd sjútvrh. Mér þykir þó rétt að gera grein fyrir þessum atriðum í heild sinni. Hygg ég að þannig fáist betri heildarmynd af þeim atriðum sem hér er um að ræða.

Það fyrsta varðar lífeyrisréttindi sjómanna. Sjómenn hafa lengi barist fyrir því að lífeyrisréttindi myndist af öllum launum þeirra. Áhafnir á svokölluðum stórum togurum, sem nú eru aðeins 12 að tölu, hafa lengi haft þau réttindi en hins vegar ekki sjómenn yfirleitt. Þeirra lífeyrisréttindi hafa myndast af tiltölulega lágum föstum greiðslum. Samkomulag náðist þó milli sjómanna og útvegsmanna um það að á næstu tveimur árum hækki stofn lífeyrisgjalds í áföngum upp í heildarlaun sem verði síðan grundvöllur lífeyrisréttinda sjómanna frá 1. janúar 1987. Það var skilyrði fyrir þessu samkomulagi af hálfu útvegsmanna að áhafnadeild Aflatryggingasjóðs legði fram 1% af skiptaverði afla til þess að standa undir hluta af kostnaði við lífeyrisgreiðslur. Ríkisstj. ákvað að styðja þetta mál með því að verja 80 millj. kr. á árinu 1985 af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs, sem fé er veitt til á fjárlögum, til að standa straum af þessari greiðslu. Eins og ég sagði áðan þá hefur verið dreift hér á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð þar sem gert er ráð fyrir að festa þetta í lög. Er þessu samkomulagi sjómanna lýst nánar í því frv.

Ég vil lýsa ánægju minni með þennan áfanga í lífeyrismálum sjómanna. Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt mál. Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna. Ég tel þetta réttlætismál og fagna því að samstaða hefur náðst með útvegsmönnum og sjómönnum og tel eðlilegt að ríkissjóður hlaupi nokkuð undir bagga til að stuðla að því að þetta mál komist í höfn.

Í öðrum lið þeirra atriða sem ríkisstj. samþykkti segir að sjútvrh. muni enn fremur gera ráðstafanir til þess, að áhafnadeild geti hækkað fæðispeningagreiðslur til sjómanna sérstaklega um 25% frá 1. mars 1985. En fæðispeningagreiðslur úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs hafa undanfarin tvö ár rýrnað nokkuð í hlutfalli við fæðiskostnað sjómanna. Tekjustofn áhafnadeildar dugir hins vegar að óbreyttu einungis fyrir fæðispeningum eins og þeir eru nú. Sjómenn lögðu mikla áherslu á leiðréttingu á þessum greiðslum og féllst ríkisstj. á að auka fjárveitingu til áhafnadeildar um 50 millj. kr. á árinu 1985 til þess að gera deildinni kleift að hækka fæðispeninga um 25% frá 1. mars. Einnig um þetta er tillaga í frv. til l. um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sem hér liggur fyrir.

Þá er í þriðja lagi á listanum að fiskimannafrádráttur verði aukinn úr 10% í 12% við álagningu tekjuskatts árið 1985 af tekjum ársins 1984. Þessi aukni skattfrádráttur sjómanna kostar ríkissjóð um 20 millj. kr. Auk þess er í frv. lagt til að slíkur frádráttur gildi einnig fyrir farmenn eins og fjmrh. hafði heitið við lausn kjaradeilu farmanna og skipafélaga. Útvíkkun tekjutengds sjómannafrádráttar er talinn munu kosta ríkissjóð um 30 millj. kr. á þessu ári, þ. e. bæði til fiskimanna og farmanna. Ég vil geta þess að fyrir hinu háa Alþingi mun liggja frv. til laga um breytingu á skattalögum hvað varðar þessa útvíkkun til farmanna. En í frv. því sem hér er flutt er gert ráð fyrir hvoru tveggja og kemur þetta ákvæði frv. því í stað þess sem liggur fyrir Alþingi.

Í fjórða lagi hefur kostnaðarhlutdeild útgerðar utan skipta lengi verið mikið deiluefni. Í frv. er lagt til að kostnaðarhlutur lækki þegar í stað um 2% en það eykur aflahlut sjómanna að sama skapi. Þessi breyting er talin kosta útgerðina um 50 millj. kr. á heilu ári. Tekjuskiptingarmálefni útvegsins eru nú öll í endurskoðun í sérstakri nefnd sem sjútvrh. hefur skipað.

Eins og hv. þm. er kunnugt varð á þessum þætti nokkur breyting eftir að samkomulag útvegsmanna og sjómanna hafði verið fellt. Því hafði verið heitið að þessu yrði breytt í tengslum við endurskoðun á sjóðakerfinu. Gert var ráð fyrir því að það kæmi til framkvæmda fyrir næstu áramót. En við endurtekna samninga féllust útvegsmenn á að þessi kostnaðarhlutdeild kæmi til framkvæmda strax. Rituðu formaður Sjómannasambandsins og formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins ríkisstj. bréf þar sem farið var fram á að þessu yrði breytt á þann veg sem nú er gert ráð fyrir í frv. Þetta er því gert að ósk deiluaðila að öllu leyti.

Í fimmta lagi gerir frv. ráð fyrir lækkun á ýmsum kostnaðarliðum sem á olíu falla. Á síðastliðnu sumri ákvað ríkisstj. að fara skyldi fram endurskoðun á skattlagningu á olíuvörum til útvegsins. Með þessu frv. eru lagðar fram ákveðnar tillögur um framkvæmdir í þessu efni sem leiða munu til lækkunar olíuverðs um 2% eða nálægt 50 millj. kr. á heilu ári fyrir útveginn. Aðrir notendur olíu munu einnig njóta þessarar lækkunar. Þessi breyting á olíusköttum mun kosta ríkissjóð um 30 millj. kr. á heilu ári en um 22 millj. kr. á þessu ári þar sem breytingin kemur til framkvæmda frá 1. apríl n. k. Niðurfelling landsútsvars mun kosta sveitarfélögin um 60 millj. kr. á næsta ári, 1986, en ekkert á þessu ári. Áhrif niðurfellingar landsútsvars af gasolíu og svartolíu munu hins vegar koma fram í verði á þessum vörum

þegar frá 1. apríl n. k. Þá hefur viðskrh. lagt fram á Alþingi frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns sem væntanlega mun leiða til frekari lækkunar á olíuvörum til útvegsins. Erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um hversu mikil sú lækkun verður og er hún því ekki með í þeim tölum sem ég hef hér nefnt um lækkun á olíuverði um 2% eða í þeirri töflu sem birt er í aths. frv.

Hér er ekki um stóra liði að ræða almennt fyrir ríkissjóð og banka. Ég tel eðlilegt að felld séu niður gjöld af olíu, bæði gasolíu og svartolíu, og þannig að því stuðlað að hún geti verið á lægsta verði sem fært er. Þetta er þyngri baggi fyrir sveitarfélögin, það er alveg ljóst, og eðlilegt að athuga hvort ekki megi bæta tekjumissi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eftir öðrum leiðum, t. d. með því að fyrirtæki, sem nú greiða ekki landsútsvar en starfa á landsvísu, greiði landsútsvar í Jöfnunarsjóð með breytingum sem gerðar yrðu þá á lögum slíkra fyrirtækja.

Í sjötta lagi. Ríkisstj. hefur þegar haft samband við forustumenn olíufélaganna um það að allra leiða verði leitað til þess að koma í veg fyrir að skammvinn hækkun olíuverðs á Rotterdam-markaði valdi hækkun á olíuverði hér á landi meðan fiskverð er bundið, þ. e. til loka maí. Nú mun væntanlegt til landsins olíuskip með farm á hærra verði en síðast gilti. Hins vegar er ekki talið ólíklegt, og reyndar er því mjög ákveðið spáð af sérfræðingum, að olíuverð lækki með vorinu. Því er hér um það að ræða að brúa u. þ. b. 25 millj. kr. kostnað í mjög skamman tíma. Munu verða gerðar ráðstafanir við viðskiptabankana til þess.

Í sjöunda lagi að lokum er þess getið í þessum atriðum að fyrir Alþingi er nú frv. til siglingalaga þar sem m. a. eru ákvæði um slysatryggingu sjómanna. Nýjum kjarasamningi sjómanna og útvegsmanna fylgdi samkomulag um verulega hækkun bæði örorkubóta og dánarbóta frá því sem er í frv. til siglingalaga. Beina samningsaðilar því til Alþingis að taka þær breytingar inn í frv. í meðförum þingsins. Í þessu felst nær tvöföldun örorkubóta og tæplega 40% hækkun dánarbóta fyrirvinnu. Kostnaðurinn af þessum auknu tryggingum er borinn af útgerðarmönnum. Ég þykist þess fullviss að samgn. Ed., sem hefur siglingalagafrv. nú til meðferðar, muni fúslega taka til greina þessa málaleitun. Samgrh. mun skrifa nefndinni þar að lútandi. Ég vil einnig geta þess að með tilvísun til þeirrar áhættu, sem sannarlega fylgir sjómannsstarfinu og er margstaðfest af slæmum slysum, sýnist mér að hér sé einnig um réttlætismál að ræða og nauðsynlegt að teygja sig eins langt og frekast er unnt, án þess að misræmis gæti við aðrar stéttir.

Þessum aðgerðum fylgir að sjálfsögðu, eins og ég hef nefnt, kostnaður fyrir ríkissjóð og sveitarfélög. Ríkið leggur verulegar fjárhæðir af mörkum til þess að samningar gætu tekist í sjómannadeilunni enda taldi ríkisstj. að mikið væri í húfi. Í heild má segja að fyrir utan þær 80 millj. kr. sem koma af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs, sem fé var veitt til á fjárlögum, kosti þessar aðgerðir ríkissjóð um 100 millj. kr. á einu ári en rúmlega 80 millj. kr. á þessu ári. Niðurfelling landsútsvars mun, eins og ég hef áður sagt, rýra tekjur sveitarfélaganna um 60 millj. kr. á árinu 1986 en ekkert á þessu ári. Má segja að það mál komi fyrst til raunverulegra álita við gerð fjárlaga og fjárhagsáætlunar fyrir árið 1986.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum með frv., sem sjútvrh. hefur lagt fram um Aflatryggingasjóð, er afkoma útgerðarinnar erfið við ríkjandi skilyrði. Þessi sömu gögn sýna að rekstrarstaða útvegsins er þó til muna skárri nú en hún var 1983. Það ár var tap á botnfiskveiðum sem nam um 10% af tekjum. Nú virðist útlit fyrir tap sem nemi um 4—5% af tekjum. Staða nýjustu togaranna er þó enn afar erfið. Reyndar er staða nýjustu togaranna mjög stór þáttur í þessu tapi sem reiknað er 4—5% af tekjum. Virðist satt að segja lítil von til þess að úgerð þeirra beri sig með þeim afla sem nú er leyft að taka. Afkoma flotans í heild hefur fyrst og fremst skánað vegna þeirra aðgerða sem ríkisstj. hefur gripið til. Vil ég þar nefna sérstaklega greiðslur úr Aflatryggingasjóði til útvegsins sem nema nú 7% af skiptaverðmæti alls afla, auk greiðslna úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs. Undir þessum greiðslum verður m. a. staðið með endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins eins og hér hefur verið rætt um við afgreiðslu fjárlaga og gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins í ár.

Þá vil ég einnig nefna lengingu lána til útvegsins og lækkun vaxta Fiskveiðasjóðs sem samanlagt mun láta nærri að hafi helmingað greiðslubyrði flotans af vöxtum og afborgunum stofnlána. Mun sú upphæð nema á ársgrundvelli um 1.5 milljörðum kr. Þarna hefur því átt sér stað mjög mikil fjárhagsleg endurskipulagning sjávarútvegsins sem vonir standa til að muni, ásamt vaxandi afla, breyta afkomu hans í náinni framtíð.

Það eru hins vegar, eins og ég sagði áðan, tiltölulega fá skip sem enn glíma við mikinn fjárhagsvanda. Eru þar víðast ekki aðrar leiðir færar en að láta málin ganga sína eðlilegu viðskiptaleið, eins og reyndar er gert ráð fyrir í því uppgjöri sem fram hefur farið á vegum Fiskveiðasjóðs og annarra skuldheimtumanna útgerðarinnar. Við þessar aðstæður er þó augljóst að ekki er unnt að leggja mikið á útgerðina. Í aðgerðum ríkisstj. nú felst þannig ekki íþynging fyrir útgerðina, fremur stuðningur, eins og ég gerði grein fyrir. Ljóst er þó að útgerðin hefur tekið á sig nokkuð aukinn kostnað með hinum nýju samningum. Má áætla mjög lauslega að fyrir utan lækkun kostnaðarhlutdeildar um 2%, sem er nokkurn veginn vegin upp með 2% lækkun olíuverðs, kosti samningarnir útgerðina um 100—120 millj. kr., sem vonandi tekst að kljúfa með aukinni hagkvæmni í rekstri og auknum afla af þeim fisktegundum sem heimilt er að veiða.

Nýgerðir kjarasamningar og þær aðgerðir sem ég hef rakið bæta tvímælalaust kjör sjómanna á ýmsa lund. Þó er dálítið erfitt að meta það til fjár, t. d. stórbættan lífeyrissjóð, tryggingar og önnur mál sem sjómenn leggja mikla áherslu á. En fyrst og fremst vil ég nefna þessi réttindamál sem ekki verða, eins og ég segi, beinlínis talin til launa á líðandi stundu. Þetta eru að mínu mati mikilvægustu þættir samninganna. En samningarnir og aðgerðir þær sem hér er talað fyrir í framhaldi af þeim bæta einnig kjör sjómanna hvað varðar greidd laun á þessu ári. Eftir fiskverðsákvörðunina um áramótin var talið að tekjur sjómanna í hlutfalli við tekjur annarra væru nærri meðallagi síðustu sjö árin. En þar í eru bæði feit og mögur ár. Með þessum samningum hygg ég að tekjur sjómanna borið saman við aðrar stéttir séu a. m. k. fyllilega sambærilegar þótt

erfitt sé að meta það í hundraðshluta.

Ég vil að endingu segja að ég tel þetta mjög mikilvæga og nauðsynlega leiðréttingu á kjörum sjómanna. Og mér sýnist að eins og að þessum málum er staðið í gegnum lífeyrissjóðinn og gegnum tryggingamál sjómanna fyrst og fremst, gegnum matarpeninga sjómanna og með hækkun skattfrádráttar, þegar tekið er tillit til fjarveru sjómanna frá sínum heimilum, sé ekki um að ræða fordæmi fyrir aðrar stéttir. Ég tel að viðurkenna verði að sérstaða sjómanna er mikil og fyrst og fremst varða þessi hagsmunamál þá sérstöðu.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja ræðu mína um þetta mikilvæga mál. Ég hef kosið að lýsa frv. með því að lýsa þeim sjö atriðum sem ríkisstj. lagði til mála og eru síðan í hinum ýmsu greinum frv. færð í lagaform. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér er auðvitað á ferðinni hið merkasta mál þar sem verið er með lögum að breyta kostnaðarhlutdeild svokallaðri í samræmi við lausn á kjarasamningum nú fyrir skömmu. Þegar undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar stöðvast vegna verkfalls sjómanna, sem voru orðnir langþreyttir á kjaraskerðingum umfram alla aðra landsmenn, þá hriktir auðvitað í þjóðfélaginu. Það var þó svo merkilegt að þegar sjómannaverkfallið stóð yfir heyrðist varla á það minnst miðað við aðrar vinnudeilur í landinu. Eftir því mætti ætla að launadeilur sjómanna og kjarabarátta þeirra væru minna virði en annarra þegna í þessu þjóðfélagi. En svo er auðvitað ekki. Sjávarútvegurinn hefur nú um alllangan tíma staðið illa og hagur hans farið versnandi um mörg ár enda er óhætt að segja að til margra ára hefur verið hin hroðalegasta stjórn á þessum atvinnuvegi. Það er ekki hægt að víkjast undan að viðurkenna það hverjir svo sem hafa átt sæti í ríkisstj. á þessum árum.

Þegar erfiðleikar hafa verið miklir og ráðamenn þurft að standa frammi fyrir því að leysa vandamál útgerðar hefur það skeð hvað eftir annað að þeir erfiðleikar hafa verið leystir á kostnað sjómanna. Hlutur sjómanna hefur verið rýrður á sama tíma og afli hefur minnkað. Þannig hafa þeir orðið fyrir meiri kjaraskerðingu en nokkrir aðrir. Þykir þó fólki nóg um kjaraskerðingar í öðrum atvinnugreinum og síst ástæða til að gera lítið úr því. Síðast þegar þessi hæstv. ríkisstj. gekk á kjör sjómanna til að leysa vanda í sjávarútvegi sagði ég hér úr þessum ræðustóli að þetta væri ekki hægt að endurtaka. Nú þegar væri gengið svo langt að lengra yrði ekki komist. Og það var auðvitað ekki í fyrsta skipti sem þessi ríkisstj. réðist á kaup og kjör sjómanna. Hún hefur verið mjög dugleg við það. Til þess að gera langt mál stutt langar mig aðeins að nefna þó það, að fyrir eins og áratug kom þriðjungur af afla, sem dreginn var á land, til skipta milli sjómanna (fyrir utan aukahlutina). Nú er hins vegar aðeins fimmti hlutinn skilinn eftir handa sjómönnum. Það er mikil skerðing.

Til þess að leysa vinnudeilurnar er í þessu frv. farin sú leið að minnka kostnaðarhlutdeildina nokkuð, lítils háttar er óhætt að segja. En það er þó til réttrar áttar. Og ég vil leggja á það áherslu að ég bæði ætla og vona að þetta sé aðeins upphafið á þeirri þróun að skila sjómönnum til baka a. m. k. verulega stærri hlut en þessum af því sem af þeim hefur verið tekið. Þrátt fyrir þær úrbætur sem felast í lausn vinnudeilnanna, sem eru ýmsar og að sumu leyti verulegar, þar sem er um lífeyrissjóðsmál að tefla, þá get ég ekki verið sammála hæstv. forsrh. þegar hann sagði rétt áðan að hann teldi tekjur sjómanna fyllilega sambærilegar við laun annarra stétta í landinu. Ég tel að miðað við vinnutíma, álag og erfiði, hættulegt starf, þá eigi það langt í land enn. Ég er viss um að við nánari íhugun gæti hæstv. forsrh. fallist á þá skoðun.

Það hefur ekki verið launahlutur sjómanna sem hefur verið að drepa útgerðina á undanförnum árum. Það eru allt aðrir hlutir. Ég ætla þó ekki að fara að eyða tíma í að telja þá upp. En nokkrir liðir eru svo stórir og augljósir sem þarf að ráðast á. Má t. d. nefna það, að útgerð á Íslandi þarf að búa við geysilega dýra þjónustu þar sem innlendur kostnaður, sem leggst á útgerðina, hækkar miklu meira en tekjur. Við höfum dýr skip, dýrustu olíu í heimi, mesta fjármagnskostnað sem þekkist. Og það sem vegur auðvitað þyngst er að við höfum lægra fiskverð en nokkurs staðar þekkist í veröldinni.

Fyrir þessu þingi liggur þáltill. um rannsókn á erfiðleikum sjávarútvegsins. Í hv. atvmn. sameinaðs þings er meiningin að afgreiða tillöguna til ríkisstj., þ. e. menn vilja ekki láta þá könnun fara fram sem þar er óskað eftir. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því af þessu tilefni hvort hann álíti það ekki þess virði að rannsaka í hverju þessir erfiðleikar sjávarútvegsins eru fólgnir og síðan að rannsaka hvernig hægt verði að bæta úr þeim með því að þessi þáltill. yrði samþykkt.

Herra forseti. Ég vil ekki eyða tíma fundarins í að ræða þetta mál, þótt stórt sé, miklu meira. En ég legg á það áherslu að ég, og vonandi minn flokkur, taki þátt í að afgreiða þetta frv. sem allra liðugast og fljótast í gegnum deildina.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mig langar til að beina einni lítilli fsp. til hæstv. forsrh. í tilefni af þessu máli. Hún varðar vinnubrögð í sambandi við samningagerðina. Nú munum við að þessi ríkisstj. hafði mjög á orði á fyrstu vikum og mánuðum lífs síns að hún berðist fyrir frjálsum samningum að frumkvæði og á ábyrgð samningsaðila. Sá ásetningur var birtur á ýmsan hátt. Það var t. d. tekið sérstaklega fram í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. Það var líka sérstaklega tekið fram í teiknimyndablaði sem ríkisstj. dreifði til þjóðarinnar á haustdögum 1983. Þetta var reyndar heldur hjárænulegt plagg og óvíst hvort það opinberaði hugarheim ríkisstj. eða hugmyndir hennar um gáfnafar borgaranna. Þetta plagg var engu að síður sent inn á hvert heimili í landinu. Í því var lögð þung áhersla á þetta fyrirkomulag við samningagerð. Þessi stefna hefur verið ítrekuð æ ofan í æ við kjarasamninga, að vísu með svolítið nýjum blæ þegar rammagerðarmeistararnir fóru á kreik í kringum ÍSAL-samningana, en engu að síður var aðaláherslan lögð á afskiptaleysi ríkisvalds af samningum af þessu tagi. Nú höfum við hins vegar haft um sinn fréttir af samningum í sjómannaverkfalli. Þar voru t. d. upplýsingar um mikla þátttöku fulltrúa ríkisstj., forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Jóns Sigurðssonar. Það voru fréttir um fundi deiluaðila með ráðh. Svo var í dag sagt frá því í viðtali við hæstv. forsrh. í NT að þessir fundir hefðu raunar verið miklu, miklu fleiri en fréttamönnum auðnaðist að vita um. Þessir fundir voru haldnir svo ótt

og títt að þeir festust ekki einu sinni á filmu. Því er spurning mín hvort öðruvísi hafi verið staðið að samningum að þessu sinni en venja hefði verið í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég hygg að hæstv. forsrh. ætti að geta svarað þessu þar sem hann er fyrrv. sjútvrh. og ætti að hafa af þessu góðar fréttir og geta gert á þessu góðan samanburð. Í ljósi síendurtekinna yfirlýsinga ríkisstj. um nýjar aðferðir í samningamálum langar mig sem sagt að spyrja hvort á einhvern hátt hafi öðruvísi verið staðið að þessum málum í þetta sinn en venja hefur verið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. greindi frá því hér áðan að tekjulækkun sveitarfélaganna árið 1986 skv. þessum ráðstöfunum yrði í kringum 60 millj. kr. Í orðum ráðh. kom ekki fram hvaða hugmyndir ríkisstj. er með til að bæta sveitarfélögunum þetta tekjutap.

Ég tek það fram að ég tel það eðlilegt að þessi gjöld verði felld niður af olíu eins og hér er gert ráð fyrir. En um leið hlýtur ríkisstj. að vera búin að átta sig á því hvernig eigi að tryggja það að sveitarfélögin verði ekki fyrir tekjutapi. Hæstv. forsrh. sagði að hugsanlega yrði þá landsútsvar lagt á önnur fyrirtæki sem ekki borga útsvör. Mín spurning til hæstv. ráðh. er þessi: Hvaða fyrirtæki eru það sem hæstv. ríkisstj. er með í huga í þessu efni?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Garðar Sigurðsson er genginn úr salnum svo að það er kannske til lítils að svara spurningum hans sem reyndar voru ekki margar. Hv. þm. taldi að litlar fréttir af þessum samningum hefðu gefið til kynna að sjávarútvegurinn væri talinn minna virði en aðrar atvinnugreinar. Það er náttúrlega mikill misskilningur. Öllum er fullkomlega ljóst að sjávarútvegurinn er sú grundvallaratvinnugrein sem við Íslendingar byggjum á.

Hv. þm. taldi að tekjur sjómanna hefðu skerst meira en tekjur annarra stétta. Það sem ég hef fyrir mér í því, sem ég sagði áðan, er sá samanburður sem Þjóðhagsstofnun hefur gert lengi um hlutfall tekna sjómanna annars vegar og verkamanna og iðnaðarmanna hins vegar. Það hafa vissulega verið mismunandi mögur ár á milli eins og ég hygg að ég hafi sagt áðan. En að mati Þjóðhagsstofnunar, sem byggt er á þessum sama samanburði, standa sjómenn fyllilega verkamönnum og iðnaðarmönnum á sporði að þessu leyti. Það vil ég hins vegar taka skýrt fram að ég er mjög sammála hv. þm. í því að tekjur sjómanna þurfa að vera góðar með tilliti til þeirrar vinnu sem þeir sinna og vinnuaðstöðu, fjarveru að heiman, óreglulegs vinnutíma o. s. frv.

Einnig er vert að spyrja sjálfan sig þeirrar spurningar hvort launaskrið, sem hjá vissum stéttum er töluvert, nái til sjómanna. Ég hygg að það sé að vísu ákaflega breytilegt, en t. d. iðnaðarmenn í landi njóta miklu fremur launaskriðs en sjómenn. Að þessu leyti hygg ég því að hv. þm. hafi rétt fyrir sér. En það er á þessum samanburði sem ég byggði og lagði áherslu á að sú hækkun á tekjum sjómanna, sem felst í þessu og er nokkur, er m. a. af þessum ástæðum ekki grundvöllur til raunverulegs samanburðar fyrir aðrar stéttir.

Það er vitanlega sjálfsagt að skoða erfiðleika sjávarútvegsins. Allir þeir sem hafa farið með, eins og hv. þm. sagði, hroðalega stjórn hans á undanförnum árum, hafa verið að gera það og það hefur verið gert af fjölmörgum nefndum og hópum sem fulltrúar sjútvrn. hafa tekið þátt í. Þegar liggja fyrir mjög miklar upplýsingar.

Eins og allir vita og komið hefur mjög glöggt fram í endurskipulagningu á fjármálum sjávarútvegsins, skuldbreytingum sem hafa verið tíðar í gegnum árin m. a., hefur hann orðið ákaflega mikið fyrir barðinu á dýrri fjárfestingu alveg sérstaklega og mikilli hækkun dollarans þar sem ákaflega mikið af skuldum sjávarútvegsins er í dollurum. Varla þarf nokkur að spyrja að því að sjávarútvegurinn hafi orðið fyrir barðinu á aflabresti þeim sem varð fyrst á loðnunni 1981—1982 og síðan á þorskinum 1982 og eflaust er líka hroðalegri stjórn sjávarútvegsmála að kenna. Að vísu segja vísindamenn að hitastig sjávar hafi lækkað um tvö stig, en það er alveg eins hægt að taka á sig þá sök eins og hverja aðra. Reyndustu sjómenn segja manni að þeir hafi aldrei séð sjóinn eins glæran og 1982—1983. Það segir kannske meira um átumagn og lífsskilyrði í sjónum en flest annað.

Þessu hefur verið mætt með ýmsum aðgerðum sem vissulega hafa ekki leyst allan vanda, það er algerlega ljóst, en trú mín er sú að ekki vegna stjórnar á sjávarútvegi fyrst og fremst heldur vegna breyttra náttúruskilyrða vegna hlýnandi sjávar muni afkoma sjávarútvegsins fara ört batnandi á næstu árum eins og hún hefur gert í öllum þeim sveiflum sem orðið hafa hér með u. þ. b. 14—15 ára bili.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson spurði hvort einhver breyting væri í samningagerð eða afstöðu ríkisstj. til samninga. Þessir stjórnarflokkar, eins og allir aðrir, leggja áherslu á frjálsa samninga við deiluaðila. Það er engin breyting að því leyti. Hins vegar höfum við opinberlega lagt á það áherslu að við erum reiðubúnir að taka þátt í þeim viðræðum sé þess óskað. Það hefur kannske verið undirstrikað meira núna en fyrr, m. a. vegna þess að við teljum að ríkisstj. beri skylda til þess í því mjög viðkvæma ástandi sem íslensk efnahagsmál eru.

Ég hygg að ég hafi nefnt í framsöguræðu minni að deiluaðilar fóru fram á afskipti ríkisvaldsins. Fulltrúar sjómanna og farmanna gengu bæði á minn fund og sjútvrh. rétt áður en verkfall var að skella á og lögðu á það áherslu að þeir teldu algerlega vonlaust að samkomulag næðist milli deiluaðila án afskipta ríkisvaldsins og óskuðu eftir því mjög eindregið að ríkisstj. kæmi inn í þessi mál. Þeir lögðu jafnframt fyrir okkur ýmsar hugmyndir þar að lútandi.

Við ræddum að sjálfsögðu einnig við fulltrúa útvegsmanna sem staðfestu það að litlar líkur virtust til þess að samkomulag næðist. Það varð því niðurstaða ríkisstj. að í þessari mikilvægu deilu yrði ríkisvaldið að taka töluverðan þátt. Þrír ráðh., forsrh., fjmrh. og sjútvrh., áttu síðustu dagana mjög ítarlegar viðræður við samningsaðila. Sömulciðis var fulltrúi ríkisstj. beðinn að vera á fundum hjá sáttasemjara að ósk sáttasemjara og deiluaðila. Sem sagt, þetta var gert að ósk þeirra aðila sem í þessari deilu stóðu.

Ég hef sagt, eins og hv. þm. sagði, að þetta hafi tekist vel. Og ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi tekist mjög vel, ekki vegna þess að filmurnar séu ekki nógu hraðar — þær eru nú komnar upp í meira en þúsundasta brot af

sekúndu og það er náttúrlega bara gamanyrði hjá hv. þm. — heldur vegna þess að það tókst að gera þetta m. a. í kyrrþey og það er ekkert lítið mál. Það tókst að gera það í kyrrþey án þess að hlutirnir, eins og því miður oft vill vera þegar þeir eru á samningsstigi á milli aðila, væru rangfærðir. Ég er ekki að segja viljandi heldur af alls konar misskilningi. Þetta tel ég að eigi að vera regla í svona viðkvæmum málum.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um tekjutap sveitarfélaga á þessu ári. Mér mun hafa láðst að geta þess að að mati fjmrn. er talið að tekjur af söluskatti verði töluvert miklu meiri en áætlað var í fjárlögum og því muni tekjur Jöfnunarsjóðs ekki skerðast á þessu ári af þessum sökum. Það muni sem sagt renna í Jöfnunarsjóð meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur sennilega misskilið spurningu mína. Hún gekk út á það að gert er ráð fyrir að fella niður landsútsvör. Þar af leiðandi verður dregið nokkuð úr tekjum sveitarfélaganna eða um 60 millj. kr. á árinu 1986 eins og hæstv. ráðh. upplýsti í framsöguræðu sinni. Hann gat þess jafnframt að meiningin væri að leggja útsvör á einhver fyrirtæki sem ekki bæru útsvör núna. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvaða fyrirtæki eru það sem hann hefur í huga? Ég held það væri mjög fróðlegt að fá um það upplýsingar.

Í öðru lagi segir hann að söluskattur muni skila mun meiri tekjum á árinu 1985 en gert hafði verið ráð fyrir og dregur þá þá ályktun að þar af leiðandi fari þeim mun meira í jöfnunarsjóðinn. Þetta hlýtur að vera misskilningur hjá hæstv. ráðh. vegna þess að fyrir Ed. liggur frv. til lánsfjárlaga sem gerir ráð fyrir að takmarka söluskattsgreiðslur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu 1985 við ákveðna upphæð. Það hlýtur þá að vera ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. að breyta þeirri upphæð sem liggur fyrir í frv. til lánsfjárlaga og verið er að fjalla um nú í Ed.

Ég vildi leyfa mér að inna hæstv. ráðh. nánar eftir þessu tvennu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þá höfum við hlýtt á skilgreiningu hæstv. forsrh. á samningum án afskipta ríkisvalds. Það kom fram í máli ráðh. að að mati samningsaðila hefði verið vonlaust að samningar næðust án afskipta ríkisstj. Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann telji þá staðreynd koma að einhverju leyti nálægt hinum margumtalaða vanda sjávarútvegs á Íslandi, þ. e. að þar er líklega fátt hægt að gera og þar geta útgerðaraðilar, hvort sem eru sjómenn, útgerðarmenn eða verkendur, lítið hreyft sig án afskipta ríkisstj. Getur verið að þetta atriði, þ. e. þessi skortur á svigrúmi og sjálfstæði innan greinarinnar, sé að einhverjum hluta undirrótin að vanda sjávarútvegsins?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þessari spurningu hv. þm. er vandsvarað. Ég vil hins vegar halda því fram að íslenskir útvegsmenn hafi haft mjög mikið frelsi til eigin ákvarðana. Ef útvegsmaður kaupir skip er ríkisvaldinu að vísu venjulega kennt um, en ég hygg að það sé oftast útgerðarmaðurinn sjálfur sem ákveður að kaupa skipið. Hann verður að fá lán í Fiskveiðasjóði, hann verður að ganga fyrir stjórn Fiskveiðasjóðs og fá þar sitt mál afgreitt, en Fiskveiðasjóður er ekki undir stjórn ríkisstj. Að vísu gilda ákveðnar reglur um Fiskveiðasjóð sem Alþingi hefur sett og reglugerðir sem sjútvrh. hefur sett á grundvelli þeirra laga, en innan þess ramma starfar stjórn Fiskveiðasjóðs. Sama gildir um fiskverkendur.

Ég hygg að ef hægt er að tala um takmarkað frelsi útvegsmanna og fiskverkenda sé það fyrst og fremst vegna fjármagnsskorts. Ef útvegsmaður hefur fjármagn bannar honum enginn að fara í endurbætur á sínu frystihúsi eða sínu skipi. Þetta hefur að vísu breyst nýlega með kvótakerfinu, sem setur miklu meiri hömlur á útvegsmenn þannig að jafnvel þó útvegsmaður hafi fjármagn hefur hann enga tryggingu fyrir því, ef hann kaupir skip, að hann fái leyfi til að veiða. Að því leyti hefur á þessu orðið mikil breyting nú. Ég lít svo á að hún hafi orðið af illri nauðsyn til þess að takmarka heildaraflann við það magn sem talið er óhætt að taka.

Ég skal ekki segja hvort meira frelsi fyrir útvegsmenn og auðveldari aðgangur að fjármagni leiddi til betri afkomu útvegsins og fiskvinnslunnar. Ég hygg að afkoma þjóðarbúsins í heild væri betri ef fjármagn væri hér ekki af svo skornum skammti því vitanlega er það okkar erfiðasti þröskuldur í dag. Það er því margt sem þessu tengist.

Hv. þm. Svavar Gestsson ítrekaði spurningar til mín. Ég tel mig hafa svarað fyrri spurningunni, en mér láðist að svara þeirri síðari. Í sambandi við þá fyrri er rétt hjá hv. þm. að lánsfjárlagafrv. liggur fyrir Ed., en hefur ekki verið afgreitt. Fjmrh. mun leggja til nauðsynlegar breytingar á því þannig að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga beri ekki tjón af þessari breytingu í ár.

Varðandi önnur fyrirtæki sem greiða ættu landsútsvar vil ég segja að sú hugmynd var nefnd við afgreiðslu þessa máls og hefur alls ekki verið afgreidd í ríkisstj. Það sem ég segi um það hér eru því eingöngu vangaveltur mínar. Ég nefndi t. d. sementsverksmiðju sem mér er tjáð að greiði ekki landsútsvar. Vel kæmi til greina að hún greiddi landsútsvar. Ég vil ekki, vegna ókunnugleika á því hvaða fyrirtæki greiða landsútsvar eða ekki, fara að telja upp fyrirtæki almennt. En á þetta hefur félmrh. minnst og reyndar fleiri ráðh. og það verður skoðað.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. er ákaflega hress maður í ræðustól og lætur sig ekki muna um að dylgja um að ég álíti að slæm skilyrði í sjónum séu slæmri stjórn á sjávarútveginum að kenna. Hvers konar málflutningur er þetta nú hjá hæstv. forsrh. sjálfum? Þetta gengur auðvitað ekki. Menn verða að vera aðeins vandari að virðingu sinni þegar þeir tala um þessa hluti. (**Gripið fram í:** Þm. sömuleiðis.) Ég hef aldrei látið mér detta það í hug einu sinni. Auk þess tel ég skylt að nefna það að ég átti ekki aðeins við stjórn á sjávarútvegsmálum þegar hæstv. forsrh. var sjútvrh. Þetta nær auðvitað yfir langtum lengra tímabil.

Hitt er svo annað mál að margumtöluð stjórn á sjávarútvegi og þá ekkert síður í valdatíð hæstv. forsrh. þegar hann var í sjútvrn. er svo sem ekkert glæsileg. Það sem lesa má frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um stjórn hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar á sjávarútvegsmálum er ekki glæsilegt. Ég er svo sem ekkert undrandi á því þó að hæstv. ráðh. reyni að fegra það ástand og reyni að fegra sína stjórn á þessum

hlutum, menn verða að reyna að klóra svolítið í bakkann, en ekki má gera það með þeim hætti að verði hreinlega hlægilegt. Það er sama hvar gripið er niður, þegar sjómenn, útgerðarmenn og aðrir aðilar í sjávarútvegi tala um afkomumál sjávarútvegsins, það er allt á sömu bókina lært. Ég er t. d. með fyrir framan mig þskj. nr. 8 frá 43. Fiskiþingi. Það er svo sem ekki fallegur lestur. Ég get auðvitað leyft hæstv. ráðh. að hlusta á hvað Fiskiþing segir um þessa hluti og raunar ýmsir aðrir því að ég er með margs kyns álit og skjöl mætra og ábyrgra manna í þessum efnum. Það væri ekki úr vegi að leyfa hæstv. ráðh. að heyra eitthvað af því svo hann geti ekki verið með útúrsnúninga og heldur ómerkilegan málflutning þegar hann er að finna að því hvað ég segi hér.

Ég er auðvitað ekki eins fróður í sjávarútvegi og hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson. Hann hefur raunar aldrei komið nálægt sjávarútvegi öðruvísi en að vera ráðh. og kann það auðvitað ekki góðri lukku að stýra, svo einfalt er málið. Ég þekki sjávarútveginn kannske frá svolítið annarri hlið því að ég hef verið til sjós um áratuga skeið.

En ég veit ekki hvað ætti að velja af öllum þeim gögnum sem hinu háa Alþingi hafa verið send um þessi mál. Það er svo sem alveg sama hvort það kemur frá Fiskiþingi, Landssambandi ísl. útvegsmanna eða flokksbræðrum hæstv. forsrh. í öllum áttum, sem vinna í sjávarútvegi, hvort sem þeir heita Björgvin Jónsson eða Árni Benediktsson eða eitthvað annað. Þetta er allt saman á sömu bókina lært. Nefnum aðeins eitt dæmi. Telur hæstv. ráðh. það eðlilegar aðstæður í sjávarútvegi þegar mikið aflaskip greiðir samviskusamlega og skilvíslega 20% af öllum sínum afla sem það dregur á land, miklum afla, verðmætum afla, beint í kjaftinn á sjóðunum til þess að borga skuldir og vexti? Það skeður á sama tíma að lánin stíga til himins þrátt fyrir allar þessar greiðslur. Það er mikil kvöð og þung að greiða 20% af aflaverðmæti upp úr sjó í skuldir og vexti. Það þarf auðvitað að greiða fleira en vaxtakostnað.

Það sem fer til sjómanna, það er misjafnt eftir skipum, er á milli 30 og 40%. Olían á togurunum er á milli 20 og 30% og enn fremur kosta veiðarfæri og viðhald sitt og allt það sem er óþarfi upp að telja. Það er næstum því ekki hægt að ætlast til þess að nokkur leið sé að greiða 20% í fjármagnskostnaðinn. Þetta hafa menn þó gert, en samt hækka skuldirnar upp úr öllu valdi og þessir myndarlegu sjómenn og skipstjórar, sem bera þennan gífurlega mikla og verðmæta afla til lands, horfa sífellt á skuldirnar hækka og hækka vegna þessarar snarvitlausu meðferðar á fjármálum í landinu: vextir og vaxtavextir sem engin einasta leið er að éta sig út úr.

Það er auðvitað þetta sem við verðum að laga. Og það er mín skoðun að í þessum efnum sé ekki til annað ráð en pennastrikið sem nefnt var hér í fyrra þó margir leyfðu sér að brosa og teldu þann mann sem það nefndi af göflunum genginn. En hann hafði auðvitað rétt að mæla þrátt fyrir allt.

Herra forseti. Mig langar að lesa örlítinn texta af þskj. nr. 8 frá fiskiþinginu síðasta, með leyfi forseta:

„Fiskiþing bendir á að nær öll útgerð og fiskvinnsla í landinu er nú að stöðvast vegna fjárhagsörðugleika. Gengisstefna, sem í raun hefur útilokað eða gert óarðbæran allan útflutning okkar á hina hefðbundnu markaði í Vestur-Evrópu, hávaxtastefna og miklar verðhækkanir í öllum þjónustugreinum og á aðföngum, ásamt miklu hærra olíuverði til fiskiskipa en í nokkru samkeppnislanda okkar, eru búin að eyða því litla eigin fé sem eftir var í atvinnugreininni. Rekstrarhallinn er búinn að veikja svo lausafjárstöðu viðskiptabanka sjávarútvegsins að þaðan er ekki hjálpar að vænta. Við þetta bætist svo vandinn af tveggja milljarða króna vanskilahala sem myndaðist í óðaverðbólgu síðustu ára.

Fiskiþing vekur athygli þjóðarinnar á því að fiskveiðar og vinnsla hafa þrátt fyrir alla þessa erfiðleika tekið af fullum heilindum þátt í tilraunum stjórnvalda og vinnandi fólks til að reyna að kveða niður verðbólguna sem var að steypa þjóðinni í efnahagslega glötun. Sjávarútvegurinn taldi ekki annarra kosta völ, enda yrðu allir látnir fórna. Í stað þess taldi hann sig hafa yfirlýsingar og fyrirheit um lækkandi vexti og verðlag. Eftir að ríkisvaldið tók að losa stóra hópa í þjóðfélaginu undan ábyrgð í þessum efnum og þó alveg sérstaklega eftir að ríkið sjálft tók upp og leyfði hina ríkjandi hávaxtastefnu, sem nú tröllríður atvinnuvegunum, sjá allir nema ráðamenn að þessi kapítuli í viðureigninni við verðbólguna er tapaður.

Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Eigi í alvöru að leggja til atlögu við verðbólguna á nýjan leik verða stjórnvöld að gera sér ljóst að sú orusta er fyrir fram töpuð verði nokkur þjóðfélagshópur undanþeginn að færa þær fórnir sem til þarf.

Fiskiþing vekur athygli á að sjávarútvegurinn aflar 73% þess gjaldeyris sem þjóðin hefur til ráðstöfunar. Að baki þessarar gjaldeyrisöflunar eru þá aðeins 16% af erlendum skuldum þjóðarbúsins. Ef þessi gjaldeyrisöflun á að halda áfram verður að uppfylla viss grundvallaratriði:

1. Gengið verði skráð þannig að vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi hafi eðlilegan rekstursgrundvöll. Þess verði sérstaklega gætt við gengisskráningu að hún tryggi möguleika á útflutningi á hefðbundna markaði í Evrópu.

2. Vextir verði stórlækkaðir.

3. Verð á olíu til fiskiskipa verði meðaltal af olíuverði í Færeyjum, Noregi, Danmörku, Bretlandi og Vestur-Þýskalandi.

4. Raforkuverð til fiskiðnaðar verði stórlækkað.

5. Ekkert verði gert af hálfu íslenskra yfirvalda sem torveldað geti hin hagstæðu viðskipti sem sjávarútvegur og iðnaður eiga við Sovétríkin.

6. Þegar í lok þessa árs [þ. e. 1984] verði sjávarútveginum endurgreiddur uppsafnaður söluskattur ársins 1984". — Og það hefur verið gert.

Að lokum: „Sjávarútveginum verði endurgreitt gengistap af 40% afurðalána ef til gengisbreytingar kemur, enda var þessi hluti lánanna færður yfir í erlenda mynt án samráðs við nokkurn aðila í sjávarútvegi.

Geti ríkisvaldið ekki tryggt sjávarútveginum viðunandi rekstursgrundvöll m. a. með framangreindum aðgerðum leggur 43. Fiskiþing til að gjaldeyrisverslun verði gefin frjáls þannig að þeir sem gjaldeyris afla geti notið fulls arðs af sinni starfsemi og kjör þess fólks sem í sjávarútvegi starfar batni."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Þetta er ekki sú lesning sem notar þyngst orð, síður en svo. Og ég tel að þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert í þessum efnum, og skal ég ekkert vera að draga það neitt undan, sé höfuðvandamálið eftir.

Það kemur fram hér eins og víða annars staðar í þessu þjóðfélagi nú að vaxtafrelsið og peningafrelsið í þjóðfélaginu er að drepa niður alla atvinnuvegi. Það er að kroppa þökin ofan af fólki sem er að byggja eða kaupa, landbúnaðurinn fær sinn skammt af þessum ófögnuði og það er sama hvert er litið. Ég vil biðjast undan því að hæstv. forsrh., sá ágæti maður, leyfi sér aftur málflutning af því tagi sem hann viðhafði áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 341. mál (þskj. 549). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrir hönd sjútvrh. mæli ég fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 frá 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Ég get að verulegu leyti vísað til þess sem ég sagði áðan um hinar almennu aðgerðir sem ríkisstj. ákvað vegna kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Ég vísa einnig til almennra athugasemda við þetta frv. þar sem fram kemur að ýmis útgjöld Aflatryggingasjóðs hafa verið ákveðin á undanförnum mánuðum. Þar ber í fyrsta lagi að nefna uppbætur á ufsa, karfa, ýsu og annan botnfisk, sömuleiðis útgjöld vegna Lífeyrissjóðs sjómanna að upphæð 80 millj. kr. og 50 millj. kr. vegna aukinna útgjalda áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Jafnframt hefur verið ákveðið og samþykkt með fjárlagafrv. að söluskattur, sem fiskvinnslan greiðir, verði endurgreiddur sjávarútveginum með því að láta þá upphæð renna til Aflatryggingasjóðs og ásamt tekjum Aflatryggingasjóðs standa undir þeim auknu útgjöldum sem sjóðnum eru ætluð. Er lagt til í frv. að þessi upphæð, sem er áætluð 540 millj. kr. á árinu 1985, renni til Aflatryggingasjóðs. Á fjárlögum eru 450 millj. kr. þannig að hér er um nokkru hærri upphæð að ræða. Stafar það af því að hluti af þessari greiðslu kemur ekki fyrr en eftir áramót. Uppsafnaður söluskattur verður greiddur á svipaðan hátt og verið hefur í iðnaði en þar mun vera um þriggja mánaða biðtími eftir slíkum greiðslum.

Ég vil aðeins nota tækifærið og geta þess út af ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar áðan, að það er hárrétt hjá hv. þm. að ég hef ekki reynslu í sjávarútvegi né við fiskveiðar. Hins vegar hafði ég mjög reyndan mann, Garðar Sigurðsson, sem formann sjútvn. Nd. meðan ég var sjútvrh. og frá honum komu margar ágætar ráðleggingar. Ég vísa því á bug að mér sé ekki leyfilegt að svara fyrir þegar því er lýst yfir að stjórn sjávarútvegsins hafi verið hroðaleg á undanförnum árum.

Ég tek undir það með hv. þm. að það er allt of mikið að þurfa að greiða 20% af heildartekjum, sumir greiða jafnvel allt upp í 25 og 30%, vegna botnlausra skulda. Það er allt of mikið. Ég þekki hins vegar sem betur fer nokkuð marga útgerðarmenn, þrátt fyrir reynsluleysi mitt á þessu sviði, sem greiða langtum lægri tölur en þetta og hafa átt auðvelt með að standa í skilum. Þessir menn hafa, skulum við segja, verið svo heppnir að kaupa skip með annaðhvort pundaláni eða láni í norskum krónum, en þau hafa, eins og allir vita, ekki hækkað nema um brot af því sem dollarinn hefur hækkað.

Það er út af fyrir sig ein leið að strika út skuldir. En einhver verður að borga. Og hér er um stórar upphæðir að ræða. Það verður þá ekki gert nema þjóðarbúið í heild greiði slíkar skuldir. Það gæti vel komið til greina en til þess yrði að sjálfsögðu að afla verulegra tekna með einhverju móti og ég ætla ekki að fara að ræða það hér. Og þó að þessu hafi verið hvað eftir annað slegið fram þá var niðurstaðan sú, eins og lýst hefur verið, að ráðast í mjög víðtæka skuldbreytingu, að lengja lánin mjög mikið, jafnvel svo mikið að líkur eru til þess að ýmis þessi lán séu lengri en endingartími viðkomandi skipa og muni því jafnvel falla á Fiskveiðasjóð og verða að greiðast af sameiginlegum sjóðum landsmanna. Vitanlega er þetta í raun og veru einn angi af umræddu pennastriki.

Ég hef að sjálfsögðu séð þá ályktun sem hv. þm. lýsti. Þar er áhersla lögð á að skrá gengið rétt. Ekki léttast nú skuldir útgerðarinnar við það að skrá gengið rétt, eins og fiskvinnslan leggur áherslu á. Þá hækkar dollarinn enn þá meira og skuldirnar enn þá meira. Þannig er það nú oft að það rekst hvað á annars horn.

Ég tek undir það með hv. þm. að ekki má gera neitt það sem stefnir viðskiptum okkar við Sovétríkin í hættu eins og fram kom í þessari ályktun. Það kaupum við olíuna og skv. samningum við Sovétríkin þá er hún keypt á Rotterdam-verði. Það liggja fyrir og hafa hvað eftir annað verið lagðar fram hér ítarlegar upplýsingar um það hvernig olíuverðið er myndað. Nú er lagt til að létta öllum opinberum gjöldum af olíunni til að lækka hana, þó að vísu ekki nema um 2%. Ég hygg að útilokað yrði, nema þá að leggja til verulegt fjármagn úr ríkissjóði og afla þá tekna til slíks, að tryggja að meðalolíuverð yrði það sem ályktunin gerir ráð fyrir, m. a. stórlega niðurgreitt olíuverðið á Bretlandseyjum til útgerðarinnar. Ég vek athygli á því að olíuverð í Færeyjum er nokkurn veginn það sama og hér. Þó að þetta sé ágætur listi og margt í honum athyglisvert, eins og í öðru sem aðilar samþykkja, þá er staðreyndin þó sú að flestar þessar aðgerðir kosta óhemju fjár. Og einhvers staðar verður að taka það fé. Ef menn vilja heldur taka það frá hinum almenna launþega þá er það út af fyrir sig ein leið.

En ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að ég held að flestir, sem til mála þekkja, bindi miklar vonir við batnandi afkomu fyrst og fremst með auknum afla og batnandi aðstöðu í sjávarútvegi.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er auðvitað samþykkur þessu frv. sem hæstv. forsrh. var að mæla fyrir. En vegna orða hæstv. ráðh. um skipakaup og greiðslubyrði þá er það ljóst að þeir sem keyptu skipin sín á „réttum tíma“ geta auðvitað borgað sínar skuldir. Þær eru óverðtryggðar. Og þeir útgerðaraðilar eru ekki búnir að borga niður sín skip vegna þess að þeir hafi fiskað svo mikið og verið duglegir, heldur vegna þess að skuldin hækkar ekkert með verðbólgunni og það er verið að greiða skuldina með langtum verðminni krónum.

Ég man eftir því að fyrstu vertíðina sem ég reri var ég

á nýjum, glæsilegum bát, nýsmíðuðum úr Þýskalandi, afar vandað skip. Það skip kostaði 1.2 millj. kr. (**Gripið fram í:** Þú ert orðinn gamall maður.) Já. Það eru bráðum 30 ár síðan, 29 ár síðan. — Það kostaði 1.2 milljónir. Hvað er það mikið í okkar krónum núna, hinum þungu krónum? 12 000 kr., er það ekki? Ef menn fá að borga skipin sín í slíkum krónum þá er auðvitað lítill vandi. En sem betur fer gengur mönnum misjafnlega. Aðalatriðið er það að þeir sem fara út í dýr skipakaup eða skipasmíðar, sem eru afar dýrar módelsmíðar hér innanlands, ráða þeir auðvitað ekkert við þetta. Það er algjörlega vonlaust, sama hvað menn afla mikið, nema rétt í einstökum undantekningartilfellum.

Það dugar ekki að fela þennan vanda fyrir sér með því að benda á skip sem standa eitthvað skár eða þau skip sem smíðuð voru langtum fyrr, fyrir verðtryggingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 542). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um ríkisábyrgð á launum sem flutt var í Ed. á þskj. 50. Ed. hefur fjallað um málið og gert á því eina breytingu frá frv. sem er talsvert veigamikil. Til að stytta umr. tel ég ekki ástæðu til að endurtaka ítarlega framsögu fyrir málinu í hv. Ed. þar sem ég flutti framsöguræðu fyrir þessu frv. á síðasta þingi en þá náði frv. ekki fram að ganga.

Þetta frv. er fyrst og fremst flutt til að lagfæra ýmsa vankanta sem verið hafa á framkvæmd laga um ríkisábyrgð á launum. Það er samið af valinkunnum mönnum sem til þess voru kjörnir í nefnd 1981. Í nefndinni áttu sæti Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarstjóri í félmrn., og var hún formaður nefndarinnar, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnlaugur Claessen deildarstjóri í fjmrn. og Markús Sigurbjörnsson fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík.

Helstu breytingar frá gildandi lögum sem í þessu frv. felast eru í fyrsta lagi í III. kafla frv. þar sem eru reglur um meðferð greiðslukröfu á hendur ríkissjóði, en fyrirmæli þar um eru ekki ítarleg í gildandi lögum. Reglur þessar miða að því að hraða málsmeðferð og gera hana einfaldari í framkvæmd, auk þess sem þær samræma betur skiptameðferð bús en núgildandi lög gera. Í því sambandi er bent á ákvæði 7. gr. frv. en þar er að finna upptalningu á þeim upplýsingum og gögnum sem launþegi þarf að láta fylgja kröfu sinni til rn. Þá er enn fremur í 8. gr. tilgreint hverra upplýsinga rn. þurfi að afla frá skiptaráðanda um kröfuna.

Í 9. gr. er sérregla um gagnaöflun launþega og rn. í þeim tilvikum sem gögnin eru ekki gefin út fyrir skiptameðferð í búi vinnuveitanda.

Í 11. gr. eru fyrirmæli um ákvarðanatöku í rn. um það hvort kröfu skuli greiða úr ríkissjóði og jafnframt fyrirmæli um hvernig leysa skuli úr ágreiningi um hvort krafa njóti ríkisábyrgðar.

Loks eru í 13. gr. fyrirmæli um tilkynningar o. fl. varðandi yfirtöku ríkissjóðs á kröfu.

Ríkisábyrgðin nær skv. 1. gr. frv. til kröfu launþega á hendur skuldafrágöngubúi látins vinnuveitanda auk þess að ná til kröfu á hendur gjaldþrota vinnuveitanda eins og núgildandi lög mæla fyrir um.

Skv. d-lið 4. gr. frv. er fjölgað þeim aðilum sem krafið geta ríkissjóð um dánarbótakröfu á hendur vinnuveitanda.

Í b-lið 5. gr. frv. eru fyrirmæli um 5% hámarks hlutafjáreign sem launþegi má eiga í gjaldþrota hlutafélagi til þess að hann njóti ríkisábyrgðar á kröfum sínum. Núgildandi reglugerðarákvæði þar að lútandi eru 2%.

Í 8. gr. 2. mgr. er heimild til að taka greiðslukröfu á hendur ríkissjóði til afgreiðslu fyrr en núgildandi lög mæla beinlínis fyrir um.

Í 2. mgr. 11. gr. frv. er heimild til veitingar gjafsóknarleyfis til handa launþega í ágreiningsmálum um hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Í þriðja lagi gerir frv. í b-lið 4. gr. ráð fyrir að ríkisábyrgð nái ekki til orlofsfjárkrafna eins og núgildandi lög gera ráð fyrir nema í þeim tilvikum sem launþegi fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfu sinni.

Í a-lið 4. gr. er sett hámark á það tímabil sem launþegi getur fengið greiðslu launakröfu úr ríkissjóði fyrir. Það ákvæði kemur í staðinn fyrir 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga sem reynst hafa mjög óljós og torveld að fylgja í framkvæmd.

Þá vil ég taka fram að í 3. gr. frv. eru skilgreind grundvallarhugtök varðandi framkvæmd laganna sem nær með öllu vantar í núgildandi lög. Á ég þar við hugtökin „vinnulaun“ og „launþegi“.

Eins og ég áður sagði, herra forseti, tel ég ekki ástæðu til að fara ítarlega í frv. við þessa umr. Ég vil aðeins geta þess að það var gerð veigamikil breyting í hv. Ed. þar sem gengið er til móts við óskir launþegahreyfinga um það að taka inn í ríkisábyrgðina kröfu viðurkenndra lífeyrissjóða vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði iðgjaldahluta launþega og vinnuveitenda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búið. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði og launþegasamtökin lögðu mikla áherslu á að fá þetta inn í frv. Í hv. Ed. var algjört samkomulag um að taka þetta inn í frv. og hef ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. mælast til þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. Ég legg mikla áherslu á að hv. alþm. geti sameinast um að láta þetta frv. verða að lögum á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463, n. 547). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum. Þetta frv. er komið frá Ed. og fékk þar ítarlega meðferð. Á fund heilbr.- og trn. Ed. kom Örn Bjarnason forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins og gaf upplýsingar um það af hverju hæstv. heilbr.- og trmrh. taldi þörf á því að flytja þetta frv. Að

þessu er vikið í grg. sem fylgir frv. En aðdragandi þess er sá að heilbrigðiseftirlitið á Reykjavíkursvæði kærði fyrir nokkru til ríkissaksóknara dreifingaraðila sem taldi ákveðna vöru ekki til sölu á dreifingarstað og hélt því fram að það væri heilbrigðiseftirlitsins að sanna að hún væri til sölu. Ríkissaksóknari taldi ekki lagalega forsendu til aðgerða þar sem áðurnefnd reglugerðarákvæði ættu sér ekki lagastoð og þegar sönnunarbyrði væri snúið við á þennan hátt þyrfti til ótvíræða lagaheimild. Hún var ekki til staðar því að fyrsta reglugerðin um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum kom í kjölfar laga sem voru sett 1936.

Nú eru sem sagt tekin af tvímæli með þessu frv. og ég tek það fram að við í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar vorum öll sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts eins og það kom frá Ed.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5, n. 506, 509, 517 og 522, 505, 507, 514, 516, 518). — Frh. 2. umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það hefur verið margt og mikið fjallað um þetta ágæta útvarpsmál og ætla ég mér ekki að gera að umtalsefni alla enda þess og kanta, heldur langar mig til að víkja athyglinni að hlutum sem ég held að séu nokkuð mikilvægir, þ. e. sambúð stjórnmálamanna og stjórnmálastofnana og fjölmiðla.

Það vefst ekki fyrir neinum að nauðsynlegt er að til sé í landinu öflug fjölmiðlun. Ef vel er er hún í formi blaða, tímarita, sjónvarps, útvarps og ýmissa þeirra miðla sem fyrir hendi eru. Hlutverk þessara stofnana hlýtur að vera að reyna að skýra og upplýsa fólk og reyna að sundurgreina og útlista málefni til þess að á endanum komumst við hugsanlega að einhvers konar sannleik. Kannske má segja að hlutverk blaða, tímarita, sjónvarps, útvarps o. fl. sé að reka í sameiningu einhvers konar sannleiksmálaráðuneyti. Viðleitni þessara aðila beinist að ýmsum. Hún beinist að Alþingi. Hún hlýtur að beinast að ríkisstj. og ýmiss konar almannasamtökum sem eru valdamiklar stofnanir í samfélaginu eða öðrum valdaaðilum. Til þess að þetta gangi er tvennt mikilvægt. Það eru tvö grundvallarskilyrði.

Í fyrsta lagi þarf að gera einhverjar þær aðgerðir sem tryggja fjölbreytileika fjölmiðlanna, tryggja að fyrir séu á hverjum tíma margar uppsprettur eða lindir upplýsinga þannig að um vissa samkeppni sé þar að ræða. Í öðru lagi er mikilvægt að tryggja sjálfstæði þessara sömu aðila. Þá höfum við annars vegar fjölbreytileika og hins vegar sjálfstæði.

Tökum fjölbreytileikann fyrir fyrst. Hann skiptir verulega miklu máli. Fróðlegt er t. d. að líta til annarra landa. Í Bretlandi starfaði á árunum upp úr 1974, að ég hygg, svokölluð Annan-nefnd. Hún var undir forsæti Annans lávarðar og fjallaði um fjölmiðlun í Bretlandi. Þegar sú nefnd skilaði niðurstöðum lagði hún mikla áherslu á þörfina fyrir fjölbreytileika í menningarlegum og samfélagslegum atriðum. Þetta þykir svo sem ekkert nýtt, en þótti kannske nýtt þá. Þessa áherslu á fjölbreytileika sjáum við gerast í ýmsu tilliti í menningarmálum, eins og í áherslu á staðbundið útvarp, áherslu á staðbundna blaðaútgáfu og fjölgun þeirra sem þar koma við sögu. Þetta er breyting frá því sem má kannske segja að hafi verið stefnan á áratugnum á undan þar sem leitast var við að stækka einingar, steypa þær í sama mót og jafnvel skapa miðstýringu sem menn kölluðu reyndar ekki miðstýringu. Menn voru sælir í þeirri trú, sem var kannske eðlilegt þá, að þeim mun stærri sem einingarnar væru og þeim mun færri sem kæmu að stjórnun þeirra, þeim mun markvissari yrði starfsemi þeirra.

Annan-nefndin taldi það verulega hættulegt lýðræðinu ef uppsprettur fréttaskýringa og skoðana yrðu fáar. Ég er sammála þessari niðurstöðu og því tel ég að það sé eitt hlutverk stjórnmálamanna í umræðum um fjölmiðlun að útbúa skilyrði til að fjölga uppsprettum skoðana og skýringa og koma líka í veg fyrir að þær safnist á eina hendi eða fáar hendur.

Það er af því tagi sem sú tillaga okkar Bandalagsmanna er í framkomnum brtt. við útvarpslagafrv. að setja ákveðnar reglur gegn því að mikilvægir fjölmiðlar, hvort sem það er útvarp, sjónvarp eða blöð, safnist á fáar hendur. Þetta er grundvallaratriði til að tryggja fjölbreytileika skoðanalindanna.

Maður heitir Anthony Smith og er Breti, gamall og reyndur fjölmiðlari. Hann er háskólakennari í þessari grein og hefur skrifað mikið um þetta og sömuleiðis stjórnað sjónvarpsþáttum, bæði um fjölmiðlun og önnur efni, í Bretlandi. Hann telur að eina leiðin til raunverulegrar virkrar útvarpsstarfsemi, bæði hljóðvarps og sjónvarps sé með mörgum einingum þar sem hver þeirra hafi örugga fjárhagslega afkomu. Það er grundvallaratriði til að þessar stofnanir geti gengið. Meðal þessara stofnana verði síðan samkeppni með því nauðsynlega sjálfstæði, t. d. frá pólitískum ítökum, sem sé nauðsynlegt til að þessar stofnanir geti gengið eðlilega.

Ég held að það sé mikilvægt að íslensk útvarpslög, þegar þau verða samþykkt, hafi það að markmiði að tryggja að sem flestir geti komist að og sem flestir geti starfrækt stöðvar af þessu tagi. Þá er ég að meina elektrónísku miðlana, en þetta gildir í raun líka um blöð, tímarit o. fl.

Því næst langar mig að koma að sjálfstæði þessara stofnana. Það sem ég vil segja í sambandi við sjálfstæði er tvíþætt:

Í fyrsta lagi er það stjórnun útvarps og sjónvarps. Hvernig er stjórnun fyrir komið? Hvernig er útvarpsstjórn? Hvernig er útvarpsráð?

Í öðru lagi skiptir líka fjármögnunin máli, eins og ég sagði áðan. Það er mat fjölmiðlamanna að stjórnmálamenn, sem standa álengdar og fylgjast með fréttamönnum með hljóðnema og myndavélar, öfundi þá kannske á ýmsan hátt og óttist jafnvel völd þeirra. Þetta fólk hefur mikil völd og mikil áhrif. Þau völd eru að því leyti án ábyrgðar að þetta fólk verður ekki kallað til ábyrgðar gagnvart kjósendum. Þetta fólk stendur ekki í sömu sporum og stjórnmálamenn, ef vel á að vera, þurfa að gera. Þannig hefur, kannske af eðlilegum ástæðum, komið fram viss tortryggni þar sem stjórnmálamenn leitast við að gera fjölmiðlafólkið ábyrgt gagnvart þeim sem þeir telja réttkjörin stjórnvöld — í flestum tilfellum þeir sjálfir.

Þetta kemur fram á ýmsan hátt. T. d. er á Íslandi hafður sá siður að Alþingi kýs stjórnvöld útvarps. Alþingi kýs núna útvarpsráð og Alþingi á samkv.

framkomnum tillögum um útvarpslög að kjósa bæði útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð. Í Bretlandi er farin önnur leið. Þar er einfaldlega farin sú leið að sambærilegar nefndir eru skipaðar af ráðh. Þær eru skipaðar af framkvæmdavaldi. Það er álitið hlutverk framkvæmdavaldsins að sjá um skipan þessara stofnana. Ráðh. og rn. er látið það eftir. Í Þýskalandi tíðkast hins vegar nokkuð undarleg blanda. Þar tíðkast tilnefningar ýmissa aðila í yfirstjórn sjónvarps- og útvarpsmála. Það eru tilnefndir fulltrúar frá stjórnmálaflokkum, fulltrúar frá fylkisstjórnum og sömuleiðis eru tilnefningar frá ýmsum valdaaðilum í samfélaginu, eins og ASÍ, VSÍ, Stéttarsambandi bænda, kirkjunni og fleiri aðilum svo ég nefni þá hérlenda aðila sem kæmu til greina í svipuðu kerfi.

Lítum fyrst á breska kerfið. Þar er sá siður að rn. og ráðh. skipa einfaldlega útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð. Þetta er aðferð sem menn hafa aldrei treyst sér til að nota hér. Ég er þá ekki eingöngu að tala um skipan útvarpsmála hér, heldur hefur sú venja verið mjög rík hjá okkur að láta Alþingi kjósa í stjórnir og ráð fyrir hinar ýmsu stofnanir og hin ýmsu fyrirtæki sem rekin eru annaðhvort af ríkinu eða í einhverjum tengslum við ríkið. En í Bretlandi er alfarið á valdi ráðh. og rn. hverjir eru þar skipaðir. Það er einfaldlega hlutverk framkvæmdavaldsins að sjá um þetta mál. Svo er það hlutverk stjórnmálaflokkanna að fylgjast með starfsemi þessara sömu stofnana og rn. ganga eftir því að farið sé eftir settum reglum og fylgjast með því eftir föngum að menn gæti réttsýni og sanngirni. Þetta kerfi leyfir að stjórnmálaflokkar hafi aðgang að því að sinna eftirlitsskyldu sinni. Eins og kerfið er hjá okkur, þar sem fulltrúar hinna einstöku stjórnmálaflokka sitja í þessum sömu nefndum og ráðum, koma þeir um leið sjálfir í veg fyrir að flokkssystkini þeirra gangi eftir þeirri eftirlitsskyldu sem þeir í raun hafa.

Þessar nefndir og þessi ráð eru skipuð ópólitískt hjá Bretunum. Það er safnað saman fólki sem menn telja að hafi sitthvað til málanna að leggja í sambandi við fjölmiðlun. Ég hygg að núverandi útvarpsráð BBC sé samsett af endurskoðanda, fyrrv. ritstjóra, skólastjóra, háskólakennara, fyrrv. sendiherra og vísindamanni í raungreinum, svo dæmi séu tekin. Þetta er fólk sem þarf ekki að standa neinum stjórnmálaflokkum reikningsskil eða hagsmunasamtökum. Það er einfaldlega skipað af ráðh. til að vinna stofnuninni sem mest gagn. Það hefur líka sýnt sig að þessir fulltrúar telja skyldur sínar ríkastar gagnvart fólki og gagnvart hefð stofnunarinnar sem þeir vinna hjá, en telja sig ekki eiga neina skuld að gjalda pólitíkusum, stjórnmálaflokkum eða einhverjum stofnunum úr kerfinu.

Þrátt fyrir ríka hefð sjálfstæðis í stjórn og rekstri breskra sjónvarpsstöðva hafa þær starfað innan mjög ákveðinna ramma. Um þær hafa verið settar mjög ákveðnar skorður. Þær skorður hafa verið settar af ríkisstjórn og þingi. Því hefur stundum verið haldið fram að útvarpsmálum í Bretlandi megi skipta í þrjú meginskeið. Í fyrsta lagi sé hljóðvarpsskeiðið, í öðru lagi sé sjónvarpsskeiðið þar sem ætíð hafa gilt strangar reglur frá stjórnvöldum og í þriðja lagi það skeið sem hófst í kringum 1980 þar sem verulega hefur verið losað um reglugerðir varðandi framleiðslu og dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis af þeim einföldu ástæðum að tæknilegt umhverfi nútímans er þannig að ekki er hægt að setja um það eins ákveðnar reglur og áður var gert.

Menn telja að reglugerðarfestan hafi valdið ákveðinni deyfð í breska sjónvarpinu og útvarpinu, bæði ríkisrekna kerfinu og því sem er í einkarekstri, og að strangar reglur hafi múlbundið þessi fyrirtæki á vissan hátt og staðið þeim í vegi þegar að því kom að taka upp nýja starfshætti. Þetta er kannske fróðlegt fyrir okkur að íhuga þegar við ætlum að opna fyrir þessi mál, að við reynum að feta meðalveg þess að setja þessari starfsemi skynsamlegar reglur án þess að hneppa okkur um of í reglugerðarfestuna sem er tímaskekkja vegna breyttra aðstæðna á tæknimarkaðinum.

Lítum á hvernig þessi mál hafa þróast í Þýskalandi, þ. e. afskipti stjórnvalda af útvarpi og sjónvarpi. Það hefur orðið talsvert öðruvísi. Ég tók að gamni mínu saman upplýsingar um hvernig stjórnun einnar sjónvarpsrásarinnar, Zweites Deutsches Fernsehen, ZDF, er háttað. Hún var stofnuð 1961 og samanstendur af sjónvarpsfyrirtækjum sem eru sameignarfélög sambandsríkjanna. Þeim var ætlað merkilegt hlutverk, að stuðla að endursameiningu, að stuðla að heiðarlegum fréttaflutningi og flestu því sem gæti orðið nútímalegu lýðræðisríki til framdráttar. Stjórnunin á þessari sjónvarpsrás er eiginlega í tvennu lagi.

Í fyrsta lagi er stór nefnd sem hefur mest völd. Þar eru á milli 60 og 70 fulltrúar og þar hefur verið farin sú leið að tilnefna fulltrúa frá ýmsum svokölluðum hagsmunaaðilum. Þar eiga t. d. stjórnmálaflokkar fulltrúa, þar á sambandsríkið fulltrúa, þar eiga hin einstöku fylki fulltrúa, mótmælendakirkjan, kaþólska kirkjan, gyðingar, verkalýðshreyfing, vinnuveitendasamband, bændur, landssamband iðnaðarmanna, blaðamannafélög svo nokkur dæmi séu nefnd, allt upp í milli 60 og 70 manns. Þarna er reynt að ná breiðri samstöðu um hvernig stjórna eigi þjóðinni til sem mestrar blessunar. Hugmyndir um svipaða skipan útvarpsráðs hafa komið fram hér.

Í öðru lagi er starfandi minni nefnd, sem er svokölluð framkvæmdanefnd, sem í eru fulltrúar sambandsríkjanna og fulltrúar kosnir af þessu stóra ráði og fer sú nefnd með nánari stjórn.

Hérna er gerð tilraun til að ná saman fulltrúum frá sem flestum þjóðfélagsöflum sem ætla mætti að máli skiptu og ætla mætti að hefðu áhuga á að láta þetta fara sem best fram til að ná einhvers konar heildarsátt og sækja fram til sameiginlegs markmiðs hjá þýskri þjóð.

En hvað hefur gerst? Hin pólitísku flokkstengsl ráða mestu um starfsemi allra fulltrúa í báðum þessum sjónvarpsráðum. Það gerist m. a. s. að áberandi framagjarnir stjórnmálamenn sækjast eftir því að vera kosnir í þessi ráð og það gerist líka að fulltrúar svokallaðra ópólitískra samtaka, eins og kirkjunnar, bænda o. fl., verða flokkspólitískir, þeir eru kjörnir vegna þess að þeir hafa mikilvæg pólitísk embætti eða mikilvæg pólitísk tengsl. T. d. hefur það gerst hjá Bæheimska sjónvarpinu að aðeins þriðjungur fulltrúa í stórráðinu hjá þeim hafði flokkspólitíska afstöðu fyrir 25 árum, en 15 árum seinna næstum 60%. Sé fólk kosið á einhvers konar ópólitískum grundvelli til þátttöku í þessu hneigist það til pólitískra afskipta og til að taka pólitíska afstöðu.

Dæmi um áhuga pólitískra forustumanna á því að starfa í svona útvarpsráðum má t. d. taka af framkvæmdaráði annarrar sjónvarpsrásarinnar í Þýskalandi.

Þar voru árið 1976 eftirtaldir starfandi: Helmut Kohl flokksformaður kristilegra demókrata, forustumaður stjórnarandstöðu, var líklega forseti framkvæmdanefndarinnar, varaforseti framkvæmdanefndarinnar var borgarstjórinn í Bremen, sem var líka varaformaður jafnaðarmannaflokksins, Hans Koschnick, og í stjórninni var varakanslari, utanrrh. og flokksformaður frjálsra demókrata Hans-Dietrich Genscher. Þarna höfum við dæmi um að forustumenn í stjórnmálum telja það æskilegt fyrir sig og sína flokka að hafa bein afskipti og íhlutun af starfi þessara fjölmiðla.

Þetta eru sem sagt dæmi um flokkspólitíska ásókn í stjórnir sjónvarpsfyrirtækja. Og hver eru áhrifin af þessum staðreyndum? Þau kristallast í nafni greinar sem er skrifuð um þýskt sjónvarp og er í bók sem heitir „Television and political life", sjónvarp og stjórnmál. Greinin heitir „From a democratic showcase to party domination" eða: Frá lýðræðislegri fyrirmynd til flokkslegra yfirráða. Sem sagt: Sjónvarpskerfi, sem var sett á stofn til að verða fyrirmynd um lýðræðislega starfshætti og lýðræðisleg áhrif, er orðið dæmi um yfirráð stjórnmálaflokka.

Í þessu kerfi átti að ná almennri þátttöku og sameiginlegri ábyrgð hinna ýmsu þjóðfélagshópa, stjórnmálaflokka og stjórnvalda, en vegna beinna pólitískra afskipta af þessum miðlum er hið þýska sjónvarpskerfi orðið dauflegt, það er hrætt við að taka almennilega á málum vegna þess að þeir sem það gera eru lamdir í hausinn af fulltrúum flokkaveldisins. Út úr þessu kemur meðalhnoð sem enginn er almennilega ánægður með. Yfirmenn einstakra sjónvarpsstöðva, sem eru valdir af þessum stjórnvöldum, eru sömuleiðis valdir eftir pólitískum leiðum, en ekki með tilliti til reynslu eða hugsanlegrar gagnsemi fyrir fjölmiðlun.

Á endanum gerist það, sem menn kannske þekkja lítið, það gæti verið að einhverjir þekktu það hér, að starfsfólk er ekki að sinna fréttamennsku og fjölmiðlun, heldur er það að reyna að feta einhvers konar einstigi flokkspólitísks jafnvægis. Kannske endar með því að það er ekki fréttamat sem þeim er aðallega hugleikið, heldur einhvers konar flokkamat til að vera nokkurn veginn viss um að öllum sé gert sæmilega hátt undir höfði.

Það er nokkuð fróðlegt að athuga ummæli ýmissa sem hafa starfað í þessu þýska sjónvarpskerfi sem er svona nátengt pólitískum áhrifum og pólitískum flokkum. Þar kalla ég fyrst til vitnis Klaus von Bismarck, hvorki meira né minna, sem stýrði stóru sjónvarpskerfi frá 1961 til 1976, hann segir í ræðu 1977, stuttu eftir að hann lætur af störfum, hann þorir ekki að segja þetta fyrr en hann er hættur að vinna hjá sjónvarpinu, hann segir: „Ég hef gert mér grein fyrir að þar sem atvinnustjórnmálamenn koma nærri þá eru það flokkslegir valdahagsmunir sem á endanum ráða gjörðum þeirra. Það að gera ráð fyrir einhverju öðru væri barnaskapur." Eða eins og hann segir: „To put an idealistic gloss on the situation." Síðan segir hann: „Hver er ástæðan fyrir þessari vaxandi tilhneigingu til flokkspólitískrar skiptingar? Það er þrýstingur flokkanna, yfirleitt flokkshópanna á hinum ýmsu svæðum, á fulltrúa í þessum ráðum. Það er þessi þrýstingur sem hefur aukist. Áhrifin eru þau að frelsi meiri hluta ráðsmanna til ákvarðana, manna sem eiga undir flokk sinn að sækja, frelsi þeirra til ákvarðana er orðið afar lítið." Síðan segir Bismarck: „Það gengur gegn grundvallarhugmyndum um frjálslynt samfélag að stjórnmálaflokkar, sem eru ábyrgir fyrir því að koma fram ákveðnum pólitískum vilja og til þess kosnir, það gengur gegn grundvallarreglum þessa frjálslynda samfélags að þeir til samans hegði sér eins og þeir séu handhafar einhvers konar almenns samfélagslegs vilja", eins og kemur fram hjá íslenskum stjórnmálaflokkum þegar þeir telja að með því að vera kosnir á löggjafarsamkomu í ákveðnum hlutföllum hafi þeir um leið fengið framselt vald hjá þjóðinni til þess að gegna ýmiss konar starfsemi og ráða ýmiss konar starfsemi sem ekkert á skylt við löggjafarstörf.

Ég held ég ræði nú ekki meira af þessum ummælum Klaus Bismarcks. Hann hefur lýst skoðun sinni á flokkspólitískum hagsmunum í sjónvarpsmálum.

Það hafa fleiri svipaða sögu að segja. Annar yfirmaður úr þýska sjónvarpskerfinu hefur sagt: „Ég tel það barnaskap að gera ráð fyrir að fulltrúar ýmissa samfélagslegra hagsmunasamtaka (eins og ég lýsti áðan), kirkjunnar, atvinnumarkaðar og fleiri og fleiri, líti á sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar framar hagsmunum sinna eigin samtaka. Á endanum eru menn þrælar og þjónar þeirrar hagsmunaklíku sem velur þá til þátttöku í þessu starfi frekar en þeir séu með einhvers konar samfélagsleg markmið heildarinnar í huga."

Þetta er aðeins lítið dæmi um mat manna, sem um langt skeið hafa starfað í kerfi sem er nátengt flokkspólitískum hagsmunum, fjölmiðlakerfi sem hefur sýnt sig að má sig hvergi hræra núna, vegna þess að alls staðar sitja fulltrúar stjórnmálaflokkanna og gæta hagsmuna sinna og sinna flokka frekar en hagsmuna heildarinnar.

(**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann geti lokið máli sínu núna eða hvort hann vilji halda áfram ræðu sinni klukkan 6.) Ætli ég ljúki ekki ræðu minni klukkan 6, ég á eftir að draga af þessu ýmsar ályktanir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það sem ég gerði að umtalsefni hér áðan var einn hluti þessa útvarpsmáls, þ. e. hvert samband stjórnmála, stjórnmálamanna og útvarps og þá aðallega sjónvarps skuli vera. Það kemur í raun og veru fram í því stjórnarfyrirkomulagi sem er á þessum málum, þ. e. hvernig stjórnvöld. Alþingi eða ríkisstj., skipa t. d. í útvarpsréttarnefndir eða útvarpsráð, þar sem um er að ræða ríkisrekstur á einhverjum hluta útvarps- eða sjónvarpskerfisins.

Ég nefndi mismunandi fyrirkomulag. Ég nefndi að Bretar fara þá leið að þar er það ráðherra sem skipar þær nefndir sem eru hliðstæðar við þær nefndir sem við höfum með útvarpsréttarnefnd eða útvarpsráði. Þar eru skipaðir fulltrúar sem eiga ekki neina skuld að gjalda pólitískum samtökum eða hagsmunasamtökum af einu eða neinu tagi heldur eru aðeins ábyrgir gagnvart ráðh. sínum og þeim reglum og lögum sem um viðkomandi starfsemi gilda. Ég tel að þetta sé hin eðlilega leið í þessum efnum. Þetta er það starf sem framkvæmdavaldið á að hafa.

Ekkert Alþingi hefur verið kosið til þess að fara með stjórn fyrirtækja eða stofnana sem eru rekin á vegum ríkis eða í samvinnu við ríki. Umboði alþm. lýkur á Alþingi með lagasetningu. Þangað og ekki lengra á það að ná. Það á síðan að vera hlutverk framkvæmdavalds að skipa í stjórnir fyrirtækja. Alþm. hafa síðan eftirlitshlutverki að gegna gagnvart þessum sömu aðilum og

það hlutverk að fylgjast með að farið sé eftir settum lögum og reglum og hagsmuna heildarinnar gætt en ekki einstakra stjórnmálaflokka.

Sú hefur reyndar orðið raunin á í Bretlandi að menn, sem eru á þennan hátt skipaðir til útvarpsmála hafa bersýnilega talið að þeirra tryggð og trúfesta væri gagnvart stofnuninni, væri gagnvart því hlutverki sem viðkomandi stofnanir hafa en ekki gagnvart einstökum stjórnmálaflokkum eða einstökum faghreyfingum. Þessu kann að einhverju leyti að ráða hin ríka breska hefð og trúfesta við stofnanir sem eru sumar hverjar mjög gamlar. Um það skal ég ekki fullyrða, en tel þó að þarna sé fyrirmyndar að leita. Að auki tel ég að þetta fyrirkomulag styðjist í raun við grundvallarreglur þeirrar stjórnskipunar sem við viljum hafa, þ. e. um aðskilnað valdþáttanna, framkvæmdavalds og löggjafarvalds og síðan eftirlitshlutverk löggjafarvaldsins. Þetta er sem sagt hið breska kerfi.

Í þýska kerfinu, sem ég vitnaði í áðan og er í kringum aðra þýsku sjónvarpsrásina, hefur verið farin önnur leið. Þar var reynt að fara þá leið að kalla saman til ábyrgðar og ákvarðanatöku fulltrúa frá hinum „socially relevant forces", þ. e. öllum viðkomandi þjóðfélagsöflum. Þar er þá safnað saman fulltrúum bæði frá stjórnmálaflokkum, frá ríkisstjórnum eða fylkisstjórnum og frá hinum einstöku hagsmunasamtökum. Skv. þeim vitnisburði, er ég vísaði í í ræðu minni áðan, hefur þetta kerfi gersamlega mistekist vegna þess að, eins og þeir segja sem hafa unnið undir því, á endanum er hugurinn og tryggðin í yfirgnæfandi tilfellum gagnvart stjórnmálaflokkum frekar en einhvers konar heildarhagsmunum, ef við getum reiknað með að slíkir hagsmunir séu til. Ég tel að af þessu höfum við lærdóm að draga og ættum að hyggja vel að því að þetta er mjög mikilvægt atriði í því efni sem við erum hér að fara inn á með nýrri löggjöf og varðar bæði útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð.

Svo að ég víki að Íslandi erum við með eitt kerfið enn þar sem við kjósum hreinlega á Alþingi fulltrúa í þessar nefndir. Ég held að þetta sé á sinn hátt skylt þessu þýska kerfi. Við erum að reyna að útfæra ítök og ábyrgð stjórnmálaflokka út fyrir Alþingi, út í þjóðlífið og ég tel að það sé rangt.

Ég enda þessa ræðu mína með þeirri samantekt að það sé rangt að fara þá leið, sem gert er ráð fyrir í fram komnu frv., að láta Alþingi kjósa útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð. Þau verkefni, sem þessar nefndir og þessi ráð hafa, eru best komin hjá hópi sem skipaður er af ráðh. og hefur skyldur gagnvart ráðh. Þannig getum við haldið flokkspólitískum hagsmunum og sjónarmiðum utan við þetta mikilvæga svið. Á þann hátt mundum við geta komið við því sjálfsagða eftirlitshlutverki sem alþm. eiga að hafa með þessum málum og öðrum, ekki síst í þessum málaflokki þar sem við erum loksins og ekki seinna vænna vonandi að ganga inn í nýja tíð, við erum að reyna að semja okkur að háttum annarra vestrænna þjóða í þessum fjölmiðlunarmálum og ná upp slaka sem er orðinn allt of gamall og allt of stór og ekki vansalaust að svo verði áfram.

Hér með læt ég lokið þessari ræðu minni. Hún hefur fjallað um þetta samband stjórnmála og stjórnunarfyrirkomulags í útvarpsmálum. Ég mun síðar, við 3. umr., víkja að öðrum hlutum, eins og boðveitum, reglum til að hamla gegn einokun, til að hamla gegn því að þessar upplýsingauppsprettur, sem fjölmiðlunarfyrirtækin eru, safnist á of fáar hendur.

Páll Pétursson: Herra forseti. Erindi mitt hér í ræðustól er að þakka meiri hl. menntmn. fyrir ágætt starf. Hann hefur breytt frv. og breytt því til mikilla bóta að mínum dómi. Ég setti fram gagnrýni á frv. þegar það var til 1. umr. Sumt af henni var tekið til greina af meiri hl. nefndarinnar. Ég viðurkenni að ég gæti hugsað mér þetta frv. öðruvísi ef ég mætti einn ráða, en þetta er niðurstaða af samkomulagi stjórnarflokkanna. Fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í menntmn. Nd. hafa unnið gott starf, teygt sig langt til samkomulags. Þannig hlýtur að vera farsælast að vinna.

Þetta frv., eins og það kom frá nefndinni, var byggt á því að við framsóknarmenn töldum að Sjálfstfl. stæði einnig að þessu frv., að mestu leyti a. m. k., og stæði að frv. eins og meiri hl. gekk frá því. Þess vegna kom mér á óvart brtt. Friðriks Sophussonar sem lögð var hér fram á þskj. 514. Ég tel að þarna hafi verið staðið að málum með þeim hætti sem ekki sé æskilegur. Ég get lýst því yfir að ég mun ekki styðja málið ef sú brtt. yrði samþykkt. Ég hef ekki trú á því að þm. Framsfl. greiði þeirri till. atkv. Það liggur ljóst fyrir að einn þm. Framsfl. er á móti málinu, Stefán Valgeirsson, og það hefur komið hér fram í umr. Aðrir þm. Framsfl. munu það ég best veit greiða málinu atkvæði eins og meiri hl. menntmn. Nd. gekk frá því. En ég tel að við séum óbundnir af þeirri samþykkt ef farið yrði að samþykkja brtt. á þskj. 514 eða einhverjar aðrar en þær sem meiri hl. stendur að.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem fram hafa komið hér í umr. frá því að ég mælti fyrir mínu nál. sem 2. minni hl. menntmn. sem ég vildi víkja hér að. Þau varða m. a. athugasemdir sem fram hafa komið við mitt mál og brtt. sem ég hef flutt við þetta frv. en auk þess örfá almenn atriði sem ég tel rétt að komi hér enn skýrar fram af minni hálfu í sambandi við þetta útvarpslagafrv.

Það er í fyrsta lagi sú notkun hugtaka sem fram hefur komið, bæði hér í umr. af hálfu einstakra ræðumanna og einnig úti í þjóðfélaginu, þegar rætt er um svokallað frjálst útvarp. Verið er að tala um það að með þessu frv. sé verið að opna fyrir frjálsan útvarpsrekstur og sá rekstur verði ekki frjáls og rísi ekki undir nafni nema heimilað verði óskorað frelsi nýrra svæðisstöðva varðandi auglýsingar til tekjuöflunar. Ég get út af fyrir sig skilið þessa hugtakanotkun hjá þeim flokkum sem hafa það grundvallarsjónarmið að markaðurinn og fjármagnið skuli ráða ferðinni á nánast hvaða sviði sem er. Þar er Sjálfstfl. vissulega fremstur, a. m. k. í orði, þó að það liggi við borð að Bandalag jafnaðarmanna slái hann út þegar kemur til þessa máls sérstaklega og auglýsinganna sem þeir hafa lýst sem alveg sérsöku tæki til upplýsingar og telja sem sagt að öllu leyti að auglýsingar séu af hinu góða og því beri að opna fyrir þær óhindrað.

Hitt er erfiðara að skilja þegar fréttamenn ríkisfjölmiðlanna fara að éta upp þetta hugtak um frjálst útvarp og frjálsan útvarpsrekstur eftir talsmönnum ákveðinna stjórnmálaafla og hefur slíkt gerst mjög ítrekað við þessa umr. Ég get nefnt sem dæmi viðtal sem fór fram í sjónvarpinu þann 15. febr. s. l. þar sem fréttamaður

sjónvarpsins tók sér þetta hugtak í munn oftar en einu sinni í því viðtali.

Við hljótum að spyrja þegar farið er að beita slíkum hugtökum: Er ríkisútvarpið okkar ófrjáls fjölmiðill? Líta menn svo til að meginútvarp landsmanna hafi verið ófrjálst og starfi ófrjálst? Það hlýtur að vera andstæðan. Einhver hlýtur andstæðan að vera við hinar svokölluðu blessuðu, frjálsu stöðvar sem hér á að fara að heimila. Ég vara við hugtakanotkun af þessu tagi og ég bendi á að talsmenn auglýsingafrelsisins, óhefts markaðs- og viðskiptafrelsis í sambandi við útvarpsrekstur, nota þetta til að gylla sínar hugmyndir um það að lögmál markaðarins fái að njóta sín óheft og til fulls í útvarpsrekstri.

Það kom mjög skýrt fram hjá hv. 6. þm. Reykv., Ellert Schram, í ræðu sem hann flutti hér á síðasta fundi deildarinnar og einnig hjá hv. 4. þm. Reykv., Birgi Ísl. Gunnarssyni, að þeir teldu að bann við auglýsingum í svæðisútvarpi jafngilti nánast að eyðileggja alla möguleika á slíkum rekstri, jafngilti því að aðrar útvarpsstöðvar en Ríkisútvarpið fengju ekki notið sín. Ég held að hv. þm. Ellert Schram hafi orðað hugsun sína m. a. á þá leið að án verulegra tekna af auglýsingum sé vonlaust að reka útvarp. Hann sagði einnig nokkurn veginn efnislega að ýmislegt í frv. reisi skorður og takmarki samkeppnismöguleika við Ríkisútvarpið.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á þessum málflutningi og hvað á bak við hann liggur. Það er sem sagt verið að biðja um það hér og leggja það til með tillögu meiri hl. menntmn. og enn frekar með brtt. varaformanns Sjálfstfl. að farið verði að opna fyrir viðskiptaútvarp hér óheft, að farið verði að líta á það sem samasemmerki á milli þess að opna ljósvakann fyrir öðrum en Ríkisútvarpinu og afnema einkaleyfi þess, að setja samasemmerki á milli þess og fyrirtækjareksturs. Ef það verði ekki heimilað að reka slíkar svæðisstöðvar etir lögmálum markaðarins þá sé þetta einskis vert.

Ég hef fyrr í umr. bent á reynslu nágrannaþjóða okkar í þessum efnum og hvernig þær hafa tekið á þessum málum. Á hinum Norðurlöndunum eru ekki heimilaðar neinar auglýsingar í svæðisstöðvum og raunar ekki ríkisútvarpi þeirra landa nema að einhverju leyti í Finnlandi. Telja menn þó að tilraunin sé ómaksins verð og í takt við tímann. Ég hygg að sænska ríkisstj. sé að leggja fram sérstakt stjfrv. sem byggir á tilraunarekstri með svæðisútvarpi um árabil þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum auglýsingum eða tekjuöflun með auglýsingum. Eru þessar grannþjóðir okkar svona þröngsýnar að mati þeirra sem tala um samasemmerki milli auglýsinga í útvarpi og frelsis í útvarpsrekstri eða rýmkunar á einkarétti ríkisútvarps? Að mínu mati er það ekki, heldur eru menn einfaldlega að taka þarna markvisst skref til að auka fjölbreytni án þess að opna fyrir flóðgáttir fjármagnsins í þessum rekstri. Það er sjónarmið út af fyrir sig að líta á útvarpsrekstur sem bisness, sem viðskipti, sem gróðamöguleika. En það er sjónarmið sem ég er andsnúinn og hef varað við fyrr í umr. og geri það enn hér.

Þessi hugmynd, að jafna samkeppnisaðstöðuna við Ríkisútvarpið, eins og hv. þm. Ellert Schram orðaði það, lýsir einmitt inn í þann hugmyndaheim sem þarna er að baki, þ. e. að þessar svæðisstöðvar geti orðið virkur samkeppnisaðili við ríkisfjölmiðilinn og knésett hann eftir lögmálum hinnar óheftu samkeppni, eins og um hana er gjarnan rætt í þessu samhengi. Það er það sem Sjálfstfl. vill fá fram í þessu máli. Hann vill geta opnað hér fyrir Ísfilm fyrst og fremst, fyrir þann fjölmiðil sem íhaldið ásamt forustunni í Sambandi ísl. samvinnufélaga hafa sameinast um og á að verða keppinauturinn við Ríkisútvarpið og er ætlað það hlutverk að knésetja Ríkisútvarpið sem fjölmiðil í útvarpsrekstri hér á þéttbýlissvæðinu a. m. k. til að byrja með. Ég undrast það að þm. Framsfl. skuli ætla sér að taka þátt í þeim leik með þeim hætti sem lagt er til í till. meiri hl. menntmn., þ. e. að heimila — að því marki sem þar er — auglýsingar í svæðisstöðvum.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., leiddi raunar nánast hjá sér að ræða nokkuð um auglýsingaþáttinn. Hann rétt tæpti á því, svo feiminn var hann við þetta. Hann komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri eina færa leiðin, ef ég hef skilið hann rétt og hann afgreiddi tillögur okkar Alþb.-manna um það að auðvelda svæðisstöðvum tekjuöflun með því að skipta afnotagjaldi með Ríkisútvarpinu með útúrsnúningum. Hann sagði að menn gætu auðveldlega gefið upp rangar upplýsingar, villandi upplýsingar og þannig yrði kökunni rangt skipt.

Okkar till. um það að innheimta afnotagjöld sameiginlega þar sem notandinn getur valið úr tiltekna svæðisstöð til viðbótar við Ríkisútvarpið og tryggt þannig tekjuöflun til hennar er ekki hugsuð sem svo að það sé neinni tilviljun háð, heldur merkir viðkomandi notandi einfaldlega við þá stöð sem hann vill að fái fjórða part hugsanlega af heildarafnotagjaldi á móti Ríkisútvarpinu. Það rennur til viðkomandi stöðvar.

En tekjumöguleikarnir eru auðvitað fleiri með frjálsum framlögum og með beinum stuðningsgreiðslum þeirra aðila sem hafa áhuga á að nota sér ljósvakann til að koma sínum hugmyndum á framfæri af hugsjónaástæðum, af hugmyndalegum ástæðum. Það er það sem gerst hefur á Norðurlöndum á undanförnum árum í þeim rekstri sem þar hefur farið fram í „närradio" eða í svæðisstöðvum. Það er þannig sem fjölbreytnin kemur, það er þannig sem ekki koma upp fjölmiðlarisar á þéttbýlissvæðum sem mylja aðra undir sig eftir lögmálum markaðarins.

Það er þó vissulega fróðlegt að verða var við að það er ekki alveg búið að knésetja Framsfl., ekki gersamlega beygja hann í duftið þó að það sé búið að hálfu leyti í þessu máli. Þeim hnykkir þó aðeins við þegar blekið er ekki þornað undir samkomulagi meiri hl. menntmn. og hér kemur inn í þingið brtt. frá varaformanni Sjálfstfl. sem yfirlýst er síðan af talsmönnum úr menntmn., sem að þessu samkomulagi standa, að þeir muni styðja og það hafi verið gert samkomulag milli forsrh. og menntmrh. þess efnis að það verði óátalið látið. Það hefur þó komið fram frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og formanni þingflokksins Páli Péturssyni í þessari umr. að Framsfl. ætli ekki að una því að verða lagður alveg í duftið til viðbótar þeirri hneigingu sem hann hefur gert fyrir markaðsöflunum með samkomulaginu sem fyrir liggur í frv. sjálfu og í till. meiri hl.

Ég tel það fullvíst að það eru ekki aðeins þessi atriði um auglýsingafrelsið sem Sjálfstfl. hefur tryggt inn í þetta meirihlutasamkomulag, þó að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson létist tala með nokkrum fögnuði um brtt. sem ég er nokkurn veginn viss um að hann hefur ekki

skrifað undir með glöðum huga. Hann lét þó svo að þar horfðu til bóta atriði eins og að breyta frá texta frv. eins og það liggur nú fyrir varðandi það atriði í upphafi 3. gr., að mig minnir, að eingöngu sérstökum félögum, sem stofnuð eru um útvarpsrekstur, sé heimilt að sækja um leyfi til slíks rekstrar. En brtt. meiri hl. hnígur að því að í staðinn fyrir sérstök útvarpsfélög komi „lögaðilar". Hvaða lögaðili sem er, Árvakur hf., getur sent inn sína umsókn fyrir útvarp, Frjáls fjölmiðjun hf. getur sótt um slíkt án þess að greina það að nokkru leyti frá sínum almenna rekstri.

Hv. þm. greip til þess ráðs til að rökstyðja hvað það væri mikið snjallræði að gera þessa breytingu frá fyrirliggjandi texta frv. að segja sem svo: Hvernig líst ykkur á ef Alþýðusamband Íslands — og þar var hann raunar að vitna til brtt. BJ – fær ekki samtímis að gefa út fréttabréf og standa að útvarpsrekstri?

Ég vil að það komi fram að ég er þó hlynntur þeim texta sem er í frv. um þessi atriði, tel hann mun frambærilegri en hina óframbærilegu till. meiri hl. vegna þess að það er eðlilegt að þeir aðilar, sem eiga að fylgjast með útvarpsrekstrinum, hvernig leyfin eru notuð, hafi fyrir sér skilgreindan aðila sem eingöngu fáist við viðeigandi rekstur. Í þessu tilviki Alþýðusambands Íslands t. d. liti málið þannig út að það þyrfti að standa að stofnun félags um útvarpsrekstur á sínum vegum. Það tel ég ofur eðlilega tilhögun.

Margar af athugasemdum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar varðandi brtt. sem ég hef flutt við frv. voru það léttvægar að tæpast er ástæða til að gera þær að umtalsefni. Ég nefni hér bara sem dæmi um misskilning eða útúrsnúning af hálfu þm. þegar hann taldi að í því sjónarmiði, sem fram kemur í brtt. tölusett 1 á þskj. 516 um að sveitarstjórnir á svæðum þar sem stofna skal útvarpsstöð hafi átt kost á að veita um það umsögn til útvarpsréttarnefndar, felist það að við ætlum sveitarstjórnum að hafa neitunarvald um slíkt. Þetta er alger misskilningur eða vísvitandi útúrsnúningur af hálfu þm. Við erum eingöngu að tryggja með þessu atriði að sveitarstjórnum berist vitneskja um það, það sé tryggt með því að það verði skylda að leita umsagnar sveitarstjórna skv. lögunum, að sveitarstjórnir hafi vitneskju um hvað er að gerast á þeirra svæði í þessu efni og hafi möguleika til umsagna þar að lútandi. Við tökum hins vegar ekki undir texta frv. sem mælti svo fyrir um að skilyrði fyrir leyfi til svæðisútvarps væri að sveitarstjórnir á svæðum þar sem stofna skal útvarpsstöð mæli með veitingu leyfis. Þannig var og er textinn í fyrirliggjandi frv. Ég hef ekki tekið undir slíkt skilyrði um samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Ég hef hér vikið að nokkrum atriðum, herra forseti, og sé ekki ástæðu til að elta ólar við minni háttar athugasemdir sem hafa komið fram við tillögur Alþb. sem ég hef gert grein fyrir í fyrri ræðu minni. Ég hef hér enn frekar vakið athygli á því hvað felst á bak við tal manna um frjálsan útvarpsrekstur, tal krossriddara viðskiptalífsins sem mæla fyrir slíkum rekstri og sem forstjóravaldið í SÍS hefur tekið saman við í fyrirtækinu Ísfilm. Það virðist vera sem það séu þau sjónarmið og það bandalag sem nær hér inn í sali Alþingis þegar um er að ræða sjónarmið og gerðir þm. Framsfl. í þessu máli, því miður.

Það dregur væntanlega að því að atkvæði verði greidd um einstaka þætti frv. við lok 2. umr. Þá kemur það í ljós hvert fylgi er við till. um það að heimila viðskiptalífinu óheftan aðgang og ítök í auglýsingaútvarpi.

Ég vísa á bug sem blekkingum einum fullyrðingum sem komu fram hér fyrr í umr., bæði frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv. um það að ef ekki kæmu til auglýsingar þá fyrst gætu fjársterkir aðilar farið að skipta sér af slíkum rekstri. Ég spyr: Hafa menn trú á því að þeir sem ganga fyrir gróðasjónarmiðum, sjónarmiðum rekstrarins og hagnaðarins standi lengi í slíkum rekstri sem rekinn væri með tapi út frá viðskiptalegum sjónarmiðum? Það getur verið að það henti einhverjum að reyna að brjótast inn í slíkt rétt fyrir kosningar til þess að koma sínum áróðri á framfæri en ég hef ekki trú á því að kapítalistarnir, sem hv. 6. þm. Reykv. nefndi svo í sinni ræðu, hafi mikinn hug eða úthald til að standa í slíkum tapútvarpsrekstri. Með tali í þessa átt er einungis verið að villa um fyrir mönnum. Ég vænti þess að hv. alþm. varist að stíga þau skref sem lagt er til varðandi auglýsingaútvarp. Niðurstöðunnar í því efni verður vafalaust beðið með eftirvæntingu af mörgum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. sem neinu nemur, en víkja að örfáum atriðum sem mér finnst að valdi misskilningi.

Það er hárrétt athugað að skv. frv. eins og það kemur fram er gert ráð fyrir að frjálsar stöðvar, sem eru þau orð sem ég vildi nota yfir þær stöðvar sem koma, stöðvar sem hafa fengið leyfi til hljóðvarps- eða sjónvarpsreksturs, geta annaðhvort aflað tekna með áskriftum eða með auglýsingum, ekki hvoru tveggja. Þetta er skýrt mjög rækilega, undir hvaða kringumstæðum áskriftir eiga við og undir hvaða kringumstæðum auglýsingar eiga rétt á sér. Ég tel að Ríkisútvarpið, sem hefur hinar miklu skyldur, þurfi að hafa vissan forgang einnig og það hefur svo sannarlega vissan forgang skv. því frv. sem hér er verið að samþykkja. Það hefur bæði áskrift og auglýsingar.

Hv. 5. þm. Austurl. taldi að það kerfi sem þeir hefðu lagt til að yrði notað við innheimtu afnotagjalda og byggt yrði á hlustendakönnun kæmi réttlátlega út og ekki væri hægt að misnota það. Ég er á annarri skoðun. Ég tel að það sé mjög auðvelt að misnota það kerfi. Ég tel að þar gæti m. a. pólitískur þrýstingur haft áhrif á það á hvað menn segðust hlusta, hvort sem þeir hlustuðu á viðkomandi stöð eða ekki. Ég skýrði það í mínu máli.

Ég vil aftur á móti undirstrika að það útvarp sem ég er hræddastur við að leiði til lítillar menningar og hafi fyrst og fremst það markmið að reyna að hafa áhrif á skoðanir, sé útvarpið sem fær stuðningsgreiðslurnar. Það er útvarp á mála. — Hjá hverjum? Eitt útvarpið getur verið á mála hjá SÍS, annað hjá Loftleiðum, þriðja hjá ASÍ og þannig get ég haldið áfram að telja upp. Er það þannig útvarp á mála sem við viljum hafa? Ég held ekki. Ég held að menn verði að gera greinarmun á því hvort við viljum að útvarpsstöðvarnar séu reknar á þann hátt að þær eigi rekstrargrundvöll miðað við þá tekjustofna sem þær eiga möguleika á að hafa, fráleitt sé að líta svo á að það geti verið eðlilegt að þeirra styrkur leiði til hnignunar Ríkisútvarpsins. Ég er í það minnsta það harður stuðningsmaður Ríkisútvarpsins að ég teldi að slíkt væru mistök.

En ég er dálítið hræddur við útvarpsstöð sem sett væri á stofn án þess að hafa tekjustofna. Hvaða hvatir liggja

þá á bak við það að menn reka slíka stöð? Það er ekki gróðahvötin. Er það hvötin til að láta á sér bera, nokkurs konar löngun til að komast fram í sviðsljósið, eða er það hvötin til að koma áróðri á framfæri og móta skoðanir manna með áróðri? Ég er því miður hræddur um að það yrði það síðastnefnda sem yrði grunnurinn að því að menn kæmu slíkum stöðvum af stað.

Frændur okkar á Norðurlöndum gera margt skynsamlegt, en ætli það sé samt ekki nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að reyna að meta hlutina sjálfstætt og ekki ávallt að líta á það sem heilagan erkibiskups boðskap sem frá þeim kemur? Það reyndist í það minnsta ákaflega hæpin kenning forðum þegar þeir héldu því fram að það væri fráleitt að eitt land í öllum heiminum hefði engan konung.

Auðvitað getum við deilt um þetta fram og til baka og menn haft á þessu misjafnar skoðanir, en hitt vil ég undirstrika, að þetta frv., ef að lögum verður, þarf að endurskoða innan þriggja ára. Með því er viðurkennt af þeim sem styðja frv. að þeir treysta sér ekki til að sjá fyrir þá þróun að öllu leyti sem verið er að tala um. Þeir vilja hafa það á hreinu að lagt verði mat á hverjar eru afleiðingar þess sem menn eru að gera og í ljósi slíks mats verði teknar ákvarðanir, annaðhvort um óbreytta stefnu eða um breytta stefnu.

Það má vel vera að ég hafi misskilið það sem kom fram í brtt. Alþb. varðandi sveitarstjórnir, að ég hafi litið svo á að þeir teldu að þær ættu nánast að vera umsagnaraðili á þann veg að þeirra umsögn ætti að vera mjög stefnumarkandi. Það má vel vera að ég hafi misskilið þetta, en það er ekki ætlun mín að snúa út úr orðum manna eða ætla þeim annað en þeir hafa sagt. En mér finnst að ef markmiðið er fyrst og fremst að sveitarstjórnum berist vitneskja um hvað er að gerast á þeirra svæði sé hægt að nota einfalda tilkynningarskyldu þar sem þeim sé tilkynnt formlega að sótt hafi verið um leyfi til útvarpsreksturs og hver niðurstaða hafi orðið.

Hitt vil ég undirstrika í þessu sambandi að upprunalega frv. var samið af nefnd manna úr öllum flokkum og þeir lögðu til málamiðlun. Hér hafa menn staðið upp, sem störfuðu í þeirri nefnd, og kvartað yfir því að sú málamiðlun hafi ekki verið þeim að skapi. Hv. 6. þm. Reykv. stóð upp og kvartaði yfir því að málamiðlunin hefði ekki verið sér að skapi. Ég hygg að hver sá sem kynnir sér þetta frv. geri sér grein fyrir því að hv. 6. þm. Reykv. hefur verið sveigður verulega af leið miðað við þær skoðanir sem hann lét hér uppi og hann hefur orðið að færa sig þó nokkuð langt til til að samkomulag næðist.

Mér er það efst í huga nú að ég tel æskilegt að þetta mál komi til atkvæða í þinginu og að Alþingi taki þá ákvörðun að láta reyna á hvort ekki er hægt að auka frelsi í fjölmiðlun án þess að það verði á kostnað íslenska ríkisútvarpsins og íslenskrar menningar. Hvort það tekst á eftir að koma í ljós, en ég bind miklar vonir við, eins og frá þessu er gengið, að það geti tekist.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að þakka hv. menntmn. þessarar deildar fyrir mjög ítarlega umfjöllun um þetta mál. Það er að vonum, þegar gerð er breyting á fyrirkomulagi starfsemi sem rekin hefur verið í landinu um langan aldur, að menn vilji athuga sinn gang vel og velta fyrir sér hvað breytingar beri í skauti sér. Dæmi um slíkt þekkjum við auðvitað mörg í áranna rás, en engu síður verðum við að bregðast við nýjum möguleikum, nýjum kröfum og veita fólki ný tækifæri til menningar og til fróðleiks og til afþreyingar ef því er að skipta. Allt getur þetta þrennt stundum farið saman sem betur fer.

Aðalatriðið í þessu frv. er að fleiri en Ríkisútvarpið hafi tækifæri til að nota hina nýju og vaxandi tækni til fjölmiðlunar. Menn skilja æ betur að það er ekki ástæða til þess að ríkið sitji eitt að slíkum upplýsingamiðli öllu lengur. Aðgangur fleiri aðila að slíkri starfsemi getur veitt miklu meiri fjölbreytni inn í líf manna en nú er, meiri gleði inn í líf þeirra sem um fátt hafa að velja, eru bundnir e. t. v. á heimilum sínum eða það sem er erfiðara e. t. v. á sjúkrahúsum. Í ýmsum slíkum tilvikum gefur nýtt fyrirkomulag nýja möguleika, nýtt val og færir heiminn fyrir utan hinn þrönga markaða hring nær mönnum sem ekki geta sótt þangað sjálfir. Þess vegna tel ég það vera mjög mikið menningarmál, sem við erum hér að fjalla um, að opna þessar dyr, og það er meginmálið.

Það er í sjálfu sér ekkert einkennilegt að menn greini á um með hvaða hætti þetta skuli gert og það er heldur ekkert einkennilegt að það hljóti að verða málamiðlunarlausn sem Alþingi velur þegar að því kemur að breyta lögum í þessu skyni. En á það er að líta að hér er, eins og fram hefur komið í máli margra ræðumanna að sé í mörgum löndum, um tilraunafyrirkomulag að ræða. Það segir í sjálfu frv. að lögin skuli endurskoðuð ekki síðar en þrem árum eftir gildistöku þeirra og að leyfin, sem fyrst eru veitt, skuli ekki veitt til lengri tíma. Mörg tækifæri gefast því til að læra af reynslunni. Við gætum bæði lært af okkar reynslu og e. t. v. líka annarra og við getum miðlað öðrum okkar reynslu. Svo er t. d. í sambandi við títtnefndar auglýsingar.

Nú er komin upp mjög mikil umræða um það í ýmsum nágrannalöndum okkar, sem ekki hafa rekið auglýsingaútvarp, að hverfa að því ráði að leyfa slíkt. Menn hafa sem sé komist að þeirri niðurstöðu að til þess að tryggja að ýmsar nýjar stöðvar hafi ráð á því að bjóða upp á gott og menningarlegt efni, innlenda framleiðslu þar sem innlendir listamenn koma fram og þurfa auðvitað að fá sína greiðslu fyrir verkefnin, þurfi einhver fjárhagslegur bakhjarl að vera. Tryggingin sem við höfum fyrir því að það séu ekki einungis fyrir fram fjársterkir aðilar sem eru í stakk búnir til að sinna slíku er einmitt möguleikinn til auglýsinga. Ég veit að afstaðan til þessa máls er einstaklingsbundin. Menn hafa misjafna afstöðu til þessa og það er sjálfsagt að menn hafi það og breyti samkvæmt því við afgreiðslu þessa máls. En ég vil láta persónulega skoðun mína koma fram á þessu atriði, að ég tel að það sé um jafnréttismál að ræða að þessi aðferð til fjármögnunar sé heimil. Við getum ekki ætlast til þess að stöðvar bjóði upp á innlent framleitt efni, gott efni, nema eitthvert fé sé til til að greiða það. Sé slíkt efni á boðstólum er auðvitað meira hlustað á stöðina. Þarna er um atriði að ræða sem ég tel að horfi til menningarauka. Það er vel hægt að haga þessu svo að þarna sé um afmarkaða auglýsingaþætti að ræða, eins og er hjá Ríkisútvarpinu, þannig að það þurfi ekki að trufla einstakar útsendingar eins og gerist sums staðar í veröldinni.

Um einstök önnur atriði í frv. er það að segja að ég get afar vel fellt mig við það samkomulag sem meiri hl.

n. hefur gert. Ég segi ekki að við hefðum ekki mörg getað hugsað okkur eitthvert annað form á sumum þáttum. En ég hygg að það sé alveg sjálfsagt að láta það standa sem samkomulag er um, enda er líklegt að þar sé um niðurstöðu meiri hluta Alþingis að ræða og að það ráði hvernig hið nýja fyrirkomulag verður þegar að þessu verður horfið.

Ég vil að endingu ítreka þakklæti mitt fyrir að mjög vandlega hefur verið um þetta mál fjallað. Mér virðist vera almennur skilningur á því í þinginu að hér sé um að ræða byrjunaraðgerðir. Við ætlum að stíga fyrstu skrefin af nokkurri aðgát. Við ætlum að miða við þrjú ár til að byrja með. Við ætlum að læra af reynslunni. Það held ég að verði til góðs. Það hefur þótt sjálfsagt í mörgum löndum Evrópu að veita mikinn fjölda útvarpsleyfa. Í ljós kemur að þær stöðvar skera sig fljótlega úr sem lifa og verða sterkar og með góðri dagskrá. Ég hygg að sú verði raunin hér þó að það leiði að sjálfsögðu af fámenninu hér að það verður ekki um eins mikinn fjölda að ræða og t. d. í Noregi og Danmörku, en þar þykja þessar ráðstafanir sjálfsagðar.

Ég hygg, herra forseti, að að lokinni þeirri ítarlegu umfjöllun sem málið hefur hlotið í deildinni sé ekki ástæða til þess að ég fjalli um einstakar brtt. málsins að öðru leyti en því að ég tek undir það sem meiri hl. hv. menntmn. hefur lagt til.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram hjá hæstv. menntmrh. áður en þessari umr. lýkur, með tilliti til þeirra orða sem féllu í ræðu ráðh. áðan, hvort hæstv. ráðh. hyggst greiða atkv. með brtt. á þskj. 514, brtt. sem hv. þm. Friðrik Sophusson flytur, og/eða hvetja þingflokk Sjálfstfl. til að styðja þær brtt. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. svari þessu fyrir lok umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. er gjarnt að spyrja þess sem þegar hefur verið lýst yfir. Ég sagði í ræðu minni áðan að það væri að sjálfsögðu einstaklingsbundin afstaða hv. þm. til auglýsingaheimildarinnar sem réði og við það stend ég. Í því felst að ég álít að hver þm. greiði atkv. eftir sinni sannfæringu í því efni án fyrir fram bindingar og ég geri ekki tilraun til þess að hafa áhrif á þingflokk Sjálfstfl. í því efni. Þessi afstaða mín liggur fyrir og mín persónulega afstaða liggur fyrir og ég hef ekki leynt henni á neinn hátt, hvorki nú né áður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveitarstjórnarlög, frv. 320. mál (þskj. 508). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. til sveitarstjórnarlaga sem er 320. mál Nd. á þskj. 508.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. er kveðið skýrt á um að draga beri úr umsvifum ríkisins og flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og/eða annarra aðila í þjóðfélaginu. Meginatriði þessara áforma eru þessi:

1. Fá fram skýr skil milli verkefna ríkis og sveitarfélaga þannig að saman fari rekstrar- og fjárhagsábyrgð um hvert verkefni.

2. Komið verði í veg fyrir að ríki og sveitarfélög fáist við sömu verkefni hvort á sínum vettvangi á sama tíma.

3. Jafnhliða tilfærslu verkefna verði fluttir tekjustofnar frá ríki til sveitarfélaganna, þannig að þau geti í raun annast verkefnin.

Í þessari stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. felst viðurkenning á þeirri staðreynd að sveitarstjórnir eru þau stjórnvöld sem standa næst borgurunum, enda hafa sveitarstjórnir og samtök þeirra haldið því fram að sveitarstjórnir ættu að hafa meira vald í eigin málum á eigin ábyrgð, svo sem varðandi ákvörðun og nýtingu eigin tekjustofna og gjaldskráa þjónustufyrirtækja sinna, en ríkisvaldið eigi ekki að skipta sér um of af innri málum þeirra. Þetta er þýðingarmikið fyrir sjálfstæði og sjálfræði sveitarfélaga. Umræða af þessu tagi endurspeglar þá staðreynd að núverandi lög um sveitarstjórnir eru ekki lengur í takt við breytt viðhorf og taka ekki nægjanlegt tillit til þeirra stórstígu breytinga sem hafa orðið í þjóðfélagi okkar frá því að núgildandi sveitarstjórnarlög voru sett.

Grundvöllurinn að núgildandi sveitarstjórnarskipan var lagður með sveitarstjórnartilskipun frá 1872. Tilskipunin tók ekki til kaupstaða, en byggði á hinum fornu hreppum sem grunneiningu. Jafnframt var byggðinni skipt í sýslufélög og eru um það bil tíu hreppar í hverri sýslu. Til sýslunefndar var kosinn einn fulltrúi úr hverjum hreppi í almennum kosningum. Sýslumaður, sem var hinn almenni fulltrúi framkvæmdavaldsins og héraðsdómari í sýslunni, var oddviti sýslunefndar. Sýslunefndum var ætlað að gegna aðalhlutverki í sveitarstjórnarmálum og hafa umsjón með störfum hreppsnefnda. Jafnframt var komið á fót amtsráðum, en þau voru lögð niður við stofnun Stjórnarráðs Íslands árið 1904.

Þótt núgildandi sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 hafi gilt frá 1. jan. 1962 hefur skipulag sveitarstjórnartilskipunarinnar haldist í meginatriðum til þessa dags. Í reynd hefur þó mjög dregið úr hlutverki sýslunefnda. Með tilliti til framangreinds er ljóst að það var orðið löngu tímabært að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina.

Það frv., sem hér er fylgt úr hlaði, byggist á tillögum sem voru samdar af endurskoðunarnefnd sem skipuð var þann 13. júní 1981. Í nefndina voru skipaðir Alexander Stefánsson, Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon, Sigurjón Pétursson, Sturla Böðvarsson og Steingrímur Gautur Kristjánsson, sem var skipaður formaður nefndarinnar. Haustið 1982 tók Björn Friðfinnsson við sæti Jóns G. Tómassonar í nefndinni við formannaskipti í Sambandi ísl. sveitarfélaga og vorið 1983 tók Jóhann Einvarðsson sæti í nefndinni í stað Alexanders Stefánssonar er hann varð félmrh.

Meðal þeirra meginsjónarmiða, sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi við samningu frv., má nefna:

1. að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka, 2. að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust, 3. að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu, 4. að valfrelsi sveitarfélaga um stjórnarform og verkefnaval beri að auka, 5. að saman fari sem mest ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð þegar sveitarfélögunum eru fengin verkefni, 6. að stuðla beri að eflingu og stækkun sveitarfélaga til að þau verði færari um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum, 7. að stuðla beri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð

sveitarstjórnarmála.

Nefndin starfaði vel að málum, hélt fjölmarga fundi og viðaði að sér miklum fróðleik um sveitarstjórnarlöggjöf í nágrannalöndum okkar og um ályktanir og afstöðu hinna ýmsu aðila hérlendis sem fjallað hafa um endurskoðun núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Nefndin lauk störfum þann 27. júní 1984 og skilaði félmrh. þá tillögum til nýrra sveitarstjórnarlaga í frumvarps formi. Tillögur endurskoðunarnefndarinnar voru teknar til athugunar í félmrn. og að henni lokinni ákvað ráðh. að senda tillögur hennar til allra kjörinna aðalfulltrúa í sveitarstjórnum landsins, til landshlutasamtaka sveitarfélaga og sýslumanna með ósk um að umsagnir og ábendingar um breytingar á tillögunum bærust fyrir 1. okt. s. l. Alls bárust umsagnir frá sex landshlutasamtökum, ellefu sýslumönnum og sýslunefndum og 44 sveitarfélögum, þ. e. 40 dreifbýlishreppum og fjórum kaupstöðum og þéttbýlishreppum. Auk þess mætti ég sem félmrh. á fjölmörgum fundum þar sem tillögurnar voru til umfjöllunar, m. a. á fjórðungsþingi Austfirðinga og fjórðungsþingi Vestfirðinga.

Af þessu er ljóst að tillögurnar hafa fengið mikla umræðu í þjóðfélaginu. Þess má einnig geta að öllum hv. þm. voru einnig sendar tillögur endurskoðunarnefndarinnar s. l. haust.

Aðfinnslur og mótmæli gegn tillögum endurskoðunarnefndarinnar lúta flest að því að lögþvinguð sameining sveitarfélaga komi ekki til greina og að þau umdæmi, sem um var fjallað í IX. kafla tillagnanna, væru of stór og útilokuðu áhrif hinna smærri sveitarfélaga.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar, þ. e. fyrstu átta kaflar frv. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á X. og XI. kaflanum, en IX. kaflanum í tillögum endurskoðunarnefndarinnar, um héraðsþing, hefur verið gerbreytt.

Það frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga sem hér er fylgt úr hlaði er í 13 köflum og er alls 129 greinar. Ég mun hér á eftir fjalla um hvern kafla fyrir sig og geta helstu nýmæla og breytinga frá núgildandi löggjöf.

Í I. kafla frv. er að finna almenn ákvæði. Í honum er m. a. fjallað um stærð sveitarfélags, en ákvæði um það efni í tillögum endurskoðunarnefndarinnar kölluðu á harða gagnrýni eins og ég hef áður greint frá. Í tillögum hennar var gert ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélags væri 100 íbúar. Í því frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að þessi tala sé 50. Sumum kann að þykja sú tala nokkuð lág og að hætta sé á að svo fámenn sveitarfélög eigi erfitt með að halda uppi þeirri starfsemi sem nú er talin nauðsynleg í hverju sveitarfélagi. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En í þessu sambandi má benda á IX. kafla frv. sem fjallar um frjálst samstarf sveitarfélaga. Í þeim kafla eru opnaðar leiðir fyrir sveitarfélög til að eiga með sér aukna samvinnu um framkvæmd einstakra verkefna. Slíkt samstarf getur verið á vettvangi héraðsnefnda eða í byggðasamlögum.

Í 107. gr. er t. d. tekið fram að sveitarfélög geti myndað byggðasamlag um varanleg samvinnuverkefni, svo sem um rekstur skóla, heilbrigðisstofnana eða brunavarnir. Á þennan hátt geta hin smærri sveitarfélög veitt sömu þjónustu og hin stærri. Ég er þeirrar skoðunar að heillavænlegra sé að stuðla að frjálsri samvinnu sveitarfélaganna um framkvæmd einstakra verkefna, sem þeim eru falin lögum skv., í stað þess að þvinga þau til að sameinast með misvel heppnaðri lagasetningu. Öflug og oft og tíðum blómleg starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga sýnir og sannar að þessi leið er fær. Ég hef þá trú að sú þróun samstarfs sveitarfélaga sem hefur átt sér stað fram til þessa muni í framtíðinni leiða til sameiningar að þeirra eigin frumkvæði. Þess vegna er ég eindregið þeirrar skoðunar að óþarft sé með öllu að setja markið hærra en gert er í 5. gr. frv.

Meðal annarra nýmæla sem er að finna í I. kafla frv. má vekja athygli á ákvæði í 4. gr. um nafn sveitarfélags og byggðarmerki.

Í 4. mgr. 6. gr. er að finna vísireglu um hver verkefni rétt sé að fela sveitarfélögum, en þar segir að sveitarfélög skuli hafa með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins.

Einnig má vekja athygli á því ákvæði í 6. gr. er segir að sveitarfélög skuli hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um gjaldskrár eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast. Á þetta ber að leggja þunga áherslu.

II. kafli frv. ber yfirskriftina „sveitarstjórnir". Hann samsvarar A-lið II. kafla núgildandi laga. Veigamesta breytingin í þessum kafla frv. er að lagt er til að ákvæði um sveitarstjórnir séu samræmd og að réttarstaða þeirra allra sé gerð hin sama.

Í 2. mgr. 10. gr. er enn lagt til það nýmæli að í hreppsfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í þrjú ár samfleytt geti sveitarstjórn kveðið svo á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sveitarfélagið nefnist framvegis bær, sveitarstjórn bæjarstjórn o. s. frv. Með þessu er í raun afnumin nær 200 ára sérstaða kaupstaða hér á landi og sérstök löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga þar með óþörf. Í greininni er einnig lagt til orðið „byggðaráð" sem samheiti fyrir framkvæmda- og fjárhagsnefnd sveitarfélaga, þ. e. hreppsráð, bæjarráð og borgarráð.

III. kafli frv. fjallar um kosningu sveitarstjórna, en um það atriði er fjallað í lögum nr. 5 frá 1962, um sveitarstjórnarkosningar, og í 5.—20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Helstu breytingar og nýmæli, sem frv. gerir ráð fyrir í þessum kafla, eru sem hér segir:

Kjördagur verði sá sami í öllum sveitarfélögum, annar laugardagur í júní. Nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag. Kosningaaldur lækki í 18 ár. Sérstök kjörnefnd fari með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar. Sérstakar reglur séu um meðferð sveitarstjórnarmála meðan úrslit kosninga eru í óvissu. Heimild sveitarstjórnar, sem situr á óvissutímabili, til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar er takmörkuð.

IV. kafli frv., sem fjallar um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna, kemur í stað 23. og 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Núgildandi ákvæði þykja fátækleg og því ber nauðsyn til að setja ítarlegri ákvæði um þetta atriði í sveitarstjórnarlög. Byggir endurskoðunarnefndin tillögur sínar um þetta efni á

skoðun fræðimanna og má þar nefna Pál Líndal: Drög að greinargerð um bæjarstjórn Reykjavíkur, Úlfljótur, 2. tbl. 1960, og Steingrím Gaut Kristjánsson: Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, sem birtust í Sveitarstjórnarmálum, 6. tbl. 1973, og Úlfljóti, 4. tbl. XXIV. árgangs 1973. Þau efni sem fjallað er um í þessum kafla eru meðal þeirra sem sveitarstjórnarmenn leita mest með til umsjónaryfirvalda og virðist því þörf á skýrum og nokkuð ítarlegri reglum en nú eru í sveitarstjórnarlögum. Höfð hefur verið hliðsjón af samþykktum um stjórn sveitarfélaga, sbr. t. d. 3. kafla samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 frá 1964 og 3. kafla samþykktar um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. 484/1983. Þá hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum norskra, danskra og sænskra laga um þetta efni.

Í V. kafla er fjallað um það efni sem nú er í 21., 22. og 25.—30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Meðal nýmæla má nefna að gert er ráð fyrir að sveitarstjórnarfundir séu almennt haldnir fyrir opnum dyrum, hvort sem um hreppsnefnd eða bæjarstjórn er að ræða. Þá er gert ráð fyrir að sú regla gildi sem aðalregla um allar kosningar að meiri hluti sveitarstjórnarfulltrúa skuli standa að kjöri.

VI. kafli frv. fjallar um nefndir, ráð og stjórnir. Ákvæði þessa kafla eru mun ítarlegri en 36.—38. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga um sama efni.

Í VII. kafla frv. er að finna ákvæði um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga. Meðal nýmæla í þessum kafla má benda á 72. gr. Í henni er kveðið á um að sveitarstjórn ráði starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veiti þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þess efnis gefur sveitarstjórn eða byggðaráð almenn fyrirmæli til stjórnenda sveitarfélags og stofnana þess, hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna. Þessi grein er í samræmi við margar samþykktir um stjórn sveitarfélaga.

Í VIII. kafla frv. um fjármál sveitarfélaga er að finna fjölmörg nýmæli. Nægir í því sambandi að benda á 76. gr. sem á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Greinin fjallar um fjárhagsáætlun sveitarfélags og er tilgangurinn með henni að sveitarstjórnir horfi til framtíðarinnar og skipuleggi rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélags með ákveðin markmið í huga.

Í 77. gr. er kveðið á um þá skyldu sveitarfélags að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun vegna framkvæmda sem áætlað er að nemi hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs.

Í IX. kafla frv., um lögbundið samstarf sveitarfélaga, er gert ráð fyrir róttækum breytingum frá núgildandi sveitarstjórnarlögum. Lagt er til að sýslufélögin, sem nú hafa þjónað um 100 ára skeið, verði lögð niður með öllu þar sem þau hafa ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur. Í frv. er lagt til að við taki nýr vettvangur sveitarstjórna sem kallist héraðsnefndir. Fylgt er þeirri skiptingu innan landshluta sem helgast af sýsluumdæmum, en umdæmin stækka að því marki sem aðild kaupstaðanna að héraðsnefndum markar. Réttarstaða sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu verður hin sama, þar sem öll sveitarfélög eiga aðild að héraðsnefndum. Þau munu á þeim vettvangi taka við þeim verkefnum sem ríkisvaldið felur þeim sameiginlega, annaðhvort skv. einhliða ákvörðun eða að höfðu samráði. Skapast þannig vettvangur á jafnréttisgrundvelli til þess að taka við nýjum verkefnum og stuðla að valddreifingu í þjóðfélaginu. Sveitarfélögin geta einnig nýtt héraðsnefndirnar til samstarfs um einstök verkefni er þau koma sér saman um að vinna að, en sú mikilvæga regla gildir um allar samþykktir héraðsnefnda varðandi slíkt samstarf að þær binda einungis þær sveitarstjórnir sem það samþykkja. Verður því ekki um það að ræða að meiri og minni hlutar skapist innan héraðsnefnda hvað varðar einstakar framkvæmdir eða verkefni. Þar eru allar sveitarstjórnir jafnréttháar.

Af einstökum greinum sem rétt er að vekja athygli á í IX. kafla frv. má benda á ákvæði 97. gr. Þar er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í 18 héruð.

Í 99. gr. er að finna mikilvæga breytingu frá tillögum endurskoðunarnefndarinnar um héraðsþing. Í greininni er kveðið á um að öll sveitarfélög eigi fulltrúa í héraðsnefnd. Hér er komið til móts við gagnrýni sem kom fram á þann hluta tillagna endurskoðunarnefndarinnar sem fjallaði um héraðsþingið. Í greininni kemur einnig fram að fulltrúafjöldi í héraðsnefnd fari eftir íbúafjölda sveitarfélags, þannig að sveitarfélag með 2500 íbúa og færri skuli eiga einn fulltrúa í héraðsnefnd. Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja 2500 íbúa sem eru þar fram yfir.

Eins og ég gat um hér að framan fjallar X. kafli frv. um frjálsa samvinnu sveitarfélaga sín á milli. En eins og kunnugt er hefur samvinna sveitarfélaga um hin ýmsu verkefni stórlega aukist á síðari árum. Slík samvinna er ekki bundin við sveitarfélög innan sýslu eða kjördæmis, heldur gengur hún í mörgum tilvikum þvert á slík mörk og er hagkvæmni af samvinnunni látin ráða.

Samvinna sveitarfélaga af þessu tagi er venjulega bundin í stofnsamningum, en ekki hafa verið sett um hana almenn ákvæði í lögum. Getur það í ýmsum tilvikum valdið vandkvæðum, t. d. þegar ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórna, sem að slíkri samvinnu standa, og þegar aðstæður breytast vegna þróunar byggðar og verkefna.

Í Svíþjóð og Finnlandi starfa svokölluð „kommunalförbund" sem er sérstakt félagsform fyrir samvinnu sveitarfélaga um lausn einstakra sveitarstjórnarverkefna, svo sem rekstur stofnana, sorphreinsun o. s. frv. Lagt er til að slíkt félagsform verði hérlendis nefnt „byggðasamlag". Um slík félög eru t. d. ákvæði í XI. kafla finnsku sveitarstjórnarlaganna, 121.—131. gr., og hafa þau ákvæði verið höfð til hliðsjónar við gerð tillagna nefndarinnar.

Í lögum nr. 70/1970 er að finna ákvæði um framkvæmd sameiningar sveitarfélaga. Eðlilegt þykir að þær reglur endurskoðaðar komi fram í sérstökum kafla í nýjum lögum um sveitarstjórnir og eru þær því teknar upp í XI. kafla frv. Rétt er að benda á þá breytingu frá fyrri reglum að nú er sveitarstjórnum skylt að láta fara fram atkvgr. um sameiningaráform nema í þeim sveitarfélögum sem falla undir ákvæði 5. gr. frv.

Þann 20. jan. 1984 var undirritaður samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga. Aðdragandinn að undirritun samstarfssáttmálans var sá að um miðjan janúar 1984 lagði ég fyrir ríkisstj. tillögur um samstarfssáttmála milli ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þessi tillaga var

sniðin eftir finnskum samningi sem fjallar um samráð finnsku ríkisstjórnarinnar við finnsk sveitarfélög, en sá samningur þykir hafa reynst vel. Ríkisstj. samþykkti þessa tillögu og var samstarfssáttmáli á milli aðila undirritaður, eins og áður sagði, 20. jan. s. l.

Frá undirritun sáttmálans hafa tveir reglulegir samráðsfundir verið haldnir og í framhaldi af þeim skipaðar nefndir til að fjalla nánar um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga. Þannig hefur verið skipuð nefnd til að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga og huga að flutningi verkefna á milli aðila, svo sem dæmi er tekið um, og þessi nefnd hefur þegar hafið störf af fullum krafti. Nefndin sem fjallaði um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna varð sammála um að leggja til að framangreind nýjung verði lögfest.

Í XII. kafla frv. er fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í 124. gr. er ríkisstj. heimilað að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Enn fremur er kveðið á um það í greininni að ríkisstj. skuli hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

XIII. kafli frv. fjallar um gildistökuákvæðin.

Herra forseti. Sveitarstjórnir byggja tilvist sína á sveitarstjórnarlögum. Þau kveða á um réttindi og skyldur sveitarfélaga og takmarka stjórnsýsluvald ríkisins. Sjálfsstjórn og ákvörðunarréttur héraða og byggðarlaga ræðst því að verulegu leyti af því hvernig til tekst á þessu sviði. Sem gamall sveitarstjórnarmaður er ég þeirrar skoðunar að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka, þau eigi að hafa meira sjálfræði en nú um stjórnarform og verkefnaval, og feli löggjafarvaldið í landinu þeim verkefni til úrlausnar fari sem mest saman ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð. Ég tel að það frv., sem hér er fylgt úr hlaði, stefni að þessum markmiðum. Að svo mæltu legg ég áherslu á að frv. á þskj. 508 fái ítarlega umfjöllun hér á Alþingi og verði samþykkt sem lög sem allra fyrst.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. Nd.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mér finnst rétt að segja örfá orð við þessa umr. um svo merkilegt mál sem hér er á ferðinni. Þau sveitarstjórnarlög sem nú gilda eru nær aldarfjórðungsgömul svo að það er ekki að undra þó að full þörf sé á því að endurskoða þau eftir allan þennan tíma. Sum efni þeirra má rekja allt aftur til tilskipunar um sveitarstjórn Íslands frá 4. maí 1872. Að gerð þessa frv. og undirbúningi hefur unnið nefnd, eins og hæstv. félmrh. gat um, og eru nöfn þeirra ágætu manna talin upp hér á bls. 27. Ég vil geta þess að í þá upptalningu, sem er á bls. 27, sýnist mér vanta nafn Sturlu Böðvarssonar sveitarstjóra þó að það kæmi mjög skýrt fram — (**Félmrh.:** Þskj. hefur verið dreift að nýju.) Já, það er einmitt það. Það kom hins vegar skýrt fram í framsöguræðu hæstv. félmrh.

Þessi nefnd hefur starfað frá árinu 1981 og það var auðvitað alveg rétt að láta endurskoða samtímis sveitarstjórnarlög, lög um sameiningu sveitarfélaga og lög um sveitarstjórnarkosningar. Ég ætla aðeins að minnast á nokkur atriði málsins.

Lögin nr. 70/1970, um sameiningu sveitarfélaga, eru að sönnu ágæt lög á margan hátt. En það hefur ekki tekist að nýta þau til þess að örva hin smærri sveitarfélög til sameiningar. Þar hefur eitthvað fleira þurft til að koma.

Þetta frv. felur það m. a. í sér að sýslunefndir eru lagðar niður. Hæstv. ráðh. orðaði það svo að í reynd hefði dregið mjög úr verkefnum sýslunefnda. Í athugasemdum frv. er þess getið að sýslufélögin, sem hafa þjónað um 100 ára skeið, verði lögð niður þar sem þau hafi ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur.

Satt er það að margt hefur breyst í landsmálum og skipulagi byggðar á Íslandi s. l. 100 ár. Hinu verður þó aldrei neitað að sýslunefndir hafa unnið mjög mikilvæg og merkileg störf og á það eftir að koma betur í ljós ef sú saga yrði öll rifjuð upp og skráð. Samstarfs hreppanna í sýslunefndunum og samstarfs sýslufélaganna sér hvarvetna stað í byggðum landsins þar sem hinum stærstu verkefnum hefur verið hrundið áleiðis í frjálsu samstarfi. En það verður að viðurkenna að þetta atriði hefur breyst mikið með því að landsmenn hafa færst úr dreifðum byggðum í þéttbýli, bæi og borgir.

Hingað til hafa sýslunefndir verið hið eina lögbundna samstarfsform hreppanna. Við erum líklega flest sammála um að nauðsynlegt sé að koma hinum fámennu sveitarfélögum til að sameinast í fjölmennari og stærri sveitarfélög svo að þau fái komið einhverjum málum fram og tekist á við stór verkefni.

Fyrir nokkrum árum var reynt að lögfesta hér hin svokölluðu landshlutasamtök sveitarfélaga. Við vitum það öll að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa starfað í frjálsri samvinnu að mjög merkum málum á liðnum áratugum. En einhvern veginn var það svo að hv. alþm. á þeim tíma þótti ekki ástæða til þess að löggilda þessi samtök. Þau hafa því starfað fram á þennan dag sem frjáls samtök og þykir mér fara mjög vel á því.

Eins og ég gat um hefur samstarf tveggja eða fleiri sýslunefnda oft verið með miklum ágætum og slíkt samstarf hefur hrundið ýmsum stórum málum í framkvæmd. Það sem hefur verið visst áhyggjuefni núna á síðari árum er það að hinir fjölmennari hreppar innan sýslufélaganna hafa leitað eftir kaupstaðarréttindum. Það er ekki hægt að lá þeim það. Oft eru þetta framsækin öflug byggðarlög sem hafa séð sér leik á borði og séð vissan hag í því að öðlast kaupstaðarréttindi. En vissulega hefur verið mikil eftirsjá að slíkum sveitarfélögum úr hinu lögbundna samstarfi hreppanna á vegum sýslunefnda.

Hvað er svo hér að gerast með þessu frv. að því er manni sýnist? Það er verið að færa þessa þróun til baka á vissan hátt með því að nú eru öll sveitarfélög lögð að jöfnu og gert ráð fyrir því að sveitarfélög á ákveðnu svæði, bæði hreppar og kaupstaðir, séu jafnrétthá og vinni saman eftir sem áður. Ég sé t. d. hér á bls. 20 í IX. kafla þar sem rætt er um lögbundið samstarf sveitarfélaga að þar er talað um Snæfellsnesshérað. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla hefur eða hafði innan sinna vébanda tólf hreppa þar til eitt öflugasta sveitarfélagið varð kaupstaður núna fyrir tæpum tveim árum, Ólafsvíkurkaupstaður. Nú kemur hér á bls. 20: „Snæfellsnesshérað nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Ólafsvíkurkaupstað." M. ö. o. það er tekið upp aftur samstarf þessara tólf sveitarfélaga sem maður var hræddur um að mundi breytast nokkuð — kannske ekki að öllu leyti til bóta — með stofnun Ólafsvíkurkaup-

staðar. Nú takast þessi sveitarfélög öll í hendur á nýjan leik og starfa sem héraðsnefnd Snæfellsness í staðinn fyrir sýslunefnd héraðsins. Væntanlega er þetta aðeins boðberi nýrra komandi tíma sem gera sveitarfélögunum á þennan máta hægara um vik að stunda og leggja áherslu á þróttmikið samstarf.

Hvað Dalahérað snertir — svo ég nefni þau tvö héruð þar sem ég er kunnugastur — þá stendur þar: „nær yfir Dalasýslu". Á því verður engin breyting að mér sýnist nema þar verður um að ræða héraðsnefnd í staðinn fyrir sýslunefnd.

Mönnum var löngu ljóst að á þessu þurfti að verða breyting og maður hefur horft á það með vaxandi áhyggju undanfarin ár að hin þróttmestu sveitarfélög hafa orðið kaupstaðir. Ekki vegna þess að maður gæti ekki vel unnt þeim að starfa á þeim vettvangi heldur báru ýmsir ugg í brjósti út af því að með því móti mundu þau fjarlægjast samstarf hreppanna og sveitarfélaganna heima fyrir.

Það er svo öllum ljóst að skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar á landsstjórnin að hafa umsjón með stjórnsýslu sveitarfélaga og þessum efnum ber að skipa með lögum. Það ber margs að gæta við slíka lagagerð. Ég hef ekki lesið þetta frv. nægjanlega vel til þess að geta lagt á það endanlegt mat. Ég veit að um það verður fjallað vandlega í þingnefnd. Ég met það mikils að það horfir í þá átt að með þessu frv., ef að lögum verður, verði öll sveitarfélög gerð jöfn að lögum, stór og smá. Ég vil láta það verða mín lokaorð að sinni að ég vonast til þess að frv. verði skoðað nákvæmlega í n. svo að væntanleg löggjöf um þessi efni verði á þann veg að allir geti sætt sig við og horfi til framfara í byggðum landsins.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Á s. l. ári óskaði félmrn. eftir umsögnum sveitarstjórnarmanna um tillögur endurskoðunarnefndar um ný sveitarstjórnarlög eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. Sú nefnd hafði starfað allt frá 1981 og unnið mikið starf þótt skiptar skoðanir séu um tillögur hennar. Að fengnum þessum umsögnum hefur hæstv. ráðh. nú lagt fram nýtt frv. til sveitarstjórnarlaga þar sem sniðnir eru af helstu vankantar sem voru í tillögum endurskoðunarnefndarinnar. Ber að fagna því. Skal hér aðeins drepið á nokkur atriði.

Í I. kafla er fjallað um stærð sveitarfélaga. Endurskoðunarnefndin lagði til í 5. gr. að lágmarksíbúatala verði 100 íbúar. Þessu er búið að breyta í 50 í frv. Ljóst er að fámenn sveitarfélög eiga undir högg að sækja og því nauðsynlegt að leysa vanda þeirra. Álitamál er við hvaða stærðarmörk valdboðin sameining á að miða en eðlilegra er að miða við töluna 50 eins og nú liggur fyrir.

Í 114. gr. í tillögum endurskoðunarnefndar er sett fram það ákvæði að rn. skuli vinna að því í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtök og héraðsþing að lágmarksíbúatala sveitarfélaga sbr. 5. gr. verði 400 íbúar árið 2000.

Lög um sameiningu sveitarfélaga hafa verið í gildi síðan 1970. Aðeins tvær sameiningar sveitarfélaga hafa átt sér stað síðan. Það er því ljóst að hægar hefur miðað í þessu efni en ýmsir vildu. Tíminn til að steypa sveitarfélögunum saman með valdboði er ekki kominn.

114. gr. hefur nú verið breytt þannig að markið sem sett var við árið 2000 hefur verið fellt út. Rétt hefði raunar verið að fella út allan XI. kaflann, um stækkun sveitarfélaga, sleppa sláturtíðinni en halda sig að X. kaflanum um samvinnu sveitarfélaga sem er nýmæli í lögum en hefur verið framkvæmt og mjög víða vel gefist um hin stærri mál.

Ákvæði laga um frjálsa sameiningu sveitarfélaga er hins vegar eðlilegt að hafa í lögunum en varðandi þá sameiningu er nauðsynlegt að undirstrika að íbúarnir sjálfir ákveði þetta og ekki sé gengið fram hjá þeim.

IX. kafla frv., um lögbundið samstarf sveitarfélaga, hefur verið gerbreytt frá því sem endurskoðunarnefndin lagði til og er það vel. Í staðinn fyrir stór héraðsþing og fylkjaskipan eru komnar héraðsnefndir með aðild allra sveitarfélaga í stað sýslufélaga. Gömlu umdæmin halda sér og kaupstaðirnir á svæðunum fá fulltrúa í héraðsnefnd. Almenningur kýs ekki lengur sýslunefndarmenn. Þess í stað kjósa hreppsnefndir mann úr sínum hópi í héraðsnefnd. Þannig ættu að skapast góð tengsl milli hreppsnefndar og héraðsnefndar. Í sambandi við héraðsnefndirnar mætti skoða hvort fjölmennari hreppar í sýslufélögunum ættu ekki að eiga tvo fulltrúa í héraðsnefnd. Í 99. gr. er sagt að sveitarfélög með 2500 íbúa og færri skuli hafa einn fulltrúa. Eðlilegt væri að hafa þetta mark lægra. Hagsmunir minni hreppa þyrftu ekki að vera fyrir borð bornir ef þeir hafa hver einn fulltrúa. Í frv. er kveðið á um að kosningar í öllum sveitarfélögum fari fram annan laugardag í júní. Ætti að vera hægt að sameinast um þann dag.

Hér hefur aðeins verið minnst á örfá atriði varðandi þetta frv. sem tekið hefur miklum breytingum frá tillögum endurskoðunarnefndarinnar eins og fyrr kom fram. Ég á sæti í félmn. þessarar hv. deildar sem fær mál þetta til meðferðar. Ég vænti þess að gott samstarf takist um afgreiðslu þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 59. fundur.

Fimmtudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Þróunarstofur landshlutanna, þáltill. 349. mál (þskj. 557). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Bætt aðstaða hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu, þáltill. 350. mál (þskj. 558). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi, þáltill. 319. mál (þskj. 504). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lögregluvarðstöð í Mosfellssveit, þáltill. 304. mál (þskj. 485). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðmiðunargrunnur verðtryggingar langtímalána, þáltill. 310. mál (þskj. 495). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þróunarverkefni á Vestfjörðum, þáltill. 328. mál (þskj. 523). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stighækkandi eignarskattsauki, þáltill. 162. mál (þskj. 167). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Vesturlandsvegur, þáltill. 84. mál (þskj. 86). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. 183. mál (þskj. 199). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Rannsókn á innflutningsversluninni, þáltill. 249. mál (þskj. 427). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Hjúkrunarfræðingar, þáltill. 308. mál (þskj. 490). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að fjalla um það alvarlega ástand sem ríkt hefur í framhaldsskólum í landinu nú um tveggja vikna skeið og sem horfur eru á, miðað við óbreytt ástand, að ríkja muni í nokkrar vikur til viðbótar til óbætanlegs tjóns fyrir skólahald í landinu á yfirstandandi skólaári og raunar til miklu lengri tíma litið. Ég mun beina fyrirspurnum til ráðh. í sambandi við þetta mál. Hæstv. forsrh. hefur fallist á að svara fsp. um málið svo og hæstv. menntmrh. Hæstv. fjmrh. hefur hins vegar neitað þm. um það að svara fsp. frá þeim um þetta mál, sem undir hann hefur heyrt um langt skeið sem kunnugt er, en engu að síður hljótum við að óska eftir áliti fjmrh. og afstöðu í þessu máli.

Það ástand, sem ríkir í skólum landsins og varðandi kjaramál kennarastéttarinnar, er dregið fram í ályktun sem gerð var á kjaramálafundi nokkurra sambanda kennara í gær og ég vil leyfa mér að vitna til í upphafi máls míns, með leyfi forseta:

„Fundur um kjaramál kennara, haldinn í Borgartúni 6 13. mars, vekur athygli á því ófremdarástandi sem nú ríkir í skólamálum vegna sofandaháttar ríkisvaldsins. Kennarar hafa á undanförnum árum margbent á að kröfur til þeirra, bæði hvað starfsálag og menntun snertir, hafa stóraukist á sama tíma og þeir hafa dregist aftur úr í launum. Ríkisvaldið hefur skellt við þessu skollaeyrum. Þess vegna eru málin komin í þann hnút sem þau eru nú í. Ný skýrsla menntmrn. um endurmat á störfum kennara staðfestir að kennarar hafa haft rétt fyrir sér í öll þessi ár. Það ófremdarástand sem nú ríkir í skólamálum og afleiðingar þess eru því alfarið á ábyrgð ríkisvaldsins. Sama ábyrgðarleysið og lítilsvirðingin á störfum kennara kemur enn einu sinni fram í samningaviðræðunum við Hið íslenska kennarafélag þótt viðurkenning menntmrn. á gjörbreyttu starfi liggi fyrir.

Fundurinn lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu Hins íslenska kennarafélags fyrir bættum kjörum kennara. Jafnframt skorar fundurinn á fjmrh. að ganga nú þegar að sanngjörnum kröfum Hins íslenska kennarafélags."

Þetta var samþykkt frá kjaramálafundi sem boðað var til af stjórn Kennarasambands Íslands, Sambandi sérskóla, Kennarafélagi Reykjavíkur, Kennarafélagi KSK og Kennarafélagi Reykjaness og haldinn var í gær.

Sú deila, sem nú stendur yfir við Bandalag háskólamanna og kennara alveg sérstaklega sem sagt hafa störfum sínum lausum og hætt störfum í framhaldsskólum landsins, er aðeins angi af því stríði sem geisað hefur milli núverandi hæstv. ríkisstj. og vinnustéttanna í landinu. Tilefni þessa stríðs er mönnum kunnugt. Það er hin gífurlega tilfærsla fjármuna frá launafólki til milliliða og gróðaafla í þjóðfélaginu sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Sú gífurlega tilfærsla birtist einnig í því að fjármunir eru fluttir frá framleiðsluatvinnuvegum í landinu sem mergsognir eru m. a. með hávaxtastefnu. Og það er ekki aðeins launafólk í þrengri skilningi sem berst í bökkum, einnig bændur landsins eru margir hverjir á heljarþröm og í greiðsluþroti. Það hefur nýlega verið upplýst að á síðustu tveimur árum hafi eiginfjárstaða aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, sjávarútvegsins, rýrnað um ekki minna en 6 000 millj. kr. Það hafa sogast 6 milljarðar kr. frá sjávarútveginum á undanförnum tveimur árum til gróðaafla í þjóðfélaginu, milliliða og þeirra sem ríkisstj. ber fyrir brjósti. Og sjómenn hafa sem kunnugt er alveg nýlega þurft að heyja verkfall til þess að fá leiðrétt kjör sín.

Það hefur ríkt látlaus ófriður að heita má á vinnumarkaði undanfarna sex mánuði eftir mikið langlundargeð samtaka launafólks gagnvart kjararáni ríkisstj. Allir muna eftir margra vikna verkfalli opinberra starfsmanna s. l. haust sem olli ekki aðeins þeim heldur þjóðarbúinu á þeim tíma miklu tjóni og gaf engan veginn þá uppskeru sem vænst var af þeim sem háðu þá kjarabaráttu. Og nú blasa við fjöldauppsagnir kennara, kennara sem eiga aðild að Bandalagi háskólamanna, sem hefur átt í samningaþófi við ríkisvaldið um langt skeið, sem hefur fengið skv. samningum samanburð á *kjörum sínum við kjör sambærilegra hópa á hinum* almenna vinnumarkaði, en sem þó ekki hefur nægt til þess að samið væri við þessa hópa. Kjaradómur í máli BHM gekk þann 16. febr. s. l. og eins og menn muna skapaði hann aðeins ramma sem ekki hefur verið fyllt út í með sérkjarasamningum.

Barátta kennara fyrir leiðréttingu á sínum kjörum er hins vegar alveg sérstök í þessu samhengi. Ég rifja það upp hér að á þingum kennarasambandanna, Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands, í júní s. l. var ákveðið að kanna þá nauðvarnaraðgerð, til þess að fá sanngjarna leiðréttingu á kjörum kennara, að þeir sameinuðust um fjöldauppsagnir. Þessi sambönd gerðu könnun á vilja félagsmanna sinna á árinu 1984 sem birt var niðurstaða af í nóvember s. l. Þá lá það fyrir að rúmlega 50% grunnskólakennara innan Kennarasambands Íslands voru reiðubúin að segja starfi sínu lausu frá 1. mars 1985 og um ⅔ framhaldsskólakennara innan Hins íslenska kennarafélags.

Fulltrúaráð Kennarasambands Íslands, sem fyrst og fremst mælir fyrir grunnskólakennara, ákvað hins vegar að leggja uppsagnir ekki fram í bili og vildi, eins og það hét í ályktun fulltrúaráðsins, gefa stjórnvöldum enn eitt tækifæri til að leiðrétta kjör stéttarinnar með því að standa við fyrirheit sem gefin hafa verið. Kennarasamband Íslands gerði síðan sérkjarasamning þann 3. janúar s. l. sem fól í sér, að ég hygg, um þriggja launaflokka leiðréttingu. Ég vil ekki staðhæfa nákvæmlega hvað í sérkjarasamningnum fólst, en ég hygg að þetta hafi verið meginniðurstaða úr þeim sérkjarasamningi. Hins vegar var skv. honum gefin heimild til endurskoðunar á þessum samningi frá 1. mars 1985 í ljósi niðurstaðna endurmatsnefndar menntmrn. sem svo hefur verið kölluð. Sú nefnd skilaði áliti síðla febrúar 1985 eða raunar undir mánaðamótin síðustu. Skv. því áliti telja kennarar og aðrir sem þetta endurmat hafa skoðað, að í því felist mjög veigamikil viðurkenning á því að kjör kennara hafi ekki verið í neinu samræmi við þá aðila sem eðlilegt er að bera þá saman við svo og vaxandi ábyrgð kennarastarfsins og aukið starfsálag á kennara.

Stjórn Kennarasambands Íslands ákvað svo á fundi sínum þann 4. mars s. l. að óska eftir endurskoðun sérkjarasamninga með tilliti til álits endurmatsnefndarinnar. Nú nýlega fór einnig fram könnun á viðhorfum meðlima félaga innan Kennarasambands Íslands til þess að halda áfram störfum. Í þessari könnun, sem tók til 485 grunnskólakennara var leitt í ljós að tæp 13% þeirra væru þegar ráðnir í því að segja starfi sínu lausu frá lokum yfirstandandi skólaárs og 40% þeirra væru óráðnir í því hvort þeir héldu áfram störfum en mundu bíða átekta. Þetta er þáttur og staða Kennarasambands Íslands sem hefur innan vébanda sinna flesta þá sem starfa í grunnskólum landsins.

En innan framhaldsskólanna er staðan önnur og enn alvarlegri. Hið íslenska kennarafélag hefur stöðugt knúið á um leiðréttingu á undanförnum mánuðum fyrir sína umbjóðendur. Sem aðili að BHM hafa framhaldsskólakennarar eðlilega viljað fella sína baráttu að hinni almennu baráttu Bandalags háskólamanna í þjónustu ríkisins fyrir leiðréttingu kjara svo sem lög kveða á um, þ. e. að tekið sé fullt tillit til hliðstæðra starfa á hinum almenna vinnumarkaði, en auk þess liggja fyrir hinar sérstöku ástæður kennara sem gilda ekki síður fyrir *kennara á framhaldsskólastigi en í grunnskólunum.*

Hið íslenska kennarafélag lagði sérstaka áherslu á að unnt væri að ganga frá samningum fyrir 1. mars, þar sem fyrir lá að svo margir meðlima þeirra höfðu þá sagt upp starfi, og minnti samninganefnd ríkisins á óskir sínar um viðræður um sérkjarasamninga með sérstakri ítrekun þann 12. febrúar s. l. um sérkjarafund til að flýta málum. Það var um þetta leyti sem menntmrh. reyndi, ég hygg þann 11. febrúar, að knýja kennara Hins íslenska kennarafélags, sem sagt höfðu lausu starfi frá 1. febrúar, til að halda áfram starfi með því að framlengja uppsagnarfrest þeirra með bréfi þann 11. febrúar eða með 17 daga fyrirvara. Sem kunnugt er hefur lögmæti slíkrar framlengingar með svo stuttum fyrirvara verið vefengt.

Í framhaldi af kjaradómi, sem féll þann 16. febr., hafa svo staðið yfir sérkjaraviðræður við Hið íslenska kennarafélag. Komið hefur fram í þeim að fjmrn. og samninganefnd þess hefur aðeins boðið Hinu íslenska kennarafélagi leiðréttingu sem svarar til 1—3 launaflokka hækkunar. Hvað skyldi nú slíkt tilboð þýða, sem gert var t. d. kennurum sem eru að hefja störf, varðandi byrjunarlaun? Það þýðir hækkun um aðeins 1800 kr. á mánuði eða hækkun úr 20 813 í 22 596 kr. Þetta er það tilboð varðandi byrjunarlaun kennara sem gert var af samninganefnd ríkisins nú fyrir skemmstu og sem Hið íslenska kennarafélag hefur hafnað eins og öðrum tilboðum sem frá samninganefnd ríkisins komu.

Þegar það lá fyrir að forusta Hins íslenska kennarafélags hefði hafnað þessum tilboðum ákvað ríkisstj. að vísa deilunni til Kjaradóms í fyrradag og gaf út samhliða því sérstaka yfirlýsingu. Ég tel rétt að setja þá yfirlýsingu inn í þetta samhengi, ályktun ríkisstj. frá 12. mars 1985, með leyfi forseta. Þar ályktar ríkisstj. í tilefni af kjaradeilu Hins íslenska kennarafélags og ríkisins eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ná bráðabirgðasamkomulagi við Hið íslenska kennarafélag eru ekki horfur á að samkomulag náist milli samninganefndar ríkisins og Hins íslenska kennarafélags um sérkjarasamninga og verður það mál því lögum samkvæmt úrskurðað af Kjaradómi.

2. Með tilvísun til þeirra forsendna er fram komu í dómi Kjaradóms frá 16. febrúar s. l. telur ríkisstj. eðlilegt að tekið verði tillit til þeirra auknu krafna sem gerðar eru til kennarastarfsins, sbr. skýrslu á vegum menntmrh. um endurmat á störfum kennara, og að leiðréttur verði við röðun í launaflokka sá launamunur sem er með kennurum og öðrum ríkisstarfsmönnum með sambærilega menntun.

3. Ríkisstj. beinir þeirri ósk og áskorun til félagsmanna Hins íslenska kennarafélags, sem lagt hafa niður störf, að þeir snúi nú þegar aftur til kennslustarfa og virði

þær lagareglur sem gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna."

Þetta var ályktun ríkisstj. frá 12. mars 1985.

Í ljósi þessarar ályktunar hljótum við að spyrja: Ef vilji ríkisstj. liggur fyrir og viðhorf staðfest af sérstökum samanburðarnefndum sem unnið hafa á vegum aðila, svo og sérstakri nefnd sem unnið hefur á vegum menntmrn. og borið hefur saman og endurmetið kennarastarfið, hvers vegna vísar þá ríkisstj. deilu af þessu tagi til Kjaradóms, hvers vegna gengur hún ekki til samninga við Hið íslenska kennarafélag og við aðra aðila innan BHM? Ég held að það hljóti að vera spurning sem brennur á vörum margra og ég hygg að það hafi verið sú spurning sem réði úrslitum á þeim fundi sem kennarar sem sagt hafa upp störfum hjá ríkinu héldu í gærkvöldi. Hvers vegna semur ríkisstj. ekki, ef hún er reiðubúin að gefa út yfirlýsingar í þá átt sem hér var lesin, við viðkomandi hópa, en vísar málinu til Kjaradóms? Kennarar Hins íslenska kennarafélags héldu fund með sér í gærkvöldi þeir sem sagt hafa upp störfum, og sem kunnugt er voru það um ⅔ hlutar þeirra sem greiddu því þar atkvæði að halda uppsögnum sínum til streitu. Samþykkt meiri hluta fundarins, sem samþykkt var með 187 atkv. af nær 300 sem sóttu fundinn, er svofelld, með leyfi forseta:

„Þeir fjölmörgu kennarar sem lagt hafa niður vinnu hafa að sjálfsögðu gert það vegna þess að þeir una ekki lengur síendurteknu óréttlæti við ákvörðun launa þeim til handa, hvort sem það hefur verið gert fyrir tilstilli samninganefndar ríkisins eða dáðleysi Kjaradóms. Það liggur því í augum uppi að eina leið stjórnvalda til að fá kennara aftur til starfa er að gera við þá viðunandi samninga á grundvelli þeirra gagna sem Hagstofan hefur aflað fyrir samanburðarnefnd ríkisins og BHM og á grundvelli skýrslu endurmatsnefndar menntmrh. Engir hafa á því meiri áhuga en kennarar að eðlilegt skólahald geti hafist á ný því þeim er fyllilega ljóst að hagsmunir nemenda eru í húfi og þeir hafa þegar beðið mikið tjón. En úr því sem komið er er það ekki á færi annarra en stjórnvalda að koma í veg fyrir frekari skaða hvað nemendur varðar. Eina lausnin, sem nú dugar í þessu máli, verður að vera til frambúðar ella stefnir í enn meira óefni í skólamálum þjóðarinnar í upphafi næsta skólaárs. Því skorar fundurinn á félagsmenn að hopa nú hvergi og snúa ekki til starfa fyrr en fullreynt er hvort við náum viðunandi kjarabótum."

Þetta er sú samþykkt sem hlaut um ⅔ hluta atkvæða eða yfirgnæfandi meiri hluta á fundi kennara í gærkvöldi.

Í þessari stöðu, þegar það blasir við að kennarar eru ekki reiðubúnir að stóla á yfirlýsingar ríkisstj. og væntanlegan kjaradóm til að hverfa aftur til starfa, hljótum við að beina spurningum til stjórnvalda sem hefðu átt að vera búin að leysa þessa deilu fyrir löngu svo að ekki þyrfti að stefna í það óefni sem nú er í komið og hefðu átt að geta komið í veg fyrir það tjón sem þegar hefur orðið. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hyggst ríkisstj. gera til lausnar á yfirstandandi deilum við kennara sem sagt hafa upp störfum í framhaldsskólunum og við Hið íslenska kennarafélag? Og ég spyr hæstv. menntmrh. að því: Hvaða áhrif hefur deilan haft til þessa á starf í framhaldsskólum landsins og hver eru líkleg áhrif hennar nú, miðað við að málið hafi þann framgang sem ríkisstj. markaði með ályktun sinni þann 12. mars? Í öðru lagi spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvað hyggst menntmrn. gera af sinni hálfu til lausnar deilunni?

Ég held að það sé dagljóst að menntmrn. ber hina faglegu ábyrgð á skólastarfi í landinu og það hefur dregist úr hömlu að leggja fram þau gögn sem hefðu getað orðið til þess að leysa þessa deilu í tæka tíð og síðan ekki fylgt þeim málum eftir með þeim hætti sem eðlilegt og nauðsynlegt hefði verið. En það eru vissulega fleiri aðilar sem þurfa til að koma til lausnar þeirri deilu. Þar er hæstv. fjmrh. í lykilhlutverki — ráðh. sem hefur neitað þm. um það dag eftir dag að svara tilteknum spurningum á Alþingi. En honum stendur ræðustóllinn opinn. (**Gripið fram í:** Það er spurning hvort það sé ekki einhver í honum.) Og ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað ætlar hann að gera til þess að leysa þann hnút sem hann hefur átt öðrum meiri þátt í að ríða og byrjaði raunar að herða að með yfirlýsingum sínum í upphafi þings þess efnis að kennarar í landinu væru ekki nema rétt hálfdrættingar á við aðra starfshópa?

Ríkisstj. ber að sjálfsögðu öll ábyrgð í þessu máli og ráðherrar Sjálfstfl. fara þar með stórt hlutverk, ráðh. menntamála og ráðh. fjármála, en hæstv. forsrh. hefur einnig og ríkisstj. öll haft afskipti af deilunni og því hef ég einnig beint fsp. til hans.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Hera forseti. Ekki er undarlegt þó að hér á Alþingi komi fram fyrirspurn um svonefnda kennaradeilu. Mjög alvarlegt ástand hefur skapast í framhaldsskólum landsins sem þm. sem aðrir hljóta að hafa áhyggjur af. Sömuleiðis eru áreiðanlega ýmsir sem hafa áhyggjur af því að kennarar völdu þann kostinn að hætta störfum 1. mars þrátt fyrir lagafyrirmæli um annað.

Ég mun leiða hjá mér ýmsar skýringar hv. fyrirspyrjanda á aðdraganda þess ástands sem skapast hefur. Auðheyrt var að þar talaði maður sem ekki er lengur í ríkisstj. Ég vil þó nefna að ég hygg að meginástæðan sé sú að við bjuggum lengi við verðbólgu sem fór upp í 130% og eftirfylgja þess ástands er jafnvægisleysi í okkar efnahagsmálum. Er það mín skoðun að á þessi mál sem og ýmis önnur fáist aldrei sæmilegt lag fyrr en jafnvægi er orðið í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ég vil einnig taka það fram strax að mér finnst ákaflega eðlilegt og reyndar rétt að fjmrh. hefur kosið að svara ekki fyrirspurnum nú um þær viðræður sem launanefnd fjmrn. á í við kennara og aðra opinbera starfsmenn. Þar er um ákaflega viðkvæm mál að ræða, þau eru á viðkvæmu stigi. Ég held að þm. hljóti að vera ljóst að slík mál leysast ekki í deilum hér á hinu háa Alþingi. (**GHelg:** Eru þau á einhverju stigi?) Þau eru vissulega á einhverju stigi, það hélt ég að hefði ekki farið fram hjá hv. þm. Hvar hefur hún verið? (**GHelg:** Ég hélt það.) Ég hélt að einmitt hefði verið deilt um það í fjölmiðlum hvort tilboð launanefndar væru réttmæt og eðlileg o. s. frv. Ég mun því snúa mér að því sem að ríkisstj. í heild snýr í þessu máli.

Ég hef að sjálfsögðu fylgst vandlega með framgangi málsins ásamt menntmrh. og við höfum átt ýmsa fundi með fjmrh. um málið. Ég hef einnig átt fundi með formanni Hins íslenska kennarafélags. Við vorum sammála um það fyrir skömmu að lítil von væri til þess að samkomulag næðist um meginatriði í þessari deilu. Meginatriðin í deilunni eru í fyrsta lagi hve mikla

hækkun kennarar þurfi að fá til þess að leiðréttur verði sá munur sem orðinn er með kennurum og öðrum opinberum starfsmönnum. Í öðru lagi hvernig meta beri aukna ábyrgð og kröfur sem gerðar eru til kennara eins og fram kemur í skýrslu sem gerð var á vegum hæstv. menntmrh. Og í þriðja lagi hvernig meta ætti þann kjaramun, sem talinn er vera á milli opinberra starfsmanna og manna á hinum almenna vinnumarkaði, eins og venjulega er sagt.

Það var því skoðun okkar að eðlilegast væri að vísa málinu sem allra fyrst aftur til Kjaradóms svo að hann fengi betra ráðrúm til að leysa úr þessum málum. Það er rétt að taka það fram að í forsendum Kjaradóms 16. febrúar s. l. kemur fram að Kjaradómur telur að á þessum málum þurfi að taka, þótt ekki sé það mjög ákveðið sett þar fram. Ætla má og segir reyndar í forsendum að Kjaradómur telji að í þeim launaflokkaramma, sem dómurinn ákvað með úrskurði sínum 16. febrúar, eigi að vera svigrúm til að leiðrétta slíkt. Ég lagði því fram á ríkisstjórnarfundi s. l. þriðjudag tillögu að samþykkt ríkisstj. í þeirri von að þar kæmi fram viljayfirlýsing sem gæti stuðlað að því að kennarar hyrfu aftur til starfa og málið kæmist strax til Kjaradóms. Á þeim fundi var mér ásamt hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. falið að ganga endanlega frá þeirri samþykkt og það gerðum við seinna þann dag.

Hv. fyrirspyrjandi hefur tekið af mér ómakið að lesa þessar samþykktir og skal ég sleppa því. En til þess að málið liggi að öllu leyti fyrir vil ég þó geta þess að fljótlega eftir þennan fund átti ég samtal við formann Hins íslenska kennarafélags og sendi síðan þessar ályktanir næsta morgun, þ. e. í gærmorgun, til hans ásamt bréfi sem mér þykir rétt að lesa, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til viðtals sendi ég hér með samþykkt ríkisstj. um kjaramál kennara og opinberra starfsmanna almennt. Eftir umræður í ríkisstj. í gærmorgun var á grundvelli tillögu, sem þar lá fyrir, forsrh., fjmrh. og menntmrh. falið að ganga frá samþykkt ríkisstj. í máli þessu.

Eins og fram kemur lýsir ríkisstj. þeirri skoðun sinni að leiðrétta beri kjör kennara til samræmis við aðra háskólamenntaða menn í þjónustu hins opinbera og jafnframt sé rétt að taka til greina þær auknu kröfur sem gerðar eru til kennarastarfsins. Einnig lýsir ríkisstj. vilja sínum til þess að samræma kjör opinberra starfsmanna almennt kjörum á hinum almenna vinnumarkaði.

Kjaradeilan mun væntanlega fá hið fyrsta lögbundna meðferð hjá Kjaradómi. Með tilvísun til þess er það einlæg von mín að kennarar ákveði að hverfa aftur til starfa. Það eru fyrst og fremst nemendur framhaldsskólanna sem að ósekju hafa mikil vandræði og tjón af því ástandi sem nú ríkir. Því verður að ljúka."

Hv. þm. spurði sérstaklega að því hvers vegna ekki væri leiðréttur sá munur sem er með mönnum, ekki bara kennurum heldur opinberum starfsmönnum, í þessu tilfelli háskólamenntuðum mönnum, í þjónustu hins opinbera og á hinum almenna markaði. Það er rétt að samanburðarkönnun fer nú fram hjá sérstakri nefnd. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu en hún hefur ekki sjálf unnið til hlítar úr þeim upplýsingum sem fengist hafa fyrir milligöngu Hagstofu Íslands. Og ég hygg að það fari ekki fram hjá neinum að það eru um það vissar deilur, þær hafa komið fram í dagblöðum, hvernig skilja eigi þær upplýsingar.

Í yfirlýsingu ríkisstj. er tekið fram að ríkisstj. telji rétt að opinberir starfsmenn hafi sömu kjör og menn á hinum almenna markaði. Ég tel þetta vera mjög mikilvæga yfirlýsingu og ég tel hana sjálfsagða. Ég tel eðlilegt og aldrei annað fært en að opinberir starfsmenn njóti sömu kjara. Hins vegar kann að vera einhverjum vandkvæðum bundið að bera slíkt saman, eins og komið hefur fram í þeirri vinnu sem nú er verið að inna af hendi. Ég trúi að vísu ekki öðru en að vel athuguðu máli sé hægt að fá óumdeilanlegan samanburð á við skulum segja dagvinnutekjum manna hjá hinu opinbera og utan opinbera geirans. En stundum kann að vera erfiðleikum bundið að ákveða hvað er sambærileg vinna. A. m. k. er það svo að með sumar stéttir, suma hópa háskólamenntaðra manna, er það auðveldara en með aðra. Ég hygg að alveg sérstaklega sé erfitt að meta þau hlunnindi, sem menn hafa kannske fyrst og fremst hjá hinu opinbera, en þó hygg ég í mörgum tilfellum einnig á hinum almenna vinnumarkaði. Mér þykir því ákaflega líklegt að mat á slíku, sérstaklega hlunnindum, hljóti að koma til ákvörðunar Kjaradóms. En málið er bara því miður ekki svo langt komið að unnt væri að afgreiða það á örfáum dögum í viðræðum á milli launanefndar fjmrn. og Bandalags háskólamanna. Ég endurtek hins vegar að mér virðist að þessi yfirlýsing ríkisstj. hljóti að verða tekin sem verulega stefnumarkandi að þessu leyti.

Eg vil einnig vekja athygli á því að í þessum samningum er ekki um opinbera starfsmenn háskólamenntaða eina að ræða. Í raun og veru er allur vinnumarkaðurinn undirlagður. Og vitanlega verður að vinna þetta starf þannig að m. a. þeir sem í lægri launum eru á hinum almenna vinnumarkaði séu sannfærðir um að af heilindum sé að því staðið, samanburðurinn sé réttur og verði ekki vefengdur. Ég hef iðulega í umræðum um þetta mál vísað til Kjararannsóknarnefndar sem starfar, eins og menn vita, á vegum VSÍ og ASÍ. Mér hefur virst að niðurstöður þeirrar nefndar séu ekki almennt vefengdar. Ég hygg að það sé mjög til athugunar hvort ekki á að víkka út það starf og láta það ná til samanburðar á opinberum starfsmönnum og mönnum sem utan ríkisgeirans starfa, eða a. m. k. að koma á fót svipuðum samanburði og þá nefnd, eða hvað menn vilja kalla það, sem annast hann og ekki verður vefengd.

Ég vil að lokum lýsa þeirri eindregnu von minni enn að kennarar komi aftur til starfa. Hv. þm. sem hóf umræðuna spurði: Hvert er framhaldið? Málið fer til Kjaradóms. I raun og veru eru tímamörk þegar sett Kjaradómi með lögum. Málið á að vera komið þangað 16. þ. m. og er að fara þangað og ég lýsi þeirri von minni að kennarar sætti sig við þá niðurstöðu sem þar fæst. Ríkið verður að gera það og ríkið mun að sjálfsögðu gera það. Það kann vel að fara svo að hún verði ekki þægileg fyrir ríkisvaldið gagnvart öðrum launþegum í landinu, en ríkið mun að sjálfsögðu sætta sig við hana. Aðrar aðgerðir hefur ríkisstj. ekki ákveðið í þessu máli.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, beindi til mín tveimur spurningum. Hin fyrri

var: Hvaða áhrif hafði útganga kennara hinn 1. mars á skólastarf? Ég mun leitast við að gera grein fyrir því og þá fyrst hvaða bein áhrif þetta hafði á kennslumagn — — eða magn þeirrar kennslu sem veitt er í skólunum.

Samtals lögðu um 440 kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi fram uppsögn sína nú í vetur og skyldi uppsögnin skv. því taka gildi 1. mars nema heimild í lögum yrði notuð til þess að framlengja þann frest um þann mánaðafjölda sem er innan lagaheimildarinnar. Þetta munu vera um ⅔ hlutar allra kennara í framhaldsskólum sem eru í Hinu íslenska kennarafélagi, en um ⅓ hluti allra framhaldsskólakennara. Menntmrh. framlengdi uppsagnarfrest til 1. júní skv. lögum til að afstýra tjóni fyrir nemendur. Tilkynning um þetta var send 17 dögum áður en hinn boðaði frestur af kennara hálfu skyldi renna út. Það hafði margoft verið tilkynnt opinberlega að til þessarar framlengingar yrði gripið ef málið hefði ekki leystst í tæka tíð eða uppsagnir verið dregnar til baka. Það skal tekið fram að aldrei, þegar þessu ákvæði hefur verið beitt, hefur því verið beitt með jafnlöngum fyrirvara eins og að þessu sinni.

Hinn 28. febrúar s. l. samþykktu 222 kennarar að ganga úr störfum sínum 1. mars þrátt fyrir framlengingu uppsagnarfrestsins. Þarna var um að ræða helming af þeim hópi sem sagt hafði upp störfum eða lagt inn uppsagnir 1. nóvember. Í gær ákváðu 187 kennarar að halda áfram ólögmætum fjarvistum sínum, en 107 vildu koma aftur til starfa. Milli 40 og 50 kennarar hafa afturkallað uppsagnir sínar eða virt framlengingarákvæði frestsins svo að vitað sé. Þessar tölur eru að breytast því að ýmsir kennarar eru að taka upp vinnu aftur þessa dagana þótt óljóst sé enn hversu margir það eru. Sums staðar er reyndar frí í dag vegna árshátíðar í gær, svo að það er dálítið vont að telja í þeim skólum hve margir hafa hugsað sér að sinna skyldustörfum sínum í dag. Ég geng út frá því að þeim fari fjölgandi í þeim skólum eins og annars staðar.

Áhrif uppsagnar kennara koma mjög misjafnlega niður á einstökum skólum. Nefna má nokkra skóla sem uppsagnir taka ekki til, t. d. skóla heilbrigðisstétta, búnaðarskóla, Verslunarskóla Íslands, Samvinnuskólann, Verkmenntaskólann á Akureyri, Hótel- og veitingaskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Tækniskóla Íslands. Í ýmsum skólum segja mjög fáir upp starfi, eins og í Stýrimannaskólanum, Vélskóla Íslands, iðnskólunum og Menntaskólanum á Ísafirði. Harðast verða aðrir menntaskólar og fjölbrautaskólar fyrir barðinu á uppsögnum. Alls má segja að í 14 skólum fari kennslan að meira eða minna leyti úr böndum. Það eru eftirtaldir skólar, en ég mun greina frá því hve stór hundraðshluti kennslumagns, eins og kallað er, er veittur nú í þeim skólum:

Í Menntaskólanum í Reykjavík 51% venjulegs kennslumagns, í Menntaskólanum við Hamrahlíð 30%, í Menntaskólanum við Sund 42%, í Menntaskólanum á Akureyri 35%, í Menntaskólanum í Kópavogi 54%, í Menntaskólanum á Egilsstöðum ekkert, í Menntaskólanum á Laugarvatni 30%, í Fjölbrautaskólanum Breiðholti 51%, í Fjölbrautaskólanum Ármúla 49%, í Kvennaskólanum í Reykjavík 19% og í Flensborgarskóla í Hafnarfirði 38%. Frá Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki hef ég ekki tölur og í Menntaskólanum á Ísafirði gengur skólahald nokkurn veginn eðlilega fyrir sig.

Nú kann vel að vera að eitthvað af þessum tölum hafi breyst hreinlega í dag. Þetta kemur mjög misjafnt niður á námsgreinum og einstökum bekkjum. Í Menntaskólanum á Akureyri var sett upp það sem skólameistari kallar „neyðaráætlun“ í kennslu, þ. e. hann skipuleggur hjálparkennslu við sjálfstætt nám nemenda til þess að jafna sem allra best þann mun sem verður vegna skerðingar kennslu af völdum uppsagnar kennaranna. Í nokkrum skólum er reynt að gefa kost á kennslu hjá öðrum kennurum en þeim sem sagt hafa upp, en það gerist einungis með samkomulagi við þá kennara sem haldið hafa áfram störfum sínum.

Það er auðvitað ljóst að hver dagur sem líður veldur þeim nemendum, sem fyrir þessu hafa orðið, æ meiri skaða. Því fyrr sem kennarar átta sig á því hve hér er um alvarlegt mál að ræða, því betra. Ég hygg að samviska hvers og eins kennara sé besta leiðarljósið í þessu efni. Það er ekki ákvörðun neins nema þeirra sjálfra að vera fjarverandi úr störfum sínum án lögmætra forfalla. Það er algerlega ljóst.

Spurt var um hvaða áhrif þessi útganga hefði. Ég hef gert grein fyrir kennslumagninu í skólunum. Ég vil gjarnan víkja að öðrum áhrifum.

Að því er varðar áhrifin á lausn kjaradeilunnar sjálfrar, þá er það ljóst að þau eru engin. Vinnan að þessu máli fer fram alveg eftir tilteknum frestum og innan þröngra tímatakmarka sem lögin setja. Það er unnið að því hvort sem kennarar eru í vinnunni eða ekki, þannig að kennarar greiða ekki fyrir lausn mála með því að vera ekki í sínum skyldustörfum.

Hitt er annað mál að þessu geta fylgt önnur áhrif sem eru miklu, miklu alvarlegri og ég veit ekki hve langan tíma tekur að bæta. Það eru þau áhrif sem þetta hefur á sjálfan andann í skólastarfinu, á sjálft siðferðið, ef ég má svo segja, í skólunum, á ástundun nemenda og allt andrúmsloftið. Og svo annað, hver áhrif þetta hefur á þá virðingu sem ég tel að kennarastéttin ætti að njóta í landinu og það traust sem menn þurfa til hennar að bera til þess að hún geti með góðu móti valdið þeim vandasömu verkefnum sem henni eru falin á hendur. Þetta atriði tel ég vera alvarlegast. Þetta atriði er í sjálfu sér annað en kjaradeila.

Það er unnið að lausn kjaradeilunnar með þeim ráðum sem lögin leggja stjórnvöldum í hendur. Hæstv. forsrh. las hér upp viljayfirlýsingu ríkisstj. Hins vegar gefur ríkisstj. Kjaradómi engin fyrirmæli. Kjaradómur er sjálfstæð, óháð stofnun sem leggur mat á mál í ljósi málflutnings og framlagðra gagna, laga, reglna og eðlis máls. Þess vegna er enginn kominn til með að segja að Kjaradómur dæmi aðra kröfuna til fulls eða hina kröfuna til fulls. Mat á þessu atriði er algjörlega í hendi Kjaradóms. Frestir, sem Kjaradómi eru settir, eru tilteknir og þröngir innan laganna.

Ég hygg að æ fleiri kennarar hafi komist að þeirri niðurstöðu að það bæti ekkert þá málsmeðferð né hraði henni að þeir séu ekki í vinnunni. Það er unnið jafnt að þessum málum þó að kennarar séu við störf sín. En það breytir hins vegar einu. Það breytir því að nemendur fái þá kennslu sem þeim hefur verið lofað af hálfu kennara þegar þeir settust í skólana í haust með því að kennarar tóku að sér að starfa í skólunum í haust.

Menn vita að það er geysilegur vandi og mikið tjón sem er augljóst hjá mörgum nemendum. Þetta hefur þegar haft þau áhrif að allmargir nemendur hafa

ákveðið að hætta námi a. m. k. í vetur, reyna að fá sér vinnu annars staðar en við nám. Mikið hefur verið um hringingar foreldra í menntmrn. þar sem kvíða er lýst af þessum sökum. Menn skírskota til sómatilfinningar þeirra sem gengið hafa úr störfum sínum þrátt fyrir lögleg fyrirmæli og foreldrar lýsa því hvernig þeir í mörgum tilfellum hafa lagt sitt af mörkum til að hvetja börn sín til náms og reynt að halda þeim að námi en segja sem svo að við þessar aðstæður séu öll vopn úr höndum þeirra slegin. Þeir treysta sér ekki lengur til þess að hvetja nemendur til að sýna ástundun í námi eða halda áfram við þessar aðstæður. Það segir sig sjálft að þetta veldur miklum vanda í skólunum í haust hjá þeim sem ekki tekst að létta einhvern veginn undir með eins og nú standa sakir.

Ég mun víkja að því lítillega á eftir hvaða úrræði helst kæmu til greina í skólastarfinu sjálfu. Áður en ég kem að því vil ég víkja að þeirri spurningu sem hv. 5. þm. Austurl. beindi til mín: Hvað hugsar menntmrh. sér að gera til þess að stuðla að lausn deilunnar? Ég get vísað til þess sem ég sagði áðan um það hvar þessi deila væri stödd. Þetta mál er í höndum Kjaradóms sem er óháð stofnun sem leggur mat á málið eftir framlögðum gögnum, málflutningi og lögum og þeim upplýsingum sem dómarar hafa við sín störf eins og gerist um dómstóla.

Þegar mál standa svo vita menn að fagráðuneyti hefur ekki með höndum málflutning fyrir slíkum dómi. Þess vegna getur fagráðuneyti ekki gripið inn í það verk í sjálfu sér eins og nú er. Enda er það andstætt þeim reglum sem Kjaradómur býr við og þeim starfsfriði sem Kjaradómur þarf að hafa að menn, sem ekki er falið að flytja þar mál viðkomandi eða hafa með höndum sjálfa samningana, séu að því. En það mál er, eins og hv. fyrirspyrjandi veit, í höndum fjmrn. sem fer með öll launamál starfsmanna ríkisins, þ. á m. kennaranna.

Ég veit það ósköp vel að hv. þm. vill gjarnan að við komum af stað einhverri deilu milli okkar ráðherranna innbyrðis. En honum mun ekki takast að koma neinu slíku af stað. Hitt er annað mál að það skýtur dálítið skökku við þegar hv. fyrirspyrjandi er að víkja að því að þessi ríkisstj. hafi skellt skollaeyrum við kröfum kennara um að leysa þann hnút sem orðinn er í þeirra kjaramálum. Við skulum sjá hver það var sem reyrði þennan hnút. Hvenær hefur þessi hnútur myndast? Það er svolítið athyglisvert að líta á þróun kjara kennara s. l. 20 ár. Þau hafa tvisvar sinnum náð stærstum stökkum fram á við. Hvort tveggja var í stjórnartíð sjálfstæðismanna. Hvort tveggja var þegar stjórn var undir forsæti sjálfstæðismanna og sjálfstæðismaður fjmrh. Með allri virðingu fyrir okkar kæra hæstv. forsrh. er hér um staðreyndir að ræða. Og nú eru allar horfur á því að senn batni margir hlutir. Hæstv. forsrh. hefur í sinni ræðu nú áðan um samþykkt ríkisstj. gefið yfirlýsingu um hvert þessi mál stefna nú. Í lok viðreisnaráratugarins náðu kjör kennara verulega stóru stökki fram á við. Þetta gerðist aftur árið 1977. Þá var framsóknarmaður í sæti menntmrh. og þá var sjálfstæðismaður í sæti forsrh. og sjálfstæðismaður fjmrh.

En það er svolítið athyglisvert að þegar flokkur hv. fyrirspyrjanda hefur verið í stjórn hafa kjör kennara hrapað óðfluga niður á við. Svo talar hann um þann hnút og þá kreppu sem kjör kennara eru komin í og hve þau hafi orðið slæm á síðustu árum. Þau versnuðu mest í stjórnartíð fyrirspyrjanda sjálfs. En þá lyfti hv. þm. ekki litla fingri til að laga þessa hluti. Er það von að hann undrist?

Ég vil áður en ég fer úr þessum ræðustóli, hæstv. forseti, leggja á það áherslu að það hefur verið unnið mjög mikið í menntmrn. í samstarfi við fulltrúa kennara, bæði formlega og óformlega, að því að greiða fyrir málefnum kennara. Þetta vita þeir sem þátt hafa tekið í því og þetta vita forustumenn kennaranna. Ég hef um það ályktanir í höndunum frá samtökum kennara þar sem því er lýst yfir hve þessir hópar og þessi samtök séu þakklát fyrir þetta starf. Slíkt starf var ekki unnið í stjórnartíð hv. fyrirspyrjanda. Það er hins vegar nýtt að þetta sé gert á þennan veg í samstarfi við þau samtök sem hér eiga í hlut. Það er gert vegna þess að þeir, sem nú eru í ríkisstj., telja málum betur borgið, kjaramálum svo vel sem öðrum, í samstarfi milli manna en í stríði milli manna. Að því hefur verið unnið. Það er von að hv. fyrirspyrjanda þyki það skringilegt þegar hann er í þessum tindátaleik sem hann hefur verið í hér og einu sinni áður í sambandi við fsp. um sama efni hér á Alþingi, sem var reyndar þingleg fsp., en hvað um það. Þó að hv. fyrirspyrjandi sé í slíkum leik fagna ég því tækifæri sem ég hef til að upplýsa ýmislegt um þetta mál.

Mér finnst eðlilegt að spurt sé um þessa hluti á Alþingi að því er efnisatriðin varðar og eðlilegt að menn hafi af því áhyggjur hvernig fara muni. Í hópi þm. eru fjölmargir foreldrar nemenda í framhaldsskólum. Ég veit að þeir hafa ekki síður áhyggjur af þessu en margir aðrir. Ég veit líka að hv. þm. vilja að farið sé að lögum í landinu. Þeir vilja upp til hópa a. m. k. að menn gangi til starfa sinna í samræmi við lög og reglur þær sem Alþingi hefur sett og þeir vita væntanlega að löggjöfin á Alþingi er m. a. til þess að setja niður deilur manna og koma í veg fyrir deilur og stríð milli manna. Þess vegna er það sem við viljum að farið sé að lögum. Þess vegna teljum við það mönnum til hnekkis að gera það ekki. Þess vegna teljum við það enn alvarlegra þegar í hlut á hópur sem annast uppeldi og mótun æskulýðsins í landinu. Í því sambandi hlýt ég að geta eins sem ég hef orðið vör við í bréfaflóði sem borist hefur menntmrn. nú á síðustu vikum, eins og reyndar oft endranær.

Fjölmörg bréf frá nemendum framhaldsskóla og nemendahópum, hundruðum saman, undirskriftir nemenda hundruðum saman undir yfirlýsingar hafa borist. Þessar yfirlýsingar eru svo málefnalegar og ábyrgar og skynsamlegar að í öllu þessu ástandi, sem óneitanlega er ekki sérstaklega fallið til að vekja manni bjartsýni um andann í skólunum, vekur það manni samt bjartsýni að sjá hve skynsamt ungt fólk hér á hlut að máli og að þetta unga fólk skuli af skynsemi og ábyrgð leggja fram óskir sínar og tillögur með þeim hætti sem það hefur gert.

Þrátt fyrir þetta er það svo að þær ályktanir, sem fjölmiðlar birta oft, eru þær sem eru í neikvæðara lagi. En þetta liggur fyrir. Hér er um að ræða ályktanir frá mörg hundruð nemendum á Akureyri, ályktanir frá um á annað hundrað nemendum á Laugarvatni, ályktanir frá mörg hundruð nemendum í Menntaskólanum í Reykjavík og svo má lengi telja. Nemendur þessara og margra fleiri skóla hafa haft frumkvæði að miklu málefnalegri málsmeðferð en hinir fullorðnu hafa gert. Það er kannske ekki ný saga fyrir foreldra að við lærum

margt af unga fólkinu. Mér sýnist málin horfa þannig núna að margt hafi eldra fólkið af hinu yngra að læra.

Nú veit ég að það eru nemendahópar einhverjir, ég veit ekki hve stórir, sem vilja leggja sitt af mörkum í kjarabaráttu kennara sinna og það er ekkert við því að segja. Auðvitað styðja þeir það sem þeir telja að sé barátta fyrir bættum kjörum kennara. Þeir vilja bæta kjör sinna kennara. Það er ósköp eðlilegt og sjálfsagt. Hins vegar þegar nemendur vilja styðja kennara sína með þeim hætti að mæta ekki í skóla ef þeim býðst kennsla þykir mér fórnin vera orðin of stór, ef nemendur eiga að afsala sér kennslu í þeirri trú, að það sé til framdráttar kjarakröfum kennara. Þá tel ég að það væri drengilegt að skýra nemendunum frá því að slíkt er ekki hluti af kjarabaráttu kennara, því að fjarvistir kennara nú, eins og ég sagði áðan, breyta engu um hraða málsins eða niðurstöðu að því er ég held — alls ekki um hraða málsins, það er ljóst.

Auðvitað vitum við ekki í dag um niðurstöðu máls sem er í Kjaradómi. En það er a. m. k. ekki til að flýta fyrir og manni þykir það heldur ekki mjög líklegt að það verði til að bæta niðurstöðu máls að sú stétt, sem er að berjast fyrir kjörum sínum, gangi á svig við lög landsins, gangi gegn lögum landsins í baráttuaðferðum sínum. Það er erfitt að halda uppi agareglum í skóla, skólareglum, og ætlast til að nemendur fylgi þeim þegar kennarar hafa það svona. Sem betur fer fer þeim fækkandi kennurunum sem svo haga sér og það fjölgar í þeim hópi sem sinnir skyldustörfum vegna þess að þeir bera hag nemenda sinna einlæglega fyrir brjósti.

Ef svo hins vegar einhverjir kennarar kunna allt að einu að vilja hverfa úr störfum í vor þá er ekkert við því að segja. Svo verður að vera. En þeir þyrftu þá að ljúka sínum kennsluferli með öðrum hætti en nú virðist blasa við.

Ef ég að lokum vík í mjög stórum dráttum að þeim úrræðum sem kæmu til greina nú í skólahaldinu, þá eru þau þessi — og ég verð að taka fram strax að þar er enginn kostur góður vegna þess á hvaða stigi skólaárið er.

Þegar svo áliðið er skólaársins er mjög erfitt að koma inn í kennslu sem fram hefur farið allan veturinn með þeim hætti að nemandinn nái þeim árangri sem að var stefnt. Það sem menn hafa verið að athuga er í fyrsta lagi ráðning forfallakennara. Ég tel að ekki sé forsvaranlegt annað en að athuga þann möguleika. Kennurum, sem fjarverandi hafa verið, hefur verið gefinn ákveðinn frestur til að átta sig. Nú er liðinn svo langur tími að óforsvaranlegt er að mínu mati annað en að kanna þennan möguleika, ráðningu forfallakennara. Skólastjórar hafa frumkvæði um slíkt eins og um ráðningu manna til sinna skóla. Þeim hefur verið gerð grein fyrir að þeir hafi að sjálfsögðu heimild til ráðningar forfallakennara. Það verður að liggja fyrir í hvaða greinum þetta þarf og hve marga o. s. frv. Það atriði hefur nokkuð breyst núna frá degi til dags, en þetta liggur væntanlega fyrir fljótlega. Skólastjórar, skólameistarar og rektorar, sem ég hef hitt reglulega þennan tíma, voru á fundi núna í dag og ráða ráðum sínum m. a. um þetta. Komi óskir frá þeim um að menntmrn. auglýsi fyrir þá eftir forfallakennslu er sjálfsagt að verða við því. Það er það minnsta sem hægt er að gera til að reyna að hjálpa einhverjum nemendum sem hjálp þurfa til þess að ná því námi sem þeir stunda núna á þessari önn.

Í öðru lagi getur komið til þess að lengja þurfi kennslutímann nokkuð. Þetta fer líka eftir því hvernig gengur að ráða forfallakennara eða hve stór hópur kennara verður enn þá fjarverandi nú eftir nokkra daga.

Loks má velta því fyrir sér hvernig skást sé að ljúka skólaárinu við þessar aðstæður. Til greina kæmi að draga úr umfangi prófanna, leggja áherslu á að prófa í lokaáföngum og prófa þá sem eru að útskrifast. Vitnisburði í öðrum áföngum mætti byggja á vinnu nemandans á þeim tíma sem kennsla hefur verið í skólanum. En slíkur vitnisburður gefur auðvitað ekki þá mynd sem vitnisburður eftir heilt skólaár mundi gefa. Þá yrði próf að miðast við það efni sem farið hefur verið yfir á önninni án tillits til kennsluáætlana og leitast verði við að jafna þennan mismun sem fram kann að koma hjá nemendum í byrjun næstu annar. Þetta er þó allt saman háð því hvenær kennararnir koma aftur til vinnu, að hvaða marki þarf að beita þessum ráðum. Þetta verður líka að metast í hverjum skóla fyrir sig vegna þess hversu misjafnt þetta er bæði eftir árgöngum, önnum og kennslugreinum.

Þessi atriði vildi ég nefna, hæstv. forseti, og tel mig þá hafa gert grein fyrir hve alvarlegt ástand er í skólum landsins. Ríkisstj. tel ég að hafi gert allt sem hún hefur getað við þessar aðstæður sem nú eru til að koma til móts við kröfur kennara. Var það viðurkennt opinberlega, bæði af formanni og varaformanni Hins íslenska kennarafélags, nú í gær í fjölmiðlum að ríkisstj. hefði gengið verulega til móts við kennara. Ég veit að flestir eru farnir að skilja að við þær aðstæður, þegar samið er við svo mörg félög, var ekki unnt að ganga öðruvísi frá málum í bili en með viljayfirlýsingu í þá veru sem gert var.

Þess vegna er það afar einkennileg röksemdafærsla og að það skuli heyrast í sölum Alþingis að einn hv. þm. skuli telja að það að tiltekinn hópur manna úr einni mikilvægri starfsstétt landsins yfirgefur störf sín í trássi við lög landsins sé ekki þeim sjálfum að kenna. Það er enginn sem framkvæmir það nema þeir sjálfir. Það er enginn sem framkvæmir þá gerð nema þeir sjálfir. Það er þeirra eigin ábyrgð og þeirra eigin samviska sem verður þarna að koma til skjalanna. Þeir vita, ef þeir lesa samþykkt ríkisstj. frá því í fyrradag, hver skoðun ríkisstj. er. Þeir vita, ef þeir vilja taka mark á lögum landsins í hinu mikilvæga uppeldisstarfi sínu, hvernig þessum málum er háttað, hvaða tímafrestir eru settir í lögum og hvaða tímafrestir eru settir hjá hinum óháða dómstóli sem nú fær málið til meðferðar. Ég vona af heilum hug að kennarar snúi sem allra fyrst aftur til sinna starfa og að í störf þeirra sem ekki gera það fáist hæfir og góðir kennarar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú hefur málshefjandi í þessum umr. og ráðh. sem standa fyrir svörum, lokið máli sínu. Og það líður óðum að lokum þess tíma sem kynnt var í upphafi að við myndum hafa til umráða í dag. Það er því ekki víst að við getum lokið þessari umræðu nú. En við munum sjá hverju fram vindur og freista þess að ljúka umr. á þessum fundi án þess að verið sé að takmarka umræður.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. lauk næstum máli sínu með því að segja að

ríkisstj. væri búin að gera allt sem hún gæti gert í þessum málum. Þetta eru rosaleg átök. Þetta er næstum því eins og í húsnæðismálunum hjá hæstv. félmrh. Ríkisstj. gerir rosaleg átök, er með allt í vinnslu og fólk flykkist, hvort sem það er húsnæðislaust fólk eða kennarar, þúsundum saman út á göturnar. Ríkisstj. er að gera rosalegt átak, hún er að gera allt sem hún getur í málinu. Og nú eru kennararnir búnir að fá það óþvegið.

Ræðan sem hæstv. fjmrh. hélt í haust yfir kennurum var barnaleikur í raun á við þetta. Kennarar eru að svíkja skóla, kennarar eru að svíkja nemendur. Ég veit ekki hvað Þorgeir Ibsen segir núna. Ætli hann skrifi ekki aðra grein í Moggann. Og það verður fróðlegt að lesa hana. Það er af tryggð við skóla og það er af tryggð *við nemendur sem kennarar eru ekki löngu staðnir upp* úr stólum sínum, fyrir mörgum misserum, jafnvel fyrir mörgum árum. Þessi brigsl um ábyrgðarleysi og agaleysi eru ekki samboðin ráðh. að mínu mati.

Raunar hefðu ókunnugir menn ekki mátt geta upp á því að áðan hafi talað oddvitar ríkisstj. í þessum málum, þ. e. forsrh. sjálfur og menntmrh. Ríkisstj. er með mestallt skólakerfið í rústum og reyndar húsnæðiskerfið líka. Í þessu tilfelli vill hún firra sig allri ábyrgð. Hún ætlar að víkja málinu frá sér til Kjaradóms. Síðan munu ráðh. standa upp og þvo hendur sínar. Þeir skjóta sér undan vandanum og vísa síðan til samvisku kennaranna. Menn gætu spurt: Hver er samviska ríkisstj.? Hver er ábyrgð ríkisstj. varðandi það sama og ríkisstj. kennir nú kennurum? Hver er ábyrgð ríkisstj. á andrúmslofti í skólum og hver er ábyrgð ríkisstj. á því ef virðing kennara skyldi nú þverra? Hver er ábyrgð ríkisstj. og hver er skylda hennar gagnvart nemendum?

Ég held að ríkisstj. geti ekki skotið sér undan þeirri sök sem hún hefur. Það hefur verið miklu meira en nógur tími til þess að vinna að þessu máli. Menn áttu að geta séð hvert stefndi. Það er ekki nóg að hæstv. menntmrh. standi hér upp og segi að það hafi verið mikið unnið í rn. Ástandið sýnir einfaldlega að ekki hefur verið unnið nóg.

Þetta minnir á nemanda sem les eins og vitlaus maður síðustu dagana fyrir próf. Það er ekki nóg ef hann fellur. Ríkisstj. hefur einfaldlega fallið á þessu prófi. Hún hefur ekki sinnt þessu verkefni eins og hún hefði átt að gera. Hún hefur fallið á þessu prófi nákvæmlega eins og hún féll á húsnæðismálaprófinu. Þessi sífelldu föll ríkisstj. fara að verða þjóðinni nokkuð dýrkeypt. Kannske væri best að ríkisstj. félli almennilega næst og við þyrftum ekki að sitja uppi með hana öllu lengur.

Báðir hæstv. ráðh. vísuðu til að skrifuð hefðu verið bréf. Kjaradeilur leysast ekki með því að menn skrifi „eitt lítið letter's bréf" og lýsi í því almennum óskum, að þeir telji hitt og þetta. Menn borga ekki matinn sinn með tilvísun á bréf ríkisstj. og menn borga ekki húsnæðislánin sín með tilvísun í bréf ríkisstj., en það er nú svo komið að þess gerist næstum þörf.

Það hefur verið miklu meira en nægur tími til að leysa þetta mál og það er óþarfi að skjóta sér bak við það sem ráðh. hafa reynt að skjótast á bak við. Þeir reyna líka að skjóta sér á bak við það að hér sé þörf að fara með löndum vegna þess að taka verði tillit til almenns vinnumarkaðar. Það er pólitískt viðfangsefni þessarar ríkisstj. að skapa þannig andrúmsloft að hækkuðum launum kennara sé þá beinlínis fagnað af þjóðinni frekar en hitt. Það er hið pólitíska verkefni sem nota hefði átt mánuðina til.

Menn geta velt fyrir sér hvers vegna laun kennara eru svo lág sem raun ber vitni. Til þess eru, held ég, margar ástæður. Ein er sú að kennurum hefur fjölgað. Þeim hefur fjölgað vegna þess að þjóðin hefur stækkað. Hérna hafa bæst við stórar kynslóðir. Það hefur líka verið vilji samfélagsins að efla menntakerfið í þessu landi og til þess þarf fleiri kennara. Og það hefur verið vilji Alþingis að útvíkka þetta kerfi og stækka, veita með því betri þjónustu. Kennurum hefur því fjölgað. Ýmsir hafa kvartað undan því. Svo hefur farið þannig fyrir kennurum, þegar þeir eru orðnir fjölmenn stétt og fyrirferðarmikil í launabúskap ríkisstj., og ekki bara þessarar heldur annarra ríkisstj., að laun þeirra rýrna *eins og hjá fleiri fjölmennum stéttum.*

Þetta er líka dæmisaga um að stétt sem er seinþreytt til vandræða, sem er seinþreytt til mótmæla, verkfalla eða annarra aðgerða, geldur þess í launum. Um þetta höfum við dæmi eins og hjúkrunarfólk og kennara. Ég held líka að atvinnuhættir á Íslandi hafi verið með þeim hætti að skólastarf hafi verið í afar óljósu sambandi við pyngjuna. Það hefur ekki verið okkur ljóst í dagsins önn hvernig menntun skiptir máli fyrir lífsafkomu fólks. Þetta sama sjáum við t. d. á aðbúnaði við rannsóknir í landinu, svo dæmi séu nefnd. Kannske skipta máli í þessu líka atkvæðaveiðar pólitíkusa. Það er líklegra til velgengni að byggja skóla sem eru áþreifanlegir og sjást en að stuðla að því að hæft fólk og gott fólk fáist til þess að vinna í þeim. Menn velta ekki fyrir sér hvað fer fram innan skólanna. Menn hugsa mest um hvernig þeir eru í laginu og hvað þeir eru margir fermetrar. En skólar eru ekki bara hús. Skólar eru starf. Og til þess að framfylgja því starfi þarf gott fólk.

Menn geta líka spurt: Hvers vegna sýður upp úr núna? Ég held að það sjóði upp úr núna vegna þess að hér er komin enn ein afleiðing fauta- og fantaskapar fyrstu aðgerða þessarar ríkisstj. frá sumrinu 1983, þegar bæði lýðréttindi og lífskjör í þessu landi voru fótum troðin. Nú rekur hvern hópinn af öðrum upp á ströndina. Menn missa móðinn. Það gera húsbyggjendur og það gera kennarar. Og menn geta spurt: Hver verður næstur? Kennarar eru langþreyttir og hafa sýnt gegnum árin að þeir eru seinþreyttir til vandræða. Þvert við það sem hæstv. menntmrh. sagði eru þeir tryggir starfinu, tryggir þeim stofnunum sem þeir vinna hjá og tryggir nemendum sínum og foreldrum þeirra. Það er kannske þess vegna sem þeir eru komnir í þá kröm sem þeir þola núna. — En ég held að það gæti orðið okkur dýrt að bíða eftir því að sjá hvaða hópur flosnar upp næst.

Ég hef vikið að því hérna áður, og ætli það verði ekki meðal lokaorða minna, að það er býsna þreytandi orðið að verða á þessu þingi og hinu síðasta vitni að sífelldum tvískinnungi. Annars vegar gapir ríkisstj. um hátækni og -þekkingu, það á að hefja hérna til vegs nýja atvinnuhætti, hátækni, háþekkingu og há- allt mögulegt. Hins vegar hefur beinlínis verið unnið að því að fæla hæft fólk frá störfum í þessum sömu stofnunum og eiga að bera þetta uppi.

Framsóknarflokkurinn hélt landsfund á Akureyri í fyrra og þóttist uppgötva þar framtíðina, lofaði 500 milljónum í þróunarstofnun eða þróunarfélag. Þetta kveikti vissar vonir. Það virtist að á þessum þrem dögum færðist flokkurinn fram um ein 300 ár í hugsunarhætti og stefnu. Hins vegar er óðum að slokkna á

þessum vonarneistum. Það hefur sýnt sig að ekkert bólar á öllu þróunarstarfinu og þróunarstofnununum og þróunarfyrirtækjunum og núna brestur sá þáttur þessarar uppbyggingar sem ekki má verða út undan, en það er að búa þannig um hnútana að besta fáanlega fólkið fáist í að vinna að þessum sömu verkefnum.

Raunverulegur vilji til þess að breyta íslenskum atvinnuháttum með tilliti til þessarar þekkingar og þessara breyttu lífshátta felst ekki síst í því að hafa ákveðna stefnu í launamálum þeirra sem eiga að vinna þarna. Það er ekki nóg að stefna að því að setja á laggirnar þróunarfélög, það er ekki nóg að stefna að því að styðja hátækni eða útflutning á þekkingu og það er ekki nóg að byggja skóla. Stjórn sem ætlar að hafa svona stefnu þarf líka að hafa stefnu í launamálum kennara. Hún á ekki að framselja þá stefnu til Kjaradóms. Það er uppgjöf.

Við höfum heyrt talsvert af því núna að hæstv. menntmrh. hyggur gott til glóðarinnar varðandi breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Sú breyting á að gera Háskólanum kleift að stofna þróunarmiðstöð sem á að örva samskipti við atvinnulífið og veita þekkingu út í atvinnulífið. Það er m. a. s. ráðstefna um þetta sama efni eftir held ég eina tíu daga, annan laugardag. En til hvers? Hver á að vinna í þessu? Hver á að vinna í háskólanum sem ætlar að reka þessa þróunarstofnun? Hann verður tómur eftir nokkur misseri. Það þarf ákveðna stefnu í launamálum þar líka.

Það var talað um að málið væri núna hjá Kjaradómi, það væri hjá óháðri stofnun, það væri hjá stofnun sem þyrfti starfsfrið og óeðlilegt væri að reyna að hafa óeðlileg áhrif á starfsemi þeirrar stofnunar. Það er alveg rétt, en með því að láta þetta mál fara í Kjaradóm er ríkisstj. að færast undan því að móta stefnu í mennta- og atvinnumálum. Hún er að fela óháðri stofnun úti í bæ að móta stefnu sína í mennta- og atvinnumálum. Það verður aldrei byggt upp neitt kerfi sem vísar veginn inn í framtíðina, eins og Framsfl. var að tala um í fyrra, nema við það vinni gott fólk. Kennarastörf eiga að vera eftirsótt.

Það er reyndar staðreynd að skólamenn eiga víðar í baráttu en hér. T. d. má sjá í erlendum blöðum að breskir kennarar eiga í deilu. Samt virðast þeir vera miklu betur launaðir en þeir íslensku. Við hæstv. fjmrh. uppgötvuðum á kvöldfundi í gær, þegar við vorum að lesa breska blaðið Guardian, að skólastjóri í Bretlandi fengi 20 þús. pund á ári. (**Fjmrh.:** Nei, nei.) 20 þús. pund, Albert. (**Fjmrh.:** Það var forstjóri fyrirtækis.) Nei, það var skólastjóri. 20 þús. pund eru 800 þús. kr. íslenskar eða 65 þús. kr. á mánuði. Mér til mikillar armæðu var ekki auglýst eftir fjmrh.

Ég ætla að ljúka orðum mínum með dæmisögu sem ég er oft búinn að segja, en ég veit ekki hve oft þarf að segja hana til þess að ríkisstj. átti sig á því sem um er að ræða.

Það skóla- og rannsóknarkerfi sem stendur fremst í heiminum í dag er það bandaríska. Grunninn að því starfi var byrjað að leggja fyrir áratugum og líklega hefur aldrei verið meira í hann lagt en á árunum þegar John F. Kennedy setti þjóð sinni það takmark að senda mann til tunglsins. Ég held, ég segi það enn einu sinni, að þetta hafi verið slungið pólitískt bragð til þess að fá þing og þjóð til að samþykkja að jafngífurlegum fjármunum og raun bar vitni yrði eytt í skóla og rannsóknir. Það var langtímafjárfesting, 25 ár. Nú er hún að bera árangur. Ég sagði þessa sögu uppi í Hamrahlíðarskóla um daginn og stakk þá upp á því að kannske væri það besta sem við gætum gert í íslenskri pólitík að kaupa miða og senda ríkisstj. til tunglsins. Þá heyrðist rödd úr salnum: „Bara aðra leið!"

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. komst svo að orði um málshefjanda að auðheyrt væri að þar talaði maður sem ekki væri í ríkisstj. Það var rétt hjá hæstv. forsrh. Hitt er verra, að það var ekki annað að heyra en að hæstv. ráðh., forsrh. vor, talaði eins og maður sem ekki væri í ríkisstj. Og kannske er eitthvað til í því. Hvað hafði hæstv. ráðh. til málanna að leggja? Jú, hann lýsti vandanum: Spurningin er hversu mikla launahækkun væri rétt að kennarar fengju í sinn hlut. Í annan stað væri vandasamt að meta til fjár, til launa þær auknu kröfur sem matsskýrsla menntmrn. leiðir í ljós að gerðar hafa verið til kennara á undanförnum árum. Og í þriðja lagi væri spurningin hvernig ætti að meta þann kjaramun sem orðinn er á störfum manna í opinberri þjónustu og raunverulegum markaðslaunum. — Þetta er alveg laukrétt hjá hæstv. ráðh. Þetta er vandinn. Hvernig á að meta til launa auknar kröfur og hvernig á að brúa bilið milli annars vegar hins opinbera kerfis, þar sem menn greiða skatta og gjöld af launum sínum, og svo hins vegar þeirra markaðslauna sem borguð eru í neðanjarðarhagkerfinu? Þetta er alveg laukrétt. En þessi vandi varð ekki til í gær. Hann varð ekki til í fyrradag. Hann varð meira að segja ekki til í tíð núv. ríkisstj. þegar þeir settust á ráðherrastóla hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og menntmrh. Hann á sér lengri sögu. Kjör kennara hafa verið að rýrna á lengri tíma þó keyrt hafi um þverbak í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

„Ég man vel þá tíð er það þótti gott embætti að vera menntaskólakennari. Ef launa átti afreksmenn á ýmsum sviðum var þeim boðið upp á laun menntaskólakennara og þótti það vel boðið. Mér er tjáð að um tíma hafi þingfararkaup verið miðað við þessa virðulegu stöðu."

Herra forseti. Þetta er tilvitnun í blaðagrein eftir Ólaf Oddsson, sem er kennari í íslenskum fræðum við elsta menntasetur Evrópu, þ. e. Lærða skólann í Reykjavík.

Ólafur Oddsson vitnar í listaskáldið góða sem segir í bréfi til Konráðs Gíslasonar 15. mars 1844:

„Við höfum báðir álitið sóma vorn og heiður hingað til að kenna ungum Íslendingum [. . .] og ég vildi heldur geta orðið góður kennari við góðan skóla á Íslandi en allt annað."

Þingfararkaupið er núna eitthvað um 60 þús. kr. Kaup menntaskólakennara fyrir skyldutíma er 23—24 þús. kr. Gengi íslenskrar krónu er nú fallið niður á sama stig og 1972. Þá hafði menntaskólakennari í laun fyrir starf sitt um 40 þús. kr. Hann hefur núna 23—24 þús. kr. Þetta er kjararýrnun.

Og það er ekki nóg að lýsa vandanum. Það geta menn úti í bæ gert. Það getur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gert. Og það geta allir sæmilega upplýstir blaðalesendur gert. En hvað segja þeir sem með valdið fara? — Málið er erfitt, málið er tímafrekt og málið fer í dóm. — En á meðan eru skólar lokaðir. Það er ósköp einfaldlega svo komið að það er búið að misbjóða því hugsjónafólki, sem leggur sig hvað mest fram í starfi í skólum, svo lengi að kennarar hafa margir hverjir tekið

þá ákvörðun að segja upp störfum sínum og fara þangað sem þekking þeirra og reynsla er betur metin. Hver eru markaðslaun fyrir þekkingu? Hvað kostar þekkingin? Hver vill meta hana til peninga?

Árið 1978 kom til mín að Menntaskólanum á Ísafirði ungur eðlisfræðingur. Það er einhver besti starfskraftur sem ég hef nokkurn tíma haft í starfi þar sem ég hef haft mannaforráð. Hann var þarna í þrjú eða fjögur ár og flutti sig síðan um set og starfar nú við einn af fjölbrautaskólunum í Reykjavík. Hann hafði frumkvæði að því af Íslands hálfu að koma á svokallaðri eðlisfræðikeppni í skóla. Hann er viðurkenndur, annálaður afbragðskennari. Hann hefur farið á námskeið á hverju einasta sumri. Hann vinnur dag og nótt að hugsjón í fræðum sínum. Undir starfi manna eins og hans og hans líka er það komið hvort okkur tekst að drífa ekki bara Framsóknarflokkinn heldur þjóðina inn í framtíðina. Þessi maður hefur nú sagt upp starfi sínu og mun ekki hverfa að því aftur vegna þess að honum eru boðin 70—80 þús. kr. laun á mánuði þar sem þekking hans kemur að notum hjá litlu fyrirtæki í Reykjavík í einkageiranum. Og hver skyldi lá honum það? En þegar hann er hættur og hans líkar í skólakerfinu, þegar ekki fást lengur hæfir raungreinakennarar, stærðfræðikennarar eða aðrir kennarar í þeim fræðum þar sem við erum að tala um, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson ræddi um, alla hátæknina, vísindin, við tölum um að verja 500 millj. kr. til þess að reyna að beina okkur inn á þá braut, en ég tek eindregið undir með hv. þm. Guðmundi Einarssyni, hvar er þá fólkið sem á að vísa okkur leiðina?

Það er ekki nógu gott, af því að þetta mál er búið að vera svo lengi að gerjast, ástandið í skólunum hefur svo lengi farið versnandi, að segja: Nú er kominn Kjaradómur og hann leysir málið. Það er rétt sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði: Hvar er stefna ríkisstj., ekki bara í skólamálum, málefnum vísinda, vísindastefnu, þróunarstefnu, atvinnuvega o. s. frv.? Svarið er ósköp einfalt. Sú stefna finnst ekki. Framtíðarsýnin er engin. Þegar svo er komið að ríkisvaldið er svo nánasarlegur atvinnurekandi að því helst ekki á góðu fólki og hefur ekki skilning á nauðsyn þess að manna skólana með góðu fólki, þá er ekki von á góðu.

Ég óttast það ekki að kennarar verði á flæðiskeri staddir. Það vill svo til að þeir munu allir eiga þess kost að taka upp miklu betur launuð störf þar sem þekking þeirra og starfshæfni verður metin til launa. Það vill bara svo til að það er íslenska ríkið sem telur sig ekki hafa efni á því að greiða þeim laun sem nægja til framfærslu fjölskyldu. Spurningin er síðan: Eru til peningar til þess að greiða þeim laun? Höfum við efni á því að greiða góðum kennurum góð laun? Við gætum eins orðað þessa spurningu á annan veg: Höfum við efni á því að greiða þeim ekki almennileg laun?

Þeir sem eru kunnugir ríkisbúskapnum geta spurt sjálfa sig einnar spurningar. Halda menn að það þurfi að leggja á nýja skatta eða halda menn að til séu þeir liðir í fjárlögum ríkisins þar sem auðvelt er að sýna fram á að peningum er illa varið, þar sem mætti flytja þá til til annarra og þarfari hluta, m. a. til þess að greiða góðum kennurum góð laun? Það er ekki mikið vandamál að benda á þá liði. M. ö. o., vandamálið er ekki það að ekki séu til peningar. Þar að auki mun það vera þumalfingursreglan hin fræga í fjmrn., af því að við erum að tala um opinbera starfsmenn og þeir greiða allir sinn hlut og ríflega það, þegar kemur að skattgreiðslum af litlum launum, það mun vera þumalfingursreglan að svona u. þ. b. ⅔ af kauphækkuninni muni innan tíðar skila sér í ríkissjóð aftur. Það heitir á hagfræðimáli að margfeldisáhrifin skili sér til hins opinbera, ekki bara í formi beinna og óbeinna skatta heldur líka í formi aukinnar neyslu.

Menn þurfa ekki að óttast það að þetta þjóðfélag fari á hvolf vegna verðbólgu þó að ríkisvaldið settist niður í alvöru og reyndi að móta sér stefnu um það hvernig það ætlar að brúa bilið milli hins opinbera geira og markaðskerfisins og hvað það vill á sig leggja og hvað það vill greiða til þess að skólunum haldist á hæfum kennurum.

Það á að gera strangar kröfur til kennara og það á að gera strangar kröfur til skóla. En það á líka um leið að borga markaðslaun fyrir störf hæfra kennara. Við höfum ekki efni á öðru.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það hefur þegar komið fram margt af því sem ég vildi sagt hafa. En ég vil þó lýsa yfir miklum áhyggjum mínum vegna þess ófremdarástands sem nú ríkir í framhaldsskólum landsins. Nokkur fjöldi nemenda hefur þegar flosnað frá námi og fleiri munu gera það ef ekkert verður að gert. Það verða þá líklega fyrst og fremst þeir sem annaðhvort eiga í einhverjum erfiðleikum með nám eða standa illa fjárhagslega. Síðan munu fleiri fylgja á eftir. Ekki er útséð um fjölda þeirra nemenda sem þannig mun hætta námi. Þetta er óviðunandi ástand og við höfum ekki efni á því.

Þegar ég var barn sá ég söngleik hér úti í Iðnó sem kallaður var Ævintýri á gönguför. Í honum voru að mig minnir tveir eða kannske þrír stúdentar og þóttu sjaldgæfir og merkilegir fuglar, stúdentar með stóru essi. Ég vil vekja athygli stjórnvalda á því að þetta er liðin tíð. Það hugvit sem við bindum framtíðarvonir okkar við og hefur verið mikið um rætt hér í þingsölum, eins og úti í þjóðfélaginu, verður að vera á færi allrar þjóðarinnar. Það er sú lágmarks þekkingarþéttni, sem hver þjóð hefur yfir að ráða, sem mun verða afgerandi til að ákveða stöðu hennar í samfélagi þjóðar framtíðarinnar. Og þar duga ekki bara nokkrir menntaðir og skapandi einstaklingar heldur verður ekki síst mikilvæg geta þjóðar til að nýta sér þekkingu. Og til þess þarf menntun. Hún er fjárfesting fyrir framtíðina. Þetta virðast núverandi stjórnvöld ekki skilja, ekki í reynd og nú blasir við námsvetur í molum. En það eru ekki bara nemendur sem flosna upp úr námi. Kennarar hafa líka þegar leitað sér annarrar vinnu þar sem þeir telja sig ekki lengur geta lifað af þeim lágu launum sem þeim bjóðast. Margir kennarar hafa þegar lýst yfir miklum áhyggjum vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur. Eru það ekki síst áhyggjur af velferð skólastarfsins og nemenda. Mig langar í þessu sambandi að lesa upp nokkrar tilvitnanir í orð kennara, því að á þeim brennur eldurinn heitast.

Sá sem á undan mér talaði, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, vitnaði í grein í Morgunblaðinu eftir Ólaf Oddsson. Ég vil enn fremur vitna í þá grein þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við vildum líklega flest heldur vera kennarar við góðan skóla en allt annað og við höfum hingað til talið það sóma vorn og heiður að kenna ungum Íslendingum.

En því miður eru nú alvarlegar blikur á lofti. Framtíð skólahalds á framhaldsskólastigi er í hættu. Þetta er mál sem einkum snertir ungmenni hér á landi, foreldra þeirra og aðra vandamenn. Það er þjóðarnauðsyn að þessari hættu verði bægt frá. Ráðamenn þjóðarinnar verða að hafa afskipti af þessu máli."

Og enn segir í grein í Morgunblaðinu 8. mars eftir Sigurlaugu Bjarnadóttur: „Með engum rétti verður skuldinni skellt einhliða á kennara, sem hér eru einfaldlega að berjast fyrir tilverurétti sínum, skólanna og nemenda í senn. Sökin er þyngri hjá ríkinu, fulltrúum fjármálavaldsins sem skortir þekkingu og skilning á eðli og mikilvægi menntunar og skólastarfs." Og áfram segir: „Kennararnir, sem „gengu út", gerðu það ekki að vanhugsuðu máli, í einhverju æðiskasti. Þeir voru margir hikandi fram á síðustu stund en stigu loks skrefið eftir að hafa árangurslaust beðið eftir einhverjum vísbendingum frá viðsemjendum sínum, sem gæfu þeim vonir um kjarabætur, en gerðu þeim kleift að halda áfram kennslustarfi. Og nú er skaðinn skeður. Hætta er á að margir hæfir og reyndir kennarar muni ekki snúa aftur til skólanna en taka upp önnur störf, betur launuð og meira metin. Þeir eru farnir. Spurningin á þessari stundu snýst því ekki aðeins um 1. mars og hvað verður um lok þessa skólaárs, heldur um framhaldið — næsta haust og á ókomnum árum, ef fram fer sem horfir nú, að kennarar verði — eina ferðina enn — sendir bónleiðir til búðar."

Enn í Morgunblaðinu þriðjudaginn 12. mars skrifar Þorsteinn Gunnarsson í niðurstöðum og lokaorðum sínum: „Fyrir ráðamenn þjóðarinnar er hollt að gera sér grein fyrir að útganga kennara úr skólunum 1. mars s. l. er fyrst og fremst afleiðing af eftirfarandi:

1. Þeirri einsýni ráðamanna að efnahagsvandamál þjóðarinnar stafi nær eingöngu af of háum launum launþega á taxtakaupi.
2. Algjöru vanmati ráðamanna á störfum kennara og gildi menntunar fyrir velferð og hagsæld þjóðarinnar.
3. Algjöru öngþveiti í húsnæðismálum þar sem tugir ef ekki hundruð húsbyggjenda eru gerðir gjaldþrota og þúsundir eru gerðir að vanskilamönnum vegna fáránlegrar vaxtastefnu.
4. Ótrúlegu sinnuleysi ráðamanna um að aðlaga íslenskt atvinnulíf að nútíma atvinnuháttum og þekkingu."

Enn er grein í Morgunblaðinu 13. mars eftir Jönu Pind þar sem hún lýsir eigin dæmi og segir: „Ef ég tek dæmi af sjálfri mér þá lauk ég stúdentsprófi árið 1974 og BA-prófi árið 1979. Eftir það fór ég í framhaldsnám til Danmerkur og hef nýlokið cand. mag.-prófi í dönsku. Sem menntaskólakennari voru föst mánaðarlaun mín í marsmánuði 22 988 kr. Á námstíma mínum hafði ég framfæri af námslánum og um s. l. áramót skuldaði ég Lánasjóði ísl. námsmanna 859 414 kr." Hún endar grein sína með því að segja: „Ungt fólk, sem nú er að hugleiða framtíð sína, hlýtur að eiga rétt á að vita hver menntastefna íslenskra stjórnvalda er."

Ljóst er af framansögðu að menntamenn, a. m. k. þeir sem starfa hjá ríkinu, eru að verða hin nýja öreigastétt landsins. Á sama tíma heyrast raddir um það að efla beri menntun þjóðarinnar og hugvit til nýsköpunar í atvinnulífinu. Hvernig er unnt að stefna að þessu þegar aðbúnaður þeirra sem ætlað er að vekja áhuga ungs fólks á menntun og gildi hennar er svo slæmur sem raun ber vitni?

Ég vil leyfa mér að vitna í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, en þar leyndist í lokaorðum lítil félagsmálamús á bls. 12. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á velferð, jafnræði, öryggi, menntun." — ég endurtek: menntun, „félagslegar umbætur og góða heilbrigðisþjónustu. Ríkisstjórnin mun á starfstíma sínum vinna að þessum og öðrum framfaramálum."

Þarna var létt og lítið loforð, að leggja áherslu á menntun. En það þarf meira til. Ég trúi því bara alls ekki að ríkisstj. sé búin að gera allt sem hún getur í þessum efnum. Því skora ég á stjórnvöld að hyggja nú enn myndarlegar að menntamálum en gert var í byrjun og sýna ábyrga afstöðu gagnvart framtíð íslenskrar þjóðar. Til þess þarf m. a. að launa kennarastarfið í samræmi við mikilvægi þess.

Vanskil í bönkum og sparisjóðum.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vanskil í bönkum og sparisjóðum, á þskj. 437, afhent þm. 13. mars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver voru heildarinnlán og útlán í einstökum bönkum og sparisjóðum á árunum 1983 og 1984, og hver var hlutur hverrar af helstu atvinnugreinum og þjónustustarfemi í þeim?
2. Hver voru heildarvanskil vegna útlána og ábyrgða í einstökum bönkum og sparisjóðum í árslok 1982, 1983 og 1984?
3. Hversu miklir dráttarvextir voru greiddir hin sömu ár vegna vanskila og hversu hátt hlutfall var það af vaxtatekjum hvers banka og sparisjóðs?
4. Hversu miklar vanskilaskuldir voru sendar lögfræðingum til innheimtu á árunum 1982, 1983 og 1984 og hve mikill var innheimtukostnaður af þeim sökum? Hve oft leiddu innheimtuaðgerðir til uppboða hjá skuldara?

Sérstaklega er óskað að fram komi í svörum við ofangreindum spurningum hver hafi verið hlutur einstaklinga í heild, sé þess kostur.

Svar við 1. tölulið.

Eftirfarandi yfirlitstöflur voru unnar af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands:

Tafla 1.

Innlán viðskiptabanka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984.
Í þús. kr.

	31.12.1984	31.12.1983
Landsbanki Íslands	9 238 846	6 894 498
Búnaðarbanki Íslands	4 477 976	3 433 421
Útvegsbanki Íslands	2 581 772	1 831 388
Iðnaðarbanki Íslands hf.	1 797 962	1 156 139
Samvinnubanki Íslands hf.	1 599 181	1 319 619
Verslunarbanki Íslands hf.	1 103 687	700 883
Alþýðubankinn hf.	495 849	399 165
Viðskiptabankar alls:	21 295 273	15 735 113
Sparisjóðurinn í Keflavík	726 140	530 414
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	595 942	* 473 748
— Hafnarfjarðar	560 011	440 183
— vélstjóra	295 095	214 465
— Mýrasýslu	237 266	185 432
— Kópavogs	229 714	190 292
— V-Húnavatnssýslu	130 006	95 248
— Bolungarvíkur	104 036	82 507
— Vestmannaeyja	102 105	85 912
— Siglufjarðar	101 734	87 138
— Svarfdæla	94 818	71 068
— Ólafsfjarðar	87 981	63 146
— Norðfjarðar	80 336	62 853
Eyrasparisjóður	56 296	44 529
Sparisjóður Ólafsvíkur	50 472	40 338
— Þórshafnar og nágrennis	48 299	41 817
— Glæsibæjarhrepps	40 820	33 635
— Akureyrar	40 200	28 037
— Þingeyrarhrepps	32 471	27 351
— Önundarfjarðar	30 365	22 741
— Höfðhverfinga	29 599	19 514
— Súgfirðinga	27 706	24 328
— Reykdæla	22 241	16 619
— Mývetninga	18 762	14 386
— Súðavíkur	15 421	12 404
— Kirkjubóls- og Fellshreppa	15 290	10 708
— Hrútfirðinga	11 968	9 727
— Mýrhreppinga	10 616	8 937
— Árskógsstrandar	9 530	8 517
— Hríseyjar	6 597	5 445
— Aðaldæla	6 471	5 169
— Árneshrepps	4 968	3 192
— Kinnunga	4 472	3 835
— Rauðasandshrepps	3 919	3 743
— Arnarneshrepps	2 483	2 056
— Hólahrepps	2 050	1 689
— Fnjóskdæla	1 584	1 781
— Reykhólahrepps	735	740
Sparisjóðir alls:	3 838 519	2 973 647
Viðskiptabankar og sparisjóðir alls:	25 133 792	18 708 760

* Sparisjóðurinn Pundið meðtalinn.

Tafla 2.

Útlán viðskiptabanka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984.
Í þús. kr.

	31.12.1984	31.12.1983
Landsbanki Íslands	13 524 352	9 334 975
Búnaðarbanki Íslands	4 787 156	3 396 400
Útvegsbanki Íslands	3 766 117	2 492 869
Iðnaðarbanki Íslands hf.	1 516 632	1 090 497
Samvinnubanki Íslands hf.	1 571 529	1 118 782
Verslunarbanki Íslands hf.	664 691	509 583
Alþýðubankinn hf.	384 488	292 791
Viðskiptabankar alls:	26 214 965	18 235 897
Sparisjóðurinn í Keflavík	532 594	395 223
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	444 056	* 337 279
Sparisjóður Hafnarfjarðar	457 674	377 748
— vélstjóra	228 638	174 581
— Mýrasýslu	199 019	154 997
— Kópavogs	177 856	157 506
— V-Húnavatnssýslu	126 659	82 975
— Bolungarvíkur	101 124	86 416
— Vestmannaeyja	81 267	59 804
— Siglufjarðar	95 367	76 519
— Svarfdæla	96 474	64 536
— Ólafsfjarðar	53 185	35 258
— Norðfjarðar	58 851	47 043
Eyrasparisjóður	60 602	47 458
Sparisjóður Ólafsvíkur	36 345	24 875
— Þórshafnar og nágrennis	34 803	29 069
— Glæsibæjarhrepps	27 612	22 475
— Akureyrar	16 904	17 114
— Þingeyrarhrepps	20 520	19 021
— Önundarfjarðar	24 663	22 848
— Höfðhverfinga	19 723	13 611
— Súgfirðinga	14 323	10 926
— Reykdæla	18 143	15 557
— Mývetninga	14 193	10 497
— Súðavíkur	10 905	8 302
— Kirkjubóls- og Fellshreppa	11 350	7 644
— Hrútfirðinga	5 956	3 842
— Mýrhreppinga	7 608	5 883
— Árskógsstrandar	8 364	5 638
— Hríseyjar	4 339	3 270
— Aðaldæla	4 814	3 942
— Árneshrepps	2 040	380
— Kinnunga	3 147	2 657
— Rauðasandshrepps	2 436	1 774
— Arnarneshrepps	1 246	865
— Hólahrepps	1 096	875
— Fnjóskdæla	1 083	1 441
— Reykhólahrepps	95	69
Sparisjóðir alls:	3 005 074	2 329 918
Viðskiptabankar og sparisjóðir alls:	29 220 039	20 565 815

* Sparisjóðurinn Pundið meðtalinn.

Tafla 3.

Viðskiptabankar og sparisjóðir.
Lánaflokkun: Hlutföll
31. 12. 1983

		Lands-banki	Búnaðar-banki	Útvegs-banki	Iðnaðar-banki	Samvinnu-banki	Versl-unar-banki	Alþýðu-banki	Viðskipta-bankar alls	Spari-sjóðir	Viðskipta-bankar og spari-sjóðir
1	Ríkissjóður	1,8	2,5	0,6	0,2	5,5	1,7	4,2	1,9	5,1	3,3
2	Sveitarfélög	3,7	2,5	1,2	0,1	1,6	0,0	0,7	2,7	3,6	2,7
3	Lánastofnanir aðrar en bankar	1,5	5,4	1,1	4,4	6,4	4,0	6,7	2,8	0,0	3,2
4	Fyrirtæki	81,3	75,8	81,7	74,7	55,7	60,5	33,4	77,1	41,5	71,7
41	Landbúnaður	10,5	30,5	0,2	1,3	14,7	0,1	0,6	12,2	3,4	11,0
42	Sjávarútvegur	42,3	7,8	51,7	0,3	14,1	0,2	0,5	31,1	7,0	27,9
43	Verslun	12,6	15,2	13,0	15,8	21,4	40,2	8,4	14,5	14,5	14,2
44	Iðnaður	12,0	11,6	9,2	45,4	2,2	8,5	8,6	12,8	9,2	12,2
45	Byggingarverktakar íbúða	0,3	0,6	0,4	2,3	0,1	1,4	4,0	0,6	0,9	0,6
46	Aðrir byggingarverktakar	0,5	1,3	0,6	1,1	0,3	0,2	0,5	0,7	0,8	0,7
47	Samgöngur	0,8	4,2	3,1	0,6	0,9	0,8	1,1	1,8	2,1	1,8
48	Raforkumál	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
49	Þjónustustarfsemi	2,2	4,6	3,3	8,0	2,0	9,0	9,6	3,4	3,6	3,4
5	Einstaklingar	11,7	13,8	15,4	20,4	30,8	33,7	55,1	15,5	49,8	19,1
51	Íbúðalán	5,4	10,7	6,2	12,7	11,8	15,4	33,9	8,0	35,0	10,9
52	Annað	6,3	3,1	9,2	7,7	19,1	18,4	21,2	7,5	14,8	8,2
6	Útlán alls	100,0	100,0	100,0	99,8	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
7	Lán innlánsstofnana innbyrðis	0,0	0,0	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
8	Útlán samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Tafla 4.

Viðskiptabankar og sparisjóðir.
Lánaflokkun: Hlutföll
31. 12. 1984

		Lands-banki	Búnaðar-banki	Útvegs-banki	Iðnaðar-banki	Samvinnu-banki	Versl-unar-banki	Alþýðu-banki	Viðskipta-bankar alls	Spari-sjóðir	Viðskipta-bankar og spari-sjóðir
1	Ríkissjóður	1,8	1,7	0,9	0,0	3,8	1,0	3,6	1,7	3,8	1,9
2	Sveitarfélög	1,2	2,1	0,8	0,2	1,3	0,0	0,6	1,2	2,9	1,4
3	Lánastofnanir aðrar en bankar	3,5	5,3	1,9	3,2	5,8	4,3	6,5	3,8	0,1	3,4
4	Fyrirtæki	81,4	76,4	80,5	72,4	57,2	58,6	33,9	77,1	42,1	73,5
41	Landbúnaður	9,1	26,2	0,3	0,5	15,4	0,1	0,9	10,5	3,5	9,8
42	Sjávarútvegur	42,8	11,7	48,8	0,1	13,3	0,3	0,6	32,0	9,4	29,7
43	Verslun	15,2	18,9	15,4	17,4	23,2	44,4	6,8	17,1	12,6	16,6
44	Iðnaður	10,6	10,5	8,4	38,7	2,3	4,8	9,5	11,2	9,5	11,0
45	Byggingarverktakar íbúða	0,2	0,6	0,5	2,8	0,7	0,6	2,4	0,5	0,9	0,6
46	Aðrir byggingarverktakar	0,4	1,4	0,7	1,1	0,3	0,2	0,2	0,7	0,7	0,7
47	Samgöngur	0,8	2,7	3,0	0,4	0,3	0,4	1,2	1,4	2,0	1,5
48	Raforkumál	0,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,2	0,0	0,2
49	Þjónustustarfsemi	2,0	4,4	3,5	11,3	1,8	7,8	12,2	3,5	3,5	3,5
5	Einstaklingar	12,1	14,1	15,8	24,0	31,9	36,1	54,9	16,1	50,6	19,7
51	Íbúðalán	4,8	10,5	5,4	12,7	9,7	11,8	34,1	7,3	30,0	9,6
52	Annað	7,2	3,6	10,4	11,4	22,3	24,3	20,7	8,8	20,6	10,0
6	Útlán alls	100,0	99,6	100,0	99,8	100,0	100,0	99,5	99,9	99,5	99,9
7	Lán innlánsstofnana innbyrðis	0,0	0,4	0,0	0,2	0,0	0,0	0,5	0,1	0,5	0,1
8	Útlán samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Svar við 2. tölulið:

Einkabankarnir fjórir og Samband sparisjóða telja sér ekki skylt að veita Alþingi þær upplýsingar sem um er beðið samkvæmt þessum tölulið. Hjá ríkisviðskiptabönkunum fengust eftirfarandi upplýsingar um heildarvanskil:

Landsbanki Íslands (tölur miðast við lok hvers árs):

	1982	1983	1984
Innleystar ábyrgðir[1])	275 008 þús. kr.	349 981 þús. kr.	952 965 þús. kr.
Endurlánað erlent lánsfé	71 919 þús. kr.	143 356 þús. kr.	302 254 þús. kr.
Önnur vanskil	195 587 þús. kr.	376 341 þús. kr.	788 154 þús. kr.

Athuga ber að stór hluti þessara vanskila greiðist að stuttum tíma liðnum og má því ekki líta á sem langtímavanskil.

[1]) Um 85% vegna olíuinnflutnings.

Útvegsbanki Íslands (tölur miðast við lok hvers árs):

	1982	1983	1984
Heildarvanskil	251 000 þús. kr.	492 000 þús. kr.	621 000 þús. kr.

Búnaðarbanki Íslands (tölur miðast við lok hvers árs):

	1982	1983	1984
Heildarvanskil	112 692 þús. kr.	251 142 þús. kr.	292 167 þús. kr.

Svar við 3. tölulið:

Efnisleg svör bárust einungis frá ríkisviðskiptabönkunum, sbr. það sem segir um afstöðu einkabankanna og Sambands sparisjóða undir 2. tl. Svörin voru þau sem hér segir:

Landsbanki Íslands[1])

	1982	1983	1984
Greiddir dráttarvextir	143 200 þús. kr.	354 200 þús. kr.	388 700 þús. kr.
Hlutfall af vaxtatekjum	6,67%	8,33%	11,30%

Útvegsbanki Íslands[2])

Greiddir dráttarvextir		108 000 þús. kr.	146 000 þús. kr.
Hlutfall af vaxtatekjum		9,1%	14,4%

Búnaðarbanki Íslands

Greiddir dráttarvextir	52 657 þús. kr.	187 599 þús. kr.	126 585 þús. kr.
Hlutfall af vaxtatekjum	7,15%	13,06%	12,23%

[1]) Landsbankinn upplýsir í svari sínu að árið 1982 hafi olíufélög greitt u. þ. b. 57 millj. kr. í dráttarvexti, árið 1983 140 millj. og 1984 133 millj. kr. Séu þessar tölur dregnar frá heildarfjárhæð dráttarvaxta lækkar hlutfall þeirra af vaxtatekjum í 4,02% árið 1982, 5,04% árið 1983 og 7,43% árið 1984.

[2]) Upplýsingar fyrir árið 1982 bárust ekki frá Útvegsbankanum.

Svar við 4. tölulið:

Enginn viðskiptabankanna né Samband sparisjóða veitti upplýsingar sem svarað gætu þessum lið fyrirspurnarinnar. Hjá ríkisviðskiptabönkunum kom fram að engin áreiðanleg gögn væru þar til, hvorki um umfang, kostnað við innheimtur né hversu oft innheimtuaðgerðir leiddu til uppboða.

Eiginfjárstaða banka og sparisjóða.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um eiginfjárstöðu banka og sparisjóða o. fl., á þskj. 436, afhent þm. 13. mars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver var eiginfjárstaða einstakra banka og sparisjóða á árunum 1982, 1983 og 1984, og hvert er hlutfall fjármunamyndunar af eigin fé þeirra á þessum þrem árum?
2. Hversu mikið af eigin fé einstakra banka og sparisjóða er bundið í varanlegum rekstrarfjármunum?
3. Hverjar eru skuldbindingar viðskiptabanka og sparisjóða vegna lífeyrisréttinda starfsmanna og hvaða áhrif hafa þær skuldbindingar á eiginfjárstöðu stofnananna og reikningsskil í árslok?
4. Hversu hátt hlutfall af eigin fé bankastofnana telur viðskiptaráðherra eðlilegt að sé bundið í fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum?
5. Hversu margar umsóknir liggja fyrir um stofnun nýrra bankaútibúa og sparisjóða?
6. Hvaða stofnanir eru það sem lagt hafa inn slíkar beiðnir?

Svar við 1. tölulið:

Eftirfarandi þrjár yfirlitstöflur eru unnar af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands:

Tafla 1.

Bókfært eigið fé og eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna.

	Bókfært eigið fé 31.12.1984* í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings	Bókfært eigið fé 31.12.1983 í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings	Bókfært eigið fé 31.12.1982 í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings
Landsbanki	1 125 500	4,4	915 276	4,9	478 701	4,7
Búnaðarbanki	560 365	8,1	441 854	9,0	230 821	8,6
Útvegsbanki			359 222	6,6	195 903	7,1
Iðnaðarbanki			143 303	7,4	65 682	7,0
Samvinnubanki	196 887	8,3	140 349	8,1	57 489	5,8
Verslunarbanki			107 788	12,1	47 856	9,4
Alþýðubanki	34 613	5,4	29 939	6,1	12 421	4,6
			2 125 670		1 088 873	

* Bráðabirgðatölur.

Ath.: Tölur fyrir árið 1984 eru ekki fyrirliggjandi frá þrem bönkum.

Á árinu 1982 eru fasteignir bankanna bókfærðar á fasteignamati, en á árunum 1983 og 1984 eru fasteignir bankanna, að undanskildum Landsbankanum, bókfærðar á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Ef fasteignir Landsbankans eru metnar á sama hátt og hjá hinum bönkunum árin 1983 og 1984 yrði eigið fé bankans í árslok 1983 1074 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 5,7% og í árslok 1984 1327 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 5,2%.

Tafla 2.

Bókfært eigið fé og eiginfjárhlutföll sparisjóða.

	Bókfært eigið fé 31.12.1983 í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings	Bókfært eigið fé 31.12.1982 í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings
Sparisjóður Hafnarfjarðar	87 568	15,6	47 418	15,7
Sparisjóðurinn í Keflavík	67 725	10,7	37 422	12,6
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	65 588	12,8	34 201	12,4
— vélstjóra	43 435	16,0	19 139	13,2
— Mýrasýslu	39 979	15,8	10 372	8,0
— Kópavogs	21 060	8,8	10 935	9,0
— V-Húnavatnssýslu	17 661	14,2	7 754	10,7
— Siglufjarðar	24 598	20,2	12 415	18,8
— Vestmannaeyja	8 167	8,5	4 108	7,8
— Bolungarvíkur	29 181	24,8	14 663	23,5
— Ólafsfjarðar	7 836	10,9	5 396	11,9
— Svarfdæla	12 833	12,6	7 941	13,6
— Norðfjarðar	9 109	12,3	4 746	10,9

	Bókfært eigið fé 31.12.1983 í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings	Bókfært eigið fé 31.12.1982 í þús. kr.	Eigið fé sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings
Eyrasparisjóður	11 442	17,4	6 010	14,6
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	2 829	6,2	1 677	6,1
Sparisjóðurinn Pundið	1 127	2,4	545	2,2
Sparisjóður Ólafsvíkur	5 102	10,9	2 439	10,3
— Glæsibæjarhrepps	3 001	8,0	1 937	9,4
— Akureyrar	7 938	22,0	4 472	21,9
— Þingeyrarhrepps	76	0,3	2 450	13,4
— Önundarfjarðar	6 816	20,6	4 531	23,0
— Súgfirðinga	1 744	6,7	1 167	7,7
— Höfðhverfinga	706	3,1	454	3,6
— Reykdæla	3 392	15,3	1 815	12,7
— Súðavíkur	1 331	9,4	600	6,7
— Mývetninga	815	5,2	426	5,4
— Kirkjubóls- og Fellshreppa	1 593	12,9	886	12,7
— Mýrhreppinga	1 494	14,3	1 012	15,1
— Árskógsstrandar	1 045	10,7	507	8,5
— Hrútfirðinga	607	5,9	220	4,1
— Hríseyjar	675	11,0	186	4,7
— Rauðasandshrepps	361	8,8	160	5,2
— Kinnunga	653	14,4	389	13,9
— Aðaldæla	418	7,5	165	6,7
— Árneshrepps	210	6,2	53	3,1
— Arnarneshrepps	244	10,6	137	9,3
— Fnjóskdæla	285	13,5	184	9,2
— Hólahrepps	186	9,9	138	13,4
— Reykhólahrepps	136	15,5	43	12,3
— Geiradalshrepps	76	30,1	77	14,5
Samtals: 489 042	13,2	249 140	12,6	

Ath.: Tölur fyrir árið 1984 eru ekki fyrirliggjandi frá sparisjóðunum.

Tafla 3.
Fjármunamyndun (kaup umfram sölu á varanlegum rekstrarfjármunum) sem hlutfall af bókfærðu eigin fé í árslok hjá 10 stærstu innlánsstofnunum.*

	1983 %	1982 %
Landsbanki Íslands	5,1	13,4
Búnaðarbanki Íslands	7,8	14,1
Útvegsbanki Íslands	8,8	6,3
Iðnaðarbanki Íslands hf.	9,9	17,8
Samvinnubanki Íslands hf.	4,7	49,0
Verslunarbanki Íslands hf.	23,0	16,5
Alþýðubankinn hf.	26,4	39,1
Sparisjóðurinn í Keflavík	28,0	14,3
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	10,5	2,0
Sparisjóður Hafnarfjarðar	4,8	2,4
Sparisjóður vélstjóra	7,6	9,0

* 10 stærstu innlánsstofnanirnar eru með 92% af heildarinnlánum viðskiptabanka og sparisjóða.

Ath.: Tölur fyrir árið 1984 eru ekki fyrirliggjandi.

Á árinu 1982 eru fasteignir bankanna bókfærðar á fasteignamati, en á árinu 1983 eru fasteignir bankanna, að undanskildum Landsbankanum, bókfærðar á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Ef fasteignir Landsbankans eru metnar á sama hátt og hjá hinum bönkunum á árinu 1983 yrði ofangreint hlutfall fjármunamyndunar af eigin fé hjá Landsbanka 4,4% í stað 5,1%.

Tekið skal fram að tölulegar upplýsingar í töflum 1—3 eru unnar upp úr opinberum ársreikningum viðskiptabanka og sparisjóða. Upplýsingar eru ekki að öllu leyti sambærilegar milli áranna 1982 og sinni ára vegna mismunandi mats á fasteignum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, öðrum en Landsbanka Íslands.

Þá skal það enn fremur áréttað að samanburður milli Landsbanka Íslands og annarra viðskiptabanka fyrir árin 1983 og 1984 er ekki raunhæfur vegna mismunandi mats á fasteignum í efnahagsreikningi. Gerð er grein fyrir áhrifum þessa mismunar í athugasemdum neðanmáls í töflum 1 og 3.

Svar við 2. tölulið:

Eftirfarandi yfirlitstafla er unnin af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands:

Tafla 4.
Hlutfall eiginfjár sem bundið er í varanlegum rekstrarfjármunum hjá viðskiptabönkum og 18 stærstu sparisjóðunum.*

	31.12.1984	31.12.1983	31.12.1982
	%	%	%
Landsbanki Íslands	55,7	52,8	58,7
Búnaðarbanki Íslands	73,7	75,7	60,6
Útvegsbanki Íslands		76,2	60,4
Iðnaðarbanki Íslands hf.		99,6	93,4
Samvinnubanki Íslands hf.	106,3	118,6	133,0
Verslunarbanki Íslands hf.		141,6	125,1
Alþýðubankinn hf.	170,8	140,9	180,3
Sparisjóðurinn í Keflavík		70,1	51,1
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis		70,9	56,9
— Hafnarfjarðar		45,5	33,6
— vélstjóra		58,2	56,7
— Mýrasýslu		61,0	86,8
— Kópavogs		83,2	72,1
— V-Húnavatnssýslu		35,4	32,3
— Bolungarvíkur		19,5	25,1
— Vestmannaeyja		75,3	102,7
— Siglufjarðar		9,5	3,5
— Svarfdæla		85,5	84,2
— Ólafsfjarðar		139,7	127,8
— Norðfjarðar		63,3	67,8
Eyrasparisjóður		19,6	19,7
Sparisjóður Ólafsvíkur		23,1	17,4
— Þórshafnar og nágrennis		107,4	84,5
— Glæsibæjarhrepps		112,0	74,1
— Akureyrar		25,5	31,3

*18 stærstu sparisjóðirnir eru með 93,3% af heildarinnlánum allra sparisjóðanna sem eru 38 talsins.

Ath.: Bráðabirgðatölur eru aðeins fyrirliggjandi frá fjórum bönkum í árslok 1984.

Á árinu 1982 eru fasteignir bankanna bókfærðar á fasteignamati, en á árunum 1983 og 1984 eru fasteignir bankanna, að undanskildum Landsbankanum, bókfærðar á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Ef fasteignir Landsbankans eru metnar á sama hátt og hjá hinum bönkunum árin 1983 og 1984 yrði hlutfall eiginfjár, sem bundið er í varanlegum rekstrarfjármunum hjá bankanum, 59,8% í árslok 1983 og 62,4% í árslok 1984.

Svar við 3. tölulið:

Viðskiptabankarnir og stærstu sparisjóðirnir hafa tekið á sig talsverðar skuldbindingar vegna verðtryggðra lífeyrisréttinda starfsmanna sinna. Ríkisviðskiptabankarnir bera ábyrgð á skuldbindingum eftirlaunasjóða starfsmanna sinna þar til eignir eftirlaunasjóða nægja fyrir skuldbindingum. Og samkvæmt kjarasamningum starfsmanna bankanna eiga aðrir viðskiptabankar og sparisjóðir með 8 starfsmenn eða fleiri að tryggja sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta.

Á síðustu árum hafa bankarnir og stærstu sparisjóðirnir myndað sjóð vegna þessara lífeyrisskuldbindinga sem færður er meðal skulda í efnahagsreikningi viðkomandi banka eða sparisjóðs og hefur verið lagt í hann ákveðið hlutfall af launum ársins (yfirleitt 10% árið 1983) auk verðtryggingar og vaxta.

Tryggingafræðilegir útreikningar á framangreindum skuldbindingum liggja ekki fyrir nema í fáum tilvikum en samkvæmt þeim er líklegt að þessar skuldbindingar séu verulega vantaldar í ársreikningum innlánsstofnana.

Engar bindandi reglur um reikningsskil innlánsstofnana eru í gildi hér á landi. Bankaeftirlitið hefur á undanförnum árum unnið að samræmingu á reikningsskilum banka og sparisjóða. Í drögum að reglum um gerð ársreikninga er gert ráð fyrir að skuldbindingar einstakra stofnana vegna lífeyrisréttinda starfsfólks séu sýndar í efnahagsreikningi og að aukning þeirra skuldbindinga milli ára sé færð í rekstrarreikning. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur þó verið frestað, m. a. vegna þess að ekki hefur unnist tími til að fá tryggingafræðilega úttekt unna fyrir allar stofnanir, og eins hafa komið fram óskir af hálfu innlánsstofnana að fram fari ítarlegri umræður um útreikninga og framsetningu lífeyrisskuldbindinga í ársreikningi.

Svar við 4. tölulið:

Þessum lið fyrirspurnarinnar verður svarað þegar frumvarp til laga um viðskiptabanka verður lagt fyrir Alþingi innan tíðar.

Svar við 5. tölulið:

Í Seðlabankanum liggja fyrir umsóknir frá viðskiptabönkum og sparisjóðum um stofnun 28 nýrra afgreiðslustaða. Þar af eru 22 frá árinu 1981 eða eldri.

Vaxtamismunur inn- og útlána í bönkum.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vaxtamismun inn- og útlána í bönkum og sparisjóðum, á þskj. 434, afhent þm. 13. mars.

Svar við 6. tölulið:

Umsóknirnar eru frá öllum viðskiptabönkunum nema Verslunarbankanum, svo og frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóði Hafnarfjarðar, Sparisjóði Mývetninga, Sparisjóði vélstjóra og Sparisjóðnum í Keflavík.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju nam vaxtamismunur inn- og útlána í heild í einstökum bönkum og sparisjóðum ársfjórðungslega á árunum 1983 og 1984?

Svar:

Eftirfarandi yfirlitstafla var unnin af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands:

Vaxtamismunur inn- og útlána í bönkum og sparisjóðum.

	Lands-banki	Búnaðar-banki	Útvegs-banki	Iðnaðar-banki	Samvinnu-banki	Verslunar-banki	Alþýðu-banki	Spari-sjóðir	Viðskipta-bankar og sparisjóðir
Árið 1983	%	%	%	%	%	%	%	%	%
1. Meðalvextir útlána	43,8	49,2	45,1	52,5	54,5	59,7	61,3	57,6	47,9
2. Meðalvextir leiðréttra útlána*	50,0	51,1	51,5	52,7	55,2	55,6	55,9	54,6	51,8
3. Meðalvextir innlána**	39,0	39,8	40,8	40,7	43,0	40,9	40,7	41,5	40,3
4. Raunvextir leiðréttra útlána	−13,5	−12,9	−12,6	−11,9	−10,5	−10,3	−10,1	−10,8	−12,5
5. Raunvextir innlána	−19,8	−19,4	−18,8	−18,9	−17,5	−18,7	−18,9	18,4	−19,1
6. Raunvaxtamismunur á leiðréttum útlánum og innlánum	6,3	6,5	6,2	7,0	7,0	8,4	8,8	7,6	6,6
Árið 1982									
1. Meðalvextir útlána	38,5	42,5	42,0	44,6	47,1	49,5	49,5	48,3	42,0
2. Meðalvextir leiðréttra útlána*	42,7	44,0	45,7	45,5	47,7	47,6	46,7	46,6	44,6
3. Meðalvextir innlána**	34,3	35,1	36,1	35,7	37,4	35,9	36,2	35,9	35,3
4. Raunvextir leiðréttra útlána	−11,1	−10,3	−9,2	−9,3	−8,0	−8,0	−8,6	−8,7	−9,9
5. Raunvextir innlána	−16,3	−15,8	−15,2	−15,4	−14,4	−15,3	−15,1	−15,3	−15,7
6. Raunvaxtamismunur á leiðréttum útlánum og innlánum	5,2	5,5	6,0	6,1	6,4	7,3	6,5	6,6	5,8

*Útlán eru leiðrétt um bundið fé og endurkeypt afurða- og rekstrarlán í Seðlabanka.

**Innlán eru hér án gjaldeyrisreikninga.

Skýringar:

a. Meðalvextir eru hér fundnir sem vextir af útlánum og innlánum skv. ársreikningum banka og sparisjóða í hlutfalli við meðalstöðu ársins á viðkomandi efnahagsliðum skv. mánaðarlegum efnahagsyfirlitum.

b. Raunvextir byggjast á hækkun lánskjaravísitölu milli janúar-gilda viðkomandi ára.

c. Tölur fyrir árið 1984 eru ekki fyrirliggjandi né heldur ársfjórðungstölur fyrir árin 1982 og 1983.

Þóknun til banka.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur um þóknun til banka fyrir að hafa milligöngu um erlendar lántökur og breytingar á óhagstæðum erlendum lánum, á þskj. 481, afhent þm. 13. mars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu mikla þóknun hafa bankar tekið fyrir að hafa milligöngu um erlendar lántökur s. l. 3 ár?
2. Um hversu miklar upphæðir er að ræða í útgerðinni? Svar óskast sundurliðað á hvert fiskiskip sem tekið hefur erlent lán eða greitt af erlendu láni s. l. 3 ár.
3. Hvaða reglur gilda um slíka þóknun og hver er ábyrgð bankastofnana ef til vanskila kemur?
4. Hefur verið reynt að breyta óhagstæðum erlendum lánum í hagstæðari lán bæði hvað varðar gjaldmiðil og vexti?

Svar:

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Seðlabankanum til að svara fyrirspurninni. Svör bankans eru þau sem hér segir:

1. Hérlendur banki reiknar 1% vexti á ári ofan á erlenda vexti endurlánaðs fjár til fiskiskipakaupa.
2. Svör liggja ekki fyrir um fjárhæðir í krónum. Erlend lán vegna fiskiskipa skipta hundruðum en bönkunum er ekki heimilt að birta upplýsingar um viðskipti einstakra viðskiptamanna. Lán þessi eru flestöll með breytilegum vöxtum og gjalddögum tvisvar á ári.
3. Þóknanir þessar eru ákveðnar í gjaldskrá bankanna um erlend viðskipti er Seðlabankinn gefur út. Skal vakin athygli á því að vaxtamunur samkvæmt 1. lið er 0,25% lægri af fiskiskipalánum en almennt gerist. Hefur það verið ákveðið í samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs.

   Að sjálfsögðu greiðir banki hinum erlenda aðila á gjalddaga hvort sem hérlendur skuldari hefur staðið í skilum eða ekki. Bankaábyrgð er almennt óskilyrt sjálfskuldarábyrgð.
4. Svar við þessum lið er jákvætt. Umsóknir um þetta efni fara fyrir lánanefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins og bankarnir leita þá annaðhvort eftir samþykki skuldareiganda um endurskoðun lánskjara eða leita eftir nýju láni til endurlána með uppsögn hins fyrra láns.

Efri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Sóknargjöld, frv. 98. mál, (þskj. 102, n. 543 og 570, 548). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er til umr. hefur verið nokkra hríð í meðförum menntmn. Það hefur verið fjallað allítarlega um málið og rætt við ýmsa aðila. Á fund nefndarinnar komu biskup, dómprófastur, Árni Kolbeinsson stjórnarráðsfulltrúi og Ásgeir Pétursson bæjarfógeti. Einnig var rætt við ýmsa aðila símleiðis.

Eins og fram kemur í grg. er hér verið að breyta nefskatti í hundraðshluta af útsvari. Það er gert ráð fyrir að þetta gjald verði 0,20 til 0,40% af útsvarsstofni hvers gjaldanda. Þá eru ákvæði um það að fjárhagsáætlun skuli liggja fyrir áður en sóknargjald er ákveðið og að sama sóknargjald skuli vera í hverju prófastsdæmi.

Þá er í 3. grein bætt við að hrökkvi tekjur sóknarkirkju ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum þá geti safnaðarfundur samþykkt að hækka sóknargjöldin allt að tvöföldu, enda komi til samþykki kirkjumálaráðherra. Þetta atriði olli nokkurri umræðu í nefndinni og minnihlutaálit um það liggur fyrir. Þetta ákvæði er til komið vegna fjárhagslegs vanda margra kirkna eða sókna. Meiri hl. nefndarmanna þykir sýnt að til þess verði ekki gripið nema mjög ríkar ástæður séu til, enda er það kirkjumálaráðherra að veita leyfi eða synja um hækkun.

Brtt. meiri hl. nefndarinnar eru smávægilegar. Í 5. gr. segir að þeir sem utan þjóðkirkju séu greiði sama gjald og gert er í prófastsdæminu. Við leggjum til að við bætist: þó aldrei meira en 0,40% af útsvarsstofni. Nefndin telur að þeir eigi ekki að vera háðir samþykktum um tvöföldun gjaldanna.

Við 7. gr. var gerð sú breyting í lok 1. málsgr., þar sem segir um innheimtu: „Þóknun fer eftir því sem tíðkast um innheimtu þinggjalda eða um semst", að þar standi eingöngu: Um innheimtuþóknun fer eftir því sem um semst. Það er eðlilegt að ákvæðin um innheimtu þinggjalda falli niður enda ekki sambærilegt.

Þá er í sambandi við 8. gr. lagt til að orðin „héraðsprófasts" falli niður og eingöngu komi: prófasts. Það er eðlileg málvenja í íslensku. En eftir að gengið var frá þeirri brtt. kom í ljós að orðið héraðsprófastur kemur einnig fyrir í 2. gr. frv. og er mér ekki alveg ljóst hvort bera verður fram sérstaka brtt. um það efni. En eðlilegt er að sama regla gildi um þetta embættisheiti í öllum lagagreinunum.

Um þetta er ekki öllu meira að segja. Það er að sjálfsögðu mikils virði fyrir sóknirnar og kirkjuna að hafa slíkan fastan tekjustofn. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað þetta muni auka tekjur kirkna mikið. Reikna má með að þær geti aukist nokkuð. Hins vegar verða sóknargjöld nú mismunandi, þannig að hjá mörgum fjölskyldum kemur sóknargjaldið til með að lækka allverulega en hækkar þó nokkuð hjá öðrum. Margar kirkjur, sérstaklega í dreifbýlinu, eru mjög illa settar. Þar hefur hitunarkostnaður vaxið gífurlega. Einnig er mikill kostnaður við ýmsa þjónustu, organleikara og annað slíkt. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt fyrir ýmsar hinar fámennari sóknir að fá meira fé í hendurnar til þess að hægt sé að sinna þar kirkjulegu starfi.

Við skulum einnig hafa í huga að í mörgum kirkjum, líkiega í öllum kirkjum, hve fátækar sem þær ella eru, eru geymdir ýmsir dýrmætir gripir og merkir. Það er hörmulegt til þess að vita hve víða altaristöflur, orgel og aðrir kirkjugripir liggja undir skemmdum vegna þess að ekki er hægt að hita kirkjurnar upp eða búa þær þannig að vernd sé í.

Ég held að hér hafi komið fram meginatriðin sem um hefur verið fjallað. Meiri hl. menntmn. er samþykkur frv. og brtt. eru allar mjög smávægilegar.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Hv. menntmn. deildarinnar fjallaði um þetta frv. á mörgum fundum sínum. Meiri hl. hefur skilað áliti og mælir með samþykkt þess í meginatriðum óbreytts. Ég leyfi mér hins vegar að skila séráliti og legg til að gerð verði veigamikil breyting á frv., breyting sem mér finnst skipta verulegu máli.

Ég tel að það felist allveruleg skattahækkun í þessu frv. Og ég get ekki fallist á að það sé óhjákvæmilegt eða nauðsynlegt eins og á stendur að leggja stóraukna skattbyrði bæði á lágtekjufólk og fólk með meðaltekjur. Ég tel að hægt hefði verið að komast hjá því. Ég vek á því athygli að oft hefur það valdið miklum úlfaþyt hér á landi þegar útsvar hefur verið hækkað um ½ eða 1%. Það hefur ekki þótt neitt smámál. Og það er það heldur ekki, vegna þess að ef við tökum sem dæmi þá getur 1% aukning útsvars slagað upp í þriggja daga tekjur, sem verið er að taka af mönnum, og því engin furða þótt það hafi oft valdið illindum og illdeilum þegar slík skattahækkun hefur gengið yfir.

En hér virðist vera ætlunin að láta það gerast þegjandi og hljóðalaust að opnaðar séu leiðir til verulegrar skattahækkunar, og það án þess að nokkur hreyfi andmælum að því er séð verður, nema þá að svo stöddu sá sem hér stendur fyrir hönd síns flokks. Mér kemur alveg sérstaklega mikið á óvart að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skuli telja sjálfsagt og eðlilegt að skattbyrði sé aukin með þessum hætti vegna þess að það er hægt að komast undan því. Mun ég nú færa rök fyrir því.

Ég vil taka það fram að ég er alveg samþykkur þeirri meginstefnu frv. að sóknargjöld verði ekki lengur nefskattur án tillits til tekna eins og verið hefur. Ég er því samþykkur að þau verði tiltekinn hundraðshluti af stofni hvers gjaldskylds manns. Ég er líka samþykkur því meginsjónarmiði, sem kom fram hjá talsmanni meiri hl. nefndarinnar og kemur fram í grg. frv., að brýn þörf er á því að fjárhagur safnaða sé efldur. Það er ljóst að margar kirkjur fara illa vegna þess að þeim er ekki haldið við og þær eru illa upphitaðar og fámennir söfnuðir eiga í erfiðleikum með að standa undir þeim mikla kostnaði sem þessu hvoru tveggja fylgir, að halda kirkjum við og hita þær upp. Ég tala nú ekki um eftir að raforkuverð hefur hækkað svo gífurlega sem raun ber vitni í seinni tíð.

En við verðum að gera okkur grein fyrir því að þessi rök eiga ekki við nema í undantekningartilvikum. Og undantekningartilvikin mega ekki neyða okkur til þess að opna möguleika á því að hækka skatta með svo

rýmilegum hætti sem hér er gerð tillaga um. Undantekningartilvik eigum við að leysa með stofnun jöfnunarsjóðs þannig að hlaupið sé undir bagga með þeim aðilum sem sérstaklega eiga í vanda. Og það er einmitt það sem mín tillaga gerir ráð fyrir. Ég legg til að 10% af öllum söknargjöldum gangi í jöfnunarsjóð sem leysi vandamál af þessu tagi. Þá er engin þörf á þessari miklu hækkun sem hér er opnað fyrir að geti átt sér stað.

Ég bendi líka á það í nál. minu að fleiri leiðir eru færar til þess að koma í veg fyrir það að vandamál einstakra kirkna verði til þess að stórauka álögur á almenning í þessu sambandi. Það er mjög auðvelt að minnka vanda allra þeirra safnaða sem þurfa að hita upp kirkjur með dýru eldsneyti t. d. með því að gefa þeim öllum kost á raforku á lægsta verði. Satt best að segja eru það svo litlar upphæðir, sem um væri að ræða, að það mundi ekkert muna um fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, nú eða ríkissjóð ef ekki semdist um á annan veg, að standa undir þeim kostnaði sem af þessu leiðir.

Kirkjur verður að hita upp. Og það er auðvitað engin hæfa að söfnuðir þurfi að leggja út gífurlega fjármuni til þess að þær liggi ekki undir skemmdum. Hér er ég ekki bara að horfa á málið út frá sjónarmiði safnaðanna sem slíkra heldur líka út frá almennu menningarsjónarmiði. Viðhald kirkna er menningarverkefni þjóðarinnar allrar. Hún ætti því að tryggja það með lágu raforkuverði til kirkna að þeim yrði örugglega vel við haldið með góðri upphitun hverju sinni. Því er þetta einfaldasti hlutur í heimi að tryggja að kirkjur séu upphitaðar með raforku á lægsta verði.

Ég hefði helst kosið að útsvarsprósentan, sem gengi til safnaðanna, væri alls staðar sú sama og það væri ekki neinn möguleiki fyrir stjórnvöld í héraði, í þessu tilviki safnaðarstjórnir, að vera að ráðskast með það til eða frá. Við vitum að hugmyndir manna um framlög til ýmissa málefna eru mismunandi. Venjulega eru það nú þeir hópar sem eiga að stjórna málum og næst standa sem gera mestar kröfurnar. Og þær geta oft verið skynsamlegar og eðlilegar. En ekki mundum við vilja láta skólastjóra eða skólanefndirnar ákveða skattgreiðslur ríkisins til skólamála. Ekki mundum við vilja láta læknana og hjúkrunarliðið ákveða hversu mikið fé yrði lagt til heilbrigðismála. Og ekki mundum við vilja láta yfirstjórnir málefna fatlaðra alfarið ráða því hvað mikið gengi til þeirra málaflokka. Með nákvæmlega sama hætti finnst mér að við ættum ekki endilega að gera ráð fyrir því að fjárframlög til safnaða séu alfarið ákveðin af safnaðarstjórnum. Mér finnst að þetta ætti bara að vera ein prósenta yfir alla línuna og síðan væri jöfnunarsjóður sem kæmi í veg fyrir að vandamál sköpuðust hjá einstökum söfnuðum með framlögum til sérþarfa í sérstökum tilvikum. En úr þessu máli geri ég nú ekki svo mikið. Ef menn telja nauðsynlegt að söfnuðirnir hafi þarna eitthvert frelsi til álagningar söknargjalda, þá ætla ég ekki að fara að hamla á móti því. Ég hef því ekki lagt fram brtt. um það efni. Ég segi bara hér hvað mér fyndist eðlilegast í þessum efnum. Mér finnst það hins vegar ekki vera aðalatriði málsins og því finnst mér ekki taka því að gera tillögu um það. Hins vegar finnst mér óeðlilegt með öllu að opnað sé fyrir að hægt sé að leggja á gjald sem geti numið allt að 0.8% af útsvarstekjum. Þetta er mjög mikil aukning frá því sem nú er. Nú er gjaldið tiltekin krónutala og þarna getur því í mörgum tilvikum verið um mjög verulega aukningu að ræða.

Menn hafa sagt við mig að nú orðið hafi söfnuðir ákveðið frelsi til álagningar og það sé því ekki verið að breyta neinu frá því sem nú er með þessu fyrirkomulagi. Þetta má auðvitað til sanns vegar færa, en þó er þetta ákaflega villandi málflutningur vegna þess að í dag er lögð sama krónutala á alla. Það er lögð sama krónutala á alla í söfnuðinum og það fyrirkomulag kemur þá að sjálfsögðu í veg fyrir að söfnuðir ákveði að hækka þetta mjög verulega, því að þá mundi það lenda af slíkum ofurþunga á þá í söfnuðinum, sem eiga erfitt með að standa undir háum útgjöldum, að menn sjá sóma sinn í því að ekki sé verið að pressa þetta upp. En þegar búið er að breyta þessu á þann veg, þá er ekki þessi fyrirstaða fyrir hendi og því meiri hætta á að um óþarflega háa álagningu yrði að ræða.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta. Ég hef lagt hér fram brtt. sem felur það í sér að 10% af innheimtum söknargjöldum, sem þá yrðu einhvers staðar á bilinu 0.2 til 0.4%, eigi að leggja í jöfnunarsjóð. Framlög úr jöfnunarsjóði verði einkum ætluð söknarkirkjum þar sem tekjur hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi söknarnefndar og söknarprests. Sjóðurinn verði í vörslu dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem ákveði úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum biskups og prófasta skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Ég tel að ákvæði af þessu tagi nægi algerlega til að mæta þeim vanda sem kann að vera hjá einstökum kirkjum. Með samþykkt þessarar brtt. félli þá niður heimild söknarnefnda og dómsmrn. til að hækka gjaldið allt upp í 0.8%.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það hafa orðið einhver mistök í boðun þessa fundar. Ég fékk dagskrá sem sýndi að ekki yrði fundur í Ed. í dag. Ég hringdi niður í Alþingi og spurði hvers vegna ekki væri fundur í Ed. en fékk ekki upplýsingar um það. Þar af leiðandi gerði ég ekki ráð fyrir að neinn fundur yrði hér í dag. En fjmrn. hefur athugasemdir við þetta frv. að gera sem ég er ekki með. Ég ætla þó ekki að fara fram á að afgreiðslu við 2. umr. verði frestað, en ég áskil mér rétt til að koma þeim athugasemdum, sem fjmrn. hefur að gera við þetta frv., á framfæri við 3. umr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hæstv. fjmrh. er rétt að upplýsa að það mun rétt vera, sem forseta var reyndar ekki kunnugt um fyrr en rétt fyrir kl. 2, að orðið hafa mistök við prentun dagskrár. Dagskrá Ed. hafði fallið út. Þetta voru mistök prentsmiðjunnar og var búið að leiðrétta og prenta nýja dagskrá um 11-leytið. Ég vildi geta þess arna svo að það rétta komi fram í málinu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna orða hv. síðasta ræðumanns þess efnis að honum þætti það undarlegt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar skuli skrifa undir meirihlutaálit í þessu máli, sem kveður á um að frv. skuli samþykkt með minni háttar breytingum, frv. sem hann færði rök fyrir að gæti haft í för með sér töluverðar skattahækkanir. Mig langar til að vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því að í nál. meiri hl. menntmn. stendur: „Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.“

Ég vil líka vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því að ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn er hafður þarna af sömu ástæðum og hv. síðasti ræðumaður nefndi hér og brtt. hans gengur út á. Ég er sammála því fyrirkomulagi sem brtt. kveður á um og tel það vera til bóta, en ég verð að segja eins og er að ég varð ekki vör við það að flm. brtt. leitaði meðflutnings eða stuðnings við þá till. þótt hugmynd um slíkan jöfnunarsjóð hafi komið fram á fundum nefndarinnar og fengið þar jákvæðar undirtektir. Undrun hans er því ástæðulaus en brtt. mun ég styðja og hef ekki fleiri orð hér um.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hæstv. fjmrh. hér áðan varðandi þetta mál þá hefur komið fram ósk um að umr. um málið verði nú frestað. Verður orðið við þeirri ósk. Málinu er því frestað og tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Atvinnuleysistryggingar, frv. 309. mál (þskj. 491, n. 559, 560). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til meðferðar þetta frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Eins og fram kemur í nál. kallaði nefndin til viðræðna fulltrúa ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Sömuleiðis létu þessir aðilar nefndinni í té skriflega viðhorf sín í málinu.

Eins og hv. þm. er í fersku minni, vegna þess að nýlega hefur verið mælt fyrir þessu máli, er þetta frv. fram komið sem framhald af yfirlýsingu ríkisstj. frá 6. nóvember s. l. varðandi það að hún mundi beita sér fyrir hækkun viðmiðunar bótagreiðslna atvinnuleysistrygginga. Þetta frv. tekur raunar til fleiri atriða. Þess skal getið að sú viðmiðun, sem gjaldprósenta atvinnurekenda er miðuð við, hækkar sömuleiðis.

Í 4. gr. frv. stendur: „Nú nemur vinnuframlag manns ekki 425 dagvinnustunda lágmarkinu skv. framansögðu, en viðkomandi hefur auk þess unnið eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 22/1981 og lög nr. 46/1981, og er þá heimilt að leggja saman dagvinnustundir unnar af viðkomandi og greiða bætur að tiltölu, enda náist þannig a. m. k. 425 dagvinnustundir."

Eins og þetta hefur verið hingað til hafa menn þurft að ná lágmarksstundafjölda í hverju kerfi fyrir sig til þess að ná lágmarksrétti til greiðslu atvinnuleysisbóta.

Í umsögn og tilskrifum Vinnuveitendasambandsins kemur fram að þeir teldu eðlilegra að miða við ákveðin grundvallarlaun, ákveðna krónutölu, heldur en að miða við „störf í almennri fiskvinnu" eins og það er orðað í þessu frv. Það var hins vegar niðurstaða nefndarinnar að mæla með því að miðað yrði við störf í almennri fiskvinnu, m. a. af þeim rökum sem fram höfðu komið þá þegar í málinu og voru ítrekuð við umræður í nefndinni, að hópar fiskvinnslufólks væru langstærstir. Sömuleiðis væri sá hópur fólks sem þægi eða hefði þegið atvinnuleysisbætur á undanförnum árum langstærstur einmitt úr röðum þessarar stéttar. Nefndin féllst því á að sá háttur verði hafður á að miðað verði við störf í fiskvinnu.

2. gr. frv. er raunar afleidd þeirri breytingu sem ég var að gera grein fyrir, þ. e. að breytt er um viðmiðun frá því sem nú er í lögunum, þ. e. 7. tölul. 21. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, en þessi grein tínir til þá sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Í 7. liðnum í gildandi lögum er vitnað til 8. flokks Verkamannasambandsins, sem er raunar löngu úreltur eins og alkunna er. Í þess stað er í frv. miðað við tekjur eða tekjuígildi sem samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma.

Við 3. gr. frv. flytur nefndin brtt. Er hún flutt fyrst og fremst til þess að taka af allan vafa. Í 3. gr. frv. er talað um „hæsta starfsaldursþrep". Þetta getur misskilist. Ef þetta stendur svona áfram gæti það verið túlkað sem starfsaldursþrep eftir 15 ár. Það var aldrei fyrirhugað. Það hefur ævinlega verið gengið út frá því — og hef ég fyrir því orð og raunar skrif forseta Alþýðusambands Íslands — að miðað væri við starfsaldursþrep eftir 7 ár. En flokkatilfærslan á sér eigi að síður stað eins og hv. þm. vita. Brtt. er sem sagt sú að þar sem stendur „hæsta starfsaldursþrepi" komi: miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Nefndin gerir ekki aðrar brtt. við frv.

Svo að ég víki í örfáum orðum á nýjan leik að tilskrifum Vinnuveitendasambandsins um þetta mál þá kom það fram að fulltrúar Vinnuveitendasambandsins töldu að í efni þessa frv. væri farið nokkru dýpra í sakir en samningar hefðu gert ráð fyrir, þeir hefðu ekki vitað betur en að einvörðungu ætti að taka inn í þetta frv. þær breytingar sem síðustu samningar hefðu haft í för með sér. Skv. frv. eins og það liggur fyrir eru teknar inn þær tilfærslur sem ekki hafa verið leiðréttar frá því að lögin voru síðast sett 1981. Ég hef rætt þetta mál við hæstv. heilbr.- og trmrh. og hann hefur staðfest í samtali við mig að það sé einlægur vilji ríkisstj. og fullt samkomulag um það að framkvæma þá yfirlýsingu ríkisstj. sem ég vitnaði til áðan á þá lund sem frv. segir til um. Menn velkjast því ekki í neinum vafa um að það er vilji stjórnvalda að þetta nái með þessum hætti fram að ganga.

Það má e. t. v. deila um það hvaða viðmiðun sé eðlilegast að hafa. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Niðurstaða nefndarinnar er þessi. Hins vegar vil ég taka það fram, og nm. voru sammála um það, að ef verulegar tilfærslur yrðu innan taxta fiskvinnslufólks, til að mynda ef bónus yrði í ríkari mæli tekinn inn í almennt taxtakaup, þá lægi það í hlutarins eðli að þessi mál kæmu til endurskoðunar. Á þessu stigi er ómögulegt að fullyrða hver vilji stjórnvalda eða löggjafans né heldur verkalýðssamtaka yrði í því efni að hækka fjárhæðir atvinnuleysisbóta í takt við slíkar hækkanir. Á þessari stundu er útilokað að fullyrða neitt um það.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki um þetta fleiri orð. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef gert grein fyrir.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég vildi með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Eins og kom fram hjá hv. frsm. heilbr.- og trn. voru aðilar vinnumarkaðarins alls ekki sammála um þetta mál. Fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands komu á fund nefndarinnar og gerðu þar munnlega — og skriflega reyndar — grein fyrir afstöðu sinni og fyrir þeim breytingum sem þeir hefðu viljað sjá á þessu

framlagða frv. Enn fremur bentu þeir á það, sem ég mun víkja að síðar, að forsrh. hefði skrifað Alþýðusambandi Íslands bréf þann 6. nóvember s. l. og í því bréfi kæmu reyndar fram önnur loforð og nokkuð aðrar viðmiðanir en í frv.

Í þessu frv. liggur nú fyrir að bætur og iðgjöld hækka út frá allt öðrum forsendum eins og áður sagði og það svarar til miklu meiri launahækkana en þeirrar hækkunar sem varð á launum í almennum kjarasamningum, eins og segir í bréfi hæstv. forsrh. Það er raunar út af fyrir sig umhugsunarefni hvort túlkunin á þessu bréfi er á þann veg að menn geti búist við að túlkun á því samráði sem nú er mjög auglýst að boðið sé, samráð eigi nú að taka sérstaklega tillit til aðila vinnumarkaðarins, hvort það verður á þá lund að menn túlki þar orðalag eftir sínu höfði þegar kemur að framkvæmdinni. Þegar atvinnuleysisbætur eru hækkaðar svona þá fer það svo að mörg störf verða lægra launuð en atvinnuleysisbætur segja til um. Í rauninni er þjóðfélagið þá að meta láglaunastörf minna en iðjuleysi. Þetta gæti skapað allmikla ólgu á vinnumarkaðnum.

Út af því sem hv. formaður heilbr.- og trn. sagði hér áðan um laun í almennri fiskvinnu og að ef þau mundu hækka yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þess við viðmiðun atvinnuleysisbóta vil ég taka fram að þetta getur að mínu viti verkað sem hemill á að tekið verði upp t. d. það kerfi að bónus verði reiknaður inn í dagvinnulaun í almennri fiskvinnslu. Þá sé verið að festa fiskvinnslufólk endanlega í sessi sem láglaunahóp í þjóðfélaginu með því að miða aðrar greiðslur við þessa vinnu.

Ég skil það fullkomlega að þetta frv. byggist á loforði sem gefið var. Það þarf að afgreiða þetta mál. Ég mun að sjálfsögðu ekki leggjast gegn því. En ég vildi að þessi sjónarmið kæmu hér fram og sérstaklega það að þeir aðilar vinnumarkaðarins sem til voru kvaddir voru alls ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það mál sem hér er verið að afgreiða var samkomulagsatriði í síðustu kjarasamningum milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. Síðustu kjarasamningar voru gerðir í fyrra og það er fyrst nú sem þetta frv. kemur til afgreiðslu og er langtum seinna á ferðinni en menn höfðu átt von á. Þar af leiðandi hafa bætur til fólks, sem á við atvinnuleysi að stríða, verið lægri til þessa dags.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að aðilar vinnumarkaðarins hefðu ekki verið sammála um þetta loforð eða bréf sem ráðh. hefði látið frá sér. Ég veit að svo var. En ég veit líka að Vinnuveitendasamband Íslands hafði á röngu að standa. Það var með viðmiðanir sem voru alveg út í hött og voru ekki skv. þeim vilja sem ríkti í samningagerðinni. Að vísu var þetta ekki beinn samningur heldur yfirlýsing frá forsrh. um að hliðstæðar hækkanir kæmu til og að miðað yrði við fiskvinnslustörfin, en áður höfðu atvinnuleysisbætur farið mjög niður á við krónulega vegna þess að viðmiðunin var ekki nógu skýr. Það var aftur meining Vinnuveitendasambandsins að það mætti gjarnan gerast að atvinnuleysisbætur yrðu stöðugt lægri og lægri.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því hverjar atvinnuleysisbætur eru í dag. Hjá einstaklingi sem hefur verið í 100% atvinnu eru bæturnar 2800 kr. á viku. Hafi þessi einstaklingur fyrir tveimur börnum að sjá hefur hann 3066 kr. á viku. Greiðslur á dag eru 597,55 kr. fyrir 100% vinnu og fyrir hvert barn 23,90 kr.

Ekki eru þetta háar tölur, a. m. k. getur það varla verið í augum alþm. Mér þótti miður að hlusta á það hér áðan að því var haldið fram að atvinnuleysisbætur gætu orðið hærri en ýmsir taxtar sem samið væri um. Svo mun ekki vera. Og ég óska eftir því að fá að vita hvaða taxtar það eru sem um er að ræða. Mér þótti líka miður að heyra það sett fram á þann hátt að menn gætu haft meira upp úr iðjuleysi en að vinna einhver störf. Ég vil halda því fram að þeir sem atvinnulausir eru séu það ekki vegna þess að þeir liggi í leti heima hjá sér. Það er vegna þess að þeir hafa ekki atvinnu til að ganga að. Finnst mér miður ef notað er orðið „iðjuleysi" um það fólk sem er atvinnulaust.

Því miður er atvinnuleysi víða og sums staðar er það mjög alvarlegt, t. d. norður á Akureyri og á Suðurnesjum þar sem 320 manns voru í síðustu viku greiddar atvinnuleysisbætur. Ég minni líka á það að Atvinnuleysistryggingasjóður er myndaður af verkafólki sjálfu. Það var samið um það á sínum tíma að mynda þennan sjóð og slegið af kaupkröfum í því skyni. Það kostaði erfiða baráttu og tók langan tíma en það náðist fram og við í verkalýðshreyfingunni teljum að það sé verkafólkið sjálft sem á þessa sjóði. Þetta sama verkafólk er að fá úr sínum sjóðum framlag sem það annars hefði fengið greitt í launum.

Það er samkomulag í nefndinni um að afgreiða þetta frv. Það var gerð á því ein breyting, sem reyndar er vegna mistaka í upphaflegri gerð frv., það voru ekki nægilega skýr ákvæði um það við hvað ætti að miða. Það kom til greina að skilja þetta á þann hátt að miðað yrði við 15 ára taxta, en ég vil upplýsa að verkalýðssamtökin sýndu fram á það að það var ekki hugsunin, heldur að miðað yrði við 7 ára taxta sem er hæsta starfsaldursþrep viðmiðunartaxta.

Ég vænti þess að frv. verði samþykkt hið fyrsta því að fjölmargir bíða eftir hækkuðum greiðslum af því að það hefur dregist úr hömlu að afgreiða þetta frv. Ekki hefur staðið á viðkomandi nefnd eða Alþingi heldur hefur staðið á því að leggja frv. fram eins og lofað var.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 560 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 363. mál (þskj. 576). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 576 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum, en þær hafa verið tvær. Á tveggja ára fresti hafa þessi lög verið framlengd og renna sitt skeið á enda hinn 31. desember n. k.

Með frv. þessu er lagt til að framlengdur verði gildistími þeirra ákvæða laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins er varða Sölustofnun lagmetis og að breytt verði ákvæðum um skipun stjórn-

ar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Frv. er flutt skv. tilmælum Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, en stjórn Sölustofnunar lagmetis telur mikilvægt að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn og raunar eini kaupandinn.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau að í löndum Austur-Evrópu, þar sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti, er hvarvetna einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni að ræða kaupanda megin. Slíkur kaupandi væri því, ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun yrði íslenskum seljendum í óhag. Rétt þykir að bregðast við þessu með áframhaldandi einkarétti og jafna þar með samningsstöðuna. Er því lagt til að I. kafli laga nr. 58/1981, þ. e. greinarnar 1—8 að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. desember 1990. En rétt þykir að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður og að því tilskildu að starf Sölustofnunar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. framangreindra laga. Hér er sem sagt lagt til að þessi einkaréttur verði framlengdur um fimm ár. Á undanförnum árum þrívegis hefur þessi réttur einvörðungu verið bundinn við tvö ár.

Þá þykir og rétt að taka nú ákvæði um skipun stjórnar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins til endurskoðunar, þannig að áhrif Sölustofnunar verði aukin, enda eru fullvinnslugjöld, er aðildarfyrirtæki stofnunarinnar greiða, megintekjustofn sjóðsins. Þá þykir rétt að sjútvrh. hafi óbundnar hendur við tilnefningu stjórnarmanns, en skv. gildandi lögum ber honum að leita ábendinga sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda áður en tilnefning fer fram. Með sama hætti er talið eðlilegt að iðnrh. skipi án tilnefningar, auk formanns, annan stjórnarmann.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að þegar þessari umr. lýkur verði frv. þessu vísað til 2. umr. og iðnn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Okkur er ýmislegt til ánægjuauka hér í þessari hv. deild eins og það að heyra hæstv. iðnrh., talsmann hins frjálsa framtaks, mæla með einokun og þar að auki hafa þann húmor til að bera, sem kemur ekkert á óvart, að láta prenta sem fskj. bréf frá Sölustofnun lagmetis þar sem segir, með leyfi forseta: „Hefur slíkt ætíð leitt til undirboða og truflana á þessum mörkuðum.“ Þetta finnst mér bera vott um ágæta kímnigáfu hæstv. iðnrh. og er skemmtilegt þegar slíkt nær inn í þskj., það er ekki oft. Stundum heyrir maður að frjáls samkeppni heiti „truflun á mörkuðum“. Það er ákaflega sérstæð skoðun.

Þetta frv. er að sumu leyti gamall kunningi í þessari hv. deild og á Alþingi. Það hefur komið hér áður með beiðni um tveggja ára framlengingu jafnan hverju sinni, eins og hæstv. ráðh. minntist réttilega á. En nú er gengið langtum lengra. Nú er talað um fimm ár í stað tveggja. Ég er andvígur þessu frv. og við þm. Alþfl. í þessari deild munum greiða atkvæði gegn því. Við höfum lagt fram till. til þál. í Sþ. um aukið frelsi í útflutningi og afnám einokunar. Sjálfsagt munu fulltrúar einstaklingshyggjunnar og hinnar frjálsu samkeppni greiða atkvæði gegn þeirri till. þegar hún kemur, það væri öldungis eftir öðru þeim megin frá.

Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir að breytt verði nokkuð ákvæðum um skipun stjórnar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðar og ráðherrum færð þar aukin völd. Út af fyrir sig er kannske ekkert um það að segja. Nú eiga Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ekki að tilnefna menn í stjórn þessa sjóðs. Nú vill svo til að í þessari hv. deild situr þm. sem veitt hefur annarri þessari stofnun forstöðu, hv. þm. Björn Dagbjartsson, sem verið hefur forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Mér leikur nokkur hugur á að vita hver afstaða hans er til þessa máls og hvort hann telji þetta eðlilega breytingu, að þessi stofnun eigi þarna ekki lengur aðild að. Raunar hef ég svo sem engin rök heyrt hér sérstaklega mæla með þessari breytingu en endurtek það að við þm. Alþfl. munum greiða atkvæði gegn þessu frv. ríkisstj.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ekki skal ég hafa uppi langar tölur um þetta mál. Ég er á móti því eins og áður hefur fram komið reyndar við fyrri umfjöllun um þetta mál á síðasta þingi og hef þar í raun og veru sömu athugasemdir fram að færa og þá. Ég vil andmæla þeim fullyrðingum sem bæði koma fram í athugasemdum með lagafrv. og bréfinu frá Sölustofnuninni þar sem fullyrt er að ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, eins og segir í athugasemdunum með leyfi hæstv. forseta, hefði kaupandinn aðstöðu til að fara á milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun yrði íslenskum seljendum í óhag.

Það skýrir sig mjög allur andi og hugsun manna til þessara viðskipta að þeim skuli finnast óhugsandi að það að kaupandinn gæti farið hér á milli manna gæti hugsanlega leitt til þess að honum byðist betri vara og þar af leiðandi vara sem hann yrði að greiða hærra verði en hann gerir í dag, hugsanlega vara sem hann ekki þyrfti að senda aftur hingað til baka til landsins þar sem hún væri að meira eða minna leyti skemmd og þar af leiðandi væri hann e. t. v. reiðubúinn til þess, ef gæði vörunnar væru meiri, að greiða fyrir hana hærra verð.

Eins segir framkvæmdastjóri Sölustofnunar í bréfi frá 13. febr., með leyfi hæstv. forseta, eins og hér hefur áður fram komið, að það að fleiri en einn aðili komi fram gagnvart kaupendum í Austur-Evrópu hefur haft þær afleiðingar að slíkt hefur ætíð leitt til undirboða og truflana á þessum mörkuðum. Frjáls samkeppni er sem sé orðin að truflun á markaði. Eins hafa lögin um Sölustofnunina stuðlað að festu innan samtakanna og atvinnugreinarinnar og því full ástæða til þess að þau lög haldi gildi sínu enn um sinn. Það að ábyrgð einstakra framleiðenda er tekin frá þeim og lögð á herðar samtakanna allra eða Sölustofnunarinnar — og þá á ég við það þegar vara er endursend frá kaupanda vegna skemmda — það yrði kallað festa innan samtakanna.

Ég hef fulla samúð með hæstv. iðnrh. þegar hann þarf að tala í þessu máli og þess vegna líka fullan skilning á því að hann æskir þess, eins og kemur fram í áðurnefndu bréfi, að lögin verði framlengd um a. m. k. fimm ár. Það frestar því alla vega um þann sama tíma að hann þurfi að koma aftur hér í stól og mæla fyrir þessu hinu sama frv. Kannske elur hann þá litlu von í brjósti að það verði ekki endilega hans hlutverk þegar þar að kemur.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekkert um það dæma hvort það er hæstv. iðnrh. sérstakt gleðiefni að mæla fyrir þessu frv. eður ei. Ég vil þó byrja á því að fagna því sem segir hér í 1. gr. frv. þar sem talað er um Sölustofnun lagmetis og síðar Sölusamtök lagmetisiðnaðarins. Það bendir þó til þess að þeir sem sömdu frv. sjái fyrir sér einhvern tíma í framtíðinni að lögum um Sölustofnun lagmetis verði breytt eða á þessari skipan verði þó einhver breyting í framtíðinni.

Ég verð að segja að ég sé svo sem ekki brýna nauðsyn þess að framlengja þetta svo lengi, ekki síst ef þarna verður einhver breyting á og Sölusamtök lagmetisiðnaðarins taka við. Varðandi þá fsp., sem til mín var beint um þá breytingu að hvorki Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins né Iðntæknistofnun eigi framar fulltrúa í stjórn Þróunarsjóðs, skal ég ekkert dæma um það hvort stjórnir þessara stofnana hafi ætíð hitt á að velja rétta menn í stjórnina. Það er sjálfsagt álitamál því að stjórnin, þ. e. stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins valdi fulltrúa í stjórn Þróunarsjóðs lagmetis. Ég vil ekkert um það segja hvort sá fulltrúi hefur haft afgerandi áhrif á stefnumótun sjóðsins. Það eru sjálfsagt aðrir betri til að dæma um það.

Hitt er svo annað mál að það væri e. t. v. ástæða til þess í Sþ. að spyrja hæstv. ráðh. að því einhvern tíma hvernig hefði verið með styrkveitingar úr þessum sjóði, hvort þær hefðu breyst eftir að þessi skipan sjóðstjórnar var tekin upp miðað við það sem áður var þegar sjóðurinn var meira eða minna undir stjórn Sölustofnunar lagmetis. Hvort þessi nýja skipan, sem tekin var upp fyrir þremur árum síðan, ef ég man rétt, hefur breytt um til batnaðar eður ei.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það er víst og rétt að mér er þetta ekkert sérstaklega skapfellt að bera fram frv. til l. um einokun, eins og þetta frv. er í eðli sínu. Ég tek það fram að þótt hér sé lagt til, að beiðni sölusamtakanna, að lögin verði framlengd um fimm ár, þá er mér það ekki fast í hendi. Vil ég biðja um að því verði skilað til hv. nefndar sem þetta frv. fær til meðferðar. Mér er það ekkert fast í hendi og líka vegna þess að ég hafði ekkert athugað þá staðreynd augljósu að það eru þeim mun minni líkur fyrir að ég þurfi að bera þessi ósköp fram á nýjan leik, að lögin gildi í lengri tíma. En ég hafði ekki athugað þann kost sem því fylgir. En ég, eins og ég segi, hafði þetta áður í huga, að mér er þessi tímalengd ekki föst í hendi. Hins vegar geri ég mér kannske ekki vonir um að ástæður muni breytast innan fimm ára austur þar að þessu leyti. Maður þarf samt að vera viðbúinn því e. t. v. og hafa þess vegna gildistíma laganna þeim mun styttri.

Um skipan stjórnarinnar er það að segja að ég taldi þetta einfaldara í sniðum. Ef menn lesa ákvæði núgildandi laga þá sjá þeir að þar eru jafnvel Samtök grásleppuhrognaframleiðenda aðilar máls, en það er nú þann veg komið fyrir þeim að ég held að þau séu ekki tilnefningarhæf. Ég taldi enda ástæðulaust að sjútvrh. þyrfti að seilast um hurð til lokunnar til að tilnefna einn mann í þessa stjórn. Ég læt það þó í vald hins háa Alþingis að kveða upp úr um þetta atriði svo sem að líkum lætur.

Ég get ekki svarað því með neinni vissu hvort breytt hafi til hins verra vegna nýskipunar eða nýrra haga, nýrrar skipunar á högum Þróunarsjóðsins. Mér er nær að halda að svo hafi ekki orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mér hafa borist hér þrjú bréf og les ég hið fyrsta þeirra:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarritari á Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“ Þetta undirritar Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.

Þá hefur einnig borist bréf, undirritað af Svavari Gestssyni 3. þm. Reykv., samhljóða að mestu því bréfi sem ég var að lesa, en þar segir síðan:

„Óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Ólafur Ragnar Grímsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni í dag.“

Svo kemur þriðja bréfið, sem einnig er samhljóða hinum fyrri að öllu meginefni, og það er undirskrifað af Ólafi G. Einarssyni, formanni þingflokks Sjálfstfl., um það að Pétur Sigurðsson sé á förum til útlanda í opinberum erindum og óskar þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geir Hallgrímsson utanrrh., taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni á meðan.

Þannig stendur á um alla þessa menn að þeir hafa setið á þingi á þessu kjörtímabili. Þarf því ekki að kanna kjörbréf þeirra og munu þeir komnir hér til þingfundar. Óska ég þeim velfarnaðar í störfum á þingi.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463, n. 547). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. 320. mál (þskj. 508). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum, 50. mál (þskj. 542). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Dómsvald í héraði, frv. 227. mál (þskj. 282, n. 565). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 565 sem fjallar um 227. mál, en það er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Allshn. Nd. hefur fjallað um þetta frv., en meginefni þess fjallar um starfsheiti borgarfógeta og héraðsdómara. Hefur nefndin orðið sammála um að mæla með því að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 111. mál (þskj. 115, n. 566). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 566. Það er 111. mál og er frv. til l. um breyting á áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969.

Efni þessa frv. er að nýrri mgr. er bætt við lögin: „Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer skv. ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit."

Þetta ákvæði kemur í stað 2.—6. mgr. 4. gr. núgildandi laga.

Auk þess er lagt til í frv. að niður falli 2. mgr. 6. gr. áfengislaganna, en þar er landhelgi ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði. Nú hafa verið samþykkt ný lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41 frá 1979, og samræmist þetta mark landhelginnar ekki þeim lögum þar sem þar er jafnan miðað við beinar grunnlínur. Því er lagt til að nefnd málsgrein verði felld niður.

Nefndin leggur til, eftir að hafa athugað þetta frv., að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Vélstjórnarnám, 226. mál (þskj. 281). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. sem hefur verið afgreitt ágreiningslaust úr Ed. hv. Alþingis. Það felur í sér nokkrar breytingar á vélstjórnarnámi á þann veg m. a. að auknar eru kröfur til efsta stigs vélstjórnarnáms vegna tækniframfara og örra breytinga. Þá þykir það öryggisatriði að svo sé, enda er það líka svo að þessi hefur orðið þróunin í fleiri löndum.

Hins vegar er styttur tíminn sem þarf til 1. stigs. Þá hafa menn m. a. í huga að draga menn að vélstjórnarnámi, þannig að þeir hafi það nám á bak við sín réttindi. Með frv. er einnig verið að mæta vanda sem upp hefur komið vegna fjölmargra undanþága til vélstjórnar. Gert er ráð fyrir sérstökum námskeiðum þessa vegna og einnig er gert ráð fyrir því að vélstjórnarnámið geti farið fram við fleiri skóla en Vélskóla Íslands, en Vélskóli Íslands verði eftir sem áður aðalskólinn á þessu sviði.

Það sem meginmáli skiptir er að koma þessu námi sem fyrst í það horf að það geti samræmst kröfum tímans, eins og oft er sagt, en þær hafa ekki minnkað á þessu sviði fremur en öðrum. Frv., sem hér liggur fyrir, þarf að fylgja mjög skjótt í kjölfar hinna nýju atvinnuréttindalaga sem samþykkt voru hér á Alþingi í vetur. Það voru að mestu leyti sömu mennirnir sem sömdu bæði þessi frv. og ætlun þeirra var að þau fylgdust að eftir því sem verða mætti. Þeir sem sömdu þetta frv. voru í nefnd sem menntmrn. skipaði á s. l. sumri til að endurskoða lögin um vélstjórnarnám með tilliti til laganna um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í þessari nefnd áttu sæti þeir Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntmrn., sem var formaður, Andrés Guðjónsson skólastjóri Vélskóla Íslands og Helgi Laxdal vélfræðingur, formaður Vélstjórafélags Íslands.

Þetta er, eins og ég sagði, alveg ágreiningslaust mál og ég vona að það hljóti sem allra skjótastan framgang í þessari hv. deild. Leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að því verði vísað að lokinni 1. umr. til 2. umr. og menntmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta mál.

Við vitum að víða úti um land er torvelt að ráða vélstjóra með fullnægjandi réttindi til þess að lögskráning geti farið fram á fiskiskipum. Eins og ákvæðið til bráðabirgða hljómar hér held ég að það sé ekki fullnægjandi til þess að leysa úr bráðum vanda víðs vegar á hinum smæstu stöðum úti á landinu. Ég hygg því að það verði að taka mjög til athugunar hvort rétt sé að binda vélstjórnarnámskeið, sem þarna er gert ráð fyrir að haldið verði, við 24 mánuði eða hvort hafa eigi það algerlega opið, þannig að það geti fullnægt því markmiði, sem ætlað er, að þeir menn sem fáist við vélgæslu á fiskiskipum út um landið megi njóta þeirrar lágmarksþekkingar sem hér er gert ráð fyrir. Ég held m. ö. o. að ef Alþingi gengur frá þessu lagafrv. eins og það er haldist samgrh. ekki uppi að fylgja fast eftir stefnu laganna þar sem brýn nauðsyn knýr á um að fiskiskipastólnum sé haldið úti líka utan þéttbýlisstaða.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvort ég hef misskilið hv. formann

menntmn. eða hann mig, en ég skildi hann svo að hann teldi að hér væri verið að tala um námskeið sem stæði í 24 mánuði. Svo er ekki. Ég vildi einungis taka það fram að svo væri ekki og þessi námskeið væru komin í gang. Þetta ákvæði er hér sett einungis til þess að skuldbinda ríkisvaldið til að bjóða upp á þessi námskeið og skylt sé að bjóða þeim upp á námskeið sem starfað hafa á undanþágu þann tíma sem hér er um rætt. Það útilokar hins vegar það ekki að heimilt sé að bjóða upp á námskeið þó að svo sé ekki. Það er einungis verið að tryggja þarna nokkurn rétt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 49, n. 580, 581). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. Nd. Hún hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins. Fjöldi umsagna barst um þetta mál og einnig hugmyndir að brtt. Á sumar þeirra hefur verið fallist, aðrar ekki.

Á þskj. 580, sem er nál., bendir nefndin á nokkur atriði sem gætu verið til lögskýringar.

Þar er í fyrsta lagi bent á að ráðgjafarnefnd sú, sem um getur í 3. gr. og víðar í lögunum, þurfi að ná samkomulagi um framkvæmd laganna ef tryggja eigi eðlilega samvinnu allra aðila.

Í öðru lagi bendir nefndin á að nauðsynlegt sé að samkomulag náist við samtök atvinnurekenda verði heimildin til að setja reglugerð nýtt, en sú heimild er í 14. gr. laganna.

Í þriðja lagi eru skilgreind hugtökin „atvinnuleitandi" og „atvinnuumsækjandi" eins og þau koma fyrir í þessum ákveðnu lögum.

Loks bendir nefndin á að þrátt fyrir orðalag 17. gr., þar sem segir að einkaaðilum sé óheimilt að reka vinnumiðlun í ágóðaskyni, verði framkvæmd ekki breytt frá því sem nú tíðkast, enda eru efnisatriði þessarar greinar eins og í núgildandi lögum. Þetta þýðir að fyrirtæki og einstaklingar, sem hingað til hafa annast milligöngu um ráðningar, geti gert það, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Á þskj. 581, herra forseti, flytur félmn. tvær brtt. Í þeirri fyrri er lagt til að fjölgað verði í ráðgjafarnefndinni og inn komi fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, enda munu lögin taka til starfsmanna ríkis og bæja.

Í öðru lagi er lagt til að gerð verði breyting á 6. gr. frv. Sú breyting er fólgin í því að 1. málsgr. tekur til allra sveitarfélaga og þar með fellur 2. málsgr. brott.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 581,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 581,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 21:1 atkv.
17.—21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 285. mál (þskj. 465). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 334. mál (þskj. 532). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. varðar sölu á íbúðum sem byggðar voru á sínum tíma til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, þ. e. voru byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Þannig stendur á að um endursölu þessara íbúða gilda önnur ákvæði en t. d. um endursölu verkamannabústaðaíbúða eða íbúða sem byggðar voru á vegum framkvæmdanefndar. Fyrir bragðið hafa eigendur íbúða, sem voru byggðar til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði á sínum tíma og fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 og óska eftir að selja þessar íbúðir, orðið utangarðs í kerfinu. Þeim tekst ekki að komast í gegnum kerfið með málaleitan sína um að selja íbúðirnar. Það fyrirfinnst enginn sem á að meta íbúðirnar t. d. og meðan ekki fyrirfinnst aðili sem á að meta íbúðirnar geta sveitarstjórnirnar ekki tekið afstöðu um forkaupsréttinn.

Þetta er í rauninni kjarni þessa máls. Hér hefur hópur fólks orðið utangarðs lagalega séð, kemst ekki til þess að selja íbúðir sínar vegna þess að kerfið leyfir því í rauninni ekki að selja íbúðirnar eins og það er núna. Til þess að ráða bót á þessu er hér lagt til að með þessar íbúðir skuli fara með sama hætti og íbúðir í verkamannabústöðum frá sama tíma, þannig að við 62. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist ákvæði sem hljóði svo:

„Um íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 og sveitarfélög lögðu fé til skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum samkv. þessum kafla [þ. e. þessum kafla laganna]. Stjórnir verkamannabústaða skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða og gilda ákvæði 49. gr. um fjármögnun þeirra við sölu."

Eins og af þessu má ráða er lagt til að sömu reglur gildi um þessar íbúðir, sem voru byggðar á sínum tíma til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og sveitarfélög lögðu fé til, og nú gilda um verkamannabústaði. En jafnframt er nauðsynlegt að þau lagaákvæði, sem þó eru í gildi um þetta mál en virka ekki eins og ég lýsti

áðan, verði numin úr gildi. Þess vegna er í 2. gr. þessa frv. til l. lagt til að jafnframt falli úr gildi lög nr. 106/1970, um sölu á íbúðum sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

Sannleikurinn er sá að ákvæði þessara laga að því er varðar sölu á íbúðum sem byggðar voru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar eru í rauninni ekki lengur í gildi þó að lögin séu talin í gildi vegna þess að það eru komin ný ákvæði um það í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau lög sem hér um ræðir, þ. e. lög nr. 106/1970, hafa því einungis lagalegt gildi að því er varðar sölu á íbúðum sem voru byggðar til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

Það er sem sagt svo, að fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 voru í gildi sérstök ákvæði um framlög sveitarfélaga til íbúðarbygginga í þessu skyni og skyldur ríkissjóðs til að leggja jafnháa upphæð á móti sveitarfélagi. Það var að því leytinu um félagslega aðgerð að ræða og lánakjör á þeim íbúðum, sem hér um ræðir, voru betri en við almennar íbúðabyggingar og að ýmsu leyti hliðstæð við kjörin í verkamannabústaðakerfinu. Menn geta líka ráðið hliðstæðuna af því að lögin nr. 106/1970 fjalla bæði um endursölu á íbúðum sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og um sölu á íbúðum sem eru byggðar til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Þegar af þessum sökum virðist eðlilegt að hér fylgist að sú regla sem menn hafa á hverjum tíma varðandi endursölu á íbúðum í verkamannabústaðakerfinu eða íbúðum byggðum af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og svo hins vegar þeim íbúðum sem byggðar eru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

Ég ætla ekki að rekja þetta neitt frekar, herra forseti, en vísa til þeirrar grg. sem fylgir þessu frv. til l. og eins grg. til bæjarráðs Hafnarfjarðar frá bæjarlögmanninum Ingimundi Einarssyni, þar sem rakin er sú hörmungarsaga sem menn geta orðið fyrir í þessum efnum, að komast ekki til að selja íbúðir sínar vegna þess að eitt rekur sig á annars horn í kerfinu.

Á þessu máli geta menn í rauninni haft tvær skoðanir, nefnilega þá annars vegar að engar kvaðir skuli vera á þessum íbúðum og þær fari til frjálsrar sölu á hinum almenna íbúðamarkaði ellegar þá stefnu, sem hér er lögð til, að sama regla gildi og gildir um aðrar íbúðir sem byggðar voru á félagslegum grundvelli á þessum tíma. Sú stefna, sem hér hefur verið valin, gerir sem sagt ráð fyrir því að þessar félagslegu íbúðir haldi áfram að eiga samleið með öðrum félagslegum íbúðum sem byggðar voru á sama tíma. Ég tel það vera eðlilegt sjónarmið. Menn geta svo deilt um hvaða reglur skuli gilda um sölu á slíkum íbúðum á hverjum tíma, en ég tel einsýnt að reglan eigi að vera ein og sú sama hverrar tegundar sem félagslegar íbúðir eru, sú sama fyrir verkamannabústaði og fyrir íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og fyrir íbúðir sem byggðar voru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til félmn. og 2. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get vel tekið undir þau ummæli sem hv. síðasti ræðumaður hafði hér um að samræmis skyldi gætt milli íbúða í verkamannabústöðum og þeirra sem byggðar eru í því sérstaka skyni að vera til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að ég tel að nauðsynlegt sé og tími til kominn að íhuga vel hvort ekki sé rétt að stíga nú það skref að fleiri íbúðir en áður í verkamannabústöðum verði boðnar til sölu á frjálsum markaði. Ég held að verkamannabústaðakerfið hefði gott af því eins og þróunin hefur verið og tel að það yrði til bóta og vildi beina því til þeirrar n. sem fær þetta mál til athugunar að athuga sérstaklega hvort ekki sé rétt að rýmka endursölurétt þeirra sem búa í verkamannabústöðum þannig að þeir geti notið frjáls markaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, 351. mál (þskj. 561). — 1. umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég mæli fyrir þessu frv. í fjarveru 1. flm. Sighvats Björgvinssonar, en auk okkar eru flm. að þessu frv. Ólafur G. Einarsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Guðmundur Einarsson, hv. þm.

Efni frv. er það, að á eftir 5. gr. laganna um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda komi ný grein er orðist svo:

„Nú ákveður félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt til töku fæðingarorlofs samkv. lögum nr. 97/1980, að hverfa úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti og til heimilisstarfa vegna barnsburðar, og er þá þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi er félagsmaður í, skylt að veita félagsmanninum heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að sjö ár, enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Slíkur félagsmaður nýtur allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir félagsmann, þ. á m. lánsréttinda."

Síðan er um gildistökuákvæði.

Heimavinnandi húsmæður eru eina atvinnustéttin í landinu sem ekki nýtur lífeyrisréttinda og hafa verið ýmsar tillögur á ferli til að reyna að bæta þar úr, þ. á m. ein sem ég leyfði mér að flytja fyrr á þessu þingi. Þær till. hafa þó ekki náð fram að ganga. Hér er bryddað upp á nýrri leið sem ég tel að sé mikilvægt að reyna að fara. Húsmæður eru eina starfsstéttin sem ekki nýtur lífeyrisréttinda og það er óþolandi réttleysi fyrir húsmæður og vanvirða hve samfélagið metur störf þeirra lítils.

Hér er einungis um áfanga að markinu að ræða, eitt skref af mörgum sem taka þarf, en skref sem ekki er mjög flókið og ekki er mjög erfitt að sameinast um að taka og þetta verður hluta af heimavinnandi húsmæðrum til hjálpar, þ. e. þeim sem eru nú á leiðinni inn á heimilin af vinnumarkaðinum tímabundið.

Í langflestum tilvikum hafa konur hafið störf og eru orðnar aðilar að lífeyrissjóðum þegar þær ganga í hjónaband og fara að stofna heimili. Þegar fjölgar í fjölskyldunni og móðirin stendur frammi fyrir því vali hvort hún kýs að starfa áfram utan heimilis og koma barni sínu í fóstur eða hverfa af vinnumarkaðinum til heimilisstarfa að hluta eða öllu leyti, þá eru að sjálfsögðu mörg áhorfsmál og þ. á m. lífeyrismál. Kjósi konan að hverfa af vinnumarkaðinum og til heimilis- og

uppeldisstarfa missir hún ekki aðeins atvinnutekjur, sem heimilið má e. t. v. illa án vera, heldur fellur líka niður réttur hennar til lífeyris. Sé um að ræða konu sem ekki hefur t. d. greitt nógu lengi í lífeyrissjóð til að tryggja sér lánsréttindi fellur einnig sá möguleiki hennar niður er hún hverfur til heimilisstarfa og sennilega einnig réttur hennar til lántöku, jafnvel þó hún uppfylli skilyrði sjóðsins um lágmarkstíma varðandi aðild að sjóðnum. Fyrir ungt fólk, sem er að afla sér íbúðarhúsnæðis, er þetta að sjálfsögðu mjög óæskilegt og hlýtur að vega þungt og getur e. t. v. orðið þess valdandi að kona sjái sér ekki fært að annast uppeldisstörf og heimilishald sjálf. Það hygg ég hins vegar að sé æskilegt að kona sé ekki neydd af samfélaginu til að vinna úti. Það á að reyna að skapa konum þau skilyrði að þær geti verið heima ef þær það kjósa og að því ber okkur að sjálfsögðu að reyna að stefna.

Tilgangur þessa frv. er að koma til móts við fólk sem á við þennan vanda að etja. Með því að samþykkja þetta frv. yrðu lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda þannig að konu væri gert kleift að hverfa úr starfi utan heimilis og til heimilisstarfa vegna barnsburðar, en halda áfram sem félagsmaður í lífeyrissjóði allt að sjö ár. Með orðalaginu „á óbreyttum grundvelli" er átt við að iðgjöld til sjóðsins verði þá metin hverju sinni á grundvelli þeirra launa sem greidd eru fyrir sambærilegt starf og það sem konan stundaði áður en hún hvarf til heimilisstarfa. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að slíkur sjóðfélagi njóti allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir sjóðfélagar njóta.

Þá er ósvarað spurningunni um hlut atvinnurekenda í lífeyrissjóðsiðgjaldinu, sem er 6%, eftir að hætt er störfum úti á vinnumarkaðinum. Till. hafa áður verið gerðar um að ríkissjóður taki að sér að greiða slíkan iðgjaldahlut, en þær hafa ekki náð samþykki. Það er farin í frv. millileið. Skv. frvgr. er gert ráð fyrir því að konan eða öllu heldur heimilið taki að sér greiðslu þessa iðgjaldshluta og greiði þannig samtals 10% lífeyrissjóðsiðgjald, en sagan er ekki öll sögð með því.

Í 30. gr. laga nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, eru ákvæði um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar. Í staflið D í þessari grein segir m. a. um hvað draga megi frá skattskyldum tekjum:

„Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristryggingin keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjmrh. samþykkir og séu þar m. a. fyrirmæli um vörslu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en 11% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum. Hafi atvinnurekandi greitt hluta iðgjaldsins skerðist réttur launþega til frádráttar sem því nemur.

Fjmrh. getur veitt heimild til að víkja frá framangreindu hámarki iðgjaldsfrádráttar þegar sérstaklega stendur á."

Samkv. orðalagi greinarinnar er ljóst að allt iðgjaldið (10% af viðmiðunarlaununum eða jafnvel meira) er frádráttarbært við skattlagningu með sama hætti og iðgjaldshluti lífeyrissjóðsfélaga þar sem atvinnurekandi greiðir mótframlag. Nú má ætla að heimavinnandi húsmæður hafi úr litlum eigin tekjum að spila og nýtist því skattfrádrátturinn illa. En þá kemur til ákvæði 2. málsgr. 63. gr. laganna þar sem ónýttur frádráttur hennar kemur til góða sem frádráttur hjá maka. Þannig nýttist iðgjaldið til fulls sem skattfrádráttur hjá hjónum undir öllum kringumstæðum. Slíkt jafngildir að sjálfsögðu ekki því að ríkissjóður greiði „atvinnurekendahlut" lífeyrisiðgjalds á móti húsmóðurinni, en þessi frádráttur tekjuskattslaganna, sem hafa alls ekki verið notuð með þeim hætti sem hér er bent á, opna þó leið til að greiða eitthvað fyrir lífeyristryggingu húsmæðra þótt vissulega sé aðeins um að ræða, eins og ég sagði áðan, áfanga að endanlegu takmarki. Það skal lögð á það áhersla að hér er einungis um að ræða heimild handa húsmæðrum og þær eru sjálfráðar að því hvort þær nýta sér þessa heimild eða ekki.

Það er rétt að taka fram að lokum að þó að í þessu frv. sé talað um húsmæður er ekkert sem kemur í veg fyrir að karlmaður, sem uppfyllir skilyrði laga nr. 97/1980 um rétt til töku fæðingarorlofs, geti horfið til heimilisstarfa í tengslum við barnsfæðingu konu sinnar og haldið lífeyrissjóðsaðild sinni óskertri. Þetta frv. nær að sjálfsögðu jafnt til karla og kvenna að þessu leyti.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þetta mál verði sent til athugunar í hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lausafjárkaup, frv. 329. mál (þskj. 524). — 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 39 frá 19. júní 1922, um lausafjárkaup, og hef framsögu um þetta mál fyrir hönd 1. flm., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem vikið hefur af þingi, en var hér varamaður þegar málið var lagt fram. Frv. er flutt af Sighvati Björgvinssyni, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þeim sem hér stendur, Guðmundi Einarssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Efnislega er hér um að ræða breytingu á 54. gr. laganna. Þar bætist við ný málsgr. er verði 2. málsgr. og orðist svo, með leyfi forseta:

„Nú koma í ljós innan eðlilegs endingartíma sölulhlutar gallar sem kaupanda var ekki kunnugt um, en rýra verulega verðgildi hlutarins eða krefjast kostnaðarsamra úrbóta, og rekja má til ásetnings eða vanrækslu seljanda eða ætla má að honum hafi verið kunnugt um en leynt kaupanda, og eiga þá ákvæði 1. málsgr. um takmörkun á ábyrgð seljanda ekki við. Kaupandi skal þó innan árs frá því að slíkur galli kom sannanlega í ljós gera seljanda viðvart og gefa honum kost á að bæta úr eða krefja hann skaðabóta."

Tilefni þessa frumvarpsflutnings er dómur Hæstaréttar frá 27. júní 1983. Sá dómur byggðist á úreltum ákvæðum kaupalaga og sætir furðu leikara og lærðra.

Málsatvik voru þau að árið 1963 hóf maður nokkur byggingu íbúðarhúss í Garðabæ og keypti m. a. til húsbyggingarinnar steinsteypu sem uppfylla átti tiltekin skilyrði staðla sem fram voru tekin m. a. á afgreiðslu- og sölunótum. Nokkrum árum síðar fór múrhúðin að detta af húsinu og ógerningur var að gera við hana. Steinsteypa í hluta hússins reyndist vera orðin morkin og ónýt á aðeins örfáum árum. Eftir ítarlegar rannsóknir, m. a. vegna þess að húseigandinn hafði allan tímann geymt afgreiðslu- og sölunótur, reyndist unnt að sanna að steypan hefði verið gölluð. Íblöndunarefnin, sem húsbyggjandinn hafði greitt fyrir höfðu ekki verið sett í steypuna með þeim afleiðingum að hún ónýttist á

skömmum tíma.

Í undirrétti voru húseigandanum dæmdar skaðabætur, en í Hæstarétti var þeim dómi hrundið og húseiganda engar bætur dæmdar með vísan til þess að samkvæmt ákvæðum kaupalaga hefði húseigandi átt að bera gallann fyrir sig innan árs frá því salan á steypunni fór fram. Sá frestur var löngu liðinn áður en mögulegt var að gallar gætu komið í ljós eins og síðar varð. Því virðast ákvæði kaupalaga heimila seljendum varanlegrar fjárfestingarvöru eins og steinsteypu að selja stórgallaða vöru svo fremi að kaupandi verði þess ekki var á fyrsta ári eftir að sala fór fram. Nægir þá ekki kaupanda til varnar að geta sannað að hann hafi verið svikinn um það efni og þau vörugæði sem hann greiddi fullt verð fyrir. Svo virðist sem kaupendur steinsteypu og annars áþekks varnings þurfi að eiga aðgang að efnarannsóknarstofu til þess að tryggja hag sinn. Þessi niðurstaða Hæstaréttar stangast á við almenna réttlætiskennd.

Brýn nauðsyn er til að taka kaupalögin í heild til endurskoðunar og gera á þeim verulegar breytingar til samræmis við breytta tíma og breytta viðskiptahætti, eins og tillaga var gerð um á seinasta þingi, á þskj. 661, en flm. þeirrar þáltill. voru hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og sá sem hér stendur. Allt of miklir hagsmunir eru hér í húfi til þess að jafneinföld og augljós breyting og hér er gerð tillaga um sé dregin eða látin bíða heildarendurskoðunar laganna sem vafalaust mun taka verulegan tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Þriðjudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 18. mars 1985.

5. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga un kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Maríanna Friðjónsdóttir dagskrárgerðarmaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir símskeyti frá Bjarna Guðnasyni svo og kjörbréf Maríönnu Friðjónsdóttur.

Þá er hér annað bréf svohljóðandi:

„Reykjavík, 19. mars 1985.

8. þm. Reykv., Stefán Benediktsson, hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Bandalags jafnaðarmanna í Reykjavík, Jónína Leósdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um, að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Jónínu Leósdóttur.

Með því að það þarf að athuga þau kjörbréf, sem hér liggja frammi og gerð hefur verið grein fyrir, vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessi til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf Maríönnu Friðjónsdóttur, sem er 2. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Fyrir fundi nefndarinnar lá jafnframt svohljóðandi skeyti frá 1. varamanni Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Bjarna Guðnasyni, sem er erlendis:

„Eftersom jag er utanlands, kan jag inte tage Jon Baldvin Hannibalssons plats på Altinget", sem útleggst, með leyfi forseta: „Þar sem ég er erlendis get ég ekki tekið sæti Jóns Baldvins Hannibalssonar á Alþingi," svo að öllu réttlæti sé nú hér til hins ýtrasta fullnægt.

Kjörbréfanefnd leggur einróma til, þar sem öll rétt gögn liggja fyrir í málinu, að kjörbréf Maríönnu Friðjónsdóttur verði samþykkt.

Á fundi sínum athugaði kjörbréfanefnd einnig og fjallaði um kjörbréf Jónínu Leósdóttur, Neshaga 15, Reykjavík, sem varamanns Bandalags jafnaðarmanna í Reykjavíkurkjördæmi. Kjörbréfanefnd leggur sömuleiðis einróma til að kjörbréf hennar verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Maríönnu Friðjónsdóttur samþ. með 37 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Jónínu Leósdóttur samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að Maríanna Friðjónsdóttir og Jónína Leósdóttir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi munu þær nú vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drengskaparheit unnið.

Maríanna Friðjónsdóttir, 5. þm. Reykv., og Jónína Leósdóttir, 8. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Maríanna Friðjónsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Jónína Leósdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tannsmíðanám, fsp. 278. mál (þskj. 456). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Hæstv. forseti. Ég hef borið fram fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi fyrirkomulag tannsmíðanáms. Það hefur verið í deiglunni í mörg ár að koma því námi haganlega fyrir í okkar skólakerfi og hefur ekki gengið upp enn þá. Það hefur verið margt óljóst í þeim efnum og skiptar skoðanir hafa valdið truflun á námi í þessari grein. Því spyr ég hæstv. menntmrh. um stöðu þessa máls.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er um mál að ræða, eins og fyrirspyrjandi sagði, sem fyrir löngu hafa komið fram hugmyndir um að breyta þyrfti.

Árið 1972 var tannsmíði felld undir lög um iðnfræðslu og starfið gert að löggiltri iðngrein og hefur því lotið núgildandi iðnaðarlögum sem eru frá 1978. Í framhaldi af þeirri ákvörðun að löggilda tannsmíðina sem iðngrein voru gefin út iðnbréf, sveinsbréf og meistarabréf, til manna sem rétt áttu á þeim. Þá voru teknar upp viðræður við Háskóla Íslands um að tannlæknadeild tæki að sér kennslu tannsmíðanema. Viðræður þessar hafa leitt til þess að nú eru tilbúin drög að samningi milli menntmrn. og Háskólans um að hann taki að sér að reka tannsmíðaskóla, þ. e. að hann sjái um að kenna tannsmíðanemum bóklegar og verklegar greinar sem falla undir skólanámið.

Á s. l. ári var sótt um fjárveitingu til Alþingis til þess að kennsla gæti hafist á þessu ári, en synjað var um þá fjárveitingu og harmar rn. það. Háskólinn hefur því ekki talið sig geta tekið nemana til kennslu núna. Hins vegar eru tæki til kennslunnar komin og liggja ónotuð í tannlæknadeild.

Núna eru ellefu nemar á námssamningi og átta þeirra eru svo langt komnir með námssamningstíma sinn að þeir verða að fá kennslu á þessu ári. Einn þeirra er raunar kominn með verknámstímann. Rn. hefur farið fram á það við Iðnskólann í Reykjavík að hann taki að sér að leysa vanda þessara átta nema í samstarfi við tannlæknadeild Háskóla Íslands og væntir rn. þess að það verði unnt.

Rn. er þeirrar skoðunar að kennsla verði best komin í tengslum við tannlæknadeild Háskólans. Þar er, eins og menn vita, komið allgott húsnæði og rúmgott og ætti því að vera rými til þess að veita þessa kennslu og tækjabúnaðurinn er kominn. Það er þó eins og oftar að það vantar kannske dálítið meira af afli þeirra hluta sem gera skal. Við vinnum að því að það verði leyst á hausti komanda eða fyrr á árinu, a. m. k. svo að unnt verði að leysa mál þessara átta nema, sem ég nefndi áðan, að sinni og síðan verði haldið áfram á þeirri braut.

Ég held að með því að málin fari í þennan farveg ætti að vera mögulegt að veita tannsmiðum góða menntun og þar með að fullnægja því skilyrði sem tannlæknaingarnar hljóta að gera nú á dögum um að sem allra best þjónusta verði veitt.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Hæstv. forseti. Ég þakka menntmrh. svör við þessari fsp. Það er ljóst af ummælum ráðh. að þessi mál hafa dregist úr hömlu, skapað óvissu og erfiðleika í þessari námsgrein og atvinnugrein. Ég vil leggja áherslu á hve brýnt er að ljúka þessu máli og koma því í farsæla höfn. Það virðist mögulegt með því sem unnið hefur verið á vegum rn. og tryggja ber, að unnt verði að hefja þetta nám á eðlilegan hátt með nýtingu húsa, véla og mannafla á komandi hausti. Auðvitað þarf jafnframt að tryggja að þeir sem svo langt eru komnir sem ráðh. gat um geti lokið sínum verkefnum á þessu ári eins og eðlilegt er.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera upp þessa fsp. á hv. Alþingi vegna þess að þessi mál hafa verið í miklum ólestri.

Árið 1980 voru samþykkt lög á Alþingi sem áttu að færa nám og réttarstöðu tannsmiða í það horf að þeir öðluðust menntun sína í samræmi við lög um iðnfræðslu, en þá hafði lengi staðið deila milli menntmrn. og heilbrrn. um þessi mál. En þó að höggvið hafi verið á þennan hnút á Alþingi árið 1980 er ljóst, og reynsla undanfarinna ára staðfestir það, að ekki hefur verið komið á þeirri skipulagningu í námi tannsmiða sem nauðsynlegt var.

Strax haustið 1981 kom fram að skipulagningu var mjög ábótavant í bóklegri og verklegri kennslu og þeir átta nemendur sem lokið höfðu almennum námsgreinum í Iðnskólanum þurftu sjálfir að beita sér fyrir því að eitthvað yrði gert þannig að þeir fengju verklega kennslu í tannsmíði. Málinu var þá bjargað til bráðabirgða. Sama staða virðist vera komin upp núna varðandi verklega þáttinn í tannsmíðanámi, að nokkrir nemendur hafa hvergi fengið inni með verklega kennslu.

Ég fagna því sem fram kom í svörum hæstv. ráðh., en mér er kunnugt um að deilur hafa staðið um hver skuli greiða fyrir þá aðstöðu sem er fyrir hendi til verklegrar kennslu í húsi tannlækningadeildar Háskóla Íslands, hvort það eigi að greiðast af Iðnskólanum eða Háskólanum. Mér fannst ekki koma kannske nægilega ljóst fram í svörum hæstv. ráðh. hvort það mál sé leyst núna og það liggi þá ljóst fyrir hver muni greiða þann kostnað.

Það er ljóst að ekki er nægjanlegt að leysa þetta mál til bráðabirgða frá ári til árs. Það er orðið brýnt að komið verði á festu og skipulagi í námi tannsmiða þannig að það þurfi ekki að vera árlegt verkefni tannsmíðanema sjálfra að ganga á milli rn. og stofnana til þess að fá úrlausn á þessum þætti í námi sínu. Hæstv. ráðh. upplýsti að það lægju fyrir drög að samkomulagi varðandi verklega þáttinn þannig að til frambúðar yrði þá komið á föstu skipulagi varðandi verklega þáttinn í húsi tannlæknanna, en mig langar að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort þá liggi ljóst fyrir að þessi mál séu þá leyst núna og hver það er sem muni bera kostnaðinn af þessu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Ég kann nú betur við, herra forseti, að svara þessu.

Svarið liggur í því að ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel að þetta mál sé leyst núna. Sú lausn sem núna liggur fyrir er ekki frambúðarlausn, en ég ítreka það að það mun verða unnið að henni í haust. Það fékkst ekki fjárveiting fyrir því, sem við ætluðum að gera á vegum Háskólans, að sinni og þess vegna er

leitað samstarfs við Iðnskólann. Það samkomulag er í sjónmáli. Þetta mál verður leyst á þessu ári og það er aðalatriðið. Hvort það er á reikning Iðnskólans eða Háskólans skiptir ekki öllu máli, heldur hver er frambúðarlausn og að þeir sem bíða lausnar sinna mála fái hana.

Samfelldur skólatími, fsp. 325. mál (þskj. 519). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það kann næstum að sýnast kaldhæðni að tala fyrir þeirri fsp. sem hér liggur fyrir á þskj. 519 og er 325. mál þingsins, en fsp. sú sem ég hef lagt fyrir menntmrh. fjallar um samfelldan skólatíma. En því kallaði ég það kaldhæðni að eftir því sem ég best veit liggja nú grunnskólar landsins niðri vegna samúðarverkfalls kennara í hatrammri kjaradeilu. En ég held að ég fylgi samt dagskrá þó að svo sorglegar kringumstæður séu fyrir hendi.

Spurning sú sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðh. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál., sem samþykkt var 10. apríl 1984, um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir?"

Þáltill. sú, sem lögð var fram á síðasta þingi, var borin fram af mér ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Samþykkt hljóðaði hún svo er hún varð að þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta meta kostnaðarauka ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi grunnskólanema. Sú kostnaðarkönnun miðist við: 1) Einsetinn skóla. 2) Samfelldan skóladag. 3) Skólamáltíðir handa nemendum og starfsliði.

Jafnframt verði kannað hvort þörf fyrir skóladagheimili og skólaathvarf minnkar með samfelldum skóladegi og hverju sá sparnaður kann að nema.

Niðurstöður þessarar könnunar verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing. Kostnaður greiðist af ríkissjóði."

Nú er liðið langt á þetta þing og enn höfum við ekki séð það sem samþykkt hefur verið hér að leggja fyrir þetta löggjafarþing, sem sagt niðurstöður þessarar könnunar. Hér hefur verið dreift að ég held, a. m. k. hefur mér borist hún í hendur, áfangaskýrslu hóps sem þá þegar hafði verið við störf, en sá hópur átti raunar að fjalla um nokkuð annað en það sem hér er verið að tala um. Vinnuhópur sá var skipaður ári áður, og honum var ætlað að athuga sérstaklega tengsl fjölskyldu og skóla og athuga einkum hvernig má samræma betur vinnutíma foreldra og skólabarna o. s. frv. Þetta er hið ágætasta rit, sem hér liggur fyrir, en ég fæ ekki séð að það svari á nokkurn hátt því sem um var beðið með þál. sem hér var samþykkt í fyrra. Því hef ég leyft mér að bera spurninguna fram.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég verð að játa að mér hafa orðið á nokkur mistök í möppuflóðinu í menntmrn. Sannleikurinn er sá að ég hafði ekki áttað mig á því að einmitt þessi fsp. væri á dagskrá. Hún er oft búin að vera hér á dagskrá og ég hef oft komið með hálfa tösku af upplýsingum til að fræða Alþingi einmitt um þetta mál, en ég sé, því miður, að mér hefur orðið á að skilja þau gögn eftir á borðinu hjá mér í menntmrn. að þessu sinni. Ég vil þess vegna biðja hæstv. forseta að fresta umr. þannig að mér gefist kostur á að láta koma þessum gögnum til mín. Ég er fús til þess að svara fsp. þó það verði síðar á fundinum eða þegar hæstv. forseta þóknast, en hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem unnið hefur verið að. Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, fá að nota þetta tækifæri, sem gefst í tilefni af þessari fsp., til að gera grein fyrir því sem þegar liggur fyrir um þetta mál.

Umr. frestað.

Greiðslukvittanir lánastofnana, fsp. 345. mál (þskj. 553). — Ein umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt eru gjaldfallnar verðbætur frádráttarbærar til skattts svo og vextir í sambandi við skattaframtöl skv. nánari ákvæðum í skattalögum. Hins vegar er það svo, að af þeim kvittunum, sem menn fá vegna greiðslu afborgana vaxta og verðbóta af þeim lánum sem þeir taka, þó að reitirnir séu margir og sundurliðunin margvísleg, þá er yfirleitt ekki nokkur vegur að ráða það beint hver sú upphæð sé sem í rauninni sé frádráttarbær til skatts. Þetta veldur áreiðanlega mörgum í þjóðfélaginu miklum baga og verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt að almenningur í landinu eigi aðgang að upplýsingum sem þessum, að greiðslukvittanir frá lánastofnunum séu þannig úr garði gerðar að menn geti séð það í hendi sér hver sé sú upphæð sem er frádráttarbær til skatts í raun og sannleika að því er varðar verðbætur og vexti af lánum. Af þessum sökum og vegna þess að menn verða þess oft varir að menn eiga í erfiðleikum af þessum sökum er þessi fsp. fram borin af okkur Sighvati Björgvinssyni, en hún er þannig:

„Er viðskrh. reiðubúinn til þess að setja reglur um gerð greiðslukvittana frá bönkum, lífeyrissjóðum og öðrum lánastofnunum sem tryggi að ávallt séu gefnar við greiðslu sundurliðaðar upplýsingar um afborgun láns annars vegar og upphæð vaxta, verðbóta og kostnaðar hins vegar svo að greiðendur fái fullnægjandi upplýsingar um þær fjárhæðir sem þeim er heimilt að færa til frádráttar á skattaframtali skv. gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt?"

Eins og af þessum orðum má ráða er það síðari hluti upptalningarinnar, þ. e. vextir, verðbætur og kostnaður, sem er frádráttarbær á skattframtali skv. gildandi lögum. Spurningin varðar hvort viðskrh. vilji beita sér fyrir þeim úrbótum sem greinilega eru nauðsynlegar í þessu efni til þess að almenningur á Íslandi geti áttað sig á rétti sínum í þessum efnum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur mælt fyrir fsp. sem hann hefur flutt ásamt hv. varaþm. Sighvati Björgvinssyni. Ég hef látið athuga þessi mál og skv. þeim upplýsingum sem viðskrn. hefur aflað hjá Sambandi viðskiptabanka hefur verið unnið að því að koma greiðslukvittunum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum í það horf sem lýst er í fsp. og munu greiðslukvittanir víðast með þeim hætti nú, þó að ég vilji ekki fortakslaust segja að það sé alls

staðar svo komið.

Þær upplýsingar fengust hjá Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi húsnæðisstjórnarlánin að þannig sé þetta komið þar. Þar var þó tekið fram að innan tíðar yrði greiðslukvittunum vegna afborgana af húsnæðisstjórnarlánunum breytt í sama horf og nú er eða verður hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Hjá Sambandi almennra lífeyrissjóða fengust þær upplýsingar að greiðslukvittanir væru útbúnar á þann hátt sem lýst er í fsp. Sama á við um greiðslukvittanir hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Að öðru leyti liggja ekki fyrir upplýsingar um fyrirkomulag og gerð greiðslukvittana hjá lífeyrissjóðum. Hins vegar var haft samband við fjmrn. vegna fsp., en fjmrn. fer með málefni lífeyrissjóða, og því greint frá þeim óskum um sundurliðun á upplýsingum sem fyrirspyrjendur óska eftir að fram komi á greiðslukvittununum.

Með hliðsjón af því sem ég hér hef sagt sýnist mér að þetta mál sé að komast í það horf sem fyrirspyrjendur víkja að, en ég lýsi mig reiðubúinn til þess að undirstrika við samtök þessara stofnana og standa að því að sundurliðaðar kvittanir liggi fyrir við greiðslu í hvert sinn. Það sýnist vera eðlilegt og ekki aðeins það, heldur að greiðandinn eigi á því kröfu. Ég mun beita mér fyrir því að það geti gerst alls staðar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, en ég verð að segja að það er okkur sem þjóð til nokkurs vansa að þetta skuli ekki hafa verið gert fyrir löngu. Það er forkastanlegt hversu lengi hefur dregist að greiðslukvittanir væru settar upp með skýrum og skilmerkilegum hætti þannig að fólk gæti af þeim lesið þann rétt sem það á í sambandi við skattframtölin. Ég óttast það og er sannfærður um að svo er, að mjög margir hafi einmitt verið hlunnfarnir á undanförnum árum af þessum ástæðum, þeir hafi ekki fundið sinn rétt á þeim kvittunum sem þeir hafa haft í höndunum, og þá einmitt þeir sem síst skyldi. Þeir sem eru klókir í fjármálum, þeir sem hafa komið sér vel fyrir, eru líklegri til að geta ratað um þessa refilstigu, hvernig svo sem kvittanirnar eru úr garði gerðar. En venjulegt fólk, sem stendur ekki í neinu fjármálavafstri, hefur áreiðanlega margt misskilið þessar kvittanir og farið varhluta af frádráttarliðum, sem það átti rétt á, vegna þess að hér hafði ekki verið nægilega vel um hnútana búið.

Ég skildi svar hæstv. viðskrh. þannig, að hann teldi að þetta mál væri komið allvel áleiðis og að þess vegna væri að líkindum ekki ástæða til að setja almennar reglur, en um frumkvæði hans í því að setja slíkar almennar reglur fjallaði þessi fsp. Ég held að þó væri a. m. k. ástæða til þess að hæstv. ráðh. beitti sér fyrir því með sérstöku bréflegu erindi til allra þeirra sem stunda útlánastarfsemi að þeir taki upp það form sem hér er gert að umtalsefni en er á leiðinni hjá hinum ýmsu aðilum eftir því sem hæstv. ráðh. upplýsir. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh. hvort hann sé a. m. k. ekki reiðubúinn að beita sér í þessum efnum gagnvart öllum þeim sem stunda lánastarfsemi og ítreka þá ósk að frá greiðslukvittunum verði gengið með þeim hætti að þessar upplýsingar komi fram ef hann sér ekki ástæðu til þess að setja almennar reglur.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég er reiðubúinn til þess að gera einmitt það sem hv. þm. spurði að, ef ekki sýnist ástæða til þess að setja sérstök reglugerðarákvæði varðandi greiðslukvittanir.

Húsnæði fyrir hreyfihamlaða, fsp. 352. mál (þskj. 562). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Þorvaldsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 562 fsp. til hæstv. félmrh. Fsp. er í tveim liðum og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður framkvæmd úttektar á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang, skv. þál. frá 22. maí 1980, um málefni hreyfihamlaðra?

2. Hvað líður frv. því, sem ríkisstj. var falið að semja og leggja fyrir Alþingi, skv. sömu þál., um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til breytinga á húsnæði vegna hreyfihamlaðra?"

Hinn 22. maí 1980 samþykkti Alþingi þál. um málefni hreyfihamlaðra. Ályktunin var í tveimur liðum. Hún fjallaði í fyrsta lagi um gerð úttektar á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og gerð kostnaðaráætlunar þar að lútandi. Í öðru lagi fól Alþingi ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til slíkra framkvæmda.

Ári seinna, 29. maí 1981, voru gefin út lög um breytingu á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra. Þessar lagabreytingar voru sem hér segir:

Viðbótargreinar við

1. Lög nr. 57 1978, um kostnað við breytingar á heilbrigðisstofnunum.

2. Lög nr. 63 1974, um kostnað við endurbætur á húsnæði grunnskóla.

3. Lög nr. 112 1976, um kostnað við breytingar á dagvistunarheimilum.

4. Lög nr. 107 1970, um kostnað við breytingu á félagsheimilum.

5. Lög nr. 49 1956, íþróttalög, um heimild til að veita styrk úr Íþróttasjóði til breytinga á íþróttahúsnæði.

Fagna má þessari lagasetningu svo langt sem hún nær. En á hinn bóginn verður að harma hve margar tegundir bygginga eru undanskildar. Ekki virðist ráð fyrir því gert að fatlaðir sæki framhaldsskóla, reki erindi á opinberum skrifstofum né sæki leikhús eða söfn svo nokkru nemi. Og sé litið á þennan stað, þingstað íslensku þjóðarinnar, er augljóst hve erfið aðkoman er fyrir hreyfihamlaða, illt að komast inn í þingsali og næsta ógerlegt að klifra upp á þingpalla.

Á fjárlögum fyrir árin 1982, 1983 og 1984 voru sérstakar fjárveitingar til breytinga á eldra húsnæði fyrir fatlaða. En á fjárlögum yfirstandandi árs er enginn slíkur póstur. Þar miðar því fremur aftur á bak en áleiðis. Fatlað fólk á rétt á því að nauðsynjamál þess gleymist ekki þó að harðni á dalnum hjá þjóðinni. Fötlun er ekki alltaf sýnileg og nægir að nefna hjartasjúkdóma og astma í því sambandi. Ótalmargt þarf að gera til að létta fötluðu fólki umferð innanhúss og utan. Margar minni háttar breytingar kosta sáralítið og ætti hið opinbera að ganga á undan og gefa gott fordæmi um breytingar en hvetja og jafnvel skylda einkafyrirtæki og einkastofnanir til að gera smærri breytingar hið fyrsta.

Ekki er nauðsynlegt að taka fé úr ríkiskassanum til

slíkra minni aðgerða, en eigi að ráðast í meiri háttar breytingar þarf til sameiginlegan sjóð okkar allra. Og minnugir mega allir þess vera að flestir verða hreyfihamlaðir að meira eða minna leyti þegar aldurinn færist yfir og því er hér verið að minna á nauðsynjamál okkar allra.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. er mér ljúft að gefa svör sem ég hef aflað upplýsinga um, enda var ég höfundur að þessari þál. á sínum tíma og hef áhuga fyrir þessum málum.

Í framhaldi af ályktun Alþingis frá 22. maí 1980 um úttekt á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang fól félmrh. Alfanefnd að kanna möguleika á framkvæmd hennar. Á vegum Alfanefndarinnar var stofnaður sérstakur starfshópur, Starfshópur um ferlimál. Hópurinn tók til starfa í ársbyrjun 1981. Á vegum hans var hannaður sérstakur greiningarlykill eða matskerfi til að meta hæfni húsa með tilliti til fatlaðra. Matskerfi þetta var síðan sent til 40 sveitarfélaga og óskað eftir því að byggingarfulltrúum yrði falið að beita því á helstu opinberar byggingar í sveitarfélaginu.

Í byrjun nóvember 1981 höfðu 12 aðilar skilað niðurstöðum sem tóku til yfir 100 bygginga. Edgar Guðmundsson verkfræðingur vann síðan skýrslu úr þessum niðurstöðum sem var gefin út á vegum rn. og kynnt sérstaklega á ráðstefnu um ferlimál fatlaðra dagana 11.—12. nóvember 1981. Þessa ráðstefnu sóttu um 150 manns hvarvetna af landinu, þar á meðal tryggingafulltrúar, sveitarstjórnarmenn, arkitektar, verkfræðingar, alþingismenn og embætismenn auk fulltrúa fatlaðra. Hvað varðar niðurstöður úr áðurnefndri könnun læt ég mér nægja að nefna nokkur dæmi.

Heildarmat á opinberu húsnæði í þeim tólf sveitarfélögum sem skýrslan tók til var 43.8 stig af 100 mögulegum. Ráðhús, þ. e. skrifstofur sveitarfélaganna, fengu að meðaltali 29.1 stig af 100, sundlaugar fengu að meðaltali 29.6 stig af 100 mögulegum, kirkjur fengu 52.6 stig af 100 mögulegum, heilsugæslustöðvar 71 stig af 100, skólar fengu 42.5 stig af 100 mögulegum. Ég tel líklegt að þessar niðurstöður gefi nokkuð áreiðanlega vísbendingu um ástand mála á landinu öllu þótt örugglega megi finna bæði einstök sveitarfélög og byggingar þar sem ástandið er skárra.

Ég vil að lokum benda sérstaklega á að þessar niðurstöður hafa legið fyrir síðan í nóvember 1981 og þeim hefur verið komið á framfæri við hundruð manna. Hér er því ekkert það á ferðinni sem ætti að koma á óvart. Í desember 1982 skipaði félmrh. samstarfsnefnd félmrn. um ferlimál. Nefnd þessi tók til starfa 1983. Meðal verkefna hennar var að standa fyrir úttekt á húsnæði ríkisstofnana hér í Reykjavík. Úttekt þessi var síðan unnin á árunum 1983 og 1984 af embætti húsameistara ríkisins. Niðurstöður þessarar könnunar liggja nú fyrir og verður þeim komið á framfæri við hv. alþm. á næstunni.

Könnun þessi tekur, eins og áður segir, aðeins til húsnæðis stofnana ríkisins hér í Reykjavík. Niðurstöðurnar staðfesta raunar það sem vitað var áður, að ástand þessara mála er mjög slæmt. Meðaltal þeirra bygginga sem hér um ræðir er um 30 stig af 100 mögulegum. Svo að einstök dæmi séu nefnd má benda á að Arnarhvoll fékk 18 stig af 100, Alþingishúsið okkar hér 16 af 100, Stjórnarráðshúsið 8 af 100, Þjóðleikhúsið 35 af 100, Landsbókasafnið 18 af 100, Laugavegur 114, þ. e. Tryggingastofnun ríkisins, 66 af 100, sem er það besta sem mælst hefur. Í því húsi hefur reyndar verið unnið markvisst að endurbótum og var þeim ekki lokið að fullu þegar úttektin fór fram.

Í marsmánuði 1984 skrifaði ég 67 þéttbýlissveitarfélögum landsins bréf og fór þess á leit að settar yrðu á stofn ferlinefndir með fulltrúum tilnefndum af sveitarfélögum og fulltrúum fatlaðra. Hlutverk þessara nefnda er m. a. að gera úttekt á opinberum byggingum í viðkomandi sveitarfélagi, bæði byggingum sveitarfélagsins og ríkisins á staðnum. Tilgangur minn með þessum nefndum og þeirri úttekt sem þeim er ætlað að standa að er fyrst og fremst sá, að með starfi þeirra fáist samræmt mat á öllu opinberu húsnæði í landinu, bæði sveitarfélaga og ríkisins. Síðan tel ég að næsta skrefið yrði að ákveða í hvaða röð, forgangsröð og þá hvaða byggingum yrði ráðist í að breyta. Við hefðum þá skilgreint vandann rækilega og næstu skref yrðu framkvæmdir eftir fyrir fram gerðri áætlun.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að fram komi að sá vandi sem við ræðum hér nú er tvíþættur. Annars vegar er sá vandi að breyta eldra húsnæði með þeim kostnaði sem því fylgir og hins vegar sá að koma í veg fyrir að nýr vandi verði til. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þrátt fyrir ítarleg ákvæði í byggingarreglugerð frá 1979 gerist það því miður allt of oft að nýbyggingar, bæði opinberar og í eigu einkaaðila, eru reistar án þess að tillit sé tekið til ákvæða reglugerðarinnar eða að nægur gaumur sé gefinn þessum vandamálum.

Ég vil einnig minna á að ferlimálin tengjast á mjög afgerandi hátt atvinnumálum fatlaðra. Vandinn þar er nægur þótt ekki bætist á útilokun þeirra til vinnu vegna aðgengisvanda. Sömuleiðis þykir mér rétt að minna hér á að ferlimál eru ekki bundin byggingum eingöngu. Þau snerta alla þætti skipulagsmála og þess ytra umhverfis sem búið er þegnum þessa lands. Skipulag gatna og umferðar, gerð gangstétta, aðgengi að almenningsfarartækjum, strætisvögnum, flugvélum og jafnvel skipum, skipta máli í þessu sambandi svo eitthvað sé nefnt. Við verðum einnig að gera okkur ljóst að sá hópur sem hér um ræðir, fatlaðir, er samsettur og að vandamálin eru margvísleg á sama hátt og fötlun er af ýmsu tagi.

Þess ber að gæta í þessu sambandi að flestar þær aðgerðir sem unnar eru vegna ferlimála fatlaðra sérstaklega, nýtast mun stærri hópum í þjóðfélaginu, t. d. öldruðum. Almennt má segja að þessar aðgerðir stuðli að betra og manneskjulegra umhverfi.

Varðandi 2. lið fsp. — Eins og ég gat um áður er vandinn, sem við stöndum frammi fyrir í þessum málum, tvíþættur. Annars vegar eldri byggingar og síðan nýframkvæmdir. Mér er ekki kunnugt um að gerð hafi verið tilraun til að meta kostnað sem hlytist af því að breyta eldri byggingum. Hann er trúlega verulegur. Þess ber þó að geta í þessu sambandi að furðu margt er hægt að gera í gömlum húsum án mikils tilkostnaðar, lagfæringar sem geta skipt sköpum. Í öðrum tilfellum þarf meiri háttar framkvæmdir.

Á vorþinginu 1981 voru samþykkt lög um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra, lög nr. 47 1981 sem hæstv. fyrirspyrjandi taldi hér upp áðan. Þessi lög kveða á um það að kostnaður við að breyta heilbrigðisstofnunum, grunnskólum, dagvistunarheimilum fyrir börn, félagsheimilum og íþrótta-

húsnæði greiðist á sama hátt og um stofnkostnað væri að ræða. Þetta er mikilvægt atriði. Því miður hafa þessi lög ekki haft í för með sér umtalsverðar framkvæmdir en þarna er þó möguleiki til að takast á við vandann ef áhugi og vilji eru fyrir hendi.

Á fjárlögum 1982, 1983 og 1984 var fjárveiting hjá fjmrn. sem ætluð var til úrbóta í ferlimálum. Þessi fjárhæð var fyrst og fremst ætluð vegna breytingar á Þjóðleikhúsinu. Af ýmsum ástæðum var þessi fjárhæð ekki nýtt til þeirra þarfa.

Ég vil geta þess hér að á s. l. ári hafði bæði félmrn. og ferlimálanefnd þess samband við forráðamenn leikhússins og vakin var athygli á þessari fjárlagaheimild og brýnni þörf aðgerða, ekki síst þar sem yfir stóðu framkvæmdir við aðalinngang leikhússins. Þær upplýsingar fengust að ferlimál í húsinu yrðu leyst sem hluti af stærra viðhalds- og endurbótaverkefni sem stæði yfir og yrði það verk unnið í samræmi við þær tillögur sem unnar voru og samþykktar á árinu 1981.

Nú hefur fyrirspyrjandi lagt fram þáltill. um þetta mál sérstaklega. Ég vil því nota tækifærið til að gera stuttlega grein fyrir afskiptum félmrn. af því. Ég fagna þeim áhuga sem hér hefur komið fram frá hv. þm. og minnist þeirrar baráttu sem ég átti hér í nokkur þing til að koma lyftu í Þjóðminjasafnið sem er nú komin þangað. En enn, tveimur árum eftir að lyftan var sett í húsið, er aðgengið ekki eins og til var ætlast. Svona draga menn lappirnar.

Ríkisvaldið hefur því skv. þessu annars vegar sett þau lög sem ég áður nefndi og ætlað fjárhæð til sérstaks verkefnis á þessu sviði á fjárlögum í þrjú ár.

Í umræðum árið 1981 um fjármögnun vegna breytinga á eldra húsnæði komu fram mjög skiptar skoðanir hvernig best væri að útvegun þess fjármagns staðið. T. d. voru hugmyndir uppi um sérstakan nefskatt, að hluti fasteignaskatts færi til þess og að ákveðið framlag kæmi árlega á fjárlögum til ákveðinna verkefna. Mín skoðun er sú að eðlilegast sé að fara síðastnefndu leiðina. Ég tel að í kjölfar þeirrar úttektar sem ég hef þegar gert grein fyrir eigi að koma framkvæmdaáætlun fyrir hverja ríkisstofnun fyrir sig og síðan eigi að ráðast í framkvæmdir eftir heildaráætlun og verja til þess fé sem hverri stofnun er úthlutað fyrir sig á fjárlögum. Slíkt gæti hæglega tengst viðhaldi og stofnkostnaði. Svipaðri aðferð gætu sveitarfélögin beitt. Og um sameignir ríkis og sveitarfélaga gilda áðurnefnd lög nr. 47 1981.

Að lokum vil ég síðan ítreka að vandinn vegna nýbyggingarframkvæmda er mér áhyggjuefni. Það er hörmulegt til þess að hugsa að í nýjum og glæsilegum byggingum skuli enn gerast þau slys að ekki er gætt hagsmuna allra Íslendinga, fatlaðra jafnt sem ófatlaðra. Þar verða allir sem hlut eiga að máli að taka höndum saman og koma í veg fyrir að við búum við aðstæður sem útiloka fólk frá vinnu, þjónustu og þátttöku í daglegu lífi þjóðarinnar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa hér þörfu og brýnu máli. Það er ljóst af svörum hæstv. ráðh. að hægt miðar í þessum efnum. Okkur ætti í raun og veru að vera það ljóst, m. a. okkur sem vinnum hér í þessu húsi, eins og hv. fyrirspyrjandi kom réttilega inn á.

Erfiðleikar hreyfihamlaðra við að njóta menntunar, tómstundaiðkunar, daglegra starfa og eðlilegs lífs felast ekki hvað síst í aðgengi þeirra að opinberum byggingum, svo og öðrum þeim byggingum sem hreyfihamlaðir sækja í auknum mæli, m. a. til tómstundaiðkunar og skemmtana. Blessunarlega hafa þar sem í öðru orðið á breytingar til hins betra. Þátttaka hreyfihamlaðra í hverju einu hefur orðið æ meiri og til þess þarf að taka tillit og auðvelda þeim aðgengi enn frekar en orðið er. Íþróttaiðkun þeirra nefni ég alveg sérstaklega sem dæmi um það hvað best og gleðilegast hefur verið að gerast í málefnum þessa hóps.

Ég legg áherslu á það með hv. fyrirspyrjanda í síðari lið fsp. að fyllsta ástæða er til að tryggja fjármagn í þessu skyni svo ekki þurfi síðellt að bera því við að fjár sé vant til nauðsynlegustu úrbóta og það fjármagn sé þá, eins og lög kveða á um, skýrt afmarkaður tekjustofn sem eingöngu er varið í þessu skyni.

En spurningin er ekki síður í mínum huga um vilja og áhuga viðkomandi aðila til að auðvelda og tryggja hreyfihömluðum aðgengi að stofnunum sínum og byggingum. Ég óttast það sem sé að þeir fjármunir sem viðkomandi stofnanir fá til ráðstöfunar til ýmissa framkvæmda hjá sér séu máske í flest annað frekar notaðir en að sinna þessu þarfa verkefni fyrir þennan tiltekna hóp sem hér á vissulega sinn ríkulega rétt. Ég skal reyna að víkja síðar að þessu ef till. hv. fyrirspyrjanda um tiltekið málefni kemur hér til umr. Ég vil aðeins ítreka það að þó að eflaust skorti oft fjármagn þá mun hér oft — og oftar en ekki — gilda hið alkunna, að vilji er allt sem þarf.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda að taka þetta mál upp sem vissulega er brýnt. Það kom fram í máli ráðh. að þessu máli þokar sorglega seint áfram og fatlaðir eiga mjög erfitt með aðgengi víðast hvar, þrátt fyrir hástemmd loforð, yfirlýsingar og samþykktir, jafnvel lög. Ég veit til þess að ekki er nóg að því gætt hjá byggingarnefndum sveitarfélaga að aðstaða fyrir fatlaða sé eins og hún þarf að vera. Ég tel að það sé yfirleitt látið afskiptalaust af þeim byggingarnefndum sem um teikningar fjalla. Ég veit um dæmi hjá stofnun sem ég þekki til sem var að láta endurskipuleggja sitt húsnæði. Sú stofnun fékk hæfan arkitekt til að teikna fyrir sig bygginguna en þegar því var lokið kom í ljós að ekki var gert ráð fyrir aðgengi fatlaðra og byggingarnefnd stofnunarinnar þurfti sérstaklega að biðja um það. Þetta segir sína sögu um það hvernig þessum málum er háttað.

Ég tel að ekki sé nóg að skipa ferlinefndir ef þær starfa ekki. Ég tel að þar sem ferlinefndir hafa verið stofnaðar hafi vissulega áunnist nokkuð. En síðan eftir nokkurt átak hafi þessi mál verið látin afskiptalaus. Hjá byggingarnefndum er það svo að það þarf að hafa fulltrúa brunamála á fundum til að athuga þær teikningar sem fyrir byggingarnefnd liggja. Spurningin er sú hvort ekki er ástæða til þess að láta ferlinefnd fjalla um þessar teikningar líka til þess að tryggja það að farið sé að lögum. Ég held að það væri ráðlegt og það þurfi ekki að seinka afgreiðslu mála heldur aðeins að tryggja að löglega sé að farið og að viti bornir aðilar geti bent á hvað megi betur fara.

Ég tel að það væri rétt af félmrh. að taka upp þetta mál, skrifa bæjarstjórnum eða byggingarnefndum og fara fram á að þetta verði gert og reka á eftir því að

ferlinefndirnar verði virkari í starfi en verið hefur. En ég tek það fram að þær hafa vissulega margar hverjar unnið vel en aðrar miður. Og þessar nefndir þurfa víðar að vera til.

Ég endurtek þakkir mínar til fyrirspyrjanda og vona að þessi umr. verði til að ýta við mönnum í þessum efnum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir að bera fram þessa fsp., þó að það sé vissulega ekki í fyrsta skipti sem þetta mál ber á góma hér. Ég held að ástæðulaust sé að lesa mikið yfir okkur um það sem gerst hefur síðan verulegur skriður komst á þessi mál í kringum 1980 og 1981. Það hefur sáralítið gerst. Það er auðvitað gjörsamlega óþolandi að það skuli líðast að hér sé byggð hver byggingin á fætur annarri án þess að nokkuð sé hirt um aðgengi fatlaðra. Ég get ekki tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það eigi virkilega að vera nauðsynlegt að ferlinefnd hafi afskipti af húsateikningum. Það er verkefni byggingarnefnda að sjá til þess að þessi mál séu í lagi.

Við vitum öll að það er svo til ógerlegt fyrir fatlað fólk, hvernig sem þeirri fötlun er varið, að hreyfa sig í þessu landi. Og ég vil leggja á það áherslu að það er ákaflega mikill miskilningur að ræða það sem afmarkað mál hinna fötluðu. Sannleikurinn er sá að betra og manneskjulegra umhverfi fyrir fatlaða er betra og manneskjulegra umhverfi fyrir okkur öll. Ég vil að þessu gefna tilefni minna hæstv. ráðh. á að starfsmaður hans, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson fulltrúi í félmrn., sagði einmitt í sjónvarpsviðtali nýlega að þessi mál væru í sorglegum ólestri. Ég held að það verði að ganga eftir því að úr þessu verði bætt.

Einn liður í því er t. d. sá að ég hef lagt fram á þingi í vetur till., sem er eitt af fyrstu þingmálum yfirstandandi þings, um að opinberum stofnunum, atvinnufyrirtækjum og öðrum slíkum, hvort sem er í einkaeign eða opinberri eign, sé gert að ganga frá lóðum sínum áður en gerð er úttekt á húsinu, þ. e. að ekki fáist úttekt gerð á húsinu fyrr en gengið hefur verið frá lóð. Mér er kunnugt um að félmn. undir forustu hv. þm. Friðriks Sophussonar hefur sofið á þessu í allan vetur. Nú hafa borist umsagnir þeirra örfáu aðila sem fengu þetta til umsagnar. Þær eru að sjálfsögðu neikvæðar. Að sjálfsögðu tíma atvinnurekendur og kannske ekki hið íslenska ríki heldur að eyða ofurlitlum peningum, sem getur margborgað sig þegar til lengri tíma er litið, í það að ganga sómasamlega frá lóðum sínum. En þess vegna er ég að tala um þetta hér að þetta er einn liður í aðgengi fatlaðra. Því betur sem gengið er frá umhverfi hússins því aðgengilegra er það auðvitað okkur öllum og þá ekki síst fötluðum. Ég vildi aðeins leggja þetta inn í umræðuna og mælast til þess að hv. formaður nefndarinnar og aðrir nm. sinni þessu máli sem er ekki lítill liður í því sem hér er verið að tala um.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Af gefnu tilefni vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, er ástæða til þess að það komi hér fram að félmn. hefur starfað með mjög eðlilegum hætti í vetur og tekið mál fyrir í þeirri röð sem þau hafa borist nefndinni. Þetta mál verður að sjálfsögðu tekið fyrir í nefndinni þegar að því kemur. Félmn. hefur haldið að ég held 9 fundi. Það hefur reyndar komið fyrir nokkrum sinnum að ekki hefur verið hægt að halda fundi vegna fámennis. En ég býst við að hún hafi starfað ekkert síður en aðrar nefndir í þinginu. Það skal tekið fram að þær umsagnir sem hafa komið um það mál sem hv. þm. ber fyrir brjósti eru yfirleitt neikvæðar og þarf ég ekki að rekja þetta frekar í umr. um þetta mál sem hér er til umr. En það er rétt að það komi fram. Og ég vísa því algjörlega á bug að einstakir hv. þm. komi hér upp og beri nefndum á brýn tóma vitleysu, sem þeir gátu og geta spurt sína flokksmenn um, sem sæti eiga í viðkomandi nefndum. Slíkt er ekki til fyrirmyndar á hinu háa Alþingi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þessara orða vil ég aðeins segja þetta: Ég hef að sjálfsögðu talað við nm., herra formaður nefndarinnar og hv. þm., og mér er fullljóst að í nefndinni er enginn áhugi á þessu máli. Þetta er svo sjálfsagt mál að það ætti fyrir löngu að vera komið úr nefndinni. Það er ekkert lögmál að hér sé sullað út úr nefndum á síðustu dögum þings einhverjum málum til að friða einhverja þm. Mál á að taka fyrir, eins og formaðurinn sagði, í réttri röð. Þetta mál sem ég gerði hér að umræðuefni var eitt af fyrstu framlögðum málum þingsins. Og það var ekki eftir neinu að bíða. Hvort umsagnir eru neikvæðar frá Vinnuveitendasambandinu og öðrum slíkum geri ég ekkert með. Ef þm. vilja hafa áhrif á mál eins og þetta þá eiga þeir að taka sína ákvörðun alveg burtséð frá hvað Vinnuveitendasambandinu sýnist og finnst. (**Gripið fram í:** Er ekki annað mál á dagskrá?) Þetta er nátengt, hr. þm.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. hafa mikinn áhuga fyrir þessu máli. Það færi betur að árangur í málinu væri í samræmi við það.

Ég vil aðeins segja það í sambandi við það sem fram hefur komið að auðvitað er það ekki þannig að alltaf hafi staðið á fjármagni í sambandi við þessi mál, því það er hægt að gera ýmislegt í þessum efnum fyrir litla peninga. En því miður hefur áhuginn ekki verið nægjanlega mikill hjá stjórnendum og ýmsum aðilum sem um þessi mál fjalla. Það er sorgleg staðreynd, og ég hef rekið mig á það persónulega, að ýmsir arkitektar og verkfræðingar, sem hanna bæði opinberar byggingar og einkabyggingar, vilja gjarnan loka augunum fyrir þessu atriði, að hanna byggingar þannig að tekið sé tillit til þessa. Menn segja gjarnan: ja, það er enginn í hjólastól hjá okkur og verður ekki á næstunni o. s. frv. Þetta er því miður sorgleg staðreynd sem verður að vinna bug á.

Ég vil aðeins undirstrika það vegna þess sem hér hefur komið fram að ferlinefnd fatlaðra í félmrn. vinnur mjög vel að þessum málum. Hún hefur reynt að tengja starf sitt við ferlinefndir víðs vegar um landið. Eins og ég sagði áðan skrifaði ég í byrjun s. l. árs yfir 70 stærstu sveitarfélögum landsins og óskaði eftir viðbrögðum um stofnun ferlinefndar. Því miður hafa ekki komið svör nema frá rúmlega 20 enda þótt ég hafi ítrekað þetta á fulltrúaráðsfundi sveitarfélaga.

Ég vil aðeins geta hér að lokum um þá skýrslu sem er að koma núna út. Það er mjög viðamikil skýrsla yfir opinberar byggingar hér í Reykjavík eins og ég nefndi í svari mínu. Í skýrslunni eru mjög fróðlegar upplýsingar.

Ég er að láta fjölrita þessa skýrslu eða fjölprenta hana svo að allir hv. alþm. fái hana í hendur mjög fljótlega. Jafnhliða er ákveðið að gera virkilega herferð í framhaldi af þessari skýrslu bæði til að vekja fjölmiðla í landinu til þátttöku í því að kynna þessi mál og reyna að kveikja í almenningsálitinu og þá ekki síst ýmsum ráðamönnum til að gera virkilega átak í þessum málum. Þörfin blasir alls staðar við. Ég vona að þessar umr. nú verði til að kveikja þann áhuga sem nauðsynlegur er til að ná árangri í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Þorvaldsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóð svör. Eins og flestum mun kunnugt er hann mikill áhugamaður um þessi mál. Einnig þakka ég hv. þm. sem tóku undir fyrirspurn mína með umr. af miklum áhuga. Fagna ber útkomu skýrslunnar sem hæstv. félmrh. gat um. Vonandi verður hún til þess að breyting verði á málum og endurbætur á eldra húsnæði verði framkvæmdar. Vera má að fastur tekjustofn sé umdeildur og það getur e. t. v. átt rétt á sér. Samt sem áður ber hinu opinbera að sjá til þess að nægilegt fjármagn verði veitt til nauðsynlegra breytinga á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

Ég vil benda á að eins og fram hefur komið var þessi samþykkt gerð 22. maí 1980. En nú er árið 1985. Verð ég að segja að mér virðist hafa tekið óþarflega langan tíma að framkvæma úttektina og skýrslugerðina. Samtök fatlaðra hafa staðið sig vel í því að krefjast réttar síns. Því ber að hvetja stjórnvöld til að styðja alla viðleitni til að skapa fötluðu fólki aðstöðu til að taka þátt í daglegu lífi og gera því mögulegt að nýta hæfileika sína og starfskrafta við hvers konar störf í þjóðfélaginu. Það væri því ekki úr vegi að hafa samráð við aðila sem hvað mest hafa unnið að og barist fyrir þessum málum, því að þeir gætu án efa bent á margar hugmyndir og nýjungar sem framkvæma mætti án þess að það kostaði stórfé.

Um þessar mundir mun vera á döfinni öflug auglýsingaherferð til að vekja athygli fólks á ferlimálum fatlaðra og er það vel. Hún mun án efa örva til breytingaframkvæmda og ekki síst auka skilning almennings um land allt á þessu nauðsynjamáli. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. að fylgjast rækilega með því að gert verði átak í málefnum hreyfihamlaðra með því að eldri opinberar byggingar verði sem fyrst færðar í viðunandi horf. Vona ég að hv. alþm. fylgi málinu eftir með því að standa þar vörð.

Svo langar mig til að segja að mér virðist dálítið undarlegt sem nýjum þm. hér á Alþingi Íslendinga að þm. þurfa oft að karpa um mál sem allir þm. eru í raun og veru sammála um. Betra væri e. t. v. að eyða tímanum til að vinna að málinu.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 19. mars, að loknum 60. fundi.

Þátttaka ríkisfyrirtækja í uppbyggingu atvinnulífs, þáltill. 354. mál (þskj. 564). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi, þáltill. 358. mál (þskj. 571). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða, þáltill. 359. mál (þskj. 572). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðleg tækni í rekstri, þáltill. 362. mál (þskj. 575). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Námskeið fyrir fiskvinnslufólk, þáltill. 305. mál (þskj. 486). — Ein umr.

Flm. (Árni Johnsen): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um námskeið fyrir fiskvinnslufólk og aukna verkmenntun. Auk mín flytja þessa till. hv. þm. Valdimar Indriðason, Guðmundur J. Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson og Karl Steinar Guðnason. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli aðila fiskiðnaðarins, menntmrn. og sjútvrn. um regluleg námskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslu í tengslum við almennt verknám í skólum. Markmiðið verði að auka verkmenntun í skólakerfinu og bæta kunnáttu starfsmanna í fiskiðnaði með hliðsjón af mikilvægi vöruvöndunar og vörugæða og betri afkomu fiskvinnslufólks og fiskiðnaðarins".

Þessi till. gerir ráð fyrir talsverðum breytingum í verkmenntun landsins og gerir kannske sérstaklega ráð fyrir því að endurmenntun verkafólks í landinu fari að einhverju leyti fram í grunnskólum og öðrum skólum landsins.

Það má segja að um árabil hafi mörgu góðu verið komið til leiðar í því skyni að þróa verklag og hagræðingu í fiskiðnaði landsmanna, en í ljósi þess að kröfur um vöruvöndun og gæði verða sífellt meiri og á miklu veltur þar sem um er að ræða mestu tekjulind íslensku þjóðarinnar er brýnt að allir aðilar, sem málið varðar, skipuleggi sameiginlega aðgerðir í því skyni að aukin verkmenntun í fiskiðnaði tengist menntakerfi þjóðarinnar og skapi á þann hátt aukin réttindi og betri kjör fyrir störf í þessari grundvallaratvinnugrein landsins.

Eðlilegast er að slík námskeið eða annars konar verkmenntun nái til allra sem vinna í fiskvinnslu og verði til frambúðar í helstu sjávarplássum landsins. Í raun ættu slík námskeið að vera skilyrði fyrir því að fólk fengi vinnu í fiskiðnaði til lengri tíma, en þekkt er það vandamál sem skapast í fiskvinnslunni þegar óvant skólafólk kemur í hópum til starfa í fiski þótt það skili vissulega mikilsverðu starfi.

Reyndin hefur verið sú að þegar nýtt fólk kemur til starfa í fiskvinnslunni á það svo gott sem að bjarga sér sjálft. Þó erum við þarna að ræða um það hráefni sem

skilar um 70% af tekjum Íslendinga og ætti að vera grundvallaratriði að allir sem starfa í þeirri atvinnugrein hefðu sem fjölþættasta og besta þekkingu á hráefninu og meðferð þess.

Lofsvert framtak á sér stað um þessar mundir — eða er nýafstaðið — með eins konar tilraunanámskeiði til þess að veita fiskvinnslufólki meiri þekkingu á því hráefni sem það vinnur með, en það námskeið var haldið núna í febrúarmánuði. Í framhaldi af fundi Halldórs Ásgrímssonar sjútvrh. með framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands 2. febr. 1984 varð um það samkomulag milli hæstv. sjútvrh. og Verkamannasambandsins að ráðh. beitti sér fyrir því að komið yrði á námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk sem fengi með þeim hætti aukin réttindi og betri laun. Nefnd skipuð fulltrúum frá Verkamannasambandi Íslands, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, sölusamtökum sjávarafurða og Fiskvinnsluskólanum lagði fram áætlun um slíkt tilraunanámskeið og það stóð yfir dagana 18. og 19. febr. s. l. Til námskeiðsins var boðið einum til tveimur starfsmönnum frá 19 fiskvinnsluhúsum í landinu. Þetta er byrjun, en nær ekki inn í skólakerfið. Þarna er beinlínis fjallað um verkþætti, en að sjálfsögðu þarf að taka á að því er varðar bóklega fræðslu er lýtur að meðferð hráefnis, faglega og vísindalega fræðslu sem verkafólki getur orðið gagn af og getur stuðlað að betri hráefnisnýtingu og meðferð.

Það hefur verið gagnrýnt í æ ríkara mæli á undanförnum árum að menntakerfi landsins tengist ekki nógu mikið atvinnulífi landsins, að verkmenntunin og réttur hennar sæti á hakanum. Með því að skipuleggja aukna menntun starfsfólks í fiskiðnaði, byggja á reynslu þess og þeim möguleikum sem hráefnið gefur til að auka verðmæti þjóðarbúsins, getur menntakerfið á tiltölulega auðveldan hátt brúað verulega bilið á milli bóklegs náms og verklegs í þessum efnum, virkjað betur áhuga alls þorra fiskvinnslufólks og aukið ábyrgðartilfinningu þess í mikilvægu starfi. Mögulegt er að taka upp samvinnu skóla og fiskvinnsluhúsa, t. d. með gagnkvæmu námskeiðahaldi, með það fyrir augum að gera þessari atvinnugrein hærra undir höfði en gert hefur verið, koma henni á réttan kjöl svo að það þyki eftirsóknarvert að vinna við fisk og koma honum í sem mest verð.

Flm. þessarar till. leggja höfuðáherslu á að tengja mun betur en gert hefur verið verkmenntun og bóklegt nám þannig að verkmenntunin fái meira vægi í hinni almennu menntun þjóðarinnar og að starfsreynsla sé metin meira en nú er gert.

Það er ljóst að það eru engin skynsamleg rök fyrir því að fólk, sem starfar í fiskvinnslu, sé með lægst launaða verkafólki landsins; það er til lítils sóma fyrir þjóðina að svo sé. Höfuðáherslu verður að leggja á að skipa fiskvinnslufólki, fiskiðnaði og fiskveiðum í þann sess sem þessum starfsmönnum og þessari starfsgrein ber í okkar þjóðfélagi.

Fólkið, sem vinnur við sköpun gjaldeyrisverðmæta þjóðarbúsins umfram aðra, á ekki að sitja eftir í kjörum eins og raun ber vitni. Þau námskeið, sem hér um ræðir, eru e. t. v. auðveldasta leiðin til þess að skapa svigrúm til betri kjara fyrir þetta fólk, en með því að skipuleggja námskeið á þennan hátt með samvinnu allra aðila fiskiðnaðarins, menntmrn. og sjútvrn. fara hagsmunir allra saman: meiri þekking, meiri vöruvöndun, hærri laun og dýrmætari framleiðsla.

Þegar rætt er um verkmenntun í okkar landi ber að hafa í huga að skólakerfi okkar gerir í rauninni fyrst og fremst ráð fyrir því að úr grunnskóla liggi leiðin upp í háskóla. Sjómannamenntun og menntun á sviði landbúnaðar eru hliðargreinar, því miður, í íslensku skólakerfi og njóta ekki þeirrar virðingar sem þessar greinar ættu að njóta. Þegar jafnvel rektor Háskóla Íslands lýsir því yfir að allt að 80% af námsmönnum í Háskóla Íslands, háskólaborgurum, nýtist ekki í sínu fagi í íslensku þjóðfélagi er spurning hvort eitthvað sé ekki að, hvort eitthvað hafi ekki farið úrskeiðis, hvort ekki beri að leggja meiri áherslu á eðlilega verkmenntun og að beina æskufólki landsins inn á slíkt nám fremur en láta unga fólkið flæða úr grunnskóla upp í háskóla í menntun sem við getum ekki veitt því atvinnu í samræmi við í okkar landi.

Það er að mínu mati mikilvægt að gera róttækar breytingar á skólakerfinu, þannig að þorri skólafólksins sjái sér hag í því og telji það aðlaðandi að fara úr grunnskóla yfir í hina ýmsu þætti verkmenntunar og iðnaðar — greinar sem eiga að skila okkur atvinnutækifærum í framtíðinni ef við höldum rétt á og leggjum grunninn í sjálfu skólakerfinu. Tökum sem dæmi ungt fólk í sveitum. Við erum að mennta það „frá sveitunum". Við erum að mennta það fyrir greinar, þjónustu, sem ekki finnast í strjálbýli landsins. Þar með erum við að mennta það „frá þess eigin byggðum". Þannig erum við að svipuðu leyti einnig að setja stólinn fyrir eðlilega þróun í verkmenntun. Þess vegna held ég að við ættum að leggja höfuðáherslu á að ríma við okkar eigin möguleika í okkar landi.

Við höfum sannarlega skólakerfi sem er sænskt, danskt og breskt iðnaðar- og þjónustuskólakerfi. Það er kominn tími til að horfast í augu við þá alvöru að við búum við sérstæða aðstöðu á Íslandi og sérstæða möguleika sem við eigum að leggja höfuðáherslu á. Með því að hefja verkmenntun verkafólks landsins í fiskiðnaði í tengslum við aðila vinnumarkaðarins, í tengslum við sjútvrn., menntmrn., með því að færa þarna samstarf inn fyrir skólana, nýta það húsnæði sem þar er til og byggja upp námskeið sem geta skilað árangri og sem geta styrkt stöðu bæði verkafólks og fiskvinnslu, þá held ég að við séum á réttri leið. Það er með því hugarfari sem þessi till. er flutt.

Ég er sannfærður um að hér er um að ræða byrjun á löngum ferli. Það er ekki spurning um hvort þessi menntun fer af stað, heldur hvenær. Þetta er mál sem er kallað á. Þetta er mál sem okkar staða í sköpun atvinnutækifæra til leiðréttingar launa hjá lægst launaða fólki landsins kallar á.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efling atvinnulífs á Norðurlandi vestra, þáltill. 174. mál (þskj. 186). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 186 hafa hv. þm. Norðurl. v. leyft sér að flytja þá till. sem hér er til umræðu. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna leiðir til þess að efla atvinnulíf á Norðurlandi vestra og koma í veg fyrir versnandi atvinnuástand þegar draga tekur úr framkvæmdum við Blönduvirkjun.“

Tilefni þessarar þáltill. er tvíþætt: Í fyrsta lagi almenns eðlis vegna þess ástands sem ríkt hefur og ríkir í atvinnumálum í þessum landshluta og í öðru lagi vegna sveiflna sem fyrirsjáanlegar eru í atvinnuháttum og atvinnulífi vegna stórframkvæmda við Blönduvirkjun.

Ef í fáum orðum er vikið að fyrra atriðinu er ljóst að atvinnuvegir og atvinnuhættir í Norðurlandi vestra eru og hafa verið tiltölulega einhæfir. Meginþorri fólksins á þessu landssvæði hefur atvinnu sína og framfæri af svokölluðum frumframleiðslugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi, einkanlega þó af landbúnaði. Stærri hluti framteljenda í þessu kjördæmi hefur atvinnu sína og framfæri af landbúnaði en í nokkru kjördæmi öðru eða yfir 28% af framteljendum. Kunnugt er að í þessu kjördæmi hafa meðaltekjur framteljenda oftast verið lægri en í öðrum kjördæmum landsins. Það er vitaskuld vegna þess að tekjur fólks sem hefur aðalatvinnu af landbúnaði og raunar frumgreinum hafa allajafnan verið lægri en í öðrum atvinnugreinum í landinu. Allt á þetta þátt í því að þarna er nauðsynlegt að leitast við að gera atvinnulífið fjölþættara og gera það þannig í stakk búið til þess að veita fjölbreyttari og betri afkomumöguleika en nú er.

Rétt er einnig að vekja á því athygli, sem auðvitað dylst engum, að í þeim erfiðleikum sem að þjóðarbúinu hafa steðjað að undanförnu hefur hlutur aðalundirstöðugreina þjóðfélagsins verið lakari en annarra vegna framleiðslutakmarkana í landbúnaði og vegna sóknartakmarkana í sjávarútvegi. Sú staða veldur því að þeir erfiðleikar, sem við höfum gengið í gegnum nú á síðustu árum, hafa hitt strjálbýlið með meiri þunga en þéttbýli landsins.

Allt gefur þetta fulla ástæðu til að taka til athugunar almenna stöðu atvinnulífs á þessu landssvæði, jafnvel fremur en annars staðar. Enn fremur er ástæða til þess að menn átti sig á því að í aðalundirstöðugreinum atvinnulífs á landinu, landbúnaði og sjávarútvegi, hefur sú staða sem upp er komin í peningamálum orðið til mikilla erfiðleika vegna þess að fjármagn, sem lagt er í landbúnað einkanlega, jafnvel suma þætti sjávarútvegsins, skilar sér seinna en í ýmsum öðrum þáttum atvinnulífs, einkanlega á sviði viðskipta og þjónustu.

Ég vil sérstaklega geta þess í sambandi við þennan almenna þátt, sem að baki till. liggur, að það er mikil ástæða til að gefa öllu þessu ástandi gaum. Hin almenna niðurstaða sést kannske best á því að á hálfri öld, frá 1930 til 1980, hefur fólki einungis fjölgað um 7% á Norðurlandi vestra.

Ef vikið er að öðrum þætti þessa máls, sem að baki liggur, þeim sveiflum sem sjáanlegar eru í atvinnulífi kjördæmisins vegna stórframkvæmda við Blönduvirkjun, er það rifjað upp í fskj. með þessari till. að hinn 28. janúar 1982 samþykkti þáverandi ríkisstj. svofellda bókun:

„Ríkisstj. samþykkir að fela Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, að vinna í samvinnu við heimaaðila að úttekt á atvinnulífi á Norðurlandi vestra og móta tillögur um eflingu þess, þ. á m. á sviði iðnaðar. Athugaðir verði hið fyrsta möguleikar atvinnufyrirtækja á svæðinu til að eiga hlut að framkvæmdum við virkjun Blöndu og að atvinnulíf verði treyst til að koma í veg fyrir samdrátt á vinnumarkaði á svæðinu þegar virkjunarframkvæmdum lýkur.“

Nú eru virkjunarframkvæmdir hafnar við Blöndu. Ekki er með fullu hægt að segja á þessari stundu hvaða hraði verður þar á framkvæmdum. Að því var stefnt upphaflega að fyrri vélasamstæða Blönduvirkjunar gæti tekið til starfa haustið 1988. Vel má svo vera að um nokkra seinkun kunni að verða á þeim framkvæmdum, t. a. m. að fyrri vélasamstæðan taki til starfa á árinu 1989, ef svo er, sem heyrst hefur, að ný orkuspá, sem mun vera væntanleg, leiði í ljós að hin almenna raforkunotkun landsmanna hafi nokkuð hægt á sér, sem sé að vöxtur í raforkunotkun landsmanna sé ekki jafnhraður og áður var. Allt verður þetta þó háð því hvort svo fer að stofnun eða stækkun stórfyrirtækja í landinu verði, fyrirtækja sem taka til sín mikla raforku.

Um þau efni er að mínu viti ekki hægt að segja með neinni vissu enn þá, en ljóst er þó að mikil sveifla verður í atvinnulífi á þessu svæði meðan framkvæmdahraðinn er mestur og meðan mest umsvif eru á virkjunarsvæðinu við Blöndu. Ætla má að þarna verði mest haft umleikis á árunum 1986 og 1987, ef staðið verður við upphaflegar áætlanir, ella á árunum 1986 til 1988. Ætla má að á virkjunarsvæðinu vinni á þessum árum kannske frá 500 til 600 manns, jafnvel fleira fólk. Þegar virkjunarframkvæmdum lýkur verður hins vegar samdráttur á vinnumarkaði á þessu svæði. Það er einmitt síðari þátturinn í því sem liggur að baki þessari till. að því verði gefinn gaumur og leitast verði við að búa atvinnulíf á þessu svæði undir það að úr stórframkvæmdum hlýtur að draga og að þá sé nauðsynlegt að vinna að því að það fólk sem þarna býr og þarna er að vaxa upp fái vinnu á sínum heimaslóðum.

Ég skal ekki fara út í að skilgreina á hvern hátt að þessu skuli unnið og hvaða fyrirtæki það verði sem verði einkanlega stefnt að að stofna til að bæta úr þessu ástandi. Ég hlýt þó að minna á að í sambandi við umræður um ný stóriðjufyrirtæki í landinu hefur bæjarstjórn Sauðárkróks gert sérstaka ályktun þar sem hún lýsir þeirri skoðun sinni og vilja sínum að álver rísi í Skagafirði. Á sama hátt hafa þrjár sveitarstjórnir í Austur-Húnavatnssýslu gert samhljóða bókun þess efnis að mælt er með því og farið fram á að leitað verði eftir að reisa iðjuver við austanverðan Húnaflóa, iðjuver sem gæti veitt 100—150 manns atvinnu. Er það með tilliti til þess að starfsfólk væri frá nálægum byggðum, þ. e. einkanlega frá þéttbýlissvæðunum á Blönduósi og Skagaströnd.

Þær ályktanir, sem sveitarstjórnir á þessu svæði hafa gert varðandi stóriðjumál og varðandi atvinnumál yfir höfuð um stofnun fyrirtækja af stærri gerð, þótt ekki sé einvörðungu stefnt að álverum, eru gerðar samhljóða og þess verður ekki vart að nokkur úrtölurödd heyrist. Þarna er því ekki þess að vænta að miklar deilur mundu rísa ef að því yrði horfið að reisa slík fyrirtæki á þessum slóðum, en svo kann að vera að sums staðar annars staðar, þar sem menn hafa horft til að reisa slík fyrirtæki, verði það nokkrum vanda bundið vegna deilna og ófriðar heima fyrir sem gæti þá komið málinu í ónýtt efni. Þessu hlýt ég að vekja hér athygli á og ég veit að ég má greina frá því að hæstv. iðnrh. hefur tekið vel í

þessar ályktanir á þann máta að hann hefur gefið fyrirheit um að stóriðjunefnd og iðnrn. taki til athugunar og yfirvegunar hvaða möguleika hér sé um að tefla.

Ég vil svo aðeins segja að með þessari till., sem felur vitaskuld í sér að ríkisstj. hafi um þetta vissa forustu, er ekki verið að drepa á dreif frumkvæði heimamanna í þessum efnum eða gera lítið úr því. Ég hef þegar greint frá ályktunum heimamanna, sem stefna að því markmiði sem till. felur í sér, og ég hlýt að segja að vitaskuld næst enginn árangur í efni því sem hér er á dagskrá ef heimamenn hafa þar ekki frumkvæði og vissa forustu fyrir sitt leyti. Ég hef einnig fulla trú á því að svo muni verða. Ég tel hins vegar að eðlilegt sé að ríkisvaldið stefni að því að beita sínu sérfræðingaliði til aðstoðar heimamönnum í tilvikum eins og þessum til þess að kanna þá möguleika sem um er að tefla til að efla atvinnulíf og afkomuskilyrði fólksins. Það er í raun megintilgangur þessarar till. að fara fram á að Alþingi beini því til hæstv. ríkisstj. að svo verði að málum staðið. Að sjálfsögðu þarf um allt slíkt að vera gott samstarf á milli þeirra sem fara með stjórn landsins og þess starfsmannaliðs sem stjórnvöld hafa á að skipa sem og á milli sveitarstjórnarmanna og forustumanna í atvinnumálum á þeim svæðum sem slíkri athugun er beint að.

Ég vænti þess, án þess að ég fari að hafa hér um þetta mál lengri framsögu, að Alþingi sjái ástæðu til þess að taka jákvætt undir þessa till. og þá í þeim tilgangi að þau mál, sem hún fjallar um, séu athuguð sem allra gerst.

Ég vil svo segja að þrátt fyrir samþykkt ríkisstj. frá 28. jan. 1982, sem hér hefur verið lesin og birt er með þessari till., hefur ekki verið unnið eins og til var ætlast að þessum málum. Því telja flm. eðlilegt að málið komi til kasta Alþingis, svo sem ég hef hér greint frá, og vænta þess að við það fáist stuðningur.

Ég leyfi mér svo að fara fram á það, herra forseti, að að loknum þessum hluta umr. verði till. þessari vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, þáltill. 203. mál (þskj. 232). — Fyrri umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 232 flutt till. til þál. ásamt fimm öðrum þm. Hljóðar tillgr. svo:

„Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar, sem slík vopn geta borið, og ályktar að kjósa sjö manna nefnd er kanni hugsanlega þátttöku Íslands í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Nefndin skili áliti til Alþingis fyrir 15. október 1985."

Þannig hljóðar tillgr. en flm. eru Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Ellert B. Schram, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Einarsson og Guðrún Helgadóttir. Þessi hópur er úr öllum stjórnmálaflokkum og ég legg á það sérstaka áherslu að þetta mál á ekki að gera flokkspólitískt. Málið er miklu alvarlegra en það að við getum leyft okkur að fara að takast á um það eftir flokkspólitískum línum eða reyna að eigna einhverjum einum flokki það.

Í upphafi tillgr. er áréttuð sú stefna Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar sem þau vopn geti borið. Um þessa stefnu hafa allir flokkar verið sammála en ég tel mikilvægt að hún verði áréttuð með ályktun Alþingis. Bæði er góð vísa ekki of oft kveðin og þar að auki hafa orðið, síðan þessi till. var lögð fram, umræður í kjölfar staðhæfingar Williams Arkins um að Bandaríkjaforseti hafi heimilað flutning kjarnorkusprengja til Íslands ef til ófriðar kæmi. Í kjölfar þeirra umræðna sem Arkin kom af stað hefur ýmislegt skýrst. Það er ennþá brýnna að árétta stefnu okkar í ljósi þeirrar umræðu, að Alþingi áréttí stefnu Íslendinga enn og aftur, svo að heimurinn sjái að stefna okkar hefur ekki breyst í þessu efni og hér viljum við ekki hafa kjarnorkuvopn eða eldflaugar, sem þau geti borið, og okkur sé full alvara.

Síðari hluti till. lýtur að því að Alþingi kjósi sjö manna nefnd til þess að kanna hugsanlega þátttöku Íslands í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Einhverjir kunna að spyrja: Af hverju ekki að fela öryggismálanefnd þetta verkefni? Það tel ég ekki rétt að gera vegna þess að öryggismálanefnd hefur ýmsu öðru að sinna sem ekki má skjóta á frest. Verkefni hennar eru miklu fjölþættari en umræða um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Rétt er því að setja aðra nefnd til að sinna þessu sérstaka verkefni enda er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast nákvæmlega með þeirri umræðu. Hún er komin á mikinn skrið og við erum orðnir fullseinir til þess að undirbúa ákvarðanatöku okkar.

Í till. felst ekki ákvörðun um það að við ætlum að gerast aðilar að samtökum um kjarnorkuvopnalaust svæði, heldur einungis að afla nauðsynlegra gagna til þess að vera færir um að taka vitræna ákvörðun. Umræða um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum hófst án þátttöku Íslendinga og þeir fá engu um *það ráðið hvernig hún þróast nema með því að taka þátt* í henni. Umræðuna getum við ekki stöðvað þótt við vildum. Norðurlönd eru öll enn þá, það við best vitum, kjarnorkuvopnalaus. Hins vegar væru sjálfsagt stórveldin bæði fús að setja þar niður slík tæki ef heimilað yrði eða eftir því óskað af hlutaðeigandi ríkjum.

Umræðan nú hófst með því að ríkisstjórn Svíþjóðar undir forustu Olofs Palme tók að berjast fyrir því að Norðurlönd neyttu þeirrar aðstöðu að þar eru ekki kjarnorkuvopn og reyndu að komast að samningum um að þetta yrði upphaf að víðtækari afvopnun í veröldinni. Jafnaðarmenn á hinum Norðurlöndunum tóku hugmyndum Palme vel enda Palme heimskunnur sem ötull baráttumaður fyrir friði og afvopnun. Ríkisstjórn Finnlands undir forustu jafnaðarmannsins Koivisto forseta og Kalevi Sorsa forsætisráðherra mun reiðubúin að ganga til slíkra umræðna. Það eru hins vegar ekki ríkisstjórnir Kåre Willoch í Noregi og Poul Schlüter í Danmörku. Þær eru ekki enn þá reiðubúnar. Hins vegar mun meiri hluti sennilega vera fyrir alvöruumræðum í báðum þingum. Þetta byggist á því að jafnaðarmenn og flokkar til vinstri við þá, sem eru í báðum löndunum í stjórnarandstöðu, eru áhugasamir um viðræður og þar að auki eru þingmenn á báðum þjóðþingum, sem styðja stjórnina, áhugasamir um þetta efni, þannig að hugsanlega er meiri hluti í báðum þingunum fyrir umræðum um þetta mál.

Hugmyndirnar um svæði eru ekki fullmótaðar. Ég tel líklegast að þegar eða ef samkomulag næst um kjarn-

orkuvopnalaust svæði, þá yrði leitað eftir því að stórveldin tækju ábyrgð á svæðinu og lofuðu að ráðast ekki á það með hernaði. Margir telja einnig að nauðsynlegt sé að Rússar færi kjarnorkuvopnavíghreiður sín af Kola-skaga og frá öðrum þeim stöðum er næst liggja Norðurlöndum.

Ég tel að hvort sem Íslendingar eru aðilar að umræðu eða ekki muni þær komnar á þann skrið að ekki verði neitt beðið eftir Íslendingum. Ég tel hins vegar að það væri mjög Íslendingum í óhag, ef af kjarnorkulausu svæði yrði án þátttöku Íslands, vegna þess að þá gæti aukist að mun þrýstingur á Ísland og önnur svæði er umhverfis hið kjarnorkuvopnalausa svæði lægju. Þess vegna megum við ekki láta þessa umræðu sem vind um eyru þjóta eða sýna af okkur tómlæti. Verði samkomulag um kjarnorkuvopnalaust svæði, þá tel ég að við þyrftum að vera innan þess og að hag þjóðarinnr yrði þannig best borgið. Landfræðilegar ástæður, fjarlægð frá Skandinavíu og víð hafsvæði, sem við getum illa gætt, skapa bæði sérstöðu og erfiðleika. En eins og Olof Palme sagði í ræðu í hátíðasal Háskólans 14. desember s. l. verða Norðurlöndin að leysa þá erfiðleika í sameiningu svo fremi Íslendingar æski þess að vera með.

Ég tel að ekki orki tvímælis að Norðurlandaþjóðirnar séu okkur skyldastar að menningu og lífsviðhorfum og að með þeim eigum við að hafa samstöðu fremur en öðrum þjóðum. Á það ber að leggja áherslu að löndin fylgja mismunandi stefnu í varnarmálum. Þrjár þeirra eru aðilar að NATO en tvær utan hernaðarbandalaga. Þetta útilokar það þó ekki að samstaða gæti náðst um að viðhalda núverandi ástandi, þ. e. kjarnorkuvopnaleysi. Hernaðarumsvif og hernaðarumferð á hafinu í kringum Ísland stofna okkur vissulega í mikinn vanda. Jafnvel þótt við getum ekki verið vissir um að hafið sé kjarnorkuvopnalaust er þó mikið fengið með því ef landið yrði það. Og það útilokar engan veginn að við yrðum samferða öðrum Norðurlöndum ef til kæmi.

Fyrir tveimur árum var ég meðflutningsmaður Guðmundar G. Þórarinssonar ásamt fleiri framsóknarmönnum að þáltill. um það að Íslendingar beittu sér fyrir fjölþjóðaráðstefnu um afvopnun á og í hafinu umhverfis Ísland. Sú till. náði ekki fram að ganga en hugmyndin er þó góðra gjalda verð og verður væntanlega reynd aftur.

Jafnvægi óttans er skelfileg kenning og vígbúnaðarkapphlaupið er kapphlaup sem enginn getur unnið og allir hljóta að tapa. Áhrifamiklir stjórnmálamenn tala nú í fullri alvöru um það að færa víghreiðrin út í gufuhvolfið jafnframt því sem þeir hafa uppi tal um kjarnorkustríð á takmörkuðum svæðum á jörðinni. Vopnabirgðir í veröldinni eru nú taldar nægja til þess að eyða öllu lífi á jörðinni sjö sinnum. Það eru ekki bjartar horfur og við svo búið má ekki standa. Við leggjum til að Alþingi kjósi nefnd til að kanna það hvort við Íslendingar ættum að gerast þátttakendur í þeirri umræðu sem fram fer á hinum Norðurlöndunum um kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er í sjálfu sér stutt skref og kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum e. t. v. lítið annað en staðfesting á ríkjandi ástandi, staðfesting á að ríkjandi ástand verði varanlegt, en skref þó og „handarvik í þágu lífs og friðar". Það handarvik gæti þó orðið að átaki ef hamingjan væri heiminum hliðholl og þess vegna má ekki láta það ógert. Ef við glötum voninni um betri heim, þá batnar hann ekki heldur.

Ég legg til að þessi till. fái skjóta athugun í utanrmn. og ég vona og treysti því að nefndin mæli með samþykkt tillögunnar, enda er um hana víðtæk pólitísk samstaða, og að Alþingi geti kosið þessa nefnd og hún taki til starfa áður en það verður um seinan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það ber að fagna því að þm. úr öllum flokkum hafi sameinast um að flytja þá till. sem hér var mælt fyrir. Eins og 1. flm. lýsti eru tvö meginefnisatriði í þessari till. Annars vegar að árétta það sem í till. er sagt að sé stefna Íslendinga: að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar, sem slík vopn geti borið, og hins vegar að kjósa sjö manna nefnd til þess að kanna þátttöku Íslands í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Þó að ég fagni því að þessi till. er hér komin fram og taki undir með 1. flm. um það að hún fái skjóta afgreiðslu í utanrmn. er það því miður þannig að málið er ekki eins einfalt og hv. 1. flm. lýsti hér úr ræðustól. Í raun og veru má draga það mjög í efa að sú fullyrðing sem sett er fram í fyrstu setningu till. sé rétt. Ég hugsa t. d. að hæstv. utanrrh. og þá um leið núv. hæstv. ríkisstj. séu ekki reiðubúin að skrifa undir það að það sé stefna Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Að vísu er það þannig að hæstv. ráðherrar hafa gefið út mjög mismunandi yfirlýsingar um þetta efni. Sýnir það kannske best hve afstaða stjórnvalda í landinu er óljós og þeim sjálfum oft og tíðum jafnvel lítt meðvituð, hvað ráðherrar hafa gefið út mismunandi yfirlýsingar um þetta efni. Þessi mismunur hefur einkum falist í tvennu ef skoðaðar eru yfirlýsingar hæstv. ráðh. á undanförnum misserum. Annars vegar er sagt að á Íslandi verði ekki kjarnorkuvopn, sem er fullyrðing þessarar till., og hins vegar er sú stefna, sem hæstv. utanrrh. oftast nær hefur lýst sem stefnu sinni og hæstv. ríkisstj., að á Íslandi verði ekki kjarnorkuvopn nema íslensk stjórnvöld leyfi.

Hæstv. utanrrh. hefur oftast nær, þó hefur hann stundum lýst fyrra skilningnum, það hefur komið fyrir, m. a. í sjónvarpsviðtali, en hann hefur oftast nær lýst því yfir að Íslendingar séu aðilar að þeirri kjarnorkuvopnastefnu Atlantshafsbandalagsins að það sé opið hvort kjarnorkuvopn verði flutt inn í aðildarríkið eða ekki, en það sé hins vegar háð samþykki stjórnvalda í viðkomandi löndum. Athugasemdirnar sem hæstv. utanrrh. hefur gert við þær upplýsingar, sem William Arkin og New York Times hafa veitt, hafa ekki falist í því að það væri verið að áforma að flytja kjarnorkuvopn til Íslands. Mér vitanlega hefur hæstv. utanrrh. aldrei gert athugasemdir við það, heldur eingöngu að öll slík áform yrðu að vera háð samþykki íslenskra stjórnvalda.

M. ö. o., sé litið á stefnu stjórnvalda eins og hún birtist formlega gagnvart öðrum ríkjum, t. d. öðrum ríkjum innan Atlantshafsbandalagsins, þá er það því miður ekki rétt, sem stendur í þessari þáltill., að það sé stefna Íslendinga að hér verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Stefna Íslendinga í stjórnarfarslegu tilliti er hins vegar sú og væri æskilegt að hæstv. utanrrh. tjáði sig um það hér, skv. mínum skilningi, að hér verði ekki staðsett kjarnorkuvopn nema íslensk stjórnvöld samþykki svo. Hins vegar gerist það ærið oft, þegar þessi mál ber á góma, að menn lýsa því sem stefnu Íslendinga

að við ætlum okkur ekki að taka við kjarnorkuvopnum af neinu tagi. T. d. hefur núv. hæstv. forsrh. nokkuð oft lýst skoðunum af því tagi. En ég er ekki viss um hvort hann gerir sér grein fyrir muninum á því sem hann er þá að lýsa og því sem er formleg stefna hans eigin hæstv. ríkisstj. Það er satt að segja nokkuð alvarlegt ástand í landinu, og óhugnanleg lýsing á umr. sem hér fer fram, að jafnvel svo ábyrgir aðilar eins og forustumenn í ríkisstj. skuli ekki gera sér grein fyrir þeim afgerandi mun sem þarna er á.

T. d. kom það oft fyrir að fyrrv. hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, lýsti báðum þessum stefnum sem sinni skoðun og það var oft ærið erfitt að átta sig á því hvorri stefnunni hann í raun og veru fylgdi. Það verður hins vegar að segja núv. hæstv. utanrrh. það til hróss, ef orða má það með þeim hætti, að hann hefur oftast nær kveðið alveg afdráttarlaust að orði um hvor stefnan það er sem hann fylgir. Það er því miður ekki sú stefna sem lýst er í þessari þáltill. Þess vegna væri það í raun og veru mjög merkilegt skref ef Alþingi samþykkti það, hvað þá heldur áréttaði, eins og stendur í þessari till., að það sé stefna Íslendinga að hér séu ekki staðsett kjarnorkuvopn, því að þar með yrði núv. hæstv. utanrrh. að breyta stefnuyfirlýsingum sínum ef hann vildi starfa í samræmi við þá viljayfirlýsingu Alþingis.

Ég taldi, herra forseti, alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessum mun, vegna þess að hann ruglar mjög alla þessa umræðu og gerir það að verkum að margir taka þátt í henni án þess að það sé í raun og veru mjög merkilegt skref ef Alþingi samþykkti það, hvað þá heldur áréttaði, eins og stendur í þessari till., að það sé stefna Íslendinga að hér séu ekki staðsett kjarnorkuvopn, því þar með yrði núv. hæstv. utanrrh. að breyta stefnuyfirlýsingum sínum ef hann vildi starfa í samræmi við þá viljayfirlýsingu Alþingis.

Ég taldi, herra forseti, alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessum mun, vegna þess að hann ruglar mjög alla þessa umræðu og gerir það að verkum að margir taka þátt í henni án þess að það sé í raun og veru skýrt hvað þeir eru að tala um. Þetta mál er hins vegar svo alvarlegt og mikilvægt, og við erum bundnir samstarfi í alþjóðlegum samtökum og viljum láta taka okkur alvarlega á alþjóðavettvangi, að það verður að vera nokkuð skýrt hvað menn eru að segja, hver stefnan sé og menn viti hvað það er sem verið er að fara fram á. Ég vil þess vegna spyrja hv. 1. flm. hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér í túlkun á þessari tillögu og hans ræðu að í henni sé ekki átt við neitt „nema íslensk stjórnvöld leyfi," heldur sé hér verið að setja fram alveg skilyrðislausa yfirlýsingu um það að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn, því að í till. er ekkert slíkt „nema."

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að í þessari till. eru flugvélar undanskildar. Till. er orðuð á þann veg að á Íslandi skuli ekki vera staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar sem slík vopn geta borið. Nú er það þannig að skv. þeirri hernaðaraðstöðu sem hér er og þeim hernaðaráformum sem uppi eru, og læt ég það þá alveg liggja á milli hluta hvort menn eru sammála þeim eða ósammála, það kemur þessu máli í raun og veru ekkert við, en skv. þeim er gert ráð fyrir því að hér séu flugvélar sem geta borið kjarnorkuvopn. Og hér hafa verið lengi og eru enn flugvélar sem er hernaðarlega ætlað að geta borið kjarnorkuvopn, gegna því hlutverki innan hernaðaráætlana. Sá eiginleiki þeirra er nokkuð mikilvægur þáttur í starfrækslu þeirrar herstöðvar sem hér er.

Þess vegna vil ég spyrja hv. 1. flm.: Er það með ráðnum huga að flugvélar eru undanskildar í þessari till.? Er það ætlun flm. að hér verði t. d. leyft að vera með þær tegundir flugvéla sem geta borið kjarnorkuvopn — og það eru aðeins ákveðnar tegundir af flugvélum sem það geta — þannig að það sé opinn möguleiki að flytja kjarnorkusprengjur til þeirra á mjög skömmum tíma? Má í því sambandi vekja athygli á yfirlýsingum Carringtons lávarðar, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, þar sem hann lét þess getið fyrir nokkru síðan, frá því var greint í New York Times, að hann drægi það mjög í efa að á hættutímum, hvað þá heldur styrjaldartímum, gæfist nokkurt tóm til þess að hafa viðhlítandi samráð við stjórnvöld í viðkomandi löndum um það hvort og þá hvernig ætti að flytja slíkar sprengjur til viðkomandi lands. Í almennri umræðu sérfræðinga um þessi efni er almennt gert ráð fyrir því að ef stjórnvöld samþykkja staðsetningu flugvéla, sem geta borið kjarnorkusprengjur, í sínu landi séu þau að opna möguleikann fyrir slíkt. Mér er ekki kunnugt um það, að til séu hernaðaráætlanir eða það hafi komið fram í umræðum hernaðarsérfræðinga að áform séu uppi um að vera hér með eldflaugar sem geta borið kjarnorkuvopn. Vera má að svo sé þó að mér sé ekki kunnugt um það. En plönin hafa fyrst og fremst snúist um flugvélar sem geta borið slík vopn. Það má að vísu hugsa sér það að skilgreining tillögunnar sé á þann veg að ákveðinn hluti flutningskerfisins, sem flugvélarnar eru með, sé talinn eldflaug og þess vegna eigi tillagan að ná til þess. En það er ekki skv. venjulegri túlkun þess orðs.

Herra forseti. Það er eingöngu til þess að reyna að fá fram, bæði hjá flm. og öðrum hér, fulltrúa ríkisstj. sem hér situr, hæstv. utanrrh., nánari lýsingar á því hvað menn eiga í raun og veru við sem ég hef vakið athygli á þessum tveimur spurningum. Sú fyrri felur í sér, eins og ég hef hér þegar lýst, að Alþingi lýsi því yfir að það hafi aðra stefnu í þessum málum en núv. hæstv. utanrrh. hefur lýst sem stefnu sinni og núv. hæstv. ríkisstj. Í öðru lagi felur textinn í sér að flugvélar, sem borið geta kjarnorkuvopn, eru undanskildar í þeirri stefnumörkun sem þarna fer fram.

Ég held að það væri mjög gagnlegt, til þess að við getum öll áttað okkur á því hvað það er í raun og veru sem við viljum, hvað það er í raun og veru sem við erum að segja, að nánari skýringar og svör fengjust við þessum athugasemdum. Kjarnorkuvopn eru í sjálfu sér, hvað þá heldur kjarnorkuvopn og tengsl þeirra við Ísland, í raun og veru svo alvarlegt umræðu- og viðfangsefni. Það er alveg nauðsynlegt að það liggi alveg skýrt fyrir hvað það er sem menn eiga nákvæmlega við og hvers vegna þeir setja hlutina nákvæmlega fram á þann hátt sem þeir eru fram settir, og þar liggi ekki að baki einhver misskilningur eða mistúlkanir, sem aðrir kynnu hugsanlega að færa sér í nyt, þegar að ákvarðanatöku kæmi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Á undanförnum árum hafa umræður um allan heim farið vaxandi um

afstöðuna til vígbúnaðarkapphlaupsins og þá einkum og sér í lagi um kjarnorkuvopnavæðinguna. Árekstrar spruttu upp í Ástralíu og Nýja-Sjálandi nú ekki fyrir löngu síðan, þar sem Ný-Sjálendingar og Ástralíumenn vildu ekki kjarnorkuvopnaæfingar innan sinnar lögsögu. Af því varð allmikið mál á milli svokallaðra bandalagsþjóða í þeim varnarsamtökum sem eru ríkjandi í þeim heimshluta. Hér í Evrópu hafa umræður um kjarnorkuvopn farið fram með auknum þunga á undanförnum árum. Á Bandaríkjaþingi hafa verið fluttar tillögur í þá átt að draga úr kjarnorkuvopnavæðingunni og hér hefur verið rakið í umræðum af flm. þessarar till. að á Norðurlöndum hafa þessi mál einnig verið mjög ofarlega á baugi.

Það sama gildir auðvitað um Ísland, að það hafa farið fram umræður um vígbúnaðarmál og vaxandi áhugi er hér á Íslandi á því að taka þátt í hinni alþjóðlegu umræðu og láta rödd sína heyrast á þeim vettvangi. Skoðanir í varnar- og öryggismálum að þessu afmarkaða leyti fara ekki eftir flokkum eða kynslóðum eða búsetu, enda held ég að óhætt sé að segja að það séu friðarsinnar í öllum stjórnmálaflokkum, það sé fólk sem að öðru leyti skipar sér undir merki hinna ýmsu stjórnmálaflokka sem sameinast í hinni einlægu von um það að mannkynið tortími ekki sjálfu sér. Og vitaskuld er öllum ljóst að kjarnorkuvopnin og hinar ægilegu afleiðingar notkunar þeirra boða ekkert nema ragnarök fyrir veröldina.

Íslendingar hafa alla tíð skipað sér í flokk með þeim þjóðum sem hafa virt friðinn. Fyrst og lengst af lýstum við yfir hlutleysi. Við höfum alla tíð verið vopnlaus þjóð og við höfum verið einlægir bandamenn í hvers konar friðar- og frelsisviðleitni, m. a. með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu sem eru sterkustu friðarsamtök sem sögur fara af á okkar tímum.

Þegar borið hefur á góma í hinni pólitísku umræðu hér á landi hvort kjarnorkuvopn væru staðsett hér á landi eða ekki, þá held ég að fullyrða megi að talsmenn stjórnmálaflokka allra hafi gefið þær yfirlýsingar að hér séu ekki kjarnorkuvopn og eigi ekki að vera. Síðasti ræðumaður, Ólafur Ragnar Grímsson, ræddi hér nokkuð um þann mun sem hann telur vera á yfirlýsingum annars vegar Geirs Hallgrímssonar núv. utanrrh. og hins vegar ýmissa forvera hans og telur að yfirlýsingar utanrrh. Geirs Hallgrímssonar séu á þá leið að engin kjarnorkuvopn verði hér staðsett nema með leyfi íslenskra stjórnvalda. Vitaskuld er það rétt að á þessu er allmikill munur ef rétt er. Hæstv. ráðh. mun væntanlega gera þessar fullyrðingar þm. að umræðuefni og skýra þá sínar fyrri yfirlýsingar og sína afstöðu. En ég ætla ekki að fara að blanda mér í þann blæbrigðamun sem vera kann á þessum ummælum því að ég efast ekki eitt augnablik um það að fyrir Geir Hallgrímssyni, eins og flestum öðrum Íslendingum, vakir það eitt að forða Íslendingum frá afleiðingum kjarnorkuvopnastyrjaldar. Hann vill forða okkur frá því að vera hlekkur í hinu ægilega vígbúnaðarkapphlaupi kjarnorkuvopnanna og fyrir honum vakir áreiðanlega það sama og fyrir mér, að styðja þá stefnu sem felst í því að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn og það sé afdráttarlaust.

Ég tel ekki óeðlilegt, með hliðsjón af þeim umræðum sem hér áttu sér stað fyrr í vetur um skýrslu Williams nokkurs Arkins og í tengslum við þá almennu umræðu sem farið hefur fram á alþjóðavettvangi, að yfirlýsingar ráðamanna á Íslandi, yfirlýsingar stjórnmálaflokka á Íslandi verði í eitt skipti fyrir öll staðfestar hér á Alþingi með því að Alþingi árétti þá stefnu að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Mér er alveg útilokað að sjá að sú yfirlýsing geti skaðað stöðu Íslands, hvorki í Atlantshafsbandalaginu né að öðru leyti á alþjóðavettvangi þegar þessi mál eru á dagskrá. Ég held líka að sú yfirlýsing sé í fullkomnu samræmi við viðhorf meginþorra allra Íslendinga. Við lýsum yfir eindreginni skoðun og afdráttarlausri. Þetta er annað megininntak tillögunnar: að árétta og staðfesta þá stefnu sem ég tel að hafi ríkt og ríki hér á landi í þessum málum.

Hinn hluti tillögunnar gengur út á það að Alþingi samþykki að kjósa sjö manna nefnd er kanni hugsanlega þátttöku Íslands í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Vitaskuld geri ég mér grein fyrir því að Ísland er þátttakandi í varnarbandalagi, Atlantshafsbandalaginu. Ég er einn af stuðningsmönnum þess bandalags og þeirrar þátttöku. En ég held að menn megi ekki vera svo ósjálfstæðir í þessu varnarsamstarfi sínu að öll hugsun, öll afstaða og öll skoðanamótun hverfi til höfuðstöðva Atlantshafsbandalagsins án þess að Íslendingar láti rödd sína heyrast eða taki þátt í þeirri skoðana- og stefnumótun sem á að fara fram á þessum vettvangi. Við erum þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu en ekki bandingjar og við erum þar samstarfsmenn en ekki neinir statistar. Þess vegna vísa ég því á bug þegar menn telja að þessi tillaga stríði gegn hagsmunum Atlantshafsbandalagsins og veiki þá samstöðu sem þar er. Það er náttúrlega fráleitt að um sé að ræða svik við NATO þótt Íslendingar staðfesti sinn eigin vilja um notkun og dreifingu kjarnorkuvopna. Og auðvitað bannar NATO-aðildin okkur ekki viðræður við einn eða neinn um þau mál sem brenna á okkur.

Ég held meira að segja að það að Íslendingar kveðji sér hljóðs, taki þátt í umræðum, eigi að vera til styrktar og stuðnings málstað Atlantshafsbandalagsins, okkar sérstaklega og bandalagsins í heild. Það væri styrkur fyrir Atlantshafsbandalagið, ef á annað borð umræða og viðræður fara í gang meðal hinna Norðurlandanna um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, að Íslendingar séu með í þeim umræðum vegna þess að Svíar eru utan Atlantshafsbandalagsins svo og Finnar og uppi eru ýmsar ankannalegar hugmyndir bæði í Danmörku og í Noregi sem ekki teljast beint í samræmi við stefnu Atlantshafsbandalagsins. Þess vegna held ég að það sé, þó ekki væri nema að því leyti til, skynsamlegt og hagkvæmt fyrir Atlantshafsbandalagið og okkur sem þátttakendur í því að vera með í þessum umr. Við höfum þarna hagsmuna að gæta og við eigum að láta í okkur heyra.

Það má vel vera að það sé lítið mark tekið á þáltill. sem þessari ef til átaka kemur og styrjaldar. En ætli það fari ekki svo að ef til styrjaldar kemur þar sem kjarnorkuvopnum er beitt verði Íslendingar yfirleitt eða hvorki einn né neinn spurður álits á því hvaða vopnum sé beitt í þeim átökum. Og það verða víst fáir sem segja af leikslokum.

En ég held að þótt ekki verði tekið mikið mark á slíkri þáltill. þegar til átaka kemur þá er viljayfirlýsing af þessu tagi í þágu friðarins, í þágu afvopnunarinnar og í þágu slökunarinnar þjóða í milli. Það getur varla talist stóralvarlegt brot gagnvart varnar-, öryggis- og utan-

ríkisstefnu Íslendinga undanfarna áratugi þó að við látum í ljós áhuga okkar á því að taka þátt í umr. án þess að nokkur skuldbinding sé um það hvaða niðurstöður þær umræður eigi að fá.

Ég tek undir það með frsm. þessarar till. að án þátttöku í slíkum umr. fara áhrif okkar þverrandi, þá er minna tillit tekið til okkar, þá er minna hlustað eftir því hver staða Íslands er og þá verður kannske okkar hlutur fyrir borð borinn ef og þegar til þess kemur að einhver niðurstaða fæst í umr. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Ég vil, herra forseti, hins vegar síðast en ekki síst undirstrika mjög rækilega þá skoðun mína að það komi ekki til greina fyrir okkur Íslendinga að lýsa einhliða yfir samþykki eða þátttöku í kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Ég held að þessar viðræður eða umræður, sem væntanlega fara í gang á Norðurlöndunum, eigi að geta fjallað um afstöðu Norðurlanda almennt og um hugsanlegan möguleika til lausnar á vígbúnaðarmálum í heild sinni. Okkur er ljóst hér á norðurhveli jarðar að Sovétríkin ógna okkur með kjarnorkuvopnum, bæði af landi og legi, Kola-skaga og úr hafinu, og það er hagsmuna- og öryggismál að Norðurlöndin komi sameiginlega fram gagnvart þessari ógnun og láti rödd sína heyrast þannig að hagsmunir okkar fari saman annars vegar gegn risaveldinu í austri hins vegar.

Með þessum örfáu orðum, herra forseti, vildi ég gera grein fyrir því að ég hef gerst meðflm. að þessari till. Mér var sagt frá því að enginn þm. úr þingflokki sjálfstæðismanna hefði verið fáanlegur til að skrifa upp á þessa till. Ég hefði talið það skaðlegt ef enginn fulltrúi þess stóra hóps, sem greiddi Sjálfstfl. atkvæði í síðustu kosningum, hefði verið með í slíkri tillögugerð. Ég held að þúsundir kjósenda Sjálfstfl. styðji tillögugerð sem þessa, vilji af einlægni vinna að friði, hafa mestu andstyggð á kjarnorkuvopnum og vilja bægja þeim frá okkar landsteinum. Þess vegna taldi ég það skyldu mína sem einn af þeim sem kosnir voru af kjósendum Sjálfstfl. að ljá nafn mitt á þessa till. enda, eins og ég hef sagt áður, er aðeins verið að árétta þá stefnu sem ég skil að sé ríkjandi á Íslandi að því er varðar kjarnorkuvopnin og það er verið að lýsa yfir áhuga á því að taka þátt í umr. um þessi ógnvænlegu mál hér á Norðurlöndunum, en ekki verið að lýsa yfir stuðningi við einhliða aðgerðir eða einhliða samþykktir af okkar hálfu og allra síst í blóra við bandamenn okkar í Atlantshafsbandalaginu.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel rétt þegar við fyrri hluta umr. um þessa þáltill. um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum að segja nokkur orð.

Hugmyndin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd er gömul og raunar nokkuð eldri en 1. flm. nefndi. Ég hygg að það hafi verið á 6. áratugnum sem Kekkonen Finnlandsforseti vakti máls á þessari hugmynd og síðan hefur hún verið við og við á dagskrá og til umr. á Norðurlöndum sér í lagi. Ég ætla mér nú ekki að rekja sögu þessara umr. en aðeins að velta upp þeirri spurningu hvort Norðurlöndin eigi að þessu leyti samleið nú og þá með hvaða skilyrðum. Það er ástæða til þess að spyrja hvort Norðurlöndin eigi að þessu leyti samleið nú vegna þess að Norðurlöndin hafa ekki átt samleið í öryggismálum. Það var t. d. kannað áður en Atlantshafsbandalagið var stofnað hvort skilyrði væru fyrir norrænu varnarbandalagi en svo reyndist ekki vera.

Svíar töldu hlutleysið hafa reynst sér vel og álitu sig hafa mátt til að verja það. Finnar völdu og hlutleysið, voru auk þess í kjölfar friðarsamninga við Sovétríkin bundnir ákveðnum skuldbindingum skv. sérstökum vináttusamningi við Sovétríkin. Íslendingar, Norðmenn og Danir höfðu aftur á móti þá reynslu að hlutleysi þeirra var í engu virt og í því engin vörn í annarri heimsstyrjöldinni.

Þannig fóru Norðurlöndin mismunandi leiðir til að tryggja öryggi sitt og sjálfstæði eftir aðra heimsstyrjöld. Hingað til hefur það gefist þeim öllum vel og jafnvel svo að jafnvægi hefur skapast sem kallað hefur verið hið norræna jafnvægi, „den nordiske balance," sem áhrifamenn á öllum Norðurlöndum hafa talið rétt að varðveita og jafnframt varað við að breytingar á stefnu eins Norðurlandanna í öryggismálum gæti haft áhrif til hins verra fyrir hin Norðurlöndin. Það er því ekki alveg að ástæðulausu að þeirri spurningu er varpað fram hvort Norðurlöndin eigi nú að þessu leyti, hvað snertir yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, samleið og þá með hvaða skilyrðum.

Við gerum okkur öll grein fyrir ógn kjarnavopna og nauðsyn þess að koma í veg fyrir að þeim verði beitt, að ráðstafanir verði gerðar til að fækka og helst útrýma þeim. En kjarnavopn eru til staðar. Við verðum að horfast í augu við staðreyndir. Vissulega kann svo að vera að ógn kjarnavopna hafi komið í veg fyrir átök og stríð og þannig átt þátt í að vernda friðinn. En við getum verið sammála um að friðinn verðum við að treysta til lengdar með öðrum og betri hætti en ógnarjafnvægi. Er yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd þáttur í því?

Ég vil taka það skýrt fram, að ávallt þegar rætt hefur verið um hugmyndina „kjarnavopnalaus Norðurlönd" hef ég talið eðlilegt og sjálfsagt að við Íslendingar tækjum þátt í umr. og athugunum til þess að gera okkur grein fyrir hvað þjónaði öryggishagsmunum okkar sjálfra og friðargæslu í heiminum almennt best. En umræðan um kjarnavopnalaus Norðurlönd má ekki verða til þess að gefa í skyn að kjarnavopn séu nú á Norðurlöndum. Menn skulu hafa hugfast að Norðurlöndin eru nú kjarnavopnalaus. Veruleikinn er mun meira virði en allar yfirlýsingar. Hvorki Ísland né önnur Norðurlönd hafa eigin kjarnavopn eða geyma slík vopn innan síns svæðis og öll Norðurlöndin eru aðilar að hinum alþjóðlega samningi gegn dreifingu kjarnavopna og hafa undirgengist skv. þeim samningi að eiga ekki þátt í dreifingu kjarnavopna. Þessi staðreynd er mikilvægur þáttur í því norræna jafnvægi í öryggismálum sem ríkt hefur allt frá stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Ég fæ ekki séð á þessu stigi að sérstök yfirlýsing, einhliða yfirlýsing, um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum varðandi svæði sem þegar er kjarnavopnalaust efli öryggi Íslands eða annarra Norðurlanda eða auki friðargæslu í heiminum nema meira komi til. Ástæða væri frekar til að beina athyglinni að umr. um útrýmingu kjarnavopna þar sem kjarnavopn eru nú til staðar en dreifa ekki þeirri athygli með vangaveltum um svæði sem eru kjarnavopnalaus.

En þótt Norðurlöndin séu kjarnavopnalaus er ekki

þar með sagt að kjarnavopn ógni þeim ekki. Þá á ég t. d. við víghreiðrin á Kola-skaga og við Eystrasalt. Kjarnavopnakafbáturinn, sem rak á fjörur Svía um árið, minnti okkur óþyrmilega á nálægð þessara ógnarvopna. Skilyrði þess að ný yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd hafi eitthvert gildi er að slík vopn, sem beina má til Norðurlanda, séu fjarlægð.

Sovétmenn hafa nokkrum sinnum gefið í skyn að hugsanlega megi ræða um tilslakanir af þeirra hálfu varðandi kjarnavopnalaus svæði en ítrekaðar beiðnir norrænna ráðamanna um að Sovétmenn geri nánari grein fyrir þessum hugmyndum hafa engan árangur borið. Á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1978 um afvopnun var m. a. fjallað um hugmyndina að kjarnavopnalausum svæðum. Í álitsgerð um það efni voru m. a. taldar forsendur að viðkomandi ríki væru sammála um slík samningsbundin svæði, hvernig grundvöllur væri að þeim lagður og hvernig tryggja mætti með raunhæfu eftirliti að svæðin héldust kjarnavopnalaus.

Það sem ég nú hef rakið leiðir hugann að því að yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði hefur ekkert gildi nema sem þáttur í samningum tveggja helstu kjarnavopnaveldanna sem bæru ábyrgðina að slíkt samkomulag yrði virt. Við hljótum einnig að gera okkur grein fyrir því að við erum í varnarbandalagi og viljum njóta góðs af því. Því er eðlilegt og sjálfsagt að hafa samráð við bandamenn okkar. Það er hornsteinn í stefnu vestrænna þjóða og öryggisviðbúnaði að líta á bandalagssvæðið sem eina heild, eitt og sama varnarsvæðið, sbr. 5. gr. Atlantshafssáttmálans sem segir að árás á eitt ríkið sé árás á þau öll.

Allar umr. um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum hljóta því að fara fram í samráði við samherja okkar í Atlantshafsbandalaginu. Okkur ber innan og utan Atlantshafsbandalagsins að stuðla að öllu því sem kemur í veg fyrir beitingu kjarnavopna. Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði kann því miður að hafa minni áhrif en vonir standa til og þá á ég við einhliða yfirlýsingu. Ég nefni tvennt: Fyrst það að lítill ávinningur er í því að ákveðin svæði eru lýst kjarnavopnalaus ef kjarnavopnum fækkar ekki en eru ýmist flutt þéttar saman eða á haf út. Við Íslendingar viljum ekki kjarnavopn á eða í höfum úti þar sem slys á friðartímum getur eytt auðlindum okkar og lífbrauði af fiskimiðum hvað þá heldur ef hugsað er til þess sem ætti sér stað í styrjöld.

Annað er það að kjarnavopnum er vandalaust að skjóta langa vegalengd og yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði tryggir ekki að þau svæði verði ekki fyrir kjarnavopnaárás ef til átaka kemur. Allt frá því á árinu 1981 og lengur hafa utanrrh. Norðurlandanna haft með sér reglubundin samráð um hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum, nú síðast á fundi utanrrh. í Reykjavík í september s. l.

Í umr. í norska stórþinginu í maí á s. l. ári kom fram að bæði stjórnarflokkarnir sem og Verkamannaflokkurinn í stjórnarandstöðu telja að samningsbundið einangrað kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum sé óraunhæft.

Í nýrri skýrslu um dönsk öryggismál á níunda áratugnum, svo kallaðri Dyvik-skýrslu, segir að ráðunautar dönsku ríkisstj. í afvopnunarmálum hafi eftir heimsóknir til höfuðborga Norðurlandanna komist að þeirri niðurstöðu að Norðurlöndin séu nú ósammála í afstöðunni til hugmyndarinnar um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Sagt er þar að þau líti ekki öll á það sem nauðsyn að samningur um slíkt svæði verði hluti af umfangsmeiri aðgerðum á sviði afvopnunar í Evrópu.

Hér mun átt við Finnland og Svíþjóð sem telja að samningsbundið einangrað svæði á Norðurlöndum án kjarnavopna mundi verða aðgerð til að skapa traust og að önnur ríki mundu líkja eftir. En getum við byggt öryggi okkar á slíkri trú? Þær forsendur, sem aukaallsherjarþingið kvað nauðsynlegar fyrir kjarnavopnalausum svæðum, vantar nú á Norðurlöndum.

Í skýrslu norska utanrrh. til stórþingsins í desember s. l. sagði hann m. a.: „Allir samningar varðandi takmarkanir á kjarnavopnum verða fyrst og fremst að vera á vegum stærstu kjarnaveldanna tveggja. Ekkert samkomulag um þess háttar vopn í okkar heimshluta er mögulegt án samþykkis Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Noregur er kjarnavopnalaust ríki. Það er hins vegar engin ástæða fyrir okkur að ganga til samninga varðandi það atriði nema þá sem hluta af umfangsmiklu afvopnunarsamkomulagi milli austurs og vesturs. Slíkt samkomulag verður að hafa að geyma eftirgjöf Sovétríkjanna sem hægt er að sannreyna, orð ein sér nægja ekki."

Það er rétt að nefna það þegar þessi mál ber á góma að ýmsir herfræðingar og jafnvel áhrifamenn í stjórnmálum hafa varpað fram þeim hugmyndum að mögulegt væri að heyja takmarkað kjarnavopnastríð. Slíkum hugleiðingum hefur verið mætt með skelfingu og bent á að áhrif fyrstu kjarnavopnaárásar muni leiða fimbulvetur yfir allt mannkyn. Er ekki skiljanleg óskhyggja um vernd íbúa kjarnavopnalausra svæða álíka óraunsæ og ímyndunin um takmarkað kjarnorkuvopnastríð. Ef kjarnavopnum verður beitt er öll heimsbyggðin ofurseld þeim án tillits til landamæra. Ef til slíkrar heimsstyrjaldar kemur verða orð og eiðar sennilega lítils virði.

Meginmarkmiðið hlýtur því að vera það, sem vakir fyrir þjóðum Atlantshafsbandalagsins, að koma í veg fyrir að stríð brjótist út, hvort heldur er stríð hefðbundinna vopna hvað þá heldur kjarnorkuvopnastríð. Samningur um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum yrði að vera þáttur í þeirri viðleitni, hluti umfangsmikilla gagnkvæmra aðgerða austurs og vesturs á afvopnunarsviðinu í Evrópu sem miðuðu að kjarnorkuvopnalausri álfu. Norrænt kjarnavopnalaust svæði yrði að vera liður í afvopnunarviðræðum stórveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem bæru ábyrgð á að samkomulag um svæðið yrði virt. Í því fælist jafnframt raunhæft og óhindrað eftirlit með því að samkomulag verði haldið í framkvæmd.

Af því hér var vitnað til þess fyrr í umr. að yfirlýsingar mínar eða skoðanir að þessu leyti væru frábrugðnar skoðunum forvera míns þykir mér vel fara á því að vitna til ummæla Ólafs heitins Jóhannessonar þegar hann sagði í skýrslu sinni um utanríkismál til Alþingis 1982 eftirfarandi:

„Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni, kjarnavopnalaus Norðurlönd, hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi."

Herra forseti. Ég vildi láta þessi orð falla þegar við fyrri hluta umr. um þessa þáltill. Ég hef áður lýst því

yfir að ég teldi það svo skýra stefnumótun af hálfu íslenskra stjórnvalda, margra ríkisstj. án tillits til þeirra flokka sem að þeim hafa staðið, að á Íslandi væru ekki staðsett kjarnorkuvopn að ég hef talið óþarft að ítreka þá yfirlýsingu. Það er aðeins þörf á því að gefa yfirlýsingu í þessum efnum ef við ætluðum að breyta um stefnu að þessu leyti sem enginn heldur fram. Í því felst sú skoðun sem ég hef hér flutt og raunar endranær þegar þessi mál hafa borið á góma.

Ég vil svo mæla með því eins og flm. að þáltill. þessari verði vísað til utanrmn. og ég vonast til þess að utanrmn. geti verið sammála um að kanna þessi mál, þ. á m. aðild okkar að kjarnavopnalausu svæði á Norðurlöndum og með hvaða skilyrðum sú aðild yrði bundin, eins og aðrar leiðir hvað snertir þátt okkar Íslendinga til þess að stuðla að afvopnun í heiminum og friðvænlegri horfum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú till. sem hér er til umr. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum er vissulega afar mikilvæg, málið sem þar er um fjallað, en ég tek undir það, sem hér hefur komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að ákveðnir þættir sem snerta þessa till., orðalag hennar og túlkun eins og hún kom fram hjá 1. flm., hv. þm. Páli Péturssyni, þarfnast ítarlegri skýringa. Ég vænti þess að þær komi fram af hálfu 1. flm. áður en þessari umr. lýkur, hvort einhver tvímæli eru um að markmiðið með þessari till. sé að lýsa yfir þeirri stefnu ákveðið og afdráttarlaust að á Íslandi skuli ekki staðsetja kjarnorkuvopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum.

Við tókum eftir því þegar við hlýddum á hæstv. utanrrh. að hann vék sér undan því að svara því sem til hans var beint í sambandi við þessi efni, taka af tvímælin varðandi yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda í þessum efnum, misvísandi yfirlýsingar sem fram hafa komið um þessi atriði, m. a. í hans máli og hins vegar hjá hæstv. forsrh. í sambandi við staðsetningu kjarnorkuvopna á íslenskri grund eða á íslensku yfirráðasvæði. Það hlýtur að vera meginmarkmið í sambandi við umr. um þessi efni hér á hv. Alþingi að fá úr því skorið hver sé vilji þingsins til slíkrar staðsetningar kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Markmiðið með þessum tillöguflutningi er það væntanlega, þar sem svo margir hv. alþm. úr öllum stjórnmálaflokkum hafa sameinast um tillögugerð, að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hver sé vilji þingsins í þessum efnum. Það atriði sem ber á milli, að ég hygg, tillögumanna og hæstv. utanrrh., eins og hann hefur flutt sitt mál í þessum efnum á undanförnum mánuðum, er m. a. spurningin um það hvort opinn skuli standa sá möguleiki að hingað verði flutt kjarnorkuvopn á óvissutímum, neyðartímum eða ófriðartímum, hvernig svo sem menn vilja skilgreina slíkar aðstæður. Það er úr þessum vafa sem Alþingi þarf að skera með þál.

Ég skildi hv. 6. þm. Reykv., Ellert B. Schram, sem er einn af flm. þessarar till., á þann hátt áðan að hann væri þeirrar skoðunar að taka þyrfti af tvímæli um þetta efni og hann vildi leggja þá merkingu í þessa till. að hún fæli í sér að hér á Íslandi skuli ótvírætt ekki staðsetja kjarnorkuvopn, ekki heldur á óvissu- eða ófriðartímum skv. mati Atlantshafsbandalagsins eða annarra aðila.

Ég þarf ekki að fara um þetta efni fleiri orðum í rauninni. Menn eru minnugir þeirra upplýsinga sem fram hafa komið á síðustu mánuðum og birst hafa á síðum bandarískra stórblaða, upplýsinga og umræðna sem fram hafa farið einnig í Kanada, um það atriði að áætlanir hafa verið uppi um langt árabil hjá hernaðaryfirvöldum í Bandaríkjunum og bandarískum stjórnvöldum þess efnis að flytja til Íslands kjarnorkuvopn á ófriðartímum. Það er m. a. í ljósi þessara upplýsinga sem það er knýjandi nauðsyn fyrir Alþingi Íslendinga að taka af tvímæli um þessi efni. Hér er um slíkt stórmál að ræða að ekkert getur verið brýnna en að taka af tvímæli um alla óvissu sem vera kann í þessum efnum. Ég er í raun ekki í vafa um að meiri hluti alþm. og kannske yfirgnæfandi meiri hluti er því andvígur að til greina komi að staðsetja kjarnorkuvopn á Íslandi, flytja kjarnorkuvopn til landsins, hvort sem er á friðar- eða ófriðartímum.

Ég vænti þess að þessi till. fái, eins og hér var nefnt af hv. 1. flm., skjóta meðferð í utanrmn. og síðan skeri þingið úr um vilja okkar í þessum efnum og þar með þeim hætti að enginn vafi leiki á einnig varðandi orðalag og túlkun, hver sé vilji þingsins.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég held að sú umr., sem hér hefur farið fram, hafi þegar sannað það sem ég sagði áðan. Það er svo óljóst hvað ábyrgir aðilar, eins og ráðh. í ríkisstjórn landsins, segja um þessi efni að það stuðlar frekar að því að flækja svörin við spurningunni hver sé stefna Íslendinga í þessum málum.

Ég get nánast verið alveg sammála þeirri túlkun sem hér kom fram hjá hv. þm. Ellert B. Schram og ég er sannfærður um að mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að Íslendingar, sem eru vopnlaus þjóð sem ekki hefur her og ætlar sér ekki að hafa hann, eigi ekki að taka þátt í kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupinu með því að leyfa kjarnorkusprengjur í landinu. Við eigum tvímælalaust að marka okkur þá stefnu að við ætlum ekki að leyfa kjarnorkuvopn. Það eru nú þegar til nægilegar birgðir af kjarnorkuvopnum til að útrýma öllu mannkyni mörgum, mörgum sinnum. Hæstv. utanrrh. vék að því áðan að jafnvel þótt lítill hluti af þeim birgðum væri notaður mundi það leiða til fimbulveturs sem útrýma mundi öllu lífi. Þess vegna sé ég ekki að það séu nein efnisleg rök fyrir því að bæta þurfi Íslandi í hóp þeirra landa sem bjóða upp á þann möguleika að geyma þessi vopn.

Það var hins vegar athyglisvert að hæstv. utanrrh. fór ekki hér úr ræðustólnum áðan með þá „formúleringu“ á stefnu sinni sem hann hefur þó oft áður gert, nú síðast fyrir nokkrum vikum hvað eftir annað. Þá sagði hæstv. utanrrh. opinberlega að það væri stefna íslenskra stjórnvalda að hér væru ekki kjarnorkuvopn nema íslensk stjórnvöld samþykktu staðsetningu þeirra. Ég spurði hæstv. utanrrh. að því mjög einfaldlega áðan hvort þetta væri ekki réttur skilningur á stefnu hans og þar með ríkisstj., þar sem hann fer með embætti utanrrh., vegna þess að hæst. forsh. hefur nokkuð oft lýst yfir öðru.

Mér er einnig ljóst að fyrirrennari hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, lýsti nokkuð oft sömu stefnu og hæstv. utanrrh. hefur lýst utan þings, þessari „nema“-stefnu ef það má einkenna hana svo. Mér er það fyllilega ljóst. Það eru engin ný tíðindi, hæstv. utanrrh. Munurinn er hins vegar sá að Ólafur Jóhannesson sagði líka nokkuð oft að stefnan væri að á Íslandi yrðu ekki

kjarnorkuvopn. Eins og ég sagði áðan var hann með báðar þessar túlkanir uppi nokkuð til skiptis og hægt að finna þeim báðum stað í hans yfirlýsingum. Að því leyti hefur núv. hæstv. utanrrh. verið meira samkvæmur því sem hann hefur lýst utan þings. Ég vil þess vegna ítreka þá spurningu hvers vegna hann kaus ekki að endurtaka það úr ræðustólnum að það væri hans stefna, og þá væntanlega ríkisstj. einnig, að hér væru ekki staðsett kjarnorkuvopn nema til kæmi leyfi íslenskra stjórnvalda.

Ráðh. kaus hins vegar að lesa upp texta, sem hann hafði meðferðis í ræðustólinn og er greinilega frá einhverjum öðrum vettvangi og ekki skal það gagnrýnt, þar sem ítarlega var reynt að draga úr, rýra og beinlínis andmæla stefnunni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og þar sem hæstv. ráðh. lýsti því sem sinni niðurstöðu að Norðurlönd ættu ekki að vera kjarnorkuvopnalaust svæði nema það væri liður í samningum Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna, það væru í raun og veru Bandaríkin og Sovétríkin sem ættu að ákveða hvort Norðurlönd og þar með talið Ísland væru kjarnorkuvopnalaust svæði eða ekki.

Mér finnst hæstv. utanrrh. veita Sovétríkjunum ærið mikið forræðisvald yfir íslenskum málum þegar hann setur það fram í skrifuðum texta, sem hann les upp í ræðustólnum, að það eigi ekki að lýsa því yfir að Norðurlöndin og þar með talið Ísland séu kjarnorkuvopnalaust svæði nema Sovétmenn séu reiðubúnir að semja um það í samningum við Bandaríkin og öfugt, Bandaríkin við Sovétríkin. Þar með er búið að lýsa því yfir að það sé ekki Alþingi Íslendinga eða íslensk stjórnvöld sem eigi að taka ákvörðun um hvort Ísland eigi að vera án kjarnorkuvopnanna, heldur séu það risaveldin tvö sem eigi að semja um það sín á milli. Ég er sannfærður um að þessi stefna, sem hæstv. utanrrh. lýsti svo skýrt í hinum skrifaða texta sem hann las upp og var þess vegna greinilega engin tilviljun eða mismæli, á engan hljómgrunn meðal mikils meiri hluta íslensku þjóðarinnar. Ef íslenska þjóðin væri spurð að því hvort hún ætti að ákveða sjálf hvort hér ættu að vera kjarnorkuvopn í nútíð eða framtíð eða hvort ætti að fela Bandaríkjamönnum og Sovétríkjunum að semja um það, þá er ég alveg sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar og yfirgnæfandi meiri hluti af kjósendum Sjálfstfl. þar með talinn, ég tala nú ekki um Framsfl., væri á þeirri skoðun að við ættum að ákveða það sjálf. Þessi stefna, að afhenda Sovétríkjunum og einnig Bandaríkjunum forræði yfir þessum málum okkar Íslendinga, er hættuleg stefna.

Ég held að það fari ekkert á milli mála, og mér þykir leitt ef einhverjir flm. þessarar till. telja að það skemmi kannske fyrir framgangi hennar í þinginu, að það hefur verið óhjákvæmilegt að draga fram þennan stefnumismun sem hér er uppi. Ég þekki hæstv. utanrrh. það vel og starfaði með honum lengi í utanrmn. að ég er nokkurn veginn alveg sannfærður um að hann mun aldrei láta þann texta sem í þessari till. er nú ganga óbreyttan í gegnum utanrmn. og verða samþykktan hér á Alþingi. Þess vegna væri fróðlegt ef hæstv. utanrrh. vildi svara því hér og nú hvort hann er reiðubúinn, eins og hv. þm. Ellert B. Schram og aðrir þm., að styðja að því að þessi till. verði samþykkt óbreytt eða ef hann vill gera á henni breytingar, hverjar eru þá þær breytingar.

Ástæða þess að ég dreg þetta hér fram er sú að mér finnst hættulegt í umræðum um utanríkismál að ábyrgir aðilar í landinu, ráðh. og þm., haldi svo óljóst á málum að almenningur getur ekki skilið hvað átt er við og það sé hlaupandi frá einu tímabili til annars hvað talið er vera hin ríkjandi stefna eða hvað menn eru nákvæmlega að segja. Það þjónar ekki tilgangi að nota slíkar almennar yfirlýsingar um jafnveigamikið mál og kjarnorkuvopnalaus svæði og kjarnorkuvopn almennt að almenningur lesi út úr því allt aðra túlkun en er ætlunn þess sem hana setur fram.

Ég ætla að taka annað dæmi til að sýna fram á þennan ruglanda í umræðunum, ruglanda sem ýmsir, eins og t. d. núv. hæstv. utanrrh. og fleiri, hafa stuðlað að að hér ríkti. Hann felst í því að það er endurtekið hvað eftir annað að Norðurlönd séu kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er t. d. fullyrðing sem hæstv. utanrrh. hefur sett fram hvað eftir annað. Hlustendum er ætlað að lesa út úr þessum orðum þá merkingu að þar með sé öll umræðan um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum eiginlega alveg óþörf vegna þess að Norðurlönd séu nú þegar kjarnorkuvopnalaust svæði, þar séu engin kjarnorkuvopn, það vita allir og málið sé svo einfalt. Þetta hafa ýmsir ráðherrar sagt, bæði í núv. og fyrrv. ríkisstj., m. a. s. ríkisstj. sem ég studdi á sínum tíma. M. ö. o.: þjóðinni er gefið það til kynna að það sé enginn munur á þeim landssvæðum þar sem kjarnorkuvopn eru ekki staðsett þá og þá stundina og því sem í alþjóðlegri umræðu eru kölluð kjarnorkuvopnalaus svæði á lögformlegan og stjórnskipulegan hátt, sem er allt annað en samansafn þeirra landssvæða þar sem kjarnorkuvopn kunna ekki að vera þá og þá stundina. Þetta veit auðvitað hæstv. utanrrh. Engu að síður er það orðalag notað hvað eftir annað sem gefur almenningi til kynna að vegna þess að á Norðurlöndum séu ekki kjarnorkuvopn séu Norðurlönd kjarnorkuvopnalaust svæði. Þau eru það kannske skv. almennri málvitund þegar talað er á þennan hátt, en þau eru það ekki í skilningi hinnar alþjóðlegu, lögformlegu, stjórnskipulegu umræðu um málið. Þegar verið er að tala um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði og þær kröfur eru settar fram t. d. af öllum jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndum, þá er auðvitað verið að tala um það í þeim skilningi að það sé gert með lögformlegum hætti. Það er þess vegna sem hæstv. utanrrh. er á réttara róli í þessum efnum þegar hann áður eyddi löngu máli í að sýna fram á að það mætti ekki gera það með lögformlegum hætti nema Bandaríkjamenn og Sovétmenn semdu um það sín á milli.

Ég ætla að nefna annað dæmi um þennan ruglanda. Það var þegar hæstv. utanrrh. í ræðu sinni áðan notaði það sem röksemd fyrir því að ekki væri ætlunin að taka kjarnorkuvopn til Íslands að Íslendingar og aðrar Norðurlandaþjóðir væru aðilar að samningum um takmörkun og útbreiðslu kjarnorkuvopna. Þetta voru rök sem hæstv. utanrrh. nefndi máli sínu til stuðnings um það að Norðurlönd væru kjarnorkuvopnalaust svæði vegna þess, eins og hann orðaði það, að þau ætluðu ekki að taka þátt í dreifingu kjarnorkuvopna. En eins og hæstv. utanrrh. veit mætavel fjallar þessi samningur alls ekki um þetta atriði. Það er einmitt eitt af kjarnaatriðunum sem eru undanskilin í þessum samningi að lönd geta leyft kjarnorkuveldunum að flytja kjarnorkuvopn þeirra inn til sín. Eina skuldbindingin sem

Norðurlöndin hafa undirritað í NPT-samningnum er að þau ætla ekki sjálf að búa til kjarnorkuvopn, ekki framleiða kjarnorkuvopn. En það er engin skuldbinding í þessum samningi um að lönd ætli sér ekki að taka við kjarnorkuvopnum frá einhverjum öðrum ríkjum og það er m. a. s., eins og ég sagði áðan, eitt af kjarnaatriðum þess að það tókst að gera þennan samning á sínum tíma hvað kjarnorkuveldin snertir. Það er m. a. ein ástæðan fyrir því að ríki eins og Belgía og Holland, sem eru jafnmiklir stuðningsmenn NPT-samningsins og Norðurlönd, eru að taka kjarnorkuvopn inn til sín, svo að ekki sé nú minnst á Vestur-Þýskaland þar sem úir og grúir af kjarnorkuvopnum út um allt, en er líka mikið stuðningsríki NPT-samningsins. Þetta er annað dæmi um þann ruglanda sem hafður er uppi í því skyni að túlka umræðurnar þannig gagnvart almenningi í landinu að hún dreifist út um víðan völl, menn komist hjá því að þurfa að taka á kjarna málsins. Auðvitað veit hæstv. utanrrh. þetta allt saman. Auðvitað veit hann að NPT-samningurinn fjallar ekki um þetta atriði.

Ég ætla að nefna þriðja atriðið, sem stundum er notað í þessum umr. og hæstv. utanrrh. nefndi hérna einnig, og það er hugtakið um „norrænt jafnvægi" sem talið er mjög jákvætt fyrirbæri, nánast liður í norrænu samstarfi, og okkur öllum til góðs eins og hæstv. utanrrh. nefndi áðan. Ég get vel skilið hvers vegna Svíar eru hrifnir af hugtakinu „norrænt jafnvægi". Það felur í sér að hlutleysisstefna Svíanna er styrkt með því að Noregur, Danmörk og Ísland séu í NATO. Svíþjóð fær þannig visst skjól af því að hafa þrjú Norðurlandanna innan Atlantshafsbandalagsins. Ég get líka skilið hvers vegna Norðmenn og Danir hampa þessu hugtaki. Það felur í sér að Íslendingar hafi bandarískar herstöðvar, en Noregur og Danmörk þurfi ekki á því að halda og muni ekki gera það. Norðmenn geta skipulagt sína hernaðarstefnu í krafti þess að Íslendingar taki að sér að hafa bandarískan her, en Norðmenn þurfi ekki að gera það. En ég hef satt að segja aldrei getað skilið hvers vegna íslenskir ráðamenn telja íslenskri öryggisstefnu hag af þessu hugtaki, „norrænt jafnvægi", vegna þess að það er alveg ljóst að út frá því eru það Íslendingar sem taka á sig langmestu áhættuna. Þeir taka að sér þá áhættu að hafa erlendar herstöðvar sem ekkert hinna Norðurlandanna hefur verið reiðubúið til að gera. Þeir taka að sér að standa í eilífri togstreitu við Bandaríkin um hvers konar vígbúnaði þeir vilji koma fyrir hér sem bæði Noregur og Danmörk sleppa við. Ég hef reyndar alltaf verið þeirrar skoðunar að þetta norræna jafnvægishugtak í öryggismálum væri einhver hættulegasta uppfinning út frá sjónarmiðum Íslendinga og gildir þá jafnt hvort menn eru NATO-sinnar eða herstöðvarsinnar eða andstæðingar hersins eða NATO hér á landi. Þetta er hins vegar mjög sniðugt hugtak fyrir Svía sérstaklega og einnig Norðmenn og Dani, og ætla ég þó ekki að fara að blanda mér í umræðurnar hér á landi um Noreg og Ísland að öðru leyti.

Herra forseti. Það var ýmislegt fleira í ræðu hæstv. utanrrh. sem eykur á þennan ruglanda. Hæstv. utanrrh. sagði m. a.: Við Íslendingar viljum ekki að kjarnorkuvopn séu notuð á hafsvæðum eða miðunum í kringum land okkar — eitthvað á þá leið. Efnislega var það svona þó að ég muni ekki orðin alveg nákvæmlega. Þetta er góð yfirlýsing og út af fyrir sig, ef ég íhuga hana, er ég alveg sammála henni. Ég held að hún sé alveg rétt lýsing á afstöðu Íslendinga. En þá spyr ég: Ef þetta er stefna hæstv. utanrrh., að Íslendingar séu á móti því að kjarnorkuvopn séu á hafsvæðinu kringum landið, hvers vegna er þá hæstv. utanrrh. ekki reiðubúinn að taka höndum saman við okkur hin í því að banna siglingar kjarnorkukafbáta um íslenska 200 mílna efnahagslögsögu? Það sigla kjarnorkukafbátar fram og aftur um efnahagslögsögu okkar, sovéskir kjarnorkukafbátar, bandarískir, breskir. Hæstv. utanrrh. hefur aldrei verið reiðubúinn að gera neina aths. við það. Meira að segja er hann að stuðla að því að hér sé aukinn aðbúnaður í landinu til að geta fylgst með siglingum þessara kjarnorkukafbáta. Hann telur það vera eina af meginástæðunum fyrir gildi herstöðvarinnar hér að hún geti veitt mjög nákvæmar upplýsingar um siglingar þessara kjarnorkukafbáta. Hæstv. utanrrh. hefur ekki heldur verið reiðubúinn að lýsa því yfir að Íslendingar ættu að neita algerlega að taka við þessum 48 kjarnorkudjúpsprengjum sem voru í áætluninni sem smíðuð var innan Pentagon, heldur hefur hann sagt að það þurfi að vera háð samþykki íslenskra stjórnvalda. M. ö. o.: því er haldið opnu á margvíslegan hátt að í hafinu í kringum Ísland séu kjarnorkukafbátar af margvíslegu tagi. Við tökum jákvætt á siglingu þeirra að því leyti að við viðurkennum að þeir þurfi að sigla þarna um, það þurfi bara að hafa eftirlit með því hvar þeir séu og hvernig þeir sigla og við leggjum land okkar undir að þetta eftirlit sé framkvæmt. En að banna siglingarnar sjálfar kemur alls ekki til greina. Með þeirri stefnu erum við að lögfesta að leyfa siglingar kjarnorkuvopnatækja um fiskveiðilögsögu okkar með reglubundnum hætti.

Það væri mjög gagnlegt ef umræðurnar um þessa till., sem hér hefur verið flutt, gætu orðið til þess að hér færu fram umræður um hvað menn geta náð saman um, þær færu fram af hreinskilni og reynt yrði að ná fram stefnumótun sem væri marktæk og hefði skýra merkingu, en væri ekki áframhaldandi liður í því að fela það fyrir almenningi í landinu um hvað þessi umræða snýst.

Herra forseti. Ég er ósammála þeirri stefnu hæstv. utanrrh. að Bandaríkjamenn og Sovétmenn eigi að semja um hvort Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði eða ekki. Ég er andvígur þeirri stefnu. Það er hættuleg stefna. Íslendingar eiga sjálfir að ákveða hvort hér eru kjarnorkuvopn eða ekki. Það á að vera alfarið og eingöngu á valdi Alþingis og ríkisstj. að móta þá stefnu sem gildir gagnvart staðsetningu kjarnorkuvopna á Íslandi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal vakin athygli á því að nú er nokkuð liðið á fundartíma. Það hefur verið gert ráð fyrir að á þessum fundi verði framhald utandagskrárumr. um kaupgjaldsmál kennara. Það er í raun og veru ekki hægt að fresta framhaldi þeirrar umr. lengur en til þessa fundar. Þess vegna verður þeirri umr. að ljúka á þessum fundi. Það er ekki heldur góður kostur að fresta umr. þeim sem nú standa yfir og þess vegna verður þess freistað að halda þeim áfram í trausti þess að þeim geti lokið von bráðar.

Hér er ekki verið að takmarka umr., heldur vekja athygli á stöðu mála þannig að hv. þm. geti gert það upp við sjálfa sig hvort þeir vilji gera þessa málsmeðferð mögulega á þessum fundi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal verða við því að stytta mál mitt mjög, enda hafði ég ekki haft í hyggju að taka hér til máls. Ég tel að ég hafi þegar gert það í þessu máli. En ég er öldungis tilneydd að vekja hér athygli á að þessar umr. voru með öllu óþarfar. Þeim, sem ekki hafa setið hér á þingi og ekki vita en hafa gefið í skyn að flm. þessarar till. hafi ekki gert sér ljósa vankanta hennar, skal þetta sagt:

Allir þeir — og þ. á m. sá sem hér stendur — vissu fullvel hvernig till. sú, sem hér var talað fyrir áðan, var orðuð. Þetta er samkomulagstill. allra stjórnmálaflokkanna. Þetta er ekki till. Alþb. Þessi till., sem hv. þm. Páll Pétursson er 1. flm. að, er um tvennt: að ekki verði staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar, sem slík vopn geta borið, hér á landi og að kosin verði sjö manna nefnd er kanni hugsanlega þátttöku Íslands í umr. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Undir slíka till. skrifa ég með glöðu geði og ég vissi mjög vel um hvað hún var. Það geri ég venjulega þegar ég skrifa undir mál. Allar aðdróttanir um að okkur hafi ekki verið sjálfrátt, m. a. þm. Alþb., eru því algerar getgátur og ósannindi.

Hins vegar flutti þm. Alþb., einnig sá er hér stendur, aðra till. og um hana fór fram hér fyrr í vetur umr. sú sem nú var haldið áfram hér út af allt annarri till. Sú till. er till. Alþb., Framsfl., BJ og SK. Á henni eru ekki fulltrúar Alþfl. né heldur fulltrúar Sjálfstfl. og þarf engum á óvart að koma. Ég held að ég hljóti til upplýsingar, m. a. fyrir ræðumenn og þm. Alþb., að fá að lesa hana hér, með leyfi forseta, ef menn hafa gleymt um hvað hún snýst. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf um bann við geymslu og notkun á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi, jafnt á tímum friðar sem ófriðar. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði. Í samræmi við ófrávíkjanlega yfirlýsingu Alþingis um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á Íslandi verða aldrei staðsettar í landinu hersveitir sem sérþjálfaðar eru í meðferð kjarnorkuvopna né heldur neinum þeim búnaði fyrir komið sem nauðsynlegur er fyrir notkun þeirra. Kveðið verði sérstaklega á um að eftirlit af Íslands hálfu með framkvæmd laganna verði tryggt."

Þetta hlýt ég að upplýsa vegna þess að það var auglýst eftir öllum þessum atriðum áðan. Þau eru hér í þessari till. sem liggur fyrir hv. utanrmn. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson situr í og hefur alla aðstöðu til að styðja. Jafnframt vil ég biðja hann að styðja einnig till. þá sem hv. þm. Páll Pétursson stendur að þó að okkur Alþb.-mönnum þyki hún að sjálfsögðu ganga of skammt. Hins vegar ber að fagna henni því að samþykkt hennar, nái hin ekki fram að ganga, væri stórkostlegur áfangi í íslenskum stjórnmálum. Við hæstv. utanrrh. áttum hér mikið málþing um till. sem ég mælti fyrir og það er því alger óþarfi að tefja hér umr. um málefni kennara með endurtekningu á þeirri umr. Hins vegar minnist ég þess ekki að flokksbræður mínir, utan e. t. v. hv. þm. Steingrímur Sigfússon, hafi verið í salnum þegar það málþing fór fram. En því er lokið og málið er nú í hv. utanrmn. Við skulum snúa okkur að því að fagna þeirri till. sem hér hefur verið talað fyrir. Hún er um sama málið þótt hún gangi skemmra. Ruglingur og ruglandaháttur hefur verið orðaður hér. Ég veit ekki hver er að rugla hér.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er fleirum en mér auðheyrilega sem blöskrar þrætubókarlist hv. 3. þm. Reykv. Hann gerði lítið annað í sínum ræðuflutningi hér en að drepa málum á dreif og gera orð manna upp eins og þegar hann var að vitna til yfirlýsinga minna í sambandi við geymslu kjarnorkuvopna á Íslandi. Það var þetta „nema" sem hann hengdi hatt sinn á í yfirlýsingum mínum.

Ég vil taka það fram að ég var þá að tala um þá staðhæfingu að hingað hefðu verið flutt kjarnavopn eða heimild gefin til þess að flytja hingað kjarnavopn. Ég sagði að það hefði ekki verið gert og mundi ekki vera gert nema með leyfi íslenskra stjórnvalda vegna þess að Bandaríkjamenn væru samningslega skuldbundnir að leita leyfis íslenskra stjórnvalda og því yrðu ekki geymd kjarnavopn á Íslandi nema með leyfi íslenskra stjórnvalda. Það breytir ekki því að það er stefna íslenskra stjórnvalda að geyma hér ekki kjarnavopn og það er áreiðanlega stefna meginhluta þjóðarinnar og Alþingis. En bæði Alþingi, ríkisstj. eða það stjórnvald, sem á hverjum tíma tekur ákvarðanir fyrir landsins hönd, eru til þess bær að taka þær ákvarðanir sem stjórnarskráin heimilar og breyta þeim.

Þá hengdi hv. 3. þm. Reykv. hatt sinn á það að ég væri á móti einhliða yfirlýsingu um kjarnavopnalaus Norðurlönd en vildi afhenda forræði þessara mála til Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Hvílík fjarstæða. Það sem ber á milli okkar er annars vegar það að ég segi að einhliða yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd breyti engu frá ríkjandi ástandi og sé engin bót eða betrun í afvopnunarmálum heimsins eða friðarhorfum almennt. Það sem ég vil fá fram í umræðunni um kjarnavopnalaus Norðurlönd er einhvers konar skuldbinding um að önnur aðliggjandi landsvæði séu einnig gerð kjarnavopnalaus, að kjarnavopnum verði fækkað í heiminum, að kjarnavopn verði ekki flutt á haf út. Þessa skuldbindingu fáum við ekki með einhliða yfirlýsingu sem bætir ekkert við ríkjandi ástand eða bætir það að engu leyti. Þessa skuldbindingu og þessa þróun í afvopnunarmálum fáum við eingöngu með því að kjarnorkuveldin sjálf séu aðilar í afvopnun heimsins. Og hver er sá græningi hér í þessum sal að álíta það að það hafi nokkurn hlut að segja að lýsa Norðurlönd kjarnavopnalaus ef því fylgir ekki samsvarandi skuldbindingar af hálfu þeirra stórvelda sem ráða yfir aðliggjandi svæðum? Hver ætlar að blekkja sjálfan sig og þjóðina í heild að henni stafi ekki ógn af kjarnavopnum með þvílíkri einhliða yfirlýsingu? Nei, annað og meira verður að koma til og það er þetta sem skilur á milli skoðana okkar hv. 3. þm. Reykv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég er nú einn af flm. þessarar till. og ætlaði mér raunar ekki að blanda mér í þessar umr. En hafandi hlýtt á ræðu hv. 3. þm. Reykv. get ég ekki orða bundist. Ég hélt satt að segja að það væri liðin tíð, en sú tíð er greinilega runnin upp að nýju, að menn kæmu hér í þennan ræðustól með jafnlítilfjörlega og með jafn — ég vil leyfa mér að segja — fávíslega útúrsnúninga og hv. þm. leyfði sér að viðhafa hér í sinni ræðu.

Hér er um að ræða till. sem felur í sér tvö meginatriði, í fyrsta lagi að árétta þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn né eldflaugar sem slík vopn geta borið og í öðru lagi að kjósa sjö manna nefnd er kanni hugsanlega þátttöku Íslands í

umr. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Ég gerðist meðflm. að þessari till. vegna þess að ég vil að þessi mál séu könnuð með opnum huga og þetta sé athugað fordómalaust. Ég er þeirrar skoðunar að einhliða yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaust Ísland eða kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd hafi nákvæmlega ekkert gildi vegna þess að forsenda þess að slík yfirlýsing hafi gildi er að mínum dómi sú að þetta sé hluti af stærra svæði. Í öðru lagi verður slíkt kjarnorkuvopnalaust svæði að njóta þeirrar tryggingar að öruggt sé að stórveldin virði það. Það held ég að sé meginforsenda málsins. Með því erum við ekki eins og hv. þm. tönnlaðist hér á hvað eftir annað að afhenda Bandaríkjunum og Sovétríkjunum ákvörðunarvald í þessum efnum. Þetta kalla ég ómerkilega útúrsnúninga.

Við getum lýst því yfir eins oft og við viljum og með eins sterkum orðum og við viljum að Ísland og íslensk yfirráðasvæði skuli vera kjarnorkuvopnalaus. En hvaða tryggingu höfum við fyrir því að stórveldin fari ekki hér upp undir kálgarða og upp í kálgarða, eins og Sovétríkin gerðu nú í Svíþjóð og frægt er á sinni tíð, með kjarnorkuvopnaða kafbáta? Við höfum enga tryggingu fyrir því. Þess vegna er það mergurinn málsins að kjarnorkuveldin skuldbindi sig til að virða slíkt samkomulag.

Ég get ekki ímyndað mér að það þurfi að fara um þetta mörgum orðum. Ég hélt að þetta væri tiltölulega einfalt mál sem öllum væri ljóst. Það greiðir ekki fyrir samkomulagi í þessum efnum og það greiðir ekki fyrir framgangi þessa máls og samstöðu um það, sem allir vilja í þessum efnum, ef haft er uppi friðarspillandi tal eins og hér hefur verið haft með þeim útúrsnúningum sem ég hef áður rakið. Hvers vegna reyna menn ekki að sameinast um það sem er kjarni málsins í stað þess að hlaupa út og suður með ómerkilega útúrsnúninga? Mér finnst það vera meginatriði þessa máls að við tökum þátt í þessum umr. með opnum huga og könnum hvaða möguleikar eru á því að ná raunhæfum árangri í viðleitninni til að fara niður þennan vígbúnaðarkapphlaupsstiga sem menn eru að hlaupa upp og hafa verið að hlaupa upp. Er það ekki það sem við erum að reyna? Málflutningur af því tagi sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson viðhafði hér áðan greiðir ekki fyrir og hann eykur ekki á þann frið sem ætti að vera um þetta mál.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka það sem hefur verið viturlega og hófsamlega sagt hér í þessari umr. Ég lagði áherslu á það í upphafi í framsöguræðu minni að þessu máli vildi ég halda utan við flokkapólitík. Ég taldi málið það mikilvægt að menn gætu ekki leyft sér að vera að reyna að ota sínum flokkspólitíska tota í flutningi þess eða í umr. Till. er sett fram með þeim hætti, eins og hér hefur komið fram hjá ágætum meðflm. mínum, til þess að reyna að sameina þingheim um að taka skref í rétta átt.

Þessi till. var ekki flutt til þess að reyna að sanna það að Páll Pétursson væri friðarengill blíður eða aðrir meðflm. hans, kannske aldeilis blíðastir allra. Hún er sett fram til þess að reyna að vinna mikilvægu máli, kannske einu því allra mikilvægasta, gagn. Þess vegna tel ég að innlegg hv. 3. þm. Reykv. Ólafs Ragnars Grímssonar hafi verið málinu til óþurftar. Till. er skýrt orðuð og lögð áhersla á það sem ég hélt að menn gætu sameinast um. Það er illt verk að reyna að sprengja upp þá samstöðu og það er undarleg andskotans árátta að reyna alltaf að finna eitthvað sem menn geta verið ósammála um, gera mönnum upp skoðanir og leggja svo út af skoðunum sem þeir eru búnir að ímynda sér að aðrir hafi. Ég held að það sé heppilegt að — (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur einbeitt sér undanfarið að því að vinna að friðarmálum um víða veröld. Ég held að það sé heppilegt upp á friðinn hér heima að hann sé úti að passa heimsfriðinn.

Varðandi orð hæstv. utanrrh. áðan vil ég taka fram svo það valdi engum misskilningi að í þessari till. er ekki verið að taka neina afstöðu til breytingar á afstöðunni til NATO, það felst ekki í þessari till. Það sem í þessari till. felst er fyrst og fremst frysting á núverandi ástandi. Kjarnorkuvopn eru ekki til staðar á Norðurlöndum. Það að vinna í þessum farvegi gæti orðið upphaf að öðru og meira og þarf að verða upphaf að öðru og stærra svæði, en það þarf auðvitað meira til að koma. Þessi umr. er ekki sett fram til höfuðs NATO, þessi umr. hlýtur að gerast með vitund NATO. Það er ekki verið að ákveða einu sinni í þessari till. — og ég undirstrika það æ og aftur — að við eigum að gerast aðilar að þessu kjarnorkuvopnalausa svæði eða með einhliða yfirlýsingu gerast þátttakendur í því. Annar liður till. fjallar um það að kjósa nefnd til þess að fylgjast með umr. þannig að hægt sé á grundvelli þeirrar athugunar og þeirrar þekkingar sem menn afla sér þar að taka ákvörðun um hvort við verðum með eða ekki.

Herra forseti. Ég get lokið máli mínu. Formaður utanrmn., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur upplýst mig um að hann muni reyna að láta þessar till. fá skjóta meðferð í n. Ákveðið var á fundi utanrmn. í gær að bíða eftir þessari till. áður en aðrar till. um utanríkismál yrðu afgreiddar frá n. Ég vona svo sannarlega að þessi till. verði afgreidd frá n. með jákvæðum hætti og ég vona og treysti því að fulltrúi Alþb. í n. treysti sér líka til að leggja það til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að gera hér örstutta athugasemd. Verði þessi till. samþykkt óbreytt hér á Alþingi, 1. liður hennar látinn standa, þá er ég alveg reiðubúinn að fallast á það að ég kunni að hafa efnt hér til of ítarlegra og kannske óþarfa umræðna eins og ágæt flokkssystir mín sagði hér áðan. Ef það er virkilega þannig að hér sé svona breið samstaða í þinginu, eins og hv. 1. flm. og hv. þm. Eiður Guðnason gáfu hér til kynna í sínum ræðum, um allt orðalag þessarar till. þá ber að fagna því. Ég yrði fyrstur manna til að fagna því. Komi hins vegar í ljós að þessi till. komi úr nefnd þannig breytt að eingöngu standi eftir tillaga um að kjósa nefnd til þess að leggja til á hvern hátt Íslendingar taki þátt í umræðu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, er það staðfesting á því að það sem ég hef reifað hér í umr. hefur fyllilega átt rétt á sér. Við skulum því bíða og sjá hvað gerist þegar till. kemur úr nefnd áður en við fellum dóm um það hvaða ástæður eða ekki hafa verið til þess að reifa þetta mál hér. Auðvitað er fyrsta línan í þessari till. það sem hv. þm. Eiður Guðnason kallaði hér einhliða yfirlýsingu um það að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. (**EG:** Svo sem áður hefur verið yfirlýst.) Já, við skulum þá hafa það þannig og skoða það með hvaða hætti þetta kemur úr nefnd.

En ég vil svo að lokum, og það var aðalerindið mitt hingað, vekja athygli á hinu atriðinu sem ég spurði um í minni ræðu og var ekki síður tilefni til þess að ég stóð upp, hvers vegna undanskilin væri í þessari till. staðsetning flugvéla sem gætu borið slík vopn en eingöngu fjallað um eldflaugar. Rökstuddi ég þá spurningu með því að vísa til þess að í öllum hernaðaráætlunum, sem um þetta landsvæði fjalla, eru það fyrst og fremst flugvélar sem fjallað er um. Þær eru hér. Hvers vegna hafa tillögumenn, bæði flokkssystir mín ágæt og aðrir, undanskilið flugvélarnar í þessari upptalningu? Enginn einasti af þeim flm. sem hér töluðu svaraði þeirri spurningu. Það væri óskandi að þeir sem fordæmdu minn málflutning svo rækilega hér áðan notuðu tækifærið við seinni umr. þessa máls að svara þeirri spurningu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti var að velta fyrir sér hvort það ætti að fresta þessum umræðum með tilliti til þess sem áður hefur verið sagt. Það er ekki verið að takmarka þessar umræður. Það hefur verið lagt í vald þm. sjálfra hvort mögulegt er að ljúka umræðunum eða ekki.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég get svarað hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni strax. Ég geri ráð fyrir að flugvélar hafi ekki verið taldar þarna upp vegna þess að í rauninni geta allar flugvélar borið kjarnorkuvopn og ég held að það hafi ekki verið meining tillögumanna að gera flugvélar útlægar af Íslandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir það að mál þetta er komið hér til framhaldsumræðu utan dagskrár því að svo ríkt sem tilefnið var til að taka á þessu máli á fimmtudaginn var, þeim mun brýnna er það í raun að ræða það hér á hv. Alþingi í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á þeim dögum sem liðnir eru. Ég vænti þess að hæstv. forseti hafi tryggt það að hæstv. menntmrh. sé viðstaddur þessa umr. þar sem til ráðh. var beint fsp. og mál það sem hér er til umr. á fundinum er á hans starfssviði. (**Forseti:** Það skal tekið fram að hæstv. menntmrh. er hér í húsinu og ráðh. var gert viðvart rétt áðan. Við skulum hinkra við og sjá hvort hæstv. menntmrh. kemur ekki í salinn. Ég geri alveg ráð fyrir að það hljóti að verða á hverju augnabliki.) Já, virðulegi forseti, það eru góðar upplýsingar og ég get haldið máli mínu áfram þrátt fyrir stundarfjarveru hæstv. ráðh. Það er ánægjuefni einnig við þessa umr. að sjá að hæstv. fjmrh. er viðstaddur. Honum var mjög tregt tungu að hræra hér á fimmtudaginn var, en nokkuð hefur ræst úr því síðan, að vísu ekki á Alþingi Íslendinga heldur í dagblöðum, þar sem ráðh. hefur svarað fsp. sem til hans var beint og fyrirhugað var að beina til hans og óskað var eftir að hann tæki efnislega afstöðu til hér í umr. á fimmtudaginn var. Ég geri fastlega ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. fallist á að tjá hug sinn til þeirrar deilu sem enn stendur yfir og hefur raunar magnast frá því málin voru rædd hér s. l. fimmtudag. Ég mun því beina til hans fsp. um viðhorf hans til stöðu málsins eins og hún er nú.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að ræða þau svör sem hæstv. ráðh. gáfu hér við umr. s. l. fimmtudag. Hæstv. forsrh. svaraði minni fsp. á þann veg að nú væri það Kjaradómur sem hefði þetta mál með höndum og hann vakti engar vonir um það að málið yrði tekið til meðferðar utan Kjaradóms. Hann hefði hins vegar vænst þess að kennarar hefðu unað yfirlýsingu ríkisstj. og þeirri málsferð að af hálfu ríkisstj. væri málinu vísað til Kjaradóms, en hefði orðið fyrir vonbrigðum með það til þessa.

Hæstv. menntmrh. svaraði einnig á svipaðan hátt fsp. minni um það hvort og þá hvað menntmrn. hygðist gera til þess að fá lausn á yfirstandandi deilu. Ráðh. vísaði einnig til Kjaradóms og fsp. minni um það hvort ráðuneyti hæstv. menntmrh. ætlaði ekkert að hlutast til um málin til að leita lausnar á deilunni utan Kjaradóms var svarað með því að mér mundi ekki takast hér í umr. á Alþingi að reka fleyga á milli hæstv. ráðh. í ríkisstj.

Hæstv. menntmrh. ræddi það nokkuð í sínu máli um daginn að vonir væru bundnar við það af ráðh. hálfu að kennarar mundu á næstu dögum sjá að sér, eins og ráðh. orðaði það efnislega, og snúa aftur til vinnu. Hæstv. ráðh. taldi raunar að þess sæjust þegar merki s. l. fimmtudag að það mundi gerast. En reyndin hefur önnur orðið. Ég rifja það svo aðeins hér upp, til að tengja þessa umr. saman, að varðandi fsp. mína um úrræði af hálfu menntmrn. vísaði hæstv. ráðh. menntamála á það að ráðuneyti hans mundi íhuga ráðningu forfallakennara. Kennurum yrði gefinn ákveðinn frestur til að átta sig og menntmrn. mundi auglýsa eftir forfallakennslu að einhverjum ótilgreindum fresti liðnum.

Í öðru lagi orðaði ráðh. það að lengja þurfi kennslutíma nokkuð, lengja þyrfti skólaárið, og það færi eftir því hversu margir kennarar sneru til starfa á næstu dögum hve mikið þyrfti að gera í þeim efnum.

Í þriðja lagi nefndi ráðh. það sem hugsanlega úrlausn á því neyðarástandi sem ríkir í skólum landsins að draga mætti úr umfangi prófa að vori. Ráðh. taldi að ríkisstj. hefði gert allt í málinu sem hún hefði megnað, og það var ekki að sjá neitt ljós við endann á þeim myrku göngum sem hæstv. ráðh. vísaði inn í í svari sínu. Ríkisstj. kynni þá lausn eina að láta Kjaradóm kveða upp sinn úrskurð og ásaka jafnframt kennara, sem hætt hafa störfum frá 1. mars s. l., um lögbrot á lögbrot ofan og núa þeim því um nasir að þeir væru að grafa undan virðingu kennarastéttarinnar og möguleikum kennara til þess að halda uppi aga í skólum, svo ég nefni efnislega nokkur af fleygum ummælum hæstv. ráðh. úr þessari umr.

Síðan hefur það gerst í þessari deilu að ríkisstj. hefur ekki, svo vitað sé, aðhafst neitt til þess að fá lausn á deilunni. Hins vegar hafa kennarar setið við sinn keip, þeir fjölmörgu kennarar, líklega á þriðja hundrað, sem hættu störfum 1. mars s. l. og hafa ekki snúið til starfa. Aðstandendur nemenda og margir fleiri, sem skólastarfi unna í landinu og hafa stórfelldar áhyggjur af þróun mála, hafa beint tilmælum til ríkisstj. um það að taka þegar upp samninga við kennara til að leysa þessa deilu, þannig að ljúka megi yfirstandandi neyðarástandi í framhaldsskólum landsins.

Þeir skiptu þúsundum, ég hef ekki töluna en hef heyrt nefnt allt að 14000 manns, sem undirritað hafa

gögn sem afhent voru hæstv. forsrh. í morgun með áskorun um þetta efni. Á útifundi, sem Kennarasamband Íslands boðaði til og haldinn var hér utan við Alþingishúsið fyrr í dag, á fundartíma Alþingis, mættu þúsundir kennara sem tóku þar undir kröfur og báru fram kröfur og eðlilegar ásakanir í garð hæstv. ríkisstj. Lesa mátti á kröfuspjöldunum hér utan við húsið á fjórða tímanum í dag orð eins og þessi: „Getuleysi ríkisstj. er sannað.“ „Ragnhildur, þú ert fallin á prófinu.“ „Albert, þú ert fallinn með 4,9.“ „Ekki er skóli án kennara.“ „Heyrðum við rétt?“ stóð einnig þar. „Átti árið 1985 ekki að vera alþjóðaár æskunnar?“ „Skóla nú, ekki í vor.“ „Við viljum ekki styttra páskafrí eða kennslu fram á sumar.“

Þetta voru kröfur fram bornar af kennurum og nemendum sem fylktu sér á fund hér á Austurvelli utan við Alþingishúsið í dag, nokkrar þeirra sem ég skrifaði niður og við mér blöstu.

Svo vitnað sé nú til hæstv. fjmrh., þeirra orða sem fram hafa komið í fjölmiðlum eftir honum höfð og frá hans rn., þá lesum við m. a. í fréttatilkynningu frá fjmrn., sem birt er í Morgunblaðinu í dag, orðrétt, með leyfi forseta:

„Hefur ríkið í því sambandi boðið u. þ. b. 10% hækkun umfram aðra en HÍK krafist allt að 50% hækkunar umfram aðra í formi launaflokkabreytinga eða lækkunar kennsluskyldu úr 26 stundum á viku í rúmlega 18 stundir á viku.“ Og í framhaldi af þessu segir í fréttatilkynningu ráðuneytisins: „Allir hljóta að sjá að lengra er ekki hægt að ganga í þessu efni gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum og hinum almenna vinnumarkaði.“ Og í lokin segir í fréttatilkynningu fjmrn.: „Rétt er að taka fram að í ríkisstj. hefur ekki verið ágreiningur um meðferð málsins.“

Ég hlýt í þessu sambandi að beina máli mínu til hæstv. forsrh. sem hefur haft afskipti af þessari deilu. Er það virkilega svo að ríkisstj. í heild sinni hafi skrifað upp á þá málsmeðferð sem fjmrh. hefur viðhaft og öll er á ábyrgð fjmrh. í þessu máli? Ég vænti þess að skýr svör fáist frá hæstv. forsrh. Hefur hann í hyggju að gera um það tillögur í ríkisstj. að skorið verði úr um þann vafa sem er á þeirri yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf þann 12. mars s. l. og sem kallað hefur verið eftir af kennarasamtökunum, Hinu íslenska kennarafélagi, og talið er að stuðlað gæti að lausn þessarar deilu? Sem kunnugt er hefur fjmrn. og talsmaður þess í samninganefnd sent frá sér allt aðrar túlkanir á þeim grundvelli, sem lagður er fyrir Kjaradóm af hinu íslenska kennarafélagi og talið er af þeim að studdur sé af sérstakri nefnd og könnun sem gerð var á vegum þeirrar nefndar á samanburði á vinnutíma kennara og tekjum aðila utan skólanna á hinum almenna markaði, þ. á m. á skilgreiningunni á dagvinnu og samanburði í því sambandi.

En aðalatriðið gagnvart ríkisstj. í heild og þar með gagnvart hæstv. forsrh. hlýtur að vera það: Er hann reiðubúinn til þess að stuðla að samningum um þetta mál nú og á næstu dögum án þess að á mál þetta reyni í Kjaradómi eða a. m. k. að leitað ferði skjótrar lausnar með bráðabirgðasamkomulagi og yfirlýsingum af hálfu ríkisstj. þannig að Hið íslenska kennarafélag og félagar þess, sem hætt hafa störfum, taki þær gildar og treysti því, jafnframt samkomulagi, að tekið verði tillit til þess af Kjaradómi og sá málflutningur hafður uppi í samræmi við það af ríkisins hálfu í Kjaradómi?

Í fjölmiðlum í dag má lesa yfirlýsingar frá talsmönnum Hins íslenska kennarafélags í þá veru að ríkisstj. hafi lykla til lausnar þessari deilu. En á sama tíma lesum við frá þeim ráðh. sem fara með þessi mál faglega, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega, að ríkisstj. sé komin á leiðarenda í viðleitni sinni til að leysa þessa deilu og muni í málflutningi fyrir Kjaradómi halda til streitu þeim kröfum sem hæstv. fjmrh. lýsir og sendir frá sér í fréttatilkynningu rn. í dag.

Ég rakti hér í máli mínu um daginn með örfáum tölum hvað fælist í því tilboði sem fjmrn. setti fram áður en ríkisstj. vísaði þessari deilu til Kjaradóms, hvað það væri í krónum talið sem fælist í tilboði fjmrn. til kennara, þeirra sem eru að byrja starf sitt. Hvað skyldi það vera metið í krónum? Ætli það skipti tugþúsundum, þessar háu tölur sem fjmrn. er að útmála að fælust í kröfum kennara? Varðandi byrjunarlaunin voru það milli 1700 og 1800 krónur sem átti að bæta kennurum í launum á mánuði. Það var nú allt og sumt sem þar var boðið áður en ríkisstj. vísaði málinu til Kjaradóms.

Menn ræða þessi mál vissulega með tilliti til þeirra launa sem kennarar hér hafa með tilliti til starfsábyrgðar þeirra, með tilliti til aukinna krafna sem til þeirra eru gerðar og með tilliti til launa á hinum almenna markaði. En það er líka eðlilegt að litið sé til þess hvað kennurum er boðið í nágrannalöndum okkar. Ég ætla ekki að fara með margar tölur í því sambandi en læt nægja að nefna hér tölur sem varða samanburð á Íslandi og Danmörku í þessum efnum. Þar kemur fram í upplýsingum, sem Hið íslenska kennarafélag hefur tekið saman og ég hygg að ekki séu vefengdar, að á sama tíma og lægstu laun kennara, byrjunarlaun framhaldsskólakennara hér eru 20 813 kr. þá eru þau í Danmörku u. þ. b. 46 þús. kr. Og á sama tíma og hæstu laun kennara hérlendis fyrir fast samningsbundið starf eru um 29 þús. kr. þá eru þau um 66 þús. kr. í Danmörku.

Vissulega geta fleiri þættir gengið inn í þetta mat en brúttólaunin ein. En þessar tölur segja sína sögu og ég hygg að það breytti ekki miklu þó að tekið væri tillit til vinnutíma í reynd í þessum löndum, né heldur til skattgreiðslna, þó að einhverju kunni það að breyta í samanburðinum.

Litið til næstu nágranna okkar, Færeyinga, þá er þessi munur í raun enn þá meiri en ég hef hér nefnt varðandi Danmörku. En það er ekki von að undirtektirnar við sanngjarnar kröfur kennara séu góðar þegar litið er til þess hvernig upp var lagt í upphafi þings, hvernig umr. fór hér fram í upphafi þings um mat á störfum kennara. Fór þar fyrir hæstv. fjmrh., sá hinn sami og telur að hann hafi nú boðið þeim fyllilega nóg í sínu síðasta tilboði.

Eins og menn muna þá kom það fram í máli hæstv. ráðh. hér í Sþ. þann 11. október s. l. að kennarar á Íslandi ynnu ekki nema u. þ. b. helminginn af árinu. Hann taldi að kennarar væru orðin forréttindastétt í landinu. Og í annarri ræðu, sem hann flutti um þetta mál, taldi hann sig færa rök fyrir því að í raun hefði vinnuskylda þeirra minnkað á undanförnum árum og væri í framhaldsskólum um 26 tímar á viku og í menntaskólum og hliðstæðum skólum 27 kennslustundir, 45 mín. hver. Nú vill svo til að fram hefur farið, á þeim tíma sem liðinn er síðan, sérstök könnun á vinnutíma kennara, unnin að ég hygg með vitund menntmrn. á vegum Bandalags kennarafélaga. Forustu

fyrir þeirri vinnu hafði félagsvísindadeild Háskóla Íslands og dr. Þórólfur Þórlindsson. Meginniðurstaða úr þeirri könnun á vinnuframlagi kennara í framhaldsskólum landsins, þar sem til mats komu 158 kennarar og vinnutími þeirra á grundvelli skýrslna sem þeir skiluðu inn þar að lútandi, var að kennarar í framhaldsskólum landsins vinni að jafnaði um 50 klst. á viku að störfum sínum.

Ég vil í framhaldi af þeim athugasemdum, sem ég hér hef komið á framfæri við það mál sem flutt var af hæstv. ráðh. á fimmtudaginn var, ítreka fsp. mínar. Í fyrsta lagi til hæstv. forsrh: Hvað hyggst ríkisstj. gera í núverandi stöðu til að leysa með skjótum hætti deiluna við Hið íslenska kennarafélag og þann hóp kennara sem sagt hefur starfi sínu lausu? Hvað áformar ríkisstj. að gera í því efni? Hvaða undirtektir fá þær þúsundir sem skiluðu áskorun til forsrn. í morgun um lausn á þessari deilu?

Ég spyr hæstv. menntmrh: Hvert er mat hæstv. ráðh. á þeirri þróun sem orðið hefur síðustu daga frá því að hæstv. ráðh. stóð hér í ræðustóli? Hvað felst í yfirlýsingum hæstv. ráðh., sem lesa má á forsíðu NT í dag, um það að menntmrn. og hæstv. ráðh. hyggist senn veita þeim kennurum, sem ekki hafa sinnt kennslustörfum í marsmánuði, lausn frá störfum. Hvað felst í þeirri yfirlýsingu ráðh.?

Hyggst ráðh. beita slíkum aðgerðum nú og á næstu dögum?

Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það niðurstaða hans enn í dag eftir ríkisstjórnarfund í morgun, eftir hinn fjölmenna fund á Austurvelli í dag, að taka ekki upp viðræður við Hið íslenska kennarafélag um lausn á yfirstandandi deilu til þess að aflétta því neyðarástandi sem enn ríkir í skólum landsins og raunar fer vaxandi dag frá degi? Og hæstv. forsrh. spyr ég einnig að því: Er það rétt, sem fram kemur í fréttatilkynningu fjmrn. sem birt er í Morgunblaðinu í dag, að ríkisstj. sé einhuga um þá stefnu sem fram kemur í fréttatilkynningu fjmrn. og þá meðferð á þessu máli sem fram kemur í aðgerðarleysi hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. varðandi lausn þessa máls?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ríkisstj. hefur lagt sig, bæði sem heild og einstakir ráðh., mjög fram um að reyna að leysa þessa deilu. Það er hárrétt, sem segir í fréttatilkynningu fjmrn., að fullkomin samstaða er í ríkisstj. um það sem gert hefur verið og hún hefur samþykkt. Til að leysa deilu sem slíka þarf vitanlega að vera vilji beggja deiluaðila. Yfirlýsingar eins og sú sem greint var frá á fundi á Hótel Sögu s. l. sunnudag auðvelda satt að segja ekki lausn. Með leyfi forseta vil ég lesa 1. mgr. Þar segir:

„Kennarar hafa gengið út úr skólunum og tekið sér samningsrétt. Kjaradómur hefur því ekki lengur með mál þeirra að gera."

Það þarf að fara í gegnum tvær deildir Alþingis eða þrjár umr. í hvorri til að breyta þeim lögum sem gilda um samningsrétt háskólamenntaðra manna.

Ég boðaði í dag fund með fjmrh. og menntmrh. ásamt fulltrúum bæði kennara og BHM. Ég held að sá fundur hafi verið gagnlegur og málin hafi þar kannske eitthvað skýrst. En það verð ég að segja að það vakti athygli mína þegar einn kennari staðfesti að hann hefði í ræðu lýst þessari skoðun. Þá vaknar sú spurning: Hvað er sá maður að gera í samninganefnd við ríkið? Skýrt er tekið fram í lögum að í samninganefnd skuli eingöngu sitja starfsmenn ríkisins, en maðurinn lýsti því yfir að hann sé ekki lengur starfsmaður ríkisins, hann sé genginn út og sé ekki lengur ríkisstarfsmaður. Við erum kannske á villigötum. Við erum að semja við menn sem eru ekki lengur starfsmenn ríkisins að eigin dómi. Það er að vakna sú spurning hvort við erum ekki að gera hreina lögleysu með því að semja við þessa menn.

Ríkisstj. hefur satt að segja séð gegnum fingur um allt slíkt í 18 daga. Það er engin furða þótt hún liggi undir verulegu ámæli fyrir það hjá mörgum löghlýðnum borgara þessa lands og það er umhugsunarefni.

Hvað gera aðrar stéttir ef beitt verður ákvæðum laga og frestað uppsögn? Má ætla að þær fari eftir því?

Ég tel að sú samþykkt sem gerð var í ríkisstj. 12. þ. m. hafi verið mjög mikilvæg og eitt merkasta útspilið í slíkum málum. Menn verða að greina á milli tveggja þátta þessarar deilu, annars vegar þeirrar deilu sem stendur yfir og verið er að reyna að leysa með samningum fjmrh. og hans manna og samninganefndar BHM og er komið til Kjaradóms og svo hins vegar langtímastefnumörkunar. Ég vil taka skýrt fram að hvorki ég né menntmrh. höfum haft afskipti af viðleitni launanefndar fjmrh. til að ná samningum. Við höfum að sjálfsögðu fengið allar upplýsingar og fylgst með og komið hefur fram víða að búið er að bjóða mikið. Það mál er alfarið í höndum fjmrh. sem hefur gert okkur grein fyrir því. Hins vegar er eðlilegt að ríkisstj. öll marki stefnuna til lengri tíma. Það var að vísu von okkar að það yrði til að hjálpa til við lausn hins fyrri þáttar, þess sem nú hvílir á okkur.

Í þeirri stefnuyfirlýsingu sem var lesin hér af hv. fyrirspyrjanda og allir eiga að þekkja er skýrt tekið fram að ríkisstj. lýsir því yfir að opinberir starfsmenn skuli hafa sambærileg kjör við það sem er á hinum almenna markaði. Ég kannast ekki við að nein ríkisstjórn hafi lýst því svo afdráttarlaust yfir eins og þar er gert. Lögð er áhersla á að ljúka þeim samanburði sem að er unnið og jafnframt að ríkisstj. sé reiðubúin til að koma á fót samráði við opinbera starfsmenn um samanburð á kaupi og kjörum innan og utan ríkisgeirans. Við getum sagt eitthvað svipað og er nú milli ASÍ og VSÍ og kallast kjararannsóknanefnd og menn hafa, held ég, borið traust til. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þessi yfirlýsing sé ákaflega mikilvæg og stefnumarkandi.

Ég lýsti því yfir í umr. á fimmtudaginn að það væri eðlilegt að þessi samanburður yrði gerður á dagvinnugrundvelli. Ég hef ekki heyrt neinn andmæla því. Hins vegar eru deilur uppi um hvernig eigi að skilgreina dagvinnuna eða kannske á að orða það svo hvaða laun tilheyri hreinni dagvinnu því að í mörgum tilfellum, bæði innan og utan ríkisins, eru greidd laun og ætlast til þess að menn vinni annaðhvort ómælt eða þá að ekki er talað um ákveðinn vinnutíma. Ég efast ekki um að úr þessu er hægt að skera ef menn gefa sér tíma. En það kann að taka lengri tíma en nú er fyrir hendi til að leysa þá deilu sem við þurfum að leysa sem allra fyrst.

Það eru fleiri svona atriði. Takið t. d. mat á lífeyrissjóðum. Ef ég þekki rétt hafa opinberir starfsmenn metið lífeyrissjóð opinberra starfsmanna til u. þ. b. 3% launa sem ég held að launanefnd fjmrh. meti til u. þ. b. 10%. Mér er hins vegar kunnugt um að á vegum ASÍ

var gerð athugun á þessu og þar er lífeyrissjóðurinn metinn á 12% launahækkun. Þetta undirstrikar m. a. hve nauðsynlegt er að þessi samanburður verði þannig að aðilar hins almenna vinnumarkaðar vefengi hann ekki. Hann verður að vera traustur.

Ég er ekki viss um að fólkið í frystihúsinu sé sammála því sem kom fram hjá hv. þm. áðan um launakröfur kennara. Ég er ekki viss um að láglaunafólkið sé því sammála. Þess vegna verður þessi samanburður að vera mjög traustur og má ekki leiða til annarrar kollsteypu í þjóðfélaginu og að enginn hafi neitt upp úr þessu.

Ég vara við því að bera saman tímakaup hér og tímakaup í öðrum löndum. Ég ætla ekki að ræða það. Efnahagsstrúktúr okkar er allt annar, ef ég má orða það svo, en ég ætla ekki að ræða það. Málið er þess vegna mjög viðkvæmt og á sér dýpri rætur en þá mjög svo slæmu deilu sem nú stendur yfir. Ef það er rétt að það yrði til að leysa þessa deilu að menn kæmu sér saman um að samanburður yrði að vera á dagvinnugrundvelli skal ég lýsa þeirri skoðun minni að ég tel það verða að vera á dagvinnugrundvelli. En ég tel að það muni taka dálítinn tíma og nokkra yfirlegu að koma sér saman um hvernig eigi að skilgreina dagvinnuna eða m. ö. o., eins og ég sagði áðan, hvaða laun tilheyra hreinni dagvinnu og sömuleiðis hvers virði ýmis hlunnindi eru.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vil ljúka þessum orðum með því að segja að ef kennarar yrðu við þeirri áskorun og þeirri beiðni að hefja aftur kennslu er ég sannfærður um að farsæl lausn fengist á þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það hlýtur að vekja athygli, ekki aðeins þingheims heldur alþjóðar, að þeir tveir ráðh. Sjálfstfl. sem öðrum ráðh. fremur fara með málefni kennara, sem varða þessa deilu, hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., láta ekki svo lítið að taka þátt í þessari umr. til að varpa ljósi á sínar skoðanir í þessu máli og svara þeim fsp. sem er beint til þeirra á Alþingi. Hæstv. fjmrh. neitaði því í síðustu viku að svara á Alþingi um deiluna, en hann tjáir sig í blöðum í dag. Þetta tel ég lítilsvirðingu gagnvart Alþingi af hálfu hæstv. ráðh. og trúi því ekki að hann ætli að láta þessa umr. líða hjá án þess að hann skýri sitt mál og þá afstöðu sem hann hefur látið koma fram í fréttatilkynningum af hálfu síns rn.

Sama gildir um hæstv. menntmrh. sem lagði traust sitt á það á fimmtudaginn var að kennarar mundu koma til starfa í skólum landsins á næstu dögum, en horfir nú framan í það að svo hefur ekki orðið og það ástand sem var dökkt fyrir fáum dögum er orðið svart í dag og æ fleiri nemendur taka nú pokann sinn, taka skólatöskuna og ganga heim og leita sér annarra starfa en námsins sem ekki er í boði nema í mjög skertum mæli innan skólanna.

Hæstv. fjmrh. gerði þá yfirlýsingu, sem kemur fram frá fjmrn. í dag, að boðið hafi verið nóg í þessari deilu, að sinni. Hann gerir þá yfirlýsingu að sinni að það sé nóg að bjóða kennurum, sem eru að hefja störf, 1700 kr. leiðréttingu á sínum kjörum á mánuði.

Það er ekki von að vel fari ef sá sem situr í forsæti ríkisstj. kemur hér fram og brýnir sig með þeim hætti sem við urðum vitni að hér áðan, taldi ríkisstj. sína liggja undir ámæli frá löghlýðnum borgurum og vitnaði til orða einstaklinga sem aðild eiga að þessari deilu máli sínu til sönnunar að ríkisstj. hafist ekki að. Forusta Hins ísl. kennarafélags stóð ekki að þeim fundi sem til var vitnað á Hótel Sögu um daginn mér vitanlega. Hún hefur ekki skrifað upp á þann miða sem hæstv. ráðh. var að vitna til til réttlætingar á aðgerðarleysi ríkisstj. í þessu máli.

Því verður ekki trúað að hæstv. ráðh. menntamála og fjármála komi ekki hér til að standa fyrir sínu máli. Því verður ekki trúað að ríkisstj. ætli að sitja við sinn keip að horfa upp á þetta neyðarástand fara versnandi dag frá degi án þess að hafast að.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur mælt mörg orð eins og hann á vanda til. Hann telur að það veki athygli, ekki aðeins þingheims heldur og alþjóðar, að ekki sé sérstaklega kvatt sér hljóðs til þess að svara spurningum sem skýrt svar liggur fyrir um og hann einmitt vitnaði til. Ég er ekki jafnviss og hv. þm. um að orð hans um þessi mál og ýmis önnur vekji alþjóðarathygli, en hvað um það ég skal fúslega útskýra af hverju ég hafði ekki kvatt mér hljóðs. Það var ósköp einfaldlega vegna þess að hæstv. forsrh. hafði lýst skoðun okkar allra. Ríkisstj. stendur einhuga að þessari skoðun og ég sé ekki að það sé nokkur einasta ástæða til að hver ráðh. komi upp á fætur öðrum til að endurtaka það.

Bæði hæstv. forsrh. og svo að sjálfsögðu hæstv. fjmrh. hafa gert það sem þeir hafa getað til að lýsa þessa deilu, ég trúi því alveg, og fyrir mitt leyti hef ég gert það sem í mínu valdi stendur til að fá kennarana til að ganga inn í skólana. Ef hv. 5. þm. Austurl. hefur svo miklar áhyggjur af því að kennarar séu ekki inni í skólunum, hvers vegna hvetur hann þá ekki til þess að fara og gegna skyldustörfum sínum? Ég spyr hv. 5. þm. Austurl.: Telur hann að það sé í samræmi við lög landsins — (**HG:** Með leyfi forseta.) Ja, það má þó ætla að mér leyfist að draga ályktanir af þeim mörgu orðum sem hv. þm. hefur haft í frammi. Hann virðist telja að það sé í samræmi við lög landsins að kennarar séu fjarverandi frá skyldustörfum sínum og hann virðist telja að það sé eðlileg aðgerð kennaranna að valda því tjóni með fjarvist sinni sem raun ber vitni og orðið hefur. Ef hv. þm. telur eðlilegt að álasa ráðh. fyrir að einhverjar starfsstéttir þjóðfélagsins séu fjarri skyldustörfum sínum án lögmætra forfalla er hann auðvitað að beina orðum sínum til réttra aðila þegar ráðh. eru fjarverandi þingfund án þess að hafa leyfi forseta. En þegar um er að ræða allt aðrar stéttir sem eru fjarverandi án lögmætra forfalla er við þær að tala. Það voru ekki stjórnvöld sem gengu úr störfum sínum 1. mars, heldur tilteknir kennarar. Það eru þeir sem þurfa að fá hvatningu til að ganga til starfa sinna vegna þess sem ítrekað hefur komið fram um lögmæti þessarar gerðar, að ljóst er að hún er ekki lögmæt.

Í öðru lagi gerir þessi aðgerð engum gagn, en öllum tjón. Hún flýtir ekki fyrir lausn mála, hún greiðir ekki fyrir lausn mála og ég tel með ólíkindum að hún sé líkleg til þess að hagstæðari niðurstaða fáist en ella mundi vera.

Ég held, herra forseti, að óþarft sé að hafa fleiri rök um þetta mál. Ég held að mörgum séu þau ákaflega ljós. Að því er varðar það atriði, sem hæstv. forsrh. nefndi, að hópur kennara telji sig ekki vera ríkisstarfsmenn lengur, þá ættu þeir ekki að krefjast þess að ríkið semdi við þá. Ríkið semur við sína starfsmenn en ekki

þá sem starfa utan ríkisgeirans. Það þarf að vera samræmi í þessum hlutum.

Hv. þm. spurði um hvað átt væri við með því, sem sagt var í frétt í NT í dag, að rætt yrði um það á ríkisstjórnarfundi hvort veita bæri kennurum þeim sem ekki hefðu komið til skyldustarfa sinna innan fárra daga formlega lausn frá störfum. Ég veit nú ekki hvernig á að útskýra þetta öðruvísi en það er sagt. Mér sýnist þetta þurfi ekki skýringa við. Það liggur alveg í augum uppi hvað þarna er átt við. Hv. þm. veit ósköp vel að til þess að ríkisstarfsmaður fái lausn frá störfum þarf vissar formsaðgerðir. Núna hafa ríkisstarfsmenn þessir, sem hér er um að ræða, frest til 1. júní. Lögum samkvæmt hefur verið framlengdur uppsagnarfrestur þeirra. Það er rétt, sem hv. þm. segir og virðist undrast, að ég hafði það traust á kennurum að ég hélt að þeir mundu virða lög landsins og hagsmuni nemenda sinna og ganga til skyldustarfa sinna og forða þeirri örvæntingu sem gripið hefur um sig meðal nemenda. Ég veit að það eru þm. í öllum flokkum sem eru sama sinnis og álíta að kennarar ættu að vera komnir til skyldustarfa sinna fyrir löngu. Það er nefnilega fjöldi manna í þjóðfélaginu sem hefur staðið áratugum saman í kjarabaráttu fyrir aðrar stéttir og slíkt fólk hefur komið að máli við mig og sagt: Við höfum staðið í erfiðri kjarabaráttu. Við höfum staðið í verkföllum. En við höfum skömm á ólöglegum verkföllum.

Það er mikill ágreiningur um þetta mál í þjóðfélaginu og það hafa gripið um sig mikil sárindi meðal löghlýðinna borgara, að maður ekki tali um þá nemendur sem verða fyrir mjög örlagaríkum áhrifum af þessari aðgerð. Þetta hefur mjög örlagaríkar afleiðingar fyrir marga einstaklinga sem eru ekki aðilar að þessari kjaradeilu. Það er það sem er hið sorglega í þessu máli. Það er vissulega sorglegt að þetta skuli blasa við, eins og hv. þm. vitnaði hér til, á ári æskunnar. Hvað á það unga fólk, sem hér hefur orðið fyrir tjóni, að hugsa um ár æskunnar? Hver var það sem brást skyldu sinni og hafði tekið að sér að starfa við kennslu þessa unga fólks?

Mér er alveg ljóst að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta mál í Hinu ísl. kennarafélagi. Hins vegar veit ég að það er rétt að kennarar eru seinþreyttir til vandræða og það vilja þeir láta sjást í samtökum stéttar sinnar. Þeir vilja vissulega styðja vini sína og samstarfsmenn, en þegar að þessum atriðum er komið eins og þau blasa við í dag gerist það að sterkir einstaklingar í þessum hópi hafa þrek til að rísa upp og segja við vini sína: Kæru vinir. Þið eruð á rangri leið. Þið eruð að taka rangar ákvarðanir. Þið eruð að beita vopnum sem snúast gegn þeim sem síst skyldi og þau snúast líka gegn okkur sjálfum. — Og þess vegna segi ég enn og aftur að í máli sem þessu getur ekkert bjargað nema vitund og ákvörðun hvers einstaklings sem hér á hlut að máli. Það skipar enginn öðrum einstaklingi fyrir um að fara og halda uppi ólöglegu athæfi eða að vinna tjón þeim sem falinn hefur verið honum í umsjá.

Þess vegna er það að ég tel aðdáunarvert, og það er ekki einungis í þessari stétt heldur í öllum stéttum og hjá öllum þjóðum, að þeir einstaklingar sem hafa skipt mestu máli — allir einstaklingar skipta máli, mjög miklu hver og einn, — en þeir sem skipta mestu máli fyrir heildina, þeir sem vinna að framförum og umbótum í veröldinni, eru þeir sem hafa kjark til að taka þá áhættu að þeir séu beittir þrýstingi, að þeir séu beittir rangindum, að þeir séu beittir ósönnum ásökunum, um þá séu hafðar uppi rakalausar fullyrðingar, allt þetta þolir slíkt fólk. Það er slíkt fólk sem getur bjargað nemendum í skólum landsins. (**HG:** Hvaða fólk er þetta?) Það eru þeir kennarar sem snúið hafa til skyldustarfa sinna, sem eru fullir stéttarvitundar, en hafa tekið sér það fyrir hendur að reyna að leiða félögum sínum fyrir sjónir að þeir eru á rangri leið. Þeir vilja kjarabætur og vinna að kjarabótum.

Þjóðviljinn segir í dag að sex manns af 440 hafi snúið til baka. Seinast þegar ég vissi til voru þeir 60. Og það sem meira er að það er ljóst að fyrir síðustu helgi höfðu margir kennarar tekið ákvörðun um að snúa til baka í skólana, en þeim var snúið frá því í nafni stéttarvitundarinnar þannig að ástandið sem nú er í skólunum héldi áfram lengur. Ég veit um mjög alvarlegt tjón af þessum sökum. Þess vegna segi ég að ég vonast til þess enn og ég hef ekki gefið upp trú á að svo sjálfstæðir og sterkir og sanngjarnir einstaklingar séu í þeim hópi sem enn er utan við skólana, en á að vera við skyldustörf sín, að þeir muni koma nemendum sínum til bjargar því að hagsmunir nemenda skipta máli. Það er ekki einungis fjárhagur kennaranna sem skiptir máli, heldur líka fjárhagur nemendanna. Ef við ætlum að byggja upp betra skólakerfi hér um framtíð höfum við skilning á því að það verður unnið að þessum málum áfram í þeim anda sem lýst hefur verið yfir, í þeim anda sem hæstv. forsrh. lýsti yfir áðan. Ríkisstj. hefur á því fullan hug að vinna að uppbyggingu skólakerfisins á næstu árum vegna þess að þar er ein grundvallarauðlind þessa lands. Við munum halda því áfram hvort sem einhverjir einstaklingar kjósa að halda uppteknum hætti eins og nú hefur verið með þeim geigvænlegu afleiðingum sem það hefur haft og mun hafa ef það heldur áfram. Hvort sem menn úr kennarahópi halda áfram að vera utan skyldustarfa sinna eða ekki verður haldið áfram að vinna að lausn þessa máls skv. lögum landsins. Talsmenn ríkisstj. fyrir Kjaradómi munu vinna að því að mál verði þar leyst á þann veg, sem sagt var í samþykkt ríkisstj., að tekið verði tillit til þess munar sem myndast hefur í launum milli annars vegar háskólamenntaðra kennara og annarra háskólamenntaðra manna hjá ríkinu, til aukinna krafna sem gerðar eru til kennarastarfsins og til annarra forsendna Kjaradóms sem gera ráð fyrir, eins og hv. þm. vita kannske, nýrri skipan á launamálum opinberra starfsmanna. (**HG:** Af hverju er ekki samið um þetta?) Hv. þm. getur fengið lánað lagasafnið hérna frammi á skrifstofu. Þar er getið um ákveðna fresti í svona málum. Sá frestur er liðinn sem samninganefnd hafði til sinna starfa. Ef samkomulag hefur ekki náðst á tilteknu tímabili er Kjaradómi skylt að taka málið til umfjöllunar. Þá á auðvitað að flytja mál sitt þar og reyna að halda fram með rökum og upplýsingum málstað sínum. Það er enginn vafi á að sá málstaður sem studdur er með rökum og upplýsingum hlýtur að ná fram. Þannig stendur þetta mál nú.

Hv. þm. spyr: Af hverju er ekki samið um þetta? Ég veit ekki hvort hann er að hugsa um þá menn sem eru ríkisstarfsmenn eða þá sem eru ekki ríkisstarfsmenn. Ég hafði þegar fjallað um það mál og tel óþarft að fjalla um það atriði frekar. Það verður þá a. m. k. að vera alveg ljóst að þeir sem samið er við telji sig vera ríkisstarfsmenn. Það held ég að fleirum sé ljóst en okkur. Kannske er það þess vegna sem ekki hafa tekist

samningar að fulltrúar HÍK í samninganefnd ríkisins sem gengu út 1. mars hafi kannske allan tímann alls ekki talið sig vera starfsmenn ríkisins og þess vegna hafi þeir átt erfitt með að komast að einhverjum samningum við ríkið að þeir töldu sig ekki aðila að málinu. Það er eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að við höfum kannske vaðið í villu um þetta. Við fórum nefnilega eftir lögunum og þeim skilningi sem menn hafa almennt á því að þeir sem hafa ekki fengið lausn frá einhverju tilteknu starfi séu enn þá í því starfi. En það er ljóst eftir því plaggi sem dreift var á fundinum á Hótel Sögu á sunnudaginn og eftir ummælum fulltrúa HÍK í launamálaráði að svo er ekki frá hans sjónarhóli. Mér finnst þetta satt að segja skýra ýmislegt í þessu máli. Það hefði e. t. v. gengið miklu betur ef það hefði verið alveg ljóst frá sjónarmiði þess sem samdi að hann væri raunverulega réttur samningsaðili, þ. e. starfsmaður ríkisins. Þetta skiptir verulegu máli.

Ég held, herra forseti, að það hafi e. t. v. ekki mesta þýðingu að við ræðum þessi mál fram og aftur á Alþingi þó að það skipti í sjálfu sér máli. Ég held að þessi mál liggi ljós fyrir. Ég held að flestir þm. hafi af þessu miklar áhyggjur og ég skírskota enn til þeirra sem sjálfir eiga börn í skólum, bæði framhaldsskólum og grunnskólum. Þeir sem eiga börn í grunnskólum og ekki í framhaldsskólum þurfa að átta sig á því hvað bíður barna þeirra. Þeir munu væntanlega meta það mikils að kennarar snúi aftur til starfa sinna, að lögum landsins verði fylgt í skólum landsins eins og annars staðar í þjóðfélaginu.

Ég vil ljúka þessu máli, herra forseti, á því að ítreka einu sinni enn að ég hef enn þá trú á því að það sé réttlætiskennd til sem veldur því að kennarar snúi aftur til starfa sinna, að þeir taki ákvörðun um að fara og sinna nemendum sínum og forða frekara tjóni en orðið er. Af þeim lausnum sem unnt væri að beita að öðrum kosti er engin svipað því eins góð og ef þeir snéru aftur til starfa sinna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. flutti hér í vetur ræðu um kennara sem tvímælalaust varð til þess að framlengja verkfall opinberra starfsmanna um langan tíma. Hæstv. menntmrh. hefur nú nýlokið við að flytja ræðu sem örugglega á eftir að verða til þess að hleypa slíkum illindum í þessa deilu að hún verður enn erfiðari viðureignar en nokkru sinni fyrr. Ræða hæstv. menntmrh. var samansafn af aðdróttunum, persónulegum árásum, storkunum og heitingum í garð kennara almennt, forustu kennarasamtakanna sérstaklega, en þó einkum og sér í lagi í garð þeirra manna sem setið hafa með hæstv. ráðh. og öðrum forustumönnum og samningamönnum ríkisins við að reyna að leysa þessa deilu. Það er sérkennilegt að á þessum degi, þegar þjóðin bjóst við því að hæstv. ríkisstj. kynni að leita leiða til að leysa þessa deilu, kjósi hæstv. ráðh. að setja fram ögranir, svívirðingar og háðsyrði í garð forustumanna kennara.

Það er kannske skiljanlegt eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. menntmrh. hvers vegna hæstv. forsrh. reyndi að kappkosta það að tala einn í þessum umr. Engu að síður blasir það við að hæstv. menntmrh. hefur nú hér úr ræðustól Alþingis lýst því yfir að þeir menn, sem kennarar hafa valið til þess að vera sína fulltrúa, **séu marklausir menn, við þá eigi ekki að tala.** Það hafi verið mikil mistök að tala við þá.

Síðan er bætt við og sagt að fyrr en einhverjir stórir og sterkir menn rísi upp í röðum kennara sem leiði kennara aftur inn í skólana muni hæstv. menntmrh. og ríkisstj. ekki aðhafast neitt í þessu máli. M. ö. o.: ríkisstj. hefur greinilega ákveðið í morgun — ef hæstv. menntmrh. er talsmaður ríkisstj. — að ganga á hólm við kennarana í landinu, að bíða og sjá hver er hinn sterki, beita hótunum, ógnunum og persónulegum svívirðingum. Vinur litla mannsins, sem ekki þorir að tala hér á Alþingi í dag af því að forsrh. hefur bannað honum það, velur hins vegar Dagblaðið til að ausa svívirðingum yfir forustumenn kennarasamtakanna.

Hæstv. fjmrh. kýs í viðtali við Dagblaðið í dag að tortryggja og sverta sérstaklega formann HÍK með því að velta sér upp úr ættarnafni hans og frændsemi og skyldleika við annan forustumann launamanna og gera það að eins konar stefnuyfirlýsingu ríkisstj. eins og segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, í fyrirsögn: „Thorlaciusarnir mega ekki gera uppþot að atvinnugrein.“ Í viðtalinu segir svo nánar í þessum sama dúr, með leyfi hæstv. forseta:

„En Thorlaciusarnir“ — það er greinilega einhver manntegund hér á landi — „mega ekki gera uppþot í þjóðfélaginu að atvinnugrein. Þeir verða að kunna að tala við menn með það fyrir augum að ná sáttum. Við höfum reynt allt sem í okkar valdi stendur lögum samkvæmt, út fyrir lög fer ég ekki.“

Hæstv. fjmrh. hafði hér uppi margvíslegar ögranir, hótanir og illyrði í deilu BSRB í vetur. Það er samdóma álit allra að þær yfirlýsingar urðu til þess að skapa þjóðinni varanlegan kostnað og tjón vegna þess hve deilan stóð miklu lengur en þörf hefði verið á. Hæstv. fjmrh. gerði að lokum samning við opinbera starfsmenn sem hann hefði getað náð löngu fyrr ef hann hefði ekki hagað sér eins og ótíndur götustrákur í samskiptum við forustumenn opinberra starfsmanna og með sérstökum ræðuhöldum um kennara hér á Alþingi. Þau hleyptu reiði, réttlátri reiði, í raðir launafólks. Viðbrögðin voru þau að deilan framlengdist.

Nú hefur hæstv. fjmrh. greinilega kosið að fara aftur inn á þessa braut. Hann veltir sér upp úr frændsemi og tengslum formanns HÍK við formann BSRB og sendir kennurum í landinu þessa sérstöku kveðju á sama tíma og hann skýtur sér undan því hér á Alþingi að svara þeim spurningum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beindi til hans.

Það er sérkennilegt með þessa hæstv. ráðh. að ef þeir eiga kost á illindum í garð launafólks velja þeir ætíð þann kost. Þjóðinni og almenningi í landinu er bakað mikið tjón. Að lokum semja þeir náttúrlega, semja eins og í dæminu um BSRB. Þeim samningi hefði verið hægt að ná löngu fyrr ef ráðh. hefðu hagað sér eins og sæmilega kurteisir menn í þessum samskiptum. Nú er aftur farið inn á þessa sömu braut. Og nemendurnir í landinu eru fórnarlömb. Ungt fólk er að flosna upp frá námi, þolir ekki álagið, verður kannske mun seinna að ná sínum árangri, sumir hætta kannske alveg. Það er þvermóðska, stærilæti, ögranir og hótanir eins og fram komu í ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan sem eru meginorsökin að þessari deilu.

Ef ríkisstj. ætlaði sér að halda sér við þá línu að þessir menn væru lögbrjótar, eins og hæstv. menntmrh. sagði hér hvað eftir annað og hæstv. forsrh. lét í skína, átti

hún aldrei að tala við forustu kennarasamtakanna, þá átti hún aldrei að gefa til kynna að hún vildi ná samningum, hún vildi stuðla að viðræðum. Það gekk ekki upp að gera hvort tveggja.

Það kemur fram í málgagni hæstv. forsrh. í dag að ef yfirlýsing hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar um efnisþætti málsins yrði formleg yfirlýsing ríkisstj. væri hægt að leysa þessa deilu strax í dag. Formaður HÍK hefur lýst því yfir að ef ríkisstj. væri reiðubúin að gera efnisþættina í yfirlýsingu forsrh. að formlegri yfirlýsingu ríkisstj. sem stefnumótandi afstöðu fyrir úrskurði Kjaradóms væri þessi deila leyst. Þá gætu skólarnir hafið störf á morgun. Þá væru ekki neinar byrðar lengur lagðar á unga fólkið í landinu sem hæstv. menntmrh. nærri því grét yfir hér í ræðustólnum áðan af umhyggju sinni.

Málgagn hæstv. forsrh. spyr að því í dag í fyrirsögn: „Er ríkisstj. sammála Steingrími?" Undirfyrirsögn: „Gæti leyst kennaradeiluna." Ég held að þetta sé alveg rétt ályktun hjá þessu málgagni Framsfl. Ef ríkisstj. væri reiðubúin að fallast á þessa túlkun væri þessi deila leyst. Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. forsrh. svari því hér sem kennarar og almenningur og hans eigið málgagn spyr að: Hvernig stendur á því að ríkisstj. hefur ekki verið reiðubúin að gefa þessa yfirlýsingu? Stendur þá á öðrum ráðherrum Framsfl.? Stendur þá á ráðherrum Sjálfstfl.? Er það ágreiningur innan ríkisstj. sem kemur í veg fyrir að þessi deila verði leyst? Ef svo er þá er rétt að Alþingi skeri úr þeim ágreiningi. Alþingi ber auðvitað sinn hlut af þessari ábyrgð. Ef ágreiningur í ríkisstj. getur ekki leyst svo erfiða og hatramma deilu í okkar landi, sem hefur í för með sér svo miklar fórnir eins og hæstv. menntmrh. lýsti hér áðan, þá á Alþingi að skera þar úr. Þess vegna væri það mjög æskilegt að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir hvort hann sé reiðubúinn að gefa samningamönnum sínum heimild til að standa formlega að stefnuafstöðu sama efnis og forsrh. gaf út og forustumenn HÍK hafa sagt að gæti dugað þeim.

Ef hæstv. fjmrh. er hins vegar ekki reiðubúinn að gefa út slíka yfirlýsingu þá skýri hann það hér á Alþingi hvers vegna ekki, svo að mönnum sé það alveg ljóst hvar kjarninn í þessari deilu er. Sú afstaða hins vegar, sem kom fram hér hjá hæstv. menntmrh. í hinni makalausu ögrunar- og hótunarræðu sem hún flutti hér, er vísasta aðferðin til að framlengja þessa deilu um margar vikur. Það mætti ætla að það leynist með hæstv. menntmrh. einhver draumur um að verða einhvers konar Margrét Thatcher Íslands sem ögrar samtökum launafólks, beitir hótunum þar sem aðrir vilja samninga, gefst ekki upp fyrir kröfum kennara frekar en Thatcher gafst upp fyrir kröfum námaverkafólks. Kannske leynist með hæstv. menntmrh. sá draumur að eftir kannske eins árs harðsvíraða deilu kunni hún að standa sem sigurvegari á rústum hin íslenska skólakerfis eins og Thatcher stendur nú sem svokallaður sigurvegari á rústum mikilvægasta hluta í breska hagkerfinu.

Kannske að innbyrðis valdadeilur og karp innan Sjálfstfl. séu ein af orsökum fyrir því hvers vegna þetta mál er í slíkum hnút.

Herra forseti. Það ber að harma það mjög að hæstv. menntmrh. kaus að flytja þessa ögrunar- og hótunarræðu hér áðan. Hún er eitthvert versta innlegg sem komið hefur í langan tíma í þessa deilu. Það er sönnun þess að þrátt fyrir allt leynist einhver skynsemi með hæstv. forsrh. að hann veit að því færri af ráðherrum Sjálfstfl. sem tala í þessu máli því betra. Hins vegar verður ekki fram hjá því gengið að hæstv. fjmrh. fer með samningsvaldið í þessari deilu. Þeir menn sem mæta bæði í Kjaradómi og fulltrúum kennara eru hans fulltrúar. Fram hjá því verður ekki gengið. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari því hér hvort hann sé reiðubúinn að staðfesta á formlegan hátt það sem hæstv. forsrh. lýsti yfir fyrir nokkru eða, ef hann er það ekki, hverjar eru þá ástæður fyrir þeirri neitun.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég verð að taka undir með fyrri ræðumönnum að ég hef nokkrar áhyggjur af þessari nýtilkomnu sporleti hæstv. fjmrh. Hann hefur ekki þurft á því að halda hingað til að láta aðra menn flytja fyrir sig sínar ræður, hann hefur yfirleitt gert það sjálfur af myndarskap hér í þessum ræðustól og ekki verið upp á það kominn að láta aðra hæstv. ráðh. svara fyrir sig eða sína málaflokka. Ég hef því af þessu nokkrar áhyggjur, herra forseti, og vænt þætti mér um ef hæstv. fjmrh. gæti látið í té hér þó ekki væri nema skýringar á því hvers vegna þessu er nú svo komið að hann treystir á hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. að svara til um þennan málaflokk sem þó er óumdeilanlega hans verksvið innan ríkisstj., þ. e. að annast samninga við opinbera starfsmenn.

Það er eitt í málflutningi hæstv. ráðh. sem kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir. Það er sú fullyrðing, sem stóð upp úr hæstv. forsrh. fyrst og síðan var tekið undir af hæstv. menntmrh., að þau væru kannske á hálum ís að vera að semja við þessa lögbrjóta sem væru ekkert í vinnu lengur hjá ríkinu. Mér finnst í þessu felast alveg grundvallarmisskilningur sem er stórhættulegur ef þau halda virkilega að svona sé þetta. Það er ekki verið að semja hér við einstaklinga. Það er ekki verið að semja við einhvern Jón Jónsson sem hugsanlega telur sig ekki lengur í vinnu hjá ríkinu. Það er verið að semja við stéttarfélag. Ég veit ekki betur en þessir menn séu enn þá í sínu stéttarfélagi eða hafa þeir kannske gengið í Dagsbrún? Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gæti þá upplýst okkur um það ef svo er. Ég held ekki. Þessir menn eru enn þá í Hinu íslenska kennarafélagi og það fer með samningsréttinn fyrir þeirra hönd. Það er líka verið að semja fyrir þá kennara sem hugsanlega útskrifast úr skólunum í vor og koma til kennslu næsta haust t. d. Eru þeir þó ekki enn þá orðnir starfandi menn hjá ríkinu. Eru samningarnir þar með ógildir fyrir þeirra hönd eða hvað? Hvers konar málatilbúnaður er þetta? Ég held að hæstv. forsrh. ætti að hafa sem fæst orð um þennan misskilning og endurtaka hann ekki hér því að ég held að það hljóti að vera öllum ljóst að það eru þau sem eru á þunnum ís með þennan málflutning sinn en ekki þó að þau semji við Hið íslenska kennarafélag sem stéttarfélag.

Mér finnst það alveg óskaplegt, herra forseti, að hlusta á þessar endurteknu ræður, mærðarfullar samúðarlýsingar um nemendur, um foreldra, um löghlýðna borgara, sem allar gleyma einum hópi þessa máls, kennurum. Eru þeir ekki löghlýðnir borgarar? Eiga þeir ekki börn? Eru þetta ekki þátttakendur í íslenska þjóðfélaginu? Jú, og þetta eru að mínu viti samviskusamir og góðir starfsmenn. Mér finnst þeim vera gert heldur lítið til að fjalla svona um þessa deilu. Ég er

alveg sannfærður um að það eru fáar stéttir sem eru tryggari sínum störfum, hafa meiri metnað fyrir sína hönd og sinna starfa en einmitt kennarar. Það er skýringin á því að þeir skuli enn þá vera í störfum eða hafa verið fram undir þetta.

Hinu mega hæstv. ráðh. leiða ofurlítið hugann að, hvort það sé ekki einmitt dálítil samúð víða í opinbera geiranum með aðgerðum kennara vegna þess hvernig launamálum opinberra starfsmanna yfirleitt er háttað og hvort það sé ekki víðar sem fólk gæti hugsað sér að skipta um störf vegna þess hvernig kjörin eru. Ég þekki það til að mynda að hjúkrunrfræðingar segja nú upp í stórum stíl þessa dagana á heilbrigðisstofnunum. Hvert eru þeir að fara? Sumir þeirra eru kannske erlendir starfsmenn sem fara út og fara á atvinnuleysisbætur í sínu heimalandi. Aðrir eru íslenskir hjúkrunarfræðingar sem sækja um flugfreyjustörf hjá Flugleiðum eða eitthvað í þeim dúr. Þannig er nú komið málunum að fólk með háskólamenntun flýr í stórum stíl úr störfum hjá því opinbera og fer að gera eitthvað allt annað, næstum hvað sem vera skal ef það getur fengið lífvænleg laun fyrir það. Það þarf því enginn að segja sem svo að það sé bara einhver hálfgerð mannvonska og meðfæddur rótarskapur í kennurum að standa í þessari deilu, það sé eitthvert skammdegisflipp hjá þeim að vera í þessu. Það er öðru nær. Ég held að það ríki fullur skilningur á því meðal nemenda — og það sáum við hér á Austurvelli í dag — meðal foreldra og meðal löghlýðinna borgara að bætt kjör þýði betri skóli. Það ættu þessir hæstv. ráðh. að hugleiða augnablik áður en þeir fella slíka áfellisdóma yfir heilli stétt manna eins og við höfum hér fengið að heyra.

Herra forseti. Ég endurtek að miklu fargi væri af mér létt ef hæstv. fjmrh. treysti sér að ganga þessi þrjú skref hingað upp í ræðustólinn og gæfi okkur á því skýringar í það minnsta hvers vegna svo er nú komið að hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. svara einir fyrir hans málaflokk en hann gerir það ekki sjálfur eins og hann á annars vanda til.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að fagna fjarveru formanns Alþb. — (Gripið fram í.) — 3. þm. Reykv. en ég ætla að fagna heimkomu hv. varamanns 3. þm. Reykv. Það fer ekki milli mála að hann kom á réttum tíma. Það er eins og hann komi alltaf á réttum tíma þegar vandamálin eru hvað mest í þjóðfélaginu.

Mér finnst áberandi í þessu máli hvað Alþb. hefur reynt að nota ráðh. og vandann sjálfan í auglýsingastarfsemi fyrir sjálfa sig. Framlag það sem hér hefur komið af þeirra hálfu í öllum þessum umr. hefur ekki verið kennarastéttinni eða vandamálinu, sem nú er við að glíma, til framdráttar nema síður sé, enda veit ég ekki til þess að kennarastéttin í heild sinni eða í smáhópum hafi falið þeim forsjá sinna mála.

Hv. 3. þm. Reykv. gat um að ég notaði skæting í skeytum mínum til forustumanna kennarasamtakanna. Það getur vel verið að hægt sé að túlka það svo. En ég er að svara því sem til mín hefur verið beint úr þeirri átt á líkan hátt en ekki eins beiskan. Ég er hér með tilkynningar, bréf til félagsmanna frá launaráði BHM, sýnist mér þetta vera, og launamálaráði ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna á hinni síðunni. Á baksíðunni er texti sem ekkert er annað en persónulegar svívirðingar á mig. Ég fékk skeyti í útvarpi og fjölmiðlum frá formanni HÍK sem ég átti alls ekki von á vegna þess að ég hef átt með honum þrjá eða fjóra fundi og þeir fundir hafa farið mjög vel fram, enda ekki nema eðlilegt — ef skilningur er ekki hvað bestur hjá þeim sem útskrifast úr æðstu menntastofnun þjóðarinnar á vandamálum þjóðarinnar hverju sinni, hvaðan á hann þá að koma? Halda menn að verkalýðshreyfingin, sem er samningsbundin um kjaramál, fari áfram eftir þeim samningum ef menntamenn þjóðarinnar, sem eiga að vita hvað lagaskyldur eru, brjóta lög og telja sig ekki þurfa að fara eftir þeim. (**HG:** Hverjir voru að því?)

Til mín var beint einni spurningu frá hv. fyrirspyrjanda og ég skal svara henni. Á síðasta fundi mínum með tveimur fulltrúum, formanni og ég held varaformanni, var það niðurstaða að við næðum ekki samkomulagi, við næðum ekki bráðabirgðasamkomulagi þrátt fyrir viðurkenningu á því að kennarar hefðu dregist aftur úr í launum. Boð fjmrh. var að hækka um einn til þrjá launaflokka til þess að jafna áður en til samninga yrði gengið. Því til viðbótar kom smáhækkun á yfirvinnustuðli sem reiknað er með að þýði um einn launaflokk. Auk þess var farið að þeirri ósk kennara að gerð yrði ákveðin bókun í ríkisstj. Það átti af okkar hálfu að vera tilraun til þess að leysa málið. En það leysti málið alls ekki. En þrátt fyrir það að við næðum ekki saman um bráðabirgðalausn með þessu tilboði fjmrn. til viðbótar bókun sem kennarar óskuðu eftir, þá tókum við þann hluta sem HÍK lagði áherslu á að yrði bókaður í ríkisstj. og gengum frá honum í ríkisstj. Það er samstaða um það í ríkisstj. og það er algjör samstaða um málið í ríkisstj.

Þetta er ekki í fyrsta sinn og það er ekki í annað sinn sem Alþb. ætlar að nota vandamál, sem ríkisstj. á að glíma við, til þess að staðfesta einhvern ágreining á milli ráðh. og það er í jafnmörg skipti sem Alþb. mistekst. (**HG:** Er þetta ekki allt Alþb. að kenna?) Það eru aðallega Alþb.-menn sem hér hafa talað í þessu máli og það er Alþb. sem tók þetta mál upp. Og það er Alþb.-maður, fyrrverandi ráðh., sem hringdi til mín og spurði hvort ég vildi koma inn í og svara fsp. sem forsrh. var búinn að samþykkja að svara. Þess vegna er þetta svona einlitt þó að einn og einn annar þm. hafi tekið til máls í málinu.

En ég segi alveg eins og er, ég ætla ekki að beina fsp. til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv., alls ekki. En ég hef heyrt það frá forustu verkamanna að að sjálfsögðu munu þeir gera kröfur til sömu prósentuhækkana í launum og út úr þessum samningum kemur ef þeir á annað borð sprengja það launakerfi sem er við í lýði með þjóðinni í dag. Ég verð að segja alveg eins og er, það er ekki nokkur maður sem getur með rétti staðið á móti því að þeir fái sömu prósentuhækkun. Ég mundi ekki standa að því að verkamennirnir, sem vinna hörðum höndum að verðmætasköpun í þjóðfélaginu, í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar sem öll okkar velmegnun byggist á, yrðu enn þá einu sinni látnir dragast aftur úr, það er nóg komið af því. (**ÓRG:** Hvað fékk hann sjálfur mikla kauphækkun?) Ég veit ekki hvort þessi fsp. hv. 3. þm. Reykv. heyrðist. (**ÓRG:** Eg skal endurtaka hana.) Mér er engin þægð í að endurtaka hana, en mér er ákaflega lítil þægð í því að forseti leyfi svona frammíköll og samtöl ef það á að snúast upp í það að ég fái ekki að

klára mitt mál. (**Forseti:** Samtöl eru ekki leyfð meðan á umræðum stendur og sá sem hefur orðið mælir í fullum rétti.)

Í framhaldi af síðasta fundi mínum með forustumönnum kennara í þessari vinnudeilu vorum við sammála um það að við næðum ekki samkomulagi um bráðabirgðalausn, að við næðum ekki samkomulagi um endanlega lausn. En við vorum sammála um það eitt — og upp á það tókumst við í hendur — að málið mundi halda áfram á eðlilegri leið skv. þeim farvegi, sem lög gera ráð fyrir, í Kjaradómi. Deilan er einmitt komin til Kjaradóms. Ég veit ekki annað en að allir hafi skilað grg. í dag. Að sjálfsögðu verður að virða þau lög.

Ég fagna því að ég hef verið svo einlæglega beðinn um að tala. Venjulega er ég beðinn um að tala ekki. En Alþb. saknar mín úr öllum vandamálum sem þeir eiga við að stríða vegna þess að ég gef þeim alltaf upp boltann til að koma upp aftur og verða sér enn þá meira til skammar. Þeir gera sér bara ekki grein fyrir því. En það er allt í lagi, nú er ég kominn upp og nú er ég búinn að tala, nú getið þið komið upp og haldið áfram að verða ykkur til skammar.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. prófessor Ólafi Ragnari Grímssyni að það sem hann vantar og hann saknar og ræður sér ekki fyrir illsku út af, það er að það vantar ágreining innan ríkisstj., þetta uppáhaldsumræðuefni Alþb.

Af hverju hef ég ekki komið fram og af hverju hef ég ekki talað? Það er einungis vegna þess að ég álít að svona viðkvæm mál, eins og kjaramál, sem eru orðin að viðkvæmum deilumálum og verkföll sem fylgja á eftir til að undirstrika þann samtakamátt sem er í þeim samtökum sem nú standa í kjarabaráttu, eru ekki að mínu mati til þess að ræða á torgum. Samninganefndir hittast og á ábyrgð ráðh. sem að sjálfsögðu á réttu augnabliki verður að gefa Alþingi yfirlit yfir það sem hann er að gera. En allan tímann gefur hann að sjálfsögðu ríkisstj. upplýsingar skref fyrir skref. Ríkisstj. öll hefur verið upplýst og er samstæð í málinu eins og það hefur gengið fram. Það er ástæðan fyrir því að ég hef ekki talað. Ég tel rangt af stjórnarandstöðu að reyna að gera vandamál þjóðarinnar að einhverju auglýsingaefni fyrir sjálfa sig á hv. Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt nokkuð til í því hjá hæstv. fjmrh. að það mætti notast við þá skilgreiningu á muninum á Sjálfstfl. og Alþb. að Alþb. er flokkur sem kýs að fjmrh. tali sem oftast, en Sjálfstfl. er flokkur sem kýs að hann tali sem sjaldnast. (**Fjmrh.:** Þetta er gamall brandari.) Nei, þessi er alveg nýr. Hann varð til undir ræðu hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. sagði í lok sinnar ræðu að þessir samningar væru allt of viðkvæmt mál til þess að ræða það á torgum. Hér er nú baksíða næstvíðlestnasta blaðs landsins í dag. Þar er aðalefnið viðtal við hæstv. fjmrh. Hann er önnum kafinn við að ræða þessa deilu á torgum, alveg önnum kafinn, ræður sér ekki. Það streyma út úr honum yfirlýsingarnar. (**Fjmrh.:** Samningarnir eru ekki komnir.) Hér er hitt málgagn ríkisstj., líka frá deginum í dag. Þar er á einni aðalfréttasíðunni aðalefni annað viðtal við hæstv. fjmrh. þar sem líka streyma út úr honum yfirlýsingarnar. Það er nefnilega vandamálið við þessa deilu að hæstv. ráðh. er alltaf að ræða hana á torgum. Það var ekki verið að fjalla um það hér áðan. Það var hins vegar verið að vekja athygli á því að hæstv. ráðh. kýs að ræða deiluna ekki á þeim vettvangi þar sem hann ber ábyrgð, þ. e. á hæstv. Alþingi. En hann er úti um öll torg að ræða hana. Hann er úti um öll torg að hleypa illu blóði í hana. Hann er úti um öll torg að ögra forustumönnum kennara. Hann er úti um öll torg að reyna að vera með útúrsnúninga til að gera þá tortryggilega. (**Fjmrh.:** Hvort ert þú að kvarta undan því að ég tala eða þegi.) Ég er að kvarta undan því að hæstv. ráðh. talar á röngum stöðum. — Nei, nei, hæstv. forseti. Ég hélt að hæstv. forseti ætlaði að fara að grípa bjölluna. Ég sé að það var misskilningur. Það gleður mig mjög því það er nefnilega munurinn á mér og hæstv. fjmrh. að ef ég kalla einu sinni fram í fyrir honum biður hann strax forseta um aðstoð, biður forseta að sjá nú til þess að ég segi ekki meira. Hins vegar er hann nú þegar búinn að kalla einum sjö sinnum fram í fyrir mér. Ég fagna því í hvert sinn. Það er munurinn á málfrelsinu í Alþb. og Sjálfstfl. Greinilegt að það gilda ekki sömu reglur hjá hæstv. fjmrh. gagnvart honum sjálfum og hann af yfirlæti var í samræðum við forseta áðan að segja að ætti að gilda um aðra þm.

Hæstv. fjmrh. taldi að við værum að reyna að efla deiluna og ófriðinn. Það er mikill misskilningur. Ég bið hæstv. fjmrh. að veita því athygli að í ræðu minni áðan var ég að vekja athygli á því að eitt einfalt skref hæstv. fjmrh. gæti orðið til að leysa þessa deilu, ná sáttum, ná friði, láta skólana taka aftur til starfa. Þetta skref væri eingöngu fólgið í því að hæstv. fjmrh. heimilaði fulltrúum sínum í Kjaradómi og samningamönnum sínum að gefa út yfirlýsingu um það að þeir mundu efnislega fara eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. um dagvinnutekjuviðmiðun. En það vakti hins vegar athygli að í ræðu sinni áðan svaraði hæstv. fjmrh. ekki þessari spurningu einu orði, kaus hins vegar að tala um allt aðra yfirlýsingu sem var gefin fyrir nokkuð löngu. Hann veik hvergi að þeirri spurningu sem ég bar fram, fjallaði ekki einu orði um þessa yfirlýsingu forsrh. og svaraði alls ekki spurningunni sem borin var fram. Þess vegna ber að harma það að þegar menn eru að reyna að benda hæstv. ráðh. á hvaða skref væri hægt að stíga til að leysa deiluna hafa þeir svo lítinn áhuga á því að þeir kjósa ekki einu sinni að ræða það, heldur víkja sér alveg undan og svara út í hött og fara að rifja upp einhverja allt aðra sögu. Þess vegna hefur hæstv. fjmrh. enn þá ekki svarað þessari spurningu. Hann hefur ekki gert Alþingi grein fyrir því hvers vegna hann er ekki reiðubúinn að staðfesta efnislega yfirlýsingu forsrh. eða ef hann væri það hvenær hann væri þá tilbúinn að gera það.

Þess vegna standa forustumenn kennara, nemendur, foreldrar og þjóðin í heild sinni frammi fyrir því að hæstv. forsrh. hefur gefið út yfirlýsingu. Forustumenn kennarasamtakanna hafa lýst því yfir oftar en einu sinni á síðustu sólarhringum að verði þessi yfirlýsing efnislega staðfest á réttum vettvangi, en ekki bara í blöðum, sé deilan leyst. En hvorki hæstv. menntmrh. né hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. hafa viljað svara því hér í dag hvers vegna þetta gerist ekki. Og það er svarið sem beðið er eftir. Meðan beðið er eftir því liggur alveg ljóst fyrir að það eru hæstv. ráðh. sem bera alla ábyrgð á því að þessi deila er framlengd.

Herra forseti. Það er líka misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að það sé Alþb. sem eigi upptökin að því að

benda á þennan flöt málsins. Þeir sem vekja sérstaka athygli á þessum fleti málsins í dag eru málgagn Framsfl., dagblaðið NT, sem meira að segja hefur svo mikla umhyggju fyrir velferð Framsfl. að það skrifar í dag leiðara sem ber heitið „Framsóknarmenn vakni". Það er þess vegna mikill misskilningur að þetta sé komið frá okkur í Alþb. Við erum einfaldlega að reyna að flytja þetta hérna inn á þennan vettvang, þessa ábendingu frá hinu málgagni ríkisstj., og reyna að laða ráðh. fram úr skotgröfum óhróðurs og ógnana yfir í að fara þá leið sem hægt er að fara til að ná sáttum.

Ég kallaði fram í fyrir hæstv. fjmrh. sem varð til þess að hann baðst skjóls hjá hæstv. forseta. Frammíkallið var að vekja athygli á því að það hefur nú gerst á undanförnum vikum, bæði með úrskurði Kjaradóms og í frjálsum samningum á vinnumarkaði, að gerðir hafa verið kjarasamningar og felldur úrskurður Kjaradóms þar sem kauphækkanirnar eru á bilinu 35 til 37 eða 38%. Menn geta deilt um hvort þetta sé æskilegt eða óæskilegt. En það hefur gerst, annars vegar í samningum sem eitt stærsta fyrirtæki þessa lands, Flugleiðir, hefur gert á frjálsum og almennum vinnumarkaði og hins vegar með úrskurði Kjaradóms fyrir nokkrum vikum, þegar úrskurðuð voru laun ákveðinna starfsmanna sem vinna hjá ríkinu, að fyrir liggur þessi viðmiðunartala. Það er þess vegna ósköp eðlilegt, þegar bæði Kjaradómur og eitt stærsta fyrirtæki landsins hafa náð niðurstöðu af þessu tagi, að aðrir hópar, sérstaklega kennarar sem óumdeilanlega hafa dregist langt aftur úr öðrum stéttum, horfi á þessa viðmiðun.

Herra forseti. Formaður Kjaradóms mun hafa lýst því yfir í gær að svo gæti farið að Kjaradómur kæmist fyrst að niðurstöðu í lok aprílmánaðar. Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðh.: Ber virkilega að skilja yfirlýsingar þeirra hér í dag á þann veg að þeir ætli að bíða þar til í lok apríl? Þeir ætla ekki að eiga neitt frumkvæði. Þeir ætla ekki að reyna neitt til að ná sáttum. Ætla þeir jafnvel að halda frekar áfram á þeirri braut, sem þeir hófu að ganga hér í dag, að gefa í skyn að þeir sem væru að tala við þá væru eiginlega lögbrjótar. Það væri mesti misskilningur að vera að tala við þessa menn, þeir hafi ekkert umboð. Er það virkilega ákvörðun ríkisstj. eftir fundinn í morgun að skólakerfi landsins eigi að vera jafnlamað og það hefur verið undanfarið fram til loka aprílmánaðar? (**ÁJ:** Það er augljós villa í orðsendingu hv. 5. þm. Austurl.) Hver er hún, hv. ritari? Fyrst að ritari kaus að lesa á blöð mín í ræðustól vill hann þá ekki veita mér þá aðstoð að leiðrétta þessa villu? Nú vil ég biðjast aðstoðar hæstv. forseta. (**Forseti:** Það gildir enn sem fyrr að sá sem hefur orðið hefur rétt til þess að mæla og það er ekki gert ráð fyrir samtölum.) Mér þykir það leitt. Ég vildi gjarnan þiggja ráð frá hv. ritara. Mér er nefnilega ljóst að það er ein villa á þessum texta sem mér var afhentur hér í ræðustól, en ég las hana ekki upp. Ég sagði: „formaður Kjaradóms". Ég nefndi hann ekki með nafni. Það var því enginn villa í því sem ég sagði, hv. ritari. Hins vegar er skemmtilegt að fá það upplýst að þessi ágæti þm. Sjálfstfl., sem ég tel að eigi að fara á sem flest þing alþjóðleg og hérlend, stundar það sér til skemmtunar úr ritarastól og lesa á þá pappíra sem menn hafa með sér til aðstoðar í ræðustól.

Herra forseti. Ég var að ljúka máli mínu þegar ritari hóf þennan fjarlestur sinn. Það er greinilega niðurstaða þessara umr. að hæstv. ríkisstj. hefur í dag hafnað sáttaleiðinni, hafnað því að gefa yfirlýsingu efnislega á grundvelli þess sem hæstv. forsrh. sagði fyrir nokkrum dögum. Hún hefur kosið leið ögrunarinnar, leið hörkunnar og ætlað sér ekki að aðhafast neitt í málinu fyrr en í fyrsta lagi að Kjaradómur hefur fellt úrskurð sinn. Það er ákvörðun ríkisstj. um að skólakerfið í landinu verði áfram lamað, jafnvel út aprílmánuð. Til að reyna enn einu sinni að aðstoða hæstv. ríkisstj. vil ég að lokum beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh.: Er ekki hæstv. fjmrh., og hæstv. menntmrh. einnig, reiðubúinn að beita sér fyrir því að Kjaradómur felli úrskurð sinn ekki síðar en í þessari viku? Það ætti að vera hægt. Það eru fullar efnisástæður til þess. Það væri lágmarksframlag hæstv. ríkisstj. til þess að leysa þessa deilu að hún beitti sér fyrir því að Kjaradómur flýtti störfum sínum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Varðandi lokaorð hv. 3. þm. Reykv. vil ég segja að mér er ekki kunnugt um að hvað miklu leyti ríkisstj. eða einstakir ráðh. geta haft áhrif á gang mála hjá Kjaradómi, en ef það er hægt mun ég beita mér fyrir því. Ég tel það alveg sjálfsagt. Ég vil að gefnu tilefni að það komi fram líka að samningamenn kennara hafa fengið mín símanúmer, mitt einkanúmer bæði á skrifstofunni og heima, og ég hef boðið þeim að hafa samband við mig á hvaða tíma sólarhringsins sem er hafi þeir eitthvað fram að færa eða vilji þeir ná sambandi við mig. Dyrnar hjá mér standa því opnar hvenær sem er.

Auglýsingar banka og sparisjóða.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kjartans Jóhannssonar um auglýsingar banka og sparisjóða, á þskj. 497, afhent þm. 18. mars.

Fyrirspurn hljóðar svo:

Hvernig skiptist auglýsingakostnaður banka og sparisjóða á árinu 1984 á fjölmiðlana, Ríkisútvarp/sjónvarp, Morgunblaðið, DV, NT, Þjóðviljann, Alþýðublaðið og aðra? Svör óskast sundurliðuð eftir ársfjórðungum.

Svar:

Sú fyrirspurn, sem hér liggur fyrir, varðar því sem næst sama efni og greinir á þingskjali 433. Eins og kom fram þegar þeirri fyrirspurn var svarað hafa einkabankarnir litið svo á, að Alþýðubankanum undanskildum, að þeim sé hvorki heimilt né skylt að svo stöddu að veita upplýsingar um það efni sem fyrirspurnin lýtur að. Einkabankarnir hljóta því að hafa sömu afstöðu til þeirrar fyrirspurnar sem nú er leitað svara við. Frá sambandi sparisjóða hafa hins vegar enn ekki borist svör.

Í ljósi þessa er því einungis unnt að veita upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað hjá ríkisviðskiptabönkunum.

Útvegsbankinn:	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Árið
Ríkisútvarp/sjónvarp	0	690	104	538	1 332
Morgunblaðið	0	139	180	411	730
DV	0	94	89	191	374
NT	0	16	109	33	158
Þjóðviljinn	0	7	33	26	66
Alþýðublaðið	15	17	22	9	63
Annað	390	697	367	1 752	3 206
Búnaðarbankinn:					
Ríkisútvarp/sjónvarp	65	480	439	850	1 834
Morgunblaðið	45	42	65	107	259
DV	0	13	24	99	136
NT	5	12	27	23	67
Þjóðviljinn	8	7	23	21	59
Alþýðublaðið	1	8	8	5	22
Annað	1 019	667	3 087	4 049	8 822
Landsbankinn:					
Ríkisútvarp/sjónvarp					551
Morgunblaðið					298
DV					205
NT					169
Þjóðviljinn					219
Alþýðublaðið					134
Annað					6 283

Að því er varðar tölur Landsbankans skal tekið fram að þær taka einungis til tæpra 8 millj. króna en í heild var auglýsingakostnaður bankans rúmar 12 millj. króna. Þetta stafar af því að mismunurinn, 4 millj. kr., fór ekki um skipulagsdeild bankans og ekki reyndist unnt að afla upplýsinga hjá öðrum deildum og útibúum bankans.

Þá skal þess getið að liðurinn „Annað" hjá ríkisviðskiptabönkunum tekur bæði til auglýsinga í öðrum fjölmiðlum, innlendum jafnt sem erlendum, og hönnunarkostnaðar við auglýsingar, kostnaðar við veggauglýsingar, kostnaðar við dagatöl o. fl.

Útflutningsbætur og niðurgreiðslur.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Sighvati Björgvinssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni um útflutningsbætur og niðurgreiðslur árið 1984, á þskj. 501.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. a. Hvernig var útflutningsbótum ríkissjóðs ráðstafað?
   b. Hvaða gagna var krafist áður en greiðslur fóru fram?
   c. Hvernig voru greiðslur inntar af hendi?
   d. Hverjir voru viðtakendur greiðslna?
   e. Hvaða kostnaðarliðir við sölu, geymslu, flutning, umboðslaun, vinnslu og framleiðslu landbúnaðarafurða voru greiddir af útflutningsbótum og í hvaða röð?
   f. Hvaða kröfur voru gerðar til viðtakenda um skilagreinar fyrir ráðstöfun útflutningsbóta og hvernig var eftirliti ríkisins með greiðslum háttað?
2. a. Hvernig var ráðstafað niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum úr ríkissjóði árið 1984?
   b. Hvaða gagna var krafist áður en greiðslur fóru fram?
   c. Hvernig voru greiðslur inntar af hendi?
   d. Hverjir voru viðtakendur?
   e. Hvernig var niðurgreiðslum ráðstafað til greiðslu á kostnaðarliðum við framleiðslu, sölu, vinnslu og geymslu á landbúnaðarafurðum og í hvaða röð?
   f. Hvaða kröfur voru gerðar til viðtakenda um skilagrein fyrir ráðstöfun niðurgreiðslna og hvernig var eftirliti ríkisins háttað?

Svar:

1. a. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds voru útflutningsbætur greiddar á árinu 1984 sem hér segir (í þús. kr.):

Mjólkurafurðir	82 498
Hrossakjöt	2 367
Innmatur	13 140
Kindakjöt	317 939
Ull	692
Vaxta- og geymslugjald	46 939
Vextir	4 455
Útflutningsbætur alls:	468 030

1. b. Gerðar eru þær kröfur til útflutningsaðila að þeir skili sölureikningum og staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisskilum. Vaxta- og geymslugjald af útfluttum afurðum er greitt samkvæmt staðfestum birgðahaldsskýrslum.

1. c. Útflytjandi leggur fram sölureikning og staðfestingu á gjaldeyrisskilum til landbúnaðarráðuneytisins sem yfirfer þau ásamt ríkisendurskoðun. Landbúnaðarráðuneytið skrifar síðan greiðslubeiðni á útflutningsbótalið sinn og stílar greiðsluna á Framleiðsluráð landbúnaðarins. Framleiðsluráð sér síðan um að greiða útflutningsbæturnar, að frádregnum lögbundnum gjöldum, til útflutningsaðila.

1. d. Eins og kemur fram í svari 1. c. fara útflutningsbótagreiðslur til Framleiðsluráðs frá ríkisféhirði. Framleiðsluráð greiðir síðan útflutningsaðilum. Helstu útflutningsaðilar eru:

Búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga,
Sláturfélag Suðurlands,
Osta- og smjörsalan,
Álafoss hf.,
Ísmat hf.,
Garðar Gíslason hf.

1. e. Samkvæmt lögum eru útflutningsbætur greiddar vegna þess mismunar sem er á framleiðslukostnaði innanlands og þess verðs sem útflutningurinn skilar. Það er því engin leið að aðgreina framleiðslukostnað bónda, vinnslustöðvar eða heildsala þegar útflutningsbótareikningur er gerður. Undantekning frá þessu er vaxta- og geymslukostnaður af kindakjöti en í því tilfelli er greiddur ákveðinn kostnaðarliður. Á árinu 1984 var 46,9 m. kr. varið til þessa þáttar.

1. f. Ríkisendurskoðun fylgist með skilum Framleiðsluráðs landbúnaðarins á útflutningsbótunum. Útflutningsbætur eru þannig ákvarðaðar að sláturleyfishafar og mjólkurbú fá greitt skráð heildsöluverð innanlands fyrir þær afurðir sem þeir flytja út. Útfluttar afurðir eru ekki gerðar sérstaklega upp við bændur, enda er ekki eyrnarmerkt við móttöku á hráefni hvað muni fara til útflutnings og hvað ekki.

2. a. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkissjóðs voru niðurgreiðslur inntar af hendi fyrir eftirtaldar afurðir á árinu 1984 sem hér segir (í þús. kr.):

Mjólk	297 422
Ull	57 920
Nautgripir	13 385
Kartöflur	23 434
Kindakjöt	172 794
Vaxta- og geymslugjald	162 505
Lífeyrissjóður bænda	75 957
Áburður	9 750
Niðurgreiðslur alls 1984:	813 167

2. b. Söluaðilar senda inn til Framleiðsluráðs landbúnaðarins staðfestar skýrslur um sölu á heildsölustigi á þeim vörum sem eru niðurgreiddar hverju sinni. Framleiðsluráð landbúnaðarins sendir viðskiptaráðuneyti heildaryfirlit sem ráðuneytið yfirfer og greiðir eftir af niðurgreiðslulið sínum. Að því er varðar Lífeyrissjóð bænda er hér um að ræða mótframlag neytenda í lífeyrissjóðinn. Greiðslukrafan kemur frá Lífeyrissjóði bænda. Ríkisendurskoðun yfirfer niðurgreiðslugögn frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

2. c. Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur við greiðslunum frá ríkisféhirði og sér um að koma þeim til viðkomandi söluaðila. Greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda fara beint til sjóðsins.

2. d. Eins og segir í lið 2. c. er Framleiðsluráð móttakandi á greiðslum frá ríkisféhirði. Framleiðsluráð ráðstafar niðurgreiðslunum til ullarkaupenda, sláturleyfishafa og mjólkurbúa.

2. e. Niðurgreiðslur standa undir hluta af heildarframleiðslukostnaði hverrar vöru sem er niðurgreidd. Ríkisstjórn ákveður hverju sinni niðurgreiðslufjárhæð á heildsöluverð. Niðurgreiðslum hefur aldrei verið ætlað að standa undir ákveðnum hluta af framleiðslukostnaði eins og t. d. sláturkostnaði, sölukostnaði eða framleiðslukostnaði mjólkurbúa, heldur hefur niðurgreiðslan verið ákveðin upphæð til þess að lækka verð til neytenda. Undantekning frá þessu er vaxta- og geymslukostnaður af kindakjöti en í því tilfelli er greiddur ákveðinn kostnaðarliður. Á árinu 1984 var 162,5 m. kr. varið til þessa þáttar.

2. f. Niðurgreiðslur eru hluti af því verði sem framleiðandi fær fyrir búvörurnar og ákveðið er af sexmannanefnd. Ekki er hægt að greina á milli hvort peningarnir koma frá niðurgreiðslum eða neytendaverði þegar vinnsluaðilar gera upp við bændur. Eftirlit með skilum Framleiðsluráðs til vinnslu- og heildsöluaðila er í höndum ríkisendurskoðunar.

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Atvinnuleysistryggingar, frv. 309. mál (þskj. 586 (sbr. 491)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 102, n. 543 og 570, 548). — Frh. 2. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Eins og ég kynnti við 2. umr. þessa frv. tel ég rétt að það komi fram athugasemdir við frv. til l. um sóknargjöld sem tekjudeild fjmrn. hefur komið á framfæri við mig. Skv. 1. gr. frv. skal gjaldskyldan ná til allra manna sem á er lagt útsvar skv. lögum nr. 73/1980, um

tekjustofna sveitarfélaga. Skylda til greiðslu sóknargjalda mundi skv. því ná til allra manna sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga nr. 71/1981, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 73/1980.

Hér er um að ræða menn sem afla launatekna sinna fyrir störf sín hér á landi um takmarkaðan tíma á árinu en eiga ekki skattalega heimilisfestu hér á landi, svo og menn sem héðan njóta ákveðinna tekna en eiga hvorki heimilisfestu né lögheimili hér á landi. Óeðlilegt virðist að ætla þessum mönnum að greiða sóknargjöld hér á landi þótt þeir beri takmarkaða útsvarsskyldu eins og verið hefur.

Þá er í 3. málsgr. 1. gr. að finna heimild til lækkunar eða niðurfellingar sóknargjalda ellilífeyrisþega, öryrkja eða annarra sem ástæða þykir til. Er þessi heimild í höndum sóknarnefnda. Sambærileg heimild er í 3. málsgr. 6. gr. og er hún miðuð við að ósk komi frá gjaldanda og sérstaklega standi á fyrir gjaldanda. Sýnist algjör óþarfi að tvítaka í lögunum þessar niðurfellingarheimildir sóknarnefnda nema því aðeins að þeirri fyrrnefndu sé ætlað að vera fyrirframákvörðun sóknarnefnda áður en kemur að álagningu en hinni síðari eftiráheimild eftir einstaklingsbundnum beiðnum.

Sé þessi skilningur lagður á ákvæðin verður að telja fyrirframheimildina mjög vafasama. Er langeðlilegast að löggjafinn setji meginreglur um gjaldskylduna og þær séu eins um allt land. Verður því að telja eðlilegt að 3. málsgr. 1. gr. falli niður eða í hennar stað komi ákvörðun löggjafans um hvaða hópar skuli undanþegnir gjaldinu. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þeir, sem eru 67 ára og eldri, eru undanskildir gjaldinu skv. gildandi lögum. Þá væri rétt að taka af öll tvímæli í sjálfum lagatextanum að miðað sé við 16 ára aldur á tekjuárinu, en það kemur nú aðeins fram í athugasemdum.

Skv. 4. gr. er trúfélögum utan þjóðkirkjunnar veitt allt annars konar svigrúm en þjóðkirkjusöfnuðum til gjaldtöku af safnaðarbörnum. Sýnast sértrúarsöfnuðir bundnir af ákvörðunum þjóðkirkjunnar um lágmarksgjaldtöku. Þá virðist einnig ljóst að gjaldskylda einstakra meðlima í utanþjóðkirkjusöfnuðum getur orðið mjög mishá þar sem hún kann að ráðast af búsetu þeirra og ákvörðunum þjóðkirkjusafnaða á hverjum stað. Sem dæmi mætti nefna að kaþólskur einstaklingur sem byggi í umdæmi þjóðkirkjusafnaðarins þyrfti að greiða 0.8% af útsvarsstofni til kaþólsku kirkjunnar ef viðkomandi þjóðkirkjusöfnuður ákvæði hækkun sóknargjalda skv. 3. gr. meðan annar kaþólikki slyppi e. t. v. með 0.2% gjöld til sinnar kirkju vegna þess að sóknarnefnd þjóðkirkjunnar í hans umdæmi beitti lágmarksgjaldtöku skv. 2. gr. Þá er einnig athyglisvert að utanþjóðkirkjusöfnuðir eru ekki bundnir af neinum hámörkum varðandi gjaldtöku andstætt þjóðkirkjusöfnuðunum.

Verður ekki betur séð en að ef sértrúarsöfnuður ákvæði að leggja skuli hærra gjald, t. d. 30% á útsvarsstofn, þá væri skattstjóri skyldugur til að leggja þann skatt á, sbr. 6. gr., og innheimtumanni skylt að innheimta skv. 7. gr. Hér sýnist því full þörf á að setja hámark með sama hætti og meiri hluti menntmn. leggur til varðandi utansafnaðamenn í 5. gr.

Um 6. gr. segir: „Í 3. málsgr. er sóknarnefndum heimilað að lækka eða fella niður sóknargjöld eftir umsókn og eru engin efnisskilyrði sett fyrir niðurfellingunni. Er sóknarnefndum hér með veitt mun víðtækara vald til gjaldaniðurfellingar en skattstjórum skv. 66. gr. laga nr. 75/1981 og sveitarstjórnum skv. 27. gr. tekjustofnalaga. Hefur hingað til verið talið eðlilegt að setja slíkum niðurfellingarheimildum ákveðinn lagaramma til að tryggja samræmi í niðurfellingum og að efnislegar ástæður séu að baki niðurfellinganna. Verður ekki séð að þessi þörf sé fremur fyrir hendi að því er sóknargjöld varðar en tekjuskatt, eignarskatt og útsvör."

Í þessu sambandi er rétt að benda á að lækkanir skattstjóra skv. 66. gr. laga nr. 75/1981 munu sjálfkrafa hafa áhrif til lækkunar sóknargjalds þar sem þær lækka útsvarsstofninn. Hins vegar munu lækkanir sveitarstjórna skv. 27. gr. tekjustofnalaganna ekki hafa sjálfkrafa áhrif á sóknargjöld. Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að utanþjóðkirkjumenn, hvort sem þeir greiða til síns trúfélags eða Háskóla Íslands, eiga engan kost á niðurfellingu eða lækkun skv. þessari gr.

Um 7. gr. segir: „Fyrirsjáanlegt er að það mun valda verulegum erfiðleikum í framkvæmd að haga innheimtu á þann hátt sem ráðgert er í greininni. Álagningarskrár skattstjóra skv. 6. gr. verða ekki sjálfkrafa innheimtuskrár hjá neinu einstöku innheimtukerfi heldur geta dreifst á hina og þessa innheimtuaðila. Mun þessi dreifing geta valdið framkvæmdaerfiðleikum auk þess sem hún torveldar mjög allan samanburð á álögðum gjöldum og þeim gjöldum sem til innheimtu eru. Þá er ljóst að vinnslukostnaður verður mun hærri en ella. Langbrotaminnsta leiðin væri að fela tilteknu innheimtukerfi, t. d. innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarstjórna, innheimtu allra sóknargjalda."

Þá er gerð athugasemd við lokamálslið 1. málsgr. 7. gr. varðandi frjálsa samninga um innheimtulaun. Þau ættu að vera samræmd og lögákveðin, þ. e. tiltekinn hundraðshluti sem ætlað er að standa undir álagningar- og innheimtukostnaði.

Um 9. gr. segir: „Hér er lagt til að kirkjumálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd gjaldálagningar. Álagning gjaldanna er í höndum skattstofanna er heyra undir fjmrn. og eru um öll önnur gjöld háðar verklagsreglum ríkisskattstjóra. Mun það ekki einfalda framkvæmd mála í skattakerfinu að fela öðrum aðilum að setja framkvæmdareglur um þetta eina efni."

Um 10. gr. segir: „Lögunum er ætlað að öðlast gildi við álagningu 1985 vegna tekna ársins 1984. Sýnist allt of skammur tími til stefnu til að undirbúa framkvæmd skv. þeim nú í sumar. Má í því sambandi benda á að frestir til tilkynninga skv. 6. gr. renna út hinn 30. mars. Þar sem frv. er um margt snúið í framkvæmd er líklegt að gildistaka þess nú þegar kunni að valda því að álagning opinberra gjalda dragist fram á haustið. Er þetta áhyggjuefni bæði ríkisskattstjóraembættisins og SKÝRR. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að álagningarvinnan 1985 er þegar vel á veg komin og því ljóst að frv. þetta, verði það að lögum, setur þar strik í reikninginn."

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur frammi, hefur ekki borið að í neinni skyndingu. Það hefur verið lengi í farvatninu og það hefur verið litið svo á að það væri hið þarfasta mál að fá fram afgreiðslu þess á þessu þingi. Hér er um að ræða stjórnarfrv. og það hefur verið gengið út frá því að það væri vilji ríkisstj. að málið yrði afgreitt sem greiðlegast á

þessu þingi. Það sem hér kom fram hjá hæstv. fjmrh. kemur því nokkuð óvænt og nokkuð seint miðað við forsögu málsins. Það sem varðar mestu nú er að þrátt fyrir þessar athugasemdir sem hér hafa komið fram verði ekki óeðlileg töf á afgreiðslu málsins.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér nú þau atriði sem fram komu í grg. fjmrn. og hæstv. fjmrh. gerði hér grein fyrir. Mér virðist að hér sé fyrst og fremst um að ræða ýmis tæknileg atriði. Ég teldi að það væri eðlilegt og legg raunar til að að lokinni þessari umr. taki hv. menntmn. frv. aftur til meðferðar með tilliti til þess að líta á þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um þessi tæknilegu atriði. Með þessum vinnubrögðum hygg ég að ekki þurfi að verða neinn sérstakur dráttur á afgreiðslu málsins þrátt fyrir þessar athugasemdir um tæknileg atriði sem fram hafa komið.

Fyrr í þessari umr. komu nokkrar athugasemdir fram við frv. sjálft og stefnu þess hvað varðar skattlagningu þá sem gert er ráð fyrir skv. frv. Hér á ég við það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. tjáði sig um málið. Hv. þm. lagði áherslu á að hér væri um að ræða allverulega skattahækkun frá því sem er skv. gildandi lögum um sóknargjöld. Hv. þm. bar svo fram till. um sérstakan jöfnunarsjóð þar sem 10% af sóknargjöldum gengju til og yrði sjóðnum yrði ráðstafað með sérstökum hætti. Ég vil taka það fram að hv. 3. þm. Norðurl. v. virtist ekki vera andstæður þeirri stefnumörkun sem felst í þessu frv. um það að hverfa frá nefskattinum sem nú er og til þess fyrirkomulags sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá er þetta atriði sem hér hefur verið virkið að að hér sé um verulega skatthækkun að ræða frá því sem nú er. Ég held að það verði að líta nánar á þetta mál áður en við sláum því föstu að með þessu frv. sé hætta á því að gengið sé nær skattþegnum landsins en skv. gildandi lögum. Ég hef hér í höndum yfirlit sem Gjaldheimtan í Reykjavík gerði þar sem annars vegar er um að ræða álögð sóknargjöld árið 1982 og hins vegar sóknargjöld sem orðið hefðu skv. frv. Ég sagði 1982. Af því má marka að það var ekki út í loftið sem ég sagði hér áðan að þetta mál er búið að eiga sér langan aðdraganda. Það er búinn að fara fram mjög vandaður undirbúningur að allri tillögugerð í þessu efni.

Skv. þessu yfirliti Gjaldheimtunnar námu sóknargjöld í Reykjavík 10 millj. 304 þús. Skv. frv. ef lagt hefði verið á 1.17% af útsvarsstofni hvers gjaldanda þá eru það 4 millj. 69 þús. En nú er ekki gert ráð fyrir að leggja á 0.1% heldur minnst 0.2%, þ. e. að þá mundi upphæðin hafa verið helmingi hærri, eða 8 millj. 138 þús. En það var lagt á 10.3 millj.

Nú þarf þetta frekari skýringa við. Skv. gildandi lögum nr. 36/1948, um sóknargjöld, er heimilt að leggja á 250 kr. á hvern gjaldþega. En 1982 var þessi heimild í Reykjavík ekki nýtt að fullu heldur voru lagðar 200 kr. á hvern gjaldþega. Það þýddi samtals, eins og ég sagði áðan, 10.3 millj. Ef heimildin hefði verið nýtt að fullu hefði það verið tæpar 13 millj. eða 12 millj. 880 þús. kr. Nú sagði ég að ef það væri skv. frv. notuð heimildin 0.2% hefði það numið samtals 8.1 millj. En sé heimildin notuð út í ystu æsar, þ. e. 0.4%, þá er það að sjálfsögðu helmingi hærri upphæð, eða 16.2 millj. kr. Heimildin skv. frv. notuð að fullu gefur 16.2 millj. kr. en heimildin skv. lögunum notuð að fullu gefur 12.9 millj. kr. Þarna er um hækkun að ræða ef heimildirnar eru notaðar að fullu.

En hér er þó ekki nema hálf sagan sögð og það bið ég hv. þm. að athuga. Skv. lögunum frá 1948, um sóknargjöld, er heimilt að bæta við eftir þörfum upphæð sóknargjaldanna. Og sú heimild er ótakmörkuð. Það eru engin takmörk í lögunum sjálfum hvað er hægt að leggja mikið álag á sóknargjaldið. En til þess að það verði þarf leyfi safnaðarfunda skv. gildandi lögum. En það eru engin takmörk fyrir því hvað safnaðarfundur getur ákveðið að gjaldið verði hátt.

Ef við tökum hins vegar frv. er allt öðru til að dreifa. Í 3. gr. frv. er tekið fram að ef tekjur sóknarkirkju hrökkva ekki skv. venjulegum álagningarreglum þá megi hækka sóknargjöld allt að tvöföldu. Það er sett hámark. Það er aldrei hægt að hækka þau meira en tvöfalt. Skv. gildandi lögum er hægt að margfalda þau. En það er ekki nóg með þetta, skv. gildandi lögum er það safnaðarfundur einn sem ræður því hve langt verður gengið. Skv. frv. er líka gert ráð fyrir að þetta sé lagt fyrir safnaðarfund en það er ekki nægilegt. Skv. frv. verður kirkjumrh. að samþykkja þetta.

Ég hygg að þegar þetta allt er athugað sé það hæpin fullyrðing, þó ekki sé meira sagt, að hér sé um alvarlega ágengni að ræða gagnvart skattborgurum eða þjóðkirkjumönnum. Þvert á móti eru með frv. settar hömlur og skilyrði, sem ekki þarf að fylgja skv. gildandi lögum, þegar það þarf að hækka þessa skattlagningu fram yfir það sem venjulegt er.

Ég skal láta þetta nægja um skattlagninguna sjálfa. En ég vék að því áðan að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur borið fram brtt. á þskj. 570 við þetta frv. á þá leið að af innheimtum sóknargjöldum skuli 10% lögð í jöfnunarsjóð og framlag úr jöfnunarsjóði skuli einkum ætluð sóknarkirkjum þar sem tekjur hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests. Þar segir og í till. þessari að sjóðurinn skuli vera í vörslu dóms- og kirkjumrn. og það rn. ákveði úthlutun úr sjóðnum að fengnum till. biskups og prófasts.

Það er glöggt hvað meint er með þessari tillögu. Ef sérstakar þarfir eru í einstökum sóknum þá á ekki að heimila því fólki sem þar býr að taka á sig meiri byrðar en venjulegt er til þess að hrinda í framkvæmd óskum þess, t. d. við kirkjubyggingu, heldur á að taka 10% af því sem þetta fólk greiðir og setja í jöfnunarsjóð. Ef svo ber undir þá kann að vera að þetta fólk fái eitthvað til baka og kannske meira en nemur þessum 10%.

Ég tel að ekki sé stefnt í rétta átt með þessum hætti. Ég tel að það sé höfuðatriði að sóknarmenn í hverri sókn geti sjálfir ákveðið sem mest um það hvað þeir vilja leggja á sig fyrir kirkju sína og að þeir fái að njóta þess sjálfir sem þeir leggja á sig. Það er höfuðatriði að hver kirkja fyrir sig eigi gjaldið sem á er lagt — eða hver söfnuður — og ráðstafi því í eigin þarfir. Þarna er grundvallarmismunur á. Skv. frv. er gert ráð fyrir að þessi skipun verði eins og alltaf hefur verið, að ég hygg, um þessi efni. Hver söfnuður fyrir sig hefur verið sinnar eigin gæfu smiður. Hver söfnuður fyrir sig hefur fengið að ráða hvað hann vildi á sig leggja og hann hefur fengið líka að njóta þess einn sem hann hefur lagt fram. Með tilliti til þessa þykir mér einsýnt að það beri að hafna brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v. en samþykkja frv. eins og það er með brtt. þeim sem fram hafa komið frá menntmn. Lögð er áhersla á að það verði enginn óþarfadráttur á því að afgreiða málið og það verði milli umr. athugaðar þessar tæknilegu athugasemdir sem fram hafa komið.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt innlegg í þessa umr. Það er ekki hægt að neita því að mér þótti undarlegt að hlýða hér á hæstv. fjmrh. og athugasemdir þær sem hann kom með við þetta frv. Ég tek það að sjálfsögðu fram að það er fyllilega réttmætt að hæstv. ráðh. hafi sína eigin skoðanir á þessu máli og flytji þær okkur þdm. og segi frá því sem honum liggur á hjarta varðandi afgreiðslu þessa máls. En ég fékk ekki skýringu á því hjá hæstv. ráðh. hvort hann var hér að lesa upp eitthvert bréf frá sínum embættismönnum sem hann taldi skylt að við fengjum að hlýða á eða hvort hann var að gera þessar athugasemdir að sínum till. hér.

Nú er hæstv. fjmrh. ekki hér viðstaddur en ég held að þessari umr. eigi ekki að ljúka fyrr en við vitum um það hvort þessi eðlilegi hlutur sé staðreynd, þ. e. hvort hæstv. fjmrh. hafi tekið athugasemdir sinna manna til greina sem sínar og komið þeim hér á framfæri sem slíkum eða hafi óskað eftir því við sína embættismenn að þeir gerðu athugun á þessu sérstaka frv. þó seint hafi verið í rassinn gripið hjá hæstv. ráðh. og hafi viljað koma þeim hér á framfæri til þess m. a. að ýmisleg tæknileg atriði væru í lagi, eins og manni skildist að sumu leyti að væri ástæðan.

Hins vegar fór ekki á milli mála að hæstv. ráðh. var að flytja í þessum athugasemdum boðskap um aukna vægð við skattborgarana eins og honum er vitanlega manna best lagið að óska eftir. Nú sé ég að hæstv. ráðh. er kominn í salinn og ég beini spurningu minni til hans. Þær athugasemdir, sem hann las hér áðan frá einhverjum embættismönnum, einhverjum mönnum í fjmrn., eru þetta skoðanir hæstv. ráðh., sem hann er að koma á framfæri við deildina, eða eru þetta bara athugasemdir sem hann vill að menn hlýði á hér og taki þá auðvitað minna mark á en ella ef hæstv. ráðh. ætlar að gera þær að sínum? Það finnst mér hins vegar undarlegt ef það er vegna þess að hæstv. ráðh. hefur annan og miklu nærtækari vettvang til að koma þessum athugasemdum á framfæri, þ. e. í hæstv. ríkisstj. þegar þetta mál hefur verið þar til umfjöllunar og lagt þar fram. Mér kemur þetta sem sagt mjög á óvart. En öllu máli skiptir auðvitað þó það, og þá skal ég fyllilega hlýða á erkibiskups boðskap, ef þetta eru skoðanir hæstv. ráðh. Í framhaldi af því muni hann við 3. umr. bera fram beinar till. um breytingar á þessu frv. skv. þeim athugasemdum, veigamiklu að mörgu leyti, sem hann kom hér fram með í ræðustól áðan. Þetta mun væntanlega upplýsast hér á eftir og væri gott að fá um það svör.

Það ber að fagna víðtækri samstöðu um meginefni þessa frv., m. a. um breytinguna á innheimtu sóknargjalda. Ég hef fjallað um þetta mál á öðrum vettvangi, reyndar tvívegis í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, bæði þeirri fyrri óformlegu nefnd sem var að störfum hér um tíma og eins í þeirri nefnd sem nú starfar. Ég lýsti þar yfir stuðningi við meginstefnu um aflagningu ákveðins nefskatts en í staðinn yrði tekin prósentutala af útsvarsstofni eins og 2. gr. gerir ráð fyrir. Ég taldi sömuleiðis eðlilegt að á þessu væri hlaup eins og er í 2. gr., þ. e. að 0.2% gætu gilt sums staðar þar sem það nægði en annars staðar yrði hámark að gilda, 0.4%. Ég man það að alla tíð hefur af hálfu kirkjunnar manna verið lögð áhersla á þennan sveigjanleika og möguleika til mismunandi álagningar miðað við þörf einstakra safnaða og þau verkefni sem fyrir lægju á hverjum tíma.

Þessi breyting minnir mig að nokkru á aðra breytingu sem gerð var fyrir nokkuð löngu síðan, þ. e. varðandi kirkjugarðsgjöldin þegar þau voru ákveðin svo sem nú er og olli býsna mikilli tekjuaukningu sem varð til þess, a. m. k. á þeim stöðum þar sem ég þekki, að víða varð gerbreyting varðandi alla umhirðu og frágang á kirkjugörðum. Það var greinilega til góðs að breyta þar til frá því fyrirkomulagi sem áður hafði verið. Ég hef líka allar götur síðan talið sóknargjald álagt með þessum hætti, sem hér er greint frá í frv., eðlilegri og skynsamlegri leið en nefskattsleiðina.

Varðandi 3. gr. frv. held ég að við ættum að staldra örlítið við hana, þá grein sem hér er helst til umr. Ég vil upplýsa það hér að það var margítrekað af hálfu kirkjunnar manna, sem höfðu vitanlega áhuga fyrir þessu frv. og lögðu það fyrir samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, að þetta tvöföldunarákvæði, sem þar er alveg sér í lagi á hærri prósentuna, þ. e. úr 0.4% upp í 0.8%, yrði ekki notað nema í undantekningartilfellum. Það var mjög skýrt orðað af hálfu kirkjunnar manna að farið yrði mjög varlega með þetta og aðeins gert þar sem sérstaklega stæði á.

Ég lýsti yfir, bæði í fyrri samstarfsnefndinni og eins á seinni fundum, nokkrum efasemdum um þetta hlaup, þessa sérstöku hækkun umfram það hlaup sem þegar var komið í 2. greinina. Ég benti m. a. á hvort 50% álag gæti ekki nægt í slíkum tilfellum, sérstaklega varðandi hærri prósentuna.

Ég efast ekkert um að safnaðarfundir muni fara býsna varlega í slíka aukaskattheimtu og beita henni ekki nema brýn þörf sé á. Enda þarf til þess samþykki kirkjumrh. í ofanálag svo af verði. Ég bendi hins vegar á að það er engin trygging fyrir því að alltaf verði svo varlega að málum staðið. Ég viðurkenni að hin almenna heimild í 3. gr. gefur möguleika á 200% hækkun frá lágmarki og það er vitanlega ansi ríflegt, 400% kannske ef maður miðar við það allra lægsta. Þá er komið býsna mikið hlaup á þetta.

Í 8. gr. frv. er reyndar reiknað með jöfnunargjaldi af svipaðri gerð, að vísu til annarra verkefna en þeirra sem hv. 3. þm. Norðurl. v. leggur til í sinni brtt., þ. e. að héraðsfundum sé heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum skuli renna í sérstakan sjóð. Þar er það héraðsfundur, fulltrúar einstakra safnaða sem koma saman á héraðsfundum, sem má ákveða að 5% af innheimtum sóknargjöldum renni í sérstakan sjóð í vörslu héraðsprófasts til ýmissa sameiginlegra kirkjulegra verkefna. Ég er mjög eindreginn stuðningsmaður þessa ákvæðis. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að tortryggja ákvæðið um 10% jöfnunargjaldið sem færi til þeirra kirkna sem erfiðast eiga eða þeirra safnaða sem erfiðast eiga með að halda uppi kirkjum sínum vegna þess að mér er alveg ljóst að þetta ákvæði verður notað. Ég fullyrði það t. d. í sambandi við þær framkvæmdir sem hafa átt sér stað á Austurlandi varðandi æskulýðsstarf og uppbyggingu á Eiðum að þessi heimild verður notuð þar, veit það reyndar að þessi 5% muni verða notuð. Enda veitir ekki af þeim og sjálfsagt líka að gera það til að hlúa að því mikilvæga starfi sem þar er unnið.

Ég sá að þessi jöfnunarsjóðstillaga, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. leggur hér til, ætti í langflestum tilfellum að

ná þessu marki. Ekki síst í ljósi þess að kirkjunnar menn hafa lagt á það áherslu að það væri aðeins í sérstökum undantekningartilfellum sem þyrfti að grípa til ákvæða 3. gr. um tvöföldunarákvæðið og ég býst við að það sé nokkuð rétt hjá þeim. Ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram í rækilegu máli hv. 4. þm. Vestf. hér áðan um tekjuöflun skv. gömlu lögunum og skv. þessu frv.

Ég gæti hins vegar vel hugsað mér og ætla að skoða það til 3. umr. þessa máls hvort í undantekningartilfellum mætti ekki hugsa sér 50% álag skv. 3. gr. á sóknargjöldin þar sem alveg sérstaklega stæði á, enda væri ákvæði um það býsna mikið hert. Ég hef hins vegar ekki gert mér nægilega vel grein fyrir því hvort vandi allra safnaða í þessu efni er leystur með jöfnunarsjóðstill. Ég held að hún geri það í langflestum tilfellum. En ástand kirkna er t. d. svo mismunandi að það er trúlega engin leið að setja fullkomið jöfnunarmerki þar við. Ef þessum sjóði er hins vegar ætlað það hlutverk sem reiknað er með og honum skipt nokkuð réttlátlega til þeirra aðila, sem mest þurfa á að halda, þá er hér vissulega um leið að ræða sem ég vil skoða. En til vara mundi ég leggja til að þessu tvöföldunarákvæði væri breytt í 50% álag á 0.2—0.4% sóknargjald eins og það er í 2. gr.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Í máli hæstv. fjmrh. komu fram nokkrar athugasemdir við þetta frv. til l. um sóknargjöld. Hlýtur það að koma nokkuð á óvart að þær komu ekki fram fyrr en við 2. umr. þessa máls, einkum og sér í lagi þar sem skattasérfræðingur rn. hefur komið á fund nefndarinnar og auk þess verið leitað hjá honum upplýsinga og óskað eftir athugasemdum. Og reyndar hafa sumar þær athugasemdir sem hann gerði verið ræddar í nefndinni. En ég held að það verði að fá meira ráðrúm til að athuga þessar athugasemdir áður en tekin er afstaða til þeirra. Ég vil þó aðeins minnast á örfá atriði.

Fyrsta atriðið sem nefnt var er um það að ýmsir aðilar, sem lagt er á útsvar hér, eru ekki búsetttir á landinu og ættu þar af leiðandi að vera lausir við að greiða til þjóðkirkjunnar, Háskólasjóðs eða trúfélaga. Ég held að það sé alveg séð fyrir þessu þar sem það er skattstjóri sem leggur þessi gjöld á og ætti að vera í lófa lagið að leiðrétta slíkar álagningar ef af yrði. En það er sjálfsagt að athuga það nánar milli 2. og 3. umr. hvort rétt er að setja eitthvert slíkt ákvæði inn í lögin.

Annað atriði sem nefnt var er um heimildina til lækkunar. Ég get ekki séð neinn ókost við það þó að það komi fyrir á tveim stöðum. Það undirstrikar miklu fremur þann rétt sem sóknarnefndir hafa til þess að fella niður sóknargjöldin.

Um innheimtuaðferðir var talsvert mikið rætt. Meðal annars kom Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, formaður Dómarafélagsins, á fund nefndarinnar. Hann taldi einsætt að heppilegasta orðalagið væri það sem kemur fram í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Þar styðjumst við því við aðila sem eru nákunnugir þeim málum.

Í brtt. við 5. gr. er einmitt tekið fram að hækkun umfram 0.4% skuli ekki lenda á þeim sem eru utan þjóðkirkjunnar. Er það í samræmi við athugasemdir hæstv. fjmrh. um það atriði.

Loks var það eitt atriði enn sem minnst var á og það er kannske ástæða til að athuga það nánar. Það er um hinn skamma frest sem er til álagningar. Má vera að vegna þess hve málið hefur dregist í nefnd sé nauðsynlegt að athuga hvort unnt sé að láta lögin taka gildi nú. Eins og er sé ég ekki neitt beinlínis því til fyrirstöðu. En það er sjálfsagt að athuga þetta atriði eins og önnur sem þar voru nefnd.

Svo að vikið sé að öðrum atriðum sem fram hafa komið þá hefur hv. 4. þm. Vestf. komið með ýmis rök gegn hugmyndinni um sérstakt jöfnunargjald. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að kirkjan hafi sem mest ráð á sínum eigin tekjum. M. a. gæti ákvæði um jöfnunarsjóð orðið til þess að ýmsar kirkjur mundu greiða talsvert mikið til annarra. En flestir söfnuðir eru nú þannig staddir að þeim veitir ekki af þeim tekjum sem kirkjan aflar. Ég held að það væri ákaflega vafasamt að taka upp slíkt kerfi og gæti valdið ýmsum ófyrirséðum leiðindum í samskiptum sóknar og kirkju. Hins vegar eru það ákvæðin um héraðssjóði. Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Austurl. um að þar er merkilegt nýmæli. Og ég er viss um að það á eftir að verða mikil lyftistöng kirkjulegu starfi.

Ég vil ekki gera neina tillögu um það að atkvgr. verði frestað en mun leggja kapp á að milli 2. og 3. umr. verði rækilega athugaðar þær athugasemdir sem komið hafa fram og kannað hvort hér sé ekki einungis um tæknileg atriði að ræða sem auðvelt er að leysa eða jafnvel eru leyst í þessu frv. Ég á eftir að kanna það hvort frumvarpsgreinarnar sjá ekki fyrir ýmsu af því sem fram kom í máli hæstv. fjmrh.

Að endingu vil ég aðeins segja það að ég legg mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel að það gæti orðið mikil lyftistöng fyrir kirkjuna og kirkjulegt starf í landinu. Ég hlýt að álíta að kirkjan hafi miklu og mikilvægu hlutverki að gegna og því beri að styðja hana með því að veita henni rýmri fjárráð en hún hefur nú og gefa auk þess söfnuðunum meiri möguleika til að hafa áhrif á kirkjulegt starf með því að taka virkan þátt í ákvörðunum sem varða t. d. hækkun á sóknargjöldum. Það er mál sem heyrir undir söfnuðina vissulega og gegnum sóknarnefndirnar. Ég óttast ekki að þau ákvæði sem hér eru um tvöföldun á sóknargjöldum verði misnotuð. Ég held miklu fremur að þau verði aðeins notuð í vissum tilfellum þegar raunveruleg þörf er á og söfnuðirnir eru sammála um að svo skuli gert.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi og dagaði uppi í nefnd. Þá var Árni Kolbeinsson skrifstofustjóri fjmrn. kallaður á fund nefndarinnar og lagði fram þau minnisatriði sem ég hef nú kynnt við þessar umr. En þegar frv. er nú tekið upp að nýju og er komið á afgreiðslustig, þá er það sem ráðuneytisstjórinn í fjmrn. tekur eftir því, ég hefði kannske átt að taka eftir því sjálfur hér við 1. umr. að ekkert af þeim athugasemdum hafði verið tekið til greina. Ég held að allir séu sammála um það að hæfari fagmaður í skattamálum almennt en Árni Kolbeinsson er vandfundinn. Þetta segi ég af því gefna tilefni að hér er vitnað í formann Dómarafélagsins, sem er líka ágætur og hæfur starfsmaður, en er starfandi sem innheimtumaður ríkissjóðs skv. þeim lögum sem fjmrn. verður að sjálfsögðu að fara eftir og reglugerðum sem það setur þar um. Það hefði nú verið betra að vitna í Árna Kolbeinsson beint í sambandi við

málsmeðferð að þessu sinni.

En það sem ég ætlaði að láta koma fram hér í fyrri ræðu minni, en mér var bent á að ég hefði líklega gleymt, er það að ég legg þessar athugasemdir fram eins og ég kynnti við 1. umr. eða á síðasta fundi að ég mundi gera, til þess að nefndarmenn gætu fengið þær til athugunar á milli 2. og 3. umr. Og ég óska eftir því að sú till., sem hv. 4. þm. Vestf. gerði hér í þessa átt, verði tekin til greina. En ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tefja afgreiðslu 2. umr. vegna þess arna. Það er ekki minn vilji eða ætlan að tefja fyrir framgangi þessa máls.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál hefur fjallað og var viðstaddur þegar á fund nefndarinnar kom sérfræðingur fjmrn. og málið var rætt þar fram og til baka. Mér kemur það því nokkuð spánskt fyrir sjónir að nú, þegar 2. umr. lýkur, skuli hæstv. fjmrh. koma hingað með margvíslegar athugasemdir. Allt getur þetta átt sér sínar eðlilegu skýringar og ég ætla ekki að fara að nefna neinn blóraböggul hér eða kenna neinum um. En engu að síður eru þetta ekki mjög góð vinnubrögð.

Efnislega skal ég ekki lengja þessa umr. Ég stend að nál. meiri hl., skrifa undir það, er þó að vísu þeirrar skoðunar að hækkunin upp í 0.8% sé fullmikil og hefði jafnvel getað hugsað mér að flytja brtt. um að sú prósentutala væri eitthvað lægri. En úr því sem komið er er ekkert annað að gera en afgreiða þetta mál héðan úr Ed. til 3. umr. og að nefndin taki það strax til meðferðar að nýju og ræði þær athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu fjmrn., taki þær til greina eftir því sem nefndinni þykir ástæða til og greiði síðan veg málsins þannig að það geti komið til 3. umr. í þessari hv. deild eins skjótt og verða má. Ég held að með góðu samkomulagi allra, sem hlut eiga að máli, ætti það að geta orðið strax eftir helgi.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Út af ummælum hæstv. fjmrh. vil ég taka fram eftirfarandi:

Árni Kolbeinsson kom á fund nefndarinnar. Það voru mjög gagnlegar viðræður sem nm. áttu við hann og margt skýrðist í þeim meðförum, enda er maðurinn afburðavel að sér og snjall í skattamálum. Ég held að það sé álit okkar allra, sem höfum átt samskipti við hann bæði á því sviði og öðru, að hann sé frábær starfsmaður. Og mér þykir leitt ef fjmrh. hefur tekið orð mín sem einhvers konar gagnrýni á störf hans. Það var síður en svo þannig meint. Ég vildi aðeins undirstrika það að við fengum einnig aðra sérfræðinga til fundar við okkur, menn sem nauðþekkja þessi mál, þannig að margt af því var kannske ekki síður gagnlegt en viðræðurnar við Árna. En það sem ég átaldi voru þau vinnubrögð að fá núna fyrst þessar athugasemdir sem við hefðum gjarnan viljað hafa haft í höndunum fyrir mánuði eða svo. En ég vil að það komi mjög skýrt fram að það bar alls ekki að taka þetta sem gagnrýni á Árna Kolbeinsson eða aðra starfsmenn fjmrn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég var ekki að tala um gagnrýni á einn eða annan. Ég var að benda á þá staðreynd að formaður menntmn. vitnaði sérstaklega til eins aðila, sagðist hafa stuðst við aðila í innheimtu sem kunnugir eru þessum málum, eins og ég skrifaði orðrétt eftir honum, og gat svo um að það væri formaður Dómarafélagsins.

Nú vill svo til að í þessum skilningi eru innheimtumenn ríkissjóðs um land allt starfsmenn ríkissjóðs hvað þetta snertir. Ég tel þess vegna að það hefði verið eðlilegra að vitna í þá sérfræðinga sem rn. hefur til þess að setja innheimtumönnum starfsreglur hvað þessi mál snertir.

Hitt er annað mál að ég hringdi í ráðuneytisstjórann meðan á þessari umr. stóð og spurði hvort það væri ekki rétt með farið að Árni Kolbeinsson hefði ekki komið á fund nefndarinnar á þessu þingi. Hann staðfesti að svo væri, að Árni Kolbeinsson hefði ekki komið á fund nefndarinnar. Það getur vel verið að það sé rangt hjá honum. (Gripið fram í.) Þá skulum við bara fá það rétta. Hitt er annað mál að Árni Kolbeinsson hafði komið á fund nefndarinnar í fyrra þegar þetta frv. var fyrst lagt fram og þá lagt þau gögn fram sem ég er búinn að kynna hér í dag. Við skulum fá fram hvort réttara er. En vegna upplýsinga, sem ég fékk frá formanni nefndarinnar, taldi ég rétt að hringja í ráðuneytisstjórann og spyrja hvort ég færi hér með rétt mál og hann staðfesti að svo væri. En það getur verið rangt fyrir því. Við skulum bara athuga það nánar.

Það hefur komið hér fram að menn furða sig á því að athugasemdir skuli koma svona seint fram frá fjmrn. að þessu sinni þó þær hafi legið fyrir í fyrra þegar frv. var lagt fram. Nú vil ég taka það fram að fjmrn. fylgist náttúrlega fyrst og fremst með málum sem vísað er til þeirra nefnda sem heyra beint til starfi fjmrn. Það er að sjálfsögðu minna fylgst með þeim frv. sem fara í menntmn. en þeim sem fara í fjh.- og viðskn. En þegar fjmrn. fékk í hendur þau gögn sem hér eru til umr., þá gerði það aftur þessar athugasemdir og því ætlaði ég að kynna það við 2. umr. En eins og menn muna, og ég gerði líka athugasemd við, þá urðu mistök í fundarboðun og það lá ekki fyrir að fundur yrði í Ed. í fyrradag og ég óskaði eftir því að fá að gera þær athugasemdir í dag. Ég geri þær hér með og óska eftir því að menn taki þær og skoði milli umræðna.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Auk þess sem fram kom hjá mér þegar ég mælti fyrir nál. mínu í upphafi þessarar umr. vil ég nú bæta því við að ég var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins úr nefnd. Hún gerðist með nokkuð skjótum hætti og mér fannst strax, þegar mér varð ljóst hvernig nefndin hafði afgreitt málið, að hún hefði kannske afgreitt það með fullmiklum flýti og ekki hefði verið tekið tillit til ýmissa ábendinga, sem fram hefðu komið, m. a. ábendinga frá fjmrn., að vísu sennilega munnlega, en höfðu verið ræddar fyrr á vetrinum á nefndarfundum. Mér fannst að á nefndarfundum væri skilningur á því að það þyrfti að breyta vissum atriðum í þessu frv., en þó fleirum en till. er þarna gerð um og ég var ekki alveg sáttur við það hvernig afgreiðsla málsins fór fram. Nú er komið á daginn að þarna þarf að ýmsu að gæta, sérstaklega þegar við fáum nú bréf frá fjmrn. þar sem því er lýst yfir, eins og gert er í niðurlagi bréfsins, sem fjmrh. las áðan, að það geti svo farið að öll álagning opinberra gjalda tefjist um marga mánuði ef frv. þetta verður að lögum. Þá er meira en lítið að ef samþykkt frv. getur valdið slíkum búsifjum hjá ríkisstj.

Ég ítreka svo það sem ég sagði í nefndinni og sagði

hér í upphafi umr. Mér finnst það óhæfileg hækkun gjaldheimtu að fara með þessa prósentu úr almennum nefskatti, eins og hér hefur verið upplýst að var árið 1982 200 kr. nefskattur á mann, og upp í skatt sem getur numið, að vísu í undantekningartilvikum, allt að 0.8% af útsvarstekjum manna. Ég efast ekkert um að þessi gjaldheimta verður tekin upp víða um land í mörgum söfnuðum allt upp í 0.8% og hefði kosið að vandamál þessara safnaða hefði verið leyst með öðrum hætti en svona mikilli aukningu skattheimtu.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson tók af mér ómakið að sýna fram á hve mikil aukning væri þarna í skattheimtu því að hann upplýsti að á árinu 1982 hefði skattheimtan numið 10.3 millj. miðað við það 200 kr. gjald sem á var lagt. En ef lagt hefði verið á 0.8% gjald hefði skattheimtan numið 32.4 millj., sem sagt þrisvar sinnum hærri tölu. Sjá þá allir að það er ekkert ofmælt að þarna sé um verulega aukningu í skattheimtu að ræða. Ég hef reyndar heyrt þessi rök fyrr sem hv. þm. kom með. Hann nefndi reyndar skattprósentuna 0.4% sem gaf 16.2, en hæsta mögulega skattprósenta í sambandi við sóknargjöldin er 0.8% eins og hann réttilega nefndi líka. Það gefur útkomuna 32.4 millj. Það er meira en þrisvar sinnum hærra en nefskatturinn gaf svo að það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur með það að þarna getur verið um stórfellda aukningu að ræða. Ég er ekki að segja að það verði það í Reykjavíkurprófastsdæmi, ég þekki það ekki svo vel. Það má vel vera að það verði ekki þar og sé ekki þörf á því þar. En bara þetta einfalda dæmi sýnir okkur hvað þarna getur orðið um mikla aukningu að ræða.

Það er út af fyrir sig rétt að skv. núgildandi lögum er heimilt að bæta við innheimtu sóknargjalda álagi eftir þörfum. En ég benti hins vegar á að það er ekki alveg sambærilegt við þá aukningu sem getur verið skv. því kerfi sem hér er verið að gera till. um vegna þess einfaldlega að menn veigra sér við að hækka nefskatt upp úr öllu valdi eftir þörfum, skatt sem leggst á alla, háa sem lága. Þar hljóta af eðlilegum orsökum að vera ákveðnar takmarkanir sem koma af sjálfu sér þegar slíkt er lagt undir söfnuðinn. En hér yrði ekki um hliðstæðu að ræða og ákaflega hætt við því að í mjög mörgum tilvikum yrði þessi skattheimta 0.8% af útsvarstekjum og kæmi þá algerlega til viðbótar við það útsvar sem nú er á lagt. Það finnst mér of mikið.

Ég ítreka það sem ég hef sagt hér áður. Ég efast ekkert um að einstakar kirkjur þurfa á stórauknum tekjum að halda. Og ég efast ekkert um að breytingin, sem fólgin er í þessu frv., að breyta úr nefskatti og yfir í hlutfall af tekjum manna, er skynsamleg og rétt breyting. Ég hef ekkert á móti því að innheimta sóknargjalda skili auknum tekjum frá því sem nú er í heildina tekið. En þarna er of langt gengið og að óþörfu að minni hyggju. Miðað við þær umr., sem fram fóru í nefndinni þar sem mér fannst að þessi sjónarmið ættu miklu fylgi að fagna, kom mér hin óvænta og snögga afgreiðsla nefndarinnar á málinu nokkuð á óvart. Ég held að ljóst sé að það veiti ekkert af að nefndin taki þetta mál til nánari skoðunar.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þeirra ummæla hæstv. fjmrh. hér áðan að fulltrúi fjmrn. hefði ekki komið á fund nefndarinnar á þessu þingi. Það vill svo til að ég er fundarritari þeirrar nefndar sem um málið fjallaði. Hér er fundargerð 4. fundar sem haldinn var 5. des. 1984. Mættir þar voru Haraldur Ólafsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Árni Johnsen, Salome Þorkelsdóttir og Eiður Guðnason.

„1. Fyrir tekið 98. mál. Á fundinn mætti Árni Kolbeinsson frá fjmrn. Rætt um breytingar á upphæð sóknargjalda og innheimtu. Rætt og frestað. Fleira ekki gert. Fundi slitið."

Þetta er undirritað af fundarritara og formanni, Haraldi Ólafssyni. Þar að auki veit ég, að formaður nefndarinnar átti alloft viðræður við fulltrúa fjmrn. í síma um þetta mál.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er augljóst að ég hef verið með rangar upplýsingar sem veganesti inn í þessa umr. hvað þetta atriði snertir og ég bið hv. formann nefndarinnar og nm. afsökunar á því.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. lét þess getið að ég hefði tekið af honum ómakið með upplýsingar og víst gaf ég honum upplýsingar eins og fram kom í hans máli. En hann hefði að vissu leyti mátt fara betur með þær upplýsingar og draga réttari ályktanir af þeim upplýsingum sem honum voru gefnar.

Hv. þm. bar saman. Ef fyllsta heimild skv. frv. væri notuð fékk hann út að þá hefði álagning sóknargjalda 1982 í Reykjavík numið 32 millj. en hins vegar hefðu álögð gjöld verið, eins og ég hafði tekið fram, um 10 millj. En þetta er ekki sambærilegt. Svona er ekki hægt að bera hlutina saman. Það var upplýst að 1982 var hin almenna heimild núgildandi laga ekki nýtt til fullnustu, þ. e. það voru lagðar 200 kr. á hvern gjaldþegn en ekki 250 kr. Þá hefði í fyrsta lagi hv. 3. þm. Norðurl. v. átt að bera saman hvað kæmi út ef það hefðu verið annars vegar 250 kr. á hvern gjaldanda og svo ef það hefðu verið hins vegar 0.8% af útsvarsstofni. En þá kemur annar samanburður, önnur niðurstaða. En þetta er ekki nægilegt. Hv. þm. hefði, ef hann hefði viljað gera þetta samviskusamlega, átt að bera saman hvað gjöldin hefðu verið há ef fyllstu heimildir hefðu verið notaðar skv. gildandi lögum. En ég virði hv. þm. það til vorkunnar að það gat hann ekki gert vegna þess að það eru engin takmörk fyrir því hvað hægt er að leggja á mikið skv. gildandi lögum.

Auk þess gekk hann alveg fram hjá þeim upplýsingum, sem honum voru gefnar af mér, að skv. frv. eru líka frekari hömlur settar á að heimildir séu notaðar en er skv. gildandi lögum, þ. e. skv. gildandi lögum getur safnaðarfundur algerlega ráðið því sem gert er, en það er ekki hægt skv. frv. Það er sá varnagli í frv. að kirkjumálaráðh. verður að samþykkja. Þetta bið ég hv. þdm. að hafa í huga og hv. 3. þm. Norðurl. v.

Auk þess finn ég mig knúinn til þess að létta af honum þeim áhyggjum að öllu gæti nú stefnt í voða með álagningu og innheimtu útsvara á þessu ári ef frv. yrði samþykkt. Það þarf ekki að vera hvernig svo sem frv. er eða hvort tekið er tillit til athugasemda fjmrh. eða ekki, því að það er ósköp einfalt mál að ákveða gildistöku laganna þannig að engin vandkvæði séu í þessu efni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 570 tekin aftur til 3. umr.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 548,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 548,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 548,3. a—b samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Nokkur áhöld hafa þótt vera um til hvors friðar þetta mál heyrði, iðnrh. eða hæstv. viðskrh. Til þess að taka af tvímæli, svo ekkert fari milli mála, þá má alveg eins kalla að ég í fjarveru hans mæli fyrir þessu fyrir hans hönd, en a. m. k. mundi það koma í minn hlut sem iðnrh. að gefa út lögin ef þau hlytu samþykki á hinu háa Alþingi.

Samkv. gildandi lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar er framkvæmd laga þessara skipt þannig að iðnrh. fer með framkvæmd III. kafla laganna um orkusparnað og IV. kafla um nýtingu innlendra orkugjafa, en framkvæmd II. kafla um olíustyrk er í höndum viðskrh. Þegar lögin um greiðslu olíustyrks voru fyrst sett 1974 var litið svo á að um verðlagsmál væri að ræða og var framkvæmd laganna því í viðskrn. og hefur svo verið síðan að því er snertir olíustyrkinn. Ég hygg þó að ég muni það rétt að ýmislegt fleira hafi þótt til koma í tíð hæstv. síðustu ríkisstj., án þess að ég ætli að orðlengja um þau mál.

Samkomulag hefur orðið um að færa framkvæmd þessara mála alfarið til iðnrh. og felur frv. þetta í sér lögfestingu á því samkomulagi. Verði frv. þetta að lögum færast mál er varða greiðslu olíustyrkja til iðnrn. og með því verður framkvæmd þessa málaflokks á einni hendi. Eðlilegt þykir að fela iðnrn. að sjá um greiðslu olíustyrkja, m. a. með tilliti til þess að leggja verður áherslu á að menn skipti sem mest yfir á rafhitun í stað olíuhitunar, en iðnrh. hefur besta yfirsýn yfir möguleika á rafhitun í hinum ýmsu héruðum landsins.

Af hálfu og fyrir forgöngu iðnrn. í samstarfi við félmrn. er hafið orkusparnaðarátak. Eitt af því sem það framtak felur í sér er breyting á olíukyntum húsum í rafkynt hús þar sem þess er kostur að leggja rafhitun í hús. Það er ætlað að um 2700 íbúðir í landinu séu enn kyntar með olíu. Það er álitið að yfir 2000 íbúðum sé auðgert að breyta úr olíu- yfir í rafhitun með tiltölulega vægum kostnaði í flestu falli. Þetta er það átak sem nú stendur fyrir dyrum og í ár er það hyggja manna að takast muni að breyta um, úr olíukyndingu yfir í rafhitun, í 1000 íbúðum og 1000 til viðbótar á árinu 1986.

Til olíustyrkja er varið samkv. fjárlögum á þessu ári rúmum 50 millj. kr. og ætti þess vegna að vera hægt að spara verulega á þessum lið. Þá er hugmyndin að nýta þá fjármuni til að liðka fyrir hjá húseigendum að framkvæma þessar breytingar kostnaðarlega séð, en sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar í því skyni. Enn fremur er það ætlunin nú að taka fyrir mannvirki, skólahúsnæði og félagsheimili og annað húsnæði, á vegum sveitarfélaga og sjá til hversu langt við gætum náð fram í því skyni. Ég nefni kirkjur einnig. Allt er þetta það sem menn hafa nú í takinu í þessum málum.

Það varð ofan á og samkomulag um það og hér er verið að framkvæma það samkomulag, að þessi breyting yrði á, að iðnrh. tæki öll þessi mál í sínar hendur, enda er það eini eðlilegi hátturinn á. Þetta eru leifar af gömlu reiptogi, sem átti sér stað sérstaklega í síðustu hæstv. ríkisstj., sem þarna er verið að þurrka upp.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að þegar 1. umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég veit vel að hæstv. ráðh. er maður glaðbeittur og bjartsýnn, en þó þykir mér bjartsýni hans keyra úr hófi ef hann heldur að þetta mál í heild sinni, þ. e. jöfnun hitunarkostnaðar í landinu, verði til friðs fullkomlega. Svo er ekki, eins og hæstv. ráðh. veit mætavel þótt ýmislegt hafi verið gert í þeim efnum á síðustu árum. Hins vegar hefði verið gott að þetta með kirkjurnar hefði verið upplýst fyrr á þessum fundi vegna þess að kirkjunnar mál voru mjög til umræðu fyrr á fundinum og aukaálögur á safnaðarmeðlimi, á sóknarbörnin, m. a. vegna mikils kostnaðar við kyndingu á kirkjum, þannig að þetta „fagnaðarerindi", innan gæsalappa að vísu, hefði betur mátt koma fyrr.

Ég ætla ekki að fara að efna til umræðna um þetta litla mál hér. Það má eflaust finna réttmæt rök fyrir því, og ég er sammála þeim rökum, að allt skuli þetta undir einum hatti. Þetta frv. minnir mig hins vegar á annað frv. frá í fyrra sem ég veit að hæstv. ráðh. kannast við. Það var myndarlegra og efnismeira frv. um jöfnun hitunarkostnaðar, um þetta sama mál, en þetta er ansi mikið rýrara, sem hér er, og aðeins ein lítil grein um smábreytingu. Það frv. var frv. um aðgerðir til jöfnunar í þessu einu veigamesta jöfnunarmáli þjóðfélagsins og einu þýðingarmesta máli fyrir landsbyggðarfólk. Það var hér til umr. í fyrra og skal sú umr. ekki endurtekin hér, en ljóst var á máli hæstv. ráðh. þá að honum þótti mikils um vert að ná fram því máli, frv. til l. um jöfnun hitunarkostnaðar, sem var í nokkuð mörgum greinum og sem hann taldi boða betri tíð í öllum greinum. Vissulega hefur ýmislegt verið gert þar, sbr. það orkusparnaðarátak sem hann minnti á áðan og ég skal ekkert draga úr að hafi verið býsna myndarlegt. En svo undarlegt sem það var um eitt af meginmálunum sem komu fram í fyrra, þá týndist það í nefnd og hefur ekki síðan sést. (**Gripið fram í:** Týndist?) Ja, ég man ekki betur en að það hafi týnst því ég man aldrei eftir að nál. kæmi. Hv. iðnaðarnefndarmaður veit kannske að þetta mál hafi komið í nál. þó ég hafi ekki orðið var við það.

Í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði á sínum tíma áttu einmitt sæti þeir hv. sjálfstæðismenn í þessari deild sem mestan áhuga hafa sýnt þessu jöfnunarmáli, eins og hv. 4. þm. Vestf. og hv. 11. landsk. þm., og hafa sett þetta jöfnunarmál í allri sinni miklu stærð og þýðingu fyrir fólkið á landsbyggðinni sem forgangsmál. Ég veit

ekki um ástæðu til þess að þetta frv. dagaði uppi, allavega dagaði það uppi, en þó rámar hv. þm. Skúla Alexandersson í að eitthvað hafi verið gert með þetta mál í n. En ekki hefur hún sýnt því þann áhuga og þann sóma að skila því frá sér, það er a. m. k. alveg ljóst, og það verður ekki skrifað á ábyrgð hv. 4. þm. Vesturl. heldur á ábyrgð einhverra annarra sem hafa ekki séð til þess ástæðu að þetta mál næði þá fram að ganga.

En ég get ekki stillt mig um það rétt aðeins að sýna samtímis þessi tvö frv., þetta litla frv. hér og hins vegar hið myndarlega frv. sem mælt var fyrir hér af röggsemi og venjulegri bjartsýni hæstv. ráðh. í fyrra, og um leið að setja nokkurt samhengi í þetta mál í heild sinni með því að óska eftir því að við 2. umr. þessa máls liggi fyrir samanburður á kostnaði við kyndingu með rafhitun nú og hvernig þau mál stóðu 1. júní 1983, að sjálfsögðu í samanburði við kaupmátt og þar með kaupgetu. Ég held að gott sé að glöggva sig á þessu, einkum í ljósi hins glataða frv. frá í fyrra. Ég bið hv. n. að fá um þetta óyggjandi upplýsingar. Nátengt þessu er rétt að fá einnig samanburð varðandi almenna rafmagnstaxta utan kyndingar, þ. e. venjulega taxta ljósa og annarrar notkunar, og þá í samanburði við kaupgetu 1. júní 1983 og aftur nú. Í ljósi þess hvernig fór um þetta frv. í fyrra er nauðsynlegt að fá þetta fram ef ástæðan kynni að vera sú að hv. iðnn., sem fékk þetta mál þá til meðferðar, hafi ekki afgreitt frv. af þeirri ástæðu að málið væri í það góðu ástandi nú að ástæðulaust væri að afgreiða það og fá fram úrbætur á því.

Þetta vildi ég gjarnan að kæmi fram við 2. umr., samanburður við valdatöku þessarar stjórnar og það hvernig þetta mál stendur í dag varðandi kaupgetu fólksins í landinu. Það gæti sparað fyrirspurnir í Sþ. Allt sem getur sparað okkur tíma og frekari fyrirhöfn í málþófi á þessu þingi er auðvitað af hinu góða.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að viðra hér hugmynd sem raunar kom upp á almennum fundi norður í landi þar sem hæstv. iðnrh. talaði um orkuveisluna svonefndu og greindi frá því að mikil umframorka væri nú í raforkukerfinu, kannske meiri en menn höfðu gert sér grein fyrir. Þá vaknaði sú hugmynd hvort ekki væri hugsanlegt að nýta þessa orku með því að láta hverflana rúlla og reyna að koma orkunni inn á alla þá spotta sem fyrir eru, þannig að umframorka væri möguleg á kerfinu, tengikerfinu. Ég varpaði þessari hugmynd fram við hæstv. iðnrh. og hann tók því vel að skoða það mál og veit ég að hann hefur gert það og er að gera það, og væri kannske ekki óeðlilegt að það yrði rannsakað nánar í sambandi við þessar umr. í n. sem verður víst væntanlega iðnn. Ég á ekki sæti í henni og þess vegna vil ég orða þetta hér. En auðvitað gerði ég mér grein fyrir því að orkukerfið er þannig skuldum hlaðið, ekki síst Rafmagnsveitur ríkisins, að það er kannske ekki hægt að lækka mikið það orkuverð eins og er, en það er hins vegar hægt að nota meiri orku; ráðh. bendir hér á kirkjur, félagsheimili o. s. frv. og svo og svo marga bæi. Því þá ekki smáiðnað líka? Þessa orku, sem ónotuð er núna, mætti selja mjög ódýrt eða þá að nota þær tekjur sem fyrir hana fengjust til þess að lækka orkuverð almennt til húshitunar. Ég held að þetta sé ekki smámál. Ég held að þetta geti verið stórmál.

Við munum ekki nota þessa umframorku þó að ráðist yrði í stóriðjuver eða stækkun álverksmiðjunnar t. d. næstu misserin í öllu falli og á því tímabili kostar nánast ekki neitt að láta hverflana rúlla í stað þess að vatnið renni óbeislað til sjávar. Ég hygg að það fari ekkert ver með hverflana að þeir séu í gangi en að þeir séu stöðvaðir, og vatnsaflið er sem sagt nægilegt til þess að framleiða meiri orku.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál, enda sýnist mér vera sjálfsagðir hlutir að athuga þetta, jafnvel þótt svo færi að orkuverðið þyrfti eitthvað að hækka á ný að þessu tímabili liðnu sem væntanlega verður frekar nokkur ár en nokkur misseri. Og úr því að við höfum farið þarna kannske eitthvað of geyst eigum við að reyna að gera það besta úr því og auðvitað að nota orkuna eins og frekast er unnt. Ég mælist til þess við n. að hún starfi með hæstv. ráðh, sem er að vinna að þessu máli, einmitt að þessari athugun, og sé þá ekki með neina skammsýni eða einhverja smáskammta, heldur beinlínis að bjóða mönnum þessa orku sem vildu t. d. nota hana í einhverjum nýiðnaði, einhverjum smáiðnaði jafnvel, það er líka til smáiðnaður sem útheimtir talsvert mikla orku, að við notum þessa orku til að byggja upp ný fyrirtæki og koma raforkuhitun á sem allra víðast og losna þannig við olíukyndinguna. Ég held að þarna sé að finna stórmál sem gæti líka leyst þessar deilur um orkujöfnun, sem eru að verða ævarandi hér í þinginu, og yrði liður í því að færa raforkuverð á Íslandi til a. m. k. samræmis við það sem er í nágrannalöndum þar sem um olíukyndingu er að ræða og þá liður í því auðvitað að við verðum með miklu, miklu ódýrari raforku en t. d. Danir og aðrir sem að vísu hafa gamalgróið orkukerfi, styttri vegalengdir, en nota engu að síður olíu og selja orkuna ódýrar.

Ég efast ekki um að hv. iðnn. muni vilja skoða þetta og veit að iðnrh. hefur það til skoðunar. Hér er alveg áreiðanlega um stórmál að ræða sem gæti haft gífurlega þýðingu fyrir landsbyggðina og þjóðina alla.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég er algerlega sammála því að frv. sem hér hefur verið lagt fram, þó að það sé lítið í sniðum, markar ákveðin tímamót.

Það hefur verið mikið minnst hér á nefndina sem er starfandi í þessum málum og hefur verið starfandi. Hér er sífellt talað um, sem eðlilegt er, mismun á raforkuverði til húshitunar og olíuverði. Ég vil minna á hvernig staðan er hjá hitaveitunum sem eru ekki síðri hitagjafi en rafmagnskynding. Það er þannig, miðað við 1. mars, að dýrasta hitaveitan á landinu, þ. e. hitaveitan á Akureyri, er komin með gjaldskrá sem er 86% á móti óniðurgreiddu olíuverði. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar er með 80% miðað við óniðurgreitt olíuverð. Þetta verð ég að minna á vegna þeirra nýju veitna sem þarna er um að ræða. Þetta er stórkostlegt vandamál. Ég get jafnframt upplýst að hæstv. iðnrh. er að vinna að þessum málum og vona ég að komi út úr því gott eitt. En ég vil minna hv. þd. og þá nefnd sem um þessi mál fjallar á að athuga einnig mál hitaveitnanna. Það kemur fram einnig að aðrir staðir á landinu, t. d. varmaveitur sem eru kyntar með rafmagni mest og svo olíu, eru með mun lægri gjaldskrá. T. d. er Orkubú Vestfjarða ekki með nema 53% á móti óniðurgreiddu olíuverði. Ég ætla ekki að fara með fleiri tölur, en svona gengur þetta til.

En ég undirstrika að vandamálin eru mest hjá því

fólki sem við hinar dýru hitaveitur býr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Lausafjárkaup, frv. 329. mál (þskj. 524). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 39 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, frv. 351. mál (þskj. 561). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 39 shlj. atkv.

Eftirlit með matvælum, frv. 283. mál (þskj. 463). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 599).

Dómsvald í héraði, frv. 227. mál (þskj. 282). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 600).

Áfengislög, frv. 111. mál (þskj. 115). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 601).

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 5, n. 506, 509, 517 og 522, 505, 507, 514, 516, 518). — Frh. 2. umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Áður en atkvgr. fer fram eftir 2. umr. um frv. ríkisstj. til útvarpslaga vil ég fyrir hönd þm. Alþfl. taka fram eftirfarandi:

Í nóvemberlok kynntu þm. Alþfl. ítarlegar tillögur til breytinga á frv. Þær voru síðan lagðar fram á þskj. 518 21. febrúar s. l. Af okkar hálfu eru þar gerðar tillögur um margvíslegar breytingar, m. a. gerbreytta kaflaskiptingu og allt aðra en í frv. ríkisstj. er. Þar að auki liggja fyrir brtt. frá meiri hl. menntmn., tveimur öðrum minni hl. og frá einstökum þm. Eins og málið kemur frá nefnd er ljóst að uppi er mikill ágreiningur um ýmis meginatriði frv. Á hinn bóginn fjalla margar brtt. nánast um sömu atriði.

Ljóst er að mörg ágreiningsatriði geta risið við atkvgr. og hún verður ekki auðveld í framkvæmd. Því höfum við Alþfl.-menn ákveðið að draga brtt. okkar til baka til 3. umr. til þess að greiða fyrir framgangi málsins og auðvelda afgreiðslu þess á þessu stigi. Jafnframt viljum við hvetja til þess að aðrar till. um þau meginatriði sem mestur ágreiningur er um verði og dregnar til baka til 3. umr. Þetta er gert til að freista þess að enn verði reynt að skapa víðtækara samkomulag um þetta mikilvæga mál. Enn fremur er það tillaga okkar að á milli 2. og 3. umr. starfi samvinnunefnd að málinu, þ. e. menntmn. beggja deilda, til að gera úrslitatilraun til þess að málið geti hlotið endanlega og farsæla afgreiðslu á þessu þingi.

Þetta þýðir ekki að við höfum horfið frá þeim hugmyndum sem fram eru settar í brtt., alls ekki, heldur munum við flytja þær að nýju við 3. umr. málsins eftir því sem efni standa þá til. Samkvæmt þessu eru brtt. okkar á þskj. 518 dregnar til baka til 3. umr. til að greiða fyrir afgreiðslu málsins. Í ljósi þessarar afstöðu mun þingflokkur Alþfl. sitja hjá við þá atkvgr. sem nú fer fram við 2. umr. málsins.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi skýrt fram nú, áður en gengið verður til atkvæða.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það er út af fyrir sig skemmtilegt að fá upplýsingar um það að Alþfl. skuli skyndilega hafa fengið áhuga fyrir útvarpslögum annars staðar en í orði. Sannleikurinn er sá að fulltrúi Alþfl. í menntmn. hefur ekki orðið til trafala á fundum yfirleitt af þeim skiljanlegu ástæðum að hann hefur yfirleitt ekki verið mættur þar þegar fjallað hefur verið um útvarpslagafrv. Ég get nú varla skilið að ástæða sé til þess að menntmn. fjalli öðru sinni um þau mál sem þar hafa verið ítarlega rædd, af þeirri einu ástæðu að Alþfl. sé tilbúinn til spjallsins. Ég held að Alþfl. verði að sætta sig við það að í meginatriðum er þetta mál útrætt í menntmn.

Ég vil í öðru lagi segja það, herra forseti, að það er viðtekin venja hér, ef ágreiningur er um mál, að skera úr um ágreininginn við atkvgr. Ég sé ekki að það auðveldi neitt þótt sú atkvgr. fari fram við 3. umr. fremur en 2.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil biðja hv. þm. að upphefja ekki efnislega umræðu, jafnvel deilur um þetta. Við erum að ganga til atkvæða. Atkvæða-

greiðslan hefur verið undirbúin og ákveðin.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þar sem ég á sæti í hv. menntmn. vil ég að fram komi að engin tilboð eða tilmæli um sérstaka samvinnunefnd varðandi útvarpslagafrv. hafa komið fram frá Alþfl. fyrr en nú úr þessum stóli. Ég hefði kosið að reynt væri á fyrri stigum að ná samstöðu um viss atriði sem ég hef ekki ástæðu til að halda að mikill ágreiningur sé um, og ég mun beita mér fyrir því að dregnar verði til baka af minni hálfu nokkrar brtt. sem ég hef flutt á sérstöku þskj. og fjalla um sömu atriði efnislega og aðrar brtt. liggja fyrir um frá öðrum flokkum um breytingu á frv. milli umr., jafnt Alþfl. sem aðra. Ég vil að þetta komi hér fram að gefnu tilefni.

Brtt. 505,1 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 518,1 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,2 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 507,1.a tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 507,1.b felld með 28:2 atkv.
Brtt. 505,2 samþ. með 23:9 atkv.
Brtt. 507,1.e kom ekki til atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 518,3 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,3.a samþ. með 24:6 atkv.
Brtt. 505,3.b samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 505,3.c samþ. með 26:6 atkv.
Brtt. 516,1 kom ekki til atkv.
Brtt. 516,2 felld með 20:7 atkv.
Brtt. 505,3.d samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 507,2.a tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,3.e samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 505,3.f samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 507,2.b kom ekki til atkv.
Brtt. 505,3.g samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 507,2.c felld með 29:3 atkv.
Brtt. 505,3.h samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 516,3 felld með 25:7 atkv.
Brtt. 505,3.i samþ. með 22:7 atkv.
Brtt. 505,3.j samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23:3 atkv.
Brtt. 518,4 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 507,3 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 514,1 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 516, 4 felld með 25:6 atkv.
4. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 516,5 felld með 23:7 atkv.
Brtt. 507,4.a felld með 28:2 atkv.
Brtt. 505,4.a samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 507,4.b tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 514,2 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,4.b samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 505,4.c samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 507,4.c kom ekki til atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 514,3 tekin aftur til 3. umr.
6. gr. samþ. með 26:2 atkv.
Brtt. 505,5 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 22:6 atkv.
Brtt. 505,6 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 23:8 atkv.
Brtt. 507,5 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,7 tekin aftur til 3. umr.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 505,8 (9. gr. falli brott) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 507,6 kom ekki til atkv.
Brtt. 518,5 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,9 (ný 10. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 516,6 kom ekki til atkv.
Brtt. 505,10 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 505, 11 (ný 11. gr., verður 12. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 507,7 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 516,7 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,6 tekin aftur til 3. umr.
12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 507,8 felld með 22:2 atkv.
13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 516,8 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 505,12 samþ. með 21:7 atkv.
Brtt. 507,9 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,7 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 516,9 tekin aftur til 3. umr.
14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 518,8.a tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,13 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 518,8.b tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 507,10 felld með 21:9 atkv.
Brtt. 516,10 felld með 22:6 atkv.
Brtt. 518,8.c tekin aftur til 3. umr.
15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 516,11 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,9 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,10 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 507,11 tekin aftur til 3. umr.
16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 518,11 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,12 tekin aftur til 3. umr.
17.—24. gr. (verða 18.—25. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 518,13 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 518,14 tekin aftur til 3. umr.
25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 518,15 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,14 samþ. með 26 shlj. atkv.
26. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 505,15 (ný 27. gr., verður 28. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 518,16 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,16 (ný gr., verður 29. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 518,17 tekin aftur til 3. umr.
28. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 518,18 tekin aftur til 3. umr.
29. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 518,19 tekin aftur til 3. umr.
30. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
31. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 505,17 (ný 32. gr., verður 34. gr.) samþ. með 22:9 atkv.
Brtt. 518,20 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 507,12 kom ekki til atkv.
Brtt. 518,21 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 505,18 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 516,12 tekin aftur til 3. umr.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 33:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33:1 atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 341. mál (þskj. 549, n. 578). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 578 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, frá sjútvn. Hér stendur:

„Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og mælir með samþykkt þess."

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Guðmundur Einarsson. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Garðar Sigurðsson, Friðrik Sophusson og Gunnar G. Schram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:1 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna, frv. 347. mál (þskj. 555, n. 579). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 579 um frv. til l. um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs frá sjútvn.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og athugað ýmsa þætti þess. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðmundur Einarsson og Halldór Blöndal. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Friðrik Sophusson og Gunnar G. Schram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 344, n. 597, 598). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands. Í aths. við frv. eins og það var lagt fram hér í hv. Nd. á sínum tíma kemur fram hverjar séu meginbreytingar frá háskólalögum í þessu frv. Það er í fyrsta lagi að verkfræði- og raunvísindadeild er skipt í tvær sjálfstæðar háskóladeildir, í öðru lagi að heimild í gildandi lögum til að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu skv. nánari ákvæðum í reglugerð er víkkuð þannig að hún taki einnig til flutnings forstöðumanns háskólastofnunar í prófessorsembætti og í þriðja lagi er opnuð leið fyrir Háskólann til að eiga aðild að rekstrarfélögum eða stofnunum sem stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi og þar með að stofna „þróunarmiðstöð" við Háskóla Íslands, eins og stendur í þessum aths.

Aðrar breytingar eru minni háttar og til samræmis við þá framkvæmdarþróun sem orðið hefur í stjórnsýslu Háskólans.

Frv. tók breytingum í Ed., en menntmn. Nd. leitaði umsagnar allmargra aðila eða: Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofu háskólans í meinafræði, Orkustofnunar, Félags háskólakennara, Rannsóknaráðs ríkisins, Iðntæknistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þá fékk nefndin til viðtals við sig fulltrúa frá Háskóla Íslands, menntmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin varð sammála um að leggja fram brtt. við frv. og eru brtt. við tvær greinar frv.

Brtt. við 2. gr.: Í fyrri mgr. er lagt til að opnuð sé heimild til að flytja dósent í prófessorsstöðu. Fyrir var í þessari lagagrein heimild til að flytja lektor í dósentsembætti.

Tillaga um þetta efni var samþykkt af háskólaráði í september 1982. Í umsögnum félags háskólakennara og Raunvísindastofnunar háskólans um frv. er vakin athygli á nauðsyn þess að opna dósentum og forstöðumönnum háskólastofnana leið til stöðuhækkunar og á þann hátt að veita starfsmönnum viðurkenningu á grundvelli hæfni. Kostnaðarauki yrði í flestum tilvikum lítill, stundum enginn.

Rétt er að taka fram að slíkur tilflutningur í dósents- og prófessorsstöður er bundinn við einstaklinga, þannig að þegar viðkomandi einstaklingur hverfur úr starfi verður staðan á ný bundin við það starfsheiti sem viðkomandi var fluttur úr.

Síðari mgr. 2. gr. er óbreytt frá því sem Ed. gekk frá henni að öðru leyti en því að í mgr. er vitnað til reglna sem gilda um flutning lektors í dósentsembætti. Þykir skýrara að hafa þá tilvitnun. Í reglugerð um Háskóla Íslands eru ákvæði um hvernig hæfni manna er metin þegar slík tilfærsla á sér stað og er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi, þ. e. sérstök dómnefnd meti hæfni manna.

Sú spurning kom upp í nefndinni til hvaða forstöðumanna greinin næði. Varð það niðurstaða nefndarinnar, að höfðu samráði við forráðamenn Háskóla Íslands, að í 2. gr. frv. til breytinga á lögum sé átt við þá forstöðumenn háskólastofnana sem skipaðir eru eða settir í forstöðumannsstarfið, svo sem háskólabókavörð, forstöðumann Orðabókar háskólans og forstöðumann Reiknistofnunar. Þessir forstöðumenn hafa um árabil notið prófessorslauna svo að ekki ætti að koma til útgjaldaauka þótt 2. gr. frv. hlyti samþykki á þennan hátt.

Forstöðumenn stofnana innan háskóladeildanna, svo sem innan líffræðistofnunar, verkfræðistofnunar, lagastofnunar, guðfræðistofnunar og rannsóknastofnana innan heimspekideildar, eru kjörnir úr hópi kennara til eins eða tveggja ára í senn og halda þeir stöðuheitum sínum. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir að þessir hreyfanlegu forstöðumenn falli undir ákvæði 2. gr. frv.

Þá er gerð brtt. við 5. gr. frv. Eru þar breytingar á báðum mgr. eins og Ed. gekk frá þeim. Ég vil fyrst taka fram að misritast hefur í vélritun eitt orð eins og nefndin gekk frá því í morgun. Ég bið hæstv. forseta að leiðrétta það, en í hinu prentaða þskj. verður það að sjálfsögðu leiðrétt og er búið að koma því á framfæri við skrifstofu Alþingis. Þar stendur í fyrri mgr.: „Í tengslum við skrifstofu Háskólans starfar þróunarmiðstöð". (**Forseti:** Það á að standa þjónustumiðstöð.) Það á að standa þjónustumiðstöð, ekki þróunarmiðstöð. Í Ed. var sett sérstakt ákvæði um þróunarmiðstöð, en Háskólinn telur skýrara og eðlilegra að kalla þetta þjónustumiðstöð, enda er þetta miðstöð sem á að þjóna hinum ýmsu deildum og stofnunum Háskólans. Þessar brtt. eru gerðar að höfðu samráði við Háskóla Íslands, fjárlaga- og hagsýslustofnun og menntmrn. og skv. ábendingu í umsögnum. — Það er sem sagt lagt til að fyrri mgr. orðist svo:

„Í tengslum við skrifstofu Háskólans starfar þjónustumiðstöð sem annast gerð samninga milli aðila innan Háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs."

Gert er ráð fyrir að þessi miðstöð muni standa undir eigin rekstri og að tekjur hennar verði gjöld fyrir veitta þjónustu. Væntanlega yrði við gerð fjárlaga, skv. áliti fjárlaga- og hagsýslustofnunar, gert ráð fyrir þjónustumiðstöðinni sem sérstökum rekstrarlið Háskólans í A-hluta fjárlaga og móti rekstrarkostnaði yrðu færðar sértekjur sem væru jafnháar rekstarkostnaðinum því að ekki er gert ráð fyrir útgjöldum fyrir ríkissjóð vegna þessa.

Í síðari mgr. er sú meginbreyting gerð að tekin er út úr greininni heimild Háskóla Íslands til að taka þátt í öðrum félögum en þeim sem hafa takmarkaða ábyrgð. Gert er ráð fyrir að það áhættufé sem Háskólinn legði slíkum félögum til yrði fengið úr sjóðum Háskólans sjálfs, aðallega háskólasjóði, en sá sjóður hefur aðallega tekjur sínar af gjöldum manna sem eru utan þjóðkirkjunnar.

Ábyrgð Háskólans og ríkissjóð er takmörkuð þar sem teknar eru út úr frv. heimildir til að leggja fé í félög með ótakmarkaða ábyrgð. Brtt. hljóðar svo á þessari grein með leyfi hæstv. forseta:

„Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntmrh. að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem Háskólinn vinnur að hverju sinni."

Eins og fram hefur komið er tilgangur þessa ákvæðis að styrkja tengsl atvinnulífsins og Háskóla Íslands og miðast að því að hagnýt þekking lokist ekki inni í Háskólanum, heldur geti hún fengið farvegi út í atvinnulífið.

Það komu fram í nefndinni nokkrar bendingar sem rétt er að koma hér á framfæri.

Í fyrsta lagi að setja þarf nánari reglur um starfssvið og starfshætti þeirra starfsmanna Háskóla Íslands sem taka þátt í slíku samstarfi. Er væntanlega eðlilegast að háskólaráð setji slíkar reglur.

Í öðru lagi var það skoðun nefndarinnar að þróunarfélög, sem Háskólinn tæki þátt í, gætu verið jafnt á sviði hugvísinda og raunvísinda.

Í þriðja lagi var vakin sérstök athygli á því að hv. nefnd barst bréf frá fyrirtækinu Pólnum hf. á Ísafirði sem lagði áherslu á að settar yrðu reglur um starfsemi þróunarfélaganna og aðild Háskólans að félögum og fyrirtækjum til að koma í veg fyrir árekstra milli Háskólans og frjálsra fyrirtækja sem vinna að rannsóknum og vöruþróun á sviði hátækniiðnaðar. Póllinn bendir á að slíkir árekstrar hafi átt sér stað milli þess fyrirtækis og Raunvísindastofnunar háskólans við þróun rafeinda- og tölvubúnaðar fyrir fiskiðnaðinn. Þessum ábendingum vil ég koma á framfæri.

Nefndin varð sammála um brtt. á þskj. 598. Hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi nefndarinnar, var samþykk þessari afgreiðslu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta dagskrármál og kannske mest til þess að spyrjast fyrir og fá gleggri upplýsingar í sambandi við þá breytingu sem hér er lagt til að gerð verði.

Nú vita hv. þdm. að ég er einlægur aðdáandi Háskólans og allrar þeirrar starfsemi sem þar á sér stað innan veggja. Ég sé ekki betur, og það er það sem ég vildi reyndar spyrja um, en hér sé kannske verið að fara bakdyramegin að því að opna fyrir frekari stöðuveitingar eða stöðuhækkanir án þess að til þurfi að koma samþykki fjárveitingavaldsins. Nú er vitað að verið hafa uppi nokkrir tilburðir, kannske ekki nógu miklir, af hálfu fjárveitingavaldsins til að hindra fjölgun í kennarastétt innan Háskólans. Ég óttast það, án þess að ég vilji neitt um það fullyrða, þó að ég geri ráð fyrir að hv. nefnd hafi farið vel ofan í þau mál, að verið sé að opna bakdyramegin fyrir því að Háskólinn geti sjálfur ráðið hversu mikið hann eykur útgjöld vegna þessarar starfsemi án þess að fjárveitingavaldið komi þar nærri. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi frekar að draga úr á þeim tímum sem við nú lifum á, í þeim þrengingum, en að opna eigi bakdyraleiðir til þess að þessi stofnun geti frekar en aðrar gengið á skjön við ákvarðanir fjárveitingavaldsins.

Í öðru lagi hef ég nokkrar aths. í sambandi við það sem hv. frsm. vék að síðast, að Háskólanum skuli heimilt með samþykki háskólaráðs og menntmrh. að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög. Hann benti á að fyrirtæki vestur á Ísafirði, Póllinn hf., sem mikið hefur unnið að ýmsum þróunarverkefnum í sambandi við rafeinda- og tölvubúnað, hefur verið í nokkurri samkeppni við stofnun innan Háskólans sem hefur verið fjármögnuð af ríkisfé. Mín spurning er því sú: Er ekki hér verið að halda frekar út á þá braut að auðvelda einhverjum stofnunum innan Háskólans með fjárframlögum úr ríkissjóði að etja kappi við aðila sem fyrir eru í þessum þróunarverkefnum? Sé svo, sem ég óttast að verði, er mín skoðun að það sé af hinu verra og ég er andvígur því. Ég er að því leytinu einkaframtaksmaður, sem mér virðist nú vera farið að minnka um í hugum ýmissa þeirra sem hafa haft það hugtak framarlega á vörum undangengin ár, að ég vil leyfa þeim sem þegar eru fyrir í þessum þróunarverkefnum, hafa lagt á sig bæði erfiði og lagt fjármagn til þeirra án þess að njóta stuðnings hins opinbera, að hafa forgang, en vera ekki að stofna til samkeppni, sem fjármögnuð er af ríkissjóði, til þess að etja kappi við

þau mörgu ágætu fyrirtæki sem unnið hafa að þróunarverkefnum.

Um þetta vil ég ekki fullyrða, en ég vildi gjarnan fá um það, ef hægt er, óyggjandi upplýsingar frá hv. nm. hvort tryggt sé að hér sé ekki verið að fara bakdyramegin að fjárveitingavaldinu og Alþingi í sambandi við stöðuhækkanir, stöðubreytingar og hvort hér sé ekki verið að fara þá leið að Háskólinn eða einhverjar stofnanir hans etji kappi við aðila í þróunarverkefnum, sem unnið hafa að slíkum verkefnum þó nokkurn tíma, og Háskólinn geri það með stuðningi eða fjárframlögum úr ríkissjóði.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er ánægjulegt að þingheimur tekur nú til umfjöllunar og ræðir málefni Háskóla Íslands. Eins og áður hefur komið fram hér í vetur er það fátíður viðburður á síðari árum að málefni æðstu menntastofnunar þjóðarinnar komi inn í þingsali og er það reyndar nokkurt undrunarefni þegar að því er hugað hversu miklu máli Háskólinn skiptir í menntalífi og öllu menningarlífi og jafnvel atvinnulífi þjóðarinnar.

Ég held að hugleiðingar hv. síðasta ræðumanns séu í sjálfu sér réttmætar. Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvaða áhrif það hefur á stöðu annarra aðila á sama sviði þegar Háskólinn með sínum sérfræðingum tekur þátt í stofnun fyrirtækja til að sinna þessum verkum. Ég hygg þó að eins og gerðar eru tillögur um að breyta þessu frv. hér og nú sé þó að verulegu leyti brugðist við þeim efasemdum sem menn höfðu uppi í umr. um þetta mál við 1. umr. hér í hv. Nd. Við tókum þá til máls hér, einhverjir hv. þm., og töldum óhjákvæmilegt að staldra við og skoða betur það frv. sem þá var á leiðinni hraðbyri í gegnum þingið og lögðumst gegn því að það fengi fljóta ferð í gegnum síðari deild og mæltum með því að það yrði sent aftur til umfjöllunar og skoðunar, m. a. í Háskóla Íslands. Ég held að það hafi sýnt sig að málið hafði stórlega gott af þeirri skoðun sem það fékk í hv. menntmn. Nd. og það hafi verið rétt að flýta sér rólega í þessum efnum.

Ég er fyrir mitt leyti miklu sáttari við frv. að þeim breytingum gerðum sem menntmn. leggur til og tel að í sjálfu sér, þegar búið er að setja inn ákvæði um takmarkaða ábyrgð þeirra fyrirtækja sem Háskólinn gerist aðili að, sé að verulegu leyti séð fyrir þeim hættum sem hv. 3. þm. Vestf. var að víkja að.

Hann sagði að fjárveitingavaldið hefði verið bremsa á fjölgun stöðugilda innan Háskóla Íslands. Sjálfsagt er það alveg rétt hjá honum. Ég er honum að því leyti þó ekki sammála. Ég held að sú bremsa hafi verið allt of stíf og legið á Háskólanum af allt of miklum þunga og komið í veg fyrir að hann þróaðist og breyttist eins og nauðsynlegt er. Það þarf ekki annað en að skoða hversu margir í stöðugildum innan Háskólans eru nú lausráðnir starfskraftar og hversu óeðlilega mikil stundakennsla er þar til þess að sjá að slík menntastofnun fær naumast þrifist á eðlilegan hátt við þær aðstæður. Ég held þvert á móti að menn verði að gera sér grein fyrir því að Háskólinn verður og á að þróast og þarf að hafa heimildir og möguleika til að taka upp kennslu í nýjum greinum.

Það eru haldnar hér margar og fagrar ræður um hátækni og ýmiss konar framsókn á sviði æðri menntunar og þar sé lykilinn að finna að framtíðinni. Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að alltaf verð ég svartsýnni á það, eftir því sem ég hlusta á fleiri svona ræður, að menn meini eitthvað með þessu eftir því sem á sama tíma er þrengt meira að menntun og skólahaldi í landinu. Ég held að svoleiðis tvískinnungur gangi einfaldlega ekki upp. Og talandi um rafeindaiðnað og lífefnaiðnað og framsókn í þessum hátæknigreinum, þá hljóta menn, ef þeir meina eitthvað með tali sínu, jafnframt að vera tilbúnir að efla menntastofnun eins og Háskóla Íslands í það minnsta á þessum sviðum.

Það væri ástæða til þess, herra forseti, að þm. fjölmenntu í fundarsal Nd. og tækju nú myndarlega þátt í umr. um málefni Háskóla Íslands. Ég veit að það þættu góðar fréttir og ég er viss um að fréttabréf Háskólans mundi lengjast um helming við þau gleðilegu tíðindi, en það hefur valdið mönnum nokkrum áhyggjum uppi þar hversu tómlátir þm. hafa verið um málefni Háskólans.

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta efni, en lýsi því hér yfir að ég tel þær brtt. sem menntmn. leggur til við frv. ganga í rétta átt og er sæmilega sáttur við þessi nýmæli eins og þau liggja þar fyrir. Ég vonast til þess að hv. Ed. fagni einnig þeirri ítarlegu og vandlegu umfjöllun sem Nd. tók að sér í sambandi við þetta mál.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég skal leitast við að svara þeim fsp. sem hv. 3. þm. Vestf. beindi til mín.

Hann spurði í fyrsta lagi hvort með ákvæði um framgang háskólakennara í embættum væri verið að fara bakdyramegin og fram hjá fjárveitingavaldinu. Við lítum ekki svo á. (**Gripið fram í:** Er það tryggt?) Já. Eins og fram kom í ræðu minni áðan er hér fyrst og fremst um að ræða titla sem bundnir eru við einstaklinga og þýðir ekki fjölgun í stöðum. Við skulum nefna sem dæmi, að ef dósent er gerður að prófessor fær hann nafnbótina prófessor eftir fræðilega úttekt og eftir fræðilegt mat í samræmi við þær reglur sem Háskólinn setur, en í þá stöðu sem hann var í áður, dósentsstöðuna, verður ekki ráðið. Ef þessi maður hættir síðan störfum af einhverjum ástæðum, fellur frá eða hættir störfum, verður aftur ráðið í dósentsembætti og það verður auglýst sem slíkt. Hér er því fyrst og fremst um að ræða að veita kennurum Háskólans fræðilega viðurkenningu fyrir gott starf, fyrir fræðistörf. Það er vitað að bæði lektorar og dósentar innan Háskólans stunda mjög mikilvæg fræðistörf og í mörgum tilvikum engu minna virði störf en prófessorar vinna sjálfir. Þess vegna er talið rétt að opna möguleika til að veita lektorum og dósentum fræðilega viðurkenningu fyrir vel unnin störf. (**KP:** Eru þetta nafnbætur?) Þetta eru fyrst og fremst nafnbætur og að sjálfsögðu yrði ekki um að ræða annað en það sem fjvn. samþykkti hverju sinni.

Í öðru lagi var spurt hvort verið væri að auðvelda Háskóla Íslands að etja kappi við einkafyrirtæki. Ég er alveg tilbúinn að etja kappi við hv. 3. þm. Vestf. um það hvor okkar er meiri einkaframtaksmaður. Það skal ég gera hvenær sem er. En ég lít ekki svo á að við séum með þessum tillögum að níðast neitt á einkaframtakinu. Þvert á móti. Við erum að veita þeirri þekkingu, sem Háskólinn býr yfir, út í atvinnulífið og út í einkafyrirtækin. Hér er fyrst og fremst átt við að þær nýju hugmyndir, sem þróast innan Háskólans á fjölmörgum

sviðum, geti með þátttöku Háskólans í slíkum fyrirtækjum komið að gagni í atvinnulífinu og skilað þar með auknum tekjum í þjóðarbúið. Auðvitað er hugsanlegt að fyrirtæki sem Háskóli Íslands á þennan hátt tekur þátt í lendi í samkeppni við einkafyrirtæki, en það held ég að sé áhætta sem verður að taka. Ég tel að hér sé fyrst og fremst um að ræða að veita nýjum hugmyndum farveg út í atvinnulífið, en ekki að fara í keppni við fyrirtæki um hugmyndir sem eru til staðar fyrir úti í atvinnulífinu. Ég held því að hér eigi að vera nokkuð vel um hnútana búið og ekki sé hætta á því að sú saga endurtaki sig sem ég vitnaði í áðan og ég tel að hv. 3. þm. Vestf. hafi líka haft í huga, þ. e. þá samkeppni sem Póllinn hf. á Ísafirði lenti í við raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt að fram komi við umr. um þetta mál fsp. eins og þær sem fram voru bornar af hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni um það frv. til breytinga á lögum um Háskóla Íslands sem hér liggur fyrir. Seinna atriðið er nýmæli, en ég vildi víkja fyrst örfáum orðum að hinu fyrra.

Það er eðlilegt að í hugann komi, ekki síst þegar um er að ræða þm. sem sæti á í fjvn., hvort verið sé að stofna til aukinna útgjalda vegna þeirrar heimildar að flytja dósent í prófessorsstöðu án þess að slík heimild hafi verið fyrir hendi til þessa. Í því sambandi er ástæða til að vekja athygli á því að í lögunum um Háskóla Íslands, 6. mgr. 11. gr. þeirra laga frá 1979, er gert ráð fyrir því að heimilt sé að flytja lektor í dósentsstöðu skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Hér er verið að útvíkka þessa heimild og veita lagaheimild fyrir flutningi dósents í prófessorsstöðu. Af hverju er þetta gert? Það er einfaldlega gert til þess að veita mönnum viðurkenningu, umbun fyrir vel unnin störf, fyrir það að hafa sýnt sérstaka hæfni í störfum.

Ég vildi í þessu sambandi benda á að Háskólanum er ekki síst nauðsyn á því að um slíka viðurkenningu geti verið að ræða. Ég ætla ekki að fara á þessum stað eða þessari stundu að ræða launamál háskólakennara eða háskólamenntaðra manna í landinu almennt. Þau eru það mikið rædd í þjóðfélaginu um þessar mundir. En hins vegar minni ég á þá staðreynd að kennslu við Háskóla Íslands er þannig háttað að helmingur hennar er inntur af hendi af mönnum utan Háskólans, þ. e. stundakennurum.

Hvað segir þessi einfalda staðreynd okkur? Hún segir okkur einfaldlega hvernig hefur verið búið að æðstu menntastofnun þjóðarinnar á liðnum árum, að ekki skuli hafa fengist fjárveitingar til að ráða fasta kennara í meira mæli en þetta gefur til kynna. Á sama tíma er að þeirri stofnun þannig búið skv. lögum að á að giska einn menntaskóli á ári bætist við nemendafjölda sem nú er kominn þó nokkuð á fimmta þúsund manna. Aðgangurinn er ótakmarkaður að skólanum án þess að starfsliði fjölgi nokkuð í hlutfalli við það. Hér er gerð tilraun til að leiðrétta og að búa betur að því fasta starfsliði sem fyrir hendi er við skólann. Það er æskilegt að menn utan skólans komi þangað og kenni sem stundakennarar, en ekki í þeim mikla mæli sem nú tíðkast.

Það er rétt, sem hv. þm. Karvel Pálmason nefndi, og ég held að ekki sé rétt að draga dul á það, að þetta getur haft einhvern kostnað í för með sér. Það leiðir af sjálfu sér að kennari sem fluttur er úr dósentsembætti í prófessorsembætti tekur prófessorslaun. Á þeim stöðuheitum er sennilega þriggja eða fjögurra launaflokka munur. Af þessu hlýst því nokkur kostnaður. Ástæðulaust er að draga dul á það.

Þetta framgangskerfi, sem hér er verið að lögfesta, er þekkt í ýmsum nágrannalöndum. Að mörgu leyti er það eðlilegt af þeim ástæðum sem ég hef nefnt, en þó aðeins innan þeirra þröngu marka sem réttilega er gert ráð fyrir í reglugerð Háskólans þegar verið er að flytja mann úr lektorsstöðu upp í dósentsstöðu. Dómnefnd verður jafnan að dæma um hæfni mannsins og það verður þá að byggjast á persónulegu hæfi hans til þeirra starfa sem hann gegnir. Það er skilyrði fyrir því að svona kerfi geti gengið að ekki verði um sjálfkrafa tröppugang að ræða án þess að verðleikar séu fyrir hendi, en þar sem á sama hátt verður um hnútana búið hvað þetta varðar og er í lögum og reglugerð varðandi lektor sem fer upp í dósentsstöðu held ég að fyrir þessu sé allvel séð.

Hvað hitt atriðið varðar, þá er þar um nýmæli að ræða. Það er einnig mjög eðlilegt að menn velti því fyrir sér, eins og hv. 3. þm. Vestf., hvort um óeðlilega samkeppni sé að ræða, bæði vegna fjármagnsþáttarins, en hann nefndi að hér væri ríkisfé komið inn í atvinnustarfsemi sem keppti við einkageirann, og kannske ekki síður hins, að hér væri um skattfrjálsan rekstur að ræða sem einnig skekkti mjög samkeppnisstöðuna. Allt þetta getur skeð. Það getur átt sér stað að hér verði um þá samkeppni að ræða, svo sem á sviði örtölvuframleiðslu eða iðnaðar, sem einkafyrirtækjunum sé óhagstæð. Ástæðulaust er að líta fram hjá því, að það geti átt sér stað. Ég held hins vegar að kostirnir við þetta fyrirkomulag séu svo miklu meiri að þeir yfirgnæfi þá hugsanlegu ókosti sem um getur verið að ræða í þessu efni.

Ekki aðeins Háskóla Íslands, heldur háskólum almennt í Evrópu hefur verið legið mjög á hálsi á undanförnum árum og áratugum fyrir að lifa í fílabeinsturni. Það er margt og mikið rétt í þeim fullyrðingum að þeir séu rykfallnar fræðistofnanir í sáralitlum tengslum við mannlífið eða atvinnulífið, við efnahag og framfarir þeirra þjóða sem þeir starfa í. Þetta hefur að vissu leyti verið alveg rétt hvað Háskóla Íslands snertir. Hann og starfsmenn hans hafa verið furðu einangraðir í ekki stærra þjóðfélagi en íslenska þjóðfélagið er. Með 5. gr. þessa frv. er gerð tilraun til að brjótast út úr þessari herkví, ef svo mætti segja, til að tengja Háskólann við atvinnulífið í landinu. Reynt er að gera það á þann hátt að sú starfsemi, fyrst og fremst í raunvísindadeild og verkfræðideild og öðrum tengdum deildum, sem þar fer fram, nýtist ekki aðeins til kennslu stúdenta, heldur komi hún atvinnulífinu almennt til góða.

Þetta á sér nú þegar stað í nokkrum mæli, en það vill oft gleymast. Stofnun Háskólans í lyfjafræðum hefur verulegar tekjur fyrir þjónustustörf sín á því sviði. Við getum nefnt tilraunastofnunina á Keldum sem er háskólastofnun er gegnir mjög mikilvægu hlutverki, ekki síst í þágu landbúnaðarins. Við getum tekið annað dæmi, sem er reyndar dæmi um samkeppni og hefur nýlega komið til skjalanna í rekstri Háskólans. Skólinn festi kaup á lyfjabúð hér úti á næsta götuhorni og rekur nú Reykjavíkurapótek í samkeppni við aðrar lyfjabúðir

í borginni. Þannig hefur Háskólinn þegar í nokkrum mæli haslað sér þarna völl.

Tilgangurinn með þessari frvgr. er fyrst og fremst að nýta hugmyndir á nýjum sviðum raunvísinda, ekki síst á sviði hátækniiðnaðar, svo sem á sviði tölvuiðnaðar og fjarskipta ýmiss konar. Ég minni á hugmyndir Þorgeirs Pálssonar dósents um staðsetningarkerfi fyrir fiskiskip umhverfis landið sem eru ekki aðeins ákaflega byltingarkenndar, heldur það frumlegar að þær eru raunar einsdæmi á þessu sviði í veröldinni. Hann vinnur nú að því með stuðningi stjórnvalda að hanna slíkt kerfi fyrir íslensk fiskiskip og ég þarf ekki að nefna hve mikið öryggisatriði það er fyrir íslenska sjómenn.

Líftæknina hefur oft borið á góma hér. Sumir þm. hafa dregið í efa að hún eigi mikla framtíð fyrir sér á allra næstu árum. Aðrir eru hins vegar á öndverðum meiði. En hvað er líftækni? Sá þáttur hennar sem að okkur snýr er fyrst og fremst hvernig við getum fyrir tilstilli þessarar tækni unnið verðmætar vörur úr frumhráefnum okkar bæði til sjós og lands. Sú þekking á líftækni sem fyrir hendi er í íslensku þjóðfélagi er fyrst og fremst saman komin við Háskólann og stofnanir hans.

Hér er um það að ræða að þeir menn sem yfir þessari þekkingu búa á vegum Háskólans og fyrir tilstilli hans stofni eða taki þátt í félögum í atvinnulífinu með öðrum til að þróa ýmiss konar framleiðslu með það fyrir augum að koma þessari þekkingu í verð. Það er alveg ástæðulaust að draga dul á að sú er ein meginhugsunin á bak við þetta — að skapa tekjur. Jafnvel þó að um einhverja samkeppni geti verið að ræða við félög sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu held ég að við ættum að fagna því að þarna bætist ekki aðeins við liðsinni manna, sem hafa hingað til verið að miklu leyti úr tengslum við atvinnulífið, heldur einnig fjármagn.

Hvaðan kemur fjármagnið? Það kemur ekki beint úr ríkissjóði nema þá fyrir tilstilli fjvn. Það væri þó að mörgu leyti mjög æskilegt, ef um góðar hugmyndir er að ræða, að það fengist þaðan, en þá fær hv. 3. þm. Vestf. og aðrir fjvn.-menn að grandskoða þær áætlanir. Það fjármagn sem ætlað er til þróunarmiðstöðvar Háskólans á að koma úr sjóðum Háskólans sjálfs, eins og fram kemur í grg. menntmn. Nd. Fyrst og fremst er þá um háskólasjóðinn að tefla, en síðan aðra sérsjóði og þá vísinda- og rannsóknastyrki sem skólanum áskotnast árlega og þá erlendis frá fyrst og fremst. Hér yrði því ekki um beinar fjárveitingar úr ríkissjóði að ræða nema þá á fjárlögum. Fjármagnsuppsprettan er sú sem ég nefndi. Að þessu leyti held ég að þessi hugmynd gæti mjög gagnast bæði Háskólanum og þjóðfélaginu í heild.

Við höfum talað mikið á þingi í vetur og ótal ráðstefnur hafa verið haldnar um nauðsyn þess að við göngum inn í nýja öld í atvinnumálum, inn í upplýsingaöldina svokölluðu — að við förum að treysta meira á hugvitið en á vinnu handanna svo sem verið hefur í fortíðinni. Það er prýðilegt og nauðsynlegt að tala um eflingu nýrra atvinnugreina, nýtingu þekkingar og tækni í þágu betra mannlífs á þessu landi.

En við gerum það ekki með orðunum einum saman. Við verðum að grípa þar til verka. Athafnirnar eru það sem máli skiptir. Ég held að hér sé ein leiðin fær til að ná verulegum árangri á þeim sviðum sem við hingað til höfum fyrst og fremst talað um. Þrátt fyrir hugsanlega samkeppni og í því trausti að þessi háskólamiðstöð leggi ekki út í samkeppni við þá atvinnustarfsemi sem fyrir hendi er í landinu hygg ég að óhætt sé að greiða þessum tillögum atkvæði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni fyrir svörin sem hann veitti við fsp. mínum. Ég þakka sömuleiðis hv. þm. Gunnari G. Schram fyrir það sem hann lét frá sér fara sem mér sýnist nú, í sumum tilvikum a. m. k., stangast á við það sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði. Ég held að sú sé niðurstaðan, eða ég skildi það svo, að hv. þm. Gunnar G. Schram telur þessar breytingar hafa í för með sér nokkra kostnaðaraukningu. Menn geta deilt um hversu litla eða mikla. En spurningin er sú: Er hér verið að reyna að komast fram hjá fjárveitingavaldinu sem á að ákvarða um þessi efni? Lítið kallar hann þriggja til fjögurra flokka launahækkun. Sumir hafa þurft að heyja harða baráttu til þess að fá laun hækkuð um þrjá til fjóra launaflokka. (Gripið fram í.) Lítið, segja menn, en eftir orð hv. þm. Gunnars G. Schram treystist ég frekar í þeirri trú að hér sé verið að fara bakdyramegin — lítil skref í byrjun kannske sem trúlega eiga eftir að verða afdrifaríkari áður en langt um líður.

Menn vitna mikið til reglugerða. Ég legg ekki mikið upp úr slíku. Ég veit mörg dæmi þess, og það veit ég að margir hv. þm. hér inni vita líka, að ýmsar reglugerðir, settar af ráðuneytum og ráðherrum, hafa gengið þvert á löggjöfina sem reglugerðin hefur átt að vera sett eftir. Í þeim efnum er framkvæmdavaldið farið að ganga þvert á ákvarðanir löggjafarvaldsins. Það eru mörg dæmi þessa, þannig að ég gef lítið fyrir það þó að menn vitni í að þessu verði kannske að mestu bjargað með reglugerð.

Ég er ekki endilega að tala sem fjvn.-maður. Ég er að tala sem þm., sem skattborgari, og vil vita á hvern hátt menn vilja láta fjármagn nýtast með öðrum hætti en hefur gert til þessa. Ég ætla ekki að fara að ræða um það við hv. þm. hvort launakjör háskólakennara eru góð eða slæm. Ég hef mína skoðun á því hver kjör t. d. prófessora við Háskólann kunna að vera. Um kennsluskyldu fengust upplýsingar á Alþingi á sínum tíma, hversu mikil kennsluskylda var á þeim tíma a. m. k., og hver launakjör þar voru. Ég ætla ekki að ræða um það. En ég ítreka enn að mér sýnist að hér sé verið að fara bakdyramegin fram hjá fjárveitingavaldinu þannig að þarna geti aðilar innan stofnunarinnar sjálfrar ráðið, að þessu leytinu a. m. k., án þess að spyrja Alþingi að.

Menn segja í sambandi við hitt atriðið að verið sé að koma í veg fyrir samkeppni. Ég er ekki sannfærður um að svo sé. Ég gæti miklu frekar ímyndað mér að hér væri verið að ýta undir samkeppni af hálfu opinbers aðila, í þessu tilfelli Háskólans, með fjárstuðningi úr ríkissjóði við ýmsa þá sem hafa verið að brasa í þróunarverkefnum af litlum efnum, en margir hverjir sýnt mjög góðan árangur. Þrátt fyrir þau svör sem fram komu hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni við minni fsp. er ég enn ekki sannfærður um að hér séu menn að gera rétt. Og í ljósi orða hv. þm. Gunnars G. Schram er ég enn sannfærður um að nokkuð mikið sé til í þeim efasemdum sem ég hef uppi um þetta mál.

Ég skal ekki ræða hér hvor okkar hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar er meiri einkaframtaksmaður. En mér hefur sýnst og hef vikið að því nokkuð oft, a. m. k. í ræðum á Alþingi, að ýmsir, a. m. k. menn innan hins

eina og sanna einkaframtaksflokks sem menn hafa viljað tala um til þessa, séu farnir að víkja nokkuð út af þeirri trú.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. heldur aldrei langar ræður hér og mun ekki gera það frekar núna.

Ég stóð aðeins upp til að lýsa stuðningi mínum við frv. sem hér liggur fyrir. Að vísu kemur mér dálítið á óvart að þar sem þetta lagafrv. er sagt vera fram borið að beiðni Háskólans sjálfs skuli það ekki vera veigameira en það er. Ég hefði átt von á að ýmis mál þyrfti að afmarka skýrar í lögum sem varða Háskóla Íslands og finnst satt að segja ekki vera tekið hér á stórkostlegum breytingum. Ég hefði haldið að Háskóli Íslands stæði frammi fyrir því nú og hef minnst á það áður, að hlutverk hans yrði gert skýrara. Ég hef áður minnst á að mér finnst verða æ óljósara hvers konar stofnun Háskóli Íslands er og þá ekki síst eftir tilkomu nýrra háskóladeilda sem mér finnst, a. m. k. persónulega, orka tvímælis um að ættu að vera á háskólastigi. En út í þá umræðu skal ég ekki fara hér, herra forseti.

Ég vil hins vegar nota tækifærið til að minna á kjör stundakennara við Háskólann. — Jú, hæstv. ráðh. er þarna.

Mér hefur sýnst á liðnum árum að stundakennarar við Háskólann annist oft fulla kennslu. Það sem hér er lagt til finnst mér rétt, þ. e. að unnt sé að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti. En þá finnst mér vissulega kominn tími til að gert sé upp hversu margir eigi að annast stundakennslu við Háskólann. Margir stunda jafnvel fulla kennslu árum saman og verða þannig af ýmsum þeim réttindum sem fastir starfsmenn Háskólans njóta. Ég ætla ekki að koma með neinar tillögur þar að lútandi, enda tel ég að það sé verkefni Háskólans sjálfs að gera þær. En ég vildi nota tækifærið til að minna á margra ára baráttu stundakennara við Háskólann fyrir sínum rétti. Að öðru leyti get ég verið sammála þeim tillögum sem hér liggja fyrir, en ég vil lýsa þeirri skoðun minni að gaman væri að sjá ítarlegra frv. um málefni Háskóla Íslands.

Um aðdróttanir hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vestf., vil ég ekki mikið segja. Ég held hins vegar að hann hafi mjög óraunsæjar hugmyndir um vinnu þeirra manna sem fást við andleg störf. Þegar hann talar um kennsluskyldu felst auðvitað í því að honum finnist hún lítil. (**KP:** Heyrði þm. eitthvað um það?) Ég þykist orðið þekkja hv. þm. það vel að ég heyrði tóninn í því sem hann sagði. Hins vegar skal honum tjáð hér að kennsluskylda íslenskra háskólakennara er miklu meiri en í nokkrum öðrum háskóla í nálægum löndum, enda kemur það niður á afköstum háskólakennara við rannsóknir sem eru hluti af þeirra starfi. Til þeirra hafa þeir að sjálfsögðu engan tíma. Launakjör prófessora og kennara við háskólann hér á Íslandi eru náttúrlega, eins og önnur launakjör opinberra starfsmanna, fyrir neðan allar hellur og með öllu ósæmileg.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég ætla ekki reyna að koma í veg fyrir að þetta mál fái endanlega afgreiðslu í þessari umr., en mér finnst ekki sæmandi að jafneinlægur aðdáandi Háskóla Íslands og hv. 3. þm. Vestf. gangi í þeirri villu að halda að þessi heimild til handa Háskólanum um stöðuflutning þýði sjálfkrafa hærri ávísanir út úr launadeild fjmrn. Það er ekki svo. Og þó svo væri mundi það kannske ekki gera mikið til og yrði ekki öllum harmsefni. En að sjálfsögðu er þetta ekki það sama og samþykkt stöðugildi af hálfu fjárveitingavaldsins, að sjálfsögðu ekki, hv. þm. og fulltrúi í fjvn. Háskólinn þyrfti eftir sem áður að afla sér aukinna fjárveitinga til að standa straum af auknum útgjöldum sem þessu næmi. Hér er fyrst og fremst um að ræða, eins og áður hefur komið fram, ákveðna viðurkenningu og bætta starfsaðstöðu þessara manna. Það er minni kennsluskylda og bætt starfsaðstaða sem í þessari viðurkenningu felst.

Í sambandi við rannsóknir kemur mér það spánskt fyrir sjónir ef ákveðnir menn hér inni eru allt í einu orðnir svona hræddir við samkeppni. Hvað um það þó að það yrði einhver samkeppni um rannsóknir á Íslandi og menn færu í kapp um að betrumbæta framleiðsluaðferðir og ýmislegt í þeim dúr? Það er alveg nýtt ef menn eru farnir að harma það og óttast það óskaplega ef hugsanlega yrði einhver samkeppni um þetta. Verkefnið er svo mikið og sviðið er svo vítt að ég hef enga ástæðu til að ætla að menn þurfi að vera að troða skóinn hver ofan af öðrum í þessum efnum. Ég lít ekki svo á að þetta sé sett til höfuðs þeirri rannsóknastarfsemi sem unnin er annars staðar í þjóðfélaginu, nema síður sé. Þetta yrði þvert á móti, að mínu mati, til að efla hana, auk þess sem það eru nóg verkefni handa miklu fleiri mönnum í rannsóknum á Íslandi en hægt er að sinna miðað við fjárveitingar og mannafla á þessum vettvangi í dag.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að eiga annað erindi hér í ræðustól en einungis að þakka hv. menntmn. fyrir mjög ítarlega umfjöllun um þetta mál, fyrir afgreiðslu á málinu og hv. þm. fyrir þeirra undirtektir. Ég sé ástæðu til þess að taka sérstaklega fram að ég hygg að hér séum við í raun og veru með langtum mikilvægara mál í höndum og áhrifaríkara fyrir ýmsar framfarir í þjóðlífi okkar en lengd þess og greinafjöldi gefur tilefni til að ætla.

Ég sé ástæðu til þess, þó að það komi kannske ekki beinlínis þessu máli við, að nefna eitt lítið atriði sem kom fram í máli hv. 10. landsk. þm. þar sem hún vék að öðrum hv. þm. og kvað hann lítt skilja þá sem við andlegu iðju fengjust. Mér finnst einhvern veginn að gefnu tilefni vera ástæða til að minna á að allir þm. sinna andlegri iðju. Það er eðli þingstarfa.

En burtséð frá því var aðalerindi mitt, herra forseti, að þakka hv. menntmn. fyrir umfjöllun og góðar tillögur í sambandi við þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það skal vera örstutt.

Ég kann illa við að þm. séu að gera mér upp skoðanir þó að ég taki því með jákvæðu hugarfari að hv. þm. Guðrún Helgadóttir sé kominn nálægt mér í hugsanagangi, hugsi hlýtt til mín á öllum sviðum, að ég hygg, eftir þessu tali.

Varðandi andlegt álag. Það er hægt að hugsa sér margs konar andlegt álag. Ég veit ekki hvaða andlega álag þessi hv. þm. var að meina. Hún verður að skýra það frekar. Það er til margs konar andlegt álag, hv. þm.

Varðandi það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði, þá er ekkert í þessu frv. eða þessum tillögum sem

kemur í veg fyrir að Háskólinn geti farið sínu fram, sýnist mér. Ég hygg að það séu dæmi þess t. d. að Háskólinn hafi tekið bankalán til reksturs síns. Hver segir að ekki sé hægt að taka lán í einhverjum ríkisbankanna eða öðrum banka til að hækka laun um 3—4 launaflokka? Ég sé ekki að það sé neitt sem kemur í veg fyrir það, eftir þessum tillögum sem hér er um að ræða, þannig að enn stend ég á þeirri meiningu að hér séu menn að opna heimildir bakdyramegin til þess að ganga á snið við fjárveitingavaldið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 62. fundur.

Fimmtudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„20. mars 1985.

Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á Alþingi taki 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Könnun á hagkvæmni útboða, þáltill. 366. mál (þskj. 584). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efling atvinnulífs á Norðurlandi vestra, þáltill. 174. mál (þskj. 186). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, þáltill. 203. mál (þskj. 232). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Fjáraukalög, frv. 367. mál (þskj. 587). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga, þskj. 587. Þessi fjáraukalög eru fyrir árið 1980. Lagt er til að heimiluð séu viðbótargjöld við 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1980 að fjárhæð 53 millj. 45 þús. 22 kr. Ríkisreikningar fyrir árið 1980 hafa verið lagðir fram. Niðurstöður gjalda á A-hluta ríkissjóðs á árinu 1980 nema 378 millj. 985 þús. 371 kr. sem er 35 millj. 745 þús. 319 kr. hærri fjárhæð en fjárlög þess árs gerðu ráð fyrir. Tekjur A-hluta ríkissjóðs námu á árinu 1980 392 millj. 882 þús. 505 kr. sem er hækkun frá fjárl. fyrir 1980 um 46 millj. 705 þús. 201 kr.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent fjmrn. tillögur sínar til fjárveitinga á fjáraukalögum fyrir árið 1980, en leggja til að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum sem ríkisreikningur 1980 sýnir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, þáltill. 21. mál (þskj. 21, n. 577 og 593). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Nefndin hefur fengið umsagnir frá allmörgum aðilum eða Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Ríkismati sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda, Félagi Sambands fiskframleiðenda og Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Hér á síðasta Alþingi eða fyrir fáeinum mánuðum voru samþykkt ný lög um Ríkismat sjávarafurða og tóku þau gildi þann 1. ágúst s. l. Þau hafa því aðeins verið í gildi í rúma sjö mánuði. Þótt um það megi deila hvernig slíku mati má fyrir koma verður að telja að enn hafi ekki fengist nægileg reynsla fyrir framkvæmd hinna nýsettu laga og því leggur meiri hl. n. til að till. verði afgreidd með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem síðasta löggjafarþing samþykkti lög um Ríkismat sjávarafurða sem tóku gildi 1. ágúst 1984 og Alþingi hefur með því svo nýlega lýst vilja sínum um það hvernig málum þessum skuli háttað sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um mál þetta nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Rétt er að taka fram að í umsögnum hinna mörgu aðila sem ég gat um áðan koma fram mjög mismunandi skoðanir um hvernig rétt sé að haga Ríkismati sjávarafurða. Hins vegar eru allir þeirrar skoðunar að einhvers konar stofnun verði að vera fyrir hendi sem fari með mat af hálfu ríkisvaldsins á sjávarafurðum. Í þessu

áliti meiri hl. atvmn. felst ekkert mat á því hvort breyta eigi núgildandi lögum um þetta efni. Það verður *reynslan að skera úr um. Við vekjum athygli á því* að till. fjallar um að leggja þessa starfsemi niður með öllu. En við leggjum ekkert mat á það í þessari till okkar um málsmeðferð hvort breyta eigi núgildandi lögum eða ekki.

Mér þykir einnig rétt að taka fram: Það segir í nál., sem fram hefur komið af hálfu minni hl. n., að ríkisstj. sé engan veginn reiðubúin til að breyta starfsháttum sínum, t. d. með því að draga úr miðstýringu og opinberum tilkostnaði og með því að hætta afskiptum af verðlagningu vöru í viðskiptum milli aðila. Ekkert slíkt felst í þeirri afstöðu sem fram kemur í okkar nál. Og *ég vil vekja athygli á því* að Bandalag jafnaðarmanna greiddi atkv. með og stóð að því frv. um Ríkismat sjávarafurða sem við samþykktum hér á vordögum.

Frsm. minni hl. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir minni hl. atvmn. vegna þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Í nál. segir:

„Það er greinilegt að meiri hl. n. er þeirrar skoðunar eins og fram kemur í frávísunartill. hans að ríkisstj. sé engan veginn reiðubúin til þess að breyta starfsháttum sínum, t. d. með því að draga úr miðstýringu og opinberum tilkostnaði og með því að hætta afskiptum af verðlagningu vöru í viðskiptum milli aðila.

Það hlýtur að teljast eðlilegra að það gæðamat, sem notað er við verðlagningu vöru, sé samningsatriði milli kaupenda og seljenda hennar. Undirrituð leggur þess vegna til að till. verði samþykkt óbreytt."

ATKVGR.

Till. á þskj. 577 (rökst. dagskrá) samþ. með 30:4 atkv.

Nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi, þáltill. 206. mál (þskj. 241). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um að falla frá hugmyndum sem uppi hafa verið um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi, eins og ég svo kýs að nefna. Þetta er 206. mál á þskj. 241 og tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fallið skuli frá öllum hugmyndum um að heimila að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi og felur ríkisstj. að synja öllum óskum sem kunna að berast um leyfi til að reisa slík mannvirki á íslenskri grund."

Í grg. eru færð rök fyrir þeirri till. flm. að heimila ekki þá aukningu á vígbúnaði bandaríska herliðsins á Íslandi sem flm. telja að nýjar ratsjárstöðvar óhjákvæmilega yrðu. Þar kemur fram að hér sé að sjálfsögðu fyrst og fremst um hernaðarmannvirki að ræða, enda verða stöðvar þessar, ef til kemur, kostaðar af fjárveitingum til hermála og rekstur þeirra sömuleiðis. Flm. telja að það samrýmist ekki almennum friðarvilja og vaxandi umræðum og áhuga um afvopnunarmál að á sama tíma heimilum við Íslendingar aukin umsvif herveldis í okkar landi. Það má út af fyrir sig deila um hversu þýðingarmikið hlutverk þessar ratsjárstöðvar sem slíkar leika í hernaðartaflinu, en þær eru þó óumdeilanlega liður í almennri uppbyggingu vígbúnaðar, almennri þróun í þessa átt og geta sem slíkar leitt til vaxandi spennu og ófriðlegra ástands umhverfis Ísland og á nálægum svæðum. Auk þess má benda á ummæli háttsettra manna í herafla Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins um að þessar nýju hernaðarratsjárstöðvar séu mjög þýðingarmikill hluti af nýjum áætlunum um vígvæðinguna í norðurhöfum.

Fyrir þessu Alþingi liggja fjöldamargar tillögur um afvopnunarmál og vígbúnaðarmál og utanríkismál almennt. Ég hygg að þær séu með þeirri till. sem hér er mælt fyrir ekki orðnar færri en sex eða þar um bil. Þetta sýnir þann áhuga sem uppi er á hv. Alþingi um aðgerðir í þá veru að draga úr spennu og hindra aukningu á vígbúnaðaruppbyggingunni. Einnig heyrast þær fréttir daglega í fjölmiðlum að stórveldin hafi nú loks sest að samningaborðinu til að ræða möguleikana á afvopnun og einkum og sér í lagi á kjarnorkuafvopnun eða afvopnun kjarnorkuvopna. Þessar vikur er því að mínu viti ákaflega illa valinn tími til þess að taka ákvarðanir um ný hernaðarmannvirki þegar þó er þessi glæta, þessi von um að eitthvað miði nú í rétta átt.

Í fskj. með till. kemur fram að í þeim byggðarlögum þar sem áformað er að setja upp þessar stöðvar er virk og mikil andstaða við þær hugmyndir. Birt er bænarskrá Vestfirðinga til ríkisstjórnar Íslands. Sömuleiðis er birt samþykkt útifundar sem haldinn var í lok friðargöngu á Langanesi 7. júlí s. l. Einnig eru birtar þar tvær greinargerðir eða blaðagrein og greinargerð eftir breskan sérfræðing, sem svarar þar fullyrðingum deildarstjóra varnarmáladeildar utanrrn., Sverris Hauks Gunnlaugssonar, sem hann setti fram í blaðagrein í Morgunblaðinu s. l. haust.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir aðdraganda þessa máls vegna þess að hann er með nokkuð sérkennilegum hætti, eins og reyndar oftar ber við þegar taka skal ákvarðanir um nýjan vígbúnað hér á landi. Sagan geymir mörg slík dæmi. Ég mun fara hér yfir það hvernig þetta mál hefur borið að höndum, hvernig það hefur birst almenningi í landinu og hvernig að því hefur verið unnið af hálfu utanrrn. og annarra sem beitt hafa sér fyrir því að vinna þessum hugmyndum brautargengi. En fyrst vil ég víkja aðeins nánar að þeirri andstöðu sem við þetta er, bæði í þeim byggðarlögum þar sem til stendur að setja þessar ratsjárstöðvar upp og einnig meðal þjóðarinnar allrar ef marka má skoðanakannanir sem birst hafa þar um.

Til viðbótar þeim fskj. sem ég vitnaði í áðan má nefna að íbúar við Þistilfjörð, úr þremur hreppum, hafa safnað hliðstæðum undirskriftum undir hliðstæða bænarskrá sem afhent var forsrh. og formönnum þingflokka fyrr í vetur. Þá má nefna að almennur borgarafundur í Svalbarðshreppi mótmælti þessum hugmyndum og hreppsnefnd Sauðaness hefur einnig gert samþykkt í sömu átt. Dagblaðið Vísir birti skoðanakönnun fyrir nokkrum vikum þar sem sama úrtak og spurt var um fylgi við stjórnmálaflokka var einnig spurt hvort það væri fylgjandi eða andvígt hugmyndum um byggingu nýrra ratsjárstöðva. Niðurstaða þeirrar könnunar varð sú, að meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku var andvígur þessum hugmyndum. Ég tel að það sé því alveg ljóst að andstaða við þessar hugmyndir er mikil og almenn í

landinu. Hún er ekki bundin við einstaka stjórnmálaflokka, eins og reyndar má glöggt sjá af mótmælum úr heimahéruðum og af því háa hlutfalli sem er andvígt þessum hugmyndum skv. skoðanakönnunum. Það eru því, að ætla má, bæði þeir sem eru fylgjandi aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og veru bandaríska herliðsins á Íslandi og einnig hinir sem eru þessu andvígir, öðru eða hvoru tveggja, sem hér hafa sameinast um að vera á móti þessum nýju hernaðarmannvirkjum.

Þegar fyrst heyrðist um hugmyndir ráðamanna hérlendis um að til stæði eða æskilegt væri að byggja hér upp nýjar ratsjárstöðvar og endurnýja eldri búnað á vegum herliðsins sem hér situr voru samhliða settar fram fullyrðingar um að þessi nýju tæki yrðu hið mesta þarfaþing og yrðu að miklu liði í ýmsum borgaralegum efnum hér á landi. Þannig var þess gætt vandlega að smyrja á sneiðina strax í upphafi og fullyrðingar voru settar fram um að þessar ratsjárstöðvar kæmu að miklum notum í skipaumferð, flugumferð og hvað það nú var sem þær eiga að geta gert. Hér var þannig unnið, að mínu viti, herra forseti, að óhjákvæmilegt er að staldra nokkuð við. Fyrst eru settar fram fullyrðingar um að svo og svo mikið gagn megi hafa af þessum mannvirkjum. Síðan er hafist handa um að leita raka til að styðja þær fullyrðingar.

Þegar ég spurði hæstv. utanrrh. um það hér á Alþingi fyrir rúmu ári hvaða áform væru uppi í þessum efnum komu þessar sömu fullyrðingar fram um gagnsemi þessara stöðva til ýmissa hluta, en nokkrum dögum áður hafði ég spurst fyrir um það hjá þeim stofnunum í landinu sem helst má ætla að hefðu upplýsingar um slíkt, svo sem eins og Landhelgisgæsla og flugmálastjórn, og þá kom fram í svari talsmanna þeirra stofnana að til þeirra hefði ekki verið leitað og þeir gætu á þessu stigi málsins engar upplýsingar gefið um hvort þetta kæmi þeim að notum eða ekki.

Því hefur verið haldið fram einnig að hér sé um íslenskt frumkvæði að ræða, að það sé íslensk uppfinning og sérfræðingar utanrrn. um ratsjárstöðvar hafi fundið það upp af eigin hyggjuviti og eigin vísdómi að brýn nauðsyn sé fyrir Íslendinga að fá slíkt mannvirki. Sú blekking hefur síðan verið afhjúpuð og gerð harla hlægileg, að mínu mati, þar sem ljóst er að um árabil hafa verið uppi áform meðal Bandaríkjahers um að koma slíkum stöðvum á laggirnar. Einnig er sagan af því hversu mikið gagn þessar nýtískulegu hernaðarratsjár eiga að gera fyrir skipaumferð grátbrosleg því það kemur í ljós þegar málið er skoðað að ratsjárnefnd treystist ekki til að styðja þá fullyrðingu, sem áður hafði verið sett fram, að þessar stöðvar séu gagnlegar í því skyni, en leggur þess í stað til að farið verði fram á það við Bandaríkjamenn að þeir setji upp sérstakar ratsjár innan stöðvanna sem komi að gagni við skipaumferð og yrðu þá aukageta með hinum ratsjárstöðvunum. Því var strax haldið fram af þeim sem þekktu til mála að það væri tæknilega séð mjög ólíklegt að slíkar hernaðarratsjár, sem fylgjast eiga með hraðfleygum flugvélum eða eldflaugum eða hvað það nú er, hentuðu vel til eftirlits með skipum. Nú sýnir sig að sá málflutningur stóð höllum fæti þó reynt sé að bera því við að verið sé að athuga með möguleikana á að breyta þessum stöðvum.

Það væri einnig fróðlegt, herra forseti, að rifja upp nokkur fyrri dæmi af því hvernig okkur Íslendingum hafa verið matreiddar hugmyndir stjórnvalda um það að koma hér á fót nýjum vígbúnaðartækjum. Suður á Keflavíkurflugvelli eru nú að rísa sprengjuheld flugskýli, ætli þau séu ekki ein níu talsins sem þar eru í byggingu, og ekki eldri maður en ég man vel eftir því þegar fyrst var tekið að ræða um að nauðsyn væri á að byggja slík flugskýli. Þá var ein höfuðröksemdin sú að það væri svo mikið sandfok á Keflavíkurflugvelli að orrustuþotur hersins skemmdust af völdum sandfoks og þess vegna þyrfti að byggja yfir þær flugskýli. Nú má það vel vera að mikið sé um sandfok og það sé óvenjustrítt á Keflavíkurflugvelli, en það eru alveg ný tíðindi ef það þarf að byggja járnbent steinsteypt skýli með 1½—2 metra þykkum veggjum til þess að halda úti íslensku sandfoki.

Svipaða sögu mætti segja af því þegar Lóran C-kerfið var sett upp hér og mönnum talin trú um að það væri fyrst og fremst til borgaralegra nota þó að ár, jafnvel áratugir, liðu áður en skip og flugvélar hefðu yfir þeim búnaði að ráða sem þarf til að taka á móti þeim merkjum og Lóran C-kerfið væri að sjálfsögðu byggt upp sem leiðsögukerfi fyrir Polaris-kafbáta Bandaríkjamanna og væri liður í þeirri áætlun á sínum tíma.

Allir þekkja söguna um það hvernig mengunarvarnir urðu allt í einu að margföldu birgðarými og olíuhöfn í Helguvík. Og man einhver eftir því, þegar íslensk stjórnvöld kynntu það fyrir þjóðinni að til stæði að leggja hér í land SOSUS-hlustunarkerfi sem lið í gagnkafbátahernaði, hvernig smurt var á sneiðina þegar við áttum að kyngja því? Í raun og veru held ég að þess hafi ekki þurft því að enginn hafði hugmynd um fyrr en löngu síðar að þessi nýi hlekkur í vígbúnaðarkeðjunni væri kominn hér í land. Sem sagt: Það er algjör skortur á upplýsingum í besta falli eða blekkingar og yfirbreiðslur notaðar til að gera vígbúnaðinn sakleysislegan og telja mönnum trú um að hér sé ekkert nema þá í mesta lagi eðlileg endurnýjun og eðlilegt viðhald á ferðinni.

Það þarf ekki að rekja hér, svo oft sem það hefur komið fram í umr., þá miklu uppbyggingu sem orðið hefur í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og á öðrum búnaði Atlantshafsbandalagsins hér. Það er ljóst og um það vitna nýútkomnar skýrslur, m. a. frá öryggismálanefnd, að þessar nýju radarstöðvar eru liður í þessari þróun, eru hlekkur í þessu. Höfundur skýrslu sem nú er nýlega komin út hjá öryggismálanefnd, Gunnar Gunnarsson, byrjar nánast skýrslu sína á því að taka fram að allar séu þessar nýju framkvæmdir á vegum hersins nátengdar.

Ég vil lesa hér, með leyfi forseta, úr inngangi þessarar skýrslu, sem er ritgerð nr. 3 gefin út af öryggismálanefnd eftir Gunnar Gunnarsson. Þar segir, með leyfi forseta.

„Hugmyndir um nýjar ratsjárstöðvar eru nátengdar öðrum framkvæmdum og áætlunum sem varða Keflavíkurstöðina, eins og byggingu á steyptum flugskýlum í Keflavík, endurnýjun þeirra orustuflugvéla sem þar eru, byggingu olíugeyma í Helguvík o. fl."

Viðleitni ýmissa aðila til að láta fólk líta á þessar ratsjárstöðvar sem einangrað fyrirbrigði, sem einstakt og saklaust tilfelli í sjálfu sér, fær því ekki staðist, hún gengur ekki upp. Ég vona að skýrsla öryggismálanefndar hafi í öllu falli flett ofan af þeim tilraunum. Hvað sem hún kann annað að hafa gert til góðs eða ills, sú margnefnda skýrsla, held ég að engum sem lesi hana

dyljist að höfundur fer ekki í grafgötur með það þar að allar séu þessar áætlanir nátengdar.

Það hefur einnig komið fram, og má vitna til sömu heimilda um það, að þessar radarstöðvar á Íslandi tengjast stöðvum á Grænlandi og í Færeyjum sem síðan eru hluti af ratsjárstöðvakeðju sem liggur um Alaska, Kanada, Grænland, Ísland og til Færeyja og er oft nefnd DEW-línan, sem mun vera skammstöfun fyrir Distant Early Warning. Þetta er gömul ratsjárstöðvakeðja sem var sett upp á sjötta áratugnum, að ég hygg, og er nú sem sagt í endurnýjun. Síðustu daga bárust fréttir af því að Kanadamenn og Bandaríkjamenn væru að gera með sér samning þar að lútandi.

Sú staðreynd að þessar ratsjárstöðvar eru hlekkur í þessari keðju segir ákaflega mikið og flettir einnig ofan af þeim áróðri, þeirri blekkingu sem oft hefur verið haldið fram, að sá búnaður sem á Íslandi sé sé einangrað fyrirbrigði og tengist engum öðrum vígbúnaði. Að sjálfsögðu eru þessar stöðvar liður í þessari ratsjárstöðvakeðju með þess kostum og göllum og heyra undir sömu stjórn o. s. frv.

Það er fróðlegt að fjalla örlítið nánar um þessa DEW-ratsjárstöðvakeðju og hvernig hún tengist öðrum vígbúnaði og hvernig hún tengist stjórnun herafla í Bandaríkjunum því ég efast um að menn hafi gert sér grein fyrir því á hvern hátt þessar nýju ratsjárstöðvar féllu inn í þessa heildarmynd. Þetta var eitt af þeim atriðum sem ég spurði hæstv. utanrrh. um í fyrra vegna þess að ég taldi þá og tel enn miklu varða á hvern hátt þessi mannvirki tengjast þessum heildarvígbúnaðarkerfum og ekki síður því hverjir fara með yfirstjórn og hverjir vinna úr þeim upplýsingum sem hér er aflað. Við þessari spurningu minni í fyrra bárust engin svör, alls engin, og vil ég því setja hér fram þær upplýsingar sem ég hef um þetta mál og vænti þess þá að þær verði leiðréttar eða betrumbættar ef aðrir hér á hv. Alþingi hafa betri upplýsingar.

Það er ljóst að þessar ratsjárstöðvar hér í Rockville og á Stokksnesi og einnig þær nýju, ef til koma, eru hluti af DEW-línunni, sem er eins og ég áður sagði, kerfi ratsjárstöðva sem var sett upp á sjötta áratugnum og nær allt frá Point Bay í Alaska yfir þvert og endilangt Kanada og Grænland alla leið til Íslands. Upplýsingar þær sem þetta kerfi aflar eru sendar til höfuðstöðva NORAD, sem er skammstöfun fyrir North American Air Defense System, í Cheyenne-fjalli í Colorado Springs, þar sem unnið er úr þeim. Síðan eru þær sendar til höfuðstöðva yfirstjórnar strategísks herafla bandarískra flughersins, sem er skammstafað SAC, Strategic Air Command, í Nebraska og annarrar æðstu stjórnstöðvar Bandaríkjahers til frekari umfjöllunar. Það yrði þessi sama stjórnstöð, SAC, sem stjórnaði hugsanlegri kjarnorkustyrjöld Bandaríkjanna við Sovétríkin og ákvæði skotmörk bandarískra kjarnorkuvopna m. a. á grundvelli þeirra upplýsinga sem DEW-línan aflar. Trúi menn ekki þessum upplýsingum geta þeir flett upp í bandarískum handbókum um vígbúnaðarmál þessu til sönnunar.

Ratsjárstöðin á Stokksnesi tengir síðan DEW-línuna við ratsjárstöð NATO í Færeyjum sem er í senn hluti af NADGE-varnarlínunni, sem er Nato Air Defense Ground Environment, og bresku ratsjárstöðvavarnarlínunni UKADGE, sem er United Kingdom Air Defense Ground Environment. Þessi mikla NADGE-lína teygir sig, eins og menn eflaust vita, frá Norður-Noregi suður til Tyrklands. Öll þessi mikla ratsjárkeðja, sem nánast umlykur Sovétríkin, var á sínum tíma reist í því augnamiði að bregðast við hugsanlegri árás sovéskra sprengjuflugvéla.

DEW-línan, sem upphaflega taldi samtals 81 ratsjárstöð, var eingöngu reist í þágu bandarískra varnarhagsmuna og lýtur alfarið bandarískri stjórn þótt íslensku stöðvarnar, kallaðar DYE 5 eftir höfuðstöð íslensku og grænlensku stöðvanna á Cape Dyer á Baffinslandi, falli að nafninu til undir Atlantshafsstjórn NATO. Þessi varnarlína veitti reyndar Bandaríkjunum strax í upphafi umtalsverða strategíska yfirburði. T. d. tryggði hún þeim og tryggir enn þann dag í dag um 2400 km forskot til að bregðast við aðsteðjandi árás eða sem svarar þriggja klst. flugi sprengjuþotu.

Sú áætlun sem nú er uppi um endurnýjun á DEW-viðvörunarkerfinu er kölluð SEEK FROST vestan hafs, en á Atlantshafssvæðinu er hún kölluð North Atlantic Defense System, sem er skammstafað NADS og hefur áður komið fram í umræðum um þessi mál. Framkvæmd, endurnýjun og skipulagning er í höndum sérstakrar deildar innan bandarísku flughersins sem nefnist ESD, Electronic System Division, og hefur aðsetur í Massachusetts. Sjálfur ratsjárbúnaðurinn verður algjörlega endurnýjaður er settar verða upp nýjar ratsjárstöðvar, sennilega af gerðinni General Elecric AN/FPS-117 ratsjár eða hliðstæðar gerðir. Fullkominn rafeindabúnaður þeirra mun gera stöðvarnar miklu fljótvirkari og afkastameiri en áður og þær eiga að geta skynjað miklu smærri hluti en hingað til. Fjarskiptakerfi þeirra verður stórbætt og tölvuvæðing mun spara bæði orku og mannahald, þannig að áætlað er að rekstrarkostnaður lækki um allt að 50%. Hins vegar munu allar þessar framkvæmdir að sjálfsögðu kosta milljarða dollara á milljarða ofan.

Þessar ratsjárstöðvar sem til stendur að setja upp á Íslandi munu að sögn aðmíráls nokkurs, Wesley McDonalds, sem er æðsti yfirmaður Atlantshafsherafla NATO, SACLANT, og Atlantshafsflota bandarískra sjóhersins einnig, CINCLANT, skipta höfuðmáli í því hvernig til tekst með hernaðaráform Bandaríkjanna og NATO í norðurhöfum. Hlutverk þeirra verður einkum tvíþætt: Á stríðstímum eiga þær að tryggja þolgæði, eins og það er nefnt, eða redundancy, loftvarnarkerfanna þannig að jafnvel þótt nokkrar ratsjárstöðvar og fjarskiptatengsl þeirra yrðu jöfnuð við jörðu yrðu nægar eftir til að veita upplýsingar. M. ö. o.: þær munu stórauka herstyrk Bandaríkjamanna á þessum slóðum. Á friðartímum og einkum þegar spenna ríkir munu þær ásamt öðrum eftirlits- og njósnakerfum gera stjórnstöðvum kleift að fylgjast með nánast hverri hreyfingu sovéskra flugvéla á svæðinu og afla þannig mikilvægra upplýsinga um styrk sovéska hersins og aðferðir, en slíkar upplýsingar eru m. a. forsenda þess að Bandaríkjaher geti þurrkað út sovéska herinn strax í fyrstu árás, eða First Strike Capability sem er herfræðilegt hugtak sem mjög er til umfjöllunar í Pentagon á þessum misserum. Þessar stöðvar eiga að sjálfsögðu einnig að gera Rússum og öðrum fjendum ljóst í eitt skipti fyrir öll hver það er sem valdið hefur í norðurhöfum.

Því hefur verið haldið fram að þessar stöðvar gætu komið í veg fyrir að fjölga þyrfti hér ratsjárflugvélum af gerðinni AWACS. Ég er ekki trúaður á það, herra

forseti, og tel það vera hugarburð þeirra manna sem slíku hafa haldið fram. AWACS-flugvélunum héðan af Keflavíkurflugvelli er ætlað að starfa með hinum nýju F-15 orrustuþotum og flugvélum af risaflugmóðurskipum og flotamálaráðherra Bandaríkjanna John Lehman hefur mælst til þess að fleiri AWACS-vélar verði sendar til aðstoðar orrustuflugsveitum flugmóðurskipa í Noregshafi og í kringum GIUK-hliðið. Bandarískí sjóherinn ráðgerir að kaupa 20 nýjar AWACS-flugvélar í náinni framtíð og flugherinn hefur þegar samið um kaup á tólf AWACS-vélum sem teknar verði í notkun á árunum 1986-1988. Einnig hafa nýlega verið birtar áætlanir um að efla stjórnunar- og fjarskiptabúnað á Íslandi til að hafa betri tengsl við AWACS-vélarnar.

Í ljósi þessarar þróunar er ólíklegt að AWACS-vélarnar verði aðeins tvær á Keflavíkurflugvelli um ókomna framtíð. Ratsjárstöðvarnar nýju munu hins vegar gera það að verkum að AWACS-vélarnar þurfa ekki að hafa eftirlit í næsta nágrenni Íslands eins og ella hefði verið, heldur geta þær einbeitt sér að eftirlitsstarfi lengra í burtu í Noregshafi og allt norður í Barentshaf og fullkomnað þannig getu Bandaríkjanna til að fylgjast með hverri hreyfingu í og yfir Norðurhöfum.

Herra forseti. Ég taldi óhjákvæmilegt að koma hér að þessum fróðleik sem ég hef undir höndum um þessar nýju stöðvar og hvernig þær tengjast almennt vígbúnaði og stjórnun herafla hér á norðurhöfum og á norðanverðum hnettinum. Þessu til viðbótar væri fróðlegt að rifja upp þær umræður sem orðið hafa í grannlöndunum, t. d. í Kanada þar sem endurnýjun DEW-línunnar hefur verið tengd geimstríðsáformum Ronalds Reagans og hans manna. Þar hafa orðið heitar umræður um hvort þessi mikla endurnýjun og sú mikla áhersla, sem nú er allt í einu lögð á endurnýjun þessarar gömlu ratsjárstöðvakeðju, tengist þessum áformum. Ég get vitnað í Gunnar Gunnarsson enn, starfsmann öryggismálanefndar, sem hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum, m. a. í Dagblaðinu Vísi nýverið, að stöðvarnar á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum tengist þessari keðju, ef menn eru enn í efa um að svo sé.

Og aftur að stjörnustríði. Fróðlegt er að upplýsa það, eins og menn eflaust vita, að hingað eru væntanlegar nýjar orrustuþotur, jafnvel á þessu ári, af gerðinni F-15 Eagle sem munu vera að sögn bandarískra flughersins hans fullkomnustu orrustuþotur. Þær hafa helmingi meiri flugdrægi eða vígradíus en fyrri vélar. Eitt sem þær hafa enn sér til ágætis er að þær geta borið þau flugskeyti sem ætlað er að leika aðalhlutverk í nýjustu geimstríðsáformum hernaðarhaukanna í Bandaríkjunum. Þær geta sem sagt borið þess konar flugskeyti sem ætlað er að setja á sprengjuodda til að eyða eldflaugum í ytri lögum gufuhvolfsins þegar þær eru væntanlegar þangað niður aftur. Þetta er sem sagt seinna þrepið af tveimur í geimstríðsáætluninni. Þessar orrustuþotur eru, eins og áður sagði, væntanlegar hingað alveg á næstunni.

Herra forseti. Ég hef áður vikið að því að gengið hafi illa að fá upplýsingar um þetta mál. Reyndar er það einkenni á öllum slíkum tilfellum, þegar verið er að læða hér inn nýjum vígbúnaði eða nýjum tækjum, að óskapleg þoka umlykur öll þau mál. Það hefur vakið nokkra athygli að bandarískur þm., þm. fyrir New York-fylki, Ted Weiss að nafni, skrifaði bandarískra flughernum og spurðist fyrir um þessar væntanlegu radarstöðvar, hvers konar stöðvar þar væru á ferðinni, hvaða tilgangi þær ættu að þjóna og hvort samtímis því að reisa þessar stöðvar ætti einnig að fjölga AWACS-flugvélum hér á landi og hvers vegna. Svör hersins voru stutt og laggóð: Öll ítarleg umræða um þessar nýju framkvæmdir varðar hernaðarleyndarmál og er það auðvitað af tvennum ástæðum, eins og herinn tekur fram: vegna hins hernaðarlega hluta málsins og einnig vegna þess að íslensk stjórnvöld eru sérstaklega viðkvæm fyrir því að um slík mál sé fjallað. Þetta er enn ein sönnun þess við hvað menn eiga að búa þegar taka skal ákvarðanir í þessum efnum. Mönnum er ætlað að trúa sölumönnunum sem koma og smyrja þykkt hunang á sneiðina og tala mikið um borgaraleg afnot, um ágæti þessara stöðva. Þær eiga jafnvel að vara bændur við rigningarskúrum á sumrin og telja hafísjaka og hvað það nú er sem þær geta gert. En sem minnst er fjallað um hernaðarlega hlið málsins sem auðvitað er það sem máli skiptir og hlýtur að ráða afstöðu manna öðru fremur í þessum efnum. T. d. vann nefnd hæstv. utanrrh., sem hann setti á laggirnar og lét vinna hér mikla skýrslu í fallegu brúnu bandi, og hún er líklega einar 34 eða 35 bls., þessi skýrsla, það afrek að fjalla á einni eða tveimur bls. um hina hernaðarlegu hlið málsins, en á 32 og 33 bls. um allt það ágæti sem af þessum stöðvum gæti nú leitt til sjávar og sveita. Það er reyndar fleira óvenjulegt við efnistök ratsjárnefndar. Hún birtir t. d. skýrsluna án þess að vitna nokkurs staðar í heimild og engin heimildaskrá fylgir skýrslunni. Ég veit ekki hvað er sagt í utanrrn. og varnarmáladeild um slík vinnubrögð, en ég veit hvað mér var kennt í gagnfræðaskóla í þessum efnum.

Herra forseti. Til að gera þetta ekki allt of langt mál, þó að vissulega sé af nógu að taka, er reynandi að draga saman í örfá atriði það sem fyrir mér eru meginatriði þessa máls.

Ég tel að fyrst og fremst sé óumdeilanlega um aukningu á hernaðarumsvifum að ræða. Ég held í öðru lagi að þetta flæki okkur enn fastar í vígbúnaðarnetið, í vígbúnaðaruppbygginguna, og geri stöðu okkar sem eyþjóðar í miðju Norður-Atlantshafinu enn alvarlegri en ella. Við Íslendingar hljótum að geta sameinast um að reyna að bægja vígvæðingunni frá ströndum lands okkar og reyna, að svo miklu leyti sem það er í okkar valdi, að hafa áhrif á að vitfirring vígbúnaðarkapphlaupsins haldi sig sem fjærst okkur, ef ekki er með öðrum ráðum hægt að losna við hana eða koma í veg fyrir hana yfirleitt. Ég held að ný hernaðarmannvirki hér geti ekki undir nokkrum kringumstæðum hjálpað okkur í þessum efnum, þvert á móti valdið hinu gagnstæða, að auka spennu og viðsjár í þeim heimshluta sem við búum í. Ég held að þessar stöðvar auki hernaðarlegt mikilvægi Íslands.

Því er oft haldið fram að hernaðarlegt mikilvægi Íslands sé vegna hraunlaganna sem hér eru, sé vegna millilaganna, sé vegna moldarinnar, sé vegna þess að í Atlantshafinu er dálítið af grjóti og mold. Ég held að svo sé ekki. Ég held að fyrst og fremst sé Ísland hernaðarlega mikilvægt nú vegna þess búnaðar sem hér er. Það eru breyttir tímar. Hversu kært sem mönnum kann að vera að skoða heiminn út frá sama sjónarhóli og þeir gerðu í síðari heimsstyrjöldinni eða í miðju kalda stríðinu verða menn að kyngja því að það eru breyttir tímar. Það eru komin til sögunnar ný vopn og

nýjar áætlanir um að nota þau vopn og það gerbreytir þessari mynd, einnig því á hvern hátt Ísland er hernaðarlega mikilvægt. Það er ekki lengur hernaðarlega mikilvægt vegna þess að menn geti siglt úr höfn með flota, komið hingað eftir viku, tekið hér land og byrjað að byggja bragga og hreiðra um sig á þann hátt. Þannig reikna menn ekki með að hlutirnir gerist. Kannske ættum við að segja: því miður ef til hernaðarlegra átaka kemur. Ísland verður mikilvægt í þær 15 til 30 mínútur sem slíkir atburðir hafa aðdraganda og þá er það að sjálfsögðu vegna þess búnaðar sem hér er eða hægt er að flytja hingað með örskömmum fyrirvara, ekki vegna hins sem kynni að gerast á vikum eða mánuðum.

Þessar ratsjárstöðvar setja, ef af yrði, hernaðarmannvirki niður í landshluta sem engin slík hafa fyrir. Slíkt eru að mínu viti umhverfisspjöll. Það yrðu bæði siðferðileg og náttúruleg spjöll á umhverfi manna og það veldur samfélagslegri mengun. Við hljótum einnig að geta sameinast um að hafa slíka hluti á sem afmörkuðustum svæðum ef við þurfum að hafa þá yfirleitt. Þess vegna væri það einnig afturför að þessu leyti ef landshlutar, sem lausir hafa verið um árabil við allt sem minnir á hernað, fengju slíkt til sín.

Ákvörðun um að leyfa þessar framkvæmdir er ákvörðun um að leggja lóð Íslands á vitlausa vogarskál. Þetta er lóð á vogarskál áframhaldandi vígbúnaðar, áframhaldandi tortryggni í stað þess að reyna að stuðla að afvopnun og slökun. Ákvörðun um nýjar hernaðarframkvæmdir er ákvörðun um sóun á fjármunum á bál þessarar vitfirringar sem er mesti glæpur jarðarsögunnar. Þetta er liður í gereyðingarvígbúnaðinum og því kapphlaupi sem sveltandi heimur hefur orðið að horfa upp á á sama tíma og fólk um víða veröld vantar sárlega fjármuni til að geta satt hungur sitt, svo að ekki sé nú talað um annað.

Þá er enn ónefndur einn þáttur þessa máls sem lítið hefur farið fyrir í umfjöllun fjölmiðla og að sjálfsögðu enn þá minna í umfjöllun utanrrn., varnarmáladeildar og ratsjárnefndar, en það er sú ákvörðun að með því að byggja þessar stöðvar og starfrækja þær með þeim hætti sem hugmyndir eru uppi um á að flækja alíslenskar stofnanir, svo sem Landssímann, flugumferðarstjórn, Landhelgisgæslu, tilkynningarskyldu og fleiri slíka aðila inn í hernaðarleg málefni. Ég held að þar sé á ferðinni stórvarasöm fyrirætlun. Ámælisvert er hvernig talsmenn þessara stofnana hafa hagað sér að því leyti að það virðist ekki hafa valdið þeim neinum áhyggjum að borgaralegar stofnanir, alíslenskar stofnanir í landi sem ætlar sér að vera herlaust land í þeim skilningi að við ætlum ekki að standa fyrir uppbyggingu hernaðar sjálfir, skuli eiga að ljá tæki og búnað til að flytja boð til þess að vinna úr og til þess að senda áfram upplýsingar sem eru liður í gagnasöfnun herveldisins. Og hver þekkir þá hvað verður hvers þegar svo er komið að fjarskiptabúnaður Landssímans, net hans um landið verður undirlagt til þessara nota, þegar flugumferðarstjórn, Landhelgisgæsla, tilkynningarskylda og fleiri slíkir aðilar verða í meira og minna mæli farnir að senda áfram upplýsingar af þessu tagi? Hver dregur þá mörkin á milli þess sem er hernaðarlegt og borgaralegt og hver stendur þá í þessum ræðustól og fullyrðir að Ísland eigi engan her og standi ekki fyrir slíkri starfsemi?

Þetta er einnig hættulegt vegna þess að þessar stofnanir yrðu þá efnahagslega háðar þessum umsvifum og enn þá síður en áður færar um að standa á eigin fótum, en það er reyndar einkenni allra hernaðarumsvifa hvar sem þau eiga sér stað að þau ræna menn, þá sem við þau vinna og nálægt þeim búa, efnahagslegu sjálfstæði og gera þá að brauðþiggjendum þessara aðila. Reyndar er svo komið að þegar er í stöðvum Pósts og síma búnaður á vegum herliðsins og það hefur lítið farið fyrir því, a. m. k. svo ég hafi heyrt, að um það hafi verið rætt hvaða stefnubreyting þar á sér stað. Ég hef nú lagt fram fsp. til samgrh. á hv. Alþingi um það hvernig þessa ákvörðun bar að höndum, hvenær sú ákvörðun var tekin að heimila herliðinu að staðsetja búnað sinn á tvist og bast innan um búnað Landssímans. En ljóst er í öllu falli, að yrðu þessar stöðvar að veruleika og sá starfrækslumáti hafður á sem nú er fyrirhugað yrði þetta allt samtvinnað, starfsemi þessara borgaralegu stofnana og hersins.

Ég held, herra forseti, að væri því tækifæri sleppt að neita þeim sem á þrýsta um að setja upp þessar stöðvar, þá væri það sóun á tækifæri fyrir Íslands hönd til að sýna hug sinn í verki. Það er greinilegt að almenningur í landinu telur nóg komið af vígbúnaði og nóg komið af hernaðaruppbyggingu. Og það ræður þeirri afstöðu manna, jafnvel þeirra sem styðja að öðru leyti veru okkar í Atlantshafsbandalaginu og veru hersins hér, að þessi mannvirki eigi ekki rétt á sér og séu óþörf, að fólk telur að nóg sé komið. Það er nú svo að hátíðlegar ræður, hvort sem þær eru fluttar héðan úr þessum virðulega ræðustól eða einhvers staðar annars staðar á sunnudögum, verða marklitlar og missa fljótt gildi sitt ef aðgerðir manna eru alltaf í öfugu hlutfalli við ræðurnar. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég mun eiga erfitt með að hlusta á sunnudagsræður ýmissa aðila um einlægan afvopnunarvilja þeirra ef það gerist síðan æ ofan í æ að þegar við Íslendingar fáum í okkar túngarð tækifæri til að sýna vilja okkar í verki látum við það tækifæri ónotað.

Að mínu viti hefur ekki verið sýnt fram á það með neinum haldbærum rökum að tilkoma þessara nýju stöðva auki á öryggi íslensku þjóðarinnar, geri hana öruggari í hverfulum heimi og geri mönnum kleift að sofa rólegar en ella. Ég hef a. m. k. ekki orðið þess var að fólk á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum hafi sofið verr þessi síðustu 15—20 ár sem það hefur verið laust við hernaðarmannvirki í þeim fjórðungum. Ég held þvert á móti að því fylgi vellíðan og ákveðin uppbót fyrir erfiða lífsbaráttu við ysta haf að vera þá í öllu falli ekki daglega minntur á þessa vitfirringu vígbúnaðarkapphlaupsins. Menn hafa a. m. k. trúað því margir sem þarna hafa streðað að þeir væru nokkuð langt frá heimsins vígaslóð og mættu leyfa sér að lifa sælir í þeirri trú. Það er ljóst að um slíkt verður ekki að ræða ef menn mega ekki lengur líta til fjalla án þess að sjá mannvirki sem minna þá á hernað og vígbúnaðarkapphlaup.

Ég held, herra forseti, að sú afstaða, sem birtist í málflutningi þeirra manna sem vilja gagnrýnislaust beygja sig og taka á móti þessum radarstöðvum, sé undirstrikun á ósjálfstæði Íslendinga í utanríkismálum, á algeru ósjálfstæði og algerum beygjuskap okkar Íslendinga gagnvart þeim mönnum sem þrýsta á um þessar framkvæmdir. Hvers vegna eigum við ekki, hvort sem við erum fylgjendur eða andvígir veru okkar í varnarbandalagi, fylgjandi eða andvígir herstöðinni í

Keflavík, að skoða sjálfstæð slík tilfelli og leggja okkar mat á hvort þetta sem slíkt auki öryggi okkar, sé í okkar þágu, eða hvort við getum t. d. með því að fallast ekki á þessar framkvæmdir lagt okkar lóð á vogarskálar slökunar í þessum heimshluta?

Við höfum fyrir okkur dæmin, bæði úr Atlantshafsbandalaginu og einnig úr varnarsamstarfi Eyjaálfuþjóðanna við Bandaríkin, hvernig menn geta ef þeir vilja haft sínar sjálfstæðu skoðanir á því hvernig þeir standi að slíku samstarfi, hvað þeir leyfi og hvað þeir leyfi ekki. Sá kotungs- eða nýlenduríkishugsunarháttur að okkur beri óhjákvæmilega að taka við öllum óskum og verða við öllum óskum um aukinn vígbúnað hér á landi er til mikillar minnkunar þeim mönnum sem fyrir slíku tala.

Ég held að fyrsta skilyrði þeirra manna sem ætla að selja okkur þessar framkvæmdir, eins og ég hef oft orðað það, væri að sanna það fyrir okkur að þetta væri nauðsynlegt vegna öryggishagsmuna Íslands og þetta stofnaði okkur ekki í hættu vegna tengsla við annan vígbúnað í heiminum, t. d. ef menn legðu fram sannanir fyrir því að upplýsingar og boð frá þessum stöðvum færu aldrei út fyrir landsteina Íslands og yrðu eingöngu notuð hér innanlands til að tryggja okkar eigið öryggi en ekki í öðru skyni. Slíkar sannanir hef ég hvergi séð, þykist þess reyndar fullviss að hið gagnstæða eigi sér stað í verulegum mæli, að þetta sé liður í heildarupplýsingasöfnun og vörnum Norður-Ameríku og komi okkur sjálfum minnst við.

Ég held að það væri ákveðið siðferðislegt skipbrot fyrir okkur Íslendinga, fyrir þetta háa Alþingi, sem flutt hefur fjöldann af tillögum um afvopnunarmál, að láta það afskiptalaust að tekin sé um það ákvörðun að auka vígbúnað á Íslandi einmitt á þessum vikum eða mánuðum, því að, eins og ég áður sagði, núna eru þó í gangi viðræður á milli stórveldanna sem ganga í þessa veru og það er ýmislegt fleira á döfinni sem gæti gefið vonir um að eitthvað tæki að rofa til í þessum efnum. Mér finnst því sérkennilega valinn tíminn til að þrýsta nú á um þessar framkvæmdir.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. mun ekki vera hér í salnum og kemur svo sem ekki að sök. Hann hefur þó nokkuð tengst þessu máli sem eðlilegt er og ég hef fyrir því orð þriggja grandvarra manna, sem gengu á hans fund með mótmæli við því að þessar stöðvar yrðu settar upp í þeirra heimahéraði, að hæstv. forsrh. hafi þá látið að því liggja að þessar stöðvar yrðu ekki settar upp í andstöðu við meiri hluta heimamanna á viðkomandi stað. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. utanrrh., ef svo ólíklega vildi til að hann hygðist taka þátt í umr. um þessa till. á eftir, hvort hann sé sama sinnis og hæstv. forsrh. og sé þá tilbúinn að lýsa því hér yfir að slík mannvirki verði ekki sett upp í andstöðu við vilja meiri hluta í hverju því byggðarlagi sem til greina kæmi, því að auðvitað hlýtur þetta einnig að snúast að nokkru leyti um rétt þess fólks sem þar býr til að ráða sjálft málum í sínu héraði. Ég vil a. m. k. trúa því að hann sé einhver sá réttur, rétturinn til þess að fá að lifa og starfa í sínu sveitarfélagi og sinni byggð laus við slík mannvirki.

Herra forseti. Skyldi einhverjum vera ókunnugt um það ætla ég ekki að leyna því hér að ég er alinn upp í Þistilfirði, einu af því sveitarfélagi sem hér á í hlut, og ég hef vanist þar frá barnæsku og fram undir síðustu ár fagurri og hreinni fjallasýn sem engan skugga hefur borið á til þessa í mínum huga. Ég held að sá fjallahringur yrði aldrei samur og jafn og það yrði ekki eins fyrir þau börn, sem þar eiga að alast upp í framtíðinni, ef þar stæðu hernaðarmannvirki og bæri við loft. Ég hygg að hugur margra heimamanna, sem skrifað hafa undir mótmæli eða á annan hátt staðið fyrir mótmælum gegn þessum framkvæmdum sé eitthvað svipaður. Ég held þvert á móti að það fólk sem þar býr og vonandi miklu, miklu fleira sé tilbúið að leggja nokkuð á sig, jafnvel taka nokkra áhættu til að reyna að komast út úr þeim vítahring vígvæðingarinnar sem mannkynið er fast í. Það væri vissulega þess virði og það væri hægt að meta það við þessa kynslóð ef hún væri tilbúin til að kosta nokkru til, að taka nokkra áhættu, að leggja nokkuð á sig að stíga fyrstu skrefin, jafnvel þó að þau séu erfið, til að reyna að búa börnum heimsins betri framtíð og reyna að losa þau við þessi vígtól og aukna hernaðaruppbyggingu.

Ég vil a. m. k. forða mínu heimafólki við Þistilfjörð og öðrum þeim, sem á mál mitt vilja hlýða í þessu efni, frá því að taka skref í öfuga átt meðan ég fæ nokkru um það ráðið.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Mér þykir hlýða að taka nú þegar til máls eftir framsöguræðu 1. flm. till. til þál. um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi, Steingríms Sigfússonar, og greina þar frá þeim skoðunum sem ég hef varðandi ratsjárstöðvar á Íslandi.

Ég hlýt að hafa nokkurn formála í þessu sambandi og gera grein fyrir því hvers vegna við Íslendingar erum þátttakendur í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna.

Íslendingar vilja lifa frjálsir og í friði í landi sínu. Öldum saman var fjarlægðin nægileg vörn fyrir ásælni annarra ríkja gagnvart Íslandi. Jafnframt var veldi breska flotans það mikið að hann stuggaði ásælnum ríkjum frá landinu jafnframt því að þá þótti ekki eins mikill fengur í Íslandi eins og nú er staðreynd. Samt sem áður var það nú svo að Ísland varð að fórnarlambi strandhöggsmanna eins og Jörundar hundadagakonungs og Tyrkja, en yfirleitt má segja að öldum saman höfum við búið hér í friði fjarri alfaraleiðum þótt við höfum þá verið ánauðug þjóð. Nú erum við hins vegar frjáls þjóð og fullvalda í þjóðbraut. En frelsi og fullveldi fylgja skyldur. Við getum ekki ætlast til þess að við verndum frelsi okkar og fullveldi án þess að gera nokkuð til þess að tryggja öryggi landsins og m. a. með því að fylgjast með umferð umhverfis landið. Það er lágmarksskylda frjálsrar og fullvalda þjóðar.

Við Íslendingar höfum gert það upp við okkur að við viljum ekki það stjórnarfyrirkomulag sem ríkir austantjalds. Stjórnarfyrirkomulag okkar kann að vera gagnrýnivert að ýmsu leyti, en það er ólíku saman að jafna einræði austantjalds og lýðræði vestanmegin járntjaldsins. Hér er um það að ræða að færa ekki út áhrifasvæði þeirrar stjórnmálastefnu sem hefur hneppt þjóðir í fangelsi, fangelsi sem ekki er unnt úr að komast fyrir jafnblásaklaust fólk og dæmin sýna nýverið þegar fræg hjón koma hingað til Íslands og segja okkur frá þeim raunum sínum að saklaus tengdamóðir kvikmyndaframleiðandans og kvikmyndaleikstjórans Tarkovskís og sonur þeirra hjóna 13 ára gamall fá ekki að sameinast fjölskyldunni.

Ég hygg að það sé nauðsynlegt æ ofan í æ að ítreka það að það er ekki að ástæðulausu að við Íslendingar erum þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu. Við viljum ekki að áhrifasvæði einræðis sé fært út í heiminum. Það eru mun færri þjóðir sem njóta lýðræðis og verndar mannréttinda en hinar þjóðirnar þar sem einræði ríkir og mannréttindi eru fótum troðin. En við viljum halda þessum lífsgæðum og lifa frjáls og í friði í okkar landi.

Það er staðreynd að Atlantshafsbandalagið er sterkustu friðarsamtök sem nú eru við lýði, hafa verndað friðinn allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar og til þessa dags í okkar heimshluta meðan tugir stríðsátaka hafa átt sér stað annars staðar í heiminum og milljónatugir manna fallið. Ég tel nauðsynlegt að leggja áherslu á þessa grundvallarforsendu fyrir þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og fyrir aðild okkar að varnarsamningnum við Bandaríkin.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði í umr. um aðra þáltill. að hún væri ekki gagnrýnin á Bandaríkin nema vegna þess að Bandaríkin hefðu hér herstöð, eins og hún komst að orði. Hún mundi verða alveg jafn gagnrýnin á Sovétríkin ef þau hefðu hér herstöð. Ég svaraði hv. þm. þá því einu að ef Sovétríkin hefðu hér herstöð væri hv. þm. múlbundinn og þá væri ekki um neina gagnrýni að ræða og þá væri ekki frjálst orð flutt í þessum sal. Þetta er grundvallarforsenda sem við Íslendingar hljótum ávallt að hafa í huga ef við metum einhvers frelsi okkar og viljum stuðla að friði í heiminum.

Hv. flm. hélt því fram að Ísland væri ekki hernaðarlega mikilvægt. Ég skildi flm. þannig. En ef það er misskilningur erum við sammála um það að Ísland er hernaðarlega mikilvægt. Lega landsins er slík, alveg burtséð frá því að hér er 3000 manna bandarískt varnarlið. Ísland er hernaðarlega mikilvægt vegna legu sinnar. Reynslan úr annarri heimsstyrjöldinni segir okkur það og tækniframfarir og breyttur vopnabúnaður síðan þá breytir hér engu um, því að annars vegar er Sovétríkjunum, ef til átaka kæmi, nauðsynlegt að rjúfa siglingaleiðina og aðfærsluleiðir frá Norður-Ameríku til Vestur-Evrópu og hins vegar er Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu nauðsynlegt að halda þessum aðfærsluleiðum opnum og öruggum. Þetta er einföld og auðskiljanleg skýring á hernaðarlegu mikilvægi Íslands sem við Íslendingar verðum að horfast í augu við og gera ráðstafanir okkar til varnar landinu í samræmi við það ef við metum frelsi okkar einhvers.

Það er lágmarksskylda þeirrar þjóðar, sem vill teljast fullvalda og vill lifa frjáls í landi sínu, að vita hverjir ferðast umhverfis landið og nálgast það. Tilgangur ratsjárstöðva er fyrst og fremst sá að tryggja fullveldi landsins. Í öðru lagi að fæla þá frá umferð nálægt landinu sem hér e. t. v. fara með illum hug og af ásælni. Og í þriðja lagi eru ratsjárstöðvar til upplýsinga sem engum kemur að tjóni og enginn getur að fundið sem með friði fer. Ratsjárstöðvarnar eru fyrst og fremst til varnar. Eðli þeirra ratsjárstöðva, sem um er rætt að reistar verði, er það sama og þeirra stöðva sem nú eru reknar á Reykjanesi og Stokksnesi hér á Suðurlandi. En nauðsyn nýrra ratsjárstöðva og endurnýjun þeirra sem fyrir eru byggist á því að Sovétríkin hafa aukið umferð sína í nálægð landsins. Flugferðir sovéskra flugvéla hafa aukist svo mjög að það er vissulega ástæða að fylgjast með því flugi og gera Sovétmönnum það ljóst að fullvalda þjóð getur ekki sætt sig við það að flogið sé að lofthelgi landsins án þess að nokkur tilkynning um það berist. Sovétríkin hafa tekið í notkun hraðfleygari og langdrægari flugvélar en áður og því er nauðsynlegt bæði að fylgjast betur með þessari umferð og gera gagnráðstafanir eins og t. d. að endurnýja þær flugvélar sem mæta þeim og stugga þeim burt frá landinu.

Hér er í raun og veru um það að ræða að gæta þess að aðrar þjóðir og önnur ríki virði okkar fullveldi. Að þessu leyti var það eðlilegur áhugi að koma upp að nýju ratsjárstöðvum á Vestfjörðum og Norðausturlandi sem starfræktar voru þar fyrir 20 árum. Þessi áhugi er til staðar bæði hjá Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum sem með varnarsamningi hafa tekið að sér varnir landsins. Og þessi áhugi er til staðar af hálfu Íslendinga sem telja það skyldu sína að landið sé varið og því eðlilegt að málið sé þess vegna kannað.

Ég hef leitast við að kanna málið með þeim hætti að allar upplýsingar væru gefnar. Það er rangt hjá hv. flm. þáltill. að með mál þetta hafi verið farið með leynd. Ég hef svarað fsp. hans hér í Alþingi. Það hafa verið gefnar upplýsingar þegar um það hefur verið beðið. Ratsjárnefnd hefur verið skipuð sem er skipuð fulltrúum frá varnarmáladeild utanrrn., frá Pósti og síma, frá flugmálastjórn og frá Landhelgisgæslu auk sérstaks sérfræðings í þessum efnum. Þessi nefnd hefur starfað allt s. l. ár að öflun og úrvinnslu gagna um endurbætur á ratsjár- og eftirlitskerfi varnarliðsins sem rætt hefur verið um að reisa á vegum Atlantshafsbandalagsins. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru að gera sem gleggsta grein fyrir hlutverki þessa kerfis, umfangi og eðli þeirrar endurnýjunar sem rætt hefur verið um, tæknilegri hæfni þess búnaðar sem settur yrði upp í þessu skyni og hugsanlegum sérafnotum íslenskra aðila af ratsjánum og ratsjárstöðvunum. Einnig hefur ítarlega verið fjallað um staðarval fyrir nýjar ratsjárstöðvar og hvernig staðið yrði að uppbyggingu og rekstri stöðvanna.

Hlutverk þessa ratsjár- og eftirlitskerfis er tvíþætt. Það er annars vegar að fylgjast með og bera kennsl á allar flugvélar sem koma inn á loftvarnareftirlitssvæði landsins og hins vegar að leiðbeina orustuflugvélum að flugvélum sem ekki er unnt að auðkenna í ratsjá. Þetta hlutverk mundi í engu breytast með fyrirhugaðri endurnýjun en því yrði gegnt á fullkomnari hátt en nú er unnt. Endurbæturnar á kerfinu fælust í byggingu tveggja nýrra ratsjárstöðva á Norðvestur- og Norðausturlandi og endurnýjun á núverandi stöðvum á Miðnesheiði og Stokksnesi. Jafnframt mundi allt eftirlit með flugumferðinni flytjast í sameinaða eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli. Þannig mundi verða veruleg fækkun í starfsliði stöðvarinnar á Stokksnesi. 11 starfsmenn mundu sjá um rekstur hverrar ratsjárstöðvar og mundu Íslendingar annast hann. Stöðvarnar yrðu búnar langdrægum flugeftirlitsratsjám sem næðu til allt að 200 sjómílna svæðis frá stöðvunum. Nýju stöðvarnar mundu þannig ná til svæða norðanlands sem ekki er hægt að fylgjast með stöðugt í núverandi kerfi.

Sérstök afnot íslenskra aðila af ratsjárstöðvunum yrðu einkum fyrir flugumferðarstjóra og til að hafa eftirlit með skipaumferð í grennd við stöðvarnar. Þannig mætti veita fullkomna flugumferðarþjónustu fyrir millilandaflug og innanlandsflug í algengustu flughæðum og í mörgum tilfellum mætti nota ratsjána til að

fylgjast með aðflugi að flugvöllum í grennd við stöðvarnar. Sérstakar skiparatsjár mundu gefa kost á að fylgjast með siglingum allt að 60 sjómílur til hafs. Upplýsingar frá ratsjánum yrðu fyrst og fremst notaðar til að auka öryggi í lofti og á legi auk þess sem þær mundu greiða fyrir flugumferð og gefa upplýsingar um skipaferðir á viðkomandi svæðum.

Áætlað er að bygging nýju ratsjárstöðvanna muni taka tvö ár. Rekstur þeirra gæti því hafist í lok ársins 1987 með bráðabirgðabúnaði sem yrði notaður um tveggja ára skeið eða þar til endanlegur ratsjárbúnaður stöðvanna yrði tilbúinn til notkunar. Jafnframt yrði eftirlitskerfið sameinað til bráðabirgða í ratsjárstöðinni á Miðnesheiði þar til endanleg eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli tæki til starfa. Íslensk stjórnvöld og íslenskir tæknimenn mundu taka virkan þátt í þessum framkvæmdum og hönnun mannvirkja og búnaðar mundi verða í samræmi við íslenska staðla og taka mið af aðstæðum hér á landi.

Hér hefur því verið haldið fram í umræðum um fyrirhugaðar ratsjárstöðvar að í þeim fælist stigmögnun vígbúnaðar sem við Íslendingar ættum ekki að standa að. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Ratsjárstöðvar sem þessar eru viðurkenndar hvar sem er í heiminum. Þær auka eftirlit með umsvifum hernaðarlegs eðlis og eru í fullu samræmi við SALT-samkomulag kjarnorkuveldanna svo og Helsinki-sáttmálann. Hér er um það að ræða að fylgjast með umferð af okkar hálfu 200 mílur í haf út, þ. e. að vita hverjir eru á ferð yfir og að nokkru leyti um okkar eigin efnahagslögsögu.

Við Íslendingar vorum sammála og sameinaðir í baráttu okkar til að tryggja okkur yfirráð yfir 200 mílna fiskveiði- og efnahagslögsögu. Nú þykir það goðgá að reisa stöðvar til þess að vita hverjir fara þarna um og yfir. Það sýnist nú ekki vera stórmannleg hugsun hjá þeim Íslendingum sem telja slíkt stigmögnun vígbúnaðar. Eru þeir Íslendingar, sem beita sér gegn þessari framkvæmd, í raun og veru að gefa öðrum þjóðum tækifæri til að segja sem svo að þessar ratsjárstöðvar, sú staðreynd að við viljum fylgjast með umferð um 200 mílna efnahagslögsögu okkar, séu tilefni til gagnráðstafana af þeirra hálfu?

Öll ríki hafa í raun og veru ratsjárkerfi. Það eru til 100 ratsjárstöðvar frá Noregi til Suður-Tyrklands. Það eru ekki bara Atlantshafsbandalagsríkin sem reisa og reka ratsjárstöðvar. Það eru einnig ríki eins og Svíþjóð og Finnland. Þær ratsjárstöðvar sjá langt inn fyrir landamæri Sovétríkjanna. Það skyldu þó vera einhverjir þar í löndum, í Svíþjóð og Finnlandi, sem hafa þá skoðun að það sé stigmögnun vígbúnaðar af hálfu Svíþjóðar og Finnlands að reisa og reka ratsjárstöðvar og fylgjast með flugumferð í nágrenni þeirra landa? Við urðum varir við það um daginn þegar sovéskt flugskeyti flaug yfir Noreg og Finnland að bæði þessi lönd höfðu ratsjárkerfi og töldu það sjálfsagt að fylgjast með umferð í nálægð landa sinna. En nú segir hv. flm. að það sé stigmögnun vígbúnaðar og mér skildist ekki betur á honum en svo að þetta væri ögrun við Sovétríkin að ætla sér að fylgjast með umferð í okkar eigin efnahagslögsögu í u. þ. b. 2000 km fjarlægð frá Sovétríkjunum og tilefni til gagnráðstafana af Sovétríkjanna hálfu. Hvert eru þeir Íslendingar á vegi staddir sem þannig hugsa? Slík skoðun, sem þarna er látin í ljós, ber ekki vitni um sjálfstæði í stefnumótun í utanríkismálum.

Því er haldið fram að það sé óheppilegt að við reisum þessar stöðvar einmitt nú þegar viðræður eru að hefjast milli stórveldanna, kjarnorkuveldanna, um afvopnun. Ég hygg að ástæðan til þess að þessar viðræður hófust hafi fyrst og fremst verið sú að Sovétríkin gerðu sér grein fyrir því að Atlantshafsbandalagsríki voru staðráðin í því að gera fullnægjandi varnarráðstafanir og því hafi Sovétríkin gengið að samningaborðinu um málefni sem þau höfðu áður neitað að semja um.

Ég get ekki fengið mig til að trúa því að til séu Íslendingar sem í raun og veru vilja láta undan þrýstingi frá Sovétríkjunum og halda því fram að bygging og rekstur ratsjárstöðva til að fylgjast með umferð í okkar eigin efnahagslögsögu sé ögrun við önnur ríki. Er þrýstingur Sovétríkjanna orðinn slíkur að við erum ekki sjálfráð gerða okkar í okkar eigin landi og innan okkar eigin efnahagslögsögu? Það ber ekki á öðru. Þetta er geigvænleg tilhugsun sem ég vil helst ekki hugsa til enda.

Þá er því haldið fram að þessar ratsjárstöðvar séu reistar fyrir Bandaríkin en ekki Ísland. Hér fara menn villir vegar. Hér er um það að ræða að ratsjárstöðvarnar eru reistar vegna varna Íslands og siglingaleiða um Norður-Atlantshaf. Ratsjárstöðvar þessar koma vörnum Bandaríkjanna út af fyrir sig ekki að gagni. Flugvélar, sem ætla sér til árásar á Bandaríkin, fljúga ekki yfir Ísland heldur yfir norðurpólinn og Kanada. Í þeim tilgangi hafa Bandaríkjamenn og Kanadamenn gert samning nú nýverið um það að endurnýja ratsjárkerfið sem áður var til staðar í Kanada, vegna þess að þau tæki sem fyrir voru voru úrelt orðin, alveg eins og endurnýjun á þeim tveim ratsjárstöðvum sem nú eru reknar og bygging tveggja nýrra ratsjárstöðva er nauðsynleg vegna þess að tækniframfarir hafa orðið á síðustu 20—30 árum og mun fullkomnari tæki eru nú til en áður.

Þessi samningur Bandaríkjanna og Kanada, sem undirritaður var fyrir nokkrum dögum, hefur orðið að umræðuefni. M. a. hefur varaforsætisráðherra Kanada og varnarmálaráðherra gert grein fyrir þessum samningi í kanadíska þinginu. Gagnstætt því sem hv. flm. vildi meina, að þetta ratsjárkerfi, sem ætti að reisa af hálfu Kanada og Bandaríkjanna, og þær ratsjárstöðvar, sem ætlunin væri að reisa og reka hér á Íslandi, væru þáttur í stjörnustríði framtíðarinnar, sem Bandaríkin hygðust heyja að því er mér skildist á hv. síðasta ræðumanni, þá er það tekið alveg skýrt og greinilega fram í framsöguræðu kanadíska varnarmálaráðherrans að þessar ratsjárstöðvar í Kanada séu hvorki hannaðar, staðsettar eða byggðar til þess að finna langdræg kjarnorkuflugskeyti eða önnur tæki sem um geiminn fara. Það er og svo að ratsjárstöðvar, sem ná ekki nema 200 mílur út eru ekki til þess fallnar.

Þegar sagt er að ratsjárstöðvarnar séu reistar til varnar Bandaríkjunum en ekki Íslandi er rétt að hafa í huga að það eru ekki önnur mannvirki kostuð af Atlantshafsbandalaginu en þau sem hafa þýðingu fyrir bandalagsríkin sem heild. En þessi mannvirki eru kostuð að mestu leyti af Atlantshafsbandalaginu. Þessi mannvirki verða rekin af Íslendingum og hvað snertir tengsl við aðra bandamenn okkar innan Atlantshafsbandalagsins eða tengsl þessara mannvirkja við önnur slík í ríkjum Atlantshafsbandalagsins, þá er það að segja að vitaskuld á sér stað upplýsingamiðlun t. d. frá ratsjárstöðvum í Noregi til varnarliðsins hér á Íslandi.

Síðan er reynt að fylgjast með ferðum ókunnra flugvéla þar til þær eru þekktar og komið er í veg fyrir að þær rjúfi lofthelgi Atlantshafsbandalagsríkjanna. Slík upplýsingamiðlun liggur í eðli varnarbandalagsins sem slíks og að þessu leyti höfum við gagn af ratsjárstöðvum Norðmanna og því um eðlilega og sjálfsagða gagnkvæmni að ræða að við veitum þeim samsvarandi upplýsingar ef þeim mætti að gagni koma. En að öðru leyti er ekki um tengsl að ræða, eins og hv. flm. vildi gefa í skyn.

Þá varð hv. flm. tíðrætt um það að þessar ratsjárstöðvar væru byggðar í tengslum við árásarstefnu Bandaríkjanna á Norðurhöfum. Þessi skoðun hv. flm. mun eiga rætur sínar að rekja til þess að umræður hafa átt sér stað um það í Bandaríkjunum að varnarlínan, ef til átaka kæmi á Norður-Atlantshafi, yrði dregin norðar en almennt hefur hingað til verið talið. Ég fæ ekki betur séð en það ætti að vera í samræmi við hagsmuni okkar Íslendinga að varnarlínan færist norður fyrir landið en liggi ekki um landið þvert. Hvað snertir nytsemi þessara ratsjárstöðva varðandi þá stefnu Bandaríkjanna, ef hún er á rökum byggð, þá býst ég við að floti Bandaríkjanna mundi verða fyrir Noregsströndum norður af Bretlandi og fyrir utan 200 mílna langdrægni þeirra ratsjárstöðva sem áhugi er á að koma upp.

Þá hefur því verið haldið fram að ratsjárnar væru skotmörk, sérstaklega í kjarnorkustyrjöld, og gætu verið ástæða til þess að við Íslendingar yrðum fyrir kjarnorkuárás. Við hv. flm. vorum á fundi á Þórshöfn eigi alls fyrir löngu. Þá sagði einn ræðumannanna sem svo að þetta væri álíka gáfuleg staðhæfing og það að slátra lambi með kanónu. Það er ekki talið að þessar ratsjár séu slík skotmörk að á þær væri eyðandi kjarnorkuvopnum. En ratsjárnar eru út af fyrir sig ekki frekar skotmörk, hvorki kjarnorkuvopna eða hefðbundinna vopna, umfram það sem orkuver eru, flugvellir, vegir eða hvað eina sem notað er í daglegu lífi.

Þó fór hv. flm. mörgum orðum um það að verið væri að smyrja á sneiðina, eins og hann nefndi, vegna þess að á það hefur verið bent að við Íslendingar höfum margvísleg not af ratsjárstöðvunum í daglegu lífi okkar. Það er ljóst að í innanlandsflugi mundu slíkar ratsjárstöðvar koma okkur að miklu gagni og auka öryggi flugsamgangna innanlands. Það er minnst á það sérstaklega í skýrslu ratsjárnefndar að aðflug að mörgum flugvöllum mundi verða mun öruggara eftir en áður. Þá hefur verið bent á að við Íslendingar höfum tekið að okkur flugumferðarstjórn á mjög stóru svæði hér á Norður-Atlantshafi á vegum alþjóðaflugmálastjórnarinnar. Það munu vera um 30 stöðugildi sem alþjóðaflugmálastjórnin greiðir kostnað af í þessum tilgangi. Þeir starfsmenn, sem við þessa alþjóðaflugumferðarstjórn starfa, vinna jafnhliða að flugumferðarstjórn í þágu okkar Íslendinga einna. Okkur er mjög í mun að halda þessu verkefni hér innanlands, en hætta er á að þetta verkefni verði af okkur tekið ef framkvæmd þess styðst ekki við fullkominn tæknibúnað. Af þeim sökum er nauðsynlegt að endurnýja útbúnað ratsjárstöðvanna sem fyrir eru og reisa tvær nýjar ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi.

Menn gera sér ekki grein fyrir því að um þetta flugumferðarstjórnarsvæði, sem Íslendingar hafa á höndum, er mikil flugumferð. Það er umferð frá Evrópu og til Kyrrahafsstrandar Bandaríkjanna og Asíulanda. Á einum degi að sumarlagi ferðast tugþúsundir manna um þetta flugumferðarsvæði og aðeins brot af þeim hefur millilendingu hér á Íslandi. Öryggi þessara flugfarþega skiptir máli og þar sem við berum ábyrgð á þeim hafandi stjórn á flugumferð á þessu svæði er það okkar hagsmunamál að búa yfir þeirri bestu tækniþjónustu sem völ er á.

Hv. frsm. vildi gera lítið úr nytsemi þess að hafa ratsjár til að fylgjast með skipaumferð. Það er þó svo að það skiptir nokkru máli að þessar ratsjár, þótt um aukaútbúnað kynni að vera að ræða, geta fylgst með skipaumferð á stóru svæði 60 mílur á haf út. Þetta getur haft sína þýðingu ef um skipstapa er að ræða eða slys á sjó. Þetta hefur þýðingu varðandi tilkynningarskyldu skipa og enn fremur í sambandi við landhelgisgæslu þegar sérstakar reglur eru settar um veiðar á tilteknum svæðum. Enn fremur er það upplýst að þessar ratsjárstöðvar geta komið að gagni í sambandi við veðurspár og ísfregnir. Þær þjóna því sjálfstæðum tilgangi í daglegu lífi Íslendinga á friðartímum.

Vegna þessa á ég bágt með að ræða um þessar ratsjárstöðvar sem hernaðarmannvirki. Þetta eru ekki síst mannvirki sem koma okkur að gagni á friðartímum í erli og önn dagsins.

Ég tel að sá andróður, sem uppi hefur verið gegn byggingu þessara ratsjárstöðva, sé ekki á rökum reistur. En þar sem þessi mannvirki eru þáttur bæði í friðsamlegu, daglegu lífi þjóðarinnar og til þess að vernda öryggi hennar þá er þessi mannvirkjagerð mál alþjóðar og þess vegna hlýtur það fyrst og fremst að vera vilji meiri hluta manna á landinu öllu sem ræður því hvort þessi mannvirki verða reist og hvar þau verða reist. Það er hæpið að fela íbúum á afmörkuðu landsvæði úrslitavald í þeim efnum. En ég hef sagt það og get ítrekað það enn að ef fleiri kosta er völ í þessum efnum er sjálfsagt að velja þann kostinn þar sem meiri hluti íbúanna er ekki á móti byggingu ratsjárstöðva.

Ég sé á þessu stigi málsins ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þessa till. Henni verður vísað til utanrmn. Utanrmn. hefur rætt skýrslu þeirrar nefndar sem fjallað hefur um málið á fleiri en einum fundi. Þar hefur öllum fsp. verið svarað sem fram hafa verið bornar og ef hv. þm. finnst skorta á upplýsingar er sjálfsagt að afla þeirra og koma þeim á framfæri í utanrmn. sem og hér í þingsölum. Hér er engu leynt og það er ímyndun hjá hv. flm. að það hafi verið gert.

Ég vil svo aðeins að lokum leggja áherslu á það að ég lít á þessa mannvirkjagerð sem sjálfsagða eftir þá athugun sem fram hefur farið af hálfu Íslendinga sjálfra. Ratsjárnefndin hefur lagt sjálfstætt mat á þessa mannvirkjagerð frá sjónarmiði hagsmuna okkar Íslendinga og það fer saman að mannvirkjagerð þessi er í samræmi við hagsmuni Íslendinga út af fyrir sig, en er um leið öryggisráðstöfun allra lýðfrjálsra þjóða innan Atlantshafsbandalagsins.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til þess að lýsa stuðningi Samtaka um kvennalista við þá tillögu sem hér er til umr., þá tillögu að fallið verði frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi. Eins og segir í stefnuskrá Kvennalistans erum við Kvennalistakonur mótfallnar allri aukningu á herbúnaði hér á landi, hverju nafni sem nefnist. Þar sem hernaðarratsjárstöðvar eru

óumdeilanlega ný hernaðarmannvirki — og má þar m. a. vísa til nýútkominnar skýrslu öryggismálanefndar um Keflavíkurstöðina — erum við mótfallnar því að slíkar stöðvar verði reistar hér á landi.

Kvennalistinn telur einnig að virða beri óskir heimamanna um að mannvirki þessi verði ekki reist við bæjardyr þeirra. Síðasti landsfundur Kvennalistans ályktaði sérstaklega um þetta mál og vil ég nú með leyfi forseta lesa þá ályktun:

„Landsfundur Samtaka um kvennalista haldinn á Hótel Loftleiðum 3. og 4. nóvember s. l. lýsir eindregnum stuðningi við bænarskrá Vestfirðinga til ríkisstjórnar Íslands um að ekki verði leyfð uppsetning ratsjárstöðva á Vestfjörðum eða annars staðar á landinu. Kvennalistakonur aðhyllast rök Vestfirðinga þar sem þeir segja um ratsjárstöðvarnar, hér er vitnað í bænarskrá Vestfirðinga, með leyfi forseta, að þær auki á vígvæðingu þjóðanna sem stefnir jarðarbyggð í geigvænlega hættu. Við álítum að voðinn felist ekki aðeins í beitingu vígbúnaðarins heldur ali tilvist hans jafnframt á tortryggni, ótta og hatri og við óttumst að fjárfestingar í umræddum stöðvum hér á landi kalli á fjárfrekar mótframkvæmdir annars staðar. Slíka sjálfvirkni síaukins vígbúnaðar ber að stöðva. Því verða góðviljaðir menn að einsetja sér að snúa farnaði veraldar af þessari óheillabraut. Við getum heldur ekki varið það fyrir samvisku okkar að frekara fjármagni verði varið til vígbúnaðar meðan sultur og vannæringarsjúkdómar hrjá hálft mannkyn. Jafnframt óttumst við að bygging þessarar umræddu stöðvar geri heimabyggð okkar að skotmarki í hugsanlegum hernaðarátökum. En hvað viðvíkur öryggi íslenskra loft- og sæfarenda, sem að hefur verið vikið í þessu sambandi, teljum við að okkur beri sjálfum skylda til að tryggja það."

Þessi rök styður Kvennalistinn. Landsfundur Kvennalistans skorar jafnframt á ríkisstjórn Íslands að leyfa ekki byggingu ratsjárstöðvar á Langanesi og taka til greina andmæli íbúa á Norðausturlandi gegn fyrirhugaðri ratsjárstöð. Svo öldum skiptir hafa Íslendingar leyst deilumál sín án vopna. Hlutverk Íslendinga ætti að vera að miðla öðrum þjóðum þessum arfi í stað þess að leggja sífellt meira af landi okkar undir vígbúnað."

Þessi ályktun lýsir grundvallarskoðun okkar í þessu máli og því er sjálfgefið að við styðjum þá till. sem hér er til umr. Af hálfu stjórnvalda og einnig af hálfu hæstv. utanrrh. hér áðan hefur töluverð áhersla verið lögð á það að þessar ratsjárstöðvar gætu tryggt betur en nú er öryggi loft- og sæfarenda hér við land. Af þeim sökum vil ég taka það fram að við Kvennalistakonur teljum það vitaskuld eðlilegt og sjálfsagt að öryggi þeirra, sem um loft fara eða um höf sigla, sé vel tryggt. En við teljum það vera í verkahring Íslendinga sjálfra að sjá um að svo sé, ekki annarra, og því eðlilegt að Íslendingar geri sjálfir þær endurbætur á ratsjár-, vita- eða fjarskiptabúnaði hérlendis sem nauðsynlegar eru í því skyni.

Um nauðsyn þess að tryggja öryggi íslenskra eða annarra loft- og sæfarenda er ekki deilt hér. Það er hernaðarþáttur þessa máls sem hér er til umræðu og þá um leið hugsanlegar breytingar á eðli herstöðvarinnar hér á landi og því hlutverki sem henni er ætlað að gegna í þeirri vígbúnaðarkeðju sem hún er óumdeilanlega hluti af. Ratsjárstöðvar eru í sjálfu sér ekki hættulegar vígvélar eins og hvert mannsbarn sér og skilur. Það er ekki tækjabúnaðurinn sjálfur sem er til umræðu heldur er hér verið að ræða um hlutverk þessara stöðva í heildarvígbúnaðarkerfinu, því að þær eru hluti af því, og hvað uppsetning þeirra og aðrar samhliða framkvæmdir á vegum hersins hér á landi þýða fyrir stöðu og hlutverk Íslands á friðar- og ófriðartímum. Sem leiðir okkur að þeirri grundvallarspurningu hvort við teljum að ógnarjafnvægi vopnanna tryggi heimsfriðinn. Þessari spurningu höfum við Kvennalistakonur þegar svarað fyrir okkar leyti. Við teljum ekki að vitfirrt vígbúnaðarkapphlaup tryggi heimsfriðinn. Við viljum enga aukningu á vígbúnaði eða hernaðarmannvirkjum, hvorki hér á landi né annars staðar. Rödd Íslands á að hljóma lífsins megin á alþjóðavettvangi og einnig heima fyrir.

Hæstv. utanrrh. gerði það að kjarna máls síns hér áðan hve mikil nauðsyn okkur væri á vörnum til að tryggja frelsið. Við skulum ekki spyrja: Hvert er frelsið í skugga sprengjunnar? Það kann að drepa umræðunni á dreif þótt mikilvæg sé spurningin og það er ekki ætlun mín. Hins vegar er ég fullviss um það að hver einasti þm. sem sæti á hér á hv. Alþingi er sammála því að okkur er nauðsynlegt að tryggja það sem við köllum frelsi hér á landi.

En hverjar eru bestu varnirnar, hver er besta leiðin í þessu máli? Að mínu viti eru bestu varnirnar þær að hrinda af okkur og öðrum þjóðum heimsins ógnun vígbúnaðarins. Og hvernig gerum við það? Ekki með því að taka þátt í hernaðaruppbyggingu heldur með því að leggja áherslu á nauðsyn afvopnunar og sýna það með verkum okkar, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi, þ. á m. með því að taka ekki við þeim hernaðarmannvirkjum sem hér um ræðir.

Um þetta má hafa langt mál, virðulegi forseti, en í rauninni er hér fyrst og fremst um grundvallarafstöðu að ræða og ég læt orðum mínum hér um lokið í bili.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, 11. þm. Reykv., að þetta mál snýst um grundvallaratriði, en ég er þeirrar skoðunar að það snúist um svolítið önnur grundvallaratriði en hún vildi vera láta í sinni ræðu. Þetta mál snýst um það grundvallaratriði hvort við viljum að hér sé haldið uppi vörnum. Það er það grundvallaratriði sem þetta mál snýst um.

Það er skoðun sem menn geta rökstutt að hér eigi ekki að vera neinar varnir, að hér eigi ekki að hafa uppi neinn viðbúnað af því tagi sem varnir mega kallast, Ísland eigi að vera varnarlaust. Þeirri skoðun er hægt að halda fram. Ég veit ekki til þess að til sé neitt ríki í veröldinni sem ekki hefur uppi varnir af einhverju tagi eða hefur þá falið einhverju öðru ríki að annast varnir borgara sinna og sinna landamæra í sínu umboði. Ég veit ekki til þess að það ríki sé til. (Gripið fram í.) Mörg ríki sem græða á vörnum? Já, það er sjálfsagt alveg rétt hjá hv. þm., en ég var að tala um þetta út frá öðrum forsendum og ég hygg að hann muni ekki geta bent á eitt einasta ríki, jafnvíðförull maður og hann er og vel kunnugur þessum málum í veröldinni. Ég veit að hann þekkir þessa hluti vel og ég skora á hann að koma í þennan ræðustól og nefna ríki sem ekki hefur neinar varnir uppi eða hefur ekki falið öðrum ríkjum að sjá um þær. Stundum nefna menn í þessu sambandi Costa Rica, ef ég man rétt. Það ríki hefur lögreglu sem er búin

skriðdrekum og fallbyssum. Þeir segjast ekki hafa her. Það eru sjálfsagt til fleiri dæmi. En þau grundvallaratriði sem við erum að tala um eru hvort við eigum að halda áfram þátttöku í varnarsamstarfi vestrænna ríkja sem við höfum verið aðilar að um áratugi og sem hefur gefist okkur vel.

Ég er andvígur hugtakinu einhliða afvopnun vegna þess að ég held að það sé röng stefna. Ég held að um afvopnunarmál, og um það er ekki ágreiningur, sé ekki raunhæft að tala öðruvísi en að þar sé um gagnkvæmni að ræða. Ég vil lýsa því yfir af hálfu Alþfl., virðulegi forseti, að við erum andvígir þeirri till. sem hér liggur fyrir og munum greiða atkv. gegn samþykkt hennar þegar þar að kemur. Það er alveg skýr stefna, skýr afstaða og hrein.

Það kemur ekkert á óvart að þm. Alþb. skuli flytja till. á borð við þessa. Það er í samræmi við utanríkisstefnu Alþb., sem við höfum alloft rætt hér og ég hef stundum leyft mér að segja að mætti líta á sem bergmál af stefnu Sovétríkjanna í utanríkismálum, og hefur sú yfirlýsing mín ekki vakið neina sérstaka kátínu Alþb.-manna. Ég segi þetta vegna þess að utanríkisstefna Sovétríkjanna að því er varðar Ísland er: Ísland úr NATO — herinn burt! Hvaða stjórnmálaflokkur íslenskur hefur þá stefnu? (**GHelg**: Alþb.) Alþb. fyrst og fremst, segir hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þetta er alveg rétt. Þessi röksemdafærsla fellur þá alveg heim og saman. Og þegar þeir eru að bera þetta af sér, þeir ágætu Alþb.-menn, finnst mér líka stundum eins og það sé þegar þeir eru að bera það af sér að vera kommúnistar. Ég minni á nýafstaðið Norðurlandaráðsþing þar sem flokkarnir skipta sér í hópa eftir stefnumörkun og eftir stefnu. Þar starfar Alþb. með kommúnistaflokkum þeim sem til eru á Norðurlöndunum. Þetta er ekkert leyndarmál. Þetta vita allir. Ég er ekki einu sinni viss um að það séu allir mjög óánægðir með þetta. En þetta má ræða betur seinna.

Það kemur svo sem ekki heldur á óvart að þm. Kvennalistans skuli lýsa stuðningi við þessa till. (Gripið fram í.) Já, það sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Ég ætla raunar ekki að segja það. En þær hafa jafnan haft sérstakt lag á því að vera bergmál af stefnu Alþb. í hverju einu máli, svoleiðis að það kemur svo sem ekki heldur á óvart. Hins vegar var skilgreining á stefnumálum Kvennalistans og stefnu Kvennalistans í Morgunblaðinu í gær. *Það getur vel verið að mér sé illa gefið að skilja*, en það er enn að veltast fyrir mér ýmislegt af því sem ég las þar í gær. Ég ætla kannske, með leyfi forseta, þó að það sé útúrdúr úr þessari umr., að lesa eins og eina mgr.:

„Feminismi er pólitík þar sem persónuleg reynsla kvenna og persónulegt mat er fullgild ástæða skoðanamyndunar. Okkur er vel stætt á þessum skilningi okkar á meðan sameiginlegur sögulegur skilningur sameinar okkur og hugmyndafræðin er afdráttarlaus, sem um leið gefur möguleika á mikilli breidd í hreyfingunni."

(*Gripið fram í.*) *Ég veit ekki hvort það mundi koma* mér að miklu gagni, hv. þm., en þetta er orðarugl sem fólk sveipar um sig þegar það veit ekki hvað það á að segja.

Ég hallast að skilgreiningu sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom með í útvarpinu núna um daginn þá er hún talaði um Kvennalistann. Hún sagði að það væri kannske einna helst að þann lista kysu konur sem nenntu ekki að hugsa um pólitík. Það getur vel verið að þetta sé rétt hjá henni. Ég er ekki svo sem að gera orð hennar að mínum orðum, en það getur vel verið að þetta sé rétt.

Hins vegar kemur það svolítið á óvart að BJ skuli standa að þessari þáltill. vegna þess að í stefnuskrá þess flokks er lýst stuðningi við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Nú vita menn væntanlega hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að BJ hefur skipt um skoðun í þessum málum frá því sem var þegar sá flokkur var stofnaður á sínum tíma. Ekki verður annað séð en að BJ styðji það ekki lengur að hér sé haldið uppi vörnum og þeirri starfsemi sem þeim tengist. Þetta eru athyglisverðar staðreyndir sem ég veit að stuðningsmenn BJ hljóta að íhuga vegna þess að hér hefur greinilega orðið um stefnubreytingu að ræða. Ég spyr: Styðja allir þm. BJ þessa till. eða ekki? Eða *hvernig er það*, ber ekki að líta svo á að það sé stefna flokksins sem hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir túlkar með undirskrift sinni undir þessa till.?

Nú ræða menn hér í löngu máli um þessar tvær ratsjárstöðvar og það gerði hv. 1. flm. þessarar till. Hann fer með mikið af skammstöfunum hér. Ég minnist þess eiginlega ekki að hafa heyrt jafnútlenskuskotna ræðu flutta úr þessum ræðustóli og hans ræðu áðan. Það var alveg með sérstökum hætti. En ef hans lesning og lærdómur í þessum efnum er í takt við það þegar hann var að þýða hér eitt orð úr enskri tungu í þessum ræðustóli, *þá gef ég ekki mikið fyrir vinnubrögðin*. (Gripið fram í.) Nei það er rétt, hv. þm., en sumir eru það. Og þá heyra þeir kannske það sem aðrir ekki heyra. Ég heyrði að hann talaði um þolgæði og nefndi í sömu andránni að það væri þýðing á enska orðinu „redundancy". Það er algjör misskilningur. Ef aðrar þýðingar þessa hv. þm. eru á borð við þetta gef ég ekki mikið fyrir hans málflutning. Orðið „redundancy" getur ekki þýtt þolgæði. Hv. þm. getur leitað í öllum orðabókum. Orðið þýðir allt annað.

Það hefur í þessum umr. öllum verið vitnað mikið til Arkins, einkavinar hv. þm., um varnir Íslands. Hann hefur komið þar við sögu, varð frægur þegar við áttum um hann nokkur orðaskipti í Ed. við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Hann kom nú raunar ekki hingað þá, en lét Ríkisútvarpið eiga viðtal við sig um það að hér væru geymd kjarnorkuvopn. Mér eru afar ljós í minni þau orðaskipti sem við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson áttum um það fyrir þremur árum í hv. Ed. Alþingis. Nú gerðist það á þessu hausti að Ólafur Ragnar Grímsson kom með þennan ágæta mann í heimsókn í þetta hús á fund sem haldinn var í þingflokksherbergi framsóknarmanna þar sem William Arkin byrjaði á því að segja: Mínir kæru vinir. Ég sagði vorið 1982 að hér væru geymd kjarnorkuvopn. Ég hafði rangt fyrir mér. Síðan fór hann með miklar fullyrðingar um að hér væru uppi áætlanir um að geyma kjarnorkuvopn, koma fyrir hér kjarnorkuvopnum. Eitthvað hefur hann nú orðið að draga í land með það, lítið eitt a. m. k. (Gripið fram í.) Svona lítið eitt a. m. k. En ég dreg ekkert úr því að þær eru alvarlegt mál þegar bandarísk yfirvöld í hermálaráðuneytinu gera áætlanir af því tagi sem komið hafa í ljós og það án vitundar íslenskra stjórnvalda. Og þótt slíkar áætlanir séu ekki samþykktar af æðri stjórnvöldum eru þær engu að síður ekki gott mál.

Í þessum umr. hefur verið vikið af því sem menn kalla

„bænarskrá Vestfirðinga“ og hv. 11. þm. Reykv. gerði það mál að meginefni sinnar ræðu. Hvað búa margir á Vestfjörðum? (**Gripið fram í:** Spurðu Karvel.) Ég er búinn að spyrja hann að því, hv. þm. 9—10 þús. manns. Það eru 100 manns sem skrifa hér undir þetta. Hvernig er hægt að kalla þetta bænarskrá Vestfirðinga? Þetta er bænarskrá nokkurra Vestfirðinga eða fáeinna.

Í viðtali við Þjóðviljann 6. des. 1984 ræðir blaðamaður Þjóðviljans við áðurnefndan William Arkin um þessar ratsjárstöðvar. Arkin er þá raunar að endursegja kafla úr fyrirlestri sem hann flutti í félagsvísindadeild Háskólans. Hann er þar að tala um umræðurnar um þessi mál og segir þá það sama og hann sagði á fundinum með okkur fulltrúum þingflokkanna í þessu húsi um þetta leyti:

Þessar ratsjárstöðvar eru algjört smáatriði.

Orðrétt segir, með leyfi forseta, í Þjóðviljanum:

„Einu ráðin sem ég get gefið í þessu sambandi eru þau að umræðan hér á Íslandi um þessi mál þarf að breytast. Hún á ekki að snúast um smáatriði eins og ratsjárstöðvar. Hún á að snúast um heildarstefnu og meginmarkmið.“

Það er afar auðvelt að taka undir þetta. Títtnefndur Arkin metur það svo að þessar ratsjárstöðvar séu smáatriði. (**Gripið fram í:** Einar sér.) Ég held í rauninni að þær séu ákaflega lítilvægt atriði vegna þess að í rauninni er aðeins verið að endurnýja það sem áður var. Það er í raunini ekki verið að bæta neinu við það sem fyrir var — áður en önnur þessara stöðva fauk af fjallinu og hin var lögð niður um sinn. Það er alveg bjargföst sannfæring mín og grundvallarskoðun að þar sem við höfum hér uppi viðbúnað til varna af þessu tagi, þ. e. við viljum fylgjast með því hverjir fara um lofthelgi Íslands og flugstjórnarsvæðin og flugumferðarsvæðin hér umhverfis landið, eigum við að láta fylgjast með því og eigum að fylgjast með því með góðum útbúnaði þannig að við vitum hverjir fara um þessi svæði. Sovéskar herflugvélar fara um þessi svæði í vaxandi mæli. Sovéskar herflugvélar tilkynna ekki flugstjórn um ferðir sínar. Það gera þær hvergi. (**Gripið fram í:** Gera bandarískar herflugvélar það?) Já, ég geri ráð fyrir því að íslenska flugumferðarstjórnin viti um ferðir þeirra. Ég er raunar viss um það. En sovéskar herflugvélar gera það ekki. Þær gera það ekki hér og þær gera það hvergi nema kannske í Sovétríkjunum. Þess vegna er það öryggisatriði, m. a. fyrir farþegaflug hér, að fylgst sé með ferðum þessara flugvéla yfir og við landið. Mér finnst það bara sjálfsagðir hlutir.

Það hefur áður verið bent á að þessar ratsjárstöðvar geta komið okkur að ýmsum öðrum notum, t. d. við flugöryggi á flugleiðum hér innanlands, og hafa andstæðingar málsins kappkostað að sýna það og baða það í röngu ljósi að hér sé fyrst og fremst um einhvers konar árásarmannvirki að ræða eða mannvirki sem séu liður í einhvers konar árásarkeðju. Þetta er algjör misskilningur og er raunar angi af þeirri almennu stefnu sem Alþb. fylgir í þessum efnum sem er eins gott að mönnum sé alveg ljós og skýr: Alþb. vill engar varnir hér og vill Ísland úr varnarsamstarfi vestrænna þjóða.

Ég gef mér að það sé óraunhæfur kostur og valkostur sem ekki sé fyrir hendi að landið sé gjörsamlega óvarið og hér sé ekki fylgst með gestum og gangandi í, við og kringum landið. Alþb. hefur aldrei sagt hvað ætti að taka við ef hér væru ekki varnir á vegum Atlantshafsbandalagsins. (**Gripið fram í:** Efla landhelgisgæsluna.) Efla landhelgisgæsluna, sagði hv. þm. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt að það væri stefna Alþb. að Landhelgisgæslan ætti að taka við hlutverki varnarliðsins. Það liggur þá fyrir núna. (Gripið fram í.)

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa að þessu sinni um þetta fleiri orð. Við Alþfl.-menn erum, svo sem ég áður sagði, andvígir þessari till. og munum greiða atkv. gegn henni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel rétt að hér komi fram persónuleg afstaða mín til byggingar umræddra ratsjárstöðva. Ég tel ekki að hér sé um mannvirki að ræða sem stofni í beinan lífsháska því fólki sem næst þeim býr. Ég viðurkenni að Íslendingar geta vegna flugumferðar haft gagn af hugsanlegum ratsjárstöðvum enda þótt gildi þeirra fyrir íslenska flugumferð hafi í mörgum tilfellum verið mjög orðum aukið í þeirri umræðu sem í gangi hefur verið.

Ratsjárstöðvar þessar eru tvímælalaust hernaðarmannvirki kostaðar af vígbúnaðarfé. Ég er andvígur auknum hernaðarumsvifum á Íslandi en það er ekki meiri hluti fyrir því á Alþingi að láta herinn fara að sinni og því verðum við að búa við óbreytt ástand. Ég get ekki fallist á aukin hernaðarumsvif, ég tel að við verðum skv. áðursögðu að búa við óbreytt ástand, en ég get ekki fallist á aukin hernaðarumsvif. Ég tel að þau áform sem uppi hafa verið um stóraukin hernaðarumsvif á Íslandi séu fráleit og er ég þá ekki einungis að tala um þessar ratsjárstöðvar.

Annað atriði mótar einnig afstöðu mína. Það er verulegur hópur þess fólks sem næst býr þeim stöðum þar sem þessum fyrirhuguðu mannvirkjum er ætlað að rísa, sem er andvígur byggingu þeirra. Ég vil ekki standa að byggingu mannvirkja sem eru óvelkomin í þeim byggðarlögum þar sem þau eru fyrirhuguð. Ég vil ekki nauðga fólki til að taka við framkvæmdum sem því eru á móti skapi. Þess vegna mun ég t. d. ekki samþykkja álver við Eyjafjörð vegna þess að það er verulegur hópur fólks sem ég tel að verði að taka tillit til og ekki vill þessa mannvirkjagerð. Ég er ekki endilega að tala um meiri hluta, ég þekki ekki svo nákvæmlega hjörtun og nýrun í þessu fólki að ég viti hvar meiri hlutinn liggur. En ég veit um verulegan hóp sem er þessu andvígur og ég tel að sjónarmið þessa fólks verði að virða. Ég vil taka tillit til þess. Þeir sem langar í þessi mannvirki verða þá heldur að sætta sig við óbreytt ástand. Þess vegna er niðurstaða mín, herra forseti, að þessar ratsjárstöðvar eigi ekki að reisa.

Ég vil taka það fram til að forðast allan misskilning að hér er ég ekki endilega að túlka skoðun alls þingflokks framsóknarmanna, ég er hér að skýra frá persónulegri afstöðu minni.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Á Íslandi hefur umræðan um varnarmál einkennst af tvenns konar málflutningi: annars vegar gegn veru Íslands í NATO, sem Alþb.-menn hafa haldið á loft, en hins vegar með veru Íslands í NATO þar sem sjálfstæðismenn og Morgunblaðið hafa látið mest til sín taka. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland eigi að vera í NATO með þeim þjóðum sem við höfum mest samskipti við, bæði á sviði menningar og efnahagsmála, að ógleymdri legu landsins. Það kann einhver að hugsa með sjálfum sér: Hvað

er hún eiginlega að fara? Hún er með veru Íslands í NATO, en samt á móti ratsjárstöðvum sem NATO telur nauðsynlegt að byggja hér. Hv. 5. landsk. þm. kom að þessu áðan, en ég mun svara honum seinna.

Það er að mínu mati aðalatriðið hvort Íslendingar telji þessar ratsjárstöðvar nauðsynlegar vegna varna landsins eða hvort þær séu einn þáttur í hernaðarkapphlaupi stórveldanna. Hæstv. utanrrh. hefur lagt aðaláhersluna á að mikilvægi þessara ratsjárstöðva sé það hversu öryggi sjófarenda mundi aukast með tilkomu þeirra auk þess sem nú kemur í ljós að flugumferð yfir landinu er ekki eins örugg og fyrr var haldið. Er því talið brýnt að koma upp þessum ratsjám. Ef þetta eru fyrst og fremst rökin fyrir nýjum ratsjárstöðvum eigum við Íslendingar að koma þeim upp án afskipta NATO. Það er í hæsta máta óvirðing við hv. Alþingi að upplýsingar um hernaðarlegt gildi þessara ratsjárstöðva heyrast ekki fyrr en sótt hefur verið um fjármagn í Bandaríkjunum til að byggja þessar stöðvar, en eins og kunnugt er fáum við af og til fréttir af fundum bandarískra þingnefnda í blöðum eða útvarpi þar sem mikilvægi þessara stöðva er skilgreint. Þetta tel ég óviðunandi. Við Íslendingar eigum að hafa okkar hernaðarráðgjafa til að geta vegið og metið sjálf nauðsyn þeirra framkvæmda sem áformaðar eru á vegum NATO. Við eigum að leggja sjálfstætt mat á hvað Íslandi er fyrir bestu varðandi varnir landsins. Við eigum ekki eingöngu að láta segja okkur hvað er nauðsyn og hvað ekki varðandi varnir landsins.

Það hefur ekkert það komið fram í rökum stjórnvalda varðandi þetta mál að ég sjái minnstu ástæðu til þess að auka við hernaðaruppbyggingu hér á landi. Ég tel að stjórnvöld komist ekki hjá því að taka tillit til þess fólks sem mótmælir þessum stöðvum. Þetta er ekki pólitísk andstaða, heldur andstaða við uppbyggingu hernaðarmannvirkja sem almenningur sér ekki ástæðu til að reisa. Ég hef vissulega sem meðflutningsmaður á þessari till. lýst mig andstæðing hernaðarratsjárstöðva. Ég skal fúslega viðurkenna hér og nú að ef fram kæmu haldbærar sannanir fyrir því að hér væri um mikilvægan öryggisútbúnað að ræða fyrir Ísland og við værum í hættu tæki ég mína afstöðu til endurskoðunar.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að Íslendingar vildu lifa frjálsir og í friði í þessu landi. Þetta er hverju orði sannara. En við má bæta að Íslendingar vilja taka sjálfstæðar ákvarðanir. Við viljum hafa eitthvað um það að segja hvernig vörnum landsins er háttað. Við viljum ekki taka við ákvörðunum erlendis frá án þess að geta lagt á þær sjálfstætt mat. Það gerum við ekki fyrr en Ísland hefur sérfræðingum á að skipa innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta er að vísu gert í einhverjum mæli, en þarf að auka til þess að tryggja að við getum fylgst nægjanlega vel með og tekið sjálfstæðar ákvarðanir, byggðar á þekkingu Íslendinga. Þá mundu hv. þm. væntanlega tala um annað en Rússagrýlu. Hv. 5. landsk. þm. mundi þá tala um annað en Rússagrýlu og hvort allir þm. Bandalagsins séu sammála í þessum efnum og snúa sér kannske að því hvort nauðsynlegt sé að byggja upp þessar stöðvar hér á landi og í hvaða tilgangi.

Hæstv. ráðh. nefndi enn fremur að þessar ratsjárstöðvar hefðu mikið gildi varðandi tilkynningarskyldu skipa. Ég spyr hæstv. ráðh.: Á hvaða hátt koma þær ratsjárstöðvar sem nú eru í landinu og reknar á vegum hersins að gagni við tilkynningarskyldu skipa? Ég tel það skýlausa kröfu til hæstv. stjórnvalda að tekið sé mark á skoðunum heimamanna, bæði á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra, varðandi uppbyggingu hernaðarmannvirkja og málið sé rætt opinskátt, en ekki breitt yfir með þeim rökum að ratsjárstöðvar þessar séu nauðsyn varðandi skipaumferð eða flugumferð. Það er aðalatriðið að við vitum þá um hvað er að ræða og hvers vegna þarf að reisa þessi mannvirki hér og nú.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég tel að það hafi komið fram, sérstaklega hjá hæstv. utanrrh., bæði í þessari umr. og reyndar ekki síður á almennum fundi sem haldinn var á Þórshöfn fyrir líklega þrem vikum, hversu fáránlegt er að telja þessi mannvirki, sem hér er verið að ræða um, þessar ratsjárstöðvar, til vígbúnaðarmannvirkja. Þetta er furðulegur þráhyggjumálflutningur Alþb. og fylgdarkvenna þess sem telja sig meira friðelskandi en annað fólk. Mér finnst reynsla mín hér í vetur hafa bent til þess að svo sé ekki í þeim hóp sem hér á sæti. Við skulum láta það liggja á milli hluta. En það gefst einfaldlega ekkert tilefni fyrir fólkið til að tala um vígbúnaðarmannvirki. Þetta eru mikilvæg eftirlits- og öryggistæki fyrir okkur, sett upp í stað annarra úreltra og úr sér genginna. Ég skil ekki hvers vegna hv. þm. Steingrímur Sigfússon er á móti meira samgönguöryggi fyrir sína byggð, á móti eftirlitskerfi fyrir óboðna gesti sem læðast að. Við höfum heyrt að sumir vilji hvorki heyra slíka gesti né sjá, en við viljum heyra þá og sjá.

Ég vísa því algerlega á bug að einhver sérstök meirihlutaandstaða við málið sé heima fyrir á Langanesi. Ég tel þvert á móti að þar líti menn til flugöryggis og öryggis á sjó. Ég vísa í því sambandi til viðræðna minna við fulltrúa nýstofnaðs félags áhugamanna um vestræna samvinnu á Norðausturlandi. Þeim fjölgar óðum, hv. þm.

Ég vil hér segja lítillega frá þeim aðferðum sem notaðar voru til að safna undirskriftum gegn byggingu ratsjárstöðvar á Langanesi. Í viðtali við Íslending á Akureyri segir einn heimamaður, Björgvin Þóroddsson í Garði, svo, með leyfi forseta: að gengið hefði verið nokkuð fast eftir því að skrifað væri undir. Þegar hann sjálfur hefði neitað að skrifa undir hefði hann strax verið spurður: „Vilt þú heldur að börnin þín farist í kjarnorkustríði en að þau komist inn á umráðasvæði Rússa?“ Hann sagði það óviðkunnanlegt þegar menn væru krafðir svara við svona spurningum að allri fjölskyldunni áheyrandi. — Ég læt þm. eftir að dæma um hvers konar málflutningur þetta er, hvers lags meðul menn nota til framdráttar sínum málstað í auglýsingaskyni.

Flm. till. vitnuðu í að forsrh. hefði sagt að ratsjárstöðvar yrðu ekki settar upp í andstöðu við heimamenn. Nú sagði ég það og stend við það að um meiri hluta heimamanna gegn byggingu ratsjárstöðvar á Langanesi væri ekki að ræða. Hins vegar kom mér nokkuð á óvart persónuleg afstaða hv. þm. Páls Pétursonar. Mér skildist á málflutningi hans að ef yfirleitt væri einhver andstaða við framkvæmd heima í héraði skyldi hún eigi eiga sér stað. Ég veit ekki hvernig þm. Framsfl. líta á þetta mál eða þessi mál yfirleitt. Það væri fróðlegt að heyra frá þm. framsóknarmanna sem hér eru staddir, að vísu ekki margir, hvort þeir hafa á því skoðun. Ég

frétti af því að hv. þm. Stefán Valgeirsson hefði flutt ágæta ræðu á fundi á Þórshöfn eftir jólin og lýst sig samþykkan þeirri framkvæmd sem hér er um að ræða, vegna þess fyrst og fremst að hún hefði í för með sér svo mikið öryggi fyrir flug. Hann nefndi í því sambandi mjög áhrifamikið dæmi. Ég ítreka að það væri fróðlegt að vita hvað meiri hluti þingflokks Framsfl. vill í þessu sambandi.

Ég verð að segja það fyrir mig að mér finnst óþægilegt að persónulega séu einstakir þm. flokksins og það í vaxandi mæli andvígir hinum og þessum málum sem ráðh. Sjálfstfl. eru að undirbúa eða flytja hér í þingi. Ég sé ekki annað en að við sjálfstæðismenn verðum að fara að skoða hug okkar, hvort við getum ekki leyst þá undan þessari þrautagöngu strax. Við þurfum ekki að bíða með það til haustsins eins og þeir ætla. (**ÓRG:** Þú ert eindregið studdur í það.) Ég þarf ekki að leita eftir stuðningi Alþb. við það. (**Gripið fram í:** Er búið að bóka fundinn?) Ég vil ekki hafa fleiri orð um þetta að svo stöddu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., fjallar í raun ekki aðeins um það afmarkaða atriði sem þar er greint frá heldur um veru okkar í Atlantshafsbandalaginu eða ekki veru. Við höfum tekið á okkur ákveðnar skuldbindingar með því að ganga í bandalag frjálsra vestrænna þjóða, sem reynst hefur friðarbandalag, virkilegt friðarbandalag sem tekist hefur að treysta friðinn, viðhalda friðnum í okkar heimsálfu til þessa. Grundvöllur fyrir þessum árangri er sá að viðbúnaður gegn hugsanlegri árás hefur verið góður og alltaf í fyllsta takt við tímann. Við höfum það alveg fyrir okkur hverjir eru gegn þessum vörnum, hverjir eru gegn varnarbandalagi vestrænna þjóða og nota til þess hvert tækifæri á fætur öðru, jafnvel smámál eins og radarstöðvar, smámál eins og herra Arkin kjarnorkusérfræðingur eða athugunarmaður nefndi það.

Ég er þeirrar skoðunar að fyrst við tökum þá ábyrgð á okkar hendur að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu þá eigum við að vera þar traustir aðilar, traustir bandamenn. Ég legg áherslu á það að hvað eina, sem Atlantshafsbandalagið fer fram á að gert verði hér í vörnum landsins, er borið undir íslensk stjórnvöld og annað er ekki framkvæmt en það sem þar er leyft.

Ég tel að það sé höfuðnauðsyn að við höfum sem allra bestar varnir. Rétt er að segja frá því að nú fyrir nokkru átti ég þess kost ásamt utanrmn. að skoða þau mannvirki sem eru á Keflavíkurflugvelli. Ég fór þangað ásamt þessari nefnd að stað sem nefndur er Rockville á Miðnesheiði. Hvar ég stóð við hliðina á flm. þessarar till., Steingrími Sigfússyni, í radarstöð einni í Rockville kom mér í hug: Hvernig í ósköpunum má það vera að sá viðbúnaður, sem þar er, er 30 ára gamall, úreltur búnaður? Miklu frekar leitaði á mig sú hugsun að þessi búnaður væri ekki nógu góður til þess að sinna því sem þarf að sinna og tel ég að endurnýja þurfi þann búnað og færa til nýtískutækni.

Það mál sem hér liggur fyrir, þ. e. bygging radarstöðva, er í raun smámál, öryggismál, og lýtur að því að endurnýja og bæta það eftirlit sem við höfum þegar á að skipa. Ég tel hins vegar að það þurfi að vera ljóst að fiskiskip og veðurþjónusta geti haft gagn af þessum radarstöðvum, en það mun tryggt eftir því sem mér er tjáð.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka ýmislegt af því sem hér hefur komið fram. En ég verð að játa það að rökstuðningur fyrir andstöðu við þessar ratsjárstöðvar finnst mér oft á tíðum afar kúnstugur og ruglingslegur.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það er e. t. v. ekki ástæða til að lengja þessa umr. en mig langar þó til þess að drepa fáeinum orðum á ýmislegt sem hér hefur fram komið. Hv. þm. Björn Dagbjartsson kom hér áðan og talaði um að það væri fráleitt að tala um umræddar ratsjárstöðvar sem hernaðarmannvirki. Ég vil benda hv. þm. á að lesa skýrslu öryggismálanefndar um Keflavíkurstöðina. Þar gæti hann t. d. flett upp á bls. 29 þar sem stendur, með leyfi forseta: „Um leið og hernaðarmannvirki eins og ratsjárstöðvar gegna eftirliti á friðartímum eru þau ekki síður sett upp með hliðsjón af því sem álitið er vera möguleg atburðarás á ófriðartímum.“ Síðan getur hv. þm. lesið sér sjálfur til um framhaldið.

Hv. þm. Eiður Guðnason kom hér upp og fór stórum orðum eins og hans er vandi um málflutning minn og annarra. Hann talaði m. a. um að ekki væri mark takandi á bænarskrá Vestfirðinga vegna þess að þetta væri bænarskrá nokkurra Vestfirðinga og þar af leiðandi væri hún ekki marktæk. Mér þykir það ansi mikið þegar hv. þm. heldur því fram úr stól á Alþingi — (**EG:** Vill þm. ekki hafa rétt eftir þegar hún er að vitna í orð mín?) Hvað sagði hv. þm.? (**EG:** Ég sagði aldrei að það væri ekki mark takandi á henni, ég sagði að þetta væri bænarskrá nokkurra Vestfirðinga.) Já, ég ætla að vona að bænarskrá nokkurra Vestfirðinga sé marktæk. (**EG:** Það búa 10 þúsund manns á Vestfjörðum.) Já, ég ætla að vona að þessir 100 manns séu marktækir að mati hv. þm. Jafnframt vil ég benda honum á að þessir 100 munu hafa skrifað sig á bænarskrána sem fulltrúar hinna ýmsu byggðarlaga á Vestfjörðum. (**EG:** Hvar stendur það?) Ekki í bænarskránni reyndar. En það hefur komið fram í umræðum um þessa bænarskrá og um þetta mál. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að samtöl eru ekki æskileg í umr. um mál eins og þetta.)

Hv. sami þm. kom hér og taldi að kjarni málsins snerist um það hvort hér skuli haldið uppi vörnum. Eins og ég sagði í upphafi máls míns eru sennilega allir þm. á hv. Alþingi sammála um að hér skuli haldið uppi vörnum. Það sem okkur greinir á um er hvernig skuli haldið uppi vörnum hér á landi. Það tók ég mjög skýrt fram í mínu máli. Og hver er sú leið sem er best til þess að við verjum það frelsi sem okkur er dýrmætt? Ég taldi bestu leiðina vera þá að hrinda af okkur og öðrum þjóðum heims þeirri ógnun sem vígbúnaðurinn er. Og hvernig gerum við það? Við gerum það ekki með því að taka þátt í aukinni hernaðaruppbyggingu heldur gerum við það með því að leggja áherslu á nauðsyn afvopnunar og sýna það með verkum okkar, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi, að við viljum stuðla að afvopnun.

Síðan þvældi hv. þm. hér inn í þessa umr. lítt skyldu máli og las upp úr blaðagrein í Morgunblaðinu um feminisma og lét þess getið að hann skildi það alls ekki hvernig feminismi gæti verið lífsskoðun, hvernig reynsla kvenna og viðhorf, sem mótuð eru af sértækri reynslu kvenna — því sum reynsla kvenna er sértæk en ekki önnur — gætu verið viðhorf, eftir því sem mér heyrðist.

Það er út af fyrir sig ekkert undarlegt og kemur mér ekki á óvart að þessi hv. þm. skuli ekki skilja þetta og sennilega er hann ekki mjög vel lesinn í mannkynssögu því töluvert er þar rætt um feminisma þó minna sé en efni standa til. Hins vegar kemur það mér meira á óvart að hv. þm. Guðrún Helgadóttir skuli ekki skilja hvað *hér er á ferðinni því sá hv. þm. er vanur að sýna meiri* skilning en hv. þm. Eiður Guðnason.

Ég ætla ekki að vera langorð um þau ummæli sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir mun hafa viðhaft í útvarpinu fyrir nokkru síðan og hv. þm. Eiður Guðnason vitnaði til um þær konur sem kjósa Kvennalistann. Meginregla Kvennalistakvenna er sú að tala ekki illa um aðrar konur. Það er gamalt ráð karla til að fá konum sundrað, þannig að þær geti ekki staðið saman um hagsmunamál sín, að fá þær til að tala illa hver um aðra. Það ætla ég ekki að gera. Ég vil aðeins segja það að þessi ummæli þm. segja í raun og veru meira um hennar skoðun á konum en um skoðun nokkurs annars.

Hvernig kemur feminismi inn í umræður um ratsjárstöðvar? Er von að þm. spyrji og er von að þingheimur spyrji þar sem það var hv. þm. Eiður Guðnason sem gerði það að umtalsefni. Ég vil benda hv. þm. á það að konur ganga með börn og fæða þau í þennan heim og annast um þau líka og að við ölum ekki börn í þennan heim til þess að þau verði sprengjufóður. Það er okkar kvenlega reynsla sem segir okkur að nú verði að láta staðar numið. Það vitfirrta vígbúnaðarkapphlaup, sem geisað hefur á norðurhveli jarðar og víðar reyndar í heiminum öllum undanfarin ár, verður að stansa og við setjumst niður og segjum: Hvernig fáum við stansað það? *Hvað getur lítil þjóð eins og Ísland gert?* Hvernig getur hún lagt sitt af mörkum bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi til þess að koma í veg fyrir það að börnin okkar verði að fallbyssufóðri og að við séum ekki að ala þau í þennan heim til þess? Og við svörum: Við verðum að stöðva þessa hernaðaruppbyggingu og þetta vitfirrta vígbúnaðarkapphlaup sem yfir okkur gapir. Þess vegna viljum við ekki aukningu vígbúnaðar, hvorki hér á landi né annars staðar. Það er okkar kvenlega reynsla sem vísar okkur veginn og okkar feminismi sem liggur þar til grundvallar.

Magnús Reynir Guðmundsson: Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi. Það kom fram hér í umr. áðan að menn óskuðu eftir því að þm. Framsfl., ef einhverjir væru í salnum, létu í ljós skoðanir sínar á þessari þáltill.

Ég verð að segja svona utan við aðalumræðuefnið að það undrar mig stórum að ég skuli vera hér á fundi í Sþ. þar sem eiga að sitja 60 þm. Ég taldi hér 8 áðan en þeim hefur eitthvað fjölgað örlítið, kannske þeir séu 10 eða 12 núna. Kannske bendir það til þess að þm. hafi ekki beinlínis áhuga á því máli sem hér er á dagskránni, kannske til einhvers annars, nóg um það.

Ég er fulltrúi fyrir Vestfjarðakjördæmi hér á Alþingi. Það hefur komið til tals að byggja þar ratsjárstöð, ég segi ekki endilega hernaðarratsjárstöð, en ratsjárstöð er það og það hefur verið talað um að byggja hana upp í samræmi við veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Það er grundvallaratriði, eins og fram hefur komið í þessum ræðustól fyrr í þessari umr., að við höfum ákveðið að vera í Atlantshafsbandalaginu. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu, meiri hluti þjóðarinnar, að öryggi okkar væri betur borgið með aðild að Atlantshafsbandalaginu en utan þess eða í öðrum hernaðarbandalögum. Þetta tel ég vera kjarna málsins. Ég tel að umr. eigi að snúast um það hvort við eigum að vera fullgildir meðlimir í Atlantshafsbandalaginu eða hvort við eigum aðeins að vera þiggjendur þar.

Ég vil í þessari umr. lýsa fyllsta trausti á störfum utanrrh. Ég vil lýsa trausti á þá stefnu sem ríkisstj. hefur markað sér í utanríkismálum, m. a. þá stefnu að verða við þeim óskum sem okkar félagar í Atlantshafsbandalaginu setja fram um að tryggja gagnkvæmt öryggi þeirra þjóða sem mynda Atlantshafsbandalagið. Ég vil vara við þeirri skoðun að hægt sé og nægilegt að viðhalda þeim mannvirkjum sem hér eru á landinu til að tryggja eftirlit og öryggi. Tækninni fleygir ört fram og við skulum ekki ætlast til þess að ekki þurfi að endurnýja þau mannvirki, jafnvel að breyta þeim eitthvað eða byggja ný til þess að fyllsta öryggis sé gætt.

Það hefur verið rætt um ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Inn í umr. hafa fléttast hugleiðingar um það hvort við Íslendingar gætum haft gagn af þessum stöðvum fyrir okkur eina, m. a. í sambandi við flugöryggi og öryggi sjófarenda. Mér finnst það afskaplega óviðurkvæmilegt að gera lítið úr því þegar við í samvinnu við önnur Atlantshafsbandalagsríki ætlum okkur að hafa gagn af þeim mannvirkjum, sem byggð eru með hagsmuni heildarinnar fyrir augum, í sambandi við þessa þætti. Ég vil minna á öryggi flugsins fyrir t. d. Vestfirðinga. Ég vil minna á það að um Ísafjarðarflugvöll fara á ári á milli 40 og 50 þúsund farþegar. Ef ég stend frammi fyrir því að taka ákvörðun um hvort byggja eigi einhver mannvirki sem tryggja öryggi þessa fólks mun ég að sjálfsögðu ekki bera hagsmuni þess fyrir borð.

Við höfum orðið vitni að miklum og alvarlegum slysum á vestfirsku fiskimiðunum og miðunum kringum landið. Ef hægt er með einhverju móti að minnka hættu á slíkum sjóslysum, sem við höfum orðið vitni að, tek ég þátt í því. Ég tel að við megum ekki vanmeta þann ávinning sem við höfum af slíkum framkvæmdum um leið og við erum að uppfylla skyldur okkar við bandalagsþjóðir.

Hér hefur verið rætt um svokallaða bænarskrá Vestfirðinga sem nokkrir Vestfirðingar hafa skrifað undir. Það hefur komið fram hér í þessum umr. og verið gefið í skyn að þeir sem á þessa bænarskrá hafa ritað nöfn sín hafi gert það í umboði einhverra annarra. Ég vil alfarið mótmæla slíkri skoðun. Ég held að allir, sem undirrituðu þessa svokölluðu bænarskrá, hafi gert það persónulega. Ég ætla ekki hér og nú að draga dul á það að um þetta mál eru skiptar skoðanir. En þó tel ég persónulega að málið sé nú farið að snúast um það hvort við eigum áfram að vera í Atlantshafsbandalaginu eða utan þess.

Það eru um 10 þúsund íbúar á Vestfjörðum. Það eru ekki nema á milli 80 og 100 manns sem hafa skrifað á þessa bænarskrá. Þeir sem styðja þessar framkvæmdir ef til koma hafa lítið látið til sín heyra. Það getur vel verið að það komi að því að þeir verði að gera það. Þó liggur það fyrir og ég vil koma því hér að að bæjarstjórn Bolungarvíkur — en í henni sitja níu fulltrúar — hefur lýst sig fylgjandi þeim hugmyndum að þessi stöð verði byggð í landi Bolungarvíkur. Ég held að það séu átta

fulltrúar af níu sem hafa lýst sig samþykka því.

Ég held að Íslendingar séu ekki í stakk búnir til þess í dag að ráðast í stórkostlegar framkvæmdir sem tryggja hér öryggi, m. a. í lofti. Þess vegna skil ég það ekki að menn skuli gera lítið úr því að við getum hugsanlega tryggt fyllsta öryggi um leið og við samþykkjum að tryggja hagsmuni þeirra ríkja sem með okkur eru í NATO.

Ég get að sjálfsögðu ekki talað hér fyrir hönd annarra þm. Framsfl. En ég lýsi þeirri skoðun minni að ég mun ekki greiða þessari þáltill. atkvæði ef til þess kemur að ég verði hér í þessu húsi þegar atkvæðagreiðsla fer fram.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég vil þakka þær umr. sem hér hafa orðið um þessa till., bæði þær jákvæðu undirtektir sem hún hefur fengið af hálfu sumra ræðumanna og eins þátttöku hinna sem lýst hafa öðrum skoðunum. Ég veit ekki hversu mikið það skýrir eðli máls eða bætir um að lengja mjög úr þessu þessa umr. Það mætti vissulega fjalla efnislega ítarlega um ýmis atriði en ég tel í sjálfu sér að það hafi ekki mikið upp á sig að ræða hér hluti eins og feminisma, eins og það nú orðaðist, og ýmislegt annað sem liggur misjafnlega vítt út á grundunum og tengist þessum umr. misjafnlega mikið að mér finnst. Ég tel þó óhjákvæmilegt að fara yfir það sem nokkrir ræðumenn hafa hér sagt vegna þess að þar stangast ýmislegt á við mínar skoðanir og jafnvel þær upplýsingar sem ég þykist hafa undir höndum.

Hæstv. utanrrh. reið á vaðið og rakti aðdraganda þessa máls allítarlega. Hann fór aftur fyrir Jörund hundadagakonung og komst að þeirri niðurstöðu að það hefðu verið uppi sjóræningjar á öllum öldum og væru það enn þá. Ekki síst nú væri margur vargur á ferð, tæknivæddur og því væri nú ástæða til að hafa varann á. Síðan fór hann út í sín venjulegu ræðuhöld um vofu kommúnismans og þá óskaplegu ógn sem af henni stafaði. Það er allt í lagi með það, auðvitað er sjálfsagt að utanrrh. lýsi fyrir okkur þessari martröð sinni sem hann venjulega býr við í þessum efnum. Það er ekki hægt annað en að votta honum fyllstu hluttekningu með það hversu þungt þetta liggur á hans huga. Ég geri það hér með. Ég tek undir það að nokkru leyti. Ég er í hópi þeirra sem hafa áhyggjur af því að lýðræðissneytt stórveldi eins og Sovétríkin sé hervætt og kjarnorkuvopnavætt og ógni heimsfriðinum. Vissulega gerir það það og sjálfsagt er ekki mikill munur á skoðunum okkar utanrrh. hvað það varðar. En sá kann að vera munur á að ég lít til þess að þeir eru ekki einir á ferð, Sovétmenn. Það eru fleiri sem eiga kjarnorkuvopn og fleiri eru stórveldi og ég held að Ísland hljóti, eins og aðrar þjóðir, stórar og smáar, og við Íslendingar, eins og aðrir íbúar þessa hnattar, að hafa allir sameiginlega áhyggjur af því hvern veg þetta er komið. Deilur um það hvor á þarna sök, alla eða hluta af henni, finnast mér í sjálfu sér ekki aðalatriðið. Hitt er staðreynd máls að við búum í heimi kjarnorkuvopna og við búum við vígbúnaðarkapphlaup og við hljótum, eins og Vestfirðingar segja í sinni bænarskrá, að leita leiða til að snúa farnaði veraldar af þeirri braut.

Ég er alveg ósammála þeirri heimsmynd sem hæstv. utanrrh. leggur til grundvallar sinni umfjöllun um þetta mál, þeirri kaldastríðsheimsmynd sem hann virðist ákaflega haldinn af, ef ég má nota það orðalag, herra forseti. Ég held að uppi séu nýir tímar einmitt í þessum málum vegna þess að almenningur víða um lönd er í vaxandi mæli að rísa upp, lýsa vantrú sinni á þær leiðir sem hingað til hafa verið reyndar til afvopnunar, ósköp einfaldlega vegna þess að hvað sem líður 30 ára friðarbandalagi og öðru slíku hefur þetta allt stefnt í ranga átt. Það er bæði almenningur og þjóðir að gera sér æ betur ljóst. Þess vegna er uppi krafa um frumkvæði almennings og hlutlausra ríkja annarra þjóða en stórveldanna til að reyna að brjótast út úr þessari herkví.

Mér finnst það einkennandi fyrir þá sem skoða heiminn enn þá út frá forsendum síðari heimsstyrjaldarinnar eða kalda stríðsins að þeir viðurkenna ekki þessa nýju stöðu í þessum málum. Þeir vilja skoða heiminn áfram út frá togstreitu hins góða og illa. Við erum góðu mennirnir, hinir eru vondir. Aðeins það sem við segjum og aðeins það sem við leggjum til er rétt. Friðar- og afvopnunartillögur frá öðrum eru varhugaverðar o. s. frv. Þessari heimsmynd, þessari túlkun, er ég ósammála.

Ég er einnig aldeilis ósammála því, sem komið hefur hér fram hjá mörgum ræðumönnum sem mælt hafa gegn þessari till., að afstaða manna til þessarar þál. hljóti að ráðast af því hvort menn styðja veru okkar í Atlantshafsbandalaginu eða ekki. Ég þarf ekki að benda hæstv. utanrrh. á það að fjöldi af hans eigin flokksmönnum er andvígur þessum hugmyndum. Þeir hafa skrifað undir þar að lútandi á opinberum vettvangi, þeir hafa talað við fjölmiðla, þeir hafa gefið út blöð.

Ég hygg að þó nokkur fjöldi a. m. k. kjósenda Alþfl. fyrrverandi alla vega séu einnig í þessum hópi og fólk úr öllum öðrum stjórnmálaflokkum og utan stjórnmálaflokka. Vísbendingar úr skoðanakönnunum, sem ég benti á, benda til þess að miklu fleiri en a. m. k. kjósendur Alþb. séu þessarar skoðunar. Þó að við legðum saman kjósendur þeirra flokka sem hér hafa komið upp og lýst stuðningi við þessa till. dygði það ekki til. Við yrðum að fara inn í hóp hinna sem hér hafa lýst yfir andstöðu sinni. Það er því alveg ljóst að þetta fólk, jafnt sjálfstæðismenn sem aðrir, er ekki sammála túlkun talsmanna þessara sjónarmiða hér á hinu háa Alþingi. Það lítur öðruvísi á þessa hluti. Það lítur á þessa hluti, ef ég má leyfa mér að reyna að skýra það hvað valdi þarna mestu um, það lítur á þessi mannvirki sem aukningu á hernaðarvígbúnaði. Það hefur margoft komið fram að það ræður mestu um. Fólki finnst nóg komið. Jafnvel það fólk, sem styður það að við skulum vera í Atlantshafsbandalaginu eða við skulum sætta okkur við óbreytt ástand, telur að ástæðulaust sé að heimila hér aukningu á vígbúnaði.

Það er fjöldamargt í þessu sem efnislega væri ástæða til að gera athugasemdir við. Hæstv. utanrrh. heldur því að sjálfsögðu fram að þessar radarstöðvar séu svo ómerkilegar að það mundi enginn eyða á þær sprengju. Það er gott og vel, ágætt ef svo er að menn kjósi að nota frekar hefðbundnar sprengjur en kjarnorkuvopn þegar þeir eyða slíkum mannvirkjum. Ég veit ekki hvaðan utanrrh. hefur tryggingu fyrir því. Kannske hafa sovétmenn, sem hann telur yfirleitt líklegasta til að ráðast á okkur, gefið honum vilyrði fyrir því að þeir muni ekki beita kjarnorkuvopnum gegn svona mannvirkjum.

Fagna ég því að sjálfsögðu ef svo er. En ég veit að þeir, sem ráða ferðinni í hernaðarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, hafa af því áhyggjur að augu þeirra og eyru, radarstöðvarnar úti um víða veröld, séu gjarnan það fyrsta sem óvinurinn reynir að taka úr sambandi. Enda var það til siðs þegar menn flugust á með berum höndunum hér áður en vopnin komu til sögunnar að reyna fyrst að skadda augu andstæðingsins og því næst kannske eyru hans. Ég hygg að þetta eigi enn þá við í dag.

Radarstöðvar eru eðli sínu samkvæmt ákaflega auðsæranleg mannvirki. Þær eru það vegna þess að þær standa uppi á fjallstoppum og það er erfitt að koma vörnum við. Þess vegna halda ýmsir því fram að þær séu eðli sínu samkvæmt frekar árásartæki en varnar vegna þess hversu haldlitlar þær eru til varnar, m. ö. o. af því að þær eru svo auðsæranlegar þá er varnargildi þeirra takmarkað að þessu leyti. Með nútímatækni er að sjálfsögðu hægt að eyða slíkum ratsjárstöðvum jafnvel áður en þær sjálfar uppgötva hættuna, hvað þá aðrir aðilar, með langdrægum skeytum. Ratsjárstöðvar senda frá sér geisla. Þannig starfa þær, a. m. k. þessar hernaðarratsjárstöðvar. Þegar er til tækni til að láta flugskeyti elta þennan geisla og finna stöðvarnar eingöngu út frá þeim merkjum sem þær senda frá sér sjálfar.

Hitt er svo annað mál að utanrrh. fullvissaði okkur um það að þetta bryti ekki í bága við SALT-samkomulag og ekki við Helsinki-sáttmála. Hins vegar var það Morgunblaðið, sem er útbreiddur fjölmiðill hér á landi, sem birti um það frétt 4. janúar s. l. hvað George Shultz — ég verð að nefna manninn á ensku af því að hann er Englendingur, með leyfi hv. þm. Eiðs Guðnasonar, ég get varla stafað íslenska nafnið hans, hér — utanrrh. Bandaríkjanna hyggst leggja áherslu á í viðræðum sínum við Sovétmenn. Ef ég má, með leyfi forseta, lesa orðrétt upp úr Morgunblaðinu þá er tilvitnun svohljóðandi:

„Utanrrh. Bandaríkjanna hyggst leggja áherslu á hæpið réttmæti ýmissa radarmannvirkja í Sovétríkjunum sem Bandaríkjamenn halda fram að feli í sér brot á samningi risaveldanna frá 1972 um takmarkanir á kjarnorkuvígbúnaði. Á meðal þessara mannvirkja er risastór radar í smíðum í Krasnoyarsk" — ég kann heldur ekki íslenskt nafn á þessu staðarheiti — „í miðhluta Síberíu."

Eins og menn vita voru með þessum samningi settar skorður við því að varnir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna gegn eldflaugavopnum yrðu þróaðar. Það var rökstutt með því að hugsanlegur árásaraðili yrði þannig hindraður í því að leggja út í kjarnorkuvopnaárás ef land hans sjálfs réði yfir litlum vörnum, gegn stórfelldri gagnárás. Þannig að Morgunblaðið, George Shultz og þeir hjá AP-fréttastofunni hafa því nú aðrar skoðanir en hæstv. utanrrh.

Það var mikið talað hér um flug sovéskra flugvéla yfir Ísland, það hefði farið vaxandi og væri mikil ógnun við okkur. Nú hef ég aldrei vitað til þess að sovéskar herflugvélar ryfu íslenska lofthelgi. Ég held að það sé misskilningur ef þm. hafa haldið að svo sé. Hins vegar fljúga þær hér upp að því svæði sem telst til loftvarnasvæðis Íslands og er auðvitað [illegible] annað en hin íslenska lofthelgi. Það er hins vegar alþjóðlegt svæði og enginn getur meinað þetta flug þó þ[illegible] innan þess svæðis sem stöðin í Keflavík telur sér skylt að halda uppi eftirliti á. Hér verða menn því að gera greinarmun á.

Það er viðurkennd staðreynd að báðir aðilar í þessum hráskinnaleik, bæði stórveldin, eru þreifandi á varnarbúnaði hvors annars sýknt og heilagt. Þau fljúga upp að varnarsvæði hvors annars, prófa viðbrögðin og sjá þá kveikja á kerfinu o. s. frv. Þeir skoða hvernig er brugðist við. Þetta hefur einn ágætur þm. Kvennalistans skýrt út af sinni sérfræðilegu þekkingu sem vöðvastrekkingaræfingar hjá stórveldunum, þeir séu að sperra vöðvana hvor framan í annan, sýna að þeir séu nú hérna á ferðinni og hinir sperra á móti og sýna að þeir hafi nú varnir o. s. frv. Þegar utanrrh. setur sig hér í stellingar og talar um þetta sem svona óskaplega ógnun finnst mér það því skjóta skökku við vegna þess að þetta á sér stað alls staðar þar sem landamæri stórveldanna eða áhrifasvæði þeirra liggja einhvers staðar nálægt hvort öðru. Þar eru menn í svona hráskinnaleik. Þetta ættu fróðir menn um utanríkismál að vita.

Ég fullyrði það, og bið menn að sanna annað fyrir mér ef þeir geta, að bandarískar flugvélar hegði sér ekkert öðruvísi þegar þær nálgast sovéskt landsvæði en sovéskar flugvélar gera hér. Ég bendi á það vegna þess að menn tala alltaf um þá hættu sem af því stafi að þessar flugvélar, bæði bandarískar og sovéskar herflugvélar, hvort sem það eru þotur eða eftirlitsflugvélar, eru búnar mjög öflugum ratsjárkerfum. Þær annast sjálfar sínar eigin flugleiðsögu og sitt eigið flugöryggi og geta þess vegna sjálfar haldið sig víðs fjarri öðrum flugvélum. Það er auðvitað skýringin á því að þetta hefur ekki valdið neinum slysum. Nú hristir náttúrlega hinn fróði þm. Alþfl. höfuðið, en í öllu falli hafa ekki stafað af þessu slys. Menn hafa af þessu áhyggjur út um allan heim, það er rétt, menn hafa áhyggjur af hernaðarflugi sem ekki sinnir tilkynningaskyldu út um allan heim.

Að vísu fljúga þessar flugvélar oft skv. þeirri flughefð sem er flugumferðarstjórnarskyld. En það kemur fyrir að þær klifra upp í þau svæði þar sem alþjóðleg flugumferðarstjórn á að ríkja og gefa þá ekki tilkynningar. Það gerist út um allan heim og þetta er áhyggjuefni í alþjóðlegu flugi, það er alveg rétt. En ég veit ekki hvort við Íslendingar erum verr settir en aðrir í þessum efnum.

Síðan er mikið talað hér um þessi borgaralegu afnot. Ég vék að því áðan og gæti svo sem ýmislegt um það sagt. Ég vil þó í það minnsta leiðrétta þann misskilning sem mér virðist gæta þegar menn fjalla um aðflug að flugvöllum. Talað er um að þessi og hin ratsjáin geti dugað í aðflugi alveg niður að flugvellinum. Hér er ekki um aðflugsratsjár að ræða fyrir viðkomandi flugvelli, það er nauðsynlegt að menn kunni að gera á þessu tvennu greinarmun. Þannig er það t. d. í Keflavík að stöðin í Rockville er ekki aðflugsratsjá fyrir Keflavíkurflugvöll. Til þess er byggð sérstök ratsjá sem þjónar því eina markmiði. Þessar stöðvar yrðu ekki aðflugsratsjár, hvorki fyrir Þórshafnarflugvöll né Ísafjarðarflugvöll. Sú aðstoð er því annars eðlis sem þær veita en bein aðflugsstjórnun.

Þegar talað er um skipaumferðina vita þeir sem geta dregið hring á kort að þetta er ákaflega lítill hluti af íslensku miðunum sem lendir innan þess svæðis sem þessar stöðvar þekja. Þá má spyrja: Hvers eiga hinir að gjalda? Ef þetta er allt í einu orðið svona mikið

öryggistæki, hvers eiga allir þeir sem út undan verða, *sem er yfirgnæfandi meiri hluti af íslenskum miðum*, að gjalda að hafa ekki ratsjár? (**Gripið fram í:** Öryggistæki fyrir hvern?) Öryggistæki fyrir skipaumferð og trillur og annað slíkt, tilkynningarskyldu o. fl. (**Gripið fram í:** Það er eintómt rugl.) Ég tek undir það, ég held að það sé tómt rugl. Það er í raun og veru merkilegt hvað menn seilast langt til lokunnar í þessum efnum til að tína sér til rök til að réttlæta þetta. En reynslan á að sjálfsögðu eftir að sýna það ef þessi mannvirki rísa að hvað mikilli blessun þau verða. Segir mér svo hugur um að litlu muni það breyta í íslenskum sjávarútvegi.

Mér finnst það lágkúrulegt, herra forseti, ég verð að segja það eins og er, að nota aldagamlan ótta barna og kvenna um afdrif eiginmanna sinna og feðra á miðunum til þess að reyna að ryðja þessu máli brautargengi vegna þess að ég hygg að það sé byggt á svo litlum rökum. Það er svo margt, margt annað sem er miklu, miklu nærtækara að gera í þeim efnum ef menn vilja beita sér fyrir öryggi íslenskra sjófarenda, ef menn vilja auka öryggi í íslenskum flugsamgöngum en þetta. Það er auðvelt að nefna dæmi. Hingað til hefur það verið á forgangslista þeirra manna sem fjalla um flugumferð á Íslandi að bæta flugvelli, að bæta lýsingu, að setja upp slökkvibúnað, að malbika flugbrautir, að setja upp aðflugstæki o. s. frv. sem hefur verið nefnt númer 1, 2, 3, 4, 5 og 6 í þessum efnum. Sama má segja um öryggi sæfarenda. Ég hygg að það séu fyrirbyggjandi aðgerðir sem vil hljótum að leita að en ekki ratsjár sem hugsanlega gætu upplýst um það að bátur hefði farið á hliðina eða bátur hefði horfið af einhverju ákveðnu hafsvæði. Það er fullseint í rassinn gripið. Ég held að allir geti verið sammála um það að hinar fyrirbyggjandi aðgerðir komi þarna á undan.

Því er haldið fram, án þess að fyrir því séu færð nein efnisleg rök, að staða okkar hvað varðar þá þjónustu sem við innum af hendi á hinu íslenska flugumferðarstjórnarsvæði sé nú mjög veik og hætta sé á því að við missum þetta verkefni ef við fáum ekki þessar radarstöðvar. Þetta er þá í fyrsta lagi alveg nýr sannleikur, þessu hefur ekki verið hreyft fyrr en þá núna. Það sama á við um öll þessi borgaralegu afnot að þetta er allt nýuppfundið.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að íslenska flugumferðarstjórnarsvæðið nær fyrir ofan vissa flughæð norður á pól og vestur fyrir Grænland. Þótt þessar stöðvar kæmu og bættust við þær sem fyrir eru þekja þær því ekki nema örlítið brot engu að síður, ekki nema örlítinn hluta af hinu íslenska flugumferðarstjórnarsvæði. Missum við það ekki engu að síður nema við getum byggt radarstöðvar við norðurpólinn og vestur um allt Grænland og norður um? Það er eðlilegt að spurt sé.

Ég ætla í sjálfu sér eingöngu að þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir mjög málefnalega og vandaða umfjöllun um þetta mál. Ég get eiginlega ekki svarað hans ræðu öðruvísi, ég læt það bara duga. Það er ánægjulegt er menn leggja það á sig hér að kynna sér málin og fjalla um þau á málefnalegan og sanngjarnan hátt og því ber alltaf að fagna. Ég þakka hv. þm. fyrir hans markverða innlegg.

Það kann vel að vera að ég hafi þýtt ranglega hér eitt orð úr ensku. Þó bið ég hv. þm. að athuga að ég hygg að **þýðingin sé hin rétta en enska orðið hafi misritast.** Því þetta er hið rétta hugtak sem ég var að fjalla hér um, þ. e. „þolgæði". *Ef ég man rétt er þetta hugtak úr* herfræðinni stundum kallað á enska tungu „overkill". Það byggist á því að dreifa það miklum búnaði að jafnvel þó verulegur hluti hans sé eyðilagður sé keðjan sem slík eða kerfið sem slíkt enn þá starfhæft. Með því að fjölga stórlega ratsjárstöðvum þannig að þær skarist mikið hver við aðra og fjöldi þeirra sé aukinn telja herfræðingar sig auka þetta þolgæði kerfisins. Þeim mun fleiri geta þá dottið úr án þess að það verði algerlega óvirkt. Hafi þm. skilið þetta núna vona ég að þessi misskilningur sé úr sögunni. En þetta er hugtakið á íslensku, hvaða enska orð sem hefur nú átt þarna að standa.

Eiður Guðnason vitnaði hér mjög í William Arkin. Stundum vitnaði hann í hann sem merkan fræðimann sem mikið mark væri á takandi. Því til sönnunar að þessar radarstöðvar væru lítið mál í þessum efnum hafði hann að sjálfsögðu William Arkin. En þegar kom að öðrum hlutum var þetta hinn ómerkilegasti maður sem hvað eftir annað hafði orðið uppvís að vitleysum og misskilningi. Þetta er ákaflega gagnlegur maður, þessi William Arkin. Það er bæði hægt að nota hann til að sanna hlutina og rökstyðja að svona sé þetta og til þess að sýna fram á að hann sé bullari, ruglukollur og vitleysingur. Gagnlegir eru slíkir menn.

Ég held að William Arkin hafi alveg rétt fyrir sér þegar hann segir að þessar ratsjárstöðvar einar sér séu ekki óskaplega mikilvægt atriði. Það hef ég t. d. aldrei sagt. Ég hef alltaf lagt á það áherslu að það bæri að skoða þetta í samhengi við þá hluti sem hér eru að gerast, það bæri að líta á heildarmyndina. Ef hæstv. utanrrh. má heyra mál mitt hef ég átalið þann málflutning að reyna að einangra þessar stöðvar sem einstakt og sjálfstætt fyrirbrigði vegna þess að það eru þær ekki. Fyrir því má færa mörg rök og þar er t. d. starfsmaður öryggismálanefndar mér sammála. Ég lít á það sem lið í þessari heildarþróun sem hér er að eiga sér stað. Sem slíkar eru þær mjög alvarlegar. Þær eru það skref í þessu sem við sjáum núna að verið er að taka og það má segja að þær séu jafnalvarlegar og þessi áætlun er í sjáflu sér í heild sinni þess vegna.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson og reyndar fleiri viku að því að lítið væri að marka tal um meiri hluta eða minni hluta og andstöðuna í heimabyggðunum í þessu sambandi. Ég hef aldrei látið mér um munn fara að neitt slíkt hefði verið sannað. Það hefur engin könnun verið gerð á því marktæk að mínu viti og það hefur engin almenn undirskriftasöfnun átt sér stað. Ég bið menn að taka alveg sérstaklega eftir því, ef þeir eru að tala hér um 100 Vestfirðinga í 10 þúsund manna fjórðungi, að hér er ekki um almenna undirskriftasöfnun að ræða, auk þess sem til þessara 10 þúsund Vestfirðinga teljast börn, konur og gamalmenni. Þar eru allir taldir sem hugsanlega mundu í mörgum tilfellum ekki skrifa undir. (Gripið fram í.) Já, ég sagði það af gefnu tilefni vegna þess að það er fjallað alveg sérstaklega um þátt kvenna í þessu máli og hann tengist þessu öllu á alveg sérstakan hátt eins og fram hefur komið. Ég sé því ekki ástæðu til annars en að gera skýran greinarmun á því, það eru líka konur í Vestfirðingafjórðungi eins og reyndar í öðrum fjórðungum. Börnin eru meira að segja vonandi bæði karlkyns og kvenkyns í Vestfirðingafjórðungi.

Hitt vil ég fullyrða, m. a. vegna þess sem Björn

Dagbjartsson sagði hér á ósmekklegan hátt, að meiri hluti þeirra, sem til var leitað í sveitarhreppum á Norðurlandi eystra, skrifaði undir. Ég hygg að það hafi verið milli 80 og 90% í Sauðaneshreppi en 60—70% í Svalbarðshreppi og meiri hluti í Þórshafnarhreppi. Það geta menn því haft til marks ef þeir á annað borð vilja hirða um að grafast fyrir um hið sanna í þessum efnum. Það er hins vegar einfaldur hlutur að ganga úr skugga um það með marktækum hætti hver er afstaða heimamanna ef ríkisstj. vill leggja það á sig og það ætti hún að sjálfsögðu að gera, þ. e. ef hún á annað borð ætlar að gera eitthvað með vilja heimamanna í þessum efnum.

Ég harma það að hv. þm. Björn Dagbjartsson skuli vera að draga inn í þessa umr. hér á Alþingi algjörlega órökstuddar fullyrðingar um ámælisverð vinnubrögð í sambandi við undirskriftasöfnun. Hann rökstuddi sitt mál í engu og færði engar sannanir fyrir því að hann færi þar með rétt mál eða sú tilvitnun, sem hann las upp, ætti við rök að styðjast. Mér finnst fyrst og fremst vera gert lítið úr því fólki, sem þarna hefur látið nafn sitt undir, að vera að gera því skóna að það hafi gert það vegna annarlegs þrýstings og það sé þá ekki í raun og veru fullsjálfrátt fyrir sínum undirskriftum. Það sé eitthvert undirmálsfólk sem ráði ekki sinni undirskrift, láti annarlegan þrýsting og annarleg sjónarmið hafa áhrif á sig. Ég geri sveitungum mínum og frændum þarna ekki upp slíkt. Ég held að þeir séu fullmagtugir að sinni undirskrift og geti staðið við hana hvar sem er og hvenær sem er og borið höfuðið hátt yfir henni.

Ég er sammála hæstv. utanrrh. um margt þó ég sé honum ósammála um sumt. Ég hef aldrei talið mig neitt verri Íslending en hæstv. utanrrh. þó ég hafi aðrar skoðanir en hann um utanríkismál, þó ég hafi aðrar skoðanir á því hvernig hægt er að tryggja öryggi íslensku þjóðarinnar. Nú er það greinilegt af orðum hæstv. utanrrh. hér að hann hefur miklar efasemdir um Íslendinga eins og mig sem hafa þessar skoðanir sem ég hef hér talað fyrir. Hann lætur að því liggja að það sé eiginlega mikið áhyggjuefni hvar þeir Íslendingar séu staddir sem þessa skoðun hafi.

Ég hlýt að taka það svo sem hæstv. utanrrh. efist um þjóðhollustu mína, hann dragi þjóðernistilfinningu mína í efa og hann sé jafnvel með áhyggjur yfir því að ég gangi hér fyrir annarlegum sjónarmiðum. Ef hæstv. utanrrh. telur mig og allt það fólk, sem hefur lagst gegn þessum hugmyndum, föðurlandssvikara vildi ég að hann kæmi hér upp og segði það. Ég vil miklu frekar heyra það beint en að heyra hálfkveðnar vísur sem jafnvel má skilja í þá veru. Það breytir hins vegar ekki því að ég tel sjálfan mig fullboðlegan Íslending. Ég hef aldrei stigið fæti austur fyrir járntjald, alla vega ekki til Sovétríkjanna, og ég hef alltaf leyft mér að hlæja að því góðlátlega þegar verið er að gera því skóna að ég sé að ganga erinda einhvers heimskommúnisma. Ég veit t. d. að mitt heimafólk hlær að því einnig og það þótti nokkuð kyndugt á fundi á Þórhöfn þegar utanrrh. kom með þessa ræðu sína og mátti eiginlega skilja að ég sem kannske aðalandstæðingurinn þarna væri eiginlega handbendi heimskommúnismans. Það fannst sveitungum mínum svolítið broslegt.

En ég er hins vegar alveg sammála utanrrh. um það að við eigum ekki að láta Sovétríkin beygja okkur né þrýsta okkur til að gera eitthvað sem við ekki viljum, við eigum að vera sjálfstæð þjóð gagnvart þeim. Ég vil heldur ekki láta hvorki utanrrh. né Morgunblaðið þrýsta mér né beygja mig í hnjánum til að breyta mínum skoðunum. Ég segi það sem mér býr í huga um þessi efni og það verður að hafa það þó að mannorðsræningjarnir sem skrifa ákveðna dálka í Morgunblaðinu geri því skóna að ég geri það í annarlegum tilgangi. Morgunblaðið mun ekki beygja mig frá því að hafa mína skoðun í þessum málum og ég mun tala fyrir henni fullum hálsi og bera höfuðið hátt og þar með læt ég umræðu um það lokið.

Herra forseti. Ég geng út frá því sem gefnu nema annað komi þá fram hér að engar ákvarðanir verði teknar í þessu máli meðan það er til umfjöllunar hér á hv. Alþingi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Já, meira að segja konur, gamalmenni og börn, sagði hv. þm. Hann taldi mig í sinni ræðu vera af kaldastríðskynslóðinni. En ég veit satt að segja ekki af hvaða kynslóð þeir menn eru sem tala með þeim hætti sem hann gerði og nota svona orðtök.

Varðandi það sem hann hann sagði og vék að áðan varðandi þýðingar, sem er kannske hreint smáatriði, þá er mér alveg ljóst, eftir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hann kann ágæta vel ensku, en ég efast hins vegar um að hann kunni íslensku þegar hann notar orðið þolgæði eða þolgóður í tengslum við þau orð sem hann notaði, redundancy og overkill.

Í orðabók Menningarsjóðs þýðir þolgóður: þolinn, þrekmikill, þrautseigur, en þolgæði: þrautseigja, þrek, þolinmæði. Þetta kemur ekkert inn í þetta mál. Þarna er einhver meiri háttar misskilningur á ferðinni. Ég veit að hv. þm. mun ná vopnum sínum áður en yfir lýkur í þessu máli og átta sig á því hvað um er að tefla, en þarna eru menn að tala um tvo óskylda hluti.

Hann þakkaði mér fyrir málefnalega ræðu. Ég tek þeim þökkum hans því ég veit hvað það fer í taugarnar á þeim ágætu Alþb.-mönnum þegar nokkurn vegin vafningalaust er talað um þeirra utanríkisstefnu og hlutirnir kallaðir sínum réttu nöfnum.

Annað var það í hans röksemdafærslu í síðari ræðu hans sem ég hreint ekki skildi og lái mér nú hver sem vill. Hann talaði um ratsjárstöðvar sem væru auðsæjanlega gjarnan staðsettar á tindum fjalla og illt þær að verja. Þess vegna væru þær árásarmannvirki. Geta hv. þm., þeir fáu sem hér hafa nennu til að hlýða á þessar umr., komið þessu heim og saman? — Kveður nú hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sér hljóðs og telur nauðsynlegt að koma til bjargar með útskýringar. Gott er það. — Þessa röksemdafærslu fæ ég hreinlega ekki skilið. Auðskilið er að þessar stöðvar eru staðsettar á fjallatindum og þess vegna auðveld skotmörk. En að þær séu þess vegna árásarmannvirki er gersamlega út í hött.

Út í umræður um hver sé góður Íslendingur hætti ég mér ekki, enda hef ég komið til Sovétríkjanna svo að ég er sjálfsagt af lakari sortinni ef því er til að dreifa og skal svo sem ekki gera mikið úr því hér, þó að oft hafi verið á það minnst, að margir af forustumönnum Alþb. hafa stundað nám fyrir austan járntjald. Það er ekkert um það að segja annað en að það er staðreynd sem hvorki verður neitað né hún afmáð. En ég er ekki að segja að við séum neitt verri Íslendingar fyrir það. Það dytti mér aldrei í hug. Og þó að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon

rugli saman fréttastofunum AP og APN er ekki líku saman að jafna þar sem önnur er áróðursmiðstöð sovéska heimsveldisins sem sendir út alls konar gögn, upplýsingar, sem ég því miður kann ekki að nefna, og þar brestur mig íslenskukunnáttuna, sem á ensku hafa verið kallaðar disinformation. Það er þegar óhróður og lygar eru send út í nafni frétta eða sannra og réttra upplýsinga. Hitt er víðkunn fréttastofa og áreiðanleg að ég hygg, a. m. k. talin það.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að lengja þessa umr. mjög og skal nú senn ljúka máli mínu. Eitt vil ég þó ítreka hér vegna þess að hv. 11. þm. Reykv. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir talaði hér á þann veg að þeir nálægt 100 einstaklingar sem skrifa undir bænarskrá Vestfirðinga, sem birt er sem fskj. I með þessum tillögum, skrifuðu þar undir sem fulltrúar. Nú spyr ég: Í hvers nafni fullyrðir hún það? Það stendur ekkert í þessari bænarskrá annað en þetta, með leyfi forseta:

„Samviska okkar, sem ritum nöfn okkar á þessa bænarskrá, neyðir okkur til að mótmæla fram komnum hugmyndum“ o. s. frv.

Þessir aðilar skrifa undir sem einstaklingar. Það er rangt þegar hv. þm. heldur því fram úr ræðustól að þessir einstaklingar hafi skrifað undir sem fulltrúar annarra einstaklinga. Það er einfaldlega ekki rétt. Þess vegna ber auðvitað að hafa það sem sannara reynist í þeim efnum.

Ég held að það sé ekki rétt að upphefja hér neina umr. um stefnu þeirra Kvennalistakvenna, sem svo kalla sig, og þann grundvöll, ef grundvöll skyldi kalla, sem þær telja þá stefnu hvíla á. Það sem mér þykir minnst geðfellt í öllu þeirra tali er sú staðreynd að þær vilja ala á úlfúð og illindum milli kynjanna. Oft búa þær til ágreining þar sem enginn ágreiningur er og vilja skapa ófrið þar sem friður er fyrir. Sumir vilja ganga svo langt að kalla þessa stefnu eins konar aðskilnaðarstefnu. Ég er ekki að segja að svo sé. En þetta er ekki manneskjuleg stefna vegna þess að grundvöllur hennar er ekki manngæska, sáttir og samlyndi, heldur fyrst og fremst það að ala á úlfúð milli kynjanna, ekki að sætta og ekki að bæta og m. a. s., þar sem þess gefst kostur, að ráðast til atlögu við íslenskt mál með því að búa til orð eins og „þingkona“. Mér er það minnisstætt þegar ég sem þingfréttamaður, líklega fyrir 22—23 árum, sat uppi á þessum svölum og hlustaði á dr. Bjarna heitinn Benediktsson forsrh. halda hér ræðu þar sem var verið að tala um orð og orðnotkun. Þá sagði hann þau orð sem mér hafa ekki liðið úr minni: „Samkvæmt íslenskri málvenju fornri eru konur menn.“ Menn geta flett þessu upp í þingtíðindum ef þeir vilja.

Mesta hrósyrði sem hægt er að segja um nokkurn mann á íslensku er að hann sé drengur góður. Ég man það í gagnfræðaskóla eða þar um bil þegar góður íslenskukennari leiddi okkur í sannleika um að þessi orð ættu ekki síður við um konur. Það er kannske á stefnu Kvennalistans líka að leggjast gegn því að orðin „drengur góður“ séu notuð um konur. Ég vona að svo sé ekki, en þegar fólk leggur það á sig að búa til orðskrípi eins og „þingkona“ veit maður aldrei á hverju má eiga von. Ég minnist þess úr blaðamennsku, fyrir allmörgum árum raunar, á mínum byrjunarárum þar, að það var stolt kvenna, sem unnu a. m. k. á því blaði sem ég starfaði við, að þær væru ekki blaðakonur, þær væru blaðamenn. (**HG:** Hvað er til umræðu?) Hvað er til umr. hér, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson? Ég hef kannske talað óvenjulengi núna, ég skal viðurkenna það. Þó held ég að ég eigi töluverðan kvóta eftir, ef miðað er við suma a. m. k. Það sem er hér til umr. er till. um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi sem flokksbróðir þm. hefur flutt. Það skulu verða mín síðustu orð. Hann vitnaði í William Arkin og þau orð, sem ég hafði haft eftir honum hér í þessum ræðustóli, að þessar radarstöðvar einar sér væru smámál og var hann alveg sammála því. En þessi þáltill. hv. þm. fjallar um þessar ratsjárstöðvar einar sér og ekkert annað.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur verið mjög fróðlegt að hlusta á þessar umr. Þær hafa verið upp og ofan. Þó held ég að það verði ekki hjá því komist að mótmæla endurteknum málflutningi hv. þm. Eiðs Guðnasonar að Alþb. fylgi utanríkisstefnu Sovétríkjanna. Ef blærinn og innihaldið í umr. hér á Alþingi er af þessu tagi er kannske ekki von annað en almenningur eigi dálítið erfitt með að átta sig á því hvað menn eiga við, nema þá að mönnum sé í raun og veru alveg nákvæmlega sama hvaða vitleysu þeir segja, það séu engin takmörk fyrir því hvað menn geta leyft sér að leggjast lágt í áróðrinum. Röksemdafærsla hv. þm. var þessi: Alþb. hefur sem stefnu: Ísland úr NATO — herinn burt. Það er líka stefna Sovétríkjanna. Ergo: Alþb. er fylgjandi utanríkisstefnu Sovétríkjanna. (**EG:** Það sagði ég nú ekki með þeim orðum, hv. þm.) Ja, það sagði þm. og endurtók m. a. s. í seinni ræðu sinni. Það var ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs, en ekki vangaveltur um færanlegar radarstöðvar á fjallstindum eins og þm. hélt að hefði verið ástæðan.

Ég ætla að fara með nokkrar svipaðar fullyrðingar í sama dúr. Alþjóðasamband jafnaðarmanna er andvígt íhlutun Bandaríkjanna í málefni Nicaragua. Það eru Sovétríkin líka. Ergo skv. málflutningi hv. þm. Eiðs Guðnasonar: Alþjóðasamband jafnaðarmanna er fylgjandi utanríkisstefnu Sovétríkjanna. (**EG:** Ég sagði utanríkisstefnu Sovétríkjanna varðandi Ísland.) Varðandi Ísland. Allt í lagi. Þá skulum við taka annað dæmi.

Utanríkisstefna Ankers Jörgensens varðandi Danmörku er að Danmörk skuli vera kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er líka stefna Sovétríkjanna að Danmörk eigi að vera kjarnorkuvopnalaust svæði. Ergo: Anker Jörgensen er fylgjandi utanríkisstefnu Sovétríkjanna.

Við skulum taka annað dæmi: Olof Palme og jafnaðarmannaflokkur Svíþjóðar eru fylgjandi því að Svíþjóð verði liður í kjarnorkuvopnalausu svæði. Það er líka stefna Sovétríkjanna. Með sömu röksemdafærslu eru Olof Palme og jafnaðarmannaflokkur Svíþjóðar fylgjandi utanríkisstefnu Sovétríkjanna.

Það er alveg sama hvort verið er að tala um almenn mál annars staðar í heiminum eins og Nicaragua eða málefni þess lands sem stjórnmálaleiðtoginn tilheyrir, í þessu tilfelli Danmörk og Svíþjóð. Það eru til ýmis tilvik þar sem Sovétríkin eru á sama máli og forustumenn jafnaðarmanna á Norðurlöndum sem hv. þm. Eiður Guðnason telur skoðana- og flokksbræður sína og stundar mjög náið stjórnmálasamstarf við. Ég veit ekki betur en hann hafi m. a. stutt þá skoðun Ankers Jörgensens og Olof Palme að Norðurlönd eigi að vera kjarnorkuvopnalaust svæði. Niðurstaðan af þessari röksemdafærslu gæti því verið sú að hv. þm. Eiður Guðna-

son væri fylgjandi utanríkisstefnu Sovétríkjanna. Það kannske sýnir best hvað röksemdafærslan er fáránleg.

Við getum leyft okkur ýmislegt í umr. á Alþingi og gerum það og eiga ýmsir sök í þeim efnum. En ég held að það hafi aldrei hvarflað að okkur í Alþb. að segja um Eið Guðnason og ýmsa þm. Alþfl. að þeir væru fylgjandi utanríkisstefnu Bandaríkjanna þó við vitum að í ýmsum tilvikum fara skoðanir þeirra saman um einstök efni, sérstaklega varðandi málefni Íslands. Það er kannske ástæða til að biðja menn að hugsa alvarlega um hvað þeir eru að segja hér í þingsalnum, þegar menn eru að endurtaka svona fullyrðingar. Látum vera þó að það detti kannske út úr mönnum einstaka sinnum í hita umr. eins og hefur dottið út úr hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni stundum hér í ræðustól, en þegar menn endurtaka það er greinilega eitthvað annað að baki. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að láta það koma hér fram að Alþb. er andvígt fjölmörgum atriðum í utanríkisstefnu Sovétríkjanna, hefur verið og er. Alþb. hefur gagnrýnt fjölmarga þætti í utanríkisstefnu Sovétríkjanna (**Gripið fram í:** Og fordæmt.) og fordæmt og barist gegn henni með margvíslegum hætti — (**Gripið fram í:** Hvað með Guðrúnu Helgadóttur?) Ég veit ekki hvort það breytir einhverju hvar hún er í þessum efnum — hér í þingsölum, m. a. vegna atburðanna í Póllandi á sínum tíma. Ég veit að hv. þm. Eyjólfur Konráð man vel eftir innrásinni í Tékkóslóvakíu, Afghanistan, ástandinu í Austur-Evrópu, mannréttindamálum í Sovétríkjunum og fjölmörgu öðru. Það liggur alveg ljóst fyrir að Alþb. hefur hvað eftir annað barist gegn og fordæmt utanríkisstefnu Sovétríkjanna og enn fremur fjölmargt í innanríkisstefnu Sovétríkjanna. Það er kannske ástæða til, ef menn eru virkilega svona blankir í þessum málum, að láta það koma fram mjög skýrt að Alþb. er einnig þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi samleið með þingræðislegum lýðræðisríkjum í Vestur-Evrópu í utanríkismálum. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er okkar grundvallarafstaða. Hins vegar eru sum þessara ríkja í Atlantshafsbandalaginu og sum ekki. Lýðræðis- og þingræðisríkið Svíþjóð er það ekki. Lýðræðis- og þingræðisríkið Írland er það ekki. Ekki heldur Austurríki og ekki Sviss. Þannig mætti telja áfram. Það er því enginn samnefnari á milli þess að vera lýðræðis- og þingræðisríki og að vera í NATO. Það er söguleg staðreynd. Menn geta verið það og verið ekki í NATO og menn geta líka verið í NATO án þess að vera þingræðis- og lýðræðisríki, eins og Portúgal sýndi um árabil, Tyrkland hefur sýnt hvað eftir annað og Grikkland hefur sýnt um ákveðið skeið. Ég held við Íslendingar þurfum á ýmsu öðru að halda í umræðum um utanríkismál okkar en reyna að núa hver öðrum upp úr því á algerlega röngum forsendum og eingöngu í hreinu áróðursskyni að við séum einhverjir útsendarar eða fylgjendur utanríkisstefnu annarra ríkja, hvað þá heldur þegar um stórveldin er að ræða. Það er fátt nauðsynlegra fyrir smáþjóð en reyna að ná einhverri lágmarkssamstöðu um sín utanríkismál. Það hafa hins vegar verið hér harðar deilur um aðild að Atlantshafsbandalaginu og veru bandarískra hersins hér. Þær eru af ýmsum ástæðum og ætla ég ekki að rekja það hér, enda er enginn tími til þess, heldur eingöngu að nota þetta tækifæri, því að hv. þm. Eiður Guðnason endurtók í seinni ræðu sinni þessar yfirlýsingar, og taka það skýrt og afdráttarlaust fram, svo að þm. þurfi aldrei aftur að koma hér upp í ræðustól eða neins staðar annars staðar, nema menn vilji vísvitandi gera sig að þeim ómerkingi að halda fram hlutum gegn betri vitund, að Alþb. er andvígt veigamiklum þáttum í utanríkisstefnu Sovétríkjanna, hefur barist hart gegn þeim og gagnrýnt það. Alþb. er andvígt veigamiklum þáttum í innanríkisstefnu og svokallaðri mannréttindastefnu innan Sovétríkjanna, hefur gagnrýnt það og barist gegn því mjög harðlega. Og Alþb. er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að hafa samleið með lýðræðis- og þingræðisríkjum á Vesturlöndum. Þetta er skýrt, þetta er ljóst, hefur verið og er.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Langt þótti mér hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson seilast um hurð til lokunnar. Ætlar hann að segja þingheimi að þegar Olof Palme og þegar Anker Jörgensen o. fl. tala um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og þegar einræðisherrarnir í Kreml tala um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum séu þeir að tala um nákvæmlega það sama? Víðs fjarri, langur vegur frá. Þetta veit hv. þm. og því er það ekki honum sæmandi að bregða fyrir sig þeirri röksemdafærslu sem hann áðan beitti.

Þegar ég sagði að Sovétríkin fylgdu þeirri utanríkisstefnu gagnvart Íslandi að Ísland ætti að ganga úr NATO og varnarliðið ætti að fara héðan vitum við að það er rétt. Um þetta hafa verið samdar bækur og ritaðar margar ritgerðir af hálfu þeirra fjölmörgu fræðimanna sem fjalla um þetta í Sovétríkjunum. (**ÓRG:** Það er með sömu röksemd og þm. notaði áðan.) Nei, má ég ljúka mínu máli, hv. þm. Þetta er stefna Sovétríkjanna gagnvart Íslandi. Stefna Alþb. og fyrirrennara þess hefur langa lengi verið sú að Ísland ætti að ganga úr Atlantshafsbandalaginu og varnarliðið ætti að hverfa héðan. Það er alveg sama hvað hv. þm. segir. Þetta tvennt fer saman. Það er ekki þar með sagt að Alþb. skrifi upp á allan utanríkisstefnuvíxil Sovétríkjanna. Mér dettur ekki í hug að halda því fram og hefur aldrei dottið það í hug. Það eru bara þessi tvö atriði sem fara saman og því verður ekki móti mælt.

Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hv. þm. gaf hér um að Alþb. ætti samleið með lýðræðisþjóðunum í Vestur-Evrópu. Hann taldi upp ýmsar þeirra, sumar í Atlantshafsbandalaginu, sumar ekki. Þess hefur mátt sjá ýmis merki, þrátt fyrir tal um hið gagnstæða hér á Alþingi, að utanríkisstefna Alþb. væri að breytast. Ég gæti vel trúað hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni til að sveigja hana inn á þessa braut.

En í þessum efnum skulum við ekki gleyma því, og nú lýk ég máli mínu, herra forseti, að allir flokkar eiga sér sögu. Alþb. á sér langa sögu undir ýmsum nöfnum og frá þeirri sögu kemst Alþb. aldrei, hvort sem þeim ágætu mönnum sem þar sitja nú við völd líkar betur eða verr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. þm. Eiður Guðnason er búinn að halda aðra glimrandi ræðu um konur við þessa umr. um hernaðarratsjárstöðvar og ég vil láta í ljós gleði mína yfir þessum ræðuhöldum þm. Þau tryggja það að kvennarannsóknir framtíðarinnar munu hafa úr miklu að moða og eins að hv. þm. muni sennilega hljóta veglegan sess á kvennasögusafni.

Það sem ég vildi hér aðeins víkja fáeinum orðum að

og snertir þessa umr. var út af margnefndri bænarskrá Vestfirðinga. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Magnúsi Reyni Guðmundssyni bæjarritara á Ísafirði, að þetta er ekki fulltrúaskrá. Mér skriplaði þar á skötu á tungunni þegar ég notaði það orð. Það sem ég vildi sagt hafa var að undirskriftasöfnun hefur ekki farið fram á Vestfjörðum, þ. e. það hefur ekki verið borinn listi í hvert hús til að safna undirskriftum, þannig að þeir hundrað einstaklingar sem þarna skrifa nafn sitt á gera það fyrst og fremst sem þeir sjálfir og aðeins sem úrtak Vestfirðinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bætt aðstaða hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu, þáltill. 350. mál (þskj. 558). — Ein umr.

Flm. (Sigríður Þorvaldsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 558 hef ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur borið fram till. til þál. um bætta aðstöðu hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá til þess að fyrir upphaf næsta leikárs verði gerðar endurbætur á aðstöðu fatlaðra til að sækja Þjóðleikhúsið.

Undirbúningsvinna að þessum framkvæmdum hefjist hið fyrsta."

Í grg. með till. segir svo, með leyfi forseta:

„Í byggingarlögum nr. 54 16. maí 1978 er m. a. það nýmæli að fjallað er um aðstöðu fatlaðra. Þar stendur: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar."

Gera verður ráð fyrir að hagsmuna hreyfihamlaðra sé gætt í nýbyggingum en treglega hefur gengið að færa eldri opinberar byggingar í viðunandi horf fyrir fatlaða. Það á ekki síst við um Þjóðleikhúsið en þar er örðugt fyrir hreyfihamlaða að komast upp háar útitröppur og stiga og innan dyra er mikið um mishæðir.

Ekki er hægt að koma nema tveimur hjólastólum fyrir í húsinu en í gildandi byggingarsamþykkt er kveðið á um að 1% sætarýmis skuli vera ætlað hjólastólum. Skv. því ætti að vera rými fyrir sjö hjólastóla í húsinu en sæti eru þar 661. Einnig er salernisaðstaða enn ófullnægjandi þó að bætt hafi verið úr brýnasta vandanum með því að setja snyrtingu í forstofu framan við sal. Þó nær sú snyrtiaðstaða því miður ekki þeirri stærð sem reglugerðir gera ráð fyrir.

Hinn 22. maí 1980 samþykkti Alþingi þáltill. um málefni hreyfihamlaðra þar sem skorað var á ríkisstj. að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og gera kostnaðaráætlun um þau verk sem brýnust þóttu.

Þessi úttekt var gerð og skilaði starfshópur um ferlimál fatlaðra úttekt sinni 2. apríl 1981. Í framhaldi af þessum niðurstöðum lagði starfshópurinn til í bréfi dagsettu 26. júní 1981 við þáv. félmrh. að hann hæfi viðræður við menntmrh. og forsrh. — sem yfirmann húsameistara — um breytingar á Þjóðleikhúsinu. Félmrh. varð við þessari tillögu og í september 1981 lögðu húsameistari og formaður starfshópsins fram athuganir og áætlanir til endurbóta á húsinu. Þar var gert ráð fyrir:

1. að sett yrði upp lyfta með fimm viðkomustöðum á austurhlið hússins,
2. að nýtt stórt anddyri með miðasölu hússins yrði byggt við austurhlið,
3. að sæti í 10. og 11. röð í sal yrðu losuð svo að hægt væri að skapa þar rými fyrir sjö hjólastóla,
4. að sérhannaðri snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða yrði komið fyrir í kjallara í tengslum við núverandi salerni og fatageymslu,
5. að möguleikar yrðu á því fyrir fatlaða að komast að litla sviðinu og í veitingasal.

Lausleg kostnaðaráætlun um breytingar var gerð og hljóðaði sú áætlun upp á 2 millj. 600 þús. kr. Þar er gert ráð fyrir að anddyri það hið mikla, sem áætlað var, kostaði 800 þús. krónur eða tæplega þriðjung alls kostnaðarins. Farið var fram á a. m. k. 800 þús. kr. til að hefja undirbúningsframkvæmdir á árinu 1982.

Þáverandi félmrh. og fjmrh. ákváðu að þeirri 1 millj. kr., sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1982 vegna breytinga á húsnæði vegna fatlaðra, yrði varið til ofangreindra breytinga á Þjóðleikhúsinu. Það verður að segjast eins og er að ekkert varð úr framkvæmdum og féð var því ekki nýtt.

Á fjárlögum 1983 var fjárveiting að upphæð 1.4 millj. ætluð til verksins en enn varð ekkert úr framkvæmdum, þó svo að samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra reyndi að ýta á eftir málinu með bréfi dags. 30. júní 1983 til menntmrh. Á fjárlögum 1984 mun hafa verið veitt sama fjárhæð og árið áður til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra en ekki bar á því að það fé væri nýtt til breytinga á Þjóðleikhúsinu. Hins vegar var 200 þús. kr. af þessu fé varið til framkvæmda annars staðar.

Á fjárlögum þessa árs virðist ekki vera nein fjárveiting til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra. Við leggjum því til að eftirstöðvum af þeim 3.8 millj. kr., sem samtals var gert ráð fyrir á fjárlögum á árinu 1982, 1983 og 1984 til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra verði nú varið til þess að setja upp lyftu, lagfæra stétt og skapa aðstöðu fyrir hjólastóla á miðsvölum.

Flm. þessarar þáltill. gerðu í febrúarmánuði s. l. frumkostnaðaráætlun um endurbætur í þessu sambandi. Þessi áætlun er byggð á upplýsingum frá embætti húsameistara ríkisins og vélsmiðjunni Héðni og sýnir eftirfarandi:

Stétt	600 000 kr.
Lítið anddyri (án miðasölu)	300 000 kr.
Lyfta með fjórum viðkomustöðum	1 300 000 kr.
Lyftustokkur úr stáli og gleri	400 000 kr.
Múrbrot og gryfjugerð	350 000 kr.
Samtals	2 950 000 kr.

Hönnunar- og eftirlitskostnaður er ekki innifalinn í þessari áætlun, en gera má ráð fyrir að hann verði allt að 10% af kostnaði. Sáralítið kostar að losa um sæti til að fá rými fyrir átta hjólastóla og haft var samráð við umsjónarmann eldvarna um stað fyrir hjólastóla á miðsvölum.

Flm. telja að þessar 3.6 millj. kr., sem ekki hafa enn verið nýttar en gert var ráð fyrir á fjárlögum, séu yfrið nóg fé til að koma þessu máli heilu í höfn þannig að hreyfihamlaðir geti sótt Þjóðleikhúsið rétt eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins."

Lögin sem tóku gildi 1979 leystu af hólmi lög um byggingarsamþykkt frá 1905. Hvorki í hinum gömlu

lögum frá 1905 né í nýrri reglugerðum, svo sem reglugerðum frá árunum 1964 og 1967, er minnst á hagsmuni hreyfihamlaðra. Það er því ekki að undra að sá mæti húsameistari, sem teiknaði Þjóðleikhúsið fyrir u. þ. b. hálfri öld, hafi ekki gefið gaum að því hvort hreyfihamlaðir ættu auðsótt í húsið, hvað þá að gert væri ráð fyrir hreyfihömluðu starfsfólki. Slíkur var tíðarandinn þá, enda mun hreyfihömluðum hafa fjölgað til muna á þessum 50 árum, einkum ungu hreyfihömluðu fólki. Um 400 manns munu nú vera í hjólastólum á Íslandi. Bætist einn í þann hóp á þriggja mánaða fresti vegna bílslysa og eru ungmenni 18 til 19 ára þar í miklum meiri hluta.

Þjóðleikhúsið ber öll merki síns sköpunartíma, glæst borg álfa og ævintýra, en fyrir hreyfihamlaða, unga sem aldraða, er þar afar erfitt aðkomu og umferðar. Allir sem þar hafa komið vita um stiga, tröppur og mishæðir sem eru þar hluti af glæsilegri heild en valda fötluðum, bæði hreyfihömluðum, hjartasjúkum og lungnaveikum, erfiðleikum. Það er því að vonum að upp hafa komið umræður um úrbætur fyrir hreyfihamlaða og eins og í grg. segir gerði húsameistari ríkisins áætlun um framkvæmdir og kostnað árið 1981 og endurskoðaði þá fjárhagsáætlun í maí 1982. Var hún þá orðin 3.4 millj., bygging anddyris og aðkomu 1 millj. kr., lyfta, lyftustokkur og lagfæringar þar í kring 1.8 millj., endurbætur á salerni í kjallara 600 þús. kr., en ekkert varð úr framkvæmdum.

Þegar sú er hér talar hefur fært þetta framkvæmdaleysi í tal við ráðamenn hefur viðbáran verið sú að fjárveitingarnar hafi ár hvert verið svo litlar að ekki hafi þótt fært að hefja framkvæmdir. Þó að mér finnist svarið ófullnægjandi, því að vel hefði mátt vinna verkið í áföngum eins og húsameistari gerði raunar ráð fyrir, þá hefur þessi dráttur e. t. v. orðið til góðs því að ekki hefur verið ráðist í byggingu hins nýja anddyrisferlíkis sem hefði sennilega skemmt útlit hússins og kemur ferlimálum fatlaðra harla lítið við. Virðist mér að hér hafi hagsmunir fatlaðra liðið fyrir draumsjónir um stórt, dýrt anddyri. Húsameistari hefur tjáð mér að nauðsyn muni bera til að endurnýja salerni Þjóðleikhússins innan tíðar og að þá muni verða séð fyrir þörfum hreyfihamlaðra í því efni svo að óþarft er að gera sérstaklega ráð fyrir því í þessum framkvæmdum.

Við vinnslu þessarar grg. voru upplýsingar m. a. fengnar hjá starfsmanni félmrn. sem unnið hefur að þessum málum og formanni ferlinefndar Öryrkjabandalagsins. Eftir prentun till. og meðfylgjandi grg. kom hins vegar í ljós að samkv. ríkisreikningi hafa 551 þús. kr. verið teknar út árið 1982 og 91 þús. kr. 1983, eða samtals 642 þús. kr., en enginn hafði svar við því í hvaða tilgangi eða hvað hefði verið gert við peningana. Ég legg til að hv. nefnd sem mun fá þáltill. til umfjöllunar kanni málið. En þó svo að við drögum frá þessa upphæð, 642 þús. kr., kemur út svipuð upphæð og frumkostnaðaráætlun húsameistara ríkisins og vélsmiðjunnar Héðins gerir ráð fyrir.

Mig langar til að benda á til glöggvunar fyrir hv. þm. á bls. 6, þar sem teikning er að neðri svölum eða miðsvölum og tvær efstu sætaraðir eru ætlaðar hjólastólum, að þær yrðu e. t. v. útbúnar þannig að sæti við vegg yrðu fellisæti til notkunar þegar hjólastólafólk nýtir ekki staðinn og til hægri fyrir miðju hefur húsameistari ríkisins gert teikningu að lyftu. Á hinu litla anddyri yrði sjálfvirk hurð og þar fyrir innan bjalla til að kalla á lyftu og starfsmann sem afhendir aðgöngumiða og kemur um leið í veg fyrir misnotkun á lyftu.

Ég vil leyfa mér að taka fram að áhugamanneskja um ferlimál fatlaðra, Guðrún Halldórsdóttir, skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur, hefur einnig unnið undirbúningsvinnu að þessari till. með mér.

Ég ber þá von í brjósti að þm. hvar í flokki sem þeir standa ljái þessu nauðsynjamáli stuðning og að ríkisstj. greiði fyrir málinu og sjái til þess að verkið verði unnið svo að á 35 ára afmæli Þjóðleikhússins geti hreyfihamlaðir loks átt greiðan aðgang að höfuðleikhúsi þjóðarinnar.

Að lokinni umr. um þetta mál legg ég til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. frestað.

Þróunarstofur landshlutanna, þáltill. 349. mál (þskj. 557). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um þróunarstofur landshlutanna. Þetta er 349. mál og er á þskj. 557. Flm. auk mín eru hv. þm. Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson og Kolbrún Jónsdóttir.

Þetta mál var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en kom þá ekki til lokaafgreiðslu. Ég mun því ekki hafa um þetta langt mál heldur vísa til framsöguræðu sem flutt var um málið í fyrra. Þáltill. fjallar um það í stuttu máli að efla frumkvæði heimamanna í atvinnumálum og efla sjálfsforræði þeirra um áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegun sem þeim er nauðsynleg í þessum efnum. Það er mikilvægt að heimamenn geti haft forgöngu um mótun byggðastefnu og þau mál sem hana varða. Þess vegna er þessi þáltill. flutt.

Það sem er mikilvægt í þessu efni er að gera sér grein fyrir að þetta á kannske enn þá meira erindi við okkur nú í ár en áður. Nú eru mjög uppi hugmyndir og umræður um aukið sjálfsforræði héraða eða landshluta og því vænti ég þess að þessi till. geti verið mikilvægt innlegg í það mál. Að auki vil ég minna á aðrar hugmyndir okkar, sem þessu tengjast, um almennar kosningar héraðsstjórnvalda sem mundu auðvelda lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku heimamanna í þessum efnum.

Að þessari umr. lokinni mælist ég til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum, þáltill. 234. mál (þskj. 310). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum. Þetta er 234. mál og er á þskj. 310. Flm. auk mín eru hv. þm. Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir og Kristófer Már Kristinsson. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela Brunamálastofnun ríkisins að rannsaka brunavarnir í fyrirtækjum í fiskvinnslu og gera tillögur til úrbóta sé þeirra þörf. Þessari athugun skulu

fylgja upplýsingar um fjölda starfsmanna einstakra fyrirtækja og annað sem sýnir mikilvægi þeirra í atvinnulífi viðkomandi byggða. Niðurstöðum athugana skal skila í skýrslu innan eins árs til félmrh. Kostnaður greiðist með aukafjárveitingu úr ríkissjóði."

Það eru öllum kunn þau tilefni sem menn hafa haft á undanförnum árum til að velta fyrir sér brunavörnum í atvinnufyrirtækjum um landið allt. Í grg. með þessari till. er farið nokkrun orðum um stóra bruna sem hafa orðið í fiskvinnslufyrirtækjum síðan árið 1981. Menn þekkja þessa sögu. Gífurlegt tjón hefur orðið á eignum og svo hefur auðvitað orðið tjón líka vegna röskunar á atvinnulífi. Þessi fiskvinnslufyrirtæki eru flest burðarásar atvinnulífs hvert í sínu héraði. Þarf því ekki að hafa langt mál um það hvílíkur hnekkir það er atvinnu og lífi fólks á þessum stöðum þegar þessir stóru brunar verða.

Ég ætla ekki að gera það mál út af fyrir sig að umræðuefni, um það er hægt að lesa í grg. En þetta mál hefur reyndar orðið umræðuefni víðar. Stuttu eftir að þessi till. til þál. var flutt barst þingflokki BJ bréf frá Landssambandi slökkviliðsmanna þar sem komu að mínu mati fram afar athyglisverðar upplýsingar. Landssamband slökkviliðsmanna telur að hér sé í raun og veru ekki gengið beint að vandamálunum sem við sé að etja. Landssambandið segir að allar upplýsingar um ástand í þessum fyrirtækjum séu fyrir hendi og þær hafi verið réttum yfirvöldum lengi ljósar. Hins vegar sé ekki orðið við kröfum yfirvalda og eigendum fyrirtækja virðist ganga býsna vel að koma sér undan því að gera þær umbætur sem þeim ber skylda til að gera. Svo að ég vitni í þetta bréf Landssambands slökkviliðsmanna, dagsett 21. janúar s. l., þá stendur þar m. a., með leyfi forseta:

„Rétt er að geta þess áður en lengra er haldið að Brunamálastofnun ríkisins hefur í öll þessi ár haft einn til tvo eftirlitsmenn sem hafa ferðast um landið og tekið út allar helstu brunaáhættur landsins, þar með talin öll frystihús, hótel o. fl. Hafa þeir jafnvel ár eftir ár heimsótt sama staðinn og óskað eftir sömu lagfæringunum án árangurs. Og enn í dag hefur ekki eitt einasta fyrirtæki eða stofnun verið kærð eða lokað vegna ágalla í brunavarnamálum og þó gera allir sér ljóst að nóg er af brotunum og jafnvel nefnið þið eitt dæmi sjálfir frá brunanum á Raufarhöfn þann 20. des. 1984."

Síðan segir: „Greinilegt er að ekki er tekið nema lítils háttar mark á tilskipunum eldvarnaeftirlitsmanna og Brunamálastofnunar ríkisins vegna þess að eigendur fyrirtækja og stofnana geta verið nokkuð öruggir með að hótanir um umbætur á kostnað eigenda og/eða lokun eru bara orðin tóm. Af framkvæmd verður ekki."

Þetta eru býsna alvarlegar ásakanir frá þeim starfsmönnum sem gerst ættu að þekkja þessi mál. Þeir segja raunar að lögum sé ekki fylgt og að menn eigi þess kost á einhvern hátt að skjóta sér undan því að gera þær umbætur sem þeim ber skylda til.

Síðar í bréfi slökkviliðsmannanna segir, með leyfi forseta: „Þykir stjórn Landssambands slökkviliðsmanna því ljóst að annað tveggja þurfi að gera, ýta við Brunamálastofnun ríkisins þannig að hún starfi eftir þeim lögum sem henni eru sett eða, ef hún er ekki nægilega sterk, þá þarf að breyta þeim þannig að þau virki eins og til er ætlast."

Hérna kemur það álit slökkviliðsmannanna að það sé ekki vegna upplýsingaskorts sem þessi mál eru eins og raun ber vitni heldur sé það vegna linkindar við framkvæmd laganna, að ekki sé farið að lögum, ekki sé gengið eftir því að menn geri þær umbætur sem þeim ber skylda til og að stjórnvöld í héraði, þ. á m. héraðsdómarar, gangi ekki eftir því að rekstur sé stöðvaður í byggingum eða byggingum lokað ef hætta stafi af.

Að auki vill þannig til að í Morgunblaðinu í dag birtist grein þar sem haft er viðtal við Inga R. Helgason sem er forstjóri Brunabótafélags Íslands og sömuleiðis, trúi ég, formaður stjórnar Brunamálastofnunar. Ég vil, með leyfi forseta, vitna aðeins í þessa grein vegna þess að þar koma líka fram alvarlegar upplýsingar og alvarlegar ásakanir að mínu mati. Með leyfi forseta, byrjar þessi grein á þennan hátt:

„Tjón af völdum eldsvoða í atvinnuhúsnæði eru óeðlilega mikil hér á landi miðað við þá fækkun sem orðið hefur á brunatjónum í íbúðarhúsnæði á sama tíma að mati Inga R. Helgasonar forstjóra Brunabótafélags Íslands og formanns stjórnar Brunamálastofnunar. Og það sem verra er, rannsóknir sérfróðra skoðunarmanna á vettvangi ýmissa helstu eldsvoða hérlendis síðustu þrjú árin benda iðulega ýmist til stórfelldrar vanrækslu og gáleysis eða hreinlega íkveikju." Þetta segir einn helsti brunamálaforstjóri landsins. Síðar segir í framhaldinu, með leyfi forseta: „Í samtali við Morgunblaðið segir Ingi R. Helgason enn fremur að skoðunarmennirnir kvarti iðulega yfir því að búið sé að hreinsa til í brunarústunum þegar þeir komi á staðinn og eyðileggja mikilvæg rannsóknargögn." Síðan segir: „Skoðunarmennirnir hafa sýnt fram á að í nokkrum tilfellum hinna meiri háttar eldsvoða á þessum tíma hafi verið um íkveikju að ræða," segir Ingi „en aldrei hafi sá fundist óyggjandi sem valdur var að íkveikjunni."

Síðan koma fram í þessari grein nokkrar dæmisögur þar sem vettvangsrannsókn hefur sýnt að það hefur verið notuð olía eða önnur íkveikjuefni eða kæruleysið alveg stórkostlega vítavert í sambandi við meðferð elds. Ég ætla ekki að rekja þessi dæmi, þau eru sum þeirra sömu dæmin og eru hérna í þáltill. okkar bandalagsmanna. En síðar í viðtalinu segir, þar sem því er lýst hvernig brunamenn, kunnáttumenn um þessi mál, vinni þegar þeir eru að rannsaka brunaleifar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar verð ég að segja að mér þykir lögreglurannsóknir vegna þessara mála, bæði yfirheyrslur og aðrir þættir rannsóknarinnar, sjaldnast vera í takt við þessar upplýsingar og niðurstöður." Er þá vísað til þeirra upplýsinga og niðurstaðna sem brunatæknimennirnir hafi komist að í sinni könnun.

Þetta eru að mínu mati mjög alvarlegar upplýsingar sem koma fram bæði í viðtali við Inga R. Helgason og í bréfi Landssambands slökkviliðsmanna sem ég hygg að allir þm. hafi raunar fengið — það stendur í þessu bréfi að afrit sé sent öllum þm. Alþingis.

Ef við tökum þetta saman í stuttu máli segir Landssamband slökkviliðsmanna í fyrsta lagi að eftirlitsmenn þurfi að heimsækja sömu staðina ár eftir ár án þess að nokkrar úrbætur séu gerðar. Í öðru lagi að forráðamenn geti verið nokkuð öruggir um að hótanir um lokun eða umbætur á þeirra kostnað skv. lögum séu raunar orðin tóm. Í þriðja lagi segja slökkviliðsmenn að ýta þurfi við Brunamálastofnun þannig að hún starfi eftir lögum.

Í öðru lagi kemur hérna greinilega fram í máli Inga R. Helgasonar að hann hefur verulegar athugasemdir um

þessi mál. Hann segir það í fyrsta lagi að það séu óeðlilega mikið um eldsvoða í atvinnufyrirtækjum. Í öðru lagi segir hann að ýmsir helstu eldsvoðar undanfarinna ára séu vegna stórkostlegrar vanrækslu eða jafnvel beinnar íkveikju. Í þriðja lagi telur hann að eyðilögð séu mikilvæg rannsóknargögn á vettvangi. Og í fjórða lagi telur Ingi R. Helgason að lögregluranns óknir séu sjaldnast í takt við niðurstöður eldvarnasérfræðinga sem hafi rannsakað vettvang.

Ég vil beina því til hæstv. félmrh., sem ég harma að skuli ekki vera hér, en hann á að hafa forsvar í þessum málaflokki og er fyrrv. slökkviliðsstjóri í Ólafsvík, að taka nú rækilega á þessum málum og kanna þessar fullyrðingar. Ég tel að hér séu komnar fram svo alvarlegar upplýsingar að ekki sé hægt að sitja undir þeim án þess að gera athugasemdir við. Varðandi till. okkar BJ-manna vil ég segja að hún er samin í nánu samráði við Brunamálastofnun ríkisins og því kemur mér það á óvart að slökkviliðsmennirnir, sem ættu að vita nokkuð gjörla hvernig þessi mál standa, segja að með till. sé skotið fram hjá höfuðvandanum, sem sé ekki upplýsingaskortur heldur linkind kerfisins, þar sem ekki sé gengið eftir því að lögum sé framfylgt.

Ég vona að á þessi mál verði litið í hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og sannleikurinn verði dreginn fram í dagsljósið. Og ef svo fer að vandinn er annar en upplýsingaskortur, þá trúi ég og vona að viðkomandi ráðh. og rn. geri að því gangskör að bæta úr.

Að þessari umr. lokinni legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppboðsbeiðnir Fiskveiðasjóðs.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um uppboðsbeiðnir Fiskveiðasjóðs, á þskj. 574, afhent þm. 20. mars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða beiðnir hefur Fiskveiðasjóður lagt fram um nauðungaruppboð á fiskiskipum vegna vanskila við sjóðinn?
2. Hvaða fiskiskip eru í slíkum vanskilum við sjóðinn að óskað mun verða nauðungaruppboðs?

Svar:

Með bréfi, dags. 14. þ. m., senduð þér, hr. forseti, ráðuneytinu fyrirspurn hr. Skúla Alexanderssonar alþingismanns til sjávarútvegsráðherra um uppboðsbeiðnir Fiskveiðasjóðs, 361. mál, þskj. 574.

Með bréfi, dags. 15. þ. m., leitaði ráðuneytið atbeina Fiskveiðasjóðs Íslands um svar við fyrirspurninni. Í bréfi Fiskveiðasjóðs, dags. 19. mars, segir svo:

„Sem svar við fyrirspurninni viljum vér taka fram:

1. Fiskveiðasjóður Íslands hefur beðið um nauðungaruppboð á eftirtöldum fiskiskipum:

Togarar:
S-1556 SÖLVI BJARNASON BA-65 404 rúml., stál 1980.
S-1576 KOLBEINSEY ÞH-10 430 rúml., stál 1981.
S-1585 SIGURFARI II. SH-105 431 rúml., stál 1981.

Vélskip yfir 100 rúmlestir:
S-76 HELGI S. KE-7 236 rúml., stál 1959.
S-1209 FREYJA GK-364 120 rúml., stál 1972.

Vélskip undir 100 rúmlestum:
S-552 JÓN ÁSGEIR ÍS-95 5 rúml., fura og eik 1954.
S-913 VÍÐIR KE-102 11 rúml., fura og eik 1961.
S-1225 ARON RE-105 12 rúml., stál 1960.
S-1423 ÞORSTEINN HF-107 22 rúml., fura og eik 1975.
S-1470 MÁR NS-87 37 rúml., eik 1976.
S-1537 EVA LIND ÍS-182 9 rúml., fura og eik 1978.
S-1570 SÆUNN ÓF-7 9 rúml., trefjaplast 1980.

Sjóðurinn er ekki aðili að fleiri uppboðsmálum vegna fiskiskipa sem stendur.

Reynslan verður að leiða í ljós hvort úr nauðungarsölu verður, svo og hvort vér eða aðrir verða hæstbjóðendur.

2. Sjóðurinn hefur að svo stöddu ekki í hyggju að biðja um nauðungaruppboð á öðrum fiskiskipum. Samkvæmt eðli máls verður þó alltaf að gera ráð fyrir að til slíks geti komið með stuttum fyrirvara."

Efnisskrá.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna (347. mál) 3719.
Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (341. mál) 3719.
Alþjóðleg tækni í rekstri (362. mál) 3648.
Atvinnuleysistryggingar (309. mál) 3617, 3698.
Auglýsingar banka og sparisjóða (312. mál) 3694.
Áfengislög (111. mál) 3625, 3715.
Brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum (234. mál) 3778.
Bætt aðstaða hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu (350. mál) 3775.
Dómsvald í héraði (227. mál) 3625, 3715.
Drengskaparheit unnið 3634.
Efling atvinnulífs á Norðurlandi vestra (174. mál) 3650, 3731.
Eftirlit með matvælum (283. mál) 3624, 3715.
Fjáraukalög 1980 (367. mál) 3732.
Greiðslukvittanir lánastofnana (345. mál) 3638.
Háskóli Íslands (235. mál) 3719.
Húsnæði fyrir hreyfihamlaða (352. mál) 3640.
Húsnæðisstofnun ríkisins (334. mál) 3628.
Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar (364. mál) 3711.
Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum (203. mál) 3653, 3731.
Könnun á hagkvæmni útboða (366. mál) 3731.
Lagmetisiðnaður (363. mál) 3620.
Lausafjárkaup (329. mál) 3632, 3715.
Lífeyrisréttindi húsmæðra (351. mál) 3630, 3715.
Lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða (359. mál) 3648.
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk (305. mál) 3648.
Nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi (206. mál) 3733.
Ríkisábyrgð á launum (50. mál) 3625.
Ríkismat sjávarafurða (21. mál) 3732.
Samfelldur skólatími (325. mál) 3637.
Sóknargjöld (98. mál) 3613, 3698.
Sveitarstjórnarlög (320. mál) 3624.
Tannsmíðanám (278. mál) 3635.
Umræður utan dagskrár 3676 (uppsagnir framhaldsskólakennara).
Uppboðsbeiðnir Fiskveiðasjóðs (361. mál) 3781.
Útflutningsbætur og niðurgreiðslur (316. mál) 3695.
Útvarpslög (5. mál) 3716.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 3624, 3633, 3731.
Verslun ríkisins með áfengi (285. mál) 3628.
Vélstjórnarnám (226. mál) 3626.
Vinnumiðlun (49. mál) 3627.
Þátttaka ríkisfyrirtækja í uppbyggingu atvinnulífs (354. mál) 3647.
Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi (358. mál) 3648.
Þróunarstofur landshlutanna (349. mál) 3778.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3633, 3634, 3670, 3675, 3731.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3616, 3617.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 3624, 3716.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3679.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3641, 3646.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 3616, 3689, 3694, 3698, 3706, 3707, 3710, 3732.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 3620, 3623, 3711.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3626, 3635, 3636, 3637, 3682, 3730.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 3661, 3672, 3744.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 3638, 3639.
Árni Johnsen 3635, 3648.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3719, 3724, 3732.
Björn Dagbjartsson 3618, 3623, 3758.
Davíð Aðalsteinsson 3617.
Eiður Guðnason 3621, 3634, 3672, 3675, 3707, 3709, 3752, 3770, 3774.
Ellert B. Schram 3658.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3713.
Friðrik Sophusson 3627, 3645.
Guðmundur Einarsson 3778.
Guðrún Helgadóttir 3637, 3645, 3646, 3671, 3729.
Gunnar G. Schram 3625, 3725.
Halldór Blöndal 3626, 3629, 3716.
Haraldur Ólafsson 3613, 3705, 3707.
Helgi Seljan 3643, 3703, 3712.
Hjörleifur Guttormsson 3665, 3676, 3681, 3717.
Jóhanna Sigurðardóttir 3636, 3716.
Jón Baldvin Hannibalsson 3632.
Karl Steinar Guðnason 3619, 3644, 3759.
Karvel Pálmason 3722, 3728, 3730.
Kjartan Jóhannsson 3628, 3638, 3639.
Kolbrún Jónsdóttir 3756.
Kristín S. Kvaran 3733.
Magnús Reynir Guðmundsson 3761.
Ólafur Ragnar Grímsson 3656, 3666, 3674, 3685, 3691, 3772.
Páll Pétursson 3630, 3653, 3673, 3756.
Pálmi Jónsson 3650.
Ragnar Arnalds 3614, 3708.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3616, 3750, 3760, 3774.
Sigríður Þorvaldsdóttir 3640, 3647, 3775.
Stefán Benediktsson 3622.
Stefán Guðmundsson 3719.
Steingrímur J. Sigfússon 3688, 3723, 3729, 3733, 3763.
Valdimar Indriðason 3714.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3700, 3710.

Sameinað þing, 63. fundur.

Mánudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„25. mars 1985.

Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Páll Dagbjartsson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Páls Dagbjartssonar. Með því að Páll Dagbjartsson hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður þarf að taka kjörbréfið til meðferðar. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til meðferðar. Á meðan verður fundi frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Páls Dagbjartssonar, Varmahlíð, Skagafirði, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v. Hann er varamaður Pálma Jónssonar, 1. þm. Norðurl. v., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum.

Nefndin hefur athugað kjörbréfið, finnur ekkert athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 47 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að Páll Dagbjartsson hefur ekki áður átt sæti á Alþingi mun hann nú undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drengskaparheit unnið.

Páll Dagbjartsson, 1. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Páll Dagbjartsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 25. mars, að loknum fundi í Sþ.

Ríkisreikningur 1980, frv. 368. mál (þskj. 588). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1980 eins og það liggur frammi á þskj. 588. Ríkisreikningur fyrir árið 1980 er lagður fyrir Alþingi og eins og þar kemur fram hafa útgjöld numið 378 985 371 gömlum kr. á því ári en tekjur námu 392 882 501 gömlum kr. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um efni ríkisreikningsins sem nánar verður tekinn til meðferðar í nefnd.

Ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 603 (sbr. 102), 570). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Náttúruvernd, frv. 331. mál (þskj. 529). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Frv. þetta um náttúruvernd, sem lagt er fram hér á Alþingi, er samið að tilhlutan Náttúruverndarþings. Á 2. Náttúruverndarþingi árið 1975 var Náttúruverndarráði falið að stuðla að því að endurskoðuð yrði gildandi löggjöf um náttúruvernd með hliðsjón af ýmsum breytingum sem taldar væru æskilegar. Það kom einkum í hlut Páls Líndals lögfræðings, sem átt hefur sæti í Náttúruverndarráði um langt árabil, að vinna að undirbúningi þessa frv. M. a. var fjallað um málið á Náttúruverndarþingum árin 1978 og 1981, einkum þó á fyrra þinginu. Í menntmrn. voru síðan gerðar lítils háttar breytingar og lagfæringar á frv. í samráði við formann Náttúruverndarráðs eftir ábendingum ráðsins og fleiri aðila, m. a. stjórnar Landverndar.

Meginbreytingar í þessu frv. frá núgildandi lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, eru byggðar á þeirri reynslu sem fengist hefur á annan áratug. Lögin hafa að mörgu leyti reynst vel þó að nokkur atriði hafi komið fram við framkvæmd þeirra sem betur mættu fara og þyrftu að vera ótvíræðari í meðferð mála. M. a. er gert ráð fyrir því að náttúruverndarnefndir verði efldar til móts við þau sjónarmið er fram hafa komið um að efla þær og auka tengsl þeirra við Náttúruverndarráð, en jafnframt dreifa valdi þess nokkuð við meðferð stað- og héraðsbundinna mála.

Önnur ný atriði varða m. a.:

1. Skýrari reglur en nú gilda um almannarétt.
2. Aukinn stuðning við útilíf og viðunandi umgengni í náttúrunni.
3. Aukið tillit til sjónarmiða náttúruverndar við

skipulagsgerð og samræmdari og skýrari reglur um friðlýsingu og um réttindi manna og skyldur í sambandi við meðferð friðlýstra svæða.

4. Fyllri ákvæði um náttúruminjaskrá.

Ísland hefur á síðari árum tekið aukinn þátt í erlendu samstarfi um náttúruverndarmálefni. Frv. þetta tekur þó vitaskuld mið af íslenskum aðstæðum enda þótt mál þessi séu í mörgum tilvikum alþjóðleg. Vandamál á sviði náttúruverndar gerast sífellt áleitnari um allan heim með aukinni efnahagslegri velmegun, vaxandi þéttbýli og iðnvæðingu. Þau eru talsvert breytileg frá einu landi til annars. Atvinnuhagsmunir mannsins rekast tíðum á ýmsa þætti í umhverfi hans en þó ber almenningi ávallt að sýna fyllstu tillitssemi og gætni í umgengni sinni við náttúru landsins svo að henni sé ekki spillt að þarflausu.

Ég vil geta þess að á fundi sem haldinn var s. l. vor gerði ráðherranefnd Evrópuráðsins, þ. e. ráðherrar þeir sem fóru með náttúruverndarmál í Evrópulöndunum, ályktun um stefnu í þessum málum, sem má segja að falli betur að atvinnuhagsmunum landanna, þ. e. að gætt sé í senn séreinkenna landanna í atvinnulífi og gætni í umgengni við náttúru þeirra. Þetta var ekki síst með það í huga að þau lönd sem mest komu við sögu á þessum fundi voru t. d. Grikkland, þar sem fundurinn var haldinn, og fleiri lönd við Miðjarðarhafið. Fulltrúar þeirra og ráðherrar báru það sérstaklega fyrir brjósti að löndin höfðu í æ ríkari mæli hagsmuni sína af ferðamannaþjónustu og þess vegna var aukin áhersla lögð á það að ferðamannaþjónustan yrði ekki til þess að breyta öllum ströndum þessara landa í baðstrendur, þar sem þá yrði ekki séð fyrir nauðsynlegum höfnum til þess að koma ýmsum þungavarningi til landanna og til að veita fiskiskipum aðstöðu. Þetta var eiginlega aðalvandi þessara ríkja. Í þeim tilfellum var það ferðamannaþjónusta. Hjá okkur er það frekar það sem varðar sjávarfang, fiskveiðar og hvalveiðar jafnvel, svo að nokkuð sé nefnt.

En hin sameiginlega niðurstaða varð þessi, sem mér virtist vera ný stefna, að náttúruvernd og atvinnuhagsmunir yrðu að haldast í hendur. Þetta ættu ekki að vera stríðandi þættir í þjóðlífi einstakra landa heldur yrði að ganga svo frá málum að hvert og eitt land gæti tekið tillit til séreinkenna síns atvinnulífs og náttúruverndin hlyti að taka að nokkru mið af því.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja örlítið að einstökum greinum þó að við séum hér að ræða málið við 1. umr. Ástæðan er sú að hér er um nokkurn frv.- bálk að ræða sem menn kannske gera sér ekki í fljótu bragði grein fyrir hvaða breytingar felist í.

Ég vil geta þess að 2. gr. er ný grein.

4. gr., sem fjallar um náttúruverndarnefndir, er miklu ítarlegri en áður og í henni nýmæli bæði um störf náttúruverndarnefnda og að Náttúruverndarráð geti kosið fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja í náttúruverndarnefnd.

6. gr., um störf Náttúruverndarráðs, er einnig nokkru ítarlegri en áður og með nýmæli. Það er ákvæðið um að ráðið geti tilnefnt sérstakan umboðsmann á sviði náttúruverndarmála innan tiltekins svæðis.

9. gr., sem svarar til 11. gr. í núgildandi lögum, rýmkar nokkuð rétt almennings til ferðar um landið, eða umgengnisrétt, og var unnin í samráði við fulltrúa bændasamtakanna.

13. gr. er ákvæði um sinubrennur og er það nýtt í náttúruverndarlögum.

18. gr., um nám jarðefna, er greinilegri en tilsvarandi grein núgildandi laga og felur Náttúruverndarráði ákveðnara hlutverk.

19. gr., um óþarfa akstur utan vega og merktra ökuleiða, er nokkuð breytt, styttri, einfaldari og auðveldari í framkvæmd en tilsvarandi grein núgildandi laga.

20. gr., um fyrirhugaða mannvirkjagerð, er fyllri og nákvæmari en tilsvarandi grein núgildandi laga sem er 29. gr. þeirra. Í stað þess að nú er talað um stór mannvirki er í frv. talað um mannvirki sem ætla megi að hafi veruleg umhverfisáhrif.

Um 21. gr. er það að segja að ákvæði í 2. málsgr. hennar um ábyrgð landeiganda er nýmæli.

Nýmæli er líka í 22. gr. um að sjónarmiða náttúruverndarlaga skuli gætt við skipulag.

23. gr., um sumarbústaði, er nokkuð breytt, einkum varðandi svæði sem enn eru óskipulögð, og færir Náttúruverndarráði aftur að nokkru það hlutverk sem það hafði skv. 21. gr. núverandi laga en breyttist við það að allt landið varð skipulagsskylt árið 1979.

24. gr. er að mestu nýmæli, í senn inngangur og yfirlit kaflans um friðlýsingu.

Í 2. málsgr. 25. gr. frv. er nýmæli, þ. e. að stofna megi þjóðgarð á landi sem ekki er ríkiseign.

28. gr., um fólkvanga, er styttri og greinilegri en tilsvarandi grein núgildandi laga. 4. málsgr. þessarar greinar er nýmæli.

29. gr., um náttúruminjaskrá, er fyllri en núgildandi grein og tekið fram að friðuð svæði skuli einnig færa á skrána.

Í 30. gr. eru felld í eina grein ákvæði fjögurra greina, þ. e. 30. — 33. núgildandi laga, um framkvæmd friðlýsingar.

Nýmæli er í 31. gr. um svæði á náttúruminjaskrá.

Loks felur 32. gr. í sér það nýmæli að auk dýra og plantna sé heimilt að friðlýsa steintegundir.

Ég tel ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að gera á þessu stigi frekari grein fyrir þessu frv. né gera ítarlegri samanburð á því og eldri lögum, en frekari upplýsingar er að finna í rækilegum athugasemdum með frv. Ég vil leyfa mér að leggja það til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. og þó kannske öllu frekar um mál þessu skylt í tengslum við þetta, þessa þörfu endurskoðun laga um náttúruvernd, sem unnin hefur verið af þeim sem gleggst þekkja hér til og í samráði við þá sem hafa fylgst með framkvæmd núgildandi laga og fundið þá agnúa sem þar hafa helst orðið til trafala.

Ég tek eftir því hins vegar og vildi víkja að því að hér kemur fram að frv. sé samið að tilhlutan Náttúruverndarþings og í samráði við Náttúruverndarráð. Það er vitnað í fyrri Náttúruverndarþing, allt frá 1975 og síðast 1981. En ef ég man rétt þá var síðasta þing haldið fyrir u. þ. b. ári og ég hélt að nær fullbúið frv. hefði verið til umfjöllunar á því þingi. Og mig minnir einhvern veginn, það getur þó verið misminni hjá mér, að athugasemdir ýmsar hafi komið fram við það frv., máske ekki stórvægilegar, en þó um ýmis atriði þar til áherslu og áréttingar. Þetta þykist ég muna þó að ég

hafi samþykktir þingsins ekki hér tiltækar. Ég vildi a. m. k. að það yrði aðgætt í nefnd hversu þær athugasemdir sem Náttúruverndarþingið síðasta, 1984, gerði hefðu komist til skila í núverandi frv. þó ég efist ekkert um að þær hafi gert það í meginatriðum.

Hæstv. ráðh. hefur rakið helstu breytingar og áréttingar þessa frv. svo að mínar hugleiðingar verða hér frekar almenns eðlis og snerta raunar víðtækara málasvið. Ég tek undir það að gildi löggjafar sem skýrastrar og ítarlegastrar um meginatriði náttúruverndar er ótvírætt. Og þakka ber hæstv. ráðh. fyrir framlagningu þessa máls sem hlýtur að eiga greiða leið hér í gegnum þingið þó að nokkuð sé liðið á það.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh. að til árekstra hefði vissulega komið milli ýmissa hagsmunaaðila og þeirra aðila sem ættu að sjá um framkvæmd náttúruverndarlaga. Vitanlega hafa lögin um náttúruvernd og framkvæmd þeirra oft stangast á við hagsmuni og hagsmunaaðila ýmiss konar. Af því tilefni hafa ýmsir gert sér leik að því að gera lögin tortryggileg og telja þau eins konar haftalög á frelsi manna til að umgangast landið, þar með taldar eignir sínar, með eðlilegum hætti. Árekstrar af þessu tagi eru vel þekktir enda tillitsleysi okkar við umhverfi, gróður og náttúru landsins allt of áberandi og hefur verið í tímans rás. Sjálfsþurftin kallaði hér oft áður á ýmiss konar spjöll og eyðingu. En sá tími er löngu liðinn og er það vel.

Langflestir gera sér það ljóst sem betur fer að rask og eyðing verður ekki aftur tekin og hvarvetna þarf að taka tillit til langtímasjónarmiða sem snerta gæði landsins, fegurð þess og verðmæti þessara eiginda þess. Mér sýnist við fljótan yfirlestur að ljóst sé að þessi langtímasjónarmið séu í öndvegi í þessum lögum og enn frekari áréttingar á ýmsu gerðar frá því sem lögin um náttúruvernd fjalla um í dag. Ég kom hins vegar aðallega hér upp til þess að benda á að þegar við fjöllum um frv. af þessu tagi, um þetta afmarkaða mikilvæga svið, þá verður okkur ósjálfrátt hugsað til þeirrar vöntunar sem er á lagastoð og lagasamræmingu í ýmsum öðrum náskyldum greinum.

Ekki skal hér höfð uppi löng tala um þau mál sem einu nafni flokkast undir umhverfismál. Í meðförum Alþingis er tillaga um þetta efni, alla þætti sem þar skipta máli, sem hv. 5. þm. Austurl. hefur flutt ásamt okkur fleirum. Sú till. er til umfjöllunar. Umhverfismálafrv. var flutt í Nd. í fyrra af hv. 2. þm. Reykn. Gunnari G. Schram og fleirum og fsp. til hæstv. félmrh. um þessi mál hefur nýlega verið rædd á þingi og greinilegt af því að enn mun bið á heildarlöggjöf um þessi málefni öll. Nú er það vitað að umhverfismálalöggjöf tekur til margra ólíkra þátta, sem þá mynda eina samofna heild ef vel tekst til um löggjöfina, og þá koma vitanlega lög um náttúruvernd almennt inn í þá heildarlöggjöf.

Ég vil við þetta tækifæri nefna aðeins örfá áhersluatriði úr till. þeirri sem hv. 5. þm. Austurl. er flm. að, en hann mun að öðrum hv. þm. ólöstuðum einna kunnugastur öllum þessum málum. Þar er um að ræða atriði um yfirstjórn, hvernig æðsta stjórn í ráðuneytunum sé yfir þessum málum eða þá í einu ráðuneyti sem fari með öll umhverfismálin. Þar er komið inn á mál sem snertir reyndar náttúruverndina, mengunarlöggjöfina, aðkallandi mál og brýnt að á verði tekið. Gróðurvernd sem að vísu hefur verið tekið á með landgræðsluáætluninni en lagastoð hvergi nærri slík sem þyrfti. Nýting og verndun dýrastofna þar sem vistfræðileg viðhorf þurfa að fléttast inn í hagkvæmnissjónarmiðin á eðlilegan máta. Verndun fossa og fallvatna sem er nauðsynlegt innlegg í okkar orkunýtingu almennt. Ferðamál og umhverfisvernd eru þar veigamikill þáttur og í tengslum við þau umhverfisfræðsla í skólum landsins. Skipulagsmálin koma hvarvetna inn í þessa mynd og svo mætti áfram telja.

Ég ætla sem sagt ekki að lengja umr. um þetta ágæta mál hér og nú. En þegar fyrir framan okkur er ágætt frv. um einn veigamikinn, máske einn veigamesta þátt umhverfismálanna í heild sinni, þá fer ekki hjá því að saknað sé annarra þátta og heildarlaga um málið allt, sem brýn þörf er á að fá sem fyrst. Það er hins vegar ljóst að þetta mál er ekki í verkahring hæstv. menntmrh. og væri nær að beina þessu máli til einhverra annarra. Það ber hins vegar að fagna þessu skrefi sem nú er tekið, án þess að efnislega sé út í þær breytingar farið sem sýnast mjög til bóta og í samræmi við reynslu og framkvæmd fyrri laga, og nauðsynlegar af þeim sökum til auðveldunar allri frekari útfærslu og aðgerðum í anda löggjafarinnar, sem verður þá til þess vonandi að árekstrar verða ekki eins miklir milli „hagsmunaaðila“ ýmissa, hagsmunaaðila sem þykjast vera varðandi landið og eignarréttinn á landinu og þeirra sem vilja framkvæma lögin um náttúruvernd undanbragðalaust.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Frv. sem hér liggur fyrir hefur verið alllengi í smíðum, enda von, því að hér er um mjög flókinn málaflokk að ræða. Það er eflaust rétt að þörf hafi verið á endurskoðun á fyrri lögum. Þó finnst mér þetta frv. sem hér er um fjallað engan veginn fullkomið og mér segir svo hugur um að það eigi eftir að taka allnokkrum breytingum áður en það verður að lögum.

Frv. var lagt fram dagana fyrir stóra norræna þingið og hefur því e. t. v. ekki verið lesið eins grandgæfilega þess vegna. Við fljótlegan lestur og lauslegan samanburð virðist mér þó að Náttúruverndarráði og þingi séu hér enn ætluð meiri afskipti af atvinnuháttum landsmanna en nú er og þótti þó ýmsum nóg um. Eitt er eftirtektarvert. Það er hve lögin hafa lengst mikið. Það er eytt miklu meira máli í að orðlengja einstakar lagagreinar. Allt finnst mér þetta frv. bera þess augljós merki að það sé samið af Náttúruverndarráði fyrir ráðið, en aðrir hafi þar lítið komið nærri enn þá. Ég treysti því hins vegar að sveitarstjórnir, aðilar vinnumarkaðarins, landeigendur og margir fleiri eigi eftir að fá þetta mál til umsagnar og ég er viss um að það er vilji hæstv. ráðh.

Áður en málið fer í nefnd langar mig að koma nokkrum atriðum á framfæri sem auðvitað eru valin af nokkurri fljótaskrift, en gæti orðið til hliðsjónar hæstv. n. við umfjöllun.

Það er þá í sambandi við 5. gr. að mér virðist óljóst hvort allir sem boðaðir eru á Náttúruverndarþing hafi þar atkvæðisrétt eða jafnvel málfrelsi. Það hefur komið fyrir að mönnum hefur verið synjað þar um málfrelsi og það er náttúrlega slæmt til þess að vita að menn séu boðaðir á þing án þess að hafa þar málfrelsi.

Við 6. gr., þar sem hæstv. ráðh. minnti á sérstakan umboðsmann ráðsins, virðist mér nokkuð óljóst um

hlutverk hans og réttindi og skyldur.

Í 7. gr. segir aðeins að Náttúruverndarráð skuli hafa samráð við samtök áhugamanna og stofnanir, sem fjalla um náttúruvernd og útilíf, en ekki að ráðið hafi samband og samráð við aðra hagsmunaaðila, eins og fulltrúa atvinnulífsins, sem mér virðist þó vera sjálfsagt.

Í 11. gr. er ekki tekið sérstaklega fram að sjór og grunnsævi, eins og ósar og sjávarlón, séu með í þessum lögum og svo vantar þar skilgreiningu á því hvað spilling er.

Skv. 32. gr. virðist Náttúruverndarráði heimilt upp á sitt eindæmi að friðlýsa tegundir og þarf einungis staðfestingu menntmrh. Það virðist sem sagt ekki nóg með það að t. d. seli og hvali mætti þá friðlýsa með samþykkt á tillögum Náttúruverndarráðs eftir staðfestingu menntmrh., heldur einnig þorsk og aðrar tegundir. Og ég get ekki séð að það þurfi að hafa samráð við einn eða neinn um þetta mál.

Eins og sagði áður þá eru þessi nýju lög, ef samþykkt verða, mun lengri og ítarlegri en þau eldri en samt sem áður ekki ljósari að sumu leyti. Ég gæti trúað að það yrði flóknara að framfylgja þeim en þeim eldri og þau munu örugglega útheimta meiri löggæslu en þau lög sem nú gilda. Það eru í gildi lög um dýravernd og fuglavernd og það væri ekkert óeðlilegt, að mér virðist, að innlima þau í þessi lög með nauðsynlegum breytingum.

Virðulegi forseti. Þetta var það sem ég vildi segja í bili. Eins og hv. þm. hafa eflaust tekið eftir munu ýmsir hafa ýmislegt við þessi lög að athuga. Mér dettur í hug nýleg blaðagrein sem ég rakst á eftir Ara Trausta Guðmundsson jarðfræðing. Hann fjallaði þar um ferðir áhugamanna á fjórhjóladrifsbílum um hálendið. Ef ég man rétt þá fannst honum óeðlilegt og ónauðsynlegt að vera með öll þess boð og bönn. Hann hélt því fram að fræðsla og kynningarstarfsemi mundi fá þar meiru áorkað. Ég er honum sammála um það atriði. Því að hvernig í ósköpunum á venjulegt fólk að geta farið eftir stöðugum stígum sem lagðir eru, þó að þetta fólk gæti lesið yfir allar reglur sem um þetta giltu? En flestir sem um landið ferðast reyna sitt besta til að fara að öllu með gát.

Virðulegi forseti. Eins og áður sagði vildi ég aðeins koma þessum athugasemdum á framfæri áður en málið færi í nefnd.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þær ábendingar sem þeir hafa komið hér með í sambandi við þetta frv. og sérstaklega nokkur einstök atriði sem hv. 5. þm. Norðurl. e. benti hér á. Það er ósköp eðlilegt að hann vilji ekki láta friðlýsa þorskinn og má hv. þm. gerst um það vita hvaða afleiðingar það kynni að hafa, enda með dýrmæta reynslu af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Það er náttúrlega ekki ætlunin að fara út í slíkt með frv. sem þessu.

Það var sérstaklega eitt atriði sem varð til þess að ég stóð hér upp. Eitt þeirra atriða, sem hv. þm. minntist á, var það að e. t. v. væri tímabært að sameina öll náttúruverndarákvæði og friðlýsingarákvæði í eitt frv. eða taka þau inn í þetta. Þetta sjónarmið hefur vissulega komið fram. Ég vil skýra það af hverju ég legg ekki til að svo sé gert. Það er ekki sérstaklega af náttúruverndarástæðum, heldur öllu fremur af bókmenntalegum ástæðum. Þannig er mál með vexti að það eru nokkur friðlýsingarákvæði og lög um umgengni á landi og skyld efni sem eru í ævagömlum lagaákvæðum í lagasafninu. Ég tel að löggjöf okkar yrði svo miklu fátæklegri og leiðinlegri ef þetta væri afnumið og sett inn í einhver nútímalög. Ég tel alveg nauðsynlegt að halda svona merkum ákvæðum eins og t. d. nokkrum ákvæðum í landsleigubálki Jónsbókar sem enn eru í gildi. Ég tel sömuleiðis alveg afleitt ef við færum að fella út úr lagasafninu lög um friðun héra sem voru sett 1914. Þá höfðu menn hugsað sér að flytja héra inn til Íslands. Þeir vildu hafa vaðið fyrir neðan sig og settu lög um friðun þessarar merku tegundar hér á landi. Einhvern veginn er það nú svo að á öllum þeim þingum sem síðan hafa setið hefur engum dottið í hug að afnema þessi lög. Héðan af finnst mér eiginlega að þau ættu að vera háð einhverri sérstakri minjavernd rétt eins og náttúruminjar og ýmsar minjar í landinu.

Auðvitað er það rétt að svona ákvæði lengja lagasafnið en ekki að þeim mun að það sé ekki jákvætt að hafa þau þar. Mér finnst ekkert á móti því að lagasafnið sé svolítið skemmtilegt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Í tilefni af þessum ummælum hæstv. menntmrh. finn ég mig knúinn til að minna hæstv. ráðh. á að í fyrra var samþykkt á Alþingi þáltill. um lagahreinsun. Samkvæmt henni á að fella út úr lagasafninu úrelt, ónauðsynleg og raunar kannske úr gildi fallin ákvæði ýmis sem þar eru og lagabálka sem ekki eiga lengur við. Þetta var ályktun Alþingis sem ríkisstj. ber skylda til að framfylgja.

Mér komu ummæli hæstv. ráðh. núna nokkuð á óvart þegar því er haldið fram að af annaðhvort hreinni íhaldssemi eða einhvers konar tilfinningasemi eigi að viðhalda í lagasafninu lagabálkum eins og t. d. um friðun héra sem aldrei voru fluttir til landsins og eru ekki hér á landi. Ég hélt satt að segja að lagasafn ætti að vera með þeim hætti að það væri sæmilega aðgengilegt og það sem í því væri ætti að eiga sér stoð í veruleikanum. Þegar maður heyrir hæstv. ráðh. halda því fram — að því er virðist í fullri alvöru — að ekki eigi að sameina og samræma þau lagaákvæði sem lúta að náttúruvernd af þeim ástæðum sem hún hér rakti finnst mér íhaldssemin ganga fulllangt. Þá finnst mér íhaldssemin vera orðin á kostnað skynseminnar sem hún kannske er ærið oft að vísu.

En ég finn mig knúinn til að andmæla þessum sjónarmiðum vegna þess að ég held að mörg hagkvæmnisrök lúti að því að ákvæði, sem varða umhverfisvernd og náttúruvernd, séu mikið til á einum stað. Ég skal taka undir það að að hinum allra elstu ákvæðum er kannske einhver eftirsjá og e. t. v. mættu þau standa þannig að þarna væri að einhverju litlu leyti komið til móts við þessi sjónarmið. En ég held að það eigi að vera stefna stjórnvalda að svona ákvæði séu öllum almenningi sem aðgengilegust.

Ýmis atriði í sambandi við þetta náttúruverndarfrv. mætti gera að umtalsefni hér. En þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem væntanlega mun um þetta fjalla mun ég ekki gera það. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan. T. d. hefur mér á stundum fundist gæta of mikillar einsýnistefnu hjá þeim sem móta stefnuna á Náttúruverndarþingi. Sú stefna kom mætavel fram á síðasta Náttúruverndarþingi þar

sem fjallað var um sel og hval og þar sem ákveðnum einstaklingum — þ. á m. hv. þm. Birni Dagbjartssyni — var boðið til þingsins en síðan meinað að tala þar. Það kann ekki góðri lukku að stýra ef náttúruverndarmenn ætla að halda á sínum málum með þeim hætti og það skaðar þeirra góða málstað.

Virðulegi forseti. Ég vildi sem sagt ekki láta þessum orðum hæstv. menntmrh. ómótmælt.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er fjallað um, er mikil ástæða til að skoða vandlega. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið varðandi það að starf Náttúruverndarráðs hefur á undanförnum árum verið alleinsýnt í mörgum þáttum. Gripið hefur verið inn í mál á mjög furðulegan hátt sem kannske er ekki sérstök ástæða til að rekja hér en mætti þó t. d. nefna tilraun að hafnargerð við Dyrhólaey þar sem Náttúruverndarráð greip inn í framkvæmd sem búið var að samþykkja. Rökin voru í rauninni þau að ein æðarkolla hafði verpt of nálægt veginum sem átti að leggja að þessum litlu hafnarframkvæmdatilraunum.

En það er margt sem að mínu mati hefur verið einsýnt í starfi Náttúruverndarráðs og ástæða er til að fjalla um í sambandi við þennan nýja lagabálk og verður vonandi vel skoðað í n. hjá hv. deild. Því má hins vegar skjóta hér inn í og kemur svo sem ekki hv. þdm. á óvart að hv. þm. Eiður Guðnason blæs sig upp út af litlu tilefni. Hann minnti hér á friðun héra. Það ætti kannske ekki að vera hv. þm. ókunnugt að þótt ekki hafi verið fluttir hingað inn hérar eins og til var ætlast þá höfum við flutt inn mikið af héraskap, t. d. sænskum héraskap. Það ætti hv. þm. að vera fullvel kunnugt um.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég vil á ýmsan veg taka undir með hv. 5. landsk. þm. þar sem hann ræddi um að ástæða væri til að hreinsa úr lagasafninu ýmis lög sem eru úr gildi fallin. Það er alveg laukrétt. Þessu máli gegnir um ýmis þau lög sem orðið hafa innlyksa í lagasafninu og fjalla um efnahagsmál, tímabundið ástand í efnahagsmálum og sitthvað í því sambandi. En öðru máli gegnir um minjar, eins og þessi lög um friðun héra sem hér komu til umr. Það var margt merkilegt að gerast hér á þeim tíma, margar hugmyndir og mikill framfarahugur í mönnum. Þessi lög, sem eru nr. 23 frá því ári, fela það í sér að Stjórnarráð Íslands geti ákveðið að hérar skuli friðaðir vera nokkurn hluta árs eða allt árið og brot gegn ákvæðum, sem sett verða skv. þessari 1. gr., varði 20 kr. sekt fyrir hvert dýr sem drepið er eða veitt og helmingur sektarinnar renni í sjóð þeirrar sveitar þar sem brotið var framið en helmingurinn til upplýstrarmanns.

Menn hafa oft verið hugkvæmir í fjáröflunarleiðum fyrir hið opinbera. Mér finnst sjálfsagt að varðveita svona lög sem sýnishorn m. a. af því. En á hitt vil ég leggja áherslu að ákvæði eins og þau sem eru frá 1281 úr landsleigubálki Jónsbókar og fjalla t. d. um merkibjörk og skógarspell eru til prýði og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En ef sumir (af fleiri sameigendum jarðar) leyfa íneyslu í jörðu en sumir eigi, þá taki sá er eigi leyfði slíkt af áverka sem í jörðu á. En ef fleiri hafa óleyft, þá taki allir slíkt af áverka sem í jörðu á. Nú ferr maðr í skóg annars manns fyrir útan leyfi þess er á, ok vinnr í, þá skal hann er í vann fyrir bæta skógarspell, ok svá þó at maðr rífi hrís á annars jörðu. Ef maðr höggr skýlihögg á viði eða beitir eða skefr svá at spell er á, bæti skógarspell. Hvervitna þar sem maðr hittir áverka í skógi sínum, þá skal hann at ósekju brott taka."

Síðan eru fleiri ákvæði um áverka á skógi, hvort sem menn höggva í annars manns skóg og ekki eru umferðarmenn fyrir farargreiðabót, „hvárt sem bilar at vögum, sleða eða klyfbera. eða öðrum tréreiða, ok keyrivönd ok til eldsneytis, ef úti býr um nætrsakir í sama stað, nema hann nái hvárki kaupi né orlofi á, ok gengr nauðsyn til, þá höggvi meðan hann þarf, ok bæti skógarspell, ef sá ámálgar er á eða hans umboðsmaðr, svá ok ef á skipi býr."

Svona ákvæði og ákvæði eins og t. d. þar sem mönnum er sérstaklega heimilað að lesa ber á víðavangi til neyslu á staðnum og fleiri slík eru til prýði í lagasafni okkar og um leið svo mikilvæg sýnishorn af menningarsögu okkar og atvinnusögu sem óneitanlega tvinnast saman við alla löggjöfina á öllum tímum. Það sýnir einmitt sérkenni þessa lands að ýmis af þessum gömlu mörg hundruð ára ákvæðum eiga í raun og veru jafnvel við í dag. En það minnir okkur á, t. d. ákvæðin um skógarhöggið, sem sagt var í Landnámu, að landið hefði verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Það minnir okkur kannske á að einhvern tíma gæti landið orðið aftur svo skógi vaxið að það mætti í alvöru fara að tala um að eitthvað gæti komið fyrir af því tagi sem þessi gömlu lög gera ráð fyrir. Þau eru því í sjálfu sér áminning um það hvernig vernda á náttúruna og hvernig má reyna að bæta fyrir skógarspell liðinna alda.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. flutti hér ræðu með sínum sérkennilega hætti. Hann telur sig einn af þeim mönnum sem vilja veg og virðingu íslenskrar tungu sem mestan. Hann kom hér og notaði orðið héraskapur. Ég er ansi hræddur um að það sé ekki góð íslenska. Það orð er ekki til í orðabók Menningarsjóðs og ég hef raunar aldrei heyrt það áður. Það skyldi þó aldrei vera danska?

Hins vegar er til á íslensku orðið „héralegur" og það vita líklega allir hvað þýðir, nema kannske hv. 3. þm. Suðurl.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég má til með að þakka hv. síðasta ræðumanni undirtektir við orð mín. Hans mál sannar eingöngu það, sem ég sagði, að við höfum flutt inn sænskan héraskap og það sem hv. þm. kallar að vera héralegur.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég verð að játa að mér finnst umræðan hafa færst á ansi lágt plan og taldi reyndar áðan, þegar hv. 3. þm. Suðurl. ræddi um að ákveðinn þm. hefði blásið sig upp og annað í þeim dúr, að það væri tilefni til þess að þingforseti áminnti hann um að vera ekki með slík köpuryrði í garð þm. Er það reyndar fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég veit að forseti er sanngjarn og við virðum forseta og ég vænti þess að svona málflutningur verði ekki ástundaður hér framar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hv. 6. landsk. þm. vil ég taka undir þau síðustu orð hans að hv. þdm., eins og reyndar hv. þm. almennt, gæti orða sinna í umræðum hér og láti það ekki henda sig að hafa

uppi óviðurkvæmilegt orðalag. En það er oft erfitt að meta hvenær þingforseti á að áminna menn í slíkum efnum og það gæti orðið til að æra óstöðugan. En ég tek undir með hv. þm. í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 217. mál (þskj. 260, n. 613 og 614, 615). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft mál þetta til rækilegrar skoðunar og m. a. boðað ýmsa menn á sinn fund og aflað gagna um málið. Í nál. meiri hl. er greint frá gangi mála. Það er raunar sameiginlegt með báðum nál. að vakið er máls á því að einmitt á sama tíma sem n. fjallaði um málið var tekin ákvörðun af Seðlabanka Íslands og hæstv. ríkisstj. um nokkra breytingu á bindiskyldu. Það vildi raunar svo til að á sama tíma sem við í n. ræddum við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Jónas Haralz, formann Sambands viðskiptabanka og bankastjóra Landsbankans, Stefán Pálsson bankastjóra Búnaðarbankans og Halldór Guðbjarnason bankastjóra Útvegsbankans ásamt Axel Kristjánssyni aðstoðarbankastjóra, þá sat ríkisstj. á rökstólum og gaf síðan út tilkynningu um að bindingin í Seðlabankanum skyldi lækka í 18% úr u. þ. b. 28% sem okkur er tjáð að hún hafi verið að undanförnu þó að bankinn fengi á s. l. þingi heimild til að binda allt að 38% og sú prósentutala er nú í lögum eins og hv. þm. er kunnugt um.

Í nál. meiri hl. er það rakið hvernig um málið var fjallað í n. og skal ég drepa á helstu atriðin þó að menn geti raunar lesið sér það til sjálfir og hafi gert. En það er ljóst að ef viðskiptabankarnir eiga að geta sinnt greiðslu á afurðalánum öllum, bæði til sjávarútvegs og þó sérstaklega til landbúnaðar, nægir naumast að færa bindiskylduna niður í 18%. Það kemur raunar alveg skýrt fram að þá yrði Seðlabanki að lána Búnaðarbankanum um 170 millj. kr. til þess að Búnaðarbankinn væri í stakk búinn til að sinna öllum afurðalánum, einkum og sér í lagi þegar nú hefur loks verið ákveðið að bændur skuli fá greiðslur sínar nokkurn veginn samtímis því sem þeir leggja afurðir inn. Að því er mjólkurframleiðendur varðar skal það gerast nú strax 1. júní eftir ákvörðun ríkisstj. og að því er sauðfjárbændur varðar um næstu áramót.

Það er alveg ljóst af því sem bankastjórarnir allir segja að það mundi þurfa að lækka bindiskylduna niður í 10% til að bankarnir hafi nægilegt fé til þess að annast þessar greiðslur og lausafjárstaða bankanna mundi komast í lag, eins og bankastjórarnir allir komast að orði í sínum ummælum.

Ég var að gera mér vonir um það satt að segja eftir umfjöllun í n. að það næðist allsherjarsamkomulag um afgreiðslu þessa máls, að samþykkja þetta frv., og satt best að segja kom nú aldrei fram neinn verulegur ágreiningur í n. En tveir nm. telja þó eðlilegra að vísa málinu til ríkisstj. og segja að eðlilegt sé að reglur Seðlabankans um bindingu sparifjár verði teknar til endurskoðunar þegar séð er hver áhrif þeirra breytinga, sem nú standa yfir, verði. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. Ég hef ekkert við því að segja.

Við hin í nefndinni teljum að við höfum fengið allar þær upplýsingar sem nægi til að sýna að óhjákvæmilegt sé að færa bindiskylduna alla leið niður í 10%. Annars muni viðskiptabankarnir ekki hafa nægilega góða lausafjárstöðu til að anna afurðalánum og hinum almennu viðskiptum við borgara landsins líka. Menn vita hver lánsfjárþörfin er og þurrð á peningum í umferð. Það kemur m. a. fram í því að fjöldi húsbyggjenda er að missa eigur sínar jafnvel þó að eignirnar séu miklu meira virði en skuldirnar.

Við þekkjum öll fólk sem hefur verið að berjast í að koma sér upp lítilli íbúð, sem kostar 1 millj. svo að við tökum dæmi, og á kannske helminginn í íbúðinni. Engu að síður standa á þessu fólki öll járn og jafnvel *yfirvofandi nauðungaruppboð og það getur hvergi fengið* smálán til að bjarga sér út úr því.

Staðan er orðin svo erfið hjá viðskiptabönkunum að þeir ráða ekki við þessi mál. Það þekkja allir landsmenn. Bankastjórarnir segja sjálfir að lækkun bindiskyldunnar niður í 18% nægi þeim ekki. Hún þurfi að lækka meira. Einn þeirra, bankastjóri Útvegsbankans, segist að sjálfsögðu vera sammála því að lækka hana í 10% en vildi gjarnan lækka hana meira.

Raddir hef ég heyrt um það að bindiskylduna ætti jafnvel alveg að afnema. En þess þarf að gæta að Seðlabankinn hefur þegar keypt talsvert af viðskiptabréfum, skuldabréfum sem hann hefur fjármagnað með bindiskyldunni. Ég tel þess vegna hóflegt að færa lög Seðlabankans í það horf sem þau upphaflega voru, en á 7. áratugnum var aldrei bundið meira fé en sem svaraði 10% af sparifé landsmanna. Ég tel eðlilegt að lögin verði færð í þetta gamla horf.

Það er ástæðulaust að ég sé að fjölyrða frekar um þetta. Ég vil aðeins geta um það að að meirihlutaálitinu standa auk mín þeir Eiður Guðnason, Valdimar Indriðason og Ragnar Arnalds, sem skrifar undir með fyrirvara þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ragnar Arnalds hefur þann fyrirvara um afstöðu sína að bindiskylda gæti átt fullan rétt á sér til að fjármagna sameiginleg verkefni þjóðarinnar og draga úr erlendum lántökum. En með hliðsjón af því, sem gerst hefur í afurðalánamálum að undanförnu og eftir að Seðlabankinn hefur hætt endurkaupum á afurðalánum, er hann samþykkur lækkun bindiskyldu bankanna í 10%."

Þetta eru fullgild rök og skýr og þarfnast ekki skýringar nema sjálfsagt gerir sá sem athugasemdina vildi hafa þarna grein fyrir henni hér á eftir. En það er óþarft að ég geri það.

Síðan skrifar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir einnig undir og hér stendur: „Jónína Leósdóttir, Bandalagi jafnaðarmanna, sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu."

Við afgreiðslu málsins hér við 2. umr. geri ég mér vonir um og tel raunar fullvíst að málinu verði ekki vísað til ríkisstj., á þessu stigi allavega. Ég tel eðlilegt að málið sé rætt hér í Alþingi og alþm. fái um það upplýsingar og geti gert sér grein fyrir því hvað á ferðinni er. Og vonandi geta þeir sem vildu vísa málinu til ríkisstj. fallist á að greiða atkv. með frv., þegar það kemur til atkv., þó að till. þeirra kunni að verða felld, sem ég vænti og vonast til.

Það er flutt ein brtt. Hún er einmitt flutt með hliðsjón af þeirri tilkynningu sem ríkisstj. hefur sent út, um að afurðalánagreiðsla til bænda breytist 1. júní. Þá töldum við eðlilegt allir í nefndinni að ef frv. yrði að lögum skyldu þau ekki öðlast gildi fyrr en 1. júní n. k.

Frsm. minni hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv. og mun ég gera grein fyrir ástæðum þess að svo varð, en auk mín skrifar undir álit minni hl. hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson. Álit minni hl. fjh.- og viðskn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega og fengið til viðtals seðlabankastjóra, formann Sambands viðskiptabankanna, sem jafnframt er bankastjóri Landsbankans, og bankastjóra annarra ríkisbanka, Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Meðan nefndin vann að málinu hefur ríkisstj., í samráði við Seðlabanka Íslands, ákveðið að endurkaup afurðalána færist til viðskiptabankanna og bindiskylda lækkuð vegna þessara breytinga úr 28% í 18%. Jafnframt hefur ríkisstj. lýst því yfir að frá 1. maí geti bændur fengið innlagða mjólk greidda að fullu innan mánaðar og sláturafurðir um áramót og verði þetta m. a. gert kleift með endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána.

Eðlilegt er að reglur Seðlabankans um bindingu sparifjár verði teknar til endurskoðunar þegar séð er hver áhrif þeirra breytinga verða sem nú standa yfir. Í ljósi þess leggja undirritaðir nm. til að frv. verði vísað til ríkisstj."

Heimild Seðlabankans til bindingar sparifjár er að hluta til ætluð til að mæta því hlutverki sem bankinn hefur haft til þess að annast endurkaup afurðalána til atvinnuveganna. En á hinn bóginn er hér um að ræða almennt tæki til hagstjórnar, að stjórna peningamagni í umferð á hverjum tíma og draga úr áhrifum vegna innstreymis erlends fjármagns, vegna erlendrar lántöku m. a., og miðla fé á milli innlánsstofnana.

Nú hefur bindiskyldan verið lækkuð til að mæta því nýja hlutverki viðskiptabankanna að sjá um endurkaup afurðalána, en eftir stendur bindiskylda upp á 18%. Það hefur komið greinilega fram við umfjöllun í nefndinni að miðað við núverandi viðskipti atvinnuveganna við einstaka banka er það mjög mismunandi hverjar kvaðir viðskiptabankarnir verða að taka á sig í endurkaupum. Þetta er svo afgerandi atriði að Seðlabankinn hefur ákveðið að semja við lánastofnanir, sem fá fé losað vegna bindiskyldunnar og þurfa ekki að nýta það vegna afurðalánanna, að þeir fái þetta fé greitt út í áföngum. Þetta er m. a. gert vegna þeirra þensluáhrifa sem það hefði í för með sér að losa um þetta fjármagn í einu vetfangi og til þess að miðla á milli bankastofnana að þessu leyti.

Það kann að vera að einstakir bankar muni geta sinnt betur endurkaupum með því að bindiskyldan sé lækkuð frá 1. júní í 10% eins og meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til. T. d. mundi það leysa vanda Búnaðarbankans að þessu leyti eins og fram kemur í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Hins vegar mundi það hafa í för með sér að nokkurt fjármagn mundi losna hjá öðrum bönkum sem hafa minni skyldur að þessu leyti og engin trygging er fyrir því að það fé fari til atvinnuuppbyggingar og til þess að leysa vanda húsbyggjenda en ekki til almennrar neyslu í þjóðfélaginu sem mundi auka þann viðskiptahalla sem við eigum við að stríða. Það er þess vegna ætlunin að Seðlabankinn taki enn að sér að jafna á milli bankastofnana meðan þessi breyting er að ganga yfir. Seðlabankinn ber enn skyldur í sambandi við endurkaup afurðalánanna að þessu leyti auk þess sem Seðlabankinn hefur skyldur að því leyti að greiða fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru í sambandi við útborgun landbúnaðarafurða. Minni hl. fjh.- og viðskn. þykir því rökrétt að vísa frv. til ríkisstj. og verði ákvæðin um bindiskyldu endurskoðuð þegar sýnt er hver áhrif þeirra breytinga verða sem nú standa yfir.

Ég mun leiða hjá mér alla hagfræðilega umræðu um peningamagn í umferð á þessu stigi því að mín skoðun er sú að meginatriðið í efnahagslífinu sé að skapa framleiðsluatvinnuvegunum þau skilyrði að þeir séu arðbærir, fyrirtækin í þeim séu eftirsótt sem viðskiptavinir fyrir bankana og innlend sparifjármyndun verði með þeim hætti að innlent fjármagn standi undir útlánum til þeirra.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það hefði sjálfsagt af ýmsum ástæðum verið ástæða til að þrautræða þetta frv. sem nú er komið hér til 2. umr. Ég mun ekki gera það. Ég get ekki annað sagt en að hér hafi komið fram, ekki síst í máli síðasta hv. ræðumanns, að ýmislegt skorti á að þær upplýsingar liggi fyrir um peningapólitísk markmið sem gerir okkur hv. þm. kleift að taka afstöðu til þessa frv.

Eins og kunnugt er eru þessi mál og hafa ævinlega verið fyrst og fremst á valdi og vegum ríkisstj. Ég veit ekki til þess að þetta mál hafi verið þrautrætt innan núv. stjórnarflokka. Vafalaust hefur verið á það minnst, en mér er ekki kunnugt um að fyrir liggi niðurstaða, ef ég má svo að orði komast, varðandi þetta frv. A. m. k. er það þannig í mínum flokki.

Ég fer fram á það við hæstv. forseta að umr. um þetta mál verði frestað með vísan til þess sem ég nú hef sagt. Ég tel ófært annað en að fá ráðrúm — a. m. k. tala ég þá fyrir minn munn og minn flokk — til að ræða þetta mál þar. Ég fer sem sagt fram á, virðulegi forseti, að þessari umr. verði frestað.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég mæla eindregið gegn því að málinu verði nú frestað. Menn hafa haft allt svigrúm til að skoða þetta mál og öll þessi peningamál hafa verið mikið til umræðu. Það er ekki minnsta ástæða til þess að fresta málinu við 2. umr. Ég get fallist á það að 3. umr. verði ekki tekin með neinum afbrigðum eða neinu slíku og 3. umr. bíði. Málið er ekki orðið að lögum þó að það verði afgreitt við 2. umr. nú í dag. Ég mæli eindregið gegn frestun og treysti forseta til að leyfa okkur að láta okkar álit koma í ljós hér við 2. umr. Þær eru nú sex í öllu þinginu svo að menn þurfa ekki að hlaupa upp til handa og fóta þó að 2. umr. sé kláruð í dag.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. hef ég undirritað nál. með fyrirvara og geri reyndar grein fyrir í hverju sá fyrirvari er fólginn í niðurlagsorðum nál. sem frsm. hv.

n., Eyjólfur Konráð Jónsson, gerði hér réttilega grein fyrir áðan.

Ég tel að á þessu máli séu vissulega tvær hliðar. Annars vegar er sú hliðin sem snýr að sameiginlegum verkefnum þjóðarinnar, en afurðalánakerfið hefur flokkast þar undir. Talið hefur verið nauðsynlegt að taka frá fé í bankakerfinu til að tryggja að hægt væri að veita öllum framleiðendum, sem framleiða fyrir erlendan eða innlendan markað og eiga vísa sölu á afurðum sínum, afurðalán að vissu marki. Þá hefur það verið fjármagnað með því fé sem safnast hefur með bindiskyldunni.

Einnig er sjálfsagt staðreynd að bindiskylda getur komið í veg fyrir það að erlend lántaka sé úr hófi fram á hverjum tíma. Á hinn bóginn er ljóst að þróunin seinustu mánuði hefur verið í allt aðra átt í þessum efnum. Afurðalánin hafa verið að færast frá Seðlabankanum og yfir til viðskiptabankanna og það er ekki hægt að komast hjá því að benda á þá staðreynd að afurðalánaþjónustan hefur farið rýrnandi og hlutfall afurðalána hefur minnkað frá því sem áður var, eins og berlega kom fram í svari hæstv. viðskrh. Matthíasar Á. Mathiesen við fsp. minni sem svarað var á Alþingi þann 18. des. s. l. Þar upplýsti hann að sú lækkun á heildarlánafyrirgreiðslu, sem fyrir lægi — og var þá einkum átt við framleiðslu fyrir innlendan markað, næmi úr 71% og niður í 62.5%.

Við hljótum að hafa verulegar áhyggjur af því að afurðalánakerfið sé að brotna niður. Ég neita því ekki að ég horfi með nokkrum ugg upp á það að framleiðendur séu alfarið upp á viðskiptabankana komnir með fyrirgreiðslu í þessum efnum. Á nefndarfundi, sem haldinn var um þetta mál, var m. a. sögð sú saga að við endurskipulagningu fyrirtækis á Suðurnesjum ákvað viðskiptabanki fyrirtækisins að losa sig við fyrirtækið úr viðskiptum af því að hann taldi sig vera bundinn um of af þeim skuldbindingum sem fylgdu því að hafa þetta fyrirtæki í viðskiptum. Viðskiptabankinn tók bara einhliða ákvörðun um það að sparka þessu fyrirtæki frá sér. Síðan átti þetta fyrirtæki í langvinnum hrakningum. Það leitaði til Landsbankans og Landsbankinn sneri sér til viðkomandi sparisjóðs — þetta mun hafa verið á Suðurnesjunum — og fór fram á það þráfaldlega að sparisjóðurinn yfirtæki viðskipti við fyrirtækið vegna þess að sparisjóðurinn væri með svo mikið af innlánum á svæðinu að ekki væri nema sanngjarnt að hann tæki að sér þjónustu við fyrirtækið. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir reyndist sparisjóðurinn ófáanlegur til að taka á sig þessa skyldu og bankastjórn Landsbankans hikaði við að taka baggann á sig. Þannig hraktist þetta fyrirtæki, sem vissulega á fullan rétt á sér í atvinnulífi okkar, á milli lánastofnana um langt skeið. Veit ég ekki hver endir varð á þessari sögu þótt einhver væri að hvísla hér áðan að endirinn væri sá að fyrirtækið hefði að lokum lent í höndum Útvegsbankans aftur.

Þessi saga sýnir kannske nokkuð glögglega hvað það getur verið hæpið að ætla viðskiptabönkunum að ákveða hvort framleiðslufyrirtæki af þessu tagi eigi að lifa eða deyja, eigi að fá þjónustu eða ekki. Það geta einmitt verið full rök fyrir því að þjóðin verði að líta á þetta sem sameiginlegt verkefni að leggja fé til hliðar til þess að tryggja framleiðslufyrirtækjum öruggan rekstrurslánagrundvöll, því að reynslan sýnir að þegar bankar meta það hvort þeir ætla að taka fyrirtæki í viðskipti eða ekki, þá eru þeir ekki að spyrja um það hvort fyrirtækið sé arðvænlegt. Þeir eru fyrst og fremst að spyrja um það hvort sú fjármagnsfyrirgreiðsla, sem þarf að veita fyrirtækinu, sé ekki svo mikil að það teppi um of útlánagetu þeirra. Sem sagt, málið er ekki metið út frá almennu, þjóðhagslegu sjónarmiði heldur er það metið út frá þröngu bankasjónarmiði. Þetta getur vissulega haft verulega hættu í för með sér. Ég sem sagt dreg það mjög í efa að sú stefna, sem hefur verið tekin af ríkisstj. og af Seðlabankanum, að færa þessi lán alfarið yfir í viðskiptabankana og falla alveg frá þjónustu Seðlabankans í þessum efnum, sé réttlætanleg.

Ég minni líka á það að margir þjóðfélagsþegnar eiga nú mjög um sárt að binda vegna þeirrar stefnu sem rekin hefur verið í lána- og vaxtamálum. Auðvitað er það hrein efnahagsleg geðveiki að ætla mönnum að borga verðtryggð lán með kannske 7—10% að ég tali nú ekki um 15 eða 18% raunvöxtum. Það er efnahagsleg geðveiki vegna þess að allur fjöldinn af lántakendum getur ekki ávaxtað það fé sem þeir taka að láni með svo hröðum hætti að menn geti skilað láninu ásamt tvöföldu andvirði þess að skömmum tíma liðnum. En eins og margir þekkja er lán, sem tekið er með 10% raunvöxtum, aðeins sjö ár að tvöfaldast. Lán, sem tekið er með 18% raunvöxtum, er aðeins fjögur ár að tvöfaldast. Þarna er um svo hraða ávöxtun að ræða, að undir því getur ekkert venjulegt fyrirtæki staðið og enginn venjulegur lántakandi. En ekki má útiloka að til séu þau gróðafyrirtæki í landinu sem geti staðið undir þessu. Það er þá fyrst og fremst í verslun og viðskiptum eða þá í einhverjum nýjum atvinnugreinum eins og fiskeldi þar sem vissulega getur verið um mjög ábatasaman rekstur að ræða.

Þessi útlána- og vaxtapólitík, sem ríkisstj. og Seðlabankinn hafa rekið, hafa komið miklum fjölda manna í ógöngur. Þá á ég alveg sérstaklega við húsbyggjendur sem horfa nú þúsundum saman fram á gjaldþrot. Það hefði vissulega komið sterklega til greina að beita bindiskyldu gagnvart viðskiptabankakerfinu til að leysa vanda þessa fólks með einum eða öðrum hætti.

Ég tek fyrst og fremst afstöðu til þessa máls í kjölfar þess sem gerst hefur. Það hefur verið ákveðið að taka afurðalánin úr Seðlabankanum. Seðlabankinn er með 38% bindiheimild sem er langt umfram það sem við Alþb.-menn höfum mælt með. Það er með hliðsjón af þessu að ég get vel fallist á það að við ríkjandi aðstæður sé þessi bindiskylda lækkuð — og það ofan í 10% eins og till. gerir ráð fyrir — en vissulega með þá von í brjósti að vandi húsbyggjenda fáist þá frekar leystur í gegnum bankakerfið í kjölfar þess þótt vissulega hljóti maður að draga í efa að svo verði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það hefur komið fram beiðni um að þessu máli verði frestað svo að tækifæri gefist til að ræða það innan þingflokka. Það er venjan, þegar slík beiðni kemur fram, að verða við henni. Forseti telur sér ekki annað fært en að taka tillit til slíkrar beiðni nú eins og venjan er. Því verður a. m. k. atkvgr. frestað, en að sjálfsögðu er hægt að gefa mönnum tækifæri til að ræða málið áfram nú.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það er einkennileg staða komin hér upp, að óskað skuli vera eftir að fresta þessu máli sem er búið að vera hér lengi inni á

borðum hv. þm. og þeir hafa haft tíma til að fjalla mjög um. Hvort sem það hefur verið í þingflokkum eða ekki hafa þeir þó gert það sín á milli. En ég ætla engan dóm hér að leggja á úrskurð hæstv. forseta í þessum efnum. Hann hefur sinn framgang.

Hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi áðan fyrirtæki á Suðurnesjum. Því miður eru erfiðleikar hjá mörgum fyrirtækjum víðar en á Suðurnesjum. En ég vildi segja honum að það hefur engin áhrif á fyrirtæki á Suðurnesjum eða annars staðar hvort Seðlabankinn endurkaupir hluta af framleiðslulánum þeirra eða ekki. Þessi fyrirtæki eru því miður það hart keyrð mörg að það er komið langt yfir það mark sem viðskiptabankarnir hafa sett og geta því ekki varið að lána þeim meira. Ég vildi benda á þetta því að þarna má ekki rugla saman. Það sem skeður varðandi afurðalán er það, að síðan ég man eftir hefur það verið ríkjandi regla að það hafa verið endurkeypt 50—60% af skilaverði afurðanna — það hefur oftast verið í kringum 55—56% en komist þó upp í tæp 60% ef ég man rétt. Ofan á þessi 50—60% hefur viðskiptabankinn lánað 20%. Þetta hafa því látið nærri að vera 67—71% afurðalán.

Breytingin, sem nú er lögð til og er að komast í framkvæmd, er sú að þarna verði farið upp í 75% og það þá hjá einum banka, viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Ég tel til bóta að þetta sé haft á einum stað í stað þess að vera með sérstök lán í Seðlabanka, svokölluð endurkaupalán, og svo 20% í ofanálag, viðbótarlán sem kallað er, í viðskiptabönkunum. Þá er viðskiptabankinn orðinn einn um þessi mál. En hann stendur ekki undir því nema hann fái losað um bindiskylduna í Seðlabankanum. Menn geta deilt um með hvaða rétti hún á að stjórna almennu fjárstreymi í þjóðfélaginu. Ég tel ekki til bóta að Seðlabankinn sé með sérstakar hömlur á því, nema síður sé. Það kom fram í viðræðum við þá fulltrúa viðskiptabankanna sem komu á fund n. að einum bankanum dugar ekki sú lækkun í 18% sem lagt hafði verið til að ákveða. Hann þarf meiri lækkun til að geta leyst sín mál. Landsbankinn væri nokkurn veginn í kringum núllið. Einn bankinn fengi verulega upphæð lausa en ég sé ekki betur en Seðlabankinn haldi áfram að binda 28% vegna þess að þeir sem eiga að fá lausa peninga eru látnir binda þá áfram í skuldabréfum í Seðlabankanum, þeir fá ekki féð laust. Þetta er athugaverð framkvæmd líka.

Seðlabankinn bjargar ekki fyrirtækjunum sem skulda mikið. Hann kaupir ekki fleiri afurðalán. Ég vil að það komi skýrt fram.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl. að hér er aðeins um einn þátt í því að ræða sem venjulega er kallað peningapólitík. Ég vil í því sambandi benda hv. þm. á að hér er ekki ríkisstjórnarfrv. á ferðinni, heldur þmfrv. og að hæstv. núv. ríkisstj. hefur stundum framkvæmt eitt eða annað í peningapólitík án þess að allir þættir þeirra mála væru nú til staðar hverju sinni.

Ég tel augljóst fyrir mitt leyti að eftir að hæstv. ríkisstj. ákvað að færa afurðalánin frá Seðlabanka til viðskiptabankanna, en halda jafnframt bindiskyldu í 18%, geta bankar eins og t. d. Búnaðarbankinn ekki með góðu móti sinnt afurðalánunum. Ef viðskiptabankarnir eiga að sinna þessum verkefnum verður að gera þeim kleift að gera það og það er ein ástæða þess að ég er samþykk þessu frv. Ég vil einnig benda hv. þm. á að með þessu móti, þ. e. eftir að afurðalánin hafa verið færð frá Seðlabankanum til viðskiptabankanna og miðað við 10% innistæðubindingu, stendur Seðlabankinn eftir með ívið hærra hlutfall af innistæðubindingu en nú er. Þ. e. afurðalánin eru það stór hluti af því fé sem bundið er í Seðlabankanum frá viðskiptabönkunum að þegar þau hafa verið færð frá Seðlabankanum til viðskiptabankanna er Seðlabankinn með heldur hærra hlutfall í innistæðubindingu en áður var. Eftir sem áður ætti Seðlabankinn því að vera fær um að leggja fé til hliðar til að fjármagna félagsleg verkefni og draga úr erlendum lántökum, reyndar öllu frekar þar sem ívið rýmra er um fé í Seðlabankanum í reynd en áður var. Ef vilji er fyrir hendi í þá átt að nýta fé sem þarna er um að ræða til sameiginlegra framkvæmda og til að draga úr erlendum lántökum kemur þetta frv. ekki í veg fyrir að slíkur vilji nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að okkur hv. þdm. sé nokkuð að vanbúnaði að ganga til atkvæða um þetta mál. Ég er ekki að gera athugasemd við ákvörðun forseta, en ég vil samt taka það fram að að mínu viti hefur verið nokkuð drjúgur tími til að fjalla um þetta mál hér í þinginu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 25. mars, að loknum fundi í Sþ.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 344, n. 597, 598). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 598,1 (ný 2. gr.) samþ. með 27:1 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 598,2 (ný 5. gr.) samþ. með 28:1 atkv.
6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30:1 atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 25. mars, að loknum 50. fundi.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 620). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30:1 atkv. og afgr. til Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 341. mál (þskj. 549). — 3. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir til l. um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, 341. mál, er þess að geta að við undirbúning málsins var þess ekki gætt að ákvörðun um 3% viðbótargreiðslu skv. III. lið ákvæðis til bráðabirgða í 1. gr. frv. þarf að taka til tímabilsins frá 1. ágúst 1984 til jafnlengdar 1985. Sjútvn. flytur því svofellda brtt. á þskj. 617:

„Upphaf III. liðar ákvæðis til bráðabirgða í 1. gr. orðist svo:

Auk sérstakra bóta skv. II skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 1. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa“ o. s. frv.

Í frv. stóð upphaflega: 1. janúar 1985 til 31. ágúst 1985. Það eru aðeins þessar dagsetningar sem verið er að breyta með þessari brtt. sjútvn.

ATKVGR.

Brtt. 617 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna, frv. 347. mál (þskj. 555). — 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér, undir þessum dagskrárlið sem varðar aðgerðir til að bæta hag sjómanna, að koma hér að máli sem tengist hagsmunamálum sjómanna, þ. e. bátasjómanna, þeirra sem stunda veiðiskap á smábátum undir 10 tonn að stærð. Það er nýlega búið að greina frá því að stöðvaðar hafi verið veiðar þeirra báta nú um tveggja vikna skeið. Er það lengri stöðvun en almennt hefur gerst á þessa báta sem hafa ekki veitt yfir páskana. Ég vil leyfa mér að inna hæstv. sjútvrh., sem hér er viðstaddur, eftir því hvað valdi þessari ákvörðun, hvort fylltur hafi verið sá kvóti sem ákveðinn var skv. reglugerð. Hér er um stórt hagsmunamál að ræða fyrir verulegan fjölda sjómanna og ég held að nauðsynlegt sé að við fáum að vita um hvað valdi þessari ákvörðun, hver sé ástæðan.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef ekki með mér nákvæmar tölur yfir þessa bátastærð, en það liggur fyrir að þeir munu fara nokkuð yfir áætlað magn á fyrsta tímabili. Það þýðir að það flyst yfir á næsta tímabil. Nú er því þannig háttað að það er mjög mismunandi eftir því hvar er á landinu hvenær þessir bátar hefja róðra. Ljóst er að eftir því sem þeir fara meira fram úr á fyrsta tímabili, þeim mun verr mun það koma við báta í ákveðnum landshlutum.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þessir bátar verða stöðvaðir í hálfan mánuð eða í eina viku umfram páskastoppið. Þetta stopp hefst á morgun og verður fram yfir páska, en stöðvun netabáta er einni viku síðar þannig að hér er einungis um einnar viku stöðvun umfram þá báta að ræða.

Eins og menn muna þótti ósanngjarnt hve lengi þessir bátar voru stöðvaðir seinni hluta síðasta árs. Með þessari ákvörðun er unnt að dreifa þessari stöðvun meira. Einnig er á það að líta að aflabrögð hafa verið mun betri hjá þessum bátum fyrri hluta ársins en var á sama tíma í fyrra og hefur það einnig áhrif á það að til þessarar stöðvunar er gripið nú en það er í fullu samræmi við þá reglugerð sem sett var um veiðar þessara báta.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið. Við sjáum að ástæðan fyrir þessu er sú reglugerð sem hann hefur sett með stoð í lögum um breytingar á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands. Ég vil rifja það hér upp að Alþb. beitti sér sérstaklega á móti því að smábátar féllu undir þá stjórnun sem heimild var veitt til skv. þessari breytingu á lögum. Ég tel að í ljósi þeirra aflabragða sem verið hafa undanfarið og þar sem nú horfir mun vænlegar varðandi sjávarfang en verið hefur á undanförnum árum, þá hefði verið eðlilegt að breyta þessari reglugerð og undanþiggja smábátana, í öllu falli að setja þá ekki undir strangari takmarkanir en verið hefur. Ég bendi á að þó að einstakar verstöðvar hafi fengið góðan afla á smábáta, þá eru einnig verstöðvar sem ekki hafa notið slíks fram til þessa. Þetta kemur því mjög misjafnlega niður á einstökum verstöðvum og sýnir okkur hvað það er óeðlileg skipan að hafa þessa bátastærð undir heildarkvóta með þeirri mismunun sem slíku fylgir.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil minna á að bátar sem eru rétt yfir 10 tonn að stærð eru bundnir sérstöku aflamarki. Þar af leiðandi liggur það alveg fyrir að ef þessir bátar eiga ekki að búa við neina takmörkun væri um verulega mismunun að ræða. Þessar ráðstafanir eru því gerðar til að koma í veg fyrir mismunun, en ekki til að skapa hana sem ella hefði orðið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er auðvitað rétt, sem hv. 5. þm. Austurl. sagði, að hér er um alvörumál að ræða, en það vita allir ástæðuna fyrir þessari stöðvun nú. Sú ástæða er það skömmtunarkerfi sem við búum við, það einræðisvald í fiskveiðum og fiskvinnslu sem meiri hluti Alþingis hefur afhent einum hæstv. ráðh. í tvö ár í röð, það er kvótakerfið. Það er ástæðan fyrir því að nú eins og stundum áður er gripið til stöðvunar við ágætis aflabrögð. Það er því frumkrafa þeirra sem með eðlilegum hætti og á sem æskilegastan máta og hagkvæmastan vilja stunda fiskveiðar og fiskvinnslu í þessu landi að létta þessu kerfi af.

Ég minni á það líka, út af því sem hv. 5. þm. Austurl. sagði um að Alþb. hefði beitt sér fyrir því að veiðar báta af þessari stærð væru utan kvóta, að ég beitti mér fyrir flutningi á brtt. við afgreiðslu kvótamálsins í desembermánuði s. l. um að bæði handfæraveiðar og línuveiðar væru undanþegnar kvóta. Auðvitað var sjálfsagt í ljósi þess sem gerst hafði og var að gerast að taka slíka ákvörðun þá. Það ætti að vera nóg að reyna slíkt stjórnunarkerfi við stærri báta en hér um ræðir þó ekki sé við bætt handfæraveiðum á smábátum og línuveiðum því að það er tiltölulega mjög lítill hluti af þeim þorskafla t. d. sem veiðist hér við land á ári hverju.

Ekkert mælir með því að þær veiðar séu undir slíkri stjórnun sem hér um ræðir. Ástæða þess sem nú er að gerast er sú stefna í stjórnun fiskveiða sem meiri hl. hér á Alþingi, stuðningsmenn núverandi hæstv. ríkisstj., hefur ákveðið, það alræðisvald sem meiri hl. hefur afhent hæstv. sjútvrh.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það þurfti ekki lengi að hlusta á síðasta hv. ræðumann til að þekkja í hvaða flokki hann væri, svo grunn og ósanngjörn var ræða hans að það leyndi sér ekki hvar eru hans heimahús.

Auðvitað er þetta kvótakerfi upp tekið vegna þess að menn höfðu þungar áhyggjur af ofveiði við Ísland og hversu komið var fyrir okkar fiskstofnum, m. a. vegna ástands í sjónum en hann var mjög kaldur. Við vitum öll að illa yrði fyrir okkur komið ef svo nærri yrði gengið fiskstofnum að ekki drægist þorskur úr sjó. Þegar aftur glæðist afli og lífsskilyrði í sjónum batna er auðvelt að koma og segja að það eigi að rýmka þetta og rýmka, það hafi verið óþarfi að setja á kvóta o. s. frv. Það er auðvelt að segja núna að fiskifræðingar hafi verið allt of bölsýnir. Það er líka auðvelt að segja núna, vegna þess að afli er að vaxa, að stjórnmálamenn hafi verið rakkar að þeir skyldu ekki ganga lengra fram úr spám fiskifræðinga og ráðleggingum en gert var. Það er alltaf hægt að tala þannig eftir á, en það er frekar ómerkilegur málflutningur. Ég var sjálfur aldrei mjög hlynntur því að kvóti yrði tekinn upp, en ég sætti mig við hann, eins og raunar íslenskir sjómenn og útgerðarmenn, vegna þess að við vissum að nauðsynlegt var að beita meira aðhaldi varðandi sókn en áður og stemma stigu við ofveiði. Það var skýringin á því að þetta kerfi var upp tekið. Við sjáum það líka á viðbrögðum sjómanna og útvegsmanna, síðan þetta kerfi var tekið upp, að þeir menn sem sjóinn stunda skilja þetta og vita af hvaða hvötum þetta var gert. Þetta var gert til þess að búa í haginn fyrir framtíðina, til að koma í veg fyrir að fiskstofnarnir yrðu eyðilagðir nú.

Það er líka auðvelt fyrir þá sem vita að ekki verður farið að þeirra tillögum að segja að við eigum að gefa línuna frjálsa og handfærin frjáls. En hvaðan yrði sá þorskur tekinn sem veiddist á línu og handfæri? Yrði hann ekki tekinn af hinum sem eru með önnur veiðarfæri? Er till. þessa hv. þm. að fara enn lengra fram úr því sem fiskifræðingar telja ráðlegt og skynsamlegt? Þá held ég að það sé rétt að þessi þm. segi umbúðalaust hvað hann telji hæfilegt nú að veiða á Íslandsmiðum af þorski. Hvað vill hann ganga langt fram úr heimildum og hvar er ábyrgðin á bak við þetta hjal?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er greinilegt að hv. skrifari vor hefur ekki fylgst mikið með umr. í Nd. í desembermánuði s. l. þegar þessi mál voru til umr. Er það kannske eðlilegt því að þetta mál var þá rætt á næturfundum eins og oft hefur gerst þó að um mikilvæg mál væri að ræða og hefur hv. skrifari trúlega sofið á sínu eyra þá.

Hann hefði nú ekki, hefði hann fylgst með, þurft að fara neitt í grafgötur um það í hvaða flokki sá sem hér stendur er. En ætli honum sé kunnugt um í hvaða flokki hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson er, forseti Sþ., sem hefur nákvæmlega sömu skoðun í þessu máli og ég? Ætli honum sé ekki kunnugt um í hvaða flokki hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson er, sem lýsti nákvæmlega sömu skoðunum og ég í ræðu í Nd. í desembermánuði s. l., þegar þetta mál var til umr., þó hann léti til leiðast að greiða atkvæði með stjórnarliðinu í málinu? Það er svo annað mál að þar skildu leiðir. Ég greiddi atkvæði þá á þann sama veg og ég talaði og mín skoðun stóð til. Þar skildu leiðir með mér og ýmsum öðrum hv. stjórnarliðum sem töluðu á sama veg og ég, en greiddu ekki atkvæði samkvæmt því.

Hv. þm. Halldór Blöndal hefur oft talað í mín eyru og fleiri í Nd. í svipuðum dúr. En hann er eins og fleiri sem flokksfjötrarnir eru á lagðir og verður oft og tíðum að lúta þeim hlekkjum sem á hann eru lagðir til að flokksaginn gildi. Hann er einn af þeim mörgu í þeim flokki sem ekki bregst flokksaganum. Hann heldur sér við hann og ætlar sér að ganga upp mannvirðingastigann í flokknum í ljósi þess að hlýða foringjunum nánast hvað sem þeir segja.

Ég minni hv. þm., skrifara vorn, Halldór Blöndal á skoðanir hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar sem hefur hvað harðast gagnrýnt og deilt á þá stjórnunaraðferð og það stjórnunarkerfi sem verið hefur hér við lýði varðandi fiskveiðar undangengin tvö ár. Enginn hefur harðar gagnrýnt þetta kerfi en hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Hvar í flokki ætli hann sé? Það ætti hv. skrifari að vita hafi hann verið hér á þeim tíma sem þær ræður voru fluttar eins og hann átti að vera. — Ég veit að hæstv. iðnrh. þolir ekki lengur við, ég sé að hann gengur úr þd., þegar þeir sjálfstæðismenn eru minntir á hversu margir af þeirra eigin flokksbræðrum eru allt annarrar skoðunar en fram kemur þegar atkvæði falla í þd. Ég virði það við hæstv. iðnrh. að hann skuli ekki geta setið undir slíku lengur.

Hér hefur ekki neinn loddaraleikur verið leikinn. Þessum skoðunum hefur verið komið hér á framfæri skilmerkilega og ekkert síður af sumum sem fylgja núverandi ríkisstj., þ. e. úr Sjálfstfl. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt einn einasta hv. þm. Framsfl. andmæla þessu kerfi. (**Gripið fram í:** Við erum sammála því.) Já, þess vegna andmælið þið ekki, þið eruð sammála. Ég legg þann skilning í það a. m. k. Er það ekki rétt, hv. skrifari til vinstri? Þeir virðast vera æðiruglaðir orðnir í þessu, skrifarar vorir í þessari deild.

Málið er auðvitað númer eitt að hér hefur Alþingi afsalað sér miklu valdi. Með eindæmum er að afhenda einum hæstv. ráðh. svo mikið vald hversu góður sem hann væri, og þessi gagnrýni á ekki sérstaklega við núverandi hæstv. sjútvrh. Hversu góður sem slíkur ráðh. væri er af og frá að löggjafinn geti afsalað sér slíku valdi eins og hér er um að ræða. Það er auðvitað það fyrsta. En fyrst hann gerði það situr þjóðin uppi með krógann þar til öðruvísi verður hægt að ákveða. Vonandi fjölgar þeim svo núverandi stjórnarliðum í Sjálfstfl., það er engin von til þess að það eigi sér stað í Framsfl., — en vonandi fjölgar svo þeim stjórnarliðum í Sjálfstfl., sem eru á svipaðri skoðun og við sem höfum gagnrýnt þetta kerfi og þessa stjórnun, að hægt verði áður en langt um líður að breyta því til hagsbóta bæði fyrir sjómenn og útvegsmenn og þjóðarheildina.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan að sjómenn og útgerðarmenn væru orðnir sammála þessu kvótakerfi. Man ekki hv. þm. hvernig ástandið var á Fiskiþingi í haust? Voru menn þar sammála því kerfi sem var við lýði árið 1984 og er við lýði nú? Ekki aldeilis. Menn voru ekki aldeilis sammála því. Nauðsynlegt er að

alþm., hvar í flokki sem þeir eru, sjái svo um að hér verði breyting á, að sjómenn fái tækifæri til að stunda sína atvinnu eins og þeim er hægast og þjóðarbúinu er hagkvæmast og eins og þeim aðilum sem næst þessari atvinnugrein standa kemur best. Það verður ekki gert undir núverandi stjórnun. Til þess verður breyting að eiga sér stað.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil minna á að það er verið að ræða 4. dagskrármálið, aðgerðir til að bæta hag sjómanna.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það fór ekkert á milli mála hvaða mál var á dagskrá, ósköp einfaldlega vegna þess að það var villa í frv. og hana þurfti að leiðrétta. Við getum ekkert að því gert þó að þetta mál komi hér fyrir oftar en hefði þurft ef vinnan við undirbúning frv. hefði verið vandaðri. Hins vegar kipptum við þessu í liðinn, félagarnir, og þetta er sem betur fer að komast á leiðarenda, jafnvel þó að ljóst sé að þetta hefði getað verið komið í gegnum báðar deildir þingsins ef áhugi hefði verið fyrir hendi.

Hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hreyfði hérna ákaflega litlu máli. Þá á ég við að það skiptir sáralitlu hvort trillur og smábátar fá einhverjum tonnum meira eða minna í heildina. En það skiptir þá aðila sem róa á þessum litlu bátum mjög miklu að einn besti tími ársins sé ekki tekinn af þeim við þessar veiðar. Íslendingar veiddu á síðasta ári millj. tonn og meira en það. Þeir dagar sem nú eru teknir af trillubátamönnum skipta örfáum hundruðum og kannske tveimur, þremur þúsundum tonna í það heila. Þetta eru smámunir. Það skiptir í raun ekki máli þegar heildardæmið er skoðað. Því miður hafa þessar takmarkanir verið hér til margra ára. Það er ekki verið að finna þetta upp núna. Og það er ekki heldur verið að finna þetta upp úr kvótakerfinu. Það er misskilningur. Það eru fjöldamörg ár frá því að veiðar voru takmarkaðar hjá þessum bátum, ranglega að mínum dómi allan tímann. Hins vegar sé ég ekki nokkra einustu ástæðu til þess að hv. þm. Karvel Pálmason komi hér og hrópi: Kvótakerfið burtu, kvótakerfið burtu, eins og hann er vanur með miklum hávaða, en hefur lítinn grunn á bak við sig. Sannleikurinn er sá að við athugun hefur komið í ljós að u. þ. b. áttatíu af hverjum hundrað útgerðarmanna og sjómanna í landinu vilja kvótakerfið. Þeir sjá það, þessir menn sem standa í þessu, að það var ekkert annað að gera. Auðvitað sjáum við hver og einn fyrir sig stórkostlega galla við kvótakerfið. Hver vill hafa kvótakerfið? Það er í rauninni ekki spurningin. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að jafnvel þótt kvótakerfið sé slæmt er það skárra en hinar lausnirnar sem til voru. Þannig er það alveg út í hött þegar hv. þm. Karvel Pálmason fer að nudda sér upp úr kvótakerfinu þó að verið sé að minna á þarna lítið en samt nokkuð merkilegt mál.

Á s. l. ári voru veiðar þessara smábáta t. d. stöðvaðar í nóvember sennilega vegna þess að þessar fáu trillur voru á sjó og gátu róið. Menn verða nú að athuga hvernig veðurlag er seinni part nóvember eða í desember. Það er ekki alltaf sumar og síst í desember. Trillurnar voru stöðvaðar, máttu ekki fara á sjó þessa örfáu daga sem hugsanlegt var að komast út og sækja eitthvað í soðið. Var mikil hætta á því að þessar örfáu trillur dræpu stofninn? Auðvitað ekki. Gallinn er bara sá að menn horfa ekki á málið allt en eru að einblína á smáatriði sem ekki skipta máli fyrir heildina, en skipta þeim mun meira máli fyrir þá sem byggja afkomu sína á þessum veiðum.

Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan að það hefði verið góður fiskur og mikill afli. Það var röksemdin fyrir því að það ætti að geyma þessa báta í landi. Öllu er nú öfugt snúið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuleysistryggingar, frv. 309. mál (þskj. 586 (sbr. 491)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar er flutt í kjölfar yfirlýsingar sem ríkisstj. gaf varðandi lausn á kjaradeilum. Þar er því lýst yfir að endurskoða verði bótareglur og iðgjöld atvinnuleysistrygginga með tilliti til þeirrar hækkunar sem verður á launum í almennum kjarasamningum. Í framhaldi af því var þetta frv. samið í heilbr.- og trmrn. og lagt fyrir Ed. sem gerði á því eina breytingu við 3. gr. sem nú hljóðar þannig:

„Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klst. dagvinnu í almennri fiskvinnu skv. gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Lágmarks dagpeningar eru ¼ hluti sömu launa."

Í 79. gr. almannatryggingalaga er ákvæði um að ráðh. skuli innan sex mánaða breyta upphæðum bóta skv. þeim lögum ef breyting hefur orðið á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Í reynd hefur þessi sex mánaða frestur ekki verið notaður, heldur reynt að láta bótaupphæðir verða samstiga kauphækkunum. Í lögum um atvinnuleysistryggingar og nú síðast í lögunum frá 1981 eru hins vegar engin samsvarandi ákvæði, heldur hafa iðgjöld og bætur miðast við tilgreindan launaflokk í samningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda. Bætur og iðgjöld hafa þó jafnóðum hækkað þegar kaup skv. hinum tiltekna launaflokki hækkaði vegna nýrra samninga eða vegna vísitöluuppbótar.

Það má segja að þetta hafi verið eðlileg regla og fullnægjandi trygging fyrir tengslum launa og bóta meðan það var aðalreglan við samningagerð að kaup skv. tilgreindum launaflokkum hækkaði, en flokkum fjölgaði ekki að ráði. Nú er hins vegar svo komið að aðalkjarabætur felast oftar en ekki í tilflutningi starfa milli launaflokka, enda er svo komið nú að í dag tekur enginn laun eftir þeim launaflokki sem við er miðað í lögum um atvinnuleysistryggingar, 8. flokki, og sá flokkur er nú aðeins notaður til að reikna út iðgjöld og bætur. Störf þeirra launþega sem á sínum tíma tóku laun skv. 8. flokki eru nú flokkuð í 13. flokk og eiga skv. gildandi kjarasamningum að færast í 15. launaflokk 1. maí n. k. Þetta misræmi stakk svo í augu við síðustu samningsgerð að ríkisstj. hét því, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að beita sér fyrir leiðréttingu á Alþingi í því skyni að hækka viðmiðunarflokk bóta til

samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á röðun starfa í launaflokka frá því að lögin voru sett 1981. Við þá leiðréttingu þótti rétt að miðað yrði, eins og gert var 1981, við þann flokk sem greitt væri eftir fyrir almenna fiskvinnu, enda munu einna flestir taka laun skv. þeim launaflokki. Því liggur beint við að nefna þau störf sem miða skal við, en ekki rígbinda bætur áfram við númeraðan launaflokk. Um þessa breytingu fjalla þrjár fyrstu greinar þessa frv., eins og fram kemur í aths. með því.

Í 4. gr. frv. eru hins vegar nýmæli sem segja má að leiði af setningu laganna frá 1981, en með þeim lögum öðluðust félagsmenn BHM og BSRB rétt til atvinnuleysisbóta á sama hátt og aðrir launþegar. Bætur skv. síðastnefndu lögunum greiðast hins vegar ekki úr Atvinnuleysistryggingasjóði, heldur af ríki eða sveitarfélögum hverju fyrir sig án iðgjaldainnheimtu, enda er ekki um sameiginlegan bótasjóð aðila að ræða. Þetta leiðir til þess að í gangi eru þrjú aðskilin kerfi sem eru þó að því leyti til eins að öll mál á að afgreiða í samræmi við lögin nr. 64/1981 um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum.

Af þessu leiðir að hver sem sækir um bætur vegna atvinnuleysis verður að hafa unnið a. m. k. 425 klst. innan ramma viðkomandi kerfis til að öðlast lágmarksbótarétt. Skv. þessu er það því hugsanlegt að launþegi sem unnið hefur alls 1272 klst. á síðustu tólf mánuðum skv. samningum ASÍ, BSRB og BHM eigi þegar upp er staðið engan lagalegan rétt til bóta. Hér er því lagt til að heimilað verði að leggja saman vinnuframlag til ákvörðunar bóta og greiða úr hverju kerfi fyrir sig að tiltölu.

Herra forseti. Ég legg til að lokinni þessari umr. að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. Ég legg mikla áherslu á, þar sem verkalýðshreyfingunni var lofað að þessi breyting yrði gerð, og fer þess á leit við hv. n. að hún hraði afgreiðslu þessa máls, en meðferð málsins í hv. Ed. hefur tekið nokkurn tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 315. mál (þskj. 500). — 1. umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er 315. mál á þskj. 500. Flm. eru Sighvatur Björgvinsson og Guðmundur J. Guðmundsson. Brtt. eru tvær greinar og hljóða svo með leyfi forseta:

„1. gr. Á eftir 2. tl. C-liðar fyrri mgr. 30. gr. III. kafla laganna komi nýr tölul. er verði 3. tl. og orðist svo:

Frádráttur til fiskvinnslufólks sem nema skal 10% af beinum tekjum af störfum við fiskvinnslu hjá fólki með starfsstéttamerkingu 35, þ. e. hjá ófaglærðu verkafólki, 34, þ. e. hjá faglærðu starfsfólki í fiskiðnaði, og 33, hjá fólki við verkstjórnarstörf í fiskiðnaði."

Þessi starfsstéttarmerking er nú hagstofuatriði. Meginatriðið í þessu og meginatriði frv. er það nýmæli að 10% af beinum tekjum af störfum við fiskvinnslu verði frádráttarbær frá tekjuskatti.

„2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984."

Ég vil fyrir fram vara hv. þm. við því að segja að ekki sé hægt að láta þessa skattalækkun á fiskvinnslufólki koma til framkvæmda vegna tekna ársins 1984. Það hefur verið margleikið hér í hv. Alþingi þegar aðrir eiga í hlut.

Í grg. okkar flm. er minnt á þann aðstöðumun sem nú er hjá þegnunum í landinu gagnvart tekjuskatti, annars vegar þeirra sem hafa rekstur undir höndum og svo almennra launamanna. Þá er og minnst á einstaka hópa með eigin atvinnurekstur, þó smár sé, eða geti verið, hversu auðveldlega margir þeirra komast undan tekjuskatti og á hvern hátt það stuðli í vaxandi mæli að því að það eru að verða tvær þjóðir í þessu landi. Þá er ítrekuð sú staðreynd í grg. að sjómenn og fiskverkunarfólk hafi orðið hvað harðast úti í þeirri kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað að undanförnu.

Eins og hv. þm. er kunnugt eru lögin um frádrátt sjómanna frá tekjuskatti sennilega um 30 ára gömul. Þessi lagaákvæði leystu á sínum tíma harðvítugt verkfall sem togarasjómenn stóðu í. Sjómenn hafa nú um 180 kr. á dag í frádrátt fyrir hvern dag sem þeir eru skráðir á skip. Auk þess hafa fiskimenn 12% frádrátt af tekjum þegar lagður er á tekjuskattur. Þetta hefur verið að breytast í gegnum tíðina, breyttist t. d. í vetur úr 10% í 12. Við flm. leggjum til að næst á eftir greininni um sjómenn í skattalögunum komi ný grein um að 10% af tekjum fiskverkunarfólks verði undanþegin tekjuskatti.

Ég vil taka það skýrt fram, svo að enginn misskilningur eða rangtúlkun eigi sér stað, að ég er í einu og öllu sammála ákvæðunum um skattafrádrátt sjómanna og styð þau lagaákvæði af heilum hug. Og enginn skyldi taka þetta lagafrv. okkar þannig að því sé stefnt gegn sjómönnum. Ekkert er fjær okkur. En nú spyrja sjálfsagt margir: Hvers vegna að mismuna þegnunum? Svar mitt er: Það er alltaf verið að mismuna þegnunum í skattalögum. Það er ekki langt síðan stórlækkaðir voru skattar á fyrirtækjum. Það fór nokkuð hljóðalítið í gegnum þjóðfélagið og meira að segja án mikillar hörku hér á hv. Alþingi. Frádráttarbær frá skatti eru nú kaup á hlutabréfum í fyrirtækjum. Þetta er nýmæli, á sér ekki langa sögu.

Hvað um tekjuskattinn á bændur? Nýlegar fyrningarreglur, sem ganga út yfir bústofninn, verka þannig að bændur fá yfirleitt ekki tekjuskatt. Ég skal viðurkenna að bændur eru yfirleitt ekki ofhaldnir. En í fjölmörgum sveitum eru það vinnumenn og ellilífeyrisþegar sem bera hæstu skattana en góðbændur eru lægri. Ég er ekki að sjá ofsjónum yfir hag bænda, fjarri því. En ákaflega eru skattalögin þeim hagstæð. Við skulum því ekki fullyrða hér að ekki sé um neina mismunun að ræða í skattamálum þegnanna. Hún er þegar til staðar í þessu þjóðfélagi.

En snúum okkur nú að fiskvinnslufólkinu. Hvernig er að því búið? Það býr við algert öryggisleysi í atvinnumálum, eins og ég hef margítrekað úr þessum virðulega ræðustól að undanförnu. Hvort sem það hefur starfað í 30 ár eða 3 mánuði í starfsgreininni, þótt hjá sama atvinnurekanda sé, þá má segja því upp kauptryggingu með viku fyrirvara. Var einhver að tala um mismunun?

Það kom nýlega fram í sjónvarpi að nú ætti að fara að segja upp fiskvinnslufólki á Ísafirði, segja því upp

kauptryggingu og það væri í fimmta sinn síðan í haust. Ég gæti farið allt í kringum landið og rakið uppsagnir fiskverkunarfólks, þar sem það hefur verið atvinnulaust ekki aðeins í viku, hálfan mánuð eða mánuð, heldur tvo, þrjá, fjóra mánuði.

Tímakaup þessa fólks er það lægsta sem þekkist hjá Verkamannasambandinu, svona 81—86 kr. á tímann. Meginhluti þessa fólks vinnur hins vegar í bónus undir gífurlegu álagi, það miklu álagi að skv. nýlegri könnun voru um 70% þessa fólks með einkenni atvinnusjúkdóma og verulegur hluti þeirra mjög alvarlegur. Að vísu aukast tekjur við bónusinn. En það er mjög alvarlega til umræðu hjá verkalýðshreyfingunni, vegna þess sem ég hef getið hér að framan, að banna bónus.

Og vinnutíminn, hvernig er hann? Ýmist uppsagnir og atvinnuleysi eða of oft mjög langur og óreglulegur vinnutími, 10—16 tímar mjög algengt. Þessu fólki er það annt um framleiðsluna að það leggur á sig þennan vinnudag til að bjarga verðmætum.

En hver er svo þróunin í þessum málum? Þróunin er sú að það er stórfelldur flótti úr þessari atvinnugrein, lág laun, lítið atvinnuöryggi, mikið vinnuálag og einhæf vinna. Flóttinn er ekkert bundinn við Reykjavík. Víðast hvar á landinu leitar fólk úr fiskvinnu ef það á kost á annarri vinnu. Íbúðaverð á gróskufyllstu stöðum á landinu hefur hríðfallið vegna þess að fólk er að leita burt úr þessari atvinnugrein og það af stöðum þar sem gjaldeyrisframleiðslan er hvað mest á hvern íbúa. Sér nú ekki hver maður að þetta ástand getur ekki gengið? Eða vita ekki allir að við lifum fyrst og fremst af fiski? Ef þetta fólk heldur áfram að flýja fiskiðnaðinn þá hríðfalla gjaldeyristekjur okkar og þjóðin kemst á vonarvöl. Það þýðir ekkert að reyna að bjarga þessu með því að auka innflutning á fólki frá Ástralíu eða Norðurlöndum. Reyndar tollir enginn frá Norðurlöndum hér vegna þess hve kaupið er lágt og vinnan erfið. Eða er það hagstæðara fyrir íslenska ríkið að borga vinnulaun verkafólks í erlendum gjaldeyri? Það væri kannske athugandi að borga íslensku verkafólki laun í erlendum gjaldeyri. Hvers konar þjóðarbúskapur er þetta eiginlega?

Það var fróðlegt að hlusta á Magnús Gústafsson, forstjóra Coldwaters í Bandaríkjunum, í útvarpinu s. l. laugardag. Hann sagði efnislega eitthvað á þá leið að við gætum stóraukið verðmæti fiskafurða okkar ef við hefðum vinnuafl til að vinna fiskinn í dýrari pakkningar. Og við mættum engan tíma missa ef ekki ætti enn verr að fara. Það er forstjóri Coldwaters sem þannig talar.

En enn heldur flóttinn áfram úr fiskvinnunni, rekinn af stjórnvöldum og Alþingi. Ég skal segja ykkur örfáar staðreyndir sem ég hef persónulega 30 ára reynslu af. Í kjarasamningum er ekki jafnerfitt að fá bætt kjör fyrir neinn hóp og fiskverkunarfólk. Ég held að atvinnurekendur séu að skilja það fyrst núna að þetta ástand getur ekki gengið. Þeir segja og það með töluverðum rétti: „Við getum ekki velt þessum kauphækkunum út í verðlagið eins og aðrir. Það verður þá að koma fram í gengislækkun. Sjávarútvegurinn er rekinn með tapi á meðan ýmsir aðrir stórgræða.“ Eitt er víst, að fiskverkunarfólk stórgræðir ekki á sjávarútvegi. Að vísu hafa atvinnurekendur of oft verið skammsýnir í þessu. En það skal enginn ímynda sér að undan því verði vikist að kjör fiskverkunarfólks verður að bæta.

Ríkið getur komið þarna inn sem aðili með því að lækka skatta á fiskverkunarfólki eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Margt af þessu fólki hefur þó nokkrar árstekjur með því að leggja hart að sér í bónus og með mikilli yfir- og helgarvinnu. Mér er mjög til efs að ríkið tapi hér nokkru fé ef dýpra er skoðað. Þjóðartekjurnar standa og falla með því hvort vel eða illa er að verki staðið í fiskvinnslu. Við björgum því ekki með útlendingum. Til hvaða lands ætli verði leitað næst til að fá óvant fólk í fiskvinnslu meðan við erum að hrekja þjálfað fólk frá þessum störfum?

Hvernig á að beita tekjuskatti? Hafa ákvæðin sem stöðugust, segja sumir. Þau eru nú stöðugust á launafólki ákvæðin um tekjuskattinn. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli fyrir þjóðarbúið að við getum haft tekjuskattinn sveigjanlegan þegar undirstöðuatvinnuvegur okkar stenst ekki samkeppni um vinnuaflið og sveigja þá tekjuskattinn þessu fólki í vil. Tekjuskattur getur nefnilega verið sterkt hagstjórnartæki. Ég held að hv. Alþingi verði að athuga þessa hlið málsins. Það er ekki einungis verið að hlaupa undir bagga með þessu fólki. Það er verið að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum sjálfum svo að hann fái fólk til starfa. Svo sannarlega þurfum við á sveigjanleik að halda. Lækkum tekjuskattinn á þessu fólki sem ásamt sjómönnum vinnur grunnframleiðslustörfin í þjóðfélaginu, fólki sem vinnur langan og óreglulegan vinnudag en er svo atvinnulaust á milli, oft vikum og mánuðum saman, fólki sem vinnur undir það miklu álagi að meðal þess eru atvinnusjúkdómar sennilega tíðastir á Íslandi. Athugið að þetta fólk verður iðulega fyrir stórfelldum tekjumissi af þeim sökum. Þetta fólk skuldar ekki þjóðfélaginu. En þjóðfélagið skuldar því. Eigum við að byggja á auknum innflutningi erlends vinnuafls í þessar greinar og greiða vinnulaun í erlendum gjaldeyri? Eigum við að ýta undir þá þróun að við seljum hráefni okkar í vaxandi mæli í ódýrari pakkningum af því að við höfum ekki vinnuafl í þessari starfsgrein? Ég er sannfærður um að þjóðfélagið í heild mundi græða á samþykkt þessa frv. sem hér er lagt fram. Það leysir ekki allan vanda, fjarri því. En það er spor í rétta átt. Ég hef margar tillögur í þeim efnum en ég skal ekki verða langorðari hér.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. í trausti þess að sá andi ríki í nefndinni að hún skilji að hér er verið að fjalla um kjör fólks, sem ekki hefur gengið út frá störfum sínum, heldur fólks sem er margrekið út af vinnustað þegar atvinnurekendum hentar, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur jafnvel 6—7 sinnum á sama árinu.

Ég held að við verðum að fara að átta okkur á þýðingu starfa þessa fólks. Ég vara hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar við því að reyna að svæfa þetta frv. í nefnd. Ég vil ekki trúa því að skammsýnin sé svo mikil að nefndin vilji hjálpa til við að leggja íslenskan sjávarútveg í rúst.

Herra forseti. Ég vil ljúka ræðu minni með því að segja að ég vona að hv. þd. beri gæfu til að afgreiða þetta frv. fljótt og undanbragðalaust.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það frv. sem hér er nú til umr. er vissulega skref í átt til þess að leiðrétta áratuga misrétti í þjóðfélaginu. En í mínum huga er það spurning hvort þetta sé réttasta skrefið og hvort þetta sé nógu stórt skref til þess að hægt sé að fá fólk til að vinna

í þessari grundvallaratvinnugrein landsmanna. Það fer auðvitað ekkert á milli mála og er öllum ljóst, eins og hér kom fram hjá hv. frsm., að kjaraskerðing undangenginna mánaða hefur bitnað hvað harðast á sjómönnum og fiskvinnslufólki. Nú er svo komið, og ætti raunar ekki að þurfa að ítreka það hér í umr. á Alþingi, að víða í sjávarplássum, þar sem fiskvinnsla og fiskveiðar eru meginatvinnuvegir á hverjum stað, yfirgnæfandi meiri hluti launafólks vinnur við þær greinar, þar flykkist nú fólk úr þessum undirstöðuatvinnuvegi. Sjómennirnir fara af bátunum, fiskvinnslufólkið yfirgefur frystihúsin. Frammi fyrir slíkri staðreynd er það spurning í mínum huga hvort menn eru hér nægilega róttækir í breytingum til þess að hægt sé að leiða að því líkur að við getum snúið þessu dæmi við. Ég minni á í þessu sambandi margfluttar — og að nokkru leyti samþykktar tillögur Alþfl. hér á Alþingi um að afnema með öllu tekjuskatt af almennum launatekjum. Það er auðvitað aðgerð sem löngu ætti að vera búið að framkvæma. 10% skattalækkun hjá fiskvinnslufólki er í mínum huga kannske ekki eina rétta leiðin til að létta byrðar, bæta kjör og auka öryggi þessa fólks. Trúlega þurfa fleiri leiðir að koma til ef við ætlum að gera okkur vonir um að við höldum þessu hæfa fólki sem í gegnum árin og áratugina hefur starfað í þessari atvinnugrein en hefur borið hvað skarðastan hlut frá borði.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði hér áðan, að alltaf er verið að mismuna í þjóðfélaginu. Meiri hl. Alþingis, ekki bara þess sem nú situr heldur og oft áður, hefur ekki vílað fyrir sér að skerða hlut þessa fólks trekk í trekk, breyta samningum og kjaraákvæðum hjá því eins og svo mörgum öðrum launþegum á þann veg að skerða verulega áunnin réttindi og launakjör. Þetta er ekki að gerast fyrst í dag þó að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið gengið miklum mun lengra í þessum efnum en oft áður. Fordæmin eru mörg. Það verður fróðlegt í ljósi þess að heyra, þegar hæstv. forsrh. svarar hér fsp. væntanlega á næstu dögum um það, hversu stjórnvöld hafi oft og með hvaða hætti gripið inn í gerða kjarasamninga á undangengnum 15 árum. Það hygg ég að kunni að verða fróðleg lesning, ekki bara fyrir fiskvinnslufólk, heldur og almennt fyrir launafólk í landinu og kannske fleiri.

Að sjálfsögðu tek ég undir það frv. sem hér er nú til umr. En ég ítreka að ég hef ekki allt of mikla trú á því að það nægi eitt og sér til að tryggja það með einhverjum hætti að þetta hæfa fólk, sem hefur verið í fiskvinnslunni og frystihúsunum undangengin ár, haldi áfram að vera þar eða skili sér aftur, það sem er búið að yfirgefa þessa vinnustaði. Ég held að það þurfi að gera meira. Það þarf að leita fleiri leiða til að bæta aðstöðuna, tryggja atvinnuöryggi þessa fólks. Hv. frsm. vék hér áðan að því gífurlega öryggisleysi fiskvinnslufólks hér á landi sem fær uppsögn jafnvel margsinnis á sama árinu. Slíkt er auðvitað ekki sæmandi þjóð sem byggir um eða yfir 70% af útflutningsverðmætum sínum á sjávarfangi. Það er ekki sæmandi og það er með ólíkindum hversu augu og eyru þeirra forustumanna þjóðarinnar sem leitt hafa hana undangengin nokkuð mörg ár eða áratugi, hversu augu og eyru þessara stjórnmálaforingja svokölluðu virðast hafa verið lokuð fyrir þeirri nauðsyn að hlúa að þessum þætti, sem er meginþátturinn í okkar atvinnulífi og allt annað byggist á. Það minnkaði fljótt í buddunum hjá öðrum ef þetta fólk skilaði ekki þeim afrakstri og árangri sem það hefur gert í gegnum árin. Það tæmdust þá fljótt buddurnar hér t. d. á þessu svæði og menn keyptu ekki mikið frá degi til dags, ef þetta fólk yrði hrakið úr þessari atvinnugrein vegna þess að misvitrir stjórnmálamenn hafa ekki hugað að því, annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi, að bæta svo stöðu og kjör þess að það fengist til að vera áfram í þessari atvinnugrein.

Ég vænti þess að við fáum að heyra hér viðhorf þeirra sem nú ráða ferðinni hér á Alþingi, þess meiri hluta sem skipar nú sæti á Alþingi, stjórnarliðsins, til þessa máls. Ég á bágt með að trúa því að augu manna séu ekki farin að opnast fyrir því, hversu geigvænlega horfir nú einmitt í þessum málum hjá okkur Íslendingum. Og því fyrr sem ráðandi menn gera sér það ljóst að vá er fyrir dyrum, sums staðar þegar skollin á, að því er þetta varðar, því betra. Og ég vil trúa því að menn geti sameinast um það hér, þó ekki væri nema að stíga þetta skref, þó að ég telji að það þurfi að gera meira en þetta til að tryggja þessu fólki ekki bara mannsæmandi laun og launakjör heldur mannsæmandi atvinnuöryggi á borð við aðra þjóðfélagsþegna velflesta.

Magnús Reynir Guðmundsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt til þess að vita að málefni fiskvinnslufólks og sjómanna skuli bera á góma og ég fagna því að umr. skuli snúast um kjör þessa fólks hér í dag að svo miklu leyti sem raun ber vitni. Ég er hingað kominn í ræðustólinn til að taka undir þau meginsjónarmið er fram komu í ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar hér áðan. Ég er jafnframt hingað kominn til að minna á þá vá sem virðist vera fyrir dyrum í sambandi við íslenskan sjávarútveg þegar svo er komið að fólk fæst ekki lengur til að sinna þeim störfum sem tilvera íslenska þjóðfélagsins byggist á.

Ég skal ekki hafa orð mín mörg hér í ræðustólnum, en vil geta þess, vegna þess að ég er fulltrúi kjördæmis sem byggir meir á fiskvinnslu og fiskveiðum en flest önnur, að þróunin í þessum efnum hefur verið sú nú allra síðustu misserin að það er alger vá fyrir dyrum hjá frystihúsum á því svæði sem eru í mínu kjördæmi. Það er rétt, sem fram kom hjá Guðmundi J. Guðmundssyni hér áðan, að það hefur sífellt þurft að flytja inn fleira starfsfólk til starfa og það hefur ekki komið frá Norðurlöndum, eins og Guðmundur benti réttilega á, því að þaðan fáum við ekki fólk vegna þess hversu launin eru lág, heldur hefur þetta fólk komið frá fjarlægum löndum, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og öðrum slíkum. Ég held að ef ríkisvaldið getur með einhverju móti komið til aðstoðar íslenskum sjávarútvegi, t. d. með því að grípa þar inn í með skattaívilnunum, sé sú tilraun vel þess virði að gera hana.

Ég vil í sambandi við þetta mál minnast á þá breytingu sem orðið hefur með tilkomu kvótakerfisins. Ég tók ekki til máls áðan í sambandi við mál sem var á dagskrá, um að bæta kjör sjómanna, en auðvitað eru hagsmunir sjómanna og fiskvinnslufólks nátengdir. Og það er ekki hægt að ræða um sjómenn nema að ræða um fiskvinnslufólkið í sömu andránni og ekki heldur hægt að ræða um fiskvinnslufólk nema ræða um sjómenn jafnframt. Þess vegna vil ég benda á að þessi mál eru samtengd. Hagsmunir þessa fólks fara saman og með tilkomu kvótakerfisins hefur vissulega dregið úr

tekjumöguleikum ekki bara sjómanna heldur líka fiskvinnslufólks. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt í þá veru að það þurfi að tryggja atvinnuöryggi þessa fólks.

Mér finnst fyllilega tímabært að skoðað verði hvort íslenska þjóðfélagið telur ekki tilefni til að grípa inn í það alvarlega ástand sem skapast hefur þegar við stöndum frammi fyrir því að geta ekki látið hjólin snúast í frumatvinnugreinum þjóðarinnar. Við höfum verið að ræða hér um málefni Háskólans og ýmis önnur mál, en ég er ansi hræddur um að málefni Háskólans og annarra mennta-, menningar- og þjónustustofnana í landinu þurfi ekki að vera á dagskrá ef ekki verður tryggt að atvinnuvegir landsmanna sem færa okkur 75—80% af útflutningstekjum geti gengið eðlilega. Ég lýsi því stuðningi við þetta frv. í trausti þess að ráðin verði bót á því alvarlega ástandi sem blasir við vítt og breitt um landið og að reynt verði að tryggja að íslenskt þjóðfélag geti gengið eins og það hefur gert hingað til.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ekkert er mér fjær en að hafa á móti bættum kjörum fiskvinnslufólks í þessu landi. Ég er sjálf runnin úr þeim herbúðum og tel mig þekkja nokkuð vel kjör þess fólks og hef sjálf unnið við fiskvinnslu. Þetta þýðir samt ekki að ég hljóti ekki að gera verulegar athugasemdir við þetta frv. og hlýt að eyða í það nokkru máli, herra forseti.

Þegar Alþingi Íslendinga er að setja lög í landinu er verið að búa lífi fólksins í landinu framtíð eða gera því einhvern farveg til nokkurs tíma. Frv. eins og þetta þykir mér afar vont frv. að því leyti að hér er aðeins vikið að mjög litlum hluta af vandamáli verkafólks í þessu landi og til mjög stutts tíma og til mjög lítils gagns. Það er algerlega ljóst að það gerir ekkert fyrir sjávarútveginn í landinu þó það, eins og hér segir, sé til þess að bjarga ömurlegum kjörum fiskvinnslufólks í landinu að það fái að taka 10% af beinum tekjum til frádráttar við álagningu tekjuskatts. Í fyrsta lagi er ég í meginatriðum hlynnt því að allir launþegar í landinu greiði skatt af tekjum sínum og ekki síður hinir sem enga skatta greiða, en hafa obbann af fjármagninu í landinu. Ég hlýt að spyrja: Hvers eiga þeir að gjalda sem vinna t. d. á saumastofum landsins? Ekki alls fyrir löngu kom ég á saumastofu á Akranesi þar sem sátu 30 konur og framleiddu dýrindis ullarflíkur sem seldar eru fyrir háar upphæðir á erlendum vettvangi. Hálfs dags starfsmenn, sem sitja þar og sauma, fá innan við 7000 kr. á mánuði. Mér er alveg ljóst að það bjargar ekki þeim konum að þær fái að draga 10% af beinum tekjum frá tekjuskatti vegna þess að þær komast ekki nálægt neinum tekjuskatti. Þess vegna hlýt ég líka að benda á, eftir að hv. flm. hefur hér haldið fram að vissulega — sem við öll vitum — sé um afskaplega ótrygga atvinnu að ræða í fiskvinnslu, að sé nú fólk atvinnulaust mánuðum saman, þá held ég að í ljós hljóti að koma að frádráttur frá tekjuskatti geti ekki komið þessu fólki að miklu gagni. Þess vegna vildi ég gjarnan vilja spyrja hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson: Hvers vegna var ekki farið út í það að fólk fengi frádrátt frá útsvari? Það má vera misskilningur minn, en ég hefði giskað á að það kæmi að meira gagni.

En mergur þessa máls er sá að um árabil hefur þetta fólk verið afar illa launað. Í staðinn fyrir að greiða fólki sómasamleg daglaun fyrir vinnu sína hefur verkalýðshreyfingin fallið í þá gryfju að leita annarra leiða, svo sem alls kyns launahvetjandi kerfa, bónuskerfa, vitandi að þau stórskaða verkafólkið í landinu. Loksins, u. þ. b. tveim áratugum seinna, einum og hálfum kannske, eru mönnum að opnast augu fyrir því að þetta gengur ekki. Það er auðvitað engin leið til að bæta kjör landsmanna að misbjóða heilsu þeirra. Ef bónuskerfið yrði bannað, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði áðan, er ég ansi hrædd um að verði að ganga heldur rösklega til verks og hækka dagvinnulaun. Fyrir mér er þetta mál allt komið í einn allsherjar rembihnút og ég tel það varla sæmandi að við alþm., jafnvel þó við fáum klapp af þingpöllum, föllumst á hvað sem er til að leysa bráðan vanda einstakra starfsstétta í landinu og ekki þess ómerkasta eins og fiskvinnslufólk er, þó að mér sé nú heldur í nöp við það að æ ofan í æ sé talað um einstakar starfsstéttir þjóðfélagsins á mismunandi hátt, sumar séu gagnlegar og aðrar ekki. Það stríðir mjög á móti allri minni vitund um störf verkafólks þessa lands. (Gripið fram í.)

Ekki síður fer það fyrir brjóstið á mér, hv. þm. Karvel Pálmason og aðrir þeir sem hér hafa talað, þegar talað er um að ekki skuli ræða hér málefni Háskólans, menningarmál og menntunarmál í landinu, á meðan ekki sé búið að bæta kjör fiskvinnslufólks. Háskóli Íslands og fiskvinnslufólk í þessu landi eru ekki tveir aðskildir aðilar í þjóðfélaginu, heldur ættu að hafa miklu nánari tengsl.

Það mætti margt fleira segja um þetta og það má vel vera að mál mitt verði illilega misskilið. Það er nú einu sinni reynt við öll tækifæri. En ég á erfitt með að fallast á að hér á Alþingi sé gripið til þess með löggjöf að bæta til bráðabirgða kjör eins hóps manna í þessu þjóðfélagi og náttúrlega ekki með því að fela atvinnurekendum að greiða þeim laun, heldur á auðvitað að ganga í ríkiskassann og láta hann borga. Ég hlýt að spyrja: Hversu lengi er hægt að ganga í hann? Hvaða starfsstéttir eiga endanlega að greiða skatta? Væri ekki nær að reyna að ná til þeirra sem fara með fjármagnið sem fiskvinnslufólkið í landinu framleiðir og leikur sér með það án þess að borga til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins? Það er fyrir þetta fólk sem við, fiskvinnslufólkið og við alþm. og aðrir launamenn í landinu, erum að greiða skólavist barna, heilbrigðisþjónustu og allt það sem þetta þjóðfélag hefur upp á að bjóða. Það fólk tekur ekki þátt í því. Við gerum það hin.

Í þetta frv. vantar einnig upplýsingar sem ég held að séu afar nauðsynlegar öllum alþm. áður en þeir geta tekið afstöðu til þess, en það er hvað þetta kemur til með að kosta. Hefur flm. ekki dottið í hug að reikna út hversu miklir peningar það séu sem hér er um að ræða? Ég segi fyrir mig að ég hef ekki hugmynd um hvort það skiptir hundruðum milljóna eða tugum milljóna eða hversu miklum fjárhæðum það skiptir. Það verður sjálfsagt kannað við meðhöndlun í hv. fjh.- og viðskn. (**GJG:** Er þm. hræddur um að það verði mikið?) Sé það ekki mikið, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sýnir það aðeins hversu gagnslaust þetta er. Það gerir þá ekkert annað en að upplýsa hversu gersamlega þetta frv. er ónauðsynlegt og gagnslaust ef þetta skiptir ekki fiskvinnslufólkið í landinu verulegu máli. Til hvers þá að vera að flytja frv.? Það er verið að stinga dúsu upp í það, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég ætlast ekki til þess að fá klapp héðan af þingpöllum, ég er

ekkert vön því og ég þoli það vel, en það sem ég vil gera kröfu til hér í sölum Alþingis, svo að ég haldi nú framboðsræðu líka, er að þetta fólk fái hærri laun. Það á ekki að setja það á einhvern ölmusubekk og bjarga því frá því að greiða skatta, síst af öllu einhvern óverulegan tekjuskatt sem ekki einu sinni er víst að því sé gert að greiða.

Ég held að svona frv. séu engum manni til góðs í þessu landi. Ég hlýt að lýsa þessum skoðunum mínum. Ég vil ekki sitja undir því og taka þátt í því að stinga einhverri svona dúsu upp í launafólk í landinu. Það er orðið ólíft í þessu landi, launafólk á Íslandi hefur ekki lengur í sig eða á og það er vandamálið. Skattamál þess er ekki mestur vandinn. Vandinn er að það fær ekkert upp úr launaumslögunum sínum og náttúrlega ósvífin lög um þess eigið atvinnuöryggi. Og ég hlýt að auglýsa eftir því hvers vegna verkalýðshreyfingin hefur ekki séð um að það búi ekki við þau kjör um atvinnuöryggi sem því er boðið upp á.

Við verðum að reyna að komast niður á það að fara að skoða þessi mál öll í samhengi. Það er ekki hægt að banna bónus vegna þess að þá er fólkið ekki með nein laun. Þetta frv. hér bjargar því ekki. Það þarf að taka upp öll launamál í landinu. Ég get ekki sem íslensk kona á Alþingi Íslendinga tekið þetta í þessu gríni á meðan saumakonurnar, prjónakonurnar og verksmiðjustúlkurnar taka upp úr launaumslögunum sínum — með engum bónus, þær eiga engan kost á honum — 12 og 13 þús. kr. á mánuði. Ég get ekki tekið þátt í því að afgreiða svo eitthvert frv. sem á að lækka lítillega skatta fiskvinnslufólks. Ég hlyti þá að auglýsa eftir á sama tíma: Hvað með alla hina? Ég held að löggjöf þjóðarinnar sé alvarlegra mál en svo, að hægt sé að bera fram svona frv. án þess að skoða þessi mál í víðara samhengi.

Hér hefur margsinnis verið talað um að gera kannanir á launakjörum landsmanna. Eitthvað hefur verið samþykkt í þá veru. Út úr þessu kemur svo sem ekki neitt. Hér sagði einhver hv. þm. áðan — að mér fannst heldur einfeldningslega — að stjórnmálaforingjar landsins hafi ekki hlúð að kjörum fiskvinnslufólks í þessu tilviki. Það vill svo til í okkar litla landi að stjórnmálaforingjar landsins eru mjög gjarnan þeir sem mestra hagsmuna eiga að gæta við að halda launakjörum verkafólks í landinu eins mikið niðri og þeir lifandi mögulega geta. Þetta er sem betur fer aðeins að breytast, svolítið er að verða fjölbreyttari hópur fulltrúa landsmanna á þingi en verið hefur, en í afar mörgum tilvikum hefur enginn áhugi verið á því að hlúa að launakjörum landsmanna og í tíð þessarar ríkisstj. hefur verið unnið að því skipulega — ég segi skipulega — að færa laun landsmanna yfir í vasa braskara sem nú hafa svo mikla peninga til að leika sér með að hæstv. fjmrh. verður að eyða milljónum í að auglýsa í kappi við aðra aðila verðtryggð spariskírteini. Ég held ekki að fólkið hér á pöllunum eigi nokkurn skapaðan hrærandi hlut til þess að kaupa verðtryggð spariskírteini fyrir. Það eru aðrir sem eru með þá peninga. Hitt er svo aldeilis laukrétt að það er þetta fólk sem bjó þá peninga til og framleiddi þá, en það eru aðrir sem leika sér með þá. Þetta litla frv. breytir ekki því. Það er verkefni núv. hæstv. ríkisstj. að breyta notkun á fé í þessu landi. Milljónirnar og hundruð milljónanna sem fara nú í hreinan gróða milliliða og allra mögulegra aðila eru peningarnir sem þetta fólk er að vinna fyrir, fyrir þau smánarlaun sem það hefur. En ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. Ég held að einhver hafi orðið að segja þetta. Þetta er ekki leiðin til vinsælda, það er mér alveg ljóst, en ég segi það samt.

Fjmrh. (**Albert Guðmundsson**): Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í heimiliserjum Alþb. (**ÓRG:** Þú ert nú vanur að blanda þér í þær.)

Ég tel að það sé rétt hjá hv. 10. landsk. þm., þrátt fyrir það mál sem hér er nú til umr. eins og það birtist á þskj. 500, að huga þurfi að fleiri starfsstéttum. Það eru fleiri starfsstéttir sem þurfa á athygli okkar að halda og bættum lífskjörum. Það fer ekkert á milli mála. Ég vil taka undir það. Að því vinnur ríkisstj. Það er líka rétt hjá henni að ríkissjóði eru takmörk sett, hvað gjaldþol ríkiskassans er mikið. En það fer allt eftir þeim ákvörðunum sem Alþingi tekur á þeim tíma sem fjárlög eru samþykkt. Það er í höndum Alþingis á hverjum tíma hver útgjöld eru og hverjar tekjur koma á móti. Ég hef sagt það hér nokkrum sinnum síðan ég tók við starfi mínu sem fjmrh. að í gegnum árin hefur Alþingi hlaðið svo á útgjaldahlið ríkissjóðs að ég óttast að útkoman úr þeirri úttekt sem ég er nú að láta gera og unnin er af einum færasta lögfræðingi þessa lands, Páli Líndal eigi eftir að sýna að útgjöld þau sem Alþingi Íslendinga og við öll höfum hlaðið á fjárlögin séu meiri en tekjur standa undir. (**GHelg:** Ráðh. hefur samt efni á því að létta sköttum af fyrirtækjaeigendum.)

Þrátt fyrir það sem ég hef nú sagt vil ég segja að þetta frv., sem hér er flutt, er flutt með því góða hugarfari að létta undir með þeim sem vinna í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og að þeirri verðmætasköpun sem stendur undir allri velmegun þjóðarinnar. Því ber okkur skylda til að gleyma ekki því fólki þegar við ráðstöfum því sem við teljum að við getum ráðstafað til að létta byrðum af almenningi í landinu. Ég tek því undir þá hugsun sem felst í frv. Ég kvíði því einu, ef það verður samþykkt og kemur strax til framkvæmda, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að það verður erfitt fyrir ríkissjóð vegna þess að fjárlög hafa verið samþykkt. Þau útgjöld sem þá bætast við eru ekki inni í útgjaldaáætlunum fjárlaga.

Ég undirstrika þetta um leið og ég minni á að það er samþykkt ríkisstjórnarflokkanna að fella niður tekjuskatt í áföngum. Fyrsti áfanginn er þegar kominn til framkvæmda. 600 millj. kr. niðurfelling átti sér stað við gerð tekjuhliðar fjárlaganna síðast. Ég tek undir það, sem kom fram hjá flm., hv. 7. þm. Reykv. Guðmundi J. Guðmundssyni, að málið fari til n. og að þar verði það skoðað. Ég veit ekki betur en að hv. flm. Guðmundur J. Guðmundsson sé í fjh.- og viðskn. (**GJG:** Nei, nei. Það er búið að reka mig úr henni.) Er búið að reka þig úr henni? Það þykir mér leitt því ég ætlaði að vona að hv. þm. gæti sjálfur fylgt málinu þar eftir, þannig að hann þyrfti ekki að óttast um að málið yrði svæft.

Ég vil taka það fram, sem ég hef áður tekið fram, að á ferðum mínum um landið í forsetakosningum 1980 átti ég þess kost að heimsækja frystihús vítt og breitt um landið. Mér til mikillar furðu kom í ljós að einu aðilarnir sem eru ábyrgir fyrir gæðum útflutningsafurðanna eru þær stúlkur sem pakka vörunni. Þær setja sitt númer í kassa sem hægt er að rekja til þeirra. Ekki er hægt að rekja neitt annað í sambandi við afgreiðslu til útlanda, eða var ekki þá, nema að vörumerkið er hægt að rekja, frá hvaða fyrirtæki varan kemur, og það fer

eftir númerunum líka. Sá sem gengur frá vörunni og er einn ábyrgur fyrir gæðum hennar er stúlkan sem stendur við borðið og hreinsar fiskinn og setur hann í umbúðir. Það er að mínu mati athyglisvert því enginn annar hærra settur í framleiðslu- og sölukeðjunni er eins ábyrgur og þeir sem hreinsa fiskinn og pakka og búa þó jafnframt við hvað minnst atvinnuöryggi, eins og kom fram frá flm. Ég tek því undir þetta frv., en bendi á að það er stefna ríkisstj. og það er stefna Sjálfstfl., sem er miklu eldri en stefna ríkisstj. og var samþykkt á flokksfundi sem var haldinn í Borgarnesi fyrir nokkrum árum, að fella skuli niður tekjuskatt. Þetta frv. er því í anda Sjálfstfl.

Ég vil vara við því, þegar góð mál koma fram eins og þetta, að aðrir þm., jafnvel samflokksmenn þeirra sem eru flm., komi upp og yfirbjóði: Það er ekki tekið nógu stórt skref. Það á að gera meira. — Það er ekki alveg nógu gott.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að taka undir þá hugsun sem kemur fram í þessu frv., en ég efast um, og ég segi það til að kveikja ekki falskar vonir hjá þeim sem hér eiga hlut að máli, að hægt verði að framkvæma þetta með þeirri gildistöku sem getið er um í 2. gr. þessa frv. *Við skulum vera raunsærri þannig að fólk geti treyst því að það sem er borið fram og samþykkt, verði það samþykkt, verði þá hægt að framkvæma líka.*

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ekkert af því sem kom fram í umr. kom mér raunverulega á óvart. Að vísu neita ég því ekki að ég tel að ein ræða, sem hér var flutt, hefði verið betur óhaldin. En sleppum því. Það má deila um atriði í þessu frv., sem ég bjóst við að menn ræktu augun í, t. d. hvort þetta ættu að vera 10% eða önnur tala. Ef Alþingi féllist á 20% þá stendur ekkert á mér að samþykkja það. Það kemur hins vegar líka mjög til umræðu að þetta væri ein ákveðin upphæð, *hvort sem það væri 50 þús., 80 þús. eða hvað það nú* væri, en það væri ekki bundið í prósentur. Ég vil í sannleika sagt afnema alla skatta af verkafólki. Ég er á því að tekjuskattur sé í reynd orðinn fyrst og fremst launamannaskattur og styð þess vegna allar lækkanir á honum og gerbreytingar. Þetta er að verða einn ranglátasti skattur sem til er í þjóðfélaginu. En það kallar fram aðra langa ræðu að útlista það.

Menn mega nú ekki tala eins og þeir hafi aldrei hlýtt hér á umræður eða fylgst með tillögum. Hér liggur fyrir frv. sem ég er flm. að ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Karvel Pálmasyni um að kauptrygging verði þannig að hámarkið, sem þetta fólk sé án kauptryggingar, séu 160 klst. á ári og megi aldrei vera nema 80 klst. í senn. Alþingi á kost á því, ef því er svona annt um þetta fólk, og það er gleðilegt að heyra að svo er, að samþykkja þetta frv. Það myndi gerbreyta málinu. Til Alþingis eru komnar áskoranir frá stjórnum tuga verkalýðsfélaga og í frystihúsum vítt og breitt um landið fer fram undirskriftasöfnun, nokkrar þeirra undirskrifta þegar komnar, um að þetta frv. verði samþykkt. Þm. eiga því vissulega kost á því. Vitanlega leysir þetta frv. ekki allan vanda. En af hverju að tala svona? Ég lagði á það ríka áherslu í minni ræðu að því færi fjarri að þetta leysti allan vanda, það yrði að bæta frekar kjör fiskverkunarfólks, en þetta væri spor í rétta átt. Með samþykkt frv. um kauptrygginguna ásamt með þessum tekjuskattsafslætti mundi vera stigið verulegt spor. Ég tók alveg skýrt fram kjaraskerðinguna á launafólki og það þarf ekkert að vera að brýna mig á því.

Talað var um af hverju þessi niðurfelling næði ekki til útsvars. Þetta nær að nokkru leyti til útsvars. Ef viðkomandi borgar mjög lágan tekjuskatt eða engan, þá gengur ónýttur persónuafsláttur til greiðslu á útsvari. En það eru viss byggðarlög þannig að það er kannske svo og svo stór hluti, yfir helming af tekjum, 80% af útsvörum frá sjómönnum og fiskverkunarfólki. Þau bæjarfélög mundu hreinlega snarast yfir ef svo væri gert. Það er með tilliti til þessara bæjarfélaga sem það er ekki lagt til.

Út úr þessu frv. kemur ekki neitt, er sagt. (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?) Vertu nú ekki, hv. þm., að stríða mér neitt á því hver segir þetta. Þú heyrðir það vel. Það kemur út úr því að þetta fólk, eins og ég tók fram, vinnur í bónus. Það vinnur langan vinnudag. Og ég tók skýrt fram í ræðu minni að í mörgum tilfellum gætu árstekjur vegna þessa langa vinnudags orðið nokkuð sæmilegar, en það er mikið á sig lagt fyrir það. Og það væri vissulega til bóta. Það hefur enginn talið að þetta væri lausn. Ég lagði áherslu á hið gagnstæða, *það yrði að gera meira. Og það liggur hér fyrir frv. eins og* ég hef áður bent á.

Það er verið að tala um að fólkinu væri illa við að verið væri að tala hér um Háskólann og önnur menningarmál. Það var hv. 5. þm. Vestf. sem það sagði. Það sem var ákaflega skiljanlegt og þm. átti við var að ef það hallaði verulega á fiskiðnaðinn þá væri ekkert fé hvorki til háskóla né menningarlífs. Ef undirstaðan brygðist þá þýddi lítið að tala um annað. Það má ekki snúa út úr þessu þannig að það sé verið að fjandskapast við háskóla eða menningu — öðru nær.

Síðan er spurt: Af hverju er ekki verkalýðsforustan búin að lagfæra kjör þessa fólks? Ja, ég verð nú að *spyrja: Hvar hefur fólk eiginlega verið?* Ár eftir ár, samninga eftir samninga hefur verið reynt, eins og ég tók fram í ræðu minni, að lyfta þessu fólki, fá betri tryggingu fyrir það. Ég minnti á það að þarna væri andstaðan hörðust. Afleiðingar bónussins eru kannske að koma fram. Yfirgnæfandi meiri hluti fólks í frystihúsum var fylgjandi bónusnum á sínum tíma. Hins vegar hefur hann greinilega farið út í hreinar öfgar. Og afleiðingarnar eru að koma fram fyrir þá sem lengi hafa í honum starfað, að þarna er of langt gengið. Það þarf ekki endilega að afnema hann að fullu. Það eru til margs konar form á þessu og þyrfti fólk að kynna sér það áður en það færi mikið um þetta að fullyrða.

Ég hef sýnt fram á í minni frumræðu að ég dragi mjög í efa að ríkissjóður tapaði nokkuð á þessu, vegna þess að bætt kjör fiskverkunarfólks skila sér í aukinni framleiðslu og jafnframt mundi það draga úr þörfinni á að flytja inn verkafólk. Ég endurtek: mér er það mjög til efs. Ég er líka sannfærður um að þjóðfélagið í heild græðir í þessu tilfelli. Hér er ekkert verið að mótmæla því að til staðar sé lágt kaup hjá launafólki almennt í landinu, fjarri því. Ég held ég hafi tekið það tvisvar fram í ræðunni. Og það er ekki verið að tala um að ekki eigi eitthvað að hygla þessu fólki. Ég tók það fram um sjávarútveginn að það væru ekki síður aðrir sem græddu á honum en þeir sem í honum ynnu. Þarna var ekkert nýtt.

Ég fagna því í sjálfu sér að hæstv. fjmrh. lét svona góð

orð falla um þetta frv. þó að í þeim fælust engar skuldbindingar eða loforð. En gerum okkur bara grein fyrir því að það frystihús sem er hér næst Alþingishúsinu getur ekki mannað öll sín borð, það fæst ekki fólk. Gerum okkur grein fyrir því að á fjölmörgum stöðum allt í kringum landið verður að setja fisk í ódýrari umbúðir og selja hann á ódýrari markaði vegna þess að fólk fæst ekki. Við verðum að hafa þetta í huga. Þarna er ákveðið neyðarástand að skapast í þjóðfélaginu. Það er verið að reisa rönd við því þó í litlu sé.

Ég er alveg reiðubúinn að ræða breytingar á frv., hvort sem það er prósentuhækkun eða ákveðin föst upphæð. Ef þetta frv. verður samþykkt og frv. um kauptryggingu verkafólks sem liggur fyrir þingi þá hefur rést úr kjörum þessa fólks. Það hefur enginn haldið því fram að þetta væri lausn á kjörum launamanna í landinu. Ég held að við verðum að líta bara á þessar einföldu staðreyndir. Þær æpa á okkur og við þurfum að ganga til móts við þær en ekki að flýja þær.

Ég er á andstæðri skoðun við hæstv. fjmrh. þegar hann dregur í efa að hægt sé að afgreiða þetta með hliðsjón af tæknivinnu hjá skattstofum eftir að framtöl hafa átt sér stað og verið skilað. Það er mjög auðvelt. Það kostar að vísu nokkra vinnu en við skulum ekkert vera að telja eftir vinnu sem er í þágu þessa fólks. Fjmrh. var reyndar ekki að því. En það er hægt að reikna út hvað þetta er. Þetta er ákaflega misjafnt eftir byggðarlögum, eftir frystihúsum og frá ári til árs. En meginþorrinn af þessu fólki greiðir einhvern tekjuskatt og ef það greiðir hann ekki þá greiðir það útsvar og þá fer þessi ónýtti persónuafsláttur til greiðslu á útsvari.

Nú reynir á Alþingi, hvort það ætlar að svara þessu fólki með jákvæðum aðgerðum eða hvort það ætlar að svæfa þetta í nefnd. Ég treysti hv. þd. til þess að svo verði ekki — afgreiðslan verði jákvæð og snögg.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Enn einu sinni ræðum við um bág kjör launafólks í landinu, að þessu sinni fólks sem fer höndum um meginhluta útflutningsafurða okkar. Og svo skammarlega léleg eru kjör þessa fólks að enginn lifandi maður treystir sér til að halda því fram að þau séu sómasamleg. En hverju er um að kenna og hvað þarf til að bæta hér um?

Mér er reyndar til efs að þar sé skattheimta hins opinbera stærsti orsakavaldurinn. Til umræðu er frv. til laga um frádrátt frá skattstofni og vissulega er þarna um ofurlitla leiðréttingu að ræða á kjörum fiskvinnslufólks, en þetta er aðeins, eins og hér hefur nú verið vikið að, lítil leiðrétting sem ég efast um að sé til mikils gagns. Og ég vil taka undir röksemdir hv. 10. landsk. þm. í þeim efnum.

Ég hef oft áður varað við þeirri stefnu, sem virðist eiga sér ýmsa formælendur hér í þjóðfélaginu, að hið opinbera eigi að greiða niður laun fyrir atvinnurekendur. Undirrótin að þeim vanda sem hér er verið að tala um er vandi sjávarútvegsins í heild, um það snýst þetta í raun og veru. Það þarf að taka á þeim vanda og gera honum kleift að greiða almennileg laun og það á að búa almennilega að því fólki sem vinnur erfiðustu störfin í landinu. Og fyrst og fremst þarf að tryggja atvinnuöryggi þess. Um það flutti hv. 7. þm. Reykv. frv. hér fyrr í vetur og það frv. styð ég einlæglega. Atvinnuöryggi þessa fólks er númer eitt í mínum huga svo og aðbúnaðurinn sem er vitanlega stór þáttur í kjörum þess. Á ferðum okkar Kvennalistakvenna um landið á s. l. sumri áttum við tal við konur um allt land, konur einmitt í fiskvinnslu og manni rennur sannarlega til rifja hvernig búið er að þeim. Þær eru orðnar útslitnar löngu fyrir aldur fram af bónusvinnu og það er mál sem við þurfum að taka verulega á.

Ég er nú ekki reiðubúin til að taka afstöðu til þess hér og nú hvort ég styð þetta frv. En það má ljóst vera að ég hef um það miklar efasemdir. Mér finnst þetta ekki vera rétta leiðin til að bæta kjör þessa fólks.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Samfelldur skólatími, fsp. 325. mál (þskj. 519). — Frh. einnar umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þegar till. til þál., sem hér er fjallað um, kom fyrst til umræðu á Alþingi hafði nefnd á vegum menntmrn., undir forsæti hæstv. núv. forseta Ed., setið að störfum í nokkra mánuði og fjallað m. a. um það mál sem hér er spurt um, samfelldan skólatíma. Í erindisbréfi þeirrar nefndar, sem tók til starfa í júlí 1983, sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. hefur ákveðið að skipa vinnuhóp sem athugi sérstaklega tengsl fjölskyldu og skóla og geri tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl. Hópurinn athugi sérstaklega eftirfarandi:

1. Hvernig má samræma betur vinnutíma foreldra og skólabarna?
2. Hvað er unnt að gera í skólastarfi til að styrkja samband barna og foreldra og þar með stuðla að samheldni fjölskyldna?

a) Hvaða ráðstafanir í ofangreindu skyni væri hægt að gera án tilkostnaðar, b) með litlum tilkostnaði, c) aðrar ráðstafanir."

Síðar segir í erindisbréfinu:

„Sérstaka áherslu þarf að leggja á athugun á samfelldum skóladegi, skynsamlegu fyrirkomulagi nestismála og fleira í samráði við fulltrúa foreldra. Hópurinn hafi í störfum sínum samráð við samtök foreldra- og kennarafélaga eftir því sem staða verks gefur tilefni til."

Á meðan unnið var að þessu verkefni og hv. fyrirspyrjandi flutti þáltill. um þetta efni komst þingið að þeirri niðurstöðu að það væri málinu til stuðnings að till. væri samþykkt og raunar þá haldið áfram með það verk sem hafið var. Þegar menntmrn. barst ályktunin, sem var samþykkt 9. apríl, hafði nefndin m. a. fjallað um þessi efni sem í ályktuninni segir og þess vegna vísaði rn. þál. til nefndarinnar til umfjöllunar. Í fyrri hluta ályktunarinnar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að næsta skólaár verði komið á einsetningu í grunnskólum

og samfelldum skóladegi þar sem húsnæði og aðrar aðstæður leyfa."

Nú vita menn að það er því miður ekki nægilega víða sem húsnæði og aðrar aðstæður leyfa slíkt. Þess vegna er hér að nokkru leyti um langtímamarkmið að ræða. En að því er skipulagsatriðin varðar hefur verið unnið að þessu atriði.

Nefndin sem áður er getið starfar enn og skilaði áfangaskýrslu í október s. l., þar sem m. a. er fjallað um samfelldan skóladag. Sú stefna sem nefndin markar um þetta atriði og rn. mun beita sér fyrir er í samræmi við áðurnefndan lið þessarar þál. Síðan er í tillögum nefndarinnar talað um nokkur atriði sem geti orðið til þess að ná þessu umræddu markmiði. Því miður verður það of langt mál að lesa, vegna þess tíma sem til umráða er, en þau eru í skjali, sem útbýtt hefur verið til þm., áfangaskýrslu nefndar um tengsl heimila og skóla og um samfelldan skóladag. Skýrslunni var útbýtt hér í vetur og á bls. 28 eru þessar tillögur. Sumar þeirra eru skipulagsatriði, eins og sú fyrsta sem er um bætt skipulag og stundaskrárgerð og að stefnt skuli að samfelldum viðverutíma í skólum. Það eykur líkur á samfelldni tíma nemenda í skólanum. Samfelldur skóladagur þýðir ekki endilega að nemendur séu allan daginn í skólanum, heldur einungis að stundataflan sé ekki bútuð í sundur.

Önnur tillagan var um að tekið skuli tillit til þessa atriðis við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar. Þetta er auðvitað að mörgu leyti langtímaverkefni.

Í þriðja lagi var nefnt að efla skólasöfnin og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda, einmitt til þess að ekki skapist göt í stundaskránni með þeim afleiðingum að nemendur þurfi að fara úr skólanum á milli, ef heppilegra þykir að þeir séu á staðnum, sem vitanlega er oftast, og koma upp lesaðstöðu í tengslum við skólasöfn.

Fjórða tillagan var um að gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma, að unnt væri að gera slíkt með einhvers konar áskrift að nestispökkum. Það hefur nokkuð verið unnið að þessu efni og nefndin gert tillögur um hvernig því megi fyrir koma.

Loks er nefnt að skipuleggja þurfi skólastarf á sveigjanlegan hátt, þannig að nemendur geti byrjað og lokið skóladegi á mismunandi tímum. Losa þurfi um fastmótað bekkjakerfi ef önnur hópaskipan gefur betra tækifæri til þess að hafa skóladaginn samfelldan.

Fyrir öllum þessum tillögum er gerð nánari grein í áfangaskýrslu nefndarinnar. Tekið verður tillit til þeirra við skipulagningu næsta skólaárs.

Þessi áfangaskýrsla fjallar einkum um þéttbýli. Nefndin vinnur nú að gerð sérstakrar skýrslu um dreifbýlið. Þar hagar á margan veg öðruvísi til einmitt um þetta efni sem um er spurt. Ákveðið var að vinna verkið í tvennu lagi af þeim ástæðum. Ég vænti þess að við eigum líka eftir að sjá hér á Alþingi áfangaskýrslu um sama efni í dreifbýli.

Skv. upplýsingum formanns nefndarinnar, hæstv. forseta Ed., hefur nefndin nokkuð rætt síðari lið þál. fyrirspyrjanda. Sú skoðun kom fram meðal nefndarmanna að könnunin, sem lagt er til að gerð verði, geti orðið svo kostnaðarsöm að staldra verði við áður en hafist sé handa. Menn þurfi að gera sér grein fyrir því hvort fé það, sem til könnunarinnar yrði varið, kæmi ekki fleiri nemendum til góða ef það væri notað með öðrum hætti, t. d. í uppbyggingu skólasafna, en það gæti auðveldað að koma á samfelldum skóladegi. Nefndin vill freista þess að gera sér ljóst hversu umfangsmikil og kostnaðarsöm sú könnun, sem þál. gerir ráð fyrir, yrði í framkvæmd. Í þeim tilgangi sneri hún sér til fræðslustjóranna í fræðsluumdæmunum átta. Þeir voru beðnir um að gera nefndinni grein fyrir því hvort þeir teldu könnunina gagnlega og enn fremur að gera lauslega áætlun um kostnað og umfang í hverju umdæmi fyrir sig. Þessar upplýsingar hafa ekki enn þá borist en þegar þær berast mun verða tekin ákvörðun um það hvert áframhaldið skuli vera.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. En þau koma að vísu mjög lítið við því máli sem hér er á dagskrá. Þál. sú, sem samþykkt var hér á síðasta þingi, fjallaði um það að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að láta meta kostnaðarauka ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi grunnskólanema. Sú kostnaðarkönnun átti að miðast við einsetinn skóla, samfelldan skóladag og skólamáltíðir handa nemendum og starfsliði. Niðurstöður þessarar könnunar átti að leggja fyrir næsta löggjafarþing, þ. e. þetta löggjafarþing. Svarið er því mjög einfalt, hæstv. ráðh., og hefði verið hægt að svara því strax á síðasta fundi: Að þessu hefur sáralítið verið unnið.

Nefnd sú, sem ráðh. talar um og ég minntist raunar á þegar ég talaði fyrir fsp. minni, átti í raun og veru að gera allt annað og ég get rifjað það upp. Sá vinnuhópur, sem hæstv. forseti Ed. veitti forstöðu, var skipaður með bréfi menntmrh. 12. júlí 1983 og hann átti að athuga sérstaklega tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögu um hvernig bæta megi þau tengsl. Þá var honum ætlað að athuga sérstaklega hvernig samræma mætti betur vinnutíma foreldra og skólabarna, hvað unnt er að gera í skólastarfi til að styrkja samband barna og foreldra og þar með að stuðla að samheldni fjölskyldunnar. Þetta er raunar töluvert annað verkefni þó að það vissulega tengist því sem hér er um rætt.

Í þeirri áfangaskýrslu, sem við höfum fengið í hendur frá þessari nefnd, eru auðvitað engar tillögur. Það er engan veginn hægt að nefna það, sem þó er kallað tillögur hér, sem tillögur þær sem gert er ráð fyrir í þál. Þetta eru lauslegar hugmyndir um hvernig megi, eins og hér segir, bæta skipulag og stundaskrárgerð, taka tillit til samfelldni við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar, að efla skólasöfn og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda, gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma og skipuleggja skólastarf á sveigjanlegan hátt. Hér er vissulega komið að sumu af því sem varðar umrædda þál. En svar ráðh. er á engan hátt svar við því sem ég var að spyrja um, sem var einfaldlega hver hefði orðið framkvæmd á þegar samþykktri þál.

Ég verð að lýsa því yfir hér að mér finnst alveg furðulegt að heyra ráðh. tala um að fræðslustjórum hafi verið skrifað og þeir spurðir hvort slík könnun væri gagnleg. Það ber ekki að spyrja neina fræðslustjóra að því. Alþingi Íslendinga hefur talið þessa könnun gagnlega og samþykkt að hún yrði gerð. Ég verð því að lýsa yfir hneykslun minni yfir svona svörum. Það liggur einfaldlega ljóst fyrir að þessi þál. hefur að mestu verið

höfð að engu. Hún hefur verið til málamynda send inn í nefnd sem átti í raun og veru að fjalla um allt annað. Það liggur einnig ljóst fyrir að það nægir ekki að Alþingi Íslendinga álykti um ákveðnar aðgerðir. Hæstv. ráðherrar, hverjir sem þeir nú annars kunna að vera, leyfa sér hreinlega að hafa þál. að engu. Ég tel að ég hafi fengið svar við fsp. minni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég finn mig knúna til að segja hér nokkur orð varðandi þessa fsp. hv. 10. landsk. þm., þar sem fram hefur komið að ég er formaður þess vinnuhóps sem fékk þetta mál til umfjöllunar. Ég vil aðeins upplýsa hv. þm. um það að þegar þessari þál. var vísað til vinnuhópsins var hópurinn langt kominn með að vinna að þeirri áfangaskýrslu sem minnst hefur verið hér á bæði af hv. þm. og hæstv. menntmrh. En þann þátt, sem okkur var jafnframt falið að vinna að, þ. e. könnun á kostnaði við að koma á samfelldum skóladegi og kostnaðarauka sem hlytist af breyttu fyrirkomulagi nestismála eða máltíðum skólabarna, hafði vinnuhópurinn þá þegar ákveðið að láta bíða seinni áfanga skýrslunnar. Og það er einmitt það sem hefur gerst, að okkur þótti þetta tvennt fara saman, þ. e. þál. og vinnuaðferðir hópsins. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. er þetta starf einmitt í gangi núna.

Það sem við gerðum í fyrsta lagi var að ég mætti ásamt starfsmönnum menntmrn. sem eru í vinnuhópnum á fundi með öllum fræðslustjórum, sem hér voru staddir í höfuðborginni fyrir nokkrum vikum, og við fjölluðum um þetta mál. Við leituðum m. a. álits þeirra á því hvernig best væri að standa að slíkri könnun. Þetta er byrjunin, því að það er augljóst mál að það getur orðið mjög kostnaðarsamt og mikil vinna að gera slíka könnun. Þess vegna þótti okkur rétt að bera okkur saman við þá menn í hverju byggðarlagi sem hafa með fræðslumálin að gera. Þekkja vel til á hverjum stað og búa jafnframt yfir miklum upplýsingum og hafa væntanlega bestu hugmyndirnar um hvernig hægt væri að standa að þessu. Ég get upplýst það að við höfum nú þegar fengið bréf frá tveimur fræðslustjórum um þeirra hugmyndir og tillögur um hvernig standa beri að slíkri könnun. En við erum að bíða eftir bréfum frá öðrum og fyrr verður ekki tekin ákvörðun um framhald vinnunnar.

Þetta þykir mér rétt að komi fram. Ég held að það gæti nokkurs misskilnings hjá hv. 10. landsk. þm., að þetta sé allt annað mál sem hér sé verið að fjalla um. Þetta er liður í því sem vinnuhópurinn hafði til umfjöllunar. En okkar fyrsti áfangi, þessi áfangaskýrsla sem nú liggur fyrir, fjallar ekki um kostnaðarþáttinn. Sú ákvörðun var tekin strax í upphafi vinnunnar að láta þann þátt þessa verkefnis bíða vegna þess hve hann yrði umfangsmikill. Ég vænti þess að við eigum eftir að geta gefið þær upplýsingar, sem farið er fram á að við gefum skv. þessari þál.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta Ed. fyrir þær upplýsingar sem hún gaf hér. Það er kannske í raun og veru óþarfi fyrir mig að koma hér aftur í ræðustól, en ég freistast til þess að beina þeirri ráðleggingu til hv. 10. landsk. þm. að spara sér hneykslunina til annars tækifæris. Þetta mál er nefnilega í athugun, nákvæmlega eins og orðað er í þál. sem hér er um rætt, og hjá því fólki sem best þekkir til og hefur raunar það verkefni að gera úttekt á fjárþörf m. a. til þessara hluta. Ætli sannleikurinn sé nú ekki sagna bestur hér sem endranær, en hann er sá að hv. þm. vildi gjarnan láta koma till. um þetta efni, vegna þess að þetta er mjög gott mál. En málið var bara í fullum gangi þegar till. var flutt og er enn, og þetta er reyndar ekkert mjög langur tími þegar tillit er tekið til þess, að a. m. k. síðan ég var tvítug, og það er æðilangt síðan, hefur verið talað um þörfina á því að koma á samfelldum skólatíma. Bæði ég og hv. fyrirspyrjandi og vafalaust flestir þm. geta litið í eigin barm og muna sjálfsagt eftir því hvað þeir hugsuðu oft í ungdæmi sínu að ósköp væri nú þægilegt að þurfa ekki að vera að þessum hlaupum og betra væri að hafa samfelldan skólatíma. Þetta hugsa menn enn í dag.

Menn hafa náð ýmsum áföngum í þessu. Þetta eru allt annars konar vandamál í þéttbýli en dreifbýli. Þessi spurning á ekki við með sama hætti þar sem eru heimavistarskólar t. d. Það eru einmitt fræðslustjórarnir sem hafa yfirsýn yfir þessa hluti, gera kostnaðaráætlanir í sínum umdæmum, en hv. þm. hneykslaðist mjög á að þeim skyldi hafa verið fengið þetta mál til athugunar. Það vill nú svo til að það eru einmitt þeir sem gerst mega um þetta vita. Og að svo miklu leyti sem hægt er að gera nákvæma áætlun á þessu stigi um þetta, þá eru það þeir sem þurfa að vinna að því. Áætlun fyrir næsta skólaár verður væntanlega gerð í sumar. Ég vonast því til að þá liggi fyrir eitthvað frekar og hægt verði að stíga ný skref til framfara í þessum málum á næsta skólaári. Þetta eru mál sem við verðum að reyna að leysa skref fyrir skref eins og svo margt það sem til framfara horfir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég er nú ekki viss um nema það kunni að vera svo í ýmsum skólum í þéttbýli að skóladagur nemenda sé enn sundurslitnari en var fyrir svona 20—25 árum. Ég hef vissar efasemdir um þá fullyrðingu hæstv. menntmrh. að öll séu þessi mál í betra horfi núna.

En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs er fyrst og fremst sú að 10. apríl 1984 samþykkti Alþingi Íslendinga þáltill. um að könnun skyldi fara fram á ákveðnum kostnaðarþáttum á sviði skólamála. Nú er tæpt ár liðið síðan Alþingi gerði þessa samþykkt og það kemur hér fram að enn er þetta mál í athugun og því hefur verið vísað til starfshóps, sem hefur unnið ágætt starf undir forustu hæstv. forseta Ed., og mér er nokkuð kunnugt, en bara á allt öðru sviði. Síðan skjóta menn sér hér undan með því að segja að málinu hafi verið vísað til þessa starfshóps. Hér er auðvitað um afar einfalt mál að ræða, mál sem einfaldlega hefði átt að vísa til fjárlaga- og hagsýslustofnunar ríkisins eða ríkisendurskoðunar sem hefur tekið að sér slík verkefni.

Nú er liðið tæpt ár síðan Alþingi samþykkti þessa till. og málið er í athugun í starfshópi, sem er að fjalla um allt aðra hluti að meginefni til og hefur unnið þar gott starf, ekki skal ég draga úr því. Mér finnst það vera umhugsunaratriði hvað Alþingi Íslendinga á að láta framkvæmdavaldið og einstaka ráðh. bjóða sér í þessum efnum. Ég tel að hér hafi ekki verið farið að vilja Alþingis eins og hann kemur skýrt fram í áðurnefndri þál. heldur er verið að drepa málinu á dreif og draga það allt of lengi. Þessi könnun er ekki svo umfangsmikið mál að því sé ekki hægt að ljúka á einhverjum tiltölulega skömmum tíma, kannske 1—2 mánuðum. Ég

leyfi mér að átelja þau vinnubrögð sem hafa verið höfð uppi af hálfu hæstv. menntmrh. og ríkisstj. í þessu máli.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég má til með að gera athugasemd við ummæli bæði hv. 5. landsk. þm., sem nú talaði, og hv. 10. landsk. þm., fyrirspyrjanda. Þau nefna bæði að starfshópurinn sem hefur unnið að þessu máli sé að vinna að allt öðrum verkefnum. Það er bara alrangt. Ég vitnaði einmitt til þess, ég las upp úr erindisbréfinu í svarræðu minni þar sem segir að starfshópnum er falið nákvæmlega þetta verkefni. Það stendur hér skýrum stöfum: „Sérstaka áherslu þarf að leggja á athugun á samfelldu skólastarfi, skynsamlegu fyrirkomulagi nestismála o. fl. í samráði við fulltrúa foreldra o. s. frv." Oft finnst mönnum einhvern veginn umfangsmeira og skemmtilegra til frásagnar á leiðarþingum í kjördæmum sínum að geta sagt að skipuð hafi verið nefnd í tilefni af þessari ályktuninni eða hinni. En mér þykir skynsamlegra að hafa ekki margar nefndir í sama verkefninu eða skipa alltaf nýja og nýja nefnd, heldur að þeir sem hafa málið með höndum og þeir sem gerst mega þekkja til vinni áfram úr verkefnunum. Ég tel það skynsamlegra en að skipa nýja nefnd. Og ég get alveg sagt hv. 5. landsk. þm. það að ef fjárlaga- og hagsýslustofnun hefði fengið þetta mál í hendur hefði hún vafalaust leitað upplýsinga hjá fræðslustjórunum rétt eins og þessi nefnd gerði. Það eru nefnilega þeir sem eru með upplýsingarnar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hirði ekki um að karpa við hæstv. ráðh. um hvert verkefni áðurnefnds starfshóps var. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu að ef fjárlaga- og hagsýslustofnun hefði verið falið þetta verkefni hefði hún ekki leitað til fræðslustjóra um hvort verkefnið skyldi verða framkvæmt. Hún hefði einfaldlega gert það. Hér hefur komið fram að það stendur til og það kom líka fram í ræðu hæstv. forseta Ed. að það muni verða ráðgast við fræðslustjórana um hvort þessi könnun verði gerð. Ég mótmæli þessu. (**Gripið fram í:** Með hvaða hætti?) Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðh. efasemd um hvort könnuninni skyldi haldið áfram. Þetta er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Hér er viljayfirlýsing Alþingis höfð að engu og það er mergurinn málsins.

Reglur um byggingar framhaldsskóla, fsp. 303. mál (þskj. 484). — 1. umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. til menntmrh. um hvað líði endurskoðun reglna um byggingar framhaldsskóla. Fsp. er orðuð á þennan hátt í samráði við hæstv. menntmrh. þó svo að slík norm eða reglur séu í raun og veru ekki til. Það hefur auðvitað í för með sér ómælda erfiðleika á mörgum sviðum. Það er verið að fara eftir reglum eða normum, eins og það er kallað í almennu tali manna á meðal, sem til eru og gilda um byggingar grunnskóla.

Grunnskólareglurnar, normin, passa að sjálfsögðu illa og yfirleitt alls ekki fyrir framhaldsskólabyggingar. Þar eru í reynd gerðar allt aðrar kröfur til húsnæðis ef uppfylla á þær skyldur við nemendur sem framhaldsskólum er ætlað. Það sem m. a. er ekki innifalið í grunnskólareglunum en mikilvægt er að byggingar, sem hýsa skulu framhaldsskóla, hafi er í fyrsta lagi öll rannsóknaraðstaða, svo sem fyrir efnafræði, eðlisfræði, rafmagnsfræði, rafeindafræði o. s. frv., í öðru lagi fyrirlestrasalir og í þriðja lagi sameiginlegt rými, sem samkvæmt grunnskólareglunum er mjög takmarkað, en áfangakerfi fjölbrautaskólanna t. d. gerir það að verkum að krafan til samrýmis verður mun meiri. Í fjórða lagi er það krafa til skólans í dag að hann sé fjölbreyttari en áður var. Af þessu leiðir að vinnureglur verða að vera til um framhaldsskólana þar sem tekið er tillit til sérstakra aðstæðna og að frumkvæði ábyrgðaraðilans, þ. e. skólanna sjálfra, sé virkt.

Þegar bygging fjölbrautaskóla stendur fyrir dyrum er gert ráð fyrir að stofnkostnaður ríkisins sé 60% en 40% beri sveitarfélögin. Þegar svo stendur á að grunnskólanormin eru látin gilda þá kann svo að fara að þegar upp er staðið verði um að ræða miklu dýrari byggingu og þá verður hlutur ríkisins í stofnkostnaði ekki lengur 60% af heildarkostnaði við byggingu. Ef stofnkostnaður við framhaldsskóla er t. d. 30% yfir þeirri áætlun sem grunnskólanormin gera ráð fyrir og svo þarf að bæta við þeim þáttum, sem ég nefndi fyrr í máli mínu í fjórum liðum um þær kröfur til húsnæðisins sem gerðar eru til að fullnægja skyldum við nemendur á framhaldsskólastigi, þá verður niðurstaðan sú að hlutur ríkisins verður aldrei meiri en 50%, og er þá hugsanlega of grunnt tekið í árinni.

Vegna framangreindra atriða er nauðsynlegt að fá fram skoðanir hæstv. menntmrh. á því hvort ekki standi til að úrbótum í þessu efni verði ýtt úr vör með nothæfum reglum fyrir framhaldsskóla.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. hv. 1. landsk. þm. um þetta efni er mjög tímabær, ekki einungis að því er varðar þessar byggingar heldur ýmsar aðrar sem nauðsynlegt er að fá endurskoðun á normareglur um. Það er rétt að látin hafa verið gilda norm grunnskólabyggginganna um þær skólabyggingar framhaldsskóla sem hafnar hafa verið eftir 1. janúar 1978. Þá er það fyrst og fremst 11. gr. þeirrar reglugerðar sem er frá 30. ágúst 1978. Þar er getið um beinan byggingarkostnað skólarýmis og sagt hvernig hann eigi að vera áætlaður miðað við stærð þess og skipt í: 1) rými heimangöngu- og heimanaksturssskóla, eins og það er skilgreint í reglum eða normum sem svo eru kallaðar af einhverjum ástæðum, 2) heimavistarrými nemenda og íbúðir þess starfsfólks sem þarf vegna heimavistar skv. ákvæðum reglna eða norma, 3) rými vegna íbúða kennara umfram það sem fellur undir þann lið sem ég var að lesa, og svo 4) annað rými sem ríkisþátttaka er viðurkennd í skv. sérstöku samkomulagi hverju sinni. Síðan var gefin út reglugerð síðar á árinu 1978 sérstaklega um norm fyrir leikfimihúsnæði og félags- og samkomuaðstöðu. Þetta gildir enn. Ég hef ekki enn þá fengið nýjar tillögur um þetta efni en ég hef lagt áherslu á að fá þær sem allra fyrst.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. menntmrh. Ég hefði að vísu kosið að fá einhver skýrari svör eða svör yfirleitt og helst viljayfirlýsingu. Það kom fram í máli hæstv. ráðh. að um væri að ræða tímabæra fsp. En mér virðist helst að þetta mál allt saman tengist því að hæstv. ráðh. hefur

gefist upp á eða gefið upp á bátinn að reyna að ná samræmingu á löggjöf um framhaldsskóla. Það er mjög brýnt að slík löggjöf komi fram í dagsljósið sem fyrst.

Mismunun er mjög mikil á þessu sviði almennt, ekki bara hvað varðar reglurnar um bygginguna og stofnkostnaðinn. Þó er það ekki lítið atriði þegar litið er til þess að þegar um er að ræða byggingu menntaskóla er hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði 100% en aðeins 60% þegar um er að ræða fjölbrautaskóla. Auk þess er sá hlutur aldrei 60% heldur mun lægri í reynd. Það væri auðvitað hægt að tala hér langt mál um þá mismunun sem fram kemur líka í rekstrarkostnaði annars vegar við menntaskóla og hins vegar við fjölbrautaskóla, þar sem *prósentuhlutur ríkisins er 100% í rekstri menntaskóla* en ekki nema 50% þegar kemur að fjölbrautaskólunum.

Mér finnst að þetta mál þurfi að skoða allt í samhengi og taka það til athugunar að skóli sem þjónar heilu byggðarlagi er ómetanlegur og er að því mikill sparnaður fyrir nemendur að fá menntun sína í heimabyggð auk þess sem félagslegt gildi menntastofnunar á staðnum er mikið. Ég vonast til að við fáum sem fyrst að sjá heildarlöggjöf um þessi mál.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég vil af þessu tilefni skýra frá því, sem ég held mér hafi láðst í fyrri ræðu minni, að það liggja raunar fyrir tillögur frá árinu 1982. En þær tillögur eru líka í endurskoðun. Þær fjalla um nokkur atriði sem grunnskóla varða og eru að vísu mjög mikilvægar, en sumt hefur þótt þurfa endurskoðunar við, m. a. þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi benti hér á. En það er fullur vilji til þess í rn. að fyrir liggi fljótlega nýjar tillögur um þetta efni.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, fsp. 340. mál (þskj. 545). — 1. umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 545 hef ég leyft mér að beina svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði:

„1. Við hvaða innlenda og erlenda aðila hefur verið rætt um þátttöku í byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og hver hefur orðið niðurstaðan úr viðræðum við hvern um sig?

2. Um hversu mikla eignarhlutdeild í verksmiðjunni hefur verið rætt í hverju tilviki?

3. Út frá hvaða raforkuverði til verksmiðjunnar hefur verið gengið í þessum viðræðum?

4. Hver er staða verksmiðjumálsins nú?

5. Hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að ráðh. beiti sér fyrir því að ríkisstj. taki ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir við verksmiðjuna?"

Þessi fsp. þarfnast ekki langs formála. Allir liðir hennar skýra sig í raun sjálfir. Ljóst er að úrslit þurfa að fara að fást í þessu máli svo lengi sem það hefur verið í deiglunni. Fyrir íbúana á þessu svæði skiptir það vissulega miklu að fá sem fyrst um það svör hver framtíð málsins verður, hvort verksmiðjan verður staðreynd eða ekki.

Nú hefur þetta mál verið í höndum hæstv. ráðh. í nær 22 mánuði og umfjöllun um málið verið mest í fjölmiðlum. Hún hefur oftast nær verið tengd viðræðum svokallaðrar stóriðjunefndar við þennan eða hinn aðilann úti í heimi og ærið oft verið látið að því liggja að málið væri nú að komast í höfn, fyrir þá tilstuðlan einhvers þess erlenda aðila sem við hefur verið rætt hverju sinni. Enn hefur þó ekkert raunhæft gerst í þessum efnum, svo vitað sé, en alþekkt er sú stefna hæstv. iðnrh. að meirihlutaaðild og helst full aðild útlendinga að þessari verksmiðju sé í raun og veru forsenda fyrir því að hægt sé að ráðast í framkvæmdir. Ég hef hins vegar talið rétt og sanngjarnt að gefa hæstv. ráðh. gott ráðrúm til að leysa þetta mál og hrinda því í framkvæmd eftir sínum leiðum án þess að ég fari nánar út í umræðu um kosti og galla þeirrar aðferðar eða um *eignaraðildina almennt*.

Eftir svo mikla umfjöllun og alls konar véfréttir um þessi verksmiðjumál öll og eftir svo langan meðgöngutíma tel ég hins vegar ekki eftir neinu að bíða með að hæstv. ráðh. gefi Alþingi upplýsingar um gang mála til þessa, upplýsi hér um höfuðþætti þessa máls og greini um leið frá horfum og ákvörðunum um framkvæmdir og hvað til þurfi að koma til að sú ákvörðun verði tekin sem svo sannarlega er beðið eftir og hefur verið beðið eftir í raun og veru allt frá lagasetningu á Alþingi 1982, að ekki sé nú talað um eftir staðfestingu þál. hér á Alþingi 1984.

Því er svara við þessum fsp. beðið með eftirvæntingu, sérstaklega af þeim sem þetta mál snertir, íbúunum á því svæði þar sem kísilmálmverksmiðjan fyrirhugaða á að rísa.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. á þskj. 545 skrifaði ég fyrirtækinu Kísilmálmvinnslunni hf. til og óskaði eftir upplýsingum frá fyrirtækinu og geri svör fyrirtækisins við fyrstu fjórum liðunum að mínum og vitna nú orðrétt til þeirra:

„Vegna fsp. frá Helga Seljan til iðnrh. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði telur Kísilmálmvinnslan hf. rétt að fram komi eftirfarandi varðandi einstaka liði fsp.:

1. Rætt hefur verið við hátt á annan tug erlendra fyrirtækja um þátttöku í byggingu og rekstri kísilmálmverksmiðjunnar á Reyðarfirði. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt að skýra ekki opinberlega frá nöfnum einstakra fyrirtækja enda hefur þess verið óskað af hálfu hinna erlendu aðila. Hjá því hefur þó ekki verið komist að frá nöfnum nokkurra þessara fyrirtækja hefur verið greint í íslenskum fjölmiðlum. Það eru Elkem í Noregi, Dow Corning Corporation í Bandaríkjunum, Voest Alpine í Austurríki og Rio Tinto Zink Metals í Bretlandi.

Með tilvísun til þess að viðræður standa enn yfir við nokkur fyrirtæki er það ekki talið þjóna hagsmunum íslenskra stjórnvalda að greina opinberlega frá viðræðum við einstök fyrirtæki eða niðurstöðum þeirra þar sem þær liggja fyrir. Slíkt gæti gert samningsstöðu mjög erfiða og skaðað hagsmuni Kísilmálmvinnslunnar hf. Þá ber og að virða þær óskir hinna erlendu aðila að á viðræðurnar sé litið sem trúnaðarmál af hálfu beggja aðila.

Ekki hefur sérstaklega verið rætt við innlenda aðila um eignaraðild þeirra að verksmiðjunni og enginn innlendur aðili hefur sýnt því áhuga að fyrra bragði.

2. Hinum erlendu aðilum sem rætt hefur verið við

hefur verið kynnt það ákvæði laga nr. 70 frá 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, að ekki minna en 51% hlutafjárins skuli jafnan vera í eigu íslenska ríkisins. Jafnframt hefur þeim verið greint frá því að væri eitthvert hinna erlendu fyrirtækja reiðubúið til að eiga meiri hluta hlutafjárins þá væri núv. iðnrh. tilbúinn til þess að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum til þess að slíkt væri mögulegt. Með hliðsjón af því að viðræður standa yfir við nokkra aðila er ekki talið rétt á þessu stigi að greina frá þeirri eignarhlutdeild sem rædd hefur verið í hverju tilviki.

3. Athuganir á arðsemi verksmiðjunnar hafa verið miðaðar við 18 millidala orkuverð á kwst. Fram hefur komið af hálfu hinna erlendu aðila að þeir séu ekki tilbúnir til þátttöku í byggingu og rekstri verksmiðjunnar á grundvelli þess verðs þar eð það tryggi ekki samkeppnisstöðu hennar gagnvart öðrum framleiðendum og hagstæðara raforkuverð bjóðist annars staðar. Engin formleg tilboð hafa verið gerð um annað raforkuverð en að framan greinir.

4. Ef undan er skilin nákvæm áætlun um fjármögnun og hugsanlegir samningar um markaðsmál þá er lokið öllum öðrum þáttum undirbúnings að byggingu kísilmálmverksmiðjunnar á Reyðarfirði er ástæða er talin til að hafa lokið á þessu stigi. Fjármögnun og markaðsfærsla afurða verksmiðjunnar er hluti eignaraðildarviðræðna þeirra er nú eiga sér stað. Viðræður við erlenda aðila um eignaraðild að kísilmálmverksmiðjunni eru í höndum nefndar er skipuð var af iðnrh. í júní s. l. Í nefndinni eiga sæti þeir Birgir Ísl. Gunnarsson, formaður, og Guðmundur G. Þórarinsson úr stóriðjunefnd og Axel Gíslason og Geir H. Haarde fulltrúar stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. Með nefndinni hafa starfað starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. og aðrir sérfræðilegir ráðunautar.

Eins og fram hefur komið hér að framan þá hafa niðurstöður ekki fengist enn í viðræðum við erlenda aðila um aðild þeirra að verksmiðjunni en nefndin hefur lagt áherslu á að hraða störfum sínum."

Undir þetta svarbréf skrifar fyrir hönd Kísilmálmvinnslunnar hf. Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri.

Vegna 5. liðar sem hljóðar svo: „Hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að ráðh. beiti sér fyrir því að ríkisstj. taki ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir við verksmiðjuna?" vil ég svara því til að það eru þau skilyrði að afkoma fyrirtækisins þyki viðunandi, og eru markaðsmál og orkuverð meginatriði þeirra skilyrða.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin þó að ekki hafi nú komið mikið út úr þeim, sem vænta mátti, og greinilegt að bæði stjórnarmönnum í Kísilmálmvinnslunni og m. a. s. hæstv. ráðh. sjálfum, sem hefur þó á sér orð fyrir annað, er býsna tregt tungu að hræra í þessu máli nú um stundir. Það er að vísu gripið til þess ráðs að fela sig á bak við það að taka þurfi tillit til þeirra aðila sem við hefur verið rætt hverju sinni og er býsna undarlegt ef slík leynd þarf að vera yfir þessum málum hér á hæstv. Alþingi, eins og rækilega hefur verið skýrt frá þeim oft í fjölmiðlum og vitnað til aðila sem gleggst mega til þessara mála þekkja varðandi einstaka viðræðuaðila, jafnvel svo að mál væru í þann veginn að komast í höfn hjá þeim tilteknu aðilum sem við hefur verið rætt hverju sinni.

En eins og hæstv. ráðh. sagði verður að sjálfsögðu að fara eftir óskum hinna erlendu aðila. Það hefur hins vegar komið fram frá hæstv. ráðh. til þeirrar nefndar sem um þessi mál hefur fjallað að hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að frá meirihlutaaðild Íslendinga, sem kveðið er á um í lögunum, verði fallið og lagabreyting um það flutt hér á Alþingi. Það hefur einnig komið í ljós að orkuverðið hefur verið hindrun í vegi, þ. e. það orkuverð sem við þurfum í raun og veru að fá og sem gengið var út frá í öllum áætlunum um þessa verksmiðju á sínum tíma þegar við reiknuðum með því að þetta yrði innlent fyrirtæki í okkar eigin eigu og við yrðum að standa ábyrgir að rekstrinum. Þá var reiknað með því orkuverði sem hér er um að ræða. Auðvitað vilja útlendingarnir þrýsta þessu niður, og það tekst þeim vitanlega, m. a. í ljósi þeirra samninga sem gerðir hafa verið um orkuverð við þann erlenda aðila sem frægastur er í viðskiptum við okkur Íslendinga. Ég skil það mætavel að útlendingarnir kæri sig ekki um að fara mikið upp fyrir það verð sem þar þótti hæfilegt að semja um.

Það væri auðvitað býsna viðeigandi að rekja aðdraganda þessa máls, lagasetningu frá 1982 og þá víðtæku samstöðu sem þá náðist um þetta mál og einnig samþykkt þál. 1984 sem var eins konar lokapunktur til þess að unnt væri að vinna að þessu máli. Þá væri freistandi að rekja ýmislegt úr síðustu kosningabaráttu um þessi mál einnig, hvað þá var talað um að seint gengi nú að koma þessu máli í höfn og það kæmist nú heldur betur skriður á ef aðrir kæmust í valdastóla. Og ádeiluefnið var það að þarna væri ekki gengið nógu rækilega til móts við aðild útlendinga. Ef að því atriði væri gengið mundu þessi mál nú leysast fljótt og vel.

Biðin hefur hins vegar orðið býsna löng, þrátt fyrir langa og stranga leit, því það skal viðurkennt að hv. fjallkóngur þeirra leitarmanna, Birgir Ísl. Gunnarsson, og aðrir nm. í stóriðjunefnd hafa verið býsna iðnir við það að fara út um allar grundir til þess að leita að tiltækum aðila sem væri fáanlegur til að framkvæma þessa óskastefnu hæstv. núv. iðnrh. En árangurinn hefur sem sagt ekki orðið meiri en þessi. Í fjölmiðlum um daginn virtist sem svo að nú væri Elkem kannske orðið aðalhálmstráið sem gripið væri til. Mér þótti hins vegar athyglisvert í þeirri umfjöllun að þar var ævinlega talað um hugsanlega verksmiðju hér á landi. Væri e. t. v. ástæða til að spyrja hvort Grundartangi væri kannske kominn inn í myndina. Ég veit að það er ekki vilji hæstv. ráðh., en það er enginn undrandi á því þó að það kæmi fram frá hálfu þeirra Elkem-manna. Það er hins vegar ljóst að þessi mikla leit, þessi ofurtrú hæstv. ráðh. á hinni erlendu eignaraðild, hefur hindrað allar aðrar aðgerðir. Og enn sér ekki fyrir endann á þeirri leit þó að menn láti í það skína að það séu viðræður út og suður, hér og þar, um þessi mál. Ákvörðun er því hvergi í sjónmáli, framkvæmdir enn síður. Það eina örugga í málinu er óvissan.

Vatnstaka Íslandslax hf. í Grindavík, fsp. 374. mál (þskj. 595). -- Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég vænti þess að kirkjumrh. verði viðstaddur þessa

umr. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að svo verði.)

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 595 um vatnstöku Íslandslax hf. í Grindavík. Ég beindi fsp. til landbrh., en síðar komst ég að því að spyrja á kirkjumálaráðh. um þetta efni. Vonandi kemur það ekki að sök því að nú gegnir sami maðurinn báðum embættum. Fsp. er þannig, með leyfi forseta:

„1. Var ráðh. ljóst þegar hann heimilaði Íslandslaxi hf. vatnstöku í landi Staðar í Grindavík að samningaviðræður stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og Íslandslax hf. um sölu á heitu vatni voru á lokastigi?

2. Var haft samráð við bæjarstjórn Grindavíkur eða aðra aðila á Suðurnesjum um samning rn. við Íslandslax hf.?

3. Var haft samráð við iðnrh. um þessa samningsgerð?

4. Hafa verið gerðar rannsóknir á því hvað vatnsbólin á Suðurnesjum þola mikla vatnstöku án þess að það hafi áhrif á neysluvatn íbúanna?

5. Hefur rn. í hyggju að gera hliðstæða samninga við aðrar laxeldisstöðvar sem fyrirhugað er að reisa við strendur Grindavíkur?"

Ég vil sérstaklega geta þess að ég er mjög fylgjandi uppbyggingu laxeldisstöðvar á Suðurnesjum og tel frumkvæði Íslandslax hf. mjög lofsvert. Atvinnumál á Suðurnesjum hafa undanfarin ár staðið á brauðfótum og því verið brýn nauðsyn að skapa fleiri störf, stofna til nýrra atvinnugreina. Það verður hins vegar að gera þá kröfu til þeirra sem hyggjast festa rætur á Suðurnesjum að þeir umgangist fólkið þar eins og skyni bornar manneskjur, en ekki af hofmóði og sýni ekki vítaverðan yfirgang. Slíkar kröfur verður einnig að gera til kirkjumálaráðh. sem virðist hafa borið sig að í þessum málum líkt og enskur vagnhestur sem gert er að ganga með augnaskjól til beggja hliða, ganga beint áfram að kröfu sinna húsbænda.

Sú fregn barst til Suðurnesjamanna fyrir nokkru að kirkjumálarn. hefði gert samning við Íslandslax hf. sem m. a. gerði ráð fyrir borun eftir heitu vatni og töku á köldu vatni í miklum mæli. Menn syðra vissu ekki annað en samkomulag hefði náðst milli Hitaveitu Suðurnesja og Íslandslax hf. Samningaviðræður höfðu staðið yfir frá 31. okt. s. l. til 5. febr., en á fundinum 5. febr. töldu fulltrúar Íslandslax hf. að aðilar hefðu náð saman og ekki væri annað eftir en ljúka samningagerð með undirskriftum aðila.

Að sögn samninganefndarmanna hitaveitunnar var allt hljótt um framhaldið að öðru leyti en því að fulltrúar Íslandslax hf. lögðu allan tímann á það áherslu að framkvæmd við hitalögn hæfist hið allra fyrsta og yrði við það miðað að hitalögninni til eldisstöðvarinnar yrði lokið fyrir 1. maí n. k. Fulltrúar Hitaveitu Suðurnesja töldu litlar líkur á því að hægt væri að ganga frá lögn á svo skömmum tíma, enda var pípuefnið ekki til í landinu og starfsmenn Hitaveitu Suðurnesja töldu ekki varlegt að panta efnið fyrr en samningur væri undirritaður.

Leið nú febrúar og ekki var gengið frá samningi. Það var fyrst 4. mars að fulltrúi Íslandslax hf. tilkynnti að samningur við Hitaveitu Suðurnesja skyldi „settur í salt". Var það undrunarefni hjá samninganefndarmönnum Hitaveitu Suðurnesja, ekki síst vegna þess að ekki komu fram neinar aths. um kostnaðarverð á vatni og tengingu. Ekki áttu menn heldur von á því vegna þess að Íslandslax hafði þegar sætt sig við nákvæmlega sama samning og laxeldisstöð Fjárfestingafélagsins í Vogunum hafði þegar gert.

Ég spyr kirkjumálaráðh. hvort hann hafi virkilega ekki haft hugmynd um þessa samninga, en hafi svo verið, hvort honum hafi ekki dottið í hug að kynna sér aðstæður og búskap hitaveitunnar, hvort hann hafi ekki séð eða heyrt í fjölmiðlum eða eftir öðrum leiðum að samningaviðræður stæðu yfir, hvort hann hafi stungið bréfi frá bæjarstjórn Grindavíkur frá því í des. s. l., þar sem óskað er eftir kaupum á jörðinni Stað, undir stól, hvers vegna hann hafi ekki virt bæjarstjórnina svars. Taldi hann sig ekki þurfa að hafa samráð við iðnrh. um þessi mál, en sem kunnugt er hefur hann með orkumál að gera, líka á Suðurnesjum?

Það kann einhvern að undra viðkvæmni Suðurnesjamanna vegna vatnstöku. Margur hefur þar sjálfsagt í huga að það rignir stundum á Suðurnesjum og því hljóti þar að vera nóg vatn. Á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2. og 3. nóv. s. l. fluttu tveir sérfræðingar frá Orkustofnun erindi sem kalla má „svarta skýrslu". Þar var því haldið fram að vatnsforði syðra væri af skornum skammti. Sveitarstjórnarmenn fóru afar svartsýnir af þeim fundi. Erindi þessara sérfræðinga varð til þess að fundurinn gerði eftirfarandi samþykkt, með leyfi forseta:

„Aðalfundur SSS, haldinn 2. og 3. nóvember 1984, vekur athygli á vaxandi ásókn í vatnsforða Suðurnesjasvæðisins og nauðsyn þess að vatnsbúskaparmál svæðisins verði samræmd og skipulögð. Stjórn SSS er því falið að fylgjast náið með þróun þessara mála og stuðla að samræmdum aðgerðum sveitarfélaganna."

Mér er kunnugt um að síðan hefur SSS unnið að þessum málum. Það virðist hins vegar ljóst nú að gjörðir kirkjumrh. stefna í aðra átt. Þær koma í veg fyrir að sveitarfélögin geti skipulagt vatnsnýtinguna. Í greindum samningi er reglugerð bæjarstjórnar Grindavíkur um vatnsmál gjörsamlega hundsuð. Fordæmi hefur kirkjumrh. gefið fyrir því að hver einasti landeigandi sem vill geti borað eftir vatni án þess að bera það undir lögbæran aðila.

Ég spyr að lokum: Er það ætlun kirkjumrh. að gera hliðstæða samninga við aðrar laxeldisstöðvar. Nú hafa fimm eða sex laxeldisstöðvar tryggt sér land á Reykjanesi.

Ég tek það aftur fram að ég fagna hverju nýju fyrirtæki á Suðurnesjum. Ný framsækin fyrirtæki eru nauðsynleg til að bæta afleitt atvinnuástand á svæðinu. Í þessu tilfelli tel ég að kappi hefði mátt fylgja forsjá. Suðurnesjamenn vilja njóta þeirra atvinnumöguleika sem ný atvinnufyrirtæki gefa. Það vekur hins vegar tortryggni hvernig staðið er að málinu. Á það við iðnaðarmenn, en þrátt fyrir minnkandi atvinnu iðnaðarmanna á svæðinu hefur þetta fyrirtæki kosið að ganga fram hjá þeim. Í því sambandi vil ég geta þess að rafvirkjar og pípulagningamenn að sunnan hafa hvergi fengið nálægt að koma. Ég spyr: Þarf þetta fyrirtæki ekki heldur að sinna löggildingarákvæðum iðnaðarmanna á þessu svæði?

Ég er undrandi yfir andvaraleysi kirkjumrh. og hvernig hann fyrirlítur kjörna aðila þar syðra. Ég taldi áðan að gerðir hans minntu á enskan vagnhest, en þeir hlýða húsbændum sínum skilyrðislaust. Ástæða er til að

spyrja líka: Hver er húsbóndinn?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 595 ber hv. 6. landsk. þm. fram fsp. til landbrh. um vatnstöku Íslandslax hf. í Grindavík. Vegna orða hans hér vil ég taka það fram að þessi fsp. er eðlilega fram borin á þann hátt að henni sé beint til landbrh., þar sem landbrn. hefur farið með málefni jarðarinnar Staðar, ég veit ekki hvað lengi. Og allir þeir samningar sem hafa átt sér stað hafa verið gerðir af landbrn., enda þótt þarna sé um kirkjujörð að ræða. Ég hygg að sú skipan hafi verið allt frá því sú verkaskipting var gerð í stjórnarráðinu að landbrn. væri sérstakt rn.

Við spurningu hv. þm. um hver sé húsbóndi kirkjumrh. get ég aftur á móti ekki gefið svar. Ég hygg að a. m. k. að sumu leyti sé kirkjumrh. settur yfir biskup, en hver er þar æðri læt ég fyrirspyrjanda um að giska á.

Að þessum formála loknum skal ég reyna að svara í stuttu máli þeim spurningum sem hér eru fram bornar.

1. spurningin er þannig: „Var ráðh. ljóst þegar hann heimilaði Íslandslaxi hf. vatnstöku í landi Staðar í Grindavík að samningaviðræður stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og Íslandslax hf. um sölu á heitu vatni voru á lokastigi?"

Fulltrúi landbrn., sem vann að samningagerðinni, hafði samband við framkvæmdastjóra Hitaveitu Suðurnesja í janúarmánuði s. l. og gerði grein fyrir því að hann teldi að ef ekki yrði um samninga að ræða milli Hitaveitu Suðurnesja og Íslandslax mundi verða veitt heimild til töku á heitu vatni úr landi jarðarinnar Staðar. Þarna var því haft samband á milli með nokkrum fyrirvara.

2. spurning: „Var haft samband við bæjarstjórn Grindavíkur eða aðra aðila á Suðurnesjum um samning rn. við Íslandslax hf.?"

Aðdragandi þess máls er sá að með bréfi dagsettu 28. mars 1984 fór Samband íslenskra samvinnufélaga þess á leit við landbrn. að fá spildu úr landi Staðar í Grindavík til leigu fyrir byggingu mannvirkja og annað athafnasvæði fiskeldisstöðvar. Auk leigu á umræddri landspildu var óskað eftir vatnsréttindum fyrir bæði heitt og kalt vatn í næsta nágrenni lóðarinnar vegna reksturs fiskeldisstöðvar.

Þessu bréfi svaraði landbrn. 30. maí 1984 þar sem gefið er fyrirheit um lóð á þessum stað sem rúmi byggingar og nauðsynlega aðstöðu fyrir fiskeldisstöð af þeirri stærð og gerð sem Samband íslenskra samvinnufélaga áformar að reisa. Þá er og gefið fyrirheit um að með í leigunni fylgi nauðsynleg vatnsréttindi, bæði fyrir heitt og kalt vatn, í nágrenni lóðarinnar vegna reksturs fiskeldisstöðvarinnar, allt með fyrirvara um að samkomulag náist milli aðila um leiguskilmála, stærð og mörk lóðar ásamt afmörkun vatnsréttinda og heimildir til rannsókna og jarðborana. Þá er áréttað í bréfi rn. að fyrirheitin séu gefin með fyrirvara um að bæjarstjórn Grindavíkur samþykki byggingu fiskeldisstöðvarinnar á umræddum stað og ráðstöfun lands undir hana skv. ákvæðum jarðalaga.

Þann 5. júní er bæjarstjórn Grindavíkur gerð grein fyrir erindi Sambands íslenskra samvinnufélaga og áformum rn. um leigu lands á Stað í Grindavík ásamt nauðsynlegum vatnsréttindum bæði fyrir heitt og kalt vatn. Bæjarstjórn Grindavíkur er beðin að taka afstöðu til þess hvort hún muni heimila byggingu fiskeldisstöðvar á umræddu landi. Í bréfi bæjarstjórnar Grindavíkur til rn. 29. júní 1984 kemur fram að bæjarstjórnin samþykki fyrir sitt leyti að heimila byggingu fiskeldisstöðvar með þeim skilyrðum að fiskeldisstöðin og tilheyrandi mannvirki falli að skipulagi. Aðgangur að sjó verði takmarkaður þannig að hann útiloki ekki starfrækslu annarra fyrirtækja í nálægð hins leigða lands. Þess verði gætt að mengun lands og sjávar verði í lágmarki og sneitt verði hjá ræktuðu landi til mannvirkjagerðar eftir því sem unnt er. Ekki er í bréfi bæjarstjórnar Grindavíkur minnst á vatnsréttindi eða ósk um samráð við bæjarfélagið eða önnur sveitarfélög á Suðurnesjum um vatnstöku í landi Staðar, en frá upphafi mun fyrirtækið Íslandslax hf. hafa haft náið samband og samstarf við bæjarstjórn Grindavíkur m. a. um samninga um afslátt á opinberum gjöldum til sveitarfélagsins fyrstu árin, eftir því sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur tjáð mér í samtali.

Ég vil vekja athygli á því að ólíkt styttri tími líður frá því að skrifað er bæjarstjórn Grindavíkur og þangað til hún gefur svar sitt en landbrn. gefur sér og er það vissulega til fyrirmyndar hjá bæjarstjórn Grindavíkur við afgreiðslu mála.

3. spurning: „Var haft samráð við iðnrh. um þessa samningsgerð?"

Svarið er: Það var haft ítarlegt samband við Orkustofnun sem fjallaði rækilega um þetta mál og fylgdist með samningagerðinni eins og bréfaskipti við hana bera með sér. Hins vegar hygg ég að ekki hafi verið haft beint samband við iðnrh. sjálfan að öðru leyti en því að ég kynnti þetta mál á ríkisstjórnarfundi áður en skrifað var undir samninginn. Í 17. gr. orkulaga segir að um hagnýtingu og hvers konar ráðstöfun jarðhita, sem er í eigu ríkisins, skuli leita umsagnar Orkustofnunar áður en til ráðstöfunar kemur. Samkvæmt orkulögum er það Orkustofnun sem er umsagnaraðili.

4. spurning: „Hafa verið gerðar rannsóknir á því hvað vatnsbólin á Suðurnesjum þola mikla vatnstöku án þess að það hafi áhrif á neysluvatn íbúanna?"

Svarið er að allmiklar rannsóknir munu hafa farið fram á vatnsmálum Suðurnesja. En að sjálfsögðu mun hv. fyrirspyrjandi vera fróðari um þau mál en ég. Enginn mun þó vera kunnugri þessum málum en Jón Jónsson jarðfræðingur, fyrrverandi starfsmaður Orkustofnunar, og hann var frá upphafi með í ráðum fyrir hönd Íslandslax í sambandi við framkvæmdir á Stað. Það má geta þess að það var dælt upp úr þeirri gjá sem vatnið skal tekið úr áður en framkvæmdir voru hafnar og dælt upp eins miklu magni og áformað er að taka. Vatnsborðið í gjánni lækkaði um 1 cm fyrst og síðan ekki meir þótt dælingu væri haldið áfram. Þetta er eitt af því sem mér er kunnugt um að hafi verið athugað í sambandi við þessi mál.

Þá er 5. spurning: „Hefur rn. í hyggju að gera hliðstæða samninga við aðrar laxeldisstöðvar sem fyrirhugað er að reisa við strendur Grindavíkur?"

Því get ég svarað að engir aðrir hafa rætt við mig um að fá land á leigu á jörðinni Stað. Yrðu slíkir samningar gerðir hlytu þeir að verða sambærilegir við þennan. Hins vegar, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, hefur rn. borist bréf frá bæjarstjórn Grindavíkur þar sem hún óskar eftir að fá að kaupa jörðina Stað. Það mál er til frekari athugunar og m. a. hefur bæjarstjórn

Grindavíkur verið beðin að leggja fram verðtilboð um það. Meðan ekkert slíkt liggur fyrir er ákaflega erfitt að ræða það efnislega.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þetta þóttu mér heldur lítil svör í þó þetta löngu máli hjá hæstv. ráðh. við spurningum hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar. Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að sambandið við Hitaveitu Suðurnesja var ekki annað en það að hitaveitunni var sagt í janúar að ef hún gerði ekki samning við Íslandslax mundi landbrn. gera það og það hefur skeð. Um það var Hitaveitu Suðurnesja hins vegar algjörlega ókunnugt þar til þann 4. mars s. l. þegar stjórninni var tilkynnt með símtali að samningurinn sem búið var að gera skyldi settur í salt, en það er talsháttur sem menn skilja ágætlega á Suðurnesjum þessa dagana. Það má merkilegt vera að menn skuli standa í samningum frá því í desembermánuði og þar til í lok febrúar við fyrirtæki eins og Hitaveitu Suðurnesja þar sem náðst hefur samkomulag um öll atriði — líka verðið — en á sama tíma sé staðið í samningum við hæstv. ráðh. um allt annað. Það eru staðreyndir í þessu máli. Þær liggja alveg ljósar fyrir. 4. mars er sem sagt tilkynnt að samningurinn skuli settur í salt, en þann 7. er undirritaður samningur við hæstv. landbrh. þar sem SÍS eru færðar gjafir ekki bara á silfurbakka heldur á gulldiski.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að samráðið við bæjarstjórn Grindavíkur hefur verið af afar skornum skammti. Ég þekki bréfaskiptin sem hafa farið á milli. Samráð um vatnstökuna, sem er eitt höfuðmálið í þessu, var nákvæmlega ekki neitt.

Það hefur komið fram að samráðið við iðnrh. var ekkert, nema honum var tilkynnt, ef hann hefur verið á ríkisstjórnarfundi þegar hæstv. landbrh. kynnti málið, hvað þarna var búið og gert. Það átti að vísu eftir að skrifa undir, en ég hef grun um að tilkynningin á ríkisstjórnarfundi hafi verið gefin örfáum dögum áður en skrifað var undir. Þetta er auðvitað ekkert samráð.

Um rannsóknirnar, sem þarna hafa farið fram, gæti ég sagt ýmislegt. Ég ætla ekki að gera lítið úr orðum þess mæta manns Jóns Jónssonar jarðfræðings sem ég met mikils, en það liggur þó fyrir hvað stendur í áliti Orkustofnunar sem er kannske minna að marka en álit Jóns Jónssonar, ég skal ekki leggja dóm á það. Í álitsgerð Orkustofnunar frá 28. febrúar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að svo stöddu er ekki hægt að segja endanlega til um skaðlausa vatnstöku á fyrirhuguðum vatnstökustað eða vatnstökustöðum í Staðarlandi."

Síðan er talið upp ýmislegt sem vantar af upplýsingum til þess að hægt verði að leggja dóm á það. Þessu er því alls ekki svarað.

Það sem látið er af hendi til SÍS með þessum samningi landbrh. eru 550 hektarar lands. Það eru 20 lítrar á sekúndu af 100 stiga heitu vatni. Það samsvarar 6.7 mw. í varmaafli. Þetta fæst fyrir gjafverð. Það eru 350 sekúndulítrar af fersku köldu vatni. Það eru 25 000 sekúndulítrar af 15 stiga heitum sjó sem er meiri háttar fljót. Ég veit ekki hvort menn átta sig á því hvað 25 000 sekúndulítrar eru mikið. Svo er leigutíminn til 50 ára.

Það má sjálfsagt segja að þetta sé allt saman löglegt, hæstv. landbrh. hafi farið að lögum, en ég dreg í efa að þetta sé siðferðilega rétt. Bæði á ég þar við athafnir ráðh. og ég tala ekki um Íslandslax. En þeir eru ekki til svara hér.

Það er ýmislegt fleira sem ég vildi sagt hafa um þetta mál, en ræðutími minn er búinn í bili. Ég fæ kannske tækifæri til að segja meira á eftir.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég verð að játa að mér finnast þau svör, sem hér hafa komið fram, vera ansi rýr. Það kemur þó fram að ekkert samráð hefur verið haft við bæjarstjórn Grindavíkur. Það er þeirra fullyrðing að svo hafi verið. Þeir heyra þetta með samninginn sem furðufrétt, enda fulltrúar tengdir Grindavík í samninganefnd hitaveitunnar og þeir vissu ekki annað en frá samningamálunum hefði verið gengið.

Varðandi vatnstökuna er látið liggja að því hér að sérfræðingar Orkustofnunar séu ekki marktækir. Bæjarfulltrúar eða sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum tóku samt mark á þeim og hafa miklar áhyggjur af því hvert ástand vatnsmála er á svæðinu. Ég furða mig á því að svona ákvarðanir skuli vera teknar án þess að tala við nokkurn mann. Þetta er gert með leynd. Þetta er gert á þann veg að það er komið aftan að mönnum og ber að átelja það.

Það er greinilegt að hæstv. landb.- og kirkjumrh. hefur misskilið mig áðan. Ég gerði mér ljóst að drottinn sjálfur var yfir hann hafinn, en ég var að velta fyrir mér hver væri húsbóndinn ofar honum í þessu máli.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að það er erfitt að eiga orðaskipti við hv. 6. landsk. þm. þegar hann segir að ekkert samráð hafi verið haft við bæjarstjórn Grindavíkur. Ég las upp áðan að í bréfi bæjarstjórnar Grindavíkur til landbrn., dags. 29. júní 1984, kemur fram að bæjarstjórnin samþykkir fyrir sitt leyti að heimila byggingu fiskeldisstöðvar — (**KSG:** Það var ekki spurt um það.) — með þeim skilyrðum að fiskeldisstöðin og tilheyrandi mannvirki falli að skipulagi o. s. frv. Það var haft samráð og það var meira en samráð því að þetta var háð samþykki. Síðan var samningurinn gerður með þeim fyrirvara að hann skyldi samþykktur af bæjarstjórn Grindavíkur. Það er skilyrði fyrir fullgildingu samningsins. Svo segir hv. þm. að það hafi ekkert samráð verið haft við bæjarstjórn Grindavíkur. Hvernig í ósköpunum á að skilja þetta?

Þá er það vegna orða hv. 9. landsk. þm., að mikil verðmæti hafi verið færð á silfurfati. Hann gefur í skyn að ríkisvaldið hafi þar með stuðlað að atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum með því að láta í té betri kjör en hann telur rétt. Ég vil benda á að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur lagt áherslu á að hún vildi stuðla að uppbyggingu fiskeldis. Ég held að öllum sé ljóst að eitt mikilvægasta atriðið við uppbyggingu þar er að reynt sé að greiða fyrir slíku af hendi ríkisvaldsins. Annars væru yfirlýsingar hennar orðin tóm.

Ég lagði áherslu á að þegar þessi starfsemi væri komin í fullan gang yrði tryggt að samningurinn veitti þessu fyrirtæki engin forréttindi fram yfir aðra, að tryggt væri að fyrir þá aðstöðu sem þá væri orðin væri greitt sambærilegt verð og önnur fyrirtæki nytu. Ég vænti þess að samningurinn tryggi það.

Sagt er að það hafi verið orðið fullt samkomulag um

allt milli Íslandslax og Hitaveitu Suðurnesja. Ég fylgdist vitanlega ekkert með þeim samningum og skal ekki fullyrða neitt um þá. Þó hefur komið fram opinberlega í blöðum og fréttum að þarna hafi borið mikið á milli þar sem gert var ráð fyrir tengigjaldi að upphæð 15 millj. kr. og svo gjaldi fyrir vatnið sem væri nærri helmingi hærra en fyrir heitt vatn í Reykjavík, en þetta hafi Íslandslax talið of hátt verð.

Það hlýtur að vera mikil áhætta fyrir hvern og einn sem borar eftir vatni hvort hann fær heitt vatn upp eða ekki og með hve miklum kostnaði það verður. Til fyrirmyndar um vatnsverð niðri í jörðinni var hafður samningur sem kirkjumrn. gerði á s. l. ári við Hitaveitu Akureyrar um vatn niðri í jörðinni. Af hverju selja á vatn niðri í jörðinni miklu dýrara til atvinnurekstrar á Suðurnesjum en til húshitunar norður í Eyjafirði, þar sem vatnið er þó af skornum skammti, en menn vænta að allmikið sé til á Suðurnesjum, það á ég dálítið erfitt með að skilja.

Ég ítreka að undir bæjarstjórn Grindavíkur var erindið borið og hún samþykkti það. Eftir því sem kom fram í samtali við bæjarstjóra Grindavíkur við mig hefur fyrirtækið Íslandslax einnig haft náið samband við bæjarstjórn Grindavíkur m. a. um opinber gjöld, eins og ég sagði. Enn fremur var samningurinn háður samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur sem hún sagðist ekki hafa aths. við að gera.

Að sjálfsögðu mun verða fylgst með vatnsbúskap þarna og alltaf hljóta hagsmunir íbúanna vegna neysluvatnsins að ganga fyrir. Það hlýtur að verða að gæta þeirra. En miðað við þær athuganir sem þarna fóru fram rennur svo mikið vatn til sjávar að það eru vandræði fyrir þá sem eru að reyna að fá sjó til fiskeldis að ná honum upp. Þeir þurfa að fara svo utarlega. Ef borað er skammt uppi í landi kemur upp vatn en ekki sjór vegna þess hvað útstreymi vatnsins er mikið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er ekki hæstv. landbrh. til sóma að vera með útúrsnúninga eins og þegar hann segir að hann hafi stuðlað að atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum á betri kjörum en ég telji rétt. Þetta lá ekki í mínum orðum. Alls ekki. Það sem ég er hins vegar andvígur en hann er hlynntur er það að ég vil ekki mismuna fyrirtækjum eins og þarna á sér stað. Það vita allir sem vilja vita að hæstv. landbrh. mun ekki gera samninga við fleiri aðila sem fela í sér þessa kosti. Það liggur alveg ljóst fyrir. M. a. eru ákvæði í samningnum við Íslandslax sem tryggja að slíkur samningur verði ekki gerður við aðra — enda ræður hæstv. ráðh. ekki yfir miklu meira landi þarna, sem betur fer, en Staðarlandinu.

Ég er sem sagt andvígur þeirri mismunun sem þarna á sér stað og ég óttast að hagsmunir íbúa á Suðurnesjum og Hitaveitu Suðurnesja, sem er sameign allra sveitarfélaganna þarna og ríkisins, kunni að verða fyrir borð bornir. Það hefur ekki verið svarað öllum spurningum sem þarf að svara áður en slík leyfi eru veitt.

Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að ekki hafði orðið fullt samkomulag um tengigjaldið. Ágreiningurinn reis á lokastigi málsins vegna þess að leiðin var lengri sem fara þurfti með heimæðina en upphaflega var áætlað. En einingarverðið breyttist nákvæmlega ekki neitt.

Það væri fróðlegt að vita á hvaða forsendum, ég ætlast ekki til að hæstv. landbrh. svari því, hann veit það sjálfsagt ekki, fyrirtækið Íslandslax hóf framkvæmdir þegar um áramót. Á hvaða forsendum ætli það hafi verið? Þeir vissu vel þá hvert verðið yrði sem þeir þyrftu að borga til Hitaveitu Suðurnesja, en þeir hafa kannske líka vitað þá hvað þeir áttu í vændum frá hæstv. ráðh. í byrjun mars. Þetta væri fróðlegt að vita. Á grundvelli annars hvors hljóta þeir að hafa hafið framkvæmdir. Og það lá mikið á á milli jóla og nýárs, haldnir aukafundir í stjórn Hitaveitu Suðurnesja til að reyna að ljúka málinu.

Í þessu sambandi er líka rétt að nefna, sem hefur reyndar þegar komið fram hjá hæstv. ráðh., að bæjarstjórn Grindavíkur hefur óskað eftir að fá Staðarlandið keypt. Það var gert með bréfi í desembermánuði, en því er ekkert ansað. Það eru að vísu höfð góð orð um að það megi semja um það, en á bak við þetta allt er svo það að fyrst þarf að semja við SÍS. Svo getum við talað við bæjarstjórn Grindavíkur um kaup á landinu.

Svo er eitt enn. Þessu máli er alls ekki lokið. Samningurinn hefur alls ekki öðlast gildi þótt hæstv. ráðh. og þeir sambandsmenn hafi undirritað hann. Bæjarstjórn Grindavíkur á eftir að staðfesta hann og það verður að gerast vegna þess að ákvæði hans rekast á við vatnsveitureglugerð. En þó að hann hafi ekki tekið gildi er samt byrjað að bora. Það er byrjað að bora eftir heitu vatni og það er farið að dæla upp fersku vatni. Er nú nema von að menn spyrji hvort nokkrum öðrum en félagi í eigu SÍS og fyrirtækja þess mundi líðast svona vinnubrögð?

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Mér þótti miður að hæstv. landbrh. snýr út úr því sem við erum hér að segja. Það datt engum manni í Grindavík í hug að landbrn., skulum við segja, færi að höndla með heitt vatn í Staðarlandi og það var aldrei um það rætt við Grindavíkurbæ. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Svo geri ég þá kröfu að sveitarstjórnirnar á Suðurnesjum fái aðgang að þeirri skýrslu sem búið er að gera um vatnsmálin á Suðurnesjum. Það hlýtur að vera að sveitarstjórnirnar þurfi að sjá þá skýrslu því að menn hafa verulegar áhyggjur af vatnsmálunum.

Grindvíkingar segja mér að landbrn. hafi ekki enn svarað ósk þeirra um að kaupa Staðarlandið og þeir segja líka að það standi á landbrn. að gefa til kynna hvaða verð það vilji fá fyrir landið. En hvers vegna virðir hann bæjarstjórnina ekki svars?

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það eru sérkennileg embættisverk sem þeir sessunautarnir, formenn þingflokka stjórnarflokkanna, hafa tekið að sér á Alþingi. Þegar verulegur hluti kjósenda Framsfl. er óánægður með ákvarðanir ráðh. Sjálfstfl. í ratsjárstöðvamálum tekur hv. þm. Páll Pétursson að sér að veita vissa friðþægingu þessum óróleikaöflum í Framsfl. með því að vera á móti þeim gerningi hér á Alþingi. Þegar óánægja með framsókn SÍS er orðin óþægileg í Sjálfstfl. og ráðherrar Sjálfstfl. hafi ekkert hafst að til að koma í veg fyrir framsókn Sambandsins tekur hv. þm. Ólafur G. Einarsson að sér að rísa upp hér í þingsalnum og vera með hávaða út af Sambandinu nokkra stund. Auðvitað breytir það engu um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið og mun á engan hátt setja Sambandinu stólinn fyrir dyrnar. Það er minni

háttar pólitísk æfing í þingsalnum til að kjósendur Sjálfstfl. og lesendur Morgunblaðsins og Dagblaðsins verði aðeins minna óánægðari með það sem er að gerast. Þeir geta þá sagt: Það hefur þó allténd einn af „okkar mönnum" haft manndóm í sér til að standa upp og mótmæla þessu.

Auðvitað er alveg ljóst að ef ráðherrar Sjálfstfl. og Sjálfstfl. væru á móti þessum gerningi væri hægðarleikur fyrir hæstv. iðnrh. að grípa þar inn í. Staðreynd málsins er hins vegar að hæstv. iðnrh. gerði það ekki. Það hefur ekkert komið fram í þessum umr. um að nokkur ráðh. Sjálfstfl. hafi gert nokkuð í málinu. Menn verða að horfast í augu við það, og það er gömul saga, að þegar Framsfl. er í ríkisstj. og þegar sambandsforstjórarnir vilja halda inn á nýjar lendur og fá nýtt forræði yfir eignum almennings í landinu annast Framsfl. auðvitað þessa fyrirgreiðslu. Það hefur alltaf gerst. Spurningin er hvað menn vilja stuðla lengi að því með því að stjórna með Framsfl. (**ÓE:** Enda þekkir ræðumaður það.) Já, hann þekkir það mjög vel. (**ÓE:** Allt of vel.) Allt of vel, það er alveg rétt.

Herra forseti. Hæstv. landbrh. viðurkenndi hér í seinni ræðu sinni áðan að hann hefði framselt eignir almennings í landinu á lægra verði en raunvirði og markaðsverði. Hæstv. ráðh. viðurkenndi að hann hefði selt fyrirtæki eignir þjóðarinnar, sem honum hefði verið falið að varðveita, á lægra verði en hefði verið hægt að fá fyrir þær og sambærilegt væri við sölu til annarra aðila. Þetta er mjög merkileg viðurkenning hér úr ræðustól. Nú ber ég fram fsp. til hæstv. landbrh.: Hver er munurinn á markaðsverðinu og raunverðinu, sem ráðh. vék að áðan, og á því verði sem SÍS var látið greiða? Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því. Honum bar embættisleg skylda til þess. Fram kom áðan að hann hefur gert það. Rétt er að fram komi á Alþingi hver er hinn raunverulegi styrkur af almannafé og þjóðareign sem hæstv. ráðh. hefur yfirfært til Sambandsins.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég var eiginlega kominn í ákveðið bindindi þegar ég kom hingað á þing. Ég hafði heitið sjálfum mér því að ræða ekkert um SÍS á hv. Alþingi og drekka ekki Bragakaffi. Ég sé að því miður hlýt ég að brjóta annað bindindið, þ. e. að tala ekki um hið virðulega „fyrirtæki" sem heitir Samband ísl. samvinnufélaga.

Það er satt að segja hörmulegt hversu oft er rætt um þessi samtök á hv. Alþingi með þeim hætti sem gert er í dag. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það sem gerst hefur í því máli sem er til umr. Það vekur athygli, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, og er spurning hvort hv. Alþingi verður ekki að grípa í taumana, þegar það er upplýst af ráðh. að hann lætur af hendi almannaeign á gjafverði, þ. e. hita- og vatnsveituréttindin í Staðarlandi í Grindavík. Þetta er svo alvarlegt mál að einhvern tíma hefðu Alþingi Íslendinga, einstakir ráðherrar eða ríkisstjórn gripið til þess að stöðva slíka framkvæmd. Ég leyfi mér að halda því fram að ráðh. hafi ekki leyfi til að framselja þetta land með þeim hætti sem hann hefur gert.

Svo kemur önnur spurning sem hlýtur að snúa að þeim sem búa í Grindavík: Hvers vegna fékk Grindavíkurkaupstaður ekki að kaupa Staðarland? Hvers vegna var ekki rætt við Grindvíkinga þegar verið var að ganga frá samningum við Samband ísl. samvinnufélaga?

Ég hef ásamt fleirum komið nokkuð við sögu fiskeldis á Suðurnesjum. Ég hef verið þátttakandi í Fjárfestingarfélaginu sem er að reyna að koma á hafbeit í Vogum. Ég kannast ekki við að ríkisvaldið hafi hjálpað okkur eða stutt okkur í einu eða neinu. Hins vegar hefur það gerst alveg nýlega að nú á að fella niður öll aðflutningsgjöld í sambandi við fiskeldi á Íslandi. Það var ákveðið á því herrans ári 1985, í janúar, þegar umrætt fyrirtæki, Samband ísl. samvinnufélaga, var búið að tryggja sér þessi lönd og fjármuni til að fara út í þessa atvinnugrein. Áður varð ekki vart við sérstakan vilja af hálfu ríkisvaldsins til að hjálpa þeim sem hafa verið að vinna að fiskeldi á Íslandi. Ég kannast ekki við mikilvægan stuðning við Fjárfestingarfélagið eða aðra af hálfu ríkisvaldsins á umliðnum árum í sambandi við fiskeldi. Hér er annar hv. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson, sem er búinn að berjast í þessu máli í áratugi. Ég hygg að hann geti betur rakið afskiptaleysi og áhugaleysi ríkisvaldsins á málefnum fiskeldis.

Ég mun ekki ræða þetta mál frekar, en ég hlýt að endurtaka og óska eftir svari við því: Hvers vegna fékk Grindavíkurkaupstaður ekki ítarlegar umræður um hugsanleg kaup á Staðarlandi? — Ég varpa að lokum fram þeirri hugmynd hvort Alþingi eigi ekki að beita sér fyrir að stöðva það sem er að gerast í Grindavík í sambandi við Íslandslax.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. landbrh. að samráð var ekki haft við iðnrn. meðan á samningum stóð, heldur, eins og hann tók fram, mun hafa verið tilkynnt um málið þann dag eða um það bil sem undirskriftir fóru fram. Fullyrðingar hv. 3. þm. Reykv. áðan eru staðlausir stafir sem ég skal víkja að örfáum orðum.

Skv. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands fer fjmrn. með eignir ríkisins nema þær séu lagðar til öðru rn. Í 10. gr. 9. lið reglugerðar um Stjórnarráð Íslands eru landbrn. lagðar til þjóðjarðir og kirkjujarðir. Samningar um afnotarétt af jarðhita í landi kirkjujarðarinnar Staðar við Grindavík heyra því skv. gildandi rétti alveg undir landbrn.

Rétt er að taka fram að skv. ákvæðum orkulaga eru almennar takmarkanir á ráðstöfunarrétti yfir jarðhita, t. d. í II. kafla laga um vinnslu jarðhita þar sem fjallað er um þau álitaefni sem upp koma þegar jarðhitasvæði liggur þannig í landareign tveggja eða fleiri landeigenda að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er. Slík álitaefni hafa ekki komið upp í þessu tilfelli.

Enn fremur er þess að geta að í 17. gr. orkulaga segir: „Um hagnýtingu og hvers konar ráðstöfun jarðhita, sem er í eigu ríkisins, skal leita umsagnar Orkustofnunar áður en til ráðstöfunar kemur." Þessa ákvæðis hefur verið gætt.

Þá velti ég því fyrir mér hvort ráðstöfun jarðhita þessa bryti í bága við einkarétt Hitaveitu Suðurnesja sem iðnrn. veitir Hitaveitu Suðurnesja skv. 6. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, til starfrækslu hitaveitna innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu. Einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu felur í sér einkarétt til að dreifa heitu vatni til almenningsþarfa á umræddu svæði. Um skilning á hugtakinu „einkaleyfi" skv. 6. gr. laga og um Hitaveitu Suðurnesja er rétt að hafa hliðsjón af 27. gr. orkulaga, en þar segir

m. a. svo:

„Ráðh. er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi ... til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa ...“

Ákvæðið breytir því ekki rétti jarðeigendanna, að því er virðist, til að nýta jarðhita í eigin landi til eigin atvinnureksturs. Skiptir þá ekki máli hvort leigutaki jarðar nýtir jarðhita á jörðinni eða eigandi sjálfur.

Ég mun ekki fjalla nánar um hugsanlega hagsmunaárekstra Hitaveitu Suðurnesja og landbrn. vegna þessara samninga, enda á iðnrh. ekki beina aðild þar að. Þess vegna er það, að við þessa samningsgerð þurfti hæstv. landbrh. ekki að gæta þess að sækja neitt til iðnrn. vegna samninganna.

Þetta vil ég að komi fram vegna þessara sérkennilegu fullyrðinga hv. 3. þm. Reykv. um að iðnrh. hefði getað gripið inn í þessi mál. Þær voru, eins og ég sagði, gersamlega úr lausu lofti gripnar.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að andmæla því að landbrh. hafi verið að semja þarna langt undir því verði sem annars staðar semst um. Ég skýrði frá því áðan að á s. l. ári var gerður samningur við Hitaveitu Akureyrar um jarðhita í jörð norður í Eyjafirði og það verð er lægra en það verð sem nú var samið um. Það var haft til hliðsjónar.

Spurt var af hverju Grindavík hafi ekki fengið að kaupa Staðarland. Ég sagði að í viðræðum við bæjarstjórn Grindavíkur hefði verið óskað eftir að bæjarfélagið gerði tilboð um hvað það vildi greiða fyrir landið. Það hefur ekki komið enn þá. Það er langt frá því að því hafi verið hafnað.

Spurningin er hvort Alþingi þurfi að grípa í taumana. Þetta er atvinnurekstur sem við væntum að verði mikils virði á næstu árum og áratugum ef ríkisvaldið reynir að stuðla að því að hann komist af stað með því að hafa orkuverð til hans sambærilegt en ekki lægra en það sem ríkisvaldið semur um á öðrum stöðum.

En ég ítreka það sem ég sagði áður um ákvæði í samningnum. Að 5—7 árum liðnum, þegar sést hvaða framkvæmdir verður um að ræða og hver umsvif verða, verða öll verðákvæði endurskoðuð. Þá verður reynt að semja um sambærilegt verð við það sem gerist annars staðar. Ef ekki näst samningar verður úrskurðað um að þarna verði um engin forréttindi að ræða. Ég bað ríkislögmann sérstaklega að athuga, áður en samningurinn var gerður, að það atriði væri vandlega tryggt. Ég vísa algerlega á bug þeim fáránlegu fullyrðingum að hér sé um forréttindi að ræða.

Eiður Guðnason: Herra forseti. S. l. laugardag hringdu fréttamenn Ríkisútvarpsins suður til Togo til að inna frétta af íslenskri pólitík, en nú er mjög til siðs að hringja þangað suður. Það var rætt við varaformann Sjálfstfl., hv. þm. Friðrik Sophusson, sem lét svo ummælt að Framsfl. væri hagsmunaflokkur. Þegar oftlega var gengið eftir hvað hann ætti við með því svaraði varaformaður Sjálfstfl.: Framsfl. situr í ríkisstj. til að gæta hagsmuna Sambands ísl. samvinnufélaga.

Nú hefur komið í ljós í þessum umr. að það eru fleiri sem sitja í ríkisstj. til að gæta hagsmuna Sambands ísl. samvinnufélaga, þess volduga auðhrings. Hæstv. viðskrh., þm. Reykn., hefur ekki sagt eitt einasta orð í þessum umr. Hæstv. iðnrh. kemur hér í þennan ræðustól og fer með lagaflækjumál um að málið komi honum eiginlega ekkert við. Nú er sagt frá því að þetta mál hafi verið kynnt í ríkisstj. Ég spyr: Hreyfðu hæstv. ráðherrar, viðskrh., þm. þess kjördæmis sem hér um ræðir, og hæstv. iðnrh. og orkumálaráðh., engum andmælum þegar þetta mál var kynnt í ríkisstj.?

Allt ber þetta mál mjög undarlega að. Það hefur komið fram hér að verið er að afhenda verðmæti úr þjóðareign Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þetta kemur svo sem ekkert á óvart þegar Framsfl. á í hlut. Ég get tekið undir það, sem varaformaður Sjálfstfl. sagði, að það er meginhlutverk Framsfl. í hverri ríkisstjórn að standa þar dyggan vörð um hagsmuni Sambands ísl. samvinnufélaga. Þetta er ekkert nýtt, en það er kannske nýtt að Sjálfstfl. og hæstv. ráðh. Sjálfstfl. hjálpi þeim framsóknarmönnum við þetta verk í jafnríkum mæli og nú er á daginn komið.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að fyllsta ástæða er til þess að Alþingi láti þetta mál til sín taka og þetta mál verði kannað betur, en á meðan sú könnun stendur yfir verði boranir og aðrar framkvæmdir þarna stöðvaðar, í bili a. m. k.

Þau svör sem hæstv. landbrh. hefur gefið eru að mínu mati engan veginn fullnægjandi. Mér sýnist það vera deginum ljósara og þessi umr. hafi leitt það mætavel og einkar skýrt í ljós að verið er að hygla Sambandi ísl. samvinnufélaga og færa því fyrirtæki, eins og réttilega var sagt, gjafir á gulldiskum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna þessara umr. og þess sem hér hefur komið fram, fsp. um afstöðu ráðh. Sjálfstfl., vil ég láta það koma fram að mér var ekki kynnt málið og um það vissi ég ekki fyrr en samningurinn var gerður.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er ljóst að þrjú atriði þurfa nánari skýringar við í þessu máli. Þau eru öll mjög alvarleg.

Hæstv. viðskrh. var að enda við að lýsa því yfir að honum hefði ekki verið kunnugt um málið fyrr en búið var að undirrita samninginn. Það hefur verið upplýst hér í umr. að málið var kynnt á ríkisstjórnarfundi. Var hæstv. viðskrh. fjarverandi þann ríkisstjórnarfund? Það er óhjákvæmilegt að upplýst sé hvaða ráðherrar voru viðstaddir á þeim ríkisstjórnarfundi. Hæstv. iðnrh. hefur einnig lýst því yfir að hann hafi ekkert vitað um málið fyrr en átti að fara að undirrita. Hvaða ráðherrar Sjálfstfl. voru viðstaddir á þessum ríkisstjórnarfundi? Er hægt að fá það upplýst hér? Það er leitt að hæstv. forsrh. skuli vera fjarverandi. Það er alveg ljóst að það verður að upplýsa hér og nú hverjir voru viðstaddir á þeim ríkisstjórnarfundi þar sem málið var kynnt. Hvaða ráðherrar Sjálfstfl. bera ábyrgð á því að hreyfa ekki andmælum? Er það kannske formaðurinn í ráðherraflokknum, hæstv. utanrrh., sem ber ábyrgðina á því? Ég vænti þess að hæstv. landbrh., sem fór með málið, upplýsi í umr. hvaða ráðherrar Sjálfstfl. voru viðstaddir á þessum ríkisstjórnarfundi. (**Gripið fram í:** Hann má ekki tala oftar.) Ég er alveg viss um að hæstv. forseti veitir honum leyfi til að gera stutta aths.

Í öðru lagi reyndi hæstv. landbrh. að draga í land með að hann hefði lýst því í seinni ræðu sinni að það væri munur á markaðs- og raunvirði þeirra þjóðarverðmæta

sem þarna eru látin í té og því sem Sambandið hefði verið látið borga. Er einfalt fyrir þm. og þingfréttaritara að fara út í ræðuritun og biðja um afrit af ræðu hæstv. ráðh. til að staðfesta það. Það sem hæstv. ráðh. sagði um Hitaveitu Akureyrar kom síðar í ræðunni. Það er einmitt í ræðunni þar sem hæstv. ráðh. rakti að eftir nokkur ár yrði málið skoðað aftur til að koma í veg fyrir forréttindi til frambúðar. Þannig liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. ráðh. vék að því nokkrum orðum að útskýra að þarna hefði verið um mun að ræða á eðlilegu markaðs- og raunvirði þessara verðmæta almennings og þjóðarinnar allrar og því sem SÍS væri látið greiða, a. m. k. á næstu 5—6 árum.

Þetta er annað atriði, herra forseti, sem verður að upplýsa hér vegna þess að hæstv. ráðh. hefur haft um þetta önnur orð. Það er alveg rétt, sem nokkrir þm. hafa sagt, að hér er verið að láta af hendi þjóðareign til Sambands ísl. samvinnufélaga. Alþingi á að bera ábyrgð á því að þjóðin fái fullt verð fyrir sínar eignir. Það er þess vegna lágmarkskrafa, eins og hér var sett fram, að þessar framkvæmdir verði stöðvaðar og ráðherrar Sjálfstfl. og aðrir, sem virða einhvers þá skyldu sína að tryggja að þjóðin fái verðmæti fyrir eign sína, gangi í það að skoða rækilega hvað í samningnum felst.

Í þriðja lagi fór hæstv. iðnrh. hér með lagaskýringu, sem greinilega var samin fyrir þessar umr., til að reyna að afsaka að hann, sem á að gæta eignarréttar Hitaveitu Suðurnesja, hafði ekki afskipti af málinu. Það var léleg afsökun, hæstv. iðnrh. Ljóst er að rn. sem fer með málefni Orkustofnunar og fer með málefni hitaveitna átti að vera með í ráðum þegar slíkur samningur var gerður.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni af ummælum hv. 3. þm. Reykv. skal það tekið fram, sem augljóst má vera, að í þessum umr. verður fylgt þingsköpum. Þm. tala ekki oftar í þessari umr. en hægt er frekast að teygja þingsköp.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hafði fyrst fregnir af þessu máli þegar hv. 9. landsk. þm. Ólafur G. Einarsson hafði símasamband við mig og greindi mér frá því að fyrir dyrum stæði samningsgerð um afnot Íslandslax af jarðhita og köldu vatni í landi kirkjujarðarinnar Staðar. Hann hringdi á mig til þess að spyrjast fyrir um hvort ekkert samráð hefði verið haft við mig eða iðnrn., af því, sem hann taldi þá, að svo hlyti að vera um hnúta búið að óhjákvæmilegt væri að slíkan samning um jarðhita og vatnsréttindi með þessum hætti væri ekki hægt að gera nema kalla iðnrn. til samráðs. Þess vegna lét ég lögfræðing iðnrn. taka saman og gera athugun á hvert stjórnskipulegt forræði ætti við í þessu falli og þess vegna var það að ég rakti nákvæmlega allar lagaskýringar þar að lútandi og er ekkert ódýr málsmeðferð, heldur alveg nauðsynleg af minni hálfu í þessu falli. Það kemur í ljós, þótt ég telji það ekki eðlilegt, að hæstv. landbrh. gat farið þann veg fram í málinu eins og hann hefur sjálfur skýrt hér frá, sem dæmi sanna, án þess að þurfa í einu eða neinu að leita eftir samþykki eða samráði einu sinni, hvað þá meir, við iðnrh. Ég er ekki að segja að þetta sé það sem eðlilegt sé. Ef við eigum eftir að verða sammála um að setja lög um eignarrétt ríkisins á jarðhita og vatnsorku, sem ég er með í undirbúningi, þá hef ég vissulega áhuga á því að allir samningar um jarðhitaréttindi hljóti einnegin að heyra undir iðnrn. ásamt með því rn. sem fer með forræði jarðeigna sem eiga við í hvert skipti. Þetta vil ég að fram komi.

En að öðru leyti hafði ég kannske mestar áhyggjur af því sem snertir kalda vatnið á þessum slóðum. Mér þótti nokkuð taka í hnúkana þegar upplýst var að vatnstökuréttur fyrirtækisins væri 100 sekúndulítrum — eða er það ekki rétt? — meiri en kaldavatnstökuréttur sjálfrar Hitaveitu Suðurnesja. Ég varð af öðrum ástæðum undrandi á þessu og gerði þess vegna fsp. til forstjóra Orkustofnunar, Jakobs Björnssonar, um málið þegar í stað og hv. þm. Ólafur G. Einarsson hafði samráð við mig. Hann sendi mér þá um leið afrit af bréfum þessu að lútandi frá 21. des. s. l. þar sem þeir veita umsögn um ráðstöfun jarðhitaréttinda í landi Staðar o. s. frv., eins og þar segir.

Ég hef ekki fleiru við þetta að bæta, en ég vona að menn skilji og kunni að meta það að auðvitað hlaut ég að sitja fyrir svörum að þessu leyti, að ég nú ekki tali um þegar menn eru með ávirðingar í garð rn. fyrir það að hafa í einhverju ekki sinnt skyldum sínum sem því ella bæri að gera. Ég bið menn að athuga þetta sérstaklega þegar þeir segja að þetta sé lagaflækjuraus, eins og hv. 5. landsk. þm. leyfði sér að hafa uppi orð um.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það var þrennt í svörum hæstv. landbrh. sem mér finnst skipta máli.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. ráðh. að það væri stefna hans og ríkisstj. að efla fiskeldi og styðja við bakið á þeim sem eru í fiskeldinu. Í öðru lagi sagði ráðh.: Það á enginn að njóta neinna sérstakra forréttinda. Og í þriðja lagi: Það eiga allir að hafa sambærilega aðstöðu.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu, sem mér finnst skipta máli í svari ráðh., vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. kirkjumálaráðh. hvort hann vilji ekki hafa milligöngu í samningum vegna annarra fiskeldisstöðva á Suðurnesjum með þeim hætti að verð á heitu og köldu vatni og önnur réttindi verði með sambærilegum hætti og Íslandslax hefur fengið með sínum samningum á Suðurnesjum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal að gefnu tilefni ítrekað, sem sagt var áðan, að við höldum okkur við þingsköp í þessum umr. Þm. mega vita að það eru takmörk fyrir því hvað ráðh. sem aðrir mega tala oft. Þess vegna er ekki hægt að ætlast til þess að þeir ráðh. sem ekki hafa leyfi til þess að tala oftar geti svarað spurningum sem koma fram til þeirra.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þessar umr. verða æ athyglisverðari. Hér hefur verið vikið að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan, að málið hafi verið kynnt í ríkisstj. og spurt var hvort þar hefðu tilgreindir hæstv. ráðh. hreyft andmælum. Engin svör. Þeir segja hins vegar frá því hvernig þeim hefði borist til eyrna að þessi mál væru á döfinni.

Annað þykir mér þó langtum athyglisverðara í þessu máli og það er það sem hæstv. iðnrh. sagði áðan. Hann sagði: Ég er með í undirbúningi löggjöf um þjóðareign á orkunni í iðrum jarðar. — Lætur hann það þá viðgangast átölulaust og þykir honum það þá eðlilegt,

meðan hann er með slíka löggjöf í undirbúningi, hún er í ritun og hún er á hans vinnuborði, ef svo má segja: á döfinni, að verðmæt réttindi af þessu tagi séu afhent með þeim hætti til Sambands ísl. samvinnufélaga eins og hér er komið í ljós að gert hefur verið? Þetta þykja mér tíðindi nokkur og þetta þykja mér fullkomlega óeðlileg vinnubrögð. Meðan einn ráðh. er með í undirbúningi löggjöf um að gera ákveðin verðmæti skilyrðislaust með lögum að þjóðareign afhendir annar ráðh. slík verðmæti til Sambands ísl. samvinnufélaga. Þetta finnast mér vera afar alvarlegar yfirlýsingar.

Þess vegna held ég að Alþingi Íslendinga hljóti og verði, eftir það sem fram er komið í þessu máli í dag, að láta þetta mál til sín taka.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér finnast þetta nokkuð kúnstugar umr. og ætlaði ekki að blanda mér í þær, en hið sérkennilega hugmyndaflug hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar kom mér til þess að taka til máls. Hann er að gera okkur kollegum, hv. 9. landsk. þm. og mér, upp skoðanir sem eru algjörlega úr lausu lofti gripnar.

Það var hörmulegt, fannst mér, að hlusta á hv. þm. Guðmund H. Garðarsson sem er, herra forseti, 12. þm. Reykv.— Ég vil ekki láta fjarstadda menn liggja undir því ámæli að það gæti farið inn í þingtíðindin að þeir hefðu flutt þær ræður sem Guðmundur hefur verið að flytja hér. 12. þm. Reykv. mun vera hv. þm. Pétur Sigurðsson og hann er fjarstaddur. Það var hv. 2. þm. Reykv. Guðmundur Garðarsson sem flutti þessa sérkennilegu ræðu áðan.

Það er hörmulegt þegar rætt er um SÍS eða önnur fyrirtæki af vanþekkingu og óvild. Ef ég færi að tala um SH af vanþekkingu og óvild væri það líka hörmulegt. Fjárfestingarfélagið hefur auðvitað notið fyrirgreiðslu ríkisins. Ríkið á hlut í Fjárfestingarfélaginu. Framkvæmdasjóður leggur í Fjárfestingarfélagið fé til þess að braska með í fiskirækt og öðru.

Reyknesingar ættu auðvitað að bjóða fiskiræktarfyrirtæki velkomin, en ekki vera að reyna að bregða fæti fyrir þau. Dettur nokkrum í hug að þessi hvellur hefði verið gerður ef Olíumöl hf. hefði farið út í fiskirækt á Reykjanesi eða Íslenskir aðalverktakar eða ÍSAL? Nei, ég held ekki. Ég held að það hefði reynst ágætt ef þessir aðilar hefðu fjárfest í laxeldi, ekki síður en ef Samband ísl. samvinnufélaga gerir það.

Svo eru þessir herrar að koma hér upp og lekur af þeim sultardropinn og tala um hörmulegt atvinnuástand á Reykjanesi. Og svo eru þeir líka að tala um mikilvægi fiskiræktar og vilja veg hennar sem mestan. Landbrh. hefur, herra forseti, að mínu mati farið fullkomlega eðlilega að. Hæstv. iðnrh. talaði hins vegar glannalega hér um daginn um jarðhitaréttindi á Reykjanesi og fiskirækt í því sambandi þegar hann var að leggja niður saltverksmiðjuna. Ég vona að ekki verði með þeim hætti úr þeim fyrirheitum sem hæstv. iðnrh. gaf því að ég hygg að hann komi ekki þeim vilja sínum fram þó hann vildi.

Ég vil biðja menn að taka gleði sína vegna þess að Jón Jónsson jarðfræðingur er búinn að upplýsa þjóðina um að vatnið renni ekki upp í móti.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, fsp. 376. mál (þskj. 604). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Maríanna Friðjónsdóttir): Herra forseti, virðulegi þingheimur. Fyrir þinginu liggur fsp. til dómsmrh. á þskj. 604 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður störfum nefndar sem skv. ályktun Alþingis frá 17. febrúar 1981 átti að gera tillögur um hvernig réttindum fólks í óvígðri sambúð yrði best fyrir komið sérstaklega með tilliti til eignar- og erfðaréttar?

Hyggst ráðh. leggja fram frv. á yfirstandandi þingi sem tryggi réttarstöðu þessa fólks?"

Nú eru rúmlega fjögur ár liðin frá því að þessi þáltill., sem Alþfl. lagði fram, var samþykkt hér í þingsölum og enn bólar ekkert á niðurstöðum nefndarinnar. Í óvígðri sambúð ríkir í reynd margháttuð réttaróvissa, ekki síst með tilliti til eignar- og erfðaréttar. Hjónabandið er hins vegar sem stofnun verndað af löggjafanum á margan hátt. Um það gilda ítarleg lög, t. d. um stofnun og slit hjúskapar, lög um réttindi og skyldur hjóna, svo og sérstök ákvæði í erfðalögum svo að nokkur atriði séu nefnd. Óvígð sambúð nýtur hins vegar lítillar réttarverndar jafnvel þótt hún sé algengt form á sambúð karls og konu.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands frá árinu 1983 má telja að um 10% allra þeirra sem eru í sambúð á annað borð séu í óvígðri sambúð. Þó er víst að fjöldinn er enn meiri því að Hagstofan getur einungis stuðst við upplýsingar sem fólk gefur ef það tilkynnir óvígða sambúð eða ef það hefur sameiginlegt lögheimili og barn á framfæri. Það er óviðunandi hve mikil óvissa ríkir um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Má að því víkja að á árinu 1983 voru lögfest fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur á milli 90 og 100 mál er risu vegna óvígðrar sambúðar.

Oft er það svo að óvígð sambúð stendur jafnvel áratugum saman og eignamyndun hefur orðið veruleg á þeim tíma. Eignamyndunin er sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila ýmist beint eða óbeint. Síðan rísa upp við sambúðarslit mikil vandamál, sérstaklega ef aðeins annar aðilinn er þinglýstur eigandi eignanna. Er þá oft farin sú leið að í stað þess að senda annan aðilann — í mörgum tilvikum konuna — slyppa og snauða út á götuna eru henni dæmd ráðskonulaun eða sambærileg þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. En það liggur í augum uppi að ef um mikla eignamyndun hefur verið að ræða á sambúðartímanum getur sú fjárhæð verið hverfandi lítil í samanburði við það að um helmingaskipti á eignum væri að ræða eins og tíðkast um sambúðarslit hjóna. Einnig má benda á að í óvígðri sambúð skapast engin erfðatengsl milli sambúðarfólks og því nýtur sá er lengur lifir ekki erfðaréttar nema sérstök erfðaskrá hafi verið gerð. Þeir sem búa í óvígðri sambúð eiga því ekki gagnkvæman erfðarétt og ekki rétt til að sitja í óskiptu búi. Erfðaréttinn verður að tryggja með erfðaskrá og er ekki víst að fólk gæti að því að gera þær ráðstafanir í tíma, jafnvel þótt fullur vilji hafi verið fyrir slíku.

Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að brýnt er að ekki dragist úr hömlu að leggja fram tillögur um úrbætur á því hvernig réttindum og skyldum í óvígðri sambúð verður best fyrir komið. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort hann hyggist leggja fram frv. á yfirstandandi þingi sem tryggi réttarstöðu þessa fólks.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 604 er fsp. til mín um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð og vitnað þar til þáltill. sem samþykkt var 17. febrúar 1981 um það mál. Þessari þál. var vísað til athugunar hjá sifjalaganefnd sem er búin að starfa alllengi og fjallar m. a. um þetta mál. Þetta viðfangsefni, sem varðar eignarrétt og erfðarétt, er vandmeðfarið og viðkvæmt eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. En þetta málefni hefur verið til meðferðar í laganefndum bæði á Norðurlöndum og innan Evrópuráðs. Hefur norræna sifjalaganefndin, sem Ísland á aðild að, m. a. haft viðfangsefnið til meðferðar þar sem leitað hefur verið eftir sameiginlegri afstöðu landanna. En það hefur komið fram að mjög mikilvægt er að samræmi sé í löggjöf Norðurlandanna á ýmsum sviðum vegna þeirra nánu samskipta sem þegnar þessara landa hafa og þeir njóta réttinda í því landi þar sem þeir eru búsettir. Það hafa komið fram mjög leið tilvik vegna þess að ekki er um algjörlega sambærilegt lagaákvæði að ræða á Norðurlöndunum. Þess vegna er þess vænst að það takist að fá sameiginlega niðurstöðu hjá Norðurlöndunum og fulltrúi Íslands þar, sem er einnig formaður sifjalaganefndarinnar íslensku, hefur þar haft forustuhlutverk um að reyna að ná samstöðu. Þess er að vænta að á þessu ári megi ráða hvert stefnir í þessari vinnu hinnar norrænu sifjalaganefndar. Þess er því ekki að vænta að á þessu þingi verði flutt frv. til laga um eignar- og erfðarétt fólks í óvígðri sambúð. Eins og ég sagði verður það ekki fyrr en séð verður þá síðar á árinu hverja stefnu málið tekur í þessum undirbúningi.

Fyrirspyrjandi (Maríanna Friðjónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans og þykir leitt að ekki skuli mega vænta úrbóta fljótlega í þessum málum. Það er náttúrlega ljóst að hafa verður samráð við önnur Norðurlönd vegna mikilla samskipta í þessari framkvæmd. En í því sambandi vil ég benda hæstv. dómsmrh. á að í Svíþjóð liggur nú fyrir sænska þinginu frv. til l. um réttarstöðu þessa fólks, þar sem m. a. er kveðið á um rétt til húsnæðis og þeirra fjármuna sem í innbúi liggja, þannig að það ætti ekki að þurfa að leita langt til fyrirmyndarinnar.

Það sem gerist hins vegar á meðan hæstv. Alþingi liggur undir feldi og íhugar þetta mál er að þúsundir kvenna og karla þurfa að búa við þá óvissu að vera í raun utan laga og réttar. Nú segja kannske sumir, jafnvel einhverjir af þeim sem hér eru inni, að þetta fólk geti bara gift sig eða a. m. k. tryggt rétt sinn með lögfestum samningum. En það er bara ekki svo einfalt þetta mál. Sumt fólk vill hreinlega ekki gifta sig eða stofna til hjúskapar og því á að vera heimilt að framfylgja þeirri löngun sinni. Og það er svo um samninga sambúðarfólks að þótt það hafi frelsi til samninga er ekki þar með sagt að dómstólarnir viðurkenni alla þeirra samninga. Vil ég í því sambandi vitna til orða Guðrúnar Erlendsdóttur dósents, sem er í margumræddri sifjalaganend, er fram koma í erindi sem flutt var hjá Dómarafélagi Íslands 25. október, með leyfi forseta:

„Ekki getur sambúðarfólk heldur gert almennan samning þess efnis að allar reglur um fjármál hjóna skuli gilda um sambúðina.“ Þetta byggist á því grundvallarsjónarmiði í sifjarétti að samningar um efni, sem ekki er hægt að hafa yfirsýn yfir við samningagerð, séu yfirleitt ógildir. Að mínu mati ætti löggjafinn nú þegar að taka á þessu máli af einhverri alvöru, þannig að framtíðin bjóði því fólki sem kýs að búa í óvígðri sambúð betri kosti en fyrri kynslóðir hafa mátt þola.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Reykv., fyrir að vekja máls á þessu brýna máli. Mig langar til að taka undir það með henni að þetta er mál sem þolir ekki langa bið enn, því að sífellt fjölgar þeim sem í óvígðri sambúð búa. Mér kemur töluvert á óvart það sem kom fram í svörum hæstv. ráðh. að nauðsynlegt sé að bíða eftir niðurstöðu annars vegar á norrænum vettvangi og hins vegar á vettvangi Evrópuráðsins til þess að Íslendingar geti mótað sínar tillögur í þessum málum. Það kom mér á óvart, því að eins og hv. fyrirspyrjandi benti á þá liggur nú fyrir sænska þinginu lagafrv. um skipan þessara mála þar í landi, og það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að við getum sett okkar löggjöf um þessi mál og lagfært hana síðan þegar niðurstaða fæst úr norrænu samstarfi eða Evrópuráðssamstarfi.

Í þessu máli er það fyrst og fremst spurning um vilja og ég vil hvetja til þess að hér verði tekið á því að hér er um brýnt mál að ræða.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hér er verið að spyrja um framkvæmd á þáltill. sem var samþykkt á hv. Alþingi fyrir fjórum árum síðan. Með samþykkt þessarar þáltill. kemur fram ótvíræður vilji Alþingis um að tryggja beri réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, ekki síst með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

Ég spurði hæstv. fyrrv. dómsmrh. um framkvæmd þessarar till. ári eftir að hún var samþykkt. Efnislega kom þá svipað fram, þegar hæstv. fyrrv. dómsmrh. svaraði þessari fsp., og fram kemur nú í svari hæstv. núv. dómsmrh. Lítið virðist því þokast í þessu máli og er greinilegt að framkvæmdavaldið er hér að hundsa vilja Alþingis.

Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að eins og sænska þingið getur fjallað um frv. af þessu tagi án þess að fyrir liggi sameiginleg niðurstaða Norðurlandanna í þessu máli, þá geti Alþingi Íslendinga eins fjallað um þetta mál. Ég vil nefna það að árið 1983 voru 90—100 mál lögfest fyrir bæjarþingi vegna slita á óvígðri sambúð og ágreiningi um eignarrétt. Hér er því um stórt mál að ræða.

Hæstv. dómsmrh. talaði um viðkvæmt og vandmeðfarið mál. Það er það vissulega. En það er líka viðkvæmt og vandmeðfarið mál þegar slitnar upp úr óvígðri sambúð og annar aðilinn stendur uppi kannske nánast eignalaus, jafnvel þó að mikil eignamyndun hafi orðið á sambúðartímanum. Ég vil því hvetja hæstv. dómsmrh. til þess — þó að sú niðurstaða liggi ekki fyrir sem hann vitnaði til — að framkvæmdavaldið manni sig nú upp í það að fara að vilja Alþingis í þessu efni. Við erum ekki óvanir því hv. alþm. að hér séu samþykktar þáltill. sem langan tíma tekur hjá framkvæmdavaldinu að framkvæma. (Forseti hringir.) En fyrr má nú vera þegar fjögur ár eru nú liðin síðan þessi þáltill. var samþykkt. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hér í lokin: Hver er hans skoðun á þessu máli? Telur hann ekki þetta mál svo brýnt að það þurfi þegar í stað að tryggja eignar- og erfðarétt fólks í óvígðri sambúð og að ófært

sé að bíða lengur eftir þeirri niðurstöðu sem búið er nú að bíða eftir í mörg ár?

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Reykv., fyrir að hreyfa þessu máli hér. Það lætur e. t. v. ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn en er engu að síður mjög stórt og varðar fjölmennan hóp í þessu þjóðfélagi. Ég vil einnig taka undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað, aðallega úr hópi virðulegra kvenna hér á Alþingi, og eggja nú mjög hæstv. ráðh. til dáða í þessum málum. Ég hef alveg fram undir síðustu viku skipað þann þjáningahóp sem hér er til umfjöllunar, kannske einn fárra þm. Mér er því — eða var a. m. k. málið skylt.

Það er þannig um hjónabandið, sem er auðvitað virðuleg og gömul stofnun, að tími þess er liðinn að menn séu hnepptir í slíka sambúð. Það er þjóðfélagslegur veruleiki að æ fleiri kjósa nú að búa í óvígðri sambúð. Og þá hlýtur löggjafarvaldið auðvitað að bregðast við því.

Það eru mér alveg ný tíðindi að við Íslendingar, sem eigum elsta löggjafarþing veraldarinnar, séum orðnir feimnir við það að brjóta ísinn og verða brautryðjendur í því að setja löggjöf í framfaramálum. Það eru ný og dapurleg tíðindi ef við þurfum að bíða eftir boðskap utan úr heimi til þess að tryggja réttindi minnihlutahópa í þessu þjóðfélagi. Ég eggja því mjög hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. svo og þingheim allan til dáða í þessum efnum. Og ekki verður sagan betri eftir ræðu hv. síðasta ræðumanns sem hér talaði og upplýsti að málið ætti þennan langa og heldur dapurlega aðdraganda hér á þingi, að þál. í þessa veru hefði verið lítilsvirt í fjögur ár.

Hjúkrunarfræðingar, fsp. 377. mál (þskj. 605). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Maríanna Friðjónsdóttir): Herra forseti, virðulegi þingheimur. Hér á borðum liggur frammi eftirfarandi fsp. á þskj. 605 til hæstv. heilbrrh., með leyfi forseta:

„Til hvaða aðgerða hyggst heilbrrh. grípa vegna skorts á hjúkrunarfræðingum til starfa á kvenlækningadeild Landspítalans?"

Tilefni fsp. þessarar er ljóst. Kvennadeild Landspítalans er gert að þjóna konum af öllu landinu. Íslenskar konur eru nú hátt á annað hundrað þúsund en til þess að gæta allrar sanngirni má ætla að þær konur sem helst þyrftu á þjónustu kvennadeildar að halda séu nálægt 40 þúsund og er þá vísað til kvenna á aldrinum 20—55 ára. Til að fullnægja þessu stóra þjónustuhlutverki sínu við íslenskar konur hefur kvennadeild 26 rúm til umráða. Níu af þessum rúmum hafa að meðaltali staðið auð frá því í október s. l. eða í um hálft ár. Deildin hefur því að jafnaði getað haft 17 rúm opin. Þegar þess er gætt að 12 af þessum rúmum eru ætluð fyrir konur með krabbameinssjúkdóma þá eru þau orðin fá rúmin sem ætluð eru konum með aðra kvensjúkdóma. Ástæða þessa er að hjúkrunarfræðinga vantar í rúmlega fjórar stöður til þess að unnt sé að halda uppi fullu starfi á kvennadeild og dagdeild.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að dýrt er fyrir þjóðarbúið að geta ekki nýtt þá aðstöðu sem þarna er búið að fjárfesta í. Og ef litið er á mannlega þáttinn þá er óþolandi að konur geti ekki fengið bót meina sinna og þurfi að þjást jafnvel vikum eða mánuðum saman vegna ofangreindra ástæðna. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa íslenskra kvenna að fullu starfi sé haldið uppi á kvennadeild, þannig að aðgangur sé að þeim 26 rúmum sem fyrir hendi eru en að þriðjungi þeirra sé ekki lokað vegna skorts á menntuðu starfsfólki. Ég tel því hæstv. heilbrrh. skylt að grípa nú þegar til einhverra þeirra aðgerða sem verða til þess að deildinni sé gert kleift að halda uppi fullu starfi og æski þess hér með að fá svör hans við því.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa á kvenlækningadeild Landspítalans vona ég að sé tímabundið vandamál því að við hjúkrun á þeirri deild starfa eingöngu hjúkrunarfræðingar. Æskilegt er að hjúkrunarfræðingar þar hafi einnig lokið ljósmæðranámi. Í vor munu 14 hjúkrunarfræðingar ljúka námi með þekkingu í báðum þessum greinum. Frá Nýja hjúkrunarskólanum munu að öllu forfallalausu 26 ljósmæður ljúka hjúkrunarnámi vorið 1986 og 9 hjúkrunarfræðingar frá Ljósmæðraskóla Íslands, eða alls 35 hjúkrunarfræðingar með ljósmæðramenntun það ár.

Það gefur auga leið að erfitt er að missa þetta fólk í nám þegar illa gengur að manna deildir. Hins vegar ber að fagna því að fá vel menntað fólk til starfa að námi loknu. Heilbrrn. tók þátt í því á sínum tíma að Nýi hjúkrunarskólinn var stofnaður og það hefur hvatt til þess að hann tæki inn ljósmæður er gætu lokið hjúkrunarnámi á styttri tíma en ella.

Ef ég vík aftur að kvenlækningadeild Landspítalans þá vantar þar hjúkrunarfræðinga eins og er í rúmlega fjórar stöður af fjórtán og því er deildin ekki fullnýtt. Hins vegar er mér tjáð að sjúklingar þurfi varla að bíða lengur eftir sjúkrahúsvist en 2—3 vikur. Biðlisti er því lítill. Sjúklingar með krabbamein þurfa aldrei að bíða. Þeir eru teknir strax inn á spítala. Landspítalinn rekur níu rúma dagdeild. Sú deild er opin alla virka daga frá kl. 8 á morgnana til 16 á daginn. Þar eru teknir til meðferðar sjúklingar er koma í minni háttar aðgerðir. Deildin léttir því mikið á kvenlækningadeildinni. Auk þess ætti þessi þjónusta að vera mun ódýrari í rekstri. Þá má nefna að Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar fékk heimild árið 1983 til þess að reka skurðdeild og hefur því tekið allverulegan hluta af þeirri þjónustu er kvenlækningadeild Landspítalans hafði áður. Með það í huga að allmargir hjúkrunarfræðingar sérmenntaðir í ljósmóðurfræðum eru væntanlegir til starfa í vor og næsta ár og að biðlisti er tiltölulega lítill er ég nokkuð vongóður um að úr rætist.

Fyrirspyrjandi (Maríanna Friðjónsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. ágætissvör. Það er náttúrlega ljóst að mikið hefur breyst í þessum efnum eftir að öðrum var gert kleift að taka við þessum konum. Það er hins vegar mitt mat að það þurfi að sjá til þess að þau 26 rúm sem konum standa til boða séu að jafnaði öll opin. Mér finnst þau sannarlega ekki vera of mörg þessi blessuð rúm sem íslenskum konum standa til boða þarna á deildinni. Ég veit náttúrlega að það er rétt, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að konum með krabbamein er veitt úrlausn sinna mála strax og eins konum sem þjást mikið. Hins vegar benda upplýsingar, sem ég

hef fengið á kvennadeild, til þess að biðlistar hafi lengst og það er ekkert grín að ganga með alls kyns kvensjúkdóma lengi. Hins vegar veit ég að hv. þingheimi er erfitt um vik að kynnast því persónulega þar sem hann er að meiri hluta ekki af því kynferði sem hér um ræðir.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil aftur þakka fyrirspyrjanda. En ég verð nú að segja það að ég er ekki jafnbjartsýnn og hæstv. ráðh. um það að hér sé eingöngu um tímabundin vandamál að ræða. Færi betur að satt væri, en því miður benda þær upplýsingar sem ég hef innan úr þessu kerfi, af ríkisspítölum og reyndar víðar að, þvert á móti til þess að það halli nú heldur á ógæfuhliðina í þessum málum. Það kann að vísu að vera að staða kvennadeildar sé nokkuð sérstök vegna meiri sérmenntunar þeirra hjúkrunarfræðinga sem þar eiga að starfa. (**Heilbr.- og trmrh.:** Það var eingöngu rætt um þá deild.) Það er eingöngu rætt um þá deild, já. Ég geri mér grein fyrir því, hæstv. ráðh., en mér leyfist væntanlega að fjalla almennt um málefni hjúkrunarfræðinga og Landspítalans í þeim örfáu orðum sem ég hef tíma til að segja hér. Og ég vil benda hæstv. ráðh. á það, skyldi hann ekki hafa hugleitt það nú þegar, að það hefur sýnt sig að ekki er nóg að auka framboð á plássum í skólum ef kjör þess fólks sem út úr þeim kemur og á að starfa í viðkomandi greinum eru þannig að það treystist ekki til að vinna við þau störf. Staðreyndin er sú að fullmenntaðir hjúkrunarfræðingar flýja út af spítölunum í stórum stíl. Það má telja á fingrum annarrar handar þær sjúkrastofnanir í landinu sem hafa nú fullskipaðar allar sínar stöður af hjúkrunarfræðingum. Og það er þá venjulega vegna þess að þeir hafa ókeypis húsnæði og eitthvað annað upp á að bjóða til viðbótar við launin. Fullmenntaðir hjúkrunarfræðingar sækja nú um störf hjá Flugleiðum sem flugfreyjur eða einhver önnur alls óskyld störf til þess að reyna að þokast upp um launaflokka. Ég er því sannfærður um það að hvað sem líður sérstökum vanda kvennadeildar í þessum efnum, þá er þetta almenna vandamál, sem hér er við að stríða, ekki tímabundið, því miður, ef ekkert verður að gert til að leysa það. Þvert á móti stefnir í gífurlega erfiðleika með rekstur heilbrigðiskerfisins í landinu ef svo heldur sem horfir. Og ég hef lítið komið auga á í afstöðu hæstv. ríkisstj. í kjaramálum sem bendir til þess að breytinga sé að vænta af hennar hálfu í þessum efnum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þessari síðustu ræðu vil ég taka fram að hér var borin fram fsp. eingöngu um þessa einu deild, kvensjúkdómadeild, og þar er ég bjartsýnn á úrbætur. Hins vegar frábið ég mig því að ræða um launamál. Ég fer ekki með launamál í ríkisstj. og mér heyrist á þeim ráðh. sem með launamál fer að hann vilji gjarnan fá frið fyrir öðrum í sambandi við umræður um launamál. Ég ætla því ekki að hætta mér inn á þá braut því að ef það yrði til að spilla fyrir friði vil ég ekki vera bendlaður við það. Ég vil gjarnan að sem bestur friður ríki um kjaramál í þjóðfélaginu og skilningur á milli aðila.

Menntunarmál hjúkrunarfræðinga almennt eru ekki í höndum heilbrmrh. heldur eru þau nú komin á háskólastig. Þar hefði ég ýmislegt getað sagt, sem ég hef ekki tíma til hér, því að ég er mjög ósammála þeirri þróun sem þar hefur átt sér stað.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég virði að sönnu friðarást hæstv. ráðh. og ekki vil ég gera neitt það sem spillir hinu indæla samkomulagi í hæstv. ríkisstj. En ég held að það hljóti að gefa auga leið að ekki er hægt að ræða málefni eins hóps einangrað út af fyrir sig og að kjör þessa starfsfólks tengjast auðvitað öðru leyti því málefni sem hér er til umr., svo að ég tel það enga goðgá að benda á það hér að hjúkrunarfræðingar, sem starfa á kvenlækningadeild, eru ekki einangrað fyrirbrigði í veröldinni og þau vandamál sem þar er við að glíma eru vissulega skyld og tengjast öðrum vandamálum sem ég nefndi hér. Það er að sönnu rétt að æskilegt væri að hér væru viðstaddir aðrir ráðherrar sem einnig tengjast þessu málefni. En ég veit þó að hversu vaskur sem hæstv. heilbrmrh. er, þá hlýtur hann að þurfa að starfa með samráðherrum sínum, sem þessu máli tengjast, þeim hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., ef hann á að ná nokkrum árangri í þessu verkefni. Ég hvet hann til þess að halda nú með þeim fund og ræða það hvernig hægt er að leysa þessi mál almennt, þar með talinn hjúkrunarfræðingaskort á kvenlækningadeild Landspítala Íslands.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 26. mars, að loknum 64. fundi.

Nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi, þáltill. 206. mál (þskj. 241). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum, þáltill. 234. mál (þskj. 310). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þróunarstofur landshlutanna, þáltill. 349. mál (þskj. 557). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegáætlun 1985—1988, þáltill. 365. mál (þskj. 583). — Fyrri umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1985—1988 er mjög ítarleg og henni fylgja margvíslegar upplýsingar

fyrir þm. sem eru mjög greinargóðar og gefa mér tilefni til þess að tala mun skemur en ella.

Með þessari vegáætlun er stefnt að því að hægt verði að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í langtímaáætlun sem Alþingi samþykkti að gera skyldi og lögð var fram árið 1983. Vegna efnahagslegra þrenginga hefur ekki tekist að ná því marki að verja 2.2—2.4% af vergri þjóðarframleiðslu til vegamála. Þrátt fyrir það hefur til þessa að mestu verið hægt að framkvæma í nýbyggingum það sem í upphafi var ákveðið, en sá hluti nýbyggingarfjárins sem ekki var skipt og m. a. var ætlaður til ófyrirsjáanlegra verkefna, sem taka þyrfti inn á áætlunartímabilinu, gekk allur út á móti tekjumissinum. Óskipta féð nægði þó eitt sér hvergi nærri til að bæta tekjutapið. Ef ekki hefði komið til fleira hefði ekki verið hægt að framkvæma allt það sem ákveðið var í langtímaáætluninni. Sérstaklega má nefna að af því sem kom nýbyggingunum til bjargar voru aukin útboð, hagræðing í rekstri hjá Vegagerðinni, hagkvæmari lausnir einstakra verkefna og niðurskurður á öðrum liðum áætlunarinnar, þ. á m. á viðhaldi.

Ekki verður þó öllu lengur hægt að bjarga langtímaáætluninni með hliðarráðstöfunum. Skv. henni ætti í ár og næstu ár að verja 2.4% þjóðarframleiðslunnar til vegamála, en í ár er sú tala um 1.9%. Því er nauðsynlegt þegar á næsta ári að ná upprunalegu markmiði. Annars fer áætlunin úr böndunum.

Ef vel er að gáð ætti ekki að vera vandi að rökstyðja þá ákvörðun að halda upprunalegu marki til streitu. Þar má til nefna arðsemi af fjárfestingu í vegagerð, hag atvinnuveganna af bættu vegakerfi, félagslegan ávinning og margt fleira. Það blandast engum hugur um hag þann sem er af því að byggja vegi upp úr snjó eða auka burðarþol þeirra svo að þeir þoli eðlilega þungaflutninga allt árið. Þó getur verið erfitt að tíunda þennan hagnað í tölum. Margt er þó hægt að sýna fram á með einföldum útreikningum, svo sem hag af styttingu flutningaleiða með nýju vali vegarstæða eða arðsemi þá sem leiðir af lagningu bundins slitlags á vegum sem uppfylla skilyrði um legu og burðarþol. Arðsemi liggur fyrst og fremst í sparnaði vegfarenda. Einnig getur komið til sparnaðar á viðhaldskostnaði vegar, einkum þó á vegum með meiri umferð.

Til að nefna nokkrar tölur varðandi aksturskostnað, þá er talið að fyrir fólksbifreið sparist 15% í brennsluefni við að fara af vondu malarslitlagi yfir á bundið slitlag, 38% í sliti á bíl og 33% í viðhaldskostnaði. Fyrir vöruflutningabíla er sparnaðurinn enn meiri. Minni rekstrarkostnaður og tímasparnaður ætti því að geta komið fram í lægri töxtum til hagsbóta fyrir þá sem þurfa að láta flytja varning milli landshluta svo og neytendur í lægra vöruverði.

Því meiri umferð sem er á veginum, því fljótar vegur sparnaðurinn upp kostnað við slitlag. Ef dæmi eru tekin, þá er arðsemi fjárfestingar af lögn slitlags á vegum: með 200 bíla á dag 15—25%, með 500 bíla á dag 36—60% með 750 bíla á dag 50—90%. Efri og neðri mörk arðseminnar gefa til kynna hvort farið er af góðum eða vondum malarvegi yfir á bundið slitlag.

Á s. l. ári voru 163 km vega lagðir bundnu slitlagi. Með þeirri umferð sem á þeim voru sparast árlega 40—70 millj. kr. sem er 15—30% af kostnaði við slitlagslögnina. Ef litið er á þetta öðrum augum og þá út frá einstökum rekstrarliðum bifreiðanna er árlegur sparnaður í eldsneytisnotkun 400—750 þús. lítrar, í afskrift 25—50 bílar, í varahlutum 7—15 bílar og í viðgerðarvinnu 10—20 þús. klukkustundir.

Hér að framan hefur verið sýnt fram á mikla arðsemi af lagningu bundins slitlags og þá sérstaklega á umferðarmeiri vegum. Áætlað er að árlegur akstur á vegakerfinu sé tæplega 500 millj. km. Af þeim eru í dag um 220 millj. km á malarslitlagi. Enn eru til margir malarvegir með mikla umferð. T. d. eru um 730 km malarvega með sumarumferð sem nemur 300 bílum á dag og af þeim eru 220 km með yfir 500 bíla umferð á dag.

Undanfarin ár hafa að meðaltali 130 km verið lagðir bundnu slitlagi. Mikil arðsemi réttlætir fyllilega að reynt verði að ná stærri áföngum á næstu árum. Ljóst er að verulegt magn vegaframkvæmda getur borið lántökukostnað frá þjóðhagslegu sjónarmiði hvort sem lán eru tekin utanlands eða innan. Mikill hluti sparnaðarins er erlendur gjaldeyrir. Hefur verið reiknað út hvað hann er mikill í hlutfalli við þann erlenda kostnað sem er við slitlagslögnina. Ef tekið er dæmi af vegi sem hefur 300 bíla umferð á dag er árlegur sparnaður 15—30% af útlögðum erlendum kostnaði. Það er því engin goðgá að sækja erlend lán til slíkra framkvæmda að mínum dómi.

S. l. sumar gerði Vegagerðin tilraunir með lögn 4 m breiðs slitlags á umferðarminni vegi í stað 6 m slitlags sem venjulega er lagt. Enn sem komið er bendir allt til að reynslan af þeim tilraunum verði jákvæð og er þetta þá leið til að hraða lögn bundins slitlags á umferðarminni vegi og þá sérstaklega þar sem erfitt er að finna gott malarefni. Jafnframt því eykst arðsemi þessara framkvæmda vegna minni tilkostnaðar, bæði í slitlagi og viðhaldi. Ekki má þó einblína um of á fjárhagslega ávinninginn. Um fleira þarf einnig að hugsa.

Ef landið á að haldast í byggð verður að búa íbúum þess félagslegt og athafnalegt öryggi. Það verður ekki gert nema með öruggum samgöngum og ekki síst á landi. Það er ekki síst af þeim sökum sem umræður hafa orðið á þingi um mál eins og jarðgangagerð. Á undanförnum árum hafa verið lagðar fram eftirfarandi till. til þál. um jarðgöng:

Till. til þál. um að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla (þingið 1982—83). Till. til þál. um könnun á þjóðhagslegu og félagslegu gildi jarðgangagerðar á Austfjörðum (till. á þingi 1983—84). Till. til þál. um langtímaáætlun í jarðgangagerð (á yfirstandandi þingi).

Samhliða umræðum og samþykkt á svokölluðum Óverkefnum í vegamálum og langtímaáætlun, sem eru Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúli, en þessir vegir voru taldir sérstaklega hættulegir og úrbætur á þeim ákveðnar með hliðsjón af því og í fyrrnefndri röð, hefur verið unnið að jarðgangarannsóknum í Ólafsfjarðarmúla. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna m. a. að aðstæður til jarðgangagerðar eru þar nokkuð góðar á íslenskan mælikvarða. Jarðgöngin verða um 3200 m löng og er áætlað að framkvæmdir við þau taki alls 3—4 ár. Þó að bergið virðist fremur hagstætt er reiknað með að það þarfnist víða styrkingar.

Gerð hefur verið lausleg úttekt á mögulegum jarðgöngum á Austfjörðum og norðanverðum Vestfjörðum. Á báðum þessum svæðum voru margir möguleikar teknir til skoðunar, þ. e. mun fleiri en hugsanlega geta komið til framkvæmda. Búið er að vinna úr þessari

könnun og skýrslur liggja fyrir.

Jarðgangagerð hefur ætíð verið kostnaðarsöm og er svo enn þrátt fyrir mikla þróun í tækni og tækjabúnaði á þessu sviði, en á móti kostnaði þarf að meta hagræði vegfarenda; styttri vegalengdir, öruggara vegasamband, minni snjómokstur, minna viðhald o. fl. Ekki er við því að búast að jarðgangagerð á þessum slóðum sýni arðsemi skv. hefðbundnum aðferðum við slíka útreikninga í vegagerð. Eðlilegt er að taka inn fleiri hagræna þætti en þá sem snerta umferðina, eins og t. d. öruggari tengsl milli þéttbýlisstaða sem búa við erfiðar, hættulegar og stopular vetrarsamgöngur á landi vegna snjóþyngsla, hættulegra aðstæðna á fjallvegum eða í þverhníptum fjallshlíðum.

Í sambandi við jarðgangagerð hefur nokkuð verið leitað eftir reynslu og þekkingu annarra þjóða, einkum Færeyinga og Norðmanna. Í ljós hefur komið að þó að jarðfræðilega séð séu jarðlög í Færeyjum skyld þeim íslensku eru aðstæður til jarðgangagerðar á þeim stöðum sem til greina kemur að gera jarðgöng á hér á landi á næstu áratugum það frábrugðnar því sem er í færeyskum jarðgöngum að beinn samanburður á kostnaði er hæpinn. Má taka fram að við gerð jarðganga í Blönduvirkjun, sem norskur verktaki framkvæmdi í samvinnu við Íslendinga, treysta Norðmennirnir sér ekki til að vinna við göngin án þess að sprauta steypulagi á þau öll jafnóðum og verkinu miðar áfram, en slíku er þeir ekki vanir frá sínu heimalandi. Framkvæmdir við jarðgöng hér á landi munu því fyrst og fremst taka mið af reynslu og þekkingu á staðháttum hér, en hún mun væntanlega aukast verulega við framkvæmdir á Blöndusvæðinu og enn fremur í Ólafsfjarðarmúla þegar að því kemur.

Ég tel mikilvægt að alvarlega sé hugað að því að undirbúa áætlun um jarðgangagerð hér á landi og í sambandi við það einnig að huga að nauðsynlegustu tækjum sem notuð eru við slíkar framkvæmdir, en til þess að borgi sig að kaupa slík tæki verður eðlilega að byggja á áætlunum til nokkuð langs tíma.

Ef litið er á áætlun þá sem hér liggur frammi er fyrst að geta tekjuhliðarinnar. Tekjur vegáætlunar eru eins og fyrr af mörkuðum stofnum og framlagi ríkissjóðs. Markaðir stofnar eru bensíngjald og þungaskattur. Í grg. eru forsendur tekjuáætlunar raktar, en hún var unnin í samvinnu við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar. Tekjur af þungaskatti hafa aukist mjög á seinni árum með sívaxandi fjölda dísilbíla. Þungaskattur hefur frá fyrstu tíð runnið óskiptur til vegagerðarinnar.

Ég vil taka fram að ég álít að kostnaðurinn við innheimtu þungaskatts sé allt of mikill og fyrirhöfn og kostnaður einstaklinganna séu einnig allt of mikil. Það mun láta nærri að miðað við s. l. ár hafi þessi kostnaður verið 5—6 millj. kr., fyrir utan allan þann kostnað sem einstaklingarnir bera. Ég hef því talið að það væri fyrir löngu kominn tími til að breyta um innheimtuaðferð með því að lita olíuna og leggja niður þessa mæla. En í okkar þunglamalega kerfi hefur ekki náðst samkomulag um að taka upp þessar breytingar því að sá aðilinn sem skattinn innheimtir telur að það sé ekki á verksviði þeirra sem eiga að njóta peninganna að hagræðis sé gætt. Hversu lengi kerfið á að ráða í þessum efnum get ég ekki um sagt, en ég er reiðubúinn að hnekkja þessu kerfi þegar í stað.

Bensíngjald hefur frá upphafi verið meginuppistaðan í tekjum Vegagerðarinnar og er enn. Hins vegar hafa aðrir skattar á bensíni farið mjög hækkandi frá því að bensíngjald var fyrst tekið upp í vegalögum 1963. Þá nam bensíngjaldið 67% af heildarskatttekjum ríkisins af bensíni, en það hlutfall var komið niður í 39% fyrir um það bil tveimur árum eða jafnvel neðar. Því var það að ríkisstj. sem nú situr ákvað að 50% af heildartekjum ríkissjóðs af bensínsölu skuli að lágmarki renna til vegaframkvæmda skv. vegáætlun. Til viðbótar bensíngjaldinu koma aðrar skatttekjur af bensíni, svo sem söluskattur og tollur uns 50% markinu er náð.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan geta þess að í tíð margra fyrrv. ríkisstjórna hafa sérstök lán verið tekin af ríkissjóði til sérstakra tiltekinna vegaframkvæmda. Þau lán hafa ýmist verið tekin beint af ríkissjóði eða ríkissjóður staðið undir þeim. En a. m. k. tvær ríkisstjórnir, sem setið hafa á undan þeirri sem nú situr, höfðu nokkurn annan hátt á í sambandi við einstakar lántökur. Ríkissjóður tók ekki lánin beint, heldur B-hluta stofnun, áhaldahús Vegagerðarinnar, með uppáskrift samgrn. annars vegar og fjmrn. hins vegar. Ekki veit ég hvers vegna þessi háttur var tekinn upp og vil ekki heldur hafa uppi neinar getgátur í því sambandi, en það hefði legið beinast við að ríkissjóður hefði sjálfur tekið þessi lán. Það skeði í sambandi við lántökur til tiltekinna vegagerða á árunum 1980 og 1981 að þessi háttur var tekinn upp og á árinu 1983 borgaði fjmrn. með umframfjárveitingum til vegamála tæpar 14 millj. kr. í vexti af þessum lánum. En svo bregður við að á árinu 1984 er synjað um aukafjárveitingu til greiðslu á þessum lánum. Ég beini því þeim tilmælum til hv. fjvn., sem væntanlega fær vegáætlunina eins og jafnan til meðferðar, að hún gangi til fullnustu frá þessu máli þannig að tryggt verði að fjmrn. greiði afborganir og vexti af þessum lánum refjalaust og skilvíslega. Ella verður að lækka þegar hina ýmsu framkvæmdaliði til vegamála, ef hv. Alþingi fellst ekki á þetta álit mitt, sem þýðir að skera verður niður vegaframkvæmdir, sérstaklega á þessu ári, sem ég vona að komi ekki til því að ég sé enga ástæðu til annars en ríkissjóður greiði afborgun og vexti af lánum sem á sínum tíma voru tekin með vitund og vilja bæði fjmrn. og samgrn. — En þessu máli vil ég sérstaklega vísa til meðferðar í fjvn.

Skipting útgjalda í II. kafla vegáætlunar á bls. 2 er gerð á hefðbundinn hátt. Hér verður ekki gerð sérstök grein fyrir hverjum lið útgjaldanna, heldur munu nokkrum þeirra verða gerð nokkuð ítarlegri skil í sjálfum aths. við þáltill. Þannig er t. d. full ástæða til þess að bæta nokkru við gr. 2.0. í aths. sem fjallar um starfsmannahald Vegagerðarinnar.

Þegar ákveðið var í ársbyrjun 1983 að taka til hagræðingar alla verklega starfsemi Vegagerðar ríkisins og koma á kaupaukakerfi var ljóst og fyrir því reynsla að hagræðingaraðferðir og kaupaukakerfi mundu að einhverju marki leiða til fækkunar starfsfólks. Þótti því frá upphafi máls nauðsynlegt að viðhafa ýtrustu gát í starfsmannahaldi og gæta samræmingar milli starfsgreina og umdæma. Því var ákveðið að setja á stofn nefnd sem hefði eftirlit með ráðningu allra ársmanna hjá Vegagerðinni. Er óheimilt að ráða nýja starfsmenn án samþykkis nefndarinnar og einnig er óheimilt að ráða starfsmenn í stað þeirra sem hætta án samráðs við nefndina.

Þegar hafist var handa um hagræðingaraðgerðir hillti

undir aðra þróun í starfsemi Vegagerðar ríkisins, en það var veruleg aukning útboða. Leiddi sú þróun samhliða hagræðingaraðgerðum til þess að ekki varð hjá því komist að grípa til róttækari aðferða við fækkun starfsmanna, þ. e. til beinna uppsagna. Var í ársbyrjun 1984 farið í gegnum starfsemi Vegagerðarinnar á öllum sviðum og sett upp markmið fyrir næstu ár. Mannahald var síðan skoðað í ljósi þessara markmiða og gerð var áætlun um fyrstu aðgerðir í þróun þess. Að sjálfsögðu var og verður reynt að taka tillit til starfsmanna eins og kostur er og voru í því skyni settar upp reglur sem m. a. sögðu til um að leitast skyldi við að færa menn á milli starfa, starfsliða og jafnvel umdæma, ef áhugi væri fyrir hendi, og einnig að færa menn úr erfiðari störfum í léttari þegar þeir hefðu náð tilteknum aldri. Þá var ákveðið að segja ekki upp starfsmönnum sem væru orðnir 60 ára og hefðu starfað í a. m. k. 10 ár hjá Vegagerðinni. Sama gildir um starfsmenn sem eru 50 ára og hafa starfað í 30 ár hjá Vegagerðinni. Uppsagnir fóru fram með þeim hætti að viðkomandi starfsmanni var tilkynnt með a. m. k. sex mánaða fyrirvara að hann gæti ekki reiknað með fastri vinnu hjá Vegagerðinni áfram og mætti hann þá hætta þegar honum hentaði.

Á síðasta ári var 15 starfsmönnum sagt upp með framangreindum hætti. Auk þessara 15 hættu 26 án þess að enn hafi verið ráðið í þeirra stað, þ. e. setnum stöðum fækkaði úr 449 í janúar 1984 í 408 í janúar á þessu ári eða um 41 stöðu. Ekki er líklegt að ráðið verði í nema átta eða tíu af þessum lausu stöðum og nemur þá raunfækkun starfsmanna á árinu 1984 rúmlega 30 stöðugildum.

Ekki er fyrirsjáanlegt eða líklegt að í næstu framtíð verði mönnum sagt upp eða mönnum fækki í þeim mæli sem varð á s. l. ári. Þó liggur fyrir að á þessu ári verði um nokkra fækkun að ræða vegna uppsagna og af öðrum orsökum og má því gera ráð fyrir að starfsmönnum fækki á árinu um 12—15. Áfram verður gætt ýtrasta aðhalds varðandi endurráðningar með áframhaldandi aukningu útboða. Líklegt er að fækka þurfi vinnuflokkum og lenging bundinna slitlaga hefur væntanlega í för með sér minni þörf fyrir veghefla og þar með fækkun vélamanna, en á móti kemur a. m. k. að einhverju leyti aukin þörf á mannskap til viðhalds slitlögum. En þess er vænst að harðasta uppsagnarhrinan sé afstaðin og að fram undan sé hægari þróun.

Það þykir ljóst að starfsmönnum Vegagerðar komi til með að fækka jafnt og þétt á næstu árum að einhverju marki, en ekki er hægt að segja fyrir nú hvar það mark liggur. Það skal tekið fram að flestir þeirra sem hættu störfum hjá Vegagerðinni á árinu 1984 hafa fengið starf við sitt hæfi.

Um sumarviðhaldið skal það tekið fram að hækkun á milli áranna 1985 og 1986 í áætluninni er meiri en sem svarar verðhækkunum og er ástæðan sú að á árinu 1985 er dregið af viðhaldsfénu, eins og fyrr er getið, til að ekki þyrfti að fella niður þær nýbyggingar sem ákveðnar voru skv. fyrri áætlun og langtímaáætlun. Er reiknað með að á árinu 1986 verði viðhaldsféð komið í 86% af áætlaðri þörf, en það er ekki nema 77% af þörf þessa árs.

Það hefur oft áður verið bent á nauðsyn þess að meira fé verði lagt í viðhald vega og að bæta yfirborð malarvega. Sýna má fram á að slíkt sé beinlínis arðsamt og komi fram í minna sliti á bílum. Miðað við þær fjárveitingar sem verið hafa undanfarin ár, er hætta á að nýlegir vegir grotni niður og eyðileggist. Þá má einnig benda á nauðsyn þess að yfirborði malarvega verði betur sinnt en nú er jafnhliða auknu átaki í slitlagslögn.

Vetrarviðhald er einnig hækkað talsvert meira á milli áranna 1985 og 1986 en sem nemur verðhækkunum og er ástæðan sú að vetrarþjónustan hefur aukist umfram það sem spáð hefur verið. Nú er verið að breyta snjómokstursreglunum í samræmi við vaxandi þarfir um flutninga og önnur samskipti að vetrarlagi, enda þótt langt sé frá því að komið sé á móti öllum kröfum á því sviði. Ég tel að með hinum nýju reglum verði mjög bætt úr frá gildandi reglum um snjómokstur, enda fylgir í kjölfar þess að vegir batna að hægt er að nota fljótvirkari tæki sem eru ódýrari í reynd.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega eru miðaðar við langtímaáætlun að því er varðar stofnbrautir og við að þjóðbrautir haldi sama hlutfalli af nýbyggingarfé og verið hefur. Á þessu ári verður ekki hægt að taka inn neinar nýjar framkvæmdir umfram þær sem eru inni í gildandi vegáætlun.

Eins og áður er getið hefur að mestu verið hægt að framkvæma það sem langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Verkefni sem ekki tekst að ljúka skv. áætlun þurfa að flytjast yfir á annað tímabil og er eðlilegt að þau verði tekin fyrir á árunum 1987—1988. Auk þessara verkefna er brýn þörf að flýta verkum og taka inn nokkur ný verkefni sem ekki voru með í langtímaáætlun, enda var gert ráð fyrir að óskipt fé í áætluninni, um 20% af fjárveitingum, gengi m. a. til slíkra verkefna. Verkefni af þessu tagi á stofnbrautum eru m. a.: *gatnamóta-mannvirki á höfuðborgarsvæðinu, brýnustu úrbætur á* Bröttubrekku, lögn bundins slitlags á þá malarvegi sem erfitt er að halda við vegna skorts á malarefni og fleiri. Með hliðsjón af þessu verður enn að leggja áherslu á nauðsyn þess að staðið sé við fjáröflun til vegagerðar skv. markmiðum langtímaáætlunar.

Þá langar mig að drepa á stöðu langtímaáætlunar. Allar tölur í þeirri hugleiðingu eru á áætluðu verðlagi þessa árs, þ. e. vísitölu Vegagerðar 14.8.

Skv. till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð var gert ráð fyrir að á fyrsta tímabili, þ. e. árin 1983—1986, yrði varið 2630 millj. kr. til framkvæmda á stofnbrautum og brúm á stofnbrautum, auk um 200 millj. kr. sem ekki var skipt á sérstök verkefni. Á fyrstu tveimur árum þessarar langtímaáætlunar, 1983—1984, hefur verið varið um 1180 millj. kr. til ofangreindra verkefna. Því ætti að vera ólokið framkvæmdum fyrir um 1450 millj. kr. af því sem áætlað var að ljúka á fyrsta tímabili miðað við að fjármagn hafi eingöngu runnið til verkefna á því tímabili skv. langtímaáætlun, þ. e. að ekki hafi komið til ófyrirséð verkefni sem óskipt fjármagn átti að renna til. Skv. úttekt á stöðu framkvæmda um s. l. áramót er talið að ólokið hafi verið verkefnum fyrir 1490 millj. kr. á fyrsta tímabili eða fyrir um 40 millj. kr. hærri upphæð en vera ætti skv. því sem sagt var að framan. Jafnframt verður þó að hafa í huga að lokið er nokkrum verkefnum sem vinna átti síðar, einkum á öðru tímabili.

Heildarkostnaður við allar framkvæmdir á stofnbrautum skv. langtímaáætlun var áætlaður um 10 milljarðar 460 millj. kr. og ættu því eftirstöðvar að vera 9280 millj. Skv. þessari úttekt voru eftirstöðvar um síðustu áramót 9130 millj. eða 150 millj. kr. lægri en vera ætti skv. þeim fjárveitingum sem til verkefnisins

hafa runnið til þessa. Ástæða þessa er tvíþætt:

Annars vegar hefur kostnaður við nokkur verkefni verið endurmetinn. Hefur það í sumum tilfellum leitt til hækkaðra áætlana, en í öðrum til lækkunar. Vegur lækkunin þyngra á metunum en hækkunin þannig að heildarniðurstaða lækkar nokkuð af þeim orsökum. Hins vegar hafa ýmis verkefni reynst mun ódýrari í framkvæmd en áætlað var og munar þar mestu um nokkur stærri verk, t. d. Ólafsvíkurenni. Í heild verður því að telja að framkvæmdaleg staða langtímaáætlunar sé allgóð. Þrátt fyrir að minna fjármagni hafi verið varið til verkefnisins en áætlað var virðist hafa tekist að standa við fyrirhuguð framkvæmdaáform að langmestu leyti.

Nokkur tilfærsla hefur orðið á verkefnum á milli tímabila, einkum á milli fyrsta og annars tímabils, en þó ekki meiri en eðlilegt getur talist. Hins vegar verður að vara við því að líkur á ófyrirséðum verkefnum, sem fjármagna átti með þeim hluta fjármagns sem ekki var skipt í sérstök verkefni, fara vaxandi eftir því sem lengra líður frá upphafi áætlunarinnar og er raunar þegar vitað um nokkur slík.

Þá skal nokkuð vikið að lögn bundinna slitlaga.

Við upphaf langtímaáætlunar í árslok 1982 var lengd bundins slitlags um 650 km og áætluð lengd að loknu fyrsta tímabili um 1140 km. Var því áætlað að leggja bundið slitlag á 490 km á fyrsta tímabili. Um s. l. áramót var lengd bundins slitlags orðin um 920 km þar eð lagðir höfðu verið 270 km, en um 220 km vantar til að markmiði langtímaáætlunar sé náð á þessu fyrsta tímabili sem vafalaust næst á þessu ári og næsta og meira til sem betur fer. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í þessum framkvæmdaflokki hefur orðið töluverð tilfærsla verkefna milli fyrsta og annars tímabils, fyrst og fremst þannig að lokið er við ódýra kafla sem skv. langtímaáætlun átti að framkvæma á öðru tímabili.

Þá er rétt að geta þess sem er í lið 2.3.3., bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, að ræða það í samhengi við lið 2.7., til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Í þáltill. um langtímaáætlun um vegagerð var gert ráð fyrir að á fyrstu fimm árum áætlunarinnar yrði sérstakri fjárveitingu til nýbyggingar vega varið til þess að flýta lögn bundins slitlags á þær götur sem skv. vegalögum og sérstakri reglugerð teljast þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum. Í framhaldi af þessu var í vegáætlun fyrir árin 1983—1986 samþykkt fjárveiting til þessa verkefnis. Langtímaáætlunin gerði ráð fyrir að verkefni þessu lyki á umræddum fimm árum. Í reynd var fjárveiting sú, sem vegáætlun ætlaði til verksins, nokkru lægri en langtímaáætlun gerði ráð fyrir, auk þess sem annað fjármagn, sem runnið hefur til þjóðvega í þéttbýli skv. vegáætlun, er einnig nokkru minna en langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Er því í till. til þál. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, lagt til að þessi sérstaka fjárveiting haldi áfram til ársins 1988.

Heildarlengd þjóðvega í þéttbýli er um 163 km. Þar af eru um 14 km óakfærar götur sem aðeins eru til skv. skipulagi, eins og t. d. Fossvogsbrautin, og óvíst er hvort og hvenær verða lagðar. Af þeim 149 km sem þá eru eftir eru 16 km eða tæp 11% með malarslitlagi, en um 133 km með bundnu slitlagi. Reikna má með að meðalkostnaður við gerð hvers hluta gatna þeirra sem enn hafa malarslitlag, sem greiðsluhæfur er skv. vegalögum, verði um 9 millj. kr. á km á áætluðu verðlagi þessa árs. Skv. því má reikna með að heildarkostnaður við að koma bundnu slitlagi á þessa 16 km verði um 145 millj. kr. Íbúafjöldi þeirra 30 sveitarfélaga sem hér um ræðir eru um 27 þús. Ef gert er ráð fyrir að fjórðungur eða 25% sjóðs renni til þessa verkefnis gæti fjármagn til þessara staða numið um 150 milljónum kr. á áætlunartímabilinu og ætti því fjárveiting til þessa liðar að geta fallið niður að því loknu eða 1988.

Í þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—1986 er fjárveiting til 14 sérverkefna auk þjóðvega í Reykjavík skv. þessum lið. Þar af eru tvö verkefni aðeins með fjárveitingu á árinu 1983 og eitt aðeins með fjárveitingu á árinu 1986. Af þeim tólf verkefnum sem fjárveitingu eiga að fá skv. þál. á árinu 1985—1986 má gera sér vonir um að fjórum ljúki á þessu og næsta ári. Þau átta verkefni sem þá eru ótalin þarfnast hins vegar öll mjög verulegs fjármagns til viðbótar eigi að ljúka þeim og nánast útilokað að þeim verði öllum lokið árið 1988. Til þess að tryggja sem besta nýtingu fjármagnsins er mjög óæskilegt að byrjað sé á nýjum verkefnum sem heitið getur á meðan svo miklu er ólokið miðað við þau verkefni sem byrjað er á. Það mætti hugsa sér að í aðalatriðum yrði aðeins í gangi eitt verkefni í hverju kjördæmi á sama tíma skv. þessum lið vegáætlunar.

Ég ætla að gera nokkuð að umræðuefni tillögur Vegagerðarinnar um sérstök verkefni, sem hún mun ræða við fjvn., og gera það í stuttu máli, en þar leggur Vegagerðin til tillögur um verkefni á fjárveitingaliðnum Stofnbrautir á þessu áætlunartímabili. Í því sambandi verður að hafa í huga að allar tölur á árinu 1985 eru á áætluðu verðlagi framkvæmda það ár. Tölur síðari þriggja ára, þar með taldar eftirstöðvar eftir 1985, eru á 15% hærra verðlagi.

Þá er fyrst Eyrarbakkavegur um Ölfusárós. Það er lagt til að fjárveitingar verði 20 millj. á næsta ári, 63 millj. 1987 og sama upphæð 1988. 1986 er um byrjunarframkvæmdir að ræða, en brú yrði byggð á ósinn 1987—1988. Eftir yrði þá öll vegagerð vestan óss, slitlag á allan kaflann og fleira og er áætluð viðbótarfjárþörf 50—60 millj. kr.

Þá er Biskupstungnabraut eða Suðurlandsvegur — Þingvallavegur. Þar er tillaga Vegagerðarinnar að fjárveiting verði 10 millj. á þessu ári. Fjárveiting þessi nægir til að ljúka þessu verkefni sem staðið hefur yfir nokkur undanfarin ár.

Þingvallavegur. Þar er lagt til að fjárveitingar verði 20 millj. á þessu ári, 20 millj. á næsta ári, 10 millj. 1987 og 15 millj. 1988. Er reiknað með að unnt verði að ljúka þessu verkefni, þ. e. vegi með bundnu slitlagi frá Stardal að Kárastöðum, fyrir þær fjárveitingar sem þarna eru lagðar til.

Þá er Reykjanesbraut, Reykjavík — Hafnarfjörður. Það er lagt til að fjárveitingar verði 24 millj. 1985, 45 millj. á næsta ári, 29 millj. 1987 og 12 millj. 1988. Á þessu ári verði kaflinn frá Reykjavík, Breiðholtsbraut, undirbyggður, en á næsta ári yrði unnið að yfirbyggingu vegarins og ætti að verða unnt að opna hann til umferðar síðari hluta þess árs með fyrsta áfanga slitlags. Þá yrði einnig sett upp sú lýsing sem nauðsynleg er, en á árunum 1987 og 1988 yrði lokið við slitlag vegarins, lýsingu, frágang og tengingu milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar við Arnarnesveg. Ætti þessum

áfanga að ljúka að mestu á tímabilinu, en ljóst er að þá þurfa að taka við kostnaðarsamar aðgerðir við gatnamál.

Vesturlandsvegur um Borgarfjörð. Þar er lagt til að fjárveitingar verði 5 millj. á árunum 1985 og 1986. Gert er ráð fyrir að fé þessu verði varið til rofvarnar og lokafrágangs mannvirkja.

Um Holtavörðuheiði er lagt til að fjárveitingar verði 11 millj. á þessu ári, 25 millj. á næsta, 20 millj. 1987 og 22 millj. 1988. Það er gert ráð fyrir að áfram verði haldið endurbyggingu vegarins frá Fornahvammi að Heiðarsporði og ættu fjárveitingarnar að nægja til að ljúka því verki og að leggja bundið slitlag á þann kafla og heiðina að Miklagili. Ólokið yrði þá af þessu verkefni uppbyggingu vegarins frá Sanddalsá að Fornahvammi og frá Miklagili niður að Brú.

Vestfjarðavegur um Dýrafjörð. Það er lagt til að byrjað verði á því verkefni 1988 og fjárveiting það ár verði 13 millj. kr. sem verði varið til undirbúningsframkvæmda.

Djúpvegur eða tenging Inn-Djúps. Þar er lagt til að fjárveitingar verði 12 millj. á þessu ári, 29 millj. 1986, 24 á þar næsta ári og 10 millj. 1988 og fyrir þessar fjárveitingar verði lokið vegagerð um Staðardal og byggður nýr rúmlega 19 km vegur um Langadal að Ísafjarðardjúpi.

Á Norðurlandsvegi, sýslumörk Skagafjarðar. Þar er lagt til að fjárveitingar verði 10 millj. kr. 1985 og 12 millj. kr. á árinu 1986—1988. Fjárveitingar þessar ættu að nægja til að ljúka endurbyggingu vegar frá Vatnsskarði að Varmahlíð. Eftir yrði dýr vegagerð um Bólstaðarhlíðarbrekku og Vatnsskarð. Lagt er til að fjárveiting til vegarins um Héraðsvötn verði 3 millj. á þessu ári og 1986 og þessu fé yrði varið til varnargarða ofan brúa á Héraðsvötnum við Syðstu-Grund.

Eyjafjarðarbraut vestri, Vaðlaheiðarvegur. Skv. gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir 23.9 millj. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis af almennum verkefnum stofnbrauta á þessu ári. Lagt er til að fjárveitingar af sérstökum verkefnum verði 45 millj. kr. 1986, 25 millj. 1987 og 29 millj. 1988. Þá er miðað við að á næsta ári verði byggð brú á Eyjafjarðará, veggfylling um Eyjafjarðarleiru yrði gerð 1987, slitlag og ýmis frágangur 1988. Ætti verkinu að ljúka að mestu það ár. Þó verður að reikna með að einhver frágangsverk verði eftir.

Grenivíkurvegur — Illugastaðavegur. Þar er lagt til að fjárveiting verði 30 millj. á þessu ári og gert ráð fyrir að unnt verði að ljúka þessu verkefni með bundnu slitlagi fyrir þá fjárveitingu.

Á Austurlandsvegi er lagt til að fjárveiting verði til vegarins Hof — Össurá 24 millj. á þessu ári, en 20 millj. árið 1986—1988. Reiknað er með að fjárveiting þessi nægi til að ljúka þessu verkefni og innifalið væri m. a. bundið slitlag á 29 km.

Á s. l. ári var í fyrsta skipti sérstök fjárveiting til þjóðvega í Reykjavík. Er lagt til að áfram verði haldið fjárveitingu til þessa verkefnis, 8 millj. 1985 og 15 millj. á ári síðari ár áætlunarinnar. Það er mjög mikil og vaxandi þörf á ýmsum framkvæmdum við þjóðvegi við Reykjavík. Þar má nefna gerð Suðurlandsvegar í Smálöndum, breikkun Vesturlandsvegar, endurbætur gatnamóta og margt fleira sem of langt mál er upp að telja.

Þá þykir mér rétt að gefa örstutt yfirlit um hina svokölluðu Ó-vegi.

Það er þá fyrst Útnesvegur um Ólafsvíkurenni. Þar er lagt til að fjárveiting verði 7 millj. á þessu ári. Þessu fé verði varið til ýmiss lokafrágangs á verkinu. Verk þetta hefur unnist mun betur og orðið verulega ódýrara en áætlað var og lýkur því a. m. k. ári fyrr en reiknað var með í vegáætlun fyrir árin 1983—1986.

Þá er Djúpvegur um Óshlíð, þ. e. vegurinn á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þar er lagt til að fjárveitingar verði 30 millj. á þessu ári, 40 millj. 1986, 23 millj. 1987 og 10 millj. 1988. Hér er um meira fjármagn að ræða á árunum 1985 og 1986 en gert er ráð fyrir í vegáætlun fyrir 1983—1986. Það stafar af því að framkvæmdum við Ólafsvíkurenni lýkur fyrr en til stóð, eins og áður var frá skýrt.

Áætlað er að á þessu ári verði undirbyggður kaflinn frá Haldi að Einbúa og lagt slitlag á um 3 km. 1986 yrði byggð vegþekja á Steinsófærugili og undirbyggður vegurinn frá sorpeyðingarstöð að Ófæru með Stiga. 1988 yrði byggð vegþekja á Hvanngjá ytri og lagt slitlag á það sem eftir er af veginum. Fjárveiting 1988 færi í lokafrágang í samræmi við upphaflegar tillögur, en hér er gert ráð fyrir að frestað veri gerð vegþekja í Hvanngjá innri og Ófæru með Stiga þar til komin er reynsla af þeim aðgerðum sem að framan eru taldar.

Þá er vegurinn um Ólafsfjarðarmúla. Þar er lagt til að fjárveitingar verði 5 millj. 1985, 17 millj. 1987 og 54 millj. 1988. Fjárveitingu 1985 yrði varið til áframhaldandi rannsókna. 1987 yrði unnið að lokahönnun og byrjunarframkvæmdum, en 1988 yrði hafist handa við jarðgangagerð og er það 1—2 árum fyrr en áður var áætlað.

Við vinnslu langtímaáætlunar var sett fram skiptiregla til að nota sem viðmiðun við skiptingu stofnbrautafjár á milli kjördæma. Þessi regla var höfð til viðmiðunar hjá fjvn. Þegar fjármagni var skipt á kjördæmi og tímabil var gengið út frá því að skiptitölur yrðu endurreiknaðar í lok hvers fjögurra ára tímabils. Það er þá í fyrsta skipti í ársbyrjun 1987. Við afgreiðslu vegáætlunar 1983—1986, sem tók til fyrsta tímabils, var fjármagni til stofnbrauta skipt í sömu hlutföllum og notuð voru á fyrsta tímabili langtímaáætlunar. Þetta átti við um öll fjögur árin samtals, en töluverð frávik voru á einstökum árum – fyrirvari þó jafnan hafður á um fé til Ó-vega. Þar var gengið út frá að fjármagn færðist til annarra Ó-verkefna ef kostnaður á einhverju þeirra yrði lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Við endurskoðun vegáætlunar nú telur Vegagerð ríkisins eðlilegt að miðað verði áfram við þessa hlutfallsskiptingu með þeirri breytingu einni sem leiðir af færslu fjár á milli Ó-vega. Skipting fjármagnsins 1985 og 1986 verður þá með þeim hætti að öll kjördæmi fái það hlutfall fjárveitinga sem vera skyldi skv. skiptingunni hér á undan. Þessar breytingar stafa af því að kostnaður við Ólafsvíkurenni var verulega undir áætlun og flyst fjármagn úr því til Óshlíðar.

Síðustu tvö árin, 1987—1988, verður fjárveitingu skipt með hliðsjón af hlutföllum annars tímabils. Þó ber enn að hafa í huga að einstök ár víkja frá hlutfallstölu tímabilsins, svo og að skiptitölur kjördæma verði endurskoðaðar í ársbyrjun 1987 og getur þurft að breyta hlutfallstölum annars tímabils til samræmis við nýjar skiptireglur.

Rétt er að geta þess, til þess að ekki verði misskiln-

ingur síðar, að þær fjárveitingar sem kunna að renna til þjóðvega í Reykjavík verða utan við þessa hlutfallsskiptingu.

Engum dylst að það eru fáir eða engir málaflokkar jafnilla á vegi staddir og vegamál. Við búum í stóru landi, fámenn þjóð, og við höfum í tiltölulega skamman tíma verið að byggja upp vegakerfið. Við megum ekki gera lítið úr því sem hefur áunnist, en við megum ekki heldur hverfa frá settum markmiðum þó að á móti blási. Ég hef í ræðu minni skýrt frá því og leitt að því ákveðnar röksemdir að það eru ekki allt bein útgjöld að taka ný lán til vegagerðar. Í þeim felst líka mikill sparnaður. Það eru líka verkefni sem hér er ekki minnst á, en sem eru brýn og væri æskilegt að geta leyst með einhverju öðru móti. Ég ætla ekki að fara út í að nefna nein tiltekin verkefni, en þó get ég leyft mér að nefna eitt ákveðið brúarverkefni sem er á hringvegi landsins. Það er brú yfir Markarfljót sem ég tel að sé mjög mikils virði að geta hraðað frá því sem er á langtímaáætlun. Ég gæti talið upp mörg önnur og fleiri, en læt þetta nægja.

Það heyrist víða að við eigum að draga úr framkvæmdum og við þær aðstæður sem núna eru eigi að skera niður framkvæmdafé og þá sérstaklega framkvæmdafé til vegamála. Þær raddir hafa heyrst, bæði innan þings og utan og meðal stuðningsmanna ríkisstj. og einnig andstæðinga ríkisstj., að þetta beri að skera niður til að mæta erfiðleikum. En með því að skera það niður meira en þegar hefur verið gert erum við að hverfa frá þeim ásetningi að byggja upp vegakerfi landsins og tengja byggðir saman. Ég tel að eyðslu á ýmsum öðrum sviðum mætti frekar draga úr en þessu. Ég hef verið ófáanlegur til þess sem samgrh. að ganga lengra í þessum efnum en gert hefur verið og mín skoðun hefur þar ekkert breyst. Ég legg hér fram þessa vegáætlun þar sem ég tek á þessu ári, 1985, hliðsjón af afgreiðslu fjárlaga, en stilli upp vegáætlun hin þrjú árin með hliðsjón af langtímaáætluninni og eins og ég hef rakið hér í sambandi við framkvæmdir og miðað við langtímaáætlun hefur það tekist af þeim ástæðum sem ég rakti ítarlega fyrr í ræðu minni.

Það er mikið um það rætt að það hafi verið jafnvel gengið of langt í útboðum og sumir telja að sýnd hafi verið fullmikil dirfska í því og það leiði til atvinnuleysis hjá ýmsum tækjaeigendum. En við skulum hafa í huga að með útboðum erum við að fara inn á nýjar brautir. Við erum að gera núna tvennt í senn: Við erum að draga úr framkvæmdum Vegagerðarinnar sjálfrar í stórum stíl, eins og ég hef getið hér um, sem leiðir af sér fækkun starfsmanna og samdrátt í vélaeign, og að því er markvisst stefnt, en fara meira út í útboð og verktakastarfsemi. Verktakastarfsemi hefur ekki átt upp á pallborðið hjá okkur Íslendingum fyrr en á allra síðustu árum, en hún er talin sjálfsögð hjá öllum nágrannaþjóðum okkar.

Hins vegar verðum við að gæta þess að stilla þannig til að sótt sé til þeirra sem tæki eiga og vinna að þessum efnum. Ég held að þarna hafi verið gætt hófs og skilnings og ég tel sjálfsagt og eðlilegt að gera meira af því að fara í útboð, m. a. varðandi snjómokstur sem er að breytast og lítillega hefur verið gerð tilraun með núna á yfirstandandi vetri þó að snjór hafi verið lítill sem betur fer þó að við getum ekki reiknað með því til frambúðar. Það eru verkefni sem einstaklingar geta boðið í. Í mörgum útboðum hafa þeir sem fengið hafa verkefnin gert samninga við fólk heima á stöðunum. En það er útilokað að reka ríkisstofnun eins og vegagerð þannig að hún skuli tryggja öllum þeim, sem tæki eiga, vinnu. Fyrir virkjunarframkvæmdir er keypt æðimikið af tækjum, jarðýtum og bílum o. fl. o. fl. Þegar þeirri vinnu lýkur verður ekki hægt að koma öllum að við vegagerð eða einhverjar aðrar framkvæmdir. Framkvæmdir breytast líka eftir landshlutum frá ári til árs, eins og allir þekkja og vita. En útboðin hafa fyrst og fremst gert það að verkum að við höfum haldið nokkurn veginn þeim framkvæmdamætti við nýframkvæmdir eins og ég hef greint frá í ræðu minni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess að góð samvinna megi nást bæði innan fjvn. og innan þingmannahópanna í hverju kjördæmi. Hún hefur verið til fyrirmyndar samvinnan sem þm. kjördæma hafa átt við starfsmenn Vegagerðarinnar. (**HS:** Ekki allir.) Hvað? Það hlýtur þá að vera fyrir austan. (**Gripið fram í:** Já, einmitt fyrir austan.) Já, við skulum vona að það lagist líka.

Svo vænti ég þess að fjvn. vinni mjög fast og ákveðið að þessum málum. Mér er kunnugt um það, þó að málinu hafi ekki formlega verið vísað til n., að fjvn. hefur þegar haldið fundi eins og varð að samkomulagi á milli mín og formanns n. að hann gerði. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði vegáætluninni vísað til síðari umr. og fjvn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég hlýt nú að þakka hæstv. ráðh. fyrir fróðlega og um margt mjög ágæta framsögu þar sem vissulega er unnt að taka undir fjölmargt í hans máli. Ég vil sannarlega láta hæstv. samgrh. njóta sannmælis um það að hann er áhugamaður um þennan málaflokk og vill örugglega gera betur en hér er gert ráð fyrir. En enginn má við margnum, eins og þar stendur. Ég vil því taka það skýrt fram að þau orð sem ég segi hér til gagnrýni eiga við alla hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar, sem hafa greinilega borið hæstv. ráðh. ofurliði að hann mætti ná vopnum sínum, svo að notað sé orðalag annars hæstv. ráðh.

Við þessa framlagningu vegáætlunar skal ekki haft uppi langt mál þó að ærin séu tilefnin. Samgöngumál á landi snerta menn að vísu misjafnlega. Fyrir ýmsa er það spurning um byggð og búsetu, fyrir aðra spurning um einangrun margra mánaða, þó að um nokkurt þéttbýli sé að ræða.

Eins og hæstv. ráðh. kom inn á þá höfum við lifað blessunarlega mildan vetur. Lengi mun hann í minnum hafður af þeim sökum, bæði hér í þéttbýlinu í samanburði við veturinn í fyrra og ekki síður úti á landsbyggðinni þar sem óvenjulega greiðar og eðlilegar samgöngur hafa verið vetrarlangt. Sparnaður af þessum sökum er mikill og hlýtur að koma ýmsum verkefnum þessa árs til góða á ýmsan veg enda mun ekki af veita að almættið komi til aðstoðar stjórnvöldum og bæti stöðu þeirra eitthvað, ekki síst í ljósi ýmissa stóryrða og glæstra gylliloforða ýmissa þeirra sem nú ganga hoknir til niðurskurðarverka.

Af eðlilegum ástæðum staðnæmast menn fyrst við heildarfjármagnið, sem á þessu ári er ætlað til framkvæmda í vegamálum í heild, en óþægileg hlýtur mörgum að verða sú upprifjan, sem unnt væri að hafa uppi um markmið og efndir langtímaáætlunar, því að vitanlega er árið í ár það eina marktæka í þessari

áætlun, eina áreiðanlega stærðin, sú sem sýnir raunverulegan hug stjórnvalda til þessa málaflokks.

Hlutfallið af þjóðarframleiðslu átti nú að vera komið upp í 2.4% en er skv. því sem hér segir 1.9%. En vel að merkja, sú prósenta er ekki rétt, hún er of há, því að skv. nýjustu spám Þjóðhagsstofnunar um þjóðarframleiðslu í kjölfar reynslunnar frá s. l. ári einnig, þá fer þessi prósenta sennilega niður undir 1.8%. Á þessa miður þægilegu staðreynd er óhjákvæmilegt að benda og ekki er unnt að beita neinum brellum eða talnaleikjum þar sem langtímaáætlunin mælir fyrir um prósentu af þjóðarframleiðslu. Samdráttarhjalinu margumtalaða er því ekki unnt að beita í þessu tilfelli, eins og stjórnvöld núverandi hafa haft svo mikið yndi af, þó að Þjóðhagsstofnun hafi reyndar sagt allt annað núna um síðasta ár og árið í ár, og verður gaman að vita til hvaða afsakana verður gripið næst þegar skera á niður verklegar framkvæmdir sem fyrst og fremst snerta landsbyggðina.

Það væri freistandi að rifja upp ýmis ummæli frá dögum síðustu ríkisstj. um efndir þá og mikla kokhreysti manna þá sem hugðust kippa öllu í liðinn um leið og þeir fengju til þess aðstöðu. Þeirra á meðal, af því að hæstv. ráðh. furðaði sig á fsp. frá mér eða frammígripi hér áðan, var einn af þeim sem ekki hefur viljað fallast á þá áætlun sem hæstv. ráðh. lagði fram í fyrra. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Hann er nú að vísu ekki hér, en hann var einn af þeim alkokhraustustu, hv. 11. landsk. þm., sem blöskraði svo niðurskurður hæstv. samgrh. í fyrra að hann vildi ekki standa með okkur hinum, jafnvel ekki stjórnarandstöðunni, að skiptingu vegafjár. Hins vegar heyrist mér á hæstv. ráðh. að hann ætli að kenna honum betri siði nú og fer vel á því að svo verði.

Það væri sannarlega freistandi að rifja upp ýmislegt af því sem þá var sagt því að svona prósentuniðurskurður var þó ekki á borðum manna þá og enn síður svo rækileg undanbrögð frá áætlun. Hins vegar þjónar karp um fortíðina í þessu efni ekki tilgangi, þó að á sé minnt í þessu sambandi hve menn ætluðu sér að eigin sögn stóran hlut og ótvíræðar efndir þegar í andstöðu var barist.

Vissulega þýðir lækkun úr 2.4% í 1.9%, eða réttara sagt 1.8%, gífurlega minnkun heildarframkvæmda frá því sem vera hefði átt og kemur þá harðast niður á nýframkvæmdum sem og á viðhaldi að nokkru. Því er það miklu athyglisverðast við framlagningu þessarar áætlunar að þegar á næsta ári á aldeilis að breyta og bæta. Þá er sem sé allt í einu orðið svigrúm til þess að auka fjármagn til vegagerðar um 50% í krónum talið frá því sem er raunveruleiki ársins í ár, sem er hið raunhæfa í dag og þykir hæfilegt fjármagn í þeirri einu áætlun sem hér er marktæk, þ. e. ársins í ár, og hægt er að miða við. Hitt eru nánast fyrirheitin ein á móti staðreynd veruleikans. Það þykir sem sé við hæfi að hampa heildartölunni 2430 millj. á næsta ári, það er nú bara til að hafa þetta nógu myndarlegt, á móti 1650 millj. nú. Fyrr mega nú vera umskiptin, fyrr mega nú stjórnarliðar ætla að bæta ráð sitt. Eða búast þeir máske ekki við að þurfa að baksa í sameiningu við efndir á þessu? Ýmislegt bendir í þá átt, því að reimleikar eru áberandi hjá báðum aðilum þrátt fyrir nýlega ástarjátningu framsóknar sem á að mýkja íhaldið fyrir landsfundinn. En best er að eyða ekki dýrmætum tíma þingsins í þá gullnu stjórnarrevíu, sem báðir leika af lífi og sál, en víkja aftur að vegáætlun og frá nýframkvæmdunum horfið til viðhaldsframkvæmdanna.

Því er ekki að neita, sem greinilega kemur fram og við þekkjum mætavel, að viðhald vega hefur um langan tíma verið alls ófullnægjandi til mikils tjóns og skaða. Brýn þörf er á að koma því sem allra fyrst upp í það að vera svo sem þarf og áætlanir Vegagerðar ríkisins kveða á um að sé nauðsyn, svo að vandræði hljótist ekki af, varanlegt tjón fyrir marga vegarkafla sem verða hart úti í þessum niðurskurði, þjóðbrautarkaflar alveg sér í lagi. Án þess að standa að fullu við áætlaða þörf, sem áreiðanlega er aðeins sú brýnasta, verður margur þokkalegur vegarkafli að hálfgerðum troðningi á ótrúlega skömmum tíma. Inn á þetta kom hæstv. ráðh. hér áðan rækilega. Áætlun nú stendur til þess að bæta hér nokkuð úr og ber að fagna því. Rétt er hins vegar að leggja mikla áherslu á þennan þátt sem er svo veigamikill fyrir vegakerfið í heild og tekur bæði til malarvega og í vaxandi mæli til vega með bundnu slitlagi.

Þegar til nýframkvæmda er litið er augljós sú skerðing framkvæmdafjár sem áður var minnst á. Ég ætla ekki að fara nánar út í það, það kemur niður á okkur sem þurfum að skipta þessu, og að sjálfsögðu munum við í stjórnarandstöðunni gera tilraun til þess að skipta þessu vegafé svo sem verið hefur. A. m. k. höfum við í Alþb. ekki skorast undan því að taka þar ábyrgð á málum þó að það hafi á skort hjá ýmsum öðrum þegar þeir hafa í stjórnarandstöðu verið. Það hefur oft verið tekist á um þessa áherslu hins vegar í nýframkvæmdunum, bæði í fjvn. og á þingi og eins úti í kjördæmunum þar sem aðstaða og aðstæður eru misjafnar. (**Gripið fram í:** Við hverja er átt?) Ja, úr því að 3. þm. Vestf., sem fylgist nú manna best með þingstörfum hér, er þetta ekki alveg ljóst, þá er óhætt að nefna þá sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu í stjórnartíð síðustu ríkisstj. sem iðkuðu ýmsa leikfimi þar af ótrúlegri kúnst og sérstöku ábyrgðarleysi. (**KP:** Það var rétt að fá það bara fram.) Já, það er rétt að rifja þetta upp fyrir hv. þm. úr því að hann hefur gleymt því. (**KP:** Nei, það var ekki meiningin.)

Án þess að draga úr mikilvægi þess að sjá vel fyrir framhaldi bundins slitlags á þá vegarkafla sem tilbúnir bíða þess þá hljótum við, sem eigum lökustu vegina í okkar kjördæmum, sveitavegina máske alveg sér í lagi, að leggja ekki minna vægi á uppbyggingu þeirra þann veg að þeir þoli venjuleg snjóalög sem best, séu byggðir upp úr snjó, eins og það er gjarnan orðað. Raunar gildir þetta um miklu fleiri vegi en svokallaða sveitavegi í mínu kjördæmi þar sem ástand margra vega er alls óviðunandi. Þá sögu geta auðvitað margir fleiri sagt.

Ég nefni aðeins sem dæmi veginn til helsta þéttbýlisstaðarins, Neskaupstaðar, sem enn er að miklum hluta gamall ruðningur einn og er tvímælalaust versti vegarkafli á Austurlandi og þó langtum víðar væri leitað. Viðhald er þar erfitt við þessar aðstæður, enda hefur ekki verið eytt þar miklum fúlgum, þó að í haust hafi verið gerð bragarbót þó í tæpasta lagi hafi verið. Þannig er auðvitað unnt að rekja og tína til vegarkafla hvarvetna um land allt og skal ekki tafinn tími hér í að tíunda Austurlandið þar. En án þess að fara nánar út í þá sálma einu sinni enn þá hlýtur hinn stöðugi kjördæmasamanburður að vera býsna hvimleiður og e. t. v. ekki vænlegastur til árangurs. Þó hlýtur enn að vera minnt á

þær reglur sem fjvn. og síðan Alþingi í raun samþykkti um skiptingu vegafjár milli kjördæma. Ég hef aldrei verið sáttur við forsendur þeirra reglna og tel að mat á ástandi vega m. a. hafi ekki verið nógu samræmt og mjög vafasamt að leggja þetta til grundvallar til langs tíma. Vægi hinna einstöku fjögurra þátta í þeirri formúlu sem notuð er til skiptingar hefur ævinlega komið illa út fyrir Austurland að mínum dómi. En þær reglur blífa og tjáir ekki um að tala og eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. þá er enn langt í að þær reglur verði endurskoðaðar.

Hitt er svo augljóst að þar sem umferð er hvað minnst og ástand vega hvað lakast hlýtur þessi skiptingarregla að koma illa við þá landshluta sem þetta gildir um. Ég skal ekki fjölyrða um þetta hér, því að til síðari umr. skal beðið með endurskoðun á skiptingu, enda sjást þá enn betur ýmis þau einstök atriði sem sköpum skipta fyrir hvert kjördæmi.

Ég skal ekki heldur víkja nú nema lítillega að þeim mikla samdrætti sem orðið hefur hjá Vegagerð ríkisins í starfsmannahaldi, og er kallað hagræðingaráform, en er auðvitað bein afleiðing og kemur beint í kjölfar útboðsstefnunnar sem þar er nú í öndvegi illu heilli. Ég hef ásamt öðrum hv. þm. flutt till. til þál. um úttekt á hagkvæmni útboða og setningu reglna um útboð smærri verka sem tryggi heimaaðilum ákveðinn forgang. Ég kýs að ræða þá till. í heild sinni, þegar þar að kemur, en get þó ekki stillt mig um að minna á það hér, svo sem ég hef raunar áður gert, við vegáætlunarumræðu. Ég get hins vegar ekki stillt mig, eftir lofsöng hæstv. ráðh. hér áðan um þetta mál, að minna á þetta hér og nú, ekki síst í ljósi þess þegar þessum fjárhagslega ávinningi er stöðugt hampað og jafnvel talað um auknar framkvæmdir í kjölfar þessara útboða. Þetta vil ég að verði kannað og komið á hreint, hvort það á í raun og veru við raunveruleikann að styðjast. Ég dreg það sem sagt stórlega í efa. Og heildarhagkvæmnina í sambandi við þetta mál allt vil ég skoða, m. a. með tilliti til byggðaþróunar og þróunar hinna ýmsu þjónustuaðila á landsbyggðinni og atvinnutækifæranna þar, þannig að menn komi þar ekki í stórum stíl, hinir stóru og sterku verktakar, og hrifsi til sín verk í æ ríkara mæli, drepi hina minni af sér smám saman og sitji svo einir uppi, kannske fáeinir stórir verktakar, sem verða svona svipaðir og einhver olíufélög í lokin með samtrygginguna eina að leiðarljósi.

Ég held að full ástæða sé að minnsta kosti til að staldra við og athuga þetta mál og að inn í þessa mynd þurfi meira að koma heildarhagkvæmnin í þessu efni, m. a. fyrir landsbyggðina, en verið hefur. En ég læt hér útrætt um þetta nú en endurtekin viðvörun gagnvart blindri útboðsstefnu í vegagerð kemur nú fram í bergmáli æ fleiri og fagna ég því og þeirri umræðu á landsbyggðinni sem af þessu hefur skapast.

Ótal atriði koma upp í hugann við framlagningu þessarar áætlunar. Allgóð skemmtan gæti t. d. orðið að því að rifja upp stóryrði ýmissa um markaða tekjustofna, bensíngjaldið, þungaskattinn og aðra bensínskatta, sem og hlut ríkisins í því efni og hlut Vegagerðarinnar í því efni, sem hétu nú á máli sumra aðstandenda þessarar áætlunar, og nú sakna ég hæstv. fjmrh., sem oft situr nú hér og reyndar annars staðar í húsinu einnig, og kannske frekar þegar áliðið er funda, sem gjarnan hafði á orði hræðilega óafsakanlega skattpíningu í þessum efnum, en nú hefur verið tekinn, m. a. undir forustu þessa hæstv. ráðh., ríflegri tollur af bifreiðaeigendum en nokkru sinni. Í þessu efni segi ég nú raunar aðeins: Batnandi mönnum er best að lifa, og gott að þeir hafa áttað sig á því að hér er um nauðsynlega og eðlilega skattheimtu að ræða ef menn eiga að komast eitthvað áfram í vegaframkvæmdum.

Þannig gæti verið fróðlegt að líta yfir málasvið í heild og skoða það í ljósi fyrri svigurmæla um framkvæmdir, um skattpíningu og um áherslur, en það er framtíðin sem gildir. Til að gefa mönnum kost á því að efna að nokkru góð glæsiloforð þá höfum við þm. Alþb. flutt brtt. á þskj. 635 við þessa vegáætlun. Við viljum þannig standa að okkar hluta við bakið á hæstv. samgrh., sem hefur orðið að heyja harða glímu í ríkisstj. til þess að verða ekki enn verr úti í slagnum um fjármunina. Sú till. miðast við hækkun upp á 0.3% af þjóðarframleiðslu, þannig að talan verði 2.1 miðað við raunveruleikann samkvæmt þjóðhagsspá, eða 2.2 miðað við forsendur þessa plaggs sem hér er. Skipting þessa fjár er í sömu hlutföllum varðandi einstaka þætti framkvæmda og er í vegáætlun ríkisstj.

Á það verður að reyna hversu menn vilja nú sýna inn í framtíðina í virkileikanum varðandi það eina ár sem hér er markað, en ekki með loftköstulum næstu ára eingöngu, eins og gert er í þessari áætlun. En ég sagði að það er framtíðin sem gildir og í tengslum við það legg ég að lokum áherslu á það, að Vegagerð ríkisins sem stofnun á vegum hins opinbera er um flest til fyrirmyndar, m. a. í því að færa verkefni út í byggðirnar, færa þangað vald — verkfræðilegt og tæknilegt — til ótvíræðra hagsbóta fyrir alla aðila. Útboðsstefnan er ekki þeirra sök. Þar koma fyrirmæli ofan frá, m. a. frá Alþingi í formi ályktunar, og geri ég Vegagerð ríkisins ekki ábyrga fyrir því. Ég legg hins vegar áherslu á sjálfstæði og visst frumkvæði í höndum þessarar stofnunar áfram og alveg sér í lagi nægilegt fjármagn til undirbúnings og rannsókna vegna vegagerðar og ýmissa framtíðarverkefna, sem Vegagerðin þarf að geta farið að snúa sér að, rækilega og vel í ljósi nýrrar tækni, aukinna möguleika á öðrum leiðum en þeim sem áður hafa verið farnar. Þessu verkefni þarf Vegagerð ríkisins að geta sinnt og aðilum þar treysti ég best til að vinna að þessum málum. Ég vara við tilhneigingum til að fela misgóðum einkaaðilum með takmarkaða þekkingu og yfirsýn þau verk. Það geta verið mín lokaorð.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. samgrh. fyrir framsögu hans hér áðan. Ég þakka honum fyrir það hvað hann hefur lagt sig fram um að halda utan um þá tekjustofna sem verja á til vegamála og tekist það a. m. k. að nokkru leyti. Það eitt þykir mér á skorta að mér finnst að helst til fáir hv. alþm. hafi verið hér í salnum meðan ræða þessi var flutt um svo merkilegt mál. Það er að vísu glatt sólskin úti og sjálfsagt fleiri freistingar á sveimi, en þó finnst mér það ekki réttlæta það að ekki skuli vera fleiri hér til að hlýða á svo mikilvægt málefni. Þetta mál er ekki eingöngu eitt helsta áhugamál okkar, hinna svokölluðu talsmanna landsbyggðarinnar, heldur miklu fremur mál allra landsmanna. Fátt er þjóðinni nauðsynlegra en að leggja kapp á að hafa sem greiðastar og bestar samgöngur um eigið land og geta þannig kynnst sjálfri sér og landi sínu á æskilegan máta.

Þessi till. fjallar um vegáætlun frá 1985 til 1988. Að vísu má segja að ekki sé mikilvægra breytinga að vænta í sambandi við fjárframlög á árinu 1985. Þau eru að mestu leyti ákveðin áður. En á árinu 1986 er strax breytinga að vænta. Og þessi tillaga er að sjálfsögðu samin með hliðsjón af þeirri langtímaáætlun sem við höfum oft rætt hér á undanförnum árum. Reyndar er hún ekki samþykkt af hv. Alþingi en er þó höfð til hliðsjónar í þessum málum. Sem kunnugt er höfum við notið þeirrar náðar, alþm., að við höfum yfirleitt verið nokkuð sammála í því að reyna að einbeita okkur að heildarátökum í vegagerð, eins og þegar við ræddum hér fyrir nokkrum árum till. til þál. um gerð langtímaáætlunar í vegagerð. Þar lögðum við áherslu á nokkur atriði sem ég held að ekki sé úr vegi að rifja upp. Við lögðum áherslu á þau markmið að allir vegir skyldu byggðir með 10 tonna burðarþoli allt árið, að byggja þá vegi upp úr snjó sem við hefðum tök á, að leggja bundið slitlag á fjölfarnari vegi og að hafa hliðsjón af umferðaröryggi við uppbyggingu vega og framkvæmdir í umferðarmálum.

Það er ekki ástæða til að hafa mjög mörg orð um einstaka liði þessarar þáltill., heldur minnast lítillega á nokkur atriði af því sem hefur komið fram í máli manna. Hæstv. ráðh. minntist á nokkur atriði sem varða vegagerð í nútíð og framtíð. M. a. taldi hann að ástæða væri til þess að leggja mjórri vegi a. m. k. á sumum stöðum en hingað til hefur tíðkast, þ. e. vegi með 4 metra slitlagi í stað 6. Það má vel vera að þetta eigi við sums staðar á hinum fáfarnari vegum. Þó verður held ég að fara að þessu með gát, því að þeir sem eru vanir að aka breiða vegi geta orðið fyrir miklum viðbrigðum ef þeir þurfa allt í einu að fara að aka veg sem mjórri er og erfiðara er að mætast á. Það væri svo að sjálfsögðu full ástæða til þess að víkja að tækni vegagerðar nú á tímum og því sem fram undan er í þeim efnum, jarðgangagerð o. fl. Ég vil aðeins minna á að framkvæmdir við hina svonefndu Ó-vegi hafa gengið vonum framar. Ég held að það sé yfirleitt ánægja ríkjandi með framkvæmd þá sem gerð var við Ólafsvíkurenni, og sá vegur hefur að mínum dómi gerbreytt samgönguháttum á Snæfellsnesi utanverðu til hins betra.

Þá vék hæstv. ráðh. nokkuð að því sem hann nefndi hagræðingarmál. Vitanlega höfum við heyrt mikið um það talað að undanförnu að fækka þurfi starfsmönnum á vegum ríkisins. Nú skyldi báknið burt, og annað þar fram eftir götunum. Það hefur einhver nefnd starfað sérstaklega að þessum málum af hálfu Vegagerðarinnar þó að mér sé ekki nákvæmlega kunnugt um hverjir skipa þá nefnd. En að sjálfsögðu hefur maður ekki komist hjá því að verða var við ákvarðanir hennar og verk á ýmsum sviðum.

Það er að sönnu góðra gjalda vert að fækka starfsmönnum ríkisins. Þó verður að gæta þess að fara mjög varlega í þeim efnum að mínum dómi. Það er alltaf vandgert við þá menn sem lengi eru búnir að þjóna og inna störf sín vel af hendi. Að sjálfsögðu er ekki hægt að vísa þeim á dyr fyrirvaralaust. Ég er ekki að segja að það hafi verið gert, en tel þó rétt að vekja athygli á því. Við höfum lagt mikla áherslu á útboð, alþm. og a. m. k. síðustu tveir hæstv. samgrh. En útboðin hafa a. m. k. tvær hliðar.

Ég skal fyllilega viðurkenna að það hefur verið afar vinsælt að halda því fram að við ættum að bjóða út næstum því sérhvert verk til þess að fá það unnið fyrir minna fé. En þar þarf að mínum dómi margs að gæta. Ég hygg að flestir telji sjálfsagt að bjóða út hin stærri verk í vegagerð, svo sem framkvæmdirnar við Ólafsvíkurenni og hina Ó-vegina og aðrar stærri framkvæmdir. En þegar farið er að þræða þessa leið svo langt að bjóða út venjuleg viðhaldsverkefni og ýmis smærri verk þá þarf að gá til lofts að mínum dómi. Ég tel nefnilega að Vegagerðin beri miklar siðferðisskyldur t. d. gagnvart þeim vörubifreiðastjórum út um allt land sem eru búnir að vinna að vegagerð vel og samviskusamlega áratugum saman, jafnvel 20, 30 ár. Það verður að gæta þess að þessir menn standi ekki allt í einu uppi verkefnalausir og geti lítið annað gert en að horfa upp í loftið og reyna að hugsa til framtíðarinnar fyrir sig og sínar fjölskyldur.

Ég varpa þessu nú aðeins fram sem atriði sem vert er að hafa í huga. Það er m. ö. o. ekkert athugavert við það og raunar sjálfsagt að Vegagerðin bjóði út hin stærri verk, en hún verður líka að taka tillit til þeirra manna sem hafa unnið henni lengi og vel með ágætum úti um allt land.

Hins vegar líst mér ekki svo illa á, svo að ég taki dæmi, að bjóða út snjómokstursverkefni að vetrarlagi. Ég get vel trúað því að þar kæmu útboð mjög til álita. Það er nú svo að það munu vera nýjar snjómokstursreglur í undirbúningi, sem gengið verður frá á hausti komanda, eftir því sem mér er tjáð. Þetta eru að sjálfsögðu mjög viðkvæm mál en eigi að síður ákaflega mikilvæg.

Ég ætla ekki að fara að ræða nánar hina einstöku liði eða skiptingu útgjalda í þeirri þáltill. sem hér er til 1. umr., þó að á marga liði mætti minnast. Og sjálfsagt er það svo að hér sem annars staðar þykir hv. þm. of smátt skammtað til sinna kjördæma. Ég ætla þó aðeins að leyfa mér að minnast á einn lið sem ekki er nú sérlega hár í loftinu. Það er hér á 2. blaðsíðu undir liðnum Til brúagerða, þar sem rætt er um rannsóknir á Gilsfirði, þ. e. að rannsaka Gilsfjörð með tilliti til þess að þar verði lagður vegur yfir ásamt brú. Við, sem höfum haft áhuga á þessu máli lengi, viljum óska þess að Vegagerðin og yfirmenn samgöngumála leggi kapp á að komast sem allra fyrst að niðurstöðu í þessum efnum. Það sem við biðjum um er fyrst og fremst að fá að vita sem allra fyrst hvort tiltækilegt sé að byggja brú og veg yfir Gilsfjörð og stytta þar með leiðina yfir 20 km ef ég man rétt. Ég sé að til þessara rannsókna eru ætlaðar 0.3 millj. á árinu 1985, en 1 millj. á árinu 1986. Ég verð að segja að það kom mér skemmtilega á óvart að þessi fjárhæð skyldi hækka á næsta ári, og ég legg þann skilning í það að á því ári eigi að ljúka þessum rannsóknum. Ég hef mikinn áhuga á þessu máli því að ég tel þessa leið um Gilsfjörð eðlilegustu og sjálfsögðustu samgönguleiðina milli Vesturlands og Vestfjarða.

Þó að ástæða væri til þess að nefna mörg fleiri atriði ætla ég að láta hér staðar numið. Þessi þáltill. fer að venju til fjvn. og þar gefst tækifæri til þess að skoða hana miklu nánar. Þá mun ég reyna að hafa í huga þá athugasemd sem hæstv. samgrh. varpaði fram hér áðan og snertir lán og greiðslur afborgana og vaxta af vegalánum svo og fleira sem fram kom í ræðu hans.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir annarra þm. til hæstv. samgrh. fyrir skilmerki-

lega ræðu til útlistunar á vegáætlun. Hann nefndi þar ýmsa hluti eins og fram hefur komið sem allir eru sjálfsagt tilbúnir að taka undir og benti á ýmis verkefni sem leysa þyrfti í nánustu framtíð.

Ég harma það nú að ekki skuli hafa verið fleiri þm. hér viðstaddir til að hlýða á ræðu hæstv. samgrh. og þær umræður sem hér eiga sér stað. Ég vil vekja athygli á því og það hefur reyndar áður verið gert þegar vantað hefur heila þingflokka í salinn. En nú er það sá þingflokkurinn sem oftast hefur nefnt það að hér hafi verið fáliðað. Nei, fyrirgefið, hér er kominn inn núna einn fulltrúi Kvennalistans en var hér ekki á meðan hæstv. samgrh. flutti sína gagnmerku ræðu. Ég held að það megi benda á það að áhugi þess ágæta flokks hafi kannske komið fram í því að láta það eiga sig að fylgjast með þeirri gagnmerku ræðu sem hér var flutt áðan. Ég hef ekki heldur séð neinn þm. frá Bandalagi jafnaðarmanna. Og ansi eru fáir fjvn.-menn hér staddir. Ég hef ekki séð neinn fjvn.-mann frá Framsfl. undir þessari umr.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist á valdastóla snemmsumars 1983 sló óhug á marga af landsbyggðinni. Ljóst var að með myndun þeirrar ríkisstj. var Framsfl. að ganga í lið með leiftursóknarliði Sjálfstfl. en leifursóknarstefnan var í öllum greinum mjög neikvæð gagnvart uppbyggingu á landsbyggðinni. Samgöngumálin, tákn ríkisins, þ. e. vegagerð, flugvallabyggingar og hafnargerðir, eru málefni sem skipta sköpum fyrir þróun og viðhald byggðar úti um land. Það varð því mörgum mikill léttir þegar ráðherralistinn var gerður opinber og í ljós kom að samgrh. var ötull landsbyggðarþingmaður, ötull baráttumaður fyrir bættum samgöngum og berst þó sérstaklega fyrir stóráтökum í vegagerð. Margir sögðu sem svo úti um land að þótt hinir ráðherrarnir yrðu slappir fyrir landsbyggðina þá mundi hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason bæta þá upp með því að standa fyrir mjög auknum framkvæmdum við vegagerð.

Það datt engum í hug við upphaf valdaferils núv. ríkisstj. að það yrði til umræðu að falla frá markaðri fjárveitingu til vegamála, fjármögnunarmarki langtímaáætlunar, 2.4 af þjóðarframleiðslu frá árinu 1985 og út gildistímann. Menn gerðu frekar ráð fyrir því að fjármagnið yrði aukið og með framkvæmd langtímaáætlunar kæmu í ljós ýmsir þættir sem leggja yrði aukna áherslu á. Umferðarþungi breyttist, uppbygging yrði mismunandi eftir landshlutum og héruðum, þar þyrfti aukið fjármagn að koma til til að jafna muninn.

Þrátt fyrir leiftursóknaryfirbragð ríkisstj. voru menn samt sæmilega bjartsýnir. Vegamálin og reyndar samgöngumálin öll voru í góðum höndum, þar mundi engin samdráttarstefna eiga sér stað. Á landsbyggðinni eru nú afleiðingar stjórnarstefnunnar komnar í ljós. Sjávarútvegur stendur mjög höllum fæti. Það er eins og eldur hafi farið um eignir sjávarútvegsfyrirtækja á stjórnartíma núv. ríkisstj. Nú heyrist ekki lengur frá forkólfum framsóknar og Sjálfstfl. að hvert fyrirtæki þurfi að hafa eigið fjármagn í sínum rekstri og það sé markmið ríkisstj. að stuðla að því. Heldur er lausnin æ ofan í æ nýjar skuldbreytingar til að forða því að fyrirtæki stöðvist vegna bruna eigin fjármagns. Skuldbreytingarnar eru aðeins olía á þann eld.

Sjávarútvegsstjórnunin hefur verið slöpp eins og búist var við og er þá lítið sagt. Staðreyndin er sú að síðan hæstv. núv. samgrh. fór úr sjútvrn. hefur íslenskum sjávarútvegi verið stjórnað niður á við úr því rn. En útskýring á þeirri hörmung tilheyrir víst ekki umræðu um vegáætlun og verður að bíða betri tíma.

En allt fellur þetta inn í sama munstrið. Þeir sem lofuðu 80% lánum til húsbyggjenda hafa ekki hátt í dag. Þeir sem lofuðu lækkun erlendra lána steinþegja eða þá að þeir hafa skipt um skoðun. Þeir hafa allir verið slappir ráðherrarnir og það hefur m. a. orðið til þess að umræða um að skipta um menn í ráðherrastólum hefur verið í gangi. Það væri gott að losna við þennan. Það væri gott að losna við hinn. En nú er farið að tala um að dagar ríkisstj. séu taldir, það verði farið út í kosningar í sumar eða í haust. Gleggsta merki þess að stefnt sé að kosningum, dagar ríkisstj. séu taldir, er sú vegáætlun sem hæstv. samgrh. hefur hér mælt fyrir. Ég fullyrði það að hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason er sá ráðh. sem landsbyggðarfólk hefur orðið fyrir minnstum vonbrigðum með af ráðherraliðinu. Það kemur til af því að honum tókst að hamla gegn niðurskurði á framlagi til samgöngumála, sérstaklega vegamála, á fjárlögum 1984. En nú syrtir í álinn. Ráðh. varð að láta undan síga gegn gróðapungunum hjá framsókn og Sjálfstfl. við fjárlagagerð fyrir árið 1985 í sambandi við hafnir og flugvelli. Og enn hefur hann orðið að láta undan síga í sambandi við fjárframlög til vegaframkvæmda nú í ár eins og vegáætlun ber með sér. Leiftursóknarstefnan hefur sótt í sig veðrið. Ekkert af þessum niðurskurði hefur þó sagt til sín enn. Allar samgönguframkvæmdir bíða sumarsins. Í sumar mun það segja til sín að öll umsvif í sambandi við þessa framkvæmdaþætti verða mun minni en áður. Margt af því sem menn gerðu sér vonir um að framkvæmt yrði í ár verður því að bíða og verður meira og minna frestað um óákveðinn tíma. Allar vonir um auknar framkvæmdir í vegagerð hafa verið falsvonir. Og þegar þessar afleiðingar fjárlaga fara að segja til sín, þegar 1.9 eða 1.8% markmið fer að koma fram í minnkandi vegaframkvæmdum er eins og þessi þáltill. um vegáætlun árin 1985—1988 eigi að vera svar við þeim vandræðum sem koma upp. Ekki svar til almennings í landinu, sem sér fram á aukinn mismun á búsetu, minni von um betri tíma, heldur svar hæstv. samgrh. til gróðapunganna sem hann hefur verið að berjast við og ekki fengið betri úrlausn en raun ber vitni um til samgöngumála. Fyrir árið 1985 er ráðh. skammtað til vegamála 1.8% markmið miðað við þjóðarframleiðslu. Ég undirstirka það að ég nota þessa tölu, 1.8%, út frá því sem hv. 2. þm. Austurl. benti hér á áðan, að nú hafa komið nýir útreikningar frá Þjóðhagsstofnun um þjóðarframleiðslu á s. l. ári og í ár og þeir benda til þess að viðmiðun miðað við þær tölur sem eru í vegáætlun muni vera 1.8%.

Vitaskuld er þetta ákvörðun ríkisstj. og augljóslega stefnumótun til framtíðar. Slíkri lækkun framlaga til vegagerðar eða annarra þátta verður ekki náð upp aftur með neinum pennastriksaðferðum. Svar ráðh. með vegáætluninni finnst mér vera þetta: Þótt nú hafi svo farið að tekist hafi að lækka framlög til vegamála fyrir árið 1985 um hátt í 500 millj. kr. miðað við markmið langtímaáætlunar geri ég það ekki að minni stefnu. Hann tók það einmitt fram hér í ræðu sinni áðan að stefna hans væri allt önnur en það markmið sem fram kæmi í vegáætluninni. Hann vildi meiri hluti og stærri átök í vegagerð. Og hann nefndi að eitt af grundvallar-

atriðum og eitt af þeim atriðum sem fyrst og fremst þyrfti að gera stórátak í á landsbyggðinni eru einmitt samgöngumálin. Ég legg því til að á árunum 1986, 1987 og 1988 verði staðið við markmið langtímaáætlunar, 2.4% framlag til vegamála miðað við þjóðarframleiðslu. Ég nefni þetta í tillögu ráðh. Þetta er hraustleg tillaga en hún er ekki í vissu þess að sú ríkisstj. sem nú situr er á fallanda fæti og að í samgrh.-stólnum verði annar en núv. hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason til þess að pína fjármagnið út úr leiftursóknarliðinu. Nema því verði forðað að þeir komist í ráðherrastólana.

Með loforðum um betri tíma á að réttlæta þann niðurskurð sem á sér stað fyrir árið 1985. Það er ekki efnilegt að fara í kosningar með raunverulega stefnumörkun ríkisstj. sem framtíðarplan í vegamálum. Mér sýnist að undan því verði ekki komist nema með því að við meðferð þessarar till. hér í þinginu verði ráðstöfunarfé aukið stórlega og helst að því marki sem langtímaáætlunin gerir ráð fyrir, þ. e. í 2.4% af þjóðarframleiðslu fyrir árið 1985. Þm. Alþb. leggja til að fallið verði frá þessum niðurskurði. Ég hefði viljað að sú till. hefði gert ráð fyrir 2.4% markinu en fellst þó á rök félaga minna, að meiri líkur væru fyrir því að hún fengist samþykkt með því að ekki væri gert ráð fyrir meira en 2% á yfirstandandi ári. Ef sú hækkun yrði samþykkt, sem ég vænti, aukast líkur fyrir því að 2.4% markinu verði náð 1986. Mismunur milli ára verður ekki eins mikill.

Það væri freistandi að fara nokkrum orðum um stöðu vegaframkvæmda, ástand vega og þá framtíðarsýn sem er í þeim málum. Ýmsu hefur verið komið í framkvæmd, sums staðar stórvirkjum, svo sem t. d. með vegagerð undir Enni. En því miður, framtíðin er ekki björt. Heilu héruðin sjá ekki fram á neinar afgerandi framkvæmdir næstu áætlunartímabil bæði í sambandi við stofnbrautir og þjóðbrautir. Slíkt ástand skapar vonleysi og kallar á búseturöskun. Ég mun láta þessa umfjöllun bíða síðari umr. vegáætlunar, enda munu þá mál liggja skýrar fyrir.

Ýmsir aðrir þættir, snjómokstursreglur, útboð vegaframkvæmda, skipulagning vegaframkvæmda, bundið slitlag skulu og bíða betri tíma til umfjöllunar frá minni hálfu. Þar er ýmislegt umræðuvert.

Eins og ég sagði áðan virðist vegáætlunin vera að hluta kosningaplagg. Marktækari hlutinn, sem á að gilda fyrir árið 1985, er yfirlýsing um það að stefna núv. ríkisstj. er sú að hverfa frá markmiðum langtímaáætlunarinnar. Eftir öll stóru orð sjálfstæðismanna við umræður um og undirbúning þeirrar áætlunar og við umræður um vegáætlun 1983—1984 leggst nú lítið fyrir kappana. Það er því miður staðreynd að þrátt fyrir góðar vonir um að hæstv. samgrh. mundi standa sig í slagnum við gróðapungana, sem standa gegn fjárframlagi til samgöngumála, hefur hann orðið að láta þar í minni pokann og gerir sér það að góðu. Leggst þar lítið fyrir góðan dreng. Enn heldur hann þó einu vopni, atgeiri vel beittum, en einhvern veginn finnst mér að hann ætlist til þess að aðrir bregði honum fyrir sig, enda nú allþrekaður eftir langa baráttu.

Till. hæstv. samgrh. um að 2.4% markmiði verði náð 1986—1987 og 1988 er ósk hans um að aðrir standi sig betur í ráðherrastóli samgöngumála í baráttunni gegn krepputiði íhalds og framsóknar en honum hefur tekist árið 1985. Þar veit ég að hann vildi gera miklu betur. Því miður er staðreyndin sú að á árinu 1985 eru allir ráðherrar ríkisstj. Steingríms Hermannssonar jafnslappir. Þeir standa ekki í stykkinu fyrir landsbyggðina, fyrir bættri afkomu og búsetutryggingu. Áætluð framlög til vegamála skv. þeirri vegáætlun sem hér er til umr. er staðfesting á því. Mál er að linni. Til þess að svo verði verður núverandi ríkisstj. að yfirgefa ráðherrastólana sem fyrst.

Ég vil svo í lokin þakka starfsfólki Vegagerðar ríkisins fyrir sérstaklega góða upplýsingaþjónustu sem við þm. höfum notið þar, og fyrir það hvað forustumenn Vegagerðar ríkisins eru jafnan tilbúnir til skrafs og til að gefa upplýsingar um hin breytilegustu málefni í starfsemi Vegagerðar ríkisins, jafnt í einkaviðtölum og á fundum með þm.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér heyrist menn vera farnir að flytja framboðsræður hver um annan þveran og undirbúa sig í kosningaslag. Ekki skal ég falla í þá gryfju að gera slíkt því að ég sé ekki að þess sé að vænta að hæstv. ríkisstj. sé að gefa upp andann. Mér sýnist, hvað sem aðrir segja, að hún ætli sér að sitja og sitja enn um sinn. Það er mín spá þó að ég vildi svo gjarnan að það kæmu betri tímar með betri mönnum.

En út af því sem hv. síðasti þm. sagði um samanburð á samgrh., þá vil ég miklu heldur hafa núverandi ráðh. en forvera hans og það má hafa eftir mér hvar og hvenær sem er, en það var einmitt hv. þm. sem síðast talaði sem studdi forvera núv. samgrh. í síðustu ríkisstj.

Ég skal ekki, herra forseti, tala lengi þó að vissulega sé nú til umr. eitt af stærri a. m. k., ef ekki stærstu, málum sem snúa að okkur dreifbýlisfólki og ástæða væri vissulega til þess að gefa meiri gaum og ræða meira en gert er á Alþingi. Það gefst væntanlega til þess tækifæri síðar við umfjöllun um þáltill. að ræða málið frekar.

Ég tek að sjálfsögðu undir þakkir til hæstv. samgrh. fyrir allar upplýsingar sem hann gaf í sambandi við vegamál, vegaframkvæmdir og annað slíkt. Hins vegar hlýt ég að harma það, eins og raunar aðrir sem hér hafa talað, að hann skyldi verða undir í baráttunni fyrir því að halda fram þeim markmiðum fyrir árið í ár sem hv. Alþingi var sammála um að stefna skyldi að. Ég veit að hæstv. samgrh. er jafnóhress með þetta því að ég hygg að hann sé óvanur því að lenda undir. Ég dreg ekki í efa að hann hefði gjarnan viljað halda 2.4% markinu þó að greinilegt sé að það muni ekki takast í ár.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. sagði í framsöguræðu sinni áðan að hann hefði stillt upp næstu þremur árum með hliðsjón af langtímaáætlun. Ég held að nauðsynlegt sé að fá alveg á hreint og það sem allra fyrst hvort það er ekki ótvírætt af hálfu hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis að langtímaáætlunin, þ. e. 2.4%, gildi á árinu 1986 og það sem eftir er þess tímabils sem hér er verið að ræða um. Ég held að nauðsynlegt sé að fá þetta fram vegna þess að það er tiltölulega nýtt fyrir mér að heyra hæstv. ráðh. vera svona hógværan í orðavali, að stilla upp þessu eða hinu. Það gefur til kynna, a. m. k. í mínum huga, að ekki liggi alveg ótvírætt fyrir af hálfu hæstv. ríkisstj. að t. d. á árinu 1986 eigi að miða við 2.4% eins og langtímaáætlunin gerir ráð fyrir. Það er nauðsynlegt, að mínu viti, að það komi fram sem fyrst. — Nú er verst að hafa ekki hæstv. fjmrh. til þess að fá hjá honum vilyrði varðandi þetta.

Hæstv. samgrh. vék líka að einu máli sem er full-

komin ástæða til að fá úr skorið áður en sú áætlun sem hér liggur fyrir verður afgreidd. Það er í sambandi við afborganir lána sem tekin hafa verið af öðrum en ríkissjóði. Ef ég hef tekið rétt eftir nefndi hæstv. samgrh. að þarna væri um að ræða 14 millj. kr. á árinu 1983. Einhver skuld hlýtur að vera til 1984. Það væri ekki óeðlilegt að ætla að þarna væri um að ræða 30—35 millj. kr. sem enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um að ríkissjóður standi skil á. Úr þessu verður auðvitað að skera og ekki skal ég liggja á mínu liði, hæstv. ráðh., í fjvn. að knýja fram að við þetta verði staðið. (**Samgrh.:** Þakka þér fyrir.)

Í öðru lagi tók ég ekki eftir því að hæstv. ráðh. nefndi það, en mér býður svo í grun, að um einhvern halla væri að ræða frá liðnu ári eða liðnum árum að því er varðar vegaframkvæmdir og þá sér í lagi líklega viðhaldið. Það er ekki laust við að ég óttist að fjmrn. sé ekki allt of vinsamlegt þegar að því kemur að standa skil á slíku sem þó var samþykkt á sínum tíma, og a. m. k. af hálfu fjvn., að gert yrði. Ekki veit ég hversu háar þær upphæðir eru, en ég hygg að þarna kunni að vera um nokkuð miklar fjárhæðir að ræða sem eru halli frá árinu 1984 og einhver trúlega líka frá fyrri árum.

Hv. þm. Helgi Seljan vék að því áðan að það skyti nokkuð skökku við hversu menn ætluðu að vera miklu jákvæðari á næsta ári í fjárveitingum til vegaframkvæmda en menn eru í ár. Það virðist yfirleitt vera svo, líklega sama hvaða ríkisstjórn á í hlut, að menn ætla alltaf að gera betur á næsta ári en því sem þeir eru um að tala í hvert skipti. Ég hygg að það eigi ekki einvörðungu við um þessa hæstv. ríkisstj., en vissulega er hvimleitt að í þessu sem og öðru skuli ekki vera staðið við gefin fyrirheit og þær yfirlýsingar og áætlanir sem búið er að gera, þannig að þeim megi a. m. k. nokkurn veginn treysta.

Ég tek undir það með hæstv. samgrh., og hef raunar gert það og gerði það síðast þegar vegáætlun var rædd, að ástæða sé til að taka fjármagn að láni til vegaframkvæmda þó um sé að ræða erlent fjármagn. Ég held að ég hafi sagt það við hæstv. samgrh. þegar þessi mál voru hér síðast til umr. að hvað sem liði öllum viðvörunum míns flokks í sambandi við erlendar lántökur, sem ég tek að sjálfsögðu undir, mætti hann eiga mig vísan vildi hann auka verulega framkvæmdir í vegamálum þó með erlendum lántökum væri. Ég tel að það séu svo arðbærar framkvæmdir og svo nauðsynlegar, ekki hvað síst fyrir okkur sem byggjum hinar dreifðu byggðir, að það sé fullkomlega réttlætanlegt að taka lánsfé til slíkra framkvæmda og það skili sér fljótlega aftur.

Þá fundust mér athyglisverðar þær upplýsingar hæstv. ráðh. hve mikill væri beinn kostnaður, 5—6 millj. kr., af að innheimta þungaskatt. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því að beinn kostnaður sé milli 5 og 6 millj. fyrir utan það sem einstaklingar þurfa að greiða, við að innheimta þetta gjald. Ef ástæða er til að ætla að hæstv. ráðh. sé að fara úr stólnum ætti hann nú að taka sig til og hrista þetta af sér áður en hann yfirgefur samgönguráðherrastólinn, kippa þessu í liðinn og breyta til.

Það er fjölmargt sem ástæða væri til þess að ræða í sambandi við vegáætlun, en ég skal ekki, herra forseti, bæta miklu við þau orð sem ég hef þegar sagt. Ég vil þó aðeins víkja að útboðsmálunum sem hér hefur líka borið á góma.

Ég hygg að það kunni að vera rétt að hægt sé að afkasta meira fyrir minni fjárhæðir með útboðum. Þó kunna á því að finnast ýmsar hliðar. Ég tel nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort þær fullyrðingar, sem margir hafa haldið fram um hagkvæmni útboða í framkvæmdum, eru réttar. Í ljósi þess er sú þáltill., sem hv. þm. Helgi Seljan vék að áðan, fram borin. Ég held að æskilegt sé allra hluta vegna, allra aðila vegna, að fá úr því skorið hvort hér er um að ræða hagkvæmni og þá hversu mikla. Ég hef hins vegar verið mjög uggandi yfir því að útboð leiddu til verkefnaleysis ýmissa aðila sem hafa með nokkrum tilkostnaði a. m. k. byggt sig upp til þess að inna þessi verkefni af höndum — þá á ég við í heimahéraði. Ég held að nauðsynlegt sé, a. m. k. við smærri verkefnin, að huga að þætti heimamanna í slíkum framkvæmdum. Ég held hins vegar að það sé rétt, sem hæstv. samgrh. sagði, a. m. k. þar sem ég þekki til, að í stærri verkefnunum og kannske hinum smærri líka hafi tekist nokkuð þokkalegt samstarf milli verktaka þó utanaðkomandi væri, og heimaaðila. En ekkert tryggir til frambúðar að svo verði þó að svo hafi gerst á því svæði sem ég þekki kannske hvað best til. Kannske er þetta með öðrum hætti annars staðar og þar hafi ekki tekist slíkt samstarf. En það er nauðsynlegt að huga vel að því að heimaaðilum sé gert kleift að koma inn í þessa mynd að því er varðar framkvæmdir og jafnvel viðhald vega.

Ég hlýt líka að taka undir þau orð hæstv. samgrh. að það beri að fara að huga að undirbúningi jarðgangagerðar hér á landi. Það hlýtur að vera framtíðin. Það kann að vera að við þurfum einhver ár að bíða eftir slíku. Vonandi verða þau sem fæst. En enginn vafi er á því að jarðgöng munu tengja saman hinar dreifðu byggðir hjá okkur í náinni framtíð. Þetta er auðvitað gífurlega dýrt fyrirtæki og því fyrr sem farið er að huga að slíku, því betra. Um þetta hygg ég að allir hljóti að vera sammála.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta nú. Mér gefst tækifæri til þess í fjvn. að fá frekari upplýsingar um ýmsa þætti sem að þessu lúta. Bæði ég og aðrir hv. þm. vildum gjarnan fá miklum mun meira til ráðstöfunar í þessum verkþætti en hér um ræðir. Ég efast ekkert um að svo er einnig um hæstv. samgrh. Dragbítar eru auðvitað alltaf einhvers staðar. Þá er að finna innan núverandi stjórnarsamstarfs ekkert síður en áður hefur verið. Þeir dragbítar hafa orðið til þess að við búum nú við skarðari hlut en ætlað var þegar gengið var frá langtímaáætluninni. Allir voru þó um það sammála sem þá var gert. Vonandi tekst í góðu samstarfi og með þrautseigju að vinna bug á þessum dragbítum. Ekki skal standa á mér að halda með hæstv. samgrh. á atgeirnum og ýta við því liði, þeim þröskuldum, sem standa í vegi fyrir því að við getum haldið uppi þeirri áætlun sem Alþingi samþykkti samhljóða og okkur ber skylda til að standa við.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil hafa nokkur orð um till. þá til þál. sem hér er til umr. og varðar vegáætlun fyrir árin 1985—1988. Ég vil snúa mér fyrst að því sem miður fer, að mínu viti, í þessari ályktun. Það er að sjálfsögðu, eins og hér hefur þegar fram komið og verið rakið af hálfu margra ræðumanna, að nú miðar okkur ekki nokkuð á leið heldur aftur á bak í þeirri viðleitni að hækka framlög til þessa málaflokks upp í það hlutfall af okkar þjóðartekjum sem

menn sömdu með sér hér á einni tíð. Við hljótum að harma það, eins og menn gera gjarnan hér á hinu háa Alþingi að harma hlutina þegar mönnum miðar aftur á bak eins og óneitanlegt er í þessu tilfelli. Það er nógu slæmt að una því að þjóðartekjur skerðist og framkvæmdagildi þess hlutfalls í krónum talið minnki þó það bætist ekki við að á sama tíma og þjóðartekjur hafa dregist saman komi til viðbótar skerðing á því hlutfalli af þessum sama stofni, þjóðartekjunum, sem um ræðir.

Ég er þeirrar skoðunar að það verði erfitt verk að ná upp í 2.4% í einum áfanga á einu ári hlutfallinu, jafnlágt og það virðist eiga að verða á þessu ári, árinu 1985, en sú leið er valin í þessari till. Ég geri því skóna að það stafi af því að vegna þeirrar miklu skerðingar sem verður á fjárveitingunum á þessu ári sé óhjákvæmilegt að binda þetta hlutfall við 2.4% þegar á næsta ári ef langtímaáætlunin sem slík eigi ekki að hrynja. Það er ekki síst á þeim grunni sem ég vil mótmæla þessu hlutfalli og þessari fjárhæð, sem á að verja í þetta í ár, því að ég tel að með því sé langtímaáætluninni stefnt í hættu og þeirri samstöðu sem um hana hefur náðst. Ég byrja á þessu, herra forseti, vegna þess að þetta skiptir auðvitað mestu máli í allri umfjöllun um vegamál og samgöngumál, þ. e. það atriði hversu miklum fjármunum við treystum okkur til að verja úr sameiginlegum sjóðum og af skattfé til þess að standa undir framkvæmdum í þessum efnum. Öll önnur umræða hlýtur að verða afleidd af þeirri staðreynd sem við göngum út frá í þessu efni.

Það var margt athyglisvert sem kom fram í ræðu hæstv. samgrh. Sérstaklega þótti mér fróðlegt að heyra ummæli hans um bundið slitlag og þær hugmyndir sem nú eru uppi um að leggja fjögurra metra breitt slitlag til að reyna að hraða því að fáfarnari vegir komist í varanlegt form með þessum hætti. Ég hef sjálfur verið áhugamaður um þetta og ekki síst vegna þess að mér sviður það að horfa á fjármunina rjúka út í loftið eins og þeir gera yfirleitt þegar gengið er frá nýjum vegum með því að vinna með ærnum tilkostnaði á þá efni; leir, mala ofan í hann grjót, blanda þessu saman og keyra síðan út. Fróðir menn halda því fram að munurinn á því að leysa þetta í eitt skipti á varanlegan hátt með bundnu slitlagi og hinu að keyra út unnið efni, sem ekki er bundið, sé sáralítill. Þeim mun blóðugra er að henda peningunum í þessi verk á þennan hátt, svo að ekki sé minnst á viðhald og annað sem inn í þetta spilar.

Ég birti það hér án ábyrgðar að einn af starfsmönnum vegagerðar úti á landi hefur fullyrt það við mig að þegar hann skoði þær tölur sem hann hefur undir höndum í þessu sambandi, þá sé kostnaður af þessari efnisvinnslu, mölun og útkeyrslu allt að 60—80% af því sem komast mætti af með við bundið slitlag fjögurra metra breitt. Sjá menn þá í hendi sér hversu ákaflega óhagstætt er að þurfa að halda áfram við þetta í svipuðum hlutföllum og verið hefur.

Ég hygg að það þurfi að koma verulega til skoðunar á næstu árum að breyta þessum hlutföllum og færa meira fé yfir í að ganga varanlega frá yfirborði veganna. Það mun skila sér á lygilega stuttum tíma, bæði vegna minna viðhalds og fleiri atriða svo að ekki sé nú minnst á afnotagildið og þjóðhagslegan sparnað í þessu sambandi.

En herra forseti. Sá kafli í ræðu hæstv. samgrh. sem vakti einna mesta athygli mína var kaflinn sem hann flutti um jarðgangagerð á Íslandi. Ég hef flutt hér á hinu háa Alþingi, sem nú starfar, þáltill. um þetta mál, sem sé þá, að unnin verði upp langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi og hún verði felld inn í aðra áætlunargerð um samgöngumál og vegamál. Ég leyfi mér að túlka ummæli hæstv. samgrh. í meginatriðum svo, að hann sé að verulegu leyti efnislega sammála þeirri till. Annað gat ég ekki heyrt á hans máli en hann teldi þörf á því að vinna slíka skipulagsvinnu og hafa hliðsjón af henni í framtíðinni. Ég fagna því að sjálfsögðu ef bæst hefur liðsmaður í hóp þeirra sem áður höfðu tjáð sig fylgjandi þessari till. og hann ekki af léttari endanum, sjálfur hæstv. samgrh. Ummæli hv. þm. Karvels Pálmasonar hnigu í sömu eða svipaða átt og ég fagna einnig þeim stuðningi.

Till. þessi hefur þegar gengið til nefndar og er þar væntanlega til vandlegrar yfirvegunar og unnið þar af röggsemi, eins og yfirleitt er í hinum háu stofnunum Alþingis. Ég vona að áður en þessi þáltill. um vegáætlun verður samþykkt takist að fregna af því hvernig till. minni miðar og hvaða horfur eru á því að fá hana samþykkta á því Alþingi sem nú situr.

Ég þarf ekki að rekja hversu brýnt er, að mínu mati, að fara í þessa vinnu. Samgrh. lýsti því sjálfur á hvaða stigi þetta væri í meginatriðum, þ. e. að búið er að gera lauslega könnun á kostum í þessu sambandi bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Talsvert meiri vinna hefur farið fram í sambandi við jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla. Ég held að þessi verkefni séu þannig á vegi stödd að kominn sé tími til þess að taka ákvarðanir af því tagi sem gert er ráð fyrir í till. minni, þ. e. að marka sér stefnu til að vinna út frá í þessum efnum. Það er til mikillar fyrirmyndar hvernig stefnumörkun hefur verið, að mínu viti, í þessum málaflokki, þ. e. í vegamálum, og ég á þar við gerð og samþykkt langtímaáætlunar, og væri betur að hið opinbera og hið háa Alþingi ynnu á svipaðan hátt á fleiri sviðum og næðu hliðstæðri samstöðu um verkefnaskiptingu og fjárveitingar og hér hefur gerst.

Jarðgangagerð og þau samgönguvandamál sem henni er ætlað að leysa á einstökum stöðum í landinu hlýtur að koma inn í þessa umr. Ég er þeirrar skoðunar, ég hef a. m. k. trú á því, að við Íslendingar séum það félagslega hugsandi að við getum náð saman um að leysa með sérstöku átaki vandamál þeirra byggðarlaga sem búa við alveg sérstakar aðstæður. Mér finnst það hljóti að vera keppikefli og markmið í sjálfu sér að koma öllu landinu, öllum byggðarlögum í sæmilegt ástand hvað þetta varðar áður en við förum að margfalda breiddir akvega og auka þægindi þeirra sem þegar búa að mörgu leyti við ágætar samgöngur þó að ég sé ekki að draga úr því að einnig þar þarf að halda framkvæmdum áfram. Ég held að fyrsta boðorðið í þessum efnum hljóti að vera að tengja byggðir landsins saman á þann hátt að það nýtist árið um kring.

Menn hafa talað mikið um það, sem er almenn trú í þessu landi, að jarðgangagerð sé alveg óhemju dýr, það sé nánast mannsmorð eða svipað og að nefna snöru í hengds manns húsi að tala um hana þegar verið er að fjalla um samgöngumál og fjárfestingar til þeirra mála og það sé óheyrilegt ábyrgðarleysi að gera því skóna að fjöllin verði boruð sundur og saman, eins og sumir orða það í mín eyru. Ég held að menn grundi þessar skoðanir sínar á ákaflega litlum rökum. Í öllu falli eru þau að

verulegu leyti úrelt. Það eru uppi breyttir tímar. Samgrh. vék nokkuð að því að breytingar hafi orðið með tilkomu nýrrar tækni og meiri þekkingar. Ég hef fullyrt úr þessum virðulega ræðustól og get gert það enn að ýmis þau vandamál sem við áttum við að stríða í brautryðjendastarfi okkar, þegar fyrst voru lögð hér jarðgöng sem eitthvað munar um, yrðu núna auðleysanleg með nýtilkominni tækni og það sé aldeilis ósannað að kostnaður við þetta verk sé ekki talsvert lægri en menn hafa haldið fram í blöðum og öðrum fjölmiðlum og jafnvel hér á hinu háa Alþingi. Það á að reynast létt verk að ganga sæmilega úr skugga um hver sé hinn raunverulegi tilkostnaður í þeim efnum. Það er t. a. m. verið að vinna að jarðgangagerð í sambandi við virkjanir og þar fæst reynsla og þar fæst viðmiðun um það hvernig þessum verkum miðar við alíslenskar aðstæður. Ég held að það gangi vel. Þær fréttir sem ég hef þaðan eru þær að þrátt fyrir að byrjað hafi verið við mjög erfiðar aðstæður og vitað hafi verið fyrir að a. m. k. fyrsti hluti jarðganganna við Blöndu yrði í erfiðu bergi hafi gengið bærilega að leggja göngin. Það sannar ágæti hinnar nýjustu tækni. Það hefur gengið áfallalítið og án meiri háttar óhappa að vinna við göngin sem kallast vel að staðið við þær erfiðu aðstæður sem þar eru, eins og ég vék að.

Ég er ásamt öllum öðrum þm. Alþb. flm. að brtt. við þessa þáltill. þar sem við leggjum til að fjárveitingar til nýframkvæmda verði hækkaðar. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Við gerum þetta, eins og ég áður sagði, m. a. vegna þess að við höfum ekki trú á því að hlutfallið fari upp á við, ef menn leyfa sér að fara jafnneðarlega á þessu ári og áformað er, og því sé betra að reyna að taka jafnari skref auk þess sem framkvæmdagetan á þessu ári líður stórlega fyrir það ef þetta hlutfall verður látið fram ganga.

Ég hef á því fullan hug og kann að skoða hug minn um að flytja þess utan brtt. við þau þrjú síðari ár sem hér eru til meðferðar, þ. e. árin 1986—1988, og þær mundu þá hníga í þá átt að taka ákveðna fjárhæð af þeim 2.4% sem áformað er að verja af þjóðartekjum til þess að hraða hinni svonefndu Ó-vegaáætlun og ýta undir möguleika á því að hefja samfellda vinnu við að leysa vandamál þeirra byggðarlaga sem horfa til jarðgangagerðar í þessu sambandi. Það er a. m. k. von mín að með því að stilla þeim verkum þannig upp, eins og ég hef gert tillögur um í áðurnefndri þáltill., megi takast að efna til samstöðu um þann verkaflokk og um að verja einhverju ákveðnu hlutfalli í þessu skyni. Það þarf ekki að vera hátt. Ég hygg að 0.1% af þessum 2.4% dygðu til þess að halda uppi nokkurn veginn samfelldri áætlun um jarðgangagerð og halda úti einum vinnuflokki allt árið í þessum efnum. Ég hygg að það væri raunhæft markmið í sjálfu sér að setja upp að eitt gengi og ein vélasamstæða ynni sem mest samfellt við slíka áætlun. Ef þetta væri gert skv. samþykktri langtímaáætlun sæju menn þó að eitthvað miðar áfram og þá væru menn líka búnir að semja um ákveðna framkvæmdaröð og þyrftu ekki að karpa um hver kæmi öðrum framar. Með því móti mundu menn ekki stíga skóinn hver niður af öðrum, heldur leggjast allir saman á það að ýta verkinu áfram. Þannig vildi ég helst sjá þetta gerast, herra forseti. Það kemur að því að ég legg slíka till. fram.

Það þarf ekki að fara um það orðum hér hversu mikilvægur málaflokkur það er sem við höfum til umfjöllunar í hálftómum sölum virðulegs Alþingis þar sem eru vegamál og samgöngumál. Á það verður þó aldrei of oft lögð áhersla, að mínu viti, að þau mál eru eitt þýðingarmesta atriðið hvað varðar jafnan rétt og jafna aðstöðu íbúanna í þessu landi, þ. e. að gera samgöngur sem víðast á landinu sem jafnbestar, því að fátt hefur meiri áhrif á þróun mannlífs og athafnalífs í byggðarlögum en einmitt samgöngurnar þangað. Það þekkja þeir sem búið hafa í afskekktum byggðarlögum, sem búa við skertar samgöngur, alla þá gífurlegu erfiðleika sem það skapar og þau miklu áhrif sem það hefur á allt mannlíf. Ég held að nú á dögum uni fólk því hreinlega ekki til lengdar að búa við mjög lakar samgöngur. Maður finnur ákaft fyrir því t. d. í byggðarlögum eins og Ólafsfirði, þar sem við sérstök vandamál er að etja af þessu tagi, að samgönguerfiðleikarnir liggja eins og köld hönd á allri framþróun í þeim byggðarlögum og bættar samgöngur eru gjarnan það framfaramál sem íbúar þar nefna númer eitt, aðspurðir um hvað þeim megi nú helst til framdráttar og bjargar verða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek það að ég, eins og við gerum gjarnan sem heitum þessu nafni, harma að hlutfallstalan hefur lækkað svo mikið. Ég vona að brtt. okkar þm. Alþb. fái hér sem víðtækastan stuðning.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umr. mikið, enda er langt á hana liðið og fáir viðstaddir eins og þm. hafa komið að í ræðum sínum. Það er áreiðanlega af sem áður var, en það voru gamlir og reyndir þm. sem tjáðu manni að vegamálin væru ein þau heitustu mál sem til umræðu kæmu í þingsölum, væri þá sama hvort það væri í umr. í þinginu eða í þingflokkum. En það gefst tækifæri til að ræða þessa áætlun síðar við 2. umr. hér í hinu háa Alþingi.

Það hefur verið komið að því hér að gildi vegagerðar væri mikið, þetta væri mikilvægur málaflokkur. Ég tek undir það. Gildi vegagerðar fyrir atvinnulífið í landinu er ótvírætt og vegagerð skiptir miklu máli fyrir mannleg samskipti og félagslíf í hinum dreifðu byggðum. En þó að þetta sé mikilvægur málaflokkur er þetta ekki sá eini sem mikilvægur er í landinu. Ýmis þörf og góð mál hafa orðið að þola niðurskurð í þeirri stöðu sem þjóðarbúið er. Þessi niðurskurður var óhjákvæmilegur, en að sjálfsögðu munum við reyna að vinna okkur út úr þessum vanda og auka framlög til vegagerðar á ný.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt í sambandi við jarðgangagerð og fagna því að samgrh. skuli hafa tekið þau mál sérstaklega til umr. í ræðu sinni. Ég vil taka undir það að nauðsynlegt er að gera áætlanir til langs tíma í þessum málaflokki, gera sér grein fyrir að hverju skuli stefnt þannig að hægt sé að hefja af fullum krafti undirbúning í þessum efnum. Þetta eru dýrar framkvæmdir, þetta eru framkvæmdir sem útheimta sérhæfingu í tækjum og vinnubrögðum. En ekkert mundi breyta aðstöðu einstakra byggðarlaga meira en að átak væri gert í þessum efnum, færa byggðarlög meira saman og skapa stærri heildir. Það mundi verða alger bylting og er hægt að nefna ótal dæmi því til sönnunar í hinum ýmsu landshlutum, en ég læt það liggja á milli hluta að sinni.

Ein ástæðan til þess að ég tók til máls við þessa umr. er að hér var komið aðeins inn á útboðsmálin og útboð

Vegagerðarinnar. Ég er einn af meðflm. þáltill. um þetta efni. Ég tel að full þörf sé á slíkri könnun sem þáltill. kveður á um og slík úttekt væri gott innlegg inn í þá umr. sem nú er um málið. Það er heit umr. um þessi mál á landsbyggðinni. Ég er ekki með því að segja að útboðin séu af hinu vonda né að ástæða sé til að leggja þau niður, það er langt í frá. Hins vegar er þörf á því að móta ákveðnar reglur um þessa miklu breytingu sem hefur verið á framkvæmdum Vegagerðarinnar, ákveðnar reglur sem tryggja að ákveðinni þjónustu sé haldið uppi á landsbyggðinni og verði til þess að þessi gildi þáttur, sem verið hefur í atvinnulífinu og byggist á vörubílaútgerð og vinnuvélaútgerð, haldist. Þar með er ég ekki að segja að engin breyting þurfi að verða í þessum málum. Þessir aðilar þurfa kannske að skipa sér í stærri heildir, breyta hjá sér skipulaginu, en um útboðin þarf að móta ákveðnar reglur. En ég ætla ekki að ræða þetta meira að sinni, enda gefst tækifæri til þess þegar þáltill., sem hér um ræðir, kemur til umr.

Það mætti ræða lengi um skiptingu vegafjár milli kjördæma. Menn hafa sjálfsagt sínar athugasemdir við skiptinguna, en ákveðnar reglur þar um eru í gildi sem menn hafa sætt sig við þó allir vilji að sjálfsögðu meira og verkefnin séu næg alls staðar. Þessar reglur verða endurskoðaðar og munu þá menn koma sínum sjónarmiðum á framfæri í tengslum við endurskoðun þeirra. En um vegaféð, sem rennur til einstakra kjördæma, má segja að yfirleitt hefur verið góð samstaða meðal þm. um skiptingu þess þó að því miður hafi ekki allir þm. Austurl. staðið að skiptingunni eins og hefur komið hér fram. En ég get lýst því yfir að ég mun reyna að hafa góða samstöðu um þetta efni og fagna yfirlýsingum hv. 2. þm. Austurl. um það efni hér áðan og veit að samstaða þorra þm. Austurlands verður góð eins og hingað til. Ég vona að við megum allir fylgjast að nú þó að ég þori ekki að spá neinu um það á þessu stigi.

Ég vil ljúka máli mínu nú því að ég ætla ekki að vera langorður við þessa umr., eins og ég segi gefst tækifæri til að ræða þessi mál nánar síðar. Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka Vegagerðinni fyrir ágæta vinnu og taka undir þær þakkir til hennar sem fram hafa komið hér. Ég held að vinnubrögð í áætlanagerð og ýmsum framkvæmdum séu um margt til fyrirmyndar og vonast eftir að hafa við þá góð samskipti. Ég vil einnig þakka hæstv. samgrh. fyrir fróðlega og ágæta framsöguræðu um þetta mál áðan.

Magnús Reynir Guðmundsson: Herra forseti. Maður hefur á tilfinningunni að maður sé að fremja einhvern glæp með því að lengja þessa umr. umfram það sem orðið er, en það verður þá bara að hafa það. Það er kannske dæmigert að hér sitji eftir í salnum með örfáum undantekningum þm. landsbyggðarinnar, þm. þeirra kjördæma sem búa við samgöngur sem ekki eru fullnægjandi. Aðrir þm. eru víðs fjarri, þm. höfuðborgarinnar, með örfáum undantekningum, ég ítreka það, og þm. nærliggjandi kjördæma. En þetta sýnir okkur að þannig er nú komið að vegamál, samgöngumálin, snerta ekki alla íbúa landsins jafnt, þau gera það ekki, engan veginn. Þess vegna sitja menn ekki við sama borð þegar verið er að ræða um mikilvægi samgangna.

Í ágætum texta segir: „Vegir liggja til allra átta.“ Það er vissulega rétt að vegir liggja til allra átta frá höfuðborginni, frá höfuðborg okkar, Reykjavík, sem við eigum öll og þurfum öll að sækja svo mikið til. Við höfum ekki efni á því að eiga margar höfuðborgir. Við þurfum að sækja gífurlega mikla og margvíslega þjónustu til höfuðborgarinnar. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að komast til hennar á öruggan og fljótlegan hátt ef því er að skipta.

Ég vil að samgöngumálin séu rædd í samhengi, að menn ræði um vegamál, ferðalög á sjó og í lofti í sömu andránni. Nauðsynlegt er að menn átti sig á því hvaða samgöngumöguleikar það eru sem þjóna best hverju byggðarlagi. Við vitum að Herjólfur þjónar Vestmannaeyjum og það er hægt að komast með Akraborginni upp á Akranes. Þetta á við í þessum tilfellum, að nota sjóleiðina. Við vitum líka að ýmsir staðir búa við öruggar eða öruggari flugsamgöngur en aðrir. En ýmis byggðarlög og ýmsir landshlutar búa við lakastar samgöngur, m. a. Vestfirðir. Ég geri ráð fyrir að svipað eigi við um Austfirði og Norðurland. (Gripið fram í.) Já, kannske fleiri kjördæmi.

Hér er til umfjöllunar vegáætlun fyrir árin 1985—1988. Menn hafa nú hver um annan þveran þakkað samgrh. fyrir ágæta ræðu hér áðan. Ég held að ég fari ekkert að þakka honum sérstaklega fyrir þetta. Ræða hans kom mér ekki á óvart. Hann hefur verið ötull fulltrúi landsbyggðarinnar allt frá því að ég man eftir og verður það vonandi áfram. Ég held að hann skilji betur en margir aðrir þau vandamál sem við er að etja í erfiðum kjördæmum.

Ég harma það að sjálfsögðu að ekki hefur tekist að standa við þá áætlun, sem samþykkt var og upp hefur verið sett, að verja 2.4% af þjóðarframleiðslu árlega til þessara mála. Hitt er svo á að benda að það er samdráttur í þjóðfélaginu á þessu ári og það hefur verið samdráttarskeið sem við höfum verið að sigla í gegnum núna. Þess vegna er ekki við því að búast að samgöngumálin fái það sem þau hefðu ella fengið af þjóðarkökunni.

Mig langar aðeins að fjalla hér um örfáa þætti og skal ekki vera mjög langorður, herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa því yfir að ég tel að Vegagerðin verði að fá tækifæri til að fylgjast með framvindu mála í sambandi við jarðgangagerð. Það er framtíðin, það er ekki hægt að tengja ákveðin byggðarlög saman á fullnægjandi hátt nema með jarðgöngum. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að unnið verði að þessum málum, þau verði ekki látin liggja í láginni, heldur verði unnið markvisst að því að þegar kemur betri tíð með blóm í haga og þegar Íslendingar verða betur í stakk búnir til að leggja meira fé til vegamála verði unnið að vegamálum þannig að þar sé um nokkuð varanlega lausn að ræða. Þess vegna legg ég til að á meðan ekki eru til peningar til þess að ráðast í sjálfa framkvæmdina verði þessi mál undirbúin þannig að hægt verði að hefjast handa strax og aðstæður leyfa. Við hljótum að búa yfir þeirri tækniþekkingu sem þarf nú þegar. Sérstaklega vitna ég þar í framkvæmdir við virkjanir. Við getum því ráðist í jarðgangagerð þegar aðstæður leyfa.

Samgöngurnar eru forsenda framgangs annarra mikilsverðra mála, þau eru grunnurinn að svo mörgu. Við skulum taka heilbrigðismálin. Heilbrigðismál verða ekki í góðu horfi nema samgöngumálin séu það líka. Atvinnumál og félags- og menningarmál ýmiss konar verða heldur ekki í góðu horfi nema samgöngumálin séu í góðu horfi. Þessi óvenju mildi og góði vetur, sem

við höfum upplifað núna, hefur fært okkur heim sanninn um það hversu mikilvægt það er að menn komist á milli staða, hversu mikilvægt það er að menn geti blandað geði og hist og hvað það er mikils virði að hafa öruggar og góðar samgöngur á milli staða.

Það hefur verið rætt hér um útboð verka. Það er mín persónulega skoðun að þegar um stór verkefni er að ræða sé rétt að huga að þessari leið. Við sáum að þegar vegargerðin undir Ólafsvíkurenni var boðin út kom fram mjög hagstætt tilboð sem sparaði geysilega mikið fé miðað við þær kostnaðaráætlanir sem Vegagerðin hafði gert í sambandi við þetta verk. Nú skal ég ekki um það segja hversu áreiðanlegar kostnaðaráætlanir Vegagerðarinnar hafa verið í þessu sambandi, hvort þær hafa m. a. tekið mið af því ástandi sem ríkti í framboði á verkefnum á þeim tíma sem útboðið fór fram. En mér sýnist að það sé augljóst mál að þarna hafi sparast verulegir fjármunir. En ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að bjóða þurfi verkin út í smærri einingum þannig að heimamönnum, sem mikið hafa verið hér til umræðu í sambandi við útboðin, gefist kostur á með sínum takmarkaða tækjakosti að bjóða í þessi verk.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast örfáum orðum á áætlun sem gerð var í samgöngumálum Vestfjarða fyrir þó nokkuð mörgum árum, svokallaða Vestfjarðaáætlun. Það er gaman að vitna í það að hæstv. forseti, Þorv. Garðar Kristjánsson, átti þar stóran hlut að máli. Þessi áætlun, sem hrundið var í framkvæmd, skipti sköpum á þeim tíma í samgöngumálum Vestfjarða. Mér er spurn og beini því til hæstv. samgrh. hvort ekki sé tilhlýðilegt að huga að slíkri áætlanagerð í sambandi við samgöngumál okkar Íslendinga almennt. Eigum við ekki aðgang að einhverri aðstoð, einhverri erlendri aðstoð, t. d. frá vinum okkar og frændum á Norðurlöndum sem ekki vita aura sinna tal, t. d. Norðmönnum, í sambandi við þessi mál? Ég tel það mjög athugandi að ráðast í slík stórverkefni sem skipt geta sköpum í sambandi við framtíð byggðar í landinu öllu.

Nú veit ég það mætavel og held að þeirri skoðun vaxi nokkuð fylgi að það séu ýmsir landshlutar sem ekki sé arðandi upp á í þessum efnum, m. a. Vestfirðir, þar sé mannlíf á þann veg að það sé aumkunarvert að búa á því landsvæði. Það kann að vera að það sé ekki meiri hluti þjóðarinnar sem hefur þessa skoðun. Eitt er víst að á Vestfjörðum býr fólk sem unir hag sínum býsna vel og vill búa þar. En að sjálfsögðu má betrumbæta aðstæður þessa fólks þar og annars staðar vítt og breitt um landið. En það þarf að hugsa stórt í þessum efnum, það þarf að leggja drög að því að tengja byggðirnar saman, eins og ég gat um hér fyrr í ræðu minni, þannig að fólkið geti betur unað þar saman. Fjöllin aðskilja fólkið í þessum landshluta eins og fleirum og það þarf að koma fólki í samband hverju við annað. Ég vildi aðeins gera þetta að umræðuefni hér og beina því til ráðamanna þjóðarinnar að þeir hugsi nú stórt í þessum efnum og reyni að leggja drög að því að ráðist verði í verkefni sem skipt geta sköpum í sambandi við byggð fólksins í landinu öllu.

Maríanna Friðjónsdóttir: Herra forseti, virðulega rest af þingheimi. Ég ætlaði nú reyndar bara að sitja hér og hlusta á þessi fróðlegu erindi, sem fram hafa gengið af munnum þm., en ég gat ekki á mér setið þar sem hv. 5. þm. Vestf. Magnús Reynir benti réttilega á að það er orðið fátt um fulltrúa þéttbýlis hér. Mér finnst náttúrlega hörmulegt að það þurfi að benda á slíkt og leiðinlegt að haldið sé áfram að draga landsmenn í tvo flokka, annars vegar þéttbýli og hins vegar dreifbýli, þar sem sérstaklega er hér um að ræða sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar, hvar á landinu sem hún býr, því að þeir fjármunir sem lagðir eru í aukin framlög til vegagerðar hljóta alltaf að skila sér til baka. Má m. a. benda á minni varahlutakostnað sem fylgir því að aka á betri vegum.

Það er ágætt til þess að vita að hér skuli hafa verið lögð fram langtímaáætlun eða a. m. k. til næstu ára. Hins vegar er það leitt að ekki skuli vera hægt að eyða hærri prósentu af þjóðartekjum til þessara mála, því að bílaeign hefur aukist talsvert undanfarin ár og sér ekki fyrir endann á þeirri aukningu en hún hlýtur að hafa það í för með sér að þunginn á þjóðvegakerfinu vex.

Hér hefur verið minnst á nokkur atriði og ætla ég ekki að fara að tína þau hvert og eitt til, en vil gjarnan benda á varðandi hugmyndir um jarðgangagerð að það þarf ekki að leita langt, því að frændur vorir Færeyingar munu vera afskaplega natnir við slíkar framkvæmdir og mætti kannske læra ýmislegt af þeim. Ég vildi bara benda á þetta.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka öllum þeim þm. sem til máls hafa tekið fyrir þeirra innlegg í þessar umræður. Mér er alveg ljós óánægja manna með framlag til vegamála á þessu ári. En það er í framhaldi af afgreiðslu fjárlaga sem sú uppstilling er með þeim hætti sem þessi vegáætlun gerir ráð fyrir.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Vestf. spurði um, honum fannst ég taka eitthvað hóflega til orða eða óskýrt, vil ég taka það fram að þetta er till. til Alþingis, till. sem ég legg fram með samþykki ríkisstj. Og þegar Alþingi hefur samþykkt till. þá er hún orðin samþykkt Alþingis þar með. Og þá skulum við vona að við getum öll skilið málið.

Ummæli hv. 2. þm. Austurl. harma ég nú í fyrsta lagi af því að ég er orðinn svo gamalreyndur þm. Og þó að þm. Vestf. hafi stundum dálítið hátt hér í þingsölum, aldrei mjög hátt, en dálítið, þá hafa þeir alltaf náð saman í sambandi við skiptingu á vegafé. Við þyrftum því e. t. v. að fara að lána þarna austur a. m. k. einn og einn til þess að koma þessu saman fyrir þá. En út af því sem sami hv. þm. sagði um þetta mikla stökk í vegáætlun til fjögurra ára, úr 1650 millj. í 2430 millj. á næsta ári, síðan 2480 árið 1987 og 2530 millj. árið 1988, þá gerði nú till. til þál., sem lögð var fram snemma árs 1983, ráð fyrir útgjöldum samtals upp á 972 millj. á árinu 1983 að viðbættri 51 millj. til Ó-vega, en stökkið var upp í 1507 millj. 1984 og síðan 1603 og svo 1634, svo að þeir kunnu nú að stökkva líka sem studdu ríkisstj. á undan.

En það er eitt enn verra við þá till. heldur en þessa. Í þeirri till. var gert ráð fyrir tekjustofni upp á 125 millj. 1983 sem átti að hækka í 175 millj. 1984 og framhald 1985 og 1986. En úr þessum tekjustofni varð ekki neitt, eins og menn muna, því að þessi þáltill. hlaut aldrei samþykki Alþingis. Hins vegar var mikið flautað hér úti fyrir þinghúsinu. Hér voru flestir langferðabílar landsins komnir og flautuðu allir í einu. Það féll því í minn hlut að taka við óformlegri vegáætlun, þar sem vantaði

jafnviðamikinn tekjustofn eins og þennan, og koma henni áfram. Og það tókst á árinu 1983. Og ég get alveg sagt það hér, án þess að bera neinn kinnroða fyrir því, að það voru uppi miklu, miklu róttækari niðurskurðarhugmyndir en þessi áætlun ber vitni. Ég tek þess vegna ekki undir það sem einhver þm. sagði hér áðan að ég hafi orðið undir. Ég vann þó nokkurn varnarsigur.

Ég minni á í sambandi við tal manna hér um útboð að við eigum að fara eftir lögum um skipan opinberra framkvæmda sem gera ráð fyrir útboðum. Og það er nú þetta sem verið er að leitast við að gera eins og allir vita. Hér hefur Vegagerðin fengið mikið hrós frá þm. almennt og það á hún að mínu mati skilið. Vitaskuld eru Vegagerðinni oft mislagðar hendur eins og öllum öðrum stofnunum og okkur öllum einstaklingum, því að það er enginn okkar fullkominn. En Vegagerðin hefur það fram yfir margar aðrar stofnanir að hún hefur haft alveg sérstaklega góða samvinnu við þingið og góða samvinnu við rn. og mjög góða samvinnu, miðað við allar aðstæður, við almenning í landinu. Það sem ég tel afar mikils virði hjá Vegagerðinni er það að forráðamenn hennar eru allir inni á því að auka þessi útboð og það hefur verið gert. En svo eru aftur aðrar stofnanir sem eru mjög á móti útboðum og hafa hreinlega dregið fæturna í sambandi við útboð af því að þær hafa sjálfar viljað vera með allar framkvæmdir innan sinna marka. En þetta er að breytast sem betur fer.

Hér hefur verið talað mikið um fjarvistir og ég harma það að þegar rædd eru jafnmikilvæg mál eins og vegáætlun, sem er drög til fjögurra ára, þá skuli heilu flokkarnir vera fjarverandi. En mér finnst líka töluvert atriði að það sést ekki einn einasti fjölmiðlamaður. Hún hefur verið auð stúkan allan tímann þarna hjá þeim. (**HS:** Þeir hafa ekkert gaman af þessu.) En ef hér væri eitthvert sjónarspil þá væri kominn sjónvarpsbíllinn með allan útbúnað og ljósagangur hér inn í salinn. Bara að hringja, þá koma þeir. Ég vildi segja þetta til þess að fá þetta inn í þingtíðindi því að ég tel að fjölmiðlum veiti ekki af að fá einstaka sinnum smá-áminningu. Og hún hefði mátt vera töluvert harðari. En ég læt þetta nægja.

Varðandi fsp. hv. 5. þm. Vestf. um það hvort hugsanleg sé aðstoð annars staðar frá er auðvitað ekki hugsanleg nein aðstoð. Stærsta átakið sem gert var í samgöngumálum almennt var Vestfjarðaáætlun á sínum tíma. Það hefur ekki verið gert annað eins átak eins og þá var gert og náði til þriggja greina samgangna, eins og ræðumaður gat um. Hann nefndi vegamál og hafnamál. Hún náði einnig til flugvalla, tveggja flugvalla. Það eru auðvitað möguleikar á að fá erlend lán. En það eru ekki möguleikar á auknu fjármagni hér innanlands eins og fjármagnsmarkaðurinn er. Það eru m. ö. o. möguleikar á lánum, ekki á aðstoð. Hins vegar hef ég nú bara ekki tíma til að ræða norræna aðstoð. Þá færi ég að minnast á hið fræga síðasta Norðurlandaráðsþing, en þar hefur maður kannske ýmsar athugasemdir að gera. En ég býst nú við því að ef menn vildu hlusta á í alvöru sæju þeir að það er hagkvæmt fyrir þjóðarheildina að taka lán til vegagerðar. Ef menn vilja meta og vega það sem ég sagði í minni frumræðu hér í kvöld að væri hagnaður í fyrir þjóðfélagið, þá er ég ekkert hræddur við að taka erlend lán til nýbyggingar vega. Ég er auðvitað á móti því að taka erlend lán til viðhalds vega. Það eigum við að geta gert með innlendu fjármagni. Og ég er líka á móti því að taka erlend lán til þess að éta þau út. En þar sem við getum sparað gjaldeyri, þar sem við getum innleitt sparnað, þar eigum við ekkert að hika við að taka lán. Það eru aftur sumir menn sem telja að ef farið sé yfir eitthvert ákveðið mark í erlendum gjaldeyri þá muni eyjan sporðreisast. Ég er ekki einn af þeim mönnum sem hafa þetta að trúaratriði, alls ekki. Ég er fjarri því að vera það.

Ég endurtek svo þakkir mínar til allra þeirra sem hér hafa talað, síðast en ekki síst til vegamálastjóra og verkfræðinga Vegagerðarinnar fyrir ágæta samvinnu bæði við gerð þessarar áætlunar sem og allt annað samstarf sem ég hef átt við þá, bæði sem þm. um langan tíma og sem ráðh. samgöngumála.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tek undir með hæstv. ráðh. um fjölmiðlana alveg sérstaklega og þátt þeirra í fréttamati á störfum þingsins almennt. Það er mjög undarlegt, svo að ekki sé meira sagt, að þau mál sem skipta kannske mestu máli hér *týnast yfirleitt hjá þeim fjölmiðlum sem helst ættu að* halda þeim á lofti. Á ég þar við ríkisfjölmiðlana alveg sérstaklega þó að vissulega séu blöðin einnig sek um það. Og það er auðvitað alveg lýsandi um það að vafalaust hafa þessir ágætu menn hugsað sem svo: Ja, það verður bara vegáætlun hér á eftir og ekkert annað. Þar af leiðandi er okkur óhætt að fara heim.

Já, hæstv. ráðh. undirstrikaði það sem ég sagði hér í ræðu minni að það væru trúlega kosningar fram undan, því að hann fór út í mjög mikla samlíkingu við árið 1983 og skaut þar óspart á hæstv. forsrh., fyrrv. samgrh., um það hvernig hann hefði stokkið þar á milli ára, 1983 og 1984. Ég ætla ekki að fara að taka þann hæstv. ráðh. í forsvar. En ég hélt einfaldlega að hæstv. ráðh. og flokkur hans hefði ætlað að gera stórum betur í vegamálum í heild sinni. Þeir sögðu það a. m. k. þá að þeir ætluðu að gera betur. Og ekki hefði ég nú í sporum hæstv. ráðh. farið að tala um óafgreidda vegáætlun 1983 og tekjustofn sem ekki hefði verið samþykktur, því að ekki átti hans flokkur minnstan þátt í því að ekki tókst að afgreiða það mál þá. Þeir áttu raunar aðalsökina, eins og öllum er kunnugt, á því að frá þeim málum var ekki gengið.

Ég ætla aðeins að minna á það hins vegar að 1983, ef menn vilja fara út í samanburð þar, átti prósentan að vera 2.2%. Hún var þá rétt 2%. Það vantaði sem sagt á 0.2% varðandi hlutfall af þjóðarframleiðslu. Það var síðasta árið sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Árið 1984, fyrsta ár núv. ríkisstj., átti prósentan að vera 2.3% af þjóðarframleiðslu en varð rúmlega 2% og vantaði því 0.3% þar upp á. Nú, skv. áætlun 1985 og síðustu þjóðhagsspá þá vantar upp á 0.6%, ætti að vera 2.4 en er 1.8%, eða nær 1.8%. Þetta held ég að séu óyggjandi tölur og segja meira en mörg orð um það hvað 1985 er neðarlega í samanburði og réttilega hvað illa hefur nú verið farið með hæstv. samgrh. í núv. ríkisstj. í þessu máli, m. a. vegna þess að sumir ráðh. þar hafa hin undarlegustu trúaratriði, eins og hann vék réttilega að í máli sínu hér síðast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 27. mars 1985, kl. 2 miðdegis.

Sementsverksmiðja ríkisins, frv. 382. mál (þskj. 611). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins sem er að finna á þskj. 611. Í rúman fjórðung aldar hefur íslenska ríkið átt og rekið sementsverksmiðju á Akranesi. Það er skemmtileg tilviljun að þegar notkun sements hófst hérlendis um 1880 var það einmitt á Akranesi, að talið er, sem sement var fyrst notað við gerð prestsseturshúss að Görðum. En fyrsta húsið, sem byggt var hérlendis úr steinsteypu eingöngu, var reist uppi í Borgarfirði árið 1897. Það var í Sveinatungu í Norðurárdal.

Í lok heimsstyrjaldarinnar, á árinu 1945, var ársnotkun hérlendis á sementi orðin um 43 þús. tonn. Hafði notkunin þá tvöfaldast á 15 árum og fór notkun sements ört vaxandi úr því. Hugmyndin um byggingu sementsverksmiðju fékk þess vegna byr undir báða vængi.

Veturinn 1946 réði ríkisstj. Harald Ásgeirsson efnaverkfræðing til þess að kanna skilyrði til framleiðslu sements hér á landi. Skilaði hann skýrslu um það efni í apríl 1946. Á árinu 1947 var svo flutt frv. á Alþingi um slíka framkvæmd. Varð það að lögum 1948. Þau lög eru í eðli sínu einungis heimildarlög fyrir ríkisstj. til þess að láta byggja sementsverksmiðju. Eru þau að meginstofni enn í gildi og má segja að orðið sé tímabært að setja varanlega löggjöf um verksmiðjuna, hlutverk hennar, rekstur og stjórnun.

Árið 1949 var skipuð nefnd þriggja verkfræðinga undir forustu dr. Jóns E. Vestdal til þess að undirbúa byggingu verksmiðjunnar. Nefndin lauk störfum það ár og skipaði þáv. atvinnumálaráðherra sama ár fyrstu stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Næstu ár var unnið að undirbúningi og rannsóknum vegna verksmiðjunnar. Var henni valinn staður á Akranesi. Bygging verksmiðjunnar hófst árið 1955 og lauk á árinu 1958. Vígsla hennar fór fram 14. júní það ár. Mestur hluti byggingarframkvæmdanna fór fram á árunum 1956 og 1957 og var það mikið átak að ljúka við þetta mikla mannvirki á svo skömmum tíma. Öll byggingarmannvirki voru hönnuð innanlands hjá Almenna byggingarfélaginu, en vélbúnaður og tæknileg hönnun var fengin hjá fyrirtækinu F. L. Smidth í Kaupmannahöfn. Verksmiðjan var hönnuð fyrir 75 þús. tonna framleiðslu á ári. Kostaði verksmiðjan á verðgildi ársins 1958 um 120 millj. kr. og var hún öll fjármögnuð með erlendum lánum.

Það er rétt að það komi fram hér að eigandi verksmiðjunnar, ríkissjóður, hefur aldrei lagt henni til fé. Allt, sem frá ríkissjóði hefur komið, er niðurfelling á tolli að fjárhæð 120 þús. kr. og var þó reyndar ágreiningur um hvort sá tollur væri löglegur. Allt frá byrjun starfsemi Sementsverksmiðjunnar má segja að framleiðslan hafi gengið mjög vel. Hefur Sementsverksmiðjan framleitt árlega að meðaltali um 100 þús. tonn af sementi úr eigin sementsgjalli. Frá upphafi hafa verið framleiddar tvær gerðir af sementi, venjulegt Portlandssement og svo hraðsement. Árið 1959 hófst framleiðsla á þriðju tegundinni sem nefnd hefur verið Faxasement og er notuð í efnismiklar steypueiningar. Íslendingar nota sement einna mest allra þjóða miðað við hvern íbúa. Þeir voru t. d. í öðru sæti á eftir Sviss árið 1960 og í þriðja sæti árið 1966, svo dæmi séu tekin.

Framleiðslan í verksmiðjunni var þó meiri en notkunin innanlands fyrstu árin. Breyting varð á þessu fyrir miðjan sjöunda áratuginn er salan fór árlega upp fyrir 100 þús. tonn nokkur ár í röð.

Þegar leið á áttunda áratuginn jókst salan mjög mikið og varð þá að flytja inn gjall til þess að anna innanlandsþörfinni. En sement hefur reyndar líka verið flutt út. Þegar notkun sements minnkaði hér mjög á árunum 1960 til 1962 átti verksmiðjan við mikinn vanda að stríða. Kom þá upp sú hugmynd að reyna að finna íslenska sementinu markað erlendis. Margir voru vantrúaðir á að það tækist. Leitaði verksmiðjan sjálf markaðs og að honum fundnum á Bretlandseyjum gerði verksmiðjustjórnin undir forustu stjórnarformannsins Ásgeir Péturssonar sölusamninga. Sementið var svo flutt út sekkjað og fóru 51 þús. tonn til Bretlandseyja. Fram kom að þótt sementsverðið væri lægra en á heimamarkaði var fjárhagslega betri kostur að selja framleiðsluna þannig úr landi en að stöðva rekstur verksmiðjunnar. Verðið svarar rúmlega til breytilegs kostnaðar. Auk þess fékkst við þennan útflutning margháttuð dýrmæt reynsla og staðfesting á gæðum framleiðslunnar. Síðar voru flutt út 10 þús. tonn af gjalli til Danmerkur. Þessir flutningar á sementi sköpuðu líka verðmæt verkefni fyrir íslenskar siglingar sem lægð var í á þeim árum.

Þegar Sementsverksmiðjan hóf rekstur 1958 var talið að sementið, sem hún framleiddi, væri svipað að gæðum og sement sem framleitt var í nágrannalöndum okkar. Kemur þetta m. a. fram í því að sementið, sem flutt var til Bretlandseyja á árunum 1961—1963, stóðst allar gæðakröfur þær sem byggðar voru á breskum rannsóknum. Um 1970 kom fram hörð gagnrýni á gæði íslenska sementsins hérlendis, en þessi gagnrýni var einatt, eins og reyndar þekkist oft og tíðum gagnvart íslenskum iðnvarningi, ósanngjörn eða þá hreinlega á misskilningi byggð. Það er að vísu rétt að styrkleiki íslenska sementsins breyttist ekki að ráði á sjöunda áratugnum þegar framfarir urðu hins vegar töluverðar á því sviði í nágrannalöndunum. Þau eru vissulega leiðandi í sementsframleiðslu í heiminum og ekkert undarlegt við það að íslenska framleiðslan væri nokkuð á eftir á þessum tíma.

Hvað alkalíinnihald snerti voru það hin sérstæðu íslensku hráefni sem voru orsökin og gagnstætt því, sem gagnrýnendur héldu fram, var ekki raunverulegur möguleiki að breyta þessu að neinu ráði þá. En á þessum tíma var þegar hafin vinna til þess að bæta gæði íslensks sements. Rannsóknir á vegum steinsteypunefndar, sem framkvæmdar voru á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, hófust árið 1967. Þeim var í fyrstu mest beint að alkalírannsóknum. Sementsverksmiðjan var aðili að steinsteypunefnd allt frá byrjun.

Árin eftir 1970 hófust markvissar aðgerðir í Sementsverksmiðjunni til að bæta gæði sementsins. Þessar aðgerðir voru að hluta byggðar á framangreindri framþróun sementsgæða erlendis frá en aðallega þó á niðurstöðum rannsókna hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Er nú svo komið að allar líkur eru á því

að íslenska sementið standi jafnfætis sambærilegum erlendum tegundum að styrkleika, en svo virðist það hafa fengið ýmsa aukakosti fram yfir erlent sement, sérstaklega eftir að járnblendirykinu frá Grundartanga var blandað í hið íslenska sement.

Það væri vissulega áhugavert að gera hér nánar grein fyrir rannsóknum og þróunarverkefnum sem staðið hafa yfir í Sementsverksmiðjunni, en þess er ekki kostur nú. Aðeins skal minnt á rannsóknir sem lúta að vörnum gegn alkalívirkni, vöruþróun, nýtingu perlusteins, rannsóknir á hugsanlegri brennslu sements með rafmagni, en sú tækni er enn lítt þekkt í heiminum.

Á s. l. áratug hefur Sementsverksmiðjan unnið mjög að því að styrkja stöðu fyrirtækisins á tveimur mikilvægum sviðum. Eru þau á sviði framleiðslugæða og umhverfisverndar. Hefur umtalsverðum fjármunum verið varið til þessara tveggja málaflokka. Þriðja sviðið, orkunýting eða orkusparnaður, tók einnig mikinn tíma og fjármagn, en fjármagnið hefur þar skilað sér fljótt til baka. Svo er ekki um hin sviðin tvö að vísu, þau skila sér óbeint fjárhagslega og á miklu lengri tíma.

Ýmsa lærdóma má draga af framleiðslu og sölu Sementsverksmiðjunnar á liðnum aldarfjórðungi eins og nærri má geta. Eitt er það að notkun sements er greinilega næmari fyrir breytingum á hinu almenna ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar en sjálfu verði sementsins. Dragi úr vexti þjóðarframleiðslu kemur það mjög skjótt fram í minnkandi sementssölu, mun fyrr en dæmi eru til um í öðrum löndum. Það er athyglisvert að aukning á sementsnotkun fylgir aukningu þjóðarframleiðslunnar einungis að vissu marki. Er trúlegt að hámark notkunar takmarkist í því efni af framboði á vinnuafli og tæknilegum aðstæðum á hverjum tíma.

Á fyrstu árum Sementsverksmiðjunnar var sementið eingöngu selt sekkjað og flutt þannig til Reykjavíkur og annarra staða á landinu. Mikil breyting í framfaraátt varð þegar verksmiðjan lét byggja sérhannað skip, Freyfaxa, árið 1966. Þetta skip, sem gat flutt rösklega 1200 lestir af sekkjuðu sementi, flutti sement á nær allar hafnir landsins að Reykjavík undanskilinni, samtals 40 talsins. Auk þess flutti það hráefni og vörur til verksmiðjunnar erlendis frá þegar tími gafst til.

Árið 1966 var farið að selja sement í lausu máli, fyrst til Búrfellsvirkjunar. Á því ári var hafist handa um að koma upp móttökustöð fyrir laust sement í Reykjavík. Sementsverksmiðjan hafði birgðastöð við Reykjavíkurhöfn. Mjög var orðið þröngt um afgreiðslu Sementsverksmiðjunnar þar og fékk verksmiðjan þá lóð í Ártúnshöfða fyrir afgreiðslu og móttökustað. Þar voru reistir sementstankar til móttöku á lausu sementi. Stöðin tók til starfa árið 1968 og var lítil söluskrifstofa starfrækt í Ártúnshöfða. Brátt fékk verksmiðjan fleiri tankbifreiðir og hóf að afhenda laust sement til steypustöðva á Reykjavíkursvæðinu. Hlutur lausasementsins í sölunni varð fljótlega mjög mikill, var 50% og þar yfir strax eftir 1970. Með árunum hafa stöðugt fleiri steypuframleiðendur aflað sér tækja til móttöku á lausu sementi og eru nú um ⅔ sementsins seldir í lausu máli.

Stöðin í Ártúnshöfða breytti mjög flutningaaðferðum á sementi og magn sements sem fór um Reykjavík jókst. Árið 1977 var sett upp pökkunarvél í Ártúnshöfða en við það jókst flutningur á lausu sementi þangað. Gamla ferjan varð þá brátt of lítil og árið 1976 var hafin smíði á nýju tankskipi hjá skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi. Hlaut skipið nafnið Skeiðfaxi og ber um 500 tonn af lausu sementi. Hóf það flutninga vorið 1977. Á þessum tíma var einnig farið að huga að uppsetningu móttökustöðva fyrir laust sement úti á landi. Árið 1978 setti Steiniðjan á Ísafirði upp litla móttökustöð þar með aðstoð Sementsverksmiðjunnar og vorið 1980 var lokið við byggingu stórrar móttökustöðvar fyrir laust sement í Krossanesi við Akureyri.

Sementsverksmiðjan notaði svartolíu til brennslu á gjallinu frá upphafi og til 17. júlí 1983 er farið var að brenna kolum í stað olíu. Þegar hinar miklu olíuhækkanir urðu á árinu 1973 og síðan næstu árin á eftir var farið að huga að notkun kola í stað olíu þar sem kolaverð var mun lægra en olíuverð. Ákvörðun verksmiðjustjórnarinnar í þessu efni var tekin 1980 og starfsleyfi fékkst 1981. Margir óttuðust mengun frá kolabrennslu en góður hreinsibúnaður kemur í veg fyrir mengun.

Verð á sementi fyrstu ár verksmiðjunnar var ákveðið aðeins lægra en verð var þá á innfluttu sementi. Rekstursafkoma verksmiðjunnar var sæmileg fyrstu árin, jafnvel þótt sementsverð hækkaði ekki mikið. T. d. hélst sama verð allt frá árinu 1964 til 1968. En það ár breyttist þetta mjög til verri vegar. Þung erlend lán hvíldu á verksmiðjunni, bæði frá byggingu hennar og síðar vegna uppbyggingar í Ártúnshöfða, kaupa á Freyfaxa og alls þess vandaða flutninga- og dreifikerfis fyrir sement sem verksmiðjan kom sér upp á þessum tíma.

Miklar gengisbreytingar og lítill varasjóður urðu þess valdandi að taka þurfti óhagkvæm rekstrarlán sem íþyngdu fyrirtækinu mjög síðar. Við þetta bættist svo mikil minnkun í sölu sements árin 1969 og 1970. Á árunum eftir 1970 var afkoma verksmiðjunnar talsvert erfið, sérstaklega árin 1972—1975 þegar verulegt rekstrartap varð hjá verksmiðjunni. Af þessum orsökum hlóðust upp vanskilaskuldir við lánardrottna. Vegna þessarar skuldasöfnunar skipaði forsrh. nefnd síðla árs 1975 til þess að kanna hvernig koma mætti rekstrargrundvelli Sementsverksmiðjunnar á réttan kjöl. Nefndin skilaði áliti sumarið 1976 og taldi hún að fjárhagserfiðleikar verksmiðjunnar stöfuðu aðallega af rangri verðlagsstefnu stjórnvalda. Skömmu síðar ákvað þáv. ríkisstj. að framvegis skyldi stjórn verksmiðjunnar ákveða verð á sementi að fengnu samþykki iðnrn.

Árið 1976 var hagnaður af rekstri Sementsverksmiðjunnar en árið 1978 fór aftur að síga á ógæfuhliðina. Ákvörðuninni um að stjórn fyrirtækisins skyldi ákvarða verð á sementi var hnekkt og sérstakri nefnd, gjaldskrárnefnd, aftur falið það hlutverk. Síðla árs 1979 fékk verðlagsráð í hendur verðlagningu á sementi í framhaldi af samþykkt nýrra laga, um verðlag o. fl., sem tóku gildi 1. nóv. 1979. Öll árin 1978 til og með 1981 var mikill taprekstur á verksmiðjunni.

Ekki fer það milli mála að einhver erfiðustu mál, sem verksmiðjustjórnin hefur haft við að glíma á liðnum árum, eru verðlagsmálin. Það var löngum tilhneiging stjórnvalda að flytja aðsteðjandi vanda fram í tímann, geyma vandann. Þetta leiddi svo til þess að sement hefur á ýmsum tímum verið selt talsvert undir raunverulegu kostnaðarverði. Það hefur svo aftur í för með sér að æ oftar hefur verið gripið til þess ráðs að taka erlend lán til þess að leysa aðsteðjandi vanda. Afleiðingar þess

eru svo auðvitað þær að sementsverð í dag er talsvert hærra en orðið hefði ef eðlilegra verðlagssjónarmiða hefði ávallt verið gætt. Miklar sveiflur á sementsverði milli ára valda því einnig að það hefur orðið býsna ólík útkoma hjá húsbyggjendum eftir því hvenær þeir réðust í byggingarframkvæmdir. Augu stjórnvalda hafa nú opnast fyrir því að ný stefna verði að leysa þá eldri af hólmi, því blindingsleikurinn með verðlagið hefur verið afar óskynsamlegur svo ekki sé meira sagt.

Nú eru liðin 27 ár frá því að Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa. Mikil verðmæti hafa verið sköpuð og dýrmæt reynsla hefur áunnist. Sú reynsla á að geta vísað veginn bæði um farsælar leiðir fyrir verksmiðjuna sjálfa svo og fyrir þjóðarbúið í heild. Ef reynslan, sem fengist hefur, er réttilega hagnýtt gæti hún orðið forsenda þess að koma á fót nýjum atvinnuháttum, nýjum iðnaði, en kjarabætur í þjóðfélaginu byggjast á aukinni og bættri framleiðslu.

Með frv. þessu, sem að stofni til er samið af Ásgeiri Péturssyni bæjarfógeta, Björgvini Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni og Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni, er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Sementsverksmiðjunnar. Telja verður rökrétt og eðlilegt að velja hlutafélagsformið um atvinnurekstur á vegum ríkisins. Hlutafélagsformið er bæði viðurkennt og vel þekkt félagsform sem löggjafinn hefur sett ítarlegar reglur um. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögum eru ákvæði er vernda rétt minni hluta eigenda. Þar sem ríkið býður öðrum samstarf er því sérstaklega viðeigandi að nota hlutafélagsformið. Þá eru einnig af stjórnunarlegum ástæðum sterk rök til að gera öll ríkisfyrirtækin að hlutafélögum. Kosturinn við þetta er enn fremur sá að félaginu er settur sami almenni starfsrammi og flestum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ. e. rammi hlutafélagalaga. Sá starfsrammi er sveigjanlegri en hreinn ríkisrekstur og á því að geta stuðlað að bættri stjórnun fyrirtækisins.

Ljóst er að með því að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðjuna yrði aðilum, sem áhuga hafa á hagkvæmum rekstri þess fyrirtækis, veittur kostur á því að leggja því lið, bæði með ráðum, víðtækri reynslu, fjármagni og markaðsaðstöðu. Mætti hugsa sér að meðal þeirra, sem hug hefðu á þátttöku í slíkri félagsstofnun, væru starfsmenn fyrirtækisins, sveitarfélög, byggingarfélög, steypuframleiðendur og aðrir framleiðendur sem háðir eru sementsnotkun.

En þá er ótalið að eðlilega gæti hinn almenni borgari óskað þess að leggja fé til starfseminnar og er það þýðingarmikið stefnumál að opna þannig atvinnurekstur landsmanna fyrir framlögum almennings og framtaki. Þá er ljóst að með slíkri formbreytingu fengi stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins aukið aðhald og reyndar æskilegan vettvang til þess að gera grein fyrir gerðum sínum á aðalfundum og hluthafafundum þar sem gagnrýni, tillögur og nýmæli um bætta starfshætti gætu komið fram. Slíkir starfshættir auka yfirsýn, veita upplýsingar og tryggja öruggari stjórn á málum verksmiðjunnar. Þeir efla og kynni með hinum ýmsu þáttum framleiðslu og byggingaraðila í landinu.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að þegar þessari fyrstu umr. lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og iðnn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hér er til umr. frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Frv. þetta er annað í röðinni sem lagt er fram af hæstv. núverandi iðnrh. varðandi Sementsverksmiðjuna. Áður en ég ræði frv. sjálft mun ég í nokkrum orðum fjalla um sögu þessa fyrirtækis sem nú er lagt til að breytt verði úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Ég styðst þar við ársskýrslu verksmiðjunnar og önnur gögn frá fyrirtækinu. Verið getur að eitthvað af því sem ég mun flytja hér á eftir komi heim og saman við ræðu hæstv. iðnrh. þar sem greinilegt var að hann mun hafa notað sömu gögn og ég við undirbúning ræðunnar.

Árið 1945 var ársnotkun sements á Íslandi orðin um 43 þús. tonn. Sementsnotkun hafði tvöfaldast á 15 árum og í augsýn var á þeim tíma ört vaxandi notkun sements. Árið 1947 var flutt frv. til l. á Alþingi um sementsverksmiðju. Varð frv. að lögum árið 1948. Lög þessi, sem að meginstofni eru enn í gildi, voru heimildarlög til þess að láta byggja sementsverksmiðju.

Árið 1949 var skipuð nefnd þriggja verkfræðinga til að undirbúa byggingu verksmiðjunnar. Nefndin lauk störfum það ár og skipaði þáverandi atvinnumrh. sama ár fyrstu stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Næstu ár fóru í undirbúning og rannsóknir vegna verksmiðjunnar. Henni var valinn staður á Akranesi.

Bygging verksmiðjunnar hófst árið 1955 og 14. júní 1958 var ofn verksmiðjunnar gangsettur og sementsvinnsla var þar með hafin. Mestur hluti byggingarframkvæmdanna fór fram á árunum 1956 og 1957 og var það mikið átak að ljúka við þetta mikla mannvirki á svo skömmum tíma. Öll byggingarmannvirki voru hönnuð innanlands, hjá Almenna byggingarfélaginu, en vélbúnaður og tæknileg hönnun voru fengin frá fyrirtækinu F. L. Smidth í Kaupmannahöfn. Verksmiðjan var hönnuð fyrir 250 tonna framleiðslu af gjalli á dag eða 75 þús. tonna framleiðslu af sementi á ári. Kostnaður við verksmiðjuna á verðgildi ársins 1958 var um 120 millj. kr. og var hún að mestu fjármögnuð með erlendum lánum.

Sementsverksmiðja ríkisins er hreint ríkisfyrirtæki og lýtur þingkjörinni stjórn. Stjórnin er kjörin til fjögurra ára í senn.

Í lögunum frá 1948 var gert ráð fyrir þriggja manna stjórn og heyrði verksmiðjan undir atvmrn. Þessu var breytt á Alþingi 1961. Nú eru fimm menn í stjórn og iðnrh. fer með mál verksmiðjunnar. Fyrsti stjórnarformaður var dr. Jón E. Vestdal árin 1949—1959. Árið 1959—1973 var Ásgeir Pétursson formaður og 1973—1977 dr. Sigmundur Guðbjarnason. Jón Árnason varð formaður 1977, en lést á því ári. Ásgeir Pétursson var þá formaður til 1981. Skúli Alexandersson var formaður 1981—1985. Núverandi formaður er Ásgeir Pétursson bæjarfógeti.

Dr. Jón E. Vestdal var fyrsti framkvæmdastjóri verksmiðjunnar. Sem stjórnarformaður bar hann hita og þunga af undirbúningi og byggingu verksmiðjunnar. Hann var framkvæmdastjóri 1958—1968. Ásgeir Pétursson stjórnarformaður var framkvæmdastjóri í tvo mánuði haustið 1969, en þá var Svavar Pálsson ráðinn framkvæmdastjóri. Árið 1972 var framkvæmdastjórastöðunni skipt í stöður framkvæmdastjóra tæknimála og fjármála. Var Svavar Pálsson ráðinn framkvæmdastjóri fjármála og dr. Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri tæknimála. Svavar Pálsson lést 1978.

Stjórnarformaður Ásgeir Pétursson gegndi þá starfi framkvæmdastjóra fjármála í fjóra mánuði þar til Gylfi Þórðarson var ráðinn í það starf sumarið 1978.

Í upphafi voru framleiddar tvær sementstegundir í verksmiðjunni, venjulegt Portlandssement og hraðsement. Árið 1959 hófst einnig framleiðsla sérsements sem fékk nafnið Faxasement og var ætlað í efnismikla steypuhluti.

Fyrstu árin var framleiðslan í Sementsverksmiðjunni meiri en notkun innanlands. Breyting varð á um miðjan sjöunda áratuginn, en þá fór salan upp fyrir 100 þús. tonn.

Allt frá byrjun hefur framleiðslan gengið mjög vel. Tuttugu ára tímabilið 1963—1982 var rekstursdagafjöldi ofnsins 338 dagar að meðaltali. Afkastagetan var meiri en áætlað var í byrjun.

Sementsverksmiðjan notaði svartolíu til brennslu á gjallinu. Þegar miklar olíuhækkanir urðu 1973 og aftur 1979 var farið að huga að notkun kola í stað olíu þar sem kolaverð var miklu lægra en olíuverð. Undirbúningur að kolabrennslu hófst árið 1980. Til þess að mega byggja mölunarstöð og brennslukerfi fyrir kol þurfti sérstakt starfsleyfi frá heilbrrn. Það fékkst síðla árs 1981 og kolabrennsla var komin á um mitt ár 1983.

Sementsverksmiðjan fékk sitt fyrsta starfsleyfi í samræmi við ný lög um verksmiðjurekstur frá árinu 1971 árið 1973. Þetta heildarstarfsleyfi var svo endurnýjað 1981 þegar verksmiðjan fékk starfsleyfi fyrir kolabrennslu.

Árið 1954 var sementsnotkun innanlands mjög mikil eða um 94 þús. tonn. Salan minnkaði mjög á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar og voru þá flutt út um 51 þús. tonn af sementi árin 1961—1963. Þá óx sementsnotkunin innanlands mjög ört aftur og komst upp í 120 þús. tonn árin 1967 og 1968. Vegna minnkandi sölu á almennum markaði voru flutt 10 þús. tonn af íslensku gjalli til Danmerkur árið 1969. Árin 1969 og 1970 voru slæm söluár á Íslandi, salan fór þá niður fyrir 90 þús. tonn á ársgrundvelli. Þegar leið á áttunda áratuginn jókst salan aftur mjög hratt og fór hæst upp í 160 þús. tonn árin 1974 og 1975, en hefur síðan verið minni og var í rúmum 118 þús. tonnum árið 1984.

Mikinn þátt í sölu áranna 1974 og 1976 átti Sigölduvirkjun, en í hana var selt íslenskt sérsement með líparítíblöndun. Heildarnotkun sements í Sigölduvirkjun var um 45 þús. tonn. Sams konar sement var notað í Hrauneyjafossvirkjun á árunum 1979—1981, þá um 30 þús. tonn.

Á fyrstu árum Sementsverksmiðjunnar var sementið selt eingöngu sekkjað og flutt til Reykjavíkur og annarra staða á landinu með ýmsum skipum. Mikil breyting í framfaraátt varð þegar verksmiðjan eignaðist eigið skip, Freyfaxa, árið 1966. Árið 1966 var farið að selja ópakkað sement, fyrst til Búrfellsvirkjunar og var það flutt þangað á tankbifreiðum í eigu verksmiðjunnar á Akranesi. Á því ári var hafist handa við að koma upp móttökustöð fyrir laust sement í Reykjavík. Sementsverksmiðjan hafði birgðastöð við Reykjavíkurhöfn og í Hafnarhúsinu og var þar einnig aðalskrifstofa verksmiðjunnar.

Verksmiðjan byggði á Ártúnshöfða afgreiðslu- og móttökustöð. Þar voru reistir sementsgeymar til móttöku á lausu sementi sem flutt var frá Akranesi í gamalli ferju sem sementsgeymar höfðu verið settir í. Stöðin tók til starfa árið 1968 og var þá aðalskrifstofan flutt til Akraness, en lítil söluskrifstofa starfrækt á Ártúnshöfða.

Brátt fékk verksmiðjan fleiri tankbifreiðir og hóf að afhenda laust sement til steypustöðva á Reykjavíkursvæðinu. Gamla ferjan varð því brátt of lítil og árið 1976 var hafin smíði á nýju tankskipi hjá skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi. Hlaut skipið nafnið Skeiðfaxi og ber það um 500 tonn af lausu sementi. Hóf það flutninga vorið 1977.

Á þessum tíma var einnig farið að huga að uppsetningu móttökustöðvar fyrir laust sement úti á landi. Árið 1978 setti Steiniðjan á Ísafirði upp litla móttökustöð með aðstoð Sementsverksmiðjunnar og vorið 1980 var lokið við byggingu stórrar móttökustöðvar fyrir laust sement á Krossanesi við Akureyri. Allar þessar miklu framkvæmdir, sem gerðar voru á þessum árum, áttu að koma til móts við þarfir byggingariðnaðarins í landinu og auka þjónustu við hann og dreifingaraðila verksmiðjunnar sem voru fjölmargir á öllum héruðum og þéttbýlisstöðum í landinu.

Verð á sementi fyrsta ár verksmiðjunnar var sett aðeins lægra en verð var á innfluttu sementi. Hafði verksmiðjan einkasölu á sementi fyrstu 15 árin. Það voru einmitt árin undir viðreisn. Sementsverðið var þá miðað við að það væri ætíð nokkru lægra en innflutt sement.

Rekstursafkoma verksmiðjunnar var allgóð fyrstu árin, jafnvel þó að sementsverðið hækkaði ekki mikið. Sama verð hélst frá árinu 1964 til 1968. Árið 1968 snýst þetta til verri vegar. Erlend lán hvíldu á verksmiðjunni, bæði frá byggingu hennar og síðar vegna uppbyggingar við Ártúnshöfða, kaupa á Freyfaxa og vegna alls þess vandaða flutninga- og dreifikerfis fyrir sement sem verksmiðjan kom upp á þessum tíma. Miklar gengisbreytingar og lítill varasjóður vegna lágs verðlags urðu þess valdandi að taka þurfti óhagkvæm rekstrarlán sem íþyngdu fyrirtækinu mjög síðar. Við þetta bættist svo mikil minnkun í sölu sements árin 1969 og 1970.

Á árunum eftir 1970 var afkoma Sementsverksmiðjunnar nokkuð erfið, sérstaklega árin 1972 og 1975 þegar verulegt rekstrartap varð hjá verksmiðjunni. Af þessum orsökum hlóðust upp vanskilaskuldir við aðallánardrottin verksmiðjunnar, Framkvæmdasjóð Íslands. Vegna þessarar skuldasöfnunar skipaði forsrh. nefnd síðla árs 1975 til að kanna hvernig koma mætti rekstri Sementsverksmiðjunnar á réttan kjöl. Nefndin skilaði áliti sumarið 1976 og taldi hún að rangri verðlagsstefnu stjórnvalda. Skömmu síðar ákvað rangri verðlagsstefnu stjórnvalda. Skömmu síðar ákvað þáverandi ríkisstjórn að framvegis skyldi stjórn verksmiðjunnar ákveða verð á sementi að fengnu samþykki iðnrn.

Árið 1976 varð hagnaður af rekstri verksmiðjunnar, en árið 1978 fór aftur að síga á ógæfuhliðina. Ákvörðuninni um að stjórn fyrirtækisins skyldi ákvarða verð á sementi var hnekkt og sérstakri nefnd, gjaldskrárnefnd, aftur falið það hlutverk. Síðla árs 1979 fékk verðlagsráð í hendur verðlagningu á sementi í framhaldi af samþykkt nýrra laga um verðlag o. fl. sem tóku gildi 1. nóv. 1979.

Árin 1978 og 1981 var taprekstur á verksmiðjunni. Frá og með árinu 1982 hefur afkoma verksmiðjunnar verið góð. Allt bendir til þess nú, eftir að verksmiðjan

hóf að nota kol í stað olíu við brennslu, að afkoman verði góð í framtíðinni.

Meðan Sementsverksmiðjan hafði einkasölu á sementi var þess gætt við ákvörðun sementsverðs að það væri ekki hærra en á innfluttu sambærilegu sementi. Í samræmi við EFTA-samkomulagið var svo innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Ekki hafa aðrir nýtt sér þetta frjálsræði til innflutnings en Sementsverksmiðjan sjálf í sambandi við gjallinnflutning. Ástæðan til þess er sú, að verð á íslensku sementi hefur verið lægra en á innfluttu sementi og eiginleikar þess henta betur hérlendum aðstæðum. Þetta er góður árangur þegar tekið er tillit til óheppilegrar verðlagsstefnu undanfarinna ára og gífurlegra verðhækkana á olíu meðan sá orkugjafi var notaður.

Sementsverksmiðja ríkisins var reist af stórhug fyrir um 27 árum. Frá þeim tíma hefur ekki verið ráðist í svo stórt fyrirtæki þar sem íslenska ríkið er eini eigandinn. Fyrirtækið var nær eingöngu byggt fyrir lánsfé. Stór hluti þess var erlend lán.

Sementsverksmiðjan fór vel af stað þrátt fyrir slæm söluár í upphafi. (Gripið fram í.) Það er nú eins og mig minni að gjafaféð frá Marshall hafi farið til annarrar verksmiðju, hv. þm. Ætli það hafi ekki verið í landbúnaðargeiranum, í Áburðarverksmiðju ríkisins á Gufunesi? — En eins oft vill verða komu erfiðleikatímabil hjá Sementsverksmiðjunni og voru þau stundum tilkomin vegna gengis- og verðlagsstefnu stjórnvalda. Til allrar hamingju var ekki hlustað á raddir sem mæltu með samdrætti í fyrirtækinu og innflutningi.

Sementsverksmiðja ríkisins virðist nú hafa komist yfir verstu erfiðleikana og stjórnendur hennar og starfsfólk líta með bjartsýni fram á við. Vænst er aukinnar framleiðslugetu gjallofnsins. Sala sements jókst nokkuð árið 1984 miðað við fyrra ár. Leitað er nýrra markaða fyrir sement og að fjölbreyttari notkun með nýjum íblöndunarefnum. Brennsla kola í stað olíu lækkar framleiðslukostnað stórlega. Gert hefur verið átak til umhverfislagfæringar bæði utan húss og innan. Þar hefur mikið áunnist síðustu ár þótt betur þurfi að gera.

Ég hef í stuttu máli nefnt ýmsa þætti úr sögu Sementsverksmiðju ríkisins. Fyrirtækið stendur nú betur en oftast áður. Það hefur úrvals starfsliði á að skipa, hefur nýlokið við breytingar sem gera framleiðsluna ódýrari en áður var, gæði framleiðslunnar eru mikil og viðurkennd, hreinsibúnaður er nýr, viðhald verksmiðjunnar og tækja hennar er gott, útlit og umhverfi verksmiðjunnar hefur verið stórlega bætt, leitað er nýrra leiða til að auka sölu fyrirtækisins.

Það frv., sem hér er til umr., kemur flestum, sem til þekkja um sögu og rekstur Sementsverksmiðju ríkisins, mjög á óvart. Rök fyrir því að þar sé mikilla breytinga þörf hvað við kemur eignarhaldi og yfirstjórn eru vandfundin.

Eins og ég sagði í upphafi er frv. þetta annað í röðinni sem lagt er fram á hv. Alþingi af hæstv. núv. iðnrh. um starfsemi Sementsverksmiðju ríkisins. Ég minnist þess ekki að mælt hafi verið fyrir hinu fyrra frv., sem lagt var fram í hv. Ed. fyrir ári, enda var tekið fram í aths. við frv. að það væri þá lagt fram til kynningar og yrði lagt fram aftur að hausti, þ. e. s. l. haust.

Eins og fram hefur komið starfar verksmiðjan skv. lögum frá 1948 með smábreytingum frá 1961. Tímabært er að setja verksmiðjunni ný lög. Frv. því sem lagt var fram fyrir ári var ætlað að leysa af hólmi lögin frá 1948 og setja fyrirtækinu varanlegan starfsgrundvöll byggðan á því að fyrirtækið yrði áfram ríkisfyrirtæki, rekið áfram á sama stjórnunargrunni. Í frv. var að finna atriði um stjórnun, fjármál, öryggismál, ráðstafanir gegn mengun o. fl. Þetta frv. var góður grunnur fyrir Alþingi, með umsögnum frá hagsmunaaðilum og þó sérstaklega starfsfólki verksmiðjunnar og stjórn, til að setja Sementsverksmiðju ríkisins lög sem yrðu fyrirtækinu varanlegur starfsgrundvöllur.

Það var ekki staðið við það að leggja frv. aftur fram á haustdögum. Svo fóru að heyrast sögur um það að semja ætti nýtt frv., nú skyldi breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Frjálshyggjumenn Sjálfstfl. og framsóknar gætu ekki á heilum sér tekið fyrr en búið væri að breyta þessu sameignarfyrirtæki þjóðarinnar í hlutafélag. Og mikið rétt. Frv. sem lagt var hér fram fyrir ári er nú eins og blað í alfræðibók fyrir austan tjald, sem á hefur staðið eitthvað sem valdhafarnir vilja gleyma. Það er fjarlægt og nýtt blað með þóknanlegu lesmáli fyrir valdhafana er sett í staðinn. En stundum fer það svo að sömu menn lenda í því að semja nýja blaðið í alfræðibókina og samið höfðu það sem fjarlægt var. Sérfræðingar telja sig þó oft geta lesið út úr hinu nýja efni andmæli skrifarans gegn valdhöfum og vinnubrögðum.

Sömu menn hafa samið bæði þessi frv. um Sementsverksmiðju ríkisins. Hér eru að verki valinkunnir menn. Þetta eru þeir Ásgeir Pétursson bæjarfógeti og hæstaréttarlögmennirnir Björgvin Sigurðsson og Eiríkur Tómasson. Ásgeir Pétursson hefur setið í stjórn Sementsverksmiðjunnar lengst allra sem þar hafa setið þau 27 ár sem verksmiðjan hefur starfað og er núverandi stjórnarformaður verksmiðjunnar.

Frv. sem lagt var hér fram í fyrra ber þess merki að aðalhöfundur þess þekkir til reksturs fyrirtækisins og af kunnáttu sinni benti hann á leiðir til að styrkja grundvöll þess. Frv. er jafnframt staðfesting á því að eignarformið, sem í upphafi var valið þessu fyrirtæki, hefur reynst vel. Það er því ekkert undrunarefni að nýja frv. líkist endurbættu skiptiblaði í rússneskri alfræðibók. Frjálshyggjuliðar Sjálfstfl., stuttbuxnadeildin, keppast nú við að hverfa frá stefnu manna eins og Péturs Ottesens og Ólafs Thors. En báðir þessir foringjar Sjálfstfl. beittu sér af alefli fyrir uppbyggingu Sementsverksmiðjunnar sem ríkisfyrirtækis. Ég hef enn trú á því að hæstv. iðnrh. fylli ekki flokk þeirra manna sem vilja hverfa frá stefnu Ólafs Thors og Péturs Ottesens. Frv. þetta sé frekar flutt til að þóknast fyrrnefndu frjálshyggjuliði en það sé meiningin að það skuli að lögum verða.

Virðulegi forseti. Þá skal ég fara nokkrum orðum um efni frv.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins. Gert er ráð fyrir að selja 20% af heildarhlutafjárhæð fyrirtækisins á almennum markaði. Hér er verið að fara fram á að Alþingi samþykki eignarformsbreytingu og stjórnunarbreytingu á fyrirtækinu án þess að fyrir liggi hvort nokkrir kaupendur séu fyrir hendi að þessum 20% hlutafjárins. Ekkert liggur fyrir um það að áhugi sé fyrir slíkum kaupum og líkur fyrir áhuga frekar litlar svo að ekki sé meira sagt. Hefði ekki verið betri leið að kanna fyrst áhugann, stofna jafnvel undirbúningsfélag? Hvernig fer ef enginn vill kaupa bréfin eða kannske

aðeins 1—5% af bréfunum? Á eftir sem áður að breyta eignarforminu? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. svari þessu.

Skv. síðustu mgr. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að ákvæði hlutafélagalaga gildi um stjórnun Sementsverksmiðju ríksins og að iðnrh. fari með hlut ríkisins í félaginu. Þar með er ákvörðunarvald Alþingis yfir þessu ríkisfyrirtæki fært að fullu í hendur framkvæmdavaldsins, hvort sem eignarhluti ríkisins verður 100% eða einhvers staðar á milli 100 og 80%. Hvort þetta tilheyrir frjálshyggjustefnu eða einhverri annarri nýrri stefnu Sjálfstfl. geri ég mér ekki grein fyrir, en það er jafnmikil öfugþróun hvorri stefnunni sem það tilheyrir.

5. gr. frv. heldur fyrirtækinu áfram innan ramma ríkisfyrirtækja gagnvart Akranesbæ í sambandi við greiðslu aðstöðugjalds til bæjarins.

Þá er rétt að líta á athugasemdir við frv. Þar kemur ýmislegt skemmtilegt fram. Þar segir fyrst, með leyfi virðulegs forseta:

„Sementsverksmiðjan hefur að mestu verið byggð fyrir lánsfé. Beint framlag eigandans, ríkisins, var nær ekkert en ábyrgðir voru látnar í té í fyrstu."

Það er rétt að upplýsa þessa stöðu. Skv. reikningum verksmiðjunnar fyrir árið 1984 er eigið fé verksmiðjunnar 229 275 118 kr. Af því eru 122 179 kr. framlag eigandans, ríkissjóðs. Hreinn höfuðstóll fyrirtækisins, hreint eigið fjármagn skv. bókum fyrirtækisins, þessa fátæka fyrirtækis sem nú þarf að fara að breyta í hlutafélag til þess að styrkja rekstursgrundvöll þess, er 229 152 939 kr. skv. reikningum fyrirtækisins 31. des. 1984. Þá kemur næst í athugasemdum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að sú eignamyndun, sem orðið hefur í fyrirtækinu, hefur skapast við fremur hátt verðlag á framleiðslunni, því auk framleiðslukostnaðar varð verðið á sementi að standa undir afborgunum og vöxtum af byggingarlánum. Fleira kemur hér einnig til, einkum rýrnun lánsfjár fyrir verðbólgu, a. m. k. að því er varðar innlend fjárfestingarlán. Það fer ekki milli mála að það hefur frá öndverðu íþyngt fyrirtækinu að eigandi þess lagði því ekki til fé að neinu ráði.

Er þess að vænta að innborgað hlutafé hefði talsverðu getað breytt um stöðu fyrirtækisins, þar á meðal gert kleift að selja framleiðsluna á lægra verði, og þannig hefði verksmiðjan orðið enn þýðingarmeiri lyftistöng fyrir nýbyggingarframkvæmdir þjóðarinnar."

Hvað er verið að fara þarna? Það er verið að segja það að gott hefði verið að eigandinn, ríkið, hefði lagt fyrirtækinu stofnfé. En ekki til arðgreiðslu fyrir það fé, heldur til að lækka verð á sementi og til að verða enn þýðingarmeiri lyftistöng undir nýbyggingarframkvæmdir þjóðarinnar. Þessu er ég fullkomlega sammála, nema að orðið hlutafé á ekki heima þegar rætt er um liðna tíð þessa fyrirtækis og vonandi ekki framtíð heldur. Engir vita það sjálfsagt betur en þeir heiðursmenn sem samið hafa frv. og ég nefndi hér fyrr, að engar líkur eru fyrir því að einkafjármagn hefði verið lagt til verksmiðjunnar eða kæmi til fyrirtækisins með þau markmið sem hér eru tilnefnd. Hér má lesa á milli línanna góð rök fyrir því, að verksmiðjan verði áfram með því eignarformi sem vel hefur dugað hingað til. Hér er því og haldið fram að eignamyndun fyrirtækisins hafi orðið til af fremur háu verðlagi á framleiðslunni. Ekki er nú sagt meira en fremur, enda er staðreyndin sú að verðlagi var oft á tíðum haldið óeðlilega lágu af stjórnvöldum, eins og hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, og sú ráðstöfun skapaði verksmiðjunni oft erfiðleika. Rýrnun innlends lánsfjár vegna verðbólgu hefur sjálfsagt verið minni en tap fyrirtækisins vegna gengisbreytinga.

Þótt stjórnendum Sementsverksmiðjunnar hafi tekist betur en flestum öðrum að haga lántökum þannig að gengistöp hafa verið í lágmarki væri ekki úr vegi að stjórnendur peningamála kynntu sér hvernig staðið hefur verið að erlendum lántökum verksmiðjunnar. Af því gætu þeir ýmislegt lært. Niðurstaðan er sú að fyrirtækið hefur unnið sér upp eigið fjármagn á rekstrarlega heilbrigðan máta, staðið undir sínum fjárfestingarkostnaði og er ekki í dag á neinu flæðiskeri statt. En nú fer undiraldan að vaxa og róðurinn að þyngjast í athugasemdunum. Þar segir næst, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn er þetta fyrirtæki í uppbyggingu eftir að hafa starfað rúman aldarfjórðung. Skuldir þess eru miklar og er ljóst að æskilegt er að grynna á þeim og greiða niður þungbær lán." — Takið eftir: þungbær lán. — „Ein leið til þess er að mynda hlutafélag um verksmiðjuna og selja á almennum markaði hlutabréf í henni. Yrði þá framlag ríkisins til hins nýja félags öll eign þess í Sementsverksmiðju ríkisins og fylgifé hennar, flutningatækjum og afgreiðslustöðvum."

En hvað skuldar nú þetta ríkisfyrirtæki sem endilega þarf á nýju fjármagni að halda? Hver eru þessi þungbæru lán, þessi miklu lán sem hvíla á þessu fyrirtæki? Langtímaskuldir eru 31. des. 1984 153 380 325 kr. Það eru öll ósköpin sem hér er verið að tala um. Skammtímaskuldir, afurðalán og ýmiss konar viðskiptaskuldir, þar með afborganir langtímalána 1985, eru 126 907 783 kr. En fyrirtækið á líka lausafjáreignir. Eignir verksmiðjunnar í veltufjármunum eru 124 053 959 kr. þannig að mismunur skammtímaskulda og eigna er tæpar 3 millj. sem skuldir eru hærri. Það er því hægt að tala um 153 millj. kr. langtímaskuldir + 3 millj. kr. skammtímaskuldir, eða alls 156 millj. kr. Ef birgðir væru reiknaðar á söluverði og afborganir fastra lána 1985 ekki teknar í dæmið fara skuldirnar niður í 120 millj. kr. Hver var að tala um miklar skuldir og þungbær lán? Þarf ekki að lesa þarna eitthvað á milli lína eða vantar kannske merki aftan við setningar?

Mannvirki og tæki verksmiðjunnar eru bókfærð á 377 millj. kr. Þeir sem gera sér grein fyrir hve mikið mannvirki Sementsverksmiðja ríkisins er gera sér ljóst að þetta bókfærða verð er aðeins brot af nýbyggingarverði slíkrar verksmiðju. Staðreyndin er sú að það hníga engin rök að því að selja þurfi eignarhluta í Sementsverksmiðjunni vegna þess að skuldastaða fyrirtækisins sé vond, eigin fjármagn ekki nægilegt. Þau eru ekki mörg fyrirtækin á Íslandi í dag sem geta státað af jafngóðri eiginfjárstöðu og Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi.

Sementsverksmiðjan hefur á undanförnum árum fjárfest mjög mikið. Það voru kostnaðarsamar breytingar í sambandi við að skipta um orkugjafa við gjallbrennsluna, frá olíu í kol, og ýmsar aðrar hliðarframkvæmdir í sambandi við þann þátt uppbyggingarinnar. Hér er þó um að ræða framkvæmdir sem eru, ef svo má að orði komast, það arðbærar að þær standa vel undir því sem þær kostuðu. Og ekki nóg með það, heldur er verksmiðjan eftir þessar og aðrar breytingar,

sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, mun betur búin til að standa við það hlutverk sitt að sjá landsmönnum fyrir góðu sementi á sanngjörnu og samkeppnisfæru verði. Á 27 ára starfstíma verksmiðjunnar hafa komið tímabil sem rekstur verksmiðjunnar hefur verið erfiður. Starfsfólki og stjórnendum hefur þó jafnan tekist að yfirvinna þá erfiðleika. Ekki veit ég annað en það sé samdóma álit starfsfólks, stjórnar og stjórnenda að nú standi fyrirtækið mjög vel eignalega og verksmiðjan sé í tiltölulega góðu ásigkomulagi og allir séu bjartsýnir með framtíðarrekstur hennar. Hugleiðingar um að því sé á annan veg háttað, m. a. þær hugleiðingar um það sem fram koma í athugasemdum við frv. þetta, eru því ekki í tengslum við raunveruleikann og ekki byggðar á niðurstöðum reikninga verksmiðjunnar.

Síðari hluti athugasemdanna er hugleiðingar um hið breytta eignarform sem frv. gerir ráð fyrir. Ég nefndi það hér fyrr í ræðu minni að með því er verið að gefa framkvæmdavaldinu eftir það vald Alþingis að kjósa stjórnarmenn Sementsverksmiðjunnar og verið að breyta hreinu ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Ég er mótfallinn hvoru tveggja enda hef ég enn ekki heyrt nein rök sem mæla með því að þessi breyting eigi sér stað. Allar þessar upplýsingar sem ég þekki mæla gegn því og þá fyrst og fremst saga fyrirtækisins, núverandi staða og framtíðarmöguleikar.

Herra forseti. Virðulegi forseti. Frv. verður nú vísað til nefndar. Þar veit ég að það verður skoðað rækilega og leitað umsagna ýmissa aðila. Mér finnst athugandi að skoða nú það frv. sem hæstv. ráðh. lagði hér fram fyrir ári síðan. Ég tel að tíma iðnn. hv. deildar væri þá vel varið ef ofan á yrði að út frá því frv., með ýmsum breytingum að vísu, yrðu samþykkt heildarlög fyrir Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hér er búið að flytja ítarlegar og langar ræður með miklu sögulegu ívafi og farið langt aftur í tímann. Það er eiginlega ekki kinnroðalaust að ég játa að ég er ekki undir slíka umr. búinn. Ég er mest hissa á því að hæstv. iðnrh. og fyrrv. stjórnarformaður verksmiðjunnar, 4. þm. Vesturl., skyldu ekki hafa byrjað hérna við Kalkofnsveginn þar sem brennt var kalk úr Esjunni sem er kannske undanfari sementsverksmiðju með nokkrum hætti. En ég skal ekki fjölyrða um það.

Hins vegar verð ég að segja eins og er að ræða hæstv. iðnrh. kom mér svolítið á óvart vegna þess að ég átti von á því að hann mundi flytja mál sitt af miklum þunga og sannfæringarkrafti eins og hann væri að tala fyrir máli sem hann hefði skoðun á og sú væri sannfæring hans að hann væri að tala fyrir réttu máli. Svo var ekki, að mínu mati. Mér þótti sem hann væri að inna af höndum skylduverk, honum kannske ekkert allt of ljúft eða létt, en hann lét sig hafa það að gera það samt, enda maðurinn enginn veifiskati. Þetta kom mér á óvart.

Raunar kom mér líka á óvart að þetta frv. skyldi sjá dagsins ljós á hinu háa Alþingi í þeirri mynd sem raun ber vitni eftir að hafa fengið í hendur undir þinglokin í fyrra frv. það sem hv. 4. þm. Vesturl. gerði nokkur skil hér, sem var 369. mál síðasta þings, þskj. 1028, lagt fram í þessari hv. deild, frv. til l. um Sementsverksmiðju ríkisins. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Verksmiðjan er í eigu ríkissjóðs, en starfar sem sjálfstæð stofnun innan ríkisheildarinnar. Hún lýtur sérstakri stjórn eftir lögum þessum undir yfirstjórn iðnrn."

Þetta var skoðun og sannfæring hæstv. iðnrh. fyrir einum ellefu mánuðum, en nú hefur þar orðið breyting á og við sjáum frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Raunar, svo að ég sé ekki alger eftirbátur þeirra sem á undan mér hafa talað, þykir mér skylt að geta þess og láta það koma hér fram að á 91. löggjafarþingi var og lagt fram frv. til l. um Sementsverksmiðju ríkisins, þ. e. á þinginu 1970—1971. Þar var og gert ráð fyrir því að Sementsverksmiðja ríkisins væri sjálfstæð stofnun, væri eign ríkisins o. s. frv. Það var, eins og 4. þm. Vesturl. sagði réttilega áðan, líka bjargföst skoðun þeirra manna sem mjög beittu sér fyrir byggingu þessarar verksmiðju og að hún yrði byggð á Akranesi, þeirra Ólafs Thors og Péturs Ottesens, og menn geta sjálfsagt fundið þessum fullyrðingum mínum stað í þingtíðindum með því að fletta upp í ræðum þeirra, að þessi verksmiðja ættti að vera í eigu ríkisins.

Frv., sem ég hef hér um getið og flutt var á þinginu 1970—1971, var samið af nefnd fjögurra manna sem þáv. iðnrh. skipaði. Í þeirri nefnd áttu sæti Ásgeir Pétursson sýslumaður, Benedikt Gröndal alþm., Sveinn Guðmundsson alþm. og Hjörtur Torfason hrl. sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstökum orðum um þetta gamla frv., en í öllum meginatriðum er frv. sem hæstv. iðnrh. lagði fram í fyrra mjög í sömu átt. Nú hefur hins vegar orðið breyting á. Það vefst fyrir mér og væntanlega fyrir fleirum hver er skýringin á þessari breytingu. Hvaða rök liggja til þess að hæstv. iðnrh. hefur þarna skipt um skoðun? Við skulum hugleiða nokkur.

Er þetta fyrirtæki illa rekið eins og nú háttar til? Ég tel mig þekkja nokkuð til þar. Að vísu skortir mig jafnræði þar á við hv. 4. þm. Vesturl. sem hefur lengi verið í stjórn þessa fyrirtækis og stjórnarformaður, en ég fullyrði að Sementsverksmiðja ríkisins er vel rekið fyrirtæki.

Það hefur verið frá því greint að hætt hafi verið olíubrennslu í ofni verksmiðjunnar og tekin upp kolabrennsla. Það gætti mikillar svartsýni og gagnrýni fyrir fram á þessa ráðstöfun. Ég hygg að það sé samdóma álit allra sem til þekkja að þetta hafi verið mjög skynsamleg ákvörðun sem leitt hafi til sparnaðar í rekstri fyrirtækisins og hafi ekki haft í för með sér mengun af neinu tagi, sem ýmsir úrtölumenn höfðu mjög á orði í byrjun, heldur þvert á móti, ef eitthvað er, hafi mengun heldur minnkað frá hinum stóra skorsteini verksmiðjunnar þar sem um fer útblásturinn frá ofninum.

Ýmislegt annað hefur verið vel gert í rekstri þessa fyrirtækis. Þá nefni ég sérstaklega tilraunir sem fram hafa farið í samvinnu sementsverksmiðju og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um notkun kísilryks, þ. e. mengunar frá Grundartanga sem nú er sumpart seld til útlanda í formi kísilryks eða henni er blandað í sement Sementsverksmiðju ríkisins til að gera það að betri vöru og komast burt frá þeim margumtöluðu alkalískemmdum og alkalíveikleika sem íslenska sementið var búið.

Það hefur verið gert átak á öðrum sviðum til að draga úr mengun frá verksmiðjunni, m. a. með því að setja upp ýmiss konar nýjan hreinsibúnað. Þau mál höfðu

verið í ólestri, en úr því hefur verið bætt og sjálfsagt má þar gera enn betur.

Eiginfjárstaða og skuldastaða fyrirtækisins hefur verið rakin hér og sé ég ekki að nein rök hnígi til þess að breyta þessu rekstrarformi frá því sem nú er. Það hefur ekkert komið fram í þessum umr., sem að vísu eru ekki mjög langar enn sem komið er, sem bendir til þess að þetta fyrirtæki sé illa rekið eða að breyting í þá átt sem frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir mundi bæta rekstur fyrirtækisins með neinum hætti.

Þegar þetta ríkisfyrirtæki var sett á laggirnar á sínum tíma voru menn einhuga um að fyrirtækið ætti að vera í eigu ríkisins. Nú þekki ég ekki þá sögu alveg til hlítar, hef raunar ekki haft ráðrúm til að kynna mér hana, en þegar þetta fyrirtæki er sett á laggirnar og því valinn staður á Akranesi gefur Akranesbær lóð undir verksmiðjuna. Síðan eru gerðir ýmiss konar aðrir samningar við Akranesbæ sem auðvitað eru gerðir milli ríkisins og Akranesbæjar. Forsendur þeirra samninga eru að ríkið á þarna í hlut en ekki eitthvert hlutafélag. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. hefur tekið það með í reikninginn, sem mér sýnist, að verði þetta frv. að lögum hljóta ýmis af þeim málum óhjákvæmlega að koma til endurskoðunar af hálfu Akranesbæjar. Nú get ég ekkert um þetta fullyrt, en þetta sýnist mér að heilbrigð skynsemi bjóði manni að segja.

Það vefst sem sagt fyrir mér og ég fæ ekki séð hver tilgangurinn með þessu frv. er. Ég mundi skilja það langtum betur ef hæstv. iðnrh. hefði farið alfarið að ráðleggingum stuttbuxnadeildarinnar í Sjálfstfl. og frjálshyggjupostulanna og lagt til að gera Sementsverksmiðjuna að fyrirtæki í eigu einkaaðila.

Hér er um það að ræða að gefa einkaaðilum kost á að kaupa 20% af hlutafé verksmiðjunnar og enginn veit hvert matsverðið verður á sínum tíma. Það er ekkert vitað um það á þessari stundu. En hvaða hag hafa einstaklingar af því að eignast 20% í fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjunni? Ég fæ ekki séð hvaða einstaklingar ættu að hafa áhuga á því. Hins vegar leyni ég því ekki að að mér læðist sú hugsun að hér sé verið að gera allt annað, sem ekki er haft á orði enn sem komið er, en kann þó að verða hér á borði áður en langt um líður, en það er að steypustöðvarnar vilji með þessum hætti eignast aðild að þessu fyrirtæki. Ég skal viðurkenna að þetta er lítið rökstudd fullyrðing og ekkert slíkt hefur heyrst frá steypustöðvunum, en mér býður í grun að svona sé þessu farið, að það séu m. a. þeir aðilar sem hafa þrýst á um að frv. til l. um Sementsverksmiðju ríkisins tæki breytingum frá í fyrra. Ég fæ ekki séð neitt annað sem skýrir þessa breytingu. Steypustöðvarnar hér á höfuðborgarsvæðinu eru vissulega voldugar. Þær velta miklu fjármagni og virðast hafa úr töluverðu fjármagni að spila. Ég held því að þar kunni að felast hin raunverulega skýring á hugarfarsbreytingu hæstv. iðnrh. og að hann hafi orðið að láta undan þrýstingi til að flytja hér mál sem ég er ekki viss um að honum sé mjög að skapi.

Í framhjáhlaupi, talandi um steypustöðvar og iðnaðaruppbyggingu, rekur mig minni til þess að nokkrir mánuðir eru síðan opnuð var ný steypustöð á höfuðborgarsvæðinu. Mig minnir að hún hafi kostað í kringum 60 millj. kr. Ef ég man rétt kom fram í fréttum um sama leyti að 40 millj., ef mig ekki misminnir, 35—40 millj. ef ekki þaðan af meira, voru fengnar að láni úr opinberum sjóðum, Iðnlánasjóði og fleiri sjóðum. Þetta hygg ég að ég muni rétt. Þetta gerist á sama tíma, og það er talandi tákn um stefnu hæstv. ríkisstj. í málefnum iðnaðar, og fyrir eru steypustöðvar sem ekki er vitað annað en fullnægi að öllu leyti þeim markaði sem fyrir hendi er og vel það. Þá er ausið milljónatugum í slíkt fyrirtæki. Hér er ekki um nýiðnað að ræða. Hér er ekki um neinn upplýsingaiðnað að ræða jafnvel þó að steypumaskínurnar í þessari stöð séu sagðar tölvustýrðar. Ef menn vilja byggja nýja steypustöð eiga þeir að gera það fyrir peninga úr eigin vasa, ekki úr vösum skattborgaranna. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. stutt og léð atbeina sinn þessu. Á sama tíma flytja hæstv. ráðherrar ræður um ágæti upplýsingaiðnaðar, sem ég tek vissulega undir, nýiðnaðar af ýmsu tagi, en þangað fást engir peningar. Þeim er veitt í gömlu farvegina vegna þess að það ríkir gamall staðnaður hugsunarháttur hjá þessari ríkisstj. Á sama tíma og sjávarútvegurinn er á vonarvöl, togararnir sigla hver af öðrum undir uppboðshamar stjórnvalda, stýrir ríkisstj. fjármagninu í nýjar steypustöðvar.

Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að sett sé löggjöf um Sementsverksmiðju ríkisins. En ég endurtek að ég hef engin rök heyrt sem mæla með því að fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag og að farið verði að selja 20% af hlutafjáreigninni. Það má minna á að þegar hið gamla frv., sem ég hef minnst á hér, var til umr. var prentað minnihlutaálit Sveins Guðmundssonar alþm., flokksbróður hæstv. iðnrh. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Ég teldi eðlilegt, að stofnað væri nú þegar til hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, þar sem ríkissjóður ætti einn öll hlutabréfin, og fyrirtækið rekið í því formi, eins og heppilegt hefur þótt um ríkisfyrirtæki víða um lönd, t. d. í Svíþjóð."

Þetta er allt annar handleggur. Þetta gæti svo sem vel komið til athugunar, enda þótt ekki hafi verið farið inn á þær brautir, eins og annars staðar á Norðurlöndunum, að reka opinber fyrirtæki í formi hlutafélaga þar sem öll hlutabréfin eru í eigu ríkisins.

Mér þykir þetta mál, virðulegi forseti, eins og aðdragandi þess er — þ. e. að fyrir ellefu mánuðum eða svo kemur fram frv. til l. um Sementsverksmiðju ríkisins þar sem gert er ráð fyrir óskoraðri ríkiseign á fyrirtækinu og núna frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins — vera allt í skötulíki, svo að notað sé eftirlætisorðtak hæstv. iðnrh.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, en ég veit að þar verður séð um að það fái ítarlega umfjöllun og haft verði samráð við þá aðila sem málið varðar, bæði starfsmenn fyrirtækisins og sömuleiðis og ekki síður bæjarstjórnina á Akranesi. Ég vona líka hæstv. ráðh. vegna að það komi fram, annaðhvort í þessari umr. eða þegar þetta mál kemur til umfjöllunar í nefnd, einhver haldbær rök fyrir þessu frv.

Ég vil að lokum láta þess getið að það hefur farið fram að undirlagi hæstv. iðnrh. einhvers konar úttekt á rekstri Sementsverksmiðjunnar. Nú skilst mér að hún sé hálfgert leyndarplagg og hafi a. m. k. ekki farið mjög víða. Ég veit að ýmsir starfsmenn fyrirtækisins hafa látið í ljós áhuga á að fá að kynnast því sem þarna kemur fram. Enn er huliðshjálmur yfir þessum gögnum, en mér skilst af lausafregnum að ekki sé allt jafnviturlegt eða merkilegt sem kemur fram í þeirri

ályktun. (**Iðnrh.:** Úttekt.) Úttekt. Sú nefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, hlýtur auðvitað að fá þessa úttekt til athugunar og umfjöllunar. Hún hlýtur að vera eitt af þeim gögnum sem menn leggja til grundvallar þegar um þetta mál verður endanleg afstaða tekin. Ég veit ekki nema hæstv. ráðh. gæti alveg eins sætt sig við að þetta mál kæmi aldrei frá hv. iðnn., en dagaði þar hreinlega uppi eins og svo mörg vond mál sem betur fer gera.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég er ekki með samda ræðu um þetta frv., en vil þó segja um það nokkur orð vegna þess að ég ætti að vera staðháttum nokkuð kunnugur þar sem verksmiðjan, sem hér er um rætt, er staðsett í minni heimabyggð. Ég hef einnig starfað að sveitarstjórnarmálum mestallan þann tíma sem hún hefur starfað og ætti að geta þar fjallað um af kunnugleika. Ég skal þó ekki orðlengja mjög.

Það er rétt, sem hefur komið fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. í sambandi við forsögu þessa máls svo langt sem það náði, að það var fast sótt á það á sínum tíma að fá þessa verksmiðju staðsetta á Akranesi. Er það allt saman til í annálum. Þeim mætu mönnum sem stóðu hvað fastast á því á Alþingi, þeim Pétri heitnum Ottesen og Ólafi Thors, verður að þakka hvað þeir lögðu þar af mörkum með miklum stuðningi heimamanna.

Hér er spurt: Af hverju var þetta gert að ríkisfyrirtæki í byrjun? Þá var ástandið þannig í þjóðfélaginu, því miður, að menn áttu ekki peninga til að leggja í slíkt fyrirtæki. Á þeim tíma hafði Akranesbær t. d. enga möguleika til að leggja neitt fjármagn í slíkt fyrirtæki. Á þeim árum þótti sjálfsagt að slíkt stórfyrirtæki, fyrsta stóriðjufyrirtæki á Íslandi, sem þarna er reist fyrir nær 27 árum, Sementsverksmiðjan, yrði ríkiseign. Það hvarflaði ekki að neinum að þetta væri hægt að gera nema á vegum ríkisins. Það var ekki um annað að ræða. Þetta held ég að sé skýringin á því hvers vegna þetta er ríkisfyrirtæki.

Ég ætla engan dóm á það að leggja að svo stöddu, og veit ég að hæstv. iðnrh. misvirðir það ekki við mig, hvort það er rétt að breyta þessu nú eða ekki. Það verður fjallað um það betur og nákvæmar. Þarna þarf ýmislegt að skoða, t. d. sambandið við Akranesbæ og einkum starfsfólkið þarna. Mín reynsla af þessu fyrirtæki og samstarfi við það hefur verið góð að undanskildum nokkrum atvikum sem alltaf gerast í slíkum efnum. Það varð ákveðið stríð t. d., sem ég veit að hv. 4. þm. Vesturl. man eftir því að hann var stjórnarformaður á þeim tíma þegar mest var barist fyrir því, þegar bæjaryfirvöld reyndu að koma í lag mengunarvörnum, sem var mjög ábótavant, og urðu þá mikil og ströng átök. Viðkomandi stjórn réði svo bót á þessu. Þá var því einkum borið við að það væri svo dýrt að bæta mengunarvarnir að fyrirtækið hefði engin efni á því, væri alltaf fjárvana. Þetta voru rökin sem beitt var og sjálfsagt var alveg rétt að þau voru fyrir hendi. Þá var verið að breyta olíukyndingu í kolabrennslu, sem var stórt skref í þá átt að bæta rekstur fyrirtækisins, og hefur það tekist mjög vel. Í dag eru mengunarmálin í nokkuð góðu lagi og allgóðu lagi miðað við aldur verksmiðjunnar.

Eins og ég sagði áðan var fast sótt af Akranesbæ að fá þessa verksmiðju í plássið. Eins og hér hefur komið fram lét Akranesbær af hendi lóðir undir þessa verksmiðju og gerði ýmsa aðra samninga, t. d. sérstaka samninga um hafnargjöld og sérstaka samninga um vatnssölu og annað slíkt, sem voru mjög í lægri kantinum miðað við það sem nú tíðkast. Hvað þetta yrði mikið framreiknað, ef til sölu kæmi, skal ég ekki mat á leggja, en bæjarstjórn Akraness á að sjálfsögðu eftir að fjalla um þetta mál er það kemur til hennar kasta. Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að leggja á þetta mat á þessu stigi málsins, ekki fyrr en ég er búinn að kynna mér það vel hjá heimaaðilum og félögum mínum í bæjarstjórn Akraness hvernig þeir líta á þetta mál.

Ég ítreka að það hefur verið góð samvinna við þetta fyrirtæki og ég lít þannig á að það hafi verið góð stjórn á þessu fyrirtæki. Það hefur ekkert rekist á við okkar hagsmuni þar. Stjórn á fyrirtækinu hefur verið góð að okkar mati á Akranesi. Hins vegar hef ég alls ekki á móti því að kannað sé, því að tímar hafa breyst á 27 árum, hvort þarna bjóðast hagkvæmar leiðir. Ég ætla ekki að standa á móti því, ef hægt er að auka starfsemi fyrirtækisins frekar en nú er, að tekin sé upp meiri nýbreytni. Sjálfsagt er að leita leiða í þeim efnum. T. d. er núna hafin allveruleg og góð samvinna á milli Járnblendifélagsins og Sementsverksmiðjunnar. Ég á við tilraunaframleiðslu á sérstakri steypu sem er framleidd úr sementi og rykinu margfræga frá Grundartanga. Ég held að núna sé einmitt verið að ráða mann til að gera þar öflugra átak, en þetta hefur reynst mjög vel. Nú þegar er búið að setja í tilraunaskyni flotbryggju upp á Akranesi og lítur það mjög vel út og getur komið víða að notum. Nútíminn býður því upp á ýmsa nýja möguleika. Ef hægt er að fá nýtt og aukið fjármagn til fyrirtækisins án þess að annað sé skemmt ætla ég ekki að leggjast á móti slíku. Þess vegna vil ég að þetta sé kannað og legg áherslu á það, þar sem ég er ekki í þeirri n. sem um þetta mál fjallar, að leitað verði álits starfsfólksins og bæjarstjórnar Akraness sem heimaaðila í þessum efnum áður en þetta mál kemur hér til umr. aftur. Það veit ég að hv. n. mun gera.

Eitt rak ég augun í. Ég vildi benda hæstv. iðnrh. á aths. við 5. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Fyrirtækið greiðir nú landsútsvar. Með tilliti til eðlis starfseminnar þykir rétt að félagið greiði áfram landsútsvar í stað aðstöðugjalds og er lagt til að það verði 1% af aðstöðugjaldsstofni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að Sementsverksmiðjan greiði skatta og opinber gjöld með sama hætti og annar atvinnurekstur í landinu."

Ég þori ekki að fullyrða það, en ég held að ég muni það rétt að fyrirtækið greiði landsútsvar, en það sé 2% af aðstöðugjaldsstofni. Hér er lagt til að það sé 1%. Það er lækkun um helming á landsútsvari. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir Akranes vegna þess að samkvæmt lögunum fær heimabyggð fyrirtækis 25% af landsútsvarinu. T. d. hefur Reykjavíkurhöfn meiri tekjur af þessu nú en Akranesbær af aðstöðugjaldinu. Ef ég man rétt held ég að það séu um 1.7 milljónir sem koma út úr þessu fyrir Akraneskaupstað, en mundi lækka um helming. Við þetta er ekki hægt að una. Svo greiðir fyrirtækið fasteignagjöld, en önnur gjöld ekki nema þá samkv. hlutafjárlögunum. Aðra skatta sem á þetta kæmu fengi þá ríkið. Við því er ekkert að segja.

Ég bendi á þetta. Ég held að það sé rétt hjá mér að þessi gjaldstofn yrði lækkaður um helming frá því sem er.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Eins og vænta

mátti voru það fyrst og fremst hv. þm. Vesturl. sem tóku þátt í þessari umr. Það er ekkert einkennilegt svo mikilvægt sem þetta fyrirtæki er í allri atvinnuþróun í því kjördæmi og ekki síst á Akranesi.

Ég ætti kannske að þakka fyrir þá sögulegu upprifjun sem hér hefur átt sér stað, ekki síst af hálfu 4. þm. Vesturl. og jafnframt af hálfu hæstv. iðnrh. Það var langur sögulegur lestur. Það hefði kannske verið eðlilegra að hæstv. iðnrh. og hv. 4. þm. Vesturl. fjölluðu í lengra máli um hugsanlegar afleiðingar þeirrar breytingar sem hér er lögð til, en ég ætla ekki frekar að fetta fingur út í það.

Ég á sæti í iðnn. og ætla því ekki að tala langt mál um þetta frv. Það er venja að frv., sem lögð eru fram af hálfu ráðh. eða ríkisstj., eru lögð fyrir þingflokka, stjórnarflokka. Það var gert í þessu tilviki eins og öðrum. Ég lýsti því yfir við þá umræðu að ég mundi ekki bregða fæti fyrir það að frv. yrði lagt fram, enda ekki myndugur í því efni, en tók það fram að ég áskildi mér allan rétt til skoðunar á því og eins og það væri fram sett og með tilliti til þess veika rökstuðnings sem lægi að baki því á þeirri stundu lýsti ég ekki fylgi við frv.

Í athugasemdum með frv. stendur, með leyfi forseta:

„Ljóst er að með því að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðjuna yrði aðilum, sem áhuga hafa á hagkvæmum rekstri þessa fyrirtækis, veittur kostur á því að leggja því lið, bæði með ráðum, víðtækri reynslu, fjármagni og markaðsstöðu. Mætti hugsa sér að meðal þeirra sem hug hefðu á þátttöku í slíkri félagsstofnun væru starfsmenn fyrirtækisins, sveitarfélög, byggingarfélög, steypufframleiðendur og aðrir framleiðendur, sem háðir eru sementsnotkun. En þá er ótalið að eðlilega gæti hinn almenni borgari óskað þess að leggja fé til starfseminnar og er það þýðingarmikið stefnumál að opna þannig atvinnurekstur landsmanna fyrir framlögum almennings og framtaki."

Varðandi það sem hér er sagt er það mín skoðun að ekkert sé því til fyrirstöðu, fyrir utan bein fjárframlög, að koma við virku samstarfi og áhugatengslum með Sementsverksmiðju ríkisins og þeim sem þurfa þennan varning að nota.

Hér hefur verið á það minnst að Sementsverksmiðja ríkisins væri í seinni tíð að huga meira að ýmsum þróunarverkefnum en áður hefur verið. Í því skyni hefur verið stofnað fyrirtæki, eins konar þróunarfyrirtæki, samstarfsfyrirtæki Sementsverksmiðjunnar og Íslenska járnblendifélagsins. Fyrirhugað er að leggja þessu þróunarfyrirtæki til allverulegt fé af hálfu beggja aðila, samtals 10 millj. kr. hvort árið eða u. þ. b. 20 millj. kr. Ég veit ekki annað en að þetta þróunarfyrirtæki sé raunverulega komið á koppinn. Þetta var hægt án þess að gerðar yrðu breytingar á rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar. Það þarf e. t. v. ekki að spinna þennan þráð lengra. Auðvitað er verksvið umrædds þróunarfyrirtækis fyrst og fremst að þróa steypufframleiðslu, steypueiningar, notkun úrgangsefna frá járnblendiverksmiðjunni til að bæta og auka steypugæði og þróa ýmislegt varðandi framleiðslu úr steypuefnum.

Það má vel vera, ég vil ekki vefengja það, að meira eigið fé þurfi til Sementsverksmiðju ríkisins, en auðvitað hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort þær leiðir sem hér eru farnar muni uppfylla þær óskir manna. Nú er gert ráð fyrir því að fyrst um sinn séu öll hlutabréf á hendi ríkisins, síðan verði þau seld — eða 20% að hámarki miðað við allt hlutaféð. Nú er það þannig að ef menn eiga að njóta skatthagræðis af hlutabréfakaupum verða að vera minnst 50 hluthafar samkvæmt núverandi skattalögum. Þar er reyndar jafnframt talað um lágmarkshlutafé. Ég geri ráð fyrir að þau skilyrði yrðu uppfyllt í þessu efni. En auðvitað er það galli á gjöf Njarðar að hér skuli ekki liggja fyrir mat á eignum og tíundað með frv. Það væri æskilegra að slíkt lægi fyrir við framlagningu slíks frv.

Varðandi hlutafjárframlög, þá má það svo sem vera að einstaklingar og fyrirtæki legðu til fé þessu fyrirtæki, en eins og ég gat um áðan hefur þetta fyrirtæki nú þegar ráðist í ýmis þróunarverkefni, ekki síst í því augnamiði að þjóna í ríkari mæli sínum viðskiptavinum, núverandi og væntanlegum ef vel tekst til að víkka starfsemi Sementsverksmiðjunnar eilítið út. Það hefur kannske á skort á undanförnum árum að fyrirtæki eins og Sementsverksmiðja ríkisins fengi nægan móralskan stuðning frá stjórnvöldum til þess að það færi út á ýmsar aðrar brautir í framleiðslu, í þróunarmálum, en eingöngu að framleiða sement til mannvirkjagerðar í einfaldasta skilningi.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég mundi ekki fjalla um þetta frv. í löngu máli. Ég ætla að standa við það. Mér sýnist á því sem hér hefur komið fram að Sementsverksmiðja ríkisins sé jafnvel dæmi um að ríkið, þrátt fyrir allt, geti rekið fyrirtæki af myndarskap. Væri nú ekki vel þess virði að hafa einn minnisvarða um að samfélagið og fulltrúar þess eru nokkuð myndug og í þessu tilviki vel fær um að standa að slíkum rekstri?

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta frv. Ég á þess kost í iðnn. Hér hefur því verið varpað fram að afla þurfi gagna og menn þurfi að kynna sér þetta mál mjög vel. Ég mun leitast við að láta ekki mitt eftir liggja í þeim efnum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu mun hv. n. gefa sér þann tíma sem henni þykir þurfa til þess að kynna sér málið og afla gagna og annars þess sem til þarf að hún megi komast að sem skynsamlegastri niðurstöðu um þær tillögur sem hún leggur síðan fyrir hv. deild. — Mér þykir miður að hv. 5. landsk. þm. er fjarri, af því sem mál mitt, þó ég reyni að stytta það eftir föngum, kemur við ræðu hans sem hann hélt hér áðan.

Menn spyrja, hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 5. landsk. þm., hvað valdi breytingunni frá því sem hér var lagt fyrir kynningarfrv. á síðustu dögum þingsins í fyrra og fram til þess að nú kemur þetta nýja frv. í gerbreyttu formi fram. Ég vil taka það fram að strax í upphafi hafði ég áhuga á að setja þessu félagi ný lög af því sem það bjó við lög sem kalla mátti bráðabirgðalög eða heimildalög einvörðungu til byggingar verksmiðjunni og þótti mér það ekki eðlilegt. Í þeirri nefnd lögfræðinga sem ég tilnefndi til að gera frv. úr garði um Sementsverksmiðjuna kom fram áhugi í þessa átt. Og við nánari athugun brá ég á þetta ráð, að biðja um samsetningu frv. sem gengi í þessa átt.

Ég ætla að taka fram, sem ég raunar hélt að hefði spurst, að ég er ekki þeirrar skoðunar að ríkið eigi að selja meiri hluta í fyrirtæki sem er þess eðlis eins og Sementsverksmiðja ríkisins er. Þetta er nokkurs konar

einokunarfyrirtæki. Þetta er fyrirtæki sem hefur einhæfa framleiðslu. Það er enginn sem við það keppir. Ég held að ríkið þurfi að hafa meirihlutatök á slíku fyrirtæki. Ég er þeirrar skoðunar. Það kann að breytast þegar fram líða stundir.

Ég tek mjög skýrt fram að það er undir engum þrýstingi, síst mundi hafa verið við því tekið af minni hálfu að þrýstingur hefði verið gerður af hálfu steypustöðva, að ég bregð á þessa tillögu um að leita eftir heimild á sölu á ⅕ af fyrirtækinu. Og alveg er það ljóst að aldrei mun ég standa að því að neitt verði af þessu gefið. Nú kann vel að vera að áhugi verði ekki á að kaupa hlut í þessu fyrirtæki af hálfu fyrirtækja í byggingariðnaði t. a. m. Það kann vel að vera og verður þá við það að sitja. En ég tók fram í framsögu minni að aðild byggingariðnaðarins að fyrirtækinu gæti orðið því til góðs. Þeir geta aldrei, aðilarnir, orðið drottnandi þar, vegna þess, eins og ég segi, að ég trúi ekki að það sé eða verði í náinni framtíð vilji fyrir því að selja meiri hlutann í slíku fyrirtæki. Það er ekki t. a. m. sú skoðun uppi innan míns flokks, svo ég taki það alveg skýrt fram.

Ég minni hins vegar á að það er ákaflega áhugavert að starfsfólk geti eignast hlut að rekstri slíks fyrirtækis. Mér dettur þetta í hug af því sem hv. 5. landsk. þm. nefndi að mýmörg dæmi eru um að sænska ríkið hafi rekið fyrirtæki sín í þessu formi. Það er líka áhugavert að verkalýðsfélög kaupi sér aðild að ríkisreknum fyrirtækjum. Þetta ástunduðu sænsk verkalýðsfélög og ég kynntist því um 1960, þegar ég átti samstarf á sviði launþega í verslunarstétt við samtök norrænna verkalýðsfélaga. Þá varð ég satt að segja undrandi á því hvað mjög hin öflugu verkalýðssamtök tíðkuðu að kaupa hlut í ýmsum ríkisreknum fyrirtækjum og raunar einkafyrirtækjum líka. Skýringin var afar einföld. Þau vildu fá að kynnast út í hörgul rekstri fyrirtækjanna þannig að þau gætu fremur skapað sér skoðun á rekstrinum og þá með hvaða hætti reksturinn færi best úr hendi og gæfi sem mestan arð, gefandi þeim líka röksemdir fyrir því að krefjast aukinnar hlutdeildar í þeim arði. Þetta eru ákaflega forvitnilegar aðferðir að mínum dómi og ég vil alveg sérstaklega, ef þetta nær fram að ganga, sem ég mælist eindregið til, að menn sameinist þá um að svona aðferðir verði athugaðar. (**EG:** Þá var um að ræða fyrirtæki sem skiluðu arði.) Já. Ég verð að segja að mér finnst menn of íhaldssamir í þessum sökum þegar menn eru að ræða um ríkisreksturinn og það er ekki að spyrja að því að þessa íhaldsmennsku er nú fyrst og fremst að finna í Alþb., en ég hélt nú satt að segja að íshúsforstjórar og framkvæmdastjórar á Snæfellsnesi væru í frjálslyndari armi flokksins, var að vona það, þannig að maður ætti ekki að mæta þessari kergju og kreddu líka hjá mönnum sem hafa svo ríkan skilning á rekstri fyrirtækja. (**EG:** Og gildi einkareksturs.) Og gildi einkareksturs. — Ég tek það fram og skýt því hér inn í að það er misskilningur að hið opinbera hafi haft einhverja hönd í bagga með byggingu nýrrar steypustöðvar. Ég trúi að það sé sú sem reis í Garðabæ. Það var hinu opinbera alveg ókunnugt um þangað til að fulltrúa ríkisstj. var boðið að vera viðstaddur vígslu. Það kann vel að vera að þetta sé of mikil fjárfesting. Ekki kann ég að fara með lánveitingar úr opinberum sjóði eins og Iðnlánasjóði, en ég held að þar hafi verið um 30 millj. kr. ef ég man það rétt. En hið opinbera gildraði ekki til þess og stýrði engum fjármunum. Þó að segja megi auðvitað að Iðnlánasjóður sé að nokkru leyti opinber sjóður, þá er hann þó í eigu stéttarinnar að kalla en að því leyti hefur hið opinbera aðild að það að forminu til setur sjóðnum stjórn þó að stjórnarmenn séu tilnefndir af hagsmunaðilum. Þetta var nú innskot.

Úttekt á rekstri fyrirtækisins hefur farið fram og það þarf ekki til lengdar að verða neinn leyndardómur hvílandi yfir þeirri úttekt. Í fyrsta lagi gaf ég stjórninni færi á að ræða málið ítarlega við Kaupþing sem er ráðgjafarfyrirtæki sem tók út fyrirtækið Sementsverksmiðjuna. Næsta skref er það sem ég þarf að gefa mér tíma til. Það varð niðurstaða mín og stjórnarformanns að ég leiddi saman ráðgjafarfyrirtækið og stjórnina því að þessa aðila greinir á í nokkrum atriðum um hvernig að skuli búið verksmiðjunni, stjórnun hennar og rekstri í framtíðinni. Ég tek þó fram að þessi skýrsla varð mér að mestu fagnaðarefni og get ég þó ekki sagt að þær hafi allar orðið það skýrslurnar um rekstur og stöðu hinna ýmsu fyrirtækja sem til mín eru skrifaðar. En ég verð að segja það eins og er og sem ég raunar hafði haft nokkur kynni af rekstri þessa fyrirtækis að fyrirtækið er á góðum vegi og rekstur þess í góðu lagi, að mínum dómi. Ég hafði nefnilega kynnst þessu fyrirtæki og rekstri þess allverulega vegna þess að ég átti að heita einu sinni stjórnandi Framkvæmdasjóðs sem var aðallánasjóður þessa fyrirtækis og einkum og sér í lagi á kreppuárum fyrirtækisins. Framkvæmdasjóður átti með sinni fyrirgreiðslu einna drýgstan þátt í að reisa þetta fyrirtæki við fjárhagslega þegar mest knúðu á vandræðin vegna verðlagsstefnu hins opinbera. Þess vegna þekkti ég þar til innandyra. Framkvæmdasjóður hafði margsinnis gert aðsjón í rekstri fyrirtækisins og eins og ég segi, það á mitt traust þótt auðvitað megi ýmislegt betur fara, eins og fram kemur í skýrslu Kaupþings, og tek ég þó fram að þar er ýmislegt líka sem ég fyrir mitt leyti get ekki samþykkt.

Læt ég þá lokið þessum atriðum sem ég vildi að kæmu fram, en það voru aðalrökin fyrir þessu sem menn spyrja um. Þá vísa ég til þess að hið háa Alþingi hefur, og þæfði það lengi með sér, sett lög um hlutafélög sem kölluð hafa verið hið fullkomnasta form um félagsskap í rekstri fyrirtækja. Þar er að finna, með því að fletta þeim lögum, meginástæðurnar fyrir þeirri tillögu sem hér er gerð, að hlutafélagaformið hlýtur að teljast það eðlilegasta þegar um slíkt fyrirtæki er að ræða og enda þótt ríkið væri 100% eigandi að hlutabréfunum. Það á ekki við Sementsverksmiðjuna sérstaklega. Ég bið menn sérstaklega að athuga það. Það á ekki við hana þegar ég rifja upp hvernig aðstæður hafa oft verið hjá ríkisreknum fyrirtækjum í því formi sem Sementsverksmiðjan er.

Ég er auðvitað þingræðissinni og hef ekkert við það að athuga að fyrirtæki sé valin stjórn eftir hlutfallskosningu á Alþingi. En löngum og löngum og oft og tíðum hafa viðkomandi aðilar, sem valdir hafa verið af hálfu ríkisins, ekki litið á sig sem sérstaka ábyrgðaraðila, kosna í stjórn til þess að veita fyrirtækinu aðhald og forstöðu og forsjón, heldur til þess að þiggja bitling. (Gripið fram í.) Þeir hafa kannske setið áratugum saman í stjórn án þess að vera sér meðvitandi um það nokkru sinni að á þeim hvíldi þung ábyrgð, að ég tali ekki um þegar stórfyrirtæki eiga í hlut. Hér gegnir allt öðru máli — og þyrftu nú aðaleigendur í hlutafélagi að

fara að kynna sér lögin sem gilda um hlutafélög, íshúsforstjórar frá Snæfellsnesi, og gá að því að þar er kveðið á um hin þýðingarmestu atriði sem gæta skal í rekstri fyrirtækja og sem hafa annaðhvort ekki eða að mjög litlu leyti verið í framkvæmd og þeirra lítt gætt í stjórn hinna ýmsu alríkisreknu fyrirtækja.

Ég hleyp á þessu, virðulegi forseti, eftir því sem tíminn er runninn. Þar er að finna upphaflega sérákvæði um þegar fyrirtæki er stofnað og við stofnun þess yfirtekur það eða kaupir annað fyrirtæki í reksturinn. Það er alveg nauðsynlegt í þessu falli þar sem við erum að tala um að nýtt fyrirtæki yfirtæki Sementsverksmiðju ríkisins í núverandi mynd. Ítarleg ákvæði eru um hvernig kosning stjórnar fer fram á hluthafafundum. Hæfnisskilyrði stjórnarmanna eru fram tekin. Ætli það sé nú víst að þess hafi alltaf verið gætt þegar menn hafa verið að kjósa hlutfallskosningu á Alþingi menn til hinna ýmsu hluta? Ég er ekki að vísa á einn eða neinn eða nefna einstök dæmi og síst Sementsverksmiðjuna, (**EG:** Það er rétt að taka það skýrt fram.) heldur er ég að tala almennt um málin. — Hver veit, ef væru krufin til mergjar öll mál, nema í ljós kæmi að ég hefði nokkuð til míns máls.

Það eru ítarleg ákvæði um starfssvið stjórnar og um starfssvið framkvæmdastjóra. Skyldi nú ekki mega ætla að þetta sé hvort tveggja nauðsynlegt? Það er kveðið á um vanhæfni stjórnarmanna, alveg sérstök grein, 56. gr. Það er kveðið á skýrum stöfum um hagsmunaárekstra eins og t. a. m. segir í 60. gr., með leyfi virðulegs forseta:

„Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins."

Hér eru ítarleg ákvæði um valdsvið hluthafafundar. Hér er kveðið á um árlega aðalfundi. Hvernig fara uppgjör fram eða hafa farið fram hjá ýmsum ríkisfyrirtækjum og hvernig er ársreikningum skilað og hvar eru þeir krufnir til mergjar? Ég get um þetta dæmt og um þetta borið að því sem til þessara kasta hefur komið af minni hálfu vegna fyrirtækja sem eru í umsjá iðnrn. En nú er þetta breytt. Hér er kveðið á, sem mjög mikilsvert er, um rétt minni hlutans. Og skýr ákvæði eru um upplýsingaflæði til hluthafa. Ég get haldið svo lengi áfram. Hér er ákvæði um réttarvernd minni hluta. Hér eru ítarleg ákvæði um endurskoðun og sérstakar rannsóknir og um hæfnisskilyrði endurskoðenda. Ég get haldið lengi svo áfram um ársskýrslur út í þann hörgul að kveðið er á um reglur um uppsetningu, þannig að menn geti lesið eins úr þeim niðurstöðum sem fást við ársuppgjör.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu, enda fundartími hv. deildar runninn út. Ég held að þegar menn skoða þetta af rósemi hugans niður í kjölinn og ef þeir leggja á sig að líta fram hjá gamla íhaldinu sem í þeim býr og kreddusjónarmiðunum, þá muni þetta njóta góðs byrs hérna í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 341. mál (þskj. 621). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og þakka fyrir að geta komið þessu máli hér að, en það er afar brýnt að hægt verði að ljúka því fyrir páskaleyfi svo að hægt sé að hefja greiðslur til þeirra sem greiðslna njóta úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. Um þetta mál var góð samstaða í Nd. og er þm. vel kunnugt um það.

1. gr. frv. fjallar um ráðstöfun á svokölluðum uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi, 2. gr. fjallar um framlengingu á sérstökum 4% bótum á afla og 3. gr. fjallar um 3% viðbót við afla, sem tekin var upp á s. l. sumri, sem gert er ráð fyrir að gildi frá 1. ágúst 1984 og að þessar bætur allar gildi til 1. ágúst 1985. Þá er vonast eftir því að sérstök nefnd, sem hefur verið skipuð til að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins í heild, hafi skilað áliti þannig að hægt sé að taka tillit til tillagna hennar við framlengingu og endurskoðun á þessu máli.

Það kemur skýrt fram í frv. hvað hér er um að ræða. Á fskj. I. á bls. 4 er sérstakt yfirlit yfir tekjur Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og áætluð útgjöld hans.

Ég vænti þess að hv. sjútvn. sjái sér fært að afgreiða þetta mál hið fyrsta svo að það geti komið til framkvæmda fyrir páska. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna, frv. 347. mál (þskj. 555). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem hæstv. forsrh. mælti fyrir í Nd. Það er einnig afar brýnt að þetta mál verði tekið fyrir af sjútvn. samhliða því frv. sem ég áður mælti fyrir. Frv. þetta fjallar í fyrsta lagi um lækkun á svonefndum kostnaðarhlut útgerðar, í öðru lagi um sjómannafrádrátt og í þriðja lagi um aðgerðir til lækkunar á olíuverði.

Frv. þetta tengist niðurstöðu í sjómannadeilunni og því mikilvægt að það fái framgang hið fyrsta hér á Alþingi.

Um þetta frv. var góð samstaða í Nd. Frv. fylgja upplýsingar um samkomulag í sjómannadeilunni. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð hér við 1. umr. en vænti þess að hv. sjútvn. reyni að greiða fyrir því að málið nái fram að ganga fyrir páskaleyfi.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 315. mál (þskj. 500). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 585 (sbr. 49), 619). — 3. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Á þskj. 619 er brtt. sem er tilkomin vegna þess að það urðu mistök í sambandi við afgreiðslu þessa máls og datt út önnur málsgr. 6. gr. Þar sem var búið að samþykkja greinina þannig við 2. umr. varð að koma fram með þessa brtt. Ég vil taka það fram að ég gegni nú um stundarsakir formennsku í félmn. en þar sem ég náði ekki til allra nm. áður en ég lagði brtt. fram þá flutti ég hana einn. En félmn. er sammála flutningi þessarar brtt.

ATKVGR.

Brtt. 619 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 248, n. 630 og 632, 631). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins, 209. mál, á þskj. 632. Nál. er þannig:

„Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og leitað umsagna um málið. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.“ Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Gunnar G. Schram og Halldór Blöndal.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Einarsson hafði samband við mig og bað mig að mæla hér fyrir minnihlutaáliti sínu ásamt brtt. sem við flytjum við þetta frv. um það að 10. gr. frv. falli niður. Þessi brtt. er á þskj. 631. Nál., sem hv. þm. Guðmundur Einarsson skrifar undir, er á þessa leið:

„Þm. BJ hafa þrisvar sinnum flutt frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, þar sem lagt er til að sú skipulagsbreyting verði gerð á ákvörðun Verðlagsráðs um verð á sjávarafla að lágmarksverð verði ákveðið í frjálsum samningum af fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda í Verðlagsráði sjálfu. Frv. gera ráð fyrir að niður verði felld 10. gr. laganna þar sem fjallað er um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs þar sem sæti á m. a. oddamaður frá Þjóðhagsstofnun. Breytingin felur það í sér fyrst og fremst að tekið er fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafla og ábyrgð þess á þeim.

Hlutdeild ríkisvaldsins hefur á undanförnum árum leitt til gengisfellinga, upptöku gengismunar, dreifingar uppsafnaðs söluskatts og þess háttar meðaltalsæfinga í kringum núllpunktinn. Slík stjórnlist kann einhverjum að þykja „pólitískt skynsamleg“ á hverjum tíma en á ekkert skylt við skynsamlega stefnu í efnahags- og atvinnumálum.

Í frv. því um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem hér er fjallað um, er enn þá að finna óbreytt ákvæði um yfirnefnd eins og er í 10. gr. laganna frá 1974. Undirritaður flytur brtt. á sérstöku þskj. um að þessi grein verði felld niður úr frv. Ef sú brtt. nær ekki fram að ganga mun hann greiða atkvæði gegn frv.“ — Hann er nú að vísu ekki hér til þess.

„Í 6. gr. frv. er ákvæði um að Verðlagsráði sé heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega standi á að mati ráðsins enda sé einróma samkomulag um það í ráðinu. Í 8. gr. frv. er nýtt ákvæði um að Verðlagsráð skuli haga verðákvörðunum sínum þannig að það stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. að tekið verði mið af gæðum sjávaraflans eftir því sem markaðsaðstæður bjóða upp á. Undirritaður telur bæði þessi ákvæði til bóta og væntir þess að þau móti starfsemi nýs Verðlagsráðs verði frv. þetta að lögum.

Alþingi, 25. mars 1985.

Guðmundur Einarsson.“

Við teljum að með þessari breytingu verði samningsaðilar ábyrgari í samningsgerðinni og lausn óábyrgra og óraunhæfra samninga verði ekki eins og nú að ávísa á ríkiskassann. Menn þurfa að læra að sníða sér stakk eftir vexti og á ég þá við útgerðarmenn og fiskvinnslumenn. Við viljum með þessari till. leggja af þau beinu afskipti sem ríkið hefur af ákvörðun um fiskverð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls kvaddi sér hljóðs hv. 5. þm. Vestf. og gerði athugasemdir og beindi tilmælum til þeirrar hv. nefndar sem þetta mál fékk til meðferðar, hv. sjútvn. Í þessu frv., eins og það var lagt fram og hér er lagt til af meiri hluta sjútvn. að það verði samþykkt, er gert ráð fyrir því að fækka verulega í Verðlagsráði og kann út af fyrir sig að vera hægt að finna forsendur og rök fyrir því.

Það er þó ein breyting sem ég er andvígur — og tek þar undir orð hv. 5. þm. Vestf. — og hlýt að vekja athygli á. Það er sú breyting að samkvæmt þessu frv. er lagt til að fellt verði niður það ákvæði, sem nú er í gildandi lögum um Verðlagsráð, að sérstakir fulltrúar séu skipaðir við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum. Það er sem sagt meiningin með þessu frv. að fulltrúum þessara aðila verði kippt út og þar með komið í veg fyrir að þeir geti haft áhrif á verðlagningu þessara afurða.

Ég vildi gjarnan beina því til formanns eða frsm. meiri hluta hv. sjútvn. hvort tilmæli þau, sem fram komu við 1. umr. málsins frá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, um að þessu yrði breytt aftur og inn tekið ákvæði sem tryggði að fulltrúar þessara aðila ættu aðild að verðlagningu þegar hún færi fram, hafi ekkert verið rædd í viðkomandi nefnd.

Mér er það óskiljanlegt hvaða ástæða er í þessu tilfelli til að þessu verði kippt út. Mér er nær að halda að ýmsir hv. þm. hafi kannske ekki gert sér grein fyrir því hvað hér er að gerast. Mér finnst ólíklegt t. d. að hæstv. samgrh. telji æskilegt að gera slíkt. Mér finnst líka ótrúlegt — og það er kannske rétt að óska eftir upplýsingum um það sérstaklega — að hæstv. félmrh. sé afskaplega hlynntur því að fulltrúum þessara aðila sé kippt út úr Verðlagsráði til þess að þeir hafi engin áhrif á verðlagningu þessara fiskitegunda.

Í ljósi þessa óska ég eftir því við hv. þm. Stefán Guðmundsson, formann og frsm. meiri hluta sjútvn., að fá um það vitneskju hvort ekkert hafi verið rætt um þessa ábendingu og beiðni hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Eins og mál standa nú mun ég greiða atkvæði gegn þessu og þar af leiðandi hlýt ég — verði þessu haldið til streitu að samþykkja frv. eins og það nú er — að greiða atkvæði gegn því.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það fór svo nú eins og endranær þegar einhverjar breytingar eru á ferðinni, þó lítilfjörlegar séu, að þá þurfa þeir hinir verstu kerfiskarlar á hinu háa Alþingi ævinlega að reyna að koma í veg fyrir breytingarnar, í raun og veru hvort sem þessar breytingar eru til góðs eða ills. Það er eitur í beinum þessara kerfiskarla að hreyfa við nokkrum sköpuðum hlut. Og röksemdirnar eru nákvæmlega í takt við þetta.

Það er svo með þetta litla mál um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins að skipuð var sérstök nefnd sem í áttu sæti upphaflega af Alþingis hálfu núverandi hæstv. samgrh., Marteinn Friðriksson, sá sem hér stendur í stóli og Sighvatur Björgvinsson. (**KP:** Þá fara menn nú að skilja.) Nú, skilningurinn kom þegar Alþfl.-maðurinn var nefndur, heyri ég. (Gripið fram í.) Þarna voru auðvitað fleiri. Þarna var fulltrúi sjómanna, Óskar Vigfússon, fulltrúi fiskverkenda, Sigurður Einarsson o. s. frv.

Tilgangur nefndarskipunarinnar var sá að reyna að hrugga svolítið við þessu gamla kerfi, helst í þá áttina að það ynni betur og væri liprara og einhver nýmæli væri hægt að koma með í sambandi við þessa hluti. Útkoman var nú sú að breytingar urðu ákaflega lítilvægar. Það er víðar tregða en hjá hv. þm. Vestf. Hér er ekki um það að tefla að um stórkostlegar breytingar eða neina byltingu sé að ræða í þessum efnum, heldur tiltölulega litlar breytingar, þó í rétta átt. Margir þeirra sem sátu í þessari nefnd óskuðu eftir því að geta breytt meiru en það tókst ekki. Hér er því í raun og veru ekki um annað að ræða en að minnka svolítið þetta ráð, sem var of stórt og þungt í vöfum, og að mínum dómi er síst of langt gengið í þeirri fækkun eins og menn geta séð ef þeir skoða hvað stendur hér á blöðum. Það þarf auðvitað ekki að lesa það upp fyrir hv. þm. Karvel Pálmasyni af hvaða ástæðum lagt er til að taka út fulltrúa sérstakra fisktegunda. Kannske er einfaldasta röksemdin fyrir því sú að fulltrúar þeirra hagsmunaaðila sem veiða þessi sjávardýr telja sig geta farið fullkomlega með umboð þess fólks sem veiðir þessi dýr, skel, humar og rækju o. s. frv.

Það sem kemur fram í nál. minni hluta, hv. þm. Guðmundar Einarssonar er annars eðlis. Það er um það að ekki skuli vera nein yfirnefnd. Það væri svo sem ákaflega gott ef við gætum alveg losnað við yfirnefnd.

Það er nú svo að þegar tveir deila þá verður einhver að skera úr. Það hefur dregist nægilega lengi með því kerfi sem við höfum haft að ná saman fiskverði þó ekki sé á þá menn bætt að hafa engan úrskurðaraðila. Ekki nema menn vilji vera að rífast um þetta endalaust. Það þarf einhver að skera úr, það er auðvitað alveg ljóst. Ef ekki næst samkomulag í Verðlagsráðinu þá fer málið til yfirnefndar. Það væri kannske hugsanlegt að hafa enga yfirnefnd en leysa þetta þá með því að þarna standi á oddatölu og menn verði neyddir til að skera úr þessu. En þeir sem voru í þessari nefnd sáu ekki fram á að nokkur friður yrði um þá breytingu og hún yrði heldur ekki til góðs.

Í nál. minni hlutans má finna jákvæða hluti þó sjaldgæft sé. Þarna er ofurlítill vísir að frjálsum fiskmarkaði. Það er þannig með fiskverðsákvörðun hér á landi að það er ákveðið sama lágmarksverð um allt land. Um þessa aðferð geta menn að sjálfsögðu deilt. En það er bara þannig hjá okkur að við höfum ekki sömu möguleika á frjálsum fiskmarkaði eins og gerist annars staðar nálægt neytendamarkaðinum. Það væri auðvitað ekki slæmt fyrir okkur að hafa annan eins markað og er í Bretlandi og Þýskalandi og víðar, frjálst fiskframboð. En hvernig halda menn t. d. að yrði boðið í fiskinn á einhverjum stað úti á landi þar sem aðeins einn aðili er til að kaupa? Við skulum segja á Höfn í Hornafirði þar sem bara Sambandið eitt er eða Bolungarvík þar sem bara er einn einstaklingur, eða í Vestmannaeyjum þar sem ein klíka á þetta allt saman. Þarna er ekki um frjálsan fiskmarkað að ræða, því miður. En þarna er um að ræða nýmæli, þó í litlu sé, í jákvæða átt. Ég sé að hv. þm. Guðmundur frá SH brosir, þykir málið skemmtilegt.

Herra forseti. Um þetta mætti auðvitað meira segja, þó lítilfjörlegt sé, en ég held ég láti það eiga sig. Hitt er svo annað mál að ég held að alþm. ættu að skilja það kannske betur en aðrir að þeim mun fleiri sem eru í svona apparati þeim mun stirðara verður auðvitað að vinna með því. Að mínum dómi hefði verið æskilegt að hafa fækkunina enn meiri. En um það náðist ekki samkomulag og þegar ekki næst samkomulag í slíkum efnum þá þýðir ekkert að reyna að neyða það fram, það er vonlaust verk, þannig að við sitjum uppi með þetta ekki skárra en það er. Ég legg til að þetta verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Mér er ljúft að verða við beiðni hv. þm. Karvels Pálmasonar og svara því sem hann spurði um, hvort n. hefði ekki fjallað um hugmyndir Ólafs Þ. Þórðarsonar hv. þm. um það að fjölga í Verðlagsráðinu. Vitaskuld var það gert og einnig var leitað umsagna um þetta mál eins og venja er að þingnefndir geri. Við sáum ekki ástæðu til að fallast á till. eða hugmyndir Ólafs Þ. Þórðarsonar og þær umsagnir sem okkur bárust í hendur voru heldur ekki á þann veg. Núna hefði maður kannske átt að vera með þær hjá sér í salnum, þær voru nú ekki margar sem bárust en ég man þó eitt fyrir víst að a. m. k. í einni umsögninni kom greinilega fram vilji til enn frekari fækkunar í Verðlagsráðinu en hér er gert ráð fyrir.

Hér er sem sé gert ráð fyrir að í Verðlagsráðinu verði 16 aðilar í stað 30. Eða raunar 16 í stað 36 eins og áður var, ef við tölum um sérstaka fulltrúa sem voru í

Verðlagsráðinu vegna rækju-, hörpudisk-, og grásleppuveiðimanna, ef við teljum þá með, er fækkunin raunverulega í 16 úr 36. Röksemdin fyrir þessu er m. a. sú að bæta starfshætti ráðsins og draga úr kostnaði.

Ég tek einnig undir það sem mér finnst skipta hvað mestu máli í þessu, eins og kom hér rækilega fram hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni sem þekkir nú þetta mál mjög vel vegna þess að hann átti sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um þessa endurskoðun, að vitaskuld eru þeir aðilar sem falla hér undir þá skilgreiningu, sem er hér í 1. gr., bæði undir A- og B-lið. Þar er talað um fulltrúa sem skipa fulltrúa Verðlagsráðsins. Vitaskuld eru þessir aðilar einnig fulltrúar þessara aðila sem hér er verið að tala um sem stunda veiðar á rækju, hörpudiski og grásleppu. Það gefur auga leið og þar er ég að tala um fulltrúa útvegsmanna og sjómanna. En svar mitt við fsp. vona ég að hv. þm. Karvel Pálmason hafi meðtekið. Við sem sé höfnuðum að taka undir till. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Við fjölluðum ítarlega um málið og leituðum umsagna og þær umsagnir gáfu frekar til kynna að menn vildu enn frekari fækkun en þetta frv. leggur til.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir þá vitneskju sem hann lét hér í té. Mér kemur út af fyrir sig ekkert á óvart, enda væri nú annað skrýtið, ef hv. þm. Garðar Sigurðsson mundi ekki verja hér krógann sem hann sjálfur stendur að að semja. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að heyra hann tala í þeim dúr sem hann talaði hér áðan. Í raun og veru mætti ætla að í gegnum starf núv. hæstv. sjútvrh. hefði hv. þm. Garðar Sigurðsson verið eins og nokkurs konar aðstoðarsjútvrh. því að ég man vart eftir einu eða neinu, sem komið hefur frá núv. hæstv. ríkisstj. eða hæstv. sjútvrh. í tengslum við sjávarútveg, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur ekki stutt í einu og öllu. Þar á meðal hin verstu verk sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert í sambandi við fiskveiðar og fiskvinnslu sem er kvótakerfið, þannig að mér kemur ekkert á óvart þó að ég upplifi það einu sinni enn að hér tali hv. þm. Garðar Sigurðsson sem sérstakur fulltrúi sjútvrh. og ríkisstj. í þessum efnum. Það er ekkert nýtt fyrir mér og það mun ekki vera nýtt fyrir þm. hér almennt. Þetta höfum við upplifað hér trekk í trekk á umliðnum tíma.

Hv. þm. talar um kerfiskarla. Það breytir út af fyrir sig engu, hvað mig varðar, hvað hann nefnir þessa hluti. Ég tel að fulltrúar þessara veiðigreina í sjávarútvegi eigi fullkominn rétt á því að eiga aðild að verðákvörðun eins og hverjir aðrir sem veiðar stunda eða umboð fara með í þeim efnum. Ég vil ekki setja fulltrúa þessara aðila á neitt lægri bekk en fulltrúa frá LÍÚ eða fulltrúa frá Sjómannasambandinu án þess að ég sé á nokkurn hátt að kasta rýrð á þá einstaklinga sem þar eiga hlut að máli. Ég tel að það sé eðlilegt að fulltrúar þessara greina eigi aðild að þessu eins og hverjir aðrir.

Það má vel vera og ég rengi það ekkert sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði hér áðan að umsagnir hafi verið á þann veg sem hann hér lýsti. En það breytir ekkert minni skoðun og mínum viðhorfum til málsins. (**StG:** Það datt mér ekki í hug.) Nei, ég hygg að hv. þm. sé nú búinn að læra að það er erfitt að breyta minni skoðun frá því að vera réttlát til þess að vera ranglát, það er mjög svo erfitt og hefur fleirum og ýtnari mönnum en honum ekki tekist.

Ég tek það fram aftur, án þess að ég sé að kasta neinni rýrð á þá fulltrúa sem tilnefndir eru af Landssambandi ísl. útvegsmanna, að ég efa að þeir séu jafn dómbærir á verðákvörðun á rækjuafurðum, hörpudiski og öðru slíku eins og þeir sem þá grein stunda. Og ég flokka með þeim einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sjómannasambandi Íslands án þess — og ég ítreka — að það sé verið að kasta neinni rýrð á þessa einstaklinga. En þeir aðilar sem um þessi mál fjalla frá degi til dags, atvinnuveginn stunda, þeir þekkja betur til en hinir sem utanaðkomandi eru.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð, en það var út af fyrir sig ánægjulegt að fá það enn einu sinni fram hversu dyggilega hv. þm. Garðar Sigurðsson styður hæstv. ríkisstj. og þá sér í lagi hæstv. sjútvrh. jafnvel til hinna verstu verka.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla hvorki að fara að verja skoðanir hv. þm. Karvels Pálmasonar né hv. þm. Garðars Sigurðssonar. En ég vil samt minna á í þessu sambandi að þetta frv. er samið af nefnd sem var kosin hér á Alþingi. Í raun og veru er það eitt af fáum skiptum sem Alþingi hefur sameiginlega haft frumkvæði um að semja ný lög, þ. e. þetta lagafrv., því að upphaf þess var það að samþykkt var ákvæði til bráðabirgða við lög sem hér voru sett um það að sérstök nefnd, kosin af Alþingi, skyldi semja frv. um þetta mál ásamt hagsmunaaðilum. Af hálfu þingsins voru kosnir í þessa nefnd þáv. hv. þm. Matthías Bjarnason, Marteinn Friðriksson, Garðar Sigurðsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason kannast vel við og hefur setið hér sem varafulltrúi hans á þingi og hefur hér langa þingreynslu. Þessir aðilar sömdu þetta frv. og það var um það rætt hvort ekki væri tilhlýðilegt að sjútvn. þingsins flytti þetta frv. því að það er algjörlega komið fram vegna kröfu frá þinginu.

Ég tel hér vera um einföldun að ræða, skynsamlegt mál sem runnið er undan rifjum Alþingis og ákveðið að semja þetta frv. fyrir tilstilli Alþingis. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni taka þetta fram því að frv. er ekki samið að tilhlutan ríkisstj. þótt það sé flutt sem stjfrv. formsins vegna.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af ummælum hv. þm. Karvels Pálmasonar. Mér er ljúft að staðfesta það að hjá okkur í sjútvn. ganga málin eðlilega og vel fyrir sig og menn leggja sig vel fram um að vinna að málum, skoða þau og velta þeim fyrir sér. (**GJG:** Það er allur gangur á því.) Það er ekki allur gangur á því, hv. þm. Guðmundur. (**GJG:** Jú.) Nei. Það vill svo til hjá okkur í dag, ég efast um að það séu margar þingnefndir sem geti sagt það. Hjá sjútvn. þessarar deildar liggur ekki fyrir eitt einasta mál óafgreitt. Menn hafa vissulega unnið þar gott verk og er ástæða til að þakka það.

En ég vil segja það að ég kann ekki almennilega við þann tón sem kom fram hjá Karvel Pálmasyni. Ég ætti ekki að þurfa að taka upp hanskann fyrir hv. þm. Garðar Sigurðsson, hann er einfær um það. En þar sem það kom fram að Garðar væri tilbúinn til að verja hin verstu verk sem sjútvrh. væri að fremja í sinni ráðherratíð velti ég því fyrir mér hvað hér er átt við, hvað hv. þm. Garðar Sigurðsson er að verja. Það gæti kannske

verið af því að hann þekkir hag sjávarútvegsins betur en margir aðrir sem sitja hér inni á Alþingi og það sé kannske af því sem skoðanir hans og sjútvrh. falla saman.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla sem hér féllu áðan í ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar þar sem hann ræðir um brtt. okkar Guðmundar Einarssonar, um það að 10. gr. verði lögð niður, sem þýðir, eins og réttilega kom fram í máli hans, að ekki verður um að ræða yfirnefnd. Hann sagði: Þegar tveir deila þá þarf að skera úr. Það er alveg rétt. En þarf það endilega að vera aðili frá ríkinu?

Ég vitna þá í 10. gr. þar sem stendur að rísi upp ágreiningur þá skuli það vera forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans sem þar sker úr. Ég spyr hvort það geti ekki alveg eins verið Verðlagsráð sem kjósi sér úrskurðaraðila sem þeir sjálfir treysta. Þar með er komið í veg fyrir að stöðugt verði ávísað á ríkið ef illa gengur. Með þessu móti teljum við að um verði að ræða ábyrga eða a. m. k. ábyrgari samninga en nú er.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég nenni satt að segja ekki að vera að elta ólar við skæting úr öllum áttum, mér finnst hann leiðinlegur, heimskulegur og óþarfur. Hvað á það að þýða þegar menn eru að bera það á eina hv. þingnefnd að hún skoði ekki mál, vinni illa? Ég kann ekki við þetta. Ég hef verið í sjútvn. síðan ég kom hér á þing fyrir 14 árum og ég veit ekki til þess að þeirri n. hafi hingað til verið borið það á brýn að hún ynni illa og kynnti sér ekki mál. Menn gera það auðvitað misjafnlega. Í svona nefndum eru sjö manns og þeir eru misjafnir og þekkja misjafnlega vel til. Ég hef verið hér í ýmsum öðrum þingnefndum. Ekki hef ég verið í neinni nefnd sem ævinlega hefur klárað hvert mál á hverju einasta ári eins og þessi nefnd hefur gert, hreint borð.

Það er líka dálítið einkennilegt að mínum dómi þegar virðulegir hv. þm., eins og Kristín Kvaran 1. landsk. þm., eru að láta liggja að því að ákvarðanir um fiskverð í Verðlagsráði hafi verið einhverjar ávísanir handa ríkinu til að borga. Sjávarútvegurinn á Íslandi er ekki ómagi, hvorki á ríkinu né öðrum. Hann stendur fyrir sínu. Þeir fjármunir, sem notaðir hafa verið til að bjarga ýmsum vandræðamálum í sjávarútveginum, hafa komið frá honum sjálfum. Það hefur verið um millifærslur að ræða. Ég vil ekki heyra það hér á hinu háa Alþingi að sjávarútvegurinn sé ómagi á þessari þjóð. Það er hann sem heldur enn í henni lífinu þrátt fyrir alls konar vitleysur sem hafa verið gerðar í öðrum atvinnugreinum af öllum ríkisstjórnum.

Ég vil aðeins segja það við hv. þm. Karvel Pálmason í virðingarskyni — að maður skuli yfirleitt ansa þeim manni — að ég tek ekki afstöðu eftir því hvort mínar skoðanir falla saman við einhvern og einhvern hæstv. sjútvrh. hverju sinni. Ég slæst ekki hér í málum bara til þess eins að vera á móti ríkisstj. Hún getur haft rétt fyrir sér.

Magnús Reynir Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Ég bendi á að í 1. gr. þessa frv. er setning sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er þeim sem tilnefna eiga fulltrúa skv. þessari grein að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði eftir því sem rétt þykir til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun komi sem best fram.“

Ég held að þetta hafi verið þannig í reynd að þeir aðilar sem tilnefndir eru úr hópi fiskkaupenda, t. d. fulltrúar sjávarafurðadeildar SÍS og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, en þessi fyrirtæki selja yfirleitt flestar tegundir sjávarafurða, hafi haft mjög náið samband við þá aðila sem mestra hagsmuna eiga að gæta hverju sinni í sambandi við verðlagninguna. Ég sé því ekki ástæðu til þess að menn breyti frv. sem hér liggur fyrir að þessu leyti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:3 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 631 felld með 22:2 atkv.
10. gr. samþ. með 22:1 atkv.
11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
12.—15. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I. — II. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. 373. mál (þskj. 594). — 1. umr.

Flm. (Magnús Reynir Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla á þskj. 594. Frv. er í tveimur gr., svohljóðandi:

„1. gr. Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein er orðist svo:

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til að byggja eða kaupa skólahús eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Styrkurinn getur numið allt að 50% af byggingarkostnaði eða kaupverði húsnæðis enda leggi viðkomandi sveitarfélag jafnhátt framlag á móti. Styrkur ríkissjóðs skal aldrei vera hærri en framlag sveitarfélaga.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Svohljóðandi grg. fylgir frv.:

„Frv. þetta hefur þá breytingu í för með sér að ríkissjóður styrki tónlistarskóla til að byggja eða kaupa skólahúsnæði en í gildandi lögum eru ekki ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs sé þó bundið því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag leggi fram fé úr sjóði sínum til þessara mála.

Með lögunum nr. 22/1975 er viðurkennt hversu mikilvæg tónlistarkennsla er og ríkissjóður og sveitarfélög taka að sér að greiða laun vegna kennslunnar sem er stærsti kostnaðarliðurinn.

Það verður að teljast eðlilegt að þessir aðilar standi einnig sameiginlega að byggingu skólahúsnæðis eða kaupum á hentugu húsnæði þar sem þess gerist þörf. Því er lagt til að lögunum verði breytt þannig að í þeim sé

gert ráð fyrir þátttöku ríkissjóðs að undangenginni ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um að leggja fé til þessara mála."

Um mikilvægi tónlistarfræðslu þarf varla að fjölyrða og gildandi lög frá 1975 og reyndar eldri lög frá 1963 árétta skilning Alþingis á mikilvægi þessarar fræðslu. Og þótt í þessum lögum sé ekki að finna ákvæði um stuðning ríkissjóðs við húsnæðismál tónlistarskólanna í landinu þá er það vitað að tónlistarskólar hafa haft afnot af grunnskólahúsnæði og öðru skólahúsnæði þar sem því hefur verið komið við. Þróunin hefur þó orðið sú að þörf tónlistarskólanna fyrir eigið húsnæði hefur með vexti þeirra og sífelldri fjölgun nemenda orðið augljósari. Svo nefnd séu dæmi um aðstöðuleysi einstakra skóla þá má geta þess að einstakir skólar hafa þurft að vera með kennslu á fjölmörgum stöðum í viðkomandi sveitarfélögum, nemendum og kennurum til mikils óhagræðis.

Tónlistarskólar hafa flestir verið stofnsettir vegna áhuga einstaklinga á tónlistarfræðslu og hin fjölmörgu tónlistarfélög vítt og breitt um landið hafa verið frumkvöðlar að skólahaldinu. Sveitarfélög hafa þó mörg hver með ýmsum hætti reynt að hlúa að þessari starfsemi og eins og áður sagði hafa skólarnir í mörgum tilvikum fengið inni með starfsemina í grunnskólahúsnæði eða í öðrum skólum þar sem því hefur verið við komið. Þegar stjórnendur tónlistarskólanna hafa svo staðið frammi fyrir því að þróun skólanna yrði ekki með eðlilegum hætti nema því aðeins að skólarnir eignuðust sitt eigið húsnæði þá finnast engin ákvæði í lögum um stuðning ríkissjóðs eða sveitarfélaganna við byggingu skólahúsnæðis.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að ríkissjóði sé skylt að leggja fram fé til byggingar tónlistarskólahúsnæðis, enda leggi viðkomandi sveitarfélag jafnhátt framlag á móti. Það virðist afar ósanngjarnt að sveitarfélögunum einum sé ætlað það hlutverk að byggja húsnæði fyrir skóla sem rekinn er af ríki og sveitarfélagi í sameiningu. Það virðist sanngjarnt miðað við þátttöku ríkissjóðs í byggingu annarra skólamannvirkja að gera ráð fyrir að þessir aðilar mætist á miðri leið að því er varðar þennan mikilvæga þátt í menntunar- og menningarlífi landsmanna.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að leggja til að frv. þessu verði vísað til hv. menntmn. þessarar deildar.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég, fyrir mitt leyti, vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að það er nokkuð til marks um stefnuleysi í íslenskum menntamálum, að þau einu lög sem um tónlistarskóla fjalla eru lög nr. 22/1975 og heita lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Um tónmenntakennslu í landinu eru engin lög til, og þau lög sem nú eru í gildi, sem ég nefndi hér áðan, eru auðvitað til þess eins — svo sem nafn þeirra bendir til — að tryggja greiðslu starfsmanna skólanna. Mér er ljóst að það er töluvert mál að samþykkja 50% þátttöku ríkisins í byggingarkostnaði og kannske lítil von til þess að það verði gert á þessu þingi. En hitt er annað mál að þetta frv. vekur a. m. k. athygli á því að það er alveg nauðsynlegt að marka tónlistarkennslu í landinu farveg með löggjöf um hvernig hún skuli fara fram. Það er hárrétt, sem fram kom hjá hv. flm., að tónlistarskólar landsins hafa orðið til fyrir áhuga einstaklinga hér og þar. Sem betur fer er svo komið að tónlistarkennsla í landinu er nú umtalsverð. En menntmrn. hefur afskaplega lítið gert til að marka stefnu í þessum málum. Ég vona að þetta frv. verði a. m. k. til þess að hreyfa við hæstv. ráðherrum að sinna þessum málum. En því miður verður það að segjast eins og er að það er eins og um aðra mótun menntastefnu í landinu, hana vantar sárlega. En ég tel feng að þessu frv. og vil lýsa stuðningi mínum við það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 567). — 1. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, en frv. þetta er flutt af heilbr.- og trn. hv. Nd. að beiðni hæstv. heilbr.- og trmrh.

Hæstv. ráðh. ritaði heilbr.- og trn. bréf, dags. 28. janúar s.l., þar sem hann gerði grein fyrir máli þessu og þar kom fram að hann taldi tilgangslítið að flytja frv. sem þetta nema um það næðist sem víðtækast samkomulag fyrir fram. Því var það að ráðh. fór fram á að heilbr.- og trn. athugaði frv. og flytti það síðan ef um það yrði samkomulag. Heilbr.- og trn. féllst á að verða við þessari beiðni hæstv. ráðh. og var jafnframt haft samráð við formann heilbr.- og trn. hv. Ed. Hins vegar hefur n. ekki unnist tími til að athuga frv. sem skyldi og hafa því einstakir nm. fyrirvara um að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Þá þykir nm. rétt að athuga frv. milli umr. þótt það sé flutt af n.

Ég rek hér í stórum dráttum helstu ástæður fyrir flutningi frv. og svo helstu ákvæði þess:

Eins og fram kemur í grg. með frv. hefur á undanförnum árum mjög færst í vöxt að hinar ýmsu heilbrigðisstéttir hafi sótt um lögverndun starfs og starfsheitis. Hefur þá ýmist verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um hinar einstöku stéttir eða kveða á um þær í reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, þ. e. hafi verið um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða eins og röntgentækna og lyfjatækna svo að dæmi séu tekin. Samkv. þessu nægir reglugerð sé um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða, en að öðrum kosti þarf sérlög.

Nú er augljóst að sífelld setning sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir gengur ekki til lengdar og er reyndar spurning hvort ekki hafi þegar verið gengið of langt í þeim efnum. Nær væri að útbúa heildstæða löggjöf um heilbrigðisstéttir sem gæfi heimildir til setningar reglugerðar um hina einstöku hópa þar sem tekið yrði á sérmálum þeirra, svo sem hverrar menntunar sé nauðsynlegt að krefjast, í hverju starfið skuli fólgið og þar með hver réttindi þeirra skuli vera og ekki síst hvaða skyldur þeir skuli bera. Forsendan fyrir því að hægt sé að viðurkenna starfsstétt sem heilbrigðisstétt hlýtur að vera sú að fyrir liggi markvisst og skipulagt nám í skóla innanlands eða utanlands sem heilbrigðisyfirvöld viður-

kenna. Slíkt nám verður að miðast við ákveðna sérhæfingu vegna mikilvægis starfans svo að hann sé leystur af hendi á sem farsælastan hátt, enda ábyrgð heilbrigðisstétta meiri en gerist yfirleitt.

Haustið 1982 fól þáv. heilbr.- og trmrh., Svavar Gestsson, Ingimar Sigurðssyni deildarlögfræðingi í heilbr.- og trmrn. og Ólafi Ólafssyni landlækni að gera tillögur að frv. til l. um heilbrigðisstéttir, þ. e. tillögur að rammalögum sem tækju yfir heilbrigðisstéttir almennt, ekki aðeins tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, að svo miklu leyti sem ekki hefðu þegar verið sett sérlög um viðkomandi stéttir. Fyrrnefndir menn skiluðu áliti í búningi frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta í septembermánuði s. l. Höfðu þeir áður leitað umsagna ýmissa heilbrigðisstétta sem ekki búa við löggildingu, svo sem Félags ísl. læknaritara og Sjúkranuddarafélags Íslands, svo og ýmissa félaga sem njóta löggildingar, t. d. Sjúkraliðafélags Íslands, Ljósmæðrafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands, Félags ísl. sjúkraþjálfara og Lyfjatæknafélags Íslands. Lýstu allir þessir aðilar sig ýmist sammála frumvarpsdrögunum eða höfðu engar athugasemdir fram að færa, þ. e. töldu þau í engu skerða starfssvið sitt.

Í grg. með þessu frv. segir að til rn. hafi borist bæði formlega og óformlega beiðnir frá nokkrum félögum um löggildingu. Liggja beiðnir í rn, óafgreiddar þar sem rn. vill freista þess að vinna að setningu heildarlaga um heilbrigðisstéttir eins og áður hefur komið fram. Sem dæmi má nefna beiðni frá Félagi ísl. læknaritara, Sjúkranuddarafélagi Íslands, Félagi matvæla- og næringarfræðinga, Félagi heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga og frá líffræðingum starfandi í heilbrigðiskerfinu, þ. e. sem sérmenntað hafa sig eftir líffræðinám í heilbrigðisgreinum.

Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur hefur tekið saman grg. varðandi réttindi og skyldur heilbrigðisstétta með hliðsjón af skipan mála erlendis og hér á landi. Þessi grg. fylgir með frv. á þskj. 567 og vísa ég til hennar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstakar greinar frv., en nefni aðeins að ákvæði eru um til hverra atriða lögin taki, þ. e. til starfsheita og starfsréttinda þeirra heilbrigðisstétta sem sérlög gilda ekki um. Þannig er ekki ætlunin að hrófla við þeim sérlögum sem þegar hafa verið sett, eins og ég hef áður nefnt. Kveðið er á um hvað þurfi til þess að fá réttindi til að starfa sem heilbrigðisstétt, þ. e. að ljúka þurfi prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fá löggildingu heilbrrh. að loknu námi. Ráðh. ákveður hvaða stéttir skuli teljast heilbrigðisstéttir. Leitað skal umsagnar viðkomandi starfsstéttar og landlæknis áður en leyfi er veitt þeim sem starfað hefur í viðkomandi starfsgrein án tilskildrar menntunar. Þannig á að vera tryggt að þeir, sem eru í starfi við gildistöku laganna án þess að hafa tilskilda menntun, geti starfað áfram. Þá er í frv. fjallað um þau störf sem heilbrigðisstéttir annast.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég á sæti í heilbr.- og trn. og er meðflytjandi þessa máls sem flutt er að beiðni ráðh. Ég vil hins vegar, ég skal þó reyna að lengja ekki mjög umr. um þetta mál, vekja athygli á einu atriði sem frsm. minntist á, en það varðar þær stéttir sem sótt hafa um löggildingu, sem eru Félag ísl. læknaritara, Sjúkranuddarafélag Íslands, Félag matvæla- og næringarfræðinga, Félag heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga og líffræðingar starfandi í heilbrigðiskerfinu, en hafa ekki fengið löggildingu. Staða læknaritara er að því leyti sérkennileg að þegar t. d. kemur til vinnudeilna eru þeir álitnir heilbrigðisstétt og er bannað að fara frá vinnu. Þeir eru samt ekki taldir til heilbrigðisstétta í þessu frv.

Félag ísl. læknaritara hefur hvað eftir annað sótt um löggildingu. Hæstv. þáv. heilbrrh. ritaði þeim bréf 15. okt. 1982 þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Rn. er þeirrar skoðunar að erfitt sé að finna störfum læknaritara stað undir lögum nr. 67/1971, en þau gera m. a. ráð fyrir tækniheiti viðkomandi starfshóps. Rn. getur því ekki orðið við beiðni yðar um reglugerð byggða á heimildum í þeim lögum."

Síðan segir: „Rn. hefur hins vegar í framhaldi af erindi yðar og öðrum slíkum hafið endurskoðun á lögunum með það fyrir augum að leggja fram á komandi Alþingi frv. til laga um heilbrigðisstéttir sem mundi taka yfir allar heilbrigðisstéttir, jafnt tæknimenntaðar sem aðrar. Verði slíkt frv. að lögum ætti málefnum læknaritara að vera borgið."

Þetta segir þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh. Svavar Gestsson 15. okt. 1982. 18. júlí 1983 fær Félag ísl. læknaritara aftur bréf varðandi það sama og þar sem því sama er lofað, að þegar lagt verði fram frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta verði þessar stéttir teknar með og þeirra málum verði þar með borgið.

Nú er ljóst að læknaritarar og stéttir sem ég hef áður talið upp eru trúlega utan þessara laga, að mér sýnist. Í grg. frv. á bls. 4 er talað um að eftir því sem næst verði komist séu þeir hópar sem tilheyra svonefndum heilbrigðisstéttum um 20 talsins. Síðan segir:

„Ekki hafa allir þessir 20 hópar lögvarin réttindi þótt þar hafi mikið áunnist á undanförnum árum." — Ef ég má vitna, með leyfi forseta, í örfáar línur: „Vitanlega gilda um þessa hópa lög um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, sé slíku til að dreifa, jafnframt því sem þeir falla undir almenn hegningarlög vegna starfa sinna. Þannig eru þeir á engan hátt leystir undan skyldum þótt engin sérlög gildi um þá." — Svo segir: „Það eru því framar öllu réttindi og lögverndun starfsheitis sem suma hópana skortir."

Félag ísl. læknaritara er aðili að samtökum heilbrigðisstétta, en félagar í þeim hafa nær allir löggildingu nema trúlega þessir umræddu fjórir hópar. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hverjar séu hugmyndir rn. um löggildingu. Nú er komin læknaritarabraut í fjölbrautaskóla landsins. Sumir læknaritarar hafa gengið í háskóla og eru með réttindi þaðan. Sjálfir hafa þeir reyndar sent rn. starfslýsingu, sem ég ætla tímans vegna ekki að lesa, en hef hana hér ef einhver óskar eftir að sjá hana. En ég vildi nota þetta tækifæri, um leið og ég er aðili að flutningi þessa frv., og biðja hæstv. ráðh. að svara því hvað hann hugsar sér með þær stéttir, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi mál hafa verið mjög ítarlega rædd í rn. varðandi alla þá sem vinna að heilbrigðismálum, en

falla ekki beint undir heilbrigðisstéttir eða sérnám þeirra. Það má segja að sá starfshópur sem síðasti ræðumaður nefndi sé að vissu leyti heilbrigðisstétt, en það má líka segja að fjöldi af öðru fólki hafi hliðstæða menntun og þessi starfshópur. Þarna er því úr töluvert vöndu að ráða og verður væntanlega að kanna það nánar.

Það eru líka fleiri aðilar í heilbrigðiskerfinu og þeir mjög margir sem falla ekki undir þessa skilgreiningu, en eru þó heilbrigðisstarfsmenn, þurfa hvorki sérstakt nám eða reynslu til þess að hefja slík störf. Þeir eru kannske fjölmargar greinar iðnaðarmanna og svo hinir almennu starfsmenn.

Ef talið er eðlilegt að treysta starfsgrundvöll eða starf ákveðinna hópa sem beint falla ekki undir þessa skilgreiningu verður auðvitað að meta það og vega og leita umsagnar þeirra stofnana sem fyrst og fremst um málið fjalla. Ég get ekki á þessari stundu lýst alveg afdráttarlaust hver sú niðurstaða verður.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svarið og vil minna á að enn eitt bréf frá Félagi ísl. læknaritara liggur í rn. og er því, að ég held, ósvarað enn þá. Það er frá 17. jan. 1984. Ég vil því leita svara við því, ég þarf ekki svar ef það er rétt skilið að ráðh. sé með það erindi í athugun, hvort félagið eigi von á einhverjum svörum við beiðni sinni um löggildingu.

Það er ljóst að með aukinni menntun heilbrigðisstétta hafa kröfur til læknaritara mjög vaxið. Vitaskuld verður það svo í framtíðinni að aðrir verða ekki ráðnir en þeir sem tekið hafa próf í þessari grein frá fjölbrautaskóla, að ég tali nú ekki um þá sem hafa gengið í háskóla til að læra þessa grein. Mér er t. d. kunnugt um að það er fjögurra ára nám í fjölmörgum háskólum, t. d. eru hér starfsmenn sem hafa slíkt próf frá háskólanum í Edinborg. Það líður að því að læknar ráða helst ekki nema þá sem lært hafa til þessara starfa. Ég held að það sé því kominn tími til að veita þessari stétt manna löggildingu. Hafi ég skilið það rétt að ráðh. sé með erindi félagsins frá 17. jan. 1984 í athugun, og það er orðið rúmlega árs gamalt bréf, sætti ég mig við það svar í bili, en óska eftir frekari skýringu ef ráðh. telur að ekki sé ástæða til að sinna því.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vitaskuld er þetta erindi í athugun, en það er ekki heimilt ráðh. að veita þessi starfsréttindi. Það er Alþingi eitt sem hefur heimild til þess. Það hefur fallið í minn hlut, sérstaklega í fyrra skiptið sem ég gegndi embætti heilbr.- og trmrh., að flytja þó nokkur slík frumvörp. Þá var mikið talað um það hér á þingi hvað væri búið að veita starfsréttindi mörgum stéttum. Þessar aðfinnslur urðu háværari við hvert frv. sem flutt var. Því greip ég til þess ráðs að Alþingi sjálft fjallaði um efni málsins eða þær nefndir þingsins sem fyrst og fremst fjalla um þessi mál. En fyrr en ég sé hver afdrif þessa frv. verða get ég ekki og vil ég ekki meira um málið segja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka virðulegum og sanngjörnum forseta fyrir að leyfa mér að hefja umr. utan dagskrár um málefni sem ég tel brýnt að ræða hér lítillega á hinu háa Alþingi. Á ég þar nokkurt erindi við hæstv. menntmrh. sem nú gengur í salinn.

Þannig er mál með vexti að ég er ósáttur við framgöngu hæstv. menntmrh. í ákveðnu máli og vil bera fyrir hann nokkrar spurningar þar að lútandi. Það mál, sem ég á hér við, er norrænt samstarfsverkefni framhaldsskólanema sem við Íslendingar höfum tekið þátt í að undirbúa nú um eins og hálfs árs skeið og hefur verkefnið verið nefnt „Norræn samvinna 1985".

Það er sú ákvörðun hæstv. menntmrh., að neita þeim skólanemum, sem leggja vilja þessu verkefni lið, um eins dags frí til að gera svo, sem ég er ósáttur við sem og öll embættisfærsla ráðh. í sambandi við þetta mál. Það er óhjákvæmilegt að kynna örlítið verkefnið til að hv. þm. viti hvað hér er á ferðinni, þar sem sumir þeirra eru komnir nokkuð af bernskuskeiði og ekki er víst að þeim hafi verið kynnt þetta á öðrum vettvangi. Ég vil gera það m. a. með því að lesa ávarp sex valinkunnra borgara sem kynnir þetta verkefni og hefur verið notað sem dreifirit, veggspjald eða plakat á vondu máli. Þar segir m. a. að endingu þar sem verkefnið hefur verið kynnt:

„Við undirrituð álítum að án tillits til stjórnmálaskoðana, þá sé apartheid-stefnan ómennsk og óréttlát. Það gleður okkur að geta stutt námsfólk og Hjálparstofnun kirkjunnar við fyrrgreint verkefni á ári æskunnar 1985. Við heitum á landsmenn að taka höndum saman við unga fólkið sem leitast við að hjálpa þeim sem eru lítillækkaðir og óréttí beittir í Suður-Afríku." Undir þetta rita Auður Auðuns, Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Árni Bergmann, Erling Aspelund, Guðlaugur Þorvaldsson og Hjördís Hákonardóttir.

Eins og menn hafa hér heyrt þegar snýst þetta verkefni um kynningu á þeim málum sem þar voru nefnd, þ. e. þeirri réttindaskerðingu sem litaðir menn búa við í Suður-Afríku og fjársöfnun til stuðnings starfi Samkirkjuráðs Suður-Afríku og einnig annarra aðila til að reyna að bæta þar úr.

Fleiri ágætir borgarar hérlendis sem erlendis hafa stutt þetta verkefni og sýnt því velvilja. Ég vil lesa, með leyfi forseta, upp úr öðru ávarpi undirrituðu af tíu merkum samtíðarmönnum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frelsis frá fátækt og undirokun til mannsæmandi lífs ættu allir í heiminum að njóta. Þess í stað þjást mörg börn og ungmenni af vonleysi gagnvart framtíðinni. Af þessum sökum hafa Sameinuðu þjóðirnar valið árið 1985 sem ár æskunnar. Námsmenn á Norðurlöndum standi þá að miklu framtaki með NOD '85, norrænni samstöðu. NOD '85 er eigið framtak námsmanna til að veita félögum sínum í þriðja heiminum menntunarmöguleika. NOD '85 þýðir skólaganga og bjartari framtíð fleirum til handa.

Þekking er skilyrði fyrir friði, eðlilegri þróun og þátttöku fólks í þjóðfélaginu. Þau mál eru efst á baugi á alþjóðaári æskunnar. Við á Norðurlöndum lifum í friði og erum meðal hinna ríkustu í heimi. Allt, sem við getum gert, hefur því mikla þýðingu. NOD '85 er unnið

fyrir æskufólk sem hefur flúið undan kynþáttaaðskilnaðinum, apartheid, í sunnanverðri Afríku. Í Tansaníu byggir suður-afríska lýðræðislega andstaðan skóla á vegum ANC, Afríska þjóðaráðsins. Í Suður-Afríku sjálfri getur SAC, Samkirkjuráð Suður-Afríku, boðið upp á valkosti í menntun fyrir blökkumenn. Í Zimbabwe verður að halda áfram að styrkja efnahagslega þróun eftir fall hinnar hvítu minnihlutastjórnar.

Við skorum á alla að taka þátt í starfinu af öllu hjarta þannig að NOD '85 verði árangursríkt."

Undir þetta rita Steingrímur Hermannsson, Íslandi, Poul Schlüter, Danmörku, Kalevi Sorsa, Finnlandi, Kåre Willoch, Noregi, og Olof Palme, Svíþjóð. Auk þess einn valinkunnur listamaður frá hverju áðurnefndra landa: Hrafn Gunnlaugsson, Íslandi, Jesper Klein, Danmörku, Arja Saijonmaa, Finnlandi, Rolf Wesenlund, Noregi, og Hans Alfredsson, Svíþjóð.

Fyrir utan þetta, sem ég hef nú þegar lesið, hafa ýmsir fleiri sýnt þessu verki — og reyndar flestir sem að því hafa komið — almennan velvilja. Þar má nefna forseta Íslands, biskupinn yfir Íslandi, Nóbelsskáldið okkar og fleiri. Framkvæmdanefnd hefur starfað að undirbúningi þessa verkefnis hér á landi og innt af höndum mikið starf og lagt til þess verulega fjármuni, kynnt þetta verkefni og þennan málstað í skólum, boðið hingað fulltrúa frá kúguðu hópunum í Suður-Afríku. Að þessu hefur verið starfað með hjálparstofnunum kirknanna á Norðurlöndum. Menntmrh. á hinum Norðurlöndunum hafa lýst yfir fullum stuðningi við verkefnið og Desmond Tutu, friðarverðlaunahafi Nóbels, hefur opinberlega lýst yfir stuðningi við þetta verkefni. Hann var reyndar framkvæmdastjóri samkirkjuráðsins sem hér á hlut að máli.

Útlagður kostnaður við kynningu og undirbúning þessa verkefnis er sennilega kominn yfir 700 þús. kr., sem er sambærileg fjárhæð og tókst, með leyfi herra forseta, að særa út úr hv. Alþingi í sambandi við framkvæmd á alþjóðaári æskunnar. Nú á að verulegu leyti að kasta öllum þessum undirbúningi og öllum þessum fjármunum á glæ með einu neii á háttsettum stað. Starfsmaður hefur verið á fullum launum. Gefin hafa verið út plaköt og barmmerki. Gesti hefur verið boðið hingað frá Suður-Afríku, Jacqueline Williams, og hefur hún m. a. þegið heimboð forseta Íslands. Hún hefur ferðast út um allt land og kynnt þetta mál. Það má benda á að þessi aðgerð átti að verða ein sér stærsta aðgerð á alþjóðaári æskunnar hér á landi.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnast samskipti hæstv. menntmrh. við framkvæmdaaðila þessa máls hafa verið öll með endemum. Hún hefur ekki svarað bréfi sem þeir rituðu í haust þessu að lútandi. Hún hefur ekki veitt þeim viðtöl og svo lítur helst út sem hún hafi ekki viljað af þeim vita.

Það sem farið var fram á að ráðh. gerði var að hún gæfi heimild sína til skólayfirvalda um að gefa þeim skólanemendum, sem vildu leggja þessu verkefni lið, frí í einn dag til að fara út á vinnumarkaðinn og afla þar fjármuna í þessu skyni. Fjármunirnir eru í sjálfu sér ekki aðalatriði í þessu máli heldur sú kynning verkefnisins og sá hápunktur sem átti að felast í þessum nefnda degi.

Ég held að slíkum degi hefði verið ákaflega vel varið í þágu þessa málstaðar. Það er nú einu sinni svo að það er fleira lærdómur en þverár Dónár og föllin í latínunni og ég held að einum degi sé ekki illa varið af æsku Íslands til þess að kynnast því hvernig högum æskunnar í öðrum löndum og öðrum heimshlutum er háttað. Mér finnast kjörorð alþjóðaárs æskunnar, þróun, þátttaka og friður eiga hér einstaklega vel við.

Ég vil, herra forseti, skora á hæstv. menntmrh. að bregðast nú vel við og gefa út um það tilkynningu til skólayfirvalda og nemenda svo að aðilar viti báðir að þeim sé heimilt að taka að fullu þátt í þessu verkefni, enda er auðvitað fyrir því séð að einungis þeir, sem í raun gera það, njóti góðs af slíkri heimild.

Hæstv. menntmrh. hefur sýnt það á undanförnum dögum að hann kann vel á ritsímann og einnig eru fjölmiðlar í landinu. Þess vegna er það vandalaust enn, að minni hyggju, að bæta úr því sem á hefur skort í þessum efnum og koma því á framfæri í dag að svona megi þetta vera. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðh. hér hvers vegna það gerist að ekki hefur verið svarað bréfi framkvæmdanefndar þessa máls.

Herra forseti. Ég harma það að hæstv. forsrh. er fjarri. Þar sem hann hefur gerst sérstakur verndari þessa verkefnis hefði ég gjarnan viljað hafa hann mér hér á bak til halds og trausts. Gaman hefði verið að spyrja hann að því, ef hæstv. ráðh. hefði verið hér, hvort einhverjar samgöngutruflanir séu milli forsrn. og menntmrn. og hvernig það má gerast að mál, sem hann hefur með jafneindregnum hætti lagt liðsinni sitt, skuli forklúðrast svo herfilega í höndunum á einum af ráðh. í hans eigin ríkisstj. Ég hlýt að spyrja ráðh. hvort þetta sé dæmigert viðhorf hans rn. gagnvart alþjóðaári æskunnar og hvort vænta megi fleiri slíkra ákvarðana á því ári sem yfir stendur.

Þeirra viðbragða hefur orðið vart af hálfu hæstv. menntmrh. að framhaldsskólanemar og þeir, sem að þessu verki standa, geti sjálfum sér um kennt, þeim sé rétt nær að hafa ekki farið í þetta, eins og reyndar einu sinni stóð til á meðan á kennaradeilunni stóð og starfsemi skólanna var takmörkuð af þeim sökum. Í því sambandi vil ég benda hæstv. menntmrh. á að hæg voru þá heimatökin í rn. að hvetja skólanemendur til þess að nota þá daga og svara bréfum þeirra og erindum og gefa þeim þá heimild til þess að gera það á meðan þannig stóð á.

Í öðru lagi vissi auðvitað enginn hversu lengi sú deila stæði. Það hefði einnig verið hægt að leggja þessu lið með því að reyna að leysa hana fyrr og lengja þannig skólatímann sem eftir var. Ég held að það sé því hæstv. ráðh. sem geti sjálfum sér um kennt. Það var nokkur starfsemi í skólunum á meðan þessi deila stóð og hæstv. menntmrh. lét reyndar drjúgum yfir því hér í umr. um það hversu kennararnir streymdu til baka inn í skólana og þar væri þó nokkurt starf þrátt fyrir deiluna. Það var því eðlilegt að framkvæmdaaðilum þessa verks hrysi hugur við því að leggja út í þetta án þess að fá nokkur svör frá hæstv. ráðh. Eðlilega trúðu þeir því í lengstu lög að þeir fengju jákvætt svar og tóku því þann kost að fresta þessu um eina viku í trausti þess að það svar bærist.

Rök hæstv. menntmrh. fyrir því að synja þessu eru að mínu viti algjörlega óhaldbær. Ég held að það skipti engum sköpum fyrir þá nemendur sem áttu að taka þátt í þessu þó að þeir verji til þess einum degi og ég er viss um að sá hugur, sem mundi fylgja máli hjá mörgum þeirra, mundi létta þeim róðurinn sem því næmi á þeim

dögum sem eftir lifðu af skólastarfinu.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ákaflega ósáttur við þessa ákvörðun hæstv. menntmrh. Það jaðrar við að ég sé reiður, herra forseti. Ég hlýt fyrir hönd þeirra, sem staðið hafa að þessum undirbúningi, lagt hafa í hann mikla vinnu, mikla orku og mikla peninga, að mótmæla þessari ákvörðun. Niðurstaða hæstv. ráðh. er ámælisverð að mínu mati og ég mótmæli harðlega þeim vinnubrögðum sem birst hafa í sinnuleysi ráðh. í þessu efni. Ég hlýt aftur að harma það hvílíka útreið hæstv. forsrh. hefur fengið í þessu máli. Ég hlýt að skora á hæstv. menntmrh. og ég ætla að skora á fjarstaddan hæstv. forsrh. að bjarga nú því sem bjargað verður og gefa út tilkynningu til skólayfirvalda og nemenda um að öllum þeim, sem vilja leggja þessu verkefni lið, sé það heimilt og óhætt. Reyndar ætti rn. að hvetja til þátttöku í þessu merkilega verkefni.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það var skrýtin þula sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði hér yfir. Hv. þm. lítur svo á að nemendur framhaldsskólanna muni ekki um einn daginn enn eftir þriggja vikna hlé á kennslu. Ég lít svo á — og það munu margir nemendur gera — að það muni mikið um hvern dag sem bætist við það langa hlé sem orðið hefur á kennslu. Það er rétt að það liggi fyrir strax að ég tel algjörlega óframbærilegt að rn. gefi fyrirmæli um að fella niður kennslu einn dag í viðbót í framhaldsskólum landsins. Að því er þetta mál varðar þá er hér alls ekki verið að fjalla um málefnið sjálft heldur tímann sem framhaldsskólanemar hafa til ráðstöfunar.

Ég vil víkja að nokkrum atriðum sem hv. þm. nefndi. Hv. þm. sagði sem rétt er að málið hefði verið kynnt rn. með bréfi í september. Það var upplýsingabréf og ekki minnst einu orði á hlé á kennslu eða frí í skólum í sambandi við þetta verkefni. Enginn í rn. sá nokkurn skapaðan hlut við þetta að athuga. Svo var það fyrir — (Gripið fram í.) Eins og hv. þm. kannske veit mjög vel af sérstökum ástæðum er starfandi á vegum rn. nefnd vegna alþjóðaárs æskunnar. Þetta verkefni er ekki á hennar verkefnaskrá. En þar eru hins vegar mörg verkefni, sem ekki eru á þeirri verkefnaskrá, þótt áhugaverð séu, en sem rn. tekur sem slíkt ekki þátt í. Enda mætti það æra óstöðugan að ríkið væri með fingurinn í öllum þeim verkefnum sem félagasamtök taka upp á á þessu ári — sem og öðrum árum. Hins vegar er mjög gott að fylgjast með þessu og öðrum ágætum verkefnum. Það hefur aldrei verið tekin nein afstaða nema jákvæð gagnvart verkefninu sjálfu. Hitt er annað mál að það er tíminn, sem ætlaður var til þess, sem olli því að rn. gat ekki samþykkt þetta.

Það kom fyrst til vitundar rn. í febrúarmánuði að farið væri fram á að skóladegi í öllum framhaldsskólunum væri varið í þetta verkefni. Síðari hluta febrúarmánaðar og í byrjun mars var rætt við okkur og um það rætt að þetta skyldi fara fram 21. mars. Þá höfðu verið boðaðar aðgerðir sem leitt gátu til vinnustöðvunar kennara í framhaldsskólum og enginn vissi hve lengi þær stæðu. Á meðan það var óljóst var vitanlega gjörsamlega ómögulegt að ákveða þátttöku í slíku verkefni með þeim hætti sem þar var farið fram á á ákveðnum degi marsmánaðar. Það hlýtur mönnum að vera ljóst. Ég er ansi hrædd um að það hefði mörgum þótt skjóta skökku við, þegar kennslan lá að mestu leyti niðri í flestum framhaldsskólanna, að þá hefði menntmrn. tilkynnt að nú væri frí í skólanum einn dag.

Þar eð hv. fyrirspyrjandi telur að nemendur muni ekki um einn dag í viðbót — (Gripið fram í.) Hv. fyrirspyrjandi sagðist telja að nemendur mundu ekki sjá eftir þessum degi í þetta verkefni og þeim mundi jafnvel ganga betur, að mér skildist, í þeim verkefnum sem eftir væru. Það má vel vera, en fyrirmæli um slíkt gefur rn. ekki.

En ég spyr í þessu sambandi: Var e. t. v. hægt að verja einhverjum af þeim krónum, sem til undirbúnings voru í þessu sambandi, til þess að auglýsa þetta fyrir framhaldsskólanemendum landsins með auglýsingu frá þeim sem að verkefninu stóðu? Það hefði verið afskaplega vel hægt að láta 21. mars standa sem framkvæmdadag í þessu sambandi. Ég vissi satt að segja ekki betur en að verkefnið hefði verið unnið þá. Það kom mér og okkur í menntmrn. algjörlega í opna skjöldu þegar við heyrðum af tilviljun um annan dag í þessu sambandi. Það liggur ljóst fyrir að eftir allar þær þrengingar, sem í fjölmiðlum á sunnudaginn að nú væri búið að ákveða dag í þessari viku í þessu skyni. Ég spurðist fyrir um þetta í rn. og mér var tjáð að þetta mundi hafa verið gert vegna þess að skólahald lá niðri 21. mars en þann dag notuðu öll önnur Norðurlönd fyrir þetta verkefni. Það liggur auðvitað fyrir eftir allar þær þrengingar, sem nemendur hafa átt í og þá sálarkvöl, vil ég segja, sem þeir hafa búið við þennan tíma sem öll óvissan var um framhald kennslu í skólunum, er gjörsamlega óverjandi að fara að gefa fyrirmæli um það að kennsla skuli falla niður einn dag enn. Það eru mörg verkefni góð og gild og margir vilja fá dag úr skólunum til að verja til tiltekinna verkefna. Það er þetta sem málið snýst um í mínum huga.

Hitt er svo allt annað mál að það, hvort einstakir nemendur fá leyfi úr skólanum til þess að sinna einhverjum erindum dag og dag eða tíma og tíma, er mál sem skólastjórarnir og nemendurnir semja um sín á milli og hefur alla tíð verið svo. Það eru þeir sem fylgjast með fjarvistum nemenda og það hefur alla tíð verið svo. En fyrirmæli úr rn. verða þetta ekki, það er alveg ljóst. Í því felst ekki neinn dómur gegn þessu verkefni, síður en svo. Það er einungis það að ég stend við það sem ég hef áður sagt, að ég vil gera það sem í mínu valdi stendur til að skólahald geti gengið með eðlilegum hætti það sem eftir er skólaársins og tel mig ekki standa við það ef ég fer að gefa fyrirmæli um það að nú skuli kennsludegi varið til annars en fræðslu og náms þess sem menn eiga að hafa á sínum stundaskrám til þess að þeir geti lokið sínu námi í vor.

Hv. þm. sagði að ekki hefði verið veitt viðtal um þetta efni í menntmrn. Það er alls ekki rétt. Starfsmaður Hjálparstofnunar kirkjunnar ræddi við mig um þetta verkefni, kynnti mér það og ég svaraði honum því að ómögulegt væri að samþykkja á því stigi að 21. mars yrði tekinn til þessa verkefnis vegna þess að við vissum ekki hvernig skólahaldi yrði háttað á þeim tíma. Það liggur fyrir nú að bæði þessi starfsmaður svo og einhverjir af forsvarsmönnum verkefnisins, þ. e. frá Iðnnemasambandinu fyrst og fremst svo og Landssambandi fjölbrautaskólanema sem auk Hjálparstofnunar kirkjunnar hafa verið þátttakendur í þessu af Íslands hálfu, hafa allir átt viðtöl við aðstoðarmann ráðh., Ingu

Jónu Þórðardóttur. Ég veit ekki til að hafi verið nein tregða á því. Málið liggur alveg skýrt fyrir.

En um annað mætti spyrja sem menn færa fram sem rök í þessu máli. Hér hefur verið eytt 700 þús. kr. í kynningu, sem þó hefur ekki verið varið til þess að auglýsa t. d. í síðustu viku til þess að þeir framhaldsskólanemendur, sem fengu ekki kennslu í skólum sínum, hefðu getað tekið þátt í einhverju slíku verkefni. Þessum peningum var ekki varið til þess. 700 þúsundir eru u. þ. b. álíka mikið eins og nefnd alþjóðaárs æskunnar fær til síns verkefnis í ár. Sú nefnd er búin að gera mjög mikið. Hún hefur mjög gert vart við sig. Hún hefur eytt 200 þúsundum í allt það sem hún er búin að gera. Það er eðlilegt að spurningar vakni um þetta: Hvers vegna voru þessir peningar ekki notaðir til að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi og átti að safna peningum fyrir þennan dag? Auðvitað vakna slíkar spurningar.

Ég ítreka það að rök rn. eru þau að kennsla hefur legið niðri hjá miklum fjölda framhaldsskólanema í þrjár vikur. Einn dagur enn er of mikið. Þess vegna gefur rn. ekki fyrirmæli um slíkt. Um fjarvistir einstakra nemenda gilda samningar nemenda og skólastjóra hér eftir eins og hingað til, vænti ég.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorð. Mér finnst að það verði að líta á málavöxtu nánar áður en svo afgerandi afstaða er tekin eins og gert hefur verið af hæstv. menntmrh. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess, eins og kom fram í máli hv. þm. Steingríms Sigfússonar, að menntun fer ekki fram í skólunum eingöngu. Hún fer ekki síður fram með þátttöku í ýmiss konar starfi og verkefnum utan skóla. Og það verkefni sem hér er til umræðu er samnorrænt framtak, ætlað til þess að vekja ungt fólk og aðra til meðvitundar um skyldur sínar og möguleika til að hafa áhrif á hlutskipti þriðja heimsins. Eðli þessarar framkvæmdar er því margþætt. Hún miðar að því að tengja saman æskufólk á Norðurlöndum, hún miðar enn fremur að því að auka skilning þess á högum annarra, eyða kynþáttafordómum og taka á sig einhverja ábyrgð til að bæta hag annarra sem minna mega sín, í þessu tilviki úr bráðum menntunarskorti. Og hann er mun meiri en íslenskra barna. Slíkt verður varla gert betur en með persónulegri þátttöku nemenda.

Undanfarna mánuði höfum við Íslendingar safnað milljónum króna til neyðarhjálpar vegna hungursneyðar í Eþíópíu. Í sambandi við þá söfnun kom fram í umræðum að það væri ekki síður mikilvægt að verja fé og starfskröftum til að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft. Þetta þykir mun affarasælli þróunarhjálp þegar til lengdar lætur, þó að aldrei verði komist hjá því reyndar að bregðast við ófyrirséðum hörmungum eða neyð. Í þessu verkefni er verið að safna fé til að vekja athygli á málefnum meiri hluta barna í Suður-Afríku, sem reyndar deyja nú, helmingur þeirra, áður en þau ná fimm ára aldri. En þau sem eftir lifa verða síðan fórnarlömb þess óréttlætis og ójöfnuðar sem er sorg Suður-Afríku. Allar þessar ástæður og málavexti finnst mér að þurfi að taka til athugunar þegar verið er að dæma um nauðsyn.

Þeir peningar sem safnast munu á þessum verkefnisdegi sem áætlaður er munu því renna til þróunar menntamála meðal svartra barna í Suður-Afríku, og þetta hlýtur hæstv. menntmrh. að meta að verðleikum.

Íslensk börn hafa sannarlega misst nokkurn tíma eins og hún segir af námsvetri sínum vegna nýafstaðinna verkfalla. En þó tel ég þau ekki það illa stödd að hæstv. menntmrh. geti ekki veitt þeim nemendum leyfi sem vilja taka þátt í því verkefni sem norræn æska hefur tekið að sér. E. t. v. eru unglingarnir sjálfir dómbærastir á það hvort þeir geta misst einn dag eða ekki. Og mér er ómögulegt að skilja hvers vegna mátti ekki gefa leyfi frá skólanum þegar flestir skólar voru í frí, ég skil ekki þau rök menntmrn.

Og að lokum: Hvernig eiga menn að læra umburðarlyndi og skilning á högum annarra ef þeir mega ekki beita sér í slíkum efnum?

Maríanna Friðjónsdóttir: Herra forseti, virðulegi þingheimur. Það sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. hér á undan var náttúrlega margt og mikið. Vissulega munar um hvern skóladag. En það er ekki það kannske sem hér er verið að ræða um. Og er það nú von manns að fleiri framhaldsskólanemar en „nokkrir" muni taka þátt í þessu verkefni ef það verður framkvæmt. En það sem kannske er hér til umræðu er það að íslenskt æskufólk á sér draum. Það á sér draum, að með samvinnu og samhjálp sé unnt að færa þjóðir heims hverja nær annarri, þann draum að ef allir leggja sitt af mörkum þá verði okkur unnt að búa þessum heimi bjartari framtíð.

Við unga fólkið eigum eftir að byggja þessa jörð um ókomin ár og við viljum leggja okkar af mörkum til þess að slíkt sé unnt. Um það ber þetta framtak æskunnar vitni sem hér hefur verið til umr. Hér eru ungmennin að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að gefa fótum troðinni svartri æsku Suður-Afríku von um betra líf. Hér er verið að vinna að því að gera drauminn að veruleika. Því er neitun þessi ámælisverð og það læðist að manni sá grunur að eldri kynslóðin hafi hreinlega gefist upp og deili ekki lengur með okkur draumnum um að unnt sé að efla samvinnu þjóðanna og búa ókomnum kynslóðum betri heim.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni óvenjulegt hugsjónaverkefni ungs fólks í landinu sem er liður í mjög víðtæku alþjóðlegu hjálparstarfi. Það verður mjög rækilega fylgst með því, bæði í nágrannalöndum okkar og eins meðal þeirra sem búa við kúgun og fátækt í Suður-Afríku, hvernig þessu verkefni reiðir af hér á landi. Við erum með framkvæmd á þessu máli að gefa til kynna hvers virði barátta gegn fátækt, hungri og kúgun, og fyrir mannréttindum barnanna í Suður-Afríku er okkur.

Mér fannst í ræðu hæstv. menntmrh. skína í gegn sérkennilegur valdshroki, nánast ánægja yfir því að geta nú fundið flöt til þess að leggja stein í götu þessa verkefnis. Hæstv. menntmrh. var alls ekki að gefa til kynna að hún væri öll af vilja gerð til þess að reyna að finna lausn á þessu máli, alls ekki. Það var ekki tónninn og ekki viðhorfið. Nei, þvert á móti var allt tínt til til þess að sýna fram á að þetta kæmi nú ekki til greina. Og þar voru miklar mótsagnir.

Ég vek t. d. athygli á því að í ræðu sinni hér sagði hæstv. menntmrh. að hún hefði ekki verið reiðubúin að fallast á erindi um að veita dag úr skólastarfinu til að sinna þessu verkefni í febrúarmánuði vegna þess að

mikil óvissa hefði verið um það hvort skólarnir yrðu starfandi á þeim tíma. Ég veit að hv. alþm. muna það og þjóðin man það einnig að á þessum tíma kom hæstv. menntmrh. fram í fjölmiðlum hvað eftir annað og lýsti því yfir að tilkynningar kennara um hugsanlega útgöngu mundu í engu breyta hennar áformum eða starfsháttum eða hafa áhrif á hennar ákvarðanatöku að einu eða neinu leyti vegna þess að hún einfaldlega tryði því ekki að kennararnir mundu ganga út. Hæstv. menntmrh. endurtók þetta hvað eftir annað í fjölmiðlum. Þetta mundi ekki gerast. Hún tryði því ekki og mundi miða allar sínar ákvarðanir við það að kennararnir yrðu áfram í skólunum eftir 1. mars.

En núna kemur hæstv. menntmrh. hér upp í ræðustól á Alþingi og segir að í þessu eina máli — þessu mikilvæga máli, þessu hugsjónamáli — þá allt í einu hafi hún gripið til þess að hagnýta sér kennarana til að fallast ekki á ósk um að veita aðstöðu í skólunum til að koma þessu verkefni í framkvæmd, hliðstæða aðstöðu og hefur verið veitt annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er mjög merkileg mótsögn við allar aðrar yfirlýsingar hæstv. menntmrh. á þessum tíma og sýnir best að hæstv. menntmrh. hafði engan áhuga á því að greiða fyrir þessu verkefni.

Nú flytur hæstv. menntmrh. hér hjartnæmar ræður um það að ekki megi leggja þetta á börnin, ekki megi leggja þetta á kennarana og ég veit ekki hvað og hvað. Eins og hæstv. menntmrh. beri sjálf enga ábyrgð á þeirri atburðarás sem gerðist í þessum mánuði varðandi framhaldsskólana í landinu. Er þá skemmst að minnast þess að hæstv. menntmrh. lýsti því yfir í síðustu viku að hún mundi á mánudeginum í þessari viku segja öllum þessum kennurum formlega upp störfum. Það yrðu ekki lengur ráðin hundruð kennara við skólana. Skólarnir gætu þess vegna ekki farið af stað. Þá var ekki þessi mikla umhyggja sem kom fram hér áðan.

Það er þess vegna alveg sama hvar á þetta mál er litið hvað snertir málflutning hæstv. menntmrh., að greinilegt er að óvildin, jafnvel illviljinn, í garð þessa verkefnis virðist ráða gerðum hæstv. menntmrh.

Nú er það auðvitað svo að það er hægt, ef vilji er fyrir hendi, að finna ýmsar aðferðir til að koma þessu í framkvæmd. Það er hægt. Það er bara spurning um vilja af hálfu rn. og þeirra sem með rn. starfa. Ég vil beina þeirri ósk formlega til þeirra embættismanna í rn. og þeirrar nefndar sem sér um framkvæmd hins svokallaða æskulýðsárs, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa efnt til, að þeir beiti sér fyrir því að finna nú á allra næstu dögum lausn á þessu máli sem það unga fólk, sem hefur beitt sér fyrir þessu í framhaldsskólunum, getur sætt sig við. Því það er ekkert eitt verkefni sem nýtur jafnbreiðs stuðnings ungs fólks í skólum og tengist þessu æskulýðsári eins og þetta verkefni. Sú nefnd og sá samstarfshópur sem rn. hefur skipað til að sinna þessu æskulýðsári getur ekki á neinn hátt risið undir nafni það sem eftir er ársins ef það kemur ekki rækilega fram að þessi hópur og starfsmenn rn. beiti sér fyrir því að finna lausn á þessu máli.

Ég vona að hæstv. menntmrh. muni þá ekki leggja stein í götu þeirrar lausnar sem samstarfsnefnd æskulýðsársins og forráðamenn þessarar söfnunar geta komið sér saman um.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég harma afstöðu hæstv. menntmrh. í þessu máli og skora á hana að endurskoða afstöðu sína. Staðreyndin er að okkar æskufólk hefur ekki enn skilað þessu sameiginlega verkefni sem það er þátttakandi að, en æskufólk annarra Norðurlanda er búið eða er að ljúka við sinn hlut í þessu sameiginlega verkefni. Því er spurningin sú: Á að koma í veg fyrir að okkar æskufólk fái möguleika á að standa við sinn hlut í þessu máli? Það er þess vegna sem ég skora á hæstv. menntmrh. að endurskoða sína afstöðu.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Örfá orð. Ég vil gera orð síðasta ræðumanns að mínum og skora á aðila þessa máls að reyna að ná saman um að bjarga því sem bjargað verður þó auðvitað sé ómælt tjón búið að hljótast af þeim leiðindum sem hér hafa orðið.

Ég ætla svo sannarlega að vona að það sé ekki málefnið sem valdi þessum furðulegu vinnubrögðum. *Ég vil trúa því í lengstu lög að svo sé. En fyrirgefst* manni að hafa efasemdir í þeim efnum þegar maður er búinn að kynnast málsatvikum? Fyrirgefst manni það? — Ég spyr.

Ræða hæstv. menntmrh. hér var svo sem eftir vonum. Ég átti ekki von á mikið öðruvísi viðbrögðum en þar komu fram. Það rak hver mótsögnin aðra. Ýmist höfðu nemendur auðvitað átt að drífa í þessu 21. mars eins og til stóð eða þá að menntmrh. sagði í næstu setningu að hún hefði ekki talið það koma til greina að heimila að þetta yrði framkvæmt á þeim degi. Hæstv. menntmrh. verður að fara að skilja það, það er ekki seinna vænna, að einungis var beðið um frí fyrir þá nemendur sem ætluðu að taka þátt í verkefninu og ætluðu að skila inn til sinna skólayfirvalda fylgiskjölum um það að þeir hefðu gert svo. Búið var að prenta sérstök eyðublöð til þess að hægt væri að fylgjast með því, þannig að það má liggja hér alveg ljóst fyrir að það átti að standa þannig að því að ekkert misferli yrði í því sambandi.

Ýmist vissi menntmrh. ekki betur en að þetta hefði farið fram eða hann vissi alls ekkert um málið og í næstu setningu varð hann nú þó nokkuð kunnugur einstökum atriðum, þannig að þetta var allt mjög sérkennilegt og að vonum. Auðvitað var það spurningin um þátttökuna sem mestu máli skipti, að viðbrögð rn. yrðu jákvæð í þessu máli. Það gefur auga leið að besta leiðin til að tryggja þátttöku var að menntmrn. gæfi mjög tímanlega út velvilja sinn í þessu máli og styddi þetta verkefni með þeim hætti að skólastjórar og skólayfirvöld alls staðar vissu að það nyti velvilja rn. og þeim væri heimilt að gefa þeim nemendum frí sem þess óskuðu í þessum efnum.

Ég ætla ekki að svara dylgjum hæstv. menntmrh. um það hvernig þessum fjármunum hefur verið varið. Það hefur mikið starf verið innt af höndum og það hefur ekki verið greitt fyrir það allt, hæstv. menntmrh. Þetta er einungis hluti af þeim störfum sem þarna hefur verið unnið. Og í þessu felst m. a. samstarf við hin Norðurlöndin, þar hefur þetta verkefni notið stuðnings Norðurlandaráðs svo dæmi séu tekin.

Ég tek undir það að það var heldur nöturlegt að heyra þann ræðustúf hæstv. menntmrh. að skólanemendur hefðu ekki efni á einum degi vegna þess að þeir hefðu misst þrjár vikur úr kennslu, rétt eins og það hefði verið eitthvert náttúrulögmál. Auðvitað var það

stífni og óbilgirni hæstv. ríkisstj. sem var orsökin að því að nemendurnir misstu þessar þrjár vikur en síðan á allt í einu allur heimurinn að ráðast á einum degi.

Herra forseti, fyrirgefist mér orðbragðið, ég lýsi frati á þessa ákvörðun hæstv. menntmrh.

Sameinað þing, 66. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Niðurfelling söluskatts af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins, þáltill. 393. mál (þskj. 634). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnumál á Norðurlandi eystra, þáltill. 394. mál (þskj. 638). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1985—1988, þáltill. 365. mál (þskj. 583). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur, þáltill. 13. mál (þskj. 13, n. 544). — Síðari umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um þáltill. sem er hér á þskj. 13 og er 13. mál þingsins og hljóðar svo, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa þriggja manna nefnd sem leggi fram ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að veita athvarf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu þeim börnum og unglingum yngri en 18 ára sem eru illa haldin, andlega og líkamlega, vegna fíkniefnaneyslu.“

Nefndin fjallaði um till. og er vitanlega efnislega sammála því sem fyrir flm. vakir. Nefndin er einhuga um að mikil nauðsyn sé á athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur og öllum þeim aðgerðum sem til lausnar megi verða á vanda þeirra sem hafa ánetjast vímuefnum.

Nefndin telur hins vegar ekki eðlilegt að skipa þriggja manna nefnd vegna þess að að því verkefni vinnur nú þegar stjórnskipuð nefnd sem heilbr.- og trmrh. skipaði 15. júlí 1981 eftir að ályktun Alþingis frá 7. maí það ár hafði verið samþykkt. Sú þál. heitir þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur og var samþykkt á Alþingi 7. maí 1981. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka nú þegar til gagngerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi. Í þessu skyni skipi heilbr.- og trmrn. nefnd og skulu aðstandendur geðsjúkra eiga fulla aðild að nefndinni. Skal nefndin gera áætlanir um skipulagningu og úrbætur í þessum málum og skila áliti fyrir árslok 1981.“

Í þessa nefnd voru skipaðir Ingvar Kristjánsson geðlæknir, formaður, Högni Óskarsson geðlæknir, Ásgeir Karlsson geðlæknir, Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi, Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur, Oddur Bjarnason geðlæknir, formaður Geðverndar, Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, Guðrún A. Janusdóttir læknafulltrúi og Örbrún Halldórsdóttir læknaritari.

Þessi nefnd hefur svo sannarlega skilað áfangaskýrslum og sumt af tillögum nefndarinnar hefur þegar komist í framkvæmd svo að til fyrirmyndar er, svo sem tillögur þessarar nefndar um bráðaþjónustu fyrir geðsjúka í Reykjavík sem er nú eftir tillögum nefndarinnar og hefur orðið til mikilla bóta. Um það held ég að allir séu sammála.

Þessi stóra nefnd skipaði undirnefnd, sem átti einmitt að fjalla um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur, og hafa verið í þeim hópi Ásgeir Karlsson, Hulda Guðmundsdóttir, Margrét Hróbjartsdóttir og Ingvar Kristjánsson. Nefndin mun ljúka verki sínu og skila heildartillögum fyrir 1. apríl næstkomandi og hefur þegar skilað, eins og ég sagði áðan, áfangaskýrslum.

Allshn. telur því ekki viðeigandi að skipa þriggja manna nefnd til að fjalla um það sama og þessi nefnd hefur verið að vinna að. Nefndin vill þó leggja á það áherslu að hún er innilega sammála öllu því sem í grg. till. stendur og er mjög hlynnt þeim hugmyndum sem þar koma fram. En hún treystir því að ríkisstj. bregðist við með því að verða við tillögum þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem nú er að ljúka störfum. Öll vitum við að ekkert verður að gert nema fé verði til þess veitt. Því vill n. í hvívetna taka undir allt það sem stendur í grg., en telur sig ekki geta lagt til að nú hefji þriggja manna nefnd störf ofan í þau störf sem verið er að vinna að og vísar því málinu til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál., sem hér liggur fyrir á þskj. 544, skrifuðu allir nm. 27. febr. 1985.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi þáltill. hefur fengið afgreiðslu úr hv. allshn. Sþ. Sömuleiðis fagna ég því að n. er einhuga um að mikil nauðsyn sé á athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur. Flm. þessarar þáltill. hafa reyndar hitt að máli þann hóp stjórnskipuðu nefndarinnar sem fjallar sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga og komist að raun um að hugmyndir okkar um úrlausn þessa vanda ungra fíkniefnaneytenda falla mjög vel að hugmyndum nefndarinnar. Þegar við þm. Kvennalistans fluttum þessa till. var okkur ekki kunnugt um störf þessarar nefndar eða hve langt þau væru komin.

Það er að sjálfsögðu rétt að spara nefndarstörf þar sem þeirra er ekki þörf og mestu varðar að farsæl úrlausn fáist. Það hygg ég að gerist þegar þessi stjórnskipaða nefnd skilar tillögum sínum þann 1. apríl n. k. sem er jafnvel fyrr en tillaga Kvennalista gerði ráð fyrir. Þá varðar mestu að framkvæmdavaldið bregði skjótt við og láti af hendi rakna það fjármagn sem nauðsynlegt er til að leysa þennan vanda. Ég vil undirstrika hér og leggja ríka áherslu á það að þennan vanda má leysa án þess að til komi húsbyggingarframkvæmdir eða önnur dýr meðferðarúrræði.

Það er enginn vafi á því að miklar áhyggjur búa meðal

alls almennings vegna vaxandi fíkniefnaneyslu barna og unglinga. Sem dæmi um það má nefna stofnun áhugasamtaka um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur nýlega þar sem saman voru komin meira en 100 manns.

Í lok nál., sem vitnað var til hér áðan, stendur, með leyfi forseta:

„Allshn. telur því ekki ástæðu til að skipa nýja nefnd til að vinna þetta verk þar sem að því er unnið af færustu sérfræðingum og tillagna að vænta fyrir 1. apríl n. k. samkvæmt einróma ályktun Alþingis. Því er lagt til að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að framkvæmdir verði í samræmi við vilja alþm., þegar tillögur til úrbóta liggja fyrir, og til þeirra verði veitt fé."

Flm. þessarar till. sætta sig vel við þessa afgreiðslu málsins með því skilyrði þó að framkvæmdir verði í samræmi við vilja alþm. þegar tillögur umræddrar nefndar liggja fyrir.

ATKVGR.

Till. á þskj. 544, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 35 shlj. atkv.

Bætt aðstaða hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu, þáltill. 350. mál (þskj. 558). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi, þáltill. 100. mál (þskj. 104, n. 618 og 628). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta atvmn. á þskj. 618. N. ræddi till. og fékk umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Fiskifélagi Íslands, Þjóðhagsstofnun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, viðskiptaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti.

Þótt flestar umsagnir hvetji til aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bæta hag sjávarútvegs er jafnframt ljóst að niðurstöður liggja fyrir um mörg þau atriði sem lagt er til í þál. að athuguð séu. Ríkisstj. hefur vanda sjávarútvegs til athugunar og meðferðar og hefur reyndar frá því að till. var flutt þegar gert ráðstafanir í þágu sjávarútvegsins. Meiri hluti n. leggur því til að till. verði vísað til ríkisstj.

Ég vil leyfa mér að vitna nokkrum orðum í þær umsagnir sem bárust, með leyfi forseta. Frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda barst umsögn og þar segir m. a.: „Nú þegar liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um flest ef ekki öll þau atriði sem þessari nefnd er ætlað að kanna. Hætt er við að störf fjölmennrar nefndar taki langan tíma og tefji ákvörðunartöku sem í raun má ekki dragast lengur."

Í bréfi Félags Sambandsfiskframleiðenda segir m. a., með leyfi forseta: „Það er að sjálfsögðu guðsþakkarvert ef einhver hefur áhuga á að leysa rekstrarvanda sjávarútvegsins. Það mætti hins vegar gera hraðar en gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Hún gerir t. d. ráð fyrir að þm. athugi átta tölusetta liði. Þessari athugun mætti sleppa þar sem niðurstöður liggja allar fyrir nú þegar." Enn fremur segir þar: „Það hefur nefnilega ekki skort á úttektir á vandamálunum."

Í bréfi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna segir: „Vér leggjum því áherslu á að af hálfu hæstv. Alþingis verði hið skjótasta gripið til viðeigandi ráðstafana. Ljóst er að í þessum efnum er ekki um einfaldar lausnir að ræða. Treystum vér því að hæstv. Alþingi fjalli um málefni sjávarútvegsins með raunsæjum hætti og vekjum athygli á því að nú þegar liggja fyrir gögn um hina slæmu stöðu sjávarútvegsins."

Frá stjórn LÍÚ segir að samþykkt hafi verið að lýsa þeirri afstöðu að ástæðulaust sé að skipa sérstaka nefnd til athugungar á rekstrarvanda sjávarútvegsins.

Þá barst löng og ítarleg umsögn frá Þjóðhagsstofnun þar sem töluliðunum átta, sem rætt er um í till., er öllum svarað lið fyrir lið og bent á hvar upplýsingar um þá liði sé að fá.

Í bréfi sjútvrn. segir: „Sjútvrh. hefur falið Þjóðhagsstofnun í samvinnu við utanrrn. og Landssamband íslenskra útvegsmanna að safna upplýsingum um opinberan stuðning við sjávarútveg í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum Íslendinga. Þá tekur rn. fram að þau viðfangsefni, sem eru tilgreind í till., eru verkefni stjórnvalda og hagsmunaaðila og er unnið að þeim nú sem fyrr. Rn. telur ekki ráðlegt að flytja svo mikilvægt mál inn á starfsvettvang nefndar og mælir því ekki með kosningu hennar. Hins vegar hafa verið skipaðar nefndir til að fjalla um afmörkuð mál sjávarútvegsins og er nauðsynlegt að halda því áfram."

Í bréfi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands segir: „Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vill fyrir sitt leyti lýsa stuðningi við till. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi sem og allar kannanir og úttektir á sjávarútveginum sem leitt geta til aukins og almennari skilnings á vandanum." Þá lýsir stjórn Fiskifélags Íslands einnig yfir stuðningi við efnisatriði till. og hvetur til þess að Alþingi samþykki hana hið fyrsta með tilliti til mikilvægis þess að starfi fyrirhugaðrar nefndar verði lokið í síðasta lagi við upphaf þings á hausti 1985.

Að metnum þessum umsögnum og þrátt fyrir það að tvær umsagnir, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Fiskifélagi Íslands, mæltu með samþykkt till. þótti meiri hluta rétt að vísa till. til ríkisstj. Eins og segir í grg. hefur ríkisstj. vanda sjávarútvegs sífellt til meðferðar og hefur bæði betri aðstöðu og betri hjálpartæki til að meta aðstæður sjávarútvegs en þingnefnd. Ég hef tekið þátt í einni slíkri nefnd sem skipuð var af þáverandi hæstv. ráðherrum viðskipta og sjávarútvegs árið 1979. Ég viðurkenni að ég var nokkru fróðari eftir þau nefndarstörf, en út úr þeim kom að mínu viti nákvæmlega ekkert. Meiri hluti nefndarinnar leggur sem sagt til að till. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þá hefur frsm. meiri hl. lokið máli sínu og hefur greint frá niðurstöðu meiri hl. n. sem er fólgin í því að vísa þessari till. til ríkisstj. Miðað við frammistöðu ríkisstj. í þessum efnum og raunar fyrri ríkisstjórna einnig er ríkisstj. ósköp einfaldlega ekki treystandi til að fara

með þessa hluti. Það eru stór orð en því miður byggjast þau á reynslu.

Hvað hefði verið að því að samþykkja þessa till.? Hún er fólgin í því að kjósa nefnd til að kanna gaumgæfilega rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Við lifum jú allir á honum. Hvað getur verið því til fyrirstöðu að skoða nú þessa hluti alla saman í einu og sundurgreina þennan vanda, draga saman allar upplýsingar á einn stað og ráðast síðan á þá þætti sem gætu orðið sjávarútveginum til framdráttar?

Við í minni hl. skilum nál. á þskj. 628 sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Minni hl. nefndarinnar telur fulla þörf á að skipa nefnd til að athuga rekstrarvanda sjávarútvegsins þó að miklar upplýsingar liggi þegar fyrir um marga þætti hans. Fyrst þarf að draga saman þessar upplýsingar, síðan auka verulega við þær, skoða þær síðan og skilgreina jafnframt hina margvíslegu og margþættu erfiðleika í rekstri sjávarútvegsins og leita loks leiða til að leysa hann á skipulegan og markvissan hátt — og hrinda því í framkvæmd.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að till. verði samþykkt og gamalgróin upplýsingastofnun í sjávarútvegi, Fiskifélag Íslands, gerir það einnig. Ýmis önnur samtök í sjávarútvegi eru hlynnt sjónarmiðum sem koma fram í till., þ. á m. eru Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. fiskframleiðenda og Félag Sambandsfiskframleiðenda. Minni hl. n. leggur til að till. verði samþykkt."

Herra forseti. Það kemur fram í þessu nál. að nokkur veigamikil samtök og stofnanir senda jákvæðar umsagnir. Að mínu mati er meiri hl. umsagna jákvæður. Þess vegna get ég ekki skilið það af hverju má ekki samþykkja þessa till. Mér er nær að halda að það sé aðeins ein ástæða fyrir því að hún fæst ekki samþykkt, einfaldlega sú að hún er ekki borin fram af stjórnarliðum. Ég tel það afar slæmt ef það á að vera regla að ekki megi samþykkja nokkra minnstu till. frá stjórnarandstöðunni, jafnvel þótt málið sé gott og hafi meðmæli mjög ábyrgra aðila í atvinnuveginum. En þetta er eins og oftar áður, að það er eins og að berja höfðinu við steininn að ætlast til þess að einhver till. frá stjórnarandstöðunni sé samþykkt.

Herra forseti og hv. alþm. Ég legg það til að þið samþykkið þessa till. hvað svo sem meiri hl. hefur borið á borð fyrir ykkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi, þáltill. 358. mál (þskj. 571). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 571 ásamt tveimur öðrum hv. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur og Sighvati Björgvinssyni, leyft mér að flytja till. til þál. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs umhverfis Gullfoss og Geysi. Jafnframt verði hafin vinna við heildarskipulag svæðisins og undirbúin kaup á þeim landspildum þar, sem ekki eru þegar í eigu ríkisins.

Frv. til l. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Ég veit ekki, herra forseti, hvort þess gerist þörf að hafa um þetta mál mjög mörg orð úr ræðustóli. Sú var tíðin að hér var aðeins einn þjóðgarður. Þeim hefur fjölgað, svo og friðlöndum og griðlöndum, eftir því sem menn hafa öðlast aukinn skilning á mikilvægi ekki aðeins náttúruverndar heldur mikilvægi samvista mannfólksins við náttúru landsins og nauðsyn þess að vernda sérstæða staði og gera þá þannig úr garði að fólk geti notið þess sem náttúran þar býður.

Fáir staðir á þessu landi eru jafnvíðkunnir, ekki aðeins meðal Íslendinga sjálfra heldur og meðal allra þeirra erlendu gesta sem þetta land sækja heim, og Gullfoss og Geysir. Þessir staðir eru raunar þekktir um víða veröld og ég held að allir sem hafa heimsótt Gullfoss og Geysi geri sér grein fyrir nauðsyn þess að þar þarf, eins og nú háttar til og staðreyndir gefa til kynna, að skipuleggja móttöku ferðafólks á staði sem þessa. Slíkt er brýn nauðsyn, ekki aðeins ferðafólkinu til þæginda, aukins skilnings og til þess að geta notið staðanna betur, heldur ekki síður staðanna sjálfra vegna. Með því að stofna þjóðgarð á þessu svæði og skipuleggja betur móttöku ferðamanna er m. a. hægt að skapa störf í þessari grein heimamönnum til handa. Ferðafólki þarf að standa þarna til boða þjónusta af ýmsu tagi, veitinga- og gistiþjónusta og leiðsögn í skoðunarferðum svo að nokkuð sé nefnt.

Ég ætla ekki að halda hér neinn landafræðifyrirlestur, en nálægð þessara staða hvors við annan er sú, að það er eðlilegt að Gullfoss og Geysir ættu heima í einum og sama þjóðgarði og að heildarskipulag ferðamannaþjónustu fyrir þetta svæði sé aðeins á öðrum staðnum og ætluð þeim sem heimsækja staðina báða, enda gera menn það jafnan og staðirnir jafnan nefndir í sömu andrá. Það gefur auga leið að það er ekki vandalaust að skipuleggja þjónustu af þessu tagi í jafnviðkvæmu umhverfi og þarna er um að ræða.

Ég legg áherslu á að stofnun þjóðgarðs á þessu svæði þarf að undirbúa vel og vandlega í samvinnu við alla þá aðila sem þarna eiga hlut að máli og þeir eru býsna margir. Það eru auðvitað sveitarstjórn, landeigendur, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins og e. t. v. fleiri. Flm. till. telja nauðsynlegt að undirbúningur að þessu hefjist sem fyrst þannig að leggja megi frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ég vona, herra forseti, að þessari till. verði vel tekið. Hún felur það eitt í sér að gerðar verði ráðstafanir til að vernda enn frekar en gert er nú einhverjar dýrustu perlur íslenskrar náttúru og tryggja þannig að óbornar kynslóðir og Íslendingar um ókomin ár megi njóta þeirra kannske enn þá betur og við enn þá betri kjör og aðstæður en við getum núna. Það er tilgangurinn með flutningi þessarar till. sem ég vona sannarlega að verði vel tekið og fái skjóta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir til umr. um að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs umhverfis Gullfoss og Geysi er góðra gjalda verð. Með flutningi hennar kemur fram áhugi hjá hv. flm. á að tryggja betur en nú er verndun þeirra staða sem þar eru nefndir og sem er tilefni flutnings till. og þeirrar hugmyndar að stofna þjóðgarð á þessu svæði. Fáir staðir hérlendis eru jafnfjölsóttir og þessar perlur í íslenskri náttúru, sem

þar eru nefndar, eru jafnvel tilefni heimsóknar útlendinga hingað til lands fremur en margt annað sem vissulega er kannske ekki síður skoðunarvert en Gullfoss og Geysir þó að nöfn þeirra rísi hærra en flest önnur hérlendis í sambandi við íslenska náttúru og kynningu á henni gagnvart erlendum ferðamönnum. Mér finnst því möguleikar á því að fella þessi stórbrotnu náttúrufyrirbæri innan þjóðgarðs í framtíðinni vera góðra gjalda verðir. En ég geri ráð fyrir að málið sé býsna flókið viðfangs vegna þeirra mörgu hagsmuna sem þarna eru fyrir og mismunandi eignarhalds á landi því sem eðlilegt væri að félli innan þjóðgarðsmarka, og þyrfti a. m. k. að sameina þessa tvo staði, Gullfoss og Geysi, en einnig að verða að taka til mun víðara svæðis því að eitt megineinkenni þjóðgarðs til að rísa undir nafni er víðfeðmi eins og á þau mál hefur verið litið hérlendis skv. skilgreiningu laga og ekki síður erlendis þar sem þjóðgarðar hafa verið stofnaðir.

Ég get hins vegar ekki neitað því, þegar litið er á þessa till. og það sem henni fylgdi frá hv. 1. flm. Eiði Guðnasyni, að mér finnst málið ekki vera vel undirbúið af hálfu flm. hvað snertir hvernig það er lagt fyrir þingið. Það fylgir í rauninni engin leiðsögn um hversu víðfeðmt það svæði er sem flm. hafa í huga að þarna verði litið til í sambandi við þjóðgarð né heldur hvernig eignarhaldi og umráðarétti er háttað á þeim lendum sem liggja t. d. milli þessara tveggja staða, Geysis og Gullfoss.

Náttúruverndarráð hefur um árabil látið sig varða Gullfoss og nágrenni hans og þar er nú friðland, að ég best veit, reist á sérstakri gjöf til Náttúruverndarráðs eða a. m. k. umráðarétti sem framseldur var til ráðsins á landspildu meðfram Hvítárgljúfri upp að Gullfossi og hygg ég að það land hafi nú verið afmarkað með sérstakri girðingu þó að ég vilji ekki um það fullyrða. Einnig hefur verið bætt aðstaða við Gullfoss frá því sem áður var að tilstuðlan Náttúruverndarráðs og ferðamálaráðs sem hefur stutt það verkefni með fjárframlögum, enda ekki vanþörf á að bæta úr því ástandi sem þar ríkti hér á árum áður, og Alþingi heimilaði sérstaka lántöku í þessu skyni, ég hygg vorið 1979.

Geysir hefur hins vegar lengi verið undir svokallaðri Geysisnefnd sem farið hefur með verndarsvæðið umhverfis Geysi á vegum menntmrn. og sá staður ekki verið í umsjá Náttúruverndarráðs, eins og ég hefði þó talið eðlilegt og sjálfsagt að gert hefði verið í rauninni strax eftir að lög voru sett hér um náttúruvernd 1956. En þetta er söguleg arfleifð fyrri tíðar þegar tekið var á þessu málefni sérstaklega, þ. e. Geysi og næsta umhverfi. Það var gert áður en sett voru lög um náttúruvernd og sérstakri nefnd falin umsjá þessa svæðis og hún hefur sem sagt það verkefni enn í dag.

Hv. flm. nefndi hér að æskilegt væri að strax fyrir næsta Alþingi lægi fyrir frv. til l. um þjóðgarð á þessu svæði. Ég átta mig ekki alveg á þeirri hugsun sem þarna er að baki, hvort flm. telja nauðsynlegt að taka á verndun þessa svæðis með öðrum hætti en gert hefur verið varðandi aðra þjóðgarða í landinu sem reistir eru skv. ákvæðum í lögum um náttúruvernd. Þau ákvæði gera ráð fyrir því að veita heimild til þess að stofna til þjóðgarða á svæðum í ríkiseign sem hafi tiltekna eiginleika varðandi náttúrufar og einnig sagnhelgi, sem getur ein út af fyrir sig réttlætt stofnun þjóðgarðs þó að eðlilegt sé að þar sé einnig horft til náttúruverndar og kannske númer eitt til náttúruverndar. Slíkur staður, sem sameinar hvort tveggja, er Þingvellir, þar sem fyrsti þjóðgarður var stofnaður hérlendis, og um þá gilda vissulega sérlög sett 1928. Það svæði er í sérstakri umsjá Alþingis og Þingvallanefndar sem starfar í umboði Alþingis. Ástæðan fyrir því að um þá voru sett sérstök lög var sú að þá höfðu ekki verið sett lög um náttúruvernd, en þeir þjóðgarðar sem síðan hafa verið stofnaðir, þjóðgarðurinn í Skaftafelli og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, eru báðir stofnaðir fyrir tilstuðlan Náttúruverndarráðs á grundvelli náttúruverndarlaga.

Ég tek sem sagt undir þá góðu hugsun sem fram kemur í till. og tel verðugt verkefni að athugaðir séu möguleikarnir á að stofna þjóðgarða á þessu svæði. Ég hygg, án þess að hafa athugað það sérstaklega, að ýmsar hindranir séu í vegi og þurfi talsvert fram að leggja til landakaupa til að gera þetta kleift, en ekki mun standa á mér að stuðla að því að svo geti orðið þó það sé auðvitað alltaf álitamál hvernig ráðstafa eigi fjármagni sem til reiðu er í því skyni. Í því sambandi vil ég nefna að önnur svæði ættu kannske að koma á undan. Ég nefni jarðir í Þingvallasveit og Grafningi umhverfis Þingvallavatn sem eru í einkaeigu sumar hverjar og æskilegt gæti verið að hið opinbera eignaðist til að tryggja verndun þessa verðmæta svæðis umhverfis Þingvallavatn fyrir óbornar kynslóðir. Ég hefði einnig kosið, eins og fram hefur komið, að málið lægi skýrar fyrir hér, þegar till. af þessu tagi er fram reidd, þannig að auðveldara væri fyrir þm. að átta sig á þeim hindrunum sem geta verið í vegi til þess að stofna umræddan þjóðgarð, og einnig að flm. hefðu gefið vísbendingu um hversu vítt þeir hugsuðu í sambandi við stærð slíks þjóðgarðs.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. mestmegnis jákvæðar undirtektir undir þessa till. Okkur greinir kannske á um hvernig till. til þál. eiga að vera. Ég lít svo á að till. til þál. séu viljayfirlýsingar Alþingis.

Þessi till. felur í sér að Alþingi lýsir þeim vilja sínum að stofnaður verði þjóðgarður við Gullfoss og Geysi og að það sé gert með löggjöf. Þetta er alveg skýrt. Ég játa hins vegar að þessari till. fylgja ekki 30 fskj. og hún er ekki upp á 300 prentaðar síður, eins og mjög er til siðs hjá sumum sem leggja fram slík plögg hér á Alþingi. Ég held að þannig eigi þáltill. yfirleitt ekki að vera. Ég held að það komi alveg skýrt fram í þessari till. hver tilgangurinn með henni er.

Það má sjálfsagt um það deila hvort þetta eigi að gera með löggjöf. Ég skal játa það. En þar sem um er að ræða land sem er að hluta til ekki í eigu ríkisins heldur einstaklinga, þá er ekkert ósennilegt að til þess geti komið að atbeina löggjafans þurfi til að þessi hugmynd geti orðið að veruleika.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ítreka þakkir mínar fyrir heldur jákvæðar undirtektir. Þá gagnrýni sem fram var sett tel ég heldur léttvæga, en sjálfsagt er hægt að finna henni rök og einhverjar stoðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. 199. mál (þskj. 226). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þessi till. til þál., um sparnað í fjármálakerfinu, er dálítið sérstæð, a. m. k. að einu leyti, því að svo til samhljóða till. var flutt fyrir meira en sjö árum hér á hinu háa Alþingi. Henni fylgdi þá stutt grg. Þó að mér finnist það ekki góð latína að lesa mikið upp úr þskj. eða yfirleitt að teygja þskj. óþarflega vona ég að mér leyfist að lesa grg. till. eins og hún er nú, með leyfi forseta, en hún er svohljóðandi:

„Þáltill. þessi var flutt á 99. löggjafarþinginu 1977 og nú endurflutt óbreytt, nema í stað hækkunar um tíunda hluta komi fimmta hluta. Till. fylgdi þá svohljóðandi grg.:

„Alþjóð er ljóst að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftar óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.

Tillögumönnum er ljóst að meðal stjórnenda bankamála eru ýmsir hæfileikamestu menn þessarar þjóðar. Flutningur þessa máls er ekki aðför að þeim heldur liðveisla við þá, enda engum ljósara en þeim hvar skórinn kreppir. Þó bendir flest til þess að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstj. hafi forustu um, séu nauðsynlegar ef úr úlfakreppunni á að brjótast.

Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við ríkjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni sem hér er á ferðinni og aðstaða skömmtunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi.

Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því að þann frumskóg má grisja, engum til meins en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið, frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Játa skal að hægara er hér um að tala en í að komast. Tilraunina ber þó að gera. Kannske ber hún takmarkaðan árangur — þá er að taka því. En enginn héraðsbrestur yrði þótt markmiðunum, sem till. miðar að, yrði að fullu náð."

Greinargerð þessi stenst í nær öllu enn í dag. Þó má segja að í stað óraunhæfs verðmælis hafi komið síharðnandi skömmtunarstjórn í peningamálum sem bitnar á atvinnuvegunum og heimilum."

Þegar þessi till. var flutt fyrir meira en sjö árum fékk hún mjög litlar undirtektir, dagaði uppi. Mönnum þótti þetta kannske óþarfa afskiptasemi Alþingis af bankastofnunum og fjármálastofnunum yfirleitt og jafnvel að það væri ósiðlegt að Alþingi væri að skipta sér af slíkum hlutum. Þá var lagt til að reynt yrði að fækka útibúum og afgreiðslustöðvum bankanna eða að stemma stigu við að þeim fjölgaði mjög. Lagt var til að tilraun yrði gerð til að fækka einnig starfsfólki um allt að 1/10 hluta.

Nú leggjum við flm. hins vegar til að markið verði sett hærra, enda full ástæða til, eins og ég kem að svolítið síðar, og að fækkað verði um allt að 1/5 í fjármálastofnunum.

Ég ætla, með leyfi forseta, að víkja hér að viðtali í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Þar segir í fyrirsögn: „Jónas Haralz formaður Sambands ísl. viðskiptabanka segir: Íslenskir bankar nokkuð á eftir í tækniþróun. Segir engan vafa á að bankarnir geti komist af með færra starfsfólk." Og fréttin er svohljóðandi:

„„Íslenskir bankar eru nokkuð á eftir í tækniþróun, en á því sviði er ýmislegt í undirbúningi hjá bönkunum sem mun hafa áhrif á næstunni," sagði Jónas Haralz í samtali við Morgunblaðið er hann var spurður hvað hann vildi segja um þá staðreynd að starfsmönnum banka og sparisjóða hefur fjölgað um 217.9% frá árinu 1963 til ársins 1983 eins og greint var frá í Morgunblaðinu í gær. Fjöldi mannára í bönkum árið 1963 var 1400, en 20 árum síðar, 1983, var fjöldi mannára í bönkum 4450.

Tilefni þess að Jónas var spurður er að hann er formaður Sambands íslenskra viðskiptabanka. Jónas sagði að þau tæknilegu umsvif bankanna, sem í undirbúningi væru, mundu koma í veg fyrir að starfsmönnum bankanna héldi áfram að fjölga eins mikið og verið hefur. Hann taldi ekki að ný tækni bankanna mundi beinlínis fækka starfsmönnum, en sagðist þó ekki telja nokkurn vafa á því að hægt væri að komast af með færra starfsfólk í bönkum. En á það bæri einnig að líta að þannig háttaði til í öllum greinum íslensks atvinnulífs."

Ég er ekki með á takteinum hve mikil fjölgunin í bönkunum hefur orðið á þeim rúmu sjö árum sem liðin eru síðan till. var upphaflega flutt, en drjúgur hluti þessarar fjölgunar, sem um er rætt í viðtalinu við Jónas Haralz, er einmitt tilkomin á þeim tíma sem liðinn er síðan Alþingi — ja, mér liggur við að segja vanrækti að samþykkja þessa till., sem við hv. þm. Pétur Sigurðsson þá fluttum og flytjum enn, eða þá að gera einhverjar aðrar ráðstafanir til að hafa hemil á vexti þessara öflugu ríkisstofnana skulum við segja.

Á þessum tíma hefur peningamagnsstefnan svokallaða eða monetarismin grasserað, svo ekki sé notað virðulegt orð, enda á það varla við um þá kenningu að nota virðulegt orð, þar sem peningar hafa verið frystir og lokaðir inni á meðan vextir hafa hækkað. Það er auðvitað skiljanlegt hverjum manni að þegar um frjálsa vexti er að ræða getur það alls ekki samrýmst því að loka peningana líka inni. Það verður að vera eitthvert framboð á fjármagni ef vextir eiga að geta verið eðlilegir við frjálsræði því þeir hljóta að sjálfsögðu að æða upp úr öllu valdi ef allir peningar eru lokaðir inni. Þessari kenningu og þessari stefnu hefur verið reynt að koma á víða í hinum vestrænu löndum og auðvitað mistekist þar meira og minna því að bankar þar eru yfirleitt einkabankar og öflugir fjármagnsmarkaðir og þeir hafa þess vegna ekki hlítt þessari vitleysiskenningu neins staðar nema hér þar sem Ólafslög hafa verið sett t. d. sem hvergi hefur þekkst annars staðar í lýðfrjálsu ríki. Mér er ekki kunnugt um að nokkur hagfræðingur utan þessa lands styðji þessa kenningu lengur, enda hét hún kreppukenning og var meginorsök þess að vestrænar þjóðir lifðu við kreppu sem að vísu var kölluð olíukreppa en auðvitað heimatilbúin kreppa.

Peningar eru ekkert annað en ávísanir á verðmæti. Þess vegna verður að vera framboð á peningum. Það verður einhver að geta gefið út þessar ávísanir á verðmæti. Sparifé hefur á síðustu tíu árum minnkað úr 40% þjóðartekna — var komið niður í 23% ef ég man

rétt, það er sagt að vísu að það hafi aukist eitthvað aftur, en þá kemur nú raunar á daginn að um helmingur þessa svokallaða íslenska sparifjár er erlent fé sem lánað er út af viðskiptabönkunum og alls ekki íslenskur sparnaður. Á þeim tíma þegar þjóðarhagur hefði átt að vera bestur, þegar framleiðslan var mest og auðæfasköpunin, var einmitt dengt yfir þjóðina nýjum og nýjum lánum og skuldum og sú skynsamlega kenning eða hitt þó heldur var sett fram að erlendar skuldir mættu ekki vera nema ákveðin prósenta af þjóðartekjum viðkomandi árs. Ef illa áraði og þjóðartekjur drægjust saman áttu menn að borga, og það hefur átt að gera það núna seinustu árin, en þegar þjóðartekjur æddu upp úr öllu valdi ætti líka að bæta erlendum lánum ofan á. Það er álíka gáfulegt og monetarisminn er raunar í heild.

En samhliða því sem þessi sparnaður færi fram í kerfinu þarf auðvitað að vera frjálsræði í peningaviðskiptum, andstæða þess sem verið hefur. Við skulum bara láta reynsluna sjálfa tala. Það vita allir hvernig komið er í peningamálum. Og enn þá eru bankar að þenja út sína starfsemi.

Ég trúi varla öðru en að þetta þing, núna þegar komið er talsvert á áttunda ár síðan till. var upphaflega flutt, muni afgreiða þessa till. Ég skora a. m. k. á þá hv. n. sem málið fær til umfjöllunar, sem væntanlega er hv. allshn., ég legg það til, að afgreiða málið fljótt og vel. Það þarf engrar athugunar við. Staðreyndirnar eru á borðinu. Bankastarfsemin þenst út á meðan sparifé minnkar, og bæði einstaklingar og atvinnufyrirtæki eru í miklum vanda vegna þess að ekki er eðlilegt framboð sparifjár þannig að menn eru jafnvel að missa eigur sínar, þó að þær séu miklu meira virði en þær skuldir sem þeir kunna að þurfa að bera, og geta hvergi fengið minni háttar lán, og síst þeir sem minnst eiga undir sér geta fengið minni háttar lán til þess að bjarga sér úr erfiðleikum. Ég endurtek áskorun mína til hv. alþm. að afgreiða þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs, ekki fyrst og fremst til að ræða þessa till. heldur til að þakka ákveðinn hluta af ræðu flm. hér áðan. (**EKJ:** Ekki allt?) Jú, jú, þar var allt vel sagt, en sumt alveg sérstaklega gott. Ég á þar við þá rassskellingu sem hann gaf ákveðinni peningamagnskenningu og var þarft og sérstaklega ánægjulegt að heyra hv. þm. Sjálfstfl. taka þá kenningu svona vel í gegn.

Ég vil einnig taka undir með flm. till. hvað varðar t. d. bankakerfið alveg sérstaklega. Mér hefur verið þyrnir í augum sú óheillavænlega þróun að þeim skuli sífellt fjölga sem vinna inni í steinsteyptum höllum til að sýsla með peninga hinna sem sífellt eru að verða færri og færri en standa undir verðmætasköpuninni.

Af því að minnst var á viðtöl við fræga bankamenn minnist ég þess að fréttamaður ríkisfjölmiðils var að ræða við bankastjóra fyrir u. þ. b. tveimur árum. Var fréttamaður með svipaðar tölur á takteinum og hv. þm. nefndi í sambandi við fjölgun bankastarfsmanna og bar þær reyndar saman við fjölda sjómanna og spurði bankastjórann hvort honum þætti eðlilegt að starfsfólk í bönkum væri orðið fleira en sjómennirnir eða að þeir væru orðnir svona margir. Bankastjórinn sagði að þetta væri ekki eðlilegt því sjómennirnir væru allt of margir. Þjóðin stæði ekki undir því að hafa svona marga menn við að veiða þessa fáu fiska. En hann sá ekkert athugavert við fjölda starfsmanna í bönkunum, sá ágæti maður.

Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að taka sér ærlegt tak og sameina þessar stofnanir að verulegu leyti, fækka þeim og spara þar í rekstrinum. Auðvitað er það hægt víðar en í einkabönkunum og ríkisbönkunum. Það er hægt meira og minna í öllu fjármálakerfinu eins og tillögumenn eru reyndar að tala um. En ég held að það séu hæg heimatökin fyrir hið opinbera að byrja hjá sjálfum sér t. d. í ríkisbönkunum. Það er auðvitað fleira en mannahald sem kostar peninga, byggingar kosta líka peninga. Og það er hálfhart að búa við það að bankakerfið, sem verður varla með nokkrum ráðum kvalið til að sinna sínum skyldum við t. d. húsbyggjendur, skuli storka þjóðinni með því að byggja sem aldrei fyrr á þessum síðustu tímum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tek að mörgu leyti undir þessa till. til þál. Ég tel að það sé sjálfsagt að reyna að draga úr óþarfakostnaði í fjármálakerfinu og draga úr byggingum utan um peninga sem ekki eru til. Hins vegar langar mig að gera aths. sem mér finnst stundum gleymast. Ég tek fram að ég heyrði ekki nema hluta úr ræðu flm. vegna þess að ég var kölluð á annan fund, en hafi hann ekki minnst á það vil ég a. m. k. gera það hér.

Þegar talað er um aukningu bankastarfsmanna mega menn ekki gleyma því að bankarnir hafa breytt mjög um hlutverk á síðustu árum. Nú förum við í bankann með næstum öll okkar peningamál. Við borgum rafmagn, hita og allar okkar mánaðargreiðslur fyrir heimilin í bönkum. Fyrir einungis tíu árum önnuðust greiðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins og útibú hennar allar greiðslur til bótaþega sem skipta tugum þúsunda. Nú gera bankarnir þetta.

Vegna bankastarfsmanna vil ég ekki að þetta atriði gleymist. Hinu skal ég svo vera sammála að eflaust væri hægt að hagræða ýmsu innan bankakerfisins og kannske ekki síst á toppnum. En ég vil leggja á það áherslu að þetta atriði gleymist ekki svo allrar sanngirni sé gætt.

Að sjálfsögðu fagna ég þessari till. og vænti þess að hún fái afgreiðslu hér.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mig langar að þakka þeim hv. þm. sem hér tóku til máls undirtektirnar.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði, að auðvitað hafa að ýmsu leyti komið ný störf í bankana, meiri greiðslur og fjölþættari, og ég er henni þakklátur fyrir að nefna það hér. Ég gerði það ekki beint. Og þó. Í grg. er tekið fram að tillögumenn gera sér grein fyrir því að það stjórna þessum stofnunum hæfir menn sem vilja allt hið besta. En það er kerfið sjálft sem hefur tekið völdin. Ég held að menn viti hvað ég á við þegar talað er um kerfið sem hlekkjar okkur meira og minna, það er þessi ofstjórn sem er svo rík víða. Menn hyllast til þess að þenja út stofnanir sínar að óþörfu. Síst situr á mér að vera að lasta starfsfólk bankanna, það eru allir menn vinnandi þarna, en ég er hræddur um að það sé oft tvíverknaður og kannske þríverknaður eða verkleysa í öllu þessu kerfi. Það er mjög mikil þróun að verða í bankastarfsemi víða um heim og við erum þar á eftir, eins og einmitt kom fram í

viðtalinu, sem ég las upp úr, við Jónas Haralz. Það eru gífurlegar framfarir í bankamálum. Tölvutæknin er þar að ryðja sér mjög til rúms og þess vegna miklu fljótgerðara að annast ýmiss konar starfsemi en áður var.

Strax þegar við fluttum þessa till., við hv. þm. Pétur Sigurðsson, fyrir sjálfsagt sjö árum, gerðum við okkur alveg grein fyrir því að það yrðu engin stór skref þarna stigin. En við vildum koma þessari aðvörun þá á framfæri um að hugsa málið og reyna a. m. k. að hægja eitthvað á þeirri þróun sem fyrirsjáanleg var og reyndar hafin þar sem bankakerfið var að vefja upp á sig alla tíð samhliða því sem sparifé þjóðarinnar var að ganga til þurrðar. Bankastarfsemi og peningamálapólitík var með þeim hætti að raunverulega var um eignaupptöku að ræða oft og tíðum frá sparifjáreigendum. Það var ekki bara það að menn lánuðu peninga sína til að þenja ríkisbáknið og bankabáknið út, heldur lánuðu þeir þá á neikvæðum vöxtum og þar með segi ég að í rauninni hafi verið um eignaupptöku að ræða, fjármagnsflutninga frá alþýðu landsins, því það er einmitt alþýðan og oft kannske fátækara fólkið sem á einhverja aura sem varasjóð til að grípa til ef á móti blæs eða óhöpp verða. Þetta fé vitum við að hefur meira og minna gengið til þurrðar. Hið sama er raunar að segja um lífeyrissjóðina sem eru lítils eða nánast einskis megnugir vegna þeirrar verðbólguþróunar sem hér hefur verið. Þetta er einn þátturinn í því að bregðast við þeirri óheillaþróun, sem lengst af hefur verið hér síðasta áratuginn og rúmlega það, og endurskipuleggja einnig á þessu sviðinu, og þetta er kannske ekki það sísta, ekki það sem minnst er um vert, heldur þvert á móti, að það mundi vera mjög mikils virði ef þarna tækist að stinga við fótum.

En ég endurtek þakkir mínar fyrir góðar undirtektir undir þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sölu- og markaðsmál, þáltill. 311. mál (þskj. 496). — Ein umr.

Flm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum. Auk mín eru flytjendur þessarar þáltill. 16 hv. þm. Sjálfstfl.

Í tillgr. segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því með samstarfi menntmrn., viðskrn., utanrrn. og aðila vinnumarkaðarins að skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innanlands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskipalífinu víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, áróðurs- og auglýsingatækni og samningagerð."

Það skýtur sannarlega skökku við að þjóð, sem þarf að selja nær alla sína framleiðslu til annarra landa, skuli hvergi í skólakerfinu hafa skipulagt víðtækt nám sem tengist sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem Íslendingar búa við, þ. e. fámenni þjóðarinnar og þeirri staðreynd að sjávarafurðir eru grundvöllur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Möguleikar til náms á þessu sviði eru ekki fyrir hendi í grunnskólum, fjölbrautaskólum, framhaldsskólum, sérskólum né Háskóla Íslands, nema að mjög takmörkuðu leyti og þá helst í Háskóla Íslands.

Sölumennska hefur um langt árabil verið litin hornauga á Íslandi. Einhvers konar minnimáttarkennd eða einangrun lítillar þjóðar í langan tíma virðist hafa leittt til skilningsleysis á því hversu mikilvægt er að keppa af festu og einbeitni á öllum mörkuðum þar sem hægt er að bæta söluaðferðir og þar með afkomu þjóðarinnar. Þótt margir aðilar hafi vissulega staðið sig vel í samkeppninni á alþjóðavettvangi, eins og t. d. á sviði flugmála, siglinga, sjávarafurða og vísinda, þá þarf að herða þarna verulega á með samstilltu átaki og markvissri vinnu með framtíðina í huga.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að biðjast afsökunar á því sem þeir bjóða á erlendum mörkuðum því að hérlendis er allra kosta völ í þessum efnum ef rétt er að verki staðið í framleiðslu, markaðs- og sölumálum. Við eigum t. d. nær allt okkar undir sölu sjávarafurða komið en í einhliða framleiðslu felst mikil áhætta ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna þarf sífellt að vera á verði í þeim efnum sem og öðrum þáttum okkar framleiðslu, leita nýrra leiða, nýrra markaða um allan heim. Þótt við vitum hvað við höfum verðum við að gæta þess að láta ekki þar við sitja heldur leita nýrra leiða. Þróunin og aðstæður allar kalla á að við stefnum að fullvinnslu alls okkar hráefnis innanlands, hvort sem er á vettvangi sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, hvort sem við viljum selja íslenska þekkingu og reynslu á alþjóðavettvangi eða t. d. náttúrufegurð landsins til að laða að ferðamenn.

Hæstv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen hefur nýlega skipað þrjár nefndir í markaðsmálum: eina til að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á útflutningsmálum með sérstakt markaðsátak í huga árið 1986 á Norðurlöndum, og að því er nú unnið, aðra nefnd til þess að greiða fyrir útflutningi verkefna og þjónustu á sviði sjávarútvegs og orkuvinnslu og þriðju nefndina til að fjalla um samstarf útflytjenda og stjórnvalda til að efla útflutning. Til þess að fylgja slíku starfi eftir þarf að koma á námi í sölu- og markaðsmálum þar sem vænlegt er, bæði í skólum landsins og í atvinnulífinu.

Það má á margan hátt segja að nám í landinu í dag rími ekki við þarfir og möguleika þjóðarinnar. Það er ekki langt síðan að æðstu stjórnendur Háskóla Íslands héldu því fram að stór hluti af háskólaborgurum nýttist ekki íslensku þjóðfélagi í því fagi sem þeir legðu stund á við Háskóla Íslands. Þetta tel ég að eigi við í gegnum skólakerfið allt og að við séum á margan hátt að ganga fram hjá því sem við eigum að taka helst tillit til, þ. e. möguleikunum sem við búum við í okkar eigin landi. Þess vegna ætti það að vera einn liður í að takast á við þetta verkefni að setja hrygg í menntun sölumanna og átak í markaðsmálum. Þar þarf að fylgja eftir. Það hefur verið rætt um nauðsyn þess að fullvinnsla afurða verði að veruleika og í kjölfar slíks þarf að sinna sölumennsku og markaðsmálum af fullri einurð.

Það má auðvitað segja að það skipti mestu máli í stöðunni að fylgja fast eftir sölumálum á sviði sjávarafurða. Þar hefur margt vel verið gert og ýmislegt sem er á döfinni. En samt sem áður er það staðreynd að menntun sölumanna er ekki til í íslensku skólakerfi. Það er t. d. líklega ekki venjulegt að heyra talað um

frampart af fiski. En engu að síður er nú farið að selja hluta af fiski þannig að framparturinn er dýrastur, verðmætastur, og í sérstökum pakkningum. Við mundum kalla að sporðbitinn væri ekkert verri hér hjá okkar þjóð að okkar mati. En þarna er um að ræða möguleika sem er eitt lítið atriði í sölumennsku og því sem þarf að hyggja að. (**Gripið fram í:** Hvað með lærið?) Það má alltaf gera gott úr læri og það hefur sýnt sig á margan hátt. Það er t. d. ekki langt síðan að nokkrir ungir, íslenskir matreiðslumenn fóru með slatta af lærum til Kaliforníu og eyddu þremur dögum í að matreiða fyrir þarlenda eigendur gistihúsa. Þeir voru við þetta verk í nokkra daga og að því loknu vildu þessir bandarísku aðilar kaupa 32 þús. tonn af lærum. Það eru því miklir möguleikar í lærunum úr því hv. þm. spyr.

Það er á hitt að benda að okkar heildarframleiðsla í dilkakjöti er um 15 þús. tonn. Þar af hafa um 4000 tonn verið umframframleiðsla á ári hverju um nokkurt skeið. Við höfum ekki einu sinni getað selt þessi 4000 tonn fyrir mannsæmandi verð. Við höfum flutt þessar afurðir út í lélegustu pakkningum í heilum skipsförmun og heilum skrokkum. Sá eini, sem er tryggður fyrir fram í þessum vinnubrögðum, er útflytjandinn sem fær fast söluverð hvað sem hann fær fyrir afurðina erlendis frá. Þetta er hluti af vandamáli sem við búum við í okkar sölu- og markaðsmálum.

Á næstu árum þarf að hrinda í framkvæmd margþættu starfi á sviði sölu- og markaðsmála, afla meiri þekkingar á mörkuðum og möguleikum, skipuleggja hvernig nýta megi þá möguleika sem Íslendingar hafa til að ná árangri í takt við nýjustu tækni og upplýsingamiðlun á alþjóðavettvangi.

Full ástæða er til þess að sem fyrst verði sendir tugir manna til starfsnáms erlendis til að kynna sér vinnubrögð, markaði og söluleyfi fyrir íslenskar afurðir, kynna sér störf sem varða íslenska hagsmuni erlendis og störf við fyrirtæki sem tengjast íslenskum hagsmunum, kynna sér lönd eða markaðssvæði þar sem Íslendingar selja ekkert en möguleikar á sölu kunna að leynast þegar að er gáð. Meginmáli skiptir að vel takist til í útflutningsmálum og við verðum að hætta að láta hlédrægnina ráða ferðinni í sölu á okkar afurðum. Við megum ekki líta sölu- og markaðsmál hornauga.

Sérstaða Íslendinga í baráttunni í sölu- og markaðsmálum er framar öllu fólgin í því að við verðum að „klæðskerasauma" þessa vinnu, finna leið sem hentar íslenskum aðstæðum, búa til tækni sem engin fyrirmynd er til að, þótt nýta megi þar að auki ýmislegt sem til er á alþjóðavettvangi. Þessi útfærsla verður umfram allt að henta okkur og hún má ekki vera algerlega í forsjá ríkisins heldur með þeim hætti að forusta og frumkvæði liggi að hluta til í atvinnulífinu þar sem skilningurinn á að vera mestur og áþreifanlegastur. Með því að taka til höndum í þessum efnum erum við að vinna tíma og verðmæti fyrir framtíð íslenskrar þjóðar. Við verðum að herða okkur í því á sviði sölu- og markaðsmála að kunna að taka púlsinn með sölu- og markaðsmál í huga. Við höfum látið undir höfuð leggjast að skipuleggja þennan þátt sem hvað mestu máli skiptir í samkeppninni um meira verð fyrir minni vinnu við hverja einingu í framleiðslunni. Það eru sömu lögmál í þessum efnum hvort sem við erum að tala um Hafnarfjörð eða Hong Kong, Búðardal eða Brüssel. Þetta er spurning um þekkingu og áræði.

Alþt. 1984. B. (107. löggjafarþing).

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir því að málinu sé vísað til hv. atvmn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það gerist við og við hér á Alþingi að hv. þm. Sjálfstfl. flytja tillögur um að efla markaðsstarfsemi fyrir útflutningsgreinar. Fyrir nokkrum árum fluttu þm. Sjálfstfl. till. um stofnun sérstaks útflutningsráðs sem átti að stuðla að miklu átaki á þessu sviði. Enn á ný er á ferðinni till. sem flutt er af þm. Sjálfstfl. til að sýna mikinn áhuga þeirra á þessu sviði. Það merkilega er að Sjálfstfl. hefur lítið sem ekkert gert til að stuðla að því að eitthvað sé framkvæmt af slíkum hugmyndum.

Það eru u. þ. b. tíu ár síðan ég vann skýrslu fyrir þáv. utanrrh. Einar Ágústsson þar sem gerð var mjög ítarleg úttekt á markaðsstarfsemi sendiráða Íslands og utanríkisþjónustunnar og borið saman við hliðstæða starfsemi í nágrannalöndum okkar. Í þessari skýrslu var að finna ýmsar tillögur um hvernig mætti efla starfsemi á sviði útflutnings. Þegar skýrslunni var skilað var við völd ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Skýrslan mun hafa verið lögð fram í þáv. utanrmn. þar sem sat hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, fulltrúi Sjálfstfl. (**GHG:** Mjög góð skýrsla.) Hv. þm. segir nú að þetta hafi verið mjög góð skýrsla. Ég get alveg fallist á það. Þetta var mjög góð skýrsla. En það var ekkert gert með hana. Það var farið með hana nánast eins og leyniplagg í stjórnkerfinu. Hún var ekki til, að ég held, nema í þremur eða fjórum eintökum. — Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson upplýsir nú að hann hafi tekið að sér að fela eitt þeirra því að það liggi enn þá hjá honum. Þá eru aðeins þrjú eftir.

Engin umræða varð um þessa skýrslu, mér vitanlega, neins staðar þar sem mark var á takandi. Það var ekkert gert til að kynna þessar hugmyndir eða knýja á um það að sú mikla vinna, sem lögð var í að gera þessa úttekt, yrði til þess að menn reyndu að vega og meta hvort fara ætti einhverja nýja leið. Kannske hefur það stafað af því að höfundur skýrslunnar var ekki sérlega vinsæll á framsóknarbænum um þær mundir. Það má vel vera. Er þá leitt að brölt mitt í Framsfl. á sínum tíma skuli hafa orðið til þess að menn misstu áhuga á að efla íslenskan útflutningsiðnað. Engu að síður er það staðreynd að þetta var einhver ítarlegasta úttekt sem ráðh. hafði falið manni að gera varðandi breytingar á útflutningskerfi okkar. Ég lagði í þetta mjög mikla vinnu. Það voru margir mánuðir sem ég eyddi í þessa vinnu. Mér fannst það mjög merkileg reynsla að sjá síðan og reyna hvað menn höfðu lítinn áhuga á þessu máli.

Það eina sem hefur sést er að þm. Sjálfstfl., að mig minnir á árunum 1978—1979, þó má vera að það hafi verið aðeins síðar, fluttu hér þáltill., sem Lárus Jónsson, að mig minnir, var 1. flm. að, um að gerð yrði ítarleg athugun á að stofna slíkt útflutningsráð og útflutningsstofnun sem ég hafði lýst í skýrslunni með hvaða hætti mætti starfa. Það var hins vegar merkilegt að með þessa tillögu var heldur ekkert gert. Henni var ekki fylgt eftir. Hún hefur líka legið í salti. Nú hefur Sjálfstfl. farið með viðskrn. og utanrrn. í u. þ. b. tvö ár og utanrrh. hefur verið duglegur við að brydda upp á ýmsum nýjungum á sviði vígbúnaðar, en það hefur ekki heyrst um neinar nýjungar á sviði markaðsöflunar og markaðsstarfsemi þangað til þessi till. kemur hér um átak í menntun.

Ég skal ekkert draga úr því að nauðsynlegt sé að menntakerfið á Íslandi sinni sérþekkingu á sviði útflutningsgreina meira en það hefur gert. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess. Ég held einfaldlega að það sé hins vegar verið að byrja á röngum stað ef menn halda að vandinn liggi núna fyrst og fremst í menntakerfinu. Það er nú þegar til í landinu stór hópur af fólki sem hefur hlotið menntun á sviði viðskiptafræða, alþjóðlegra samskipta, hefur starfað í viðskiptalífi og hjá sölusamtökum og hefur nú þegar alla þá menntun og reynslu sem hægt er að öðlast hér á landi til að sinna þessu verkefni. Það sem hefur hins vegar algerlega skort á er að hvorki stjórnvöld né stóru fyrirtækin í útflutningsstarfsemi í landinu, t. d. Samband ísl. samvinnufélaga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Flugleiðir og Eimskipafélag Íslands, svo að ég nefni nokkra stóra aðila, hafa haft mikinn áhuga á að skapa möguleika fyrir ungt fólk úr viðskiptalífi eða úr menntakerfinu, sem lokið hefur námi í þessum greinum, til þess að öðlast þá þekkingu af markaðsstarfsemi erlendis sem kæmi því að notum. Það er nú einu sinni þannig að hvað sem menn sitja lengi á skólabekk hér á Íslandi, hvað sem menn dunda mikið í viðskiptalífinu hér heima, þá er það ekki fyrr en menn eru sendir út á markaðina erlendis og eru knúnir til að heyja baráttuna við fyrirtæki sem þar starfa og þann flókna og harða samkeppnisheim sem þar er sem menn öðlast þá skólun og reynslu og þekkingu sem dugir til þess að brjóta sér á nýjum mörkuðum braut.

Meginvandi okkar Íslendinga er að mínum dómi sá að við höfum ekki skapað ungu fólki, sem er búið að vera í menntakerfinu og búið að starfa í atvinnulífinu einhvern tíma, tækifæri til að fara út á hina erlendu markaði og öðlast þar þá reynslu og þekkingu sem þörf er á. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Annaðhvort verða stjórnvöld með einhverjum skýrum og ákveðnum aðgerðum að gera það sjálf eða þá knýja stóru aðilana í íslenskri útflutningsstarfsemi til að taka upp gerbreytt vinnubrögð í þessum efnum. Með allri virðingu fyrir þessari till. þýðir ósköp lítið að flytja slíka till. á Alþingi fyrr en svo er komið. Þær eru ágætar út af fyrir sig, en þær skipta mjög litlu máli. Það er búið að mennta fullt af fólki, svo hundruðum skiptir — **(Gripið fram í:** Er þetta ekki fullmikil uppgjöf hjá þm.?) Nei, það er raunsæi vegna þess að ég hef þurft að horfa upp á þetta og glíma við þetta og hef skoðað þetta á undanförnum árum. Ég er eingöngu að láta í ljós niðurstöðu mína af þeirri athugun.

Vandamálið er ekki skortur á menntuðu fólki hér heima á sviði íslenskrar útflutningsstarfsemi. Vandamálið er að fólk hefur ekki fengið tækifæri til að mennta sig í heimi reynslunnar erlendis, í hita samkeppninnar á mörkuðunum við að koma vörunum á framfæri við kaupendur og neytendur þar. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Sölusamtökin hér heima og stóru fyrirtækin hafa verið allt of lokuð fyrir þessari starfsemi. Þau hafa ekki opnað dyr sínar fyrir ungu fólki og boðið því að öðlast þessa reynslu. Þetta hafa verið lokaðir hringir sem hafa meira og minna sótt í það að vernda sinn sess, koma í veg fyrir samkeppni frá öðrum aðilum og beita jafnvel ítökum sínum í stjórnkerfinu og rn. til að útiloka ungt fólk eða nýja aðila frá því að koma inn á þessa markaði. Það er þessi einokunar- og útilokunartilhneiging stóru útflutningsaðilanna á Íslandi, samfara áhugaleysi þeirra og stjórnvalda á því að skapa ungu fólki tækifæri til að spreyta sig á mörkuðunum, sem er meginvandamál okkar í þessu efni.

Hvert fer stór hópur þeirra, sem útskrifast hafa úr viðskiptafræðideild Háskóla Íslands eða sem komið hafa hingað til lands eftir að hafa menntað sig erlendis á sviði alþjóðlegra samskipta, viðskiptalífs og hagfræði, í leit að störfum? Jú, til hins opinbera. Þeir fara í Seðlabankann, þeir fara í rn., þeir fara í Þjóðhagsstofnun, þeir fara til hagsmunasamtakanna, á kontórana þar. **(Gripið fram í:** Og ná sér í umboð.) Já, og svo ná þeir sér sumir í umboð, það er alveg rétt, og fara að flytja inn af því að það er opið. En SH og SÍS og aðrir sjá um að hafa hitt lokað. **(GHG:** Skelfing er að heyra þetta, Ólafur.) Já, ég gæti vel trúað því að hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni þyki skelfilegt að heyra þetta. En á sumum sviðum deilir hann geði og stefnumálum með vinum sínum þarna við Sölvhólsgötuna.

Þetta er stóra vandamálið. Það eru fjölmörg dæmi af vel menntuðum mönnum, mönnum meira að segja sem ég gæti nefnt hér úr ræðustóli, með doktorspróf í viðskiptafræðum og hagvísindum — **(Gripið fram í:** Það er nú ekki allt fengið með því.) Nei, ég var ekki búinn með setninguna heldur. — sem höfðu starfað í viðskiptalífi hér heima, rekið fyrirtæki og höfðu mikla möguleika á því að efla ný útflutningstækifæri og gátu sýnt það. En þeir urðu að hrökklast úr landi vegna þess að það var lokað á þá. Hverjir lokuðu á þá? Það voru stjórnvöld sem sátu hér í tíð Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl.

Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir allt þetta tal um frjálshyggjuna hefur henni ekki verið komið á þar sem mest nauðsyn er þó að koma henni á, en það er í útflutningsstarfseminni að mínum dómi. Þar er þetta allt saman kyrfilega læst. Við sem höfum verið að prédika hér á undanförnum árum að það yrði að slíta sundur þessa einokun stóru aðilanna — eða drottnun ef menn eru feimnir við að nefna einokun þessara stóru aðila á þessu sviði — höfum talað fyrir daufum eyrum. Öll frjálshyggjuáherslan hefur verið á innflutninginn eða hefur verið lögð á alls konar smámuni innanlands. T. d. er hafinn óskaplegur söngur um frjálst útvarp eins og það breyti einhverju til eða frá í þessum málum. En þegar komið er að útflutningsgreinunum og öflun nýrra markaða og möguleikum nýs fólks til þess að sækja inn á þau svið sameinast allt þetta lið um að segja: Lok, lok og læs og allt í stáli. — Það væri vissulega æskilegt ef þeir, sem nú ráða málum í Sjálfstfl. og einstakir þm. Sjálfstfl. hér, sýndu raunverulegan áhuga sinn á því að efla markaðsstarfsemi Íslendinga erlendis með því að breyta þessu kerfi, sem við búum núna við, í stað þess að vera alltaf að söngla um þessa frjálshyggju varðandi vextina, bankakerfið, útvarpið og allt þetta. Það breytir hvort sem er engu til eða frá og er kannske oftast frekar til hins verra.

Hvernig væri ef við færum t. d. að rifta sumu af því sem Sambandið gín yfir á þessu sviði? Hvernig væri t. d. ef við færum að skoða löggjöf erlendis um bann gegn einokun og hringastarfsemi? Hvernig færi ef við settum ný lög sem opnuðu fólki möguleika til að sækja inn á markaðina? Hvernig færi ef við færum að skoða neitanir viðskrn. við leyfum til nýrra aðila til að flytja út? Hvernig væri að þingið t. d. aflaði sér upplýsinga um hvernig viðskrn. hefur beitt þessu valdi sínu á undanförnum 10—20 árum? Þá held ég að við gætum farið að

ræða á raunsæjan hátt hvernig við nú þegar og á næstu misserum gætum opnað fyrir nýja möguleika í íslenskri útflutningsstarfsemi vegna þess að það þarf að gera.

Það er margt gott um SH. Það er margt gott um Sambandið. Ég skal ekkert draga úr því. En það þarf meira til og það á ekki að vera að leggja sífellt steina í götu annarra aðila. SH og Sambandið eiga ekkert að vera hrædd við að hleypa öðrum inn. Kenningin um að þau þurfi að hafa þessa stöðu til að koma í veg fyrir að samkeppni dragi úr sölumöguleikum Íslendinga er að mínum dómi úrelt. Það má vel vera að hún hafi átt við hér einhvern tíma áður fyrr en hún á ekki við í dag.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er þessi till. svo sem ágæt út af fyrir sig. En það er hins vegar sú hætta fólgin í flutningi hennar að hún gefi til kynna að menn telji að vandamálið varðandi nýsköpun í íslenskum útflutningsgreinum sé að finna í framhaldsskólunum og æðri skólunum hér innanlands og þeirri menntastarfsemi sem nú þegar fer hér fram. Vissulega má bæta hana, vissulega má gera margt nýtt á því sviði. Ég skal ekkert draga úr því. En ef menn vilja fara að taka til hendinni í þessum málum á að byrja annars staðar.

Það á að byrja á að veita fólki, sem nú þegar hefur menntunina, þekkinguna, og nú þegar hefur fengið vissa reynslu, tækifæri til að spreyta sig á hinum erlendu mörkuðum. Það á að gera á tvennan hátt: með því að ríkið og stóru útflutningsaðilarnir séu skyldaðir til að taka þetta fólk tímabundið í hálft ár eða eitt ár og opna því möguleika til að vera erlendis, fá þar reynslu af að afla markaða. Síðan, þegar það er búið að fá þá reynslu, á að gefa því tækifæri til að stofna ný fyrirtæki ef það kýs til að koma þessum málum betur áfram og spreyta sig. Ef það vill hins vegar starfa innan þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru er það ágætt líka.

Þetta er stóri vandinn í dag. Þetta er búinn að vera stóri vandinn hérna í hátt á annan áratug. Það er merkilegt að þrátt fyrir allt talið um nauðsyn á að afla nýrra markaða hefur verið mjög takmarkaður áhugi á, ef ekki beinlínis andstaða við, að opna nýjum aðilum raunhæfar leiðir á þessu sviði.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég er satt að segja alveg undrandi á ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég hafði gert þær kröfur til manns sem hefur gegnt prófessorsembætti við Háskóla Íslands að hann vandaði betur málsmeðferð en hann gerði áðan. Ég ætla ekki að hætta mér út í að fjalla um það sérsvið sem hv. þm. er prófessor á. Mér dettur það ekki í hug. En ég efast ekki um að með almennum hugleiðingum gæti ég komist að þeirri niðurstöðu að best væri að hver sem væri fjallaði um það í Háskóla Íslands sem heitir þjóðfélagsvísindasvið því að mér virðist að hver okkar, hvar sem við erum staðsett í þjóðfélaginu, geti fjallað um þjóðfélag okkar með þeim hætti sem hv. þm. fjallaði um útflutningsmálin. Það virðist ekki skipta hv. þm. nokkru máli hvort hann ræðir um þessi mál af þekkingu eða ekki og ég tala nú ekki um af reynslu.

Það er e. t. v. tilgangslaust fyrir mann, sem er menntaður í viðskiptum eins og ég er og ég hef starfað við þetta í rúmlega tvo áratugi, að reyna að fjalla um þetta mál með þeim hætti að hlustað sé á. Mér sýnist að hv. þm. nálgist þetta mál með þeim hætti að rök muni ekki duga. Mér finnst eiginlega verið að snúa staðreyndum við þegar talað er um að flytja þurfi út og selja á erlendum mörkuðum út frá þeirri forsendu að búið sé að mennta svo marga að þeir verði að fá að komast að verkefninu. Mér er spurn: Er ekki aðalatriðið að haga framkvæmdum þannig að árangur náist með sem minnstum tilkostnaði, hvort sem menn eru hámenntaðir eða ekki?

Ég vil svo víkja að því sérstaklega að hv. þm. virðist ekki vita hvernig þessum málum er háttað. Hann virðist ekki heldur vita að við þessa iðju, þ. e. flytja út og selja vörur frá Íslandi, eru tugir menntaðra manna auk hinna sem líklegast eru það ekki skv. því sem hv. þm. álítur um það hver sé menntaður og hver sé ekki menntaður. Þeir skipta tugum sem hafa e. t. v. ekki háskólapróf en hafa ágætis próf úr öðrum skólum sem fullnægja því sem þarf í sambandi við útflutning og sölu á sjávarafurðum og öðrum vörum frá Íslandi.

Mér finnst alrangt að nálgast þetta mál út frá því sjónarmiði að íslenskt menntakerfi hafi hugsanlega útskrifað svo marga á viðskipta- eða sölusviði að nú þurfi að opna það sérstaklega af þeirri ástæðu. Hins vegar fyndist mér að það ætti að ræða þetta út frá því sjónarmiði hvort þeir sem starfa við þessa atvinnugrein hafi skilað þeim árangri sem æskilegt er og kröfur eru gerðar til. Því vil ég svara fyrir hönd þeirra sem starfa að þessu, að þeir aðilar sem hafa fjallað um útflutning og unnið að honum hafa skilað mjög góðum árangri. Það er annað en orð töluð á hv. Alþingi sem segir til um það. Staðreyndirnar blasa við manni.

Ég nefni sem dæmi frystar sjávarafurðir þar sem það er mér nærtækt og ég þekki til þess. Það er viðurkennd staðreynd að Íslendingum hefur vegnað mjög vel í sölu frystra sjávarafurða, en þær eru um 40% af öllum vöruútflutningi landsmanna. Hvernig rökstyð ég það? Í fyrsta lagi er það óhrekjanleg staðreynd að Íslendingar fá hæsta verð fyrir frystar sjávarafurðir í Bandaríkjunum sem er besti markaðurinn fyrir frystar sjávarafurðir. Það eru til opinberar skýrslur um þetta. Sú vörutegund sem gefur íslensku þjóðinni mest í aðra hönd eru 5 punda þorskflök. Það telst vera fullunnin vara, það er vara sem fólk sækist eftir að fá eins og hún er unnin hér í frystihúsunum. Á meðan Íslendingar selja þessa vöru fyrir 1,80 dollara skv. verðlistum selja Kanadamenn sín þorskflök fyrir 1,10 upp í 1,25 dollara pr. pund.

Annað dæmi. Haldið þið að Færeyingar hefðu óskað eftir því að annar söluaðili í Norður-Ameríku annaðist þeirra sölumál algerlega á öllum frystum sjávarafurðum ef sá aðili hefði ekki staðið sig vel? Það höfum við Íslendingar gert og haft sóma af s. l. 15 ár að selja allar frystar sjávarafurðir í Bandaríkjunum fyrir Færeyinga. Þetta ber ekki vott um að illa hafi verið haldið á málum.

Ég skal víkja nánar að þessu á eftir til þess að skýra fyrir hv. þm. hvernig sala á vöru fer fram á erlendum mörkuðum. Þó að ég geti tekið undir margt sem er í þeirri till. sem hér er til umr., að æskilegt sé að mennta Íslendinga á sölusviði, þýðir það ekki endilega að þeir sem fyrir eru hafi staðið sig illa. Það er m. a. þörf á því að skapa betri skilning á þessu sviði.

Ég vík þá nokkuð að þeirri skýrslu sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um áðan. Ég kannast við þá skýrslu. Hún var lögð fram í utanrmn. á sínum tíma, árið 1974 eða 1975, sem trúnaðarmál. Þetta var mikið plagg sem hv. þm. hafði lagt mikla vinnu í að útbúa og þar kenndi margra grasa. Ef ég man það rétt, það eru tæplega tíu ár síðan ég las þessa skýrslu

nákvæmlega, má segja að hún hafi skipst í þrjá meginkafla. Þar var ákveðin skilgreining á því hvernig utanríkisþjónustu Íslendinga væri háttað á þeim tíma og einnig var fjallað þar um viðskiptalíf með sambærilegum hætti, um það hvernig því væri háttað. Þá var fjallað um það í skýrslunni hvernig hugsanlegt væri og æskilegt að breyta utanríkisþjónustunni og færa viðskiptalífið nær því opinbera kerfi sem við erum með á sviði utanríkis- og viðskiptamála. Um þennan kafla var margt gott að segja. En ég minnist þess ekki að fram hafi komið nein sérstök gagnrýni í skýrslunni á það fyrirkomulag sem væri á útflutningsmálum þjóðarinnar hvað viðskiptahliðina áhrærði. — Hv. þm. leiðréttir mig ef ég fer þar með rangt mál. — Hins vegar benti hann á í þeirri skýrslu, eins og hann gerði og áðan, að æskilegt væri að reyna að tengja saman viðskiptasviðið annars vegar og svo hina opinberu þjónustu hins vegar. Þar var m. a. komið inn á það sem hv. þm. talaði um, útflutningsráð, viðskipafulltrúa o. fl. Það sem ég held að hafi ráðið mestu um að þessi skýrsla fékk ekki nægilega umfjöllun var ekki það að þeir sem störfuðu á viðskipasviðinu, og þá títtnefnd fyrirtæki í ræðu hv. þm. eða aðrir sem koma nálægt þessum málum, hafi verið eitthvað á móti því að fjalla um efni skýrslunnar, heldur hygg ég að þar hafi frekar strandað á kerfinu, þ. e. annars vegar hinu pólitíska valdi, sem fjallaði um þetta á þeim tíma, og hins vegar þeim hluta embættismannakerfisins sem hafði þessi mál til umfjöllunar. Ég vil endurtaka að að mínu viti var þetta vandað og vel unnið plagg, en ég var ekki að öllu leyti sammála hverju einasta atriði í skýrslunni. En það er annað mál.

Um það atriði sem hér er til umfjöllunar, að stór hópur menntaðra manna verði og skuli og eigi að fá reynslu í markaðs- og sölumálum á erlendum mörkuðum og það sé eiginlega skylda þeirra sem framleiða vörur til útflutnings að skapa þessu fólki tækifæri, væri hægt að flytja langt mál.

Oft er talað um að innflutningsverslunin sé of viðamikil, allt of margir flytji inn til landsins. Þess vegna er mér spurn: Er það markmið í sjálfu sér að opna útflutningsverslunina þannig að auka tilkostnaðinn við að flytja og selja vörur sem hægt er að selja með öðrum hætti án mikils tilkostnaðar? Er ekki aðalatriðið að hámarka þann hagnað sem við höfum af þessari starfsemi? Er aðfinnsluvert að þeir menn sem framleiða vöru myndi með sér sölusamtök og ráði til sín starfsmenn, háskólamenntaða sem aðra, til þess að fjalla um þessi mál?

Það var vikið að því fyrirtæki sem ég hef starfað hjá, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það fyrirtæki er stofnað af frjálsum og fúsum vilja eigendanna. Það eru gerðar samþykktir um hvernig eigi að starfrækja þetta fyrirtæki og enginn var neyddur til þess að vera í fyrirtækinu. Á s. l. ári gengu fjórir eða fimm aðilar úr því og ekkert við því að segja. (**Gripið fram í:** Hvert fóru þeir?) Það er ekki mitt mál að fjalla um það á hv. Alþingi hvert þessir aðilar hafi farið. Það er þeirra mál.

Mér finnst ekki hægt að koma í ræðustól á hv. Alþingi og segja: Þessir aðilar verða að opna sín sölusamtök. Þeir verða að afhenda vöruna einhverjum öðrum. — Það gæti verið mjög óhagkvæmt fyrir viðkomandi aðila. Ég skil ekki svona hugsunarhátt. Þess vegna er það líka aðfinnsluvert að menntaður maður og fyrrv. prófessor skuli segja að þessir aðilar verði að taka upp gjörbreytt vinnubrögð. Af hverju gjörbreytt vinnubrögð, hv. þm.? Hv. þm. færði engin rök fyrir því í hverju þau vinnubrögð væru fólgin sem væru til skaða fyrir landsmenn eða þá sem mynda þessi fyrirtæki. Ég geri varla ráð fyrir því að íslenskir framleiðendur sjávarafurða mundu verða lengi í samtökum sem sköðuðu þá. Ég hugsa að þeir hefðu ráð til þess að leggja þau samtök niður og stofna önnur fyrirtæki eða fela þá öðrum aðilum þann útflutning sem hér um ræðir.

Við skulum líka ræða það hvers vegna þessi fyrirtæki eru skipulögð með þeim hætti sem raun ber vitni um. Það finnst mér vera aðalatriðið. Síðan skulum við ræða á eftir hvort menn vilji breyta þessari framkvæmd og hver verði þá niðurstaðan og afleiðingarnar fyrir þjóðina. Við skulum gera okkur grein fyrir því og viðurkenna það að því miður höfum við Íslendingar ekki mikið vöruúrval á heimsmörkuðunum. Við eru 230—240 þús. manna þjóð með, því miður, afar einhæfa atvinnuvegi. Ef við lítum yfir það vöruframboð sem við höfum yfir að ráða má eiginlega skipta því í fernt. Það eru í fyrsta lagi sjávarafurðir. Það eru í öðru lagi hráefni sem stóriðjan framleiðir. Ég kannast ekki við að nokkur hv. þm. hafi minnst á að Íslendingar koma hvergi við sögu í sölu þeirra afurða. Það er séð um það annars staðar. Í þriðja lagi er um að ræða almennar iðnaðarvörur. Í fjórða lagi landbúnaðarvörur. Af þessum fjórum vöruflokkum eru sjávarafurðir langstærsti flokkurinn, 70%. Stóriðjuafurðir munu vega um 19% árið 1984. Síðan koma almennar iðnaðarvörur, 9 eða 10%. Landbúnaðarvörur eru ekki nema 2%. Þá er ég að tala um verðmæti.

Stóriðjuafurðirnar eru allar seldar af útlendingum. Íslendingar koma þar ekki við sögu.

Landbúnaðarvörur eru ekki eftirsóttar á erlendum mörkuðum og stórlega niðurgreiddar, eins og við þekkjum öll.

Sala á almennum iðnaðarvörum hefur aukist mikið og þar kemur fjöldi manns við sögu, en þrátt fyrir stóraukið átak í þeim efnum hefur því miður ekki orðið um mjög umtalsverða breytingu að ræða á verðmætaaukningu almennra iðnaðarvara ef við lítum á það átak sem gert hefur verið og miðað við þann fjölda manna sem hefur þar komið við sögu. Það hefur margt verið mjög vel gert, en samt er árangurinn ekki sambærilegur við þann sem hefur náðst í sölu sjávarafurða sem eru stærsti vöruflokkurinn, um 70%.

Það mál er ekki mjög flókið. Þar eru frystar vörur, eins og ég sagði áðan, 35—40%, en aðrir vöruflokkar eru saltfiskafurðir, fiskimjöl, lýsi og annað. Breiddin í vöruframboðinu er fyrst og fremst í frystum sjávarafurðum. Fiskimjöl og lýsi eiga sér tiltölulega fáa kaupendur, enda hráefnisvörur. Ekki þarf 100 eða 200 menn til að selja lýsi og mjöl. Það eru svo fáir kaupendur. Það verður að segjast eins og er að kaupendur að saltfiski eru afar fáir, því miður, og stafar það af því að frá því að einræði var í Portúgal og á Spáni og á Ítalíu fyrir stríð búa þessar þjóðir við kerfi í innflutningi sem ekki býður upp á mikið frelsi í saltfiskviðskiptum. Kaupendur eru tiltölulega fáir og hafa alger undirtök á mörkuðunum, alveg frá innflutningi til smásalans, þ. e. þeir ráða yfir dreifingarkeðjunni, sem er innkaupin, geymslan, heildsalan og smásöludreifingin. Þetta gamla kerfi er enn þá við lýði í þessum löndum, en það var sett á laggirnar þegar einræði var

þar. Þarna eru því miður ekki miklir möguleikar á söluaukningu á saltfiski og neysla á saltfiski er lítil í öðrum löndum.

En þá skulum við víkja að þeim þætti sem ég held að flestir horfi á. Það eru í fyrsta lagi frystivörurnar og í öðru lagi ísfiskurinn.

Um ísfiskinn get ég verið stuttorður. Hann er yfirleitt seldur á uppboðsmörkuðum. Í þeirri keppni mundi lítið gagna að senda marga út til að selja. Það eru erlendir aðilar sem taka við ísfiskinum og framkvæma þann verknað að bjóða hann upp á mörkuðunum.

Í frysta fiskinum er um þrjá meginmarkaði að ræða: Það eru Bandaríkin, með um 70%, Sovétríkin, með 10—12%, Vestur-Evrópa, Japan og aðrir með við skulum segja 20%. En þá komum við að því atriði: Er hægt að koma fleirum að í sambandi við sölu freðfisks á þessum mörkuðum? Það þarf ekki að ræða það hvað Sovétríkin áhrærir. Þar er einn kaupandi. Ég kannast ekki við að menn geti boðið vörur á sovéska markaðinum. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getur kannske upplýst mig betur um það. En mín reynsla segir mér að það sé ekki.

Þá eru það Bandaríkin. Þau eru hinn stóri markaður. Hvers vegna skyldum við ekki vera mjög ginkeyptir fyrir því að fá marga sem bjóða frystan fisk á bandaríska markaðinum? Það er vegna þess að Íslendingar hafa náð þeim árangri, sem ég gat um áðan, að hámarka hagnaðinn, bæði hvað viðkemur hæsta verðinu og einnig hvað því viðkemur að selja mikið magn án þess að það hafi truflandi áhrif á verð til lækkunar, sem er geysilega þýðingarmikið atriði. Við verðum þess vegna að vinna skv. því markmiði, sem hefur skilað okkur mestum árangri, sem er sá árangur sem ég lýsti áðan. Og hvernig er það gert? Það er gert þannig að íslensku fyrirtækin hafa komið sér upp mjög öflugu umboðsmannakerfi eða umboðsfyrirtækjakerfi. Þessi kerfi eru tvö. Það er annars vegar það kerfi sem Sölumiðstöðin er að koma sér upp og hins vegar það sem Sambandið hefur komið sér upp. Þau eru þannig upp byggð að aðilar úti á markaðinum, sem þekkja þarfir neytendanna, mynda þessi umboðsmannakerfi. Þessi umboðsmannakerfi eru afar viðkvæm fyrir samkeppni, bæði frá öðrum þjóðum sem og einnig frá okkur sjálfum ef við gætum okkar ekki. Á vegum umboðsmannakerfanna eru seldar um 100 þús. smálestir af frystum sjávarafurðum á ári. Það er verið að selja þarna afurðir fyrir 8—9 milljarða kr., bara í Bandaríkjunum. Á hverjum einasta degi eru tæplega 500 manns í umboðskerfum beggja fyrirtækjanna að bjóða íslenska vöru. Það eru fyrst og fremst Bandaríkjamenn sem vinna í þessum umboðsmannakerfum með hliðstæðum hætti og Íslendingar selja erlendar vörur á íslenskum markaði. Hvers vegna viljum við ekki fá erlenda aðila til að reka fyrirtæki á Íslandi, hvort sem er í smásölu eða heildsölu? Það er vegna þess að við teljum að við getum betur gert það með þeim árangri sem hentar okkur sem Íslendingum. En við gerum tvennt í Bandaríkjunum. Með því að hafa umboðsmannakerfin höfum við betra vald yfir því hvernig umboðsmenn starfa fyrir okkur á hverjum tíma og getum skipt um, eins og oft er gert, ef þeir standa sig ekki. En okkur eru sett takmörk. Það er okkar mat að ekki sé á það hættandi að rífa þessi umboðsmannakerfi upp með rótum.

Við þau störf að selja íslenskan fisk í Bandaríkjunum eru auðvitað Íslendingar einnig. Íslendingar stjórna fyrirtækjunum sem SÍS og SH eiga. Það eru íslenskir menn sem stjórna fyrirtækjunum. Það eru íslenskir menn sem vinna við sölustörf á stjórnunarsviði. Og það eru íslenskir menn sem fylgjast með framleiðslunni. En okkur eru sett þau takmörk að við verðum að vinna í samræmi við þær meginreglur sem gilda í viðskiptum í Bandaríkjunum. Ég tel þess vegna mjög hættulegt og villandi að ræða þannig um sölu- og markaðsmál, sérstaklega þegar verið er að reyna að örva ungt fólk til að fara út á þetta svið, að ef menn fari í þessa atvinnugrein bíði örugg störf á næsta leiti; það sé hægt að setja hundruð manna í sölustörf víða út um heim; þau geti verið hálft eða eitt ár og svo komi þau heim; ef þau fái ekki vinnu í viðkomandi samtökum eða fyrirtækjum eigi að brjóta upp samtökin svo að þetta fólk geti farið út í þessi störf. Mér hrýs hugur við að hugsa til þess ef hugsunarháttur menntaðra manna er með þessum hætti í Háskóla Íslands.

Hins vegar tek ég undir það sjónarmið að auðvitað á að mennta Íslendinga á þessu sviði sem öðrum þannig að þeir skilji betur um hvað málin snúast og hvað skiptir máli. Sá maður sem vel er uppfræddur um sölu- og markaðsmál gerir sér betur grein fyrir hvort hann á þar erindi og á einnig að geta gert sér grein fyrir því hvaða takmörkunum þetta er háð.

Herra forseti. Ég hef orðið nokkuð langorður um þetta. Það hefði verið ærin ástæða til að flytja marga fyrirlestra um þau mál sem hér var drepið á áðan, bæði af hv. flm. þessarar till. og hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, en það verður að bíða betri tíma.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég tel að þessi till. til þál. sé fullrar athygli verð og kominn tími til að Íslendingar hugi meira að markaðsmálum en hingað til. Fram að þessu höfum við haft þá aðferðina að framleiða hér ýmsar vörur, kannske eftir okkar smekk, og ætlast síðan til þess að útlendingar séu gráðugir að kaupa, t. d. að prjóna tíu þúsund grænar peysur sem líta vel út í augum íslenskra sveitamanna en ekki nokkur lifandi maður vill fara í í útlöndum. Helst þarf að framleiða það sem viðskiptavinirnir vilja nota eða éta. Þarna erum við á hálfgerðu steinaldarstigi á margan hátt.

Ég er dálítið undrandi að heyra í hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni varðandi þetta mál. Hann virðist vera eitthvað hræddur við þetta. Það held ég að sé alveg ástæðulaust. Það eru merk samtök sem hann vinnur fyrir og flytja út megnið af íslenskum sjávarafurðum, SH og Sambandið. En sannleikurinn er sá að varan er ákaflega lítt unnin hér á landi. Okkar hlutverk hefur verið að draga aflann í land og koma honum síðan í geymsluform. Frystingin er ekki nein fullvinnsla fremur en söltun og hersla. Þetta er aðeins aðferð til að þetta hráefni eyðileggist ekki á leiðinni til markaðarins, svo einfalt er það. En sem betur fer hafa þessi samtök komið sér upp myndarlegum verksmiðjum vestur í Bandaríkjunum, þar sem okkar stærsti freðfiskmarkaður er, og hafa síðan unnið úr því þar. Það hefur að mínum dómi gengið á margan hátt mjög vel.

Ég er ekki viss um að fullvinnsla á hraðfrysta fiskinum geti gengið að öllu leyti hér heima vegna þess að þar sem um svona fjölbreytta matvöru er að ræða, þar sem smekkur breytist afar fljótt, þurfa slíkar

verksmiðjur að vera sem allra næst og inni í hinum lifandi markaði.

Það er rétt að ekki þarf marga menn til að selja lýsi og mjöl eins og við höfum gert að undanförnu með því að flytja lýsi út í tönkum og mjölið laust í lestum. Það er meira að segja stundum vont mjöl. Hefðum við haft þá fyrirhyggju að búa okkar fiskimjölsverksmiðjur betur út gætum við framleitt mjöl eins og sumir aðrir, sem keppa við okkur á þessum mörkuðum, eru farnir að gera, jafnvel mjöl fyrir fólk eða mjöl sem hentar vel til fóðrunar á loðdýrum o. s. frv.

En það er svo margt annað sem við getum gert í þessum efnum og einmitt með því að mennta fólk til að vinna í þessari markaðssetningu, eins og það heitir nú til dags.

Þegar við komum í matvörubúð hér í Reykjavík sjáum við þar hillu eftir hillu með alls kyns matvörum sem eiga jafnvel uppruna sinn hér á Íslandi. Síld er flutt til Íslands eftir að búið er að laga hana til og koma henni á markað. Það eru nokkur þúsund tonn af grásleppuhrognum sem við sækjum í sjó og síðan er þetta sett í tunnur og flutt beint til Danmerkur að langmestu leyti. Hvað gera Danir svo við þetta? Þeir skola þetta svolítið og bragðbæta, kannske lita og setja þetta í mjög fallegar glerkrukkur og selja þetta við feiknaháu verði sem kavíar. Þetta gerum við að vísu á Íslandi líka en í ákaflega litlum mæli. Verðmætið margfaldast á þessari leið. Þetta þarf að gera við fleiri afurðir. Við flytjum þorskhrogn til Svíþjóðar. Þar er hvolft úr tunnunum á grind þar sem himnurnar eru teknar frá, hrognin eru þvegin og mokað sjálfvirkt í vél sem ungar síðan út úr sér túpum með lostæti. Verðmætið tífaldast. Af hverju gerum við þetta ekki líka?

Það mætti nefna mörg fleiri dæmi. Með því að komast sem allra næst smásölumarkaðinum höfum við eðlilega langmest upp af þeim peningum sem okkur vantar. Þessu hefur bara ekki verið sinnt. Íslendingar hafa ekki einu sinni hirt hrognin sín nema að tiltölulega litlu leyti. Hrognum hefur verið fleygt hérna á togurunum alveg fram undir síðustu ár. Þegar mikið berst að landi á netavertíð hefst ekki undan að hirða hrognin. Útgerðin fær lítið fyrir það hráefni, sárafáar krónur fyrir kílóið. Með því að mennta fólk til að selja þessar ýmsu afurðir sem allra næst hinu háa verði getum við aukið okkar verðmæti til mikilla muna.

Við höfum hins vegar aldrei látið nokkurn pening í markaðsöflun af skynsemi. Við getum mokað 400 millj. í saltverksmiðju í samkeppni við salt sem er unnið beint úr sjónum af sólinni sjálfri. Þeir peningar væru betur komnir, a. m. k. að miklum hluta, í það að auka verðmæti okkar afurða með sölumennsku. Kannske vantar ekkert annað en sölumennsku á mörgum sviðum.

Herra forseti. Um þetta má segja margt í viðbót. En ég tel fulla ástæðu til þess, herra forseti, að þessi till. fái vandlega skoðun í n. því að ég tel að hér sé hið merkasta mál á ferðinni.

Flm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. ágætar umr. um þetta mál og innlegg, sérstaklega þeim sem hafa lagt áherslu á hversu hér er brýnt mál á ferðinni. Þrátt fyrir ágætt innskot hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar í málið,hefur það valdið mér vonbrigðum að mér finnst það vera höfuðmarkmið hans í þessari umr. að tortryggja málið, segja það óþarft og jafnvel ónýtt fyrir fram. Það þykir mér slæmt að heyra hjá manni sem er hagvanur á alþjóðavettvangi. Ég hefði ætlast til meira þreks í þeim efnum.

Hv. þm. vék að till. sjálfstæðismanna í þessum málum í gegnum tíðina. Ekki ætla ég að ræða þau ítarlega hér þótt þeim megi finna stað við hvert fótmál íslensku þjóðarinnar í þessum málum. Nærtækast er að benda á dæmi sem ég nefndi í ræðu minni, þ. e. ákveðna þætti sem viðskrh. hefur hrundið af stað og verið er að vinna að fast og ákveðið með ákveðna tímasetningu í huga. En líklega hefur hv. þm. ekki heyrt þau dæmi í minni ræðu.

Hér er ekki að mínu mati um neitt frjálshyggjumál að ræða, enda kann ég ekki útskýringar á því orði eins og búið er að fletja það út. Hér er einfaldlega um mjög brýnt mál að ræða sem skiptir miklu máli og þá er eðlilegast að hafa einfalt og mælt mál um það. Þetta mál er tvíþætt. Það er annars vegar að stokka upp ákveðna þætti í menntunarkerfi þjóðarinnar. Þar er um mjög róttækar breytingar að ræða sem þarf að gera til að koma inn þáttum sem skila sér í verkmenningu, í árangri varðandi okkar afurðir í stað þess að ala allt okkar menntafólk upp til þjónustu hjá hinu opinbera, beina því öllu inn í háskóla í stað þess að reyna að gera verkmenntunina aðlaðandi fyrir allan þorra námsmanna. Síðan á röðin að koma að Háskóla Íslands. En þennan þátt vantar í skólakerfið. Þetta er annar þátturinn sem liggur að baki þessarar till.

Hinn eru aðgerðir strax. Það er einnig getið um það í till. t. d. að senda tugi manna nú þegar til útlanda til að kanna markaði og möguleika. Auðvitað þyrfti að nýta einhverja þekkingu hjá viðskiptafræðingum og öðrum í þessum efnum. En það er ekki allt fengið með því. Það eru margir góðir sölumenn þó að þeir hafi ekki langskólamenntun. Það hefur sannast í gegnum tíðina. Það þarf að grípa til þessara aðgerða strax og það stendur eftir óhögguð sú staðreynd að þessi menntun er ekki til í íslensku skólakerfi. Það er allt annað að fjalla um bókhaldsmenntun, almenna viðskiptafræði og slíka þætti. Okkur vantar hreinlega menntun á sviði sölumennsku og markaðsmála í skólakerfið. Það er kannske veigamesti þátturinn í þessari till.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vék að því að viðskiptafræðingar og samskiptafræðingar hefðu ekki fengið tækifæri til að spreyta sig. Það er erfitt að skipuleggja á þennan hátt. Líklega á hv. þm. við félagsfræðinga þegar hann talar um þá sem hafa menntað sig í samskiptum. Það er gott og vel að stuðla að þeirri menntun. En það leysir ekki heldur þetta mál. Það þarf að taka þessi mál föstum tökum við skipulagningu. Hér er um mál að ræða sem er langtímamál. Þetta verður ekki leyst á einhverjum vikum, mánuðum eða árum. Hér er um mál að ræða sem þarf að byggja upp og horfa til margra ára áður en vænta má einhvers árangurs að ráði.

Það kom fram í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að hann hefði unnið að skýrslu fyrir liðlega tíu árum um útflutningsmál og hvernig auka mætti þann þátt hjá okkar þjóð. Nú þekki ég ekki skýrsluna og kann ekki að dæma um hana. Hún er ugglaust góðra gjalda verð. En ef hv. þm. hefði barist af festu, sem honum er lagið, fyrir þessari skýrslu hefði kannske verið óþarfi að flytja þessa till. hér nú.

Hv. þm. vék að útfluttum doktorum sem hefðu ekki fengið starfsskilyrði hér á landi. Ég hef að sjálfsögðu alla samúð með doktorum sem ekki ná fótfestu hérlendis við sitt hæfi. En við verðum að vona að menn hafi baráttu, þrek og þor til þess ýtrasta að vinna góðum málum framgang.

Hv. þm. hefur að mínu mati gefist upp í þessum efnum að ófyrirsynju. Í stað þess að leggja ofurkapp á að berjast fyrir bættum háttum í útflutningsmálum þjóðarinnar hefur hann lagt ofurkapp á það að undanförnu að flytja út frið. Það er mönnum í sjálfsvald sett að fá klapp á kollinn hjá aðskiljanlegum leiðtogum úti í hinum stóra heimi. Ég hef miklu meiri áhyggjur af okkar útflutningsafurðum og því að ná áþreifanlegum verðmætum fyrir okkar afurðir, í þjóðarbúið. Á því þurfum við að halda og það er um það sem þetta mál snýst fyrst og fremst.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér finnast þær tvær ræður, sem þeir þm. Sjálfstfl., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og hv. þm. Árni Johnsen, hafa flutt hér, hafa staðfest það sem ég greindi frá hér í minni ræðu. Í herbúðum Sjálfstfl. er ástandið í núverandi kerfi talið harla gott. Um það var ágæt ræða hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar gott dæmi, enda hefur maðurinn atvinnu af því að útskýra og réttlæta þetta kerfi. (Gripið fram í.) Það er ekkert launungarmál og virðingarvert og þm. þarf ekkert að skammast sín fyrir það. — Á hinn bóginn er það sjónarmið, sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Johnsen, að þetta væri langtímaviðfangsefni og þessu væri alls ekki ætlað að skila neinum árangri fljótlega, heldur væru menn að horfa hér til lengri tíma. M. ö. o.: niðurstaðan er nákvæmlega sú, sem ég var að lýsa í fyrri ræðu minni að hefði orðið af öllum þessum umræðum á undanförnum tíu árum eða svo, að menn snúa sér ekki að verkefnunum og vandanum hér og nú, heldur búa sér til einhverjar afsakanir fyrir því að þetta sé langtímaverkefni og beri að skoðast vandlega. Ég tel aftur á móti að verkefnið sé í raun og veru mjög einfalt og hægt að ráða bót á höfuðvandanum nú þegar.

Ég vil fyrst segja það við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson að ég ætla ekki í neinn mannjöfnuð við hann um þekkingu á núverandi útflutningskerfi. Ég veit mætavel að hann hefur mun meiri þekkingu og reynslu af því kerfi en ég ef ekki flestir þeir sem hér eru inni. Það er alveg ljóst.

Í öðru lagi var ég ekki að draga úr því að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandið og aðrir stórir aðilar á þessu sviði hefðu unnið merkilegt og gott verk, þvert á móti. Ég sagði að þeir hefðu unnið merkilegt og gott verk. Ég dró heldur alls ekkert úr því að þar væru ágætir og vel menntaðir menn. Það eru þeir vissulega. En það var tvennt sem ég gagnrýndi í starfsemi þessara stóru aðila og starfsemi hins opinbera á þessu sviði. Ég tel að þessi tvö atriði séu kjarninn í vandanum. Fyrra atriðið er það að í landinu er mikill fjöldi, nokkrir tugir, jafnvel 100—200 manns, sem hefur nú þegar lokið grunnmenntun, hefur starfsþjálfun, bóknám og tungumálakunnáttu, til að geta nýtt sér til ávinnings fyrir okkar þjóðarbú dýrmæta reynslu af markaðsstarfi erlendis.

Það er einfaldlega þannig að þessa reynslu geta Íslendingar ekki öðlast nú nema í gegnum hina stóru markaðsaðila sem nú þegar starfa í landinu eða þá að hið opinbera að einhverju leyti greiði fyrir vegna þess að það fer enginn einn maður á eigin kostnað út í lönd til að reyna að afla sér þessarar reynslu nema í undantekningartilvikum. Það sem hefur skort væri það að gerður væri samningur milli utanrrn. og viðskrn. og þessara stóru aðila um að árlega tækju þessi fyrirtæki inn 10 eða 20 menn sem ekki væru háðir Sambandinu, SH eða öðrum útflutningsaðilum, með allri virðingu fyrir þeim, heldur væru þarna fyrst og fremst í læri með það að markmiði að þeir gætu gengið út úr þessum fyrirtækjum að verkinu loknu og nýtt sér þekkingu sína, jafnvel til samkeppni við þessa aðila.

Þetta hefur ekki verið gert og virðist ekki vera neinn vilji til þess að gera þetta né vilji af hálfu flm. til að þrýsta á að þetta sé gert. Það er ekki nema dagsverk að ganga frá svona samkomulagi. Það liggja nú þegar fyrir í kerfinu nægilegar hugmyndir um það. Norðmenn, Danir og aðrar nágrannaþjóðir okkar hafa rekið svona kerfi um árarаðir. Þetta er fyrra atriðið. Stóru útflutningsaðilarnir hér á landi hafa ekki haft áhuga á að taka menn í læri með þessum hætti. Þeir hafa viljað sitja að því að stýra þessu einir. Það er vandamálið.

Síðan má halda áfram að mennta fólk inn í skólakerfið, eins og sú till. sem hér er fjallað um gerir ráð fyrir. Það er ekkert á móti því eins og ég sagði áðan. En það munu líða mörg ár þar til það skilar einhverjum marktækum árangri og mun aldrei skila því nema menn leysi þennan hnút fyrst.

Hitt atriðið er að menn leggi niður þær hömlur sem stjórnkerfið og stóru útflutningsaðilarnir hafa lagt á það að nýir aðilar geti komið inn í þessa útflutningsstarfsemi. Það væri hægt að rekja hér á Alþingi mörg dæmi um það að ráðuneytisvaldi hefur verið beitt til að hindra nýja aðila í útflutningsstarfsemi með einum eða öðrum hætti. Það er hægt að rekja dæmi um að bankakerfið hefur verið notað til að koma í veg fyrir það. Það skortir líka á að menn fái fjármagn til að gera ýmsar tilraunir, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson svo réttilega lýsti áðan, með nýjar útflutningsgreinar, nýja vöru og nýja útflutningsstarfsemi.

Það hefur ríkt ákveðið samtryggingarkerfi á þessu sviði gegn nýjum aðilum. Fyrr en menn rjúfa það kerfi með einum eða öðrum hætti þýðir ósköp lítið að vera að mennta margt fólk til viðbótar við það ágæta fólk sem nú þegar hefur menntun og reynslu á þessu sviði. Menn hafa ekki verið tilbúnir til að opna þetta svið og gildir það um menn í öllum flokkum. Það eru til menn í mínum flokki sem vilja varðveita þetta kerfi og telja það mjög gott og gætu flutt nánast alla þá ræðu sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti áðan. Niðurstaðan af hans ræðu var eiginlega sú að ekkert væri hægt að gera sem stóru aðilarnir gera ekki nú þegar. (Gripið fram í.) Það var nánast niðurstaðan. Þm. fór í gegnum þetta lið fyrir lið. Landbúnaðurinn var 2%. Það eru smámunir. Stóriðjunni kæmum við hvergi nálægt. Svo væru iðnaðarvörur og þar hefði að vísu ýmislegt verið gert en það hefði litlu breytt. Svo væri fiskurinn og þar væri lýsi og mjöl og þar væri eiginlega ekkert hægt að gera. Svo væru Sovétríkin og allir vissu hvernig þau væru. Svo væri frysti fiskurinn og þar væri allt harla gott. Þetta var í raun og veru lýsingin, og hún var ágæt, á núverandi kerfi.

Núverandi kerfi hefur vissulega skilað þessu þjóðfé-

lagi miklum arði og auði. En við lifum bara í heimi sem kallar á það að menn búi til ný markaðstækifæri, sem kallar á það að menn beiti þekkingu sinni á mörkuðum til að búa til nýja útflutningsvöru eða matreiða eldri útflutningsvöru með nýjum umbúðum og nýrri markaðssetningu, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson nefndi, á nýjan hátt.

En við Íslendingar höfum hins vegar allt of mikið byggt okkar útflutningsstarfsemi á því að það sem við framleiddum væri nógu gott ofan í útlendinginn. Ef hann vildi ekki taka við því væri það slæmt fyrir hann. Það hefur verið kenningin. Hvað þá heldur að við færum út í að skapa ný útflutningstækifæri.

Við skulum taka Sambandið sem dæmi, en það er einn stærsti útflutningsaðilinn á Íslandi. Það er alveg ljóst að Sambandið ætlar að halda inn á nýjar útflutningsbrautir. Við vorum að ræða um Íslandslax í gær eða fyrradag. Sambandið er komið með sérstaka sjóði og sérstaka menn til að sinna nýjum greinum, halda þessu öllu áfram innan hringsins.

Nú er ég mikill samvinnumaður, starfa á því sviði og vil samvinnuhreyfingunni sem slíkri allt gott. Ég tel hins vegar að miðað við núverandi uppbyggingu á Sambandinu — og ég geri mikinn mun á samvinnuhreyfingunni og þeirri fyrirtækjasamsteypu sem er Sambandið annars vegar — sé veruleg hætta á því að þetta verði til þess að þrengja enn frekar möguleika Íslendinga í útflutningsstarfsemi og það sé að koma ný tegund af stjórnendum innan Sambandsins sem hafi fyrst og fremst það að markmiði að halda möguleikunum innan sinna eigin vébanda hvað þetta snertir. (Gripið fram í.) Menn munu sjá að Erlendur verður hátíð hjá sumum sem þar eru að koma við sögu.

Það sem er í vændum, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem er mikill áhugamaður um Sambandið, er það að þeir, sem þrátt fyrir ýmsa galla ólust upp við það innan samvinnuhreyfingarinnar að þurfa að hafa samskipti við fólkið, þurfa að reka samvinnuhreyfinguna sem félagslega hreyfingu sem væri þó háð einhverjum lýðræðislegum vilja, eru að víkja fyrir ungum teknókrötum sem eru að setjast í þessar valdastöður, telja sig ekki bundna við neitt lýðræðislegt vald heldur séu bara komnir þarna til að stjórna „big business“ án þess nánast að spyrja kóng eða prest um það hvernig þeir fara að því. Þar helgar tilgangurinn flest meðul, — ég segi ekki öll, heldur flest meðul.

Þetta tel ég vera mikla hættu fyrir samvinnuhreyfinguna. Þessir menn líta fyrst og fremst á það sem sitt markmið að byggja upp stóran, lokaðan hring sem starfar á sem flestum sviðum, heldur inn á nýjar brautir, notar fjármagnið eins og honum sýnist, færir sjóði úr einum kaffibaunapokanum yfir í annan án þess að spyrja nokkurn um leyfi, færir fjármagn frá einum armi fyrirtækisins yfir í annan án þess að spyrja nokkurn um leyfi og býr til Íslandslaxfyrirtækið sem aldrei hefur verið borið upp innan samvinnuhreyfingarinnar. Það hefur enginn verið spurður um það innan samvinnuhreyfingarinnar hvort hann vildi Íslandslaxfyrirtækið. Það hefur hvergi verið borið upp á lýðræðislegum vettvangi innan hreyfingarinnar. Það er búið til á forstjórakontórnum. Maður les allt í einu um það í blöðunum að það séu komnir einhverjir fjárfestingarsjóðir með nýjum kontóristum í Sambandinu sem hafi það að verkefni að dæla nýjum peningum inn á ýmsar greinar á þessu sviði og hafi það sem meginmarkmið að búa til nýjan atvinnurekstur innan Sambandsins sem aldrei er borinn upp á hinum lýðræðislega vettvangi samvinnuhreyfingarinnar.

Þetta er ekki umræðuefni hér. Ég bið því forseta afsökunar á þessum údúrdúr, en hann helgaðist frekar af frammíköllum í salnum. Ég vil þess vegna endurtaka að skv. minni reynslu á þessu sviði og þeirri skýrslu, sem ég gat um áðan að ég átti þátt í fyrir löngu, eru tveir hnútar í þessu máli sem verður að leysa fyrst. Það er annars vegar að knýja stóru aðilana til að taka árlega 10, 20, 30 menn í læri í útflutningsstarfsemi án nokkurra skuldbindinga um að þeir séu háðir þessum stóru aðilum eða þurfi að vinna hjá þeim á eftir, heldur sé það fjárfesting fyrir þjóðina til að koma upp þekkingu á þessu sviði. Hins vegar gangi menn í það að draga úr þeim hindrunum sem hafa verið á því að nýir aðilar gætu fengið að spreyta sig í útflutningsstarfsemi. Þetta tvennt er meginvandamálið. Um leið er ágætt að vinna að því langtímamarkmiði sem 1. flm. þessarar till. var að víkja að áðan, ég dreg ekkert úr því. En eins og hann sagði áðan er það langtímamarkmið.

Að lokum þetta, herra forseti: Ég held að reynsla allra þeirra sem fást við markaðsöflun sé sú að lykilatriði í henni sé kunnátta í þeim tungumálum sem ríkja á þeim mörkuðum sem menn ætla sér að vinna. Menn komast mjög lítið áfram í þessum viðskiptaheimi nema menn hafi beinan aðgang í krafti tungumálakunnáttu að því fólki sem menn ætla að flytja vöruna til og á að kaupa vöruna. Þar held ég að við Íslendingar rekum í dag og höfum rekið lengi mjög ranga menntastefnu. Við höfum lagt höfuðáherslu á ensku. Hún er góð svo langt sem hún nær. En í okkar heimi eru stór og öflug viðskiptasvæði þar sem spænska og önnur tungumál eru miklu vísari vegur til að ná árangri en enska. Við höfum vanrækt bæði á viðskiptasviðinu og í menntakerfinu að stuðla að því að þeir, sem hér starfa í viðskiptalífinu, útflutningsgreinum og í skólakerfinu og vilja starfa á þessu sviði, fengju kunnáttu í ýmsum þeim tungumálum sem eru lykilatriði til að ná árangri á þessu sviði.

Við höfum haft hér nokkuð þrönga heimssýn til okkar markaðsmála. Það eru stór svæði í heiminum, við getum nefnt Suður-Ameríku t. d., sem við höfum tilhneigingu til að líta á sem hálfgerð vandræðasvæði, vanþróuð svæði. Til Suður-Ameríku seljum við kannske úrgangsfisk og mjöl við og við en teljum að það bjóði ekki upp á mikla möguleika. Engu að síður er ljóst að í þeim heimshluta eru mörg ríki sem nú þegar — hvað þá heldur eftir svona tíu ár þegar þau verða komin yfir þá erfiðleika sem þau eiga nú við að stríða — bjóða upp á einhverja fjölþættustu markaðsmöguleika sem um getur í heiminum. Einnig má nefna ýmis lönd í Asíu í þessu sambandi. Það væri mjög æskilegt að flm. og aðrir, sem vilja beita sér fyrir því að skóla- og menntakerfið taki mið af þörfum okkar á þessu sviði, hugi að þessum tungumálaþætti. Það er ágætt að kunna Norðurlandamál, hv. 1. flm., hvort sem því er líkt við brennivín eða kók og það getur verið ágætt að kunna ensku líka. (**Gripið fram í:** Það var koníak.) Koníak og kók, ég bið forláts á að kunna ekki þessa frægu tilvitnun. Það er þó einu sinni þannig að það eru mörg önnur tungumál sem eru lykilatriði ef menn ætla sér að ná langt í þeim alþjóðlega viðskiptaheimi sem við búum við í dag.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég hef alls ekki gefist upp í þessari baráttu. Það er mikill misskilningur. Ástæðan fyrir því að ég barðist ekki mikið fyrir þessari skýrslu var kannske of mikil hollusta við skólakerfið á þeim tíma. Eg hafði unnið mitt verk, ég hafði skilað skýrslunni til þess rn. sem bað mig að vinna verkið og ég vildi gefa því eðlilegan tíma til að fjalla um það. Ég taldi ekki að ég gæti, þó að ég væri höfundur skýrslunnar, farið að birta hana fyrst þeir, sem skýrslan var unnin fyrir, vildu það ekki. Það má vera að það hafi verið of mikill barnaskapur af minni hálfu og ég hefði átt að vera djarfari í þeim efnum og gefa kerfinu langt nef, birta skýrsluna engu að síður. En niðurstaða mín var önnur á sínum tíma. Ég hef hins vegar hvar sem ég hef haft möguleika til reynt að vekja athygli á því hver væru tvö höfuðvandamálin á þessu sviði að mínum dómi og það var af þeirri ástæðu sem ég tók þátt í þessari umr. Ef ég væri hættur að berjast, hv. 1. flm. Árni Johnsen, fyrir þessum málstað hefði verið mjög auðvelt að sitja rólegur í sæti sínu, fara svo og fá sér kaffi og lofa flm. þessarar till. að láta hana deyja drottni sínum hér í þinginu án þess að nokkur hefði áhuga á að tala um hana.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þetta er mikil till. sem hér liggur fyrir til umr., ekki að efni til að mínu mati, heldur út frá því að hún er flutt af öllum þingflokki Sjálfstfl. að undanskildum ráðherrunum og hlýtur því að vera að vissu leyti stefnumarkandi um það hvernig og hvar þarf að leggja mestar áherslur í sambandi við uppfærslu í þjóðfélaginu. Mér finnst að með því að sleppa einni línu úr upphafsgrein grg. mætti benda á þann þáttinn sem við þurfum frekar að leggja áherslu á í uppbyggingu menntakerfisins heldur en hér er gert. Ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upphaf grg. fyrst eins og hún er í till. og svo eins og ég teldi æskilegast að hún væri. Ég tel að það þyrfti að flytja till. út frá þeirri meiningu sem greinin skilar af sér þá. Þessi hluti grg. hljóðar þannig:

„Það skýtur sannarlega skökku við að þjóð, sem þarf að selja nær alla sína framleiðslu til annarra landa, skuli hvergi í skólakerfinu hafa skipulagt víðtækt nám sem tengist sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem Íslendingar búa við, þ. e. fámenni þjóðarinnar og þeirri staðreynd að sjávarafurðir eru grundvöllur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Möguleikar til náms á þessu sviði eru ekki fyrir hendi í grunnskólum, fjölbrautaskólum, framhaldsskólum, sérskólum né Háskóla Íslands, nema að mjög takmörkuðu leyti og þá helst í Háskóla Íslands."

En hvernig skyldi greinin hljóða ef sleppt væri úr henni rúmri línu. Hún mundi vera þannig:

„Það skýtur sannarlega skökku við að þjóð, sem þarf að selja nær alla sína framleiðslu til annarra landa, skuli hvergi í skólakerfinu hafa skipulagt víðtækt nám sem tengist þeirri staðreynd að sjávarafurðir eru grundvöllur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Möguleikar til náms á þessu sviði eru ekki fyrir hendi í grunnskólum, fjölbrautaskólum, framhaldsskólum, sérskólum né Háskóla Íslands nema að mjög takmörkuðu leyti."

Vandi íslenska menntakerfisins er ekki sá að búa til fleiri sölumenn. Vandi íslenska menntakerfisins er sá að það er ekki hugað að því að mennta fólk almennt fyrir undirstöðuatvinnuvegi í sjávarútvegi. Uppbygging fjölbrautaskólanna á undanförnum árum hefur verið á þann máta að gerðar hafa verið tilraunir til þess að búa til framhaldsdeildir hjá fjölbrautaskólunum vítt um landið. Hvaða námsleiðir ætli hafi verið boðið upp á þar? Sjálfsagt eitthvað í sambandi við sjávarútveginn beint; sjómannafræðslu, vélstjórafræðslu, eðlilega fræðslu í sambandi við meðferð fisks. Nei, það hafa verið verslunarbrautir, viðskiptabrautir og viðskiptabrautir aftur, sem boðið hefur verið upp á. Sem sagt, það hefur verið nóg lið til þessara þátta í þjóðfélaginu. Það hefur verið nóg lið sem hefur kunnað ensku og þýsku og jafnvel frönsku og spænsku. En það hefur ekkert — eða mjög takmarkað lið verið menntað til þess að sinna aðalatvinnuveginum, frumvinnslunni. Okkur vantar núna hópa af stýrimönnum á fiskiskipaflotanum. Okkur vantar núna hópa af vélstjórum á fiskiskipaflotann. Okkur vantar ótalda menn og konur til þess að sinna nauðsynlegustu störfum í frystihúsunum þannig að við séum nokkurn veginn öruggir um að skila þaðan góðri vöru. Og okkur vantar fjöldann af fólki til þess að sinna því að auka framleiðni og betrumbæta þau framleiðslutæki sem við erum með í sjávarútveginum.

Þannig er ástatt með íslenska fiskiskipaflotann. Reyndar má segja að það sé svipað með fiskiskipaflota margra annarra þjóða að þeir eru tæknilega séð að mörgu leyti óbreyttir frá ómunatíð liggur mér við að segja. Það lætur nærri að maður geti farið aftur á landnámsöld. En við skulum ekki fara lengra aftur en á skútuöldina. Það er nákvæmlega sama vinnuskipulag á þilfari á íslensku fiskiskipa núna eins og var á skútuöldinni. Og það er nákvæmlega sama vinnuskipulag niðri í lestum á íslenskum fiskiskipum og var þá. Það hefur næstum því ekkert verið gert til að breyta þessu. Í staðinn fyrir að fiskinum var kastað mann frá manni áður er fiskurinn nú settur í kassa. En að komin sé einhver tækniværðing í fiskilestum á skipum, nei, það er ekki til. Og það er engin breyting á þilfarinu. Það er nákvæmlega sama vinnutilhögunin og fiskinum kastað niður í lestina eins og var gert áður. Það hefur ekkert verið hugsað út í þetta. Ég er viss um að með því að einbeita sér að breytingum í sambandi við þessa þætti væri hægt að gera kraftaverk. Það væri hægt að gera margt til að auka tekjur í íslenskum sjávarútvegi. Og þó kannske fyrst og fremst í grunnmenntuninni í sambandi við þetta.

Það er látið gott heita og talinn sjálfsagður hlutur að í frystihúsin og fiskvinnsluna og til sjávarútvegsins fari það fólk sem kemst ekki annars staðar fyrir á atvinnumarkaðinum. Þessu þurfum við að breyta. Og við eigum að breyta því í gegnum skólakerfið og vitaskuld þá um leið í gegnum launakerfið í landinu. Við eigum að launa þetta fólk, sem er við grunnatvinnuvegina, betur en við höfum gert og við eigum að mennta það betur.

Það er hálfnöturleg staðreynd að núna, þegar við búum við það að afli sé skammtaður á hvern fiskibát, þá gerist það hringinn í kringum landið að við skemmum ótrúlega mikinn hluta af þeim afla sem berst að landi. Við fréttum jafnvel af því að í vissum verstöðvum eru núna að myndast fiskikasir sem ekki er hægt að koma undan vegna skipulagsleysis á þessum vettvangi. Ef við hefðum betur menntað fólk á þessum vettvangi er ég

viss um að slíkt gæti ekki gerst. En það hefur verið látið eiga sig að mennta þetta fólk. Og svo er að sjá að áhugi stærsta stjórnmálaflokks landsins beinist frekar að öðrum vettvangi en að tekist sé á við þetta sjálfsagða verkefni.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Ólafur Ragnar benti á hér áðan, að það er í sjálfu sér eðlilegt að stóru sölufyrirtækin okkar tækju ákveðinn hóp manna til þess að mennta í sölumennsku. Og ég held að það nægði a. m. k. enn um sinn. Þessi fyrirtæki skiluðu þeim svo aftur inn í þjóðfélagið og gæfu þeim fullt tækifæri til að vinna á öðrum vettvangi en innan þessara stóru sölusamtaka. Ég dreg samt ekkert í efa, þó að lausnin í sölumálum okkar byggist fyrst og fremst á stóru samtökunum, að það finnist margar leiðir aðrar en þau hafa fundið eða eru að vinna að. Þar getur margt fleira komið til greina og ekki ástæða til að draga úr því að einstaklingar spreyti sig á þeim vettvangi. En ég hef trú á því að enn um sinn verði þessi stóru sölusamtök okkar, hvort sem þau heita Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandið, SÍF eða síldarútvegsnefnd, þeir aðilar sem við þurfum fyrst og fremst að treysta á að sinni því hlutverki að koma framleiðsluvörum okkar á sem hentugastan máta á erlendum markaði og fá sem mest fyrir þær.

Flm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Það er ástæða til þess í umræðum um þetta mál að reyna að horfa hátt og vítt yfir og án fordóma. Þess vegna er vont að hafa Sambandið á heilanum, það er ekki gott innlegg í málið. Ég held nú samt að þegar dregið er saman það sem fram hefur komið í umræðunum séu menn allnokkuð sammála.

Það má t. d. taka undir orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að það er um að ræða átak strax og síðan til lengri tíma, þ. e. mál sem skili sér á lengri tíma. Það er einmitt þetta sem er fjallað um í till. og fylgir í grg. Og ég vil leyfa mér að árétta það, sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að full ástæða væri til þess að sem fyrst væru sendir tugir manna til starfsnáms erlendis til að kynna sér vinnubrögð, markaði og söluleiðir fyrir íslenskar afurðir, kynna sér störf sem varða íslenska hagsmuni erlendis, og störf við fyrirtæki sem tengjast íslenskum hagsmunum, kynna sér lönd eða markaðssvæði þar sem Íslendingar selja ekkert en möguleikar á sölu kunna að leynast þegar að er gáð.

Auðvitað er þarna verið að tala um fólk sem hefur nokkra menntun til þess að fara sem fyrst út á markaðinn. Þar erum við sammála. En það mætti kannske kveða fastar að orði. Ég get fallist á það.

Í öðru lagi verður þetta fólk ekki kallað saman á nokkrum dögum og sent í allar áttir til ýmissa landa. Það þarf að skipuleggja það, það þarf að marka ákveðna aðgerð, ákveðið átak og það tekur nokkurn tíma. Þess vegna er óþarfi að gera það tortryggilegt að reiknað sé með einhverjum aðlögunartíma til þess svo að framkvæma átakið.

Varðandi menntunina í skólakerfinu er auðvitað um mikla breytingu að ræða, sem ég er alveg klár á að gengur ekkert hljóðalaust fyrir sig, ef hún gengur, og mun kosta mikla baráttu vegna þess að það er út úr þeim stíl sem ríkir í skólakerfinu í dag að takast á við vandann í þessum efnum. Það er horft fram hjá því. Hv. síðasti ræðumaður minntist á það að Sjálfstfl. hefði ekki hug til framfara í þessum efnum. Ég vil minna hv. þm. á það að fyrir nokkrum dögum mælti ég fyrir þáltill. í hv. Sþ. um menntun fiskvinnslufólks, ekki aðeins í fyrirtækjum heldur einnig í skólakerfinu. Meðal flm. var hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson svo að ekki er nú allt eins einfalt og sumir vilja vera að láta.

Það má draga þetta saman í stuttu máli. Auðvitað er ástæða til að hvetja ekki eingöngu fólk til að sinna þessum málum heldur einnig að örva fyrirtæki til að fara út í nýsköpun í markaðsleit. Það þýðir svo að sjálfsögðu að þar sem slík starfsemi er háð leyfum þarf að hnika til og breyta um stefnu. Þetta starf allt þarf vel að vanda.

Ég held að hv. 3. þm. Reykv. hefði getað afgreitt sín sjónarmið í stuttu máli. Hann sagði: Við lifum í heimi sem kallar á að búin séu til ný markaðstækifæri. Þetta er megurinn málsins. Við þurfum nauðsynlega að auka sölutækni og hefja markaðssókn.

Ég er þakklátur ræðumönnum sem hér hafa talað í dag. Mér finnst, þegar á allt er litið, að þeir taki undir þetta mál, hversu brýnt það er. Mér fannst það kannske undirstrikað sérstaklega með málflutningi hv. þm. Garðars Sigurðssonar hve mikilvæg þessi mál eru í raun og veru.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., er góðra gjalda verð, hér er hreyft hinu merkasta máli. Eitt af því, sem við þurfum allra mest á að halda núna, er að örva markaðsleit og útflutningsstarfsemi og við þurfum á að halda hæfum starfskröftum á því sviði. Ef skólakerfið getur komið þar inn í og létt undir þá er það mjög æskilegt. Það kann að vera að við eigum völ á slíku fólki. Hætt er þó við því að það sé meiri parturinn af slíku fólki sem vinnur við að kaupa vörur inn í landið en ekki flytja þær út úr landinu. Maður heyrir það hjá mönnum, sem eru mikið á ferðalögum, að þeir verða samferða fjöldanum öllum af mönnum sem eru að kaupa inn en það eru fáir sem eru að selja okkar útflutningsvörur. En við þurfum að örva þessa starfsemi með öllum hætti og ég held að það þurfi alls ekki að koma niður á menntun okkar fiskvinnslufólks sem er annað mál og mjög brýnt og einnig menntun sjómannastéttarinnar í landinu. Það þarf ekkert að stilla þessu upp hvoru á móti öðru. Þetta er hvort tveggja nauðsynlegt.

Sölumennska á erlendum mörkuðum er e. t. v. annað fag en að kaupa inn. Sölumenn, sem selja okkar útflutningsafurðir, þurfa að sjálfsögðu að reyna að selja sem mest af þeim. En það er ekki nóg, heldur þurfa þeir að fá fyrir þær sem hæst verð. Það er mergurinn málsins að þar liggur munurinn. Menn eru að kaupa vörur inn til landsins á sem lægstu verði en þarna þurfa menn að fá sem hæst verð. Það skiptir miklu máli hvaða verði menn skila inn í þjóðarbúið. Það er e. t. v. enginn vandi að selja vörur á erlendum mörkuðum ef það er alveg sama hvað verðið er. En þetta er ekki svona einfalt. Þess vegna er mikil sérhæfing í þessu fólgin.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu við þessa umr. en ég vil taka undir þetta mál. Þetta er gott mál þó að það taki kannske ekki á öllum þáttum þessa vanda. En ég get ekki farið hér úr ræðustól án þess að svara nokkrum orðum staðhæfingum hv. 3. þm. Reykv. um Samband ísl. samvinnufélaga, en hann tók hér eina rispuna enn úr ræðustól um Sambandið. Maður hefur hlustað á margar

slíkar undanfarið en ég hef ekki lagt mörg orð inn í þá umr. þrátt fyrir að ég hafi unnið í samvinnuhreyfingunni alla tíð þangað til ég kom hingað inn fyrir þessa veggi. Ég held að hv. 3. þm. Reykv. hafi tekið þannig til orða að í Sambandinu væru lýðræðislegar ákvarðanir hundsaðar, teknókratar væru að taka þar völdin sem hugsuðu um „big business" og tilgangurinn helgaði meðalið. (**ÓRG:** Flest af þeim.) Já, flest. Þetta eru stórar fullyrðingar og þær urðu til þess að ég sá mig knúinn til að mótmæla þessu hér úr ræðustóli því að slíkt stangast á við þá reynslu sem ég hef af störfum í samvinnuhreyfingunni. Uppbygging hennar hefur í rauninni ekkert breyst á undanförnum árum. Þar eru lýðræðislegar ákvarðanir teknar, hún er lýðræðislega upp byggð, þar er fulltrúalýðræði og við, bæði ég og hv. 3. þm. Reykv., höfum setið á — (**ÓRG:** Hvaða fulltrúalýðræði er í Íslandslaxi?) — aðalfundum Sambandsins — Ég er að koma að því. — og hann hefur setið þar með fullum atkvæðisrétti og tekið þar þátt í störfum mörgum sinnum. Ég veit ekki betur en á þessum aðalfundum hafi verið rætt um atvinnuuppbyggingu á vegum samvinnuhreyfingarinnar og þátttöku hennar í nýjum atvinnugreinum margsinnis. Íslandslax er ekki fyrsta verkefnið í fiskirækt sem tekið er fyrir á vegum þessarar hreyfingar. Um það hafa verið teknar ákvarðanir af stjórninni með umræður aðalfundar Sambandsins að baki. Ég tel því þessi ummæli, sem voru við höfð áðan, mjög ómakleg. Ég þekki til þeirra yngri manna sem vinna í Sambandinu og ég tel það stórar fullyrðingar úr ræðustól á Alþingi að tilgangurinn helgi meðalið í flestum — þó að það sé ekki nema flestum — störfum þeirra. Það vil ég láta koma hér fram.

Ég ætla ekki að fara að halda hér uppi umr. enn þá einu sinni um Sambandið. Mér gefst áreiðanlega tækifæri til að gera það síðar svo að ég þarf ekki að vera að treygja lopann í þessari umr. um það. Ég þekki menn illa hér ef menn minnast ekki á það einhvern tíma í umr. á næstunni. Ég vildi því aðeins mótmæla þessum ummælum sem komu fram áðan.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Mér láðist víst í fyrri ræðu minni að láta það koma fram að ég út af fyrir mig get verið sammála því sem felst í þessari þáltill. sem hér er til umr. og tekið undir það sjónarmið að það sé þörf fyrir að mennta menn á þessu sviði, þ. e. á sviði sölumála og markaðsmála almennt. En ég vil árétta það að menn fari nú samt ekki að gefa sér fyrir fram ákveðin markmið um það hvernig eigi að útfæra það þótt nám sé aukið í þessum efnum.

Ég er þeirrar skoðunar að það megi og eigi að gera mun meira í sambandi við útflutnings- og sölumál almennt. En jafnframt er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi. Í sambandi við nýjar atvinnugreinar og frekari þróun þeirra sem fyrir eru er örugglega hægt að vinna mikið og gott starf.

En það sem fékk mig til að koma hér aftur upp voru ummæli hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við samvinnuhreyfinguna. Hjá hv. ræðumanni, sem talaði hér næstur undan mér, var vikið nokkuð að þessu atriði. Ég er sammála því að það eru stór orð þegar hv. þm., hvort sem það er Ólafur Ragnar Grímsson eða einhver annar, segir um fyrirtæki eða samtök, sem njóta jafnmikillar lagaverndar og samvinnuhreyfingin á Íslandi gerir í dag í krafti samvinnulöggjafarinnar og annarra laga, að tilgangurinn helgi meðalið í flestum störfum. Þetta eru stór orð og mjög alvarleg, ekki síst vegna þess að hv. þm. var á sínum tíma þátttakandi í þeim flokki sem hefur sérstaklega veitt þessum samtökum brautargengi sem margir aðrir hafa gert líka, menn í öðrum flokkum og óflokksbundnir menn.

Hv. þm. hefur verið virkur þátttakandi í samvinnuhreyfingunni og m. a. setið á aðalfundum samvinnuhreyfingarinnar. Þegar maður — ég tala nú ekki um hv. alþm. — lýsir því fyrirtæki með þeim hætti sem hann gerði áðan hljóta aðrir hv. alþm. að leggja við hlustir, eins og hv. ræðumaður, sem hér talaði á undan, hefur gert. Það var satt að segja mjög óhugguleg lýsing, svo ekki sé meira sagt, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. um það hvernig þessi hreyfing og þetta fyrirtæki hefur þróast.

Hv. þm. hefur einnig reynslu sem þátttakandi í einu stærsta samvinnufélaginu sem mun vera Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis. Ef ég man rétt mun hv. þm. hafa verið virkur þátttakandi í því kaupfélagi. Þegar hann lýsir þróuninni með þessum hætti hljóta menn að spyrja sjálfa sig að því hvort ekki verði að taka þá löggjöf, sem samvinnuhreyfingin starfar samkvæmt, til endurskoðunar, ég segi ekki að afnema lögin sem slík en það gæti komið til greina ef fyrirtækið þróast með þeim hætti að þarna er ekki einu sinni virkt fulltrúaveldi — ég segi: ekki einu sinni — heldur er þarna að myndast veldi fárra teknókrata sem virðast geta tekið ákvarðanir í jafn stórum og viðkvæmum — svo ég segi nú ekki vafasömum — málum og hv. þm. benti nú á. Þá hljóta menn að spyrja sjálfa sig hvort ekki sé nauðsynlegt að skoða stöðu þessa máls með þeim hætti að taka til endurskoðunar og gera breytingu á þeim lögum sem veita svona fyrirtæki þá vernd að þróast upp í þennan — ég vil segja — hálfgerðan óskapnað miðað við það að við búum hér í lýðræðislegu ríki.

Satt að segja gat ég ekki skilið orð hv. þm. öðruvísi en á þann veg. Enda mun það vera reynsla margra að ef þessi samsteypa setur augað á einhvern hlut, einhverja atvinnugrein eða eitthvert fyrirtæki, geti það í raun yfirtekið eða hirt það sem það óskar eftir í skjóli þeirrar miklu aðstöðu og þess mikla skipulags-, félags- og fjármálavalds sem þarna er á ferðinni.

Slík þróun er lýðræðinu mjög hættuleg og það verður að stöðva jafn neikvæða þróun, þó ekki sé nema vegna þeirra sem í þessari hreyfingu starfa. En það er vegna þjóðarinnar í heild sem löggjafinn verður að grípa inn í. Ég vona satt að segja að þetta sé ekki alveg jafn alvarlegt og hv. þm. lýsti því áðan. Við ættum samt að hugsa okkur vel um og skoða þetta mál gaumgæfilega og taka það þá til athugunar hvort ekki beri að endurskoða þá löggjöf sem hér um ræðir. Það er engin goðgá þótt slíkt sé gert á hv. Alþingi. Hér hafa verið samþykkt nýverið ný lög um hlutafélög. Það er alltaf verið að taka upp gömul lög og breyta miðað við breyttar aðstæður og breyttan tíðaranda. Mér finnst það engin goðgá þótt samvinnulögin verði tekin til endurskoðunar og breytinga með það m. a. í huga að það gerist ekki sem hv. þm. var að lýsa áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir það að mér er leyft að gera hér örstutta athugasemd. Ég er alveg reiðubúinn að ræða ítarlega við hv.

þm. Jón Kristjánsson um málefni samvinnuhreyfingarinnar og Sambandsins. Ég vil þó segja strax að hann gerði í sinni ræðu leikflækju sem mjög er notuð til þess að fela kjarnann í þessari umræðu, og það er að tala um samvinnuhreyfinguna og Sambandið eins og þetta sé eitt og hið sama. Það geri ég aldrei. Ég geri mikinn mun á milli samvinnuhreyfingarinnar, sem ég skilgreini sem kaupfélögin sem starfa úti um byggðir landsins og eru þar háð aðalfundum sínum og félagsmönnum, þar sem hver maður hefur eitt atkvæði og öll mál eru rædd á opnum vettvangi innan félagsins, og koma síðan saman á aðalfund Sambandsins einu sinni á ári, og síðan þeirrar fyrirtækjasamsteypu sem ég kalla Sambandið og er sett saman úr mörgum hlutafélögum, dótturfyrirtækjum og hliðarfyrirtækjum, sjóðum og eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum, sem aldrei kemur til neinnar ákvörðunar hvað snertir stjórnendur eða vald yfir þeim innan samvinnuhreyfingarinnar, heldur fara forstjórar Sambandsins með allt ákvörðunarvald, ráðningu stjórnenda, stefnumótun og annað. Fólkið í samvinnuhreyfingunni hefur engan beinan aðgang að þessum fyrirtækjum. Og það var ekki fyrr en eftir að ég hafði í þrígang á aðalfundi Sambandsins knúið á um það að Erlendur Einarsson, forstjóri Sambandsins, gæfi þó lágmarksskýrslu um hvað forstjórarnir væru að gera í þessum fyrirtækjum, sem sú skýrsla var gefin fyrir þó nokkrum árum síðan. En það kostaði allnokkra umræðu á aðalfundi Sambandsins að fá það.

Ég held að það sé mjög mikilvægt í allri þessari umræðu, ef menn vilja átta sig á því um hvað hún snýst og hvar vandinn er, sérstaklega fyrir okkur samvinnumenn, sem við erum báðir, ég og hv. þm. Jón Kristjánsson, að gera greinarmun á samvinnuhreyfingunni, sem samanstendur af kaupfélögunum og þeim fyrirtækjum þar sem fólkið sjálft hefur beinan aðgang að kjósa stjórn, velja stjórnendur, og getur haft milliliðalaust lýðræðislegt eftirlit með því sem verið er að gera, og síðan þessari margþættu fyrirtækjasamsteypu sem ég kýs að kalla Sambandið, þó það sé ekki mjög nákvæmt, en er samheiti yfir þann rekstur sem er á vegum Sambandsforstjóranna sjálfra og deilda Sambandsins, dóttur- og hliðarfyrirtækja þar, hlutafélaga og annarra fyrirtækja sem þeir hafa með að sýsla, banka, ferðaskrifstofa, fjárfestingarsjóða ásamt eignarhlutdeild í ýmsum öðrum fyrirtækjum.

Vegna þess að ég hef þegar talað tvisvar hef ég ekki tíma til þess að útskýra þetta nánar. En þarna verða menn að gera mikinn greinarmun á. Og ég er þeirrar skoðunar, og er reiðubúinn í ítarlegar umræður um það, að ofvöxtur þess sem ég kalla Sambandið er hættulegur fyrir samvinnuhreyfinguna, er hættulegur fyrir stöðu hennar sem lýðræðislegrar fjöldahreyfingar í landinu, vegna þeirra breytinga sem þar eru að verða og vegna þess hverjir þar ráða ferðinni og hvaða hugmyndir þeir menn hafa, hvaða skólun þeir hafa fengið, sem m. a. felst í því að nú eru þar í æ ríkari mæli að taka við völdum menn sem aldrei hafa mætt á hinum félagslega vettvangi í samvinnuhreyfingunni til að standa frammi fyrir fólkinu, aldrei nokkurn tíma, og aldrei þurft að svara fyrir sig á lýðræðislegum eða félagslegum vettvangi innan samvinnuhreyfingarinnar en eru nú þegar kannske orðnir valdameiri innan Sambandsins heldur en obbinn af þeim kaupfélagsstjórum sem fólkið sjálft og fulltrúar þess hafa valið.

Herra forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri að hafa fengið að gera þessa örstuttu athugasemd til þess að skýra veigamikil atriði í mjög flókinni umræðu sem alls ekki er hægt að tæma undir þessum dagskrárlið hér. En það væri mjög æskilegt að menn efndu til mjög ítarlegrar umræðu um þessi málefni hér á Alþingi. Ég er nefnilega sammála hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni í því efni að ofvöxtur fyrirtækjasamsteypu, þar sem þröngur hópur forstjóra fer með mest vald, er hættulegur fyrir lýðræðið í landinu. Einkum og sér í lagi er það hættulegt fyrir samvinnuhreyfinguna sem lýðræðislega fjöldahreyfingu fólksins í landinu ef það fer að verða hið drottnandi andlit sem snýr að þjóðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útboð á neyslu- og fjárfestingarvörum, þáltill. 330. mál (þskj. 527). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 527 till. til þál. um útboð á nokkrum algengum neyslu- og fjárfestingarvörum. Í till. þessari er ríkisstj. falið að láta Innkaupastofnun ríkisins bjóða út nokkrar valdar tegundir af almennum neyslu- og fjárfestingarvörum í samvinnu við Verðlagsstofnun í þeim tilgangi að stuðla að stærri og hagkvæmari vörukaupum innflutningsfyrirtækja, hagstæðari innkaupum ríkisfyrirtækja á innlendum og innfluttum vörum og lægra vöruverði til neytenda, eins og segir í fyrstu mgr. tillgr.

Þar segir einnig:

„Öllum sé heimil þátttaka í útboðunum, en þeir sem tilboð gera skulu hafa tryggt sér að vara þeirra verði seld í smásölu sem víðast um land ef tilboði þeirra yrði tekið."

Gert er ráð fyrir því að viðskrn. skipi dómnefnd er velji þau tilboð sem að öðru jöfnu teljist hagstæðust og þær vörur sem dómnefndin velur verði síðan auglýstar sérstaklega í fjölmiðlum og þær njóti forgangs í innkaupum allra ríkisstofnana.

Um útboð þau sem hér er gerð till. um verður það auðvitað að segjast eins og er að þau væru á margan hátt ólík venjulegum útboðum. Sá sem lægst byði fengi fyrst og fremst ótvíræða opinbera viðurkenningu á því að boð hans væri hagstæðast, vara hans fengi mikla óbeina auglýsingu, auk þess sem ríkið legði fram fé til að auglýsa vöru hans rækilega í fjölmiðlunum. Jafnframt yrði gerður samningur um verulegt vörumagn í þágu ríkisstofnana.

Það er rétt að taka það skýrt fram að hér er alls ekki gerð till. um innflutningseinokun sem þó gæti vissulega átt rétt á sér í ýmsum tilvikum og á rétt á sér, t. d. hvað varðar innflutning á olíu og bensíni, svo eitt dæmi sé nefnt um vörur sem ekki eru fluttar inn með þeim hætti og svo aftur hvað varðar tóbak og áfengi sem einokunarverslun er á. Það er sem sagt rétt að undirstrika að öllum væri eftir sem áður heimilt að flytja inn eða framleiða þessar vörur eða hafa til sölu vörutegundir frá öðrum aðilum en þeim sem hefðu hlotið útboðið. En það er hins vegar von mín að með þessari þáltill., ef hún kæmi til framkvæmda, mundi innflutningsaðilum verða veitt heilbrigt og nauðsynlegt aðhald.

Það verður varla um það deilt, eftir endurteknar verðkannanir Verðlagsstofnunar og samanburð á verði

hér á landi og í nálægum löndum, að verðlag hérlendis á ýmsum helstu nauðsynjavörum almennings er óeðlilega og einkennilega hátt. En þegar nánar er að gáð kemur varla á óvart að almennar neysluvörur séu dýrar hér á landi þegar haft er í huga að þær eru fluttar inn fyrir tiltölulega smáan markað og innkaup á hverri vörutegund skiptast á milli mjög margra heildsala svo að sjaldnast er um að ræða verulegan magnafslátt eða annað það hagræði sem fylgir stórum einingum og miklu magni. Samkvæmt könnun Verðlagsstofnunar sem var gerð árið 1979 var það niðurstaðan að lækka mætti verðlag hér á landi á almennum nauðsynjavörum um 10% ef unnt væri að tryggja að sambærilegt innkaupsverð á innfluttum neysluvörum væri hliðstætt því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Það fer því ekkert á milli mála að hér er til mikils að vinna.

Eðlilegt er að spurt sé hvaða vörur gætu hér helst komið til greina. Ég held að vörur sem hér kæmu helst til greina væru neysluvörur sem væru svo almenns eðlis að unnt væri að kaupa þær til landsins í verulega miklu magni. Sem dæmi mætti nefna sykurvöru, hveiti, hafragrjón, grænmeti ýmiss konar, ávexti, þvottaefni, smjörlíki og kexvörur. Fjárfestingarvörur sem hér gætu vissulega komið til álita eru t. d. steypujárn, uppsláttartimbur, húsgögn, jafnvel bílar, sbr. það útboð sem fór fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins ekki alls fyrir löngu og má vissulega segja að hafi verið nokkuð í þeim anda sem hér er verið að gera till. um.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli að Samband ísl. samvinnufélaga hefur reynt að stuðla að stórum innkaupum á vegum samvinnuverslana og hafa þessi innkaup verið kennd við sölu á grunnvöru. Og í kynningarbæklingi sem gefinn var út fyrir nokkrum árum var einmitt fjallað um það spursmál hvað grunnvara væri, í hvaða tilvikum væri hægt að kaupa vörur inn í verulega stóru magni til að ná sem hagkvæmustum innkaupum og ég hygg að þau sjónarmið sem þar komu fram séu náskyld þeim sjónarmiðum sem í þessari till. felast.

Ég vil í þessu sambandi láta þess hér getið að ég átti ítarleg samtöl við framkvæmdastjóra Innkaupastofnunar ríkisins og hann veitti ábendingar og góð ráð í þessu sambandi og taldi að hugmynd af þessu tagi væri vissulega mjög vel framkvæmanleg og það á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Er mér ljúft að þakka fyrir ábendingar í þessu sambandi, enda má segja að nokkur hluti þeirra hugmynda sem fram koma í þessari till. sé beinlínis frá honum kominn.

En aðalatriði málsins er að með þessu nýmæli er gerð till. um að reyna að efla frjálsa samkeppni í innflutningi og framleiðslu á almennum, algengum neyslu- og fjárfestingarvörum undir forustu ríkisvaldsins og til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Það væri sem sagt verið að reyna að stuðla að því að verslunin í landinu leitaði leiða til stærri átaka í vöruinnkaupum en nú tíðkast og stórir smásalar sameinuðust um innflutning útboðsvöru með sem allra hagkvæmustum hætti. Því vil ég leyfa mér að endingu að fullyrða að þessi nýjung í innflutningi á almennum nauðsynjavörum gæti hugsanlega dregið nokkuð úr verðbólgu hér á landi.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. þessari vísað til allshn.

Maríanna Friðjónsdóttir: Herra forseti. Það er náttúrlega allra góðra gjalda vert að reyna að lækka á einhvern hátt vöruverð á þessu blessaða landi okkar og hjálpa heimilunum að lifa af. En það er eitthvað sem mér finnst orka tvímælis í þessu plaggi sem hv. þm. Ragnar Arnalds var að enda við að tala fyrir og vil ég gjarnan leita álits hans á því. Það eru nefndar nokkrar vörur, sem eru framleiddar í landinu, og þar á meðal þvottalögur, þvottaefni, smjörlíki, klósettpappír, rauðkál og ýmislegt, auk þess sem hann var að tala um steypuvörur. Mér finnst einhvern veginn eins og verið sé að stefna gegn þeirri iðnframleiðslu sem á sér stað hér í landinu með því að fara fram á að ríkisvaldið stuðli að auglýsingu og innkaupum á miklu magni, eins og hér stendur, á vörutegund sem boðin er lægsta verði, vegna þess að nú er það oft svo, eins og allir vita, að íslenskur iðnvarningur er kannske ekki sá alódýrasti vegna þess að við erum að framleiða fyrir lítinn markað og það er ýmislegt annað sem kemur þar inn í. Ég á dálítið erfitt með að sjá hvernig þeirri samkeppni verður varið í þessu sambandi.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Maríönnu Friðjónsdóttur fyrir ábendingar hennar. Ég vil taka það fram að vissulega yrði að hugleiða það mjög vandlega af þeim aðilum sem tækju að sér framkvæmd þessa máls hvaða vörur yrðu boðnar út. Þær vörur sem nefndar eru hér í grg. eru reyndar ekki þær vörur sem ég persónulega er að leggja til að komi fyrst og fremst til álita, heldur birti ég einfaldlega svolítinn kafla úr kynningarbæklingi Sambands ísl. samvinnufélaga um þær vörur sem þeir telja vera grunnvörur, því að mér finnst að skilgreining þeirra á hugtakinu grunnvara falli ákaflega nærri þeirri skilgreiningu sem ég er með í þessari till. um algengar neysluvörur almennings, vörur sem eru notaðar og keyptar í svo miklu magni að hugsanlegt er að viðhafa útboð í sambandi við framleiðslu og innkaup á viðkomandi vöru. En auðvitað yrði að skoða það vandlega hvort það yrði framkvæmanlegt í raun og veru varðandi allar þær vörur sem Sambandið kallar grunnvörur og notar sem sameiginlegar innkaupavörur með þessum sérstaka hætti sem þeir tíðka.

Ég nefndi líka ýmsar fjárfestingarvörur sem ég tel að komi ekki síður til greina, en þar er þá aðallega um að ræða innfluttar vörur. Það er hárrétt sem hv. þm. nefndi áðan, að till. fjallar alls ekki eingöngu um innfluttar vörur. Hún getur líka náð yfir vörutegundir sem eru framleiddar hér á Íslandi. Og þá var hennar spurning sú hvernig íslenskir framleiðendur kæmu út úr þessu fyrirkomulagi. Ef þeir væru ekki samkeppnisfærir og verðlag þeirra væri hærra en á innfluttum vörum, þá gætu þeir ekki verið með í þessu útboði o. s. frv.

Ég hygg að þarna gildi bara þessi almennu sjónarmið. Ef vörur þeirra eru í dag á hærra verði en innfluttar vörur, þá hljóta þeir að eiga undir högg að sækja í þeirri samkeppni sem á sér stað. Ég held hins vegar að margar af þessum vörum sem ég nefni þarna séu almennt framleiddar á lægra verði hér á landi en ef þær eru innfluttar. Ég hygg að þetta gildi um allar þær vörur sem ég nefni hér og eru framleiddar á Íslandi jafnframt því sem þær eru innfluttar. Ég hef tekið eftir því og kannað það um nokkrar vörutegundir að íslenskir framleiðendur virðast hafa aðstöðu til að framleiða þær á lægra verði en gert er í nálægum löndum. Þar kemur

þá margt þeim til góða, eins og t. d. að flutningskostnaður verður miklu minni. Og svo hjálpar sjálfsagt eitthvað að launakjör hér á Íslandi eru svo miklu lakari en í nálægum löndum. Ég sé m. ö. o. ekki að íslenskum framleiðendum sé neitt meiri hætta búin í því kerfi sem hér er verið að gera till. um en í núverandi kerfi. Ég geri ráð fyrir því að þegar vörur þeirra eru dýrari en innfluttar vörur, þá hljóti framleiðendur að eiga verulega undir högg að sækja og eiga í ýmsum erfiðleikum með að selja sínar vörur. En séu vörurnar hins vegar samkeppnisfærar, sem ég hygg að sé í flestum tilvikum varðandi þær vörutegundir sem á annað borð eru hér framleiddar, get ég ekki annað séð en að þessi tilhögun ætti að geta orðið þeim til verulegra hagsbóta, því að mér segir svo hugur að þeir ættu að njóta þess með ýmsum hætti að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp, m. a. ef ríkið beindi alfarið viðskiptum sínum og allra sinna stofnana að kaupum á þeirra framleiðslu. Þá stæðu þeir væntanlega sterkar að vígi en áður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttarstaða heimavinnandi fólks, þáltill. 392. mál (þskj. 633). — Fyrri umr.

Flm. (Maríanna Friðjónsdóttir): Herra forseti. Til umr. hér er till. til þál. sem birtist á þskj. 633 og ég flyt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Till. fjallar um réttarstöðu heimavinnandi fólks og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sjö manna nefnd sem hafi það verkefni að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. jan. 1986.“

Í grg. með till. er drepið á nokkra þætti sem vert væri að hafa í huga við úttekt þessa. Verður hún ekki rakin hér lið fyrir lið þar sem hv. þm. geta lesið sér til um það á áðurnefndu þskj. Ég vil hins vegar minnast á nokkur atriði sem tengjast málinu og almennu viðhorfi fólks til þessara mála.

Heimavinnandi fólk hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi, einungis ellistyrkinn úr almannatryggingum og þykja ekki háar upphæðir. Þótt það séu einstakir karlar sem fylla hóp heimavinnandi er það hverfandi lítill fjöldi miðað við konurnar í þessari stétt þjóðfélagsins. Mun ég því héðan í frá tala um heimavinnandi fólk sem konur.

Hafi konan unnið úti og verið í lífeyrissjóði missir hún þann rétt ef hún hverfur til heimilisstarfa, t. d. vegna þess að börn bætast í hópinn. Hafi konan ekki greitt nógu lengi í lífeyrissjóð til að tryggja sér lánsréttindi áður en heim er haldið fellur sá réttur einnig niður. Fyrir ungt fólk, sem er að afla sér íbúðarhúsnæðis, vegur það þungt. Hvað varðar eldri kynslóðina má benda á að þar í hópi eru margar konur sem stunduðu lítil sem engin störf utan heimilis heldur eyddu starfsdegi sínum við uppeldi barna og húshald. Þær konur eru nú unnvörpum að komast á þann aldur að þær skulu lögum skv. njóta lífeyris. Má benda á tölur frá nafnaskrá lífeyrissjóða, sem útgefin var 27. nóvember s. l. Þar kemur fram að í hópi kvenna, sem fæddar voru 1917 og fara á eftirlaun nú, eru 259 utan lífeyrissjóða. Þær konur, sem á næstu tveimur árum komast á þennan aldur og eru utan lífeyrissjóða, eru 487 skv. þessum upplýsingum.

Nú veit ég að fyrir þinginu liggur frv. til l. um lífeyrisréttindi húsmæðra, en það frv. gengur engan veginn nægjanlega langt. Má í þessu sambandi benda á áratuga gamalt baráttumál Alþfl. um lífeyrissjóð öllum landsmönnum til handa. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir og mætti í sjálfu sér hafa mikið mál í kringum það. Það er ljóst að heimavinnandi konur spara þjóðarbúinu mikil sameiginleg útgjöld. Þær vinna launalaus störf sem standa allan sólarhringinn. Þessar konur hafa ekki lögskipaðan hvíldartíma, heldur ekki lögskipaða frídaga. Þær fá ekkert sumarfrí en þær skulu vera til þjónustu reiðubúnar allan sólarhringinn þegar kallið kemur, hvort sem er á nóttu eða degi, hvort sem um er að ræða að seðja hungur þeirra sem heim koma eða vakna að nóttu til til að sinna ungbörnum. Húsmæðurnar eru á þönum frá morgni til kvölds og einu skiptin, sem sést hvað þær eru að gera, eru ef þær láta það ógert. Það vantar hreina sokka, mjólk í ísskápinn og ýmislegt annað. Karlar þessa þjóðfélags geta á þessum grunni stundað félagslíf og atvinnulíf óháð því hvort þeir eiga heimili og börn og hafa heilar hersveitir huggulegra huldukvenna heima við sem sjá um að allt gangi slétt og fellt fyrir sig.

Heimavinnandi konur inna af hendi störf sem annars staðar í þjóðfélaginu eru metin til launa, jafnvel hárra launa. Þær sinna t. d. ráðgjafarþjónustu. Hún er talsvert vel borguð í þessu þjóðfélagi. Þær eru fóstrur. Þær fá góða þjálfun í því að umgangast fólk með ólíka skapgerð. Enginn eiginmaður, sonur eða dóttir hefur sömu skapgerð. Þær þurfa að leysa úr sálarþrautum heimilismanna og sinna kennslustarfi. Slík störf eru metin til launa annars staðar í þjóðfélaginu og krafist í mörgum þeirra háskólamenntunar. Svo eru margar þessara kvenna með eindæmum hagsýnar og nýtnar. Þær prjóna, þær sauma og baka margar hverjar. Það dregur úr innflutningi á tilbúnum fatnaði, á dönsku brauði og sparar þjóðarbúinu dýrmætan gjaldeyri.

Þessar konur hafa, ef þær eru með mörg börn á framfæri, oft og tíðum skuldbundið sig til að vinna kauplaust í allt að 20 ár og þær hafa enga umsamda matar- eða kaffitíma. Það er ekkert verkalýðsfélag sem krefst þess að þær fái lögboðna 10 tíma hvíld á sólarhring eða geti a. m. k. samið við vinnuveitandann um að fá 8 tíma. Í ræðum og riti á hátíðarstundum eru fósturlandsins freyjur svo lofsungnar og ofnar dýrðarljóma. Það væri nær að synir og dætur þessarar þjóðar slepptu slíkum stílbrögðum, brettu upp ermarnar og færu virkilega að sinna alvörumálefnum þessa fólks.

Það er oft talað um það að sjálfstæði konunnar og jafnréttið byggi á fjárhagslegum grunni. Ég er því sammála. Ég er ekki hér að krefjast þess að konur fái kaup frá ríkinu fyrir það að sinna heimilisstörfum. En ég er að krefjast þess hér að það verði skoðað með hvaða hætti mætti taka á þessu máli til þess að þær njóti a. m. k. sömu félagslegra réttinda og aðrir í þjóðfélaginu. Þær eiga ekki að þurfa að hafa það á tilfinningunni sí og æ að þær séu með launalausu starfi sínu í raun þurfalingar á eigin heimilum.

Það er í tísku að tala um val. Allir eiga að hafa val. En frammi fyrir hvaða vali stendur fólk í raun? Konan hefur í flestum tilvikum lægri laun en karlinn úti á hinum almenna vinnumarkaði. Svo þegar börnin bætast í hópinn hefur hún ekki um neitt að velja. Hún hefur lægri launin. Hann verður að vinna fyrir brauðinu en hún að flytja sig um set og hætta að vinna, eins og það er nefnt.

En konur þurfa oft og tíðum einnig að standa frammi fyrir öðru og mun erfiðara vali. Þær þurfa hreinlega að gera það upp við sig hvort þær eigi að eiga börn yfir höfuð eða halda áfram að vinna utan heimilis. Karlmenn þurfa sjaldnast að spyrja sig þessarar spurningar. En það er líka búið að velja fyrir þá. Þeir karlar sem stunda heimavinnu eru stundum álitnir svolítið skrýtnir. En þeir þurfa samt sjaldnast að velta því rækilega fyrir sér í alvöru hvort þeir eigi að eignast erfingja að allri þjóðfélagsdýrðinni.

Nú segja kannske sumir að konur geti bara haldið áfram að vinna úti þótt þær séu með ungbörn á heimilinu. En þá vantar dagvistunarrými og svo eru ýmsar aðrar ástæður fyrir því að konur kjósa að sinna heimilisstörfun. Oft og tíðum hrekkur heldur ekki kaupið, sem þær fá fyrir að vinna utan heimilis, fyrir dagvistun barnanna ef þau eru mörg. Meðan þessar konur sitja heima og gera ekki neitt, eins og það er nefnt, eru þær að spara fyrir þjóðarbúið með því að gæta barnanna sinna og oft og tíðum einnig að sinna eldri borgurum, þjóðfélagsþegnum, ungum og öldnum, sem ella tækju upp dýrmæt pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka.

Þessi beini fjárhagssparnaður fyrir þjóðarbúið er ekki metinn. Hvað skattamálin varðar er það ljóst að það hefur alllengi verið stefna Alþfl. að leggja niður þennan leiðindaskatt sem nefnist tekjuskattur og er ekki orðinn neitt annað en mismununarskattur. Þetta lýsir sér m. a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu og sömu tekjur ber hærri skatta en heimili með tvær fyrirvinnur. Þau lög sem héðan voru samþykkt frá hv. Alþingi í desember s. l. leiðrétta ekki þetta misrétti. Þau mótrök sem haldið hefur verið fram í þeirri umræðu, að um sé að ræða skref aftur á bak með því að samskatta hjón, er bara rifrildi um hirðsiði. Ef ekki væri greiddur tekjuskattur af launum félli sá skoðanaágreiningur úr sögunni.

Hins vegar hlýtur að vera unnt að líta á heimilið sem eina rekstrareiningu og að þau laun sem til þess falla séu sameiginleg. Ég held að á flestum heimilum landsmanna sé búið fyrir fram að ráðstafa öllum tekjum heimilisins í afborganir af lánum, reikninga og mat ásamt öðrum kostnaði sem til heimilisrekstrar þarf. Konan vinnur inni á heimilinu og gerir þar með karlinum kleift að vinna fyrir tekjum annars staðar. Þess vegna á hún jafna hlutdeild í tekjum hans. Í raun ætti kannske að ganga enn lengra og telja öll félagsleg réttindi sameign, því að auðvitað er um sameiginlegt framlag að ræða þótt vinnan fari fram á tveim stöðum í senn. En þetta eru hlutir sem verða vonandi skoðaðir allir í framtíðinni.

Heimavinnandi konur þarf að tryggja sérstaklega á skattaskýrslu eins og hvert annað húsgagn. Slíkt og þvílíkt er bara hrein misvirðing. Einnig er það fráleitt að kona, sem vinnur heima og verður veik sé álitin minna veik en allir aðrir. Það mætti a. m. k. ætla að svo sé. Hún fær ekki nema ¼ af sjúkradagpeningum. Svo skiptir hið opinbera konum í verðflokka á fleiri sviðum, t. d. hvað varðar fæðingarorlof. Hefur sú kona, sem heima hefur unnið og fæðir barn, minna fyrir því en konan í næsta húsi? Ég bara spyr.

Ef við tökum eitt lítið dæmi þessu til skýringar þá fær heimavinnandi kona með fjögur börn á framfæri einungis ¼ af fæðingarorlofi þótt fimmta barnið bætist við. Konan í næsta húsi, sem hefur verið dagmamma með fjögur börn í pössun, fær fullt fæðingarorlof ef hún leggst á sæng. Þetta er svo fráleitt að það liggur við að maður tárist yfir þessu.

Svo hyggst blessuð konan kannske eftir langan starfsdag á heimilinu halda út á vinnumarkaðinn. Og hvað blasir þá við? Alger eyðimörk. Margar þeirra hafa litla menntun. Þær hafa heldur ekki átt kost á lögboðinni endurmenntun við sitt hæfi. Þær fara kannske á ótal námskeið hjá námsflokkunum, hressa upp á enskukunnáttuna og vélritunina. Svo er sótt um vinnu með fullri bjartsýni. En það er fátt um svör. Hún er úr leik. Hún á kost á ræstistörfum, fiskvinnu eða að svara í símann. Hvar er þá uppskera allra áranna? Hvar er nú starfsmatið og starfsaldurshækkanirnar? Hún hefur unnið störf í þágu þjóðfélagsins áratugum saman sem annars staðar færir fólki hækkun á launum með mati á störfum og starfsaldri. Hér fyrst tekur steininn úr. Hvar er rétturinn til þess sem er afrakstur ævistarfs? Svo endar þetta allt saman með því að hún heldur heim á ný og prjónar lopapeysur sem útlendingar græða á og dútlar eitthvað smálegt.

Fyrir hv. þingi liggur fleira en sú till. sem hér er færð fram og kveður á um úttekt á félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum. Hér liggur nefnilega fósturlandsins freyja í allri sinni nekt fyrir hv. Alþingi. Ekki sú kvenímynd sem á afmælis- og tyllidögum er hafin upp á goðkenndan stall og lýst í mærðarlegum mansöngvum. Ekki sú móðir, kona, meyja sem afgreidd er með minningargrein í Mogganum. Nei. Hér er rætt um aðra hlið fósturlandsins freyju. Hér er brugðið upp mynd þeirrar konu sem áratugum saman vinnur ólaunað starf í þágu alls þjóðfélagsins án nokkurrar umbunar, án nokkurra réttinda. Myndin af konu sem sett er skör lægra en aðrir þjóðfélagsþegnar á margan hátt, bæði af hinu opinbera og í viðhorfi manna á meðal. Mynd þeirrar konu sem ekki er metin að verðleikum á einn eða neinn hátt.

Hér hefur verið lýst ástandi sem er og kemur til með að vara ef ekkert verður að gert. Því er það von mín að sú úttekt á högum og félagslegum rétti heimavinnandi, sem væntanlega verður gerð í kjölfar samþykktar þessarar till., kunni að leiða í ljós hvaða leiðir er unnt að fara til að laga þetta ástand.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Mér þótti miklu miður að heyra ekki alla ræðu hv. þm. því að svo sannarlega var það sem ég heyrði af henni í senn skemmtilega hressilegt og þar kveður við nokkuð annan tón en oft heyrist hér í þessum sal um leið og hún varpaði fram mörgum áhugaverðum spurningum og hafði að geyma margar alvarlegar ábendingar settar fram á þann hátt að ekki er unnt annað en taka eftir því. Ég skal ekki hafa um það mörg orð enda kannske ekki viðurkvæmilegt. En þegar

hv. þm. er að kveðja okkur núna og hv. aðalþingmaður kemur í staðinn verður maður að segja sína skoðun á því að mikil og góð eru skiptin á þessum ágæta varamanni og aðalmanninum þó að ég dragi ekkert úr því að þar er maður vaskur á ferð og ágætur í málflutningi öllum, en ekki síður því hversu samviskusamlega þessi hv. þm. hefur fylgst með því sem aðrir hafa að segja hér í þingsalnum. Það er meira en hægt er að segja um suma. En um það er nú rétt að hafa ekki fleiri orð hér. En ég þakka fyrir þetta innlegg og eins önnur innlegg þessa hv. þm. hér í umræður og málatilbúnað sem hefur verið með ágætum.

Vissulega er vandi að taka á því máli sem hv. þm. flutti hér, taka á þeim fjölmörgu réttindaþáttum sem snerta þá sem heima vinna að mestu eða öllu leyti. Það er rétt að ekki er deilt um þjóðhagslegt gildi þeirra starfa sem unnin eru á heimilinu, ekki heldur uppeldislegt gildi þeirra og hið siðræna gildi ekki hvað síst sem felst í því uppeldislega hlutverki sem þar er innt af hendi. Ég geri sem sagt ekki lítið úr því og hef margoft bent á það á undanförnum árum síðan ég kom hér inn á þing og þarf því ekki að vera að endurtaka það hversu fá og fátækleg þau réttindi eru sem fylgja þessum störfum. Er síst oftalið í þeirri upptalningu sem er reyndar upp á níu liði í grg. þessarar till.

Þar er um mismunandi vægi að ræða í áherslum og einnig í því hversu auðvelt er úr að bæta. Ég segi það vegna þess að hv. þm. nefndi 6. liðinn alveg sérstaklega, rétt til sjúkradagpeninga. Það er kannske einfaldast af þessu öllu og það vegur ekki þungt fyrir kerfið. Ég hef flutt um þetta frv. í Ed. Alþingis og það mun reyna á það hvort það nær fram að ganga. Ég hef hreyft á undanförnum árum fleiri málum um slík réttindi öðrum en sjúkradagpeningamálunum. En ég veit að kerfið er mjög þungt í þessu efni.

Ég er búinn að sjá þá grg. sem komin er frá kerfinu um þetta litla frv. um sjúkradagpeninga. Það er vitanlega sagt að ef eigi að fara að hreyfa við sjúkradagpeningum heimavinnandi húsmæðra þurfi að skoða sjúkradagpeningakerfið allt frá grunni. Síðan fylgir heilt lögfræðilegt álit upp á nokkrar síður til heilbr.- og trn. Ed. sem á að sanna að nú sé best að láta þetta bíða eftir hinni margfrægu heildarendurskoðun tryggingalaganna sem við erum búin að bíða eftir líklega síðustu tíu árin.

Þannig væri í raun og veru hvert tryggingamál afgreitt og hefði lítið þokast í þeim málum ef menn hefðu ekki tekið fram fyrir hendurnar á þeim sem þar um fjalla og eiga vitanlega, hvort sem það eru ráðherrar eða þingmenn, að taka hér fram fyrir hendurnar á þeim sem eru að vinna að þessari margfrægu endurskoðun sem ég dreg ekkert úr að þörf sé á að gera ef hún bara tekur ekki þann eilífðartíma sem við höfum horft upp á. En hún tekur auðvitað til fjölmargra þátta.

Vissulega er einnig hreyfing víða og vaxandi varðandi mat á starfsreynslu í öðrum störfum, t. d. hjá bæjarfélögum og ber vissulega að fagna því. Hið opinbera ætti þar einnig að láta til sín taka svo sem það hefur nú gert á vissan máta. Þar er einnig viðhorfsbreyting sem ber að fagna. Hv. þm. minntist á till. varðandi það mál og önnur skyld hér á þinginu sem eftir er að láta reyna á hvort nái fram að ganga.

Fæðingarorlofið hefur borið á góma áður á þessu þingi. Skal ég þess vegna ekki orðlengja neitt um það. Ég hef sagt það áður að það mál er mál áfangasigra. Við höfum eflaust farið of rólega og hægt í það mál. Mismunun er þar enn þá of mikil. En engu að síður hefur þar orðið á breyting til batnaðar á síðustu árum, mikilvægt skref verið tekið í réttlætisátt, þó enn lengra þurfi að ganga og menn þurfi að gera enn þá betur.

Ég vil ekki lengja þessar umræður nú, aðeins lýsa yfir stuðningi við meginhugsun þeirrar till. sem hér er til umfjöllunar og geri það ekki aðeins sjálfur heldur einnig fyrir hönd míns þingflokks.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns um málflutning 1. flm. þessarar till. Það má alveg koma hér fram að ég legg mig heldur fram um að hlusta á ræður varaþingmanna hérna. Reynslan er sú að þær eru yfirleitt mjög vandaðar og vel fluttar. Með því er ég ekki að segja að aðalþingmenn flytji óvandaðar ræður. Þær eru oft og tíðum vandaðar og ágætar. En því miður er oft hálfgerð tímaeyðsla að hlusta á þær.

Ég vil einnig taka undir meginefni þessarar till. og lýsa fylgi Kvennalistans við hana og þykir sjálfsagt engum mikið. Ég get nú ekki meint annað en hún fái góðan og skjótan framgang hérna. Hv. alþm. er varla stætt á öðru eftir margvíslegar hástemmdar yfirlýsingar um hornstein þjóðfélagsins og mikilvægi húsmóðurstarfsins. Að vísu liggja flest þessi atriði nokkuð ljóst fyrir, þ. e. í hverju réttindaleysi heimavinnandi er fólgið, eins og kemur raunar fram hér í tiltölulega hófsamlegri grg. með till. Ætti því sá hluti starfsins ekki að þurfa að kosta nm. mikla vinnu og tímaeyðslu. En sannarlega er gagnlegt að hafa öll þau atriði sem hér um ræðir og upplýsingar á einum stað. Slík úttekt og heildarskýrsla um ástandið í þessum málum yrði áreiðanlega til þess að ýta við mönnum og vekja til umhugsunar.

Ég get sannarlega lofað stuðningi Kvennalistans við að láta þá skýrslu hvorki gleymast né týnast eins og skýrsluna sem nefnd var hér í dag og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson minnti á. Og ég vona að þessi skýrsla eða úttekt geti orðið tilefni einhverra athafna. Það er nú þetta með athafnirnar. Það gæti orðið nefndinni eitthvað tafsamara að vinna að tillögum til úrbóta og hefur hún þó úr ýmsu að moða.

Ég get ekki stillt mig um að minna í þeim efnum á tillögur Kvennalistans til úrbóta í þeim vandamálum sem vikið er að í liðum 7 og 8 í grg. Hvað 7. liðinn snertir liggur till. frá okkur til þál. nú fyrir nefnd þess efnis að heimilisstörf verði metin til starfsreynslu á vinnumarkaði. Og hvað 8. liðinn varðar þá höfum við flutt frv. um lengingu fæðingarorlofsins og um það einmitt að heimavinnandi sitji við sama borð og útivinnandi í þessum efnum. Og allt annað, sem hér er minnst á, er okkur kappsmál að breyta til betri vegar.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem kemur fram í niðurlagsorðum grg. þar sem rætt er um menntunarmál og atvinnumöguleika kvenna og þá staðreynd hversu takmarkaða möguleika þær hafa þegar þær leita út á vinnumarkaðinn eftir lengri eða skemmri tíma við heimilisstörf eingöngu. Það hefur lengi hlutskipti velflestra kvenna að vera ætlað að vinna ólaunuð störf og njóta þess svo í engu þegar þær leita út á vinnumarkaðinn að hafa verið treyst til að reka heimili í lengri eða skemmri tíma með allri þeirri ábyrgð sem því fylgir. Sú hryggilega og í hæsta máta ósanngjarna staðreynd blasir

við að þau störf sem kölluð eru dæmigerð kvennastörf eru lítilsvirt og lítilsmetin til launa. Og er nú kannske litlu við að bæta þann ágæta málflutning sem hér var áðan af hálfu 1. flm.

Flest störf sem eru beinar hliðstæður húsmóðurstarfanna eru hraksmánarlega launuð, nema kannske nokkur þar sem karlmenn hafa orðið í meiri hluta. Sjálfsagt má með nokkrum rétti halda því fram að konur geti að talsverðu leyti kennt sjálfum sér um, þær hafi ekki sótt sín mál fast, enda lúta umhverfisáhrif og uppeldi að því helst að innræta konum þá eiginleika sem síst duga til baráttu fyrir bættum kjörum, þ. e. hógværð, lítilþægni, tillitssemi og fórnfýsi, að ekki sé nú minnst á tilskipunina góðu um að konur skuli þegja í samkunduhúsum.

Herra forseti. Ég endurtek yfirlýsingu um stuðning Kvennalistans við þessa till. Það er í rauninni aðeins eitt sem ég held að sé óframkvæmanlegt, sem hér er lagt til, og það er að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfanna. Þjóðhagslegt gildi heimilisstarfanna er að minni hyggju ómetanlegt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem síðustu tveir ræðumenn hafa sagt, að sú framsöguræða sem hv. þm. Maríanna Friðjónsdóttir flutti hér áðan var með öðru sniði en heyrist venjulega úr þessum ræðustól þar sem Alþfl.-menn tala og ber að gleðjast yfir þeirri breytingu á tóntegund. Ég vona að það heyrist oftar úr þeirra röðum en hingað til.

Mörg af þeim atriðum sem hv. þm. hefur sett hér í grg. eru þess eðlis að ekki er hægt annað en að taka undir það þó að annað þurfi e. t. v. betri athugunar við og sé ekki eins einfalt í sniðum eins hv. þm. vildi vera láta.

Ég hygg að á undanförnum 18 árum, sem ég er búinn að sitja hér, hafi menn úr öllum stjórnmálaflokkum komið inn á þessi atriði þó að ekki hafi verið samstaða um það í þinginu að taka á þessu máli. Ég held ég muni það rétt að flutt hafi verið till. um breytingar og lagfæringar á þessum málum. Ég gæti rakið það en vil ekki gera það nú við þessa umræðu vegna þess að það þjónar ekki svo miklum tilgangi. Það er ekki svo mannmargt hér í sölum Alþingis að það hafi neina þýðingu.

Hér kemur fram einhvers staðar í þessu að við heimavinnandi fólk sem kemur út á vinnumarkaðinn sé vangert í launum. En við vitum hvaða öld við erum að færast inn í, öld aukinnar tækni, öld þess að menn þurfa að endurmennta sig með nokkurra ára millibili ef þeir eiga að vera gjaldgengir á vinnumarkaði. Þarna er komið að mjög miklum vanda. Nú er orðið algengt, ef háskólamaður á háum launum fer á námskeið til að endurmennta sig eða auka við menntun sína, að vinnuveitandinn borgi fyrir hann námskeiðsgjaldið og hann er á fullum launum. Ef láglaunafólkið aftur á móti fer í slíka endurmenntun mun það ekki vera nema í fáum tilvikum sem það heldur kaupi og í mjög fáum tilvikum er borgaður fyrir það sá kostnaður sem af slíkri menntun leiðir. Þessi mál þarf því öll að skoða frá grunni.

Í sambandi við lífeyrisréttindi lít ég svo á, a. m. k. varðandi mitt heimili, að það séu jafnt hagsmunir minnar konu og mínir hvaða réttindi hún hefur. Hvernig sem sagt hið opinbera býr að heimilinu, hvort sem það er að mér eða henni, það skiptir ekki máli. Og það hefur verið tekið upp t. d. hjá okkur bændum að lífeyrisréttindunum er skipt á milli okkar og okkar eiginkvenna þannig að þær hafa þar jafnan rétt á við sína bændur. Þær hafa líka félagsleg réttindi í búnaðarfélögunum alveg til jafns við bændur. Þær geta gengið inn í slík félagsmál og hafa full réttindi ef þær vilja svo við hafa.

Ég ætla ekki hér og nú að rekja hvað t. d. við framsóknarmenn höfum lagt til í þessu efni á því árabili sem ég hef verið hér, en ég get gert það hvenær sem er. Það má kannske segja að það sé táknrænt fyrir gang mála hvernig jafnmikið réttindamál og fæðingarorlofið hefur verið meðhöndlað. Á undanförnum 10 árum sem fæðingarorlof hefur verið greitt svona almennt séð til þeirra sem eru á vinnumarkaðinum hefur engin leið verið önnur en að taka þetta í litlum skrefum. Það var barist í upphafi fyrir því að þetta gilti um allar konur eins. Það hafðist ekki fram. Það voru gefnar yfirlýsingar um að það skyldi athugað hvernig ætti að koma þessu fyrir. Ég hef ekki trú á því að aðstæður hafi breyst á þann veg að slíkt þýði að reyna öðruvísi en í smáum skrefum. Það er þess vegna sem t. d. tveir framsóknarmenn komu með frv. um að taka slíkt skref í sambandi við þessi mál. Ekki veit ég enn hvort það næst á þessu þingi. Ég segi þetta ekki til þess að vera að rifja upp hver okkar hlutur er í þessari baráttu heldur tek ég þetta sem dæmi um hver þróunin hefur verið og hver aðstaðan er til að koma málum, sem eru mikil réttlætismál, fram.

Ég mun styðja heils hugar að þessi till. verði samþykkt. Einnig er ég sammála síðasta ræðumanni um að það verði afskaplega erfitt að meta hvers virði heimilisstörfin eru. Í sjálfu sér lít ég svo á að heimilisstörfin séu mál þeirra sem í hlut eiga. T. d. ef ég tek litlu eininguna mína, við áttum saman sex börn og það er auðvitað okkar mál hvernig við högum okkar heimilishaldi, hvort það er konan eða hvort það er ég sem vinn þau verk. Við erum að mínu mati eitt í þessu efni. Hitt er svo allt annað mál þegar t. d. annað fellur frá eða heimilið tvístrast. Það er vandamálið miklu frekar.

Ég er því miður sannfærður um að þetta verður að ganga þannig fyrir sig að taka skrefin smá. Sum atriði sem hér er fjallað um og ég ætla ekki að fara að telja upp eru þess eðlis að það er auðvitað hróplegt óréttlæti, eins og t. d. með sjúkradagpeningana og fleira sem maður veltir fyrir sér þegar maður lítur á þetta. Ég verð nú oft var við misrétti í sambandi við það fólk sem kemur til mín til þess að ræða sín vandamál. Og maður skilur eiginlega ekkert í því hvernig svona getur skeð og verið við lýði ár eftir ár. En þið sem eruð stutt búin að vera hér, vitið þið hvenær tekjutryggingin var tekin upp fyrst? Það er ekki langt síðan, það eru 14 ár. Og það var ekki fyrr en viðreisn leið undir lok að það gerðist.

Ég sé ekki ástæðu til að standa hér lengur í ræðustól. Ég fagna því að reynt sé að berjast fyrir þessum réttindamálum en menn verða að vera raunsæir og þolinmóðir í slíkri baráttu og menn verða að átta sig á því að jafnréttið þarf að skoða frá ýmsum hliðum. Það er ekki svo einfalt að það sé alltaf á einn veginn. En því miður er það of oft.

Flm. (Maríanna Friðjónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. góð orð í minn garð og ágætar undirtektir undir þessa till. Síðasti ræðumaður kom inn á nokkur

atriði sem honum fannst svona allt í lagi að skoða. Hvað varðar þolinmæðina þá vil ég segja eitt: Íslenskar konur eru búnar að vera þolinmóðar í 1100 ár og rétt rúmlega það. (**SV:** Og engar konur munu hafa eins mikil réttindi og íslenskar konur.) Það er nú ekki alveg á öllum sviðum. Og mér þykir það leitt með litlu skrefin, þau verður að taka, en það hefur greinilega tekið óratíma. Hv. þm. minnist á að það hafi margar till. hnigið í þessa átt þau 18 ár sem hann hefur setið hér á þingi. Auðvitað höfum við færst nokkur hænufet fram á þessum tíma. En það er bara komið að því að við hljótum að fara að taka þetta í örlítið stærri skrefum. Og vonandi erum við ekki enn orðin svo langþreytt að við bara setjumst niður og segjum: Þetta er bara ekki hægt, þetta tekur allt of langan tíma. Vonandi ekki.

Síðan minntist hv. þm. á menntunarmálin. Hann minntist á öld aukinnar tækni og að margar þessara kvenna hefðu litla menntun og talaði um að láglaunafólkið þyrfti líka að mennta. Það er nú svo að hér er oft og tíðum einmitt um sama hópinn að ræða. Konur eru láglaunafólk þessa lands meira og minna vegna þess að þær hafa litla menntun, vegna þess að þær eru að hluta til á ákveðnum tíma ævi sinnar það sem kallað er á skrifstofumáli „stopull vinnukraftur“ vegna þess að þær eru að sinna ungum börnum, þurfa að sinna þeim í veikindum, vera heima hjá þeim fyrstu vikurnar, mánuðinn eftir fæðingu og eru ekki tilbúnar til þess oft og tíðum að vinna 12—14 tíma á dag utan heimilis af þeim orsökum. Þess vegna eru þær líka láglaunafólk.

Mér þykir vænt um að heyra það að bændakonurnar skuli hafa þessi réttindi sem aðrar konur hafa ekki og vona að þar sé hægt að leita fyrirmyndarinnar í þeim úrbótum sem vonandi verða gerðar á þessu ástandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 54. fundur.

Mánudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 388, n. 662 og 668, 472, 515, 663). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur að undanförnu fjallað um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og henni borist margháttuð erindi frá mörgum aðilum eins og títt er. Ég vil strax í upphafi leyfa mér að þakka hv. nm. fyrir góð störf og gott samstarf í nefndinni þegar fjallað var um þetta að sumu leyti og ýmsu leyti erfiða mál eins og menn þekkja.

En í meðförum nefndarinnar hefur frv. tekið nokkrum breytingum sem má rekja annars vegar til ákvarðana ríkisstj. og hins vegar til ýmissa óska sem nefndinni hefur þótt rétt að taka tillit til, ýmist n. í heild eða þá alla vega meiri hl.

Lánsfjáráætlun 1985 gerði ráð fyrir að heildarfjáröflun næmi 9 milljörðum 868 millj. kr. Þar af var ráðgert að 2 milljarðar 568 millj. kr. væru innlend lántaka, en 7 milljarðar og 300 millj. erlendar lántökur. Skömmu eftir að lánsfjáráætlun var lögð fram voru fjárlög afgreidd frá Alþingi og fól sú afgreiðsla í sér að erlend lánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs hækkaði um alls 302 millj. kr. Lánsfjárþörf A-hlutans hækkaði þar af um 295 millj. kr. og stafaði hún einkum af auknum hallarekstri, en þá hækkaði lánsfjárþörf B-hluta um 7 millj. kr. Eftir afgreiðslu fjárlaga var því útlit fyrir um 10 milljarða 170 millj. kr. heildarlántökur, þar af 2 milljarða 568 millj. kr. innlendar og 7 milljarða 602 millj. erlendar lántökur.

Eftir umræður í marsmánuði í ríkisstj. var ákveðið að beita sér fyrir lækkun á erlendum lántökum, m. a. með samdrætti í framkvæmdum. Niðurstöður þeirra viðræðna voru að draga úr erlendum lántökum um alls 1 milljarð 408 millj. kr. Lækkunin skiptist þannig, að 1 milljarður 72 millj. kr. komi í hlut opinberra aðila og 336 millj. kr. í hlut atvinnufyrirtækja.

Lántökuheimild A-hluta lækkar um 750 millj. kr. Talið er fært að draga úr lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs með auknu hagræði og sparnaði á öllum útgjaldasviðum ásamt bættri framkvæmd og eftirliti með skattskilum. Auk þess er lántaka Rafmagnsveitna ríkisins lækkuð um 6 millj. kr. sem felur í sér að fyrirtækið tekur ekki erlend lán umfram endurgreiðslur af erlendum lánum. Þá eru lántökuáform Landsvirkjunar lækkuð um 316 millj. kr. Sú lækkun felur það í sér að 5. áfanga Kvíslaveitu er frestað auk nokkurs niðurskurðar í framkvæmdum við Blöndu án þess að útilokað verði þó að fyrsta vél virkjunarinnar gætið komið í gagnið 1988 eins og núverandi verkáætlun miðar við. Að lokum er ákveðið að lækka erlendar lántökur atvinnufyrirtækja um 336 millj. kr. og takmarka þær þannig við 1.5 milljarð kr. á árinu 1985. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur og viðmiðanir um erlendar lántökur verði settar sem m. a. fela í sér þrengri heimildir banka og lánastofnana til að ábyrgjast lántökur, en það er hins vegar ekki tekið mið af aukningu lána sem einkaaðilar kunna að taka og verða heimiluð án sérstaks leyfis, enda verði þá hvorki um að ræða ríkisábyrgðir né bankaábyrgðir.

Nefndinni hafa borist óskir frá ýmsum aðilum um lántökuheimildir á árinu 1985. Auk þess er í nokkrum tilvikum nauðsynlegt að auka við lántökuheimildir í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra upplýsinga. Viðbótarlántökur, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til að verði heimilaðar erlendis, nema alls 716 millj. kr. Þar af eru 175 millj. kr. vegna þess að gert er ráð fyrir að innlend lánsfjáröflun verði erfiðari en áður var áætlað. Hér á eftir mun ég gera stutta grein fyrir þessum breytingum.

Í fyrsta lagi er viðbótarheimild Byggingarsjóðs ríkisins til 403 millj. kr. erlendrar lántöku á þessu ári. Sú hækkun skýrist annars vegar af því að útlit er fyrir að innlend lánsfjáröflun reynist um 215 millj. kr. minni en áætlað var, þar af eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna 175 millj. kr. minni en útlit var fyrir eða áætlað var og um 40 millj. kr. útstreymi er gert ráð fyrir að verði af skyldusparnaði ungmenna. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi skil á viðskiptaskuldum sínum hjá Seðlabanka og ríkissjóði, alls 188 millj., þ. e. 150 millj. hjá Seðlabanka og 38 við ríkissjóð, sem eru frá fyrra ári og ekki var gert ráð fyrir að greiða í fyrri áætlun. Með þessu móti má ætla að fjáröflun til sjóðsins verði tryggð á árinu 1985. Varðandi lánveitingar sjóðsins er rétt að taka fram að till. meiri hl. gerir ráð fyrir að lánveitingar sjóðsins verði óbreyttar að krónutölu frá lánsfjáráætlun. Hins vegar felur till. í sér nokkra breytingu á samsetningu lánveitinga sjóðsins þar sem ákveðið hefur verið að ráðstafa allt að 200 millj. kr. af þessu fé til lánveitinga fyrir húsbyggjendur í greiðsluerfiðleikum, eins og hv. alþm. er kunnugt um, og hefur raunar verið að því unnið að undanförnu. Þessi ráðstöfun kemur óhjákvæmilega fram í minni lánveitingum sjóðsins til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum. Af þessu er ljóst að tryggja þarf breyttar úthlutunarreglur úr sjóðnum eigi þessi áætlun að standast, en um það er einnig margrætt, bæði hér á hinu háa Alþingi og eins í blöðum, og skal ég ekki fara lengra út í þá sálma.

Bætt er við lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, 62 millj. kr. Þar af eru 50 millj. kr. til Sjóefnavinnslunnar og 12 millj. kr. til grænfóðurverksmiðju í Skagafirði. Af lántökum Sjóefnavinnslunnar fara 36 millj. kr. til að standa undir fjármagnskostnaði og um 8 millj. kr. er áætlaður kostnaður vegna varðveislu og gæslu mannvirkja ef rekstri yrði hætt í þessari verksmiðju. Samkomulag hefur orðið um að þessi upphæð, sem þá ætti að vera 44 millj., væri í heimildarlögunum 50 millj. á meðan málefni verksmiðjunnar eru nánar skoðuð. Til grænfóðurverksmiðju í Skagafirði eru sem sagt 12 millj. kr. Það er eingöngu lántaka til endurfjármögnunar lána, sem þegar hafa verið tekin, og framkvæmda.

Lántaka steinullarverksmiðjunnar er hækkuð um 15 millj. kr. eða úr 60 millj. kr. í 75 millj. kr. Í ljósi nýrra upplýsinga um framkvæmdir verksmiðjunnar er þessi hækkun nauðsynleg. Ekki þarf að leita heimildar til þessarar hækkunar í lánsfjárlögum þar sem hún er þegar til staðar í lögum um verksmiðjuna sjálfa, lögum nr. 61/1981.

Lántökur hitaveitna hækka samtals um 166 millj. frá upphæð áætlunarinnar. Lántökuheimild Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækkar um 20 millj. kr. Það er eingöngu vegna fjármagnskostnaðar. Auk þess er

Hitaveitu Akureyrar heimiluð 140 millj. kr. lántaka til skuldbreytinga og framkvæmda, en greiðslubyrði veitunnar af áhvílandi lánum er mjög þung eins og kunnugt er. Þá er Hitaveitu Siglufjarðar heimiluð 6 millj. kr. lántaka vegna erfiðrar greiðslustöðu.

Þar sem löggjöf um svonefnt þróunarfélag liggur ekki fyrir er talið rétt að fella niður 4. gr. frv. Þess í stað er ráðgert að fela Framkvæmdasjóði að annast nauðsynlegar lántökur í sambandi við þróunarfélagið. Lántökuheimild Framkvæmdasjóðs skv. 7. gr. er því hækkuð um 500 millj. kr. eða úr 942 millj. kr. í 1442.

Bætt er við nýrri grein, sem verður 9. gr., sem heimilar Útflutningslánasjóði 70 millj. kr. erlenda lántöku á árinu 1985, en sjóðurinn fór fram á lántökuheimild fyrir 120 millj. kr. Gert er ráð fyrir að af 500 millj. framlaginu til Þróunarsjóðs muni Útflutningslánasjóður fá 50, þannig að hann fái í heild þær 120 millj. sem hann fór fram á. Þessi lántökuheimild er ætluð til að gera sjóðnum kleift að standa undir fjárskuldbindingum sínum og ýmiss konar mikilvægum verkefnum. Þessi lántaka er án ríkisábyrgðar umfram það sem leiðir af lögum um Landsbanka Íslands, en sjóðurinn er þar til húsa eins og menn vita.

Í III. kafla frv. kemur ný grein sem verður 26. gr. Nauðsynlegt er að afla viðbótarheimildar til erlendrar lántöku vegna lánsfjárlaga 1984. Við framkvæmd lánsfjáröflunar 1984 reyndist óhjákvæmilegt að afla 367 millj. kr. með erlendum lántökum þar sem innlend lánsfjáröflun reyndist mun minni en áætlað hafði verið. Hér er um að ræða 287 millj. kr. erlenda lántöku Byggingarsjóðs ríkisins og 80 millj. kr. erlenda lántöku Endurlána ríkissjóðs til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

Að teknu tilliti til allra þátta fela brtt. í sér heildarlántökur að fjárhæð 9 milljarðar 303 millj. kr., þar af 2 milljarðar 393 millj. kr. innanlands og 6 milljarðar 910 millj. erlendis. Þessar tillögur eru taldar raunhæfara mat á innlenda lánsfjármarkaðinum en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Þetta kemur m. a. fram í því að skuldabréfakaup lífeyrissjóða af opinberum fjárfestingarlánasjóðum eru nú áætluð um 34% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í stað um 39%. Löngum hefur verið reynt að afla fjár sem svaraði til 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, en það mun sjaldnast eða aldrei hafa tekist. Reynsla síðustu ára sýnir að ekki er varlegt að áætla mikið umfram 34% til þessara kaupa.

Þrátt fyrir lækkun á innlendum lántökum hafa erlendar lántökur þjóðarbúsins verið lækkaðar um tæpar 700 millj. kr. í meðförum nefndarinnar, hvort svo sem sú áætlun stenst nú í raun, en það hljótum við þó að vona.

Ég endurtek sem sagt þakkir til meðnm. fyrir mikil og góð störf og legg til að málinu verði að lokinni 2. umr. vísað til 3. umr. og ef forseti og dm. væru því samþykkir væri auðvitað ánægjulegt að geta haft hana í dag líka.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. þriggja nm., fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn., Eiðs Guðnasonar, fulltrúa Samtaka um kvennalista, Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur og fulltrúa Alþb. sem hér stendur.

Lánsfjáráætlun er spá um lántökur, innlendar og erlendar, í þágu ríkisgeirans, sveitarfélaga og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og um erlendar lántökur einkaaðila. Lánsfjárlög eru hins vegar samþykkt í því skyni að afla heimilda til lántöku ríkissjóðs í samræmi við stefnu ríkisstj. á hverjum tíma.

Það er skemmst frá að segja að allt útlit er fyrir að lánsfjáráætlun og lánsfjárlög verði nokkuð fjarri raunverulegri þróun mála eins og hún virðist verða á þessu ári, að ekki sé talað um þau markmið sem ríkisstj. setti sér í upphafi síns starfsferils.

Þegar þessi ríkisstj. kom til valda var það yfirlýst markmið hennr að langtímaskuldir þjóðarinnar færu ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Um þetta urðu miklar umræður haustið 1983 og hæstv. fjmrh. lýsti því þá yfir að það væri ætlun ríkisstj. að standa fast við það að erlendar langtímaskuldir þjóðarinnar færu ekki fram úr þessu marki og stjórnin mundi fara frá ef ekki yrði við þetta staðið. Ég hygg að menn muni minnast þessara yfirlýsinga sem einmitt voru m. a. gefnar í þessari hv. deild.

Það liggur hins vegar fyrir að þegar í árslok 1983 nam þessi hlutfallstala 60.6% og í árslok 1984 var þessi hlutfallstala komin upp í tæp 62%. Skv. þeim upplýsingum sem við höfum aflað okkur hjá Seðlabankanum áætlar hann þetta hlutfall 64% í árslok 1985 miðað við þau áform um erlendar lántökur sem felast í lánsfjárlagafrv. og brtt. meiri hl. og miðað við þann vöxt þjóðarframleiðslu 0.7%, sem nú er gert ráð fyrir. En þrátt fyrir það að tölurnar í lánsfjárlögum séu bersýnilega mjög óraunhæfar og verði greinilega töluvert miklu hærri en þar er gert ráð fyrir liggur ljóst fyrir að jafnvel þótt reiknað sé með allra lægstu tölum, þ. e. tölunum sem hæstv. ríkisstj. vill miða við, þá spáir Seðlabankinn því að hlutfall langtímaskulda af þjóðarframleiðslu fari upp í 63.9% í árslok 1985 skv. nýlegum upplýsingum Bjarna Braga Jónssonar hjá Seðlabanka.

En það eru ekki aðeins þessi áform hæstv. ríkisstj. sem hafa farið á nokkuð annan veg en til stóð. Nú um áramótin var birt sú yfirlýsing ríkisstj. að dregið yrði úr erlendum lántökum sem svaraði um 1000 millj. kr. Þessi yfirlýsing var gefin einhvern tíma seinast í janúarmánuði og skömmu áður en það frv. sem hér er til umr. kom til 1. umr. í deildinni. Síðan er ekki liðinn langur tími. Maður skyldi halda að yfirlýsing, sem gefin var fyrir aðeins rúmum tveimur mánuðum, væri ekki þegar orðin að engu. En það er skemmst af að segja að það blasir nú við, þegar tillögur meiri hl. liggja fyrir, að hér hefur eingöngu verið um áróðurshjal að ræða og frómar óskir. Það vottar ekki fyrir neinni raunhæfri viðleitni af hálfu ríkisstj. til að draga úr erlendum lántökum sem þessu nemur ef frá er skilin lækkun á lántökuheimild Landsvirkjunar sem nú er áætluð 884 millj. kr. í staðinn fyrir 1200 millj. kr. Ég hygg að sá niðurskurður muni bersýnilega og óhjákvæmilega hafa í för með sér minnkun framkvæmda sem þessari upphæð nemur og er það rétt stefna, eins og ég mun víkja að síðar.

En mér virðist og okkur, sem minni hl. nefndarinnar skipum, blasa við að annar niðurskurður, sem hér er gerður, sé ekkert annað en sýndarmennska eins og t. d. að lækka áætlaða lántöku ríkissjóðs um 750 millj. kr. rétt eftir að fjárlög hafa verið afgreidd og þótt ekki sé kunnugt um það að forsendur fjárlaga hafi í einu eða neinu breyst eða þar séu einhver útgjöld sem verði minni en áður var ákveðið eða eitthvað hafi verið

skorið niður af því sem ákveðið var í fjárlögum. Þetta er sem sagt ósköp einfaldlega hin ágæta pennastriksaðferð, að strika út tölu án þess að það gegni neinu öðru hlutverki, að því er séð verður, en að breyta tölunum.

Það er deginum ljósara að verði útgjöld ríkissjóðs með þeim hætti sem fjárlög gera ráð fyrir — og við höfum ekki fengið í hendur neinar upplýsingar um að það verði á annan veg — þá mun ríkissjóður taka þessar 750 millj. kr. að láni með einum eða öðrum hætti hvað sem líður samþykkt lánsfjárlaganna. Það verður þá annaðhvort gert með formlegri lántöku og öflun lánsheimildar í lánsfjárlögum næsta árs, eins og stundum hefur tíðkast, ellegar með því að auka skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka. Nema skýringin liggi í því að ríkisstj. eigi von á svo miklu meiri tekjum í ríkissjóð en gert var ráð fyrir þegar tekjuáætlun ríkissjóðs var endurskoðuð síðla í desember. En ekki höfum við í stjórnarandstöðunni fengið neinar upplýsingar um að von sé á stórauknum tekjum miðað við það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Nákvæmlega sömu sögu er að segja um það áform sem felst í þessari áætlun að lækka lántökur einkaaðila úr 1836 millj. í 1500 millj. Þeir sem sömdu þessa áætlun töldu, þegar áætlunin var samþykkt, að talan 1836 væri líklegust lántökuupphæð einkaaðila á árinu 1985. Það hefur ekkert verið upplýst um það að neitt það hafi breyst í sambandi við lántökur einkaaðila, sem aðallega ganga í gegnum svokallaða langlánanefnd, sem réttlæti það að þessi spátala sé lækkuð úr 1836 millj. í 1500 millj. Þetta er bara einföld pennastriksaðferð til að breyta tölum á blaði.

Ef ætlunin er að fylgja þessum niðurskurði eftir með allt öðrum og gjörbreyttum útlánareglum langlánanefndar væri vissulega gott að fá upplýsingar um það. En við, sem skipum minni hl. n., höfum ekki fengið neinar slíkar upplýsingar í hendur og teljum, miðað við þær forsendur sem fyrir liggja, að hér sé um hreinan sýndarniðurskurð að ræða sem ekki sé ætlunin að fylgja eftir á einn eða annan hátt.

Miðað við þær forsendur sem stjórnarmeirihlutinn gefur sér er nú áætlað að erlendar lántökur nemi 6915 millj. kr. Það þýðir að áætlunin hefur verið lækkuð um 385 millj. miðað við þá lánsfjáráætlun sem fram var lögð fyrir áramót en ekki um 1000 millj. eins og lýst var yfir í upphafi ársins. Þar að auki bætist við að skorið hefur verið niður um 750 millj. plús 336 millj. með pennastriksaðferð sem enga merkingu hefur. Ef tekið væri tillit til þess og þær tölur látnar standa áfram, þ. e. 750 millj. og 336 millj. vegna einkaaðila, þá má öllum vera ljóst að lánsfjáráætlunin hefur hækkað um milli 700 og 800 millj. kr. en ekki lækkað um 1000 millj. eins og boðað var í ársbyrjun. Það hefur sem sagt verið gert þveröfugt við það sem ákveðið var í ársbyrjun, lánsfjáráætlun hefur verið hækkuð verulega í stað þess að draga úr erlendum lántökum.

Við sem skipum minni hl. n. teljum það brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar að verulega sé dregið úr erlendum lántökum og þær takmarkaðar við óhjákvæmilegar og verulega arðbærar framkvæmdir. Helmingurinn af erlendum langtímaskuldum Íslendinga er bundinn í orkumannvirkjum. Miðað við síðustu upplýsingar, sem veittar hafa verið um orkuspá, er ljóst að ekki er þörf á viðbótarorku í þágu íslenskra orkunotenda nærri eins fljótt og áður var reiknað með. Okkur sýnist því að mjög komi til greina að draga enn frekar úr framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar en ríkisstjórnarmeirihlutinn gerir hér ráð fyrir þótt vissulega megi segja að þar sé stefnt í rétta átt.

Margt fleira má nefna sem orkar tvímælis í þessum lántökuáformum ríkisstj. Svonefnt þróunarfélag var nefnt á nafn í lánsfjáráætlun þegar hún var lögð fram, nánar tiltekið á bls. 7, og var þessu félagi ætluð 500 millj. kr. lántaka. Eftir að brtt. meiri hl. hafa verið samþykktar er þetta fyrirbrigði ekki lengur að finna í lánsfjáráætlun sem sérgreint viðfangsefni, það hverfur út í tómarúmið og finnst ekki lengur. Ástæðan mun vera sú að stjórnarflokkunum hefur gengið illa að koma sér saman um þessa nýju stofnun, sem mun vera ætlað að taka við hlutverki Framkvæmdastofnunar, verður uppvakningur Framkvæmdastofnunar þegar hún hefur verið að velli lögð og hverfur úr lifanda lífi. En stjórnarflokkarnir hafa einfaldlega ekki getað almennilega gert það upp við sig hvort hér á að vera um að ræða sjóð eða félag. Draugagangurinn út af þessari stofnun hefur sem sagt verið í gangi í þingflokkum stjórnarinnar nú um langt skeið án þess að þeim tækist að koma sér saman um dauðadægur Framkvæmdastofnunar. Því liggja hér engar ákvarðanir fyrir og er tekin ákvörðun um það að flytja þessar 500 millj. yfir í lántöku Framkvæmdasjóðs.

Um ráðstöfun á þessu fé höfum við spurt í fjh.- og viðskn. Ed. Hv. formaður nefndarinnar, Eyjólfur Konráð Jónsson, sem vissulega vill greiða götu nm. við upplýsingaöflun, tjáði okkur að ákveðin ráðstöfun þessa fjár væri til umræðu hjá stjórnarflokkunum og ákveðnar tölur hefðu þar verið settar á blað og nefndi þær tölur í okkar eyru. En ákvarðanir munu ekki liggja fyrir og er því ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þennan þátt málsins.

Þá er ljóst að lánsfjárútvegun til Byggingarsjóðs ríkisins kann að vera langt undir því sem þörf verður á þegar til kemur og kann það að valda stórkostlegum vandræðum hjá húsbyggjendum á því ári sem nú er að líða.

Það er vissulega staðreynd, sem segir í nál. okkar, að undirstaða núverandi húsnæðislánakerfis er hrunin. Tekjustofnarnir hver af öðrum hafa verið að breytast í útgjaldaliði. Má þar nefna skyldusparnaðinn sem var raunverulega neikvæður um 80 millj. á seinasta ári. Sjóðurinn borgaði sem sagt 80 millj. kr. meira út til þeirra sem höfðu sparað en hann fékk frá þeim sem voru að spara. Þetta heitir að útstreymi sé meira en innstreymi og leiddi til þess að sjóðurinn var raunverulega að tapa á þessum viðskiptum.

Óljóst er hvernig fara mun á þessu ári en margt bendir til þess að þessi saga gæti endurtekið sig. Í tillögum meiri hl. mun vera gert ráð fyrir að jafnvægi geti hér orðið á, innstreymi verði eitthvað nálægt því sem útstreymi verður. En hitt er kannske allt eins líklegt að útstreymið verði meira og sjóðurinn verði því í peningalegum vandræðum vegna þess.

Þá er ljóst að lántökur hjá lífeyrissjóðunum verða undir hælinn lagðar á þessu ári. Þær verða kannske verulega miklu minni en meiri hl. gerir hér ráð fyrir. Ástæðan er sú að þrengingar á lánamarkaði hér á Íslandi eru nú meiri og ægilegri en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Vextir hafa rokið upp úr öllu valdi, raunvextir á einkamarkaði eru algengir frá 13 og upp í

18%, eins og má sjá í auglýsingum dagblaðanna, vegna þess að ríkisstj. gaf vextina að verulegu leyti frjálsa á s. l. hausti. Af því varð keðjuverkun, hækkunin á útlánavöxtum bankanna hafði stórkostleg áhrif á vaxtaprósentur á einkamarkaði og þarf ekki að rökstyðja það frekar því það er staðreynd. Ríkissjóður hefur reyndar einnig þurft að hlaupa með í þessari þróun og orðið að hækka mjög verulega vaxtafót á spariskírteinum sem hann hefur haft til sölu.

Það þarf ekki að rökræða það frekar eða gera grein fyrir því að þúsundir manna eru nú á vonarvöl vegna stefnu ríkisstj. í vaxta- og verðtryggingarmálum. Það að þessi mikli munur skyldi verða á kaupmætti annars vegar og lánskjaravísitölu hins vegar ásamt þeim miklu hávöxtum sem fylgt hafa í kjölfarið og eru ekki síður meginorsök þess ástands sem nú ríkir — orsakirnar má rekja til þessa tvenns sem ég hef nú nefnt — það er ekki síður hávaxtastefnan sem hér skiptir verulega miklu máli. Þessi stefna hefur leitt til algerra greiðsluþrota hjá þúsundum fjölskyldna sem ekki sjá út úr þeim vandræðum sem þær eru komnar í.

Ríkisstj. hefur gripið til þess ráðs að skera niður nýbyggingarlán um 200 millj. kr. til að koma lítillega til móts við þetta fólk. En það er skemmst af að segja að sú aðstoð, sem ætluð er til að bjarga fjölskyldum frá gjaldþroti, virðist vera lítið annað en gálgafrestur. Svo sannarlega þurfa þar að koma miklu róttækari ráðstafanir til ef ekki á að stefna í stórkostleg vandræði. Mín skoðun er sú að í þeim fjölda, sem nú virðist vera í greiðsluþroti vegna stefnunnar í lána- og vaxtamálum og nemur nokkrum þúsundum, sjái menn aðeins toppinn á ísjakanum og að þessi ísjaki eigi eftir að lyfta sér upp á komandi árum og þeir eigi ekki eftir að verða nokkur þúsund sem lenda í greiðsluþroti — ég vil segja hreinu gjaldþroti ef ekkert verður að gert — þeir verði tugir þúsunda. Svo gífurlegar eru afleiðingar af stefnu ríkisstj. í lána- og vaxtamálum á undanförnum tveimur árum.

Við í minni hl. nefndarinnar segjum orðrétt um þetta efni í lok okkar nál. að við lýsum fullri ábyrgð á hendur ríkisstj. um það hvernig komið er fyrir lánakerfinu í húsnæðismálum og þeirri staðreynd að þúsundir fjölskyldna eigi nú í meiri erfiðleikum en dæmi er um áður vegna rangrar stjórnarstefnu í þessum efnum. Að þessu sögðu þarf ekki að rökstyðja það frekar að þetta frv. er mjög ófullkomið og tæpast marktækt. Við teljum hins vegar óhjákvæmilegt að lánsfjárlög verði samþykkt í einni eða annarri mynd tafarlítið því það má ekki dragast öllu lengur að fjárfestingarsjóðirnir geti gengið frá útlánaáætlunum sínum og geti farið að veita viðskiptavinum sínum fyrirgreiðslu og það er beðið eftir afgreiðslu lánsfjárlaganna. En miðað við það hvernig lánsfjárlögin eru úr garði búin teljum við eðlilegast að sitja hjá við afgreiðslu málsins en munum gera grein fyrir sjónarmiðum okkar og afstöðu til einstakra greina hver fyrir sig í þessari umr.

Ég vil láta þess getið fyrir hönd Alþb. að við erum algjörlega mótfallin skerðingu á framlögum til ýmissa málefna í þessu frv. Við munum greiða atkvæði á móti skerðingu á framlögum til Kvikmyndasjóðs. Hann á að fá liðlega 30 millj. kr., eins og við þekkjum hvað best sem unnum að þessum málum á s. l. vori og samþykktum ný lög um Kvikmyndasjóð hér í deildinni, en hann fær ekki nema 8 millj. kr. í fjárlagafrv. Ef tillgr. verður samþykkt eins og hún kemur fyrir þá fær hann þessar 8 millj. kr. sem þar standa auk 10 millj. kr. aukafjárveitingar sem mér er tjáð að hæstv. fjmrh. hafi veitt sjóðnum. Það var vissulega góðra gjalda vert að fjmrh. skyldi sjá sig um hönd og veita þessa aukafjárveitingu. Þá er sjóðurinn samtals búinn að fá 18 millj. kr. á þessu ári. En það er ekki nægilegt að okkar dómi og auðvitað ekki í neinu samræmi við það sem við gerðum okkur vonir um þegar við samþykktum lögin um Kvikmyndasjóð fyrir tæpu ári síðan hér í deildinni.

Við munum líka greiða atkvæði gegn hinum gífurlegu skerðingum á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, á framlögum til Félagsheimilasjóðs, á framlögum til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum og á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessar skerðingar. Þær hafa mjög oft verið til umræðu hér á þinginu, sérstaklega skerðingin á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem er stórfelldust í fjármunum talið og kannske viðkvæmust af þeim öllum, hittir kannske þann hópinn sem síst af öllu má við því að skerðing af þessu tagi nái fram að ganga.

En ég vil bæta því við að endingu að ef skerðingin til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður samþykkt hér í þinginu þá verður það í fyrsta skipti sem ríkissjóður gengur á það lagið að taka af framlagi sem sveitarfélögin hafa áratugum saman haft í jöfnunarsjóð sinn af söluskattstekjum. En ég hygg hins vegar að ef gengið verður á þetta lagið verði þetta að vísu í fyrsta sinn en sennilega ekki í seinasta sinn. Ég vara við því að hér er gefið mjög hættulegt fordæmi. Auðvitað kom það til álita meðan ég var í starfi fjmrh. að skerða þetta eins og allt annað sem menn veltu fyrir sér að skerða. Menn verða vissulega að vera með hnífinn á lofti í þessu starfi og leita hvar unnt er að skera. En það var niðurstaða okkar að hérna væri komið inn á svið þar sem ekki væri nokkur leið að forsvara það að skerða fjárveitingu vegna þess að þetta er fé sem sveitarfélögin eiga, þetta er tekjustofn sem þau eiga. Það er því í raun og veru bara verið að fara í sjóð þeirra, það er verið að stela úr sjóðum þeirra með því að skera niður framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Niðurskurður á framlagi Kvikmyndasjóðs er þó þrátt fyrir allt dálítið annars eðlis vegna þess að þar er ríkið bara einfaldlega að takmarka þá fjárveitingu sem það ætlar að láta í ákveðinn sjóð. Þannig hafa þessar skerðingar flestar verið að ríkissjóður hefur verið að takmarka fjárveitingar sínar. En þarna verður bara ríkissjóður í sjóð allt annarra aðila, þ. e. sveitarfélaganna, og ætlar sér að taka þar dávæna upphæð. Það er fordæmið sem ég tel að geti verið mjög varhugavert til frambúðar og ég undrast það stórlega að sveitarfélögin skuli ekki mótmæla þessu með harðari hætti en raun ber vitni.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur gert ítarlega og skýra grein fyrir afstöðu minni hl. nefndarinnar til frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985. Raunar eru það fulltrúar þriggja stjórnarandstöðuflokka sem standa að þessu nál. Í nefndinni var einnig áheyrnarfulltrúi frá BJ. Var honum boðið eins og venja er til að geta þess í nál. ef fjórði stjórnarandstöðuflokkurinn væri sammála hinum þremur sem formlega eiga sæti í nefndinni, en fulltrúi BJ kaus ekki að í nál. væri birt nein yfirlýsing um stuðning

við það. Það er því ekkert ljóst um skoðanir BJ á þessu frv. til lánsfjárlaga eða hvort flokkurinn hefur yfirleitt nokkrar skoðanir á því máli því að það kom aldrei fram í nefndinni. (**KolJ:** Jú.) Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir getur sjálfsagt fengið orðið hér á eftir og lýst skoðunum síns flokks en í nefndinni komu engar skoðanir af hálfu BJ fram á þessu máli og ekki heldur í þessu nál.

Það er svo sem ástæða til að íhuga það við þessa umræðu um frv. til lánsfjárlaga, sem nú fer fram á fyrsta degi aprílmánaðar, 2. umr., hvort þau vinnubrögð sem viðhöfð eru og sú skipulagning vinnunnar sem á undan er gengin séu með þeim hætti sem æskilegast sé. Nú er langt síðan þetta frv. var fyrst sýnt hér á Alþingi og kom til 1. umr. Það var þá samdóma álit þeirra sem tóku þátt í umræðunni, a. m. k. af hálfu stjórnarandstöðu, að frv. værri gjörsamlega marklaust. Raunar var þá vitað að ýmsar tölur í því voru breyttar og höfðu breyst frá því að frv. var prentað og þangað til það var tekið til 1. umr.

Síðan hefur málið verið til umfjöllunar í nefnd undir ágætri forustu hv. 4. þm. Norðurl. v. sem ég tek undir að hefur tekið fullt tillit til óska og sjónarmiða stjórnarandstöðunnar við umfjöllun málsins. En því er ekki að leyna að mér sýnist nú að af hálfu ríkisstj. hafi hálfgerður hringlandaháttur einkennt alla málsmeðferðina. Nefndarmenn hafa fengið að velkjast í vafa um ýmis atriði og ekki fengið þar skýr svör. Það kom greinilega í ljós t. d. varðandi Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi þegar ýmist var þar verið að leggja fram fé eða draga fé til baka. Ljóst var að uppi var ágreiningur meðal ráðherra um málið. Við fylgdumst raunar með því í blöðunum hvernig það mál gekk fram og lásum þar yfirlýsingar á báða bóga. Þetta er auðvitað spegilmynd af því ástandi sem ríkir í þessari ríkisstj., ekki aðeins milli ráðherra hinna tveggja flokka, heldur bara milli ráðherra sama flokks, Sjálfstfl. í þessu tilviki. Þetta kom afar skýrt og greinilega í ljós ekki einu sinni heldur oftar. Ég held að það sé brýn þörf á að endurskoða öll þau vinnubrögð, hæstv. fjmrh., sem viðhöfð eru í sambandi við lánsfjárlög. Ég held að það sé meira en orðið brýnt, það er orðið afar nauðsynlegt.

Hér hefur frsm. minni hl. að því vikið hvernig sá niðurskurður sem gert er ráð fyrir er blekkingar og sýndarmennska nema kannske einna helst að því er varðar Landsvirkjun og framlög til framkvæmda á hennar vegum, lántökur. En annað er sjónarspil og talnaleikur, marklaus en kannske ekkert óvenjulegur. Þegar t. d. er talað um að lækka erlendar lántökur einkaaðila úr 1836 millj. í 1500 millj. kr., þá liggur ekkert fyrir hvernig þessum niðurskurði eigi að fylgja eftir, hvernig hann eigi að framkvæma eða hvort yfirleitt séu nokkrar horfur til að hann muni eiga sér stað annars staðar en á þessu blaði sem við hv. þm. höfum fyrir augunum.

Hér kemur það líka greinilega fram að þegar núv. ríkisstj. kom til valda setti hún sér það mark og mið að langtímaskuldir íslensku þjóðarinnar færu ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Það er rétt að ítreka þær tölur sem fyrir liggja nú í þessum efnum. Í árslok 1983 var þetta hlutfall 60.6%, í árslok 1984 61.9% og í lok ársins 1985 áætlar Seðlabankinn að þetta hlutfall verði 63.9%, miðað við þau áform um erlendar lántökur sem nú eru uppi og miðað við 0.7% vöxt á þjóðarframleiðslu.

Einhvern tíma heyrðist hæstv. fjmrh. raunar í áheyrn alþjóðar og í fjölmiðlum og það kannske oftar en einu sinni tala um töluna 60% og hvað mundi gerast ef farið væri upp fyrir töluna 60%. En það hefur raunar ekkert gerst enda þótt sú tala sé komin langt upp fyrir 60%. Ríkisstj. hefur ekki frekar en í öðrum greinum efnahags- og fjármála tekist að standa við þetta markmið sem hún setti sér. Hún hefur þvert á móti hopað úr einu víginu í annað á eilífum flótta undan sjálfri sér.

Það gefur auga leið að brýnasta hagsmunamál okkar er að dregið sé úr erlendum lántökum og þær takmarkaðar við þau verkefni ein sem góðan arð gefa og eru brýn og óhjákvæmileg. Það er auðvitað ekkert við því að segja að tekin séu erlend lán. Það er ekkert við því að segja svo lengi sem þau lán fara til arðbærra framkvæmda. Þar hefur hins vegar orðið mikill misbrestur á. Um helmingur af langtímaskuldum okkar erlendum er bundinn í orkumannvirkjum og orkuframkvæmdum. Hvað er það mikil umframorka sem nú er til staðar í okkar orkukerfi sem rennur ónotuð til sjávar vegna þess að það er ekki markaður fyrir hana og af því að farið hefur verið of geyst í þessum efnum? Ætli það sé ekki svona allmyndarleg virkjun sem þar er til staðar nú þegar? Það má deila um það hvort á að kalla það stórvirkjun eða ekki, en ég geri ráð fyrir því að það þætti allmyndarleg virkjun.

Nú skal fúslega viðurkennt að það er ekki við þessa ríkisstj. eina að sakast í þessum efnum og kannske miklu heldur við þær ríkisstjórnir sem á undan gengu og þann ráðherra orkumála Alþb. sem hafði þessi mál í sínum höndum og á sinni könnu þá. Sú stefna sem Alþb. hefur beitt sér fyrir og fylgt í þessum efnum hefur auðvitað leitt til þess að íslenska þjóðin býr nú við lakari lífskjör en vera þyrfti, ef skynsamlegri stefnu hefði verið fylgt í orkumálum.

Það segir sig sjálft að þegar verið er að fjárfesta í orkumannvirkjum, virkjunum umfram það sem hinn almenni notendamarkaður þarf, þá skilar slíkt ekki arði nema til staðar séu strax í upphafi notendur, helst stórnotendur, til að nýta orkuna og breyta henni í verðmæti fyrir íslenska þjóð. Þess vegna telur minni hl. að það komi mjög svo til greina að draga enn frekar úr framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar. Það er líka umhugsunar- og athugunarefni í sambandi við okkar erlendu skuldastöðu á hve löngum — eða á hve skömmum, ætti ég öllu heldur að segja, — tíma hin erlendu lán sem tekin hafa verið til virkjunarframkvæmdanna eru afskrifuð. Ég hygg að í mörgum tilvikum sé þar um lán að ræða, kannske er ekki rétt að kalla þau skammtímalán, sem eru til svona 8—10 ára. Þegar um er að ræða mannvirki eins og vatnsaflsvirkjanir, sem fullkomlega eðlilegt er við venjulegar kringumstæður að ætla að geti skilað orku og verðmætum í a. m. k. eina öld, er spurning hvort eðlilegt sé að fara svona að. Mér er það mætavel ljóst að menn fá ekki lán til svo langs tíma sem slík mannvirki endast, en ég held að það þurfi að hugsa þessa hluti svolítið upp á nýtt og skoða betur. Í þessu sambandi ætti líka að skoða þá verðstefnu sem fylgt er hér í orkumálum. Það er t. d. býsna hlálegt að þegar Rafmagnsveitur ríkisins þurfa að mæta notkunartoppum, þá skuli þær geta gert það með miklu ódýrari hætti og sparað sér milljónir með því að keyra dísilvélar frekar en kaupa orkuna af Landsvirkjun. Þetta er hlálegt. Á þessum vettvangi hefur verið gengið býsna hart fram og ekki hugsað um hagkvæmni sem skyldi.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að draga þessa umræðu mjög á langinn. Það er þegar búið að gera allítarlega grein fyrir sjónarmiðum minni hl. í þessum efnum, þeirra þriggja stjórnarandstöðuflokka sem standa að þessu nál. En margt er hér sem skortir skýringar á og sem hefur verið rætt ítarlega í nefndinni og ekki fengist nema mjög takmarkaðar, litlar, engar eða lauslegar skýringar á ýmsum þáttum. Má þar t. d. nefna svonefnd þróunarfélög eða Þróunarsjóð, þar sem ágreiningur virðist ríkja milli stjórnarflokkanna um það hvernig eigi að skipa þeim málum. Við höfum fengið hjá formanni nefndarinnar lauslegar upplýsingar um hvernig menn hafi hugsað sér að skipta þeim 500 millj. kr. sem Framkvæmdasjóði er ætlað að standa fyrir lántöku á til þessa þróunarfélags. Okkur er sagt að það liggi engar ákvarðanir fyrir um ráðstöfun þessa fjár, en lauslega skiptingu hefur borið á góma. Það væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa við þessa umræðu um lánsfjárlög í hvaða farveg þessi mál eru nú komin, hvort þarna verður um þróunarsjóð eða þróunarfélag að ræða og þar að auki hvernig ætlunin er að skipta þessum 500 millj.

Það var vikið hér áðan að Kvikmyndasjóði. Þar kom fram að hæstv. fjmrh. hefur lagt sjóðnum til aukafjárveitingu upp á 10 millj. kr. Þar sem það er persónulegt áhugamál mitt að staðið sé við þau fyrirheit sem gefin voru þegar lög um þann sjóð voru samþykkt, þá fagna ég auðvitað þessu. En misminnir mig það, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. hafi oftar en einu sinni lýst því yfir að með embættistöku hans í þetta virðulega embætti væru aukafjárveitingar af þessu tagi úr sögunni? Ég held að ég hafi heyrt eitthvað í þá veru.

En það hvernig staðið er að málum varðandi Kvikmyndasjóð leiðir hugann að þeirri tvöfeldni, þeirri lítt viðkunnanlegu tvöfeldni, vil ég segja, sem Alþingi og ríkisstj. gera sig ber að þegar samþykkt eru lög um ákveðið framlag til ákveðinna markmiða, í þessu tilfelli Kvikmyndasjóðs, í öðrum tilvikum t. d. Framkvæmdasjóðs fatlaðra og nefna mætti ýmsa fleiri sjóði af sama tagi. Þegar menn samþykkja hér af stórhug framlög til slíkra sjóða og allir fagna því, sem áhuga hafa á þeim málefnum, þá er nú ekki aldeilis að björninn sé þar með unninn, vegna þess að næsta ár samþykkir sami meiri hl. ríkisstj. og þingmeirihluti á Alþingi að taka það til baka sem gefið var í gær. Þetta höfum við hv. þm. horft upp á hér ár eftir ár. Þetta er engin nýlunda nú, ekkert nýmæli í þessum lánsfjárlögum, síður en svo. En hvað finnst hæstv. fjmrh. um slík vinnubrögð? Er ekki betra að láta það vera að auka framlögin til sjóða eins og Kvikmyndasjóðs og Framkvæmdasjóðs fatlaðra og þurfa ekki árið eftir að koma og segja: Nei, við meintum ekki það sem við sögðum í gær, við meinum allt annað í dag og ætlum að skerða þau framlög sem við ákváðum í fyrra? Mér finnst þetta niðurlægjandi vinnubrögð fyrir hv. þm. og Alþingi ekki til sóma. En þetta er svo sem ekki ný bóla.

Virðulegi forseti. Það atriði sem ég vildi síðast gera að umtalsefni hér er það í þessu frv. sem varðar Byggingarsjóð ríkisins. Hvernig því máli er nú komið er reginhneyksli. Og enn skal ég viðurkenna að þar er ekki um allt við hæstv. núv. ríkisstj. að sakast þó að hún hafi svo sem ekki bætt um. Þar eiga fyrri ríkisstjórnir vissulega sök, ekki síst sú sem sat næst á undan þessari og svipti Byggingarsjóð ríkisins tekjustofnum án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, allra síst þeim sem hér sitja, hvernig staðan í húsnæðislánakerfinu er, að fólk sé orðið eignalaust sem á ákveðnum tíma keypti sér einbýlishús, ég veit þess dæmi úti á landi, sem kostaði ekki mjög háa upphæð á þann mælikvarða sem slík hús eru mæld á hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar er líka að verki tvenns konar verðlag, tvöfeldni. Þannig háttaði til að útborgun var ekki mjög mikil. Skuldir voru töluverðar. Viðkomandi húseigendur hafa staðið í skilum með greiðslur fram til þessa. En það gæti farið svo að stutt væri í það að skuldirnar hækkuðu svo mikið, og þyrftu reyndar ekki að hækka mjög mikið til þess, að enginn vegur væri til að endursöluverð hússins samsvaraði því sem skuldirnar hafa hækkað. Þetta er ekkert einsdæmi. Það geta áreiðanlega allir hv. þm. nefnt dæmi um fólk sem hefur næstum því tapað aleigu sinni vegna þeirrar stefnu sem fylgt er nú í þessum málum, þeirrar glötunarstefnu, þeirrar gjaldþrotastefnu heimilanna sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Undirstaða kerfisins er hrunin. Þetta kerfi er orðið ónýtt. Og það er alveg rétt sem ég hef heyrt og haft hefur verið eftir áhrifamönnum úr röðum Sjálfstfl. að það er kominn tími til að hæstv. húsnæðismálaráðherra og félmrh. hætti að rugla og fari að gera eitthvað.

Þetta var haft eftir hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og meira að segja látið ganga á þrykk út í Morgunblaðinu fyrir allnokkru að kominn væri tími til að þessu linnti og eitthvað annað tæki við. Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það. Þetta kerfi, sem á að standa undir tekjuöflun, sem á að standa undir lánakerfi húsnæðismála, er hrunið. Það er orðið ónýtt þegar tekjustofnarnir eru orðnir útgjaldaliðir eins og skyldusparnaðurinn og fleira. Það bendir ýmislegt til þess að staðan gagnvart lífeyrissjóðunum geti hugsanlega orðið neikvæð á þessu ári. Það gæti farið svo. Þetta eru alvarlegir hlutir. Og það sem er kannske alvarlegast í þessu efni er að almenningur hefur misst trúna á þetta kerfi. Dráttur á útborgun lána, eilífar bráðabirgðalausnir og svikin fyrirheit aftur og aftur. Þessi sletta sem vikið var að fólki núna, þeim sem eru í mestri neyð, er engin björgun. Eins og segir í þessu nál. er það bara gálgafrestur. Það verður að taka á meininu. Menn verða að viðurkenna að leiðir til úrbóta í húsnæðislánakerfinu hljóta að byggjast á aukinni skattheimtu í einhverri mynd. Ég held að það sé ekki hægt að komast fram hjá þeirri staðreynd að einhverjir verða að leggja af mörkum til þess að endurreisa það kerfi sem hrunið er.

Við Alþfl.-menn höfum bent á leiðir. Við höfum bent á tímabundinn eignarskattsauka á stóreignir. Okkur er auðvitað ljóst að þó að slíkt væri samþykkt nú mundi það ekki byrja að skila neinum tekjum fyrr en kannske á miðju næsta ári. Þess vegna verður að grípa til fljótvirkari ráðstafana til að bjarga því sem bjargað verður í þessum efnum. Við erum með tillögur um það og þær munu sjá dagsins ljós hér á hinu háa Alþingi áður en langt um líður. Ég skal ekki tefja þessa umræðu með því að rekja þær í smáatriðum enda þótt þær liggi nú fyrir að mestu. En ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þessari ríkisstj. og þeirri sem næst sat á undan og raunar mætti fara lengra aftur í tímann vegna þess hvernig nú er komið.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég geri mér alveg ljóst að það verður að

samþykkja lánsfjárlög eins og nú er í pottinn búið. Við Alþfl.-menn erum mótfallnir aukningu erlendra skulda, teljum að þar hafi verið gengið allt of langt. Hins vegar verður þetta frv. að hafa sinn gang og ná fram að ganga. Það er okkur ljóst að er nauðsynlegt af ýmsum ástæðum. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins í þessari hv. deild.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Svo undarleg er öll afgreiðsla þessa máls og það hefur komið skýrt fram hér að ég þarf ekki neinu þar við að bæta. Ég á hér hins vegar tvær brtt. sem ég skal hafa um örfá orð.

Sú fyrri var boðuð hér við 1. umr. og kom fram þann sama dag og er um 20 millj. kr. aukið framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Við 1. umr. tók hæstv. fjmrh. vel í úrlausn þessa máls og í beinu framhaldi af því veitti hann 10 millj. kr. aukafjárveitingu til sjóðsins. Þetta ber að þakka. Þótt vissulega hefði verið þörf margfaldrar þeirrar upphæðar þá virði ég svo undirtektir hæstv. ráðh. að ég dreg brtt. mína á þskj. 472 til baka og tel hana hafa gert allnokkurt gagn, þó að enn skuli treyst á viðbót í gegnum erfðafjársjóð eins og við höfum áður rætt um við hæstv. fjmrh. í Sþ. Ég veit þó ekki um lyktir þess máls enn. Hins vegar mun ég að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn skerðingarákvæðinu sjálfu. Hitt er vitað að með fjárlögum þessa árs tók Alþingi því miður alvarlegt skref í niðurskurði þessa sjóðs, alvarlegra jafnvel en í fyrra, og var þá langt gengið. Þá reyndum við þm. að fá fram lagfæringu eitthvað í áttina að því sem lög kveða á um. En ég tek aftur fram að brtt. sem borið hefur slíkan árangur hlýtur að verða dregin til baka af minni hálfu um leið og ég þakka það að hæstv. ráðh. skyldi taka þannig á málum að hann bætti úr brýnustu þörf þessa sjóðs, því að útilokað hefði verið að úthluta úr sjóðnum ef þessi viðbót hefði ekki til hans komið og er reyndar nógu erfitt eins og mál standa í dag.

Hin till. er í beinu samhengi og samræmi við þáltill. sem nú liggur fyrir Sþ. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum. Þegar sú till. var flutt í Sþ. af okkur hv. 5. þm. Austurl. var mjög undir hana tekið, m. a. af hv. þm. Birni Dagbjartssyni, sem er gjörkunnugur þessum málum og veit mætavel hvað þarf að gera, ekki síður í orkusparnaðinum en í sambandi við mengunarvarnirnar. Ég tók að vonum eftir því, að á það var bent í þessum umræðum að fjármagns væri vant til átaks í þessum efnum, og hefur það reyndar verið viðkvæðið frá fyrsta flutningi þessarar till., en ég flutti till. um mengunarvarnir og orkusparnað í fiskimjölsverksmiðjum líklega fyrir 5—6 árum fyrst. Þá var sú till. kveðin niður vegna þess að við vorum þá að sigla inn í minnkandi loðnuveiði og stöðvun loðnuveiða og þar af leiðandi þótti ekki ástæða til þess þá að vera að samþykkja aukin álög á þessar verksmiðjur til úrbóta. Kannske hefði það þó einmitt verið rétti tíminn fyrir þær að vinna að þessum málum á þann veg að þær gætu bætt úr þessu mikla vandamáli því að það vandamál sem stafar af mengun frá þessum verksmiðjum er vissulega mikið og brýnt úrlausnar einmitt nú þegar dæmið hefur snúist við hjá okkur og við erum blessunarlega að sigla inn í loðnuveiði í stórauknum mæli, en með þeim hliðarafleiðingum sem íbúar margra staða þekkja allt of vel. Ekki er því að undra að víða að hafa komið bæði fyrr og nú eindregnar stuðningsyfirlýsingar um málið og áskoranir um að samþykkja það.

Hér er sem sé flutt till. um fjármagn til þessa brýna verkefnis og skal ekki orðlengt þar um frekar. Ég minni á hvernig fyrir þessu máli fór á sínum tíma þegar loðnuveiðarnar drógust saman og stöðvuðust svo síðar. Texti till. er afar einfaldur og er á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 10. gr. og orðist svo:

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum."

Það er rétt að leggja ekki síðri áherslu á seinni liðinn, orkusparnaðinn, sem ótvírætt yrði hér á ferð og um leið almennur sparnaður varðandi þennan mikilvæga þátt í okkar þjóðarbúskap, þennan vaxandi þátt nú. Þegar aðrir fiskstofnar hafa brugðist kemur nýting á þessum stofni mjög til góða fyrir allan þjóðarbúskapinn.

Ég tef heldur ekki tímann nú með endurtekningu um skerðingarákvæðin. Ég ræddi þau nokkuð við 1. umr. Ég vil aðeins segja það hér og nú að þegar skerðingin er orðin jafngífurleg og við sjáum að er í frv. nú, þá er ljóst að menn eru gersamlega hættir að taka alvarlega lagaákvæði um framlag til sérstakra brýnna verkefna, jafnvel verkefna sem þeir hafa nýlega samþykkt. Ég hef bæði í stjórn og stjórnarandstöðu gagnrýnt þessi ákvæði lánsfjárlaga. Í tíð fyrrv. stjórnar voru vissulega skerðingarákvæði á ferð þó þau mættu kallast barnaleikur á borð við það sem nú er varðandi suma þessa sjóði. Því að nú keyrir svo um þverbak á flestum sviðum að það er óhjákvæmilegt að benda enn og aftur á það hversu lagafyrirmæli eru þverbrotin og einskis virt. Að vísu hefur hæstv. fjmrh. haft þá hreinskilni til að bera að hann hefur sagt að nær væri að breyta hreinlega þeim lögum sem væru svo óraunhæf að þau gerðu kröfur til ríkisins sem ríkisvaldinu væri ekki kleift að standa við. Ég get alveg tekið undir það með hæstv. ráðh. að það er miklu viðkunnanlegra og skemmtilegra fyrir Alþingi, að maður tali nú ekki um hið siðræna gildi þess, að taka slík lög til endurskoðunar og breyta þá þeim gjaldstofnum sem til þessara mála eiga að renna, ef það er meiningin til frambúðar, en þurfa ekki að horfa upp á þessi skerðingarákvæði í lánsfjárlögum, svo stórkostleg sem þau eru, þegar þau eru farin að nema jafnvel allt að helmingi þess sem lög kveða á um. Það er alveg rétt að þá er vissulega miklu heilbrigðara að breyta sjálfum lögunum ef það er framtíðarstefna hæstv. ríkisstj., ef um framtíð má tala hjá henni, að þessi framlög skuli vera í þeim farvegi sem þau eru í þessum lánsfjárlögum með þeim skerðingarákvæðum sem þar eru sett inn. Ef það er framtíðarstefnan, þá tek ég undir með hæstv. fjmrh. að það er hreinna til verks gengið að breyta bara lögunum um hina ýmsu tekjustofna og afmarkaðar tekjur sem til þessara málaflokka eiga að renna.

Ég ætla ekki við afgreiðslu þessa máls að efna til neins óvinafagnaðar hér og fara að deila við hv. 5. landsk. þm. um orkustefnu og orkunýtingu, erlenda stóriðjustefnu, sem nú hlýtur að hafa fengið að blómstra í 22 mánuði, ef marka má það sem hæstv. núv. iðnrh. hefur haft á sinni stefnuskrá. Ég mun heldur ekki ræða í tengslum við það offjárfestingar Landsvirkjunar hér á Þjórsársvæðinu, sem knúðar voru fram m. a. í tíð

fyrrv. stjórnar og hefur verið fram haldið af fullum krafti, í stað þess að fara þá skynsamlegu braut að virkja annars staðar en á þessu eldvirka svæði, svo sem nú hefur verið gert varðandi Blönduvirkjun og vonandi verður framhald á, en þessari geggjunarstefnu á þessu svæði hætt eða a. m. k. hægt mjög á henni. En nátengt orkunýtingu kemur einmitt mál frá tíma fyrrv. orkuráðherra inn í þessa mynd sem hefði breytt umframorkunni von bráðar í arðbært verkefni ef að hefði verið staðið svo sem þá stóðu öll efni til. Ég skal því aðeins í lokin minna á mál sem var enn einu sinni hér til umræðu á Alþingi á dögunum, kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Augljóst er að leit að erlendum eignaraðila hefur enn engan árangur borið. Það kom mjög glögglega fram í svörum hæstv. ráðh. núna á dögunum. Augljóst er einnig að slíkur aðili yrði með mjög takmarkaðan eignarhlut ef hann kæmi til. Því er það fullljóst að til að hefja framkvæmdir, eins og hefur nú bærilega verið ýjað að áður af hæstv. iðnrh., hefja þær á þessu ári, það var svo sem nefnt líka á síðasta ári að hefja ætti framkvæmdir, kollhríðin væri ein eftir og þá færu menn að sjá verksmiðjuna rísa þarna austur frá, en það er a. m. k. alveg deginum ljósara að miðað við stöðu málsins í dag þarf að koma til fé á lánsfjáráætlun til að hæstv. ráðh. geti fullyrt eitthvað af þessu tagi. Það verður því tekið eftir því hvernig þessi lánsfjáráætlun verður afgreidd nú varðandi þennan þátt. Það er ekkert slíkt á döfinni og því virðist það líka liggja ljóst fyrir með afgreiðslu lánsfjáráætlunar m. a. að á þessu ári verður ekkert aðhafst við þessa verksmiðju og þá eiga menn bara hreinlega að viðurkenna það. Ég tel nefnilega að afgreiðsla lánsfjáráætlunar án þessa liðar, án þess að kísilmálmverksmiðjan sé tekin inn með undirbúningsfjárveitingu, hvað þá heldur framkvæmdafjárveitingu, sé staðfesting þess að ekkert verður gert. Ég tel rétt að benda á þetta hér og nú en skal ekki hefja almenna umræðu um málið. Það er sem sagt óvissan ein sem áfram skal gilda. Það er meginmálið og er staðfest hér. Það væri miklu skemmtilegra, a. m. k. gagnvart heimamönnum, að það væri viðurkennt af hæstv. ráðh. að þetta væri staðreynd þessa árs, hvað svo sem gæti orðið um framhaldið. En það blæs ekki byrlega fyrir því máli nú um stundir.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu neitt að marki því að formaður fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v., hefur gert grein fyrir sjónarmiðum meiri hl. nefndarinnar hvað varðar afgreiðslu málsins. Hef ég ekki miklu við það að bæta, en vil samt koma að örfáum atriðum og undirstrika mín sjónarmið í þeim.

Eins og fram hefur komið mótast afgreiðsla lánsfjáráætlunar að þessu sinni af þeim áformum stjórnvalda að draga úr erlendum lántökum á þessu ári. Það hefur ekki verið um það deilt við þessa umræðu að erlendar skuldir þjóðarbúsins eru eitt mesta efnahagsvandamál þjóðarinnar um þessar mundir og að það er brýnt verkefni að draga úr erlendum lánum. Það fer að nálgast það að við þurfum að verja til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum 1 kr. af hverjum 4 kr. útflutningstekna okkar. Hér þarf að spyrna við fótum. Og það þarf að beina erlendum lántökum í þann farveg að þær verði til að byggja upp arðbært atvinnulíf í landinu, auka útflutningstekjurnar og þjóðarframleiðsluna. Ég vildi aðeins víkja að því atriði áætlunarinnar sem miðar að þessu sérstaklega.

Áform eru um að taka 500 millj. kr. að láni til svokallaðs þróunarfélags, sem er að vísu ekki orðið til enn þá en að því hefur verið vikið hér í umræðum. Áætlunin gerir ráð fyrir að þessi heimild til lántöku sé flutt yfir á Framkvæmdasjóð vegna þess að Alþingi hefur ekki fengið til umfjöllunar enn þá frv. um þessa breytingu og því vantar lögformlegan aðila til að taka lánið.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. orðaði það svo hér áðan að þróunarfélagið hefði gufað upp eða þróunarsjóður og að mikið ósamkomulag væri í herbúðum stjórnarflokkanna um þessi mál. Það er um þetta að segja að hér er um mjög viðamiklar breytingar að ræða bæði á Framkvæmdastofnun ríkisins og sjóðakerfinu. Þessi vinna hefur verið í gangi og það hefur verið unnið að þessu máli í herbúðum stjórnarflokkanna og frv. um þessa breytingu munu sjá dagsins ljós alveg á næstunni. Það er vonandi að Alþingi láti þá hendur standa fram úr ermum og afgreiði þessa afgerandi breytingu.

Þessi lántaka er eitt veigamesta atriði lánsfjárlaga og ef vel tekst til gæti endurskipulagning sjóðakerfisins og þær breytingar sem hér um ræðir markað tímamót í uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og aukið okkar þjóðartekjur, því að hlutfall erlendra lána af þjóðartekjum mótast náttúrlega af því hvað þær eru miklar.

Ég vil þá aðeins víkja að orkumálunum. Gert er ráð fyrir því í þessari áætlun að draga verulega úr lántökum til orkumála á næstunni enda er nú um að ræða, eins og fram hefur komið, verulega umframgetu í orkukerfinu. Það kann að vera rétt að farið hafi verið geyst í orkumálum á undanförnum árum og allar framkvæmdir í þessum málaflokki hafa verið fjármagnaðar með erlendum lánum. Það er gert ráð fyrir í áætluninni að draga verulega úr lántökum Landsvirkjunar, en þó ekki meira en svo að hægt verður að halda nokkurn veginn áætlun við Blönduvirkjun þannig að hún komi í gagnið 1988, eins og gert er ráð fyrir í verkáætlun sem nú liggur fyrir.

Það er rétt, sem fram hefur komið hér, að auðvitað verða að liggja fyrir fyrirframsamningar um orkusölu. Sú afgreiðsla sem hér um ræðir er gerð í þeirri von að það takist að ná viðunandi samningum í þeim málum. Hins vegar verður að undirstrika það að þetta er þó í fyrsta skiptið núna um nokkurra ára skeið sem spyrnt hefur verið við fótum í þessu efni enda er ekki um það deilt að hér hafi verið um rétt skref að ræða. Reynt hefur verið við afgreiðslu þessarar áætlunar að draga úr erlendum lántökum en líta jafnframt með nokkru raunsæi á fjárþörfina á yfirstandandi ári. Veigamestu breytingarnar sem gerðar hafa verið á áætluninni eru þær sem ég hef lítillega komið inn á, í orkumálum. Einnig hefur verið hækkuð verulega heimild Byggingarsjóðs ríkisins til erlendrar lántöku. Það er gert vegna þess að ætla má að innlend lántaka hans standist ekki eins og gert var ráð fyrir. Með þessum hætti ætti Byggingarsjóður ríkisins að geta staðið við sínar greiðslur á árinu skv. þeirri áætlun sem gerð var við afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil drepa aðeins hér á skerðingarákvæðin í lánsfjárlögunum sem hafa verið nokkuð rædd hér. Það var hv. 5. landsk. þm. sem kom inn á það fyrst. Ég get alveg

tekið undir það að þessi skerðingarákvæði eru kannske ekki til þess að auka veg okkar þm. í sambandi við lagasetningu. Auðvitað eru þessi skerðingarákvæði mjög óeðlileg og það mætti kannske verða til þess að við hugsuðum betur ráð okkar þegar við erum að samþykkja ýmsa lagasetningu sem hefur útgjöld í för með sér. Við erum kannske full bláeygir á stundum að samþykkja framlög, þó að segja megi að séu til ágætra mála, því að allt eru þetta nú mjög góð mál og ekki hægt að gera þar upp á milli. Ég held að slík skerðingarákvæði séu almennt séð mjög óæskileg en hjá þeim verð ekki komist og vil ég ekki draga þar neitt út úr. Það má t. d. segja að ákvæði um að skerða tekjur Ferðamálasjóðs sé ekki alveg í takt við þau áform að efla atvinnulífið í landinu, því að ferðamálin eru vaxandi atvinnugrein, það er vaxtarbroddur í þeirri atvinnugrein og vantar mikla uppbyggingu í henni. Ég nefni þetta eingöngu til þess að benda á að hér hefur orðið að skera niður í ýmsum góðum málum auk þeirra sem nefnd voru áðan sem ég vil taka undir að eru mjög þörf mál hvert um sig. En það verður ekki bæði haldið og sleppt í þessum efnum.

Það hefur ekkert verið deilt um það hér að draga beri úr erlendum lántökum. En það kemur ekki fram í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. úr hverju skuli dregið. Þar segir aðeins að það komi að mati minni hl. mjög til greina að draga enn frekar úr framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar. Þetta er í rauninni það eina sem fram kemur um hvernig skuli dregið úr erlendum lántökum enda þótt allir séu sammála um að úr þeim þurfi að draga.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu eins og ég sagði í upphafi enda búið að rekja álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég vildi aðeins benda á þessi fáu atriði og vekja athygli á því að menn eru sammála um að draga úr erlendum lántökum án þess þó að hér hafi í rauninni komið neinar ábendingar um úr hverju skuli dregið öðru en því sem gert er ráð fyrir í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hv. 5. landsk. þm. gerir oft athugasemdir við Bandalag jafnaðarmanna ef hann heldur að þess þurfi. Ég vil fullvissa hv. þm. um að hv. varaþm., Jónína Leósdóttir, sem hefur setið sem áheyrnarfulltrúi fyrir Bandalag jafnaðarmanna í þessari nefnd, hefur skoðanir á lánsfjárlögum þó að hún hafi ekki séð ástæðu til þess að skrifa undir minnihlutaálit. Þetta ætti að nægja fyrir hv. þm. Það vill svo til að fulltrúi Kvennalistans er ekki staddur hér svo að hann hefur snúið sér til annarra kvenna í deildinni til að gera sínar athugasemdir. En það er ekki ný bóla, a. m. k. það sem af er minni setu hér á þingi.

Ég ætla ekki að tala langt mál varðandi þessi lánsfjárlög. Ég gerði athugasemd hér við 1. umr. en mig langar samt sem áður að byrja á því að vitna í Hagtölur mánaðarins fyrir janúar 1985. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frá lokum ágúst til loka nóvember versnaði staðan á endurlánareikningunum um 778 millj. kr., en rúmlega 90 millj. kr. innstæða var á reikningunum í lok ágúst. Staðan batnaði nokkuð í desember, en þó var um 517 millj. kr. skuld á þessum reikningum í lok ársins, sem var jöfnuð m. a. með greiðslum frá A-hluta ríkissjóðs. Þessar greiðslur frá A-hluta ríkissjóðs inn á endurlánareikninga urðu þess valdandi m. a. að 916 millj. kr. innstæða á viðskiptareikningum A-hlutans í Seðlabankanum eftir lokun á gamlársdag minnkaði töluvert eftir endanlegar færslur sem fara fram í byrjun janúar.

Útstreymi fjár úr Seðlabankanum í gegnum endurlánareikningana stafaði einkum af því, að innlend lánsfjármögnun A- og B-hluta ríkissjóðs brást á árinu 1984, aðallega vegna mikillar innlausnar spariskírteina."

Ég nefni þetta til þess að benda á að þær tölur sem við erum að fjalla um hér eru jafnvel hreyfðar fram og til baka eftir því hvort hallinn er meiri á A- eða B-hluta, þannig að endanlega líta þessar tölur allt öðruvísi út í árslok. Lánsfjárlög fyrir 1984 hljóðuðu endanlega upp á rúma 7 milljarða, þar af erlendar lántökur 4.5 milljarðar. Niðurstöðutölur þess frv. til lánsfjárlaga sem við erum hér að ræða um eru 9 milljarðar 303 millj. kr., þar af 6 milljarðar 910 millj. erlent lánsfé. Hér er m. ö. o. verið að auka erlendar lántökur um 2.4 milljarða kr. frá lánsfjárlögum 1984. Það er því ljóst að hér er ekki um samdrátt í lántökum að ræða heldur þvert á móti auknar lántökur.

Bjartsýni ríkir líka varðandi lánsfjáröflun innanlands. Árið 1984 var þessi lánsfjáröflun 752 millj. 300 þús. kr. en nú er áætlað að fá 1 milljarð 225 millj. hjá lífeyrissjóðunum. Vel má vera að þetta standist. Mér finnst það samt mjög ósennilegt.

Fleiri athugasemdir má gera við þetta frv. sem komið hafa hér fram áður. Ég tek undir það álit minni hl. að varlegar mætti fara varðandi orkumálin. Ég las það í grein í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu að iðnrh. boðaði að orkuveislunni væri lokið. Ég get nú ekki séð að svo sé endanlega þar sem á að halda áfram við Blönduvirkjun án þess að hafa neina kaupendur að þeirri orku. Við munum eiga nóga umframorku í landinu til þess að geta sett upp a. m. k. meðalstóran iðnað, hvar sem menn vildu koma honum fyrir, svo að við ættum að staldra við og fá markað fyrir þá orku sem nú þegar er hægt að framleiða áður en farið er út í stærri virkjanir.

Minni hl. nefnir hér ýmis skerðingarákvæði. Ég verð nú að segja eins og er að það skýtur eilítið skökku við að gagnrýna auknar erlendar lántökur og segja svo: Hér má ekki skerða og á hinum staðnum ekki heldur. Mér fyndist hreinlegra að segja: Fyrst við viljum ekki taka meiri lán verðum við að skera einhvers staðar niður. Og því segi ég það að þótt það sé sárt að skert séu framlög til Kvikmyndasjóðs og fleiri málefna get ég ekki verið sammála slíkum mótbárum án þess að bent sé þá á hvar á að skerða. Það er númer eitt.

Okkur er líka kunnugt um að aukafjárveiting er oft veitt ef skerðingarnar koma hastarlega niður. Það höfum við séð m. a. á s. l. ári. Ég veit til þess að til sumra þessara framkvæmda hefur nú þegar verið veitt aukafjárveiting þó svo að ég sé ekki að mæla því bót.

Þróunarsjóður eða þróunarstofnun hefur verið nefnd hér. Þær 500 millj. sem á að afla til þeirrar stofnunar eða sjóðs eru nú settar á biðlista, ef svo má segja, í Framkvæmdasjóð. Ég held að það varði þjóðina mjög miklu að þessum fjármunum verði komið til skila í iðnaðaruppbyggingu hér á landi. En ég ætla aðeins að segja mína skoðun í því máli. Ég vildi fremur að þessu fjármagni yrði dreift um landið til kjördæmanna og útdeilt þar en að það yrði sett inn í Framkvæmdastofn-

un og yrði síðan miðstýrt hér úr Reykjavík. Við höfum nóg af slíkum báknum. Með því móti yrði aðeins um breytingu á nafnspjaldi að ræða en ekki neina raunverulega breytingu á útvegun fjármagns. Ég held að við verðum að treysta landsbyggðinni til þess að hafa eitthvað um það að segja í hvað hún vilji verja því fjármagni sem henni er ætlað til uppbyggingar iðnaðar eða til annarra þarfa.

Þetta frv. til lánsfjárlaga sem hér er lagt fram er aðeins til þess að viðhalda núverandi ástandi. Þar er ekki að finna neina stefnubreytingu eða nýja stefnumörkun.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því að Bandalag jafnaðarmanna skuli hafa skoðanir á þessu máli. Þó að þær kæmu kannske ekki mjög skýrt fram komu þær hér fram engu að síður, gerð var tilraun til að skýra þær. En eitt vil ég segja hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur vegna þeirrar athugasemdar sem hún gerði áðan. Hér á Alþingi erum við að ræða um skoðanir. Við erum ekki að ræða um einstaklinga þegar þm. tala hér. Við erum að ræða um þær skoðanir sem menn standa hér fyrir og skiptir þá að sjálfsögðu engu máli hvers kyns sá einstaklingur er. Þetta virðist hv. þm. ganga eitthvað illa að skilja, að hér er verið að ræða um skoðanir, ekki einstaklinga. Það er auðvitað meginatriðið málsins.

Það hefur skapast hér sú venja að í þeim starfsnefndum þingsins, þar sem minnstu stjórnarandstöðuflokkarnir eiga ekki fulltrúa, hafa þeir áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar og álit áheyrnarfulltrúa kemur fram í nál. ef þess er óskað. Þess var ekki óskað í þessu tilviki og þess vegna spurði ég sérstaklega eftir skoðunum Bandalags jafnaðarmanna á þessu máli. Mér kemur ekkert við hvaða skoðanir sá einstaklingur hafði sem sat þessa fundi. Ég var að spyrja um skoðanir Bandalags jafnaðarmanna á málinu. Það skyldi hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir gera sér ljóst og gera þarna skýran greinarmun á. Það hygg ég að allir hér geri. Þó hún geri það ekki vona ég að henni lærist það er fram líða stundir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir vel unnin störf við gerð lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga og vona og fagna því fyrir fram að við getum afgreitt það mál í hv. Ed. í dag.

Ég skal reyna að hafa mál mitt ekki langt en það eru nokkur atriði sem ég vil þó ekki láta ósvarað. Fyrst er það þá athugasemd hv. 3. þm. Norðurl. v. Hann er nú að vísu ekki hér viðstaddur en það er sama. Sama fullyrðing kom fram frá öðrum þm. hér: að yfirlýst markmið um erlendar lántökur hafi farið fram úr því marki sem sett var þegar ríkisstj. gerði sín fyrstu fjárlög. Þau markmið héldu við gerð fyrstu fjárlaga. Ég vona að enginn hv. þm. geri ráð fyrir því að þegar einu sinni eru sett markmið eða gerð einhver fjárlög þá haldi þau og standi við gerð allra fjárlaga sem viðkomandi ríkisstj. eða fjmrh. þarf að standa í að gera. Það eru sveiflur í þjóðfélaginu sem gera það að verkum að það er alveg útilokað að gera áætlun sem stenst 100% fram í tímann. Það fer m. a. eftir aflabrögðum. Það fer eftir þjóðarframleiðslu á hverjum tíma hvort prósenturnar eru háar eða lágar af þjóðarframleiðslunni, þó að þær aukist ekki í krónutölu, þannig að þessi áróðurspunktur er fyrir löngu úr gildi fallinn.

Ég vil svara hv. 3. þm. Norðurl. v. líka. Hann spurði hvernig hinar nýju starfsreglur langlánanefndar yrðu. Ég get upplýst það að það er áformað að langlánanefnd verði lögð niður og að bankakerfið geti ekki, ef svo má segja, tekið jafnfrjálslega erlend lán eins og það hefur gert heldur fái hver banki sinn skammt og verði á sama hátt og aðrar ríkisstofnanir að gera sínar áætlanir. Og fram yfir þær fá þeir ekki heimild til að fara. Hver banki hafi sem sagt sinn skammt af erlendum lántökum til umráða fyrir sína viðskiptavini og síðan eigi einstaklingar og fyrirtæki, sem ekki þurfa á ríkisábyrgð að halda, ekki þurfa á öðrum ábyrgðum að halda en þeir hafa skapað sér sjálfir með „goodwill", með löngu samstarfi fyrirtækja eða einstaklinga, að geta fengið lán án afskipta ríkisins.

Að sjálfsögðu hefur lánsfjáráætlun hækkað frá því að hún var fyrst lögð fram. Þó ekki væri nema vegna þess að upphaflega var gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir skiluðu fullum 40% af ráðstöfunarfé sínu. Það er óraunhæft. Þeir hafa aldrei gert það svo að mér þótti skynsamlegra að reikna með því meðaltali sem þeir hafa skilað hingað til sem raunverulegu framlagi frá þeim í skuldabréfakaupum. Þar af leiðandi féll sú prósentuupphæð sem þeir munu kaupa úr 40% í 34%. Það er skýringin á því að lánsfjáráætlun hækkar smávegis.

Ég harma það að minn forveri í embætti skuli orða það svo að skerðingarákvæði Alþingis þýði sama og þjófnað frá viðkomandi aðilum sem eiga að fá skv. lögum ákveðið framlag. Skerðingarákvæðin eru einfaldlega til komin vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur samþykkt meira í útgjöldum, meiri kvaðir á ríkissjóð en tekjuhliðin leyfir þrátt fyrir stórauknar erlendar lántökur á undanförnum árum. Það er einmitt þess vegna sem nauðsynlegt er að skerða þessa sjóði, hvort sem þeir heita sjóðir sveitarfélaga eða annarra.

Hv. 5. landsk. þm. talaði mikið um hringlandahátt í meðferð lánsfjárlaga. Þetta er alveg rétt. Þetta er miklu meiri hringlandaháttur en ég get sætt mig við. Ég er alls ekki vanur svona vinnubrögðum sjálfur, og ég harma þau, við skulum ekkert vera að draga úr því, enda væri það ekki hægt vegna þess að við höfum talað opinskátt fram og til baka um þessi mál. Ég vona bara að það þurfi ekki að vera svona í framtíðinni. En það er ekki vegna ósamlyndis milli ráðherra heldur bara aðstæðna í þjóðfélaginu.

Mér er það líka ljóst að allt frá valdatöku þessarar ríkisstj. hafa menn í öllum flokkum, og hafa þá kannske verið vægustu andstæðingarnir þeir sem hafa verið í ríkisstjórnarandstöðu, viljað þessa stjórn feiga af ýmsum ástæðum. Ég endurtek það að vægustu andstæðingarnir hafa verið í stjórnarandstöðunni. (**EG:** Þetta var nú gott að heyra.) Já, það er ágætt ef fram kemur, eins og einn blaðamaður orðaði það um daginn, svona eyrnakonfekt fyrir hv. 5. landsk. En ég held því fram að vinnubrögðin við gerð þessara fjárlaga í nefndinni hafi verið góð. Ef það er einhverjar athugasemdir við þau að gera þá koma þær frá ríkisstj. vegna þess vanda sem er aðsteðjandi á mörgum sviðum í þjóðfélaginu. Við skulum ekki vera með neinar blekkingar, sýndarmennsku, sjónarspil eða eitthvað sem er marklaust. Þetta er staðreyndin, og ég tek undir það með hv. 5. landsk. þm. Það væri að blekkja sjálfan mig ef ég færi að reyna að verja það.

Ég vil aðeins víkja hér að þeim spurningum, sem hv. 5. landsk. þm. lagði fyrir mig. Hann talaði mikið um framlag til húsbyggjenda og það gerði hv. 3. þm. Norðurl. v. líka. Við gefum þær upplýsingar að árið 1982 fær Byggingarsjóður ríkisins 57 millj. og Byggingarsjóður verkamanna 111 millj., eða samtals 168 millj. Árið 1983 fékk fyrri sjóðurinn 142 millj. og Byggingarsjóður verkamanna 158, eða samtals 300 millj. Árið 1984 fær Byggingarsjóður ríkisins 200 millj. og Byggingarsjóður verkamanna 200 millj., eða samtals 400 millj. úr ríkissjóði. Árið 1985 er reiknað með að 622 millj. renni til Byggingarsjóðs ríkisins og 282 millj. til Byggingarsjóðs verkamanna, eða samtals 904 millj. Þetta er yfir 100% hækkun milli ára 1984/1985. Það er því eitthvað annað en rýrara framlag til byggingarsjóðanna sem hér er að verki og gerir vandann svo stóran sem hann raunverulega er.

Ef tekið er tillit til þess vanda sem steðjar að mannúðarmálefnum, eins og kom hér fram hjá hv. 2. þm. Austurl., skerðingar á sjóðnum til fatlaðra og fleira, hvernig í ósköpunum geta menn þá búist við því að Kvikmyndasjóður hækki úr 6 millj. frá s. l. ári upp í kannske 35—40 millj. ef hann fengi allan þann söluskatt sem reiknað er með skv. lögum? Það er ekki réttlætanlegt á nokkurn hátt. Ég verð að telja það mjög mikla aukningu, líklega meiri aukningu en á nokkrum öðrum lið, að framlag til Kvikmyndasjóðs hefur, með aukafjárveitingu sem ég hef þegar veitt, þrefaldast á milli ára, úr 6 millj. upp í 18 millj., enda eru þeir aðilar sem standa að Kvikmyndasjóði og hafa við mig talað persónulega mjög ánægðir með þá hækkun. Þeir skilja að það var ekki hægt að verða við öllu.

Þá kom hér spurning frá hv. 5. landsk. sem ég skal reyna að svara. Hún er um skiptingu á því fjármagni sem á að fara til þróunarfélagsins, skildi ég það ekki rétt? Rétt skilið, já. Ég vil þá lesa hér upp það sem ég hef og get upplýst í því efni. Til rannsókna og tilrauna fara 50 millj., til Framleiðnisjóðs landbúnaðar eða Búnaðarsjóðs 50 millj., til Sjávarútvegssjóðs 50 millj., til Iðnlánasjóðs 50 millj., til Framkvæmdastofnunar vegna lána þar til þróunarfélagið hefur starfsemi sína 50 millj. og svo til þróunarfélagsins 50 millj. Þetta eru samtals 300 millj.

Ég vona að ég hafi þá gefið hv. 5. landsk. þm. þær upplýsingar sem hann bað um í sinni ágætu ræðu. Ég fagna því að hv. 2. þm. Austurl. hefur dregið til baka till. sína um framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þar gerði hann till. um 60 millj. kr. framlag. Það framlag verður nú með aukafjárveitingum 50 millj. Ég hef átt tal við þá sem ráðstafa fé úr þeim sjóði og þeir telja að þessi viðbót hafi leyst allan þeirra vanda þó að þeir gætu auðvitað hugsað sér að nota miklu stærri upphæð en þá sem hv. 2. þm. Austurl. gerði till. um. Ég verð því miður að leggja til að brtt. hans á þskj. 515 verði felld einfaldlega vegna þess að ég tel ekki mögulegt að bæta 100 millj. kr. framlagi við það sem þegar er komið á lánsfjáráætlun.

Í lokin vil ég segja það við hv. 2. þm. Austurl., og ég hef áður kynnt það, að einn af okkar færustu lögfræðingum, Páll Líndal, er núna í eins konar lagahreinsun. Hann hefur skilað til mín í dag frumvörpum sem má leggja niður. Það eru 10 lög sem hann leggur til að verði lögð niður skv. þeirri skýrslu sem hann gaf mér um landbúnaðinn. Hann er núna að taka út fjmrn. og ég vona að eitthvað álíka komi út úr því. Svona mun hann halda áfram með lögin þangað til hann hefur lokið lagahreinsuninni.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það skal vissulega verða örstutt. Væri til of mikil mælst við hæstv. fjmrh. að hann leyfði hv. þingdeild að heyra hvaða 10 lög það eru varðandi landbúnað sem hann hefur í hyggju að gera till. um að verði felld úr gildi?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég var að fá þessi gögn í hendur nú rétt áður en ég kom á fund. Eftir að ég hef skoðað þau betur mun ég að sjálfsögðu leggja þau fyrir Alþingi og kynna þau svo að það líður ekki á löngu áður en þeim verður dreift hér. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Brtt. 663,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 663,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 663,3 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 663,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 663,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 663,6 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 515 tekin aftur til 3. umr.
10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
12.—15. gr. (verða 13.—16. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 472 tekin aftur.
16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
17.—21. gr. (verða 18.—22. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
23. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 663,7 (ný gr., verður 26. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
25. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. 235. mál (þskj. 620). — Ein umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Þetta mál hlaut nokkrar breytingar, smávægilegar þó, í Nd. og varð því að koma aftur til Ed. Menntmn. Ed. hefur fjallað um málið og er sammála um að mæla með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Þær breytingar, sem gerðar voru á frv. þar, eru þær að í stað síðustu mgr. 11. gr. háskólalaganna komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

„Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í

prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti."

Þetta eru þau ákvæði sem bættust þarna við. Þarna er verið að koma til móts við óskir Háskólans um framgangskerfi eða útvíkkun á því framgangskerfi sem um nokkra hríð hefur verið þarna við lýði.

Við 5. gr. var gerð sú breyting við ákvæði um heimild til handa Háskólanum að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða önnur félög, að tekið er fram að einungis skuli Háskólanum leyft að eiga aðild að slíkum félögum séu þau með takmarkaða ábyrgð og eins að þau stundi rannsóknar- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkra starfsemi í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem Háskólinn vinnur að hverju sinni.

Nefndin er sammála um að mæla með þessum breytingum. Þetta mál hefur verið nokkuð lengi í meðferð þingsins. Hér er komið mjög til móts við óskir Háskólans, háskólaráðs og Félags háskólakennara um þær nauðsynlegu breytingar sem talið er að muni efla starfsemi Háskólans að miklum mun. Að vísu vantar hér enn þá inn í framgangskerfið ákvæði um rannsóknarfólk og sérfræðinga við Háskólann. Að því þarf enn að vinna nokkuð og þyrfti að vinda að því bráðan bug að móta tillögur um það efni. Er þess að vænta að það geti komið í eðlilegu framhaldi af þessum breytingum á háskólalögum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 677).

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 172, n. 637). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Ég hleyp hér í skarðið fyrir hv. 11. landsk. þm. Egil Jónsson og er ég að sjálfsögðu mjög upp með mér af því. Hér er um að ræða frv. sem er lagt fram fyrir alllöngu síðan og varðar staðfestingu á brbl. sem gefin voru út 17. júlí í sumar. Það er því kominn tími til þess að staðfesta þessi brbl.

Hér er um það að ræða að allmörg sláturhús í landinu fá undanþágu og brbl. eru gefin út á sinni tíð til þess að slátrun geti farið fram með löglegum hætti í þeim sláturhúsum sem hér koma við sögu. Um þetta er fátt fleira að segja og líklega ekki neitt. Nm. eru sammála um að mæla með því að þetta mikla mál verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Því miður vil ég bæta örfáum orðum við. Fyrst vil ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu málsins og að leggja til að brbl. verði samþykkt. En í framsöguræðu minni fyrir frv. hér fyrr á þinginu gat ég þess að brbl. heimiluðu eingöngu undanþágu til 1. júní 1985 og það mun vera borin von að þá verði öll sláturhús orðin þannig í stakk búin að þau muni ekki þurfa áframhaldandi undanþágu. Þess vegna óskaði ég eftir því að nefndin athugaði hvað lengi hún vildi fallast á að framlengja þetta ákvæði. Ég held því að fyrir 3. umr. sé nauðsynlegt að flytja brtt. um þetta. Ég veit ekki hvort nefndin hefur rætt þetta atriði, en vil þá aðeins geta þess að fyrir 3. umr. er nauðsynlegt að taka þetta til athugunar.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Það er ekki lítið á mann lagt að vera sérlegur fulltrúi 11. landsk. þm. í þessari umr. en ég er sannfærður um það að ég mæli þar fyrir munn ekki síst hv. formanns landbn. og ég er sannfærður um að hann mundi fallast á þessi tilmæli hæstv. landbrh. að taka þetta mál upp af hálfu nefndarinnar, þ. e. gildistíma laganna. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðh. að tíminn er afskaplega skammur til þess að lögin falli úr gildi. Sólarlagið er skammt undan.

Ég skal gera mitt til þess að koma þessum skilaboðum til hv. formanns landbn. og skal leggja mitt til í því efni að þetta verði skoðað af mestu mildi og skilningi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Alþjóðasamningar um örugga gáma, frv. 324. mál (þskj. 513, n. 636). — 2. umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég hleyp í skarðið fyrir formann samgn. sem gat ekki komið því við að mæta til fundar í dag.

Til umræðu er frv. um gáma sem allir vita hvað eru og hafa mjög rutt sér til rúms í flutningastarfsemi. Lagt er til í frv. að staðfestar séu alþjóðasamþykktir um þær öryggiskröfur sem gera verður til gáma og varðandi meðhöndlun þeirra. Fer ég ekki frekar út í það.

Samgn. er sammála, eins og kemur fram á þskj. 636, og mælir með því að frv. verði samþykkt með brtt. sem er á sama þskj.

1. gr. orðist svo:

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, um gáma.

Í öðru lagi, sem er nokkuð óvanalegt, verði fyrirsögn frv. breytt og hún verði þannig: Frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðasamninga um gáma.

Eins og þm. sjá á frv. er undirfyrirsögn: „um framkvæmd alþjóðasamninga um örugga gáma". Nefndin taldi fara betur á að sleppa orðinu „öruggur".

ATKVGR.

Brtt. 636, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 636, 2 (ný fyrirsögn) samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 154, n. 643, 644). — 2. umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Því er eins farið með þetta frv. að ég hleyp í skarðið fyrir formann n. sem er fjarverandi. Skal ég hafa sem fæst orð um frv. þó að það sé mikill lagabálkur.

Frv. það til siglingalaga, er fyrir liggur til 2. umr. í hv. Ed., var lagt fram á síðasta Alþingi og var vísað til samgn. hv. deildar. Nefndin fjallaði um það á nokkrum fundum og sendi það til umsagnar allmargra aðila. Frv. var svo endurflutt á yfirstandandi þingi og nefndin kallaði að nýju eftir umsögnum. Bárust svör frá níu aðilum, eins og fram kemur á nál. á þskj. 643. Nefndin hefur haft mið af þessum umsögnum við umfjöllun um frv. og við gerð brtt. um það og er sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim brtt. sem fram koma á þskj. 644.

Siglingalögin eru mikill lagabálkur sem inniheldur 243 lagagreinar. Sérstök nefnd, sem skipuð var 8. sept. 1981 af samgrh., vann að endurskoðun laganna undir forustu Páls Sigurðssonar dósents sem var formaður nefndarinnar. Auk Páls áttu sæti í nefndinni fulltrúar helstu hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi og kaupskipaflota.

Jafnframt endurskoðun á siglingalögunum var nefndinni falið að endurskoða sjómannalögin, enda þessi lög svo nátengd að vart verður á milli skilið í mörgum greinum. Sjómannalögin hafa einnig verið lögð fram í hv. Ed. og eru þau nú til umfjöllunar í samgn. Er þess að vænta að þau komi úr nefndinni fljótlega eftir páskaleyfi.

Eins og ég sagði eru siglingalögin viðamikill lagabálkur sem er að meginstofni byggður upp með fyrirmynd í hinum norrænu siglingalögum. Norðmenn, Danir og Svíar hafa tekið mikinn þátt í alþjóðasamstarfi í þessum efnum og á síðari árum höfum við Íslendingar tekið þátt í slíkri samvinnu í auknum mæli og erum nú orðnir þátttakendur í og aðilar að flestum samþykktum og sáttmálum er snerta siglingar og alþjóðasamþykktir í þeim efnum. Þess vegna verðum við að hafa okkar siglingalög mjög í samræmi við lög annarra siglingaþjóða.

Fyrstu siglingalög okkar voru sett 1913. Voru þau nánast þýðing á þeim dönsku. Þessum lögum var svo breytt aftur 1914 og voru þau að meginstofni óbreytt til ársins 1963. Hafa þau að mestu verið óbreytt síðan svo að ekki er óeðlilegt að þau þurfi nú gagngerðrar endurskoðunar við.

Dr. Páll Sigurðsson dósent, formaður endurskoðunarnefndarinnar, hefur unnið með samgn. og aðstoðað hana á ýmsan hátt við meðferð málsins og kann nefndin honum þakkir fyrir.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um breytingarnar, sem eru prentaðar á sérstöku þskj. eins og ég sagði, og nál. samgn.

Í nál. kemur fram að þeir níu aðilar sem ég gat um áðan og skiluðu n. áliti og umsögn voru Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannafélag Ísfirðinga, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssamband ísl. útvegsmanna, Verkalýðsfélag Akraness, Stýrimannafélag Reykjavíkur, Stýrimannafélag Íslands, Slysavarnafélag Íslands og Hafskip hf.

Nefndin hefur tekið mið af þessum umsögnum við gerð þeirra brtt. sem hér eru nefndar, en langflestar breytingarnar eru orðalagsbreytingar sem horfa til glöggvunar og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Ég tel greinarnar með orðalagsbreytingunum ekki upp hérna, þær eru tíundaðar á þskj., en þær eru allflestar þannig að ekki er ástæða til að fjölyrða um. T. d. er sagt í 2. gr., 3. lið: „Er skipið er ekki talið þess vert að við það sé gert". Við breytum þessu í: ekki þess virði að við það sé gert. Það eru þannig orðalagsbreytingar sem verða á þessum liðum öllum sem getið er í nál.

Varðandi breytingarnar við 199. gr. skal það tekið fram að nefndin taldi að orðalag 2. málsl. fyrri mgr. skv. frv. gæti leitt til óæskilegrar niðurstöðu, einkum gagnvart sjómönnum sem stundum eiga erfitt um vik að gæta réttar síns sökum langvarandi fjarveru og þess háttar, og er því lagt til að þessu ákvæði frv. verði breytt á þann veg að hæfilegt tillit sé tekið að þessu leyti til þarfa þeirra, en jafnframt til hagsmuna grandalausra viðsemjenda eigenda skips, svo sem nánar er skýrt í grg. sem fylgir frv. Það er 199. gr. sem þarna er fjallað um. Það er einkum gagnvart sjóveði og slíku, sem getur komið upp á, þannig að aðilum sé búið betra öryggi en verið hefur í gömlu lögunum.

Þá eru gerðar breytingar á 221. gr. og 226. gr. Í 221. gr. er allítarlega talað um rannsóknir á slysum. Öllum rannsóknum sem að þessu lúta hefur verið mjög ábótavant í siglingalögum okkar. Hefur það komið mjög glöggt fram í umræðum sem farið hafa fram um t. d. öryggismál sjómanna hjá þeirri nefnd sem um þau mál hefur fjallað og á ráðstefnu um þessi mál að þarna þyrfti að gera verulega bót á. Leggur nefndin til í 221. gr. að henni sé breytt til þess að aðgerðir verði raunhæfari en verið hafa. Ætla ég að leyfa mér að lesa það sem nefndin leggur til að gert verði:

„Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu eða Rannsóknarlögreglu ríkisins við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar eftir því sem frekast verður við komið, einkum þó ef manntjón hefur orðið eða meiri háttar líkamstjón. Skal lögð á það áhersla að lögregluranns6kn hefjist sem fyrst eftir að slys varð eða skip kom til hafnar. Skulu skipstjóri og skipverjar, svo og útgerðarmaður skips, veita alla þá aðstoð er þeir geta í té látið vegna lögregluranns6knar. Niðurstöður og gögn lögregluranns6knar skulu lögð fram í sjóprófi svo skjótt sem auðið er, en eigi skal fresta upphafi sjóprófs af þeim sökum einum að þau liggi enn eigi fyrir.

Skipstjóra er skylt að óska eftir því að lögregluranns6kn vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns, sem greinir í 2. mgr., fari fram. Skipstjóri skal eigi halda skipi úr höfn þar sem lögregluranns6kn fer fram nema í samráði við lögregluyfirvöld.

Skipstjóra eða þeim, er kemur í hans stað, er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa er verða á skipi eftir nánari reglum er samgrh. setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m. a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi."

Þarna er um nýjung að ræða. Það hefur komið berlega í ljós að það sem oft er álitið til sjós að séu smávægileg slys eða lítils háttar er ekki skráð, en svo kemur í ljós eftir einhvern tíma, e. t. v. nokkur ár, að sá sem slasaðist kennir meins sem er afleiðing af slysinu forðum. Þá er nauðsynlegt fyrir tryggingalækni og

tryggingafélag útgerðar að fyrir liggi á þar til gerðum skráðum blöðum hvar og hvenær slysið hafi orðið. Þetta leggur nefndin áherslu á að verði gert og það felst í þessari brtt.

226. gr. er einnig um sjóprófin. Sú grein er nokkuð stytt, en gleggri en var í frv. Till. gerir ráð fyrir því að „í tengslum við sjópróf skal dómurinn skoða skip ef telja má að slík skoðun geti skipt einhverju máli fyrir rannsókn slyss og jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma aðra þá skoðun sem nauðsyn ber til.“ Þarna er fastar og skýrar að orði kveðið, að okkar dómi, en er í frv. og leggjum við því til þessa breytingu.

Brtt. við 172. gr. er vegna nýrra samninga sem hafa verið teknir upp við útvegsmenn og skipafélögin um tryggingamál sjómanna. Í brtt. við 172. gr. er tekið upp hvernig um samdist, en fellt út það sem var fyrir í greininni. Það stafar auðvitað af því að þegar frv. er samið var ekki vitað hvernig þessum málum yrði breytt. Þarna er fyrst og fremst um að ræða breytingar á upphæðum vegna dánarbóta og örorku og slysa og hvernig farið skuli með örorku í þessum efnum. Þarna er réttur manna tryggður eins og þeir náðu samkomulagi um. Ég veit ekki annað, eftir umsögn viðsemjenda þeirra, skipafélaga og útgerðar, en þeir hafi verið sammála um að þannig verði að málum staðið.

Þetta var það helsta. Ég held að ég þurfi ekki að fara yfir brtt. frekar. Þær eru allmargar brtt. sem ég hirði ekki um að lesa upp því að það mundi tefja þingfundinn. Það getur hver gert fyrir sig. Flest þau greinanúmer sem talin eru upp á nál. fela í sér orðalagsbreytingar, en ekki breytingar sem neinu varða um framkvæmd laganna.

Ég læt þá máli mínu lokið og vona að frv. verði afgreitt til 3. umr. með þessum breytingum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Eins og frsm. samgn., 3. þm. Vesturl., gat um hefur þetta frv. verið til umfjöllunar á hv. Alþingi áður. Þetta er annað þingið þar sem frv. kemur til umfjöllunar. Það var lagt fram á vordögum fyrir ári og var þá sent til umsagnar og lítillega fjallað um það í samgn.

Það hefur verið fjallað um frv. á nokkrum fundum og leitað umsagna og margar bárust. Ekki var tekinn upp sá háttur að kalla hagsmunaaðila eða fulltrúa þeirra til skrafs á fundi nefndarinnar, heldur var fyrst og fremst farið eftir þeim umsögnum sem nefndinni bárust. Eins og frsm. nefndi var dr. Páll Sigurðsson dósent, sem var formaður nefndarinnar sem undirbjó þetta frv., okkur til halds og trausts í nefndinni.

Ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Vesturl., að meginhluti af brtt. n. eru málsfarsbreytingar og til þess að haga orðum þannig að lögin skiljist betur, ef mætti orða það svo, utan tveggja greina.

172. gr. er um dánarbætur og slysadagpeninga og örorkubætur. Ekki hafði náðst samkomulag um þá grein í endurskoðunarnefndinni, en við gerð sjómannasamninga í vetur náðist það samkomulag. Brtt. okkar við 172. gr. er raunverulega það sem var samið um við sjómannasamningana í vetur.

Í öðru lagi er 221. gr. Hún er um skýrslutöku og lögregluranns óknir í sambandi við slys. Um þá grein var mikið fjallað í nefndinni og eins og greinin er núna varð um hana allsherjarsamkomulag, eins og reyndar um annað. Ég tel að með þeirri grein hafi verið stigið stórt og gifturíkt spor í þá veru að tryggja að rannsókn sjóslysa verði með betri hætti en hingað til hefur verið. Sérstaklega vil ég leggja áherslu á þann þátt greinarinnar að skipstjóra sé skylt að láta lögregluranns óknir fram fara vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns og einnig að honum sé ekki heimilt, þ. e. skipstjóra, að fara úr höfn nema slík rannsókn hafi átt sér stað.

Ég þakka fjarstöddum formanni okkar fyrir góða forustu um vinnu í nefndinni. Í lokin mætti koma fram að um það var rætt í nefndinni að málfar á frv. væri ekki sem skyldi. Það mun m. a. stafa af því að nm. vildu ekki breyta ýmsum gömlum orðatiltækjum sem við nútímamenn skiljum varla, en lögfræðingar og þeir sem með skipstjórnarmál fara skilja mætavel. Á hinn veginn er þetta samkomulagsmál. Margar greinar frv. eru þannig upp byggðar að þær eru kannske að hluta til úr þessari áttinni og að hluta til úr hinni áttinni. Þegar verið er að ná samkomulagi um ákveðin mál er fyrst og fremst hugsað um að koma málunum einhvern veginn þannig saman að samkomulag verði, en ekki jafnframt hugað að því að þeir, sem ekki hafa komið nálægt frv.-gerðinni eða undirbúningi, skilji að hverju hefur verið stefnt. Sumar brtt. okkar munu þó hafa bætt úr þessu að nokkru.

Ég vil láta koma fram að ég tel því miður farið að stór lagabálkur eins og þessi skyldi ekki hafa verið yfirfarinn af málfræðingum áður en málið var lagt fyrir Alþingi. Mér var tjáð að þannig hefði yfirleitt verið að farið í sambandi við stjfrv., en einhverra hluta vegna mun sú ekki hafa verið raunin á um þetta frv. og jafnvel verið að einhverju leyti horfið frá í sumum rn. að láta málfræðinga líta yfir stjfrv.

Ég ítreka og bendi á að þar hefði betur mátt fara í sambandi við undirbúning þessa frv. Að öðru leyti var okkur mjög vel fylgt eftir af þeim manni sem hafði undirbúið frv., þ. e. dr. Páli Sigurðssyni dósent. Hann studdi okkur og hjálpaði okkur við að ganga frá þessu máli. Vonandi höfum við ekki skekkt meininguna í frv., þó við værum að bæta málfar þess á ýmsa lund.

Umr. (atkvgr.) frestað

Kveðjur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur hv. deildar fyrir páska óska ég hv. þdm., svo og skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu, gleðilegrar páskahátíðar.

Neðri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 248). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. til Ed.

Selveiðar, frv. 210. mál (þskj. 249, n. 649 og 652, 653). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til laga um selveiðar, 210. mál. Frv. þetta er undirbúið af nefnd sem skipuð var í ágústmánuði árið 1982 og er í megindráttum samhljóða till. þeirrar nefndar nema hvað varðar 3. gr. frv. þar sem gert var ráð fyrir að ráðh. skipaði fimm manna nefnd sem leitað yrði till. hjá um reglur um það er varðar selveiðar.

Það virðast allir vera sammála um nauðsyn þess að setja lög um selveiðar við Ísland. Til þessa hefur verið stuðst við mjög takmörkuð ákvæði um selveiðar, m. a. í lax- og silungsveiðilögum. Hér er um mjög viðkvæmt vandamál að fást, vandamál sem ekki verður hægt að hlaupast frá að afgreiða nú á þessu þingi.

Í 1. gr. frv. er gerð tillaga um breytingar á yfirstjórn þessara mála. Í gildandi lögum eru selveiðar ekki felldar undir ákveðið rn. Hins vegar hefur landbrn. farið með mál er varða veiðar í ám og vötnum og önnur veiðimál er eigi ber undir annað rn. Hér er sem sagt kveðið á um að selveiðar falli undir sjútvrn.

Í 2. gr. er sagt að Hafrannsóknastofnunin annist rannsóknir á sel við Ísland. Hafrannsóknastofnunin hefur annast að nokkru rannsóknir á þessu sviði og stefnt er að því að auka þær rannsóknir. Í seinni hluta greinarinnar segir að sé aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar falið tiltekið rannsóknarverkefni verði Hafrannsóknastofnuninni gert kleift að fylgjast með því hvernig að slíkum rannsóknum sé staðið og hverjar séu niðurstöður þeirra. Þetta er gert vegna þess að utan Hafrannsóknastofnunarinnar gætu verið sérfræðingar sem æskilegt þætti að fá til ákveðinna rannsókna á þessu sviði.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson flytur brtt. við frv. á þskj. 653 og leggur til orðalagsbreytingu við 2. gr. frv. um að á eftir orðunum „gert kleift að fylgjast með" komi: áætlunum, undirbúningi o. s. frv. Meiri hl. n. sá ekki ástæðu til að taka þetta inn, orðalag 2. gr. væri fullkomlega skýrt eins og það er í frv.

3. gr. frv. er sú grein sem menn hafa hvað mest rætt um. Hv. þm. Guðmundur Einarsson gerði það að tillögu sinni á þskj. 653 að í stað samráðs verði nefnd sett á laggirnar til að aðstoða sjútvrn. við framkvæmd þessara laga.

Í 3. gr. frv. segir: „Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Það að samráð skuli haft við aðila, sem í frv. er gert ráð fyrir, verður að teljast ofureðlilegt; Náttúruverndarráð m. a. vegna hugsanlegra áhrifa á lífríki og umhverfi og að gætt verði fyllstu náttúruverndar- og vísindasjónarmiða við veiðarnar. Sjálfsagt verður einnig að teljast að leita samráðs við Hafrannsóknastofnunina, sbr. það sem segir í 2. gr. frv. Búnaðarfélag Íslands er einnig tilnefnt sem samráðsaðili. Það er eðlilegt ef litið er til baka svo og vegna þeirra hlunninda sem landeigendur hafa haft af selveiðum. Fiskifélag Íslands er í þessu tilfelli sjálfsagður og mjög eðlilegur umsagnaraðili.

Meiri hl. sjútvn. sá ekki ástæðu til að breyta 2. gr. frá því sem hún er í frv., en þar segir:

„Að leita álits og umsagnar sérfræðinga eða skipaðra fulltrúa þessara aðila varðandi skipulag, stjórnun og meiri háttar ákvarðanir varðandi selveiðar. Færi þetta eftir eðli málsins hverju sinni til hvers væri leitað."

Um aðrar greinar frv. var ekki skoðanamunur í sjútvn. Í nál. á þskj. 649 segir:

„Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og leitað umsagna um málið. Frv. um sama efni var til umfjöllunar í sjútvn. á síðasta þingi. Þann 16. maí 1984 afgreiddi sjútvn. málið á sama hátt og nú. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta nál. rita hv. þm. Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Gunnar G. Schram og Halldór Blöndal.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hérna fyrir minnihlutaáliti sjútvn. í 210. máli sem er frv. til laga um selveiðar við Ísland.

Ég ætla að hafa þann formála að þessu máli að það er mjög mikilvægt að sett verði um þetta löggjöf. Ég gekk raunar eftir því á seinasta þingi með fsp. þar sem ég spurði ráðh. hvernig liði flutningi frv. um þetta mál. Ég taldi þá að frv. væri lengi búið að vera tilbúið í skúffu ráðh. og honum væri því ekki neitt að vanbúnaði að flytja það vegna þess að nefndin, sem hafði verið skipuð nokkru áður, hafði skilað gögnum og málsins var beðið með nokkurri eftirvæntingu af þeim málsaðilum sem um það höfðu fjallað. Hins vegar kom í ljós þegar frv. var flutt hver ástæðan var fyrir því að dráttur hafði á því orðið. Það var nefnilega búið að gera mjög veigamikla breytingu á frv. frá upprunalegri gerð þess, þeim drögum að frv. sem málsaðilar fjölluðu um fyrst. Að mínu áliti, eins og ég kem að síðar, gengur þessi ákveðna breyting þvert gegn því markmiði sem þessu frv. var ætlað, sem var það að ná sátt og sæmilegu samlyndi í erfiðu deilumáli, máli sem hafði verið lengi að þvælast fyrir mönnum þar sem hagsmunaaðilar ýmsir höfðu komið nærri og haft afskipti af þannig að ekki töldu sig allir geta vel við unað.

Með skipan nefndar sem samdi frumvarpsdrögin var verið að reyna að ná, eins og ég segi, sáttum í þessu máli. En þessi breyting ráðh. á 3. gr. gengur þvert á þá tilraun. Þar með er frv. svo mikið breytt að ég álít að það eigi ekki skilið að fá samþykkt eins og það stendur.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa nál. sem ég skilaði um þetta mál þar sem ég vík einmitt að þessum atriðum:

„Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt og hefur því verið flutt að nýju óbreytt. Í fylgiskjölum með þessu nál. eru umsagnir nokkurra málsaðila sem bárust sjútvn. við umfjöllun málsins á síðasta þingi. Allar umsagnir, sem bárust við umfjöllun málsins nú, eru prentaðar hér sem fylgiskjöl.

Þann 31. ágúst 1982 skipaði þáverandi sjútvrh. nefnd til að semja frv. til laga um selveiðar við Ísland. Í þessa nefnd voru skipaðir Björn Dagbjartsson forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, og Jón B. Jónasson skrifstofustjóri í sjútvrn. sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi skilaði til sjútvrn. drögum sem eru samhljóða frv. þessu að öðru leyti en því að lagt var til að 3. gr. frv. hljóðaði svo:

„Til aðstoðar sjútvrn. við stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðh. nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn skv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn skv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar. Ráðh. skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Till. nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana sem varða selveiðar og ber nefndinni að gera till. til sjútvrn. um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Í frumvarpsdrögum hinnar stjórnskipuðu nefndar var svohljóðandi athugasemd við 3. gr.:

Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé rn. til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjútvrn. þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir sem nefndar eru í þessari grein og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum þessara aðila þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt.

Rn. mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir sem það tæki um selveiðar og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með till. og ábendingar um atriði sem að þessum málum lúta.

Í frv., sem sjútvrh. lagði síðan fyrir þingið og hér er um fjallað, er hins vegar gerð sú breyting að 3. gr. er svohljóðandi:

„Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Hér hefur ráðh. gert veigamikla breytingu á þeim drögum sem hin stjórnskipaða nefnd samdi. Þessi ákvörðun ráðh. gegnir furðu enda tveir af fjórum nm. mjög tengdir störfum rn. Formaður nefndarinnar var, eins og áður segir, skrifstofustjóri rn. og í nefndinni sat einnig þáverandi forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Björn Dagbjartsson, sem einnig er formaður svokallaðrar hringormanefndar og hefur því mótað stefnuna í þessum málum um langa hríð.

Í umsögn um frv. frá Náttúruverndarráði er eindregið lagt til að 3. gr. frv. verði færð í fyrra horf. Nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar, svo sem 6. og 8. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands telur einnig í umsögn dags. 27. apríl 1984 heppilegra að til sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál sem varða selveiðar svo sem lagt er til í 3. gr. frv. þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi. Stjórn Búnaðarfélagsins lýsir sig einnig andvíga 1. gr. frv. og vísar til þess að málefni, er varða selveiðar, hafi hingað til verið undir stjórn landbrn.

Ákvörðun ráðh. um að hafna skipan formlegrar ráðgjafar- og samráðsnefndar, er ráðgast megi við um selveiðistefnu, er enn óskiljanlegri ef litið er til þess að ráðh. hefur haft starfandi sér við hlið formlega ráðgjafarnefnd til að ráðfæra sig við um fiskveiðistefnu sína. Þar hafa fulltrúar málsaðila fjallað um framkvæmd stefnunnar og ráðh. hefur lokið miklu lofsorði á það fyrirkomulag. Við nýlega endurskoðun „kvótamálsins" komu ekki fram nein áform ráðh. um að breyta þessari formlegu tilhögun í það form að ráðh. skuli hafa samráð við viðkomandi aðila um stjórn og skipulagningu veiðanna eftir því sem við eigi hverju sinni svo notað sé orðalag úr 3. gr. frv. til laga um selveiðar við Ísland.

Í nýútkomnu fjölriti Landverndar, sem heitir „Selir og hringormar", er ítarleg umfjöllun um frv. og ýmsar veigamiklar athugasemdir gerðar bæði við frv. og þátt hringormanefndar í því að móta stefnuna í þessum málum hér á undanförnum árum.

Minni hl. sjútvn. telur mikilvægt að fylgt sé till. nefndarinnar sem samdi frv., Náttúruverndarráðs og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Með lagasetningu í þessu efni er verið að gera tilraun til að koma skipulagi á mál sem verið hefur viðkvæmt. Því telur minni hl. nefndarinnar óverjandi af sjútvrh. að ganga svo eindregið gegn till. þessara aðila án þess að hafa rökstutt sitt mál á viðhlítandi hátt.

Minni hl. flytur brtt. við 2. og 3. gr. frv. á sérstöku þskj. Verði þær brtt. ekki samþykktar leggur hann til að frv. verði felld.

Alþingi, 27. mars 1985.
Guðmundur Einarsson."

Hér hef ég lesið nál. Mig langar aðeins að gera þetta að frekara umtalsefni. Eins og ég sagði áðan ættu menn að spyrja hvers vegna hæstv. ráðh. gerir svo veigamikla breytingu á þessu frv., breytingu sem einmitt stofnar í voða því ætlunarverki sem frv. hafði nákvæmlega, sem var að leita sátta í máli sem er viðkvæmt deilumál og hefur lengi verið. Menn hafa svo sem stungið upp á ýmsum skýringum á þessu. Menn hafa spurt hvort þetta séu kannske bara venjulegar framsóknareinræðistilhneigingar, eins og menn hafa gert að umtalsefni í sambandi við efnahagsstefnu þessarar ríkisstj., hvernig hún fór af stað og kom fram við launþega í landinu. Menn gerðu sömu tilhneigingar að umtalsefni þegar fjallað var um stefnu í fiskveiðimálum á sínum tíma. Um það skal ég ekkert fullyrða.

Maður getur líka spurt: Eru þessar breytingar gerðar skv. ráðum nánustu samstarfsmanna ráðh., eins og segir í nál., sem voru skrifstofustjóri rn. og fyrrverandi forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, en þeir sömdu báðir frv.? Þeir voru báðir í nefndinni sem samdi frumvarpsdrögin. Þess vegna tel ég að það verði að koma fram greinargóðar skýringar á því hvers vegna ráðh. hefur síðan breytt þessari ákvörðun náinna kunnáttumanna um þessi mál.

Það má líka spyrja hvort einhverjum af aðstandendum þessa máls í upphafi, þ. e. þeim sem sömdu frumvarpsdrögin á sínum tíma, hafi snúist hugur. Það kemur a. m. k. ekki fram í áliti Búnaðarfélagsins og það kemur ekki fram í áliti frá Náttúruverndarráði.

Í umsögn um frv., eins og það var lagt fyrir í fyrra, minnist fyrrverandi framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og formaður hringormanefndar ekki á þessa breytingu á umsögninni. Það er kannske vísbending um að honum hafi snúist hugur frá því að hann leggur frumvarpsdrögin fram og þangað til hann fær frv. síðan til endurskoðunar.

Menn geta spurt hvort það sé þá á einhvern hátt að

áeggjan svokallaðrar hringormanefndar, sem sett var á laggirnar í trássi við gildandi lög, að þessu er breytt og hvort menn vilji þannig ná yfirráðum á selarannsóknum undir stjórn fiskvinnslunnar um ófyrirsjáanlega framtíð eins og ég kem að nánar.

Ég hef hérna aðeins minnst á þátt hringormanefndar í þessu máli og ég tel raunar að ekki sé hægt að ræða þetta mál lengi án þess að koma að þætti hennar. Þar hafa málsmetandi menn bæði átt þátt í mótun andrúmsloftsins í kringum selveiðistefnuna og ýmis ákvæði þessa frv., eins og það er núna, eru augljóslega samin með hliðsjón af hringormanefnd.

Nú er mjög í tísku að lesa á milli línanna og er það helsta sjálfsbjargarúrræði þeirra sem reyna að rýna í hvað stjórnvöld ætlast fyrir hér á landi þessa dagana. Þegar ég les á milli línanna í þessu frv. rek ég augu í það að í 2. gr. segir: „Feli sjútvrn. tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar ákveðnar rannsóknir á selum...“ Þarna er auðvitað verið að tala um samband sjútvrn. og hringormanefndar. Sömuleiðis segir síðar í frv. að ráðuneytið muni setja reglur um hvernig staðið skuli að fækkun sela. Ef svo fer sem horfir verður hringormanefnd, margumfjölluð, málsmetandi aðili í þessu. Hún mun ráða því hvernig þessi stefna verður mótuð. Ef ráða skal af því hvernig stefnan hefur verið mótuð og hvernig þetta hefur gengið hingað til finnst mér það ekki lofa góðu.

Í fyrsta lagi tel ég að margumrædd hringormanefnd hafi verið skipuð í trássi við gildandi lög á sínum tíma þar sem lög um rannsóknastofnanir atvinnuveganna gera ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun fari með yfirstjórn þessara mála. Það segir reyndar í lögunum sem giltu um þessi mál þegar hringormanefnd var skipuð: „Hafrannsóknastofnunin ein skal annast verkefni sem tilgreind eru hér að framan og unnið er að á vegum ríkisins.“ Þessi verkefni eru reyndar t. d. rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenskra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur, hámarksnýtingu o. s. frv. Þegar hringormanefnd er skipuð eru því augljóslega gildandi lög sem taka af allan vafa um forræði selarannsókna við Ísland. Hins vegar segir í skipunarbréfi nefndarinnar, sem er undirritað af þáverandi sjútvrh., að nefndinni sé einnig ætlað að hafa yfirumsjón með rannsóknum sem þegar séu hafnar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á selastofninum við Ísland. Þarna er sem sagt verið að setja nefnd yfir þær rannsóknir sem Hafrannsóknastofnunin var skv. lögum að fjalla um. Í fyrsta lagi er því lagalegur grundvöllur þessarar nefndar mjög hæpinn.

Í öðru lagi er augljóst af bréfi ráðh. frá 16. ágúst 1979 að þarna er verið að skipa rannsóknanefnd m. a. með tilliti til þess að þessi nefnd skuli hafa forræði yfir Hafrannsóknastofnun við rannsóknir og skipulagningu á þessum málum. Lítum hins vegar á skipan nefndarinnar. Þar eru framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, framkvæmdastjóri Iceland Seafood Corporation, framkvæmdastjóri Sölumiðsvöðvar hraðfrystihúsanna og framkvæmdastjóri Coldwater Seafood Corporation. Þetta er nefndin sem þá er sett til að fara með forræði yfir og stjórna rannsóknum á vegum Hafrannsóknastofnunar á selamálum, stofnunar sem þó á skv. gildandi lögum að fjalla um þessi mál. Þarna er augljóslega ekki um að ræða þá sérþekkingu í viðkomandi greinum sem skynsamlegt væri og nauðsynlegt að hafa í nefnd sem væri fengið þetta yfirstjórnarhlutverk.

Í þriðja lagi vildi ég aðeins glugga í starfshugsjónir hringormanefndar eins og þær birtast á fyrstu misserum starfsins. Hún er skipuð í ágúst 1979 og í skýrslu, sem kemur út í nóvember sama ár, segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið hér að framan eru rannsóknir varðandi hringormavandamálið yfirgripsmiklar og munu krefjast mikils tíma en slíkt er nú yfirleitt einkennandi fyrir vistfræðilegar rannsóknir.“ Síðan kemur: „Vegna fyrirhugaðra aðgerða til fækkunar sels er vert að hafa það í huga að öll mál sem varða sel og selarannsóknir verða í brennipunkti.“ Þarna er augljóslega löngu búið að ákveða að fækka skuli sel hvað sem rannsóknum líður.

Síðan segir: „Selir eru þau sjávarspendýr sem að allur almenningur kemst í hvað nánasta snertingu við úti í náttúrunni eða í sædýrasöfnum. Allar aðgerðir varðandi sel, sem ekki eru studdar vísindalegum rökum af niðurstöðum rannsókna á líffræði íslenskra sela, munu því væntanlega hljóta talsverða gagnrýni Náttúruverndarráðs, náttúruverndarsamtaka og jafnvel þorra almennings í landinu.“ Ég ætla að vona það. Síðan segir: „Þetta gerir það að verkum að nauðsynlegt er að stunda alhliða líffræðirannsóknir á selastofninum hér við land svo mögulegt sé að veita haldbær svör við gagnrýni andstæðinga aðgerðanna.“ Þarna virðist líka hafa verið búið að ákveða hver niðurstaða rannsóknanna ætti að vera. Þetta er mjög athyglisvert og segir okkur, eins og ég sagði áðan, vissa sögu um það með hvaða hugarfari starf þessarar nefndar fer af stað.

Ég vil kalla þetta óbrotthætt minnismerki um misbeitingu þess trausts sem fólk hefur á vísindum og vísindalegri aðferð. Einhverjir mundu meira að segja vafalaust ganga svo langt að segja að þetta væru áform um falsanir á rannsóknum en ég ætla ekki að leyfa mér að taka svo sterkt til orða. Ef þessari röksemdafærslu, sem þarna kemur fram hjá nefndinni, er fylgt eftir liggur í augum uppi að menn stinga óhagstæðum niðurstöðum undir stól vegna þess að það gæti alveg eins farið svo að við yfirgripsmiklar rannsóknir á selamálum kæmist nefndin að ýmsu sem styrkti gagnrýni andstæðinganna. Hvað starfshugsjónirnar varðar sýnist mér því að þar hafi heldur illa verið farið af stað.

Þetta sama kemur raunar fyrir síðar í þessari sömu skýrslu. Þetta er skýrsla starfsmanns hringormanefndar, Erlings Hauksonar, frá 1979 þar sem segir síðar: „Náttúruverndarráð og náttúruverndarsamtök munu einnig óhjákvæmlega koma inn í myndina þegar fram í sækir og fyrirhugaðar fækkunaraðgerðir hefjast. Það er rannsóknum fyrir bestu að ekkert verði gert á þann veg sem skaðað gæti eðlilegt samband við þessa aðila. Slíkt mundi aðeins tefja fyrir lausn vandamálsins.“ Þetta er líka fróðlegt vegna þess að þarna eru þó varnaðarorð starfsmanns hringormanefndar um nauðsyn á samvinnu og gagnkvæmu trausti í þessu efni. Það eru varnaðarorð sem hæstv. ráðh. hefði átt að hafa í huga þegar hann ákvað síðan að breyta niðurstöðum nefndarinnar sem samdi þessi frumvarpsdrög í upphafi.

Þetta var sem sagt um starfshugsjón þessarar nefndar sem í fyrsta lagi ákvað fækkun sela áður en hún hóf rannsóknir og í öðru lagi ákvað að niðurstöður

rannsókna skyldu veita svör við gagnrýni á fækkunaraðgerðir. Ég fullyrði að svona vinna ekki vitibornir rannsóknarmenn.

Ég hef gert þessa hringormanefnd að umræðuefni vegna þess að hvort sem mönnum líkar betur eða verr er hún aðili að þessu máli og hefur mótað stefnu í þessum málum hérlendis. Í sjötta lagi vil ég vekja athygli á öðru. Vorið 1982, þegar hringormanefnd margumrædd hóf verðlaunagreiðslu fyrir seladrápið, voru gerðar fsp. um hver væri hinn stjórnvaldslegi grundvöllur að þessum aðgerðum. Þá nefnilega vissu menn að í skipunarbréfi nefndarinnar, eins og það var frá ráðh. 1979, var ekki neitt slíkt áformað og ekkert leyfi gefið til slíkra hluta. Enda fór svo að þegar skrifað var til þáverandi sjútvrh. 1982 og spurst fyrir um þetta seladráp segir svo í svari sjútvrn. frá 12. júlí 1982:

„Nefndin hefur staðið fyrir ýmsum rannsóknum á selastofninum og skilað skýrslum um þær. Í framhaldi af því starfi mun nefndin hafa ákveðið sjálf að beita sér fyrir því að verðlauna selveiðar sem ofangreind sölusamtök fiskiðnaðarins kosta. Ekki var leitað samþykkis rn. á þeirri ákvörðun. Með tilvísun til þess að kostnaður greiðist alfarið af sölusamtökunum hefur rn. ekki séð grundvöll til að hafa afskipti af þessari starfsemi."

Þarna sver rn. í fyrsta lagi af sér ábyrgð á þessum drápum en segir þó um leið að þar sem það beri ekki af þessu kostnað, þ. e. að sölusamtökin kosti þessar aðgerðir, þá sjái rn. ekki ástæðu til að hafa uppi nein andmæli.

Þetta kalla ég framkvæmdavald sem segir sex. Þetta þýðir að fimm eða sex menn með peninga geta hvenær sem er komið saman og ákveðið að leigja sér málaliða til að fara með hernaði á hendur náttúru Íslands og stjórnvöld sjá enga sérstaka ástæðu til að bera neitt við ef þau hafa af því engan kostnað. Þetta er merkileg niðurstaða.

Segjum nú svo að þrátt fyrir allt þetta væri vísindalegur grundvöllur fækkunaraðgerðanna alveg klár, að augljóst væri að allar vísindalegar forsendur væru fyrir því að fara svona fram í þessu máli. En séu þau mál skoðuð kemur í ljós að þá er allt annað uppi á teningnum. Ef skoðaðar eru skýrslur og álit annarra sérfræðinga, sem um þetta hafa fjallað, kemur fram að miklar efasemdir eru látnar í ljós um það að þessar aðgerðir, selafækkunaraðgerðir, standi á nokkrum vísindalegum grundvelli. Það er reyndar allt of langt mál að rekja þær röksemdir allar hér. En ég vil t. d. benda á skýrslu þriggja líffræðinga sem Landvernd fól að rannsaka þetta mál í fyrra. Segja má að þeir tæti í sig vísindalegan grundvöll að þessum aðgerðum og varpi stórkostlegri rýrð á hann. Sama er uppi á teningnum í áliti Náttúruverndarráðs þegar það sendi umsögn um þetta mál í fyrra. Eftir allt þetta stjórnarfarslega klúður sem ég lýsti hérna áðan og því hvernig allur tilorðningur þessarar nefndar virðist standa mjög á brauðfótum verða menn í þokkabót mjög að efast um vísindalegan grundvöll þessara aðgerða. Þetta var um hringormanefndina.

Eins og ég sagði í byrjun eru hérna tvö mál sem menn þurfa að taka afstöðu til. Það er í fyrsta lagi það hvernig samráðið eigi að vera um happasæla framkvæmd þessarar stefnu. Mín skoðun er sú að þar eigi að fara að óskum nefndarinnar sem upphaflega samdi þetta frv. Það er vísasta leiðin til að koma á þeirri samvinnu og stuðla að því að gagnkvæma trausti sem nauðsynlegt er í þessu máli eins og raunar sérfræðingur hringormanefndarinnar ræðir í áliti sínu frá 1979 þó að því hafi síðan ekki verið mjög flaggað.

Í öðru lagi segi ég: Það er erfitt og næstum ómögulegt að fjalla um mótun á selveiðistefnu á Íslandi án þess að hafa í huga hlut hringormanefndar í því hingað til og þann fyrirsjáanlega hlut sem nefndin mun eiga að þessu máli. Ég treysti því að ráðh. og talsmenn meiri hlutans í sjútvn. tjái sig um þessi mál, að þeir tjái sig um það hvort þeir í fyrsta lagi telji eðlilega að staðið með samráðið og í öðru lagi hvort þeir telji að þetta ætti að verða upphafið að því að menn reyni að móta sæmilega vísindalega og þannig frá gengna selveiðistefnu að menn geti verið fullsæmdir af. Ég fullyrði að til þess stendur vilji allra þeirra samtaka sem stóðu að gerð hinna upphaflegu frumvarpsdraga. En eins og kemur fram í áliti þeirra á frv., eins og það liggur fyrir núna, hafa bæði Búnaðarfélagið og Náttúruverndarráð lýst eindreginni andstöðu við 3. gr. eins og hún er. Það er ekki vel farið af stað í þessu viðkvæma máli.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. til laga um selveiðar við Ísland sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt og kom aftur fyrir þingið óbreytt frá ríkisstj. fyrir síðustu jól. Nú er það komið frá sjútvn. óbreytt að því er varðar tillögu meiri hl. n., en minni hlutinn, sem hér mælti áðan fyrir sínu nál., leggur til tvær breytingar á frv. Ég ræddi þetta frv. nokkuð í fyrra þegar það kom fyrir þingið og einnig lítillega þegar það var lagt fram aftur á þessu þingi og óskaði þá eindregið eftir því að sjútvn. vandaði meðferð þessa máls og reyndi að haga sínum störfum þannig að unnt væri að stilla saman um málsmeðferð og frv. þannig að líklegt væri að hægt væri að ná víðtækri samstöðu um þetta mál sem varðar hagsmuni mjög margra. En það hefur því miður ekki farið svo að meiri hluti nefndarinnar hafi séð ástæðu til þess að breyta frv. í neinu og leggur nú til að það verði samþykkt óbreytt.

Ég hef kvatt mér hljóðs til að ítreka andstöðu mína við ákveðna þætti í þessu frv. og beina jafnframt fyrirspurnum til ráðh., sérstaklega til hæstv. landbrh. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. er hér.)

S. l. haust barst mér erindi, sem snertir þetta mál, frá áhugasömum bónda við Breiðafjörð sem nú er hniginn við aldur, Játvarði Jökli Júlíussyni, þar sem voru erindi sem hann hafði sent hæstv. sjútvrh. s. l. haust og erindi sem hann hafði sent þm. Vestfjarðakjördæmis, iðnaðardeild Sambandsins svo og stjórn Búnaðarfélags Íslands. Í erindi Játvarðar Jökuls var einnig að finna sérstök mótmæli gegn því frv. sem hér er til umr. frá aðalfundi Búnaðarfélags Reykhólahrepps sem haldinn var 24. júní 1984. Ég vitnaði til örfárra atriða í þessu bréfi Játvarðar Jökuls við 1. umr. málsins á yfirstandandi þingi og kom því síðan á framfæri við formenn í sjútvn. þingsins og bað þá um að íhuga sérstaklega hans ábendingar þar sem hann hefur, að því er mér virðist, mjög góða yfirsýn yfir þetta mál og tilfinningu fyrir þeim hagsmunum sem snúa að nytjum sels og hagsmunum bænda í þessu sambandi.

Ég er ekki þar með að segja að allar hans ábendingar séu þess efnis að ástæða væri til að taka tillit til þeirra við lagasetningu um þetta mál, en ég held að það væri

fróðlegt fyrir þm. að íhuga ýmislegt af því sem fram kom í hans máli. Ég inni formann sjútvn. eftir því hvaða meðferð erindi Játvarðar Jökuls hafi fengið í n. og hvort ekki hafi verið talin ástæða af hennar hálfu að athuguðu máli að taka tillit til einhverra af hans ábendingum. Ég vænti þess að ráðh. svari því til hér á eftir.

Ég vil áður en lengra er haldið taka það fram að ég tel fulla þörf á því að setja lög um selveiðar og hafði vænst þess að meðferð þingsins og sérstaklega hv. sjútvn. stuðlaði að því að svo gæti orðið á yfirstandandi þingi. En mér sýnist að málsmeðferð n., þar sem hún að meiri hluta til leggur ekki til neinar breytingar, stuðli ekki að því samkomulagi sem þörf væri á um þetta stóra mál.

Ég vil inna hæstv. landbrh. sérstaklega eftir því hvort hann sé samþykkur þessu frv. eins og það liggur hér fyrir þinginu, hvort hann hafi veitt því blessun sína í ríkisstj. og hvort hann telji ástæðu til að frv. verði samþykkt með þeim hætti sem meiri hluti sjútvn. leggur hér til.

Ég vil einnig inna þm. Vesturl. eftir því sérstaklega hvort þeir hafi kannað þetta frv. svo og þm. Vestf., en til beggja þessarra þingmannahópa hefur verið beint atriðum varðandi frv. Það er ekki síst það sem snýr að stjórnun selveiða og meðferð sels við Breiðafjörð sem þarna er um að ræða. Með þessu frv. er fellt úr gildi ákvæði laga frá 1925, um selveiðar við Breiðafjörð, ákvæði laga nr. 30/1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, eins og það er kallað. Ég held að það hljóti að vera umhugsunarefni fyrir þá þm., sem þarna eru næst vettvangi, að íhuga hvort réttmætt sé að fella þessi ákvæði úr gildi þótt gömul séu og taka upp þau ákvæði sem eru í þessu frv. Þau ákvæði veita í rauninni sjútvrh. geysilega mikil völd í sambandi við stjórnun selveiða og lítt takmörkuð eins og sjá má af 6. gr. þessa frv. þar sem segir í upphafi, með leyfi forseta:

„1. Ráðh. getur sett reglur um framkvæmd laga þessara. Með reglugerð getur ráðh. m. a.:

1. Bannað selveiðar á tilteknum svæðum.
2. Takmarkað selveiðar við ákveðinn tíma.
3. Friðað ákveðnar tegundir sela og ákveðið fjölda þeirra sela er veiða má af einstökum tegundum á ákveðnum svæðum á tilteknu tímabili.
4. Sett reglur um leyfilegar veiðiaðferðir og um hlaupvíddir skotvopna er nota má til selveiða.
5. Ákveðið hvernig skuli gengið frá drepnum selum.
6. Sett reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi.
7. Ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela sé þess talin þörf.“ — Ég bæti því hér inn í að með þessu ákvæði í tölulið 7 er auðvitað leiðin til að löggilda hringormanefnd hina umdeildu.

„8. Ákveðið að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs reglur um selveiðar á svæðum, sem friðlýst hafa verið eða kunna að verða, með heimild í lögum nr. 471/1971, um náttúruvernd.

9. Sett reglur sem nauðsynlegar þykja til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar er Ísland kann að gerast aðili að.“

Þetta er 6. gr. frv. Ég vek athygli á því hvað ráðh. eru hér veitt óskoruð völd í þessum efnum með mjög takmörkuðum ákvæðum um það til hvers hann skuli taka tillit í þeim reglugerðum sem honum væri veitt heimild til samkvæmt þessum ákvæðum.

Ég vil koma því á framfæri við hv. þd. og rifja það upp fyrir hæstv. landbrh. hvað Búnaðarþing hafði að segja um þetta mál. Ég inni ráðh. eftir því hvort hann sé samþykkur áliti Búnaðarþings eða andvígur. Þar var svofelld ályktun um frv. til laga um selveiðar við Ísland samþykkt samhljóða, að ég hygg, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing hefur skoðað frv. til laga um selveiðar við Ísland sem nú liggur fyrir Alþingi og vill af því tilefni taka þetta fram:

1. Selveiði er frá fornu fari hlunnindi sem fylgt hafa sjávarjörðum hér á landi, staðið undir verulegum hluta af lífsframfæri þeirra sem þar hafa búið og er hluti af fasteignamati þessara býla. Því er sjálfsagt að málefni selveiða heyri undir landbrn.

2. Óráðlegt verður að telja að fella niður gildandi ákvæði um sérstök friðunarsvæði, friðun Breiðafjarðar o. s. frv., nema í samráði við hlunnindaeigendur á viðkomandi svæðum.

3. Meðan verð á selaafurðum á markaði er svo lágt að það afstýrir því ekki að sel fjölgi úr hófi er eðlilegt að skipulega sé unnið að því að halda selafjölda innan hóflegra marka með kópadrápi eða á annan hátt og fela veiðistjóra umsjón með þeim aðgerðum, sem annars væru í ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga, og höfð hliðsjón af fyrirkomulagi hreindýraveiða og refavinnslu.

Þessi atriði, sem hér eru talin, nægja til þess að Búnaðarþing leggst gegn frv. í þessari mynd en leggur til að nýtt frv. verði samið þar sem tillit sé tekið til ofangreindra atriða.“ Þetta er umsögn Búnaðarþings um þetta mál og er mjög ótvíræð.

Ég vek athygli á umsögn Hafrannsóknastofnunar sem prentuð er á þskj. 652 með áliti minni hl. sjútvn. þar sem Hafrannsóknastofnunin telur óráð að samþykkja 2. gr. frv. óbreytta. Ég vek einnig athygli á þeim þætti í umsögn Náttúruverndarráðs sem prentuð er á sama þskj. þar sem segir:

„Náttúruverndarráð fagnar því að lagt er fram frv. til laga um selveiðar við Ísland. Ráðið leggur áherslu á að slíkt frv. verði gert að lögum hið fyrsta. Náttúruverndarráð getur þó ekki samþykkt óbreytt það frv. sem nú liggur fyrir en leggur áherslu á að 3. gr. frv. verði breytt í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd er samdi frv. lagði til.“

Síðan segir: „Náttúruverndarráð bendir á að breytingin, sem gerð hefur verið á 3. gr. frv., er grundvallarbreyting á frv. í heild og ef 3. gr. verður ekki breytt í fyrra horf þá verður að breyta ýmsum öðrum greinum frv. í samræmi við það, t. d. 6. og 8. gr. Náttúruverndarráð vekur athygli á nýútkomnu fjölriti Landverndar, Selir og hringormar, en þar er ítarleg umfjöllun um ofannefnt frv. á bls. 68—75.“

Þessi skýrsla, sem þarna er vitnað til frá Landvernd, kom í hólf þingmanna allra, að ég hygg, fyrir ekki löngu. Hér er um að ræða mjög ítarlega og fróðlega samantekt um selveiðar við Ísland, rannsóknir á selum og umsögn um það frv. sem hér er til umr. Ég vil inna hv. formann sjútvn. þessarar deildar eftir því hvort n. hafi kynnt sér þetta fjölrit, fjallað um það og rætt og telji að þær ábendingar, sem þar koma fram, séu þess eðlis að ekki sé ástæða til að taka tillit til þeirra við lagasetningu sem þessa.

Ég bendi á að það er ekki á nokkurn hátt farið offari í þessari greinargerð Landverndar sem þrír líffræðingar standa að. Það er hvatt til þess að löggjöf sé sett um

þessi efni en það er jafnframt vakin athygli á því, svo sem skylt hlýtur að vera þeim sem vilja fjalla hlutlægt um þessi mál, að niðurstöður rannsókna um samhengi á milli hringorma í fiski og fjölda sela eru langt frá því að vera einhlítar og bent á fjölmörg atriði því sjónarmiði til stuðnings. Ég er ekki þar með að segja að ekki eigi að vinna skipulega að því að halda selastofni innan ákveðinna marka. En það er nauðsynlegt að menn vinni að þeim málum með opin augun og fjalli um fyrirliggjandi niðurstöður rannsókna og líti á þær hlutlægt.

Í samþykkt Búnaðarfélags Reykhólahrepps, sem ég vitnaði til áðan, er að finna ábendingar í sex tölusettum liðum varðandi þetta frv. Engar af þeim ábendingum virðast hafa verið tilefni fyrir meiri hl. sjútvn. til að gera breytingar við fyrirliggjandi frv. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. hafi kynnt sér þessi efni. Ef hann hefur ekki fengið þessar ábendingar í hendur er auðvelt að bæta úr því. En erindi hefur sjútvrh. einnig fengið frá þeim sem ég nefndi hér, Játvarði Jökli Júlíussyni. Ég vil leyfa mér, vegna þess að hann hefur opinberað þetta erindi og sent það til ýmissa aðila, að vitna í það bréf frá 1. október 1984 þar sem segir m. a.:

„Ég óx upp við selveiðar hér við Breiðafjörð, lifði og hrærðist í þeim hvert einasta vor og eins eftir að ég varð bóndi. Vorkópaveiðina á söndunum á suðurströnd landsins þekki ég hins vegar bara af afspurn. Þar er kópunum náð á landi, þeir alast upp á landi eins og útselskóparnir, haustkóparnir. Mörg haust var ég og liðsmaður við haustkópaveiði, þekki hana og uppeldi og lífnaðarhætti útselskópanna af náinni reynslu. Ég er því afskaplega næmur fyrir þeim ósköpum og fádæmum sem dunið hafa yfir hin síðari árin. Þar á ég við ofsóknir hringormanefndar gegn bændum og bústofni þeirra, íslensku selastofnunum. Ekki grunaði mig hvað frv. viðvék að önnur eins skelfing væri þar á ferðinni eins og reyndin sannaði, var þó forvitinn."

Síðan segir Játvarður Jökull: „Mér hreint og beint krossbrá við að sjá allan rétt bænda, allar heiðir og drjúgan hluta náttúrlegs veruleika borin fyrir borð eins og gert er í frv. Átakanlegast var þó að sjá hve algerlega „hlunnindaráðunauturinn" Árni G. Pétursson hafði brugðist bændum. Sannaðist á honum að „betra er autt rúm en illa skipað". Einmana þarna og sjúklingur" — en hann skrifar þetta á Reykjalundi — „varð ég sem of sterkur af dirfsku og eldmóði en vissi ekki hvað ætti til bragðs að taka, samdi bréf, mótmæli gegn frv. og sendi þm. Vestfjarðakjördæmis. Afrit sendi ég 1. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni, fannst að honum ætti að renna breiðfirska blóðið til skyldunnar og hann kynnti mótmæli mín í sínum hópi."

Þetta er tilvitnun úr erindi Játvarðar Jökuls til sjútvrh. vegna framlagningar þessa frv. og umræðna sem urðu um það á síðasta þingi, en sjútvn. beggja deilda hafa fengið það til meðferðar.

Ég vildi vekja í þessu máli mínu athygli á því hversu afar deildar meiningar eru um frv. í þeirri mynd sem það liggur hér fyrir. Það er ekki farsælt fyrir Alþingi að ætla að setja lög um þetta málefni án þess að farið sé ofan í þessar athugasemdir sem fjölmargir standa að baki, bæði náttúruverndarmenn og þeir sem beinna hagsmuna hafa að gæta af selveiðum bæði fyrr og síðar. Ég vil því eindregið hvetja til þess að málið fái betri meðferð hér í þinginu og það verði reynt að ná saman um lög um selveiðar þar sem betur er vandað til lagasetningar en stefnt er að með fyrirliggjandi frv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frv. er komið hér til umr., en það kom einnig til 2. umr. á síðasta þingi og þá var ekki hægt að ná um það samstöðu að frv. fengi hér fram að ganga skv. vilja meiri hl. sjútvn. En það er út af fyrir sig ánægjulegt ef nú kemur að því að lög séu sett um selveiðar. Nú má að sjálfsögðu alltaf um það deila hvernig málum skuli fyrir komið. En um það verður ekki deilt að hringormur er gífurlegt vandamál í íslenskum sjávarútvegi og íslenskum fiskiðnaði. Það er öllum þeim, sem vilja auka okkar þjóðartekjur í reynd og skapa meiri verðmæti í landinu, mikið umhugsunarefni hvernig skuli ráðist gegn þessu vandamáli. Það er alveg rétt að um það eru deildar vísindalegar meiningar hvað hefur gerst í þessu máli. En því verður ekki á móti mælt að þetta vandamál hefur stórvaxið og er að vaxa. Allt bendir til þess að fyrst og fremst megi rekja þetta vandamál til fjölgunar selsins. Þegar slíkt liggur fyrir er mjög erfitt að taka frekari áhættu í þessu máli.

Vegna þeirrar spurningar sem hér hefur komið fram varðandi 3. gr. vil ég vitna til þess sem ég sagði við framsögu í þessu máli, en ég sagði eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hvaða form skyldi haft á því samráði sem hér er fjallað um í 3. gr., hverjir teljist hagsmunaaðilar í þessu sambandi. Það má segja að það sé einnig fiskvinnslan og þeir aðilar sem berjast við hringorm á mörkuðum. Ég tel eðlilegt að fara bil beggja varðandi þessa grein en vil leggja á það áherslu að mjög nauðsynlegt er að hafa um þessi mál náið samráð og samvinnu og leysa þau í tengslum við þau samtök sem hér eru nefnd, þ. e. þau samtök sem nefnd eru í 3. gr. Ég tel hins vegar eðlilegt að sú nefnd, sem þetta mál fær til umfjöllunar, fjalli nánar um þessa grein og kynni sér sjónarmið aðila í þessu sambandi og sjálfsagt að nefndin taki það til íhugunar hvort rétt sé að gera einhverjar breytingar á þessari grein eftir að hafa kynnt sér sjónarmið aðila í þessu sambandi. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að nefndin og þingið taki til gaumgæfilegrar athugunar og breyti þá þessari grein ef sú niðurstaða verður."

Sú breyting, sem gerð er á þessari grein, er ekki eins ógnvekjandi og t. d. Náttúruverndarráð vill vera láta. Þeir segja að hér sé um grundvallarbreytingu á málinu að ræða. Það stendur enn þá skilmerkilega í 3. gr.: „Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni." Það verður að sjálfsögðu að vera alveg skýrt í þessu máli að það er og verður viðkomandi rn. sem verður að taka ábyrgð í málum sem þessum en ekki stjórnskipuð nefnd.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni að sjútvrn. hefur haft mjög gott samstarf við þá nefnd sem fjallað hefur um fiskveiðistefnuna. En það liggur alveg fyrir hver það er sem ber hina endanlegu ábyrgð í því máli. Ég held að það sé öllum fyrir bestu að það liggi alveg ljóst fyrir að það er viðkomandi rn. sem ber hér ábyrgð en ekki einhver nefnd sem skipuð er, hversu góð sem hún er, þ. á m. hringormanefnd. Það kemur mér því nokkuð á óvart hvað menn gera mikið mál úr þessu.

Hins vegar er nauðsynlegt að það sé alveg opið að

það þarf að hafa samráð við fleiri aðila um þessi mál. Það vill svo til að það snertir fiskvinnsluna í landinu, það snertir sjómannastéttina, það snertir það verkafólk sem vinnur við fiskinn í landinu. Það er einnig nauðsynlegt að hafa góð samskipti við þessa aðila. En að hér sé um grundvallarbreytingu að ræða á öllu frv. er hreinn útúrsnúningur.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vitna til þess sem ég hef áður sagt í þessu máli. Um það urðu verulegar umræður á síðasta þingi. Því miður náði málið ekki fram að ganga en ég vænti þess að svo verði nú þannig að hægt sé að koma betri skipan á stjórn þessara mála. Ég vil mótmæla því að þessi breyting, sem gerð er á 3. gr., sé grundvallarbreyting á þessu máli, það stenst engan veginn.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það mun öllum vera ljóst hversu miklar viðhorfsbreytingar hafa orðið á síðustu árum í sambandi við selveiðar eða nytjar af sel. Allt fram að síðustu árum var þetta víða mikilvægur þáttur í okkar búskap, fyrst lengi vel sem matföng fyrir landsmenn á umliðnum öldum en síðar um nokkurt skeið sem hlunnindi vegna nytja á skinnum þar sem aðrir hlutar selsins voru þá ekki nýttir. En svo gerist það að verðfall verður á skinnum og þá er hætt að nytja hann víðast hvar eða alls staðar á landinu. Þetta veldur því að selnum hlýtur að fjölga a. m. k. um sinn. Þá skapast það vandamál sem hér hefur verið til umræðu vegna þess hvaða áhrif selurinn hefur á okkar fiskistofna, bæði beinlínis þar sem hann notar þá til átu en þó miklu fremur vegna þeirra erfiðleika sem stafa af völdum hringormanna.

Það er því vissulega eðlilegt að litið sé á málin frá nokkuð öðru sjónarmiði við svo gjörbreyttar aðstæður. Það hefur einnig komið fram hér í umræðum að sú staða sem nú er komin upp og það frv. sem hér liggur fyrir á nokkurn aðdraganda í umræðum og nefndarskipun. Að frv. þessu vann nefnd sem í var m. a. einn af starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands, hlunnindaráðunauturinn Árni G. Pétursson. Það hefur ekki komið annað fram en að hann hafi verið samþykkur frv. í þeirri gerð sem nefndin skilaði því af sér. Þetta frv. var komið í þennan búning þegar mér var kunnugt um það og strax og ég sá það lét ég efasemdir í ljós um það hvort hér væri algjörlega rétt stefna. Þrátt fyrir það að bændur hafi ekki nytjað selinn nú um nokkurt skeið er hann svo tengdur bújörðum, ströndinni og landinu að ég held að það sé afar erfitt að skilja þar á milli. Vissulega þurfum við á rannsóknum að halda einnig úti í sjó af hálfu þeirra stofnana sem hafa tæki til þess. En beinar aðgerðir held ég að verði ekki árangursríkar nema haft sé mjög náið samband við þá sem þessi réttindi eiga, bændurna í landinu.

Ég lét því í ljós efa um, eins og ég sagði, að þarna væri að öllu leyti rétt að staðið og áskildi mér rétt til að fylgja þar breytingum á. Þarna er æskilegast að ná sem nánustu samstarfi við alla aðila og þá sérstaklega bændurna. Þess vegna þarf að tengja þetta sem best saman og ég hygg nokkuð betur en gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar viðurkenni ég þann vanda sem fjölgun sela hefur í för með sér og fyrir því er ekki hægt að loka augunum og ekki heldur hægt að vera aðgerðarlaus. Nú á allra síðustu árum hafa komið til greina nýjar nytjar af selnum og þegar verið nokkuð farið inn á þá braut, þ. e. að nytja hann til fóðurs fyrir loðdýr. Ég held að það sé vænlegasta leiðin til að takmarka stofnstærðina ef hægt er að finna þannig aðferðir sem gera fækkun selanna hagkvæma á þann hátt að hægt sé, eins og hér hefur verið gert frá alda öðli, að veiða hann til nytja.

Þess vegna vil ég leggja áherslu á að reynt verði að ná sem víðtækustu samstarfi og samvinnu um þetta. Og þó að fulltrúi Búnaðarfélagsins hafi átt sæti í nefndinni sé ástæða til að skoða málið frekar, þó að vissulega sé hægt að breyta því síðar þegar reynsla hefur komið á þessa skipan og hún leitt í ljós að annar háttur sé betri sem ég hygg að væri líklegt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hygg að því hafi fyrst verið hreyft á fjórðungsþingi Vestfirðinga að fækka þyrfti sel við Ísland. Ég hygg einnig að það hafi verið að frumkvæði þm. frá Vestfjörðum að það mál var flutt inn á Alþingi. Nú er það aftur á móti svo að miklu skiptir að sæmilega skynsamlega sé að því verki staðið. Allstór hópur Íslendinga hefur fengist við selveiðar og sameiginleg niðurstaða þeirra hefur verið sú að skotvopn séu ákaflega óheppileg ef menn ætla að ná einhverjum árangri í því að ná selnum. Þar kemur aðallega til að selurinn heldur sig gjarnan í hópum en sé farið að skjóta á hópinn tvístrast hann og hætt er við að þeir selir sem sleppa lífs verði mun varari um sig og það verði mun seinlegra eftir nokkur ár að ætla að stunda selveiðar með skotvopnum en það þó er nú meðan selurinn er lítt vanur því á stórum svæðum að eiga von á slíkum ófriði.

Það er athyglisvert að sá árangur, sem náðist 1982 fyrir tilstilli hringormanefndar, hefur verið sá að hér veiddust 4500 selir. Það er vitað að sel hafði fjölgað verulega frá 1977 til þess tíma. Fram að þeim tíma höfðu verið veiddir 6500 selir hvert ár að meðaltali frá 1964. Það blasir því við að ef menn eru að tala um að fækka þurfi selnum þá verða menn að fara yfir þá meðaltalsveiði sem átt hafði sér stað og fara yfir 6500 seli á ári. Ég hefði talið að ekki væri óeðlilegt, ef menn ætluðu að gera eitthvert átak, að reyna að komast í 7000 eða 8000 seli.

Ég taldi aftur á móti og tel enn að þeir aðilar, sem fengist hafa við selveiðarnar að mestu leyti til þessa, þyrftu að fást til að taka þátt í selveiðum með hefðbundnum hætti og það yrði svo að koma inn í það á öðrum svæðum þar sem það hefði legið niðri til að fylgja þessari veiði eftir. Þess vegna taldi ég og tel enn að það hefði verið heppilegra að selveiðarnar yrðu settar undir landbrn. en skal þó ekki gera það sérstaklega að deiluefni á þessu stigi málsins.

Hitt sýnist mér öllu meira gæfuleysi að hér hafa menn sett inn í 8. gr. ákvæði um að fella úr gildi lög frá 1925 um selaskot á Breiðafirði. Það vill svo til að jafnvel þó að þessi breyting væri gerð að nafninu til eru önnur lög í gildi um æðarvarp og þar segir að óheimilt sé frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert að skjóta nær æðarvarpi en í tveggja kílómetra fjarlægð. Hver landeigandi getur óskað eftir því að fá ákveðið landsvæði friðlýst sem varpsvæði. Breiðafjörðurinn er fullur af eyjum eins og allir vita. Þær eru þar mjög víða og mér er til efs að það sé nokkurt vit í því að hafa leyfi í gildi til að stunda skot á sel á Breiðafirði vitandi það að mjög margir munu þá viljandi eða óviljandi lenda í þeirri aðstöðu að skjóta sel í nágrenni við friðlýst æðarvarp.

Spurningin hlýtur þess vegna að vera sú hvort ekki sé skynsamlegra að reyna að tryggja það að hefðbundnar veiðar á sel við Breiðafjörð fari fram með þeim hætti sem verið hefur og þannig sé náð árangri í að halda selnum þar niðri. Ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði með 8. gr. af þessari ástæðu því að mér finnst óeðlilegt að nema úr gildi lög sem eru skynsamleg, hafa sannað gildi sitt og setja svo í staðinn inn þessa heimild í 6. gr. Í skýringum við hinar ýmsu greinar frv. segir svo um 8. gr.:

„Í þessari grein eru felld niður nokkur lagaákvæði sem að öðrum kosti væru ekki í samræmi við heildarlöggjöfina. Sé talin þörf á þeim ákvæðum sem lög þessi geyma fer best á því að gefnar yrðu út reglugerðir sama efnis með stoð í þessum lögum."

Ég er ekki sammála þessu. Mér finnst að það sé ekkert sem mæli með því að taka þann kost sem verri er, að ætla að menn geti náð árangri á Breiðafirði með að vinna á selnum með því að leyfa þar meðferð skotvopna vitandi það að lögin um æðarvörp munu koma í veg fyrir það að hægt sé að stunda veiðarnar með skotvopnum á mjög stórum svæðum. Það eina sem mundi vinnast með þessum vinnubrögðum væri það að selurinn yrði miklu styggari og miklu verra væri þess vegna að veiða hann á eftir með hefðbundnum hætti.

Ég vil sérstaklega undirstrika það að ég tel að það þurfi að standa þannig að þessari lagasetningu að hinir hefðbundnu aðilar, sem hafa þrátt fyrir allt á sínum tíma náð þeim árangri að veiða hér 6500 seli á ári, verði virtir þess, að hafa þá með í þeim áætlunum sem gera á því að þar liggur mest þekkingin á selveiðum. Það er miklu heppilegra að ná selnum með þeim vinnubrögðum sem þeir hafa notað en að ætla að tvístra honum með því að nota á hann skotvopn og ætla svo að fara að elta hann uppi þegar búið er að gera hann styggan.

Ég vil taka undir það sem sagt hefur verið að okkur er mikil nauðsyn að fækka sel við Ísland. En ég held að það sé ekki skynsamlegt að fara svo greitt í lagasetningu að menn fari að nema úr gildi lög sem voru sett — og taki menn nú vel eftir — til að auðvelda selveiðar við landið. Lögin frá 1925 eru sett til að auðvelda selveiðar á Breiðafirði, til að hægt sé að standa að þeim á jafnskynsamlegan hátt og menn töldu að hægt væri. Þess vegna finnst mér ekki skynsamlegt að fella þau úr gildi.

Mér er ljóst aftur á móti að það þarf að sjá til þess að þessar veiðar eigi sér stað með þeim hefðbundna hætti sem verið hefur. Það er spurning hvað veiðimennirnir þurfa að fá fyrir til þess að hægt sé að standa þannig að þessu. Nú er kominn markaður fyrir selinn, m. a. í loðdýrafóður, og það ætti að auðvelda þetta. Það er líka mikil spurning hvort við eigum ekki að geyma eitthvað af selskinnum vitandi það að þeir tímar munu koma að skinnin hækka aftur í verði. Það eru engin rök sem mæla með því að selskinn muni um ókomin ár, vegna kannske einnar kvikmyndastjörnu, verða óseljanleg vara á sama tíma og skinn almennt af veiðidýrum eru í háu verði.

Ég vænti þess að menn hugleiði það hvort þeir treysti sér ekki til þess að fella 8. gr. úr frv. eða í það minnsta það ákvæði hennar sem ég tel tvímælalaust að muni skapa miklar deilur við Breiðafjörð og á Breiðafirði og stuðla að því að verra verði að veiða þar sel en verið hefur, árangurinn verði minni.

Umr. frestað.

Grunnskóli, frv. 398. mál (þskj. 645). — 1. umr.

Flm. (Páll Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á grunnskólalögum, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum, sem ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 645. Frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6—16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum á aldrinum 7—14 ára er skylt að sækja skóla.

Undanþágu frá skólaskyldu má þó veita, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Aldur nemenda miðast við það almanaksár er nemandi nær tiltekum aldri.

2. gr. Fyrri mgr. 3. gr. orðist þannig:

Grunnskóli er tíu ára skóli.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa frv. er að ákveða skýrt í lögum hver skuli vera skólaskylda barna á Íslandi.

Í 88. gr. laga um grunnskóla er kveðið svo á að níu ára skólaskylda skuli koma til framkvæmda hér á landi sex árum eftir gildistöku laganna eða árið 1980. Á hverju þingi síðan hefur verið samþykkt að fresta gildistöku þessa ákvæðis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að mikil andstaða er gegn níu ára skólaskyldu, ekki síst meðal skólamanna sem starfa á grunnskólastigi og gerst þekkja til.

Í þessu frv. er lagt til að grunnskóli skuli vera tíu ára skóli hvað fræðsluskyldu varðar, en skólaskylda aðeins 7 ár.

Með hugtakinu fræðsluskylda er átt við að hinu opinbera sé skylt að sjá börnum og unglingum á tilteknum aldri fyrir öruggri skólagöngu og þar njóti allir sömu réttinda til námsgagna og annars búnaðar. Þar af leiðandi þurfi enginn að hverfa frá námi sakir þröngs efnahags.

Hugtakið skólaskylda skýrir sig sjálft. Sjálfsagt og eðlilegt er að gera ráð fyrir því að starfræktur sé skóli fyrir sex ára börn, en dregið hefur verið mjög í efa ágæti þess að þau séu skylduð til að sækja skóla með lagaboði.

Í 1. gr. laga um grunnskóla, svo og þessa frv., er skýrt tekið fram að grunnskólinn skuli vera fyrir öll börn. Með þeirri breytingu sem þetta frv. felur í sér, þ. e. að stytta skólaskyldu um eitt ár frá því sem nú gildir, er gert ráð fyrir að auðveldara verði að nálgast þetta markmið og skapa aukið svigrúm í tveim efstu bekkjum grunnskólans til að koma til móts við þarfir og óskir hvers einstaklings. Þannig yrði til frjáls og aðgengilegur tveggja ára „miðskóli" með námsframboð við allra hæfi, bæði þeirra sem ýmissa orsaka vegna eru seinfærir í námi og eins hinna sem eru næmir og skarpir."

Það er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að leggja hér fram frv. varðandi skólamál, en svo mikil umræða hefur þegar farið fram um þennan málaflokk í vetur, bæði hér á hinu háa Alþingi svo og úti í þjóðfélaginu. Þessu fagna ég að sjálfsögðu sem skólamaður. Það

hlýtur að vera af hinu góða að fram fari umfjöllun um menntunarmálin þar sem æ fleirum er ljóst að gæði menntunar og farsæld í starfsemi skólanna í landinu skiptir verulegu máli hvað varðar vaxandi hagsæld og betri lífskjör hér í náinni framtíð.

Eins og skýrt kemur fram í grg. er þetta frv. fram borið fyrst og fremst í þeim tilgangi að hið háa Alþingi víki sér ekki lengur undan því að taka ákvörðun um lengd skólaskyldunnar. Öllum kennurum og skólastjórum á grunnskólastigi og jafnvel framhaldsskólastigi líka finnst í raun að of lengi hafi dregist að taka af allan vafa um þetta atriði í lögunum og reyndar fleiri. Við samþykkt laganna 1974 var gert ráð fyrir því að eftir fjögur ár færi fram gagnger endurskoðun á öllum lagabálkinum. Nú eru brátt ellefu ár liðin og komin haldgóð reynsla á hvernig til hefur tekist í framkvæmdinni.

Í þessu samhengi er vert að minna á að þjóðfélag okkar breytist mjög ört. Það sem þótti gott og gilt fyrir ári er e. t. v. úrelt í dag. Sé horft til baka tíu eða ellefu ár aftur í tímann er augljóst að margt hefur breyst í okkar þjóðlífi á þeim tíma. Allt skólastarf á hverjum tíma tekur að sjálfsögðu mið af því hvernig spáð er í nánustu framtíð, hvernig menn sjá fyrir sér framtíð þeirra ungmenna sem í skólunum dvelja og hvernig megi sem best búa þau undir að erfa landið. Í þessu efni þarf sífellt að vera á varðbergi gagnvart því að skólalöggjöfin verki ekki beinlínis hamlandi á að eðlilegar framfarir geti átt sér stað í skólum og þeir geti fylgt eftir þróun þjóðlífsins, ekki síst hvað snertir atvinnuhætti.

Margvísleg rök má tilgreina gegn lengingu skólaskyldu. Það er staðreynd að nærri 100% nemenda skila sér í gegnum grunnskólann eins og hann er í dag þrátt fyrir að ekki sé um skyldu að ræða í 9. bekk og að því leyti er engin nauðsyn á að þvinga nemendur inn með lagaboði. Þeir fáu sem hverfa frá námi gera það af ýmsum orsökum, m. a. þeim að þeir fá ekki verk eða viðfangsefni við sitt hæfi í skólanum og líður þar bölvanlega. Slíkum nemendum er beinlínis skaði gerður með því að þvinga þá til áframhaldandi skólaveru gegn þeirra vilja.

Það fer ekki fram hjá okkur, sem í skólunum starfa, að veruleg hugarfarsbreyting verður hjá nemendum þegar þeir koma til náms að lokinni skyldu af fúsum og frjálsum vilja. Þetta fullyrði ég að er rétt og vil leggja á það mikla áherslu að þessi jákvæða hugarfarsbreyting hefur ekki svo lítið að segja gagnvart árangri í námi. Þar sem allt framhaldsnám miðar við að nemendur, sem þangað sækja, hafi áður lokið námi upp úr 9. bekk grunnskóla, þá er þar kominn verulegur þrýstingur sem í raun er nægilegur hvati fyrir nemendur til þess að þeir ljúki námi upp úr grunnskóla.

Talað er um að níu eða jafnvel tíu ára skólaskylda sé lágmarks grunnmenntun fyrir þjóðina. Í því sambandi skal ítreka að skólaskylda tryggir ekki gæði menntunar. Þar þarf fleira að koma til. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að ef tíu ára fræðsluskylda kemst á er fyllilega komið til móts við þessi sjónarmið.

Smiðum grunnskólalaganna hefur á sínum tíma verið ljós sú staðreynd að þátttaka unglinga á grunnskólaaldri í atvinnulífi landsmanna er mjög almenn og er það af hinu góða að mínu mati. Í 42. gr. laganna er gert ráð fyrir að atvinnuþátttöku megi meta til jafns við reglulega skólagöngu. Hverfi nemandi frá námi í grunnskóla af einhverjum orsökum og fari út á vinnumarkaðinn, þá er greið leið fyrir hann að láta meta stöðu sína þegar og ef hann hyggst hefja nám að nýju. Hér er því ekki verið að loka neinum leiðum. Í þessu sambandi vil ég svo taka skýrt fram að það er veruleg andstæða ríkjandi meðal skólamanna gegn lengingu skólaskyldunnar. Um það vitnar fjöldi samþykkta og ályktana sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og enn er sífellt verið að hamra á.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því hvaða hugmynd liggur á bak við það ákvæði sem fram kemur í frv. um að stytta skólaskyldu um eitt ár frá því sem nú er. Í grg. segir að skapa þurfi aukið svigrúm í tveim efstu bekkjum grunnskólans til þess að koma til móts við þarfir og óskir hvers einstaklings. Rétt er að skýra þetta aðeins nánar.

Það er mikið rætt um að auka þurfi veg verkmennta í landinu og það er fjálglega talað um aukin tengsl skóla og atvinnulífs. Spurningin er sú: Hvaða leiðir eru færar til þess að nálgast þau markmið? Ég tel að það sé hægt með því að auka sveigjanleika í kerfinu sjálfu og taka upp svipað fyrirkomulag og var með landsprófinu gamla og gagnfræðaprófinu. Það kalla ég eins konar miðskólastig. Þar gætu nemendur valið leiðir að lokaprófi upp úr grunnskóla.

Æ fleirum er ljóst að við rekum hér meðalmennskuskóla. Kerfið er þannig uppbyggt að allir skulu með illu ef ekki með góðu innbyrða sama skammt í sömu námsgreinum. Enginn má skara fram úr. Enginn má njóta hæfileika sinna umfram aðra. Enginn má hljóta umbun fyrir ef hann hefur staðið sig vel eða lagt sig fram. Ég hef oft velt því fyrir mér hvað skólinn gerði fyrir nemendur sem hafa hlotið sérgáfu af einhverju tagi í vöggugjöf. Hér á ég ekki síður við verkleg svið en bókleg. Ekki er vafi á því að þjóðfélag okkar þarf á því að halda að sérgáfur allar fái að þroskast og dafna í skólanum okkar alveg frá barnsaldri og hæfileikar hvers og eins séu virkjaðir svo sem kostur er. En það er ekki bara þessi hópur nemenda sem verður út undan. Hinir eru ekki betur settir nema síður væri, þeir sem ýmissa orsaka vegna eru seinfærir og hverra hæfileikar liggja meira á verklega sviðinu. Þetta eru staðreyndir sem allir viðurkenna sem eitthvað þekkja til.

Eitt vil ég nefna enn: Með þróun þjóðfélagsins og breyttum kröfum og þörfum þess þarf sífellt að endurmeta vægi einstakra námsgreina og nýjar bætast við. Má þar m. a. nefna heimilisfræði, fræðslu um ávana- og fíkniefni og síðast en ekki síst tölvukennslu. En getum við sífellt bætt á nemendur námsefni án þess að taka eitthvað í staðinn? Ég held varla. Þessu þarf að gefa gaum og taka upp einhvers konar áfangakerfi strax í efstu bekkjum grunnskólans. Ef þær breytingar yrðu að veruleika, sem hér er lýst, og reyndar hvort sem er, þarf að stórefla ráðgjöf í skólunum, bæði nemenda sjálfra og þeirra aðstandenda. Þetta þarf að hefja strax í 7. bekk. Það þarf að fræða um atvinnu- og efnahagsmál líðandi stundar, kröfur til náms í viðkomandi atvinnugrein, atvinnuhorfur, hvar hæfileikar og áhugi hvers einstaklings fái best notið sín og fleira og fleira. Á þessu getur oltið um hamingju og lífsfyllingu.

Það þarf trauðla að fara um það mörgum orðum að stuðla ber að sem bestri nýtingu þeirra fjármuna, sem til hinna ýmsu málaflokka fara í opinberum rekstri, og það er hægt að tala um arðsemi fjárfestingar í sambandi

við menntunarmál. Þau atriði, sem ég hef bent á í ræðu minni, stuðla öll að því að bæta skólastarfið og menntunina án aukinna útgjalda fyrir hið opinbera.

Ég vil leyfa mér að nefna eitt atriði til viðbótar því sem ég hef áður sagt og bendir í sömu átt, en það er að sveitarfélögum, skólahverfum eða einstökum skólastofnunum verði alfarið falið að sjá um framkvæmd skólahaldsins á sína ábyrgð, vald og ákvarðanataka öll flutt sem næst þeim sem njóta eiga. Ríkissjóður greiddi einungis ákveðna upphæð á hvern nemanda eða tryggði með öðrum hætti að allir fái notið sem jafnastrar aðstöðu til náms óháð búsetu, fjárhag, fötlun eða öðrum breytilegum aðstæðum. Það er ekki svo erfitt reikningsdæmi að finna sanngjarna tölu til að fara eftir því að allar upplýsingar um hvað hver nemandi í skóla kostar liggja fyrir í smáatriðum. Ég ætla ekki hér og nú að fara ítarlegar út í þetta mál, en vil til gamans geta þess að ef slík kerfisbreyting kæmist á mundu sveitarfélög eða einstakar skólastofnanir sjálfar ráða til sín kennara og semja við þá beint um kaup og kjör. Yrðu þá væntanlega úr sögunni uppákomur þvílíkar og átt hafa sér stað í tvígang á þessum annars einstaka vetri.

Herra forseti. Ég vænti góðra undirtekta við þetta mál og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umr. vísað til *menntmn.*

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja nokkur orð um þetta frv. sem hér var mælt fyrir um lækkun skólaskyldu um eitt ár frá gildandi lögum og raunar um tvö ár miðað við texta grunnskólalaga, en sem frestað hefur verið ár frá ári, eins og hv. flm. gat um, að tæki gildi. Á síðasta þingi hygg ég að smeygt hafi verið inn í lánsfjárlög sérstakri heimild til ríkisstj. að framlengja ákvæði grunnskólalaga, undantekningarákvæði, um átta ára skólaskyldu í stað níu ára sem lögin gera ráð fyrir að verði meginregla.

Ég vil að fram komi að ég er algerlega andvígur þeirri stefnu sem hv. flm. mælir hér fyrir og tel að þvert á móti þurfi Alþingi að taka af skarið um níu ára skólaskyldu eins og gert var ráð fyrir að yrði upp tekin sex árum eftir setningu grunnskólalaganna. Ég tel að það sé margt sem mælir með því að sú stefna verði nú upp tekin. Ég tel þá hugsun sem fram kemur í frv. um lækkun skólaskyldunnar og fræðsluskyldu í staðinn vera fráleita og setja hagsmuni nemenda, ungs fólks, og ekki síst í dreifbýli í verulega hættu frá því sem nú er. Ég þekki þau sjónarmið ýmissa kennara, bæði frá þeim tíma sem ég starfaði sem kennari og tók þátt í þingum kennara og einnig frá því sem síðar hefur komið fram, að þeim er ekkert um það að þurfa að beita þrýstingi gagnvart nemendum sem gætu vel hugsað sér að vera starfandi við eitthvað annað en nám á síðustu árum grunnskóla. Það er ekkert óeðlilegt viðhorf hjá kennurum og vissulega eru kennarar og skólastarf í nokkurn vanda sett, m. a. á framleiðslustöðum úti um landið, útgerðarstöðum þar sem kallað er eftir ungu fólki í vinnu, þegar þörf er á vinnuafli í aflahrotum t. d. og nemendur *venjast því að geta haft uppgripatekjur í skamman tíma.* Þetta setur nemendurna auðvitað einnig í ákveðinn vanda, skapar þær freistingar sem mjög eðlilegt er að ýmsir falli fyrir og vilji heldur fara út í atvinnulífið fyrr en ella af þeim sökum.

Ég hygg að hagfræðitölur og yfirlit um skólasókn í efstu bekkjum grunnskóla sýni og sanni að hér á Reykjavíkursvæðinu eru það langflestir sem ljúka grunnskólaprófi, þ. e. 9. bekk. Úti um landið eru þeir hins vegar nokkrir sem ekki notfæra sér síðasta ár grunnskólans sem ekki er skylda að lögum nú. Það er ekki síst af þeim ástæðum sem ég áðan nefndi. Ég þekki ýmsa sem hafa iðrast þess sárlega nokkrum árum seinna að hafa staðið upp að loknum 8. bekk grunnskóla og hafa ekki nein réttindi til framhaldsnáms og þurfa að fitja upp á nýtt til þess að geta t. d. farið í iðnnám svo að dæmi sé tekið. Það er ekki góð aðstaða sem fólki er þannig búin. Ég tel sem sagt að það beri að fara hina leiðina til þess að leysa þann vanda sem hluti nemenda og kennara þeirra stendur frammi fyrir í skólastarfi í síðasta bekk grunnskóla, þ. e. að standa við lagafyrirmæli um það að búa skólana með þeim hætti að þar sé hægt að hafa þá fjölbreytilegu kennslu sem grunnskólalögin gera ráð fyrir, t. d. hvað snertir hið svonefnda verknám, sem er enn þá hornreka, alveg hornreka víðast hvar á landinu, miðað við bóknám. Fleiri þætti skólastarfs þarf að efla þar sem ekki hefur verið staðið við lagafyrirmæli og tryggð sú aðstaða sem þarf til þess að gera sem flestum skólavistina bærilega þannig að grunnskólinn skili sínu ætlunarverki.

Það er undir núv. ríkisstj. í rauninni sem orðið hefur *þróun í öfuga átt í sambandi* við skólastarfið og möguleika á auknum sveigjanleika í efsta hluta grunnskólans með þeim niðurskurði og þeirri þrengingu á heimildum fyrir skólana til þess að starfa nokkuð eftir aðstæðum. Þar hefur verið þrengt að með boði ráðuneytis á undanförnum árum, sérstaklega í fyrra þegar fyrirskipaður var niðurskurður um 2.5%, niðurskurður sem bitnaði fyrst og fremst á landsbyggðinni, en kom hvergi við Reykjavík eins og kemur fram í skriflegu svari, sem ég fékk frá hæstv. ráðh. fyrir ekki löngu, að hafði ekki verið tekinn neitt á dagskrá í Reykjavík og ekkert komið til framkvæmda. Hæstv. ráðh. bauð hins vegar að niðurskurðurinn snerti ekki heimilisfræði eins og frægt var. Í nefndu skriflegu svari, sem hér var útbýtt ekki fyrir löngu, kemur fram það, sem ráðh. mátti vita og flestum var kunnugt, að aðstaða til heimilisfræðikennslu er mjög óvíða í skólum, hvað þá svo að fullnægjandi sé.

Ég held sem sagt að hv. flm. ætti að líta til hinnar áttarinnar og ég hefði tekið undir hans mál ef hann hefði hvatt til þess að lögboðin yrði níu ára skólaskylda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Orkuverð til Járnblendifélagsins, fsp. 401. mál (þskj. 650). — 1. umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 650 flutt fsp. til iðnrh. um orkuverð til Járnblendifélagsins. Tilefni þessarar fsp. er að á síðastliðnu ári var gerður nýr samningur um orkuverð til Járnblendifélagsins í tilefni af því að nýr eignaraðili kom inn í það fyrirtæki. Forsenda þess að

hinn nýi eignaraðili kom inn í fyrirtækið var greinilega sú að hið lága orkuverð Járnblendifélagsins, 6.6 mill væri framlengt um mjög langan tíma. Búin var til ágóðaformúla sem átti að gefa Landsvirkjun einhvern tíma í framtíðinni hugsanlega hlutdeild í hagnaði verksmiðjunnar en þó aðeins ef skuldir og önnur fjárhagsstaða fyrirtækisins mundi breytast mjög frá því sem verið hefur á undanförnum árum.

Nú er það ljóst að verulegur hluti erlendra skulda Íslendinga er vegna framkvæmda í orkumálum sem tengjast stóriðjuuppbyggingu í landinu. Hér hafa á undanförnum árum staðið miklar umræður um orkuverð til stóriðjufyrirtækja. Þær umræður hafa leitt til þess að gerður hefur verið samningur um hækkun á orkuverði til ÍSALs, fyrirtækis Alusuisse, sem hefur það í för með sér að fyrirtækið greiðir nú um 12.6 mill fyrir orkuna og þykir okkur sumum það verð vera greinilega of lágt miðað við kostnaðarverð okkar að framleiðslu orkunnar hérlendis. Ef Járnblendifélagið hefði greitt Landsvirkjun fyrir orkuna á árinu 1984 það sama og ÍSAL greiðir nú fyrir orkuna hefði Járnblendifélagið orðið að greiða Landsvirkjun um það bil tvisvar sinnum hærri upphæð fyrir rafmagnið en greitt var á s. l. ári. Landsvirkjun hefði þá fengið um 112 millj. til viðbótar fyrir orkuna og hagnaður Járnblendifélagsins hefði þá numið í kringum 20 millj. en ekki þeim 132 millj. sem mjög var básúnað í fjölmiðlum fyrir nokkru síðan að hagnaðurinn hefði verið. En ef miðað væri við orkuna sem ÍSAL greiddi í reynd á árinu 1984, áður en til hækkunarinnar kom skv. hinum nýja samningi, hefði Járnblendifélagið orðið að greiða Landsvirkjun 64 millj. kr. meira fyrir orkuna.

Ég veit að ég þarf ekki að minna hv. alþm. á það að almenningur í landinu greiðir núna margfalt þetta orkuverð. Landsvirkjun hefur talið sér nauðsynlegt að verðleggja orkuna til almenningsveitna á 32—35 mill til þess að geta skilað hallalausum rekstri á s. l. og yfirstandandi ári. Þess vegna er það ljóst að almenningur í landinu er í reynd að styrkja Járnblendifélagið um upphæð sem nemur röskum 100 millj. á ári eða yfir 1 milljarð á áratug samanborið við það orkuverð sem önnur stóriðja greiðir nú í landinu. Og auðvitað getur það ekki gengið til lengdar að almenningur sé í gegnum svo lágt orkuverð látinn styrkja þetta fyrirtæki svo að nemur risavöxnum upphæðum.

Ég hef þess vegna á þessu þskj., herra forseti, spurt hæstv. iðnrh. hvort hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því að teknir verði upp samningar um nýtt orkuverð til Járnblendifélagsins og um leið spurt hæstv. ráðh. hverjar séu þær upphæðir á föstu verðlagi ársins 1984 sem ríkið hefur lagt fram í formi hlutafjáraukningar til Járnblendifélagsins og enn fremur lána með ríkisábyrgð á undanförnum árum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Um þetta mál má að vísu margt segja. Og þá má fyrst spyrja sem svo: Hverju reiddust goðin í Alþb. þegar ákvörðun var tekin á sínum tíma um það orkuverð sem gildir enn í dag til Járnblendiverksmiðjunnar? Enn í dag fyrir utan það að nú á þó Landsvirkjun mikla hagnaðarvon vegna þeirra ákvæða sem tekin voru inn í viðaukasamning sem gerður var við orkusamning við fyrirtækið nú á liðnu hausti. Ég veit að fyrirrennari minn hlýtur alveg sérstaklega að fagna þessari umræðu og blanda sér í hana því að hann á erindi við hinn sóknharða fyrirspyrjanda, hv. varaþm. Ólaf Ragnar, hann á erindi við hann. Og ég tók með mér til upprifjunar fyrirsögn sem var búin til af hv. þm. Reykv., varaþm. Ólafi Ragnari Grímssyni nú í vetur er leið.

Þar segir hv. fyrirspyrjandi: „Milljarðar út í bláinn. 4—4½ milljarða umframfjárfesting í orkuveitum Landsvirkjunar. Samsvarar 10% af öllum erlendum skuldum þjóðarinnar. Vaxtakostnaður um 500 millj. á ári, hækkar orkuverðið um 40%“, allt búið til og niðurskrifað af hv. fyrirspyrjanda. Og nú þykist ég vita að fyrirrennari minn, sem á allar þessar upphrópanir svo til einn og sjálfur, hlýtur að snúast vasklega til varnar. Það er ekki langt síðan að þeir hv. fyrirspyrjandi, varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson, og fyrirrennari minn, hv. 5. þm. Austurl., höfðu alla forustu í þessu máli, annar sem afgreiðslustjóri á hinu háa Alþingi til handa framkvæmdavaldsmanninum hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, á Alþingi þar sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson réði einna mestu um afgreiðslu mála sem formaður þingflokks Alþb. Þá var haldið þann veg á málum sem hér er frá skýrt með stríðsfyrirsagnaletri Þjóðviljans.

Þessi fsp. nú um afkomu Járnblendifélagsins á meira erindi en aðeins að fá beinar upplýsingar um staðreyndir málsins, vegna þess að þær blasa við. Hún er enn á ný, af hvaða orsökum sem það svo er, bein árás og ögrun við hv. 5. þm. Austurl., fyrirrennara minn, orkuráðherra Hjörleif Guttormsson. Og nú bíðum við og sjáum hvað setur, hvernig hann grípur til vopna gegn þessum margítrekuðu og endurteknu árásum ritstjóra eða skriffinns Þjóðviljans, hv. fyrirspyrjanda Ólafs Ragnars Grímssonar. En þótt svo stæði á fyrir Járnblendifélaginu á sínum tíma að stórfelldur halli væri á rekstri þess, þá þótti þessum yfirmönnum og stjórnendum engin ástæða til þess að taka málið til yfirvegunar og umræðu allan þann tíma.

Ég vil upplýsa að þær greiðslur sem hafa verið inntar af hendi fyrir raforku á tveimur síðustu árum á föstu sama verðlagi eru 16 millj. kr. hærri en allt tímabilið á undan. Hverju reiddust goðin þegar þeir bjuggu við þetta orkuverð sem nú er svo stórlega gagnrýnivert? Það verður að svara því. Það þarf að svara því alveg sérstaklega vegna þess að hjá Járnblendifélaginu stendur þann veg á nú að það hefur verið reist við. Reist við þannig að í fyrsta skipti skilar það verulegum arði. Auðvitað hefur orkuverðið afgerandi áhrif í þeirri afkomu. Hverjum dettur annað í hug? Það þarf engan sérstakan reiknimeistara til að segja fyrir um það að ef orkuverðið hefði verið hærra hefði afkoma félagsins verið lélegri, þá hefði ágóðinn verið minni. En ætli það sé ekki nokkuð mikil einföldun á dæminu að leggja það þannig fyrir að það sé almenningur sem borgar brúsann? Við skulum þá nefna fleiri atriði þar sem almenningur hefur verið látinn borga brúsann fyrir ráðdeild — eða með öðrum orðum og réttari óráðsíu Alþb. sem hafði stjórn þessara mála með höndum í nærfellt fimm ár. Það má til að mynda rifja það upp að þá stjórnuðu þeir einhendis þessum málum, afgreiðslustjórinn í Alþingi, formaður þingflokks Alþb., og framkvæmdastjórinn í málunum, þegar þeir ráku Landsvirkjun með 152 millj. kr. halla á árinu 1982 á verðlagi þess árs. Það þarf að snúa því yfir á verðlag þessa árs sem við lifum nú. Það voru þessir menn sem í skjóli einkavalds, sem þeir höfðu tekið sér í verðmyndunarmálum raforkunn-

ar, sem stjórnuðu þar til á fyrri hluta árs 1983. Það stefndi í 400 millj. kr. halla hjá Landsvirkjun. Það er alveg nauðsynlegt að rifja þetta upp fyrir hv. fyrirspyrjanda, varaþm. Ólafi Ragnari Grímssyni, af því sem hann er kominn í stjórn þessa fyrirtækis, sem svo grálega var leikið af þeim mönnum sem þóttust vera að stjórna þessum málum á sinni tíð.

En Járnblendifélaginu hefur orðið á það sem ekki má nefna í herbúðum Alþb. Ég segi ekki að það sé glæpur eftir þeirra kokkabókum, en það jaðrar við glæp. Það er þessi staðreynd að fyrirtækið skuli hafa skilað ágóða, það hefur grætt. Slíkt má ekki heyrast nefnt í kokkabókum þessara herra. Og þess vegna hefst undiraldan og ókyrrleikinn í þeirra röðum. Það má til með að afflytja þetta með einhverjum hætti.

Þannig stendur á að það tókust nýir samningar um þennan félagsskap sem undirritaðir voru í Osló 13. september s. l. Samningar þar sem Elkem í Noregi seldi Sumitomo fyrirtækjasamsteypunni í Japan 15% af hlutafé sínu. Og með því var tryggður markaðurinn. Auðvitað liggur það alveg ljóst fyrir og er ekki ný uppgötvun hjá hv. fyrirspyrjanda að hið lága orkuverð hefur haft úrslitaáhrif á aðild Sumitomo. En við tryggðum markaðinn í sama máta.

Allan tímann fram til ársins í ár var þessi verksmiðja rekin kannske á hálfum afköstum og minna en það með stórfelldu tapi. En með þessum nýju samningum og með því að félagið var reist við, viðreisn þess í öllum atriðum efnahagslega fór fram, þá skilar það þessum árangri sem nú ber raun vitni um. Og meira en það að verksmiðjan gangi á meira en hálfum afköstum. Hún gengur á töluvert meiri afköstum en nokkurn tíma var gert ráð fyrir að þessi verksmiðja annaði, eða 63 þús. tonnum, en hún var gefin upp fyrir 55 til 60 þús. tonn sem þeir bjartsýnustu höfðu á orði. Og þetta hefur náðst fyrir frábæra verkkunnáttu, fyrir frábæra stjórn í þessu fyrirtæki, fyrir það að þarna hafa stjórnendur sem launþegar tekið höndum saman um reksturinn með þessari glæsilegu niðurstöðu.

Og það henti að ákveðið var að bæta starfsfólkinu sérstaklega upp vegna þessarar góðu afkomu. Það er auðvitað af hinu vonda líka. Það er auðvitað af hinu vonda líka að vinnuveitendur nálgist launþegana með þeim hætti að góður andi ríki á vinnustað. Það er auðvitað ekki af hinu góða. Það er ekki eftir kokkabókum Alþb. sem vill hafa óeirðir og stríð á vinnustöðunum. Ég sé að hv. fyrirrennari minn gerist nú ókyrr í sæti sínu. Ég vænti þess sérstaklega að hann eigi líka erindi við fyrirspyrjandann vegna fyrirsagnanna og vegna innihaldsins sem hér getur á að líta.

Fsp. hv. þm. svara ég þannig að ég er ekki reiðubúinn til þess að hefja eins og sakir standa nýja samningalotu vegna Járnblendifélagsins. Ég undirritaði nýja samninga vegna þessa félagsskapar 13. september s. l. Er hv. þm. kannske að spyrja um það hvort ég ætli að rifta nýgerðum samningum, hvort ég ætli að svíkja nýgerða samninga? Liggur það í þessari fsp.? Og af hvaða rótum eru þá slíkar hugrenningar runnar? Ég ætla ekki að gera það. Auðvitað þyrftum við að fá verulega hærra orkuverð. En ég minni á að við eigum þó 55% í þessu félagi. Og ég vil hér beinlínis, af því sem um þetta er spurt, upplýsa þau skilyrði sem fullnægja þarf til þess að Landsvirkjun eigi von í verulegum ágóðahlut eða í verulega hærra orkuverði heldur en virkjunin býr nú við. Ég vitna, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt í plögg mín:

„Til þess að Landsvirkjun fái greiddan hlut í ágóða Járnblendifélagsins þarf að fullnægja tveimur skilyrðum áður. Annars vegar þarf eiginfjárstaða Járnblendifélagsins að batna þannig að hlutfall skulda gagnvart eigin fé sé 60 á móti 40, eða að eiginfjárstaða Járnblendifélagsins hafi náð 40% af heildareignum.

Hins vegar eru ákvæði um að hreinn hagnaður Járnblendifélagsins fyrir skatta verði að ná hið minnsta 14% af samanlögðu hlutafé Járnblendifélagsins áður en til ágóðaskiptingar kemur. Þessi upphæð hefur verið reiknuð út og er nú 52.9 millj. nkr. á ári sem ekki koma til ágóðaskiptingar. Allur hagnaður umfram ofangreinda upphæð mun skiptast í þeim hlutföllum að Landsvirkjun fái ⅓ af viðbótarágóðanum í sinn hlut. Miðað við flýtisskoðun á núverandi áætlun Járnblendifélagsins um afkomu sýnir það sig að Landsvirkjun getur vænst þess að fá ágóðahlut í fyrsta sinn fyrir rekstur ársins 1988. Þessi ágóðahlutur yrði þá, ef áætlanir standast, rúmlega 8 millj. nkr. en mundi fara hækkandi með hverju ári sem líður. Ef tekin er summa áranna 1988—1993 yrði ágóðahlutur Landsvirkjunar um það bil 117 millj. nkr., eða rétt um 20 millj. nkr. á ári að jafnaði.“ Þetta eru ákvæðin nýju sem geta gefið Landsvirkjun verulega fjármuni í aðra hönd. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég hlýt að ljúka máli mínu þar sem tími minn er á enda runninn. En vegna þessarar auglýsingastarfsemi hv. fyrirspyrjanda í fjölmiðlum sem fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar skal á það minnt að það vill nú oft verða í Þjóðviljanum að hann vitnar til skálds sem einu sinni sagði: „Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi.“ Hann lætur þess ekkert getið þegar hann ræðir um orkuverðið til Járnblendifélagsins og ber það saman við ÍSAL að þar er ekki um sömu vöru að ræða. Þetta veit hv. þm. nákvæmlega, af því sem hann er í stjórn þessa fyrirtækis, að hér skiptir til helminga um forgangsorku og afgangsorku. Ég veit að allir sem hér eru inni þekkja það að þar skiptir alveg í tvö horn og var a. m. k. á sínum tíma mjög hagkvæmt fyrir Landsvirkjun að geta búið við það að vera ekki skyldugt að afhenda nema helminginn af þeirri orku sem þetta fyrirtæki kallaði til sín.

Það stendur að vísu svo á í kerfinu nú að nægjanleg orka er til þess að ekki þurfi að koma til stöðvunar hjá Járnblendifélaginu. En það er dýrt spaug ef til þess þyrfti að grípa. Mig minnir fastlega að einu sinni hefði orðið að grípa til niðurskurðar á orku til fyrirtækisins um 214 gígawattstundir á ári. Það er líka rangt sem haldið hefur verið fram í sambandi við það sem kallað er að básúna út hagnað Járnblendifélagsins. Þess er getið í skýrslu þess sérstaklega að ein af meginástæðunum er auðvitað hið hagstæða orkuverð. Sem betur fer eru það nú flestir sem fagna því sérstaklega hversu vel hefur tekist til með þetta fyrirtæki og önnur fyrirtæki orkugeirans, eins og Landsvirkjun, að nú er snúið frá gjaldþrota- og greiðsluþrotastefnu þeirra sem áður réðu ríkjum Alþb. í þessum efnum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það var gállinn á hæstv. iðnrh. hér í stólnum áðan. Það var svona varla að hann kæmist til að svara þeirri fsp. sem til hans var beint. Í sambandi við samninga um orkuverð til

Íslenska járnblendifélagsins væri ástæða til að segja hér margt. Um þessa verksmiðju var samið af ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. 1976, um hana sett lög gegn vilja Alþb. Þá var búið þannig um hnúta í sambandi við orkuverð að reiddar voru hér fram á Alþingi rangar upplýsingar um hvað fælist í hinni svokölluðu afgangsorkusölu til þessa fyrirtækis. (**Iðnrh.:** Hver gerði það?) Núverandi aðstoðarframkvæmdastjóri þess sem skilaði grg. til iðnrn. um málið sem var síðan framreidd hér á Alþingi. — Látið var liggja að því af hálfu Landsvirkjunar að í raun væri um afgangsorku að ræða, 50%, í sambandi við orkuafhendingu. Reyndin er öll önnur í þessum samningum, það þekkir þingheimur væntanlega. Hér er um bundna orku að yfirgnæfandi hluta að ræða í reynd.

Þegar óskað var eftir stækkun á þessu fyrirtæki skv. samningi 1978—1979 óskaði ég eftir því, með samþykki ríkisstj., að frestað yrði ákvörðunum um það um 1—2 misseri vegna þess að ekki voru góðar markaðshorfur. Þá kom það fram að inn í lögin hafði verið tekið ákvæði sem veitti samstarfsaðila, minnihlutaaðilanum Elkem, neitunarvald. Því neitunarvaldi beittu þeir og þess vegna varð að fallast á kröfu þeirra um það að hefja framkvæmdir við ofn 2 á Grundartanga.

Þegar Elkem óskaði eftir því að fá að minnka sinn hlut í fyrirtækinu, þegar mjög illa gekk um rekstur þess, féllst ég á að viðræður yrðu teknar upp við þriðja aðilann haustið 1982, Sumitomo í Japan, gegn ákveðnum skilyrðum. Eitt af þeim skilyrðum var það að losað yrði um ákvæðið varðandi orkuverð og það yrði tekið upp til endurskoðunar. Í öðru lagi og ekki síður að tekið yrði til endurskoðunar hinn fráleiti markaðssamningur sem gerir Elkem sem minnihlutaaðila kleift að hafa sitt að mestu leyti á þurru með því að hirða fyrir svokallaða tækniþjónustu 1.5% af veltu fyrirtækisins. Og þriðja atriðið, sem ég hef ekki hér í huga mér, var einnig tekið inn í þetta bréf.

Þessir samningar stóðu yfir þegar ríkisstjórnarskipti fóru fram. En það sem gerðist var að ekki var staðið með eðlilegum hætti að framhaldinu. Það var gefist upp við þessi skilyrði öll sömul þegar gengið var frá samningum. Þess vegna gat Alþb. ekki staðið að því frv. sem hér var samþykkt á ábyrgð ríkisstj. um innkomu þriðja aðilans.

Auðvitað fögnum við því að betur horfir með afkomu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga en áður var. Þetta fyrirtæki var þannig (Forseti hringir.) að núv. hæstv. iðnrh. hafði um það mörg orð hér á Alþingi, rétt áður en hann kom í ríkisstj., að hann vildi helst hlaupa frá öllu saman, þegar þáv. ríkisstj. var að fást við það erfiða verkefni að tryggja áframhaldandi rekstur þessa fyrirtækis, því að það var að bestu manna yfirsýn talið skárra en að stöðva hann. Þá talaði hann um það. Nú kemur hann og vill þakka sér bætta rekstrarafkomu járnblendiiðnaðarins eins og stendur, segir: Það er mitt verk. Þannig stendur á með fleira í hans málflutningi sem ég hef ekki tíma til að fara út í.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það var skemmtilegt að heyra að hæstv. iðnrh. hefur ekki gleymt gömlu stílbrögðunum alveg. Virðuleiki ráðherraembættisins er ekki alveg að sliga hann. Hins vegar hefði hann gjarnan mátt rifja það upp áður en hann kom hér í stólinn að það er betri siður ráðh. áður en byrjað er á almennu pólitísku skítkasti að svara fsp. fyrst. En því miður er það nú þannig, hæstv. forseti, að iðnrh. á eftir að svara helmingnum af fsp. mínum. Hann svaraði að vísu á síðustu mínútunni 1. lið en að 2. lið kom hann bara alls ekki og á eftir að svara honum gersamlega. Þar var beðið um ákveðnar upplýsingar sem hæstv. iðnrh. lét ekki í té. (**Iðnrh.:** Ég er með þær hérna.) Hann upplýsir nú að hann sé með þær. En það er merkilegt að hann skyldi ekki lesa þær þegar hann fékk 10 mín. hér til þess að svara fsp. Nú er það hins vegar þannig með þingsköpin að eftir að ég er búinn að tala hér, herra forseti, og iðnrh. kemur hér væntanlega upp á eftir og svarar seinni hlutanum, þá er ég búinn með minn tíma. (**ÓÞÞ:** Það kemur nú ekki að sök.) Það getur vel verið, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að það komi ekki að sök, en það er aukaatriði í þessu máli. Aðalatriðið er það að iðnrh. hafði svo vondan málstað greinilega í þessu máli að hann kaus að leggja höfuðáhersluna á almennt pólitískt skítkast í stað þess að gera það sem honum ber skylda til: að svara fsp. Vænti ég þess að hann geri það hér á eftir, 2. lið.

Því miður er það nú svo, hæstv. iðnrh., að ég á ekki heiðurinn af þessum ágætu fyrirsögnum sem iðnrh. var að lesa hér á leiðurum og fréttum sem eru merkt einstaklingum í Þjóðviljanum. En það er svo sem eftir öðru að hæstv. iðnrh. komi hér og eigni mér leiðara og fréttir sem eru greinilega merktar í blaðinu öðrum einstaklingum. Ég skal ekki draga úr því að þetta eru ágætir leiðarar og ágætar fréttir en þær eru greinilega merktar öðrum einstaklingum. Og það sýnir best hvernig málstaðurinn var að iðnrh. skyldi þurfa að grípa til þess bragðs hér að veifa þessu plaggi, blaðaúrklippum janúarmánaðar s. l., og eigna mér þar alls konar setningar og tilvitnanir sem hann las hér upp þó að þær séu greinilega merktar öðrum einstaklingi.

Kjarni málsins er hins vegar sá, hæstv. iðnrh., að járnblendiverksmiðjan borgar nú helmingi lægra orkuverð en verksmiðjan í Straumsvík og borgar þó verksmiðjan í Straumsvík hvergi nærri nægilega hátt orkuverð. Þegar málefni járnblendiverksmiðjunnar voru til umræðu á síðustu árum á vettvangi Alþb. þá var hvað eftir annað, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér upplýst, lögð á það rík áhersla að endurskoðun á orkuverðinu og öðrum þáttum yrði höfuðatriði í samningum um nýja eignaraðila. Það var meginatriði af hálfu Alþb. í þeirri umræðu. En það er alveg ljóst að hæstv. iðnrh. hljóp algerlega frá þessum skilyrðum og féllst á kröfu Japananna um að þeir kæmu inn í fyrirtækið og fengju í staðinn óbreytt orkuverð um langa framtíð. Og þessar ágóðatölur, sem hann las hér upp, til Landsvirkjunar einhvern tíma við lok þessa áratugs eða næsta áratugs eru algerlega lauslegar spásagnir, sem enginn fastur grunnur er fyrir að muni koma til fyrirtækisins og eru þar að auki mun lægri upphæðir en sem nemur muninum á orkuverðinu frá járnblendiverksmiðjunni annars vegar og til ÍSALs hins vegar, þannig að jafnvel þótt Landsvirkjun fengi eitthvað af þeim ágóða sem hæstv. iðnrh. var að lýsa hér áðan, þá væri það bara lítið brot af þeim verðmun sem er á orkunni til Járnblendifélagsins og annarrar stóriðju í landinu. Það er því mjög veigalítil borgun til baka sem þarna er um að ræða. Áfram verður ríkjandi styrkjastefna frá orkuverum almennings í landinu til þessa fyrirtækis í gegnum hátt orkuverð til almennings.

En fyrst hæstv. iðnrh. fór að gera að umtalsefni hér mál inni í flokkum, varðandi þessa verksmiðju og þennan samning, hafði að vísu rangt fyrir sér hvað Alþb. snertir, en látum það liggja á milli hluta, þá vil ég bara geta þess, hæstv. iðnrh. til upplýsingar, að það eru fleiri en ég í stjórn Landsvirkjunar sem ekki voru hrifnir af þessum samningi. Þegar þessi samningur hæstv. iðnrh. kom til afgreiðslu í stjórn Landsvirkjunar — og ég tek það fram að ég segi þetta hér vegna þess að hæstv. iðnrh. kaus að flytja þessa umræðu inn á flokkspólitískan grundvöll, ella hefði ég ekki vakið á því athygli hér — þá lýsti borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson, formannsefni í Sjálfstfl., því yfir að hann stæði ekki að þessum samningi, hann gæti ekki stutt hann, hann væri svo lélegur. Hann sat hjá í atkvgr. í stjórn Landsvirkjunar um þennan samning. Og sá fulltrúi sem Sjálfstfl. hér á Alþingi kaus í stjórn Landsvirkjunar, Árni Grétar Finnsson, lýsti því yfir þegar hann kom á fund Landsvirkjunar eftir að samningurinn hafði verið gerður — hann var fjarstaddur þegar samningurinn var afgreiddur — að hann hefði ekki stutt hann. Það liggur því alveg ljóst fyrir að það er mjög víðtæk gagnrýni í stjórn Landsvirkjunar á þennan samning, sem hæstv. iðnrh. er hér að reyna að gylla sem eitthvert aðdáunarvert verk, sem allir séu að hrópa húrra fyrir og séu ánægðir með nema bara einhverjir óknyttapiltar í Alþb. og þá í annarlegum tilgangi.

Herra forseti. Það væri nær fyrir hæstv. iðnrh. að kynna sér skoðanir stjórnarmanna Landsvirkjunar úr hans eigin flokki á þessum samningi og vera reiðubúinn í efnislegar umræður við okkur hér á Alþingi um þetta hneykslanlega lága orkuverð heldur en að kjósa þann pólitíska skætingstón sem hann kaus hér í svari sínu og upplýsti fyrst og fremst eitt: að hæstv. iðnrh. hefur svo lélegan efnismálstað að verja í þessu máli að hann kýs ýmist að svara ekki fsp. eða nota eina mínútu í lokin til að svara hinni fyrri, en nota síðan megintímann í almennt pólitískt skítkast.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég veit að hv. þm. hafa veitt því athygli hversu rösklega hv. 5. þm. Austurl. brást við árásunum af hálfu fyrirspyrjanda, bæði nú og hér í blaðagreinunum, því að sjálfur hafði hv. fyrirspyrjandi ekki þrek eða kjark til þess að mæta á fundi Landsvirkjunar þar sem gagnrýnin mikla á offramleiðslu í orkusektornum var lögð fram og sendi varamann sinn á vettvang til þess að leggja hana fram, en kaus að sitja niðri á Þjóðvilja og búa til árásarfyrirsagnirnar á hv. fyrirrennara minn, 5. þm. Austurl.

Hv. fyrirspyrjandi vitnaði í afstöðu manna í stjórn Landsvirkjunar og nefndi með nafni. Landsvirkjunarstjórn samþykkti orkusölusamninginn við Sumitomo, það liggur fyrir. En af hverju vitnaði hv. þm. ekki líka í félaga sinn, Finnboga Jónsson? Ég er með fundargerð Landsvirkjunar hér. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Finnbogi Jónsson fagnaði þessu samkomulagi enda væri framtíð Íslenska járnblendifélagsins tryggð."

Það er engin athugasemd við þessa fundargerð gerð. Síðan ræddi Finnbogi um afgangsorku þá sem seld væri Járnblendifélaginu o. s. frv. Þetta stendur bókað þarna. (**HG:** Hvað meira?) Ég hef ekki tíma til þess að lesa upp heilu ritgerðirnar þótt hv. þm. kjósi gjarnan. Hann getur kynnt sér þetta. Þetta stendur hér ótvírætt. En ég ætla að ljúka að svara fsp. í heild sinni.

Spurt var um aukið hlutafé árin 1979—1983. Ég vænti þess að eitthvað komi fram í þessum fræðum sem hv. fyrirspyrjandi sagðist sérstaklega gera athugasemdir við og þá muni hæstv. forseti, vegna þess hvernig ég króaðist af með tíma minn, taka tillit til þess og gefa honum ráðrúm til að gera sínar athugasemdir þó að það geti ekki beinlínis kallast að bera af sér sakir.

Árin 1979—1983 var ekkert aukið hlutafé greitt til Járnblendifélagsins. Árin 1979 og 1980 fóru fram síðustu greiðslur upphaflegs hlutafjár, samtals 28.6 millj. kr. sé miðað við erlendar fjárhæðir og gengi í september 1984. Á árunum 1981—1983 veitti ríkissjóður Járnblendifélaginu lán sem hér segir á sama gengi, í september 1984: Árið 1981 83 millj. kr., og var það upphaflega ráðgert sem hluthafalán, 1982 139 millj. kr., 1983 44.8 millj. kr.

Í öðru lagi er spurt um ríkisábyrgðir. Árið 1982 veitti ríkið þessu til viðbótar ábyrgð á láni. Hluti ríkissjóðs af þeirri ábyrgð var 122.1 millj. kr. á gengi í september 1984, en á árinu 1983 bættust við það 16.4 millj. í vexti. Á árinu 1984 var öllum hluthafalánum breytt í hlutafé og hlutafé þar til viðbótar aukið um 247.8 millj. kr. með yfirtöku á hagstæðum lánum til þess að tryggja fjárhagsgrundvöll fyrirtækisins. Á gengi í september 1984 er heildarfjárhæðin, sem ríkissjóður hefur lagt til fyrirtækisins umfram það sem upphaflega var til ætlast, 431.6 millj. kr. Það er svona rétt rúmlega fjárhæðin sem búið er að eyða í tilraunirnar í saltverksmiðju suður á Reykjanesi svo að ég vænti þess fastlega að þeir sem fyrir því íslenska hugviti og framtaki stóðu fíkist ekki sérstaklega í þessa tölu. Þess er vert að minnast að Elkem, meðeigandi í fyrirtækinu, hefur á sama tíma lagt því til jafngildi rúmlega 350 millj. kr. reiknað með sama hætti á sama verðlagi. Með þessu tel ég, hæstv. forseti, að ég hafi lokið við að svara fsp. út í gegn. (Gripið fram í.) Síðustu tölu sem Elkem hefur lagt fyrirtækinu til? (**ÓRG:** Já.) 350 millj. kr. á sama verðlagi.

Ég hef svo, hæstv. forseti, fáu við þetta að bæta. Hv. 5. þm. Austurl. kom hér og reyndi að berja í brestina. Það er alveg gersamlega tilgangslaust. Yfir þessu réði hann og ríkti um langt árabil án þess að nokkuð breyttist til batnaðar, öll fyrirtæki rekin með bullandi tapi, Landsvirkjun við það að fara á höfuðið og hefði gert það vafalaust, því að hvernig átti að bæta henni upp þá stöðu sem stefndi í á miðju ári 1983? Hvernig var það hugsað? Hvernig var 152 millj. kr. tapi jafnað á árinu 1982? Hvernig ætli það hafi verið hugsað? Að sjálfsögðu með nýjum dollaralánum. Þannig var allur búskapurinn, þannig var öll fyrirhyggjan. Og það er lýsandi dæmi að þá og þá, þegar fyrirtæki hefur náð vopnum sínum, eins og þetta prýðilega fyrirtæki sem nú er í dag, þá skuli menn hefja upp nagg og nöldur eins og hér ber raun vitni um, og reynt að hrugga við því, tutla af því mannorðið ef menn gætu nú haft tök á því. Hvaðan hefur hv. 5. þm. Austurl. það að ég hafi viljað einhvern tíma hlaupa frá þessu fyrirtæki? Ég kom að þessu fyrirtæki í maílok 1983. Þá voru þar félagar hv. þm. fyrir, hæstv. núv. forsrh. sem lýsti því yfir hátt og í hljóði og í fjölmiðlum að það væri ekkert að gera við þetta fyrirtæki nema loka því. Ég ætla að biðja ykkur að rifja það upp, og þið getið séð það í blöðum líka hv. þm., hver mín svör voru aftur á móti. (**HG:** Núv. forsrh.?) Núv. hæstv. forsrh. Hann lýsti því yfir að það væri ekkert annað að gera en loka þessu eftir að hafa

horft á hv. 5. þm. Austurl. rembast eins og rjúpan við staurinn við að koma þessu á réttan kjöl en aldrei tókst. Það var von að maðurinn væri uppgefinn. Frá þessu er þetta að segja.

Ég veit hins vegar að venjulegt fólk, sem hefur vit á rekstri, sér ekki ofsjónum yfir þessu. Það fagnar því alveg sérstaklega. Og enda þótt við þyrftum að fá miklu hærra verð, þá er það samt svo að við eigum meiri hluta í þessu fyrirtæki þannig að ágóði þess kemur til okkar, a. m. k. 55 af hundraði.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Síðustu orð hæstv. ráðh. voru á þá leið að við eigum meiri hluta í þessu fyrirtæki og ágóðinn kemur til okkar. Er eitthvert ljós að renna upp fyrir hæstv. ráðh. að það kunni nú að vera skynsamlegt fyrir Íslendinga að veðja ekki á útlendinga í sambandi við arðvænleg iðnaðarfyrirtæki hérlendis og möguleika, sem eru reistir á eitthvað traustari grunni en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, sem því miður hefur ekki skilað jákvæðri nettóafkomu til eigenda sinna enn þann dag í dag eftir þann rekstur sem þar hefur farið fram, því miður.

Þegar stjórnarskipti urðu 1983 um vorið þá lá fyrir stöðuskýrsla um samningaumleitanir vegna hugsanlegrar eignaraðildar Sumitomo að Íslenska járnblendifélaginu. Í þeirri skýrslu sem mér var afhent rétt um stjórnarskipti af þeim sem þá tóku þátt í samningaviðræðum segir svo, með leyfi forseta:

„Í viðræðum þessum hefur íslenski aðilinn lagt áherslu á eftirfarandi:

1. Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að Íslenska járnblendifélaginu ef vissum skilyrðum til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og Íslenska járnblendifélagsins er fullnægt.

2. Helstu atriði af þessu tagi eru: Ísland haldi meirihlutaeign sinni í Íslenska járnblendifélaginu. Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að Íslenska járnblendifélaginu. Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins, t. d. 15—20 þús. tonn árlega, á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði. Fullnýting afkastagetu Íslenska járnblendifélagsins verði tryggð. Samningar Íslenska járnblendifélagsins og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0.5% og söluþóknun lækki eða falli niður. Rafmagnssamningur Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum: Forgangsorkuverð hækki í 17.5 mill. Orkuverðið verði verðtryggt. Orkuverðið verði ákveðið í SDR. Hlutfalli forgangs- og afgangsorku verði hugsanlega breytt. Íslenska járnblendifélagið taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna."

Þetta voru meginatriðin miðað við kröfur Íslendinga í þessum samningaviðræðum. Nokkrir þættir náðust fram, m. a. um kaupskyldu Sumitomo, sem hefur vissulega þýðingu. En varðandi tækniþóknunina, sem er hreint nýlendufyrirbæri í viðskiptum, og varðandi rafmagnsverðið var hopað og einnig að því leyti að Íslendingar yrðu virkir í markaðsfærslu þó að aðeins sé opnað fyrir það í fyrirliggjandi samkomulagi.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, herra forseti, og síðan vildi ég aðeins rifja það upp að öðruvísi mér áður brá við tóninn frá hæstv. iðnrh. og hans flokksbræðrum í stjórnarandstöðu hér þegar ég fór með iðnaðarmál í hæstv. ríkisstj. Þá var nú ekki talað um framkvæmdagleðina og athafnasemina af þeirra hálfu, heldur eitthvað allt annað ef ég man rétt.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera hér örstutta athugasemd sérstaklega vegna þess að það var ekki fyrr en í seinni lotu sinni sem hæstv. iðnrh. svaraði öðrum meginhluta fsp. Hæstv. iðnrh. segist ekki vera reiðubúinn til þess að taka á næstunni að nýju upp samninga um orkuverð Járnblendifélagsins og vill halda þeim samningum óbreyttum. Hann hefur einnig svarað því hér hvað íslenska ríkið hefur lagt fram til viðbótar til Járnblendifélagsins, en það eru rúmar 430 millj. kr. Sé þetta lagt við mismuninn, sem er á orkuverðinu til Járnblendifélagsins annars vegar og til ÍSALs hins vegar, þá er það alveg ljóst að á þessum áratug munu Íslendingar leggja til Járnblendifélagsins í beinum styrkjum, annaðhvort beinum ríkisframlögum eða með hróplega lágu orkuverði, á bilinu 1200—1500 millj. kr. Það er sem sagt hátt á annan milljarð sem almenningur í landinu leggur með fyrirtækinu á þessum áratug. Ég vænti að hæstv. iðnrh. hafi ábyrgð til þess að átta sig á því að við slíkt má ekki una til lengdar. Málið verður þess vegna að taka upp að nýju, því að við getum ekki búið við það að þurfa að leggja slíkar himinhrópandi upphæðir, einhvers staðar á bilinu 1200—1500 millj. kr., til eins fyrirtækis á þessum áratug.

Afgreiðsla þingmála.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að stinga mér inn í umr. út af þingsköpum. Til þess að ekki fari á milli mála hvers vegna það er, þá er það til þess að kvarta yfir framkomu ráðh. við þingnefndir og gerði ég þetta vegna þess að viðkomandi ráðh. var hér í salnum rétt áðan og gengur nú inn í salinn, en þar er um að ræða hæstv. heilbrrh.

Þann 18. október var tekið fyrir mál í Sþ. um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum. Því máli var vísað til nefndar þann 23. október. Það var tekið fyrir í nefndinni og sendar út beiðnir um umsagnir til nokkurra aðila, m. a. til heilbr.- og trmrn. Nefndinni barst svohljóðandi bréf frá rn., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytinu hafa borist tvö bréf frá allshn. Sþ., dags. 20. nóv. s. l. Í öðru bréfinu óskar allshn. eftir umsögn rn. um þáltill. um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum og í hinu bréfinu óskar allshn. eftir umsögn rn. um þáltill. um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur."

Þá kem ég að því atriði sem ég tel mjög ámælisvert í svari rn. og þá á ábyrgð ráðh.:

„Ráðh. hefur ákveðið, þar sem hann í umr. kemur skoðunum sínum og þar með rn. á þessum málum á framfæri, að ekki sé þörf á því að frekari umsögn rn. berist allshn. Sþ."

Ég vil bera fram kvartanir mínar við hæstv. forseta og biðja hann að gera ráðh. grein fyrir stöðu hans gagnvart þingi og þingnefndum. Ráðh. er í starfi skv. okkar umboði en við ekki starfsfólk hans.

Ég verð að játa að mér varð nokkuð mikið niðri fyrir þegar ég sá þetta bréf. Þetta kann að virðast í sumra

augum ekki mikilvægt mál, en þm. hafa náttúrlega enga aðstöðu til þess að fara yfir öll mál, sem þeim berast og þurfa umsagna við, í þingtíðindum og skoða umsagnir viðkomandi aðila þar. Ég bendi á að þm. hafa e. t. v. ekki verið á þeim þingfundi þar sem um málið var fjallað þannig að þeir hafi getað numið umsagnir ráðh. um málið, þegar hann tók til máls, og orð ráðh. eru náttúrlega ekki alltaf þess eðlis að þau verði ódauðleg. Ég vil því endurtaka það að ég bið hæstv. forseta að áminna ráðh. um stöðu hans gagnvart þingi og skyldu hans til þess að sinna því þegar nefndir biðja um umsagnir um mál, hvaða eðlis sem þau eru, og ekki hvað síst jafnmikilvæg mál og hér um ræðir.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég var í hliðarherbergi að tala við tvo þm. út af ákveðnu máli og það er meira af tilviljun að ég birtist í gættinni þegar hv. 8. þm. Reykv. tók til máls. Mér skildist á orðum hans að hann væri að fara þess mjög ákveðið á leit við forseta Sþ. að hann gæfi mér sem ráðh. áminningu. Þarna eru alveg ný vinnubrögð tekin upp í þingi. Í fyrsta lagi, ef þm. ætla að beina máli sínu til ráðh. í utandagskrárumr., hefur hingað til verið venja að forseti hefur sagt viðkomandi þm. að hann yrði að hafa samband við ráðh. ef einhverju er beint til viðkomandi ráðh. Ég er búinn að vera lengur á þingi en hv. málshefjandi og ég veit ekki til þess að hægt sé að leggja það á rn. eða ráðh. að gefa umsagnir um mál eins og farið er að tíðkast á allra síðustu árum. Yfirleitt er leitað umsagna allra annarra aðila en rn. sjálfra. Ég ræddi þetta mál þegar það var hér til umr. í þingi og hv. þm. fær þingtíðindi, að ég tel, eins og allir aðrir þm. Hvaða þm. sem er getur fylgst með afgreiðslu mála og séð hverjar umr. eru. Ég tel mig ekki vera neinn starfsmann þessa hv. þm.; ef hann segir mér að ég skuli gera þetta eða hitt sé ég skítpliktugur að gera það. Ég mun ekki gera það nema mér sýnist.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni skal það tekið fram að forseta var ekki kunnugt um hvað hv. 8. þm. Reykv. ætlaði að tala um. Hann óskaði eftir að tala um þingsköp, en það mál sem hann hefur hér komið með verður ekki talið spurning um þingsköp og verður því ekki tekið sem umr. um þingsköp og er þá þessari umr. lokið.

Sauðfé á sunnanverðum Vestfjörðum, fsp. 369. mál (þskj. 589). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Um svipað leyti og hv. þm. deildu um réttmæti á uppsetningu fyrirhugaðra radarstöðva og þá í ljósi þess að um væri að ræða ákjósanleg skotmörk átti sér stað vestur á fjörðum loftárás, má segja, á sauðfé í fjöllum á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar höfðu menn fundið skotmarkið.

Ég hygg að það hafi fleirum en mér orðið nokkuð hverft við þegar það barst á öldum ljósvakans 16. mars s. l. og í öðrum fjölmiðlum að átt hefði sér stað skotárás á sauðfé í fjöllum á sunnanverðum Vestfjörðum. A. m. k. í mínum huga var þetta heldur ógeðfelldur, nánast viðbjóðslegur, atburður eins og frá honum var sagt og því var lýst. Mér finnst nauðsynlegt að fá um það upplýsingar frá viðkomandi hæstv. ráðh. með hvaða hætti slíkir atburðir geta gerst, í hvers umboði slíkt er gert og hver ber ábyrgð á slíku. Ég hef því ásamt hv. 5. þm. Vestf. lagt fram fsp. á þskj. 589 til hæstv. landbrh. og dómsmrh. um skotárás lögreglu og landhelgisgæslu á sauðfé í fjöllum á sunnanverðum Vestfjörðum. Fsp. er í fjórum liðum og er þannig, með leyfi forseta:

„1. Hver ákvað skotárás þá sem gerð var úr þyrlu Landhelgisgæslunnar á sauðfé í Sjöundárhlíðum og fjallinu Tálkna á sunnanverðum Vestfjörðum 15. mars s. l.?

2. Var hún gerð með vitund eða samþykki ráðh.?

3. Hverjar voru ástæður þess að gripið var til svo vafasamra aðgerða?

4. Voru aðfarir þessar hinar einu réttu að mati hæstv. ráðh.?“

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur borið fram fsp. til mín á þskj. 589 og er hún í fjórum liðum.

1. spurningin er: „Hver ákvað skotárás þá sem gerð var úr þyrlu Landhelgisgæslunnar á sauðfé í Sjöundárhlíðum og fjallinu Tálkna á sunnanverðum Vestfjörðum 15. mars s. l.?“ Það var sýslumaður Barðastrandarsýslu sem óskaði eftir að fá þyrlu Landhelgisgæslunnar, en hann hafði samráð við sveitarstjóra Patrekshrepps og oddvita Barðastrandarhrepps, tilkynnti þetta heilbrigðisfulltrúa, héraðsdýralækni og sauðfjárveikivörnum. Þá hefur komið fram í fréttum að sveitarstjóri Patrekshrepps var með í þyrlunni þegar hún fór um innan marka Patrekshrepps, en fulltrúi hreppsnefndar Barðastrandarhrepps var í vélinni þegar átt var við kindurnar í Sjöundárhlíðum.

2. spurningin: „Var hún gerð með vitund eða samþykki ráðh.?“ Mér var ekki kunnugt um þennan leiðangur fyrr en ég frétti um hann eftir á í fjölmiðlum eins og aðrir hv. þm. Hins vegar var haldinn fundur í rn. í janúarmánuði s. l. með sýslumanni Barðstrendinga og fulltrúa sauðfjárveikivarna þar sem rætt var um nauðsyn þess að smala þeim kindum sem þá voru enn úti í fjallinu Tálkna, og var þar óskað eftir að sýslumaður veitti aðstoð við það ef nauðsyn krefði, en á hvern hátt það yrði var ekki rætt frekar.

3. spurning: „Hverjar voru ástæður þess að gripið var til svo vafasamra aðgerða?“ Eins og hv. alþm. er kunnugt á að hýsa fé og smala því á haustdögum. Það hafði ekki tekist þarna. Sérstaklega var brýnt að hreinsa landið að þessu sinni vegna þess að ákveðinn hafði verið niðurskurður vegna riðuveiki eftir eindregnar áskoranir heimamanna, þ. e. allra sýslunefnda á svæðinu, frá Búnaðarsambandi Vestfjarða og einnig Fjórðungssambandi Vestfirðinga. En það hafði ekki tekist að hreinsa landið og ástæðurnar eru vitanlega þær.

4. spurningin: „Voru aðfarir þessar hinar einu réttu að mati ráðh.?“ Í 57. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil og fleira stendur:

„Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt.“

Þetta eru þær kvaðir sem Alþingi hefur lagt á sveitarstjórnarmenn og verði þeir ekki við þeim hlíta þeir ekki lagafyrirmælum Alþingis.

Ég treysti mér ekki hér til að meta hvernig aðstæður eru þarna fyrir vestan. Ég ætla ekki að ásaka á þá, sem reynt höfðu að ná þessu fé, fyrir að hafa ekki gert sitt til þess. Hv. fyrirspyrjandi er vafalaust færari um að dæma um það. En sú skylda hvílir á sveitarstjórnum skv. lögum frá Alþingi að beita þeim aðferðum sem beitt var ef aðrar aðferðir ekki duga.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Um það verður ekki deilt að sé fé í ógöngum sé nauðsyn að beita skotvopnum til að aflífa viðkomandi kindur. Hins vegar bið ég ráðh. að hugleiða hvort ekki muni vera nokkuð rúmar hvað haglendi snertir þær ógöngur sem sauðfé er í ef það helst lifandi frá haustdögum og fram á þann tíma sem farið var í þennan leiðangur. Hér er ekki verið að tala um að kindur séu fastar á klettasyllu og séu búnar með þá beit sem um er að ræða. Hér er verið að tala um að sauðfé hafi haft það landrými til að vera á að það sé búið að hafast þar við megnið af vetrinum — og hin spurningin hlýtur þá jafnframt að vakna hvort viðkomandi sveitarstjórnir hafi brotið lög á undanförnum árum þegar sauðfé hefur gengið úti á þessum stöðum.

Mér er ljóst að í fjalllendi vestra getur verið spauglaust að eiga við sauðfé þegar frost er komið í jörðu og illt að ferðast þar um. En það er spurning hvort það á að sýkna þær sveitarstjórnir sem standa þannig að málum að þær svíkjast um á haustdögum að framkvæma smalamennskur með eðlilegum hætti, en kalla svo á víkingasveit lögreglunnar til að skjóta niður útigöngukindur þegar komið er fram undir vor. Ég vil taka það fram að ég tel þetta alveg forkostuleg vinnubrögð. — Mér er til efs að t. d. hv. 2. þm. Norðurl. v. hefði verið svona brosleitur ef kölluð hefði verið til víkingasveit lögreglunnar til að skjóta niður hrossin fyrir norðan þegar þau voru á heiðum uppi og tilkynnt að ekki væri hægt að reka þau til byggða vegna þess að árnar tefðu för. Ég er ekki búinn að sjá það að hann hefði verið jafnbrosleitur ef hann hefði fengið fréttir af slíku.

Ég vil beina því til dómsmrh. að hann afli sér fullnægjandi upplýsinga hjá landbrh. um þetta mál og meti það að því búnu hvort ekki sé rétt að fram fari lögregluransókn á því hvort umrætt fé hafi verið í ógöngum eða ekki því að því aðeins ber að beita þessum lögum að féð hafi verið í ógöngum. En með því að nota það brjóstvit sem mönnum er gefið hlýtur hver og einn að spyrja sjálfan: Fær það staðist að það sauðfé sé í ógöngum sem búið er að lifa af megnið af vetrinum? Hlýtur það ekki að hafa haft það rúmt svæði til yfirferðar að túlka verði það fyrst og fremst á þann veg að það hafi verið í hagagöngu á viðkomandi stöðum?

Ég tel að það hljóti að vera umhugsunarefni hvort verjandi sé, miðað við lög um dýravernd o. fl., að sýslumenn gangi fram fyrir skjöldu og fyrirskipi vinnubrögð sem þessi. Mér er til efs að það sé réttlætanlegt, herra forseti, að þeir haldi sinni stöðu ef þeir standa þannig að verkum.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. A. m. k. skil ég þau svo að hæstv. ráðh. hafi ekki átt neinn hlut að þessu máli, þessari skotárás. Ég ætla ekki að gerast neinn dómari í þessu máli, enda hef ég ekki tök á slíku. Hins vegar hlýt ég eins og aðrir að reyna að mynda mér skoðun á því og öllu því sem þar gerðist og kringumstæðum þar vestra.

Hæstv. ráðh. minntist á fund sem haldinn var í rn. í janúar s. l. Í þessari skotárás voru, að því er mér er tjáð, skotnar 32 kindur, 28 þeirra í Tálknanum og fjórar á Sjöundárhlíðum. Nú hefur verið nokkur ágreiningur vestra um niðurskurð á þessu svæði, en ég ætla ekki að fara að rekja hann hér. Hins vegar hef ég undir höndum bréf undirritað af hæstv. landbrh. Það varðar eitt sveitabýlið þar sem ágreiningur er um niðurskurð, Lambeyri við Tálknafjörð. Þar lýsir hann yfir að niðurskurði á Lambeyri verði frestað til haustins 1985, þ. e. þar þarf enginn niðurskurður á fé að fara fram fyrr en í haust. Hluti af því fé sem skotið var var frá Lambeyri, það fé sem raunverulega var búið að gefa líf fram á haust.

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Kannske er það vegna ókunnugleika, en ég sé ekki að það hafi verið neitt þarna að gerast sem gat knúið menn til slíkra óhæfuverka, eins og þarna hafa átt sér stað. Ég veit ekki betur en menn hafi farið á staðinn annaðhvort daginn eða tveimur til þrem dögum eftir að þetta gerðist. Mörg hræin munu liggja þarna enn. Það mun ekki bæta úr skák ef sýking er talin vera hugsanleg á þessu svæði. Ekki hefur því verið að unnið í þeim anda að bægja frá sýkingunni. Í þessum hræjum hefur fuglinn verið og ber að sjálfsögðu sýkla þar sem hann fer sé um sjúkt fé að ræða.

Mér er líka tjáð að í skotárásinni hafi verið skotið bæði í læri og út um kvið á þessu fé. Mér finnst óhugnanlegt ef almennt er hægt að eiga von á því í framtíðinni að yfirvöld, hvort sem um er að ræða sýslumenn, oddvita eða hreppstjóra, geti tekið upp og ákveðið aðfarir eins og hér um ræðir. Það er óhugnanlegt. Það þurfa a. m. k. að vera gífurlega sterk rök sem mæla með aðferðum eins og þarna áttu sér stað.

Ég fullyrði að það er mikil gremja í fólki vestra út af þessum atburði og ég er ekki á því hissa. Þegar munu hafa verið sendar yfir 200 undirskriftir þar sem þess er krafist að þetta mál verði kannað frekar og gengið úr skugga um hvort þessi verknaður hafi verið nauðsynlegur eins og hann var framkvæmdur. Ég tek undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér áðan, og það skulu verða mín lokaorð, því að ég held að oft hafi verið framkvæmd lögregluransókn af minna tilefni en þessu til að fá hið rétta fram.

Íhlutun stjórnvalda í kjarasamninga, fsp. 375. mál (þskj. 596). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það hefur alllengi verið mikið um það rætt hversu oft stjórnvöld hafa gripið inn í löglega gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins með ýmsum hætti og menn um það deilt hversu oft það hefur átt sér stað og með hvaða hætti slíkt hefur verið gert. Mér fannst rétt að gera tilraun til þess að fá upplýsingar um það hversu oft er um að ræða inngrip stjórnvalda í gerða kjarasamninga á vissu árabili og reyna að draga fram í dagsljósið svo að ekki verði bornar brigður á hversu oft þetta hefur verið gert og með hvaða hætti slíkt hefur þá átt sér stað. Ég

hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 596 fsp. til hæstv. forsrh. um íhlutun stjórnvalda í kjarasamninga á vinnumarkaði. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hversu oft og með hvaða hætti hafa stjórnvöld gert ráðstafanir á s. l. 15 árum til að breyta launagreiðslum skv. löglega gerðum kjarasamningum á vinnumarkaði?

Óskað er sundurliðunar og dagsetninga á ráðstöfunum hverrar ríkisstjórnar fyrir sig á umræddu tímabili."

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom í orðum hv. 3. þm. Vestf. er spurt um aðgerðir af opinberri hálfu í efnahagsmálum undanfarin 15 ár. Ég hef beðið Þjóðhagsstofnun að taka saman slíkt yfirlit og segir í bréfi Þjóðhagsstofnunar að yfirlitið nái yfir helstu aðgerðir eða þær sem máli skipta eins og þar segir, og jafnframt að skv. yfirlitinu hafa stjórnvöld gripið 12 sinnum inn í launasamninga með beinum hætti á s. l. 15 árum.

1. Í lögum nr. 94/1970, sem gildi tóku 19. nóvember, var kveðið á um frestun á greiðslum samsvarandi tveimur stigum kaupgreiðsluvísitölu til 1. september 1971, eða sem samsvarar 1.9% kauphækkun. Þá var með þessum lögum ákveðið að 15—17% verðhækkun áfengis og tóbaks og hækkun iðgjalda almannatrygginga skyldi ekki bætt í launum. Með bráðabirgðalögum nr. 77/1971 var greiðslu þeirra tveggja k-stiga, sem frestað var 1970, flýtt til 1. ágúst.

2. Hinn 11. júlí 1972 voru útgefin bráðabirgðalög um tímabundnar efnahagsráðstafanir, er kváðu á um að kaupgreiðsluvísitala skyldi vera óbreytt í 117 stigum, en hefði átt að hækka í allt að 119.5 stig. Hækkun umfram 1.5 stig skyldi hins vegar bætt. Er gildistími þessara laga rann út við áramótin var kauplagsnefnd falið með lögum (nr. 100/1972) að ákveða verðlagsbætur frá og með 1. janúar á grundvelli almenns verðlags 1. nóvember.

3. Með lögum um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey (nr. 4) frá 7. febrúar 1973 var 2% viðlagasjóðsgjald sett á söluskattsstofn og var sú hækkun ekki reiknuð í kaupgreiðsluvísitölu.

4. Brbl. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu (nr. 28), sem sett voru 21. maí 1974, kváðu á um bindingu vísitölubóta um þriggja mánaða skeið. Kaupgreiðsluvísitalan hefði átt að hækka um 15.45 stig eða 14.6%. 3.04 k-stig vegna hækkunar eigin bifreiða var ekki bætt og þá komu til frádráttar 7.86 k-stig vegna aukinna niðurgreiðslna 20. maí. Að teknu tilliti til þessara tveggja liða hefði kaupgreiðsluvísitalan því átt að hækka um 7.2%. Hinn 22. ágúst 1974 voru sett lög nr. 25 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu og var með þeim framlengt ákvæði laga nr. 28 með sama heiti. Vísitölubindingin var framlengd til 30. september.

5. Með brbl. nr. 88 frá 24. september 1974 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál voru almennar verðlagsuppbætur afnumdar á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975. Í þeirra stað komu launajöfnunarbætur sem greiddar voru sem föst upphæð á laun að ákveðnu marki. Upphæðir launajöfnunarbóta skyldu endurskoðast ef framfærsluvísitalan færi fram úr 358 stigum á gildistíma laganna.

6. Hækkun söluskattsstofns um 1% til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana á hitunarkostnað var lögleidd 27. febrúar 1976. Jafnframt var ákveðið að sú hækkun verðlags sem af hlytist skyldi ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu.

7. Með lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum nr. 3 frá 17. febrúar 1978 voru verðbætur og verðbótaauki launa helminguð fram til 1. desember 1978, en ákvæði voru um lágmarksgreiðslu á hvert prósentustig kaupgreiðsluvísitölu. Þær breytingar urðu á lögum þessum með setningu brbl. nr. 63 frá 24. maí 1978 að greiddar skyldu fullar verðbætur á dagvinnulaun að ákveðnu hámarki, en föst krónutöluupphæð á hærri laun.

8. Brbl. um kjaramál (nr. 96), sem sett voru 8. september 1978, kváðu á um að frá 12. september skyldi hámark verðbóta vera hið sama í krónutölu og reiknast skv. ákvæðum gildandi kjarasamninga á dagvinnulaun samsvarandi 300 000 kr. á mánuði.

9. Hinn 10. apríl 1979 voru gefin út lög um efnahagsmál o. fl. (Ólafslög). Í þeim fólust nokkrar breytingar á ákvæðum um útreikninga verðbóta frá og með 1. júní sama ár. Draga skyldi frá breytingu framfærsluvísitölu breytingar sem stafa af vísitöluhækkun á launalið verðlagsgrundvallar búvöru, breytingar verðlags vegna skatta eða gjalds til að draga úr kyndingarkostnaði. Þá skyldi og draga frá breytingar áfengis- og tóbaksverðs. Að síðustu var tekinn upp viðskiptakjarafrádráttur en 30% af viðskiptabreytingu skyldi draga frá hækkun verðbótavísitölu. Bráðabirgðaákvæðin fela í sér að frádráttur vegna viðskiptakjara 1. júní 1979 skyldi hæst nema 2% af verðbótavísitölu og það sem umfram væri skyldi tekið til greina 1. september. Þá var og viðskiptakjarafrádrætti á laun lægri en 2100 kr. á mánuði frestað til 1. desember. Með brbl. nr. 92, sem sett voru 20. nóvember 1979, voru laun undir 263 000 kr. hækkuð um 2% eða til mótvægis viðskiptakjarafrádráttar sem frestað var frá 1. júní.

10. Um áramótin 1980—1981 voru gefin út brbl. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Verðbótahækkun launa, sem til greiðslu skyldi koma 1. mars, var ákveðin 7% lægri en hún hefði orðið skv. ákvæðum laga nr. 13/1979, þ. e. Ólafslaga. Eftir 1. mars skyldu laun hækka í hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölunnar að frádregnum áfengis- og tóbaksliðum. Aðrir frádráttarliðir efnahagslaganna skyldu þó gilda um laun hærri en 7250 kr. á mánuði.

11. Með brbl. um efnahagsmál nr. 79, sem sett voru 21. ágúst 1982, voru verðbætur á laun, sem til greiðslu skyldu koma 1. september, lækkaðar um 2.9% en sú skerðing var í samningi ASÍ og VSÍ frá 30. júní 1982. Enn fremur var í lögunum ákvæði þess efnis að lækka skyldi um helming þá verðbótahækkun launa sem ella hefði orðið 1. desember 1982 skv. ákvæðum laga nr. 13/1979. Þessi lækkun nam 7.72%.

12. Með brbl. um launamál frá 27. maí 1983 eru verðbætur á laun felldar niður á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Laun skyldu hækka um 8% 1. júní og 4% 1. október. En verðbætur hefðu átt að hækka um 22% 1. júní. Þá voru allir gildandi kjarasamningar framlengdir til 31. janúar 1984.

Eins og sjá má af þessari upptalningu hafa beinar íhlutanir ríkisvaldsins í launasamningum verið æði tíðar. Reyndar virðist það svo að einungis einu sinni á síðustu 15 árum hafi verið gerðir almennir kjarasamningar til lengri tíma en eins árs sem ríkisvaldið hefur ekki rofið. Það var árið 1976. Ríkisstj. sú sem nú situr hefur lagt

mikla áherslu á að breyta þessari sérkennilegu hagstjórn. Áhersla er lögð á að mynda almenna umgjörð ákvarðana í efnahagslífinu með fjármála-, gengis- og peningastefnu. Aðilar vinnumarkaðarins geri síðan samninga sína á eigin ábyrgð. Þess vegna hefur ríkisvaldið ekki gripið inn í þá samninga sem gerðir voru s. l. haust. Ríkisstj. vonast til að í framtíðinni verði unnt að stjórna efnahagsmálum hér á landi með almennum hagstjórnaraðferðum en ekki beinum inngripum í gerða samninga sem hefur verið megineinkenni hagstjórnar s. l. 15 ár. Það er farsælla til lengdar fyrir efnahagslífið, en setur um leið mikla ábyrgð í hendur aðila vinnumarkaðarins.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör. Það var ekki mín meining að gera þetta sérstaklega að umræðuefni. Ég taldi mjög nauðsynlegt að reyna að fá um það upplýsingar sem menn geta síðan skoðað. En það er eigi að síður fljótt á litið mjög athyglisvert sem fram kemur í þessum upplýsingum.

Nú skal ég ekkert um segja hvaða mat Þjóðhagsstofnun leggur á þegar hún segir „helstu aðgerðir sem máli skipta". Það getur verið teygjanlegt orð „sem máli skipta". Eigi að síður er hér um að ræða að á s. l. 15 árum hefur ríkisvaldið gripið 12 sinnum inn í gerða kjarasamninga. Það nálgast það að vera á hverju einasta ári sem stjórnvöld grípa til þess ráðs með einhverjum hætti að ógilda gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Slík þróun er auðvitað alveg með eindæmum og er til þess eins fallin að egna til ófriðar á vinnumarkaðnum. Nú náði ég ekki nákvæmlega hvort þetta er mjög breytilegt eftir ríkisstjórnum. Ég hygg að allar ríkisstjórnir eigi þátt í þessu, kannske eitthvað mismunandi mikið, en allar eigi þær það sameiginlegt að hafa gripið inn í gerða kjarasamninga.

Ég hef hér fyrir framan mig ljósrit úr grein sem út mun hafa komið hjá Almenna bókafélaginu og heitir Íslensk haglýsing. Það eru greinar um íslensk efnahagsmál og ekki ómerkari einstaklingur en Þórður Friðjónsson er ritstjóri ásamt fleirum góðum mönnum. Þar kemur í ljós að á árunum 1956 til 1983 hafa stjórnvöld gripið 34 sinnum inn í gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Það er orðið meira en á hverju einasta ári þetta tímabil, í 29 ár, sem ríkisstjórnir hafa gripið inn í eða ógilt með einhverjum hætti gerða kjarasamninga verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda. Ætli slíkt sé nú ekki einsdæmi í heiminum að á hverju einasta ári og meira en það skuli stjórnvöld grípa þannig inn í hjá aðilum vinnumarkaðarins samninga um kaup og kjör? Ég er að vísu ekki víðförull maður, þekki lítið til úti í heimi, það gera aðrir hér betur en ég, en ég hugsa að það megi víða leita til þess að finna samanburð við þetta. En eins og ég sagði, ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta, það var ekki mín ætlan. En ég tel að það sé gagnlegt að fá slíkar upplýsingar sem menn geta síðan skoðað og borið saman og ítreka þakkir til hæstv. forsrh. fyrir svörin.

Löggjöf um fiskeldi, fsp. 321. mál (þskj. 510). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 510 að beina fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. og landbrh. um undirbúning að löggjöf um fiskeldi. Ég sé sem stendur aðeins hæstv. landbrh. í salnum, en vænti þess að úr því verði bætt. (**Forseti:** Það er verið að ná í hæstv. sjútvrh. Ég vona að hann komi innan tíðar.)

Á síðasta þingi flutti ég ásamt þremur öðrum þm. Alþb. till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra. Ég leyfi mér að vitna til þeirrar till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa áætlun um eflingu fiskeldis með það að markmiði að eldi og ræktun sjávar- og vatnadýra geti sem fyrst orðið gildur liður í þjóðarbúskap og atvinnulífi á Íslandi.

Við gerð áætlunarinnar verði m. a. haft samráð við Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknaráð ríkisins og Háskóla Íslands.

Sérstök áhersla verði lögð á þá þætti sem skilað geta arði sem fyrst, svo sem eldi á ungfiski úr sjó, en jafnhliða verði sköpuð aðstaða til víðtækra rannsókna og tilrauna með aðra þætti, svo sem klak og seiðaeldi við íslenskar aðstæður.

Fyrstu aðgerðir á þessu sviði verði m. a. í því fólgnar:

1. að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi þar sem m. a. verði ákveðin yfirstjórn þessara mála og stuðningur af hálfu hins opinbera;

2. að koma upp tilraunaaðstöðu vegna fiskeldis og klaks á vegum Hafrannsóknastofnunar sem jafnframt geri tilraunir með öflun á ungfiski til eldis svo og með fóðuröflun;

3. að undirbúa fjármögnun til framkvæmda á þessu sviði;

4. að kanna almennar forsendur fyrir fiskeldi hérlendis, m. a. varðandi fisktegundir, markað og arðsemi;

5. að meta gildi jarðvarma og aðrar staðbundnar forsendur fyrir fiskeldi;

6. að draga saman vitneskju um rannsóknir og reynslu hérlendis og erlendis í ræktun vatna- og sjávardýra.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi ásamt frv. til l. um fiskeldi eigi síðar en í þingbyrjun 1984."

Þessi till. fékk umfjöllun í hv. atvmn. Sþ. og meiri hl. hennar lagði til s. l. vor að till. yrði vísað til ríkisstj. Það komu fram mjög jákvæð viðhorf til þessa máls í hv. atvmn. og leitað var m. a. umsagnar sjútvrn. um þetta efni. Kom það fram í nál. að sjútvrn. hefði hafið undirbúning að skipun nefndar til að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi í sjó sem áformað hafði verið að leggja fyrir Alþingi sem frv. til l. Hins vegar hafi komið í ljós að starfandi var nefnd á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, sem skipuð var haustið 1982, og var sú nefnd að vinna að sömu hlutum og fyrirhuguð nefnd á vegum sjútvrn. átti að vinna að, segir í nál. Síðan segir þar:

„Eftir þeim upplýsingum sem rn. hefur fengið frá ritara nefndar Rannsóknaráðs, Úlfari Antonssyni, mun nál. þeirrar nefndar verða tilbúið innan fárra vikna."

Þetta er dagsett 16. maí 1984. Þar segir síðan:

„Það er ætlun sjútvrn. að um leið og álit nefndar Rannsóknaráðs ríkisins liggur fyrir hefji nefnd sjútvrn. störf og með þau markmið að leiðarljósi sem fyrr eru nefnd."

Þessari till., sem vísað var til ríkisstj., var beint til sjútvrn. með bréfi dags. 29. maí s. l., en samhljóða bréf

sent landbrn. þar sem ljóst er að bæði þessi rn. hafa lögum samkvæmt með að gera ákveðna þætti — og þá kannske alveg sérstaklega landbrn. — sem varða fiskeldi og fiskirækt. Ég hef leyft mér að beina fsp. til hæstv. ráðh. beggja, sjútvrh. og landbrh., svofelldri:

„Hvað líður undirbúningi að heildarlöggjöf um fiskeldi með hliðsjón af þáltill. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra sem vísað var til ríkisstj. 22. maí 1984?"

Ég vil bæta því hér við að eftir að afstaða var tekin til þessa máls í hv. atvmn. með hliðsjón af umsögn frá sjútvrn. sem byggði á upplýsingum Rannsóknaráðs ríkisins þar sem talið var að álits væri að vænta frá nefnd þar innan fárra vikna hefur mikið verið rætt og fjallað um fiskeldismál og komið hafa upp mörg atriði sem sýna hve brýna nauðsyn ber til þess að tekið sé á þessum málum af löggjafanum, þeim markaður farvegur í stjórnkerfinu, fjármagn tryggt til aðgerða, rannsóknaraðstaða og stefna varðandi rannsóknir á þessu sviði verði fastmótuð eins og gert var ráð fyrir í till. okkar Alþb.-manna.

Þetta hefur því miður enn ekki gerst. Ég vil leyfa mér hér að lokum að vitna til orða framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, Vilhjálms Lúðvíkssonar, sem hann viðhafði á ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins þann 8. febr. s. l. varðandi þetta efni. Hann segir þar með leyfi forseta:

„Þó þannig hafi fremur dregið mátt úr rannsóknastarfseminni um skeið er mikið talað um nauðsyn nýsköpunar í atvinnuvegunum og nefndar háar tölur um fjármagn sem eigi að fara til þeirra hluta. Því miður er það svo að þau atvinnutækifæri sem menn tala mest um, t. d. á sviði líftækni og fiskeldis, eru að miklu leyti enn þá óundirbyggð að því er rannsóknir varðar og hafa þegar orðið af því stórfelld skakkaföll. Ég óttast", segir Vilhjálmur Lúðvíksson, „að á næsta leiti sé alda fjárfestingar í fiskeldi sem að miklu leyti verði byggð á sandi því að þeir þættir, sem arðsamt matfiskeldi þarf að byggjast á hér á landi, eru enn að miklu leyti órannsakaðir og hvergi hefur enn þá verið sýnt fram á hvernig reka eigi fiskeldi í heild frá klaki til markaðar þannig að rekstraröryggi verði tryggt. Sú skýring á vaxtarferli laxins með aðstoð jarðhita, sem hér er reiknað með, er flókið og mjög vandasamt mál."

Þetta voru orð Vilhjálms Lúðvíkssonar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs. Þau minna okkur á nauðsynina á að tekið sé á þessum málum af löggjafar- og framkvæmdavaldi með öðrum hætti en gert hefur verið.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur borið fram fsp. til sjútv.- og landbrh. um undirbúning að löggjöf um fiskeldi.

Eins og fram kom í máli hans var fjallað um þetta mál á síðasta Alþingi. Í nál. frá meiri hl. atvmn. um þáltill. þar að lútandi er lagt til að till. sé vísað til ríkisstj., en vitnað m. a. í umsögn frá Rannsóknaráði ríkisins.

Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins er nú unnið að úttekt á stöðu og framtíðarhorfum í eldi sjávar- og vatnadýra og annarra lífvera í sjó og vatni. Í athugun þessari er m. a. unnið að hliðstæðri upplýsingaöflun og óskað er eftir í umræddri þáltill. Tilgangur athugunarinnar er m. a. að gefa stjórnvöldum betri innsýn í möguleika þessa atvinnusviðs og leggja grundvöll að stefnumótun varðandi rannsóknir og aðgerðir til stuðnings þessu atvinnusviði.

Það kemur einnig fram í nál. að sjútvrn. hafði ætlað að skipa nefnd til að fjalla um málið frá sinni hlið, en frestað því vegna vinnu Rannsóknaráðs ríkisins. Það sama má segja um landbrn. Ég átti viðræður við framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins um þessi mál nokkrum sinnum á s. l. ári. Þá vonaðist hann til að nál. væri að koma alveg á næstunni. Því miður hef ég ekki séð það enn. Hins vegar virtist mér þörf á því að reyna að vinna að málinu á meðan, úr því að dráttur varð á þessu starfi, og óskaði því eftir að gerð yrðu drög að frv. um fiskeldi. Það var gert á vegum landbrn. í vetur. Lögð var áhersla á að reyna að samræma þessi mál öll og koma á náinni samvinnu milli þeirra sem að þessu gætu staðið og um það þurfa að fjalla.

Hins vegar er ljóst að þarna er um marga aðila að ræða og því ekki einfalt að ganga frá málinu í endanlegan búning. Þess vegna hefur nú verið ákveðið að forsrh. skipi nefnd, þar sem hér er um málefni að ræða sem nær a. m. k. til tveggja rn., með fulltrúum bæði frá landb.- og sjútvrn. til þess að undirbúa svona lagasetningu og skoða þær hugmyndir og vinnu sem þar er búið að inna af hendi en jafnframt verði nefndinni falið að vinna að þessum málum nú þegar innan þeirra marka sem löggjöf setur og vera ráðgefandi um þessi mál fyrir þau rn. sem ákvarðanir þurfa að taka á þessu sviði þannig að ekki verði lengur dráttur á samræmdu starfi í þessum málum. Ég vonast til að með þessu sé markað nokkuð ákveðið skref í því að hrinda lagasetningu í framkvæmd, en jafnframt að samræming verði betri milli þeirra stofnana sem um þetta fjalla og markvissari vinnubrögð.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ljóst er að það er nauðsynlegt að setja löggjöf um fiskeldi og ákveða með hvaða hætti því skuli fyrir komið í okkar stjórnkerfi. Jafnvel þó að ég viðurkenni að slík löggjöf sé mjög nauðsynleg er enn þá nauðsynlegra að samræma vinnubrögð á þessu sviði. Ég get ekki séð að það muni standa og falla með löggjöfinni sem slíkri, heldur að samræmd séu vinnubrögð allra þeirra sem koma að málum, þannig að þau fyrirtæki sem hyggjast fara út í þennan atvinnurekstur geti notið sín með eðlilegum hætti.

Strax vorið 1983 hafði ég sem sjútvrh. áhuga fyrir því að hrinda af stað frekari undirbúningi þessara mála en varð fljótt var við að Rannsóknaráð ríkisins hafði hafið starf á þessu sviði. Það er einnig mikilvægt að ekki séu margar nefndir og margir aðilar að vinna að sömu verkefnum og því geta allir verið sammála að mikilvægara sé að reyna að samræma kraftana. Ég verð að segja eins og er að ég hef orðið fyrir verulegum vonbrigðum með það hversu lengi hefur dregist að þessi nefnd skili af sér, en að sjálfsögðu má það ekki koma í veg fyrir að hér sé staðið eðlilega að málum. Með því að skipa þá nefnd, sem hæstv. landbrh. nefndi hér, væntum við þess að samræmd verði störf rannsóknastofnana á þessu sviði.

Ýmsar rannsóknastofnanir vinna að fiskeldi; Fiskifélag Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnunin, veiðimálastjóri og fleiri aðilar. Það hefur verið ákveðið að Hafrannsóknastofnun efli rannsóknastarf á þessu sviði, enda er það í samræmi við lögin um Hafrannsóknastofnunina, og þá er að sjálf-

sögðu mikilvægt að fullt samstarf sé haft við aðrar stofnanir. Hlýtur að vera eðlilegt að stofnun eins og Hafrannsóknastofnun sinni þessu verkefni í ríkum mæli því að þar eru saman komnir okkar helstu sérfræðingar á sviði fiskifræði. Að sjálfsögðu er ekki mikill munur á því í mörgum tilfellum hvort er um að ræða fiskeldi eða aðra fiskifræði og nauðsynlegt að nýta þá sérþekkingu.

Þessi nefnd mun hefja væntanlega störf alveg á næstunni. En það sem skiptir meginmáli er fjármögnun þeirra fjárfestinga sem nú er byrjað á. Það er brýnasta verkefnið og hefur því miður verið nokkuð á reiki hvernig að skuli staðið. Sem betur fer er það að skýrast um þessar mundir.

Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þetta mál. Það liggur alveg fyrir að fiskeldi hefur ekki verið sinnt nægilega vel af okkur á undanförnum áratug og margir hafa farið þar verulega fram úr okkur. Ég hef t. d. talið að það bæri að auka rannsókn á laxinum í hafinu þannig að við vissum meira um hætti hans. Því hefur ekki verið tekið mjög vel af ýmsum aðilum og virðist mörgum að ekki megi skoða þann ágæta fisk á því svæði, það megi aðeins skoða hann þegar hann gengur upp í árnar. Með þessu var ég ekki að leggja til að hafin væri laxveiði í sjó. Hins vegar er mjög slæmt að geta ekki nýtt rannsóknaskip til þessarar starfsemi. Við höfum nýlega eignast ágætis skip, endurnýjað Dröfnina, sem er vel búið til að stunda slíkar rannsóknir. Ég er enn þeirrar skoðunar að þær beri að gera og vænti þess að það geti orðið. Hér mega ekki ríkja neinir fordómar og mönnum ber að sameina kraftana þannig að þeir geti fengið sem fyllsta vitneskju um þessi efni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þessi fsp. og raunar umr. um þessi mál eru áreiðanlega af hinu góða. Ég lít a. m. k. þannig á að þessum málum hafi alls ekki verið sinnt á þann hátt sem þörf er á. Það er ágætt og nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta mál, en sú nefnd sem er að starfa að þessum málum þarf að vita, um leið og hún er að semja frv. að lögum, hvaða stefna á að ríkja í þessum málum. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert upp á nokkurn hátt. Á t. d. að kanna hvaða möguleikar eru á fiskirækt hjá þeim sem búa nú í hinum strjálu byggðum? Á að halda þannig á málum að þetta verði til þess að styrkja byggðirnar, eins og t. d. Norðmenn halda á þessum málum? Á að takmarka á einhvern hátt að erlendir aðilar fari inn í þennan rekstur og hafa hönd í bagga með því að þessar stöðvar séu ekki of stórar eða fari fram úr einhverju ákveðnu marki, eins og Norðmenn hafa gert?

Það er ekki nóg að setja einhverja nefnd til að semja frv. ef stjórnvöld eru ekki búin að taka áður afstöðu til hinna ýmsu atriða. Ég held að það sé mörgum spurningum ósvarað. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um að þessi mál hafi verið gerð upp. Ég hef aðstæður til þess að fylgjast með hvað er að gerast í Noregi í þessum málum. Maður hrekkur við þegar fréttist af því að t. d. er boðið í þá Íslendinga sem eru að læra núna þessi fræði. Þeir fá atvinnutilboð þrátt fyrir þá þekkingu sem þar er. Það er vandséð að við getum fengið þá til þess að koma heim vegna þess að þeir hafa mikla möguleika til að komast áfram þar í landi.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. báðum fyrir þeirra upplýsingar sem hér komu fram. Ég tel að þeim fengnum að það hafi í rauninni verið mistök að Alþingi gekk ekki betur frá þessu máli fyrir ári með því að samþykkja fyrir sitt leyti þá þáltill. sem ég hef hér rifjað upp, þannig að þessi mál færu ákveðnar og út frá ákveðnum sjónarmiðum á hreyfingu.

Nú hefur komið í ljós að hæstv. landbrh., svo sem þakkarvert er, hefur áhuga á þessum málum. Hann hefur verið að fást við að láta semja frv. um þetta atriði. Sjútvrn. hefur þar sín sjónarmið og hæstv. sjútvrh., sem kom fram í hans máli, hafði ætlað sér þegar eftir að hann tók við ráðherrastarfi að fara að sinna þessum málum. Það munu hafa verið nokkur átök á milli rn. um meðferð málsins, ef ég hef skilið það rétt, og mátti raunar ráða af máli ráðherranna, og nú er gripið til þess ráðs af forsrh. að skipa nefnd.

Ég tel að það sé betra seint en aldrei að þannig sé á máli tekið og vonandi fer að sjást í þá áætlun sem Rannsóknaráð ríkisins lofaði í rauninni eða gerði ráð fyrir að liti dagsins ljós vorið 1984 samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu á nál. Við skulum því vænta þess að eitthvað fari úr að rætast í þessum efnum. Ég vil inna hæstv. ráðh., annan hvorn þeirra, eftir því hvort búið sé að ganga frá skipun nefndarinnar og hverjir hafi þá verið þar til kvaddir og hvort það sé búið að ganga frá ramma um hennar starfssvið. Eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson minnti á í sínu máli áðan skiptir mjög miklu máli að sá rammi sé markaður því að annars verður ekki mikið á þessum málum tekið af festu.

Ég vil taka undir þau orð sem hv. þm. Stefán Valgeirsson lét falla áðan um sjónarmið sem varða uppbyggingu þessa atvinnurekstrar. Að því er varðar fiskeldi, t. d. laxarækt er það stórt atriði, sem menn verða að hafa afstöðu til, hvort þeir ætla að láta fáa stóra aðila um tilraunir og framkvæmdir á þessu sviði eða hvort þeir ætla að nýta þetta sem lið í byggðastefnu hérlendis til þess að styrkja byggðirnar víða um land þar sem skilyrði eru til þessa. Og ætlum við að hleypa útlendingum í þetta í þeim mæli sem vísbendingar eru nú þegar um að þeir sæki í slíkt? Það eru spurningar sem þarf að svara. Á þessu vakti ég athygli þegar ég mælti fyrir þáltill. um þetta efni 20. jan. 1984 og benti þá á hvernig Norðmenn hafa staðið mjög skipulega að þessum málum með það fyrir augum að tryggja yfirráð heimamanna í einstökum byggðum, yfirráð þeirra yfir fyrirtækjunum og gera skilmerkilega kröfur um það efni áður en leyfum er úthlutað og loka á útlenda hagsmuni og hagsmuni stórfyrirtækja sem ráðandi á þessu sviði. Ég er ekki að segja að við eigum að apa eftir Norðmönnum öll atriði í löggjöf hér, en skylt er að meta þá reynslu sem þar er fengin og sjá hvernig til hefur tekist að þessu leyti. Það vekur athygli mína blaðafregn nýlega, í Morgunblaðinu 27. mars, þar sem greint er frá því að fram sé að koma nýtt frv. til laga um fiskeldi í Noregi. Hægri stjórnin þar hverfur ekki frá þessum sjónarmiðum varðandi skilyrði í sambandi við úthlutun leyfa til fiskeldis, áfram skuli það vera í höndum heimamanna, þeir skuli hafa þar forustuna og hagsmunir stórfyrirtækja verði ekki ráðandi í fyrirtækjunum.

Hér er stórkostlegt mál á ferðinni og snertir auðvitað margt annað en laxarækt, eins og ég hef að vikið. Þetta varðar búskap okkar til lands og sjávar, náttúrlega nýtingu vatnafiska, en einnig sjávarfiska. Þar kunna möguleikarnir að vera stórbrotnir í framtíðinni þó að

ekki verði mikið um það fullyrt án þess að nánari rannsóknir og tilraunir fari fram. Því er brýnt að slíkar tilraunir verði hafnar fyrr en seinna, við drögum að alla tiltæka þekkingu erlendis frá og mótum hér jafnframt stefnu til þess að fá hér viðspyrnu svo sem þörf er á í okkar atvinnulífi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er til umr. fsp. um undirbúning að heildarlöggjöf um fiskeldi. Það er upplýst að slík löggjöf er í undirbúningi. Sá undirbúningur getur tekið langan tíma, eins og títt er um heildarlöggjöf um ýmis efni. Það er góðra gjalda vert og sjálfsagður hlutur að undirbúa rammalöggjöf um svo mikilvægt málefni. Á hitt vil ég benda að það er þó ekki algjört grundvallarskilyrði. Ég vil nefna það einu sinni enn að ráðamenn þjóðarinnar, hæstv. ráðh. og aðrir, eru margbúnir að hampa því að leggja verði áherslu á mikilvægar aukabúgreinar í framtíðinni. Þar hefur verið nefnt fiskeldi og loðdýrarækt. Það er hafið yfir allan vafa að fiskeldi er mjög álitleg búgrein hér á landi. Þess vegna þurfa hæstv. ráðamenn að leggja kapp á að hlynna að þessari atvinnugrein, ekki bara ræða um það og skrifa, heldur veita fé til þessara framkvæmda, hlynna að undirbúningi þess á allan hátt að slík búgrein geti farið af stað. Ég geri ekki lítið úr því að mikilvægt sé að setja um þetta góða og nýtilega löggjöf. Á hitt vil ég aðeins benda og leggja á það áherslu að það er ekki hægt að bíða eftir þeirri löggjöf, það er ekki hægt að afsaka sig með því að slík löggjöf sé ekki fyrir hendi. Ráðamenn þurfa þegar í stað að leggja sig alla fram um að styðja og styrkja þessa álitlegu búgrein.

Raunvextir afurðalána, fsp. 344. mál (þskj. 552). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er sagði hæstv. forsrh. á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur nýlega að það hefðu verið pólitísk mistök að láta viðgangast misvægi launakjara í landinu og lánskjaravísitölu. Þetta var í rauninni engin smáræðis yfirlýsing því að þetta misvægi er kjarninn í efnahagsstefnu ríkisstj. Efnahagsstefnan var í megindráttum fólgin í tvennu, annars vegar því að afnema vísitölutryggingu launa en halda henni á öðrum sviðum og svo að hinu leytinu að stórhækka raunvexti. Það sem hæstv. forsrh. var að segja var að kjarninn í stjórnarsáttmálanum, bæði hinum upprunalega og hinum endurnýjuðu stjórnarsáttmálum í sumar, efnahagsstefnan sjálf hefði verið röng, þá væntanlega bæði afnám verðtryggingar á laun en ekki verðtryggingar á öðru, sem bjó til þennan mismun að mestu leyti, og svo vaxtastefnan, sú stefna að hækka raunvexti.

Það varð auðvitað ekki önnur ályktun dregin en að efnahagsstefnan, stjórnarstefnan og stjórnarsáttmálinn væru pólitísk mistök. Formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, dró þá eðlilegu og rökréttu ályktun að myndun ríkisstj. hefði skv. orðum forsrh. verið pólitísk mistök. Það var vitaskuld ekki hægt að draga aðra ályktun af orðum hæstv. forsrh. Þetta líkaði hæstv. forsrh. ekki og sagðist ekkert skilja í Þorsteini Pálssyni, hann væri að snúa út úr fyrir sér og ríkisstjórnarmyndunin væri auðvitað ekki pólitísk mistök, það hefði hann aldrei sagt, heldur að misgengi launa og lánskjara væru pólitísk mistök.

Þá stóðu menn í sömu sporum aftur. Kjarni stjórnarstefnunnar, efnahagsstefna ríkisstj. frá upphafi var þá pólitísk mistök og allir stjórnarsáttmálarnir og allar yfirlýsingarnar en ekki stjórnin sjálf. Sem sagt, ef ríkisstj. hefði haft aðra stefnu þá væri allt í lagi, eða: stjórnin var góð en hún var bara mynduð um stefnu sem var röng, stefnu sem var pólitísk mistök að dómi hæstv. forsrh.

Þessi niðurstaða verður þá sú að það hafi ekki verið pólitísk mistök að mynda stjórnina en hins vegar hafi hún verið mynduð um stefnu sem var pólitísk mistök. Það var kannske ekki nema von að hv. þm. Þorsteini Pálssyni þætti erfitt að átta sig á þessu.

En hæstv. forsrh. sagði fleira í þessu sjónvarpsviðtali. Hann kenndi Seðlabankanum um misræmið milli lánskjara og launa og sagði að þeir seðlabankamenn ættu að hugsa um þetta, þaðan ættu tillögur að koma, þessar tillögur vantaði. Hann gaf í rauninni í skyn að ríkisstj. réði engu um þetta misræmi. Þá fór nú heldur að vandast málið. Ef það var Seðlabankinn, ef það voru embættismenn úti í bæ sem réðu þessu, hvernig gátu þetta þá verið pólitísk mistök, hlutu menn að spyrja, ef stjórnmálamennirnir höfðu ekkert með það að gera? Þessi svör vöktu þannig fleiri spurningar en þau svöruðu í rauninni.

En í ljósi alls þessa og til þess að reyna að fá glætu í málið, þá virðist rétt að minna á að ríkisstj. sjálf ákveður vexti á afurðalánum, hún sjálf en ekki Seðlabankinn, hún þarf ekkert að bíða eftir honum með það. Og sú fsp. sem hér er fram borin ætti því að geta varpað einhverri glætu á vaxtastefnuna í reynd vegna þess að ríkisstj. ræður ein að því er afurðalánin varðar og svör við þessari fsp. ættu þá að upplýsa hvernig samræmi eða misræmi hafi verið í ákvörðunum ríkisstj. í þessum efnum þegar hún ræður ein og sér og hvernig hún standi að því ein og sér að gera það sem hæstv. forsrh. nefnir pólitísk mistök. Fsp. eru þannig:

„Hvaða raunvextir hafa verið á afurðalánum vegna útflutnings annars vegar og á afurðalánum vegna sölu innanlands hins vegar á tímabilinu frá 1. ágúst 1984 til 1. febrúar s. l.?

Ef hér er um mismun að ræða, telur þá ráðh. að sá mismunur sé eðlilegur og hvaða efnahagsleg rök eru fyrir honum?“

Þessari fsp. er beint til hæstv. viðskrh.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Án þess að víkja hér að löngum inngangi hv. þm. að þeirri fsp. sem hann hér hefur flutt leyfi ég mér að taka fram í upphafi að í svari mínu hér á eftir er gert ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi eigi við raunvexti á innlendan mælikvarða eftir að erlend kjör útflutningslána hafa verið umreiknuð í krónur. Þá þykir mér rétt að gefa svarið í þrennu lagi miðað við tímaviðmiðanir. Hafa verður í huga að meiri háttar gengisbreyting fellur innan þess tímabils sem fsp. markar.

Fyrst skal gerð grein fyrir raunvöxtum afurðalána miðað við tímabilið frá 1. ágúst 1984 til 1. febrúar 1985 eins og beðið er um í fsp. Á þessum tíma var ársávöxtun afurðalána út á innanlandssölu 23.8% en árshækkun lánskjaravísitölu 26%. Raunvextir voru því neikvæðir um 7%. Ávöxtun afurðalána af útflutningsframleiðslu miðað við heilt ár reyndust 75.6% og raunvextir 31.9.

Það er áður en eftirgjöf gengismunar af hálfu Seðlabankans er tekin með í reikninginn. Að teknu tilliti til hennar verður ársvöxtun hins vegar 59.6% og raunvextir 19.9%.

Eins og áður segir er þetta tímabil þannig valið að meiri háttar gengisbreyting fellur innan þess. Það hlýtur því að teljast raunhæfara að miða við þann tíma sem gengisbreytingin endist, ef þannig má að orði komast. Til þess að komast nær sanni í þessu efni voru raunvextir afurðalána reiknaðir fyrir allt árið 1984. Þá verður útkoman að afurðalánin út á innanlandssölu skila 1.9% raunvöxtum en afurðalán vegna útflutnings 21.4 án eftirgjafar en 10.3% með vaxtaeftirgjöf. Loks er nærtækast að miða samanburðinn á raunvöxtum afurðalána vegna útflutnings annars vegar og vegna sölu innanlands hins vegar við það tímabil sem erlendir afurðalánavextir hafa verið í gildi frá 21. september 1983 og út þann tíma sem gengisfellingin í nóvember 1984 er talin muni endast að meðtöldu hugsanlegu gengissigi skv. áður upplýstum þjóðhagsmarkmiðum, sem fram komu í september þegar núgildandi kjarasamningar geta runnið út. Samanburður yfir þetta tímabil hefur verið gerður að því er tekur til viðbótarlána og sýndi sú athugun nána samsvörun innlendra og erlendra lánskjara yfir þetta tímabil og hvors árs þess um sig. Sams konar samanburður fyrir endurkeypt lán mundi hins vegar sýna lægri innlenda vexti frá ágústmánuði 1984 en þar kæmi á móti 10% eftirgjöf Seðlabankans sem fyrr er greint frá.

Með vísan til þessa sem ég hef nú sagt og um það hvernig nærtækast sé að bera saman raunvexti á afurðalánum vegna útflutnings annars vegar og vegna sölu innanlands hins vegar tel ég ekki um mismun á vaxtakjörum að ræða.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Seinustu orð hæstv. ráðh. voru mjög athyglisverð. Eftir að hafa hjakkað í þremur útreikningum þá kemst hann að þeirri niðurstöðu að ekki sé um misræmi í lánskjörum að ræða. En í svarinu við fsp. kom fram að á lánum vegna innanlandsframleiðslu hafi á því tímabili sem um var spurt verið neikvæðir raunvextir upp á 7% en vegna útflutningsframleiðslu jákvæðir upp á 20—32%, eftir því hvernig var reiknað. Hér verð ég nú að segja að verulega munar í milli. Munurinn er upp á 27—39%. Halda menn að von sé á öðru en að sjávarútvegurinn, sem er með útflutningsframleiðsluna, eigi í erfiðleikum þegar honum er gert að greiða raunvexti af afurðalánum sem eru á bilinu milli 22—32%?

Auðvitað má velja einhver önnur tímabil aftur á bak og áfram. En það er nú heldur einkennilegt að fara að velja tímabil, sem ekki er liðið, eins og er í þriðju atrennu hæstv. ráðh. við að reyna að komast út úr þessari fsp. Þá velur hann tímabil sem á að enda í septembermánuði n. k., þ. e. eftir sex mánuði, eftir hálft ár. Ég er hræddur um að eitthvað geti gerst á þeim tíma. Allur slíkur samanburður er gersamlega út í hött og þess vegna er líka augljóst að það er ekki samræmi í slíkum vöxtum heldur mikið misræmi. Meira að segja þegar hæstv. ráðh. gerir tilraun nr. tvö, þegar hann reiknar árið 1984, þá kemur fram raunvaxtamunur á útflutningnum á bilinu 12—24%, eftir því hvaða reikniaðferð er notuð. Útflutningsatvinnuvegunum er m. ö. o. gert að standa undir raunvöxtum sem eru langtum hærri, hvernig sem reiknað er, heldur en eru nokkurn tíma yfirleitt á erlendum lánamarkaði og hærri en þekkist að öðru leyti hér hjá okkur. En á sama tíma er hin innlenda framleiðsla með neikvæða raunvexti.

Nú hefði maður haldið að það væri markmið að auka útflutningsframleiðsluna, að auðvelda útflutningsframleiðsluna. Ekki væri afkoman það góð í aðalútflutningsgreininni, sjávarútvegi, að það væri ástæða til að ætlast til þess að menn stæðu þar undir 20—30% raunvöxtum. Það hefur líka verið talað um að framleiðsla á landbúnaðarafurðum til innanlandsneyslu væri langt umfram það sem æskilegt gæti talist og nú virðast allir loksins vera orðnir sammála um það. En hvers vegna þá að velja þennan gífurlega mun, að hafa stórlega neikvæða raunvexti á afurðalánum sem varða innanlandsframleiðslu, og þá fyrst og fremst landbúnaðarframleiðslu, en stórkostlega jákvæða raunvexti upp í 20—30% á útflutningsframleiðslunni, sem er meira og minna á hausnum, eins og nauðungaruppboðin gefa nú til kynna víðs vegar um landið?

Ég er ansi hræddur um að ríkisstj. hafi ekki staðist það próf hvernig ætti að ákveða vexti þegar hún fékk að ráða því algerlega ein og sjálf. Ég er hræddur um að það þýði lítið fyrir ríkisstj. að kvarta undan því að það vanti tillögur frá Seðlabankanum eða leiðsögn, eins og hæstv. forsrh. hefur gert, þegar það kemur í ljós í þeim efnum að þegar hún á að ákveða vextina sjálf og ein og óstudd þá fer hún fram með þessum hætti.

Ég get ekki tekið svar hæstv. viðskrh. alvarlega þegar hann segir, eftir allar þessar reiknikúnstir og með því að fara að tala um viðbótarlán, sem ekkert er um spurt, að þessi mismunur sé ekkert til þess að gera veður út af, hér sé í rauninni enginn mismunur. Mér finnst það óvirðing við þingið þegar þessar tölur liggja fyrir. Og ég verð að ítreka það að þetta er ákaflega furðuleg stjórnarstefna, að ætla útflutningsgreinunum að standa undir 20—30% jákvæðum raunvöxtum en innanlandsframleiðslan getur verið á neikvæðum raunvöxtum upp á 7%. Ekki verður þetta nú talið að vera samkvæmur sjálfum sér, að vera með hnitmiðaða stjórnarstefnu. Í þessu felst verulegt misræmi.

Herra forseti. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. svörin.

Verð á áburði, fsp. 370. mál (þskj. 590). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 590 að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um væntanlegt verð á áburði. Mál eru þannig að skv. erindisbréfi sem sett er á grundvelli laga um Áburðarverksmiðju ríkisins, erindisbréfi fyrir stjórn Áburðarverksmiðjunnar, er gert ráð fyrir því sem einu af verkefni stjórnarinnar „að gera tillögur til landbrh. um áburðarverð sem ákveður það. Tillögur skulu sendar ráðh. þannig að hann hafi að lágmarki 15 daga til ákvörðunar áburðarverðs. Hafi áburðarverð ekki verið ákveðið af ráðh. fyrir 1. apríl ár hvert, enda sé liðinn 15 daga frestur, skal stjórnin ákveða það."

Þetta eru ákvæði í erindisbréfi fyrir stjórn Áburðarverksmiðjunnar sett af landbrh. 22. ágúst 1973, undirritað af Halldóri E. Sigurðssyni og Sveinbirni Dagfinnssyni.

Nú er kominn 2. apríl og ekkert hefur frést um

áburðarverð frá hæstv. landbrh. eða ríkisstj. Það eina sem menn heyra eru spásagnir í blöðum um líkur á gífurlegri hækkun á áburðarverði. Þannig segir Morgunblaðið frá 28. mars, með leyfi forseta:

„Milljónatuga tap varð á rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi á s. l. ári og skv. heimildum Morgunblaðsins er talið að miðað við ákveðnar gengisforsendur þurfi verksmiðjan allt að 58% hækkun áburðarverðs frá og með 1. apríl n. k. þegar ný gjaldskrá tekur gildi, ef stjórnvöld grípa ekki til sérstakra aðgerða verksmiðjunni til stuðnings. Við slíka hækkun færi áburðurinn upp í um 13 þús. kr. tonnið, en það er 85% hækkun til bænda vegna þess að áburðarverðið var greitt niður með fé úr kjarnfóðursjóði á s. l. ári."

Þetta er tilvitnun í Morgunblaðið. Frá stjórnvöldum hefur hins vegar ekkert frést.

Sem kunnugt er er staða bændastéttarinnar á heildina litið með því allra hraklegasta sem gerist hjá vinnandi stéttum í þessu landi og er þó víða þröngt fyrir dyrum. Ég hygg að hv. stjórnvöld séu kannske að átta sig eitthvað á þessu því að nú er farið að heyrast í bændum fram hjá þeim stéttarsamtökum sem eiga að vera málsvarar þeirra ef allt væri með felldu og þeir eru farnir að fylkja sér saman í sérstökum félögum til varnar hagsmunum sínum. Það þarf engan að undra eins og á málefnum landbúnaðarins hefur verið tekið á undanförnum árum. Áburðarverð, tilkostnaður vegna áburðar er stór þáttur í rekstrarstöðu búanna og þar er um að ræða þátt sem skiptir ekki aðeins máli á viðkomandi ári, heldur skiptir máli fyrir komandi ár í sambandi við þá ræktun og gripaeldi sem á að verða á grundvelli hennar. Hér er því um að ræða stefnumarkandi þætti í sambandi við landbúnað til lengri tíma litið. Þess vegna er það mjög slæmt, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, að áburðarverð skuli ekki liggja fyrir eins og gert er ráð fyrir í erindisbréfi stjórnar og nú er komið fram yfir tilsettan tíma hvað það snertir. Það kann að vera að það sé ekki einsdæmi. Ég hygg að svo sé ekki, en þegar um er að ræða svo gífurlega hækkun á verðinu ofan í þá rekstrarstöðu sem við blasir hjá þorra bænda, þá er hér um að ræða stórkostlega þýðingarmikinn þátt. Í raun-inni fæ ég ekki séð hvernig stjórnvöld gætu ætlað bændum að bera áburðarverðshækkun upp á 50%, hvað þá upp á 85% eins og látið er að liggja að þörf sé á út frá sjónarhóli Áburðarverksmiðjunnar, en úr því verður væntanlega skorið hér í svari hæstv. ráðh. Ég spyr hann:

„1. Hvað er gert ráð fyrir að áburðarverð til bænda hækki mikið í vor?

2. Hvaða ástæður eru til hækkunar á áburðarverði?

3. Eru fyrirhugaðar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til að auðvelda bændum kaup á áburði?

4. Er ráðgert að greiða niður áburðarverð úr kjarnfóðursjóði eins og á síðasta verðlagsári?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur spurst fyrir um væntanlegt verð á áburði og fyrsta spurningin er: „Hvað er gert ráð fyrir að áburðarverð til bænda hækki mikið í vor?"

Áburðarverð hefur ekki enn þá verið ákveðið og því get ég ekki svarað þessari spurningu. Fyrir nokkru bárust frá Áburðarverksmiðjunni gögn um afkomu verksmiðjunnar og horfur. Þegar ég fékk þau sendi ég þau til athugunar hjá hagsýslustofnun og efnahagsráðunaut ríkisstj., Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Ég fékk í morgun greinargerð frá efnahagsráðunaut ríkisstj. með athugunum á þessum upplýsingum frá Áburðarverksmiðjunni og lagði það fyrir ríkisstjórnarfund, en þar sem þessar upplýsingar bárust ekki fyrr en á fundinum var ekki unnt að taka afstöðu til þeirra þá. Áburðarverksmiðjustjórnin hafði óskað eftir ábendingum frá ríkisstj. áður en hún gerði tillögur um áburðarverðið. Áburðarverksmiðjustjórnin hefur sem sagt ekki enn þá gert tillögur til ráðh. um áburðarverð í vor.

„2. Hvaða ástæður eru til hækkunar á áburðarverði?"

Það sem hafði mjög mikil áhrif á afkomu verksmiðjunnar á s. l. ári var óhagstæð gengisþróun þar sem hún hefur tekið erlend rekstrarlán í dollurum. Ástæðan fyrir þessari miklu rekstrarlánaþörf er hallarekstur verksmiðjunnar frá árinu 1980. Tap hennar frá árunum 1980—1983 orsakaði það að hún þurfti að taka erlend rekstrarlán, skv. upplýsingum verksmiðjunnar, að upphæð um 8 millj. dollara og þegar gengisbreyting verður óhagstæðari en gert er ráð fyrir við ákvörðun áburðarverðs er þetta mikil upphæð. Það er þessi uppsafnaði vandi frá liðnum árum sem áburðarverksmiðjustjórnin segir að sé aðalástæða fyrir erfiðleikunum.

3. spurningin: „Eru fyrirhugaðar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til að auðvelda bændum kaup á áburði?"

Til þess að auðvelda áburðarkaup er um tvennt að ræða sem hefur áhrif. Annars vegar er það verðið á vörunni og hins vegar möguleikar bænda til að greiða vöruna. Það er vissulega rétt að staða bænda er erfið um þessar mundir. Það eru þar samverkandi ástæður þó að tvímælalaust sé veigamesta ástæðan samdrátturinn í framleiðslunni frá 1979 sem veldur minni bruttótekjum bænda án þess að annað hafi komið í staðinn til að bæta það tekjutap. Þá eru það fjármögnunarmöguleikarnir. Seðlabankinn hefur ákveðið að rekstrarlán til bænda hækki um 43% frá fyrra ári út á hvern dilk á sama tíma sem grundvallarverðið hefur hækkað um rúm 30%. Þarna verður því allveruleg hækkun umfram almenna verðlagsþróun.

En aðgerðir til að hafa áhrif á verðið er ríkisstj. með til athugunar. Hún fékk nauðsynlegar upplýsingar í morgun og væntanlega verður tekin ákvörðun um það á næsta fundi hennar hvernig þarna verður við brugðist.

4. spurningin: „Er ráðgert að greiða niður áburðarverð úr kjarnfóðursjóði eins og á síðasta verðlagsári?"

Ég hef ekki lagt fram tillögur um að hafa sama hátt á eins og þar var við hafður. Sú niðurgreiðsla létti vitanlega undir með bændum við að kaupa áburðinn á s. l. vori. Að því leyti kom hún að góðu gagni. Hins vegar hafa ýmsir framkvæmdaörðugleikar verið á þeirri tilhögun, þannig að ég tel æskilegra að hafa annan hátt á.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ekki fengust mikil svör við þeirri spurningu sem þarna skiptir mestu: Hvert verður áburðarverðið og hvenær verður það ákveðið?

Hæstv. ráðh. greindi okkur frá því að sá háttur hefði nú verið hafður á af hálfu stjórnar Áburðarverksmiðjunnar að gera ekki tillögu til ráðh., heldur leita eftir ábendingum frá ríkisstj. áður en tillaga er gerð til ráðh. sem gert er ráð fyrir skv. erindisbréfi að komi 15 dögum fyrir 15. apríl eða um miðjan marsmánuð. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað veldur því að ekki er gerð tillaga af

hálfu stjórnar Áburðarverksmiðjunnar til ráðh. um þetta efni? Hvað veldur því að svo seint er verið að verki í sambandi við þetta mál? Mér er kunnugt um að síðasti fundur í stjórn Áburðarverksmiðjunnar var haldinn um mánaðamót febrúar—mars, en síðan þá enginn fundur. Í stjórn Áburðarverksmiðjunnar er auðvitað ákveðinn stjórnarmeirihluti ríkisstjórnarflokkanna. Er það hann sem stendur fyrir þessu í samráði við ráðh.? Hefur ráðh. gefið stjórn Áburðarverksmiðjunnar um það leiðbeiningar að hún skuli nú ekki vera að gera ákveðna tillögu, heldur skuli hún leita eftir ábendingum og fyrst að þeim gefnum af hálfu ríkisstj. móti stjórn Áburðarverksmiðjunnar tillögur til ráðh.? Hvenær á þetta að enda? Hvenær gerir ráðh. ráð fyrir að hafa ákveðið áburðarverðið? Mér sýnist að það sé alllangt ferli eftir? Hvenær er næsti ríkisstjórnarfundur sem á að ganga frá forsendum til stjórnar verksmiðjunnar þannig að hún geri tillögur sem ráðh. var að tala um? Verður hann haldinn fyrir páska? Verður hann haldinn eftir páska? Síðan er eftir að fá tillögur stjórnarinnar og síðan telur ráðh. sig hafa frest, kannske allt að 15 dögum skv. erindisbréfi, til að taka á þessu máli.

Þetta eru aldeilis forkastanleg vinnubrögð, sem eru hér viðhöfð, þegar það liggur fyrir ómótmælt af ráðh. að uppi séu hugmyndir um og forsendur bendi til þess að um sé að ræða gífurlega hækkun á áburðarverði. Það voru ekki vefengdar þær tölur, sem ég vitnaði til úr Morgunblaðinu, upp á 85% hækkun sem þar væri talin þörf á í þessu sambandi.

Ég tel að hér sé þannig að staðið gagnvart bændum að það sé stórkostlega gagnrýni vert að ákveða ekki áburðarverðið. Í fyrsta lagi standa margir bændur frammi fyrir því sem ráðgátu hvernig þeir eigi að fjármagna áburðarkaupin. Í öðru lagi vita þeir ekki hvaða framleiðslumagn þeir fá fullt verð fyrir á yfirstandandi verðlagsári og því er allt í óvissu í rauninni um með hvaða hætti þeir skuli skipuleggja sinn búrekstur. Þetta grípur hvað inn í annað.

Hæstv. ráðh. sagðist hafa sent ábendingar áburðarverksmiðjustjórnarinnar til fjögurra aðila. Hann hefði fengið svar frá einum, ef ég skildi hann rétt. Enn heyrðist ekkert frá öðrum. Ég inni hæstv. ráðh. eftir því í hvað stefni skv. þeim gögnum sem fyrir liggja varðandi hækkun áburðarverðs.

Hæstv. ráðh. gerir ekki ráð fyrir að létta á áburðarverðinu með greiðslum gegnum kjarnfóðursjóð — greiðslum sem vissulega eru teknar af bændum sjálfum og fjármagnaðar af bændum sjálfum og gripið var til á síðasta verðlagsári. Skv. því og að engar aðrar hugmyndir eru mótaðar um þetta efni, þá blasir hér við áburðarverðshækkun á bilinu 50—100%. Hvernig telur ráðh. að verði kleift að standa að búskap á yfirstandandi ári ef þetta á fram að ganga? Ætlar hann að koma í veg fyrir að þessi hækkun nái fram að ganga? Það færi betur að leiðir beindust í því efni. Ég sé ekki annað en þetta geti þýtt að bændur fari að taka pokann sinn fyrr en ella.

Ráðh. gerði svo að umtalsefni í framhjáhlaupi stöðu bænda, tók undir það að hún væri erfið, og hann nefndi framleiðslusamdráttinn 1979. Hann nefndi ekki fjármagnskostnaðinn sem ríkisstj. hefur hleypt lausum á allan atvinnurekstur í landinu jafnt og á launafólk sem skuldar. Það er kannske ekki minna atriði. Ætli fjármagnskostnaðurinn sé ekki stærra atriði en framleiðslusamdrátturinn? Og hvað um samdrátt niðurgreiðslnanna? Ekki var minnst á samdráttinn í þeim og þann samdrátt í sölu sem hlýtur að fylgja í kjölfarið á samdrætti niðurgreiðslna sem ríkisstj. hefur lækkað hvað eftir annað á sínum valdaferli. Fleira mætti þarna til tína.

Hér er um að ræða slíka vanrækslu í sambandi við málefni landbúnaðarins, slíka stefnu gagnvart landbúnaðinum og bændum, að við blasir byggðahrun ef fram heldur sem horfir í þessum efnum. Sú staða sem við blasir hér, hið óleysta dæmi í sambandi við áburðarkaupin, vekur ekki bjartsýni á meðan ekki kemur annað fram en lesa mátti út úr svörum ráðh., sem raunar voru engin svör, við mínum spurningum, nema varðandi 4. lið, að ekki er ráðgert að grípa til aðgerða eins og greiðslu í gegnum kjarnfóðursjóð til að lækka áburðarverðið. Það var í rauninni það eina sem fram kom fyrir utan ástæður fyrir hækkuninni. Ég skal ekki vefengja það sem þar kom fram. En ég vænti frekari svara frá hæstv. ráðh.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það sem skiptir höfuðmáli í þeirri umr. sem hér fer fram er ekki hvort áburðarverð verður ákveðið nokkrum dögum fyrr eða síðar, heldur hitt hvort framleiðslukostnaður við þá innlendu áburðarframleiðslu sem hér á sér stað er á heimsmarkaðsverði eða hvort sá framleiðslukostnaður er kominn yfir heimsmarkaðsverð. Það er við því sem bæði bændur og þingheimur þyrftu að fá svar. Sé svo komið, sem mig grunar og sjálfsagt fleiri, að framleiðslukostnaður á áburði sé kominn yfir heimsmarkaðsverð, er hér um að ræða iðnaðarvanda sem er velt yfir á landbúnaðinn. Ég vænti þess að ráðh. beiti sér fyrir athugun á því hvort svo er.

Í beinu framhaldi af því vaknar sú spurning hvort skynsamlegt sé að Áburðarverksmiðjan hafi einkaleyfi á innflutningi á áburði. Það hlýtur að vera sjálfsagður hlutur að áburður verði fluttur inn af þeim aðilum sem áhuga hefðu á slíku og treystu sér til að selja á lægra verði en Áburðarverksmiðja ríkisins býður upp á. Það sem ég tel fyrst og fremst alvarlegt við þessa stöðu er að hér er um verðlagningu frá einokunaraðila að ræða.

Ég vil geta þess að mér þykir vænt um að heyra hjá hv. 5. þm. Austurl. miklu vinsamlegri tón til bænda en ég varð var við á fundi sem ég mætti á í Reykjavík ásamt hv. Ólafi Ragnari Grímssyni þar sem hann taldi rétt að hnýta í bændur. En þar var hlustendahópurinn ekki úr þeirra röðum, heldur úr röðum iðnaðarmanna, og e. t. v. er þar að finna skýringuna.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er ekki mögguleiki á að ræða þessi mál mikið í fyrirspurnatíma. Ég bendi á að það hefur komið fyrir nokkrum sinnum áður að áburðarverð hefur ekki verið ákveðið fyrir tilskildan tíma eins og stendur í erindisbréfi sem fyrirspyrjandi réttilega tók fram hvernig til er komið.

En það sem er aðalmálið í þessu öllu saman er hvernig stendur á því að Áburðarverksmiðjunni var gert að skyldu að taka erlend lán og það dollaralán til rekstursins. Sú verðhækkun, sem hefur verið á undanförnum árum og sem er aðalvandamálið nú, er þannig til orðið að Áburðarverksmiðjan hefur orðið að búa við þetta á sama tíma t. d. sem Sementsverksmiðjan hefur

fengið sitt rekstrarlán innanlands. Hvernig stendur á því að mál standa svona? Ef Áburðarverksmiðja ríkisins hefði fengið innlent rekstrarlán eins og Sementsverksmiðjan hefði vandinn verið langtum minni. Ég skal þó ekki segja hve mikið minni hann er. Aðalmálið er að hægt sé að finna leið til að draga úr áburðarverðshækkunum sem er búið að segja að þurfi að verða yfir 80%. Það þyrfti að láta rannsaka hvernig á því stendur og hver ber ábyrgðina á því að Áburðarverksmiðjan fær ekki innlent fjármagn til síns rekstrar.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég hef ekki gefið stjórn Áburðarverksmiðjunnar fyrirmæli um hvernig hún skuli haga störfum, þannig að það er ekki að mínum fyrirmælum að tillaga hefur ekki komið frá henni enn þá.

Ég mótmæli því að orð mín séu skilin þannig hér að verðhækkun á áburði verði 50—100%, eins og mér fannst hv. fyrirspyrjandi gera. Meðan áburðarverðið hefur ekki verið ákveðið treysti ég mér ekki til að segja hvað það verður.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddi um þá áhættu sem Áburðarverksmiðjan tekur varðandi lán og af hverju hún ekki hefur sama hátt á og Sementsverksmiðjan. Það hefur frá upphafi verið þannig að Áburðarverksmiðjan hefur veitt greiðslufrest á áburðinum til bænda, þannig að hluti af honum er ekki greiddur fyrr en afurðalán koma í nóvember að hausti. Sá mismunur veldur miklu, bæði kemur andvirðið seint og áhættan af gengisbreytingum verður meiri.

Ég óskaði eftir því að reynt yrði að kanna hversu samkeppnisfær Áburðarverksmiðjan væri við innfluttan áburð. Eftir upplýsingum um áburðarverð erlendis frá að dæma og þegar tekið er tillit til verslunarháttanna, verðjöfnunar t. d. sem er á flutningskostnaði á áburði frá verksmiðjunni og kemur inn í áburðarverð, virtist sem þar væri um sambærilegt verð að ræða þó að nákvæma tölu hafi ég ekki í höndunum og geti ekkert fullyrt. Þetta er samkv. þeirri athugun sem gerð var.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er örstutt. (**Forseti:** Hefur þegar talað tvisvar og gerir örstutta aths.) Já.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir viðbótarsvör. Mér þykir það góðs viti að hann dregur í efa að áburðarverð þurfi að hækka á bilinu 50—100% og vona að það gangi eftir að ekki þurfi að koma til slíkrar hækkunar, enda eins og ég hef þegar tekið fram vandséð hvernig bændur ættu að rísa undir slíku eins og þeirra afkomu nú er háttað.

Ég tek undir það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson nefndi áðan í sambandi við lántökur Áburðarverksmiðjunnar á undanförnum árum þar sem hún hefur ekki haft aðgang að innlendu fjármagni, en verið gert að taka erlend dollaralán. Ég held að það sé í rauninni full þörf á því að fram fari rækileg úttekt á Áburðarverksmiðjunni, rekstri hennar og rekstrarforsendum, miðað við hvernig til hefur tekist á undanförnum árum. Ég er ekki með því að gera því skóna að í rekstri Áburðarverksmiðjunnar sé sólundað eða illa staðið að málum, ég hef ekki þekkingu til að dæma um slíkt, en ég tel eðlilegt að fram fari slík úttekt og teldi eðlilegt að ráðh. hlutaðist til um að svo yrði m. a. í ljósi núverandi stöðu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég heyrði það í hliðarsal að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vék að mér nokkrum orðum í umr. og flutti þingheimi þær fréttir að hann hefði verið með mér á fundi ásamt iðnaðarmönnum í Reykjavík þar sem ég hefði sýnt bændum fjandskap. Ef menn vekja athygli á vandamálum landbúnaðarins og rekja hvað forustumenn bænda hafa rekið trippin illa fyrir bændur landsins koma alltaf upp einhverjir snillingar úr Framsfl. og segja að það sé fjandskapur við bændur.

Ég vakti athygli á því á þessum fundi að forusta bændasamtakanna og fyrirtækja landbúnaðarins hefur hrúgað upp miklum milliliðagróða og milliliðahagnaði í landbúnaðinum á sama tíma og kjör bænda hafa verið að skerðast. Það má t. d. vekja athygli á því að Mjólkursamsalan í Reykjavík er að byggja eitt stærsta hús í Reykjavík án þess að taka krónu að láni, Sláturfélag Suðurlands er að reisa stórhýsi og Bændahöllin er að byggja hér stórhýsi líka fyrir hótelrekstur. Einnig er hægt að vekja athygli á því hvernig Áburðarverksmiðjan, sem er hér til umr., hefur verið rekin og öðru í þessu sambandi, en ég ætla ekki að gera það hér.

Hins vegar vil ég koma því á framfæri við þingheim, fyrst þessi umræða situr svo í hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, að það væri vissulega tilefni til þess að taka til umr. á Alþingi hvernig Ingi Tryggvason, Gunnar Guðbjartsson og ýmsir aðrir, sem hafa talið sig sjálfkjörna forustumenn landbúnaðarins og bænda og verið valdir til þess af hálfu Framsfl., hafa leikið stóran hluta bændastéttarinnar á undanförnum árum og stuðlað að því kerfi hér í landinu að á sama tíma og Sambandið og milliliðafyrirtækin í landbúnaðinum hafa rakað saman stórfelldum gróða hefur verulegur hluti bændastéttarinnar sífellt orðið fátækari.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Nokkuð hefur skolast til hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni hvaða orð hann lét falla. En ég man það vel. Rollubændur fengu sérstaka kveðju á þessum fundi frá þm.

Núna telur hann aftur á móti vænlegra að víkja að vinnslustöðvum landbúnaðarins. Það er vissulega rétt að vinnslustöðvar landbúnaðarins hafa byggt yfir sig og sína starfsemi, en varðandi Mjólkursamsöluna mætti hv. þm. minnast þess að þegar Mjólkursamsalan seldi sínar mjólkurbúðir úti um allan bæ eignaðist hún vissulega nokkuð digran sjóð sem hún hefur varið til fjárfestingar.

Hann minnist á sláturfélögin og Bændahöllina. Það er viðurkennt, og það veit Ólafur Ragnar, að milliliðakostnaður í íslenskum landbúnaði, þ. e. álagning sem milliliðir hafa lagt á, hefur verið lægri en annars staðar. Ég get aftur á móti tekið undir það að veitt hefur verið of miklum fjárhæðum í það að byggja rándýr sláturhús. Ástæðan fyrir því er að mínu viti sú að menn gerðu svo miklar kröfur af hálfu heilbrigðiseftirlits og slíkra aðila að það nær engri átt.

Varðandi Bændahöllina er kannske rétt að geta þess að þegar hún var byggð á sínum tíma var tekið til þess erlent lán. Það var búið að veita þessa lóð undir húsnæði fyrir Búnaðarfélagið. Þáverandi borgarstjórn Reykjavíkur setti svo það skilyrði að hús skyldi vera af þeirri stærð á þessari lóð að það þurfti að byggja mjög stórt. Þá var farið í það m. a. að taka vissan hluta undir hótelrekstur.

Ég hef gaman af því þegar hv. 3. þm. Reykv. telur að hann geti bjargað sér á hundasundi frá því að hafa verið með aðkast í garð bænda á fundi hér í Reykjavík yfir í það að tala illa um afurðasölufélögin. En þó að hann sé e. t. v. syndari góður efa ég að hann bjargi sér á þessu sundi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil gera aths. við þann málflutning sem hv. 3. þm. Reykv. viðhafði áðan um forustumenn bændastéttarinnar þar sem þeir hafa ekki tök á að svara fyrir sig.

Ég held að það sé lítill ávinningur fyrir menn að upphefja slíkan málflutning um fjarstadda menn. Við sem þekkjum til landbúnaðar vitum allt of vel að það eru óviðráðanlegar aðstæður fyrir okkur sem valda erfiðleikum landbúnaðarins nú. Það er hvorki á valdi forustumanna bændastéttarinnar eða annarra. T. d. nefni ég þá þróun á markaðsaðstæðum, sem er í öllum löndum í kringum okkur, sem valdið hefur því að þar hefur orðið að draga úr framleiðslu. Til viðbótar því sem ég nefndi áðan um samdráttinn frá 1979 má vissulega geta um hið erfiða tíðarfar mörg þessara ára. Það skilur eftir ærið þungar klyfjar á mörgum bændum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er skrýtin formúla hjá hæstv. landbrh. að það megi ekki tala um menn sem ekki eiga sæti hér á Alþingi. Meðan hæstv. landbrh. var forseti Sþ. leyfðist mönnum að *flengríða í ræðustólnum á forustumönnum verkalýðs*hreyfingarinnar og mörgum öðrum aðilum utan þings án þess að þáv. forseti gerði nokkru sinni aths. við það, en þegar komið er að forustumönnum Framsfl. í landbúnaðarmálum eiga þeir allt í einu að vera stikkfrí á Alþingi. Þá má ekki minnast á af því að þeir eru fjarstaddir. Svona formúla getur einfaldlega ekki gengið, hæstv. landbrh., nema þá að ráðh. vilji halda öðru tveggja fram: annaðhvort að um þá forustu eigi alls ekki að tala hér á Alþingi vegna þess að hún eigi ekki sæti hér og geti ekki svarað fyrir sig, og hverfur þá stór partur af umræðusneið þjóðfélagsvandamálanna af borðum þm., eða þá að hæstv. landbrh. ætlar að taka á sig sjálfur alla ábyrgðina af því sem þessir menn hafa verið að gera á undanförnum árum. Ef það er ætlun hæstv. landbrh. er út af fyrir sig hægt að ræða málin á þeim grundvelli.

Auðvitað er það staðreynd að Framsfl. ber meginábyrgðina á þessu öllu saman. Þeir menn sem hafa verið í forustu í bændasamtökunum hafa um leið verið flokkspólitískir forustumenn Framsfl. Ég þekki það vel til í þessum herbúðum að ég veit að menn eru ekki valdir í þessar stöður nema njóta þess flokkslega trúnaðar Framsfl. að þeir séu taldir fullburðugir þess að reka í senn erindi flokksins og þessara samtaka og láta samtökin þjóna flokknum fyrst og fremst. (**ÓÞÞ:** Hvað hafa mennirnir brotið af sér, Ólafur Ragnar?) Þeir hafa fyrst og fremst brotið það af sér, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að þeir hafa haldið þannig á málefnum landbúnaðarins að á sama tíma og milliliðafyrirtækin í landbúnaðinum hafa hlaðið upp stórgróða hér á höfuðborgarsvæðinu og standa núna fyrir byggingu mestu stórhýsa á höfuðborgarsvæðinu hefur sífellt stærri hluti bændastéttarinnar úti um land orðið fátækari og fátækari. Þetta kalla ég að bregðast trúnaði við sína félagsmenn að halda þannig á málefnum landbúnaðarins að það séu stórkostlegar framkvæmdir fyrir gróðann af þessum fyrirtækjum því að sum þeirra hafa ekki tekið krónu að láni í að byggja þessi stórhýsi. Þrjú af stærstu stórhýsunum sem eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu eru byggð á vegum bændasamtakanna og fyrirtækja þeirra. Ásamt Íslenskum aðalverktökum eru þetta þau fyrirtæki sem standa fyrir mestu stórhýsabyggingum á höfuðborgarsvæðinu. Mætti þó að vísu bæta Hagkaupum við ef tilvonandi verslunarhús þeirra er haft með. (**Gripið fram í:** Er það þá eign bænda?) Nei, en það er haft til samanburðar. Það er aðeins ein framkvæmd á vegum einkaverslunarinnar á höfuðborgarsvæðinu sem stenst samanburð við hinar miklu framkvæmdir þessara þriggja fyrirtækja bænda.

Það sem þessir menn hafa brotið af sér, svo að ég endurtaki það fyrir hv. þm., er það að þeir hafa látið þessa gróðamyndun og stórkostlegu eignasöfnun eiga sér stað á sama tíma og stór hluti félagsmanna þeirra, sem þeir hafa átt að gæta hagsmuna fyrir, hefur orðið fátækari og fátækari. Það er ósköp eðlilegt að flokkspólitískir oddvitar Framsfl., eins og hæstv. landbrh. Jón Helgason, vilji alls ekki láta tala um þetta á Alþingi.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 2. apríl, að loknum 67. fundi.

Búnaðarfélag Íslands, þáltill. 24. mál (þskj. 24). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Það fer líklega nokkuð vel á að umr. fari fram um þá till., sem ég hér mæli fyrir, í kjölfar þeirrar umr. sem nýlega er afstaðin á síðasta fundi.

Ég mæli hér fyrir till. á þskj. 24 um að ríkisstj. hlutist til um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ríkið hætti þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Ég hef í höndum, herra forseti, bréf, sem mér hefur borist, og er þar um að ræða umsögn Búnaðarþings, senda til mín af Búnaðarfélagi Íslands, um þessa þáltill. þar sem þingið skorar á hið háa Alþingi að fella þessa þáltill.

Í grg. með þessari ályktun segir:

„Í ályktuninni er kveðið á um að ríkisstj. annist framkvæmd um að ríkið hætti þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands“ — þar er höfðað til þeirrar ályktunar sem ég hef lagt fram — „eða m. ö. o. að fella niður fjárveitingu til félagsins og leggja þar með niður þá starfsemi og þjónustu sem þar er innt af hendi.“

Þarna gætir strax nokkurs misskilnings því að í þeirri till. sem ég lagði fram kom ekki neitt það fram sem benti til þess að ég gerði ráð fyrir að ríkið legði niður þessa starfsemi, heldur geng ég út frá því að jafnstór samtök og búnaðarsamböndin eru hafi fullt bolmagn til þess að halda áfram þeirri starfsemi sem þegar er fyrir hendi hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Síðan segir í grg. með ályktun Búnaðarþings:

„Því er að vísu slegið fram að starfsemi þessari megi sinna með öðrum og hagkvæmari hætti, en látið hjá líða að gera því nánari skil né rökstyðja það á nokkurn máta.“

Enn fremur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með flutningi þessarar þáltill. kemur fram mikið þekkingarleysi og skilningstregða á starfsemi og uppbyggingu Búnaðarfélags Íslands og sýnir það ásamt öðru hve brýn þörf er öflugrar upplýsingaþjónustu um íslenskan landbúnað og stofnanir hans.“

Til að byrja með vil ég benda á að í grg. þessari kemur einnig fram mikið þekkingarleysi og skilningstregða á hugmyndum Bandalags jafnaðarmanna um greinilegan aðskilnað aðila í stjórnsýslu og afnám íhlutunar og afskipta ríkisvalds af kjaramálum einstakra hagsmunaaðila í þjóðfélaginu. Auðvitað erum við hér að ræða um kjaramál afurðasala og framleiðsluaðila í landbúnaði. Öll sú starfsemi, sem ríkið kostar af hálfu Búnaðarfélags Íslands, hefur ekki neitt lítið að segja um kjör þessara aðila.

Þegar ég tala um annan og hagkvæmari hátt í þáltill. minni tala ég með sjónarmið ríkissjóðs í huga og sé hagkvæmni í því að spara þann útgjaldalið sem framlög til Búnaðarfélags Íslands eru, en hvernig Búnaðarfélag Íslands eða búnaðarsamböndin síðan ná hagkvæmni í sínum rekstri, þegar hann verður kostaður af búnaðarsamböndunum sjálfum, er ekki mitt mál, heldur þeirra sem þar ráða.

Af því að ég veit það að ég á von á því að hér komi menn í stól á eftir mér og hefji mál sitt að einhverju leyti með þeim hætti að reyna að koma þeim skilningi inn hjá mönnum að ég viti ekki hvað Búnaðarfélag Íslands er, þá ætla ég að leyfa mér að lesa úr grg. Búnaðarþings, sem með þeirri ályktun fylgir sem ég vitnaði í áðan, með leyfi hæstv. forseta, þar sem lýst er hlutverki Búnaðarþings:

„Búnaðarfélag Íslands er í reynd samband búnaðarsambandanna í hinum dreifðu byggðum, en þau eru aftur samband hreppabúnaðarfélaga sem eru grunneiningar í félagsskapnum. Á fulltrúafundi þeirra í búnaðarsamböndunum eru kosnir fulltrúar á Búnaðarþing sem kemur saman einu sinni á ári og þingar um hin ýmsu málefni landbúnaðarins, fagleg og félagsleg, og kýs stjórn fyrir Búnaðarfélag Íslands og er formaður þeirrar stjórnar jafnframt forseti á fundum Búnaðarþings. Stjórnin sér um að koma ákvörðunum Búnaðarþings á framfæri og er ábyrg gagnvart því. Uppbygging félagsskaparins er því í alla staði í anda lýðræðis.“

Ekki veit ég hvers vegna mönnum fannst nauðsynlegt að geta þess í grg. að uppbyggingin væri í anda lýðræðis, en þó er greinilegt að menn treystu sér ekki til að ganga miklu lengra en kalla að hún væri í anda lýðræðis. Þessum anda lýðræðis er fullnægt t. d. með því að fjöldi fulltrúa frá mismunandi svæðum og héruðum landsins er mjög misjafn og að miklu leyti í öfugu hlutfalli við fjölda þeirra sem að baki fulltrúunum standa, að ég tali nú ekki um í öfugu hlutfalli við hlutdeild þeirra í landbúnaðinum. (Gripið fram í.) Nei, þetta er það sem ég segi.

Enn fremur segir í grg.:

„Búnaðarfélag Íslands er þannig ekki ríkisstofnun, en fer með í umboði ríkisvaldsins framkvæmd ýmissa laga er varða landbúnað og ræður til þess ráðunauta og annað starfsfólk. Starfsemi þessi er að mestum hluta fjármögnuð af ríkissjóði og er það í fyllsta samræmi við það sem gerist um hliðstæðar stofnanir í nálægum löndum þar sem rekinn er þróaður landbúnaður.

Sem dæmi um starfsemi Búnaðarfélags Íslands skal fyrst og fremst nefnd framkvæmd jarðræktar- og búfjárræktarlaga og er sú starfsemi að líkindum þekktust þar sem lög þessi eru að stofni til um 60 ára gömul. Á grundvelli þeirra hefur Búnaðarfélag Íslands haft yfirumsjón með leiðbeiningarþjónustu í öllum greinum búrekstrar og annast þannig streymi upplýsinga og ráðgjafar út til bænda í gegnum héraðsráðunautaþjónustuna í búnaðarsamböndunum sem bændur fjármagna að nokkru leyti. Sem dæmi um aðra lagabálka sem Búnaðarfélagið fer með framkvæmd á má nefna lög um eyðingu refa og minka, lög um forfalla- og afleysingaþjónustu, lög um forðagæslu o. fl.“

Herra forseti. Í grg. segir eins og ég áður nefndi: „Búnaðarfélag Íslands er þannig ekki ríkisstofnun, en fer með í umboði ríkisvaldsins framkvæmd ýmissa laga er varða landbúnað og ræður til þess ráðunauta og annað starfsfólk.“

Ég hef tekið af handahófi úr kaflanum um atvinnuvegi í lagasafni því sem þm. hafa undir höndum nokkur sýnishorn sem ég tel að sýni mjög glögglega samband Búnaðarfélagsins og ríkisvaldsins og sýni það með þeim hætti sem ég tel með öllu óæskilegt. Við getum gripið niður í lög um stjórn ræktunarmála, þ. e. jarðræktarlög. Þar segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Landbrn. hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.“

Þetta hljómar ágætlega. Í 2. gr. segir aftur á móti:

„Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af þriggja manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi,“ — takið eftir að ríkisvaldið á ekki neinn aðila í stjórn Búnaðarfélagsins — „hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til skv. lögum þessum.“

Þátttaka ríkisins í stjórn Búnaðarfélagsins er, eins og menn vita, engin, en Búnaðarfélagið fer með framkvæmd laganna sem hér um ræðir.

Enn fremur segir um ríkisframlag til jarðræktar, húsabóta og hagræðingar í 10. gr. laganna:

„Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins komið sér saman um stærðarmörk framkvæmdanna í sambandi við lán og styrkveitingar svo og að samræmis sé gætt við búrekstraráætlun fyrir viðkomandi jörð.“

Hérna eru Búnaðarfélag Íslands og í þessu tilviki Stofnlánadeild landbúnaðarins dómsaðilar um hvernig á framkvæmd laganna skuli haldið.

Í lögum nr. 79 frá 1972 segir enn fremur í ákvæði til bráðabirgða í IX. kafla laganna:

„Heimilt er landbrh. í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávik frá ákvæðum þessarar greinar á næstu fimm árum.“

Það er ekki óalgengt í lögum sem að landbúnaði snúa að landbrh. sé náðarsamlegast heimilt að standa að framkvæmd ýmissa hluta, en þá eingöngu með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélagi Íslands er heldur ekkert óviðkomandi. Í 11. gr. d-lið stendur:

„Byggingar skulu gerðar eftir teikningum, er Byggingarstofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands viðurkenna.“

Í 23. gr. laga nr. 79/1972 er enn undirstrikað ósjálfstæði ráðh. í þessum málum:

„Landbrh. gefur út reglugerð, að fengnum tillögum

Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra."

Í lögum nr. 31/1973, þ. e. búfjárræktarlögum, segir í 1. gr.:

„Landbrn. hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála."

En síðan kemur: „Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með framkvæmd laga þessara fyrir hönd landbrn.

Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautaþjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar."

Í lögum nr. 31/1973 segir um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé í 48. gr:

„Landbrn. sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum til að mynda búfjárkyn eða kynbæta þau ... Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun."

Og í 52. gr. segir:

„Þá skal landbrh. hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands."

Í lögum nr. 20 frá 1967 stendur um Búreikningastofu landbúnaðarins:

„Stofna skal og starfrækja búreikningastofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

Kostnaður við Búreikningastofu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði skv. ákvæðum fjárlaga hverju sinni."

Mér er spurn í þessu tilviki t. d.: Hvers vegna þarf að setja landslög um svona hluti, sem snúa jafneinhliða að búrekstri? Enn fremur má líka spyrja: Hvers vegna þurfti að setja landslög um Framleiðsluráð landbúnaðarins? Þar segir um skipan og verkefni Framleiðsluráðs, með leyfi hæstv. forseta, í 1. gr.:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess, og sé einn þeirra formaður Framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar skv. tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands ísl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma."

Ríkið á enga aðild að þessu margfræga ráði.

Í öllum þessum lagabálkum er að finna dæmigerða grein þar sem stendur enn og aftur:

„Landbrh. setur í samráði við Búnaðarfélag Íslands reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessara laga."

Aldrei er landbrh. heimilt að setja reglugerð um eitt eða annað öðruvísi en í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Í lögum um innflutning búfjár segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr tamin og villt, þar með taldir fuglar."

Í 2. gr. segir:

„Landbrh. getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn ...

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búfé er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár...

Allan kostnað," segir aftur á móti í 3. gr., „við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum."

Ahættan er öll á hendi ríkisins. Það er sú náð sem í þessum lögum yfirleitt felst, að ríkinu er heimilt að taka á sig áhættuna á meðan utanaðkomandi aðilar stjórna framkvæmd laganna.

Þetta er, eins og ég áður sagði, herra forseti, sýnishorn af lögum sem að landbúnaði snúa.

Það segir í bréfi Búnaðarfélags Íslands með umsögn þess um þessa þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og sjá má af framansögðu hafa Búnaðarfélag Íslands og Búnaðarþing einhver afskipti af öllum félags- og hagsmunamálum landbúnaðarins öðrum en verðlagsmálum. Bændur verða sjálfir, ef vel á að fara, að taka virkan þátt í uppbyggingu leiðbeiningarþjónustunnar á ýmsum sviðum, svo sem með skýrslugerð um afurðasemi búfjár, og þeir kosta þessa þjónustu að hluta til, bæði beint og óbeint. Það er því fullkomlega eðlilegt að þeir hafi sjálfir á hendi yfirstjórn þessarar starfsemi þótt hún sé vissulega fjármögnuð af ríkinu að meiri hluta." — Þessu er ég ósammála.

Enn fremur segir:

„Hér hefur í afar stórum dráttum verið leitast við að skýra afstöðu og starfsháttu Búnaðarfélags Íslands. Efalaust má ýmislegt bæta þar og færa til betri vegar sem í öðrum stofnunum og skylt er að taka allri heilbrigðri gagnrýni með opnum huga. Hitt nær hins vegar engri átt að aðilar í æðstu stöðum þjóðfélagsins" — ég geri mér ekki alveg grein fyrir því, herra forseti, hvort hér er átt við mig — „leggi til að lögð verði niður nær aldargömul félagsuppbygging og leiðbeiningarþjónusta eða henni gerbreytt án nokkurs rökstuðnings þar að lútandi." — Og þá komum við að rökstuðningnum.

Eg tel að í seinustu setningunni felist þegar hluti af rökstuðningnum. Þeir segja hér sjálfir: „Nær aldargömul félagsuppbygging og leiðbeiningarþjónusta." Það er hluti af þeim vanda sem að bændum steðjar í dag, eins og hv. 3. þm. Reykv. benti á áðan, að á meðan vissir aðilar, sérstaklega framleiðsluaðilar, safna auð — kannske ekki endilega með augun rauð — flosna bændur upp víðs vegar um allt land vegna þess að afkoma þeirra er orðin svo ótrygg að þeir geta ekki staðið lengur í þessum atvinnurekstri. Skyldi ekki hluti af þessum vanda vera fólginn í því hvernig staðið er að þessum málum í dag sem er einfaldlega úr takt við tímann? Það var eðlilegt á meðan allir Íslendingar voru bændur að samskipti ríkis og samtaka bænda væru náin, en nú er aðeins hluti Íslendinga bændur og mikilvægi þessarar stéttar umfram aðrar stéttir ekki nægilega mikið til að réttlæta þessa sérstöku meðhöndlun fjárveitingavaldsins á málefnum þeirra. Hitt lít ég kannske öllu alvarlegri augum, að í þessari löggjöf allri, sem tengist starfsemi Búnaðarfélags Íslands, á sér stað gífurlega mikið valdaafsal löggjafans og fjárveitinga-

valdsins í hendur samtökum sem starfa í raun algerlega óháð ríkisvaldinu. Samsetning þeirra er með þeim hætti að ríkisvaldið hefur engin áhrif á það. Stjórn þeirra hefur ríkisvaldið engin áhrif á. Ríkisvaldið hefur ekki nema einu hlutverki að gegna gagnvart þessum samtökum. Það á að borga brúsann. Ég sé ekki að þessu máli megi ekki mjög auðveldlega breyta til þess vegar að búnaðarsamböndin standi að rekstri Búnaðarfélags Íslands með þeim hætti sem þau telja sér best þjóna og þá sérstaklega bændum sjálfum.

Hv. 3. þm. Reykv. benti á það áðan að starfsemi þeirra aðila sem starfað hafa í nafni bænda hafi hugsanlega ekki skilað þeim árangri sem skyldi fyrir bændur. Ég tel þá ábendingu mjög réttmæta, það samkrull sem orðið er á hagsmunum forustumanna bændasamtakanna. Ég legg áherslu á orðið „forustumenn" því að ég er ekki viss um að þar séum við að tala um bændur í sjálfu sér. Sá hagsmunaruglingur, sem þar hefur átt sér stað á undanförnum árum og áratugum, hefur leitt til þess að ég held að þessir aðilar geri sér ekki alltaf grein fyrir því hverra hagsmuni þeir eru að verja, hverra hagsmunum þeir eigi að þjóna. Ég nefni sem dæmi ályktun, sem mér barst einnig í hendur frá síðasta Búnaðarþingi, þar sem Búnaðarþing tekur afstöðu til áhrifa niðurgreiðslna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er lækkun niðurgreiðslna neikvæðari og óraunsærri á sama tíma sem kaupmáttur þorra fólks í þjóðfélaginu er orðinn svo skertur að neysla landbúnaðarvara er vart orðinn sá hollustugrunnur í manneldi sem nauðsyn ber til og matvælainnflutningur eykst á kostnað dýrmæts gjaldeyrisforða. Búnaðarþing telur því beinast að niðurgreiðslur verði auknar á ný og vill benda á að sú efnahagsaðgerð ætti m. a. að auðvelda frið á vinnumarkaði og koma einkum láglaunafólki til góða."

Hérna er Búnaðarþing að fjalla um allt annað en hagsmuni bænda. Búnaðarþing er þar að fjalla um þau mál sem ætti að fjalla um í sölum Alþingis, þ. e. hagsmuni hins almenna borgara. Búnaðarsamböndin og Búnaðarfélagið eru stofnanir sem eiga að þjóna hagsmunum bænda fyrst og fremst og hagsmunum bænda eingöngu. Það er ekki þeirra hlutverk að hafa áhyggjur af hagsmunum annarra stétta í þessu þjóðfélagi en bænda sjálfra. En það skyldi ekki vera að þau hafi með árunum ruglast svo í hlutverki sínu vegna þess að löggjöf landsins hefur tengt hagsmuni þeirra náið ríkisvaldinu. Búnaðarfélag Íslands lítur orðið á sig sem hluta af ríkinu. Þegar það tekur afstöðu til hagsmunamálefna bænda skoðar það málið út frá sjónarhóli þeirra sem landinu stjórna, en ekki þeirra sem eiga að þjóna hagsmunum bænda. Vegna þess að ég er þeirrar sannfæringar að þannig sé komið með þann hugsunargang sem þar ræður ríkjum tel ég mjög nauðsynlegt að tengsl ríkisvalds og Búnaðarfélags verði rofin þannig að Búnaðarfélagið geti skilað þeim árangri fyrir bændur sem það á að gera.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Nú ber svo við að til umfjöllunar er till. til þál. þar sem grg. er aðeins þrjár línur. Nú er það svo að þm. hafa komið í pontu og kvartað undan alllöngum grg. M. a. hefur 5. þm. Austurl. stundum legið undir því að vilja gera nokkuð ítarlega grein fyrir þeim málum sem hann hefur verið að flytja hér á Alþingi. Ég hallast að því, herra forseti, að það gæti verið æskilegt að þarna yrði farinn einhver millivegur og sýnist að það væri gæfulegt að sumir skýrðu dálítið betur það sem þeir væru að tala um, en aðrir reyndu e. t. v. að stytta mál sitt nokkuð.

Aðalatriði þess sem hér hefur komið fram er spurningin um hvað sé skynsamlegt að ríkisvaldið hafi mikið samstarf við félagasamtök sem fjalla um atvinnurekstur í landinu. Þau tíðindi bárust fyrir nokkru að nokkrir trillukarlar í Vestmannaeyjum ákváðu að sækja sjóinn og gerðu það með pomp og prakt og tilkynntu fyrir fram að þeir hefðu ákveðið að virða ekki bann sjútvrn. Satt best að segja leiddi það hugann að því hvort ekki væri búið að troða helst til miklu valdi inn í sjútvrn., valdi sem ætti einhvern veginn að vera í höndum félagsskapar á vegum atvinnuvegarins sjálfs og tryggði stjórnun innanfrá. Og hver voru viðbrögð ráðh.? Jú, það fyrsta var að hann nánast óskaði eftir því að stofnuð yrðu samtök smábátaeigenda sem hann gæti rætt við um þessi málefni.

Ég vil byrja á að víkja að þeim rökum sem koma fram í grg. fyrir því að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Þar er fyrst minnst á breytta atvinnuhætti. Hinir breyttu atvinnuhættir munu trúlega vera tækninýjungar í sveitum. Það er þá spurning um hvort mjaltavélakerfið hafi t. d. gert þetta óskynsamlegt, tilkoma traktoranna, loftáburðurinn sem er notaður eða hvort það var þegar menn fóru að flytja mjólk með skipulegum hætti til mjólkurbúa eða hvað yfir höfuð það er í tækniviðingunni og breyttum atvinnuháttum sem hefur gert þetta að verkum. Ef þetta hefur verið í lagi þegar rjómabúin voru uppi, hvað hefur þá breyst ef það er ekki í lagi þegar Mjólkursamsalan sér um vinnsluna? Mér sýnist að það sé ákaflega erfitt að átta sig á því eða finna rök fyrir því að afskipti eigi ekki að vera af landbúnaði í gegnum félagasamtök vegna breyttra atvinnuhátta. Og enn ætla ég að vitna í sjávarútveginn.

Ætli það hafi ekki verið ærin nauðsyn, þegar rætt hefur verið um málefni sjávarútvegsins að undanförnu, að fylgjast með því hvað þeirra forustumenn vildu og lögðu til? Mér er ekki grunlaust um að ráðh. hafi m. a. s. gengið svo langt að samþykkja það sem hann taldi varla rétt vegna þess að honum þótti sem þeir hefðu það mikil völd að illa væri stætt á því að ganga fram hjá hugmyndum þeirra. Ég er sem sagt engu nær með þessa grg. varðandi tæknina og breytta atvinnuhætti.

Þá eru það „aðrar aðstæður" sem gera það að verkum að hægt er að sinna þessu með hagkvæmari hætti. Það er nú það. Eru það bættar samgöngur sem gera það að verkum? Hafa bættar samgöngur leitt í ljós að hægt sé að sinna þessu með hagkvæmari hætti? Mér er ljóst að það hefur komið í ljós að menn treysta sér til að bjarga fé úr sjálfheldu með nokkuð snöggum ráðum og tæknin er til staðar, þannig að það eru vissir þættir sem hugsanlegt er að menn vilji skoða, en satt best að segja verður það allþunnur þrettándi líka þegar talað er um breyttar aðstæður nema þá því aðeins að menn hafi fundið út að bændur séu orðnir það fámennir í landinu að sjálfsagt sé af þeirri ástæðu að veita þeim nú aðför og vita hvort það sé ekki í það minnsta hægt að klekkja á forustumönnum bænda. Þetta er orðið nokkuð vinsælt. Menn ráðast á forustumenn stétta og telja að það verði þeim til vinsælda, að því er virðist, hjá stéttinni sjálfri.

Gott og vel. Ef forustumenn bænda eru jafnlélegir og af er látið, jafngersamlega vanhæfir og kom fram hjá 3. þm. Reykv., er þá ekki nauðsyn á auknum ríkisafskiptum til að reyna að hafa eitthvert vit í þessu og ætti þá ekki hv. flm. að leggja til að ríkisstj. fengi fulltrúa í stjórn Búnaðarfélags Íslands? Ekki virðist gæfulegt að standa að málinu á þann veg að höggva þetta niður, ef forustumennirnir eru óhæfir, og segja að þeir geti sjálfir séð um þetta.

Ég hygg að hv. flm. hafi ekki gert sér grein fyrir því til hvaða hluta hins þrískipta valds hann telst. Það fer ekki á milli mála að hann telst til löggjafarvaldsins, ekki satt? Hér leggur hann til að löggjafarvaldið samþykki bænarskjal til framkvæmdavaldsins um að breyta lögum. Um það fjallaði framsöguræðan. Er þá verið að leggja það til að framkvæmdavaldið eigi að ráða lagasetningunni og löggjafarvaldið eigi að taka að sér það hlutverk, sem mér skildist að landbrh. hefði í dag, að taka við tillögunum frá Búnaðarþingi? Er verið að leggja til að Alþingi Íslendinga eigi að vera afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdavaldið? Hvað er verið að leggja til?

Það liggur fyrir ógrynni af tillögum um lagabreytingar frá Bandalagi jafnaðarmanna þar sem þeir leggja til að ýmsar stofnanir verði lagðar niður í þessu þjóðfélagi. Þar hafa þeir ekki tapað áttum hvað snertir að þeir gera sér grein fyrir því að þeir eru hluti af löggjafarvaldinu og eiga að koma með tillögur um lagabreytingar. Hitt er svo allt annað mál hvort Alþingi er sammála öllum þeim hugmyndum sem þar koma fram. Það er þó í takt við þá stöðu sem þm. hafa að flytja breytingar á lögum ef þeir eru andvígir lögum. Hér er aftur á móti lagt til að framkvæmdavaldið eigi að taka að sér að móta þessa lagasetningu.

Ég hygg að mesta valdaafsal ráðh., sem löggjafarvaldið framkvæmdi, hafi verið þegar embætti ríkissaksóknara var stofnað. Mér þætti vænt um ef hv. 8. þm. Reykv. kynnti sér það að hvergi á Norðurlöndum hefur ráðh. afsalað sér jafnmiklu valdi og hann gerði með því að leggja til á sínum tíma að þann veg yrði að þeim málum staðið — og það var ekki valdaafsal til neins félagsskapar, heldur til eins manns sem er nánast búinn að breyta þessu kerfi í dómstól í dag. Það er ekki einu sinni að eftirlitsskylda sé til staðar af hálfu dómsmrh. Dálítið merkilegt að hv. 8. þm. Reykv., sem er grimmur talsmaður þess að valdið skuli geymt í rn. og hvergi annars staðar, hefur einnig verið að flytja tillögur um að þeir vilji flytja valdið til fólksins, til grasrótarinnar. Er það grasrótin sem er í rn.? Er það grasrótin? Er samræmi í þessum málflutningi? (**StB:** Þínum eða mínum?) Þínum eða mínum, spyr hv. þm., 8. þm. Reykv. Það er von að hann sé farinn að efast um samræmið í eigin málflutningi. Mér er ljóst hvaða afstöðu hann hefur til míns.

Ég hygg að það megi taka um það bil hvern einasta lagabálk á Íslandi og lesa hann upp og finna þar skopleg tilvik. Til skemmtunar væri kannske ágætt fyrir hv. 8. þm. Reykv., sem hefur ágætt skopskyn, að kynna sér allt sem stendur í lögum um klerka landsins, hvaða skyldur þeir hafa, eftir hverju þeim ber að fara. Það er engin tillaga gerð um að leggja niður Kirkjuþing. Kannske eigum við von á henni. Það er búið að samþykkja till. á Alþingi um að vinna að því að farið verði í lagahreinsun og það er gott að skoða eitt og annað, en þegar menn gera grín að því hér í ræðustól að settar skuli hömlur við því að ráðherrar geti hafið innflutning á búfé til landsins virðist eins og menn hafi gersamlega gleymt sögu þjóðarinnar. Kannske er það vegna þess að hún hefur ekki verið kennd í skólum hvað snertir það tímabil sem hér er um að ræða. Hvað skyldi það hafa kostað Íslendinga að hafa álpast inn í innflutning á erlendu búfé frá þýsku fjárræktarbúi sem talið er að hafi að fyrirlagi nasista haft þá stefnu að koma sýktu búfé inn á aðrar þjóðir? Það má alveg einstakt vera ef á sama fjárbúinu er hægt að finna jafnmargar pestir og hægt er að koma til landsins með örfáum kindum. E. t. v. mættu menn hugleiða þetta dálítið. Kannske telja menn að það beri ekki á nokkurn hátt að njóta þeirrar sérstöðu, sem landið þrátt fyrir allt hefur, að það er það einangrað frá öðrum þjóðum að sjúkdómar hafa ekki átt greiðan aðgang inn í landið nema fyrir mistök forráðamanna.

Hv. 8. þm. Reykv. minntist á niðurgreiðslur og taldi fráleitt að Búnaðarfélag Íslands fjallaði um það mál. Nú veit ég að hann telur að bændur séu nokkuð merkilegir einstaklingar og menn, en skyldu þeir ekki neyta fæðu eins og aðrir Íslendingar og vera neytendur? Það er þessi stórkostlega spurning, hvort þarna sé risinn upp sérstakur þjóðflokkur sem ekki neytir neinnar fæðu og má þess vegna ekki ræða neitt um neysluvenjur þessarar þjóðar. (**ÓRG:** Hver var landbrh. þegar þetta sýkta búfé kom til landsins?) Það er von að þeir sem stunda kennslu við Háskólann þurfi að leita upplýsinga í sögulegum efnum — og hafa gefið út leiðbeiningar um félagsfræði líka. (**ÓRG:** Þess vegna erum við nú að spyrja að því.) Ég vil vekja athygli á því að hugsanlegt væri að koma gögnum á framfæri við hv. þm., en það er spurning hvort hann hefur tíma, miðað við erfiðleika við að stjórna alheiminum, að sinna slíkum verkefnum varðandi sýkt búfé. (**ÓRG:** Hver var landbrh. þegar þetta gerðist?) Það fer ekkert á milli mála að Framsfl. kom við sögu. En spurningin er einfaldlega þessi: Ætli það sitji ekki nokkuð fast í okkur framsóknarmönnum einmitt þess vegna að það þurfi að hafa eftirlit með því þegar búfé er flutt til landsins? Við teljum að ekki sé eðlilegt að ráðh. einn geti ráðskast með slíka hluti.

En varðandi niðurgreiðslurnar. Þegar búið er að setja ákveðið verð á vöru sem hefur myndast, hvort sem það er með niðurgreiðslum eða öðru, þá hefur það veruleg áhrif á markaðinn og sölumöguleika hvort þar eiga sér stað stórkostlegar verðsveiflur eða ekki. Þetta veit hv. 8. þm. Reykv. og e. t. v. er það vegna þeirra söluerfiðleika sem íslenskar landbúnaðarvörur hafa verið í sem ekki er óeðlilegt að Búnaðarþing taki afstöðu til mála eins og þessara, jafnvel þó að hv. 8. þm. Reykv. telji að því komi þetta ekkert við.

Eg vek athygli á því og vænti þess að hv. 8. þm. Reykv. hugleiði það, að það er verulegur eðlismunur á starfsemi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Stéttarsamband bænda vinnur að beinum fjárhagslegum hagsmunum bændastéttarinnar. Búnaðarþing hefur að mörgu leyti svipuð markmið og Fiskifélag Íslands sem tekur afstöðu til mála út frá breiðara sjónarmiði. Ég tel að sú skipting sem átti sér stað þegar Búnaðarfélaginu var skipt og Stéttarsamband bænda var stofnað hafi vissulega verið það skref sem þurfti að stíga til þess að ekki væri hægt að halda því fram að á Búnaðarþingi væru menn fyrst og fremst með fjármuna-

lega hagsmuni bændastéttarinnar fyrir augum, heldur væri þar verið að horfa á atvinnuveginn út frá því sjónarmiði hvað væri skynsamlegt og hagkvæmt í þeim efnum.

Mér er ljóst að bændur eru minnihlutahópur í þessu þjóðfélagi. Og mér er það ágætlega ljóst að þeir, sem hafa áhuga á að etja saman þéttbýli og dreifbýli og hafa áhuga á að etja saman stéttum með það fyrir augum að það geti verið hagkvæmt til að ná stuðningi hinna fjölmennari stétta að viðhafa málflutning eins og hér hefur verið gert, geta e. t. v. haft uppskeru síns efiðis. Vel má vera að það sé markmiðið. Hitt er svo spurning og þar bið ég forustumenn Bandalags jafnaðarmanna að hugsa um: það stjórnmálaafl, sem haslar sér völl á landsvísu, hlýtur og á, eftir að menn hafa komið til þings, að hafa þá meginreglu í gildi að horfa yfir stéttir þjóðfélagsins af þeirri víðsýni að um beinan fjandskap gagnvart ákveðnum stéttum sé ekki að ræða.

Það hefur verið mjög vinsælt sport að undanförnu að halda því fram að forustumenn bænda hafi brugðist vegna þess að menn byggðu stórt yfir afurðasölufélög og þá starfsemi sem þar á sér stað. Þar er byggt mikið af stórhýsum. Ég játa að ég er ekki sammála öllum ákvörðunum sem þessir aðilar gera og taka varðandi byggingarframkvæmdir. En ég er ekkert sáttari við þær ákvarðanir sem forustumenn kjörnir af Alþingi eða skipaðir af ríkisstj. hafa tekið í ákvörðunum um byggingarframkvæmdir. Þegar því er haldið fram að þessir menn, sem hafa verið að berjast fyrir hagsmunamálum bænda, hafi gert stóran hluta þeirra fátækan, þá finnst mér sem menn hafi gleymt rökrænni hugsun. Ætlum við að halda því fram að þar sem ASÍ hefur byggt sumarbústaði við Ölfusborgir og varið fjármunum til þess að einstaklingar í þeirra samtökum eigi kost á að dvelja þar, á sama tíma og allir vita að kaupgjald er lágt í landinu, hafi það gert ákveðna hópa í þjóðfélaginu fátækari? Dettur okkur í hug að halda slíku fram? Auðvitað ekki. Auðvitað dettur okkur ekki í hug að halda slíku fram.

Það vita það allir að forustumenn, hvort sem það eru forustumenn bænda, forustumenn í verkalýðshreyfingunni eða aðrir, hafa verið að vinna að hagsmunum sinna félaga eins og þeir hafa talið sig hafa vitsmuni til. Ég tel að í þessum stöðum séu menn sem séu fullkomlega hæfir til að meta hvað séu hagsmunir þeirra umbjóðenda. Ég tel að sú þróun, sem á sér stað í þessu þjóðfélagi, að það er stöðugt að breikka bilið milli valdhafanna og almúgans, þessi firring sem á sér stað jafnt og þétt og hv. 8. þm. Reykv. veit mætavel um, hljóti að leiða til þess að menn meti það eftir hvaða leiðum er hægt að skila aftur valdi, sem framkvæmdavaldið hefur tekið til sín, til hinna ýmsu hópa í þjóðfélaginu og efla þannig lýðræðið og stuðla þannig að því að sú ákvarðanataka sem verið er að framkvæma á hinum ýmsu sviðum sé tekin af þeim þjóðfélagshópum sem tvímælalaust standa næst verkefnunum og hafa mestu yfirsýn yfir verkefnin þess vegna. Þetta verkefni er ekki svo lítið. Ég veit ekki betur en Bandalag jafnaðarmanna telji þetta eitt af sínum pólitísku verkefnum. Ég hef þá algerlega misskilið þeirra hugmyndafræði ef þetta er ekki eitt af því sem þeir vilja gera. Þess vegna tel ég að ef Bandalag jafnaðarmanna vill breyta lögum um starfsemi hjá Búnaðarfélagi Íslands, hvort sem það eru jarðræktarlög eða eitthvað annað, beri þeim að leggja fram breytingar á lögunum sjálfum, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir hvaða efnisatriði menn eru að tala um, en ekki að verið sé að leggja til að brjóta niður það form að bændur fái að hafa mikil áhrif á stjórn hinna ýmsu mála sem snerta landbúnaðinn í gegnum Búnaðarfélag Íslands. Og ég vil bæta því við: Ég öfunda ekki þann ráðh. sem tæki upp þá stefnu að telja að fjöldasamtök, hin ýmsu fjöldasamtök á Íslandi í þeim málaflokkum sem hann fer með, séu einskis virði og það beri sem minnst að taka tillit til þeirra. Ég er dálítið hræddur um að það gæti farið svo að ýmsar stjórnarathafnir hans yrðu nokkuð skoplegar.

Það er t. d. hægt að hóta því að nota varðskipin til að færa trillurnar til hafnar. En hvað skyldu varðskipin þurfa að vera mörg ef allar trillur á Íslandi færu á sjó? Ætli það sé ekki nauðsyn að á flestum sviðum löggjafans sé staðið þannig að málum að tekið sé fullt tillit til fjöldasamtaka og reynt að hafa þau áhrif á gang mála að þeirra áhrifa gæti sem mest til að styðja að skynsamlegri framþróun?

Ég vil bæta því við í lok máls míns, að eftir að hafa hlustað á flm. flytja sína ræðu áðan varð mér miklu ljósara hvað það var sem hann átti við með þáltill. Það var allt annað að gera sér grein fyrir málinu eftir að hafa hlustað á ræðu hans en að lesa þá grg. sem því fylgir. Það fór ekki milli mála að kjarninn í því sem hann var að tala um var í fyrsta lagi að hann taldi að völd Búnaðarfélags Íslands væru of mikil, ráðh. réði of litlu um landbúnaðarmálin. Það var eitt atriðið. Og hann var að tala um hagsmuni ríkissjóðs. Það skildi ég á þann veg að hann taldi að of miklir fjármunir færu frá ríkinu til þessarar starfsemi. Það sem gleymdist í þessu máli er að löggjafarvaldinu er ætlað að setja lögin og vilji menn breyta lögunum hljóta menn að leggja á það áherslu hér á Alþingi að flytja tillögur að lagabreytingum, eins og Bandalag jafnaðarmanna hefur gert þar sem það leggur til að hinar ýmsu stofnanir verði lagðar niður, og það sé hægt að skoða hvert mál í samhengi út frá því.

Ég vil líka bæta því við að ég vænti þess að Stefán Benediktsson, hv. 8. þm. Reykv., hagi ekki sínum málflutningi á þann veg að markmiðið sé að etja saman stéttum á Íslandi. Ég trúi því illa að það geti fyrir honum vakað. Hreint út sagt: Ég tel að við þennan tillöguflutning hljóti að hafa verið um vissan misskilning að ræða.

Það er allt annað mál hvort menn telja að verið sé að greiða of háa styrki til jarðræktar á Íslandi, það er allt annað mál hvernig menn telja að búfjárrækt eigi að framkvæmast eða hitt, hvort menn telji að eigi að brjóta niður það kerfi að hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands og bændur um framkvæmd þessara mála. Menn mega ekki grauta þessu tvennu saman. Auðvitað greinir menn á um annað atriðið. Menn getur greint á um það á marga vegu hvort veita eigi fjármunum til landbúnaðarins, í hvað þeir eiga að fara ef þeim er veitt eða hvort það eigi ekki að veita fjármunum til landbúnaðarins. Það er eðlilegt ágreiningsefni. En hitt, að leggja til að Búnaðarfélagið og samtök bænda verði rústuð og einskis virt í stjórnun í landbúnaði, er aðför að einni stétt. Það væri furðulegt ef Alþingi Íslendinga teldi að svo væri komið að þeim mun betur væri stjórnað atvinnugrein á Íslandi, þeim mun minna tillit sem tekið væri til þeirra sem þar ynnu. Það væri furðuleg niðurstaða. Ég trúi því ekki að óreyndu að hv. 8. þm. Reykv.

hafi í alvöru talið að þetta væri það sem bæri að stefna að.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir, sem er 24. mál þessa þings, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að annast framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til þess að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands."

Grg.: „Þáltill. þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti."

Hv. þm. hefur flutt margar tillögur sem eru svipaðs efnis, t. d. till. um starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins sem er í raun og veru alveg sams konar till. Grg. er þannig, með leyfi forseta:

„Till. þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti."

Þannig eru tólf tillögur um að leggja niður hina ýmsu starfsemi og grg. er svo að segja í öllum tilvikum eins orðuð. Ég veit ekki nokkur dæmi þess að slíkur tillöguflutningur hafi verið boðinn Alþingi áður og, herra forseti, ég efast um að þessar tillögur séu umræðuhæfar.

Síðasti ræðumaður komst þannig að orði að Bandalag jafnaðarmanna hefði haldið áttum. Ég er á annarri skoðun. Ég held að þeir haldi alls ekki áttum, það sé fjarri því. Hv. flm. sagði áðan að það hefði komið fram, að mér skildist, í grg. Búnaðarfélags Íslands að þeir hefðu ekki skilið Bandalag jafnaðarmanna og mér heyrðist á flm. að hann væri hissa á því. Ég væri fyrir mitt leyti ákaflega undrandi ef þeir hefðu skilið þá hugsun sem á bak við þennan málflutning er. Ég þekki þessa menn. Þetta er svo fjarri þeim viðhorfum sem yfirleitt gerast, a. m. k. úti á landsbyggðinni.

Till. sem er til umr. hefur nokkra sérstöðu. Það er vegna þess að Búnaðarfélag Íslands er hluti af landbrn., sinnir ýmsum störfum hér sem rn. annarra landa annast. Ef Búnaðarfélagið hefði ekki þessa starfsemi mundi sjálft landbrn. þurfa að annast langtum víðtækari starfsemi en það gerir. Það er hægt að rökstyðja á ýmsan hátt að Búnaðarfélag Íslands sé hluti af landbrn.

Ég ætla ekki að fara að ræða þessa till. frekar. Hún er, eins og ég sagði í upphafi, ekki umræðuhæf. Ef einhver þekkir þingsöguna betur en ég langar mig til að vita hvort hægt er að benda á svona tillöguflutning áður.

Mér dettur það í hug í þessu sambandi að þegar ég var unglingur kom maður, sem var á vegum ákveðins stjórnmálaflokks, og boðaði til fundar og ætlaði að fara að kenna bændum að búa og var uppi með ákveðnar tillögur í því efni. Svo vildi til — þetta var að hausti til — að hann kom á bæ og var boðið kaffi. Þar var fé í rétt. Hann fór út í rétt til að sjá féð og sá þar fallega kind og greip undir hana og sagði: Ja, hún er nú bara komin að burði þessi. — En þetta er nú hrútur, því miður!

Þannig eru stundum þeir, sem leggja sig fram við að kenna, vel heima í hlutunum.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka þá umr. sem orðið hefur um þessa till. þó að ég hafi átt von á að hún yrði öðruvísi en hún varð. Mér finnst að menn hafi t. d. ekki komið að ákveðnum kjarnaatriðum í þessu máli sem ég tel mjög mikilvæg, þ. e. að spyrja þeirrar spurningar hvers vegna þessum málum er komið eins og raun ber vitni, þ. e. hvers vegna tengsl ríkisvalds og Búnaðarfélags Íslands eru orðin eins mikil og þau eru eða eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. lýsti því: Búnaðarfélag Íslands er í raun hluti af landbrn. Ég tel að þetta stafi af því, eins og segir í grg. Búnaðarþingsins, að þau lög sem Búnaðarfélagið fer með framkvæmd á eru mörg hver að stofni til um 60 ára gömul. Á þeim tíma, þ. e. í kringum 1920 og upp úr því, átti sér stað gagngger breyting á stöðu bænda í þessu þjóðfélagi, hinna fornu landeigenda. Þeir seldu samningsrétt sinn í hendur ríkisvaldinu gegn því mótframlagi að fá þessi ítök í löggjöf um eigin málefni. Það hafa engin samtök í þessu landi önnur eins ítök um framkvæmd og gerð laga um meginmálefni og bændasamtökin hafa.

Ég bendi mönnum á hvernig það þætti í öðrum málaflokkum að afhenda verkefni rn. með sama hætti og gert er í þessum málaflokki fyrirtækjum úti í bæ. Það er það sem Búnaðarfélag Íslands er. Það er einfaldlega fyrirtæki úti í bæ sem fer með framkvæmd laga sem sett eru í þessum málaflokki.

Hv. 5. þm. Vestf. spáði í rök mín með þessari till. Ég vil leiðrétta stuttlega ákveðinn misskilning sem þar kom fram. Hann taldi að þegar ég talaði um breytta atvinnuhætti væri ég að tala um mjaltavélar og traktora. Það er ekki rétt. Hann hefur ekki hlustað vel á mál mitt áðan. Ég var að tala um að sú breyting hefur orðið á í þessu landi að einu sinni vorum við allir bændur og það eru ekki mikið meira en 80 ár síðan, en við erum það ekki lengur. Það eru aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi komnar upp. Ég er ekki að etja þeim saman, heldur er ég einfaldlega að benda á þessa staðreynd.

Hann vitnaði reyndar þó nokkuð mikið til sjávarútvegs, enda er það ekki nein furða því að sjávarútvegur er önnur elsta atvinnugrein þessarar þjóðar. Báðar hafa þessar atvinnugreinar haft u. þ. b. 1100 ára aðlögunartíma með þeim afleiðingum, sem við sjáum, að starfsemi þessa þings fer að mjög miklu leyti í að hugsa út mögulegar aðgerðir til að bjarga báðum þessum atvinnuvegum frá yfirvofandi hruni sem sífellt virðist vera á næsta leiti, a. m. k. að því er sagt er.

Hann spáði líka í hvort „aðrar aðstæður", sem nefndar eru í grg., þýddu bættar samgöngur. Þar á ég við það, sem ég nefndi áðan í upphafi máls míns, að fyrir 80 árum voru einfaldlega aðrar aðstæður á þessu landi en eru í dag.

Hann spurði hvort ríkið ætti að eignast fulltrúa í stjórn Búnaðarfélags Íslands. Það er ekki mín hugmynd og ekki mín tillaga og ég tel mjög óhollt að svo yrði.

Hv. 5. þm. Vestf. spáði einnig í það að ég hefði greinilega ekki gert mér grein fyrir því að ég væri löggjafi og að tillaga mín væri bænarskjal til framkvæmdavaldsins. Mér finnst þetta vera alltröllslegur útúrsnúningur. Þó að fulltrúi á löggjafarþingi krefjist einhverra verka af ríkisstj. tel ég ekki að hann sé að misskilja hlutverk sitt.

Hann benti á að embætti ríkissaksóknara væri í sínum augum mesta valdaafsal sem hann hefði orðið vitni að á

þessu landi. Það kann vel að vera og það kann líka vel að vera að þetta sé ekki þekkt á Norðurlöndum með sama hætti og hér. Tengsl stjórnsýslustiga á Norðurlöndum eru með þó nokkuð öðrum hætti en hér á Íslandi. Það má einnig benda á það.

Hann taldi mig hafa verið að fjalla í ræðu minni um niðurgreiðslur. Það var ég ekki. Ég var að fjalla um ályktun Búnaðarþings um niðurgreiðslur þar sem ég var fyrst og fremst að benda á að Búnaðarþing hegðaði sér ekki eins og vænta mætti af því sem hagsmunasamtökum bænda, heldur hegðaði það sér þarna sem þjóðþing væri. Ég taldi það þar með ekki hafa gegnt hlutverki sínu í þeim anda sem búast má við að það eigi að gera.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði líka hvort ég væri að etja saman stéttum. Ég bendi á að ég hef ekki skapað bændasamtökunum þá aðstöðu sem þau hafa vegna náinna tengsla t. d. Búnaðarfélags Íslands og framkvæmdavaldsins. Það er ekki mitt verk. Aftur á móti get ég bent á að engin önnur stétt hefur slík tengsl við framkvæmdavaldið sem bændasamtökin. Þætti víst ýmsum nóg um ef aðrar stéttir þessa lands, atvinnustéttir sem miklu máli skipta fyrir afkomu þess, teldu nauðsyn bera til að eignast þessi tengsl við framkvæmdavaldið, eignast eins mikla íhlutun um raunverulega löggjöf og framkvæmd hennar og Búnaðarfélag Íslands eða Búnaðarþing hefur eignast.

Sami þm. benti á að stöðugt væri að breikka bilið milli valdhafa og almúga. Ég tel að ef þessi stofnun, sem á að gæta hagsmuna bænda, því að ég tel þá ráðgjafarstarfsemi sem þar fer fram tvímælalaust vera hagsmunamál bænda, er færð nær ríkisvaldinu, eins og gert hefur verið á undanförnum árum og áratugum, verði öfugþróun. Þessi till. gengur út á það að skila þessu valdi aftur til hinna eiginlegu hagsmunaaðila, þ. e. bændanna sjálfra, frá ríkisvaldinu, slíta tengslin. (**Gripið fram í:** Leggja niður landbrn.?) Það væri náttúrlega langbest. Ég sé eiginlega ekki hvaða hlutverki það þjónar heldur, því að það er miklu nær að segja að landbrn. sé deild í Búnaðarfélagi Íslands en að Búnaðarfélag Íslands sé deild í rn. Landbrn. er í raun og veru ekkert annað en lítill símaklefi fyrir hagsmunasamtökin sem tengsl milli þess og ríkisvaldsins.

Að lokum vildi ég benda bæði hv. 5. þm. Vestf. og 3. þm. Norðurl. e. á að ég er hér ekki að tala um það að horfa fram hjá hagsmunum bænda, heldur er ég að tala um það að hægt sé að skoða hagsmuni bænda óbrenglað í ljósi heildarhagsmuna landsmanna allra. Það er ekki hægt þegar tengsl ríkisvaldsins við hagsmunasamtökin eru svo miklu meiri en við nokkur önnur hagsmunasamtök á þessu landi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. kvaddi sér hljóðs hér á hv. Alþingi á s. l. hausti með nokkuð sérstæðum hætti. Hann flutti röð frv. um að leggja ýmsar ríkisstofnanir niður. Ég hefði talið rétt eða a. m. k. koma mjög til álita að um þessi mál öll hefði verið rætt í einni heild til þess að virða fyrir sér þessa afstöðu, vegna þess að ég tel það næstum einsdæmi hér á hv. þingi að ungur þm. kveðji sér hljóðs með jafnneikvæðum hætti. En svona aðeins til að gefa þeim fáu alþm. sem hér eru nú enn staddir yfirlit um þessi mál — því að þetta eru allt frv. sem flutt voru í byrjun þings — þá ætla ég að leyfa mér að nefna nokkur þeirra.

Hv. þm. vill leggja niður Síldarverksmiðjur ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Ferðaskrifstofu ríkisins, Jarðboranir ríkisins, lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Ríkismat sjávarafurða. Hann vill láta hætta þátttöku í starfsemi Fiskifélags Íslands, leggja niður skipulagsstjórn ríkisins, leggja niður tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, leggja niður starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, embætti húsameistara, Fasteignamat ríkisins og svo að sjálfsögðu að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands eins og hann hefur gert allítarlega grein fyrir.

Nú væri e. t. v. ástæða til þess að ræða hvert þessara mála í nokkrum orðum. En til þess er nú hvorki tími né tækifæri á þessum síðdegisfundi. En af eðlilegum ástæðum þá hneig mál manna í þá átt að ræða um Búnaðarþing og voru ekki allir á sama máli og hv. flm. Það er sjálfsagt rétt að það má ýmislegt um þessar stofnanir segja og það má velta því fyrir sér hvort breyta þurfi um starfsháttu sumra þeirra. En þegar hv. flm. tekur svo til orða, eins og núna í seinni ræðu sinni, að það sé langbest að leggja niður landbrn. í heilu lagi, þá finnst mér hann ganga nokkuð langt þó að hann mælti þessi orð af fullri kurteisi að því er virtist.

Ég vildi vekja athygli á þessum málum öllum í heild, ekki hafa um þau fleiri orð, en aðeins að segja það í fullri vinsemd við hv. ræðumann að mér virðist hann vera nú þegar til í það og liðtækur í því að velta í rústir. En hvort hann er jafnliðtækur í því að byggja á ný skal ósagt látið. Ég vona að seinni tími leiði það í ljós.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fyrst hér hefur komið fram till. um að langbest væri að leggja niður landbrn. þá þykir mér nú heldur smátt að ræða um það áfram að það beri að leggja niður starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Því að það er sjálfgefið að verði landbrn. lagt niður þá hrynja tengslin og þarf ekki að hafa frekari áhyggjur af þátttöku ríkisins í starfsemi Búnaðarfélags Íslands.

En ég játa það að þegar fram koma hugmyndir eins og þær að það sé um þúsund ára aðlögunartíma, ellefu hundruð ára aðlögunartíma landbúnaðarins og sjávarútvegsins að ræða og samt fari stór hluti af tíma alþm. í að bjarga þessum greinum frá bráðum voða, þá setur mann hljóðan. Ég tel að meðan íslenskur sjávarútvegur skapar um 73—75% af gjaldeyristekjum þessarar þjóðar en skuldirnar eru um 16% af heildarskuldum, erlendum skuldum þjóðarinnar, þá hljóti menn að hugleiða hvort sjávarútvegurinn lifir á þjóðinni eða þjóðin á sjávarútveginum. E. t. v. telja einhverjir að þetta sé spurning um hártogun, eins og um það hvort sé nú eldra fyrsti unginn eða eggið. En ef það er tilfellið að sjávarútvegurinn lifir á þjóðinni og þetta er allt saman vitleysa, þá á auðvitað að leggja hana niður, ekki satt, standa ekkert í þessari björgunarstarfsemi?

En ef það skyldi aftur á móti vera svo að það væri þjóðin sem lifði á sjávarútveginum þá versnar nú í því. Þá verður að leggja þjóðina niður. (Gripið fram í.) Ég sé að það kemur visst fát á hv. 10. landsk. þm. við að heyra þetta og mig undrar það ekki því að það væru náttúrlega mikil tíðindi ef þetta kæmi til framkvæmda. En það væri þá í samræmi við það að velta í rúst, ekki satt? Þetta væri náttúrlega mesta byltingin sem hægt væri að framkvæma í landinu á stuttum tíma.

Það er dálítið undarlegt að menn leyfi sér að tala um

ellefu hundruð ára aðlögun eins og allt hafi staðið í stað í ellefu hundruð ár og menn hafi orðið að aðlaga sig ákveðnum kringumstæðum og ættu að vera búnir að því fyrir löngu. Ég veit ekki hvort sá tónn sem liggur á bak við þessa kenningu um ellefu hundruð ára aðlögun er beinn fjandskapur við sjávarútveg og landbúnað en tvímælalaust er það lítilsvirðing sem liggur á bak við. Og það verður að segjast eins og er að málflutningur á þann veg að lítilsvirða þessa tvo atvinnuvegi Íslendinga, hann finnst mér að mörgu leyti aumkunarverður. Hitt er furðulegra ef stjórnmálaflokkur telur það vænlegt til vinsælda að hafa uppi slíkan málflutning.

Það kom fram í seinni ræðu hv. 8. þm. Reykv. að engin stétt á Íslandi hefði jafnmikil ítök um sín málefni og bændastéttin. Ef þetta væri satt gæti maður hugsað sér að þessi stétt lifði eins og blómi í eggi og kúgaður lýðurinn mætti sjá um að þessu liði liði nú vel. Þannig var það með aðalinn í það minnsta þegar hann hafði öll völd á Vesturlöndum. Þessu er nú aftur á móti ekki þann veg farið. Og skýringin á því virðist eiga að vera sú að foringjarnir séu svo heimskir eða svo fjarri því að hafa unnið sinni stétt þarft verk, en völdin hafi þeir öll til þess. Trúi nú hver þessum málflutningi sem vill.

En ég ætla að halda áfram að vekja athygli á því að á Íslandi hefur það löngum tíðkast og verður svo vonandi áfram að áhugafélög á ýmsum sviðum koma fram og þrýsta á þjóðfélagslegar umbætur. Það er mikið af þessum félögum á sviði heilbrigðismála. Ég tel að þau hafi mörg hver unnið gífurlega þarft verk, er sannfærður um það. Ég vil vekja á því athygli að sennilega er það læknastéttin sem hefur mest ítök og áhrif um eigin mál. Það er gengið frá því að ráðuneytisstjóri í heilbrrn. er læknir og landlæknisembættið er einnig til staðar við hliðina á rn. Sennilega hefur engin stétt meiri völd yfir eigin málefnum en læknastéttin enda hefur hún líka komið sér þokkalega fyrir í þjóðfélaginu, vegna þess e. t. v. En hún hefur líka skilað þeim árangri að Íslendingar eru næstlanglífasta þjóð í heimi.

Hitt er svo ærið umhugsunarefni fyrir íslenskufræðinga og stílista hvernig það getur átt sér stað að þeir snillingar séu uppi að hægt sé að semja till. til þál. og brtt. við lög og nota í öllum aðalatriðum sama rökstuðninginn fyrir öllu saman, þannig að það hefði nánast mátt fjölrita pistilinn með því að leggja yfir textann sem fjallaði um lagabreytinguna eða þáltill. Annaðhvort er hér um hreina snilld að ræða til að auðvelda mönnum málflutning á þingi og koma málum inn í þingið eða þá hér er um það að ræða að menn hafa viljað kasta fram sem mestu af málum án þess að leggja vinnu í að gera grein fyrir þeim. Annað tveggja hefur gerst. Það hvarflar nú að mér að það seinna hafi vakað fyrir flm., að koma sem flestum málum á framfæri án þess að þurfa að leggja vinnu í það að semja rökstuðninginn og koma honum inn í grg.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að það hefði verið visst hagræði að því að ræða þessi mál í einni heild en ekki auðvelt þar sem um þáltill. og lagafrv. er að ræða. Það hefði aftur á móti varpað mun meira ljósi á samhengið í þeim málflutningi sem hér er um að ræða. Það er nefnilega hárrétt athugað hjá hv. 1. þm. Vesturl. að BJ hefur það nokkurn veginn á hreinu hvað það er sem það vill rústa. En það liggur ekki jafnljóst hvað það er sem þeir vilja byggja upp. Það er nefnilega gífurleg þversögn í því að tala annars vegar um að færa valdið til fólksins, eins og grasrótarkenningin boðar, og í hinu að leggja til að það verði dregið úr áhrifum fulltrúa hinna ýmsu stétta og valdið fært inn í rn. Þarna er um þá þversögn að ræða að BJ hlýtur að verða að gera það upp við sig hvor stefnan það er sem það ætlar að styðja.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Af tilefni orða hv. 1. þm. Vesturl. um neikvætt hugarfar sem að baki þessum till. byggi þá verð ég nú að segja fyrst að það undrar mig nokkuð að heyra einmitt gagnrýni af þessari tegund frá fulltrúa Sjálfstfl. hér á þingi og má þá gjarnan spyrja: Ef ég hefði flutt hér tólf tillögur um nýjar stofnanir á vegum ríkisvaldsins hefði ég þar með verið orðinn jákvæður þm.?

Hv. 5. þm. Vestf. er enn við sama heygarðshornið að reyna að skilja og skynja það sem fram kemur í þessum till., þ. e. hugmyndafræðina að baki. Ég get ekkert hjálpað honum í þeim vanda að eiga svona erfitt með að gera sér grein fyrir því að verkefnum verður að fylgja ákveðin ábyrgð, og þegar talað er um valdgreiningu þá er maður að tala um annars vegar vald og hins vegar ábyrgð hverju sinni, og að hér er öðrum þræði verið að tala um að það sé alveg á hreinu hver hafi vald til að framkvæma hvað og beri ábyrgð á hverju. Það getur vel verið að í sumum tilvikum þýði það það að ákveðinn hluti starfsemi flytjist til rn. en þar með flyst þá líka öll ábyrgð af þeim framkvæmdum á herðar rn.

Menn voru slegnir felmtri hér þegar ég nefndi það að ég teldi skynsamlegt að leggja niður landbrn. Ég var að lýsa ákveðinni skoðun, minni skoðun. Ég hef ekki lagt fram neinar till. hér en ég tel að — (**Gripið fram í:** Það er ekki stefnuskráratriði Bandalagsins?) Það er ekki stefnuskráratriði en ég tel að hin nánu afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífi hér á landi séu óheillavænleg og að fortíðin og nútíðin sanni okkur það að þau skili ekki árangri. Þess vegna er það mín skoðun að endanlega, ef ekki vill betur til, væri kannske besta ráðið að leggja niður þau þrjú rn. sem að atvinnulífinu snúa, einfaldlega til þess að skera á þessi afskipti með öllu, sjútvrn., iðnrn. og landbrn. Viðskrn. sinnir dálítið ólíkum verkefnum og hefur ekki þessi beinu tengsl við atvinnulíf sem þessi rn. hafa. Samtök þeirra atvinnustétta sem viðskrn. hefur tengsl við eru ekki eins náið tengd rn., sem um er að ræða og er í hinum rn.

Að lokum, herra forseti, undraðist hv. 5. þm. Vestf. hvernig hægt væri að fullnægja öllum þessum till. með einni grg. Tilfellið er að orðræða manna hér um allar þessar till. hefur að mínu mati snúist allt of mikið um það hvað þáltill. væru stuttar og grg. stuttar. Það er eins og menn hafi gleymt því að það er ekkert mjög langt síðan að það var starfsregla skv. þingsköpum á þessu þingi að það máttu ekki vera grg. með þáltill., þurfti engar til. En ástæðan fyrir því að hægt er að fullnægja þessum tillögum öllum með einni og sömu grg. er einfaldlega sú að í öllum þessum tilvikum er um að ræða tillögur um breytingar á gamaldags stjórnháttum og úreltum afskiptum ríkisvalds.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, þáltill. 202. mál (þskj. 231, n. 546). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. við till. til þál. um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum. Það hefur fallið niður í þessu nál. — trúlega er það mín sök að geta þess ekki — að fjarverandi afgreiðslu þessa máls var einnig hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Nefndin kallaði á sinn fund skógræktarstjóra ríkisins og ræddi efni þessarar þáltill. Við, sem að þessu nál. stöndum, vorum sammála um það að ef á Suðurnesjum fyndist hentugt svæði til skógræktar væri það að mörgu leyti mjög æskilegt að Skógrækt ríkisins og félagasamtök á þessu svæði stæðu sameiginlega að ræktun. Það fer ekki á milli mála að sá mikli fjöldi æskumanna sem er á þessu landsvæði hér suðvestanlands hefði þar mjög hollan starfsvettvang að kynnast skógrækt og stuðla að uppgræðslu landsins. Efni þáltill. er á þann veg að þar er óskað eftir því að kannað verði hvort þetta sé hægt og ef svo reynist þá verði hafist handa.

Ég verð persónulega að segja það eins og er að ég er mjög hlynntur því að við Íslendingar aukum okkar skógrækt. Mér er því ánægja að mæla fyrir nál. sem er mjög stutt. Nefndin leggur til að till. verði samþykkt. Undir nál. skrifa allir sem voru á fundinum en fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Stefán Benediktsson og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkufrekur iðnaður á Vesturlandi, þáltill. 337. mál (þskj. 535). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 535 um orkufrekan iðnað á Vesturlandi. Tillögugreinin hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna möguleika á aukinni uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Vesturlandi. Í því efni er sérstaklega bent á kalsíumkísil, járnkróm, framleiðslu á magnesíum úr dólómíti með notkun kísiljárns og framleiðslu á pólýkristallíni."

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í allri umræðu um efnahags- og atvinnumál á undanförnum misserum hefur sýnst sitt hverjum. Eitt hafa menn þó verið sammála um: að það sé óumflýjanlegt að renna fleiri stoðum undir íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Flestir viðurkenna að okkur sé lífsnauðsyn að líta til fleiri átta, annars verði hefðbundnir undirstöðuatvinnuvegir okkar jafnvel ofsetnir og lífskjörin rýrni. Stóriðja, orkufrekur iðnaður, er að sjálfsögðu engin allsherjarlausn í efnahags- og atvinnumálum okkar. Þar verður, eins og öllum er kunnugt, miklu fleira að koma til. Á það ber þó að leggja áherslu að skynsamleg nýting á þeirri miklu vatns- og hitaorku sem fyrir er í landinu hlýtur jafnan að vera einn þeirra fjölmörgu þátta sem litið verður til í uppbyggingu atvinnulífs hér á landi.

Þær hugmyndir sem hafa komið fram um orkufrekan iðnað á undanförnum árum hafa jafnan verið tengdar ákveðnum stöðum, t. d. kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, rætt um nýtt álver við Eyjafjörð og rætt um stækkun álversins í Straumsvík. Á Vesturlandi er ekki síður þörf fyrir nýjar atvinnutækifæri en í öðrum landshlutum, sbr. þá óheillaþróun sem orðið hefur síðustu ár varðandi fólksflutninga til og frá umræddu svæði, en eins og tölur sýna hefur flutningur fólks af svæðinu verið allmiklu meiri en fjöldi þess fólks sem hefur komið og sest að á Vesturlandi. T. a. m. á árinu 1983 voru brottfluttir 207 fleiri en þeir sem komu og hösluðu sér völl á Vesturlandi. Augljóst er að mikið þarf til þess að snúa þessari öfugþróun við. Hvað kemur t. d. í staðinn fyrir mikla atvinnu af hvalveiðum og vinnslu við afurðir af þeim en þessi atvinnugrein mun stöðvast eins og nú horfir? Ríkisstjórn og Alþingi geta að mínum dómi ekki skotið sér undan þeirri skyldu að gera sitt til þess að í þau skörð verði fyllt.

Við Hvalfjörð er mjög góð aðstaða fyrir orkufrekan iðnað, hafnaraðstaða og lega að orkuflutningskerfi er góð og tengsl við járnblendiverksmiðjuna gætu gert nýja framleiðslugrein enn hagkvæmari.

Í þessari till. er bent á nokkrar framleiðslugreinar. Á vegum stóriðjunefndar hafa verið unnin drög að skýrslu um framleiðslu á magnesíum úr dólómíti en við þá framleiðslu er notað talsvert af kísiljárni. Þessi framleiðsla fellur því mjög vel að aðstæðum við Hvalfjörð. Það er nauðsynlegt að gæta sem best hagkvæmnisjónarmiða og því mikilvægt að nýta aðstöðuna á Grundartanga til frekari framleiðslu. Það hafa jafnframt verið unnar skýrslur um framleiðslu á magnesíum með rafgreiningu úr sjó. Slík framleiðsla er að sjálfsögðu best staðsett við háhitasvæði en það er nauðsynlegt að bera saman þessar tvær leiðir sem hægt er að fara til framleiðslu á magnesíum og að sjálfsögðu þarf þá að hafa hagkvæmnisjónarmið að leiðarljósi.

Kalsíumkísill gefur einnig vísbendingu um möguleika í orkufrekum iðnaði sem kanna þarf nánar. Einnig væri ástæða til þess að athuga gaumgæfilega framleiðslu á járnkrómi. Hugsanlega gæti framleiðsla járnkróms hér á landi orðið sameiginlegt norrænt verkefni þar sem tækni kæmi frá Svíþjóð, en Svíar hafa þá tækni á hendi, hráefni frá Grænlandi eða Finnlandi en orkan væri íslensk.

Full ástæða er til að sýna framleiðslu pólýkristallíns verulegan áhuga. Pólýkristallín er kísilmálmur sem er mjög hreinn og mikið notaður í hátækniiðnaði. Framleiðsla á pólýkristallíni er mjög orkufrek en verksmiðjueiningarnar eru yfirleitt ekki stórar. Málmurinn er mjög verðmætur en það þarf að sjálfsögðu að afla meiri þekkingar á framleiðsluaðferðum.

Það væri ekki úr vegi fyrir okkur að líta einmitt til þessara þátta sem nú hafa verið nefndir. Kísilefnin eru, sem fyrr segir, mikilvæg undirstaða í hátækniiðnaði og þekking á kísilefnafræði gæti orðið okkur Íslendingum dýrmæt í framtíðinni. Framleiðsla á pólýkristallíni gæti vísað okkur veginn inn í hátækniiðnaðinn.

Hér hefur þess verið freistað að nefna nokkra nýja möguleika sem til greina koma varðandi orkufrekan iðnað. Enda þótt það hafi verið gert er síður en svo verið að útiloka önnur svið orkufreks iðnaðar, sem hagkvæmt væri hugsanlega að staðsetja á Vesturlandi, hvort sem þau svið eru þegar nýtt eða fyrirhugað er að nýta þau annars staðar á landinu. Og ævinlega hlýtur að koma til álita að auka við þá framleiðslu sem fyrir er á vegum járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, þ. e. bæta við þriðja ofninum.

Herra forseti. Það eru fáir í salnum, ekki ástæða til málalenginga. Ég legg til að till. verði vísað til atvmn. að loknum þessum hluta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þátttaka ríkissjóðs í uppbyggingu atvinnulífs, þáltill. 354. mál (þskj. 564). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um virka þátttöku fyrirtækja í eigu ríkisins í uppbyggingu atvinnulífs. Flm. auk mín eru þeir hv. þm. Valdimar Indriðason, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að sú stefna skuli vera ríkjandi í stjórn og rekstri atvinnufyrirtækja, sem ríkið á að hluta eða öllu leyti, að þau skuli ein sér eða í samvinnu við aðra vera virkir aðilar að hvers kyns nýjungum í uppbyggingu atvinnurekstrar.

Því felur Alþingi ráðherrum þeim, sem fara með málefni slíkra fyrirtækja, að hlutast til um að stjórnir þeirra hrindi þessari stefnu í framkvæmd hvarvetna sem færi gefst."

Þörfin fyrir öfluga uppbyggingu atvinnulífs hér á landi er óumdeild. Verðmætamyndun í þeim atvinnurekstri, sem fyrir er í landinu, er af ýmsum ástæðum hvergi nærri nóg til að skila þeim lífskjörum sem þjóðin er reiðubúin til að sætta sig við, og því er þörfin knýjandi að allra færa sé leitað til að setja á fót nýjan atvinnurekstur, nýta auðlindir og aðstöðu, sem nú er ekki nýtt, og bæta nýtingu þess sem fyrir er. Við þessu verður allur atvinnurekstur í landinu að bregðast og beita öllum þeim ráðum sem honum eru tiltæk til að koma í verk arðbærum nývirkjum til að skjóta nýjum stoðum undir atvinnulíf víðs vegar um landið.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að því mikla afli, sem fólgið er í mannafla, þekkingu og aðstöðu fyrirtækjanna, sem ríkið á að öllu eða verulegu leyti, sé beitt af fullum þunga í þessa átt.

Sé litið til aðstæðna í kjördæmi okkar flm. á þessi tillaga ekki síst við þar. Í héraðinu eru mörg fyrirtæki í einka- eða félagseign og einstaklingar í atvinnurekstri sem eflaust munu axla sinn hlut í þeirri atvinnuþróun sem þarna er þörf fyrir. Í héraðinu eru sömuleiðis tvö meiri háttar atvinnufyrirtæki á vegum ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins og Íslenska járnblendifélagið hf.

Við flm. till. teljum nauðsynlegt að Alþingi lýsi afdráttarlaust yfir þeirri stefnu að ríkisfyrirtækjum af þessu tagi beri að taka virkan þátt í þeirri uppbyggingu atvinnulífs sem þörf er fyrir. Flestum er kunnugt að bæði þessi fyrirtæki, sem hér eru nefnd, hafa haft uppi allverulega viðleitni í þessa átt. Að því er Járnblendifélagið varðar þarf jafnframt að huga að því hvort aðstæður eru til að verksmiðja þess til framleiðslu á kísiljárni verði stækkuð að svo stöddu. Um það verður hins vegar ekkert fullyrt hér.

Alþingi hefur ákveðið að framleiðsla kísilmálms skuli hafin á Reyðarfirði fremur en í Hvalfirði, þegar aðstæður leyfa, þótt hinn síðarnefndi kostur sé án efa mun hagkvæmari fjárhagslega með tilliti til staðsetningar. **(Gripið fram í:** Hvað mikið?) 3—400 millj. Það er mjög mikilvægt að forráðamenn starfsemi af þessu tagi finni að baki sér stuðning og þrýsting af hálfu Alþingis að beita þeim mætti, þekkingu, reynslu og stjórnunargetu sem fyrir hendi er í þessum fyrirtækjum til að þrautleita allar leiðir til þess að koma á fót nýjum atvinnurekstri í héraðinu.

Herra forseti. Það hefði vissulega verið ástæða til að greina hér frá því þróunarstarfi sem þegar hefur verið af hendi leyst sameiginlega á vegum Sementsverksmiðju ríkisins og Íslenska járnblendifélagsins. A. m. k. hefur verið hafinn rækilegur undirbúningur að slíku þróunarstarfi. Ég veit ekki annað en að það sé ákveðið að koma á fót sameiginlegu þróunarfyrirtæki þessara tveggja fyrirtækja, ekki síst í því augnamiði að hafa samstarf um frekari þróun sementsframleiðslu, en eins og kunnugt er er íblöndun kísilryks hafin fyrir alllöngu síðan og hefur bætt allverulega gæði sements. Á vegum hins nýstofnaða þróunarfyrirtækis verður væntanlega framhald á þessu og aðilar munu vafalaust leitast við að þróa sementsframleiðsluna og framleiðsluhluta úr sementi enn frekar en gert hefur verið.

Um þetta mætti að sjálfsögðu fjalla í nokkuð löngu máli því að allmörg svið hefur þróunarfyrirtækið þegar ákveðið að kanna í þessu efni. Þetta er um sameiginleg verkefni sem fyrirhugað er að vinna að á vegum Sementsverksmiðjunnar og járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Hins vegar er því ekki að neita að það gæti orðið spennandi verkefni að vinna að á komandi tímum að nýta í ríkari mæli þá orku sem fer nánast út í loftið frá Grundartangaverksmiðjunni. Sem dæmi um það er mér tjáð að út um strompa verksmiðjunnar fari viðlíka orka, hitaorka, og sú raforka sem verksmiðjan kaupir, eða 40—50 megawött. Þetta er aðeins dæmi um þau verkefni sem bíða á þessum vettvangi.

Herra forseti. Ég hef ekki um þessa till. fleiri orð en legg til að henni verði vísað til atvmn. að loknum þessum hluta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþjóðleg tækni í rekstri, þáltill. 362. mál (þskj. 575). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heldur fjölgar í salnum. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aðstoð við íslensk fyrirtæki til að tileinka sér alþjóðlega tækni í rekstri, framleiðslu og viðskiptum. Till. er á þskj. 575. Flm. auk þess sem hér stendur í ræðustóli eru hv. þm. Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson og Guðrún Agnarsdóttir. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að stofna til aðgerða sem hafi það markmið að aðstoða íslensk fyrirtæki við að tileinka sér alþjóðlega tækni í rekstri, framleiðslu og viðskiptum.

Aðgerðir þessar verði tvíþættar:

1. Sett verði upp kerfi viðskiptafulltrúa sem aðstoði íslensk fyrirtæki í þeim löndum sem lengst eru komin í tækni og stjórnun fyrirtækja.

2. Lagðar verði fram áætlanir um að aðstoða íslensk fyrirtæki við að tileinka sér nýjustu aðferðir við framleiðslu, stjórnun og sölu.

Verkefni viðskiptafulltrúanna verði fyrst og fremst að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að komast í samvinnu eða samband við vel rekin og nýtískuleg fyrirtæki erlendis, sem eru tilbúin til að selja framleiðsluleyfi, tækni og/eða stjórnunar- og markaðsþekkingu, eða á

annan hátt að aðstoða við þróun fyrirtækja á Íslandi.

Viðskiptafulltrúarnir verði tengdir sendiráðum Íslands og þeim stofnunum sem veita fyrirtækjum aðstoð."

Rekstur fyrirtækja í heiminum einkennist nú af því að breytingar og framfarir verða sífellt hraðari, öll viðskipti eru að verða alþjóðlegri, ef svo má að orði komast, og sífellt aukin áhersla er lögð á rannsóknir og vöruþróun. Þrátt fyrir að Ísland liggi mitt á milli stórra markaðssvæða er íslensk atvinnustarfsemi í raun mjög einangruð. Það er jafnframt viðurkennd staðreynd að íslensk fyrirtæki eru flest of smá til að geta staðið ein sér undir umfangsmiklu rannsóknar- og þróunarstarfi og alls ekki hæf í mörgum tilvikum stjórnunarlega til að starfa á alþjóðlegum vettvangi. Það er því mikil hætta á að fyrirtækin dragist aftur úr og muni í framtíðinni tapa framleiðslu sinni til sterkari og betur skipulagðra fyrirtækja erlendis.

Ýmislegt hefur þó á undanförnum árum verið gert til þess að aðstoða fyrirtæki á Íslandi, en flest hefur það verið unnið af vanefnum, enda hefur fyrirtækjunum gengið illa að komast út úr þeirri einangrun sem þau hafa búið við. Það er því álit okkar flm. að þörf sé á að leita nýrra leiða ef árangur á að nást.

Framfarir í fyrirtækjum byggjast fyrst og fremst á tæknilegri og stjórnunarlegri þekkingu starfsmanna og því hversu vel starfsmönnunum gengur að tileinka sér nýja þekkingu og nýta hana í störfum sínum. Enginn skortur er á upplýsingum og það er ódýrt og mjög auðvelt að fá upplýsingar í miklu magni. Kostnaðurinn við að tileinka sér tækni er fyrst og fremst fólginn í því að velja og hafna og sameina upplýsingarnar í kerfi þannig að samspil náist í framleiðslu og sölu. Ráðgjafar og tæknistofnanir gegna mikilvægu hlutverki í þessu efni, en bestur árangur næst þó þegar bein samvinna fyrirtækja tekst og upplýsingarnar eru seldar eða þeim miðlað sem framleiðsluleyfum, sölu- eða þróunarsamningum. Þekkingarmiðlunin verður auk þess að vera mjög markviss ef hún á að koma að gagni. Milligöngumaðurinn þarf að þekkja mjög vel getu og þarfir fyrirtækjanna sem leita að þekkingu og hafa auk þess góða yfirsýn yfir þá möguleika sem fyrir hendi eru. Markvissasta og fljótvirkasta aðferðin er því að koma á sambandi milli íslenskra og erlendra fyrirtækja sem hafa náð bestum árangri og eru tilleiðanleg til þess að miðla tæknilegri og stjórnunarlegri þekkingu sinni.

Herra forseti. Nú hefur heldur fækkað í salnum. Af þeim sökum og ýmsum öðrum er ekki ástæða til málalenginga nú fremur en fyrr. Ég legg til að þessari till. verði vísað til allshn. (**Forseti:** Er ekki rétt að hún fari til atvmn.?) Jú, ég tek leiðbeiningum eins og aðrir góðir bændur og legg til að till. verði vísað til atvmn. að loknum þessum hluta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kveðjur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir páska. Ég vil óska öllum þingheimi gleðilegra páska, svo og skrifstofustjóra og starfsliði þingsins.

Fundinum er slitið.

Fjárfestingar á vegum ríkisins.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Kristínu S. Kvaran um fjárfestingar á vegum ríkisins, á þskj. 479, afhent þm. 2. apríl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða fjárfestingar á vegum ríkisins eru á framkvæmdastigi?
2. Hvaða fjárfestingar eru fyrirhugaðar á næstu árum?
3. Hvaða ástæður liggja að baki:
   a. yfirstandandi fjárfestingum,
   b. fyrirhuguðum fjárfestingum?
4. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessara fjárfestinga? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum.
5. Hver er áætlaður heildarkostnaður við þessar fjárfestingar?

Svar við 1. og 4. tl.

Hér eru tilgreindar greiðslur vegna bygginga á vegum ríkisins sem farið hafa um Innkaupastofnun ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Um er að ræða greiddan kostnað þess byggingaráfanga sem er á framkvæmdastigi (1984).

Eftirtaldar byggingar voru á framkvæmdastigi um áramót 1984/1985 á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins í umboði fagráðuneyta og fjármálaráðuneytis.

Í fremri dálki er tilgreindur greiddur kostnaður til ársloka 1984 um Innkaupastofnun ríkisins á verðlagi hvers árs en í hinum aftari á verðlagi í janúar 1985.

			Greiddur kostnaður samtals Allar upphæðir í þús. kr.	
			Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi í jan. 1985
Menntamálaráðuneyti				
1.	2002	Þjóðarbókhlaða	44 747	122 581
2.	2004	Listasafn Íslands við Fríkirkjuveg	24 587	54 464
3.	2102	Verkfræði- og raunvísindahús Háskóla Íslands, III. áfangi	1 575	2 126
4.	2104	Lækna- og tannlæknadeildarhús Háskóla Íslands	83 656	244 755
5.	2111	Hugvísindahús Háskóla Íslands, 1. áfangi	10 411	31 459
6.	2201	Menntaskólinn á Ísafirði, kennsluhús	28 928	66 635
7.	2204	Menntaskólinn á Egilsstöðum, heimavist	18 915	98 246
8.	2308	Héraðsskólinn Reykjum, endurbygging	4 393	56 139
9.	2318	Héraðsskólinn Reykholti, mötuneytisbygging	3 303	3 700
10.	2402	Sjómannaskólinn í Reykjavík, endurbygging	4 165	16 930
11.	2404	Kennaraháskóli Íslands, viðbygging	24 382	50 190
12.	2416	Íþróttakennaraskóli Íslands, Laugarvatni, íþróttahús	21 412	33 700
13.	2504	Óskjuhlíðarskóli, viðbygging	11 499	14 338
14.	2602	Iðntæknistofnun Íslands, nýbygging	31 655	37 688
Landbúnaðarráðuneyti				
15.	4108	Bændaskólinn á Hvanneyri, rannsóknahús	6 657	8 208
16.	4104	Bændaskólinn á Hólum, nýbygging og endurbætur	13 893	30 594
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
17.	6209	Bæjarfógetinn Kópavogi, lóðarlögun	679	760
18.	6215	Sýslumannssetur í Vík í Mýrdal, bílskúr	596	668
19.	6216	Bæjarfógetinn Akureyri, endurbætur á skrifstofuhúsnæði	250	280
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
20.	8107	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, hönnun o. fl.	2 411	8 459
21.	8111	Bygging W á Landspítalalóð, nýbygging	11 605	26 203
22.	8113	Bygging K á Landspítalalóð, nýbygging	6 595	13 103
23.	8116	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, búnaður og tæki	5 844	9 133
24.	8210	Heilsugæslustöð á Hvammstanga, nýbygging	13 547	23 866
25.	8202	Heilsugæslustöð á Dalvík, nýbygging	3 398	27 316
26.	8212	Heilsugæslustöð í Ólafsvík, nýbygging	15 833	27 519
27.	8215	Heilsugæslustöð á Hólmavík, nýbygging	6 330	9 305
28.	8213	Heilsugæslustöð á Seltjarnarnesi, nýbygging	5 713	14 801
29.	8217	Heilsugæslustöð á Akranesi, nýbygging	1 858	2 087
30.	8301	Sjúkrahús í Keflavík, viðbygging	10 012	58 281
31.	8302	Sundlaug við Grensásdeild, Borgarspítali	21 723	45 451
32.	8404	Sjúkrahús á Ísafirði, nýbygging	51 159	180 142
33.	8405	Sjúkrahús á Akureyri, I. A., (kjarnabygging)	46 958	155 721
34.	8405	Sjúkrahús á Akureyri, II. A., (tengibygging)	19 468	50 776
35.	8408	Sjúkrahús á Sauðárkróki, viðbygging	21 093	58 721
36.	8409	Heilsugæslustöð o. fl. á Seyðisfirði, nýbygging	14 118	37 842
37.	8410	Sjúkrahús á Blönduósi, viðbygging	17 814	25 814
38.	8412	Sólvangur í Hafnarfirði, viðbygging	6 269	7 312
39.	8611	Læknisbústaður í Bolungarvík, nýbygging	3 512	4 162
40.	8612	Læknisbústaðir í Siglufirði, nýbygging	3 902	8 578
41.	8701	Dvalarheimilið Lundur, Hellu, nýbygging	3 204	3 588
		Samtals	628 069	1 671 641

Svar við 2. tl.

Fyrst og fremst að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar.

Í fjárlögum hverju sinni eru ávallt nokkrar fjárveitingar til nýbygginga. Oft er um lágar fjárhæðir að ræða, sem einungis eru fyrir hönnunarkostnaði eða tæplega það. Það veltur því oft á hvernig undirbúningsvinna gengur, hvenær unnt reynist að hefja framkvæmdir. Upplýsingar um slíkan undirbúning liggja ekki fyrir og því ekki hvaða framkvæmdir verða hafnar á næstunni né hvenær þær geta hafist.

Svar við 3. tl.

a. Mat hlutaðeigandi ráðuneytis, og sveitarfélaga eftir atvikum, á þörf fyrir bygginguna. Alþingi leggur endanlegt mat á þörf fyrir framkvæmdina með samþykkt fjárveitingar til verksins.

b. Sömu ástæður og undir lið a.

Svar við 5. tl.

Kostnaðaráætlanir ber að gera fyrir allar framkvæmdir áður en þær hefjast, sbr. lög nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Þar sem algengt er að breytingar eru gerðar á byggingaráætlunum meðan á hönnun og framkvæmd stendur er erfitt að gefa tæmandi svar nema e. t. v. fyrir nokkur verk, sem mætti taka út úr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Karvel Pálmasyni um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, á þskj. 606, afhent þm. 2. apríl.

Fyrirspurnin ásamt greinargerð með henni hljóðar svo:

Hve margir þeirra, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, greiða nú til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og hvernig er háttað eftirliti með því að þeir fylgi reglum sem gilda um skil á lífeyrissjóðsiðgjöldum?

Greinargerð.

Skv. lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, segir m. a. í 7. gr. að skylda til greiðslu iðgjalda nái til þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skylt er að reikna sér endurgjald fyrir starf við eigin rekstur skv. nánar tilvitnuðum ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, enda séu þeir ekki aðilar að öðrum sjóðum sem lögbundnir eru eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu. Spurt er hve margir greiði til sjóðsins skv. þessari grein.

Í 8. gr. laganna segir m. a. í 3. mgr. að þeir sjóðfélagar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 7. gr., skuli standa skil á iðgjaldi sínu mánaðarlega. Spurt er hvernig eftirliti með iðgjaldagreiðslum þeirra sé háttað.

Svar:

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar skv. lögum nr. 95/1980. Sjóðurinn er ekki ríkisstofnun. Fyrirspurn um greiðslur atvinnurekenda í Söfnunarsjóð var send sjóðnum og óskað upplýsinga svo unnt yrði að svara fyrirspurninni. Svofellt svar barst frá sjóðnum 28. mars 1984.

„Til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda greiða lífeyrissjóðsiðgjöld einungis þeir atvinnurekendur og aðilar með sjálfstæða starfsemi, sem ekki eiga lögbundinn rétt til að greiða iðgjöld til annarra lífeyrissjóða, sbr. 3. gr. laga nr. 194/1981, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þar sem segir að allir þeir er stundi atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé rétt og skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.

Um innheimtu á iðgjöldum ofangreindra aðila er ekki að ræða, enda skuli þeir standa skil á iðgjaldi sínu mánaðarlega skv. 8. gr. laga nr. 95/1980. Aðild atvinnurekenda að Söfnunarsjóði er oft tímabundin og hefur sjóðurinn engin tök á að fylgjast með hvaðan þeir koma eða hvert þeir fara.

Árið 1984 greiddu 48 atvinnurekendur og aðilar með sjálfstæða starfsemi til sjóðsins.“

Efri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 154, n. 643, 644). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj atkv.
Brtt. 644,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 644,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
10.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
21.—38. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
40.—67. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
68. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,6 samþ. með 16 shlj. atkv.
69. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,7 samþ. með 16 shlj. atkv.
70. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
71.—72. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,8 samþ. með 16 shlj. atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
74.—86. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 644,9 samþ. með 16 shlj. atkv.
87. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
88.—119. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
120. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
121. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,11 (ný 122. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
123.—126. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,12 samþ. með 17 shlj. atkv.
127. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
128.—151. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,13 samþ. með 17 shlj. atkv.
152. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
153.—158. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,14 (ný 159. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
160.—171. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,15 samþ. með 17 shlj. atkv.
172. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
173. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,16 samþ. með 17 shlj. atkv.
174. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
175.—183. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,17 samþ. með 17 shlj. atkv.
184. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
185.—195. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,18 samþ. með 17 shlj. atkv.
196. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
197.—198. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,19 samþ. með 17 shlj. atkv.
199. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
200.—203. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,20 samþ. með 17 shlj. atkv.
204. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
205.—220. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,21 samþ. með 17 shlj. atkv.
221. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
222.—225. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,22 samþ. með 17 shlj. atkv.
226. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
227.—241. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 644,23 (ný 242. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
243. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Alþjóðasamningar um gáma, frv. 324. mál (þskj. 678). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 172). — 3. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. rekur minni til hét ég því fyrir hönd formanns landbn. að þetta mál yrði tekið til athugunar á nýjan leik vegna gildistíma. Vegna mikils annríkis í landbn. hefur ekki tekist að vinna þetta mál svo sem lofað var. Ég bið um frest vegna afgreiðslu málsins svo að landbn. fái ráðrúm til að fjalla um málið og allir geti nú staðið við stóru orðin — loforðin í þessu efni.

Umr. frestað.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317, n. 658). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. Ed. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. Nefndin varð sammála um að mæla með því að það yrði samþykkt óbreytt.

Frv. er í rauninni aðeins um framlengingu á ákvæðum gildandi laga og var gert ráð fyrir að þau yrðu framlengd til fimm ára eða til ársloka 1989. Hér er um að ræða lífeyrisgreiðslur til þess hóps aldraðra bænda sem veitt eru lífeyrisréttindi umfram þau sem þeir hafa áunnið sér með iðgjaldagreiðslum. Í rauninni er frv. um framlengingu á því fyrirkomulagi og varð ekki ágreiningur um það í nefndinni. Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Það kemur fram að Jónína Leósdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti hennar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna, frv. 347. mál (þskj. 555, n. 683). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar er komið frá Nd. og afgreitt þaðan. Sjútvn. þessarar hv. deildar fjallaði um málið og varð sammála um að það yrði afgreitt án breytinga. Frv. þetta fjallar um breytingu vegna sérstaks kostnaðarhlutfalls útgerðar og er, má segja, afleiðing af samningum sem gerðir voru við sjómenn í vetur, nánast staðfesting á þeim.

Ég vildi þó benda á, án þess að brtt. sé um það gerð, að í III. kaflanum, um aðgerðir til lækkunar olíuverðs, hljóðar 2. mgr. 7. gr. svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði l. mgr. skulu bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, endurgreiða olíufélögunum frá og með 1. apríl 1985 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris vegna kaupa á gasolíu og svartolíu, en ríkissjóður fellir jafnframt niður 45% gjaldtöku af mismun sölu- og kaupgengis gjaldeyris og þóknun (provision) þeirri er bankarnir taka af félögunum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis vegna kaupa á framangreindum vörum."

Um þetta er ekkert að segja annað en það að þarna eru bankarnir og ríkissjóður látnir taka á sig að endurgreiða ákveðinn hluta sem þeir hafa vegna þess mismunar sem er á kaup- og sölugengi gjaldeyris. En ég undirstrika og þyrfti það þá að koma frá viðskrn. eða fjmrn., sem ég er ekki alveg viss um, að þegar þetta verður framkvæmt verði skýrt ákveðið hvort um væri að ræða cif-verð eða fob-verð. Á því er verulegur munur. Það er nauðsynlegt að þetta komi greinilega fram vegna útreikninga þannig að ekkert fari á milli mála. Þetta þyrfti að vera á hreinu. Ég bendi eindregið á að ég held að öruggast væri að fara eftir cif-verði en ekki fob-verði í þessu efni.

Þetta er ekki brtt., heldur ábending vegna framkvæmda þessara laga.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Við afgreiðslu málsins í sjútvn. var ég ekki viðstaddur. Ég hafði ekki möguleika á að sitja þann fund. Ég vil koma því á framfæri að ég er sammála þessu frv. enda, eins og kom fram hjá frsm. n., er þetta fyrst og fremst staðfesting á þeim samningum sem gerðir voru við sjómenn í byrjun mars. Mér finnst þó að nafngiftin á þessu frv. hefði mátt vera önnur en hér er. Það er hálfhlálegt að heyra að frv., sem verður til upp úr samningagerð, skuli heita „Aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs". Ég held að nafngiftin á þessu frv. hefði frekar átt að vera á þann veg að hér væru aðgerðir til að koma ríkisstj. út úr þeim vanda sem hún var stödd í í sambandi við frágang sjómannasamninga og þetta sé fyrst og fremst staðfesting á því að ríkisstj. og stjórnvöld urðu í þessu tilfelli að gera ákveðna hluti til að samningar gætu náðst. Þetta byggist á því að útgerðin, sjávarútvegurinn stendur það höllum fæti að það varð að fá ríkisfyrirgreiðslur til að koma hlutunum í kring þannig að samningar næðust.

Það er einnig ástæða til að minna á það nú við samþykkt þessa frv. að það var látið eiga sig að ganga til samninga í alvöru við sjómenn fram að þessum tíma. Samningar við sjómenn áttu sér ekki stað fyrr en eftir þriggja vikna verkfall. Þrátt fyrir það hafði ríkisstj. möguleika á að gera þessa hluti, sem við erum komin til að samþykkja hér, hvenær sem var á því tímabili sem beðið var eftir samningum.

Það er líka rétt að það komi fram að við þriggja vikna verkfall sjómanna hér í vetur var ótrúlega lítið um það rætt í fjölmiðlum. Við flettum stærsta dagblaði landsins dag eftir dag án þess að minnst væri á að það væri allsherjarverkfall á fiskiskipaflotanum. Mjög svipað átti sér stað í sambandi við ríkisfjölmiðlana. Það virtist sem svo að það væru smámunir á ferð þó að íslenski fiskiskipaflotinn lægi í höfn, enda kom það líka á daginn að þegar búið var að semja eftir þriggja vikna verkfall komu yfirlýsingar frá formanni Landssambands ísl. útvegsmanna — ég segi nú ekki yfirlýsing frá hæstv. sjútvrh. — þar sem mátti lesa á milli línanna að íslenska þjóðfélagið hefði tapað sáralitlu af þessu þriggja vikna verkfalli. Það hefði verið sáralítill skaði fyrir þjóðarbúið þó að fiskiskipaflotinn íslenski hefði legið bundinn við bryggjur í þrjár vikur.

Það var reyndar aðeins tiplað á því að kannske hefði tapast einhver loðnuafli, þ. e. hrognafyllt loðna. Loðnan var áfram í sjónum þó að hún væri búin að hrygna. Þegar frá leið var það nefnt að skaðinn af þessu verkfalli hefði verið eins og þriggja togara ársúthald og afli en það var aðeins það sem við töpuðum í sambandi við loðnuhrygnuna sem við ætluðum að frysta fyrir Japansmarkað.

Hvað ætli skaðinn hafi verið stór ef við reiknuðum þann skaða sem varð á þorskveiðiskerðingunni á þessu tímabili? Við höfum a. m. k. trú á því að það sé nógur þorskur til í sjónum til að veiða eða hátt í það. En ástandið væri svolítið alvarlegra núna — (Gripið fram í.) Grindavík er meira að segja líka að verða hæsta fiskveiðistöðin í vetur. Við gerum okkur grein fyrir því að það mátti sækja og má sækja mikið meiri þorsk í sjóinn en skipulagt hefur verið. Það kemur sjálfsagt í ljós núna innan nokkurra daga að það mun verða bætt við þorskveiðikvótann. Sá fiskur, sem hefði verið hægt að sækja á þessu tímabili sem fiskveiðiflotinn var í verkfalli, var miklu betra hráefni en það hráefni sem við erum að sækja í sjóinn í dag. Fiskur sem er veiddur áður en loðna gengur er yfirleitt miklu betra hráefni en sá fiskur sem verið er að veiða yfir loðnutímann, en líka vegna þess að þetta tímabil er besta hrognatímabilið í sambandi við þorskinn. En þetta gekk allt af og er ekki reiknað upp sem tapað verðmæti í íslensku þjóðarbúi nú vegna þess að það er búið að búa til þannig kerfi að við megum veiða þetta mikið af þorski og þegar að því marki er komið þá skulum við hætta. En það má líka reikna það á þann veg að á þessum tíma er hentugra að sækja þorskinn en á öðrum. Það var einmitt það sem skeði í vetur. Þá var mun hentugra að sækja aflann en t. d. á því tímabili sem nú stefnir að.

Ég undirstrika það að ég er sammála þessu frv. En jafnframt lít ég svo á að nafngiftin hefði átt að vera önnur og fyrst og fremst yfirlýsing um það að ríkisstj. var að bjarga sér út úr sínum vandamálum. Það er ekki nema að hluta sem þarna er verið að bæta hlut sjómanna þó að það komi inn í dæmið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður, frv. 341. mál (þskj. 621, n. 682). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu í Nd. og er komið hingað í hv. Ed. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um málið og var sammála um að það yrði afgreitt óbreytt eins og það kemur frá Nd. Ég vil geta þess að hv. 4. þm. Vesturl., Skúli Alexandersson, var ekki mættur á fundinum, en ég hafði samband við hann á eftir þannig að hann vissi hvað fram fór. En það er tekið fram í nál. að hann gat ekki verið mættur á fundinum.

Hér er um að ræða hvernig skuli farið með svokallaðan endurgreiddan söluskatt sem á að ganga til sjávarútvegsins. 520 millj. kr. eiga að fara í gegnum deildir Aflatryggingasjóðs til þess fyrst og fremst að greiða þar afla skv. samningum sem gerðir voru við síðustu fiskverðsákvörðun.

Það er eitt atriði í 3. lið 1. gr. sem ég ætla að minnast á. Þar segir, með leyfi forseta:

„Auk sérstakra bóta skv. 2. lið skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 1. ágúst 1985 greiða til útgerðar" o. s. frv.

Hæstv. sjútvrh. sendi mér þau skilaboð áðan að þarna hefði orðið misprentun í frv. Þarna ætti að standa 31. ágúst. Það væri verið að prenta frv. upp og þessi breyting kæmi þar fram. Þetta vita fulltrúar Nd., að mér er tjáð, þannig að það þarf ekki að fara þangað aftur. Ég vil aðeins biðja hv. þdm. að merkja við þetta. Frv. kemur aftur með réttri dagsetningu. Það er prentvilla sem þarna hefur orðið. Hæstv. ráðh. bað mig að geta þess að þannig lægi í þessu máli.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skrifaði upp á nál. hv. sjútvn. með fyrirvara. Þar sem um er að ræða tilfærslu á fjármunum með þessu frv., m. a. vegna samninga um fiskverð og samninga á milli útgerðarmanna og sjómanna, mun ég ekki greiða atkv. gegn þessu frv. Ég vil ítreka þá skoðun Bandalags jafnaðarmanna að ríkisstjórnum beri að taka sig út úr samningsgerð á milli þessara aðila. En á meðan við búum við það kerfi sem nú er þjónar það engum tilgangi að setja sig upp á móti einni tilfærslu fremur en annarri. Á meðan við búum við þetta verður sífellt að færa fjármuni úr einum vasanum í annan, ár eftir ár og jafnvel mörgum sinnum á ári. Við skulum líta á dæmi um slíkt. Hér er um 540 millj. að ræða. Þetta er þó nokkuð há fjárhæð sem nefnd er uppsafnaður söluskattur og hann er endurgreiddur útgerð. En útgerð greiðir engan söluskatt, heldur fiskvinnslan. Þetta er bara eitt dæmið enn um kerfið sem við búum við sem við sjáum hér ljóslifandi fyrir okkur.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Því er eins farið með afgreiðslu þessa máls og kom fram hjá frsm. að ég gat ekki verið viðstaddur afgreiðsluna, en ég lýsi mig samþykkan málinu. Þetta er að nokkru leyti hluti af samningunum frá því í vetur, þ. e. í sambandi við lífeyrissjóðinn.

Svipað er með þetta frv. og það sem við vorum að ræða áðan. Nafngiftin er nokkuð merkileg: frv. til laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Við sem höfum fengist við sjávarútvegsmál undanfarin ár höfum fyrst og fremst litið á Aflatryggingasjóð sem hlutatryggingasjóð til að tryggja að þegar aflabrestur yrði væru til peningar til þess að standa í skilum við mannskap. Þannig hefur þessi sjóður verið undanfarin ár þar til hæstv. núv. ríkisstj. notar hann fyrir hálfgerða ruslakistu alls konar millifærslna í sambandi við ýmislegt sem verið er að gera í sjávarútvegi. Með þessu frv. er verið að færa endurgreiddan söluskatt í Aflatryggingasjóð og síðan er þeim peningum úthlutað eftir ýmsum reglum sem ekki eru í neinum tengslum við það hlutverk sem sjóðnum var ætlað áður.

Ég veit ekki hverju má búast við í framtíðinni um heiti frumvarpa ef framhaldið verður sem þetta. Í frv. sem við vorum að ræða áðan, um aðgerðir til þess að bæta hag sjómanna, var verið að skipuleggja millifærslu fyrir ríkisstj. til að leysa ákveðin vandamál og þetta frv. er um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins þar sem um beina millifærslur er einnig að ræða. Ég vildi benda á að það er merkilegt að sú góða stofnun skuli nú vera orðin hálfgerð ruslakista.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. 403. mál (þskj. 656). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Hinn 8. febr. s. l. skipaði ég nefnd til að gera tillögur um hraðari og skilvirkari meðferð skatta- og efnahagsbrota í dómskerfinu. Í nefndinni áttu sæti Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, formaður, Þórður Björnsson ríkissaksóknari, Gunnlaugur Briem yfirsakadómari, Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri og Garðar Valdimarsson skattrannsóknastjóri. Ritari nefndarinnar var Þorsteinn A. Jónsson deildarstjóri.

Nefndinni var ætlað að hraða störfum og skila áliti eigi síðar en 1. mars s. l. Hún takmarkaði því tillögur sínar um hraðari meðferð mála við þær breytingar sem unnt var að láta koma til framkvæmda strax. Með hliðsjón af því gerði nefndin eftirfarandi tillögur:

1. Að ráðinn verði einn lögfræðingur til embættis ríkissaksóknara og að einn saksóknari þar hafi það sem forgangsverkefni að annast ætluð skatta- og efnahags-

brot og hafa á hendi sókn í stærri málum fyrir sakadómi.

2. Að dómurum við sakadóm Reykjavíkur verði fjölgað um tvo vegna skatta- og efnahagsbrota og að lögð verði áhersla á að dómarar þeir, sem falin er meðferð mála út af ætluðum skatta- og efnahagsbrotum, hafi eða öðlist æfingu og reynslu í slíkum málum.

3. Að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins verði stofnuð sérstök deild sem rannsaki skatta- og efnahagsbrot. Að ráðnir verði fjórir rannsóknarlögreglumenn til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessara mála. Að við framangreinda deild verði skipaðir tveir lögreglufulltrúar.

4. Að lagt verði fyrir Alþingi meðfylgjandi frv. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem felur í sér: A. að meðdómandi geti verið einn. B. Að umfangsmikil og vandasöm mál vegna skatta- og efnahagsbrota verði að jafnaði rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur.

5. Að nú þegar verði ráðinn sérfróður maður í skatta- og efnahagsbrotum er starfi sem ráðunautur í þágu Rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara.

Ríkisstj. samþykkti þessar tillögur nefndarinnar og í samræmi við það er flutt frv. það sem nefndin gerði tillögur um.

Í frv. þessu eru lagðar til breytingar á 1. og 4. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. verði breytt á þann veg að mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Tilgangurinn með því að stefna þessum málum fyrir sakadóm Reykjavíkur er að við eflingu hans geti meðferð mála þar orðið hraðvirkari og skilvirkari en annars staðar á landinu. Skatta- og efnahagsbrot eru oft mjög flókin og margþætt og eigi á annarra færi að fjalla um þau og dæma en þeirra sem fengið hafa mikla æfingu og reynslu í meðferð slíkra mála. Sérhæfing dómenda er grundvallaratriði ef takast á á við flókin skatta- og efnahagsbrot.

Í öðru lagi er lagt til að 4. mgr. verði breytt þannig að heimilt verði að kveðja til einn sérfróðan meðdómanda í stað tveggja sem nú er skylda ef kvaddir eru til sérfræðingar. Tveggja manna dómur ætti að nægja í mörgum málum og meðferð máls í slíkum dómi er einfaldari en í dómi skipuðum þremur mönnum. Lagt er til að þegar tveir menn skipa dóm ráði atkvæði dómsformanns ef ágreiningur verður. Þetta fyrirkomulag um einn meðdómanda gilti áður í verðlagsdómi og þótti gefast vel.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég á reyndar sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál mun fjalla og kem hér aðeins upp til þess að fá að heyra álit hæstv. ráðh., ef fengist, á eiginleikum þessa frv. Nú hefur það ekki sætt nefndarmeðferð enn þá. Eg er því eingöngu að varpa fram spurningum sem ég sjálfur ekki hef svar við að eigin mati. Um það er að ræða hvort hér sé e. t. v. á ferðinni ákveðin valdþjöppun sem hugsanlega gæti haft óheillavænleg áhrif á þróun þessa þáttar stjórnsýslunnar fyrir landið í heild og þá á ég sérstaklega við dreifbýlið.

Við skulum huga að því að annars vegar skoða menn mál, sem hér um ræðir, út frá þeim lagabókstöfum sem þessi mál snerta. Hins vegar skoða menn þessi mál út frá þeim aðstæðum þar sem mál sem þessi koma upp. Þær geta verið eins margbreytilegar og mennirnir eru margir og hafa alltaf ákveðin sérkenni eftir því hvar á landinu slík mál hafa komið upp og þótt ástæða til að rannsaka. Reynsla manna, sem auðvitað er mjög mikilvæg þegar fjallað er um þessi mál, skapast annars vegar af reynslu manna í umfjöllun um lög og rannsókn mála út frá lagabókstaf, en hún skapast ekki síður út frá reynslu þessara manna í mannlegum samskiptum, þ. e. við þá hlið málsrannsóknarinnar sem snýr að þeim einstaklingum sem viðriðnir eru málið á hverjum stað á landinu. Er þetta að mati ráðh. sú besta lausn sem hægt er að finna eða er hér hugsanlega um tímabundið úrræði að ræða sem síðar meir yrði hugað að að breyta með tilliti til þessara þátta eða þessara efasemda sem ég varpaði hér fram?

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þess gerist ekki þörf að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Ég áttaði mig ekki nákvæmlega á þeim athugasemdum sem hv. 8. þm. Reykv. gerði hér áðan, ég verð að játa það. Mér sýnist þetta frv. horfa til betri vegar frá því sem verið hefur. Ég sé ekkert athugavert við það að í lögum sé sérstakt ákvæði eins og það sem er í 1. gr. þessa frv., þ. e. að mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Mér finnst það þvert á móti vera afar eðlilegt ákvæði.

Þetta frv. miðar að því að hraða og bæta meðferð mála, m. a. skatta- og efnahagsbrota, ef ég skil rétt. Ég minni á það að Alþfl. hefur flutt hvað eftir annað þáltill., sem sumar hverjar hafa verið samþykktar, um að þessi mál verði öll tekin fastari tökum. Mér sýnast þær tillögur, sem sú nefnd sem getið er í athugasemdum við þetta lagafrv. hefur gert, allar vera til bóta og til þeirrar áttar að hraðar verði tekið á þessum málum og þau gangi fljótar fyrir sig í dómskerfinu. Þessi skatta- og efnahagsbrot eru sjálfsagt eins og ísjaki þar sem ekki kemur upp úr nema 1/10 hluti jakans eða svo. Þess vegna er það brýnt að á þessum málum verði tekið og mér sýnist við fyrstu athugun þetta allt saman heldur stefna í rétta átt. En kostur gefst á að skoða það nánar þegar málið fær umfjöllun í nefnd að lokinni þessari umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Vegna spurninga hv. 8. þm. Reykv. hvort hér sé um valdþjöppun að ræða, þá held ég að það sé víðs fjarri að svo geti talist. Í fyrsta lagi er aðeins um að ræða heimildarákvæði fyrir ríkissaksóknara sem þarna er sett inn, en sem getur samt sem áður verið æskilegt vegna þess að þessi mál geta verið mjög umfangsmikil. Sem betur fer eru þau ekki mörg sem hafa verið hjá dómskerfinu en sum þeirra eru mjög umfangsmikil og því nauðsynlegt að þar sé sérhæft starfslið sem um þau fjallar. Það gæti orðið mjög erfitt fyrir aðra að eiga að fara með þau.

Vissulega er það svo að öll lagaákvæði geta verið háð endurskoðun. Það er því ekki neitt öruggt að það sem hér er sett fram standi um langa framtíð. En hér eru gerðar tillögur um meðferð mála sem vonast er til að verði til að hraða framgangi þeirra sem sérstaklega eru tímafrek og vandasöm. Þó að hér sé aðeins getið um þennan flokk mála þýðir það ekki að önnur eigi að sitja á hakanum því að vissulega er það mjög brýnt að

framgangur mála í dómskerfi taki ekki allt of langan tíma. Þar þarf að vísu að horfa á hina hliðina, að gætt sé fyllsta réttaröryggis svo að mál séu rækilega skoðuð. En ég vil staðfesta það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þær tillögur, sem hér eru lagðar fram, munu greiða fyrir að framgangur mála verði betri á þessu sviði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 217. mál (þskj. 260, n. 613 og 614, 615). — Frh. 2. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Vegna þeirrar afgreiðslu sem hér er í vændum vildi ég gjarnan gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls. Það hefur verið þannig að ég hef ekki haft aðstöðu til að taka þátt í umr. um málið né afgreiðslu þess í nefnd. Til þess að lýsa skoðunum mínum á því get ég tekið undir þann anda sem í þessu máli ríkir, þ. e. að stjórnun peningamagns með þeim aðferðum, sem beitt hefur verið undanfarin ár, tel ég ekki vera rétta leið til að ná fram efnahagslegum markmiðum.

Aftur á móti treysti ég mér ekki til að styðja þetta frv. vegna þess að ég tel að hér sé tekið á mjög einangruðum þætti í stjórn peningamála. Ég bendi á að í smíðum er löggjöf um bankastarfsemi hér á landi. Í farvatninu eru einnig hugmyndir eins og formanns Sjálfstfl. Þorsteins Pálssonar um að sameina banka. Þessi breyting ein skilar því ekki að mínum dómi þeim árangri sem skyldi í þessum málum öllum. Mér hefði verið kærara að sjá fullkominn aðskilnað milli Seðlabanka annars vegar og hinna svokölluðu ríkisbanka hins vegar, þ. e. að þar væri um algerlega óskyldar og óháðar stofnanir að ræða. Ég tel að það hefði verið miklu heppilegri leið til að ná þessu markmiði og ganga þá jafnvel þannig skrefinu lengra, að ef ekki næðist fram þessi aðskilnaður, þ. e. almenningseign á bönkunum og ríkisbankar yrðu gersamlega óháðir afskiptum löggjafarvaldsins, yrði rekstur þeirra algerlega á ábyrgð ráðh. á meðan Seðlabankinn heyrði undir Alþingi þar sem hann þjónar raunverulega einn slíkra stofnana markmiðum Alþingis í afskiptum af efnahagsmálum.

Til þess að gera langa sögu stutta ætla ég mér að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta mál. Ég er eins og ég segi samþykkur því í anda en get ekki stutt þetta mál eitt sér þar sem ég tel að það taki ekki nema á mjög litlum þætti þeirra vankanta sem almennt eru á efnahagsmálum hér á landi.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég hef íhugað þetta frv., sem hér er til umr., nokkuð vandlega nú um hríð. Mér sýnist að mjög mikið útstreymi fjár úr bankakerfinu nú mundi geta skapað aukna þenslu og þá sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, aukna eyðslu eins og við urðum varir við í fyrra. Ég er í sjálfu sér sammála því að innilokað fé verður ekki notað til framfaramála. Ég get þó ekki skilið að 10% bundins fjár sé endilega hin eina rétta prósentutala.

Þar sem frv. til seðlabankalaga mun núna vera til meðferðar í viðskrn. og þessi mál í heild sífellt til gagngerrar meðferðar hjá ríkisstj. mun ég styðja þá till. að vísa þessu máli til ríkisstj.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það virðist nú vera að bresta nokkur flótti í liðið í þessum efnum. Eftir umr. sem hér hafa verið áður í þessu máli mátti skilja hv. ræðumenn svo að flestir væru sammála því að þessari skyldu, sem þarna hvíldi á núna skv. bindingu, yrði aflétt að verulegu leyti.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Stefáni Benediktssyni og síðasta ræðumanni Birni Dagbjartssyni að þetta snerti á nokkurn hátt væntanlegt bankalagafrv. Það er allt annars eðlis. Þeir bankar sem þar munu standa áfram verða að vinna eftir þeim reglum sem þar verða settar. Það á ekkert skylt við þá bindingu á fjármagni sem nú er viðhöfð.

Við þurfum ekki að rekja þessa sögu hér. Við þekkjum hana. Heimildin í dag er upp á 38% bindiskyldu. Hún var nýtt fram undir síðustu mánaðamót að 28% og núna fyrir sérstakan góðvilja er hún lækkuð í 18%. Það sem við leggjum til, við Eyjólfur Konráð, í frv. okkar er að bindingin fari í 10%. Skýringin á því er eingöngu sú að við höfum séð það í gegnum öll þau ár sem þessi stórtæka binding hefur verið hjá Seðlabankanum, að hún hefur því miður ekki haft tilætluð áhrif á verðbólguþjóðfélag okkar. Stjórnun peningamálanna í gegnum frystingu í Seðlabankanum hefur ekki náð tilgangi sínum. Ég held að það geti margir verið mér sammála um það, sérstaklega í atvinnurekstri og þó einkum í sjávarútvegi, að þegar þar hefur eitthvað gengið skár og eitthvað verið betra hafi verið vissar hömlur settar á útlán til þessarar starfsemi. Þeir máttu aldrei standa sig sjálfir. Það mátti ekki hleypa of miklu fjármagni inn í kerfið, eins og sagt var.

Mér virðist að verulegt fjármagn hafi flotið inn í kerfið, og ekki hvað síst hér á stór-Reykjavíkursvæðinu, þó að binding hafi verið. Ég vil létta þessari kvöð af og að viðskiptabankarnir fái sjálfir að vera ábyrgir fyrir þeim peningum sem þarna eru. Þeir afla sér sparifjár dýrum dómum og á umdeildan hátt með dýrum auglýsingum o. fl. og þeir eiga ekki að þurfa að eiga á hættu að það sé fryst í Seðlabanka af því miklu hærri upphæð en ég tel vera þörf á. Þess vegna tel ég rétt að við samþykkjum í þessari hv. deild það frv. sem hér liggur fyrir, en séum ekki að vísa því til ríkisstj. Þrátt fyrir að við berum mikið traust til hennar vil ég ekki eiga neitt á hættu í þessu máli. Hér er um stefnumörkun að ræða. Ég vil að hv. þd. standi að því að þetta verði samþykkt á þann veg sem hér hefur verið lagt fram. Ég tel það til bóta fyrir þjóðfélagið en ekki til skaða, eins og úrtölumenn hafa viljað halda fram.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir þau orð hv. síðasta ræðumanns því að ég ber ekki heldur nokkurt traust til hæstv. ríkisstj. sem nú situr. Við erum alveg sammála um það. Mér þykir hins vegar ákaflega einkennilegt og raunar miður ef það er ætlunin að afgreiða þetta frv. núna frá hv. Ed. að 1. flm. fjarstöddum. Mér þykir sem málinu hafi verið frestað annað eins. Ég gildi gjarnan heyra skoðanir hans á þeirri nýju stöðu sem nú er komin upp í málinu. Það var vitað að framsóknarmenn í báðum stjórnarflokkunum voru þessu máli andvígir, en nú hefur komið í ljós við þessa umr. að framsóknarmönnum hefur fjölgað,

a. m. k. í öðrum stjórnarflokknum, og allt er þetta okkur nýlunda hér.

Þetta mál fékk ítarlega umfjöllun í nefnd. Þangað komu bæði formaður bankastjórnar Seðlabankans og bankastjórar viðskiptabankanna. Þær röksemdir sem hv. 5. þm. Norðurl. e. hafði hér uppi um að samþykkt þessa frv. kynni að auka á spennu hér á höfuðborgarsvæðinu er ég ekkert sannfærður um að hafi við rök að styðjast. Eins og raunar hv. 3. þm. Vesturl. gat hér um í sinni ræðu hefur verið í gildi 38% binding. (**Gripið fram í:** 28%.) Já, 28%. Mér sýnist nú að þrátt fyrir þessa bindingu hafi spennan hér á höfuðborgarsvæðinu verið engu lagi lík. Ég á ekki nokkra von á því að þetta hafi breytingu í þeim efnum í för með sér.

Hins vegar er ég sannfærður um, eftir þá umfjöllun sem þetta mál hlaut í nefndinni, að það sé rétt að samþykkja þetta frv. og það sé rangt að vísa því til ríkisstj. Það er alkunna að sú aðferð að vísa málum til ríkisstj. er viðhöfð þegar menn heykjast á því að fella mál, vilja ekki láta það standa skráð á þingtíðindum að málið hafi verið fellt. Þá er því vísað til ríkisstj. þar sem það fær hægt andlát. Ríkisstj. er ekki skyldug til að gera nokkurn skapaðan hlut varðandi þetta mál þó svo því sé vísað til hennar. Þá er bara verið að drepa málinu á dreif og eyða því. Meira að segja ber það allt of oft við að með þær þáltill., sem samþykktar eru hér á hinu háa Alþingi og sendar eru til ríkisstj. er ekkert gert, eins og dæmin sanna, þó að þar sé um skýrar og ótvíræðar viljayfirlýsingar Alþingis að ræða.

Ég hef svo sem ekkert umboð til að leggja til að þessu máli verði frestað. En mér finnst afar einkennilegt ef á að afgreiða það hér að fjarstöddum 1. flm. sem mér er kunnugt um að verður á næsta fundi hv. Ed. ef hann verður svo sem venja er n. k. mánudag. Ég veit a. m. k. ekki betur. En það skulu menn alveg gera sér ljóst og hafa hreint í sínum huga, að ef á að afgreiða þetta mál núna og bera það undir atkvæði núna hafa framsóknarmennirnir í báðum stjórnarflokkunum unnið sigur á þeim sem vildu breyta vegna þess að það þýðir þá að þeir hafa beygt þá, sem vildu fá þetta frv. samþykkt, til að lúta því að málinu verði vísað til ríkisstj. Þetta finnst mér býsna athyglisvert og það getur sjálfsagt verið umhugsunarefni fyrir ágæta fulltrúa á landsfundi Sjálfstfl., sem hefst eftir fáeina daga, hvernig valdahlutföllin eru nú í ríkisstjórnarflokkunum. Ég legg áherslu á að það blasir við og gefur auga leið að afturhaldsöflin hafa í þessu máli haft sigur þegar á að losa um og breyta heldur til í frjálsræðisátt og eðlilegra starfshátta í efnahagsmálum eftir því sem mín skoðun og sannfæring segir mér. Nei takk. Framsókn ræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hv. 5. landsk. þm. þykir mér rétt að það komi fram að þetta mál er tekið á dagskrá vegna eindreginna óska hv. 1. flm. frv. Að sjálfsögðu hefði það ekki verið gert ef hv. 4. þm. Norðurl. v. hefði ekki sjálfur óskað eftir því að það yrði tekið til afgreiðslu í dag.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 5. landsk. þm. um það að mér finnst dálítið sérstakt að þetta mál skuli vera tekið fyrir nú á þessum fundi. Það hafa komið upplýsingar um það að 1. flm. þessa frv. hafi samþykkt það og jafnvel óskað eftir því að málið yrði tekið fyrir að honum fjarstöddum og skilja sjálfsagt flestir þm. að hann hafi svo sem ekkert kært sig um það að vera við jarðarför þessa óskabarns síns. En það eru fleiri sem stóðu að þessu máli og fleiri sem stóðu að nál. Formaður þingflokks Alþb. stendur að nál. og leggur til að þetta verði samþykkt. Hann er fjarverandi í dag. Mér finnst nokkuð óeðlilegt að þessu máli sé hespað svo í gegn. Ég sé ekki hvað liggur á að afgreiða það að þessum þingmönnum fjarstöddum.

Ég hef ekki tekið þátt í umr. um frv. sjálft og efni þess. En mér finnst það liggja beint við nú, þegar búið er að afnema það að Seðlabankinn endurkaupi afurðalán, að bindiskyldan gagnvart viðskiptabönkunum sé afnumin að meginhluta til. Þessi bindiskylda var rökstudd með því að Seðlabankinn þyrfti að endurkaupa afurðalán framleiðsluatvinnuveganna. Þegar frjálshyggjan er komin það langt í þjóðfélaginu hjá okkur að búið er að færa þessa þjónustu, afurðalánakaupin, beint yfir til viðskiptabankanna þá eru engin rök lengur fyrir því að þessi bindiskylda, sem var gerð til að fjármagna afurðalánin, sé a. m. k. í þessari upphæð sem talað er um núna, þ. e. í 18%.

Þessi aðgerð, bindiskyldan, var félagsleg aðgerð. Hún var félagsleg aðgerð á þann máta að sparifé landsmanna vítt um landið var safnað saman hér í Seðlabankanum til að standa undir fjármögnun afurðalána. Hver viðskiptabanki fyrir sig hafði ekki styrkleika til að taka á móti þeim sveiflum og standa skil á þeim stóru fjárhæðum sem þurfti til að fjármagna afurðalánin. Meðan svo var lá það beint fyrir að þessi félagslega aðgerð væri í heiðri höfð. En þegar frjálshyggjumennirnir, bæði í Sjálfstfl. og Framsfl., eru búnir að koma því til leiðar að búið er að afnema endurkaup Seðlabankans á afurðalánum þá er þessi skylda fallin um sjálfa sig.

Það sýnir hvað þarna hefur verið um stóra félagslega aðgerð að ræða í sambandi við bindiskylduna og nauðsyn þess að halda henni í gangi meðan afurðalánin voru endurkeypt af Seðlabankanum að núna þurfa viðskiptabankarnir að taka erlend lán til að fjármagna afurðalánin. Þar með er þessi félagslegi fjármagnsþáttur, sem við skipulögðum með bindiskyldunni, kominn í erlendan gjaldeyri. Það er eitt af frjálshyggjumarkmiðum þeirra framsóknarmanna og sjálfstæðismanna að hafa hlutina á þennan veg. Ég get ekki fallist á það að það séu nein rök fyrir því að halda bindiskyldunni áfram þrátt fyrir þessa hluti.

Það kom hér fram í umr. við 1. umr. hjá hv. 4. þm. Austurl. að við það að bindiskyldan yrði felld niður mundi aukast spenna á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að þessu sé alveg öfugt farið. A. m. k. var það þannig að þegar verið var að setja bindiskylduna á hrópuðum við úti á landsbyggðinni, meira að segja sjálfsagt þeir norður í Mývatnssveit líka, við gerðum það bæði upp á Akranesi og vestur á Snæfellssnesi, að nú væri verið að flytja fjármagn til Reykjavíkur, það væri verið að skattleggja bankana og sparisjóðina úti um land til þess að flytja fjármagnið til Reykjavíkur og ráðstafa því þar. Ég held að það hafi verið mikið satt í þessu og ef það hefur verið satt þá held ég að sannleikurinn sé ósköp svipaður núna nema hann er kannske enn þá meira áberandi í dag. Við erum með lítið undirheimafjármagnsstreymi úti um landið. Þar fer meginhlutinn af peningunum beint í bankana og sparisjóðina ef eitthvað er laust sem ekki þarf að nota fyrir brýnustu nauðþurft-

um dagsins. Þær fara ekki í neinn skuldabréfabransa. Þar er engin fjárfestingarstofnun eða kaupþing til að standa fyrir kaupum á skuldabréfum þar sem ekki kemur fram bindiskylda. (**Gripið fram í:** Þeir koma í bæinn.) Þeir munu ekki koma í bæinn til þeirra aðgerða vegna þess að landsbyggðarmenn eru yfirleitt það vel — (**Gripið fram í:** Hvað eiga landsbyggðarmenn margar íbúðir í Reykjavík?) Það er annað mál. (**Gripið fram í:** Jæja.) Það er allt annað mál. Landsbyggðarmenn eru það góðir fjármálamenn að þeir hafa ekki látið sér detta í hug að nota peningana sína í veltuna hér í Reykjavík. Þeir hafa bara fest það — (Gripið fram í.) Já, í steininum í Reykjavík. En þeir hafa ekki gert það í bankakerfinu eða því undirheimafjármálaveldi sem er hér.

Þar af leiðandi skeður það að hér sleppur bindiskyldan meira og minna fram hjá í staðinn fyrir það að hver eyrir, sem lagður er inn í sparisjóð eða banka út um land, hefur verið skattskyldur hingað til Reykjavíkur. Af stórum hluta af fjárstreyminu hér í Reykjavík hefur ekki þurft að borga bindiskyldu til Seðlabankans. Þar af leiðandi er þetta alveg öfugt við það sem hv. 4. þm. Austurl. heldur fram. Það er frekar verið að skattleggja landsbyggðina með þessari aðgerð en á hinn veginn.

Það hefur verið tilhneiging hjá ríkisvaldinu, eins og komið hefur fram hér, að nota bindiskylduna sem nokkurs konar ógnunarskatt. Það hefur verið heimild til að taka 38% en sú heimild hefur ekki verið notuð, heldur 28%. Sem sagt: það hefur alltaf vofað yfir að ríkisstj. gæti með einu pennastriki eða svo bætt þarna við 10% ef henni dytti í hug. Hvernig stendur á því? Er það ekki sjálfsagður hlutur að halda sig þarna í lágmarki þess fjármagns sem þarf að nota í stað þess að hafa heimildina langt fyrir ofan það sem þarf að hafa á hverjum tíma? Það er ekki lengi verið að koma lagaheimild hér í gegnum Alþingi. Duglegir ráðherrar eru fljótir að ýta áfram frv. ef á þarf að halda til þess að gera slíka hluti sem þessa. Þegar þingið er ekki viðstatt hefur það legið hér í landi að auðvelt sé að gefa út brbl. ef þyrfti að hækka bindiskylduna.

Það hefur verið haft á orði að ekki þyrfti að notfæra sér þessi 18% og það er verið að tala um að það liggi ekki fyrir að beitt verði 10% bindiskyldu. Af hverju ekki að binda þetta við 10%? Af hverju að hafa það hærra en það? Þegar búið er að sleppa afurðalánunum, þegar hægt er að endurkaupa afurðalán í Seðlabankanum, þá er ekkert sem réttlætir það að þessi skattlagning á viðskiptabankana sé hærri en 10%. Ég hef ekki heyrt það nefnt. Ég hef engan af meðmælendum þessarar frávísunar heyrt nefna nein ákveðin rök fyrir því.

Það liggur sjálfsagt beint fyrir að þetta mál verður afgreitt núna á þessum mínútum sem eftir eru af þessum fundartíma. Það er alveg greinilegt, eins og hv. 5. landsk. þm. benti á áðan, að framsóknarmennirnir í Sjálfstfl. eru orðnir það fjölmennir að frv. verður samþykkt. Það endurtekur sig sem sagt hér í hv. Ed. að þegar útlit er fyrir að frjálslyndir þm. úr Sjálfstfl. hafi áhuga fyrir að fara einhverja pínulítið aðra leið en Framsfl. þá er ýtt allstíft á. Þetta átti sér stað og er búið að eiga sér stað í sambandi við kvótafrv. trekk í trekk hér í deildinni. Það er vitað að það munaði einu atkvæði hér að það væri stoppað. Þá var ýtt allhörkulega á. Sagan er að endurtaka sig núna. Það er verið að gera góðan bóndason norðan úr Mývatnssveit, sem hefur talið sig vera allharðan sjálfstæðismann og frjálshyggjumann, að þegni kaupfélagsins á Húsavík, að góðum og gildum framsóknarmanni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er óhætt að segja að það er ekki málafátækt á dagskrá þessarar hv. deildar í dag, hér eru 20 mál á dagskrá. Það væri því ekki ástæða til að taka á dagskrá mál sem hefði verið óskað eftir að yrði frestað. Forseti taldi reyndar sjálfur eðlilegt að taka ekki mál á dagskrá þar sem 1. flm. væri fjarverandi. En forseti telur sig knúinn til að ítreka það einu sinni enn að það er að frumkvæði og skv. eindreginni ósk hv. 1. flm. þessa frv. að málið er tekið hér til afgreiðslu í dag.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir orð hæstv. forseta, hver sá sem hefði viljað vita gat kynnt sér það að þetta mál var komið á dagskrá fyrir tilstuðlan 1. flm. og því eðlilegt að það sé hér í meðferð.

Ég er sammála þeim sem hér hafa talað að það er engin lausn á afgreiðslu þessa máls að vísa því til ríkisstj. Það er máttlaust og hefur lítið upp á sig. Aftur á móti reyndi ég að lýsa afstöðu minni til þess. Ég tel að það beri að skoða mál Seðlabanka og viðskiptabanka í heild, þ. e. skoða þau mál er varða umfang afskipta ríkisvaldsins af efnahagsmálum í heild.

Þróun þessara mála lýsti hv. 3. þm. Vesturl. hér stuttlega áðan, en ég tel þó að hann hafi sagt þessa sögu svolítið öðruvísi en ég hefði sagt hana. Ég get ekki betur séð en að allar götur frá 1961 hafi þróun þessara mála verið þannig að bindiskylda hafi verið aukin í beinu hlutfalli við aukna útlánastarfsemi Seðlabanka Íslands. Hér var því aldrei og hefur aldrei verið um raunverulega stjórnun á peningamagni að ræða því að því peningamagni, sem tekið var úr bönkunum, var dreift jafnóðum út um aðrar dyr Seðlabankans aðallega til atvinnuvega sem afurðalán.

Nú hafa þessi afurðalán aftur verið flutt til viðskiptabankanna og í samræmi við það hefur bindiskyldan verið lækkuð. Ég er ekki sammála hv. 3. þm. Vesturl. að það sé ekkert samhengi á milli starfsemi viðskiptabankanna og Seðlabankans. Ég bendi á það að frá 1961 hefur Seðlabankinn tutlað bankana og sparifjáreigendur á mjög óhagstæðum kjörum þar sem bindiskyldan er og notað þetta fé til útlána. Nú hafa þessi útlán verið færð aftur til viðskiptabankanna en eftir sem áður hefur ríkisvaldið öll tök á því að hlutast til um ráðstöfun þessa fjár, t. d. með ákvörðun vaxta, og getur þannig haldið áfram að tutla bankana og sparifjáreigendurna einfaldlega með því að ákvarða vextina af þessum afurðalánum það lága að þau skili ekki tilætluðum arði nema þá á mjög löngum tíma.

Hlutverk Seðlabankans er að viðhalda ákveðnum gjaldeyrisforða. Hann sér líka hlutverk sitt í ákveðinni lánaaðstoð við viðskiptabankana þar sem þeir eiga í erfiðleikum vegna þátttöku sinnar í óhagstæðum eða óhagkvæmum fjárfestingum sem ekki er alveg óþekkt fyrirbæri hér á landi. Það að lækka bindiskyldu mjög mikið gerir í þessu tilviki trúlega ekkert annað, þar sem bankarnir eru í ríkiseign, en að færa þessa þjónustu frá Seðlabankanum yfir til ríkissjóðs. Er þá afskaplega lítið unnið með því að í annan staðinn er notað sparifé og á

hinn staðinn yrði notað skattfé.

Varðandi afurðalánin hefur, eins og áður sagði, orðið breyting sem þegar hefur orðið tilefni til ákveðinna aðgerða af hálfu ríkisvaldsins. Ég vil minna á síðustu mgr. grg. með frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú stefna, sem fylgt hefur verið í peningamálum nú nokkuð á annan áratug, hefur brugðist. Sparifé alþýðu hefur smám saman þorrið þegar menn gerðu sér grein fyrir því að fé þeirra gekk í stöðugt ríkari mæli til ríkisbáknsins, í rauninni ekki sem lánsfé heldur var um beina eignaupptöku að ræða þegar vextir voru neikvæðir jafnvel svo að tugum prósenta nam.“ — Það er náttúrlega á verðbólgutímanum. — „Tilraunir stjórnvalda til að bregðast með sívaxandi hörku við þessum vanda hafa síður en svo leyst hann, þær hafa aukið hann svo að kreppa og óðaverðbólga hefur af hlotist í mesta góðæri Íslandssögunnar, en útlendingar hafa fjármagnað máttvana atvinnuvegi á okurkjörum. Samhliða hefur óréttlæti aukist í íslensku þjóðlífi og fátækt hafið innreið sína. Þessi stefna, sem allir flokkar á liðnum kjörtímabilum bera ábyrgð á, hefur mistekist. Ljóst er því að ofstjórn peningamála verður að linna. Að því miðar flutningur frv. þessa.“

Ég bendi á næstsíðustu setningu þessarar grg. „Þessi stefna, sem allir flokkar á liðnum kjörtímabilum bera ábyrgð á, hefur mistekist.“ Ég held nefnilega að þetta frv., þó að í góðri meiningu sé flutt, taki ekki á höfuðvanda stjórnar íslenskra efnahagsmála. Það eru hin víðtæku og umfangsmiklu pólitísku afskipti af efnahagsmálum sem við búum við hér á landi. Þessi pólitísku afskipti eru sérstaklega afdrifarík og hættuleg vegna þess að þar verður ekki sá greinarmunur á stefnu flokka í efnahagsmálum eða þjóðfélagsmálum sem gera mætti ráð fyrir þegar hlustað er á fulltrúa þeirra hér á þingi eða í kosningabaráttunni.

Ég minni bara á seinasta mál sem upp er komið í þessum efnum þar sem eru launaákvarðanir bankastjóranna.

Í bankaráðunum sitja fulltrúar fjórflokkanna og gekk þar ekki hnífurinn á milli þegar ákveðin voru kjör bankastjóranna. Þar risu ekki upp fulltrúar verkalýðsflokkanna og mótmæltu þeim gífurlega kjaramun sem er á kjörum þessara manna og þeirra sem verkalýðsflokkarnir telja umbjóðendur sína. Þar er samábyrgðin orðin svo sterk og svo rík, enda er hluti af fulltrúum verkalýðsflokkanna í bankaráðum kominn þangað fyrir tilstilli Sjálfstfl. en ekki af eigin afli. Þar er samábyrgðin orðin svo sterk að þar treystir maður ekki þessum aðilum til að horfa á raunveruleg, efnahagsleg sjónarmið þegar ákvarðanir eru teknar heldur frekar á þau sjónarmið sem lúta að pólitískum hagsmunum þeirra allra sameiginlega og þá um leið hvers fyrir sig. Þess vegna álít ég að það sé miklu eðlilegra og nauðsynlegra að skoða þessa löggjöf um stjórnun efnahagsmála, þ. e. viðskiptabankanna og Seðlabankans, alla í heild og þá fyrst og fremst með tilliti til þess að draga úr pólitískum afskiptum af efnahagsmálum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hafði gaman af því að hlusta á fulltrúa Alþb. sem talaði áðan, hv. 4. þm. Vesturl. Hann talaði um að framsóknarmönnum væri að fjölga — líklega vegna þess að þeir hafa líka skoðun og sjálfstæðismenn á því máli sem er á dagskrá. Það eru líka til fylkingar sem snúast á móti þeim framsóknarmönnum sem um er talað þannig að ég skil hann þannig að Alþb.-mönnum sé þá að fjölga líka. Er það ekki?

Málið sem hér liggur fyrir er mér nokkuð kært vegna þess að í mörg ár hef ég verið einn harðasti talsmaður á móti þeim vinnubrögðum sem Seðlabankinn hefur viðhaft í þessum málum og var hvað harðastur á þeim tíma sem ég var bankaráðsformaður í Útvegsbankanum. Það nær ekki nokkurri átt að það geti haldið áfram, enda er verið að draga úr því, að Seðlabankinn bindi fé bara til að binda og láni svo aftur út á mörgum sinnum hærri vöxtum en eigendur sparifjár þess, sem bundið er, fá fyrir það. Þannig hafa þeir mergsogið í gegnum tíðina viðskiptabankana og það gengur ekki lengur. Það eru alveg hreinar línur. Það er helsta skýringin á þeim vanda, sem viðskiptabankarnir og efnahagslífið eiga við að búa núna, hvað lengi þetta hefur viðgengist.

En hitt er annað mál að frv. sem hér liggur fyrir nær ekki nema hálfa leið. Það þýðir ekki að tala bara um að skerða þann rétt sem Seðlabankinn hefur tekið sér til bindingar út á það að hann hefur orðið lögum skv. að veita afurðalán. Oft hefur hann tekið, og af sömu viðskiptabönkum, meira fé en hann hefur þurft að nota til afurðalána. Það er ekki heldur rétt. Á það sérstaklega við um einn ríkisbankann. Og um tíma var ekki tekin nein binding af sparisjóðum eins og kom hér fram áðan. *Ég veit ekki hvort það er gert núna. Ég er ekki* alveg viss um það. (Gripið fram í.) Það er gert núna, já.

En þetta frv. er gallað að mínu mati. Það getur verið að það sé bara mitt mat. En einn þátt af mínum málflutningi hafa flm. þessa frv. ekki tekið inn í þetta frv. Það er að banna með lögum — það á að vera hér líka — Seðlabankanum að fjármagna viðskiptabankana. Ef bindiskyldan er felld niður eiga viðskiptabankarnir að vinna á eigin fé og því sparifé sem þeir geta skapað sér. Það vantar inn í þetta frv. að banna Seðlabankanum að ávaxta sitt fé á þann hátt sem hann hefur gert með því að spýta fé í viðskiptabankana. (**VI:** Þetta er fyrsta skrefið.) Þetta er skref sem á að taka jafnframt. Þú setur ekki annan fótinn fram án þess að hinn fylgi á eftir og það þarf tvo til til að missa ekki jafnvægið. Það vantar jafnvægi í þetta. Það finnst mér vanta í þetta frv. Ég hefði gjarnan viljað fá tækifæri til þess að bæta um betur og það mun ég gera ef þessu frv. verður vísað til ríkisstj. Það hef ég oft talað um í ríkisstj. líka að bindiskylda yrði felld niður með öllu, að viðskiptabönkunum verði gert að skyldu að vinna á eigin fé, það dregur úr spennu, og að Seðlabankanum verði ekki leyft að auka spennuna með því að spýta sömu peningum eða jafnvel enn þá meiri inn um bakdyrnar á dýrari vöxtum. Það nær ekki nokkurri átt. En bindiskylda getur átt rétt á sér til að minnka spennu í þjóðfélaginu ef peningarnir ekki fara út aftur bakdyramegin til sömu aðila og þeir gera.

Þetta er það sem ég hefði viljað segja um frv. sjálft og ég held að ég styðji það, — vegna þess að það er að mínu mati ófullkomið, það vantar þennan seinni helming sem ég gat um í frv., — að því verði vísað til ríkisstj.

En í öllu tali um efnahagsmál kemur upp spennan í Reykjavík. Það er alltaf talað um hana eins og það sé Reykvíkingum einum að kenna að í þjóðfélaginu sé spenna, Reykjavík sé spennulandssvæði og Reykjavík eigi hreinlega að taka sig til og hætta þessum ljóta leik gagnvart landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Þetta er að

verða spennandi.) Það var spennandi áður en var gripið fram í. En það getur verið að það sé einhverra hagur að dreifa athyglinni frá því sem ég ætlaði að segja.

Við skulum átta okkur á því að öll stærstu mannvirki í Reykjavík, allt það sem er mest spennuvaldandi, kemur utan að. Hvað með þessa gríðarlega stóru verslunarbyggingu, Miklagarð? Það er ekki reykvískt fyrirtæki. Þetta er á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga sem hafði höfuðstöðvar annars staðar í upphafi og er gestkomandi í bænum, ég reikna með því. Ég minni á gríðarlega miklar byggingar og starfsemi á vegum Sláturfélags Suðurlands sem er nú að stækka við sig og auka framleiðslu á sama tíma sem vinnuframboð er ekki nægjanlegt heima í kjördæmi. Hvaðan kemur Mjólkursamsalan? Ekkert af þessu eru félög Reykvíkinga nema síður sé. Alla vinnu og allan undirbúning, allt það sem þar er gert, er hægt að inna af hendi heima í héraði og flytja vöruna tilbúna í bæinn. Þessi spenna er meiri en nokkrir einstaklingar geta skapað. Þegar slík gríðarleg eftirspurn eftir vinnu, eins og hér er á markaði, á sér stað byrjar launaskrið, tekjurnar aukast og fólkið fer að hugsa um að byggja í kringum sig og sína. Við skulum ekki tala eins og það séu bara Reykvíkingar einir. Þeir skipta nokkrum hundruðum, utanbæjarmenn, sem hafa fjárfest í Reykjavík. Ég var með töluna fyrir 2—3 árum af því að ég þurfti að nota hana í sambandi við borgarstjórnarkosningar, en ég held að ég sé ekki með hana núna. Þeim er alltaf að fjölga. Það er alveg furðulegt hve margir utan af landi geta keypt hér íbúð bara til þess að börn, sem koma hingað í skóla, geti búið í þeim, en nota þær ekki í öðrum tilgangi. Það eru ekki bara Reykvíkingar sem eru að fjárfesta á þessu svæði. Þetta er spennusvæði vegna þess að landsmenn allir eru að fjárfesta hér í stórum stíl.

En þetta frv. tel ég ófullkomið eins og það er. Það er gott svo langt sem það nær, en ég held að ég styðji það að því verði vísað til ríkisstj.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Nú er svo komið að tími þessa fundar er liðinn. Ég veit ekki hvort hv. þdm. geta samþykkt að halda áfram ofurlítið lengur til þess að hægt sé að ljúka málinu. Nú er einn á mælendaskrá. (Gripið fram í.) Já, og annar hefur dregið sig til baka. Ef það er ekki mjög löng ræða. Annars verður að fresta málinu.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég kem upp til að vekja athygli á því að hv. 8. þm. Reykv. talaði um það í ræðustól áðan að hann óttaðist samþjöppun valds. Í þessu máli hefur Bandalag jafnaðarmanna í fyrsta sinn raunhæft tækifæri til að hafa áhrif á það að valddreifing eigi sér stað, en þá hefur viðkomandi þm. enga skoðun á málinu. Ég vek athygli á þessu og tel ástæðu til þess.

Bankar og bílastyrkir heyra að vísu undir annan dagskrárlið, en hv. 8. þm. Reykv. talar af mikilli vandlætingu um svokallaða fjórflokka í þeim efnum. Ég hef ekki séð það hér á þingi að Bandalag jafnaðarmanna hagaði sér á nokkurn hátt öðruvísi en sem stjórnmálaflokkur, nema kannske hvað helst á þann veg að meira verður vart við flokkseigendur þar en hjá öðrum flokkum. Ég býst við því að ef sama samkvæmni ætti sér stað hvað snertir bílastyrki bankastjóra og það sem ég benti á áðan varðandi valddreifingu væri mjög líklegt að ef viðkomandi þm. ættu fulltrúa í bankaráðum létu þeir það afskiptalaust, hefðu ekki skoðun á málinu þegar til kastanna kæmi.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Þessi umr. hefur snúist í þann farveg að ég held að það sé full ástæða til þess að ræða málið örlítið betur áður en það verður afgreitt. Ég held að áður en greidd verða um það atkv. verði að liggja ljósar fyrir hvað ríkisstj. ætlast fyrir í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti hélt að það væri samkomulag milli Seðlabanka og ríkisstj. um ákveðnar aðgerðir um létti á innlánsbindingu vegna þess að afurðalán eru flutt til viðskiptabankanna. Þá gerist sömu dagana að flutt er frv. á Alþingi, að réttum hætti að sjálfsögðu, en af tveimur þm. sem styðja stjórnina, um að þessi innlánsbinding verði enn minnkuð og núna heyri ég ekki betur en að hæstv. fjmrh. gefi í skyn að allmiklu róttækari aðgerða sé að vænta í þessu máli. Ég mundi því leggja til að við fengjum örlítið nánari upplýsingar um það hvað ríkisstj. ætlast fyrir áður en þetta mál er afgreitt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Nú er tími þessa fundar liðinn og það er ekki hægt að halda þessari umr. áfram tímans vegna. Það hafa verið boðaðir þingflokksfundir núna kl. korter yfir fjögur svo að það er ekki um annað að gera en fresta þessu máli.

Umr. frestað.

Neðri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, frv. 398. mál (þskj. 645). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670). — 1. umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 670 um breytingar á mörkum Garðabæjar og Kópavogs. Meðflm. mínir að þessu frv. eru hv. þm. Gunnar G. Schram, Kjartan Jóhannsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson og Kristín Halldórsdóttir.

Þetta frv. er flutt að beiðni bæjarstjórnanna í Kópavogi og Garðabæ til þess að samningur, sem gerður var milli bæjarstjórnanna þann 18. maí 1983, öðlist gildi.

Hér er ekki um stórt né flókið mál að ræða og frv. er aðeins þrjár greinar.

1. gr. kveður á um breytingu þá á mörkum kaupstaðanna sem samið hefur verið um milli bæjarstjórnanna. Það er að vísu lítt skiljanleg talnaruna við fyrstu sýn, en það er nú orðin venja í hliðstæðum lögum sem Alþingi

hefur sett á undanförnum árum að kveðið sé á um markapunkta með hnitum í hnitakerfinu. Með þskj. er hins vegar prentað kort sem sýnir legu markalínunnar í landinu.

Með 2. gr. frv. er veitt heimild til að víkja frá þeim mörkum að hluta til sem um ræðir í 1. gr. og þá með reglugerðarákvæði sem félmrh. setur samkvæmt sameiginlegri tillögu bæjarstjórna Kópavogs og Garðabæjar. Þetta gæti orðið nauðsynlegt ef nánari hönnun vegakerfis á svæðinu gæfi tilefni til breytinga á mörkum.

Frv. þetta hefur verið samið í samráði við þá ráðh. sem mál þetta snertir sérstaklega, þ. e. hæstv. landbrh. fyrir hönd jarðadeildar landbrn. og hæstv. heilbrrh. fyrir hönd ríkisspítala vegna Vífilsstaða.

Herra forseti. Ég orðlengi þetta ekki frekar, en læt í ljós þá von að þótt frv. þetta sé nokkuð seint á ferð megi það hljóta afgreiðslu á þessu þingi. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Vélstjórnarnám, frv. 226. mál (þskj. 281, n. 667). — 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti menntmn. um frv. til laga um vélstjórnarnám. Álitið er á þskj. 667. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. þar sem það hefur verið samþykkt óbreytt og menntmn. mælir einróma með því að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 10. apríl, að loknum 54. fundi.

Vélstjórnarnám, frv. 226. mál (þskj. 281). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 688).

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249, n. 649 og 652, 653). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Mig langar að æskja þess að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur þessa umr. (**Forseti:** Ég skal láta kanna hvort hann er hér viðstaddur.) Meðan ráðh. er leitað er kannske ekki úr vegi að rifja upp nokkur atriði sem skipta miklu í þessu máli.

Í fyrsta lagi vil ég ítreka það, sem ég hef áður sagt við ýmis tækifæri, að það er mjög brýnt mál að sættast á viðunandi lausn á framkvæmd þess sem ætti kannske að kalla stefnu um rannsóknir og veiðar á sel við Ísland. Kannske merkilegasta skrefið, sem hefur verið stigið í því efni, sé vinna nefndar sem sett var á fót af fyrrverandi sjútvrh., líklega 1982, til að semja frv. til laga um selveiðar við Ísland. Eins og kunnugt er skilaði sú nefnd frv.-drögum og varð þar samkomulag um ákveðið form samráðs og samstarfs við sjútvrn. þar sem lagt var til að sett yrði á fót sérstök nefnd aðila til að hafa samvinnu við rn. um framkvæmd þessarar stefnu.

Svo ég rifji upp það sem ég tel eitt það markverðasta úr þessu máli er í því frv., sem hér liggur frammi, gerð mjög veigamikil breyting, þ. e. að í stað þess að sett sé á fót formleg samráðsnefnd, eins og ráðh. hefur haft t. d. við framkvæmd fiskveiðistefnu sinnar, er hér einungis um að ræða óformlegt samráð. Og ég vil enn á ný spyrja ráðh.: Hvers vegna hefur hann gert þessa breytingu? Ég fæ ekki séð af ummælum hans hingað til í umr. um þetta mál að það sé komin viðhlítandi skýring. Við 1. umr. málsins segir hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hvaða form skyldi haft á því samráði sem hér er fjallað um í 3. gr., hverjir teljist hagsmunaaðilar í þessu sambandi. Það má segja að það sé einnig fiskvinnslan og þeir aðilar sem berjast við hringorm á mörkuðum. Ég tel eðlilegt að fara bil beggja varðandi þessa grein, en vil leggja á það áherslu að mjög nauðsynlegt er að hafa um þessi mál náið samráð og samvinnu og leysa þau í tengslum við þau samtök sem hér eru nefnd.“

Í þessu sambandi vakna ýmsar spurningar. Hvað er ráðh. í raun að tala um þegar hann talar um bil beggja? Er verið að tala um ágreining? Hverjir hafa gert þennan ágreining? Hver er sá aðilinn sem hefur gert þennan ágreining og ráðh. virðist þá vera að taka tillit til? Það er ekki ljóst, að mínu mati, af því sem hér hefur komið fram fyrir tilmæli hvers þessi breyting var gerð og hvaða málamiðlun er verið að reyna með þessu fyrirkomulagi. Ef um það eitt er að ræða að fulltrúi fiskvinnslunnar verði beinn og formlegur aðili að þessu samráði er ráðh. í lófa lagið að koma því svo fyrir að hann eigi fulltrúa í þessari samráðsnefnd.

Ég vil minna á að skv. frv.-drögunum og brtt. minni hl. er fulltrúi frá Fiskifélaginu skipaður í þessa samráðsnefnd og það ætti að vera einfalt mál að koma aðild fiskvinnslunnar, sem vissulega á mikilla hagsmuna að gæta, formlega að í þessu máli. Ég tel að það hafi verið hægt á ýmsan hátt sem ekki hefði stefnt samþykkt og sátt í þessu máli í voða eins og ég tel að gert sé með þeirri breytingu sem ráðh. hefur gert frá hinum upprunalegu frv.-drögum.

Ég vil sem sagt spyrja ráðh., svo ég ítreki spurningu mína, hvers vegna hann kaus þann kostinn að hafa svo óformlegt samráð þegar honum hafði lánast formlegt samráð svo ágætlega sem raun bar vitni að hans mati í sambandi við framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Þetta var ein spurninganna sem ég vildi varpa fram til ráðh.

Ég vildi þá aftur koma að því sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni í þessari umr., sem var hlutur og hlutverk svokallaðrar hringormanefndar. Ég leiddi rök að því að hringormanefnd er mjög undarlega sett, svo ekki sé meira sagt, í íslensku stjórnkerfi. Á sínum tíma virðist hún hafa verið skipuð í bága við gildandi lög um það hver eigi að ákveða rannsóknarstefnu varðandi seli. Síðan hefur hún á mjög umdeilanlegan hátt farið með hernaði, sem náttúruverndarmenn kalla svo, gegn selum án þess að leita á nokkurn hátt samráðs eða samninga t. d. við landeigendur og bændur sem eiga þarna mikilla hagsmuna að gæta, þó ekki sé nema þeirra að menn vaði ekki skjótandi og fretandi um lendur þeirra. Ég vil inna ráðh. eftir hvaða álit hann hafi á hlutverki hringormanefndarinnar, hvort hann telji stöðu hennar í stjórnkerfinu eðlilega eða hvort hann hyggi á einhverjar sérstakar breytingar í þeim efnum að þessu frv. sambykktu.

Ég vil í þriðja lagi minna menn á að það hefur margkomið fram, bæði í fskj. og umr. um þetta mál, að framlagning frv. er alls ekki í sátt við þá aðila sem óumdeilanlega eiga verulegra hagsmuna að gæta, bændur og landeigendur um allt land. Í ræðum þm. við þessar umr. hafa þær skoðanir komið fram, svo og kemur það fram í álitum sem bárust og eins hefur það margoft komið fram og kemur fram í viðræðum við bændur þar sem þessi mál ber á góma. Ég vil minna á að ég held að það hafi verið sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu sem sendi mjög harðorð mótmæli frá sér á sínum tíma þegar veiðimenn gengu um skjótandi og fretandi í óþökk manna þar. Ég held að við verðum að fá svör ráðh. við spurningunum sem ég lagði fram áðan: 1. Hvers vegna og undir þrýstingi frá hverjum var breytt 3. gr.? 2. Hver verður staða svokallaðrar hringormanefndar í þessu kerfi? Svo vildi ég mjög gjarnan heyra frá þm., sem þekkja hagi bænda og búenda, hvaða álit þeir hafa á þessu máli.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef áður svarað fsp. hv. þm. um sama atriði. Ef hann vill heyra skoðanir hinna ýmsu aðila um þetta mál í þjóðfélaginu hefði verið rétt að hann færi þess á leit í nefndinni að kallað væri á hina ýmsu aðila til að fá fram skoðanir þeirra. Það kom skýrt fram af minni hálfu við framsögu þessa máls að ég var reiðubúinn til að láta það í hendur þingnefndar að taka afstöðu til þess hvort skipan þessara mála skyldi vera með þeim hætti sem n. lagði til á sínum tíma.

Ég er þeirrar skoðunar að betra sé að hafa það með þeim hætti sem fram kemur í frv. og ég fæ ekki séð hvaða ósátt það á að skapa vegna þess að hér stendur: „Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða". Í frv. til l. um stjórn fiskveiða stendur einnig að rn. skuli hafa samráð við ákveðna aðila. En það stendur ekki að það skuli vera bundið í ákveðna nefnd þar sem einungis eigi sæti ákveðnir aðilar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög heppilegt að binda það í lögum að nefnd skuli starfa við hliðina á rn. um stjórn ákveðinna mála. Það eru rn. sem verða að bera hina pólitísku ábyrgð á framkvæmd mála og taka afleiðingum þess en ekki nefndin. Ég er því almennt þeirrar skoðunar að betra sé að orða samráð með þeim hætti sem nú er gert í 3. gr. En það er ekki þar með sagt að það verði haft minna samráð við viðkomandi aðila.

Ég tel einnig nauðsynlegt, eins og ég hef áður tekið fram, að hafa fullt samráð við aðila fiskvinnslunnar og fiskiðnaðarins um þessi mál. Mér þykir gleðilegt að heyra að hv. þm. Guðmundur Einarsson er orðinn þeirrar skoðunar að það skuli almennt tala við þá um þetta mál. (**Gripið fram í:** Ég hef aldrei verið á annarri skoðun.) Ég fæ ekki skilið þá þráhyggju sem fram kemur í hans orðum um þá ósátt sem er um málið með þessum hætti. Það liggur alveg ljóst fyrir að ákveðnir aðilar vilja hafa formlega nefnd. En í frv. kemur fram mjög greinilega að skylt sé að hafa samráð við þessa aðila þannig að tryggt sé að þeir geti komið öllum sínum sjónarmiðum að. En það stendur ekki til að þessir aðilar taki hinar endanlegu ákvarðanir um það með hvaða hætti skuli unnið að málinu.

Að því er varðar hringormanefnd þá hefur ekki verið tekin nein endanleg ákvörðun um starfsemi hennar. Það liggur alveg fyrir að þegar skipulag selveiða verður komið í hendur sjútvrn. þarf að gera breytingar á starfsemi hringormanefndar og samræma vinnubrögð. En ég tel of snemmt að kveða upp úr um það með hvaða hætti það verður. Það hlýtur m. a. að verða ákveðið með samráði við þá aðila sem tilgreindir eru í frv.

Frsm. meiri hluta (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Mér er ljúft að verða við óskum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og svara spurningu sem hann lagði fyrir mig sem formann sjútvn. þegar þetta mál var á dagskrá síðast. Hann spurði fyrir það fyrsta hvort nefndin hefði kynnt sér skýrslu Landverndar, „Selir og hringormar". Þetta rit hefur nefndin að sjálfsögðu kynnt sér. Ég vil einnig skýra frá því úr því að spurt er að hér er einnig annað rit sem gefið er út af Hafrannsóknastofnuninni sem heitir „Könnun á sýkingu þorsks á Íslandsmiðum af selormi, fæða landsels og útsels á Íslandi". Við athuguðum einnig þetta rit, hv. þm.

Mér fundust koma óbeint fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar efasemdir um það að sjútvn. hefði unnið verk sitt nægjanlega samviskusamlega og hefði kannske ekki gefið sér tíma til að fjalla um þá þætti sem eðlilegast hefði mátt teljast. Málið kom til sjútvn. þann 30. janúar og var sent þá til umsagnar. Umsagnir bárust, að mig minnir, frá einum sjö aðilum og einnig ítarlegt og mikið bréf frá Játvarði Júlíussyni. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom til mín sem formanns n. og bað mig að koma því til nm. þannig að þeir gætu kynnt sér sjónarmið og skoðanir þessa ágæta manns sem hefur mikinn áhuga á þessum málum. Það gerði ég þegar, ég lét ljósrita allt þetta bréf og koma því til nm.

Ég held einnig að ég muni það rétt að hringormanefndin, sem skilaði okkur áliti, var með jákvæða umsögn og sama má segja um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Félag sambandsfiskframleiðenda einnig. Ég held að það verði að teljast jákvæð umsögn frá Hafrannsóknastofnun þó að hún geri athugasemdir við 2.

gr. frv. sem hér hefur verið fjallað um áður og þarf ekki að fjölyrða frekar um. Það sem skiptir meginmáli í umsögn Búnaðarfélags Íslands er það að Búnaðarfélagið telur óeðlilegt að þetta mál, selveiðar við Ísland, skuli heyra undir sjútvrn. en ekki undir landbrn. Hins vegar vil ég taka það fram og lesa það hér, ekki síst vegna lokaorða nm. sjútvn. hv. þm. Guðmundar Einarssonar, að í nál. hans á þskj. 652 segir svo í lokaorðum Árna G. Péturssonar: „Að öðru leyti er í frv. hvergi gengið á rétt bænda og landeigenda varðandi selveiðar umfram það sem er að finna í lögum.“ Þetta eru lokaorð Árna G. Péturssonar um þetta efni.

Það sem mest er tekist á um hér er 3. gr. frv. Nátturuverndarráð er andvígt 3. gr. Um það ætla ég ekki heldur að fjölyrða. Það hefur rækilega verið gert og skýrt af hæstv. sjútvrh. sem talaði hér á undan mér. En ég vil aðeins hnykkja á því sem stendur í 3. gr. „Sjútvn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórnun og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni“. Og hverjir eru þetta? Náttúruverndarráð er fyrst talið, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Þetta eru þeir aðilar sem haft skal samráð við.

Sjútvn. fjallaði um þetta mál nú á tveimur fundum sínum. Það vil ég taka skýrt fram, vegna þess að mér hefur fundist að það sé látið liggja að því að við höfum kastað til þessa höndunum, að við fjölluðum um þetta mál einnig á síðasta þingi, þessi sama n., og afgreiddum það þá frá n. Mér finnst það því með ólíkindum ef á að láta liggja að því að við höfum eitthvað kastað til þessa höndunum.

Ég sé ekki að það sé hér fleiru við að bæta. Ég vonast til þess að ég hafi svarað því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vildi fá að vita um störf sjútvn. að þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hv. formanni sjútvn. þessarar deildar fyrir þær upplýsingar sem fram komu í hans máli og ég ætla ekkert að vefengja af því sem hann tíundaði þar, en eins og fram kom stiklaði hann mjög á stóru í umsögnum aðila. Hann vitnaði í umsögn frá hlunnindaráðunaut Búnaðarfélags Íslands, í 1 og ½ línu, og það má vera nóg. Ég vil benda á að hér var ekki verið að vitna til álits Búnaðarþings, það sagði hv. þm. ekki heldur, heldur til erindis frá hlunnindaráðunaut. (**StG:** Þetta er ekki rétt hjá þér.) Hins vegar nefndi hann álit Búnaðarþings einnig, en til þess álits og ályktunar sem þar var samþykkt samhljóða vitnaði ég í ræðu minni fyrr við þessa umr. Hún var á þá leið að Búnaðarþing lagðist gegn samþykkt þessa frv. Hv. þm. var að túlka þessa ályktun Búnaðarþings með öðrum hætti og það er honum að sjálfsögðu heimilt.

Vegna ummæla hæstv. sjútvrh. í umr. þar sem hann er að lýsa undrun sinni á því að menn komi fram með athugasemdir við frv. eins og það liggur fyrir óbreytt eftir meðferð meiri hl. sjútvn., óbreytt frá því sem það var lagt hér fyrir þingið, og er að undrast að þeir telji ekki að ákvæði 3. gr. um samráð séu fullnægjandi, vil ég rifja það upp fyrir hæstv. ráðh., sem honum ætti að vera í minni frá því að umr. fór fram um daginn um þetta mál, að það voru menn úr hans eigin þingflokki sem lýstu óánægju sinni með þetta frv. hér við umr. og ekki bara óbreyttir þm., svo notað sé slíkt orðalag, heldur ráðh. Hæstv. landbrh. svaraði hér fsp. mínum um þetta efni. Það kom mjög skýrt fram í máli hans — því miður sé ég ekki að hann sé hér viðstaddur til að staðfesta túlkun mína á hans ummælum sem ég punktaði hjá mér efnislega og orðrétt sumpart — að í ríkisstj. hefði hann áskilið sér rétt til að fylgja breytingum við þetta frv. Það voru hans óbreyttu orð hér við umr. Og hann sagði einnig að að hans mati þyrfti að tengja þetta sem best saman og nokkru betur en fram kemur í frv. og átti þá sérstaklega við yfirstjórn þessara mála og það samband sem vera þarf við umráðaaðila lands þar sem selur heldur sig og þar sem komið hefur til árekstra nokkurra á undanförnum árum í sambandi við aðgerðir á vegum hringormanefndar til fækkunar á sel.

Hæstv. landbrh. sagði sem svo að það væri afar erfitt að skilja á milli bænda og selveiða og að beinar aðgerðir verði ekki árangursríkar nema haft sé samráð við þá sem réttindi eiga, bændurna í landinu. Það var alveg ljóst hvað hæstv. landbrh. var þarna að fara. Hann var að andmæla frv. eins og það liggur hér fyrir þó hann hafi ekki tekið stórt upp í sig þarna. (**Gripið fram í:** Hvenær hefur hann gert það?) Það er raunar ekki háttur hæstv. landbrh. það ég þekki. En hann varaðist að hafa stór orð uppi um það frv. sem flokksbróðir hans hæstv. sjútvrh. ber hér fram og talar mjög eindregið fyrir.

En það voru fleiri sem kvöddu sér hljóðs við þessa umr. Þar gerði einnig hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, hv. 5. þm. Vestf., og hann mælti gegn ákveðnum þáttum í þessu frv. Hann sagðist telja heppilegra að þessi mál lytu stjórn landbrn. Ég er ekki að taka afstöðu til þess atriðis sérstaklega, en ég vek athygli á að þetta sjónarmið kom skýrt fram hjá hv. 5. þm. Vestf. og hann taldi að frv. stangaðist á við lög um æðarvarp sem í gildi eru. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki sé betra að hlynna að selveiðum á Breiðafirði, en það er verið að fella úr gildi, ef frv. þetta verður að lögum, ákvæði varðandi selaskot á Breiðafirði, ákvæði laga frá 1925, og taldi þm. álitamál hvort ekki væri betra að selveiðar þar yrðu stundaðar með heföbundnum hætti.

Vegna tilvitnunar hv. formanns sjútvn. í hlunnindaráðunaut Búnaðarfélags Íslands sakar ekki að nefna þau ummæli sem ég vitnaði til í ræðu minni um daginn, ummæli Játvarðar Jökuls bónda varðandi afstöðu þessa hlunnindaráðunauts. Hann orðaði það svo, með leyfi forseta:

„Átakanlegast var þó ef til vill að sjá hve algerlega hlunnindaráðunauturinn Árni G. Pétursson hafði brugðist bændum. Sannaðist á honum „að betra er autt rúm en illa skipað“.“

Þetta voru ummæli Játvarðar Jökuls varðandi afskipti hlunnindaráðunautsins af þessu máli.

Hæstv. sjútvrh. vill ekki taka undir sjónarmið margra aðila varðandi 3. gr. og telur að samráð við þá sem þar eru nefndir sé alveg fullnægjandi, eigi að vera alveg næg trygging. Þetta er vissulega álitamál, hvað á að lögfesta um þessi efni, en hitt hlýtur hæstv. ráðh. að vera alveg ljóst, að þau ákvæði sem nú eru í frv. í 3. gr. eru öll önnur en voru í tillögum nefndarinnar sem undirbjó frv. og það er tvennt ólíkt samráð eða formleg meðferð máls í þar til kvaddri nefnd, samráð sem sjútvrh. hverju sinni hefur í hendi sinni, til hverra er leitað, hvernig leitað er til aðila og að sjálfsögðu einnig hvaða mark er tekið á niðurstöðum. Ég er ekki að hafa á móti því að valdið sé

í höndum pólitísks aðila í þessu máli, en það skiptir miklu hvernig um hnútana er búið.

Mál þetta tengist mjög meintum hagsmunatriðum sjávarútvegs sem atvinnugreinar og hv. þm. hafa sumir hverjir haft uppi mjög ákveðnar fullyrðingar um þetta samhengi, talið að það sé alveg ótvíræð fylgni og jafnvel beint samhengi á milli fjölda á sel hér við landið og hringorma í fiski. Ég hef bent á það og ýmsir fleiri, m. a. hv. þm. Guðmundur Einarsson, að þetta sé alls ekki rétt túlkun á niðurstöðum rannsókna og þeirri vitneskju sem nú liggur fyrir um þessi efni. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna til skýrslu Landverndar um seli og selveiðar þar sem um þetta atriði er fjallað á bls. 37—39 í þessari skýrslu. Ég held að það sé rétt að þau sjónarmið, sem þar koma fram, liggi hér ákveðið fyrir og menn geti kynnt sér þau sem líta í þingtíðindi svo og þeir, sem hér fjalla um málið, og ekki síst þeir.

„Sýnt hefur verið fram á", segir í þessari skýrslu, „að hringormatíðni er breytileg eftir stærð fiska (Erlingur Hauksson 1982b). Tíðnin eykst með aukinni stærð upp að ákveðnu marki en lækkar svo. Í fyrri athugunum [og þar er vitnað til heimilda] er ekki getið um stærð fiskanna sem þeir rannsökuðu. Þetta þýðir að ef þeir hafa aðeins athugað rígaþorsk er ekki að furða þótt þeir hafi fengið lága hringormatíðni. Ef ekki er tekið tillit til stærðar fiska er allur samanburður við fyrri kannanir marklaus. Það er því ljóst að af þeim gögnum sem fyrir liggja um sýkingartíðni í þorski við Ísland verður hvorki ályktað um að hringormasýking hafi minnkað né aukist.

Segjum sem svo að hringormatíðni hafi aukist og það sé rétt sem hringormanefnd heldur fram. Eru ekki fleiri skýringar hugsanlegar en að selum hafi fjölgað? Hér skal bent á nokkrar sem gætu skýrt breytingar í hringormatíðni á Íslandsmiðum, burtséð frá hvort selum hafi fjölgað eða ekki.

Það hefur lengi verið vitað að fiskur á grunnslóðum er mun sýktari hringormum en fiskur sem veiddur er á meira dýpi. Fiskur á grunnslóð er í heild smærri. Í bókinni „Fiskar og fiskveiðar", sem var þýdd af Jóni Jónssyni fyrrv. forstjóra Hafrannsóknastofnunar, segir: „Á árunum 1960—1964 voru um 19% af þorskafla Íslendinga fiskur undir 70 cm eða ókynþroska ... Eftir útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur ... sækja Íslendingar nú mun meira í smáfisk en áður."

Þessi þróun hefur haldið áfram og er mikið talað um stórfellt smáfiskadráp. Þorskar sem nú veiðast eru að meðaltali af þeirri stærð sem mest er sýkt. Þetta er 4—5 ára fiskur 60—70 cm langur (Sbr. Erlingur Hauksson 1982b)." Rétt er að geta þess að Erlingur þessi Hauksson er líffræðingur og hefur unnið sérstaklega á vegum hringormanefndar hinnar margfrægu.

„Með öðrum orðum sóknin hefur aukist í fisk sem hefur mun meiri sýkingartíðni en sá fiskur sem áður var veiddur. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort fiskurinn kemur frá Grænlandi eða er íslenskur að uppruna, né hvort selum hafi fækkað eða fjölgað við landið.

Önnur skýring er að breytingar hafi orðið á samsetningu þorskstofnsins á Íslandsmiðum. Þannig segir í „Fiskar og fiskveiðar" (1977):

„Voru hrygningargöngur þorsks frá Grænlandi til Íslands miklar á árunum eftir 1930 og áttu mikinn þátt í hinum miklu aflabrögðum hér við land á því tímabili. Eftir að sjávarhiti hækkaði við Grænland hafa skilyrði til hrygningar batnað svo, að dregið hefur til muna úr göngum þessum til Íslands."

Eins og áður segir er grænlenskur þorskur svo til ósýktur. Ef hlutfall grænlensks fisk hefur lækkað á Íslandsmiðum veiðist hlutfallslega meira af sýktum íslenskum þorski. Könnun á hringormasýkingu í afla getur leitt til þeirrar ályktunar, að hringormatíðni hafi aukist á Íslandsmiðum. Hin aukna hringormatíðni stafar hins vegar af breyttri aflasamsetningu. Vandi fiskvinnslunnar hefur aukist en það er annað mál og kemur selum ekkert við.

Ein skýring í viðbót hefur verið nefnd, breytt fæðuval þorskins. Erlingur Hauksson (1982b) bendir réttilega á að fjöldi og dreifing heppilegra millihýsla hafi áhrif á hringormatíðni í fiski. Hann nefnir einnig hversu mikilvæg fæða þessir millihýslar eru fyrir þorskinn.

Á undanförnum árum hefur fæða þorska á Íslandsmiðum tekið nokkrum breytingum. Þáttur loðnunnar í fæðunni hefur minnkað og þáttur annarra fæðutegunda hefur aukist. Þar má nefna krabbadýr og aukið át þorska á minni þorskum. Krabbadýr ýmiss konar eru talin vera helstu millihýslar hringorma (auk fiska), þótt fáar beinar niðurstöður liggi fyrir — (sjá Björge 1979). Mun meiri rannsókna er þörf á þessum þætti í lífsferli hringorma.

Ef þorskur étur aðra þorska eru líkur á því að hringormatíðni magnist upp. Einnig ef þorskur eykur það magn krabbadýra sem hann étur. Það má t. d. benda á það, að ókynþroska þorskar éta að jafnaði meira af krabbadýrum en kynþroska fiskar (Ólafur Karvel Pálsson 1983). Mikil hringormasýking í þarapyrsklingum á grunnsævi er vel þekkt.

Breiðafjörður er oft nefndur þegar talað er um óvenjulega háa hringormasýkingu í fiski hér við land. Erlingur Hauksson (1982b) fékk hærri tíðni í Breiðafirði en annars staðar við landið, þótt mismunurinn hafi ekki verið marktækur. Ein skýring á hárri tíðni í Breiðafirði, ef hún er raunveruleg, er fjöldi og dreifing heppilegra millihýsla. Björge (1979) sýndi fram á að þanglýs væru millihýslar hringorma. Líkur eru á því að margar krabbadýrategundir á grunnsævi séu hýslar fyrir hringorma, t. d. ýmsar rækjutegundir og marflær. Öll þessi krabbadýr eru ríkjandi þættir í lífríki fjöru og grunnsævis við Ísland. Fjöldi og dreifing krabbadýra er í hlutfalli við stærð fjörunnar. Yfir helmingur af fjörum landsins er við Breiðafjörð miðað við flatarmál (Agnar Ingólfsson 1975). Því er líklegt að fjöldi krabbadýra sé mun meiri á Breiðafirði en annars staðar við landið. Það gefur svo ástæðu til að ætla að þar geti þróast mun meiri hringormatíðni."

Þetta eru kaflar úr þessari skýrslu sem varðar þekkingu á samhengi hringormatíðni í þorski og fjölda sela. Meira er sagt í þessari skýrslu sem lýtur að þessu og undirstrikar þá óvissu sem er um þetta samhengi. Og það er það sem ég vil hér leggja áherslu á. Ég hafna að sjálfsögðu ekki að þetta samhengi geti verið til staðar og það í verulegum mæli, en það er ekki hægt að fullyrða um þau efni vegna ónógra upplýsinga.

Þá vek ég athygli á því að í þessari skýrslu frá Landvernd, þar sem farið er gaumgæfilegar ofan í málefni sels og selveiða við Ísland en gert hefur verið á einum stað til þessa, að ég veit, þar er sérstaklega fjallað um þetta frv. til laga um selveiðar sem hér er

komið fram öðru sinni frá hæstv. ríkisstj. Og þar eru af hálfu höfunda gerðar margar athugasemdir við frv., ekki einvörðungu 3. gr., sem Náttúruverndarráð og fleiri hafa sérstaklega gert athugasemdir við, heldur ýmsar fleiri greinar. M. a. er bent á það að skv. 6. gr. er gert ráð fyrir því að ráðherra geti stjórnað framkvæmd laganna með reglugerðum. Ég vék einmitt að því í fyrri ræðu minni um þetta mál að þar eru óvenju víðtækar heimildir án skilgreiningar um vald ráðherra í sambandi við þessar veiðar. Er þar ósköp svipað uppi á teningnum eins og í sambandi við stjórnun fiskveiða, kvótalögin svonefndu, þar sem ráðherra fær mjög óskorað vald.

Það er líka vakin athygli á því að með þessum ákvæðum er í rauninni verið að lögbinda það ástand, eins og það er orðað, sem skapaðist með skipan hringormanefndar árið 1979. Ég veit ekki hvort hv. alþm. almennt hafa sett sig inn í það með hvaða hætti sú nefnd er til komin og hvernig staðið hefur verið að verki af hennar hálfu. Hafi menn ekki gert það þá hvet ég menn til þess. Ég held að það sé ekki með þeim hætti sem líklegt er til árangurs, síst til lengri tíma litið.

Af hálfu Landverndar er einmitt vikið að því að málefni sela hérlendis eru ekkert einsdæmi í sambandi við stjórnun á veiðum. Það segir þar á bls. 75 í skýrslunni, örstuttur kafli sem ég vil vekja athygli á, með leyfi forseta:

„Það er brýn þörf á því, að samin verði heildarlöggjöf um skipulag rannsókna á villtum dýrum og stjórn þeirra, en nú fellur þessi málaflokkur undir a. m. k. fjögur ráðuneyti. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á villtum dýrum hafa verið tilviljanakenndar og háðar áhuga einstakra manna. Enginn einn aðili í stjórnkerfinu ber ábyrgð á því, að fylgst sé með þessum dýrum; er þeim að fjölga, eru einhver þeirra í útrýmingarhættu, eru fækkunaraðgerðir árangursríkar og borgar það sig, og þannig mætti lengi spyrja. Á sama hátt og Hafrannsóknastofnun fylgist með nýtingu okkar á gæðum hafsins, stundar vísindarannsóknir og kemur með tillögur um nýtingu, Veiðimálastofnun fylgist með nýtingu áa og vatna og Landgræðslan nýtingu gróðurlenda, þá ætti að vera til óháður rannsóknaaðili sem hefði með að gera rannsóknir á villtum dýrum og kæmi með rökstuddar tillögur um stjórn þeirra."

Hér eru ábendingar af hálfu höfunda þessarar skýrslu og af hálfu Landverndar sem ég held að ástæða sé til að gaumgæfa. Ég hvet hv. þd. og hv. samþingmenn til þess að stuðla að því að betur sé farið ofan í saumana á þessum málum áður en þetta frv. verður afgreitt hér í þd. Ég tel að það sé mikil þörf á því og það væri mesta óráð að fara að lögfesta ákvæðin eins og þau liggja hér fyrir í þessu frv. varðandi selveiðar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta til l. um selveiðar við Ísland verður nú seint talið meðal stærri mála þessa alþingis ef ég skil málið rétt. Hins vegar felur það í sér nokkrar afgerandi breytingar sem mér þykir rétt að staldra aðeins við og ræða nokkuð.

Þegar frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi gerði ég við það nokkrar athugasemdir. Ég skal ekki rekja þær hér að öðru leyti en því að ég lýsti þá því yfir að ég teldi nauðsynlegt að þetta mál yrðu mjög athugað í þeirri þingnefnd sem fengi málið til meðferðar og ég treysti mér ekki til að lýsa fylgi við frv. eins og það lá þá fyrir. Þegar frv. þetta var kynnt í mínum þingflokki nú á öndverðum vetri, þá lýsti ég sömu athugasemdum mínum og því jafnframt að ég hefði algeran fyrirvara varðandi þetta mál. Tilefni þess að ég lét uppi þessar skoðanir mínar og ítreka þær skoðanir hér er það að mér sýnist að hér sé um skipulagsbreytingar að ræða, er tæplega geti átt rétt á sér. Þar á ég við að flytja þessi mál úr höndum landbrn. yfir í hendur sjútvrn. en þó ekki nema að hluta. Miðað við það hvernig frv. er sett upp þá mun það, ef að lögum verður, heyra undir tvö rn. Það segir að vísu í 1. gr.:

„Sjútvrn. hefur yfirumsjón allra mála er selveiðar varða, sbr. þó ákvæði laga nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiði."

Um þetta efni er síðan ítrekað í athugasemdum við einstakar greinar, en þar segir þó:

„Hins vegar eru í lögum nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiðar nokkur ákvæði er snerta ófriðun sels í ám, veiðivötnum og ósasvæðum, en þau mál falla undir landbrn. og er gert ráð fyrir að svo verði áfram."

Þegar er því í frv. sjálfu og athugasemdum við það kveðið á um það að lög þessi, ef frv. verðu afgreitt, heyri undir tvö rn. Þetta tel ég óþarft, óheppilegt og tilefnislaust.

Þeir sem sett hafa saman þetta frv. og samið athugasemdir við það virðast ekki hafa gætt þess að fleiri lagabálkar er varða landbúnaðarmál taka til þessara mála en lögin um lax- og silungsveiði. Þar á ég við t. a. m. ábúðarlög og jarðalög sem fjalla um eignarráð og leigumála og ábúð á jörðum, bújörðum í landinu. Þar er tekið tillit til þess eins og raunar víðar í landbúnaðarlöggjöfinni, að þar undir falla hlunnindi, þ. á m. selveiðar. Selveiðar hafa frá fornu fari verið talin hlunnindi á Íslandi og verið óaðskiljanlegur hluti bújarða bænda og landbúnaðarlöggjöfin sem heild er byggð upp út frá þessu meginsjónarmiði. Þessa er ekki getið í frv., þessi ákvæði eru ekki tekin af í frv. og þessa er ekki getið í athugasemdum með frv. og virðist helst þess að vænta að þeir sem standa að samningu þess hafi ekki áttað sig á þessum hlutum.

Það segir í frv., í 4. gr. þess:

„Nú liggur land að sjó og á þá landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu og eru það netlög hans."

Þessi netlög fylgja hverri landareign og eru hluti bújarðar sem þeir lagabálkar í landbúnaðarlöggjöfinni, sem ég hef hér tilgreint, ná yfir. Og þessi hluti af því er tekur til selveiða fellur því óumdeilanlega undir landbrn. með öðrum lagabálkum í landbúnaðarlöggjöfinni.

Mér er það ekki ljóst hvaða nauðsyn ber til að fella undir sjútvrn. veiði á sel utan þessara marka því tæplega getur sjútvrn. með nokkrum rétti haft afskipti af veiðum og nýtingu þessara hlunninda innan landareigna sem falla undir allt aðra lagabálka og allt annað rn. þannig verður úr þessu ein hringavitleysa. (**GSig:** Hringormavitleysa.) Og líklega réttast sagt hringormavitleysa, því þar er kannske undirrótin fundin. Og kemur það raunar oft fyrir að hv. þm. Garðari Sigurðssyni ratast satt á munn.

Ég held að þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, hefðu í raun átt að duga til þess að Alþingi léti sér ekki til hugar koma að afgreiða þetta mál, en það virðist öðru nær því að ég tók svo eftir að sú hv. þn. sem um þetta mál hefur fjallað skiptist þannig að allir utan einn leggja til

að frv. verði samþykkt í því formi sem það er óbreytt, en einn nm. flytur brtt. sem ekkert snerta þessi formsatriði, sem eru aðalatriði málsins, og lætur að því liggja í sínu nál. að verði þær brtt. ekki samþykktar muni hann leggja til að frv. verði fellt. En ég sé sem sé ekki betur en að nm. í heild, allir nm. hafi farið fram hjá öllum þeim atriðum sem ég kalla meginatriði þessa máls.

Það er stundum verið að tala um það að íslenska stjórnkerfið sé flókið og það er það vissulega með réttu, en ef fara á að gera stjórnkerfisbreytingar með þessum hætti sem hér er á ferðinni, þá er það ekki til þess að greiða úr flækjum heldur til að auka á þær og gera skil á milli rn. og framkvæmda einstakra aðila innan framkvæmdavaldsins óglögg og óáreiðanleg.

Ég tel mig ekki þurfa að ítreka neitt rök fyrir því hvers vegna ég tel betur fara að það gildi, sem gilt hefur til þessa, að mál þessi tilheyri landbrn. Ég hef nefnt ýmis löggjafaratriði en efnislega má vitaskuld nefna það að selurinn fæðir afkvæmi sín, kópa sína, á landi og þar alast þeir upp, selveiðar hafa löngum hér við land verið stundaðar einkanlega inni í árósum, miklu minna í sjó þó að það hafi að vísu nokkuð borið við.

Mér hefði auðvitað þótt betra að hæstv. sjútvrh. hefði hlýtt á það sem ég hef hér þegar sagt, en það má vel vera að hann vilji loka eyrum fyrir þeim röksemdum sem ég hef hér rakið. En ég verð að segja það að ég undrast það ekki þó að það hafi verið frá því greint hér að í fyrri hluta þessarar umr., sem ég því miður var ekki viðstaddur vegna þess að ég var þá utan þings, hafi hæstv. landbrh. lýst því yfir að hann væri ekki ánægður með þetta mál og að hann hefði talið þörf á því að athuga þetta mál betur og breyta því, en þá fer nú að vera eitthvað sérkennilegt ástand á því stjórnarheimili sem ég er nú stuðningsmaður að ef þeir tveir samflokksmenn, hæstv. sjútvrh. og landbrh., koma sér ekki saman um flutning stjfrv. og hvernig þau skuli úr garði gerð og þurfa að koma hér upp í ræðustól, þessir tveir flokksbræður, til að tala um það þar hvað betur megi fara. Ég var ekki viðstaddur þegar þau orðaskipti fóru fram svo ég skal ekki meira um það segja en ég undrast það sannarlega ekki þó hæstv. landbrh. hafi haft við þetta sitthvað að athuga.

Ég vil svo segja það að í þessu frv. er ekki að finna, sem kannske er óglöggt í löggjöf eins og hún er nú, hver sé réttur selalátra sem eru utan netalaga bújarða og ég hefði gjarnan viljað heyra skýringar annað tveggja hæstv. sjútvrh. eða hæstv. formanns sjútvn. á hvern máta réttur selalátra sé tryggður, en sum þeirra eru friðlýst. En ég finn ekki í þessu frv. eða athugasemdum með því að þessu sé á nokkurn máta vikið.

Ég vil svo gjarnan taka það fram um þau orð sem ég hef hér látið falla, að þau snerta einkanlega þá skipulagsbreytingu, ef skipulag skal kalla, að flækja þessu máli yfir í tvö rn. Það er síður en svo að ég sé á móti selveiðum og láti sér enginn hv. þm. detta það í hug að ég hafi eitthvað við það að athuga að selur sé veiddur og hann nýttur eins og önnur gögn og gæði okkar lands. Ég tel að það þurfi enga breytingu í þessa veru, að vera að flækja þessu máli undir tvö rn. til þess að hægt sé að veiða sel. Ég skil það einnig svo að sá áhugi sem mér skilst að fram hafi komið hjá ýmsum samtökum sjávarútvegsins fyrir því að mál þetta fái framgang sé fyrst og fremst bundinn því að þessi samtök vilja gjarnan að selastofninum sé haldið í skefjum vegna þess þáttar sem selurinn er talinn eiga í lífkeðju hringormsins. Og ég segi fyrir mína parta að ég tel að þetta sé auðvitað mjög eðlilegt. Það er ekkert óeðlilegt við það að þessi samtök vilji halda selastofninum í skefjum. En þetta er vitaskuld hægt að gera án þess að vera að flækja þetta mál undir tvö rn.

Það mætti í löggjöf setja ákvæði þess efnis að það væri beinlínis sett kvöð á þá landeigendur sem eiga lönd að sjó og árósum þar sem selveiði er stunduð, að þeir veiði sel og haldi selastofninum í skefjum undir einhverju því eftirliti sem hægt væri að telja marktækt á þessu sviði og það gæti allt eins vel gerst þó það væri ekki verið, eins og ég hef orðað, að flækja þetta mál með því að setja það undir tvö rn.

Ég vil svo segja, út af þeim orðaskiptum sem hér hafa farið fram í dag, að það er auðvitað algjörlega rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það samráð sem fært er hér í texta í 3. gr. fer auðvitað allt eftir framkvæmdinni, hvernig á því verður haldið. Og slíkt samráð getur vitaskuld hæstv. sjútvrh., hvort sem það er núverandi eða einhverjir seinni tíma menn í því virðulega embætti, auðvitað haft að engu. Það er vitaskuld ljóst. Þannig að það er ekkert sérstakt hald í greininni fyrir þá sem vilja að þarna sé um samkomulag að tefla. Það er einnig ljóst, af því að hér var vitnað til umsagna frá Búnaðarfélagi Íslands og hlunnindaráðunaut Búnaðarfélags Íslands, að Búnaðarþing mælir gegn þessu máli og þótti engum mikið, ekki mér að minnsta kosti.

En umsögn hlunnindaráðunauts er hins vegar mjög svo sérkennileg svo ekki sé meira sagt. Og væri kannske tilefni fyrir hv. þm. að líta yfir hana og vita hvernig hún hljóðar. Í þessari umsögn segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjútvrh. mig í n. til að semja frv. til laga um selveiðar við Ísland. Mig furðar slíkt þar sem selamál heyrðu undir landbrn. en leit svo til að samkomulag hefði orðið milli rn. að setja umsjón með selveiðum undir sjútvrn. eins og yfirumsjón með hvalveiðum við Ísland."

Síðan segir:

„Af umr. innan n. var svo að skilja að slík tilhögun þætti eðlilegust af hálfu ráðamanna."

Umsögn rn. er nokkru lengri, en ég tel ekki ástæðu til að lesa lengra. En þessar tilvitnuðu setningar virðast nú benda til þess að þessi ágæti maður hafi lítið gert til að átta sig á því hvað þarna var um að vera. Ég leyfi mér að segja það, enda var ekkert samkomulag haft við landbrn. um þetta mál á þeirri tíð. Ég fór þá með forsjá landbrn. og það var ekkert leitað til landbrn. um þetta mál. Og ég minnist þess ekki að í þeirri ríkisstj. hafi verið greint frá því á nokkurn máta að þáverandi hæstv. sjútvrh. hygðist eða hefði sett n. til þess að láta semja frv. um þetta efni.

Það er hins vegar rétt að á lokastigi á þeirri stjórnartíð flutti þáverandi hæstv. sjútvrh. frv. En þá voru nú mál nokkuð farin að rakna í böndum í þeirri ríkisstj. og það frv. var ekki flutt sem venjulegt stjfrv. a. m. k. hafði það ekki tilskilið samþykki að baki sér.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta hér neitt frekar. Ég hef bent á það og það er mín skoðun að það sé tilefnislaust og rangt að flækja þessu máli undir sjútvrn. að hluta því að áfram fer landbrn. eða lagabálkar sem eru undir yfirstjórn landbrn. með þorra þessara mála

þ. e. að því er tekur til netlaga á landareign bújarða og bújarðir falla undir þá lagabálka sem tilheyra landbrn., og þar verður ekki í sundur skilið þannig að það sem er utan netlaga mun þá verða á vegum sjútvrn. og það eru óglögg mörk sem ég held að hefði verið betra að láta vera að reyna að skilgreina í lögum og hafa þessi mál eins og verið hefur í höndum eins rn., þ. e. landbrn.

Það þarf víst tæpast að taka það fram að miðað við þá ræðu sem ég hef hér flutt þá treysti ég mér ekki til að styðja þetta frv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mig langar að segja örfá orð um þetta mál jafnvel þó að ég sé ekki líffræðingur. Það hefur borið mest á þeim hingað til í umr. En það hefur þó farið svo að sú umr. öll af þeirra hálfu hefur verið lítt skiljanleg fyrir margra hluta sakir.

Í fyrsta lagi má minna á ræðu hv. þm. Guðmundar Einarssonar fyrr í umr. Þá flutti hann mikla ræðu og var greinilega mikið niðri fyrir af umhyggju fyrir selnum, trúi ég, því líffræðingar elska selinn meira en aðrir menn jafnvel þó að það kosti þjóðina tugi millj. á ári. En hvað varðar þá um það?

Þessi ræða hv. þm. Guðmundar Einarssonar var gjörsamlega óskiljanleg öllum venjulegum mönnum. Hún hefði kannske dugað í líffræðitíma uppi í háskóla eða á kjaftafundi hjá Bandalagi jafnaðarmanna þar sem menn setja saman upplognar greinargerðir um samþm. sína án þess að vita nokkurn skapaðan hlut hvað þeir eru að gera. Nenni ég ekki að nefna dæmi um það, það hefur öll þjóðin hlustað á, þannig að ég tek ekki mikið mark á því.

Hitt er annað mál að annar líffræðingur, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hefur verið miklu skiljanlegri, þ. e. maður hefur skilið hvað hann var að fara. Hins vegar skil ég ekki hvernig stendur á því að hann lætur sig hafa það að segja að það sé illa unnið í hv. sjútvn. (**KP:** Guðmundur J. sagði það líka um daginn.) Misskilningurinn er víða, það heyri ég á hv. þm. Ég þekki enga nefnd sem hv. 5. þm. Austurl. hefur verið með á sínum snærum sem hefur unnið betur en sjútvn. Hún vill þó afgreiða mál. En hv. 5. þm. Austurl. biður nú hv. þm. í þessari deild að betur sé farið ofan í saumana á frv. Það er bara búið að vera að sauma þetta frv. í tvö ár. Það tekur heldur betur tímann að átta sig á því eins einfalt og það er og eins gott og það er þar sem tillit er tekið til nánast allra sem málið varðar. Það er enginn vandi að lesa það ef menn nenna því, fyrir utan það þegar fyrrv. hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson kvartar undan því að það sé slitin einhver tætla út úr landbrn. Það er eðlilegt að hann hafi svolitla umhyggju fyrir því að allt vald sé ekki þaðan tekið. En ég held að það sé bara til góðs að taka vald af því rn. því að það er mín skoðun að þar hafi lítið verið stjórnað nú um alllanga hríð, enda held ég að þetta sé bara misskilningur. Þó menn leiti að þessu í frv. þá er hvergi minnst á landbrn. enda hefði þetta frv. ekki verið eins gott ef það hefði verið.

Bændur mega veiða þorsk og enginn kvakar í landbrn. út af því. Því skyldu þeir ekki mega veiða sel þó að sjútvrn. hafi þar milligöngu? Auðvitað. Aðalatriðið er að menn átti sig á því af hverju verið er að leggja fram frv. af þessu tagi og af hverju er verið að reyna að koma þeim mönnum, sem eru á móti því að veiða sel, í skilning um að við verðum að gera það vegna þess einfaldlega að selurinn er einn aðalhýsill hringormsins. Hringormur hefur vaxið ótrúlega mikið í fiski við Ísland og útsel hefur fjölgað stórlega og er ekki ómerkari heimild fyrir því en í þessari bók sem allir hafa getað vitnað til um sel og hringorma.

Í ýmsum íslenskum lögum um selveiðar eru nokkuð hrottalegar aðferðir leyfðar við að drepa sel. Enginn af elskendum selsins hefur kvartað undan því hingað til svo að ég viti til. T. d. segir í lögum frá árinu 1932, þar sem kveðið er á um útrýmingu sels í Húnaósi, í 1. gr. með leyfi forseta:

„Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi.“ — Útrýma sel úr Húnaósi. Af hverju?

Húnvetningar voru að mótmæla því að það væri drepinn selur. Er ekki Húnaós í Húnavatnssýslu? Mig grunar það. Þó er ég nú ekki kunnugur uppi á landinu, þekki betur til þarna úti á sjó. Nei, það mátti drepa hann, það var sjálfsagt að útrýma honum. Ef hann hafði bitið silung eða nartað í lax, þá mátti drepa hann. Þá er ekki umhyggjan. Ef eitthvert stangveiðifélag hafði misst sporð í kjaftinn á sel þá máttu ákveðnir aðilar hafa einkarétt á því að útrýma sel. Sér er nú hver umhyggjan. Og þetta er víðar.

Raunar er skv. núgildandi lögum nr. 76 frá 1970 leyfilegt að drepa sel með öllum tiltækum ráðum ef hann er einhvers staðar í námunda við silung. Ef hann vegur eitthvað að laxveiði eða silungsveiði þá má drepa jafnvel hvern sem er, svo heilagt er það mál.

Herra forseti. Umsagnir um þetta frv., sem nefndin hefur farið í gegnum, eru með mismunandi hætti. Þar er varla um neinn óljósan lit að ræða, heldur liggur við að þar sé litrófið aðeins svart og hvítt. Ég hirði ekki um að lesa þær umsagnir en vil þó leyfa mér að nefna álit frá Fiskifélagi Íslands og frá Fiskiþingi og fleiri aðilum í sjávarútvegi. Það eru ófagrar lýsingar. Þar er t. d. nefnt hversu gífurlega dýrt þetta hringormavandamál er orðið þjóðinni. Þar er talað um 60 milljónir á verðlagi 1982. Og með duglegum ríkisstjórnum höfum við getað hækkað þessar 60 millj. í a. m. k. 120 á þessum tíma — miklu meira, Drottinn minn, þannig að þarna eru gífurlegir fjármunir í veði. Þessir menn, sem eiga allt sitt undir sjávarútvegi, eins og raunar þjóðin öll, hafa áttað sig á því að það er mikið samband milli sela og hringorma í fiski. Það fer auðvitað ekki milli mála jafnvel þó einhverjir vísindamenn — sem svo kalla sig — segist ekki geta sannað það. Sambandið er svo ljóst að ég tel fulla ástæðu til þess að gera róttækar ráðstafanir til að fækka þessum smitberum og sníkjudýrum, jafnvel þó að einhver nefnd úti í bæ, sem semur svona langhunda, hafi ekki fundið óræka sönnun fyrir því.

Þeir frændurnir, hv. 5. þm. Austurl. og hæstv. landbrh., hafa komið hér upp í stólinn og talað um þetta mál og vitnað hvor í annan. Ég tek ekki mikið mark á því. En fyrr við þessa umr. var okkur í hv. sjútvn. sendur tónninn heldur betur þar sem við vorum sakaðir um að hafa ekki reynt að ná samkomulagi. Hvílík ósanngirni og óskammfeilni. Allan tímann vorum við að reyna að ná samkomulagi. Og það tókst næstum því alveg. Af sjö nm. skrifuðu sex undir athugasemdalaust. Og sex af sjö hefur ævinlega þótt allgott í því tilliti, þannig að lengra varð ekki komist, enda næstum augljóst með tilliti til þess hver var á móti. Þeim hv. þm. verður ekki snúið því að þar er um trúarbrögð að tefla

sem eru kölluð vísindi. Ég neita því algjörlega að við höfum ekki reynt að draga þennan hv. þm. í okkar dilk. Við reyndum það. En hann var rangt markaður og þess vegna gátum við ekki gengið lengra en gert var.

Herra forseti. Um þetta má auðvitað margt segja. Hér hefur verið mikið vitnað til bréfs nokkurs sem barst frá Vestfirðingi, sem heitir Játvarður Jökull og er Júlíusson, hinn merkasti maður, og hvað svo sem segja má um efni hans bréfs þá er óhætt að fullyrða það að hann skrifar betra mál en hinir sem hafa verið að reyna að verja það að berja niður þetta frv. Hins vegar var aðalefnið í hans erindi það að hafa ekki hlunnindi af bændum. Vísindalegra var það ekki. En í þessu frv. er svo sannarlega tekið tillit til bænda eins og allra annarra aðila sem málið snertir. Mennirnir hafa bara hreinlega ekki lesið frv. eða ekki áttað sig á því hvað þar stendur. Og það er ekki mín sök.

Hitt kunni ég afar illa við að heyra nú í annað sinn eða þriðja í þessari einu umræðu veist að ákveðnum manni úti í bæ sem ekki getur varið sig hér. Þar er um að ræða hlunnindaráðunaut, hvað svo sem það er. Hann er eitthvað frá Sambandinu eða landbrn. og ekki man ég hvað hann heitir. En mér finnst það ákaflega óviðfelldið þegar hv. þm. segja hér úr ræðustóli um mann, jafnvel þótt haft sé eftir öðrum, í tvígang eða þrígang um þennan mann „að betra er autt rúm en illa skipað". Þetta er argasti ruddaskapur jafnvel þó að menn geri það brosandi og að því er virðist með kurteislegu yfirbragði. Ég vil fyrir mitt leyti harma að slíkt skuli eiga sér stað því það er ósæmilegt að haga sér með þessum hætti.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Við höfum haft með þetta að gera í rn. En ég vil samt segja það að ég fagna því að selveiðar, eins og aðrar veiðar á sjávardýrum, séu settar undir sjútvrn. Það er hið eðlilega. Hitt eru leifar af ævagömlum búskaparháttum og við höfum gert of mikið í því að halda í þá búskaparhætti. Okkur er m. a. s. nauðsyn að gera þar miklar breytingar á. Það getur varla verið mjög sárt fyrir landbúnaðinn að færa þennan málaflokk yfir til sjútvrh. úr því að hann er ekki þar í verri höndum en í landbrn.

Það er að mínum dómi einnig mjög mikilvægt að kveða mjög skýrt á um það hver eigi að annast rannsóknir á selum við Ísland. Það er alveg ljós grein.

Full ástæða er til að fagna því einnig að sjútvrn. skuli hafa samráð við aðila málsins, svo við orðum þetta nú á stofnanamáli, þ. e. þá sem vilja vernda náttúru landsins, þá sem annast rannsóknir og þá aðila sem varða bændur, sem sagt Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Þarna er vel skipað og rétt að mínum dómi og ekki ástæða til að þenja sig yfir því klukkutímum saman án þess að benda í rauninni á nokkrar haldbærar röksemdir gegn þessari grein.

Í 4. gr. segir mjög skýrt — og mættu þeir sem hafa verið að kvarta hvað varðar réttindi bænda athuga það: „Landeiganda er einum heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni." Þetta getur varla skýrara verið. Alltaf er allt gert fyrir bændur. Skal ég ekki gráta það, ekki að þessu sinni. Hitt er svo annað mál þegar menn eru komnir á haf út, á eina 115 metra, þá eru menn komnir allfjarri landi bænda og þar er talið rétt að aðrir megi drepa þessi dýr því að þess þarf. Því miður hefur það verið þannig undanfarin ár að bændur hafa vanrækt — svo ég segi ekki svikist um, það er kannske of ljótt orð — að drepa kópa eins og þeir hafa áður gert. En þeir hættu því vegna þess að þeir höfðu ekki nógu mikinn pening fyrir það.

Það er sorglegt að fylla fiskinn í kringum landið af hringormi vegna þess að bændur græði ekki nógu mikið á skinnunum. Ekki hef ég samúð með því sjónarmiði. Þess vegna verður að ganga í að drepa þessi dýr þegar við erum komnir á haf út, eins og segir hér í frv. Það mun vera talsvert á fjórða hundrað fet.

Einstaka maður hefur býsnast mjög yfir texta 6. gr. og kvartar enn einu sinni yfir því hvað ráðh. hafi mikil völd. Það er bara eins og þessir menn séu fæddir í gær. Hverjir hafa haft völdin yfir viðkomandi málaflokki? Auðvitað ráðh. Það er kannske svona hættulegt vegna þess að það er Halldór, hæstv. ráðh. Ég get ekki séð það. Það vald, sem ráðh. er fengið í hendur, felst m. a. í því að geta bannað selveiðar, ekki ætti neinn að harma það af andstæðingum þessa frv., takmarka selveiðar í ákveðinn tíma, friða ákveðnar tegundir sela. Allt þetta má og verður gert meira og minna og settar reglur um vísindalegan tilgang og það allt saman.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að beina því til hv. deildarmanna að þeir létu það ekki koma fyrir aftur að þetta frv. dagi uppi annað árið. Hvað segir fólk í landinu þegar það fréttir af því að nauðsynjamál af þessu tagi gangi ekki hér fram í þinginu ár eftir ár? „Hvað eru mennirnir að gera?" spyr fólk. „Fyrir hvað fá þessir menn kaup? Eru þeir að fresta frv. í löngum bunum hér ár eftir ár til þess að hafa eitthvað að gera?" Hv. þm. verða nú að taka á sig rögg og taka afstöðu, ákveða en ekki skoða, rannsaka og skilgreina fram og til baka án þess að koma nokkrum sköpuðum hlut í verk.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. seinasta þm. að það sé nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu til mála, afgreiði þau, ákveði sig. Mér hefur reyndar þótt það mikill ljóður á þinginu að það væri mikil lenska að láta mál daga uppi í nefndum og það væri þinginu til vansa að ekki væri tekin afstaða til þeirra mála sem fram eru lögð, og ég veit að það er ekki til siðs að viðhafa þau vinnubrögð í öðrum þingum.

En þetta frv. er í rauninni einungis um eitt efnisatriði. Það er að selveiðar skuli frá gildistöku þessara laga heyra undir sjútvrn. en ekki landbrn. Ef við lítum á hinar greinar frv. eru þær nánast innihaldslausar. Ég held að rangt sé að flytja selveiðarnar frá landbrn. til sjútvrn. og fyrir því er ákaflega einföld röksemd. Það er nú einu sinni svo að þeir sem selveiðar stunda eru bændur. Þetta er aukabúgrein, ef menn svo vilja kalla það, og bændur hafa sitt undir landbrn., og þess vegna er eðlilegt samhengi í því að selveiðar séu þar líka.

Ég hef aldrei litið svo á að selveiðar ættu að flokkast með fiskveiðum eða að menn þyrftu mikinn skipastól eða mikinn tæknibúnað til þess að stunda selveiðar. Ég tel að þessar veiðar séu alls óskyldar þeim sjávarútvegi sem við stundum að öðru leyti þegar við erum að veiða fisk eða jafnvel þó að við séum að veiða hval sem mér er þó sagt að hér hafi verið samþykkt að menn skyldu hætta. Af þessari einföldu ástæðu finnst mér rétt að þetta heyri undir landbrn. en ekki sjútvrn.

Nú segja menn: Já, en hringormurinn er mikið

vandamál. — Það er alveg rétt. Og selurinn etur mikinn fisk. En mér finnst að það eigi ekki að ráða því að selveiðarnar eigi að vera undir landbrn. Mér finnst að þeir sem greinina stunda og eðli greinarinnar eigi að ráða því hvar þessum málum er skipað og við eigum að hafa manndóm í okkur til þess að leysa málin í þeim rn. þar sem þau eiga best heima og undir þeirri yfirstjórn. Það er mitt viðhorf. Þess vegna held ég að megineinkenni þessa frv. séu ekki á réttum rökum reist.

Ég tel alveg sjálfsagt að við höldum selastofnunum í skefjum. Ég tel alveg sjálfsagt að við nýtum selastofnana. En nú árar svo um þessar mundir að það fæst ekki hátt afurðaverð fyrir selina. Hins vegar horfa menn á vandamálin varðandi hringorminn og þá segja menn: Þá verðum við að flytja þetta milli rn. — Það geta ekki verið rök í málinu vegna þess að aðstæður geta að fáeinum árum liðnum verið allt aðrar. Þá getur vel verið að önnur hver kona í allri Evrópu og norðanverðri Ameríku vilji endilega ganga í selskinni og þetta verði hin arðbærasta búgrein. Þess vegna eiga það ekki að vera rök í málinu. Og ég segi það aftur: Ég tel að það sé ekki rétt að flytja þetta frá landbrn. til sjútvrn. Þetta á heima í landbrn. M. a. hefur hv. þm. Guðmundur Einarsson stundað selveiðar sem ungur maður og gerði það ekki sem sjómaður, heldur sem aðstoðarmaður á jörð sunnanlands, maður í störfum þar.

Lítum á aðrar greinar þessa frv.

Í 2. gr. er beinlínis tekið fram varðandi þá grein að þar sé aðeins um staðfestingu að ræða á því sem sé í öðrum lögum. Þá þarf ekkert endilega ákvæði 2. gr.

Í 3. gr. er fjallað um það, sem menn hafa hér mest um talað, hvort skuli vera samráð eða nefnd. Ég tel að það skipti engu meginmáli. Ég tel að menn eigi að geta ráðið fram úr þeim vandamálum sem hér um ræðir án þess að til komi nein sérstök lög. Ef menn vilja auka veiðar á sel eiga þeir að beita til þess efnahagslegum aðgerðum, gera mönnum arðbært að veiða selinn, eins og reyndar hafa verið gerðar tilraunir til. Ég sé ekki annað en að það sé hægt alveg án tillits til þess undir hvaða rn. þetta heyrir og alveg án tillits til þess hvort þessi lög verða samþykkt eða ekki. Vitaskuld er það hægt. Það er ekkert sem stendur í veginum fyrir því.

Hugmyndir hv. þm. Pálma Jónssonar um veiðikvóð líst mér hins vegar ekki á. Ég tel að það sé ekki hægt að leggja það á menn, vegna þess að þeir eigi land að sjó þar sem eru sellátur eða eitthvað slíkt, að nú skuli þeir skyldugir til þess að drepa svo og svo mikið af sel eða kóp. Rétta aðferðin er sú að gera mönnum arðbært að stunda þessar veiðar. Úr því að ljóst er að sjávarútvegsgreinarnar telja að það sé mikill hagur fyrir þær að þessum veiðum sé haldið áfram geta þær vitaskuld staðið undir styrk eða niðurgreiðslum, eða hvað menn vilja kalla það sem hér um ræðir, til þess að halda selastofnunum í skefjum með eðlilegum veiðum og til þess að þessar afurðir verði þá nýttar í dýrafóður og þar fram eftir götum. Til þess þarf engin lög. Þess vegna þarf hvorki samráð né nefnd af þeim sökum og ekki heldur þessi lög.

Menn hafa gagnrýnt að einhver ráðh. hafi árið 1979 skipað hringormanefnd með bréfi og falið henni rannsóknarverkefni og það væri að líkindum lögbrot. Þetta hefur viðgengist síðan engu að síður. En ef þetta er lögbrot þarf ekki annað en nýtt bréf frá ráðh. þar sem rannsóknirnar eru framkvæmdar skv. þeim lögum sem menn telja að séu í gildi, auðvitað á ábyrgð og undir yfirumsjón Hafrannsóknastofnunar. Ég er sannfærður um að þessi ráðh. skrifaði ekki þetta bréf vegna þess að hann langaði endilega til að brjóta lögin eða setja Hafrannsóknastofnun út í horn. Hann hreinlega vissi ekki um að þarna væri hugsanlega farið yfir mörk laganna og það varð enginn til þess að benda honum á það. — Og ég þykist geta trútt um talað því að ég skrifaði þetta bréf.

Í 4. gr. laganna er staðfestur sá einkaréttur sem þegar er í lögum. Þessi einkaréttur er í lögum og það er vísað til tilskipunar sem er í gildi. Þá þarf ekki 4. gr. laganna.

Með 5. gr. á að banna selveiðar innan 200 sjómílna. Ég lít svo á að þau lög, sem í gildi eru varðandi landhelgina, séu þess eðlis að engum lifandi útlendingi detti í hug að fara inn fyrir 200 mílurnar til þess að fara að elta sel, hvað þá að fara hér upp í landsteinana, upp í 117 metra eða 116. Ég sé ekki að þessi grein skipti nokkru máli.

Í 6. gr. eru upp taldir alls konar reglugerðarmöguleikar fyrir ráðh. Það hefur reyndar verið mjög gagnrýnt á undanförnum árum að menn væru að kæfa sig í reglugerðum og flóknum atriðum og það stæði atvinnulífi fyrir þrifum. Ég veit ekki annað en t. d. þm. Sjálfstfl. hafi tekið mjög undir þá gagnrýni að það reglugerðarfargan, sem menn væru að flækja sig í, væri vafasamt. Ég held að það sé hægt að ná öllum þeim markmiðum sem þarna eru sett án þess að settar séu nýjar lagaheimildir um reglugerðir. Ég held að allar þær heimildir sem menn þurfa séu í raun fyrir hendi, enda séu menn þá tilbúnir til þess að beita þeim aðferðum sem eðlilegastar eru.

Það er líka annað í sambandi við reglugerðir sem menn ættu að hafa í huga. Reglugerðir eru ákaflega óþægilegt stjórnform fyrir þolandann vegna þess að ráðh. getur breytt reglugerðum með litlum fyrirvara, þannig að það sem gilti í dag gildir ekki á morgun. Menn eiga að forðast reglugerðir eftir mætti.

Herra forseti. Ég hef hér farið í gegnum allar greinar frv. Efnislega sé ég ekki að það sé þörf á greinum 2—6, hvað þá 7 eða 8, en 1. gr. frv. er vissulega um efnisatriði, undir hvaða rn. selveiðar skuli falla, og ég er ósammála þeirri grein. Ég tel að eðli máls skv. og vegna þess að hér er um búskap að ræða eigi selveiðar að heyra undir landbrn. og menn eiga að hafa manndóm til að leysa sín mál án þess að vera að flytja þau á milli rn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 69. fundur.

Fimmtudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Samgönguleið um Hvalfjörð, þáltill. 413. mál (þskj. 679). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum, þáltill. 417. mál (þskj. 685). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi, þáltill. 100. mál (þskj. 104, n. 618 og 628). — Síðari umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 618 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32:13 atkv.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. 199. mál (þskj. 226). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sölu- og markaðsmál, þáltill. 311. mál (þskj. 496). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi, þáltill. 358. mál (þskj. 571). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útboð á neyslu- og fjárfestingarvörum, þáltill. 330. mál (þskj. 527). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Réttarstaða heimavinnandi fólks, þáltill. 392. mál (þskj. 633). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Bætt aðstaða hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu, þáltill. 350. mál (þskj. 558). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, þáltill. 202. mál (þskj. 231, n. 546). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 698).

Búnaðarfélag Íslands, þáltill. 24. mál (þskj. 24). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Orkufrekur iðnaður á Vesturlandi, þáltill. 377. mál (þskj. 535). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þátttaka ríkissjóðs í uppbyggingu atvinnulífs, þáltill. 354. mál (þskj. 564). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþjóðleg tækni í rekstri, þáltill. 362. mál (þskj. 575). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár. 97

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 2. landsk. þm. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár. Það skal tekið fram að þegar hafa 10 þm. kvatt sér hljóðs í þessari umr. utan dagskrár. Það kann að vera að ekki séu öll kurl komin til grafar nú þegar í þessu efni. Af þessu er ljóst að það er áríðandi að hv. þm. sýni hver öðrum þá tillitssemi að sem flestir geti komist að í umr. þessari. Og því fremur er nú lögð áhersla á þetta þar sem gert er ráð fyrir að þessum þingfundi verði lokið um kl. 4. Auk þess er þess að minnast að fyrir fundinum liggur dagskrá sem sinna þarf.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í maí 1984 samþykkti Alþingi þáltill. frá þm. Alþfl. sem fól í sér afnám bílakaupafríðinda embættismanna. Það kom því mjög á óvart, svo ekki sé meira sagt, þegar upplýst var fyrir páska í fjölmiðlum að samþykkt hefði verið 450 þús. kr. árlegur vísitölubundinn launaauki til bankastjóra ríkisbankanna og forstjóra Framkvæmdastofnunar þannig að áður umsamin bílahlunnindi verði sem næst þau sömu og verið hafa en greiðist eftirleiðis sem launaauki.

Það er alveg ljóst að þessi samþykkt gengur þvert á vilja Alþingis í þessu efni. Af því sem fram hefur komið má draga þá ályktun að bankastjórar og forstjórar Framkvæmdastofnunar eigi í engu að missa af þeim hlunnindum sem þeir áður höfðu þótt hlunnindin komi nú í öðru formi. Hér er um að ræða ákvörðun sem er allt í senn: lögbrot, siðleysi og gróf ögrun við launafólk í landinu. Þó ákvörðun um þessar hlunnindagreiðslur hafi verið tekin af bankaráðunum er ábyrgðin ekki síður hjá ríkisstj. sem hefur haft að engu vilja Alþingis um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Þetta mál snýr líka að Alþingi Íslendinga. Bankaráðin eru kosin af Alþingi og fara með vald sitt í umboði þess. Fimm af sex þingflokkum hafa með einum eða öðrum hætti ályktað í þessu máli og lýst vanþóknun sinni á þessari ákvörðun bankaráðanna. Þetta mál er svo alvarlegt, ekki síst í ljósi þess að ákvörðunin um vísitölubindingu launaaukans er lögbrot, að þm. geta ekki látið nægja að lýsa almennri vanþóknun og hneykslan í þessu máli. Ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að taka umboðið af bankaráðunum, afturkalla umboð bankaráðsmanna og kjósa ný bankaráð. Þeir bankaráðsmenn, sem að þessari ákvörðun stóðu, hafa brugðist skyldu sinni, brugðist trúnaði við Alþingi Íslendinga sem veitir þeim umboð til þessa ábyrgðarstarfs. Við því á Alþingi að bregðast með því að afturkalla umboð þeirra bankaráða sem nú sitja, sem sennilega þarf að gera með lögum, og kjósa ný bankaráð.

Mér er ljóst að allir þeir bankaráðsmenn sem nú sitja bera ekki ábyrgð á þessari dæmalausu ákvörðun. En með þeirri leið, sem ég hef hér lýst, gefst Alþingi Íslendinga tækifæri til að svipta þá bankaráðsmenn umboði sem brugðist hafa trúnaði við Alþingi og þjóðina og þá að endurnýja umboð til þeirra sem Alþingi telur trausts verða.

Það er forkastanlegt og ber að fordæma harðlega og gera viðhlítandi ráðstafanir, eins og ég hef hér lýst, þegar hæstlaunuðu embættismenn ríkisins, sem hafa fyrir nálægt sexföld árslaun lágtekjufólks fyrir dagvinnu, fá síðan afhent á gulldiski til viðbótar a. m. k. nálægt þreföldum árslaunum verkafólks í dagvinnu og það í bílastyrk. Á hverjum mánuði árið um kring er hér um að ræða aukasporslu til bankastjóra sem svarar til fjögurra mánaða framfærslueyris fjölda elli- og örorkulífeyrisþega. En fyrir liggur að milli tíu og ellefu þúsund aldraðra og öryrkja þurfa að framfleyta sér á hverjum mánuði á fjórða parti þeirrar upphæðar sem nú á einu bretti er afhent bankastjórum ríkisbankanna í bílahlunnindi.

Þetta er hneyksli og algert siðleysi og staðfestir svo ekki verður um villst að hér búa tvær þjóðir í einu landi. Sífellt er að breikka bilið milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu. Spilling og hvers kyns aðstöðumunur virðast fara vaxandi. Stórir hópar í þjóðfélaginu virðast vera í aðstöðu til þess að skammta sér laun og ákvarða sjálfir hvað þeir greiða til samneyslunnar. Á lokuðum fundum bankaráðanna eru teknar siðlausar ákvarðanir um sérstök hlunnindi þeim til handa sem bestu launakjörin hafa í ríkiskerfinu á meðan sífellt er verið að skerða kjör þeirra lægra launuðu sem hitann og þungann þurfa að bera af öllum efnahagsráðstöfunum. Er nokkur furða þó þetta komi eins og köld vatnsgusa framan í launafólk í landinu? Kennarana sem stóðu í fleiri vikna kjarabaráttu þar sem krafan var að dagvinnulaun þeirra yrðu ⅔ af því sem bankastjórar stinga í vasann sem bílastyrk? Eða lægst launaða fólkið í landinu sem með kjarasamningum s. l. haust fékk hækkaða lágmarkstekjutryggingu um liðlega 1000 kr. á mánuði eftir að hafa þurft að sæta 30% kjaraskerðingu á undanförnum mánuðum?

Láglaunafólkið þurfti sem sagt að sætta sig við hækkun á lágmarkstekjutryggingunni s. l. haust sem svarar til 2—3% af þeirri greiðslu sem bankastjórarnir stinga nú í vasann sem extra sporslu ofan á sexföld dagvinnulaun verkafólks. Kannske sýnir það líka glöggt hve gífurlegt misréttið er orðið í tejuskiptingunni milli þjóðfélagshópa í landinu, sem ég hef margoft bent á úr þessum ræðustól, að það tekur Sóknarkonuna, Iðjukonuna, konuna á skrifstofunni, í versluninni, verkamanninn í Dagsbrún og afgreiðslustúlkuna í bankanum, sem bankaráðið ákveður líka launin fyrir, níu ár í dagvinnu að vinna fyrir einum árslaunum bankastjórans.

Það er líka aldeilis furðulegt og ófyrirleitið að bankaráðin, sem kjörin eru af Alþingi Íslendinga, skuli hafa gengið svo langt í þessari makalausu ákvörðun að brjóta landslög og ákvarða að þessi hlunnindi skuli hækka skv. lánskjaravísitölu. Steininn tekur auðvitað úr ef sumir þeirra alþm., sem sæti eiga í bankaráðum, hafa tekið þátt í þessari lögleysu og það með þeim hætti að greiða fyrst á Alþingi Íslendinga atkvæði með afnámi verðbóta á laun í landinu og mæta síðan á lokuðum bankaráðsfundum og greiða atkvæði með vísitölubundinni hlunnindagreiðslu til bankastjóra og það með viðmiðun við lánskjaravísitölu sem er ein helsta ástæðan fyrir þungum fjárhagslegum byrðum og greiðsluþroti fjölda heimila í landinu. Sem sagt, því þyngri sem greiðslubyrði launafólks verður vegna hækkunar á lánskjaravísitölu því hærri verður sporslan í vasa bankastjóranna. Þannig er nú komið fyrir réttlætinu í þessu þjóðfélagi. Og hvaða áhrif hefur vísitölubindingin á þessi hlunnindi bankastjóranna? Er það rétt, sem kemur fram í einu dagblaðanna, að í ákvörðun a. m. k. sumra bankaráðanna sé grunnur launaaukans 450 þús. kr. miðað við janúar 1985 og breytist með lánskjaravísitölu? Þá þýðir það að þessi launaauki hefur frá áramótum hækkað um tæpar 50 þús. kr. Hækkunin á launaaukanum ein sér frá áramótum vegna breytinga á lánskjaravísitölu þýðir sem sagt liðlega þrenn dagvinnulaun láglaunafólks í vasa bankastjórans.

Herra forseti. Af því sem ég hef hér að framan sagt er ljóst að full ástæða var til að taka þetta mál upp utan dagskrár á hv. Alþingi, ekki síst í ljósi þess að Alþingi hefur samþykkt ályktun fyrir einu ári síðan um afnám bílakaupafríðinda embættismanna. Þó að ákvörðun um þessar hlunnindagreiðslur hafi verið tekin af bankaráðunum er ábyrgðin ekki síður hjá ríkisstj. sem hefur haft að engu vilja Alþingis um afnám bílakaupafríðinda

embættismanna. Af því tilefni sem og til að óska upplýsinga ráðh. um einstaka þætti þessa máls hef ég leyft mér, herra forseti, að beina nokkrum spurningum til hæstv. viðskrh. sem hann hefur fúslega fallist á að svara.

Fyrsta spurningin beinist að þeirri ályktun sem samþykkt var á Alþingi 22. maí s. l. Í þeirri till. er kveðið á um að Alþingi feli ríkisstj. að hlutast til um afnám bílakaupafríðinda embættismanna og hæstv. forsrh. væntanlega falin framkvæmd hennar. Verður að gera ráð fyrir að að svo miklu leyti sem till. snýr að ríkisbönkunum hafi hæstv. viðskrh. verið falin framkvæmd þessa máls. Ég beini því þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvað hann hafi gert til að framfylgja ályktun Alþingis frá 22. maí 1984 um að fella niður bifreiðahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna.

Sömuleiðis er ástæða til að spyrja hæstv. sjútvrh., sem nú gegnir starfi forsrh., hvað gert hafi verið til að framfylgja vilja Alþingis um að fella einnig niður bílakaupafríðindi forstjóra Framkvæmdastofnunar og þá um leið hvort hliðstæð ákvörðun hafi verið tekin um hlunnindagreiðslur til forstjóra Framkvæmdastofnunarinnar eins og ákvörðuð hefur verið til bankastjóranna og hver hafi þá tekið þá ákvörðun. Einnig er ástæða til að spyrja hvort og þá hvenær sú ákvörðun hafi komið til framkvæmda í Framkvæmdastofnun.

Í annan stað spyr ég hæstv. viðskrh. hvort ráðh. telji að ákvörðun bankaráðanna um 450 þús. kr. árlegan vísitölubundinn launaauka til bankastjóra ríkisbankanna brjóti í bága við áðurgreinda ályktun Alþingis.

Erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um hver eru tildrög þessarar ákvörðunar bankaráðanna. Fram hefur komið í fjölmiðlum að um hafi verið að ræða að skattayfirvöld hafi gert athugasemdir við það að ekki hafi verið talið fram til skatts eða greiddur skattur af fyrri hlunnindum bankastjóra sem fólust í því að bankarnir greiddu aðflutningsgjöld þriðja hvert ár vegna bifreiðakaupa bankastjóra. Auk þess hefur því verið haldið fram að frumkvæðið að þessari ákvörðun sé komið frá bankastjórunum sjálfum vegna athugasemda skattaeftirlitsins og kröfu þess um að greiddur yrði skattur af umræddum hlunnindum. Því er nú spurt hver séu tildrög þessarar ákvörðunar. Er það vegna athugasemda skattaeftirlitsins eða er það að kröfu bankastjóranna sjálfra? Reið Seðlabankinn á vaðið í þessu efni eða var það Landsbankinn eins og haldið hefur verið fram, og þá undir forsæti bankaráðsformannsins Lúðvíks Jósepssonar? Eða hvernig er þessi ákvörðun til komin? A. m. k. verður að telja það fráleitt að með þessari ákvörðun hafi bankaráðið talið sig vera að framfylgja þeim vilja Alþingis sem fram kom í þeirri ályktun sem samþykkt var fyrir ári síðan um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Í fjórða lagi er spurt: Hver er sú viðmiðun sem lögð var til grundvallar í ákvörðun bankaráðanna um 450 þús. kr. árlegan vísitölubundinn launaauka til bankastjóra ríkisbankanna? Sérstaklega er spurt hvort innifaldar í greiðslunni séu áætlaðar skattgreiðslur vegna launaaukans. Því hefur verið haldið fram að niðurfelling á aðflutningsgjöldum, sem bankarnir greiddu áður, samsvari um 600—700 þús. kr. á þriggja ára fresti eða um 200—250 þús. kr. á ári. Mismunurinn á 450 þús. kr. launaaukanum og þeirri upphæð sem jafngilti niðurfellingu aðflutningsgjaldanna er skýrð með því að með því sé bankinn að greiða skatt af launaaukanum þannig að bankastjórarnir missi í engu þau hlunnindi sem þeir áður höfðu og jafnvel að sumir bankastjórarnir hefðu ívið meira út úr öllu saman eftir þessa breytingu.

Sé þessi skýring rétt, að opinber stofnun taki að sér skattgreiðslur starfsmanna sinna með þeim hætti sem ég hef hér lýst, þá er þessi ákvörðun þvílík svívirða ofan á lögbrotið að ríkisstj. ber ekki aðeins skylda til að bera fram tilmæli um frestun á þessum greiðslum eins og hún hefur gert, heldur að stöðva þær með öllu þegar í stað. Rökréttasta niðurstaðan væri auðvitað, eins og ég hef lýst, ef Alþingi, sem kýs bankaráðin, afturkallaði umboð það sem Alþingi hefur veitt þeim bankaráðsmönnum sem stóðu að þessari ákvörðun. Um það hlýtur Alþingi að fjalla.

Verði þessar greiðslur ekki stöðvaðar með öllu er það líka rökrétt framhald þessa máls að verkalýðshreyfingin setji á oddinn í næstu kjarasamningum að allar launagreiðslur undir 25 þús. kr. á mánuði skuli undanþegnar öllum opinberum gjöldum. Þetta væri krafa sem hvorki fjmrh. né forsrh. né þessari ríkisstj. í heild sinni væri stætt á að standa gegn ef þau bregðast ekki af fyllstu hörku við þessari makalausu ákvörðun bankaráðanna. Því að það er ljóst að ef bankastjórar, sem að sögn hafa 80—100 þús. kr. í mánaðarlaun, eru samt svo á flæðiskeri staddir að þeir geti ekki greitt skatta af sporslum sem þeir fá til bílakaupa, þá geta hvorki stjórnvöld né aðrir ætlast til þess af hinum almenna launamanni, sem hefur sex- til nífalt minni mánaðartekjur en bankastjóri, að hann geti greitt sína skatta. Það teldist líka góð búbót í kjarasamningum ef um það væri hægt að semja að opinberar stofnanir stæðu straum af rekstri og viðhaldi bifreiða starfsmanna sinna, þ. e. þeirra sem á annað borð hafa efni á að kaupa sér bifreið. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvort rekstur og viðhald bifreiða bankastjóranna sé reiknað inn í þennan launaauka eða hvort bankarnir standi sérstaklega með öðrum hætti undir rekstrarkostnaðinum.

Því er haldið fram í fjölmiðlum að bankarnir standi straum af rekstrarkostnaði bifreiða bankastjóranna. Sé svo og því verður ekki breytt getur hæstv. fjmrh. varla farið að standa gegn því þó krafa komi fram frá opinberum starfsmönnum í næstu kjarasamningum um að ríkisstofnanir standi undir rekstrarkostnaði bifreiða starfsmanna. Rökin eru einföld. Ef fjmrh. og aðrir ráðherrar í þessari ríkisstj. leggja blessun sína yfir það að ófært sé að leggja á bankastjóra, sem hafa 80—100 þús. kr. laun á mánuði, að greiða rekstrarkostnað af sínum eigin bifreiðum, þá hlýtur það að vera deginum ljósara að ekki er heldur hægt að leggja á opinbera starfsmanninn, sem hefur 15—20 þús. kr. í tekjur á mánuði, að greiða rekstur sinnar bifreiðar.

Sú spurning er einnig lögð hér fyrir hæstv. viðskrh. hver séu að öðru leyti launakjör bankastjóra. Hver eru föst laun bankastjóra og önnur fríðindi eða hlunnindi sem bankastjórar hafa? Um það eru ýmsar sögur á kreiki sem ég skal ekki rekja hér frekar en ætlast til þess að hæstv. viðskrh. hafi haft tækifæri til að kynna sér það og upplýsa þingheim um það mál þannig að ekki séu getgátur uppi um það, heldur fáist hreint borð í því efni.

Í fimmta lagi er spurt um það hvort aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar hafi launaauka eða bifreiðafríðindi í einhverju formi.

Í sjötta lagi er um það spurt hvort leitað hafi verið samþykkis ráðh. á ákvörðuninni um launaaukann. Til þess er þar vitnað að í 8. gr. laga nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands, er að finna ákvæði um að laun bankastjóra skuli ákveðin af bankaráði með samþykki ráðh. Spurt er einnig um það hvort ákvörðun bankaráðanna um launaauka bankastjóranna hafi þegar komið til framkvæmda í ríkisbönkunum og þá hvenær og að hve miklu leyti.

Að lokum, herra forseti, vil ég leggja eftirfarandi spurningar fyrir ráðh.:

Hver er skoðun viðskrh. á þessari ákvörðun bankaráðanna og er viðskrh. tilbúinn að beita sér fyrir því að þessi hlunnindi verði afnumin og að ákvörðunarvald um launakjör bankastjóra verði tekið úr höndum bankaráðanna?

Herra forseti. Um leið og ég þakka fyrir að fá að hefja þessa umr. utan dagskrár og hæstv. viðskrh. fyrir að verða við ósk minni um að svara þeim spurningum sem ég hef hér fyrir hann lagt, þá vænti ég þess að hæstv. ráðh. gefi skýr og afdráttarlaus svör við þessum spurningum.

Þingflokkur Alþfl. hefur þegar lýst andstöðu sinni á þessari ákvörðun um launaauka til bankastjóranna og skorað á ríkisstjórn Íslands að framfylgja þegar í stað samþykkt Alþingis í þessu máli. Jafnframt hefur þingflokkurinn skorað á bankaráðsmenn, sem stóðu að þessari löglausu samþykkt, að segja af sér þegar í stað og á Alþingi Íslendinga að samþykkja fyrirliggjandi lagafrv. Eiðs Guðnasonar og Karls Steinars Guðnasonar um að afnema bifreiðafríðindi ráðherra þegar á þessu þingi. Vænti ég þess að hæstv. viðskrh. sé tilbúinn til að beita sér fyrir því, sem og aðrir ráðherrar í þessari ríkisstj., að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Það skulu vera mín lokaorð hér að með þessari ákvörðun bankaráðanna hefur verið vakin upp réttmæt reiði og gremja fólks yfir þeirri spillingu, siðleysi og misrétti sem viðgengst í kjörum og aðbúnaði fólks hér á landi. Þessi ákvörðun, sem greinilega var ekki ætluð fyrir augu almennings, hefur opnað glufu að neðanjarðarhagkerfi hlunnindanna, fríðindanna, launaaukanna, duldu greiðslnanna og skattsvikanna sem eru meginorsök þess að hér búa tvær þjóðir í einu landi. Hafi ríkisstj. ekki manndóm í sér til að taka af fyllstu hörku á þessu máli er eins gott að hún geri sér grein fyrir því að með því kyndir hún enn frekar undir þá miklu gremju og reiði sem þessi ákvörðun bankaráðanna hefur kveikt hjá fólkinu í landinu. Þá er eins gott að ríkisstj. geri sér grein fyrir afleiðingunum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. óskaði eftir því við mig að fá að bera fram hér á þingi fsp. vegna þess, sem fram hefði komið, að bankaráð ríkisbankanna hefðu gert samþykkt um greiðslu ákveðinnar upphæðar í stað greiðslna sem þeir áður höfðu innt af hendi vegna bifreiðakaupa bankastjóranna.

S. l. þriðjudag ritaði ég bankaráðunum bréf þess efnis að ég óskaði eftir greinargerð varðandi þessar samþykktir og fór fram á það að framkvæmd samþykktanna yrði frestað þá þegar. Hv. þm. lét mér í té þær fsp. sem hér voru bornar upp áðan, þannig að ég hafði nokkurn tíma til þess að afla mér upplýsinga og til þess að geta gefið svör við þeim hér og nú.

Fyrsta fsp. hv. þm. er: Hvað hefur viðskrh. gert til þess að framfylgja ályktun Alþingis frá 22. maí 1984 um að fella niður bifreiðahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna?

Það eru bankaráðin sem fara með launakjör bankastjóra skv. lögum og það er því í slíku tilfelli hægt fyrir rn. að beina tilmælum til bankaráðanna, eins og gert var s. l. þriðjudag varðandi þessa samþykkt, og slíkt væri hægt að gera í sambandi við launakjör þeirra að öðru leyti. En þegar þál. frá 22. maí var samþykkt, þá hafði á vegum forsrn. verið unnið að endurskoðun á bifreiðamálum ríkisins og ríkisstofnana. Viðskrn. taldi rétt að bíða eftir niðurstöðu þeirrar endurskoðunar áður en hafist væri handa um tillögur um breytingar í bifreiðamálum ríkisbankanna.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur viðskrh. að ákvörðun bankaráðanna um 450 þús. kr. árlegan vísitölubundinn launaauka til bankastjóra ríkisbankanna brjóti í bága við áðurgreinda ályktun Alþingis?

Það að vísitölubinda launagreiðslur er andstætt lögum nr. 71/1983, um launamál, það er ljóst. En meginatriðið í þeirri ákvörðun, sem bankaráðin hafa tekið í þessu máli, er hins vegar að bankastjórum verði greidd ákveðin fjárhæð sem komi í staðinn fyrir fyrirkomulag sem gilt hefur frá 1970. Sú regla er í því fólgin að bankastjórar ríkisbankanna hafa getað endurnýjað bifreiðar sínar á þriggja ára fresti með því að bankastjórar hafa greitt innflutningsverð þeirra, en bankarnir aðflutningsgjöld þessara bifreiða. Sú breyting, sem í þessu felst, virðist vera í meira samræmi við þál. en sá háttur sem tíðkast hefur.

Á það skal bent að þál. gerði ekki ráð fyrir að launakjör bankastjóra breyttust frá því sem verið hafði. Hins vegar má svo alltaf deila um hver launakjör þeirra eigi að vera eins og launakjör annarra, en ákvörðun bankaráðanna virðist ekki ætlað að breyta kjörum þeirra, heldur breyta formi þessara mála.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Hver eru tildrög þessarar ákvörðunar?

Tildrög þessarar ákvörðunar bankaráðanna eru, skv. þeim upplýsingum sem fengist hafa, komin til eftir ábendingu frá löggiltum endurskoðendum bankanna þar sem tekið var fram að eldri reglan væri umdeilanleg í skattalegu tilliti.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Hver er sú viðmiðun sem lögð var til grundvallar í ákvörðun bankaráðanna um 450 þús. kr. árlegan vísitölubundinn launaauka til bankastjóra ríkisbankanna? Sérstaklega er spurt hvort innifalið í greiðslunni sé eftirfarandi: áætlaðar skattgreiðslur vegna launaaukans, rekstur og viðhald bifreiða bankastjóranna — eða standa bankarnir með öðrum hætti undir rekstrarkostnaði? Hver eru að öðru leyti laun bankastjóra?

Sú fjárhæð, sem hér um ræðir, er sögð fundin með því að reikna aðflutningsgjöld af bifreið sem kostar 1.1 millj. kr. og telst í þeim verðflokki sem flestir bankastjórar hafa notfært sér á undanförnum árum. Áætlaðar skattgreiðslur munu innifaldar í fjárhæðinni sjálfri. Þá greiða bankarnir rekstrarkostnað vegna bifreiða bankastjóranna. Skv. upplýsingum bankanna eru laun viðskiptabankastjóranna 82 800 kr. á mánuði en laun seðlabankastjóra 5% hærri.

Í fimmta lagi spyr hv. þm.: Hafa aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar launaauka eða bifreiðafríðindi í

einhverju formi?

Aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar fá bifreiðastyrk skv. þeim reglum sem um það gilda hjá ríkisstofnunum. Frá þeirri reglu er ein undantekning í Búnaðarbankanum, en sá aðstoðarbankastjóri býr við sömu kjör í bifreiðamálum og bankastjórar skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

Í sjötta lagi spyr þm.: Var leitað samþykkis ráðh. á ákvörðun, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, en í þeim lögum segir að bankaráð ákveði launakjör bankastjóra með samþykki ráðh.? Síðan er spurt: Hefur ákvörðun bankaráðanna um launaauka bankastjóranna þegar komið til framkvæmda í ríkisbönkunum?

Svar við þessu: Frá því að samþykkt var s. l. vor að Búnaðarbankinn skyldi settur undir yfirstjórn viðskrh. hefur ekki verið leitað samþykkis ráðh. á þeim ákvörðunum sem hér eru til umræðu, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 28/1976. Í dag hef ég fengið bréf þar sem leitað er staðfestingar á þeim málum eins og þau þar eru í dag, en skv. upplýsingum rn. hefur ákvörðunin um greiðslu 450 þús. kr. ekki komið til framkvæmda hjá Búnaðarbanka Íslands. Að ósk rn. hafa bankarnir allir samþykkt að fresta framkvæmd ákvörðunarinnar, en eins og ég sagði áðan hafði hún ekki komið til framkvæmda hjá Búnaðarbankanum. (**JS:** Var hún komin til framkvæmda annars staðar?) Ég hef ekki tæmandi upplýsingar um það með hvaða hætti það er. En frestun á framkvæmdinni frá og með þeim degi sem um var beðið hefur verið samþykkt.

Í sjöunda lagi og síðasta spyr hv. þm.: Hver er skoðun viðskrh. á ákvörðun bankaráðanna um vísitölubundinn launaauka til bankastjóranna?

Ég gerði grein fyrir því áðan að ég tel það andstætt lögum að vísitölubinda launagreiðslur skv. lögum nr. 71 frá 1983. (**SvG:** Finnst þér það lögbrot?) Spurði þm.? (**Gripið fram í:** Fyrrv. hæstv. félmrh.) Ég lýsti því yfir, að það væri andstætt lögunum að ákveða slíkt. Um framkvæmdina höfum við ekki vitneskju svo að við getum tæpast talað um lögbrot enn þá.

Hv. þm. spyr einnig: Er viðskrh. tilbúinn að beita sér fyrir því að þessi hlunnindi verði afnumin og að ákvörðunarvald um launakjör bankastjóra verði tekið úr höndum bankaráðanna?

Í dag hefur verið lagt fram hér á Alþingi frv. til l. um viðskiptabanka. Í því frv. er gert ráð fyrir að bankaráðin ákveði laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra líkt og verið hefur. Frv. þetta er að stofni til byggt á tillögum bankamálanefndar sem skipuð var í tíð fyrrv. viðskrh. og í áttu sæti fulltrúar allra þeirra þingflokka sem áttu þm. á Alþingi árið 1981. Í nefndinni var alger samstaða um að leggja ekki til breytingar á þessu fyrirkomulagi og hefur því ekki verið breytt í því frv. sem hér hefur verið lagt fyrir. Málið er því nú í höndum Alþingis. Ég mun kappkosta að veita fjh.- og viðskn. Alþingis allar þær upplýsingar sem þær óska eftir um þau mál sem við koma viðskiptabönkum, hvort heldur það eru bifreiðamál ríkisbankanna eða annað, en ég mun að sjálfsögðu senda fjh.- og viðskn. þær greinargerðir um mál þetta sem mér munu verða sendar af hálfu bankanna síðar. Það er því á valdi Alþingis að taka ákvörðun um hvernig staðið skuli að ákvörðunum um launakjör bankastjóra og geta þar að sjálfsögðu komið til greina fleiri en ein leið.

Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég sagði í upphafi, að bifreiðamál ríkisins og ríkisstofnana eru í endurskoðun á vegum forsrn. Þegar þær tillögur liggja fyrir verða þær að sjálfsögðu skoðaðar í viðskrn. í ljósi þeirrar þál. sem samþykkt var 22. maí 1984.

Ég hef reynt að svara fsp. hv. þm. eins og mér er unnt eftir svo skamman tíma, en áður en ég lýk máli mínu langar mig til þess að rifja upp sögu þessara mála.

Fyrir árið 1970 höfðu ýmsir embættismenn ríkisins til afnota bifreiðar í ríkiseign. Þá hafði fjvn. Alþingis í samráði við þáv. fjmrh. forgöngu um endurskoðun bifreiðamála ríkisins. Fulltrúar allra flokka á Alþingi gerðu þá sameiginlega tillögu til fjmrh. um breytingu í þá veru sem nú gildir. Ég hef fyrr í þessari ræðu lýst inntaki þeirra reglna. Þær tillögur voru grundvöllur að reglugerð sem þáv. fjmrh. Magnús Jónsson gaf út. Þetta fyrirkomulag var þá talið til mikilla bóta. Það er vert að hafa það í huga nú þegar umræða um bifreiðamál hefur aftur hafist hér á Alþingi. Við verðum að sjálfsögðu ævinlega að átta okkur á því á hvaða tímum við lifum og undir hvaða kringumstæðum málin eru rædd og endurskoða þegar við teljum rétt að gera það.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þessi utandagskrárumræða hefur nú staðið í hartnær 35 mínútur, en aðeins tveir hafa talað. Það sér ekki högg á vatni. Það eru jafnmargir á mælendaskrá núna og voru í upphafi. Við höfum nú um eina klukkustund til umráða á þessum fundi til framhaldsumræðu.

Með skírskotun til þess sem var sagt við upphaf þessarar umr., þá er það ljóst að ef það á að takast að ljúka umr. á þessum fundi verða menn að stilla máli sínu mjög í hóf eða leitast við, hver ræðumaður, að fara ekki yfir 5 mínútur. Ef menn sýna þá tillitssemi hver við annan að halda sig innan þeirra marka má vera von til þess að við getum lokið umr. á þessum fundi. Ef umr. verður ekki lokið á þessum fundi, þá verður henni að sjálfsögðu frestað fram í næstu viku. En ég hygg að okkur sé öllum ljóst að það sé mjög slæmur kostur að fresta slíkri umr. sem þessari, sérstaklega fyrir þá sem taka þátt í umr. Þess vegna er þess vænst að við hjálpumst öll að því að ljúka umr. á þessum fundi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum um að hafa mál mitt stutt.

Ég lagði fram fsp. til viðskrh. varðandi þetta mál í byrjun vikunnar, en dró hana síðan til baka þegar var ljóst að þessi umr. mundi verða hér. Ég spurði að því í fyrsta lagi hvaða reiknireglur og hvaða forsendur stæðu á bak við þann umreikning á bílastyrk sem leiddi til þess að úr yrði kaupauki sem næmi næstum hálfri millj. kr. á ári. Ég spurði líka hve mikið ríkisbankastjórar væru að meðaltali „úti að aka“ á ári við vinnu sína. Eins og ég segi hef ég dregið þessar spurningar til baka vegna þess að hér er einmitt verið að ræða sama mál.

Ég ætla að leyfa mér að velta upp nokkrum spurningum og kannske einni meginspurningu. Hún er þessi: Erum við að koma okkur upp auðugri yfirmannastétt eða aðalsmannakerfi embættismanna sem hafa ýmiss konar aðstöðu, ýmiss konar bitlinga og ýmiss konar hlunnindi sem ekki gefast öðru fólki og hafa á því tök að losa líferni sitt og lífskjör úr sambandi við annað fólk í landinu? Ég hygg að svo sé og ég hygg að það sé hinn raunverulegi lærdómur sem við eigum að draga af því

máli sem hér er uppi í dag. Ég hygg að við séum að koma okkur upp stétt manna sem notar peningana okkar til þess að gefa hver öðrum Skarðsbækur, málverk eða teppisbleðla eins og það hét í einu afmælinu í vor. Ég hygg að við séum að koma okkur upp stétt manna sem hefur aðstöðu til þess að byggja glæsihallir og segja á sama tíma fólkinu að herða nú sultarólina vegna þess að einskis sé að vænta nema þjóðarkakan stækki og vitna til ýmissa orða sem í því sambandi eru viðhöfð. Ég held að við séum að koma okkur upp stétt manna sem krefst þess að þegnarnir láti þá hafa bíla á þriggja ára fresti og reki bílana auk þess fyrir þá þótt akstursþörf þeirra í starfi liggi alls ekki í augum uppi. Ég tel raunar að þeir sinni störfum sínum þeim mun betur sem þeir eru minna „úti að aka". Það er augljóst að ef einhver þörf er á því að þeir aki í sínu starfi er hægt að greiða þeim þann kostnað eftir reikningi eins og fjöldamörgum öðrum stéttum í þessu landi sem vinna þannig störf.

Ég tel að við séum líka að koma okkur upp stétt fólks sem öðlast eftirlaunakerfi sem er ekki heldur í neinu sambandi við eftirlaunakerfi annars fólks í landinu, fólks sem nýtur jafnvel margfaldra eftirlauna og þannig lífskjara sem ekki eru í neinu sambandi við lífskjör annars fólks. Lífskjör þessarar stéttar, ef ekki er að gáð, lyftast á flug og fara langt ofar lífskjörum þess fólks sem þessir menn eiga að þjóna vegna þess að þrátt fyrir allt eru þeir þjónar okkar en ekki herrar.

Menn geta spurt: Hvers vegna gerist þetta? Hvers vegna gerist þetta í kerfi sem á að vera mjög ábyrgt? Fólkið kýs menn til þess að vera á Alþingi og Alþingi kýs menn til eftirlitsstarfa, menn sem sitja t. d. í bankaráðum. Þetta gerist m. a. vegna þess að stjórnmálamennirnir sjálfir hafa staðið að því að byggja þetta kerfi upp. Þeirra er ábyrgðin á þessu kerfi. Eins og hæstv. viðskrh. kom að hérna áðan eru upptökin að þessu öllu ekki ákvörðun launaauka um síðustu áramót. Upptökin að þessu er ákvörðun um bílakaupastyrk frá 1970, ákvörðun sem er tekin með fullu samþykki allra flokka á Alþingi eins og ráðh. lýsti. Þetta eru upptökin að þessu. Og hvers vegna gera menn þetta svona? Hvers vegna standa stjórnmálamenn á þennan hátt að því að renna stoðum undir hina nýju stétt? Kannske leynist í brjósti þeirra sú von að þeir muni njóta þessara kjara sjálfir síðar. Kannske vona þeir að flokkurinn þeirra setji einhvern tíma sálina þeirra í poka og skjóti henni inn fyrir þetta gullna hlið. Önnur skýring er sú að embættismennirnir, afkvæmi þessa kerfis, eru eftirlitslausir líka. Það er enginn sem hefur eftirlit með því að þeir gegni eða að þeir fari þannig með eigur og hagsmuni okkar að svona lagað komi ekki fyrir. Ég held að menn ættu að gera sér grein fyrir því að það eru stjórnmálaflokkarnir sjálfir sem hafa komið þessu kerfi á. Það gerðist ekkert sérstakt um áramótin síðustu annað en það að þessar aðferðir voru þýddar yfir í peninga. Nú sjáum við hvað sakleysislegur bílastyrkur getur orðið í peningum. Og við ættum kannske að taka ýmiss konar önnur hlunnindi og ýmiss konar aðra bitlinga og reyna að koma þeim á sama gengi og sjá hvað er á ferðinni.

Að mínu mati eiga allir flokkar sök sem nær miklu lengra aftur en til síðustu áramóta. Þess vegna sagði Bandalag jafnaðarmanna í yfirlýsingu sem var birt fyrir páska, þann 3. apríl ef ég man rétt, að verkalýðsflokkarnir svokölluðu ættu þarna sök eins og allir hinir. Það bjargar engri sál núna að lýsa yfir andstöðu við umreikning bílastyrksins yfir í kaupauka. Við erum að tala þarna um hlunnindi sem eru miklu eldri og hafa miklu lengur legið fyrir. Menn verða ekki sáluhólpnir af því að berja sér á brjóst núna.

Nú geta menn spurt: Hvers vegna hefur þetta viðgengist í öll þessi ár? Voru það þessir níu alþm., sem eru kjörnir af Alþingi, sem sögðu frá því hvernig þessi skikkur er núna? Nei, þeir hafa þagað yfir þessu síðan um áramót. Það voru duglegir blaðamenn og duglegt blað sem sögðu frá því hver þessi siður er. Ég held að þessir níu alþm. og félagar þeirra, sem kusu þá, ættu að velta því fyrir sér hvers konar kerfi þetta er. Það voru ekki alþm. sem lýstu því hvernig þetta væri komið. Þeir héldu verndarhendi eins og hinir yfir þessu ástandi.

Niðurstöður mínar hljóta því að vera þær, að þetta sé eitt dæmi um stétt sem er umlukin af kaupaukum og hlunnindum og kemst þannig á lífskjaraplan sem á ekkert skylt við lífskjör annarra í landinu. Þetta er kerfi sem er byggt upp á samábyrgð gamla flokkakerfisins sem það hefur notað til þess að hlúa að sínum mönnum. Ábyrgðin á þessu kerfi er náttúrlega hjá Alþingi og áherslan á launaaukann einn í peningum er bara hvítþvottur því að þetta er miklu eldra kerfi. Áherslan á verðtryggingu út af fyrir sig skiptir ekki höfuðmáli. Þetta hefur alltaf verið verðtryggt. Þetta hefur verið verðtryggt síðan sumarið örlagaríka 1983, þegar verðtrygging var bönnuð, vegna þess að þá voru bara bílahlunnindin verðtryggð. Það er verðtrygging að njóta þeirra kjara að fá eftirgjöf skatta á bílum. Þess vegna gerðist ekkert markvert í þessu máli um síðustu áramót annað en að blað eitt sagði frá því hvað kerfið er að bögglast með. Við eigum að draga okkar lærdóma af því.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þingflokkur framsóknarmanna tók þetta mál til meðferðar á fundi í gær og var þar samþykkt eftirfarandi ályktun sem ég mun, með leyfi forseta, lesa upp.

„Þingflokkur framsóknarmana telur óeðlilegt að greiða bankastjórum ríkisbankanna árlega 450 000 kr. í launaauka vegna bifreiðakaupa. Telur þingflokkur framsóknarmanna rétt að laun og starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna verði framvegis ákvörðuð af Kjaradómi og mun þingflokkurinn beita sér fyrir viðeigandi lagabreytingum."

Þannig hljóðaði ályktun þingflokksins. Hún er mjög skýr og ég þarf ekki miklu við hana að bæta.

Það er skoðun okkar að eðlilegt sé að bankastjórar ríkisbankanna búi við góð kjör. Þetta er mikilvægt starf sem mennirnir vinna og ekkert við því að segja þó þeir fái góð laun fyrir það. Þeirra laun hafa tekið mið undanfarið af launum hæstaréttardómara sem aftur taka laun skv. kjaradómi. Ég tel að það sé ekki endilega eðlilegt að tengd séu saman laun bankastjóra og hæstaréttardómara vegna þess að þetta eru óskyld störf, en Kjaradómur á að gæta samræmis um launakjör í landinu hjá hinu opinbera og það er ekki annar aðili en Kjaradómur sem hefur betri skilyrði til þess að meta hvað eru sanngjörn laun handa bankastjórum. Það er eðlilegt að Kjaradómur ákveði líka starfskjör bankastjóranna.

Ég er ekki að hafa á móti því að bankastjórarnir geti

farið ferða sinna um landið, en launaauki í formi svo geysimikils bílakaupastyrks er auðvitað algjörlega út í hött og vísitölutenging þaðan af fráleitari. Hins vegar vek ég athygli á því að þetta er breyting á þeim reglum sem giltu þegar þál. var samþykkt hér á Alþingi 22. maí s. l. þar sem sagði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að felldar verði úr gildi þær reglur sem nú kunna að gilda gagnvart yfirmönnum ríkisstofnana, svo sem ríkisbanka og Framkvæmdastofnunar, um fríðindi hliðstæð þeim, er ráðh. hafa notið varðandi bifreiðakaup."

Það var sem sagt farið úr öskunni í eldinn og þó að vissu leyti eftir þeirri ályktun sem hér var samþykkt.

Það er rétt að Kjaradómur ákveði hvernig þessum bílafríðindum eigi að vera háttað eða hvort ástæða sé til að hafa þau á annað borð. Auðvitað verða bankastjórarnir að komast um á milli útibúanna. Hugsanleg lausn væri sú að bankarnir ættu bifreiðar til þess að lóssa mennina á milli útibúa. (**Gripið fram í:** Lóssa?)

Nú vill það svo vel til að hér hefur verið lagt fram frv. til laga um viðskiptabanka á þskj. 695. Ég tel að eðlilegt sé að breyta 12. gr. þess frv. í fjh.- og viðskn. og mun beita mér fyrir því. Í 12. gr. segir svo: „Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra". Til samræmis við þá ályktun sem við framsóknarmenn gerðum tel ég eðlilegt að þessari grein verði breytt þannig að Kjaradómi verði falið að ákveða þetta.

Í niðurlagi 9. gr. sama frv. segir einnig að ráðh. ákveði þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra. Ég teldi alveg eins geta komið til greina og eðlilegri skipan frá mínum sjónarhóli séð væri sú, að þóknananefnd ákvæði þóknun bankaráðsmanna og það væri þá í samræmi við önnur nefndastörf á vegum ríkisins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það sem þarf að hugleiða í því máli sem hér er rætt er að mínu mati það að sú hætta er alltaf yfirvofandi í hvers konar stjórnkerfi að þar verði til sjálfvirkar ákvarðanir til að tryggja kjör yfirmanna þeirra sem kalla má „hina nýju stétt". Þessi hætta er ævinlega yfirvofandi ef ekki er um að ræða virkt lýðræðislegt aðhald. Það er grundvallaratriði. Og það er grundvallaratriði að við áttum okkur á því að hér á Alþingi hafa engar brtt. komið fram, hvorki frá þeim fjórum flokkum sem hér hafa átt fulltrúa lengst né heldur þeim tveim nýju flokkum sem hér eiga fulltrúa á Alþingi til viðbótar, um það að breyta í grundvallaratriðum því sem hér er á dagskrá. Breytingin hlýtur auðvitað að vera sú — og það er eðlilegasta breytingin á þessum málum til að koma í veg fyrir svona lagað — að bankaráðin séu svipt valdi til að ákveða launakjör bankastjóra og að sú ákvörðun sé flutt yfir til Kjaradóms. Það er í raun og veru eina svarið sem skynsamlegt er að hafa uppi í þessu efni, eins og þingflokkur Alþb. hefur gert samþykkt um og flutt frv. um á þskj. 694 og þingflokkur Framsfl. hefur í raun tekið undir með samþykkt sem gerð var í gær og formaður þingflokks Framsfl. kynnti hér áðan.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það leysi engan vanda í þessu máli fremur en öðrum að hér standi menn og berji sér á brjóst og segi: heilagir, heilagir. Ég tel að það sé engin lausn. Ég tel að hér sé um að ræða ákveðna galla á okkar löggjöf sem við eigum að sameinast um að breyta.

Það er meginmálið. Og það má segja að allir þeir alþm., 60 talsins, sem hér sitja nú og hafa til þessa vanrækt að flytja tillögu um kerfisbreytingu eiga í þessu svipaða sök. Þetta er grundvallaratriði sem menn þurfa að átta sig á. Það jákvæða við samþykkt bankaráðanna er að mínu mati það að málið hefur komist á dagskrá og blöðin — ég nefni þar sérstaklega NT — hafa tekið þetta mál upp og varpað ljósi á það, skapað hér umræðu sem verður vonandi til þess að Alþingi sameinast um að breyta þessu kerfi.

Ég skora á hv. alþm. að taka því frv. vel sem hér hefur verið lagt fram af Alþb. á þskj. 694, flutt í Ed. af hv. þm. Skúla Alexanderssyni, Ragnari Arnalds og Helga Seljan. En þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga um ríkisbankana skulu launakjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ákveðin af Kjaradómi, sbr. lög nr. 46/1973, með síðari breytingum. Sama gildir um forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Og síðan segir í 2. gr.: „Hvers konar hlunnindi bankastjóra og ráðherra, sem fela í sér að greiddur sé tollur af innflutningi einkabifreiða, eru bönnuð svo og hvers konar launauppbætur í staðinn fyrir þessi hlunnindi."

Hér er sem sagt lagt til að þessi hlunnindi séu tekin af bankastjórunum og kaup þeirra, ef menn vilja orða það svo, lækkað sem þessu nemur, enda eru þessir menn prýðilega haldnir, eins og hér kom fram hjá hæstv. viðskrh., með 83 000 kr. á mánuði nú þegar. Alþb. er einfaldlega að segja: Það á að taka þessi hlunnindi af bankastjórunum, það á að svipta þá þessum launaauka. Það er ástæðulaust að þjóðfélagið, almenningur sé að greiða bankastjórum þessa peninga.

Það vekur hins vegar athygli og er auðvitað með öllu fráleitt frammi fyrir staðreyndum launamála á Íslandi í dag að horfa upp á það að hér er um að ræða þreföld lágmarkslaun fólks. Skv. kjarasamningum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins eru lágmarkslaun á Íslandi í dag á mánuði 14 075 kr. Það er nærri þreföld þessi upphæð sem verið er að láta þessa menn hafa, ekki í laun, heldur í launaauka, til viðbótar við þau gífurlega háu laun sem þeir hafa. Þetta er köld kveðja til þessa láglaunafólks, til ellilífeyrisþega í landinu, til kennara, til sjómanna og annarra þeirra sem hafa staðið í harðri baráttu á undanförnum vikum og mánuðum gegn launastefnu núverandi ríkisstj. (**Gripið fram í:** Einkum til öryrkja sem vantar bíla.) Ég tala nú ekki um, herra forseti, þegar svo er reynt að bjarga sér með því að segja: Ja, þetta er svona hátt vegna þess að það þarf að borga af þessu skatta. — Það er eiginlega notað sem rök fyrir þessari breytingu að bankarnir hafi þetta svona hátt til þess að það nái yfir skattagreiðslurnar. Það er ekki að furða þó að bankarnir vilji borga einhvers staðar bankaskattana sína sem var verið að lækka á þeim á síðasta þingi.

Þetta er ákaflega sérkennileg útskýring, að ekki sé meira sagt. En þó tekur steininn úr, og það er nú það sem er í aðra röndina spaugilegt við þetta mál, að ríkisstj. og fulltrúar hennar í bankaráðunum, sem hafa bannað vísitölu á allt, þegar þeir eru komnir inn í hin lokuðu herbergi bankaráðanna þá samþykkja þeir lánskjaravísitölu á kaupaukann handa bankastjórunum. Þetta sýnir auðvitað betur en nokkuð annað að þetta vísitölubannskerfi heldur ekki. Það er alls staðar verið

að reyna að smeygja sér fram hjá því. Kjörnir fulltrúar stjórnarflokkanna í bankaráðunum standa að því að taka upp þetta vísitölukerfi sem er, eins og hæstv. viðskrh. orðaði það áðan svo pent, „andstætt lögum".

Í rauninni hlýtur ríkisstj. að taka alveg sérstaklega á þessu máli. En hún hefur ekki gert það. Hún hefur verið með yfirlýsingar. Hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. hafa gefið yfirlýsingar. Ég tel að í tilefni af þessum ákvörðunum eigi ríkisstj. að senda frá sér grg. um þetta sérstaka mál. Er það kannske þannig að „hin nýja stétt" hér í stjórnkerfinu sé víðar að skammta sér kaupauka, launauka og viðbætur, vísitölutryggt á grundvelli lánskjaravísitölunnar? Er ekki ástæða til þess að hv. Alþingi krefjist þess að farið verði í saumana á þessu kerfi öllu og þetta athugað, ekki bara í bönkunum heldur miklu, miklu víðar? Ég held að það sé nauðsynlegt í tilefni af þessari ákvörðun bankanna að það verði kannað mjög rækilega hvort svo sé, að þetta hafi gerst miklu víðar.

Afstaða Alþb. er sú sem kemur fram í þessu frv., herra forseti. Í fyrsta lagi á að fella þessi fríðindi niður strax. Í öðru lagi á að flytja ákvörðun um laun bankastjóra til Kjaradóms.

Hv. þm. Páll Pétursson vitnaði til þess að hér er lagt fram á Alþingi í dag frv. til laga um viðskiptabanka. Þar er gert ráð fyrir því að bankaráðin ákveði laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra eins og verið hefur. Og hæstv. viðskrh. sagði: „Við skulum taka á þessum launamálum bankastjóra í tengslum við þetta frv."

Hér er um að ræða viðamikið frv. að nýjum heildarlögum um viðskiptabanka. Sex til sjö vikur eru eftir af þinghaldi, hef ég einhvers staðar heyrt. Ef svo er tel ég mjög vafasamt að það takist að afgreiða þetta frv. um viðskiptabankana. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að taka eigi þessi kjaramál bankastjóranna út úr og afgreiða þau sérstaklega hvað sem þessu frv. um viðskiptabankana líður.

Þegar talsmenn stjórnarflokkanna hér eru að vísa á frv. um viðskiptabankana eru þeir í rauninni að reyna að skjóta sér undan þessu sérstaka máli, að flækja það í stóru málin. Ég held að umræðurnar síðustu daga eigi að geta leitt til þeirrar jákvæðu niðurstöðu að þingið sameinist um að stöðva það fyrirkomulag sem hefur verið í þessum efnum, þannig að laun bankastjóra verði ákveðin af Kjaradómi og þessi fríðindi verði tekin af bankastjórum frá og með síðustu áramótum. Það væri eðlileg og sjálfsögð niðurstaða fyrir Alþingi vegna sögunnar og vegna þess fólks sem um allt land horfir á þessi ósköp, þar sem um er að ræða margföld lágmarkslaun verkafólks sem menn taka sér í vísitölutryggðan launaauka með ákvörðunum á bak við tjöldin.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Á þingflokksfundi Kvennalistans í gær var samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Þingflokkur Kvennalistans fordæmir harðlega þá ákvörðun bankaráða ríkisbankanna að greiða bankastjórum sínum 450 000 kr. á ári til kaupa á einkabílum. Þessi ákvörðun er því miður aðeins eitt dæmi um það siðleysi sem ríkir hér á landi þegar kaup og kjör eru ákveðin. Á meðan stjórnvöld láta sér sæma að skerða stórlega laun í landinu og daufheyrast við kröfum um mannsæmandi laun fyrir unna vinnu samþykkja fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka í bankaráðum ríkisbankanna þvílíkan styrk til hálaunamanna og verðtryggðan að auki í bága við gildandi lög. Þessi ákvörðun sýnir í hnotskurn aðstöðumun fólks hér á landi og hvernig samtrygging gömlu stjórnmálaflokkanna viðheldur honum. Kvennalistinn er mótfallinn hvers konar fríðindum og launaaukum sem eru til þess eins fallnir að auka tekjubilið í þjóðfélaginu. Þar sem ekki verður séð að bankastjórar þurfi meira á bílum að halda vegna starfa sinna en annað vinnandi fólk telur þingflokkur Kvennalistans réttast að afnema slíka bílastyrki til þeirra með öllu."

Ég vil þakka hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hefja þessa umr. en lýsi um leið nokkrum vonbrigðum með svör hæstv. viðskrh. sem mér fannst ekki gefa fyrirheit um að ríkisstj. hyggist taka fast á þessu máli. Af fyrstu viðbrögðum nokkurra ráðh. að dæma þegar uppvíst varð um þetta mál í síðustu viku vöktu áform bankaráða ríkisbankanna furðu þeirra og hneykslun og þess er greinilega almennt vænst í þjóðfélaginu að ríkisstj. hafi afskipti af svo augljóslega óheppilegum, óeðlilegum og ósiðlegum aðgerðum þingkjörinna bankaráða. Spilling er spilling hversu gamalgróin sem hún er og hana ber að uppræta. Misbeiting valds er engu betri þótt hún hafi viðgengist árum saman. Öllum réttsýnum mönnum hlýtur að blöskra svona ráðslag og við hljótum að bera saman kjarabaráttu almenns launafólks nú á þessum vetri og samtryggingarmakk þingkjörinna bankaráða sem hafa vakið furðu í þjóðfélaginu, að ég segi ekki óhugnað.

Það hefur lengi verið vitað mál að bankastjórar fengju góð laun fyrir vinnu sína og það hefur enn fremur verið vitað mál að þeir nytu margvíslegra fríðinda í krafti embættis síns. En almennt hafa menn vafalaust ekki gert sér nægilega ljóst ígildi þessara bílakaupafríðinda sem árum saman hafa viðgengist sem launaauki til handa ráðherrum og bankastjórum. Fyrst núna liggur á borðinu að þessi fríðindi eru talin jafngilda árstekjum sem margur þjóðfélagsþegninn væri sæmilega ánægður með. 37 500 kr. á mánuði eru svo sem engin ósköp með tilliti til framfærslukostnaðar. En fjöldi manns má sætta sig við aðeins helming þeirrar upphæðar í mánaðarlaun og sumir miklu minna og mega svo bæta bónusvinnu, yfirvinnu og aukavinnu við tekjurnar til þess hreinlega að hafa í sig og á. Þetta fólk á ekki kost á niðurfellingu gjalda af einu eða neinu tagi. Það fær ekki bílastyrki, það fær ekki greiddan símakostnað, ekki 13. mánuðinn greiddan eða neitt af því tagi sem tínt er til þegar verið er að pína upp laun manna í toppstöðum. Þetta fólk þarf að berjast fyrir örfárra prósenta kauphækkun, hætta öllu, starfi og launum, í baráttu fyrir mannsæmandi kjörum. Meðan það heyr sína örvæntingarfullu baráttu fyrir 15—25 þús. kr. lágmarkslaunum er það sakað um kröfuhörku og ábyrgðarleysi, jafnvel borið ofbeldi á brýn. Þetta fólk er gert ábyrgt fyrir kollsteypum þjóðfélagsins, eins og það er orðað. Við getum gert okkur í hugarlund hvernig þessu fólki hefur orðið við fréttir af ráðslagi bankaráðanna. Það athæfi er ekkert annað en siðleysi og bein ögrun við allan almenning og særir réttlætiskennd hans.

Auðvitað er ekki réttmætt að skella allri skuld á bankaráðsmenn, það er heldur ótrúlegt að bankastjórar hafi ekki sótt á um að fá fríðindamissinn, þ. e. niðurfellingu aðflutningsgjalda og tolla, bættan. Sennilega hefur þeim bankaráðsmönnum ekki hugkvæmst að segja við

bankastjórana eins og fólkið í láglaunastörfunum fær oft að heyra hjá sínum atvinnurekendum: „Ef þið eruð óánægð með kjörin skulið þið bara leita ykkur að öðru starfi, það eru nógir um hituna.“ Þetta fá ekki síst láglaunakonurnar oft að heyra þegar þær eru að berjast fyrir ögn skárri kjörum. Nú er ég ekki að mæla með slíku en að manni læðist sá grunur að slík svör hefðu litlu breytt. Eða eiga menn von á því að hörgull yrði á umsækjendum um bankastjóraembættin þótt þeim fylgdi ekki þessi óeðlilegi launaauki? Heldur finnst mér það ólíklegt, kjörin eru ekki svo slæm.

Kvennalistinn hefur ekki enn þá tekið afstöðu til till. Alþb. og framsóknarmanna um að Kjaradómur ákvarði kjör bankastjóra. En á síðasta þingi lögðumst við gegn fjölgun í þeim virðulega klúbbi sem fær laun sín skv. Kjaradómi án þess að æmta né skræmta og hefur allt sitt ævinlega á þurru þegar aðrir eru búnir að berjast upp á líf og dauða og ryðja þeim brautina sem betri aðstöðu hafa. Sjálfri finnst mér álitlegri kostur að bankastjórar þurfi eftir sem áður að semja við bankaráðin þó ekki væri nema vegna aðhaldsins. Það er altént auðveldara að gagnrýna þingkjörin ráð en dómara í Kjaradómi sem á að vera hlutlaus.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar. Kvennalistinn krefst þess að þessar greiðslur verði endurskoðaðar og niðurfelldar og skírskotar til ábyrgðar og réttlætiskenndar allra sem einhverju fá ráðið um þessi mál. Við skorum á ráðh. að gleyma ekki sjálfum sér. Þeir hafa nefnilega bílakaupafríðindi sjálfir.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Vegna þessarar umr. utan dagskrár um launaauka til bankastjóra ríkisbankanna vil ég greina hér frá samþykkt þingflokks sjálfstæðismanna en hún er svohljóðandi:

„Vegna þeirra samþykkta bankaráða ríkisbankanna að greiða bankastjórum kr. 450 þús. á ári vegna bifreiðakaupa ályktar þingflokkur sjálfstæðismanna eftirfarandi:

1. Þingflokkurinn telur þessa upphæð vera úr öllu hófi og ekki réttlætanlega þótt bankarnir hafi áður greitt tolla af bifreiðum bankastjóra.

2. Framkvæmd þessara samþykkta verði frestað eins og viðskrh. óskaði.

3. Endurskoðað verði frá grunni fyrirkomulag bifreiðahlunninda hjá ríkisbönkunum og í öllum opinberum rekstri.“

Þetta var samþykkt þingflokks sjálfstæðismanna. Mitt erindi hingað í ræðustólinn var í sjálfu sér ekki annað en að kynna þessa samþykkt. Ég get þó ekki stillt mig um, vegna orða sem hér hafa fallið og reyndar skrifa ýmissa stjórnarandstæðinga að undanförnu um þetta mál, að segja örfá orð til viðbótar. Mér finnst nefnilega í þessum málflutningi utan og innan Alþingis gæta dæmalausrar hræsni.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði kröfu um að umboðin verði tekin af núv. bankaráðsmönnum nýkjörnum, en þeir tóku til starfa um síðustu áramót, og reynt er með þessu að skella skuldinni á núv. bankaráðsmenn. Í því sambandi er kannske vert að íhuga hvar þessi svokallaða spilling — sem ég ætla ekkert að draga úr að sé spilling — á upptök sín. Í því sambandi vil ég gjarnan taka undir orð hv. þm. Guðmundar Einarssonar að í raun og veru átti sér ekki stað nein stórbreyting nú um síðustu áramót. Þar voru aðeins umreiknuð þau hlunnindi í beinar peningagreiðslur sem bankastjórar hafa í raun og veru haft frá því á árinu 1970.

Í leiðinni má rifja það upp að þá var bankamálaráðh. þáv. formaður Alþfl. og ef ég man rétt var Alþfl.-maður formaður bankaráðs Landsbankans. En þetta skiptir kannske ekki meginmáli. Í þessu sambandi má líka rifja upp hver það var sem gaf tóninn sem núna hefur verið farið eftir. Það var bankaráð Landsbankans í desembermánuði s. l. undir forsæti Lúðvíks nokkurs Jósepssonar. Það vita væntanlega allir hvar í flokki hann er. Nú segir hann í blaðaviðtali að alþm. væri nær að líta í eigin barm en vera að gagnrýna bankaráðin. Alþm. er vissulega hollt að líta í eigin barm. En menn skulu þá líka rifja það upp í þessu samhengi að í því bankaráði Landsbankans, sem tók þessa ákvörðun, sat enginn alþm. í desembermánuði s. l.

Inn í þessar umr. hafa líka nokkuð blandast launakjör forstjóra Framkvæmdastofnunar en þau eru svipuð og kjör bankastjóra. Það er líka gagnlegt að rifja upp hvar upphafið að þeirri ákvörðun er að finna. Ég er hérna með samþykkt sem gerð var þann 9. maí 1972 í þáv. stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég ætla að lesa þessa samþykkt, með leyfi hæstv. forseta. Hún er svona:

„Með tilvísun til þess að á stjórnarfundi 21. jan. „ — þ. e. 1972—“ var samþykkt að laun framkvæmdaráðsmanna“ — þeir heita nú forstjórar — „skyldu vera hin sömu og laun aðalbankastjóra ríkisbankanna og þeir skyldu fá sömu greiðslu fyrir setu á stjórnarfundum stofnunarinnar og bankastjórarnir fá fyrir setu á bankaráðsfundum, samþykkir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að framkvæmdaráðsmönnum skuli greidd sem svarar 67% af öðrum þeim hlunnindum sem bankastjórar hafa. Þar undir falla bílahlunnindin.“

Þessi till. var borin undir atkvæði og hún var samþykkt með 3:1 atkv. Þeir sem greiddu þessu atkvæði voru Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson og Halldór Magnússon sem þá sat í stjórninni fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna. Á móti þessu greiddi atkv. Matthías Bjarnason en hjá sat við atkvæðagreiðslu Benedikt Gröndal. Fjarverandi voru tveir stjórnarmenn, Magnús Jónsson og Ingvar Gíslason. Menn vita væntanlega hvar í flokki þessir menn eru.

Ég er ekki að draga þetta fram til að gera lítið úr þörfinni fyrir breytingu á starfsreglum og skipan þessara mála. Þvert á móti legg ég áherslu á nauðsyn endurskoðunar, endurskoðunar sem hafi það markmið að horfið verði frá þeim ójöfnuði sem verið hefur við lýði allt frá árinu 1970. Á þetta er lögð áhersla í þeirri ályktun þingflokks sjálfstæðismanna sem ég hef hér gert grein fyrir.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Við verðum að átta okkur á, á hvaða tímum við lifum og hegða okkur í samræmi við það, sagði hæstv. viðskrh. hérna áðan. O tempora, o mores, ó hvílíkir tímar, ó hvílíkir siðir, var einu sinni sagt. Og formaður þingflokks Sjálfstfl. rifjaði upp þá tíma sem hann mundi helst og þótti best og skipta mestu að draga inn í þessa umr., nefnilega fyrir hálfum öðrum áratug.

Hvað hefur þessi umr. leitt í ljós? Hver eru þessi örfáu aðalatriði sem skipta máli?

Í fyrsta lagi: Hv. Alþingi Íslendinga hefur lýst yfir

stefnu sinni í þessu máli, samþykkti í maí á s. l. ári þáltill. sem var borin fram af Alþfl. en samþykkt einróma af hv. Alþingi. Hún var ósköp einfaldlega um það að fela hæstv. ríkisstj., nánar tiltekið hæstv. forsrh., að fella niður, — ekki breyta, ekki breyta formi, fella niður, — bílahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna og yfirmanna ríkisstofnana. Á bak við þessa ákvörðun stóð einróma Alþingi Íslendinga, reyndar elsta löggjafarsamkunda í heimi. Þetta eru fyrirmæli Alþingis til framkvæmdavaldsins, þetta á að gera. Og fyrsta atriði málsins er að þessum vilja Alþingis hefur ekki verið framfylgt og það stendur ekki til og svör hæstv. ráðh. eru í anda ályktunar þingflokks Sjálfstfl. að bíða eftir heildarendurskoðun, að fresta ákvörðun og að endurskoða en ekki að taka afstöðu. En afstaðan liggur fyrir. Afstaða Alþingis var þessi og að baki þeirri ákvörðun stóð hver þm. á fætur öðrum sem reyndar á sæti í bankaráði.

Númer 2: Þessi umr. hefur leitt í ljós að menn sem kosnir eru og hafa umboð Alþingis til þess að sitja í stjórnum bankaráða hafa brotið lög. Það getur vel verið að hv. þm. Guðmundi Einarssyni þyki það litlu skipta, en maður skyldi ætla að þm. almennt á elstu löggjafarsamkundu heims þyki það einhverju skipta ef menn sem starfa í umboði hennar hafa brotið lög. Hvernig þeir fara að því að brjóta lög er svo sérkapítuli út af fyrir sig.

Það er upplýst að upptök þessa máls voru þau að það voru löggiltir endurskoðendur í einum banka sem vöktu athygli á því að skv. því kerfi sem gilt hefur frá 1970 hafa bankastjórar brotið skattalög, þ. e. hlunnindi þeirra voru auðvitað að réttum skattalögum skattskyld, en af þeim hafa ekki verið greiddir skattar. Að þessu leyti gegnir öðru máli um þá en ráðh. þar sem þeirra bílahlunnindi eru ákveðin í lögum. Það er löggiltur endurskoðandi sem vekur athygli á því að þetta sé ekki nógu gott og þess vegna er verið að reikna afsláttinn á aðflutningsgjöldunum í peningagreiðslur til endurkaupa á bílum þriðja hvert ár. En þá kemur það skrýtna: greiðslan er miklu hærri. Viðmiðunarreglan er 1350 þús. kr. á þremur árum í staðinn fyrir kannske 600 þús. Það er vegna þess, og viðurkennt af hæstv. viðskrh., að bankaráðunum þóknaðist að ákveða að aths. um skattgreiðslur væri að vísu þörf, en bankarnir skyldu eftir sem áður greiða skattana fyrir hæstv. bankastjóra.

Þá má kannske geta þess að þeir sem þiggja þennan afslátt af aðflutningsgjöldum njóta þess aftur þegar þeir selja þessa bíla á almennum markaði á réttu markaðsverði. Þeir fá raunverulega tvöfaldan afslátt af þessum gjöldum.

Þá er eitt atriði sem ekki hefur komið fram í þessum umr. en er kannske ástæða til. Hæstv. ráðh. rifjaði upp söguna og sagði að sá ágæti forveri fjmrh. í starfi, Magnús heitinn Jónsson frá Mel, sem fékk á sig orð fyrir að reyna að beita nýstárlegum úrræðum til þess að koma á sparnaði í ríkisrekstrinum, hefði heldur kosið og innleitt það kerfi að menn ættu bílana, en fengju svolitla umbun til þess að kaupa þá, en ætlaðist til þess að reksturinn á þeim væri þá í höndum eigendanna. En nú er upplýst tvennt: Í fyrsta lagi að reksturinn á þessum bifreiðum, sem mönnum eru gefnir að hluta, er allur á skattgreiðendum, þ. e. bönkunum, og í annan stað að gamla kerfið sem Magnús frá Mel ætlaði að afnema, er í fullu gildi. Flestir þessara banka eiga nefnilega bílaflota, ekki bara torfærubíla til þess að flytja peninga, heldur líka fínar límúsínur, og það er upplýst að þó nokkuð margir af bankastjórum aka um í bílum bankanna og reyndar með einkabílstjórum og njóta þess vegna kosta beggja kerfanna.

Þriðja atriðið sem þessi umr. leiðir í ljós er ein spurning: Hvað ætlar Alþingi að gera? Ég leiði hjá mér að fara yfir það á stuttum tíma hvað hæstv. viðskrh. ætlar að gera eða hvað hæstv. ráðherrar ætla að gera. Þeir ætla að bíða, þeir ætla að fresta, þeir ætla að endurskoða. En þetta er mál Alþingis. Alþingi er búið að taka þessa ákvörðun. Þetta á að fella niður. Síðan koma fulltrúar tveggja þingflokka, hv. þingflokksformaður Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., og hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., og tala um nauðsyn á kerfisbreytingu sem er í því fólgin að vísa málinu til Kjaradóms. Til Kjaradóms. Það var þá leiðin! Hvað er Kjaradómur? Kjaradómur er samsafn af nokkrum lögfræðingum sem er falið það verk og geta ekki unnið það öðruvísi en þá að umreikna hefðbundin áunnin hlunnindi. Málið er hins vegar það að Alþingi Íslendinga er búið að ákveða að fella þessi hlunnindi niður og það er búið að gefa handhöfum framkvæmdavaldsins fyrirmæli um að standa við þá ályktun Alþingis.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson komst hnyttilega að orði þegar hann sagði að það væri viðskiptamönnum bankanna nokkuð þýðingarmikið að hv. bankastjórar væru sem minnst „úti að aka“. Hvað væri nú hæfileg akstursþóknun eða ferðastyrkur til hv. bankastjóra? Þm. vita hver er áætlaður ferðakostnaður þm. Reykv. Hann er 3450 kr. á ánuði — ég endurtek: 3450 kr. á mánuði fyrir þm., jafnvel flokksformann sem þarf að heimsækja 70—80 byggðarlög á Íslandi á einum vetri eða heimsækja kannske 130 vinnustaði. Þá mætti bera það saman hver væri þörf stjórnmálamanns sem á erindi við sína kjósendur í samanburði við bankastjóra sem eiga helst að halda sig á bak við borðið sitt. Ég mundi leggja til að hæfilegur bílastyrkur fyrir þá væri helmingur af 3450 kr., en ekki 37 500 kr.

Að vísa þessu máli til Kjaradóms er að gefast upp og að heykjast á því að framfylgja vilja Alþingis og samþykktum Alþingis. Hitt er annað mál að það er ekki nóg fyrir Alþingi að gagnrýna og það er ekki nóg að vísa í samþykkt sína. Þegar menn, sem Alþingi hefur kosið til þess í sínu umboði að framfylgja lögum, eru uppvísir að lagabrotum er aðeins ein niðurstaða til sem er samboðin virðingu Alþingis. Hún er sú að afturkalla umboð þessara manna þegar í stað. Svo einfalt er það.

Af því tilefni að hv. þm. Guðmundur Einarsson vék að samsekt hinna gömlu kerfis- og verkalýðsflokka vil ég varpa fram nokkrum spurningum til hv. þm.: Hvaða flokkur var það sem lagði fram tillögu á Alþingi um að þessi fríðindi yrðu felld niður? Var það Bandalag jafnaðarmanna eða var það Alþfl.? Í annan stað: Hvaða bankaráðsmaður var það sem kom í veg fyrir að einn ríkisbankanna er uppvís að því að stunda ekki lögbrotin? Það var reyndar fulltrúi Alþfl. í því bankaráði. Hvaða þingflokkur er það sem hefur skorað á þá bankaráðsmenn sem að löglausum ákvörðunum stóðu að segja af sér og leggur hér með til og mun fylgja því eftir að ef mennirnir hafa ekki siðgæðiskennd til þess að gera það sjálfviljugir taki Alþingi Íslendinga það mál til afgreiðslu með lagabreytingum og svipti þá umboðinu?

Hv. þm. Guðmundur Einarsson vakti athygli á því að um þetta mál hefði verið fjallað í blöðum fyrst og það er rétt. Ég vil eindregið, án þess að lengja þessa umr. nú, taka þau ummæli þm. alvarlega og vek athygli á því að á hv. Alþingi sitja níu alþm. sem eiga sæti í bankaráðum. Það hefur komið hér fram við umr. áður að þeir eru ekki allir sekir um þessa ákvörðun vegna þess að í sumum bankanna voru þessar ákvarðanir teknar af fyrrv. bankaráðum, þ. e. í Landsbanka og Seðlabanka. Enn fremur sitja hér á Alþingi stjórnarmenn í Framkvæmdastofnun ríkisins. Hv. þm. Guðmundur Einarsson hefur borið þessum mönnum á brýn yfirhylmingu um lögbrot og vakið athygli á því að það hafi verið blaðamenn sem hafi ljóstrað upp um lögbrotin. Ég vil þess vegna leyfa mér, herra forseti, að skora á eftirgreinda hv. þm., Garðar Sigurðsson, Valdimar Indriðason, Stefán Valgeirsson, Helga Seljan, Friðjón Þórðarson, Halldór Blöndal, Pétur Sigurðsson, Davíð Aðalsteinsson, Harald Ólafsson, að koma hingað upp í ræðustól og gera grein fyrir afstöðu sinni og svara þessum ásökunum um leið og ég tek það fram að mér er kunnugt um að þrír þeir síðast nefndu tóku við sæti í bankaráðum eftir að þessar ákvarðanir voru teknar og það er líka upplýst að hv. þm. Garðar Sigurðsson greiddi atkv. gegn þessari samþykkt. En hér er um svo alvarlegar ásakanir að ræða að ég vil eindregið beina því til hv. þm. og það með nafni að þeir svari hver fyrir sig.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um bifreiðahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna vil ég taka fram að við í Búnaðarbankanum höfum rætt þessi mál á mörgum fundum, áður en formleg tillaga var samþykkt, þar sem við komum ekki auga á neina leið sem við vorum sæmilega ánægðir með í þessu máli. Rætt var um að bankinn legði bankastjórunum til bifreiðar til eigin nota á sama hátt og gert var fyrir 1. ágúst 1970. Fram kom að a. m. k. einn af bankastjórunum mundi taka þann kost ef í boði væri. Hinir bankastjórarnir sögðust einnig mundu hugleiða það mál þar sem allir bankaráðsmenn létu í ljósi áhuga sinn fyrir því að sú leið yrði eingöngu valin af bankastjórum Búnaðarbankans. Hins vegar vorum við einnig sammála um það að við í Búnaðarbankanum gætum ekki boðið okkar bankastjórum upp á lakari kjör en bankastjórar í hliðstæðum bönkum hafa. Þess vegna var annar valkostur tilgreindur í bankaráðssamþykktinni.

Um síðustu mánaðamót lágu fyrir upplýsingar, sem við töldum óyggjandi, að frá þessum málum hefði verið gengið í Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka og Framkvæmdastofnun ríkisins. Þann 2. apríl s. l. var gengið frá svohljóðandi samþykkt í bankaráði Búnaðarbankans og stóðu allir bankaráðsmenn að samþykkt hennar:

„Bankaráð samþykkir að fella niður frá áramótum 1984—1985 greiðslur vegna bílakaupa bankastjóra sem verið hafa í gildi frá 1. ágúst 1970. Í stað þeirra hlunninda sem fólust í þeirri reglu mun bankinn greiða bankastjórunum árlega fjárhæð sem svarar til 450 þús. kr. miðað við janúar 1985, en það er sem næst jafngildi áður umsaminna hlunninda. Ef bankinn leggur bankastjórunum til bíl verði þau hlunnindi metin út frá fyrrgreindri fjárhæð."

Á fundi, sem haldinn var í bankaráðinu í dag, var ákveðið af bankaráðsmönnum og bankastjórum að hinn síðari kostur yrði valinn, sá að Búnaðarbankinn legði bankastjórunum til bíl til afnota, enda falli fyrri hluti samþykktarinnar frá 2. apríl um launaauka að sjálfsögðu þar með niður.

Ég vil mótmæla því, sem kom fram hér hjá síðasta ræðumanni, að bankaráð Búnaðarbankans hefði framið lögbrot. (**JBH:** Það var undanskilið.) Það var ekki undanskilið. Og mig furðar á því að þessi hv. þm. skuli fara þess á leit að þeir sem sitja þar í bankaráði segi af sér út af þessu máli. Það er alveg furðuleg ósvífni að fara fram á það. En það kann að vera að ég eigi eftir að tala við þennan hv. þm. betur við annað tækifæri.

Ég vil benda á að skv. 8. gr. laga nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands, ber bankaráðinu að fá samþykki viðskrh. til breytinga á öllum kjörum. Þar sem við vorum að athuga þann möguleika að taka þennan síðari kost var því auðvitað frestað að skrifa ráðh. Þar með hefur þessi samþykkt, sem ég hef hér lesið, aldrei öðlast gildi. Verður ráðh. skrifað miðað við breytt viðhorf í bankanum sem ég hef þegar greint frá.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eftir að fjölmiðlar flettu ofan af hinum dæmalausu ákvörðunum bankaráða ríkisbankanna um sérstaka sporslu til bankastjóra þessara banka hafa stjórnmálaflokkarnir hver á fætur öðrum keppst við að fordæma þá. Þeir hafa hamast við að þvo hendur sínar eins og við höfum heyrt hér í umr. í dag og aðallega gert það með þeim hætti að bera sakir hver á hendur öðrum. Þetta eru að mínu mati viðbrögð skömmustunnar og þau eru bæði spaugileg og skinheilög.

Stjórnmálaflokkarnir kjósa fulltrúa í bankaráð og skipta með sér kökunni og raða sínum mönnum á jöturnar. Í bankaráðunum úir og grúir af þingmönnum og innanbúðarmönnum úr flokkunum. Stjórnmálaflokkarnir hafa alla tíð lagt á það megináherslu að bankaráðin *eigi að vera skipuð og kosin pólitískri* kosningu til að stjórnmálaöflin og almenningur hafi sem greiðastan aðgang að stjórn bankanna og geti þannig veitt þeim aðhald. Og ekki nóg með það. Flokkarnir hafa skipt bankastjóraembættunum á milli sín í samræmi við hina alkunnu samtryggingarreglu. Þeir eiga þar sín sæti og er skemmst að minnast þeirra grátbroslegu átaka sem áttu sér stað hér á síðasta ári þegar barist var um bankastjórasæti í ríkisbönkunum. Fór þar flest eftir um skiptingu á milli flokkanna.

Hneykslið í ríkisbönkunum, sem nú er til umr., er auðvitað fullkomlega á ábyrgð stjórnmálaflokkanna og stjórnmálaaflanna, Alþingis og þingflokkanna. Það eru þeir sem eru allsráðandi í bankastjórnunum og er þar enginn flokkur undanskilinn. Alþfl. hefur gert hér tilraun til þess að þvo hendur sínar með því að vera m. a. málshefjandi í þessari umr. Vera má að Alþfl. sé búinn að taka upp einhverja nýja siðbótarstefnu en auðvitað vita allir, sem með pólitík hafa fylgst hér á undanförnum árum og áratugum, að Alþfl. hefur svo sannarlega setið í sömu súpunni og verið samferða öðrum flokkum í leitinni að bitlingum innan kerfisins.

Þetta mál, herra forseti, er lýsandi dæmi um það að pólitísk áhrif skapa ekki nægilegt aðhald. Þau eru skálkaskjól. Það er rétt, sem hv. þm. Guðmundur Einarsson segir, að menn hreinsa ekki samvisku sína með skömmum um þetta hneyksli, það er einber hræsni, vegna þess að bankarnir hafa nú aðeins verið að

umreikna fríðindin yfir í krónur. Hér standa menn frammi fyrir kerfi og kjörum sem samtryggingin hefur vitað um og haldið verndarhendi sinni yfir.

Þetta mál er að mínu mati áfellisdómur yfir hinu pólitíska siðgæði í landinu. Það er enn ein sönnun þess að flokkarnir nýta aðstöðu valds og áhrifa til að hygla sér og sínum. Það er bræðralag spillingarinnar, sem þjónar eflaust hagsmunum flokkanna, sem hér brýst fram og gægist út úr skúmaskotunum. En það er ósvífin tilraun til að ganga eins langt og mögulegt er, meðan það ekki spyrst, meðan enginn segir neitt. Og það voru ekki flokkarnir eða fulltrúar þeirra sem létu öxina falla í þessu máli, heldur fjölmiðlar og almenningsálitið, almenningsálit sem taldi sér nóg boðið og mál að linnti. Vildarkjör bankastjóranna, sem hér hafa verið til umræðu og hér hefur verið lýst, storka siðferðishugmyndum þjóðfélagsins, ekki síst á þeim tíma þegar hinn almenni launamaður þarf að berjast með hnúum og hnefum til að eiga til hnífs og skeiðar. Hið pólitíska aðhald hefur brugðist og flokkspólitíska samtryggingin hefur enn einu sinni verið afhjúpuð. Maður spyr: Ef þetta hneykslismál upplýsist fyrir tilviljun, hvað þá með allt annað sem þrífst í skjóli þessarar samtryggingar? Hversu mörg eru hneykslin sem liggja í þagnargildi og aldrei koma fyrir almenningssjónir? Og það er einmitt í því ljósi sem ber að skoða bankastjórakjörin. Þau eru sjálfsagt aðeins einn angi af dæmalausri misnotkun ráðandi afla á aðstöðu og völdum. Í stað þess að vera fulltrúar almannavaldsins og gæta hagsmuna borgaranna hafa stjórnmálaflokkarnir og þeirra menn þvert á móti keppst við að sölsa undir sig völdin og skipta þeim á milli sín. Stjórnmálaflokkarnir hafa í þessari umræðu í dag og yfirlýsingum að undanförnu verið að hengja bakara fyrir smið. Þeir eru því miður sjálfir höfuðpaurarnir og skúrkarnir í þessu siðlausa og dæmalausa hneykslismáli. Þeir ættu svo sannarlega að líta sér nær.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það verður seint sagt allt það sem segja þarf í þessu máli. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafa þegar rækilega, skýrt og skilmerkilega gert grein fyrir sjónarmiðum og stefnu Alþfl. að því er þetta mál varðar. Um allt land rís nú alda reiði og vanþóknunar vegna þess sem hér hefur gerst. Það er réttmæt reiði og réttmæt vanþóknun sem nær nú inn í sali hins háa Alþingis.

Það var næsta fróðlegt að hlusta á hv. síðasta ræðumann flytja mál sitt hér. Hann er einn af þm. Sjálfstfl. en talaði hér svo sem hann væri utan flokka. Það var líka fróðlegt að hlusta á ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, formanns þingflokks Sjálfstfl., sem fór á flótta langar leiðir aftur í tímann.

Ég skal virða þau tilmæli forseta að tala hér ekki langt mál. Hér hefur verið gerð grein fyrir þeirri skoðun okkar þm. Alþfl. að svipta beri núv. bankaráðsmenn umboði. Ég vil vekja athygli þingheims á því að í því frv. sem lagt hefur verið fram hér í dag, stjfrv. til l. um viðskiptabanka, eru ákvæði til bráðabirgða á bls. 11, þar sem segir svo með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðum ríkisviðskiptabanka."

Þetta ákvæði er sem sagt þegar fyrir hendi í því frv. sem lagt hefur verið fram.

En það var annað, herra forseti, sem ég vildi hér vekja athygli á. Í hv. fjh.- og viðskn. Ed. liggur nú frv. til l. um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., sem gerir ráð fyrir því að felld verði niður hliðstæð hlunnindi sem ráðherrar hafa, þ. e. að fá eftirgefin aðflutningsgjöld af bílum. Þetta frv. á sér nokkra sögu sem nauðsynlegt er að rekja hér. Það var lagt fram sem stjfrv. á þinginu 1978. Á vordögum 1979, fyrir 6 árum, tæpum 5 árum og 11 mánuðum, nánar tiltekið 20. maí 1979, var þetta mál komið til nefndar í seinni deild, í Ed., stjfrv. um að fella niður þessi hlunnindi ráðh. Hvað gerist þá? Ég er hér með ljósrit úr fundargerðabók fjh.- og viðskn. Ed. á þessum tíma: „39. fundur, haldinn 22. maí 1979 kl. 9. 184. mál: Málinu frestað, fundi slitið. Ólafur Ragnar Grímsson", þáv. formaður fjh.- og viðskn. Ed.

Þar strandaði þetta mál á síðasta stigi. Mér er ekki kunnugt um hvers vegna. Þeir hv. þm. Alþb. kunna væntanlega skýringar á því. Síðan hefur þetta frv., um að afnema þessi hlunnindi ráðh., verið flutt tvisvar sinnum. Í fyrra dagaði það uppi í fjh.- og viðskn. Ed. Hvers vegna dagaði það uppi? Vegna þess að þá var okkur nm. sagt að á næsta leiti væri endurskoðun allra bifreiðareglna á ríkisins vegum. Það átti að koma grg. um það mál frá forsrn. Hún kom aldrei. En okkur var sagt að þessi mál væru í endurskoðun.

Og hvað gerist nú í dag, tæpu ári síðar? Hæstv. viðskrh. kemur í þennan ræðustól og ber því enn við að þessi mál séu í endurskoðun. Á þessi endurskoðun engan enda að taka? Á eilíflega að skjóta sér á bak við það að verið sé að endurskoða málin og þess vegna skuli ekkert gert? Ég hef rætt við formann fjh.- og viðskn. Ed., hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, gerði það í morgun, og hann kvaðst mundu að minni beiðni beita sér fyrir því að þetta mál yrði afgreitt út úr nefndinni eftir rúma viku „með einhverjum hætti", eins og komist var að orði. Ég uni því vel. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. þá sem hér eru staddir: Munu þeir greiða þessu máli veg í gegnum þingið, að þessi hlunnindi, sem ráðh. nú njóta og eru hin sömu og bankastjórar nutu eða a. m. k. mjög svipuð, verði felld niður? Munu hæstv. ráðh. greiða þessu máli leið í gegnum þingið? Ég tel afar mikilsvert að svar fáist við þeirri spurningu. Hér er um meginmál að ræða. Það hafa verið notuð stór orð hér og ég mælist til þess að hæstv. viðskrh. svari. Það kann vel að vera að hann geti ekki svarað fyrir alla ríkisstj. en ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hans, og henni er hægt að svara með jái eða neii, þarf ekki löng ræðuhöld til: Mun hann beita sér fyrir því að frv. okkar Karls Steinars Guðnasonar á þskj. 473, 292. mál þessa þings, verði samþykkt á þessu þingi og nái fram að ganga?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú er kominn sá tími þegar ætlað var að slíta þessum fundi. En með skírskotun til þess sem áður var sagt um hve óheppilegt og óeðlileg vinnubrögð í sjálfu sér það eru að fresta slíkri umr. sem þessari, þá mun verða leitast við að ljúka henni. Það eru aðeins tveir á mælendaskrá og ef þeir tveir hv. þm. tala samanlagt aðeins nokkrar mínútur þá mun takast að ljúka þessari umr. Annars verður henni frestað.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í því frv. sem Alþb. hefur lagt fram í Ed. er gert ráð fyrir að Kjaradómur fjalli um kjör bankastjóra og tekið er fram í 2. gr. þess frv. að óheimilt sé að inni í þeim kjörum verði bifreiðafríðindi eða hlunnindi svipuð þeim er nú hafa verið ákveðin í bönkunum. Þess vegna vísa ég á bug þeim sjónarmiðum, sem fram komu hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni um það sem hann gaf í skyn, að Kjaradómur yrði samkvæmt þessu frv. í rauninni skyldugur til þess að dæma mönnum áframhaldandi bílahlunnindi. Það er tekið algerlega af skarið í þeim efnum í þessu frv. Ég tel að út af fyrir sig geti vel komið til greina að fara einhverja aðra leið í þessu efni og ég tel að það geti vel komið til greina að fara einhverja aðra leið en þá sem lögð er til í frv. Alþfl. sem upphaflega var flutt sem stjfrv. 1978—1979. Mér finnst það ekki aðalatriðið hvaða leið verður farin, heldur hitt, að það verði tekin ákvörðun á þessu þingi sem kemur í veg fyrir að svona nokkuð geti endurtekið sig. Það er aðalatriðið. Ég held að kjaradómsleiðin sé illskást í þessum efnum.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans þó ég verði að segja að ég var ekki alls kostar ánægð með þau vegna þess að hæstv. ráðh. gaf við ýmsum þeim spurningum, sem ég lagði fyrir hann, alls ekki fullnægjandi svör.

Eins og hv. þm. Eiður Guðnason benti á skaut ráðh. sér á bak við það í svari við fyrstu spurningunni að bílamál ríkisins og ríkisstofnananna væru í endurskoðun. Það hefur verið bent á að þau eru búin að vera ansi lengi í endurskoðun. Þess vegna fannst mér að það kæmi alls ekki fram afstaða ráðh. til þessa máls, hvort hann teldi að þessi ákvörðun bankanna bryti í bága við ályktun Alþingis eða í raun hvað ríkisstj. hafi gert til þess að framfylgja ályktun Alþingis í þessu efni.

Að vísu hefur hæstv. ráðh. það sér til málsbóta að hann hefur haft skamman tíma til þess að leita sér upplýsinga um þetta mál. Ég varð líka fyrir miklum vonbrigðum með það að þessi tími skyldi ekki nægja hæstv. ráðh. til þess að kanna hvort þessi ákvörðun bankaráðanna, sem upplýst er að hafi verið samþykkt í a. m. k. tveim bankaráðanna fyrir áramót, hafi komið til framkvæmda, hvort bankastjórarnir hafi þegar fengið þessar greiðslur. Ég tel að hæstv. ráðh. hefði átt að vera í lófa lagið að leita sér þessara upplýsinga og kynna Alþingi hver framkvæmdin hafi orðið á þessu. Telji ráðh. að hann hafi ekki svör við þeirri spurningu núna óska ég eftir því að hæstv. ráðh. kynni sér framkvæmd þessa máls og að þá, ef þessari umr. lýkur núna, kynni hann Alþingi framkvæmdina í þessu máli þegar frv. um bankana, sem hæstv. ráðh. hefur lagt fyrir Alþingi, verður tekið hér til umr.

Ég varð líka vissulega fyrir vonbrigðum með það að fá ekki afdráttarlausari svör frá hæstv. ráðh. um það hvort hann væri reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að þessi hlunnindi væru afnumin.

Hæstv. sjútvrh., sem nú gegnir starfi forsrh., sá ekki heldur ástæðu til að taka þátt í þessari umr. og gefa svör við þeim spurningum sem ég beindi til hans. Þær spurningar snéru að því hvort þessi ákvörðun hefði komið til framkvæmda að því er varðar forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er hér ekki til staðar, en ég harma að hann sá ekki ástæðu til að svara þessum spurningum. (Gripið fram í.) Nú. Ég vænti þá þess að hæstv. ráðh. muni svara þessu að því er varðar Framkvæmdastofnun ríkisins.

Mér finnst að í þessum umr. hafi komið fram hjá þm. mikil andstaða við þá ákvörðun sem tekin var hjá bankaráðunum og ég tel að það þurfi að skoða rækilega hvort sú hugmynd, sem ég hef sett hér fram, hafi ekki fylgi hér á hæstv. Alþingi um það að umboð bankaráðanna verði afturkallað. Og það hefur sannarlega vakið athygli mína í þessari umr. að bankaráðsmenn hafa flestir hverjir verið undarlega hljóðir í þessari umr. og ekki séð ástæðu til að taka þátt í henni. Spurning er hvort megi túlka þögn þeirra þannig að þeir séu sáttir við þá ákvörðun sem tekin hefur verið í bankaráðunum í þessu máli.

Ég ítreka að lokum þakklæti mitt til hæstv. viðskrh. þó ég hafi ekki verið alls kostar ánægð með svör hans.

Efnisskrá.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna (347. mál) 4095.
Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (341. mál) 4097.
Alþjóðasamningar um gáma (324. mál) 4094.
Alþjóðleg tækni í rekstri (362. mál) 4130.
Búnaðarfélag Íslands (24. mál) 4130.
Bætt aðstaða hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu (350. mál) 4129.
Grunnskóli (398. mál) 4110.
Lífeyrissjóður bænda (237. mál) 4094.
Meðferð opinberra mála (403. mál) 4098.
Mörk Garðabæjar og Kópavogs (408. mál) 4110.
Orkufrekur iðnaður á Vesturlandi (377. mál) 4130.
Réttarstaða heimavinnandi fólks (392. mál) 4129.
Samgönguleið um Hvalfjörð (413. mál) 4128.
Seðlabanki Íslands (217. mál) 4101.
Selveiðar við Ísland (210. mál) 4112.
Siglingalög (149. mál) 4093.
Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum (417. mál) 4128.
Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum (202. mál) 4130.
Sláturafurðir (165. mál) 4094.
Sparnaður í fjármálakerfinu (199. mál) 4129.
Sölu- og markaðsmál (311. mál) 4129.
Umræður utan dagskrár 4130 (bílafríðindi bankastjóra).
Útboð á neyslu- og fjárfestingarvörum (330. mál) 4129.
Vélstjórnarnám (226. mál) 4111.
Þátttaka ríkissjóðs í uppbyggingu atvinnulífs (354. mál) 4130.
Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi (100. mál) 4129.
Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi (358. mál) 4129.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4130, 4138, 4152.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 4103, 4106, 4109, 4110.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 4107.
Landbrh. Jón Helgason 4098, 4100.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4113.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 4135.
Björn Dagbjartsson 4101.
Davíð Aðalsteinsson 4094.
Eiður Guðnason 4100, 4102, 4151.
Ellert B. Schram 4150.
Garðar Sigurðsson 4123.
Guðmundur Einarsson 4112, 4138.
Haraldur Ólafsson 4110.
Hjörleifur Guttormsson 4115.
Jóhanna Sigurðardóttir 4131, 4153.
Jón Baldvin Hannibalsson 4146.
Jón Kristjánsson 4094.
Karl Steinar Guðnason 4109.
Kjartan Jóhannsson 4126.
Kolbrún Jónsdóttir 4097.
Kristín Halldórsdóttir 4143.
Ólafur G. Einarsson 4110, 4111, 4145.
Páll Pétursson 4140.
Pálmi Jónsson 4119.
Skúli Alexandersson 4095, 4098, 4103.
Stefán Benediktsson 4099, 4101, 4106.
Stefán Guðmundsson 4114.
Stefán Valgeirsson 4149.
Svavar Gestsson 4141, 4153.
Valdimar Indriðason 4095, 4097, 4102.

Efri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 684). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Reglur um starfshætti og vinnubrögð Alþingis er nauðsyn að setja. Eftir reglum þessum fer ekki lítið hvernig Alþingi ferst í störfum sínum og hversu það gegnir hinu mikilvæga hlutverki sínu. Þess vegna varðar miklu að þingsköp Alþingis svari sem best þeim þörfum sem þau þurfa að gegna.

Með tilskipuninni um endurreisn Alþingis voru því sett þingsköp. Hin konunglega tilskipun frá 8. mars 1843 „um stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland er á að nefnast Alþingi", eins og það var orðað, fól í sér reglur um starfshætti eða þingsköp. Þessum þingsköpum var fylgt meðan Alþingi var ráðgefandi þing eða til 1874.

Í kjölfar stjórnarskrárinnar 1874, þegar Alþingi hafði fengið löggjafarvaldið í hendur, fylgdu svo reglur um starfshætti þess, ný þingsköp. Skv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, um hin sérlegu málefni Íslands, 5. janúar 1874 skyldu þingsköpin handa hinu sameinaða Alþingi og báðum deildum þess sett með lögum. Á Alþingi 1876 lagði landshöfðingi fram frv. til laga um þingsköp handa Alþingi Íslendinga. Frv. var í öllum verulegum atriðum sniðið eftir þingsköpum þjóðþingsins á ríkisþinginu danska með þeim einum breytingum sem leiddi af sérstöðu Íslendinga. Þetta frv. varð að lögum sama ár og með þeim hætti hafði Alþingi sett sér sín þingsköp.

Þessi lög frá 1876 eru meginstofninn í þingsköpum Alþingis í dag. Breytingar hafa verið gerðar í tímans rás á þingsköpum. En þær breytingar hafa að jafnaði ekki verið stórvægilegar eða stefnumarkandi um starfshætti þingfunda eða umræðuna sjálfa. Að sjálfsögðu hefur þingið aðlagað sig breytingum, svo sem á ákvæðum stjórnarskrár, um skipun efri deildar, nýrri tækni, svo sem hljóðvarpi og sjónvarpi, fjölgun þingmanna og öðru þvílíku sem til hefur fallið.

Þó að sett hafi verið lög allnokkrum sinnum um breytingar á einstökum atriðum þingskapa hefur heildarendurskoðun þeirra ekki átt sér stað nema þrisvar sinnum frá 1876, þ. e. 1905, 1915 og 1936. Það er því nú tæp hálf öld síðan gagngerð endurskoðun hefur farið fram á þingsköpum Alþingis. Á þessu tímabili hafa orðið meiri umbreytingar en áður hefur þekkst. Það er því ekki að ófyrirsynju að hugað er nú að þingsköpum Alþingis.

En í þessu efni ber að hafa í huga að Alþingi byggir á traustum grunni og langri reynslu sem vísar veginn þegar aðlaga þarf vinnubrögð nýjum aðstæðum og viðhorfum. Ekki gerist þörf að gerbreyta eða umbylta þingsköpum Alþingis. Það má heldur ekki, þó í góðum tilgangi sé, seilast um of til erlendra fyrirmynda um starfshætti Alþingis. Það ber jafnan að hafa hugfast að Alþingi hefur á ýmsan hátt sérstöðu þegar borið er saman við flestar erlendar löggjafarsamkomur.

Það eru mörg vandamál í löggjafarþingum sem stafa af margföldu fjölmenni á við það sem við höfum á Alþingi. Þess vegna skulum við varast vinnubrögð sem eru ill nauðsyn til að mæta vanda hinna fjölmennu löggjafarþinga en hjá okkur kunna að geta hindrað að Alþingi njóti þess ómetanlega hagræðis sem fylgir fámennri löggjafarsamkomu. Það varðar mestu að í þeirri stöðugu viðleitni, sem halda verður uppi til að aðlaga starfshætti Alþingis kröfum tímans hverju sinni, verði tekið mið af þeirri sérstöðu og löngu reynslu sem elsta löggjafarþing heims hefur yfir að ráða.

Við alþm. stöndum nú frammi fyrir ýmsum vanda er varðar starfshætti og vinnubrögð Alþingis. Þessi vandi er til kominn vegna gerbreytinga á verkefnum þingsins. Tökum t. d. þingsályktanirnar sem þingið þarf að fást við. Á þessu þingi sem nú stendur yfir eru komnar fram 124 þáltill., eða fleiri en á öllu síðasta þingi og þó voru þær þá fleiri en nokkru sinni áður, eða 110. Fyrir 20 árum voru þáltill. ekki nema 47 á því þingi. Gildandi reglur um meðferð þessara þingmála eru í dag efnislega óbreyttar frá árinu 1905, en á þingi það ár voru lagðar fram 15 þáltill.

Svipaða sögu er að segja frá fyrirspurnum á Alþingi. Á þessu þingi sem nú stendur yfir hafa verið lagðar fram 166 fyrirspurnir, eða fleiri en á öllu síðasta þingi þegar þær voru 148 að tölu. Fyrir 20 árum voru fyrirspurnirnar ekki nema 22 á því þingi. Gildandi reglur um fyrirspurnir eru efnislega frá 1947 en þá voru fsp. í þinginu 27 að tölu. Að vísu var ákvæðum þingskapa um fyrirspurnir breytt 1972 þannig að takmarkaður var umræðutími, svo sem gildir nú í dag, en á þingi þá voru lagðar fram 63 fyrirspurnir.

Þingsályktanir og fyrirspurnir gegna mikilvægu hlutverki í störfum Alþingis, en hinar ótakmörkuðu umræður um þingsályktunartillögur og lítt takmörkuðu umræður um fyrirspurnir taka nú allt of mikinn tíma af störfum þingsins. Slíkt kreppir að svigrúmi fyrir sjálft löggjafarstarfið. Slíkt breytir svipmóti löggjafarsamkundu í yfirbragð málskrafssamkundu. Slíkt fælir jafnvel þingmenn frá góðri fundarsetu því að þeim er ekki ætlandi að sitja undir því sem þeim þykir fánýti nema þeir eigi sjálfir hlut að máli.

Þá eru umræður utan dagskrár eitt vandamálið sem við er að fást. Í þingsköpum eru nú engin ákvæði um það efni. Hins vegar hafa í síðari tíð tíðkast umræður utan dagskrár í það ríkum mæli að nauðsynlegt er að setja slíkum umræðum takmörk.

Svo sjálfsagðar sem umræður utan dagskrár geta verið orkar oft tvímælis hve nauðsynlegar þær eru. Hins vegar verður því ekki neitað að þm. fýsi ósjaldan að hreyfa áhugamálum sínum vafningalaust. Slíkt sýnir lifandi áhuga þm. fyrir mikilsverðum málum og er því af hinu góða en ekki til að amast við. Nýjum viðhorfum varðandi umræður utan dagskrár verður að mæta með þingskapaákvæðum.

Enn kalla gerbreyttar aðstæður frá síðustu heildarendurskoðun þingskapa fyrir tæpri hálfri öld á veigamiklar breytingar í stjórnun Alþingis og vinnubrögðum þess almennt. Af öllum þessum ástæðum þurfa nú að verða gerðar breytingar á þingsköpum. Staða Alþingis og virðing liggur við.

Á undanförnum árum hafa komið fram á Alþingi ýmsar hugmyndir um breytingar á þingsköpum. Þar er um að ræða tillögur til þál. og frv. um þessi efni. Þessi þingmál hafa yfirleitt ekki hlotið afgreiðslu og engar umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á þing-

sköpum.

Á síðasta þingi varð það að samkomulagi milli forseta Alþingis og formanna þingflokkanna að leggja til að níu manna nefnd alþm. yrði falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp. Þá var gert ráð fyrir að forsetar þingsins skipuðu þessa nefnd ásamt einum manni frá hverjum þingflokki. Var flutt till. til þál. um þetta efni sem Alþingi samþykkti 15. des. 1983.

Skv. þál. þessari kaus Alþingi sex alþm. í nefnd þessa auk forsetanna þriggja. Nefndina skipuðu þessir menn: Þorv. Garðar Kristjánsson, forseti Sþ., Salome Þorkelsdóttir, forseti Ed., Ingvar Gíslason, forseti Nd., Helgi Seljan frá Alþb., Eiður Guðnason frá Alþfl., Stefán Benediktsson frá Bandalagi jafnaðarmanna, Ólafur Jóhannesson frá Framsfl., Kristín Halldórsdóttir frá Samtökum um kvennalista og Friðjón Þórðarson frá Sjálfstfl.

Nefndin skipti með sér verkum þannig: Formaður Þorv. Garðar Kristjánsson, varaformaður Ingvar Gíslason og ritari Helgi Seljan.

Eftir andlát Ólafs Jóhannessonar tók Páll Pétursson sæti Framsfl. í nefndinni. Með nefndinni hefur unnið Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri Alþingis.

Nefndin hefur unnið mikið starf sem hefur verið fólgið í heildarendurskoðun þingskapanna. Hefur nefndin haldið marga fundi þar sem viðfangsefnið hefur verið þrautrætt. Sérstök áhersla hefur verið lögð á athugun og meðferð þeirra atriða sem hafa grundvallarþýðingu fyrir stjórnun þingsins og skipulag og markviss vinnubrögð í störfum þess. En ekkert hefur nefndin talið sér óviðkomandi í þessum efnum og hefur endurskoðun beinst að öllum greinum þingskapa. Í störfum sínum hefur nefndin haft hliðsjón af margs konar gögnum varðandi málið og þar með talið þingsköpum erlendra þjóðþinga.

Árangurinn af starfi nefndarinnar kemur fram í frv. því sem við nú ræðum. Allir nm. standa að frv. þessu, jafnt þeir sem sæti eiga í Nd. sem flm. í Ed.

Frv. felur í sér gagngerðar breytingar í veigamiklum atriðum frá gildandi þingsköpum. Þessar breytingar eru margs konar að efni og formi. Þar er fyrst og fremst um að ræða algjör nýmæli í þingsköpum. Sumar breytingar eru fólgnar í því að tekin eru inn í þingsköp ákvæði í samræmi við framkvæmd og venju sem fylgt hefur verið þó ekki hafi verið lögbundið. Ýmis ákvæði þingskapa hafa verið umorðuð til að gera þau skýrari og fyllri án þess að um efnisbreytingar sé að ræða. Þá hafa verið felld niður ákvæði þingskapa sem ekki þjóna lengur neinum tilgangi vegna breyttra aðstæðna og eru því orðin úrelt eða hafa aldrei haft sjálfstæða þýðingu.

Meginnýmæli frv. eru:

1. Stjórn þingsins er efld með skipulegum og markvissum vinnubrögðum. Að þessu lúta ákvæði um hlutverk forseta þingsins sem er að finna í 2. mgr. 11. gr. og ákvæði um verkefni fastanefnda þingsins sem er að finna í 6. mgr. 15. gr., svo og ákvæði 2. mgr. 18. gr. og 6. mgr. 28. gr. sem stuðla að því að þingmálum sé útbýtt tímanlega svo að meðferð mála verði dreift sem jafnast á þingtímanum.

2. Fjölgað er fastanefndum í Sþ. með því að gera þar ráð fyrir félagsmálanefnd svo sem segir í 1. og 2. mgr. 15. gr.

3. Settar eru reglur um hnitmiðaðri meðferð þáltill. en verið hefur. Stuðlað er að því að till. til þál. verði aðeins bornar fram í Sþ. Tvær umræður þarf um allar þáltill. til þess að þær nái samþykki til fullnaðar. Tímalengd fyrri umræðu er takmörkuð nema um sé að ræða tillögur um tiltekin, mikilvæg mál. Reglur þessar miða að því að meira ráðrúm gefist til eiginlegra löggjafarstarfa í þingdeildum. Þessar reglur er að finna í 28. gr. frv.

4. Breytt er reglum um fyrirspurnir þannig að umræðan er bundin einungis við fyrirspyrjanda og viðkomandi ráðh. og ræðutími styttur en gert ráð fyrir að aðrir þm. geti gert stuttar athugasemdir. Með þessu er komið í veg fyrir að almenn umræða drepi á dreif sjálfri fsp. og tilgangi fyrirspyrjanda með henni. Jafnframt gefur þetta meira svigrúm til löggjafarstarfa þingsins með því að umfang fsp. í þingstörfum minnkar. Ákvæði um þetta efni er að finna í 5. mgr. 31. gr. frv.

5. Sett eru ákvæði um umræður utan dagskrár, en um það efni hefur ekkert verið að finna í þingsköpum. Ákvæði þessi eru tvenns konar eftir því hve mikilsverð mál er um að ræða. Annars vegar er opnuð leið fyrir því að fleiri mál megi verða tekin fyrir utan dagskrár en tíðkast hefur jafnframt því að umræður séu mjög takmarkaðar. Hins vegar er ætlunin að þrengja möguleika til umræðu utan dagskrár án tímatakmarkana þannig að slíkar umræður verða nánast í undantekningartilvikum um hin mikilvægustu mál. 32. gr. frv. fjallar um þetta efni.

Þær breytingar í frv., sem eru fólgnar í lögfestingu á venjum sem fylgt hefur verið í framkvæmd, eru af ýmsum toga spunnar, t. d.: Varamaður sem gerist aðalmaður tekur sæti í þeirri þingdeild sem sá sat í sem hvarf af þingi. Um þetta fjallar 9. gr. frv. Fjvn. er heimilað að skipa undirnefnd til að starfa að sérstökum verkefnum milli þinga skv. 3. mgr. 15. gr. frv. Munnleg skýrsla ráðh. til Alþingis er heimiluð ef ekki verður komið við að prenta skýrslu eða ekki þykir ástæða til skv. 3. mgr. 29. gr. frv. Kveðið er á um málsmeðferð ef þm. forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður taki sæti hans á meðan skv. 2. mgr. 34. gr. frv. Fram er tekið að hvort heldur Sþ. eða þingdeild megi vísa máli til ríkisstj. eða einstakra ráðh. skv. 42. gr. frv. Ef fram kemur ósk um nafnakall er ákveðið að við henni skuli orðið. Um það segir í 2. mgr. 47. gr. frv.

Þau ákvæði frv., sem fela í sér umorðun eða formbreytingu á gildandi þingsköpum án efnisbreytinga, er að finna á víð og dreif. Þar er að nefna t. d.: Hlutverk forseta við framkvæmdastjórn Alþingis og skipan og verkefni skrifstofustjóra Alþingis. Um þetta fjalla 3. og 4. mgr. 11. gr. frv. Þá er kaflinn um útvarpsumræður að miklu leyti umorðaður.

Ákvæði gildandi þingskapa, sem felld eru niður í frv. þessu, varða ýmis efni, t. d.: Vinnunefndir eru lagðar niður skv. 6. og 7. mgr. 15. gr. frv. Óhlutbundin kosning í nefndir er afnumin skv. 16. gr. frv., sbr. 49. gr. Felld er niður 29. gr. gildandi þingskapa um ávarp þingdeilda eða Sþ. til forseta lýðveldisins, en að sjálfsögðu standa ákvæði 38. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni óhögguð. Felld eru niður ákvæði sem lúta að því að taka mál út af dagskrá og fá mál tekin á dagskrá. Um þetta fjallar 44. gr. frv.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rætt um frv. í heild sinni en geymi mér til 2. umr. að ræða einstakar greinar þess svo sem þingsköp gera ráð fyrir að gera skuli.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni

þessari umr. Ekki er lagt til að frv. verði vísað til fastanefndar þar sem frv. er unnið af þingskapanefnd sem skipuð er alþm. einum og Alþingi hefur sérstaklega kjörið til þessa verks. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessi þingskapanefnd, sem stendur að frv., starfi meðan frv. er til meðferðar í þinginu þannig að nefndin taki til athugunar þær brtt. sem fram kunna að koma og tjái sig um þær. Þess er og að minnast að þetta frv. var sent öllum hv. alþm. í febrúar s. l. til athugunar.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ekki er um það deilt að þörf er á að endurskoða þingsköp Alþingis og raunar er það nokkuð samhljóða álit þm. að þörf sé á ýmsum breytingum í þingstörfum frá því sem nú er. Um hvort tveggja hafa verið nokkrar umr., annars vegar á fundum forseta og þingflokksformanna um þingstörfin, hins vegar í sérstakri til þess kjörinni nefnd sem fjallað hefur um þingsköpin. Staðreyndin er sú að margt má betur fara í þingstörfum án þess að til þess þurfi að koma lagabreyting eða breyting á þingskapalögum.

Í þeim umr., sem fram fóru í haust um breytta skipun þingstarfa, var það nokkuð almenn skoðun manna að velja mætti þingstörfum betri tíma en nú er gert og vel kæmi til greina að vera með tilraunafundi að morgni einu sinni eða tvisvar í viku til að byrja með a. m. k. Eins var almenn samstaða um það að vera mundi mjög til bóta í þingstörfum að deildir fengju meiri tíma til sinna starfa og væri ætlaður meiri forgangur í þingstörfum en nú er. Allt þetta verður auðvitað til áframhaldandi athugunar og ekki þess að vænta að breyting sé gerð í þessum efnum á miðju þingi, en hugsanlega þegar þing kemur saman á komandi hausti.

Þingskapanefnd hefur skilað ítarlegu nál. þar sem gerðar eru margar tillögur til breytinga á þingskapalögunum. Tillögur þessar hafa vafalaust verið til umræðu í öllum þingflokkum og vil ég láta þess getið hér að þingflokkur Alþb. fjallaði um þessar tillögur á fundi í seinasta mánuði og gerði allnokkrar athugasemdir við þær tillögur sem fram voru lagðar. Eftir því sem mér virðist hefur nú ekki verið tekið tillit til þessara ábendinga, sem komu frá þingflokki Alþb., nema að takmörkuðu leyti og er því ekki hægt að segja að þingflokkur Alþb. hafi fyrir sitt leyti samþykkt frv. í þeim búningi sem það er lagt fram, enda þótt fulltrúi Alþb. í nefndinni sem um það fjallaði sé einn af flm.

Við þm. Alþb. áskiljum okkur því rétt til að koma áframhaldandi á framfæri ábendingum okkar og tillögum um breytingar. Við viljum leggja á það áherslu að í mörgum tilvikum er þar um veruleg atriði að ræða sem menn lögðu þunga áherslu á við umræður um þetta mál á þingflokksfundi Alþb. og ekki hægt að segja að það sé samkomulag við okkur um efni frv. eins og það er nú nema til komi einhverjar frekari breytingar.

Það eru einkum þrjú atriði sem menn fetta fingur út í og er óhjákvæmilegt að taka til nánari athugunar.

Í fyrsta lagi er hér sett fram sú regla í 28. gr. að við fyrri umr. um þáltill. hafi frsm. till. aðeins 15 mínútur til að gera grein fyrir máli sínu en aðrir þm. megi aðeins tala í fimm mínútur um till. Hér er um mjög stórfellda breytingu að ræða frá því sem verið hefur, verulega takmörkun á rétti tillögumanns til að gera grein fyrir máli sínu og enn frekar á rétti þm. almennt til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum því að ekki getur neinn haldið því fram með sanni að fimm mínútur nægi til að gera grein fyrir skoðunum manns að öllum jafnaði þegar um flókin mál er að ræða.

Í þessu sambandi kunna menn að benda á það að till. eigi eftir að ganga til 2. umr. og þá sé ekki takmarkaður ræðutími. Við verðum að hafa það í huga að mikill fjöldi mála kemur aðeins til 1. umr. Menn fá því ekki tækifæri til að mæla fyrir till. eða koma fram athugasemdum um hana nema við þessa einu umr. Þess vegna er sérstaklega skaðlegt að takmarka ræðutímann svo mjög sem hér er gerð till. um.

Ég vil ekkert útiloka að menn væru reiðubúnir til einhverrar málamiðlunar í þessum efnum. En takmörkun, sem gengur svo langt sem hér er gerð till. um, er að mínum dómi fjarstæða og fyrst og fremst mjög alvarlegur hnekkir fyrir stjórnarandstöðuna á hverjum tíma, vegna þess að stjórnarandstaðan hefur fyrst og fremst tækifæri til að koma till. sínum á framfæri með flutningi mála hér á Alþingi og með athugasemdum við stjfrv. sem flutt eru, meðan aftur á móti ráðh. og ríkisstj. hafa ótal önnur tækifæri til að koma sínu máli á framfæri og því er veitt miklu meiri athygli í fjölmiðlum sem ráðh. og stuðningsmenn þeirra hafa fram að færa þegar þeir standa í sínum málatilbúnaði. Því er hér að mínum dómi verið að reiða býsna hátt til höggs í garð stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma og þar með hnekkja að nokkru lýðræðinu í landinu. Ég tel að svona langt megi ekki ganga í því að takmarka umræður hér á Alþingi. Sérstaklega á þetta við um stjfrv. eða till. til þál. sem ríkisstj. flytur og kunna að vera stórkostlega mikilvægar fyrir land og þjóð en þm. eiga ekki að fá að segja nema fáein orð í fimm mínútur um málið. Þetta tel ég alveg fásinnu.

Ég veit að vísu að gerð er undantekning í 5. mgr. 28. gr. um að till., sem fjalli um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana, falli ekki undir þetta ákvæði. En ég vek á því athygli að það geta komið hér inn í þingið stórkostlega mikilvægar stjórnartill. sem ekki heyra undir þessa undantekningarreglu og þá væri það alveg fjarstæða að ráðh. ættu að mæla fyrir málinu í 15 mínútur og svo fengju einstakir þm. fimm mínútur.

Annað það atriði sem orkar tvímælis, þó kannske megi segja að það sé ekki eins stórt í sniðum, er sú takmörkun sem hér er gerð á umr. um fsp. Í reglunni eins og hún er hér í 31. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðh., má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðh. eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þm. er heimilt að gera stutta athugasemd."

Þetta þykir mér afar vond regla, miklu verri en sú sem fyrir er. Ég er ekki alveg viss um að hún leiði til neitt styttri fundartíma vegna þess að það er nokkuð löng og mikil reynsla fyrir því að stuttar athugasemdir hér í þinginu eru talsvert lengri en tvær eða fimm mínútur. Ég hygg að það sé æði algengt að menn komi hér í ræðustól á Alþingi og segist ætla að gera stutta athugasemd og tali svo í 20 mínútur. Það verður áreiðanlega mjög teygjanlegt fyrir forseta að eiga að úrskurða það hvað sé stutt athugasemd og hvað ekki. Í öllu falli er ég ansi hræddur um að þessi stutta athugasemd geti oft teygst í lengri tíma en tvær mínútur, jafnvel lengri tíma en fimm.

Ég held að reglan eigi að vera eins og hún er, að fyrirspyrjandi megi mæla fyrir sinni fsp. í fimm mínútur.

Það finnst mér vera lágmarkskrafa. Það má hins vegar vel takmarka svar ráðh. frá því sem nú er þó að ég telji ekki að það sé út af fyrir sig nein þörf á því. Mig minnir að ráðh. megi svara fsp. í tíu mínútur og það þykir mér engin ofrausn fyrir hans hönd. En kannske gæti það gengið að hann svaraði í fimm. Síðan finnst mér að vissulega megi takmarka umr. um fsp. í framhaldinu en að orða það þá á einhvern annan veg en þann að öðrum þm. sé heimilt að gera stutta athugasemd vegna þess að það hygg ég að yrði ekki nein takmörkun heldur lenging frá því sem nú er. Nú mega menn tala í tvær mínútur hver um sig, eins og menn þekkja. Ég gæti t. d. hugsað mér þá takmörkun að menn tali í tvær mínútur hver fyrir sig, eins og nú er, en aðeins einu sinni. Það fyndist mér mjög hæfileg takmörkun því að ég hef ekki séð nein rök fyrir því að menn þurfi að koma oftar en einu sinni upp í ræðustól til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum eftir að fsp. hefur verið svarað. En það er einmitt þegar menn koma tvisvar og þrisvar hver fyrir sig margir í senn að það teygist úr fyrirspurnatímum.

Í þriðja lagi vil ég gera hér að umtalsefni 32. gr. frv. um umr. utan dagskrár. Þar er hreyft við afar þýðingarmiklu en viðkvæmu máli. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er ekki samkomulag við meiri hluta þingflokks Alþb. um efni þessarar greinar. Mér er spurn hvort almennt samkomulag sé um hana við aðra flokka. Ég verð að telja það heldur ótrúlegt að menn séu reiðubúnir til að samþykkja efni þessarar greinar því að það gildir það sama um hana og um 28. gr. að þar er verið að takmarka rétt stjórnarandstöðunnar allheiftarlega. Við eigum svo sannarlega að hugsa okkur vandlega um áður en við samþykkjum reglu af þessu tagi. Þar er sem sagt gert að aðalreglu að menn geti komið á framfæri utan dagskrár í lok fundartíma Sþ. — sem gæti oft verið þegar komið væri fram á nótt ef því er að skipta — athugasemd sem eigi má þó standa lengur en þrjár mínútur. Ég er hræddur um að menn telji þennan rétt harla lítils virði. Ég óttast að þegar þessi regla er sett upp sem aðalreglan í 32. gr., en hitt svo aftur lagt í vald forseta hvort umr. eigi að fá pláss á öðrum tíma, og hann hefur þessa reglu til að styðjast við, sem sett væri í þessum þingskapalögum, kynni harðdrægur forseti — nú er ég ekki að tala um núv. forseta Sþ. sem er afskaplegta viðræðugóður og samvinnuþýður forseti eins og allir hv. þm. þekkja — sem kynni að vera í forsetastól á síðara stigi, að beita þeirri reglu til að hnekkja verulega rétti stjórnarandstöðunnar í gegnum áratugi til að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri þegar hart er í ári og þörf er að dómi stjórnarandstöðu að vekja athygli á málum.

Ég vil minna á í þessu sambandi að ég er ekki að tala hér fyrst og fremst fyrir hönd stjórnarandstöðu á komandi árum og komandi tímum. Ég minnist þess að þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili og því sem var þar á undan beittu þm. Sjálfstfl. utandagskrárumræðum nokkuð óspart til að vekja athygli á málum sínum. Ekki fannst mér það neitt óeðlilegt út af fyrir sig. Ég hygg að það mætti telja í hópi þeirra æðimarga þm. sem kvöddu sér hljóðs oftar utan dagskrár en ég hef gert hér í þinginu. Það er alls ekki hægt að segja að núverandi stjórnarandstaða hafi beitt þessum rétti eitthvað meira eða óhóflegar en gert hefur verið á fyrri kjörtímabilum, síður en svo. Þess vegna vil ég eindregið skírskota til fulltrúa annarra flokka, því að það á sannarlega eftir að verða hlutverk þeirra margra að verða í stjórnarandstöðu á komandi árum, hvort þeim finnst skynsamlegt og eðlilegt að takmarka utandagskrárumræður jafnmikið og gert er með þessari grein. Ég tel það óskynsamlegt og vara við því.

Ég skora að endingu á forseta þingsins almennt að leita eftir betri samstöðu við þingheim um efni þessa frv. en tækifæri hefur verið til að gera enn sem komið er. Þótt vissulega hafi þessi mál verið rædd í þingflokkum, sennilega öllum a. m. k. einu sinni, þá dugar það ekki til. Hér þurfa miklu meiri og víðtækari samráð að koma til. Eins og ég hef þegar sagt var frv. í þessum búningi ekki lagt fyrir þingflokk Alþb. og sennilega ekki fyrir neinn þingflokkanna til endanlegrar afgreiðslu. Það er því vafalaust ekki hægt að líta svo á að það sé neitt endanlegt samkomulag um málið í þeim búningi sem það birtist hér. Ég skora sem sagt mjög eindregið á forseta þingsins og aðra þá sem eru forsvarsmenn þessa þingmáls eða þá sem eiga eftir að sitja í nefnd sem fjalla mun um málið að leita eftir betri samstöðu, einkum um þau atriði frv. sem verulega þrengja rétt þm. og stjórnarandstöðu frá því sem verið hefur.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri hv. n. sem hefur þetta mál til umfjöllunar og hefur unnið það frv. sem hér er nú til umr. vil ég segja fáein orð hér við 1. umr. þess. Ég held að við öll, sem sitjum hér á hæstv. Alþingi, megum vera nokkuð glöð yfir því að hér er komið fram frv. um endurbættar og skýrari starfsreglur fyrir Alþingi. Eins og við vitum öll er það ákaflega mikilvægt að þingsköp séu sem skýrust og því fagna ég því að þetta frv. er hér komið til umr. Hitt er svo aftur annað mál hvort við erum öll sammála um einstök atriði frv. En áður en ég kem að þeim athugasemdum, sem þingflokkur Kvennalistans hefur við frv. að gera, langar mig til að tæpa aðeins á skyldu máli og það er hversu mikil nauðsyn er á því að komið verði á bættum vinnubrögðum í framkvæmd hér á hæstv. Alþingi. Ég vil í því efni einkum tiltaka nauðsyn á skilvirkari nefndarstörfum og nauðsyn þess að koma í veg fyrir að afgreiðsla mála hrúgist að töluverðu leyti á tvö stutt tímabil á þingtímanum, þ. e. á vikurnar fyrir jólahlé og vikurnar fyrir þinglausnir. Þessi vinnubrögð eru til vansa fyrir hæstv. Alþingi. Ég vil því við þetta tækifæri nú, þegar við erum að ræða starfsreglur Alþingis, beina eindregnum tilmælum til forseta þingsins og nefndarformanna að leggjast á eitt með að breyta þessum vinnubrögðum til betri vegar. Ég vil taka það fram að ég efast ekki um að forsetar hafi beitt sér í átt til betri hátta að þessu leyti og það á líka við um suma nefndarformenn, en betur má ef duga skal.

Þessi vinnubrögð, sem ég hér nefni, eiga frekar við um framkvæmd starfsreglna Alþingis en starfsreglurnar sjálfar. En þetta tvennt er svo samtvinnað að mér finnst eðlilegt að minnast á þessa hlið málsins hér við umr. um frv. til laga um þingsköp Alþingis.

Hvað frv. sjálft varðar er það samið af nefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka, eins og fram kemur í grg. með frv., og ljóst má vera að víðtæk samstaða hefur náðst um meginatriði þessa frv. Í einstaka atriðum hefur þó greinilega ekki náðst að samræma öll sjónarmið og við Kvennalistakonur höfum nokkrar

athugasemdir við frv. að gera og gerði fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, grein fyrir þeim þar og brtt. Kvennalistans í þeim efnum.

Þar er fyrst til að taka brtt. við 8. gr. frv. þess efnis að heimila megi kosningu til Ed. í upphafi hvers þings óski þingflokkur sérstaklega eftir að skipta um fulltrúa sína þar. Þykir okkur sem slík heimild veiti þingflokkunum nauðsynlegan sveigjanleika til að aðlaga sig þeim breytingum sem kunna að verða á aðstæðum á kjörtímabilinu og sem ófyrirsjáanlegar kunna að vera í upphafi þess. Eftir því sem ég best veit mun áður hafa gilt sú regla að kosið væri til Ed. í upphafi hvers þings. Ég vil taka það fram að við erum ekki að leggja til að hún verði tekin upp aftur heldur aðeins að þingflokkum sé veitt heimild til að láta kjósa sína fulltrúa að nýju í upphafi þings óski þingflokkurinn sérstaklega eftir því.

Í öðru lagi höfum við gert athugasemdir við 28. og 31. gr. frv. þar sem okkur finnst ræðutími vera skammtaður of knappt. Þótt ég geti sannarlega tekið undir það sjónarmið að nauðsyn beri til að setja nánari reglur en nú gilda um þessi atriði tel ég hér vera of knappt skammtað.

Í þriðja lagi gerðum við athugasemdir við 34. gr. frv. Við lögðum til að þm. geti óskað eftir að hverfa tímabundið af þingi af öðrum ástæðum en þeim sem nefnd eru forföll í greininni, enda geri þm. þá grein fyrir hvaða ástæður liggi að baki óskar hans og þær síðan metnar.

Virðulegi forseti. Þetta eru helstu athugasemdir sem Kvennalistinn hefur við þetta frv. að gera þótt ýmislegt fleira mætti tiltaka. Ég nefni þetta hér við 1. umr. vegna þess að fulltrúi Kvennalistans í Ed. á ekki sæti í þeirri nefnd sem hefur þetta frv. til meðferðar. Fulltrúi Kvennalistans þar mun taka þessi atriði aftur upp, vænti ég, í þingskapalaganefndinni. En að öllu óbreyttu, ef ekki verða breytingar á frv. að neinu verulegu leyti að því sem tekur til þeirra atriða sem ég hef nefnt eða ekki er möguleiki á að ná einhvers konar samkomulagi, geri ég ráð fyrir að flytja brtt. hér í hv. deild við 2. umr. sem taka til þeirra atriða sem ég hef hér nefnt. Þá mun ég gera nánari grein fyrir forsendum þeirra till. en ég hef gert nú.

Að lokum vil ég þakka þingskapalaganefndinni það mikla starf sem hún hefur unnið á skömmum tíma og er sú skilvirkni sannarlega til fyrirmyndar.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir að þetta frv. til l. um þingsköp Alþingis er komið fram. Það stendur svo á að enginn af þeim fulltrúum Framsfl. sem eiga sæti í þingskapalaganefndinni er í Ed. þannig að ég við lýsa í örfáum orðum að þingflokkurinn hefur rætt þessi mál og er í öllum höfuðatriðum sammála frv. þó að einstakir þm. flokksins áskilji sér að sjálfsögðu rétt til að flytja eða fylgja brtt. En í höfuðatriðum er mikil samstaða um þetta mál. Ég vil einnig þakka hv. 1. flm. þessa frv. fyrir ágæta grein sem hann gerði fyrir málinu í framsögu áðan.

Þau atriði, sem ég vildi gera að umræðuefni einkum og sér í lagi, snerta framkvæmd þingstarfa. Ég vil taka fram í upphafi að ég er mjög hlynntur takmörkun á umr. um þáltill. og ég get ekki verið sammála því, sem hv. þm. Ragnar Arnalds hélt fram, að þar væri tími takmarkaður um of. Ég held þvert á móti að það sé full ástæða til þess að takmarka umr. um þáltill., einkum og sér í lagi þar sem í frv. eru ákvæði sem gera ráð fyrir að hægt sé að víkja frá þessum tímatakmörkunum ef um sérstaklega mikilvæg mál er að ræða. Ég vildi m. a. s. ganga lengra í sambandi við þáltill. Ég tel að það ætti að hafa enn þrengri mörk um framlagningu bæði frv. til laga og þáltill. Hér er gert ráð fyrir að það þurfi sérstaka samþykkt ef þáltill. komi fram síðar en sex mánuðum eftir þingsetningu. Ég tel að það gæti verið til athugunar að setja einhver enn þá þrengri mörk um þetta atriði, t. d. 1. mars, 1. apríl eða eitthvað slíkt. Mjög óheppilegt getur verið að fá stór lagafrv. á allra síðustu dögum þingsins. Erfitt getur því reynst að fjalla um þau eins og skyldi. Að sjálfsögðu þurfa að vera til undantekningar frá þessu ef þingið samþykkir, eins og reyndar er hér í frv., en meginstefnan tel ég að eigi að vera sú að ákvæðin um framlagningu frv. til laga og þáltill. séu enn hert frá því sem í frv. er.

Í öðru lagi vil ég nefna það að umr. utan dagskrár og í fyrirspurnatíma eru að mínu mati gerð góð skil í þessu frv. Það er alltaf álitamál hve löngum tíma á að verja til slíkra umr., en ég held að með því að gefa mönnum tækifæri til að tala í 5—10 mínútur ætti að vera hægt að sjá til þess að bæði stjórn og stjórnarandstaða komi allmörgum sjónarmiðum á framfæri. Það verða um eða yfir 60 þm. og ef þeir neyta allir réttar síns eru þarna komnar mjög langar og ítarlegar umr. Ég held að um a. m. k. allan obbann af þáltill. og reyndar fsp. líka sé hægt að segja allmikið á fimm mínútum. Ég er ekki viss um að mikil rýmkun á því sé til bóta. Tvær mínútur ættu í flestum tilfellum að duga til að menn gætu sagt skoðun sína.

Það gegnir að sjálfsögðu öðru máli um lagafrv. Eðli þeirra er allt annað en þáltill., fsp. eða umr. utan dagskrár. Þar þarf að gæta þess að rækilega sé að unnið, bæði hvað snertir umr. og ekki síst það, sem ég vildi koma að sem þriðja atriði, að ég tel að vera ættu langtum strangari reglur um nefndarstörf, nefndartími sé áætlaður það rúmur og það sé gengið þannig frá samkomutíma nefndanna að það rekist ekki á og hægt sé að halda nefndarfundi nokkuð reglulega á þeim fasta tíma sem ákveðinn verður í upphafi hvers þings.

Þetta snertir fjórða atriðið sem ég vildi taka til umr. og hefur verið minnst hér á. Það er varðandi fundartíma deilda. Það er atriði sem hefur nokkuð verið rætt án þess að niðurstaða hafi fengist, en ég vil mælast til að það verði athugað mjög ítarlega, hvort ekki sé unnt að taka upp annan fundartíma, byrja fyrr að deginum og hætta þá fyrr. Þannig yrði, að mínu mati, betri skipulagning á deildafundum og þingflokksfundum en nú er. Ég mundi telja það tvímælalaust til bóta að þingfundir væru að morgninum frekar en síðdegis, t. d. kl. 9 eða kl. 10, og þeim væri þá lokið á hádegi eða kl. 1 þannig að tími gæfist til þingflokksfunda og nefndafunda síðdegis. Þetta eru allt saman atriði sem eru til umr. Ég vænti þess að það verði farið af mikilli alvöru að athuga hvort ekki mætti skipuleggja betur fundartíma Alþingis en mér finnst a. m. k. stundum vera núna.

Ég vil einnig taka undir það sjónarmið að æskilegt væri að deildirnar hefðu meiri tíma en nú er. Eins og nú er takmarkast fundatími þeirra, að mínu mati, um of af fundatíma þingflokkanna. Margt af því mikilvægara sem fram fer í þinginu fer fram einmitt í deildunum. Þar eru lagafrv. rædd. Ég tel að betri tíma þurfi en nú er.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr. Ég vil endurtaka að ég tel fjölmargt í þessu frv. til bóta. Ég tel takmarkanir á umr. um þáltill. og fsp. vera einungis til góðs og tel mjög vel fyrir komið þeim tíma sem unnt er að verja til umr. utan dagskrár, en vil undirstrika að deildafundanna og nefndafundanna verði betur gætt og það mál tekið til athugunar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ekki þarf ég að hafa mörg orð um málið eftir ítarlega framsöguræðu 1. flm., hv. 4. þm. Vestf., forseta Sþ., sem um leið var formaður þeirrar nefndar sem hefur lagt í þessa endurskoðun mikla vinnu þar sem margar skoðanir hafa verið á lofti um einstök atriði, mismunandi sjónarmið eins og gengur. Ég vil við þetta tækifæri alveg sérstaklega þakka forustu formanns, hversu hún hefur verið röggsöm og vinnubrögð verið skipuleg og vel að þeim staðið. Þar hefur einskis ofríkis gætt, heldur þvert á móti. Öll vinnubrögð hafa einkennst af því að menn hafa reynt að ná samkomulagi um sem flestar hugmyndir í þessari nefnd.

Það hafa vissulega verið margar hugmyndir á kreiki. Út af því sem hér hefur verið sagt m. a. um tímalengd og möguleika manna til að koma að sínum aths., þá er rétt að geta þess, hafi það ekki komið fram sem ég tók ekki eftir í framsöguræðu hv. 1. flm., að í þessari nefnd komu vissulega fram hugmyndir um að þáltill. færu beint í nefnd umræðulaust. Okkur þótti ekki stætt á því að slík málsmeðferð yrði viðhöfð. Þannig hefur auðvitað verið reynt að fá fram eðlilega málamiðlun sem frekast, en engu að síður reynt að komast að samkomulagi um hvernig hægt sé að setja lög um þingsköp á þann hátt að vinnubrögð þingsins verði skilvirkari, betri og geri meira gagn.

Það er mín skoðun að lengd umr. segi lítið um gagnsemi umr. Gagnsemi umr. fer vitanlega eftir því hvernig skoðanaskipti verða, með hve skilvirkum og glöggum hætti menn koma sínum sjónarmiðum á framfæri, en ekki eftir því hversu lengi þeir eru að því.

Það eru allir sammála um að það þurfi ýmislegt að gera til bóta í vinnubrögðum hér. Þingsköpin eru auðvitað bara rammi utan um þessi vinnubrögð og margt er á okkar valdi, allra sem hér sitjum, að reyna að koma í það horf sem við getum öll best við unað. Það er hins vegar augljóst, og mér var það augljóst þegar ég tók sæti í þingskapalaganefndinni, að aldrei yrðu allir sammála um það sem hér yrði í endanlegri frumvarpsgerð. En málið á auðvitað eftir að hafa sinn gang í þinginu, fá þar meðferð, brtt. kunna að verða gerðar og síðan er endanleg afgreiðsla. Mér var það fyllilega ljóst að ekki yrðu allir sammála.

Ég er á því að þegar kemur að því að setja reglur um skilvirkari vinnubrögð með t. d. ákveðnum takmörkunum, sem hljóta að verða varðandi ræðulengd og annað því um líkt, stingi menn við fótum. Ég er ekki að segja að það sé óeðlilegt. Menn óttast, eins og kom fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. og var mjög áberandi í þingflokki Alþb. og ég greindi frá á fundi þingskapalaganefndar, það mikla stökk að umr. um þáltill., sem eru algerlega óbundnar af tímalengd, verði takmarkaðar eins og þarna er. Ég flutti þess vegna þá till., sem kom frá okkar þingflokki fyrir þessa nefnd, að tímalengd yrði breytt vegna þessa stóra stökks þannig að flm. fengi 20 mínútur og aðrir 10 mínútur í umr. um þáltill. Áður höfðu þetta verið, í þeim frv.-drögum sem lögð voru fyrir þm., 10 mínútur og 3 mínútur, en til samkomulags í nefndinni var þessu breytt, til þess að geta lagt þetta fram í meiri einingu, í 15 mínútur til handa flm. og 5 mínútur til handa öðrum. Þar taldi ég aðra nefndarmenn, sem voru nokkuð á öðru máli, koma býsna mikið til móts við þau sjónarmið sem ég flutti frá mínum þingflokki þó að ég gerði mér grein fyrir því að það væri ekki gengið til móts við vilja allra sem þar eiga hlut að máli.

Þess ber og að geta að við fengum svipaðar aths. frá fulltrúa Kvennalistans í nefndinni, en sumir nm. vildu jafnvel ganga lengra, eins og ég hef getið um áður, í styttingu og jafnvel svo, svo að ég endurtaki það hér, að þær hugmyndir voru á kreiki hjá sumum nm. að þáltill. ætti að vísa umræðulaust til nefndar.

Ég er á því að e. t. v. iðkum við í ræðustólum þingsins of miklar málalengingar og of mikið málskraf. Og ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. að alveg sérstaklega á síðasta kjörtímabili þóttu mér umr. utan dagskrár fara alveg gersamlega úr böndum og fara gersamlega úr hófi. Ég veit að það er erfitt að setja þar nokkrar skorður eins og er. Menn þekkja það hins vegar nú að núv. forseti Sþ. hefur alveg sérstaklega beitt sér fyrir því að reyna að takmarka umr. utan dagskrár og beina þeim í annan og betri farveg. Mér er ekki grunlaust um að núverandi hv. stjórnarandstaða hafi einnig verið tillitssamari en síðasta stjórnarandstaða í utandagskrárumr.

Það er hins vegar rétt að menn stinga við fótum þegar þeir líta þannig á að hinn nýi farvegur, sem reiknað er með, að menn geti komið að málum í lok hvers fundar á venjulegum fundartíma, er túlkaður sem aðalregla og úrskurður forseta um málefni og mikilvægi mála gengur fyrir. Ég minni hins vegar að gefnu tilefni á seinni mgr., en hún er þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. 36. gr. eftir því sem við á.“

Ég tel að í mjög mörgum tilfellum þar sem um mikilvæg mál er að ræða sé ekki nokkur vafi á því að í þennan farveg geti þessi mál allt eins beinst, þannig að menn séu hreinlega ekki, og þannig vil ég túlka þetta, að beina mikilvægum málum í þennan hálftíma í lok hvers fundar, en ýmislegu af því sem menn vilja vekja athygli á og snertir e. t. v. líðandi stund, en er ekki meginmál, geti þeir aftur á móti komið að í lok hvers fundar í Sþ., og það er mikilvægt líka, hvort sem það er yfirlýsing um eitthvert mál eða fsp. til ráðh., og þó ekki væri nema vegna þeirrar ánægju sem við höfum af því að sjá ráðh. einhvern tíma í lok fundartíma í hv. Alþingi, þá tel ég þessa reglu góða því að þeir eru mjög sjaldséðir hér eða næstum óséðir hér þegar fer að líða á fundartíma Sþ., eins og reyndar gildir um fleiri hv. þm.

Ég segi það út af orðum hv. 3. þm. Norðurl. v. og sem ég varð nokkuð var við í mínum þingflokki einnig og kynnti í þingskapalaganefndinni, að ég treysti býsna vel á úrskurði forseta í þessum efnum. En e. t. v. kann það að vera rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að við getum ekki alltaf treyst á jafnréttsýnan forseta og við höfum nú. Viðurkennt er af öllum og fer ekkert á milli mála

hér í Alþingi og er hægt að segja án vitundaragnar af hræsni eða smjaðri að réttsýni hæstv. forseta efar enginn hv. þm. og það efast enginn um, þegar um mikilvæg mál er að ræða eða svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr., að þá muni hæstv. núv. forseti örugglega úrskurða á þann veg sem allir geta vel við unað. Það fullyrði ég hér og nú og ég legg kannske of þunga áherslu á þetta með tilliti til þess, en vitanlega geta hér orðið forsetar sem vilja ekki ganga alveg erinda þingsins heldur ríkisstj. fyrst og fremst. Það er alltaf viss hætta á því að svo kunni til að takast og þá er vissulega líka hætta á misbeitingu valds ef forseti þingsins telur sig vera forseta ríkisstj. en ekki Alþingis. Í því liggur hættan og vissulega getur það komið til. En ég segi það enn og aftur að ég held að áfram muni mál utan dagskrár verða tekin fyrir, sem eru svo mikilvæg og svo aðkallandi, með sama hætti og verið hefur þó að hinn nýi farvegur sé opnaður og segi það enn og aftur að utandagskrárumr. hafa oft verið algerlega úr hófi hér og allir um það sammála, algerlega úr hófi, alveg sérstaklega þegar löng dagskrá þinglegra mála bíður og menn þrasa kannske allan fundartímann um mál fram og til baka, nota sér öll ýtrustu þingskapaákvæði til að komast að með aths., bera af sér sakir eða hvað það heitir nú allt saman til að geta lengt umr. enn frekar og dregið þær enn meira úr hófi.

Mín skoðun er sú að það sé nægilegt að fyrirspyrjandi og ráðh. séu í umr. um fsp. Það er mín skoðun og hana hef ég látið uppi í mínum þingflokki. Hins vegar veit ég að um þetta eru mjög skiptar skoðanir og ég trúi ekki öðru en miklu víðar en í þingflokki Alþb. séu skiptar skoðanir um þetta mál og að mönnum þyki nokkuð að sér þrengt þegar þeir koma í fyrirspurnatíma með hinu nýja formi þar sem þeir ættu þess engan kost að taka þátt í umr. eða gera stuttar athugasemdir. Ég flutti því þingskapalaganefndinni einnig þá aths. frá þingflokki Alþb. að fyrirspyrjandi fengi nokkru rýmri tíma og ráðh. einnig, en síðan fengi hver þm. að gera grein fyrir sínu máli einu sinni með tveggja mínútna ræðutíma. Niðurstaðan af aths. varð sú, sem hér segir, sem er líka nýmæli frá því sem var í frv.-drögunum sem lögð voru fyrir þingflokkana, að þm. er gefinn kostur á því að gera stutta athugasemd. Það getur vel verið að það sé teygjanlegt, en ég hygg að með röggsamri fundarstjórn sé hægt að takmarka þetta nokkuð.

Ég ætla ekki að segja um þetta fleiri orð. Ég geri mér alveg grein fyrir því að eflaust eru margir þm. hér á öðru máli í sambandi við þingsköp en hér er sett á blað. En ég fullyrði þó að allir þm. vilja fá þann þingskapalagaramma sem gerir vinnubrögð þingsins betri og skilvirkari og gerir okkur kleift að sinna þingstörfum og standa að þingstörfum með meiri reisn en oft hefur verið.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tel, eins og margir sem hér hafa talað, að það hafi verið brýn nauðsyn að endurskoða þingskapalög og í þingflokki Alþfl. hafa þessi mál verið rædd og erum við í meginatriðum sammála því frv. sem hér liggur fyrir. Þó komu fram ýmsar aths. sem voru fluttar síðan inn í nefndina. En ég lít á þetta frv. sem samkomulag. Hér hefur verið gert samkomulag sem nú er til umfjöllunar.

Sjálfur gerði ég þá aths. að tvær mínútur væru fullstuttur tími fyrir fyrirspyrjendur og ég verð að játa að ég tel mjög vandmeðfarið það atriði að öðrum þm. sé heimilt að gera örstutta eða stutta aths. Ég upplifði það 1978 að einn þm. fékk að gera slíka aths. og talaði í tæpan klukkutíma. Það segir okkur að þetta atriði er mjög vandmeðfarið og í þeim efnum verður að treysta á góða fundarstjórn og sanngirni þingforseta.

Auðvitað er allt of mikið af málskrafi á Alþingi um einskis nýta hluti og það er líka rétt að hér eru fluttar þáltill. sem margar hverjar fjalla um mjög ómerkileg mál og ástæðulaust er að eyða tíma þingsins í það, en erfitt er reyndar að gerast dómari í þeim efnum, hvað er ómerkilegt og hvað er ekki ómerkilegt.

Ég hef vissar áhyggjur af því líka að ekki er tekið á þeim vanda sem kemur upp á hverju þingi, þ. e. fyrir jólin og í lok þings, þar sem vinnuálag verður óhóflega mikið og afgreiðsla mála flaustursleg, fullyrði ég, oft og tíðum. Enn fremur berast stjfrv. of seint eða koma of seint fram, kannske örfáum dögum áður en þess er krafist að þau séu afgreidd. Við þetta er náttúrlega ekki unandi. Vil ég spyrja hv. 4. þm. Vestf., sem er formaður þingskapanefndar, hvort þetta hafi ekki verið rætt og hvort ekki sé möguleiki á að breyta þessum vinnubrögðum, sem átt hafa sér stað í þinginu, ekki bara á þessu þingi heldur á öllum þeim þingum sem ég hef sótt og löngu áður.

En ég ítreka að þingflokkur Alþfl. er í meginatriðum sammála þessu frv. Frv. kemur til nefndar — er það ekki? (Gripið fram í.) Nei, það fer ekki til nefndar. Sá er var fulltrúi Alþfl. í þingskapanefnd er nú ekki viðstaddur þannig að erfitt er fyrir mig að gera — (Gripið fram í.) Hún hefur gert það, já. — grein fyrir því sem hann hefur aðhafst í þessu. En okkar niðurstaða er sú að við munum styðja þetta frv. í meginatriðum og fylgja þó brtt. ef þær koma fram og geta orðið til að bæta frv.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka málefnalegar umr. um frv. Ég átti raunar ekki von á öðru. Auðvitað geta menn haft mismunandi skoðanir á einstökum atriðum sem varða þingsköp Alþingis, en allt starf þingskapanefndarinnar, sem unnið hefur þetta frv., hefur miðast að því að samræma ólík viðhorf þar sem þau hafa komið upp um einstök atriði. Það hefur frá upphafi verið unnið að þessu máli á þann veg eins og ritari nefndarinnar, hv. 2. þm. Austurl., greindi frá hér áðan. Ég vil líka taka það fram að það hefur verið mjög góð samvinna í nefndinni. Ég vil sérstaklega þakka ritara nefndarinnar, hv. 2. þm. Austurl., og öðrum nefndarmönnum fyrir samstarfið í þessari nefnd. Menn hafa lagst á eitt um það að starfa vel í nefndinni og viljað leiða starf nefndarinnar til lykta á þann veg að við hefðum eftir þetta þing sem nú situr ný þingskapalög.

Ég vona að menn geti haldið áfram hér í þingsölunum að vinna í þessu máli eftir þessum meginsjónarmiðum, að leita samstöðu þar sem einhver ágreiningur er eða blæbrigði eru mismunandi í málinu og vinna þannig að málinu að frv. verði lögfest á þessu þingi. Hvers vegna það? Hvers vegna samþykkti Alþingi 1983 þáltill. um endurskoðun þingskapa? Það var vegna þess að það var talin brýn þörf á því að endurskoða þingsköpin. Og það stóðu allir þingflokkar að þessari þáltill. Hún var flutt með samþykki formanna allra þingflokka og forseta allra. Ég vona að við getum sameiginlega lokið því að

koma í verk aðkallandi og nauðsynlegri endurskoðun þingskapa og gera það á þessu þingi.

Nú kann að vera að mönnum hafi fundist að það væri mikill og djúpstæður ágreiningur á milli okkar sem stöndum að þessu frv. og hv. 3. þm. Norðurl. v. af því sem hann sagði hér fyrr í umr. En ég vil leyfa mér að halda að svo þurfi ekki að vera þegar nánar er að gáð. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hóf mál sitt með því að segja: Ekki er deilt um þörf endurskoðunar og breytinga á þingsköpum. Þetta er kjarni málsins. Um þetta erum við öll sammála.

Ég gat um það í minni framsöguræðu að nefndin hefði annast heildarendurskoðun á þingskapalögum. En það eru sérstök atriði sem eru meginatriði í tillögum nefndarinnar og það eru einmitt þau atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði einkum að umræðuefni.

Í fyrsta lagi var það 28. gr. frv., um þingsályktanir. Hv. þm. taldi að það væri of mikil takmörkun á umræðutíma við 1. umr. þáltill. svo sem ráð er fyrir gert í frv. Við í þingskapanefndinni ræddum þetta mál alveg sérstaklega. Við höfðum mismunandi skoðanir. Annars vegar voru skoðanir þeirra, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Austurl., sem töldu rétt að hafa enga umr. áður en till. færi í nefnd. Hins vegar voru hugmyndir þeirra sem vildu stilla í hóf takmörkunum á umræðum. Niðurstaða nefndarinnar er millileið, sem farin er í þessu frv., millileið farin í trausti þess að hægt sé að ná sem víðtækastri samstöðu um frv.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi nokkuð vissar hliðar á þessu máli, sem ég skal ekki fjölyrða um við þessa umr. Ég geri ráð fyrir að við ræðum sérstaklega þessa grein við 2. umr. En ég held að það sé misskilningur ef menn halda að þessi ákvæði eins og þau eru í frv. miðist eitthvað við það að klekkja á stjórnarandstöðu, hver sem hún er hverju sinni. Ég fæ líka vart séð að það sé ekki sæmilega hægt að gera grein fyrir till. af flm. sem getur tvívegis talað og samtals 30 mínútur áður en till. fer í nefnd. Og ég hygg að það sé hægt að gera allnokkrar aths. við till. þegar aðrir þm., hver og einn, geta talað tvisvar og samtals í 10 mínútur. Ég leyfi mér að líta svo á málið. En þá er það auðvitað á þeirri forsendu að nauðsynlegt sé að takmarka umræður. Auðvitað er alltaf álitamál hvað á að ganga langt í því efni. Ég leyfi mér meðan því er ekki mótmælt að líta svo á að hv. 3. þm. Norðurl. v. sé okkur sammála um að einhver takmörkun eigi að vera á umræðum, en eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um og augljóst er þá eru frá þessari reglu, um takmörkun á umræðum um þáltill. við 1. umr., þýðingarmiklar undantekningar þegar stórmál eiga í hlut.

Þá er það annað atriði, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði sérstaklega að umræðuefni, og það voru fyrirspurnir og ákvæði 31. gr. frv. Hv. þm. taldi að það væri ekki af hinu góða að leggja til, svo sem gert er í frv. þessu, að binda umræður um fsp. við fyrirspyrjanda og ráðh. sem spurður er, þó að það væri möguleiki, ef á þyrfti að halda, fyrir aðra þm. að leggja þar orð í belg eins og frv. gerir ráð fyrir. Um þetta er það að segja að auðvitað geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvað á að takmarka mikið þessar umræður. En að vel athuguðu máli kom nefndin sér saman um að setja niður þá reglu sem er að finna í 31. gr. frv.

Það er um að ræða takmarkanir á umræðum, bæði um þáltill. og fsp., skv. frv. En ég bið menn að athuga að þessar takmarkanir verður að athuga í samhengi við ákvæði frv. um umræður utan dagskrár. Um leið og umræður eru takmarkaðar um þáltill. og fsp. eru bein ákvæði í 32. gr. um að víkka möguleikana fyrir því að málum sé hreyft utan dagskrár. Ég held að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi misskilið þetta, a. m. k. þegar hann lagði lítið upp úr því að heimilt væri að tala utan dagskrár síðasta hálftíma fundar í Sþ. Hann sagði að þetta kæmi að litlu gagni að næturlagi. Ég er honum sammála um það. En hv. þm. les bara ekki greinina rétt því að það er tekið fyrir þetta tilvik með beinu orðalagi greinarinnar. Þar segir: „í lok hvers fundar á venjulegum fundartíma.“ — Á venjulegum fundartíma.

Þá þótti mér kenna þess misskilnings einnig hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að staða ríkisstj. væri betri og staða stjórnarandstöðu lakari ef þessi ákvæði um umræður utan dagskrár yrðu samþykkt, lakari en er í dag. Ég held að þetta sé líka misskilningur. Eins og ég tók fram í minni framsöguræðu lagði ég áherslu á að það væri oft þörf á umræðum utan dagskrár. Hv. þm. væru áhugasamir um ýmis þjóðmál. Þeir vildu vafningalaust geta komið með málin inn á Alþingi og að það ætti ekki að amast við þessu, eins og ég orðaði. Í þessum anda kom nefndin sér saman um fyrri mgr. 32. gr. Það er til þess að opna leið fyrir alþm. til þess að geta komið vafningalaust með mál, sem þeim liggur á hjarta, inn í þingið.

Við gerum ráð fyrir því að þm. hafi rétt til þessa, en það sé ekki eins og núna er í framkvæmd og hefur verið um umræður utan dagskrár, að þm. hafa ekki getað komið fram með mál nema þeir hafi samið við einhvern ráðh. um að svara því sem þeir vilja fá svar við. Nú er gert ráð fyrir því að þm. geti komið með sín mál vafningalaust inn í þingið án þess að semja um að ráðh. sé þátttakandi í þeim umræðum utan dagskrár. Þetta er grundvallarmismunur frá því sem verið hefur. Ég bið menn að athuga þetta og athuga þetta í samhengi við þær takmarkanir sem er gert ráð fyrir á umræðum um þáltill. og fsp. Að vísu er það svo að skv. 1. mgr. 32. gr. verða umræður takmarkaðar og mikið takmarkaðar, en við teljum að það sé ekkert óeðlilegt, þegar það eru gefnar frjálsar hendur í þessu efni, að hafa umræður takmarkaðar. Þær verða að vera það. Það er gersamlega útilokað annað.

Við höfum leitast við í þessu efni að taka nokkurt mið af því, sem gerist í öðrum þjóðþingum sem við viljum telja að geti verið til fyrirmyndar í því efni að hafa stuttar, hnitmiðaðar umræður í þinginu. Þetta er nýtt, þetta er til þess að opna nýja leið. Ef við tölum um stjórnarandstöðu og ríkisstj., sem mér finnst að við eigum ekki að vera að tala svo mikið um í þessu sambandi, þá kemur þetta fyrst og fremst stjórnarandstöðunni til góða.

Jafnframt þessu stendur svo í 2. mgr. 32. gr. að forseti geti leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið venjulegrar meðferðar þingmála. En það er ekki nóg með það að þessari leið er haldið opinni, heldur er tekið beint fram að þegar umræður utan dagskrár falla í þennan farveg eigi ekki að takmarka þessar umræður. En það hefur verið nokkur tilhneiging til þess að takmarka umræður utan dagskrár og þá hefur það stundum verið gert í mjög þýðingarmiklum málum þar sem orkar tvímælis

hvort hafi verið rétt að takmarka umræður.

Ég hef núna farið út í þau þrjú atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði sérstaklega að umræðuefni. Og ég sagði áður að ég ætlaði að þegar nánar væri að gáð þyrfti ekki að vera svo mikill ágreiningur milli þingskapalaganefndarinnar og hv. 3. þm. Norðurl. v. þó að auðvitað sé eðlilegt að það geti verið blæbrigði á þeim aðgerðum sem menn telja rétt að gera.

Ég get verið stuttorður um það sem aðrir hv. þm. hafa sagt hér, hv. 11. þm. Reykv., hv. 9. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. þm. Ég vil ekki teygja umræður nú með því að fara út í einstök atriði sem þessir hv. þm. komu inn á. En ég vil þakka sérstaklega fyrir hina jákvæðu afstöðu, sem þar kom fram og þær athyglisverðu ábendingar sem þar komu einnig fram, en eru okkur í þingskapanefndinni flestar eða allar ekki ókunnar því að þingskapalaganefndin ræddi ítarlega málið frá öllum hliðum eins og framast mátti vera. Ég get líka stytt mál mitt vegna þess að ritari nefndarinnar, hv. 2. þm. Austurl., hefur gert ýmsum atriðum þessa máls svo glögg og góð skil að ég hef ekki neina ástæðu til þess að bæta við það sem þessi hv. þm. sagði.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það þarf ekki að fjölyrða frekar um að ágreiningur er um þetta frv. og ég vil segja talsverður ágreiningur. Ég er ekki í neinum vafa um að hann á eftir að koma miklu skýrar og skarpar í ljós en í þessum umr. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um hinn mjög svo niðurskorna ræðutíma sem þm. er ætlaður við umr. um þáltill., sem þar að auki fer niður í fimm mínútur, og hins vegar þar sem eru þessi stórbreyttu ákvæði um utandagskrárumr. þar sem líka er bersýnilega verið að skerða verulega rétt þm.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég hygg að það njóti nokkuð útbreidds og almenns stuðnings hér í þinginu meðal þm. að eðlilegt sé að takmarka utandagskrárumr. frá því sem nú er og breyta fyrirkomulagi þeirra, en ég vil leggja á það áherslu að til þess eru margar leiðir. Það er ekki endilega víst að það sem nefndin hefur gert tillögur um sé það eina rétta eða það eina sem til greina kemur. Ég held að við hér í þinginu ættum síður en svo að flaustra að því að afgreiða þessi mál þannig að ekki séu skoðaðar allar tillögur sem til greina gætu komið og reynt að afgreiða málið í sæmilegum friði. Það er verið að gera mjög veigamikla breytingu á þingsköpum og það væri auðvitað mjög forkastanlegt að reyna ekki til hins ýtrasta að ná góðu samkomulagi meðal þm. um hvernig þeim breytingum yrði háttað þegar verið er að raska áratuga gömlum venjum hér í þinginu, venjum sem fyrst og fremst hafa verið til hagsbóta fyrir stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Hvað svo sem 1. flm. frv. segir er þetta nú staðreynd sem ekkert þýðir að loka augunum fyrir, að málsmeðferð og vinnubrögð stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga eru alltaf ólík á hverjum tíma. Stjórnarsinnar og ríkisstj. koma sínum málum á framfæri í gegnum stjfrv. og með margháttuðum viðtölum og grg. við fjölmiðla, en stjórnarandstaðan hefur sínar sérstöku aðferðir og meðal þeirra eru umr. utan dagskrár. Það væri mjög til þess að skerða eðlileg skoðanaskipti í þinginu ef reglan sem hér er gerð tillaga um í frv. yrði aðalregla, að utandagskrárumr. ættu sér yfirleitt aldrei stað nema í lok þingfundartíma og þá þannig að frsm. mætti tala í þrjár til fimm mínútur og aðrir í ekki nema tvær mínútur. Það held ég að væri veruleg skerðing á eðlilegum skoðanaskiptum og við ættum að hugsa okkur vandlega um áður en við grípum til þess ráðs.

Ég vil taka það fram að þegar ég segi að það geti ýmsar aðrar leiðir komið til greina eða ýmiss konar annað fyrirkomulag á ég t. d. við að það gæti verið hugsanlegt að takmarka ræðutíma án þess að gera það í svona stórum stíl. Í öðru lagi skiptir verulega miklu máli hvort þessi utandagskrárumr., sem þarna er leyfð, er almennt aldrei fyrr en í lok þingfundartímans eða hvort hún væri t. d. í upphafi þingfundar. Ég hygg að menn væru miklu fúsari til þess að fallast á að utandagskrárumr. tæki ekki nema einn hálftíma og umr. væri verulega niðurskornar hvað ræðutíma snertir ef það væri þá um leið regla að þessi umr. ætti sér stað í upphafi fundarins, en ekki að hún ætti sér stað undir lok fundarins þegar öll athygli er dreifð og beinist ekki lengur að fundum þingsins. Það þarf ekki að segja neinum þm. þau tíðindi að upphaf fundar vekur miklu meiri athygli fjölmiðla en lok fundar. Undir lok funda er það meginregla að allir fréttamenn blaða, útvarps og sjónvarps eru farnir heim. Það að hefja utandagskrárumr. í lok fundar er ekkert annað en strika yfir þær og segja: Þær eiga enga athygli að vekja héðan í frá nema þær örfáu sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. Þess vegna segi ég að þetta, að setja þessar umr. allar upp fyrir lok fundartímans, er býsna mikið atriði í málinu.

Ég vil svo segja það að lokum að vegna þess að hér er bersýnilega um talsvert ágreiningsmál að ræða meðal þm. og málið er samið af nefnd sem kosin var í Sþ. til að undirbúa málið finnst mér ekki við hæfi að við samþykkjum hér að vísa málinu aftur til sömu nefndar sem bjó það úr garði. Ef ágreiningur er um málið meðal annarra en þeirra sem sitja í þessari nefnd, sem bjó það til, er það mjög óeðlilegt að vísa því aftur til nefndarinnar, sem gekk frá málinu, frekar en vísa því með eðlilegum þinglegum hætti til allshn., fyrst í Ed. og svo til allshn. í Nd. Ég vildi gera það að tillögu minni hér að þessu máli verði vísað til allshn. deildarinnar.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að það væri síður en svo ástæða til að flaustra þessu máli. Já, getum við ekki öll verið sammála um það? En er það nú að flaustra máli sem er tekið upp árið 1983 og búið að vinna að síðan? Þingskapanefndin samanstendur af fulltrúum allra þingflokka. Allir þingflokkar stóðu að því að nefndin væri sett á stofn. Þingflokkarnir hafa getað fylgst með þessu máli allan tímann. Og allir þm. fengu þetta frv. í hendur í febrúar s. l. Er það nú að flaustra þessu máli þó að við afgreiddum það á þessu þingi? Ég vænti þess að enginn haldi því fram við nánari aðgát að þetta geti verið að flaustra málinu.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. leggur ítrekað mikla áherslu á að það sé ágreiningur um þetta frv. Hann lætur sem það sé mjög mikill ágreiningur. En ef menn segja þetta mega þeir ekki segja þetta á grundvelli misskilnings. Ég benti á það í ræðu minni áðan að sumt af því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur sagt í þessari umræðu er byggt á misskilningi. Hv. 3. þm. Norðurl. v. svaraði því engu nú. Það skil ég vel. Hann sem góður og skynsamur maður sá að þarna var um misskilning að ræða. En við skulum ekki draga of miklar ályktanir af misskilningi.

En um hvað er þá þessi ágreiningur? Mér fannst það

koma hér fram að þessi ágreiningur þyrfti ekki fyrir fram að vera óyfirstíganlegur. Hv. þm. benti á tvö atriði og auðvitað eru bæði þessi atriði álitamál. Hann sagði að það ætti að takmarka umræður um þáltill. og fsp. minna en frv. gerði ráð fyrir. Auðvitað getur þetta verið álitamál. En ég hef skýrt hvernig við í þingskapalaganefnd komumst að þeirri niðurstöðu, sem lýsir sér í frv., um þessi efni. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að það væri allt annað ef utandagskrárumræða skv. 1. mgr. 32. gr. væri í upphafi fundar en ekki í lok fundar Sþ. Ég viðurkenni það. Og það er álitamál, hvort heldur eigi að vera. Auðvitað ræddi nefndin þetta og lagði þetta niður fyrir sér. Og nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það færi vel á því að staðsetja þetta í lok fundar, m. a. með tilliti til þess að við getum eitthvað þokað okkur frá því ófremdarástandi og óvirðingu sem Alþingi hefur af því að það eru yfirleitt örfáir, jafnvel tveir til þrír þm., jafnvel einn þm., að hlusta á ræðumann í lok fundar í Sþ. Þetta sjónarmið kom þarna til. En ég endurtek: Auðvitað er álitamál hvar á að staðsetja þetta.

Ég verð nú að segja að þetta eru einu atriðin sem hv. 3. þm. Norðurl. v. víkur að sem ágreiningsefni. Mér þykir ekki hlýða að leggja mikla áherslu á ágreining í þessu efni, heldur skulum við taka höndum saman og athuga hvort við getum fengið víðtækari samstöðu í þessu efni en nú er. En þó verður það að vera á þann veg að það sé gerð veruleg bragarbót í þessum efnum í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir varðandi þáltill., fsp. og umræður utan dagskrár því að annars er starf okkar hégómi einn og ég tel að þá sé ekki framkvæmdur sá vilji Alþingis sem lá á bak við ákvörðunina um að stofna til þessarar endurskoðunar sem við nú fáumst við.

Ég hef áður komið að því hve þýðingarmikið er að ljúka þessu máli á þessu þingi. Ef mönnum finnst ástandið eins og það er þurfa nauðsynlegar breytingar ber okkur að gera þær breytingar nú þegar og okkur er ekkert að vanbúnaði til þess að gera það. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur sagt hér: Það er nauðsyn á breytingum. Ég vil leyfa mér að treysta því að skv. því sé hv. 3. þm. Norðurl. v. með því að koma þessari breytingu í framkvæmd á þessu þingi. Með tilliti til þess lagði ég í samráði við þingskapalaganefnd ekki til að þessu frv. yrði vísað til fastanefnda þingsins, heldur að þingskapalaganefndin starfaði áfram og tæki til athugunar þær brtt. sem fram kæmu. Það er mín skoðun, það var skoðun þingskapanefndarinnar, að það væri vel búið að meðferð þessa máls á þennan hátt. Það er ekki einsdæmi að slíkt sé gert þegar þingkjörin nefnd vinnur frv. Það er allt annað ef það er einstakur þm. eða ríkisstj. sem flytur málið, að þá fari það til fastanefndar. En eins og málið ber að og eins og það er mikil þörf á að afgreiða það nú var ekki gerð tillaga um fastanefnd.

Nú þykir mér þessi till. hv. 3. þm. Norðurl. v. að vísa frv. til allshn. það viðurhlutamikil að ég vil óska þess við fulltrúa allra þingflokka að athuga það nú áður en við göngum til atkvæða um þetta mál hvort þingflokkarnir vilja afgreiða málið á þessu þingi og hvort þeir telji að það verði gert með öðrum hætti en þeim að málinu verði flýtt á þann veg að vísa því ekki til nýrrar nefndar nú. Ég vil því leyfa mér að óska þess að atkvgr. um tillögu hv. 3. þm. Norðurl. v. um að vísa málinu til allshn. verði frestað. Ég teldi að það færi vel á því að við gætum sett fund aftur kl. 6 að loknum þingflokksfundum og þá lægi þetta fyrir, hver er vilji þingflokkanna í þessu efni. — [Fundarhlé.]

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf., 1. flm. þessa frv., allnokkrum sinnum hér í umr. að það hefði verið vilji Alþingis að endurskoða þingskapalögin og vísaði hv. þm. þar til þáltill. sem Alþingi hefur samþykkt. Mig langar til þess að benda á að það er eitt að vera sammála um að endurskoðun skuli fara fram og annað að vera sammála í einu og öllu um niðurstöður þeirrar endurskoðunar. Þarna er greinarmunur á, enda hefur það komið fram hér í umr. að það eru skiptar skoðanir á einstaka atriðum í niðurstöðum þessarar endurskoðunar og það tel ég ákaflega eðlilegt. Ég hef þegar gert grein fyrir aths. Kvennalistans við þessar niðurstöður og ætla ekkert að fjölyrða meira um það hér nú.

En hér hefur komið fram till. um að vísa málinu til hv. allshn. þessarar deildar. Ég var að vísu ekki hér inni í þingsal, því miður, þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði till. um það þannig að ég heyrði ekki rökin fyrir því, en þingflokkur Kvennalistans hefur fjallað um þetta mál núna á þingflokksfundi í millitíðinni og við teljum að eðlilegast sé að þingskapalaganefndin haldi áfram að fjalla um þetta mál eða þá að kosin verði enn önnur nefnd til þess að gera það. Það er m. a. vegna þess að í hv. allshn. eiga ekki sæti fulltrúar allra þingflokka. Hún er því að okkar áliti ekki mjög heppilegur vettvangur til þess að fjalla um þetta mál þar sem þar með er ekki tryggt að sjónarmið allra þingflokka komist til skila. Þingskapalaganefndin virðist vera álitlegri kostur í þessu efni, enda er hún best inni í málinu og fyllsta ástæða til að sú þekking nýtist áfram við meðferð málsins.

Þingflokkur Kvennalistans vill gjarnan að það takist að afgreiða málið á þessu þingi og að sú vinna, sem þegar hefur verið lögð í það, nýtist sem allra best. Það er eindregin ósk mín að þingskapalaganefndin reyni nú til hlítar í meðferð málsins, þ. e. ef það reynist meiri hluti fyrir því að hún fái málið til meðferðar milli 1. og 2. umr. málsins, að ná samkomulagi og samræma þau mismunandi sjónarmið, sem hér hafa komið fram í umr. málsins, á þann veg að sem allra flestir megi vel við þessa endurskoðun þingskapalaganna una.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um frv. núna. Það hefur komið hér ágreiningur fram um málsmeðferðina, hvort málinu verði vísað til allshn. eða að þingskapanefndin, sem unnið hefur frv., haldi áfram að fjalla um málið eins og ég gerði ráð fyrir. Ég tel rétt í þeim anda sem unnið hefur verið í öllu þessu máli að leitast verði við að ná sem mestri samstöðu og núna verði að loknum umræðum frestað atkvgr. um málið og við athugum málið til næsta fundar. Ég legg það til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 689 (sbr. 154)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 341. mál (þskj. 621). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 710).

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna, frv. 347. mál (þskj. 555). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 711).

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539, n. 639). — 2. umr.

Frsm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á fundi sínum hefur landbn. fjallað um þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Allir nm. skrifa undir nál. um samþykki fyrir heimild handa ríkisstj. að selja jörðina Víðines í Beruneshreppi í Suður-Múlasýslu.

Um þetta þarf ekki að hafa mörg orð. Ég vildi þó segja það hér að í lýsingu á jörðinni í safnritinu „Sveitir og jarðir í Múlaþingi" segir að jörðin sé í Fossárdal norðan Fossár, sem rennur í Berufjörð, er bærinn um 5 km frá þjóðveginum og var bærinn, þegar hann stóð, í 150—160 m hæð yfir sjó og þykir nú trúlega ekki mikill búhnykkur að slíkri jörð í dag þó að þetta sé góð viðbót landfræðilega og búskaparlega séð fyrir þann mann sem býr á Lindarbrekku.

Jörðin fór í eyði 1944. Þar er allt óhreyft og engu spillt með vélum, en hins vegar hefur Fossá brotið upp verulegan hluta túnsins og nálgast nú bæjartættur. M. a. til þess að varna því að meira tjón verði af vill Gunnar bóndi á Lindarbrekku eignast jörðina til þess að verja þær frægu bæjartættur sem þarna eru því þar standa enn sem nýhlaðnir veggir bæjarins sem hlaðinn var 1927.

Í lokin má ég til með að geta þess til gamans að á þessu harðbýla koti, þar sem aðeins fengust 100 hestburðir af heyi, bjuggu síðustu 17 árin eða allt til 1944 hjón sem eignuðust 17 börn og öll komust þau til manns svo að ekki hefur ætíð verið þar svo þögult í túni sem nú er. Í gamla sögu skal ekki frekar farið, en jörðin var nákvæmlega 100 ár eða eina öld í byggð.

Landbn. mælir með þessum rökstuðningi og enn frekari sem hér mætti tíunda með því að þessi jarðarsala fari fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 404. mál (þskj. 661). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til. l. um Fiskveiðasjóð Íslands, en frv. þetta er flutt í framhaldi af skuldbreytingu á lausaskuldum sjávarútvegsins, en að því máli hefur unnið um langt skeið vinnuhópur. Alltaf var gert ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður Íslands yfirtæki allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt sem sérstaklega var ráðstafað til að greiða fyrir nefndri skuldbreytingu. Henni er að mestu eða öllu leyti lokið og nýttar hafa verið af þessu fé um það bil 405 millj. kr. Það er hins vegar svo að ýmis fyrirtæki voru í góðum skilum við sína viðskiptaaðila, en höfðu hins vegar safnað verulegum skuldum hjá bankastofnunum. Það hefur verið til meðferðar hjá téðri nefnd með hvaða hætti skuli litið til þeirra eftir að ljóst er að nokkurt fjármagn er eftir af þeirri áætluðu tölu sem ráðstafað var í þessu skyni. Ég sé ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í það mál hér. Sjálfsagt er að nefndin afli sér þeirra upplýsinga og að sjálfsögðu munum við koma til nefndarinnar öllum þeim upplýsingum sem verða má í sambandi við mál þetta, en best er að viðkomandi nefnd sé beðin um sem ítarlegastar upplýsingar sem að mestu leyti eru hjá þeim bönkum sem í hlut eiga.

Einnig er gert ráð fyrir því í frv. þessu að stimpilgjöld af skuldabréfum séu felld niður, en heimild var í fyrri lögum að fella niður slík stimpilgjöld á s. l. ári vegna þess að menn höfðu vænst þess að frágangi þessara mála væri lokið fyrir áramótin 1984—1985. Svo var því miður ekki og því er nauðsynlegt að taka það ákvæði upp að nýju þannig að ljóst sé að þessi stimpilgjöld séu felld niður, en þau hafa ekki verið innheimt það sem af er árinu.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja það til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 291. mál (þskj. 491, n. 657). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. Á síðasta þingi var flutt frv. um sama efni og var þá samþykkt hér í hv. Ed., en var eigi afgreitt úr allshn. Nd. Sú breyting var gerð á frv. við endurflutning þess nú að ekki var gengið svo langt að leggja til að lögbinda notkun ökuljósa allan ársins hring. Þess í stað er lagt til að notkun ökuljósa verði lögbundin frá 1. sept. til 30. apríl ár hvert í þeirri von að frv. nái fram að ganga.

Ákvæði 2. gr. er þáttur í þeirri viðleitni að tryggja sérstaklega öryggi ungra vegfarenda, þar á meðal skólabarna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Eftirfarandi bréf hefur borist forseta Nd.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Sturla Böðvarsson sveitarstjóri, Stykkishólmi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Friðjón Þórðarson,
1. þm. Vesturl."

Sturla Böðvarsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og þarf ekki að kanna kjörbréf hans. Býð ég Sturlu velkominn til starfa.

Alþjóðasamningar um gáma, frv. 324. mál (þskj. 678). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um staðfestingu á því að sá ráðh., sem fer með siglingamál hverju sinni, geti viðhaft sömu reglur varðandi örugga gáma sem skv. alþjóðasamningi eru í gildi og Ísland er aðili að. Þetta mál hefur verið fyrir Ed. og fengið þar afgreiðslu. Vænti ég þess að það fari greiðlega í gegnum hv. Nd. og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 542, n. 654, 655). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. Samgn. Nd. hefur athugað þetta mál og fékk Ragnar Hall borgarfógeta til að upplýsa nm. um ýmis atriði frv. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum. Þeir sem skrifa undir þetta auk mín eru hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Halldór Blöndal, Eggert Haukdal og Stefán Guðmundsson. Guðmundur H. Garðarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

En brtt. eru tvær. Sú fyrri er við 4. gr. a.-lið sem er um það að skyldusparnaður njóti sama réttar og orlof, þ. e. að hann hafi forgangsrétt fyrir öðrum kröfum. Önnur brtt. er við 9. gr. 1. málsgr. Málsliðurinn er þannig:

„Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félmrh. innan sex mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði."

Og þá kemur viðbótin: Félmrh. er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það frv., sem hér er nú til 2. umr., mun hafa verið áður hér til umfjöllunar í hv. deild á síðasta þingi og urðu þá um það nokkrar umr. Við þær umr. beindi ég nokkrum fsp. til hæstv. fjmrh. og ég vil enn gera það.

Þannig er mál með vexti að frv. sjálft á að taka af frekari tvímæli, að því er mér skilst, um túlkun á því hvað fellur undir ríkisábyrgð á launum. Hins vegar hefur viðkomandi n., hv. félmn., gert hér brtt. og tekur þar inn í, eftir því sem mér sýnist, að lífeyrissjóðsiðgjöld falli núna inn í dæmið sem ekki hefur verið áður.

Það er tvennt eða kannske þrennt sem ég vil gera hér að umræðuefni eins og ég gerði líka síðast. Það er í fyrsta lagi varðandi orlofsféð. Orlofsfé í því formi sem það hefur verið greitt, þ. e. í gegnum Póstgíróstofuna, hefur að því er virðist fallið undir kerfið sem þetta frv. gerir ráð fyrir um ríkisábyrgð á launum. Nú gerðist það 1982 að verkalýðshreyfingin á Vestfjörðum samdi í raun og veru um það að hafa annað fyrirkomulag á inngreiðslu og ávöxtun orlofsfjár á því svæði en í gegnum próstgírókerfið. Eftir því sem ég best veit virðist sú ávöxtun og það form, sem þar var upp tekið í þríhliða samningum milli viðkomandi verkalýðsfélags, vinnuveitenda og peningastofnunar, ekki falla undir það kerfi sem við höfum búið við varðandi ríkisábyrgð á launum. Ég vil ekkert fullyrða, en mér sýnist að enn sé ekki gert ráð fyrir því að þetta falli undir ríkisábyrgð á launum skv. þessu frv. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort það sé till. hæstv. ráðh. að enn afgreiði Alþingi frv. um ríkisábyrgð á launum, sem varðar orlofsfjármálið, með þeim hætti að a. m. k. einn landshluti hafi ekki tryggt að orlofsfé sé inni í kerfinu varðandi ríkisábyrgð á launum. Ef þetta er réttur skilningur hjá mér tel ég alveg ótækt að ekki verði gerð breyting á frv. að því er þetta varðar. Við hljótum að gera kröfur til þess og ætlast til þess að í þessu tilfelli sitji allir launþegar við

sama borð. Eins og áður hefur komið fram hér í umr. er það samkomulag, sem gert hefur verið víðs vegar á Vestfjörðum um innborgun og ávöxtun orlofsfjárins, fullkomlega löglegt og rúmast í löggjöf um orlofsfé. Við hljótum því að gera kröfur til þess að þeir samningar, sem þar hafa verið gerðir um ávöxtunina, séu teknir fullkomlega gildir á borð við orlofsféð í póstgírókerfinu.

Í öðru lagi hefur það komið fram, og það hefur komið fram líka af hálfu verkalýðshreyfingarinnar það er ég best veit a. m. k., að undir þetta ættu að falla bæði greiðslur til sjúkra- og orlofssjóða verkalýðsfélaganna, þeir væru inni í þessu dæmi líka ásamt lífeyrissjóðsgjöldunum. Mér sýnist að það sé ekki gert að því er þetta frv. varðar. Þannig er þarna um það að ræða, sé þetta rétt hjá mér, sem ég vil á þessu stigi ekkert fullyrða um en ég sé ekki betur en að sé svo, að orlofsfé launþega á Vestfjörðum, sem ávaxta sitt fé skv. sérstökum samningum sem rúmast innan löggjafar um orlofsfé, er undanþegið þessari löggjöf. Það eru ekki inni í frv. um ríkisábyrgð á launum ákvæði um orlofsfé launafólks á Vestfjörðum. Í öðru lagi er allt það fé sem greitt er til sjúkra- og orlofssjóða verkalýðsfélaganna líka undanþegið þarna, ég sé ekki betur. Ég tel að það sé alveg ótækt að þegar verið er að breyta löggjöf til að gera hlut vinnandi fólks tryggari, svo að það nái sínum launum, í gegnum hvaða form sem það er, gangi Alþingi þannig frá slíkri löggjöf að skilja eftir tvö atriði sem augljóslega eiga, a. m. k. að mínu mati, að vera þarna inni.

Ég spyr því hæstv. félmrh. hvort það sé réttur skilningur hjá mér í fyrsta lagi að orlofsfé launafólks á Vestfjörðum í því formi sem það er inngreitt og ávaxtað njóti ekki ríkisábyrgðar og í öðru lagi hvort sama gildi um iðgjöld sjúkra- og orlofssjóða verkalýðsfélaganna. Ef þetta er svona tel ég að ekki verði hjá því komist að gera breytingu og mun þá óska eftir því að málinu verði frestað þangað til tækifæri gefst til þess að koma með brtt. í því formi. Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. félmrh. svari þessum spurningum ótvírætt, hvort þetta sé með þessum hætti eða ekki, því að ég tel nauðsynlegt að það sé alveg ljóst og tryggt með hvaða hætti þessi mál eigi að vera í framtíðinni.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég held að hv. síðasti ræðumaður hafi eitthvað misskilið þetta mál. Þetta frv. er búið að vera til meðferðar hér á Alþingi eins og hann réttilega sagði. Það var lagt fram á síðasta þingi og varð þá ekki útrætt. Það hefur fengið mjög mikla umfjöllun hjá félmn. Ed., eins og fram kemur á þskj., og þar voru til kvaddir forustumenn launþegahreyfingarinnar, bæði forseti ASÍ og lögfræðingur ASÍ, og enn fremur fleiri aðilar og ekki síst þeir fulltrúar borgarfógeta sem sömdu þetta frv. á sínum tíma, en það var gert til þess, eins og síðasti ræðumaður réttilega sagði, að reyna að skýra meðferð þessa mikilvæga og viðkvæma máls í dómskerfinu og skera af því ýmsa agnúa sem hafa valdið deilum á undanförnum árum.

Það var fyrst og fremst krafa launþegahreyfingarinnar að fá inn í frv. ríkisábyrgð á lífeyrissjóðsiðgjöld. Ekki var fallist á það við samningu frv., en hins vegar varð samkomulag um það í félmn. Ed., sem félmrh. samþykkti, að sú breyting yrði gerð að kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði af hluta launþega og vinnuveitenda, að það félli undir ríkisábyrgð. Þannig var fullnægt þeirri meginkröfu sem verkalýðshreyfingin lagði áherslu á í sambandi við meðferð þessa máls. Hins vegar voru ýmis smærri sjóðagjöld, m. a. til sjúkrasjóða, sem ekki var fallist á að taka með við þessa lagabreyt. og félmn. Ed. gerði ekki sérstaka tillögu um að svo yrði.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. þm. í sambandi við orlofsféð. Ef hann les 4. gr. laganna getur að líta í b-lið:

„Kröfu um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið."

Þetta er skilyrðislaust tekið undir ríkisábyrgð. Það sem hv. þm. á hins vegar við er í sambandi við meðferð á orlofsfé sem rennur að meginhluta til í gegnum póstgíró. Vestfirðingar hafa sérstöðu í þessu máli og hafa til þessa framkvæmt þetta þannig að orlofsféð er greitt inn á sérstaka reikninga hjá viðkomandi launþega á viðkomandi félagssvæði. Þetta hefur mætt mikilli andstöðu hjá heildarsamtökum launþega. Þeir hafa ekki viljað fallast á að þessi háttur yrði tekinn upp almennt í landinu. Það hefur verið sérstök nefnd að störfum sem hefur tekið þessi mál til meðferðar og fjallað mjög ítarlega um hvort það ætti að gera þær breytingar á meðferð orlofsfjár að gefa hana frjálsa og láta launþegahreyfinguna og/eða vinnumarkaðinn um að ávaxta þetta þar sem þau óska. Niðurstaðan var hins vegar sú á næstsíðasta orlofsári að menn vildu ekki enn þá breyta þessu. Kemur í ljós næstu daga hvernig niðurstaðan er á því orlofsári sem núna er að ljúka, hvernig fjárhagsstaðan er fyrir launþega.

En niðurstaðan var sem sagt sú að ávöxtun fjár hjá Póstgíróstofunni var í hámarki þannig að hægt var að greiða hæstu vexti sem þekktust á lánsfjármarkaði á næstsíðasta orlofsári. Ég reikna með því að Vestfirðingar hafi orðið að taka mjög á til að geta náð þeim árangri einnig. Þetta varð til þess að sú nefnd sem er að störfum hefur ekki viljað afgreiða þetta mál frá sér og ákveða hvort á að gera á þessu breytingar eða ekki. Málið er því að þessu leyti til í biðstöðu vegna þess að forustumenn vinnumarkaðarins treysta sér ekki til þess að leggja til að póstgíróformið verði lagt niður. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál og ég held við verðum að vanda okkur vel og rasa ekki um ráð fram við meðferð þessa máls.

Að öðru leyti held ég að ég þurfi ekki að útskýra þetta frv. Það skýrir sig alveg sjálft. Það er utan við þetta enn þá að ríkisábyrgð er ekki á ýmsum smærri sjóðaframlögum til launþegahreyfingarinnar, svo sem sjúkraiðgjöldum til sjúkrasjóða, en orlofsfé er ríkistryggt og þarna er bætt við þessu mikilvægasta atriði, sem launþegahreyfingin lagði höfðuáherslu á, að iðgjöld lífeyrissjóðanna eru einnig með ríkisábyrgð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef ýmsar athugasemdir við ræðu hæstv. félmrh. að gera eins og hún var.

Í fyrsta lagi sýnist mér alveg augljóst að ekki er gert ráð fyrir að iðgjöld sjúkra- og orlofssjóða falli undir þetta. Það er ljóst, um það þarf ekki að deila. Hins

vegar fékk ég ekki svar við því frá hæstv. félmrh. hvort orlofsfé launþega á Vestfjörðum er innan þessa ramma. Hæstv. ráðh. sló úr og í. Ég vil minna hæstv. ráðh. á hluta af ræðu sem hann flutti á síðasta þingi einmitt um þetta sama mál. Hann er þar að tala um þá nefnd sem hann vék hér að líka, sem átti að endurskoða lögin um orlof, en þar sagði hæstv. félmrh., með leyfi forseta:

„Hlutverk þeirrar nefndar var að endurskoða lög um ríkisábyrgð á launum og semja frv. sem leiða mundi til greiðari og öruggari meðferðar á kröfugreiðslum skv. lögunum og tæki af vafa um umfang ríkisábyrgðarinnar."

Þetta var meginefnið. Nefndinni var ekki ætlað að gera efnislegar breytingar. Það er ekki heldur gert í þessu frv. nema að því er varðar orlofsfé í þeim tilfellum sem Póstgíróstofan hefur lagt það út. Ég sé ekki betur, hæstv. ráðh., en að þetta frv. sé að þessu leytinu til nákvæmlega eins og það sem var hér til umr. á s. l. vori. Það er engin breyting gerð til rýmkunar að því er varðar ríkisábyrgð á orlofsfé frá því frv. sem við ræddum s. l. vor. Það eina sem mér sýnist breytast núna með brtt. hv. nefndar er að lífeyrissjóðsiðgjöldin koma inn, en ekkert annað.

Ég skora á hæstv. ráðh., og vil helst ekki láta þessari umr. lokið án þess að geta fengið alveg hrein svör, að svara því hvort hann telur að orlofsfé launþega á Vestfjörðum falli undir þetta ákvæði laganna. Ég vil fá alveg ótvíræð svör, ekki að slegið sé úr og í að því er þetta varðar. Þetta er það stórt atriði og mikilvægt að nauðsynlegt er að fá skýr svör.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðh.: Það er andstaða hjá heildarsamtökum launþega við að taka upp breytingar á orlofslögunum í ljósi Vestfjarðasamkomulagsins. — Þetta er alrangt, hæstv. ráðh. Ég á sjálfur sæti í þeirri nefnd sem hæstv. ráðh. er að tala um og veit mjög vel hvernig mál hafa þróast þar og hvernig þau standa. Það er engin andstaða við því innan heildarsamtaka verkalýðshreyfingarinnar að taka upp hliðstætt fyrirkomulag um greiðslu orlofsfjár og tekið var upp á Vestfjörðum, þ. e. að launþegum sé tryggð besta ávöxtun hverju sinni á orlofsfé, og Vestfirðingar þurftu ekki að leggja sig hart fram til að ná sömu ávöxtunarkjörum og póstgírókerfið gaf á síðasta orlofsári. Þeir héldu alveg sínu, en voru mörgum prósentum óhagstæðari í ávöxtun árið þar á undan. Vestfjarðasamkomulagið hefur því leitt til þess að póstgírókerfið hefur ávaxtað betur hlut launafólks í þessum efnum en það gerði áður.

Ég veit ekki betur, og nánast fullyrði það hér, en að miðstjórn Alþýðusambands Íslands, sem tilnefndi menn í umræddda nefnd, sem hæstv. ráðh. var hér að tala um, til endurskoðunar á lögunum um orlof, hafi verið mjög jákvæð fyrir því að breyta lögunum um orlof í þá átt að losa um að allt færi í gegnum póstgírókerfið, þ. e. fela annaðhvort félögunum sjálfum einum og sér eða landssamböndum að semja frekar um þessi mál á þeim grundvelli að tryggja sem hagkvæmasta ávöxtun hverju sinni. Það er engin andstaða við því innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er rangt. Það sem hefur hins vegar strandað á í þeirri nefnd sem hér er verið um að ræða er að menn hafa mismunandi skoðanir á því hvaða kerfi er hagkvæmast og öruggast í þessum efnum.

Ég dreg enga dul á þá skoðun mína að það kerfi sem við tókum upp á Vestfjörðum 1982 hafi tryggt hagkvæmustu ávöxtun orlofsfjár sem hægt var að ná á hverjum tíma síðan og hafi verið langt umfram það sem póstgírókerfið gaf á umræddu tímabili. Ég fullyrði að póstgírókerfið er búið að hafa af launþegum í þessu landi ómældar fjárhæðir vegna þess hversu það hefur ávaxtað illa orlofsféð. Það hafa ómældar fjárhæðir verið teknar af launþegum vegna slælegrar frammistöðu og ávöxtun hjá póstgíróí með sérstökum samningum við Seðlabankann er vafasöm að mínu viti.

Það er kannske ekki ástæða til að hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég óska eindregið eftir því að fá um það alveg ótvíræð svör frá hæstv. félmrh. hvort hann lítur svo á að orlofsfé launþega á Vestfjörðum njóti sama réttar gagnvart þessum lögum, sem hér er verið um að ræða, og það orlofsfé sem greitt er í gegnum póstgíró. Fáist ekki um það alveg ótvíræð svör verður að freista þess að flytja brtt. við þetta mál og óska eftir því við forseta að hann fresti frekari umr. um málið þangað til tækifæri gefst til að gera það. Ég vil ekki trúa því að það þurfi til slíks að koma. Ég vona að hæstv. ráðh. gefi þá yfirlýsingu hér að launþegar á Vestfjörðum sitji við sama borð og aðrir launþegar í þessu landi að þessu leytinu til.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Alþýðusamband Íslands og vinnuveitendur virðast hafa mikla trú á því að það sé eina rétta leiðin að rukka inn orlof í gegnum Póstgíróstofuna. (**KP:** Það á ekki við um alla.) Engu að síður er þeirra trú þó það veik að þeir telja að það verði að koma til ríkisábyrgð á starfsemina. Eitthvað er þetta naumt. En á sama tíma og þeir halda þessu fram vita þeir að sá háttur hefur verið tekinn upp vestur á fjörðum að halda þessu fjármagni heima í byggðarlögunum með frjálsum samningum í þeim lánastofnunum sem þar eru. Nú virðist aftur á móti, þegar kemur að því hvort þeir aðilar skuli fá sömu tryggingar, þ. e. ríkisábyrgð, koma það hljóð í strokkinn að þeir geti ekki fellt sig við þau vinnubrögð.

Ég hlýt nú að spyrja undir þessum kringumstæðum: Er ætlunin að hafa tvenn lög í þessu landi? Og hefur nú hæstv. iðnrh. notað heila eyrað að þessu sinni? Ég hlýt að spyrja hæstv. félmrh. að því hvort ekki sé æskilegt undir kringumstæðum sem þessum að umr. verði frestað og það gefist ráðrúm til að hafa samband við forustumenn verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum og forustumenn atvinnurekenda á Vestfjörðum og kanna hvort það séu einhver þau atriði sérstaklega í þessum samningi sem rn. geti ekki fellt sig við, en breyti þó ekki þeirri málsmeðferð að fjármagnið verði geymt heima í héruðunum. Mér er nánast óskiljanlegt að mönnum detti í hug að reyna að brjóta niður þá ákvörðun, sem tekin var og framkvæmd er, að geyma þetta fjármagn heima í héruðunum, með þeim hætti að neita um ríkisábyrgð við gjaldþrot undir slíkum kringumstæðum. Það eru engin rök fyrir slíkum vinnubrögðum. Það er nánast hótun: Ef þið ætlið að fara að spila þetta eftir eyranu á ykkar hátt, en hlýðið ekki okkar forsjón syðra, þá fáið þið enga ríkisábyrgð. — Það er það sem verið er að segja. Ég get illa trúað því að athuguðu máli að þá fáist menn ekki til að fresta þessari umr. Ég óska eftir því við hv. forseta að hann fresti umr. þannig að ráðrúm fáist til að athuga hvort ekki er hægt að ná sáttum í þessu máli.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég sé

ekki ástæðu til að eyða miklum tíma í umr. um þetta atriði, það er búið að ræða það svo oft. Það hafa farið fram á undanförnum árum, eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt um, miklar umræður um hvort það væri rétt fyrir launþegahreyfinguna að láta breyta formi á póstgíróinnheimtu eða meðferð orlofsfjár. Stjórnvöld hafa ekki lagt neina hindrun í götu þess að því yrði breytt. Það hefur aldrei verið svo ég viti til, heldur hefur verið samkomulag um að launþegahreyfingin sjálf tæki ákvörðun um meðferð þessa máls. Þannig hefur þetta farið fram á undanförnum árum.

Það hefur verið sérstök nefnd að verki sem átti að gera ákveðnar tillögur um breytingu á meðferð þessa máls miðað við þær kröfur sem komu fram á Vestfjörðum um að taka þetta form til breytinga þannig að Póstgíróstofan annaðist þetta ekki lengur, heldur væri það frjálst í meðferð hjá hverju svæði fyrir sig. En eins og ég sagði áðan hefur nefndin ekki treyst sér til að gera á þessu slíkar ákveðnar breytingar. Þess vegna er ekki hægt, að mínu mati, að leggja til annað meðan launþegahreyfingin sjálf vill engu breyta. Ég ætla ekki að ræða um hvað einstakir nefndarmenn kunna að segja eða aðilar í þessu máli. Ég hef þetta beint frá þeim sem stjórna þessu verki. Þeir segja mér að ekki sé hægt að ná samstöðu um það enn að breyta þarna til sem þýðir að launþegahreyfingin vill ekki breyta þessu kerfi eins og það er. Hún telur betur tryggt fyrir launþega að ávaxta þetta fé í gegnum póstgírókerfið. Enn þá liggur það a. m. k. fyrir að Póstgíróstofan hefur ávaxtað þetta fjármagn launþega eins og best hefur verið ávaxtað fjármagn í þjóðfélaginu. Ég veit ekki betur en allir viðurkenni það, enda hafa ekki komið um það mótmæli neins staðar frá. Meðan svo er tel ég að ekki sé hægt að gera aðrar breytingar að sínni. Hins vegar er þetta opið og verkalýðshreyfingin hefur á sínum færum hverju hún vill láta breyta varðandi þá stefnu. Það er frjálst.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þetta verður örstutt. Ég met það svo, eftir því sem hæstv. ráðh. talar, að enn ætli menn að halda Vestfirðingum fyrir utan ríkisábyrgð við gjaldþrot að því er varðar orlofsfé. Það fást engin svör til þess að byggja á um að þeir búi undir sömu lögum og aðrir í þessu efni.

Það sem ég ætla fyrst og fremst að leiðrétta hjá hæstv. ráðh. er að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur formlega tekið um það ákvörðun og óskað eftir því að ríkisábyrgð á orlofsfé nái til Vestfjarðasamkomulagsins eins og til fjár hjá póstgírói. Þannig er rangt hjá hæstv. ráðh. að verkalýðshreyfingin standi gegn því. Það eru ósannindi. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur sérstaklega óskað eftir að ríkisábyrgð á þessum þætti launagreiðslu, sem er orlofsfé, nái til launþega á Vestfjörðum, undir því samkomulagi sem þar er, eins og hjá póstgírókerfinu. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Ég ítreka að eftir þessa umr., sem hér hefur átt sér stað nú, er nauðsynlegt að fresta henni til að kanna þetta mál niður í kjölinn og freista þess að fá gerðar breytingar, þannig að ekki sé enn aukið á óréttlætið í landinu og enn frekar sé leitt í ljós að ekki eigi allir að búa við sömu lög í þessu landi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna óska tveggja hv. þm. um frestun á umr. verður forseti við því. En þetta mál verður þá tekið fyrir á miðvikudaginn.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum lýsti hæstv. forsrh. því yfir í sjónvarpi, þar sem hann var staddur í þætti ásamt hæstv. fjmrh. og fram kom hjá báðum að stjórnarráðið væri í rauninni eitt samfellt kærleiksheimili, eins og hefur nú verið staðfest á landsfundi Sjálfstfl., að hann væri með undir höndum lista yfir 25 atriði sem hann mundi sýna eftir helgina, eins og hann komst þá að orði. Nú eru nokkrar helgar liðnar síðan þetta var. Hæstv. fjmrh. fékk ekki að sjá þennan lista í sjónvarpsþættinum en hæstv. forsrh. lýsti því yfir að hann mundi sýna ráðherrum listann daginn eftir á ríkisstjórnarfundi.

Nú hefur lítið til þessa lista spurst og fá mál hafa frá ríkisstj. séð dagsins ljós hér í Nd. Alþingis það sem af er frá áramótum. Hygg ég að það hafi sjaldan gerst að ríkisstj. hafi lagt jafnfá veigamikil mál fyrir Nd. Alþingis á jafnlöngum tíma og gerst hefur á þessum vetri. Þess vegna hafa menn líka haft býsna góðan tíma til umræðna um selveiðar og önnur brýn verkefni sem hér eru á dagskrá og ég geri ekki lítið úr. En umræður um grundvallaratriði efnahags- og atvinnumála hafa ekki hafist hér að frumkvæði ríkisstj.

Hæstv. forsrh. var ekki tilbúinn að svara spurningum mínum um þennan leynilista 25 atriða í dag, kvaðst hins vegar reiðubúinn til að gera það næstu daga. Aftur á móti háttar svo til að ríkisstj. ku hafa þrælað saman frv. um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Mér er sagt að það frv. hafi verið lagt fyrir þingflokka stjórnarliðsins núna síðustu daga. Og mér er sagt að það mál verði til meðferðar á þingi Stéttarsambands bænda n. k. miðvikudag. Það er gott eitt um það að segja að Stéttarsamband bænda fjalli um þau mál sem að landbúnaðinum snúa og finnst mér reyndar stundum að sú stofnun hefði mátt vera fyrr á ferðinni með sín mál en raun ber vitni um. En hvað um það. Í tilefni af því að ætlunin er að ræða þetta hjá Stéttarsambandi bænda finnst mér það eðlileg og sanngjörn ósk að bera fram af hálfu míns flokks að stjórnarandstaðan fái þetta frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins í sínar hendur nú þegar. Ég tel það algjörlega óeðlilegt að vera að loka þetta mál inni hjá stjórnarflokkunum þegar það er komið til umræðu úti í þjóðfélaginu, í raun og veru alls staðar annars staðar en hjá stjórnarandstöðunni.

Það var þessi spurning sem ég ætlaði að bera fram fyrir hæstv. landbrh. Ég ætlaði einnig að benda á það, herra forseti, að ef það er ætlun ríkisstj. að láta afgreiða hér í lagaformi þessi 25 atriði af leynilista forsrh., sem hann sagði frá í sjónvarpinu fyrir nokkru, þá er bersýnilegt að þinghald verður að vera hér fram eftir öllu sumri. Venjan hefur verið sú að ljúka þingstörfum í kringum mánaðamótin maí—júní. Er það ætlun ríkisstj. að breyta út frá því og láta þing standa langt fram eftir júnímánuði eða jafnvel fram í júlímánuð? Eftir þeim verkhraða sem ríkisstj. hefur haft undanfarna þrjá mánuði endist ekki sumarið allt til að fjalla um þó ekki væri nema helmingurinn af leynilista hæstv. forsrh. með 25 atriðum sem hann sagði frá í sjónvarpinu fyrir

nokkru.

Ég ætla ekki að hefja hér ítarlega umræðu um vinnubrögð þingsins sem ég tel satt að segja að hafi verið með ólíkindum á þessum vetri af hálfu hæstv. ríkisstj. Nægir í þeim efnum að minna á lánsfjárlög sem eru víst á milli 2. og 3. umr. í Ed. og ríkisstj. hefur ekki komið frá sér línum í þeim efnum vegna þess að þar er hver höndin upp á móti annarri. Hæstv. fjmrh. hefur ekki fengið að koma með það mál enn þá hingað niður í Nd. til meðferðar. Og það er alveg ljóst að hv. Nd. hlýtur að taka sér eðlilegan tíma til að fjalla um lánsfjárlögin og fara yfir frv. lið fyrir lið svo sem venja er.

Ég ber spurningu mína fram til hæstv. landbrh.: Er hann reiðubúinn að tryggja það að stjórnarandstaðan fái nú þegar þau drög að frv. um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem hann hefur þegar lagt fyrir stjórnarflokkana og verður rætt á sérstökum fundi Stéttarsambands bænda á miðvikudaginn kemur?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Breytingar á lögum um framleiðslu- og sölumál landbúnaðarins hafa verið á döfinni alllengi. Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. er ákveðið að leggja þær tillögur sem búið er að undirbúa fyrir aukafund Stéttarsambands bænda á miðvikudaginn.

Ég hafði ákveðið að afhenda stjórnarandstöðunni þessar tillögur strax og þær yrðu tilbúnar en það mun ekki verða fyrr en á morgun. Það voru lögð fram drög á fundi þingflokka stjórnarinnar í síðustu viku en meðal annars án grg. Unnið er að því að ganga frá þessu núna og því verður lokið á morgun. Mun ég þá þegar gera ráðstafanir til þess að stjórnarandstaðan fái frv. í hendur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Af þeim kemur fram að grg. með frv. er ekki tilbúin. Stjórnarflokkarnir munu hafa verið að ræða um drög að frv. án þess að hafa fengið grg. (**Iðnrh.:** Ekki fullbúna grg.) Þeir hafa ekki fengið endanlega grg. frá hæstv. ráðh. í þessu efni að því er hann sagði áðan. Ég vissi ekki til þess að iðnrn. hefði sérstaklega með þau mál að gera. En það er kominn tími til að iðnrh. blandi sér í þau mál líka og fylgist með þeim. Finnst mér þetta í rauninni nokkuð sérkennilegt vegna þess að það hlýtur að vera svo að stjórn Stéttarsambands bænda hafi fengið þessi frv.-drög til meðferðar. Eða veit stjórn Stéttarsambandsins ekki neitt hvað hún fær í hendur á miðvikudaginn kemur? Hefur Stéttarsambandið ekki hugmynd um hvað á að leggja fyrir? Auðvitað hlýtur hæstv. landbrh. að hafa farið með þessa hluti að einhverju leyti síðustu daga fyrir stjórn Stéttarsambandsins. Þess vegna er algerlega óeðlilegt að hann skuli í ljósi þess neita stjórnarandstöðunni um að fá frv.-drögin eins og þau liggja fyrir strax í dag. Hvað er það sem hæstv. landbrh. hefur að fela í þessum efnum? Hvað er það sem stjórnarflokkarnir vilja ekki láta sjá? Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að ítreka þá kröfu við hæstv. landbrh. að þessi frv.-drög verði lögð fyrir og sýnd í stjórnarandstöðuflokkunum rétt eins og í stjórn Stéttarsambands bænda strax í dag, eigi síðar en í dag. Það er alveg ástæðulaust að draga það stundinni lengur.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það var kominn tími til að menn ræddu svolítið þessi vinnubrögð hér í þinginu, vegna þess að ég er hræddur um að menn fari nú þar að reka upp á sker. Ég fer fram á og krefst þess að þessi frv.-drög, sem hafa verið nógu góð til þess að aðrir þingflokkar gætu um þau fjallað og væntanlega stjórn Stéttarsambandsins, verði afhent þingflokki okkar til að hægt verði að fjalla um þau á þingflokksfundi í dag. Ég tel ekki seinna vænna að menn fari að reyna að taka á sig verk til að reyna að flýta fyrir vinnslu mála á þessu þingi. Það eru ekki nema sjö vikur þangað til þingi ætti að ljúka skv. venjulegum starfstíma og það er augljóslega verulega mikið af verkum óunnið. Hér hefur verið nefnt dæmi um lánsfjárlög sem einhvern veginn hafa fallið ofan í milli í Ed. og menn helst ansa ekki fsp. um það hvernig þau mál standa. Ég vil nefna annað mál sem búið er að vera mikið til umræðu og í mikilli vinnslu alveg síðan í haust, útvarpslögin. Þau duttu á dularfullan hátt af dagskrá fyrir páska og hefur ekkert til þeirra spurst. Þetta eru tvö lítil dæmi um það hvernig afgreiðsla mála og umfjöllun mála virðist mjög á reiki og vægast sagt í illu ásigkomulagi hjá ríkisstj.

Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að komið verði á fundi — eigum við að segja verkstjóra þingsins, þá á ég við forseta og þingflokksformenn — þar sem menn geri sér grein fyrir því hvaða tími sé til stefnu til að afgreiða mál og þar verði lagður fram trúverðugur listi yfir þau mál sem ríkisstj. vill láta afgreiða fyrir vorið. Ég ber þetta fram við hæstv. forseta vegna þess að ég veit að hann vill virðingu þingsins sem allra mesta og ég tel, eins og málum er komið núna, að þetta sé raunverulega farið að varða virðingu þingsins.

Ef svo fer sem horfir mun þingið bregðast þjóð sinni. Í sumar fara í hönd kjarasamningar. Því hefur verið margsinnis yfir lýst af hálfu ríkisstj. að þar til grundvallar verði að leggja breytingar á skattastefnu og breytingar á húsnæðisstefnu svo aðeins séu tvö mál tekin af þeim sem augljóslega þarf að kippa í liðinn svo að raunverulegir kjarasamningar, frjálsir kjarasamningar geti farið fram. Ég tel líka að þetta varði virðingu þingsins vegna þess að atvinnulíf er að stöðvast víða og það er nauðsynlegt að þingið leggi þá farvegi, sem fólki er ætlað að sjá sér lífsbjörg í, svo að ekki endi hér allt með ósköpum. Þetta varðar líka margumtalaða virðingu þingsins vegna þess að hún eykst ekki með því að þingið vanræki augljósa skyldu sína með því að opinbera skipulagsleysi sitt, ráðleysi ríkisstj. og dáðleysi þeirra sem þar eiga að fara með völdin. Þess vegna endurtek ég ósk mína, að forseti beiti sér sem bráðast fyrir fundi til þess að hægt verði að bjarga því sem bjargað verður af virðingu þingsins en hún vex af því einu að það sjáist taka af krafti og ábyrgð á þeim verkefnum sem eru brýnust í samfélaginu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti tekur að sjálfsögðu vel undir þær óskir sem hér hafa komið fram hjá hv. 4. landsk. þm. um fund forseta og fulltrúa ríkisstj. og formanna stjórnmálaflokkanna í þinginu. Og forseti mun fyrir sitt leyti stuðla að því að slíkur fundur verði haldinn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég man ekki eftir því að hafa áður heyrt umræður utan dagskrár á Alþingi um

það að óeðlilegt væri að þeir þingflokkar sem styðja ríkisstj. gefi sér tíma til að athuga stjfrv. áður en þau eru borin fram eða sýnd stjórnarandstöðunni. Ég man ekki til þess að t. d. sú ríkisstj. sem hv. formaður Alþb. sat í síðast hafi ætlað öðrum sjálfstæðismönnum en þeim sem voru yfirlýstir stuðningsmenn þeirrar ríkisstj. að fylgjast með málatilbúnaði innan þeirrar stjórnarsamvinnu. Ég held að þegar við tölum um virðingu ríkisstjórnar og þings ættum við að reyna fremur að kosta kapps um það að mál séu vel undirbúin og að þeir menn sem bera mál fram og bera ábyrgð á þeim taki sér tíma og vinni vel sitt verk en leggi ekki mál fyrir þingið í reiðuleysi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hygg að þeim tíma sé ekki illa varið sem við eyðum hér til þess að ræða ofurlítið tilhögun þingstarfa það sem eftir er og það hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið og hyggst standa að þeim málum. Þar er í raun af nógu að taka. Það hefur vakið athygli mína að málalisti hæstv. Nd. er nú allmiklu skemmri en hinnar efri og hafa hlutföll þessi mjög snúist við frá því sem var á síðasta hv. þingi. Ber nú svo við að hæstv. ríkisstj. leggur ógjarnan mál að fyrra bragði fram í Nd. Veit ég ekki hvað veldur, hvort hún er orðin eitthvað rög við að fara þá leiðina. Ég beini því nú til hæstv. landbrh. að þegar hann kemur fram því frv. sem hér hefur verið nokkuð fjallað um þá sýni hann það hér t. a. m., enda er þetta rösk þingdeild og vísust til þess að vinna vel að því máli.

Það má annars segja að uppi sé nokkuð nýr stíll af hálfu hæstv. ríkisstj. undir forustu hæstv. forsrh., sem nú er fjarstaddur, og bregður þá nokkuð nýrra við. Sú var tíðin að sá stjórnmálamaður þótti nokkuð raupsamur. Það má kannske segja um hann að honum hafi verið laus munnurinn, svona eins og öðrum mönnum er laus höndin. En nú er öldin önnur á þeim bæ. Þar er nú talað í dulúðugum véfréttarstíl og sýnd bláhornin af leyndarmálalistum. Leyndin er að mínu viti farin að ganga fulllangt þegar það er dregið í lengstu lög að sýna hv. Alþingi — ég tala nú ekki um stjórnarandstöðunni — þau leyndarmál sem engu að síður á að keyra hér í gegnum þingið. Ég spyr: Halda menn að það sé málum til framdráttar, að það greiði götu þeirra í gegnum hv. Alþingi að draga það eins og mögulegt er að sýna t. a. m. stjórnarandstöðunni málin? Væru það ekki eðlilegri vinnubrögð og líklegri til árangurs að koma málum í þann búning að hægt væri skammlaust að sýna þau — og gera það þá svo að menn hefðu þeim mun lengri tíma til að fjalla um þau?

Ég held að viðamikil og viðkvæm mál, eins og við vitum að breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins eru eða eru líkleg til að verða, geti ekki annað en hagnast á því að fá hér ítarlegri fremur en skemmri skoðun, fyrir nú utan margnefnda virðingu hv. Alþingis að ætla sér að hnoða einum 25 stórmálum í gegn hér á síðustu vikum. Nú eða þá hitt, að ætla þinginu að sitja fram á grænt sumar.

En það eru önnur atriði sem ég hefði gjarnan viljað nefna aðeins í þessu samhengi, sem mér finnst vera, herra forseti, til marks um nokkuð sérkennileg vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. og einstakra hæstv. ráðh., t. a. m. yfirlýsingar hæstv. utanrrh., sem einnig er fjarstaddur, þeir sjást hér rétt í mýflugumynd þessir hæstv. ráðh., úti í bæ, nánar tiltekið á landsfundi Sjálfstfl., um stórmál er snerta íslensk utanríkismál. Er það virkilega svo að t. a. m. hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. telji sér það sæma og fremur skylt að skýra frá nýbreytni í utanríkismálum þjóðarinnar á pólitískum samkundum sinna flokka en hér á hæstv. Alþingi? Fyrir hverjum bera þessir hæstv. ráðh. ábyrgð? Er það fremur fyrir landsfundi Sjálfstfl., sem reyndar var ekki neitt neitt, heldur en fyrir hv. Alþingi? Ég á hér t. a. m. við yfirlýsingar hæstv. utanrrh. um nauðsyn þess að fjölga sendiráðum og fleira sem snertir okkar utanríkispólitík.

Ég vil einnig beina því til hæstv. forseta, sem ég veit vera röggsaman og vilja virðingu þingsins sem mesta og málaframgang hér sem bestan, að hann láti nú ekki sitt eftir liggja að tryggja að ekki fari svo hér á hæstv. Alþingi um ýmis stórmál, eins og t. a. m. skýrslu forsrh. um Framkvæmdastofnun ríkisins og umræður þar að lútandi um byggðamál, að okkur hv. þm. verði ætlað að ræða það mál á milli kl. 14.30 og 15.20 eins og gerðist hér á hv. Alþingi s. l. vor. Það eru að mínu viti, herra forseti, ótæk vinnubrögð. Og ég lýsi eftir því: Er þessi skýrsla hæstv. forsrh. væntanleg og fær hún þá sæmilega umfjöllun hér á þinginu og sæmilegan tíma?

Einnig er komin fram skýrsla hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Ber að fagna því að hún hefur nú litið dagsins ljós eða ljós hér í þingsölum. Ég vil sömuleiðis beina því til forseta að hann taki það upp í hópi hæstv. forseta þingsins að þessi mál fái hér eðlilega umfjöllun áður en allt er komið í hnút á vordögum með þingstörfin.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur heyrt óskir og tilmæli hv. 4. landsk. þm. og hv. 4. þm. Norðurl. e. og mun taka þau til athugunar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Heyrði ég rétt að hv. 4. þm. Norðurl. e. héldi því fram að hæstv. ríkisstj. drægi við sig að leggja fram mál í hv. Nd. af ótta við málafylgju hans? (Gripið fram í.) Ég heyrði það rétt. Jú, að vísu heyrði ég það rétt. Það heyrðu það allir hv. þdm. að hv. 4. þm. Norðurl. e. er þeirrar trúar að hæstv. ríkisstj. sé svo hrædd við hann og málafylgju hans að hún þori ekki að leggja fram mál í hv. Nd. (**SJS:** Það eru 40 þm. í Nd., hæstv. ráðh.) — og eru býsn á að heyra. Ja, hv. þm. talaði bara fyrir sinn munn, hafði ekkert umboð, ekki einu sinni frá hv. 3. þm. Reykv. og er hann þó fullhugi mikill. (**SvG:** Hvað veist þú um það?)

Hæstv. utanrrh. upplýsti engin ný leyndarmál eða leyndardóma á landsfundi Sjálfstfl. um utanríkisstefnu Íslands, engin ný. Og það hefur ekkert verið í muddum talað um þau mál af hans hálfu né hæstv. ríkisstj. í tíð núv. ríkisstj., fjarri því. Ég ætla ekki að orðlengja um þá virðingu sem menn eru að auka þinginu með málafylgju eins og þessari hér.

Það er kallað ákaft eftir frv.-drögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og er von að mönnum lengi í þau. Rétt nýverið fengu stjórnarflokkar að sjá þau drög ásamt ófullbúinni grg. Hæstv. landbrh. er búinn að lofa hæstv. stjórnarandstöðu að fá að sjá þetta frv. á morgun. En slíkan óðs manns skít hafa menn étið að það er heimtað að það verði gert fyrir kvöldmál. Ég hef aldrei — að vísu á ég ekki langa þingsögu, ein 14 ár — heyrt slíka málafylgju eða að þessi háttur sé á hafður til

þess að auka sérstaklega virðingu þingsins, því að til þess eru refirnir skornir að því sem manni heyrist — eða gera betur en svo að bregðast við innan sólarhrings, hæstv. forseti, málaleitan eins og þessari að fá að sjá viðamikið frv., byltingarkennt frv. um landbúnað á Íslandi, eins og hér er í aðdrögum. (**Gripið fram í:** Byltingarkennt?) Byltingarkennt, já, ég fullyrði ekki meira en það. Og mætti segja mér að þetta mál þurfi vandlega meðferð í hæstv. Alþingi (**Gripið fram í:** Það er það sem við erum að segja.), og þess vegna er lagt slíkt kapp á að verða við óskum stjórnarandstöðunnar að innan sólarhrings verður henni afhent þetta. Samt standa menn hér uppi málþola og gapa og gleypa vind.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma að máli sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon vék reyndar að. Það er sá háttur ríkisstj. að lýsa pólitískum áformum sínum alls staðar annars staðar en á Alþingi. Við Bandalagsmenn fluttum raunar á síðasta þingi tillögu um beint útvarp frá Alþingi. En við ætluðumst ekki beinlínis til að það yrði tekið þannig að þm. yrðu vísari um starfsemi og áætlanir þingsins með því að sitja heima og horfa á fjölmiðla heldur en með því að taka eðlilegan þátt í þingstörfum. Það hefur komist á sá undarlegi skikkur að menn verða vísastir um áform ríkisstj. á þann hátt að sitja og horfa á sjónvarp og reyna að lesa á milli línanna hvað ríkisstj. hyggst gera. Líklega hefur verið mjög til bóta að vera á landsfundi Sjálfstfl. þar sem ýmis áform munu líklega hafa verið opinberuð. E. t. v. fer nú mjöðurinn að streyma þegar búið er að taka þennan tappa úr stjórnarsamstarfinu sem landsfundur Sjálfstfl. vafalaust var. Við eigum kannske von á því að eitthvað fari að gerast í þessari ríkisstj.

Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um það áðan að eðlilegt væri að menn og stjórnir tækju sér tíma til þess að vinna mál. Mér sýnist að þessi ríkisstj. hafi ekkert gert annað en að taka sér tíma og ef það er eitthvað sem hana vantar þá er það annað en tími. Af tíma hefur hún haft nóg. Það sem við erum að biðja um er einhver árangur. Við erum að biðja um að þeir lufsist nú til að fara að gera eitthvað, að hér séu sýnd mál sem geta hugsanlega orðið þessari þjóð til einhverrar bjargar. Um það snýst þessi umræða og eftir því er kallað. Það er nefnilega svo að sú biðlund sem fólkið í landinu hefur er takmörkuð. Eins og ég sagði áðan þá líður senn aftur að því að menn standi frammi fyrir öðrum eins ósköpum og voru hérna s. l. haust. Þá var því lofað að stjórnvöld létu vinna og legðu fram tillögur sem gætu orðið grundvöllur að farsælli eða a. m. k. betri lausn þeirra mála en náðist þá. Eftir því er lýst og til þess hafa menn sjö vikur núna.

Ég áfellist það ekki að menn taki sér góðan tíma til málsundirbúnings áður en málin eru sýnd í þinginu. En það er lágmarkskrafa að þinginu sé sýnd sú sjálfsagða kurteisi að ætla því tíma líka. Og sá tími er að renna út.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í upphafi þessarar umræðu beindi ég fsp. til hæstv. landbrh. sem fer með landbúnaðarmál í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Ég hafði varla komið frá mér ræðu minni nema að takmörkuðu leyti þegar hæstv. iðnrh. sá ástæðu til að kalla fram í og trufla mál mitt og var bersýnilegt að hann hafði ýmislegt við málin að athuga. Þó kom það enn betur á daginn í ræðu hans hér áðan, því að hvorki hæstv. iðnrh. né hv. þm. Halldór Blöndal treystu hæstv. landbrh. til þess að svara fyrir þetta mál og þustu því í stólinn hvor af öðrum með skætingi og óðagoti, eins og hæstv. iðnrh. gerði hér áðan, gapti og gleypti vind, svo ég noti hans eigin orð, herra forseti.

Það kemur sem sagt á daginn að íhaldið, Sjálfstfl., vill helst ekki sýna þetta mál. Hv. þm. Halldór Blöndal telur þetta mál, landbúnaðarmálin, í mesta reiðuleysi, eins og hann orðaði það hér áðan. Og það er bersýnilegt að hæstv. iðnrh. hefur ekki heldur áhuga á því að þessi mál komi til meðferðar hjá stjórnarandstöðunni nú þegar. Hann reynir að draga þar úr eins og mest hann má og bregður hæstv. landbrh. um það að á honum sé mikið óðagot og hefur við orð að einhverjir hér hafi étið óðs manns skít. Það er tilvitnun í hæstv. iðnrh., með leyfi hæstv. forseta, en þá var iðnrh. einmitt að ræða um virðingu Alþingis, herra forseti, þegar þessi orð voru sögð.

Ég held að það sé alveg rétt, herra forseti, í þessum efnum að átta sig á því að hæstv. ríkisstj. hefur sniðgengið Nd. í vetur. Fyrir Ed. liggja í dag 20 mál, þ. á m. mörg stjfrv. En af einhverjum ástæðum eru mjög fá mál frá ríkisstj. á dagskrá Nd. Ekki dettur mér í hug að það sé vegna þess að stjórnarliðið hafi af einhverjum ástæðum heykst á því að leggja mál hér fyrir Nd., vegna þess að þannig háttar fyrirkomulagi á þinginu að mál verða hvort eð er að koma fyrir báðar deildir, þannig að ef Nd. er slæm þá mætti hæstv. ríkisstj. hafa það í huga að illu er best aflokið og oft kannske skynsamlegt að byrja á Nd., eins og þetta hefur nú iðulega verið á undanförnum árum, trúi ég.

En það kom einnig fram hér í ummælum hæstv. iðnrh., sem mér fannst ákaflega athyglisvert, að hann telur sérstaka ástæðu til að bera blak af vinnubrögðum utanrrh. sem voru lauslega nefnd hér af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Í rauninni er það svo með ráðherra Sjálfstfl. að þeir hafa ævinlega frekar litið á sig sem ráðherra Sjálfstfl. en sem ráðherra þingsins og þjóðarinnar. Þannig hefur það jafnan verið. Og í þessum svörum hæstv. iðnrh., hroka hans og fyrirgangi hér í ræðustólnum áðan kemur það fram að hann telur sig enga skuld eiga þinginu að gjalda í þessum efnum né heldur að aðrir ráðherrar Sjálfstfl. þurfi að gera það. Það sé nóg að fara með málin fyrir landsfund íhaldsins og byrja að ræða þau þar, frekar en að ræða við þingið. Þetta minnir mjög á borgarstjórann í Reykjavík sem er eins og kunnugt er þekktur að því að vera aðeins borgarstjóri Sjálfstfl. en ekki borgarstjóri Reykvíkinga. Þetta er eftir öðru hjá forustumönnum íhaldsins.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka þann áhuga sem hv. þm. hafa sýnt á málum landbúnaðarins og yfirlýsingar þeirra um að vilja vinna vel að framgangi þeirra. Met ég það mikils og vænti því að svo verði þegar hægt verður að leggja málið hér fyrir. En það er ekki hægt fyrr en það hefur verið fullunnið, það þekkja hv. þm.

Ég hef lagt hér fyrir hv. Nd. nokkur mál í vetur. Ég skal ekki segja fyrir hvorri deildinni eru fleiri. Ég hef skipt málum á milli deilda svo að ég get ekki tekið það til mín að eingöngu hafi verið lagt fyrir Ed. Og enn þá eru mál í nefndum í Nd. sem ég hef lagt fram. En vissulega vil ég ekki draga úr því að hv. Nd. er rösk og

ég veit að hún vill vinna vel að málunum.

Ég hef ekki neitt að fela fyrir stjórnarandstöðu í sambandi við þetta mál. En meðan verið er að vinna að orðalagsbreytingum og uppsetningu á málinu er ekki unnt að afhenda stjórnarandstöðu það formlega. En ég ítreka að það mun ég gera, afhenda þeim það strax og þeirri vinnu er lokið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er náttúrlega auðsætt af viðbrögðum hæstv. ráðh., þeirra sem hér eru þó og ber að virða það, að þeir vita upp á sig skömmina. Þar hafa illa verið rekin trippin og stjórn þingsins af þeirra hálfu meira og minna í ólestri. Hér fyrir framan mig gengur t. d. hæstv. félmrh. sem fer með húsnæðismál og hefur ítrekað úr þessum virðulega ræðustóli lýst því yfir að hendur hans séu bundnar og fætur hans heftir í húsnæðismálunum vegna þess að hann hafi enga samþykkt á lánsfjáráætlun. Allir vita hvar lánsfjáráætlun er og hvað henni líður, hversu náðuga daga hún á í Ed. Enn þá getur hæstv. félmrh. lítið gert í húsnæðismálunum af þessum sökum. Það er mál eins og þetta og önnur slík sem við erum hér m. a. að ræða um. Og hæstv. ráðh. vita upp á sig skömmina, eins og ég áðan sagði, og svara því með hroka og útúrsnúningi, ef þeir svara þá einhverju á annað borð, eins og t. d. hæstv. iðnrh. Ég fékk það nú reyndar á tilfinninguna að hann hefði sett öfuga löpp fram úr í morgun, þessi hæstv. ráðh., þegar hann gekk úr rúmi sínu, svo snakillur var hann hér uppi áðan, eða þá að hann kemur svona illa niður af landsfundinum. Það er líka mögulegt að þetta hafi verið eitthvað hörð lending hjá honum þegar hann kom heim af landsfundinum.

En vegna þess sem hann tók sér hér í munn, hæstv. ráðh., þá rifjaðist upp fyrir mér gamall húsgangur sem var farið dálítið með fyrir austan hér á árunum. Hann hefur að vísu hvergi birst á prenti, að ég hygg, þessi húsgangur, en ég bið samt leyfis herra forseta til að fara með hann af því að mér finnst hann eiga snoturlega við í þessu samhengi. Hann er svona:

Gapti hann og gleypti vind.
Gekk þá flest úr skorðum.
Munnræpan var Sverris synd
og setuliðsins forðum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti lítur á þetta sem „svar på tiltale".

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér hefur komið til orða að ráðh. er lagt það til lasts að hafa lagt of mörg mál fyrir Ed. Það er rétt að rekja aðdraganda að þessu. Undanfarin ár hefur vinnuálag hv. Ed. verið minna, þar hafa verið miklu styttri fundir. Formenn þingflokka fóru fram á það við ríkisstj. í haust að reynt yrði að jafna vinnuálagi á milli deildanna. Þetta hefur ríkisstjórnin gert. Það hefur verið lagt fram meira af málum í Ed. að því er manni virðist á þessu þingi og menn hafa mikið að gera þar, enda sjáum við það á dagskránni að dagskrá Ed. er orðin miklu lengri en dagskrá Nd. En það er sem sagt ekki við ráðh. að sakast. Þetta hefur kannske gengið aðeins of langt, en það er gert vegna tilmæla formanna þingflokkanna.

Varðandi það mál sem hér er til umr. utan dagskrár, frv. um verðlagningu landbúnaðarvara sem stjórnarandstaðan óskar eftir að fá í hendur, vil ég undirstrika að hér er ekki um fullbúið frv. að ræða. Þetta nál. er afrakstur af starfi nokkurra manna á vegum stjórnarflokkanna sem unnu að samningu frv. Það er ekki búið að ganga frá grg. með frv. og síðast en ekki síst þá eiga þingflokkar stjórnarinnar báðir eftir að fjalla um málið. A. m. k. er það svo með þingflokk Framsfl. að hann á eftir að fjalla ítarlega um þetta mál. Við höfum einungis litið á það á einum fundi. Þetta er flókið og viðamikið mál og við erum ekki búnir að ljúka þeirri vinnu alveg í hvelli. En þegar fram kemur frv. um þetta efni sem við viljum taka ábyrgð á og standa að, þá að sjálfsögðu verður stjórnarandstöðunni kynnt það eins og öðrum þm.

Svavar Gestsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir þá þolinmæði sem hann sýnir þessari utandagskrárumræðu, en ég geri ráð fyrir því að slík umræða geti flýtt fyrir meðferð þingmála síðar og greitt götu þingstarfa í heild. Ég kvaddi mér hljóðs út af ummælum hv. þm. Páls Péturssonar þar sem hann gerði tilraun til að kenna formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar um það hversu mikið misvægi er á verkum á milli deildanna. Ég vísa þessu algjörlega á bug. Mér þykir þetta satt að segja heldur klént af formanni þingflokks, stjórnarflokks, að ætla sér að bera fyrir sig almennar óskir formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar um að það sé jafnað vinnuálagi á milli deilda. Ég mótmæli þessu algjörlega. Ég er sannfærður um að stjórnarandstaðan hefur óskað eftir því að það yrði nokkurt jafnræði hér á milli, svo að ekki yrði eins mikið misvægi í störfum deilda og verið hefur hér á undanförnum árum. En að útkoman yrði svo sú að nærri öll mál væru lögð fyrir Ed., eins og verið hefur í vetur, það er auðvitað fjarstæða og skrifast einhliða á reikning stjórnarliðsins. Það er aumt af hv. þm. Páli Pétursyni að ætla sér að bregða fyrir sig almennum óskum stjórnarandstöðunnar frá því í haust í þessum efnum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði líka — og ég hefði ekki, herra forseti, farið að tala hér aftur nema vegna þess að hann ýfði hér upp umræður — hv. þm. Páll Pétursson sagði líka að stjórnarandstaðan fengi þetta landbúnaðarfrv. þegar stjórnarflokkarnir væru búnir að koma sér niður á þetta. Ég skildi hv. þm. Pál Pétursson svo að hann væri að segja sem svo að málið kæmi ekki til okkar fyrir fund Stéttarsambandsins eða hvað? Hæstv. landbrh. lýsti því yfir hér áðan að stjórnarandstaðan fengi frv. þetta í hendur á morgun. Er hv. þm. Páll Pétursson að reyna að taka þarna aftur orð ráðh. síns varðandi þetta mál? Ég vil að það sé alveg á hreinu hvor það er sem ræður í þessu efni. Er það hv. þm. Páll Pétursson eða er það hæstv. landbrh.? Ætlar hann að fara sínu fram eða ætlar hann að láta hv. þm. Pál Pétursson skipa sér fyrir verkum og gera sig ómerkan orða í þessu efni?

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þarf að leiðrétta misskilning sem mér þótti gæta í máli hv. 3. þm. Reykv. Þar er fyrst til að taka að á fundi formanna þingflokka í haust var þeirri ósk beint til forráðamanna þingsins, til forseta sem síðan beina því áfram til ráðh., að reynt yrði að jafna vinnuálag í deildum. Nú er ég ekki að segja að þarna hafi ekki verið nokkuð ofgert í þetta sinn. Eins og sjá má er miklum verkum ólokið í Ed. og munar þá kannske mest um það að lánsfjáráætlun var lögð fram í

Ed., en undanfarið hefur hún yfirleitt verið lögð fram í Nd. Fjmrh. hefur lagt mörg mál fram í Ed. á þessu þingi. Ég er ekki að segja að þetta sé til fyrirmyndar. Ég held að þarna þurfum við að þræða hinn gullna meðalveg eins og oftar. Nú hefur vinnuálagið orðið kannske fullmikið hjá Ed.-mönnum en þeir eru vel starfhæfir og klára sig nú væntanlega af þessum verkefnum.

Hv. 3. þm. Reykv. misskildi líka orð mín um framlagningu þessa frv. Ég skipti mér að sjálfsögðu ekki af því hvenær hæstv. landbrh. sendir stjórnarandstöðunni frv.-drög þau sem fyrir liggja. Það sem ég var að segja var að áður en stjórnarflokkarnir eru búnir að samþykkja þetta mál og ganga frá því í sinn hóp, báðir þingflokkar stjórnarinnar, er þetta ekki orðið að stjfrv. Og við tökum ekki ábyrgð á þessu máli fyrr en við erum búnir að fjalla um það og koma okkur saman um endanlega gerð þess.

Svavar Gestsson: (**KP:** Það er umburðarlyndi sem forseti hefur.) Já, ég þakka hæstv. forseta enn og aftur og þykir verst hvað hv. 3. þm. Vestf. er orðinn ókyrr. Ég vissi ekki að hann tæki varaforsetahlutverk sitt hér í Nd. svo hátíðlega að hann vildi loka ræðustólnum fyrir mönnum. En ég vil bara leyfa mér að þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir það að hann hefur leiðrétt þau ummæli sem hann hafði hér uppi áðan. Hann viðurkennir að það er á ábyrgð ríkisstj. hvernig verkstjórnarlag er hér í þinginu. Og í annan stað lætur hann landbrh. allra náðarsamlegast eftir að standa við orð sín varðandi þetta frv. í þá veru að drögin að frv. verði lögð fyrir stjórnarandstöðuna strax á morgun. Það er það fyrirheit sem hann gaf og ég lít svo á að það standi þar sem hv. þm. Páll Pétursson hefur dregið fyrirskipanir sínar til baka.

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249, n. 649 og 652, 653). — Frh. 2. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að selveiðar eigi hér eftir að heyra undir sjútvrn. en þær hafa fram að þessu tilheyrt landbrn. Búnaðarþing fjallaði um þetta mál og var andvígt þessari breytingu. 3. gr. var breytt frá því að nefndin gekk frá frv. og tel ég þá breytingu síst til bóta. Ég er á móti þessum breytingum báðum og mun ekki geta stutt þetta frv.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ætli hæstv. sjútvrh. sé í húsinu?

Forseti (Karvel Pálmason): Það hefur ekki náðst til hæstv. sjútvrh. Spurning er hvort hv. þm. vill þá fresta ræðu sinni. (**GE:** Já, þá mundi ég vilja fresta henni.)

Umr. er þá frestað.

Umr. frestað.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. 322. mál (þskj. 511). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef endurflutt á þskj. 511 322. mál Nd., frv. til l. um breytingu á lögum um heimilishjálp í viðlögum nr. 10 frá 25. janúar 1952. Eins og gefur að skilja eru þessi lög orðin mjög gölluð að mörgu leyti og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar ef vel ætti að vera. Hér er þó aðeins gerð tillaga um breytingu á litlu atriði í þessum lögum. Það hefur viljað brenna við, eftir að lögin um þjónustu við fatlaða voru sett, að sveitarstjórnir hafi viljað skjóta sér undan félagslegri þjónustu við fatlaða með skírskotun til þeirra laga. Þess vegna er hér lagt til að sú breyting verði gerð á lögum um heimilishjálp í viðlögum að skyldt sé að veita hana einnig þegar um fötlun er að ræða. Eða eins og segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt sem aðilar taka gilt að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, fötlunar, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum."

Hér er orðinu fötlunar bætt inn í 1. gr. laga um heimilishjálp í viðlögum.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki afgreiðslu. Hér er um að ræða mál sem ég hygg að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um. Ætti þess vegna að vera unnt fyrir þingið að afgreiða það fljótt og vel. Í trausti þess og vissu, herra forseti, legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir, fsp. 357. mál (þskj. 569). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 569 hef ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Guðmundi Einarssyni borið fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var með bréfi 27. júní s. l. til að vinna að frv. um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir?

2. Hyggst ráðh. beita sér fyrir setningu laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir á yfirstandandi þingi?"

Það var hér á Alþingi þann 14. maí s. l. að hæstv. félmrh. lýsti því yfir til að leysa ágreining um afgreiðslu á frv. ríkisstj. um Húsnæðisstofnun ríkisins að skipuð skyldi nefnd til að semja frv. til laga um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir. Boðaði hæstv. ráðh. jafnframt við þetta tækifæri að stefnt skyldi að því að leggja slíkt frv. fram í byrjun næsta þings, þ. e. þess þings sem nú stendur yfir. Þann 27. júní s. l. skipaði hæstv. ráðh. þá nefnd sem hér um ræðir, en ekkert bólaði á umræddu frv. við byrjun þings s. l. haust.

Í svari við fsp. hér á Alþingi frá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni þann 6. nóvember s. l. upplýsti hæstv. ráðh. að nefndin hefði haldið marga fundi um málið,

stjórnarflokkarnir stæðu einhuga að starfi hennar og að hann hefði, með leyfi forseta, „fulla ástæðu til að ætla að það muni ekki dragast mjög lengi úr þessu að niðurstöður komi frá nefndinni.“ Þetta var 6. nóvember s. l. og síðan þetta var mælt eru liðnir meira en fimm mánuðir, þessu þingi er senn lokið og enn heyrist ekkert frá þessari nefnd. Ekkert frv. um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir hefur birst á borðum hv. þm. Hvað veldur? Hvers vegna tekur svona langan tíma að semja frv. um mál sem stjórnarflokkarnir eru einhuga um ef marka má orð hæstv. félmrh. á Alþingi 6. nóvember nýliðinn eða hefur hæstv. ráðh. ekki í hyggju að standa við þau loforð sem hann gaf á Alþingi á síðustu vordögum og beita sér fyrir lagasetningu um þessi mál á yfirstandandi þingi og ef svo er hvernig hefur þá hæstv. ráðh. hugsað sér að standa að slíkri lagasetningu nú þegar aðeins eru eftir u. þ. b. fimm vikur af þessu þingi? Þetta eru spurningar sem brenna á yfir 3000 félagsmönnum húsnæðissamvinnufélaganna og eflaust mörgum fleirum sem í búseturéttarfyrirkomulaginu eygja einu færu leiðina til að komast í sæmilega öruggt húsaskjól í því neyðarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum hér á landi. Við svo búið má ekki lengur standa. Loforð eru væntanlega gefin til þess að þau séu efnd. Og hér þurfa að koma til skýr og afdráttarlaus svör. Þess vegna er þessi fsp. hér fram borin.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mun svara fsp. á þskj. 569 frá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Guðmundi Einarssyni. Þar er spurt:

„1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var með bréfi 27. júní s. l. til að vinna að frv. um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir?

2. Hyggst ráðh. beita sér fyrir setningu laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir á þessu þingi?“

Starf þessarar nefndar hefur tekið lengri tíma en ætlað var í upphafi, en nefndin hefur safnað að sér ýmsum gögnum, m. a. leitað fanga erlendis frá og rætt við ýmsa aðila, svo sem fulltrúa frá Landssambandi húsnæðissamvinnufélaga, Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja svo einhverjir séu nefndir. Skv. upplýsingum formanns nefndarinnar er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum innan tveggja vikna eða nánar til tekið fyrir 27. þessa mánaðar og skili þá fullbúnu frv. til laga um húsnæðissamvinnufélög sem ég hef að vísu fengið drög að. Frv. mun verða í aðalatriðum brtt. við lög nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ. e. nýjum kafla verði bætt inn í þau lög.

Varðandi síðari hluta fsp. vil ég upplýsa að strax og nefndin hefur skilað frv. á þeim tíma sem ég tiltók mun ég leggja frv.-drögin fyrir ríkisstj. og þingflokka stjórnarflokkanna og mun leggja áherslu á það, bæði við ríkisstj. og þingflokkana, að hraða athugun sinni á frv. svo að unnt verði að leggja það fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi til afgreiðslu. Ég tel að miðað við þann áhuga sem er á þessu máli ætti að vera möguleiki á því að afgreiða frv. fyrir þinglok.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin og ég fagna því að ráðh. skuli hafa lýst því hér yfir, og gefið ákveðna dagsetningu í því efni, að nefndin muni ljúka störfum fyrir tiltekinn tíma og að meiningin sé að afgreiða frv. til laga um kaupleigu- og búseturéttaríbúðir á þessu þingi. Hins vegar er óneitanlega gagnrýnivert að slíkt frv. skuli ekki koma fram fyrr en í síðasta þingmánuðinum, þ. e. ef svo fer sem hæstv. félmrh. hefur hér boðað. Má og undarlegt vera að sú nefnd sem vann þetta mál skuli hafa þurft nærri heilt ár til að skila af sér vinnunni þar sem hæstv. ráðh. hefur margoft lýst því yfir að full eining sé í stjórnarflokkunum um þetta mál.

En ég fagna svörum ráðh. og vona að þau gangi eftir og vil að þau loforð, sem þar voru gefin, gangi eftir. Vil ég í því sambandi minna á þá ályktun sem í gær var samþykkt á fjölmennum fundi áhugafólks um úrbætur í húsnæðismálum þar sem eitt megininntakið var „aðgerðir í stað loforða“. Það vona ég að gangi eftir í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég verð að segja að ég get ekki verið alveg eins jákvæður í umsögn um vaskleika hæstv. félmrh. í þessu máli og hv. síðasti ræðumaður. Mér er eiginlega ómögulegt að lýsa ánægju minni með að enn skuli vera verið að bögglast með þetta mál í nefnd á vegum hæstv. ráðh. þegar fyrir hartnær ári lágu fyrir yfirlýsingar og svardagar húsnæðismálafrömuða hæstv. ríkisstj. hér á þingi um að slíkt frv. mundi lagt fram í byrjun næsta þings sem er sum sé það þing sem nú er þegar langt komið.

Eftir þá útreið sem þetta mál fékk á hv. Alþingi í fyrravetur, þá bjóst ég satt best að segja við því að félmrh. og hæstv. ríkisstj. sæju nú sóma sinn í því að vinna vasklega í þessu máli í sumar og standa við gefin loforð og þá mundi hvorki Mangósopi né nokkuð annað koma í veg fyrir að slíkt frv. yrði lagt hér fram og yrði að lögum á þessu þingi. En þetta tengist auðvitað, herra forseti, umr. sem fram fóru í gær um vinnutilhögun og skipulag allt á þinginu. Það er eftir öðru að þetta mál, sem er brýnt hagsmunamál félagasamtaka sem þegar hafa verið stofnuð og vildu gjarnan hafa hafið framkvæmdir, skuli þvælast svona fyrir og lenda síðan í súpunni á síðustu dögum eða vikum þingsins.

Ég verð að segja eins og er að miðað við þær skiptu skoðanir sem uppi voru í fyrra á hv. Alþingi tel ég örgrannt um það að þetta mál nái fram að ganga ef það verður ekki lagt fram fyrr en í síðasta þingmánuðinum. Ég átel harðlega þessi vinnubrögð hæstv. félmrh. Mér er ómögulegt að skilja að það skuli þurfa að taka allan þennan tíma eftir það sem á undan var gengið að koma þessu frv. fram. Ég get ekki með nokkru móti lýst ánægju minni með þessi vinnubrögð. Auðvitað má segja að betra er seint en aldrei og maður væntir þess þá að þau orð standi, sem hæstv. félmrh. lét hér falla, að málið verði lagt fram og hann beiti þá öllu sínu atfylgi til að það nái fram að ganga. En enn og aftur, herra forseti, undirstrika ég að ég get ekki lýst ánægju minni með þessi vinnubrögð. Ég hlýt miklu fremur að átelja þau.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í gær fóru hér fram nokkrar umr. um störf Alþingis og það sem eftir lifir af þessum vetri í þinghaldi. Þá var m. a. minnst á það að ríkisstj. hefði haft í fórum sínum lista yfir 25 atriði sem

hún hygðist leggja fyrir Alþingi. Sérstaklega var spurt um frv. til laga um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem hæstv. landbrh. lofaði að sýna stjórnarandstöðunni í dag, en mér er ekki kunnugt um að þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafi fengið enn þá.

Nú upplýsir hæstv. félmrh. að hann ætli sér að tryggja afgreiðslu á frv. um búseturéttaríbúðir á þessu þingi. Hann lýsti því yfir áðan úr þessum ræðustól. Ég vil af þessu tilefni fara þess á leit við hæstv. forseta Sþ. að hann sjái til þess að nú þegar í þessari viku komi frá ríkisstj. listi yfir þau mál sem stjórnarflokkarnir eru báðir sammála um að tryggja afgreiðslu á á þessu þingi. Að því er húsnæðismál varðar duga okkur auðvitað ekki yfirlýsingar hæstv. félmrh. Á síðasta þingi voru húsnæðissamvinnufélögin seld fyrir Jóga og Mangósopa á síðustu stundu. Sjálfstfl. náði þar sínu fram. Í þessum efnum dugir ekki að fá yfirlýsingar hæstv. ráðh. Við verðum að fá fram afstöðu beggja stjórnarflokkanna.

Fyrir því, herra forseti, vil ég í tilefni þessara umr. endurtaka þá ósk mína að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að ríkisstj. sýni þingflokkunum á næstu dögum lista yfir þau mál sem hún ætlar sér að leggja áherslu á að fá afgreidd á þessu þingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni vegna orða hv. síðasta ræðumanns skal það tekið fram að það eru allnokkrir dagar síðan forseti fór fram á það við forsrh. að fá slíkan lista sem hv. 3. þm. Reykv. talaði um. Það skal enn fremur tekið fram að á fundi sem forsetar þingsins áttu í morgun með formönnum þingflokkanna var vikið að þessu máli. Þar var lýst yfir af minni hálfu að það yrði gengið eftir þessum lista og við forsetar þingsins mundum athuga málið og kveðja formenn allra þingflokka á okkar fund til þess að ráða ráðum okkar um framhald þingsins.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni vegna þess, sem hér hefur áður verið nefnt, að þingi fer senn að ljúka og menn þurfa að fara að skipuleggja störf sín hér og vegna þeirra loðnu svara sem komu frá félmrh. um hvernig hann ætlaði að haga afgreiðslu þessa máls, þá vildi ég nota tækifærið til að fá það skýrt fram í þessu máli, sem hæstv. félmrh. nefndi, hvort fullkomin eining væri innan stjórnarflokkanna um afgreiðslu þessa máls. Það er tækifæri til þess. Hv. 2. þm. Reykv. er hér staddur og einnig 9. landsk. þm., formaður þingflokks Sjálfstfl. Við gætum því e. t. v. fengið strax upplýst hér af hálfu Sjálfstfl. hvort hann er sammála hæstv. félmrh. um að það sé fullkomin eining innan stjórnarflokkanna um afgreiðslu þessa máls fyrir þinglok.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Hér kom hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og taldi að ég hefði lýst ánægju minni með vinnubrögð hæstv. félmrh. í þessu máli. Það hef ég ekki gert. Ég hef þvert á móti gagnrýnt þau hér. Það nær auðvitað ekki nokkurri einustu átt að bjóða þingheimi upp á þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í þessu máli jafnt sem ýmsum öðrum. — Og ég vil, fyrst að hv. þm. Stefán Benediktsson kom hér upp og nefndi samstöðu stjórnarflokkanna í þessu máli, taka undir fsp. hans um að mjög æskilegt væri að heyra við þessa umr. hver er afstaða sjálfstæðismanna í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég bið hv. síðasta ræðumann forláts á því ef ég hef ekki túlkað rétt hans ummæli hér. Ég hygg að ég hafi sagt að ég treysti mér ekki til að vera eins jákvæður í umsögn um svör ráðh. og hann var, en ætlaði að öðru leyti ekki að fullyrða neitt um ánægju eða óánægju hv. þm. með svörin.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að reynslan sannar að ekki er nóg, því miður, að hæstv. félmrh. komi hér upp og lýsi yfir eindregnum stuðningi allrar ríkisstj. við þetta eða hitt. Reynslan hefur sýnt okkur allt annað. Hér vantar t. d. varahúsnæðismálaráðherra, hv. þm. og skrifara Halldór Blöndal. Það hefur hvað eftir annað gerst að hann hefur komið upp í þennan virðulega ræðustól í kjölfarið á hæstv. félmrh. og talað þar um húsnæðismál annarri tungu en hæstv. félmrh. Það er tæplega hægt að taka fsp. um húsnæðismál á dagskrá nema hv. þrautavarahúsnæðismálaráðherra Halldór Blöndal sé hér viðstaddur. Það er varla gerlegt. Auk þess væri æskilegt að hafa hér hv. 1. þm. Suðurl. því að hann hefur stundum opnað munn um húsnæðismál hér og ekki alltaf verið alveg sammála hæstv. félmrh. Þessi afgreiðsla á fsp. er eiginlega ómark vegna þess að þessa ágætu hv. þm. vantar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir áðan að hann mundi beita sér fyrir því að leggja fram og fá afgreitt á þessu þingi frv. til laga um búseturéttaríbúðir. Síðan hefur hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson lagt fram þá fsp. til hins hlutans í ríkisstj., þ. e. Sjálfstfl., hvort það sé full samstaða í stjórnarliðinu um þetta frv. og að það verði afgreitt á þessu þingi. Og ég vil spyrja hv. þm. Sjálfstfl. sem hér eru viðstaddir: Hefur Sjálfstfl. tekið ákvörðun um að styðja félmrh. í því að frv. um húsnæðissamvinnufélög verði að lögum í vor? — Hefur nú kvatt sér hljóðs sá maður sem kjarkmestur er í því liði og vænti ég að hann geti svarað og svari þeim spurningum sem bornar hafa verið fram. Er þá væntanlega fullsvarað af hálfu ríkisstj. þegar bæði hann og ráðh. hafa talað.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Á vegum formanna stjórnarflokkanna hefur fjórum mönnum verið falið að vinna að því að samræma sjónarmið stjórnarflokkanna í húsnæðismálum. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum og meðan svo er liggur ekkert fyrir um það hvaða tillögur nefndin muni leggja fram um þau efni.

Bókmenntaverðlaun Jóns Sigurðssonar, fsp. 327. mál (þskj. 521). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Vorið 1983 heimsótti forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, Vestfirði. Stödd á Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, tilkynnti hún þá fyrirætlan að stofna til bókmenntaverðlauna sem helguð skyldu minningu Jóns Sigurðssonar og úthlutað á afmælisdegi hans 17. júní ár hvert. Verðlaunin skyldu veitt fyrir tiltekið bókmenntaverk sem birst hefði, verið gefið út, leikið í leikhúsi, flutt í útvarpi eða sjónvarpi á undangengnum fimm árum. Verðlaun veitt 1984 hefðu þá takmarkast

við árin 1978—1983.

Í frumdrögum að stofnskrá þessara verðlauna var gert ráð fyrir að val verðlaunaverks yrði í höndum þriggja manna nefndar sem skipuð yrði til eins árs í senn. Einn þeirra mundi forseti Íslands tilnefna, Rithöfundasamband Íslands annan og félag gagnrýnenda þann þriðja. Nokkrar umræður urðu um þessi fyrirhuguðu verðlaun á sínum tíma, en ef mig brestur ekki minni voru skoðanir einkum skiptar um formsatriði, fáir urðu til að mótmæla verðlaununum sem slíkum. Hins vegar hlaut Alþingi að hafa síðasta orðið í þessu máli og er skemmst frá því að segja að það samþykkti athugasemdalaust 300 þús. kr. fjárveitingu á fjárlögum ársins 1984 í þessu skyni.

Hefði þar með mátt ætla að næsta skref yrði að skipa úthlutunarnefnd og setja reglugerð um úthlutun verðlaunanna. En af því hefur ekkert frést. Og hafi verðlaununum verið úthlutað 17. júní s. l., eins og ætlun var upphaflega, fór það að minnsta kosti hljótt. Þegar síðan í ljós kom að verðlaunum þessum hafði verið úthýst af fjárlögum þessa árs urðu ýmsir uggandi um framtíð þeirra. Því hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 521. Fsp. er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur verið úthlutað bókmenntaverðlaunum af lið 02-982-0235 á fjárlögum ársins 1984 sem forseti Íslands stofnaði til og kenndi við Jón Sigurðsson?

2. Hefur verið skipuð stjórn til að fjalla um verðlaun þessi og sett um þau reglugerð?

3. Hvað er fyrirhugað um þessi verðlaun í framtíðinni og hvers vegna var ekki veitt fé til þeirra á fjárlögum í ár?“

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þessi fsp. í þremur liðum er svohljóðandi:

„1. Hefur verið úthlutað bókmenntaverðlaunum af lið 02-982-0235 á fjárlögum ársins 1984 sem forseti Íslands stofnaði til og kenndi við Jón Sigurðsson?

2. Hefur verið skipuð stjórn til að fjalla um verðlaun þessi og sett um þau reglugerð?

3. Hvað er fyrirhugað um þessi verðlaun í framtíðinni og hvers vegna var ekki veitt fé til þeirra á fjárlögum í ár?“

Svarið við 1. og 2. lið fsp. er nei. Fjárhæð sú, sem veitt var á umræddum fjárlagalið 1984, nam 300 þús. kr. og liðurinn bar yfirskriftina Bókmenntaverðlaun án frekari skilgreiningar eða leiðbeininga af hálfu Alþingis um ráðstöfun.

Það er rétt að forseti Íslands setti fram hugmynd um þetta mál, stödd á Hrafnseyri við Arnarfjörð, en frumdrög að stofnskrá liggja ekki fyrir. Endanlegar tillögur um hvernig verðlaunum þessum skuli hagað og úthlutað liggja ekki heldur fyrir, en þess er væntanlega skammt að bíða þar sem nú stendur yfir athugun þessa máls í forsrn. á þann veg að verðlaunin verði tengd með sérstökum hætti reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Reglurnar um Gjöf Jóns Sigurðssonar voru settar á Alþingi árið eftir að dánargjöf Ingibjargar Einarsdóttur, ekkju Jóns Sigurðssonar, var gefin. Reglurnar eru settar í samræmi við fyrirmæli í erfðaskrá frú Ingibjargar þar sem hún tekur fram að hún treysti Alþingi til þess að finna þá leið eða þann sjóð sem best sé fallinn til þess að ná tilganginum sem hún greindi í erfðaskránni.

Skv. þessu er verið að athuga þetta mál í forsrn. og þegar þær tillögur liggja fyrir verður einnig tiltækt fjármagn í þessu skyni. Jafnvirði þess fjár, sem veitt var á fjárlögum 1984 en ekki notað þá af framangreindum orsökum, verður tiltækt á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. En þau ollu mér ofurlitlum vonbrigðum. Mér fannst ekki koma fram í hennar svörum hvers vegna þessi mikla töf hefur orðið á framkvæmd þessa máls og heldur ekki hver framtíð þessara verðlauna verður. Hún minntist hér á hinn sjóðinn, sem helgaður er minningu Jóns Sigurðssonar, en hann er nokkuð annars eðlis en þau bókmenntaverðlaun sem hér um ræðir. Úr honum ber að veita styrki fyrir vel samin vísindaleg rit og til útgáfu merkilegra heimildarita. Í reglugerð segir að öll skuli rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum. Við endurreisn þessa sjóðs árið 1974 var ákveðið að árleg fjárveiting til hans skyldi samsvara árslaunum prófessors við Háskóla Íslands. Sama viðmiðun mun hafa átt að gilda um bókmenntaverðlaunin sem hér eru á dagskrá. Ég fæ ekki séð hvernig umrædd bókmenntaverðlaun rúmast með góðu móti innan þess ramma sem Gjöf Jóns Sigurðssonar, eins og hinn sjóðurinn heitir, hefur verið settur. Til þess að þau eigi þar heima þarf þá að breyta lögum og reglugerð þess sjóðs og auka framlag til hans.

Ég lýsi aftur vonbrigðum mínum með þá töf sem hefur orðið á veitingu bókmenntaverðlauna Jóns Sigurðssonar sem forseti Íslands gerði tillögu um fyrir tæpum tveimur árum og Alþingi lagði blessun sína yfir með fjárveitingu sem fyrr er getið. Ég vil hvetja hæstv. menntmrh. til að ganga frá málinu sem fyrst og á þann veg að allir aðilar hafi sóma af.

Herra forseti. Ég vil að lokum leyfa mér að vitna í þann ágæta fræðimann og fagurkera dr. Jónas Kristjánsson handritafræðing, en hann segir m. a. í grein í Morgunblaðinu 21. júlí 1983, með leyfi forseta:

„Sumir blaðaskrifendur virðast sjá ofsjónum yfir þessu fé, telja veitinguna óráðsíu svo sem nú sé háttað þjóðarhag. En þjóðinni fjölgar og umsvif hennar vaxa smátt og smátt, jafnvel á síðustu og verstu krepputímum. Hvað skyldu hafa verið stofnaðar margar nýjar stöður hér á landi hin síðustu ár, þrátt fyrir aðsteðjandi fjárhagsvanda? Skyldi þá bókmenntaþjóðinni vera það ofraun að gefa samanlögðum rithöfundum sínum eitt stöðugildi? Ég minni á orð Vigdísar forseta er hún boðaði stofnun verðlaunanna: „Við trúum því að bókmenntirnar hafi átt drjúgan þátt í því að halda lífi í þjóðinni á liðnum hörmungatímum. Nú harðnar nokkuð á dalnum, og mundi þá vera gott að njóta þeirrar hugstyrkingar sem fólgin er í góðri bók. Við skulum treysta því að þessi rausnarlega gjöf skili sér aftur og verði til þess að laða fram ný vildarverk íslenskra rithöfunda.““

Herra forseti. Ég er ekki að vitna til þessara orða og gefa þar með í skyn að töfin sem orðið hefur á framkvæmd málsins stafi af sparsemi eða nísku stjórnvalda. Ég vitna aðeins til þessara orða því að mér þóttu þau við hæfi og lýsi enn yfir áhuga mínum á að frá þessu máli verði gengið sem fyrst.

Listiðnaður og iðnhönnun, fsp. 343. mál (þskj. 551). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Þann 3. maí 1982 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Skal nefndin m. a. fjalla um eftirtalin atriði:

1. Hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á íslenskum iðnaðarvörum.

2. Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi, þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni, svo og hvernig staðið verði að vernd á hönnun og mynstrum (design).

3. Hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis.

4. Hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að sömu markmiðum hjá nágrannaþjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum.

Nefndin skal enn fremur taka til athugunar önnur þau atriði, sem stuðlað geta að markmiði því sem tillaga þessi fjallar um, og gera tillögur um þau.

Við tillögugerð um þessi efni verði tekið mið af reynslu annarra þjóða á þessu sviði og haft sem víðtækast samstarf við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum."

Þannig hljóðaði þessi þáltill. og nú hef ég á þskj. 551 lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982?"

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. sem hér er rædd hljóðar svo: „Hvað líður framkvæmd þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982?"

Með þessari þál. var ríkisstj. falið að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Verkefni nefndarinnar er svo nánar rakið í ályktuninni sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til.

Menntmrn. skipaði hinn 10. des. 1982 eftirtalda aðila í nefnd í samræmi við þál.: Hákon Hertervig arkitekt skv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, Jónínu Guðnadóttur myndlistarmann skv. tilnefningu Félags ísl. myndlistarmanna, Stefán Snæbjörnsson innanhússarkitekt skv. tilnefningu félagsins Listiðnar, Þráin Þorvaldsson framkvæmdastjóra skv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda og Torfa Jónsson skólastjóra Myndlista- og handíðaskóla Íslands sem var skipaður formaður nefndarinnar. Þessi nefnd hefur enn ekki lokið störfum. Skv. þál. er verkefni hennar talsvert viðamikið og margþætt. Menntmrn. hefur óskað eftir því við nefndina að hún skili tillögum sínum ekki síðar en 1. ágúst n. k.

Ég vil taka fram að sumar af þeim hugmyndum sem nefndin hefur rætt eru þess eðlis að þær þyrftu að komast í framkvæmd á vegum iðnrn. og samtaka iðnaðarins og mun verða beint til þessara aðila. Einnig vil ég taka fram að nú liggur fyrir Alþingi lagafrv. sem hefur mjög mikla þýðingu í þessu sambandi sem hér er rætt. Það er frv. til laga um Myndlistaháskóla Íslands. Þar er gert ráð fyrir sérstakri iðnhönnunardeild, iðnhönnunarskor innan listiðnaðardeildar. Hygg ég að sú tilhögun muni hafa veruleg áhrif í þá átt sem þessi till. miðar að. Í þessu námi verði lögð áhersla á kennslu í iðnhönnun fyrir fjöldaframleiðslu á þann veg að okkar atvinnuvegir geti tekið listina í sína þjónustu í enn ríkara mæli en nú er, eða listin gengið til liðs við atvinnuvegina með enn beinni hætti en nú er. Að sjálfsögðu verður ekki fram hjá því litið að margar listgreinar, ekki einungis þessi, ekki einungis iðnhönnun í þrengri merkingu, hafa auðvitað mjög mikla þýðingu í sambandi við ýmiss konar framfarir í atvinnuvegunum og kannske meiri en menn hafa oft gert sér grein fyrir. Ég hygg að menn séu æ betur að gera sér grein fyrir þessu og þess vegna verði skemmra að bíða þess að við fáum staðið vel að menntun í iðnhönnun hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Það kom fram að hæstv. menntmrh. hefur nú sett nefndinni það markmið að hún muni skila áliti fyrir 1. ágúst n. k. Er það vel að starf þessarar nefndar skuli nú hafa verið tímasett. Ég tek fyllilega undir þau orð sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan um mikilvægi þess að listin tengist iðnaði okkar í eins ríkum mæli og mögulegt er. Við vitum að ýmsar þjóðir — ég nefni Finna t. d. — hafa náð mjög langt á þeirri braut að tengja saman iðnað og list og þar með eflt finnska menningu, veitt finnskum listamönnum tækifæri til að tjá sig og veitt þeim verkefni, auk þess sem það hefur orðið mjög til þess að efla finnskt atvinnulíf og gert Finna að mjög virtri útflutningsþjóð á sviði listræns iðnaðar. Ég treysti hæstv. ráðh. fyllilega til að koma þessu máli í höfn og ítreka þakkir mínar fyrir svörin.

Greiðsla rekstrar- og afurðalána til bænda, fsp. 219. mál (þskj. 263). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Snemma á þinginu flutti ég fsp. til hæstv. viðskrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hverjar eru í einstökum atriðum þær nýju reglur sem bankarnir hafa sett til að tryggja að bændur fái lán sín í hendur „um leið og lánin eru veitt" í samræmi við fyrirmæli Alþingis í þál. frá 22. maí 1979 og bréf viðskrn. á fimm ára afmæli hennar 22. maí s. l.?

2. Hafa nokkrir bankar eða útibú reynt að sniðganga þessi fyrirmæli? Ef svo er, hvaða viðurlögum hyggst ráðh. beita?

3. Hvaða veð hafa bankarnir fyrir rekstrar- og afurðalánum annars vegar og lánum til afurðasölufyrirtækja hins vegar? Telja viðskiptabankar veðsetningar samvinnufélaga yfirleitt fullnægjandi? Sitja einkafyrirtæki við sama borð og samvinnufélög að því er tryggingar varðar í ríkisbönkunum?"

Ég flutti raunar einnig aðra fsp. Hún var til landbrh. Ég vil taka það fram að það hefur verið í samráði við mig sem svörum hefur verið frestað allt til þessa og eðlilegt var að viðskrh. svaraði fyrr en landbrh. Það er þess vegna ekki við þá að sakast um það atriði að málið hefur dregist hér í þinginu. Hitt geta menn svo rætt á eftir, þegar við heyrum svör ráðh., hvort eitthvað er við stjórnvöld að sakast fyrir seinagang í málunum. En

þetta er nú orðin æðilöng saga. Það er að nálgast áratug síðan ég fyrst flutti hér á hv. þingi þáltill. um að bændur fengju sitt fé greitt eins og aðrir menn í þessu ríki. En menn muna það sjálfsagt að með lögum nr. 22, að mig minnir, frá 1930 var ákveðið að verkamenn og sjómenn skyldu fá laun sín greidd í peningum. Svo ætti auðvitað að vera um bændur líka.

Málið var síðan rætt á hverju þingi og loks tókst hinn 22. maí 1979, eða fyrir tæpum sex árum, að fá samþykkt ákveðin fyrirmæli til ríkisstj. um að framkvæma þetta mál þannig að bændur fengju afurðir sínar greiddar um leið og þær eru inn lagðar. Þetta er ekki komið til framkvæmda enn þá en þó hefur nokkuð miðað í áttina. Ánægjulegast er það þó að bændur, svo til allir upp til hópa, krefjast nú réttar síns. Þess vegna verður þetta mál ekki stöðvað úr þessu. En ég ætla ekki að segja meira um þetta fyrr en ég er búinn að heyra svör ráðh.

Þetta mál er langt frá því að vera útrætt. Það vill svo vel til að það er þáltill. fyrir nefnd í Ed. Alþingis um rétt skil afurðasölufyrirtækja. Þangað köllum við auðvitað forustumenn í landbúnaðarmálum og fleiri til skrafs og ráðagerða. Raunar hefur þegar nokkuð verið unnið í því máli og þess vegna er hægt að halda allri þessari umræðu áfram í Ed. a. m. k. og einnig hér í Sþ. ef á þarf að halda. En ég ætla ekki að ræða málið frekar fyrr en ég hef heyrt svör hæstv. ráðh.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og hv. 4. þm. Norðurl. v., fyrirspyrjandi, gat um hér áðan hefur nokkur tími liðið síðan hann beindi fsp. til mín og til hæstv. landbrh., en eins og fram kom hjá honum í góðu samkomulagi. Og ég vil þá taka fram að vegna biðlundar hans hefur þessi fsp. ekki verið tekin til umr. fyrr en nú. En það kemur fram í svörum mínum hér á eftir hvers vegna svo hefur farið.

Hv. þm. las hér upp fsp. svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær. En það sem ég segi hér á við 1. og 2. lið fsp.

Saga þessa máls er orðin alllöng. Hana má rekja til þáltill. frá hv. fyrirspyrjanda sem samþykkt var hinn 22. maí 1979. Síðan hefur töluvert verið unnið að því að þoka þessu máli áfram en það er bæði vandasamt og viðamikið og verkið hefur þess vegna gengið hægar en menn upphaflega hugðu. Þó er óhætt að fullyrða að hægt og sígandi hefur framkvæmd þessa máls nálgast þá hugsun sem býr að baki ályktun Alþingis. M. a. var sú breyting gerð haustið 1984 á greiðslum afurðalána úr Seðlabankanum að veðsetning fór fram að fullu vikulega. Við þesssa breytingu gat uppgjör við bændur orðið greiðara, eða allt að því einum mánuði fyrr en áður. Lánadeild Seðlabankans hefur aflað upplýsinga um greiðslumáta sláturleyfishafa til bænda á rekstrar- og afurðalánum bankanna. Af þessum upplýsingum er ljóst að greiðslumátinn er breytilegur. En það skal undirstrikað að meiri hluti sláturleyfishafa greiðir þessi lán inn á viðskiptareikning bænda, enda fara margs konar viðskipti fram milli þessara aðila, svo sem kaup á áburði, fóðurbæti og öðrum rekstrarvörum til búanna.

Í marsmánuði s. l. var samþykkt í ríkisstj. að hætta skyldi endurkaupum Seðlabankans vegna innlendra afurðalána. Segja má að þá fyrst hafi skapast þau raunverulegu skilyrði sem þurftu að vera fyrir hendi til þess að fylgja þál. endanlega fram. Í samræmi við þetta skipaði ég nefnd til að gera tillögur um framkvæmd samþykktar stjórnarflokkanna frá 6. september s. l., þannig að bændur geti svo fljótt sem við verður komið fengið fullnaðargreiðslur fyrir afurðir sínar, en það er mergurinn málsins í þeirri þál. sem hér er verið að svara.

Í erindisbréfi nefndarinnar segir að markmiði þessu skuli náð með endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána, tímasetningu á niðurgreiðslum úr ríkissjóði og reglum um lágmarks fjármögnun birgða af eigin fé vinnslustöðva. Jafnframt er á það bent í bréfinu að endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins sé að ljúka og rétt að nefndin hafi hliðsjón af þeim markmiðum sem þar koma fram um nánara fyrirkomulag þessara mála. Nefndin mun ljúka störfum svo tímanlega að tillögum hennar verði hrint að fullu í framkvæmd fyrir lok þessa árs. Í nefndinni eiga sæti menn með víðtæka þekkingu á þessum málum, Davíð Ólafsson seðlabankastjóri, sem er formaður, Helgi Bachmann, forstöðumaður lánasviðs Landsbankans, Ketill Hannesson búnaðarráðunautur, Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, og Stefán Pálsson bankastjóri.

Þegar þetta hefur verið gert virðist mér að tilgangi þál. hafi verið náð að mestu. Þó er ákveðið, til að ítreka enn frekar vilja viðskrn. til þess að þál. komist að fullu í framkvæmd, að senda viðskiptabönkum bréf og óska eftir því að þeir taki að fullu tillit til efnis ályktunarinnar við veitingu þessara lána.

Þetta eru svör mín við 1. tölul. þessarar fsp. Vænti ég þess að hv. fyrirspyrjanda finnist að með þessum svörum mínum geti 2. tölul. verið svarað í leiðinni.

Til þess að svara 3. tölul. fsp. var óskað upplýsinga frá Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Í svari Landsbankans segir að lán þau sem Landsbankinn veitti vegna landbúnaðarframleiðslu séu einungis veitt sem rekstrar- og afurðalán til afurðasölufyrirtækja. Með bankans séu fyrst og fremst í afurðunum sjálfum og sé veðrétturinn byggður á 3. mgr. 4. gr. laga nr. 18 1887, um veð, sbr. 1. gr. laga nr. 87 1960 um breyting á veðlögum. Lán til bænda með veði í afurðum eða með veði í búfénaði skv. 9. gr. veðlaga, sbr. lög nr. 28 1953, hafa hins vegar ekki verið veitt né eftir þeim leitað.

Varðandi síðari hluta 3. tölul. er bent á að í 5. gr. laga um Landsbankann og 28. gr. reglugerðar hans sé bankastjórninni gert að tryggja útlán bankans sem best að hennar eigin mati en undir yfirumsjón bankaráðs. Kröfur um tryggingar byggjast að sjálfsögðu á mati á fjárhæð lántakenda og tímalengd lánsins.

Í svari Búnaðarbankans segir m. a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Til tryggingar lánum auk vaxta og kostnaðar undirritar lántaki (veðsali) sérstakan samning um framleiðslulán og veðsetur Búnaðarbanka með 1. veðrétti af sjálfsvörsluveði afurða- og rekstrarvörur, vörur í vinnslu og fullunnar vörur sem hann á eða eignast kann á framleiðslutímabilinu. Veðtakan fer fram í þinglýstum samningi um framleiðslulán og/eða tryggingarvíxlum, góðu handveði, fasteignaveði eða vissri ábyrgð.

Um seinni hluta fsp. skal skýrt fram tekið að bankinn metur það hverju sinni gagnvart hverju einstöku fyrirtæki, óháð því hvaða eignarform er um að ræða, hvort aukinna trygginga er óskað umfram framleiðslulánasamninginn sem áður er getið. Það fer sem sé eftir stöðu fyrirtækisins sem í hlut á, hvort heldur það er einka-

fyrirtæki eða samvinnufélag, hvort viðbótartrygginga er óskað, svo sem fasteignaveða."

Af því sem ég hef hér sagt vonast ég til að hv. fyrirspyrjandi sé mér sammála um að töluvert hafi þokað í rétta átt. Hins vegar liggur það ljóst fyrir að í gær og í dag og á morgun eru þeir hlutir að gerast að afurðalánin eru að færast frá Seðlabankanum yfir til viðskiptabankanna. Við eigum eftir að sjá afgreiðslu á nýjum lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og í framhaldi af því og með skírskotun til nefndarskipunarinnar þá verður gengið eftir því að það sem í ályktuninni felst verði framkvæmt hjá bönkunum.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör svo langt sem þau ná. Það er rétt að kerfið er loksins aðeins að láta undan einmitt núna þessa dagana. Og auðvitað lætur það undan vegna þrýstings. Ekki einungis af hálfu alþm. Það hefur ekki verið mikið virt sú ályktun fram að þessu sem samþykkt var hér fyrir tæpum sex árum. Það er auðvitað látið undan vegna þess að bændur sjálfir gera sér nú orðið grein fyrir því hvernig þeir hafa verið hlunnfarnir á undanförnum árum, hve gífurlegt tjón þeir hafa beðið af því og landbúnaðurinn allur að fá ekki sína peninga á réttum tíma þegar verðbólgan var jafnvel komin upp í 130%. Menn geta svona ímyndað sér hver hagur bóndans er sem kannske fær ekki fullnaðargreiðslu — og fær nú aldrei fullnaðargreiðslu hjá ýmsum félögum — sem fær ekki neinar verulegar greiðslur fyrr en kannske mörgum mánuðum eftir að hann leggur sínar afurðir inn, allt á annað ár kannske.

Þetta er svo margrædd saga að ég ætla ekkert að fara lengra út í hana nú. Það er út af fyrir sig rétt sem hæstv. ráðh. segir að það er verið að flytja afurðalánin frá Seðlabanka til viðskiptabankanna. Út á það gekk mín till. kannske að efni til að nokkru leyti, en þó fyrst og fremst það að bændur fengju peningana en að þeir staðnæmdust ekki í neinum viðskiptabönkum. Við skulum athuga það að núna, þegar þetta er gert, eru allar horfur á því að bindiskyldan verði í rauninni alveg jafnmikil eða kannske meiri en áður því að Seðlabankinn á enn að geta haldið 18% frystingu og kannske meira. Í lögum er heimild upp í 38%. Það er hægt að hækka það aftur ef Alþingi grípur ekki í taumana. Það vill svo vel til að nú er frv. fyrir Ed. um það að færa 11. gr. seðlabankalaganna í upphaflegt horf, þ. e. að frystingin megi aldrei vera nema 10%. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að það frv. verði ekki samþykkt. Þá væri komið eðlilegt fjármálaástand í þessu landi. Það er nefnilega ekki hægt að frysta peninga með þessum hætti. Að ætla sér annars vegar að hafa frjálsa vexti og hins vegar enga peninga í umferð, það dæmi gengur alls ekki upp. Auðvitað verða vextir ógnarháir. Allir peningar verða á svörtum markaði eða verðbréfamörkuðum o. s. frv. með ógnarháum vöxtum ef Seðlabankinn sinnir ekki þeirri frumskyldu sinni að sjá til þess að eðlilegt fjármagn sé í umferð í þjóðfélaginu.

Það er meginmarkmið starfsemi Seðlabankans að sjá til þess að nægilegt fé sé í umferð til að sinna þörfum viðskiptalífs og alls atvinnulífs, og raunar líka fjárhag heimilanna, því að nú er verið að selja ofan af mönnum fasteignir sem þeir eiga kannske að ⅔ hlutum eða helmingi, af því að þeir geta hvergi fengið 20—30 þús. kr. lán í bönkum. Þetta kerfi gengur ekki upp.

Við skulum segja að þetta sé áfangi, sem viðskrh. var núna að kunngera, en hann er ósköp lítill nema skrefið verði tekið út og bindiskylda Seðlabankans fari aldrei yfir 10%, vegna þess að annars verður sami monetarismi ríkjandi hér á Íslandi, sama nauðungin vil ég segja í peningamálum, því að ekki er hægt að kalla það annað, að hversu góðar tryggingar sem menn hafa og hversu brýn nauðsynin sem er að fá eitthvert fé af einhverjum ástæðum, t. d. þeim sem ég var að nefna varðandi húsbyggjendur, fáist það ekki. Það er ekki hægt að reka lýðræðisþjóðfélag með þessum hætti. Það þekkist hvergi í víðri veröld.

Það er sagt að þessi bindiskylda sé til þess að koma í veg fyrir verðbólgu. Hvergi í lýðfrjálsu landi hefur verið stunduð önnur eins bindiskylda og hér á Íslandi. Og hver hefur árangurinn orðið? Bullandi verðbólga. Í Svisslandi standa bankastjórarnir á tröppunum og biðja menn að taka lán á lágum vöxtum. Þar er allt fullt af peningum. Þar hefur aldrei verið verðbólga. Verðbólgan hvarf í Bandaríkjunum þegar Arabapeningarnir og mjög mikill hluti fjármagns heims streymdi þangað á undanförnum árum. Þá hvarf hún. En í Suður-Ameríku er hún komin í fjögur, fimm, eða sex hundruð prósent af því þeir eru þeir einu sem reka svipaða stefnu eins og við í peningamálum, loka peninga inni.

En þetta verður nú allt saman rætt betur í sambandi við afgreiðslu frv. um bindiskylduna, sem ég á von á að verði samþykkt í Ed. næstu daga og komi þá til Nd., og ég trúi varla öðru en að Nd. samþykki það líka. Og þá er sigurinn unninn en fyrr ekki.

Herskip og kjarnorkuvopn, fsp. 360. mál (þskj. 573). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. utanrrh. fyrirspurn er varðar meðferð kjarnorkuvopna og komu herskipa til landsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það er margítrekað af hálfu þeirra sem með utanríkismál þjóðarinnar hafa farið á undanförnum árum að það sé opinber stefna að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Ég hef því spurt hvort sú stefna nái einnig til komu herskipa hingað í hafnir og siglinga þeirra um íslenska lögsögu.

Það er í það minnsta ljóst, hvað sem opinberri stefnu líður, að það er vilji íslensku þjóðarinnar að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn, a. m. k. yfirgnæfandi meiri hluta hennar, og hefur það komið fram í könnunum, t. a. m. í könnun Ólafs Harðarsonar. Það er einnig ljóst að okkur Íslendingum sem fiskveiðiþjóð stafar sérstök hætta af hugsanlegum óhöppum sem tengjast kjarnorku, hvort heldur það eru kjarnorkuvopn eða vegna kjarnorkuknúinna skipa. Má í því sambandi vitna í ágæta ræðustúfa hæstv. utanrrh. á erlendum vettvangi um þá ógn sem okkur gæti stafað af slíkum kjarnorkuóhöppum umhverfis landið.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum og lögsögu þess og við eigum að setja um það sérstök lög og taka það einnig inn í stjórnarskrá lýðveldisins að hér skuli aldrei vera kjarnorkuvopn. Vonandi verður það gert innan tíðar, annað eða hvort tveggja, en á meðan svo er ekki — eða

þangað til — teldi ég það skref í rétta átt að við tækjum af öll tvímæli um að við viljum ekki kjarnorkuvopn, hvorki hér á landinu né umhverfis það, í lofti eða á legi.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, að spyrja hæstv. utanrrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Taka yfirlýsingar utanrrh. um að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi einnig til herskipa sem koma í hafnir hérlendis eða sigla um íslenska lögsögu?

2. Er utanrrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að banna siglingar herskipa um íslenska lögsögu og komur þeirra í hafnir hérlendis nema fullvíst sé að þau beri ekki kjarnorkuvopn?"

Þannig hljóðaði fsp. Ég vildi gjarnan mega bæta því við, ef hæstv. utanrrh. vildi þá svara því einnig, að ég teldi að það ætti einnig að taka af öll tvímæli um að kjarnorkuknúin skip heyrðu hér undir því að það má ljóst vera að af umferð þeirra einna sér, hvort sem þau eru búin kjarnorkuvopnum eða ekki, getur stafað hætta fyrir okkur. Ég vil taka það fram þegar í upphafi, áður en ég hlýði á svör utanrrh., að ég læt mér ekki nægja þær yfirlýsingar sem stundum heyrast um að það sé ástæðulaust að tortryggja þessa ágætu bandamenn okkar og við eigum einfaldlega að treysta því að þeir virði þá stefnu okkar Íslendinga að við viljum ekki hafa hér kjarnorkuvopn. Það þarf ekki að mínu mati að flokkast undir vantraust á nokkrum aðila þó að við tökum af öll tvímæli í þessum efnum og göngum þannig frá málum og bindum um hnúta að enginn vafi leiki á því að þessi vor stefna sé virt. Það tel ég að við eigum að gera ekki síst með tilliti til þeirra miklu öryggishagsmuna sem íslensk þjóð og afkoma hennar eiga undir því að engin óhöpp verði með kjarnorku á og í kringum landið.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrri fsp. hv. þm. svara ég játandi. Það er skýr stefna ríkisstjórnar Íslands að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi og tekur hún einnig til herskipa í íslenskri lögsögu.

Síðari fsp. hv. þm. vil ég svara með þeim hætti, að í samræmi við þau svör sem ég gaf við fyrri fsp. og í samræmi við þá stefnu sem lýst hefur verið yfir er fullljóst að sigling herskipa með kjarnorkuvopn um íslenska lögsögu er óheimil og þá jafnframt koma þeirra til hafna hérlendis, og mun ég framfylgja þeirri stefnu.

Ég tel ekki þörf frekar að taka af öll tvímæli í þessum efnum, vegna þess að af hálfu íslenskra stjórnvalda og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hafa engin tvímæli átt sér stað.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og ég fagna þeim. Það er ánægjulegt að fá á þessum viðulega vettvangi staðfestingu á því að þessi stefna á að vera altæk og að á henni skuli engar undantekningar gerðar. Ég hygg að það sé mikilvægt í sambandi við þá viðleitni og þann vilja sem uppi er meðal þjóðarinnar og a. m. k. hluta þingheims að festa í lögum þessa stefnu og ganga jafnvel frá henni í stjórnarskrá. Það er ljóst að þau svör, sem hæstv. utanrrh. hefur hér gefið, greiða götu þess máls.

Ég skildi hæstv. utanrrh. svo sem það væri ótvírætt og undantekningarlaust að umferð herskipa með kjarnorkuvopn væri brot á þessari íslensku stjórnarstefnu. Ég tek það þá þannig að ef upp komi efasemdir um að þessi vor stefna sé virt muni íslensk stjórnvöld ganga úr skugga um að svo sé. Sé þessi skilningur réttur hjá mér er ég ánægður með þau svör sem hæstv. utanrrh. hefur gefið.

Framkvæmdir á vegum bandarísku herliðsins á Íslandi, fsp. 381. mál (þskj. 609). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera upp við hæstv. utanrrh. nokkrar spurningar, sem eru á þskj. 609, um framkvæmdir á vegum bandarísku herliðsins á Íslandi, ýmist framkvæmdir sem þegar eru í gangi og aðrar sem fyrir dyrum standa eða hvort þær standi fyrir dyrum. Ég hef lagt þessar spurningar fyrir hæstv. utanrrh. til þess að fá upplýsingar um stöðu þeirra margvíslegu og miklu framkvæmda sem eru á vegum bandarísku herliðsins hér á landi nú. Þá væri einnig fróðlegt að fá um það upplýsingar hvernig að slíkri ákvarðanatekt er staðið af hálfu hæstv. ríkisstj., hvort ríkisstj. öll, allir sem einn eins og það heitir í dag, stendur að þessum ákvörðunum í hverju tilviki eða hvort það sé utanrrh. hæstv. einn sem gefi hernaðargenginu græna ljósið í hverju tilviki.

Ég vil taka það fram strax að þessi listi minn er ekki tæmandi, hann hefði getað verið nokkru lengri, því miður, en hann gefur þó hugmynd um þær margvíslegu og miklu framkvæmdir sem eiga sér stað eða standa fyrir dyrum. Einnig eru nokkrar upplýsingar fáanlegar um þá gífurlegu fjármuni sem hér er verið að verja til hernaðaruppbyggingar á þessum tímum.

Þegar ég lagði fram þessa mína fsp. fyrir nokkrum vikum hafði ég að vísu undir höndum nokkrar upplýsingar um ýmsar framkvæmdir sem ekki eru hér tíundaðar, en síðan það var hafa mér bæst upplýsingar t. a. m. um þau áform sem heyrst hafa nefnd nokkrum sinnum á undanförnum einu til tveimur árum um áhuga bandarískra hernaðaryfirvalda á að byggja svonefndar OTH-radarstöðvar hér á norðurslóðum. Þessar OTH-radarstöðvar eru stundum kallaðar „yfir sjóndeildarhringinn" eða Over the Horizon og eru radarstöðvar sem byggja á þeirri tækni að endurvarpa geislum frá jónahvolfinu niður á jörð og eykst þannig langdrægi þeirra margfalt miðað við hefðbundnar gerðir radarstöðva. Þannig mundi t. a. m. slík stöð sem staðsett væri á Íslandi draga norður á pól og austur á Kóla-skaga eða eitthvað þar um bil svo dæmi sé tekið. Það hefur verið vitað að tvær staðsetningar hafa einkum verið ræddar í Pentagon fyrir þessa stöð hér á norðurslóðum, þ. e. Bretlandseyjar eða Ísland. Og nú hefur frægur maður, orðum prýddur generáll, Wesley McDonald, sem er yfirmaður Atlantshafsflota Bandaríkjanna og NATO í vorum heimshluta, lagt í yfirheyrslum fyrir þingnefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings sérstaka áherslu á þessa framkvæmd og sérfræðingar t. a. m. á Bretlandseyjum telja, því miður vil ég segja, að áhugi Bandaríkjamanna hvað staðsetningu varðar fyrir þetta mannvirki beinist nú fyrst og fremst að Keflavík. Sé þetta rétt, sem ég óttast að sé, er hér á ferðinni sennilega einhver alvarlegasta ef ekki alvarlegasta breyting á stöðu Íslands í vígbúnaðartaflinu frá upphafi vega.

Ég er ekki með þetta hér sem formlega fyrirspurn, herra forseti, enda er hún ekki á þessum lista, en ég nefni þetta til að sýna að listi þessi er engan veginn

tæmandi.

Það er auðvitað illþolandi að hv. Alþingi og íslenska þjóðin búi við það æ ofan í æ að upp komi áform og áætlanir um framkvæmdir á Íslandi eða breytingar á stöðu Íslands í tafli stórveldanna sem verið er að möndla með og hefur verið möndlað með mánuðum og jafnvel árum saman erlendis áður en við fáum um það að vita. Þannig er til að mynda að fyrst nú, árum eftir að vitað var um áhuga bandarískra hernaðaryfirvalda á því að byggja hér styrkta stjórnstöð, örlar á því að hæstv. utanrrh. eða þeir menn sem með þau mál fara fyrir Ísland gefi einhverjar skýringar á þeim áformum í þeirri skýrslu sem nú hefur verið lögð fyrir Alþingi um utanríkismál. M. a. til þess að upplýsa og fá það hér á hreint hvernig ýmsar framkvæmdir standa hef ég, herra forseti, lagt fram þessar fsp. og skal nú ljúka máli mínu með því að renna yfir þær. Þær eru:

„1. Hefur koma nýrra orustuflugvéla til Keflavíkurflugvallar, og jafnframt fjölgun úr 12 vélum í 18, verið samþykkt í ríkisstj.?

2. Hefur ríkisstj. gefið heimild til að reisa fleiri sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli, til viðbótar þeim níu sem þar eru í byggingu, og hvenær var gefin heimild til að byggja skýli nr. 4—9?"

Eins og menn vita var upphaflega gefin heimild til að byggja fjögur af þessum skýlum, en ég vil gjarnan fá svör við því hvenær og hvernig var heimilað að reisa skýli 4—9.

„3. Hefur ríkisstj. gefið heimild til að byggðir verði 2. og/eða 3. áfangi olíubirgðastöðvar í Helguvík?

4. Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanrrn. borist einhverjar áætlanir, lýsingar, umleitanir eða erindi varðandi byggingu nýrrar stjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli?

5. Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanrrn. borist einhverjar áætlanir, umleitanir eða erindi varðandi nýjar framkvæmdir við flugbrautir á Keflavíkurflugvelli?"

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. 1. fsp. hv. þm. vil ég svara á þá lund að í samræmi við það fyrirkomulag er gildir um ákvarðanir varðandi endurnýjun eða breytingar á tækjabúnaði varnarliðsins hef ég samþykkt orustuflugvélaskipti og fjölgun flugvéla úr 12 í 18. Ég hef kynnt þessa fyrirhuguðu breytingu á ríkisstjórnarfundi þar sem andmælum var ekki hreyft og ég minni hv. þm. á að í skýrslu minni um utanríkismál, sem dagsett er í apríl 1984 og er orðin ársgömul, er ítarleg grein gerð fyrir þessari endurnýjun og breytingum á orustuflugvélum varnarliðsins.

Þá er 2. fsp.: „Hefur ríkisstj. gefið heimild til að reisa fleiri sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli, til viðbótar þeim níu sem þar eru í byggingu, og hvenær var gefin heimild til að byggja skýli nr. 4—9?"

Í þessu sambandi er rétt að svara munnlegri fyrirspurn hv. þm., með hvaða hætti leyfi væru veitt fyrir framkvæmdum varnarliðsins og breytingum á búnaði þess. Það er skemmst frá að segja að utanrrh. hefur yfir höfuð gefið þessar heimildir, en kynnt þær í ríkisstj. og skv. venju, sem raunar var staðfest í tíð forvera míns, hefur þessari venju verið haldið áfram. Ég hef kostað kapps um að láta samráðherra mína og einkum og sér í lagi forsrh. fylgjast með öllum þessum málum og sömuleiðis hef ég gefið ítarlegar skýrslur um þessi efni í utanrmn. og í skýrslum mínum um utanríkismál, bæði í fyrra og nú hef ég leitast við að upplýsa hvað er að gerast í þessum efnum.

Varðandi sprengjuheld flugskýli, þá eru þau nú því miður kannske ekki sprengjuheld í þeim skilningi að þau þoli sprengjur ef sprengja lenti á þeim sjálfum, en þau eru styrkt flugskýli samkvæmt þeim stöðlum sem gilda um flugskýli er fjármögnuð eru af hálfu Atlantshafsbandalagsins. Heimild til byggingarframkvæmda við skýli nr. 4 og 9 var gefin í júnímánuði 1983 og varðandi skýli nr. 10 til 13 var heimildin gefin í nóvember s. l. Ég hygg að hvort tveggja hafi verið komið fram við árlega yfirferð utanrmn. um varnarliðsframkvæmdir á komandi ári, þ. e. varðandi 4 til 9 á haustfundum utanrmn. 1983 og varðandi 10 til 13 á haustfundum utanrmn. síðast, eða rétt um áramótin. Um það hef ég ekki gengið úr skugga, en tel að skv. venju hafi það átt sér stað. Ég vil ítreka og leggja áherslu á að ég hef enga tilhneigingu, síður en svo, að draga dul á fyrirætlanir um varnarliðsframkvæmdir. Ég tel að að sjálfsögðu sé rétt og skylt að greina frá þeim í utanrmn. og ég vil gjarnan að opin og hreinskilin umræða fari fram um þessi mál í þjóðfélaginu almennt.

3. fsp. var um heimildir til að byggja 2. og 3. áfanga olíubirgðastöðvar í Helguvík. Heimildir hafa verið veittar til 2. áfanga, sem er gerð hafnarmannvirkja eða löndunarmannvirkja í Helguvík, og 3. áfanga a, sem kallaður hefur verið, en það er 19 000 rúmmetra birgðarými. Þessar heimildir voru gefnar í nóvember s. l. Ég á von á því að framkvæmdir við löndunarmannvirkin hefjist aðeins að litlu leyti á yfirstandandi ári, en verði svo haldið áfram á næsta ári. Varðandi birgðarýmið er með þessum heimildum búið að veita leyfi til bygginga 49 000 rúmmetra rýmis.

Annars er í skýrslu minni um utanríkismál, sem nýlega hefur verið lögð fram, ítarleg grg. um byggingu olíubirgðastöðvar í Helguvík.

Í fjórða lagi er spurt: „Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanrrn. borist einhverjar áætlanir, lýsingar, umleitanir eða erindi varðandi byggingu nýrrar stjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli?"

Svarið er að utanrrn. hefur fengið í hendur teikningar að stjórnstöðinni. Það er vitað að Bandaríkjamenn munu óska eftir því að bygging stjórnstöðvar verði tekin inn á framkvæmdaáætlun 1986, en fyrr mun ekki vera fjárveiting til þessarar framkvæmdar af hálfu Bandaríkjamanna eða Atlantshafsbandalagsins.

Þá er í fimmta lagi spurt: „Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanrrn. borist einhverjar áætlanir, umleitanir eða erindi varðandi nýjar framkvæmdir við flugbrautir á Keflavíkurflugvelli?"

Svarið er neitandi. En ég vil bæta því við að í samræmi við samkomulag Íslands og Bandaríkjanna um byggingu flugstöðvarbyggingar eru fyrirhugaðar framkvæmdir við gerð flugvallarvegar, flughlaðs og akstursbrauta flugvéla áður en nýja flugstöðvarbyggingin fyrir almenna flugumferð verður tekin í notkun árið 1987 og munu Bandaríkin greiða allan kostnað við þær framkvæmdir, en áætlun er um að þær framkvæmdir muni kosta tæplega 40 millj. dollara.

Þá gat hv. þm. um fyrirætlanir um byggingu svokallaðra OTH-ratsjárstöðva hér á landi. Það eru fréttir sem ég hef ekki fengið, þannig að svo virðist sem hv. þm. hafi betra og beinna samband vestur en ég hef ef rétt er hermt af hans hálfu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að hafa borið fram þessa fsp. og í tilefni af svörum hæstv. utanrrh. vil ég rifja upp að fyrir nokkrum árum fóru fram ítarlegar umr. um hvaða reglur ættu að gilda um það þegar land væri tekið undir svokallað varnarsvæði. M. a. var rætt um hvort ráðh. utanríkismála gæti einhliða tekið um þetta ákvörðun ef eigendur viðkomandi svæðis, þ. e. bæjarfélag eða einstaklingur, samþykktu eða hvort Alþingi þyrfti að fallast á það að eitthvert tiltekið svæði væri lýst varnarsvæði. Ég var og er þeirrar skoðunar að það sé háskalegt, að ekki sé meira sagt, ef einn ráðh. getur tekið um það ákvörðun að lýsa tiltekið land varnarsvæði án þess að það komi nokkurn tíma til meðferðar á Alþingi. Ég tel þetta fráleitt fyrirkomulag og hæstv. núv. utanrrh. hefur að mörgu leyti tekið undir mín sjónarmið í þeim efnum. Þannig væri nauðsynlegt að skýra þetta mál betur en verið hefur, burtséð frá því hvaða afstöðu menn kunna að hafa til hersetunnar.

Tilefni þess að ég nefni þetta mál hér er það að nú eru í gangi gífurlega miklar framkvæmdir í Helguvík. Þar verður byggð höfn og þar er verið að reisa geyma. Ætlunin mun hafa verið sú að þessi höfn yrði að einhverju leyti undir íslenskri stjórn, þar með undir íslenskum hafnalögum og undir samgrn. M. a. var það ætlun fyrrv. hæstv. samgrh., núv. hæstv. forsrh. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. að því: Hafa verið tekin af tvímæli um hvort Helguvíkurhöfn verður talin varnarsvæði eða ekki? Hvar hefur sú ákvörðun verið tekin, ef hún hefur verið tekin? Og í annan stað: Liggur fyrir samkomulag um það í ríkisstj. með hvaða hætti með þessi mál verður farið eða hefur verið horfið frá því að samgrn. verði húsbóndi þessarar hafnar þó með mjög undarlegum hætti sé í raun og veru því að með þessari stefnu, sem fyrrv. hæstv. samgrh. kynnti, er í rauninni verið að stíga fyrsta skrefið á þeirri braut, sem landsfundur Sjálfstfl. var að hafna á dögunum, að Ameríkanar ættu að byggja hafnir og vegi og samgöngumannvirki hér? Ég vil í tilefni af fsp. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar auka nokkuð við ef hæstv. utanrrh. sæi sér fært að svara fsp. minni.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans, sem voru greinargóð, og ég virði hann nokkuð meir en ella fyrir það sem hann sagði reyndar, að hann vildi hafa þessa umræðu opna og leggja fram upplýsingar. Að vísu má um það spyrja hvort hans rn. og sú deild sem með þessi mál fer standi í stykkinu sem skyldi ef óbreyttir þm., sem ekki hafa þótt neitt sérstaklega hliðhollir vestrinu, a. m. k. stundum í ræðum hér, eru á undan að færa honum fréttir um ný áform um hernaðaruppbyggingu. En naumast hefur það farið fram hjá öllum, sem með þessum málum fylgjast, að uppi eru þessi áform og það er vitað að bandarísku fyrirtæki hefur nú verið falið að glíma við það verkefni að aðlaga þessa tækni að þeim aðstæðum sem ríkja á norðurslóðum sem fyrst og fremst snúa að því að vinna gegn þeim truflunum sem norðurljós valda á norðlægum breiddargráðum á rafeindasviði jónahvolfsins. Varla væru menn að þessu nema vegna þess að þeir hyggjast setja upp slíkar stöðvar á norðlægum breiddargráðum. Þá liggur það einnig fyrir að þeir tveir staðir, sem mest hefur verið rætt um í þessu sambandi, eru Ísland og Bretlandseyjar.

Vegna þeirra svara sem hér komu fram og staðfestu að nú eru uppi áform um það í Bandaríkjunum að reisa styrkta stjórnstöð í Keflavík og það liggur fyrir að verið er að reisa í grið og erg styrkt flugskýli í Keflavík, þá hlýt ég að leggja saman tvo og tvo — eða einn og einn og fá út tvo — og segja: Það er greinilegt að Keflavíkurstöðinni hefur nú verið settur nýr staðall. Nú skulu mannvirki þar vera sérstaklega styrkt. Þetta ætti að vera þeim mönnum umhugsunarefni sem alveg fram að þessu hafa trúað því að öll sú mikla uppbygging, öll sú mikla tæknibreyting sem átt hefur sér stað í búnaði herliðsins á Íslandi á undanförnum árum hafi engu breytt um stöðu og eðli stöðvarinnar og vígbúnaðarins hér. Hvers vegna reisa menn sérstaklega styrktar stjórnstöðvar og sérstaklega styrkt flugskýli og þar fram eftir götunum ef engin eðlisbreyting hefur orðið á þeirri saklausu varnarstöð sem hér á að vera skv. margendurteknum yfirlýsingum hæstv. utanrrh.? Ég hygg að það megi öllum vera ljóst, þó þeir hafi jafnvel ekkert um þessi mál vitað annað en það sem hér hefur verið rætt í dag, að það eru miklar framkvæmdir í gangi og fyrir dyrum standa miklar framkvæmdir. Þegar þetta er allt lagt saman, ef menn skoða þetta heildstætt, ekki hvern hlut fyrir sig eins og menn hafa þó gjarnan reynt að láta okkur Íslendinga gera, heldur líta á alla myndina, þá á ekki að dyljast neinum lengur að hér eru miklir hlutir að gerast og alvarlegir.

Ég ætla svo sannarlega að vona að sú frétt, sem ég var að fræða hæstv. utanrrh. um að hugsanlega kæmi á hans borð á næstu mánuðum eða á næsta ári, verði aldrei að veruleika, svo sannarlega, vegna þess að þá væri enn þá alvarlegra skref stigið að mínu mati en hingað til hefur verið stigið. En það er þó enn ein staðfesting þess að verið er að möndla með Ísland. Það er verið að búa til áætlanir og búa til plön. Það er verið að teikna hluti löngu áður en íslenska þjóðin og íslenska þingið hv. veit nokkuð um það. Nú eru t. d. komnar teikningar að nýrri styrktri stjórnstöð í Keflavík inn á borð utanrrn. Og hvað hefur íslenska þjóðin og hvað hefur hv. Alþingi fengið að vita um það mál af hálfu hæstv. utanrrh. hingað til annað en það sem menn eins og ég og aðrir slíkir hafa af veikum burðum verið að reyna að fræða hana um, oft í lítilli þökk ýmissa afla hér í landinu?

Ég get þó tekið undir það og ágætt er að við verðum sæmilega sáttir hér í lokin um eitt atriði, ég og hæstv. utanrrh., að það er til gagns að hafa umræðuna opna. M. a. í því skyni lagði ég fram þessar spurningar. Ég tel að þjóðin öll, ekki bara utanrmn. hv. Alþingis, eigi að fylgjast með því og fá að vita hvað hér er að gerast. Það er lýðræðisleg skylda þessarar stofnunar og auðvitað þeirra hæstv. ráðh. sem bera á henni ábyrgð að sjá um að svo sé gert.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Mér þykir ákaflega leitt að ég er ekki nægilega vel undirbúinn að svara fsp. hv. 3. þm. Reykv. varðandi þær umræður og fyrirætlanir sem uppi voru í tíð fyrrv. ríkisstj., e. t. v. af skiljanlegum ástæðum þar sem ég átti nú ekki innangengt i þeirri ríkisstj. eins og hv. þm. Ég vil þó aðeins segja að það hefur engin endanleg

ákvörðun verið tekin um með hvaða hætti stjórn þeirra mannvirkja verður háttað sem nú eru í byggingu í Helguvík. Eins og kunnugt er voru nokkrar deilur milli stuðningsmanna fyrrv. ríkisstj., hv. 3. þm. Reykv. og forvera míns, Ólafs heitins Jóhannessonar, sem ég skal ekki rifja upp. Það hefur ekki þótt tímabært eða ástæða til að taka upp í ríkisstj. eða til umræðu milli rn. hvernig verkaskiptingu yrði háttað hvað snertir stjórn mannvirkja í Helguvík, en mér er sönn ánægja að láta hv. þm. fylgjast með gangi mála.

Varðandi ummæli hv. þm. Steingríms Sigfússonar, þá fundust mér hans orð bera vitni um starfsaðferðir hv. þm. Alþb. í þeim málum er lúta að framkvæmdum varnarliðsins, bæði þeim sem í gangi eru eða fyrirhugaðar eða e. t. v. langt frammi í framtíðinni eða jafnvel þótt þær séu engan veginn raunhæfar eða úr lausu lofti gripnar. Þegar hv. þm. nefndi OTH-ratsjárstöðvarnar í sinni fyrri ræðu gat hann þess ekki, sem hann gat um í seinni ræðunni, að vegna tæknilegra örðugleika þykja þær ekki gera neitt gagn á norðurslóðum. Þess vegna er þar ekki um að ræða neinar þær framkvæmdir, hvorki hér á landi né annars staðar, sem á dagskrá eru. Fyrst þarf að leysa þessi tæknilegu vandamál. Þessar ratsjárstöðvar virka ekki eins og ráð er fyrir gert vegna norðurljósanna að því er mér skilst þó að mig bresti tæknilega kunnáttu til að skýra það út. Það er ekki á dagskrá svo að íslensk stjórnvöld viti að byggja hér slíka ratsjárstöð og um það er þess vegna ekki ástæða til að ræða frekar.

Sama tilhneiging kom fram í ræðu hv. þm. þegar hann var að tala um styrkta stjórnstöð. Ég vil aðeins segja af því tilefni að mannvirki varnarliðsins eru byggð skv. ákveðnum stöðlum sem gilda um slík mannvirki. Staðlarnir eru settir skv. ákvörðun þjóða Atlantshafsbandalagsins og eru hinir sömu hvarvetna í löndum Atlantshafsbandalagsþjóðanna. Ég bendi á að í nýframlagðri skýrslu minni um utanríkismál segir svo um stjórnstöð á bls. 32, með leyfi forseta:

„Áform eru fyrir hendi um byggingu styrktrar stjórnstöðvar í stað núverandi, sem er í járngrindarhúsi með mjög ófullkominni aðstöðu að öllu leyti. Staðhæft hefur verið að stjórnstöðinni yrði komið fyrir neðanjarðar, hún væri gerð til að þola kjarnavopn. Hið rétta er, að hér er um að ræða tveggja hæða byggingu, gluggalausa, sem er hönnuð til að hýsa ýmsa stjórnunarþætti, er verið hafa til staðar á Keflavíkurflugvelli frá því að varnarliðið kom fyrst til landsins. Endurnýjun stöðvarinnar hefur því ekki í för með sér neina eðlisbreytingu á þeirri stjórnunarstarfsemi, sem Bandaríkin reka til varnar Íslandi og svæðunum umhverfis landið. Byggingin á að vera útbúin sérstökum hreinsiútbúnaði vegna hugsanlegrar mengunar frá efnavopnum og á þannig að geta hýst starfsmenn þess í allt að eina viku. Slíkt er í samræmi við NATO-staðla, enda byggingin að miklu leyti greidd af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins úr þeim verkefnaflokki sjóðsins, sem greiðir kostnað við flugvelli og flugvallarmannvirki. Viss hætta er talin vera til staðar, að slík vopn kynnu að verða notuð, ef árásir yrðu gerðar á bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins. Því er ekki um neina sérstöðu að ræða hvað Ísland varðar í þessum efnum. Væntanlega yrði hafist handa um byggingu stöðvarinnar á næsta ári."

Svo mörg eru þau orð varðandi stjórnstöðina. Þessi greinargerð í skýrslu minni um utanríkismál leiðir og í ljós að áhersla er lögð á að leyna engu að því er snertir framkvæmdir varnarliðsins nema þá því sem nauðsynlegt er ef um hernaðarleyndarmál er að ræða, en ég held sannast að segja að það liggi allt eins og opin bók hvað snertir varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli svo að því er ekki til að dreifa.

Sýningar Þjóðleikhússins, fsp. 396. mál (þskj. 641). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Þjóðleikhúsið. Nafnið eitt gefur tilefni til að ætla að hér sé um að ræða listamusteri þjóðarinnar allrar þar sem öllum þjóðfélagsþegnum gefst sem best tækifæri til að njóta þess sem þar er á fjölunum hverju sinni, enda er það svo að í lögum um þjóðleikhús, þ. e. 15. gr. þeirra laga, er ráð fyrir því gert að listin úr þessu musteri þjóðarinnar sé flutt út á meðal þegnanna á landsbyggðinni, en í 15. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeiningar, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa."

Nú finnst mér að það hafi mjög skort á að við dreifbýlisfólk yrðum þess aðnjótandi að starfslið þessa listamusteris léti sjá sig úti á landsbyggðinni eins og lög gera ráð fyrir. Ég hef því leyft mér að flytja á þskj. 641 fsp. til hæstv. menntmrh. sem er eftirfarandi:

„1. Hversu margar leiksýningar hefur Þjóðleikhúsið haft á eftirtöldum svæðum s. l. fimm ár: Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi?

2. Hve marga leikstjóra eða leikara lét Þjóðleikhúsið leikfélögum úti á landi í té s. l. fimm ár?"

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir að hafa vakið máls á sýningum Þjóðleikhússins og því lagaákvæði sem gerir ráð fyrir því að farið sé með sýningar Þjóðleikhússins út um landið vil ég svara fsp. hans beint.

Fyrri spurningin var: „Hversu margar leiksýningar hefur Þjóðleikhúsið haft á eftirtöldum svæðum s. l. fimm ár: Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi?"

Svarið er: Aðeins ein leikför hefur verið farin á þessum árum til þeirra svæða sem um er spurt, „Í öruggri borg" eftir Jökul Jakobsson sem sýnt var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 1981.

Síðari spurningin var: „Hve marga leikstjóra eða leikara lét Þjóðleikhúsið leikfélögum úti á landi í té s. l. fimm ár?"

Svarið er: Á s. l. fimm árum hafa í 28 verkefnum verið sendir leikarar og leikstjórar út á land og tvisvar leikmyndateiknari.

Það er rétt að fram komi að Þjóðleikhúsið hefur á hverju vori stefnt að leikferð yfir sumarmánuðina, en er sá tími nálgaðist að ferðin yrði farin eða undirbúningi hennar væri lokið hefur orðið ljóst að fjárveitingar til leikhússins mundu ekki duga út árið og þá verið gripið

til sparnaðaraðgerða og hafa leikferðir út um landið orðið fyrir barðinu á þeim. Það er best að segja hverja sögu eins og hún gengur, en þannig hefur málum verið háttað að því er þetta varðar.

Það er ljóst að það fjárframlag sem gengið hefur til leikhússins á undanförnum árum hefur ekki nægt til þess að Þjóðleikhúsið fengi staðið við þetta hlutverk. Það er auðvitað eitt af því sem við þurfum að taka afstöðu til hér á hv. Alþingi hvort svo eigi að ganga. En það er auðvitað fleira sem kemur til en beinar fjárveitingar. Ég vil greina frá því í þessu sambandi að nú nýlega er hafin úttekt á sjálfum rekstri Þjóðleikhússins í því skyni að það liggi ljóst fyrir að allar þær leiðir sem hugsanlegar eru séu farnar til þess að nýta fjármagnið sem til leikhússins fer sem allra best til að ná þó hinum listræna tilgangi þess.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli, sem er þarft og gott að fá svör við, og vissulega ber að fagna því að svo vel hefur þó verið að verki staðið varðandi þann þátt sem snertir það að senda leikara og leikstjóra út til áhugafélaganna. Við afgreiðslu laga um Þjóðleikhúsið á sínum tíma lýsti ég ánægju minni með þau ákvæði sem þar voru tekin inn bæði um heimsóknir og ekki síður gestaleiki og leikstjórn hjá áhugafélögunum, svo sem segir þar eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, að Þjóðleikhúsið skyldi kappkosta svo sem unnt væri að styðja áhugaleikfélögin. Ég lagði þá ríka áherslu á að þetta yrði ekki dauður bókstafur einn, ákvæðin yrðu virk en ekki aðeins til að gera lögin áferðarfallegri og líklegri til að ganga í augun á fólki á landsbyggðinni þar sem leiklistaráhugi og leiklistariðkun eru sérstaklega til fyrirmyndar. Ég vildi raunar þá fá fortakslausari og enn skýrari skylduákvæði hvað þetta hvort tveggja snertir því að skyldan á að vera ótvíræð og raunar ljúf og eðlileg fyrir þessa stofnun að inna af hendi.

Varðandi þann ágæta stuðning sem greinilega hefur þó verið veittur af hálfu Þjóðleikhússins til áhugafélaganna með gestaleikurum og leikstjórum hef ég aldrei verið í vafa um að það eru ekki bara áhugafélögin og fólkið þar sem nýtur góðs af þessu. Ekki síður hafa leikarar Þjóðleikhússins hið mesta gagn af þessu. Ég fullyrði að það víkkar þeirra sjóndeildarhring. Það skapar þeim nýja reynslu, víðari yfirsýn og gerir þá jafnvel hæfari til starfa á sínum vettvangi á eftir. Ég vitna þar í þann ágæta valinkunna leikara, Val Gíslason, sem fyrir alllöngu fór austur í Egilsstaði sem leikstjóri og leikari og kvað þá reynslu hafa verið sér ómetanlega og nauðsynlega um leið fyrir hvern atvinnuleikara.

Af svörum hæstv. ráðh. kom fram að þarna hefði verið þokkalega að verki staðið, en hraklegar en áður var þó varðandi leikferðirnar, og þar kæmu sparnaðaraðgerðir Þjóðleikhússins fram, í leikferðum út á landsbyggðina. Spurning er þá hvernig á þessum málum á að taka. Ég treysti hæstv. ráðh. til þess að beita sér fyrir því að hér verði á veruleg breyting til batnaðar og Þjóðleikhúsið sinni ótvíræðri lagaskyldu sinni í þessu hvoru tveggja og sér í lagi að ef á að hagræða einhverju og ef eitthvað á að spara hjá Þjóðleikhúsinu verði það ekki nær eingöngu látið koma niður á leikferðum út um land.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt þó að a. m. k. hluti af þeim valdi mér gífurlegum vonbrigðum. Ég þóttist raunar vita að þarna hefði á lítinn hátt verið sinnt þeirri skyldu sem löggjafinn leggur Þjóðleikhúsinu á herðar að því er varðar leiksýningar úti á landsbyggðinni, en ég verð að viðurkenna að mig óraði ekki fyrir því að það væri aðeins um eina slíka leikför að ræða á s. l. fimm árum, bara á Vestfirði og Norðurland vestra, en enga á Austfirði. Þetta er hrikalegt og að mínu viti þýðir ekki að bera við peningaleysi einu saman. Það er jafnt lagaskylda þessarar stofnunar að leika úti á landsbyggðinni og sinna þeim þætti á Reykjavíkursvæðinu. Þá ætti alveg eins að draga úr hér og nýta fjármagnið til leikferða.

En ekki er ég að saka hæstv. menntmrh. um þetta. Ég þykist vita og vona a. m. k. að hún taki rösklega til hendinni og hristi upp í því liði sem ekki hefur séð sér fært að standa að þessu leytinu við löggjöf frá Alþingi og skikki það beinlínis til þess að koma af stað leikferðum út á landsbyggðina.

Hitt er rétt og ég tek undir það sem hv. þm. Helgi Seljan sagði hér áðan, að hinum þættinum hefur verið þokkalega sinnt og tæpast hægt að gagnrýna það á nokkurn hátt eftir þessum upplýsingum. Aldrei hefði það hvarflað að mér að ég ætti eftir að standa hér í ræðustól á Alþingi, miðað við það sem á undan er gengið, og taka upp hanskann fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og er þá mikið sagt (Gripið fram í.) ef hv. 5. þm. Vestf. á þar hlut að máli. Það verður þó að segjast að Sinfóníuhljómsveit Íslands ber þarna af eins og gull af eiri. Ég er á engan hátt að segja að það sé gott sem hún er með, það verður hver og einn að meta fyrir sig og alltaf verður misjafnt mat einstaklinga á efninu, en að því er varðar það að sinna þessu verkefni er Sinfóníuhljómsveitin langtum fremri en musteri þjóðarinnar í leikhúsfræðum. (**Gripið fram í:** Þú færð engar betri sinfóníur eftir þetta.) Ég hef alltaf haldið því fram og get sagt það hér, að það er tvennt ólíkt að hlusta á Sinfóníuna og horfa á hana í leiðinni eða hlusta á hana í útvarpi. Eins og ég sá í sjónvarpinu er ólíkt að horfa á suma menn framkvæma leikkúnstir á fjölum, í sjónvarpi eða hvar sem er eða hlusta á þá beint í útvarpi. Þetta veit ég að þeir taka til sín sem eiga. En nóg um það. Það var ekki meiningin að snúa þessu upp í grín og glens. Það er staðreynd að Sinfóníuhljómsveitin á þakkir skildar fyrir þennan þátt og framkvæmdastjóri hennar. Ég hygg að það sé ekki síst hans verk.

Ég tek undir það með hv. þm. Helga Seljan að leikarar eða leikstjórar úr Þjóðleikhúsinu hafa ekki síður gagn af því að koma út á meðal fólks á landsbyggðinni. Ég er alveg handviss um það.

Sem sagt: 15. gr. í lögunum um Þjóðleikhús hefur verið dauður bókstafur, a. m. k. fimm s. l. ár, og það er tími til kominn að fara að hrista upp í því. Takist okkur, hæstv. menntmrh. og mér eða öðrum hv. þm., ekki að fá nægilegt fjármagn til þess að sinna þessu að fullu skal ég styðja hann í því að skera niður sýningarnar hér í Reykjavík þannig að við getum fengið það sem okkur ber úti á landi og þá vildi ég helst að miðað væri við að ekki hefur verið sýnt þar s. l. fimm ár og taka það inn í dæmið.

Staða skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, fsp. 399. mál (þskj. 646). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 646 höfum við þm. Kvennalista leyft okkur að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. Tilefni þessarar fsp. er skipun í stöðu skrifstofustjóra í félmrn. þann 1. mars s. l. Í haust er leið lést skrifstofustjóri félmrn. Varð því staða hans laus. Nokkur dráttur varð á að staða hans væri fyllt. Í hana var ekki skipað fyrr en í mars s. l. eins og áður segir. Hins vegar voru um miðjan desember 1984 auglýstar til umsóknar tvær stöður deildarstjóra í rn. Þann 1. janúar s. l. var síðan karlmaður skipaður í stöðu deildarstjóra sem annast fjármál rn., en í stöðu deildarstjóra sem annast lögfræðileg málefni var skipuð kona.

Í 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands stendur, með leyfi forseta:

„Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans."

Staða skrifstofustjóra er því aldrei auglýst og um hana er ekki sótt. Hins vegar velur ráðherra skrifstofustjóra úr hópi þeirra deildarstjóra sem í rn. eru. Er þá eðlilegt að öllu jöfnu að tekið sé tillit til menntunar og fyrri starfsreynslu auk almennrar hæfni til að gegna slíku starfi. Þegar ráðið var í skrifstofustjórastöðuna voru starfandi níu deildarstjórar í félmrn., fimm konur og fjórir karlar. Þrjár þessara kvenna hafa háskólamenntun en tveir karlanna. Starfsreynsla þeirra í stöðu deildarstjóra er mislöng, allt frá nokkrum vikum upp í sjö ár. Það voru því margir einstaklingar sem komu til greina þegar valið var í skrifstofustjórastöðuna, þótt mér sé ekki kunnugt um það hvort hugur allra þeirra hafi staðið til starfans. Sá einstaklingur sem lengsta starfsreynslu hefur í deildarstjórastöðu er kona. Hún hefur gegnt því starfi s. l. sjö ár. Á þeim tíma hefur hún öðlast víðtæka reynslu af því að vinna að mörgum ólíkum verkefnum á vegum rn. Sú kona er lögfræðingur að mennt og hafði 13 ára starfsreynslu við dómarastörf áður en hún hóf störf í félmrn. Yfirmenn hennar í rn. hafa mér vitanlega ekki kvartað undan vinnulagi hennar eða afköstum. Hins vegar hef ég heyrt marga hæla henni fyrir vandvirkni og dugnað. Slíkt er þó að sjálfsögðu matsatriði. Það var þó álit margra, sem til málsins þekktu, að skv. almennum reglum og hefðum í samræmi við réttlæti og sanngirni væri eðlilegt að þessi kona hlyti skrifstofustjórastöðuna að öllum öðrum ólöstuðum. Auk þess hafði hún lýst yfir áhuga á starfinu.

Nú ber svo undarlega við að skipaður er í þessa stöðu maður sem einungis hefur unnið nokkrar vikur í rn., hóf deildarstjórastörf 1. febrúar s. l. en áður hafði hann lokið samvinnuskólaprófi og starfað sem kaupfélagsstjóri og sveitarstjóri. Ég tek það skýrt fram að hér er ekki á neinn hátt verið að kasta rýrð á hæfileika þessa manns né annarra. En ef litið er á hefðbundinn hátt á menntun og starfsreynslu til að gegna umræddu skrifstofustjórastarfi, þá blöskrar þessi ráðstöfun fleirum en þeim sjö framsóknarmönnum sem sendu hæstv. jafnréttismálaráðherra áskorunarbréf um þetta efni.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á 3. gr. núgildandi laga um jafnstöðu kvenna og karla, en þar segir, með leyfi forseta:

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði."

Ég vil líka minna hann á 5. gr. laganna sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni. Á hún þá rétt til að hlutaðeigandi atvinnurekandi veiti henni skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið. Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið."

Má ég enn fremur minna hæstv. ráðh. á eigin orð í október s. l. þegar hann mælti fyrir frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir ráðh., með leyfi forseta:

„...undanfarna tvo áratugi hefur barátta kvenna fyrir jafnrétti beinst fyrst og fremst að því að öðlast raunverulegt jafnrétti á við karla á vinnumarkaði. Í þessu felst að hafa sömu tækifæri til stöðuhækkana og karlmenn og fá sömu laun og aðra greiðslu fyrir sömu störf, þ. e. að konur fái sömu yfirborganir og hlunnindi og karlmenn."

Þarna er vel mælt, hæstv. ráðh. Áfram heldur ráðh.: „Barátta kvenna til að ná þessum markmiðum hefur ekki skilað nægilegum árangri. Konum hefur reynst erfitt að fá stöðuhækkanir og raunverulegur launamismunur hefur í sumum starfsgreinum verið mikill." En hvers vegna, hæstv. ráðh.? Hvers vegna hefur konum reynst erfiðara að fá stöðuhækkanir?

Áfram segir: „Ýmsir hafa orðið til þess að setja fram athugasemdir til að skýra þennan mun. Þannig hefur verið bent á að menntun kvenna er almennt skemmri en menntun karla." Það á ekki við í þessu tilfelli.

Síðar í máli sínu segir ráðh.: „Sérstaklega verður reynt að fá konur til að leggja stund á nám sem síðar leiðir til starfs í hefðbundnum karlagreinum." En til hvers í ósköpunum, hæstv. ráðh., eiga konur að leggja stund á nám til að taka þátt í störfum í karlagreinum ef þeim er síðan vikið til hliðar og fram hjá þeim gengið?

Það háttalag sem hér virðist hafa verið viðhaft krefst skýringa og það verður ekki látið óátalið. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. fyrir hönd þeirra þm. sem að þessari fsp. standa:

1. Hvaða rök voru lögð til grundvallar þegar ráðið var í skrifstofustjórastöðu í félmrn. 1. mars s. l.?
2. Telur jafnréttismálaráðherra að þessi ráðning hafi verið í samræmi við jafnréttislög?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 646 er borin fram fsp. sem ég vil svara. Efnið er: Hvaða rök voru lögð til grundvallar þegar ráðið var í skrifstofustjórastöðu í félmrn. 1. mars s. l. og telur jafnréttismálaráðherra að þessi ráðning hafi verið í samræmi við jafnréttislög?

Herra forseti. Aðdragandi þessa máls er sá að fyrrv. skrifstofustjóri í félmrn. andaðist í ágúst á s. l. ári. Um svipað leyti var ljóst að einn af deildarstjórunum í rn. hygðist notfæra sér heimild í lögum um starfsaldur og láta af störfum við s. l. áramót. Ákveðið var að auglýsa samtímis tvær stöður deildarstjóra í rn. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaðinu 11. desember s. l. Gert var ráð fyrir að hlutverk annars hinna tveggja nýju deildar-

stjóra yrði yfirumsjón með fjármálum, framkvæmd fjárhagsáætlana og umsjón með fjárreiðum stofnana og embætta sem heyra undir rn. Enn fremur var að því stefnt að þessi deildarstjóri sæi um nokkra þætti sveitarstjórnarmála. Hugmyndin var að hinn deildarstjórinn sæi um ýmis málefni lögfræðilegs eðlis á vegum rn.

Umsækjendur um fyrrnefnda starfið voru fimm karlar en engin kona. Í það starf var skipaður Húnbogi Þorsteinsson. Umsækjendur um síðarnefnda starfið voru fjórar konur og fimm karlar. Í það starf var skipuð Þorgerður Benediktsdóttir sem undanfarin 10 ár hefur verið lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Í 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 er heimild til að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra. Með tilvísun til þessara laga var skipaður skrifstofustjóri í félmrn. hinn 1. mars s. l. Skv. reglugerð um Stjórnarráð Íslands frá 1. janúar 1970 fer félmrn. með mál sem skipta má í þrjá meginflokka: sveitarstjórnarmál, húsnæðismál og vinnumál. Frá gildistöku þessarar reglugerðar hafa tvær nýjar deildir tekið til starfa í rn. Önnur er vinnumáladeild en hin deildin fer með málefni þroskaheftra og fatlaðra. Starfssvið skrifstofustjóra í félmrn. hefur verið og verður áfram að hafa yfirumsjón með fjármálum rn., framkvæmd fjárhagsáætlana og fjárreiðum stofnana og embætta sem heyra undir rn. Hann sér einnig um nokkra þætti sveitarstjórnarmála. Hann þarf jafnframt að þekkja vel til allra málaflokka sem heyra undir rn. og hafa góða samstarfshæfileika við annað fólk.

Húnbogi Þorsteinsson, sem skipaður var skrifstofustjóri í félmrn., hefur verið framkvæmdastjóri myndarlegs og vaxandi sveitarfélags í rúm 16 ár. Aðeins einn núverandi sveitar- eða bæjarstjóri í landinu hefur lengri starfstíma en hann á þessum vettvangi. Hann hafði áður gegnt ýmsum stjórnunarstörfum í nær áratug. Hann gerþekkir því sveitarstjórnarmálin og þekkir einnig vel til húsnæðismála og vinnumála. En báðir þessir málaflokkar snerta mikið sveitarfélögin. Hann hefur undanfarið setið í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og er því einnig vel kunnugur þeim málum. Hann hefur mikla reynslu á sviði bókhalds, áætlunargerða og fjármálastjórnar. Hann er m. a. einn þriggja höfunda þess bókhaldskerfis sem sveitarfélögin í landinu nota við bókhald, reikningsskil og áætlanagerð.

Störf framkvæmdastjóra sveitarfélaga eu oft talsvert umdeild og það heyrir til undantekninga að menn ílengist í þeim meira en eitt eða tvö kjörtímabil. Á þeim tíma sem Húnbogi Þorsteinsson hefur verið sveitarstjóri í Borgarnesi hafa verið ýmsir pólitískir meiri hlutar í sveitarstjórninni. En hann hefur notið trausts og stuðnings allra hinna pólitísku flokka sem aðild hafa átt að sveitarstjórninni. Húnbogi hefur ekki aðeins notið almenns trausts í sinni heimabyggð. Honum hafa einnig verið falin ýmis störf fyrir sveitarfélögin í kjördæminu og í landinu öllu. Hann sat t. d. lengi í stjórn Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og var formaður þeirra um skeið og hann hefur undanfarin ár setið í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég hlýt að biðjast undan því að ræða hér frekar um eða bera saman kosti einstakra starfsmanna í rn. mínu. Ég tel slíkt engan veginn við hæfi. Ég tel því að þegar sé komið fram allt sem þarf að koma fram af minni hálfu í þessu máli.

Herra forseti. Ég hef rakið hér í stuttu máli hvaða rök lágu til grundvallar skipunar Húnboga Þorsteinssonar í starf skrifstofustjóra félmrn. Með vísan til þessara svara svara ég einnig seinni lið fsp. afdráttarlaust játandi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það mál sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vekur hér athygli á með fsp. er vissulega eðlilegt að komi hér til umræðu á Alþingi. Það hlýtur að valda miklum vonbrigðum þegar það liggur fyrir sem hér hefur komið fram í sambandi við veitingu þessa embættis innan félmrn. Það liggur við að maður vorkenni hæstv. félmrh. að rata í þá ógæfu sem hann hefur hér greint frá og reynt að verja í sambandi við þessa stöðuveitingu.

Nú vil ég á engan hátt kasta rýrð á þann mann sem veitt var skrifstofustjóraembætti í félmrn. (**Gripið fram í:** Þú ert að kasta rýrð á hann.) Hann þekki ég að nokkru sem sveitarstjórnarmann frá þeim tíma sem ég starfaði sem ráðherra og átti við hann góð samskipti. En málið snýst ekki um það. Málið snýst um það hvort embættismenn í Stjórnarráði Íslands eiga von á því að geta fengið tilfærslu í störfum á grundvelli starfs og reynslu, og alveg sérstaklega um það í þessu tilviki hvort hlutur kvenna sé metinn til jafns við karla og tekið tillit til þeirra aðstæðna sem þarna eru, út frá jafnréttislögum. Mér þykir einsýnt, miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið um þetta mál og fram hafa komið hér í umr., aðrar upplýsingar hef ég ekki, að hér hafi verið vegið að löggjöfinni á mjög áberandi hátt. Það hljótum við að fordæma, hv. alþm., ef við meinum í rauninni eitthvað með stuðningi við jafnréttissjónarmið þegar til stöðuveitinga og á hólminn kemur.

Ég vek athygli á því, sem raunar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að nokkrir valinkunnir stuðningsmenn Framsfl. sáu ástæðu til þess að skora alveg sérstaklega á félmrh. að virða jafnréttissjónarmiðin í sambandi við stöðuveitingar í sínu rn. Þar á meðal voru Þórarinn Þórarinsson fyrrv. alþm., Sigrún Magnúsdóttir, Sigrún Sturludóttir, Ásta Jóhannesdóttir og Inga Þyri Kjartansdóttir, svo nokkrir séu nefndir sem stóðu að þeirri áskorun. Eg vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram frá hv. fyrirspyrjanda og ég harma það sem hér hefur gerst og verið ákveðið af félmrh. Ég held að menn þurfi að varast þessi víti framvegis.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í annað sinn á stuttum tíma hafa ákvarðanir tveggja jafnréttismálaráðherra um stöðuveitingu gefið tilefni til fsp. og umræðna hér á hv. Alþingi. Í febrúar 1981 var umræða hér á dagskrá vegna stöðuveitingar þáverandi jafnréttismálaráðherra Svavars Gestssonar, þar sem talið var, líkt og sumir ætla nú, að um brot á jafnréttislögum væri að ræða. Ég tel nokkuð ljóst, miðað við rök þau sem hv. fyrirspyrjandi hefur flutt í þessu máli, að hæstv. félmrh. hafi sniðgengið 3. gr. jafnréttislaganna, sem kveður á um að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, m. a. hvað varðar ráðningu og skipun í starf og stöðuhækkun. Þetta skeður á sama tíma og Alþingi hefur til umfjöllunar frv. hæstv. félmrh. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem m. a. kveður á um að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu. Um þetta ákvæði sagði hæstv. jafnréttismálaráðherra á Alþingi 22. október s. l.:

„Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að bæta stöðu kvenna, en ég tel að það verði ekki gert á þann hátt sem

talsmenn jákvæðrar mismununar vilja. Í þessu sambandi bind ég meiri vonir við aðra grein þar sem kveðið er á um að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar. Ég vil vekja sérstaka athygli á orðinu „stjórnvaldsaðgerðir" sem ekki er í núgildandi lögum. Þetta orðalag felur í sér ákveðnar kvaðir á Alþingi, ríkisstjórn og sveitarstjórnir í þessum efnum."

Jafnréttismálaráðherrann er sem sagt á móti því sem kallað hefur verið jákvæð mismunun og bindur vonir við að stjórnvaldsaðgerðir tryggi jafna möguleika kynjanna til atvinnu og að ákvæðið feli í sér kvaðir á ríkisstjórn í þessu efni. En þessar vonir ráðh. hafa nú brugðist og um það hefur ráðh. við engan að sakast nema sjálfan sig, jafnréttismálaráðherrann Alexander Stefánsson. Með þessari ákvörðun ráðh. að sniðganga konu með langa starfsreynslu og menntun til starfans, sem öll rök og jafnréttissjónarmið hníga að að velja hefði átt í starfið, með því hefur ráðh. sjálfur staðfest með stjórnvaldsaðgerðum og embættisveitingu að ákvæði í frv. hans um að með stjórnvaldsaðgerðum skuli konum og körlum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu er gersamlega gagnslaust. Ráðherra þarf sem sagt ekki — (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. — Ráðherrann þarf sem sagt ekki að leita lengra en í eigin embættisgerðir og stjórnvaldsaðgerðir til að fá það staðfest að ákvæðið í frv. hans er ekki pappírsins virði. Hvernig getur hæstv. ráðh., sjálfur jafnréttismálaráðherrann, ætlast til að aðrir fari að lögum í þessu efni þegar hann sjálfur gengur fram fyrir skjöldu og sniðgengur ákvæði sem hann leggur til við Alþingi að samþykkja og krefur því aðra um að fara eftir?

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég hlýt að lýsa óánægju minni með svör hæstv. félmrh. við fsp. okkar Kvennalistakvenna. Honum er kannske vorkunn eins og fleiri hafa nú sagt hér. Málstaðurinn er ekki góður, eða svo að fastar sé að orði kveðið, hann er slæmur. Með gjörðum sínum hefur hann slegist í hóp þeirra sem tala fagurt um nauðsyn þess að auka hlut kvenna í áhrifastöðum en opinberar svo, að því er virðist blygðunarlaust, við fyrsta tækifæri að hugur fylgir ekki máli.

Því miður er þetta dæmi aðeins eitt af allt of mörgum um það hvernig menn leyfa sér að vanvirða rétt þeirra kvenna sem fúsar eru til að taka að sér ábyrgðarstörf. Ég leyfi mér að fullyrða að um það eru mörg dæmi, miklu fleiri en menn efalaust gera sér grein fyrir, því fæst þeirra koma nokkurn tíma upp á yfirborðið. Því miður eru konur sjálfar nefnilega allt of hlédrægar og tregar til að sækja og verja sinn rétt, treysta sér hreinlega ekki í þann slag, jafnvel þótt að baki þeirra standi heilt byggðarlag eins og ég þekki m. a. nýlegt dæmi um.

Ákvörðun félmrh. verður vafalaust ekki breytt þótt hún sé augljóslega að mínu mati óréttmæt. En það er von okkar, sem bárum fram þessa fsp., að hún sé ráðamönnum nokkur viðvörun. Við munum nota öll tækifæri sem gefast til að vekja athygli á mismunun af þessu tagi og vinna á þann hátt að þeirri hugarfarsbreytingu sem greinilega er þörf. Aldrei slíku vant, þegar jafnréttismál eru á dagskrá, eru furðu margir alþm. hérna viðstaddir og því ber að fagna. Mig grunar reyndar að a. m. k. þó nokkrir þeirra sem eru fjarverandi hafi tekið aðalfund Vinnuveitendasambandsins og tilheyrandi kokkteil fram yfir þennan þingfund. Það er svo sem aldrei að vita nema þátttaka í þeim fundi auki þeim skilning á nauðsyn og réttmæti þess að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum. Ég var á þessum fundi í morgun og þar voru bæði jakkaföt og bindisskylda við lýði.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur nokkuð verið í umræðu að undanförnu hvort þær konur sem ynnu heima hefðu einhvern starfsaldur til að bera þegar þær færu út á hinn almenna vinnumarkað. Fleiri og fleiri réttsýnir aðilar hafa litið svo á að sá starfsaldur, sem þær hefðu aflað sér heima fyrir, kynni að koma að gagni þegar út á vinnumarkaðinn væri komið og að reynslan væri þar nokkurs virði. Hins vegar virðist það steinrunna sjónarmið vera hér til staðar að starfsaldur, sem menn afla sér í Borgarnesi, geti aldrei komið neinum manni að gagni fari hann að starfa í Reykjavík.

Ég veit ekki hvort sá vopnaburður, sem viðhafður er, er af heilindum fram borinn, hvort því fólki, sem þannig hefur flutt sitt mál hér að undanförnu, er alvara eða hvort um pólitískt skítkast er að ræða. Hitt þótti mér mjög alvarlegt í máli hv. 5. þm. Austurl. þegar hann gat þess að hann þekkti þann mann sem hefði verið skipaður skrifstofustjóri, en engu að síður flutti hann þá ræðu sem hann flutti hér áðan. Það veit hver einasti maður sem þekkir þennan mann að þarna er gífurlega mikilhæfur maður á ferð. (**Gripið fram í:** Það breytir honum ekki í konu.) Það breytir engu, þegar hugsunin er rökheld, hvort menn eru að skipa mikilhæfa menn eða ekki. En við skulum láta söguna dæma. Og mín trú er sú að hann muni skapa sér sömu virðingu í félmrn. og hann hafði áður unnið sér tiltrú og virðingu manna í sinni byggð, Borgarnesi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin en ekki get ég lýst ánægju minni með þau. Málstaður hæstv. jafnréttisráðherra í þessu máli er ekki góður, eins og hér hefur komið fram, og er í því efni ekki verið að kasta neinni rýrð á þann einstakling eða starfshæfileika hans sem stöðuna hlaut — (**ÓÞÞ:** Það er verið að því.) — heldur aðeins verið að spyrja hvaða forsendur lágu fyrir stöðuveitingunni.

Þetta mál er í raun lýsandi fyrir aðstæður kvenna almennt úti á vinnumarkaðnum. Aðstæður sem marka konum stöðu og kjör hvað sem jafnréttislög og fögur orð segja. Sem betur fer hefur komist skriður á söfnun upplýsinga um kaup og kjör landsmanna eftir kynjum á síðustu árum, eða misserum réttara sagt. Ég vil í því efni benda á nýja skýrslu frá Framkvæmdastofnun ríkisins um vinnumarkaðinn árið 1983. Þar kemur fram að meðallaun karla árið 1983 voru tæpum 52% hærri en meðallaun kvenna þetta sama ár. Og hvernig skyldi standa á þessum ógnarlega mismun? Það eru margar ástæður, en ein þeirra eru þau sjónarmið sem ráðandi hafa verið við stöðuveitingar um langan aldur hér á landi, sjónarmið sem taka karla fram yfir konur þegar ráðið er í störf eins og það sem hér er um að ræða. Það má sannarlega halda því fram að málstaður hæstv. jafnréttismálaráðherra sé slæmur og má segja að það sé hneyksli að sjálfur ráðherra jafnréttismála skuli viðhalda þessum sjónarmiðum. Eins og ég sagði hérna áðan þá er þetta fyrst og fremst lýsandi fyrir aðstæður

kvenna almennt úti á vinnumarkaðnum, aðstæður sem marka þeim stöðu og kjör hvað sem jafnréttislög eða fögur orð segja.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Mér fannst svar hæstv. ráðh. afskaplega ófullnægjandi. Það er svar sem gefur til kynna að hann er kannske ekki fyllilega sáttur við þessa ákvörðun sína, málstaður hans er ekki sterkur, varnarstaðan er erfið og honum er sannarlega vorkunn að vera í þessari aðstöðu. Ég vil undirstrika og taka fram sérstaklega við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að ég notaði engin nöfn í þessu dæmi sem ég tók og það var af ásettu ráði að ég nefndi engin nöfn, vegna þess að tilgangurinn með þessari fsp. er ekki sá að hygla að eða varpa skugga á einstaklinga. Tilefni fsp. er í raun dæmi, eins og hv. þm. Sigríður Dúna vakti athygli á, um stöðu og vandamál fjölmargra kvenna á almennum vinnumarkaði.

Í Íslandsklukkunni segir Arnas Arnaeus: „Þitt mál kemur þér sjálfum lítið við, Jón Hreggviðsson. Það er miklu stærra mál. Hverjum er að borgnara þó höfuð eins betlara sé leyst? Ein þjóð lifir ekki af náð."

Það vilja konur heldur ekki gera, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hæstv. jafnréttismálaráðherra, né heldur geta þær það — (**ÓÞÞ:** Hverju svaraði Jón Hreggviðsson?) Hann svaraði eitthvað á þá leið: að sá er eldurinn heitastur sem á sjálfum brennur. En í Íslandsklukkunni er um að ræða tákn fyrir íslenska þjóð í Jóni Hreggviðssyni en hér er um að ræða tákn fyrir íslenska kvenþjóð. Þess vegna er málið tekið upp, hv. þm., og ekki af neinu öðru tilefni. Ég er svo heppin að þekkja ekki þannig til einstaklinga að ég þurfi að taka persónulega afstöðu í málinu. En það gerir málið engu að síður jafn alvarlegt og mikilvægt.

Og ég vil minna hæstv. ráðh. á að hann verður að gæta að því að skylda hans í þessum efnum er meiri en annarra ráðh. Þess er af honum krafist og vænst að hann gangi á undan með góðu fordæmi en níðist ekki á verðleikum og rétti kvenna. Ef ástandið er slæmt í því rn. sem fer með jafnréttismál við hverju má þá búast á öðrum bæjum?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sá ástæðu til þess að gera mér hér upp skoðanir úr stólnum þó að ég hefði tekið allt annað fram. Ég þekkti ekki nöfn aðila sem hér áttu í hlut fyrir þessa umræðu og þau skipta hér ekki máli í þessu samhengi, miðað við það að þeir einstaklingar sem í hlut áttu hafi allir verið hæfir til starfans. Og ég skildi hæstv. félmrh. svo að hann vefengdi það ekki. Þá kemur spurningin um viðhorf til þess að láta þá njóta sem höfðu rétt, síðferðilegan rétt til starfans og auk þess þann rétt sem jafnréttislög veita.

Ég vil benda á það að mál þetta hefur margar hliðar fyrir utan það sem hér er tilefni umræðu, jafnrétti milli kynja og jákvæð mismunun, þá varðar þetta einnig stjórnarráðið og opinbera starfsmenn. Það hefur ekki reynst allt of auðvelt að manna Stjórnarráð Íslands á liðinni tíð vegna þeirra kjara sem mönnum eru þar búin. Þar er mismunað í launum eftir starfsheitum, þar er t. d. mjög verulegur munur á launum deildarstjóra og skrifstofustjóra. Að mínu mati, af því að ég þekki þessi mál frá þeirri tíð sem ég starfaði í stjórnarráðinu, er bilið þar á milli í rauninni óeðlilega mikið eða óskiljanlega mikið launalega séð og vantar á að þar ríki meiri jöfnuður. Hvernig horfir með það að laða fólk til starfa í stjórnarráðinu ef menn geta síðan gengið þar inn í störf og stöður utan af hinum almenna vinnumarkaði? En ég vil líka bæta því við að ég þekki það af reynslu sem ráðh. hversu erfitt það er að tryggja rétt þeirra kvenna sem ráðnar eru til starfa í Stjórnarráði Íslands launalega séð, þó að þær standi jafnfætis körlum, að þoka þeim upp í þá launaflokka sem þeim ber raunverulega með fullri sanngirni, þannig að mismununin hún er víða, hún er inni í miðju Stjórnarráði Íslands að þessu leyti og þar þyrfti sannarlega að verða breyting á.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er verið að bera saman sjö ára starfsaldur deildarstjóra og 16 ára starfsaldur sveitarstjóra. Hyggja þm. að borgarstjóri Reykjavíkur væri gjaldgengur sem skrifstofustjóri í félmrn.? Hyggja þm. að sveitarstjórinn í Seltjarnarneshreppi væri gjaldgengur, bæjarstjórinn í Kópavogi, bæjarstjórinn á Akureyri? Hvar eru mörkin? Er það lögfræðiprófið sem er svona hátt skrifað? Hvar eru mörkin?

Halda menn virkilega að þeir sem hafa verið að vinna að þessum málum, sem rn. er yfir, afli sér ekki fremur þeirrar grunnþekkingar á verkefnunum en nokkrir aðrir? Er mönnum ekki ljóst að sveitarfélögin heyra undir félmrn.? Eða er komið svo að menn telji fyrst og fremst nauðsyn að koma á pólitískum höggum og krossfesta menn, því að vissulega mun þeim sem fyrir árásum eins og þessum verða fara á sama veg og Hreggviðssyni forðum, að þeim finnst eldurinn heitastur sem á eigin skinni brennur.

Ég hygg að menn þyrftu gjarnan að skoða það í hverju tilfelli fyrir sig hvaða hæfileika er verið að tala um, því að þeir hljóta að skipta öllu máli. Og mér finnst það skrýtið ef talið er fráleitt hér á Alþingi í umfjöllun um félmrn. að sveitarstjóri geti aflað sér þeirrar starfsreynslu sem skiptir máli fyrir skrifstofustjóra í félmrn.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég vil aðeins ítreka það að forsenda þess að ég valdi skrifstofustjórann eins og raun ber vitni er einfaldlega sú að ég valdi þann mann sem ég vissi sjálfur að var hæfastur til þess starfs sem ég var að skipa í.

Hins vegar er rétt að geta þess, af því að hér hefur verið talað um ákveðna persónu, að það er þannig skipt störfum í félmrn. að það eru ákveðin hlutverk sem vissir aðilar hafa þar. Sá starfsmaður sem hér hefur verið nefndur er yfirmaður lögfræðideildar rn. og það eru engin átök innan rn. um þessa skipulagsbreytingu sem gekk í gildi 1. mars s. l., engin. Ég vil að gefnu tilefni taka það fram hér að eins og ég tók fram í upphafi ætla ég ekki að fara að ræða hér um starfsfólk í þessu rn. Þetta er allt saman hæfileikafólk og sú ákvörðun sem tekin hefur verið hefur ekki valdið neinum ágreiningi í rn. og ekki heldur við Jafnréttisráð.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það var ekki um að ræða einungis sjö ára starfsreynslu sem deildarstjóri. Það var auk þess um að ræða 13 ára starfsreynslu af dómarastörfum, þannig að það er um að ræða 20 ára starfsreynslu þarna móti 16 ára starfsreynslu á öðrum vettvangi.

Ég segi eins og hæstv. ráðh., það er ástæðulaust að fara að hártoga í sambandi við einstaklinga, en er löng reynsla af fjölbreyttum málefnum félmrn., er hún svona lítils virði í raun og veru? Er hún ekki þess verð að til hennar sé tekið tillit? Og vegna þess að talað var um verkefnaskiptingu þá væri mjög áhugavert að fá að vita hvernig verkefnaskipting er innan félmrn. og jafnvel annarra rn. Og hvernig er launað fyrir þau verkefni sem eru unnin? Hvernig er launað t. d. fyrir yfirvinnu? Ef ég man rétt þá var beðið um svar fjmrh. við fsp. Jóhönnu Sigurðardóttur um fylgirit með ríkisreikningi á s. l. þingi. Það var spurt: Hvernig skiptast eftirfarandi tveir liðir milli kynja skv. fjölda og fjárhæð í fylgiriti með ríkisreikningi fyrir árið 1982: a) föst yfirvinna og b) starfsmannabílar? Það kom í ljós — það voru reyndar fleiri spurningar — en það kom í ljós að það er langt yfir 90% sem rennur til karlmanna og minnstur hlutinn fer til kvenna. Í þessu tiltekna dæmi er um að ræða ekki einungis stöðuhækkun, heldur líka launahækkun. Ástæðan fyrir því að mjög margir deildarstjórar eru í rn. yfirleitt er einmitt ekki síst spurning um laun, þannig að það eru margföld réttindi sem um er að ræða sem stöðugt eru brotin á konum.

Olíuleit á landgrunni Íslands, fsp. 412. mál (þskj. 674). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. til iðnrh. um olíuleit á landgrunni Íslands. Það er þskj. 674. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður rannsóknum á landgrunni milli Íslands og Jan Mayen og olíuleit sem ráð var fyrir gert þar í samkomulagi við Norðmenn þann 18. júní 1982?

2. Hvenær mun fram haldið rannsóknum og auðlindaleit á svæðinu út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa sem fyrst var kannað árið 1978?"

Ég minni á í þessu sambandi að fyrir Sþ. liggur till. til þál., sem flutt er af mér, um auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, 130. mál, þar sem vikið er að þessum efnum. Sú till. hefur enn ekki hlotið afgreiðslu hér í Sþ. Ástæða er til þess þess vegna að hreyfa þessu máli hér í fyrirspurnarformi.

Ef ég vík fyrst að seinni lið fsp., þ. e. hvernig mundi haldið áfram auðlindaleit fyrir Norðurlandi, þá er það mál sem er eðlilegt að sé á dagskrá og er mjög raunhæft vegna þess að þar hafa þegar komið í ljós merki um hugsanlega olíu á hafsbotni.

Landgrunn Íslendinga er ákaflega víðáttumikið. Það er sjö sinnum stærra en landið sjálft. Það er um 753 000 km^2 og að mjög miklu leyti ókannað. Við höfum farið okkur hægt í þeim rannsóknamálum eins og á mörgum öðrum sviðum rannsókna, að sumu leyti af skiljanlegum ástæðum vegna fjárskorts. En þarna hefur þó verið nokkuð rannsakað og þá fyrst og fremst fyrir atbeina bandarísks félags sem leyfi fékk til að rannsaka þetta svæði 1978. Þann 17. ágúst 1978 heimilaði þáv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical Co. að framkvæma þar slíkar rannsóknir.

Niðurstöður er of langt mál að rekja en þær lofuðu hins vegar mjög góðu um tilvist auðlinda á þessu svæði. Það voru að vísu frummælingar sem þarna voru gerðar, en í ljós kom að út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa var um að ræða allt upp í 4 km þykk setlög, en eins og menn vita eru setlög algjör forsenda fyrir því að um olíu- eða gaslindir geti verið að ræða. Ástæða er almennt talin til að halda áfram rannsóknum ef setlögin ná 1 km að þykkt, en þau voru frá 2 km upp í 4 km á þykkt á þessu svæði. Þess vegna má segja að ástæða hafi verið til að halda áfram könnunum í þessu efni.

Árið 1981 fóru fram frekari rannsóknir og þá jarðfræðirannsóknir í Flatey á Skjálfanda og rannsóknaboranir þar að tilstuðlan nefndar sem með þessi mál fór. Þá fól iðnrh. Hjörleifur Guttormsson Orkustofnun að framkvæma þar sérstaka rannsóknaborun sumarið 1982. Niðurstöðurnar voru staðfesting á tilvist setlaga þar, en rannsóknaborholan var aðeins 554 m djúp. Til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögum þar nyðra þarf að bora niður á yfir 2000 m dýpi. Endanleg niðurstaða fékkst því ekki þar.

Þess vegna, og með þetta í huga, er að því spurt hvenær þessum rannsóknum muni haldið áfram. Það er alveg ljóst að þarna er um mjög þykk setlög að ræða og þetta svæði er talið vænlegasta svæði við Ísland sem við þekkjum hvað þetta varðar. Ég held að það væri þess vegna full ástæða til þess og reyndar mjög áríðandi að þessu væri haldið áfram. Við vitum að skammt fyrir norðvestan okkur við strönd Grænlands eru að hefjast mjög umfangsmiklar kannanir, bæði mælingar og boranir, í Meistaravík, nú í sumar og á að halda þeim áfram næstu árin. Menn þekkja einnig hinar miklu olíulindir sem hafa fundist austanmegin við Ísland, reyndar er það miklu fjær. Við erum því á olíusvæði sem full ástæða er til að kanna frekar.

Í öðru lagi, og þar vík ég að fyrri lið fsp., var gerður samningur milli Íslands og Noregs í október 1981 sem gekk í gildi 2. júní 1982. Sá samningur fjallaði um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Í þessum samningi er ákveðið að Ísland og Noregur skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar verði reglur um hvernig hátta skuli olíuleit á þeim ef til komi. Norðmenn skulu kosta forrannsóknir á hafsbotninum, en skipulag á að vera í höndum beggja aðila sameiginlega. Þótt Norðmenn komi til með að bera kostnað þennan þurfa Íslendingar að gera ráð fyrir ýmsum atriðum og kostnaði, svo sem vegna forvinnuframkvæmdar og úrvinnslu rannsóknanna.

Mér er kunnugt um að þetta mál mun hafa verið í undirbúningi, en hér er einnig talið að sé um allvænlegt olíusvæði að ræða. Þess vegna er ástæða til þess að hafsbotnsrannsóknir, auðlindaleit hefjist sem allra fyrst í samræmi við þennan samning sem við gerðum við Norðmenn og tók gildi árið 1982. Hér er þess vegna um svið að ræða sem við ættum að sýna meiri áhuga og gefa meiri gaum að en við höfum gert á undanförnum árum. Vegna þess eru þessar fsp. til iðnrh. fram bornar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég gef eftirfarandi svar við fyrri lið fsp.:

Skv. samkomulagi Íslendinga og Norðmanna frá 1982 eiga Norðmenn að kosta olíuleitarrannsóknir á tilteknu svæði á landgrunninu milli Jan Mayen og Íslands. Aðilar skipuleggja þessar rannsóknir sameiginlega og báðir hafa rétt til þátttöku í úrvinnslu gagnanna.

Á árinu 1984 var unnið hjá Orkustofnun að skipu-

lagningu þessara rannsókna og voru tillögur þar að lútandi sendar til olíustofnunarinnar í Noregi, Oljedirektoratet. Þær voru ræddar á sameiginlegum fundi í Reykjavík í janúar s. l. og var ákveðið að fara eftir þeim í megindráttum. Norðmenn hafa 12 milljóna norskra króna fjárveitingu til rannsóknanna á þessu ári og hefur nú verið samið við norska olíuleitarfyrirtækið GECO um framkvæmd tilheyrandi mælinga á sumri komanda. Íslenskur vísindamaður mun verða um borð og fylgjast með mælingum allan tímann, u. þ. b. einn mánuð. Gert er ráð fyrir að nánari úrvinnsla mælinganna fari fram í lok ársins eða á næsta ári.

Engin sérstök íslensk fjárveiting er ætluð til þátttöku í þessu verkefni á árinu 1985. Á fjárlögum er 12 millj. kr. framlag til setlagarannsókna og var þar ekki gert ráð fyrir þessu samvinnuverkefni á árinu. Orkustofnun hefur óskað eftir viðbótarfjárveitingu að upphæð 1 millj. kr. vegna Jan Mayen-verkefnisins en ekki fengið enn. Nauðsynlegt er að taka það mál upp aftur þar sem hér er um samningsbundið verkefni að ræða.

Vegna síðari liðar fsp. skal þetta tekið fram:

Í framhaldi af uppgötvun með óbeinum mælingum á mikilli setlagaþykkt á vissu svæði úti fyrir Norðurlandi fyrir u. þ. b. tíu árum var ákveðið haustið 1982 að bora rannsóknarholu í Flatey á Skjálfanda til nánari könnunar. Holan varð 554 metra djúp og staðfesti tilvist setlaga þarna. Bráðabirgðaskýrsla um borunina kom út um áramótin 1982—1983. Síðan hefur verið unnið áfram að rannsókn borkjarna úr holunni og mun lokaskýrsla um þær rannsóknir koma út hjá Orkustofnun í þessum mánuði.

Æskilegt er að rannsóknum úti fyrir Norðurlandi verði haldið áfram og þá í fyrstu með frekari endurkastsmælingum til að kanna betur stærð og lögun setlaganna. Í sumar gefst einstakt tækifæri til að fá slíkar mælingar gerðar á hagkvæman hátt í tengslum við Jan Mayen-rannsóknirnar. Skipið sem notað verður við þær þarf að koma einu sinni til Akureyrar meðan á mælingum við Jan Mayen stendur og þá er tækifæri til að fá gerðar mælingar yfir setlögunum. Þetta mál hefur verið rætt við fulltrúa GECO sem kom hingað til viðræðna nýlega. Fyrirtækið er reiðubúið að mæla þær línur sem Orkustofnun telur æskilegar, samtals um 300 km langar, fyrir um 3 millj. kr. Þetta er ekki nema tæpur helmingur af því sem sömu mælingar mundu kosta ef skipið kæmi sérstaklega frá Noregi til að framkvæma þær svo að hér er augljóslega um sérstakt tækifæri að ræða til að fá þessar mælingar gerðar.

Hafsbotnsnefnd iðnrn. hefur fjallað um þetta mál á fundi nýlega og er einhuga um að leggja til við rn. að fé verði útvegað til að framkvæma þessar viðbótarrannsóknir á setlögum úti fyrir Norðurlandi í sumar.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svar hans og vil leggja á það mikla áherslu hversu nauðsynlegt er að fá úr því skorið hvort hér er um virkilega auðlind að ræða fyrir okkur því að ekki mun af veita á þessum síðustu og verstu tímum.

Fyrirspyrjandi minntist hér á rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar og öllum virðist reyndar bera saman um að hafi engan veginn verið fullnægjandi. Hæstv. iðnrh. benti á að nú væri í rauninni um einstakt tækifæri að ræða fyrir okkur að fá hið norska rannsóknaskip til að halda þessum mælingum áfram og fá frekari vitneskju um setlögin á þessu svæði. Ég vil leggja á það sérstaka áherslu að úr þessu fáist skorið og viðbótarfjárveiting fáist til þessa verkefnis.

Ég vil enn fremur í þessu sambandi minna á frv. til laga sem þm. Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson fluttu á þinginu 1981—1982 með ítarlegri grg. um þessi mál og þá vitneskju sem þá var fyrir hendi, sem raunar hefur ekki mikið bæst við síðan ef frá er skilin þessi grunna borun sem framkvæmd var á árinu 1982.

Þá vil ég enn fremur minna á að það hefur komið fram í blöðum að stöðug segulskekkja kemur fram út af Bakkaflóa. Vissar líkur benda til þess að þessi segulskekkja stafi af misgengi sem gjarnan bendir til að um setlög geti verið að ræða.

Ég vil ekki orðlengja þetta öllu meira, heldur leggja áherslu á það að síðustu að þetta mál fái framgang þann sem hæstv. iðnrh. var að leggja til áðan.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti: Það er eðlilegt að spurt sé hér á Alþingi um hvað líði áframhaldandi athugun á hugsanlegum auðæfum í hafsbotni nálægt landinu og, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, varðandi Jan Mayen-svæðið og það samkomulag sem þar er í gildi. Varðandi Jan Mayen-rannsóknirnar hefur hæstv. iðnrh. greint hér frá því að þar hafi undirbúningur farið fram og fyrirhugað sé að ráðast þar í athuganir og er það allt góðra gjalda vert, en hitt virðist hafa dregist að áframhald yrði á rannsóknum úti fyrir Norðurlandi þar sem verulega þykk setlög virðast vera skv. segulmælingum sem fram fóru í nóvembermánuði 1978.

Á það ber vissulega að leggja áherslu að rannsóknir af þessu tagi ættu að heyra til skylduverka okkar sem fullvalda ríkis sem hefur yfir 200 mílna auðlindalögsögu að ráða. Auðvitað er fjármagn okkar til slíkra rannsókna takmarkað hverju sinni, en þeim mun meiri ástæða er til þess að þoka þessum málum áfram frá ári til árs og reyna að tryggja ákveðna samfellu og að sjálfsögðu á grundvelli þeirra upplýsinga sem fást hverju sinni.

Í sambandi við rannsóknir sem tengjast hugsanlegri olíu eða olíugæfum setlögum þarf að sjálfsögðu að hafa mengunarþáttinn mjög ríkulega í huga, einnig varðandi rannsóknarboranir ef til þeirra kemur. Það á auðvitað alveg sérstaklega við ef borað er á hafsbotni og ætti út af fyrir sig ekki að þurfa að hvetja til þess, en mér finnst að við megum aldrei gleyma þessum þætti.

Fyrirspyrjandi minnti á rannsóknirnar á Austur-Grænlandi, ég hef nú skilið það svo að þær séu á landi, sem nú þegar hafa verið ráðgerðar. Þar er um að ræða mikið fyrirtæki, eftir því sem fregnir herma, sem verið er að ráðast í, og einnig mun áhuginn beinast að hafsvæðum þar úti fyrir þó að ekki séu ráðnar þar rannsóknarboranir enn sem komið er. Þetta gefur tilefni til þess að íslensk stjórnvöld fylgist sem best með því sem þarna fer fram með tilliti til hugsanlegrar mengunarhættu.

Ég vildi sérstaklega leggja áherslu á samfellur í þessum rannsóknum og að við, þótt af litlum efnum sé, leggjum ætíð nokkuð til þeirra frá ári til árs og menn hafi góðar gætur á megunarhættunni í tengslum við olíuleit.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við þeim tveimur fsp. sem ég bar fram. Það er ánægjulegt að heyra að í sumar eru fyrirhugaðar rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum í samræmi við samninginn frá 1982 sem Norðmenn munu kosta, en það er ljóst að íslenskir sérfræðingar, sérfræðingar Orkustofnunar, munu fá tækifæri til þess að fylgjast með sem þátttakendur í þessum leiðangri og fá allar niðurstöður sér til hagnýtingar.

Jafnframt var mjög fróðlegt að heyra svar iðnrh. við öðrum þætti fsp., að unnt er að notast við sama skipið og annast rannsókn á Jan Mayen-hryggnum, þegar það kemur til Akureyrar, til að framkvæma á tveim dögum segul- og þyngdarmælingar á Skjálfandaflóasvæðinu og nálægum svæðum. Það er eins og ég sagði áðan talið langkostamesta landgrunnssvæðið í þessum efnum. Þar sem þetta tækifæri gefst og kostnaður er helmingi minni en mundi ella vera, ef þyrfti að fá sérstakt skip, vil ég mjög hvetja til þess að það verk verði látið fram ganga og að 2—3 millj. verði aflað til þessa verks sem ráðh. minntist á en mér skilst að liggi enn ekki fyrir. Því væri mjög vel farið ef það áform sem iðnrh. lýsti næði fram að ganga í sumar.

Að lokum vil ég minna á það vegna ummæla sem féllu í þessum ræðustól og sem bentu út af fyrir sig á alveg rétta staðreynd að slíkar rannsóknir eru kostnaðarsamar. Að sumu leyti hefur það e. t. v. verið hemill á störf okkar Íslendinga á þessu sviði. En því háttar nú svo, og það þekkja Norðmenn mjög vel og ýmsar aðrar þjóðir, að erlend leitarfélög og olíufélög eru mörg hver mjög fús til þess að annast mælingar og leit algerlega á eigin kostnað gegn því að þessi félög eigi niðurstöðurnar og geti farið með þær sem trúnaðarmál í visst árabil, fimm ár. Það var reyndar það sem gerðist árið 1978 þegar bandaríska félagið Western Geophysical Co. mældi svæðin fyrir Norðurlandi okkur algerlega að kostnaðarlausu. Í ljósi þess, sem er alþekkt staðreynd, og í ljósi reynslu annarra þjóða á þessu sviði held ég að það sé mjög tímabært að íslensk stjórnvöld, og þá fyrst og fremst iðnrn., setji í gang könnun á því hvort ekki er unnt að fá erlend félög til þess að halda áfram rannsóknum hér á landi á eigin kostnað. Í því er ekki nein hætta falin fyrir okkur. Við fáum afrit af öllum niðurstöðum, en niðurstöðurnar eru hins vegar ekki birtar fyrr en eftir tiltekinn árafjölda. Ég vildi því hvetja iðnrh. til þess að fara í mjög vaxandi mæli út á þessa braut.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 16. apríl, að loknum 70. fundi.

Afnám misréttis gagnvart konum, þáltill. 353. mál (þskj. 563). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 563 um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum. Með þáltill. þessari fer ríkisstj. fram á heimild Alþingis til að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 18. desember 1979. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd á ráðstefnunni um kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 24. júlí 1980.

Samningurinn var árangur fimm ára starfs ýmissa nefnda Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn er í anda annarra mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, en með samningnum skuldbinda aðildarríkin sig til að gera ráðstafanir til að afnema misrétti gagnvart konum á hinum ýmsum sviðum. Í II. hluta samningsins er fjallað um ráðstafanir á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi. III. hluti varðar ráðstafanir á sviði menntunar, atvinnumála, heilsugæslu og öðrum sviðum efnahags- og félagslífs. IV. hluti fjallar um réttarstöðu kvenna, þ. á m. um löghæfi og hjúskaparstöðu.

Með lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla er tryggð framkvæmd meginreglna samningsins. Með lögum nr. 49 frá 1982 var lögum nr. 100 frá 1952 um íslenskan ríkisborgararétt breytt til þess að geta framfylgt ákvæðum samningsins um jöfn réttindi kvenna og karla varðandi þjóðerni barna þeirra. Ekki er talin þörf frekari lagasetningar til þess að unnt sé að fullgilda þann samning sem hér um ræðir. Um efni samningsins að öðru leyti vísast nánar til aths. við till. og samningsins sjálfs sem birtur er sem fskj. með till. á ensku og í íslenskri þýðingu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þáltill. þessari verði vísað til utanrmn. milli umræðna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að óska eftir því að hæstv. félmrh. verði kallaður í salinn þar sem þetta mál snertir mjög hans verkefnasvið. (**Forseti HS:** Ég skal kanna málið, en ég hygg að hæstv. félmrh. sé vikinn af fundi.) Ég hef þá mál mitt og mun sjá hvað setur.

Herra forseti. Við vorum hér áðan að ræða um stöðuveitingar í félmrn. og þau viðhorf sem hæstv. félmrh. kynni að hafa í þeim málum og sem fram komu við þá stöðuveitingu. Það er mjög við hæfi að við vindum okkur í það hér og nú, í framhaldi af þeim umr. sem voru hér áðan, að ræða þá stórmerku þáltill. sem hér er fram komin, till. sem hljóðar upp á hvorki meira né minna en „afnám alls misréttis gagnvart konum“, eins og segir í fyrirsögn till. Vísar till. þessi til alþjóðasamnings um þessi efni, sem Ísland er aðili að, en sem hefur af einhverjum ástæðum dregist að fullgilda á Alþingi Íslendinga í rúm fimm ár.

Um leið og ég fagna því innilega að þessi till. er hér fram komin og lýsi fullum og einhuga stuðningi Kvennalistans við hana vil ég jafnframt benda á að enn vantar mikið upp á raunverulega framkvæmd þess að allt misrétti gagnvart konum, svo að notað sé orðalag till., hér á landi sé úr sögunni. Því miður er reyndin ekki sú og því hnýt ég um það sem stendur í grg. með till., með leyfi forseta:

„Ekki er talin þörf frekari lagasetningar né annarra ráðstafana til þess að geta framfylgt samningnum.“

Nú er það ekki svo að allt misrétti teljist afnumið gagnvart konum í viðkomandi aðildarlandi við fullgildingu þessa samnings, heldur skuldbinda aðildarríkin sig til að, eins og segir í 24. gr. samningsins með leyfi forseta: „takast á hendur að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir i löndum sínum sem miða að því að

framfylgja fullkomlega réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum."

Hér á landi er einmitt þörf á lögum eða öðrum ráðstöfunum sem tryggja raunverulega bættan hag kvenna, sem tryggja það að markmiðum þessa merka samnings verði náð. Þótt fullgilda megi samninginn án frekari lagasetningar á það því ekki við rök að styðjast, sem segir í grg. með till., að ekki þurfi til að koma ráðstafanir til að þessum samningi um afnám alls misréttis gagnvart konum verði framfylgt hér á landi.

Ef við lítum fyrst á vinnumarkaðinn þá blasir kynbundið launamisrétti við hvert sem við lítum. Konur eru fjölmennastar i lægst launuðu störfunum. Þær manna láglaunahópa þessa lands að ⅔ hlutum. Hefðbundin kvennastörf eru lægra launuð en hefðbundin karlastörf. Eins og fram kemur í nýrri skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins um vinnumarkaðinn árið 1983 skila öll karlastörf nema í landbúnaði launum yfir landsmeðaltali það ár á meðan öll kvennastörf skila lægri launum en sem nemur landsmeðaltalinu. Meðallaun karla voru skv. þessari skýrslu tæpum 52% hærri en meðallaun kvenna þetta sama ár. Kynbundið launamisrétti eru orðin sem við notum yfir þetta ástand á vinnumarkaðinum. Og hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til þess að afnema það? Ég spyr og vonast til að hæstv. utanrrh., sem hefur fylgt þessari till. úr garði, svari því hér á eftir. Hvaða ráðstafanir ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til þess að afnema kynbundið launamisrétti og framfylgja þeim samningi sem hér er til umr. um afnám alls misréttis gagnvart konum að þessu leytinu til?

Ég vil benda á í þessu sambandi að stjórnvöld geta fjöldamargt gert í þessu sambandi. Þau geta sýnt fordæmi og afnumið þetta kynbundna misrétti í samningum við sína eigin starfsmenn, þ. e. opinbera starfsmenn, og þannig rutt brautina fyrir aðra launþega sem geta notað fordæmi ríkisins í samningum við sína vinnuveitendur. Stjórnvöld geta líka sett lög um tímabundna jákvæða mismunun kvenna á vinnumarkaðinum. Sérstaklega er tekið fram í þeim samningi sem hér er til umr. að slík lagasetning teljist ekki brot á honum, heldur í anda hans, ef slík lagasetning þykir horfa til raunverulegs jafnréttis í viðkomandi landi. Stjórnvöld geta einnig beitt sér fyrir endurmati á hefðbundnum kvennastörfum, þ. e. á störfum láglaunahópa. Hefur frv. þess efnis verið borið fram tvívegis hér á hv. Alþingi, á þessu þingi og einnig á síðasta þingi, í bæði skiptin í upphafi þings. Á síðasta þingi fékkst frv. ekki afgreitt úr nefnd fyrir þinglausnir og á þessu þingi er það búið að dúsa í hv. allshn. Nd. síðan í október og enn bólar ekki á því úr nefndinni þegar fimm vikur eru eftir af þinginu. Stjórnvöld gætu einnig beitt sér fyrir því að heimilisstörf, sem að miklum meiri hluta eru unnin af konum og launalaust inni á heimilum landsins, yrðu metin til starfsreynslu úti á vinnumarkaðinum. Þáltill. þess efnis hefur legið í hv. allshn. Sþ. síðan í janúar og ekkert bólar heldur á henni úr nefndinni.

Ef afnema á allt misrétti gagnvart konum hér á landi, eins og samningurinn hljóðar upp á, verður að taka á þessum málum. Og ég spyr: Hvað ætla stjórnvöld sér að gera í þessu efni? Fjöldamargt fleira má tiltaka, er varðar fjárhagsstöðu kvenna sérstaklega, svo sem skattamál, lífeyrismál og tryggingamál. En ég vil aðeins minnast á tvö önnur atriði sem borin hafa verið upp sem þingmál hér á hv. Alþingi og miða að raunverulega bættri stöðu kvenna hér á landi, að því að konur búi ekki við misrétti vegna þess að þær eru konur. Þetta eru þingmál sem ekki hafa hlotið náð hjá þeim þingmeirihluta sem væntanlega stendur að baki þeirri þáltill. sem hér er til umr.

Í fyrsta lagi vil ég nefna frv. til l. um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði, sem m. a. auðveldar konum til mikilla muna að samhæfa móðurhlutverkið þátttöku á öðrum sviðum þjóðfélagsins, en það er eitt af meginmarkmiðum samningsins. Þetta frv. hefur nú verið flutt tvívegis. Á síðasta þingi lá það í salti í hv. heilbr.- og trn. Ed. í fulla fjóra mánuði og fékkst ekki afgreitt úr nefnd fyrir þinglausnir. Nú er það búið að dúsa í þessari sömu hv. nefnd síðan í desember og enn er engin hreyfing á málinu sýnileg. Ef hæstv. ríkisstj. er ekki tilbúin til að taka tillit til barnsfæðingarhlutverks kvenna á þann máta sem lagt er til í þessu frv., hvernig hefur hún þá hugsað sér að gera það? Ég spyr og vona að hæstv. ráðh. geti svarað hér á eftir. Mér þykir mjög miður að hæstv. félmrh. hefur ekki birst hér í þingsal því að þetta eru mál sem heyra undir hans rn. (**Forseti HS:** Ég hef látið kanna það. Hæstv. félmrh. er horfinn af fundi.) Ég vil þá fara fram á það, herra forseti, að þegar umr. lýkur hér á eftir um þessa till. verði umr. frestað og henni síðan fram haldið á næsta fundi Sþ. svo að hæstv. félmrh. hafi tækifæri til að taka þátt í þessari umr. (**Forseti:** Það skal orðið við þeim tilmælum.)

Ég spyr hvernig hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér að taka á barnsfæðingarhlutverki kvenna og vona að hæstv. utanrrh. og hæstv. félmrh. geti svarað því, annaðhvort á eftir eða á næsta fundi Sþ. Og þegar því verður svarað bið ég þá að hafa í huga ofurlítinn kafla í inngangi samningsins sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum, hafa í huga hinn mikla skerf sem konur leggja fram til velferðar fjölskyldunnar og þróunar þjóðfélagsins, sem hingað til hefur ekki verið viðurkenndur að fullu, hið félagslega mikilvægi móðurhlutverksins og hlutverk beggja foreldra fyrir fjölskylduna og uppeldi barnanna og eru sér þess meðvitandi að barnsfæðingarhlutverk konunnar á ekki að vera undirrót misréttis heldur skal ábyrgð á uppeldi barna vera skipt milli karla og kvenna og alls þjóðfélagsins."

Og ofurlítið seinna segir, og er vísað til þeirra ríkja sem eru aðilar að þessum samningi, að þau séu „staðráðin í að framfylgja grundvallarreglum þeim sem settar eru fram í yfirlýsingunni um afnám misréttis gagnvart konum og gera í því skyni nauðsynlegar ráðstafanir til að afnema slíkt misrétti í hvaða mynd sem er."

Og þá spyr ég: Hvaða ráðstafanir er hæstv. ríkisstj. tilbúin til að gera til að framfylgja þessu grundvallaratriði samningsins? Því að ráðstafanir verður að gera í þjóðfélagi þar sem yfir 80% kvenna eru úti á vinnumarkaðinum, það sér hver heilvita maður. Og þá kem ég að síðara málinu sem ég vildi minnast hér á. Það eru dagvistarmál barna.

Í 11. gr. samningsins, lið 2, segir m. a., með leyfi forseta:

„Til þess að koma í veg fyrir misrétti gagnvart konum vegna hjúskapar eða móðurhlutverksins og til þess að framfylgja raunverulegum rétti þeirra til vinnu skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir."

Og síðan kemur c-liður: „til þess að stuðla að því að séð sé fyrir nauðsynlegri félagslegri þjónustu til þess að styrkja foreldra til þess að þeir geti sameinað skyldur sínar við fjölskylduna ábyrgð í starfi og þátttöku í opinberu lífi, sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana."

Nú er ástandið þannig hér á landi að á meðan flestar vinnufærar konur á barneignaraldri eru úti á vinnumarkaðinum og þurfa á barnagæslu að halda er aðeins rúm fyrir innan við 10% barna á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára á dagvistunarheimilum landsins í heilsdagsfóstrun. Í þessum efnum ríkir neyðarástand. Og það er að sönnu um tómt mál að tala um jafnrétti karla og kvenna úti á vinnumarkaðinum á meðan foreldrar eiga ekki kost á öruggri gæslu fyrir börn sín á daginn ef þeir kjósa. Á þessu þingi var borið fram frv. til l. um sérstakt átak í dagvistarmálum barna. En stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til að styðja það og var því vísað til ríkisstj. og þar með saltað um aldur og ævi. Ég vil í þessu sambandi minna á að núv. hæstv. ríkisstj. hefur hingað til ekki gert annað en að minnka framlög á fjárlögum til þessara mála frá einu ári til annars og er því varla líkleg nú til að veita þeim sérstakan forgang. Eða er fullgilding þessa samnings teikn um að sinnaskipti hafi orðið hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum? Ég spyr hæstv. utanrrh. að því hvort svo sé. Og ef svo er ekki, hvernig hann hafi þá hugsað sér að framfylgja lið 2c í 11. gr. samningsins.

Herra forseti. Ég hef hér aðeins af handahófi valið fáein þingmál sem fram hafa komið á Alþingi að undanförnu og miða að því að bæta stöðu kvenna hér á landi og tryggja að konur búi ekki við misrétti vegna þess að þær eru konur. Málin eru miklu fleiri. En öll eiga þau það sameiginlegt að þau hafa verið söltuð eða svæfð í nefndum þingsins. Samt bregður svo við að við erum hér að ræða þáltill., borna fram af hæstv. utanrrh., um afnám alls misréttis gagnvart konum, eins og það heitir.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá fagna ég því innilega að þessi þáltill. er fram komin og ég lýsi einhuga stuðningi Kvennalistans við hana. En ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh. að því hvernig þeir hafi hugsað sér að afnema í raun, eins og sagt er í samningnum, allt misrétti gagnvart konum hér á landi. Hvernig ríkisstj. ætli að taka á þessu stóra verkefni, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði, því að orðin ein duga ekki, hvort sem þau eru að finna í ræðum hér á hv. Alþingi eða í gagnmerkum alþjóðasamningum, jafnvel ekki heldur þótt þau sé að finna í gagnmerkum lögum eins og jafnréttislögum. Þau lög hafa nú verið í gildi í nær 10 ár. En þrátt fyrir þau viðgengst hér á landi hróplegt launamisrétti karla og kvenna. Og ekki hafa jafnréttislögin heldur knúið menn til að byggja barnaheimili, lengja fæðingarorlof eða endurmeta hefðbundin kvennastörf, svo að eitthvað sé nefnt. Slík lög og fögur orð duga nefnilega engan veginn til að afnema allt misrétti gagnvart konum. Til þess er félagslegur og fjárhagslegur aðstöðumunur karla og kvenna allt of mikill og hugmyndir um hefðbundin hlutverk og stöðu kynjanna allt of rótgrónar. Til þess að hér megi ríkja jafnrétti í raun, á borði jafnt sem í orði, verður að taka sérstaklega á þessum málum með lagasetningu og ráðstöfunum, sem taka með beinum hætti á vandanum og tryggja ótvírætt bættar aðstæður kvenna hér á landi, ráðstöfunum sem tryggja í raun bæði félagslegt og fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Í þá átt ganga þau þingmál sem ég hef hér nefnt og þær leiðir sem ég hef nefnt að fara mætti í kjaramálum. Og því spyr ég hæstv. utanrrh., sem hér er nú viðstaddur, og hæstv. félmrh. hvort þeir séu tilbúnir til að beita sér fyrir því að þessi þingmál og fleiri, sem fram hafa komið og miða í sömu átt, fáist afgreidd og samþykkt á þessu þingi og að aðrar þær ráðstafanir verði gerðar sem horfa til úrbóta í þessum efnum, m. a. á vinnumarkaðinum. Á því veltur hvort þessi gagnmerki samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum hér á landi verði eitthvað annað en orðin tóm, eitthvað annað en enn ein dúsan sem er stungið upp í konur á hátíðastund.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ein ástæða þess að dregist hefur að flytja þessa þáltill. er sú að rannsókn hefur farið fram á því hvort þörf væri sérstakrar lagasetningar á hinum ýmsu sviðum er snerta aðstöðu kvenna og rétt þeirra áður en staðfesting færi fram. Það voru vangaveltur um nokkur atriði í þessu sambandi og voru þau könnuð. En ég leit svo á eftir að mér höfðu verið kynnt þau atriði, að það væri ekki ástæða til að fresta staðfestingu samningsins vegna þeirra og rétt væri að staðfesta samninginn til þess að hann væri grundvöllur okkar til þess að framfylgja jafnrétti kynjanna. Þess vegna er e. t. v. ekki rétt orðað að segja í innganginum: „Ekki er talin þörf frekari lagasetningar né annarra ráðstafana til þess að geta framfylgt samningnum." Þótt ekki sé talin þörf frekari lagasetningar kann vissulega að vera þörf annarra ráðstafana. En það sem þarna er átt við er að ekki sé þörf annarra „formlegra" ráðstafana, en eftir sem áður þurfum við með mismunandi hætti og á mörgum sviðum auðvitað að fylgja eftir og fylgjast með að ákvæði samningsins séu haldin.

Þegar spurt er um einstaka þætti eins og fæðingarorlof eða dagvistunarstofnanir þá kemur auðvitað margt til greina og sjónarmið geta verið mismunandi hvernig þeim málum verður best háttað. Það er í þeim efnum spurning um fjárhagsgetu á hverjum tíma. Það er í þeim efnum spurning um verkaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Það er í þeim efnum einnig spurning um fjármögnun, bæði bygginga og reksturs og þannig mætti lengi telja. Ákvörðun í þessum efnum, afstaða í þessum málum getur verið mismunandi þótt allir virði þennan samning og jöfn réttindi kynjanna. Ég hygg þess vegna að það verði að koma fram í afgreiðslu þessara mála á þingi hvernig við viljum haga úrlausn þeirra á mismunandi sviðum. Og þá er ágætt að hafa sem grundvöll og forsendu framkvæmdar og löggjafar þann samning sem við hér erum að gera till. um að verði staðfestur.

En með því að ósk hefur komið fram um það að umr. væri frestað læt ég máli mínu lokið og þótt ég vildi gjarnan ræða um einstaka þætti þessara mála þá heyra þeir eðli málsins samkvæmt fremur undir einstaka fagráðherra heldur en utanrrh.

Í þeim orðum mínum felst ekki að ég biðjist undan því að taka þessi mál nánar til meðferðar, en ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þessa þáltill. úr því að síðar verður fram haldið umr.

Umr. frestað.

Bætt merking akvega, þáltill. 45. mál (þskj. 45, n. 699, 700). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um bætta merkingu akvega. Nefndin hefur fjallað um till. og fengið umsagnir vegamálastjóra, Umferðarráðs, Náttúruverndarráðs og Ferðamálaráðs Íslands.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Birgir Ísl. Gunnarsson og Pétur Sigurðsson.

Brtt. er flutt á þskj. 700. Lagt er til að tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingu akvega, setja upp viðvaranir við hættulegar ökuleiðir og samræma merkingar vega alþjóðlegum reglum."

Það þarf ekki að taka það fram að vaxandi ferðamannastraumur um landið gerir það brýnt að tekist verði á við það verkefni sem þáltill. fjallar um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannafé til tækifærisgjafa, þáltill. 215. mál (þskj. 254, n. 701). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Nefndin fékk á sinn fund Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðanda. Nefndin leggur til að till. verði samþ. óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Birgir Ísl. Gunnarsson og Pétur Sigurðsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Frelsi í innflutningi á olíuvörum, þáltill. 335. mál (þskj. 533). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta er milljarðamál sem hér er tekið til umfjöllunar. Ætli innflutningsverð okkar á olíuvörum á þessu ári muni ekki nema um 3 milljörðum? Það verða allmörg hundruð milljónir á hvern þm. sem hér er mættur núna.

Það er athyglisvert í sambandi við þessi mál að lítið er talað um frelsi í innflutningi á olíuvörum. Ég varð t. d. aldrei var við að Sjálfstfl. ályktaði um það á landsfundi sínum núna sérstaklega að frelsi ætti að gilda í þessari grein. Það var almennt ályktað um frelsi í viðskiptum, en þetta var ekki sérlega tilgreint og er þó þriggja milljarða mál. Munu þó fáir þættir í viðskiptalífinu hjá okkar vera öllu stærri í sniðum. Ég man reyndar aldrei eftir því að Sjálfstfl., sem er talsmaður frelsis í viðskiptum og samkeppni, hafi sérstaklega ályktað um að frelsi skyldi gilda í þessari grein og hér skyldi samkeppni ríkja. Þeir sjálfstæðismenn boða frelsi í öllum viðskiptum, en einmitt þegar kemur að olíuinnflutningnum og reyndar útflutningsversluninni hljóðna þeir, þá tala þeir ekki um frelsið.

Maður hlýtur að spyrja hvers vegna það sé að þetta skuli vera undanskilið. Gæti það verið vegna þess að olíufélögin hafi eitthvað að segja í málinu, að einmitt þess vegna, þegar kemur að þessu þriggja milljarða verkefni, minnki og dofni allt í einu áhuginn á frelsinu? Sannleikurinn er sá að ég hef ekki orðið var við það að olíufélögin hafi neinn áhuga á að breyta til í þessum efnum. Einn forstjóri olíufélags lét hafa það eftir sér í blaðaviðtali nýlega að vitaskuld gildi ekkert frelsi og engin samkeppni í olíuversluninni á Íslandi. Þetta var forstjóri BP.

Ég sagði að olíufélögin væru ánægð með þetta ástand og ég held að það séu orð að sönnu. Ég hef oftsinnis orðið var við að þessu fyrirkomulagi, sem gildir hér varðandi olíuverslunina og olíuinnflutninginn, vilja olíufélögin ekki breyta. Þeim finnst þetta þægilegt. Þau þurfa lítið eða ekkert fyrir að hafa. Og eins og kerfið er njörvað saman geta þau bara framvísað sínum reikningum. Við höfum hlustað á harmagrát olíufélaganna yfir því hvað tapið væri alltaf mikið á sama tíma og við sjáum hallirnar rísa yfir bensínafgreiðslur og þess háttar. Það merkilega er að eins og kerfið er núna þurfa olíufélögin tæplega að hafa fyrir því að þrýsta á um sín eigin mál vegna þess að ef það safnast upp skuldir í bönkunum fara bankarnir að æmta og æpa og heimta hækkanir handa olíufélögunum. Þetta er gulltryggt kerfi fyrir olíufélögin. Það er kannske ekki nema von að þau séu heldur áhugalaus um að breyta. En maður hlýtur að ætlast til þess af stjórnmálaflokkum sem taka sjálfa sig alvarlega, eins og ég ætlast þó til af þeim flokki, Sjálfstfl., sem talar fyrir frjálsri samkeppni og frjálsum viðskiptum, að þeir a. m. k. hugleiði hvort það fyrirkomulag, sem ríkir í þessum efnum, sé eins og best verði á kosið.

Ég minnist þess líka að hæstv. viðskrh. gaf fögur fyrirheit á liðnu sumri um að það skyldi lækka olíuverðið fyrir 1. okt. Það var hluti úr stefnuyfirlýsingu ríkisstj. þegar hvað mest gekk á á miðju sumri og flotinn sigldi í höfn fyrir austan. En hverjar urðu efndirnar? Ekki lækkaði olían 1. okt. Hún hækkaði. Nú er hæstv. ráðh. að „pjattast" í aðgerðum sem eiga að skila 2% lækkun á olíuverði. Það er auðvitað góðra gjalda vert að fá 2%, en ég held að rétt sé að skoða það í samhengi við aðrar stærðir í þessu dæmi. Við höfum líka upplifað það allt s. l. ár og allt fram á þennan vetur og reyndar á árinu 1983 líka að heimsmarkaðsverð á olíu fór lækkandi og við hlustuðum á fréttir um það aftur og aftur, en á sama tíma hækkaði alltaf olían hjá okkur. Gefur þetta ekki tilefni til þess að menn líti á þetta mál og skoði það?

Olían á Íslandi er dýr. Ég held að óhætt sé að fullyrða það. Munurinn milli olíuverðsins hjá okkur og á Norðurlöndunum einkanlega hefur þó minnkað núna á síðustu mánuðum, m. a. með hliðsjón af þeim vetrarhörkum sem hafa verið, en hann á vafalaust eftir að vaxa aftur ef við gerum ekkert sérstakt til þess að breyta um að því er varðar skipan þessara mála. En við upplifðum það allt s. l. sumar og árið þar á undan að gasolía var 40—50% dýrari á Íslandi en t. d. í Bretlandi og Þýskalandi og bensín hefur gjarnan verið 20—40% ódýrara í ýmsum grannlöndum okkar, t. d. í Þýskalandi, en það er hjá okkur. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna er olían svona dýr? Við skulum hyggja að kostnaðarsamsetningunni.

Innkaupsverð á gasolíu og svartolíu er um 75—80%

af smásöluverði olíunnar þegar hún er komin hingað. Álagning til þess að standa undir dreifingarkostnaði innanlands hvaða nafni sem það nefnist, hvort heldur það er kallað landsútsvar, sem er bara hluti álagningarprósentu fyrir sköttum sem þessi fyrirtæki eiga að greiða, eða leki í hafi, er á bilinu 15—20%. Opinber gjöld eru á bilinu 3—3.5%. Fram að þessu höfum við horft upp á að það sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. eru að glíma við eru þau 3—3.5% í olíuverðinu sem eru hin opinberu gjöld. Eftir mikinn bardaga og vangaveltur allt frá því á miðju s. l. sumri hefur nú séð dagsins ljós sú stefnumörkun að hér megi lækka um 2 prósentustig. Það var þrautafæðing og hefur reyndar kostað það í leiðinni að ríkisstj. hefur orðið að heita því að höggva á tekjustofna sveitarfélaga, þar með landsútsvarið, vegna þess að hún treystir sér ekki til þess að draga úr álagningarprósentunni öðruvísi en að höggvið væri á þann tekjustofn sveitarfélaganna sem svaraði til þessa.

Við heyrum ýmsa titla í sambandi við verðmyndun á olíuvörum. Við heyrum talað um innkaupajöfnunarreikning. Getur verið að hluti af skýringunni á því hvers vegna olían er svona dýr hjá okkur sé fólginn í innkaupajöfnunarreikningi? Við skulum líta á þennan mismun sem er upp á 40—50%. Við erum búin að skoða opinberu gjöldin sem eru upp á 3%. Hvað getur þessi innkaupajöfnunarreikningur gert þegar hann stendur sig eins og hann stendur sig oftast, heldur illa? Jú, hann gerir kannske 5% í olíuverðinu. Auðvitað er það breytilegt. Hann getur farið niður í 1—2%, upp í 6—7%. Ekki skýrir það heldur þennan 40% mun eða 50% ef við lítum á gasolíuna. Þar að auki er innkaupajöfnunarreikningurinn í rauninni einungis bókfærsluatriði sem menn nota til að jafna mun á verði á förmum, þannig að það sem inn á hann kemur fer út af honum jafnóðum aftur og áhrif hans á verðlagninguna sem slíka eiga þess vegna engin að vera nema að því leyti sem menn búa við gamlar syndir.

Hitt má vel vera og má gera sérstaklega að umtalsefni að innkaupajöfnunarreikningurinn hafi þau áhrif að það sé takmarkaður áhugi hjá olíufélögunum að stunda hagkvæmni í innkaupum. Er það flutningurinn til landsins sem er svona dýr? Flutningurinn til landsins er 3—4% af verði olíunnar. Það skýrir ekki heldur muninn. Og ef við bara skoðum eina staðreynd sjáum við hvað innkaupsverðið skiptir miklu í þessu sambandi. Við sögðum að innkaupsverðið á gasolíu væri um 75% af söluverðinu hérna, en það hefur líka verið staðhæft og fyrir því sannanir að smásöluverðið á olíu í Bretlandi og Þýskalandi hafi verið með þeim hætti að gasolían væri 50% dýrari hér. Þá er smásöluverðið í þessum útlöndum orðið lægra en innkaupsverðið hjá okkur. Þá er smásöluverðið í þessum löndum orðið lægra með öllum dreifingarkostnaði og því um líku og álagningu en innkaupsverðið hjá okkur. Þetta er hin yfirgnæfandi staðreynd.

Að því er varðar olíukerfið sjálft sagði ég að við byggjum við samannjörvað kerfi. Við búum við sérstakt kerfi að því leytinu að innflutningurinn er leyfisbundinn. Sem sagt: það ríkir algert ófrelsi og höft í þessum efnum og engin samkeppni og það sem meira er, ráðh. úthlutar í rauninni einokunaraðstöðu til olíufélaganna á þessu sviði. Það er rekið olíuverslunarkerfi sem er einokunarkerfi og er á ábyrgð ríkisins vegna þess að ráðh. úthlutar þessari einokun. Þetta kerfi að meðtöldum innkaupajöfnunarreikningi og öðru því ófrelsi sem ríkir þýðir að olíufélögin hafa engan hag af því að leita eftir hagkvæmni í innkaupum og afraksturinn er sem sagt 40—50% hærra gasolíuverð, sem við höfum mátt búa við á undanförnu ári og fram á þennan vetur, hér en í Bretlandi og Þýskalandi. Þessi munur verður ekki skýrður með flutningskostnaði til landsins, verður ekki skýrður með dreifingarkostnaði, verður ekki skýrður með tollum eða gjöldum til ríkisins af þeirri einföldu ástæðu að innkaupsverðið til landsins án alls dreifingarkostnaðar er hærra en það smásöluverð sem oftlega hefur að undanförnu verið í gildi erlendis. Skýringin á því hvernig komið er í þessum efnum hlýtur þess vegna að liggja í því kerfi sem við búum við. Þrátt fyrir að svona vel sé um hnútana búið kvarta olíufélögin yfir taprekstri og menn eiga kannske erfitt með að skilja hvernig þetta geti gengið upp.

Það er til lítils fyrir hæstv. viðskrh. að vera að pjattast í 2% meðan 75—80% verðsins sitja föst og engin tilhneiging er til þess að ná þar aukinni hagkvæmni. Munurinn á 50% og 48%, þessi 2%, vegur harla létt í þessum efnum.

Við höfum keypt u. þ. b. 80% af olíuvörum okkar frá Sovétríkjunum. Því hefur verið haldið fram að þessi innkaup væru mjög hagkvæm, en það er eitt sem ég sé ástæðu til að vekja athygli á í þessu sambandi. Það er að Sovétmenn ráða æðimiklu um það hvenær ferming skipanna fer fram. Ég hef séð línurit yfir það hvernig Rotterdam-markaðurinn þróaðist. Það sýnir m. a. að það er ótrúlega lítil tilhneiging til þess að það sé tilviljun undirorpið hvar menn eru staddir á sveiflunni á Rotterdam-markaði þegar ferming fer fram. Menn eru æðioft á toppunum á Rotterdam-markaðsskráningunni þegar ferming fer fram. Þetta er eitt af því sem við ráðum ekki yfir við gildandi kerfi. Ég ætla ekki að segja að þetta skýri nema hluta af þessu vandamáli, en ég kemst ekki hjá því að nefna það.

Í umræðunum um olíumálin vitna menn oft til þess hversu mikilvæg olíukaup okkar séu frá Sovétríkjunum. Annars vegar segja menn: Þau eru hagkvæm, en þau eru líka mikilvæg vegna sölu á afurðum þangað. Við skulum líta á þetta.

Ef þessi kaup eru hagkvæm, eins og fram er haldið, munu þau væntanlega halda jafnt áfram þó að frelsi sé gefið í þessum efnum. Væntanlega munu olíufélögin leita eftir því að halda þeim viðskiptum áfram ef þau eru eins hagkvæm og af er látið. Þá þurfa menn varla að óttast neinar breytingar af þeim sökum. Þá eru áhrifin á sölu á afurðum okkar auðvitað engin. Við kaupum þá jafnmikið eða meira. Hins vegar getur verið að úr því að olíuverð er svona hátt hérna hafi önnur kaup, þessi 20%, verið mjög óhagkvæm. Er þá ekki ástæða til þess að ætla að aukin samkeppni mundi verða til þess að lækka verðið á þeim hluta innkaupanna og verða þannig til þess að stuðla að lægra olíuverði?

Lítum nú á hinn kostinn. Ef það skyldi nú vera að olíuinnkaupin frá Sovétríkjunum, sem menn segja að séu svo mikilvæg, séu óhagkvæm, hvað erum við þá að gera með því að halda uppi þeim viðskiptum? Við erum vitaskuld að skattleggja okkur vegna útflutningsins. Við erum að stunda innflutning á dýrari vöru en þyrfti að vera til að útflutningur geti átt sér stað. Hvaða aðili er það sem greiðir bróðurpartinn af þeirri skattlagningu? Það er stærsti olíukaupandinn á Íslandi. Það er útgerð-

in. Útgerðin ásamt með öðrum landsmönnum er þá að skattleggja sig til að standa undir þessum útflutningi. Það yrðu menn þá að taka inn í dæmið vegna þess að það er heildarniðurstaðan sem skiptir meginmáli.

Úr því að hér er verið að tala um að gasolían hafi gjarnan á undanförnum árum, þó bilið hafi mjókkað núna, verið 40—50% dýrari en í grannlöndum okkar, hugsum okkur þá bara helminginn af því, ef það væri hægt að lækka innkaupsverð á olíuvörum um 20% með því að nýta kosti hinnar frjálsu samkeppni og frelsis í viðskiptum, og hvaða fjárhæðir væri þá um að ræða. Ef við erum með innflutning upp á u. þ. b. 3 milljarða á árinu 1985 eru það 600 millj. kr. Ef þetta væru hlutföllin er hér um 600 millj. kr. skatt að ræða á þjóðina sem stafar af því að menn velja ekki hagkvæmustu leiðina. Ég nefni þetta ekki vegna þess að ég gæti staðhæft að þessar tölur eigi við, heldur einungis til þess að menn átti sig á hver eru stærðarhlutföllin í þessum efnum.

Markaðsstaða okkar, segja menn, markaðurinn í Sovétríkjunum skiptir okkur mjög miklu máli hvað sem öllum peningaupphæðum líður að því er olíuverðið varðar. Það er vissulega rétt að við höfum selt heilmikið af vörum til Sovétríkjanna, en ef þau viðskipti í heild sinni hafa verið þannig að um skattlagningu hafi verið að ræða vegna þess að olían sé of dýr af þeim sökum verður að taka það inn í dæmið og í annan stað verðum við að líta á hvað það sé sem við höfum verið að flytja út og hvort við höfum fengið hátt og gott verð fyrir þá vöru. Það hafa verið fluttar út ullarvörur, mönnum hefur þótt þægilegt og gott að vera með þessa samninga um útflutning á ullarvörum til Sovétríkjanna, en verðið hefur verið lágt. Það hefur verið unnt að fá langtum hærra verð fyrir prjónles og aðra ullarvöru sem menn hafa þó komið á Evrópumarkað eða Bandaríkjamarkað, en það var fyrirhöfn. En verðið var lágt og menn hafa dofnað af því að eiga aðgang að mörkuðum sem ekki skila háu verði og þeir hópar sem hafa unnið í þessum prjónaskap hafa orðið láglaunastétt á Íslandi. Ég held menn hefðu gott af því að spreyta sig í auknum mæli á því að finna markaði annars staðar þar sem verðið er hærra eða fá hærra verð í Sovétríkjunum.

Karfaútflutningurinn var okkur ákaflega mikils virði, Sovétmarkaðurinn þar. Nú hafa menn uppgötvað að við getum unnið markað fyrir karfa annars staðar. Við eigum kannske að fara með hann með eitthvað öðrum hætti, en það hefur sýnt sig að með hugkvæmni er hægt að finna ágæta markaði, sem skila hærra verði, annars staðar, bæði í Bandaríkjunum og t. d. í Japan. Það hafa menn fengið að sjá og reyna. Nú er staðan sú að menn hafa ekki áhuga á að auka útflutninginn á karfa til Sovétríkjanna, heldur draga frekar úr honum og leitast þá við að auka hann á öðrum stöðum. Og þá komum við að þriðja þættinum, sem menn geta litið á sem viðkvæman í þessum efnum, nokkuð stórum þætti. Það er síldarútflutningurinn.

Það er ekkert launungarmál að Sovétmenn hafa keypt af okkur langstærstan hluta af þeirri síld sem við höfum saltað. Menn hafa náttúrlega bundið sig við og horfa á að þessi markaður sé mikilvægur. Þetta er þó einungis brot af því sem við kaupum inn olíuvörur fyrir frá Sovétríkjunum.

En hvað um það. Síld er etin víðar en í Sovétríkjunum. Hún er etin um allan heim. En það hefur verið þægilegt og notalegt fyrir okkur að flytja hana út saltaða í tunnur til Sovétríkjanna af því að það er verkunaraðferð sem við kunnum og var fljótvirk og þægileg. Sá markaður hefur gert það mögulegt fyrir okkur að vera ekki að leggja á okkur neina sérstaka fyrirhöfn við að leita að eða finna markaði sem krefðust meira af okkur í verkun, í fyrirhöfn, í markaðsmálum, en kannske markaðir sem gætu gefið okkur langtum meira í aðra hönd. Vitaskuld verða menn að aðlaga sig að aðstæðum á hverjum tíma. Ég held að menn hafi líka gott af því að fá svolítið aðhald í því að laga sig að aðstæðum að því er varðar útflutning á síldarvörum. Þess vegna held ég að ótti manna í þessum efnum sé að ýmsu leyti og að flestu leyti ástæðulaus. Ef innkaupin eru hagkvæm halda þau áfram. Ef þau eru óhagkvæm erum við að skattleggja okkur og menn verða að taka það inn í dæmið. Það gæti vel skeð að einmitt þau viðskipti sem við höfum átt við Sovétríkin, sem menn hafa haft áhyggjur af, hefðu gott af samkeppnisaðhaldi og við mundum fá lægra verð frá þeim jafnframt að því er olíuna varðar.

Að öðru leyti er nauðsynlegt að menn aðlagi sig að markaðsaðstæðum.

En ef við skoðum einungis þær tölur sem ég minntist á hér í upphafi um verðsamsetningu olíunnar, um að að því er varðar gasolíu og svartolíu sé innkaupsverðið einhvers staðar á bilinu 75—80% af smásöluverðinu, sjá menn auðvitað að innflutningsverðið er langafdrifaríkasti þátturinn og innflutningsfrelsi mundi vera langafdrifaríkasti þátturinn í því að auka frjálsræði og auka samkeppni í þessum viðskiptum. Ég held að það sé líka ljóst að án frelsis á þessu sviði verður nánast ekki um neina samkeppni að ræða, hvað annað sem menn gera þegar svo stór hluti verðsins er undir því kominn hvernig menn haga innkaupunum. En þá er það líka ljóst að hagkvæmni í innkaupum ræður úrslitum um hvort menn ná raunverulegum árangri í því að lækka verð á olíuvörum hér á landi. Það er hagkvæmnin í innkaupunum sem mun ráða raunverulegum úrslitum um það. Allar aðrar aðgerðir eru nánast fálm og hjóm í samanburði við þær aðgerðir sem miða að því að ná sem hagkvæmustu innkaupsverði.

Það fyrirkomulag sem við búum við er ákveðið með reglugerð nr. 172 frá 20. mars 1980. Það styðst við lög nr. 63 frá 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Það er þess vegna á valdi ráðh. viðskiptamála að taka ákvörðun um hvort hér skuli ríkja frelsi eða ekki. Ráðh. viðskiptamála getur breytt þessari reglugerð hvenær sem er og það er af þeim sökum sem sú till. sem hér er flutt felur það einungis í sér að fela viðskrh. að breyta þeim ákvæðum reglugerðarinnar sem valda því að ófrelsi ríkir í innflutningi, felur honum það vegna þess að það er beinlínis á hans valdi.

Það fyrirkomulag sem er við lýði hefur gilt hér mjög lengi. Mér sýnist ljóst að það hafi í gegnum tíðina, og alveg sérstaklega var það áberandi á árunum 1983—1984, skilað okkur langtum dýrari olíuvörum en í ýmsum grannlöndum okkar, eins og ég rakti hér í upphafi. Þá verður að leita nýrrar skipunar. Og hvert á þá að leita um það hvers konar skipan upp eigi að taka? Liggur ekki beint við að leita fyrirmyndar hjá þeim sem búa við lægra olíuverð og hafa viðskiptafrelsi í þessum efnum, leita samræmis við það sem gildir hjá þessum grannlöndum okkar og taka upp þá skipan? Vitaskuld. Það er af þeim sökum sem það liggur beint við að flytja

till. eins og þá sem ég mæli hér fyrir og það er þess vegna sem þessi till. er flutt.

Tilgangurinn með þessari till. er einfaldur. Hann er sá að stuðla að verðlækkun á bensíni og olíu með því að gefa innflutning á þessum vörum frjálsan og koma þannig á samkeppni í þessum mikilvægu viðskiptum sem að innflutningsverðmæti eru upp á 3 milljarða á árinu 1985 eða því sem næst ef að líkum lætur.

Þessi mál hafa lítið verið rædd hér á þingi. Þau hafa ekki verið hér til umfjöllunar. Þó er eðlilegt og rétt að um svo stórvægilegan málaflokk fari fram ítarleg skoðanaskipti á þinginu. Mér leikur forvitni á að vita, ekki einungis hvað viðskrh. hefur um þetta mál að segja, heldur líka hvað forustumenn hinna stjórnmálaflokkanna hafa um þetta mál að segja. Hver er afstaða formanns Framsfl.? Hver er afstaða formanns Sjálfstfl. til þessa máls? Hvað eru þeir að hugsa? Hvað vilja þeir gera í þessum efnum? Eru þeir ánægðir með það kerfi sem er við lýði eða vilja þeir ná fram breytingum? Við því mundi ég gjarnan vilja fá svör og ef þessir aðilar eru ekki hér í húsinu núna legg ég til að framhaldi umr. verði frestað þangað til þeir geta skýrt frá því hvaða stefnu þeirra flokkar hafa í þessum mikilvæga málaflokki, miðað við þá reynslu sem menn hafa búið við á síðustu árum. Við höfum upplifað verulegan verðmun miðað við ýmis grannlönd okkar í þessum vöruflokki. Sá verðmunur er minni núna en hann var fram undir þennan vetur og hann er minni einkum að því er varðar Norðurlöndin, en hann er verulegur og hann er mikill og hann er okkur þungbær. Þess vegna verða menn að leita nýrrar skipunar.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég verð að segja að eftir að ég las grg. með þeirri till., sem hér er til umr., gerði ég mér grein fyrir því að flm. till. virtust ekki hafa fylgst með eða gert sér grein fyrir því hver væri staða þessara mála, svo mjög er rangt með farið í grg., svo mjög er fullyrt skakkt í grg., en þegar ég hlusta svo á hv. 3. þm. Reykn., fyrrv. hæstv. viðskrh., koma hér í ræðustólinn og flytja þá ræðu sem hann flutti áðan keyrði að mínum dómi alveg um þverbak í málflutningi eins og hann birtist, hvort heldur er í grg. eða í þeirri ræðu sem haldin var áðan, og ég er ansi hræddur um að ef ætti að taka hvert atriði, sem á var minnst hér af hv. 1. flm. þessarar till. áðan, og leiðrétta, hvort heldur eru talnalegar vitleysur eða efnislegar fullyrðingar, þá yrði að halda mjög langa ræðu. Ég skal reyna að hafa það sem ég hér segi eins stutt og mögulegt er, en ég vildi strax í upphafi setja þennan fyrirvara.

Hann hóf ræðu sína á því að segja að hann hefði ekki orðið var við að Sjálfstfl. hefði ályktað neitt um frelsi á nýafstöðnum landsfundi í þessum málum, eins og hann orðaði það, og fannst harla skrýtið að viðskrh. úr röðum Sjálfstfl. væri að haga hlutum í samræmi við það sem áður hefur verið gert um áratuga skeið í sambandi við innflutning á olíuvörum og útflutning á sjávarafurðum frá Íslandi. Sjálfstfl. ályktaði um frelsi. Ef hv. þm. hefur ekki gert sér grein fyrir því hver er grundvallarstefna þess flokks er að sjálfsögðu hægt að útvega honum gögn í þeim efnum, en hann m. a. s. ályktar um olíuinnkaup undir vissum kringumstæðum og er þá ekki að ræða um innflutningsverslun, heldur á grundvelli þess að við séum ekki of háðir einum aðila í innflutningi.

Ef við aðeins rekjum þetta mál, þ. e. efni till. á þskj. 533, og þau efnisatriði sem þar við koma, þá er það fyrst að segja að hér hugsa menn sér stjórn landsins með nokkuð óvenjulegum hætti. Við höfum stjórnarskrá sem segir okkur hvaða samkoma það sé sem setji landinu lög sem eftir skuli farið og stjórnað. Sumum hefur stundum fundist vera einum of af því gert að Alþingi afsalaði sér valdi sínu til ráðh. og sagt sé í lögum að þessum málum skuli skipað með reglugerð. Nú er komin ný aðferð. Nú ætlar Alþingi að fara að stjórna landinu með þál. Hér flytur þm. till. til þál. um hvernig skuli háttað olíuinnkaupum í landinu, hvernig skuli háttað útflutningi frá landinu, vék að því áðan í mörgum atriðum, og það skuli þá í framtíðinni óþarfi að breyta lögum, það sé auðvelt að breyta reglugerðum með ályktunum Alþingis og þannig skuli þessu stjórnað. Ég skal ekki fara út í stjórnlagalegar umr. hér, vitna í fræðirit eða neitt slíkt, en mér er til efs að samþykkt á slíkri till. yrði talin með þeim hætti að ríkisstj. eða ráðh. bæri þar að skrifa undir eins og hér er lagt til. Alþingi hefur í vaxandi mæli komið fram skoðunum sínum, vilja sínum, viljayfirlýsingum sínum og ríkisstjórnir reynt að verða við því eftir því sem efni og aðstæður eru fyrir hendi á hverjum tíma, en hér er um að ræða að mínum dómi alveg nýja aðferð til þess að stjórna. Kannske er það frelsið sem hér er lagt til grundvallar. Kannske er það frelsið, sem hv. þm. talaði um áðan og saknaði úr yfirlýsingu Sjálfstfl. á nýafstöðnum landsfundi, sem er grundvöllurinn að því að þessar tillögur eru fluttar.

Þetta vildi ég segja um formið á því, sem við erum hér að fjalla um, hvort breyta eigi til um innflutning á olíuvörum og þá í leiðinni breyta um í sambandi við viðskiptamál því að það er öllum ljóst sem til þekkja að þessum hlutum er hagað svo vegna viðskiptahagsmuna þjóðarinnar allrar.

Þá komum við að því sem till. leggur til, að mér verði falið að breyta reglugerð nr. 172 20. mars 1980. Þessi reglugerð er byggð á lögum nr. 63 frá 31. maí 1979. Hver skyldi nú hafa staðið fyrir lagasetningunni sem reglugerðin er byggð á nema flm. sjálfur? Áður en reglugerð nr. 172 20. mars 1980 var gefin út hafði önnur reglugerð verið í gildi svo til eins að efni til, a. m. k. varðandi liðina 27.09.00, 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70. Hver skyldi svo hafa gefið þá reglugerð út nema 1. flm. þessarar till.? Ekki það að ég sé ekki reiðubúinn til þess að aðstoða flm. við að leiðrétta og lagfæra þær villur sem hann hefur gert á sinni hvort heldur er þingmannstíð eða ráðherratíð. Þó verð ég að segja að hv. þm. bar sem viðskrh. á sínum tíma skylda til að skoða þessa hluti miklum mun betur en mér sýnist að hann hafi þá gert, miðað við það sem er grundvöllurinn að reglugerðinni og löggjöfinni sem sett var.

Hvers vegna breytti ekki hv. þm., þáv. viðskrh. þessum málum? Hvers vegna var reglugerðin gefin út með sama hætti og á sömu forsendum og gert hafði verið allt frá 1953? Vel má vera að það hafi orðið hvati að þessu öllu saman að honum hafi fundist að Sjálfstfl. væri að missa af eða láta falla niður úr sinni stefnuskrá frelsi og það sem því tilheyrir og hann hafi þess vegna talið eðlilegt að Alþfl. og Alþfl.-þm. yrðu að taka það upp og þess vegna flutt þessa till. hér. Ég hef ekki þá trú að sú hafi verið ástæðan. Ég bendi á að það eru ekki liðin mörg ár síðan hv. þm. gegndi ráðherraembætti og gerði það í þó nokkurn tíma og hefði á þessum tíma

einmitt getað lagfært allt það sem hann var áðan að segja að væri í ólagi. En hann gerði það ekki. (**Gripið fram í:** Hann hefði gert það ef hann hefði getað.) Hér er komin skýring, að hann hafi ekki getað það. Nú hefur hann hins vegar borið upp till. og lagt til að aðrir menn gerðu það og að sjálfsögðu treystir hann sjálfstæðismönnum til að gera það. Ég vildi, vegna þess sem þm. úr Alþfl. eru að leggja til að verði breytt, minna á hverjir það voru sem stóðu að þeim hlutum á þeim tíma þannig að ljóst sé að hér er hv. þm. vinsamlegast að fara fram á við mig að ég lagfæri og leiðrétti það sem hann á sínum tíma gerði. Nú er það ekki svo að allir menn eigi rétt á að leiðrétta sig og breyta um skoðun og annað eftir því og það er ekkert við því að segja, en ég held að sá málflutningur sem fylgir till. í grg. og það sem var sagt áðan sé ekki nægjanleg rök fyrir því að leggja til þá breytingu sem hér er lögð til.

Það er öllum ljóst, sem fylgst hafa með í þessum málum, að um langan tíma hefur þessum málum verið þannig háttað að innflutningur á olíuvörum hefur verið háður leyfum. Viðskiptahagsmunir okkar eru með þeim hætti að þeir sem farið hafa með stjórn landsins hafa verið reiðubúnir að leggja til að þetta væri svo, þannig að hagsmunir viðskiptaaðilanna íslensku gætu náð fram að ganga. Við skulum gera okkur grein fyrir því að við þurfum að sjálfsögðu að hafa viðskipti við margar þjóðir. Þróunin á undanförnum árum í hinum frjálsa heimi hefur verið frelsi í viðskiptum og við höfum staðið þar í fararbroddi, en við viljum skipta við þær þjóðir sem ekki hafa þá skoðun að slíkir skyldu viðskiptahættir þeirra vera og þess vegna gert viðskiptasamninga og nýtt okkur þá sölu á okkar eigin varningi og keypt vörur í staðinn. Þannig hefur því verið varið með þá samninga sem gerðir hafa verið við Sovétríkin allt frá því á árinu 1953.

Að nú allt í einu sé skynsamlegt að gera þessa hluti, að nú allt í einu muni menn fá ódýrari vöru með því að gera ekki slíkan samning, að nú allt í einu geti menn komið vörum sínum fyrir á markaðinum og þurfi ekki að gera neina slíka samninga, það eru ekki rök sem duga. Þar verður eitthvað annað að koma til til þess að hægt sé að telja það trúverðugt, en ekkert vildi ég frekar en að við gætum átt frjáls viðskipti með olíu og frjáls viðskipti með síld hvar sem við gætum komið því við. (**GJG:** Það þýðir nú engin óskhyggja í þessu.) Það þýðir engin óskhyggja, sagði þm. Mér sýnist að þessir hlutir hafi verið með nokkuð svipuðu sniði það lengi að menn hafi gert sér grein fyrir því að það þýðir ekki nein óskhyggja og menn þess vegna viljað horfast í augu við raunveruleikann og þess vegna hafi hver viðskrh. á eftir öðrum verið reiðubúinn að standa að slíkum viðskiptasamningum eftir því sem ástæða hefur verið til á hverjum tíma.

Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessarar till. er að stuðla að verðlækkun á bensíni og olíum með því að gefa innflutning á þessum vörum frjálsan og koma þannig á samkeppni í þessum mikilvægu viðskiptum."

Svo sagði þm. að um 80% af olíuinnkaupum kæmu frá Sovétríkjunum og nú bið ég hann um að leiðrétta mig ef ég hef ekki tekið rétt eftir því að alltaf getur það verið að manni sjáist yfir. (Gripið fram í.) Í skýrslu sem utanrrh. hefur nýlega lagt fyrir Alþingi kemur skýrt fram á bls. 43, í kafla um utanríkisviðskipti að 56.4% af heildarinnflutningi allra olíuvara koma frá Sovétríkjunum. (Gripið fram í.) 56.4%. Og þá spyr ég: 43.6% eru keypt á frjálsum markaði og hver hefur verið verðlagningin á þeim hluta? (**Gripið fram í:** Hvað hefur verið prósentan?) Fyrir utan það allt saman. En hver hefur verið verðlagningin og hver hefur verið viðmiðunin? Það hefur verið nákvæmlega sama viðmiðun í verði, hvort heldur olíuvörurnar hafa verið keyptar frá Sovétríkjunum, frá Portúgal eða annars staðar. Það er Rotterdam-markaðurinn sem þar segir til. Menn hafa áður reynt að hverfa frá honum og farið í það að kaupa olíu annars staðar vegna þess að menn vildu ekki vera of háðir sem er auðvitað alveg hárrétt. Ég er ansi hræddur um að niðurstaðan af því hafi ekki verið eins jákvæð og menn hefðu óskað. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að á síðustu fjórum árum hefur þetta verið hagstæðasta verðið sem við höfum getað fengið olíuvörur á. Sagt er að olía hafi hækkað hér. Hún hefur hækkað í krónutölu á Íslandi. Það er alveg rétt. En ef við tökum heimsmarkaðsverð og ef við miðum við Rotterdam-verð í föstum gjaldeyri, sem við kaupum þetta í, hefur orðið 30% lækkun á olíu til Íslands á þessu tímabili.

Í hv. Ed. flutti ég í desembermánuði frv. um breytingu á verðlagningu olíunnar innanlands. Ég gerði nokkra grein fyrir því í hverju það væri fólgið og þar fannst mönnum að viðskrh. stigi ekki nægilega stórt skref í átt til frelsis. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Þetta var frv. sem ríkisstj. flutti og ég tók heils hugar undir það þegar allir ræðumenn, sem þar komu í ræðustólinn, sögðu: Við verðum að breyta þessu. Við verðum að fá meira frelsi. — Þetta var í desember. Nú er komið fram í apríl og þar hefur ekki enn verið gefið út nál. En ég veit að nefndin hefur unnið mjög mikið í þessu máli, hefur aflað sér mikilla gagna, fengið upplýsingar. Ég er ansi hræddur um að menn þar geri sér örlítið betri grein fyrir því að þær upphrópanir, sem hafa verið í sambandi við þessi mál, þegar breytingar hafa átt sér stað, hafa ekki allar átt við rök að styðjast. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir því að allar þær upplýsingar, sem sú nefnd hefur fengið, verði sendar til þeirrar nefndar sem um þetta mál fjallar í Sþ. þannig að menn geti gert sér grein fyrir því hvernig staða þessara mála er.

Ef við höldum svo áfram með grg., með leyfi forseta:

„Verð á olíum og bensíni er mun hærra á Íslandi en í nágrannalöndunum." Það kannast nú einhver við þessa setningu utan veggja Alþingis. „Bensín er yfirleitt 20—40% dýrara hér en í öðrum Evrópulöndum og oft er til þess vitnað að íslensk fiskiskip greiði 40—50% hærra verð fyrir gasolíu hérlendis heldur en þegar þau kaupa hana í evrópskum höfnum."

Ég lét gera sérstaka könnun á því hvaða verð væri á olíum og bensíni allt í kringum okkur. Mér komu ekkert á óvart þær upplýsingar sem ég fékk. Sú fullyrðing að verðmismunurinn sé 20—40% dýrari olía hér en í öðrum Evrópulöndum fær ekki staðist, a. m. k. ekki miðað við þær upplýsingar sem ég fékk.

Ég óskaði eftir því að það væru ekki þeir aðilar sem hér selja olíuna og flytja hana hér inn sem öfluðu upplýsinga, heldur gerði það sá aðili sem við auðvitað leitum til, okkar eiginn sendimaður á staðnum, sem hefur aðgang að þessu.

Ef við horfum til okkar næstu landa kemur í ljós að

olían er sums staðar dýrari. Mér var alltaf ljóst að bensínið væri dýrara á Íslandi. Því gerði ég mér grein fyrir. Það stafar ekki af innflutningnum. Það stafar af skattlagningunni hjá okkur sjálfum. Ég man ekki eftir því að í tíð hv. 3. þm. Reykn. sem viðskrh. væri verið að tala um lækkun í þeim efnum. Ég hef undir höndum ítarlega grg. um verð á gasolíu. Við skulum taka Danmörku. Lítrinn af olíu kostar 11,10 kr. sem er verð sem tók gildi 22. febr. miðað við birgðir í landinu 20. febr. Miðað við verð í Danmörku 22. febr. og miðað við að gengi dönsku krónunnar sé 3,53 kr. kostar olíulítrinn á Íslandi 11,10 kr., en í Danmörku 12,97 kr. Innkaupsverð hér er 8,13 kr., verð frá olíuhreinsunarstöð þar 8,03 kr. Ef við tökum svo dreifingarkostnaðinn með og ekkert annað er hann hjá okkur 1,12 kr., en í Danmörku 1,33 kr. Sambærilegur verðgrundvöllur með fob-verði og dreifingarkostnaði er 9,26 kr. hér hjá okkur, en 9,36 kr. í Danmörku. Það er kannske ekki alveg sanngjarnt að taka ekki einhvern flutningskostnað með í verðið í Danmörku þar sem um er að ræða verð frá olíuhreinsunarstöð þar, þannig að hráolían hefur komið þangað og þarf að hreinsast, en að það sé meiri flutningskostnaður en 10—15 aurar á lítra get ég ekki ímyndað mér þegar flutningskostnaðurinn til Íslands er 0,32 kr., þannig að verðið er nákvæmlega það sama og þegar skoðað er verðið í Danmörku.

Hér eru tölur, sem ég hirði ekki að lesa upp, jafnvel frá Bretlandi. Þar er talað um ákveðna tegund af olíu sem er 40—50% ódýrari undir ákveðnum kringumstæðum. Þá kemur dæmið þannig út að um er að ræða rétt innan við 11 kr. þegar við erum með 11,10 kr., Noregur með um 10,89 kr., Vestur-Þýskaland 13,02. Þetta eru staðreyndir og þessar upplýsingar liggja allar hjá fjh.- og viðskn. Ed. Þær munu að sjálfsögðu koma til þeirrar nefndar sem fær þessi mál til umfjöllunar í Sþ.

Fram kemur í grg. að haldið sé uppi óhagstæðum viðskiptum við Sovétríkin. Ég veit að þm. gerir sér grein fyrir að það er ekki rétt. Við fiskum síld sem betur fer aftur og við viljum koma þeirri afurð á markað. Þm. sagði áðan að það ætti að finna upp nýjar pakkningar, vera ekki að salta í tunnur eins og voru í gamla daga. Það er vissulega merkilegt að það skuli vera sömu umbúðir og sama meðferð á þessu hráefni, en ég er ansi hræddur um að þó við færum víða yfir kæmumst við að þeirri niðurstöðu að það væru svo margir sjálfum sér nógir með síld á mörkuðum, sem við mundum leita til, að það væri ekki fyrir okkur að bæta á.

Í skýrslu utanrrh. á bls. 43 er gerð ítarleg grein fyrir hver þessi viðskipti hafa verið á s. l. ári og hvernig þróunin hefur þar verið. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það hefur ekki verið jafnvægi í viðskiptum Sovétríkjanna og Íslands. Það hefur hins vegar verið minna ójafnvægi á s. l. ári heldur en áður.

Ég nefndi í upphafi að forsenda þess hvernig þessum málum hefur verið háttað er viðskiptalegs eðlis af okkar hálfu. Þetta er ekki spurningin um hvort við viljum hafa frjálsan innflutning eða ekki. Þetta er spurningin um hvort við viljum beina viðskiptum með ákveðnar vörutegundir frá okkur sjálfum til ákveðinna viðskiptalanda. Það er ljóst að þeir aðilar sem að þessum málum vinna og stunda síldarsöltun gera sér grein fyrir að hér er um hagstæð viðskipti að ræða. Um ¾ hlutar af saltsíldarframleiðslu okkar hafa verið seldir til Sovétríkjanna, frystur fiskur, hvort heldur er flök eða heilfrystur, ullarvörur og lagmeti. Allt hefur þetta verið til útflutnings og eftir því sem a. m. k. mér er kunnugt hafa framleiðendur ekki séð möguleika til sölu á þessum afurðum og þess vegna fylgt þeirri aðferð sem hér er við höfð og hv. 3. þm. Reykn. og fyrrv. viðskrh. stóð að á sínum tíma sem ráðh. í ríkisstj. Hvort við vildum hafa hlutina einhvern veginn öðruvísi, það er allt annað mál, en ég held að það að hér sé um að ræða ákveðna vörutegund til innflutnings undir ákveðnum kringumstæðum vegna hagsmuna í útflutningi geti enginn talið til ófrelsis. Hér er um að ræða, eins og ég sagði áðan, að menn telja skynsamlegra að haga sér með þessum hætti frekar en einhvern veginn öðruvísi.

Því er haldið fram að þessir viðskiptasamningar hafi kostað þjóðfélagið hærra verð á olíu og lélegri gæði. Þetta held ég að ég hafi sýnt fram á að er ekki rétt hvað snertir verð. Það er samdóma álit þeirra sem þekkja til þessa innflutnings að gæði þeirrar olíu sem inn er flutt frá Sovétríkjunum séu meiri og betri en olíu sem annars staðar fengist. Það hefur verið talið nauðsynlegt fyrir okkur að kaupa olíu með þeim gæðum sem þarna fást.

Á undanförnum mánuðum hefur nokkuð dregið úr nýtingu á svartolíu sem stafar sjálfsagt af því að þar hefur verðhækkunin orðið töluvert meiri en búist var við. Hins vegar liggur ljóst fyrir að eftir að verkfalli kolanámumanna í Bretlandi lýkur, sem þarna hafði áhrif, má reikna með að þar verði snúið við í þeim efnum og sá verðmismunur muni minnka aftur og þannig geti menn nýtt sér hagkvæmara verð á svartolíu sem keypt hefur verið frá Sovétríkjunum.

Í lok grg. þeirrar till. sem þm. talaði fyrir áðan segir, með leyfi forseta:

„Núverandi fyrirkomulag hefur gilt um langa hríð.“ — Það er rétt. Sennilega eitt af því fáa sem er rétt í grg. að undanteknum tilvísunum í frv. og reglugerðir eða lög og reglugerðir sem fyrrv. ráðh. gaf út eða stóð að að samþykkt voru. — „Það hefur skilað okkur miklu dýrari olíuvörum en gildir í nágrannalöndunum.“

Ég minnist þess, eins og ég sagði áðan, að það var gerður út leiðangur til kaupa á olíuvörum undir öðrum kringumstæðum, við aðrar verðmiðanir. Ég held að sú niðurstaða sem þar fékkst hafi ekki skilað því sem hefði getað orðið til þess að breyta um fyrirkomulag, a. m. k. gerðu það ekki þeir aðilar sem þá fóru með þessi mál.

Í lok grg. segir:

„Þá er rétt að breyta fyrirkomulaginu og leita nýrrar skipunar í samræmi við það sem gildir í grannlöndunum.“

Er þá meiningin að sækja fyrirkomulag til nágrannanna sem jafnframt hafa hærra verð? Það er það sem lagt er til hér í grg. Þar segir:

„Með innflutningsfrelsi og samkeppni á að stuðla að verðlækkun á olíum og bensíni.“

Ég er reiðubúinn að stuðla að verðlækkun á olíum og bensíni. Þm. vék að því áðan og sagði að ég hefði orðað það á s. l. ári að lækka skyldi olíuverð 1. okt. Ég man að hann orðaði þetta einhvern tíma við mig frammi á gangi og spurði. Ég sagði við hann að ef hann héldi því fram að ég hefði sagt það færi hann ekki rétt með. Um var að ræða að verð á olíu skyldi endurskoðað fyrir 1. okt. Það var það sem sagt var. Það skyldi endurskoðað.

Ég er hér með lista yfir verð á olíum alveg frá 1. jan. 1978 til 1. okt. 1984. Eitthvert tímabil á þessu blaði gæti ég heimfært undir viðskiptaráðherratíð hv. þm. og ég

gæti jafnvel tekið margfeldið af verðinu á olíunni og bensíninu þegar hann byrjaði og þegar hann endaði og þann tíma sem ég hef verið ráðh. Sá samanburður er a. m. k. ekki til framdráttar þeim málflutningi sem viðhafður var áðan, að ég nú minnist ekki á eina skiptið sem olía og bensín hefur lækkað sem var eftir að ég tók við embætti viðskrh. Þó að það stæði ekki í langan tíma gerðist það þó. Það er meira en hægt er að segja um þá sem á undan voru, hvort heldur það er hv. þm. sem hér talaði áðan eða aðrir.

En endurskoðunin fór fram. Hins vegar hefur ekki enn náðst að tryggja lækkun eða niðurfellingar á gjöldum sem eru á olíu. Vonandi verður það áður en langt um líður. Það getur vel verið að menn telji 2% ekki neitt, en það eru þó a. m. k. 2% og getur haft sitt að segja og hafði það a. m. k. þegar þessi mál voru til umræðu og menn vildu reyna að leysa vandamál þeirra aðila sem hér þurfa við að búa, þ. e. útgerðarinnar, og reyna að tryggja að hennar rekstrargrundvöllur geti verið sem bestur.

Það er hins vegar engum betur ljóst en einmitt útgerðarmönnum að þeir þurfa að selja sína síld. Sú leið hefur verið farin sem ég ræddi um. Menn hafa ekki fundið aðra betri. Á meðan hún finnst ekki vilja menn a. m. k. ekki kasta verðmætum, t. d. 20 000 tunnum af síld, rakleiðis í sjóinn og segja að það sé ekkert í okkar þjóðarbú, við getum bara látið vera að veiða síldina. Þegar síldveiðar voru stöðvaðar eftir ofveiðina á áratugnum 1960—1970 fannst mönnum það ansi slæmt. Það var mikill fengur þegar síldveiðin var leyfð aftur. Ég trúi því að þeir útgerðarmenn a. m. k. sem hafa tækifæri til að stunda síldveiði vildu ekki vera án þess.

Þm. orðaði það svo áðan að ekki væri neitt mál að gera þetta. Það mætti breyta reglugerðinni. Þeir sem yrðu þá að búa við breyttar aðstæður yrðu að reyna fyrir sér á öðrum mörkuðum og hann tryði ekki öðru en að ef þetta gerðist lækkaði olíuverð og við fengjum lægra verð til að tryggja okkar sjávarútvegi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Ég segi það enn á ný: Það stendur ekki á mér að standa að málum með þeim hætti að þar ríki frelsi. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því hvað hér er um að ræða. Ég met svo að það séu þjóðarhagsmunir fyrir okkur að eiga viðskipti við Sovétríkin eins og aðrar þjóðir. Við metum hvernig aðstæður eru hjá hverri þjóð fyrir sig og við verðum að haga okkar viðskiptum eftir því hvernig stjórnskipulag er og hvaða stefna er í viðskiptamálum hjá hverri þjóð fyrir sig. Ég kysi að sjálfsögðu að við gætum haft fríverslun í þessum málum eins og öðrum. Ég er viss um að hv. 3. þm. Reykn. hefði hvorki staðið að þeirri löggjöf sem um þessi mál gildir í dag né skrifað undir reglugerð sem var á undan þeirri sem gildir um þessi mál ef hann hefði haft trú á því að honum gæti tekist að koma fram þessum málum betur en var. Ég er sannfærður um að hefði hann treyst sér til þess að gera það hefði hann gert það þó það væri ekki til annars en að skreyta sig með þeim fjöðrum sem hann af því hefði haft. En að koma til Alþingis og hugsa sér að stjórna þýðingarmiklum málum í inn- og útflutningi með þál. tel ég mjög vafasamt og frá stjórnlagalegu sjónarmiði tæplega hægt. Ef flokksmenn hans hafa áhuga á því að koma þessum málum fram hafa þeir tækifæri til þess. Í Ed. er frv. sem þeir geta gert við sínar brtt., lagt þær þar fram og fundið þar hvert fylgi þær hafa til þess að verða að lögum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er nú eiginlega synd að koma hér inn á milli í þessari umr., milli núv. hæstv. viðskrh. og fyrrv. viðskrh., hv. 3. þm. Reykn., svo mjög sem þá greinir á í sambandi við þá þáltill. sem hér er til umr.

Þar sem mjög er liðið á þingfundartíma í Sþ. ætla ég ekki að flytja langt mál. Hins vegar er margt ómerkara rætt hér á Alþingi en verðlagning á olíu og tilhögun á verslun með olíu, svo stórt sem málið er fyrir íslenskan þjóðarbúskap og ekki síst fyrir aðalatvinnuveg okkar, sjávarútveginn.

Það er mjög fróðlegt að hlýða á málflutning hæstv. viðskrh. hér og bera hann saman við ýmislegt sem fram hefur komið, ekki á landsfundi Sjálfstfl., sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson vék að að hefði láðst að álykta um frelsi í olíuinnflutningi, heldur t. d. sem lesa mátti í Morgunblaðinu í janúarmánuði s. l. þegar mál þessi voru mjög til umræðu, verðlagning á olíu, vegna umsóknar olíufélaganna enn einn ganginn um hækkun á olíuverði. Þá ritaði Morgunblaðið t. d. sunnudagsleiðara 27. jan. um þessi efni og lauk honum á þá leið, með leyfi forseta:

„Morgunblaðið skorar á alla þá sem þetta mál varðar að láta hendur standa fram úr ermum og leysa innflutning á olíu og sölu innanlands úr úreltum haftaviðjum."

Þetta var niðurlag á leiðara þar sem hnútur flugu m. a. til eins af olíufélögunum sem Morgunblaðið hefur ekki á hægra brjóstinu.

Það kvað hins vegar við annan tón hér hjá hæstv. viðskrh. sem varði sig allfimlega í sinni ræðu gegn ásökunum Morgunblaðsins þó að ritstjórar þess væru hér ekki til að leggja orð í belg, heldur í þessu tilefni vegna tillögu frá hv. þm. Alþfl.

Ég ætla ekki að blanda mér mikið í málið, en ég vil taka undir það að verslun með olíu, innflutningur og dreifing er gífurlega stórt mál fyrir okkur og varðandi innflutning á olíunni er eðlilegt og nauðsynlegt að horft sé til allra átta og höfð í huga þjóðhagsleg sjónarmið í sambandi við þá verslun, eins og mér fannst koma hér fram í máli hæstv. viðskrh., að hann reyndi að horfa þar í nokkru samhengi á hlutina.

Ég vek hins vegar athygli á því að þrátt fyrir ræðu hæstv. viðskrh. hér er mjög mörgum spurningum ósvarað um þessi efni og ég held að það sé mikil þörf á því að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því fyrr en seinna að koma á framfæri marktækum gögnum varðandi verðmyndun á olíu hér á undanförnum misserum, þó ekki væri nema til þess að upplýsa almenning í landinu og Alþingi um þá vitneskju sem hæstv. viðskrh. telur sig búa yfir í þessum efnum og rökstuddi hér með talnagögnum, sem ég hef ekki aðstöðu til þess að vefengja, um samanburð á olíuverði hér og í nágrannalöndum.

Við búum við mjög sérkennilegt kerfi í sambandi við olíuverslun. Ríkið gerir samninga um innkaupin og þau miðast við Rotterdam-verð, en síðan afhendir ríkið þremur olíufélögum þessa vöru til dreifingar innanlands og flutnings til landsins, og í rauninni eru það olíufélögin sem annast gerð þessara samninga tæknilega séð og í flestum atriðum, að ég hygg, þó að viðskrn. leitist við að fylgjast með hverju sinni.

Það sem ég vil einkum gagnrýna varðandi þetta kerfi og hef reyndar komið að því áður á Alþingi er einmitt

þetta fyrirkomulag á innflutningsverslunni, að varan skuli afhent þremur olíufélögum, sem hafa samtryggða einokun á innflutningnum og dreifingunni, því þegar kemur til dreifingarinnar hér innanlands og verðlagningar á þeirri olíu sem þau flytja til landsins hvert á sínum vegum, þá munar ekki eyri á verðinu, þá er samkeppnin engin, þá er samtryggingin alger og aldrei stendur betur á að vernda þá samtryggingu en þegar þeir stjórnmálaflokkar fara með völdin í landinu í ríkisstj. sem nú gerist, Framsfl. og Sjálfstfl., því að það virðist aldrei hafa hvarflað að þessum flokkum, hvort sem þeir eru saman í stjórn eða utan stjórnar, að rjúfa verndina um þetta samtryggða kerfi þriggja olíufélaga í landinu. Þessi olíufélög stunda það svo hér innanlands að keppa um markaðinn með sama verð, en byggja hér upp aðstöðu, ekki bara í sambandi við olíudreifingu, dreifingu á olíuvörum og bensín þar með talið, heldur líka í margs konar þjónustuhlutverkum og verslunarstarfsemi til þess að reyna að maka krókinn. Aldrei hafa þau verið duglegri og iðnari við þetta efni en einmitt á undanförnum misserum í tíð núv. ríkisstj. þar sem hver höllin á fætur annarri rís í olíustöðvum á vegum þessara félaga hvort sem þau heita ESSO, SHELL eða BP, því að þar er alls staðar hið sama á ferðinni, samkeppnin um þessa fjárfestingu gegndarlaus — og hverjir skyldu það vera sem borga?

Enginn skal hafa á móti því að sæmilega sé staðið að verslun með þennan varning. En fyrr má rota en dauðrota, eins og dæmin sanna sem blasa við augum hér í höfuðstaðnum og úti um landið í hverju einasta kjördæmi. Þar er ekki spurningin um milljónir heldur tugi milljóna sem settar eru í eina einustu bensínstöð sem svo er kölluð. Og er þar ekkert sparað, hvorki næturvinna né yfirborganir, eins og almenningur þekkir sem sér þessar stöðvar þjóta upp eins og gorkúlur á mykjuhaug í einu byggðarlaginu eftir annað. Jafnvel bankarnir mega fara að skammast sín í samanburði við þetta. (**VI:** Ekki Seðlabankinn.) Ekki Seðlabankinn, en hann er ekki til sýnis nema í einu kjördæmi. Þetta vildi ég að kæmi hér fram af minni hálfu sem almenn gagnrýni á þetta fyrirkomulag.

Ég stóð að því í tíð fyrri ríkisstj. að flytja um það till. í nóvembermánuði 1980 að kannað yrði að ríkið tæki að sér innflutninginn á olíunni alfarið og stæði ekki í þeim leik sem nú gerist í sambandi við innflutning á vegum þriggja aðila sem ríkið að forminu til þó stendur fyrir. Sú till. fékk að sjálfsögðu engar undirtektir hjá páv. hæstv. viðskrh. Framsfl. sem hélt og stóð dyggan vörð um samtrygginguna, í þessu tilviki fyrir ESSO sem Samband ísl. samvinnufélaga er nátengt og flækt við sem kunnugt er. Ég vakti athygli á því hér á Alþingi líka, í hitteðfyrra hygg ég að það hafi verið eða í fyrra, með fsp. til hæstv. viðskrh. hve langt þessi samtrygging olíufélaganna gengur eða réttara sagt hversu þeim er fyrirmunað að horfa til sparnaðar þegar um er að ræða dreifingu á olíuvörunum. Þar er dæmið um olíugeymi Olíuverslunar Íslands á Seyðisfirði lýsandi, geymi sem búinn er að standa tómur um tveggja ára skeið þó að það sé staðhæft af hæstv. viðskrh. að það fyrirkomulag að nýta ekki þennan geymi, þessa birgðastöð á Austurlandi, hafi kostað þjóðarbúið ég hygg á ársgrunni í fyrra metið á 6—7 millj. kr., þetta eina atriði. Og á bak við liggur, og hefur ekki verið hrakið a. m. k., þörf ESSO, Olíufélagsins, til þess að hafa verkefni fyrir Stapafell, hið nýja skip til olíuflutninga, sem þeir hafa keypt til þess að kjótla með smáslatta af olíu út og suður og austur og vestur til að hafa upp í fjárfestingu.

Þetta er eitt lítið dæmi um þessa samtryggingu og hvað hún kostar þjóðfélagið. Ég inni hæstv. viðskrh. eftir því: Er hann ekki reiðubúinn að taka á þessum þáttum? Er hann ekki reiðubúinn að beita sér í þessum efnum og hafa áhrif á að skynsamleg sjónarmið ráði, eins og mér fannst hann túlka í sambandi við heildarhagsmuni okkar viðskipta, útflutnings sem innflutnings?

Ég vil einnig benda á það og inna hæstv. ráðh. eftir því hvort hann telji ekki ómaksins vert að láta reyna á það varðandi það sem kallað er hinn frjálsi hluti olíuinnflutningsins, þ. e. það sem keypt er frá vestrænum mörkuðum, að bjóða slíkan innflutning út, þetta gerir yfir 40% af olíuvörum sem eru flutt frá svokölluðum frjálsum markaðssvæðum til landsins, og láta reyna á hvort með slíku megi ekki fá magnafslátt á þessum innflutningi sem skili okkur hagkvæmara verði en Rotterdam-viðmiðunin. Ég vil leita álits hæstv. ráðh. á þessu. Alþb. hefur oft lagt til að reynt verði, þegar um slíkan innflutning á einsleitum vörum í miklu magni er að ræða, á hin frjálsu viðskiptasjónarmið með útboði á innflutningnum. Auðvitað verður að taka tillit til gæða sem annarra þátta þegar lagt er mat á slík tilboð sem fást kynnu í þeim efnum.

Ég ætla þá ekki frekar að ræða um þetta kerfi sem slíkt, sem ég hef hér gagnrýnt, en mér þóttu fróðlegar tölurnar frá hæstv. viðskrh. um olíuverðið hér og í nágrannalöndum, þann samanburð sem hann reiddi fram.

Ég hafði hér undir höndum í desembermánuði samanburðartölur sem ég hygg að ég hafi fengið frá Landssambandi ísl. útvegsmanna miðað við 4. des. þar sem eftirfarandi var staðhæft á þeim tíma: Verðið á gasolíulítra hér innanlands þá 10,70 kr., í Danmörku 8,17 kr. á lítra, í Englandi 8,14 kr. Skv. þessum tölum, sem þá voru ekki vefengdar hér, það var hæstv. sjútvrh. sem var til andsvara í sambandi við umr. um frv. um Verðlagsráð sjávarútvegsins, var munurinn á gasolíuverði hér annars vegar og í Bretlandi og Danmörku hins vegar yfir 30%. Menn muna eftir hnútunum sem flugu um borð og komu inn í dagblöðin hér upp úr áramótunum milli Kristjáns Ragnarssonar framkvæmdastjóra Landssambands ísl. útvegsmanna og forstjóra olíufélaganna, ekki síst Vilhjálms Jónssonar, um verðmyndun á olíu og umsóknir olíufélaganna um það sem þeir kölluðu leiðréttingu á olíuverði, þ. á m. álagningu til félaganna sjálfra, hækkaða álagningu. Það voru engar smáhnútur sem þar fóru á milli og væri hægt að finna því stað með tilvitnunum í dagblöðin í janúarmánuði s. l. Þess vegna finnst mér að hæstv. viðskrh. hafi komið hér með tölur áðan í ræðu sinni sem nauðsynlegt er að fram komi og hægt sé að fara ofan í. Ég er ekki að vefengja þessar tölur, en þær eru bara allt aðrar en staðhæfðar voru í umr. í desembermánuði og raunar í janúar líka. (**Viðskrh.:** Þær hafa allar verið lagðar fram í fjh.- og viðskn. Ed.) Já, hæstv. ráðh., það finnst mér fróðlegt og ég tel í rauninni að það sé brýn nauðsyn á því margra hluta vegna að sjónarmið ríkisstj., viðskrh. þar á meðal og ekki síst, komi fram í skilmerkilegu plaggi, sem sé til aðgengilegt öllum þm. og almenningi raunar líka, vegna þess hve þessi umr. er mikilvæg í reynd fyrir okkur

efnahagslega, og fá virkilegar staðreyndir fram á borðið, sem ekki sé þá deilt um.

Útvegsmenn hafa staðið í þeirri meiningu og reyndar stutt það með innkaupum á olíuvörum, sem viðskrh. er kunnugt um, þegar menn eru í siglingum að þar hafi þeir átt viðskipti sem eru til muna hagstæðari í innkaupum á olíu. 30% og þar yfir eru nefnd á síðasta misseri, síðustu mánuðum í sambandi við þessi innkaup. Hvað veldur því að menn eiga kost á slíkum kaupum í höfnum erlendis, t. d. Bretlandi, eða hefur orðið þarna einhver stór breyting á síðustu vikum? Ég á satt að segja ekki von á því að það hafi gerst.

Ég vil einnig vekja athygli á að hér var flutt af ríkisstj. sérstakt frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl. Það var lagt fram í Nd. í nóvembermánuði s. l. til staðfestingar á brbl., sem hæstv. sjútvrh. fékk sett þann 30. júlí s. l., sem tryggðu útgerðinni 3% tímabundna lækkun á olíuverði, þ. e. sérstakar greiðslur úr ríkissjóði í gegnum Aflatryggingasjóð til lækkunar á olíuverði um þriggja mánaða skeið. Síðan var þessari niðurgreiðslu á olíuverðinu haldið áfram til áramóta, að ég best veit, og skv. frv. sem var flutt til staðfestingar á þessum brbl. svo og til framlengingar á þessari greiðslu úr ríkissjóði til ársloka 1984. Þetta frv. var hér á dagskrá þar til í byrjun febrúar og ég ætlaði mér að ræða þessi mál í tengslum við frv., en síðan hefur það gufað upp og hefur ekki sést á dagskrá Nd. síðan 6. febr. s. l. Ég bið hæstv. viðskrh. um að upplýsa okkur um hvað hefur orðið um frv. (**Viðskrh.:** Uppgufun?) Já, uppgufun. Hvað veldur að sérstakt stjfrv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi, sem varða einmitt olíumálin, hefur bara gufað upp, horfið, staðfesting á brbl. og breyting að auki? Gæti skýringin verið sú að hæstv. ríkisstj. og þeir ráðherrar sem þessi mál varða, hæstv. sjútvrh. og viðskrh. og kannske forsrh. sjálfur, séu eitthvað feimnir við að ræða um stöðuna í sjávarútveginum og með tilliti til olíuþáttarins ekki síst þar sem mikil heit og loforð voru uppi höfð um leiðréttingu á s. l. sumri á þessum mikla kostnaðarþætti útgerðar í landinu? Er það hugsanlegt?

Ég man ekki betur en hæstv. sjútvrh. hafi lofað útgerðarmönnum, jafnt í sínu eigin kjördæmi sem á landinu í heild, að það skyldu skjót handtök viðhöfð til þess að ná niður olíukostnaðinum. Það var í lok júlí á s. l. sumri. Það styttist í árið síðan þessi loforð voru uppi höfð, en ekkert hefur komið fram um þessi efni nema það dularfulla frv., sem hæstv. viðskrh. flutti uppi í Ed. og minntist á tvívegis eða þrívegis í sínu máli, um flutningsjöfnunargjald eða flutningsgjald. (**Viðskrh.:** Flutningsjöfnunarsjóð.) Flutningsjöfnunarsjóð, sem ég ætla ekki að fara að gera hér að umræðuefni en ég hygg að vafist hafi fyrir ýmsum að átta sig til fulls á hvað fælist raunverulega í ákvæðum þess. Og enn er hv. fjh.- og viðskn. Ed. að velta málinu fyrir sér eftir að hafa haft þetta frv. frá því í febrúarbyrjun til skoðunar. En mér skilst að hún hafi safnað miklu af gögnum, og gott væri nú að fá þau fram í skilmerkilegu formi, kannske samþjappaðan fróðleik um þessi þýðingarmiklu mál.

Ég ætla þá að ljúka máli mínu með tilliti til þess að liðið er á tímann og ekki er ástæða til að orðlengja þetta frekar af minni hálfu nú. Ég met út af fyrir sig allan áhuga hv. þm. á því að fá fram breytingu til hagsbóta á olíuverði, vissulega.

Hæstv. viðskrh. gaf fyrrv. starfsbróður, fyrrv. viðskrh., ýmis holl ráð sagnfræðilegs eðlis í sambandi við þessi mál. Ég man eftir því að það var einu sinni reynt eftir mikla skoðun að breyta frá þeirri viðmiðun við Rotterdamsverð varðandi innflutning á olíuvörum sem hér hefur verið ríkjandi lengi. Niðurstaðan, eins og menn muna, af þeirri tilraun með samninga við breska olíufélagið og mainstream-verðið, sem svo var kallað á ensku, varð ekki hagstæð fyrir okkur, því miður, á þeim tíma svo að það er eðlilegt að menn vilji horfa til allra átta áður en breytt er frá slíkri tilhögun. Og þetta skal vera nóg af minni hálfu í bili.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. fann að formi þessarar þáltill. Mér skildist að honum þætti skynsamlegra að flutt yrði lagafrv. En nú er það svo að í lögunum, sem í gildi eru, er tiltekið að viðskipti með alla vöru, aðra en þá sem er undanskilin sérstaklega með reglugerð, skuli vera frjáls. Þá þyrfti lagabreytingu sem gengi á snið við þetta og tæki það fram, en þar að auki skuli það gilda sérstaklega um olíuvöruna. Mér finnst óþarfi að fara út í slíkar formbreytingar á lögum, sem fyrir hendi eru, þegar hæstv. viðskrh. hefur það gersamlega í hendi sér hvernig hann framkvæmir þá reglugerð sem í gildi er.

Hæstv. ráðh. orðaði það svo að nú ætti að fara að stjórna landinu með þáltill. Ég vil nú minna á það að í ýmsum merkum málum hefur stefna Alþingis verið boðuð og ákveðin með þáltill. Í ekki ómerkari málum en hvernig við skipum öryggismálum landsins, aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, í ekki ómerkari málum en landhelgismálinu og ekki einu sinni, heldur í marggang hefur því verið skipað með þáltill. Þetta er mjög mikilvægt mál sem við ræðum hér og ég get ekki annað séð en það eigi ágætlega heima í flokki með þeim málum sem ég nefndi, svo miklu sem það skiptir í þjóðarbúskap okkar, og að hæstv. ráðh. megi vera fullsæmdur af að um þennan málaflokk, sem undir hann heyrir, skuli einmitt vera fjallað með sama hætti og þau stórmerku mál sem ég rakti hér áðan. Mér finnst hann vera fullsæmdur af og ætti bara að vera hreykinn. Á þessari till. er vitaskuld ekki nokkur formgalli.

Hæstv. ráðh. gat þess að í ályktun frá Sjálfstfl. hefði þess verið getið að menn ættu ekki að vera of háðir einum aðila í þessum viðskiptum. En það var ekki ályktað um það að þessi viðskipti skyldu vera sérstaklega frjáls. Og niðurstaðan úr ræðu ráðh. var vitaskuld ákaflega merkileg. Hún var í fyrsta lagi sú að verðið á olíuvörum á Íslandi væri mjög lágt, ekki hátt. Það væri greinilega alger misskilningur hjá Íslendingum að þeir byggju við hátt verð á olíuvörum. Það væri lægra en menn gætu búist við, það væri lægra en hjá öðrum, það væri mjög lágt. Í ljósi þessa hlýtur menn að furða það að útgerðarmenn á Íslandi skuli leggja það á sig, m. a. útgerðarmenn í Neskaupstað, að fara alla leið til Bretlands á sérstökum skipum til að sækja olíu sem skv. upplýsingum hæstv. ráðh. er dýrari en hér heima. Mann hlýtur að furða á því að talsmenn LÍÚ skuli hafa látið hafa það eftir sér að olíuverðið hér væri 40—50% hærra en það sem þeir gætu fengið í erlendum höfnum. Þessi talnakúnst, sem hér er uppi höfð, kemur vissulega á óvart. Hitt er ljóst, að það hafa orðið breytingar á olíuverðinu á líðandi vetri, eins og ég gat reyndar um í framsögu minni, þannig að bilið hefur minnkað. En það á bara eftir að breikka aftur.

Önnur niðurstaða ráðh. var sú að það væri alveg klárt að við gætum ekki fengið olíu við lægra verði en við höfum fengið undanfarið. Sem sagt, það væru engir möguleikar á lægra innkaupsverði en við höfum notið. Þó er það svo að annað veifið hafa verið að koma farmar til landsins sem hafa verið undir Rotterdam-skráningu, jafnvel langt undir Rotterdam-skráningu. Sannleikurinn í málinu er nefnilega sá, að þó að það sé til Rotterdam-markaður og þó að það sé til skráning á honum, þá er það mjög lítill hluti af olíuviðskiptum í heiminum sem fer þar í gegn. Mjög stór hluti af viðskiptunum gerist með öðrum hætti og margt af þeim viðskiptum er á hagkvæmari kjörum en Rotterdam-markaðurinn gefur til kynna. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni.

Ef menn hins vegar ætla að binda sig við einhverjar skráningar þá er Rotterdam ekkert verri skráning en hver önnur. En í hinum almennu olíuviðskiptum er það ekki skráning á Rotterdam-markaði eða einhver önnur skráning sem ræður þessum viðskiptum alfarið. Í því liggur nefnilega hundurinn grafinn, með leyfi hæstv. forseta. Í því liggur efni þessa máls. Þess vegna tel ég að sú staðhæfing hæstv. ráðh. að við getum ekki fengið lægra olíuverð standist ekki. Hún stenst einfaldlega ekki vegna þess að aðrir hafa fengið lægra olíuverð og við bjuggum hér í langan tíma við það að munurinn var þau 40—50% sem ég rakti hér áðan.

Þriðja meginniðurstaða hæstv. ráðh. í ræðunni var sú að samkeppni mundi ekki skila lægra verði. Þetta þótti mér merkileg yfirlýsing af hálfu eins af fremstu talsmönnum þess flokks sem hefur ævinlega haldið því fram að samkeppni mundi skila lægra verði. Nú er það tekið út fyrir sviga að því er olíuna varðar, einhver stærstu viðskipti sem eru í gangi í heiminum í fyrsta lagi, stærsta samanlagða innflutningspóst hjá Íslendingum. Í þessari grein gildir það skv. mati hæstv. ráðh. að samkeppni geti ekki skilað lægra verði. Þetta var harla merkileg yfirlýsing. Og þetta gengur náttúrlega þvert á það, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á, sem Morgunblaðið hélt fram í leiðara 27. janúar s. l., að leysa þyrfti olíuviðskiptin úr úreltum haftaviðjum.

Hæstv. ráðh. gerði mikið mál úr því að það væri áreiðanlega rangt farið með prósentutölur og fleiri tölur í grg. með þessari till. Eitthvað er það nú orðum aukið. Í grg. sem unnin hefur verið af opinberum aðilum, dags. 24. ágúst 1984, stendur skýrum stöfum: „Á undanförnum árum hafa innkaup frá Sovétríkjunum á olíuvörum numið tæplega 80% af heildarinnflutningi til landsins á þessum vörum.“ Þessi tala, 80%, er ekki gripin úr lausu lofti. Það kemur líka nákvæmlega í sama stað niður ef hæstv. ráðh. tekur innflutning á þeim vörum sem hér er verið að fjalla um, svartolíu, gasolíu og bensíni og lítur á árið 1983. Þá kemur út 80%. Það er breytilegt eftir tegundum. Það var 100% í svartolíunni, 70% í gasolíunni og eitthvað um 70% í bensíninu líka. Hæstv. ráðh. kinkar kolli. (**Viðskrh.:** Það var 70% í bensíninu.) Það var 70% í bensíninu og ég geri ráð fyrir að hann sé að kinka kolli við hinu líka. Þá held ég að honum hljóti að vera fyllilega ljóst að meðaltalið úr 70 og 100%, hver svo sem vigtin er á hinum ýmsu magntölum sem þarna koma inn í, getur aldrei orðið 56.4% eða hvað það nú var sem hann var að reyna að halda fram hér áðan. Þessi fullyrðing hæstv. ráðh. er því rekin til föðurhúsanna.

Hæstv. ráðh. gerði mál úr því að ég hefði verið meðal flm. þeirra laga sem hér væri byggt á, ég hefði gefið út reglugerð varðandi þessi mál, sem ekki væri að vísu í gildi núna en hefði verið í gildi þar á undan, og að það sem ég væri fyrir hann að leggja væri það að hann ætti að leiðrétta villur og skyssur sem ég hefði staðið að á sínum tíma. Nú getur hann auðvitað valið hvaða orðalag sem hann vill í þeim efnum. En hitt er auðvitað meginatriði málsins í fyrsta lagi að þetta fyrirkomulag hefur verið mjög lengi við lýði og þau lög sem hér var um að ræða tóku ekki sérstaklega til þess að höft skyldu vera í olíuverslun. Þar var heimild til þess að takmarka frelsi í viðskiptum eftir því sem ráðh. kysi. Og í annan stað, að því er reglugerðina varðar, þá hafði þetta fyrirkomulag verið lengi í gildi.

En í þriðja lagi, og það skiptir kannske ekki minnstu máli, er það að aðstæður eru allt, allt aðrar núna heldur en þá. Við skulum gæta að hvernig aðstæður voru á árunum 1979—1980. Þá var skortur á olíuvörum. Ég skal víkja að því nánar hér á eftir. En núna er framboð á olíuvörum aukið svo mjög að það er umfram eftirspurn. Þetta eru auðvitað allt, allt aðrar aðstæður og gefa allt aðra möguleika til að afla bensíns og olíu með öðrum hætti og meiri líkur á að geta fengið lægra verð. Hitt var rétt að vegna þess að ég taldi að ekki væri gott að vera einum of háður og við skyldum leita eftir fjölbreytni stóð ég að undirbúningi þeirrar tilraunar sem gerð var að umtalsefni áðan varðandi innflutning á olíu frá Bretlandi til að reyna að losa hér um og við ættum fleiri kosta völ. Sú tilraun bar ekki þann árangur sem við ætluðumst til. Reyndar voru það ekki örlög mín að fylgja henni eftir til enda, heldur gengu aðrir frá verðsamningum varðandi þann innflutning. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem ég hef velt fyrir mér og gert tillögur um breytingar að því er varðar innflutning á olíuvörum og það var ekki heldur takmarkað við þessar tilraunir til þess að komast inn á breska markaðinn, heldur flutti ég líka till. í þeirri ríkisstj. um að stofnað yrði sérstakt innflutningsfyrirtæki um innflutninginn. Allt er þetta viðleitni til að taka á þessu máli, sem menn hafa yfirleitt aldrei fengist til þess að ræða hér á hv. Alþingi, en svo sannarlega gefur fullt tilefni til þess með tilliti til þess hversu háar fjárhæðir eru í húfi.

Hæstv. ráðh. kvartaði undan því að ég hefði ekki hrósað honum nóg fyrir það að hann væri að lækka verðið um a. m. k. 2%. Ég biðst velvirðingar á því ef hann hefur ekki fengið nógsamlegar þakkir fyrir það og óska honum til hamingju með það mikla afrek, en hitt er það að það væri langtum meira afrek ef hann gæti komið á raunverulegu frelsi í þessum viðskiptum, ef hann gæti komið á raunverulegri lækkun á innkaupsverði, sem er eftir sem áður 75—80% af hinu endanlega verði olíunnar hér.

Varðandi þær tölur sem raktar eru í grg., 40—50% verðmun á s. l. sumri á gasolíunni, þá getur hæstv. ráðh. flett upp í LÍÚ til að fá það staðfest. Varðandi þær tölur sem tilgreindar eru um bensín, þá getur hæstv. ráðh. líka flett því upp hver staðan var í þeim málum fyrir tveimur mánuðum. Það eru til gögn, sem birst hafa á opinberum vettvangi, sem staðfesta að þessar tölur, sem tilgreindar eru í grg., voru þá í gildi.

Herra forseti. Ég get senn lokið máli mínu í þessari atrennu, en ég hlýt að ítreka það, sem ég sagði hér áður, að með tilliti til þess hversu hér er um mikilvægt

mál að ræða hefði ég talið eðlilegt að þessari umr. yrði nú frestað og henni yrði haldið áfram þegar talsmenn Framsfl., sem engir eru hér núna, formaður Framsfl. eða formaður þingflokksins og eins formaður þingflokks eða flokks sjálfstæðismanna, væru viðstaddir og gætu tekið þátt í umr. og gætu gefið yfirlýsingar um hvort það sé raunverulega svo að þessir flokkar vilji engar breytingar í þessum efnum og telji að hér sé engan ávinning að hafa, eins og virtist koma fram í máli hæstv. viðskrh., hvort þeir séu sammála því að verðið á Íslandi sé lágt, við eigum enga möguleika á því að fá lægra verð og samkeppni muni ekki geta skilað lægra verði í þessari grein. Þessa óska ég, herra forseti, og ítreka þá ósk mína um leið og ég læt máli mínu lokið á þessu stigi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykn. hefur óskað eftir frestun á þessari umr. Þó er enginn á mælendaskrá. Hann leggur áherslu á að málið sé svo mikilvægt að það þurfi fleiri að ræða það. Ég vek athygli á því að málið er búið að vera marga fundi á dagskrá og öllum hefur mátt vera ljóst að málið væri mikilvægt, ef svo er.

Það skal enn fremur tekið fram, sem augljóst er, að þó málinu sé frestað er það ekki í valdi forseta að sjá svo um að fleiri taki til máls ef þeir óska þess ekki. En þrátt fyrir þetta mun nú verða orðið við ósk hv. þm. Umr. er frestað.

Umr. frestað.

Vaxtamismunur inn- og útlána í bönkum.

Framhaldssvar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vaxtamismun inn- og útlána í bönkum og sparisjóðum, á þskj. 434, afhent þm. 11. apríl.

Eftirfarandi tafla er unnin af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands:

Vaxtamismunur inn- og útlána í bönkum og sparisjóðum.
(Viðauki við töflu sem birt var 14. mars.)

	Landsbanki	Búnaðarbanki	Útvegsbanki	Iðnaðarbanki	Samvinnubanki	Verslunarbanki	Alþýðubanki	Sparisjóðir	Viðskiptabankar og sparisjóðir
Árið 1983									
Raunvaxtamismunur á leiðréttum útlánum og innlánum í m. kr.*									
Á verðlagi í ársbyrjun	290,8	158,6	73,1	57,3	69,2	43,4	26,6	164,5	883,5
Á verðlagi í árslok	504,2	275,0	126,7	99,4	119,9	75,3	46,2	285,1	1 531,8
Árið 1982									
Raunvaxtamismunur á leiðréttum útlánum og innlánum í m. kr.*									
Á verðlagi í ársbyrjun	137,8	80,2	41,5	27,8	36,5	22,0	11,6	82,0	439,4
Á verðlagi í árslok	221,2	128,8	66,6	44,6	58,6	35,3	18,7	131,7	705,5

* Miðað er við það fjármagn sem bundið er í innlánum (án gjaldeyrisreikninga) á árinu, sbr. enn fremur áður birta töflu.

Byggingarkostnaður opinberra bygginga.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Kristínu S. Kvaran um byggingarkostnað opinberra bygginga, á þskj. 480.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

Hver er byggingarkostnaður opinberra bygginga á vegum ríkisins miðað við fullbúið húsnæði, reiknaður á rúmmetra eða fermetra hverju sinni?

Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum.

Svar:

Hér a eftir ter skrá frá Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er sýnir greiddan byggingarkostnað vegna framkvæmda á árunum 1971—1983 á verðlagi í janúar 1985.

FRAMKVÆMDADEILD

Samningur nr. | Dagsetning samnings | Samningsupphæð | Framkvæmd

Grunntala samnings — stig | Tímabil

GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr.

Dagsetning | Höfundur | Blað

SKIPTING Á TÍMABIL

SKÝRINGAR	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Lagadeild H.Í.		56.140		2.134	240	122	196	51	9					58.892
Verkfr.-og raunv.d.H.Í. 1. og 2. áfangi	53.832	10.928	15.386	29.611	53.401	9.287	3.455	4.402	518		348			181.168
Verkfr.-og raunv.d.H.Í. 3.áfangi												4.437	142	4.579
Læknad.H.Í.innr.Ármúla		10.815	1.745	35										12.595
Lækna-og tannlæknahús			121	166	1.417	4.234	14.345	19.316	17.713	45.181	36.051	54.553	49.334	242.431
Reiknistofnun H.Í.						2.823	1.788	1.492	9					6.112
Raunv.st.H.Í.efnafr.st.								2.100						2.100
Gamli-og Nýi Garður,end.b								6.261	2.866	6				9.133
Hugvísindahús H.Í										2.517	16.884	11.515	285	31.201
Menntask.á Ísafirði, heimavistir o.fl.	10.234	35.124	22.027	18.328	16.761	4.301	853			72		2	165	107.867
Menntask. á Ísafirði, kennsluhús								3.643	8.520	16.831	5.552	14.907	15.129	64.582
Menntask. á Laugarvatni, kennslustofur	4.173	13.599	14.479	1.520	138	775	113	708	1.050	381				36.936
Menntask á Laugarvatni, kennara-og nemendab.st.ofl.					896	2.953	1.209	380	26	28	315			5.807
Menntask. á Egilstöðum, nýbygging					1.332	6.776	14.360	16.989	29.081	5.134	6.046	9.917	8.172	97.807
Menntask. á Egilstöðum, íbúðir										4.790	234			5.024
Menntask.v.Hamrahlíð lóð					450	459	923	405						2.237
Héraðssk.í Reykholti, heimavistir	354	12.203	21.350	3.496	269	3.111	2.893	38	26	1				43.741
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD	Samningur nr. / Grunntala samnings — stig	Dagsetning samnings / Tímabil	Samningsupphæð	Framkvæmd	GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr. Dagsetning / Höfundur / Blað

SKÝRINGAR	1971	1972	SKIPTING Á TÍMABIL Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Héraðssk. í Reykholti, ýmsar framkvæmdir				946	708			177	3.695	222	1.424	2.510	12.355	22.037
Héraðssk. á Núpi,endurb.			73	123	1.370	4.118	1.598	2.365	752	1.411	594	1.234	1.310	14.948
Héraðssk. í Reykjanesi, kennslustofur		3.353	8.389	8.984	8.701	995								30.422
Héraðssk. í Reykjanesi, endurbætur		2.467	542	115	126	996	1.365	936	43	61	311	387	256	7.605
Héraðssk. á Reykjum,nýb.			1.471	7.473	9.893	12.582	7.488	76	52	22	44			39.101
Héraðssk.á Reykjum,endurb.						1.293		3.732	2.805	2.695	2.159	3.111	347	16.142
Alþ.sk. á Eiðum,endurb.		3.249	442	4.433	1.256	1.168	492	2.593	596					14.229
Alþ.sk. á Eiðum,kennarab.				51	39	2.072	1.102	164	9	22				3.459
Alþ.sk. á Eiðum,heimvist									112	4.845	6.665	8.798	142	20.562
Héraðssk.á Laugarvatni, ýmislegt					1.781	742	1.016	721	622	306	110	117	58	5.473
Héraðssk. á Skógum,ýmisl.								253	190	567	124	375	232	1.741
Húsm.sk.,Laugarvatni		775	49	940	379	369	88	38	26	39		178	80	2.961
Sjómannask.kennslust.	653	14.894	6.473	1.687	784	116	37	13	129	322	201			25.309
Sjóm.sk.,endurbygging Kennaraháskóli og ÆKÍ				1.992	1.051	2.312	1.670	519	95	56	478	3.132	2.289	13.594
íþróttahús	29	16.691	18.832	18.726	4.706	1.734	590	38	52		545	96	3	62.042
Kennaraháskóli,nýbygging							1.197	126	4.290	10.058	2.584	8.951	18.158	45.364
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD	Samningur nr. / Grunntala samnings — stig	Dagsetning samnings / Tímabil	Samningsupphæð	Framkvæmd	GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr. Dagsetning	Höfundur	Blað

SKÝRINGAR	1971	1972	SKIPTING Á TÍMABIL Frá TN 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Æfinga-og tilr.sk.H.Í.														
frágangur		328	1.562	1.276	2.241	18	849	430		17	11		4	6.737
Heyrnleysingjaskóli,														
skólahús frágangur	2.293	804	11	129	4									3.241
Heyrnl.sk. 4 heimav.hús		14.361	17.400	2.929	383	5	362							35.440
Hjúkrunarsk.Ísl.														
innréttingar kennslustofa				1.281	315	4								1.600
Fiskvinnslusk.innr.														
leiguhúsnæðis					987	1.545								2.532
Tækniskólinn innr.														
leiguhúsnæðis					7.208	12.134	2.697	1.379	112	100				23.630
Öskjuhlíðarsk. tannl.st.														
og viðgerð								367			249	709	1	1.326
Öskjuhlsk. 2.áf.													6.763	6.763
Sameign skóla,Laugarvatni				240										240
Íþróttak.sk.Laugarvatni,														
innréttingar								1.366	1.718	172				3.256
Íþróttahús Í.K.Í.											1.618	12.414	11.247	25.279
Fóstuskóli,endurbætur											66	333	68	467
Skóli f.fjölfatlaða				1.119	667	3								1.789
Æfingasalur Hlíðaskóla								1.543	302	89				1.934
Safamýrarsk.(við Lyngás)									3.936	14.170	9.261	10.347	3.174	40.888
Rannsóknarst.byggingaiðn.														
2. áfangi				1.791	6.235	8.020	32							16.078
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD

Samningur nr. | Dagsetning samnings | Samningsupphæð | Framkvæmd

Grunntala samnings — stig | Tímabil

GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr.

Dagsetning | Höfundur | Blað

SKÝRINGAR	1971	1972	SKIPTING Á TÍMABIL Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Rannsóknarst.byggingar-														
iðnaðarins,3.áfangi													844	844
Iðntæknistofnun													12.064	12.064
Færanl.kennslustofur			4.996	5.739	8.112	2.951	38		1.735	50	2.632	399	364	27.016
Skóli í Krísuvík			6.293	14.853	7.628	1.880		9						30.663
Utanríkisráðuneytið														
Fríhöfn á Keflavík -														
vöruskemma									7.225	1.761				8.986
Landbúnaðarráðuneytið														
Íbúðarhús Staðarfelli				1.634	1.858	250	45							3.787
Einangr.st. í Hrísey			434	4.625	4.562	1.647	1.202							12.470
Bændask.á Hvanneyri:														
A. Innr.nýbyggingar			997	4.862	16.500	11.797	3.264	1.037	4.135	561	15		6	43.174
B. Endurb.íbúðarhúss					105	1.001	1.367	5.477	320	645	3.484	129	463	12.991
C. Endurb.skólahúss											490	1.147	232	1.869
D. Rannsóknarhús													4.008	4.008
Bændaskólinn á Hólum														
A. Hesthús og hlaða										2.067	2.639	3.491	3.134	11.331
B. Endurb.skólahúss o.fl.										1.011	9.004	5.239	1.282	16.536
Dýralæknisbústaðir:														
A. Þórshöfn								1.961	2.581	89	256	457	143	5.487
B. Krossholt								607	337	2.162	933	42	8	4.089
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD	Samningur nr. / Grunntala samnings — stig	Dagsetning samnings / Tímabil	Samningsupphæð	Framkvæmd	GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr. Dagsetning	Höfundur	Blað

SKÝRINGAR	1971	1972	SKIPTING Á TÍMABIL Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
C. Breiðdalsvík											608		11	619
Grænfóðurverksmiðjur:														
A. Flatey						7.215								7.215
B. Gunnarsholt							107	38						145
Rannsóknarst.landb:														
A. Íbúðarh.f.bút.deild					51	1.899	1.365	76						3.391
B. Tilr.fjós Möðruvöllum						2.568	555	772	855	1.423	264	530	6	6.973
Starfsmannahús Skógr.rík.														
í Haukadal												437		437
Dóms- og kirkjumálaráðun.														
Rannsóknalögr.ríkisins														
innr.Auðbrekku 10							2.538	24.490	1.580	1.311	403			30.322
Gæsluvarðh.fangelsi Rvk.								6.515	777	256				7.548
Nýbygging Litla Hrauni								3.972	5.766	5.718	92	2	23	15.573
Fangelsi við Síðumúla		2.295	1.197	7					855		209			4.563
Sýslusk.og bæjarf.Keflav.			115	4.135	22		15	304						4.591
Bæjarf.sk.Bolungarvík					79	210	1.270	228	3.574	517			11	5.889
Fangageymsla á Akranesi					1.822	71	13				4			1.910
Lögreglust. í Grindavík					589	78	133							800
Sýsluskrifst.Borgarnesi							2.299	1.682	5.395	6.618	5.530	195		21.719
Sýsluskrifst. Eskifirði							262	89	147		44	14.774	6.230	21.546
Lögreglust. í Keflavík							599	2.644	7.570	5.468	333			16.614
Bæjarf.skrifst.Kópavogi							8.670	7.059	95	22	824		3	16.673

FRAMKVÆMDADEILD

Samningur nr. | Dagsetning samnings | Samningsupphæð | Framkvæmd

Grunntala samnings — stig | Tímabil

GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr.

Dagsetning | Höfundur | Blað

SKIPTING Á TÍMABIL

SKÝRINGAR	1971	1972	Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Lögreglust.Grundarfirði								430						430
Bæjarfóg.Rvk.innréttingar										9.502	135	68		9.705
Lögreglust. á Hvolsvelli		1.857								222	4			2.083
Lögreglust. á Seyðisfirði											15	19	2.826	2.860
Lögr.stj.búst., Höfn			1.438	2.205	43									3.686
Bifreiðaeftirl.Keflavík					300									300
Bifreiðaeftirl.Reykjavík					335	1.086	7.674	177	121	111		99		9.603
Prestssetur á Bergþórshv.							1.026	1.607	1.174	22				3.827
Prestssetur á Mosfelli, Grímsnesi									363	183				546
Heilbriðgis- og trygginga-málaráðuneytið														
Talmeinast.Íslands									2.072	2.501	703	528	1.332	7.136
Visth.Vífilstöðum			11.278	11.628	3.885	2.348	70	126	9				11	29.355
Geðdeild Landspítalans			958	32.769	40.176	18.127	29.258	40.074	24.576	21.921	21.404	20.048	24.108	273.419
Fæðingard.Landspítalans				4.294	27.695	13.831	2.347		35	56			11	48.269
Barnah.Landspítalans				1.075										1.075
Rannsóknarst.(bráðab.h.) á Landspítalalóð				5.552	9.742	11.509	1.867	228						28.898
Ranns.st.H.Í.Barónsst.						52		25	52					129
Ýmisl.hönn.kostn.á L.lóð				658	531	555	139	38	501	183	88	331	513	3.537
Yfirstj.mannv.g.á L.lóð				664	544	619	733	734	794	861	889	917	951	7.706
Landsp.móttökudeild (W)							3.923	5.022	35	233	3.155	4.760	977	18.105
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD	Samningur nr. / Grunntala samnings — stig		Dagsetning samnings / Tímabil		Samningsupphæð		Framkvæmd				GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr. Dagsetning		Höfundur	Blað
SKÝRINGAR			SKIPTING Á TÍMABIL											
	1971	1972	Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Ríkissp.Hátún 10B							149	405						554
Landsp. byggingK										2.223	2.584	3.355	2.228	10.390
Landsp.lóð tengigangur											322	4.247	1.000	5.569
Iðjuhús v.Kópavogshælið											7.701	4.485	8.890	21.076
Y-mál bún.og tæki L.sp.												2.611	6.521	9.132
Lsp.l.rannS.st.í ónæmisf.													112	112
Heilsugæslustöðvar:														
1. Borgarnes	306	9.202	6.464	6.047	6.975	2.899	418	481			102		39	32.933
2. Dalvík			207	409	5.390	6.336	2.100	557	2.495	6.235	2.397	629	205	26.960
3. Höfn				2.716	9.895	8.777	6.958	1.328	725	300	501	199	45	31.444
4. Vík					1.879	4.180	1.526	5.604	1.442	289	377	214	135	15.646
5. Kirkjubæjarkl.					2.062	2.611	2.771	4.921	958	345	307	305	23	14.303
6. Búðardal					2.592	3.671	2.894	4.668	1.234	417	260	56	343	16.135
7. Bolungarvík					1.236	3.641	4.278	5.401	164	117	59	387	364	15.647
8. Vopnafirði						4.278	1.081	2.505	3.910	1.056	11	21	171	13.033
9. Hvolsvelli							5	2.113	2.693	406	2.547		6.854	14.618
10. Hvammstanga								266	121	200	7.196	4.101	5.598	17.482
11. Fáskrúðsfirði									1.528	3.067	2.306	6.215	1.164	14.280
12. Ólafsvík									52		6.910	9.122	960	17.044
13. Seltjarnarnesi											5.845	8.064	699	14.608
14. Keflavík											4	8.763	6.801	15.568
15. Hólmavík												2.508	4.819	7.327
16. Þórshöfn													1	1
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD

Samningur nr. | Dagsetning samnings | Samningsupphæð | Framkvæmd

Grunntala samnings — stig | Tímabil

GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr.

Dagsetning | Höfundur | Blað

SKIPTING Á TÍMABIL

SKÝRINGAR	1971	1972	Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Frh. hgst.														
17. Akranes													32	32
18. Djúpivogur													263	263
Sjúkrahús Keflavík				253	3.078	8.635	4.761	2.922	10.661	14.647	9.274	1.961	218	56.410
Sundlaug v.Grensásdeild									1.329	8.613	17.275	917	3.303	31.437
Sjúkrah.Akranes,endurb.													867	867
Sjúkrahús á Selfossi		3.165	2.138	25.111	11.246	11.268	2.303	10.841	5.663	14.264	14.977	6.353	4.128	111.397
Heilsug.st.Egilstöðum		1.730	9.066	963	513	155					117	572		13.116
Sjúkrahús Neskaupstað			1.790	1.072	17.614	9.944	10.170	2.640	11.714	12.636	9.326	5.363	1.954	84.223
Sjúkrah.og hgst.,Ísafirði			516	872	2.065	26.731	23.292	24.503	13.000	14.525	16.938	21.087	22.037	165.566
Sjúkrahús á Akureyri:														
1. Áf. Ia							20.526	12.650	16.237	32.192	26.791	27.460	9.401	145.257
2. Áf. IIa										6.060	23.424	14.880	2.018	46.382
3. Annað				12.946	18.965	33.124	6.461	4.718	13.250	11.841	5.197	3.900	4.301	114.703
Heilsug.st.Patreksfirði				1.705	397	7.938	11.418	13.295	9.185	2.906	4.688	2.745	1.333	55.612
Heilsug.st. Ólafsfirði					23	2.210	8.769	6.186	3.220	4.351	8.078	7.566	3.709	44.112
Sjúkrah. á Sauðárkróki						529	4.988	10.575	8.209	1.984	5.724	10.574	10.977	53.560
Heilsug.og hjúkr.Seyðisf.							891	5.490	6.077	1.384	9.435	4.150	5.780	33.207
Sjúkrahús Blönduósi								177	190		1.438	4.828	10.735	17.368
Sólvangur Hafnarfirði													1.551	1.551
Læknismóttaka Súðavík				1.793	1.078	7	746	544	898	39	4	9		5.118
Læknismótt. á Stöðvarfirði				28	1.190	1.826	328	13						3.385
Læknismótt.Breiðdalsvík					416	1.297	205		78					1.996
Læknisbúst. Hólmavík				387	1.478	2.643	198			39				4.745
SAMTALS														

FRAMKVÆMDADEILD

Samningur nr. | Dagsetning samnings | Samningsupphæð | Framkvæmd

Grunntala samninga — stig | Tímabil

GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr.

SKÝRINGAR	1971	1972	SKIPTING Á TÍMABIL Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Dagsetning 1981	1982	Höfundur 1983	Blað
Flutt														
Læknisbúst. Hvammstanga				2.262	1.094	283	2.179	202	9	128	139			6.296
Læknisbúst.Árholti 8 Húsv							1.750	1.556	1.865					5.171
Læknisbúst. Þingeyri							2.037	3.112	345	211	26	35		5.766
Læknisbúst. Siglufirði								25	2.900	2.045	40			5.010
Læknisbúst. Þórshöfn											706	610		1.316
Læknisbúst. Bolungarvík													1.216	1.216
Vistheimilið Sólborg					3.072	7.519	2.738	13.181	5.809	706	4.301	704	1	38.031
Visth.Vonarland,Egilst.							4.386	3.415	4.014	3.729	3.360	350	986	20.240
Fjármálaráðuneytið:														
Grensásvegur 9			770	371	127	16.358	7.133	2.011	24.610	1.884		16		53.280
Fjármálarn.launadeild						179		13						192
Fjármálarn. sáttasemjari Borgartún 22									768	2.817	15			3.600
Fjármálarn. Laugav.116										7.040	1.076	59		8.175
Fasteign.rík Skipholt 37														
Laugavegur 166,Rvk.													3.998	3.998
Fasteignrík.Laugav.11B										11		9.115	1.748	10.874
Skattstofan Hafnarfirði											7.584	14.070	1.984	23.638
Skattst.Vesturl.búnaður													379	379
Skattstj.búst.á Ísafirði			338	2.197		151								2.686
Borgartún 7, innr.v.FIR		1.334	65											1.399
SAMTALS														

10

FRAMKVÆMDADEILD	Samningur nr. / Grunntala samnings — stig	Dagsetning samnings / Tímabil	Samningsupphæð	Framkvæmd	GREIÐSLUÁÆTLUN í þús. kr. Dagsetning	Höfundur	Blað

SKÝRINGAR	1971	1972	SKIPTING Á TÍMABIL Frá / Til 1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Samtals
Flutt														
Samgönguráðuneytið:														
Veðustofa Íslands	24.812	19.714	17.012	4.432	1.494	111	8	51		61	73	12	3	67.783
Siglingamálastofnun														
innréttað leiguhúsnæði											5.226	1.037	37	6.301
Vita- og hafnarmálastofn.														
starfsmannahús											1.768	2.428	4.696	8.892
Ríkisskip - vörugeymsla											19.343	19.973	256	39.572
Félagsmálaráðuneyti:														
Trönuhólar 1 heimili														
einhv.barna - innrétting											2.324	4.244	494	7.062
Fjárlaga- og hags.st.:														
Síðumúli 13						1.806	7.283	645	138	478				10.350
Stjórnarráðsskrifstofur:														
Samgöngu- og iðnaðarráðun.	6.229													6.229
Hagstofan	5.085													5.085
Fjárlaga- og hags.st.		1.489												1.489
Utanríkisráðuneytið		5.878												5.878
Heilbr.- og tryggingam.rn.		2.088												2.088
Menntamálaráðuneytið:														
Þjóðarbókhlaða							18	19.936	5.171	23.433	29.946	8.491	32.169	119.164
Ríkisútvarp - jarðvinna								5.692	1.243	328				7.263
Listasafn Íslands										8.707	17.330	14.983	5.069	46.089
Náttúrufr.st.Laugav.105												195	740	935
SAMTALS	108.000	244.423	196.424	267.789	342.196	333.868	276.265	350.682	313.938	367.303	431.403	445.604	372.632	4.050.528

Dæmi um byggingarkostnað nokkurra heilsugæslustöðva sem lokið var á árunum 1971—1983 á verðlagi í janúar 1985.

	Kostnaður í þús.kr.	Búnaður í þús.kr.	Kostnaður án búnaðar	Stærð m^2	Kostnaður án búnaðar kr./m^2
Borgarnes	32 933	3 446	29 487	1 024	28 800
Dalvík	26 960	912	26 048	735	35 440
Höfn	31 444	2 719	28 725	735	39 080
Vík	15 646	1 120	14 526	429	33 860
Kirkjubæjarklaustur	14 303	1 341	12 962	375	34 560
Búðardalur	16 135	1 292	14 843	429	34 600
Bolungarvík	15 647	919	14 728	375	38 590
Vopnafjörður	13 033	940	12 093	337	35 880
Hvolsvöllur	14 618	217	14 401	429	33 570
Fáskrúðsfjörður	14 280	612	13 668	375	36 450

Efri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 676, 515). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur á fundi sínum nú í morgun tekið lánsfjárlög til skoðunar að nýju milli umr. og þar voru lagðar fram nokkar brtt. sem meiri hl. n. flytur á þskj. 725 sem útbýtt hefur hér verið. Þar er í fyrsta lagi um að ræða hækkun vegna lántöku Landsvirkjunar um 152 millj. kr. eða úr 884 millj. í 1 milljarð 36 millj. Um þetta er það að segja að hér mun vera um að ræða einhverjar mismunandi gengisforsendur, en í n. var þess óskað að hæstv. iðnrh. yrði hér mættur og gerði grein fyrir þessum lið sérstaklega og sé ég hann hér og við fögnum honum og hann mun þá vafalaust greina frá því, sem óskað var eftir, hvernig þessar tölur hafa breyst í meðförunum.

Þá er einnig brtt. sem hljóðar svo:

„Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985."

Hugmyndin er sem sagt sú, ef slíkir samningar yrðu á komnir um mitt ár kannske eða síðari hluta árs jafnvel, að hraða þá framkvæmdum við Blönduvirkjun.

Þá er það önnur brtt. Þar er lagt til að hitaveita Egilsstaða og Fella fái ábyrgð fyrir 7 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt og þetta er alveg hliðstætt við það sem gerðist að því er varðaði aðrar hitaveitur, Akureyrar, Borgarfjarðar, Siglufjarðar og ég man ekki hvort það voru nú fleiri.

Þá er það þriðja brtt. Fjmrh. verði heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Framkvæmdasjóður tekur og endurlánar vegna þróunarfélags til nýsköpunar í atvinnulífinu á þessu ári, 500 millj. kr. Það mál þekkja allir hér. Það er svo margrætt að það er hugmyndin að þetta iðnþróunarfélag verði stofnað og lög um það sett á þessu þingi og að 500 millj. renni til þess félags og er þá talið rétt að Framkvæmdasjóður verði þar milligönguaðili.

Þá er það í fjórða lagi svohljóðandi till.:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Ráðh. er heimilt að ákveða nánari framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð."

Þetta mál þekkja menn líka. Þessi skip eru ekki seld, ég veit ekki hvort eitt er það kannske, en það eru a. m. k. erfiðleikar á sölu þeirra og verða sjálfsagt erfiðleikar á rekstri þeirra líka. Sjóðirnir eru vanmáttugir, bæði Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður o. s. frv., og er talið nauðsynlegt að fjmrh. hafi þessa heimild til að grípa til hennar ef allt um þrýtur, ef ekki er hægt að leysa þessi mál með öðrum hætti, enda er ríkið hvort sem er meira og minna í ábyrgðum fyrir þessu máli öllu saman, ber ábyrgð á því, ef við orðum það þannig, og við hér á þinginu, og þess vegna verður ekki undan þessu skotist. Skipin eru að verða fullsmíðuð skilst mér öll sömul og eitthvað verður að hagnýta þau verðmæti með hvaða hætti sem það yrði nú gert.

Þegar upp er staðið eftir þessar brtt. mundu erlendar lántökur í heild verða sem hér segir: A-hluti ríkissjóðs 806 millj. kr., B-hlutinn 1 milljarður 109 millj., fyrirtæki með eignaraðild 1 milljarður 213 millj., sveitarfélög 326 millj., húsbyggingarsjóðir 553 millj., lánastofnanir 1 milljarður 562 millj. og atvinnufyrirtækin 1 milljarður 500 millj. eða samtals 7 milljarðar 69 millj.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vil gera í sem stystu máli grein fyrir fjármögnunaráformum, framkvæmdaáformum Landsvirkjunar á þessu ári með vísun til þeirra áætlana sem gerðar hafa verið og legið hafa fyrir hv. Ed. í vinnslu málsins.

Upphafleg frumdrög á vori liðnu um framkvæmdir og vaxtagreiðslur, þegar allt var tínt til hjá Landsvirkjun,

voru 1512 millj. kr., en með bréfi 18. okt. eru mér sendar sundurliðanir og ný áætlun um framkvæmdir og vexti. Skv. þeirri áætlun frá 18. okt. var gert ráð fyrir að framkvæmdir næmu 1115.1 millj. kr., en vaxtagreiðslur á tímanum 285.1 millj. eða samtals 14 millj. og 2 þús. kr.

Þessi áætlun er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 174 stig, enn fremur verðgildi dollars 33,10 kr. og ég legg alveg sérstaka áherslu á að út í gegn við endurskoðun á þessum áformum var ævinlega mjög skýrt tekið fram að við þessar vísitölur væri miðað í öllum áætlunum.

Hinn 5. des. ritaði ég Landsvirkjun til og taldi óhjákvæmilegt að enn frekari niðurskurður yrði á lánsfjáráætlun ríkisins vegna þess, sem þið þekkið, að við verðum með öllum hætti að draga úr lántökum okkar og óskaði eftir því við Landsvirkjun að hún gerði athugun á hvort ekki væru tök á að skera framkvæmdaáætlun niður um 200 millj. kr., en þá hafði því verið varpað fram af hæstv. fjmrh. hvort ekki væri hægt við þá tölu að miða, 1200 millj., í byrjun des. s. l. Með bréfi daginn eftir, 6. des., féllst Landsvirkjun á að verða við þessum tilmælum og miðar þá framkvæmdaáætlun sína við 1200 millj. kr., en tekur fram að Landsvirkjun muni halda áfram að rannsaka málið alveg sérstaklega með tilliti til þess að e. t. v. væru tök á að fresta einhverjum ákveðnum framkvæmdum og lækka framkvæmdaáætlun enn frekar. Niðurstaða þeirrar úttektar birtist svo í bréfi til mín 28. jan. s. l. og ég held, virðulegur forseti, með hans leyfi, að ég lesi það bréf af því að það skýrir nokkuð nákvæmlega út stöðuna eins og hún er þá og er raunar í dag. Þar segir svo:

„Með bréfi dags. 6. des. s. l. tilkynnti Landsvirkjun yður, hæstv. iðnrh., að stjórn Landsvirkjunar mundi stefna að því að endurskoða framkvæmda- og rannsóknaáætlun Landsvirkjunar fyrir árið 1985 að fengnum niðurstöðum yfirstandandi endurskoðunar orkuspár og endurmats á þeirri öryggiskröfu Landsvirkjunar að halda 250 gwst. óráðstöfuðum í orkugetu Landsvirkjunarkerfisins til að geta komið sem mest í veg fyrir orkuskort þegar illa árar í vatnsbúskapnum. Á fundi stjórnarinnar hinn 24. þ. m. [þ. e. janúarmánaðar] var áætlunin tekin til sérstakrar umfjöllunar og var þá upplýst að athugun sérfræðinganefndar á öryggiskröfunni væri ekki lokið, en til þessa hefði ekkert komið fram sem benti til annars en að umrædd öryggiskrafa eigi fullan rétt á sér. Stjórnin samþykkti því að líta svo á að ekki sé ástæða til að slaka neitt á kröfunni að svo stöddu“, og var ég henni enda sammála um það.

„Enn fremur lágu fyrir fundinum upplýsingar um framreikning orkuspárinnar sem sýndu að orkuspá sú, sem hingað til hefur verið stuðst við, mundi ekki standast og megi þannig að teknu tilliti til öryggiskröfunnar áætla umframorkugetu Landsvirkjunarkerfisins á árinu 1985 um 450 gwst. sem væri hins vegar aðeins 200 kwst. ef orkuspáin hefði staðist. Miðað við hinn nýja framreikning orkuspárinnar og óbreytta kröfu um afhendingaröryggið virðist mega fresta bæði framkvæmdum á þessu ári við 5. áfanga Kvíslaveitu um óákveðinn tíma og Blönduvirkjun um eitt ár ef ekki þyrfti að gera ráð fyrir nýjum orkufrekum iðnaði veturinn 1988—89.

Með hliðsjón af þessu samþykkti stjórnin á umræddum fundi að fella niður þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar hafa verið á þessu ári við 5. áfanga Kvíslaveitu og Þórisvatnsstíflu. Þar sem endurskoðun orkuspárinnar er hins vegar enn ekki lokið telur stjórnin ekki ráðlegt að fresta Blönduvirkjun að svo stöddu, auk þess sem hún telur mikilvægt að Landsvirkjun verði enn um sinn í aðstöðu til að sjá nýjum orkufrekum iðnaði fyrir verulegri orku á næstu árum. Mun stjórnin taka tímasetningu Blönduvirkjunar, svo og Kvíslaveitu, til frekari athugunar þegar ný orkuspá liggur fyrir, sem vonast er til að geti orðið í vor og þá væntanlega við skýrari horfur í stóriðjumálum. Komi þá ekki til neinnar verulegrar hækkunar á orkuspánni að teknu tilliti til stóriðjumöguleika í náinni framtíð kemur mjög til álita að fresta fyrstu vél Blönduvirkjunar til 1989 eða jafnvel lengur.

Vegna umræddrar lækkunar orkuspárinnar hefur stjórnin jafnframt samþykkt að draga úr virkjunarrannsóknum í ár, miðað við fyrri áætlanir. Sú endurskoðun, sem samkvæmt framangreindu hefur farið fram á framkvæmda- og rannsóknaáætlun fyrir árið 1985, leiðir til þess að fyrri áætlun hér að lútandi lækkar um 250 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem þegar var samþykkt að stefna að í des. s. l. Eru niðurstöður hinnar nýju áætlunar þessar:

Framkvæmdir: Virkjanaframkvæmdir 560.4 millj. kr., framkvæmdir í rekstri 67 millj., rannsóknir 67.4 millj. Vextir vegna virkjanaframkvæmda 195.4 millj., vegna framkvæmda í rekstri 4 millj. og vegna rannsókna 59.7 millj. Framkvæmdir samtals 694.8 millj. kr., vextir 259.1 millj., eða samtals 953.9 millj. kr.“

Svo segir í lok bréfsins: „Með tilliti til lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985 er í áætlun þessari miðað við sömu verðlags- og gengisforsendur og þar, þ. e. vísitölu byggingarkostnaðar 174 og verðgildi dollars 33,10 kr.“

Undir þetta ritar forstjóri Landsvirkjunar, Halldór Jónatansson, og er þessari tilvitnun þar með lokið.

Þegar ríkisstj. fékk þetta í hendur ákvað hún að lækka þessa áætlun úr 953.9 millj. kr. niður í 884 millj. kr., en inni yrði heimild til 70 millj. kr. lántöku ef ekki yrði um seinkun Blönduvirkjunar að tefla. Fyrir því var talan 884 millj. inni á þessu stigi máls, að sjálfsögðu miðað við hinar fyrri verðlagsforsendur. En á föstudaginn síðasta er vakin athygli mín á því, sem mér kom á óvart og hafði ekki veitt athygli, en með bréfi dags. 11. apríl, á fimmtudaginn var, vekur Landsvirkjun athygli mína á breyttum verðlagsforsendum í lánsfjáráætlun. Þar sem Landsvirkjun og við í okkar áætlunum vegna Landsvirkjunar höfðum miðað við 174 stig vísitölu byggingarkostnaðar og verðgildi Bandaríkjadollars 33,10 kr. var viðmiðun fjárlaga- og hagsýslustofnunar nú: byggingarvísitala 206 stig og gengi dollara 38,41 kr. Hér er alla skýringuna að finna á því að að sjálfsögðu þurfti að taka tillit til þess arna við endanlegan frágang á þeim fjárhæðum sem ætla þarf til framkvæmda og þá einkum og sér í lagi Blönduvirkjunar vegna þess að þar hafa útboð farið fram og samningar raunar verið gerðir við ýmsa verktaka um framkvæmdir. Í framhaldi af því, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., formanni fjh.- og viðskn., verður heimild inni til lántöku fyrir 82 millj. kr. ef ekki verður um seinkun um eitt ár á Blönduvirkjun að tefla.

Nú vil ég skýra frá því að mjög miklar líkur eru á að þessa heimild þurfi að nota því að eftir nýjustu upplýsingum má telja allsterkar líkur á að samningar takist

það snemma á þessu ári um 50% stækkun áliðjuversins í Straumsvík að fullum framkvæmdahraða þurfi að halda við Blöndu þannig að hún komist í gagnið veturinn 1988. Þó tek ég það fram að að sjálfsögðu er þessu ekki alveg ráðið til lykta, en þær undirbúningsviðræður, sem átt hafa sér stað við Swiss Aluminium um stækkun álversins við Straumsvík, benda eindregið til að þannig verði mál vaxin. Enn sem komið er er það ósk viðsemjenda okkar í þessu falli að möguleikar fyrir gangsetningu þessarar viðbótar áliðjuversins verði á árinu 1988.

Ég vænti þess svo að þessar mínar upplýsingar eyði öllum misskilningi sem kann að hafa sprottið af þessu. Auðvitað hefði átt að vera búið að leiðrétta þetta fyrr, ef ég hefði áttað mig á að þessar verðlagsforsendur hefðu ekki alltaf fylgt með í áætlununum, þannig að menn gætu sjálfir gert sér grein fyrir hinni raunverulegu tölu. En ekki tjáir annað en hafa allar réttar tölur og sömu verðlagsforsendur þegar menn eru að ganga frá áætlun sem þessari.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Á fundi fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar í morgun voru lagðar fram brtt. við frv. til lánsfjárlaga. Þessum tillögum hefur nú verið útbýtt hér í deild á þskj. 725 og formaður hv. fjh.- og viðskn. mælt fyrir þeim.

Það má öllum hv. dm. vera ljóst að sama og enginn tími hefur gefist til að íhuga þessar tillögur, hvorki í nefndinni né nú á milli nefndarfundar og þingfundar. Þótt okkur öllum, sem hér sitjum, sé ljós nauðsyn þess að lánsfjárlög verði afgreidd hið fyrsta eru þetta náttúrlega lítt sæmandi vinnubrögð hér á hv. Alþingi. Hafa bæði ég og aðrir hv. þm. oft gert það að umtalsefni hve mikið liggur við að fá vinnubrögðum af þessu tagi breytt til betri vegar, nú síðast á síðasta fundi Ed. við umr. um frv. til þingskapalaga, og ítreka ég nauðsyn á slíkum *breytingum hér og nú einu sinni enn.*

Þær brtt. við frv. til lánsfjárlaga, sem fram eru komnar með þessum hætti, eru ekki smávægilegar. Þær skipta meðferð á hundruðum millj. kr. og mér hrýs hugur við þeirri fljótaskrift sem nú er viðhöfð á afgreiðslu þeirra. Sem þm. í stjórnarandstöðu við þessar aðstæður get ég lítið annað gert en að fara fram á það við hæstv. ráðh., fjmrh. og iðnrh., að þeir gefi hv. þdm. hér við 3. umr. málsins viðhlítandi skýringar á þessum brtt. öllum og forsendum þeirra. Og ég vil láta þess getið að ég held að það sé ekki stjórnarandstöðuþm. einum sem er vöntun á slíkum skýringum. Hið sama gildir um velflesta stjórnarþm. hér í hv. deild, trúi ég. Ég fer því fram á að hæstv. fjmrh. komi hér í stólinn á eftir og skýri til fullnustu þessar brtt. Hvað varðar 1. brtt., þ. e. brtt. við 3. gr. frv., hafði ég undirbúið mig með sérstakar spurningar til hæstv. iðnrh. sem hann hefur að hluta til svarað. Vil ég þakka honum fyrir það, en það er ýmislegt fleira í þessu máli sem mig langar til þess að rekja mig eftir.

Í fyrsta lagi, eins og fram hefur komið, voru Landsvirkjun áætlaðar 1200 millj. í upphaflegu frv. til lánsfjárlaga. Í meðferð frv. milli 1. og 2. umr. var þessi upphæð lækkuð niður í 884 millj. kr. Fjh.- og viðskn. fékk aldrei sundurliðun á þeim niðurskurði, sem þar átti sér stað, þrátt fyrir beiðni. En nú hefur hæstv. iðnrh. skýrt okkur frá hvers eðlis sá niðurskurður var og er fram komið að hann er að finna í bréfi dags. 28. jan. 1985. Vil ég þá fyrst og fremst nota tækifærið hér nú til þess að ítreka að slíkur dráttur á miðlun upplýsinga eigi sér í framtíðinni ekki stað. Þetta er í fyrsta skipti sem hv. nm. heyra þessa sundurliðun og það við 3. umr. málsins og það þrátt fyrir að beiðni hafi komið fram um að fá sundurliðunina. Þótt hæstv. iðnrh. hafi gert ágæta grein fyrir því hvernig þessum niðurskurði er háttað, hefði sannarlega ekki verið verra að hafa hana pínulítið nákvæmari svo að betur væri hægt að átta sig á honum.

Í frv. til lánsfjárlaga eins og það lítur út eftir 2. umr. hér í Ed. stendur talan 884 millj. kr. fyrir Landsvirkjun. Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun fengum við hins vegar plagg í hendur þar sem reiknaðar voru fram hækkanir á þessari upphæð Landsvirkjunar vegna þess sem nefnt var „mismunandi gengisforsendur". Hæstv. iðnrh. hefur nú gert grein fyrir því hvað átt er við með mismunandi gengisforsendum að þessu leyti og þakka ég það en það var engum hv. nm. kunnugt um í morgun í n. Hins vegar bregður svo við að þessar mismunandi gengisforsendur eru ekki reiknaðar út frá tölunni 884 millj. kr., heldur tölunni 953 millj. kr. Held ég að mér sé óhætt að segja að nm. hafi í morgun rekið upp stór augu yfir þessum mismunandi tölum. Þegar nánar var að gáð, fylgdi því plaggi frá Landsvirkjun, sem við fengum í hendurnar í morgun, annað plagg, sem var bréf frá hæstv. iðnrh. til forstjóra Landsvirkjunar, dags. 29. mars s. l., þar sem útskýrt er að þessi 70 millj. kr. hækkun á tölunum, sem þarna hefur átt sér stað, sé til komin skv. ákvörðun hæstv. iðnrh.

Bréfið sjálft er hins vegar í sannkölluðum véfréttarstíl og á lítt skiljanlegri íslensku, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. 28. þ. m., um framkvæmda- og rannsóknaáætlun Landsvirkjunar fyrir árið 1985 staðfestist að við áætlanatöku yðar er miðað í lánsfjáráætlun, þannig að talan 884 millj. kr. er færð inn *með heimild að 70 millj. kr. viðbót, ef endurskoðun á* tímasetningu Blönduvirkjunar leiðir ekki til frestunar framkvæmda um eitt ár." — „Ekki" er þarna undirstrikað.

Þetta litla bréf olli mér nokkrum heilabrotum því að ég var ekki viss um að minn móðurmálsskilningur færi saman við ráðuneytismálskilning í þessu efni. En ég las það út úr þessu að þetta þýddi að ekki ætti að fresta framkvæmdum við Blönduvirkjun, eins og áætlað var, heldur ráðast í virkjunina og fara af stað skv. upphaflegri áætlun. Nú hefur hæstv. iðnrh. staðfest það hér, í ræðu sinni áðan, að ekki stendur til, ef ég hef skilið hann rétt, að fresta Blönduvirkjun um það ár sem umtalað hafði verið að gert skyldi.

Iðnrh. nefndi í sama orðinu og hann greindi frá því að fallið hefði verið frá frestun Blönduvirkjunar að allar líkur væru á því að samningar mundu nást á þessu ári um stækkun álversins í Straumsvík og vegna þess, og eins vegna þess að ný orkuspá væri ekki tilbúin, væri álitið óráðlegt að fresta Blöndu enn um sinn. Þarna liggur hundurinn grafinn og það sést líka mjög glögglega ef menn skoða í samhengi þessa hækkun á fjárveitingu til Landsvirkjunar og b-lið í brtt. við 3. gr. því þar er veitt heimild til allt að 82 millj. kr. hækkunar til vibótar ef um semst varðandi stækkun álversins.

Það vitum við hér, hv. þm., að auðvitað nær ekki nokkurri einustu átt að halda áfram að fjárfesta dýr erlend lán upp á hundruð milljóna kr. í framleiðslu sem

annaðhvort er óseljanleg á svo mikið sem kostnaðarverði eða þá óseljanleg með öllu, sbr. þær umframbirgðir af þessari framleiðslu, þ. e. raforkunni, sem við eigum þegar fyrir í landinu. Slíkt er hreinasta vitfirring og á það hef ég oft bent héðan úr ræðustól. Ég vil hvað Blönduvirkjun varðar benda mönnum á að vextir af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til Blönduvirkjunar, nema nú í ár 116 millj. kr. Það er fjármagnskostnaður af þeim lánum sem þegar hafa verið tekin og er þá sagan ekki nándar nærri öll.

Vitfirring, orkuveisla — hvaða orð sem menn vilja nota yfir þetta nær þetta ekki nokkurri átt. Og þess vegna hlýt ég að krefja hæstv. iðnrh. svara um það nú, fyrst hann hefur lýst því yfir að samningar séu komnir á rekspöl við Alusuisse um stækkun álversins í Straumsvík og að það sé ástæðan fyrir því að áfram skal haldið að fjárfesta í dýrum orkuframleiðslutækjum með dýrum erlendum lánum, á hvaða stigi nákvæmlega þeir samningar eru, um hvað er rætt í þeim samningum, og ef þeir ganga ekki eftir eins og hæstv. iðnrh. kann að hafa hugsað sér, hvort hæstv. iðnrh. hafi þá í huga einhverja aðra sölu á þeirri gríðarlegu orku sem hér um ræðir. Það fer tvennum sögum af því hvort áætla beri að það séu 450 gwst. umfram í núverandi kerfi Landsvirkjunar eða 475 gwst. Þetta er alveg gríðarlegt orkumagn hvor talan sem tekin er. Blanda framleiðir annað eins og hér er verið að leggja til að veitt sé dýru erlendu lánsfé til að auka þessa rándýru framleiðslu enn. Því hlýt ég að spyrja hæstv. iðnrh. þessara spurninga: Hvernig stendur með samningana við Alusuisse? Og hins vegar: Ef þeir ganga ekki eftir eins og hann kann að hafa hugsað sér, hefur hann þá hugsað sér einhverja aðra möguleika fyrir alla þessa orku sem þarna um ræðir, þessa rándýru orku?

Ef hæstv. iðnrh. kemur hér í stólinn á eftir og lýsir því yfir að þessir samningar, sem hann hefur hér nefnt og er hér að gera að umtalsefni, séu slíkt trúnaðarmál að ekki sé vogandi að lýsa neinu yfir hér úr ræðustól, sem er opinber vettvangur, þá vil ég fara þess á leit við hann hér og nú að hið allra bráðasta geri hann þingflokkunum, þá í trúnaði, grein fyrir því hvernig þessar viðræður standa. Við höfum þegar á þessu þingi þó nokkra reynslu af vinnubrögðum hæstv. ráðh. í þessum málum og ég ætla að vona að hann endurtaki þau ekki hér og nú.

Að lokum vil ég endurtaka þá ósk mína að brtt. á þskj. 725, þ. e. þær þrjár sem þar eru fyrir utan 1. brtt. sem hæstv. iðnrh. hefur að hluta gert grein fyrir, verði skýrðar af hæstv. fjmrh. og að hæstv. iðnrh. svari þeim spurningum sem ég hef sérstaklega beint til hans. Álit minni hl. fjh.- og viðskn., sem ég er aðili að, á þessu frv. til lánsfjárlaga í heild sinni hefur þegar komið fram og ég fjölyrði ekki meira um það.

En í lokin ein spurning. Ef brtt. á þskj. 725 ná fram að ganga spyr ég: Þarf ekki að breyta þeirri heildarfjárhæð sem nú stendur í 1. gr. frv. til þess að lánsfjárlög stemmi? Ég sé enga brtt. við 1. gr. og veit ekki hvort hún er nauðsynleg, en ég vek athygli á þessu.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Afgreiðsla lánsfjárlaga að þessu sinni ætlar að verða heldur en ekki afturfótafæðing. Því hafði verið lýst yfir nokkru eftir að lánsfjáráætlun var lögð fram að hún yrði lækkuð um 1000 millj. kr. En þegar til kom reyndist sá niðurskurður sýndarmennskan ein, eins og hér var rakið við 2. umr. málsins, vegna þess að af þessum niðurskurði var um hreina bókhaldsbreytingu að ræða að verulegu leyti, ríkissjóður látinn taka talsvert lægra lán en áður var reiknað með án þess að nokkru hafi verið breytt í fjárlögum eða forsendur þeirra hafi nokkuð hreyfst.

Sama gilti um niðurskurðinn á erlendum lántökum einkaaðila úr 1836 millj. í 1500 millj. Þar var einfaldlega um pennastriksaðferð að ræða, tölunni var breytt til að hagræða þannig að lántakan sýndist verða minni en ella. En enginn efast um það að lántakan hjá einkaaðilum verður í minnsta lagi sú sem upphaflega var gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Því er hér um hreina sýndarmennsku að ræða.

Hins vegar var ljóst að sá eini niðurskurður, sem einhver botn var í, var niðurskurðurinn hjá Landsvirkjun þar sem lántökuheimild Landsvirkjunar var lækkuð úr 1200 millj. í 884 millj. kr., eða um 316 millj. Það sem nú er að gerast er hins vegar það að verið er að hækka lántökuheimild Landsvirkjunar á nýjan leik um 234 millj. Stendur þá ekki mikið eftir af öllum niðurskurðinum.

Staðreyndin er sú að það sem ríkisstj. hefur gert við meðferð málsins á seinustu mánuðum er ekki það að lækka lánsfjáráætlun um 1000 millj. heldur hefur verið um að ræða hækkun sem nemur álíka hárri upphæð eða *rétt í kringum 900—1000 millj. kr. Það er það sem gerst* hefur ef tekið er tillit til þess að lækkunin á erlendum lántökum einkaaðila og lántökum ríkissjóðs er ekki neitt til að treysta á.

Í þessu sambandi var athyglisvert að heyra hæstv. iðnrh. gera grein fyrir því hér áðan að þessi hækkun á lántökum Landsvirkjunar stafaði af breyttri gengisviðmiðun. En hvert var svo gengið sem hann nefndi? Kannske hafa menn tekið örlítið eftir því. Jú, hann sagði að í staðinn fyrir gengisviðmiðunina 33,10 kr. á dollar þætti nú réttara að miða við gengið 38,41. (**Iðnrh.:** Það var fjárlaga- og hagsýslustofnun sem vann þessa tölu.) Ég er ekkert að efast um það. En það vill svo til að birt er gengisskráning hér í blöðunum á hverjum einasta degi og það þarf enga hagsýslustofnun til að segja okkur að gengi dollarans er ekki 38,41 kr. Það er allt annað. Það er í dag 40,75 kr.

Enda þótt dollarinn hafi heldur verið að lækka í verði dettur víst engum í hug að hann muni detta niður fyrir 40 krónurnar þegar haft er í huga að ríkisstj. áformar og er með í gangi talsverða gengislækkun og gengissig um þessar mundir og áframhaldandi. Það sést best á því að á seinustu tveimur mánuðum hefur dollarinn að vísu sigið niður lítillega, um rúmlega 1 kr., hann hefur sigið niður um 3%, en aftur á móti hefur sterlingspundið á sama tíma hækkað um 7 kr., eða um 15%. Í heildina tekið sýnist manni að meðalgengi erlendra mynta hafi hækkað rétt í kringum 7% á seinustu tveimur mánuðum. Sem sagt, gengið, sem Landsvirkjun miðar hér við, er bersýnilega kolvitlaust, langt fyrir neðan það sem nokkrum heilvita manni getur dottið í hug að verði meðalgengi þessa árs. Það er því ljóst að lánsfjáráætlunin er að þessu leyti byggð á kolvitlausum forsendum og erlendar lántökur verða langtum meiri en hér er verið að telja mönnum trú um.

Eins og kunnugt er hefur ríkisstj. miðað við það margyfirlýst að langtímaskuldir þjóðarinnar fari ekki

yfir 60% af þjóðarframleiðslu. En þessi yfirlýsing, þetta fyrirheit, hefur reynst nafnið tómt og var kannske alltaf vitað að það væri ekkert annað en áróður og blekking því að Seðlabankinn áætlar þetta hlutfall 63.9% miðað við tölurnar í lánsfjáráætlun eins og þær voru við 2. umr. Síðan er verið að hækka tölurnar nú enn meira og raunar ljóst að margar tölurnar í lánsfjáráætlun eru verulega vanáætlaðar og út úr öllu korti eins og ég hef hér rakið.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að fjalla frekar um þetta mál. Það er svo ljóst sem verða má að það stefnir í miklu meiri erlendar lántökur en þessi lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir og öll fyrirheit ríkisstj. um lækkun á erlendum lántökum, sem eru þó, þau seinustu, ekki nema nokkurra vikna gömul, eru þegar fokin út í veður og vind.

Hæstv. iðnrh. var að fræða okkur um það að allar líkur væru á því að á fyrri hluta þessa árs yrði samið við svissneska álhringinn um stækkun álversins í Straumsvík. Það voru fróðlegar fréttir, en ég hlýt að taka undir orð seinasta hv. ræðumanns, Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, sem spurðist mjög eindregið fyrir um það hvað þessum samningaviðræðum liði. Ég vil þá fyrst og fremst spyrja af minni hálfu að því um hvaða verð eru horfur á að semjist. Hver er krafa íslensku ríkisstj. í sambandi við verð á raforku til svissneska álhringsins? Því að ef verðið á að vera langt undir kostnaðarverði, eins og löngum hefur áður verið, þá er það sannarlega ekki mikið fagnaðarefni að slík sala eigi sér stað og sannarlega ekki ástæða til þess fyrir þjóðina að taka erlend lán í stórum stíl til að geta staðið að slíkri orkusölu.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta því við í framhjáhlaupi undir lokin að þegar ég var fjmrh. voru hv. sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu og voru venjulega orðnir bandóðir hér í þinginu í desember- og janúarmánuði þegar ekki var búið að afgreiða lánsfjáráætlun. Nú er komið fram í aprílmánuð, m. a. s. seint í apríl og það er enn ekki búið að afgreiða lánsfjáráætlun úr fyrri deild. Ég hygg að þetta sé satt best að segja meiri seinagangur en verið hefur um nokkurt skeið, þó oft hafi lánsfjáráætlun verið seint á ferðinni, og í öllu falli í harla litlu samræmi við málflutning þeirra sjálfstæðismanna þegar þeir voru í stjórnarandstöðu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég skal nú gera tilraun til að tala nógu skýrt um með hvaða hætti sú tala, sem nú birtist um framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar, er til orðin. Landsvirkjun skilaði nýrri niðurskurðaráætlun um framkvæmdir sínar í lok janúar. Þar gerði Landsvirkjun ráð fyrir framkvæmdum og vaxtagreiðslum sem næmu 954 millj. tæpum. Þar var búið að skera frá Kvíslaveitu og rannsóknir ýmiss konar en Blanda var enn inni með fulla framkvæmd.

Mér þótti líklegt þá að Blöndu mætti fresta um eitt ár. Fyrir því var upphæðin lækkuð um 70 millj., í 884 millj., en inni yrði haldið heimild um 70 millj. kr. í því falli að Blöndu yrði ekki seinkað um eitt ár. Við nýjar verðlagsforsendur hefur talan hækkað, breytingin frá 174 stigum í 206 þýðir 152 millj. kr. hækkun, úr 884 millj. í 1036 millj. kr. 70 millj. kr. geymslan, sem við töluðum um áður, verður 82 millj. Heimildin, sem menn hyggjast grípa til ef ekki er hægt að seinka Blöndu, er nú 82 millj. kr. miðað við hinar nýju verðlagsforsendur.

Ég ætla ekki hér og nú að fara að rifja neitt upp í sambandi við þær verðlagsforsendur sem menn á stundum hafa gefið sér við afgreiðslu lánsfjárlaga á hinu háa Alþingi, einnig og ekki síst í minni tíð, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds orðaði það hér áðan. En ég minnist þess að oft vorum við í stjórnarandstöðu ansi gagnrýnir á þær verðlagsforsendur sem þá voru notaðar við afgreiðslu lánsfjárlaga t. a. m., að ég tali nú ekki um skattaprósentur og annað þess háttar. Það mætti í góðu tómi gjarnan rifja það upp.

Ég gat þess, af því það skiptir máli í þessu sambandi, að nú hefðu trippin rekist þann veg að ég teldi meiri líkur á en áður að samningar tækjust við Alusuisse og nýja félaga þeirra um 50% stækkun álversins í Straumsvík. Ég tek þó fram að engar formlegar samningaviðræður hafa átt sér stað. Alusuisse hefur leitað eftir samvinnuaðilum um byggingu þessa nýja fyrirtækis og það var í áætlunum þeirra frá upphafi, enda minnist ég þess að þeim mun hafa verið sett það að skilyrði að fá með aðra aðila til verksins. Nú hafa sem sagt líkur aukist á að þessir sameignaraðilar Alusuisse séu fundnir. En auðvitað er það rétt, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að höfuðatriði þess hvort okkur tekst að ná samningum um þessa stækkun eða ekki er að við fáum viðhlítanlegt orkuverð. Vegna þess að ekki hafa enn verið settar á formlegar samningaviðræður og ekkert er handfast í málinu eru ekki efni til að skýra frá því frekar opinberlega. Ég mun hins vegar fljótlega og strax og ég tel að eitthvað það sé fram komið í málinu að upplýsandi sé fyrir framgang þess gæta þess að hafa samband við stjórnarandstöðuna hvort sem það þarf þá að vera í trúnaði eða ekki. En ég á ekki von á formlegum samningafundi fyrr en e. t. v. undir miðjan næsta mánuð.

Þetta er af þessu máli að segja. Auðvitað slakar fréttir í véfréttarstíl, en vegna þess að þetta hefur áhrif á þessar áætlanir sem menn nú eru að ganga frá í hv. deild hlaut ég að geta þessa.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er með nokkrum eindæmum hversu mikil þrautafæðing þessara lánsfjárlaga er hjá hæstv. ríkisstj. Það ætlar ekki af þeim að ganga, hæstv. ráðh., í þessum efnum. Vel varð maður þess var í heldur stuttri framsögu hv. formanns fjh.- og viðskn. að ekki muni það hafa verið þrautalaust hjá svo vammlausum og glöggum hv. þm., sem formaður fjh.- og viðskn. er, að þurfa nú að taka enn eina kollsteypuna í þessum efnum. Það lýsti sér vel í því þegar hann vísaði á hæstv. ráðh. til varnar því sem þarna var að gerast og vildi sem sagt hreint ekki hafa þar fleiri orð um. En eins og við vitum hefur hann oft mælt mörg vísdómsorð einmitt varðandi þetta efni hér úr þessum ræðustól og hefði gjarnan mátt koma með eitthvað af þeim til áminningar þeim hæstv. ráðh., sem máttu hlýða á mál hans, þannig að þeir mættu eitthvað af nema. Ég hygg reyndar að hv. þm. sé orðinn nokkuð vondaufur um að námsgáfur í þessum efnum hjá hæstv. ráðh. séu í því formi að það gagni mikið að endurtaka þá hluti.

Engum kemur á óvart að Landsvirkjun hafi sótt í sig veðrið og — svo að notað sé frægt orðalag — náð vopnum sínum gagnvart hæstv. iðnrh. Eins og kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. hefur oft verið um skýrari framsetningu að ræða af hans hálfu þegar hann hefur verið að gera grein fyrir sínu máli en þegar hann

var að útskýra það hvernig þessi stóra breyting væri til komin. Þó færðist öllu meiri sannfæringarkraftur í mál hæstv. ráðh. þegar að hans hjartans máli kom, álverinu í Straumsvík. Það er ljóst að orkuveislan mikla er aldeilis ekki á enda, það sanna þessar nýjustu tölur hér varðandi þá breytingu sem hér er gerð í 1. brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Úr því að þessari veislu er haldið svo ríkulega áfram ætlast ég til að það megi verða til þess að kísilmálmvinnslan á Reyðarfirði njóti þar góðs af. Ég vakti athygli á því við 2. umr. þessa máls að ef menn ættu að horfa framan í einhverjar aðgerðir á þessu ári, eins og látið hefur verið liggja að alltaf öðru hvoru, yrði að taka tillit til þess í lánsfjáráætlun. Það er upplýst af hálfu hæstv. iðnrh. að þó að útlendir aðilar komi inn í það dæmi muni alltaf verða um mjög ríkulegan hlut Íslendinga þar að tefla. Afgreiðsla lánsfjárlaganna og lánsfjáráætlunin nú sýnir gleggst að það er enginn hugur að baki því að framkvæmdir verði hafnar við þessa verksmiðju á þessu ári.

Ég skal nú ekki hafa um þetta langt mál. Hv. þm., sem er kunnugt um hið skemmtilega reiptog innan ríkisstj. og hnippingarnar í kringum raðsmíðaverkefnin, hljóta að dást að þeirri undursamlegu lausn, sem sést nú í brtt. nr. 4 á þskj. 725, þar sem segir í lokin eftir að búið er að heimila fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa, með leyfi virðulegs forseta: „Ráðh. er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.“ Það er greinilega ekki vandi að finna lausnir í hæstv. ríkisstj. á deilumálum. Nú óska ég hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hafa fengið sjálfdæmi um það hvernig þessu verður háttað og fer út af fyrir sig vel á því.

Varðandi brtt. nr. 3, þar sem farið er út í lántökuna vegna þróunarfélags til nýsköpunar í atvinnulífi, væri býsna fróðlegt að fá að vita hvernig á að hagnýta þessa stóru upphæð, 500 millj. sem þar er talað um að eigi að ganga til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Ég hef ekki séð neina skilgreiningu á því í hvaða höfuðverkefni þetta mikla fjármagn á að fara. Ég hefði t. d. gaman af að vita hvort aukafundur Stéttarsambands bænda, sem nú fjallar um gerbreytingu á lögunum um sína lífsafkomu alla, fær upplýsingar um það hversu mikið á að falla í hlut landbúnaðarins til uppbyggingar nýrra greina í stað þeirrar framleiðsluminnkunar sem augljós er í kjölfar þess frv. sem þar liggur nú fyrir og ríkisstj. ætlar sér að fá samþykkt fyrir þinglok. Ég þykist vita að það mundi greiða að einhverju leyti fyrir málsmeðferð á þessum aukafundi Stéttarsambands bænda ef það lægi fyrir hvað nýjar búgreinar og uppbygging í atvinnulífi í sveitum ættu að fá af þessu mikla fjármagni sem þarna er til ráðstöfunar.

Hins vegar var aðalerindi mitt í ræðustól að vekja enn einu sinni athygli á tillögu minni um lántöku vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum á þskj. 515 sem orðast svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 10. gr. og orðist svo: Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum.“

Við 2. umr. dró ég þessa till. til baka og vænti þess þá að hún fengi umfjöllun í nefnd því jákvætt var undir málið tekið af sumum hv. dm. og ég veit að það er vissulega áhugi fyrir því hjá sumum hv. dm. að á þessu máli verði tekið. Ég veit einnig og hef fyrir því fulla vissu að hæstv. fjmrh. hefur ríkan skilning á þessu máli þó að ég viti um hans eðlilega vanda í allri viðbót í þessum efnum. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði þá að ég held að það sé útilokað annað en að taka á þessu máli í ljósi þess mikla vandamáls sem mengunin er í fjölmörgum byggðarlögum vegna þessara verksmiðja og við höfum fengið ályktanir um hér í vetur. Á þessu máli verður að taka. Það er ljóst að það kostar mikla fjármuni til handa þeim sem þurfa að gera þessar breytingar hjá sér. En við skulum líka hafa það í huga að þessar breytingar, sem nauðsynlegt er að gera vegna mengunarvarnanna, skila líka býsna miklum orkusparnaði ef rétt er að staðið. Hér verður sem allra fyrst að hefjast handa. Ég vona því enn að unnt sé að gera eitthvað í þessu máli og skírskota alveg sérstaklega til mikils velvilja hæstv. fjmrh. í þessu efni sem ég veit að er fyrir hendi þó að ég geri mér grein fyrir að á þessu lokastigi sé e. t. v. erfitt að taka málið fyrir fyrst ekki hefur verið tekin afstaða til þess sérstaklega í nefndinni.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa langt mál í þessari umr. um lánsfjárlög. Það er kominn miður apríl og lögin eru enn þá í fyrri deild og afgreiðslu þeirra ekki fulllokið.

Þegar fjárlög voru lögð fram og leggja hefði átt fram lánsfjárlög var dóttir mín 11 ára hnáta en hún er núna komin á fermingaraldur í millitíðinni. Ég held að sá slóðaskapur sem lýsir sér í þessum vinnubrögðum segi einna mest um þessa löggjöf og um þá alvöru og það mark sem jafnvel þeir menn sem að henni standa taka á henni.

Hér er náttúrlega hin greinarbesta lýsing á því að öll áform og öll loforð og allur ásetningur þessarar ríkisstj. er fokinn út í veður og vind. Verið er að dæla erlendu fé inn í okkar efnahagslíf þennan daginn sem áður, með sömu afleiðingum og ávallt áður. Við erum að þynna út okkar eigin gjaldmiðil. Það fækkar sífellt þeim íslensku krónum sem í umferð eru í íslensku efnahagslífi. Það er ekki nema stutt spönn eftir til þess að við neyðumst einfaldlega til vegna lántökunnar að taka upp annan gjaldmiðil, þann gjaldmiðil sem öllu stjórnar orðið í íslensku efnahagslífi, þ. e. dollarann. Ég held að það svari alls ekki kostnaði að eyða orðum að vangaveltum manna í einstökum greinum þessa frv., einfaldlega vegna þess að þar blasa alltaf við sömu vinnubrögðin: heimildir til lántöku eru hækkaðar alls staðar þar sem nokkurn veginn er tryggt að þær skila litlu sem engu. Það er hækkun heimildar til lántöku vegna framleiðslu á raforku sem enginn kaupandi er fyrir og það er heimild til lántöku vegna framleiðslu salts sem enginn vill neyta og þar fram eftir götunum. Á móti eru síðan lækkaðir þeir þættir em einhverju skiluðu fyrir einstaklinga. Þannig er lækkun á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og þar fram eftir götunum. Og að endingu, til þess að hafa nú allt eins opið og mögulegt er, til þess að loka ekki neinni gátt þar sem möguleiki er á erlendri lántöku til að fjármagna duttlunga- og geðþóttaverkefni, þá er höfð sem rýmst heimild fyrir fjmrh. til að fullnægja þessum markmiðum. Ef það yrði ekki tekið eins og ábyrgðarlaust grín hefði ég gjarnan viljað bæta við 2. gr. þessa frv., eins og það liggur nú

fyrir í 2. umr., þeirri einföldu setningu að fjmrh. sé samt sem áður heimilt að hætta erlendri lántöku, að hluta til eða allri, þegar hann telur það bæta þjóðarhag frekar en lántaka og láta þá á það reyna hver vilji hans og ábyrgð er í þessu máli. Ég er hér með ekki að sneiða að persónu hæstv. fjmrh. Ég er fyrst og fremst að sneiða að því að engir þeirra aðila sem framkvæma þetta frv. bera á því fulla ábyrgð. Þeir geta alltaf skotið sér bak við það að einhverjir aðrir en þeir sjálfir hafi staðið að ákvörðununum, hvort sem það eru þá þm. kjördæma, stjórnmálaflokkar eða þá starfsmenn ríkisstofnana, sem ástunda þann leik að því er manni virðist að byrgja mönnum yfirsýn yfir þá hluti sem viðkomandi stofnanir standa að, á ég hér einkum og sér í lagi við Landsvirkjun, og neita þeim þm. sem ábyrgð eiga að bera á þessum lögum um innsýn í það til hvers á að nota það fé sem um er verið að ræða.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því sem fram kom hjá *virðulegum síðasta ræðumanni*, hv. 8. þm. Reykv., og fullvissa hann um að áform ríkisstj. eru enn í fullu gildi og hafa síður en svo fokið út í veður og vind. Hann verður að taka þeim vonbrigðum sem því fylgja að svo skuli vera. Hv. þm. talaði um óarðbærar erlendar lántökur sem engu skila, hvorki í raforkuframkvæmdum né í saltvinnslu. Ég held að það sé nú öllum ljóst að raforkuframkvæmdirnar, sem hér hafa átt sér stað undanfarin mörg ár á vegum allra ríkisstjórna má segja, svo langt sem okkar kynslóð hefur fylgst með, hafi skilað þjóðinni verulegum árangri. Og eftir því sem þjóðfélagið stækkar, eftir því sem þörfin verður meiri fyrir raforku, hlýtur hún að halda áfram að skila þeim arði sem til var ætlast, þó að við verðum að sjálfsögðu að þola erfiðleikatíma á fyrstu árum framkvæmdanna.

Það dylst engum að hér hafa orðið gríðarlega miklar framfarir, bylting í öllum þjóðfélagsháttum síðan Ísland naut sjálfstæðis. Aftur á móti er saltframleiðslan tilraunastarfsemi. Hún er eiginlega fyrsta tilraunastarfsemin sem efnt er til á Íslandi í verulegum mæli til þess að sannreyna það hvort hér er grundvöllur fyrir efnaframleiðslu í stórum stíl, við getum sagt á heimsmælikvarða, eða ekki. Og tilraunin ein sem slík kostar að sjálfsögðu peninga. Allt það sem menn taka sér fyrir hendur orkar tvímælis í upphafi. Stundum ber það árangur og stundum ekki. Enginn, hvorki ég né aðrir, getur um það dæmt á þessu stigi hvort það sem þegar hefur verið unnið í þeirri tilraunastarfsemi á eftir að bera árangur eða ekki. Það liggur t. d. ekki ljóst fyrir hvort sjávarafurðir okkar eru auðseljanlegri eða betri vara með því hreina salti sem kemur úr þessari tilraunaverksmiðju eða ekki. En eitt er víst: að útflytjendur fiskafurða hafa keypt allt það magn sem verksmiðjan hefur getað afgreitt. Ég vil ekki segja að hér hafi verið um óarðbæra fjárfestingu að ræða. Það er jafnvel arðbært að sannreyna að við eigum engin verðmæti í því sem við erum að kanna.

Ég vil líka vara við þeirri hugsun að heimildir í lánsfjárlögum séu eingöngu til að fullnægja duttlungum fjmrh. Það getur vel verið að hv. 8. þm. Reykv. eigi eftir að verða fjmrh. Þá mundi hann komast að raun um að *því fer fjarri*. Það er ekkert í lánsfjárlögum sem kallar á tillögu, sem gæti verið tekin sem grín, um að heimila fjmrh. að hætta við erlendar lántökur ef hann telji þjóðhagslega hagkvæmt. Það getur fjmrh. gert. Þetta eru heimildir. Hann þarf ekkert að nota þær frekar en hann telur rétt, nema aðstæður sem hafa verið skapaðar honum í fortíðinni gefi honum ekki svigrúm til annars. Þá er ég t. d. að tala um heimildir þær sem hér var vitnað til og varða raðsmíðaverkefnin. Hvað sem fjmrh. gerir, hvort hann gerir eitthvað eða ekki neitt, þá er búið að ganga þannig frá þeim málum að þau falla á ríkisábyrgðir endanlega ef ekkert er að gert. Hitt er svo annað mál, að hér er verið að reyna að koma í veg fyrir það með því að gefa fjmrh. svigrúm til þess að leita annarra leiða. Og það eru þessar aðrar leiðir sem ég vona að við getum fundið.

Og þá er ég kominn að því að svara hv. 2. þm. Austurl., að það er þess vegna sem svokallað sjálfdæmi er í þessari grein um raðsmíðaverkefnið. (Gripið fram í.) Það fer vel á því. Það fer vel á því vegna þess að ég tel að það sé þjóðhagslega algert lífsspursmál að gera sér grein fyrir því að þessi raðsmíðaverkefni eru orðin svo dýr að það er alveg útilokað að nokkur kaupandi fáist. Og *ég teldi mig ekki vera hreinskilinn* við Alþingi ef ég gerði mér ekki grein fyrir því og segði Alþingi frá því að ég álít að Ríkisábyrgðasjóður og ríkissjóður neyðist til að taka á sig mismuninn á þeirri upphæð sem skipin kosta og því verði sem samrýmist því að rekstrargrundvöllur sé fyrir skipin. Það er þetta sem ég þarf að fá tíma til að athuga, og þegar við vitum nákvæmlega undir hvaða upphæð skipin geta staðið, miðað við meðalveiði slíkra skipa, þá er hægt að fara þess á leit við t. d. Fiskveiðasjóð að hann yfirtaki áhvílandi lán í Landsbanka Íslands, eða hvar sem þau eru, upp að því marki. Og þá loks fá skipin eðlilegan sess í okkar kerfi og verða til sölu handa þeim aðilum sem þau geta rekið. Þetta er skýringin á því sjálfdæmi sem hv. 2. þm. Austurl. gat um og ég vona að hann sé mér sammála.

Hvað varðar sundurliðun á þessum 500 millj. kr. til þróunarfélagsins þá er ég því miður ekki með hana nú. Ég var með hana við 2. umr. og þar las ég hana upp, sundurliðun um helminginn af upphæðinni. Um hinn helminginn er of snemmt að fjalla vegna þess að það er ekki búið að skipta honum. Helmingnum er óráðstafað þar til þróunarfélagið er orðið að veruleika. Þangað til er þessu fé dreift í gegnum Framkvæmdasjóð, algerlega til bráðabirgða. Ég vona að þessi skýring nægi því að ég er ekki með sundurliðunina núna. Ég var með hana, má segja af hreinni tilviljun, síðast þegar við ræddum þessi mál.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., að auðvitað eru þetta engin vinnubrögð í sambandi við lánsfjáráætlun. Fyrir árið 1984 lagði ég fram fjárlög og lánsfjáráætlun samtímis. Þetta var afgreitt á réttum tíma en það hafði þá ekki verið gert í langan tíma þar á undan. Ég hlýt því að taka undir gagnrýni hv. þm. enda harmar enginn það meira en ég sem fjmrh. að lánsfjárlög skuli vera til meðferðar svona seint. Þetta kemur sér mjög illa fyrir fjmrn. og ríkissjóð í heild og slík vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Ég get ekki annað en tekið undir það líka að það er aldrei fyrirgefanlegt að fjárfesta í framleiðslu sem ekki selst eða ber sig. En við erum bara með staðreyndir í höndunum. Sem bisnessmaður mundi ég aldrei nokkurn *tíma* viðhafa slík vinnubrögð. En þau eru bara til staðar og við verðum að moða úr því sem okkur er treyst til að leysa. Þetta eru vandamál sem við verðum

að vinna að að leysa.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. var einnig harðorður í garð ríkisstj. vegna sömu vinnubragða og ég tek það að sjálfsögðu til mín sem fjmrh. Hv. þm. á fullan rétt á því að segja það sem hann sagði og kannske svolítið meira, vegna þess að þegar líkar tafir urðu á afgreiðslu lánsfjáráætlunar í hans tíð, og voru þó jafnvel ekki eins slæmar og þessar tafir, þá var ég svo sannarlega ekkert að hlífa honum við ámæli fyrir þau vinnubrögð. Þar af leiðandi má segja að málflutningur frá minni hálfu nú til varnar þessum drætti væri ekki í neinu samræmi við þá afstöðu sem ég hafði þegar ég var í stjórnarandstöðu og hann stóð í mínum sporum.

Við erum að tala hér um breytingu á verðlagsforsendum varðandi þær tillögur sem hér koma fram í 1. lið brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 725. Þar breytast verðlagsforsendur úr 174 stigum í 206. Þetta dæmir hv. 3. þm. Norðurl. v. nokkuð harkalega, harðar en ég bjóst við, vegna þess að öllum er í fersku minni að einmitt af sömu ástæðum þurftum við að taka upp fjárlögin og ræða hér allt fram í maí á síðasta ári leiðréttingar á fjárlögum, sem voru beinar afleiðingar af því að síðustu fjárlög hv. 3. þm. Norðurl. v. voru byggð á svo röngum verðlagsforsendum, eða 40% en um mitt ár var verðbólga komin upp í 84%. Það er einmitt leitast við að hafa þessa hlið lánsfjárlaganna eins rétta og frekast er kostur. En eins og hv. þm. ætti best að vita eru verðlagsforsendur reiknaðar út af Þjóðhagsstofnun og hagsýslunni og í samráði við formann Landsvirkjunar, sem er seðlabankastjóri um leið, er notað meðalgengi ársins á undan þegar undirbúningur að lánsfjáráætlun hefst, meðalgengi að viðbættum þeim verðlagsforsendum sem þá eru best þekktar. Á þeim tíma sem þessi lánsfjáráætlun fór í vinnslu var reiknað með meðalgengi ársins 1984 + 21% hækkun milli ára. Þetta hefur að vísu breyst síðan og þar af leiðandi eru þessar forsendur breyttar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þessir liðir skýra sig flestir sjálfir. 1. liðinn hefur hæstv. iðnrh. skýrt hér að beiðni fjh.- og viðskn. hv. Ed. 2. liðurinn, um Hitaveitu Egilsstaða og Fella, skýrir sig sjálfur. 3. liðurinn sömuleiðis. Hann var ræddur hér við 2. umr. og gaf ég þá svör um sundurliðun á þeirri upphæð. 4. liðinn, varðandi raðsmíðaskipin, hef ég líka skýrt. Ég tel því ekki ástæðu til að orðlengja þetta að öðru leyti en því að svara hv. 2. þm. Austurl. varðandi þá brtt. sem hann flytur á þskj. 515. Það er deginum ljósara að hér er um brýna þörf að ræða en ég held að till. sem þessa, svona seint fram komna við afgreiðslu á lánsfjárlögum fyrir þetta ár, upp á 100 millj. kr. til viðbótar, sé tæplega hægt að taka til greina þrátt fyrir góðan vilja. Ég vildi því gjarnan mega komast að samkomulagi við flm. um að kostnaður og leiðir til framkvæmda verði kannaðar á þessu ári. Það styttist í gerð fjárlaga fyrir næsta ár og þyrfti að athuga hvort ekki væri þá hægt að hrinda þessu í framkvæmd, kannske ekki á eins mörgum stöðum og gert er ráð fyrir í till., en a. m. k. að hefja framkvæmdir við það verkefni sem um ræðir, að koma upp mengunarvörnum, sem hugsanlega gætu orðið orkusparandi um leið, í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi. Ég veit það af eigin reynslu að fólk hefur flúið frá byggðarlögum á Austurlandi vegna þess að það hefur ekki þolað andrúmsloftið sem þar ríkir þegar verksmiðjurnar eru í gangi. Það fer því ekkert á milli mála að hér er um mjög brýnt verkefni að ræða. En ég get ekki mælt með því að taka 100 millj. kr. fjárveitingu inn á þessa lánsfjáráætlun á þessu stigi en er fullkomlega reiðubúinn til þess að standa að því að málið verði skoðað betur og frekari kostnaðaráætlanir sem og framkvæmdaáætlanir liggi þá fyrir.

Að lokum vil ég þakka formanni fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfi Konráð Jónssyni og fjh.- og viðskn. allri fyrir mjög góða samvinnu og vonandi árangursríka um afgreiðslu lánsfjáráætlunarinnar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að við séum að vinna nefndarstörf fjh.- og viðskn. að töluverðu leyti hér við 3. umr. í deildinni. Eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh. síðast þegar hann steig hér í stólinn hafa ekki allir sama skilning á því hvernig þær tölur eru fengnar sem fram eru komnar hérna í áætlun Landsvirkjunar og birtast í brtt. sem hér eru fluttar á þskj. 725. Það er að sönnu um tómt mál að tala að ætla að vinna nefndarstörf í ræðustól og því er ekki að svo búnu meira hægt að gera í þessu máli, en ég lýsi aftur óánægju minni með þessi vinnubrögð og tel að þau nái ekki nokkurri einustu átt.

Annars kem ég hingað fyrst og fremst vegna þess sem hæstv. iðnrh. sagði út af samningum við Swiss Aluminium Ltd. um stækkun álversins í Straumsvík um 50%, það sem hann sagði þegar hann steig hér síðast í stólinn. Ég verð að segja að nú þykir mér týra. Það er ekkert ljóst með Alusuisse, það hafa engar formlegar samningaviðræður átt sér stað við Alusuisse, upplýsti hæstv. iðnrh. Líkur hafa að vísu aukist á því að samstarfsaðilar séu fundnir fyrir Alusuisse, en engir formlegir samningafundir hafa átt sér stað. Um orkuverðið, sem er auðvitað einn af meginþáttum málsins, er ekkert handfast, svo að ég vitni beint í orð ráðh., og ekki tilefni til að skýra frá neinu í því efni opinberlega. Það gæti gerst, sagði hæstv. iðnrh., að formlegur samningafundur yrði haldinn undir miðjan næsta mánuð í þessu máli. Það er ekkert ljóst. Það liggur ekkert á borðinu. Samt á að setja fulla fart á Blönduvirkjun með það í huga að selja Alusuisse þá orku sem hún mun framleiða, en það hefur oft komið fram hér í umr. á hv. Alþingi að stækkun álversins í Straumsvík mun nýta nærri alla orkuframleiðslu Blönduvirkjunar.

Okkur iðnrh. greinir líka á um hvort það borgi sig að selja Alusuisse orkuna, en það er annað mál sem ég ætla ekki að fara út í hér. Það sem er hins vegar ljóst og borðleggjandi nú er að það á að fara út í að setja framkvæmdir við Blöndu á fulla fart þrátt fyrir að ekkert liggi ljóst fyrir um sölu á orku úr Blönduvirkjun og þrátt fyrir að við höfum á bilinu 450—475 gwst. umfram í núverandi virkjunarkerfi Landsvirkjunar — gwst. sem við getum ekki selt. Þess vegna er fram komin hækkun á lántökuheimildum Landsvirkjunar um 230 millj. kr. við 3. umr. lánsfjárlaga í Ed.

Að mínu viti vísar þetta allt í þá átt að við stefnum hraðbyri eftir þeim glötunarvegi sem hefur verið markaður og ekki bara í tíð núv. hæstv. ríkisstj. heldur í langan tíma þar á undan — þeim glötunarvegi sem hefur verið markaður í orku- og stóriðjumálum hér á landi. Ég vil benda þeim hv. þdm. á það, sem sjá ástæðu til að sitja undir þessari umr., að hér er ekki um litla peninga að ræða. — Það hefur mér ávallt fundist

mjög athyglisvert á Alþingi Íslendinga að þegar orkumál eru á dagskrá sjá ákaflega fáir hv. þm. ástæðu til að sitja undir þeim umr. Samt er þarna um að ræða þann hluta af ríkisbúskapnum þar sem einna hæstu fjárhæðunum er velt. Má með fullum rökum segja að það sem er gert í þessum málum skiptir máli fyrir afkomu allra landsmanna. Aðgerðir á þessum sviðum skila sér inn í efnahagslífið með miklum krafti. Þetta er svo stór hluti af því fjármagni sem í veltunni er og þess vegna skiptir þetta máli fyrir alla afkomu landsmanna. Samt hefur mér fundist að áhugi hér á þessum málum hafi verið mjög takmarkaður.

Eins og hér hefur þrásinnis komið fram við umr. og líka við 2. umr., sem ég gat því miður ekki verið viðstödd, heldur erlent lánsfé áfram að streyma inn í íslenskt efnahagslíf. Þar ætlar ekkert lát að verða á og það er heldur ekkert lát á því að þessu rándýra erlenda lánsfé sé veitt til framkvæmda sem ekki verður annað séð en að séu gersamlega óarðbærar, framkvæmda eins og aukinnar orkuframleiðslu sem engin trygging er fyrir að seljist á viðunandi verði, að seljist yfirleitt eða þá með viðunandi hætti til viðunandi aðila, t. d. til innlendra orkunotenda. Á slíka aðila hefur ekki verið minnst einu orði í þessari umr. um lántöku Landsvirkjunar til raforkuframkvæmda.

Ég lýsi því því hér yfir að ég mun greiða atkv. gegn 1. brtt. á þskj. 725 þegar hún kemur til atkv. á eftir. Það er sú brtt. sem á við 3. gr. frv. og hljóðar upp á auknar erlendar lántökur til Landsvirkjunar.

Hæstv. fjmrh. kom í stólinn áðan og þótti mér vænt um að heyra þar þá viðurkenningu hans að hann sem bisnessmaður mundi aldrei fjárfesta í óarðbærum fyrirtækjum og framleiðslu sem ekki er hægt að selja. Þarna erum við hæstv. fjmrh. alveg hjartanlega sammála. Það er það sem ég er að hugsa um. En síðan bætti hæstv. fjmrh. við: En þessi vinnubrögð eru bara til staðar og því er ekki um annað að ræða. — Þetta þótti mér miður að heyra. (**Fjmrh.:** Þetta er vandamál sem er til staðar. Það var það sem ég sagði.) Vinnubrögð heyrðist mér hæstv. ráðh. segja, en Alþingistíðindi skera úr um það. Það var einmitt alveg hárrétt hjá hæstv. ráðh. að það er ekki beint vandamálið sem er til staðar, heldur hvernig við leysum úr því, hvaða vinnubrögðum við beitum við lausn þess. Þess vegna sá ég ástæðu til að taka þetta niður eftir hæstv. fjmrh. Mér fannst þarna satt og rétt að orði komist. Það eru nákvæmlega þessi vinnubrögð sem ég vil breyta og ég er m. a. hingað komin til þess að breyta þeim og það mun ég áfram gera og vinna að í öllu mínu starfi hér. Mér þætti ekki ónýtt að fá hæstv. fjmrh. til liðs við mig til að gangast í því að breyta þessum vinnubrögðum og taka á þessu vandamáli með öðrum hætti en hingað til hefur verið gert því ekki veitir af, verkefnið er stórt. Ég er m. a. hingað komin til að breyta vinnubrögðum af þessu tagi og að því mun ég áfram vinna meðan ég er hér.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki, eins og ég sagði áðan, að lengja þessa umr. mikið, en ég sé mig tilknúinn til þess þó að bæta aðeins við orð mín áðan, einkum vegna þess að ég hafði það á tilfinningunni að hæstv. fjmrh. hefði misskilið orð mín eitthvað þar sem hann taldi að ég hefði verið að tala um hans duttlunga þegar ég talaði um heimildir til að fullnægja duttlungahugmyndum manna. Ég átti alls ekki við það. Ég býst við að fjmrh. sé ekki ókunnugt um hugtök eins og gæluverkefni eða duttlunga þm., þar sem unnið er, oft af miklu harðfylgi, að fjármögnun og framkvæmd verkefna sem tíminn síðar sannar að eiga mjög lítið erindi inn í íslenskt efnahagslíf. Það má nefna bæði gömul og ný dæmi. Við höfum hugsanlega eitt nýtt dæmi á ferðinni sem nefnt var áðan svo að ekki sé alltaf verið að stagast á Kröflu og öðrum slíkum verkefnum. Það er títtnefnd kísilmálmverksmiðja á Austurlandi sem reyndar skilar hæstum meðallaunum á landinu í dag til starfsmanna sinna en ekki nokkru fyrir þjóðarbúið enn þá.

Fjmrh. taldi sér heimilt að hætta við lántökur ef hagsmunir lands og þjóðar byðu svo. Ég tel að þarna fari fjmrh. með rangt mál og þurfum við þá ekki annað en að lesa 1. og 2. gr. þessa frv. Í 1. gr. er sagt að fjmrh. sé heimilt að taka ákveðna lánsupphæð, sem þar er tilgreind, og í 2. gr.: „Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.“ Alla þessa lánsupphæð er því búið að eyrnamerkja þannig að enginn getur undan því vikist að framfylgja þessum lögum öðruvísi þá en með lögbroti. Því skal líka andmælt, sem hæstv. fjmrh. hélt hér fram, að ásetningur þessarar ríkisstj. sé ekki fokinn út í veður og vind. Það hlýtur að fara saman ásetningur annars vegar og framkvæmd. Ef ég dreg hana dóttur mína aftur inn í þessa umr., sem ég nefndi áðan, hafa skuldir þessarar þjóðar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu aukist um 100% á þeim tólf árum sem hún hefur lifað. Ef svo fer fram sem horfir verður þessi unga stúlka ekki orðin gjafvaxta þegar erlend lán nema orðið að verðmæti allri okkar þjóðarframleiðslu, ef þessi þróun verður ekki stöðvuð. Ríkisstj., sem nú er við völd, hefur ekki stöðvað þessa þróun og hefur ekki uppi neina tilburði til þess að stöðva hana. Menn geta reynt að malda í móinn og segja: Ásetningur minn er enn hinn besti. Það gagnar fólki ekki neitt á meðan framtakið eða framkvæmdirnar eru ekki í samræmi við ásetninginn.

Ég hirði ekki að ræða um saltverksmiðju eða raforkuframkvæmdir að neinu ráði. Við gætum haldið uppi löngu máli um það. Við áttum einu sinni auðlindir í sjó og á landi í sjávarútvegi og landbúnaði sem við erum búnir að ofnýta og þó aðallega offjárfesta í og þar með búnir að eyðileggja árangurinn af þessum auðlindum eða þann ábata sem við gætum haft af þeim. Það fer ekkert á milli mála, þegar horft er á offramleiðsluna á raforku hér á landi, að við erum á góðri leið að fara með þá auðlind sama veg og hinar tvær auðlindirnar sem við áttum.

ATKVGR.

Brtt. 725,1 samþ. með 12:6 atkv.
Brtt. 725,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 725,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 515 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 725,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 429. mál (þskj. 714). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Af frv. því sem ég mæli hér fyrir leiðir að einkaréttur ríkisins til innflutnings og sölu á tóbaki og eldspýtum skv. lögum nr. 63/1969 verði afnuminn hinn 1. jan. 1986 nái það fram að ganga.

Nú eru liðin 53 ár síðan ríkið öðlaðist einkarétt til innflutnings og sölu á tóbaki og um 50 ár síðan það öðlaðist þann sama rétt varðandi eldspýtur. Reyndar hafði ríkið áður átt einkasölurétt á tóbaki, þ. e. á árunum 1922—1923. Einkasölumálin voru nokkuð umdeild á sínum tíma sem sést best á því að einkasölurétturinn var afnuminn strax fjórum árum eftir að ríkið öðlaðist hann í fyrsta sinn og síðan endurvakinn enn á ný sex árum síðar eða árið 1932. Þau sjónarmið, sem fyrst og fremst bjuggu að baki einkasölufyrirkomulaginu á tóbaki og eldspýtum, voru þau að með því væri ríkinu tryggður áreiðanlegur tekjustofn sem gefa ætti af sér allverulegar tekjur í formi einkasölugjalda. Þetta var á kreppuárunum og var með þessu m. a. stefnt að því að skapa nokkurt svigrúm til þess að draga úr hækkun neysluskatta á ýmsum nauðsynjavörum. Þó svo að tekjuöflunarþátturinn hafi vegið langþyngst í rökstuðningi fyrir einkasöluréttinum kom fleira til, svo sem von um hagstæðari innkaup en ella auk þess sem auðveldara var talið að annast eftirlit og koma í veg fyrir ólöglegan innflutning á tóbaki.

Telja verður löngu tímabært í ljósi þeirra viðamiklu breytinga og þróunar sem átt hefur sér stað í innflutningi, innflutningsverslun og skattamálum hérlendis á s. l. hálfri öld að endurskoða þau ákvæði laga er kveða á um einkarétt ríkisins til innflutnings og verslunar með tóbak og eldspýtur. Fyrst af öllu má í þessu sambandi benda á þá staðreynd að sömu tekna og ríkissjóður hefur núna af einkasölugjöldum af þessum vörum má afla með auðveldari og ódýrari hætti en þeim að áskilja ríkinu umræddan einkasölurétt. Tekna þessara má við núverandi aðstæður einfaldlega afla með innflutningsgjöldum eða framleiðslugjöldum eigi framleiðsla þessarar vöru sér stað innanlands. Í annan stað má benda á að óeðlilegt og óæskilegt er að ríkið sé að vasast í rekstri sem augljóst er að einkaaðilar eru fullfærir um að leysa af hendi. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er m. a. að finna fyrirheit um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur. Þetta frv. er dæmi um þá alvöru sem að baki þessu fyrirheiti býr.

Að mínu mati er tóbakseinkasalan skýrt dæmi um rekstur sem betur er borgið í höndum einkaaðila í frjálsri samkeppni. Menn verða í þessu sambandi að átta sig á því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur ekki umboð fyrir eina einustu tegund tóbaks sem hún flytur inn og selur. Umboðin eru öll í höndum einstaklinga eða fyrirtækja sem fá sín umboðslaun þó svo þau þurfi tiltölulega litlu til að kosta vegna þeirrar umsýslu. Þá kannast flestir við þá gagnrýni sem oft hefur heyrst um það hve erfitt sé að koma nýjum tóbakstegundum á markað hérlendis vegna einkasölufyrirkomulagsins. Í þessu efni takast oft á hagsmunir viðkomandi umboðsmanns, sem vill koma nýrri tegund tóbaks á markaðinn, og ÁTVR sem hefur augljósa hagsmuni af því að tegundaúrvalið sé í lágmarki þannig að kostnaður sé sem minnstur. Margir hafa orðið til þess að benda á hið óeðlilega vald og möguleika sem ÁTVR hefur til þess að mismuna aðilum í þessum efnum. Síðastur manna verð ég til þess að væna starfsmenn ÁTVR um annarleg sjónarmið í þessum efnum. Starf þeirra í þessu efni er mjög vandasamt og allt annað en öfundsvert. Þvert á móti tel ég að miðað við aðstæður hafi þeim tekist að finna málum þessum farsælan farveg. Engu að síður verður því ekki á móti mælt að einkasölufyrirkomulagið verður ætíð mjög auðvelt að gagnrýna að þessu leyti, þ. e. að það bjóði heim hættunni á mismunun milli aðila.

Þá tel ég vert að benda á annað atriði til sönnunar því að reynslan sýnir svo að ekki verður um villst að opinber rekstur er óhagkvæmari en einkareksturinn. Hér á ég við hvernig staðið var að verðlagningu á tóbaki og reyndar einnig áfengi a. m. k. undanfarna tvo áratugi og e. t. v. lengur. Verðstefna þessi fól það í sér að smásöluverð á tóbaki var á þessum tíma nær ætíð ákvarðað hið sama eða mjög svipað af sams konar tegundum tóbaks. Við ákvörðun verðs var m. ö. o. ekki tekið nauðsynlegt tillit til innkaupsverðs á hverri tegund fyrir sig á hverjum tíma og þeirra þátta sem áhrif kunna að hafa, svo sem breytinga á gengi. Hækkanir útsöluverðs á liðnum árum hafa því í langflestum tilvikum átt rætur sínar að rekja til hækkunar einkasölugjaldsins, en ekki jafnframt til breytinga sem átt hafa sér stað á kostnaðarverði tóbaksins. Þá hafði hækkun einkasölugjaldsins oftast nær verið ákveðin hlutfallslega sú sama á allar tegundir tóbaks. Fyrir gat komið að tóbak sem var tiltölulega ódýrt í innkaupi væri selt á sama eða svipuðu verði og sambærilegt tóbak sem var dýrt í innkaupi. Þetta fyrirkomulag við ákvörðun smásöluverðs hafði þannig í raun í för með sér að hvorki framleiðendur tóbaks né umboðsmenn þeirra hérlendis sáu sér hag í því að halda innflutningsverðinu sem lægstu því lágt innflutningsverð hafði lítil sem engin áhrif á smásöluverð þar sem verðið ákvarðaðist fremur af tegundum en innkaupsverði. Lágt innkaupsverð leiddi þannig einungis til hærri tekna ríkissjóðs í formi einkasölugjalds, en alls ekki til sterkari aðstöðu á markaðinum. Þessi verðstefna tryggði m. ö. o. hag ýmissa framleiðenda eða framleiðsluaðila sem seldu hingað tóbak á lítt samkeppnisfæru verði á kostnað ríkissjóðs. Í frjálsri samkeppni hefði dæmi af þessu tagi aldrei komið upp.

Fljótlega eftir að ég tók við embætti fjmrh. beitti ég mér fyrir endurskoðun á þeim reglum sem áður giltu í þessum efnum. Á grundvelli hennar var nýjum verðlagningarreglum hrundið í framkvæmd fyrir rúmu ári. Meginmarkmið hinnar nýju verðlagningarstefnu er, eins og margir hafa e. t. v. rekið sig á, að láta innkaupsverðið endurspeglast að fullu í smásöluverðinu án þess þó að rýra tekjur ríkissjóðs af einkasölugjaldinu. Hinar nýju reglur hafa þegar leitt til þess að samkeppni ríkir nú, a. m. k. meðal framleiðenda og umboðsmanna þeirra, sem ríkissjóður nýtur góðs af í verulegum mæli. Þessum reglum er nánar lýst í grg. með frv. því til laga um tóbaksgjöld sem lagt var fram hér á Alþingi samhliða þessu frv.

Að því er varðar eftirlit með innflutningi og sölu þessarar vöru má vekja athygli á því að það verður síst lakara en áður, einkum eftir að ákvæði reglugerðar um viðvörunarmerkingar á tóbaki taka gildi, en það mun eiga sér stað hinn 1. júlí n. k.

Eins og áður segir felur frv. í sér, verði það að lögum,

að einkaréttur ríkisins til verslunar með eldspýtur fellur niður frá sama tíma. Rétt er að það komi fram að eiginlegt einkasölugjald er ekki lagt á eldspýtur, heldur hafa tekjur fyrst og fremst stafað af 70% tolli og tiltölulega lágri heildsöluálagningu. Telja verður fremur ankannalegt að ríkið skuli vera með einkarétt til verslunar með eldspýtur, en t. d. ekki með vindlingakveikjara o. fl. Hér skortir samræmi.

Í frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum, sem flutt er samhliða frv. þessu, er gerð grein fyrir því að nettótekjur ríkissjóðs muni ekki rýrna við afnám tóbakseinkasölunnar. Gjöld af tóbaksvörum breytast einungis úr einkasölugjaldi og sölugjaldi í tóbaksgjald og vörugjald sem verður innheimt við tollafgreiðslu eða með sama hætti og vörugjald af innlendri framleiðslu verði um hana að ræða. Ekki er talin ástæða til að breyta gjaldtöku af eldspýtum vegna þessara breytinga, en eins og áður segir er nú innheimtur 70% tollur af þeim innflutningi auk þess sem þær eru söluskattsskyldar.

Eins og kunnugt er á sér stað verðjöfnun á tóbaki. Verði frv. þetta að lögum fellur hún niður, enda verður ekki séð hvaða sjónarmið það eru sem réttlæta verðjöfnun á tóbaki umfram aðrar vörur, þar á meðal ýmsar nauðsynjavörur.

Í kjölfar frjálsrar verslunar með tóbak er ljóst að tóbaksdeild ÁTVR verður lögð niður að öðru leyti en því að ekki er fyrirhugað, a. m. k. ekki fyrst um sinn, að leggja niður neftóbaksframleiðslu hennar. Gera má ráð fyrir að a. m. k. átta stöður í tóbaksdeild verði lagðar niður. Þá hlýtur þessi breyting að leiða til fækkunar starfsmanna á aðalskrifstofu, enda á skrifstofukostnaður ÁTVR í verulegum mæli rætur sínar að rekja til tóbakssölunnar. Benda má á í þessu sambandi að dreifingaraðilar tóbaks í smásölu skipta hundruðum andstætt því sem gildir um áfengi.

Þá er rétt að það komi fram hér að áformað er að leggja niður starfsemi iðnaðardeildar ÁTVR að svo miklu leyti sem um er að ræða framleiðslu sem öðrum en ríkinu er ekki beinlínis bannað að stunda. Hér er m. a. um að ræða framleiðslu kökudropa og neftóbaksgerð, ef frv. þetta nær fram að ganga. Verið er að kanna hvort mögulegt sé að koma þessari starfsemi fyrir á vernduðum vinnustöðum og hvort áhuga sé þar að finna á því að yfirtaka þessa framleiðslu, enda verði þeim afhent núverandi framleiðslutæki ÁTVR vegna þessarar framleiðslu án endurgjalds.

Verði frv. þetta að lögum er gert ráð fyrir að umboðsmenn hinna ýmsu tóbakstegunda annist framvegis innflutning, birgðahald og heildsöludreifingu þess með þeim hætti sem þeir telja ákjósanlegast og hagkvæmast. ÁTVR mun hins vegar þurfa nokkurn tíma til að selja sínar vörubirgðir og er gert ráð fyrir því að hún muni gera það í samkeppni við hina nýju dreifingaraðila.

Að því er einstakar greinar þessa frv. varðar er það að segja að frv. er efnislega algerlega sambærilegt við lög nr. 67/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, að öðru leyti en því að öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings og dreifingar á tóbaki og eldspýtum eru felld niður. Eins og kunnugt er var kaflinn um Lyfjaverslun ríkisins felldur niður á sínum tíma með lögum nr. 16/1982, um lyfjadreifingu. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um einstakar greinar frv. nema 10. gr. þess sem kveður á um að frv., verði það að lögum, skuli taka gildi 1. janúar 1986. Tíminn þangað til mun tóbaksumboðsmönnum ætlaður til undirbúnings þeirri breytingu sem frv. þetta felur í sér. Að öðru leyti er vísað til frv. um tóbaksgjald vegna hins nýja fyrirkomulags sem fyrirhugað er að koma á varðandi gjaldtöku á tóbaki.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og til 2. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt hér fyrir frv. sem felur það í sér að einkasala ríkisins á tóbaki verði afnumin. Ég vil lýsa eindreginni andstöðu minni við þetta frv. og þá stefnu sem í því felst.

Ég tel að þessi breyting, sem í frv. felst frá því fyrirkomulagi sem nú er, sé algerlega ástæðulaus, það felist enginn ávinningur í henni fyrir þjóðina og að hún gæti haft þegar fram líða stundir í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Tóbak er vörutegund sem er nokkuð sérstaks eðlis. Ríkissjóður hefur ætlað sér verulega miklar tekjur af henni. Brúttóhagnaður ríkisins á þessu ári er áætlaður hvorki meira né minna en um 570 millj. vegna tekna af sölu tóbaks. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt að hér ríki reglur um sölu þessarar vöru.

Það er hins vegar uppi sú kreddukenning meðal núverandi stjórnarflokka að það beri og eigi að rífa niður allan þann atvinnurekstur sem ríkið stendur fyrir. Það er stefna sem við Alþb.-menn teljum óskynsamlega og forkastanlega og vera hvorki í þágu skattgreiðenda né í þágu neytenda og enn síður í þágu þjóðarinnar í heild. Þessu frv. er sem sagt fyrst og fremst ætlað að þjóna undir þessa kreddukenningu og ég sé enga ástæðu til þess að vera samþykkur þeirri stefnu. Ég álít að frv. muni fyrst og fremst hafa það í för með sér að opna möguleika fyrir innflytjendur til að auka hagnað sinn, en betra tækifæri verður til að ræða þetta mál við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Gjöld af tóbaksvörum, frv. 428. mál (þskj. 713). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum. Frv. gerir ráð fyrir að tekin verði upp tvö ný gjöld er leggja skuli á allt tóbak. Það er flutt samhljóða frv. um verslun ríkisins með áfengi, en af því frv. leiðir, nái það fram að ganga, að einkaréttur ríkisins til innflutnings og sölu á tóbaki og eldspýtum fellur niður hinn 1. jan. 1986. Gjalda skv. þessu frv. er ætlað að afla frá og með 1. jan. 1986.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni með frv. um verslun ríkisins með áfengi er talið eðlilegt fyrir ríkið og mun einfaldara, miðað við núverandi aðstæður, að afla þeirra tekna af tóbaksvörum, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að afla þessara tekna sem einkasöluaðili sem í raun hefur aðeins falist í að annast

innflutning, birgðahald og dreifingu fyrir umboðsmenn tóbaksframleiðenda. Þá er og bent á það að óviðeigandi sé, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Með vísan til þessa er í frv. þessu gert ráð fyrir að afla frá og með 1. jan. 1986 þeirra tekna sem ríkissjóður hefur notið af einkasölugjaldi af tóbaki með sérstökum gjöldum, tóbaksgjaldi og vörugjaldi, sem leggja skuli á allt innflutt tóbak svo og innlenda tóbaksframleiðslu sé um hana að ræða. Einkasöluréttur ríkisins á tóbaki fellur hins vegar niður frá sama tíma.

Brúttóhagnaður ÁTVR á árinu 1984 nam 401 millj. kr. Tóbaksgjaldið eins og það er ákvarðað í frv. er jafnhátt því einkasölugjaldi sem innheimt er af tóbaki eftir verðbreytingu þá sem átti sér stað í febrúar s. l. Í ár er gert ráð fyrir að tekjur ÁTVR af einkasölugjaldi verði, miðað við sömu neyslu, um 570 millj. kr. á verðlagi marsmánaðar s.l. Í þessu sambandi má minna á að gert er ráð fyrir að hækka einkasölugjaldið á þessu ári í samræmi við framfærsluvísitölu. Athygli skal vakin á því að neyslumynstrið hefur breyst nokkuð mikið undanfarið í kjölfar hinnar nýju verðstefnu. Neyslan hefur t. d. flust meira yfir í evrópskar vindlingategundir, enda eru þær mun ódýrari en þær amerísku, einkum vegna mjög sterkrar stöðu dollarans. Neyslubreyting af þessu tagi hefur engin áhrif á tekjur af tóbaksgjaldi eins og það er hugsað skv. frv. þessu þar sem það ákvarðast af magni en ekki verði. Hins vegar kann neyslubreyting af þessu tagi að hafa áhrif á aðrar tekjur ríkissjóðs af tóbakssölu, þ. e. tekjur af álagningu og söluskatti, þar sem salan hefur aukist í ódýrari vindlingategundum á kostnað þeirra dýrari. Mjög erfitt er þó að gera sér grein fyrir hver áhrif það kann að hafa á nettótekjur ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er hefur sérregla gilt varðandi söluskattsinnheimtu af öllu tóbaki. Hún felst í því að ÁTVR annast innheimtu og skil hans en ekki smásalar. Ástæðan fyrir þessari sérreglu er sú að þar sem ríkið hefur eitt á sinni hendi alla heildsöludreifingu á tóbaki svo og að tóbak hefur til þessa verið háð verðlagsákvæðum er auðvelt að gera sér grein fyrir skattstofninum og innheimta skattinn með einföldum og tryggum hætti. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki við komið ef einkasöluréttur ríkisins á tóbaki verður afnuminn svo og verðlagshöft. Af þessu leiðir, komi ekki annað til, að söluskattur af tóbaki yrði í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins á tóbaki innheimtur í smásölu með venjulegum hætti.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ýmsar efasemdir eru uppi um áreiðanleika söluskattsskila smásölunnar hérlendis. Í þessu sambandi er rétt að benda á að söluskattsuppgjör matvöruverslana er í sjálfu sér ótryggt vegna hinna mjög svo flóknu reglna sem um það gilda. Þetta stafar fyrst og fremst af því að öll matvara er undanþegin söluskatti. Af þessum sökum hefur þurft að setja flóknar sérreglur um uppgjör þeirra sem í raun eru ekki mjög öruggar. Í ljósi þessa er í frv. lagt til að eiginlegur söluskattur verði felldur niður af hvers konar tóbaki, en þess í stað verði lagt á og innheimt vörugjald er leggjast skal á tollverð tóbaks að viðbættum aðflutningsgjöldum. Með þessum hætti á að vera tryggt að a. m. k. svipaðar tekjur skili sér í ríkissjóð í formi vörugjalds af tóbaki og nú á sér stað í formi söluskatts. Á árinu 1984 námu söluskattstekjur ríkissjóðs af tóbaksvörum tæplega 255.2 millj. kr.

Að því gefnu að þessi álagningarhlutföll breytist ekki í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins og verðlagshafta er ljóst að vörugjaldið á tóbaki verður að vera 31% eigi það að skila sömu tekjum og söluskattur gerir nú. Nauðsynlegt þykir engu að síður, einkum í ljósi þeirra breytinga á neysluvenjum sem átt hafa sér stað að undanförnu svo og að verð á tóbaki verður framvegis ekki háð verðlagsákvæðum, að veita ráðh. nokkurt svigrúm varðandi ákvörðun gjaldsins. Því er lagt til að gjaldið megi lægst vera 30% og hæst 60%. Með þessum hætti verður því hér eftir sem hingað til mögulegt fyrir hið opinbera að hafa bein áhrif á tóbaksverð án þess að til komi sérstök lagasetning í hvert sinn.

Ég tel ekki þörf á að ræða frv. þetta frekar að svo stöddu og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég kem hér til að lýsa stuðningi mínum við bæði þau frv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir nú . Ég tel aðeins til bóta að koma málinu þannig fyrir að ríkið sé ekki að vasast í verslunarstarfsemi sem aðrir geta gert betur og er ástæðulaust að þenja út ríkisbáknið á þann veg. Ég hygg líka varðandi tóbakið að þetta geti orðið til þess að neytendur fái ódýrara tóbak. Menn segja kannske að það verði til þess að menn reyki meira. Ég tel að svo sé ekki því að sú verðpólitík sem stunduð hefur verið á undanförnum áratugum hefur verið á þann veg að hún hefur ekki hamlað því að reykingar hafi aukist. Ég tel að nota þurfi aðrar leiðir til að draga úr neyslu tóbaks.

Fyrra frv. fjallar um að afnema einkarétt ríkisins á tóbakssölu og eldspýtum. Ég hef einmitt flutt frv. um sama efni í hv. Ed. og það hefur verið samþykkt héðan, liggur í Nd.

En varðandi það hvernig ríkið ætlar að ná inn tekjum af þessum vörum finnst mér harla athyglisvert að nú er reiknað með að söluskattur verði lagður niður á þessu og tekið upp vörugjald í staðinn. Það kemur manni til að hugsa hvort ekki sé hægt að fara þannig að með fleiri vörur og tryggja með því betri heimtur á sköttum til ríkisins, kannske mestöllum vörum sem þurfa í toll að fara. Gaman væri að fá upplýst hvort það er ekki unnt. Ég reikna með að verði þessi leið farin mundi það hafa í för með sér betri innheimtu fyrir ríkissjóð.

En eins og ég sagði áðan lýsi ég fylgi mínu við þessi frv. og tel þau horfa til framfara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 684). — Frh. 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um atkvgr. Ég hafði ekki lagt til að þessu frv. yrði vísað til fastanefndar. Fram kom till. frá hv. 3. þm. Norðurl. v. um að vísa frv. til hv. allshn. Þegar svo var komið var meðferð málsins frestað að minni tillögu. Nú geri ég þá till. í samráði við alla þingflokkana að málinu verði vísað til sérstakrar nefndar skipaðrar níu mönnum.

ATKVGR.

Till. um að kjósa níu manna lausanefnd skv. 15. gr. þingskapa samþ. með 13 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Það er aðeins ein spurning: Er hægt að kjósa slíka nefnd án þess að taka málið á dagskrá? Að vísu fannst mér óeðlilegt að vísa máli til nefndar, sem ekki hefði verið kosin, sem enginn vissi hver væri, en ég gerði ekki aths. við það. En ég held að þetta geti ekki verið rétt þingsköp að kjósa nefnd án þess að taka málið á dagskrá.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við þá málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Hún er venjuleg undir þessum kringumstæðum. Síðast þegar það skeði í þessari hv. deild að kjörin var sérstök nefnd til þess að fjalla um stjórnarskrármál, á síðasta þingi, var nákvæmlega farið að eins og nú er. Það var lagt til að það yrði skipuð sérstök nefnd til þess að fjalla um málið.

Hér áðan lagði ég til að það væri skipuð sérstök nefnd og gerði það að tillögu minni að kosin verði sérstök nefnd níu manna. Sú till. var borin undir atkv. og hún var samþykkt. Þar með hefur nefndin verið stofnsett. Síðan óskaði hæstv. forseti eftir listum eins og venja er við kjör í nefndir. Listi hefur komið fram og það liggur fyrir að kjósa í þá nefnd sem við áðan samþykktum að stofna.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég verð að játa að mér fannst þetta óvenjuleg málsmeðferð. En þar sem allir þingflokkar hafa rætt þessi mál og komist að þessari niðurstöðu þykir mér ekkert undarlegt að þessi aðferð sé viðhöfð og þar að auki berum við allir sérstakt traust til forseta Sþ. og hljótum að virða hans úrskurð sem slíkan.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan. Þessi aðferð er venjuleg en ekki óvenjuleg.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég vænti þess að það liggi ljóst fyrir að hér er ekki um óvenjulega aðferð að ræða við slíkar aðstæður sem hér hafa verið skýrðar. Og hér liggur þá fyrir till. um þingskapanefnd Ed.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Þorv. Garðar Kristjánsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Helgi Seljan,
Haraldur Ólafsson,
Eiður Guðnason,
Stefán Benediktsson,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
Davíð Aðalsteinsson,
Valdimar Indriðason.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til lausanefndar með 13 shlj. atkv.

Myndlistaháskóli Íslands, frv. 415. mál (þskj. 681). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um Myndlistaháskóla Íslands. Aðalefni þess er að Myndlista- og handíðaskóla Íslands sé breytt í skóla á háskólastigi og námssvið hans nokkuð aukið. Með þessu er kveðið á um nýja stöðu skólans í skólakerfinu og með frv. yrði Myndlistaháskóli Íslands ríkisrekinn sérskóli á háskólastigi, en núna standa ríki og sveitarfélag að rekstri hans.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands eins og hann er nú er að fræðslu til sambærilegur við myndlistaháskóla víða í Evrópu, enda eru sambærilegar kröfur gerðar til nemenda Myndlista- og handíðaskóla Íslands og nemenda í háskólum erlendis. Lögin frá 1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, sem skólinn hefur starfað eftir, eru fyrir löngu orðin úrelt og því ný lög nauðsynleg. Þetta segir í aths. með frv. á bls. 5.

Mig langar til þess að gera örlitla grein fyrir tilurð þessa skóla og vitna þá til rits sem kom út á 40 ára afmæli skólans árið 1979, en svo segir þar í grein eftir þáverandi skólastjóra skólans, Einar Hákonarson, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stríðsbyrjun lokaðist Evrópa fyrir íslenskum námsmönnum, einnig þeim sem vildu leggja fyrir sig list- og listiðnaðarnám. Nokkrir fóru til Ameríku, en flestir sátu heima. Upp úr þessum aðstæðum óx Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Lúðvig Guðmundsson, sem var mikill áhugamaður um list- og verkmenntun, sá þessa þörf og að í hinu væntanlega lýðveldi Íslendinga mátti ekki við svo búið standa að ekki væri til skóli sjónmennta. Marga áratugi barðist hann við skilningsleysi stjórnvalda um stuðning við skólann og sparaði hvorki tíma né fyrirhöfn, eins og títt er með menn sem hafa hugsjón. Lúðvig fékk hingað til lands reyndan skólamann á sviði sjónmennta, Þjóðverjann Kurt Zier, og það reyndist skólanum heilladrjúgt. Seinna, er Lúðvig lét af störfum sem skólastjóri og Kurt Zier tók við, mótaði hann skólann í þá mynd sem hann starfar eftir enn. Aðrir skólastjórar, sem síðar komu, hafa fylgt þessum hugmyndum og aukið, svo sem með stofnun nýrra deilda.

Skólinn hefur gengið í gegnum marga hreinsunarelda og allir skólastjórar og kennarar hafa stöðugt unnið að því að bæta hann og auka og enn þá er unnið að því að setja honum ný lög þar sem mið er tekið af þeim kröfum sem gera verður til Myndlista- og handíðaskóla Íslands og þeim margvíslegu verkefnum sem honum er ætlað að gegna.

Skólinn er margþættur og segja má að innan veggja hans rúmist fjórir skólar sem í mörgum löndum eru allt sjálfstæðar stofnanir. Í fyrsta lagi er skólinn myndlistaskóli, í öðru lagi listiðnaðarskóli, í þriðja lagi kennaraskóli og fjórði þátturinn er svo sú þjónusta sem skólinn veitir með námskeiðum fyrir áhugafólk um tómstundaiðju og þá er vilja með frekara námi mennta sig til meiri hæfni og lífsánægju.

Það er trú mín að vegur sjónmennta hafi vaxið hér á landi hin síðustu ár. Sá mikli áhugi og árangur, er fram

kemur á ýmsum sviðum þjóðlífsins, bera þess vitni. Flest okkar listafólk frá stríðslokum hefur stigið sín fyrstu spor í þessum skóla.

Skilningur yfirvalda hefur jafnan verið af skornum skammti hvað viðvíkur skólanum allt frá stofnun hans. Þær framfarir, sem orðið hafa, koma frá stofnuninni sjálfri og þeirri þörf, sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu, og enn verður að mæta þörfinni. Listiðnaður er að vinna sér sess á Íslandi og mun, ef vel er á haldið, auka verðmætasköpun fyrir þjóðfélagið."

Hér lýkur tilvitnun í grein þáverandi skólastjóra.

Ég vona auðvitað að það standist ekki nú orðið sem í greininni sagði um skilning stjórnvalda. Ég held þvert á móti að það sé vaxandi skilningur á þýðingu þess starfs sem þarna fer fram, bæði fyrir atvinnulíf okkar og fyrir menningu alla.

Mig langar til að skýra frá nokkrum atriðum sem varpa ljósi á hvað þessi skóli hefur gert við mismunandi aðstæður. Þegar skólinn var stofnaður var m. a. lýst því atriði í tilgangi hans að halda uppi kennslu í verklegum greinum fyrir atvinnulaus ungmenni, auk þess að veita kennaraefnum staðgóða sérmenntun í ýmsum greinum skólahandavinnu og almenningi kost á að nema ýmsar verklegar námsgreinar, svo sem bókband, trésmíði o. fl.

Annað dæmi um það hvernig skólinn hefur reynt að svara kröfum tímans var það að kennsla fór eitt sinn fram í þessum skóla á námskeiðum í leikfangagerð fyrir ungt fólk og þetta var gert á sínum tíma í samstarfi við skátahreyfinguna. En þetta var einmitt á stríðsárunum þegar margs konar vandi var í æskulýðsstarfi hér á landi. Þá brást þessi skóli oft og tíðum við með nýstárlegum og skemmtilegum hugmyndum sem urðu til ómetanlegs gagns. Kurt Zier, þáverandi yfirkennari skólans, stjórnaði þessari starfsemi og hann sagði m. a. við nemendur sína, með leyfi forseta:

„Við getum búið til ýmislegt sem er skemmtilegra og frumlegra en það sem kaupa má í búðunum fyrir mikla peninga og þið munið finna upp alveg ný leikföng sem hvergi er hægt að fá keypt. En sá sem ætlar að smíða leikföng má ekki hafa gleymt að leika sér sjálfur. Því bið ég ykkur að safna alls konar hlutum, spýtum, smálistum, tréhnöppum, litlum krossviðarplötum, eldspýtnastokkum, bútum af sívölum tréstöngum, tvinnakeflum o. s. frv."

Ég get þessa hér einungis til þess að varpa ljósi á hve fjölbreyttum þörfum þessi skóli hefur sinnt og hvaða hugmyndaflug og hugsjónir lágu að baki starfsemi hans öll fyrstu starfsárin. Það má enn fremur geta þess að á þessum fyrstu árum voru í skólanum smíða- og bænadeild og þar var öryrkjadeild sem sérstaklega var ætluð til endurhæfingar þeim sem orðið höfðu fyrir barðinu á lömunarveikisfaraldri sem gekk sumarið 1945. Í öllu þessu var lögð höfuðáhersla á teikningu sem höfuðgrein, enda teikning undirstaða og nauðsynlegasta skilyrði alls árangurs í hverri grein myndlistar sem vera skal.

Núna standa mál þannig að hér liggur fyrir frv. um að þessi skóli, eins og hann hefur þróast í áranna rás, verði að skóla á háskólastigi. Með því eru viðurkenndar þær kröfur sem í raun eru gerðar til þessa skóla og með því er einnig viðurkennt hvað það er sem nemendur hafa að baki þegar þeir koma úr þessum skóla.

Með samþykkt þessa frv. mun nemendum skólans gefast hindrunarlaust tækifæri til þess að innritast í framhaldsnám við ýmsa bestu listaháskóla heims og vera þar alveg jafngildir nemendur og þeir sem koma úr öðrum listaskólum veraldarinnar.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því hvernig deildaskipting skólans er hugsuð samkv. frv. og þá ekki síst listiðna- og iðnhönnunardeild. Þar hafa skólinn og skólastjóri hans Torfi Jónsson unnið mikilvægt undirbúningsstarf. Hann hefur t. d. fengið hingað til lands ítalskan iðnhönnunarkennara til að vinna verkefni á vegum skólans og halda námskeið og fyrirlestra þar. Við þessa deild hygg ég að miklar vonir séu bundnar. Við sjáum það á ýmiss konar iðnaðarframleiðslu hvaða aukna möguleika við höfum ef listin er tekin í þjónustu þeirrar framleiðslu og þá um leið sú framleiðsla í þjónustu listarinnar á þann veg að með þessu fengju listamenn landsins og hugvit þeirra ný og verðmæt tækifæri sem nýtast bæði þeim og öðrum.

Með þessu er ekki gert lítið úr því hlutverki skólans að annast listfræðslu í hinum hefðbundnu grundvallarlistgreinum sem eru og eiga að verða, að því er ég tel að allir séu sammála um líkt og Einar Hákonarson sagði í erindi sem birtist í Morgunblaðinu í dag, til þess að listin sé hluti af andrúmslofti okkar. Ég hygg að hvað sem við leggjum mikla áherslu á að efla framleiðsluna og atvinnulífið sé þessi þáttur ævinlega mjög mikilvægur. Á þessu megum við ekki missa sjónir því að verðmætasköpunin hlýtur að eiga að leiða til þess að fólk hafi betri tækifæri til að njóta menningar og lista sér til uppbyggingar, ánægju og þroska.

Þetta frv. er samið af nefnd sem skipuð var 1981 og hún vann verk í framhaldi af starfi nefndar sem skipuð var strax 1970. Hv. þm. sjá að bærilega ætti því að vera að verki staðið þar eð segja má að samning frv. hafi hafist fyrir 15 árum. Með þessu er auðvitað ekki sagt að menn hafi verið í 15 ár að semja þetta frv., en nægur tími hefur gefist til umhugsunar og mikið vatn runnið til sjávar. Menn hafa haft ráðrúm til þess að taka mið af nýjum tímum, enda ber þetta frv. sannarlega þess merki að þarna eru nútímamenn að verki.

Í nefndinni sem fyrirrennari minn, hv. forseti Nd. Ingvar Gíslason, þáverandi menntmrh., skipaði voru Einar Hákonarson þáverandi skólastjóri, sem var formaður, Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri í menntmrn. og Jón G. Tómasson þáverandi borgarlögmaður. Jón G. Tómasson baðst undan starfi í nefndinni þar sem frv. gerir ráð fyrir að skólinn breytist í ríkisskóla og borgin verði þess vegna ekki rekstraraðili, en Torfi Jónsson núverandi skólastjóri tók þá sæti í nefndinni.

Nefndinni þótti ekki rétt að binda í lög markmiðin í of miklum smáatriðum, en gerði ráð fyrir möguleika til þess að samin yrði ítarleg reglugerð.

Því er ekki að leyna að þessu frv. fylgir töluverður nýr kostnaður fyrir ríkið þar sem rekstraraðild borgarinnar færist yfir á ríkið, auk þess sem laun kennara breytast skv. kjörum kennara á háskólastigi. Það fylgir allítarleg kostnaðaráætlun á blaðsíðu 6 og 7.

Ég vonast til þess að hv. þm. taki þessu frv. vel. Ég held að þetta mál sé orðið mjög brýnt. Ég geri mér samt grein fyrir því að þegar skóla er breytt í skóla á háskólastigi þurfa menn umhugsunartíma og eðlilegt að hv. þm. vilji senda frv. til umsagnar og er ekki nema gott eitt um það að segja. En að þessari umr. lokinni, hæstv. forseti, vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2.

umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 616). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Á síðastliðnum áratug hefur þjóðin orðið fyrir mannskaða og meira eignatjóni af völdum snjóflóða en á áratugunum næst á undan. Nægir í þessu sambandi að minna á snjóflóðin í Neskaupstað í desember 1974, snjóflóðin á Patreksfirði og í Ólafsvík.

Hér á Alþingi hafa þessi málefni oft komið til umr. og þann 2. apríl 1981 var samþykkt þál. þar sem þingið ályktaði að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fram á Alþingi frv. til laga um skipulag og varnir vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. Á grundvelli þessarar þál. skipaði félmrh. hinn 21. júlí 1983 nefnd til að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í nefndina voru skipaðir Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður ráðh., formaður, Hafliði Helgi Jónsson veðurfræðingur, Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur, Helgi Hallgrímsson verkfræðingur og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri. Hlynur Sigtryggsson veðurstofustjóri tók sæti í nefndinni í byrjun september 1984 af Hafliða Helga Jónssyni.

Nefndin hélt samtals 29 fundi og viðaði að sér margvíslegum gögnum um snjóflóðavarnir í nágrannalöndunum, m. a. kynnti hún sér skýrslur um skipulag þessara mála í Sviss, Kanada og Noregi. Hún hefur einnig heimsótt nokkra staði hérlendis og átt viðræður við heimamenn um snjóflóðavarnir. Þannig hafa nefndarmenn farið til Ísafjarðar, Patreksfjarðar og Ólafsvíkur.

Eitt af því sem nefndin varð fljótt sammála um var mikilvægi þess að koma upp kerfi eftirlitsmanna á þeim stöðum þar sem hætta er talin á snjóflóðum. Hlutverk þessara eftirlitsmanna ætti að vera að hafa eftirlit með snjóalögum. Gert var ráð fyrir að eftirlitsmennirnir ræktu hlutverk sitt í samvinnu við Veðurstofu Íslands sem leiðbeindi þeim um að meta aðstæður á hverjum tíma. Í samræmi við þetta var komið á námskeiði í mars 1984 fyrir núverandi og væntanlega eftirlitsmenn og sóttu það námskeið menn frá tólf stöðum á landinu. Á námskeiðinu var veitt fræðsla um eiginleika og hugsanlegar afleiðingar snjóflóða. Í samræmi við tillögur nefndarinnar beitti rn. sér fyrir ráðningu sérstakra eftirlitsmanna á Patreksfirði, Ísafirði og í Ólafsvík. Fyrir voru í starfi eftirlitsmenn á Siglufirði, Seyðisfirði og Neskaupstað. Þessir menn starfa í samráði við almannavarnanefndir staðanna svo og Veðurstofu Íslands. Rn. hefur einnig falið skipulagsstjóra ríkisins að taka saman kort og loftmyndir af snjóflóðasvæðum þar sem slíkt er ekki fyrir hendi. Nefndin var einnig sammála um nauðsyn þess að safna saman öllum heimildum um snjóflóð sem fallið hafa á fyrri árum, þannig að unnt reyndist að gera sér betur grein fyrir þeim hættum sem leynast víðs vegar um land. Veðurstofa Íslands réði starfsmenn til að færa inn á kort öll þekkt snjóflóð á tveimur stöðum, en þetta er nauðsynlegur þáttur við gerð hættumats.

Meðal þeirra aðila sem nefndin hefur leitað til eru Guðjón Petersen framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins og Ásgeir Ólafsson forstjóri Viðlagatryggingar Íslands. Báðir hafa víðtæka þekkingu á þessu sviði, sérstaklega hvað varðar tjón af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Nefndin sem skipuð var til að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla lauk störfum þann 3. des. 1984. Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að nauðsynlegt er að setja löggjöf um þetta málefni. Í henni ætti að kveða skýrt á um hvernig vinna skuli að þessum málum, hverjir fara með stjórn þeirra og á hvern hátt sé best tryggt að komið sé á vörnum á þeim stöðum þar sem hætta er talin mest. Í samræmi við þessa niðurstöðu skilaði nefndin af sér tillögum um frv. til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir ríkisstj. til umfjöllunar og varð hún sammála um að gera á þeim nokkrar breytingar þannig að frv. til laga, sem hér er nú lagt fram, er í öllum höfuðatriðum byggt á tillögum nefndarinnar.

Mér þykir rétt að gera nánari grein fyrir einstökum ákvæðum lagafrv.

Í 1. gr. er lýst tilgangi laganna. Þar er einnig að finna nýyrðið „ofanflóð“ sem notað er til hagræðis um bæði snjóflóð og skriðuföll.

2. gr. frv. mælir fyrir um að meta skuli hættu á ofanflóðum í sveitarfélögum þar sem þau hafa ógnað byggð eða hætta er talin á slíkri ógn. Hættumatið á að ná til byggðra svæða og annarra svæða sem á að skipuleggja og er gert ráð fyrir að það skuli lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

Í 3. gr. eru Almannavörnum ríkisins falin veigamikil atriði varðandi varnir gegn ofanflóðum. Þetta er gert með það í huga að hagkvæmast sé að fela þetta verkefni stofnun sem er þegar fyrir hendi, enda samræmist verkefnið mjög vel hlutverki Almannavarna ríkisins eins og það er skilgreint í lögum. Meðal þess sem lagt er til er að Almannavarnir annist hættumat og setji reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess.

Lagt er til í 4. gr. að sérstök ráðgjafarnefnd, ofanflóðanefnd, verði Almannavörnum ríkisins til aðstoðar um þessi mál. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar Almannavarna ríkisins, Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, Skipulagsstjórnar ríkisins, Veðurstofu Íslands og Viðlagatryggingar Íslands eða samtals fimm menn. Skv. greininni skal fulltrúi Almannavarna ríkisins vera formaður hennar.

Í 5. gr. eru tekin af öll tvímæli um að Veðurstofan annist svo sem verið hefur öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinni úr þeim. Einnig er gert ráð fyrir að hún annist mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefi út aðvaranir um hana.

6. gr. tengist 5. gr. að því leyti að í henni er kveðið á um að í öllum sveitarfélögum, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, skuli ráðinn sérstakur eftirlitsmaður sem starfi undir yfirstjórn Veðurstofu Íslands. Veðurstofan greiðir helming launa hans fyrir þessi störf samkvæmt samkomulagi þar um. Í þessu sambandi má geta þess að

ákvæði 5. gr. miðar að því að festa í sessi núverandi starfsemi Veðurstofunnar á þessu sviði.

Í 7. gr. er fjallað um það hlutverk sveitarstjórnar að láta gera endanlegar tillögur um varnarvirki að fengnu hættumati, sbr. 3. gr. frv. Tekur það jafnt til byggðra svæða og óbyggðra. Enn fremur er kveðið á um að ekki megi byggja á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð sem fyrir er á hættusvæðum fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

8. gr. fjallar um að tillögur sveitarstjórnar og áætlanir um varnarvirki gegn ofanflóðum skuli háðar samþykki Almannavarna ríkisins. Tillögur öðlast fyrst gildi þegar samþykkt Almannavarna liggur fyrir og þær hafa hlotið staðfestingu félmrh.

10. gr. frv. fjallar um fjáröflun til framkvæmda sem miða að því að hindra tjón af völdum ofanflóða. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður sem beri heitið Ofanflóðasjóður. Hann hafi það hlutverk að auðvelda þeim sveitarfélögum, sem búa við hættu af ofanflóðum, að koma upp vörnum. Skv. greininni er lagt til að sjóðurinn hafi fastan tekjustofn, þ. e. 5% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Í aths. með einstökum greinum frv. kemur fram að áætlaðar tekjur árið 1985 geti numið 5 millj. kr. Auk þessa fasta tekjustofns er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái til umráða árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem skal lögð fram við gerð fjárlaga hverju sinni. Þess má geta að tillaga nefndarinnar var að Ofanflóðasjóður fengi ákveðna upphæð úr ríkissjóði í tíu ár frá gildistöku laganna. Lagt var til að framlagið væri 10 millj. kr. á ári miðað við byggingarvísitölu 1. jan. 1985. Ríkisstj. var sammála um að víkja frá þessari tillögu nefndarinnar. Varðandi þetta atriði er rétt að leggja á það áherslu að vilji ríkisstj. er sá að átak verði gert í þessum málum á næstu árum og er ekki ástæða til að ætla annað en að sjóðnum verði tryggt viðunandi fjármagn þannig að hann geti látið til sín taka á þessu sviði nái frv. fram að ganga og verða að lögum.

Í gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands er stjórn stofnunarinnar heimilað að styrkja framkvæmdir sem eiga að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Með ákvæðum í 10. gr. er bundið að ákveðinn hluti af iðgjaldatekjum Viðlagatryggingar renni til varnar gegn tjóni af völdum ofanflóða. Verði þetta ákvæði að lögum er eðlilegt að sama ákvæði sé fellt inn í lög um Viðlagatryggingu.

Ekki er óeðlilegt að Viðlagatrygging taki þátt í kostnaði við gerð varnarvirkja þar sem þau munu draga úr bótagreiðslum stofnunarinnar vegna ofanflóða. Til samanburðar við framlag Viðlagatryggingar má geta þess að bótagreiðslur hennar vegna snjóflóða hafa verið sem hér segir: Árin 1976—1982 engar bætur, árið 1983 7.7 millj. kr., árið 1984 4.4 millj. kr.

Lagt er til að Ofanflóðasjóður sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands og annist hún ávöxtun og bókhald fyrir sjóðinn. Sú tilhögun ætti að tryggja að kostnaður verði í lágmarki.

Í 11. gr. er fjallað um á hvern hátt fjármagni Ofanflóðasjóðs skuli varið.

Í fyrsta lagi skal greiða allan kostnað við gerð hættumats. Þetta ákvæði miðar að því að hættumat sé gert svo fljótt sem verða má fyrir alla þéttbýlisstaði sem taldir eru hafa þörf fyrir slíkt mat án þess að hlutaðeigandi sveitarfélag þurfi að leggja fram fé til þess. Hér er haft í huga að hættumatið ásamt tilheyrandi neyðaráætlun geti þegar orðið mikilvægt hjálpartæki til að draga úr hættu á slysum og manntjóni.

Í öðru lagi er heimilt að greiða allt að 4/5 hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Tekið er fram að kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna teljast með framkvæmdakostnaði. Með þessu ákvæði er opnuð sú leið að sjóðurinn geti tekið þátt í kaupum á fasteign til niðurrifs ef slíkt er talið hagkvæmara en gerð varnarvirkis fyrir hana.

Í þriðja lagi er sjóðnum heimilt að greiða allt að 4/5 hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Í niðurlagi greinarinnar er tekið fram að félmrh. ákveði úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins.

Þess má geta að nefndin sem samdi drög að lagafrv. þessu, sem hér er til umr., reyndi að meta lauslega kostnað við gerð mannvirkja fyrir núverandi byggð í þeim þéttbýlisstöðum sem taldir eru búa við hættu frá ofanflóðum. Niðurstaða nefndarinnar er sú að heildarkostnaður geti legið á bilinu 250 til 400 millj. og væri þá hlutur Ofanflóðasjóðs 200—320 millj. kr. Rétt er að leggja á það áherslu að þó þetta mat sé háð mikilli óvissu gefur það vísbendingu um að greiða megi mikinn hluta kostnaðar vegna varna á tíu árum með fjármagni Ofanflóðasjóðs og framlagi viðkomandi sveitarfélags.

Í 12. gr. er kveðið á um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og sölugjalda af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum. Slík ákvæði eiga sér mörg fordæmi í svipuðum tilvikum og hér um ræðir. Þess má geta að heimild til þessa var tekin inn í fjárlög fyrir árið 1984.

13. gr. fjallar um að kostnaður vegna ofanflóðanefndar sé greiddur úr ríkissjóði.

14. og 15. gr. þarfnast ekki skýringar.

Virðulegi forseti. Ég hef í ræðu minni gert grein fyrir tildrögum þess að skipuð var sérstök nefnd til að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Ég hef stuttlega fjallað um störf þessarar nefndar og gert ítarlega grein fyrir frv. sem að verulegu leyti er byggt á tillögum hennar. Það er trúa mín að nái frv. það um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem hér er fylgt úr hlaði, fram að ganga megi í framtíðinni draga úr stórfelldu eignatjóni og hindra það, sem er mikilvægast í okkar fámenna landi, að mannslíf týnist. Þess vegna, virðulegi forseti, legg ég mikla áherslu á að frv. hljóti skjóta afgreiðslu hér á Alþingi og verði samþykkt sem lög á þessu þingi.

Ég vil svo að lokum mælast til þess að að lokinni þessari umr. verði frv. sent til 2. umr. og hv. félmn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég fæ tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í nefnd og einstök efnisatriði þess og skal því stikla á stóru nú. Eins og segir í grg. þá er þessi frv.-gerð í beinu framhaldi af samþykkt Alþingis um setningu heildarlöggjafar um þessi efni frá 1981, en þá till. fluttum við nokkrir þm. hér þá, með áhersluatriðum nokkrum sem þar voru tilgreind. Sú nefnd sem vitnað er til að hafi samið þetta frv. hefur unnið að mörgu leyti þarft verk og ég er þakklátur fyrir það og

ánægður að þetta frv. skuli vera komið hér til umr.

Ég hef borið saman áhersluatriði þeirrar till. sem við fluttum á sínum tíma, hv. þm. Árni Gunnarsson, Stefán Valgeirsson, Sverrir Hermannsson og Stefán Jónsson, en voru öll tekin út úr ályktuninni, eins og of mikið er hér um við afgreiðslu mála út úr Sþ. Till. var með sjö áhersluatriðum sem áttu að vera viss forsögn þingsins um það hvað ætti alveg sérstaklega að taka til greina við frv.-samningu þá sem nú er komin hér á okkar borð. Ég held að þingið geri rangt í því að taka út áhersluatriði sem slík eða forsögn um frv. af þessu tagi því ef menn eru samþykkir því, þá eru þetta yfirleitt leiðbeinandi forsagnir sem þar eru veittar um margt og gefa betur til kynna vilja þingsins um það hvað gera skuli, í stað þess að samþykkja stutt og laggott: Frv. skal samið um efnið — án minnstu forsagnar um þau atriði sem sérstaklega ber að taka fyrir. En þegar þessi ítarlega þál. kom frá allshn. Sþ. var textinn orðinn svona, með leyfi virðulegs forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fram á Alþingi frv. til laga um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.“ Þetta eru vinnubrögð sem tíðkast hér allt of mikið en tjáir ekki um að tala, því að mér sýnist varðandi þetta frv. að áhersluatriði okkar flm. þáltill. séu allvel til greina tekin í þessu frv. En ég bendi aðeins núna á síðasta lið till. okkar, sem ég held að hafi verið býsna nauðsynlegur, þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Lögð verði áhersla á fræðslu og upplýsingar til almennings um þessi mál, bæði að því er varðar byggð ból og ferðalög og útivist utan byggðar, um hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Björgunaraðilum í landinu verði kynnt undirstöðuatriði varðandi björgun úr snjóflóðum og almenningi hversu bregðast skuli við í slíkum tilfellum og forðast hættur.“

Ég nefni þetta bara sem eitt dæmi um þau áhersluatriði sem voru í okkar þáltill. og hefðu svo sannarlega mátt komast til skila yfir til þeirrar nefndar sem fjallaði um þetta mál.

Þetta mál kemur til nánari athugunar í nefnd en mestu skiptir að á þessum þarfa öryggisþætti er tekið og tryggt um leið það sem kannske skiptir mestu máli, að fjármagn sé til staðar til nauðsynlegustu aðgerða og vegna óhjákvæmilegs kostnaðar. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. viðurkenna allir að þessum fjármunum er vel varið og þeir skila sér margfaldlega til baka, fyrir utan það að þeir eru fyrirbyggjandi. Mannslífin eru dýrmæt. Um það eru of mörg hörmuleg dæmi að flóð og skriðuföll hafi grandað lífi ótalins fjölda í áranna rás og eignatjónið kemur svo til viðbótar í kjölfar eyðileggingarinnar. Með fyrirbyggjandi aðgerðum, vökulu eftirliti og beinum varnarmannvirkjum er áreiðanlega unnt að koma í veg fyrir mörg slys þó eflaust verði aldrei við öllu séð.

Ég hlýt því að fagna þessu frv. og vil að sjálfsögðu stuðla að jákvæðum og greiðum framgangi þess. Það mætti vel rekja hér forsögu þessa máls allt til harmleiksins í Neskaupstað og tillöguflutnings þáverandi hv. þm. Austurl., Tómasar Árnasonar, um rannsóknir og athuganir sem einmitt leiddu til athugana Veðurstofu Íslands, svo sem vikið er að í 5. og 6. gr. frv. og reyndar kemur fram í frv. um þá stofnun, sem við höfum haft áður til meðferðar hér í þessari hv. deild. Það varð hins vegar fljótlega ljóst að heildarskipulag með ákveðinni lagastoð var nauðsynlegt og brýnt og því var tillagan flutt sem er tilefni þessa frv. nú.

Fljótt á litið virðist mér hér fengin allgóð trygging fyrir því veigamesta, þó ég vilji skoða málið vel, m. a. í samráði við Þórarin Magnússon verkfræðing sem lagði grunn að till. okkar félaga á sínum tíma og tók saman hið merka rit Snjór og snjóflóð sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gaf út. Fáir eru fróðari og ég segi það hér að það gegnir raunar furðu að hann skuli ekki hafa verið kallaður til þátttöku í þessu starfi. En úr því má bæta með viðtölum við hann af hálfu nefndarinnar.

Efnisleg umfjöllun bíður nefndar, svo sem ýmsar málfarslegar spurningar sem vakna við orðið „ofanflóð“. Mér heyrðist reyndar öðru hverju hæstv. ráðh. segja „ofanfljóð“, en úr orðum sem eru jafn ótöm í munni geta komið undarlegustu afbakanir. Og ofanflóðavarnir yrðu þá ofanfljóðavarnir. **(Gripið fram í:** Má ég fá skýringu á ofanfljóði?) Það verður athugað síðar. Ekki getur þetta nýyrði talist fagurt, og enn síður í afbökuninni sem ég var að tala um hér áðan og sagði nú meira til gamans en að ég væri að ákæra hæstv. jafnréttisráðherra fyrir að vera að brjóta jafnréttislög með óviðurkvæmilegu orðafari á hv. Alþingi. En ég lýsi sem sagt stuðningi við meginmál frv. og hlýt að stuðla að farsælum framgangi þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 172, 717). — Frh. 3. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta mál og flytur brtt. við frv. um sláturafurðir. Það er gert ráð fyrir að lögin gildi til 1986 í stað 1985, eins og fyrr var ráð fyrir gert. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að dómi nm., að ekki sé ráðrúm til þess að koma við þeim ráðstöfunum sem óhjákvæmilegar eru svo að kleift verði að löggilda ýmis þau sláturhús sem eru á undanþágu.

Það var beðið um það við umr. í n. að hæstv. landbrh. tæki þátt í umr. við afgreiðslu málsins og skýrði frá því með hvaða hætti yrði unnið áfram og eftirleiðis að ráðstöfunum til að löggilda mætti þau sláturhús sem enn eru ekki þannig búin að eðlilegt geti talist. Hæstv. landbrh. er hér í deild og heyrir orð mín. Hann mun væntanlega segja þingheimi frá því sem fyrirhugað er í þessum efnum. En n. leggur til þessa breytingu sem þegar er kynnt.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir þessa afgreiðslu. Ég get fallist á að það sé eðlilegt að framlengja þetta aðeins um eitt ár frá því sem brbl. gerðu ráð fyrir þar sem ég hef skipað þriggja manna nefnd til þess að gera úttekt á sláturhúsunum og athuga möguleika á betri hagnýtingu þeirra eins og Alþingi gerði ályktun um að fram færi. Ég vænti þess að nefndin muni á næstunni kynna sér mjög vel hvernig ástand allra sláturhúsa er og út frá því gera sínar tillögur og marka stefnu í þessum málum. Það er augljóst að þegar sláturfé hefur fækkað, eins og hér hefur gerst á síðustu árum, eru viðhorf önnur og í þessu eins og öðru

þurfum við að reyna að gæta að sem mestri hagræðingu. Út frá þeim sjónarmiðum mun nefndin vinna jafnframt því sem hún athugar hvaða möguleikar eru á annarri hagnýtingu þessara húsa til þess að létta undir með reksturskostnaði þeirra.

Ég vænti þess að með haustinu muni koma frá nefndinni álit þar sem hægt verður að marka stefnu um framhaldið og miðað við þessa afgreiðslu mun Alþingi þurfa að fá þá málið til meðferðar á næsta þingi og getur haft hliðsjón af þeirri niðurstöðu.

ATKVGR.

Brtt. 717 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. 291. mál (þskj. 491). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Áður en hér er gengið til dagskrár og haldið áfram umr. um mikilvæg mál eins og um selveiðar og fleira vildi ég inna hæstv. forseta eftir því hvað valdi að stjfrv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl., sem lagt var fram hér á þinginu 27. nóv. s. l., hefur enn ekki komið til umr. Þetta stjórnarfrumvarp sem er frv. um staðfestingu á brbl. frá 30. júlí 1984 og breytingar á þeim lögum, var lengi á dagskránni hér í þinginu eða þar til 6. febrúar s. l. skv. upplýsingum skrifstofu Alþingis, en hefur síðan ekki sést á dagskránni. Ég hafði ætlað mér að taka til máls um þetta frv. og hef því veitt því athygli að það hefur ekki verið hér á dagskrá og nú er komið fram í síðari hluta aprílmánaðar. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvað valdi að mál þetta hefur ekki sést hér á dagskránni síðan 6. febrúar s. l.

Hér er raunar um eitt af mörgum dæmum um það að ræða hversu hægt þingstörf ganga vegna aðburðaleysis hæstv. ríkisstj. Ég vil í þessu sambandi minna á að útvarpslagafrv., sem hæstv. menntmrh. ætlaði að fá lögfest fyrir 1. nóvember s. l., var afgreitt frá hv. menntmn. þessarar deildar í annan umgang 26. mars s. l. og ég og fleiri fulltrúar stjórnarandstöðu skiluðum brtt. hér inn í þingið fáum dögum síðar. Síðan hefur þetta mál hins vegar ekki verið á dagskrá og frá meiri hluta nefndarinnar sjást engar till. Við fréttum af því í fjölmiðlum öðru hvoru að verið sé að leggja drög að frv. inn á borð hæstv. ríkisstj. en síðan heyrist ekkert meira af þeim drögum. Og svo háttar um mörg mál. Ég get nefnt ótal dæmi um þetta, síðast núna í hádegisfréttum að hæstv. félmrh. var að skila fyrstu drögum að frv. inn á borð ríkisstj. Það þykir fréttnæmt svo mikil er ördeyðan í sambandi við fregnir af málefnum ríkisstj. og málabúnaði hér á Alþingi að fjölmiðlarnir finna sig tilknúða að greina frá því hvenær málum er skilað inn á borð *ríkisstj. til fyrstu athugunar.* Það er ekki von að vel gangi þegar þannig horfir.

Ég vil inna hæstv. forseta sérstaklega eftir þessu máli sem nú virðist gufað upp, stjfrv. um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl. Það er nú ekki kominn uppstigningardagur en þetta frv. er greinilega komið býsna hátt í burtu frá vettvangi Alþingis.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti er fús til þess að gefa skýringu á þessu máli. En líklega mun forseta sjálfum um að kenna að nokkru leyti í þessu tilfelli. Þannig stóð á að þess var óskað á tímabili að þetta mál kæmi ekki á dagskrána og gaf þá forseti þau fyrirmæli, þegar verið var að gera dagskrá fyrir alllöngu, að málið kæmi ekki á dagskrá líklega í tvö, þrjú skipti. Við því var að sjálfsögðu orðið af hálfu skrifstofunnar. En síðan hefur farið álíka eins og þegar maður nokkur bauð vini sínum í mat einu sinni á sunnudegi, en það endaði með því að vinurinn fór í fast fæði hjá gestgjafa sínum. Það hefur líkt farið með þetta frv. Það hefur einhvern veginn orðið út undan á dagskránni. En forseti er fús til að taka þetta mál til gagngerðrar athugunar eftir þessa ábendingu hv. 5. þm. Austurl. og er fús til að taka á sig þá ábyrgð sem kann að vera á því að þetta mál hefur ekki komið á dagskrá að undanförnu.

Atvinnuleysistryggingar, frv. 309. mál (þskj. 586 (sbr. 491), n. 705). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Ed. og hefur verið til meðferðar í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar. Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Eins og þm. er kunnugt eftir framsöguræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. er þetta frv. flutt til þess að standa við þá yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstj. gaf varðandi lausn á kjaradeilum. Þar var því lýst yfir að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að endurskoða bótareglur og iðgjöld atvinnuleysistrygginga með tilliti til þeirrar hækkunar sem verður á launum í almennum kjarasamningum. Í framhaldi af þessu var frv. samið í hv. heilbr.- og trmrn. og haft fullt samráð við þá aðila vinnumarkaðarins sem hlut áttu að máli. Í Ed. var gerð ein breyting á frv., það var breyting við 3. gr. frv. Að sjálfsögðu *mælum við í* hv. n. með því að sú breyting verði inni áfram og mælum, eins og ég sagði áðan, með samþykkt frv. óbreytts.

Í 79. gr. almannatryggingalaga er ákvæði um að ráðh. skuli innan sex mánaða breyta upphæðum bóta skv. þeim lögum ef breyting hefur orðið á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Í reynd hefur þessi sex mánaða frestur ekki verið notaður heldur reynt að láta bótaupphæðir verða samstiga kauphækkunum. Í lögunum um atvinnuleysistryggingar og nú síðast í lögunum frá 1981 eru hins vegar engin samsvarandi ákvæði, heldur hafa iðgjöld og bætur miðast við tilgreindan launaflokk í samningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda. Bætur og iðgjöld hafa þó jafnóðum hækkað þegar kaup samkvæmt hinum tiltekna launaflokki hækkaði vegna nýrra samninga eða vegna vísitöluuppbótar. Það má segja að þetta hafi verið eðlileg regla og fullnægjandi trygging fyrir tengslum launa og bóta meðan það var aðalreglan við samningagerð að kaup samkvæmt tilgreindum launaflokkum hækkaði en flokkum fjölgaði ekki að ráði. Nú er hins vegar svo komið að aðalkjarabætur felast oftar en ekki í tilflutningi starfa milli launaflokka enda er svo komið nú að í dag tekur enginn laun eftir þeim launaflokki sem við er miðað í lögum um atvinnuleysistryggingar, 8. fl. Sá flokkur er nú aðeins notaður til að reikna út iðgjöld og bætur. Störf þeirra launþega, sem tóku á sínum tíma laun skv. þessum 8. flokki, eru nú flokkuð í 13. flokk og eiga skv. gildandi kjarasamningum að færast í 15. launaflokk 1. maí n. k.

Þetta misræmi stakk svo í augu við síðustu samningsgerð að ríkisstj. hét því, eins og hér hefur verið sagt, að beita sér fyrir leiðréttingu á Alþingi í því skyni að hækka viðmiðunarflokk bóta til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á röðun starfa í launaflokka frá því að lögin voru sett 1981. Það þótti rétt við þá leiðréttingu að miðað yrði, eins og gert var 1981, við þann flokk sem greitt væri eftir fyrir almenna fiskvinnu, enda munu einna flestir launþegar hér á landi taka laun samkvæmt þeim launaflokki. Það þótti því rétt að benda beint á störfin sem miða skal við en ríghinda ekki bæturnar við ákveðinn launaflokk sem tæki svo breytingum að nokkrum mánuðum liðnum.

Þrjár fyrstu greinar frv. fjalla um þetta atriði. Í 4. gr. er hins vegar um nýmæli að ræða sem leiðir af breytingu á lögunum frá 1981, en þá öðluðust félagsmenn BSRB og BHM rétt til atvinnuleysisbóta á sama hátt og aðrir launþegar. Þessar bætur greiðast hins vegar ekki úr Atvinnuleysistryggingasjóði heldur beint frá ríki eða sveitarfélögum hverju fyrir sig án iðgjaldainnheimtu. Enda er ekki um sameiginlegan bótasjóð þessara aðila að ræða eins og hjá verkalýðsfélögum Alþýðusambandsins og þeirra viðsemjendum.

Þetta leiðir til þess að í raun eru í gangi þrjú aðskilin kerfi sem eru þó að því leyti eins að öll málin á að afgreiða í samræmi við lögin nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Af þessu leiðir, eins og kemur fram í þessari 4. gr. frv., að hver sem sækir um bætur vegna atvinnuleysis verður að hafa unnið a. m. k. 425 klst. innan ramma viðkomandi kerfis til að öðlast lágmarksbótarétt. Það er skv. þessu hugsanlegt að launþegi, sem unnið hefur alls 1272 klst. á síðustu 12 mánuðum skv. samningum þessara þriggja aðila, Alþýðusambands, BSRB og BHM, eigi þegar upp er staðið engan lagalegan rétt til bóta. Hér er því lagt til í 4. gr. frv. að það verði heimilað að leggja saman vinnuframlag til ákvörðunar bóta og greiða úr hverju kerfi fyrir sig að hluta eða tiltölu.

Herra forseti. Ég hef skýrt frv. í heild, en áður en breyting var gerð á frv. í Ed. hljóðar 3. gr. svo:

„Hámarks dagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klst. dagvinnu í almennri fiskvinnu skv. gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, hæsta starfsaldursþrepi.“ Þetta var í frv. upprunalega en þessu var breytt í það að starfsaldursþrepið er miðað við sjö ára starf. Það gerði sá mikli mismunur sem er á samningum þessara samtaka. Því hljóðar niðurlag þessarar greinar nú:

„skv. gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma miðað við starfsaldursþrep eftir sjö ár. Lágmarks dagpeningar eru ¼ hluti sömu launa.“

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það eru ekki efnislegar breytingar sem ég legg til hér þó að ég vildi ýmsar breytingar. Málið var prýðilega skýrt af frsm. Hins vegar vekur það nokkra athygli að eftir kjarasamningana í nóvember gaf forsrh. út yfirlýsingu í samráði við heilbr.- og trmrh. um að tryggingabótum skyldi verða breytt til samræmis.

Þetta stóð ríkisstj. við og færði allar tryggingabætur til samræmis við launahækkanir nema atvinnuleysisbætur sem að vísu þurftu að fara hér í gegnum þingið. Ég er nokkuð undrandi á því hvaða tíma þetta tekur og enn þá meira undrandi vegna þess að ég veit um vilja hæstv. trmrh. Við áttum persónulegt samtal fyrir jól og ég efast ekkert um heilindi hans að reyna að drífa þetta frv. í gegn sem allra fyrst.

Menn deila hér um stjórnarráð. Það hefur ekki verið nein bónusvinna á því að semja þetta frv. jafn einfalt og það var. Og ég held að þar hafi hreinlega staðið á vinnu í stjórnarráði en ekki vilja hæstv. heilbrrh. Og málið hefur legið óþarflega lengi hér á Alþingi. Mér finnst það undrun sæta að þegar við erum komin fram yfir miðjan apríl er þetta fyrst að komast á lokastig. Þá er hátt á sjötta mánuð síðan aðrar tryggingabætur voru samræmdar.

Erindi mitt upp í þennan virðulega ræðustól var að fara þess á leit við forseta að hann setti annan fund hér í dag þegar 2. umr. lýkur og leitaði afbrigða til að afgreiða þetta mál í dag. Það er öllum aðilum til skammar hvað þetta hefur dregist og ég er ekki hér að gera efnislegan ágreining þó deila megi um margt af þessu. Það er alger óþarfi að láta lengri tíma líða og það ætti að afgreiða þetta mál úr þinginu í dag. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að hann hafi það í huga að þetta eru einu tryggingabætur sem hafa orðið að bíða svo mánuðum skiptir. Því miður hefur á þessu tímabili verið töluvert staðbundið atvinnuleysi víða um land. Ég vil biðja hæstv. forseta að vera svo vinsamlegan að óska eftir afbrigðum og afgreiða þetta sem lög í dag.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ekki hef ég á móti því að þessi tilmæli hv. 7. þm. Reykv. verði tekin til greina og málið afgreitt í dag. Í sjálfu sér hef ég heldur ekkert á móti því þótt ýmsir stjórnarráðsmenn og ráðuneytisstarfsmenn séu gagnrýndir fyrir sín störf. En ég held að við eigum nokkra sök á í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þess að — ég er nú ekki með þá bókun hjá mér — ég man ekki betur en við

höfum samþykkt á vetrarmánuðum að það sem til væri ætlast með þessum samningi kæmi fram í atvinnuleysisbótum á þessum vetri í samræmi við laun á hverjum tíma í 8. flokki Verkamannasambands Íslands. Ég held því að það hafi verið framkvæmt eins og hv. þm. er að mælast til að verði þegar með samþykkt frv. nú. Alla vega tekur það af allan vafa ef þetta frv. verður samþykkt sem lög í dag. Ég tek undir þá ósk, herra forseti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hafa komið hér fram mjög ákveðin tilmæli um það að þetta mál verði afgreitt sem lög frá Alþingi í dag. Við þeim tilmælum verður forseti mjög fúslega. Enda mátti segja að það væri sammæli með ráðh. sem með þessi mál fer og forseta að svo yrði gert. Það er almennur vilji fyrir því hér í hv. þd. að svo megi verða. Ef ekki kveðja sér fleiri hljóðs er þessari umr. lokið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 17. apríl, að loknum 57. fundi.

Atvinnuleysistryggingar, frv. 309. mál (þskj. 586 (sbr. 491)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 730).

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 452, n. 706). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Við höfum haft þetta mál til meðferðar í heilbr.- og trn. hv. deildar. Við erum sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það er lagt hér fram. Frv. fjallar um það að herða viðurlög gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Þetta frv. á uppruna sinn frá starfshópi sem dómsmrh. skipaði í byrjun síðasta árs í samræmi við þáltill. sem samþykkt var á Alþingi 20. des. 1983 um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Þessi nefnd mun hafa skilað áliti snemma á s. l. vetri og meðal þess sem lagt er til er að viðurlög við brotum verði þyngd í allt að sex ára fangelsi. Benti starfshópurinn á að viðurlög skv. gildandi lögum um ávana- og fíkniefni geti mest orðið tveggja ára fangelsi og hafi þegar komið fyrir tilvik þar sem beita hefur þurft þeim allt að því til fulls. Þetta er í samræmi við þær aðgerðir sem löggjafarþing nágrannaþjóða okkar hafa verið að gera. Þau hafa hækkað sektir og lengt fangelsisvist fyrir brot á þessum lögum. Sérstaklega má benda á Noreg í þessu sambandi.

Við 1. umr. þessa máls komu fram fsp. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi frekari störf þessarar nefndar og spurði hún m. a. um nokkur atriði sem hún taldi að þyrfti að gangast í að ráða bót á sem fyrst. Hæstv. dómsmrh. sagði í þeirri umr. að þessi starfshópur héldi áfram starfi og hefði fundi alltaf öðru hvoru og reyndi að samræma aðgerðir og beina þeim á þann veg sem árangursríkastur er. Þessi starfshópur er starfandi milli lögsagnarumdæma til þess að ná fram samræmdum vinnubrögðum.

Við meðferð málsins í hv. heilbr.- og trn. var tekið fyrir bréf sem barst frá dóms- og kirkjumrn., undirritað af Jóni Thors, sem vakti athygli okkar á því að í athugasemdum og í umr., sem hefðu orðið um þetta frv. til laga um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65 frá 1974, hefði ekki komið nægilega fram hver viðurlög væru skv. öðrum lögum. Þess vegna taldi hann rétt að rn. hans tæki fram og skýrði fyrir okkur í heilbr.- og trn. það sem hér fer á eftir og ég tel að eigi erindi til hv. þd. og þingsins í heild.

Hann bendir á í bréfi sínu að skv. 173. gr. a. almennra hegningarlaga frá 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64 frá 1974, sé refsing fyrir meiri háttar brot á lögum um ávana- og fíkniefni allt að tíu ára fangelsi. Skilyrði þess að 173. gr. a. sé beitt er að sannað sé að ávana- eða fíkniefni séu látin mörgum mönnum í té eða það sé gert gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt. Sömuleiðis sæti hvers konar meðferð þessara efna sömu viðurlögum ef sannað er að tilgangurinn sé sá sami og lýst er að framan. Ákvæði laga nr. 65 frá 1974, sem við ræðum hér breytingar á, taka því, eins og segir í bréfi Jóns Thors, til allra annarra brota en þeirra sem lýst er í 173. gr. a.

Hann heldur áfram og segir í bréfi sínu: „Nauðsynlegt er því að viðurlög þeirra laga séu nægjanlega þung því að um verulegt brot getur verið að ræða án þess að sannaður verði sá tilgangur sem lýst er í 173. gr. a. almennra hegningarlaga.“

Með bréfi hans fylgdi svo skrá yfir tölu ákærðra manna árin 1977—1984 fyrir fíkniefnabrot sem aðalákæruefni. Fyrir brot á 173. gr. a. hegningarlaganna eru þau á árunum 1977—1984 samtals 20, en fyrir almenn fíkniefnabrot, brot á þeirri löggjöf sem við ræðum hér breytingu á, samtals 239 eða samtals 259 ákærur.

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hv. deildar mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 567, n. 707). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj.

707 er álit heilbr.- og trn. um frv. til laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. N. hefur fjallað um frv. og mælir einróma með samþykkt þess, en fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Friðrik Sophusson. Þetta frv. er flutt af n. og við frekari meðferð málsins á nefndarfundi kom ekkert sérstakt fram. Við mælum með að frv. verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hlýtur að vera nokkuð mikið atriði hjá hverri löggjafarsamkomu að hafa heildarsamræmi í þeirri lagasetningu sem hún stendur að. Hér höfum við aftur á móti farið þá leið að við höfum veitt ákveðnum stéttum gífurleg forréttindi gagnvart starfsréttindum fram yfir aðra. Þessi mismunun, sem framkvæmd er á þennan veg, hefur vissulega komið fram í því að þær stéttir hafa fengið meiri laun en aðrar.

Ég hef áður vakið athygli á þessu og gerði það í sambandi við störf sjómanna, yfirmanna á fiskiskipum og manna sem stunda þar mjög ábyrgðarmikil störf, en engu að síður blasir við að hér siglir hraðbyri gegnum þingið að afgreiða mál heilbrigðisstéttanna sérstaklega með forréttindum hvað starfsheiti snertir. Það sem snertir atvinnuvegina er aftur á móti látið liggja kyrrt eða ýtt til hliðar. Að mínu viti er orðið svo mikið ósamræmi í þessum efnum að ég tel að það sé ærin nauðsyn að þessi lög verði endurskoðuð í heild, menn setji sér einhver heildarmarkmið þegar gengið er frá starfsréttindum stétta og það verði komið á einhverju samræmi á þessu sviði en ákveðnum stéttum ekki veitt sérstök forréttindi til að ná meiri árangri í að hækka sín laun.

Ég vil að lokum geta þess að ég tel það nánast hámark forheimskunnar í þessum efnum þegar Alþingi ákvað að koma í veg fyrir að menn gætu keypt sér gleraugu í verslun hér í Reykjavík vegna þess að með því voru brotin lög um starfsréttindi annarra stétta. Það er táknrænt að það skuli vera flokkur frelsisins sem ruddi brautina fyrir að koma slíkum ólögum yfir þjóðina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 695). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það sem hér er til umr. á þskj. 695, 423. mál Nd., er afrakstur af starfi bankamálanefndar sem skipuð var af fyrrverandi viðskrh. Tómasi Árnasyni í júlímánuði 1981. Skv. skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. lögin um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans, með það að markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabanka.

Í bankamálanefndina voru skipaðir Halldór Ásgrímsson núverandi sjútvrh., sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Jón G. Sólnes fyrrverandi alþm., Kjartan Jóhannsson alþm., Lúðvík Jósepsson fyrrverandi ráðherra og sá er þessi orð flytur. Þegar tveir nm. tóku sæti í nýrri ríkisstjórn í maímánuði 1983 voru skipaðir í nefndina í þeirra stað Þorsteinn Pálsson alþm. sem formaður og Björn Líndal deildarstjóri í viðskrn. Ritari nefndarinnar frá upphafi hefur verið Þórður Ólafsson forstöðumaður bankaeftirlitsins.

Bankamálanefndin lauk störfum í maímánuði 1984 og sendi þá viðskrn. tillögur sínar að lagafrv. um Seðlabanka Íslands og viðskiptabanka. Einnig fylgdi bréfi nefndarinnar bókun um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Það bárust rn. sérálit tveggja nm., Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar, og fylgja þau frv. eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi. Um tillögur nefndarinnar að frv. til laga um Seðlabanka Íslands er það að segja að það frv. er í lokavinnslu nú í viðskrn. Frv. til laga um sparisjóði er þannig í lokavinnslu og vænti ég þess að það verði lagt hér fram á Alþingi innan tíðar. Er það að stofni til byggt á þeim frv. sem á undanförnum árum hafa verið lögð fyrir Alþingi en ekki verið afgreidd. Að því er varðar bókun bankamálanefndar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka er rétt að taka fram að undir vorið má búast við að nefnd sú sem skipuð var í kjölfar þessarar bókunar muni skila tillögum sínum um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Við samningu viðskiptabankafrv. hefur verið höfð hliðsjón af starfi þessarar nefndar og eru starfandi bankar ekki nefndir með nafni í sjálfum frv.-textanum, heldur eru þeir nafngreindir í ákvæði til bráðabirgða. Er þetta gert í þeirri fullvissu að hér á hinu háa Alþingi náist samstaða um fækkun viðskiptabanka frá því sem nú er.

Aðdraganda viðskiptabankafrv. má rekja lengra aftur en til skipunar bankamálanefndarinnar á miðju ári 1981. Segja má að heildarendurskoðun bankakerfisins hafi hafist fyrir þrettán árum þegar þáverandi viðskrh. Lúðvík Jósepsson skipaði bankamálanefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið. Skiladi sú nefnd áliti í janúar 1973 og hafði þá samið drög að frv. um nýja löggjöf um peningastofnanir, eins og nefndin komst að orði í bréfi sínu til viðskrh.

Vorið 1974 var flutt á Alþingi frv. til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins sem byggt var á till. þessarar nefndar, en það frv. náði ekki fram að ganga. Upp frá því hafa nokkrum sinnum verið lögð fyrir Alþingi frv. til laga um ríkisviðskiptabanka og frv. til laga um hlutafélagabanka, bæði stjfrv. og þmfrv. Hafa öll frv. verið byggð á fyrrgreindum tillögum að meira eða minna leyti. Eins og alkunna er hafa öll þessi frv. dagað uppi. Vissulega má því segja að þessi mál hafi gengið hægt. Þó er óhætt að fullyrða að þróun bankamála og bankaviðskipta hér á landi hefur verið örari síðustu 25 árin en áður, en bankamál eiga alllanga sögu á Íslandi og nálgast hún eina öld.

Strax í byrjun síðustu aldar var farið að ræða um stofnun lánastofnana hér á landi. Þessar hugmyndir munu einkum hafa komið fram hjá ýmsum embættismönnum þjóðarinnar, en ætíð mætt andstöðu dönsku stjórnarinnar. Talið er að Alþingi hafi fyrst ályktað um stofnun banka eða lánastofnunar hér á landi árið 1853. Síðari hluta 19. aldar komust bankamál oft á dagskrá og árið 1886 hóf fyrsti viðskiptabankinn starfsemi sína, Landsbanki Íslands. Skömmu eftir aldamótin hóf annar banki, Íslandsbanki hf., starfsemi sína í kjölfar mikilla

fjárhagserfiðleika. Í lok þriðja áratugar þessarar aldar var stofnaður Útvegsbanki Íslands hf. úr Íslandsbanka og átti ríkið mikinn meiri hluta hlutafjár í bankanum. Árið 1957 var Útvegsbankanum síðan breytt í hreinan ríkisviðskiptabanka. Þriðji viðskiptabankinn hóf starfsemi sína árið 1930. Það var Búnaðarbanki Íslands og var hann frá upphafi eign ríkisins. Auk þeirra þriggja ríkisviðskiptabanka sem að framan greinir eru nú starfandi fjórir hlutafélagabankar, Iðnaðarbanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf. Þrír þessara banka voru stofnaðir upp úr starfsemi sparisjóða sem starfað höfðu um nokkurt skeið.

Ef undan er skilin stofnun Landsbanka Íslands þjónaði stofnun þessara banka einkum þeim tilgangi að veita tilteknum atvinnugreinum eða þjóðfélagshópum bankaþjónustu. Þær nafngiftir sem bönkunum hafa verið valdar bera þess skýr merki. Eins og ég mun síðar víkja að má ýmislegt að nafngiftinni finna sem rétt er talið að gerð yrði á breyting í lögum.

Eins og sjá má á því hvernig staðið hefur verið að stofnun bankanna gilda sérstök lög um hvern þeirra. Í athugasemdum við frv. það sem hér liggur fyrir er gerð nákvæm grein fyrir þessum lögum. Auk þess er rétt að minna á að ýmis önnur lög hafa að geyma ákvæði um viðskiptabanka. Skulu þar fyrst nefnd lög nr. 32/1978, um hlutafélög, sem gilda um hlutafélagsbanka að svo miklu leyti sem þeir brjóta ekki í bága við sérlög um þá banka. Einnig má nefna lög nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, sem m. a. taka til viðskiptabanka, og lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Hafa þau lög m. a. að geyma ýmis ákvæði er skipta viðskiptabanka miklu varðandi gjaldeyrisviðskipti. Síðast en ekki síst má nefna lög nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, sem m. a. hafa að geyma mikilvæg ákvæði um stjórnun peningamála og hafa þannig mikil áhrif á starfsemi viðskiptabanka.

Eins og áður segir skilaði bankamálanefnd viðskrn. tillögum sínum að frv. til laga um viðskiptabanka í mars 1981. Meðal þess sem kemur fram í grg. nefndarinnar með tillögunum er að við samningu þeirra hafi verið höfð hliðsjón af þeim frv. við viðskiptabanka sem lögð hafa verið fram á Alþingi frá 1974 og fyrr eru greind. Í grg. segir jafnframt að bankamálanefnd hafi átt viðræður við bankastjórnir allra viðskiptabankanna og Seðlabankann þegar hún vann að gerð tillagnanna. Þá mun og hafa verið aflað ýmissa gagna erlendis frá og m. a. litið til bankalöggjafar á Norðurlöndum, en samhliða reynt að gæta þess að tillögurnar féllu að séríslenskum aðstæðum.

Þegar tillögur bankamálanefndar höfðu borist rn. var ákveðið að leggja áherslu á að sú tillaga nefndarinnar að yfirstjórn allra banka fari í hendur viðskrh. yrði að lögum fyrir þinglok vorið 1984. Í þessu skyni voru lögð fram tvö frv. á Alþingi. Annars vegar frv. um breytingu á lögum um Búnaðarbanka Íslands og hins vegar frv. um breytingu á lögum um Iðnaðarbanka Íslands hf. Afgreiðsla þessara frv. fékk góðan byr á Alþingi og urðu frv. að lögum skömmu eftir þinglok s. l. vor. Í kjölfar þess var ákveðið að fylgja eftir bókun bankamálanefndar, sem áður er nefnd, um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Var dr. Gylfa Þ. Gíslasyni fyrrv. viðskrh. falin forusta fyrir því verki, en með honum starfa Björn Líndal deildarstjóri og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum.

Einnig var ákveðið að senda tillögurnar til umsagnar Seðlabankans og viðskiptabankanna. Bárust rn. umsagnir þessara aðila sumarið 1984. Var þá þegar hafin athugun á tillögum og umsögnum í rn. Naut rn. aðstoðar Benedikts Sigurjónssonar fyrrv. hæstaréttardómara, Markúsar Sigurbjörnssonar fulltrúa yfirborgarfógeta og Ólafs Nilssonar löggilts endurskoðanda við það verk. Þrátt fyrir að rn. hafði kannað tillögur bankamálanefndar ítarlega með aðstoð frómustu manna er óhætt að fullyrða að í flestum meginatriðum er tillögum bankamálanefndar fylgt eða meiri hluta hennar eftir atvikum.

Frv. skiptist í tíu kafla og eru greinar þess samtals 55, auk ákvæða til bráðabirgða. Ýmsum ákvæðum gildandi laga um einstaka viðskiptabanka hefur verið breytt eða þau felld brott. Jafnframt er mörgum nýjum ákvæðum bætt við sem ætlað er að færa löggjöfina í nútímalegra horf. Með frv. er reynt að tryggja betur hagsmuni eigenda innlánsfjár og atvinnulífinu betri bankaþjónustu. Samhliða er ætlunin að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri bankanna. Í almennum athugasemdum við frv. eru taldar upp helstu breytingar og nýmæli í 11 liðum. Mun ég leitast við að gera nokkuð ítarlegri grein fyrir þessum atriðum, án þess þó að um tæmandi talningu sé að ræða. Má að öðru leyti vísa til þess sem fram kemur í athugasemdum við frv. og einstakar greinar þess.

Í I. kafla frv. er kveðið svo á að frv. gildi einungis um viðskiptabanka. Skv. frv. er hlutverk viðskiptabanka að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi sem síðan er nánar skilgreint í IV. kafla frv., einkum 26. gr. En í þeirri grein er viðskiptabönkum veittur einkaréttur á móttöku innlána frá almenningi. Í I. kafla er einnig tekið fram að önnur starfsemi en sú sem sérstaklega er tiltekin í IV. kafla frv. sé viðskiptabönkum óheimil. Skv. I. kafla eiga viðskiptabankar að geta haft stöðu að lögum með tvennum hætti. Annars vegar verði bankarnir reknir af ríkisstofnunum og hins vegar af hlutafélögum er fullnægi tilteknum skilyrðum sem vikið er að í II. kafla frv. Eins og áður segir var sú stefna mörkuð að nefna þá viðskiptabanka sem eru í eigu ríkisins ekki með nafni í sjálfu frv. Er það gert með tilliti til þess að vænta má tillagna frá nefnd þeirri, sem nú fjallar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka, innan tíðar. Allir starfandi viðskiptabankar eru hins vegar tilgreindir í bráðabirgðaákvæðum er fylgja frv.

Með orðalagi 4. gr. frv. er horfið frá þeirri skipan að binda starfsemi hvers viðskiptabanka að verulegu leyti við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunasamtök eins og nú er gert í lögum um alla viðskiptabankana nema Landsbankann. Áður hefur verið vikið að stofnun bankanna en nú þykir þessi skipan ekki lengur heppileg, m. a. með tilliti til útlánaáhættu hvers banka, og þykir rétt að hver banki geti veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna og einstaklinga. Ákvæði gildandi laga um ábyrgð ríkisins á skuldbindingu ríkisviðskiptabanka er óbreytt.

Í II. kafla frv. er fjallað um stofnun hlutafélagabanka o. fl. Ákvæði þessa kafla eru nýmæli og hafa að geyma þá meginbreytingu að löggjöfin setji framvegis ströng almenn skilyrði fyrir stofnun hlutafélagabanka er geri sérstaka lagasetningu óþarfa ef til þess kæmi að nýr

banki væri settur á stofn. Þessi breyting er nauðsynleg þegar litið er til þess að með frv. eru afnumin sérlög um einstaka viðskiptabanka. Á hinn bóginn eru þau skilyrði sem sett eru fyrir stofnun nýs banka höfð mjög ströng, og jafnvel kemur til greina að hækka lágmark hlutafjár frá því sem segir í frv., en þar hefur verið fylgt tillögum bankamálanefndar. Á það skal hins vegar lögð áhersla að kröfur frv. um lágmark hlutafjár eru margfalt meiri en gerðar eru skv. lögum nr. 32/1978 um hlutafélög. Auk þess er lagt til að lágmarksfjöldi hluthafa í hlutafélagi sem hyggst reka viðskiptabanka verði tífalt meiri en almennt gildir um hlutafélög. Jafnframt er skýrt kveðið á um að hluthafar geti eingöngu verið íslenskir aðilar.

Í II. kafla frv. er einnig að finna nýmæli um meðferð hlutabréfa í hlutafélögum sem reka viðskiptabankastarfsemi. Þar er m. a. kveðið svo á að ekki megi leggja hömlur á viðskipti með hluti. Jafnframt kemur þar fram að enginn hluthafi megi, hvorki fyrir sjálfs sín hönd né annarra, fara með meira en ⅕ hluta samanlagðra atkvæða á hluthafafundum í bankanum. Eiga þessi ákvæði að miða að því að tryggja sem best að hlutafélagsbankar séu starfræktir sem almenningshlutafélög og séu ekki í eigu fárra aðila er auk þess ráði meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Þá er að finna í II. kafla mikilsvert nýmæli um heimild ráðh. til að veita hlutafélagabönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja umboðsskrifstofu hér á landi. Er tekið fram að hlutverk þessarar skrifstofu sé að miðla upplýsingum, veita ráðgjöf og sinna annarri þjónustustarfsemi hér á landi á vegum erlendra banka. Þá er mælt svo fyrir að skrifstofunni sé óheimilt að taka við innlánum, veita útlán eða stunda verðbréfaviðskipti. Þessi tillaga er í samræmi við framvindu mála erlendis, þ. á m. á Norðurlöndum. Hins vegar þykir ekki rétt að svo stöddu að veita erlendum bönkum frekari kost á starfrækslu banka hér á landi. Erlendir bankar kunna að hafa áhuga á að reka umboðsskrifstofur hér á landi er hefðu það meginhlutverk að vera tengiliður milli þeirra og íslenskra lántakenda. Í því sambandi skiptir verulegu máli að ríkisstj. hefur lýst yfir að hún muni láta endurskoða reglur um beinar lántökur fyrirtækja erlendis án banka- og ríkisábyrgðar.

Í III. kafla frv. er fjallað um stjórn viðskiptabanka. Kaflanum er skipt í þrennt. Fyrst er fjallað um stjórn ríkisviðskiptabanka, þá um stjórn hlutafélagsbanka og loks hefur kaflinn að geyma sameiginleg ákvæði um stjórn bankanna.

Um yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna segir að hún skuli vera í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs. Þá segir enn fremur að bankaráð ríkisviðskiptabankanna ráði bankastjóri og segi þeim upp starfi. Hér er gert ráð fyrir því nýmæli að bankastjórar skuli eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hins vegar er gert ráð fyrir að endurráðning þeirra sé heimil. Með þessu er reynt að tryggja að allir æðstu yfirmenn flytjist með hæfilegum fresti milli starfa og þannig sé komið í veg fyrir stöðnun innan ríkisviðskiptabankakerfisins án þess að svipt sé burtu þeim blæ stöðugleika og festu sem einkenna þarf bankarekstur. Þá er jafnframt gert ráð fyrir í frv. að bankaráð ríkisviðskiptabankanna ákveði laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra.

Eins og fram kom í máli mínu hér á Alþingi í síðustu viku var bankamálanefnd einhuga um þessa tillögu. Loks er lagt til að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna megi ekki reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf, nema samþykki bankaráðs komi til. Miðar þetta ákvæði að því að takmarka enn frekar möguleika bankastjóra ríkisviðskiptabankanna til að gegna öðrum störfum. Jafnframt nær greinin til aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra.

Á þennan hátt er leitast við að hindra að aðrir hagsmunir en hagsmunir hlutaðeigandi banka hafi áhrif á störf bankastjóra, aðstoðarbankastjóra eða útibússtjóra, svo sem við lánveitingar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þessir aðilar geti sinnt störfum sem þeim kunna sérstaklega að vera falin í lögum eða tengjast starfi þeirra innan banka, svo sem seta í stjórn stofnana og fyrirtækja er bankinn á aðild að.

Ákvæðum frv. um stjórn hlutafélagabanka er að mestu skipað á sama veg og í gildandi lögum. Í frv. er þó að finna ákvæði er kveður svo á að bankastjórum og aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum hlutafélagabanka sé óheimilt, nema að fengnu leyfi bankaráðs, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti, nema lög kveði á um annað. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um hlutafélagabankana. Ákvæðið er ekki jafn ótvírætt og það ákvæði sem tekur til ríkisviðskiptabankanna. Ræður þar mestu ólík eignaraðild að þessum bönkum.

Loks er að finna í III. kafla frv. sameiginleg ákvæði um stjórn viðskiptabankanna. Með þessum ákvæðum eru ýmsar reglur gildandi laga samræmdar. T. d. er kveðið svo á að auk bankastjóra ráði bankaráð útibússtjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar og sé auk þess heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra. Forstöðumann endurskoðunardeildar skal bankaráð ráða án þess að tillagna bankastjórnar sé leitað, enda er þessi starfsmaður trúnaðarmaður bankaráðs og veitir forustu þeirri deild viðskiptabankanna sem annast innri endurskoðun skv. 41. gr. frv. Skal hann gera bankaráði reglulega grein fyrir því sem deildin verður vísari í störfum sínum. Er því mikilvægt að hann njóti nokkurs sjálfstæðis gagnvart bankastjórum.

Auk þess að ákvæði eru samræmd er hér að finna mikilvægt nýmæli þess efnis að bankaráð viðskiptabankanna skuli móta almenna stefnu bankans í vaxtamálum, en að öðru leyti verði ákvörðun vaxta af einstökum tegundum inn- og útlána í höndum bankastjórnar. Með þessu nýmæli er reynt að stuðla að sem minnstum vaxtamun milli inn- og útlána hjá viðskiptabönkum og þar með að sem hagstæðustum rekstri þeirra. Þegar til lengdar lætur mun þetta fyrirkomulag þjóna hagsmunum sparifjáreigenda, lántakenda og samfélagsins betur en sú skipan þessara mála sem hefur verið við lýði um langt árabil.

Til að tryggja heilbrigða og virka samkeppni er jafnframt bannað að viðskiptabanki hafi samráð við aðrar innlánsstofnanir þegar ákvörðun er tekin um vexti og önnur þjónustugjöld. Eftirlit með að þessum ákvæðum verði fylgt verður í höndum bankaeftirlitsins. Þá kemur jafnframt til greina að Verðlagsráð beiti ákvæðum IV. kafla laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við getur átt.

Að endingu má vekja athygli á ákvæði sem er að finna í lok kaflans um stjórn viðskiptabanka og fjallar um þagnarskyldu starfsmanna um allt er varðar hagi viðskiptamanna banka og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um.

Í IV. kaflanum er fjallað um starfsemi viðskiptabanka. Meginákvæði þessa kafla er í 26. gr. Þar er því lýst hvað felst í hugtakinu viðskiptabankastarfsemi og er farin önnur leið í skilgreiningu hugtaksins en í gildandi lögum. Þykir sú skilgreining sem lagt er til að fylgt verði í frv. hæfa betur nútímaaðstæðum og gera bönkum betur kleift að laga starfsemi sína að breyttum kröfum. Eftir sem áður verður þó starfemi viðskiptabankanna fyrst og fremst fólgin í geymslu og ávöxtun fjár og miðlun á peningum. Þessi skilgreining frv. á viðskiptabankastarfemi felur í sér alla þá þætti sem falla almennt undir hugtakið, þ. á m. verðbréfaviðskipti. Ákvæðunum er því ekki ætlað að þrengja almennt starfsvettvang viðskiptabanka frá því sem verið hefur. Engu að síður er ætlast til þess að þetta hugtak verði skýrt þröngt. Í 2. málsgr. 26. gr. er að finna þá grundvallarreglu frv. að viðskiptabankar og aðrir aðilar, er til þess hafa lagaheimild, eigi einkarétt á að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Lagaheimildir af þessu tagi eru þegar fyrir hendi í lögum um aðrar innlánsstofnanir. En skv. 10. gr. laga um Seðlabanka eru það þessar stofnanir sem háðar eru eftirliti bankaeftirlitsins. Tilgangur eftirlitsins er fyrst og fremst að gæta hagsmuna þeirra sem eiga innlánsfé í stofnunum eða aðrar kröfur á hendur þeim. Af því leiðir að rétt þykir að kveða skýrt á um einkarétt stofnananna til þess að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Það er ljóst að ekki er unnt í lögum að skilgreina nákvæmlega hvað átt sé við með innlánum. Niðurstaða þess verður að fást fyrir dómstólum.

Grundvallarbreyting er einnig gerð á ákvæðum gildandi laga um rétt viðskiptabanka til gjaldeyrisverslunar. Skv. frv. er þessi réttur ótvíræður en Seðlabankanum einungis heimilt að fengnu samþykki ráðh. að binda þann rétt tilteknum takmörkunum. Í þessum kafla frv. er einnig fjallað um heimild viðskiptabanka til að eiga aðild að öðrum félögum eða stofnunum. Þær heimildir eru tvenns konar og bundnar við félög og stofnanir með takmarkaðri ábyrgð. Það felur í sér að viðskiptabanki ber einungis ábyrgð á skuldbindingum þessara félaga og stofnana með framlagi sínu til þeirra, en ekki með öllum sínum eigum, eins og um væri að ræða ef banki gæti verið aðili að félagi með ótakmarkaðri ábyrgð. Verði þetta ákvæði að lögum er ljóst að viðskiptabankar þurfa að breyta fyrirtækjunum Visa Ísland og Kreditkort sf. úr sameignarfélögum í hlutafélög. Heimild viðskiptabanka í þessum efnum greinist eingöngu eftir því hvort um er að ræða félög sem reka viðskiptabankastarfsemi eða aðra starfsemi sem tengist viðskiptabankastarfsemi eða ekki.

Í báðum þessum tilvikum er reynt að draga sem mest úr áhættu bankans af rekstri þessara fyrirtækja með því að binda eignaraðild bankans að fyrirtækjum við tiltekið hlutfall af eigin fé hjá hlutaðeigandi banka. Mun strangari kröfur eru þó gerðar að því er varðar aðild viðskiptabanka að félögum sem reka aðra starfsemi en viðskiptabankastarfsemi. Ákvæði þetta er því til þess fallið að auka öryggi í landinu. Samkv. ákvæðum IV. kafla er viðskiptabanka óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans. Þá er einnig gert ráð fyrir því að viðskiptabanki geti gefið út skuldabréf sem hafa að geyma ákvæði þess efnis að krafa sem eigandi slíks bréfs eignast á hendur viðskiptabanka skuli við slit eða gjaldþrotaskipti á búi bankans víkja í skuldaröð fyrir öðrum kröfum sem kunna að vera fyrir hendi. Hér er um svokölluð víkjandi lán að ræða og skiptir það máli um mat á eigin fé bankans.

Það er rétt að vekja athygli á ákvæði er mælir svo fyrir að bankastjórar og aðstoðarbankastjórar og skoðunarmenn megi ekki vera skuldugir við bankann sem þeir starfa við, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Gildir hið sama um maka þeirra. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að bankaráð setji reglur um viðskipi starfsmanna við banka sem þeir starfa hjá.

Í V. kafla frv. er fjallað um laust fé og eigið fé viðskiptabanka. Slík ákvæði er einungis að finna í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana. Þau ákvæði hafa ekki þótt duga nægjanlega vel. Aðstæður á peninga- og fjármagnsmarkaði geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og þykir því óraunhæft að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lágmarkslausafjárstöðu viðskiptabankanna eða annarra innlánsstofnana eins og gert er í gildandi lögum. Þess vegna hefur í frv. verið valin sú leið að skilgreina laust fé bankanna sem peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir. Samhliða því að laust fé er afmarkað á þennan hátt er kveðið á um að bankar kappkosti að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar nauðsynlegar greiðslur.

Ákvæði um eigið fé er ekki að finna í gildandi lögum um viðskiptabanka. Hér er þó um mjög mikilvægt atriði í löggjöf um innlánsstofnanir að ræða sem miðar að því að vernda hagsmuni eigenda innlánsfjár þótt banki verði fyrir óvæntum áföllum. Í frv. hefur því slíkt ákvæði verið tekið upp. Sú leið hefur verið valin að gera kröfur um ákveðið lágmark eigin fjár af niðurstöðutölum efnahagsreiknings, en bæta skal við eigið fé áður en hlutfallið er fundið út ¾ hlutum andvirðis skuldabréfa sem bankinn gefur út og telst vera víkjandi lán. Skal hlutfallið vera minnst 5%. Á hinn bóginn skal bæta við niðurstöðutölu efnahagsreiknings áður en hlutfallið er fundið út samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða utan efnahagsreiknings, en draga frá eignir sem telja má litla hættu á að bankinn tapi.

Ýmsum kann að virðast að ekki sé eins rík þörf á að setja reglur um eigið fé ríkisviðskiptabanka og á við um hlutafélagabanka. Þessi skoðun er ekki fyllilega rétt því reglur um eigið fé fela í sér gagnlegt aðhald fyrir ríkisviðskiptabanka og að þessu leyti er einnig rétt að ríkisviðskiptabankarnir sæti sömu starfsskilyrðum og hlutafélagabankar. Þá getur það skipt máli fyrir erlenda banka, sem eiga í viðskiptum við íslenska ríkisviðskiptabanka, að ársreikningar sýni að eigið fé sé í fullnægjandi horfi.

Eins og fram kemur síðar er gert ráð fyrir að ráðh. setji reglur um gerð ársreikninga hjá viðskiptabönkum. Á því skal vakin athygli hér að setning slíkra reglna

hefur mikið gildi þegar meta skal eigið fé bankanna, en þannig er unnt að tryggja að við gerð ársreikninga sé gengið út frá sömu forsendum alls staðar, svo sem við uppgjör einstakra efnahagsleiða og mat á eignum og skuldbindingum. Telja verður að setning þessara reglna svo og ýmissa aukinna ákvæða í þessu frv. veiti eigendum innlánsfjár nægilegt öryggi.

Í ákvæði frv. um eigið fé er kveðið svo á að bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabankar nota til starfsemi sinnar, megi ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar 65% af eigin fé bankans. En áður hefur komið fram að viðskiptabönkum er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegr eru vegna starfsemi þeirra. Ákvæði þetta byggist á því að óeðlilegt sé að bankar festi allt eigið fé í fasteignum og jafnvel meira fé. Ákvæðið tekur bæði til fasteigna og búnaðar sem er í eigu banka og hann hefur á leigu. Þá gegnir ákvæðið veigamiklu hlutverki við að stöðva þá fjölgun bankaútibúa sem oftlega hefur verið gagnrýnd hér á Alþingi á undanförnum árum. Það stuðlar að því að bankar gæti fyllsta sparnaðar við uppsetningu nýrra útibúa. Núgildandi reglur eru einnig að komast úr takt við tímann, bankaviðskipti taka nú örum breytingum. Þess er skemmst að minnast að sérstakir tölvubankar hafa nú verið settir upp og gefur sú þróun nokkra vísbendingu um hvernig viðskipti þessi muni breytast á næstu árum.

Í VI. kafla frv. er fjallað um ársreikninga viðskiptabanka. Um þennan kafla þarf ekki að hafa mörg orð. Þar er gert ráð fyrir að ráðh. setji, eins og áður er getið, nánari reglur um gerð ársreiknings. Ársreikningar hlutafélagabanka munu að sjálfsögðu taka mið af þeim reglum sem er að finna í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög. Ástæða er til að taka sérstaklega fram að í athugasemdum við þennan kafla frv. er því lýst yfir að sú sundurliðun, sem lög nr. 35/1983, lög nr. 37/1983 og lög nr. 39/1983 gera ráð fyrir á efnahags- og rekstursreikningi, verði tekin upp í þær reglur sem viðskrh. mun setja um gerð ársreikninga. Þessa yfirlýsingu vil ég ítreka nú.

Ástæða þess að sundurliðun er ekki tekin upp í frv. er einfaldlega sú að það væri einnig ástæða til þess að setja upp önnur ákvæði um gerð efnahags- og rekstursreiknings bankanna í frv. Slík ákvæði yrðu mjög fyrirferðamikil og þykir því hægara að kveða á um uppsetningu ársreiknings í sérstökum stjórnvaldsreglum. Í athugasemdum við frv. er því gefið til kynna með hvaða hætti sú uppsetning skuli vera.

Í VII. kafla laganna er fjallað um endurskoðun. Er þar gert ráð fyrir að það fyrirkomulag verði óbreytt að Alþingi kjósi tvo endurskoðunarmenn fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Á hinn bóginn er kveðið svo á að auk hinna þingkjörnu endurskoðenda skuli ráðh. skipa löggiltan endurskoðanda til að annast endurskoðun hjá þessum bönkum. Með þessu er reynt að tryggja aukið eftirlit rn. með ríkisviðskiptabönkum. Þessi kafli frv. hefur og að geyma ýmis önnur nýmæli, þ. á m. um starfsemi endurskoðunardeildar sem annast skal innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns. Eins og áður segir er forstöðumaður ráðinn af bankaráði og er trúnaðarmaður þess. Þá er í kaflanum fjallað um starf skoðunarmanna, skyldur þeirra og réttindi.

Í VIII. kafla eru nýmæli um slit og samruna viðskiptabanka. Ákvæði kaflans tengjast um margt ákvæði frv. um eigið fé viðskiptabanka og geyma reglur um það hvernig með skuli fara ef eigið fé banka fer undir það lágmark sem áskilið er í frv. og ekki tekst innan hæfilegs tíma að gera þar bragarbót á. Ítarlegar reglur um slit viðskiptabanka eru nauðsynlegar. Núgildandi reglur eru með öllu óviðeigandi, um mikla hagsmuni getur verið að tefla og óeðlilegt er að opinbert eftirlit með tilhögun slita sé jafn lítið og raun er á. Það er enn fremur óæskilegt að mismunandi reglur gildi um slit viðskiptabanka eftir því hvort um er að ræða hlutafélagabanka eða ríkisviðskiptabanka. Af þessum sökum eru settar í kaflann sérstakar reglur um þetta efni sem ná til beggja tegunda viðskiptabanka. Með vísan til þess að brýnt er að opinbert eftirlit sé með tilhögun slita er farin sú leið að slit viðskiptabanka eða skipti á búi hans verði í höndum skiptaréttar.

Í kaflanum er einnig fjallað um samruna viðskiptabanka og taka þau ákvæði eðli sínu skv. einkum til hlutafélagabankanna. Skv. ákvæðunum þarf leyfi ráðh. til að samruni geti átt sér stað. Er tilgangur þessarar tilhögunar tvíþættur, annars vegar að koma í veg fyrir að hagsmunir þeirra, er eiga innlánsfé í þessum stofnunum sem samruni tekur til, sé stefnt í hættu. Hins vegar að tryggja að samruni sé ekki óæskilegur út frá almannahagsmunum t. d. vegna þess að hann dragi óeðlilega mikið úr samkeppni banka og annarra innlánsstofnana. Samruni viðskiptabanka innbyrðis eða við hlutafélagabanka getur hins vegar ekki orðið skv. frv. nema um slíkt sé mælt fyrir í lögum.

IX. kafli laganna hefur að geyma refsiákvæði og skýrir ákvæði kaflans sig að mestu sjálft.

X. og síðasti kafli frv. fjallar um gildistöku þess og fleira. Ákvæði þessa kafla eru þrír þættir. Í fyrsta lagi eru reglur um gildistöku og þar með mælt fyrir um þá meginreglu að frv. öðlist gildi sem lög frá Alþingi 1. janúar 1986. Auk þess er að finna sérreglur varðandi gildistökuna að því er varðar einstaka kafla og ákvæði. Þá eru tilgreind nákvæmlega þau lög og lagaákvæði sem falla eiga úr gildi við gildistöku frv. sem lög.

Í öðru lagi er í kaflanum ákvæði er veita starfandi viðskiptabönkum frest til að koma eigin fé og hlutafé í það horf sem ákvæði frv. áskilja.

Í þriðja lagi er kveðið svo á í kaflanum að ráðh. skuli innan árs frá gildistöku þeirra gefa út reglugerð sem kveður nánar á um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Jafnframt er gert ráð fyrir að hlutafélagabankar breyti samþykktum sínum til samræmis við ákvæði laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

Með frv. fylgja ákvæði til bráðabirgða í þremur liðum. Í fyrsta liðnum eru taldir upp starfandi viðskiptabankar. Er það gert með vísan til þess að vænta má að innan tíðar líti dagsins ljós till. um fækkun og sameiningu viðskiptabanka. Einnig mæla bráðabirgðaákvæðin svo fyrir að við gildistöku laganna falli úr gildi umboð þeirra er nú sitja í bankaráðum ríkisviðskiptabankanna og Alþingi kjósi nýja bankaráðsmenn. Jafnframt er gert ráð fyrir að sama tilhögun verði höfð á kjöri nýrra skoðunarmanna fyrir ríkisviðskiptabankana.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir flest meginatriði þessa frv. sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess að unnt sé að hraða afgreiðslu frv. eins og frekast er kostur og ríkisstj. leggur áherslu á. Af hálfu viðskrn. verður kostað kapps um að veita fjh.- og viðskn. beggja deilda þær upplýsingar sem óskað kann að verða eftir og þannig reynt að tryggja sem skjótasta meðferð. Á það

skal lögð áhersla að til grundvallar þessu frv. liggur fyrir mikið starf sem rekja má allt til ársins 1972 eins og ég gat um hér áðan.

Ég mun ekki hafa þessi orð mín fleiri hér. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég vænti þess að viðskn. beggja deilda geti starfað saman til þess að að gagni mættu koma allar þær upplýsingar sem n. telja sig þurfa að fá, skjöl og annað eftir því, og þannig mætti flýta meðferð málsins.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er afrakstur af starfi margra manna. Í þessum seinasta áfanga, eins og ráðh. gat um, er það annars vegar afrakstur af starfi bankamálanefndar sem skilaði af sér hinn 12. apríl s. l. eða fyrir réttu ári og hins vegar viðskrn. sem hefur yfirfarið frv. síðan og breytt því í nokkrum atriðum. Bankamálanefnd skilaði af sér frumvarpsdrögum, bæði að því er varðaði viðskiptabankana og Seðlabanka, hinn 12. apríl 1984. Ég tel að það sé miður að þessi frv. skuli ekki fylgjast að núna vegna þess að menn fá betri yfirsýn yfir málið ef það er skoðað í heild sinni þannig að saman fari hugmyndir varðandi Seðlabankann og eins að því er varðar viðskiptabankana.

Með þeim álitum og frumvarpsdrögum, sem skilað var inn hinn 12. apríl, fylgdu sérálit af minni hálfu um bæði þessi mál, bæði að því er varðaði viðskiptabankana og eins að því er varðaði seðlabankafrv. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að stikla á þeim greinum sem ég tilgreindi í séráliti mínu að því er varðar bæði Seðlabankann og viðskiptabankana þannig að menn fái séð heildarmyndina. Hins vegar vil ég taka það fram í upphafi að ég er og var í meginatriðum sammála þeirri breytingu sem varð í frumvarpsdrögum bankamálanefndar og í því frv. sem hér um ræðir er fólgin og þá ekki síst þeirri að setja ein lög um viðskiptabankana í heild sinni en ekki sérlög um hvern banka fyrir sig.

En svo ég stikli á efnisatriðum sérálitsins þá ætla ég að byrja á því sem varðar Seðlabankann. Fyrsta atriðið var það að ég taldi að afurðalánakerfið í núverandi mynd væri úrelt orðið og ætti að afnema en í stað þess ætti Seðlabankinn að úthluta útlánskvóta til viðskiptabankanna með hliðsjón af þjónustuhlutverki þeirra við atvinnuvegina. Þannig yrði séð fyrir eðlilegri þörf atvinnuveganna fyrir rekstrarfé og viðskiptabönkunum veitt svigrúm til að mæta þörfinni um leið og þeir tækju sjálfir ábyrgð á þessu hlutverki sínu. Það má segja að ríkisstj. sé nú þegar farin að stíga skref í þessa áttina.

Annað atriðið var það að ég gerði þá jafnframt tillögu um að hámark innlánsbindingar í Seðlabankanum yrði lækkað niður í 15% úr þeim 28% sem það hafði verið í og reyndar enn hærra skv. tillögum meiri hl. bankamálanefndar.

Í þriðja lagi taldi ég nauðsynlegt að verkaskipting ríkisstj. og Seðlabanka yrði gerð skýrari en hún hefur verið. Það yrði gert þannig að ríkisstj. réði stefnunni og birti hana Seðlabankanum reglulega að því er peningamálastjórn varðar en Seðlabankinn ætti síðan að axla ábyrgð og skyldu af því að framfylgja stefnunni jafnframt því sem hann fengi svigrúm til að gera það. Þetta er andstætt því sem í gildi hefur verið og við höfum upplifað þar sem Seðlabankinn vísar á ríkisstj. og öfugt. Ríkisstj. kennir Seðlabankanum um að nú hafi stefnan ekki verið mörkuð og Seðlabankinn bíður eftir ríkisstj. Ég tel að fram úr þessum ágreiningi verði að ráða og þarna þurfi að koma til skýrari stefnumörkun, skýrari valdsviðsmörkun þannig að við horfum ekki upp á þá endaleysu sem verið hefur. (**GJG:** Seðlabankinn svarar nú sjaldan.) Hv. þm. veit það líka að menn nota þetta alloft sem skálkaskjól þegar þeir vita ekki hvað þeir eru að gera eða hvað þeir vilja og ég tel að það sé algerlega ónauðsynlegt.

Í fjórða lagi — og þá er ég kominn að meginatriði sem ég tel að sé ágalli á því lagafrv. sem hér liggur fyrir — þá taldi ég nauðsynlegt að komið yrði á tryggingu á innistæðum sparifjáreigenda upp að tilteknu marki. En þær eru eins og nú stendur með öllu ótryggðar nema í ríkisbönkunum þar sem gildir að sjálfsögðu ríkisábyrgð. Þetta, að tryggja innistæðu sparifjáreigenda, er vitaskuld þeim mun nauðsynlegra þegar nú er verið að auka frjálsræði í viðskiptaháttum viðskiptabankanna og það má ætla að þeir taki þá aukna áhættu. En allar stundir hefur þetta verið ljóður á íslensku bankakerfi.

Við heyrum um það að bankar fari á hausinn í ýmsum öðrum löndum eins og t. d. í Bandaríkjunum, en bankar þar tryggja innistæður sínar ýmist í gegnum ríkisforsjárkerfið, ef svo má segja, eða í gegnum frjáls tryggingafélög. Engar slíkar tryggingar eru fyrir hendi í einkabönkunum hér á Íslandi. Ef einhver af einkabönkunum, einhverjir aðrir bankar en Búnaðarbankinn, Landsbankinn eða Útvegsbankinn, lenti í greiðsluþroti eða færi á hausinn hefðu menn engar tryggingar fyrir því að fá greiddar innistæður sínar. Þetta tel ég með öllu ótækt og að það hafi skort á hjá okkur að taka á þessu efni. Það er enn brýnna fyrir okkur að gera það nú þegar þessi lagasetning sér dagsins ljós þar sem aukið er frjálsræði í þessum efnum.

Mér er stórlega til efs að Íslendingar almennt hafi áttað sig á því að þeirra innistæður í öðrum bönkum en ríkisbönkunum eru með öllu ótryggðar. Ég held að menn hafi lifað í þeirri trú að auðvitað væri þetta tryggt og öruggt í þessum blessuðum bönkum. En það er ekki svo, það eru engar tryggingar fyrir innistæðum í einkabönkunum. Þess vegna vantar tryggingarákvæði að því er varðar innistæður sparifjáreigenda í öllum einkabönkum.

Þetta var fjórða atriðið í athugasemdum mínum. Fimmta atriðið var það að sett yrðu sérstök ákvæði um kreditkortaþjónustu í bankalögin. Þetta hefur oft verið hér til umfjöllunar. Ég held að það séu liðin ein þrjú eða fjögur ár síðan þetta mál var fyrst tekið upp hér á Alþingi og ævinlega hefur hver ráðh. á fætur öðrum svarað því að málið væri í athugun. Þetta þurfa ekki að vera mjög flókin ákvæði að mínum dómi en ég tel nauðsynlegt að þau séu fyrir hendi, m. a. að því er varðar upplýsingaskyldu slíkra fyrirtækja sem þessara til bankaeftirlitsins.

Sjötta athugasemd mín var á þá lund að ég vildi að komið yrði á eftirliti með ávöxtunarfyrirtækjum sem taka við fé frá fólki í landinu til ávöxtunar. Það eru hér í gangi ýmiss konar fyrirtæki — eitt þeirra heitir reyndar Ávöxtun —, ávöxtunarfyrirtæki, sem taka við fé frá almenningi. Það skortir lagasetningu varðandi eftirlit með slíkum fyrirtækjum og hvernig þau hafa hagað starfsemi sinni. Það er ekki vansalaust að slík ákvæði skuli ekki hafa verið sett og ég tel eðlilegt að slíkt eftirlit

væri í höndum bankaeftirlitsins.

Sjöunda athugasemd mín var sú að ég lagði til að sett yrðu sérstök lög um peningamálastjórn. Til hliðsjónar yrði þá tekin löggjöf um það efni sem í gildi er í Noregi. Ég skal ekki fjölyrða frekar um það. Það eru engin lög í gildi um peningamálastjórn á Íslandi og það eru ýmis ákvæði sem einmitt varða peningamálastjórn sem ættu heima í sérstökum lögum en hvorki í lögum um Seðlabanka, bankaeftirlit né viðskiptabanka.

Áttunda athugasemd mín var sú að ég lagði til að Útvegsbanki og Búnaðarbanki yrðu sameinaðir með lögum. Hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir því hvernig þau mál stæðu, enda mun flestum þm. það kunnugt að það er nú í enn einni athuguninni í enn einni nefndinni. Grundvallarskoðun mín er sú að þetta muni ekki gerast öðruvísi en með lagasetningu og að það sé Alþingis að taka ákvörðun í þeim efnum, gera upp hug sinn um það hvort menn vilja að Útvegsbanki og Búnaðarbanki verði sameinaðir. Það á að láta á það reyna hér á þingi.

Níunda athugasemd mín var sú að að því er varðaði heimild til stofnunar nýrra banka vildi ég að sett yrðu ákvæði um að ráðh. gæti skotið staðfestingu á slíkri heimild til Alþingis. Í lagafrv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um hlutafé geti hver sem er sett á stofn hlutafjárbanka, en jafnframt er gert ráð fyrir því að ráðh. veiti síðan heimild til starfrækslunnar. Mín hugmynd var sú að ef ráðh. neitaði slíkri heimild ætti að vísa því til úrskurðar Alþingis.

Í tíunda lagi lagði ég til að komið yrði á fót starfsmannaráðum við alla banka og sett um það lagaákvæði. Í ýmsum grannlöndum okkar eru ákvæði um það að starfsfólk eigi aðild að stjórn bankanna. Ég hef ekki gert ráð fyrir því að svo stórt skref yrði stigið hér en að í staðinn yrði komið á þeirri skipan að það væru starfsmannaráð við bankana þar sem í ættu sæti fulltrúar starfsfólks, bankaráða og bankastjórnar.

Í ellefta lagi er ég algjörlega andvígur því að bönkum verði heimilt að standa í almennum hlutabréfakaupum. Í þessu lagafrv., eins og það liggur fyrir, er sú breyting frá gildandi lögum að bönkunum er heimilað að kaupa hlutabréf í þeim hlutafélögum sem nefnd hafa verið almenningshlutafélög og gera það upp að tilteknu marki. Þetta hefur ekki verið svo, bönkunum hefur ekki verið heimilt að standa í slíkum hlutabréfakaupum. Ég tel að bankarnir eigi að halda sig við bankaviðskiptin en ekki að vera í kaupum og sölum á hlutabréfum. Ég tel augljóst að það geti orðið mjög verulegir hagsmunaárekstrar ef bankarnir fara að kaupa og eiga hlut í hlutafélögum í landinu eins og gert er ráð fyrir skv. þessu lagafrv.

Í þeim ákvæðum sem í frv. eru er gert ráð fyrir því að bankarnir geti keypt hlutabréf í stórum hlutafélögum, svokölluðum almenningshlutafélögum. Í þessu felst þá í fyrsta lagi mismunun milli lítilla og stórra félaga. Þetta er þá í annað skipti sem við horfum upp á það hér í þinginu að stóru félögin eigi að njóta sérstakra gæða umfram litlu hlutafélögin. Þetta gerðist líka í sambandi við breytingar á skattalögum og skattfrelsi þegar menn keyptu hlutabréf. Þetta gagnrýndi ég mjög þá vegna þess að ég tel að þessi mismunun sé ekki réttlát. Í annan stað er vaxtarbroddur atvinnulífsins oft í litlum hlutafélögum frekar en stórum og í þriðja lagi er hér mismunun milli landshluta vegna þess að litlu félögin eru úti á landi en stóru félögin eru einungis hér í Reykjavík.

En þar fyrir utan — og það er ekki síður alvarlegt — liggur það í augum uppi að banki, sem á annars vegar hlutabréf í einhverju fyrirtæki og hins vegar ekki í einhverju öðru, stendur ekki jafnfætis gagnvart þessum tveimur fyrirtækjum. Það er því augljóst að hann hefur tilhneigingu til að koma öðruvísi fram við fyrirtæki sem hann á í heldur en fyrirtæki sem hann á ekki í. Ég tel augljóst að gildandi ákvæði í lögum, sem hafa bannað bönkunum að standa í hlutabréfakaupum, hafi einmitt verið vegna þess að menn hafi séð þessi sjónarmið sem ég hef verið hér að rekja. Ég tel að þau séu rétt og ég tel að þess vegna eigi ekki að taka upp þann hátt að bankarnir standi í kaupum og sölum á hlutabréfum. Þeir eiga að vera í bankaviðskiptum en ekki í hlutabréfabraski. Ég er því andvígur því ákvæði lagafrv. sem gerir ráð fyrir þessu.

Í tólfta lagi gerði ég þá athugasemd að ég tel að það eigi að sporna gegn því að stofnað verði til stórra og dýrra alhliða gjaldeyrisdeilda umfram þörf. Hins vegar er ég sammála því að allir bankar fái heimild til að selja almenningi gjaldeyri. Ég tel að það sé sjálfsögð þjónusta að allir bankar fái heimild til þess að selja almenningi gjaldeyri enda hefur þegar verið farið út á þá braut í nokkrum mæli á undanförnu ári miðað við það sem áður gilti. En það er mikill munur á því að starfrækja dýra og alhliða gjaldeyrisdeild sem stendur í ábyrgðarheimildum og margs konar flóknum viðskiptum í samskiptum við erlenda aðila eða að selja almenningi gjaldeyri. Slíkar deildir eru gjarnan stórar og kostnaðarsamar og ég tel að það sé óþarfi að stofnað verði til slíkra deilda í mjög ríkum mæli. Þetta geta menn vitaskuld ekki sett í lög heldur er hér um ábendingu að ræða sem varðar framkvæmd mála, reglugerðarákvæði eða þess háttar.

Í þrettánda lagi gerði ég þá athugasemd að því er varðar stofnsetningu nýrra útibúa að ég tel að ráðh. eigi að fá heimild til þess þegar sérstaklega stendur á í þjóðfélaginu að fresta stofnsetningu allra nýrra útibúa um tiltekinn tíma, t. d. eitt ár. Í þessu viðhorfi mínu felst það að ég er sammála því sjónarmiði að afnema það skömmtunarkerfi sem verið hefur við lýði varðandi stofnsetningu útibúa. Það er gert ráð fyrir því í lagafrv. að það kerfi verði afnumið og ég er því sammála vegna þess að ég tel að það kerfi sem hafi verið við lýði hafi gengið sér til húðar og hafi sýnt sig að það skili alls ekki þeim árangri sem menn ætluðust til, nefnilega að hafa hemil á fjölgun útibúa. Þegar slíkt skömmtunarkerfi stendur ekki einu sinni undir þeim tilgangi sínum er það ekki til neins og þess vegna á að afnema það. Skömmtunarkerfi eru yfirleitt af hinu illa, menn eiga að reyna að komast hjá þeim eftir því sem mögulegt er. Í vissum tilvikum geta menn talið nauðsynlegt að grípa til þeirra en þegar þau reynast afleitleg er greinilega ekki ástæða til að halda í þau.

Hitt er ljóst að hugmyndin var sú að það ætti að strengja svo eiginfjárskilyrði bankanna að í því væri fólgið verulegt aðhald um að þau stæðu ekki í fjárfestingum að óþörfu, þ. á m. í stofnsetningu útibúa. Ég tel að það hafi ekki verið gert í lagafrv. eins og það liggur fyrir né heldur eins og bankamálanefnd gekk frá því og hef talið að það þyrfti að strengja það. En á hinn bóginn lít ég svo til að það geti verið sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu sem geri það nauðsynlegt fyrir ráðh. að

grípa til þess að fresta stofnsetningu útibúa. Ég vil að slíkur hemill geti verið fyrir hendi en þá verði eitt yfir alla að ganga, ráðh. fái ekki að standa í skömmtunaraðgerðum í venjulegum skilningi.

Fjórtanda athugasemd mín varðar vaxtaákvæði. Ég vil að hamlað verði gegn því með sérstökum ákvæðum að aukið frjálsræði í vaxtamálum leiði til þess að bankar mismuni viðskiptaaðilum sínum í lánakjörum. Ég taldi á sínum tíma að nauðsynlegt væri að auka frjálsræði í vaxtamálum. Það þýðir ekki að ég hafi verið sammála framkvæmd þeirra mála, eins og fram hefur reyndar komið hér í þinginu á undanförnum misserum. En jafnframt taldi ég nauðsynlegt og taldi á það skorta að tryggt væri, þegar slíkt frjálsræði væri innleitt og í þeim mæli sem það væri innleitt, að bankar mismunuðu ekki viðskiptaaðilum sínum.

Í fimmtánda lagi gerði ég þá till. og ábendingu að ég teldi rétt að ráðh. tilnefndi einn endurskoðanda hjá hlutafélagabönkum rétt eins og gert er ráð fyrir varðandi ríkisbankana. Þetta er þá eftirlitshlutverk sem ráðh. hefur að því er varðar starfrækslu á öllum bönkum, að hann tilnefni endurskoðanda. Það hefur verið í gildi í ýmsum grannlöndum okkar að bankamálaráðherra gæti tilnefnt mann í stjórn bankanna. Ég tel að það sé óþarfi að ganga svo langt en ég tel að það sé til bóta til að auka eftirlit bankamálaráðh. og innsýn í þessi mál að hann tilnefni einn endurskoðanda í hvern þann banka sem starfræktur er án tillits til þess hvort bankinn er ríkisbanki eða einkabanki.

Í sextánda lagi taldi ég að eiginfjárskilyrði viðskiptabankanna þyrftu að verða strangari en er í lagafrv. eða eins og frá því var gengið af hálfu bankamálanefndar og þá m. a. til að tryggja betur innistæður sparifjáreigenda en jafnframt til þess að hamla gegn óeðlilegri útþenslu í bankakerfinu.

Að síðustu skal á það bent að í þessu frv. til laga er, eins og allir aðrir nm. í bankamálanefnd lögðu til, gert ráð fyrir því að fella úr gildi nýsett lagaákvæði um birtingarskyldu bankanna á ýmsum rekstrarkostnaði sínum, svo sem bifreiðakostnaði, risnu og því um líku. Þessi lög voru sett fyrir 2—3 árum að tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur og samþykkt héðan frá þinginu með atkvæðum þm. úr öllum flokkum. En nú er sem sagt gert ráð fyrir því að þessi birtingarskylda og það aðhald, sem í henni fólst, verði afnumið.

Þessar voru helstu athugasemdir sem ég gerði varðandi álit bankamálanefndar þegar það kom fram á sínum tíma. Eins og ég gat um hefur frv. tekið nokkrum breytingum í meðförum viðskrn. Ég tel að sumar þeirra séu til bóta. Ég skal ekki fullyrða að ég hafi farið yfir það með tæmandi hætti hverjar breytingarnar séu. En það er slakað á sumu og strengt á öðru og þar getur verið um álitamál að ræða sem ég áskil mér rétt til að hafa skoðun á og fara nánar yfir hér síðar. En í samræmi við þau sjónarmið, sem ég hef hér lagt fram, mun ég beita mér fyrir því og undirbúa till. um breytingar í nokkrum greinum á þessu frv.

Í fyrsta lagi tel ég eðlilegt við þessar aðstæður að það verði látið á það reyna hér á þingi með sérstöku ákvæði til bráðabirgða hvort menn eru reiðubúnir til að Alþingi ákveði að sameinaðir verði Útvegsbanki og Búnaðarbanki og mun ég flytja till. um það efni.

Í öðru lagi tel ég alveg nauðsynlegt — og kem þá að því atriði sem ég legg ríkasta áherslu á í þessu máli öllu saman — að inn í frv. um viðskiptabankana verði felld ákvæði um tryggingu á innistæðum. Ég tel að til hliðsjónar í þeim efnum megi hafa frv. sem kom fram um tryggingarsjóð sparisjóðanna og það eigi að taka til allra innistæðna í bönkum og helst sparisjóðum líka þannig að það sé alveg ótvírætt að menn njóti ákveðinnar tryggingar. Slíkt ákvæði ætti heima að mínum dómi í V. kafla þessa frv. og ætti að koma þar inn.

Bankarnir eiga að tryggja sig hjá ákveðnum tryggingarsjóði sem veiti þeim tryggingu og sé reiðubúinn til að standa undir þeim skuldbindingum sem hafa verið teknar, skuldbindingum upp að ákveðnu marki. Tryggingarsjóðurinn tekur þá að sér, ef banki fer á hausinn, að greiða innistæður upp að tilteknu marki og vernda þannig hag sparifjáreigenda. Þetta er sams konar kerfi og er við lýði annars staðar.

Að sjálfsögðu þurfa ríkisbankarnir ekki á slíkri tryggingu að halda heldur einungis einkabankarnir. Þá kemur upp það sjónarmið að ríkisbankarnir fái betri rekstrarstöðu en einkabankarnir. Sú ágæta ábending hefur komið fram, sem ég tel sjálfsagt að komi með inn í þetta dæmi, frá hv. þm. Þorsteini Pálssyni í samtali í morgun að það væri sjálfsagt að leggja gjald á ríkisbankana sem væri jafnhátt og rynni í ríkissjóð. Þá standa þeir jafnfætis. Ætli okkur veiti af tekjustofnunum — kannske í húsnæðismálin?

Í þriðja lagi mun ég flytja till. um það að ákvæðin um almannaaðhald, sem nýsett lög voru um, komi inn í þessi lög að nýju.

Í fjórða lagi þykir mér nauðsynlegt að vekja athygli á því að heimildir til að stofna banka eru ekki eins strangar í þessu frv. og þær voru á sínum tíma því að þar var gert ráð fyrir því að þær millj. kr., sem voru miðaðar við verðlag í ársbyrjun 1984, fylgdu vísitölu. Það ákvæði hefur verið fellt niður. Þessar 100 millj. geta því fljótt orðið að litlu fé ef við stöndum okkur ekki betur í viðureigninni við verðbólguna en við höfum gert á þessu ári, hvað þá ef það væri eitthvað svipað og á sumum öðrum árum. Hérna skortir á. Í annan stað minntist ég á að ég teldi eðlilegt að ef ráðh. neitaði slíku starfsleyfi skyldi það koma fyrir Alþingi. Það kann að vera formlega dálítið erfitt að koma því fyrir en ég vil að menn séu við því búnir að tillögur um slíkt ákvæði komi frá mér.

Ég mun líka beita mér fyrir brtt. sem taka af þá heimild til hlutabréfakaupa sem gert er ráð fyrir að bankarnir hafi og að bankamálaráðh. hafi heimild til að fresta öllum stofnsetningum útibúa og um það að eiginfjárskilyrðin verði strengd og um það að bankamálaráðh. tilnefni endurskoðendur í alla banka, hvort heldur þeir eru hlutafélagabankar eða ríkisbankar. Auk þess tel ég rétt að það komi inn ákvæði varðandi starfsmannaráð, eins og ég gerði að umtalsefni hér áðan. Þetta eru þau helstu atriði sem ég tel nauðsynlegt að fram komi tillögur um og sem ég mun leggja fram brtt. um varðandi þetta frv. sem hér liggur fyrir en auk þess hugsanlega um einhver smærri atriði. Langstærsta málið er þá að mínum dómi trygging innistæðnanna vegna þess að ég tel að það megi ekki svo til ganga á Íslandi, síst af öllu eftir að lögunum hefur verið breytt eins og hér er gert ráð fyrir og tekið upp aukið frjálsræði, að innistæður séu ekki tryggðar. Úr því verður að bæta þegar í stað.

Að lokum, herra forseti, vil ég ítreka það sem ég

sagði í upphafi að ég tel að þetta frv. sé spor í framfaraátt og að það sé til mikilla bóta að í gildi séu ein lög um viðskiptabanka eins og hér er gert ráð fyrir og ýmsar þær nýjungar sem hér eru upp teknar og ég hef ekki farið yfir, en bankamálaráðh. gerði ráð fyrir að þær séu til bóta.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég ætla mér við þessa 1. umr. málsins að fara í fyrsta lagi almennt yfir stöðu þessara mála, í öðru lagi ætla ég að gera athugasemdir við nokkrar greinar frv. og að lokum ætla ég að gera grein fyrir þeim atriðum sem ég tel að þurfi helst að breyta í þessu frv.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. hefur þetta mál átt sér langan aðdraganda og þetta er ekki í fyrsta sinn sem hv. Alþingi fjallar um frv. um viðskiptabanka. Það hefur verið gert aftur og aftur á undanförnum árum og þann tíma sem ég hef setið hér á Alþingi minnist ég nokkurra frv. um þetta efni, bæði frá einstökum hv. þm. og frá hæstv. ríkisstj.

Upphafið að skipulagsumræðunni um bankana má rekja aftur til ársins 1971 þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar setti sér það markmið í málefnasamningi að sameina tvo ríkisbankana, þ. e. Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Í framhaldi af þeim ásetningi skipaði þáv. viðskrh. nefnd til að vinna að þessari sameiningu og jafnframt til að gera tillögur að frv. um heildarlöggjöf fyrir viðskiptabankana í landinu og um Seðlabankann. Þessi nefnd hefur í raun og veru starfað meira og minna óslitið síðan, að vísu með mannabreytingum sem hafa fylgt pólitískum sviptingum í landinu, en það má segja að allan þennan tíma hafi menn verið að fást við sama verkið, þ. e. hvernig á að skipuleggja bankastarfsemina í landinu þannig að hún verði sem ódýrust, hagkvæmust og öruggust fyrir þjóðina og þjóðarbúið.

Núv. ríkisstj. hefur gefist upp við að leysa þetta verkefni eins og aðrar ríkisstj. á undan. Það hefur ekki náðst neitt samkomulag innan núv. ríkisstj. um að fækka ríkisviðskiptabönkunum. Það liggur ekkert fyrir um það efni af hálfu hæstv. ríkisstj. Þess vegna er hér í raun ekki tekið á að mínu mati einu alvarlegasta vandamáli íslenska bankakerfisins. Hins vegar er fitjað hér upp á ýmsum nýmælum sem sum hver eiga rætur að rekja til þeirrar pólitísku kreddu sem nú ræður ríkjum í Sjálfstfl. og þar af leiðandi í þessum málaflokki í ríkisstj. Einnig er hér um að ræða margar brtt. á lögum um bankamál, tæknilegar brtt. sem eru margar til bóta frá því sem nú er þó að ég vilji ekki vera jafn jákvæður í ummælum mínum um þetta frv. og hv. síðasti ræðumaður.

Ég vil í upphafi máls míns, herra forseti, til þess að því sé haldið til haga, lesa hér sérálit fulltrúa Alþb. í bankamálanefndinni, Lúðvíks Jósepssonar, en það er birt á bls. 34—35 í frv. því sem hér er á dagskrá. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkur ákvæði frv. eru til bóta frá gildandi lögum. Þar nefni ég að allir viðskiptabankar og um leið allar lánastofnanir eiga að verða undir yfirstjórn eins og sama ráðh.“ — Þetta er í raun og veru það sem við höfum þegar samþykkt lög um hér á Alþingi. — „Þá tel ég rétt að kveða skýrara á um að bankastjórar ríkisviðskiptabanka gegni ekki öðrum launuðum störfum en þeim sem beinlínis fylgja bankastjórastarfi þeirra. Sams konar ákvæði hefði ég einnig viljað hafa um hlutafélagsbanka. Í frv. eru hins vegar allmörg ákvæði sem ég er andvígur eða tel að ekki sé tímabært að taka upp. Þessi ákvæði eru m. a.:

1. Skv. frv. er stofnun nýrra hlutafélagsbanka gefin frjáls — að vísu með nokkrum takmörkunum. Ég tel þetta ákvæði óþarft þar sem augljóslega er fyrst og fremst þörf á því að fækka bönkum og gera þá að stærri einingum.

2. Þá er með ákvæðum frv. nánast gefið fullt frjálsræði til að stofna ný útibú eftir því sem stjórnendur bankanna vilja. Þær hömlur, sem settar eru í frv. um eiginfjárstöðu og hlutfall fasteigna af eigin fé bankans, hafa sáralítil áhrif. Ég tel mikla hættu á að þetta ákvæði frv. leiði til fjölgunar útibúa og ofþenslu í bankakerfinu. Með því ákvæði að einn ráðh. í stað þriggja nú hafi með yfirstjórn bankamála að gera ætti að vera auðvelt að stjórna fjölda bankaútibúa og sjá svo um að þau verði sett þar sem þeirra er eðlileg þörf.

3. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að ráðh. geti „veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi“. Þessu ákvæði er ég mótfallinn, tel ekkert knýja á um þetta mál nema ætlunin sé að með þessu sé stigið fyrsta skrefið til stofnunar erlendra banka hér á landi sem ég er andvígur.

4. Gert er ráð fyrir að ákvörðun vaxta af útlánum og innlánum verði færð frá Seðlabanka og ríkisstj. til hverrar einstakrar innlánsstofnunar. Tekið er fram að innlánsstofnunum sé óheimilt að hafa samráð um ákvörðun vaxta og þóknunargjalda. Ég er andvígur þessari breytingu, tel að hér skorti stórlega á að einstakir bankar og sparisjóðir geti ákveðið vaxtagjöld og innlánsvexti. Blind samkeppni á þessu sviði er að mínum dómi fráleit og gæti sett hagsmuni sparifjáreigenda í hættu og skapað mikinn vanda hjá þeim sem lán þurfa að taka til lengri tíma, t. d. í sambandi við útflutningsframleiðslu.

5. Í frv. er gert ráð fyrir að bankar geti orðið hluthafar í almennum rekstrarfyrirtækjum sem ekki tengjast bankarekstrinum á neinn hátt. Ég er andvígur þessu ákvæði, tel að innlánsstofnanir eigi að halda sig við það meginverkefni að taka sparifé til ávöxtunar og lána það út á öruggan hátt en leiða hjá sér áhættuþátttöku í öðrum atvinnurekstri.

6. Ég er andvígur 36. gr. frv. sem fjallar um eigið fé banka. Sú skilgreining á eigin fé, sem þar er sett fram, er mjög ónákvæm og segir í raun harla lítið um raunverulega getu viðkomandi stofnunar til að standa við skuldbindingar sínar. Greinin sem heild og þær hömlur, sem settar eru um hlutfall fasteigna af eigin fé, munu lítil sem engin áhrif hafa á stofnun nýrra útibúa. Þrátt fyrir ákvæði greinarinnar munu nær allir núverandi bankar og sparisjóðir hafa fullan rétt til að stofna til margra útibúa.

Eitt af aðalvandamálum íslenska bankakerfisins, eins og sakir standa, er að bankastofnanir eru of margar, dreifing þeirra er óeðlileg og rekstrareiningar þeirra eru flestar of litlar. Af þessum ástæðum eru flestir bankar illa færir um að þjóna stærri atvinnufyrirtækjum og óeðlileg misskipting verður í verkaskiptingu bankanna.

Annar mikill galli á bankakerfinu er að Seðlabankinn er kominn langt út fyrir eðlileg mörk seðlabanka og hefur dregið til sín fjármagn sem á að vera í viðskiptalífinu. Vald hans er orðið of mikið í ýmsum greinum.

Leiðin til úrbóta í þessum efnum er ekki að gefa vexti frjálsa, ekki stjórnleysi í stofnun útibúa og ekki stofnun nýrra banka. Ríkið á að ganga á undan og fækka viðskiptabönkum sínum í tvo og síðan á að setja almennar reglur sem leiða munu til þess, hér eins og erlendis, að hlutafélagabankar sameinist og myndi stærri heildir."

Hér las ég upp, herra forseti, sérálit Lúðvíks Jósepssonar fulltrúa Alþb. í bankamálanefndinni. Ég tel að þessar athugasemdir, sem hér koma fram frá Lúðvík Jósepssyni, séu þess eðlis að þeim sé nauðsynlegt að halda hér til haga. Ég tek undir þær í flestum greinum og tel að þar sé bent á aðalatriði þessa máls.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 72. fundur.

Fimmtudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Frelsi í innflutningi á olíuvörum, þáltill. 335. mál (þskj. 533). — Frh. einnar umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Mál það sem hér er á dagskrá, frelsi í innflutningi á olíuvörum, var rætt á síðasta fundi Sþ. Þar mælti hv. flm., 3. þm. Reykn., fyrir málinu og hæstv. viðskrh. gagnrýndi mjög þá þáltill. sem þar er flutt og vefengdi ýmsar tölur sem þar komu fram, bæði í grg. og í máli hv. flm.

Ég tók þátt í þessari umræðu og gerði athugasemdir við vissar upplýsingar sem hæstv. viðskrh. kom fram með um núverandi verð á olíu hér innanlands og það verð sem unnt er að fá í nágrannalöndum. Hæstv. ráðh. hélt því fram í þessari umræðu að verð á gasolíu á Íslandi, sem nú er 11,10 kr., og hins vegar í grannlöndum okkar, eins og Bretlandi, Danmörku og Þýskalandi, væri mjög ámóta. Stangast það mjög á við þær upplýsingar sem fyrir lágu eða a. m. k. voru fram reiddar í desember s. l. og janúar á þessu ári þegar mjög var um þessi mál rætt í sambandi við olíuverð til fiskiskipa.

Ég hef af þessu tilefni innt Landssamband ísl. útvegsmanna eftir því á hvaða verði mætti fá olíu í nágrannalöndum okkar og hvaða verð gilti þar á olíu sem afhent er til fiskiskipa, þ. e. gasolíu. Ég hef fengið svofelldar upplýsingar sem ég tel rétt að hér komi fram: Í Danmörku 8,35 kr. hver lítri, í Bretlandi 9,10 kr. og í Þýskalandi 9,20 kr. hver lítri. Þetta eru upplýsingar sem Landssamband ísl. útvegsmanna hefur látið mér í té um þessi efni. En á sama tíma er verð á gasolíu hér innanlands, þ. á m. til fiskiskipa, 11,10 kr. Það verður því ekki séð að sá verðmunur upp á 30% og þar yfir, sem talað var um í desembermánuði s. l. þegar þessi mál voru til umræðu, hafi minnkað í reynd þó að breytingar og sveiflur kunni að hafa orðið á olíuverði erlendis, þ. á m. til fiskiskipa.

Ég hvatti mjög til þess hér í ræðu á síðasta fundi Sþ. að ríkisstj. og hæstv. viðskrh. legðu fram fyrir þingið glöggar upplýsingar um vitneskju stjórnvalda í þessum efnum þannig að ekki færi milli mála um hvað væri verið að tala í þessum þýðingarmikla þætti sem skiptir afar miklu fyrir íslenskan sjávarútveg svo og aðra sem olíu nota hér innanlands. Ég vildi að þetta kæmi hér fram við framhald umræðunnar og vænti þess að hæstv. viðskrh. afli gagna fyrir þingið hið allra fyrsta og láti þau í té bæði fyrir þingið og almenning.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því sem hv. þm. sagði hér vil ég taka fram að ég gerði grein fyrir upplýsingum sem gefnar voru fjh.- og viðskn. Ed. þegar frv. um Flutningsjöfnunarsjóð, sem fyrir deildinni liggur, var til umfjöllunnar í nefndinni. Þessar upplýsingar voru, ef ég man rétt, dagsettar 21. febrúar og ég held ég hafi m. a. s. lesið upp við hvaða gengi á danskri krónu var þá miðað vegna þess að hér var um að ræða verð á olíu í Danmörku.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt að við áframhaldandi umfjöllun á frv. í fjh.- og viðskn. Ed. — frv. á síðar eftir að koma til Nd. — verði aflað nýrra upplýsinga. Ég er ekki að bera brigður á það sem hv. þm. segir eða halda því fram að þær upplýsingar sem hann hefur fengið séu ekki réttar. Hins vegar vil ég gjarnan að fram komi að þessar upplýsingar, sem lagðar voru fyrir fjh.- og viðskn. Ed., voru frá Verðlagsskrifstofunni hér og þeirra var aflað með aðstoð sendiráða Íslands erlendis. Og ekki aðeins það, heldur voru líka fengnar upplýsingar frá olíufélögum erlendis til þess að fá samanburð og geta áttað sig á því hvort ekki væri um réttar tölur að ræða.

Síðan eru liðnir næstum tveir mánuðir, það er alveg rétt. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þegar það frv., sem er til umfjöllunar í Ed. eins og ég sagði áðan, verður afgreitt þar úr nefnd liggi fyrir nýjustu upplýsingar svo að þm. hafi þær handbærar þegar það frv. verður til umfjöllunar. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að svo verði gert eins og hv. þm. óskaði eftir.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt merking akvega, þáltill. 45. mál (þskj. 45, n. 699, 700). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 700 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 744).

Almannafé til tækifærisgjafa, þáltill. 215. mál (þskj. 254, n. 701). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 745).

Afnám misréttis gagnvart konum, þáltill. 353. mál (þskj. 563). — Frh. fyrri umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Á síðasta fundi Sþ. hófst umr. hér um 353. mál Sþ., till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum. Hæstv. utanrrh. mælti fyrir þessari till. sem ríkisstj. leggur hér fyrir þingið og hv. 11. þm. Reykv. ræddi hér málið og beindi fsp. til ráðh. af tilefni þessa tillöguflutnings. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa fyllstu samþykki mínu við það að þessi till. um staðfestingu á þessum samningi er hér fram komin og tel það ánægjuefni. Jafnnauðsynlegt er fyrir þingið að átta sig á hvað í ákvæðum þessa samnings felst.

Nú er það svo að eflaust er hægt að benda á mörg ríki sem standa hallari fæti í sambandi við það efni sem í samningnum felst en Ísland, en eins og um önnur mál sem varða alþjóðlegar reglur og viðmiðanir hlýtur það að skipta mestu hvernig menn yrkja garðinn hver hjá sér í þessum efnum. Ég vil benda á það hér að í grg. þessa samnings segir m. a., með leyfi forseta:

„Skv. 1. gr. samningsins er misrétti gagnvart konum skilgreint sem hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að takmarka eða gera að engu að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

Í samningnum eru síðan ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að afnema misrétti gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum."

Um þessi efni er nánar fjallað í bindandi ákvæðum þessa samnings, sem hér er lagður fyrir Alþingi til staðfestingar, þar sem aðildarríki, sem hann staðfesta, hafa m. a. orðið ásátt um eftirfarandi og ég leyfi mér að vísa þar til þess sem kemur fram á bls. 4 og 5 í þessum samningi sem er fskj. með þáltill.

Þar kveður á um í 1. gr. að hvers kyns takmörkun „sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði."

Og í 2. gr. er vikið að því undir a-lið að þau ríki sem staðfesta samninginn setji „grundvallarregluna um jafnrétti karla og kvenna í stjórnarskrár sínar eða aðra viðeigandi löggjöf, sé hún þar ekki fyrir, og að ábyrgjast með lögum eða öðrum viðeigandi ráðum að grundvallarreglu þessari verði framfylgt í raun."

Og í b-lið:

„að gera viðeigandi ráðstafanir með lögum og aðrar ráðstafanir þar með talið viðurlögum, þar sem við á, sem banna allt misrétti gagnvart konum."

Ég vek athygli á þessu og vísa þá til þeirra ábendinga sem fram komu hjá hv. 11. þm. Reykv. hér fyrr við umr. þar sem innt var eftir áliti hæstv. ríkisstj., utanrrh. og alveg sérstaklega félmrh. um það hvernig ríkisstj. mæti þessa stöðu í sambandi við löggjöf hérlendis með tilliti til ákvæða þessa samnings.

Í c-lið sömu greinar segir:

„að koma á lagavernd á réttindum kvenna á grundvelli jafnréttis við karla og að tryggja fyrir lögbærum dómstólum landsins og hjá öðrum opinberum stofnunum raunverulega vernd til handa konum gegn hvers konar misrétti." — Ég vek athygli á þessu: „að tryggja fyrir lögbærum dómstólum landsins og hjá öðrum opinberum stofnunum raunverulega vernd til handa konum gegn hvers konar misrétti."

Í d-lið sömu greinar:

„að eiga ekki hlut að né framfylgja misrétti gagnvart konum og ábyrgjast að opinber stjórnvöld og stofnanir breyti í samræmi við þessa skyldu."

Og í e-lið er vikið að öðrum en opinberum aðilum og segir svo í samningnum:

„að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja."

Hér er einnig vikið að fyrirtækjum, þ. e. ekki aðeins hinum opinbera þætti máls heldur einnig einkaaðilum.

Og í f-lið sömu greinar:

„að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til þess að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér misrétti gagnvart konum."

Ég bið hv. þm. að taka eftir þessum ákvæðum um „venjur og starfshætti sem fela í sér misrétti gagnvart konum."

Í framhaldandi greinum þessa samnings er enn hert á þessum þáttum, m. a. í 4. og 5. gr., og ætla ég ekki að taka tíma hv. deildar til að vitna frekar í þennan samning. Ákvæði hans liggja hér fyrir í íslenskri þýðingu. En ég vek athygli á því að hér erum við að fjalla um eitt stærsta mál félagslegs eðlis sem varðar jafnrétti í landinu. Með því að staðfesta þennan samning, sem ríkisstj. hér hefur lagt fyrir, eru stjórnvöld og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, að taka á sig mikla ábyrgð í þessum efnum.

Ég vék að því í upphafi míns máls að við Íslendingar stæðum ekki verst þjóða í þessum efnum. Mjög víða er að finna hörmulegt ástand að því er varðar stöðu kvenna, bæði réttarstöðu og félagslega stöðu. Nægir í því sambandi að minna á það sem Kurt Waldheim, fyrrv. aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, greindi frá fyrir nokkrum árum þar sem hann dró það fram í ræðu um réttindamál kvenna, sem mjög hafa verið til meðferðar á þingi Sameinuðu þjóðanna, að á sama tíma og konur eru helmingur af íbúum jarðar og ⅓ af skráðu vinnuafli fá þær aðeins 1/10 af heimsframleiðslu í sinn hlut og eiga minna en 1% af eignum í heiminum. Þær eru hins vegar á sama tíma ábyrgar fyrir ⅔ allra vinnustunda. Þetta voru orð Kurt Waldheims og þau segja sína sögu um stöðuna almennt í þessum málum.

Ef litið er til Íslands í þessu efni er nærtækt að líta í hagskýrslur frá Framkvæmdastofnun ríkisins varðandi stöðu mála á árinu 1983, sem nýlega hefur verið dreift til alþm., en þar er m. a. að finna yfirlit um ársverk og meðallaun eftir kyni í einstökum greinum og á heildina litið í okkar landi. Niðurstaðan í því yfirliti, sem ég ætla ekki að tíunda hér nema meginniðurstöður, er sú að af vinnuafli eða ársverkum í atvinnulífinu, þar sem starfandi voru árið 1983 68 920 karlar, voru meðallaun á ársverk 308 þús., en af 44 001 ársverki kvenna voru meðalárslaunin 200 þús. kr. Fátt talar skýrara um þá

efnahagslegu stöðu sem konum er búin á vinnumarkaði hérlendis og er þá ekkert sagt um hina félagslegu stöðu, þá undirokun sem viðgengst í reynd þrátt fyrir ákvæði laga og stjórnarskrár um réttarstöðu kvenna. Vonandi verður sú till. sem hér er lögð fyrir af ríkisstj. til þess að af hálfu löggjafans og framkvæmdavaldsins verði tekið á þessum þáttum svo sem ber, m. a. með hliðsjón af þeim samningi sem hér er lagður fyrir þingið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Þegar þessi þáltill. kom til umr. á síðasta fundi hér í Sþ. óskaði ég eftir því að hæstv. félmrh. væri viðstaddur umr. því að framkvæmd þeirra mála, sem þessi samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum tekur til, snertir mjög hans verkefnasvið í hæstv. ríkstj. Hæstv. félmrh. hafði þá nýlokið við að ræða stöðuveitingar í félmrn. og var farinn af fundi Sþ., en hæstv. forseti féllst góðfúslega á að fresta umr. til þessa fundar svo að hæstv. félmrh. gæti verið viðstaddur og svarað þeim spurningum sem ég óska eftir að beina til hans varðandi framkvæmd þess stórmerka samnings sem hér er lagt til að verði fullgiltur fyrir Íslands hönd. Hæstv. félmrh. er nú viðstaddur og er okkur því ekkert að vanbúnaði til að halda áfram umr. þótt óhjákvæmilegt reynist að endurtaka nokkuð það sem sagt var á síðasta fundi í þessu máli vegna fjarvistar ráðh. þá.

Eins og ég greindi þá frá fagna ég því innilega að till. um fullgildingu þessa samnings er hér fram komin og ég lýsi fullum og einhuga stuðningi Kvennalistans við hana. En um leið hlýt ég að benda á að enn vantar mikið upp á raunverulega framkvæmd þess — svo að notað sé orðalag tillögunnar — að allt misrétti gagnvart konum hér á landi sé úr sögunni. Því miður er reyndin ekki sú og því hnýt ég um það sem stendur í grg. með till., með leyfi forseta:

„Ekki er talin þörf frekari lagasetningar né annarra ráðstafana til þess að geta framfylgt samningnum."

Nú er það ekki svo að allt misrétti teljist afnumið gagnvart konum í viðkomandi aðildarlandi við fullgildingu þessa samnings, heldur skuldbinda aðildarríkin sig til að „takast á hendur að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í löndum sínum sem miða að því að framfylgja fullkomlega réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum", eins og segir í 24. gr. samningsins, með leyfi forseta.

Hér á landi er einmitt þörf á lögum eða öðrum ráðstöfunum sem tryggja raunverulega bættan hag kvenna, sem tryggja að markmiðum þessa merka samnings verði náð. Þótt fullgilda megi samninginn án frekari lagasetningar á það ekki við rök að styðjast, eins og segir í grg., að ekki þurfi til að koma ráðstafanir til að þessum samningi um afnám alls misréttis gagnvart konum verði framfylgt hér á landi. Hæstv. utanrrh. kom aftur í stólinn við umr. um þetta mál á síðasta fundi Sþ. og samsinnti hann því að hér væri ef til vill ekki rétt til orða tekið og vissulega kynni að vera þörf formlegra ráðstafana til að framfylgja þessum samningi, en ekki var hann tilbúinn til að segja af eða á um hvaða ráðstafanir þyrftu að hans mati til að koma né hverju hann væri tilbúinn til að beita sér fyrir í þessum efnum og taldi, og það með nokkrum rétti, að framkvæmd samningsins heyrði ekki undir hans málasvið í hæstv. ríkisstj. Hæstv. utanrrh. er samt sem áður flm. þessarar till. og því talsmaður annars stjórnarflokks í þessu máli og ætti því að vera tilbúinn til að svara einhverju í þessum efnum. Jafnframt vil ég benda hæstv. utanrrh. á að ein forsenda þessa merka samnings heyrir beint undir hans málasvið í hæstv. ríkisstj., en í inngangi samningsins segir svo, með leyfi forseta:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum, árétta að efling heimsfriðar og öryggis, slökun spennu í alþjóðamálum, gagnkvæm samvinna allra ríkja óháð félagslegu og efnahagslegu kerfi þeirra, almenn og algjör afvopnun og sérstaklega kjarnorkuafvopnun undir strangri og virku alþjóðaeftirliti, staðfesting á grundvallarreglum um réttlæti, jafnrétti og gagnkvæman hag í samskiptum ríkja í milli og viðurkenning á rétti þjóða, sem eru undir erlendum yfirráðum og yfirráðum nýlenduvelda, til sjálfsákvörðunar og sjálfstæðis, jafnt sem virðing fyrir fullveldi og landamæraheilgi, muni efla félagslegar framfarir og framþróun og mun því stuðla að algeru jafnrétti karla og kvenna."

Hér kemur beinlínis til kasta hæstv. utanrrh. og vil ég því hvetja hann til dáða í þessum efnum á alþjóðavettvangi og inna hann eftir hvernig hann hafi hugsað sér að leggja sitt af mörkum til að framfylgja þessari forsendu samningsins. En það voru þær ráðstafanir sem gera þarf hér heima fyrir til að framfylgja þessum samningi um afnám alls misréttis gagnvart konum sem ég vildi inna hæstv. félmrh. sérstaklega eftir og reyndar utanrrh. einnig, eins og ég hef áður sagt, og hér er sannarlega aðgerða þörf.

Ef við lítum fyrst á vinnumarkaðinn blasir kynbundið launamisrétti við hvert sem við lítum. Konur eru fjölmennastar í lægstlaunuðu störfunum. Þær manna láglaunahópa þessa lands að ⅔ hlutum. Hefðbundin kvennastörf eru lægra launuð en hefðbundin karlastörf. Eins og fram kemur í nýrri skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins um vinnumarkaðinn árið 1983 skila öll karlastörf nema í landbúnaði launum yfir landsmeðaltali það ár á meðan öll kvennastörf skila lægri launum en sem nemur landsmeðaltalinu. Meðallaun karla voru skv. þessari skýrslu talin tæpum 52% hærri en meðallaun kvenna þetta sama ár. Kynbundið launamisrétti er orðið sem við notum yfir þetta ástand á vinnumarkaðinum. Og hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til þess að afnema það? Ég spyr og vonast til að hæstv. félmrh., sem nú er hér viðstaddur, sé þess megnugur að svara því á eftir hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. ætlar að gera til að afnema þetta launamisrétti og framfylgja þeim samningi sem hér er til umræðu um afnám alls misréttis gagnvart konum að þessu leytinu til.

Ég vil benda á í þessu sambandi að stjórnvöld geta fjöldamargt gert í þessu. Þau geta sýnt fordæmi og afnumið þetta kynbundna misrétti í samningum við sína eigin starfsmenn, þ. e. opinbera starfsmenn, — og nú er leitt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera staddur hér. Stjórnvöld geta sýnt fordæmi að þessu leytinu til og þannig rutt brautina fyrir aðra launþega sem geta notað fordæmi ríkisins í samningum við sína vinnuveitendur. Stjórnvöld geta líka sett lög um tímabundna jákvæða mismunun kvenna á vinnumarkaðinum og er sérstaklega tekið fram í þeim samningi sem hér er til umræðu að slík lagasetning teljist ekki brot á honum, heldur í anda hans, ef slík lagasetning þykir horfa til raunverulegs jafnréttis í viðkomandi landi. Stjórnvöld geta einnig beitt sér fyrir endurmati á hefðbundnum kvennastörfum, þ. e. á störfum láglaunahópa, og hefur frv.

þess efnis verið borið fram tvívegis hér á hv. Alþingi á þessu þingi og einnig á síðasta þingi, í bæði skiptin á upphafi þings.

Á síðasta þingi fékkst þetta frv. ekki afgreitt úr nefnd fyrir þinglausnir og á þessu þingi er það búið að dúsa í hv. allshn. Nd. síðan í október og enn bólar ekki á því úr nefndinni. Stjórnvöld geta einnig beitt sér fyrir því að heimilisstörf, sem að miklum meiri hluta eru unnin af konum og launalaust inni á heimilum landsins, yrðu metin til tekna, þ. e. til starfsreynslu úti á vinnumarkaðinum. Þáltill. þess efnis hefur legið í hv. allshn. Sþ. síðan í janúar og ekkert bólar heldur á henni úr nefndinni. Ef afnema á allt misrétti gagnvart konum hér á landi eins og samningurinn hljóðar upp á verður að taka á þessum málum og ég spyr: Hvað ætla stjórnvöld sér að gera í þessu efni?

Fjöldamargt fleira má tiltaka er varðar fjárhagsstöðu kvenna sérstaklega, svo sem skattamál, lífeyrismál og tryggingamál. En ég vil aðeins minnast á tvö önnur atriði sem borin hafa verið upp sem þingmál hér á hv. Alþingi og sem miða að raunverulega bættri stöðu kvenna hér á landi, að því að konur búi ekki við misrétti vegna þess að þær eru konur. Þetta eru þingmál sem ekki hafa hlotið náð hjá þeim þingmeirihluta sem væntanlega stendur að baki þeirri þáltill. sem hér er til umr.

Í fyrsta lagi vil ég nefna frv. til l. um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði sem m. a. auðveldar konum til mikilla muna að samhæfa móðurhlutverkið þátttöku á öðrum sviðum þjóðfélagsins, en það er eitt af meginmarkmiðum þessa samnings. Þetta frv. hefur nú verið flutt tvívegis. Á síðasta þingi lá það í salti í hv. heilbr.- og trn. Nd. í fulla fjóra mánuði og fékkst ekki afgreitt úr nefnd fyrir þinglausnir. Nú er það búið að dúsa í þessari sömu hv. nefnd síðan í desember og enn er engin hreyfing á málinu sýnileg. Ef hæstv. ríkisstj. er ekki tilbúin til að taka tillit til barnsfæðingarhlutverks kvenna á þann máta sem lagt er til í þessu frv., hvernig hefur hún þá hugsað sér að gera það? Ég spyr og vona að hæstv. félmrh. geti svarað því hér á eftir. Og þegar hann gerir það, ef hann verður við þeirri ósk minni, bið ég hann að hafa í huga ofurlítinn kafla í inngangi samningsins sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum, hafa í huga hinn mikla skerf sem konur leggja fram til velferðar fjölskyldunnar og þróunar þjóðfélagsins, sem hingað til hefur ekki verið viðurkenndur að fullu, hið félagslega mikilvægi móðurhlutverksins og hlutverk beggja foreldra fyrir fjölskylduna og uppeldi barnanna og eru sér þess meðvitandi að barnsfæðingarhlutverk konunnar á ekki að vera undirrót misréttis heldur skal ábyrgð á uppeldi barna vera skipt milli karla og kvenna og alls þjóðfélagsins."

Ofurlítið seinna segir, og er þar aftur vísað til þeirra ríkja sem eru aðilar að þessum samningi, að þau séu staðráðin í að framfylgja grundvallarreglum þeim sem séu settar fram í yfirlýsingunni um afnám misréttis gagnvart konum og gera í því skyni nauðsynlegar ráðstafanir til að afnema slíkt misrétti í hvaða mynd sem er. Og þá spyr ég: Hvaða ráðstafanir er hæstv. ríkisstj. tilbúin til að gera til að framfylgja þessu grundvallaratriði samningsins því að ráðstafanir verður að gera í þjóðfélagi þar sem 80% kvenna eru úti á vinnumarkaðinum, það sér hver heilvita maður?

Þá kem ég að síðara málinu sem ég vildi minnast hér á og það eru dagvistarmál barna. Í 11. gr. samningsins, lið 2, segir m. a., með leyfi forseta:

„Til þess að koma í veg fyrir misrétti gagnvart konum vegna hjúskapar- eða móðurhlutverksins og til þess að framfylgja raunverulegum rétti þeirra til vinnu skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir."

Síðan kemur c-liður:

„Til þess að stuðla að því að séð sé fyrir nauðsynlegri félagslegri þjónustu til þess að styrkja foreldra til þess að þeir geti sameinað skyldur sínar við fjölskylduna ábyrgð í starfi og þátttöku í opinberu lífi, sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana."

Nú er ástandið þannig hér á landi að á meðan flestar vinnufærar konur á barneignaraldri eru úti á vinnumarkaðinum og þurfa á barnagæslu að halda er aðeins rúm fyrir innan við 10% barna á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára á dagvistarheimilum landsins í heilsdagsfóstrun. Í þessum efnum ríkir neyðarástand. Það er að sönnu tómt mál að tala um jafnrétti karla og kvenna úti á vinnumarkaðinum á meðan foreldrar eiga ekki kost á öruggri gæslu fyrir börn sín á daginn, ef þeir kjósa.

Á þessu þingi var borið fram frv. til l. um sérstakt átak í dagvistarmálum barna, en stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til að styðja það og var því vísað til ríkisstj. og þar með saltað um aldur og ævi. Ég vil í þessu sambandi minna á að núv. hæstv. ríkisstj. hefur hingað til ekki gert annað en að minnka framlög á fjárlögum til þessara mála frá einu ári til annars og er því varla líkleg nú til að veita þeim málum sérstakan forgang — eða er fullgilding þessa samnings teikn um að sinnaskipti hafa orðið hjá ríkisstj. í þessum efnum? Ég spyr hæstv. félmrh. að því hvort svo sé, og ef svo er ekki, hvernig hann hafi þá hugsað sér að framfylgja lið 2 c. í 11. gr. samningsins?

Herra forseti. Ég hef af handahófi valið fáein þingmál sem fram hafa komið á Alþingi að undanförnu og sem miða að því að bæta stöðu kvenna hér á landi og tryggja að konur búi ekki við misrétti vegna þess að þær eru konur. Málin eru miklu fleiri. En öll eiga þau það sameiginlegt að þau hafa verið söltuð eða svæfð í nefndum þingsins. Samt bregður svo við að við erum hér að ræða þáltill. borna fram af hæstv. utanrrh. um afnám alls misréttis gagnvart konum.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns fagna ég því innilega að þessi þáltill. er fram komin og ég lýsi einhuga stuðningi Kvennalistans við hana, en ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig hafa þeir hugsað sér að afnema í raun, eins og sagt er í samningnum, allt misrétti gagnvart konum hér á landi? Hvernig ætlar ríkisstj. að taka á þessu stóra verkefni, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði? Orðin ein duga ekki, hvort sem þau er að finna í ræðum hér á hv. Alþingi eða í gagnmerkum alþjóðasamningum, jafnvel ekki heldur þótt þau sé að finna í gagnmerkum lögum eins og jafnréttislögunum. Þau lög hafa nú verið í gildi í nær tíu ár, en þrátt fyrir það viðgengst hér á landi hróplegt launamisrétti karla og kvenna og ekki hafa jafnréttislögin heldur knúið menn til að byggja barnaheimili, lengja fæðingarorlof eða endurmeta hefðbundin kvennastörf svo að eitthvað sé nefnt. Slík lög og fögur

orð duga nefnilega engan veginn til til að afnema allt misrétti gagnvart konum. Til þess er félagslegur og fjárhagslegur aðstöðumunur karla og kvenna allt of mikill og hugmyndir um hefðbundin hlutverk og stöðu kynjanna allt of rótgrónar. Til þess að hér megi ríkja jafnrétti í raun á borði jafnt sem í orði verður að taka sérstaklega á þessum málum með lagasetningu og ráðstöfunum sem taka með beinum hætti á vandanum og sem tryggja ótvírætt bættar aðstæður kvenna hér á landi, ráðstöfunum sem tryggja í raun bæði félagslegt og fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Í þá átt ganga þau þingmál sem ég hef hér nefnt og þær leiðir sem ég hef nefnt að fara mætti í kjaramálum. Og því spyr ég hæstv. félmrh.: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að þessi þingmál, og fleiri sem fram hafa komið og miða í sömu átt, fáist afgreidd og samþykkt á þessu þingi og aðrar þær ráðstafanir verði gerðar sem horfa til úrbóta í þessum efnum, m. a. á vinnumarkaðinum? Á því veltur hvort þessi gagnmerki samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum hér á landi verði eitthvað annað en orðin tóm.

Ég vil að lokum taka undir það með hæstv. utanrrh. að þessi samningur er góður grundvöllur undir frekari ráðstafanir og lagasetningu um afnám alls misréttis gagnvart konum og mun ég ekki láta mitt eftir liggja sem nefndarmaður í hv. utanrmn. að afgreiða þessa þáltill. bæði fljótt og vel aftur til þingsins. En stóra spurningin er: Hvaða ráðstafanir er hæstv. ríkisstj. tilbúin til að gera til að tryggja að þessi samningur verði eitthvað annað en fögur og innantóm orð?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið hér á þingfundi þegar þetta mál kom til umr. hér á hv. Alþingi, en ég vil geta þess strax að rn. félagsmála átti visst frumkvæði að því að þessi þáltill. er hér komin fram og að sjálfsögðu hef ég áhuga fyrir því að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Hér er um heildarsamninga að ræða sem við sem þjóð eigum að sjálfsögðu að samþykkja og reyna að framfylgja eftir þeim möguleikum sem þjóðfélagið hefur hverju sinni. Þess vegna fagna ég því að þessi þáltill. er hér komin fram og þeim undirtektum sem till. hefur fengið hér á hv. Alþingi hjá þeim þm. sem til máls hafa tekið.

Hv. 11. þm. Reykv. hefur beint til mín nokkrum spurningum í sambandi við þetta mál. Að vísu væri hægt að hafa langt mál um það sem kom fram í hennar ræðu hér. Ég vil segja það í fyrsta lagi að þessi ríkisstj. hefur lagt fram fyrir Alþingi frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og ég vil segja það hér að að sjálfsögðu þarf félmn. Nd., sem hefur þetta frv. til meðferðar, að fara vandlega yfir það frv. og gera á því nauðsynlegar breytingar ef um er að ræða þar ákvæði sem stangast á við þá stefnumörkun sem hér er lagt til að fullgilda með þessari þáltill. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt og jafnframt því tel ég ástæðu til að ítreka það hér, sem ég raunar tók fram í framsögu fyrir því máli á sínum tíma, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi því að í þessu frv., þó að það hafi verið gagnrýnt á vissum sviðum, eru ákvæði um framkvæmdaatriði, þ. e. verkefni Jafnréttisráðs, sem eru nauðsynleg og betur skilgreind í þessu lagafrv. en í núgildandi lögum og gefa Jafnréttisráði eða starfssviði þess miklu sterkari stöðu í meðferð þessara mála. Ég tel ástæðu til að láta þetta koma fram hér.

Það er alveg ljóst, og þegar við skoðum og lesum yfir þessa þáltill. þarf það ekki að koma neinum á óvart, að auðvitað er í okkar þjóðfélagi á margan hátt langt í land að búið sé að ná viðunandi stöðu í jafnréttismálum að því er varðar jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna. Við þekkjum það og það þarf ekki að halda ræður um það. Með jafnréttislögunum og nýju frv. til l. er stefnt að því að reyna smátt og smátt að jafna þann mun. Ég held að það sé almennt viðurkennt í þjóðfélaginu að að þessu beri að vinna og menn eru ekki ósammála um eðli málsins. Það er þá helst um aðferðina og hversu fljótt þetta á að ske. En á vinnumarkaðinum er aðalmálið misræmið sem er á milli launa í kvenna- og karlastörfum. Það er of mikið. Það er viðurkennt. Það hefur komið fram í þeim könnunum, sem gerðar hafa verið, að þessi munur er fyrir hendi og það þarf að leiðrétta hann. Auðvitað má vel vera að ríkisvaldið geti þarna gengið á undan. Ég geri ráð fyrir að það hljóti að koma fram í samningagerð og að í þeirri kröfu sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leggur fram sé þetta sett á oddinn, ég reikna alveg með því, þannig að smátt og smátt er þessi jöfnuður að nást.

Eftir að Alþingi er búið að samþykkja þessa þáltill. verður þetta enn þá ljósara sem stefnumörkun og að hluta til skuldbinding. Ég tel alveg sjálfsagt að að þessu verði unnið í áföngum. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. geri sér grein fyrir því að því markmiði, sem þarna verður staðfest, verður ekki náð á einum degi, það tekur sinn tíma, og ef stjórnvöld og allir aðilar, sem hlut eiga að máli, eru sammála um að vinna að þessu trúi ég því að þessu markmiði verði náð. Fyrir mitt leyti get ég lýst því yfir að ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að hafa áhrif á að svo verði.

Auðvitað eru hér, eins og komið hefur fram í ræðum, margvísleg mál sem þyrfti að sinna. Eins og kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. er alveg ljóst, og það hefur oft verið talað um það héðan úr þessum ræðustól og það hef ég m. a. gert, að það er ákaflega óeðlilegt hvað það dregst að meta á réttan hátt gildi heimilisstarfa og þess hlutverks sem heimavinnandi konur gegna í okkar þjóðfélagi. Augljóst mál er að þetta er óréttlæti sem ætti að vera búið að leiðrétta. Ég trúi því að senn líði að því að þetta verði tekið sérstaklega til meðferðar og komi hér fram á Alþingi, bæði að því er varðar tryggingamál o. fl.

Að því er varðar fæðingarorlofið vil ég rifja það upp að í stefnuskrá þessarar ríkisstj. er kveðið á um að lög um fæðingarorlof séu tekin til endurskoðunar. Það hefur farið fram umræða um þetta mál hér á Alþingi og komið fram ýmsar tillögur sem taka á þessu máli, en ég á fastlega von á því að ríkisstj. fylgi þessu máli fram. Það hefur verið rætt í ríkisstj. og ég treysti því að hæstv. heilbr.- og trmrh. muni fljótlega koma með frv. að því er þetta varðar. Þetta mál er í endurskoðun.

Í sambandi við barnagæslustofnanir, dagvistarstofnanir, er talað um neyðarástand. Það vill nú svo til að það liggur fyrir tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana í landinu. Þetta er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Því er ekki að leyna að þetta hefur gengið hægar en æskilegt væri, en það hefur þó sífellt verið þróun í þá átt að byggja fleiri og fleiri dagvistarstofnanir og ég hef ekki orðið var við að það væri nein stefnubreyting í því og veit ekki betur en menn séu sammála um að þessum þætti þurfi að sinna. Ég hygg að

það komi jafnvel enn betur fram þegar það liggur ljóst fyrir að sveitarfélögin hafa látið þá skoðun í ljós að þau vildu gjarnan yfirtaka þetta verkefni algerlega. Þó að af því hafi ekki orðið kemur þetta nú til ákvörðunar í þeirri nefnd sem er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og jafnframt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hér er um mál að ræða sem allir eru sammála um að þurfi að þróast fram á við og ég veit ekki til að neinn aðili í þjóðfélaginu hafi á móti því að unnið sé að því að koma upp fleiri dagvistarstofnunum í landinu. Þannig er ekki ágreiningur um málið að öðru leyti en því hversu hratt það á að ganga fyrir sig eins og önnur framkvæmdaatriði þegar um það er að ræða að ekki er hægt að gera allt jafnhratt og menn mundu vilja kjósa.

Ég held að ég þurfi ekki að tala meira um þetta. Ljóst er að við erum sammála um að reyna að framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð er í þessari samþykkt Sameinuðu þjóðanna og með því að staðfesta þessa þáltill. og með því að samþykkja nýtt frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með þeirri samræmingu sem þar þarf sjálfsagt að gera til þess að það sé í fullu samræmi við þennan samning, tel ég að stefnan sé mörkuð og skuldbinding sé gefin um að vinna að því að hér á landi komist sá jöfnuður á sem að er stefnt í þessari þáltill. Að sjálfsögðu mun ég, meðan ég gegni starfi jafnréttisráðherra, reyna að stuðla að því að svo geti orðið.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég lýsi því yfir að það er kærkomið fyrir okkur alþm. að fá tækifæri til að samþykkja þessa þáltill. ríkisstj., ekki síst vegna þess að um þessar mundir og á þessu ári lýkur svokölluðum kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. félmrh., að fyrir hv. Alþingi liggja tvö frv. er varða jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna. Það hefur verið leitað umsagna fjölda aðila. Þær hafa borist hv. félmn. Nd. og eru þau mál þar og verða til frekari úrvinnslu nú á næstu dögum og vikum. Ég geri fastlega ráð fyrir því að n. skili áliti til hv. þd. snemma í næsta mánuði.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram vegna umræðna sem hér hafa farið fram að í þáltill., sem er flutt af hæstv. ríkisstj., er skýrt tekið fram í athugasemdum við þáltill., IV. lið, að í raun stendur þessi þáltill. alveg ein og sér og ekki er þörf á því að breyta íslenskum lögum til þess að fullt samræmi sé á milli samningsins og íslenskra laga. Að vísu hefur verið bent á að á sínum tíma þurfti að breyta lögum er varða íslenskan ríkisborgararétt, en það hefur þegar verið gert með lögum frá 1982. Í aths. er þetta skýrt tekið fram en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er talin þörf frekari lagasetningar né annarra ráðstafana til þess að geta framfylgt samningnum. Fer ríkisstj. því fram á það með till. þessari að Alþingi heimili fullgildingu samningsins af Íslands hálfu."

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi skýrt fram við þessa umræðu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera stuttorð, en hér hefur fjöldamargt fram komið sem ég þarf aðeins að tæpa á, með leyfi forseta. (**Forseti:** Forseti vill teygja þingsköp svo langt sem mögulegt er, en við verðum að fylgja þingsköpum. Það er ekki heimilt að gera núna nema stutta athugasemd.)

Þá vil ég fyrst minnast á það, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði hér að umræðuefni, og það var mál sem við ræddum á síðasta fundi Sþ., að í grg. stæði að ekki þyrfti að breyta lögum eða gera aðrar ráðstafanir til að framfylgja samningnum. Ég benti á að ekki þyrfti að breyta lögum til að fullgilda samninginn, en það þyrfti að gera formlegar ráðstafanir og standa að lagasetningu til að framfylgja honum. Undir það tók hæstv. utanrrh. á síðasta fundi í Sþ.

Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Enn á ný lýsir hæstv. ráðh. góðum vilja, en lítið er sagt af eða á um hvað kann fram að koma.

Þar sem ég hef lítinn tíma vil ég benda hæstv. félmrh. á, ef hann hefur ekki heyrt mál mitt skýrt áðan, að það liggur fyrir þessu þingi frv. til laga um lengingu fæðingarorlofs. Það er búið að vera í nefnd síðan 17. desember s. l. og hefði ríkisstj. áhuga á að gera eitthvað í þessum málum hefði það verið í lófa lagið í þeirri nefnd, t. d. með brtt. við það frv.

Hæstv. félmrh. og reyndar líka 2. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, settu allt sitt traust á frv. til l. um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna. Það er ein allsherjarlausn í þessu máli að því er virðist. Ég ætla ekki að ræða um það frv. sérstaklega hér, enda ekki tími til. En það var einmitt megininntak máls míns áðan að slík lög duga ekki ein og sér til þess að afnema í reynd allt misrétti gagnvart konum. Slík lög byggja ekki barnaheimili, þau lengja ekki fæðingarorlof og þau endurmeta ekki störf kvenna úti á vinnumarkaðnum.

Í þessu sambandi langar mig til að minnast á annað dæmi. Nú í vor, 19. júní, eru liðin 70 ár frá því að íslenskar konur fengu kjörgengi og kosningarrétt til jafns á við karla skv. lögum. Hvernig skyldi standa á því að við erum aðeins níu konur á hæstv. Alþingi? Það er ekki vegna þess að skort hafi lagaákvæði, heldur vegna þess að félagslegur og fjárhagslegur aðstöðumunur karla og kvenna er allt of mikil. Á því verður að taka með lagasetningu sem er annars konar en jafnréttislög.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm., sem til máls hafa tekið, undirtektir undir þessa þáltill. og vænti þess því að hún eigi greiðan gang í utanrmn. og í Sþ., þegar nál. liggur fyrir, og verði fljótlega samþykkt.

Ég tel mig hafa svarað þeim fsp. sem til mín bar beint þegar þessi þáltill. var hér fyrst til umr., en þó gerði hv. 11. þm. Reykv. það að umræðuefni að einn þáttur till. snerti starfssvið mitt, þ. e. það sem sagt er í formála með þáltill. um að „efling heimsfriðar og öryggis, slökun spennu í alþjóðamálum, gagnkvæm samvinna allra ríkja óháð félagslegu og efnahagslegu kerfi þeirra" sé eitt af þeim verkefnum sem nauðsynlegt sé að vinna að. Spurt var stórt, hvað ég hygðist gera til að framfylgja þessu stefnumiði. Ég þykist hafa gert grein fyrir stefnu minni í þessum málum við ýmis tækifæri og mun auðvitað gera þessi mál að umræðuefni þegar við ræðum skýrslu mína um utanríkismál sem ég vænti að verði nú um mánaðamótin.

Ég vil svo segja það og ítreka, sem ég sagði síðast þegar við ræddum þessi mál, að það má vel vera að í aths. hefði farið betur á að segja: Ekki er talin þörf frekari lagasetningar né annarra formlegra ráðstafana. En þetta orð, „formlegra", hefur fallið niður. Það sem um er að ræða þarna er það, að löggjöf okkar eins og

hún er úr garði gerð fullnægir ákvæðum þessa milliríkjasamnings.

Hitt býst ég svo við að sé ekkert deilumál, að það sé þörf ýmissa ráðstafana til þess að við framfylgjum efnisinnihaldi þessa samnings, eins og varðandi launamun karla og kvenna, endurbætur í dagvistarmálum eða fæðingarorlofsmálum o. s. frv. En þar eru spurningar ýmsar þótt markmiðin séu hin sömu og kann að vera að okkur greini á um leiðir til að ná þeim markmiðum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kemur hjá hæstv. utanrrh., að samningur sem þessi leysir ekki pólitískan ágreining eða matsatriði á því hvað þurfi til að koma til að jafnrétti í sambandi við jafna stöðu karla og kvenna verði uppfyllt. Um það greinir menn eflaust á milli flokka og einstaklinga hér eftir sem hingað til. Hitt hlýtur að vera eðlilegt, að sú nefnd sem fjallar um þessa þáltill. leggi mat á þá staðhæfingu ríkisstj. og flm. till. að nú þegar séu uppfylltar þær lagaskyldur sem samningur þessi gerir ráð fyrir. Í framhaldi af því er einnig eðlilegt, að mínu mati, og nauðsynlegt að fram fari á því sérstök gaumgæfileg úttekt, hvernig löggjöf hérlendis og starfshættir standist þann mælikvarða sem lagður er á í samningi þessum. Ég mun verða hvetjandi þess að það verði gert af þinginu fyrr en seinna eftir að samningur þessi hefur verið staðfestur.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Frelsi í útflutningsverslun, þáltill. 336. mál (þskj. 534). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Tillgr. sem ég mæli hér fyrir hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að gefa útflutning á vörum frá landinu frjálsan í stað þess að leyfisbinda hann eins og nú er gert, sbr. 8 og 9. gr. reglugerðar nr. 519 14. desember 1979. Beinir Alþingi því til ráðh. að breyta nefndum ákvæðum reglugerðarinnar til samræmis við ofangreindan vilja sinn."

Nú er það staðreynd að á sama tíma og innflutningur hefur verið að mjög miklu leyti frjáls, eða nánast öllu leyti nema að því er varðar olíuvörur sem við ræddum hér í gær, þá hefur ríkt algjör leyfisbinding á útflutningi á vörum frá landinu. Þetta er ákaflega sérstætt fyrirkomulag, einkum og sér í lagi þegar haft er í huga að það hlýtur að vera kappsmál hverrar þjóðar að útflutningur þjóðarinnar sé sem mestur og gróska í útflutningsverslun sé sem mest. Þess vegna hljóta menn að hugleiða þetta mál og taka það til ítarlegrar íhugunar. En það er tæpast hægt að segja að þetta hefi komið til umr. hér á Alþingi a. m. k. árum saman.

Sú leyfisbinding, sem er í gangi varðandi útflutninginn, hefur greinilega ýmsa mjög mikla annmarka í för með sér. Slíkri leyfisbindingu fylgir í fyrsta lagi skrifræði og í annan stað er vissulega um að ræða skömmtunarkerfi um leið og menn taka upp leyfisbindingu af þessu tagi. Skömmtunarkerfið er þess eðlis að einum aðila, í þessu tilviki viðskrh., er fengið mikið vald, honum er fengið vald til að ákveða hverjir skuli hafa leyfi til útflutnings. Með því er hann að úrskurða að sumir séu hæfir en aðrir ekki. Í því mati sínu hefur hann ekki mikið við að styðjast varðandi þá sem ævinlega er synjað vegna þess að ef mönnum hefur ævinlega verið synjað liggur náttúrlega ekki fyrir reynsla um það hvernig þeir gætu staðið sig í útflutningnum. Að því leytinu eru það örlög viðskrh. í þessu tilviki að vera að hálfu leyti blindur þegar hann framkvæmdir þessa úthlutun. Það er nánast bundið fyrir augu hans að því er þetta varðar.

En það er fleira sem fylgir þessu skömmtunarkerfi. Í rauninni er ráðh. að taka ákvarðanir um það að einn aðili geti haft tekjur af útflutningi en annar megi ekki fá þær. Þetta eru gallar skömmtunarkerfisins eins og þeir horfa við þegar fyrst er til þeirra litið og þessir gallar eru vissulega mjög miklir. Það er þar á ofan ekki nokkur vafi á því að með því að vera með skömmtunarkerfi af þessu tagi er dregið úr áræði manna til að stunda útflutning, það er dregið úr frumkvæði og nýjungum. Þetta er kannske alvarlegasti ágallinn.

Það hlýtur að liggja í þessu kerfi að dregið sé úr nýjungum og frumkvæði. Það er einfaldlega af því að því, sem menn hafa vanist að gefa leyfi fyrir, halda þeir áfram að gefa leyfi fyrir án nokkurrar sérstakrar umhugsunar og slík afgreiðsla verður mjög greið. En um leið og koma einhverjar nýjungar þarf kerfið að velta því fyrir sér hvort þetta sé skynsamlegt eða ekki. Þetta kostar vangaveltur, íhugun, athugun og jafnvel ítarlega skoðun og það getur þýtt verulegar tafir. Þetta þýðir það væntanlega að ýmsir, sem hefðu áhuga á útflutningi, gefast upp í þeim efnum þegar þeir sjá hversu torsótt þetta getur verið. Að þessu leyti er augljóst að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið við lýði, dregur þrótt úr útflutningsversluninni, það dregur úr nýjungum, það er þunglamalegt. Menn hljóta að spyrja í þessu sambandi hver sé nauðsyn þess að vera með leyfisbindingu á útflutningi. Hver er nauðsyn þess að kindakjötsútflutningur sé háður leyfum, sé á einni hendi og reyndar sífellt á sömu hendi? Hvaða nauðsyn ber til þess? Hvaða þjóðhagslegan ávinning teljum við okkur hafa af því að skipa málum með þessum hætti? Er það ekki einmitt vegna þess að menn hafa einokunarfyrirkomulag af þessu tagi á útflutningi eftir greinum að markaðsöflunin verður seinvirk og hætt við að í henni sé lítill þróttur? Ég minni á að alltaf annað veifið hafa komið upp aðilar á Íslandi sem hafa viljað stunda útflutning á kindakjöti meira eða minna verkuðu, ef ég má orða það sem svo, en það hefur næstum ævinlega strandað og orðið að engu. Þetta hefur sótt aftur í gamla farveginn að það skuli vera einn aðili og þá reyndar ævinlega sami aðilinn sem skuli þennan útflutning stunda.

Menn hljóta líka að spyrja hvort það séu þjóðarhagsmunir að útflutningur á freðfiski sé á tveimur höndum nánast. Er það þjóðarhagur? Er víst að það sé skynsamlegt að skipa málum með þeim hætti núna að lögbjóða nánast að svo skuli vera? Það er ekkert ólíklegt að þetta hafi verið gott fyrirkomulag og nauðsynlegt hér einu sinni en hlutirnir hafa breyst.

Ef við hugleiðum þetta skipulag hljótum við að spyrja hvað mundi gerast ef nýir aðilar færu að stunda þennan útflutning. Tvennt gæti gerst. Annaðhvort gætu þeir boðið betri kjör en þau sem nú gilda, það ætti

væntanlega að vera greininni til góðs, en ef þeir gætu ekki boðið betri kjör ættu þeir aðilar, sem í útflutningnum hafa verið, að vera ánægðir, þeir hefðu þá sannað yfirburði sína og þeir hefðu ekkert að óttast. Ég er engu að síður sannfærður um að þeir hefðu gott af samkeppninni. En síðasta spurningin í þessu efni hlýtur að vera sú: Ef einhver finnur nýjan markað, er það nema rétt að hann fái að spreyta sig á þeim markaði? Er nema rétt ef einhver finnur nýjan markað að hann geti fengið að vinna hann upp og spreyta sig á þeim vettvangi og þurfi ekki að ganga fyrir kóng og prest, ráðh. og kerfiskarla til þess að spreyta sig á því verkefni?

Augljóst er að öllum þjóðum, Íslendingum jafnt og öðrum, hlýtur að vera það mikið hagsmunamál og keppikefli að auka útflutning sinn, auka útflutningsverslun og þannig gjaldeyristekjur. Það, að auka útflutninginn og gjaldeyristekjurnar, er undirstaða efnahagslegra framfara. En hvað þarf þá til til þess að auka útflutningsverslun? Mikilvægasta verkefnið í þeim efnum er öflugt og þróttmikið sölustarf. Íslendingar hafa einmitt verið heldur tómlátir í þeim efnum. Einmitt í sölustarfi á erlendri grund hefur verið fólginn veikasti hlekkurinn í íslensku atvinnulífi og framþróun þess og þá ekki síst að því er tekur til iðnaðar.

Okkur er tamt, Íslendingum, að gæla við hugmyndir um framleiðslu á hinu og þessu. En það sem ekki verður selt við góðu verði er ekki til neins að framleiða. Þess vegna er sölustarfið jafnmikilvægur þáttur í atvinnulífinu og hver annar þó að okkur hafi verið tamt að rækta hann lítt.

Markaðsþekking og skilningur á því hvers lags vörur um er að ræða og hvernig frá gengnar er mikils metið á hinum mismunandi mörkuðum og er lykillinn að því að menn geti fengið gott verð fyrir vöru sína. Þess vegna er nauðsynlegt að sem beinast samband sé milli framleiðanda og markaðarins, samband sem tryggir það að framleiðendur fái sem gleggstar og greinarbestar upplýsingar um hverjar kröfurnar eru á hinum og þessum markaði, hvaða möguleika markaðirnir bjóða og að þeir hafi þannig færi á því og hvatningu til að aðlaga framleiðslu sína í samræmi við þarfir markaðarins og sölumöguleika á hinum mismunandi mörkuðum.

Mér er það vissulega ljóst að það þarf oft hugkvæmni og áræði til að brjótast inn á nýjar brautir — og þá ekki síst í markaðsmálum. En ég held að skömmtunarkerfi sé síst af öllu fallið til þess að stuðla að þeirri markaðsþróun sem ég hef hér gert að umtalsefni. Þvert á móti er slíkt skömmtunarkerfi líklegt til þess í fyrsta lagi að slæva þá sem fyrir eru í greininni og hafa notið verndar og einokunar og jafnframt að ýmsir, sem einmitt hafa hæfileika og getu á þessu sviði, fái aldrei að kljást við verkefnið. Af því bíðum við tjón. Þetta er kjarni málsins. Þess vegna er ráðið til að stuðla að grósku í útflutningsverslun ekki það að binda útflutninginn í skömmtunarleyfisveitingar og skrifræði heldur hitt að útflutningurinn sé frjáls þannig að hugkvæmni og áræði, sem til þarf að koma, fái að njóta sín og hin nauðsynlegu tengsl milli markaðarins og framleiðsluaðilanna séu sem best og virkust.

Ég sagði áðan að vel mætti vera að sú skipan, sem í gildi er og í gildi hefur verið lengi, hafi átt fullan rétt á sér hér áður, enda eru þau ákvæði sem gilda um þetta efni mjög gömul og í sannleika sagt hefur hver ráðh. og ríkisstj. fram af annarri, m. a. ríkisstj. sem ég sat í sem ráðh., framlengt þá skipan sem í gildi hefur verið og menn hafa starfað eftir henni. Þau ákvæði, sem nú eru í gildi, eru t. d. í reglugerð nr. 519 frá 14. desember 1979 og þá var flm. þessarar till. reyndar ráðh. viðskiptamála. En það breytir ekki því að menn verða að skoða þessi mál af gaumgæfni og gera upp hug sinn í þessum efnum.

Þau lög, sem eru í gildi, eru nr. 63/1979. Þegar þau voru sett hélst óbreytt sú fyrri heimild sem viðskrn. hafði haft til þess að leyfisbinda útflutning á vörum. Í þeirri reglugerð, sem ég vitnaði til og var sett á grundvelli laganna, var þessi heimild nýtt nákvæmlega með sama hætti og ríkisstjórnir höfðu gert hver fram af annarri. Allur útflutningur á vörum var því skv. henni háður leyfi viðskrn. Þessi ákvæði eru reyndar í 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Á þessu hefur engin breyting orðið, að því er ég best veit, að undantekinni undanþágu frá þessu skilyrði sem veitt var fyrir nokkra flokka innlendra iðnaðarvara með sérstakri auglýsingu hinn 22. desember 1983 og er sú auglýsing reyndar nr. 797.

Þetta er þá það ástand sem við höfum búið við. Í þessari till., sem ég mæli hér fyrir, er lagt til að heimildin, sem er í lögunum nr. 63/1979, um leyfisbindingu útflutnings, verði ekki nýtt. Ég get að vísu bætt við: nema þá í undantekningartilvikum, því að mér er ljóst að slík undantekningartilvik gætu komið upp og geta verið fyrir hendi. En meginreglan verði sú að útflutningur sé frjáls með sama hætti og gildir um meginhluta innflutningsins til landsins.

Til þess að gera þetta er ekki þörf á lagabreytingu vegna þess að valdið er í hendi viðskrh. sem fer með reglugerðarvaldið. Það er reyndar vafasamt að æskilegt sé að gera þessa lagabreytingu með tilliti til þess að upp kunna að koma tilvik, neyðartilvik eða sértilvik, sem menn telja að nauðsynlegt sé að undanskilja. Þess vegna er reyndar það form valið sem hér er um að ræða, að leggja til að viðskrh. breyti hér um skipan með reglugerðarbreytingu.

Það hefur farið fram þó nokkur umræða á seinustu mánuðum — þó að það sé e. t. v. 5—10 árum of seint — um sölustarfsemi. Ég hef reyndar oft á undanförnum árum gert þetta að umtalsefni og undrað mig á því hvað Íslendingar væru tómlátir í þessum efnum. En mér sýnist að núna sé að vaxa skilningur á gildi sölustarfsins fyrir íslenskar framleiðslugreinar, fyrir íslenskan iðnað og að menn hafi vaknað til nokkuð nýrrar vitundar. En það stoðar lítið að setja á námskeið og leiðbeiningar, hversu gott sem það er — og um það hafa verið gerðar till. á þinginu — ef það kerfi, sem menn búa við, er gjörsamlega úrelt, bindur útflutningskerfið í viðjar og gefur mönnum ekki tækifæri til að spreyta sig í útflutningsversluninni við sölustarf á erlendri grund. Þess vegna er líka frelsi í útflutningsverslun að mínum dómi áhrifastaríkasta aðgerðin til að afla nýrra markaða, stuðla að vöruþróun og auka þannig afrakstur af útflutningnum. Það mundi verða til þess að atvinnuvegirnir ættu að geta fengið meiri tekjur og með þeim hætti yrði sótt fram til bættra lífskjara.

Mér er ljóst, herra forseti, að með tilliti til þess hversu lengi núverandi skipan hefur verið við lýði þyki þetta róttækar og byltingarkenndar hugmyndir. En ég tel nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið í þessum efnum, hér er svo mikið í húfi. Ég tel ástæðulaust fyrir ýmis útflutningssamtök, sem við lýði eru í landinu, að

óttast þessa till. vegna þess að henni er ekki stefnt gegn þeim. Þau hafa gott af nokkurri samkeppni. Ég efast ekkert um að þau samtök, sem rótgróin eru, muni geta staðið sig. En ég held líka að þau muni standa sig betur eftir að frelsi hefur verið innleitt í þessari grein. Þannig gæti þetta orðið sjávarútvegi t. d. og landbúnaði, sem hafa búið við sterk sölusamtök, til enn frekari framdráttar á sama hátt og það er nauðsynlegt til þess að ná hér fram iðnþróun að menn þurfi ekki að flækjast í skrifræði og skömmtunarkerfi til að geta stundað útflutning.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessari till. verði vísað til atvmn.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á fundi í Sþ. í gær ræddum við hv. þm. örlítið um innflutningsmál. Í dag ræða menn um útflutning. Á þskj. 534 er flutt till. til þál. um frelsi í útflutningsverslun og hefur 1. flm., hv. 3. þm. Reykn., talað fyrir þeirri till. hér.

Af því tilefni vildi ég gjarnan gera grein fyrir mínum sjónarmiðum í þessum efnum, rifja upp hvernig staðið er að þessum málum nú og hefur verið. Þær reglur, sem farið er eftir við framkvæmd útflutnings, byggjast á 13. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur rn. bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Útflytjendur eru skyldir að veita rn. þær upplýsingar sem það óskar um allt er varðar söluútflutning og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda."

Í III. kafla reglugerðarinnar nr. 519/1979 er nánar kveðið á um framkvæmdina, svo sem um útflutningsleyfin, skilyrði fyrir veitingu leyfa, upplýsingaskyldu, útflutningsskjöl o. fl. Eins og fram kemur er aðeins um heimild að ræða til ráðh. hverju sinni að ákveða hvort sækja þurfi um útflutningsleyfi fyrir útflutningi á hinum ýmsu vörum eða ekki. Hann getur þannig með reglugerðarútgáfu ákveðið hvort einstakir vöruflokkar skuli falla undir ákvæðið um útflutningsleyfi. Það er eins farið með þennan þátt mála og þann sem við ræddum um í gær, að stjórnvaldsákvarðanir eru skv. reglugerð sem sett var 14. des. 1979 af páv. viðskrh., Kjartani Jóhannssyni, hv. 3. þm. Reykn., 1. flm. þessarar till. Í henni var gert ráð fyrir þeirri meginreglu að útflutningur á vöru væri háður leyfi viðskrn. Þar var þó tekið fram að rn. gæti veitt undanþágu frá þeirri reglu. Þann 1. jan. 1984 var útflutningur á langflestum iðnaðarvörum gerður undanþeginn þessari aðalreglu. Það er því nú svo, að útflutningur á sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum er háður eftirliti viðskrn., enda þótt um sjávarútveg sé því sumpart farið þannig að þar sé aðeins um formsatriði að ræða.

Útflutningur á sjávarafurðum frá Íslandi er að því leyti til sérstæður að framleiðendur þessarar vöru skipta hundruðum og eru dreifðir út um allt land stórir og smáir. Auðvitað er enginn þeirra stór á mælikvarða alþjóðaviðskipta og framleiðendur sjálfir hafa valið þann kost að mynda sölusamtök um sölu sinna afurða. Svo mikið hefur verið rætt og ritað um sölusamtök í sjávarútvegi hér á landi á undanförnum árum og áratugum og jafnvel síðustu mánuðum að engin ástæða er til þess að bæta þar við neinu nýju, svo að hér verður nánast eingöngu um að ræða samantekt á því sem þar hefur verið sagt.

Aðalástæðan fyrir því að fiskframleiðendur á Íslandi hafa kosið þennan hátt á sölu er að að þeirra mati fylgir því mikill styrkur að standa saman að sölu á erlendum mörkuðum. Þeir koma þá fram sameiginlega sem stór og sterk fyrirtæki með staðlaðar vörur sem hafa unnið sér það gott orð að þegar minnst er á Ísland vita allir að þar er um að ræða góðan fisk sem allir geta treyst. Framleiðendur í þessum sölusamtökum hafa komið sér upp umfangsmiklu gæðaeftirliti sem reynst hefur einstaklega farsælt og hefur nú nýlega að ákvörðun Alþingis leyst að mestu af hólmi ríkiseftirlit með sjávarafurðum. Framleiðendur ná með samtökum sínum mikilli hagræðingu í gæðaeftirliti í útflutningi og við sameiginleg innkaup á ýmiss konar rekstrarvörum og þjónustu. Með þessu sparast framleiðendum og þá um leið þjóðarbúinu mikið fé. Það hefur sýnt sig að íslenskur fiskur hefur á sér gott orð og sölukerfi íslenskra sjávarafurða er sterkt, svo sterkt að árum saman ef ekki áratugum saman hefur íslenskur fiskur verið seldur á hærra verði en fiskur frá keppinautum á öllum mörkuðum.

Þegar verið er að ræða um kosti og galla sölusamtakanna, frelsi eða ófrelsi í útflutningsverslun er rétt að hafa þetta í huga: Hvað er það sem á að vera keppikefli útflytjendum almennt frá einu landi? Það hlýtur að vera að hafa gott orð á mörkuðum, þykja tryggur seljandi með stöðugt framboð af góðri vöru og ná þannig ávallt hæsta verði á hverjum tíma. Það er því tæplega hér verið að tala um að litlir hagsmunir séu í húfi. Væri staðan sú að hægt væri að benda á að sölusamtök í sjávarútvegi, sem allt þetta tal snýst um, stæðu sig illa í markaðsmálum horfði málið öðruvísi við.

Einstaka aðilar þykjast geta tekið svo stórt upp í sig að segja að sölusamtökin séu stöðnuð og sinni ekki svokallaðri markaðsleit sem skyldi. Vel má vera að þar megi koma að mörgum góðum og nýjum breytingum. Því skal ekki móti mælt. En við Íslendingar höfðu leyft okkur þann munað að selja okkar útflutningsvörur fyrst og fremst á þeim mörkuðum sem best verð borga hverju sinni án tillits til þess hvort þar sé endilega um mikið markaðsöryggi að ræða til lengri tíma. Fyrir vikið höfum við legið afskaplega flatir fyrir ef eitthvað bjátar á í hinum ýmsu markaðslöndum. Þarna er að sjálfsögðu við útflutningssamtökin að sakast ef menn vilja líta svo á. Þeim hefði að sjálfsögðu verið í lófa lagið að reyna að selja til miklu fleiri landa og færa út starfsemi sína. Talið er að það hefði skilað minni tekjum á hverjum tíma.

Menn ganga einnig út frá því að við höfum meira magn að selja en reyndin hefur verið. Þessu mega menn ekki gleyma þegar þeir eru að deila á hin svokölluðu sölusamtök fyrir að selja ekki útflutningsvörur okkar til fleiri landa. Það er einfaldlega heiðarleg ákvörðunartaka um að það sé skynsamlegra og gefi meira í þjóðarbúið að haga sölumálum með þessum hætti.

En hvaða fleiri kostir kynnu að fylgja því að standa sameiginlega að sölu á fiskafurðum okkar? Þeir eru að sjálfsögðu margir og ef til vill ekki þýðingarminnstur sá, að með því að framboð á hverjum markaði er aðallega frá einum eða tveimur aðilum hafa kaupendur að vörunni tryggingu fyrir því að aðilar séu ekki að bjóða

íslenskan fisk, e. t. v. lakari að gæðum eða á lægra verði, til sömu kaupenda á sama tíma og spilla þannig fyrir sölu samtakanna á íslenskri gæðavöru sem þau hafa keypt hæsta verði. Með þessu móti eru kaupendur tilbúnir að greiða hærra verð fyrir vöruna en ella og geta einbeitt sér að sölu hennar án þess að verða fyrir utanaðkomandi truflunum af sams konar vörum frá öðrum seljendum. Þessi kostur er allþekktur úr öllum viðskiptum og er m. a. grundvöllur að því að framleiðendur iðnaðarvara í heiminum vilja velja að hafa aðeins einn umboðsmann eða söluaðila fyrir ákveðnar vörur á hverjum markaði. Er óþarfi að fjölyrða um það hér. Þau dæmi þekkja allir úr íslenskri innflutningsverslun.

En hvað er það þá sem menn finna til foráttu því fyrirkomulagi sem jafnframt verður til þess, sem talað er um, að auka frelsi í útflutningsverslun? Ef við lítum á sölusamtökin er enginn fiskframleiðandi skyldur til að vera í útflutningssamtökum. Þau eru öll opin, bæði að ganga í þau og segja sig úr þeim. Hins vegar hefur brugðið svo við síðustu árin að samstaða meðal framleiðenda hefur verið mjög mikil. Útflutningur á flestum sviðum, að undanskilinni skreið, hefur gengið vel og framleiðendur því ekki séð ástæðu til annars en að standa vörð um það fyrirkomulag sem þeir hafa kosið sér. Þrátt fyrir það hafa ýmsir séð ástæðu til þess að reyna að gagnrýna þetta samstarf, stundum að ósekju, gagnrýna samstarf framleiðenda í nafni frelsis. Að sjálfsögðu geta þeir haft ýmsar ástæður til þess að gera svo. Sumir þeirra játa hreinskilnislega að þeir vilja fá að taka þátt í þessum útflutningi og hafa þau viðskipti eins og önnur. Aðrir leggja áherslu á að hér sé um að ræða hugsjón sem þeir vilja hrinda í framkvæmd. Hvort tveggja er þetta gott. Það er hins vegar vafasamt að tala um að verið sé að auka frelsi í útflutningsverslun með því að ríkisvaldið breyti starfsemi sem það hefur skapað útflutningssamtökunum, framleiðendunum sjálfum. Frelsið á að sjálfsögðu að felast í því að hver sem er gæti boðið vöru til sölu á hvaða markaði sem er við hliðina á samtökum framleiðenda sjálfra og verður þá að sjálfsögðu að taka tillit til sérstöðu einstakra markaða.

Það er ekki aðeins mikilvægt að vinna markaði. Við getum ekki aðeins lagt áherslu á að vinna markaði. Við verðum að leggja áherslu á að vernda markaði sem við höfum náð. Það hefur verið unnið stórvirki á sviði markaðsmála að undanförnu. Óhemju fé hefur verið varið til þess að kynna íslenskan fisk á þann hátt að nú er engum blöðum um það að fletta að íslenskur fiskur hefur á sér hvað best orð af öllum fiskafurðum í veröldinni. Orðið „íslenskt" er því í reynd orðið gæðastimpill. Það er því mjög áríðandi að þeim árangri verði ekki gloprað niður. Framleiðendur gera sér best grein fyrir því á hverju framtíð þeirra byggir. Þeir hugsa því ekki aðeins um líðandi stund í öllum tilfellum, heldur einnig um viðskiptin til lengri tíma og af því leiðir að oft verður að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Það þýðir e. t. v. tímabundið verð — sem ekki gefur ávinning af sölu einhverrar afurðar til þess að halda mörkuðum sem eiga í stundarerfiðleikum. Þeir markaðir hafa síðan komið aftur innan fárra missera og orðið mjög mikilvægir á ný og eru sumir hverjir með mikilvægustu mörkuðum okkar í dag. Samtök framleiðenda hafa haft bolmagn til og hagsmuni af að sinna þessu mikilvæga atriði og munu sjálfsagt verða þeir sem geta gert það best.

Hér að framan hafa verið færð rök fyrir því að það fyrirkomulag, sem framleiðendurnir sjálfir hafa valið sér, hefur skilað mestum mögulegum árangri fyrir íslenskt þjóðarbú. Ævinlega hafa verið uppi hugmyndir um að kominn væri tími til þess að skipta um stefnu og hafa ekkert eftirlit með útflutningi. Ég vek athygli á því að útflutningur sjávarafurða er um 70% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, til samanburðar í Noregi 4—5%. Við verðum að gera þá kröfu að svör fáist í smæstu atriðum um hvað með auknu útflutningsfrelsi vinnst og þau svör verða að fást. Þýðir það hærra verð á mörkuðunum? Uppgötvast áður ónýttir markaðir sem eru tilbúnir að borga hærra verð? Verður áliti íslenskra afurða stefnt í hættu? Hvernig verður skipulagið best innanlands? Mun útflutningurinn verða t. d. í höndum sölusamtaka við hlið margra smárra? Hvernig verður skipulaginu best fyrir komið erlendis? Þessum spurningum og mörgum öðrum fleiri verður að svara.

Þegar við ræðum þessi mál hér er ekki úr vegi að benda á að keppinautar okkar á helstu erlendu mörkuðunum hyggjast ná fram breyttu skipulagi mála sinna til þess horfs sem hér hefur verið. Hvers vegna? Til þess að ná betri árangri. Þær starfsaðferðir, þær stjórnunaraðferðir, sem hér gilda hafa ekki komið í veg fyrir aukið frelsi í útflutningi. Og eins og fram kom hér áðan hef ég beitt mér fyrir því að útflutningur iðnaðarvara er orðinn frjáls. En við hljótum að gera lágmarkskröfur ævinlega um gæði og verð og að ekki séu fyrir hendi sérstakar ástæður á mörkuðum, þangað sem vörurnar skal flytja, sem valda því að skynsamlegra sé að haga fyrirkomulaginu eins og það hefur verið. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að heimila útflutning þeim sem uppfylla lágmarkskröfur um verð og gæði. Ég er líka þeirrar skoðunar, eins og ég gat um áðan, að við þurfum að afla okkur markaða, að við þurfum að verja þá markaði og haga okkar útflutningi með tilliti til þess.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði fregnir af því á landsfundi Sjálfstfl. um síðustu helgi að þar hefði verið flutt till. um að landsfundurinn ályktaði á þá leið að flokkurinn beitti sér fyrir því að frjálsræði yrði aukið í útflutningi. Ég hafði sömuleiðis fréttir af því að þessi till. hefði verið felld eftir að hæstv. viðskrh. hefði flutt ræðu gegn henni. Ég hélt fyrst að þarna væri um einhvern misskilning að ræða, datt satt að segja ekki í hug að minn ágæti og gamli vinur, hæstv. ráðh. Matthías Mathiesen, hefði farið að taka upp á því að beita sér gegn frjálsræðinu á sjálfum landsfundi Sjálfstfl. En ég heyri núna af þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. flytur, að þetta er því miður sannleikanum samkvæmt og kannske hefur hann verið að endurflytja hér ræðuna sem hann flutti á landsfundinum. Að vísu tel ég það ólíklegt því að hann átti í erfiðleikum með að lesa handritið svo að hann hefur greinilega ekki verið búinn að kynna sér ræðuna sem skyldi áður en hann flutti hana hér úr ræðustólnum, enda er satt að segja líkast því að þessi ræða hafi verið samin fyrir hæstv. ráðherra úti í Sölumiðstöð eða hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga því að annan eins málflutning til varnar samtryggingunni á þessum vettvangi, einokuninni og kerfinu hef ég ekki heyrt og alls ekki heyrt það úr munni sjálfstæðismanns.

Ég kvaddi mér hér hljóðs eftir að hafa hlýtt á

framsögu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar vegna þess að mér þótti það góð ræða. Mér þykir þetta góð till. sem hér er flutt. Mér þykir það satt að segja ansi hart að hér virðast mál hafa heldur betur snúist á hinn verri veg þegar kratar eru farnir að flytja tillögur um aukið frjálsræði en sjálfstæðismenn standa upp til að andæfa gegn slíkum till. Öðruvísi mér áður brá.

Mér fannst ræða 1. flm. góð vegna þess að inntak þeirrar ræðu var að undirstrika gildi frjálsræðisins í verslun og viðskiptum. Sannleikurinn er sá að forsendan fyrir því að við náum árangri í viðskiptum, — í útflutningi — er að frelsið fái notið sín. Það er inntak skoðana þeirra sem hafa fylgt Sjálfstfl. að málum og það hefur verið grundvöllurinn að framförum hér á Íslandi allt frá því að heimastjórn kom til sögunnar og síðan eftir að lýðveldið var stofnað, frelsi þjóðarinnar og frelsi einstaklinganna til þess að fá að athafna sig, taka áhættu og axla ábyrgð. Það hlýtur að gilda á þessum vettvangi eins og alls staðar annars staðar vegna þess að það er einfaldlega lögmál að frelsið fái að njóta sín. Það var inntak ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og ég fagna þeim málflutningi.

Við höfum að undanförnu heyrt mjög athyglisverðar umr. í þjóðfélaginu um nýsköpun í atvinnulífinu. Menn vilja söðla um, breyta um stefnu í atvinnumálum og það hafa átt sér stað mjög miklar breytingar á viðhorfum manna í atvinnulífinu beggja megin borðsins, bæði hjá launþegum og hjá atvinnurekendum. Þessi viðhorf hafa líka að einhverju leyti einnig, en því miður of takmörkuðu, náð inn í flokkana sjálfa. Þarna er um að ræða nýsköpun sem felur það í sér að menn vilja hætta að leggja áherslu á óarðbæra atvinnu, vilja fara að flytja þekkinguna til útlanda, vilja að atvinnustarfsemin skili arði og vilja leyfa einstaklingum, félögum og fyrirtækjum að spreyta sig í vaxandi mæli.

Ríkisstj. hefur átt sinn þátt í því að þessi umr. hefur farið af stað, hún hefur fyrir sitt leyti tekið undir hana og það er gott eitt um það að segja. Nýsköpun í atvinnulífinu er forsenda fyrir því að Íslendingar geti náð framförum á allra næstu árum. Sú nýsköpun verður að byggjast á frjálsræði. Það er alger nauðsyn og það hljóta sjálfstæðismenn að taka undir.

En þessi nýsköpun þarf þá að ná til útflutningsmála líka. Menn geta ekki verið að tala um nýsköpun, um framleiðslufyrirtæki og um nýja möguleika í atvinnumálum til þess að framleiða eitthvað, ef ekki má jafnframt taka áhættu og spreyta sig með nýjum hætti í útflutningsmálunum sjálfum — eða hvað ætla menn að gera við framleiðsluna ef allt situr við hið sama í útflutningsmálum? Við erum að tala um í fullri alvöru að stokka hér upp „kerfið", grípa til nýrra og róttækra aðgerða til að skapa grundvöll fyrir auknum þjóðartekjum. Einn anginn af þessari uppstokkun hlýtur líka að vera sá að taka fyrir og stokka upp staðnað kerfi í útflutningsmálum. Það er sorglegt til þess að vita að menn standi hér upp einmitt á miðjum þessum vakningartíma og flytji varnarræður í þágu einokunar og staðnaðra sölusamtaka.

Hæstv. ráðh. bendir réttilega á að það sé tiltölulega mikið frjálsræði í útflutningi á almennum iðnaðarvörum, en nefnir í sömu andránni að það sé háð leyfisveitingum að flytja út landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Er það ekki öllum ljóst að útflutningur á landbúnaðarvörum og sjávarafurðum hefur verið umtalsverðasti úflutningurinn fram að þessu og verður vonandi áfram, a. m. k. að því er varðar sjávarafurðir?

En hvernig er ástandið t. d. í útflutningnum á kindakjötinu þar sem Samband ísl. samvinnufélaga situr nánast eitt að þeim útflutningi og það fyrirkomulag ríkir í þeim efnum að útflutningsaðilinn, Sambandið, fær söluþóknun af brúttóverði vörunnar sem út er flutt? Hvaða vit er í slíku fyrirkomulagi í þeim útflutningsmálum? Hvaða hvati er að því fyrir Sambandið sem útflutningsaðila að reyna að auka söluna og fá hærra verð þegar það hirðir allt sitt á þurru út frá framleiðsluverði án tillits til söluverðsins í útlöndum? Maður heyrir jafnvel sögur um það, réttar eða rangar, að SÍS hafi gripið til undirboða erlendis þegar aðrir aðilar hafa gert tilraun til að komast inn á markaði og selja landbúnaðarvörur við hærra verði en Sambandið hefur átt kost á á þeim mörkuðum.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum mánuðum kom til *mín einstaklingur sem hafði staðið að því að framleiða* nýja vél sem átti að stuðla að því að hægt væri að framleiða nýjar vörur úr sjávarfangi, athyglisverð vél sem ég veit ekki hvort gengur eða ekki. En þegar hann fór á stúfana með þessa uppfinningu og vildi kynna mönnum þessa nýjung sögðu menn: Þetta er mjög athyglisverð vél, þetta er greinilega öndvegisuppfinning. En hvað á að gera við framleiðsluna, vöruna? Það er enginn markaður til fyrir þessa vöru. Vitaskuld er enginn markaður til fyrir þessa vöru vegna þess að hún hefur ekki verið framleidd, hún hefur ekki verið til. En þetta eru dæmigerð viðbrögð hjá sölusamtökum sem eru svo stöðnuð að þau nenna ekki og hafa ekki dug í *sér, en taka því með tortryggni þegar menn koma með* nýja möguleika og bjóða upp á nýja kosti og segja: Ja, það er ekki til markaður, þess vegna er ekki hægt að fara að framleiða þessa vöru — án þess að varan hafi nokkurn tíma verið til og án þess að á það hafi reynt hvort hægt sé að búa til markaði.

Sannleikurinn er nefnilega sá að þessi sölusamtök okkar í sjávarútflutningsmálum eru meira og minna stöðnuð og við skulum bara viðurkenna það. Þessir menn eru búnir að hreiðra um sig með sínum hætti og hafa gert góða hluti í gegnum árin — ég er þá sérstaklega að tala um ferskfisksöluna — og þeir vilja bara hafa þetta í gamla farinu. Þeim líður vel í því kerfi sem þeir stýra sjálfir, þeir hafa trygga stöðu og þurfa ekki að hafa áhyggjur af keppinautum, a. m. k. ekki hér heima. Á þessum vettvangi, eins og alls staðar annars staðar þar sem menn sitja nánast einir að kökunni, slaknar á og þá kemur tregða og stöðnun í vinnubrögð og áhuga og allan atbeina.

Ég er ekkert að draga í efa að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Samband ísl. fiskframleiðenda og öll þau samtök hafi unnið þjóðinni gott starf á undanförnum árum. Ég skil ekki þessa till. svo að það sé verið að banna þessi samtök, það sé verið að koma í veg fyrir að þau fái að starfa áfram. Það er einfaldlega verið að tala um að aðrir fái tækifæri til að *selja líka. Það er kjarni málsins, að gefa öðrum frelsi til* að selja líka. Við skulum flytja margar lofræður og taka undir það hvað SH og SÍS hafi staðið sig vel þó að ég hafi þá skoðun að á því sé nokkur stöðnun. Það hefur í gegnum árin verið unnið þar þjóðþrifaverk og sjálfsagt að bera lof á það eins og hæstv. ráðh. gerði hér áðan. En það er algert aukaatriði þegar við erum að

tala um það núna að auka frjálsræði og stíga ný skref og skella okkur út í nýsköpun á þessum vettvangi.

Íslensk verslunarstétt hefur líka unnið þessari þjóð vel. Hún skapaði grundvöllinn að frjálsri og sjálfstæðri innanríkisverslun hér eftir lýðsveldistökuna fyrst og fremst og reisti stoðir undir raunverulegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Hún hefur sannað getu sína og ég held að íslenskri verslunarstétt sé vel treystandi til að ráðast nú til atlögu í útflutningi og bjóða íslenskar vörur erlendum aðilum með sama árangri og með sömu burðum og hún hefur staðið að í innflutningsversluninni. Í þessum efnum hlýtur það að gilda að menn þurfa áræði, menn þurfa að taka áhættu, menn þurfa að fá ábyrgð. Þeir þurfa jafnframt að sýna frumkvæði. En allt þetta er verðmætasköpun og allt þetta er forsenda fyrir því að ný viðhorf og ný staða komi upp í útflutningsmálunum. Þetta er eitt mikilvægasta málið sem nú blasir við í stjórnmálunum, þ. e. einmitt að auka frjálsræðið á þeim vettvangi. Það er enginn að segja að það eigi að vera algjörlega galopið. Það er enginn að segja að rn. eigi með öllu að láta þetta afskiptalaust. Það má auðvitað hafa eftirlit. Það er enginn sem segir að það megi ekki hafa eftirlit og það er sjálfsagt að gæta þess að þar sé ekki um að ræða mjög alvarleg undirboð. En að ástandið sé þannig að varðandi fjölmargt, sem menn eru með á prjónunum í útflutningsmálum, í sjávarútvegi sérstaklega, þurfi sífellt að leita til rn. að fá leyfi eftir einhverju skömmtunarkerfi þar, það er alger tímaskekkja.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Sú till. sem hér er til umræðu og flutt er af þm. Alþfl. gerir ráð fyrir því að veruleg breyting verði gerð á tilhögun útflutningsverslunar okkar. Hún gerir ráð fyrir algeru frelsi í útflutningi, að þar reyni hver sem best hann getur að koma okkar vörum á hinn stóra erlenda markað. Þarna er ég sammála flm., að vissu marki þó. Ég verð að hryggja þá með því að ég er það mikill íhaldsmaður enn þá að ég vil gæta þarna varúðar við vissum þáttum. Ég tel sjálfsagt að hefja sterka markaðsleit erlendis fyrir landbúnaðarvörur okkar, t. d. okkar úrvalsdilkakjöt. Ég er viss um að við getum náð markaði fyrir þá vöru ef sölumennskan er sett í öndvegi og varan afgreidd pökkuð á þann hátt sem hinn erlendi neytandi vill fá hana, en ekki eins og við viljum endilega afgreiða hana, eins og hér hefur verið margoft um rætt, í gömlu grisjupokunum og heilum skrokkum. Það á að gera þessa vöru að neytendavöru beint inn í stórmarkaðina og ég hvarfla ekki frá því að þessu má ná fram sé vel að því staðið.

Í þessari grein hefur verið því sem næst einokun. Þeir einstaklingar, sem hafa verið að reyna að koma þessari vöru á markað og hafa haft fulla trú á því að hann mætti finna, hafa að sögn ekki fengið kjötið keypt hér heima til slíkrar markaðsleitar vegna tregðu þeirra aðila sem fara með sölumálin hér innanlands og hafa verið einráðir um útflutninginn. Og þetta gerist þrátt fyrir alla umframframleiðsluna sem er á dilkakjötinu. Þetta er mjög alvarlegt mál og á því þarf að ráða bót.

Á sama hátt er nauðsynlegt að efla sölumennsku sem allra mest og nýta alla sölutækni út í æsar til þess að koma iðnaðarvörum okkar og alls konar nýjungum á sviði iðnaðarframleiðslu á erlenda markaði. Það er eitt af okkar brýnustu verkefnum til þess að renna sem sterkustum stoðum undir gjaldeyrisöflun okkar og þar af leiðandi efnahagslíf. Markaðsleit og markaðskönnun fyrir óþekkta íslenska framleiðslu hlýtur að verða eitt af okkar höfuðverkefnum á næstu árum.

Sú framleiðsla sem þjóðin hefur fengið 70—75% af sínum gjaldeyri fyrir hefur verið fiskur og fiskafurðir. Fyrr á árum gekk á ýmsu með sölu á þessum afurðum okkar. Framan af ríkti algert frelsi í útflutningi á þessum vörum, sem voru þá nær eingöngu í formi saltsíldar og saltfisks og auk þess ísvarinn fiskur á ferskfiskmarkaðina eins og er í dag.

Á kreppuárunum — ég verð að fara svo langt aftur — og í kjölfar þeirra fór þetta kerfi algerlega út um þúfur vegna markaðstregðu og undirboða sem fylgdu. Þá tók löggjafinn rögg á sig fyrir áeggjan framleiðenda og sett voru á stofn sölusamtök, fyrst samtök íslenskra fiskframleiðenda, sem lifa enn og heita SÍF, og tóku þau að sér sölu á öllum saltfiski framleiðenda. Síðan kemur síldarútvegsnefnd, sem tók að sér alla okkar saltsíldarsölu sem hafði verið komin í megnasta ólestur. Þetta geta Alþfl.-menn örugglega lesið sér til um í sögu síns flokks þegar þeir fletta því upp.

Sagan sýnir okkur að smátt og smátt gerbreytti þetta fyrirkomulag á sölu aðalframleiðsluvöru okkar því ástandi sem ríkt hafði. Þessi fyrirtæki hafa verið rekin af miklum myndarskap allt fram á þennan dag. Núna held ég að það séu fáir framleiðendur sem vilja gera þar breytingu á. Í mín eyru hefur enginn framleiðandi saltsíldar minnst á það einu orði að síldarútvegsnefnd væri ekki nauðsynleg sölusamtök á vegum þeirra framleiðenda. Á sama hátt held ég að óhætt sé að fullyrða að það séu fáir aðilar í saltfisk- og saltfiskflakaframleiðslu sem vilja breyta því fyrirkomulagi sem þar ríkir. Þess vegna vara ég við því að taka of stór stökk í þessum efnum til að breyta þeim markaðslögmálum sem hér hafa ríkt. Það á ekkert skylt við frelsi eða höft. Þetta eru frjáls samtök þeirra aðila sem framleiða vöruna og þeir óska sjálfir eftir að vera í þessum samtökum.

En víkjum að frysta fiskinum og markaðsuppbyggingu hans. Á fimmta áratugnum hófst að marki vinnsla á frystum fiski hér á landi. Í byrjun voru pakkningar og vinnsluaðferðir frumstæðar miðað við það sem við þekkjum í dag og nær eingöngu selt á Evrópumarkað. Verð vörunnar miðaðist við þá hálfunnu vöru sem þá var framleidd. Stærsta og örlagaríkasta sporið fram á við í þessum efnum var stigið þegar harðduglegir og framsýnir menn brutust inn á Ameríkumarkaðinn með frystar fiskafurðir og varð þar ótrúlega ágengt í markaðsöflun. Þetta átak var gert á vegum sölusamtaka frystihúsanna sem framleiðendur höfðu stofnað. Öll þekkjum við þróunarsöguna. Ameríkumarkaðurinn hefur verið og er nú okkar öflugasti fisksölumarkaður fyrir hraðfrystan fisk. Íslenskur fiskur er búinn að vinna sér þann sess þar að hann er seldur á hæsta verði þrátt fyrir harða samkeppni annarra innflytjenda, eins og Kanadamanna, Norðmanna og Dana. Þetta byggist ekki hvað síst á vel uppbyggðu sölumannakerfi og góðum samböndum sölufyrirtækja okkar við hinar stóru verslunarkeðjur þar í landi.

Eftir áratuga starf og uppbyggingu þessa markaðar hefur myndast traust á milli kaupenda og seljenda. Þess vegna vara ég mjög við því að raska því jafnvægi með því að smáaðilar komi inn á markaðinn til að selja sams konar vörur. Ég vil benda á það í leiðinni, og það held

ég að ætti einnig að athuga, að það er ekki alveg út í hött að t. d. frændur okkar, smáþjóðin Færeyingar, leggja ekki út í það að fara einir inn á þessa markaði. Þeir hafa ágætisvöru en ekki mikla framleiðslu á móti okkur. Þeir leggja ekki í það að fara að keppa á þessum markaði heldur selja þeir sína vöru að langstærstum hluta í gegnum SH. Vinir okkar Færeyingar eru bisnessmenn og þeir mundu örugglega gera þetta ef þeir teldu sig hafa verulegan hag af því, að fara einir og sjálfstæðir inn á þennan þunga Ameríkumarkað.

Tveir aðilar eingöngu flytja út nær allt það sem hægt hefur verið að selja á Ameríkumarkaðinn, þ. e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild SÍS. Auk þess eru tvö eða þrjú önnur fyrirtæki, sem þangað flytja út og þá einkum sérvörur eins og t. d. hörpudisk. Ég álít Ameríkumarkaðinn svo viðkvæman að ég vara mjög við því að á þann markað verði fjölgað leyfum nema um væri að ræða nýjar tegundir eða framleiðslu sem raskar ekki því sölufyrirkomulagi sem við höfum byggt þar upp. Ég gæti t. d. hugsað mér að sala á ferskum fiski, sem nú færist mjög í vöxt að sé fluttur út með flugvélum, sé gefin frjáls að meira eða minna leyti. Það sem ég á við er að við förum ekki að raska hinum gömlu, hefðbundnu söluaðferðum sem þarna eru orðnar rótgrónar og hafa öðlast þarna mjög fastan sess. Það er enginn vandi að fá eitthvað hærra verð fyrir eina og eina smásendingu en það er ekkert að vita hvað verður um þá næstu. Það þekkjum við í þessum bisness. En ég held að sölu á ferskum fiski og ýmsum sérunnum vörum sem nú er byrjað að framleiða, krabbategundir og fleira sem verið er að fitja upp á, mætti gefa algerlega frjálsa svo að menn finni þá bestu markaði sem þeir geta fundið fyrir þá vöru. Það ætti ekki að rugla það sem heitir „Iceland cod" á ameríska markaðnum og hefur unnið sér þar ákveðið nafn, því að við eigum margir sérafurðir úr sjávarafla sem við getum nýtt betur en við gerum og eigum eftir að vinna markaði fyrir.

En eins og ég sagði, þá gegnir að mínu mati öðru máli um frystar afurðir okkar t. d. á Evrópumarkaði. Þar er hægt að koma við meira frelsi en nú er og er sjálfsagt að kanna möguleika þar. Þeir hafa sín sérviðhorf, Evrópubúarnir, og eru töluvert frábrugðnir Bandaríkjamönnum í þessum efnum.

Það hefur vissulega verið gert mikið átak af hálfu sölusamtakanna á síðustu árum. En betur má ef duga skal og ég get vel tekið undir það með síðasta ræðumanni að hjá sölusamtökunum, sem við ræddum hér um, hefur gætt vissrar stöðnunar. Það þarf að fylgjast með því að þau vinni sem best og á sem réttastan veg og þau eiga að bjóða nýjum mönnum upp á það að komast að í ákveðinn tíma til að spreyta sig í sölumennsku og öðru. Þetta mál þarf allt að kanna. En kerfinu sjálfu vil ég ekki breyta á þessu stigi málsins og tel ekki nokkur rök fyrir því að svo sé gert.

Það kann að koma mönnum spánskt fyrir eyru en ég held að við getum vel átt von á því á næstu árum að svo mikil eftirspurn verði eftir íslenskum fiski að það verði ekki mikill vandi að selja hann. Japansmarkaðurinn er t. d. núna að byrja að lifna og ég geri mér miklar vonir þar. Það teldi ég kjörið tækifæri fyrir menn í markaðsleit að leita nýrra markaða þar austur frá og í fleiri löndum til þess að ryðja nýjar brautir.

Rússland er okkur nauðsynlegt viðskiptaland vegna ákveðinna tegunda af fiski sem framleiddur er. Það er því miður ekki um að ræða þar, þótt við fegnir vildum, að innleiða frelsi á þeim markaði. Sovétmenn fást ekki til að kaupa nema af einum aðila. Þeir hafa gert þá kröfu t. d. í sambandi við mjöl og annað, sem þangað hefur verið selt, að það væri flutt út á hendi eins aðila. Það þýddi ekkert fyrir einn og einn að reka viðskipti þar. Þeirra skipulagi er þannig háttað, og það er auðvitað þeirra mál, en þetta verðum við allt að beygja okkur undir, þannig að það eru í þessu ýmsar leiðir.

Með þessum orðum mínum vil ég fyrst og fremst vara við því að raska því kerfi sem búið er að byggja upp á Ameríkumarkaðnum á þann veg sem geti skaðað okkur. Þessi fyrirtæki hafa unnið mikið og gott starf og þó að þau hafi oft legið undir gagnrýni, það er ósköp eðlilegt með slíka starfsemi, þá er hún í flestum tilvikum byggð á mikilli skammsýni og þekkingarleysi. Það vilja allir gera vel í þessum efnum. Þess vegna er ég sammála frv. að því leyti að við eigum að auka sem mest frelsi í útflutningi á þeim mörkuðum sem það hentar og afla nýrra markaða fyrir nýjar framleiðsluvörur í sjávarútvegi, en varast að skemma það sem fyrir er. Ég hef reyndar þá trú að það sé ekki meining flm. heldur. Svo má benda á það í viðbót sem kom hér fram áðan í sambandi við útflutning á iðnaðarvörum að iðnaðarvörur tengjast einnig sjávarútvegi. Það hefur talsverða þýðingu hjá fiskveiðiþjóðum að héðan er nú flutt út töluvert mikið af vélum sem hér eru framleiddar og hugbúnaður alls konar sem byggist á reynslu okkar í sjávarútvegi. Þetta ber einnig að athuga því að þetta er algerlega frjáls markaður að því er ég best veit.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa farið fram um þessa till. til þál. um frelsi í útflutningsverslun, finnst mér að hafi einkennst af ótrúlega mikilli tvöfeldni, bæði frá hendi 1. flm. till. og svo þeirra sjálfstæðismanna sem hér hafa verið að spjalla um efni hennar.

Í fyrsta lagi má í sambandi við málflutning 1. flm. benda á að það er ekki langt síðan sami hv. þm. flutti í þessum ræðustól innfjálga ræðu í sambandi við veiðileyfastjórnun eða eins og hann orðaði það í sambandi við útflutninginn: um aukið skrifræði og þar af leiðandi ekki nema hálfa sjón í sambandi við þann málaflokk eins og hann lýsti því hvernig viðskrh. mundi fara og stæði í sambandi við útflutningsstjórnina. Svipað mundi vitaskuld fara með þann sem ætti að stjórna á hinum vettvanginum sem er mikið viðameiri og áhrifaríkari en sá þáttur sem hér er verið að ræða um.

Á hinn mátann er sú skoðun sem fram kom hjá þeim hv. 6. þm. Reykv. Hann lýsti þeirri skoðun sem hefði komið fram á landsfundi Sjálfstfl. og sem hefði notið þar mikils fylgis, og hann flutti hér að vissu leyti framsöguræðu fyrir henni þó að hann hafi ekki mátt eða getað setið landsfundinn, eftir því sem mér skildist. Skoðun sem þar kemur fram og sú skoðun hæstv. viðskrh. og hv. 3. þm. Vesturl. að mæla með því kerfi sem hv. þm. Svavar Gestsson kom á fyrir 5 eða 6 árum stangast á. Það virðist sem sagt fullkominn skoðanaágreiningur í Sjálfstfl. um afstöðu til þessara mála og svo alger tvöfeldni hjá Alþfl. að vera á móti stjórn á þessum þættinum en með stjórn á hinum þættinum.

Ekki batnar það þegar farið er að spjalla um málefnið. Þá er því haldið fram fullum fetum að það sé um algera einokun að ræða á þessum vettvangi. Það séu

fyrst og fremst Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga sem sjá um að selja frysta fiskinn okkar og þar sé varla um neina aðra að ræða. Síðan bæta þeir við í lokin: Við erum ekki að mæla með því að það verði sett á algert frelsi. Nei, við erum á því að það verði að líta eftir þessu, það verði að fylgjast með þessu. — Þar með lýsa þeir yfir að þeir séu tilbúnir að búa við óbreytt ástand. Í dag búum við ekki við neina einokun Sambandsins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á útflutningi á frystum fiski, hvorki til Bandaríkjanna né á Evrópumarkað. Við getum e. t. v. þakkað fyrir að hæstv. viðskrh. hefur það vald að geta sett stimpil á leyfi. En ég veit ekki til þess að hann hafi neitað um leyfi þegar í boði hafa verið viðskipti sem hafa verið okkur hagstæð. Ég veit ekki annað en að hér séu a. m. k. tvö fyrirtæki auk SÍS og SH sem flytji hraðfrystan fisk umfram hörpudisk á Bandaríkjamarkað, og jafnvel þó að við notuðum alla fingur til þess efast ég um að þeir nægðu til að telja upp þau fyrirtæki sem flytja frystan fisk og sjávarafurðir á Evrópumarkað. Það ástand, sem hér hefur verið útmálað, er því ekki til staðar sem betur fer. Það er nokkurt frelsi í útflutningsversluninni og ég efast ekki um að það frelsi, sem nú er til staðar, hefur orðið íslenskum sjávarútvegi til hagsbóta. En það er ekki þar með sagt, og ég tek undir lokaorð bæði flm. og hv. 6. þm. Reykv., að rétt sé að gefa ekki algerlega frjálst. Okkur ber að hafa svipaða stjórnun á þessum málum og við höfum haft fram á þennan tíma. Það ástand, sem við búum við núna, er ekki einokun. Þeir sem geta unnið markaði fyrir íslenska vöru hafa fengið að selja sína vöru. (**EBS:** Ert þú alveg viss um þetta?) Já, ég er nokkurn veginn viss um þetta. (Gripið fram í.) Ég skal bæta því við, af því að hv. 6. þm. Reykv. spyr, að ég veit að það eru til ýmis kerfi í þjóðfélaginu, en ég efast um, og ég vil nærri því fullyrða það, að kerfið í rn. sé það kerfi sem við þurfum fyrst og fremst að losna við svo að okkur gangi betur að selja okkar vöru á erlendum markaði. Það kerfi sem við þurfum fyrst og fremst að losna við er bankakerfið okkar, stjórn þess. Mér er kunnugt um að á síðasta ári voru íslensk frystihús að framleiða nýjar tegundir á Bandaríkjamarkað og líka á Evrópumarkað. Þau urðu að hætta við þessa framleiðslu vegna þess að bankarnir voru ekki tilbúnir að lána út á vöruna. Þeir höfðu ekki trú á þessari þróun, þessari nýsköpun.

Það er verið að tala um markaðsþróun og höfð um það stór orð. Ég skal ekki gera lítið úr því að önnur fyrirtæki komi að því en þau fyrirtæki sem hér hafa verið nefnd einokunarfyrirtæki. En gæti það nú ekki verið nauðsynlegt, til þess að byggja upp og standa að markaðsþróun, að hafa til þess nokkuð öflug fyrirtæki? Er líklegt að smáfyrirtæki, sem tekur að sér að selja kannske eina sérstaka vörutegund, hafi mikinn möguleika til þess að afla markaða eða búa til nýja vörutegund til að koma inn á einhvern ákveðinn markað? Ég held að það séu frekar litlar líkur fyrir því og okkur sé nauðsynlegt að hafa fyrirtæki eins og við höfum verið að tala um sem hafi forustu um að koma nýjum tegundum á markað. Þau hafa afl til þess. Litlu fyrirtækin hafa takmarkað afl til þess.

Ein og ein vörutegund hefur búið við frelsi, hefur ekki verið háð mjög takmörkuðum leyfum. Allt að því hver sem hefur viljað hefur getað fengið leyfi til þess að flytja hana út. Það eru t. d. þorskhrogn, söltuð og fryst. Við skyldum nú halda að þessi vara væri sérstaklega búin að hasla sér völl á hinum frjálsa markaði, hvort sem það er í Bandaríkjunum eða annars staðar, og það hefði tekist að vinna upp verð á þessari vöru umfram aðrar tegundir sem við höfum verið með á boðstólum. Nei, það er ekki svo. Þessu er þveröfugt farið. Þessi vara hefur verið að lækka í verði ár frá ári og er þó að mati margra ein af betri vörunum sem við höfum til að bjóða á markaðnum.

Við þekkjum ágætlega aðra vörutegund sem hefur ekki verið bundin sérstakri þvingun á leyfum, ef það hefði verið hægt að selja hana, né heldur lokuð inni í neinum einkasölusamtökum. Sú vara heitir skreið. Hvernig hefur gengið með hana? Það þarf ekki að svara þeirri spurningu. Fyrir nokkrum árum voru 20—30 heildsalar á Íslandi sem seldu skreið. Þeir höfðu tækifæri til að finna þá markaði sem eru úti um allan heim fyrir íslenska framleiðsluvöru. Við heyrðum nefnt Egyptaland og Arabíu. En ég sé ekki að þessir frjálshyggjumenn hafi komið neinni vöru þangað á markað. Við sitjum enn þá að gömlu mörkuðunum. Fullyrt er af þeim sem hafa verið að reyna að selja vöruna á þeim eina markaði sem við höfum von til að losna við hana á að það hafi verið ógæfa okkar að þar voru þrír aðilar, eins og núna er, að slást um þennan markað. Það hefði verið gæfa okkar og við værum jafnvel búnir að losna við vöruna ef þar hefði einn einokunaraðili, jafnvel undir stjórn hæstv. ráðh., séð um hituna.

Það má ýmislegt spjalla um þessi mál. Hæstv. ráðh. nefndi það, og reyndar kom það fram í ræðu 3. þm. Vesturl., að það væri framleiðendum í sjálfsvald sett gagnvart stóru fyrirtækjunum, eins og SÍF og SÚN, SÍS og SH, hvort þeir vildu vera í þessum fyrirtækjum eða ekki. Þarna held ég að hafi verið fullyrt heldur mikið. Ég ætla að upplýsa að þeir sem framleiða saltfisk og þeir sem framleiða síld hafa enga leið aðra en að selja í gegnum þessi ákveðnu einokunarfyrirtæki. Þannig er það. Og tilfellið er að einmitt þessar vörur, sem eru alveg lokaðar inni í einokunarfyrirtækjunum, eru þær vörur sem hefur gengið hvað best að selja og við höfum öruggasta markaði fyrir. Ég er þó á því að gagnvart saltfiskinum sé heldur mikið aðhald. Það eigi að gefa svolítið svigrúm fyrir minni aðila að koma nálægt saltfisksölunni, það eigi þar að fara að á svipaðan máta og varðandi hraðfrysta fiskinn að gefa vissum aðilum tækifæri til að leita að öðrum mörkuðum og öðrum viðskiptavinum en þetta stóra fyrirtæki hefur gert þó að því hafi á undanförnum árum tekist mjög vel.

Þó má alltaf búast við því að aðrir geti gert betur. Ég vil sem sagt taka undir það, sem flm. og hv. 6. þm. Reykv. sögðu hér, að það á að halda áfram að selja íslenskar sjávarafurðir á svipuðum grunni og hefur verið hingað til. Við eigum að hafa visst aðhald og visst eftirlit. Þar af leiðandi er sú till., sem hér er til umræðu, algerlega óþörf.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Við tölum hér um till. til þál. um frelsi í útflutningsverslun, flutta af þm. Alþfl. Ég lýsi því yfir að Bandalag jafnaðarmanna styður þessa till. Við höfum ályktað í þessa veru, bæði í sumar sem leið, þingflokkurinn, og landsfundur Bandalags jafnaðarmanna í febrúar s. l.

Nú er vor í lofti og menn taka þeirri umræðu sem hér fer fram e. t. v. létt, líta frekar á hana sem þægilega

íþróttamennsku og nauðsynlegar leikfimisæfingar til þess að vinna fyrir kaupinu sínu. Ég vil þó benda mönnum á að hlusta grannt eftir. Hér hafa talað fulltrúar Sjálfstfl. og Alþb. — Að vísu vantar enn þá innlegg frá fulltrúa Framsfl., en ég tel að það innlegg sé ónauðsynlegt því að viðhorf hans eru þegar komin fram. (**SvG:** Þau eru nú oftast ónauðsynleg.) Ég er að vísu sammála hv. 3. þm. Reykv. í því, en hvað sem því líður eru viðhorf Framsfl. komin mjög skilmerkilega fram í málflutningi sjálfstæðismanna og Alþb.-manna.

Ég get ekki tekið undir undrun hv. 6. þm. Reykv. á málflutningi ráðh. hér né þá heldur svipaða undrun hans á málflutningi hv. 3. þm. Vesturl. því að ég tel að landsfundur Sjálfstfl. um síðustu helgi hafi leitt í ljós enn sem endranær að Sjálfstfl. er stærsti Framsfl. þessa lands. Ég vitna þar í ummæli eins landsfundarfulltrúans sem taldi að stjórnmálaályktun landsfundarins væri þess eðlis og þeirra eiginleika að hvaða allaballi, eins og hann orðaði það, gæti skrifað undir hana. Og ef allaballar geta skrifað undir stjórnmálaályktun Sjálfstfl. eiga framsóknarmenn ekki í erfiðleikum með það. (**Gripið fram í:** Hvað eru allaballar?) Hafi það farið fram hjá hv. þm. hvað það þýðir get ég upplýst hann um að það er stuttnefni fyrir þá menn sem eru í Alþb.

Ég ætla ekki að halda því fram að það hafi verið mesta hamingja íslenskra barna þegar þau gátu farið að kaupa epli af ýmsum tegundum og gerðum fyrir rúmum 20 árum, en ég held ég geti samt sem áður haldið því fram að frjáls innflutningsverslun á Íslandi hafi ekki skaðað íslenska þjóð. Ég býst við að enginn hristi hausinn þó ég fullyrði að það hafi alls ekki skaðað íslenska innflytjendur heldur. En ég er að leiða rök að því að ein veigamesta gerð viðreisnarstjórnarinnar og sú sem lengst lifir e. t. v. í manna minnum er afnám innflutningshafta, frjáls innflutningsverslun. Ein stærstu mistök viðreisnarstjórnarinnar voru þau að afnema ekki höft með sama hætti af útflutningsverslun. Enn þann dag í dag búum við við þann málflutning úr munni flestallra sem um frelsi í útflutningsverslun tala að þeir vinna sér hver af öðrum, hvort sem um er að ræða hæstv. viðskrh. eða 3. þm. Vesturl., rétt til afreksmerkja SÍS með því að verja einokun í útflutningsverslun. Við búum við það að stærstu útflutningsgreinar okkar, landbúnaður og sjávarútvegur, eru þjáðar og þjakaðar af offjárfestingu. Hvers vegna í ósköpunum geta menn ekki sleppt þeim höftum sem eru á þessum atvinnugreinum, sérstaklega hvað útflutningsverslun snertir, þó það væri ekki nema bara til þess að reyna hvort markaðsöflun án íhlutunar, umsagnar og einokunar sölusamtakanna í þessum greinum skilaði einhverju meiru til þessara greina og drægi þá úr þeim óheilbrigðu áhrifum offjárfestingar sem þessar atvinnugreinar þjást undir?

Hv. 3. þm. Vesturl. rakti svolítið sögu þessa fyrirkomulags. Ég held að það sé líka athygli vert að staldra svolítið við þá sögu vegna þess að réttlætingin á sölusamtökunum er sú að þeim var komið á í alheimskreppu. Ég fæ ekki með nokkru móti séð að sú sama réttlæting geti gilt enn. Við búum ekki við alþjóðakreppu í viðskiptum. Menn voru hræddir við undirboð þá og menn eru hræddir við undirboð enn þann dag í dag. Síðan hvenær varð undirboð að bannorði í viðskiptum? Undirboð eru notuð til þess annaðhvort að ná eða halda mörkuðum þegar skortur er á þeim. Þau geta vel verið réttlætanleg þegar menn þurfa að vinna land eða halda landi í markaðsöflun og ekkert að því að finna ef það skilar árangri.

Það er til ritgerð, reyndar úr hendi bresks vísindamanns, um útflutningsverslun Íslendinga og þá aðallega með síld og saltfisk á árunum 1925—1935. Þar sýnir sá góði maður að einhver stærstu mistök Íslendinga í útflutningsverslun voru stofnun útflutningssamtakanna, vegna þess að það voru viðbrögð sem komu í raun allt of seint við þeim aðstæðum sem þau áttu að bregðast við. Þegar útflutningssamtökin voru stofnuð og þegar þau voru búin að tryggja sér markaði með ákveðinni verðlagningu fór verð almennt hækkandi, þ. e. aðrir aðilar náðu betra verði fyrir sömu vöru en Íslendingar gerðu þá á þeim tíma.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði líka að hér væri um frjáls samtök að ræða og höfðar þá sérstaklega til samtaka síldarútflytjenda og saltfiskútflytjenda. Að vísu eru þessi samtök frjáls. En þessi frjálsu samtök hafa líka umsagnarrétt um aðild annarra manna að útflutningi. Viðskrh. er ekki heimilt í raun — alla vega hefur hefðin skapað það heimildarleysi — að afhenda öðrum mönnum útflutningsleyfi en þeim sem hljóta náð í umsögn þessara aðila. Þess vegna gengur þessi till. ekki út á það að úthluta fleiri leyfum, eins og reyndar kom fram í orðalagi hjá hv. 3. þm. Vesturl. Hún gerir ráð fyrir því að gera útflutninginn frjálsan í stað þess að binda hann leyfum, þ. e. engin leyfi.

Ég vil að lokum lýsa því að ég er ekki sammála hv. 6. þm. Reykv. um gott starf SH og SÍS í útflutningi. Ég vil bara segja að þakka skyldi þeim þó þeir hafi unnið innan þess ramma sem þeim er gefinn. En gæði þjónustu þeirra verða alls ekki mæld því að þeir hafa ekki haft neina samkeppni.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til að vekja athygli á því að það er ekki alls kostar rétt með farið hjá flm. þessarar þáltill. að útflutningur á iðnaðarvörum sé ófrjáls nánast að öllu leyti. Í grg. er aðeins minnst á að um lítils háttar undanþágur hafi verið þar að ræða. Hið rétta er, eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. í upphafi þessarar umr., að útflutningur á iðnaðarvörum er frjáls og hefur verið það síðan það frelsi var veitt 1983. Það var greinilega undirstrikað í hans máli. Það ber að fagna þeirri stefnubreytingu sem núv. viðskrh. stóð að og er í samræmi við ýmsar ákvarðanir í frjálsræðisátt í viðskiptamálum — og þá sérstaklega á sviði gjaldeyrismála — sem hann hefur tekið.

Það er vitanlega líka í fullu samræmi við þá stefnu sem ætti að ríkja á sem flestum sviðum í þessum málum, þ. e. frjálsræði í viðskiptum. Það er sú grundvallarregla sem hér á að hafa í heiðri. En því miður — þótt svo sé ástandið orðið á sviði viðskipta hvað iðnaðarvörur snertir og útflutning þeirra, þar sem það er komið í gott horf, — er ekki hægt að segja það sama um önnur svið atvinnuveganna og iðnaðinn, ef við lítum til þeirra.

Þm. er eflaust í fersku minni hverjar voru útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum sem greiddar voru úr sameiginlegum sjóðum skattborgara þessa lands á síðasta ári. Þar var um tæplega hálfan milljarð kr. að ræða. Af hverju þurfti að greiða svo háar upphæðir vegna sölu á erlendum mörkuðum? Til þess eru ýmsar ástæður. Vitanlega er sú nærtækasta of mikil framleiðsla sem ekki

miðast við innanlandsmarkaðinn, sem ekki selst hér innanlands. Afleiðing þess var sú, eins og hefur verið öll undanfarin ár, að verulegan hluta framleiðslunnar þurfti að flytja út. En hvernig er þeim útflutningi varið? Þar ríkir ófrelsið, þar ríkja höftin, þar ríkir einokunin. Það er fyrst og fremst einokun Sambands ísl. samvinnufélaga sem þar er um að ræða. Á því sviði er kannske mesta nauðsynin að innleiða frjálsræði í útflutning landsmanna vegna þess að þar skiptir svo miklu máli, eins og dæmin sýna um útflutningsuppbæturnar, að vel sé að málum staðið og reynt að fá sem hæst verð fyrir íslensku landbúnaðarafurðirnar.

Einn af þeim ræðumönnum sem tóku til máls fyrr í þessari umr. minntist á grisjukjötið. Við þekkjum öll dæmi um hvernig að markaðsöflun fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir hefur verið staðið. Í stað þess að beita þar nýtísku söluaðferðum og vinnsluaðferðum að því er afurðirnar snertir er allt í hinu sama gamla, staðnaða horfi. Afleiðingin af þessu er m. a. sú að svo sáralágt verð fæst fyrir landbúnaðarafurðir á erlendum mörkuðum að stundum dugar það ekki einu sinni fyrir framleiðslukostnaðinum. Afleiðingin var sú að á síðasta ári urðu íslenskir skattborgarar að greiða tæplega hálfan milljarð kr. í meðgjöf með landbúnaðarafurðum sem á erlendum mörkuðum voru seldar og svo mjög háa upphæð einnig á þessu ári. Hér er þess vegna um mjög alvarlegt mál að ræða og hér er hvorki við landbúnaðinn né bændur að sakast. Hér er fyrst og fremst við söluaðilann að sakast og það ófrelsi sem á þessu sviði markaðsmála hefur ríkt. Þess vegna ber hina brýnustu nauðsyn til að breyta því.

Mörg orð hafa verið látin falla í þessum umr. um sölumál sjávarútvegsins. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fjalla um margt af því sem þar hefur komið fram. Það er ekki hægt að líta á markaðsmál sjávarútvegsins sem eina heild eða setja þau öll undir sama hatt, en mönnum hættir mjög til þess. Það er hinn mesti misskilningur og rangur málflutningur. Önnur viðhorf hljóta að gilda þar sem um er að ræða samtök framleiðendanna sjálfra, sölusamtök sem þeir hafa komið á laggirnar og framleiðendur allir sem einn una vel við og hafa náð á mörgum sviðum gífurlegum árangri. Það er fyrst og fremst á mörkuðum fyrir frystan fisk í Bandaríkjunum. En það er á mörgum sviðum sjávarútvegs annars staðar sem fullt útflutningsfrelsi á fullan rétt á sér og þá ekki síst hvað nýjar framleiðsluvörur snertir.

Nefndur hefur verið útflutningur á ferskum fiski í gámum og margs konar nýjar sjávarafurðir, bæði á mörkuðum vestan hafs og einnig í Evrópu, þar sem frelsi ríkir og full ástæða er til að undirstrika að frelsi á að ríkja. Vitanlega er það rétt, sem hér hefur komið fram, m. a. hjá 6. þm. Reykv., að meginreglan á að vera frjálsræði, einnig á sviði sjávarútvegsins. Við verðum engu að síður að líta til aðstæðna í hverri grein. En grundvallarreglan er aukið frjálsræði og sem mest á því sviði einnig.

Ástæða er til þess í sambandi við þær umræður sem hér fara fram að undirstrika nauðsyn aukinnar markaðsöflunar og aukinnar sölumennsku fyrir íslenskar afurðir á erlendum mörkuðum. Það er ekki síst á sviði landbúnaðarafurða, eins og dæmin sýna, en einnig á sviði iðnaðarvara. Við erum þar að mörgu leyti eftirbátar nágrannaþjóða okkar. Við höfum jafnan verið þjóða duglegust við að afla verðmæta, framleiða og draga fisk úr sjó, en okkur hefur skotist, miðað við aðrar þjóðir, í sölu- og markaðsmálum. Það hefur þó farið vaxandi skilningur á mikilvægi þessara þátta og í viðskrn. hefur verið unnið á undanförnum mánuðum að nýbreytni og nýju skipulagi í þeim efnum undir leiðsögn núv. viðskrh. Það sem hér þarf að gera er kannske fyrst og fremst tvennt:

Í fyrsta lagi þarf að stofna hér öflugt útflutningsráð sem ekki taki aðeins til iðnaðarvarnings eða hluta hans eins og nú er heldur nái yfir nánast sviðið allt. Það sem hér skiptir máli er að um öflugt ráð sé að ræða sem hafi erindreka og sölufulltrúa sem víðast um heim. Á það hefur skort hingað til. Þess vegna þurfum við m. a. að fara að dæmi Norðmanna í þessum efnum og gera hér bragarbót á og raunverulega byltingu á sviði útflutningsmála að þessu leyti.

Hitt atriðið varðar þá keðju sendiráða sem við rekum á allmörgum stöðum í veröldinni, ellefu eða tólf munu þau vera. Hingað til hefur þáttur þeirra í útflutnings- og markaðsmálum verið miklu minni en skyldi, ekki þó vegna þess að starfsmenn sendiráðanna eða utanríkisþjónustunnar í heild væru ekki fúsir til þess, heldur hafa þeim einfaldlega verið falin önnur verkefni sem forgangsverkefni og þess vegna ekki gefist tími eða tækifæri til að sinna þessum verkefnum sem skyldi. Þá hafa sérfróðir menn ekki nema í mjög litlum mæli verið ráðnir til starfa í sendiráðunum að markaðsleitarmálum, en þó með nokkrum ágætum undantekningum. M. a. núverandi skrifstofustjóri í viðskrn. sem starfaði sem verslunarfulltrúi í París í allmörg ár.

Hér þarf að gera á grundvallarbreytingu. Við þurfum að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna frá grunni með viðskipta- og markaðssjónarmið að leiðarljósi. Í skýrslu utanrrh., sem hann gaf hér í Sþ. fyrir nokkrum dögum, vék hann að nauðsyn þess að stofna a. m. k. ný sendiráð í Japan, Kanada og Finnlandi. Ég læt liggja á milli hluta nauðsyn þess að stofna sendiráð í Kanada og Finnlandi, en ég held að fyrir löngu hefðum við átt að stofna sendiráð í Japan sem er eitt mikilvægasta markaðssvæði okkar og þar sem markaðir eru að opnast fyrir nýjar sjávarafurðir. Það ætti því ekki að dragast úr hömlu. Það sendiráð á ekki fyrst og fremst að iðka vinsamleg stjórnmálaviðskipti við japönsku ríkisstjórnina og keisarann í Japan, heldur fyrst og fremst að vera markaðssendiráð eins og önnur sendiráð okkar eiga raunar að vera að stórum hluta, þau sem fyrir eru.

Ekki aðeins koma markaðsmálin sem slík, þ. e. sölumál afurða okkar, inn sem eitt af meginhlutverkum sendiráðanna og nýrra liðsmanna sem á þeim vettvangi starfa, heldur minni ég í leiðinni einnig á þær hugmyndir sem iðnrh. setti fram á ársþingi íslenskra iðnrekenda fyrir nokkrum dögum. Hann vék að nauðsyn þess að gerð yrði í fyrsta lagi útrás á erlendan markað fyrir íslenskar iðnaðarvörur en lagði ekki síður áherslu á hitt, að við hefðum fulltrúa erlendis og sendum þá beinlínis út af örkinni, aðallega til Asíulanda en þó miklu víðar um heim, til að koma á viðskiptasamböndum milli fyrirtækja af miðlungsstærð erlendis og íslenskra fyrirtækja sem í samvinnu gætu unnið að vöruþróun og framleiðslu iðnaðarvarnings hér á landi. Til þessarar áætlunar vildi hann verja tilteknum milljónum króna og nefndi m. a. þá staði sem þarna væri hagstæðast að bera niður á, a. m. k. í upphafi.

Þetta er mjög tímabær, sjálfsögð og skynsamleg

tillaga, sem þarna hefur komið fram frá iðnrh. og mjög ber að fagna. Hér erum við að fara inn á algjörlega nýja braut í íslenskum iðnaði, sölumálum hans, markaðsmálum og framleiðslusamvinnumálum við erlenda aðila sem geta mjög gagnast iðnaðinum á komandi árum. En þessa hugmynd og þetta framtak á vitanlega að tengja breyttu hlutverki íslenskra sendiráða og utanríkisþjónustunnar almennt á nákvæmlega sama hátt og viðskiptamálin eiga að fá þar miklu hærri sess. Í væntanlegu sendiráði í Japan eiga ekki aðeins að vera fulltrúar fyrir sölu á íslenskum afurðum heldur einnig iðnaðarsendifulltrúar sem leita slíkra tækifæra. Þannig á það að vera miklu víðar um heim. Við eigum að breyta utanríkisþjónustunni að þessu leyti og fá henni þar nýjan farveg.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þessi till. er ekki um að banna SÍS. Þessi till. er ekki um að banna SH. Mér finnst sumir tala hér eins og tillagan sé um það að banna einhver fyrirtæki sem fyrir hendi eru í landinu. Hún er alls ekki um það. Hún er um það að auka frelsi, koma á frelsi í útflutningsverslun. Þessi fyrirtæki eiga að fá að keppa við önnur fyrirtæki í þeirri grein eða kannske væri réttara að orða það þannig að önnur fyrirtæki eiga að fá að keppa við þessi.

Menn hafa flutt hér eins konar tækifærisræður um það hvað markaðsöflun væri göfugt og fagurt hlutverk og hvað hjarta þeirra slægi í takt við það göfuga markmið. En svo þegar kemur að kjarna málsins slá menn úr og í. Þá vita þeir ekkert hvað þeir vilja. Þá vilja menn helst engu breyta. Þá er þetta ekki þess virði að menn séu að standa í því. Þá er farið háðulegum orðum um það að menn skuli hafa uppi hugmyndir um að taka upp ný vinnubrögð í þessum efnum.

Það athyglisverðasta í ræðum fulltrúa Sjálfstfl. tveggja sem hér hafa talað, annars vegar hæstv. viðskrh. og hins vegar hv. þm. Valdimars Indriðasonar, er það að þeir sögðu báðir efnislega: Við treystum ekki útflytjendum til að taka skynsamlegar ákvarðanir. Við verðum að taka þessar ákvarðanir fyrir þá. Þess vegna verðum við að vera með leyfisbindingu í þessum efnum. Það getur ekki verið nein önnur ástæða til að vera með leyfisbindingu en sú að menn treysti ekki útflutningsaðilum til að taka ákvarðanirnar sjálfir.

Hvernig má það vera að þessir sömu menn skuli treysta sauðsvörtum almúganum til að taka ákvarðanir sjálfir um hvað þeir kaupa? Innflutningurinn er frjáls og menn fá að kaupa hvað sem þeir vilja. Mér hefur skilist að eitt af því sem fulltrúar Sjálfstfl. teldu væri að það ætti ekki að vera með forsjá af þessu tagi, að hinir einstöku aðilar ættu að fá að taka sínar ákvarðanir sjálfir og þá yrðu ákvarðanirnar betri en þegar þeir væru undir opinberri forsjá. Mér hefur skilist það. Hv. þm. Ellert Schram talaði út frá því sjónarhorni.

Þetta er kjarni málsins. Hæstv. ráðh. stóð hér upp og lýsti í rauninni kostum einokunar með mörgum orðum. Þessi fulltrúi Sjálfstfl., hæstv. ráðh., rakti það hversu mikilvægir kostir væru í einokun. Hvernig gengur þetta upp? Hvernig stendur á því að hæstv. ráðh. treystir ekki framleiðsluaðilunum á sama tíma og hann treystir sauðsvörtum almúganum til að taka ákvarðanir um það hvað hann kaupir? Þetta er kjarni málsins.

Í þeim orðum, sem hæstv. ráðh. hafði hér um þetta mál, er líka fólgið það að hann trúir ekki á áræði eða frumkvæði manna í þessum efnum. Hann setur það fyrir sig að menn muni gera glappaskot og þetta muni þá lenda í miklum ógöngum. Er þetta virkilega álit manna á útflutningsframleiðendum að þeir muni standa í einberum glappaskotum ef þeir fá aukið frelsi? Ég gat ekki skilið þær ræður sem hér voru fluttar öðruvísi.

Hv. þm. Valdimar Indriðason talaði mikið um t. d. síldarútvegsnefnd og útflutninginn á saltfiski. Hann sagði: Það eru engir framleiðendur sem vilja breyta núverandi fyrirkomulagi. Þeir hafa sjálfir óskað eftir að vera í þessum samtökum. — Þessi till. er ekkert um að banna mönnum að vera í þessum samtökum, hún er ekkert um það að þeir geti ekki notfært sér sömu sölusamtök. Að sjálfsögðu. (**VI:** Það er ekki frelsi.) Er það ekki frelsi? (**VI:** Ekki í mínum huga.) Nú líst mér á hv. þm., nú hefur hann heldur betur ruglast í ríminu. Ég er svo aldeilis hissa. Þegar ég er að tala um það að framleiðendur eigi að fá að taka ákvarðanir sjálfir en ráðh. eigi ekki að taka þær fyrir þá, það er ekki frelsi? Eiga þeir ekki að fá frelsi til að vera þar sem þeir vilja vera? Hef ég ekki tekið fram og þurft að benda mönnum á að hér er ekki verið að banna SH, SÍS eða SÍF, ekki neitt af því tagi? Það eina sem þetta gengur út á — en það er líka stórt — er að aðrir fái tækifæri til að spreyta sig líka.

Ef lýsing hv. þm. Valdimars Indriðasonar er rétt og gildir um þessi sölusamtök skil ég ekki hvað hann óttast. Hann talaði líka um Ameríkumarkað og sagði að hann væri sérlega viðkvæmur. En ég vil bara benda hv. þm. á að Ameríka er dálítið stór og þegar við tölum um Ameríkumarkað hérna erum við að tala um þann Ameríkumarkað sem við erum á sem er ekki nema lítill hluti Bandaríkjanna. Hv. þm. — og mér skildist líka hæstv. ráðh. — taldi að það væri í lagi ef þetta væri eitthvað nýtt. Ef þetta væri eitthvað sem við hefðum ekki verið í þá mættu aðrir spreyta sig svona einhvers staðar á röndinni.

En hvað er þá nýtt? Er það einungis nýtt ef við finnum einhvern nýjan fisk sem ekki hefur verið veiddur hingað til? Getur ekki verið að það sé nýtt að ganga frá vörunni með öðrum hætti en gert hefur verið? En kjarni þessa máls er engu að síður þessi spurning: Treysta menn framleiðendum til að taka skynsamlegar ákvarðanir rétt eins og sauðsvörtum almúganum er treyst til þess skv. því kerfi sem í gildi er? Eða vantreysta menn framleiðendunum og telja að þeir séu langtum heimskari og vitlausari en venjulegt fólk sem kaupir hvað sem það lystir hér á landi — þetta er kjarni málsins — og telja að þess vegna þurfi forsjá og boð og bönn? Framleiðendur eiga að velja það sjálfir hvernig þessum málum sé fyrir komið fyrir hvern og einn þeirra, hvort þeir vilja láta núverandi sölusamtök selja fyrir sig eða ekki.

Hv. þm. Valdimar Indriðason talaði um að það mundi verða svo mikil eftirspurn eftir íslenskum fiski að það yrði vandi að selja hann. Það eina sem getur réttlætt einokun er að það sé mikill vandi að selja fiskinn vegna þess að það sé ekki nægileg eftirspurn eftir honum. Hv. þm. Skúli Alexandersson nefndi einmitt dæmið um það. Það var skreiðin í Nígeríu sem ómögulegt er að koma þar á markað. Hann sagði: Það hefur skaðað að þar hafa verið svona margir aðilar eftir að markaðurinn lokaðist. Það var allt í lagi meðan markaðurinn var góður, en ekki eftir að hann hafði

lokast. Það er eina réttlætingin fyrir því að vera með einokun á þessu sviði að menn séu þannig í algerri varnarstöðu og verði að verja sig.

Framtíðarspá hv. þm. Valdimars Indriðasonar var þess vegna enn þá frekari röksemd fyrir því að koma á frelsi í greinunum. Hann benti á að það væru ýmsir markaðir sem menn væru að uppgötva núna, Japan t. d., sem menn hefðu verið allt of seinir á sér að uppgötva vegna þess að kerfið er allt of stirðnað, of staðnað og stirt. Það er það sem er að og það er það sem við erum að reyna að gera tilraun til að fá bætt úr.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta núna. Ræða hv. þm. Skúla Alexanderssonar hefði gefið tilefni til margvíslegra andsvara. En úr því að hann er fjarstaddur skal ég að mestu hlífast við því. Eins furðulegan málflutning hef ég sjaldan heyrt. Hann snéri hér út úr varðandi leyfilega stjórn á fiskveiðum þar sem við fluttum till. um að það yrði athugað hvernig því yrði fyrirkomið vegna þess að við vorum ekkert ánægðir með þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og það kerfi sem er við lýði og teljum að menn eigi að rannsaka hvernig sé skárst að koma því fyrir. Þar er líka tekið fram að menn verði að velja það kerfi sem hefur sem minnst skrifræði í för með sér. Hv. þm. hafði því snúið öllu á haus að því er þetta varðar. Hann talaði gegn þessari þáltill. hér en síðan sagði hann: „Lítil fyrirtæki geta ekkert í markaðsþróun, það eru bara gömlu, góðu, sterku, stóru fyrirtækin eins og SH og SÍS sem geta eitthvað.“ En samt, ef þetta er staðreyndin, hvað er hann þá að óttast? Hvers vegna mega þau litlu þá ekki reyna að spreyta sig? Það skyldi þó ekki vera að það sé einhvers staðar ein lítil spíra sem gæti skilað afrakstri og sem væri mikils virði. En röksemdafærslan stendur gersamlega á haus þannig að það stendur ekki steinn yfir steini í þeirri ræðu.

Herra forseti. Ég vænti þess að þessi till. fái skjóta og góða afgreiðslu í þinginu og tel mikils um vert að þingið manni sig nú upp í að taka afstöðu í þessum efnum þannig að það liggi fyrir hverjir það eru sem vilja frelsi og hverjir það eru sem heimta höft.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till., hv. 3. þm. Reykn., sagði að viðskrh. treysti ekki framleiðendum í þessu máli. Hvaða reglugerð er þm. að fara fram á að viðskrh. breyti? Það skyldi þó ekki vera reglugerð sem hann gaf út sjálfur? Getur það verið að hann hafi ekki treyst framleiðendum einhvern tíma? Getur það verið að hann hafi talið það réttara að hafa eftirlit, eins og hér var komist að orði, með því hvernig útflutningsmálum sé háttað? Hann sagði að viðskrh. treysti sauðsvörtum almúganum fyrir innflutningsmálum en ekki framleiðendunum. Hér flytur hann till. um innflutningsfrelsi í gær, breytingu á eigin reglugerð, útflutningsfrelsi í dag, breytingu á eigin reglugerð. (**Gripið fram í:** Batnandi mönnum er best að lifa.) Rétt, spurningin er bara hvenær við fáum að heyra um úrsögn hv. þm. úr Alþfl. og inngöngubeiðni í flokkinn sem við hv. 6. þm. Reykv. erum í skv. því sem hann talar hér á þessum fundi í dag og í gær. (Gripið fram í.) Við erum í sama flokki, það liggur alveg ljóst fyrir, ég kem að því hér örlítið síðar. (**GSig:** Sama þingflokki líka.) Meira að segja í sama þingflokki, já, já, já, já, það er alveg ljóst mál.

Hv. 1. flm. vék að því að ég treysti ekki framleiðendum. Síðan var verið að tala um einokunarfyrirtæki. Hverjir eru það sem eru aðilar að þessum samtökum, Skreiðarsamlagi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. fiskframleiðenda, síldarútvegsnefnd? Eru það ekki framleiðendurnir sem hafa talið þetta skynsamlegustu aðferðina fyrir sig við þær kringumstæður sem þeir starfa?

Það var verið að undirrita í gær samning á milli íslensku ríkisstj. og sovésku ríkisstj. um síld. Undir hvaða öðrum kringumstæðum skyldi það hafa gerst? Við verðum bara að átta okkur á því að við mælumst ekki einir við. Hvernig skyldi saltfisksala til Portúgals geta gerst þegar um er að ræða einn innflytjanda til Portúgals? (**KJóh:** Hvernig er með Reagan?) Ég var að tala um saltfisk og Portúgal. (**KJóh:** Við erum að tala um útflutning.) Ég var að tala um saltfisk og Portúgal og það kom ekki í hug minn að Reagan væri þar.

Við skulum bregða okkur til Bretlands. Það flytja allir út þangað. Það er, eins og hér var réttilega sagt áðan, vegna eftirlits sem pappírar eru stimplaðir. Við skulum fara til Reagans úr því að hv. 3. þm. Reykn. vill hafa hann að leiðarljósi. Það eru ekki bara sjálfstæðismenn og Sjálfstfl. hér heldur eru það líka repúblikanarnir í Bandaríkjunum sem eru hans leiðarljós eftir því sem mér heyrist. Hvernig er það í Bandaríkjunum? Við flytjum út ferskan fisk þar. Það er ekkert gert annað en að stimpla. Það eru fluttar út fisktegundir til Bandaríkjanna af útflytjendum hér. Það er hins vegar í sambandi við ákveðna tegund af fiski sem er flutt út af ákveðnum aðilum að menn telja skynsamlegra að haga hlutunum með þeim hættti sem þar er gert.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að ræða hér um mikið hagsmunamál þegar um er að ræða útflutning. Þó að það sé ósköp eðlilegt að menn skipti um skoðun hafa engar forsendur breyst í þessum málum frá því að þessi reglugerð var gefin út nema að það sé hugarfarsbreyting hjá þm. sem flytja þessa till.

Í dag er hægt að flytja út og það þarf engu að breyta til að gera þá hluti sem hv. þm. talar um. Það eina sem hér er gert ráð fyrir er að hið opinbera geti haft eftirlit með því að útflutningnum sé hagað þannig að það sé þjóðarbúinu fyrir bestu. Það er allt og sumt.

Við skulum átta okkur á því að framleiðendurnir eru ekki í sínum samtökum bara svona upp á grín, þeir eru það vegna þess að þeir telja hag sínum betur borgið. Við skulum gera okkur grein fyrir því að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda er ekki stofnað 1932 bara upp á punt. Menn áttuðu sig á því að þau undirboð sem þá voru á erlendum mörkuðum ástunduð af íslenskum framleiðendum voru engum til góðs. Þetta er merginn málsins.

Hér kom hv. 2. þm. Reykn. inn á ákveðin mál sem eru ekki hvað þýðingarminnst í sambandi við útflutning, þ. e. breytingar á málefnum banka og gjaldeyrismála. Þar hafa verið gerðar ýmsar breytingar og er enn verið að gera og munu verða gerðar einmitt til að lagfæra í sambandi við útflutninginn. Hv. 4. þm. Vesturl. kom með dæmi þar um varðandi útflutning og fyrirgreiðslu í sambandi við banka á s. l. ári.

Ég held að það sé miklu skynsamlegra fyrir okkur að reyna að einbeita okkur að því að koma þeirri vöru, sem við framleiðum, á markaði, vinna markaði. En um leið og við höfum unnið þá skulum við ekki haga okkur

þannig að þeir stórskemmist.

Hér kom hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson og gaf í skyn umsagnaraðild samtaka framleiðenda. Það er alrangt, það kannast ég ekki við og ég veit að mínir forverar í viðskrn. kannast ekki við það heldur.

Í upphafi ræðu hv. 6. þm. Reykv. sagðist hann hafa haft fregnir af því að ég hafi talað gegn frelsi á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Hann orðaði það svo að ég hefði gert það líka í ræðu minni hér áðan. Honum hefur verið sagt rangt til ef það hefur verið gert því að það var einmitt ekki svo að ég talaði gegn frelsi í útflutningi, ég benti einmitt á að ég hefði aukið frelsi í útflutningi. Iðnaðarvörurnar voru ekki frjálsar þegar hv. 3. þm. Reykn. var viðskrh. en þær eru frjálsar í dag. Ég vil eins mikið frelsi í útflutningi og mögulegt er. Ég er alveg sammála hv. þm. Þegar hann lauk sínu máli var hann kominn að nákvæmlega sömu niðurstöðu og ég í minni ræðu, að við skyldum hafa eins mikið frelsi og við gætum, það væri ekki skynsamlegt að hafa þetta galopið og við yrðum að hafa eftirlit. Þetta er akkúrat sú niðurstaða sem ég komst að í minni ræðu. Mér fannst hins vegar rétt, þar sem við vorum að ræða útflutningsmál og gagnrýni á það sem sumir kalla einokunarhringi, þ. e. samtök framleiðenda, að vekja athygli á hvernig þeir óska eftir því að þessum málum sé hagað. Ég tel að þar hafi verið unnið mjög gott verk sem okkur ber að virða, ekki bara vegna þess að það hafi verið unnið heldur að það hefur skilað okkur árangri og skilar okkur árangri í dag.

Við eigum tvímælalaust að haga okkar útflutningi þannig að það skili þjóðarbúinu sem bestum árangri. Ef við virðum fyrir okkur hinar ýmsu vörutegundir í sjávarafurðum sem seldar eru þá er þetta með nokkuð mismunandi hætti. Það hefur verið vikið að síldinni, skreiðinni, saltfiski, ferskum fiski og það hefur verið vikið að frystum fiski. Þetta er nokkuð sitt með hverjum hætti og á hverjum stað er það eins og menn hafa talið skynsamlegast. Eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði — og ég er honum sammála — gerist það ekki öðruvísi en að haft verði eftirlit. En með samþykkt á þessari till., sem hér er til umr., yrði það ekki gert. Ég er sannfærður um að það er ekki það sem þeir vilja sem vilja eins mikið frelsi og mögulegt er, þeir vilja það með þeim hætti að skynsamlegt eftirlit til að tryggja hagsmuni þjóðarbúsins verði viðhaft.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það hafa komið fram nokkrar mjög athyglisverðar og ég vil segja merkilegar upplýsingar í þessum umræðum. Í fyrsta lagi fer það ekki leynt hvað sumir hv. þm. eru hræddir við Framsfl. Ég þarf ekki að fara frekari orðum um það nema ég gæti vitnað í hv. þm. Stefán Benediktsson og hv. formann þingflokks Alþb. Það voru líka alveg nýjar og óvæntar upplýsingar að hv. 6. þm. Reykv. væri í þingflokki Sjálfstfl. Og í þriðja lagi var það mjög merkilegt og athyglisvert að sú reglugerð sem hv. 3. þm. Reykn. er að gera hér að umræðuefni og skammast út af er einmitt sett af honum sjálfum. Allt er þetta merkilegt.

En ég stóð ekki upp fyrst og fremst til að vekja athygli á þessum atriðum. Ég stóð hér upp vegna þess að hv. 2. þm. Reykn. virtist ekki vera vel heima í hvernig málum er háttað í sambandi við útflutning á landbúnaðarafurðum. Svo er háttað þeim málum að það er ekkert sláturhús sem hefur leyfi samkv. erlendum reglum til að flytja út t. d. kindakjöt nema sláturhús sem eru á vegum þeirra kaupfélaga sem Sambandið hefur umboðssölu fyrir. Þó að þessi till. hv. þm. Alþfl. mundi verða samþykkt er engin breyting á þessu.

Ég vil benda á það t. d. að fyrirtæki norður á Sauðárkróki hefur keypt gærur og þvegið þær, kallað það piklaðar gærur og til skamms tíma selt þær til Póllands. Nú er það lokað.

Ég fór fyrir nokkrum árum til Noregs og ræddi þar við ráðamenn út af útflutningi kindakjöts þangað. Þar er einn maður sem hafði leyfi til að flytja inn kjöt frá Íslandi. Ég hef verið að þreifa fyrir mér, bæði gagnvart honum og ráðh., hvort ekki væri hægt að vinna þetta heima, setja þetta í aðrar umbúðir o. s. frv. Það er sett alveg blátt bann við því. Bændasamtökin í Noregi vildu hafa þetta svona og það kom ekki til greina að Norðmenn tækju við okkar kjöti. Þetta var mikilvægasti útflutningur okkar þá eins og hv. þm. muna eftir. Það var ekki talað um annað en að flytja þetta út í grisjum og þeir ynnu þetta sjálfir. Menn verða að athuga hvernig að þessum málum er staðið. Hafa menn virkilega trú á því t. d. með saltsíldina að haldast mundi uppi það verð sem síldarútvegsnefnd hefur tekist að fá fyrir síldina ef margir aðilar væru að bjóða síldina á þessum þröngu mörkuðum sem við þurfum að semja um verðið á? Halda menn það?

Menn verða að passa sig á því að vera ekki svo trúaðir á frelsið að það hangi eins og myllusteinn við hálsinn á þeim.

Ég vil bæta því við að fyrir nokkrum árum varð Sambandið fyrir aðkasti hvað eftir annað á stéttarsambandsfundum út af því hvernig það stæði að útflutningi á landbúnaðarvörum og sett var nefnd sem átti að rannsaka þetta. Nefndin fór töluvert mikið um og sendi menn til að reyna að athuga þá markaði sem sögusagnir voru um að væru fyrir hendi. En hver var árangurinn? Árangurinn sýndi að þetta var fleipur eitt. Þessari nefnd, sem lagði sig fram að reyna að finna þá, tókst það ekki, því miður.

Þó að ég segi þetta er ég alveg með því að menn spreyti sig á því að reyna að finna markað og ég tek undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði um viðskiptafulltrúa á vegum utanrrn. í öllum sendiráðum. Það er bara allt annað mál. En við megum ekki vera svo trúaðir á frelsið að við stefnum okkar framleiðsluvörum í hættu hvað verð snertir. Sumir af þeim mönnum sem nú eru í viðskiptum eru óprúttnir að selja sína vöru eða kaupa sína vöru. Væri hægt að ræða þau mál frekar bæði hér og annars staðar.

Ég vil að þetta komi hér fram vegna þess að menn ræða um t. d. útflutninginn á landbúnaðarvörum á þann veg að það leynir sér ekki að menn þekkja það ekki nógu vel. Við vitum hvernig þessi mál standa í flestum löndum í nágrenninu. Það er sú landbúnaðarpólitík t. d. í Noregi að þar eru milli 30 og 40 mismunandi styrkir til bænda, t. d. í sambandi við sauðfjárafurðir. Bændur í Noregi fá verulega mikið hærra verð fyrir t. d. sínar sauðfjárafurðir en bændur á Íslandi.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Við þurfum á öllu okkar að halda til þess að reyna að halda uppi sem hæstu verði á okkar framleiðslu og haga okkur þannig að við séum ekki í hættu með það. Í sumum

tilvikum er þetta það þröngt og svo viðkvæmt að ekki er hægt að hafa það nema á einni hendi. Hitt er það að það getur vel verið að ekki sé óskynsamleg lausn að koma á kerfi eins og er t. d. í Noregi. Það vill svo til að formaður útflutningsráðs Norðmanna, sem þekkir marga á Íslandi, er giftur íslenskri konu. Hann hefur dvalist hér, dvaldi hér á stríðsárunum öllum. Þennan mann þekki ég persónulega. Hjá Norðmönnum er mjög skynsamlega að þessum málum staðið. Það eru margir aðilar í þessu ráði. Þar eru margs konar hagsmunir í veði. Margir eiga aðgang að þessu ráði og hafa þar a. m. k. umsögn í sambandi við þau vinnubrögð sem þar eru höfð í frammi.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er mjög gaman að hæstv. viðskrh. þegar hann kemur upp í stólinn til að skemmta sér yfir því að ég skuli flytja tillögu á grundvelli reglugerðar og um breytingu á reglugerð sem ég hafi sjálfur gefið út. Ég hef ekki dregið neina dul á að ég hafi gefið út þessa reglugerð, en mér finnst alveg sjálfsagt að málin séu skoðuð þó að reglugerðin sé út gefin af mér. En það er ekki meginerindi mitt hingað upp í stólinn, heldur hitt að fáein atriði af því sem annars vegar ráðh. og hins vegar hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði áðan vekja til umhugsunar.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að menn skyldu íhuga hvað það væru til óprúttnir menn að því er varðaði sölu á afurðum og reyndar kaup líka. Hér kemur fram það viðhorf að framleiðendunum er ekki treyst til að taka skynsamlegar ákvarðanir. Væntanlega er það svo að þessi óprúttnu aðilar, sem áttu að hafa keypt vörurnar, hafa keypt þær af einhverjum og þá væntanlega framleiðendunum.

Menn tala um þrönga markaði hjá okkur. Það getur verið að í vissum greinum og á vissum tímum séu þröngir markaðir, en það er ekki almennt eða alltaf. Hv. þm. Valdimar Indriðason var að lýsa framtíðarmöguleikum í sambandi við sjávarútveginn svo að menn geta ekki haft það eitt að leiðarljósi að ævinlega verði mjög þröngir markaðir. Þar að auki sannar röksemdin um þrönga markaði ekkert sérstakt í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri auðvitað framleiðendanna í sjávarútveginum að taka ákvörðun um hvernig þeir vildu haga þessum málum. Það er rétt. Þeir eiga að fá að taka ákvarðanir um að nota SÍF eða SH eða SÍS eða hvern þann aðila sem þeir vilja til að selja sínar vörur. Það er enginn að meina þeim það með þessari till. Alls ekki. Það er einmitt verið að tryggja að þeir fái að ráða því hvernig þessum málum sé hagað. Það sem hins vegar felst í orðum ráðh., þegar hann vill engu breyta, er að hann heimtar ekki að þeir fái að ráða, heldur að hann fái sjálfur að ráða því. Það er ákvörðunarvald ráðh. sem er hér til umræðu, skömmtunarvald ráðh., og það vill hann ekki skerða. Það er ekki spurningin um að framleiðendurnir ráði, heldur spurningin um að ráðh. fái að ráða og skammta. Því vill hann ekki breyta.

Hæstv. ráðh. sagði að menn yrðu auðvitað að hugsa um þjóðarhag í þessu máli. Það er rétt. Auðvitað eiga menn að hugsa um þjóðarhag. En viðhorf ráðh. er að hann hafi vitið að því er varðar þjóðarhag. Hæstv. ráðh. er að segja: Ég á að ráða þessu. Ég veit um þjóðarhag. Hæstv. ráðh. er að segja: Þjóðarhagur, það er ég.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, þáltill. 339. mál (þskj. 541). — Ein umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Að því hníga þung rök að íslensk skáld séu hjartfólgnari þjóð sinni en gerist með milljónaþjóðum, enda er skáldskaparhefð okkar rík og jafngömul fyrstu byggð hér á landi. Tungan er torlærð og skilin af fáum mönnum erlendum svo að þeir geti notið bókmennta okkar til hlítar. Hvort tveggja veldur því að þjóðinni er annt um sóma skálda sinna á erlendum vettvangi, en þau eru hins vegar ekki metin af verkum sínum þar eins og þau eru skrifuð á íslensku.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs eru veitt árlega og ber hverri þjóð að leggja fram tvö skáldrit á þeim tungum sem talaðar eru í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð. Finnar hafa þá sérstöðu að ríkismálin eru tvö, sænska og finnska, og margir þeirra jafnvígir á hvort þeirra sem er, enda eiga þeir athyglisverða bókmenntahefð að baki á þeim tungum báðum. Færeyingar skrifa dönsku og færeysku jöfnum höndum enn sem komið er. Af þeim sökum er auðvelt fyrir finnskt skáld eða færeyskt að fá verkum sínum snúið á sænsku eða dönsku og leiðrétta þýðingarnar og lagfæra eftir því sem þörf krefur.

Þetta horfir öðruvísi við okkur Íslendingum. Sænsk tunga hefur aldrei fest hér rætur og enginn stafur er fyrir því að hún sé okkur tamari en til að mynda enska, franska eða þýska þó svo að við höfum deilt konungi með Dönum svo öldum skiptir.

Að sjálfsögðu hljótum við Íslendingar að minna á að íslenskan geymir ein sem lifandi mál elstu skáldverk og bókmenntir norrænna manna. Fyrir þá sök ætti metnaður allra norrænna þjóða að standa til þess að íslensk tunga sé virt til jafns við aðrar tungur norrænar þegar að því kemur að úthluta bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Skiptir í því efni ekki máli þótt Íslendingar séu færri en Danir, Norðmenn eða Svíar.

Þótt það sé glöggt af íslenskum sjónarhól að íslenska skuli jafngild öðrum tungum norrænum til bókmenntaverðlauna eru flm. við því búnir að andmælum verði hreyft gegn því af mörgum þm. í Norðurlandaráði svo að málið dagi þar uppi eða falli. Þær mótbárur hafa m. ö. o. heyrst að íslenskan sniði öðrum þjóðum á Norðurlöndum of þröngan stakk, þ. e. þær yrðu að ganga undir það jarðarmen að í dómnefnd veldust einungis þeir sem vald hefðu á þessari fjarlægu tungu, íslenskunni, þvílíkir menn séu fágætir svo að valið yrði einhæft um of þegar til lengdar léti. Með sömu rökum má segja að úrval þeirra, sem færir eru um að snúa íslenskum skáldritum á tungur Dana, Norðmanna eða Svía, sé bundið við fáa einstaklinga svo að hætt sé við að þýðingarnar verði einhæfar þegar fram í sækir. Flm. óttast m. ö. o. að íslenskan fái ekki að njóta sannmælis enn um sinn þó svo að íslensk skáld og rithöfundar gjaldi þess.

Að þessu sinni völdu Íslendingar „36 ljóð“ eftir Hannes Pétursson og „New York“ eftir Kristján Karlsson vegna veitingar bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 1985. Hannes Pétursson lagði stund á germönsk fræði og bókmenntir í Þýskalandi. Kristján Karlsson bjó

um árabil vestanhafs og hefur gefið út ljóð á íslensku og ensku, enda jafnvígur á þær tungur báðar. Eins og skilyrðin eru var sú leið lokuð að hann sneri ljóðum sínum sjálfur á ensku sem þó verður að ætla að gæfi dómnefnd bókmenntaverðlauna ekki síður hugmynd um gildi ljóða hans en þýðing annars manns á sömu ljóðum á nýnorsku. Höfundareinkenni hljóta að dofna þegar annar maður en höfundur kemur til sögunnar, orðar alla hugsun að nýju og ræður hinni endanlegu gerð ljóðsins.

Einhverjir bestu þýðendur á íslenska tungu, Einar Benediktsson, Skuggi, Magnús Ásgeirsson og Helgi Hálfdanarson spreyttu sig allir á Ferhendum tjaldarans eða Rubáiyát og eru þýðingarnar allar snjallar, en bera þó skýr höfundareinkenni sinna þýðenda. Gunnar Gunnarsson skrifaði nær allar bækur sínar á danska tungu og Einar Kvaran, Magnús Ásgeirsson og Halldór Laxness íslenskuðu þær í rómuðum þýðingum, en þó var Gunnar ekki í rónni fyrr en hann hafði sjálfur lokið því sama verki.

Flm. hafa ekki séð þær þýðingar sem að þessu sinni voru lagðar til grundvallar við úthlutum bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hafa ekki ástæðu til að ætla annað en að þær séu góðar. Þessi till. má því ekki skoðast sem gagnrýni á Inge Knutsson og Knut Ødegård.

Ef þm. í Norðurlandaráði treysta sér ekki til að falla frá andstöðu við íslenskuna er einsýnt að látið sé á það reyna hvort þeir unni íslenskum skáldum og rithöfundum þeirrar sanngirni að vera ekki rígbundnir við tungur Dana, Norðmanna og Svía. Fyrir þá sök er hér lagt til að Íslendingum verði heimilt að leggja verk sín fram á ensku, frönsku eða þýsku. Með því næst að vísu ekki fullur jöfnuður, fjarri því, en það yrði samt spor í átt til jafnaðar.

Herra forseti. Þetta er grg. sem fylgdi till. til þál. um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs svohljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að beita sér fyrir því að reglum um tilhögun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs verði breytt á þann veg að Íslendingar leggi bókmenntaverk sín fram á íslensku. Að öðrum kosti sé þeim heimilt að leggja fram þýðingar á ensku, frönsku eða þýsku engu síður en dönsku, norsku eða sænsku."

Þessi till. er mjög hógvær og grg. sömuleiðis. Það olli mér því miklum vonbrigðum þegar ég frétti af og hef nú lesið undirtektir íslenskra alþm., sem í Norðurlandaráði sátu, við þessa till. Ég held að alþm. hljóti að vera kunnugt að þeir eru fágætir og hafa verið fágætir þeir menn sem hafa með fullri reisn getað snúið íslenskum skáldverkum, ég tala ekki um ljóðum, með þeim hætti á erlendar tungur að sómi sé að. Ég get tekið sem dæmi hið breska skáld Auden, sem þýddi ýmis ljóð úr Sæmundar-Eddu. Væri það nú skoðun Íslendinga í Norðurlandaráði að þvílíkt höfuðskáld væri ekki þess virði, ef hann legði fyrir sig að snúa ljóðum samtímaskálda yfir á enska tungu, þá væri hann óverðugur þess að hægt væri að leggja hann fram til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs til rökstuðnings því að íslensk skáld hefðu mikinn boðskap að flytja og þá andagift sem hann hrífur með sér?

Mér er t. d. kunnugt um að annað þeirra skálda sem að þessu sinni áttu bók sem valin var vegna bókmenntaverðlauna, Kristján Karlsson, hefur verið í nánu sambandi við mann sem hefur snúið verkum hans á enska tungu. Ég get ekki skilið að það gæti orðið neinum Íslendingi til tjóns þó svo að slík þýðing yrði lögð fram til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs til stuðnings og styrktar því að menn annarra þjóða geti skilið hver sé boðskapur, hvert sé ágæti og hver séu helstu einkenni hinna íslensku skálda. Ég get vel komið til móts við það sjónarmið, sem ég sé að hinn finnski menntmrh. hygg ég að hann sé hefur, að það kunni að vera svo að þeir menn sem veljist til þess að kjósa skáldverk til bókmenntaverðlauna kunni ekki skil á þessum höfuðtungum þrem Evrópubúa, þýsku, frönsku og ensku. En er þá nokkuð því til fyrirstöðu að við sjáum svo um að úrvalsþýðingar verði lagðar fram samtímis þýðingum á skandinavísku, þegar við vitum það líka að þær þýðingar hafa verið mjög misjafnar og stundum svo að þýtt er stafrétt og menn kannast ekki við að umsnúningurinn á þessi mál fyrirfinnist í viðkomandi móðurmáli? Ég get tekið sem dæmi það sem hv. þm. Árni Johnsen hafði yfir í sjónvarpsþætti, þegar það var þýtt stafrétt að sólin stafar geislum. Mér skilst að þar hafi verið notuð sögnin „að skrifa" í hinni dönsku þýðingu. (**Menntmrh.:** Þetta er orðrétt þýðing.) Orðrétt þýðing? Er ekki í hinni dönsku þýðingu „skriver"? Var það ekki sagt? (**Gripið fram í:** Var þetta ekki á norsku?) Var það á norsku? Ekki skiptir það máli. (**Gripið fram í:** Það skiptir máli að það er orðrétt þýðing, þm.) Það er nú ekki orðrétt þýðing. Í fornu máli þýðir sögnin að skrifa að mála. Það er talað um það í Egilssögu. Ef við förum til upprunans, þá er í Egilssögu notað orðið „skrift" í merkingunni ...(**Gripið fram í:** Geislar hennar út um allt... Kann þm. þá vísu?) (**ÁJ:** Það var ekki verið að þýða það.) Geislar hennar út um allt... (**Gripið fram í:** eitt og sama skrifa.) Var það sama og „sólin stafar geislum," ha? Orðin „stafur" í íslenskri tungu — eigum við að nota óvirðulegt orð og segja að stafur merki þarna hið sama og prik? Þetta eru lóðréttir stafir þar sem sólin kemur niður, hinir lóðréttu geislastafir sem menn hafa oft og iðulega séð. Ég tala nú ekki um þegar maður í íslenskuþætti í útvarpinu fer að reyna að útskýra að sólin sé önnum kafin við að drita niður bókstöfum. Ég hef nú aldrei vitað til þess að einn einasti íslenskumaður skildi þetta með þeim hætti. En við skulum alveg sleppa þessu máli.

Við skulum á hinn bóginn harma að íslenskir alþm. skuli vanhugsað setja fótinn fyrir það á þingi Norðurlandaráðs að auka rétt íslenskra skálda til þess að þeirra boðskapur fái að njóta sín á erlendum tungum og í huga erlendra manna. Sú till. sem ég flutti hér ásamt mínum flm. er ekki flutt af einhverri tilgerð. Hún er ekki mín hugarsmíð. Hún er flutt vegna þess að það hefur komið fyrir að íslensk skáld og rithöfundar hafa verið meidd í sínum þýðingum sem lagðar hafa verið fyrir Norðurlandaráð. Það er ástæðan. Þetta er ekki einhver pjatttillaga. Og ætlar einhver þm. að halda því fram t. d., svo að við tökum eitt það mál sem mér skilst að Norðurlandaráð hafi gaman af að fjalla um íslensk skáldverk á, sem er nýnorska, — hvað ætli margir íslenskir menn geti skilið ljóð á nýnorsku svo að þeir geri sér grein fyrir því hvort vel eða illa sé þýtt? Ég þekki íslenska menn sem hafa viljað kynnast skáldum sem yrkja á nýnorsku sem frummáli. Þeir njóta þeirra kvæða betur í þýðingum á önnur mál vegna þess að þeir hafa aldrei heyrt nýnorsku talaða og kunna ekki að meta hana sem bókmenntamál. Ætlar einhver maður hér í þessum sal

að halda því fram að danskur maður skilji boðskap á nýnorsku fremur en íslenskur sem aldrei hefur heyrt hana talaða né alist upp við hana? Ætla íslenskir alþm. að gerast sérstakir boðberar þess að það sé eitthvert ágæti að láta íslensk skáld ganga undir það jarðarmen að ljóð þeirra séu þýdd á afdalamál sem hvergi er talað og það jafnvel stundum af manni sem ólst upp á allt öðru málsvæði? Þetta held ég að sé kjarni málsins.

Ég ætla ekki að standa í langri deilu um þetta mál. Ég veit að þm. munu hugleiða þessa till. Ég veit líka að innan Rithöfundasambandsins hefur þessi till. áhangendur vegna þess að í henni felst engin fyrirlitning á grönnum okkar. — Og niðurlagið á ræðu hv. þm. 5. landsk. þm. Eiðs Guðnasonar í orðaskiptum um þetta mál á Norðurlandaþingi var þess efnis að það var lítt til sóma og ef forseti hefði verið þar sem ber virðingu fyrir sínu embætti hefði hann veitt honum áminningu.

Ég vil líka vekja athygli þingheims á því að hvorugur þeirra þm., ætli það hafi ekki verið tveir, sem mæltu gegn þessari till. á Norðurlandaráði hafði fyrir því að ræða við mig um þetta mál áður og var þeim þó kunnugt um fsp. hv. þm. Árna Johnsen.

Herra forseti. Ég vil að lokum aðeins ítreka þetta: Með þessum tillöguflutningi mínum gengur mér það eitt til að reyna að finna leiðir til þess að íslensk skáld og rithöfundar standi sem næst jafnfætis skáldbræðrum sínum á öðrum Norðurlöndum, við reynum að finna einhverja leið til þess að komast yfir þann þröskuld sem okkar tunga er þegar aðrar þjóðir eru að reyna að kynnast verkum okkar listamanna. Reynslan sýnir að framboð á góðum þýðurum á skandinavísk mál er ekki sem skyldi og þar að auki eigum við skáld sem yrkja á tveim tungum, íslensku og ensku, sem valin hafa verið vegna Norðurlandabókmenntaverðlauna. Ég hef ekki heyrt einn einasta mann halda því fram að það gæti orðið í neins manns huga Íslendingum til hneisu þó t. d. maður eins og Kristján Karlsson hefði lagt ljóðabók sína fram vegna bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs jafnframt á enskri tungu. Sjálft skáldið, sjálfur höfundurinn, yrkir á þessum tungum báðum. Og ég vil spyrja að því: Er það móðgun í huga einhverra manna hér ef hann hefði gert það? Ef við erum að tala um bókmenntaverðlaun fyrir öll Norðurlönd get ég líka fallist á að við skulum reyna að stuðla að því að þau verk, sem þar eru lögð fram, séu þýdd á þessar tungur, dönsku, sænsku og norsku. Við skulum þá líka meina dönsku, sænsku og norsku sem þar eru talaðar. En ég vil segja: Til viðbótar hljótum við að ætlast til þess að fá að leggja þessar þýðingar fram á íslensku. Og ég vil enn fremur segja: Ef íslenskt skáld hefur þýðara á önnur tungumál, höfuðtungur Evrópu, ensku, þýsku og frönsku, þá getur það ekki spillt neinu fyrir neinum, orðið neinum til skammar, rýrt þjóðernisstolt eins eða neins þó þeir menn fái að snúa þessum verkum og þau séu enn fremur lögð fram. Það getur ekki verið ósanngjarnt, ef þeir sem dæma um málin skilja ekki frumtunguna, þótt skáldinu sé gefinn kostur á því að leggja fram tvær þýðingar af sínum verkum, þó svo að önnur þýðingin yrði á ensku eða þýsku.

Ég vil leggja til, herra forseti, að þessari till. sé vísað til hv. allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vegna þessarar till. langar mig til að segja örfá orð. Þá er það fyrst að ég tel að það sé enginn ágreiningur um það að vilja veg íslenskrar tungu sem mestan. Vegur íslenskrar tungu er mikill. Ég vil nú ekki nefna hana grunnmál, enda er ég ekki vanur á sjó, en hugsanlegt væri að tala um íslenskuna sem móðurtungu annarra norrænna mála. Okkar mál er næst því máli sem mun hafa verið talað á Norðurlöndum fyrir svo sem eins og 1000 árum síðan. Okkur hefur lánast að varðveita þetta mál betur en öðrum Norðurlandaþjóðum. Okkar tunga er minna brengluð en það mál sem Danir, Norðmenn og Svíar tala. Hvers vegna höfum við afbakað málið minna? Það er vegna þess að við skrifuðum á íslensku fyrr, við eignuðumst íslenskt ritmál fyrr en aðrar þjóðir. Við vorum kannske ekki eins snjallir í latínu á 12. öld og grannar okkar í Skandinavíu eða Evrópubúar. Við vorum ekki mjög latínulærðir og við höfðum ekki aðra tungu til að tjá okkur á en íslensku.

Ég verð að víkja í allri hógværð sögunni til Húnvetninga því að 1117—1118 var drepið niður penna á Breiðabólstað í Vesturhópi, eins og menn muna, á búi Hafliða Mássonar, vegna þess að það þurfti að hafa glöggar reglur um hvernig ætti að fara að ef einn dræpi annan. Nú eru Húnvetningar, eins og allir vita, og hafa alltaf verið miklir friðmenn en þeir láta ekki óátalið ef einhver fer að drepa annan. Ég held því fram að réttlætiskennd Húnvetninga og vankunnátta þeirra í latínu hafi ráðið því að við Íslendingar eignuðumst okkar ritmál á meðan Saxi fróði og það fólk varð að tjá sig á latínu.

Herra forseti. Þetta er tillaga sem flutt er af dáð og dugnaði en er óþörf. Að ályktа um það að Íslendingar leggi fram verk á íslensku er óþarfi því það er heimilt nú þegar. Það er einmitt það sem gert hefur verið. En venjan hefur hins vegar verið sú að verkin hafa verið þýdd á einhverja af granntungunum.

Bókmenntaverkin eru valin af tveimur mönnum. Nú síðast voru þau valin af Jóhanni Hjálmarssyni og Heimi Pálssyni. Næst munu tvö íslensk bókmenntaverk valin af Jóhanni Hjálmarssyni og Sveini Einarssyni. Þessum mönnum er falið það vald að velja þessi bókmenntaverk og það gera þeir án íhlutunar annarra og bera ábyrgð á sínu vali. Dómnefndin er ekki stærri en þetta. Síðan er þýðandinn samþykktur af höfundi. Það er engum þýðanda nauðgað upp á höfund. Ef höfundur kærir sig ekki um að verk hans sé þýtt á sænsku, dönsku eða norsku þá kemst hann upp með það. Honum helst það fyllilega uppi. Það er engin spurning um það. Hins vegar tekur hann þá áhættu að allir dómnefndarmenn skilji ekki það bókmenntaverk sem lagt er fram. Hann tekur þá áhættu að allir dómnefndarmenn séu ekki læsir á íslenska tungu.

Nú vill reyndar svo til að margir dómnefndarmennirnir geta notið bókmennta á íslensku. Það eru í fyrsta lagi tveir Íslendingar. Síðan situr í dómnefndinni einn Færeyingur. Síðan situr fyrir Noregs hönd í dómnefndinni Ívar Eskeland. Ég biðst afsökunar ef það hefur orðið breyting á með þessa menn, Færeyinginn eða Ívar Eskeland, ég hef ekki fylgst með því, en þeir sátu í dómnefndinni síðast. Þar að auki hinn kunni Íslandsvinur Per Olof Sundman sem sjálfur hefur reyndar hlotið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og mun lesa íslensku að mér er tjáð. Þannig er það alveg ljóst að þarna er dálaglegur hópur manna sem getur notið íslenskra bókmenntaverka. Hins vegar finnst mér ekki

sanngjarnt að gera kröfu til þess að allir dómnefndarmenn séu læsir á íslensku, finnsku, grænlensku og samísku. Það eru merkilegar tungur líka eins og íslenska og ég hygg að það séu sjaldhittir þvílíkir málamenn sem ekki bara skilja þessar tungur allar saman heldur þurfa þeir að vera bókmenntamenn líka og hafa næman smekk. Ég vil leyfa mér að vitna til ályktunar frá ritstjórn Rithöfundasambands Íslands sem ályktaði um þetta mál og taldi þetta vanhugsaða till. Sú ályktun hefur birst í fjölmiðlum. Ég ætla ekki að fara að lesa þessa ályktun alla en vil þó aðeins grípa niður:

„Auðvitað væri æskilegt að verk á íslenska tungu gætu staðið jafnfætis bókum á sænsku, dönsku og norsku fyrir dómnefndinni. Það er ljóst að í flestum þýðingum glatast eitthvað af gæðum hins upprunalega texta. Hvað varðar bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs stöndum við Íslendingar hins vegar í rauninni einungis frammi fyrir vali milli þess að sætta okkur við það forskot sem danskir, sænskir og norskir höfundar óneitanlega hafa eða á hinn bóginn hreinlega hætta þátttöku í samkeppninni. Að halda til streitu kröfunni um að verk skuli eingöngu lögð fram á hinni upphaflegu tungu getur ekki leitt til annars en að verðlaunaveitingunni verði hætt, hún verður óframkvæmanleg. Þá munu íslenskir höfundar endanlega hafa glatað möguleikanum á að hljóta þessi verðlaun. Núverandi framkvæmd þessarar verðlaunaveitingar hefur einnig haft þann kost að á hverju ári hafa verið þýddar tvær nýjar, íslenskar bækur höfundunum að kostnaðarlausu og án þess að þeir hafi fyrir fram gert samning um útgáfu þeirra við erlendan forleggjara, en sá kostnaður mun að sjálfsögðu glatast nái hugmyndir flm. fram að ganga."

Þá skulum við hugleiða það hvort íslenskir rithöfundar eða finnskir rithöfundar hafi verið settir hjá við úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs á undanförnum árum: Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram með haldbærum rökum. Tvö ágæt íslensk bókmenntaverk hafa hlotið verðlaun. Einungis þrjú norsk bókmenntaverk hafa hlotið verðlaun á þessum tíma. Þannig hefur þessi þröskuldur alls ekki reynst Íslendingum ókleifur. Þar að auki hafa fimm Finnar hlotið þessi verðlaun og þar af eru fjórir finnskumælandi og skrifa sín verk á finnsku. Einungis einn af þessum Finnum er sænskumælandi. Auðvitað er þetta þröskuldur en við því er ekkert að gera. Hann er ekki ókleifur eins og dæmin sanna.

Auðvitað eru fjölmörg dæmi þess að illa hafi verið þýtt, sjálfsagt bæði þau bókmenntaverk sem þýdd hafa verið í þessu skyni og þó eru hin náttúrlega miklu fleiri sem öðruvísi eru tilkomin. En ég hef fyrir mér mjög dómbæra menn um það að sumt af þessum þýðingum hafi verið mjög vel af hendi leyst hvað varðar íslensku bókmenntaverkin. Það sem mér finnst algerlega fráleitt við þessa till. er sú hugmynd flm. að gera því skóna að farið verði að leggja fram þýðingar á ensku, þýsku eða frönsku. Það væri sjálfsagt ef hér væri um að ræða t. d. bókmenntaverðlaun sem Evrópuráðið efndi til en mér finnst þetta fráleitt í norrænu samstarfi. Ég er einnig mjög óánægður með hvað mér finnst grg. anga af andnorrænu viðhorfi. T. d. segir hér í grg., með leyfi forseta:

„Þetta horfir öðruvísi við okkur Íslendingum. Dönsk tunga hefur aldrei fest hér rætur og enginn stafur er fyrir því að hún sé okkur tamari en t. a. m. enska, franska eða þýska, þó svo að við höfum deilt konungi með Dönum svo öldum skiptir."

Þetta finnst mér óþarflega og ómaklega fram sett. Ég hef fyrir því Sigurð Nordal prófessor, hann orðaði það svo að danska væri gluggi okkar til umheimsins. Hann skýrði það þannig að það væri heldur minna verk fyrir Íslendinga að læra dönsku þannig að þeir kynnu hana til nokkurrar hlítar og gætu notið á henni bókmennta- og vísindarita heldur en t. d. ensku, þar eð orðaforði ensku er svo miklu meiri en dönsku.

Mér finnst þessi till. vera allt of ameríkaniseruð. Ég tel að við Íslendingar eigum heima í hópi Norðurlanda og ég leggst gegn því að við förum að slíta þau bönd til þess að reyna að tengja okkur fastar við hina engilsaxnesku veröld.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Ég vil aðeins bæta örfáum atriðum, sem hér skipta máli, við það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan.

Það eru tvær ástæður til þess að bækur, sem lagðar eru fram í Norðurlandaráði, eru þýddar á eitthvert hinna norrænu mála. Fyrst til þess að dómnefndarmenn eigi auðveldara með að lesa þær, þeir sem ekki lesa íslensku, en ekki síður eru þær þýddar í því skyni að þær séu tilbúnar til útgáfu á Norðurlöndunum. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs veitir á þessu ári 405 þús. danskar kr. til að koma þessum bókum út. Meiningin með verðlaunum Norðurlandaráðs er ekki síst sú fyrir utan að veita höfundum viðurkenningu að kynna bókmenntir milli þessara landa sem standa að því sem við köllum Norðurlönd. Það er þess vegna tæplega hægt að ætlast til þess að norræn samvinna og stofnanir hennar séu að eyða fé í að þýða bækurnar á önnur tungumál en Norðurlandatungumálin því að til þess er leikurinn gerður, að kynna bókmenntir Norðurlandanna á Norðurlöndum öllum. Þetta hélt ég að hver einasti maður vissi.

En fyrst hefði ég auðvitað átt að geta þess að hér í till. til þál. er skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir því að reglum um tilhögun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs verði breytt á þann veg að Íslendingar leggi bókmenntaverk sín fram á íslensku. Það er gert. Það er heldur ekkert sem bannar hvorki Kristjáni Karlssyni né öðrum að láta fylgja með til dómnefndanna enska, franska, ítalska eða hvers konar þýðingu sem er. Hins vegar er fé veitt til að þýða þessar bækur á norræn tungumál vegna þess að það er leitast við að gefa þær út á Norðurlöndunum. Það hefur ekki verið síst það gagn sem íslenskir rithöfundar og íslensk menning, íslensk þjóð, hefur haft af þessari verðlaunaveitingu, hvort sem verkin hafa fengið verðlaun eða ekki, að þau hafa verið gefin út.

Þetta þrennt, sem ég hef hér minnst á, gerir þessa till. hreinlega með öllu óþarfa. Það er algjör óþarfi að samþykkja þessa till. vegna þess að það er ekkert í henni sem ástæða er til að samþykkja. Þá er kannske nær að tala um grg. Sannleikurinn er sá að hún er í raun og veru enn þá sorglegri. En áður en ég vík aðeins að því vil ég endilega leyfa mér, vegna þess að það kann vel að vera að hv. þm. Árni Johnsen telji sig kunna norsku, að halda því fram að ég sé ögn betri í norsku en hann. Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal hefði átt að fletta upp í orðabók áður en hann notaði kunnáttu hv.

þm. og flokksbróður síns, Árna Johnsen, sem heimild. „Solen skriver" á norsku þýðir „sólin stafar". „Solskrivning" á norsku þýðir „sólstafir". Það er líka til annað eldra orð sem heitir „solskrev". Ég vona þá að þm. séu sammála því að þetta dæmi sem hv. þm. Árni Johnsen tók um slæma þýðingu er algjörlega út í hött, þetta er m. a. s. orðrétt þýðing. Þá er það upplýst og verður ekki rengt, ég vísa til orðabókar.

En þá ætla ég aðeins að snúa mér að þessari grg. Hún hefst á því „að íslensk skáld séu hjartfólgnari þjóð sinni en gerist með milljónaþjóðum". Þetta er mikil fullyrðing. Svo hjartfólgin eru þessi skáld hinu háa Alþingi að hér inni eru nú staddir í þessari þýðingarmiklu umr. sjö, átta þm. fyrir utan forseta og skrifara. Fyrir fimm mínútum síðan var hér í salnum enginn nema ræðumaður, forseti og skrifari. Ég held að íslenskri ritlist sé enginn greiði gerður með svona þjóðrembu. Sem betur fer eru skrifaðar bækur á Íslandi og ég ætla að vona að því verði haldið áfram. Við skulum hins vegar horfast í augu við að þjóðin les ekkert betri bækur hér uppi á Íslandi en aðrar þjóðir gera. Það er ekkert sem liggur fyrir um það. Það er meira keypt af bókum hér en víðast hvar annars staðar en lestur er ekki endilega spurning um magn heldur um gæði þess sem lesið er. Ég tel þess vegna að svona þjóðrembuyfirlýsingar séu gjörsamlega út í hött og engum til gagns.

Hver segir að íslensk tunga sé torlærðari en aðrar tungur? Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt nokkurn málfræðing halda því fram að íslensk tunga sé eitthvað torlærðari. Venjulega er það svo að erlend tunga er öðrum þjóðum torlærð og þess vegna liggur það í hlutarins eðli að skáldverk verður aldrei alveg eins á annarri tungu, það liggur alveg ljóst fyrir. Jafnvel þó að Kristján Karlsson þýddi sjálfur ljóð sín á enska tungu er ensk tunga að allri gerð svo gjörólík íslenskri að þar gæti aldrei verið um sama skáldskapinn að ræða, auk þess sem ég hef þá tröllatrú — og hef svo sem fræðimenn fyrir mér í því — að engin manneskja getur verið gjörsamlega tvítyngd. Annað málið verður alltaf nær henni en hitt. Auðvitað eru því blæbrigði milli tungumála sem ekki er hægt að þýða svo að sama verkið verði eftir.

Þess vegna er það alrangt, sem hér stendur, að í Finnlandi séu tvö mál og þess vegna eigi Finnar auðvelt með að kanna hvort þýðing á verkum þeirra á sænsku sé eins og hún eigi að vera. Í fyrsta lagi eru hundruð þúsundir Finna sem kunna ekkert í sænsku. Ég vænti þess að þm. viti hversu lítill hluti finnsku þjóðarinnar er sænskumælandi. Við sem sitjum í Norðurlandaráði verðum að sætta okkur við það að þar sitja með okkur í nefndum menn sem einungis tala finnsku. Og við kvörtum ekkert yfir því, þeirra mál er þýtt yfir á eitthvert tungumál, venjulegast sænsku að vísu. En ég held að það sé alveg sama vandamálið fyrir Finna að skila sínum verkum inn í Norðurlandaráð til verðlaunaveitinga eins og fyrir Íslendinga og ekki betra.

Fullyrðing eins og sú að dönsk tunga hafi aldrei fest hér rætur kann rétt að vera, sem betur fer. En að dönsk tunga eigi hér engar meiri rætur en franska, þýska og enska er fjarstæða, þó ekki sé nema fyrir þá einföldu staðreynd að næstum því hvert einasta íslenskt barn lærir að lesa og skrifa dönsku. Ég er hrædd um að eldri kynslóðin, sem hér kaupir dönsk vikublöð í hundruð þúsunda tali hvern einasta mánuð, sé ansi nær danskri menningu en franskri eða þýskri. Og ég get upplýst hv. þm. Halldór Blöndal að gömul og góð vinkona mín, sem er á áttræðisaldri, brá sér til Bandaríkjanna og dvaldist þar í góðu yfirlæti. Hún skrifaði mér bréf og sagði að það væri yndislegt að vera í Ameríku. En það væri eitt sem væri alveg afleitt. Dönsku blöðin fengjust bara ekki í New York. Ég er ansi hrædd um að hún sé nær danskri menningu en enskri eins og gefur að skilja, enda væri það auðvitað með ólíkindum að svo væri ekki þar sem Kaupmannahöfn var höfuðborg Íslands um aldabil. Við skulum ekkert afneita þeim áhrifum sem það an komu því að þau voru ekki öll vond og áreiðanlega eiga menn eftir, þegar þeir hafa jafnað sig af þjóðarrembunni, að skrifa um það sanngjarnar bækur þó síðar verði.

Um þetta mætti ræða lengi. En ég held að það sé ekki til gagns, hvorki norrænni samvinnu né íslenskri menningu, að halda uppi hroka á borð við það sem hér stendur. Einhvern veginn liggur að baki þessu nöldri, sem mér finnst þessi grg. vera, að Íslendingar, þessi yfirgengilega bókmenntaþjóð, skuli ekki hafa fengið verðlaunin nema tvisvar. Mér finnst það satt að segja aldeilis nóg og við megum vel við una. Það er ekki síst því að þakka að þeir höfundar, sem fengu verðlaunin, áttu því láni að fagna að hafa einhvern besta þýðanda af íslensku á norræn mál sem ég held að völ sé á og verði um langt skeið, sem er sænska skáldið Inge Knutson. Svo mikils er hann metinn fyrir þau verk sín í föðurlandi, Svíþjóð, að hann er á starfslaunum eingöngu við að þýða íslenskar bókmenntir og gerir satt að segja ekki mikið annað. Hann hefur full laun til þess. Við sem höfum verið svo heppin — og þá m. a. ég svo að ég veit nokkuð hvað ég er að tala um — að hann hefur þýtt verk okkar á aðrar tungur megum svo sannarlega vel við una.

Það er ekki ástæða til að kvarta yfir þeim vinnubrögðum.

Hvað eigum við að segja, sem í Norðurlandaráði sitjum, við setningu eins og þessari sem hér er í lokum grg., með leyfi forseta?:

„Ef þm. í Norðurlandaráði treysta sér ekki til að falla frá andstöðu sinni við íslenskuna" — Hvers konar yfirlýsingar eru þetta nú? — „er einsýnt að látið sé á það reyna hvort þeir unni íslenskum skáldum og rithöfundum þeirrar sanngirni að vera ekki rígbundnir við tungur Dana, Norðmanna og Svía."

Þetta er vanþekking, hv. flm. Íslenskir rithöfundar eru ekkert rígbundnir við þessar tungur. Þeir mega svo gjarnan til frekari upplýsingar leggja verk sín fram fyrir utan sitt íslenska verk á hvaða tungu sem er. Gallinn er hins vegar sá að ég býst við að fæstir þeirra vilji standa í því að kosta það sjálfir. Það eina, sem ég hygg að menningarmálanefndin sé ekki sérstaklega ginnkeypt fyrir, er að eyða peningum í að þýða verkin fyrst á einhverjar heimstungur og síðan á tungur Norðurlandaþjóða vegna þess að tilgangurinn er að bækurnar séu gefnar út svo að ekki aðeins örfáir menn og bókmenntafræðingar í dómnefndunum lesi þær heldur lesendur á Norðurlöndum. Þess vegna eru þær þýddar á Norðurlandamál. Er þetta nú ekki að verða aðeins skýrara?

En ég held að það sé alveg ástæðulaust að kvarta fyrir hönd Kristjáns Karlssonar að hann hafi ekki mátt leggja sína bók fram jafnframt á ensku. En ég efast hins vegar um að Norðurlandaráð hefði viljað borga fyrir þá

þýðingu.

Ég get að lokum upplýst hv. alþm. um að nýlega efndu norrænir skólabókaverðir til verðlaunaveitingar fyrir barnabækur á Norðurlöndum. Svo vildi til að ein bóka minna var þar tilnefnd. Ég get glatt hið anglosaxneska hjarta Halldórs Blöndals með því að ég sagði þessum skólabókavörðum að ég ætti raunar enska þýðingu á þessari bók. Henni var tekið með mestu þökkum vegna þess að það var jú ekki önnur þýðing til. Það er því engin móðursýki á Norðurlöndum gegn bókum á öðrum tungumálum. Þetta er bara svo einfalt að Norðurlandaráð er til þess stofnað að vinna að norrænni samvinnu og kostar þar af leiðandi ekki þýðingar bókmenntaverka nema á norrænar tungur.

Ég held þess vegna að hversu góður hugur sem er að baki þessari till. til þál. hljóti hún að verka afskaplega ruglingslega á alla þá sem koma nálægt norrænni samvinnu og menn standi einfaldlega uppi, eins og sýnilegt var á þingi Norðurlandaráðs, og skilji bara ekkert í til hvers þessi till. er flutt. Þess vegna held ég að Alþingi Íslendinga sé enginn sómi gerður með því að vera að samþykkja hana og legg hreinlega til að sú nefnd, sem fær hana til meðferðar annaðhvort setjist fast á hana eða leggi til að hún verði felld.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ekki ætla ég að þrátta um það við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur hvort okkar er betra í norsku (**GHelg:** Nei, það fer nú ekki milli mála.) En ég get viðurkennt að ég kann meira í færeysku en norsku. (**GHelg:** Það er annað mál.)

Það var einkennilegt að heyra ræðu hv. þm. og minnti mig á vísu eftir Steingrím Thorsteinsson. Slík var snilli þm., yfirburðavitneskja og miðlun á upplýsingum. „Má ég upplýsa" sagði þm. oft. Vísan er svona, með leyfi forseta:

Þegar runninn af þér er
ídealski sviminn,
neðst við askbotn undu þér
með asklok fyrir himin.

Og þarna komum við kannske að ákveðnum hlut sem á sér stað í norrænni samvinnu sem er um margt góðra gjalda verð en ekki algild ein og sér. Mönnum hættir einmitt til þess, finnst mér, að festast í norrænni samvinnu undir askloki stóru bræðranna þriggja. Og það finnst mér hv. þm. hafa gert í sínum málflutningi.

Við erum að tala um reisn, rétt og virðingu íslenskrar tungu. Og við sem erum talsmenn íslenskrar tungu kaupum ekki slíkar dylgjur og fullyrðingar eins og hafa komið fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og hv. þm. Páli Péturssyni. Orð skal standa, orð skal þýða það sem það á að þýða og það á ekki að rugla saman málum endalaust eins og gert er og ég mun víkja að aðeins síðar í mínu máli.

Það er einnig undarlegt að heyra það hjá íslenskum þm. að það sé dónaskapur við norrænar frændþjóðir okkar að tala fyrir íslenskri tungu, tala fyrir rétti hennar á vettvangi Norðurlandasamstarfs. Það var undarlegt að heyra íslenskan þm. segja að hann þyrfti að þvo hendur sínar af slíkri till., eins og hv. þm. Páll Pétursson, forseti Norðurlandaráðs, hefur látið í ljós. Það er ekki langt síðan ungur íslenskur rithöfundur, Jakob Ásgeirsson, fjallaði um það í grein í Morgunblaðinu að tveir menn, Jón Sigurðsson forseti og Grímur Thomsen, hefðu fjallað á sínum tíma um rétt og stöðu íslenskrar tungu gagnvart öðrum Norðurlandamálum. Þeirra mál kemur heim og saman við þann málflutning sem við talsmenn íslenskrar tungu höfum haft uppi í þessum efnum.

Það kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að menn væru hér með hroka og nöldur og að Íslendingar hefðu fengið nógu mörg verðlaun. Það er enginn að tala um verðlaun í þessu sambandi þegar rætt er um rétt íslenskrar tungu. Verðlaunin skipta minnstu máli í þeim efnum. En að tvær þjóðir eða fleiri geti staðið jafnréttis, jafnfætis og uppréttar, það er spurning um það. Það er spurning um að halda stöðu okkar þjóðfélags og okkar samfélags á alþjóðavettvangi en vera ekki með, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, undirlægjuhátt gagnvart erlendum þjóðum. Það er mergurinn málsins og skylt að leggja áherslu á.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að ef höfundur kærði sig um gæti hann lagt fram verk sitt á íslensku og þyrfti ekki að leggja það fram á neinu öðru máli. Honum stæði til boða þýðing á sænsku, dönsku eða norsku. Hins vegar tæki hann þá áhættu að menn skildu ekki það sem lagt væri fram. Til hvers er þá af stað farið? Þetta þykir mér ekki góð pólitík hjá Húnvetningum sem eru nú vanir að vilja fá eitthvað fyrir sinn snúð. Eða til hvers er að leggja fram gögn ef enginn skilur þau? Er það ekki mergurinn málsins að menn skilji það sem um er að ræða í bókmenntum sem öðru?

Þm. vitnaði einnig í finnska og grænlenska tungu. Ég ætla ekki í mínu máli að fjalla um rétt þeirra tungumála á þessu sviði. Það er rétt að heimamenn á þeim vígstöðvum geri upp við sig hvað þeir vilja. En það má benda á að bæði grænlenska og finnska eru af allt öðrum málstofni en íslenska, sænska, norska og danska og ekki kannske eins mikil hætta á að þar ruglist saman meiningar manna í þeim efnum, hugmyndir og orð í þýðingum.

Það er ástæða til þess að rifja hér upp setningar sem ég setti upp og komu reyndar fram í sjónvarpsþætti sem flm. þessarar þáltill. vitnaði til, setningar sem undirstrika nauðsyn þess að íslensk tunga standi með sama rétti og aðrar norrænar tungur, sé ekki hliðar- eða aukabúgrein í þeim búskap, vegna þess að þær þrjár tungur sem Norðurlandaráð viðurkennir formlega, sænska, norska og danska, eru að ýmsu leyti orðnar eins konar víkingaenska. Má þar kannske sérstaklega vitna til dönsku og norsku. Við skulum taka þessi dæmi sem ég vék að:

Man accepterer ikke denne attitude hvis det har stor konsekvens for systemet. Hvað er enska, hvað er danska, hvað er franska? Hvað eru menn að mikla fyrir sér að leyfilegt sé að leggja fram þýðingar á ensku eða frönsku og við höfum svona staðreyndir fyrir okkur í löggiltum, opinberum norrænum þýðingum? — Når vi har sott bagasjen på stasjonen så kan vi gå i swimmingpoolen om week-enden. Löggilt þýðing.

Það er ekki langt síðan ég ræddi við einn mann sem starfar á norrænum samstarfsvettvangi, í Nordisk Industri Fond. (Gripið fram í.) Já, ég læt mér í léttu rúmi liggja með áherslur í þessum efnum úr þessum ræðustól. — Það hefur komið fram þar oft á fundum að Norðmenn ættu illt með að þola enskar slettur í umsóknum til sjóðsins, þó svo kannske að sumt í umsóknunum væri mjög tæknilegt og væri erfitt að orða það nema á ensku. Og þegar minnst er á tæknileg orð og þróun í þeim

efnum þá er það a. m. k. engin þjóð á Norðurlöndum sem hefur eins mikið varað sig á því að slengja enskum slettum inn í málið þó að þar megi margt með betur fara. En það hefur einnig komið fram á þessum fundum skv. orðum þessa nefndarmanns að Finnum finnst mikið hagræði að því að geta skilað umsóknum á ensku. En það finnst Norðmönnum óhæfa. Þeir mundu t. d. vilja þýða ensku setninguna „Electronic Control System for Chemicals" yfir í „Elektronisk Kontrolsystem for Kjemikalier". Þetta er nú stoltið og snilldin í norrænu tungunum sem menning Íslands á að byggjast á út á við og njóta réttar til jafns við aðrar norrænar tungur.

„Rafstýrð kerfi fyrir efnasambönd". Þetta skilur að vísu ekki nokkur lifandi maður á Norðurlöndum. Menn verða bara að horfast í augu við það að Ísland stendur ekkert jafnfætis öðrum. Menn líta ekkert á Ísland eða íslenska menningu eða aðra þætti hjá íslenskri þjóð sem fullgilda þátttakendur í norrænu samstarfi. Það er bara mergurinn málsins, hvað sem menn eru að reyna að sýna á yfirborðinu og hvað sem menn þegja þunnu hljóði og vilja gerast miklar undirlægjur í þessum efnum og þora ekki að standa fyrir málstað íslenskrar tungu. Þetta vita allir sem hafa unnið á norrænum vettvangi. Og það hef ég gert ekkert síður en hv. þm. Guðrún Helgadóttir þó hún telji sig mun betri í norsku en ég. Það skiptir ekki máli. En með þessari þýðingu, „Elektronisk Kontrolsystem for Kjemikalier", þá er ugglaust þjóðarstolti hinna norsku víkinga fullnægt.

En eigum við að kyngja því að yfir á þessa bjögun sé æskilegt að þýða okkar stóru höfunda eins og t. d. Halldór Laxness og segja: Takk og aftur takk? Nei, það er spurningin um rétt íslenskrar tungu sem þetta mál snýst um, ekki verðlaun eða einhvern hégóma. En að standa með reisn í svip í samstarfi með öðrum þjóðum.

Það er líka borðliggjandi staðreynd að margir sem starfa á norrænum vettvangi telja að þeir séu að tala norsku, dönsku eða sænsku, svona eftir því hvernig landið liggur, standa í þeirri meiningu, en eru að tala það sem kallast og er skandinavíska. Stundum er það 90% danska og 10% íslenska. Stundum er það 10% danska og 90% íslenska. Þetta er upp og niður eins og gengur. Ef við ætlum að fletja alla hluti út þá gerum við það með þessu móti.

Ég er sammála því að það sé æskilegt að menn tali þau mál sem flestir skilja á hverjum stað. Ég er sammála því að ef góður norskumaður eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir er að tala í Noregi, þá sé ekkert við því að segja að hún tali norsku. Það á ekki endilega að vera metnaðarmál hv. þm. að tala íslensku. En það er allt annað mál hvort við erum að tala um jafnan rétt og viðurkenningu á þeim rétti og síðan meti menn eftir efnum og ástæðum hvernig þeir eiga að skila sínum málflutningi svo með sóma sé, bæði fyrir hönd Íslands gagnvart þeim hugmyndum sem liggja að baki og gagnvart þeirri virðingu sem á að sýna íslenskri tungu á norrænum vettvangi.

Það er full ástæða til að hvetja til þess að þessi þáltill. verði samþykkt. Hún er hvorki nöldur eða hroki. Hún er einfaldlega spurning um það hvort menn hafa áhuga á því að halda uppi virðingu íslenskrar tungu. Það eru farin að fljóta inn ýmiss konar orð. Í útvarpsauglýsingum fyrir nokkrum vikum heyrði ég auglýsingu frá skemmtistað eða veitingastað í Reykjavík um að í hádeginu yrði „jassbröns". Þetta er ekki óalgengt orð í Skandinavíu í auglýsingum. „Jassbröns" er væntanlega hádegisverðatími þar sem leikinn er jass og boðið er upp á hlaðborð margra rétta, sem í Bandaríkjunum er kallað brunch, jazzbruns.

Að okkur stefna úr öllum áttum slík aðskotaorð. Og ef við stöndum ekki vörð um íslenska tungu í því samstarfi sem við sinnum mest, á Norðurlöndum, þá er hætt við að flæði skjótt að okkur úr öðrum áttum. Þess vegna er ástæða til að menn standi saman um það og horfi yfir hégómann og undirlægjuháttinn og samþykki hér þessa till.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég var við ýmsu búinn þegar þessi umræða hófst miðað við þær undirtektir sem þessi till. hlaut hjá sumum Íslendingum á þingi Norðurlandaráðs. En ég átti ekki von á því að þessi till. yrði tilefni til þess að orð heyrðust eins og þau að það væri þjóðremba, hroki og annað því líkt að halda því fram að það væri sómi og stolt okkar Íslendinga ef við legðum bókmenntaverk skálda okkar fyrir á erlendum vettvangi að þau kæmust sem best til skila.

Ég óska hv. þm. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur til hamingju með það að hún hefur fengið góðar þýðingar á sínum verkum á Norðurlöndum. Einn þm. hafði orð á því við mig að hafa lesið tröllasögu hennar og er það auðvitað mjög ánægjulegt ef sum þessara verka hafa fengið góða þýðingu. Ég er ekki að draga neitt úr því að þessi hv. þm. sé athyglisverður rithöfundur og eigi gott skilið, síður en svo, og hef alls ekki á móti því að verkum hennar sé snúið á Norðurlandatungur með sóma, ekki heldur á ensku. Þess vegna kom mér á óvart þessi mikla og sterka áhersla sem hv. þm. lagði á það hér í sínu máli að ekki væri önnur leið fær fyrir íslensk skáld, sem jafnframt væru skáld á annarri tungu en íslensku, og þetta skáld væri valið til verðlauna á erlendum vettvangi af opinberri hálfu, en að þá skyldi vera á kostnað skáldsins sjálfs sú vinna að snúa verkinu yfir á aðra tungu ef hún væri ekki á Norðurlandamáli. Ég vil vænta þess að þessi hv. þm. geti verið sammála um það í því dæmi sem við töluðum um. Við getum tekið Kristján Karlsson eða Sigurð A. Magnússon sem hefur annast ljóðaþýðingar á enska tungu. Ef hann yrði valinn til bókmenntaverðlauna þætti mér ekki nema eðlilegt að sómi okkar stæði til þess, Íslendinga, að gefa þessum skáldum kost á því að leggja sín verk fram jafnframt á ensku, auðvitað í trausti þess að þeir menn, sem dæma um bókmenntaverk hjá Norðurlandaráði, séu e. t. v. læsir á þá tungu og kunni betur að skilja og skynja höfundareinkennin og boðskapinn ef það er skáldið sjálft sem þýðir verkin á aðra tungu heldur en ef einhver annar maður kemur til, sem kannske hefur aldrei kynnst skáldinu persónulega, hefur kannske ekki lesið bækur viðkomandi skálds í samhengi og þekkir ekki þann grunntón sem liggur að baki þess að viðkomandi ljóð voru ort. Ég hélt nú satt að segja að þegar talað er við einn rithöfund um verk annars kæmi sá metingur og metnaður ekki upp að verið væri að reyna að gera lítið úr því að verkin kæmust til skila. Og ég vil ekki trúa því fyrr en á reynir að þeir alþm. séu til að þeir vilji ekki íhuga það með velvild að íslenska ríkið kosti þá einhverju til þess að skáld okkar haldi reisn sinni með erlendum þjóðum.

Mér þykir afskaplega mikil lágkúra yfir því að kalla

að maður sé ameríkaníseraður ef maður fer fram á það að íslenskt skáld, sem jafnframt yrkir á ensku t. d., fái rétt til þess að leggja þvílík verk fram til verðlauna Norðurlandaráðs. Ekkert er á móti því að verkinu sé jafnframt snúið á tungur Norðurlanda, nema síður sé. En ég spyr: Er það ósanngirni þá að segja að við ætlumst til þess þegar valið er verk vegna Norðurlandaverðlauna, ef markmiðið er að gefa sem flestum mönnum á öðrum Norðurlöndum kost á því að kynnast verkum íslenskra skálda, að þá sé valin þjóðtunga annarra Norðurlanda þegar snúið er?

Hvort skyldi nýnorska eða íslenska vera fjær manni sem býr á Jótlandi? Það væri skemmtilegt að þeir bókmenntasinnuðu menn sem eiga sæti í Norðurlandaráði gerðu nú könnun á því t. d. á Jótlandi hvort væri aðgengilegra fyrir hina jósku bændur skáldverk á færeysku, íslensku eða nýnorsku. Ætli það liggi alveg ljóst fyrir að nýnorskan sé miklu auðskildari á öðrum Norðurlöndum heldur en t. d. íslenskan? Maður sem ekki hefur kynnt sér það tungumál og á sæti í bókmenntaverðlaunanefnd Norðurlandaráðs, hefur ekki lesið bókmenntir á því tungumáli, er hann fær um að dæma um verk á því máli? Það leyfi ég mér að efast um. En þetta er nú samt það sem mér skilst að fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði telji sæma.

Ég segi hér um íslenskuna: Tungan er torlærð. Þetta lagði hv. þm. svo út að ég segði að íslenskan væri torlærðari en aðrar þjóðtungur. Hvað er átt við þarna, um hvað er verið að tala? Það er verið að tala um það í þessu samhengi, því við erum að ræða um Norðurlandaráð, að sænskir, norskir og danskir menn eiga örðugra með að skilja íslensku til hlýtar heldur en mál hvers annars. Hvort ætli norskur maður ætti auðveldara með að læra íslensku eða sænsku? Og hvort á danskur maður auðveldara með að skilja norsku eða íslensku? Og hver hefur reynslan orðið af þeim mönnum mörgum sem hér hafa sest að? Þeirra tök á íslenskunni eru mjög misjöfn. Ég held að það sé alveg óhætt að halda því til streitu að tungumál, sem hefur jafnmörg föll og hætti og íslenskan, sé torlært. Tunga, sem hefur jafnmikið af nýyrðum og lítið af alþjóðlegum orðum, er auðvitað torlærð. Annars mega menn svo sem leika sér með það hér í sölum og geta mín vegna talið að það sé þjóðremba að halda slíku fram.

Mikið kom það mér líka í opna skjöldu þegar hv. forseti Norðurlandaráðs segir að þessi setning í grg. sé ómaklega fram sett: „Þetta horfir öðruvísi við okkur Íslendingum. Dönsk tunga hefur aldrei fest hér rætur og enginn stafur er fyrir því að hún sé okkur tamari en t. a. m. enska, franska eða þýska, þó svo að við höfum deilt konungi með Dönum svo öldum skiptir."

Hvernig getum við dæmt þetta? Eigum við að dæma þetta t. d. með því að leggja saman þann fjölda enskra, þýskra og franskra bóka sem seljast hér í bókabúðum og bera saman við fjölda þeirra dönsku bóka sem hér eru seldar í bókabúðum? Er það réttur mælikvarði? Ætli það sé nokkur hér inni sem þorir að fullyrða að sala á dönskum bókum sé meiri á Íslandi en t. a. m. sala á enskum bókum? Ég er ekki alveg viss um það. Og við lítum á skáld okkar, hvar hafa þau lært? Eru meiri menningartengsl í þeim skilningi milli Skandinavíu en t. d. enskumælandi þjóða, Þjóðverja og Frakka? Sum skáld okkar hafa dvalið langdvölum í öllum þessum löndum. Gluggi Íslands er ekki lengur Danmörk þó svo hafi verið í eina tíð. Það er liðinn tími og við skulum vona að sá tími komi aldrei aftur að Kaupmannahöfn eigi að vera eini gluggi Íslendinga.

Það er talað um hér að óþarft sé að flytja þessa till. þar sem Íslendingum sé heimilt að leggja bókmenntaverk sín fram á íslensku. Það er auðvitað rétt, en í þeim skilningi að sú íslenska bók sé bara skrásett, vegna þess að þeir menn sem sitja í bókmenntaráði Norðurlanda eða verðlaunanefndinni geta ekki fjallað um hina íslensku þýðingu af þeirri einföldu ástæðu að það eru ekki nema sumir þeirra sem skilja hana. Þess vegna er þessi framlagning að meira eða minna leyti markleysa. Á hinn bóginn hlýtur tilgangurinn með þýðingunni á annað Norðurlandamál að vera sá að gefa þeim sem í Norðurlandaráði eiga sæti og eiga þar um að fjalla meiri möguleika til að skilja höfundinn út frá hans eigin skáldverkum. Og þess vegna hlýtur að koma mjög til álita fyrir okkur Íslendinga að gefa honum kost á því, þegar sérstaklega stendur á og hann getur fært rök fyrir sínu máli, að hann megi jafnframt leggja fram þýðingu á öðru máli en þessu, eigi annan kost en þennan þrönga kost einan.

Viðkvæmnin er svo mikil að jafnvel setning eins og þessi: „Ef þingmenn í Norðurlandaráði treysti sér ekki til að falla frá andstöðu sinni við íslenskuna" er talin út í hött. Er íslenska töluð á þingum Norðurlandaráðs? Nei, hún nýtur ekki sama réttar og aðrar tungur. Og við verðum að sætta okkur við þetta vegna okkar fæðar. Það er allt annað mál. (**GHelg:** Þetta kallar hv. þm. andstöðu við íslenska tungu.) Ég kalla tóninn í ræðu þessa hv. þm. móðgandi fyrir íslensku þjóðina, sérstaklega þó tóninn í ræðu hans, fremur en akkúrat það sem hann sagði. Og ég sný ekki til baka með það (**HS:** Málhreimurinn.) Málhreimurinn, já. Hv. þm. hefur gott lag á því að setja á sig snúð líka í málinu og hljómnum. Það mátti vel heyra það hér áðan. Og það er það sem ég sagði og sný ekki til baka með vonbrigði mín yfir því að þessi hv. þm., sem jafnframt er rithöfundur sem hefur verið þýddur á aðrar tungur, skuli ekki hafa meiri skilning á þessu máli en fram kom í hans máli.

Ég tek hins vegar, eins og ég sagði áðan, undir með þm. um það að æskilegt sé að þessar bækur komi út á öðrum Norðurlandamálum og þá á ég auðvitað við þjóðtungurnar. En hvernig má það vera að þm. hér geti haldið því fram að það sé jafnvel erfiðara, ég man nú ekki hvor þessara hv. þm. sagði það, að það væri jafnvel erfiðara að fá góðan þýðara af finnsku á sænsku heldur en af íslensku á dönsku eða sænsku eða norsku? Skyldi þetta vera rétt? Skyldi það vera svo að það séu jafnmargir menn á Íslandi jafnvígir á íslensku og eitthvert þessara Norðurlandamála eins og menn í Finnlandi eru jafnvígir á finnsku og sænsku? Ætli það sé rétt hjá þeim? Eða er það kannske enn svo í Finnlandi að það séu ótalmargir, þó það sé ekki öll þjóðin, sem eru jafnvígir á þessar tungur báðar, finnsku og sænsku, sem auðvitað hlýtur að þýða það um leið að auðveldara er að fá góðan þýðara en ella, ég tala nú ekki um að fá mat á því hvernig til hefur tekist, eins og ég sagði áðan. Við getum kannske borið þetta saman við nýnorskuna enn. Ætli það séu fleiri menn á Íslandi sem kunna að meta bókmenntaþýðingar á nýnorsku ellegar Finnar í Finnlandi sem kunna að meta bókmenntaþýðingar á sænsku? Hvernig er hægt að halda því fram að við

stöndum þeim jafnfætis að þessu leyti? Hvernig getum við haldið því fram líka gagnvart Færeyingum? Vitum við það ekki að dönsk tunga er þar í miklu meiri hávegum höfð heldur en hér og hin nánu tengsl landanna valda því að þar er líka um auðveldari samgang að ræða að þessu leyti.

Ég hef ekki mikla trú á því að það þyddi mikið fyrir okkur Íslendinga að ganga á milli annarra Norðurlandaþjóða og biðja þær að kosta fé til þess að þýða íslensk skáldverk á ensku eða þýsku eða frönsku. Ég ætla ekki að fara í þann betlitúr. Ég hef haldið því fram að við Íslendingar eigum að hafa efni á því sjálfir að sýna þeim skáldverkum og bókmenntaverkum fulla reisn og virðingu sem við veljum til bókmenntaverðlauna, þurfum enga hjálp frá öðrum þjóðum til þess að kosta það að slíkar þýðingar séu sæmilega vel úr garði gerðar og hef fullan sóma og fulla dirfsku til að segja, herra forseti, að við eigum að afþakka stuðning annarra þjóða við slíkt. Væri þá sómi okkar meiri ef við kostuðum að öllu leyti slíkar þýðingar sjálfir, létum ekki aðra menn horfa í kostnaðinn við það. Svona betlibaukatal í sambandi við íslenska menningu er ekki að mínu skapi.

Hv. 2. þm. Norðurl. v., forseti Norðurlandaráðs, las hér upp ályktun áðan þar sem Bandalag ísl. rithöfunda hafði ályktað á móti þessari tillögu. Nú vill svo til að einn þeirra rithöfunda sem greiddi atkvæði með þeirri samþykkt í stjórn Bandalags ísl. rithöfunda sagði við mig persónulega að hann væri sammála þessum tillöguflutningi. Veit ég nú satt að segja ekki hvoru ég á fremur að trúa, því sem manni er sagt eða hinu þegar menn rétta upp hendurnar innan um kannske menn sem hafa mikil áhrif. En á hinn bóginn gleymdi hv. forseti Norðurlandaráðs að geta þess að Alþingi hefur borist önnur ályktun frá Félagi ísl. rithöfunda sem beinir þeim tilmælum til hv. Alþingis að það samþykki till. til þál. um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs þar sem kveðið er á um að reglum um bókmenntaverðlaunin verði breytt á þann veg að Íslendingar leggi fram bókmenntaverk sín á íslensku en að öðrum kosti sé þeim heimilt að leggja fram þýðingar á ensku, frönsku eða þýsku. Þannig að eitthvað eru nú skiptar skoðanir um þetta í hópi rithöfunda. Ég þarf ekki að taka það fram að úrvalsrithöfundar eru í báðum þessum samböndum sem valdir hafa verið til úthlutunar til bókmenntaverðlauna. Það þarf ekki um það að fjölyrða.

Ég bið hv. þm. afsökunar á því í sambandi við að sólin stafi geislum að ég skyldi í barnaskap mínum láta duga að athuga hvort sögnin að skrifa væri í daglegu máli til á dönsku eins og ég sagði. Ástæðan fyrir því að ég kannaði þetta ekki frekar var sú að ég sá ekki þennan umrædda sjónvarpsþátt. Ég heyrði einungis um þetta fjallað í þætti um íslenskt mál þar sem fram kom að sá sérfræðingur skildi ekki hvernig þetta orðasamband var hugsað, að sólin stafi geislum, skildi ekki orðið „sólstafur“ og hélt að það þyddi sama og bókstafur, en það er annað mál. Ég biðst sem sagt afsökunar á því að kunna ekki nóg í norsku til þess að vita þetta. En í danskri tungu er þetta ekki til og það var það sem ég sagði og ástæðulaust að snúa út úr því.

Ég vil að síðustu, herra forseti, vænta þess að þrátt fyrir ummæli hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur, um það að sú nefnd sem fær þetta til skoðunar sinni ekki því verki, muni nefndin bera þá virðingu fyrir störfum Alþingis að hún taki það alvarlega að till. sé til hennar vísað og athugi málið eins og efni standa til. Það liggur fyrir að þetta mál er umdeilt. Það liggur jafnframt fyrir að einstakir þm., sem sæti eiga í Norðurlandaráði, hafa í fljótræði hlaupið þar fram á völlinn og verið með yfirlýsingar sem þeir hefðu betur látið ógert og ég veit að þeir muni sjá eftir að hafa gert þegar þeir íhuga málið betur. Á bak við þennan tillöguflutning er ekki nema þessi eina hvöt: að leita ráða til þess að íslensk skáld megi halda sóma sínum á erlendum vettvangi.

Ég ætla ekki að þreyta einhvern talnaleik um það hvort það sé stærðfræðilega rétt eða rangt að Íslendingar hafi fengið tvisvar sinnum verðlaun, Norðmenn þrisvar, Danir fimm sinnum og Svíar átta sinnum. Ég er ekki í neinum slíkum talnaleik. Ég hef ekki einu sinni látið hvarfla að mér að kvarta yfir því að við höfum fengið of oft þessi verðlaun, ekki heldur of sjaldan. Ég vil hins vegar vænta þess að þeir menn sem úthluta þessum verðlaunum geri það með bestu samvisku og ég veit að það er þeirra hagur og mundi auðvelda þeirra störf ef þau bókmenntaverk sem þangað er skilað eru í þeim búningi að þeir geti sem best áttað sig á innihaldi þeirra og gæðum, skilið höfundinn, einkenni hans og hvað hann hefur að flytja. Ég vona að þingið sjái sóma sinn í að hugsa málið út frá því sjónarmiði en ekki út frá einhverju barnalegu pexi einstakra þm. á fundi Norðurlandaráðs.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla að byrja með því að fara með tvær vísur þm. til upprifjunar, með leyfi forseta. Ég held að þær séu eftir Hannes Hafstein. Þær eru svona:

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur.
Haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.

Geislar hennar út um allt
eitt og sama skrifa
á hagann grænan, hjarnið kalt:
Himneskt er að lifa.

Læt ég svo útrætt um þessa skrift sem hefur orðið mönnum að umtalsefni hér.

Hér hefur verið af hálfu flm., hv. þm. Halldórs Blöndals og Árna Johnsen, farið að mínum dómi með furðulega rökfræði og ég held að þegar þeir hugsa sig um og fari að lesa það sem þeir hafa sagt muni þeir finna við vandlega íhugun ofurlitla fljótfærni á einstöku stað í málflutningi sínum.

Hitt líkar mér verst þegar verið er að gera okkur hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og öðrum þm. í Norðurlandaráði upp skoðanir og fullyrða það í þskj. að við séum að sýna af okkur einhverja andstöðu við íslenska tungu. Því mótmæli ég algerlega og vil ekki sitja undir því og ber það hér með til baka. Auðvitað viljum við öll sömul reisn, rétt og virðingu íslenskrar tungu.

Ég minnist þess ekki heldur að hafa sagt það og ég hygg að það sé útúrsnúningur út úr mínum orðum að ég hafi nokkurn tíma kallað það dónaskap að tala á íslenska tungu. Það er fjarri mér. Ég held hins vegar að skynsamlegar ræður til uppihalds og virðingar íslenskri tungu séu mjög þakklætisverðar. Hins vegar er hægt að

haga orðum sínum óskynsamlega, jafnvel þó í góðri meiningu sé gert.

Hv. þm. Árni Johnsen — ja, *ég ætla nú ekki að fara* langt út í þýðingar hans eða umfjöllun um norðurlandamálið — kom með prósentureikning á skandinavískunni okkar, hvernig hún væri til komin, og ég ætla ekki að mótmæla því. Við tölum ekki allir kórrétta dönsku, t. d. hvorki ég eða hv. þm. Árni Johnsen, því miður. (*Gripið fram í.*) *Ég held þó* að okkur takist að gera okkur skiljanlega á þeirri skandinavísku sem við tölum, ég a. m. k. þykist verða þess var að ég geti gert mig skiljanlegan og ég skildi hv. þm. Árna Johnsen líka og varð ekki var við annað en að menn skildu orðin sem hann sagði. Hins vegar hefur verið, ekki reyndar í þessari umræðu heldur í umræðum sem hafa spunnist út af þessari till., stungið upp á því að við töluðum íslensku á fundum Norðurlandaráðs. Það kemur til greina og ekkert bannar okkur það og það hefur verið gert af fyrrverandi menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson flutti ágæta ræðu á íslensku.

Hins vegar er mjög kostnaðarsamt að þýða með túlk. Sá háttur hefur verið hafður á að þeim íslenskum ræðum, sem fluttar hafa verið, hefur verið dreift vélrituðum til fundarmanna. Það fylgir því geysimikill kostnaður að túlka allar ræður á þinginu, eins og gert er fyrir Finna. Hins vegar höfðum við skemmtileg orðaskipti á milli tveggja Finna á síðasta Norðurlandaráðsþingi þar sem einn finnskur þingmaður hvatti finnsku sendinefndina eða þá finnskumælandi Finna sem þar voru að tala á finnsku til þess að ekki yrði hætt þessum túlkunum. Nú er það þannig að finnsku fulltrúarnir núna munu líklega allir nema einn hafa flutt mál sitt eða a. m. k. framsöguræður sínar á sænsku. Annar finnskur þingfulltrúi svaraði þessu og taldi að þeim væri meira í mun að gera sig skiljanlega og láta hlýða á mál sitt og þau viðhorf sem þeir væru að túlka en að halda í þýðingar. Ég er á sama máli. Ég held að okkur sé nauðsyn að gera okkur skiljanleg og reyna að gera það með þeim hætti sem best við kunnum.

Ég er ekki að draga í efa að hv. flm., sem hér hafa tekið til máls, séu báðir stórkostlegir íslenskumenn og alls góðs maklegir, en mér finnst nú kenna nokkurs yfirlætis og þótta, t. d. í máli hv. þm. Árna Johnsen og reyndar þeirra beggja, þegar þeir eru að tala um sig sem hina mestu uppihaldsmenn íslenskrar tungu. Það eru fleiri þm. hér sem láta sér annt um þetta fallega mál.

Ég held að það væri gott og gaman ef við hefðum á því efni að gangast fyrir kennslu eða námskeiðahaldi í íslenskri tungu meðal þessara frændþjóða okkar. Sænskur maður, Ragnar Lassinantti, hafði forgöngu um það á sínum tíma að stofna til námskeiða fyrir fólk af öðrum Norðurlöndum að læra sænsku og allmargir Íslendingar hafa notið þar fræðslu og haft gagn af. Mér skilst af mönnum sem til þekkja að það sé t. d. ekki mjög mikil vinna fyrir sæmilega næma Norðmenn að öðlast þá þekkingu á íslenskri tungu að þeir geti lesið hana sér til gagns. Og einn af starfsmönnum Norðurlandsráðs, íslenskur starfsmaður, sem búsettur er í Osló og hefur unnið þar að menningarmálum, hefur mjög athyglisverðar hugmyndir í því sambandi að reyna að útbreiða íslenska tungu eða skilning á íslenskri tungu í Noregi. *Ég held að það væri gaman ef* við hefðum efni á því og þeim peningum væri betur varið en fara að eyða peningum í það að þýða á ensku, frönsku eða þýsku fyrir Norðurlandabúa.

Að endingu vil ég, áður en ég lýk máli mínu og þar sem hér hefur sannast mjög rækilega hversu miklir íslenskumenn hv. flm. eru og hversu annt þeir láta sér um tunguna, stinga upp á því við þá að þeir taki upp hinn íslenska nafnasið. Nú er það svo með hv. þm. Halldór Blöndal að hann heitir að vísu íslensku ættarnafni, kennir sig við ágætan dal fyrir norðan það sem hann er upprunninn og er því plássi eðlilega til sóma, en *íslenskara væri nú að hann kenndi sig* við föður sinn og kallaði sig hreint og beint Halldór Lárusson. Eins væri með hv. þm. Árna Johnsen. Ég finn ekki betur en þetta sé skandinavískt ættarnafn sem maðurinn heitir.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það er rétt að leiðrétta orð hv. þm. Páls Pétursson, forseta Norðurlandaráðs, varðandi það hvort mál mitt hafi verið kórrétt danska á Norðurlandaráðsþingi. Það er eini staðurinn sem hv. þm. hefur heyrt mig tala norrænt mál annað en íslensku á og það var kórrétt danska, enda yfirfarin ræða af löggiltum skjalaþýðanda. (**PP:** Framburðurinn líka?) En þessu hefur kannske ekki hv. þm. áttað sig á og er það hans vandamál og ég ætla ekki að fjalla nánar um það.

Varðandi hvatningu um íslensk skírnarnöfn. Ég var skírður mínu nafni eins og ég heiti því og ég ætla að biðja hv. þm. að vera ekki að blanda sér inn í slík mál. Það eru persónuleg mál sem hv. þm. varðar ekkert um, ekki eitt tvö eða þrjú skref.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Aðgerðir til að bæta hag sjómanna (347. mál) 4177.
Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (341. mál) 4177.
Afnám misréttis gagnvart konum (353. mál) 4339.
Almannafé til tækifærisgjafa (215. mál) 4338.
Alþjóðasamningar um gáma (324. mál) 4179.
Atvinnuleysistryggingar (309. mál) 4314, 4317.
Ávana- og fíkniefni (274. mál) 4317.
Bókmenntaverðlaun Jóns Sigurðssonar (327. mál) 4200.
Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs (339. mál) 4376.
Byggingarkostnaður opinberra bygginga (299. mál) 4257.
Bætt merking akvega (45. mál) 4338.
Fiskveiðasjóður Íslands (404. mál) 4178.
Framkvæmdir á vegum bandarískra herliðsins á Íslandi (381. mál) 4210.
Frelsi í innflutningi á olíuvörum (335. mál) 4337.
Frelsi í útflutningsverslun (336. mál) 4349.
Gjöld af tóbaksvörum (428. mál) 4300.
Greiðsla rekstrar- og afurðalána til bænda (219. mál) 4204.
Heimilishjálp í viðlögum (322. mál) 4195.
Herskip og kjarnorkuvopn (360. mál) 4208.
Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir (357. mál) 4196.
Lánsfjárlög 1985 (245. mál) 4279.
Listiðnaður og listhönnun (343. mál) 4203.
Lífeyrissjóður bænda (237. mál) 4177.
Myndlistaháskóli Íslands (415. mál) 4304.
Ríkisábyrgð á launum (50. mál) 4180.
Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi (338. mál) 4177, 4313.
Selveiðar við Ísland (210. mál) 4195.
Siglingalög (149. mál) 4176.
Sláturafurðir (165. mál) 4312.
Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta (355. mál) 4318.
Sýningar Þjóðleikhússins (396. mál) 4216.
Um þingsköp 4313.
Umferðarlög (291. mál) 4179, 4313.
Umræður utan dagskrár 4186 (afgreiðsla mála).
Varamaður tekur þingsæti 4179.
Varnir gegn snjóflóðum (384. mál) 4307.
Vaxtamismunur inn- og útlána í bönkum (256. mál) 4257.
Verslun ríkisins með áfengi (429. mál) 4297.
Viðskiptabankar (423. mál) 4319.
Þingsköp Alþingis (416. mál) 4157, 4302.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4199, 4258.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 4303.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 4179, 4185, 4188, 4190, 4193, 4314, 4317.
Forseti Nd. Karvel Pálmason 4195.
Félmrh. Alexander Stefánsson 4181, 4184, 4197, 4220, 4226, 4307, 4345.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 4291, 4297, 4300.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 4180.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 4190, 4228, 4280, 4287.
Landbrh. Jón Helgason 4187, 4192, 4312.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 4201, 4203, 4216, 4304.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4178.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 4209, 4211, 4214, 4231, 4236, 4348.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 4205, 4243, 4319, 4338, 4353, 4371.
Árni Johnsen 4385, 4394.
Birgir Ísl. Gunnarsson 4203, 4204.
Björn Dagbjartsson 4229.
Davíð Aðalsteinsson 4312.
Ellert B. Schram 4356.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4204, 4207, 4279, 4303.
Friðrik Sophusson 4347.
Guðmundur Einarsson 4188, 4191, 4195.
Guðmundur J. Guðmundsson 4316.
Guðrún Agnarsdóttir 4219, 4225, 4226.
Guðrún Helgadóttir 4382.
Gunnar G. Schram 4227, 4231, 4366.
Halldór Blöndal 4188, 4200, 4376, 4388.
Haraldur Ólafsson 4165.
Helgi Seljan 4167, 4177, 4217, 4288, 4310.
Hjörleifur Guttormsson 4222, 4225, 4230, 4250, 4313, 4337, 4339, 4349.
Jóhanna Sigurðardóttir 4222.
Karl Steinar Guðnason 4169, 4302, 4303.
Karvel Pálmason 4180, 4182, 4185, 4216, 4218.
Kjartan Jóhannsson 4237, 4254, 4329, 4349, 4369, 4375.
Kristín Halldórsdóttir 4200, 4202, 4223.
Ólafur G. Einarsson 4318.
Ólafur Þ. Þórðarson 4184, 4224, 4226, 4237, 4319.
Páll Pétursson 4193, 4194, 4379, 4392.
Pétur Sigurðsson 4314, 4317.
Ragnar Arnalds 4161, 4173, 4285, 4300.
Salome Þorkelsdóttir 4179.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 4164, 4176, 4196, 4197, 4199, 4224, 4232, 4283, 4294, 4341, 4347.
Skúli Alexandersson 4362.
Stefán Benediktsson 4199, 4290, 4295, 4364.
Stefán Valgeirsson 4180, 4195, 4373.
Steingrímur J. Sigfússon 4189, 4193, 4198, 4200, 4208, 4209, 4210, 4213.
Svavar Gestsson 4186, 4187, 4191, 4194, 4195, 4198, 4200, 4213, 4335.
Valdimar Indriðason 4359.
Þorv. Garðar Kristjánsson 4157, 4170, 4174, 4176, 4302, 4303.

Efri deild, 58. fundur.

Mánudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 647 (sbr. 49)). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um vinnumiðlun sem er 49. mál Nd. Frv. hefur verið afgreitt í Nd. með tiltölulega litlum breytingum. Sú breyting, sem þar var gerð, var fyrst og fremst við 3. gr. þar sem BSRB er bætt við þá aðila sem eiga að vera í ráðgjafarnefnd þeirri sem frv. gerir ráð fyrir.

Það blandast víst fáum hugur um að Íslendingar lifa á umbrotatímum. Á vissan hátt má segja að íslenskt þjóðlíf standi á tímamótum. Við höfum fram til þessa byggt sókn okkar til bættra lífskjara m. a. á mikilli fjárfestingu í fiskiskipum og fiskvinnslu sem um skeið leiddi til aukins afla. Það er mat margra að við núverandi skipulag fiskveiða höfum við náð hámarks afrakstri fiskimiða í kringum landið. Þess vegna verði bætt lífskjör að byggjast á betri nýtingu þeirra hráefna sem við höfum, hagnýtingu nýrrar tækni við framleiðsluna og bættri menntun og þjálfun mannaflans. Mín skoðun er að um ókomna framtíð byggist afkoma í þessu landi á afrakstri sjávarútvegs og fiskvinnslu, arður þessara starfsgreina muni áfram ráða lífskjörum á Íslandi. Þótt sjávarútvegurinn eigi við tímabundna erfiðleika að etja megum við ekki láta það hafa þau áhrif að dregið verði úr fjárfestingu í nýrri tækni og betri tækjum í þessari atvinnugrein.

Ef sjávarútvegur og fiskiðnaður dragast aftur úr leiðir það til enn verri afkomu þess fólks sem starfar við þessar undirstöðugreinar í þjóðfélagi okkar. Ef það gerist er hætt við að lítið verði til skiptanna fyrir aðrar starfsstéttir. Það er eins og ýmsir séu hættir að skilja þessar einföldu staðreyndir í þjóðfélaginu. Þess vegna legg ég áherslu á það að fjárfesting í nýjum tækjum, ekki síst í fiskvinnslunni, svo og öðrum atvinnugreinum er forsenda bættra lífskjara.

En það er ekki nóg að fjárfesta í nýjum tækjum og auka fjölbreytnina í atvinnulífinu ef ekki er fyrir hendi starfsfólk sem hefur rétta menntun og síðast en ekki síst þjálfun til að takast á við ný verkefni sem ný tækni og nýjar atvinnugreinar krefjast. Þar er þörf á menntun og hvers kyns þjálfun. Þjóð, sem ætlar og verður að stofna til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu, verður að átta sig á samhengi hlutanna. Það er ekki hægt að stofna til nýsköpunar í atvinnulífinu, nýsköpunar sem krefst menntunar, ef ekki er til starfskrafturinn til að koma slíku í framkvæmd.

Fjölbreytni í atvinnulífi krefst betur menntaðs og sérhæfðara starfsfólks. Af þessum ástæðum er margt sem bendir til þess að sífellt erfiðara verði fyrir atvinnurekendur að fá það starfsfólk sem reksturinn krefst og fyrir launþegann að fá vinnu við sitt hæfi. Það er hér sem vinnumiðlun hefur gífurlega miklu þjóðhagslegu hlutverki að gegna. Meginhlutverk hennar á að vera að leiða saman launþega og atvinnurekanda og stuðla þar með að sem allra bestri nýtingu mannafla og atvinnutækja, þ. e. að sú menntun og starfsþjálfun, sem launþegi hefur, nýtist sem best þegar út í atvinnulífið er komið og að flóknum og dýrum atvinnutækjum stjórni þeir sem hafa til þess rétta þjálfun.

Þetta hlutverk hefur íslensk vinnumiðlun ekki rækt sem skyldi. Starf hennar fram til þessa hefur í allt of ríkum mæli takmarkast við skráningu tölulegra upplýsinga og því skrifræði sem tengist greiðslu atvinnuleysisbóta. Á þessu verður að verða breyting. Þess vegna er flutt það frv. um vinnumiðlun sem hér er á dagskrá.

Fyrsta löggjöfin, sem snertir vinnumiðlun, voru lög nr. 57/1928 um atvinnuleysisskýrslur. Í þeim lögum, sem voru aðeins fjórar greinar, var bæjarstjórnum gert skylt að safna fjórum sinnum á ári skýrslum um atvinnu og atvinnuleysi sjómanna, verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna. Mikill misbrestur mun hafa verið á þessari skýrslusöfnun utan Reykjavíkur og eftir þrjú ár gafst Hagstofan upp við að innheimta skýrslurnar. Fyrir bragðið er nánast engin vitneskja fyrir hendi um atvinnuástand utan Reykjavíkur í tölfræðilegum gögnum frá kreppuárunum upp úr 1929.

Á árunum eftir 1929 verða menn varir við böl atvinnuleysisvofunnar. Sú reynsla verður þeim sem það upplifðu víti til varnaðar. Eymd, vonleysi, glötun tímaskyns, missir sjálfsvirðingar, slakari heilsa voru sjúkdómseinkenni atvinnuleysins. Það var upp úr þessum jarðvegi sem skilningur á mikilvægu hlutverki vinnumiðlunarinnar spratt. Í ársbyrjun 1935 samþykkti Alþingi fyrstu lögin um vinnumiðlun, lög nr. 4 frá 9. jan. 1935. Í þeim er kveðið á um það að í hverjum kaupstað skuli stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa eftir ákvörðun bæjarstjórnar eða atvinnumálaráðherra.

Enn voru sett lög um vinnumiðlun 1951, lög nr. 41. Í 1. gr. þeirra er gerð sú meginbreyting að skyldu sveitarfélaga til að reka vinnumiðlun er breytt í heimild. Auk þess er kveðið á um það að þær vinnumiðlunarskrifstofur, sem þá voru starfandi skv. lögum frá árinu 1935, skuli hætta störfum frá 1. mars 1951.

Loks voru sett ný lög um vinnumiðlun árið 1956, lög nr. 52. Voru þau sett í tengslum við nýja löggjöf um atvinnuleysistryggingar það sama ár.

Það er því orðið löngu tímabært að endurskoða vinnumiðlunarlögin og laga þau að þeim gífurlegu þjóðfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað frá setningu þeirra, ekki síst frá árinu 1971 þegar hrein bylting hófst í byggða- og atvinnumálum hér á landi.

Með bréfi dags. 22. okt. 1981 skipaði fyrrv. félmrh. nefnd er skyldi endurskoða lög nr. 52/1956, um vinnumiðlun, með síðari breytingum. Í nefndina voru skipaðir Sigurður Guðgeirsson prentari, formaður, Björn Björnsson viðskiptafræðingur, Bragi Friðriksson framkvæmdastjóri, Eyjólfur Jónson framkvæmdastjóri og Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðingur. Eftir fráfall Sigurðar Guðgeirssonar var Þóra Hjaltadóttir hagfræðingur skipuð formaður í hans stað. Óskar Hallgrímsson, deildarstjóri vinnumálaskrifstofu félmrn., var skipaður ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að kanna sérstaklega eftirfarandi atriði:

1. Hver sé eðlileg verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hvað vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu snertir.

2. Hvernig tryggja megi sem virkasta vinnumiðlun sem hafi jafnan haldgóðar upplýsingar um þau atvinnutækifæri er í boði eru á hverjum tíma víðs vegar um landið.

3. Hvort það eigi að vera verkefni vinnumiðlunar að sinna þörfum fólks með sérþarfir, t. d. öryrkja eða aldraðra, eða hvort fela beri það verkefni öðrum aðilum.

4. Hvernig efla megi tengsl vinnumiðlunar í landinu við aðila vinnumarkaðarins og Atvinnuleysistryggingasjóð með það fyrir augum að koma á virkara samstarfi þessara aðila.

Enn fremur var nefndinni falið að kynna sér löggjöf um vinnumiðlun á öðrum Norðurlöndum með það sérstaklega í huga að Ísland gerðist aðili að samningi um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum og að æskilegt yrði af þeim ástæðum að samræma ákvæði laga hér á landi því sem þar gildir.

Í grg. með tillögum að lagafrv., sem nefndin sendi félmrh. 28. mars 1984, kemur fram sú sameiginlega skoðun hennar að vinnumiðlun og atvinnuleysisskráning þurfi að vera fyrir hendi um land allt og framkvæmdin eigi að vera verkefni sveitarstjórna en yfirstjórnin hjá Vinnumálaskrifstofu félmrn. Þá kemur fram sú einróma skoðun nefndarinnar að mjög þurfi að auka þá þjónustu sem vinnumiðlun lætur í té, bæði gagnvart atvinnuleitendum og atvinnurekendum, og gera vinnumiðluninni kleift að sinna þeim fjölþættu verkefnum sem í raun eru á hana lagðar.

Nefndin telur mikið skorta á að vinnumiðlunin hafi sinnt því þjónustuhlutverki sem hún á að sinna. Hún bendir á í grg. að góðu heilli hafi atvinnuástand víðast hvar verið með þeim hætti síðustu árin að ekki hafi reynt alvarlega á vinnumiðlunina. Hins vegar leggur nefndin áherslu á það, sem fram kom hér að framan í þessari framsöguræðu minni, að í þjóðfélagi, sem sífellt tekur yfir fjölþættari atvinnustarfsemi, verði þörfin fyrir virka vinnumiðlun meiri með hverju ári burtséð frá því hvort um atvinnuleysi er að ræða eða ekki. Nefndin telur að eðlileg hreyfing vinnuafls milli atvinnugreina þurfi að geta átt sér stað og komi til kasta vinnumiðlunar um upplýsingagjöf, bæði til atvinnurekenda og þeirra sem óska eftir að breyta um vinnu. Atvinnuleit fyrir fatlaða og aðra hópa með sérþarfir þurfi einnig að stórauka, m. a. með samvinnu við samtök og stofnanir er fari með málefni þeirra.

Endurskoðunarnefndin er sammála um það að veigamikill þáttur í starfi vinnumiðlunar eigi að vera fólginn í því að veita stjórnvöldum og öðrum, sem á slíku þurfa að halda, tímanlega vísbendingu um hreyfingar á vinnumarkaði, hvort sem um er að ræða þenslu eða samdrátt. Nefndin telur að í þessu skyni sé nauðsynlegt að vinnumiðlunin fái sem gleggstar upplýsingar um atvinnuástandið á vinnumarkaði, þ. á m. um laus störf. Til að ná þessu markmiði leggur nefndin til að komið verði á véltæku gagnavinnslukerfi undir yfirumsjón Vinnumálaskrifstofu félmrn. Ég vík nánar að þessum þætti síðar í ræðu minni.

Varðandi eflingu vinnumiðlunarinnar leggur nefndin eftirfarandi til:

— að skylda til að annast vinnumiðlun verði takmörkuð við sveitarfélög með a. m. k. 500 íbúa

— að landinu verði skipt í atvinnusvæði eftir atvinnuháttum og staðháttum

— að sveitarfélögum á hverju svæði verði gert að hafa samstarf um allt er lýtur að vinnumiðlun

— að stefnt verði að því að koma upp véltæku gagnavinnslukerfi sem m. a. auðveldi fámennari sveitarfélögum að annast vinnumiðlun án óhóflegs kostnaðar og skrifræðis.

Endurskoðunarnefndin fjallar um stjórn vinnumiðlunarinnar í grg. sinni og telur rétt að aðilar vinnumarkaðarins fái beina aðild að yfirstjórn vinnumiðlunarinnar með þeim hætti að Vinnumálaskrifstofunni verði sett sérstök ráðgjafarnefnd. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum sem undir Vinnumálaskrifstofuna falla. Þá telur nefndin eðlilegt að heildarsamtök sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður fái aðild að ráðgjafarnefndinni. Enn fremur er það álit hennar að aðilar vinnumarkaðarins fái beina aðild að stjórnarnefndum þeim sem gert er ráð fyrir hjá hverri sveitarstjórn sem skylt er að annast vinnumiðlun, sbr. 9. gr. frv. Með þessu telur nefndin að unnt eigi að verða að koma á virku samstarfi ríkis, sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál á breiðum grundvelli.

Nefndin víkur stuttlega í grg. sinni að samningi um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda sem var undirritaður 6. mars 1982 og tók gildi 1. ágúst 1983, en skv. honum njóta norrænir ríkisborgarar sama réttar og heimamenn varðandi þjónustu af hálfu vinnumiðlunarinnar. Ofangreind atriði eru kjarninn úr grg. endurskoðunarnefndarinnar sem hún lét fylgja með tillögum sínum um ný lög um vinnumiðlun.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að eyða tíma hér til að útskýra einstakar greinar frv., en út frá þessari skilgreiningu tel ég eðlilegt að vinnumiðlunin sjái um þjónustu við aðila vinnumarkaðarins í samvinnu við og undir yfirstjórn Vinnumálaskrifstofunnar vegna þess að hún er í beinum tengslum við vinnumarkaðinn. Hins vegar fari Vinnumálaskrifstofa rn. með samskipti við stjórnvöld vinnumála á hinum Norðurlöndunum og beri ábyrgð á að sinna þeim skyldum sem samningurinn milli Norðurlandanna felur í sér gagnvart þeim.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á c-lið 11. gr. sem fjallar um sérstaka þjónustu vinnumiðlunarinnar. Skv. þessum lið geta unglingar, fatlaðir og aldraðir leitað til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við leit að vinnu við þeirra hæfi.

Í IV. kafla frv. er nýmæli. Hann fjallar um gagnavinnslukerfi. Í 13. gr. frv. er heimildarákvæði fyrir félmrh. um að hann geti ákveðið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að vinnumiðlun taki upp véltæka gagnavinnslu allra upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnutækifæri og atvinnuleysisbætur. Skv. greininni er gert ráð fyrir að Vinnumálaskrifstofan hafi yfirumsjón með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar og setji nánari reglur um meðferð þess og rekstur í samvinnu við sveitarfélög og Atvinnuleysistryggingasjóð.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að félmrn. hefur í samvinnu við Reykjavíkurborg, Atvinnuleysistryggingasjóð og fjmrn. þegar hafið undirbúning að stofnun véltæks gagnavinnslukerfis vinnumiðlunar. Veturinn 1983—1984 voru hannaðar fyrstu tillögur að slíku kerfi. Þessar tillögur hafa verið til nánari athugunar. Enn fremur hafa starfsmenn félmrn. bæði kynnt sér þá tölvuvæðingu sem hefur átt sér stað á þessu sviði í Finnlandi og Svíþjóð í tengslum við vinnumálafundi sem haldnir hafa verið í þessum löndum og tekið þátt í starfshópum Norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar sem hefur það sérstaka verkefni að fjalla um notkun tölvu-

tækni við vinnumiðlun á Norðurlöndum. Rn. hefur þannig þegar dregið saman nokkurt magn upplýsinga um þetta málefni.

Það er ljóst að hér er um umfangsmikið verkefni að ræða sem verður ekki leyst nema með náinni samvinnu við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins. Það er enn fremur ljóst að mesta vinnan liggur í því að skilgreina þau verkefni og þá þjónustu sem gagnavinnslukerfið á að annast. Hér er okkur Íslendingum nokkur vandi á höndum vegna þess hvað starfsemi vinnumiðlunar er frumstæð. Þess vegna er það spurning hvort ekki sé rétt að fulltrúar ríkisvaldsins, sveitarfélaganna og aðilar vinnumarkaðarins setjist niður og ræði um framtíðarskipulag og starfshætti vinnumiðlunarinnar á grundvelli þess lagafrv. sem hér liggur fyrir og í framhaldi af því verði unnið að skipulagningu gagnavinnslukerfis vinnumiðlunar. Ég legg áherslu á að ríkisvaldið hefur áhuga á framgangi þessa máls. Í því sambandi vil ég benda á að í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að 1.5 millj. kr. verði varið til þessa verkefnis.

Í 14. gr. er einnig að finna nýmæli sem að vísu var ekki samstaða um í endurskoðunarnefndinni. Þar er kveðið á um það að þegar vinnumiðlun hefur komið á véltæku gagnavinnslukerfi geti ráðherra með reglugerð ákveðið að öllum, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli og hafa fjóra eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, skuli skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlun öll laus störf á þeirra vegum, enda sé tryggt að vinnumiðlunin geti tekið við slíkum upplýsingum með viðunandi hætti. Áður en slík reglugerð er gefin út á að leita umsagna helstu samtaka atvinnurekenda og verður þetta ekki gert nema um það verði fullt samkomulag. Á þetta vil ég leggja áherslu.

Virðulegi forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til þeirrar grg. sem með sama frv. fylgir. Ég gat þess í upphafi máls míns að íslenskt þjóðfélag hafi tekið stakkaskiptum frá því núgildandi lög um vinnumiðlun voru sett. Fjölbreytnin í atvinnulífinu hefur aukist og menntun einstaklinga orðið margbreytilegri. Vinnumiðlunin á að sjá til þess að atvinnurekandinn fái þann starfskraft sem reksturinn krefst og einstaklingurinn fái atvinnu í samræmi við þá menntun og starfsreynslu sem hann hefur. Hlutverk vinnumiðlunarinnar á einnig að vera að stuðla að nægri og jafnri vinnu um land allt og auka hreyfanleika vinnuaflsins á milli atvinnugreina. Á þennan hátt getur vinnumiðlun tryggt sem besta nýtingu framleiðslutækja og mannafla og á þann hátt aukið afrakstur þjóðarbúsins sem er öllum þegnum til hagsbóta. Það frv. til l. um vinnumiðlun, sem hér er fylgt úr hlaði, miðar að þessu. Það byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum að vinnumiðlun eigi að vera frjáls, hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta við þá sem óska liðsinnis hennar. Það byggir á því sjónarmiði að sjálfstæði sveitarfélaganna eigi að vera sem mest og þess vegna eigi þau að annast þennan málaflokk undir yfirstjórn félmrn. Til þess að minnka skrifræði og gera vinnumiðlunina sem skjótvirkasta gerir frv. ráð fyrir hagnýtingu véltæks upplýsingakerfis.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég fæ tækifæri til að skoða þetta mál í nefnd en sannarlega ber okkur að gaumgæfa vel þetta þýðingarmikla mál, vinnumiðlun, einn þátt okkar velferðarþjóðfélags þar sem aðilar hafa vissulega sínu ríka hlutverki að gegna. Virk vinnumiðlun í sveitarfélögum er að vísu mjög mismunandi eftir aðstæðum og þörfum, en gagnsemin fer ekkert á milli mála og þyrfti að komast víðar á, þó blessunarlega sé oftast aðeins um tímabundinn vanda að ræða í þessu þjóðfélagi mikillar vinnu og vinnusemi, oft of mikillar, of erfiðrar og slítandi, sem er kannske jafnmikið vandamál og hitt þó að ég geri ekki lítið úr voða atvinnuleysisins.

Nú er þetta að vonum ákaflega misjafnt eftir sveitarfélögum. Það fer að nokkru eftir stærð þeirra og eins að þörfum hvort framkvæmd hefur verið eða hvort virk hefur reynst þegar að hefur kallað. Mér er ljóst að miklu víðar en nú er þyrfti hér að huga vel að. Og lagarammi sem þessi sýnist í mörgu tilvalinn til þess að tryggja það. A. m. k. er lagastoðin ærin eftir að þetta frv. hefur farið í gegnum þingið. En umræðuna um vanda sveitarfélaga eða vanrækslu í þessum efnum geymi ég mér til síðari umræðu.

Ég vildi nú koma að einu atriði sem skiptir miklu um heildarmeðferð laga af þessu tagi og er trúlega mjög verulegur þáttur þeirra og um leið almennastur á öllum venjulegum tímum þegar atvinnuástand er að öðru leyti allþokkalegt, sem sagt við eðlilegar aðstæður á vinnumarkaðnum. Hér á ég við þá aðila sem þurfa á öllum tímum að leita sér atvinnu á vinnumarkaðnum við óþægilegri og erfiðari aðstæður en gengur og gerist, eiga mun erfiðara með að fá vinnu og þurfa á virkilegri aðstoð að halda, bæði við varanlega eða tímabundna vinnuhömlun af ýmsu tagi. Hér á ég að sjálfsögðu við öryrkja svo og aðra þá sem ekki ganga heilir til skógar og geta því ekki haslað sér völl hvar sem er í atvinnulífinu. Hér er líka um ýmsa þá að ræða sem eru að koma úr endurhæfingu eftir áföll eða slys og geta ekki tekið til við fyrri störf en vilja og þurfa að halda út á atvinnubrautina á nýjan leik en þurfa um leið uppörvun og aðstoð. Einmitt þessir aðilar þurfa á atvinnuleit og vinnumiðlun að halda. Engir falla frekar undir skilgreiningu um þörf þessara laga sem við erum hér að fjalla um.

Mín höfuðathugasemd nú við frv. snertir því 3. gr. þess um ráðgjafarnefnd sem hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta, eftir breytingu í Nd.:

„Félmrh. skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Sambands ísl. sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja."

Ég hefði talið að þarna ætti sjöundi aðilinn að bætast við. Samtök þess stóra hóps sem ég áður nefndi ættu að bætast við til virkrar aðildar og þátttöku til aðstoðar við félmrh. þó að ég geri mér ljóst að í rn. er deild sem sinnir þessum málum sérstaklega, þ. e. hinum almennu málefnum fatlaðra. Ég held að það sé mikilvægt fyrir alla og þjóðfélagið ekki hvað síst að fá þetta fólk til starfa. Landssamtökin Þroskahjálp hafa eindregið farið þess á leit við mig að koma þessu hér á framfæri. Ég ráðlagði þeim að skrifa formanni nefndarinar, hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinssyni. Þykist ég vita að hann hefur fengið erindi hér um og ég veit að hann mun ásamt okkur öðrum nm. leggja sig fram um að finna

heppilegan farveg fyrir þessa beiðni. Ég flyt því enga brtt. við frv. hér og nú en vildi vekja á þessu athygli sem vert er.

Ég veit vel um ákvæði laga um málefni fatlaðra sem fjalla sérstaklega um atvinnumál. Þar er vissulega unnt að finna ágæt skilyrði sem gera fötluðum fært að ná sæmilegum og viðunandi rétti. Enn frekar þess vegna tel ég sjálfsagt að fulltrúar eigi aðild að ráðgjafarnefnd um þessi mál svo mjög sem um þau er fjallað, m. a. í c-lið 11. gr., eins og hæstv. ráðh. drap sérstaklega á, þar sem er um sérstaka þjónustu að ræða. Þar eru að vísu fleiri á ferðinni. Unglingar, fatlaðir og aldraðir geta leitað til vinnumiðlunar eins og segir þar. En einmitt þess vegna held ég að við eigum að skoða vel þann möguleika að samtök fatlaðra eigi aðild að þessari ráðgjafarnefnd. Ég efa að nokkrir eigi í raun og veru hér jafnmikilla hagsmuna að gæta og fatlaðir og þetta beri því að skoða alveg sér í lagi í ljósi þess að það geti sem best komið fötluðum út á vinnumarkaðinn í vinnu við þeirra hæfi.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það er rétt, sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl., að félmn. hefur borist bréf um það mál sem hv. 2. þm. Austurl. kynnti hér. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Að sjálfsögðu verður það bréf tekið til frekari umfjöllunar í félmn. þar sem vonandi verða allir nm. viðlátnir.

Ég stóð fyrst og fremst upp við þessa umr. til þess að fá örlítið nánari útlistun á örfáum atriðum í frv. Ég tel að það geti sparað tíma í umfjöllun um það í n. Það er þá fyrst varðandi 4. gr. frv., 2. mgr. sem hljóðar svo, en þá er átt við ráðgjafarnefndina:

„Nefndin getur haft frumkvæði að því að gerðar verði áætlanir um aðgerðir sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti eða breytingum í atvinnuháttum er leitt geta til atvinnuleysis hvort sem er á einstökum stöðum, í tilteknum starfsgreinum eða landinu í heild."

Eins og fram hefur komið er þetta ákvæði nýmæli í slíkum lögum um vinnumiðlun. Þeim spurningum hlýtur maður að velta fyrir sér þegar þess er getið að nefndin geti haft frumkvæði að því að gerðar verði áætlanir og hrint þeim í framkvæmd. Reyndar er ekki getið um það eða skýrt ákveðið í þessu frv. hver það er sem hugsanlega hrindir slíkum áætlunum í framkvæmd. Þó er að því vikið í grg. og verður best skilið að það sé raunar nefndin sjálf, þ. e. ráðgjafarnefndin. Nú hlýtur sú spurning að leita á hugann hversu víðtækt þetta vald er sem fengið er þarna í hendur ráðgjafarnefndinni.

Það er deginum ljósara að fjölmargir aðilar hafa með höndum atvinnurekstur og atvinnustarfsemi á hverjum stað. Um alls konar rekstrarform er að ræða, bæði hálfopinberan rekstur og einkarekstur. Er virkilega gert ráð fyrir því að ráðgjafarnefndin geti látið frá sér fara og jafnvel hrint í framkvæmd áætlunum um aðgerðir í atvinnumálum sem varða ef að líkum lætur í mörgum tilvikum í mjög ríkum mæli einkaaðila í rekstri, starfsháttu þeirra, mannaráðningar, mannahald og fyrirkomulag að ýmsu leyti? Það er óumflýjanlegt að nokkuð ljóst liggi fyrir hvað við er átt í þessu efni.

Í öðru lagi langar mig til að fá örlítið nánar útskýrt hvað átt er við í 7. gr. frv. þar sem vikið er að því að landinu skuli skipt í atvinnusvæði þannig að sveitarfélög, sem landfræðilega og atvinnulega hafa svipaðra hagsmuna að gæta, teljist á sama atvinnusvæði. Nú get ég vel ímyndað mér hvað þarna er átt við í stærstum dráttum. Hins vegar leiði ég hugann að því fyrir það fyrsta hvenær er fyrirhugað á grundvelli reglugerðar, verði þessi atvinnusvæði ákveðin, að skiptingunni verði lokið og í öðru lagi hvort menn hafi bak við eyrað í framhaldi af þessari breytingu á skipan atvinnusvæðanna að breyta rétti einstaklinga til atvinnuleysisbóta. Þá á ég við hvort tveggja með tilliti til aðildar að verkalýðsfélagi og sveitfesti viðkomandi einstaklings.

Í þriðja lagi langar mig að víkja örfáum orðum að eins konar fyrirframgerðri lögskýringu félmn. Nd. en í 3. lið nál. stendur svo, með leyfi forseta:

„Í frv. tekur hugtakið „atvinnuleitandi" til þeirra sem eru í starfi en leita eftir öðru starfi. Hugtakið „atvinnuumsækjandi" tekur til þeirra sem ekki eru í starfi."

Nú segi ég alveg eins og er að mig brestur skilning á þessu tvennu. Minn málskilningur segir mér að „atvinnuleitandi" sé yfir höfuð sá aðili sem leitar eftir vinnu, einu gildi hvort hann er í annarri vinnu nú þegar eða hvort hann er atvinnulaus. En „atvinnuumsækjandi" getur skv. mínum skilningi hvort tveggja verið í atvinnu eða atvinnulaus en hann sækir um annað starf eða sækir um tiltekið starf og er þar af leiðandi atvinnuumsækjandi. Enda er í 11. gr. frv. tíunduð þjónusta við atvinnuleitendur og það er nokkuð löng upptalning. Þá er tíunduð þjónusta við atvinnurekendur. C-liður fjallar um sérstaka þjónustu. Stafliðirnir eru þrír í þessari grein. En það er eins og skv. þessari fyrirframgerðu lögskýringu félmn. Nd. sé engin þjónusta við atvinnuumsækjendur en skv. fyrirframgerðri lögskýringu eru það einmitt þeir sem ekki eru í starfi. Minn skilningur segir mér að þrátt fyrir allt sé þó vinnumiðlun ekki síst til þess fallin að koma þeim til starfa sem ekki eru í starfi. Ég vil sem sagt fá nánari skýringar á þessum fyrirframgerðu lögskýringum félmn. Nd., „atvinnuleitandi" — „atvinnuumsækjandi".

Varðandi 13. gr. þá má vel vera að nauðsynlegt sé að taka fram í lögum þegar heimila skal uppsetningu vélgengs kerfis, þ. e. gagnavinnslukerfis. Hins vegar lætur maður sér til hugar koma á þessum öru breytingatímum í allri tækni, hvort sem það varðar skrifstofuhald eða annað, að einhvern tíma hefði staðið í lögum við upphaf ritvélarinnar að heimilt væri þegar þar að kæmi að hafa ritvél á skrifstofunni. En það má vel vera að þetta sé nauðsynlegt vegna tölvukerfis að þessu leyti.

15. gr. finnst mér nokkuð fortakslaus gagnvart atvinnurekendum. Gert er ráð fyrir því að aðila sem hefur fjóra eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni sé hægt að beita sektum tilkynni hann ekki um laus störf. Það er reyndar á það minnst í nál. félmn. Nd. að haft verði samráð við samtök atvinnurekenda í þessu efni. Vil ég leggja áherslu á það, ekki síst þar til reynsla er fengin af því skipulagi sem lögin gera ráð fyrir að verði upp tekið.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleira um þetta að segja. En eins og ég gat um í upphafi máls míns tel ég eðlilegt til þess að spara tíma að nokkrar skýringar verði gefnar á þeim atriðum sem ég hef um getið.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég verð reyndar að segja strax að málflutningur minn mun að einhverju leyti verða ámóta á að hlýða og hv. 5. þm. Vesturl. Ég sé að hann hefur rekið sig á mörg þau sömu atriði sem ég hef rekið mig á í þessu frv.

Ég leyfi mér að segja að þetta sé afskaplega vitlaust

frv. um ágætt málefni. Ég sé fyrir mér að vinnumiðlun sé fyrst og fremst ákveðin skuldbinding af hálfu yfirvalda, þ. e. ríkis og sveitarfélaga, til að fyrir hendi séu sem víðast um allt land upplýsingar um atvinnuástand, þ. e. framboð og eftirspurn eftir vinnuafli, þannig að þeir, sem í atvinnuleit eru, geti haft aðgang að þessum upplýsingum og þeir, sem eru að leita að starfsfólki, geti haft aðgang að þeim.

Ég sé ekki betur en lögin geri ráð fyrir því að stjórnvöld skuldbindi sig til að tryggja hér á landi *ákveðið atvinnuástand*. Ef þessi *skuldbinding er tekin* alvarlega geta orðið býsna skondnir hlutir úr því. „Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að nægri og jafnri atvinnu um land allt." Það er stórt orð Hákot. Það er ekki lítið verkefni sem þarna er tekist á hendur. Hingað til hefur stjórnvöldum ekki tekist að uppfylla loforð af þessu tagi og ég á ekki von á því að þau geti það neitt frekar í framtíðinni.

Síðan er það loforð að stuðla að „nægjanlegu framboði vinnuafls fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar". Ef maður væri ekki orðinn svo vanur því að orðalag í frumvörpum og lögum væri oft og tíðum mjög heimskulegt gæti maður skilið þetta þannig að ríkisstjórn Íslands ásamt sveitarfélögum ætlaði sér að koma upp eins konar útungunarstöð á vinnuafli fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar til að tryggja að aldrei þyrfti að lenda þar í neinu hallæri. (**HS:** Framleiðsluhvatning.) Framleiðsluhvatning, já. Við eigum kannske von á því að hér komi til viðbótar löggjöf um verðlaun til mæðra sem miðist við ákveðinn fjölda barna.

Eina vitið í þessum tveim setningum, sem teljast til 1. gr., er það að vinnumiðlunina skuli starfrækja eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum og reglugerð og að vinnumiðlunin skuli í þessu skyni hafa endurgjaldslausa meðalgöngu milli þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli. Þetta er hlutverk *vinnumiðlunarinnar*. *Hitt er bara orðagjálfur* sem hefur enga merkingu og er algerlega nauðsynjalaust að halda því inni í þessu frv.

Síðan er reyndar búið að koma hér upp embætti og nefnd sem á að hittast mánaðarlega til að gera allt og ekkert. Fyrir þessa nefnd skulu lagðar upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri á landinu öllu ásamt skýringum á orsökum og breytingum á atvinnuástandi, enn fremur tekin fyrir önnur mál sem Vinnumálaskrifstofan, aðrir opinberir aðilar eða einstakir fulltrúar tilnefningaraðila óska eftir að tekið sé á dagskrá og snerta hlutverk nefndarinnar.

Þarna er búið að koma upp einni af mörgum minni háttar ríkisstjórnum í þessu landi þar sem menn ætla sér að sitja mánaðarlega í einhverjum klúbb og fjalla um árangur og vandamál í atvinnumálum landsins án þess að hafa í raun og veru nokkurt umboð til að gera neitt í þeim efnum en hafandi þarna ákveðinn vettvang til að láta ljós sitt skína. Ég get ekki séð að þessi ráðgjafarnefnd lofi góðu. Með tilliti til margra atriða í þessu frv. hefði ég mjög gjarnan kosið að þessum lögum yrði séð fyrir sólarlagsákvæði og væri þá litið á þau sem tilraun til ákveðins tíma og árangur þessara framkvæmda allra yrði metinn eins fljótt og hægt væri til að gera mætti sér grein fyrir hvort tilraunin hefði svarað kostnaði.

Í 7. gr. frv. er tekist á við eitt höfuðdeilumál undanfarinna ára og áratuga í íslensku stjórnarfari. Í athugasemdum með frv. segir um þessa grein:

„Í greininni er það nýmæli að landinu skuli skipt í tiltekin atvinnusvæði með tilliti til legu og atvinnuhátta og að sveitarfélög innan hvers svæðis hafi samstarf um vinnumiðlun eftir því sem tök eru á. Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að gera vinnumiðlun sem virkasta á hverju svæði, auka hreyfanleik vinnuafls milli nærliggjandi sveitarfélaga og nýta sem best atvinnuframboð."

Við skulum nú horfa fram hjá því að Íslendingar búa við það ástand í dag að ekki er um neinn hreyfanleika vinnuafls lengur að ræða. Stjórnvöld eru búin að koma því þannig fyrir að menn búa hér við slíka átthagafjötra að þeir geta sig hvergi hreyft. Ef þér býðst einhvers staðar atvinna langt frá þinni heimabyggð átt þú lítinn kost að nýta hana öðruvísi en að selja eign þína á einhverju undirmálsverði, tapa þar stórkostlegum fjármunum og hafa hugsanlega ekki efni á því nema með miklum harmkvælum að kaupa þér eign á næsta stað og þar fram eftir götunum. Þetta er nú aukaatriði.

Hér er verið að búa til nokkurs konar nýja stjórnsýsluskiptingu, sameiningu sveitarfélaga, bara undir öðru formerki. Nú hefur mönnum ekki tekist frá stofnun lýðveldisins að sameina sveitarfélög með þeim hætti sem menn hafa óskað sér. Hvað er það sem sannfærir menn um það að þeim takist það hér frekar en annars staðar? Og ef mönnum tekst það ekki sem gert er ráð fyrir í þessari grein er sá tilgangur laganna fallinn að stuðla að nægri og jafnri atvinnu og nægjanlegu framboði vinnuafls. Takist ekki að ná því markmiði sem sett er fram í 7. gr. eru þetta og verða ekkert annað en einfaldar og gagnlegar upplýsingaskrifstofur. *Hvers vegna gátu menn ekki verið svo raunsæir* að horfast í augu við þessa staðreynd og hafa lögin einfaldlega þannig, ekki að ætla sér að leysa vandann með einhvers konar utanborðsríkisstjórn sem þessi ráðgjafarnefnd er og svo hins vegar að leysa vanda sameiningar sveitarfélaga með 7. gr. í lögum sem varla nokkur maður hér á landi hefur tekið eftir að verið er að fjalla um hér innan veggja, að ætla sér að leysa þannig nokkur af þeim meiri háttar vandamálum sem Alþingi hefur verið að brasa við undanfarin ár og áratugi?

Það er víða hægt að grípa niður. Ein bein spurning er hér til hæstv. ráðh. varðandi 17. gr. Þar segir: „Einkaaðilum er óheimilt að reka vinnumiðlun í ágóðaskyni." Síðan geta menn lesið áfram það sem þar stendur. Greinin fjallar um það hverjum félmrh. getur leyft að reka vinnumiðlun. Þýðir þetta að þeim vinnumiðlunarskrifstofum, sem nú eru starfandi, verði að loka? Er þeim bönnuð starfsemi? Má Hagvangur ekki stunda vinnumiðlun eftir þessu að dæma? Ég tel ekki smekklegt að tína hér til fleiri nöfn. En hér eru starfandi þegar þó nokkrar skrifstofur sem stunda vinnumiðlun með nokkuð góðum árangri að ég tel fyrir alla hlutaðeigandi aðila og væru ekki að þessu ef þær hefðu ekki af þessu einhvern ábata, býst ég við. Er þeim þetta þar með ekki lengur heimilt þegar við erum búin að samþykkja þessi lög eða er hérna eins og oft áður kannske ekki alveg að marka það sem sagt er í frv.?

Í heild get ég sagt að tilfinning mín af þessum lögum er ekki góð. Þetta er frv. þar sem menn hafa ekki virkilega sest á afturfæturna og hugsað: Hvað erum við að gera og hvað ætlum við að gera? Hverju getum við raunverulega náð sem löggjafar annars vegar og sem

framkvæmdavald hins vegar? Sá draumur, sem birtist í þessum lögum, er draumur sem ég get líklega frekar nú en oft áður veðjað þó nokkuð miklu um að aldrei rætist.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Hér hafa tveir hv. þm. komið upp og rætt nokkuð um þetta frv. Ég verð nú að segja við hv. 8. þm. Reykv., að mér finnst hann taka nokkuð djúpt í árinni þegar hann segir að hér sé um vitlaust frv. að ræða þó um gott mál sé. Ég vænti þess að hv. þm. átti sig á því að hér er um frv. að ræða sem aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar sveitarfélaganna og sá aðili sem fer með atvinnuleysistryggingamál hafa samið í sameiningu og náð samkomulagi um að hér sé verið að gera það sem þörf er á á þessu sviði á breiðum grundvelli. Ég fullyrði að þessir aðilar, fulltrúar launþega, fulltrúar atvinnurekenda, fulltrúar sveitarfélaga og fulltrúi Atvinnuleysistryggingasjóðs, hafa lagt sig fram um að semja þetta frv., sem í engu hefur verið breytt frá þeirra tillögum, á þann veg að það spanni yfir það helsta sem nauðsynlegt er að sé bundið í lögum um þessi vinnuréttarmál. Ég vil einnig benda hv. þm. á að við erum líka bundin af samningi um hinn sameiginlega norræna vinnumarkað sem Ísland hefur gerst aðili að. Í okkar löggjöf þarf ýmsu að breyta svo að hægt sé að fullnægja þeim skyldum sem þar eru lagðar á herðar íslenskum stjórnvöldum, ekki síst á sviði vinnumiðlunar. Þetta er ákaflega mikilvægt mál og er ekki tími hér eða aðstæður til að skýra það nánar, en ég vil benda hv. þd. á það og hv. félmn. Ed. að að sjálfsögðu getur nefndin fengið allar upplýsingar frá þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli til frekari útskýringar á þeim rökum sem liggja á bak við samningu þessa frv. og einstakra greina.

Síðasti hv. ræðumaður talaði hér um átthagafjötra í sambandi við það að reyna að stuðla að meiri hreyfanleika á vinnuafli hér á landi. Auðvitað er það alveg ljóst og sveitarfélögin hafa gert sér grein fyrir því að til þess að ná árangri á þessu sviði er brýn nauðsyn að geta haft meira samstarf og meiri hreyfanleika milli sveitarfélaga að því er varðar einmitt þetta verkefni, vinnumiðlun. Þar af leiðandi eru það sveitarfélögin sjálf sem leggja til þessa tilhögun með fullu samþykki launþegahreyfingarinnar í landinu. Hér er því ekki um neitt bull að ræða heldur þrauthugsað atriði til þess að ná fram árangri, en ekki nein hugmynd um að koma aftan að hlutunum og þvinga fram samruna sveitarfélaganna með þessu frv. Það er frjálst samstarf sveitarfélaga sem verið er að undirstrika í þessu sambandi. Að mati þeirra aðila sem að þessu frv. standa, sveitarfélaga og vinnumarkaðarins, er talin nauðsyn á því að ákvæði um þetta séu bundin í lögum, enda er málið mikilvægt.

Að því er varðar 17. gr., sem hv. 8. þm. Reykv. var að tala um, vil ég lesa hér skýringu á þeirri grein. Hún hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Skv. gildandi lögum er almenn vinnumiðlun í ágóðaskyni óheimil. Rétt þykir að takmarka bannið við einkaaðila en ráðherra verði heimilað að leyfa stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda, svo og námsmannasamtökum, að annast vinnumiðlun fyrir skjólstæðinga sína enda sé það gert án endurgjalds og að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Tekið skal fram að bann við vinnumiðlun einkaaðila tekur ekki til þeirrar starfsemi sem færst hefur í vöxt að undanförnu að fyrirtæki, er annast ráðgjafarstörf, hafi með höndum ráðningarþjónustu til sérhæfðra starfa enda sé slík starfsemi rekin atvinnuleitendum að kostnaðarlausu."

Ég held að þetta sé nægjanlegt svar við athugasemd hv. þm. um þetta atriði.

Af því að hv. 5. þm. Vesturl., sem er formaður félmn., kom hér inn á nokkur atriði vil ég ítreka það enn að ég vænti þess að hv. félmn., sem ég efast ekkert um að vill fara vandlega yfir þetta mál og fá allar upplýsingar, fái til viðræðu bæði einhverja þeirra sem sömdu frv. og eins fulltrúa rn. til þess að fara yfir einstök atriði svo að ekkert fari milli mála við hvað er átt í frv.

Hv. 5. þm. Vesturl. spurði sérstaklega um 3. og 4. gr., um ráðgjafarnefndina. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, Sambands ísl. sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vil taka það fram vegna orða hv. 2. þm. Austurl. um sérstaka þjónustu fyrir fatlaða að ég hef ekkert á móti því að fulltrúar fatlaðra eigi aðild að ráðgjafarnefndinni. Ég viðurkenni þörfina á þeirri þjónustu og þó að gert sé ráð fyrir því að þau mál séu leyst á vegum yfirstjórnar um málefni fatlaðra skv. gildandi lögum þá má vel vera að fleiri aðilar geti átt fulltrúa í ráðgjafarnefndinni þó að nefndin sem samdi frv. eða félmn. Nd. vildi ekki bæta því hér inn í.

En í sambandi við það nýmæli að nefndin geti haft frumkvæði þegar gerðar verða áætlanir um aðgerðir sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti eða breytingum á atvinnuháttum held ég að það hljóti að vera alveg ljóst að á þessu er nauðsyn og slíkt hlutverk sem þarna kæmi fram mundi leiða af sér hugmyndir sem yrði komið til stjórnvalda, því að ríkisstjórn á hverjum tíma þyrfti sennilega að grípa í taumana ef viðkomandi sveitarfélag eða það svæði sem í hlut ætti réði ekki við ástandið. Við höfum núna nýtt dæmi um þetta. Það er atvinnuleysið í Hafnarfirði. Sveitarstjórnin þar virðist eiga í erfiðleikum við að útvega vinnu fyrir á annað hundrað manns sem missa atvinnuna vegna þess að tiltekið fyrirtæki er ekki starfrækt. Þarna væri vissulega æskilegt að slíkur hópur sem hér er tilnefndur skv. 3. gr. hefði ákveðnar tillögur til að leysa vandann. Það má vel vera að stjórnvöld, ríkisstjórnin í þessu tilviki, ætti þá hægara með að framfylgja ákveðinni tillögu sem allir þessir aðilar hefðu komið sér saman um. En í öllu falli er þetta sett fram til þess að gera þessa stjórn virkari við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á viðkomandi svæðum. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að ráðgjafarnefndin fái einnig þetta hlutverk ef á þarf að halda, og þess getur vissulega alltaf orðið þörf þó að þessi mál séu e. t. v. ekki mjög ofarlega í okkar hugum nú, þar sem tekist hefur að mestu leyti að forða atvinnuleysi frá þessari þjóð. Þó eru ýmis svæði sem eiga í sérstökum erfiðleikum og slík ráðgjafarnefnd gæti vissulega greitt götu þeirra og séð um að skynsamlega væri á málum tekið.

Ég veit ekki satt að segja hvort ég á að fara mikið út í umræður um þetta mál. Ég geri ráð fyrir að menn átti sig á því í sambandi við 7. gr. frv. að ekki er verið að breyta rétti einstaklingsins til atvinnuleysisbóta, heldur er verið að reyna að stuðla að því að eðlilegri hreyfanleiki verði milli atvinnusvæða heldur en nú er. Það er ákaflega óeðlilegt að ekki skuli vera möguleiki á því að færa vinnuafl til milli nærliggjandi byggðarlaga þegar

skortur er á fólki í vissum atvinnugreinum á öðrum staðnum en fólk á atvinnuleysisskrá á hinum staðnum. Það er auðvitað nauðsynlegt að finna á þessu eðlilega lausn og ég trúi því að betra og markvissara skipulag á vinnumiðlun muni leysa úr þessu.

Það er best að aðrir en ég útskýri það fyrir hv. nefnd hvað er átt við með atvinnuleitendum og atvinnuumsækjendum. Um þetta atriði má sjálfsagt þrátta fram og aftur en ég held að það ætti ekki að þurfa miklar bollaleggingar til að skilja hvað þarna er átt við. Ég get ekki séð það. Auðvitað getur verið mismunur á þessu eftir eðli þeirrar atvinnu sem um er að ræða. Eins og hér hefur verið nefnt þá þurfi kannske að leita uppi sérstakar atvinnugreinar fyrir suma þeirra sem skortir atvinnu. Það má vel vera að það verði sérhæft atriði. Við getum tekið sem dæmi fatlað fólk. Það er ekki víst að þar dugi einföld umsókn. Það getur þurft að gera ráðstafanir til að leita að atvinnu fyrir slíkt fólk.

Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til að ræða þetta nánar. Ég vil aðeins segja það í sambandi við tölvuvæðinguna að ef málið væri svo einfalt að það dygði að kaupa ritvél eða eitthvað þess háttar, þá þyrfti þetta ekki að vera í frv. En tölvuvæðing í sambandi við vinnumiðlun er mjög mikilvægt mál og vandasamt og það verður ekki gert nema með samstarfi allra aðila. Það er einnig í því máli ákaflega vandmeðfarið atriði. T. d. er um vissar persónuupplýsingar að ræða sem þarf að setja ákveðnar reglur um. Ég tel þess vegna eðlilegt að vandað sé til allrar málsmeðferðar. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá fulltrúum rn., fulltrúum Reykjavíkurborgar og vinnumarkaðarins að dæma er hér um mikilvægt atriði að ræða og þetta snertir ekki hvað síst hið samnorræna samstarf um vinnumiðlun, sem ég minntist hér á áðan. Nýjustu tillögur sem eru að berast um þetta mál og nefndin getur að sjálfsögðu fengið upplýsingar um sýna glöggt hvað hér er um vandasamt atriði að ræða og mikilvægt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég tel að félmrh. sé okkur skuldugur um nokkrar orðskýringar, a. m. k. skýringar á því sem hann hefur sagt hér. Fyrst vildi ég gjarnan fá skýringar á því margnefnda fyrirbæri, sem oft kemur fram í umræðum manna í millum en ég hef aldrei séð framkvæmt að neinu ráði, a. m. k. ekki hér á Íslandi, þessum margumtalaða möguleika til flutnings á vinnuafli milli atvinnusvæða, hvernig menn hugsa sér slíkt framkvæmt. Hér er verið að tala um það að taka manneskjur og flytja þær af einum stað á annan. Ég vildi gjarnan fá í stuttu máli lýsingu á því hvernig menn hugsa sér slíkt eigi sér stað. Við þekkjum dæmi úr mannkynssögunni aftan úr öldum um mikla þjóðflutninga. Við þekkjum þess einnig dæmi úr nútímasögu, annaðhvort vegna einhverra gífurlegra náttúruhamfara sem eiga sér stað eða annarrar óáranar eins og það stjórnarfar sem er í sumum löndum sem gerir ráð fyrir að svona aðgerðir séu hluti af stjórnvaldsaðgerðum. Sér hæstv. ráðh. það fyrir sér að fólk af norðanverðu Snæfellsnesi, þar sem verður einhverra hluta vegna lítið um atvinnu vegna aflabrests í Breiðafirði, sem við skulum nú guði sé lof vona að aldrei verði, sé flutt þjóðflutningum niður í Borgarfjörð af því að þar er nóg að gera í landbúnaði þá dagana? Eða hvernig sér hæstv. ráðh. fyrir sér flutning á vinnuafli innan þessa umrædda kjördæmis hér fyrir norðan?

Ég segi þetta vegna þess að þetta atriði bar á góma í ræðu hæstv. ráðh. Þetta er atriði sem ég hef oft heyrt nefnt en aldrei fengið neinar skýringar á og ég ætla að vona að hæstv. ráðh. hafi ekki verið að tala um það hér án þess að hann hafi þrauthugsað hvernig slíkir hlutir gætu gerst.

Ég mótmæli eindregið þeim lögskýringum sem fram komu í sambandi við 17. gr. frv. Ég les það hér að einkaaðilum er óheimilt að reka vinnumiðlun í ágóðaskyni. Ég get ekki tekið gildar lögskýringar þær sem hér koma fram í aths.: „Tekið skal fram að bann við vinnumiðlun einkaaðila tekur ekki til þeirrar starfsemi sem færst hefur í vöxt að undanförnu að fyrirtæki, er annast ráðgjafarstörf, hafi með höndum ráðningarþjónustu til sérhæfðra starfa „enda sé slík starfsemi rekin atvinnuleitendum að kostnaðarlausu.“ Það segir sig sjálft að hún er það og hefur verið það. Eða hvaða störf á þessu landi eru ekki sérhæfð? Ég veit ekki betur en þau fyrirtæki, sem annast hér ráðningarþjónustu, miðli störfum nánast af hvaða tagi sem er, hvort sem það er framkvæmdastjóri með sérhæfingu, verkfræðingur, tæknifræðingur, tækniteiknari eða einhvers konar sérhæfður vinnukraftur eins og tölvari eða þá einfaldlega skrifstofukraftur, hverju nafni sem hann nefnist, eins og það orð er nú leiðinlegt. Og hver ætlar svo að hafa eftirlit með því að þessi eða hin einkavinnumiðlunin sé ekki að koma skrifstofustúlku eða manni í störf þessa stundina heldur verkfræðingi? Hver á að hafa eftirlit með því? Hvaða lögregla á að fylgjast með því? Er það siðgæðiseftirlitið eða verður komið upp sérstöku löggregluembætti í þessum efnum?

Hæstv. félmrh. gat þess að gagnavinnsluuppsetning á þessu upplýsingakerfi væri gífurlega stórt og umfangsmikið verk. Það er trúlega alveg rétt hjá honum. Þess vegna er það ekki á færi neins eins aðila að standa að uppsetningu slíks kerfis. Þess vegna hefðu einföld lögmál lífsins leitt til þess að menn hefðu orðið að bindast samtökum um slíkt.

Það er gífurleg árátta á okkar landi að binda alla hluti í lög. Það er eins og menn séu ekki enn farnir að átta sig á því að lög binda ekki bara rétt, þau hafa mjög sterka tilhneigingu að leiða til skyldna eftir því sem á líður. Lög eru í eðli sínu alltaf íhaldssöm. Hugmyndirnar, sem til laga leiða, geta oft og tíðum verið mjög róttækar, en þegar búið er að binda þessar hugmyndir í lög og þær eru orðnar á ábyrgð valdsins, þá verða þær íhaldssamar og verða að valdatæki. Þess vegna tel ég hæpið og óábyrgt að nota það orðalag í löggjöf sem leitt getur til klúðurs og útúrsnúnings og hugsanlega til fáránlegra krafna sem hægt er að útleiða af asnalegu orðalagi eins og ég minntist á í upphafi máls míns að ég tel vera í 1. gr. frv. Og það skiptir engu máli hversu margir aðilar stóðu að gerð frv. Hæstv. félmrh. getur bara spurt framkvæmdastjóra SÍS hvort hann telji gæði verkanna aukast eftir því sem fleiri standa að þeim. Ég minnist þess að hafa heyrt þann ágæta mann halda því fram á almannafæri að því færri sem menn væru, sem að verkefnum stæðu, því betur væru þau unnin. En ég hrekk ekkert frá þeirri fullyrðingu sem ég hélt fram hér áðan. Af lestri þessa frv. til laga tel ég að 1. gr. sé óþarfa bull og engin ástæða til að hafa hana inni með þeim hætti sem hún er þarna og lögin alveg jafngóð ef þessu bulli er sleppt.

Eins get ég ekki orðið sammála hæstv. félmrh. um

gagnsemi þessarar ráðgjafarnefndar. Hann sagðist vænta þess að hún gerði stjórn virkari. Ég get ekki séð hvaða munur er á því hvort ráðleggingar, ráðgjöf eða hugmyndir um úrræði í atvinnumálum koma frá nefnd sem þessari eða frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Ég get ekki séð að ráð sem koma frá ráðgjafarnefnd sem þessari séu neitt betri en þau sem koma frá ríkisstjórn Íslands. Ég get aftur á móti séð það að ef ráð koma frá slíkri ráðgjafarnefnd og eru síðan framkvæmd annaðhvort af bæjarstjórn Hafnarfjarðar eða ríkisstjórn Íslands og ef ráðin síðan ekki duga, þá geti viðkomandi ráðherra í næsta kosningaleiðangri kennt ráðgjafarnefndinni um. Hennar ráð voru óholl. Þetta segi ég vegna þess að þessu fyrirbæri mætir maður svo oft í íslensku stjórnarfari, og maður getur ekki látið hjá líða að leita þessara undankomuleiða sem stjórnvöld oft og tíðum smíða inn í löggjöf til þess að gera ábyrgð sína á framkvæmd löggjafarinnar það óræða að hægt sé að skjóta sér undan henni þegar með þarf. Þann eina tilgang sé ég í þessari ráðgjafarnefnd og ég held að ef við stöndum hér eftir fimm ár, hæstv. félmrh. og ég, og tölum saman, þá verði ekki með nokkru móti hægt að sanna það að þessi ráðgjafarnefnd hafi skilað nokkru gagni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 642). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Í ágústmánuði 1983 skipaði samgrn. nefnd til að endurskoða gildandi lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl., en þau lög eru frá árinu 1963 og því orðin 22 ára gömul. Miðað við þær öru breytingar og miklu þróun sem hefur orðið í þessum málum undanfarna tvo áratugi var full þörf þessarar endurskoðunar. Raunar er orðið nokkuð langt síðan mönnum varð ljóst að lög þyrfti um starfsemi þessa. Þannig eru lögin frá 1963 byggð á eldri lagabálki allt frá árinu 1926. Í nefndinni sem samdi frv. sem hér liggur fyrir áttu sæti Lúðvík Hjálmtýsson þáv. ferðamálastjóri, sem þá var formaður nefndarinnar, Hólmfríður Árnadóttir, sem var framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa, og Kolbrún Harðardóttir heilbrigðisráðunautur.

Frv. er flutt hér í svo til óbreyttum búningi frá því sem þessi nefnd skilaði því. Aðeins er skotið inn í 2. gr. ákvæði sem til varð í lögum nr. 57 frá 1982 og fjallar um að nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skuli falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli. Af hálfu rn. hefur hins vegar verið farið gaumgæfilega yfir efni þessa frv. og lítils háttar breytingar gerðar á framsetningu þess.

Þetta frv. er töluvert frábrugðið gildandi lögum. Þannig er greinum fækkað verulega og felld eru niður ákvæði sem tekin hafa verið upp í önnur lög sem jafnframt ná til veitinga- og gistihúsa. Einnig eru felld út ákvæði sem ekki eiga heima í lögum um veitingasölu og gististaðahald, svo og ákvæði sem vegna breyttra aðstæðna eru orðin úrelt.

Ákvæði þessa frv. ná yfir alla sölu á gistingu, hvort heldur er á almennum gististöðum eða einkaheimilum. Einnig ná þau til allrar veitingasölu sem almenningur á aðgang að, þ. e. að undanskildum mötuneytum og stofnunum. Loksins ná ákvæðin til leigu á samkomusölum til funda eða skemmtanahalds, hvort sem er með veitingum eða án þeirra.

Í 8. og 9. gr. þessa frv. er leitast við að flokka þá starfsemi sem undir frv. fellur. Við þá skiptingu er það fyrst og fremst haft í huga að gesturinn geti gert sér sem gleggsta hugmynd um þá starfsemi og þjónustu sem í boði er og að árétta að öll sala á veitingum og gistingu, sem almenningur á aðgang að, fellur undir þessi lagaákvæði.

Eins og menn sjá af þessu frv. er það frekar einfalt í sniðum, enda gert ráð fyrir því að nánari ákvæði verði sett með reglugerð þar sem reglugerðin er sveigjanlegri og auðveldara um breytingar á henni með breyttum starfsháttum og aðstæðum í þessari atvinnugrein sem er eins og ég fyrr sagði í örri þróun. Sérstaklega er þörf á að ákveða í reglugerð um búnað gististaða og veitingastaða.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. á þessu stigi málsins, enda þarfnast margar af þeim 15 greinum, sem frv. er skipt í, ekki sérstakrar skýringar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni frv., eins og hæstv. ráðh. kom inn á, sem er býsna einfalt í sniðum, en kveður nánar á um réttindi og skyldur þeirra sem við þennan rekstur fást. Fljótt á litið virðist margt til bóta þar. Þó verð ég ævinlega tortrygginn sé ætlunin að setja lagaramma sem felur í sér fyrst og fremst að vísa í reglugerðir sem ráðuneytin sjá alfarið um, svo sem segir í 14. gr. þessara laga. Ég viðurkenni að eflaust er erfitt að setja allt saman inn í lagagr., en með þessu reglugerðafargani, eins og ég vil kalla það, er Alþingi í mörgu að afsala sér valdi. Þess eru jafnvel dæmi, sem Alþingi er lítill sómi að, að úr ágreiningi hafi verið leyst í þingnefndum um túlkun eða skilgreiningu á einhverju með því að setja stutt og laggott inn í lagagr. setninguna: nánari ákvæði skulu sett í reglugerð. Ég kem inn á þetta hér vegna þess að það er ljóst að meginmálið og framkvæmdin felast í þeirri reglugerð sem ráðh. setur. Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins eiga að vísu að koma við sögu og er ekkert nema gott um það að segja. En vissulega er nauðsynlegt, sem ég hef vakið athygli á hér áður, að þingnefndir fái aftur til meðferðar og skoðunar reglugerðir við hin ýmsu frumvörp sem við erum hér að samþykkja og færa út alla framkvæmd þeirra og geta jafnvel orkað tvímælis varðandi lagagreinarnar sjálfar. Nú kemur þetta frv. t. d. ekki beinlínis inn á viðkvæm atriði sem snerta áfengislöggjöf okkar, vínveitingar og leyfi til þeirra, þannig að ég fer ekki inn á það mál, en með ákveðinni flokkun, sem kemur svo nánar inn í reglugerð örugglega skv. 9. gr., er gefin vísbending um hvernig að þessum málum skuli staðið.

Það vekur athygli að í aths. með 10. gr. frv. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Mjög takmarkaðar tölulegar upplýsingar eru til um ýmsa þætti ferðaþjónustunnar. Háir þetta allri skipu-

lagningu greinarinnar. Er vilji bæði meðal einkaaðila og opinberra til að bæta þar úr", og er nú gott ef rétt er með farið.

Þá er kannske komið tilefnið þess að ég kvaddi mér hljóðs og ætla að segja hér örfá orð. Það varðar kannske ekki frv. sjálft í eðli sínu, en mjög nátengt því er málið engu að síður.

Aðstaða og aðstæður varðandi öll þessi mál eru ákaflega misjafnar hér á landi. Að reka gistihús í alfaraleið eða á afskekktum stöðum er sitt hvað. Hótelrekstur á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni yfirleitt er líka sitt hvað. Á síðustu þingum höfum við hv. þm. Skúli Alexandersson og Steingrímur J. Sigfússon flutt till. um athugun á leiðum til aðstoðar og úrbóta á þeim stöðum sem verst eru í sveit settir, en eru þó með gistiþjónustu af einhverju tagi og þurfa að reka þá þjónustu allan ársins hring til þess að unnt sé að veita ferðalöngum, þó fáir kunni að vera, nauðsynlegan beina og gistingu. Þessi till. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þeim aðilum, er veita þjónustu á landsbyggðinni með gistingu og greiðasölu, sem bestan grundvöll til uppbyggingar og rekstrar. Ríkisstj. skal í þessu efni leita samráðs við þá er helst eiga hagsmuna að gæta, svo sem ferðamálaráð, sveitarfélög og rekstraraðila."

Ég minni á þessa till. í tengslum við heildarlagaramma um veitinga- og gististaði, svo mjög sem þetta mál brennur á mönnum víða úti um land. Oft er þar yfir sumarið nægilegt ferðamannamagn til þess að standa nokkurn veginn undir rekstrargjöldum, en veturinn getur aldrei fært neinar þær tekjur sem duga þó að allt sé í lágmarki í tilkostnaði þann tíma. Ég held að að þessu þurfi að huga miklu meira en gert hefur verið. Ég veit að ferðamálaráð hefur eitthvað fjallað um þetta mál, a. m. k. gert könnun á því, en ég hef ekki séð neinar tillögur frá því um leiðir til úrbóta til þess að gera þessa nauðsynlegu þjónustu mögulega á afskekktum stöðum þannig að hún sé viðunandi.

Þjónustan verður að vera fyrir hendi. Þetta hafa sveitarstjórnarmenn víða gert sér ljóst og sveitarfélögin hafa þannig víða komið inn í þessa mynd til hjálpar. Mér hefur dottið í hug að vissulega væri ástæða til að taka einhvers konar jöfnunargjald af þessum rekstri í heild. Ég efast ekki um að það yrði óvinsælt af þeim sem besta hafa aðstöðuna og græða þá um leið hvað mest, en það væri vissulega ástæða til þess að vera með einhvers konar jöfnunargjald af þessum rekstri sem kæmi til aðstoðar þeim sem þurfa að reka þessa þjónustu, þessa lífsnauðsynlegu þjónustu vildi ég jafnvel nefna það, víða úti á landsbyggðinni sem engan veginn getur staðið undir sér. Ég veit að þetta er vandamál mjög víða. Ég veit líka að Alþingi hefur verið með á fjárlögum sérstaka afgreiðslu á ákveðnum stöðum, — sem snertir ekki beint veitinga- og gististaði, en áningarstaði skulum við segja, — en í mjög takmörkuðum mæli. Það er ljóst af samtölum við þá aðila sem ég þekki til að þeir standa hreinlega ekki undir þessum rekstri, þeir geta ekki við hann staðið, og það þarf því að leita einhverra leiða til að aðstoða þá og finna eitthvert það form sem væri þeim til framdráttar til þess að geta stundað sína nauðsynlegu þjónustu.

Ég gat ekki stillt mig um að vekja athygli á þessu um leið og frv. um veitinga- og gististaði er rætt í heild sinni.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það mætti segja að þau fáu orð sem ég hef í huga og vil að komi fram við þessa umr. falli að hluta saman við ræðu hv. 2. þm. Austurl.

Það er fyrst og fremst varðandi 8. og 9. gr. frv. sem ég vil beina orðum mínum til hv. samgn. Þar er tíunduð ákveðin flokkun þeirra staða sem veita gisti- og veitingaþjónustu.

Nú er það staðreynd, eins og þegar hefur verið vikið að í umr., að aðstæður eru mjög misjafnar á hinum ýmsu stöðum á landinu. Það hefur farið mjög vaxandi að skólar eru leigðir út til gisti- og/eða veitingareksturs. Nú vil ég alls ekki draga úr því að reynst geti nauðsynlegt að flokka niður staði eftir því hvaða þjónustu þeir hafa með höndum eða hvaða þjónusta þar er í boði, enda er það tekið fram í aths. með 8. og 9. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Í þessum greinum er leitast við að flokka þá starfemi er undir lög þessi fellur. Við skiptinguna er einkum tvennt haft í huga:

a. að gesturinn geti gert sér sem gleggsta hugmynd um þá starfsemi og þjónustu sem í boði er;

b. að árétta að öll sala á veitingum og gistingu, sem almenningur á aðgng að, fellur undir lög þessi."

Nú læt ég mér til hugar koma að sú flokkun sem hér er gerð, þ. e. hvort það er gistiheimili eða gistiskáli o. s. frv. og þá á væntanlegur viðskiptavinur að geta áttað sig á því hvaða þjónusta er í boði, geti sett nokkrar skorður við verðlagningunni, þ. e. að heiti að þessu leyti gæti takmarkað frelsi til verðlagningar á viðkomandi þjónustu.

Það er engum blöðum um það að fletta að ferðamannaþjónustan er vaxandi tekjulind. Ég vil þess vegna mælast til þess að hv. samgn. hugi nokkuð að þessu og það verði ekki settar of þröngar skorður aðilum sem veita þjónustu af því tagi sem hér um ræðir.

Hitt vil ég taka fram, að auðvitað ber að stefna að því að alls staðar þar sem slík þjónusta er veitt verði staðirnir sem best búnir til þess að veita þá allra bestu þjónustu sem möguleikar eru á. En breytingar í þá átt geta verið allkostnaðarsamar og menn geta þurft nokkurn umþóttunartíma í þeim efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 16 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 248). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Forsaga þessa máls er sú, að sett var bráðabirgðaákvæði í lög nr. 1 11. febr. 1983, um Olíusjóð fiskiskipa, þess efnis að Alþingi skyldi kjósa fjóra menn í nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Mál þetta er því komið upp vegna forgöngu Alþingis og hefði á vissan hátt verið eðlilegra að sjútvn. hefði flutt það, en af því gat ekki orðið og er því málið flutt sem

ríkisstjórnarfrv. Á sínum tíma kaus Alþingi hv. þm. Matthías Bjarnason, Garðar Sigurðsson og Sighvat Björgvinsson og Martein Friðriksson forstjóra í þessa nefnd. Sjútvrh. skipaði Jón Sigurðsson formann nefndarinnar og síðan voru tilnefndir frá hagsmunasamtökum þeir Ingólfur Stefánsson, Kristján Ragnarsson, Óskar Vigfússon og Sigurður Einarsson. Síðar tók hv. þm. Pétur Sigurðsson sæti Matthíasar Bjarnasonar í nefndinni.

Frv. það sem hér um ræðir er samhljóða því frv. sem nefndin skilaði af sér og eru breytingar helstar þessar:

Í fyrsta lagi er fækkað fulltrúum í ráðinu úr tólf í átta.

Í öðru lagi er sett inn nýtt lagaákvæði er heimilar Verðlagsráði að gefa verðlagningu á tilteknum fiskitegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins, enda sé um það einróma samkomulag. Það þykir rétt að hafa slíka heimild ef þannig stendur á. Það er að sjálfsögðu ekki vitað í hvaða tilvikum slíkt gæti orðið, en þó er það svo, að ef sérstakar aðstæður koma upp, markaðserfiðleikar og önnur slík atriði, getur verið eðlilegra að hafa verðið frjálst fremur en að verðlagningin standi í vegi fyrir veiðum og vinnslu. Það er þó sett það skilyrði að um þetta sé einróma samkomulag í ráðinu.

Í þriðja lagi er nýtt lagaákvæði sem kveður á um að Verðlagsráð skuli haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla þannig að ávallt verði tekið mið af gæðum sjávarafla við verðákvarðanir eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

Í fjórða lagi verði í lögin bætt nýju ákvæði þess efnis að þegar Verðlagsráð vísar ágreiningsatriðum til yfirnefndar skuli fylgja grg. um þau atriði sem samkomulag er um.

Í fimmta lagi er að ákvæði um skipan sérstakra fulltrúa við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum verði fellt niður.

Hér er um allnokkrar breytingar að ræða, en þó verður starfsemi Verðlagsráðs með svipuðum hætti og áður. Hér er því fyrst og fremst um breytingar að ræða sem menn telja eðlilegar í ljósi reynslunnar. Hins vegar kemur skýrt fram í þessu frv. að þeir, sem að samningu þess standa, telja eðlilegt að verðlagning sjávarafla verði með svipuðum hætti og verið hefur.

Það hefur komið fram hjá ýmsum aðilum að ástæða sé til að ekki séu nein slík afskipti höfð af verðlagningu sjávarafla og eðlilegra sé að sú verðlagning sé algerlega frjáls. Ég tel að slíkar hugmyndir séu mjög vanhugsaðar þar sem við búum við þær aðstæður hér á landi að markaðir eru mjög litlir. Ýmist getur það verið þannig eða að í einu byggðarlagi sé aðeins einn fiskverkandi og 1—2 skip sem veiða fyrir viðkomandi fiskverkunarstöð. Það hljóta allir að sjá að ekki er um það að ræða að koma á uppboðsmarkaði við slíkar aðstæður.

Ég vil einnig taka það fram að það er mikill misskilningu að verðlagningin sé meira og minna með afskiptum stjórnvalda. Það er að vísu rétt að formaður yfirnefndar er skipaður af stjórnvöldum. Hins vegar hefur hann mikið sjálfstæði í sínum ákvörðunum. Hann leitast við að ná sem víðtækustu samkomulagi á hverjum tíma með tilliti til rekstraraðstæðna og markaðsaðstæðna. Það er alls ekki rétt að hann beri ákvarðanir sínar undir stjórnvöld. Hann þarf að sjálfsögðu að hafa mikið samráð við ríkisstjórnir á hverjum tíma vegna mikilvægis sjávarútvegsins í landinu, en ég tel af þeirri reynslu sem ég hef haft af þessum málum að sjálfstæði hans sem formanns yfirnefndar sé miklu meira en almennt kemur fram í umr., enda tel ég það eðlilegt.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hér sjáum við bragarbót á starfsháttum Verðlagsráðs sjávarútvegsins svo langt sem þetta frv. nær.

Ég vil ítreka skoðun mína varðandi 10. gr. frv. sem varðar yfirnefnd. Eins og hæstv. ráðh. kom að áðan varðandi oddamann yfirnefndar Verðlagsráðs tel ég algerlega óeðlilegt að með því móti að hann hafi atkvæðisrétt í þessari nefnd komi ríkisstj. beint inn í ákvörðun um verðlagningu á fiskafla. Hæstv. ráðh. sagði áðan að hér væri ekki um afskipti að ræða, heldur samráð. Við höfum orðið þess vitni á þingum, bæði fyrir ári og núna, að í kjölfar ákvarðana um verð á sjávarafla fylgja nokkur frumvörp um tilfærslur á milli sjóða og ýmsa hagræðingu, sem þeir telja vera, sem skerðir skiptahlut sjómanna. Ef þetta eru ekki afskipti stjórnvalda, hvað er það þá? Þetta er alltaf í beinu samhengi við verðákvörðun Verðlagsráðs. Í greinargerðum með frv. sem lögð hafa verið fram hefur komið fram að þetta væri vegna verðákvarðana Verðlagsráðs. Ég tel að tími sé kominn til þess að atkvæðið væri tekið af oddamanni og viðsemjendur fengju sér milligöngumann án atkvæðisréttar. Þrátt fyrir það teldi ég réttast að yfirnefndin yrði felld niður. Ég veit að margir telja að sé yfirnefnd felld niður verði Verðlagsráð óstarfhæft. Það er gengið út frá því að hagsmunir fiskvinnslunnar og útgerðarinnar geti alls ekki farið saman eða m. ö. o. að fiskvinnsla og útgerð geti ekki komist að samkomulagi nema hafa yfir höfði sér oddamann sem taki ábyrgð á þeim samningum sem gerðir eru. Það má með sanni segja að að óbreyttu fyrirkomulagi verðum við að taka þátt í þessum darraðardansi um ókomna framtíð.

Hæstv. ráðh. kom áðan að minni stöðum. Þar er jafnvel bara ein fiskverkunarstöð og tveir bátar sem leggja upp hjá sömu fiskverkunarstöðinni. Við vitum dæmi þess að þrátt fyrir að það sé bara ein fiskverkunarstöð á stað hefur viðkomandi fiskverkunastöð borgað yfirverð fyrir fisk. Það er nefnilega nauðsynlegt fyrir fiskverkunarstöðvar að fá fisk. Það er engin ástæða til þess að ekki komi upp á borðið hvað er greitt mikið fyrir fiskinn. Séu borguð 10% ofan á fiskaflann kemur það ekki til skipta til sjómanna. Einnig er borgað undir borðið í veiðiútbúnaði sem fiskverkunarstöðin leggur til. Þar tíðkast viss yfirborgun líka. Þetta er látið viðgangast. Og við vitum að kvótinn er keyptur héðan og þaðan að. Borgar þá fiskverkunarstöðin jafnvel helming af því sem kvótinn kostar. Þannig eru yfirborganir með ýmsu móti. Ég tel að það eigi alfarið að vera í höndum fiskvinnslu og útgerðar hvernig viðskiptum er háttað og ríkisstj. eigi alls ekki að grípa inn í með einum eða öðrum hætti.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. sem mér sýnist í flestum atriðum vera til bóta frá þeim lögum sem gilda. Málefni Verðlagsráðs hafa svo sem áður borið á góma í þessari hv. deild og þá einkum og sér í lagi í sambandi við frv., sem hér var til umr. í vetur, um að fella skyldi niður ákvæði um yfirnefnd Verðlagsráðs.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég tel að það komi ekki til greina annað en að einhvers konar áfrýjunardómstóll sé fyrir hendi því að það fer auðvitað svo, eins og í vinnudeilum almennt, að menn ná ekki alltaf samkomulagi. Við vitum að jafnvel þó að ríkisstj. vilji ekki á hverjum tíma hafa nein eða sem allra minnst afskipti af vinnudeilum telur hún nauðsynlegt að skipa sáttasemjara. Hlutverk oddamanns Verðlagsráðs sjávarútvegsins er einmitt slíkt sáttasemjarastarf. Við þekkjum það líka að í kjölfar kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði fylgja mjög oft frumvörp og ýmsar ráðstafanir sem ríkisvaldið telur sér skylt að gera og hefur reyndar fallist á að gera í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað meðan á samningum stóð. Þessar lagabreytingar hafa verið gerðar til þess að liðka fyrir að samningar gætu tekist.

Ég vil sem sagt ítreka að það er að mínu viti ekki nokkur leið eins og er að komast hjá því að hafa einhvern áfrýjunardómstól. Mín vegna mætti það vera oddamaður frá Hæstarétti eða hvaðan sem er, en til einhvers dómstóls verður að vera hægt að skjóta því máli þegar ekki næst samkomulag um fiskverð, svo mikið er í húfi fyrir íslenskan þjóðarbúskap og almenning í landinu.

Það er eitt atriði í þessu frv. sem ég hef aðeins velt fyrir mér hvernig skyldi framfylgt. Það segir hér í 8. gr.:

„Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla".

Nú verðleggur Verðlagsráð fisk eftir gæðum hans. Það getur verið erfitt, þó það sé framkvæmanlegt, að fylgja því eftir að verðákvörðun fyrir fram skuli stuðla að bættri meðferð afla. Verðmunur á gæðaflokkum er að sjálfsögðu mál út af fyrir sig. Ég er aðeins að velta því fyrir mér hvernig þessu atriði skuli framfylgt með öðrum leiðum en auðvitað hefur alltaf verið, að verðmunur er á fiski eftir gæðum og það hefur verið á ýmsa vegu, en stundum mikill verðmunur.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það var út af síðustu orðum hv. 5. þm. Norðurl. e. sem ég kom hingað upp til að segja nokkur orð.

Hann var að tala um þá breytingu sem í þessu frv. felst um að Verðlagsráð skuli í verðákvörðunum sínum stuðla að bættri meðferð. Mér finnst hann að ýmsu leyti efast um að slíkt gæti átt sér stað. Ég tel einmitt að sá þáttur þurfi að vera ríkari í verðákvörðun en verið hefur hingað til. Ég fagna því þessari ákvörðun og vil lýsa yfir stuðningi mínum við frv. Raunverulega er hér verið að laga áður góða löggjöf og löggjöf sem við þurfum að hafa hvað snertir verðákvörðun á fiski.

Ég bendi á að á undanförnum árum hefur sú ánægjulega þróun átt sér stað að með aukinni vinnu um borð í skipum, sérstaklega um borð í bátum, með því að setja fisk í kör, hefur fengist mikið betri meðferð á fiski og þar af leiðandi aukið verðmæti aflans. Í verðákvörðun hingað til hefur það ekki verið tekið til greina. Það hefur ekkert verið tekið til greina nema fullkomin kössun, ísun og slæging. Eins og hv. 8. landsk. þm. benti á hefur það verið gert með samkomulagi milli útgerðar og fiskvinnslu að bæta þarna við verði. Mér er kunnugt um það, þó að sú aðferð sé ekki notuð, að það sé laumast fram hjá skiptum. En þetta hefur ekki komið inn í verðákvörðun. Þess vegna fagna ég því að í frv. sem við erum að fjalla um hér er upp tekin nýbreytni og einmitt kannske til þess að viðurkenna aukið vinnuálag og meiri kostnað útgerðar í sambandi við meðferð á fiski. Sjálfsagt mætti taka ýmsa fleiri þætti til greina við fiskverðsákvörðun sem eðlilegt er og sjálfsagt að meta.

Það mætti ýmislegt segja í sambandi við oddamanninn og áhrif ríkisstj. á verðlagsákvörðun, en ég held að ég verði við óskum formanns sjútvn. Við skulum geyma það þar til við komum saman í nefndinni að spjalla um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 603 (sbr. 102), 570, 721). — Frh. 3. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Þetta mál hefur nú tafist nokkuð af þeim sérstöku ástæðum að það tók nokkurn tíma að ná samkomulagi um innheimtuaðferðir. Eftir að 3. umr. hófst komu athugasemdir frá fjmrn., nokkuð seint fram komnar, og var síðan skilað í formi brtt. sem fluttar hafa verið af menntmn. og er samkomulag um.

Þær brtt. tengjast allar nákvæmara orðalagi til þess að taka af allan vafa og ég vil leyfa mér að lesa þær hér:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

„Hver maður í þjóðkirkjunni, sem orðinn er 16 ára á tekjuárinu og er heimilisfastur hér á landi samkv. ákvæðum 1. gr. laga nr. 75/1981 og á er lagt útsvar samkv. lögum nr. 73/1980, skal greiða sóknargjald ár hvert samkv. lögum þessum.

Sóknargjald rennur til þeirrar sóknar þar sem gjaldþegn átti lögheimili hinn 1. des. á tekjuárinu."

Í öðru lagi er lagt til að 4. gr. orðist svo:

„Hver sá, sem telst til skráðs trúfélags, sbr. lög nr. 18/1975, skal greiða til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum hefði annars borið að greiða til þjóðkirkjunnar, þó aldrei meira en 0.4 af hundraði af útsvarsstofni, sbr. 2. gr."

Við 6. gr. er lagt er til að 2. mgr. orðist svo:

„Framangreind gjöld hlíta sömu reglum og útsvör eftir því sem við getur átt nema annars sé getið, þ. á m. um kærur og úrskurð þeirra. Um gjalddaga, ábyrgð kaupgreiðenda á gjöldum, innheimtuúrræði, þ. á m. tilkall innheimtumanns til greiðslu úr kaupi gjaldþegns og ábyrgð hjóna á gjöldum hvors annars, svo og um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Gjöld þessi og dráttarvextir eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29/1985."

Þá er enn fremur lagt til að 3. mgr. 6. gr. orðist svo:

„Að lokinni álagningu gjalda samkv. I. kafla laga þessara getur sóknarnefnd ákveðið, að fenginni umsögn gjaldanda, að lækka eða fella niður álögð gjöld samkv. lögum þessum þegar svo stendur á sem greinir í 27. gr. laga nr. 73/1980. Á sama hátt getur stjórn skráðs trúfélags eða ríkisskattstjóri lækkað eða fellt niður álögð gjöld sem um er rætt í II. kafla laga þessara."

Ég vil taka fram að þarna stendur innan sviga „háskólaráð". Þar urðu mistök í handriti. Það er ljóst

að þó að þeir sem eru utan þjóðkirkju eða safnaða skuli greiða til Háskólasjóðs hefur háskólaráð ekkert með það að gera og er eðlilegast að ríkisskattstjóri sinni þá þeim, sem óska eftir að það verði fellt niður, eftir ákveðnum reglum. Að sjálfsögðu gilda sömu reglur og um önnur gjöld varðandi niðurfellingu ellilífeyrisþega og annarra aðila, en þarna er um að ræða einhver sérstök tilvik og er eðlilegast að ríkisskattstjóri ákveði það.

Þá er brtt. við 7. gr. Greinin orðist svo:

„Innheimtumenn ríkissjóðs skulu annast innheimtu gjalda samkv. lögum þessum. Innheimtuþóknun skal vera 1% og rennur hún í ríkissjóð. Ríkissjóður skal *ársfjórðungslega standa sóknarnefndum og öðrum* þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu gjaldi samkv. lögum þessum."

Loks er lagt til að aftan við 9. gr. bætist: „og að höfðu samráði við fjmrn. varðandi atriði er snerta framkvæmd álagningar eða innheimtu."

Það hafa áður komið fram brtt. við þetta, en þær snerta ekki beinlínis það sem hér er um að ræða, og einnig hefur hv. 3. þm. Norðurl. v. lagt fram brtt. sem hann hefur gert grein fyrir.

Það hefur verið mikið fjallað um þessi mál og ég vænti þess að hér komi till. um ákvæði til bráðabirgða um innheimtuna. Það eru alltaf viðkvæm mál og þarf að ganga svo frá að það rekist ekki á önnur lög eða reglur sem um það gilda, en væntanlega verður nánari grein gerð fyrir því hér á eftir.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir þessum brtt. og orðalagstill. sem komu eftir að umr. hófst, en eins og ég tók fram í upphafi eru þær frá fjmrn. Hefði verið æskilegt að þær till. hefðu komið fram fyrr. Þetta mál hefur tafist allmikið, en ég vænti þess að það eigi nú greiða leið áfram.

Landbrh. (Jón Helgason): Virðulegi forseti. Í 4. brtt. hv. menntmn. er lagt til að innheimtumenn ríkissjóðs skuli annast innheimtu gjalda samkv. lögum þessum. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram brtt. Hún er þannig, að ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

„Á meðan innheimtumaður ríkissjóðs nýtur óbreyttra lögkjara samkv. bráðabirgðaákvæði laga nr. 41/1984 skal innheimtuþóknun samkv. 2. málsl. 7. gr. laga þessara renna til innheimtumanns."

Þegar kjör innheimtumanna ríkissjóðs voru sett undir Kjaradóm höfðu þeir heimild til að velja hvort þeir færu þá leið að halda þeim kjörum, sem þeir höfðu haft, næstu árin eða til 1990. Til þess að samræmi sé í því, þannig að þessi innheimta falli á sama hátt undir það bráðabirgðaákvæði, er þessi brtt. flutt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með þeim breytingum sem gerð er tillaga um af hálfu menntmn. á frv. um sóknargjöld og er þeim tillögum öllum samþykkur. Ég held að þær horfi allar til bóta. Ég minni hins vegar á að ég hef flutt till. um atriði í frv. sem ég tel að skipti enn meira máli, en það er að sóknargjöldin verði aldrei hærri en 0.4% af útsvarsskyldum tekjum og geti sem sagt ekki rokið upp í 0.8% eins og frv. gerir ráð fyrir. Það tel ég óhóflegt og ástæðulaust, óþarft með öllu, og tel að vanda safnaðar, sem hugsanlega þyrfti á svo mikilli álagningu að halda, ætti frekar að leysa þannig að 10% af sóknargjöldum rynnu í jöfnunarsjóð og gengju þá til þeirra sem sannanlega þyrftu sérstaklega á því að halda. Ég minni á að það er býsna mikil aukning á skattlagningu í þeim tilvikum þegar sóknargjöld fara upp í 0.8% og verður að teljast bæði óhæfilegt og óþarft.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 761, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 721,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 570 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

nei: EG, EKJ, HÓ, JHelg, JK, VI, AG, ÁJ, BD, DA, SalÞ.

3 þm. (KSG, ÞK, EgJ) fjarstaddir.

Brtt. 721,2—5 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 761 (ákv. til brb.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sementsverksmiðja ríkisins, frv. 407. mál (þskj. 669). — 1. umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 669 um Sementsverksmiðju ríkisins sem við flytjum Alþb.-mennirnir í Ed.

Við umr. um stjfrv. um Sementsverksmiðju ríkisins, þar sem lagt er til að fyrirtækið verði gert að hlutafélagi, lét ég þau orð falla í lok ræðu minnar að ég teldi vel farið með það mál ef hv. iðnn., sem hefði það til umfjöllunar, gæti tekið upp það frv. sem hæstv. iðnrh. flutti hér á þingi í fyrra um Sementsverksmiðjuna og að það yrði það frv. sem við gætum síðan samþykkt. Til þess að svo mætti verða flytjum við það frv. sem ég er hér að fjalla um. Það er að vísu nokkuð breytt frá því frv. sem ráðh. lagði hér fram í fyrravor, en að meginhluta samt það frv.

Á árinu 1983 skipaði Sverrir Hermannsson iðnrh. nefnd til þess að semja það frv. sem var lagt fram á vordögum. Í þeirri nefnd voru Ásgeir Pétursson bæjarfógeti og núverandi stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar, Björgvin Sigurðsson og Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmenn. Ef það frv., sem þeir sömdu og lagt var fram í fyrravor, hefði verið lagt fram aftur í þinginu, eins og nefnt var í aths. með þessu frv., er líklegt að með nokkrum breytingum hefði það hlotið samþykki Alþingis og ábyggilega ef þm. Framsfl. og Sjálfstfl. hefðu staðið að því stjfrv. eins öfluglega og þeir standa með flestum öðrum stjfrv.

Sömu rök fylgja frv. okkar og fylgdu því frv. sem lagt var fram ... (**Gripið fram í:** Hvað meinar þm.?) Ég geri ráð fyrir að frv. ráðh. frá því í fyrravor mundi hafa verið samþykkt hefði það gengið hér fram á eðlilegan máta og hefði það verið stutt jafnrösklega og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn styðja önnur stjfrv. Ég reikna með því að það hefði átt sér stað. Og ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. Davíð Aðalsteinsson hefði skotið sér þar nokkuð til hliðar heldur staðið þar öflugt bak við.

Það eru sömu rök sem fylgja þessu frv. og fylgdu því frv. sem ég hef nefnt hér áður. Þau voru þau fyrst og fremst að þörf væri á því að Sementsverksmiðjan fengi

sérstök lög, en hún hafði starfað eftir heimildarlögum frá 1948 og því væri orðið tímabært að setja verksmiðjunni heildarlög um rekstur hennar og stjórnun. Áður hafði reyndar verið skipuð nefnd til að semja lög um Sementsverksmiðjuna og skilaði hún frv. 1970, en það frv. varð ekki að lögum. Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi fyrrgreind heimildarlög og setja fyrirtækinu varanlegan starfsgrundvöll. Er því í þessu frv. að finna ýmis nýmæli um rekstur og stjórnun, atriði er varða fjármál, öryggismál, heilbrigðiskröfur, ráðstafanir gegn mengun og önnur sambærileg efni.

Með samþykkt þessa frv. okkar Alþb.-manna verða Sementsverksmiðjunni sett lög sem skapa fyrirtækinu framtíðarstarfsgrundvöll.

Ítrekuð er staða þess sem ríkisfyrirtækis, starfsfólki tryggður réttur til að hafa áhrif á stjórn þess, tekinn upp sá háttur að fyrirtækið haldi ársfund þar sem Alþingi og rn. fái aðstöðu til að fylgjast með starfsemi fyrirtækisins og ræða hana, um leið og aðrir viðskipta- og hagsmunaaðilar geta komið með ábendingar sínar um hvaðeina sem betur má fara hjá verksmiðjunni. Með ársfundi fengju stjórn og framkvæmdastjórar fyrirtækisins aukið aðhald og æskilegan vettvang til að gera almenningi grein fyrir gerðum sínum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir hverja grein þessa frv. Um stöðu Sementsverksmiðjunnar var rætt ítarlega við umræðu um frv. ráðh. Ég legg til að við lok þessarar umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísaði til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 217. mál (þskj. 260, n. 613 og 614, 615 og 741). — Frh. 2. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég lýsti því við upphaf 2. umr. um þetta frv. að ég sæi á því vissa annmarka og tilgreindi þá. Í framhaldi af því hef ég lagt fram brtt. við frv. þar sem ég legg til að ráðstöfun bankans á því fé sem myndast fyrir tilverknað þessa frv. skuli háð samþykki Alþingis. Tel ég það mjög nauðsynlegt til þess að tilgangi þess verði náð. Eins og ég lýsti í orðum mínum í upphafi tel ég aðalvandann sem skapast hefur út af innlánsbindingu stafa af því að hér var aldrei um raunverulega frystingu fjármagns að ræða þar sem því var ráðstafað með öðrum hætti.

Nú er þessi till. það seint fram komin að búið er að fjalla um málið í nefnd og kannske erfitt að taka hana til afgreiðslu við 2. umr. þannig að ég tel heppilegast að lýsa því yfir að ég dragi hana til baka til 3. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Enn er þetta hitamál komið til umr., hefur raunar lengi verið á dagskrá hér í deild. Ég vil fyrst finna að því að hér skuli ekki vera viðlátinn hæstv. viðskrh., en ef ég man rétt óskaði 9. þm. Reykv. eftir því að fram kæmu við þessa umr. peningapólitísk markmið ríkisstj. og raunar ýmis önnur markmið sem varða þetta frv. Ég vil þess vegna fyrir hans hönd og raunar mína eigin jafnframt mælast til þess að viðkomandi hæstv. ráðh. geri við þessa umr. grein fyrir því sem um var beðið og ég var að nefna. Ég held að það hljóti að vera útlátalítið og raunar útlátalaust að slíkar upplýsingar, sem þar var beðið um, komi fram við umr. Ég ætla að vona að hæstv. ráðh. hafi verið gert viðvart um þessa umr. Nú er mér ekki kunnugt um hvort hann er í húsinu eða ekki.

Það má segja að erfitt sé að ræða þessi mál svona slitrótt, ef ég má svo að orði komast. Það er langt síðan mælt var fyrir nál. og þess vegna óhægara um vik en ella að ræða málið. Mér þykir nokkuð áberandi í allri umr., og ekki síst af hálfu flm. þessa frv. sem hér er um að ræða, að lítið er gert úr þeirri stjórnunaraðgerð sem innlánsbindingunni var a. m. k. ætlað að vera á sínum tíma. Það þarf ekki að rekja það hér, það hefur svo margoft komið fram, að um 1980, enda þótt þá væri 28% binding í reynd, virkaði bindingin ekki sem það stjórntæki sem ætlast var til, einfaldlega vegna þess að útstreymi fjár til þjónustu við atvinnuvegina var meira en sem nam innlánsbindingunni. Ástæðan fyrir því að þá voru veittar auknar heimildir til innlánsbindingar, sem voru að vísu aðeins notaðar að hluta, var einmitt þessi. Hitt er nokkuð athyglisvert að í lögunum frá 1957, þegar Landsbanka var skipt upp í viðskiptabanka og seðlabanka, voru engar takmarkanir á slíkum heimildum, þ. e. innlánsbindingu. Að vísu var hún ekki framkvæmd fyrr en eftir stofnun Seðlabankans. Heimildir voru til 25% bindingar. Það var 1979, eins og kunnugt er, sem þessi prósenta var hækkuð upp í 28%.

Ég hygg að það megi lengi deila um til hvers slík binding leiðir, hvað hún er virkur þáttur í almennri efnahagsmálastjórn. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur lengi gert lítið úr innlánsbindingu og telur hana raunar undirrót margs ills þó ég kveði ekki fastar að orði. Hinu getum við ekki litið fram hjá að innlánsbinding af líku tagi og hér er er viðhöfð sums staðar þar sem peningamarkaður er vanþróaður (**Gripið fram í:** Þetta er rangt, algjörlega rangt.) eins og hér.

Nú geri ég ráð fyrir því að sá samanburður sem er í huga hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar sé fyrst og fremst varðandi þau lönd sem næst eru, vestræn ríki þar sem peningamarkaðir eru alla jafna þróaðri en hjá okkur. Og það er laukrétt, sem fram hefur komið hjá honum, að hlutverk seðlabanka í þessum löndum er að mörgu leyti mjög frábrugðið því sem hér er. En í þessari umr. um frv. hefur verið vikið að því að lög um Seðlabanka væru í endurskoðun, þar af leiðandi hlutverk Seðlabankans yfirleitt, og einhvern veginn finnst mér eðlilegt að bíða með svo miklar breytingar eins og hér er raunar gert ráð fyrir þangað til a. m. k. frumvarpsdrög um Seðlabanka liggja fyrir.

Nú vil ég taka það fram að ég hef ekki enn þá fengið nægjanlegan rökstuðning fyrir innlánsbindingarprósentu eins og staðan er í dag. Þó sýnist mér að sú innlánsbinding, 18%, sem kemur núna til framkvæmda sé lágmark með tilliti til ýmissa okkar aðstæðna. Ég veit að hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni er fullkunnugt um að að hluta til stendur þessi innlánsbinding undir okkar gjaldeyrisforða og að hluta til skuldum viðskiptabankakerfisins við Seðlabankann. Þá er ég ekki með afurðalán í huga.

Mér þótti nokkuð einkennileg afstaða hv. þm. Ragnars Arnalds, hv. 3. þm. Norðurl. v., í þessu máli. Ég get ekki að því gert. Mér fannst rökstuðningur hv. þm. bókstaflega þannig að nú hefðu ríkisstj. og stjórnar-

flokkarnir aukið allt frjálsræði í peningamálum til mikillar óþurftar, og fyrst stjórnarflokkarnir hefðu tekið þessa ákvörðun væri eðlilegast að gefa allt laust. Mér fannst rökstuðningurinn þannig. — Það skyldi þá bara taka því og því styddi hann þetta frv. og styddi það að 2 milljörðum yrði varpað hér út á hinn frjálsa peningamarkað. Ég biðst forláts mistúlki ég þá röksemdafærslu sem mér virtist hv. 3. þm. Norðurl. v. viðhafa.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að tala um þetta lengi. Það hefur verið vikið að því að vinnubrögð n. hafi verið mjög vönduð. Ég ætla alls ekki að fara að halda því fram að vinnubrögðin hafi verið óvönduð. Mér dytti aldrei í hug að halda því fram. Hins vegar sakna ég þess að í nál. skuli ekki vera sagt frá viðhorfum þeirra mektugu fulltrúa sem sóttu fundi n. Það er getið um að forsvarsaðilar viðskiptabankanna hafi mælt með því að þetta frv. næði fram að ganga, en það er ekki eitt orð um viðhorf þess aðila sem stjórnar fyrst og fremst þeirri stofnun sem lagðar eru ýmsar skyldur á herðar skv. lögum um Seðlabanka. En ég segi: Með frv. er verið að hluta til að kippa burtu að hluta til þeim myndugleika sem sú stofnun hugsanlega getur sýnt um stjórnun peningamála. Menn geta deilt um stefnur.

Ég gat þess í upphafi míns máls að hér hefði verið beðið um að hæstv. viðskrh. gæfi upplýsingar. Hv. 9. þm. Reykv. gerði það. Ég hafði raunar gert það líka fyrr við þessar umr. Reyndar fékk ég málinu frestað á sínum tíma vegna þess að mér þótti peningapólitískt markmið ríkisstj. ekki liggja nógu skýrt fyrir. Nú hef ég engin plögg í höndunum um það efni. Hins vegar hef ég leitast við að afla mér upplýsinga um það og ekki síst í samtölum við hæstv. ráðh. Ekkert hefur komið fram sem mér virðist réttlæta það að samþykkja þetta frv. Þetta frv. er ekki smámál. Ég vara við því að þm. láti stjórnast í afstöðu sinni til þess af einhverjum tilfinningahita til ákveðinna stofnana í landinu.

Ég fer fram á að skýr rödd hæstv. viðskrh. komi fram við þessar umr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að hann óskar eftir að heyra skýra rödd hæstv. viðskrh. í þessu máli. En nú vill svo til að hæstv. viðskrh. getur ekki verið hér. Hann er bundinn á fundi annars staðar, utan þinghússins. (Gripið fram í.) Ja, hann er það á þessum tíma. (**Gripið fram í:** Er vitað hve lengi?) Það er mér ekki kunnugt um (**Gripið fram í:** Má kanna það?) Það má að sjálfsögðu kanna það og skulu gerðar ráðstafanir til þess að komast eftir því hvort ráðh. getur komið fyrir kl. 7. (**Gripið fram í:** Verður kvöldfundur í Ed.?) Það verður ekki kvöldfundur í þessari deild að öðru leyti en sá fundur sem stendur yfir núna. Þessari umr. verður frestað á meðan verið er að kanna hvort hægt er að ná sambandi við hæstv. viðskrh. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er enn verið að leita eftir því að ná sambandi við hæstv. viðskrh. Það er satt að segja heldur ólíklegt að það takist á þeim stutta tíma sem er til fundarloka, en ég ætla þó að biðja hv. þdm. að hafa biðlund í svo sem eina til tvær mínútur. (**Fjmrh.:** Er hann týndur? Ég vona að hann hafi verið tryggður.) Nei, hæstv. ráðh. er ekki týndur. Það hefur komið fram að hann er upptekinn á fundi annars staðar. Það næst ekki samband við hæstv. viðskrh. Þar af leiðandi verður að fresta þessari umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ætli séu ekki senn fjórar vikur síðan þetta mál kom hér til 2. umr. og ef ég man rétt óskaði hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., eftir frestun umr. Við því var orðið. Þegar málið kom næst til umr. óskaði hv. 9. þm. Reykv., Haraldur Ólafsson, eftir frestun. (**Gripið fram í:** Nei. Hann óskaði eftir upplýsingum.) Upplýsingum. Umr. var þá frestað. Nú kemur hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., og biður enn um frestun málsins, að mér skilst og hafi ég heyrt rétt hans mál, fyrir hönd viðskrh. og sína eigin. Hann tók þannig til orða að hann sagði: fyrir hönd ráðh. og ... (Gripið fram í.) Nú, þá hef ég annaðhvort misheyrt eða misskilið hans orð.

Mér finnst satt að segja, virðulegi forseti, að í þessu máli hafi verið tekið fullt tillit til óska þm. um frestun og sé ekkert því til fyrirstöðu að málið sé látið ganga til atkvæða nú og að hæstv. viðskrh. veiti umbeðnar upplýsingar við 3. umr. málsins. Ég sé ekki annað en að í öllu tilliti hafi verið orðið við óskum um frestun og mér finnst því í rauninni ekki eðlilegt og ekki góð vinnubrögð að fresta þessu máli enn einu sinni. Ég virði það og met að forseti skuli taka tillit til óska þm., en hér finnst mér að hafi verið gengið einum of langt því að ég held að þegar hafi fullt tillit verið tekið til óska um frestun og upplýsingar og geti beðið 3. umr. að fá þær upplýsingar sem hv. 5. þm. Vesturl. óskaði eftir frá hæstv. viðskrh. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að málið gangi til atkvæða. Það hefur fengið fullkomlega eðlilega umfjöllun í n. og sú umfjöllun sem fer hér fram við 2. umr. heldur nú í þá átt að verða óeðlileg. Málið er auðvitað að menn verða að gera upp hug sinn til þessa máls og hafa til þess afstöðu og það gera menn með því að láta málið ganga til atkvæða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það kom fram í máli hv. 5. landsk. þm. að hv. 9. þm. Reykv. hafi beðið um upplýsingar frá hæstv. ráðh. svo sem hv. 5. þm. Vesturl. ítrekaði hér áðan fyrir hans hönd og sína. Það er venjan að forseti reyni að verða við slíkum óskum frá hverjum sem í hlut á. Þar sem ekki hefur tekist að ná sambandi við hæstv. viðskrh. og útséð um að hann komi á þennan fund, verður orðið við óskum þm. Umr. er hér með frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 452). — 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 567). — 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 695). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni þegar umræðu um þetta mál var frestað fyrir nokkrum dögum að ég hafði gert grein fyrir athugasemdum fulltrúa Alþb. í bankamálanefndinni, Lúðvíks Jósepssonar, við þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég vil þá næst víkja, herra forseti, að almennum atriðum varðandi þetta frv. og vil þá fyrst segja að ég tel frv. illa fram lagt af hæstv. ríkisstj. Því fylgja engar upplýsingar um þróun bankakerfisins hér á landi á undanförnum árum og áratugum. Því fylgja engar upplýsingar um starfsmannafjölda í bankakerfinu og hvernig það hefur þróast á undanförnum árum. Því fylgja engar upplýsingar um kostnað við að reka bankakerfið á Íslandi í samanburði við bankakerfið í grannlöndum okkar. Yfir höfuð er ekki að finna í fylgiskjölum þessa frv. neinar upplýsingar um kostnaðinn við bankakerfið í heild og umfang þess. Þetta vil ég leyfa mér að gagnrýna og tel að frv. sé af þessum ástæðum, þó ekki komi fleira til, illa fram lagt.

Í annan stað vil ég gagnrýna það að ríkisstj. skuli ekki nú þegar hafa sýnt hér hugmyndir sínar og tillögur um breytingar á seðlabankalögunum. Eins og kunnugt er hefur verið starfað að endurskoðun seðlabankalaganna nú um nokkurt skeið samhliða frv. um viðskiptabanka. Engar upplýsingar hafa komið fram um það hvenær þetta frv. um Seðlabankann er væntanlegt hér inn í þingið. Ég hefði talið til bóta að hæstv. ráðh. hefði látið tillögur nefndarinnar fylgja með þessu frv. þannig að unnt hefði verið að átta sig á vilja ríkisstj. varðandi breytingu á seðlabankalögunum. Seðlabankalögin eru stofnlög bankamála í landinu og ég vil lýsa því yfir af minni hálfu að ég tel ótækt með öllu að afgreiða þetta frv. um viðskiptabankana öðruvísi en upplýsingar liggi fyrir um það hvernig ríkisstj. ætlar að fara með seðlabankalögin.

Ég vil nefna þessi atriði, herra forseti, og í þriðja lagi benda á að bankamálanefndin skilaði af sér fyrir einu ári eða svo. Eftir að bankamálanefndin skilaði af sér var þetta frv. sent öllum viðskiptabönkunum og Seðlabankanum og jafnvel fleiri aðilum til umsagnar. Ég hefði talið eðlilegt að prenta með þessu frv. sem fskj. umsagnir allra viðskiptabankanna og Seðlabankans og auðvitað hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að ríkisstjórnin hefði gert grein fyrir því í grg. frv., lið fyrir lið, jafnvel þó í smáatriðum væri, hvaða atriði það eru sem ríkisstjórnin sjálf hefur breytt frá tillögum bankamálanefndarinnar. Það eru nokkur atriði sem ríkisstjórnin hefur greinilega breytt frá tillögum bankamálanefndarinnar. Sum þeirra liggja í augum uppi ef maður fer nákvæmlega í saumana á þessu frv. Önnur þyrfti í raun og veru að skýra betur hér strax við 1. umr. áður en málið fer til nefndar.

Þessi almennu gagnrýnisatriði vil ég láta koma hér fram til viðbótar því sem ég nefndi á síðasta fundi þegar hv. deild fjallaði um þetta mál, sem er það að í frv. er hvergi í raun og veru tekið á skipulagsmálum bankastarfseminnar í landinu. Það eru engar tillögur uppi um beina fækkun bankanna. En ég hefði talið eðlilegt að í slíku frv. hefði verið bein tillaga um fækkun ríkisviðskiptabankanna úr þremur í tvo. Gagnvart þessu atriði skilar ríkisstjórnin auðu. Þar er um að ræða uppgjöf í þessu máli, eins og reyndar oft og iðulega áður, þegar um þessi bankamál hefur verið fjallað.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja með nokkrum athugasemdum að ýmsum greinum frv. og þá fyrst að 1. gr. þess. Í 1. gr., 2. málsgr., segir svo: „Einungis hlutafélögum er heimilt að reka aðra viðskiptabanka en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.“ Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hvaða ástæða er til þess að banna banka í eigu samvinnufélaga? Hvaða rök eru fyrir því að samvinnufélög megi ekki eiga banka? Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir að af hálfu ríkisstjórnar sem er undir forustu Framsfl. skuli það beinlínis vera tekið hér fram fullum fetum að samvinnufélögum er bannað að eiga banka. Það er ekki nýtt að þessi ríkisstjórn mismuni samvinnuhreyfingunni. Það gerðist á s. l. ári í frv. til laga um skattfrelsi fyrirtækja sem einungis gat náð til hlutafélaga. Hér er vegið í sama knérunn. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hér sé eingöngu um að ræða pólitískar kredduástæður Sjálfstfl. sem þessu ráða eða einhver önnur tæknileg rök.

Í öðru lagi vil ég víkja aðeins að 2. gr. frv. sem hv. 3. þm. Reykn. ræddi ítarlega í máli sínu hér á dögunum. Spurningin er: Hvaða bankar eru það sem eiga að hafa ríkisábyrgðir og hverjir ekki? Er ástæða til þess að ríkisviðskiptabankarnir einir hafi slíkar ábyrgðir, eða eiga hlutafélagabankarnir eða aðrir bankar að geta keypt sér ríkisábyrgðir eða tryggt sig með einhverjum hætti? Ég hef heyrt það sjónarmið að eðlilegt sé að aðrir bankar en ríkisviðskiptabankarnir gætu keypt sér ábyrgðir, jafnvel hjá ríkissjóði. Þá spyr ég: Að hve miklu leyti eru þessir bankar þá orðnir einkabankar? Að hve miklu leyti eru þeir í raun og veru orðnir á ábyrgð þeirra sem eiga þessa banka og stofna þá ef ríkið ábyrgist þá ef illa fer? Með því að gera kröfu um að ríkið ábyrgist einkabanka eða hlutafélagabanka eru menn í raun og veru að viðurkenna að enginn geti rekið banka nema ríkið. Og það er sjónarmið út af fyrir sig sem mér finnst full ástæða til að hafa í huga.

Ég held að í þessum efnum komi margt til greina. En ég segi að ef það er ætlunin að tengja hlutafélagabankana með einhverjum hætti við ríkið í gegnum ábyrgðir þá er óhjákvæmilegt að viðskrh. tilnefni mann í bankaráð annarra banka líka. Ég held að það sé útilokað að ætlast til þess að ríkið beri ábyrgð á skuldbindingum hlutafélaga- og einkabanka öðruvísi en að ríkið eigi þá beina aðild að stjórn viðkomandi banka. Ég tek hins vegar undir það með hv. 3. þm. Reykn. að hér er um að ræða vandamál, vandamál sem annars vegar snýst um ákveðna mismunun á milli banka og bankategunda og hins vegar vandamál sem snýr að þeirri einföldu staðreynd að það er erfitt fyrir nokkurn aðila hér á Íslandi annan en ríkissjóð að ábyrgjast hluti af þessum toga. Og ég læt það koma fram sem mína skoðun að ég tel það óhjákvæmilegt að við frágang á þessu frv. verði þannig

um hnútana búið að hagsmunir sparifjáreigenda, þ. e. þeirra smærri, verði í meginatriðum eins vel tryggðir og kostur er, en það tel ég ekki vera með þessu frv. eins og það hér liggur fyrir.

Ég vil þá næst, herra forseti, víkja aðeins að 3. gr. frv. Þar er um að ræða heimildir um ríkisviðskiptabanka á þá leið að heimili og varnarþing þeirra skuli vera í Reykjavík. Ég vil spyrja: Stjórnar því eitthvað annað en vanahugsun að heimili og varnarþing viðskiptabanka skuli vera í Reykjavík? Eru einhver önnur rök fyrir því? Er ekki hugsanlegt að heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka sé í Kópavogi, svo ég nefni dæmi úr kjördæmi hæstv. viðskrh.? En í fullri alvöru spyr ég: Er nokkur ástæða til að binda þetta svona í lögum? Er ekki full ástæða til þess að hver ríkisviðskiptabanki ráði þessu í raun og veru sjálfur?

Ég kem þá hér næst að 5. gr. frv. en það er fjórða athugasemd mín við einstakar greinar frv. Hér er farið inn á þá braut að skv. þessari grein verður hægt að mynda hlutafélagabanka án þess að sett verði nein sérstök sérlög um það og um hlutafélagabanka gildi þá aðeins hin almennu lög um hlutafélög, þó með þeim takmörkunum sem gert er ráð fyrir í 7. gr. þar sem segir að viðskrh. eigi jafnan að veita bönkum starfsleyfi. Ég tel að með þessu móti sé verið að opna fyrir aukna útþenslu í bankakerfinu hér á landi. Ég sé engin rök fyrir nauðsyn þessa. Ég tel eðlilegra að Alþingi taki um það ákvörðun með lögum þegar bankar eru stofnaðir heldur en að það gerist með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég tel sem sagt eðlilegra að það gerist með sérlögum hverju sinni þegar löggjafarvaldið telur nauðsynlegt að stofna nýja banka í landinu. Og hefði ég nú talið að það væri þörf á ýmsu öðru um þessar mundir.

Mér finnst það athyglisvert að í síðustu málsgr. 5. gr. er gert ráð fyrir því að hlutafé hlutafélagsbanka skiptist í a. m. k. 50 hluti og nemi 100 millj. kr. Ef það er ætlun ríkisstjórnarinnar að hafa þessa viðmiðun þá er auðvitað sjálfsagt að það sé tekið fram að hún skuli fylgja einhverri vísitölu í samræmi við verðþróun. Þetta er ekki fullnægjandi frágangur á málsgreininni eins og hún þarna er.

Við 6. gr. frv. er fimmta athugasemdin sem ég ætla að gera, herra forseti, og hún lýtur að 1. málsgr. 6. gr. Þar segir, með leyfi forseta: „Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka.“ Hér er í raun og veru verið að segja að um þetta skuli gilda alveg sömu lög og reglur og með hluti í hlutafélögum almennt. Ég held að þessi málsgr. orki tvímælis að því er varðar banka. Tökum Alþýðubankann sem dæmi. Alþýðubankinn er stofnaður af verkalýðshreyfingunni og í reglum Alþýðubankans eru ákveðin ákvæði sem takmarka heimildir til þess að láta hluti af hendi. Ég tel að það eigi að vera möguleiki til slíkrar takmörkunar þegar um er að ræða stofnaðila viðkomandi banka. Ég vil biðja hæstv. viðskrh. að hugleiða hvort ekki er hægt að koma slíku ákvæði þarna við, þó að það sé aðalregla að engar hömlur megi leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka.

8. gr. þessa frv. er sú næsta sem ég kem að og það vekur athygli mína að Landsbankinn sendir umsögn til hæstv. ríkisstj. um þessa grein og segir orðrétt: „Í henni felast ekki tillögur um róttæka nýjung í bankastarfsemi.“ Landsbankinn fullyrðir sem sagt að það sé heimilt nú þegar að starfrækja umboðsskrifstofur erlendra banka hér á landi. Ég held að rétt sé að fara fram á það við hæstv. viðskrh. að hann greini frá því hvort hann er sammála þessu sjónarmiði Landsbankans, að í gildandi lögum séu í raun og veru þegar heimildir fyrir erlenda banka til þess að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi. Ég er viss um að hæstv. viðskrh. hefur lesið samviskusamlega umsögn Landsbankans eins og umsagnir annarra banka. Þar kemur þetta fram og ég vil biðja hæstv. ráðh. að athuga þetta mál og fara yfir það þegar hann svarar hér þeim athugasemdum sem fram kunna að koma í þessum umræðum.

Ég er andvígur þessari 8. gr. og mun greiða atkvæði á móti henni vegna þess að hér er verið að stíga fyrsta skrefið til þess að heimila erlendum bönkum að starfa á Íslandi. Hér er verið að opna fyrir það og ég tel að það sé óeðlilegt og hættulegt í rauninni með tilliti til þess hvað bankastarfsemin er mikilvægur þáttur í efnahagslegu forræði landsmanna sjálfra. Ég sé ekki heldur að það séu nein rök fyrir því að opna landið fyrir erlendum bönkum eins og hér er lagt til. Ég sé engin rök fyrir því. Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hafa einhverjir erlendir bankar þegar kvatt hér dyra og beðið um heimild til þess að fá að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi? Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh., vegna ummæla sem fram koma í grg. þessa frv.: Eftir hvaða reglum ætlar hann að láta þessar erlendu umboðsskrifstofur starfa? En í 2. málsgr. segir: „að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.“ Það er nauðsynlegt að fá það fram áður en málið fer í nefnd hér í hv. deild hvaða hugmyndir hæstv. ráðh. er með um starfsreglur fyrir þessar erlendu umboðsskrifstofur.

Ég vík þá næst, herra forseti, að áttundu athugasemd minni við einstakar greinar frv. Hún er við 9. gr. þar sem fjallað er um bankaráð. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskrh. og bankaráða svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.“ Síðan er talið upp hverjir eru í bankaráðum og hvernig þeir eru kosnir. Með tilliti til þess að þarna er lagt til að Alþingi kjósi bankaráð tel ég eðlilegt að taka það fram í greininni að bankaráðum sé skylt að senda Alþingi skýrslur um starfsemi sína á ári hverju með svipuðum hætti og Framkvæmdastofnun er skylt að senda hér inn slíkar upplýsingar. Ég held að það eigi beinlínis að taka það fram í þessari grein að bankaráðin eigi að gefa Alþingi skýrslu, eða kannske öllu heldur, svo að rétt boðleið sé farin, að bankaráðin sendi viðskrh. skýrslu sem hann síðan leggi fyrir Alþingi. Úr því að Alþingi er að kjósa bankaráðin, sem mér finnst alveg sjálfsagt, held ég að nauðsynlegt sé að skýrslur um starfsemi þeirra komi til umræðu hér á Alþingi. Ég mun flytja tillögu um það efni, herra forseti, þegar málið kemur hér til lokameðferðar. Það skapar betra aðhald að bönkunum en nú er, skapar möguleika fyrir efnislega og málefnalega umræðu hér í þinginu um bankamál. Þess vegna held ég að þetta væri heppileg tillaga.

Í 10. gr., sem er til bóta, segir svo: „Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans.“ Svo undarlegt sem það nú er þá er þessi grein nýmæli í íslenskri bankalöggjöf. Í athugasemdum Landsbankans við frv. kemur það fram að bankinn telur þessa grein óþarfa vegna þess að viðskrh.

hafi þegar allar heimildir til að gera kröfur í þessu efni. Ég efa út af fyrir sig ekki að það sé rétt, en hitt er ljóst að þessi grein gefur ráðherra aukna möguleika til þess að knýja fram upplýsingar frá bönkunum. Ég vil hins vegar bæta því við sem ábendingu frá minni hálfu að ég tel eðlilegt að inn í þetta sé því bætt að Alþingi eða meiri hluti Alþingis geti einnig hvenær sem er krafið ríkisviðskiptabanka um upplýsingar um rekstur hans. Ég geri ráð fyrir því að þessari athugasemd minni yrði svarað af t. d. Landsbankanum með svipuðum hætti og sagt sem svo: Alþingi getur þetta í raun og veru hvort eð er. Það má til sanns vegar færa. En með því að hafa það afdráttarlaust í lögum að Alþingi geti krafið ríkisviðskiptabanka um upplýsingar er verið að opna þarna leið sem yrði frekar notuð ef hún er tekin fram beinlínis í lögum.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir því að bankastjórar verði ekki ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Ég tek undir þessa tillögu. Ég tel að hún sé skynsamleg. Og ég er reyndar þeirrar skoðunar að þessi regla ætti að gilda um alla yfirmenn ríkisstofnana og að það ætti að framkvæma hana, ekki ráða menn aftur og aftur heldur setja sér þá reglu að framkvæma slíka endurnýjunarreglu í bankakerfinu.

Ég vil aðeins víkja hér að 12. gr. í sambandi við laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra sem áður hefur verið rætt um á Alþingi. Ég held að það væri heppilegra að Kjaradómur fjallaði um laun og ráðningarkjör bankastjóra. En ef það er ekki Kjaradómur þá teldi ég hins vegar hugsanlegt að kveða á um það í lögum að bankastjórar hafi laun sem eru einhverjum tilteknum prósentum hærri en næst skv. samningum Sambands íslenskra bankamanna þannig, að þessi kaleikur sé a. m. k. frá bankaráðunum tekinn. Ég minni í þessu sambandi á frv. hv. þm. Skúla Alexanderssonar um þetta efni sem liggur fyrir Ed. og minni á það sem ég sagði við umræðu um þetta mál í þinginu fyrir nokkrum vikum. Ég tel að þetta atriði eigi ekki að geyma þangað til bankafrv. er afgreitt í heild heldur eigi að taka þetta ákveðna atriði út.

Ég vísa algjörlega á bug ummælum þeim sem hér féllu hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um Kjaradóm í sambandi við þetta mál. Ég tel að Kjaradómur sé þannig staddur að það væri að mörgu leyti mjög eðlilegt að hann fengi þessi mál til meðferðar. En mest er um vert að meiri hluti Alþingis, ef eitthvert mark er takandi á mönnum hér, meiri hluti Alþingis er sammála um að taka ákvörðunarvald um laun og launakjör bankastjóra af bankaráðunum. Ég hef ekki heyrt annað en allir þingflokkar, nema e. t. v. þingflokkur Sjálfstfl., hafi tekið af skarið í þessu efni. Og ég vil í tilefni af þessari umræðu spyrja hæstv. viðskrh. sérstaklega og formann Sjálfstfl. sem var formaður þessarar bankamálanefndar síðast: Hver er afstaða Sjálfstfl. í þessum efnum? Er hann tilbúinn að taka undir það að ákvörðunarvald í þessum efnum verði tekið af bankaráðunum? Það er kjarni þessa máls.

Ég vil einnig í tilefni af umr. um inntak 12. gr. spyrja hæstv. ráðh.: Hvað um aðra starfsmenn bankanna? Það er hvergi í raun og veru minnst á aðra starfsmenn bankanna í þessu frv. Þó eru bankarnir ekki bara reknir með bankastjórum heldur kemur þar við sögu starfsfólk í stórum stíl þar fyrir utan sem allt veltur auðvitað á. Kjör starfsmanna bankanna eru ákveðin í samningum með takmörkuðum verkfallsrétti og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er kveðið á um það að starfsmenn bankanna séu undanþegnir Kjaradómi og umfjöllun mála þar. Ég held að óhjákvæmilegt væri að taka hér upp ákvæði um starfsmenn bankanna og stöðu þeirra, hugsanlegan rétt þeirra og starfsmannaráð. Mig minnir að einhver hafi hér verið að tala um starfsmannaráð í bönkunum og mig minnir að einhver hafi verið að tala um það eða ég hafi jafnvel lesið það í blaði að einhverjir þm. Alþfl. hafi verið með sérstakan skæting um Lúðvík Jósepsson í tilefni af því að hann hafi ekki staðið að tillögu varðandi starfsmannaráð í bönkunum. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér þykir þessi málflutningur þeirra þm. og málgagns Alþfl. gagnvart Lúðvík Jósepssyni hafa verið allsérkennilegur að undanförnu. En ummælin um afstöðu Lúðvíks til starfsmannaráða og upplýsingaskyldu bankanna, sem ég kem að síðar, eru alveg með endemum og eru að mörgu leyti þó í góðu samræmi við það sem oft kemur upp þegar verið er að reyna að finna höggstað á mönnum eins og Lúðvík Jósepssyni sem á þess ekki kost að bera hönd fyrir höfuð sér hér á hv. Alþingi.

Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að í ákvæðum laga séu reglur sem skapa starfsmönnum heimildir til þess og möguleika að hafa áhrif á starfskjör sín og starfsumhverfi eins og kostur er miðað við ákvæði laga um það hverjir eigi bankana. Það er álitamál hvort þessi ákvæði um starfsmannaráðin eigi að vera í þessum lögum eða öðrum lögum um starfsmenn bankanna. Nú man ég ekki svo glöggt hvernig lögum er háttað varðandi starfsmenn bankanna og kjarasamninga þeirra. En hugsanlegt er að það atriði kæmi þarna inn líka.

Ég vík þá næst, herra forseti, að 15. gr. frv. Þar segir: „Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda. Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað ekki færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kosið af hluthöfum á aðalfundi.“ Hver kýs formann bankaráðs? Það eru engin ákvæði um formann bankaráðs í þessu frv. Ég tel að það hljóti að vera mistök hjá rn. í þessu efni vegna þess að í frv. bankamálanefndarinnar, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson var formaður fyrir, var gert ráð fyrir því að bankaráðið kysi sér formann ef ég man rétt. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig stendur á því að þarna er ekki tekið fram hver kýs og hvernig verður til formaður bankaráðs? Einnig finnst mér það hæpið í lögum að takmarka fjölda manna í stjórn hlutafélagabanka við töluna þrjá. Mér finnst hugsanlegt að í bankaráði hlutafélagsbanka séu fimm. Ég minni á að í sumum þessara banka eru og hafa verið fimm bankaráðsmenn um langt skeið. Ég held að eðlilegt væri að þeir væru annaðhvort þrír eða fimm, en ekki sé verið að binda þetta eins og er gert í frv. eins og það kemur frá ríkisstj., af hvaða ástæðum sem það nú er.

Í síðustu málsgr. 15. gr. segir: „Aðalfundur hluthafa ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.“ Þetta eru aðalfundir hlutafélaganna sem eiga þessa banka. Þetta held ég að sé hæpið ákvæði. Ég held að það sé hæpið að aðalfundir hlutafélaganna séu að togast á um það hver þóknun þessara bankaráðsmanna er. Ég teldi langeðlilegast að taka það fram í lögum að

þetta sé einfaldlega ákveðið hlutfall af einhverjum launaflokki, tengt einhverjum launaflokki sem samband bankamanna semur um. Það tel ég að ætti raunar líka að eiga við um bankaráðsmenn ríkisviðskiptabankanna. Það getur verið að þeirra kjör mundu eitthvað breytast við þá ákvörðun. Ég tel það út af fyrir sig ekkert gera til. Það væri eðlilegra að kjör bankaráðsmanna væru tengd beinlínis við samninga bankamanna.

Þá vil ég í tíunda lagi, herra forseti, víkja hér að 19. gr., þar sem fjallað er um starfslið bankanna, og endurtaka það sem ég sagði áðan almennt um starfsmenn bankanna en bæta við: Hvaða rök eru til þess að aðstoðarbankastjórar, útibússtjórar og forstöðumenn endurskoðunardeilda séu hér í lögum teknir út fyrir samningssvið Sambands íslenskra bankamanna? Hvaða ástæða er til þess? Nóg er nú að vera með bankastjórana eins og allir þekkja hvernig þeir hlutir hafa gengið fyrir sig, þó að ekki sé í beinum lagatexta verið að bæta hér við forstöðumanni endurskoðunardeildar, útibússtjórum og aðstoðarbankastjórum. Auðvitað eiga þessir menn að taka kaup með hliðsjón af samningum Sambands íslenskra bankamanna. Auðvitað á ekki að taka þá út úr í þessum efnum þannig að bankaráðin ákveði kaup þessara manna. Þetta er óheppilegt fyrirkomulag. Það elur á klíkuskap, alls konar klíkuskap og slæmu andrúmslofti gagnvart starfsmönnum bankanna að öðru leyti, og ýtir undir tortryggni gagnvart þeim. Það ýtir líka undir tortryggni þeirra gagnvart þessari valda„elítu" í hverjum banka, sem eru bankaráðin og þessir guðs útvöldu þjónar þarna, aðstoðarbankastjórinn, útibússtjórinn og forstöðumenn endurskoðunardeildar. Það á ekki að vera að búa til svona „plott" í bönkunum. Það er óþarfi. Menn eiga ekki að vera að leika sér að þessu og ýta undir úlfúð og illindi, tortryggni og leiðindi. Menn eiga ekki að vera að því. Og ég sá enga tillögu frá Alþfl. um að breyta þessu, svo merkilegt sem það nú er.

Við 21. gr. frv. er ellefta athugasemdin sem ég ætla hér að gera. Ég tel að ákvæðin um starfssvið bankaráðanna séu til bóta. Þau eru til bóta vegna þess að núna eru engin eða mjög takmörkuð lagaákvæði til um starfssvið bankaráðanna, svo merkilegt sem það kann nú að virðast. Ég tel að þessi ákvæði um starfssvið bankaráðanna mættu gjarnan vera eitthvað ítarlegri og þá legg ég áherslu á þetta atriði sem ég nefndi áðan, að bankaráðin gefi Alþingi skýrslu eða gefi ráðherra skýrslu sem hann svo flytur til Alþingis.

En í 21. gr. er dæmi um litla orðalagsbreytingu sem rn. hefur smyglað inn á leiðinni frá bankamálanefndinni til Alþingis án þess að gera grein fyrir því. Þetta finna menn ef þeir lesa vandlega sína heimastíla. Þar stendur í næstsíðustu málsgrein þetta: „Bankaráð mótar almenna stefnu bankans í vaxtamálum og getur að fenginni umsögn bankastjórnar sett almennar reglur um lánveitingar bankans." Hvaða orð ætli það sé nú sem hafi laumast þarna inn á milli húss og bæjar, á milli bankamálanefndarinnar og Alþingis, fyrir milligöngu ríkisstj., hvaða orð ætli það sé? Það er orðið „almenna", því hefur verið stungið þarna inn. Og af hverju var því stungið inn? Vegna þess að Landsbankinn gerði við þetta alvarlega athugasemd, taldi að ef þetta stæði eins og bankamálanefndin lagði til þá yrðu bankaráðin að grauta í stefnumótun bankanna í vaxtamálum í einstökum atriðum. Bankastjórarnir bentu á að það væri ekki hlutverk bankaráðanna að vera að því, og þess vegna teldum við til bóta, sögðu bankastjórar Landsbankans, að skjóta inn orðinu „almenna" á undan orðinu stefnu í næstsíðustu málsgr. 21. gr. Og það var auðvitað gert. Þess vegna er þarna búið að draga úr þeim áhrifum sem bankaráðin eiga að geta haft í sambandi við stefnumótun í vaxtamálum. Ég tel að tillagan eins og hún kom frá bankamálanefndinni sem starfaði síðast hafi verið betri. Ég tel að þetta, að draga úr valdi bankaráðanna að þessu leytinu til, sé til bölvunar.

Í 22. gr. birtist partur af þessari frjálshyggjukreddu sem veður uppi um þessar mundir. Þar segir: „Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir." Bankastjóri Alþýðubankans spurði í sinni athugasemd: Er bannað að tala við fólk? Hvað þýðir þetta í raun og veru? Hvernig ætlar ríkisstj. að framkvæma þetta? Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. geri grein fyrir því hvernig hann ætlar að tryggja það að menn komi sér ekki saman um ákvörðun þjónustugjalda bankanna. Ég held að það liggi alveg í augum uppi að bankarnir muni með einhverjum hætti koma sér saman um helstu þjónustugjöld í grófum dráttum. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðh. hvernig hann hugsi sér að koma í veg fyrir að bankarnir ákveði mjög svipuð þjónustugjöld við sína viðskiptamenn. Ég held að þessi grein, eins og hún stendur hér óútskýrð, sé í rauninni hálfgert rugl. Hérna eru menn að festa á blað frómar óskir í samræmi við niðurstöður Sjálfstfl., en í rauninni er hér ekkert um það hvernig þetta á að gerast. Hér eru komin þessi frjálshyggjutrúarbrögð sem er verið að troða hér inn í lagatexta í alls konar frv. út og suður að undanförnu og nær hápunkti í því að samvinnufélögum er bara byggt út úr þessu frv., en það er nú kapítuli út af fyrir sig.

Ég vík þá næst, herra forseti, að 26. gr. þessa frv. en það er 14. athugasemd mín við einstakar greinar frv. Þar segir í 2. málsgr.: „Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar." Hvaða áhrif hefur þetta á starfsemi ýmissa skrifstofa sem hafa verið að rísa upp hér að undanförnu í landinu og auglýsa að þær taki að sér ávöxtun á peningum fyrir fólk? Á grundvelli hvaða laga starfa þær stofnanir? Ég er hér að tala um fjárvörslu svokallaða sem hefur verið auglýst í blöðum á vegum Kaupþings. Og ég er hér að tala um hliðstæða starfsemi sem hefur verið auglýst í blöðum á vegum Fjárfestingafélagsins. Ég hygg að í rauninni sé engin lagaheimild fyrir þessari starfsemi. Ég spyr ráðherra að því, telur hann að lagaheimild sé fyrir þessari starfsemi? Er það í raun og veru ekki alveg ótvírætt eftir orðanna hljóðan hér að það eru viðskiptabankarnir og aðrir, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, sem mega stunda svona starfsemi, taka við innlánum og lána út peninga? Er það ekki alveg ótvírætt að með þessu er ráðherra að segja að starfsemi Kaupþings og annarra slíkra stofnana sé ólögleg? Er ekki verið að segja það að starfsemi Kaupþings og annarra slíkra stofnana sé með öllu ólögleg? Ég vona að hæstv. ráðh. treysti sér til að taka alveg af skarið í þessu efni.

Ég vil þá næst víkja hér að 36. gr. frv. Það er í raun og

veru sú grein sem hefur í för með sér mestar breytingar á uppbyggingu bankakerfisins í landinu af þeim tillögum sem hér eru inni. Það er greinin sem fjallar um eigið fé bankanna: „Eigið fé viðskiptabanka að meðtöldum ¾ hlutum andvirðis skuldabréfa skv. 30. gr. má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankans.“ Ég spyr ráðherra og ég óska eftir að upplýsingar um það komi fram hér við 1. umr. málsins: Hvernig er þessi staða hjá einstökum bönkum í dag? Hvert er eiginfjárhlutfall Landsbankans, Útvegsbankans, Búnaðarbankans, Iðnaðarbankans, Samvinnubankans og Alþýðubankans miðað við þessa grein? Hversu margir bankar uppfylla nú þau skilyrði sem hér eru sett? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir því að ráðherra þurfi ekki lengur að heimila bankaútibú heldur gerist það eftir almennum reglum og þær reglur taka mið af eiginfjárstöðu bankanna. Ég vil bæta því við og spyrja ráðh.: Hvaða bankar eru það sem gætu ekki stofnað útibú eftir orðanna hljóðan hér? Ég hef grun um það að þessi regla sé svo rúm og svo loðin að í rauninni geti allmargir bankar stofnað ný útibú þó að þessi grein sé framkvæmd. Það væri fróðlegt að vita hvaða bankar það eru sem geta stofnað ný útibú skv. þessari grein og þannig orðið til þess að auka þensluna í bankakerfinu eftir að þetta frv. yrði samþykkt.

Við 40. gr. frv. hef ég sömu athugasemd að gera og áður. Næstsíðasta málsgrein 40. gr. er um að þóknun skoðunarmanna hlutafélagsbanka sé háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs. Slík atriði held ég að eigi öll að vera skv. kjarasamningum.

Ég hef þá farið hér, herra forseti, yfir 20 athugasemdir við þetta frv. Þetta er viðamikið frv., það telur samtals um 60 greinar með ákvæðum til bráðabirgða og er vafalaust eitt af stærri málum sem hér hafa komið fyrir þessa deild, a. m. k. það sem af er árinu 1985. Ég vil þessu næst víkja að þremur atriðum í grg. frv. Það er fyrst þar sem stendur að ríkisstj. hafi lýst því yfir að hún hyggist láta endurskoða reglur um beina lántöku fyrirtækja erlendis án ríkisábyrgðar. Ég vil spyrja ráðh.: Hvar eru þessar tillögur á vegi staddar, þessar endurskoðuðu reglur um heimild til lántöku fyrirtækja erlendis án ríkisábyrgðar? Hvar er þetta nákvæmlega á vegi statt? Ég vil einnig endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðh. um þær reglur sem hann hyggst setja fyrir hinar erlendu umboðsskrifstofur.

Á bls. 14 í grg. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Jafnframt hafa tvö sjónarmið verið sett fram í nefndinni um fækkun og sameiningu ríkisviðskiptabanka. Annars vegar er um innbyrðis sameiningu tveggja ríkisviðskiptabanka að ræða en hins vegar sameiningu ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka.

Nefndin gerir ekki tillögur um með hvaða hætti þetta skuli gert en meiri hluti nefndarinnar telur ... að það mundi flýta fyrir framgangi málsins að ráðherra hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar sem leggja mætti fyrir Alþingi í frumvarpsformi þegar þing kemur saman í haust.“

Og í grg. kemur fram að Gylfa Þ. Gíslasyni fyrrverandi ráðh., Birni Líndal og Sigurgeiri Jónssyni hefur verið falið að gera tillögur um þessa tæknilegu sameiningu. Ekki tók ég eftir því að ráðherra gerði í máli sínu hér á dögunum grein fyrir því hvernig hann vildi að þessari tæknilegu sameiningu yrði háttað. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt til að hægt sé að ræða þetta mál nánar að fram komi hvað ráðherra hyggst leggja áherslur á í þeim efnum.

Þá vil ég víkja hér að nokkuð öðru atriði. Fyrir Ed. liggur frv. um stórfelldar breytingar á bankakerfinu, 217. mál, flutt af Eyjólfi Konráði Jónssyni og Valdimar Indriðasyni, breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem þm. annars stjórnarflokksins eru að gera tillögur um uppi í Ed. Er ráðherra hlynntur þessu frv.? Er samstaða um það í ríkisstj. að keyra þetta frv. í gegnum þingið án þess að hafa séð frv. til seðlabankalaga og jafnvel án tillits til þess hvernig þessu máli reiðir af sem hér er á dagskrá?

Þessu næst vil ég víkja að upplýsingaskyldu banka og annarra innlánsstofnana. Á þinginu 1978 flutti Kjartan Ólafsson frv. til laga um upplýsingaskyldu banka og annarra innlánsstofnana og lagði það fyrir hv. Nd. Þetta frv. var fellt hér í Nd. með 17:16 atkv. Í því var gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á starfsemi bankanna þannig að almenningur ætti þess kost að kynna sér betur en nú er og hafa eftirlit með útlánum lánastofnana. Í 2. gr. frv. sagði svo:

„Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en 4 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 6 millj. kr. í viðkomandi stofnun.

3. gr. Útlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun sem svarar til kostnaðar við prentun“, eins og það er orðað hér.

Eins og ég sagði áðan þá var þetta frv. flutt á þinginu 1978 af hv. þm. Kjartani Ólafssyni og það var fellt við atkvgr. í Nd. með 17:16 atkv.

Ég vil láta það koma hér fram að ég mun við meðferð þessa máls hér í hv. deild flytja frv. um svipað efni og láta á það reyna hvort þm. eru tilbúnir til þess að opna bankana fyrir eftirliti almennings frekar en nú er.

Að lokum ætla ég að draga saman fáein atriði úr máli mínu, herra forseti, og segja þetta: Í frv. er ýmislegt sem er til bóta frá tæknilegu sjónarmiði séð og ég hef nefnt sumt af því. En gallarnir liggja í augum uppi og þeir eru þessir:

1. Frv. mun hafa í för með sér, ef samþykkt verður, fjölgun hlutafélagabanka.

2. Frv. mismunar rekstrarformum og er gegn samvinnufélagabönkum.

3. Frv. opnar fyrir svo að segja fullt frjálsræði, eins og það er kallað, um stofnun nýrra útibúa.

4. Í frv. felst fyrsta skrefið til að hleypa erlendum bönkum inn í landið.

5. Í frv. er gert ráð fyrir því að bönkum verði heimilað að vasast í alls óskyldum atvinnurekstri, gjörsamlega óskyldum atvinnurekstri, eiga hlutabréf í fyrirtækjum sem eru í almennum atvinnurekstri af ýmsu tagi. Ég vil lýsa fullum fyrirvara við það ákvæði.

6. Ég tel það galla að það er óljós skilgreining á eigin fé banka í frv. Ég óttast að sú takmörkun sem þar er um

að ræða hafi lítil áhrif í þá átt að takmarka útibú.

7. Ég er andvígur því ákvæði frv. að vextir verði algjörlega gefnir frjálsir. Ég tel að það sé hættulegt. Ég tel að blind samkeppni milli lítilla innlánsstofnana geti stofnað sparifé almennings í verulega hættu vegna þess að þessar litlu stofnanir hafa lítil eða engin tök á að tryggja fé þessa fólks.

8. Í frv. er lokað fyrir upplýsingaskyldu bankanna. Ég endurtek það sem ég sagði um frv. Kjartans Ólafssonar í þeim efnum: Einhver slík ákvæði verða að koma þarna inn.

9. Í frv. er ekki tekið á skipulagsmálum bankanna í heild og fækkun viðskiptabanka í eigu ríkisins er ekki á dagskrá með afgerandi hætti skv. þessu frv.

10. Hvergi er tekið á Seðlabankanum enda er ekkert frv. komið fram. Seðlabankinn er kominn langt út fyrir eðlileg takmörk, hann er að vasast í alls konar viðskiptabankastarfsemi. Það á að skera starfsemi hans niður. Það er í rauninni vonlaust að ræða um þessi mál í heild öðruvísi en að seðlabankafrv. liggi fyrir.

11. Ég tel að þetta frv., ef að lögum verður, stuðli að stjórnleysi í banka- og peningamálum, það stuðli að fjölgun bankaútibúa, fjölgun banka, glórulausri samkeppni um vexti, og í þessu frv. kemur fram mjög víða vantrú á lýðræðið vegna þess að menn ætla í vaxandi mæli að láta fjármagnið ráða ferðinni. Í því felst vantrú á lýðræðið.

12. Ég tel að það sé verulegur tæknilegur galli í framlagningu þessa frv. þar sem fylgiskjöl og upplýsingar vantar eins og ég rakti í upphafi máls míns. Þetta er hins vegar stórt mál sem er allrar athygli vert og það er eðlilegt og nauðsynlegt að þm. setji sig vel inn í þetta mál og það fái vandaða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að segja nokkur orð um þetta frv. til laga um viðskiptabanka nú við 1. umr. áður en málið fer til umfjöllunar í nefnd.

Þó vissulega megi segja að í þessu frv. megi finna mörg ákvæði, sem eru til bóta frá því sem nú er, þá er þó að finna veigamikla galla á frv. sem ég vil gera að umtalsefni, og stikla þar aðeins á þeim stærstu.

Ég vil fyrst gera að umtalsefni V. kafla frv. sem fjallar um laust fé og eigið fé bankanna. Í 36. gr. er að finna ákvæði um eiginfjárstöðu viðskiptabanka. Gert er ráð fyrir að eigið fé að meðtöldum ¾ hlutum andvirðis skuldabréfa megi ekki vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankans. Auk þess skal bæta við niðurstöðutölu efnahagsreiknings samanlagðri fjárhæð ábyrgða og síðan eru taldir upp nokkrir frádráttarliðir sem draga má frá niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Liggur fyrir úttekt eða könnun á því hver eiginfjárstaða bankanna er í dag miðað við þetta ákvæði frv. um eiginfjárstöðu? Miðað við þær upplýsingar, sem fram voru lagðar á Alþingi fyrir skömmu sem svar við fsp. minni um eiginfjárstöðu banka og sparisjóða, þá er tæpt á því að nokkrir viðskiptabankanna séu innan 5% rammans um eiginfjárstöðu banka og nokkrir sparisjóðanna voru langt undir þessu marki. Gera verður þó ráð fyrir að niðurstöður um eiginfjárstöðu, sem fram komu þá í svörum viðskrh., hafi verið byggðar á öðrum forsendum en ákvæði þessa frv. gera ráð fyrir.

Því er brýnt að hæstv. viðskrh. gefi Alþingi upplýsingar um það hver sé eiginfjárstaða viðskiptabankanna í dag miðað við ákvæði þessa frv. Það er ljóst að ein mikilvægasta undirstaðan í bankastarfsemi, eins og staðan er í dag, er trygg og örugg eiginfjárstaða, ekki síst í ljósi þess að það er sá öryggisventill og trygging sem sparifjáreigendur hafa fyrir ábyrgð bankanna á sínum innistæðum, fyrir utan ríkisviðskiptabankana þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Ég tel því að þetta ákvæði um eiginfjárstöðu þurfi að skoða vandlega og að viðmiðunin við 5% af eiginfjárstöðu sé of lág. Ég tel að það sé tímabært og nauðsynlegt að koma upp tryggingarsjóði hliðstæðum því sem víða gildir erlendis og gilt hefur um sparisjóði hérlendis til að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda, en um það ræddi hv. þm. Kjartan Jóhannsson ítarlega í sinni ræðu hér fyrir helgi og boðaði brtt. þar að lútandi, þannig að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um það mál þó að þýðingarmikið sé. Hér er vissulega um að ræða veigamikið hagsmunamál fyrir sparifjáreigendur. Tilgangur tryggingarsjóðs væri fyrst og fremst sá að tryggja innistæður sparifjáreigenda. En í þessu sambandi mætti einnig hugsa sér að slíkur tryggingarsjóður gæti fjármagnað fjárvana húsnæðiskerfi með sölu skuldabréfa með líkum hætti og lífeyrissjóðirnir hafa gert. Yrði því fyrst og fremst um tvíþættan tilgang að ræða með stofnun slíks tryggingarsjóðs, þ. e. tryggingu fyrir sparifjáreigendur vegna innistæðna sinna og aðstoð við fjármögnun húsnæðiskerfis í formi skuldabréfasölu til byggingarsjóðanna.

Það leiðir vitaskuld af eðli slíks sjóðs að hann yrði ávallt að hafa nægjanlegt fjármagn til reiðu til að koma í veg fyrir tjón sparifjáreigenda ef bankar verða fyrir fjárhagslegu áfalli og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Engu að síður kæmi helst til greina sú leið sem ég nefndi ef um ávöxtun yrði að ræða á fjármagni sjóðsins.

Í fsp. minni til viðskrh. um hver voru heildarinnlán hjá bönkum og sparisjóðum á árinu 1984 kom fram að heildarinnlán viðskiptabankanna voru á árinu 1984 rúmir 22 milljarðar kr. og hjá sparisjóðum tæpir 4 milljarðar, eða samtals liðlega 25 milljarðar kr. Ef viðskiptabönkum væri gert að greiða ákveðið hlutfall af þessari upphæð sem iðgjald í þennan tryggingarsjóð þá er ljóst að verulegt fjármagn gæti verið til ráðstöfunar til húsnæðismála í formi skuldabréfasölu með ríkisábyrgð til byggingarsjóðanna.

Í annan stað verður ekki hjá því komist að gera að umtalsefni síðustu mgr. 36. gr. um að bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, megi ekki vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans. Ein af þeim fsp. sem ég lagði fyrir hæstv. viðskrh. í vetur og svar liggur fyrir um er hvert sé hlutfall eigin fjár sem bundið er í varanlegum rekstrarfjármunum hjá viðskiptabönkum og 18 stærstu sparisjóðunum. Ég fæ ekki betur séð við samanburð á þessu ákvæði, um að ekki megi meira en 65% af eigin fé bankans vera bundið í varanlegum rekstrarfjármunum, að skv. niðurstöðutölum í reikningum bankanna árið 1983 hafi 16 af 25 innlánsstofnunum, sem upp var gefið, farið fram úr þessu ákvæði og það svo rösklega að sex innlánsstofnanir, þ. e. þrír viðskiptabankar og þrír sparisjóðir, hafi fjárfest langt umfram eigið fé og þar með gengið á innistæður sparifjáreigenda í fjárfestingum sínum.

Þannig er t. d. um Verslunarbankann, en hlutfall eigin fjár sem bundið er í varanlegum rekstrarfjármunum hjá honum er 141.6%, hjá Samvinnubankanum 118.6, hjá Alþýðubankanum 140.9% í árslok 1983 og í árslok 1984, eða um síðustu áramót, var 170.8% bundið í varanlegum rekstrarfjármunum hjá Alþýðubankanum. Þessir bankar virðast því hafa allt sitt eigið fé bundið í varanlegum rekstrarfjármunum auk þess sem þeir hafa verulega gengið á innistæður sparifjáreigenda til að fjármagna fasteignamyndun sína. Það liggur því fyrir, verði þetta ákvæði að lögum, og ef þær forsendur sem þessar niðurstöður byggðu á í svörum ráðh. við minni fsp. eru sambærilegar við ákvæði frv. um að bókfært virði fasteigna og búnaðar megi ekki fara hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans, að af 25 innlánsstofnunum uppfylla aðeins 9 þetta ákvæði laganna. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá fram skoðun hæstv. viðskrh. á þessu máli og þá hvernig með verður farið ef þetta ákvæði verður samþykkt þegar fyrir liggur að obbinn af innlánsstofnunum uppfyllir ekki þetta ákvæði laganna. Ég óttast líka að miðað við ákvæði frv. hafi bankarnir allt of frjálsar hendur varðandi stofnun útibúa og ákvæði frv. veiti ekki nægjanlegt aðhald til þess að koma í veg fyrir útþenslu bankakerfisins, en 28 umsóknir liggja nú fyrir um stofnun nýrra útibúa.

Áður en ég vík frá V. kafla frv. vil ég nefna einnig ákvæði 35. gr. um laust fé bankanna. Þetta ákvæði er aðeins almennt orðað og kveður á um að viðskiptabankar skuli kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi bankans fylgja. Hér verður að setja mun markvissara og skýrara ákvæði um þennan mikilvæga þátt í starfsemi bankanna og að skorður verði við því settar og ströng viðurlög, þannig að bankarnir geti ekki ætíð flúið í það skjól að stofna til yfirdráttarskulda við Seðlabankann eða annarra leiða til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé.

Fyrir nokkru svaraði viðskrh. einnig fsp. minni um hver væri heildarfyrirgreiðsla viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóðanna til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984. Fátt var þar um svör því að bankarnir neituðu að svara og skýldu sér á bak við bankaleynd. Þegar hæstv. viðskrh. var spurður um afstöðu hans til þess að bankarnir hefðu neitað að svara þessum spurningum þá var líka fátt um svör, en hæstv. ráðh. sagði þá orðrétt um þetta atriði aðspurður:

„Þegar bankalöggjöfin verður hér til umræðu mun ég tjá mig um þetta atriði eins og önnur þau atriði sem um verður fjallað þegar málið verður hér á dagskrá."

Ég vitna í þessi orð hæstv. bankamálaráðherra og ítreka spurningu þá sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh. fyrr í vetur: Telur hæstv. bankaráðherra að viðskiptabankarnir, þar með taldir ríkisbankar, geti skýlt sér bak við bankaleynd þegar spurt er um heildarfyrirgreiðslur til fimm stærstu lántakenda innlánsstofnana? Ef svo er telur ráðherra þá að setja beri ákvæði er tryggi að ekki sé hægt að skjóta sér á bak við bankaleynd, þannig að Alþingi geti á hverjum tíma fengið upplýsingar um hag og afkomu og útlánastarfsemi bankanna? Ég ítreka að ekki var spurt um nein nöfn í minni fsp. um þetta efni fyrr í vetur, heldur aðeins heildarfyrirgreiðslu til þessara aðila. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. reyni ekki að víkja sér undan að svara þessari spurningu.

Ég benti á það þegar þessi fsp. var til umræðu hér á Alþingi fyrr í vetur að algengt væri í bankalögum hjá nágrannaþjóðum okkar að ákvæði sem eiga að tryggja að bankarnir láni ekki óhæfilega mikið fé einum viðskiptamanni eða lántakendum, einum eða fleiri, sem væru svo fjárhagslega tengdir hver öðrum að skoða bæri fyrirgreiðslur til þeirra í einu lagi. Ég sagði það sem mína skoðun að nauðsynlegt væri að setja slíkt ákvæði hér í lög. Og þeim mun frekar er það nauðsynlegt ef bankarnir, þar með taldir ríkisbankar, geta neitað löggjafarvaldinu um upplýsingar af þessu tagi. Ég mun leggja fram brtt. við þetta frv. þess efnis að innlánsstofnanir megi aldrei lána einum viðskiptamanni, eða fleiri viðskiptamönnum sem eru svo fjárhagslega tengdir að skoða beri skuldbindingar þeirra gagnvart bankanum í einu lagi, hærri upphæð en sem svarar ákveðinni viðmiðun við eiginfjárstöðu bankanna, þannig að heildarskuldbindingum þeirra við bankana séu settar ákveðnar skorður. Í lögum um sparisjóði er að finna slíkt ákvæði. Þar er miðað við 50% af eigin fé. Undanþegin eru þau lán sem veitt eru gegn ábyrgð eða veði í fasteign. Ég tel þetta hlutfall allt of hátt og það verði að setja bönkum mjög þröngar skorður um það hvað þeim sé heimilt að lána einum aðila mikið fjármagn miðað við eiginfjárstöðu bankanna. Um þetta mun ég flytja brtt. við þetta frv. og spyr um afstöðu hæstv. viðskrh. til þess að slíkt ákvæði verði lögfest.

Þrjú önnur atriði vil ég hér í lokin gera að sérstöku umtalsefni. Í fyrsta lagi er það mín skoðun að nú þegar við höfum frv. að nýrri bankalöggjöf til meðferðar þá sé brýnt að styrkja stöðu bankaeftirlitsins og veita því aukið sjálfstæði þannig að eftirlitshlutverki þess verði gefið aukið vægi. Ég bendi á að með þessu frv. eru enn auknar skyldur bankaeftirlitsins og því brýnt að umfjöllun eigi sér einnig stað um stöðu þess til að sinna sínu mikilvæga hlutverki sem er strangt eftirlit og aðhald með innlánsstofnunum. Ég tel að bankaeftirlitinu séu að ýmsu leyti settar þröngar skorður og það hafi ekki nægjanlegt sjálfstæði eða nauðsynlegt svigrúm til að sinna skyldum sínum og eftirliti með starfsemi bankanna.

Þau ákvæði sem nú er að finna um bankaeftirlitið eru í 10. gr. laga um Seðlabankann. Þar er kveðið á um að bankaeftirlitið sé í höndum Seðlabanka Íslands. Þar með lýtur bankaeftirlitið stjórn Seðlabankans, en það tel ég óeðlilegt því að bankaeftirlitið verður óhjákvæmilega virkari eftirlitsaðili og fær frekar svigrúm til að halda uppi nauðsynlegri gagnrýni, eftirliti og aðhaldi að því er varðar alla þætti bankamála og á þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi bankastarfsemi ef það starfaði sjálfstætt og óháð valdi eða stjórn Seðlabankans.

Auk þess tel ég að kveða verði nánar á um eftirlit, verkefnasvið og vald bankaeftirlitsins en nú er gert í lögum. Því tel ég að jafnframt því sem við fjöllum um nýja bankalöggjöf eigi um leið að breyta þeim lögum sem gilda um bankaeftirlitið og veita því aukið svigrúm og sjálfstæði. Ég tel að eðlilegt hefði verið að slíkt frv. væri til umfjöllunar samfara þessu frv., ekki síst í ljósi þeirra auknu skyldna sem lagðar eru á bankaeftirlitið í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hver sé skoðun hans á því og hvort uppi séu hugmyndir um lagabreytingar til þess að auka vald og sjálfstæði bankaeftirlitsins.

Á Alþingi 1983 var samþykkt breyting á lögum allra ríkisbankanna sem kvað á um upplýsingaskyldu þeirra á þann veg að í ársreikningum skyldi fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, þar með talið föst yfirvinna, bifreiðakostnaður, þ. e. fjöldi ríkisbifreiða og reksturskostnaður þeirra, notkun bílaleigubifreiða, leigubifreiða og greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna. Einnig risnukostnað og ferðakostnað og fleiri þætti, m. a. betri og skýrari sundurliðun á fasteignamyndun og fjárfestingum.

Það vekur furðu að lagt skuli til með þessu frv. að afnema þessa upplýsingaskyldu bankanna í lögum sem er nauðsynlegur liður í aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins. Sambærileg ákvæði gilda um ríkisstofnanir og rn. *Þeim var með lögum frá 26. apríl 1982 gert að* skyldu að veita Alþingi árlega slíkar upplýsingar. Spurningin er: Af hverju eiga bankarnir núna að vera undanþegnir þessari upplýsingaskyldu í lögum og Alþingi að treysta á að framkvæmdavaldið setji reglugerð þar um, eins og viðskrh. upplýsti hér í sinni framsögu? Í ljósi nýjustu atburða varðandi launaauka bankastjóranna virðist full þörf á að Alþingi haldi uppi strongu aðhaldi í þessu efni og kveðið sé á um það afdráttarlaust í lögum.

Það vekur vissulega athygli að bankamálanefnd virðist hafa verið sammála um þessa breytingu, að undanskildum Kjartani Jóhannssyni, að afnema beri þessi lög sem kveða á um upplýsingaskyldu m. a. um bílafríðindi, risnu, launaauka og ferðakostnað hjá bönkum. Ég hlýt að mótmæla þessu og beina því til alþm. og þeirrar nefndar sem mál þetta fær til meðferðar að komið verði í veg fyrir að felld verði úr gildi þessi nýsamþykktu lög um aðhald og eftirlit með bílafríðindum, risnu o. fl. hjá bönkunum, sem reynslan ætti að kenna að full nauðsyn er á að gildi áfram, og Alþingi láti sér ekki nægja að eftirláta framkvæmdavaldinu reglugerðarsetningu í þessu sambandi. Í gildi eru lög um þetta efni fyrir ríkisstofnanir og rn. og ég sé enga ástæðu til annars en að sama gildi um ríkisbankana.

Að lokum, herra forseti, nokkur orð um þá umræðu sem átti sér stað utan dagskrár hér um daginn um launaauka bankastjóranna. Það kom þá fram í mínu máli að hæstv. viðskrh. hefði í þeim umræðum gefið mjög óskýr svör við ýmsum af þeim spurningum sem ég þá lagði fyrir hann. Hæstv. ráðh. hafði þá ekki upplýsingar um hvort í einstökum bönkum hefði komið til framkvæmda sú umdeilda ákvörðun um launaauka bankastjóranna. Ég beindi því þá til hæstv. ráðh. og óskaði eftir að hann hefði þessar upplýsingar tiltækar þegar við ræddum frv. um viðskiptabankana. Ég spyr því hæstv. ráðh. nú hvort og þá hvenær launaauki bankastjóranna hafi komið til framkvæmda í hverjum banka fyrir sig og vænti að ráðh. hafi nú svör við því og hafi gefist tími til að afla þeirra upplýsinga.

Ég ítreka einnig þá spurningu sem ég áður bar fram og snertir önnur launakjör bankanna en ráðherra svaraði ekki heldur við umræður utan dagskrár um daginn: Hver eru önnur launakjör og fríðindi bankastjóra en föst mánaðarlaun og hin umdeildu bílafríðindi? — en um það eru ýmsar getgátur uppi. Því er t. d. haldið fram í Helgarpóstinum í s. l. viku að bankastjórar greiði ekki lífeyrissjóðsiðgjald eins og aðrir í þessu landi en þiggi engu að síður eftirlaun sem nemi allt að 90% af fyrri launum. Ég veit ekki betur en öllum þeim sem þiggja eftirlaun annars staðar en úr almannatryggingakerfinu sé skylt að greiða iðgjöld til að eiga rétt á lífeyri. Ég spyr: Er hér á ferðinni enn ein lögleysan að því er varðar fríðindi bankastjóra eða við hvað er stuðst í þeirri ákvörðun að undanþiggja þá þeirri skyldu að greiða iðgjöld vegna eftirlauna? Ég vænti svara frá hæstv. viðskrh. við þeirri spurningu, á hverju það byggist að bankastjórar skuli undanþegnir þeirri skyldu að greiða iðgjöld vegna lífeyrisréttinda.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh. þeirrar spurningar sem hann vék sér undan að svara hér á Alþingi um daginn, en það er afstaða hans til þess frv. sem nú liggur fyrir Ed. um að afnema bílafríðindi ráðherra og hvort ekki megi treysta á stuðning viðskrh. við framgang þess *máls nú á þessu þingi.*

Ég vil að lokum nefna það að ef sú verður niðurstaðan að breyta ekki því fyrirkomulagi sem gilt hefur, þ. e. að bankaráðin ákveði kjör bankastjóranna eins og enn er kveðið á um í þessu frv., tel ég að brýnt sé að bæta ákvæði við þá grein sem um það fjallar, þannig að ákvörðun um öll launakjör bankastjóra sé háð samþykki viðkomandi ráðherra. Það kemur í veg fyrir það pukur sem nú virðist vera um þessi mál og bankamálaráðherra er þá ábyrgur fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru í þeim málum.

Ég ítreka síðan þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. viðskrh. í þessari umræðu og vænti svara hans við þeim áður en frv. gengur til nefndar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er allviðamikið og á þessu stigi ætla ég ekki að ræða einstakar greinar þess. *Ég er eiginlega dálítið* hissa á því að seðlabankafrv. skuli ekki liggja þegar fyrir og ég óska eftir því að þetta frv. verði ekki afgreitt úr nefnd fyrr en frv. um Seðlabanka Íslands hefur verið vísað einnig til fjh.- og viðskn.

Ég vil líka óska eftir því, og beini því til hæstv. viðskrh., að fyrir liggi áður en seðlabankafrv. kemur hér til umræðu hvort og þá hvernig sé fyrirhugað að fækka ríkisbönkunum svo að hægt sé að ræða þau mál um leið og seðlabankafrv. verður tekið hér fyrir. Ég man ekki betur en hæstv. viðskrh. eða bankamálaráðherra hafi sagt frá því t. d. að ekki standi til að leggja niður Útvegsbankann eða hrófla við honum á neinn hátt. Sé það rétt munað þá er ekki nema um tvo banka að ræða og þá er spurningin hvorn þeirra á að leggja niður eða hvernig á að standa að því að sameina þessa banka ef það er fyrirhugað enn.

Ég vil enn fremur fara fram á það að þm. *fái í hendur* umsagnir ríkisbankanna um þau frv. sem milliþinganefndin um bankamálin samdi, bæði um Seðlabankann, ríkisbankana og sparisjóðina. Þetta eru nauðsynleg gögn fyrir þm. til að hafa í höndum og raunar hefði það verið eðlilegast að a. m. k. eitthvað úr þessum umsögnum hefði verið hér í grg. eða sem fskj. við þetta frv. sem við erum að ræða um.

Hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var enn að tala um þetta leyndarmál sem hún telur að hafi verið upplýst í sambandi við bílafríðindi bankastjóra og telur að hér hafi komið upp hneykslismál sem sé þannig að ég held að það sé í hennar munni einsdæmi. Hvað halda menn að sé langt síðan að þessi fríðindi bankastjóranna voru tekin upp? Hvað halda menn að það sé langt? Ég hygg að það séu 50—60 ár síðan þessi fríðindi voru tekin

upp, þ. e. bankastjórarnir höfðu aðgang að bifreiðum sem bankarnir áttu fram til 1970. Þá var gerð kerfisbreyting á þessu. Því miður er ég ekki með í höndum nú, en verð með það þegar þessi mál verða rædd síðar, bréf sem er gott að þm. fái hér að heyra. En hver var bankamálaráðherra þegar þessi breyting var gerð? Hver var bankamálaráðherra þá? Það var fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason. Vilja hv. þm. Alþfl. halda því fram að Gylfi Þ. Gíslason hafi verið að gera eitthvert óhæfuverk þegar hann var að breyta þessu? Ég hygg líka að hægt væri að upplýsa það að þeir sem að því stóðu, þáv. fjmrh. Magnús heitinn Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason, hafi talið sig vera að stíga þar skref til réttrar áttar frá því sem áður var. Og hver skyldi hafa verið formaður bankaráðs Landsbankans sem hefur yfirleitt verið forustubankinn í sambandi við öll launakjör bankastjóranna og fríðindi? Hver skyldi það hafa verið 1970? Baldvin nokkur Jónsson. Ég held að það væri betra fyrir þessa hv. þm. Alþfl. að athuga hvað er verið að tala um. Ég hygg að þeim þyki hart undir að liggja, Baldvini Jónssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni, þeim umræðum sem hér hafa farið fram vegna þess að í sjálfu sér er fyrst og fremst verið að núa þeim um nasir að þeir hafi framið einhver óhæfuverk, því að það sem gert var nú var ekkert annað en formbreyting frá því sem áður var. Það var ekkert nýtt. Mér er ómögulegt annað, fyrst verið er að ræða þetta sí og æ hér, en að segja þessi orð. En ég skal ræða betur við þessa hv. þm. síðar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram í máli manna er þetta stór og mikill bálkur sem hér er um að ræða. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um það og ætla ekki að gera það allt að umtalsefni. Ég ætla að gera að umtalsefni reyndar eitt sem ég tel vera nokkurt undirstöðuatriði. Það er spurningin: Á Alþingi að kjósa í stjórnir, svo sem bankaráð? Á Alþingi yfirleitt að koma þar nokkuð nærri? Í öðru lagi þá getum við spurt hver reynslan sé af þeim dæmum sem við höfum séð undanfarin misseri og undanfarnar vikur reyndar, hver reynslan sé af því að Alþingi geri það. Er Alþingi, með því að kjósa í svona stjórnir, hreinlega að búa til fylgsni fyrir sérhagsmunapot og fyrir sérstakar lífskjarabætur og sérstaka hákjarabaráttu fyrir ákveðnar stéttir? Nýlega var launaaukinn til umræðu, nú annað nýtt dæmi um það hvað gerist inni í þessum fylgsnum. Það var birt í blöðum hér fyrir helgi. Þar var rætt um lífeyrismál bankastjóra. Það kemur í ljós að það er ekki nóg að hafa sérstök kjör fyrir þá með bílana, heldur virðist óumflýjanlegt að bankastjórar njóti alveg sérstakra vildarkjara í sambandi við lífeyrismál, kjara sem eru alveg dæmalaus og fáheyrð og hefur ekki neins staðar birst réttlæting fyrir.

Ég hef farið fram á það við hæstv. ráðh. að hann svari þeirri spurningu hvers vegna ekki gildi einfaldlega sömu reglur um lífeyrismál bankastjóra ríkisbankanna og annarra starfsmanna bankanna. Hann mun væntanlega veita mér þær upplýsingar sem hann hefur. En ég hef auk þess lagt fram um þetta formlega fsp. sem verður svarað skriflega.

Ef við gerum 9. gr. að umtalsefni, þar sem rætt er um ríkisviðskiptabanka og bankaráð, þá vil ég aftur víkja að þessari spurningu hvort Alþingi á yfirleitt að vera að kjósa í stjórnir fyrirtækja, hvort sem það eru bankar eða önnur. Menn geta spurt: Hvernig eiga stjórnmálaflokkar að koma stefnu sinni fram við stjórn fyrirtækja almannaveldisins? Það er í raun og veru ósköp einfalt mál. Það er með setu í ríkisstjórn, það er með pátttöku í framkvæmdavaldi. Fyrir því er séð í uppbyggingu okkar kerfis. Ríkisstjórnin hefur síðan þau afskipti af fyrirtækjum í eigu almannavaldsins sem hún telur þurfa. Alþingi á ekki að kjósa stjórn eða ráð fyrir fyrirtæki sem eru í eigu þessa valds. Ef nauðsynlegt er á annað borð að hafa sérstaka stjórn eða röð þá á ráðherra að skipa viðkomandi stjórn. Þess vegna kæmi til greina að viðskrh. hreinlega skipaði bankaráð.

Menn geta líka spurt hvort ekki sé hreinlega ástæða til að sleppa einhverju af þessu stjórna- og ráðafargani, spyrja einfaldlega: Þarf bankaráð? Til hvers að vera með bankaráð? Hvað eru þessi bankaráð yfirleitt að gera? Það sem hefur heyrst af afrekum þeirra undanfarið er ekki beinlínis til að vera mjög hreykinn yfir. Getur ekki bankamálaráðherra skipað bankastjóra og þeir yrðu síðan ábyrgir gagnvart honum? Til hvers að vera með þessi bankaráð? Alþingi á alls ekki að kjósa bankaráð eða stjórnir annarra fyrirtækja. Alþingi getur haft eftirlit með því að lögum sé framfylgt. Það hefur eftirlit með því annaðhvort með fastanefndum sínum eða það getur gert það að sérstökum verkefnum starfsnefnda. Um það eru reglur í þingsköpum og þannig á þetta að gerast. Með því að flokkarnir eru sjálfir að kjósa fulltrúa sína í ráð og stjórnir þá verða þessir flokksfulltrúar sjálfvirkir eftirlitsmenn flokkavaldsins og þeir koma í veg fyrir eðlilegt eftirlit flokksbræðra sinna í miklu fleiri tilfellum en að þeir tryggi eftirlit. Það er slæmt og það er óeðlilegt og ég fullyrði að það er beinlínis rangt að hlutaskipti í kosningum til löggjafarvalds séu framlengd út í alls kyns starfsemi ríkisvaldsins. Það á ekki að vera svo. Sú starfsemi er á ábyrgð ríkisstj. Hún á að sjá um að sú starfsemi fari fram skv. lögum en hún á að öðru leyti að hafa aðstöðu til þess að framfylgja stefnu sinni með starfsemi þessara fyrirtækja og þar eiga engir aðrir að vera að þvælast fyrir. Þetta er einfalt mál.

Við höfum séð hvernig t. d. þingskipuð bankaráð verða hreinlega hluti af valdakerfi embættis- og flokkaveldis. Þessi bankaráð spyrja ekki spurninga t. d. um þann hroka þessa toppliðs eða toppstöðumannanna bæði í flokkunum og kerfinu sem eru svo sannfærðir um eigið ágæti að þeim kemur aldrei til hugar að lífskjör þeirra eigi á einhvern hátt að vera sambærileg við lífskjör annarra opinberra starfsmanna. Og hvers vegna spyrja þessi bankaráð ekki þessara spurninga? Vegna þess að þau eru sjálf angi af því hagsmunakerfi stjórnarflokkanna sem vill hafa þetta svona. Menn geta spurt hvort þeir Tómas Árnason og Lárus Jónsson fyrrv. alþm. og hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi beitt sér eitthvað sérstaklega fyrir því að sérréttinda- og bitlingakerfi kringum bankastjóralaun sé afnumið. Og hugsi nú bara hver fyrir sig.

Málið er nefnilega það að um þetta hefur ríkt mesti einhugur í öllum flokkum, ekki kannske síst vegna þess að í þeim öllum eru menn sem vona að einhvern tíma takist þeim kannske sjálfum að njóta þessara sömu forréttinda þegar flokkurinn þeirra kemst í þá aðstöðu að vippa þeim inn fyrir þetta gullna hlið eins og sálinni forðum, vippa þeim inn fyrir gullna hliðið inn í þetta himnaríki allsnægtanna og bílapeninganna og sérstöku

eftirlaunakjaranna og risnureikninganna. Það skyldi þó ekki vera að einhvers staðar á bak við heilakornið í þeim sé sú hugsun að einhvern tíma fái þeir að njóta þessa sjálfir og því sé ekki ástæða til þess að ganga grannt eftir því að þessu sé breytt til réttlætis og einhvers jafnaðar.

Okkur hefur á undanförnum vikum, eins og ég sagði í byrjun, borist ýmislegt til eyrna um fyrirkomulagið í þessu ágæta himnaríki. Og það er athyglisvert að það var ekki fyrir forgöngu alþm. í leit að sannleika. Það var fyrir forgöngu blaða, fyrst NT um bílamálin og síðan Helgarpóstsins núna fyrir helgina. Það voru blaðamenn NT sem sögðu frá bílamálinu, máli sem í raun og veru ekkert gerðist í annað en það að breytt var um gengi á nákvæmlega sömu hlunnindum.

Og nú síðast eru það upplýsingar frá því á fimmtudaginn úr Helgarpósti um lífeyriskjör bankastjóra sem menn geta velt fyrir sér. Þar kemur fram að í Seðlabanka tekur ekki nema tólf ár að ná ellilífeyrisaldri, fullum eftirlaunaaldri. Þar eru menn fljótir að eldast. Þeir eru svolítið lengur að eldast í öðrum bönkum, þar þurfa þeir að vera í fimmtán ár til þess að ná 90% eftirlaunum, fimmtán ár. Það er ekki að furða þó að þá langi héðan suma um fimmtugsaldurinn, kannske búnir að vinna sér inn hér full lífeyrisréttindi, að þá langi að komast nógu snemma inn fyrir gullna hliðið til þess að eiga von í öðrum fullum réttindum áður en yfir lýkur.

Og svo er gert svo rausnarlega við þá að þeir þurfa ekki einu sinni að greiða sjálfir iðgjaldið, 4% iðgjaldið sem venjulegt fólk þarf að borga. Þetta er til samanburðar fyrir aðra starfsmenn í bönkunum sem þurfa að vinna 35 ár til þess að ná 70% lífeyri. Ætli það sé ekki eðlilegur öldrunarprósess hjá venjulegu fólki þó að allt annað virðist þurfa að gilda um bankastjórana? Hann er athyglisverður þessi litli bitlingur um 4% iðgjaldið. Athugum bara hvað það þýðir í peningum. Ef mánaðarlaun bankastjórans eru 70 þús. kr. þá er honum gefið þarna aukalega 2800 kr. á mánuði. Þetta eru 34 þús. kr. á ári. Litlar, sakleysislegar fjórar prósentur, litla sakleysislega 4% ákvæðið, það skilar aukalega eins og tvennum mánaðarlaunum láglaunafólksins. Okkur eru að birtast ýmsar undursamlegar sýnir úr þessu himnaríki sérhagsmunapotsins.

Svo er spurning: Hvað ætli kæmu mörg laun í ljós ef við fengjum að kíkja á risnureikningana? Utanlandsferðir, matarpeninga, rekstur á ýmsu — kannske persónulegu lífi. Hver hefur eftirlit með þessum risnureikningum? Væri ekki ráð að spyrja t. d. endurskoðendur bankans og biðja þá að sýna og segja okkur hvað er á þessum reikningum? Ég held að það sé fullkomin ástæða til þess að fara að velta því fyrir sér hvað gerist fyrir innan þetta gullna hlið.

Ég hef beint fsp. til hæstv. viðskrh. um hverjar séu ástæður þess að bankastjórar ríkisbankanna njóti ekki sams konar lífeyrisréttinda og aðrir starfsmenn bankanna. Ráðherra hefur tjáð sig fúsan til að gefa þessar upplýsingar, þ. e. gefa munnlega þær upplýsingar sem hann hefur haft tíma til að afla síðan fyrir helgi. Fyllri upplýsingar munu menn væntanlega fá við formlegri fsp. minni sem ég hef borið fram og hef óskað skriflegs svars við. Ég hef ekki komið auga á neina réttlætingu þess að semja um einhver sérstök lífeyrisréttindi fyrir tiltekna starfsmenn þessarar þjóðar. Þeir eiga að eldast á sama hraða og við hin. Og það sama gildir um alþm.

Ég held að þessar spurningar eigi fyllilega rétt á sér í þessari umræðu. Þegar við erum að afgreiða svona bálka, sem eru með ákvæðum um það hvernig við viljum skipa stjórnir og þess háttar, þá ber okkur skylda til þess að velta því fyrir okkur hvort Alþingi hafi hingað til með lagasetningu sinni og muni kannske enn með þessu frv. — einn ganginn enn — búa til skjól fyrir sérhagsmunapot, búa til fylgsni þar sem sérstakra lífskjara er aflað fyrir sérstakar, tilteknar stéttir. Sú almenna guðrækna hugsjón að það sé betra eftirlit með þessum stofnunum með því að allir fái að pota þar inn sínum manni virðist a. m. k. ekki hafa verkað til batnaðar í sambandi við bankaráðin. Það er kannske fróðlegt að velta því fyrir sér hvort þeir vilji ekki helst vera þar allir til þess að geta hver lagt höndina á öxlina á öðrum og tryggt samtrygginguna. A. m. k. fannst Sjálfstfl. einhverra hluta vegna endilega þurfa að tryggja Alþfl. sæti í bankaráðinu fyrir jól. Kerfið fór á taugum þegar það kom í ljós að Alþfl. hafði ekki kjörfylgi til þess að koma að manni sínum í bankaráð fyrir jólin. Og af hverju mátti þá ekki lúta því lýðræðislega lögmáli að Alþfl. hefði einfaldlega misst sinn mann? Af hverju mátti ekki sú lýðræðislega niðurstaða koma fram að Alþfl. missti sinn mann í bankaráði? Hvers vegna gekk maður undir manns hönd í marga daga í öllum skúmaskotum þingsins og í öllum reykfylltu kontórunum að koma kratanum einhvern veginn inn? Var það ekki af því að þeir eru ánægðastir þegar þeir eru þarna allir, vegna þess að þeir eru vissir um það að einhvern tíma tekur einhver sálina þeirra, eða þeir vona að einhvern tíma taki einhver sálina þeirra og reyni að henda henni inn fyrir þetta gullna hlið?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér hafa farið fram allítarlegar umræður um það frv. sem lagt hefur verið fram af ríkisstj. og varðar viðskiptabanka. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að gefa frekari upplýsingar eftir því sem eðlilegt getur talist þegar 1. umr. fer fram, en ég vek athygli á því að ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að fjh.- og viðskn., sem fær þetta frv. væntanlega til meðferðar, fái öll þau gögn sem óskað hefur verið eftir. Margt af því er með þeim hætti að eðlilegt er að nefndin fái það til umfjöllunar en að sjálfsögðu er ekkert úr vegi að þm., sem óska eftir því, fái sömu gögn til þess að geta gert sér grein fyrir því sem hér er til meðferðar.

Í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Svavars Gestssonar komu fram nokkuð margar spurningar. Sumar hverjar eru þess eðlis að ég tel rétt að þær fái umfjöllun í nefndinni, en sumt er þess eðlis að það er að sjálfsögðu rétt að gera því nokkur skil hér. Hann vék sérstaklega að ábyrgðum í sambandi við hlutafélagabankana og hvernig tryggingar kæmu þar til. Að sjálfsögðu er það bankanna sjálfra, þ. e. hlutafélagabankanna, að annast um þá hluti og það er nokkuð svipað sem gildir um sparisjóðina og hefur gilt frá því að viðkomandi lög voru sett 1941. Að vísu er sú stofnun sem þar er um að ræða, Tryggingarsjóður sparisjóða, ekki eins öflug og vera skyldi og einmitt í því frv. sem nú er í undirbúningi eða í lokavinnslu í rn. er gert ráð fyrir því að efla þann sjóð til tryggingar fyrir þá aðila sem viðskipti hafa við sparisjóðina.

Hv. þm. spurði: Hvers vegna skyldi heimili og

varnarþing vera í Reykjavík en ekki t. d., eins og hann orðaði það, „í kjördæmi ráðherra“ og nefndi þar Kópavog. Hér er sjálfsagt um það að ræða að Reykjavík er höfuðborg landsins og um er að ræða stofnanir sem koma til með að hafa viðskipti vítt um heim og enda þótt ég viti að Reykjaneskjördæmi er þekkt töluvert út fyrir landsteinana þá á ég hins vegar ekki von á því að það sé svo þekkt. Hins vegar er það að sjálfsögðu fyrst og fremst stofnunin sem skiptir máli og þegar hún einu sinni hefur aflað sér þess trausts sem þarf þá skiptir það kannske ekki neinu máli, en hér er um að ræða hefð sem sjálfsagt byggist á því að hér er um höfuðborgina að ræða.

Hér er fyrst og fremst um að ræða bankalöggjöf um *ríkisbanka og um hlutafélagabanka til þess að það liggi* alveg ljóst fyrir hvers konar ábyrgð er á viðkomandi banka og að ekki séu um það neinar efasemdir af hálfu þess sem við hann þarf að skipta að hann geti gert sér grein fyrir hver er staða viðkomandi banka, séð það af þeim gögnum sem fyrir liggja.

Hv. þm. spurði enn fremur um hömlur í sambandi við hluti og vék þá sérstaklega að Alþýðubankanum og hvernig til hans hefði verið stofnað. Þetta er ábending sem mér finnst að þurfi að skoða með hvaða hætti skuli með fara og þegar til þess kemur, þannig að upprunalegur tilgangur geti nokkuð haldið sér. Það er hins vegar ákaflega erfitt að setja slíkar undanþágur og það sem hér er fyrst og fremst verið að gera er að verið er að setja almenn lög og þá að það séu engar hömlur á því hvernig er farið með hlutaféð.

Í því sem hv. þm. vék að var m. a. spurt um bankaráð ríkisbankanna og kosningu formanns þar. Hér er að mínum dómi um að ræða atriði sem sett yrði að sjálfsögðu í reglugerð viðkomandi banka og gæti hvort heldur verið að aðalfundur bankans kysi formann eða að reglugerð bankans gerði ráð fyrir því að bankaráðið sjálft veldi sér formann. Það er hins vegar svo varðandi bankaráð ríkisbankanna að viðskrh., sem fer með bankamálin, velur formann og skipar hann.

Þá ræddi hv. þm. um launamál bankaráðanna og benti á leið til þess að menn þyrftu ekki að standa eilíflega í því að ákveða þar laun þeirra. Það vill svo til að þannig voru laun bankaráða ríkisbankanna síðast ákveðin. Þau eru ákveðin prósenta af launum bankastjóra í dag, ég held ég fari rétt með, 8%. Hér er um að ræða leið sem farin hefur verið og því eðlilegt að skoðað verði hvort það verður lögfest eða ekki.

Í sambandi við 21. gr. frv. vék hv. þm. að því sem þar er sagt, að bankaráð mótar almenna stefnu bankans í vaxtamálum. Hann orðaði það svo að rn. hefði smyglað þessu orði, almenna, inn frá þeirri tilllögu sem bankamálanefnd gerði, og vitnaði til ábendingar sem kom frá einum bankanum, þannig að ljóst væri hvaða ákvörðun það væri sem bankaráðin tækju í vaxtamálum. Hins vegar væri það á valdi bankastjórnar hvernig útfærslan á vaxtamálunum yrði innan þess ramma sem bankaráðin settu.

Mér sýnist — og þess vegna er þetta orð tekið inn — eðlilegt að það séu bankaráðin sem móti almenna stefnu í vaxtamálum. Síðan geta komið fyrir einstök tilvik í þeim efnum sem þeir aðilar sem fara með þessi mál dagsdaglega eru betur að sér í og taki þá þar lokaákvörðun. Ég held að hér sé fyrst og fremst um það að ræða að reynt er að haga lagasetningunni með þeim hætti að samstarfið á milli bankaráða og þeirra sem stjórna stofnununum á hverjum degi, bankastjóranna, geti gengið eins lipurlega og mögulegt er og bankaráðin haft það vald sem eðlilegt er að þau hafi þar.

Þá má einmitt í þessu tilfelli víkja að því sem kom töluvert fram hjá hv. 4. landsk. þm.: bankaráðin kosin af Alþingi, bankaráðin ekki kosin af Alþingi, en inn á þau mál hefur nokkuð verið farið að undanförnu. Til hvers skyldi bankaráð kosið af Alþingi? Það er til þess að það séu fulltrúar kosnir af löggjafarsamkomunni sem fylgjast með starfsemi bankanna. Ég held að hugsunin þar hafi í upphafi verið og sé enn að þar sé um að ræða eftirlitsaðila þeirrar stofnunar sem löggjöfina setur. Það má svo vera spurning hvort og hversu mikið vald slík *stjórn skal hafa eins og bankaráðin*. Niðurstaðan hlýtur að verða það sem Alþingi vill hverju sinni þegar löggjöf er til meðferðar og metur þá hvert á að vera valdsvið bankaráðanna.

Þá hefur verið vikið að því hvort bankaráðin eigi að taka ákvörðun um launakjör bankastjóra og komið fram hugmyndir um að eðlilegt væri að taka þetta vald úr höndum bankaráða og fela það þeirri stofnun sem kveður á um launakjör fjölmargra af embættismönnum þjóðarinnar. Enn fremur hefur komið fram sú hugmynd, sem er í lögunum um Búnaðarbanka Íslands, að bankaráðin fari með þetta vald með samþykki ráðherra. Þetta verður að sjálfsögðu á valdi Alþingis þegar um þessi mál verður fjallað og þá hvort og með hvaða hætti verði fjallað um þessi mál.

Eitt atriðið enn kemur upp í sambandi við þetta nú. Það er varðandi lífeyrismál ríkisbankastjóranna og um það spurt af hv. 4. landsk. þm. og lögð fram af honum skrifleg fsp. Enn fremur vék hv. 2. landsk. þm. að þessu atriði líka, hvers vegna ekki gilda sömu reglur um lífeyrismál ríkisbankastjóra og annarra bankastarfsmanna. Um þetta hafa gilt reglur allt fram að síðustu áramótum og þær grundvallaðar á því að ekki væri talið rétt að bankastjórar væru aðilar að lífeyrissjóði bankastarfsmanna, hverjar svo sem forsendur þeirrar ákvörðunar á sínum tíma voru. Það var hins vegar tekin ákvörðun um það á síðasta ári í bankaráði Seðlabanka Íslands að við ráðningu nýs bankastjóra skyldu gilda þær reglur að hann yrði aðili að lífeyrissjóði starfsmanna Seðlabanka Íslands.

Forsendurnar fyrir þessu eru ævagamlar og erfitt sjálfsagt að draga þær fram í dagsljósið á svo skömmum tíma sem hér um ræðir, eða frá því að hv. 4. landsk. þm. vék að þessu við mig. En ég ákvað í morgun að eðlilegast væri að þessi mál yrðu öll skoðuð í heild, þ. e. launakjör og fyrirkomulag þeirra hjá ríkisbankastjórunum, auk þess sem ég taldi eðlilegt að mér yrðu gerðar tillögur um það með hvaða hætti þetta yrði í framtíðinni. Til þess að gera þessar athuganir, athuga og meta launakjör og fyrirkomulag þeirra hjá ríkisbankastjórunum og jafnframt gera tillögur að þeim reglum sem þetta skyldi fara eftir í framtíðinni hef ég fengið Baldur Möller, fyrrum ráðuneytisstjóra. Vænti ég þess að ég hafi þar fengið góðan aðila til að skoða þessi mál og gera mér síðan grein fyrir þeim. Þegar hans grg. liggur fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi fái allar þær upplýsingar og niðurstöður og þá liggi fyrir hvernig þessi mál hafa kannske um áratuga skeið verið, í hverju það er fólgið, og menn geti þá áttað sig á því hvernig staða þeirra er í dag.

Ef ég vík að nokkrum atriðum til viðbótar sem komu fram hjá hv. 3. þm. Reykv., þá vék hann að þeirri heimild sem í frv. er gert ráð fyrir, að heimilaðar verði skrifstofur erlendra banka. Ég met svo að nú sé mjög vafasamt að slíkt væri heimilt. Hins vegar tel ég eðlilegt að það sé heimilt og þess vegna er það í þessu frv. Við getum svo haft á því skiptar skoðanir hvort við teljum þetta eðlilegt eða ekki, rétt eða ekki, en þar sem ég met svo að það eigi að vera heimilt þá tel ég að það þurfi að vera óumdeilanlegt í lögum.

Þá var vikið að ákvæðinu um skyldu um lágmarksprósentu af eiginfjárstöðu. Ef skoðaðar eru þessar tölur þá fæ ég þær upplýsingar frá bankaeftirlitinu að ríkisbankarnir hafi allir eiginfjárstöðu yfir 5% miðað við áramótin síðustu. Að vísu er mér tjáð að um bráðabirgðatölur sé að ræða, þær séu að vísu ekki endanlega komnar. Varðandi hlutfall eigin fjár, sem bundið er í varanlegum rekstrarfjármunum hjá viðskiptabönkum og 18 stærstu sparisjóðunum, þá vísa ég til þess svars sem kom fram hér á þingi í mars og hv. 2. landsk. þm. vék að áðan, og var svar við fsp. hv. þm. Um er að ræða að nokkrir bankar eru töluvert fyrir ofan 65% markið en að sjálfsögðu verður þeim í bráðabirgðaákvæði gert mögulegt að koma stöðu þessara mála á réttan veg á ákveðnu tímabili. Þessar skýrslur, miðað við nýjustu reikninga um áramót, verða að sjálfsögðu lagðar fyrir fjh.- og viðskn. þegar þær liggja fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði í sambandi við erlendu bankana og umboðsskrifstofur þeirra hvort reglur væru fyrir hendi. Því er til að svara að þær hafa ekki verið samdar. Öðruvísi verður því ekki svarað.

Fjölmargar aðrar spurningar bar hv. 3. þm. Reykv. fram og mun ég að sjálfsögðu leitast við að þeim verði svarað og upplýsingar í sambandi við þær lagðar fyrir fjh.- og viðskn., þannig að þær geti þar allar fram komið. Í lok ræðu sinnar vék hv. þm. að þeim atriðum í frv. sem hann taldi sérstaklega andstæð skoðunum sínum og þær eru að sjálfsögðu hans. Ég skal ekki hér og nú fara að svara þeim. Það eru skoðanir sem hann hefur fyrir sig í málinu. Ég legg hins vegar fram frv. eins og það er og mínar skoðanir um hvernig til þessa skuli stofnað koma þar fram.

Í fjh.- og viðskn. verða að sjálfsögðu lagðar fram tillögur bankamálanefndarinnar og umsagnir viðskiptabanka og Seðlabanka eftir því sem ástæða er til að dómi nm. og með samanburði geta menn áttað sig á því hverjar þær breytingar eru sem hér hafa verið gerðar.

Hv. 2. landsk. þm. vék einmitt að því sama og ég svaraði hér áðan, varðandi hlutfall eigin fjár og enn fremur eiginfjárstöðu bankanna sem ég hef svarað. Hv. þm. spurði enn fremur hverjar skoðanir ráðherra hefði á því að í löggjöf væru sett ákvæði þar sem bundið væri hve mikið mætti lána einstaklingum eða fyrirtækjum, eins og er í sparisjóðafrv. Þetta eru atriði sem að mínum dómi koma til skoðunar. Ég hef ekki sjálfur mótaðar skoðanir um hver slík prósenta ætti að vera, hver slík krónutala ætti að vera, en vel má hugsa sér að hægt sé að komast að niðurstöðu um hver prósenta, hver krónutala væri hin eina sanna og rétta. Hins vegar hefði ég talið að slíkar reglur gæti bankaráð að sjálfsögðu sett ef það teldi rétt að setja þær. Bankaráðið er, eins og ég gat hér um áðan og allir vita, umboðsaðili Alþingis til þess að fylgjast með í sambandi við stjórnun þessara stofnana.

Þm. spurði um — (**Forseti:** Ég þarf að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann sé á leið að ljúka máli sínu. Nú er venjulegur fundartími liðinn.) Það eru nokkur atriði eftir sem skal ekki taka mig nema svona fimm, sex mínútur að ljúka.

Ég skal þá svara hv. 2. landsk. þm. varðandi bankaeftirlitið. Frv. um Seðlabankann er í lokayfirferð í rn. Þar verður gerð grein fyrir tillögum um bankaeftirlit og ég á von á því að þær tillögur sem þar koma fram verði með þeim hætti að þingið geti fallist á þær. Ég geri ráð fyrir því að frekar verði hert á bankaeftirlitinu en að reynt verði að minnka það.

Varðandi upplýsingaskylduna sem hér var vikið að af hv. 3. þm. Reykv. líka varðandi frv. Kjartans Ólafssonar og þau lög sem samþykkt voru að frumkvæði hv. 2. landsk. þm. þá er gert ráð fyrir því eins og fram kemur í frv. að sú upplýsingaskylda sem var lögfest verði tekin upp í reglugerðir sem settar verði fyrir bankana. Það er því ekki ætlunin að hverfa frá því sem þar var gert.

Hér vék hv. 2. landsk. þm. að launaauka. Að mér skilst hefur ekki verið greiddur launaauki í Búnaðarbankanum. Í Landsbankanum var það látið ganga til baka sem gert hafði verið. Það sem búið var að gera í Útvegsbankanum var stöðvað. Í Seðlabankanum var breytingin, eftir því sem ég best veit, að hluta til komin til framkvæmda en var stöðvuð um leið og óskað var eftir því.

Síðan spurði hv. þm. um afstöðu ráðherra til bílafríðinda og frv. sem er í Ed. Ég áskil mér rétt til þess að lýsa skoðunum mínum í þeim efnum þegar málið verður til umræðu hér í Nd. þar sem ég á sæti. Þetta er atriði sem er í athugun hjá þeirri nefnd sem forsrh. hefur haft til að vinna að þessum málum.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. kom hér inn á nokkur atriði. Hann sagðist ekki telja rétt að þetta frv. yrði afgreitt öðruvísi en að seðlabankafrv. kæmi. Það verður lagt fram innan mjög skamms tíma og einnig frv. um sparisjóði þannig að þm. eiga að geta haft þessi mál öll til meðferðar á sama tíma.

Þá nefndi hv. þm. það að hann teldi ekki rétt að afgreiða þetta mál öðruvísi en að fyrir lægi vitneskja um sameiningu banka. Það tel ég hins vegar ekki vera að öllu leyti sambærilegt því að hér er verið að leggja til að setja almenna löggjöf um viðskiptabanka ríkisins og hlutafélagabanka og skiptir þá ekki máli hvað þeir heita og hvort þeir eru einn, tveir eða þrír. Þetta eru almenn lög. En hv. þm. hafði eftir mér að ekki stæði til að leggja niður Útvegsbankann og þá væru ekki nema tveir ríkisbankar eftir sem um væri að ræða. Ég orðaði það svo í þeirri yfirlýsingu sem ég gaf að ekki stæði til að leggja niður neina bankastarfsemi Útvegsbankans. Ég hefði óskað eftir því að sú nefnd sem dr. Gylfi Þ. Gíslason fyrrv. ráðh. veitir forustu gerði tillögur um fækkun og stækkun banka en ekki að nein bankastarfsemi yrði lögð niður.

Ég vonast til þess að ég hafi svarað þeim atriðum sem helst var ætlast til hér og nú. Ég geri mér grein fyrir því að það er margt sem fram kom, sér í lagi í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem við gætum rætt um frekar en ég ætla ekki að svo komnu máli að tefja umræður lengur. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég legði til að að lokinni þessari umræðu yrði frv. vísað til fjh.- og viðskn. Ég mun beita mér fyrir því að sú nefnd fái allar þær

upplýsingar sem hægt er að veita og fyrir liggja til þess að hægt sé að fá greiða afgreiðslu á þessu frv.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég tel það athyglisvert að þær fsp. sem hafa verið hér fram bornar að undanförnu um lífskjör ríkisbankastjóra hafi orðið til þess að opna svolítið ljórann á þessu gósenlandi kannske á næstunni. Þess vegna fagna ég því að það eigi að gera heildarúttekt á þessu máli. Ég vænti þess að í þeirri heildarúttekt verði athugað fleira en það sem beinlínis hefur verið spurt eftir hér á Alþingi. Þá á ég við risnumál ýmiss konar, ferðalagakjör og þess háttar. En að síðustu ætlaði ég að árétta það að ég vænti þess að fá skriflegt svar við fsp. minni um lífeyrismálin áður en Baldur Möller og hans nefnd lýkur sínum störfum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör sem hann gaf. Ég bar hér fram fsp. um ein 20, 30 atriði úr þessu frv. Sumu hefur hann svarað, öðru ætlar hann að svara síðar eða leggja svörin fyrir nefndina og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um málið þannig að þar fæ ég aðstöðu til að meta þessa hluti og aðrir nm. og síðan deildin áfram þegar málið kemur hingað aftur.

Ég vil aðeins segja þrennt núna. Í fyrsta lagi: Ég tel að það eigi ekki að bíða eftir niðurstöðum nefndar eða Baldurs Möllers eða nokkurs annars aðila varðandi heildarúttekt á kjörum bankastjóra. Ég tel að það sé mál sem eigi að afgreiða samhliða þessu máli og fjh.- og viðskn. eigi með sjálfstæðum hætti að taka afstöðu til þess. Ég tel að þettta mál sé þannig vaxið að eðlilegt sé að Alþingi taki afstöðu en ekki verði beðið eftir einhverri úttekt utan úr bæ.

Í öðru lagi er eitt atriði sem ég vil hér halda til haga. Það er þetta: Skv. frv. er mögulegt að mismuna viðskiptamönnum bankanna í vöxtum, jafnvel innan sömu lánastofnana. Það er ekkert sem hindrar það. Ég tel að það sé afar hættulegt. Jafnvel þó að menn séu á þessari leið hinna svokölluðu frjálsu vaxta held ég að menn hljóti að sjá hvað getur verið hættulegt að skapa möguleika fyrir mismunun í vöxtum gagnvart einstökum viðskiptamönnum.

Í síðasta lagi vil ég segja við hæstv. ráðh.: Það sem ég setti hér fram voru rökstuddar skoðanir. Ráðherra mótmælti ekki þeim rökum þó að hann mótmælti skoðunum. Og meðan hann mótmælir ekki rökunum sem ég flutti hér áðan þá standa skoðanirnar. Hann gerði enga tilraun til að flytja gagnrök af sinni hálfu og að því leytinu til voru svör hans ekki fullnægjandi en verða það vonandi í næstu lotu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 frá 1. júlí 1984, um Lífeyrissjóð bænda. Frv. þetta hefur þegar hlotið eðlilega meðferð í hv. Ed. þingsins, var samþykkt þar óbreytt.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný heildarlög um Lífeyrissjóð bænda, lög nr. 50 frá 1984. Í athugasemdum er fylgdu frv. til þeirra laga kom fram að eðlilegt þætti að bíða með tillögur um fjármögnun útgjalda samkv. II. kafla laganna þar til ljóst yrði hvað yrði um hliðstæð réttindi samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra. Hér er um að ræða fjármögnun á lífeyrisgreiðslum til þess hóps aldraðra bænda sem veitt eru lífeyrisréttindi umfram það sem þeir hafa áunnið sér með iðgjaldagreiðslum.

Á haustþingi lagði heilbr.- og trmrh. síðan fram frv. um breyt. á lögum um eftirlaun til aldraðra þar sem gert er ráð fyrir fimm ára framlengingu á þeim lögum, þannig að þau gildi til ársloka 1989. Var það frv. samþykkt hér á Alþingi og birtist sem lög nr. 117/1984. Er frv. það sem hér er til umræðu flutt í tengslum við þessa breytingu á lögunum um eftirlaun til aldraðra.

Þegar lög um Lífeyrissjóð bænda voru sett árið 1970 var kveðið svo á að útgjöld vegna réttinda samkv. II. kafla laganna skyldu til ársloka 1985 borin að hluta til af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þegar sérstök verðtrygging eftirlaunagreiðslna samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum kom til sögunnar árið 1976 tók Lífeyrissjóður bænda á sig útgjöld vegna hliðstæðrar verðtryggingar lífeyrissjóðsgreiðslna samkv. II. kafla laga sjóðsins. Vegna aldursskiptingar bænda urðu þessi útgjöld sjóðnum afar þungur baggi. Með áðurnefndum lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, var þeirri skipan komin á að Lífeyrissjóður bænda skyldi eins og aðrir lífeyrissjóðir leggja fram skv. þeim lögum 5% af iðgjaldatekjum sínum, en á hinn bóginn skyldu útgjöld til hinnar sérstöku uppbótar á lífeyri samkv. II. kafla laga sjóðsins greidd með framlagi samkv. 25. gr. laga nr. 97/1979.

Í frv. þessu er lagt til að tímabundin ákvæði laganna um Lífeyrissjóð bænda um fjármögnun útgjalda samkv. II. kafla laganna og verðbætur á lífeyri verði framlengd til ársloka 1989, en samkv. núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út ýmist í árslok 1984 eða 1985. Að hluta eru breytingar þessar bein og sjálfsögð afleiðing af framlengingu ákvæðanna um framlög samkv. 25. gr. laga um eftirlaun til aldraðra. Þá er í frv. lagt til að ákvæðum um viðmiðunarlaun þau sem eru grundvöllur lífeyrisréttinda verði breytt með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að fjölyrða frekar um efni þessa frv., enda er það í raun fylgifiskur þegar samþykkts frv. um framlengingu ákvæða um eftirlaun til aldraðra. Ég legg því til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 689 (sbr. 154)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir frv. til siglingalaga.

Þetta frv. er mikill lagabálkur upp á 243 greinar. Það var lagt fram í Ed. Alþingis á síðasta þingi og þá tók ég fram við framlagningu málsins að ég ætlaðist ekki til að það yrði afgreitt á *því þingi, en mundi endurflytja það* aftur á haustþingi sem ég og gerði og því var vísað fyrstu daga nóvembermánaðar til samgn. Mér finnst frv. þetta hafa verið æðilengi í vinnslu hjá n. í þeirri deild. Á því voru gerðar nokkrar breytingar, í raun og veru afar lítilfjörlegar efnisbreytingar, meira lagfært málfar, og liggur frv. nú fyrir eftir meðferð þess í Ed.

Mér þykir rétt að fara örfáum orðum um þennan mikla lagabálk.

Á síðasta áratug 19. aldar eignuðust Norðmenn, Svíar og Danir samræmda siglingalöggjöf sem var árangur norrænnar samvinnu á því sviði, en það var árangur af starfi samnorrænnar nefndar sem árið 1883 var skipuð til að vinna að undirbúningi nýrra samræmdra siglingalaga meðal Norðurlandaþjóða. Íslendingar tóku ekki þátt í þessu starfi. Skömmu eftir að stjórn Íslandsmála fluttist inn í landið var þó farið að huga að setningu íslenskra siglingalaga, en fram til þess tíma giltu hér að *mestu úrelt ákvæði Jónsbókar, hinnar fornu lögbókar* Íslendinga, um siglingar og siglingamálefni, einkum ákvæði í svokölluðum farmannalögum Jónsbókar.

Ný siglingalög voru sett árið 1913 sem að öðru verulegu leyti voru samin að fyrirmynd hinna norrænu siglingalaga. Þessum lögum var breytt næsta ár eftir gildistöku og þá gefin út í heild sem lög eða árið 1914. Meginstofn þeirra laga stóð allt til ársins 1963 er gerðar voru talsverðar breytingar á lögunum og þau síðan gefin út sama ár og sjómannalögin sem við ræddum áðan. Með þeim lögum var m. a. leitast við að samræma lögin ýmsum alþjóðasáttmálum á sviði siglinga. Enn fremur var haft mið af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á norrænni siglingalöggjöf. Lögunum frá 1963 hefur ekki verið breytt að neinu marki síðan. Þó hefur ákvæðum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna verið breytt fyrst og fremst til samræmis við alþjóðasamþykkt frá árinu 1957.

Siglingar eru alþjóðleg starfs- og viðskiptagrein sem tekur stöðugum breytingum, m. a. vegna tækniframfara og nýjunga í viðskiptaháttum. Slíkri þróun fylgja ný lögfræðileg vandamál sem bregðast verður við með fullnægjandi löggjafarbreytingum meðal siglingaþjóða. Alþjóðlegrar samræmingar hefur mjög gætt meðal siglingaþjóða varðandi siglingalöggjöf og einstaka þætti hennar og hafa margir alþjóðasáttmálar verið gerðir á því sviði.

Á þeim rúmum tveimur áratugum sem liðnir eru frá setningu laganna hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar gert heildarendurskoðun á sinni siglingalöggjöf. Ef undan er skilin breyting, sem gerð var á reglunum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna 1968 og áður hefur verið getið um, hafa íslensku siglingalögin alls ekki verið færð til samræmis við hin endurskoðuðu norrænu siglingalög. Þar sem ljóst var að lögin frá 1963 þurftu endurskoðunar við þannig að samræmd yrðu lögum annarra Norðurlandaþjóða, en að jafnframt yrði tekið nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna eða sérþarfa á þessu sviði, þá skipaði þáv. samgrh. 8. sept. 1981 nefnd til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og/eða slysatilfellum sjómanna, svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga.

Í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar sömu aðila og sömdu frv. til sjómannalaga og var formaður nefndarinnar Páll Sigurðsson *dósent. Starf* þessarar nefndar birtist í þessu frv. Þar er fjallað um flest hin sömu eða sambærileg efnissvið og getur að finna í þeim lögum sem enn eru í gildi, en í frv. eru þó ýmsar veigamiklar og víðtækar breytingar frá því sem er í gildandi siglingalögum. Margar þessar breytingar eiga rætur að rekja til nýlegra alþjóðasáttmála á sjóréttarsviði sem íslenska ríkið á ekki aðild að.

Efni þessa frv. skiptist í 16 kafla sem ég rakti þegar málið var fyrst lagt fram á þingi og sömuleiðis á s. l. hausti, en ég ætla ekki að fara að þreyta menn með því að fara nánar út í þá, enda er þetta mjög á sérsviði sem n. kemur til með að fara ítarlega í gegnum, en umsagnir munu sennilega liggja fyrir frá flestum þeim aðilum sem leitað var eftir umsögnum frá.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn. Þó að þessi mikli lagabálkur sé seint á ferðinni hér í þessari *hv. þd. er ekki um að kenna ráðh. eða ríkisstj. þar sem* þetta frv. var eins og ég sagði í upphafi máls míns flutt á s. l. ári og aftur í upphafi þessa þings, en ég vona að samgn. þessarar hv. deildar bregði fljótt við og vinni að afgreiðslu þessa máls.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. ráðh. sem hann lét falla um að þetta mál væri nokkuð seint fram komið hér. Það er langt liðið á aprílmánuð og við erum að fá þennan mikla lagabálk hér til meðferðar fyrst nú. Ég tek undir það með honum að mikil nauðsyn er á að ljúka afgreiðslu þessa frv. fyrir þinglok og ég veit að við hér í hv. deild munum leggja okkur fram um það.

Það sem fékk mig til að stíga nú í stólinn eru brtt. Ed. eða frv. eins og það hljóðar nú eftir þær breytingar sem gerðar voru á því í hv. Ed. Vegna starfa míns sem formaður í þeirri nefnd sem skipuð var af hæstv. ráðh. á *síðasta ári til að fjalla um öryggismál sjómanna átti ég* viðtal við siglingamálastjóra um frv. Mér til mikillar furðu hafði hann ekki fengið þetta frv. til formlegrar umsagnar. Nú má vel vera að bæði verkfall opinberra starfsmanna og þau mannaskipti sem urðu í æðstu stjórn Siglingamálastofnunar hafi valdið þessu og skal ég síst draga úr því, en þegar þess er gætt að í 1. gr. þessa frv. segir að lög þessi gildi um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi hefði ég talið fulla ástæðu til þess að hv. þd. Ed. hefði kallað siglingamálastjóra á sinn fund til að ræða einstök atriði sem m. a. hafa komið fram í opinberum tillögum frá þessari umræddu nefnd til yfirvalda. Ég hefði gjarnan viljað vekja athygli hv. samgn. þessarar deildar á þessu.

Ég sé ekki ástæðu til að taka frv. efnislega fyrir. Ég vil taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér verði reynt að vinna að því að afgreiða þetta frv. Ef ég ekki flyt sjálfur einn eða með öðrum þm. brtt. við frv. mun ég koma þeim til formanns samgn. deildarinnar sem ég veit að mun taka þær till. til meðferðar í n. og mun það kannske verða fljótlegra til að koma málinu sem fyrst áfram.

Ég tel að viðhöfðum þessum athugasemdum að hv. samgn. þessarar deildar ætti að boða siglingamálastjóra, sem er ungur maður og áhugasamur, á sinn fund

til að tjá sig um málið á formlegan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670, n. 697). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 697 um frv. til l. um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs. Frv. þetta er flutt að beiðni bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs í samráði við dómsmrn. og er efni þess að taka ákvörðun um, í lagaformi, hver þessi mörk skuli vera. Hér er um að ræða mörk sem byggjast á samningi sem gerður var 18. maí 1983 milli bæjarstjórnar Garðabæjar og bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar um málið þannig að hér liggur fyrir fullkomið samkomulag um landamörkin. Í grg. með frv. er prentuð yfirlýsing þar sem landbrh. fyrir hönd jarðadeildar landbrn. og heilbr.- og trmrh. fyrir hönd ríkisspítalanna lýsa því yfir að þeir, sem eigendur og umráðamenn jarðarinnar Vífilsstaða í Garðabæ, samþykkja í þessu tilefni samninginn milli Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna að því er Vífilsstaðajörðina varðar.

Unnið er nú að gerð aðalskipulags beggja bæjarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar, en því verður ekki endanlega lokið nema mörk séu ótvíræð. Því ber brýna nauðsyn til að frv. þetta fái skjóta afgreiðslu, enda er lagasetning um breytt lögsagnarumdæmamörk skilyrði fyrir gildistöku samningsins milli sveitarfélaganna sem ég nefndi áðan og dagsettur var 18. maí 1983.

Allshn. Nd. hefur fjallað um málið og sent frá sér nál. á þskj. 697. Nefndin mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 736). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem útgefin voru 17. júlí á síðasta ári, um það að undanþágu mætti veita til sláturhúsa enda þótt þau uppfylltu ekki ýtrustu kröfu eins og gert er ráð fyrir í lögum og reglugerðum. Því miður eru enn þá mörg sláturhús þannig að þau uppfylla ekki þessar kröfur og það hefur ekki tekist á síðustu árum að bæta svo úr að ekki þurfi lengur á slíku ákvæði að halda.

Hv. Ed. hefur afgreitt þetta frv. og í stað þess að í brbl. var gert ráð fyrir að þessi undanþága skyldi gilda til ársins 1985 var lagt til að hún gildi til 1. júní 1986. Það má segja að það sé rökrétt að hafa þann tíma það langan vegna þess að ég hef skipað þriggja manna nefnd til þess að athuga stöðu og möguleika sláturhúsanna í samræmi við þál. frá Alþingi. Ég vænti þess að hún muni vinna að því máli nú á næstunni og úttekt á því ætti að liggja fyrir á næsta hausti. Þá mundi Alþingi taka afstöðu til málsins á ný.

Ég vil svo leggja það til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. 437. mál (þskj. 739). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með áorðnum breytingum.

Frv. þetta er samið í dóms- og kirkjumálarn. í samráði við ráðgjafa rn. í hegningarmálum, Jónatan Þórmundsson prófessor. Við samningu þess var einnig höfð hliðsjón af tillögum sem fram höfðu komið í hegningarlaganefnd sem starfandi var um nokkurra ára skeið.

Í frv. eru lagðar til breytingar á ýmsum greinum hegningarlaga, en einkum þó breytingar vegna þeirra sem afplána refsivist.

2. gr. fjallar um hvar taka skuli út refsivist. Þar er lagt til að í stað hegningarhúss sem úttektarstaðar verði kveðið svo á að refsivist skuli tekin út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar skv. lögum um fangelsi og vinnuhæli.

Í 2. málsgr. er nýmæli þar sem lagt er til að heimilað verði að handtaka dómþola sem færa á í úttekt refsivistar, hvort sem er vegna refsivistar sem dæmd er sem aðalrefsing eða vegna refsivistar sem er vararefsing fésektar. Talið hefur verið að ekki lægju fyrir bein lagaákvæði sem heimiluðu slíka handtöku og er lagt til að þetta ákvæði verði sett til að taka af öll tvímæli um lögmæti hennar.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um hvernig 37. gr. hegningarlaganna skuli orðast og eru lagðar til nokkrar breytingar og viðbætur. Eru þær helstar að skýrt er kveðið á um skyldur til að greiða fanga laun fyrir vinnu hans í fangelsi, svo sem mælt er fyrir í 2. málsgr. 8. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, heimilað verði að fangi stundi vinnu, nám eða starfsþjálfun utan fangelsis, en ekki einungis útivinnu eins og nú segir í 2. málsgr. 37. gr., og einnig að heimilað verði að leyfa fanga skammtímadvöl utan fangelsisins án þess að um nám eða vinnu sé að ræða, enda sé slík dvöl utan fangelsisins talin heppileg fanga til endurhæfingar og aðlögunar að samfélaginu utan fangelsisins að refsivist lokinni.

Slík leyfi hafa um alllangt skeið tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Fangar hafa talsvert leitað eftir því að fá slík leyfi einnig tekin upp hér. Undanfarin misseri hefur verið gerð tilraun í smáum stíl með slík leyfi þannig að föngum sem hafa hlotið langa refsidóma hefur verið gefinn kostur á eins dags leyfi á hálfs árs fresti á síðasta hluta refsivistarinnar, enda hafi slíkt verið talið samræmast öryggiskröfum bæði af hálfu fangelsisstjóra og rn.

Greinin gerir ráð fyrir því að nánari ákvæði um framkvæmd þeirra atriða sem greinin fjallar um verði sett í reglugerð.

Í 4. gr. er fjallað um breytingar á 40. gr. hegningarlaganna. Í núgildandi lögum segir: „Þegar fangi hefur

tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst þrjá mánuði, getur dómsmrh. eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.“

Í a-lið er lagt til að lágmarkstími fyrir þá sem hljóta reynslulausn að loknum ⅔ hluta refsitímans verði lækkaður úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Með þessu er verið að stuðla að auknu notagildi ákvæðisins og draga úr notkun undantekningarákvæðisins í 2. málsgr. 40. gr. sem heimilar reynslulausn er helmingur refsitímans er liðinn. Jafnframt er verið að samræma ákvæðið samsvarandi ákvæðum í hegningarlögum hinna Norðurlandanna.

Í b-lið er lagt til að á eftir 2. mgr. 40. gr. komi ný mgr. sem segir að reynslulausn verði eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar. Hér er fyrst og fremst verið að takmarka það ákvæði núgildandi 2. mgr. 40. gr. sem segir að reynslulausn megi veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans. Sú breyting sem hér er lögð til þýðir að ekki verður veitt helmingslausn til reynslu á skemmri dómum en tveggja mánaða refsivist. Þessi breyting er einnig gerð til samræmis við hliðstæð ákvæði í hegningarlögum hinna Norðurlandanna. Þá þykir óeðlilegt að veita reynslulausn af styttri dómum en tveggja mánaða refsivist.

Í 6. gr. er breyting á 47. gr. laganna. Núgildandi grein segir að „ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja í reglugerð.“ Þær reglur sem vísað er til hafa almennt ekki verið settar fyrir einstök fangelsi. Um það hvað er brot á reglum fangelsa ríkir óvissa. Í framhaldi af þessari lagabreytingu er ráðgert að setja í reglugerð um fangavist ítarleg ákvæði um beitingu agaviðurlaga.

Skv. ákvæði 50. gr. má nú eigi beita hærri fésekt en 1 millj. kr. nema heimild sé til í lögum. Í frv. er lagt til að hámarkið verði 4 millj. kr. Síðast var sektarhámarkinu breytt með lögum nr. 75/1982. Miðað við þróun verðlags frá þeim tíma er þessi hækkun nauðsynleg, en eðlilegt þykir að láta hámarkstöluna standa á heilli milljón kr. Þá er þess einnig að gæta að nú fylgja sektarákvæði sérrefsilaga sektarhámarki almennra hegningarlaga og er því nauðsynlegt að miða hámarkið einnig við þær breyttu aðstæður.

Í frv. eru einnig frekari breytingar á sektarmörkum. Með þessu frv. er um að ræða nokkra rýmkun og meiri sveigjanleika í sambandi við ákvæði hegningarlaganna sem ég vænti að hv. alþm. séu sammála um að séu eðlileg.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 291. mál (þskj. 471). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi, frv. 431. mál (þskj. 719). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. Nd. fékk bréf sem er þannig, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir förum þess á leit við landbn. Nd. Alþingis að hún flytji frv. um sölu jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Fyrir hendi eiga að vera í landbrn. tilskilin skjöl varðandi söluna.“

Undir þetta skrifa Árni Hermannsson á Bægisá, Baldur Þorsteinsson á Bægisá og Guðmundur Víkingsson í Garðshorni, allir bændur á Þelamörk.

Frv. fylgir sem fskj. allt sem er tilskilið í sambandi við slíka heimild, en 1. gr. er þannig:

„Ríkisstj. er heimilt að selja Árna Hermannssyni, Bægisá I, Baldri Þorsteinssyni, Bægisá II, og Guðmundi Víkingssyni, Garðshorni, eyðijörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 frá 31. maí 1976, sbr. lög nr. 90 frá 30. maí 1984.“

Landbn. var sammála um að flytja þetta frv. samkvæmt þeirri beiðni sem ég hef þegar lesið.

Þannig er mál með vexti að þessar þrjár jarðir eru mjög landlitlar. Það er fyrirhugað að breyta veginum frá Reykjavík til Akureyrar þarna og mun hann fara yfir ræktuð lönd þeirra Bægisárbænda og skerða verulegan hluta af þeirra litla landi. Sú er fyrst og fremst ástæðan fyrir þessari beiðni. Ævarr Hjartarson ráðunautur Búnaðarsambands Eyfirðinga mælir mjög með því að við þessari ósk verði orðið og hér er umsögn jarðanefndar, sem er jákvæð, og umsögn hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps einnig.

Þar sem landbn. hv. Nd. flytur þetta mál er ekki óskað því að þessu máli verði vísað aftur til nefndar. Hún er búin að fjalla um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 388. mál (þskj. 539). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Afréttarmálefni, frv. 207. mál (þskj. 244, n. 715, 716). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 715 er nál. frá landbn. þar sem fram kemur að n. hafi sent frv. til umsagnar öllum sýslunefndum og búnaðarsamböndum í landinu og bárust umsagnir sem fólu í sér ábendingar sem nefndin hefur að sumu leyti tekið til

greina. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þskj. Einn nm., Jón Baldvin Hannibalsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Á þskj. 716 eru nokkuð margar brtt. frá landbn. Aðalbreytingin er sú, að það er gengið út frá því að þeir sem eiga búfé geti notað sama markið á allan sinn búpening ef markið er þannig að þeir vilja það. Þá er gert ráð fyrir því að það verði að veruleika að markaskrá verði tölvuunnin. Er heimild í þessu frv. um að Búnaðarfélag Íslands athugi um að framkvæma það mál. Ég sé raunar ekki ástæðu til að vera að lesa upp brtt. sem eru nokkuð margar, en þetta er aðalbreytingin. Það mætti kannske nefna að ein af þessum breytingum er sú að frostmerkingar verði löggiltar sem eðlileg merking.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að vera að lesa upp brtt., en ef hv. þm. vilja einhvers spyrja er sjálfsagt að svara spurningum þar að lútandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fundarseta þingmanna.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli þm. á ef þeir hafa eins og ég fengið kennslubók frá Námsgagnastofnun sem fjallar um fundi, félög og lýðræði og heitir „Orðið er laust“ og er unnin af Námsgagnastofnun 1985 í samvinnu við menntmrn., skólarannsóknadeild. Á bls. 33 er mynd af hinu háa Alþingi og hæstv. forseta þess, Þorv. Garðari Kristjánssyni, og ég ætla að leyfa mér að lesa þann texta sem þar stendur:

„Hin almennu fundasköp, sem flest félög fara eftir, eru að nokkru leyti sniðin eftir þeim sem tóku gildi á Alþingi 19. nóv. 1930.“

Síðan segir: „Eins og vikið er að í kaflanum um fundi er mjög mikilvægt að allur undirbúningur hafi tekist vel. Eitt af því fyrsta sem þarf að gera er að boða fundinn. Nauðsynlegt getur reynst að geta um dagskrá fundarins þegar boðað er til hans svo að menn geti búið sig betur undir að ræða þau málefni sem þar á að leiða til lykta. Hvað fleira þarf að koma fram í fundaboðum? Á stærri fundum, þingum eða ráðstefnum er dagskrárliðum gjarnan áætlaður ákveðinn tími. Hvers vegna er það nauðsynlegt?“ eru nemendur spurðir.

Ég vil vekja athygli þm. á því að á Alþingi Íslendinga vita þm. aldrei hvað muni verða til umræðu á hverjum fundi þrátt fyrir boðaða dagskrá vegna þess að hér er gengið til dagskrár út og suður eftir því hvaða þm. þóknast að vera í salnum. Jafnvel ráðherrar eru ekki til staðar til að mæla fyrir frv. ríkisstj., sem jafnvel stjórnarandstöðuþm. telja ekki eftir sér að sitja fundi til að koma áleiðis, og annað þess háttar. Yfirleitt er allt annað það á dagskrá á hverjum þingfundi en það sem þm. höfðu skv. raðaðri dagskrá átt von á. Hér stendur í umræddu riti, sem á að kenna börnum landsins að fara að þeim fundarsköpum sem Alþingi hefur ákveðið, með leyfi forseta, á bls. 30:

„Það er nokkuð sama hversu áhugaverðan fund við undirbúum. Hann er nærri dæmdur til að mistakast ef undirbúningur er ekki nægur.“

Og svo stendur hér á bls. 27 og svo skal ég ljúka máli mínu, herra forseti:

„Nú á tímum er oft talað um fundaþreytu eða áhugaleysi fólks á að mæta á fundum. Áður fyrr virtist hins vegar auðveldara að fá fólk til fundahalda. Hvernig má skýra þetta? Hvers vegna virðist erfiðara að virkja fólk til félagsstarfs nú á tímum en áður var? Eða er erfiðara að virkja fólk til félagsstarfs nú á tímum en áður? Hvers vegna?“

Væri nú ekki ráð að gefa út annað slíkt rit og kanna hvers vegna hv. alþm. nenna ekki að taka hér þátt í löggjafarstörfum? Það er viðburður ef þm. stjórnarliðsins nenna að taka þátt í almennum þingstörfum. Það eru þá helst við stjórnarandstöðuþm. (Gripið fram í.) sem nennum að taka þátt í þingstörfum. (**Gripið fram í:** Þetta er órökstutt.) Þetta er auðvelt að rökstyðja með einfaldri talningu, hv. þm. Pétur Sigurðsson. (**FrS:** Hvar eru allir hv. þm. Alþb.?) Hér er spurt um þm. Alþb. Ekki hef ég hugmynd um hvar þeir eru niður komnir rétt í augnablikinu.

En í fullri alvöru, herra forseti. Hér er boðað til kvöldfundar. Á dagskrá er t. d. mál sem hefur verið nokkuð umdeilt hér í þinginu, á þó marga stuðningsmenn og hefur nú tekið nýja stefnu, en það er frv. mitt og fleiri hv. þm. um erfðalög. Ég krefst þess að það mál verði tekið á dagskrá þegar einhverjir þm. eru í salnum, a. m. k. einhver tala þeirra, því að ég þarf að skýra það mál. Undir það hef ég búið mig og ég krefst þess að þm. nenni að hlýða á mál mitt.

Ég vil að lokum benda á það algera virðingarleysi sem hér viðgengst gagnvart störfum starfsmanna Alþingis. Hér raða starfsmenn upp dag eftir dag og viku eftir viku sömu málunum sem jafnvel nál. liggja fyrir um. Hvað á þetta að þýða? Hvað eru þm. að gera? Mér vitanlega eiga þeir ekki að hafa aðra atvinnu en að sitja hér og taka þátt í löggjafarstörfum. Það er a. m. k. hráslagalegt að sjá hér kennslubækur um þingsköp, félagsstörf og lýðræði frá menntmrn. landsins á meðan Alþingi sjálft megnar ekki að hafa hér löglega fundi. Ég tel jaðra við það að hér séu teknar ólýðræðislegar ákvarðanir.

Forseti (Karvel Pálmason): Hv. þm. hefur lokið máli sínu. Vegna ummæla hv. þm. er út af fyrir sig rétt að ýmislegt af því sem fram kom af hennar munni á við suma, ekki alla. En að því er varðar dagskrána þá held ég að öllum hv. þm. sé ljóst að menn geta átt von á að öll mál sem eru á prentaðri dagskrá komi til umr. Það getur hins vegar verið eftir ýmsu í hvaða röð þau eru tekin og ástæðulaust að fjölyrða mikið þar um.

Varðandi kvöldfundinn, þá er rétt að taka það fram þannig að enginn misskilningur verði að meiningin er að ræða þar fyrst og fremst, og mér býður í grun að það verði nánast einvörðungu, lánsfjárlög, þannig að það komi hv. þm. ekki á óvart og þeir búi sig undir það fyrir kl. hálfníu að taka þátt í umr. um lánsfjárlög.

Meining mín var að halda ekki lengur fram fundi, en fundur hefst að nýju kl. hálfníu og verður þá gengið áfram á dagskrána. Fundi er frestað til kl. 8.30. — [Fundarhlé.]

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 734). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985 eins og það er eftir 3. umr. í hv. Ed.

Í des. s. l. lagði ég fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985. Í kjölfar þess var frv. til lánsfjárlaga lagt fram og mælti ég fyrir því í lok janúar s. l. Því miður tókst ekki að leggja fram frv. til lánsfjárlaga í kjölfar fjárlagafrv., en því olli mikil óvissa um efnahagsþróunina, m. a. vegna kjarasamninga og nauðsynlegra ráðstafana sem þeim tengdust. Mun ég nú víkja að nokkru að stöðu efnahagsmála eins og talið er að þau muni þróast á árinu 1985. Þá mun ég fara nokkrum orðum um afkomu ríkissjóðs á árinu 1984, en hér á Alþingi hefur verið dreift skýrslu fjmrh. um afkomu ríkissjóðs 1984 sem fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur tekið saman. Að síðustu mun ég gera nokkra grein fyrir þeim breytingum sem lánsfjárlagafrv. hefur tekið í meðförum Ed.

Margt bendir nú til þess að samdráttarskeiðið, sem hófst 1982, sé á enda. Bráðabirgðaniðurstöður um þjóðarhag á árinu 1984 benda til þess að þjóðarframleiðsla hafi aukist um 2.5% frá fyrra ári. Neyslu- og fjárfestingarútgjöld þjóðarinnar jukust einnig og er talið að það hafi verið rúmlega 3%. Atvinnuleysi landsmanna var ekki teljandi, verðbólga var lægri en um langt árabil og breyting á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann á milli ára 1983 og 1984 óbreytt.

Ekki voru þó allir þættir efnahagsmálanna jafnákjósanlegir, síður en svo. Viðskiptahalli þjóðarbúsins út á við var um 4.1% milljarður kr., en það jafngildir um 6% af þjóðarframleiðslu ársins. Umtalsverður viðskiptahalli ár eftir ár leiðir til þess að erlendar skuldir hlaðast upp eða gjaldeyrisforði minnkar.

Þegar ríkisstj. glímdi við það verkefni að marka stefnu í efnahagsmálum fyrir árið 1985 voru aðstæður að ýmsu leyti óvenjulegar. Verkföllin í október gerðu það að verkum að mjög erfitt var að spá fyrir um þróun verðlags og raunverulegs kaupmáttar. Fjárlögin í ár bera þess merki að leitast er við að draga sem mest úr neyslu hins opinbera til að rýma fyrir öðrum þörfum. Sama má segja um lánsfjáráætlunina. Ríkisstj. hefur leitast við af fremsta megni að draga úr fjárfestingum til að takmarka erlendar lántökur. Það fer ekki hjá því að skuldastaða landsmanna er mjög mikið áhyggjuefni.

Þjóðhagsstofnun spáir því nú að þjóðarframleiðslan muni aukast um ½%—1% á árinu 1985. Þó að þetta sé ekki mikill vöxtur verður að telja þetta merki um að landsmönnum sé að takast að komast yfir erfiðasta hjallann í efnahagsmálum. Viðskipti þjóðarinnar út á við eru þó ekki álitin snúast til betri vegar svo að um muni 1985. Þrátt fyrir aðhaldsstefnu í opinberum fjármálum er talið að viðskiptahallinn geti orðið um 5.2% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu, en það jafngildir um 4700 millj. kr. Hjá því getur ekki farið að útilokað er að reka þjóðarbúið til lengdar með miklum árlegum halla við útlönd, enda er það eitt mikilvægasta verkefni okkar að takmarka erlendar lántökur 1985 og hemja skuldirnar. Ég nefni það hér að viðskiptahallinn var 10% 1982, 2.4% 1983 og um 6% 1984 eins og ég hef áður getið um.

Það kom fram í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu að afkoma þjóðarbúsins 1984 var heldur betri en spáð hefði verið. Þetta á einnig við um ríkissjóð. Fyrir nokkru var dreift á borð þm. skýrslu fjmrh. um afkomu ríkissjóðs 1984. Ég tel ekki ástæðu til að rekja innihald skýrslunnar, en vil þó benda á nokkur meginatriði.

Fjárlögin fyrir 1984 voru afgreidd á Alþingi með 389 millj. kr. rekstrarhalla. Ekki bætti úr skák að þegar ég lét endurmeta stöðu ríkissjóðs í apríl/maí 1984 var talið að það stefndi í enn meiri halla ef ekki yrði gripið til aðgerða í ríkisfjármálum. Endurmat ríkisfjármálanna sýndi að rekstrarhalli gæti numið allt að 2 milljörðum kr. Í framhaldi af þessu beitti ríkisstj. sér fyrir allumfangsmiklum aðgerðum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum í maí 1984. Með þeim aðgerðum var talið að halli ríkissjóðs yrði um 1 milljarður kr.

Þegar upp var staðið um s. l. áramót reyndist 783 millj. kr. rekstrarafgangur. Þessa bættu stöðu má þakka tvennu: Fyllsta aðhaldi var beitt í útgjöldum á árinu og leitast var við að ná samvinnu við ráðuneyti og stofnanir um aðhald og sparnað. Hitt er svo það, að innflutningur og velta urðu meiri síðari hluta árs en reiknað hafði verið með sem leiddi til þess að tekjur ríkissjóðs af tollum og veltusköttum fóru fram úr áætlun. Kjarni málsins er þó sá að ríkisfjármálin drógu úr þeirri eftirspurn og þenslu sem ríkti í efnahagsmálunum síðari hluta síðasta árs.

Bættur hagur ríkissjóðs varð til þess að það tókst að draga úr erlendum lántökum hins opinbera. Í fjárlögum ársins 1984 var stefnt að 1 milljarði 533 millj. kr. lántöku ríkissjóðs, en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lánsfjárlögum o. fl. var lántökuheimildin hækkuð í 2 milljarða 385 millj. kr. Hagstæð afkoma ríkissjóðs gerði hins vegar kleift að draga úr lántökum og nýta aðeins 1 milljarð 937 millj. kr. af lántökuheimildinni. Erlendar lántökur námu alls 1 milljarði 605 millj. kr. Þar af voru 145 millj. vegna yfirtöku ríkissjóðs á erlendu láni Járnblendifélagsins til að uppfylla hlutafjárloforð ríkissjóðs í samræmi við 1. gr. laga nr. 95 frá 1984. Innlend fjáröflun ríkissjóðs nam aftur á móti 332 millj. kr., en það er verulega minna en að var stefnt vegna mikils útstreymis á spariskírteinareikningum sem ég gerði sérstaklega grein fyrir þegar ég mælti fyrir lánsfjárlagafrv. Í árslok 1984 reyndust um 600 millj. kr. ónýttar af lántökuheimild A-hluta ríkissjóðs.

Ekki ætla ég að ræða frekar afkomu ríkissjóðs á árinu 1984. Aftur á móti vísa ég til III. og IV. kafla skýrslunnar þar sem gerð er sérstök grein fyrir skuldastöðu ríkissjóðs og lánsfjármálum 1984 í heild. Auk þess er í skýrslunni að finna ýmsar upplýsingar um ríkisfjármálin undanfarin ár samanborið við árið 1984.

Fjh.- og viðskn. Ed. hefur að undanförnu fjallað um lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1985. Í meðförum nefndarinnar hefur frv. tekið nokkrum breytingum sem rekja má að hluta til ríkisstjórnarákvörðunar og að hluta til ákvarðana nefndarinnar.

Lánsfjáráætlun 1985 gerði ráð fyrir að heildarfjáröflun næmi alls 9 milljörðum 868 millj. kr. Þar af var ráðgert að 2568 millj. kr. öfluðust innanlands og 7300 millj. kr. erlendis. Skömmu eftir framlagningu lánsfjáráætlunar voru fjárlög afgreidd á Alþingi og fól sú afgreiðsla í sér að erlend lánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs hækkaði um 302 millj. kr.

Eins og frv. liggur nú fyrir frá Ed. stefnir í að erlendar lántökur nemi alls 7 milljörðum og 69 millj. kr. og hinar innlendu 2393 millj. kr. Samtals er því áformað að afla alls tæpra 9.5 milljarða kr. í lánum. Eftir umræður í marsmánuði í ríkisstj. var ákveðið að beita sér fyrir lækkun á erlendum lántökum, m. a. með samdrætti í framkvæmdum. Lántökuheimild A-hluta lækkar því um 750 millj. kr. Er þessi lækkun talin fær með samdrætti og sparnaði á öllum sviðum ríkis og með bættri framkvæmd og eftirliti með skattamálum.

Miklar umræður hafa verið um framkvæmdir Landsvirkjunar. Ákveðið er að fresta framkvæmdum við 5. áfanga Kvíslaveitna auk þess sem dregið er úr framkvæmdahraða við Blönduvirkjun án þess að útiloka gangsetningu 1. vélar virkjunarinnar 1988 eins og núverandi verkáætlun miðar við. Landsvirkjun mun taka að láni 1 milljarð 36 millj. kr. 1985, auk þess sem sótt er um heimild til 82 millj. kr. viðbótarlántöku takist samningar um stækkun álversins í Straumsvík.

Mikil óvissa ríkti um fjármál Byggingarsjóðs ríkisins. Því leggur ríkisstj. til að leitað verði 403 millj. kr. viðbótarlántökuheimildar um töku erlends láns, en sýnt þykir að lántökur hjá lífeyrissjóðunum muni ekki verða þær sem að var stefnt. Hér skortir á 175 millj. kr. og að auki eru horfur á að skyldusparnaður ungmenna verði neikvæður um 40 millj. kr., en í upphaflegri áætlun var ekki gert ráð fyrir greiðsluskyldu frá Byggingarsjóði.

Á árslok 1984 skuldaði Byggingarsjóður ríkissjóði og Seðlabankanum 188 millj. kr. og er óhjákvæmilegt annað en að breyta þessari skuld í lán eigi áætlanir ársins 1985 að standast.

Ný áætlun um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna hefur nú verið gerð. Nú er áætlað, miðað við óbreytta reglu, að um 34% af ráðstöfunarfé sjóðanna renni til skuldabréfakaupa af opinberum lánasjóðum. Reynsla s. l. ára sýnir að ekki er varlegt að áætla mikið umfram 32—34% til þessara kaupa að óbreyttum reglum. Þessi staðreynd hefur óhjákvæmileg áhrif á fjármál Byggingarsjóðs ríkisins og við hana þarf að horfast í augu.

Af öðrum breytingum sem fram eru komnar í Ed. vil ég nefna ábyrgðarveitingu ríkissjóðs á 500 millj. kr. lántöku til þróunarfélagsins. Lög um félagið hafa enn ekki verið sett. Að sinni munu þeir fjármunir, sem til þróunarfélagsins eru ætlaðir, renna í Framkvæmdasjóð Íslands, en færast til félagsins þegar búið er að stofnsetja það. Ríkisstj. mun ráðstafa því fjármagni. Ég legg jafnframt til að mjög vandlega verði gætt að arðsemi þeirra verkefna sem fjármagn þetta er ætlað til.

Annað atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á eru ríkisábyrgðir svonefndra raðsmíðaskipa. Þetta er mál sem ég hef sérstaklega látið kanna. Áætla má að heildarsmíðakostnaður allra fimm skipanna nemi um 600 millj. kr. Skv. 31. og 32. gr. lánsfjárlaga 1984 er fjmrh. heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð til smíði þessara skipa, allt að 80% smíðaverðs. Þetta eru því um 480 millj. kr. Ríkisábyrgðin á síðan að falla niður við sölu skipanna frá skipasmíðastöðvunum og liggur ekki fyrir hvort þessi skip seljast. Að vísu er eitt skipanna selt. Það er skip smíðað á Seyðisfirði. Það sem er mun alvarlegra mál er að það liggur fyrir af hendi sjútvrh. að skip þessi muni ekki fá veiðileyfi nema skip svipaðrar stærðar hverfi úr rekstri, en þó telur sjútvrh. að athuga þurfi hvort hægt sé að nýta skip þessi til veiða á vannýttum fiskistofnum, svo sem til rækjuveiða.

Ég hef látið kanna hvort Fiskveiðasjóður sé tilbúinn til þess að fjármagna þessa smíði að því marki sem almennt gerist. Svar liggur ekki fyrir. Þá liggur fyrir að Byggðasjóður hefur ekki gert ráð fyrir að veita lán til þessara skipakaupa í áætlunum sínum í ár þrátt fyrir loforð um að lána til þessa verkefnis skv. stjórnarsamþykkt sjóðsins á árinu 1983.

Til þess að afgreiðsla lánsfjárlaga tefjist ekki umfram það sem þegar er get ég fallist á heimildargrein þess efnis að fjmrh. geti ábyrgst með sjálfskuldarábyrgð þessa smíði, þó þannig að fjmrh. ákveði nánar framkvæmd lagagr. þessarar með reglugerð. En ég legg ríka áherslu á að þeir aðilar, aðrir en ríkissjóður, sem lögum skv. veita fyrirgreiðslu til skipakaupa, afgreiði lánsumsóknir til fyrrgreindra skipa á hefðbundinn hátt, en ríkissjóður sitji ekki uppi einn með allt málið í kjöltu sinni.

Að lokum vona ég að afgreiðslu Alþingis á máli þessu verði hraðað því að það fer að koma mörgum mjög illa sá dráttur sem á þessu máli hefur orðið. Auk þess undirstrikar málsmeðferðin öll nauðsyn þess að tengja fjárlög og lánsfjárlög og umfjöllun þeirra betur en nú er gert.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að gera það að tillögu minni að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er lægra risið á þeim fjmrh. sem var að mæla fyrir lánsfjárlagafrv. núna en haustið 1983. Það var sami maðurinn þó, Albert Guðmundsson, hv. 1. þm. Reykv., sem þá talaði fyrir lánsfjárlagafrv. og sagði að það væri hafin ný tíð í stjórn ríkisfjármála. Nú ætti að taka hlutina föstum tökum. Nú yrðu lánsfjárlög afgreidd framvegis skv. þeim reglum sem um það eiga að gilda og gjarnan var vitnað til af hæstv. ráðh. og flokksbræðrum hans, t. d. á þinginu 1983. Það er fróðlegt í þessu sambandi, herra forseti, að vitna til ummæla hv. 1. þm. Reykn., sem seinna varð og er nú viðskrh., þegar hann ræddi um lánsfjárlög á árinu 1983 og sagði þá m. a. með tilvitnun í 14. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, með leyfi forseta:

„Með skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir var lagt fram frv. um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frv. til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári sem þær eiga við."

Það er bersýnilegt að ríkisstj. hefur ekki og núv. fjmrh. staðið við ítrekuð fyrirheit um bætta stjórn ríkisfjármálanna, ekki aðeins á því sviði sem við erum að ræða hér, þ. e. lánsfjárlagasviðinu, heldur líka í ríkisbúskapnum í heild, og hygg ég að þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi hafi hæstv. núv. fjmrh. þegar slegið þau met sem hæstv. núv. viðskrh. setti í óstjórn ríkisfjármála þegar hann fór með þau á árunum 1974—1978.

Við þetta bætist, herra forseti, alveg ótrúlegur hringlandaháttur í meðferð þessara mála af hálfu hæstv. ríkisstj. Það kemur fram að tölum í lánsfjárlagafrv. er breytt ekki sjaldnar en þrisvar til þessa, enda hefur

málið ekki verið nema í þremur umræðum enn þá, þ. e. í Ed. Nú eru þrjár umræður hér í Nd. og sjálfsagt er við því að búast, enda heyrist mér það á hæstv. ráðh., að ríkisstj. þurfi enn þá að breyta tölum í áætluninni og lánsfjárlögunum frá því sem þetta kom frá Ed. þó það væri ekki nema vegna þess að ríkisstj. hefur frá páskum verið að fella gengið um 4%. Ríkisstj. gaf út yfirlýsingu um það um áramótin að gengið ætti að síga um 5% til loka septembermánaðar 1985. Nú liggur það fyrir skv. því sem hver maður getur lesið í dálkum dagblaðanna um gengisskráningu að gengið hefur verið fellt frá páskum svo að segja um heil 4%. Það þýðir m. ö. o. að þær gengisforsendur sem gengið er út frá í þessu frv. til lánsfjárlaga eru þegar allar kolvitlausar og standast ekki og þess vegna óhjákvæmilegt fyrir hæstv. fjmrh. að láta breyta nær öllum tölum í þessu frv. vegna þess að þær gengisforsendur, sem hann var að leiðrétta og laga til í tölum seint í marsmánuði, eru nú allt aðrar og verður að skoða málið út frá því.

Meðalgengi íslensku krónunnar hefur verið fellt síðustu tvær vikurnar um 4%. En það sem er kannske fróðlegast, þegar þetta frv. er skoðað, er uppgjöf ríkisstj. við að taka á nokkrum raunverulegum efnahagsvandamálum í landinu. Efnahagsstefnan, sem ríkisstj. taldi sig hafa 1983, virðist vera gjörsamlega í rúst. Ég segi það vegna þess að það rekur sig hvað á annars horn í þessari lánsfjáráætlun. Það eru engir heillegir þræðir í þessu plaggi. Plaggið var að velkjast í Ed. í marga mánuði og þegar það loksins kemur hingað til Nd. er kominn 22. apríl, en nákvæmlega þann dag eru tvö ár liðin frá síðustu alþingiskosningum þegar núv. ríkisstj. komst til valda. Það er athyglisverð afmælisgjöf til ríkisstj. sem hæstv. fjmrh. færir henni í dag með því að leggja fram þetta frv. gjörsamlega í tætlum þar sem hlutirnir ganga engan veginn upp.

Frv. til lánsfjárlaga hefur yfirleitt verið til meðferðar á undanförnum þingum, ár eftir ár, alltaf fyrst í Nd. og reglan hefur verið sú, ef maður lítur yfir undanfarið árabil, að það hefur tekið um það bil tvo mánuði að ljúka málinu í hv. Nd. vegna þess að þar reyna menn auðvitað að vanda sig við sín verk eins og vera ber og alþm. er skylt. Ekki er ég að segja að þetta mál taki tvo mánuði hér í hv. þd., enda yrðu komin græn grös og líklega sláttur sums staðar ef það tæki allan þann tíma. En það er ljóst að þetta mál hlýtur að fá mjög rækilega meðferð hér í Nd. og það verður kallað eftir gögnum, m. a. undirgögnum, í sambandi við ýmis mál sem hér eru og engin grein hefur verið gerð fyrir í þinginu enn þá. Þar yrði t. d. hugsað um fjárfestingar Landsvirkjunar þar sem allt er mjög óljóst og virðist að mörgu leyti vaða á súðum.

Þegar ríkisstj. tók við voru erlendar skuldir taldar vera neðan við 60% af þjóðarframleiðslu og af eðlilegum ástæðum töldu menn það alvarleg tíðindi. Á árinu 1982 voru erlendar skuldir þjóðarinnar 34—35% af þjóðarframleiðslu. Þá gengu þeir hér í stólinn hv. þm. Sjálfstfl. hver á fætur öðrum og lýstu því yfir hvílík ógn steðjaði að þjóðinni þegar skuldirnar væru orðnar 34.9% af þjóðarframleiðslu.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði t. d. við umr. um lánsfjárlög 29. mars 1982, með leyfi hæstv. forseta:

„En síðan er áætlað ... að þessi nettóstaða muni fara upp í 34.9% á árinu 1982. Það er því alveg sama hvora reikningsaðferðina við notum, við sjáum að tilhneigingin er mjög ört upp á við í báðum tilvikum. Og sannast sagna er hér stefnt í hættuástand að því er snertir erlendar lántökur fyrir íslenskt þjóðarbú."

Þá var talan 34.9. Og hv. þm. Geir Hallgrímsson, núv. hæstv. utanrrh., var ekki að skafa utan af því þó að hann sé sjaldan í hópi þeirra þm. sem hafa stærst orð. Hann sagði m. a. um hina erlendu skuldastöðu að ástandið hér væri að verða einna líkast því sem það var þá í Póllandi. Hann talaði um hið pólska ástand á Íslandi sem þáv. ríkisstj. væri að innleiða með 34% erlendum skuldum af þjóðarframleiðslu og sagði:

„En vel við getum staðið í þeim sporum að þessi tala fari að nálgast meira en helming þjóðarframleiðslu og þá er voðinn vís."

Þegar svo þessir hv. þm. og hæstv. ráðherrar setjast til valda á miðju ári 1983 er hlaðið upp erlendum skuldum af fullkomnu ábyrgðarleysi á fjölmörgum sviðum. Í árslok 1983 voru erlendar skuldir 60.6% af þjóðarframleiðslu. Í árslok 1984 var þessi tala komin upp í 62% af þjóðarframleiðslu, en á árinu 1984 jókst þjóðarframleiðslan um 2.7%, ef ég man rétt. Á árinu 1985 telur Seðlabankinn að erlendar skuldir, skuldsetning okkar við aðrar þjóðir, muni nema um 65% af þjóðarframleiðslunni í lok þessa árs. M. ö. o.: frá því að þessi ríkisstj. tók við hafa erlendar skuldir þjóðarinnar hækkað upp úr þessu hættumarki, í kringum 60%, í 65%. Þetta þýðir nettóskuldahækkun þjóðarinnar um 4.5—5 milljarða kr. á þessum tíma og ég spyr: Hvar sjá landsmenn þau framleiðslutæki, þá atvinnusköpun, þá verðmætaaukningu sem hefur orðið til fyrir þetta skuldasukk? Svarið er: Hvergi, hvergi nokkurs staðar vegna þess að verulegur hluti af þessari erlendu skuldasöfnun hefur verið notaður til að reka ríkissjóð fyrir erlent lánsfé, að reka Byggingarsjóð ríkisins fyrir erlent lánsfé, að gera upp meðlagsskuldir við Innheimtustofnun sveitarfélaganna fyrir erlent lánsfé. Aldrei nokkurn tíma hefur verið farið jafnhrikalega illa með erlent lánsfé og í tíð núv. ríkisstj. Enginn fjmrh. fyrr eða síðar kemst með tærnar þar sem Albert Guðmundsson, hæstv. ráðh., hefur hælana í þessum efnum. Og á þessum tíma, herra forseti, á árunum 1983, 1984 og 1985, er ekki um það að ræða að hlutfall erlendra skulda aukist vegna þess að þjóðarframleiðslan sé að minnka. Þjóðarframleiðslan hefur verið að vaxa á þessum tíma. Þessi mál horfa auðvitað allt öðruvísi við á árinu 1982, þegar verður heiftarlegt fall í þjóðarframleiðslu, á árinu 1976 eða árinu 1969, svo að ég nefni þrjú dæmi. Hér er ekki því að heilsa. Þjóðarframleiðslan er að aukast, en samt hækkar hlutfall erlendra skulda. Ég lýsi því yfir að ég tel að frammistaða ríkisstj. í þessum efnum sýni fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart komandi kynslóðum, fullkomið ábyrgðarleysi.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja að einstökum atriðum og þá fyrst Landsvirkjun. Skv. frv. eins og það lítur út eftir 3. umr. í Ed. er Landsvirkjun með erlendar lántökur upp á 1 milljarð 36 millj. kr. Fyrsta talan frá ríkisstj. var 1.2 milljarðar og það var sagt þá í ræðu hæstv. fjmrh.: Það er ekki hægt að komast mikið lengra, hérna er mikils aðhalds gætt og allt það. Nokkrum dögum seinna tekur ríkisstj. ákvörðun um að skera niður erlendar lántökur um 1 milljarð og þá tekur hún hressilega til hnífsins og lækkar þessa tölu niður í 884 millj. kr. En ekki var blekið fyrr þornað á þessum brtt. um 884 millj. kr. til Lands-

virkjunar þegar ríkisstj. kom með nýja tölu inn í hv. Ed., 1 milljarð 36 millj. kr., og verulegur hluti af þessum fjármunum, herra forseti, á að ganga til Blönduvirkjunar og þá er miðað við þann framkvæmdahraða að henni verði lokið á árinu 1988 eða 1989. Skv. upplýsingum sem komu fram á aðalfundi Landsvirkjunar hjá Jóhannesi Nordal, stjórnarformanni Landsvirkjunar, núna á dögunum telur hann að það sé ekki þörf á Blönduvirkjun fyrir almennan markað fyrr en 1991 og hann bætti við í ræðu sinni að í rauninni væri það svo, að ef ekki kæmi til nýr stór orkukaupandi mundi Blanda duga fyrir almenna markaðinn út öldina. Ríkisstj. hlustar ekki á þessi aðvörunarorð. Hún geysist fram með mikið hærri upphæð en stjórnarformaður Landsvirkjunar er búinn að gefa í skyn að þurfi í Blönduvirkjun á árinu 1985 miðað við allar aðstæður. Hér er gert ráð fyrir því að verja í Blönduvirkjun á þessu ári milli 500—600 millj. kr. og svo er bætt við 3. gr. frv., sem er ákaflega smekklegt og til að styrkja samningsstöðu Íslands gagnvart Alusuisse eða hitt þó heldur, nýrri mgr. þar sem segir:

„Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985."

Það er m. ö. o. till. um það frá stjórnarmeirihlutanum, komin út úr Ed., að strax eigi að setja inn í lánsfjárlög texta sem gerir ráð fyrir að reynt verði hvað sem það kostar að semja við Alusuisse sem stækkun í Straumsvík. Eru menn að styrkja sína samningsstöðu við álhringinn með þessum vinnubrögðum, burtséð frá því hvort það er rétt eða rangt að fara í þessa stækkun? Þá spyr ég að því: Telja menn sig vera að styrkja sína samningsstöðu með svona vinnubrögðum? Telur hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., að samningsstaða Íslendinga gagnvart álhringnum til stækkunar í Straumsvík styrkist með þessum vinnubrögðum? Auðvitað er það fjarri öllu lagi, auk þess sem það er sérstaklega ógeðfellt að draga framhaldsframkvæmdir við Blönduvirkjun inn í þessa mynd. Ég lýsi því yfir sem minni skoðun að ég get ekki samþykkt 2. mgr. 3. gr. vegna þess að sá sem samþykkir hana er að samþykkja að það verði farið í stækkunina í Straumsvík hvað sem tautar og raular.

Ég mun gera kröfu til þess, herra forseti, í fjh.- og viðskn. Nd. — og það er ágætt að embættismenn fjmrn. heyri það — að lögð verði fram áætlun um framkvæmdir við Blönduvirkjun á árabilinu til og með 1991. Það liggur fyrir að óþarfi er að setja virkjunina af stað fyrr miðað við hinn almenna markað. Þegar slík áætlun liggur fyrir um framkvæmdir til 1991 kemur í ljós hversu miklar upphæðir við getum sparað í erlendum lántökum á því að draga úr framkvæmdahraða við Blönduvirkjun. Þegar menn, sem eru að tala um að þeir hafi þá stefnu að draga úr erlendum lántökum, koma með svona sull inn í þingið er það alveg ótrúlegt. Er þá af nógu að taka. Ég er ekki nærri búinn.

Ég vil minna á í þessu sambandi, herra forseti, að í framsöguræðu hæstv. ráðh. og í umr. um þetta mál til þessa hafa engar upplýsingar komið fram um það heldur, a. m. k. ekki í umr. í þingdeildum, hversu mikla fjármuni er ætlunin að setja í Kvíslaveitu 4. Og það er nokkuð kostulegt að lesa textann frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. Þar er ekki verið að fara í smáatriðin eða eins og þar stendur, með leyfi forseta:

„Þá eru lántökur Landsvirkjunar til framkvæmda lækkaðar um 316 millj. eða úr 1200 millj. í 884 millj. kr. ... Lántöku Landsvirkjunar að fjárhæð alls 884 millj. kr. er áætlað að ráðstafa þannig að 516 millj. kr. renni til framkvæmda við Blönduvirkjun og 368 millj. kr." — það er engin smáupphæð — „til annarra framkvæmda."

Menn láta sig ekki muna um það að sleppa út 300—400 millj. kr. til „annarra framkvæmda" ósundurliðað þegar Landsvirkjun er annars vegar. Ég mun ganga eftir því í fjh.- og viðskn. Nd. að upplýsingar um „aðrar framkvæmdir" upp á 370 millj. kr. verði skýrðar.

Þá kemur að næsta þætti þessa máls sem er þetta einkennilega þróunarfélag, en þannig er að það hefur verið viss draugagangur í landinu að undanförnu sem kallaður er „þróunarfélagið". Fyrst slæddist þessi vofa inn í lánsfjárlagafrv. sjálft. Svo var hún kveðin niður og peningarnir voru skrifaðir á Framkvæmdasjóð. Síðan skaut vofan aftur upp kollinum við 2. og 3. umr. lánsfjárlaga í hv. Ed. og þessi draugur er enn í frv. eins og það liggur fyrir hv. Nd. Það eru litlar 500 millj. kr. sem eiga að fara í þetta verkefni algerlega óskilgreint fyrir Alþingi. Það liggja engar upplýsingar fyrir um til hvers á að nota þessar 500 millj. kr. Hæstv. fjmrh. mannaði sig þó upp í það áðan að segja að þetta yrði náttúrlega ekki látið út nema gerðar væru kröfur um ýtrustu arðsemi. Það er munur að vita að hæstv. fjmrh. hafi góð áform í þessu efni og sjálfsagt dettur einhverjum í hug enn þá, þó þeim fari fækkandi, að hann muni framkvæma yfirlýsingar sínar í þessum efnum. Ekki dettur mér í hug að taka mark á yfirlýsingum af þessu tagi eftir reynslu af núv. ríkisstj. og núv. fjmrh. En það eru 500 millj. kr. og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá þegar við þessa umr. upplýsingar um hvernig þessi þróunarfélagsdraugur er á vegi staddur, þessi vofa sem er kölluð þróunarfélagið og fréttist af af og til í leiðurum blaðanna og af og til í einu og einu þskj. Hvar er þessi sjoppa á vegi stödd, þetta þróunarfélag? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hv. 1. þm. Suðurl., formanni Sjálfstfl., sem situr þögull við þessa umr. aldrei þessu vant.

Af því að ég nefndi þennan hv. þm. Það var haldinn fundur í Laugardalshöllinni. Allir sem einn, hét hann. Það var landsfundur Sjálfstfl. Aðalniðurstaða þess fundar, fyrir utan það að kjósa þá hv. þm. Þorstein og Friðrik, var sú að það ætti að skera niður erlendar lántökur og varaformaður Sjálfstfl., sem hefur mikið húsbóndavald á sínum bæ eins og hæstv. fjmrh. veit, lét koma fram að það væri höfuðniðurstaða fundarins að nú yrði spornað við erlendum lántökum. Þetta gengur ekki lengur, sagði varaformaðurinn og byrsti sig. Og þetta var haft eftir honum í hverju blaðinu og hverjum fjölmiðlinum á fætur öðrum. Hvernig stendur nú þessi niðurskurður? Hvað er það sem hæstv. fjmrh. hefur verið að skera niður í þessum efnum að undanförnu? Jú, ríkisstj. lýsti því yfir seint í janúar að það ætti að skera niður lánsfjárlögin um 1000 millj. kr. Forsrh. kynnti það á fundi með stjórnarandstöðunni býsna andaktugur — sagði að vísu að það lægi ekki fyrir í smáatriðum hvernig þessum niðurskurði yrði hagað, en þetta yrði gert, það yrði alveg örugglega skorið niður um 1000 millj. kr. Þetta var það eina sem þá var eftir af áramótafyrirheitum formanns Sjálfstfl. og formanns Framsfl., en þeir gerðu um það samkomulag um áramót

að steypa ríkisstj. og skipta um nokkra ráðh. og síðan ætti að gera róttækar breytingar í efnahagsmálum. Það voru skrifaðir margir langir leiðarar í blöðin um hinar róttæku efnahagsbreytingar sem ætti að gera samhliða uppstokkun á stjórninni og menn gerðu ráð fyrir því að hið mikla vandamál Sjálfstfl. varðandi stól fyrir formanninn yrði þá leyst um leið og þessi miklu efnahagsvandamál. En hvernig stendur þetta mál svo? Niðurstaðan verður sú að hæstv. forsrh. tilkynnir á fundi með stjórnarandstöðunni og svo fjölmiðlum auðvitað, — reyndar fjölmiðlunum fyrst eins og hann er vanur, hann byrjar alltaf þar, — að það eigi að skera niður erlendar lántökur um 1000 millj. kr. Þannig mátti ætla að þessa færi að sjá stað þegar hæstv. fjmrh. færi að leggja fram frumvörp sem tækju mið af þeirri stefnu sem hans flokkur ku hafa boðað á landsfundi sem hét „Allir sem einn." En eitthvað hefur þetta farið á milli mála.

Hvernig stendur þá þessi niðurskurður?

Í fyrsta lagi segir hæstv. fjmrh.: Við skerum niður erlendar lántökur ríkissjóðs um 750 millj. kr. Það er pennastriksaðferðin vegna þess að á bak við þessa yfirlýsingu stendur ekki neitt. Fjmrh. hefur hvergi sýnt fram á að hann ætli að skera niður útgjöld ríkissjóðs sem þessu nemur. Það hafa hvergi komið fram upplýsingar um sparnað hjá ríkissjóði sem nema 750 millj. kr. Það hafa engar upplýsingar komið fram um nýjar tekjur ríkissjóðs upp á 750 millj. kr. Þessi tala fjmrh. um 750 millj. er algerlega út í loftið. Hún styðst ekki við neitt. Þar með fóru ¾ af hinu mikla áramótaheiti formannanna.

Þá er það næsti kafli. Það var annað pennastrik. Erlendar lántökur einkaaðila átti að skera niður úr 1836 millj. kr. í 1500 millj. kr. eða um 336 millj. kr. Á bak við þessa tölur stendur heldur ekki neitt. Það hafa engar reglur verið settar um að takmarka erlendar lántökur einkaaðila. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það. Þar með fauk þessi hluti af hinum einbeitta ásetningi um að skera niður erlendar lántökur. Þegar frv. loksins kemur til hv. Nd. eru erlendar lántökur orðnar, sem fjmrh. viðurkennir, 7069 millj. kr., en í raun er niðurskurðurinn sem hann var með alger nafnleysa upp á 1100 millj. kr. Þegar hlutirnir eru skoðaðir í smáatriðum hefur erlenda lánsfjártalan ekki lækkað heldur hækkað í meðferð þingsins vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur enga grein gert fyrir því hvernig hann ætlaði að skera niður. Það liggur hvergi fyrir. Þannig fór um þetta síðasta áramótaheit þeirra hv. þm. Þorsteins Pálssonar og hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Það er eins og fleiri sjóferðir sem þeir hafa lagt í, þeir félagarnir.

Ég gat um það áðan, herra forseti, að við afgreiðslu þessarar lánsfjáráætlunar hefði verið óvenjulega mikill hringlandaháttur. Hæstv. fjmrh. ræður ekkert við þetta verkefni. Það snýr ekki bara að Landsvirkjun og smekklausri tengingu Blönduvirkjunar við erlenda stóriðju í Straumsvík. Það snýr að fleiri þáttum. Það snýr t. d. að sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Var það ekki iðnrh. sem lýsti því yfir að þetta fyrirtæki ætti að stoppa, slá af, það væri hið versta fyrirtæki, hann væri búinn að láta Iðntæknistofnun reikna það út fyrir sig að þetta væri svo vitlaust að þetta ætti bara að stoppa, loka þessu undir eins? En viti menn. Niðurstaðan er sú að sjóefnavinnslan er í frv. að frumkvæði hæstv. fjmrh.

Það má taka fleiri dæmi í þessu frv. sem sýna algert ráðleysi og stefnuleysi í þessum efnum. Ég ætla að nefna eitt stefnuatriði. Er það stefna ríkisstj. að fjárfesting hér á landi eigi að vera 25% af þjóðarframleiðslu? Telur ríkisstj. það eðlilegt? Það hefur ekkert komið fram um það. En ég minni á að ef við ætlum að ná niður erlendum skuldum eiga menn að mínu mati að setja sér það að verja lægra hlutfalli þjóðarframleiðslu til fjárfestingar, enda sé tryggt að hún skili þjóðhagslegum skynsamlegum arði. Hvergi örlar á stefnu ríkisstj. í þessu efni, ekki varðandi erlendar skuldir, ekki varðandi fjárfestinguna, og þess vegna er það hlálegt að lesa ummæli hæstv. fjmrh., þegar hann var að mæla fyrir þessu máli í Ed. á dögunum, þar sem hann rakti stefnu stjórnarinnar í efnahagsmálum. Það átti að draga úr erlendum lántökum. Það átti að stuðla að jafnvægi í viðskiptunum við útlönd. Þetta voru meginatriði. Ég þarf ekki að rekja hérna hvernig þetta hefur misheppnast allt saman. Viðskiptahallinn 1983, þegar þessir menn tóku við, var milli 2—3%. Viðskiptahallinn 1984 er margföld sú tala og 1985 líka þrátt fyrir þann lága kaupmátt kauptaxta sem er hér í þessu landi.

Til viðbótar, herra forseti, við þau vandamál sem hér hafa verið rædd, fálmið í fjárfestingarmálum, reiðileysið í erlendum lántökum, hringlandaháttinn, þá má nefna atriði eins og Byggingarsjóð ríkisins. Hann er í fullkominni óvissu. Við Alþb.-menn höfum lagt fram frv., sem liggur fyrir Nd., um verulega tekjuöflun til húsnæðismála, innlenda tekjuöflun. Það er ekkert vit í öðru en að taka ákvörðun um verulega innlenda tekjuöflun til húsnæðismála, skattlagningu. Annað er alveg glórulaust. Ég mun freista þess í umr. um þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. Nd. að kanna hvort menn vilja láta af þeirri stefnu, sem nú er fylgt, að leggja á Byggingarsjóð ríkisins erlend lán. Það eru algerlega glórulaus vinnubrögð.

Í þessu frv. eru með heföbundnum hætti, má segja, birtar tillögur um niðurskurð á ýmsum sjóðum og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um einstök atriði í þeim efnum. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hverju nemur niðurskurður skv. 11. gr. frv. á Byggðasjóði? Ég vil fá upplýsingar um þetta núna vegna þess að þær eiga að liggja fyrir í fjmrn. og fjmrh. á að hafa þetta hjá sér. Hverju nemur niðurskurðurinn á Byggðasjóði?

Í öðru lagi: Hverju nemur niðurskurðurinn á framlagi í Kvikmyndasjóð? Gert er ráð fyrir 8 millj. kr. í Kvikmyndasjóð í þessu frv. eins og það kemur frá Ed. Er ekki búið að samþykkja aukafjárveitingu í Kvikmyndasjóð? Ég man ekki betur en ég hafi lesið það einhvers staðar. Þá er eðlilegt að sú tala sé hér. Annað eru bókhaldsfalsanir og ekkert annað. En það er fróðlegt að fá að vita líka hver er skerðingin á Kvikmyndasjóði.

Ég vil einnig fá að vita hver er skerðingin á Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég vil líka fá upplýsingar um hver er skerðingin á Fiskveiðasjóði, hver er skerðingin á Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, hver er staða Bjargráðasjóðs og hver er skerðingin þar.

Í frv. er gert ráð fyrir að framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra verði aðeins 40 millj. á þessu ári. Það er gífurleg skerðing á þeim sjóði. Nú skilst mér að hæstv. fjmrh. hafi veitt aukafjárveitingu í Framkvæmdasjóð fatlaðra núna eftir að fjárlögin voru samþykkt. Ef það er, þá er eðlilegt að sú tala sé hér inni og hver er skerðingin sem þarna er gerð tillaga um.

Ég vil fá að vita hvaða skerðingu er um að ræða til Hafnabótasjóðs og ég vil fá upplýsingar um hvaða skerðingu er um að ræða til Félagsheimilasjóðs.

Þessar upplýsingar eiga allar að liggja fyrir og það er óþarfi fyrir fjmrh. að draga það stundinni lengur að leggja fram þessar upplýsingar vegna þess að hann hlýtur að vera með þetta með sér.

Þá kem ég að 24. gr. þessa frv. Þar er gert ráð fyrir að skera niður framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og takmarka það við 635 millj. kr. Fyrir nokkrum dögum var rætt um niðurfellingu landsútsvars af olíu hér í Nd. Þá spurði ég hæstv. forsrh. að því hvort það ætti að bæta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þennan missi að einhverju leyti upp. Ég vildi gjarnan að hæstv. félmrh. væri hér nærri þegar þetta mál er rætt. Gæti hæstv. forseti athugað hvort hæstv. félmrh. er í húsinu? (**Gripið fram í:** Hann er mættur.) Já, hæstv. félmrh. Ég vildi spyrja félmrh. út í 24. gr. frv. til lánsfjárlaga. Þar er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái ekki nema 635 millj. af söluskattstekjum á þessu ári. Fyrir nokkrum dögum var rætt um að lækka eða fella niður landsútsvar af ýmsum aðilum til að lækka verð á olíu og þá spurði ég forsrh. hvað gert yrði til að bæta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga upp þetta tekjutap. Ég spurði hann: Verður talan í lánsfjárlagafrv. hækkuð? Hann svaraði að það yrði gert. Hér er óbreytt tala enn þá. Ef hæstv. forsrh. vill standa við orð sín í þessu efni verður auðvitað að breyta þessari tölu eða þá a. m. k. að tryggja að hann gefi fullnægjandi skýringar á málinu. Ég hygg að hann hafi ekki farið í grafgötur með það um hvað hann var spurður. A. m. k. svaraði hann greitt. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að fara yfir þessa umr. í hv. Nd. til að glöggva sig á því hvað forsrh. sagði um þetta efni sem tvímælalaust hlýtur að þýða hækkun á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að einu atriði sem reyndar kemur ekki fram í frv. til lánsfjárlaga og er nýlegt mál. Fyrir nokkrum dögum birtust fréttir í blöðum um að fyrirtækið Hagvirki hefði boðið samgrh. að taka að sér að leggja slitlag á veginn til Akureyrar, það sem eftir er af þeim vegi, um 150—170 km, og Hagvirki hefði boðist til að ljúka þessu verki fyrir árslok 1987, ég hygg sjö eða átta árum fyrr en gert er ráð fyrir í vegáætlun. Nú er þetta í sjálfu sér ekki mjög girnilegt tilboð nema fyrst og fremst vegna þess hvað verkinu er flýtt og svo þess að Hagvirki býðst til að reyna að tryggja fjármögnun á þessu verki á innlendum skuldabréfamarkaði — verki sem jafnvel þyrfti ella að taka til erlend lán. Ég vona að hv. fjvn., sem fjallar um vegáætlun, hafi fengið þetta tilboð Hagvirkis til athugunar. Og ef það væri ætlun ríkisstj. að taka vel í þetta tilboð Hagvirkis er óhjákvæmilegt að á því máli verði tekið í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga. Það þarf auðvitað að reikna út hver þjóðhagslegur sparnaður er fólginn í þessari vegarlagningu á þ tta stuttum tíma, bæði fyrir þjóðina í heild og þá einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta, og það þarf að bera þann sparnað saman við ávinning af annarri fjárfestingu sem verið er að verja í milljörðum kr. skv. þessari lánsfjáráætlun. Ég held að hérna sé um að ræða mjög athyglisverða hugmynd. Mér dettur ekki í hug að slá því föstu að hún sé endilega 100% góð og gild, ég þekki málið ekki nægilega vel til þess, en mér finnst hugmyndin þó nægilega athyglisverð til þess að hún verði rædd á hv. Alþingi og til þess að tekin verði afstaða til hennar í tengslum við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og vegáætlunar sem á dagskrá verða hér á næstu vikum. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi kynnt sér þessa hugmynd um vegarlagningu til Akureyrar sem verði lokið á árinu 1987 og þá innlendu lánsfjáröflun sem gerð er tillaga um í þeim plöggum sem fyrirtækið Hagvirki hefur sent hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég get senn látið þessu máli mínu lokið. Það er bersýnilegt að í þessari lánsfjáráætlun eru engir heillegir þræðir. Lánsfjáráætlunin var að velkjast í Ed. í marga mánuði og á eftir að fá ítarlega meðferð í Nd. Nd. mun þó vafalaust eins og venjulega reyna að greiða fyrir málinu eins og kostur er. Ríkisstj. hefur gefist upp við að hafa nokkur markmið í efnahagsmálum, þ. e. að því er varðar erlendar lántökur. Ríkisstj. setur sér engar viðmiðanir í fjárfestingarmálum. Og ríkisstj., sem er skipuð mönnum sem mótmæltu harðlega lánshlutfalli upp á 32—33%, er núna búin að keyra það upp um 100%. Það er í 64—65% á sama tíma og þjóðarframleiðsla fer vaxandi. Þessi mál eru í rúst og þegar þeir þykjast ætla að fara að skera niður, formannadúett stjórnarflokkanna, er niðurstaðan í skötulíki. Þess vegna er þetta frv. í rauninni vottorð um misheppnaða fjármálastjórn, vottorð sem er lagt fram í Nd. Alþingis þegar tvö ár eru liðin frá þeirri stundu að kjósendur gengu að kjörborðinu og kusu yfir sig þá stjórn sem enn þá situr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 757, sem var of seint fram komin, samþ. með 21 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur rætt hér um lánsfjáráætlun almennt og ég hef engu við hans orð að bæta að sinni, hann gerði þar skýra grein fyrir helstu atriðum sem við Alþb.-menn gagnrýnum við þessa lánsfjáráætlun. En ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 757 brtt. við frv. til lánsfjárlaga sem ég ætlaði að gera grein fyrir í örstuttu máli. Þar er um að ræða að á eftir 9. gr. komi ný grein sem verði 10. gr. og orðist svo:

„Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum."

Hliðstæð till. var flutt í hv. Ed. við meðferð málsins þar sem hún hlaut því miður ekki þann stuðning sem þurfti til. Hins vegar urðu ýmsir þm. til þess að taka undir að hér væri nauðsynjamál á ferðinni og ég vænti þess að þessi till. fái vinsamlega skoðun í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar og vænti þess að menn sjái möguleika til þess að taka undir þetta mál sem hér er á ferðinni, þ. e. að gera fiskimjölsverksmiðjum kleift að ráðast í löngu tímabærar endurbætur varðandi mengunarvarnir og orkusparnað. Ég hef fyrr á þinginu flutt þáltill. ásamt hv. þm. Helga Seljan um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þar sem er að finna rökstuðning fyrir slíkum aðgerðum, og ég vísa til þess sem þar kemur fram og til þeirra umr. sem fóru fram um þetta mál. Ég hygg að þegar liggi fyrir í hv. atvmn. Sþ. margar umsagnir sem styðja þetta mál. Ég orðaði það svo við umr. um nefnda þáltill. að það væri ekkert

umhverfismál í rauninni brýnna fyrir jafnmarga en það að bæta úr því ástandi sem víða ríkir þar sem loðnubræðslur eru starfandi án þess að viðhlítandi mengunarvarnir séu til staðar. Það liggur einnig fyrir að aðgerðir af þessu tagi skila sér í bættum verðmætum afurðanna og í orkusparnaði, þannig að fjárfesting í slíkum búnaði á að skila sér betur en margt annað. Ég vænti þess að þessi till. fái stuðning að athuguðu máli í hv. fjh.- og viðskn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Samkvæmt lögum um stjórn efnahagsmála er ráð fyrir því gert að samtímis sé fjallað hér á hinu háa Alþingi um fjárbúskap ríkisins í heild, þ. e. fjárlög og lánsfjárlög, að lánsfjárlög séu lögð fram samtímis fjárlögum og um þau fjallað sem eina heild. Þetta styðst við augljós og eðlileg rök. Það má raunverulega lýsa lánsfjárlögunum sem afgangsstærðinni í ríkisbúskapnum, nánast eins og því sem sópað er undir teppið ef fjárlagaramminn sjálfur er sprengdur. Þess vegna styðst þessi lagasetning við augljós rök um hagkvæm og skynsamleg vinnubrögð. Árum saman í tíð margra ríkisstjórna frá því að þessi lög voru sett hafa þessi sjálfsögðu vinnubrögð verið höfð að engu. Þegar af þeirri ástæðu er algerlega út í hött að ræða ítarlega og í smáatriðum um lánsfjárlögin sjálf vegna þess að tillögugerð stjórnarandstæðinga hlýtur að koma fram við afgreiðslu fjárlaga og þegar þeim till. hefur verið hafnað standa menn frammi fyrir því að taka afstöðu til einhverra framkvæmda sem eru á óskalista manna, en það er búið að hafna þeirri útgönguleið að afla fjár til þessara framkvæmda með öðrum hætti en þeim að auka erlendar skuldir. Þegar af þessari ástæðu munum við Alþfl.-menn ekki taka þátt í atkvgr. um þessi lánsfjárlög, ekki aðeins í mótmælaskyni við efnislegt innihald þessara laga heldur ekki síður sem afleiðingu af því að þessum sjálfsögðu vinnubrögðum hefur verið hafnað eins og auðvelt er að færa rök fyrir.

Sé það vilji núv. hæstv. ríkisstj. að standa við þau fyrirheit sem hún taldi stærst í upphafi ferils síns, nefnilega þau að stöðva erlenda skuldasöfnun, getur hún ekki gert það með öðrum hætti en þeim að stokka upp ríkisbúskapinn strax við afgreiðslu fjárlaga og gera það samtímis og um leið og lánsfjárlög eru afgreidd. Ef menn vilja draga úr aukningu erlendra lána verða menn að mæta því vandamáli með öðru hvoru eða hvoru tveggja, niðurskurði á útgjöldum ríkisins eða annars konar innlendri tekjuöflun. Þegar þeirri leið hefur verið hafnað við afgreiðslu fjárlaga og menn standa frammi fyrir orðnum hlut um aukningu erlendra lána til þessara framkvæmda er ógjörningur fyrir stjórnarandstöðuna að gera annað en að segja einfaldlega: Berðu sjálfur fjanda þinn, hæstv. fjmrh.

Veruleikaflóttinn í efnahagsstjórn Íslendinga hefur staðið lengi og má lýsa honum á margan veg. Ein dæmisaga um það gæti verið á þessa leið:

Það er jafnárviss atburður í íslensku þjóðlífi og koma kríunnar að seðlabankastjórn kallar alla helstu ráðamenn þjóðarinnar á sinn fund, svona á útmánuðum, — það fer senn að líða að þeim árvissa atburði í íslensku þjóðlífi, — og þessi fundur heitir aðalfundur Seðlabankans. Þar hlýða ráðamennirnir á erkibiskups boðskap. Þangað er stefnt öllum ráðh. og öllum bankastjórunum og öllum kommissörunum og öllum ríkisforstjórunum, öllum mandarínum hins íslenska kerfis, til þess að hlýða á erkibiskups boðskap, þ. e. boðskap seðlabankastjóra.

Boðskapur seðlabankastjóra er ekki aðeins árviss heldur er hann ávallt hinn sami. Hann er þessi:

Seðlabankastjóri áminnir saman komna ráðamenn um að það sé mikið jafnvægisleysi sem einkenni íslenskan þjóðarbúskap og það sé mjög þung undiralda sterkra verðbólgutilhneiginga. Þess vegna ríði nú á sem aldrei fyrr að ráðamenn þjóðarinnar sýni festu og gangi á undan öðrum með góðu fordæmi um að ástunda hinar fornu dyggðir um sparsemi, ráðdeild og aðhaldssemi í opinberum rekstri. Það er áréttað að ástæður fyrir þessum verðbólgutilhneigingum séu fyrst og fremst þær að þjóðin hafi lifað um efni fram. Þess vegna eru ráðamenn sérstaklega áminntir um að sýna nú festu gagnvart hóflausum kaupkröfum lýðsins sem muni sliga þjóðarbúskapinn, raska jafnvæginu og stefna verðbólgunni til himinhæða. Að lokum eru saman komnir ráðamenn áminntir um að sýna nú festu sem aldrei fyrr gagnvart þessum hóflausu kaupkröfum kröfugerðarþjóðfélagsins vegna þess að það séu engir peningar til.

Ræður ráðh. hafa flestar verið eins og tilbrigði við þetta stef seðlabankastjórans síðustu áratugina. Þjóðin hefur lifað um efni fram. Forsendan fyrir því að halda jafnvægi og stöðugleika, endurreisa efnahagslífið, finna rekstrargrundvöllinn og það allt saman er að sýnd verði í verki sparnaðarvilji og aðhaldssemi í rekstri og menn eru áminntir um að stilla kröfum í hóf vegna þess að það eru engir peningar til.

Stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj., þegar hún settist að völdum, var tilbrigði við þetta stef. Menn voru áminntir um hrikalegar afleiðingar af efnahagsóstjórn þriggja vitlausra vinstristjórna og loforðin voru gefin. Núv. hæstv. ríkisstj. lofaði því í fyrsta lagi að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum, að stöðva hallarekstur í ríkisbúskapnum, að binda endi á aukningu erlendra skulda, stöðva erlenda skuldasöfnun og að draga úr og afmá að lokum viðskiptahalla í viðskiptum þessarar þjóðar við útlönd sem hefur verið óslitið öll árin frá 1971 nema eitt. Því næst átti að sjálfsögðu að finna rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Þessi loforð áttu að endurspeglast í jafnvægisstefnu á fjármálamarkaðinum með aðhaldssemi í aukningu peningamagns og hóflegum vöxtum. Þetta voru hin fögru fyrirheit.

Þetta frv. til lánsfjárlaga er enn ein staðfesting þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki bara mistekist eins og mörgum öðrum ríkisstj. hefur mistekist. Það er ekki hægt að kalla það mistök þegar ríkisstj. er uppvís að því að hún hefur ekki einu sinni uppi viðleitni til þess að standa við eitt einasta af þeim stóru og þýðingarmiklu kosningaloforðum sem hún gaf, enda finnst nú ekki sá kjarkmaður meðal sjálfstæðismanna, þrátt fyrir ályktanir á landsfundi, að hann treysti sér til að standa upp á mannfundum og halda því fram að ríkisstj. og sérstaklega stærsti flokkurinn, Sjálfstfl., hafi staðið við eitt einasta af kosningaloforðum sínum.

Sú saga er sögð að helstu mandarínar Sjálfstfl. hafi komið saman til fundar til að bera saman bækur sínar um hrun fjármálastjórnar ríkisins undir stjórn núv. hæstv. fjmrh. Þeir fóru yfir dæmið eins og það stendur í dag. Það var farið yfir það að gatið á hæstv. fjmrh. var í fyrra bara 2 milljarðar og rimpað upp í það með venjulegum aðferðum í hefðbundnum stíl með er-

lendum lánum. Síðan var á það bent að gatið á hæstv. fjmrh. í ár er í reynd 9 milljarðar þegar ríkisbúskapurinn er skoðaður í heild: Það er 735 millj. hallarekstur á fjárlögum sem ástæða er til að ætla að verði meiri og er óhætt að fullyrða að verði um milljarður. Í annan stað er um að ræða áform sem birt eru í frv. til lánsfjárlaga um nettóaukningu nýrra erlendra lána um tæpa 3 milljarða. Og loks er þess að minnast að s. l. ár var gert upp með tæplega 5 milljarða erlendum viðskiptahalla. M. ö. o.: 9 milljarða gat.

Þetta staðfestir að fjármálastjórnin hefur gersamlega mistekist, en það er ein af meginástæðunum fyrir því að þessari ríkisstj. hefur mistekist. Það er haldið áfram á sömu braut. Þess vegna var það að mandarínar Sjálfstfl., sem fóru yfir þessi mál ásamt með vaxtastefnu Seðlabanka og rekstrargrundvallarleysi sjávarútvegs, spurðu: Er raunverulega svo komið fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að hún sé komin í nákvæmlega sömu spor og fyrrv. hæstv. ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens sem sætti hvað þyngstum ákúrum af hálfu sjálfstæðismanna? Sagt er að formaður ráðherraflokks þeirra sjálfstæðismanna hafi loksins kveðið upp úr með það að þetta væri rétt greining, það væri komið eins fyrir þessari hæstv ríkisstj. og fyrir fyrirrennara hennar sem hún átti þó að leysa af hólmi til að snúa blaðinu gersamlega við vegna þess að Sjálfstfl. aflaði sér fylgis í seinustu kosningum út á það fyrst og fremst að hann hefði til að bera burði, kunnáttu og ábyrgð til þess að snúa þessari efnahagsþróun við.

Fyrir seinustu kosningar voru þeir sjálfsæðismenn fremstir í flokki þegar þeir vönduðu um við þjóðina, brýndu hana um alvöru þess máls að við værum skuldugasta þjóð í heimi. Þá stefndi allt í það að langtímaskuldir okkar nálguðust 60% árlegrar þjóðarframleiðslu. Á það var minnt að allt of stór hluti af árlegri gjaldeyrisöflun okkar færi í að greiða afborganir og vexti af erlendum skuldum. Á það var minnt að búið væri að veðsetja lífskjör þjóðarinnar fram í tímann vegna erlendrar skuldasöfnunar. Og loforðin voru, eins og ég sagði, að þessu skyldi snúið við, nú skyldi stóri flokkurinn, Sjálfstfl., sýna að hann hefði vit á fjármálum og láta verkin tala og sýna fram á þann mun sem væri á þegar sjálfstæðismenn stýrðu þjóðarskútunni af reynslu sinni úr fjármálalífinu eða hinar vitlausu og glötuðu vinstristjórnir sem lifðu í draumheimum óskhyggjunnar og á linnulausum flótta undan hörðum staðreyndum veruleikans.

Hrun þessara fyrirheita, hinar stórkostlegu vanefndir þessarar ríkisstj. staðfesta að það var réttur úrskurður sem upp var kveðinn á fundinum góða. Núv. ríkisstj. hefur haldið áfram á nákvæmlega sömu leið og fyrirrennari hennar, þ. e. við sökkvum og sökkvum, dýpra og dýpra í fenið.

Þetta er ekki upprifjun á staðreyndum um liðna tíð, þetta er fyrst og fremst hrollvekja um það sem fram undan er því að þegar svo er komið að af hverjum fjórum fiskum sem dregnir eru á land eru tveir eyrnamerktir erlendum lánardrottnum í formi greiðslna á vöxtum og afborgunum skulda og vegna nauðsynlegrar gjaldeyrisnotkunar sjávarútvegsins sjálfs, þá sjá menn í hendi sér að þessar staðreyndir munu móta efnahagsþróun og lífskjaraþróun á Íslandi á næstu árum. Svigrúmið til að snúa við er sífellt að minnka. Við getum ekki ævinlega treyst því að skaparinn sendi okkur í mildi sinni happdrættisvinning í formi aukins afla eða bættra viðskiptakjara. En ef það gerist ekki er alveg sýnt að þegar þessi ríkisstj. loksins leggur upp laupana skilur hún eftir sig enn þá meira þrotabú en fyrirrennari hennar. Vandinn að snúa af þessari braut glötunar verður enn þá erfiðari viðfangs.

Hrikalegustu staðreyndirnar um þessi lánsfjárlög eru að hér er enn gert ráð fyrir að auka mjög verulega erlendar skuldir. Það stefnir í að langtímaskuldir okkar verði enn hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu okkar. Það stefnir í að greiðslubyrðin af þessum skuldum verði enn þá hærra hlutfall af gjaldeyrisöflun okkar.

Alvarlegasti þáttur þessa máls er vafalaust orkugeirinn. Meira en helmingur af öllum þeim erlendu lánum sem takin hafa verið á undanförnum árum hafa verið notuð til að fjárfesta í orkumannvirkjum og orkudreifingarkerfum. Þetta hefur verið gert þrátt fyrir þá staðreynd að nú er svo mikil umframorka í þessu kerfi að samsvarar heilli stórvirkjun og þetta hefur verið gert með þeim hætti að ráðh. þessara mála hafa látið sér það sæma að beygja sig undir kröfu heimtufrekra kröfugerðarhópa, eins og t. d. varðandi Blöndu, með því að greiða úr sameiginlegum sjóðum okkar að ástæðulausu stórfé til hagsmunahópa með þeim afleiðingum að sérfræðingar áætla að framleiðslukostnaður orku frá Blöndu verði af þessum sökum einum a. m. k. 2 millidölum hærri en ella, en það gæti einmitt skipt sköpum um hvort þessi orka er seljanleg eða ekki.

Annað hrikalegt dæmi um ábyrgðarlausa fjármálastjórn gerðist í fyrra þegar ráðh. létu sér það sæma í tímahraki og vandræðum sínum út af gatinu á hæstv. fjmrh. að taka erlent lán að upphæð 190 millj. kr. á dýrum dollaravöxtum til að endurlána til langs tíma á niðurgreiddum vöxtum til þess að ná endum saman í húsnæðismálum. Bara við seinustu gengislækkun hækkaði kostnaðurinn af þessu láni um 60 millj. í einu vetfangi. Nú er enn stefnt í það að reyna að leysa þessi mál, ekki með innlendri fjáröflun heldur með auknum erlendum lántökum.

Nú er fljótsagt að fjármögnun húsnæðislánakerfisins með þeim hætti að vísa byggingarsjóðum ríkisins og verkamanna á lánamarkað innanlands hefur þegar brugðist. Sú stefna var tekin upp árið 1980 í ráðherratíð þeirra Alþb.-manna í fjmrn. og húsnæðismálarn. og hefur haft alveg hörmulegar afleiðingar. Þarna var tekin upp sú stefna að ætla að fjármagna útlán byggingarsjóðanna með því að láta þá taka lán á innlendum lánsfjármarkaði, lán á hærri vöxtum og til skemmri tíma en þau eru aftur lánuð út á. Vaxtamunurinn hefur nú leitt til þess að svokallaðir tekjustofnar eru orðnir að útgjaldaliðum. Nú stefnir t. d. í það í fyrsta sinn að Byggingarsjóður ríkisins greiði á þessu ári til baka af skuldum, sem núna eru orðnar fyrir báða sjóðina um 3.3 milljarðar, hærri upphæð til lífeyrissjóðanna en hann fær í skuldabréfum frá sjóðunum. M. ö. o.: þá væru allir helstu tekjustofnar húsnæðislánakerfisins orðnir neikvæðir. Það eru engin framlög frá Atvinnuleysistryggingasjóði, skyldusparnaðurinn er neikvæður sem nemur háum upphæðum og nú er trúlegt að það verði meiri greiðslur til baka til lífeyrissjóðanna en fást frá þeim. Þá er vandinn leystur, bilið brúað með því að leita á erlendan lánamarkað. Það er ástæðulaust að hafa um þetta stór orð. Þetta er með öllu ábyrgðarlaus fjármálastjórn. Hún er í anda þeirra ráðleysingja fyrri

tíðar sem sögðu: Það flýtur á meðan ekki sekkur og það lafir á meðan ég lifi. Fjandinn hirði svo afleiðingarnar. Það eru aðrir sem eiga að taka við.

Ég sagði áðan að það væri ógerningur fyrir stjórnarandstæðinga, sem hafa allt aðra stefnu í ríkisfjármálum en hér er boðuð, að koma henni til skila með sérstakri tillögugerð þegar kemur að afgreiðslu lánsfjárlaga. Ástæðan fyrir því er sú að stjórnarandstæðingar hljóta þegar við afgreiðslu fjárlaga að flytja sínar till. Þær geta lotið annars vegar að tillögugerð um að draga úr ríkisútgjöldum eða að tillögugerð um að auka innlenda tekjuöflun. Ég rifja upp að við afgreiðslu fjárlaga gerðum við þm. Alþfl. hvort tveggja. Við lögðum þá til að tekjuöflun ríkissjóðs yrði aukin með ýmsum leiðum til að koma í veg fyrir að við þyrftum, til þess að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir, að leita áfram í vaxandi mæli á erlenda lánsfjármarkaði. Ég rifja upp að við lögðum til að hækka skattheimtu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði um 85 millj. kr. Við lögðum til að auka skatta á innlánsstofnanir um 75 millj. kr. Við lögðum til að hluti af áætluðum hagnaði Seðlabankans yrði tekinn í ríkissjóð, þ. e. 90 millj. kr. umfram það sem áætlað er. Því næst lögðum við til breytingar á skattakerfi söluskatts sem hefði leitt til þess með niðurfellingu á undanþágum að tekjur ríkissjóðs af söluskatti hefðu aukist um 2 milljarða kr. Og við lögðum til, eins og við höfum lagt til í þáltill. á þinginu í vetur, að tekin yrði upp til tveggja ára nýr stighækkandi eignarskattsauki á u. þ. b. 12—15% þeirra stóreignafyrirtækja og stóreignamanna sem fyrst og fremst hafa komist yfir þessar stóreignir í skjóli óðaverðbólgu, neikvæðra vaxta og hins hripleka skattakerfis á undanförnum verðbólguáratug. Þar með lögðum við til að tekjuöflun ríkissjóðs yrði aukin um 3.2 milljarða kr. allt í allt. M. ö. o.: það er ámóta upphæð og hér er verið að leggja til að verði aflað með nýjum erlendum lánum til að binda framtíðinni enn þá þyngri byrðar og til að árétta að hæstv. ríkisstj. meinti ekkert og meinar ekkert með yfirlýsingum sínum um að það sé lífsnauðsyn þessari þjóð að snúa við blaðinu, að stöðva hinar erlendu lántökur umfram brýnustu endurfjármögnun eldri lána.

Það er ekki einasta að við höfum lagt til aukna tekjuöflun til að koma í veg fyrir það neyðarbrauð að auka enn erlendar lántökur. Við höfum lagt til á þessu þingi, bæði í fyrra og í ár, allt annars konar tillögur um fjáröflun vegna húsnæðislánakerfisins. Við höfum margsinnis flutt till. um uppstokkun fjárlaganna að því leyti að við höfum flutt till. um að draga úr stórum útgjaldaliðum sem nú eru og færa það fjármagn til annarra nota. Ég nefni hér sem dæmi: Hversu lengi höfum við ekki bent á að þjóð sem er einhver hin skuldugasta í heimi, sem hefur veðsett þjóðarframleiðslu sína og lífskjör erlendum lánardrottnum, hefur ekki efni á því, hreinlega ekki efni á því, að verja allt að 600 millj. kr. til matargjafa til útlendinga, reyndar einhverra efnuðustu nágrannaþjóða okkar, Bandaríkjanna, Skandinavíu, Bretlands og Þýskalands? Þessum peningum væri mun betur varið til annarra hluta. Og það er engin árás á réttmæta hagsmuni bænda þó að á þetta sé bent og það er búið að benda á þetta áratugum saman, en talað hér fyrir daufum eyrum.

Við höfum bent á ýmislegt í fjárlögum ríkisins sem kenna má við velferðarkerfi fyrirtækjanna, þ. e. framlög til atvinnustarfsemi sem engin ástæða er til annars en að standi undir sér sjálf, selji vörur eða þjónustu á því verði að ekki þurfi að koma til millifærslur og niðurgreiðslur skattgreiðenda. Velferðarkerfi fyrirtækjanna tekur a. m. k. 2—2½ milljarð kr. í fjárlögum ríkisins. Við höfum jafnframt nefnt að ef við meinum eitthvað með því, sem við segjum, að við þurfum að draga úr erlendri lánsfjáröflun, þá getum við því aðeins staðið við það í verki að við komum fram með tillögur með niðurskurð á ríkisgeiranum, tillögur um að sneiða fituiagið af þessum margumræddu ríkisgeira, m. ö. o. tillögur um að færa tekjur frá ríkinu til atvinnulífs og einstaklinga, m. a. með þeim rökum að oft og tíðum er farið býsna illa með fé í þessum ríkisgeira. Þegar um er að ræða að hagkvæmnisrök bendi til þess að einhver starfsemi á vegum ríkisins sé betur komin í höndum einkaaðila er það sjónarmið hvorki til hægri né vinstri, heldur einfaldlega í þágu þjóðarinnar og í þágu skattgreiðenda og í þágu launþega alveg sérlega að þessi starfsemi sé ekki styrkt eða henni haldið uppi á sköttum almennings, heldur látin standa undir sér sjálf. Þetta er ekki spurning um hugmyndafræði. Þetta er einfaldlega spurning um hagfræði.

Ef hæstv. fjmrh. hefði eitthvað meint með loforðum sínum, sem hann er orðinn frægur fyrir að hafa gefið í tíma og ótíma, um að hann ætlaði að segja af sér ef hlutfall erlendra langtímalána af þjóðarframleiðslunni færi yfir 60%, þá hefði hann náttúrlega sýnt það í verki því að kjörorðið á að vera að láta verkin tala. Og hann hefði sýnt það strax í fyrstu fjárlögum sínum og afdráttarlaust í þeim fjárlögum sem hann lagði til nú. M. ö. o.: þá hefði hann lagt fram tillögur um hvort tveggja að skera niður útgjöld ríkisins, láta þar koma fram þau sjónarmið sem ráðandi eru innan ríkisstj. um hvað ætti að hafa þar forgang og í annan stað hugsanlegar tilögur um að afla innanlands aukinna tekna til þess að hann stæði ekki frammi fyrir þessum vanda sem afgangsstærð þar sem hann getur ekki staðist ágang þrýstihópa og samstarfsaðila að sópa öllu undir teppið, að leysa vandann á kostnað framtíðarinnar, að auka vandann með nýjum, auknum erlendum lántökum. Þetta hefði átt að vera tiltölulega auðskilið mál fyrir hæstv. fjmrh. sem helsta talsmann Sjálfstfl. sem í orði kveðnu segist einmitt vera þessarar sannfæringar og þessarar skoðunar sem kemur fram á landsfundum og á tyllidögum og áréttar það í yfirlýsingum sínum að þetta sé stefna Sjálfstfl. En það virðist vera óvinnandi vegur að láta verkin tala og óendanlega löng leið frá landsfundinum í Laugardalshöll til fjmrn., Albert Hall við Lindargötu.

Það er e. t. v. sérstök ástæða til að rifja einu sinni upp fyrir hv. þm. ummæli hins unga og snjalla hagfræðings þeira sjálfstæðismanna, hagfræðings Vinnuveitendasambandsins og helsta ráðgjafa formanns Sjálfstfl., þegar hann lítur til baka yfir óstjórnartímabil þríflokkanna, framsóknar, Alþb. og Sjálfstfl., og kemst að þeirri niðurstöðu að fórnarkostnaður þessa áratugar væri u. þ. b. 25 milljarðar kr., þ. e. nákvæmlega sama upphæðin og fjárlög ríkisins eru í ár, þriðjungur af okkar þjóðarframleiðslu. Rök hans voru þau að ef öll þessi erlendu lán, sem við erum nú hér enn einu sinni að ræða, hefðu skilað okkur lágmarksarði, þ. e. ekki minni arði en gerðist á áratugnum næst á undan, værum við núna hvorki meira né minna en 25 milljörðum kr. ríkari

en við erum í dag. Þetta eru fjárlög ríkisins í heilu lagi, þriðjungur okkar þjóðarframleiðslu.

Ef þessir peningar væru til og ef þeir væru til ráðstöfunar værum við ekki að ræða svona lánsfjárlög. Þá væri ekki spurningin lengur um að auka enn á skuldasúpuna. Þá væru væntanlega forsendur fyrir því að draga úr lánum og byrja að greiða þau niður. Þá væri væntanlega auðfundnari rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna. Þá værum við væntanlega í stakk búin til þess að greiða ögn hærri laun en þá ölmusu, þriðju lægstu laun í Evrópu, sem nú þykir við hæfi að greiða vinnandi fólki á Íslandi fyrir heiðarlegt vinnuframlag. Þetta er fórnarkostnaður óstjórnarinnar. Spurningin er fyrst og fremst sú: Hvernig í ósköpunum stendur á því að mennirnir hafa ekkert lært af öllum þessum mistökum? Þessi lánsfjárlög staðfesta að þeir hafa engu gleymt og þeir hafa ekkert lært og þeir halda áfram á nákvæmlega sömu braut — norður og niður.

Auðvitað ættu þess að sjást merki í fjárlagagerð fjmrh. Sjálfstfl. að hann meinti eitthvað með margendurteknum kosningaloforðum, stefnuyfirlýsingum fyrir og eftir kosningar, sem fram hafa komið frá Sjálfstfl., um nauðsyn þess að skera niður í ríkisbúskapnum, um nauðsyn þess að breyta innlendri tekjuöflun á þann veg að við gætum hafnað þeirri leið að ætla að byggja efnahagsstarfsemina á að forða atvinnuleysinu með sívaxandi erlendri skuldasöfnun. Auðvitað ættu þess að sjást merki í fjárlagatillögum hans og ríkisbúskap hans að hann væri reiðubúinn að breyta á róttækari máta því spillta pólitíska skömmtunarkerfi sem leitt hefur af sér öll þessi mistök. Í reynd er óskiljanlegt með öllu hvernig á því stendur að fjármálapólitík núv. hæstv. ríkisstj. er nákvæmlega sama fjármálapólitíkin og kenna má við samstarfsflokkinn, þ. e. þessa framsóknarheimspeki um að láta hverjum degi nægja sína þjáningu, að ástunda pólitík með hugarfari veruleikaflóttans, að láta allt reka á reiðanum, taka aldrei nauðsynlegar ákvarðanir, breyta aldrei því sem breyta þarf, skilja ekki að það kerfi sem menn starfa í er meira og minna gagnslaust og ónýtt, skattakerfið að hruni komið vegna ranglætis og eins og gatasigti, húsnæðislánakerfið í rústum og meira að segja lífeyrisréttindakerfið — og á ég þá við lífeyrissjóðakerfið — himinhrópandi ranglátt. Það virðist vera einkenni á stjórnmálamönnum hægri flokkanna á Íslandi að þeir meina ekkert með því sem þeir segja. Stefnuyfirlýsingarnar eru bara upp á punt. Hugmyndafræðin er ekki til. Og þeir virðast ástunda þessa pólitík með þeim hætti að upphefðin ein og metnaðurinn eru nóg. Þeir eru svo víðs fjarri því að láta verkin tala sem verið getur. Þeir virðast alls ekki skilja, þeim virðist vera fyrirmunað að skilja að það er svo illa komið fyrir þessu þjóðfélagi að allur almenningur er búinn að gera sér það ljóst að ef við höldum áfram á þeirri braut sem mörkuð er í þessum plöggum hér getur tilraunin með lýðveldið Ísland ekki staðist mikið lengur. Ef við höldum áfram næstu fimmtán árin eins og við höfum gert s. l. fimmtán ár er það meira en lítil bjartsýni að gera sér vonir um að sú tilraun geti tekist. Þegar búið er að veðsetja lífskjör þjóðarinnar tíu ár fram í tímann erlendum lánardrottnum og haldið er áfram á sömu braut virðast þessir menn vera ósköp einfaldlega þannig vaxnir að heyrandi heyra þeir ekki og sjáandi sjá þeir ekki.

Það er auðvelt að koma með klisjur eins og þær að Sjálfstfl. sé andvígur skattahækkanaleið og Sjálfstfl. undir stjórn núv. fjmrh. muni ekki hækka skatta. Að vísu er auðvelt að benda á það að skattbyrði ýmissa hópa í þjóðfélaginu hefur aukist hlutfallslega. En skattbyrði þeirra sem fyrst og fremst tilheyra hinu óopinbera neðanjarðarhagkerfi hefur verið léttbærari í tíð þessarar ríkisstj. En kjarni málsins er þessi: Hvernig ætlar núv. ríkisstj. að standa við fyrirheit sín um að draga úr erlendri lánsfjáröflun ef hún ekki er tilbúin að gera neinar þær breytingar sem gera þarf til þess að það verði framkvæmanlegt? Það eru engar aðrar leiðir til en að skera verulega niður ríkisútgjöld, færa verulega til fjármuni, sem nú er illa varið í ríkiskerfinu, til annarra hluta sem við þurfum að verja til fjármunum. Þá er fyrst og fremst um að ræða fjárframlög til að byggja upp nýjar vaxtargreinar í atvinnulífinu sem gætu orðið til þess að standa undir batnandi lífskjörum eftir nokkur ár, niðurskurð á velferðarkerfi fyrirtækjanna og breytingar á skattkerfi vegna þess að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er alveg augljóslega að hruni komið. Það fer ekkert milli mála að tekjuskattakerfið er ranglátt. Stór hluti þjóðarinnar hefur vanist því og hefur tök á því að smokra fram af sér eða hafa sjálfdæmi um hvað hann greiðir raunverulega af sínum tekjum. Söluskattskerfið er hriplekt og sú eigna- og tekjutilfærsla sem átti sér stað á umliðnum tíu, fimmtán árum í skjóli óðaverðbólgunnar, í skjóli hinna neikvæðu vaxta, í skjóli þessa leka skattakerfis hefur leitt til þess að það er kominn fram á sjónarsviðið lúxusklassi, stóreignahópur, stóreignafyrirtæki sem hafa raunverulega fengið eignir sínar að verulegu leyti að gjöf frá þjóðfélaginu. Það eru ósköp einfaldlega stéttarlegir fordómar að berjast gegn því réttlætismáli að þessir aðilar greiði til baka til þjóðfélagsins hluta af þeim auði sem þeir hafa þegið að gjöf frá þjóðfélaginu.

En það vottar hvergi fyrir slíkri hugsun. Það vottar hvergi fyrir neinum breytingum. Það vottar hvergi fyrir neinum skilningi á því að þetta kerfi í heild sinni er að niðurlotum komið. Það er óskilvirkt, það er spillt, það er ranglátt. Það er raunverulega það sem er undirrótin að þeim trúnaðarbresti sem fyrir löngu er orðinn og er orðinn magnaður milli stjórnmálamanna og almennings í landinu, sérstaklega þess hluta hans sem færir allar fórnirnar, ber allar byrðarnar, en horfir um leið á þjóðfélagshóp sem hefur sagt sig úr lögum við hið opinbera þjóðfélag og nýtur forréttinda, ýmist löglegra eða ólöglegra.

Það er með þessum rökum, herra forseti, sem við lýsum þeirri afstöðu okkar að við munum ekki greiða atkv. um þessi lánsfjárlög. Við lýsum ábyrgð á hendur þeim ráðh. og þeirri ríkisstj. og þeim þingmeirihluta sem ætla enn einu sinni að stíga enn eitt ógæfuspor í þá átt að auka erlenda skuldasöfnun, binda komandi kynslóðum enn þyngri byrðar og gera þeim, sem taka eiga við og moka þennan flór, enn erfiðara fyrir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Reykv., hóf mál sitt með því að lýsa því yfir að hann mundi ekki taka þátt í afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985. Það færi betur ef Alþfl. gerði það að stefnu að taka ekki þátt í fjármálum almennt.

Hann talaði um niðurskurð ríkisútgjalda sem leið út úr ógöngum eða á hinn bóginn að auka tekjur ríkissjóðs

með skattlagningu sem hann taldi upp og einhverju fleiru, en hann sundurliðaði það ekki neitt.

Hann gat um að hægt væri að ná a. m. k. 2 milljörðum í nýjum ríkissjóðstekjum gegnum söluskattsaukningu. Hann er nú kominn niður úr 9 milljörðunum sem hann talaði um áður fyrr þegar hann talaði um að skattleggja bókstaflega allt, hvort sem það voru börn eða gamalmenni, sjúkir eða heilbrigðir. Þar með væri hægt að tvöfalda söluskattstekjur ríkissjóðs. Hann er þó farinn að vitkast á leiðum sínum um landið í leit að eiganda þess. Nú er þetta orðin 2 milljarða kr. söluskattsaukning. En ég vil gjarnan fá sundurliðun á því á hvaða vörutegundir eða þjónustu hann hefur þá hugsað sér að leggja þennan söluskatt. Ég tel að söluskattur sé þegar of hár. Ef hægt væri að lækka hann væri það mér meira að skapi en að auka hann þó að ég ætli ekki að tala um það sem um er pólitískur ágreiningur.

Þá eru hugsjónir eins og er að leggja á skatta, hvort sem það eru eignamenn eða aðrir. Ég er ekki á því að ráðast frekar en orðið er á stóreignamenn og fleiri. En með því móti telur hann að hann geti náð í viðbótar 3.2 milljarða til ríkissjóðs.

Ég veit ekki hvað hann á við þegar hann talar um velferðarríki fyrirtækja. Ég held að ákaflega fá fyrirtæki á Íslandi sýni verulegan hagnað. Það er ekki að mínu mati velferðarríki fyrirtækja. Ég held að við megum þakka fyrir á meðan þau fyrirtæki sem enn hanga uppi, miðað við það ástand sem hann lýsir af völdum stjórnleysis ríkisstj., lafi til þess að veita þeim aðilum, sem á vinnumarkaðnum eru, lífibrauð. Allt stangast þetta meira og minna á hjá virðulegum 5. þm. Reykv.

Hann talar um að Sjálfstfl. hafi verið sinni stefnu lítið trúr. Það hefur verið stefna Sjálfstfl. — og það má segja stefna þessarar ríkisstj. — að færa einmitt frá því opinbera yfir til einstaklinga. Það hefur hún gert. Ég sé fulla ástæðu til að rifja upp hér það sem hefur verið fært frá ríkinu yfir til einstaklinga með niðurfellingu eða lækkunum á ríkissjóðstekjum.

Þá vil ég fara yfir skatta sem hafa verið lækkaðir frá árinu 1983. Þetta er á verðlagi 1985 allt saman: Það var 380 millj. lækkun tekjuskatts á árinu 1985, þ. e. fyrsti áfanginn af þremur, en það eru alls 600 millj. Lækkun erfðafjárskatts er 15 millj. Niðurfelling á skatti þegar skattþegn hættir störfum, þ. e. þeir sem hafa náð eftirlaunaaldri, til viðbótar við það sem áður var var 30 millj. Sérstök lækkun skatts sjómanna árið 1985 — það var til lausnar kjaradeilunni — var 45 millj. Þetta eru um 1070 millj.

Síðan er endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts til sjávarútvegsins. Það eru 430 millj., verður þó líklega nokkru meira. Lækkun innflutningsgjalda af bifreiðum nam 65 millj. Lækkun tolla og vörugjalds af ýmsum nauðsynjavörum nam 90 millj. Og niðurfelling söluskatts af innfluttum vélum og tækjum til landbúnaðarafnota og niðurfelling tolla og söluskatts af tölvubúnaði nam 104 millj. Afnám 10% álags á ferðamannagjaldeyri nemur 130 millj. Niðurfelling gjalda til lækkunar olíuverðs er 23 millj. Þetta gera samtals 842 millj. til viðbótar við þá upphæð sem ég las upp áðan. Síðan kom hækkun söluskatts um 0.5%. Það eru 250 millj. Lækkun óbeinna skatta er þá samtals um 592 millj. og heildarlækkun skatttekna ríkisins vegna þessara aðgerða er þá 1662 millj. Það væri ákaflega gott ef menn sem eru sérfróðir í því að vera forsrh. og hafa sérhæft sig til þess að verða stjórnmálamenn færu með rétt mál einstöku sinnum. En þá er kannske til of mikils ætlast.

Þá gat hv. þm. um að skattbyrði til ríkisins hefði aukist og aldrei verið þyngri. Hér er ég með töflu allt frá 1978. Skattbyrði til ríkisins vegna beinna skatta frá árinu 1978 hefur aldrei verið lægri en nú. Árið 1978 var hún 6%, 1979 6.3%, 1980 5.9%, 1981 5.6%, 1982 6.1%, 1983 5.4% og 1984 5.1%. Og spáin fyrir 1985 er 4%. Ég gæti svo sem lánað hv. þm. þessa biblíu ef hann óskar eftir að kynna sér hvað rétt og satt er. Sjálfstfl. hefur því fyllilega staðið við kosningaloforð sín og það hefur Framsfl. gert líka í þessu stjórnarsamstarfi hvað þetta snertir.

Þetta voru þau tvö atriði sem hv. 5. þm. Reykv. kvað veikustu blettina á starfi þessarar ríkisstj. og er nokkuð traustvekjandi fyrir landsmenn alla að kynna sér málflutning hans og svör við honum.

Það er alveg rétt að 1983, við gerð og endurskoðun fjárlaga fyrir 1984, taldi ég ástæðu til að ætla að ríkisstj. hefði mistekist og mér bæri skylda til þess að segja af mér ef erlendar skuldir færu yfir 61% af heildarþjóðarframleiðslunni það árið. Ég reikna ekki með að hv. lærður stjórnmálamaður ætlist til þess að það gildi fyrir öll þau mörgu ár sem þessi ríkisstj. á eftir að gera fjárlög. (**SvG:** *Gilti það bara fyrir árið 1984?*) Það gildir fyrir það ár sem verið er að gera áætlun um hverju sinni. Fjárlög gilda bara fyrir eitt ár. Það er alveg útilokað að vita hver niðurstaða heildarþjóðarframleiðslu verður og hvernig prósentan endar á þessu ári. (**Gripið fram í:** Hvaða prósenta gildir fyrir þetta árið?) Ég er að segja að það er árið 1985. Þú veist ekki fyrr en framleiðsla ársins er þekkt hver hún verður að prósentu. Það getur vel verið að heildarþjóðarframleiðsla detti það mikið niður að prósenta í erlendum skuldum verði komin lagt upp úr öllu valdi án þess að þær aukist um eina krónu. Það getur líka vel verið að þjóðarframleiðsla aukist það mikið að þessi prósenta verði miklu minni án þess að aukast um eina krónu. Það fer allt eftir þjóðarframleiðslu úr því að það er miðað við hana. (Gripið fram í.) Nei, ég veit það ekki. Ég þekki ekki það mikið þína persónulegu hagi, kæri vinur. Þessari spurningu verður þú sjálfur að svara.

Ég ætla þá að svara nokkrum orðum hv. 3. þm. Reykv. Það er margt rétt sem hann sagði um þessi lánsfjárlög. Þau hafa breyst í þeirri löngu biðstöðu sem þau hafa verið í. Þegar ég lagði fram lánsfjáráætlun fyrst, í fyrra, var það gert á réttum tíma og lánsfjárlög afgreidd á réttum tíma. Í ár hefur afgreiðslan dregist. Ég skal viðurkenna að málflutningur minn, þegar afgreiðsla lánsfjárlaga dróst í höndum forvera míns, var byggður — ég sé það núna — á ákaflega ósanngjörnum hugmyndum sem ég hafði um þessi mál. Ég virði það við forvera minn að við umr. í Ed. kom í ljós að hann skilur vel þann vanda sem fjmrh. stendur frammi fyrir. Ég tek undir það að afgreiðsla lánsfjárlaga hefur dregist og tölur hafa breyst. Hvort þær hafa breyst þrisvar sinnum, það veit ég nú ekki, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., en þær hafa breyst og þær hafa einfaldlega breyst vegna þess að leiðréttingar á lánsfjáráætluninni voru nauðsynlegar. Þær eru fyrst og fremst gerðar til þess að lánsfjárlögin og lánsfjáráætlun séu sem réttust og hvort sem það er sætt eða súrt fyrir fjmrh. ber honum skylda til að taka því þó að hann sé

óánægður með niðurstöðuna. Aðalatriðið er að Alþingi fái að vita það sem rétt er en sé ekki blekkt.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma við þessa umr. í að svara hv. 3. þm. Reykv., en þó er ástæða til að fara í flýti yfir þó nokkra punkta sem ég hef tekið niður.

Það er einnig rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að að sjálfsögðu er ég óánægður með þessa töf. Þar af leiðandi er lægra á mér risið nú en var síðast. Það fer ekkert á milli mála. Það væri óeðlilegt ef svo væri ekki. Af hverju ætti ég að fara að reyna að verja það eitthvað? Það mundi enginn trúa mér ef ég færi að segja eitthvað annað. Ég segi ekki einu sinni að hv. 3. þm. Reykv. hafi gert tilraun til að slá undir belti. Þetta er satt.

Það er ýmislegt sem hv. þm. kallar hringlandahátt og talar þá um breytingar á tölum. Ég var að gefa þá skýringu að það er vegna þess að ég álít skipta mestu máli fyrir Alþingi og fyrir þjóðina alla að frv. sé sem réttast og aukaatriði sé hvort fjmrh. verður að éta eitthvað ofan í sig eða ekki í þeirri frumvarpsgjörð sem á sér stað. En það er langt frá því, eins og ég sagði þegar ég svaraði hv. 5. þm. Reykv., að hér sé einhver uppgjöf í efnahagsmálunum. Þetta eru innantómar fullyrðingar sem enginn trúir, ekki nokkur maður. Ég held að það sé áþreifanlegt þvers og kruss um þjóðfélagið að þessi ríkisstj. hefur einmitt náð árangri í efnahagsmálum. Verðbólgan — þrátt fyrir bakslög — fer niður vegna aðgerða ríkisstj. jafnóðum og henni er sparkað upp. Þetta er góð ríkisstj. Hún veit vel hvað hún er að gera og er á réttri braut í efnahagsmálum, hvað sem sérlærðir stjórnmálamenn segja — ég tala nú ekki um sérlærðir forsrh.

Ég vil ekki sem Ed.-maður meina að rangt sé að leggja frv. fram í Ed., þó að venjulega hafi það verið lagt fram í Nd. Ég held að Ed. hafi unnið ákaflega vel að þessu máli, enda kom það fram við alla afgreiðslu málsins og í umr. að þar munaði miklu um þá þekkingu sem Ed. býr yfir á fjmrn. Ed. er fyllilega starfi sínu vaxin ekki síður en Nd.

Það voru nokkrar spurningar. Það komu fram hjá báðum hv. þm., bæði hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv., nokkrar áhyggjur út af framlagi til húsnæðismála og af því að ég er með upplýsingar um það hvað framlagið hefur verið til húsnæðismála á árunum 1982—1983 og 1984—1985 ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þær upp.

Framlag til húsnæðismála árið 1982 var: til Byggingarsjóðs ríkisins 57 millj., til Byggingarsjóðs verkamanna 111 millj. Sem sagt: 1982 samtals 168 millj. Árið 1983 var framlag til Byggingarsjóðs ríkisins 142 millj. og til Byggingarsjóðs verkamanna 158 millj. Sem sagt: framlag til beggja 1983 300 millj. sléttar. Framlag til Byggingarsjóðs ríkisins 1984 var 200 millj. og framlag til Byggingarsjóðs verkamanna 200 millj. Sem sagt: heildarframlög 1984 400 millj. Árið 1985 er framlag til Byggingarsjóðs ríkisins 622 millj. og framlag til Byggingarsjóðs verkamanna 282 millj. eða 904 millj. Það hefur sem sagt hækkað frá 1982—1985 úr 168 millj. í 904, en frá 1984 til 1985 úr 400 upp í 904. Hér verður ekki svo lítil framlagsaukning til þessara sjóða og í þennan málaflokk þó að enn vanti þá aðila, sem standa í byggingum, peninga. En þetta er framlagið, þannig að ekki er hægt að segja að hér hafi verið dregið úr eins og víða annars staðar.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um sjóefnavinnsluna og gat um hringlandahátt í sambandi við það fyrirtæki. Það getur vel verið að það sé eitthvað til í því. Ég vil ekki taka undir það, en ég vil ekki heldur neita því. En það fé sem ætlað er á lánsfjárlögum nú er 50 millj. og af þeim eru 37 millj. til þess að standa í skilum með erlendar skuldir sem hvíla á fyrirtækinu. Hjá því verður ekki komist. Fyrirtækinu verður ekki heldur lokað strax. Það þarf aðdraganda og þar að auki þarf að ganga frá fyrirtækinu, vélum og öðrum búnaði og sjá um umsjón og fleira. Þar kemur mismunurinn sem er um 13—14 millj. Það skýrir 50 millj., virðulegi 3. þm. Reykv., og vona ég að það nægi sem svar.

Virðulegur þm., 3. þm. Reykv., taldi upp nokkra sjóði og óskaði eftir að fá skýringar nú þegar á niðurskurði á þessum sjóðum. Skal ég reyna að gera því nokkur skil.

Hann spurði þarna um skerðingu á Kvikmyndasjóði. Kvikmyndasjóður hefði skv. lögum, áætlað þó því hér er um söluskattstekjur og fleira að ræða, fengið um 32 millj. kr. ef framlög skv. lögum hefðu gengið til sjóðsins. En á fjárlögum eru áætlaðar 8 millj. Kvikmyndasjóður fékk á síðasta ári 6 millj. E. t. v. telur einhver eðlilegt stökk frá 6 millj. upp í 36—40 millj., en til eru aðrir sjóðir, sem ég veit að hv. 3. þm. Reykv. ber miklu meira fyrir brjósti því að við höfum starfað nokkuð saman að þeim sjóðum sem sjá þeim sem minni máttar eru í þjóðfélaginu farborða, og ég held að hann mundi heldur kjósa að aðrir sjóðir en Kvikmyndasjóður mundu fimmfaldast eða meira á einu ári. En á fjárlögum voru ætlaðar 8 millj. Það er ekki niðurskurður. Það er þó aukning frá árinu áður um 2 millj. En það er rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að aukafjárveiting er samþykkt upp á um 10 millj. kr., þannig að heildarframlag til Kvikmyndasjóðs er 18 millj. og töldu aðstandendur Kvikmyndasjóðs það nægja vel að svo stöddu miðað við verkefni.

Það var talað um niðurskurð á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Framlög hefðu skv. lögum orðið 180 millj., en fjárlög gera ráð fyrir 40 millj. kr. Það er 63% niðurskurður. Við gerðum samkomulag okkar á milli, held ég að megi segja, varðandi sjóðinn eða a. m. k. var ákveðin 10 millj. aukafjárveiting til að hækka það framlag.

Ég veit ekki hvort ég á að fara yfir alla þá sjóði sem hv. 3. þm. Reykv. vildi fá upplýsingar um. Ég er með langan lista yfir sjóði og ég hef afhent honum hann. Ég vona að það nægi sem svar nema aðrir þm. óski eftir að ég lesi þetta upp.

Þá var spurt um þróunarfélagið. Þróunarfélagið er í bígerð. Það er verið að ganga frá frv. um stofnun þróunarfélagsins. Í þessum lánsfjárlögum er gert ráð fyrir erlendum lántökum að upphæð 500 millj. kr. til að færa yfir í þróunarfélagið. Hv. 3. þm. Reykv. bað um sundurliðun á þessum 500 millj., hvernig það fé yrði notað. Þessar 500 millj. verða í umsjón Framkvæmdasjóðs þangað til þróunarfélagið hefur verið stofnað og meðan það fyrirkomulag er við lýði er það ríkisstj. sem tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr þessum sjóði. Ríkisstj. hefur þegar ákveðið eftirfarandi fjárveitingar og sundurliða ég það eftir beiðni hv. 3. þm. Reykv.: til rannsókna og tilrauna fari 50 millj., til Framleiðnisjóðs eða Búnaðarsjóðs 60 millj., til sjávarútvegssjóðs 50 millj., til Iðnlánasjóðs 50 millj., til Framkvæmdasjóðs

vegna lána þar til þróunarfélagið hefur verið stofnað eða hefur starfsemi sína 50 millj. og svo bíða þróunarfélagsins 240 millj. Að vísu er líklega búið að ráðstafa síðan þessi listi var gerður 50 millj. til viðbótar.

Að endingu spurði hv. 3. þm. Reykv. hvort fjmrh. hafi kynnt sér vegagerð til Akureyrar, þ. e. tilboð Hagvirkis. Ég hef ekki kynnt mér þetta tilboð, en framkvæmdastjóri fyrirtækisins kom á minn fund og sagðist hafa hug á að bjóða samgrh. að framkvæma þá vegagerð sem hér um ræðir, fullklára veginn norður til Akureyrar, og kvaðst geta undirboðið áætlun Vegagerðarinnar, eins og hún liggur fyrir og er um 1200 millj. ef ég fer rétt með, um þó nokkra upphæð. Ég man ekki alveg hvaða upphæð. (**SvG:** Það er 75%.) 75%, já. Í fréttum í kvöld var sagt frá tilboði frá öðrum verktaka um að fara 65% undir. En fjáröflunin og það lánsfé sem átti til að taka er ekki örugglega fyrir hendi. Ég get ekki með nokkru móti skilið að nú í lok apríl treysti nokkur maður sér til þess að fara á verðbréfamarkaðinn innanlands og tryggja fjármögnun í þessa framkvæmd fyrir fram á innanlandsmarkaði í samkeppni við skuldabréfasölu ríkissjóðs, í samkeppni við einkafyrirtæki og fjárfestingarfélög og í samkeppni við bankana sjálfa. Það getur vel verið að þetta sé hægt, en ég hef ekki trú á því. Það getur líka vel verið að hægt sé með því að bjóða betri kjör en ríkissjóður gerir í dag, en ríkissjóði er bara ætlað að taka við þessum kvöðum þannig að ef við gefum einkaaðila frjálst að bjóða út bréf á þeim kjörum sem hann er öruggur um að selja á og ríkissjóður tekur svo á sig greiðsluna, en í samkeppni við sömu kjör, hef ég meiri trú á því að bréfin sem ríkissjóður gefur út seljist. Ég hef ekki trú á því að það sé innlendur markaður fyrir þetta. Hitt er svo annað mál að ég tel líka mjög varasamt, eins og komið hefur fram hjá hæstv. samgrh., að ganga án útboðs í slík verkefni. Ég tel líka vafasamt að Alþingi, að þm. hinna ýmsu kjördæma mundu samþykkja að vegurinn norður væri forgangsverkefni í vegagerð fram yfir þá vegáætlun sem Alþingi hefur samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég hef nú talað lengur en ég hef ætlað mér, en ég vona að ég hafi með þessum orðum mínum, ásamt þeim gögnum sem ég hef afhent hv. 3. þm. Reykv., svarað þeim spurningum sem beint var til mín.

Forseti (Karvel Pálmason): Ég minni hv. þdm. á að ég lýsti því yfir í upphafi fundar í dag að ég hefði ekki ætlað mér að halda fund í kvöld nema frá kl. hálfníu til hálfellefu. Sú ákvörðun mín hefur ekkert breyst þó að að vísu séum við nú komin 10 mínútur fram yfir þann tíma. Enn er einn hæstv. ráðh. á mælendaskrá. Hæstv. félmrh. hefur beðið um einnar mínútu ræðutíma og tekur nú til máls.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það var út af fsp. sem kom til mín frá hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við sveitarfélögin þar sem hann taldi að ekki hefði verið gert ráð fyrir hækkun til þeirra í lánsfjárlögum vegna áforma um að fella niður landsútsvar af gasolíu og svartolíu sem gert er ráð fyrir að verði um 59 millj. kr. Ég vil benda hv. þm. á að í frv. til l. um lækkun sérstaks kostnaðarhluta útgerðar er gert ráð fyrir í 10. gr. að fella niður að hluta þennan tekjustofn sveitarfélaga. Þar er skýrt tekið fram að ákvæði þessarar greinar öðlist þegar gildi, en komi til framkvæmda við álagningu landsútsvara árið 1986 vegna sölu á árinu 1985. Í sambandi við þetta vil ég geta þess að nú er hafin endurskoðun á tekjustofnalögum sveitarfélaga þar sem áformað er að taka landsútsvarið til sérstakrar meðhöndlunar. Þetta hefur því ekki áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna árið 1985.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 73. fundur.

Þriðjudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verðuppgjör til bænda, fsp. 371. mál (þskj. 591). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 591 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um verðuppgjör til bænda. Sem eðlilegt er eru málefni bændastéttarinnar í landinu mjög til umræðu um þessar mundir. Staða hennar er með allra lakasta móti jafnvel um áratuga skeið. Fjármagnskostnaður og vaxtaokur hrjáir bændastéttina sem aðrar stéttir. Framleiðslusamdráttar ásamt misheppnuðu kvótakerfi, a. m. k. að hluta til, er íþyngjandi fyrir bændur. Niðurgreiðslur hafa verið stórlækkaðar í tíð núverandi ríkisstj. eins og kemur fram í skriflegu svari við fsp. sem hér var lagt fram í dag frá hæstv. landbrh., en samkvæmt því er kindakjöt nú 31% hærra vegna lækkaðra niðurgreiðslna heldur en verið hefði ef sama hlutfall hefði gilt og árið 1982. Mjólk er 43% hærri og smjörið er 51% hærra en verið hefði ef gilt hefði það niðurgreiðslustig sem var á árinu 1982. Margt fleira kemur þar fram sem hér verður ekki upp talið.

Sú fsp. sem ég ber hér fram varðar verðuppgjör til bænda. Endanlegt verðuppgjör til bænda hefur dregist úr hömlu undanfarin tvö ár vegna tveggja síðustu verðlagsára. Þannig lá uppgjör vegna verðlagsársins 1983—1984 ekki fyrir fyrr en um mánaðamót janúar—febrúar s. l. eða nærri hálfu ári eftir að verðlagsárinu og viðkomandi framleiðslutímabili lauk. Sá glaðningur sem barst bændum þá seint og um síðir fól í sér verulega skerðingu á verði til þeirra og það enda þótt menn hefðu ekki farið neitt fram úr umsömdu búmarki eða kvóta. Þá kom þarna til skerðingar annað árið í röð. Og þessi skerðing kemur beint á launalið viðkomandi bónda, af öðru er þar ekki að taka. Verðlagsárið á undan var þarna einnig um skerðingu að ræða og hafa verið reiddar fram af Framleiðsluráði landbúnaðarins upplýsingar um það. Á því verðlagsári vantaði á bilinu 5—10 kr. á hvert kg kjöts á þáverandi verðlagi á að fullt verð fengist hjá ýmsum afurðasölufélögum eða sláturleyfishöfum.

Þessar niðurstöður, sem þannig berast bændum seint og um síðir, gera þeim að sjálfsögðu erfiðara fyrir um að skipuleggja sinn búrekstur og breyta til um áherslur og því er afar tilfinnanlegt þegar svo tekst til, eins og

raun ber vitni, að þetta uppgjör kemur ekki fyrr en komið er fram á næsta verðlagsár og það verulega. Slíkir uppgjörshættir eru alveg óþolandi fyrir bændastéttina, ekki síst í þeirri þröngu stöðu sem hún nú býr við að miklum hluta. Ég inni hæstv. landbrh. eftir því í fyrsta lagi: Hvað olli því að uppgjör á endanlegu verði til bænda fyrir verðlagsárið 1983—1984 lá ekki fyrir fyrr en í janúar 1985? Og í öðru lagi: Er að vænta breytinga á endanlegu uppgjöri, m. a. til að auðvelda bændum skipulagningu á búrekstri?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 591 eru fsp. frá hv. 5. þm. Austurl. um verðuppgjör til bænda sem ég hef fengið svör við frá Framleiðsluráði landbúnaðarins. Við fyrri lið fsp.: Hvað olli því að uppgjör á endanlegu verði til bænda fyrir verðlagsárið 1983—1984 lá ekki fyrir fyrr en í janúar 1985? er eftirfarandi svar:

Skýringar á drætti uppgjörsins eru margar en þessar helstar:

a. Ekki er unnt að ákveða forsendur verðskerðingar, uppgjörsreglur, fyrr en séð er hver er heildarframleiðsla á mjólk og sauðfjárafurðum á verðlagsárinu. Verðlagsárinu lýkur 31. ágúst. Skýrslur um innvigtun mjólkur í ágúst koma í venjulegu þjóðfélagsástandi síðari hluta september. Nú í haust skullu verkföll opinberra starfsmanna í póstþjónustu á áður en allar skýrslur höfðu borist og því töfðust skýrsluskilin nokkurn tíma. Þær skýrslur sem voru komnar í póst en komust ekki til skila þurfti að gera að nýju og senda með sérstökum hætti til Framleiðsluráðs. Þetta tafði a. m. k. um 3—4 vikur allan undirbúning að gerð uppgjörsreglna. Einnig þurfti að leggja mat á verðgildi birgða af kindakjöti frá haustinu 1983 og mjólkurvara sem til voru í lok ágústmánaðar, en þær birgðir voru með mesta móti. Uppgjörsreglur voru til meðferðar á fundi Framleiðsluráðs landbúnaðarins 26. október og voru þá samþykkt frumdrög að vinnureglum en endanleg afgreiðsla þeirra frá Framleiðsluráði var gerð á fundi 23. nóvember og var sú afgreiðsla staðfest af landbrn. 28. nóvember.

b. Allmikið ber á því að þær upplýsingar sem fyrirtækin senda Framleiðsluráði séu með ágöllum, sem reynt er að leiðrétta meðan á úrvinnslu stendur, svo að eins litlar villur verði í uppgjörinu frágengnu og frekast er kostur. En verkfall opinberra starfsmanna hjá Pósti og síma olli tregðu á að þessar leiðréttingar gætu gengið eðlilega í haust.

c. Allur tíminn á s. l. ári var notaður eins og unnt var til að tölvusetja upplýsingar og leiðrétta gögn jafnóðum og þau bárust frá fyrirtækjunum. Þessari úrvinnslu var lokið í september í þeim tilvikum öllum þegar gögn höfðu borist. En eins og fyrr segir vantaði ágústskýrslur mjólkur frá nokkrum fyrirtækjum og komu þær seinna til úrvinnslu en ætlað var af fyrrnefndum ástæðum.

d. Gerðir voru frumútreikningar með mismunandi verðskerðingarforsendum og var þeim útreikningum lokið þegar uppgjörsreglur voru ákveðnar hjá Framleiðsluráði 23. nóvember. Útreikningum samkvæmt uppgjörsreglunum var lokið hjá Framleiðsluráði í lok nóvember og þeir sendir mjólkursamlögum og sláturleyfishöfum með bréfi dagsettu 29. nóvember 1984. Þá fór í hönd helgi og útsending uppgjörsins var mikið verk. Ekki var lokið fyrr en í fyrstu viku desember að koma því í póst til viðtakenda.

e. Desembermánuður er víða mikill annamánuður hjá verslunaraðilum. Framgangur uppgjörsins heima hjá aðilum fer mikið eftir skilvirkni bókhaldsfyrirtækjanna. Mörg luku uppgjöri fyrir framleiðendur fyrir áramót. En sjálfsagt hefur það verið eitthvað mismunandi og hjá sumum þeirra hefur það vafalaust dregist fram yfir áramótin.

Við 2. spurningu er eftirfarandi svar: Það útreiknings- og uppgjörskerfi sem unnið er eftir getur ekki skilað uppgjöri með verulega meiri hraða en verið hefur. Til að meiri hraði geti orðið á uppgjöri þarf að skipta framleiðslurétti, búmarki hvers framleiðanda í mjólk á mánuði framleiðsluársins og hvern mánuð upp sjálfstætt. Einnig þarf að loka fyrir tilfærslur á milli búgreina í blönduðum búum. Þá er unnt að ljúka uppgjöri sauðfjárafurða sjálfstætt, en vandamál við að flýta því uppgjöri eru þær óseldu birgðir sem verið hafa miklar í lok hvers verðlagsárs undanfarin ár. Stöðvun á tilfærslurétti milli búgreina í blönduðum búum mundi leiða af sér mun lakari nýtingu búmarksréttinda hjá slíkum bændum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Leyfð hefur verið tilfærsla um 15% af rétti hvorrar búgreinar til hinnar, hafi svo mikið verið ónotað í annarri greininni. Margir framleiðendur á blönduðum búum gera kröfur til þess að þessi réttur þeirra haldist og því hefur ekki verið horfið að breytingu í þessu efni. En breyting í þá veru mundi einfalda og auðvelda uppgjörið og ef til vill flýta því eitthvað.

Við þetta svar Framleiðsluráðs vil ég aðeins bæta því að núverandi ríkisstj. hefur ákveðið að gera ráðstafanir til þess að flýta uppgjöri eða greiðslum til bænda þannig að stærri hlutur geti komið mjög fljótt til bænda eftir að innlegg hefur farið fram og við það er miðað í því frv. til laga um framleiðslumál landbúnaðarins sem nú er verið að ganga frá. Þess er að vænta að þegar sú skipan kemst á muni bændur fá fyrr í hendur andvirði afurða sinna heldur en nú er.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann veitti hér varðandi þær tafir sem orðið hafa á uppgjöri við bændur vegna liðins verðlagsárs. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. þá staðfesti hann þann mikla drátt sem varð á þessu uppgjöri. Ein helsta skýringin var verkfall opinberra starfsmanna sem ríkisstj. á að sjálfsögðu sinn hlut í að kom til og varð langvinnt. En það svarar þó ekki nema hluta af þessum drætti því að mér er kunnugt um að það var jafnvel komið fram í febrúarmánuð þegar bændur t. d. á Austurlandi fengu endanlegt uppgjör í hendur. Og þá þurftu sumir þeir sömu að endurgreiða í rauninni það sem reiknað hafði verið með að þeir fengju í tekjur vegna liðins framleiðsluárs. Hér er um beina skerðingu að ræða á kaupi bóndans.

Það er út af fyrir sig goðra gjalda vert að hugsað er til þess að breyta þessu kerfi því að við það er ekki búandi af hálfu bænda. Að sjálfsögðu þarf að koma þessum málum í það horf að bóndinn viti fyrir fram hvaða tekjur hann á í vændum af búrekstri sínum á komandi framleiðsluári en ekki að hann fái uppgjörið þegar því er lokið. Það er vissulega góðra gjalda vert ef menn geta fyrr en seinna komið málum í það horf. Í sambandi við verðskerðinguna, sem margir bændur hafa þurft að þola varðandi afurðir framleiddar skv. búmarki, er vert að hafa í huga hinn mikla milliliðakostnað sem vinnslu-

stöðvarnar og afurðasölufélögin taka til sín. Ég hef t. d. hér handa á milli upplýsingar varðandi 10 sláturleyfishafa þar sem launin vegna sláturkostnaðar voru 4,25 kr. á kg vegna verðlagsársins 1982—1983 en skrifstofu- og heildsölukostnaður nam nokkurn veginn sömu og þó ívið hærri upphæð en allur launakostnaðurinn, þ. á m. heildsölukostnaður SÍS 1,69 kr. á kg og annar skrifstofu- og heildsölukostnaður 2,59 kr. Hér er um þætti að ræða sem fyllsta ástæða er til að fara ofan í þegar litið er á þá verðskerðingu sem margir bændur hafa mátt þola og er tekin beint af kaupi þeirra.

Egill Jónsson: Herra forseti. Þessi fsp. gefur ekki tilefni til mikilla umræðna. En ég mætti kannske minna hv. fyrirspyrjanda á það að það sem hann gagnrýndi mest í máli sínu var sett inn í framleiðsluráðslögin, ákvæði sem þar að lúta, árið 1979. Og hv. fyrirspyrjandi var einmitt ráðherra í þeirri ríkisstj. sem þá var við völd.

Úrbætur í sjávarútvegi á Suðurnesjum, fsp. 385. mál (þskj. 622). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur ríkt mjög slæmt atvinnuástand á Suðurnesjum um þó nokkurt tímabil þó að heldur hafi ræst úr í bili. Um þetta hefur verið fjallað á ýmsum fundum í þessu byggðarlagi, m. a. á fundi sem haldinn var um miðjan febrúar á vegum alls þess fólks sem starfar í sjávarútvegi á þessu svæði, atvinnurekenda, verkafólks og útgerðarmanna. Þar var þetta gert að umræðuefni. Bent var á að staða sjávarútvegsins á Suðurnesjum væri verri en víðast annars staðar og talið að til þess lægju ýmsar orsakir. Fyrirtækin þar stæðu verr að vígi en systurfyrirtæki í öðrum landshlutum m. a. með tilliti til þess að ódýrara fjármagn hefði fengist til uppbyggingar í öðrum landshlutum. Það væri ein skýring þess að Suðurnesin hefðu dregist aftur úr á þessu sviði og stæðu illa að vígi að mæta þeim erfiðleikum sem nú væru uppi. Einnig var bent á að tregða í skreiðarsölu hefði að öllum líkindum bitnað harðar á mönnum á Suðurnesjum en víða annars staðar. Fundurinn gerði ályktun af þessu tilefni þar sem m. a. er fjallað um gengisstefnu og vaxtamál og fylgir áskorun til þeirra aðila sjálfra sem í greininni starfa um átak í markaðsmálum en jafnframt er beint nokkrum hugmyndum til stjórnvalda. Í ályktuninni segir að aflamiðlun til staða þar sem vandamál koma upp í fiskvinnslu vegna hráefnisskorts, eins og nú á sér stað á Suðurnesjum, verði leyst á þann hátt að skip, sem Fiskveiðasjóður, Byggðasjóður eða ríkissjóður muni eignast vegna vanskila viðkomandi skipa, verði leigð til staða þar sem slík atvinnuvandamál koma upp. Hér kemur sem sagt fram ein hugmynd af heimamanna hálfu um það hvernig við skuli bregðast í þessu erfiða ástandi. Jafnframt er bent á það að seld hafi verið skip af Suðurnesjum sem fylgt hafi þúsundir tonna í veiðikvóta. Er reyndar talið að það sé einhvers staðar á milli 8 og 10 þús. tonn. Og í ályktuninni segir: „Fundurinn leggur til að þegar skip eru seld út af atvinnusvæði sem býr við atvinnuleysi verði sérstökum viðbótarkvóta úthlutað til starfræktra veiðiskipa á svæðinu."

Eins og af þessu má ráða þá er og hefur verið allþungt í mönnum á Suðurnesjum vegna þess hversu afkoman í sjávarútveginum hefur verið slæm og hvernig greinin hefur skroppið saman. Menn hafa lagt fram tillögur og hugmyndir til úrbóta sem fela það m. a. í sér að eitthvað sértækt yrði gert til þess að greinin færi ekki frekar yfir um heldur yrði efld á Suðurnesjum. Það er í framhaldi af þessu og í samræmi við þessa ályktun sem ég hef leyft mér ásamt Karli Steinari Guðnasyni að bera fram fyrirspurn til sjútvrh. um úrbætur í sjávarútvegi á Suðurnesjum sem hljóðar svo:

1. Er sjútvrh. reiðubúinn til þess að gera sérstakar ráðstafanir sem verða megi til að endurbæta og endurreisa rekstur sjávarútvegsgreina á Suðurnesjum með hliðsjón af því uggvænlega ástandi sem þar ríkir í þessum efnum?
2. Er ráðherra tilbúinn til að úthluta, vegna þeirrar óskar sem fram hefur komið, viðbótarkvóta til þeirra skipa sem gerð eru út af svæðinu og hafa þá hliðsjón af þeim samdrætti í veiðikvóta sem rekja má til sölu margra öflugra fiskiskipa frá Suðurnesjum að undanförnu?
3. Er ráðherra reiðubúinn til þess að leita leiða til að koma á miðlun afla til þessa svæðis frá stöðum sem ekki ráða við þann afla sem á land berst nema fá til erlent vinnuafl?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Áður en ég svara þessari fsp. vildi ég aðeins segja nokkur orð um þær umræður sem orðið hafa út af sölu skipa frá Suðurnesjum.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi áðan að það hefðu verið seld fiskiskip af þessu svæði sem fylgt hefði 8—10 þús. tonna aflakvóti. Það eru þær upplýsingar sem við gjarnan heyrum þegar rætt er um mál þessi bæði hér og í fjölmiðlum. Ég bað því um að fá um það nákvæmar upplýsingar hvaða skip það væru sem seld hafa verið frá Suðurnesjum, hvaða aflakvóta þau hefðu haft og hvaða skip hefðu verð keypt inn á þetta svæði.

Þau skip sem voru seld á árinu 1984 voru: Gulltoppur GK 32, 21 brúttólest; Mars KE 197, 78 brúttólestir; Arnarborg KE 26, 71 brúttólest; Særún KE 248, 8 brúttólestir; Ingólfur GK 42, 348 brúttólestir; gamall síðutogari, Pétur Ingi KE 32, 214 brúttólestir; Hafrenningur GK 38, 296 brúttólestir; Búðanes GK 101, 64 brúttólestir; Arnar KE 360, 16 brúttólestir; Oddur Jónsson GK 59, 11 brúttólestir; Erlingur GK 6, 299 brúttólestir; Jarl KE 31, 207 brúttólestir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hafa þessi skip haft samtals 5020 lesta þorskígildi. Eitt veiddi úr sameiginlegum kvóta smábáta, tvö höfðu síldarleyfi, eitt skip humarleyfi og eitt rækjuleyfi.

Á móti voru keypt inn á svæðið 1984: Garðar GK 141, 101 brúttólest; Arnar KE 260, 36 brúttólestir; Geir KE 67, 29 brúttólestir; Fagranes GK 171, 18 brúttólestir; Víðir KE 4, 6 brúttólestir; Hrappur GK 89, 11 brúttólestir; Gullþór KE 87, 42 brúttólestir.

Þessi skip höfðu samtals 1108 þorskígildi. Eitt skip hafði humarleyfi og eitt rækjuleyfi.

Á árinu 1985 voru seld af svæðinu: Sigurpáll GK 375, 20 brúttólestir; Hafsteinn KE 85, 8 brúttólestir; Símon Gíslason KE 155, 64 brúttólestir; Sandafell GK 82, 185 brúttólestir, sem trúlega var nú farið eitthvað fyrr af svæðinu þó að endanlega hafi verið gengið frá sölu væntanlega 1985; Smári GK 81, 11 brúttólestir.

Þessi skip höfðu samtals í þorskígildum 1653 þorsk-

lestir. Eitt skip hafði síldarleyfi og eitt rækjuleyfi.

Á árinu 1985 hafa, eftir því sem best er vitað, verið keypt eftirfarandi skip: Lilli Lár, 9 brúttólestir; Hafborg KE 85, 11 brúttólestir; Hafliði GK 140, 10 brúttólestir; Harpa GK 111, 144 brúttólestir; Víðir KE 101, 11 brúttólestir; Akurey SF 52, 86 brúttólestir; Gissur hvíti SF 55, 185 brúttólestir; Barðinn RE 243, 131 brúttólest.

Samtals höfðu þessi skip 2271 lest í þorskígildum. Tvö hafa síldarleyfi og eitt humarleyfi.

Ef litið er á þorskígildi eingöngu fylgdu bátum seldum frá Suðurnesjum 1984 5020 lestir en til Suðurnesja 1984 1108 lestir. Frá Suðurnesjum 1985 1653 lestir og til Suðurnesja 1985, það sem vitað er um enn þá, 2271 lest. Þessum skipum hafa því fylgt burt af svæðinu ríflega 3000 lestir nettó sem virðist einkum mega rekja til þess að tveir togarar, annar síðutogari, hafa farið út af svæðinu vegna þess að viðkomandi aðilar hafa ákveðið að hætta útgerð.

Þá má einnig nefna það að rækjuveiði á Eldeyjarsvæðinu hefur verulega aukist, um allt að helming, þannig að þar hefur komið afli til viðbótar á þessu svæði. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa upplýsingar sem þessar við höndina þegar menn fullyrða að 8—10 þús. lestir hafi horfið burt af svæðinu. Ég tel þær fullyrðingar beinlínis rangar og villandi og þessar upplýsingar ættu að gefa miklu betri mynd af því ástandi sem fyrir er, án þess þó að ég sé á nokkurn hátt að segja að það sé viðunandi. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að miklir erfiðleikar eru víða í sjávarútvegi á Suðurnesjum.

Fyrsta spurning hv. fyrirspyrjanda er á þessa leið: „Er sjútvrh. reiðubúinn til þess að gera sérstakar ráðstafanir sem verða megi til að endurbæta og endurreisa rekstur sjávarútvegsgreina á Suðurnesjum með hliðsjón af því uggvænlega ástandi sem þar ríkir í þessum efnum?"

Það er alveg ljóst að það er víðar en á Suðurnesjum sem eru erfiðleikar í sjávarútvegi og það er erfitt að hugsa sér alveg sérstakar ráðstafanir sem þar geti orðið til endurbóta. Hins vegar hefur forsrh. farið þess á leit við Framkvæmdastofnun ríkisins að framkvæma sérstaka úttekt á þessum málum sem geti þá orðið til hliðsjónar við ráðstafanir í þessu sambandi. Það er alllangt síðan hæstv. forsrh. fór þess á leit við Framkvæmdastofnunina og hún vinnur nú að athugun á þessu ástandi.

Í öðru lagi: „Er ráðherra tilbúinn til að úthluta, vegna þeirrar óskar sem fram hefur komið, viðbótarkvóta til þeirra skipa sem gerð eru út af svæðinu og hafa þá hliðsjón af þeim samdrætti í veiðikvóta sem rekja má til sölu margra öflugra fiskiskipa frá Suðurnesjum að undanförnu?"

Svarið við þessu er einfalt. Það er nei. Ég tel að það séu engar heimildir fyrir því að auka kvóta annarra skipa þótt ákveðin skip hafi verið seld í burtu.

Í þriðja lagi: „Er ráðherra reiðubúinn til þess að leita leiða til að koma á miðlun afla til þessa svæðis frá stöðum sem ekki ráða við þann afla sem á land berst nema fá til erlent vinnuafl?"

Ég get svarað þessu einnig einfaldlega með einu neii. Mér er ekki kunnugt um að til séu slíkir staðir sem ráða ekki við þann afla sem á land berst. Það er fyrst og fremst spurningin um að viðkomandi byggðarlög nái þeirri stjórn á veiðarnar að þær dreifist eðlilega yfir árið. Það er vissulega nauðsynlegt á nokkrum stöðum að fá erlent vinnuafl, það er rétt. Það er hins vegar nauðsynlegt til þess að ná fullri nýtingu í viðkomandi húsum og fiskvinnslustöðvum. Ef afli þessara staða eða þessara húsa minnkaði verulega mundi það leiða til óhagkvæms reksturs, taprekstur. Það mundi því á engan hátt leysa málið. Það hefur oft verið rætt um að miðla afla með stjórnvaldsaðgerðum. Ég er ekki trúaður á slíkt. Ég tel hins vegar að það hafi átt sér stað mjög góð samvinna víða á landinu, bæði á Suðurnesjum og í Reykjavík og Hafnarfirði, um miðlun afla. Fjarlægðir á þessu svæði gefa mikla möguleika til aflamiðlunar, hvort sem um er að ræða Reykjanes, Þorlákshöfn, Reykjavík eða Hafnarfjörð. Möguleikar til aflamiðlunar á þessu svæði eru mun meiri en annars staðar. Það gerist hins vegar ekki með beinum afskiptum rn. Það gerist með samkomulagi manna í milli, viðkomandi útvegsmanna og fiskverkenda.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin og þær upplýsingar sem hann gaf. Þær voru fróðlegar. Að vísu var erfitt að fylgjast með því nákvæmlega hvaða skip væri um að ræða og hugsanlegt er að eitthvað vanti í þessa skrá þó að ég hafi enga möguleika til að staðhæfa það. En skv. þessu er um verulega sölu á skipum út af svæðinu að ræða og verulegan samdrátt í þeim heildaraflakvóta sem þau skip hafa yfir að ráða sem á svæðinu eru gerð út, hvort heldur litið er á þessar tölur eða aðrar ágiskunartölur eða matstölur sem við höfum séð.

Ég fagna því að fram kom í ræðu ráðherra að honum væri ljóst að við verulega erfiðleika væri að stríða í útgerð á Suðurnesjum og að í gangi væri úttekt á vegum Framkvæmdastofnunar á ástandi í útvegi þar. En okkur dugar náttúrlega ekki úttektin ein og með tilliti til þess að ráðherra treystir sér ekki til þess að taka undir þær ábendingar tvær sem sérstaklega sneru að honum og fram komu í ályktun fólks í sjávarútvegi á Suðurnesjum, þá er náttúrlega þeim mun brýnna að leitað verði annarra leiða til að renna styrkari stoðum undir þessa atvinnugrein á Suðurnesjum. Ég hefði talið að það væri ástæða til þess að jafnhliða og í framhaldi af þeirri úttekt sem í gangi er yrði litið til þess og gerð áætlun um það með hvaða hætti mætti styrkja stöðu sjávarútvegsins, bæði að því er varðar útgerðina sjálfa og vinnslu á Suðurnesjum. Ég held að alþekkt sé að skipastóll, bátar af þessu svæði séu með því elsta sem gerist á landinu að meðaltali ef ekki alelstir. Þar er því ákveðinnar endurnýjunar þörf. Ég held að það sé líka alþekkt að tækjakostur og endurnýjun í hraðfrystihúsum og í fiskiðnaði á Suðurnesjum hafi a. m. k. til skamms tíma ekki verið jafnlangt fram skriðinn og víða annars staðar og í þriðja lagi að fjárhagsstaða fyrirtækjanna þar væri veikari en víðast hvar annars staðar ef ekki alls staðar að meðaltali. Þetta þrennt eru þá verkefni sem verður að líta til og vinna að og ættu að mínum dómi að vera verkefni jafnhliða og í framhaldi af þeirri úttekt sem Framkvæmdastofnun vinnur að.

Hættan er auðvitað sú að fleiri fyrirtæki loki á Suðurnesjum á næstu mánuðum eða misserum. Á því verður að hafa vakandi auga vegna þess að það er vitaskuld ótækt að 200 manns eða þar um bil gangi atvinnulausir mánuðum saman, eins og gerst hefur á Suðurnesjum, vegna þess samdráttar sem hefur átt sér

stað í útgerð og fiskvinnslu. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. reyni að beina vinnunni í þennan farveg og veiti stuðning sinn til þessa verkefnis.

Búnaður bandaríska herliðsins í stöðvum Landssímans, fsp. 380. mál (þskj. 608). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. ráðh. samgöngumála fsp. sem er á þskj. 608 og er svohljóðandi:

„Hefur samgrn. gefið út heimild til Pósts og síma til að setja búnað frá bandaríska herliðinu í stöðvar Landssímans á nokkrum stöðum á landinu? Hvers eðlis er þessi búnaður og hvaða tilgangi þjónar hann?"

Það þarf ekki, herra forseti, að hafa langan formála að öðru leyti að þessari fsp. Það hefur komið fram, m. a. á fundi norður á Þórshöfn á Langanesi fyrir nokkru síðan þegar hæstv. utanrrh. svaraði þar fsp. frá einum fundarmanna um þennan búnað, að hann er til staðar, hann hefur verið settur niður, hann er á nokkrum stöðum á landinu og tengist á einhvern hátt fjarskiptum bandaríska hersins. Mér vitanlega hefur hvergi fram að þeim tíma verið gerð grein fyrir því opinberlega að þessi búnaður væri til staðar né frá því skýrt hvað liggur að baki því að hann var settur þarna niður. Ég hef ekki orðið þess áskynja að hv. Alþingi né utanrmn. þess hafi verið gerð grein fyrir þessu máli. Ég tel því eðlilegt að beina fsp. til hæstv. samgrh. um þetta efni og vænti þess að hann leiti sér þá liðsinnis innan hæstv. ríkisstj. ef hann telur það ekki í sínum verkahring að svara fyrir þessi mál.

Mér finnst eðlilegt að spurt sé um það hvers eðlis þessi búnaður sé, hvað hann sé að gera þarna, hvenær ákvarðanir hafi verið teknar um að setja hann þarna niður o. s. frv. Ég lít á þetta, herra forseti, tilvist þessa búnaðar í borgaralegum stofnunum eins og Landssímanum, sem skref í þá átt, sem virðist nú vera stefna stjórnvalda hér á landi í vaxandi mæli, að blanda saman starfsemi opinberra stofnana og þjónustufyrirtækja og starfsemi af hernaðarlegum toga. Ég er alfarið andvígur þessu og tel að hér sé farið út á hættulega braut.

Til viðbótar hinni beinu efnislegu fsp., sem ég hef hér lagt fram, væri fróðlegt að heyra eitthvað frá hæstv. ríkisstj., ekki síst þar sem höfuð hennar hefur nú gengið í salinn, hæstv. forsrh., um það hvort þessi nýja stefna sé samþykkt þar á bænum og síðan að birtast okkur í framkvæmd m. a. í þessu máli, að hverfa frá því, sem ég hef skilið vera yfirlýsta stefnu allra stjórnmálaflokka á Íslandi, að reyna að halda umsvifum herliðsins hér sem mest aðskildum frá borgaralegu lífi í landinu, sem sagt að hverfa frá þessari stefnu og flytja starfsemi af hernaðarlegum toga inn í opinberar þjónustustofnanir og opinber fyrirtæki og rugla þannig saman reytunum að í raun og veru sé ekki hægt að greina lengur á milli hvað er hvers.

Ég vænti þess að í svörum hæstv. samgrh. komi fram hvar þessi búnaður er til staðar og á hve mörgum stöðum. Það er fróðlegt fyrir þá sem nú eru að læra landafræði og eiga að læra hana í framtíðinni og eiga að kunna Íslandskortið sitt að vita á hversu mörgum stöðum á landinu á að setja rauðar stjörnur fyrir þau mannvirki sem falla undir hernaðarlega starfsemi.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. þá er hér um eitt tilvik að ræða. Á s. l. vori var fjarskiptatæki, þ. e. radíóstöð sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafði látið starfrækja í húsi flugmálastjórnar á Fjarðarheiði, flutt yfir í húsakynni Póst- og símamálastofnunar á Viðarfjalli í Svalbarðshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu ásamt leigulínu eins og áður var. Hér var því um flutning að ræða á tækjum sem áður höfðu verið samþykkt af stjórnvöldum. Tilgangurinn með radíóstöð af því tagi sem hér um ræðir er að hafa fjarskiptasamband við loftför vegna flugumsjónar og til samræmis á flugi varnarliðsins og öðru flugi á íslenska flugumsjónarsvæðinu. Þetta er sú eina breyting sem hefur verið gerð frá því að ég varð samgrh.

Fsp. hljóðar svo: „Hefur samgrn. gefið út heimild til Pósts og síma til að setja búnað frá bandaríska herliðinu í stöðvar Landssímans á nokkrum stöðum á landinu?" — Mér er ekki kunnugt um annað en þetta. Einnig tel ég að ég hafi svarað síðari spurningunni um eðli þessa búnaðar og hvaða tilgangi hann þjónar.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það er víst venja að fyrirspyrjendur gangi hingað upp í ræðustól og þakki fyrir þau svör sem þeir hafa móttekið af hálfu hæstv. ráðh. Ekki ætla ég að brjóta þá þinglegu hefð hér. En ég verð nú að segja að ósköp fannst mér ég eiga lítið erindi hingað upp í þeim tilgangi. Mér fannst ég hafa fyrir lítið að þakka. Lítið — en þó var það eitthvað. Ég sakna nú hæstv. utanrrh. því að ekki fundust mér svör hæstv. samgrh. í fullu samræmi við þau ummæli sem hann lét falla um þennan búnað á þeim fundi sem ég hef hér áður vitnað til. Ég skildi orð hans svo að slíkur búnaður væri á fleiri stöðum en einum á landinu. Einnig er hugsanlegt að hæstv. utanrrh. hefði verið örlítið fróðari um það hvaða tilgangi þessi búnaður þjónar og hvað hann er að gera þarna.

En það þarf kannske ekki að fjölyrða meira um þetta, herra forseti, úr því að svörin eru svona stutt og snubbótt og samgrh. hefur ekki meira um þetta að segja. Það er þá ágætt að það liggi fyrir að þetta er allt og sumt sem þeir kjósa að upplýsa hv. Alþingi og þjóðina um í þessu sambandi. En ég hygg að við fáum kannske meira að frétta af þessu máli ef sú stefna stjórnvalda sem ég lýsti hér eftir, spurði hvort rétt væri, á að ganga fram á næstu mánuðum eins og ýmislegt bendir nú til. Þá verður þetta væntanlega oftar til umræðu, m. a. hér á hv. Alþingi. En engu að síður liggur það fyrir eftir þessi svör að slíkur búnaður er fyrir hendi, hann er í stöðvum eða stöð Landssímans, a. m. k. á einum stað á landinu. Þá vitum við það. Þar með liggur það fyrir að borgaraleg stofnun eins og Landssíminn er tekin að þjóna að hluta til hernaðarlegum tilgangi. Hún byggir yfir starfsemi hersins og hún þjónustar hann, veitir honum orku o. s. frv. Út af fyrir sig get ég þakkað samgrh. í það minnsta fyrir að hafa gefið þá staðfestingu hér.

Ég þarf ekki að endurtaka það að ég er algjörlega ósammála því að svona sé að málunum staðið og mótmæli harðlega þeirri tengingu opinberra stofnana þjóðarinnar við hernaðarleg umsvif sem hér hefur átt sér stað og virðist eiga að eiga sér stað í vaxandi mæli.

Framleiðslustyrkir til kartöfluverksmiðja, fsp. 395. mál (þskj. 640). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Vandamál varðandi kartöfluræktun og kartöfluframleiðslu hér á landi hafa verið nokkuð til umræðu undanfarin tvö ár. Annað árið vegna þess að uppskeran varð of lítil og léleg og hitt skiptið vegna þess að uppskeran varð allt of mikil. Það hefur komið fram í blöðum og fjölmiðlum að kartöfluverksmiðjur sem svo eru nefndar, sem framleiða unna rétti úr kartöflum, hafa fengið framleiðslustyrki eða niðurgreiðslur. Mér er ekki alveg ljóst hvort ber að kalla þetta. Ákvarðanir um þetta voru teknar í þingflokkum stjórnarflokkanna skv. blaðafréttum. Til þess að fá frekari upplýsingar um þetta mál, sem hefur farið frekar lágt, hef ég talið nauðsynlegt að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hve hárri upphæð munu niðurgreiðslur eða framleiðslustyrkir til kartöfluverksmiðja nema á þessu ári?

2. Hvernig var þessi upphæð ákveðin og við hvað miðast hún?

3. Er þess að vænta að verð á unnum kartöflum til neytenda lækki sem nemur niðurgreiðslunni eða framleiðslustyrknum?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 640 hefur hv. 5. landsk. þm. borið fram fsp. um framleiðslustyrki eða niðurgreiðslur til kartöfluverksmiðja. Ríkisstj. ákvað fyrir nokkru að verja nokkru fjármagni til niðurgreiðslna á unnum kartöflum frá kartöfluverksmiðjum til þess að bæta þeirra samkeppnisstöðu. Niðurgreiðslan var miðuð við það að hún væri 25 kr. á kíló af steiktum kartöflum en 21 kr. á soðnum kartöflum. Þetta er hvort tveggja miðað við að um sé að ræða 12 kr. niðurgreiðslu á hráefninu. Gert er ráð fyrir að hámark þessarar upphæðar á árinu verði 18 millj. kr. og er þá miðað við að það séu full afköst hjá verksmiðjunum, en það er miklu meira en hefur verið unnið þar að undanförnu. Þetta var gert til þess að reyna að greiða fyrir sölu á innlendum kartöflum þar sem framleiðslan var svo mikil á s. l. ári. Upphæðin var miðuð við það að bæta samkeppnisaðstöðu verksmiðjanna til að örva sölu þeirra á innlendum markaði.

Svar við þriðju spurningunni er að verð frá verksmiðjunum lækkaði um leið og þessi niðurgreiðsla var ákveðin. Þar var því um beina verðlækkun til neytenda að ræða.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans en ég vek athygli á því að hann svaraði á mjög ófullkominn hátt síðasta lið fsp. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Er þess að vænta að verð á unnum kartöflum til neytenda lækki sem nemur niðurgreiðslunni eða framleiðslustyrknum?"

Hæstv. ráðh. sagði aðeins að verðið hefði lækkað. En lækkar verðið á þessari vöru til neytenda um þær 18 millj. kr. sem varið er í þennan framleiðslustyrk sem búið er að koma á laggirnar í kjördæmi hæstv. ráðh. einkum og að mestu leyti og formanns Sjálfstfl.? Það kann að vera að mönnum finnist 18 millj. ekki vera mjög há upphæð. En mér þykir það há upphæð. Það er kannske ekki há upphæð í þeirri óráðsíu sem landbúnaðarstefna þessarar ríkisstj. er. Við skulum vera þess minnug að árið 1983, þegar kartöfluuppskeran brást, voru gerðar miklar ráðstafanir vegna kartöflubænda. Þeim voru útveguð veruleg lán fyrir milligöngu Bjargráðasjóðs og það voru gerðar sérstakar ráðstafanir vegna áburðarkaupa. Árið 1984, þegar uppskeran verður sú mesta í mörg ár, þarf líka að gera ráðstafanir til handa þessum atvinnurekendum upp á 18 millj. kr. sem koma beint úr vasa skattgreiðendanna. Í frjálsu hagkerfi, þar sem frjáls samkeppni fær að njóta sín, ætti svona lagað ekki að geta gerst. Hvað gerist í grannlöndum okkar þegar svipuð tilvik koma upp?

Hér er um að ræða verksmiðju sem bændurnir eiga sjálfir. Auðvitað ætti það að gerast að þeir lækkuðu verðið á kartöflunum til sinna eigin verksmiðja til þess að þær gætu selt meira. En hvað er gert? Þessir ágætu menn vita mætavel að stjórnarflokkarnir hér hafa komið upp og viðhalda landbúnaðarstefnu sem er sjálfsagt vitlausasta landbúnaðarstefna í víðri veröld. Og þeir vita að það er nóg að senda þingflokki Sjálfstfl. og framsóknar pöntun með beiðni um smávægilega aukna fyrirgreiðslu. Þá halda þessir tveir kerfisflokkar áfram að fétletta íslenska skattgreiðendur og neytendur í þágu þessara umbjóðenda sinna. Ég held í rauninni, herra forseti, að hér sé meiri háttar hneykslismál á ferðinni.

Því hefur verið borið við að íslenskir framleiðendur á frönskum kartöflum og soðnum kartöflum ættu erfitt með að keppa við innflutta vöru. Ef þær upplýsingar, sem mér hafa borist, eru réttar þá eru kartöflur af þessu tagi komnar inn fyrir íslenska tollmúra, búnar að hækka um 314% frá útflutningsverðinu. Þ. e. ef fob-verð er 1000 kr. þá er flutningskostnaðurinn kringum 400 og tryggingarkostnaður 10, samtals 1410 kr. Síðan kemur 70% tollur, 30% vörugjald, tollafgreiðslugjald o. fl., þannig að þessar 1000 kr., sem varan upphaflega kostaði, eru orðnar 3147 kr. þegar hún er komin hér inn á markað. Og ef menn geta ekki keppt innan svona tollmúra þá vakna ýmsar spurningar sem ástæða er til að spyrja.

Þetta litla dæmi og þessar 18 millj. sem Framsfl. og Sjálfstfl. hafa ákveðið að reiða af höndum fram úr vösum íslenskra skattborgara og rétta eigendum þessara kartöfluverksmiðja er auðvitað reginhneyksli. Hvar eru nú talsmenn hinnar frjálsu samkeppni í Sjálfstfl.? Hvar er nú formaður Sjálfstfl. sem talaði um frelsið á landsfundi? Hvar er varaformaður Sjálfstfl.? Ætli það sé tilviljun að þeir eru báðir fjarstaddir þessa umræðu? Svarið við því er nú býsna áleitið. Hvað segja þessir postular frelsis og frjálsrar samkeppni um það sem hér hefur gerst, þær 18 millj. sem teknar hafa verið úr vösum skattborgara og lagðar á silfurfati til eigenda þessara verksmiðja? Í frjálsu hagkerfi, eins og ég sagði hér áðan hefðu eigendur þessara verksmiðja, sem jafnframt eru eigendur framleiðsluvörunnar, auðvitað lækkað verðið til sinna verksmiðja. Hvað segir hæstv. fjmrh. um þetta? Eru þetta aðgerðir sem eru Sjálfstfl. að skapi eða er Sjálfstfl. sokkinn svo í fen fyrirgreiðslupólitíkur Framsfl. að hann má sig hvergi hræra? Það væri fróðlegt að heyra hvað forustumenn flokksins segja um þetta. (Forseti hringir.) Ég skal nú láta máli

mínu lokið, herra forseti, en ég skora á talsmenn Sjálfstfl., talsmenn frjálsrar samkeppni, að koma og skýra frá því hér hvort þessar 18 millj. og þetta hneyksli er þeim að skapi.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Þegar þessi ákvörðun var tekin mátti lesa það í blöðum að þarna væri verið að vernda kartöflframleiðslu vegna innflutnings. En ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða ástæða liggur að baki því að niðurgreiða þann hluta kartöfluvinnslunnar sem viðkomandi verksmiðjur framleiða og ekki á í vök að verjast við innflutning, þ. e. soðnu kartöflurnar og hálfsoðnu?

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég var að vísu ekki viðstaddur upphaf þessarar umræðu en mér finnst rétt að það komi fram í framhaldi af ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar að hér er um að ræða að mínu mati mjög eðlilegar aðgerðir til styrktar iðnaðarframleiðslu úr íslenskum kartöflum. Þetta er heldur ekkert einsdæmi í iðnaðarframleiðslu í landinu. Við skulum horfa til þess að súkkulaðiverksmiðjur í landinu njóta þess að fá mjólkurduft á heimsmarkaðsverði niðurgreitt til þess að njóta samkeppnisaðstöðu við erlendar verksmiðjur. Það sem hér hefur gerst er mjög svipaðs eðlis. Þessar verksmiðjur hafa fengið sitt hráefni á svipuðu verði og þær verksmiðjur sem þær eiga í samkeppni við á hinum innlenda markaði. Frá mínum bæjardyrum séð er á engan hátt óeðlilegt að standa þannig að verki.

Það hefur líka verið dregið fram að eðlilegt væri að framleiðendur lækkuðu verð á sinni vöru þegar framboð á henni væri meira en markaðurinn tekur við. Út af fyrir sig má á það fallast að þetta væri eðlileg skipan ef verðmyndun væri frjáls, ef markaðslögmálið mætti gilda þegar uppskerubrestur er og framboðið minna. En þá gilda verðlágsákvæði um þessa framleiðslu. Ef framleiðendurnir fengju við þær aðstæður að láta markaðslögmálið gilda og selja afurðirnar á því verði sem markaðurinn leyfði þegar framboðið er lítið þá væri eðlilegt að gera þá kröfu að þeir lækkuðu verðið þann tíma sem framboðið er mikið og framleiðslan mikil. En á þessa skipan hafa menn ekki viljað fallast. Þess vegna á þessi gagnrýni ekki við rök að styðjast meðan aðstæðurnar eru þessar. Það er ekki hægt að láta markaðslögmálið vinna aðeins á annan veginn. Þetta vildi ég að fram kæmi vegna ummæla hv. þm.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil benda hv. 5. landsk. þm. á að það eru tvær verksmiðjur hér á landi sem framleiða unnar kartöflur og verksmiðjan sem er á Norðurlandi mun hafa framleitt heldur meira að undanförnu en sú sem er á Suðurlandi.

Í öðru lagi að framleiðendur voru búnir að lækka nokkuð verðið til verksmiðjunnar áður en þetta var ákveðið þannig að þeir höfðu lagt sitt fram. Og útsöluverðið lækkaði sem þessu nam þannig að þessi niðurgreiðsla fór beint til neytenda en var ekki tekin af þeim.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á þeirri yfirlýsingu sem formaður Sjálfstfl. flutti hér áðan. Hún staðfestir það að Sjálfstfl. er orðinn hluti af þessari fyrirgreiðslupólitík og fyrirgreiðslukerfinu, sjóðasukkinu og óráðsíunni sem hefur jafnan loðað við hinn stjórnarflokkinn öllu frekar. Þessi yfirlýsing formanns Sjálfstfl. er mjög merkileg og sýnir að hann og hans flokkur er ekki fylgjandi þeirri frjálsu samkeppni og því frelsi í viðskiptalífinu, því frelsi fyrir neytendur sem stundum er látið í veðri vaka.

Þorsteinn Pálsson: Aðeins örstutt athugasemd vegna síðustu ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Er hv. þm. og Alþfl. á móti því að íslensk iðnfyrirtæki eins og þessar verksmiðjur njóti sömu aðstöðu — (**EG:** Veit þm. ekki að ég er búinn að tala þrisvar og get ekki svarað honum?) — og erlendir keppinautar? Um þetta snýst málið. Það hefur verið viðurkennt gagnvart öðrum iðnfyrirtækjum í landinu að það væri eðlilegt að tryggja þeim aðstöðu til þess að njóta jafnréttis. Ég skil ræðu hv. þm. svo að Alþfl. sé andvígur þessu. Það er athyglisvert að það skuli koma fram að afstaða hans til íslensks iðnaðar skuli vera með þessum hætti.

Forseti (Helgi Seljan): Vegna þessarar ræðu held ég að ég verði að leyfa hv. 5. landsk. þm. að gera örstutta athugasemd.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Ég skal svara hv. þm. Þorsteini Pálssyni mjög stutt. Alþfl. er ekki andvígur því að íslenskur iðnaður njóti sannmælis og eðlilegrar aðstöðu. En ef íslenskur iðnaður getur ekki keppt við vöru þar sem innflutningsmúrinn er á fjórða hundrað prósent eins og ég rakti hér áðan vekur það ýmsar spurningar. Það vekur spurningar um það hvort slíkur iðnaður eigi rétt á sér. Það vekur ýmsar spurningar og ef ekki er hægt að keppa við þær aðstæður þá þarf að skoða hlutina frá öðru sjónarhorni. Það er ekki leiðin að fara stöðugt í vasa skattborgaranna og sækja þangað peninga eins og gert hefur verið í þessu sambandi.

Kolbeinsey, fsp. 400. mál (þskj. 648). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Á 104. löggjafarþingi flutti ég á þskj. 163 till. til þál. um Kolbeinsey, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að sjómerki verði sett upp sem allra fyrst á Kolbeinsey. Athuganir fari einnig fram á því hvort og á hvern hátt megi sem best tryggja að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa."

Megintilgangur þáltill. er að auka öryggi sjófarenda. Jafnframt því verði athugað hvort og á hvern veg megi koma í veg fyrir að eyjan hverfi í sæ.

Kolbeinsey liggur rúmar 36 sjómílur norð-norðvestur af Grímsey. Vegna mjög aukinnar sóknar skipa til sjávarfangs á þetta hafsvæði hefur þörfin orðið brýnni en áður að komið verði upp sjómerkjum á Kolbeinsey til öryggis sjófarendum.

Vissulega eru aðstæður til þeirra framkvæmda sem hér er rætt um erfiðar en ekki ómögulegar. Fyrir nokkrum árum voru ratsjármerki sett upp í Kolbeinsey en stóðust ekki þann veðraham er þar geisar. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar voru við athuganir á Kolbeinsey 25. apríl 1978 og segja þá m. a.: „Undirstöður undir ratsjármerki virðast standa sig vel en merkin sjálf hafa brotnað við steinsteypu." Þótt svo hafi farið sem hér segir er engin ástæða til að ætla að nú sé ekki hægt

að ganga hér tryggilega frá þannig að sem mest öryggi fáist með þeim búnaði sem upp yrði settur. Aðstæður eru nú allar aðrar en áður til að vinna slíkt verk þótt þarna norður í hafi blási vissulega á stundum svalir vindar.

Í umræðum um þetta mál hér á Alþingi sagði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson m. a.: „Ég kveð mér hér hljóðs til að lýsa yfir mjög eindregnum stuðningi við þá till. sem hér er til umr. og þeirri von að hún fái greiðan gang í gegnum þingið og helst að þm. allir sameinist um afgreiðslu hennar og samþykkt."

Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði í þessum umræðum m. a.: „Ég tek eindregið undir þessa till. og mæli með því að þingið veiti henni jákvæða og fljóta afgreiðslu." Síðar í máli sínu sagði Benedikt Gröndal: „Bæði hv. flm. og síðasti ræðumaður hafa bent á að Kolbeinsey hefur mikla þýðingu fyrir okkur í sjóréttarlegu tilliti. Kolbeinsey er grunnlínupunktur. Frá henni reiknum við fiskveiðilandhelgi okkar og með því að nota Kolbeinsey sem grunnlínupunkt fáum við allvæna sneið í okkar hlut af hafinu á milli Íslands og Grænlands." Lokaorð hv. þm. Benedikts Gröndals voru: „Ég tel því að leggja verði mikla áherslu á að framkvæma það sem bent er á í þessari till. og styrkja Kolbeinsey á allan hátt og byggja hana upp því að þar er margt í veði. Við megum ekki vanrækja það mál."

Í framsögu fyrir nál. allshn., sem var sammála um afgreiðslu till., segir Páll Pétursson m. a.: „Allshn. ræddi þessa tillögu og við komum auga á að þetta er hin merkasta tillaga. Kolbeinsey er mjög mikilvægur grunnlínupunktur við Ísland og þarf ekki að eyða orðum að því. Það er enn fremur mjög mikilvægt að þar sé siglingamerki."

Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 648 til hæstv. forsrh. Fsp. er þannig: Hvað líður framkvæmd þál. sem samþykkt var 20. apríl 1982 um Kolbeinsey?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við athugun á þessari fsp. kom í ljós að málið hefur verið í höndum samgrn., sem rétt er, og ég hef fengið þaðan þær upplýsingar sem ég mun nú rekja.

Vita- og hafnamálastjóri var beðinn um umsögn um þál. og barst hún samgrn. 6. júlí 1982, sem er reyndar eftir að till. er samþykkt hér á Alþingi. 20. apríl 1982 er till. samþykkt. Þál. er síðan send Vitastofnun Íslands með bréfi 21. október 1982 og er Vitastofnunin beðin um umsögn og/eða tillögur um það sem þál. fjallar um. Með bréfi 2. mars 1983 ítrekar samgrn. þessa beiðni frá 21. október og svar berst frá Vita- og hafnamálastofnun 29. júní 1983.

Ég sé ekki mikla ástæðu til að rekja ítarlega það sem fram kemur í þessum bréfum en vil þó draga það saman eins og unnt er í stuttu máli. Í ljós kemur að árið 1964 voru reist ratsjármerki á eyjunni. Merki þessi voru gerð úr sverum járnrörum. Er að var komið ekki löngu síðar sáust engin merki þeirra en festiboltar sátu í berginu. Vita- og hafnamálastofnun dró þær ályktanir af þessari skoðun að merkin hefðu ekki verið burt numin af sjó einum saman heldur mundi hafís hafa gengið þar yfir. Og niðurstaðan mun vera sú eftir frekari athuganir að hafís gengur yfir klettinn og það muni þurfa miklu meiri styrkleika til sem von er til að standast slík átök.

Síðan segir í þessu bréfi, með leyfi forseta: „Talið er að Kolbeinsey sé að mestu úr móbergi sem brotnar hratt niður. Má þá gera ráð fyrir að hafísinn vinni þar á jafnvel meira en sjór. Einustu leiðir sem ég sé færar til að hindra niðurbrot eyjarinnar er að styrkja yfirborð hennar með steinsteypu. Það verk verður að sjálfsögðu mun meira en gerð ratsjármerkis en ætti að mega vinna í áföngum, þannig að þeir hlutar eyjarinnar sem útsettastir eru og virðast viðkvæmastir yrðu látnir sitja í fyrirrúmi. Erfitt er að áætla kostnað við gerð þess háttar merkis en telja verður að efniskostnaður sé ekki mikill eða nokkrir tugir þúsunda króna. Meginkostnaður liggur aftur á móti í flutningi að eyjunni og þeim biðum er gera verður ráð fyrir vegna óhagstæðs veðurs og sjólags."

Síðan er í bréfinu gerð, eins og fram er tekið, mjög lausleg kostnaðaráætlun. Ég mun ekki rekja það allt en hv. fyrirspyrjandi getur að sjálfsögðu fengið það í hendur. Ég get þess að niðurstaðan verður sú að kostnaður yrði alls um 8.6 millj. kr. Þetta er áætlað í júní 1983 og má að sjálfsögðu bæta nokkuð við þessa upphæð.

En það sem vekur athygli mína við að lesa það sem hér er sagt er það að hér er aðeins gert ráð fyrir 20 cm meðalþykkt á steinsteyptu lagi ofan á eyjuna. Án þess að vera nokkur sérfræðingur á heljartök hafíssins, þá hefði ég haldið að 20 cm lag molnaði nokkuð fljótt af. Ég hefði haldið að töluvert meiri styrkingar þyrfti og eflaust járnbindingu alldjúpt niður í þennan móbergsklett.

Upplýst er að kletturinn muni vera 41 metri frá norðri til suðurs en 39 frá austri til vesturs og 8—9 metrar á hæð. Það segir ekki við hvaða fjöruborð er reiknað, en venjulega mun það vera við stórstraumsfjöruborð, sem þá sýnir að í stórsteymi stendur ekki mjög mikið upp úr af þessum kletti, og í óveðrum gengur hafís eflaust mjög nálægt eyjunni.

Fram kemur líka af fyrirspurnum sem ég lét gera bæði til Landhelgisgæslu og Vita- og hafnamálastofnunar að ekkert hefur verið gert í þessum málum síðan 1964 þegar mistókst að festa þar til frambúðar ratsjármerki. Ástæðan sem gefin er upp er sú að engin fjárveiting hafi fengist í þessu skyni. Ég er fullkomlega sammála því, sem hefur komið fram, að ákaflega mikilvægt sé að leita leiða til að treysta þennan klett í sessi, þennan útvörð okkar fiskveiðilögsögu. Mun ég beina þeim tilmælum til samgrn. að enn verði málið tekið upp í framhaldi af þessari fsp. og þá gerð ítarlegri áætlun um hvað muni kosta að steypa ofan á eyjuna, því það virðist vera nauðsynlegt jafnvel til að þarna haldist radarmerki svo að vit sé í. Mér finnst að það þyrfti að verða eitthvað þykkara lag heldur en talað var um 1983.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka forsrh. fyrir svör hans. Ég þóttist í sjálfu sér hafa grun um að ekki hefði mikið verið gert í þessu máli. En vegna þess að forsrh. nefndi hér tölur vil ég aðeins til upplýsinga fyrir þm. fara með aðrar tölur, ef þeir hefðu á annað borð áhuga á því að hér verði eitthvað gert og skilja nauðsyn þess. Fyrir mér vakir það fyrst og fremst að koma upp einhverjum mannvirkjum á Kolbeinsey, t. d. sjómerkjum. Á þann hátt styrkjum við okkar stöðu mjög mikið í baráttunni um að halda Kolbeinsey inni sem grunnlínupunkti til þess að stækka okkar fiskveiðilandhelgi. En eins og við

vitum hafa Danir alltaf verið með fyrirvara þar um.

Það er rétt og það sannast einmitt á Kolbeinsey að dropinn holar steininn. Þar hafa heljaröfl hafs og ísa haft betur í fangbrögðum sínum. Elstu mælingar sem ég veit um af Kolbeinsey eru trúlega frá árinu 1580. Þá lét Guðbrandur Þorlákssson biskup á Hólum menn sína fara út að Kolbeinsey. Þeir mældu eyjuna og ég bið menn nú að taka eftir. Eyjan reyndist vera frá norðri til suðurs um 753 metrar og frá austri til vesturs 113 metrar og hún var 113 metrar á hæð. Árið 1932 var eyjan næst mæld eftir því sem ég kemst næst. Þar munu Húsvíkingar hafa verið á ferð, menn þaðan voru fengnir til að fara út í Kolbeinsey. Þá reyndist eyjan vera orðinn 113 metrar frá norðri til suðurs og 75 metrar frá austri til vesturs og hæðin var þá 10 metrar. Síðustu mælingar á Kolbeinsey sem ég veit um eru frá árinu 1978 og voru framkvæmdar af Landhelgisgæslunni. Þá var eyjan orðin frá norðri til suðurs 37.7 metrar, frá austri til vesturs 42.8 metrar.

Þessar mælingar segja okkur merkilega sögu. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það skiptir máli hvað það kostar og hvort það er raunverulega mögulegt að bjarga þessari klettaeyju. Það er ljóst að það er fyrst og fremst hafísinn sem er að brjóta hana niður. Hafísinn liggur mjög á eyjunni og nagar hana stöðugt.

Ég bið þess nú að þetta mál verði ekki látið sofna. Ég bind vonir við það einmitt núna, vegna vaxandi sóknar skipa t. d. til loðnuveiða á þetta hafsvæði. Eftir að eyjan hefur lækkað svo mjög er hún orðin mjög hættuleg skipum. Og þess vegna meðal annars er það brýnt að koma þar upp þó ekki væri nema sjómerkjum.

Hörpudisksmið í Breiðafirði, fsp. 432. mál (þskj. 720). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Á þskj. 720 leyfi ég mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um rannsóknir á hörpudisksmiðum í Breiðafirði. Meginástæða þess að fsp. er borin fram á hv. Alþingi er að hæstv. sjútvrh. hefur tekið ákvörðun um að auka aflamark á hörpudiski úr Breiðafirði úr 11 þús. tonnum í 12 þús. tonn þrátt fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunar um óbreytt aflamark og í raun viðvaranir bæði fiskifræðinga og reyndra sjómanna. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1985 er lagt til að aflamark verði 11 þús. tonn 1985 svo sem það var árið 1984. Í þeirri skýrslu kemur fram að við ákvörðun á leyfilegum hámarksafla sé stuðst við rannsóknir og árangur við veiðar á hörpudiski.

Reyndir sjómenn, sem hafa stundað skelveiðar, vara við ofmati á skelstofninum og telja rannsóknir engan veginn nægilegar. Mat fiskifræðinga á ástandi stofnsins byggist m. a. á meðaltalsafla á togtíma. Hins vegar hefur veiðihæfni skelveiðibáta aukist með árunum og er því óvarlegt að byggja á þeim reynslutölur án þess að verulegar rannsóknir fari fram um ástand miðanna og þar verði beitt traustum rannsóknaraðferðum. Í tæpa tvo áratugi hafa skelveiðar og vinnsla verið að þróast við Breiðafjörð. Er nú svo komið að skelveiðar eru meginstoð atvinnulífs í Stykkishólmi þar sem þrjár vinnslustöðvar eru starfandi. Auk þess hefur fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar í Grundarfirði unnið skel um árabil. Og nú nýverið bætti sjútvrh. nýrri vinnslustöð við þrátt fyrir það að næg afkastageta væri fyrir hendi hjá þeim sem fyrir voru. Þá hefur verið unnin skel í Flatey og á Brjánslæk.

Reynsla okkar af ofveiði síldar og þorsks og offjárfestingu í sjávarútvegi ætti að hafa kennt okkur að nákvæmar rannsóknir á nytjastofnum okkar eru nauðsynlegar ekki síst þegar sóknin er aukin. Með aukinni afkastagetu vinnslustöðva eykst sóknin í skelina svo að staðið verði undir fjárfestingu sem lagt hefur verið í. Sóknarþörfin er aukin með nýjum vinnslustöðvum án þess að tryggt sé að stofninn standi undir þeim árlega afla sem þarf að sækja svo að dæmið gangi upp miðað við eðlilegt ástand á mörkuðum. Til þess að sporna við slíkri þróun voru sett lög um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar sem háðar eru sérstökum leyfum. Túlkun þeirra laga hefur verið frjálsleg og í raun vafasöm svo að ljóst er að þau eru lítil vörn gegn offjárfestingu og of mikilli sókn svo sem tilgangur þeirra var.

Með framangreindum rökum hef ég dregið fram meginástæður fyrir fsp. minni, auk þess sem rannsóknir á hörpudisksmiðum í Breiðafirði gætu tengst frekari rannsóknum annarra skelja og krabbadýra sem nýta mætti og gætu skapað nýja vinnslumöguleika og aukið fjölbreytni í fiskvinnslu.

Sökum þess að sjútvrn. hefur ekki brugðist við óskum um frekari rannsóknir er svofelld fsp. borin fram hér á hv. Alþingi á þskj. 720:

„Hefur sjútvrh. gert ráðstafanir til þess að hörpudisksmiðin í Breiðafirði verði rannsökuð eftir að aflamark á hörpudiski var aukið á þessu ári?

Ef svo er ekki, mun þá ráðherra beita sér fyrir því að nákvæmar rannsóknir fari fram á vegum Hafrannsóknastofnunar er tryggi að veiðisvæði verði ekki ofveidd nú þegar sóknin er aukin?“

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hörpudisksmiðunum í Breiðafirði er skipt niður í fjögur veiðisvæði. Á undanförnum árum hefur langmestur hluti veiðanna farið fram á svæðum sem eru nefnd 1, 2 og 4 enda gera stofnmælingar ráð fyrir því að á þessum svæðum sé að finna yfir 90% hörpudisks í Breiðafirði. Stofnmæling sem gerð var í ágúst 1982 gaf hærri stofnstærð en áður hafði verið mæld á þessum reitum. Í ljósi þess var leyfilegur hámarksafli hækkaður úr 10 þús. tonnum 1982 í 11 þús. tonn 1983. Þetta stofnmat var síðan staðfest að verulegu leyti þegar veiðar ársins 1982 voru gerðar upp. Þá kom í ljós að meðalafli skelbáta á veiðistund á áðurnefndum reitum var hærri en nokkru sinni fyrr, eða um 1080 kg. Þó að stofnmatið 1983 og 1984 hafi sýnt 6—7% lægri tölu en árið 1982 var aflasamdráttur á veiðistund hjá bátunum nokkru minni, eða 4—5%. Í ljósi þess að hér var um fremur lágar tölur að ræða auk nokkurrar óvissu, sem gjarnan fylgir slíkri stofnúttekt, taldi Hafrannsóknastofnunin óhætt að halda sama aflamarki 1984 og 1985, þ. e. 11 þús. tonnum. Þróun í aflabrögðum og stofnúttekt þótti hins vegar ekki réttlæta tillögur um aukið aflamark eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Hér að framan hefur verið rætt um Breiðafjarðarsvæðin í heild þar sem einkum fádæma góð aflabrögð í svokölluðum reit 4 hafa komið í veg fyrir verulegan samdrátt í meðalaflanum í heild. Nú hefur þróunin m. a. í markaðsmálum aftur á móti orðið sú að sóknin

hefur í auknum mæli beinst á skelsvæðin í reit 1 og voru þar t. d. veidd um 2900 tonn 1983 og 3700 tonn 1984. Hins vegar er talið að æskileg ársveiði í þessum reit sé aðeins um 2000 tonn. Á þessu ári heldur þessi skipan mála áfram og í jan./mars veiddust yfir 70% af hörpudisksaflanum í Breiðafirði í reit 1. Eins og við er að búast eru þessi svæði því verulega farin að láta á sjá. Í jan./mars í ár er meðalaflinn t. d. um 14% minni en hann var árið 1984 og næstum 30% minni en þegar hann var hæstur 1982. Á þessum svæðum þarf því augljóslega að draga úr sókninni. Það er þó ekki vandalaust, t. d. vegna stöðu markaðsmála og einnig vegna aflakvóta.

Í janúar s. l. var gerð þriggja daga úttekt á svæðum á reit 1. Til þess voru notaðir fjórir bátar úr Stykkishólmi og einn úr Grundarfirði. Í stuttu máli komu mörg veiðisvæði í reitnum mjög illa út þótt enn sé sums staðar hægt að fá þokkalegan afla. Nauðsynlegt er talið að kanna þessi svæði mun betur áður en skelveiðar hefjast á ný síðla næsta sumar. Í þessu sambandi er í fyrsta lagi áætlað að fara í hörpudisksrannsóknir á Breiðafirði í byrjun júlí á rannsóknarskipinu Dröfn, en það er sem kunnugt er nýtt rannsóknarskip sem gefur betri aðstæður til að rannsaka þessi mið og ýmis önnur við landið. Síðan er áætlað skv. væntanlegu samkomulagi við aðila á Breiðafirði að kanna miðin aftur á skelbátum í ágúst þegar skelveiðitímabilið er hafið.

Frekari ákvarðanir hafa ekki verið teknar um aukningu þessara rannsókna en það verður fylgst eins gjörla með þessum svæðum og nokkur kostur er. Og ég vil taka það fram að ef rannsóknir leiða það í ljós að hér sé hætta á ferðum og um ofnýtingu miðanna sé að ræða, þá verður dregið úr leyfilegum afla á hörpuskel. Ég tel hins vegar að slíkt geti vart gerst fyrr en á árinu 1986 og verður þá einnig að hafa það í huga að hægt sé að bæta þeim bátum það á einhvern hátt upp með öðrum veiðum.

Ég vil einnig taka fram að það eru fyrirhugaðar rannsóknir á öðrum tegundum sérstaklega kúskel, en það eru taldir miklir möguleikar á því að byggja upp slíka vinnslu á næstu árum á nokkrum stöðum á landinu. Einn aðili í Stykkishólmi hefur verið sérstaklega áhugasamur um þau mál og hefur látið útbúa eitt af skipum sínum til tilraunaveiða. Ég vænti þess, eins og hv. fyrirspyrjandi tók hér fram, að nýting á þeim stofni geti hjálpað til við uppbyggingu í sjávarútvegi á þessu svæði og annars staðar á landinu. Ég vænti þess að þessar upplýsingar séu fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Nánast allt sem fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh. staðfesti þær áhyggjur sem fram komu í formála að minni fsp., þær áhyggjur sem sjómenn og fiskvinnslufólk og í rauninni allir þeir fjölmörgu, sem byggja afkomu sína á skelvinnslu við Breiðafjörð, hafa haft. Fram kom að það eru áhyggjur í sjútvrn. yfir því hversu langt hefur verið gengið á ákveðin svæði. Augljóst er að þarna þarf að fara með gát.

Ég verð að segja það að ég er ekki fyllilega ánægður með fyrirætlanir rn. um rannsóknir á svæðinu og tel alls ekki fullnægjandi að það verði ekki fyrr en um mitt sumar sem verði farið að huga að þessum rannsóknarleiðangri á Dröfn. Hins vegar hefur það margkomið fram hjá sjómönnum og útgerðarmönnum að þeir hafa verið tilbúnir til þess að leggja fram bæði skip og vinnu til að stuðla að rannsóknum.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í fsp. minni, að ég tel að þegar veiðikvóti er aukinn sé ekki síst ástæða til þess fyrir sjútvrn. að leggja sérstaka áherslu á það að rannsóknir fari fram. Þess vegna hefði ég vænst þess að sjútvrn. hefði frumkvæði að því að hefja mjög ítarlegar rannsóknir. Lífríki Breiðafjarðar er afskaplega viðkvæmt. Skelveiðarnar hafa sem betur fer gengið vel en auðvitað er þetta ný veiðigrein hjá okkur Íslendingum og þess vegna þarf ekki síst að huga vel að áhrifum veiðanna við fjörðinn.

Ég vil hvetja ráðh. til að beina sjónum sínum enn frekar að rannsóknum við Breiðafjörð vegna þess, eins og hann kom reyndar inn á hvað varðar kúfiskinn, að það gæti verið liður í frekari rannsóknum. Þessar rannsóknir hvað varðar hörpudiskinn og rannsóknir og leit að nýjum veiðimöguleikum eru mikilvægur rannsóknaþáttur, ekki aðeins hvað varðar kúfiskinn heldur ýmis önnur krabbadýr og skeldýr sem í firðinum eru.

Ég þakka sjútvrh. fyrir svör hans en legg mikla áherslu á að rn. gangi betur fram en það hefur gert í að láta rannsaka hörpudisksmiðin í Breiðafirði.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið máls á þessu máli hér og það var athyglisvert að hlýða á svör hæstv. ráðh. Fram hefur komið hvernig staðan er varðandi veiðarnar og að þetta er þeim mönnum, sem þarna eiga allt sitt undir, auðvitað verulegt áhyggjuefni. Ég vil sömuleiðis ítreka þær hvatningar, sem hér hafa komið fram til hæstv. ráðh., um að meira verði gert af því að sinna rannsóknum á þessu sviði og þar verði ekki látið við það eitt sitja, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, heldur tekið betur á, og þá sérstaklega í ljósi þeirrar ákvörðunar hæstv. ráðh. að veita fleiri aðilum vinnsluleyfi, eins og gert var illu heilli að mínu mati, illu heilli. Ég held að það sé afar brýnt, þar sem þarna er um dýrmæta auðlind að ræða, að þessar rannsóknir verði auknar svo að fyrir liggi eins mikil vitneskja og auðið er að afla með nútímatækni um þessa mikilvægu auðlind, þannig að ekki verði of nærri henni gengið, eins og mér sýnist því miður að gæti nú litið út fyrir og eins og fram kom raunar af þeim tölum sem hæstv. ráðh. las hér. En sem sagt, ég ítreka þakkir fyrir að það skuli hafa verið vakið máls á þessu máli sem vissulega þarf að ræða og hvet til þess, og tek undir með fyrirspyrjanda, að þessum rannsóknum verði sinnt í ríkara mæli og betur en gert hefur verið.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli og tek undir orð hans um að auka þurfi rannsóknir á hörpudisksmiðunum við Breiðafjörð, og ekki aðeins hörpudisksmiðunum heldur líka almennt á lífríki Breiðafjarðar. Það mun jafnvel hafa verið samþykkt hér þáltill. um að fram skyldi fara ítarleg rannsókn á lífríki Breiðafjarðar en mér er ekki kunnugt um að þeirri þál. hafi verið framfylgt.

En fullyrðingu hæstv. 5. landsk. þm. um að illu heilli hefði verið bætt við einu leyfi við Breiðafjörð, skelveiðileyfi eða framleiðsluleyfi á þessu ári, vil ég mótmæla sem frekar órökstuddri nema að farið hafi fram rannsóknir sem sýni það og sanni að skelfisksmiðin í Breiðafirði þoli ekki þá veiði sem núna er

skömmtuð þar og þoli jafnvel ekki meiri veiði en þar fer fram núna. Það sem vantar og hefur vantað á undanförnum árum við Breiðafjörð er að kanna þessi mið til hlítar. Það hefur því miður ekki verið gert, en það hefur verið óskað eftir því í hvert skipti sem einhver breyting hefur átt sér stað í veiðisókninni að frekari rannsóknir og fullkomnar rannsóknir eigi sér stað á þessum miðum. Það hafa komið fram mótmæli í hvert skipti sem veiði hefur verið aukin, leyfum hefur verið fjölgað og sagt að nú væri illu heilli bætt við einni vinnslustöðinni og að það væri verið að skapa hér offjárfestingu. Ég held að engar sannanir liggi fyrir um þessar fullyrðingar. (Forseti hringir.) Ég heyri að ræðutími minn er búinn en ég vildi koma því hér á framfæri að ég vil ekki taka undir að það sé rökstutt að sú sókn sem nú er stunduð í skelfiskstofna sé of mikil. En til þess að við vitum að svo sé ekki er nauðsynlegt að auknar rannsóknir eigi sér stað á Breiðafirði.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður en gera aðeins örstutta athugasemd vegna ummæla hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar, sem gerir tilraun til þess að bera blak af þeirri, svo að ég taki undir orð 5. landsk. þm. Eiðs Guðnasonar, óskiljanlegu ákvörðun sjútvrh. að fjölga vinnslustöðvum. Ég vil benda hv. þm. Skúla Alexanderssyni á að lesa, þegar þingtíðindin koma út, svar sjútvrh. og um þær áhyggjur sem fram koma hjá honum um það að við höfum gengið of nærri skelstofninum. Það er óþarfi af hv. þm. að bera blak af því vegna þess að ef sjútvrh. taldi ástæðu til að auka vinnsluna, og ég hef ekki nema gott eitt um það að segja að hann hafi mikinn áhuga á því að treysta atvinnulíf í Grundarfirði, þá var það hægt með því að auka vinnsluleyfi hjá Soffaníasi Cecilssyni. Þannig var hægt að leysa þetta mál án þess að auka afkastagetu vinnslustöðva við fjörðinn.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég átti nú ekki von á því að hér yrði farið að deila um þessi mál. En það er að sjálfsögðu eitt að ákveða í fyrsta lagi hvað skuli veiða og annað hver sé réttlát skipting á þeim takmörkuðu auðlindum sem við eigum, ekki aðeins á Breiðafirði heldur einnig allt í kringum landið.

Það var nú svo að hver einasti bátur í Stykkishólmi hafði fengið leyfi til að veiða hörpuskel og voru sumir þeirra þó mjög stórir og tiltölulega góðir bátar til að stunda veiðar á fjarlægari miðum en þarna stutt frá bryggjunum. Hins vegar höfðu tveir bátar í Grundarfirði engan rétt til þessara veiða en allir aðrir bátar í Grundarfirði höfðu það. Það má vel vera að mörgum finnist það réttlætanlegt og eðlilegt að sumir sjómennirnir í Grundarfirði hafi góðar tekjur af skelveiði en hinir hafi ekki þessar góðu tekjur; þeir eigi þar engan rétt. Ég er ekki sammála þessum fullyrðingum sumra manna á Snæfellsnesi. Því miður hefur gengið illa þar um slóðir eins og víða annars staðar að koma sér saman um þessa hluti. Það kom hins vegar í ljós að ef þessir bátar skyldu leggja upp hjá annarri vinnslustöð væru þeir trúlega algerlega farnir til þeirrar vinnslustöðvar, ekki bara með skelafla heldur annan afla líka. Ég vil bara benda hv. fyrirspyrjanda á það að hann spurði ekki um þessi mál og getur að sjálfsögðu borið hér fram aðra fsp. Það er hann sem vekur upp þetta mál og ég er að svara því. Það var ekki krafa rn. en það lá fyrir að svo mundi verða. Þessir aðilar vildu halda áfram að skipta við þá aðila, sem þeir höfðu alltaf skipt við, og vildu ekki láta knýja sig til að skipta við aðra og þeir hafa rétt til þess að hafa sín sjónarmið í þeim efnum. Niðurstaðan varð því sú að þessi ráðstöfun var framkvæmd. Ég skal hins vegar fúslega viðurkenna að það var ekki ætlan okkar að fjölga þarna vinnslustöðvum.

Þetta sýnir vel vandann í því að stjórna og sýnir nauðsynina á því að það eigi sér stað einhver stjórnun á veiðunum. Það getur verið um að ræða annars vegar að vera rígbundinn við vinnsluleyfi og hins vegar að hafa engin vinnsluleyfi, t. d. eins og í síldveiðunum, þar sem ríkir verulegt öngþveiti varðandi söltun. Þarna er vandratað meðalhófið en það er verið að reyna að þræða í sjútvrn. eins og alltaf áður.

Að sjálfsögðu eru menn óánægðir og óánægðastir í Stykkishólmi og hafa haft uppi miklar yfirlýsingar þar um. Hins vegar hefur bæði hreppsnefnd og atvinnumálanefnd Grundarfjarðar haldið því ákveðið fram að hér hafi verið um rétta ráðstöfun að ræða. Þarna eru því skiptar skoðanir.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Örstutt. Það kom fram hjá mér hér áðan að ég hafði ekkert við það að athuga, og það hefur aldrei komið neitt fram hjá mér hér um það, að bátar í Grundarfirði fengju leyfi til þess að veiða skel. Hins vegar hefur gagnrýni mín beinst að því að fjölgað væri vinnslustöðvum við Breiðafjörð. Áhyggjurnar eru byggðar á því að við óttumst að gengið verði of nærri miðunum. Reynslan er yfirleitt sú að eftir því sem vinnslugetan eykst, því meiri ásókn verður í auðlindina. Og ég vil benda á og ítreka það að lögin um samræmdar veiðar og vinnslu voru sett til þess að geta spornað gegn þeirri þróun.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Ég vil bara benda á það, herra forseti, að það skiptir að sjálfsögðu meginmáli hvað er veitt og hvað margir bátar stunda veiðarnar. Það er það sem ákveður sóknina.

Hvort þessi vinnslustöðin skuli hafa meira en hin, það er svo annað mál. En það er veiðin sem skiptir meginmáli varðandi nýtingu auðlindarinnar, ekki vinnslustöðvarnar. Þessar vinnslustöðvar eru fyrir hendi og mikið af þeim búnaði sem er notaður við þessa vinnslu nýtist í annarri vinnslu, þannig að fjárfestingin, þó að hún sé allmikil, er ekki jafnmikil og menn vilja oft vera láta.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég held að rétt sé að það komi fram í þessum umræðum að þetta er ekki í fyrsta skiptið á því tímabili sem liðið er frá því að Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar var veitt vinnsluleyfi að rætt er um málin á svipuðum grunni og hér er gert núna. Frá því að byrjað var að veiða skel í Breiðafirði hefur jafnan verið deilt um hvert einasta nýtt leyfi sem veitt hefur verið. Í upphafi veiða voru tvær stöðvar í Stykkishólmi. Fljótlega hætti önnur þeirra vinnslu og þá var eftir ein. Þegar sótt var eftir því að stöðvarnar yrðu tvær í Stykkishólmi komu svipaðar fullyrðingar fram: að það væri verið að ganga á stofninn. Þegar sótt var eftir þriðju stöðinni og þegar sótt var eftir því að veitt væri leyfi á Brjánslæk og í Flatey, þá hófst sami söngurinn. En það komu reyndar líka eins og núna fram óskir um

það að skelfisksstofninn yrði rannsakaður vel. En því miður hefur það ekki verið gert sem skyldi. Fullyrðingar um að verið sé að ganga á stofninn og að verið sé að ganga einu skrefi of langt núna með veitingu vinnsluleyfisins í Grundarfirði hafa ekki við rök að styðjast fyrr en við sjáum aðra hluti. En það er kannske of seint þegar það kemur í ljós að þar sé verið að ganga á stofninn. Þess vegna legg ég áherslu á það að gengið verði til mjög ítarlegra rannsókna á skelfisksstofninum í Breiðafirði svo að það þurfi ekki að vera að fullyrða það alveg út í bláinn að verið sé að ganga of langt í veiði á þessum stofni. Að mínu mati hefur ekki verið um neina sönnun að ræða nema síður væri, vegna þess að við hverja aukningu hefur það alls ekki komið fram að gengið væri um of á stofninn eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. hér áðan. Ég skal viðurkenna það hér að þessi skoðun mín byggist á því að það eigi ekki að vera neitt bundið, ákveðið svæði þar sem þessum skelfiski megi landa. Við eru komnir út í Grundarfjörð. Næst verður það Ólafsvík og sjálfsagt verður það næst Rif og þá með þeirri fullvissu að við séum ekkert að ganga á þennan stofn.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi bara taka það fram af minni hálfu að ég tel að það sé mikið óráð að fara með þessa skelvinnslu í fleiri byggðarlög en nú er á Snæfellsnesi.

Lækningarmáttur jarðsjávar við Svartsengi, fsp. 410. mál (þskj. 672). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. á þskj. 672 til heilbrmrh. um könnun á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar þeirrar sem samþykkt var á Alþingi árið 1982 um könnun á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi?"

Sú till. til þál. sem hér er vitnað til var borin fram það ár og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að láta nú þegar fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnunin til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exemsjúklinga svo og samtök annarra sjúklinga sem not gætu haft af slíkum böðum."

Þessi till. var samþykkt á Alþingi fyrir þremur árum.

Ýmislegt hefur gerst á þeim þremur árum sem liðin eru frá því að þessi þáltill. var hér samþykkt einróma. Enn betur en áður hefur komið í ljós að margir hafa fengið verulega bót meina sinna við böðun í Bláa lóninu við Svartsengi, svo sem það er nefnt. Nær daglega eru það fleiri eða færri sem þangað sækja sér heilsubót. Enn sem komið er hafa hins vegar engar fregnir birst um það af hálfu heilbrigðisyfirvalda hvert er hið læknisfræðilega mat á lækningarmætti vatnsins í lóninu þar né leiðbeiningar til sjúklinga um við hvaða sjúkdómum líklegt geti verið að bót fáist við böð þar. Þó hefur það verið tekið upp nýlega til þess að gera að Tryggingastofnun ríkisins greiðir fargjöld 40 exem- og psoriasissjúklinga til Suðurlanda árlega til þess að leita sér bótar einmitt á þeim meinum sem menn hafa talið sig fá nokkra bót við í Bláa lóninu við Svartsengi. Það sýnist þess vegna mjög æskilegt að slíkar upplýsingar liggi sem fyrst fyrir frá ábyrgum aðilum sem menn geta treyst og farið eftir í þessum efnum.

Annar þáttur þessa máls, herra forseti, lýtur að nauðsyninni á að koma upp sæmilegri aðstöðu til baða fyrir sjúklinga sem til Bláa lónsins leita. Þar er nú, eins og fram hefur komið í fréttum, nánast engin viðunandi aðstaða til slíks. Hér skal þó tekið fram að áform hafa verið uppi um það á vegum Hitaveitu Suðurnesja að koma þar upp skýli og hreinlætisaðstöðu og er það þó ekki á hennar verksviði. Forustumönnum hitaveitunnar er hins vegar ljóst hve þörfin er brýn á þessu sviði og hve úrbætur þar eru nauðsynlegar og hafa af þeim sökum hug á að standa að framkvæmdum af eigin rammleik. Væri það hið lofsverðasta framtak.

Jafnframt hefur einkaaðili byggt sér lítið hótel á bakka lónsins, sem er mjög mikið notað, ekki síst af útlendingum sem hingað koma og leita sér lækninga við böð í lóninu. Það er einnig hið besta framtak og bætir úr brýnustu þörf hvað þetta snertir. Hér er um einstaklingsframtak að ræða án nokkurra opinberra styrkja, en engu að síður þörf á nokkurri lánafyrirgreiðslu sem enn hefur ekki verið látin nægilega í té.

Í þessu sambandi er einnig ástæða til þess að víkja að öðru máli sem er þessu nátengt. Víða erlendis hafa risið upp heilsustöðvar og baðstaðir þar sem eru ölkelduuppsprettur, leirböð eða hitauppstreymi. Slíkir staðir eru, eins og vel kunnugt er, afar fjölsóttir víða um Evrópu og reyndar víða um heim, bæði af þeim sem þangað leita í beinu lækningaskyni og eins af hinum sem þangað leita sér til hressingar og hvíldar fyrst og fremst. Það er ekki vafi á því að vegna náttúrufars landsins er meiri og betri grundvöllur fyrir slíkum heilsustöðvum hér en víðast hvar annars staðar í veröldinni. Hér er jarðhitinn til staðar í miklum mæli, margs konar tegundir af hveraleir og síðast en ekki síst bæði heitt og kalt vatn sem er þegar vel er gáð sömu eiginleikum gætt og vatnið í frægustu baðstöðum og heilsulindum Evrópu, bæði í Þýskalandi, Frakklandi og Tékkóslóvakíu, svo að aðeins þrjú lönd séu nefnd sem einna fremst standa á þessu sviði í veröldinni.

Heilsulindargæði vatnsins hér voru staðfest við rannsóknir sem fram fóru í tengslum við ítarlega skýrslu sem unnin var á vegum Sameinuðu þjóðanna upp úr 1970 og fjallaði um möguleika okkar á sviði ferðamála. Frumathugun, sem hefur verið gerð, sýnir að slíkt baðhótel og heilsustöð, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, rekin undir yfirumsjón lækna, mundi kosta álíka mikið og einn togari, en gæti hins vegar verið fordæmi sem ryddi brautina fyrir heilsustöðvum af álíka gerð víðar um landið.

Það er löngu orðið tímabært að við gefum þeim möguleikum sem á þessu sviði felast, miklu meiri gaum en gert hefur verið til þessa.

En fyrst og fremst spyr ég heilbrrh. um hvað líði framkvæmd ályktunar Alþingis um könnun á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra for-

seti. Á árinu 1981 hafði psoriasissjúklingur frumkvæði að því að kanna sjálfur hvort böð í heitum jarðsjó við Svartsengi hefðu áhrif á sjúkdóm hans. Árangur þótti lofa það góðu að mál þetta kom til umr. á Alþingi árið 1981 og aftur á árinu 1982, en þá var samþykkt þáltill. þar sem heilbrrh. var falið að láta fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi. Áður hafði rn. ritað landlækni og óskað eftir að hann annaðist rannsóknir á lækningamætti hitaveituvatns í lóninu við Svartsengi. Ekki tókst þá að gera könnun sem væri marktæk um lækningamátt. Landlæknisembættið gerði á árinu 1983 áætlun um könnun sem gæti sýnt fram á að þarna væri um lækningamátt við psoriasis að ræða og leitaði rn. eftir aukafjárveitingu til að gera þessa rannsókn og fékkst hún. Þegar til átti að taka reyndist hins vegar ekki kleift að gera rannsóknina eins og landlæknisembættið hafði hugsað sér vegna ófyrirséðra aðstæðna, þ. e. mjög lítillar þátttöku í rannsókninni. Þannig tókst ekki að framkvæma samanburðarrannsókn á tveimur hópum psoriasissjúklinga eins og landlæknisembættið hafði lagt til.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki tekst að framkvæma rannsókn á lækningamætti Bláa lónsins við Svartsengi eins og til var ætlast hefur orðið að samkomulagi á milli rn. og landlæknisembættisins að gera aðra tilraun með annarri og einfaldari rannsóknaraðferð og hefur þegar verið rætt við fulltrúa Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga og eru samtökin reiðubúin til að aðstoða við framkvæmd rannsóknarinnar. Skv. rannsóknaráætlun, sem landlæknisembættið hefur gert, er kostnaður áætlaður rúmar 200 þús. kr. og takist að afla þess fjár, sem rn. mun kappkosta, ætti að vera hægt að hefja rannsóknina á komandi sumri.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og hæstv. ráðh. fyrir svörin og áhuga hans á málinu. Það veldur vitanlega vonbrigðum hve illa hefur gengið að koma þessari könnun á og óskandi að með nýjum aðferðum eða nýjum vinnubrögðum takist að koma henni á.

Ég vil leggja áherslu á og ítreka mikilvægi þess að þessi könnun verði framkvæmd. Niðurstöður hennar gætu skipt miklu máli fyrir framtíðaruppbyggingu á þessum stað. Í Svartsengi eru um margt mjög merkilegar aðstæður sem gætu nýst til arðbærs atvinnureksturs ef rétt er á málum haldið. Þar er nú þegar komið, eins og fyrirspyrjandi gat um, hótel sem má skoða sem vísi að heilsustöð og það er farið að draga að sér útlendinga sem telja sig sækja sér lækningamátt í Bláa lónið. Það er að mínu mati hreint ekki óraunsætt að gera ráð fyrir að þar gæti risið alhliða heilsustöð sem byði upp á fjölbreyttar aðstæður til líkams- og heilsuræktar í sérstæðu umhverfi.

Mér er ekki nein launung á því að áhugi minn á málinu er ekki síst tilkominn af því að þeir atvinnukostir, sem byðust þarna, væri staðurinn byggður upp á þennan hátt, mundu væntanlega henta konum vel. En vegna breyttra vinnsluaðferða í sjávarútvegi á þessum slóðum og annars staðar er einmitt mjög brýnt að hyggja að sköpun fjölbreyttari atvinnutækifæra fyrir konur.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svörin hér og þær upplýsingar sem fram komu í þeim. Þar kom fram að fyrir þremur árum var gerð tilraun til rannsókna sem náði ekki fram að ganga. Það er kannske ekki furða þar sem ekki mun hafa verið veitt sérstakt fjármagn til þess. En um allstóran hóp manna var að ræða sem þátt átti að taka í þeirri rannsókn. Hins vegar ber að fagna þeim upplýsingum, sem komu fram varðandi samkomulag sem hefur náðst milli landlæknisembættisins og hlutaðeigandi samtaka, um að gerð verði viðaminni rannsókn, en sem vonandi verður þó fullnægjandi. Hún mun eiga sér stað núna í sumar ef tekst að afla fjár. Ég undirstrika að ég tel að hér sé ekki um slíka fjárupphæð að ræða að hún ætti að verða þrándur í götu. Ráðh. nefndi 200 þús. kr. Það er að vísu nokkur upphæð en ég minni á það, sem ég sagði áðan, að árlega greiðir Tryggingastofnun ríkisins fargjöld og kostnað við för 40 psoriasis- og exemsjúklinga, þó að helmingi fleiri sæki árlega, til Suðurlanda í sólina þar. Sá kostnaður skiptir vitanlega milljónum kr. Það ber ekki að horfa í þann kostnað, en ég bendi á að 200 þús. kr. eru ekki stór upphæð, miðað við könnun á lækningarmætti jarðsjávarins í Svartsengi, ef staðreyna mætti að þar er um heilsubót að ræða. Ég fagna því þessum upplýsingum, sem ráðh. lagði fram varðandi þá rannsókn, og hvet mjög til að hún verði framkvæmd í sumar.

Ég vil einnig taka undir orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að full ástæða er til þess að gera áætlanir um og frumkannanir á byggingu heilsustöðvar og baðhótels í nágrenni Svartsengis, ekki aðeins vegna Bláa lónsins heldur einnig þeirra náttúrulegu aðstæðna sem fyrir hendi eru á Reykjanesi. Slíkt hæli hefur verið rekið í Hveragerði og er þar oft biðlisti upp í fleiri hundruð manns. Nú er einnig að rísa mjög myndarlegt hæli í Kjarnaskógi á Akureyri. Þörfin er hér mjög mikil og athuga ætti samvinnu við sjúkrasamlög á Norðurlöndum sem senda menn ekki aðeins til Suðurlanda heldur víðar til þess að fá sér heilsubót. Hér höfum við, eins og ég gat um áðan, merkar upplýsingar sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna. Vitna ég þar sérstaklega í mjög merkt álit prófessors Marchan frá Nancy í Frakklandi, sem er einn kunnasti sérfræðingur Evrópu á sviði baðlækninga. Hann komst að þeirri niðurstöðu að hér væri heilsulindarvatn jafngott og í bestu heilsulindum Evrópu.

Hér gæti í fyrsta lagi verið um mjög þarft framtak að ræða í forvarnarstarfi í heilsuvernd. Hér gæti og verið um sérstakt heilsubótarstarf að ræða. Fyrir utan það tengist þetta möguleikum okkar í framtíðinni sem ferðamannalands og einnig úrbótum á atvinnuástandinu á Suðurnesjum.

Hafnareglugerð, fsp. 426. mál (þskj. 709). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á s. l. vori 18. maí samþykkti Alþingi ný hafnalög nr. 69/1984. Skv. 40. gr. þeirra laga segir:

„Ráðh. skal fyrir árslok 1984 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga."

Ég innti eftir því í samgrn. nýlega hvort þessi reglugerð lægi fyrir, en var tjáð að svo væri ekki og því

hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um hvað líði undirbúningi að setningu þessarar reglugerðar á grundvelli nefndra laga.

Áhugi minn varðandi þetta mál tengist m. a. ákveðnum efnisatriðum sem til umræðu voru þegar frv. til hafnalaga var til meðferðar í hv. Nd. Alþingis. Þar flutti ég brtt. um tiltekið atriði, en efnislega var það svohljóðandi:

„Verði misbrestur á greiðslu aflagjalds skal viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins er hann tekur veð í viðkomandi framleiðslu.

Enn fremur skal útflytjandi eða banki, er greiðir framleiðanda söluverð varnings, greiða hafnarsjóði áfallið en ógreitt vörugjald af viðkomandi varningi."

Ákvæði þessa efnis var inni í því frv. sem hæstv. samgrh. lagði fram í Ed., en þar var ákvæði þetta fellt út. Í hv. Nd. þingsins kom hins vegar fram víðtækur stuðningur við þetta efnislega, bæði frá formanni samgn., hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, og fleiri aðilum í samgn., þ. á m. hv. þm. Karvel Pálmasyni, og hæstv. samgrh. lýsti því raunar einnig yfir skýrt og skorinort að hann teldi að hann hefði verið sáttari við að orðalag það sem hér var vitnað til héldist inni í frv.

Mjög var liðið á þingtíma þegar þetta mál var til síðustu meðferðar í hv. Nd. og ég varð við eindregnum óskum um að draga brtt. mína til baka um þetta efni. Hæstv. ráðh. gaf hér yfirlýsingar varðandi þetta efni og lýsti sig reiðubúinn að koma til móts við þessi sjónarmið, sem ég hafði flutt brtt. um, í sambandi við setningu reglugerðar eftir því sem frekast væri unnt. Ég efa ekki að ráðh. er þetta mál í fersku minni og hann mun, að ég vænti, leitast við að tryggja þessi atriði eftir því sem honum er fært, en ég inni hæstv. ráðh. eftir því hvað líði setningu umræddrar reglugerðar.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég minnist þess að þessar till. voru fluttar. Það er rétt að ráðh. skal við árslok 1984 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga. Skv. þessu ákvæði hefði þessari reglugerð átt að vera lokið um síðustu áramót. Ástæður fyrir því að svo er ekki eru þær umfangsmiklu skipulagsbreytingar á Hafnamálastofnun ríkisins sem unnið var að á s. l. ári og fyrstu mánuðum þessa árs, en þær tóku ekki formlega gildi fyrr en 1. mars s. l. Þar sem skipulag stofnunarinnar skipti verulegu máli við samningu reglugerðarinnar varð að ráði að fresta henni um hríð þar til fyrir lægi hvernig skipulagsmálin yrðu leyst.

Ég hef falið hafnaráði að gera tillögur til mín um nýja reglugerð, en sum atriði hennar verða vandasöm og vandunnin eins og nánari útfærsla sem er að finna í sjálfum lögunum um styrkhæfni hafnaframkvæmda. Um margt má þó styðjast við reglugerð frá 1974 um þessi efni. Ég hef einnig rætt þau tilteknu atriði sem hv. fyrirspyrjandi gerði að umræðuefni. Vinna að samningu reglugerðarinnar er hafin fyrir nokkru og verður henni væntanlega lokið á komandi sumri.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir upplýsingar hans. Það er auðvitað tilfinnanlegt þegar í löggjöf eru ákveðin tímamörk eins og þessi sem ekki er unnt að standa við þegar á reynir. En ég skil það ofur vel, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér er um umfangsmikið verk að ræða og eðlilegt að það taki mið af breyttri skipan. Skv. upplýsingum ráðh. er væntanlega ekki langt að bíða þess að reglugerð verði sett á grundvelli laganna og ég treysti því að staðið verði við þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. gaf og sem nutu mikils skilnings þegar mál þessi voru hér á lokastigi, frv. til nýrra hafnalaga, í hv. Nd.

Lögregluvarðstöð í Garðabæ, fsp. 402. mál (þskj. 651). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til dómsmrh. á þskj. 651:

„1. Telur dómsmrh. ekki tímabært að koma á fót lögregluvarðstöð í Garðabæ ásamt tilheyrandi búnaði til aukinnar þjónustu fyrir íbúa þar?

2. Ef svo er, hvenær má búast við að lögregluvarðstöð verði þar opnuð?"

Ástæður þess að ég ber fram fsp. eru eftirfarandi:

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli hefur þörfin fyrir sérstaka lögregluvarðstöð í Garðabæ stóraukist á undanförnum árum. Íbúar Garðabæjar eru nú um 6 þúsund talsins. Mun það einsdæmi að í svo stórum kaupstað hér á landi sé engin lögregluvarðstöð staðsett. Skv. þeim reglum sem um löggæslu gilda ættu löggæslumenn í Garðabæ að vera nokkuð á annan tug talsins. Þar eru þó engir löggæslumenn staðsettir í dag, en bænum er þjónað að þessu leyti frá embætti sýslumanns og bæjarfógeta í Hafnarfirði.

Það gefur auga leið að þetta ástand er og hefur lengi verið með öllu óviðunandi. Í fyrsta lagi hefur íbúafjölgun í Garðabæ og í norðurbænum í Hafnarfirði og á Álftanesi valdið því að umferðarmálin á Hafnarfjarðarvegi krefjast verulegrar og stöðugrar löggæslu og stóraukin umferð um Vífilsstaðaveg og um nýju Reykjanesbrautina kallar einnig á aukna vernd og aðstoð við gangandi vegfarendur, bæði skólabörn og aðra. Þar að auki hefur almennum löggæsluverkefnum farið fjölgandi í bænum með vaxandi íbúatölu svo sem eðlilegt má teljast. Er það atriði eitt næg ástæða til þess að lögregluvarðstöð sé staðsett innan bæjarmarkanna til þjónustu og öryggis fyrir bæjarbúa, hvort sem er að nóttu eða degi. Þjónusta frá nágrannabyggðum getur aldrei komið að sama haldi þótt vel sé að henni staðið.

Mál þetta er ekki nýtt af nálinni þó því sé nú hreyft hér í þingsölum. Í einn og hálfan áratug hafa bæjaryfirvöld í Garðabæ borið fram óskir um úrbætur í þessum efnum og eru þar margar samþykktir fyrir hendi af hálfu sveitarstjórnar. Sú nýjasta þeirra er frá fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar 28. febr. s. l. Þá samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar eftirfarandi till. sem ég vil lesa hér, með leyfi forseta:

„Bæjarráð beinir þeirri áskorun til stjórnvalda að hlutast nú þegar til um að komið verði á fót lögreglustöð í miðbæ Garðabæjar."

Og með till. fylgir svohljóðandi grg.:

„Undanfarinn áratug hefur áskorunum verið komið til stjórnvalda í þá átt að í Garðabæ verði staðsett lögreglustöð. Ljóst er að óhjákvæmilegt er að hafa

staðsetta löggæslu í bæjarfélagi með nærfellt 6 þúsund íbúa. Löggæslu er nú haldið uppi frá Hafnarfirði með bifreiðum. Ef löggæslustöð yrði í Garðabæ mundi það augljóslega skapa meira öryggi fyrir íbúa og festu í bæjarlífinu. Af framangreindum orsökum er það krafa bæjaryfirvalda að nú þegar verði tekin um það ákvörðun að hér skuli staðsett lögreglustöð. Með því að ákvörðun verði tekin fljótlega má gera ráð fyrir varðstöð í miðbænum áður en hann byggist upp að fullu."

Í framhaldi af þessari samþykkt bæjarstjórnar, herra forseti, er rétt að vekja á því sérstaka athygli að hér er ekki í sjálfu sér verið að fara fram á að byggð sé sérstök lögreglustöð í bænum sem ugglaust mundi verða bæði kostnaðarsamt og viðamikið mannvirki. Fyllilega væri nægilegt að skapa aðstöðu fyrir lögregluvarðstöð í leiguhúsnæði, a. m. k. til að byrja með, og mundi af því hljótast sáralítill kostnaður fyrir ríkissjóð. Raunar er gert ráð fyrir því í skipulagi hins nýja miðbæjar Garðabæjar, sem staðsettur er á mótum Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar, að í einu af húsunum þar verði útibú frá skrifstofu sýslumanns og lögregluvarðstofa. Úthlutun lóða fyrir þá starfsemi hefur staðið til boða í tvö ár.

Þessar upplýsingar sýna að löngu er orðið tímabært og nauðsynlegt að opna lögregluvarðstöð í Garðabæ, í einum af stærri kaupstöðum landsins, en þjóna ekki þessum stóra kaupstað frá nágrannabyggð. Vona ég að undirtektir dómsmrh. verði ekki aðrar en jákvæðar í þessu máli.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. hefur borið fram fsp. á þskj. 651 um lögregluvarðstöð í Garðabæ.

Á síðasta ári ákvað dómsmrn. að gera úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu öllu og athuga hvort unnt væri að auka hagkvæmni í starfsemi lögreglunnar. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hóf undirbúning að því starfi á s. l. hausti og hefur unnið að því síðan, en þar til viðbótar hefur verið fengið norskt ráðgjafarfyrirtæki til að vera til aðstoðar. Þetta fyrirtæki hefur unnið á síðustu árum að leiðbeiningum og skipulagningu á lögreglumálum víða í Noregi og fengið viðurkenningu fyrir góðan árangur á því sviði. Það er áætlað að þessu starfi verði lokið síðla sumars eða í haust, í októbermánuði, og ættu þá að liggja fyrir niðurstöður með tillögum um hvernig hagkvæmast væri að koma fyrir löggæslumálum á öllu þessu svæði.

Á meðan þessi athugun stendur yfir og fyrr en henni er lokið er rn. ekki reiðubúið að svara því hvort nauðsynlegt verður talið að setja upp lögregluvarðstöð í Garðabæ.

Hins vegar vil ég geta þess að nú er unnið að því að byggja upp nýja lögreglustöð í Hafnarfirði sem sinni löggæslu í Garðabæ eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda. Þessi nýja lögreglustöð liggur við Kaplakrika og þar með styttist mjög leiðin í Garðabæ og verður greiðari. Þegar því verki er lokið ætti nokkuð að batna aðstaðan fyrir löggæslu í Garðabæ af þeim sökum. En þegar niðurstaða skýrslunnar, sem ég gat um, liggur fyrir mun verða hægt að svara því hvort talið verður ráðlegt að opna sérstaka lögregluvarðstöð í Garðabæ eða á hvern hátt annan verður talið heppilegast, bæði með tilliti til hagkvæmni og þjónustu, að leysa þessi mál í framtíðinni.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Hér á hv. Alþingi eru uppi hugmyndir um tvær nýjar lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, aðra í Garðabæ en hina í Mosfellssveit, en báðum yrði stjórnað frá Hafnarfirði þar sem yfirstjórn löggæslunnar er í höndum sýslumanns og bæjarfógetans með aðsetur þar. Ég er þeirrar skoðunar að nærtækara væri og löngu tímabært að gera gangskör að því að stokka upp allt fyrirkomulag stjórnunar á höfuðborgarsvæðinu að því er tekur til dómskipunar, innheimtu ríkisgjalda, sjúkratrygginga og ekki síst löggæslu, láta ekki skiptingu íbúa í einstök sveitarfélög í þessari samfelldu byggð ráða því lengur hvernig málefni ríkisins og þjónustustörf íbúanna eru skipulögð. Þar á heildarhagkvæmni að ráða. Það er skylt að nýta kosti þéttbýlisins í þessum efnum svo sem kostur er. Hagkvæmara gæti verið að aðskilja verkefni eftir málaþáttum og sameina stjórnun einstakra þátta á öllu svæðinu í heild í stað þess að búta verkefni og þjónustu eftir núgildandi umráðasvæðum embættismanna og láta þannig sama embættismanninn vera að grauta í öllu innan sinna landamæra, dómstörfum, innheimtu, almannatryggingum og löggæslu. Niðurstaða af athugunum á því hvernig hagkvæmast væri fyrir íbúana á þessu svæði og ríkissjóð að þessum verkefnum öllum sé sinnt á höfuðborgarsvæðinu sem heild þarf að liggja fyrir áður en efnt er til viðbótarkostnaðar við úrbætur og þjónustu eftir því skipulagi sem er að mínum dómi úrelt og á það ekki eingöngu við um löggæslu.

Varðandi löggæsluna skal ég geta þess að ég hef heyrt lögregluþjóna á þessu svæði halda því fram að það sé ekki nóg með að hagkvæmast væri að öll löggæsla á höfuðborgarsvæðinu sé sett undir eina stjórn, heldur þyrfti þá jafnvel ekki nema eina lögreglustöð. Með aukinni bifreiðanotkun og fullkominni fjarskiptatækni megi skipuleggja alla þjónustu við borgarana frá einni stöð. Einstakir lögregluþjónar hefðu eftir sem áður gæslu á sínum sérstöku svæðum og nytu til fulls þeirrar staðarþekkingar sem þeir búa yfir, en heildarstjórnun væri sameiginleg á öllu svæðinu og ávallt hægt að grípa til þeirra löggæslumanna sem næstir væru vettvangi. Um þetta get ég ekki dæmt, en vert væri að skoða hugmyndina.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að dómsmrn. hefði fengið norska aðila til að gera tillögur um skipulagningu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu og einnig mun þetta hafa verið kannað áður, eins og hæstv. ráðh. sagði. Ég fagna ákvörðun rn., en legg áherslu á að ég tel að þessar athuganir ættu að taka til fleiri þátta en löggæslunnar einnar. Ég hvet hæstv. dómsmrh. til að láta slíka allsherjarúttekt fara fram og er þeirrar skoðunar að við þá hagkvæmniathugun ættu menn að vera opnir fyrir því að stokka öll þessi mál upp á róttækan hátt og vera ekki í niðurstöðunni of bundnir af því hvernig þessu er nú hagað í úreltu kerfi landamæra og lénsherra.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir þau sjónarmið, sem komu fram hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni, að nauðsyn beri til að endurskipuleggja þetta í heild sinni og þá eftir málaflokkum. Okkur finnst það orðið harla ankannalegt að lögreglustörfum í Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós skuli vera stýrt frá Hafnarfirði fram hjá annarri lögreglustöð sem er í Reykjavík. Menn geta ekki látið þetta vera neitt

metnaðarmál. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að koma þessari þjónustu fyrir á sem hagkvæmastan og skynsamlegastan hátt. Hv. þm. Geir Gunnarsson undirstrikaði það mjög rækilega og mjög vel og ég tek eindregið undir það.

Það eru annað veifið uppi hugmyndir um að fjölga lögreglustöðvum. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því ef það verður ekki til þess að valda kostnaði og ef það reynist nauðsynlegt til þess að auka þjónustuna. En ég vil benda á, með tilliti til þess sem hæstv. ráðh. minntist á áðan, að ný lögreglustöð er í byggingu í Hafnarfirði og ef við værum ekki að hugsa um sýslu-, hreppa- eða bæjarmörk hugsa ég að það sé álíka langt í meginhluta byggðar í Garðabæ úr þeirri lögreglustöð og er í syðstu hluta byggðar í Hafnarfirði og líklega heldur styttra en suður að Straumi. Sú stöð ætti því landfræðilega séð að geta þjónað Garðabæ eftir að nýi vegurinn er kominn og hann er kominn úr Kaplakrika og upp að Vífilsstöðum. Hún ætti landfræðilega séð að geta þjónað því byggðarlagi álíka vel og Hafnarfirði fjarlægðarinnar vegna.

En um leið og ég lýsi þakklæti mínu fyrir að þessi mál skuli vera tekin til umr. og frumkvæði hv. þm. Gunnars Schram í því að vekja máls á þessu máli tel ég að meginatriðið sé það að taka á málunum eftir þeim línum sem hv. þm. Geir Gunnarsson lagði.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið við þessari fsp. og þær upplýsingar sem komu fram í máli hans, og þá fyrst og fremst þær að nú hefði hagsýslustofnuninni og norsku fyrirtæki verið falið að gera sérstaka úttekt, eins og hann orðaði það, á skipulagi lögreglu- og dómsmála á þessu svæði. Það eru út af fyrir sig ágæt tíðindi, en hins vegar rifjar það upp söguna sem oft er gott að hafa til hliðsjónar.

Með leyfi, herra forseti, vildi ég gjarnan mega vitna í bréf sem skrifað var í október 1978. Það er frá þáv. dómsmrh., núv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, og er einmitt um þetta sama atriði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framtíðarskipan á löggæslu á öllu höfuðborgarsvæðinu, þar með talinn Garðabær, er nú til athugunar í rn. Vonast ég til þess að á grundvelli þeirrar athugunar verði gerð breyting á skipulagi löggæslu á þessu svæði er hafi það m. a. í för með sér að þjónusta lögreglunnar við íbúa Garðabæjar batni verulega frá því sem nú er."

Tilvitnun lýkur í bréf Steingríms Hermannssonar þáv. dómsmrh.

Þetta bréf rifjast upp fyrir mér þegar ég heyrði svar hæstv. dómsmrh. um nýja athugun á þessu máli. Þær eru nefnilega ekkert nýjar af nálinni, athuganir, en ég hlýt samt að vona það, eins og aðrir þm. sem þátt hafa tekið í þessum umr., að þessi athugun leiði til hagstæðrar niðurstöðu fyrir þetta bæjarfélag og fyrir svæðið í heild.

Ég vil vegna þeirra umr. sem orðið hafa um þessa fsp., og eru reyndar meiri en ég hafði átt von á, undirstrika að í aðalatriðum er ég sammála þeim sjónarmiðum, sem komu fram hjá hæstv. ráðh. og öðrum hv. þm., að vitanlega ber að líta á höfuðborgarsvæðið þar sem það er hentugt sem eina heild. M. a. ættu dómgæslu- og lögreglumál að koma inn í þá mynd. En hitt vil ég undirstrika, að jafnvel þó að löggæsluyfirstjórn í Mosfellssveit verði flutt frá Hafnarfirði, sem er fráleitt kerfi, breytist ekki nauðsyn þess að lögreglan hafi varðstöðvar í hinum ýmsu hlutum höfuðborgarsvæðisins. Við erum að tala um sex þúsund manna kaupstað þar sem engin lögregluvarðstofa er, svo ég tali nú ekki um lögreglustöð. Ég vitna til fyrirkomulags hér í Reykjavík. Þar er, eins og menn vita, sérstök lögregluvarðstöð uppi í Árbæ. Af hverju halda menn að hún hafi verið sett á laggirnar? Það er vitanlega vegna þess að æskilegt er talið að það séu tiltækir löggæslumenn í hinum ýmsu hverfum stórrar borgar, í þessu tilviki uppi í Árbæ.

Jafnvel þó að breytingar verði gerðar á skipulaginu, og þær geta verið mjög til bóta, breytir það ekki nauðsyn þess að um varðstöð verði að ræða á stöðum eins og í Mosfellssveit og í Garðabæ. Ég vitna til þess að það hefur verið talin nauðsyn að hafa litla varðstöð á Seltjarnarnesi sem telur þó næstum því helmingi færri íbúa en Garðabær. Hérna þarf ekki að vera um stórt eða dýrt mannvirki að ræða. Það þarf ekki að byggja neinar stórar stöðvar til þessa. Hér er eingöngu um varðstöð að ræða sem gjarnan má leigja húsnæði undir. Meginatriðið er að menn séu á staðnum. Það má vel vera að hægt sé að hafa þá í bílum, en lögreglumenn þurfa eins og aðrir menn að setjast niður öðru hvoru og fá sér kaffi samkvæmt kjarasamningum og gegna ýmsum öðrum erindum sem nauðsynleg eru, þannig að ég held að málið leysist ekki eingöngu með lögreglubílum.

Ég vil leggja áherslu á að það er ótækt til langframa að þannig sé að lögregluvarðgæslumálum í jafnstórum kaupstöðum búið eins og nú er í Garðabæ.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. alþm. fyrir undirtektir þeirra við það verk sem dómsmrn. hefur hafið í sambandi við úttekt á þessum málum og í framhaldi af því tillöguflutning um framtíðarskipulag lögreglumála. Vissulega getur það verið rétt og eðlilegt, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði, að þörf væri á að skoða fleiri málaflokka en löggæsluna.

En vegna þess bréfs sem hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Reykn., las upp frá fyrrv. dómsmrh. og er frá 1978, um að verið væri að huga að þessum málum, vil ég geta þess að fyrirrennari minn í starfi flutti frv. á Alþingi um breytingar á skipulagi löggæslumála í Mosfellssveit og víðar og það náði ekki fram að ganga á Alþingi. Það hlaut ekki nægilegan stuðning á hv. Alþingi. Þess vegna sýndist mér vera nauðsynlegt að undirbúa málið með betri rökum en þar voru færð fram til þess að Alþingi treysti sér þá til þess að taka afstöðu til þess. Ég vil vonast til þess að þetta starf leiði til þess að færð verði nægileg rök fyrir breytingum á þann veg að það verði ekki verið að rígbinda sig við einhver mörk sem dregin eru á landakorti og hluta þannig niður þetta svæði í einstök bæjarfélög.

Sameinað þing, 74. fundur.

Þriðjudaginn 23. apríl, að loknum 73. fundi.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, þáltill. 439. mál (þskj. 746). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Frelsi í útflutningsverslun, þáltill. 336. mál (þskj. 534). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, þáltill. 339. mál (þskj. 541). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýjar hernaðarratsjárstöðvar, þáltill. 206. mál (þskj. 241, n. 735 og 743). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur haft mál þetta til ítarlegrar athugunar á mörgum fundum sínum.

Hæstv. utanrrh. kynnti hugmyndir um endurnýjun ratsjárkerfis varnarliðsins þegar sumarið 1983 og fljótlega kom málið til umræðu á fundi nefndarinnar og hugmyndirnar voru formlega kynntar nefndinni 12. des. 1983, á fundi þar sem mættir voru þeir Sverrir Haukur Gunnlaugsson deildarstjóri varnarmáladeildar og dr. Þorgeir Pálsson dósent við Háskóla Íslands, en hann hefur verið helsti ráðgjafi utanrrn. um tæknilega hlið málsins. Auk framangreindra manna hafa starfað í sérstakri ratsjárnefnd þeir Haukur Hauksson varaflugmálastjóri, Ólafur Tómasson yfirverkfræðingur Pósts og síma og Berent Sveinsson yfirloftskeytamaður hjá Landhelgisgæslu.

Nefnd þessi skilaði skýrslu um ratsjárkerfi varnarliðsins og þau not sem Íslendingar gætu af því haft. Formlega var skýrsla þessi kynnt og tekin til umfjöllunar í utanrmn. 3. des. 1984 að viðstöddum ratsjárnefndarmönnum sem svöruðu öllum þeim fsp. sem til þeirra var beint. Síðan hefur nefndin formlega fjallað um málið á tveimur fundum sínum, 25. janúar s. l. og 2. apríl. Fulltrúar frá ratsjárnefnd komu á báða þessa fundi þar sem m. a. var sérstaklega rætt um hernaðarlega hlið málsins. Gunnar Gunnarsson starfsmaður öryggismálanefndar kom einnig á annan þessara funda og gerði grein fyrir sínu áliti á málinu. Hann hefur síðan fjallað um málið í sérstakri grg. sem nefnist „Keflavíkurstöðin: Áætlanir og framkvæmdir."

Rétt er einnig að geta þess að hv. utanrmn. fór í eins dags skoðunarferð til Keflavíkurflugvallar þann 22. febr. s. l., bæði aðalmenn og varamenn, og skoðaði alveg sérstaklega ratsjárbúnaðinn sem þar er, en hann er að mestu leyti um 25 ára gamall. Er víst óhætt að fullyrða að öllum hafi þá orði ljóst hve frumstæður sá búnaður er. Sérstaka athygli vakti að aftan við geysistóran gagnsæjan plastskerm voru margir menn á fleygiferð upp og niður eins konar rimlaverk til að rita á skerminn spegilskrift með margvíslegum litum til að þeir sem utan hússins unnu gætu séð þetta stafa- og táknaflóð réttum augum. Tilburði á borð við þessa væri naumast hægt að sjá í nokkrum fimleikasal, en vafalítið í frumskógum hitabeltislanda. — En þetta var nú innskot. Hitt er staðreynd að upplýst var að mjög mætti bæta öryggi með fullkomnari búnaði og jafnframt fækka verulega starfsliði í þessari ratsjárstöð.

Rétt er einnig að geta þess að á vegum utanrrn. hafa að undanförnu verið haldnir margir kynningarfundir um málið, ekki síst í þeim byggðarlögum sem eru í grennd við staði þá sem til álita koma fyrir hinar nýju stöðvar. Enginn getur því haldið því fram að mál þetta sé illa undirbúið eða illa kynnt. Þvert á móti hygg ég að mér sé óhætt að þakka hæstv. utanrrh. og aðstoðarmönnum hans sérstaklega fyrir hönd utanrmn. allrar fyrir lipurð alla og greið svör, en ekki var staðið upp frá umræðum og afgreiðslu málsins í nefndinni fyrr en öllum spurningum hafði verið svarað og sérstaklega yfirlýst að nm. hefðu ekki fleiri spurninga að spyrja. Hér er því komið að pólitískri ákvörðun Alþingis sjálfs eins og vera ber.

Því miður klofnaði nefndin í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. mynda þm. Sjálfstfl. og Alþfl. í hv. utanrmn., auk mín þeir Ólafur G. Einarsson, Gunnar G. Schram og Kjartan Jóhannson, 1. minni hl. hv. þm. Alþb. og Kvennalista, Hjörleifur Guttormsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sem vilja samþykkja till., og 2. minni hl. hv. þm. Framsfl. Haraldur Ólafsson sem leggur til að till. verði vísað til hæstv. ríkisstj. Hv. þm. Guðmundur Einarsson sat fundi nefndarinnar fyrir hönd BJ þegar mál þessi voru rædd og mun hann sjálfsagt í umr. gera grein fyrir sinni afstöðu eins og ég á von á að talsmenn minni hlutanna tveggja geri grein fyrir sinni afstöðu hér á eftir.

Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að upplýsa þingheim um það að í utanrmn. hafa afvopnunar- og kjarnorkumál mjög verið til umræðu, bæði formlega og óformlega, og nefndin haft forgöngu um að undirnefnd starfaði til að reyna að samræma sjónarmið í þessum þýðingarmiklu málum. Þessi undirnefnd hélt m. a. fund nú í hádeginu og óskaði ég eftir því að fá að vera þar áheyrnarfulltrúi, en utanrmn. hefur sett sér það markmið að reyna á fundi hinn 6. maí n. k. að ná samstöðu í þessum málum að fengnu áliti undirnefndarinnar sem hefur frest til að skila því til 5. maí.

Mér er ljúft að lýsa því hér yfir að ég mun til hins ýtrasta reyna að ná samstöðu um þessi veigamiklu mál og afgreiða þau með einhverjum hætti fyrir þinglok. Skoðun mín er raunar sú að miklu minna beri á milli í sjónarmiðum Íslendinga varðandi afvopnunar- og kjarnorkumál en menn virðast stundum álíta, enda væri það einkennilegt ef við værum ekki í grundvallaratriðum sammála um þessi stærstu mál alls mannkyns.

Í nál. meiri hl. eru í tíu liðum talin helstu rök fyrir því að fella beri þáltill. og skal ég nú víkja nokkuð að þeim án þess þó að fara að lesa nál. upp eða tefja tímann, en vil mjög gjarnan verða við óskum hæstv. forseta um að flytja hér ekkert óþarft mál. Ég tel þó að ég þurfi að nota nokkrar mínútur til viðbótar.

Fyrst og fremst eru rökin þau að endurnýjun þessa úrelta ratsjárkerfis er augsýnilega alveg nauðsynleg og það sáum við nm. þegar við heimsóttum Keflavíkurflugvöll. Hins vegar teljum við í meiri hl. eðlilegt að byggja

stöðvar austan- og vestanlands og einmitt á svipuðum slóðum og ratsjárstöðvar áður fyrr voru til þess að hafa nokkurn veginn yfirsýn yfir íslenska efnahagslögsögu og þá flugumferð sem yfir henni er.

Hlutverk varnarliðsins breytist ekkert vegna þessarar endurnýjunar. Ratsjárstöðvarnar fjórar munu gegna sama hlutverki og þær tvær sem nú eru starfræktar, en auðvitað á fullkomnari hátt eins og tilætlunin er, auk þess sem þær ná til stærra svæðis. Þær munu þjóna loftvörnum landsins að sjálfsögðu, þ. e. fylgjast með svæði sem eins og ég sagði áðan er nokkurn veginn hið sama og efnahagslögsagan. Hins vegar efla þær auðvitað sameiginlegar varnir Atlantshafsbandalagsins með því að stuðla að öryggi á siglingaleiðum yfir Atlantshaf en það er lífæð Altantshafsbandalagsins. Ef svo óhugnanlega færi að til styrjaldarátaka drægi er það auðvitað mál málanna fyrir það bandalag, sem við erum aðilar að, að geta haldið opnum siglingaleiðum frá Norður-Ameríku og til Evrópu og að því leyti til í þágu Atlantshafsbandalagsins.

Hins vegar geta ratsjárstöðvarnar ekki með neinum hætti talist ögrun við neina þjóð. Þetta er eftirlitsbúnaður og þeir sem með friði fara þurfa ekkert að óttast þennan búnað. Það er alveg ljóst.

Búnaður þessi mun ekkert auka, að okkar áliti, líkur á að árás yrði gerð á Ísland ef til styrjaldar kemur. Það er auðvitað lega landsins sem veldur því hvort í nágrenni við okkar land eða á okkar landi yrðu átök. Sagan sannar það allt saman og þarf ekki um það að hafa mörg orð. Þess er einnig að gæta að það eru auðvitað mörg mannvirki á Íslandi, svo sem orkumannvirki o. s. frv., sem væru ekki síður skotmark ef til þess kæmi en þessar stöðvar. Þær eru hins vegar ekki reistar til loftvarna Norður-Ameríku. Það er held ég alveg ljóst að stystu flugleiðir milli Kola-skaga og Norður-Ameríku eru langt fyrir norðan okkur, enda hafa Kanadamenn og Bandaríkjamenn nýverið gert samninga um það sín á milli að stórefla ratsjárkerfi í Norður-Ameríku vegna þeirrar staðreyndar að stystu flugleiðir eru miklu norðar og koma þessu máli lítið eða ekkert við því að þær flugvélar eða flugskeyti sem hugsanlega væru send til árása á Bandaríki Norður-Ameríku eða Kanada fljúga ekki í nánd við okkur.

Þess er einnig að gæta, og ég tel það ekkert lítils virði, að íslenskir aðilar fengju bein afnot af þessum ratsjárstöðvum og þeim upplýsingum sem þær koma til með að afla. Það má geta þess í þessu sambandi að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins hefur t. d. veitt Norðmönnum fé til alveg hliðstæðra ratsjárstöðva þar í landi og þeir vinna nú að byggingu þriggja nýrra stöðva, í þessu nágrannalandi okkar, og enginn tekur til þess.

Flugumferðarstjórn sú, sem Íslendingar annast á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, verður auðvitað mun traustari við tilkomu þessara endurbóta. Flugmálastjórn hefur sem kunnugt er um 12 ára skeið notað ratsjár varnarliðsins á Miðnesheiði í því skyni að fylgjast með alþjóðaflugi yfir okkar landi og í nágrenni þess. Með fjórum nýjum ratsjám mætti veita alþjóðafluginu miklu fullkomnari þjónustu en nú er gert eða allt upp að 200 sjómílur frá ströndum. Þetta gæti haft úrslitaáhrif á það hver er hér í nágrenni við okkur og á þjónustu við flugflota heimsins. Ég er ekkert að vanmeta það og tel það ekkert niðurlægjandi að einu leyti eða neinu að við höfum slíkt samband og samstarf við okkar eigin bandalagsþjóðir.

Ratsjárstöðvarnar munu auk þess auka mjög öryggi í innanlandsflugi. Þannig mætti fylgjast með ferðum flugvéla í öllum algengustu flughæðum yfir landinu og milli allra landshluta og í mörgum tilfellum mætti einnig fylgjast með aðflugi að flugvöllum í grennd við stöðvarnar. Það getum við ekki heldur vanmetið og ég tel okkur það ekki til neinnar niðurlægingar eða vansa að njóta þessarar aðstöðu.

Ratsjárstöðvarnar gætu veitt upplýsingar um veður og það kæmi sér mjög vel bæði að því er varðar siglingar og flug. Stöðvarnar má einnig nota, aðstöðuna þar, til ýmiss konar fjarskipta, sem við sjálfir vildum stunda, svo sem milli skipa og lands, sjónvarpssendinga til skipa á hafi úti o. s. frv.

Loks er þess að geta að starfsmenn stöðvanna yrðu íslenskir og reksturinn í höndum okkar Íslendinga. Það tel ég einnig til bóta. Allt eftirlit á vegum varnarliðsins flyttist í eina sameinaða eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli og þá mundi verða allveruleg fækkun varnarliðsmanna í stöðinni á Stokksnesi við Hornafjörð. En íslenskir starfsmenn verða eitthvað nálægt ellefu talsins í hverri þessara þriggja stöðva út um landið.

Í ljósi þessara staðreynda, sem ég nú hef rakið og skal ekki tefja tímann meir, leggjum við til að þessi þáltill. verði felld, enda teljum við að bygging nýrra ratsjárstöðva og endurbætur þeirra eldri þjóni íslenskum hagsmunum og hagsmunum þess mikilvæga bandalags sem við erum aðilar að og viljum vera aðilar að.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. hv. utanrmn. um till. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Kolbrúnar Jónsdóttur um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi. Meginatriði nál. 1. minni hl. eru á þessa leið, með leyfi forseta:

1. minni hl. leggur til að þessi þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi rökum:

1. Bygging ratsjárstöðvanna táknar óumdeilanlega aukningu hernaðarumsvifa á vegum Bandaríkjahers og NATO hér á landi. Um þetta atriði segir Gunnar Gunnarsson, starfsmaður öryggismálanefndar, í nýlegu riti: „Keflavíkurstöðin: Áætlanir og framkvæmdir, m. a. eftirfarandi:

„Hugmyndir um nýjar ratsjárstöðvar eru nátengdar öðrum framkvæmdum og áætlunum, sem varða Keflavíkurstöðina eins og byggingu á styrktum flugskýlum í Keflavík, endurnýjun þeirra orustuflugvéla sem þar eru, byggingu olíugeyma í Helguvík o. fl. Allt tengist þetta loftvörnum á einn eða annan hátt. Út frá hernaðarlegu sjónarmiði er því eðlilegra að líta á þessar áætlanir sem eina heild, áður en litið er á hvert einstakt atriði fyrir sig."

Þótt ratsjárstöðvarnar einar út af fyrir sig auki ekki stórlega á hernaðarumsvif hérlendis verður að líta á þær í þessu samhengi og í heildarsamhengi við breytingar á eðli herstöðvanna hérlendis í það horf að þær geti orðið mjög mikilvægar í hugsanlegum hernaðarátökum risaveldanna.

2. Þá hefur það komið fram að mikil andstaða er gegn nýjum ratsjárstöðvum, bæði í þeim byggðarlögum þar sem helst er ráðgert að þær verði reistar sem og meðal annarra landsmanna.

Í skoðanakönnun dagblaðsins NT, sem birt var 10. apríl s. l., kom fram hjá 70% aðspurðra, sem afstöðu tóku, að helmingur þeirra er andvígur uppsetningu nýrra ratsjárstöðva hérlendis. NT dregur eftirfarandi ályktanir af þessari skoðanakönnun:

„Þegar öll kurl koma til grafar er svo niðurstaðan sú að þjóðin virðist skiptast í tvær nokkurn veginn nákvæmlega jafnstórar fylkingar í afstöðunni til þessa máls og ef þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram yrðu úrslitin langt í frá ráðin fyrir fram."

Í skoðanakönnun DV fyrr í vetur, þar sem spurt var um sama efni, kom fram að meiri hluti þeirra, sem afstöðu tóku, var andvígur hugmyndum um nýjar hernaðarratsjárstöðvar.

Það er þannig ljóst að mikil og víðtæk andstaða er við uppsetningu þessara stöðva og er hún engan veginn bundin við einstaka stjórnmálaflokka. Þá liggur það fyrir að verulegur hópur þess fólks, sem býr næst þeim stöðum þar sem rætt er um að reisa stöðvar, er andvígur byggingu þeirra. Nægir í því sambandi að vísa á bænarskrá 100 Vestfirðinga til ríkisstjórnar Íslands og mótmæli mikils fjölda íbúa í þremur sveitarfélögum í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. minni hl. hv. utanrmn. telur að virða beri óskir heimamanna um að mannvirki sem þessi verði ekki reist við bæjardyr þeirra og bygging slíkra hernaðarmannvirkja eigi ekki að koma til greina þar sem veruleg andstaða er við slík áform í heimabyggð.

3. Þá átelur 1. minni hl. þá málsmeðferð að tengja fyrirætlanir um þessi hernaðarmannvirki æskilegum úrbótum í farþegaflugi um og við landið og reyna að réttlæta þessi áform með röngum staðhæfingum um gildi slíkra hernaðarratsjárstöðva fyrir öryggi sjómanna og siglingar með ströndum fram. Að áliti 1. minni hl. hljóta Íslendingar sjálfir að tryggja öryggi þeirra sem um loft fara eða höf sigla og gera sjálfir í því skyni nauðsynlegar úrbætur hér á landi.

Þá átelur 1. minni hl. að innlendum stofnunum eins og Pósti og síma og flugmálastjórn hefur verið flækt í undirbúning vegna þessara hernaðarmannvirkja og virðist ætlað að eiga hlut að starfrækslu þeirra. Ef sú verður reyndin verður erfitt að greina á milli almennrar borgaralegrar starfsemi hérlendis og hernaðarumsvifa og er það í andstöðu við þá stefnu sem stjórnvöld hafa fylgt varðandi samskipti bandaríska herliðsins hérlendis og innlendra aðila til þessa.

Með tilliti til þessara ástæðna leggur 1. minni hl. utanrmn. til að þessi till. verði samþykkt.

Að þessu nál. stendur auk mín hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Herra forseti. Við fyrri hluta umr. um þessa þáltill. í Sþ. 21. mars s. l. gerði ég sérstaklega grein fyrir afstöðu Kvennalistans til byggingar nýrra hernaðarratsjárstöðva hér á landi og las við það tækifæri upp ályktun landsfundar Kvennalistans um þetta mál þar sem tekið er undir þau rök sem fram koma í bænarskrá 100 Vestfirðinga og sem mæla tvímælalaust gegn því að þessar stöðvar verði reistar hér á landi. Jafnframt gerði ég grein fyrir því að eins og segir í stefnuskrá Kvennalistans erum við Kvennalistakonur andvígar allri aukningu á herbúnaði, bæði hér á landi og annars staðar í heiminum, og þess vegna erum við á móti þeirri aukningu á herbúnaði sem bygging nýrra hernaðarratsjárstöðva hér á landi er.

Að undanförnu hefur töluverð umræða átt sér stað hér á landi um þá neyð sem stór hluti mannkyns býr nú við og nauðsyn þess að vinna þar bug á. Ég trúi því ekki að það sjái ekki hver hugsandi maður að það er ekki með neinum rökum verjanlegt að eyða ótæpilegu fé í aukinn vígbúnað á þessari jörð okkar á meðan stór hluti barna hennar sveltur. Ég hef átt þess kost að kynnast af eigin raun neyð þeirra sem svelta í svonefndum þróunarlöndum og það er ekkert sem fær sannfært mig um að það sé réttlætanlegt að verja fé til aukins vígbúnaðar þegar þannig er ástatt og háttað afkomu stórs hluta mannkyns. Með sönnu má segja að það fé sem fer til byggingar nýrra hernaðarratsjárstöðva hér á landi sé smáaurar miðað við það fé sem veitt er til vígbúnaðar í heiminum á ári hverju. En — og það er stórt en — með því að samþykkja að fé sé veitt til aukins herbúnaðar hér á landi, sama hversu lítið það fé hlutfallslega er, gerumst við Íslendingar þátttakendur með beinum hætti í því vitfirrta vígbúnaðarkapphlaupi sem nú geisar í heiminum. Við gerumst þá hlutaðeigendur í þeirri ábyrgð sem fylgir þessum fjárfestingum, sem fylgir því að veita fé til aukins vígbúnaðar í sveltandi heimi. Slíkt tel ég með öllu óverjanlegt og siðferðislega rangt og mun því ekki samþykkja aukningu á neins konar herbúnaði, hvorki hér á landi né annars staðar í heiminum ef því væri að skipta.

En þetta er ekki eina ástæðan, þótt veigamikil sé, fyrir því að ég set mig á móti aukningu herbúnaðar hverju nafni sem nefnist. Þar er líka fyrir hendi nauðsyn þess að vernda lífið á jörðinni, það líf sem við gefum börnum okkar, fyrir þeirri tortímingu sem því er búin af vígbúnaðinum og sem ég hef oft rætt hér um. Og einnig, og það vil ég undirstrika, nauðsyn þess að vernda það frelsi og þá lýðræðisskipan sem við búum við í okkar heimshluta og sem ég er ekki í vafa um að er meiri en annars staðar í heiminum þótt fullkomið sé það ekki frekar en önnur mannanna verk. Hæstv. utanrrh. hefur oft talað um nauðsyn þess að halda uppi vörnum fyrir þessum hlutum og um það er ég honum sammála. En hvernig best sé að gera það erum við ekki sammála um, a. m. k. ekki í þessu máli. Á meðan hæstv. utanrrh. vill byggja hér nýjar hernaðarratsjárstöðvar og auka þannig herbúnað hér á landi og hyggur að þar séu bestu varnirnar, þá tel ég að bestu varnirnar séu þær að gera allt sem við getum til að hrinda af okkur sjálfum og öðrum þjóðum heimsins ógnun vígbúnaðarins. Og hvernig gerum við það? Ekki með því að taka þátt í hernaðaruppbyggingu, ekki með því að taka við auknum herbúnaði inn í okkar land, heldur með því að leggja áherslu á nauðsyn afvopnunar og sýna það með verkum okkar bæði á alþjóðavettvangi og heima fyrir, þ. á m. með því að taka ekki við aukningu á þeim herbúnaði hér á landi sem nýjar hernaðarratsjárstöðvar tvímælalaust eru. Með því að sýna slíkan kjark í afstöðu sinni til vígbúnaðar getur lítil þjóð úti við ystu höf kveðið sér hljóðs í þágu friðar í heiminum og orðið þeim sem stærri eru og voldugri verðugt fordæmi. Slíkt tel ég sæmandi verkefni íslenskrar þjóðar í stríðandi og hungruðum heimi.

Herra forseti. Þetta eru þær meginástæður sem liggja til grundvallar því að Kvennalistinn er andvígur allri aukningu á vígbúnaði hverju nafni sem nefnist og sem fram kemur í 1. lið nál. 1. minni hl. hv. utanrmn. og eins og ljóst má vera af 2. lið nál. benda skoðanakannanir til

að sama gildi um um það bil helming þjóðarinnar. Hafa margir látið í sér heyra um þessa hluti á opinberum vettvangi á undanförnum misserum og langar mig til að vitna hér í blaðagrein sem séra Jakob Hjálmarsson sóknarprestur á Ísafirði skrifar í Morgunblaðið þann 30. jan. s. l. Eins og menn vita og fram hefur komið í fjölmiðlum er séra Jakob sjálfstæðismaður. Séra Jakob segir, með leyfi forseta:

„Við viðurkennum nauðsyn varna landsins og leggjum landið sjálft á metaskálarnar til að þjóðin geti komist hjá að vera með í sorglegu vopnaskaki þjóðanna. Í þessu ljósi verður sú stefna mikilvæg sem allar ríkisstjórnir hafa fylgt frá stríðslokum og miðar að því að hafa hernaðarumsvif varnarliðsins hér í lágmarki og aðgreina þau þjóðlífinu svo sem kostur er. Í því ljósi verður flugstöðvarbyggingin á Keflavíkurflugvelli bráðnauðsynleg. Samstarf Landhelgisgæslu, Flugmálastjórnar, Pósts og síma, lögreglu, Almannavarna og annarra stofnana við varnarliðið umfram ýtrustu nauðsyn verður hins vegar til ófarsældar. Vissulega munum við þurfa á ráðgjöfum og sérfræðingum að halda til að leggja mat á og vera með í umfjöllun um öryggis- og varnarmál, bæði hér heima og erlendis, og þátttaka í öllu stjórnmála- og áætlunarstarfi Atlantshafsbandalagsins er sjálfsögð. Af þessum sjónarhóli skoða ég nú hugmyndir um byggingu nýrra ratsjárstöðva. Með mikilli tregðu og varhygð hljótum við að samþykkja aukin hernaðarumsvif hérlendis. Við berum ekki síður ábyrgð á fjárfestingum í þessu sambandi en aðrir bandamenn okkar og horfum ekki fram hjá því að auðvitað eru ratsjárstöðvarbyggingar þessar hluti af brjáluðu vígbúnaðarkapphlaupi í sveltandi heimi."

Svo mörg voru þau orð. Hins vegar bregður nú svo við að þrátt fyrir málafylgju þessa sjálfstæðismanns og sjálfsagt fleiri sem þeim flokki fylgja rita allir hv. þm. Sjálfstfl. í hv. utanrmn. undir meirihlutaálit þess efnis að fella þá þáltill. sem hér er til umr. og lýsa sig þar með samþykka því að nýjar hernaðarratsjár verði reistar hér á landi. Þeim atriðum, sem fram koma í nál. meiri hl. n. á þskj. 735, er í rauninni svarað í nál. 1. minni hl. utanrmn., þannig að ég ætla ekki að fjölyrða þar um. Þó kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á hve hæpnar röksemdir meiri hl. hv. utanrmn. eru, ekki síst hvað varðar fyrstu efnisliðina sem væntanlega eru einnig veigamestir að áliti þeirra sem að því nál. standa.

Ef dregin eru saman helstu atriði þessara fjögurra efnisliða, þá eru þau á þann veg að nýjar hernaðarratsjárstöðvar séu sárameinlaus eftirlitsbúnaður, þær breyti ekki hlutverki varnarliðsins á neinn hátt, geti ekki talist ögrun við neina þjóð og auki ekki líkurnar á að árás verði gerð á Ísland ef til styrjaldar kemur.

Eins og ég benti á við fyrri hluta umr. um þessa þáltill. eru ratsjárstöðvarnar sjálfar ekki hættulegar vígvélar. Það sem gerir þær að hættulegum herbúnaði er samhengi þeirra við annan herbúnað hér á landi, bæði þann sem til staðar er og þann sem kann að verða bætt við. Það er þetta samhengi sem mælir gegn þeim fullyrðingum sem fram koma í nál. meiri hl. hv. utanrmn. og vil ég í því sambandi benda hv. þm. á að fletta upp á bls. 29 í skýrslu öryggismálanefndar um Keflavíkurstöðina, en þar segir, með leyfi forseta:

„Um leið og hernaðarmannvirki eins og ratsjárstöðvar gegna eftirliti á friðartímum eru þau ekki síður sett upp með hliðsjón af því sem álitið er vera möguleg atburðarás á ófriðartímum. Væntanlega er gengið út frá svipuðum forsendum varðandi ratsjárstöðvarnar og koma fram í skýrslu þeirri sem gefin var út af fjárlagastofnun bandaríska þingsins 1977, þ. e. stuttum aðvörunartíma um að til ófriðar dragi og hættu á skyndiárás í slíku tilfelli."

Af þessu má vitaskuld ljóst vera að hernaðarratsjár gegna mikilvægu hlutverki á ófriðartímum jafnt sem á friðartímum — og er þá einhver hér inni tilbúinn til að fullyrða að þar með séu þær ekki ögrun við neina þjóð, séu ekki hugsanlegt skotmark eða geti ekki skipt sköpum um það ásamt öðrum herbúnaði hér á landi hvert sé hlutverk herstöðvarinnar hér jafnt á friðar- sem ófriðartímum? Engan veit ég hermálasérfræðing hér sem getur fullyrt neitt slíkt og því eru þessar fullyrðingar meiri hl. hv. utanrmn. ekki á rökum reistar.

Hvað nál. 2. minni hl. utanrmn. varðar, sem útbýtt var á borð hv. þm. áðan, er ekkert um það að segja nema að þar er enga afstöðu að finna til þeirra framkvæmda sem hér um ræðir. Mun afstaða 2. minni hl. utanrmn. til þessa máls væntanlega koma fram þegar hv. 9. þm. Reykv. mælir fyrir nál. 2. minni hl. hér á eftir.

Herra forseti. Ég hef kosið að fylgja nál. 1. minni hl. hv. utanrmn. úr hlaði með því að ræða grundvallarforsendur þessa máls, enda snýst það um þá grundvallarafstöðu sem menn hafa til aukningar á vígbúnaði í heiminum. Við sem stöndum að áliti 1. minni hl. hv. utanrmn. höfum bent á að bygging nýrra hernaðarratsjárstöðva hér á landi tákni óumdeilanlega aukningu á hernaðarumsvifum hérlendis. Ég hef bent á að með því að samþykkja á Alþingi að taka við nýjum hernaðarratsjárstöðvum gerast Íslendingar með beinum hætti þátttakendur í því að veita fé til aukins vígbúnaðar í sveltandi heimi. Ég hef bent á að bestu varnirnar um frið og frelsi séu að gera allt sem í okkar valdi stendur til að lyfta af okkur sjálfum og öðrum þjóðum heimsins oki vígbúnaðarins og að eitt lítið skref í þá átt sé að samþykkja ekki byggingu nýrra hernaðarratsjárstöðva hér á landi. Við sem stöndum að nál. 1. minni hl. utanrmn. höfum bent á að þótt ratsjárstöðvarnar einar út af fyrir sig auki ekki stórlega á hernaðarumsvifin hérlendis verður að skoða þær í samhengi við breytingar á eðli herstöðvanna hér í það horf að þær geti orðið mikilvægar í hugsanlegum hernaðarátökum. Við höfum bent á að fram hefur komið mikil andstaða í landinu gegn þessum stöðvum, bæði í þeim byggðarlögum þar sem helst er ráðgert að þær verði reistar sem og meðal annarra landsmanna, og að tvímælalaust beri að virða óskir heimamanna um að þessar stöðvar verði ekki reistar við bæjardyr þeirra. Við höfum bent á að Íslendingar eigi sjálfir að tryggja öryggi þeirra sem um loft fara eða höf sigla og að fráleitt sé að blanda byggingu hernaðarmannvirkja saman við sjálfsagða íslenska öryggisþjónustu, hvað þá heldur að blanda innlendum stofnunum eins og Pósti og síma og Flugmálastjórn inn í undirbúning og hugsanlega starfsrækslu þessara hernaðarmannvirkja.

Herra forseti. Með þessum rökum leggur 1. minni hl. hv. utanrmn. til að þáltill. þessi verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál ber dálítið undarlega að og m. a. málatilbúnaðurinn veldur því að ég gat á hvorugt nál.

fallist, hvorki meiri hl. né 1. minni hl. hv. utanrmn., og leyfði mér því að bera fram þetta nál. sem ég mun lesa, með leyfi forseta:

„Þar eð enn liggja ekki fyrir endanlegar tillögur um byggingu nýrra ratsjárstöðva í stað þeirra sem lagðar voru niður á Vestfjörðum og Langanesi og því ekki hægt að meta gildi þeirra fyrir öryggi Íslands er lagt til að till. verði vísað til ríkisstj."

Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir forsendum þessarar niðurstöðu minnar og þessarar till.

Það er í fyrsta lagi þar til að taka að meginspurningin í þessu máli er hvort þörf sé á aukinni gæslu við Ísland, hvort öryggishagsmunir landsins krefjist þess að gæsla sé aukin frá því sem nú er. Þar kemur þá fyrst til að fyrir nokkrum árum voru settar hér á Keflavíkurstöðina tvær vélar, AWACS-vélar, sem hafa það hlutverk að fylgjast með gegnum ratsjárstöðvar sínar flugumferð á norðurslóðum utan þess geisla sem þær ratsjárstöðvar sem nú eru starfandi ná til. Það er því spurning mín hvort þessar nýju ratsjárstöðvar komi á einhvern hátt í stað AWACS-vélanna, hvort hugsanlegt sé að þær verði fluttar brott þannig að ekki sé hægt að halda því fram að um aukningu á umsvifum sé að ræða. Ég tel nefnilega að viðbót sú sem í ratsjárstöðvunum felst sé aukin gæsla og eins og góður maður sagði fyrir nokkrum öldum: öll gæsla ber merki styrjaldar. Ég held að við þurfum að hafa það í huga að meðan ratsjárstöðvarnar voru á Vestfjörðum og Langanesi voru engar AWACS-vélar. Verði AWACS-vélarnar fluttar á brott sé ég ekkert því til fyrirstöðu að þessar stöðvar verði endurreistar. En ég vil láta athuga mjög ítarlega hvort stöðva þessara er þörf meðan AWACS-vélarnar eru. Það veldur því að ég get ekki fallist á að samþykkja að horfið verði frá öllum hugmyndum um byggingu ratsjárstöðva. Ég tel að það hljóti að verða að líta á það mál í miklu víðara samhengi.

Í öðru lagi vil ég útfæra þetta dálítið nánar og segja sem svo, að þessar ratsjárstöðvar eru ekki bara tæknilegs eðlis, þær eru líka pólitísks eðlis. Það verður að athuga hvort þær falla að öðru leyti inn í það sem flokka mætti undir aukin umsvif. Einmitt með það í huga vil ég að kannað verði mjög rækilega áður en endanlegar tillögur liggja fyrir eða endanlegar áætlanir eru gerðar um þessar stöðvar á hvern hátt þær tengist annarri uppbyggingu á hernaðarsviði á Íslandi. Ég vil sem sagt ekki útiloka að slíkar stöðvar verði reistar, en ég vil að það verði kannað mjög rækilega hvort megi túlka það sem aukningu hernaðarumsvifa að ekkert verði látið í staðinn og jafnvel byggt upp á öðrum sviðum jafnframt.

Þá er það einnig spurning á hvern hátt öryggi landsins er tryggt, hvort það er betur tryggt með aukningu hernaðarumsvifa, aukinni gæslu, frekari fjölgun flugvéla, nýrri aðstöðu fyrir herbúnað hér á landi, flugvélar, herskip og annað af því tagi, eða hvort öryggi landsins væri betur komið með því að unnið væri verulega að slökun spennu hér á Norður-Atlantshafi. Þessum spurningum er enn ósvarað. Og ég tel að áður en endanlegar ákvarðanir verði teknar ætti að kanna þessi mál og athuga og ræða mjög rækilega hvort ekki megi líta svo á að einmitt minnkandi umsvif geti einnig verið öryggismál Íslendinga.

Þá vil ég einnig geta þess að auk þess að ekki eru tilbúnar endanlegar tillögur um þau atriði, sem ég hef hér rakið, hvar stöðvarnar eigi að vera, skilst mér að það sé ekki búið að ganga endanlega frá því hvernig rekstri þeirra verður hagað, hvort verður gengið þannig frá hugsanlega að AWACS-vélarnar fari héðan eða hvort þetta er viðbót við þá gæslu sem þær annast, hvort þetta er liður í aukinni uppbyggingu eða hvort þetta er algerlega sérmál að mati þeirra sem með þessa hluti fara.

Það er enginn vafi á því að framkvæmd varnarsamningsins er í höndum utanrrh. og ég hefði talið eðlilegra, ef utanrrh. vill láta Alþingi greiða atkv. um framkvæmdir af þessu tagi, að það komi fram þegar endanlegar tillögur liggja fyrir, en gerist ekki með því að láta greiða atkv. um ónákvæma og að mörgu leyti villandi till. eins og hér liggur fyrir. Með þessum rökum leyfi ég mér að leggja til að till. verði vísað til ríkisstj. og það er þá hennar að meta þau atriði sem koma fram í þessari umr. og ákveða hvort hún óskar eftir því að framkvæmdir af þessu tagi verði bornar undir atkvæði Alþingis.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef undirritað nál. meiri hl. og Alþfl. er sammála því að fella eigi þá till. sem hér liggur fyrir. Eins og þetta mál hefur borið að teljum við nauðsynlegt að við tökum af skarið í þessum efnum og fellum þessa till., þannig að ljóst sé að Íslendingar vilji að eftirlit með umferð um nágrenni Íslands sé í góðu horfi. Í þessu felst vitaskuld engin ógnun við neinn, eins og fram kemur í nál. Þetta er spurningin um að fylgjast með, ekki bara í þeim skilningi að fylgjast með umferðinni í kringum landið heldur líka að fylgjast með tímanum og endurnýja þann búnað sem úreltur er orðinn. Markmiðið með ratsjárstöðvunum eins og þær eru og eins og þær verða er að hindra að okkur verði komið að óvörum, m. a. að hindra að gerðar séu hér skyndiárásir án þess að menn geti haft af því spurnir. Slíkt kerfi hefur sinn tilgang, m. a. vegna þess að þá vita þeir sem gætu látið sér detta slíkt í hug að kerfið er fyrir hendi og þess vegna er vörn í viðvöruninni og þess vegna eykur hún jafnvægið og dregur úr hættunni á styrjöld. Ef menn eru hins vegar með götótt eða úrelt kerfi býður það tvenns konar hættu heim: Í fyrsta lagi að menn halda að þeir séu með gott kerfi og halda þess vegna ekki vöku sinni og að hinu leytinu hefðu þeir, sem gætu hugsað sér til hreyfings, uppgötvað hversu götótt kerfið væri og engin vörn væri í því og freistingunni væri boðið heim.

Í þessu máli hafa gerst þau tíðindi að ríkisstj. hefur klofnað. Það er skoðanaágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna. Fulltrúi Framsfl. í utanrmn. tók svo til orða að hann gæti ekki fallist á þann málatilbúnað sem hinn stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., og ég stöndum að. Ég veit ekki hvað það er í þessu nál. sem hv. þm. Haraldur Ólafsson telur að sé misfarið. Í fyrsta hluta nál. er eingöngu rakinn aðdragandinn að því hvernig við stöndum nú, hvaða undirbúningur hefur átt sér stað, hverjir hafa starfað að honum og þar fram eftir götunum. Ég get varla skilið að það sé svo margt missagt í því að hv. þm. treysti sér ekki til þess að taka undir það.

Í þeim töluliðum sem á eftir fylgja er efnislega tekið á fáeinum þáttum.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að hér sé um að ræða endurnýjun á úreltu ratsjár- og eftirlitskerfi. Ég hélt að það færi ekki á milli mála að hér væri um endurnýjun að ræða og ég hélt að það færi ekki á milli mála hjá þeim

sem hefðu skoðað það kerfi, sem í gildi er og er víst eitthvað nálægt þrítugu, að það væri úrelt miðað við núverandi tækni.

Ég trúi því ekki heldur að hv. þm. telji að hlutverk varnarliðsins breytist, sem er annar punkturinn, við það að fyrirkomulaginu verði breytt að því er eftirlitsstörfin varðar með því að fjölga þessum ratsjárstöðvum og þá reyndar ekki um meira en þær hafa stundum áður verið.

Í þriðja punkti er það talið upp að þetta geti ekki talist ögrun við ncina þjóð. Ég trúi því ekki að þm. telji að þetta geti talist ögrun.

Því er líka haldið fram að þetta muni ekki auka líkurnar á árás á Ísland–og það er rökstutt.

Ég veit ekki hvað það er af þessum punktum, sem ég hef hér rakið, sem Framsfl. telur að hægt sé að hafa á móti. Hinir punktarnir, sem upp eru taldir í seinni hluta ályktunarinnar, varða allt aðra hluti, öryggi í innanlands- og utanlandsflugi, öryggi á sjó, upplýsingar um veður og þess háttar, þannig að ég hef farið í gegnum þau efnisatriði sem hugsanlega gætu skipt sköpum í þessum efnum.

Ég verð að segja að ég skil ekki þá afstöðu sem kemur fram hjá hinum stjórnarflokknum eða fulltrúa hans í utanrmn. Hann gerði að umtalsefni að hugsanlega gæti verið í lagi að reisa þessar ratsjárstöðvar ef AWACS-vélarnar færu á braut. Mér finnst það harla einkennilegt vegna þess að allir sem um þetta hugsa vita að eftirlitseiginleikar AWACS-vélanna eru allt aðrir en landstöðvanna. AWACS-vélarnar geta séð niður fyrir sig, landstöðvarnar geta einungis séð út frá sér og sjá mismunandi langt eftir því í hvaða hæð flugvél er. Ég vil eindregið vara við þeim hugsunarhætti að það eigi að óska eftir því að AWACS-vélarnar verði sendar úr landi eða hætt að nota þær þó að þessar ratsjárstöðvar séu reistar vegna þess að hér er um tvenns konar eftirlit að ræða og á hvoru tveggja er nauðsynlegt að eiga kost.

Ég skildi ekki heldur þann punkt hjá hv. þm. Haraldi Ólafssyni, fulltrúa Framsfl. í utanrmn., að við ættum e. t. v. að vinna að slökun spennu í þessum heimshluta í staðinn fyrir að byggja radarstöðvar. Ég tel alveg sjálfsagt mál að við leitumst við, og það er grundvallaratriði, að reyna að draga úr spennunni milli austurs og vesturs. Auðvitað varðar það alla Evrópu, en jafnframt og þá ekki síður okkur. Ég veit ekki betur en allir flokkar á Íslandi hafi verið reiðubúnir til þess að vinna að því að slakað yrði á spennu. En það hefur ekkert með þetta mál að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. Hvað sem við leggjum á okkur til að reyna að draga úr spennunni milli stórveldanna og þeirri spennu sem er á þessu svæði verðum við að halda uppi öruggu eftirliti með óboðinni umferð í kringum landið. Það væri alls ekki til þess fallið að skapa jarðveg fyrir betri sambúð að ætla sér að falla frá því að líta eftir umferðinni sem er hér um slóðir frekar en annars staðar. Hér getur ekki eitt komið í annars stað. Þetta hlýtur hvort tveggja að fylgjast að.

Hv. þm. Haraldur Ólafsson talaði líka um að ekki væri hægt að taka afstöðu til þessa máls fyrr en endanlegar tillögur lægju fyrir, t. d. um staðsetningu. Er þá ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort menn telji koma til álita að reisa hér ratsjárstöðvar eða hvort menn vilji reisa hér ratsjárstöðvar meðan ekki hafa verið settir út koordinatapunktar fyrir þessar stöðvar. Ég tel ekki, að því er þetta mál varðar, að það geti skipt nokkru máli hvort þeir eru 500 m eða fáeinum km austar eða vestar. Allir þm. vita að það eru einungis tveir meginstaðir á þeim landssvæðum sem hafa komið til álita og jafnvel þótt því yrði eitthvað hnikað til hljóta menn að geta tekið afstöðu til þess og á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem hafa verið gefnar hvort menn telja að hér sé um æskilega eða óæskilega framkvæmd að ræða. Ég lýsi því afdráttarlaust yfir að ég tel að þetta sé æskileg framkvæmd og þess vegna sé fráleitt að taka ekki afstöðu til þeirrar till. sem hér er og afgreiða hana með því að fella hana þar sem öllum hugmyndum í þessa átt er hafnað skv. tillögunni.

Hv. þm. Haraldur Ólafsson talaði líka um að það væri eðlilegt, ef utanrrh. vildi fá atkvgr. um þetta í þinginu að hann bæri þá sjálfur fram um það till. Í því felst að hv. þm. vill ekki að það sé tekin afstaða til þingmannatillagna sem hér koma fram. Þessi till. er fram komin fyrir löngu og auðvitað eiga þm., sem hana flytja, rétt á því og kröfu að til hennar sé tekin afstaða. Utanrrh. getur ekkert gripið fram fyrir hendurnar á þinginu í þeim efnum. Þessi mótbára stenst því ekki.

Ég er algerlega andvígur þeim viðhorfum sem komu fram í málflutningi hv. þm. Haralds Ólafssonar og mér finnst satt best að segja að það nál. sem liggur fyrir frá 2. minni hl. utanrmn. sneiði að hæstv. utanrrh. Það er í rauninni verið að gefa í skyn að málið sé illa undirbúið af hálfu ráðh. og þess vegna sé ekki hægt að taka afstöðu í málinu. Ég tel að hæstv. utanrrh. eigi það allra síst skilið í þessu máli að að honum sé sneitt með þeim hætti vegna þess að um þetta mál hafa farið fram meiri og opnari umræður en að ég tel um nokkurt annað mál, sem á dagskrá hefur verið varðandi öryggismál og varnarliðsframkvæmdir á Íslandi, og menn hafa haft aðgang að ótölulegum gögnum. Bæði hefur utanrmn. fengið aðgang að þeim mönnum sem hafa unnið að athugunum, það hafa verið lagðar fram skýrslur um málið og það hafa verið haldnir fundir um þetta víðs vegar. Þetta mál er því mjög vel kynnt.

Ég veit ekki hvernig ber að skilja afstöðu Framsfl., en mér finnst fráleitt í þessu máli, eins og ég hef sagt, að það sé sneitt að utanrrh. Mér finnst það ekki vita á gott að Framsfl. skuli ekki treysta sér til að hafa skoðun á jafnvel upplýstu og einföldu máli og hér er um að ræða.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar. Eins og kom fram í upphafi máls míns tel ég að nauðsynlegt sé að þessi till. verði felld. Alþfl. telur að með tilliti til þess hvernig þessi mál hafa þróast og með tilliti til þess hver staða þeirra er sé nauðsynlegt á þessu stigi að þessi till. verði felld. Ég vil jafnframt lýsa ánægju minni með það hvernig hefur verið staðið að undirbúningi þessa máls af hálfu utanrrh. og tel að það sé að mörgu leyti til fyrirmyndar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég er áheyrnarfulltrúi Bandalags jafnaðarmanna í hv. utanrmn. og hef fylgst með afgreiðslu þessa máls. Ég mun greiða atkv. gegn þessari till. Ég tel að ekki hafi komið fram neinar þær upplýsingar í meðferð þessa máls sem veki ótta um að fyrirhugaðar ratsjár séu ógnun við öryggi landsins eða geri landið í heild eða sérstaka hluta þess að fýsilegra skotmarki en ella.

Ég vil nota þetta tækifæri til að árétta þá skoðun mína að umræða um öryggismál hafi í raun aldrei verið almennilega til á Íslandi nema í því fornaldarlega

næstum svarthvíta úr NATO/í NATO-karpi sem hefur einkennt íslenska öryggismálaumræðu í áratugi. Þetta mál byrjaði raunar nokkuð illa vegna þess að ágætt dæmi um þennan skort á raunverulegri umræðu um varnar- og öryggismál var skýrsla sem utanrrn. lagði fram snemma í vetur um ratsjárstöðvamál. Þar var fjallað um allt annað en varnar- og öryggismál í þeim skilningi sem þurfti. Þar var mest áhersla lögð á hugsanlega gagnsemi ratsjárstöðva fyrir trillubátaútgerð fyrir austan, norðan og vestan og auk þess var umræða um þýðingu þessara stöðva fyrir hugsanlegt innanlandsflug. En eftirleikurinn var miklu betri. Í kjölfar þess að farið var að fjalla um þetta mál urðu mínu mati þau tímamót að það var fjallað eða a. m. k. var góður vísir að raunverulegri opinni umræðu um varnar- og öryggismál landsins, umræðu sem hefur beinst að því að gera tilraun um úttekt á öryggismálum landsins, gera sér grein fyrir þeim valkostum sem þar eru en stökkva ekki beint ofan í gömlu skotgrafirnar. Þessi mál hafa ætíð verið innanhússmál ríkisstj. og kannske enn frekar leyst á kontórum utanrrn. án opinberrar þátttöku þings og þjóðar. Þess vegna eru hér að mínu mati tímamót. Ég vona að hér muni það fylgja eftir að bæði alþm. og íslensk þjóð taki miklu virkari þátt í varnar- og öryggismálaumræðum. Það er skylda okkar og það er skylda stjórnvalda að búa þannig í haginn með upplýsingamiðlun og raunverulegu íslensku frumkvæði í varnar- og öryggismálum að fólk geti myndað sér skoðun á þeim valkostum sem við höfum í þessum málum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ætli ég muni ekki sem 1. flm. þeirrar till. sem hér er til umr. síðara sinni bæta við nokkrum orðum. Ég ætla þó að reyna, m. a. með tilliti til orða virðulegs forseta í upphafi umr. að forðast að endurtaka allt það sem áður hefur komið fram í allmiklum umr. um till. á þinginu í vetur. En nokkru vil ég þó við bæta og einnig fjalla örlítið um þau ummæli sem hér hafa fallið í framsögu með nál. og síðari ræðum hv. þm.

Það má fyrst til taka að öll saga þessa máls er orðin nokkuð lærdómsrík. Hún hefur a. m. k. verið það fyrir mig og ég hygg reyndar að þetta mál beri að með nokkuð óvenjulegum hætti hér á hv. Alþingi. Það er ekki alvanalegt að fjallað sé um einstakar framkvæmdir hersins með þessum hætti og menn kunna að hafa mismunandi skoðanir á þeirri málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð, en hafi menn á annað borð trú á því að það sé til góðs að kynna sér málin og ræða þau og afla um þau upplýsinga hygg ég að enginn geti á móti því mælt að flutningur þessarar till. og reyndar fsp. á síðasta þingi um sama mál hafi verið liður í því efni að draga málið fram í dagsljósið og knýja skuggabaldrana út úr skúmaskotunum og draga fram þær upplýsingar sem ég tel að hv. Alþingi og þjóðin öll eigi heimtingu á að fá í málum sem þessum. Ég tel það a. m. k. vel fararinnar virði í þeim árangri sem á þessu sviði hefur verið náð hver svo sem örlög þeirrar till., sem hér er til umr. og virðast skiptar skoðanir um, verða.

Ég ætla ekki efnislega að fara að svara framsögu meiri hl. hv. utanrmn. Allt var þar af hógværð flutt og ég sé ekki ástæðu til að fara yfir það lið fyrir lið. Þar var því haldið fram og reyndar af síðari ræðumönum að þetta mál hafi verið einstaklega vel kynnt, að að því hafi verið einstaklega vel staðið, það hafi verið opin umræða um það o. s. frv. Þetta er að nokkru leyti rétt og það skal fúslega viðurkennt héðan úr þessum virðulega ræðustóli, m. a. af orsökum sem ég hef áður rakið. En ég tel þó, og vil að það komi hér skýrt fram, að einungis vissar hliðar á þessu máli hafi fengið rækilega umfjöllun og verði ítarlega kynntar. Því miður hefur sú kynning, sú umræða og sú umfjöllun ekki náð til allra hliða þessa máls og ber að harma það.

Ég hef frá upphafi gagnrýnt það í fyrsta lagi hvernig þessar framkvæmdir voru kynntar fyrir þjóðinni og má þá nefna það fyrst að hæstv. utanrrh. neitaði því alfarið á sínum tíma að hér væri um hernaðarframkvæmdir að ræða. Ef ég má vitna til ummæla hans, með leyfi forseta, svaraði hann fsp. á hv. Alþingi þann 15. nóv. 1983 og segir í þingtíðindunum í þessari umræðu:

Hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson vill að gefnu tilefni láta það koma skýrt fram að „að mínu mati er hér alls ekki um hernaðarmannvirki að ræða."

Á kjördæmisþingi Framsfl. var hæstv. forsrh. á svipuðum nótum.

Þetta var borið á borð fyrir hv. Alþingi í nóvember 1983. Svo höfðu skipast veður í lofti að þegar við, ég og hæstv. utanrrh., áttum orðastað um þessa till. hér á Alþingi fyrr í vetur sagðist hæstv. utanrrh., og ég ætla að reyna að vitna í hann orðrétt eftir minni, eiga erfitt með að kalla þetta hernaðarmannvirki. En hann harkaði þó af sér og notaði það orð í umræðunum. Þá var þetta svo komið.

Nú er, hygg ég, ekki lengur um það deilt að hér eru auðvitað hernaðarmannvirki á ferðinni og menn verða að kyngja gallinu og ræða um þau mál sem slík. Það eru menn nú farnir að gera og ber að fagna því. Fyrsta blekkingin er sem sagt þar með afhjúpuð. Hér eru hernaðarmannvirki á ferðinni.

Allur aðdragandi málsins að öðru leyti er umhugsunarefni. Ég hef þegar rakið það hér í umr. á Alþingi hvernig þetta hefur borið að og er reyndar keimlíkt ýmsum öðrum framkvæmdum sem hér hefur verið farið í á Íslandi á sviði hermála og hafa flestar borist til okkar mjög í skötulíki og verið kynntar á nokkuð undarlegum forsendum. En ég kemst ekki hjá því að spyrja hv. þingheim, þann sem enn þá tórir hér og hlustar á þessar umr. og ég ætlast ekki til svara, en ég vil að hver reyni að svara sjálfum sér: Hvað vita hv. þm. og hvað halda menn t. d. að íslenska þjóðin hafi fengið að vita um hluti eins og tengingu þessara radarstöðva við DEW-línuna? Hvað vita menn um hana? Vita menn í fyrsta lagi hvað DEW-línan er? Vita menn hvers konar búnaður það er? Vita menn hvernig þessar stöðvar tengjast honum? Vita menn hvar er stjórnun þess herafla sem á og rekur DEW-línuna? Vita menn hvað NADS er? Vita menn hvaða stefna bandaríska hersins liggur þar að baki? Vita menn hvar OTH-radarstöðvar eru? Vita menn hvernig þær hugsanlega tengjast þessum radarmannvirkjum? Vita menn hvað þar er á ferðinni? Vita menn t. d. hvað koma F-15 orustuþotnanna og fjölgun þeirra úr 12 í 18 þýðir? Vita menn um tæknilegan mun á F4E-vélunum, sem hér eru fyrir, og þeim nýju flugvélum sem hingað eru koma? Vita menn að svonefndur vígradíus þessara véla er um helmingi meiri? Vita menn að þær geta farið í árásarferðir alla leið til Kola-skaga og komist heim aftur án þess að taka

eldsneyti? Vita menn í raun og veru hvað AWACS-flugvélarnar eru? Mér fannst gæta mikils misskilnings áðan hjá hv. þm. um það. AWACS-ratsjá er ekkert öðruvísi en önnur ratsjá. Hún er einfaldlega hátt uppi í loftinu og þess vegna er hún miklum mun afkastameiri og þekur stærra svæði, 500 þús. ferkm auðveldlega, í þeirri flughæð sem þoturnar geta haldið sig í klukkustundum saman.

Mér fannst gæta ofurlítils misskilnings hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni í umfjöllun hans um þetta mál og einnig misskilnings hjá hv. þm. Haraldi Ólafssyni þegar hann gerir því skóna að það væri hægt að hafa slétt skipti á tveimur radarstöðvum á landi og kannske einni eða tveimur AWACS-flugvélum. Hér er um ólíkar stærðargráður að ræða. Slík tæki eru þessar AWACS-þotur. Þær eru til viðbótar við það að vera venjuleg ratsjá einnig fljúgandi stjórnstöð með eigin fjarskiptakerfi og geta sem slíkar starfað sjálfstætt og hafa reyndar til þess heimild skv. uppflettibók bandaríska hersins að gera það og er ætlað slíkt hlutverk á styrjaldartímum.

Vita menn það og hafa menn rætt það í tengslum við þetta mál hvaða þýðingu tilkoma nýrrar stjórnstöðvar hefur í tengslum við þetta mál? Hafa menn hugleitt hvað margfaldað birgðarými eldsneytis fyrir flugvélar í Helguvík þýðir í tengslum við þessar nýju framkvæmdir? Hafa menn hugleitt að hingað eru komnar fullkomnustu eldsneytisflutningavélar bandaríska flotans sem geta fóðrað stóran flota flugvéla með eldsneyti sínu? Þar er um að ræða þotur með mikla burðargetu sem eru einn fljúgandi eldsneytistankur og geta fóðrað flugvélar á eldsneyti á lofti.

Svona mætti lengi telja. Hafa hv. þm. sett sig inn í þessa hluti? Hafa þeir reynt, eins og t. d. hv. þm. Haraldur Ólafsson virðist hafa gert, að setja þessa hluti í samhengi og reyna að átta sig á því hvað hér er að gerast? Ég verð því miður að segja, þrátt fyrir nánast taumlausa virðingu mína á hv. Alþingi og hv. þm., að ég hef efasemdir um þetta, því miður. Ég hef eytt miklum tíma í að reyna að kynna mér þessa hluti og lesa mér til. Það er hægt og miklar upplýsingar liggja fyrir. Engu að síður tel ég mig nánast fáfróðan í þessum efnum, miðað við það sem ég þyrfti að vera og vildi vera til þess að geta myndað mér heilbrigða skoðun í þessum efnum.

Síðan er hin pólitíska og hernaðarlega eða strategíska hlið þessara mála. Hafa menn reynt að setja sig inn í það hvernig nýjar áherslur í herstefnulegum efnum spila inn í þetta mál? Ég spyr hv. þm. og svari hver fyrir sig.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í að fjalla um álit 2. minni hl. Það er frekar stutt og það er sjálfsagt ekki óskaplega mikið um slíkt álit að segja. Ég hefði talið mjög æskilegt að hv. þm. Haraldur Ólafsson hefði til að mynda haft í sínu nál. eitthvað svipað mál og hann flutti í framsöguræðu og hefði slíkt nál. legið fyrir með einhverjum fyrirvara, ég tala nú ekki um, hefði það hugsanlega auðveldað manni að glöggva sig á skoðun hans og þá væntanlega þess flokks sem hann situr fyrir í utanrmn.

Hann bar fram t. d. þá spurningu: Er hugsanlegt að AWACS-flugvélarnar, fljúgandi ratsjárstöðvarnar, fari burtu þegar þessar nýju ratsjárstöðvar koma? Þetta er mjög gild spurning og mundi vissulega hafa áhrif á afstöðu manna í þessum efnum eða gæti haft það. Ég verð því miður að svara hv. þm. Haraldi Ólafssyni, vegna þess að ég er ekki viss um að aðrir verði til þess, neitandi. Allar þær upplýsingar sem ég hef undir höndum benda til þess að svo verði ekki. Ég hef hvergi séð það á prenti hjá Bandaríkjaher eða bandarískum þingnefndum, sem um þessi mál fjalla, að slíkt standi til. En því miður hef ég séð hitt á prenti, að það standi enn til, sem við höfum áður heyrt, að fjölga þessum vélum og það liggur reyndar fyrir að bandarískt herinn hefur þegar fest kaup á og er að festa kaup á og borga inn á fjöldann allan af slíkum vélum, m. a. fyrir þær deildir hersins sem hér reka starfsemi.

Annar liður í máli hv. þm. Haralds Ólafssonar er einnig mjög gildur, þ. e. spurningin um tengingu þessara mannvirkja við annan búnað. Það er lykilatriði í þessum efnum sem ég hef frá upphafi lagt mikla og þunga áherslu á. Sem betur fer hefur nokkuð miðað í þá átt að fá menn til þess að horfast í augu við að hér sé um áætlanir og samtengd plön að ræða um uppbyggingu vígbúnaðar á Íslandi. Skýrsla öryggismálanefndar eftir Gunnar Gunnarsson er mikilvægt atriði í því efni þar sem því er beinlínis haldið fram og það fullyrt af fagmönnum og síðan hefur því ekki verið mótmælt mér vitanlega opinberlega. En fram að þeim tíma var ósköp lítið tekið undir spurningar manna og fullyrðingar um þau efni og reynt að láta menn líta á þetta eins og einangrað fyrirbrigði í veröldinni.

Því er aldeilis ósvarað, og ég tek undir það með Haraldi Ólafssyni, hvort það sé skynsamleg leið að stefna á aukningu vígbúnaðar, aukna gæslu eða hvað sem menn vilja kalla það og hvort menn geti ekki náð fram sömu markmiðum, þ. e. auknu öryggi íslensku þjóðarinnar, með allt, allt öðrum leiðum, t. d. því að stuðla að slökun. Ég vil benda hv. þm. Haraldi Ólafssyni á að grg. með þessari þáltill. hefst einmitt á þeim orðum hvort ekki sé vænlegra fyrir íslensku þjóðina að reyna að tryggja öryggi sitt með því að beita sér fyrir aðgerðum sem stuðlað gætu að slökun í þessum heimshluta. Hvað þetta varðar virðist því bilið ekki langt á milli skoðana flm. þessarar till. og hv. 9. þm. Reykv. En ég kem örlítið nánar að þætti Framsfl. sem heildar, ef hægt er að tala um hann í þeim líkingum í þessu máli, hér á eftir.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hélt uppi miklum vörnum fyrir hæstv. utanrrh. og þar fékk nú Framsfl. aldeilis til tevatnsins. Hann fékk kennslustund í því, Framsfl., hvernig góður NATO-flokkur á að vera og hvernig góður NATO-flokkur má ekki haga sér. Góður NATO-flokkur má aldrei leyfa sér að gagnrýna málsmeðferð hæstv. utanrrh. á hverjum tíma í svona málum. Það er bannað í góðum NATO-flokki og hv. þm. Kjartan Jóhannsson vill endilega að Framsfl. viti þetta, a. m. k. héðan í frá.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að sennilega eru allir flokkar á Íslandi sammála um að slaka á spennu, en menn ætla mismunandi leiðir í þeim efnum. Alþfl. og Sjálfstfl. ætla að slaka spennuna á Norður-Atlantshafi með því að leyfa Bandaríkjamönnum aukningu á vígbúnaði. Það er þeirra aðferð. Þannig birtist þessi vilji þeirra í verki. Og það eru verkin sem sýna merkin, ekki orðin, hv. þm. Þess vegna dæmi ég menn í þessum efnum fyrst og fremst af verkum þeirra vegna þess að reynslan hefur sýnt mér að sunnudagsræðurnar eru ekki marktækar í þessum efn-

um. Það eru verkin eins og þau birtast okkur sem tala og af þeim skulum við dæma mennina. Af ávöxtunum skulu þeir þekkja þá. Og ávextir þessara flokka eru sem sagt þeir sem ég hef hér rakið. Þeir eru aukning vígbúnaðar. Þeir eru ný hernaðarmannvirki. Þeir eru „já" og „takk fyrir" í hvert einasta skipti sem Bandaríkjaher biður um nýjar framkvæmdir á Íslandi. Nefnið mér eitt dæmi, hæstv. utanrrh. og hv. þm. Kjartan Jóhannsson, um að beiðnum frá Bandaríkjaher hafi verið vísað frá þegar íslensk yfirvöld, þegar utanrrh. á hverjum tíma hefur neitað Bandaríkjaher um einhverjar nýjar viðbætur við herbúnað hér á landi? Ég bið um dæmi. Nefnið mér dæmi. Nei, því miður hefur það verið „já"- og „takk fyrir"- stefnan, yes sir-stefnan.

Um ræðu hv. þm. Guðmundar Einarssonar, ágæts sessunautar míns á hv. Alþingi, vil ég segja sem allra, allra minnst. Mér fannst þetta hálfsnautleg magalending hjá þeim ágæta þm. og minnti mig óþægilega mikið á þá Bjarmalandsför sem flokkurinn Bandalag jafnaðarmanna fór t. d. í afgreiðslu á öðru máli á hv. Alþingi í vetur þegar til umfjöllunar var samkomulag við auðhringinn Alusuisse. Þá lutu þeir í duftið og kysstu á vöndinn þrátt fyrir að í raun og veru virtust þeir efnislega ósammála þeim gjörningi og kom það m. a. fram í þeirra ræðum. Ég heyrði það, bæði á hv. þm. Guðmundi Einarssyni og einnig hefur það að sjálfsögðu komið fram hjá meðflutningsmanni mínum að þessari till., að BJ virtist hafa ýmislegt við þessa málsmeðferð og þessar framkvæmdir að athuga, en þetta er a. m. k. niðurstaðan hvað hv. þm. og ágætan sessunaut minn, marglofaðan, varðar og ég harma það.

Herra forseti. Menn geta deilt um hversu marktækar þær eru, en vissulega eru vísbendingar uppi um að andstaðan við þessi nýju hernaðarmannvirki sé miklu meiri meðal þjóðarinnar en oft áður hefur verið um einhverjar slíkar framkvæmdir á vegum bandaríska herliðsins hér á Íslandi. Skoðanakannanir í tveimur dagblöðum í borginni, DV og NT, sem nýlega hafa verið gerðar eða tiltölulega nýlega, sýna það báðar og eru nokkuð samhljóða í þeim efnum að jafnvel rúmlega helmingur aðspurðra er á móti þessum framkvæmdum. Nú hefur því verið haldið fram af hæstv. utanrrh. og af fleiri mönnum hér á Alþingi, þ. e. hv. þm., að í þessu máli skipti það máli fyrst og fremst hvort þú værir fylgjandi eða andvígur veru okkar í NATO, línur lægju þannig að annaðhvort væri þú með eða á móti, annaðhvort værir þú með okkur góðu mönnunum eða á móti. Gott og vel, þetta er uppstilling hæstv. utanrrh. Hv. þm. Magnús Reynir, sem hér sat á þeirri tíð er við ræddum þessa till., hafði svipaða uppstillingu á þessum málum og einnig hv. þm. Eiður Guðnason sem tók með mjög eftirminnilegum hætti þátt í umr. um þessa till. fyrr í vetur, á ákaflega málefnalegan og sérkennilega eftirminnilegan hátt. En ég vil þá spyrja þessa hv. þm. og hæstv. utanrrh. að því: Eru þeir þar með að viðurkenna og þar með að segja að rúmlega helmingur þjóðarinnar sé á móti NATO, andvígur veru okkar í Atlantshafsbandalaginu? Ef ég tek þá á orðinu, þessa hv. þm. og hæstv. utanrrh., og nota þeirra eigin skilgreiningar, að í þessu máli hljóti menn að fylgja þessum nýju hernaðarmannvirkjum ef þeir styðji veru okkar í NATO, þá er það niðurstaðan, studd skoðanakönnunum, að nú sé svo komið eða í öllu falli sé það svo í dag hvernig sem það hefur áður verið að sennilega rúmlega helmingur sé á móti þessu hernaðarbandalagi. Ekki ætla ég að harma þá niðurstöðu. Ég hef lengi alið þá von í brjósti að svo væri það og sannarlega ánægjulegt ef hér bætast mér rök til að trúa því.

Í öllu falli er ljóst að andstaðan er mikil og almenn og hún er meðal fylgjenda allra stjórnmálaflokka, bæði kjósenda allra stjórnmálaflokka og einnig flokksbundinna fylgismanna eins og hér hefur áður komið fram í umr. Og ég hygg og ég hef skýrt það svo fyrir sjálfum mér að þetta stafi ósköp einfaldlega af því að menn leyfi sér í þessum efnum að mynda sér sjálfstæða skoðun á réttmæti þessara sérstöku framkvæmda burtséð frá því hvaða afstöðu þeir annars hafa til veru okkar í Atlantshafsbandalaginu eða t. d. veru bandarískra hersins hér. Og það hefur reyndar komið fram. Það mætti vitna í fjöldamargar blaðagreinar og yfirlýsingar ákveðinna manna þessu til stuðnings þar sem menn, flokksbundnir í Sjálfstfl. eða flokksbundnir í Framsfl. eða Alþfl., lýsa sig gjarnan fylgjandi veru okkar í Atlantshafsbandalaginu, en algerlega andvíga aukningu á herbúnaði hér. Þetta ætti að verða þessum hv. þm. og hæstv. utanrrh. nokkurt umhugsunarefni, ég segi ekki annað en það. Þetta ætti að verða honum ofurlítið umhugsunarefni um það hvort hann sé endilega á réttri braut, hvort gamla góða uppstillingin, við góðu mennirnir og hinir vondu mennirnir, sé kannske eitthvað að verða þokukennd, hvort íslenska þjóðin sé nú allt í einu að leyfa sér þann munað, þrátt fyrir Moggann og þrátt fyrir allt það, að taka einstöku sinnum sjálfstæðar ákvarðanir og mynda sér sjálfstæða afstöðu til einstakra framkvæmda, til einstakra málaflokka innan þessa málasviðs án tillits til heildarafstöðu þeirra í þessum málum.

Afstaða Framsóknarflokksins, sem er undir forustu hæstv. forsrh. og var að halda miðstjórnarfund nýlega, skilgreinir sig þar sem miðjuflokk, er öll með nokkuð sérkennilegum hætti í þessu máli. Ég held það verði naumast horft fram hjá því að þessi flokkur hefur birst mönnum í nokkuð sérkennilegum myndum í þessu máli. Reyndar er öll saga þess flokks og afskipti hans af utanríkismálum með sérstökum hætti. En það hefur naumast farið fram hjá mönnum að á síðustu árum, jafnvel áratugum, hefur þessi flokkur mjög oft bakkað í það vígi og reynt að sætta sína fylgjendur á þeim forsendum að hann vildi nokkurn veginn óbreytt ástand í þessum málum. Hann bakkar í það vígi að vera á móti breytingum, vera á móti t. d. auknum hernaðarframkvæmdum. Þessu hafa menn iðulega kynnst í ályktunum frá flokknum ef þeir nenna þá yfirleitt að minnast á utanríkismál í slíkum gjörðum á sínum fundum. Á þessum buxum var hæstv. forsrh. og hann situr hér þó ég sjái það ekki nema teygja mig dálítið til í stólnum og ég ætla þá að eiga við hann svolítil orðaskipti um þetta mál.

Hann fór á einhvern framsóknarfund vestur á firði. Hann fer vítt og breitt á framsóknarþing og framsóknarfundi, stundum til útlanda, en í þetta skipti fór hann vestur á firði og þar barðist hann af miklum garpskap gegn samþykktinni á þeirri forsendu að hér væri ekki um hernaðarmannvirki að ræða og þess vegna væri þetta allt í lagi, Framsfl. væri bara á móti nýjum hernaðarmannvirkjum, en í þessu máli gæti hann alveg verið stikkfrí vegna þess að þetta væru ekki hernaðarmannvirki. Nú held ég að það sé rækilega afhjúpað og

ég bið einhvern, ef hann treystir sér til, að koma hingað í stólinn og bera á móti því að hér sé um slíkt hernaðarmannvirki að ræða. Gaman væri að geta frestað þessari umr. um stundarsakir, herra forseti, og sent hæstv. forsrh. vestur á firði, boðað í snatri fyrir hann kjördæmisþing framsóknarmanna þar og látið þá taka upp að nýju leik sinn um ályktunina frægu forðum og vita hvernig lyktir yrðu nú í þessu nýja ljósi.

En hvað um það. Það er auðvitað hausverkur Framsfl. og hæstv. forsrh., sem veitir honum forustu, hvernig sá flokkur fer með trúnað sinna stuðningsmanna í þessum málum. En það hefur naumast farið fram hjá framsóknarmönnum hér, hv. þm. og hæstv. forsrh., að einmitt fylgjendur þess flokks hafa verið mjög áberandi í því liði sem barist hefur gegn þessum framkvæmdum um land allt og alveg sérstaklega í þeim byggðarlögum þar sem fyrirhugað er að reisa þessi mannvirki. Það mætti einnig verða hæstv. forsrh. nokkurt umhugsunarefni, til þess að hann fái nú eitthvað til að hugsa um líka, hvernig þeir eru að bregðast trúnaði kjósenda sinna hvað þetta varðar. Allt finnst mér þetta heldur dapurlegt fyrir flokkinn.

Hæstv. forsrh. veitti viðtöku mótmælum heimamanna á Norðurlandi eystra á bænarskrá sem þeir rituðu til ríkisstjórnar Íslands, rétt eins og Vestfirðingar gerðu, og hann veitti þá viðtal þremur sendimönnum, grandvörum borgurum þar eystra, sem færðu honum þessar undirskriftir. Ég hef fyrir því orð allra þessara sendimanna, get nafngreint þá hér ef þess er óskað, að hæstv. forsrh. hafi í viðræðum við þá gefið þeim vilyrði sín fyrir því, tekið það fram til að hægja hugi þeirra, að hann mundi ekki standa að því að slíkar framkvæmdir yrðu settar niður í byggðarlögum í andstöðu við meiri hluta heimamanna. Ég bið hæstv. forsrh. þá að koma upp og leiðrétta sé þetta ekki rétt með farið. Í ljósi þeirra ummæla sem hann lét falla við þessa sendinefnd heimamanna hlýt ég að spyrja hann hér og ég tel óhugsandi að ljúka afgreiðslu þessarar till. fyrr en ég hef fengið við því skýr svör: Stendur þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. og formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar? Mun hann sem höfuðið á hæstv. ríkisstj. beita sér fyrir því að ákvarðanir um staðsetningu þessara stöðva, ef til þess kemur, og þessi till. nær ekki fram að ganga, verði ekki teknar fyrr en gengið hefur verið úr skugga um með marktækum hætti hver sé afstaða heimamanna í þeim byggðarlögum sem menn renna sjónum til í þessu tilliti? Ég treysti því að hæstv. forsrh. komi upp og svari þessu, auk þess sem það væri ákaflega fróðlegt að fá að heyra nokkur orð falla nánar um stefnu Framsfl. í þessum málum í leiðinni.

Ég hef áður rakið það, herra forseti, og ætla að reyna að spara mér að gera það hér, hvernig þessar framkvæmdir tengjast öllum þeim miklu framkvæmdum sem ýmist standa yfir eða eru fyrirhugaðar á vegum bandaríska hersins hér á Íslandi, hvernig þær tengjast stjórnun herafla og upplýsingamiðlun innan Bandaríkjahers, hvernig þetta rennur saman í höfuðstöðvum hersins á þeim hinum sama stað þar sem ákvarðanir æðstu manna um t. a. m. kjarnorkustyrjöld yrðu teknar, og ég ætla ekki að fara yfir það allt aftur. Ég treysti því að hv. þm. hafi kynnt sér það eins og annað í sambandi við þetta mál. Í ljósi nýrra upplýsinga, sem komið hafa fram um enn eina framkvæmd sem hugsanlega er fyrirhugað á Íslandi í þessum vígvæðingarmálum, hlýt ég að eyða nokkrum orðum að því. Ég á hér við þau áform sem sannanlega eru uppi um að reisa svonefndar OTH-radarstöðvar, kallaðar risaradarstöðvar hér eftir í umr., og hvernig þær gætu tengst þessum framkvæmdum sem og auðvitað öðrum áformum um hernaðaruppbyggingu á Íslandi. Þetta mál bar á góma fyrir nokkrum dögum þegar ég spurði hæstv. utanrrh. ákveðinna spurninga í sambandi við stöðu mannvirkjagerðar á vegum bandaríska hersins hér á Íslandi svo og komu herskipa í íslenskar hafnir. Þá skilaði hæstv. utanrrh. auðu, það var blankó. Hann hafði ekki heyrt á þetta minnst og gat þar af leiðandi ekki mikið um þetta sagt eðli málsins samkvæmt. Ég var svo sem ekki neitt að skamma hæstv. utanrrh. fyrir að standa svona á gati með þetta, en ég var ekki að hæla honum heldur. T. a. m. hefur komið í íslenskum blöðum ágæt grein þar sem vitnað er í fjölmargar heimildir þar sem þessi áform eru reifuð eða rædd. Það er nú svo að þegar leikmenn uppi á Íslandi geta flett upp á ekki færri en a. m. k. fimm áreiðanlegum heimildum fer maður að líta í eigin barm og íhuga hvernig unnið er á þeim bæ þar sem forusta þessara mála á að vera fyrir hönd þjóðarinnar þegar það gerist að hæstv. utanrrh. verður að skila auðu, hefur ekki hugmynd um að neitt af þessu tagi sé til. Haldi menn að hér sé einhver vondur áróður á ferðinni, hér séu einhverjir vondir menn með vélabras að ljúga einhverjum áætlunum held ég að menn ættu að sannfærast um að svo sé ekki ef ég les upp fyrir þá t. d. hvaða heimildir er hér vitnað í um að til standi að setja upp hér á norðurslóðum svonefndar OTH-radarstöðvar og þá sérstaklega talað um Ísland eða NADS-kerfið, Norður-Atlantshafsvarnarkerfið, sem fyrst og fremst er notað sem samheiti yfir svæðið sunnanvert, Grænland, Ísland og Færeyjar, og böndin beinast þá að sjálfsögðu óhjákvæmilega að Íslandi sérstaklega í þeim efnum, auk þess sem það er í sumum þessum heimildum alveg sérstaklega nefnt.

Ég vil lesa hér, með leyfi forseta, úr grein sem birtist í dagblaðinu NT á föstudaginn 19. apríl undir dálkaheiti „Vettvangur" og er eftir þá Árna Hjartarson og Vigfús Geirdal. Þar segir, með leyfi forseta:

„Víða í ritum um hermál og hergagnaiðnað er ýjað að því að til standi að koma OTH-ratsjá fyrir á Íslandi. Sem dæmi um þetta má nefna rannsóknargreinargerð á vegum Bandaríkjaþings eftir hernaðarsérfræðinginn Berth H. Cooper (og greinin heitir: Maritime Roles for Land-Based Aviation), grein William Arkins – Arsenal Move North – og frétt í svissneska herfræðiritinu International Defence Review 1984, síðu 954."

Í grein í árbók sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar SIPRI 1984 er vitnað og síðast en ekki síst vitna höfundar máli sínu til staðfestingar í vitnisburði sem hinn frægi Wesley McDonald aðmíráll sem hefur sennilega að öðrum mönnum ólöstuðum verið einna oftast nefndur í allri þessari umræðu og er yfirmaður Norður-Atlantshafsflota Bandaríkjanna og einnig NATO. Hann sagði frammi fyrir hermálanefnd öldungadeildar bandarísku þingsins nú í febrúar 1985 „að ekki megi dragast að endurnýja og efla ratsjárkerfið á Íslandi, að bygging OTH-ratsjár innan þessa kerfis (NADS-kerfisins) komi til með að efla mjög leiðbeiningar- og varnargetu þess." Síðan getur hann þess að þingið hafi hafnað fjárhagsbeiðni til þessa máls fyrir árið 1985, en telur alveg brýnt og nauðsynlegt að framlög komi á

árinu 1986 til að koma málinu aftur á rekspöl.

Þannig er þetta sem sagt að á árinu 1985 eða fyrir fjárhagsárið 1985, og þær umræður hafa þá væntanlega farið fram snemma árs 1984, fór bandarískt herinn fram á fjárveitingar til þessara mála. Þetta mun liggja fyrir í opinberum skýrslum þarna vestra. Engu að síður veit utanrrn. ekkert um það að þessar áætlanir séu uppi og virðist ekki hafa haft fyrir því að lesa þessar heimildir, eða hvað? Á maður ekki að trúa því að það sé rétt og satt, *sem hér hefur verið upplýst af hálfu hæstv.* utanrrh., að þeir hafi ósköp einfaldlega ekkert vitað um þetta mál? Ég held, herra forseti, að hér séu í raun og veru svo alvarlegir hlutir á ferðinni, og af því að þeir tengjast radarmannvirkjum, ósköp einfaldlega vegna þess að þarna er um radarstöðvar að ræða þó með nokkuð sérkennilegum hætti sé, þá tel ég óhjákvæmilegt að draga þetta fram hér í umræðunum þó væntanlega gefist frekara tóm til að ræða þetta síðar, t. d. þegar rædd verður skýrsla hæstv. utanrrh. hér á Alþingi innan tíðar.

Að lokum enn um þessar radarstöðvar, þessar risaradarstöðvar. Taki maður landakort hér af norðurhöfum og dragi á það hringi umhverfis Ísland, um þau svæði *sem radarstöðvar staðsettar t. d. á þessum fjórum* stöðum á Íslandi þekja, taki síðan stöð af þessari risaradargerð og setji hana niður í Keflavík, þá byrjar sjónsvið hennar t. d. til norðurs og norðausturs rétt áður en þekju stöðvar á Norðausturlandi lýkur, vegna þess að þessar stöðvar eru þannig upp byggðar að þær sjá ekkert hið næsta sér. Sjónsvið þeirra byrjar í ca. 500 km fjarlægð frá þeim stað þar sem þær eru niður settar vegna þess að þær byggja á þeirri tækni að varpa geislunum upp í efri lög lofthjúpsins. Síðan endurvarpast hann þaðan niður aftur og skynjunin hefst í um 500 km fjarlægð frá þeim stað sem stöðin er staðsett á. En síðan nær stöðin eða geisli hennar alla leið austur til t. a. m. ekki ómerkari staða en Múrmansk og langleiðina til Leningrad, svo að þekkt nöfn úr landafræðinni séu nefnd. Þá sjá menn hvílíkt ógnarsjónsvið þessar stöðvar hafa og hvílík geta þeirra er og ætti varla að þurfa að deila um það að þar er mikil breyting á ferðinni ef slíkar stöðvar eiga að fylgja í kjölfarið á þeim sem nú eru áform uppi um að reisa.

Menn kunna að afgreiða þennan málflutning minn hér þannig að þetta komi ekki málinu við, þetta sé allt annar hlutur, allt önnur framkvæmd, við séum bara að tala hér um litlu saklausu radarstöðvarnar. Ég yrði ekkert hissa á því þó einhverjir hv. þm. eða jafnvel hæstv. ráðh. kæmu hér á eftir og reyndu að afgreiða þetta mál á svo einfaldan hátt. Maður er því mjög vanur þegar þessi mál eru til umfjöllunar. En ég bið menn þá aftur að hugsa, og þeir mega bara svara hver fyrir sig ofan í sitt brjóst: Finnst mönnum líklegt að það séu algerar tilviljanir að þessi áform rekast öll á sama tíma, að í skýrslum Bandaríkjahers og yfirheyrslum Bandaríkjaþings er þetta allt undir sömu skammstöfunum, að þetta eru liðir í sama varnarkerfi eða sömu herstrategíunni og það eru sömu menn sem rökstyðja beiðni um þessa hluti fyrir fjárveitingavaldi Bandaríkjaþings? Ég óttast að svo sé ekki. Ég óttast að hér sé ósköp einfaldlega næsta skref eða eitt af næstu skrefunum í þessum miklu áætlunum um uppbyggingu og endurnýjun og aukinn vígbúnað sem við erum að horfa upp á.

Ég held að þetta mál, sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni, ætti líka að verða mönnum ofurlítil innsýn í það myrkur vanþekkingar og blekkingar sem ég held að þessi mál séu meira og minna afgreidd í, því miður. Finnst mönnum það t. d. eðlilegt að hæstv. utanrrh. eða hæstv. utanrmn. skuli ekki hafa slíka hluti til umfjöllunar? Finnst mönnum það ekki a. m. k. óheppilegt að enginn skuli hafa rekið augun í þetta fyrr, þannig að hæstv. utanrmn. t. a. m. hefði getað aflað sér nánari upplýsinga um þetta, úr því að utanrrn. varð ekki *til þess að upplýsa þá sérstaklega um þetta?* Ég held að þetta sé mjög óheppilegt og ég hlýt auðvitað að harma það, eins og menn yfirleitt gera hér á Alþingi, að svona skuli að þessu staðið. Það var ágætlega staðið að því að kynna þau miklu afnot sem Íslendingar gætu haft af þessum stöðvum. Ég hef áður tekið undir það og ég er sammála því, en það fór miklu, miklu minna fyrir umfjöllun um hluti eins og þá sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Það hefur mikið verið notað þessu máli til framdráttar og átti reyndar í upphafi fyrst og fremst að kynna það og reka þennan málatilbúnað á þeim forsendum að hér væri á ferðinni hið mesta þarfaþing fyrir okkur Íslendinga. Þetta væru í raun og veru engin hernaðarmannvirki *en hins vegar svo og svo gagnleg fyrir okkur í ýmsu* tilliti. Mér eru sérstaklega minnisstæð orð sem hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. létu falla hér á hv. Alþingi í fyrravetur í þessu sambandi. Ég hélt því þá fram að hér væri á ferðinni aronska, eins og það hefur verið nefnt þegar menn vilja gera sér veru Bandaríkjahers hér að féþúfu alveg á sérstakan máta.

Á landsfundi Sjálfstfl. sem haldinn var í Laugardalshöllinni um daginn, þar sem menn gera víst meira af því að spila handbolta en stundum halda menn þar fundi, voru uppi raddir um að láta Bandaríkjamenn leggja hér vegi. Mönnum finnst þetta kannske ekki merkilegt mál en þessar raddir voru þó þarna uppi og einhvern slunk fékk þetta af atkvæðum. (**ÞP:** Kolfellt.) Kolfellt að vísu, og auðvitað fagna ég því, en eitthvað fékk þetta nú af atkvæðum. Ég nefni þetta með Sjálfstfl. og landsfund hans vegna þess að þetta er auðvitað ekkert nýtt, það hafa lengi verið uppi raddir um það að við ættum að láta herinn borga svo og svo mikið eða gera þetta og hitt, leggja vegi, byggja flugvelli o. s. frv. Og þá hefur maður oft spurt: Hvar á þá að draga línuna? Hvar vilja menn setja mörkin? Hvað eigum við að láta herinn gera og hvað ekki? Verðum við menn til að standa gegn freistingunum og láta þá gera sífellt meira og meira á meðan við lifum í meira og meira bílífi? Ég held því miður að hér sé einmitt verið að fara inn á braut aronskunnar með mjög ísmeygilegum hætti, ákaflega lúmskum hætti. Þetta er gert undir mjög fögru yfirskini. Það er allt ákaflega göfugt sem þessu á að fylgja, þetta er yfirleitt mjög göfugt. En ég benti á það hér fyrr í umræðunum að óhjákvæmileg afleiðing af því að tvinna saman starfsemi borgaralegra íslenskra stofnana og þjónustu við bandaríska herinn yrði sú að stofnanirnar yrðu fjárhagslega háðar þessari starfsemi, tilhneigingin yrði sú að þær yrðu í vaxandi mæli háðar þeim fjármunum sem þær fengju af þessari starfsemi. Og ég held að það sé kannske einhver alvarlegasti hluturinn í þessu máli, og ég ætla að gera hann hér undir lokin sérstaklega að umræðuefni, þessi samtvinnun opinberra stofnana, þjónustustofnana ríkisins og fleiri aðila við hermangið. Boðveitukerfi — eins og nú er sagt á fínu

máli — Landssímans er lagt undir það að flytja þessi boð. Tilkynningaskyldu og björgunarsveitum og flugmálastjórn og fleiri aðilum er ætlað að vinna meira og minna úr þessum upplýsingum og meðhöndla þær á einn eða annan máta. Það gefur auðvitað auga leið að allar verða þessar stofnanir þar með að hluta til að sinna verkefnum sem tengjast þessu hernaðarlega hlutverki. Og hver dregur þá í sundur? Hver dregur þá markalínuna? Hvar verður hún dregin? Ég hélt satt best að segja að það væri nokkuð óumdeild stefna, og enn á hún allmikið fylgi eins og landsfundur Sjálfstfl. sannaði, að halda hermanginu og þjóðlífinu sem mest aðskildu. Og maður hefur getað huggað sig við það á dökkum tímum í þessum málum að þetta væri þó ákveðin vörn og ákveðið haldreipi fyrir okkur öll án tillits til þess hvaða afstöðu við höfum að öðru leyti. Mér sýnist þetta vígi okkar vera að bresta. Ég fæ ekki betur séð af máli hæstv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar og hæstv. samgrh., sem upplýsti það að annars konar búnaður bandaríska herliðsins væri nú þegar fyrir í a. m. k. einni stöð Landssíma Íslands, að með þessu móti sé verið að deyfa eða þynna út þessa varnarlínu og þetta sé að fingrast meir og meir inn í ýmsar greinar þjóðlífsins og fari þar að hafa efnahagsleg áhrif og ýmis önnur áhrif. Og ég held að skriðan verði mjög þung ef þessi varnarlína brestur.

Ég segi það alveg eins og er að ég hef af þessu atriði alveg sérstakar áhyggjur, einnig vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur haft uppi í viðtölum við blöð og víðar ummæli af því tagi að hann ætli nú að auka þetta og hitt hjá sér, stækka varnarmáladeild eða breyta, hann vilji helst kenna Landhelgisgæslunni að veiða upp djúpsprengjur o. s. frv. o. s. frv. Þetta gengur í raun og veru allt í sömu átt. Utanrrh. á hugsanlega eftir að koma hingað upp og væntanlega fást þá skýr og greinargóð svör um það hvaða stefna er hér á ferðinni í þessum efnum.

Ég vil segja það að lokum, herra forseti, að hvernig sem þetta mál sem hér er nú til umræðu fer, hvaða afgreiðslu sem það fær, þá er það vissa mín, og hún hefur styrkst mjög mikið á þessum síðustu mánuðum sem m. a. þetta mál hefur haldið mér nokkuð upptekn-um, það er vissa mín að þessi áform og önnur slík hernaðaryfirvaldanna og smjördrependa þeirra hér á Íslandi — ég kalla þá smjördrependur sem smyrja sneiðina — að þessi áform njóti sífellt minna fylgis meðal þjóðarinnar, að andstaða við aukningu vígbúnaðar hér á Íslandi fari vaxandi. Ég held að hún fari vaxandi og muni fara vaxandi í réttu hlutfalli við þær auknu hernaðarframkvæmdir sem hernaðaryfirvöldin og smjördrependur þeirra hér á Íslandi ætla sér að standa fyrir á næstu mánuðum og árum, og það er vel. Og þá er það sannfæring mín og það er trú mín og það er von mín að sú elfa, elfa þeirrar andstöðu almennings í landinu muni flæða yfir bakka sína og völdin verði þá tekin af skammsýnum mönnum sem hafa verið að kasta fjöreggi sjálfrar tilverunnar, lífsins, á milli sín. Ég á hér ekkert síður við skammsýna menn annars staðar í heiminum en á Íslandi.

Við verðum að vona það að á meðan við bíðum þess að þetta gerist þá sé enn eftir nógur sandur í stundaglasinu til þess að við getum snúið því við áður en hann rennur allur niður, því að án þess að við trúum því og vonum það að mannkyninu takist að snúa þessum farnaði við áður en sandurinn er búinn er auðvitað enginn tilgangur í því að ræða mál eins og þessi, hvorki hér á hv. Alþingi né annars staðar. Það væri þá best að fara heim og leita sér að hvítum lökum.

Ég er í hópi þeirra sem vilja trúa því og ég ætla mér að trúa því í lengstu lög að mannkyninu muni auðnast að snúa farnaði veraldarinnar af þessari óheillabraut sem hann virðist nú um stundir vera fastur í. Ég hef sagt það áður og get þess vegna gert það enn og aftur að mínum lokaorðum að ég vil fyrir mitt leyti a. m. k. og þeirra manna, sem ég veit að eru mér sammála margir hverjir norður við Dumbshaf, gera mitt til þess að okkar heimbyggð láti ekki mótmælalaust það yfir sig ganga að hennar lendur verði notaðar í slíkum hildarleik. Ég tel miklu nær, miklu meira vit í því og miklu fremur sæmandi þjóð eins og okkur Íslendingum að leggja lóð okkar á aðrar vogarskálar og ég hef lýst því yfir að ég er sjálfur persónulega tilbúinn að taka nokkra áhættu til þess að stíga skref í rétta átt. Það byrja allar ferðir á einu skrefi og einhvers staðar verður að stíga hvert það skref sem byrjar nýja ferð. Það er hugsanlega hægt að fara í margar ferðir samtímis, en ég hef sagt og segi það enn að ég held að Ísland sé ekki verri staður en hver annar til þess að taka skref í átt til afvopnunar, í átt til slökunar, og sýna með því vilja í verki til afvopnunar og friðarvilja. En það er líka hægt að sýna vilja sinn í verki með því að gera ekki eitthvað sem til stendur, að neita að taka þátt í einhverju sem til stendur. Og það er þannig skref sem okkur Íslendingum býðst núna að stíga. Það er þannig skref sem heimamenn við Þistilfjörð og heimamenn á Vestfjörðum hafa þegar ákveðið að stíga, mjög margir þeirra, með því að neita að taka þátt í því að þeirra heimahéruð, þeirra heimalönd verði notuð í þessu tilliti.

Herra forseti. Skyldi leið mín ekki liggja aftur hingað í þennan virðulega ræðustól í þessari umræðu þá vil ég óska þess hér að að lokinni umræðu, þegar tillaga þessi verður afgreidd, þá verði haft nafnakall í atkvgr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt að heyra menn tala sem augljóslega hafa kynnt sér mjög vandlega þau málefni sem til umræðu eru. Það heyrist mér að hv. síðasti ræðumaður hafi gert. Hins vegar er leitt þegar menn virðast draga ályktanir fyrir fram og reyndar eingöngu leita að rökstuðningi fyrir þeirri skoðun sem þeir hafa mótað sér áður. Ég vil afþakka allar upplýsingar frá hv. þm. um þær umræður sem farið hafa fram innan Framsfl. um þessi mál, hvort sem er á Vestfjörðum eða annars staðar. Það sem sagt var um kjördæmisþing okkar á Vestfjörðum var í veigamiklum atriðum mishermt. Framsfl. hélt hins vegar mjög athyglisverða ráðstefnu, ég tel að flestra dómi, hér í Reykjavík um þessi mál og hún var opin öllum og hv. þm. að sjálfsögðu velkomið að vera þar og taka þátt í þeirri umræðu. Hygg ég að hann hefði fræðst þá enn um ýmsa þætti varnarmála.

Hv. þm. spurði hvort ég muni beita mér fyrir því að leitað yrði álits heimamanna á staðsetningu radarstöðva og vísar þá til þess að á minn fund gengu fulltrúar andstæðinga radarstöðva á Norðausturlandi og afhentu mér áskorendalista gegn radarstöð. Ég sagði við þessa

menn að ég teldi eðlilegt að leitað væri álits heimamanna og ég teldi óæskilegt að reisa radarstöð, álbræðslu eða yfirleitt annað slíkt mannvirki — ég hygg að ég hafi tekið nokkurn veginn þannig til orða — þar sem heimamenn leggjast gegn slíku. Ég hef hins vegar aldrei lofað að beita mér fyrir slíkri athugun, það hef ég aldrei gert. Ég hef kynnt mér þessi mál í mínu kjördæmi og ég er sannfærður um að mjög mikill meiri hluti íbúa, ekki bara Bolungarvíkur heldur þótt allvíða sé farið um nágrenni fyrirhugaðrar radarstöðvar þar, telur rétt að reisa þessa radarstöð. Eftir því sem ég best veit liggur aðeins fyrir álit hreppsnefndar eins hrepps á Norðurlandi eystra, ef ég man rétt. Það er ekki einu sinni ákveðið hvar radarstöðin yrði reist ef reist verður. Ekki liggur t. d. fyrir álit íbúa Þórshafnar eða hreppsnefndar þar. Ég hygg að það sé annarra að leita eftir slíku áliti og þá sýnist mér sjálfsagt að stjórnvöld vegi það og meti. Hins vegar er ljóst að radarstöð sem hér er til umræðu mun að sjálfsögðu þjóna hagsmunum langtum stærra svæðis heldur en næsta nágrennis radarstöðvarinnar þó að ég telji að það eigi að hafa slíkt í huga. Og það hljóta stjórnvöld að sjálfsögðu að meta.

Ég vil svo segja almennt um afstöðu mína og ég hygg ég megi segja Framsfl. því þó þar séu skiptar skoðanir um þessi mál hygg ég að afstaða mikils meiri hluta framsóknarmanna sé í þá veru sem ég vil nú lýsa: Ég hef hvað eftir annað lýst því yfir og reyndar lengi vonað að hér þyrfti ekki að vera varnarlið og fagna þeirri stundu þegar það fer. Ég hef einnig oft lýst því yfir að ég vildi gjarnan að við Íslendingar þyrftum ekki að vera þátttakendur í neinum hernaðarbandalögum og jafnvel þó það sé varnarbandalag, eins og Atlantshafsbandalagið gjarnan nefnist. Og reyndar hef ég oft lýst þeirri von minni að slík bandalög verði óþörf í heiminum. Því miður hefur hvorki mér né öðrum orðið að þessum vonum. Því miður er ógnarjafnvægið sem ríkir í heiminum jafnvel enn ógnvænlegra nú en það var fyrir fáum árum og hefur að sumu leyti stöðugt farið versnandi með því kapphlaupi sem átt hefur sér stað. Og ég verð að segja að ég þori ekki að taka þá áhættu sem mundi fylgja því að láta varnarliðið fara og það eftirlitshlutverk sem hér er á vegum varnarliðsins þar með falla niður. Ég þori það ekki. Ég heyrði að hv. þm. sagðist vilja taka ýmiss konar áhættu. Ég vil bara ekki taka þessa áhættu í dag.

Ég legg hins vegar á það mjög ríka áherslu að hér er eingöngu um eftirlitsstöð að ræða. Og ég fagna þeirri breiðu samstöðu sem er meðal okkar Íslendinga og hefur komið fram hér á þingi gegn því að hérna staðsetjist kjarnorkuvopn eða yfirleitt árásartæki eins og flugskeyti. Um það er fullkomin samstaða. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh. þess efnis að skip eða flugvélar með kjarnorkuvopn hafi ekki heimild til þess að athafna sig á nokkurn máta í íslenskri lögsögu. Þetta tel ég mjög mikilvæga yfirlýsingu og ég hygg að flestir geti fagnað því.

Ég er m. ö. o., í því ástandi sem nú er í heiminum, í því ógnarjafnvægi sem nú er í heiminum, hlynntur því að hér sé og verði áfram fyrst um sinn, þar til þetta breytist, eftirlitsstöð. Ég vek athygli á því að ef ná á árangri, sem við öll vonum sannarlega og reynum að stuðla að hvar sem við fáum beitt einhverjum áhrifum, í þeim viðræðum sem nú eru hafnar á ný á milli stórveldanna, þá verður eftirlit einhver mikilvægasti þáttur í þeirri hjöðnun spennu eða slökun á spennu sem allir stefna að. Það er einn þátturinn sem mest er til umræðu í þessum viðræðum, hvernig á að hafa eðlilegt eftirlit.

Ég segi þá jafnframt, um leið og ég er því hlynntur að hér sé eftirlitsstöð eins og nú er ástatt, að ég vil að sú eftirlitsstöð sé vel úr garði gerð. Ég sé enga ástæðu til að hafa hér eftirlitsstöð með flugskýli sem er að ryðga niður eða úreltar flugvélar eða jafnvel ekki ratsjárstöðvar, sem ég hef nú engan heyrt nefna, a. m. k. ekki þessar litlu, árásartæki, þó menn deili um hvort það séu hernaðartæki eða ekki hernaðartæki. Ég lít nú svo á að verið sé að deila um keisarans skegg, satt að segja, í því sambandi. Ég vil hafa hér eftirlitsstöð, hreinræktaða eftirlitsstöð, og þá að hún sé vel úr garði gerð. Þess vegna er ég hlynntur því að þessar ratsjárstöðvar tvær verði reistar.

Ég er líka hlynntur því að ratsjárstöðin á Suðausturlandi verði endurnýjuð og fækkað þá hermönnum um eitthvað í kringum 100. Ég tel satt að segja vera nokkra hreinsun að því.

Hernaðarstöð eða ekki hernaðarstöð. Ég sagði að ég tel að með því sé nánast verið að deila um keisarans skegg. Er eftirlitsstöð hernaðarstöð? Ef það er eftirlit með hernaði þá er það eflaust hernaðarstöð. En spurningin er: Er það árásarstöð? Er það árásarmannvirki eða eftirlitsmannvirki? Það er spurningin. Og ég lít svo á að þær ratsjárstöðvar sem hér er verið að tala um séu ekki árásarstöðvar. Ég spurði hvorki meira né minna en hinn viðurkennda, a. m. k. af sumum, hr. Arkins að þessu. Og hann sagðist líta svo á að þessar ratsjárstöðvar væru hreint smámál, algjört smámál. Ég ræddi þetta í vitnis viðurvist á minni skrifstofu og hann taldi varla þess virði að ræða um þessar ratsjárstöðvar. Ég hygg að hann hafi nokkuð til síns máls og hafi kynnt sér þessi mál, kannske jafnvel eins vel og hv. ræðumaður sem talaði hér áðan.

Ég þarf ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð út af fyrir sig. Ég held ég hafi gert grein nokkurn veginn fyrir því sem mín skoðun er og ég held ég megi fullyrða mikils meiri hluta framsóknarmanna. Ég vil hins vegar að lokum segja að ég tel vel koma til greina, eins og hv. þm. Haraldur Ólafsson hefur lagt til, að þessu máli sé vísað til ríkisstj. Varnarsáttmálinn er vitanlega háður samþykki Alþingis eða Alþingi getur hafnað honum. Alþingi samþykkti hann á sínum tíma. Framkvæmd varnarsáttmálans hefur hins vegar ætíð verið í höndum utanrrh. Ég tek það fram að ég hef ekkert á móti því að svona mál séu rædd hér að sjálfsögðu og eðlilegt ef menn vilja ræða þau. Skapast ágætt tækifæri til þess í sambandi við skýrslu utanrrh.

Ég held hins vegar að sáttmáli sem þessi verði aldrei framkvæmdur á annan máta heldur en í höndum rn. eftir að Alþingi gefur línurnar. Þess vegna er ákaflega eðlilegt að vísa þessu máli til ríkisstj. Ég vil hins vegar taka það fram að verði það ekki samþykkt þá mun ég greiða atkvæði á móti þessari tillögu af þeim ástæðum sem ég lýsti hér áðan. Ég tel ekki að Alþingi eigi að grípa inn í einn þátt varnarsáttmála, sérstaklega þegar svo augljóst er, eins og ég tel vera og fjölmargir aðrir, að hér sé um mjög eðlilegan þátt í eftirlitshlutverki stöðvarinnar að ræða. Ef menn vilja ekki að þessi stöð sé sæmilega úr garði gerð þá er miklu hreinlegar til

verks gengið að segja upp varnarsáttmálanum og segja þeim að fara. Það er miklu hreinlegra. Við eigum ekki að hafa hér stöð sem er úrelt og getur ekki sinnt sínu hlutverki. Það væri tillaga sem hv. þm. gæti flutt því hún varðar varnarsáttmálann í heild sinni. (Gripið fram í.) Nei, hún verður ekki studd, eins og ég sagði áðan, á þessu stigi máls, það er alveg ljóst, af því að ég þori ekki, ég verð að viðurkenna það, að taka þá áhættu sem því kynni að fylgja að raska þannig því jafnvægi sem nú er, sem er ekkert gott jafnvægi, en sem er að mínu mati lykillinn að því að nú takist samkomulag á milli stórveldanna um slökun. Ég þori ekki að raska því jafnvægi. Menn mega kalla mig ragan ef þeir vilja fyrir bragðið.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. sagði í lokaorðum sínum, að svo kann að fara að sandurinn renni úr stundaglasinu, og þá átti hann við fyrir heimsbyggð alla. Og ég tel að með því að reka varnarliðið og eftirlitshlutverk þess á brott nú, þá værum við jafnvel að flýta fyrir því að sandurinn renni úr glasinu. Ég vona hins vegar að aldrei komi til þess að við þurfum að hlusta á líkræðu hér á Alþingi eins og hann flutti í lokaorðum sínum.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég skal vissulega fara að tilmælum virðulegs forseta og takmarka mjög mál mitt hér. Mér fannst mjög gagnlegt að þessi tillaga sem hér er til umræðu kom fram á sínum tíma. Hún hefur að mínu mati orðið til þess að færa hér inn á Alþingi mjög málefnalega og þarfa umræðu. Auk þess hefur hún orðið til þess að ítarleg umfjöllun um athugun almennt hefur farið fram á varnarmálum landsins og er það vel.

Ég er því fylgjandi að endurnýjun þessa ratsjár- og eftirlitskerfis fari fram. Ég álít að þessi endurnýjun leiði alls ekki til aukningar vígbúnaðar eða herbúnaðar á neinn hátt. Ég álít að hér sé mun fremur um að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir, t. d. í formi þess að um verði að ræða traustari flugumferðarstjórn og einnig aukið öryggi hvað varðar alla sjóumferð umhverfis landið. Það er að mínu mati alveg sjálfsagt og nauðsynlegt að við höfum yfir að ráða nýjustu tækni sem fyrirfinnst til þess að stuðla að auknu öryggi okkar. Þessar stöðvar má að mínu mati ekki líta á sem hernaðarumsvif og vitna ég þá til orða hv. þm. Steingríms Sigfússonar hér áðan þar sem hann vitnaði til þessara hernaðarratsjárstöðva, sem hann kallaði svo, sem fjöreggs tilverunnar.

Að síðustu vonast ég til þess að öll þessi umræða, þ. e. umræða um einstakar framkvæmdir öryggis- og varnarþátta landsins, verði til þess að það verði algengara að slík umræða eigi sér stað hér á hv. Alþingi og að í sem flestum tilfellum verði hv. Alþingi spurt álits. Það held ég að verði þessum málaflokki, öryggis- og varnarmálum, einungis til góðs.

Af framansögðu má ljóst vera að ég mæli gegn þessari tillögu og mun greiða atkvæði gegn henni.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Ég kem hér aðeins til þess að leiðrétta þann leiða misskilning hv. 3. þm. Reykn. að ég hafi verið að gagnrýna málatilbúnað utanrrh. í þessu máli. Það var langt frá því. Ég lét hins vegar í ljós þá skoðun mína að mér fyndist leitt að þetta mál skyldi bera upp með þessum neikvæða hætti eins og ég skýrði síðar í ræðu minni.

Eins vil ég mótmæla því að ég hafi verið andvígur öllum þeim atriðum sem hann veifaði og taldi upp hér úr áliti meiri hl. Ég get skrifað undir margt á sama hátt og ég get skrifað undir margt í áliti hv. 1. minni hl. Ég hef sérstöðu í þessu máli. Ég hef þá sérstöðu að ég tel eðlilegt að þetta mál fari til ríkisstj., en ég vil sérstaklega taka fram að allur undirbúningur og sú opna umræða sem utanrrh. hefur staðið fyrir í þessu máli er til mikillar fyrirmyndar og ég vona að í framtíðinni verði jafnvel og jafnítarlega rætt um þau mál sem svo mikilvæg eru fyrir öryggi landsins.

En hins vegar tel ég að þetta mál sé ekki rætt til fullnustu og að það þurfi að taka fleiri atriði til athugunar í sambandi við það.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað hlustað á þessar umræður vegna þess að ég var búinn að lofa að vera á öðrum fundi og vissi ekki að þessi tillaga mundi koma fyrir á þeim tíma. En vegna þess sem ég hef heyrt af umræðunni finnst mér nauðsynlegt að hér komi fram að það eru fleiri hliðar á þessu máli en fram hefur komið í þeim ræðum sem ég hef heyrt. Það er öryggismál okkar flugs. Ég hef reynt að setja mig inn í þessi mál. Mín fyrstu viðbrögð voru þau, þegar þessi mál komu upp, að ég var þessu máli alveg andvígur. Það voru mín fyrstu viðbrögð vegna þess að ég er á móti auknum hernaðarumsvifum í landinu. En ég tók mig til og fór að skoða þetta mál. Ég ætla ekki að segja beinlínis hvers vegna að öðru leyti en því að ég hef orðið vitni að flugslysum sem mér er tjáð af mönnum, sem þekkja þetta betur en ég, að ef slíkar stöðvar hefðu verið komnar á þeim tíma sem þessi slys urðu séu miklar líkur fyrir því að hægt hefði verið að koma í veg fyrir. (**HG:** Mikil er þín trú.) En ég er ekki það einsýnn, ég sé með báðum augum en er ekki blindur á öðru og illa sjáandi með hinu, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Það þarf að skoða hvert mál eins og það liggur fyrir. Við höfum gert samning um það að her yrði hér. Þó var það tekið fram að við værum á móti því ef einhvern tíma yrði nógu friðvænlegt í heiminum. Ég verð að segja það að ég fyrir mitt leyti sé ekki að það sé verið að auka hernaðarumsvif þó að þessar radarstöðvar verði byggðar. Mér er tjáð, og það sagði hæstv. forsrh. áðan í sambandi við stöðina á Stokksnesi, að þar muni allir hermenn hverfa ef ný stöð yrði byggð og Íslendingar mundu taka við starfrækslu hennar. Eru hv. þm. Austurl. yfirleitt á móti því að losna við herinn af Stokksnesi? (**HG:** Ég hef nú ekki heyrt þetta.) Ja, mér hefur verið tjáð það. Hæstv. utanrrh. getur sjálfsagt upplýst það. (**Utanrrh.:** Jú, það er rétt. Það er gert ráð fyrir því.)

En ég lít á þetta ekkert síður sem öryggismál fyrir okkur. Ég ræddi þetta á fundi á Þórshöfn. Ég skýrði þeim frá því hvers ég hefði orðið áskynja í þessu máli. Og það komu til mín menn eftir fundinn, sem voru búnir að skrifa undir plögg til að mótmæla stöðinni, og sögðu: Ja, við vorum ekki búnir að hugsa um þetta svona. Við hefðum ekki skrifað undir ef við hefðum verið búnir að hugsa um þetta svona. — Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram.

Ég segi bara fyrir mig að vegna öryggis flugs okkar þori ég ekki að greiða atkvæði þannig að það komi í veg fyrir þessar stöðvar. Hins vegar lýsti ég yfir því á Þórshöfn, og það vil ég líka að komi fram, að ef meiri

hluti af mínum kjósendum í þessum byggðum væri á móti þessu mundi ég ekki treysta mér til annars en að fylgja því eða sitja hjá. En hefur þessi meiri hluti komið? Hver getur staðhæft það? Ég held að það verði erfitt. (**SJS:** Liggur þá ekki beint fyrir að kanna það?) Ég held að það liggi alls ekki fyrir. Og hafi komið, sem ég veit ekkert um, fullyrðingar um það, þá mótmæli ég þeim fullyrðingum. Ég vil að þetta komi fram.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan fara eftir tilmælum forseta og stytta mál mitt þar sem nú er langt liðið á þann fundartíma sem við höfum til umráða hér í kvöld. Ég hlýt þó að segja hér nokkur orð og þakka utanrmn. afgreiðslu hennar á þessari þáltill. sem og meðferð nefndarinnar allrar og grg. formanns hennar hér í upphafi þessa fundar. Ég hygg að það sé ekki ástæða til þess að fara nákvæmlega yfir það sem hér hefur komið fram í umræðum því að flest af því hefur komið hér fram áður. Ég vil þó aðeins nefna örfá atriði.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir minntist á það að eyðsla í herbúnaði væri fordæmanleg meðan stór hluti mannkyns sveltur. Vel má á það fallast að fjármunirnir, sem í herbúnað fara, væru betur komnir í að fæða og klæða þann mannfjölda sem nú sveltur og skortir klæði. En því miður sýnir sagan okkur það að jafnvel þótt dregið sé úr vígbúnaði þá fara þeir fjármunir ekki ávallt þangað sem þeirra er mest þörf, svo að ekki er unnt að tengja þetta tvennt með þeim hætti sem hv. þm. gerði. En mér þótti vænt um að heyra hv. þm. taka það fram að hún vildi verja lýðræðisskipulagið og um það snýst einmitt þetta mál eins og svo mörg önnur er lúta að vörnum og öryggi Íslands. Við erum að vernda frelsi okkar og lýðræði. Og ef við erum sammála um það þá höfum við náð töluvert langt.

Auðvitað eru sumir sem halda því fram að það sé ekki nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að verjast hér á landi eða tryggja öryggi landsins, það sé nóg að afvopnast einhliða, þá muni gagnaðili gera slíkt hið *sama. Því miður get ég ekki fallist á slíka bjartsýni*, óraunhæfa bjartsýni.

Sagan kennir okkur, bæði aðdragandi og eftirleikur seinni heimsstyrjaldarinnar, að einhliða afvopnun er aðeins til þess fallin að ofbeldis- og árásaröflum vex fiskur um hrygg og ógna friði og því lýðræðisskipulagi sem við hv. þm. Sigríður Dúna erum sammála um að verja. Við höfum þriðja dæmið. Þegar slökunartímabilið var við lýði að því er við hér í vestrænum löndum héldum í kjölfar Helsinkiferilsins svonefnda, þá notuðu Sovétríkin tækifærið til þess að hefja uppsetningu SS-20 eldflauganna árið 1977. Við höfum sem sagt svo nýlegt dæmi um það að slökunartímabil hefur því miður ekki verið gagnkvæmt og einhliða afvopnun hefur ekki náð þeim tilgangi sem hv. þm. vildi eigna einhliða afvopnun.

Ég hlýt að svara Haraldi Ólafssyni þeirri spurningu, hvort AWACS-flugvélarnar sem hér eru verði áfram við störf eftir tilkomu væntanlegra ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi, á þann veg að engar hugleiðingar eru um að fækka þeim en heldur ekki að fjölga þeim. AWACS-vélarnar geta ekki verið á lofti allan sólarhringinn. Það er bæði of dýrt og ekki tæknilega eða veðurfarslega mögulegt og því eru ratsjárstöðvarnar á Vestfjörðum og Norðausturlandi þrátt fyrir þær engu að síður nauðsynlegar.

Ég hef verið sakaður um að neita því að þessar stöðvar séu hernaðarmannvirki og það er alveg rétt að mér fellur illa að ræða um þessar ratsjárstöðvar sem hernaðarmannvirki. Ég vil ekki gera það frekar en að ég telji Landhelgisgæsluna til hers, frekar en að ég telji landhelgisgæsluskip okkar til herskipa, vegna þess að hlutverk þessara ratsjárstöðva er eingöngu það að fylgjast með umferð á svæði sem nær svona álíka langt og efnahagslögsaga okkar. Við vorum öll sammála um að helga okkur yfirráðin yfir 200 sjómílum á haf út. Er það nú hernaðarandi eða vígbúnaður að vilja vita hverjir fara um það svæði? Ég er undrandi á þeirri staðhæfingu hv. þm. sem telja það goðgá að við fylgjumst með umferð á því svæði þar sem helstu auðlindir okkar eru eða telja slíka gæslu eða slíkt eftirlit bera vitni um ögrun í garð annars ríkis.

Það var reyndar hugsunarháttur hv. þm. Steingríms Sigfússonar að telja það alveg voðalegt að hér væru til staðar flugvélar á Keflavíkurflugvelli sem hefðu flugþol til þess að fljúga alla leið til Kola-skaga. En hann hafði ekkert við það að athuga og hefur aldrei minnst á það einu orði, að á Kola-skaga hafi verið flugvélar í fleiri ár eða áratugi sem geta flogið alla leið til Íslands og þótt lengri leið væri fyrir höndum.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að varnir landsins og öryggi krefjast ákveðins útbúnaðar. Við viljum ekki breyta eðli varnarstöðvarinnar í Keflavík og það er ekki gert með þessum ratsjárstöðvum eða þótt flugvélar séu endurnýjaðar eða olíubirgðir séu til staðar. Um þetta höfum við tækifæri og tilefni til að ræða betur þegar við ræðum skýrslu mína um utanríkismál og skal ég því láta staðar numið að þessu leyti.

Ég vil svo aðeins láta það koma skýrt og greinilega fram að það eru engar hugmyndir uppi um að reisa hér svokallaðar OTH-ratsjárstöðvar á Íslandi. Í þeim heimildum sem hv. þm. vitnaði til er meira um getgátur að ræða heldur en vitneskju. Og þess vegna orðaði ég það svo að hv. þm. vissi meira en ég, þegar á þetta mál var *drepið hér í fyrri viku*.

Það er einnig um OTH-ratsjárstöðvarnar að segja að þar eru óleyst ýmis tæknileg vandamál þannig að þær eru ekki alveg á næsta leiti og allavega eru ekki hugmyndir um þær hér á Íslandi.

Ég vonast til þess að meðferð þessa máls hafi borið vitni um það að engu hefur verið leynt og ósk mín hefur verið sú að opin umræða gæti tekist um byggingu ratsjárstöðva sem og allan aðbúnað varnarliðsins og varna og öryggis landsins þannig að þjóð og þing geti gert sér grein fyrir því hvað okkur er lífsnauðsynlegt að gera og hverju við þurfum e. t. v. að hafna.

Ég vonast svo til að þessi tillaga sem hér er til umræðu verði felld og þau áform sem uppi eru um það að byggja ratsjárstöðvar til að fylgjast með umferð yfir okkar eigin efnahagslögsögu nái fram að ganga.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skil ofurvel síðustu orð hæstv. utanrrh., að hann vonist til að þessi tillaga verði felld, *því að það liggur nefnilega* fyrir að það er mikið í húfi hjá hæstv. utanrrh. að tillagan nái ekki fram að ganga. Hann hefur lagt það undir, sem mun vera nokkuð fátítt meðal íslenskra ráðherra, að hann muni stíga upp úr sínum hæga ráðherrastól og láta af embætti ef íslenska þjóðin ætlar

að sýna slíkt andvaraleysi að byggja ekki þessar nýju ratsjárstöðvar. Ég veit að honum er það ekki nema kært að ég vitni í þessi ummæli hans sem getið hefur verið í blöðum einnig og hann lét falla á fundi norður á Þórshöfn. Það er ofur eðlilegt að hæstv. utanrrh. vilji ekki fá þessa tillögu samþykkta. Það vita nefnilega allir að hann er ekkert á leiðinni upp úr sínum ráðherrastól og það er ekki að losna neinn stóll. Allavega vonar hæstv. utanrrh. að það verði ekki af þessum sökum. Og hér situr náttúrlega formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., og hlýðir á þetta andaktugur. En nóg um það.

Hér var því haldið fram áðan að yrði búnaður þeirra stöðva sem starfræktar eru í dag, til að mynda stöðvarinnar á Stokksnesi, endurnýjaður á þann máta sem hér *stendur víst til mundu allir erlendir hermenn hverfa úr* þeirri stöð. Nú er búið að hæla ákaflega mikið skýrslu sem svonefnd ratsjárnefnd gerði fyrir utanrrn. Ég held því að ég hljóti að mega vitna í þá ágætu skýrslu og bera það undir yfirhöfundinn, hæstv. utanrrh., sem hlýtur að taka ábyrgð á störfum sinna manna, hvort það sé þá rangt með farið og bull og vitleysa í þessari marglofuðu ratsjárnefnd sem segir þar á bls. 33, með leyfi forseta:

„Jafnhliða ofangreindum endurbótum á ratsjárstöðvunum yrði eftirlit með flugumferð sameinað í einni eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli. Þetta eftirlit fer nú fram á tveim stöðvum, þ. e. í ratsjárstöðvunum á Miðnesheiði og á Stokksnesi. Þessi sameining byggist á því að senda ratsjárgögnin á stafrænu formi frá ratsjárstöðvunum um fjarskiptakerfi Pósts og síma til eftirlitsstöðvarinnar. Starfsliði í núverandi eftirlitsstöðvum fækkaði því verulega. Starfsliði í Stokksnesstöðinni fækkaði þannig úr 110 manns niður í 30."

Ég spyr: Af hvaða þjóðerni eiga þessir 30 að vera sem eiga að verða eftir? Eru það einhverjir Íslendingar sem starfa í Stokksnesstöðinni í dag? Eru það ekki bandarískir hermenn og er ekki hér verið að segja í skýrslu þessarar frægu nefndar að það eigi að vera þarna áfram a. m. k. 30 hermenn. Nóg um það. Ég ætla ekki að láta fleiri orð falla um þessa merkilegu skýrslu. Ég hef gert *áður að umtalsefni hvernig að henni er staðið, til að* mynda það að birta þar enga heimildaskrá, hafa enga beina tilvitnun og gera á engan hátt grein fyrir þeim heimildum sem stuðst hefur verið við til að semja þessa skýrslu. Mér þykja þetta óvenjuleg vinnubrögð og ég gæti ýmislegt fleira sagt um efnistök þessarar ágætu ratsjárnefndar. Á vissan hátt hefur hún að sjálfsögðu unnið verk sitt vel og verið sinni köllun eða sínu skipunarbréfi trú, enda bera hlutföllin í skýrslunni þess glögg merki, þ. e. hin hernaðarlega hlið þessara mála, að hún hefur ekki valdið þeim andvöku, drengjunum sem stóðu að samningu þessarar skýrslu. Þeir hafa fremur álitið hlutverk sitt annað, sem sé það að gylla það nú rækilega fyrir oss mörlöndum hversu mikill hvalreki þetta yrði fyrir okkur.

Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh., er farinn héðan af fundinum. Hann tjáði mér að hann gæti ekki verið lengur við þessar umræður. Ég sagði honum að ég hygðist ítreka spurningu mína til hans vegna þess að ég var ekki sáttur við þau svör sem hann gaf varðandi það hvort hann mundi standa við sín fyrri fyrirheit um að kanna það eða beita sér fyrir því að ekki yrði gengið þvert á vilja meiri hluta heimamanna ef til staðar væri í þessum málum. Hann tjáði mér, og ég hygg að ég megi hafa það hér eftir, að hann mundi ekki svara þessu öðruvísi en hann hefði þegar gert. En um svör hans að öðru leyti vil ég segja, og hlýt að mega það hér þó að hann sé kominn á beina línu í Dagblaðinu, að ákaflega voru þau nú framsóknarleg svörin, ósköp eitthvað framsóknarleg og opin í báða enda og loðin og teygjanleg. Það var nú meira. Og ekki gat ég almennilega fengið það upp úr honum hvort hann stæði við þetta eða ekki og hver hans afstaða yfirleitt væri í þessum efnum. Hann var eitthvað að tuldra um það að hann hefði kynnt sér ástandið í sínu kjördæmi í Bolungarvík og nágrenni og hann hefði nú svona og svona hugmyndir um hvernig ástandið væri þar. Og hann sagði að það hefði ekki nema einn hreppur eða ein hreppsnefnd á Norðurlandi eystra samþykkt afgerandi mótmæli gegn þessu. *Ég get þá upplýst það, til að það liggi fyrir,* að hreppsnefnd Sauðaneshrepps samþykkti mótmæli gegn þessum framkvæmdum með fjórum atkvæðum en þar sitja fimm menn í hreppsnefnd. Almennur borgarafundur í Svalbarðshreppi samþykkti mótmæli gegn þessum fyrirhuguðu áformum fyrir hálfu öðru ári síðan, strax og þau komu verulega upp á yfirborðið.

Ég hef aldrei haldið því fram að það lægju fyrir óyggjandi upplýsingar um vilja meiri hluta manna, hvorki á Norðurlandi eystra né Vestfjörðum. Mér dettur það ekki í hug. Ég hef þvert á móti ítrekað og undirstrikað að hér hafi ekki verið um almennar undirskriftasafnanir að ræða og beðið menn að hafa það í huga. Hins vegar má draga nokkrar ályktanir af því til að mynda að 80% húsráðenda og búrekstraraðila í Sauðaneshreppi af þeim sem þar eru taldir til heimilis skrifuðu undir bænarskrá, þ. e. rúm 80%, og mikill meiri hluti sömu aðila í Svalbarðshreppi. Í Þórshafnarhreppi er auðvitað um mun stærra sveitarfélag að ræða og þar gefur það úrtak sem undir bænarskrána ritar e. t. v. ekki eins miklar upplýsingar vegna stærðar sveitarfélagsins. En það sem ég er einfaldlega að spyrja um, það sem ég var að vona að hæstv. forsrh. hefði kjark til að svara var þetta: Mun ríkisstj. ganga úr skugga um það hver afstaða heimamanna er í þessum *efnum á marktækan hátt? Vill hún gera það til þess að* standa við fyrri yfirlýsingar eða mun hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem sagðist ekki mundu ganga gegn vilja meiri hluta kjósenda sinna í sínu kjördæmi í þessum málum, beita sér fyrir því að fá fram afstöðu meiri hluta íbúanna á viðkomandi svæði eða í viðkomandi sveitarfélagi? Ekki stendur á mér að styðja hv. þm. í því. En séu menn til að mynda að tala um staðsetningu í Sauðaneshreppi, þá vita menn þó þetta, að hreppsnefndin og yfir 80% af þeim aðilum sem ég áðan nefndi hafa þegar lýst yfir skoðun sinni í þessu máli.

Ég ætla nú ekki að fara hér út í hártoganir, sérstaklega vegna þess að hæstv. forsrh. er farinn. Hann var að tala um að þetta ætti að vera hreinræktuð eftirlitsstöð og gera skýran greinarmun á varnarvopnum og árásarvopnum. Ég veit ekki hversu vel lesinn hæstv. forsrh. er í þessum fræðum öllum en það ætti hann þó að vita, ef hann hefur eitthvað kynnt sér þetta, að herfræðingum ber yfirleitt saman um það að sá munur, sem menn hafa svona fræðilega séð eða teoretískt dregið milli þess sem kölluð eru árásar- og varnarvopn, er mjög óljós og verður sífellt í raun og veru erfiðara að greina þarna á milli. Það er talað um „offensive" eða „defensive" vopn og menn eru almennt sammála um það að sífellt erfiðara gerist nú að greina þarna á milli ef menn eigi

yfirleitt að vera að því og það sé skynsamlegt. Sé nær að líta á þetta allt saman sem einn flokk vopna.

Síðan kom hv. þm. Stefán Valgeirsson og talaði um öryggismál. Hann hefði ekki bara snúist sjálfur, heldur hefði obbinn af fundarmönnum, sem urðu þeirrar náðar aðnjótandi að vera með honum á fundi á Þórshöfn, snarskipt um skoðun við að heyra hans glöggu rök í þessu máli.

Ég hef aldrei neitað því að slíkar ratsjár, eins og reyndar allar ratsjár, geta orðið að vissu gagni í flugumferð. Það vita allir. En í fyrsta lagi er hér um hernaðarratsjár að ræða, ekki venjulegar flugumferðarratsjár og þaðan af síður aðflugsratsjár. Og burtséð frá öllu þessu tæknilega tali þá finnst mér það og hefur alla tíð í þessu máli fundist sérstaklega ógeðfellt þegar menn ætla að nota landlægan ótta barna og kvenna um afkomu feðra sinna og eiginmanna á sjónum eða öryggi íslenskra flugfarþega þessum málum til framdráttar, vegna þess að það er svo margt, margt annað miklu nærtækara að gera ef menn vilja eitthvað leggja af mörkum í þeim efnum. Það liggur til að mynda fyrir mikil vinna í sambandi við öryggismál sjómanna og ég held að hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj. væri skammar nær að leggja sitt af mörkum í því að koma þeim tillögum í framkvæmd og væri þá reisn þeirra öllu meiri en með þeim málflutningi sem þeir hafa haldið uppi varðandi þetta atriði í tengslum við þetta mál. Það vil ég segja um þennan málflutning.

Ég held að enginn maður geti í raun haldið því fram að hægt hefði verið að koma í veg fyrir eitt eða annað slys þó að einhver slíkur búnaður hefði verið til. Það hlyti að vera ákaflega erfitt að fullyrða um slíkt. Ég hef sjálfur misst ættingja í flugslysum á Íslandi og ég er áhugamaður um það að reyna að auka öryggi í flugsamgöngum. En það er margt, margt fleira sem getur orðið okkur að fjörtjóni og það eru mjög víða verkefni á því sviði að bæta öryggi þjóðarinnar. Og ef við erum þeirrar skoðunar að ratsjárstöð eða eitthvert annað mannvirki sé forgangsverkefni í þeim efnum, þá snúum við okkur að því að reisa slíka stöð og reka hana og gerum það sjálfir eins og sjálfstæðri þjóð sæmir.

Ég held að við hæstv. utanrrh. ættum að geyma okkur umræðu um þessi hugmyndafræðilegu efni sem hann vék hér aðeins að, ekki síst vegna þess að senn er nú runnið úr því stundaglasi sem virðulegur forseti setti upp fyrir þennan fund og menn gerast þreytulegir hér og hálfdapurlegir í hliðarsölum og á áheyrendapöllum. Samverkamenn hæstv. utanrrh. sumir eru að verða hálfpíreygir uppi á pöllunum svo að ég ætla ekki að lengja þetta mikið meira. Auðvitað setti hæstv. utanrrh. á stutta sónötu úr Rússagrýlukonsertinum sínum. Ég er nú tiltölulega vanur því og kippi mér sífellt minna upp við það að fá þessar lummur um að ég sé sérstakur talsmaður rússneskra hernaðarviðhorfa hér á Alþingi Íslendinga. Það bítur ekki baun á mig. (**Gripið fram í:** Það gerir rauða skeggið.) Það er sennilega rauða skeggið, já, sem veldur þessari litblindu hæstv. utanrrh., en hann kemur sífellt að þessu aftur. Það leiðinlegasta við þetta finnst mér vera það að þetta kemur eins og þjófur á nóttu inn í annars kannske sæmilega málefnalega umræðu um þetta mál. Ég vil segja það um þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag að ég er tiltölulega sáttur við hana. Ég er eftir atvikum ánægður með hana. Hún hefur verið sæmilega málefnaleg og ég fagna því. Hún er snöggtum skárri en ákveðnir hlutar af þeirri umræðu sem hér varð um málið fyrr í vetur og vil ég þá sérstaklega hæla frammistöðu Alþfl. núna borið saman við það sem þá var.

Utanrrh. telur mig sérstakan talsmann þess að Íslendingar afvopnist einhliða og kasti frá sér vopnum sínum, eins og hæstv. iðnrh. mundi sennilega segja, og gangi út með bert brjóstið og segi bara: Hér er ég. Þó að ég taki þannig til orða að ég sé sem einstaklingur, og vonandi eru það fleiri, tilbúinn að taka nokkra áhættu til að stíga ákveðin skref, til þess að stíga fyrstu skrefin, þá er ég ekki þar með að segja að það sé stefna mín og míns flokks að Íslendingar afvopnist algerlega einhliða, reki herinn úr landi og geri engar ráðstafanir, hvað sem öðru líður, um sín öryggismál. Slíku hef ég aldrei nokkurn tíma haldið fram — (**Gripið fram í:** Meinarðu þá að fá Rússa?) frekar en ég hafi haldið því fram að mér væri ekki illa við víghreiðrið á Kola-skaga. Þetta er óskaplegur misskilningur hjá hæstv. utanrrh. Ég gæti hér á Alþingi hellt mér yfir Rússa með honum í svona 2—3 tíma og stæði ekkert á mér að fara aðeins yfir það hvernig þeir hafa hagað sér, þeir kónar. Ég skal taka undir margt með utanrrh. í þeim efnum og það er ómögulegt að vita hvor okkar hefði betur, þegar upp yrði staðið, í því að skamma Rússa fyrir allan þann dólgshátt og dónaskap sem þeir hafa nú orðið uppvísir að. En ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og er enn að þó að Rússar séu ekki góðir, býsna vondir reyndar, þá geri það ekki sjálfkrafa Bandaríkjamenn að englum né heldur þá sem þeim fylgja. Ég er þeirrar skoðunar. Ég minnist gamals bónda í minni sveit, sem búinn var að halda uppi vörnum fyrir Framsfl. af mikilli elju í hörðum deilum við laxveiðikarla, sem voru hjá honum í laxveiðum í á í Þistilfirði. Hann var kominn í einhverja þröng og þá skellti einn íhaldsdólgurinn, sem þarna var í laxveiðum, á hann þessu: „Ja, þetta eru nú engir andskotans englar í Framsfl.“ Fyrirgefðu, forseti. Þá sagði gamli maðurinn: „Ja, það er nú ekki nema eins og einn engill í Sjálfstfl.“ Ég segi nú það sama um þessa heimsmynd utanrrh. Ég held að það séu ekki alls staðar hreinir englar hjá Bandaríkjamönnum og það sé tímaskekkja og leiðinlegt að setja málefnalega umræðu úr skorðum með með því að setja á þessa gömlu Rússagrýluplötu. Það snertir mig ekki, herra forseti, að öðru leyti en því að mér finnst það heldur leiðinlegt eða lækka risið á annars ágætlega málefnalegri umræðu þegar menn falla ofan í þessa gryfju.

Menn gerast þreyttir, herra forseti, og ég held að ég þurfi ekki að hafa þessa umræðu öllu lengri. Menn hafa talað nokkum um að hún hafi brotið ofurlítið blað hér í umfjöllun Alþingis hvað þessi mál snertir og það kann vel að vera. Ég hef ekki langa þingreynslu eins og virðulegur forseti veit og þetta er kannske ákveðin generalprufa hjá mér í því að ræða mál á þennan hátt. Ég get lofað hæstv. utanrrh. því að ég skal standa í því með honum að ræða slík mál framvegis hér á Alþingi. Ég mun ekki liggja á liði mínu við það að draga úr skúmaskotunum þær upplýsingar sem ég tel að hv. Alþingi og þjóðin eigi heimtingu á að hafa í þessum efnum. Þeir tímar eru nefnilega uppi í dag að almenningur víða um lönd, ekki bara hér á Íslandi heldur víða um lönd, lætur sig sem betur fer þessi mál sífellt meira varða, tekur afstöðu og krafan er uppi um nýtt frumkvæði í þessum málum. Menn eru búnir að horfa upp á

það að hergagnaframleiðendur og misvitrir stjórnmálamenn og ýmsir aðrir, sem hafa leynt og ljóst haft áhrif á þróun þessara mála undanfarna áratugi, hafa ekki skilið við heiminn í betra ástandi en raun ber vitni árið 1985. Þess vegna er auðvitað krafan uppi um frumkvæðið úr höndum þessara manna til fólksins sjálfs vegna þess að fólkið finnur sér ógnað. Það finnur vegið að sjálfri undirstöðunni, sjálfri tilverunni og þess vegna er þessi krafa uppi. Það hefur ekki gefist mjög vel, hv. þm., að skilja þessi mál eftir í höndum fáeinna heimsvaldasinnaðra stjórnmálamanna og hergagnaframleiðenda og annarra slíkra sem að baki þeim standa. Það hefur ekki gefist almenningi í heiminum mjög vel. Það horfir ekki mjög vænlega. Á upplýsingaöld gera menn sér grein fyrir þessu og ég mun róa á það borðið að taka sífellt þann kostinn sem dregur upplýsingarnar fram í dagsljósið, sem vekur umræður, sem vekur menn til umhugsunar, vegna þess að þátttaka og virkni almennings er eina vonin í þessum málum. Það er alllangt síðan ég gerði mér grein fyrir því að björgun heimsins kemur ekki frá þessum fámennu, þröngu, lokuðu klíkum, ekki frekar en það kemur frá bankastjórunum sjálfum að afnema bílafríðindin þeirra. Svo einfalt er það mál, herra forseti.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð hér í lok fundartímans, vegna þess að hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni hér áðan að ég hefði, þegar ég mælti fyrir nál. 1. minni hl. hv. utanrmn., verið að tala um einhliða afvopnun. Ég var ekki að tala um einhliða afvopnun og hef ekki minnst á hana einu orði héðan úr þessum ræðustól. Hins vegar sagðist ég vona að Íslendingar bæru gæfu til að sýna þann kjark í afstöðu sinni til vígbúnaðar að auka hann ekki, að leggja sitt lóð á þær vogarskálar að auka ekki vígbúnað, hvorki hérlendis né annars staðar í heiminum. Og ég vil benda hæstv. utanrrh. á það að við Kvennalistakonur höfum flutt hér á Alþingi í tvígang till. til þál. um tafarlausa frystingu kjarnorkuvopna á meðan verið er að semja um afvopnun. Sú till. er grundvölluð á sömu hugsun og ég orðaði hér í ræðu minni áðan.

Þessi till. hefur nú legið í hv. utanrmn. síðan í haust og bíður þar afgreiðslu.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins fagna því að það komu fram merkilegar yfirlýsingar, bæði af hálfu hv. þm. Steingríms Sigfússonar og hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, þar sem þau lýstu því bæði yfir að þau hefðu ekki verið að boða einhliða afvopnun lýðræðisríkjanna og þar með þá ekki heldur Íslands.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Breyting á niðurgreiðslum.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um breytingu á niðurgreiðslum, á þskj. 623, afhent þm. 18. apríl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða breyting hefur orðið á hlutfalli niðurgreiðslna í útsöluverði helstu landbúnaðarafurða s. l. 5 ár?
2. Hvert væri verð á einingu á helstu landbúnaðarafurðum til neytenda nú ef sama niðurgreiðsluhlutfall væri í gildi og á árinu 1982? Gildandi verð á einingu óskast tilgreint til samanburðar.
3. Hver hefur verið árleg heildarupphæð niðurgreiðslna á árunum 1975—1984 á verðlagi ársins 1985?

Svar við 1. lið:

Hlutfall niðurgreiðslna

Dags.	Kindakjöt I. vfl.	Mjólk ltr.pakkn.	Smjör I. vfl.	30% ostur	45% ostur	Skyr	Nautgripakjöt I. vfl.
1980							
1.03	23.09	31.63	61.14	5.40	3.19	24.39	18.88
1.06	20.48	30.36	59.47	4.74	2.81	23.05	16.57
15.09	26.98	39.35	78.01	4.29	2.54	30.01	20.58
1.12	25.22	46.46	57.62	3.75	2.23	25.31	17.64
1981							
1.03	24.15	35.65	53.44	4.37	2.84	23.43	16.12
1.05	24.75	40.22	59.84	0.00	0.00	48.97	
1.06	21.22	31.96	48.93	0.00	0.00	38.80	13.84
1.09	23.13	32.89	43.46	0.00	0.00	34.47	12.17
1.12	21.39	32.93	38.71	0.00	0.00	30.34	10.90
1982							
1.02	41.13	55.09	100.88	9.82	8.34	77.65	21.16
1.03	37.33	54.02	92.62	8.86	7.54	77.86	19.07
1.05	64.31	72.92	118.17	17.01	16.30	99.16	28.16
1.06	56.59	65.56	97.64	14.81	14.21	89.70	23.92
1.09	43.70	52.22	77.19	12.72	12.22	71.04	20.37
1.12	37.85	44.95	63.67	11.21	10.77	58.81	17.79

Dags.	Kindakjöt I. vfl.	Mjólk ltr.pakkn.	Smjör I. vfl.	30% ostur	45% ostur	Skyr	Nautgripakjöt I. vfl.
1983							
1.03	30.62	34.74	48.48	9.24	8.89	44.85	14.57
1.06	24.76	26.50	36.33	7.53	7.24	34.22	11.65
1.10	21.52	26.37	36.36	7.56	7.26	34.15	11.11
1984							
1.03	20.37	24.12	33.19	6.87	6.57	31.31	10.41
1.06	13.84	11.66	30.40	0.00	0.00	12.83	0.00
1.09	13.02	11.26	29.11	0.00	0.00	12.34	0.00
1.12	11.50	9.81	24.99	0.00	0.00	10.81	0.00
1985							
1.03	10.88	9.09	22.84	0.00	0.00	10.00	0.00

Svar við 2. lið:

Verð nú — verð með niðurgreiðslum 1982

	Kindakjöt I. vfl. 1/1 og 1/2	Mjólk ltr.pakkn.	Smjör I. vfl.	45% ostur	30% ostur	Skyr	Nautgripakjöt I. vfl.
Verð nú	177.00	28.60	319.00	267.50	223.00	48.00	209.00
Verðið væri með niðurgreiðslum 1982	135.30 kr/kg	20.05 kr/l	210.80 kr/kg	239.80 kr/kg	201.20 kr/kg	30.10 kr/kg	173.10 kr/kg

Svar við 3. lið:

Yfirlit um niðurgreiðslur ríkissjóðs árin 1975—1984

Ár	Kindakjöt	Mjólk og mjólkurvörur	Nautgripakjöt	Kartöflur	Vaxta- og geymslugjald	Ull	Samtals	Verðm. '84
	Sundurliðað eftir vörutegundum (þús. kr.)							
1975	18 202	26 918		996			46 116	1 378 853
1976	15 299	26 867	2 473	261		3 917	48 817	1 127 711
1977	19 559	25 190	2 138			5 517	52 404	933 251
1978	46 214	45 289	3 216	1 392		6 474	102 585	1 264 979
1979	68 893	89 867	7 415	9 641	38 850	8 576	223 242	1 917 179
1980	63 450	116 587	8 445	4 723	47 671	12 356	253 232	1 380 423
1981	91 466	138 389	11 924	21 676	94 754	24 210	382 419	1 373 022
1982	205 327	325 304	22 492	37 614	155 225	32 048	778 010	1 864 721
1983	258 872	370 426	23 333	40 437	240 443	43 933	977 444	1 306 181
1984	172 627	297 250	13 306	23 355	209 272	57 748	773 558	773 558

Úttekt á stofnunum og fyrirtækjum á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Svar við fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni um úttekt á stofnunum og fyrirtækjum á vegum iðnaðarráðuneytisins, á þskj. 568, afhent þm. 22. apríl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Að hvaða athugunum á stofnunum og fyrirtækjum, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, hefur verið unnið frá miðju ári 1983?
2. Hvaða aðilar, einstaklingar, nefndir eða ráðgjafarfyrirtæki, hafa unnið að hverju verkefni?
3. Hvað hefur verið greitt hverjum aðila fyrir slíkar athuganir og úttektir?
   Sundurliðun óskast varðandi hvert verkefni (stofnun eða fyrirtæki) og heildargreiðsla til hvers aðila, laun og annar kostnaður.
4. Með hvaða hætti hafa þessar athuganir verið fjármagnaðar, sundurliðað eftir fjárlagaliðum eða öðrum framlögum?
5. Hvaða athuganir eru byrjaðar en hafa ekki enn leitt til útgjalda?

Svar við 1. lið:

Á fundi ríksstjórnarinnar 28. júlí 1983 var eftirfarandi tillaga forsætisráðherra samþykkt:

„Gerð verði ítarleg athugun á rekstri opinberra fyrirtækja og leitað leiða til sparnaðar. Til þess verði fengin viðurkennd hagræðingarfyrirtæki."

Í samræmi við þessa samþykkt hefur iðnaðarráðherra haft frumkvæði að slíkum athugunum í flestum stofnunum og fyrirtækjum sem undir iðnaðarráðuneytið heyra eins og fram kemur í svari við 2. lið í fyrirspurninni.

Svar við 2. og 3. lið:

	Ráðgjafar-fyrirtæki	Kostnaður þús. kr.	Umsjónaraðili	Kostnaður þús. kr.
1. Rafmagnsveitur ríkisins	Hagvangur	1 651	Hannes Þ. Sigurðsson	
2. Orkustofnun	Hagvangur	1 417	Hannes Þ. Sigurðsson	330
3. Rafmagnseftirlit ríksins	Hagvangur	339	Hannes Þ. Sigurðsson	
4. Sementsverksmiðja ríksins*	Kaupþing	429	Björgvin Sigurðsson	22
—	Partek	75		
5. Landssmiðjan	Helgi G. Þórðarson	170		
6. Kísiliðjan	Rekstrarstofan	200	Helgi Ólafsson	44
7. Þörungavinnslan	Rekstrarstofan	216		
—	Sigurjón Arason	51		
8. Sjóefnavinnslan hf.	Iðntæknistofnun	624	Eggert Steinsen	34
9. Jarðboranir ríkisins	Hagvangur	49		
	Samtals	5 220		430

* Sementsverksmiðjan greiddi helming kostnaðar, þannig að heildarkostnaðurinn var rúm 1000 þús. kr.

Auk þess hafa Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða ráðið hagræðingarfyrirtæki til að athuga ýmsa þætti reksturs þessara fyrirtækja. Sundurliðun á launakostnaði og öðrum kostnaði liggur ekki fyrir en yfirgnæfandi meiri hluti þessara útgjalda er vegna útseldrar vinnu og launakostnaðar.

Svar við 4. lið:

Athuganir þessar hafa verið greiddar af Fjárlaga- og hagsýslustofnun og iðnaðarráðuneytinu aðallega á árinu 1984. Þær hafa að hluta til verið fjármagnaðar með fjárveitingu sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafði til að standa straum af úttektum á ríkisrekstrinum en að hluta til af andvirði af sölu hlutabréfa ríkisins í Iðnaðarbankanum.

Skipting þessi kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Upphæðir í þús. kr. Fjármögnun		
Greitt af:	Samtals	Fjárlög	Sala hlutabréfa í Iðnaðarbankanum
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	4 285	985	3 300
Iðnaðarráðuneyti	1 365		1 365
	5 650	985	4 665

Svar við 5. lið:

Ekki hefur verið byrjað á nýjum athugunum í ár en unnið er að framkvæmd ýmissa tillagna á grundvelli þeirra athugana sem að framan voru taldar.

Sameinað þing, 74. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Nýjar hernaðarratsjárstöðvar, þáltill. 206. mál (þskj. 241, n. 735, 743 og 769). — Frh. einnar umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 59. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 335. mál (þskj. 567). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 452). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það þarf ekki að hafa langt mál um frv. Ég hef reyndar litlu við það að bæta sem fram kemur í grg. með því. Einhver ljótasti glæpur sem framinn er í dag er fólginn í því að ánetja börn og unglinga ávana- og fíkniefnum. Eins og að lögum er búið geta þó brot þessi aðeins varðað hámarksrefsingu sem nemur tveggja ára fangelsi. Því ber að mínu mati brýna nauðsyn til að hækka refsihámarkið verulega. Hefur orðið að samkomulagi milli mín og hæstv. dóms- og kirkjumrh. að leggja til að það hækki í sex ár með þessu frv. Það hefur verið rætt í Nd. og samþykkt þar samhljóða.

Vil ég, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn. með ósk um að það frv. verði afgreitt mjög fljótt því að ég tel ekki ástæðu til þess að bíða öllu lengur með að þessi sektarákvæði verði lögfest.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582, n. 737). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Iðnn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. sem er ekki stórt í sniðum. Það gengur einvörðungu út á það að framkvæmd laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar heyri undir iðnrh. Það varð samkomulag í nefnd um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fram.

Eins og hv. þm. rekur minni til var beðið um það við 1. umr. málsins, líklega var það hv. 2. þm. Austurl., að fram kæmu ákveðnar upplýsingar varðandi þróun kaupgjalds og kostnaðar við upphitun, annars vegar samanburður á hinum almennu töxtum og upphitunartöxtum og hins vegar á kaupgjaldi. Nú var ekki alveg ljóst hvort þess var óskað að hæstv. ráðh. yrði viðlátinn 2. umr., en hafi svo verið vonast ég til þess að hv. 2. þm. Austurl. láti það nægja sem hér kemur fram. Nú ber ég ekki ábyrgð á þeim tölulegu upplýsingum sem hér eru á blaði, þær voru vinsamlega sendar nm. í iðnn. Að vísu er þetta stílað á Davíð nokkurn Aðalsteinsson. En þessar upplýsingar varða Rafmagnsveitur ríkisins. Hér kemur fram að meðaltalshækkun upphitunartaxta frá 1. júní 1983 til 1. apríl 1985 er 18.2%. Hvað varðar hina almennu notkun er hækkunin frá 1. júní 1983 til 1. apríl 1985 51.3%. Skv. hagtölum mánaðarins, sem eru mjög áreiðanlegar, frá því í mars 1985, hefur hækkun kauptaxta orðið frá 1. júní 1983 til 1. apríl 1985 34.3%. Ég hafði áður gert grein fyrir, eins og hér er raunar skýrt frá á blaði, hvaða hækkanir hefðu orðið á hinum almennu töxtum annars vegar og hins vegar á upphitunartöxtum og getur hver sem það vill borið saman. Ég vil endurtaka að ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í þessar tölur né heldur leitað mér viðbótarupplýsinga eða skýringa á þeim. Ég er fús til að afhenda hv. 2. þm. Austurl. þetta blað eða afrit af því.

Ég hef ekki um þetta fleiri orð, hæstv. forseti, en nefndin leggur til einróma að frv. verði samþykkt.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Frsm. iðnn. hefur hér mælt fyrir sameiginlegu nál. allra iðnaðarnefndarmanna um breytingu á lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Það varð samkomulag í nefndinni um það að mæla með samþykkt þess, en frá minni hendi var það með þeim ákveðnu skilyrðum að áður en umr. hæfist hér í hv. Ed. um þetta mál lægju fyrir upplýsingar þær sem hv. 5. þm. Vesturl. var að tíunda hér rétt áðan. Mér finnst þessi vinnubrögð vera nokkuð sérstök og skrýtin vegna þess að þarna var um samkomulagsmál að ræða og æskilegt að fá að sjá þessar upplýsingar áður en hér byrjaði umr. um þetta mál og hefði sjálfsagt ekki verið erfitt fyrir hv. þm. að lofa okkur samnefndarmönnum sínum að sjá þetta, þó að bréfið hafi verið stílað á hans nafn, áður en þessi umr. hæfist, hvað þá fyrirspyrjanda. Þó er ástæðulaust að ég svari fyrir hann hér.

Þetta frv. er nokkuð sérstakt. Menn muna eftir orðum borgarstjóra Reykjavíkur, Davíðs Oddssonar, um starfsemi ríkisstj., að það væri meira gert af að tala en að framkvæma. Þetta frv. er kannske staðfesting á því að það eigi að fara að breyta til. Á þingi í fyrra var lagt fram allviðamikið frv. um jöfnun hitunarkostnaðar, mikið málæði ef svo mætti segja, frv. upp á einar 26 greinar. Það hét aðeins: um jöfnun hitunarkostnaðar. Nú kemur fram frv. í tveim greinum sem heitir: um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Ég geri mér ekki vel grein fyrir því hvar þetta frv. kemur inn á þann þáttinn að lækka hitunarkostnað og þaðan af síður að þarna sé um nokkra jöfnun að ræða.

Ég tel ástæðu til að við þessa umr. komi fram hvernig það frv. um jöfnun hitunarkostnaðar, sem lá fyrir Ed. í fyrra, var afgreitt frá iðnn. Bókun iðnn. er þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Frv. til laga um jöfnun hitunarkostnaðar. Málið rætt. Niðurstaða nefndarinnar varð eftirfarandi: Þar sem í ljós hefur komið að mörg atriði frv. þurfa ítarlegri meðferð n. en komið verður við á þeim dögum sem nú eru eftir til þinglausna verður að horfast í augu við þá staðreynd að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar telur n. mál þetta svo mikilvægt að frv. um málið verði að leggja fram í byrjun næsta þings. Leggur n. áherslu á að hæstv. iðnrh. sjái um að í sumar verði unnið í málinu svo að þessi málsmeðferð nái fram að ganga. Jafnframt leyfir n. sér að nefna eftirtalin atriði sem einstakir nm. hafa bent á til athugunar við framhaldsmeðferð málsins:

1. Ganga tryggilega frá að allt orkujöfnunargjald fari til jöfnunar húshitunarkostnaðar.
2. Kveða skýrt á um að viðmiðunarreglan 1.8-falt vegið meðalverð sé hámark þess mismunar sem má vera á hitunarkostnaði, en markmiðið sé að minnka þennan mismun.
3. Aðstoð við hitaveitur með sérvanda sé betur tryggð.
4. Framkvæmdaáætlun verði gerð um orkusparandi aðgerðir á íbúðarhúsnæði og fjármagn til hennar tryggt.
5. Sveitarstjórnir eigi aðild að gerð og stjórn framkvæmdaáætlana.

Enn fremur kom fram í n. ábending um þau formsatriði að sérlög yrðu um orkusparandi aðgerðir og lög um jöfnun húshitunarkostnaðar yrðu bundin við ákveðinn tíma."

Undir fundargerðina skrifar Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Eins og ég sagði áðan má kannske líta á það sem svar við þessari ósk iðnn. að hér kemur fram frv. um jöfnun hitunarkostnaðar þó að það sé ekki stærra í sniðinu en það frv. sem við erum hér að fjalla um. Það er sem sagt eingöngu verið að færa mál á milli rn. Það er svarið við ósk iðnn. um að ganga tryggilega frá að allt orkujöfnunargjald fari til jöfnunar hitunarkostnaðar. Hvar eru nú öll stóru orðin um að taka hið svokallaða orkujöfnunargjald og færa það til jöfnunar hitunarkostnaðar? Hvar eru öll stóru orðin framsóknar- og sjálfstæðismanna fyrir kosningar um að taka nú þennan stóra sjóð,

orkujöfnunargjald, og færa til? Það hefur lítið heyrst um það. Jafnvel þó að stór orð hafi verið notuð bæði í ræðuhöldum hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar og skrifum í málgagn hans á Vesturlandi um að þetta skuli gert og ítrekað í samþykkt sem hann stóð að hefur lítið sem ekkert verið gert. Og hvað er um það að sérstaklega skuli hugað að sérvanda hitaveitna? Ég veit ekki til þess að það hafi neitt verið gert. Svarið sem t. d. Hitaveitan á Akranesi fær við óskum sínum er frv. sem við erum að fjalla um hér.

Við fengum í hendur fyrir nokkrum dögum framkvæmdaáætlun og skýrslu um orkusparnaðarátak á árinu 1984. Þegar það er yfirfarið þá kemur í ljós að ekki hafi verið mikið gert annað en að koma ýmsum góðum áætlunum á blað.

Og einnig um 5. liðinn. Hvað um það að sveitarstjórnir eigi aðild að þessari orkusparnaðaráætlun? Ég held að það sé alveg í sama líkinu og aðrir þættir þeirra greina sem ég hef talið upp.

Ég taldi ástæðu við 2. umr. þessa máls, sem sjálfsagt kemst til framkvæmda, þarna verður hægt að láta verkin tala, færa málefnið á milli rn., til að vekja athygli á því að svo gott sem ekkert hefur verið efnt af þeim fyrirheitum sem talað var um í fyrra af miklum fjálgleik við 1. umr. málsins um jöfnun hitunarkostnaðar hér í deildinni.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að efna til efnislegra umræðna hér um þetta mál á þessu stigi enda yrði ég þá að kynna mér betur þær tölur sem voru að koma fram í upplýsingum frá hv. frsm. Davíð Aðalsteinssyni. Auk þess veit ég ekki annað en hæstv. iðnrh. sé horfinn af vettvangi. En það gefst tækifæri til að ræða þetta mál síðar, við 3. umr., ef með þarf, þó ég sjái ekki ástæðu til þess eftir þessar upplýsingar.

Ég vil að sjálfsögðu þakka fyrir að nefndin tók þetta mál til meðferðar, fsp. mínar um það að reyna að fá svör við því hverjar rauntölur væru hér á ferð, sérstaklega með tilliti til þess að menn hafa haldið því fram að orðið hafi stórkostleg raungildislækkun á hitunarkostnaði og sé nú tvennt ólíkt við að búa en áður hafði verið. En í lok þessa bréfs, sem ég var að fá í hendur frá iðnrn. og vil alls ekki rengja í þessu tilfelli, segir hér, með leyfi virðulegs forseta:

„Upphitunarkostnaður hefur þannig lækkað að raungildi um 12%“ — það er öll upphæðin — „en almenn notkun hækkað um 12.6% miðað við raungildi.“

Ég held að þetta séu býsna athyglisverðar tölur í ljósi þess sem áður hefur komið fram, bæði hér í hv. Ed. og í kosningahríðinni síðast svo ekki sé lengra farið, um þetta mál og segi býsna mikið, ef þessar tölur eru réttar sem ég hef ekki tækifæri til eða tök á að vefengja hér. Ég veit mætavel um ástæður þess að hið stóra frv. hæstv. iðnrh. fór ekki í gegn hér í fyrra með þeim hætti sem hann vildi og lagði á ofurþunga. Ég veit vel um ástæður þess og ætla ekkert að fara út í þær hér. Það var auðvitað ljóst að þeir tveir aðilar úr hans eigin flokki sem höfðu lagt hvað mesta og þyngsta áherslu á þetta mál, hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðar Kristjánsson og hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson, höfðu lagt ofurkapp á þetta mál og lagt í það mikla vinnu að reyna að fá þarna verulegar breytingar, stórkostlega lækkun, vegna þess hversu hár liður þetta er. Þeir voru hreinlega ekki tilbúnir til þess að fylgja sínum ráðh. að málum og fóru þess vegna þá leið sem hv. þm. Skúli Alexandersson gerði grein fyrir áðan.

Ég ætla ekki í efnislega umr. um þetta, en tel þessar tölur býsna athyglisverðar ef réttar eru, mjög athyglisverðar raunar, og sýna hversu stórkostlegur þáttur hinn gífurlegi hitunarkostnaður er enn þá hjá heimilum í landinu sem þurfa að búa við þennan kostnað þegar þar við bætist svo að annar kostnaður þess fólks af rafmagni hefur hækkað um sömu prósentuupphæð.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Enda þótt ég ætli mér ekki að fara að deila við hv. 4. þm. Vesturl. vil ég að það komi fram við þessa umr. að ég hafði þann skilning varðandi þær upplýsingar sem beðið var um og kynntar hafa verið hér að nm. í iðnn. hefðu sæst á að þær upplýsingar kæmu fram við umr. Ég vil taka fram að það var minn skilningur að hæstv. iðnrh. yrði viðlátinn þessa umr., enda þótt ég gerði mér grein fyrir því að það væri ekki beinlínis krafa hv. 2. þm. Austurl. En ég vildi að þetta kæmi fram. Það var minn skilningur og er að iðnnm. hefðu sæst á að upplýsingarnar kæmu fram við 2. umr. Upplýsingarnar eru komnar fram. Ég vil taka það sérstaklega fram að það var alls ekki ætlun mín að fara á nokkurn hátt á svig við hv. meðnefndarmenn mína.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í n. þó að ég hafi skrifað undir nál. og fylgdist þess vegna ekki með þeim umr. sem þar fóru fram. Það er vissulega ekki óeðlilegt við umfjöllun á þessu máli þó að menn hugi að kostnaði við húsahitun úti á landsbyggðinni og rifji upp þær umr. sem fram um þau mál hafa farið.

Þetta frv., eins og virðulegir alþm. væntanlega vita, er í rauninni einungis tæknilegs eðlis, um tilfærslu á verkefnum á milli rn., og má vel vera að það geti skilað einhverjum árangri tæknilega séð, en væntanlega er öllum hv. alþm. ljóst að það fjallar ekki um lækkun á orkunotkun eins og frv. sjálft tekur nafn af.

Menn hafa hér talað um það sem gekk á milli manna og flokka við síðustu alþingiskosningar og m. a. um yfirlýsingar um að orkujöfnunargjaldið gengi allt óskipt til þeirra nota, eins og því var ætlað, að lækka húshitunarkostnað í landinu. Auðvitað er mikilvægt að staðið sé við það sem sagt er fyrir kosningar, en í þessum efnum vildi ég benda á að ef orkujöfnunargjaldið kæmi til niðurgreiðslu á rafhitun í landinu mundi það nægja langleiðina til þess að gera upp alla reikninga hjá þeim sem kaupa rafhitun af Rafmagnsveitum ríkisins og það held ég að hafi nú aldrei verið meiningin.

Hins vegar stóð þannig á á árinu 1982 að það var vel hægt að koma öllu orkujöfnunargjaldinu fyrir þá í töxtum rafhitunarinnar og olíunotkunarinnar, þannig að menn greiddu eftir sem áður hliðstæðan kostnað og gerðist í hinum dýrari hitaveitum.

Menn hafa gjarnan gripið til talnasamanburðar þegar fjallað er um þessi mál og hverjar breytingar hafa orðið á hinum einstöku og afmörkuðu tímabilum. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess frekar en hv. þm. Skúli Alexandersson að meta þær tölur sem hér hafa verið lagðar fram. Hins vegar er alveg augljóst að sá samanburður er óraunhæfur. Ástæðan fyrir því er sú að árið 1982, 23. apríl það ár, svaraði þáverandi iðnrh. erindum Rafmagnsveitna ríkisins um hækkun á gjaldskrám með

þeim hætti að ekki yrði hægt að fallast á þær hækkanir, eins og farið var fram á, í eitt skipti. Þess í stað yrði að jafna hallanum niður á lengra tímabil þannig að raforkuverð mundi hækka jafnt og þétt árið 1983. Mig minnir það svo vera í apríl það ár sem gefin voru út brbl. sem tóku aftur þessa heimild. Þannig stóð málið þegar teknar voru ákvarðanir um mjög mikla hækkun á orkutöxtum, líklega fyrst í júní og síðan aftur í ágúst sama ár, jafnhliða því sem stóraukið var fjármagn til niðurgreiðslu á rafhitun. Þegar þessar breytingar höfðu verið gerðar, ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með tölur, þurfti rúmar 18 vinnuvikur á verkamannataxta til að greiða orkukostnað við rafhitun, miðað við 32 þús. kílówatta ársnotkun sem tekur mið af orkunotkun hinnar svokölluðu staðalíbúðar, en niðurgreiddur kostnaður var hins vegar u. þ. b. tólf vikur.

Á s. l. ári þróaðist þetta verðlag hins vegar þannig að áður en kom til hækkana sem urðu núna í haust hafði þessi tala lækkað um 50% eða niður í rúmar átta vikur. Orkukostnaðurinn hafði lækkað úr u. þ. b. þremur mánuðum og niður í u. þ. b. tvo mánuði á einu ári. Þetta eru ekki nákvæmar tölur, en þær skýra þetta mál. Og það var að sjálfsögðu þróun sem var vel hægt að sætta sig við. Mér hefur nefnilega aldrei verið heilög viðmiðunartalan sem hér hefur verið til vitnað af hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Ég hef alveg eins og raunar miklu frekar viljað miða við raunkostnað í þessum efnum, en raunkostnaður við rafhitun var á síðasta áratug, frá árunum 1972 til ársins 1978, milli sex og sjö vikur og það vantaði ekki svo ýkjamikið á að þessi mál væru að þróast til sama kostnaðar og var á síðasta áratug og er alveg líðanlegur.

Hins vegar gerðist svo það, eins og menn vita, að taxtarnir hækkuðu aftur í haust illu heilli og þó að rafhitunartaxtar hafi hækkað minna en aðrir taxtar var það samt mjög mikið áfall. Þannig hefur raforkuverð verið óhagstæðara framan af þessu ári en það var á síðari hluta síðasta árs.

Þetta var frásögn af því hvernig þessi mál hafa þróast þó að ég hafi ekki alveg nákvæmar tölur við hendina. Og í haust, innan fárra mánaða, má ætla að ef taxtar ekki breytast verði rafhitunarkostnaður með svipuðum hætti og hann var síðast á árinu 1984. Vantar þá enn nokkuð til þess að þar sé um líðanlegt verðlag að ræða.

Þetta finnst mér eðlilegt að komi hér fram fyrst menn voru að fjalla um þessi mál efnislega sem hlýtur að vera eðlilegt við þessar aðstæður. Ég get svo endurtekið það, sem ég sagði á fundi í Sþ. í vetur, að það er engin lifandi leið fyrir landsbyggðarmenn að horfa upp á að húshitunarkostnaður sé með þeim hætti að ekki geti talist líðanlegt og annað er útilokað en að huga sérstaklega að stöðu þessara mála í haust. Það er alveg ljóst að nokkurs ágreinings gætir í þessum málum. Menn hafa misjafnar áherslur. Þar má t. d. nefna að ærið stór hópur telur að ekki eigi að greiða raforkuna niður nema þá að litlu leyti, fremur eigi að lagfæra húsakostinn. Þetta eru rök, en hinn hái húshitunarkostnaður er hins vegar ekki líðanlegur fyrir fólkið sem býður eftir því að geta lagfært húsin með þessum hætti. Þess vegna verður ekki hjá því komist að greiða niður raforkuna áfram. Það hlýtur að koma til mjög alvarlegrar skoðunar fyrir næsta vetur hvernig sú staða mála verður og þm. utan af landi hafa alveg nægilegan tilstyrk til að fá þar lagfæringu á ef það tekst ekki með öðru móti.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég sé það að í mörgu er það rétt, sem hv. 11. landsk. þm. lét hafa eftir sér, að full ástæða væri til að líta eftir piltinum í ráðherrastól, hæstv. iðnrh. Sverri Hermannssyni. M. a. í þessu efni þegar sá talnaglöggi maður kemur hér með sínar upplýsingar um raungildi þessa kostnaðar og fær hann niður um meira en 50%, eins og hann rakti hér áðan, á meðan hæstv. iðnrh. með öllum sínum sérfræðingum kemur þessu ekki niður nema um 12%. Því að vitanlega varð kaupgjaldshækkun á s. l. hausti um leið og taxtahækkunin varð, svo að þar jafnaðist það nokkurn veginn út og var talið af iðnrn. þá að nokkurn veginn jafnaðist út sú hækkun sem varð á upphitunartöxtunum og svo aftur sú hækkun sem varð á kaupgjaldstöxtum þannig að það hefði nokkurn veginn átt að vera sambærilegt.

Ég ætla ekki að fara út í deilur um hvað menn sögðu um orkujöfnunargjaldið, að því ætti að skila öllu og stórfelldar upphæðir ættu þar að koma inn í. En það sögðu menn auðvitað þá óspart og gerðu að miklu máli. Ég heyri á hv. 11. landsk. þm. að hann er síður en svo ánægður með þetta mál í dag, þrátt fyrir þær upplýsingar sem hér liggja fyrir frá rn., hæstv. iðnrh. og samverkamanni hans. Hv. 11. landsk. þm. hvetur menn mjög til þess að sameinast sér í því að herja á hæstv. iðnrh. til að gera betur. Ekki skal standa á mér að liðsinna honum í þeirri — að því er virðist — vonlitlu baráttu við hæstv. ráðh. að fá fram þá leiðréttingu sem hann vill fá fram á þessum málum.

Ég ætla ekki heldur að fara út í það, sem hv. þm. hefur mjög oft gert sér að leik hér, að vitna í ákveðið bréf til Rafmagnsveitna ríkisins frá hæstv. fyrrv. iðnrh. og að það bréf þýddi í raun og veru ákvörðun um taxta til upphitunar. Vitanlega er það fjarstæða og það veit hv. þm. mjög vel. (Gripið fram í.) Nei, þó að reynt hefði verið að ná þessum halla niður fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, þá hlaut það að verða gert með þeim hætti að neytendur fengju með öðrum aðgerðum bættan þann aukakostnað sem þar af yrði, t. d. með auknum niðurgreiðslum eins og hefur verið gert í valdatíð þessarar stjórnar. Vitanlega veit hv. þm. að þarna hefðu komið aðrar aðgerðir á móti til þess að létta neytendum þann kostnað sem hefði orðið af því að jafna þennan halla. Ég veit að hann ætlar ekki hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hafa ætlað sér að leggja þennan kostnað alfarið á neytendur í landinu, m. a. vegna þess að hann vissi um tillögur hans um auknar niðurgreiðslur í þessu efni. Og þó að gott væri að nota þetta í kosningahríðinni þá veit ég að hv. þm. er það sanngjarn að honum dettur ekki í hug að halda þessu fram í dag, að það sé ekki hægt að koma þarna á móti niðurgreiðslu til neytenda, þannig að þeir bæru ekki þarna skarðan hlut. Ég er alveg sannfærður um að hann samþykkir það með mér að vitanlega hefði það komið til.

Hitt er svo annað mál að þessar tölur sem hv. þm. fór með um raunkostnað, og við það vil ég að sjálfsögðu miða, þær fara hreinlega ekki saman við þær tölur sem við erum með frá hæstv. iðnrn. Þetta bil hefur ekki gleikkað svo núna við síðustu taxtahækkun, það veit hv. þm. mjög vel, taxtahækkun sem kom sérstaklega í framhaldi af kaupgjaldshækkunum haustsins.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. minnir á það sem eftir mér hefur verið haft, að auðvitað þyrftu þm. úr sama kjördæmi að hjálpast að og má vera að betur hefði tekist til í ráðherratíð fyrrv. iðnrh. ef hv. þm. Helgi Seljan hefði haft þar svolítið betra eftirlit.

Um það sem hér hefur komið fram um talnasamanburð hef ég að sjálfsögðu enga möguleika til að dæma eða meta þær tölur sem hv. þm. studdist við. Það sem ég lagði mínu máli til grundvallar eru útreikningar sem Gylfi Ísaksson verkfræðingur hefur gert fyrir mig og gerði fyrir þá nefnd sem annaðist endurskoðun á lögunum um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar. Þessar tölur byggjast á hans útreikningum. Mér er ekki ljóst hverjar viðmiðanir eru í þeim útreikningum sem hv. þm. Helgi Seljan flutti fram áðan og get ekki metið það. (**HS:** Davíð Aðalsteinsson flutti þær.) Ég tók nú svo eftir að þm. hefði haft skjal meðferðis sem hann las upp úr. Í þessum efnum verða menn að athuga að það er hægt að grípa niður á hinum ýmsu tímabilum eftir því sem gjaldskrár breytast.

Að einu leyti var þó ræða hv. þm. Helga Seljan afar athyglisverð. Hann veit sem er og hefur heyrt það áður og féllst á það að 23. apríl 1982 voru teknar ákvarðanir um gjaldskrárhækkanir sem áttu að gilda árið 1983 og jafna þann halla sem raforkuiðnaðurinn var kominn í hér á landi. Þetta er náttúrlega ómótmælanlegt því að fyrir þessu liggja órækar staðreyndir. En hv. þm. sagði hins vegar að þetta hefði átt að lagfæra og að draga hefði átt úr kostnaðinum til heimilanna með því að hækka niðurgreiðslur. Það vill svo til að frá þeim málum var líka búið að ganga alveg eins og bréfinu. Það var gert með þeirri ákvörðun sem tekin var um niðurgreiðslur á rafhitun þegar fjárlög fyrir það ár voru afgreidd. Getur ekki verið að fjárlagatalan hafi verið einhvers staðar ekki mjög langt frá 30 millj. kr.? Það hygg ég að hafi verið. Ég held að það hafi verið heldur óheppilegt fyrir hv. þm. að vera að minna á þetta. Aðrar tillögur um niðurgreiðslu á rafhitun hef ég ekki séð né heyrt. Hins vegar var þessum tölum þó þannig breytt að þegar núv. ríkisstj. kom til valda voru þær hækkaðar um 150 millj. og veitti sannarlega ekki af. En það er mikill misskilningur að það hafi verið gert í tíð fyrrv. ríkisstj. Það var gert í tíð núv. ríkisstj. Þetta liggur allt ljóst fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1980, frv. 368. mál (þskj. 588, n. 758). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1980. Niðurstöðutölur ríkisreiknings eru birtar í frv. en nánari grein fyrir ríkisreikningi sem slíkum er að sjálfsögðu gerð í þskj. sjálfu sem útbýtt var hér á Alþingi fyrir nokkrum árum síðan. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 217. mál (þskj. 260, n. 613 og 614, 615, 741). — Frh. 2. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Síðast þegar þetta mál var hér til umr. mun þess hafa verið óskað að það yrði gerð grein fyrir sjónarmiðum ríkisstj. varðandi það frv. sem hér er til umfjöllunar á þskj. 260, 217. mál, en innihald þess er að breyta seðlabankalögunum, 11. gr. þeirra laga, þannig að hundraðshluti af innistæðufé, sem bundið væri í Seðlabankanum, yrði 10%. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að stefna ríkisstj. hefur verið að færa þau verkefni sem hlaðist hafa á Seðlabankann á undanförnum árum og eðli málsins skv. eru verkefni viðskiptabankanna til þeirra, en það hefur þýtt að í Seðlabankanum hafa verið bundnar upphæðir af sameiginlegu fé landsmanna til þess að standa undir þeim verkefnum. Þar á meðal hafa verið endurkeypt afurðalán.

Nú fyrir nokkru varð á þessu breyting og endurkaup afurðalána niðurfelld hjá Seðlabankanum og þar á móti felld niður 10% af þeirri bindingu sem hefur verið, en hér er um að ræða 2.6 milljarða kr. sem Seðlabankinn hefur haft til þess að mæta endurkeyptum afurðalánum. Það þýðir að bindingin í dag er 18% í staðinn fyrir 28%. Áfram er unnið að gerð frv. til l. um Seðlabanka Íslands, eins og gerð hefur verið grein fyrir, og er það einn þáttur í endurskoðun löggjafar um banka og sparisjóði. Frv. um viðskiptabanka hefur þegar verið lagt fram og 1. umr. lokið og það komið til fjh.- og viðskn. Nd. Frv. um sparisjóði er komið til prentunar. Lokavinnsla er varðandi frv. um Seðlabanka Íslands.

Það liggur ljóst fyrir að í löggjöfinni um Seðlabanka Íslands hlýtur að vera ein höfuðgrein þeirra laga hvert sé meginhlutverk bankans sem seðlabanka og það skilgreint þar með tilliti til þeirra breyttu starfshátta sem þegar eru og gert er ráð fyrir. Meginhlutverk Seðlabankans hlýtur að vera að varðveita þann gjaldeyrisvarasjóð sem ríkisstj. og Alþingi telja eðlilegt að þar sé fyrir hendi. Það er auðvitað þeirra sem með stjórnvölinn fara, ríkisstj. og Alþingis, að meta og vega hversu stór gjaldeyrisvarasjóðurinn þarf að vera.

Þá er hlutverk Seðlabankans að vera banki ríkissjóðs og veita ríkissjóði þá fyrirgreiðslu sem þörf er á með tillit til þeirra fjárlaga sem samþykkt eru hverju sinni og lánsfjárlaga. Til þess að geta sinnt þessu hlutverki verður Seðlabankinn að sjálfsögðu að hafa fé og það verður ekki tekið öðruvísi en af eigin fjármagni bankans sjálfs svo og af sameiginlegu sparifé allra landsmanna.

Hversu há prósentan skal vera, sem talið er eðlilegt að Seðlabankinn hafi af sameiginlegu fé landsmanna, fer að sjálfsögðu eftir því hvað þau stjórnvöld sem hverju sinni ákveða, Alþingi og ríkisstj., telja eðlilegt að sé til varðveislu og hvað þau telja eðlilegt að þar sé til fyrirgreiðslu fyrir sameiginlegar þarfir landsmanna, en öðruvísi verður ekki litið á fyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð á fjárlagaári. Hér er verið að tala um fyrirgreiðslu frá upphafi fjárlagaárs til loka, en lánsfjárlög kveða á um með hvaða hætti ríkissjóður aflar sér fjármagns til framkvæmda af því sparifé sem er innan-

lands og hversu mikið af erlendum lánum ríkissjóður tekur.

Það er mín skoðun á því frv. sem hér er til umr., sem flutt var nokkuð snemma á þessu þingi, að eðlilegt sé að umr. um það verði frestað og að þm. fái tækifæri til að skoða það frv. um Seðlabanka Íslands sem lagt verður senn fyrir Alþingi. Þegar þetta frv. er lagt fram eru bundnir í Seðlabankanum 7.2 milljarðar, þ. e. 28% af heildarsparifé landsmanna. Meðan það er hér til umr. hefur bindingin verið lækkuð um 2.6 milljarða eða 10%. Hér er hins vegar sett fram tala án þess að henni fylgi neinn rökstuðningur um hversu mikið fjármagn Seðlabankinn þarf að hafa til að geta tryggt þann gjaldeyrisvarasjóð, það fjármagn sem hann þarf að hafa til að gegna skyldum sínum sem banki ríkissjóðs. 10% getur verið eins góð tala og hver önnur, en 10% eru ekki í þessu frv. rökstudd sem sú hin rétta tala. Þess vegna hefði ég talið að best væri að umr. um frv. yrði frestað. Hv. þm. fengju þá tækifæri til að skoða málið í heild og meta þau sjónarmið sem fram koma í frv. og þá yrði það þingsins að segja til um hvaða prósentu rétt væri að setja inn í það lagafrv. eftir því hvað hv. þm. teldu ástæðu til þess að Seðlabankinn hefði mikið af fjármagni til þess að sinna því hlutverki sem ég hér hef vikið að, auk þess sem ævinlega koma upp verkefni sem ríkisstj. óskar eftir fyrirgreiðslu við. Þá er gjarnan leitað til Seðlabankans um aðstoð við viðskiptabanka. Þannig á það að vera að mínum dómi. En þetta mun allt skýrast þegar frv. verður lagt fram. Ég vildi vegna óska sem fram komu um greinargerð af minni hálfu láta þetta koma hér fram.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Síst af öllu ætla ég að fara að koma af stað einhverjum almennum eða löngum umr. Það er orðið fullkomlega tímabært að þetta frv. fái að ganga til atkv. Það hefur verið við 2. umr. í deildinni í hvorki meira né minna en fimm vikur, sem er fátítt, og menn vita að það hefur ýmislegt verið gert til þess að reyna að hindra framgang málsins.

Ég vil aðeins leiðrétta það að enginn rökstuðningur komi fram fyrir því að hafa bindiskylduna 10%. Það er einmitt rökstutt með því að þannig var það á 7. áratugnum, á fyrsta áratug Seðlabankans. Það gafst mjög vel. Þá var tiltölulega lítil bindiskylda. Síðan var farið að rökstyðja hana með því að það þyrfti að veita afurðalán. Nú hefur verið ákveðið að þau væru ekki lengur veitt af Seðlabanka, heldur flutt til viðskiptabankanna. Þess vegna er það alveg fullkomlega rökstutt að færa seðlabankalögin í gamla horfið. Hins vegar hefur það ekki verið rökstutt hvernig viðskiptabankarnir eiga með 18% bindingu að geta staðið undir afurðalánum. Það geta þeir raunar ekki.

Sama er að segja um gjaldeyrisvarasjóðinn, að hann er tóm blekking. Síðast í sjónvarpi, ég held að það hafi verið í gær, sagði forsrh. að 55% allra útlána bankanna væru orðin erlend mynt. Íslenska krónan er því miður hrunin fyrir þessa bindiskyldu, fyrir þennan monetarisma, og það er tímabært að afnema það.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki fara út í efnislega hlið málsins, enda aðeins kominn hingað upp til að taka undir þá ósk að fresta umr. Eins og hv. flm. benti hér á hefur hún teygst um alllangan tíma. Ég held að það hafi ekki verið vegna þess að þdm. þessarar hv. deildar hafi hindrað afgreiðslu þessa máls, heldur hafi þau vandkvæði frekar verið á eigin heimili, þ. e. í þingflokki Sjálfstfl. Aftur á móti er upplýst að seðlabankafrv. er í prentun, þ. e. við eigum von á því mjög fljótlega. Í samræmi við þau vinnubrögð sem að öllu jöfnu eru hér viðhöfð þegar slíkt ástand skapast, eins og t. d. oft kemur fyrir í nefndarstörfum, finnst mér eðlilegt að taka ekki þetta mál til atkv. heldur fresta umr. og skoða þann lagabálk sem væntanlega á eftir að snúast að miklu leyti um sama mál. Ég styð þess vegna hugmynd hæstv. viðskrh. að fresta þessari umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að enda þótt hæstv. viðskrh. lýsi því yfir að löggjöf um Seðlabankann sé einhvers staðar í framleiðslu er af þeim sökum ekki nokkur ástæða til að fresta því enn einu sinni að deildin sýni hug sinn og vilja til þessa máls. Það er búið að margfresta því hér og það er ekki vansalaust, að mínum dómi, hvernig er að því staðið að enn einu sinni á að fresta þessu máli. Ágætur forseti þessarar deildar hefur sýnt þm. fulla tillitssemi þegar beðið hefur verið um frestun í málinu. Nú finnst mér hins vegar að ástæðan sé komin til þess að hnýta endahnútinn og setja punktinn við þetta mál með einhverjum hætti þannig að afstaða þm. komi fram og málinu verði ekki frestað enn einu sinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það hefur komið réttilega fram hér að þessu máli hefur verið frestað alloft og ég held að ég verði að setja það í hendur hv. 1. flm. frv. hvaða afstöðu hann tekur til frestunar málsins.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Því miður get ég ekki fallist á ósk hæstv. viðskrh. að fresta enn einu sinni þessu máli. Það kemur úr hörðustu átt að hann skuli biðja um þennan frest nú. Þegar málið var til umr. s. l. mánudag kom hann ekki hingað, hefði ekki þurft að dvelja hér lengur en tíu mínútur miðað við það sem hann hafði að segja, og að biðja nú um frest finnst mér svo fáránlegt og ekki sæmandi jafngóðum og heiðarlegum manni og viðskrh. er að ég vonast til að hann dragi þessa ósk til baka og að við fáum að greiða atkv. um málið.

ATKVGR.

Till. á þskj. 613, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, AG, BD, DA, HÓ, JHelg, SalÞ.

nei: KolJ, RA, SDK, SkA, StB, EG, EKJ, HS.

ÁJ greiddi ekki atkv.

4 þm. (KSG, VI, ÞK, EgJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Í ljósi ummæla hæstv. viðskrh., að von sé á frv. um Seðlabanka Íslands, og stöðu málsins greiði ég ekki atkv.

Brtt. 741 felld með 9:3 atkv.

1. gr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, HS, KolJ, RA, SDK, SkA.

nei: HÓ, JHelg, JK, StB, AG, BD, DA.

ÁJ, SalÞ greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, KSG, VI, ÞK) fjarstaddir.
Frv. þar með fallið.

Hitaveita Reykjavíkur, frv. 372. mál (þskj. 592). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 592 að flytja eitt lítið frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 frá 12. febr. 1940, um Hitaveitu Reykjavíkur.

Forsaga málsins er sú, að í vændum eru miklar virkjanir Hitaveitu Reykjavíkur á nýjum svæðum, sem teljast mikil háhitasvæði, og þar býðst sá möguleiki að virkja hita til framleiðslu á raforku. Skv. lögum er Hitaveitu Reykjavíkur þetta ekki heimilt og þarf því lagabreytingar til að svo megi verða. Því legg ég til að breytt verði 1. gr. laga um Hitaveitu Reykjavíkur sem orðist eins og fram kemur í þskj. Þar er eingöngu um þá breytingu að ræða að inn kemur það verkefni fyrirtækisins að selja ekki einungis heitt vatn til upphitunar, heldur einnig að framleiða og selja rafmagn. Síðan koma greinar er lúta að verðlagningu þessarar raforku og einnig grein sem lýtur að niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af tækjum og vélum til orkuvers sem Hitaveita Reykjavíkur hugsanlega vildi reisa.

Allar þessar greinar, að undanskilinni 1. gr., eru í samræmi við gildandi lög um svipaðar framkvæmdir, sbr. 10. gr. laga nr. 100 frá 1974 og efnislega samhljóða greinar í lögum nr. 21 frá 1974 og einnig í lögum nr. 100 frá 1974, þ. e. annars vegar lögum um Kröflu og hins vegar um Hitaveitu Suðurnesja, og enn fremur í lögum nr. 105/1974, um Bessastaðaá.

Ætlunin með þessu frv. er engin önnur en sú að opna borgarstjórn Reykjavíkur og fyrirtæki hennar, Hitaveitu Reykjavíkur, þann möguleika að virkja jarðhita þar sem kostur er á í þeim tilgangi að framleiða rafmagn og selja með svipuðum hætti og öðrum hefur verið leyft og heimilað, m. a. Hitaveitu Suðurnesja, og fæ ég ekki séð að ástæða sé til þess að meina Hitaveitu Reykjavíkur, ef áhuga kynni að hafa, að nýta sér þann möguleika.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. þetta fari til 2. umr. og til iðnn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670, n. 697). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Afréttarmálefni, frv. 207. mál (þskj. 244, n. 715, 716). — 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 716,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 716,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 716,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 716,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 716,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 716,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 716,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 716,8 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 762). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sóknargjöld. Meginbreytingin sem felst í frv. er að sóknargjaldið er ekki lengur lagt á sem nefskattur, það er ekki sama skatthæð án tillits til tekna manna eða gjaldþols, heldur verður gjaldið tiltekinn hundraðshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns. Í nokkur ár hefur sóknargjaldið verið eini nefskatturinn sem lagður er á. Veldur þetta óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda, m. a. í þeim tilfellum þar sem sóknargjaldið er eini skatturinn sem gjaldandi greiðir.

Helsti kosturinn við þær álagningarreglur sem í frv. eru er sá að þær tryggja sjálfkrafa aðlögun að hækkandi verðlagi og tekjum og þar með útgjöldum safnaðanna. Auk þess er í verulegum atriðum sniðinn af því sá vankantur sem áður greinir um álagningu innheimtugjaldsins.

Rétt er að benda á ákvæði 8. gr. frv. þar sem héraðsfundi er heimilað að ákveða að allt að 5% sóknargjalds renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, sem ætlað er að standa undir sameiginlegum útgjöldum prófastsdæmisins. Er þetta nýmæli og gæti orðið til að örva kirkjulegt starf innan hvers prófastsdæmis.

Þetta frv. hefur verið afgreitt frá hv. Ed. Deildin hefur fjallað ítarlega um það og gert á því nokkrar breytingar. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi, frv. 431. mál (þskj. 719). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um gáma, frv. 324. mál (þskj. 678, n. 738). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 738 er nál. frá samgn. hv. Nd. Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi sínum og mælir með samþykkt þess eins og það kom úr Ed. Undir þetta skrifa allir þeir sem eiga sæti í samgn. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 453, n. 754, 755). — 2. umr.

Frsm. (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Nd. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir. Þetta er 275. mál Nd. á þskj. 453. Nefndin hefur fjallað um málið og segir svo í áliti nefndarinnar sem er á þskj. 754:

„Nefndin hefur fjallað um málið og sent frv. eftirtöldum aðilum til umsagnar: Almannavörnum ríkisins, Sýslumannafélagi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, örygg.smálanefnd, Landssambandi hjálparsveita skáta og Landssambandi flugbjörgunarsveita. Með hliðsjón af athugasemdum, sem borist hafa, leggur nefndin til að breytingar verði gerðar á 1. gr. frv. og mælir með frv. með þeirri breytingu. Brtt. er flutt á sérstöku þskj.

Fjarverandi afgreiðslu málsins í nefndinni voru Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur Einarsson."

Með hliðsjón af athugasemdum, sem fram komu, hefur nefndin flutt svohljóðandi brtt.:

„Á eftir orðunum „póst- og símamálastjóri" í 2. málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. komi: vegamálastjóri og einn fulltrúi tilnefndur af Landssambandi flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélagi Íslands og Landssambandi hjálparsveita skáta er skipti með sér setu í ráðinu eitt ár í senn."

Nefndin fékk eins og fyrr greinir athugasemdir frá nokkrum þeirra sem óskað var umsagnar frá og á grundvelli þeirra er framangreind brtt. gerð. Í umsögn Almannavarna ríkisins segir m. a.:

„Þegar frv. það, sem hér um ræðir, var í undirbúningi fékk almannavarnaráð tækifæri til að koma áliti sínu á framfæri við nefnd þá sem að undirbúningnum stóð, bæði á fundum og með álitsgerð.

Þótt frv. sé í sumum atriðum frábrugðið upprunalegum tillögum almannavarnaráðs getur það vel fallist á þær greinar þess sem fjalla um almannavarnir og telur þær mjög til bóta frá núgildandi lögum. Það gerir því ekki tillögur um breytingar á þeim.

Að því er varðar 9. gr. frv. um hagvarnir lítur almannavarnaráð svo á að hagvarnir séu eins og almannavarnir hluti allsherjarvarna en ekki almannavarna. Telur ráðið tímabært að hugað sé að skipan hagvarna hér á landi svo sem gert hefur verið víða annars staðar. Hagvarnir eru vandasamt og mikilvægt verkefni sem óhjákvæmilega verður kostnaðarsamt. Má vera að huga þurfi nánar að einstökum atriðum er fram koma í ákvæðum 9. gr. frv. varðandi uppbyggingu og skipulagningu þeirra.

E. t. v. væri ástæða til að setja sérstök lög um hagvarnir, ekki síst með tilliti til þess að frv. gerir ekki ráð fyrir beinum tengslum almannavarnaráðs og hagvarnaráðs og hagvarnir falla undir forsrn. en ekki dómsmrn. Almannavarnaráð telur sig ekki vera þess umkomið að koma með fastmótaðar brtt. að svo stöddu, en álítur mikils um vert að breytingar þær, sem frv. felur í sér að öðru leyti og snerta almannavarnir, nái fram að ganga á þessu þingi."

Þetta var svar Almannavarna ríkisins.

Sýslumannafélag Íslands fékk, eins og fyrr getur, beiðni um umsögn og hefur hún borist. Í henni segir:

„Stjórn Sýslumannafélags Íslands hefur á fundi sínum í dag tekið til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir. Stjórn félagsins mælir með samþykkt frv."

Landssamband flugbjörgunarsveita hefur sent umsögn og segir þar m. a.:

„Stjórn Landssambands flugbjörgunarsveita hefur fjallað um frv. og lýsir sig samþykka því að undanskilinni skipan almannavarnaráðs. Landssamband flugbjörgunarsveita gerir það að tillögu sinni að í almannavarnaráð verði skipaður einn fulltrúi frá landssambönd-unum þremur, Landssambandi flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélagi Íslands og Landssambandi hjálparsveita skáta."

Landssamband hjálparsveita skáta sendir umsögn sömuleiðis og tekur undir ábendingu Landssambands flugbjörgunarsveita um þetta efni.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja hér í framsögu fyrir nál. frekar um þau atriði sem varða nál. Hér er um mjög mikilsvert mál að ræða og því nauðsynlegt að það fái ítarlega umfjöllun hér í deildinni.

ATKVGR.

Brtt. 755 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 469, n. 767 og 780, 768, 783). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í samgn. Nd. Það var sent til umsagnar eftirtöldum aðilum: Vegagerðinni, Sjómælingum Íslands, flugmálastjórn, borgarverk-

fræðingi, Háskóla Íslands, Rannsóknaráði landbúnaðarins, Rannsóknaráði, Skipulagi ríkisins og enn fremur barst nefndinni umsögn frá mælingaverkfræðingunum sem eru með verkfræðistofuna Hnit. Nefndin kallaði bæði þá, forstöðumann Landmælinga Íslands og ráðuneytisstjóra samgrn. á sinn fund. Eftir þær umræður leggur nefndin fram sjö brtt. á þskj. 768. Nál. er á þskj. 767. Þar skrifa sex nm. undir og mæla með því að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég mun nú greina frá. Undir þetta skrifa auk mín hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, Stefán Guðmundsson, Sturla Böðvarsson, Eggert Haukdal og Karvel Pálmason með fyrirvara. Steingrímur Sigfússon hefur skilað séráliti.

Í þessum umsögnum, sem ég gat um áðan, komu fram ýmsar ábendingar og óskir og sérstaklega frá mælingaverkfræðingunum frá Hnit. Það voru eiginlega fjögur atriði sem þeir lögðu fyrst og fremst áherslu á:

1. að stofnuð verði samráðsnefnd um landmælingar og kortagerð
2. lögfest verði samræmingarhlutverk Landmælinga Íslands hvað varðar landmælingar, kortagerð og landfræðilega gagnasöfnun
3. að Landmælingar Íslands verði miðstöð vitneskju um það hvar landmælingar og landfræðileg gögn er að finna
4. að lög þessi verði endurskoðuð að tilsettum tíma liðnum að lokinni faglegri umræðu þeirra aðila sem mest hafa með landmælingar að gera.

Ég lít svo á að það hafi verið orðið við flestum þessum atriðum en höfuðáherslan var lögð á að sérstök stjórn yrði skipuð fyrir þessa stofnun.

Margir okkar litu þannig á að fyrst og fremst yrði samráð haft á milli þeirra aðila sem í hlut eiga. 1. brtt. er við 4. gr. og er lagt til að greinin orðist þannig:

„Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem landmælingar stunda, hafi samráð sín á milli."

Sumum fannst þetta ekki nóg. Ég fór fram á það við hæstv. samgrh. að hann kæmi til fundar við okkur og við fengjum að sjá hvernig þessi reglugerðarákvæði mundu verða sem um þessa grein yrðu sett. Við fengum hana og hún er þannig: „Landmælingar Íslands skulu hafa samráð við stofnanir og aðra aðila sem vinna að landmælingum og kortagerð. Með þessu samráði skal stefnt að því að koma í veg fyrir að fleiri en einn aðili sé að vinna að sama verkefni. Jafnframt skal unnið að því að samræma reglur um landmælingar og kortagerð. Slíka samráðsfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og ef þess verður sérstaklega óskað." Það kom fram á þessum fundum og það kom fram bæði við ráðuneytisstjórann og eins forstöðumann Landmælinga Íslands að það yrði þó aldrei sjaldnar en a. m. k. einu sinni á ári sem slíkur fundur yrði haldinn.

2. brtt. er um að 5. gr. 1. tölul. orðist svo:

„Setning staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og stærðfræðilegra grundvallarmælinga til kortlagningar á Íslandi og umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulegu mælingakerfi."

3. brtt. er svo við 11. gr. Greinin orðist svo:

„Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu gegn greiðslu."

4. brtt. er við 12. gr. Greinin orðist svo:

„Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt: Með sölu korta og þjónustu. Með innheimtu sérstaks stimpilgjalds af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds.

Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:

1. kort sem gefin eru út eða unnin af ríkisstofnunum eða sveitarfélögum eða fyrir þau,
2. uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum sem framar öllu er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta,
3. kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða kennslu.

Gjöld skv. 2. mgr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. þessari grein skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands. Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands umfram ofangreindar tekjur skal greiddur úr ríkissjóði."

5. brtt. er við 13. gr. Greinin orðist svo:

„Ráðherra ákveður með gjaldskrá stimpilgjald skv. 12. gr. Enn fremur skal söluverð korta og gjald fyrir þjónustu háð samþykki ráðherra."

6. brtt. Á undan 14. gr. í VI. kafla komi ný grein er orðist svo:

„Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnum sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að heimila þá för um landareignina og uppsetningu mælingamerkja/punkta sem nauðsynlegt getur talist vegna landmælinga."

Ég hygg að það sé í öðrum lögum að t. d. í sambandi við ræktað land verði í öllum tilvikum að fá heimild landeiganda til að fara um þau lönd. Ég vil taka fram að þó að þetta sé sett svona held ég að það muni orka tvímælis hvort þau lög séu ekki samt sem áður í gildi. En þetta var niðurstaðan, að setja þetta svona inn.

7. brtt. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

„Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að þremur árum liðnum."

Forstöðumaður Landmælinga bauð nefndinni að skoða þessa stofnun og það kom greinilega í ljós við þá skoðun að húsakynni hennar þarf annaðhvort að gera mikið við og endurbæta og ekki síst að sjá henni fyrir nýjum geymslum. Það kom fram í viðtölum við starfsmenn að geymslurnar séu svo lélegar að það sé spurning hvort hægt sé að geyma þessi gögn óskemmd öðruvísi en að töluverðar endurbætur eigi sér stað. Okkur sýndist — og það kom fram á fundunum — að það þyrfti að vinna þannig að þessum málum að þeim gögnum, sem þarf að geyma og mega ekki skemmast eða glatast, þyrfti helst að koma fyrir í sérstakri geymslu til varðveislu. Auk þess yrði annað eintak af þeim í aðalstöðvum Landmælinga, hvar sem þær verða í framtíðinni. Ég vil að þetta komi fram og legg mikla áherslu á að erfitt verður að skylda þá sem eru með slík gögn undir höndum að skila þeim inn til Landmælinga. Mér finnst því að gera verði þessar ráðstafanir. Ég treysti því að hæstv. samgrh. muni sjá til þess að þær geymslur, sem þeir hafa til umráða, séu þannig að ekki sé hætta á því að gögnin skemmist.

Meiri hl. samgn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér greint frá.

Frsm. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. samgn. og fyrir brtt. *við þetta frv. sem ég flyt á sérstöku þskj.* Þær brtt. lúta að I. kafla frv., 2.—4. gr. og varða stjórnunarfyrirkomulag við stofnunina. Það er ánægjulegt, herra forseti, og um það eru allir sammála, sem um þessi mál hafa fjallað, að Landmælingum Íslands skuli nú setja lög og auðvitað löngu tímabært að stofnun, sem þjónar þvílíku hlutverki, skuli sett lög til að vinna eftir. Er reyndar ekki vansalaust að svo lengi hefur verið unnið að þessum málum á Íslandi án heildarskipulags og lagasetningar.

Eins og frv. þetta liggur nú fyrir er stjórnun stofnunarinnar alfarið fyrirhuguð í höndum forstjóra sem samgrh. skipar til fimm ára í senn. Síðan skal ráðherra ráða aðra starfsmenn að stofnuninni að fengnum tillögum forstjóra. Það er því ljóst að allt forræði þessara mála er í höndum tveggja manna, samgrh. og þess forstjóra sem hann ræður að Landmælingum Íslands.

Ég er í grundvallaratriðum ósáttur við þetta stjórnunarfyrirkomulag. Ég tel það ekki samræmast því hlutverki sem þessi stofnun þarf að inna af höndum og í raun eiga sérstaklega illa við í þessu tilfelli með tilliti til þess verkefnis, þess mikla samræmingarverkefnis sem þessi stofnun þarf óumdeilanlega að inna af höndum. Ég hef því flutt brtt. við þetta þar sem gert er ráð fyrir að stofnuninni verði sett stjórn sem tilnefnd verði af nokkrum aðilum sem þetta mál varðar og af samgrh. skv. þeim tilnefningum. Sú stjórn, landmælingastjórn, skal fara með yfirstjórn þessarar stofnunar, Landmælinga Íslands, og hafa með höndum það samræmingarhlutverk sem ég tel að Landmælingar Íslands eigi að sinna. Einnig skal sú stjórn, landmælingastjórn, gera tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga svo sem um mælikvarða uppdrátta, hnitakerfi og annað sem að þessu lýtur. Ég vil einnig að á þessari landmælingastjórn sé framkvæmdaskylda hvað varðar það að eftir þessum settu reglum sé farið og með því sé fylgst af einhverjum aðila að svo sé gert.

Í frv. til laga um Landmælingar Íslands, sem lagt var fram á 100. löggjafarþingi árið 1978, var II. kafli um Landmælingar Íslands og landmælingastjórn. Þar var einmitt gert ráð fyrir því að slík stjórn starfaði í tengslum við stofnunina, væri samgrn. og Landmælingum Íslands til ráðuneytis um landmælingamálefni og hefði á höndum þetta samræmingarhlutverk. En hér er greinilega brotið blað og kúvent yfir í það að fela einum manni allt forræði þessara mála. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. samgrh. að því ekki síst vegna þess að svör þeirra manna, sem mættu á fundum samgn., voru heldur rýr í roðinu hvað það varðaði, hvers vegna nú er valin sú leið að setja stofnuninni stjórn með þessum hætti. (**GJG:** Hverjir áttu að tilnefna í stjórnina?) Ég kem að því rétt síðar. En ég vil spyrja hæstv. samgrh. hér í upphafi: Hverjir eru meginókostir þess að hans mati að í tengslum við Landmælingar Íslands starfi stjórn tilnefnd af fagaðilum í þessu máli rn. og stofnun til ráðgjafar, stjórn sem annist þetta samræmingarhlutverk og sé samráðsvettvangur fyrir þá fjölmörgu aðila sem stunda landmælingar og skyld störf víða í þjóðfélaginu?

Í frv., sem lagt var fram á löggjafarþinginu 1978 en náði ekki fram að ganga, var gert ráð fyrir allfjölmennri stjórn sem m. a. væri tilnefnd af Búnaðarfélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins og Verkfræðingafélagi Íslands. Síðan skyldi ráðherra skipa formann stjórnarinnar án tilnefningar.

Það frv. var að nokkru leyti öðruvísi uppbyggt hvað varðaði hlutverk stofnunarinnar því þar var gert ráð fyrir að hún annaðist veigamikið hlutverk á sviði eignamælinga sem ekki er sérstaklega fjallað um í því frv. sem nú liggur fyrir. Um það er í sjálfu sér ekki ágreiningur, herra forseti. En um hitt er ágreiningur að það hlutverk Landmælinga Íslands hafi á nokkurn hátt breyst að vera samræmingaraðili og samráðsvettvangur fyrir þessa fjölmörgu aðila sem landmælingar annast.

Ég hef í mínum brtt. valið þann kost að fækka tilnefningum til þessarar stjórnar. Þar skuli sitja fimm menn. 2. gr. frv. breytist þá þannig að í staðinn fyrir það sem nú stendur í frv., að stjórn Landmælinga Íslands skuli vera í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, komi:

Í stjórn Landmælinga Íslands, landmælingastjórn skulu vera fimm menn skipaðir af samgrh. til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn tilnefndur sameiginlega af verkfræðideild og raunvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af Orkustofnun, einn tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einn tilnefndur af Vegagerð ríkisins. Auk þess skal einn fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun."

Þannig yrði þessi fimm manna stjórn valin. Það orkar auðvitað tvímælis hverjum af þeim stofnunum, sem sérstaklega hafa á sínum höndum verkefni af þessu tagi, skuli falið að tilnefna menn til stjórnar og er ég tilbúinn að ræða það. En ég tel að allar þessar stofnanir eigi þangað mikið erindi. Út af fyrir sig gæti ég fallist á að t. a. m. Verkfræðingafélagi Íslands yrði falið að tilnefna einn þessara fulltrúa í stað Vegagerðar eða Orkustofnunar eða einhvers slíks aðila. Einnig má velta því fyrir sér hvort fulltrúi frá Rannsóknaráði ríkisins ætti ekki erindi þarna inn vegna þess hlutverks sem Rannsóknaráði er falið við mótun rannsóknarstefnu á Íslandi. En ég legg til að þetta verði haft svona a. m. k. til þeirrar reynslu sem áformað er að þessi lög skuli standa.

Í brtt. mínum hef ég að verulegu leyti tekið upp hlutverk þeirrar stjórnar sem gerð var tillaga um í fyrra frv. þegar það var flutt árið 1978. Í brtt. mínum segir að 3. gr. frv. hljóði þannig, með leyfi forseta:

„Landmælingastjórn fer með yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir verkefnaáætlun. Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra sem vinna að landmælingu, gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdrátta, samræmt hnitakerfi, hæfnisskilyrði landmælingamanna og annað er að þessu lýtur. Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi sem kann að rísa um samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgrn. og Landmælingum Íslands til ráðuneytis um landmælingamálefni."

Síðan yrði 4. gr. þannig: „Samgrh. skipar forstjóra að fengnum tillögum landmælingastjórnar til fimm ára í

senn. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við landmælingastjórn. Forstjóri situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti."

Og 5. gr.: „Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar."

Þetta er í meginatriðum það stjórnarfyrirkomulag sem ég tel heppilegt að setja þessari stofnun. Ég tel t. a. m. með öllu ástæðulaust og óeðlilegt að virðulegur samgrh. sé að vasast í því að ráða einstaka starfsmenn að slíkri stofnun. Ég tel miklu eðlilegra að það sé í höndum forstjóra eins og annar rekstur stofnunarinnar og þá í samráði við landmælingastjórn eins og annað sem að yfirstjórn stofnunarinnar lýtur.

Herra forseti. Ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. samgrh. Það vekur athygli mína að rn. hans, sem stendur að samningu þessa frv., skuli ætla að haga málum með þessum hætti vegna þess m. a. að mér hefur ekki verið kunnugt um það fram að þessu að það væri sérstök stefna ríkisstj. né t. a. m. Sjálfstfl. að hafa stjórnunarfyrirkomulag opinberra stofnana með þessum hætti. Ég vil t. d. minna á að í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, kaflanum um Hafrannsóknastofnun, sem samþykkt voru hér á virðulegu Alþingi 17. maí 1984, fyrir innan við einu ári síðan í tíð þessarar ríkisstj., eru einmitt ákvæði um fimm manna stjórn sem ég m. a. hafði til hliðsjónar. Hver er t. a. m. eðlismunurinn á því? Hvers vegna var þá ekki bara einum manni í samstarfi við hæstv. sjútvrh. falið alræðisvald á Hafrannsóknastofnun rétt eins og ráðherra hyggst fela einum manni í samráði við sig allt vald á Landmælingum Íslands?

Ég held að um margt megi segja að svipaðar aðstæður ríki hvað varðar nauðsynleg samskipti þessara tveggja stofnana út í þjóðlífið við ýmsa aðra aðila. Ég óttast að það bjóði vandræðum heim að ætla að standa svona að þessari nýju löggjöf um Landmælingar Íslands. Enda er það svo að í umsögnum nokkurra þeirra aðila sem um frv. fjölluðu er einmitt þetta atriði eitt af því sem þeir gera mestar athugasemdir við. Ég vitna til að mynda til umsagnar frá framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. frv. er kveðið á um að stjórn Landmælinga Íslands skuli vera í höndum forstjóra sem ráðh. skipar til fimm ára í senn. Framkvæmdanefndin telur eðlilegt vegna samræmingarhlutverks Landmælinga og vegna nauðsynjar á stefnumótun í vali verkefna og starfsháttum að yfir stofnunina sé sett stjórn sem hafi faglega þekkingu á landmælingum og jafnframt þekki til sjónarmiða þeirra helstu opinberu stofnana sem þurfa á landmælingum að halda. Í þessu sambandi má benda á verkfræðideild Háskóla Íslands, Vegagerð ríkisins, Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem eðlilega tilnefningaraðila auk fulltrúa sem ráðh. skipar beint. Um hlutverk stjórnar mætti setja ákvæði í lögin og vísast í því efni til nýsettra laga um Hafrannsóknastofnun."

Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands eins og þá hét áður en ný lög um skiptingu þessara deilda upp í tvennt voru sett á Alþingi segir, með leyfi forseta:

„Þá telur deildin eðlilegt að stofnuninni sé sett stjórn t. d. þriggja eða fimm manna, skipuð fulltrúum helstu viðskipta- og hagsmunaaðila, t. d. Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar, rannsóknastofnana atvinnuveganna og Háskóla Íslands og formaður skipaður af ráðh."

Undir þetta ritar Þorleifur Einarsson deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar. Í umsögn raunvísindastofnunar Háskóla Íslands kveður mjög við svipaðan tón og einnig í umsögn sem nefndinni barst frá nokkrum mælingaverkfræðingum. Á öllum stöðum er sérstaklega vitnað til þess samræmingarhlutverks sem nauðsynlegt er að Landmælingar Íslands inni af höndum ef sæmilegur skikkur á að komast á þessi mál.

Ég taldi það í virðulegri samgn. með öllu óeðlilegt að ekki skyldi með einhverjum hætti reynt að koma verulega til móts við umsagnir þessara þýðingarmiklu aðila. Ég held að það eigi ekki með einföldum hætti að ýta til hliðar athugasemdum jafnveigamikilla aðila og Háskóli Íslands sem annast menntun þess fólks í langflestum tilfellum sem kemur til með að starfa í þessum greinum og hefur reyndar sjálfur á höndum verulega vinnu hvað þetta varðar. Er þar bæði um kortlagningarstörf nemenda og kennara að ræða og rannsóknastörf á raunvísindastofnun sem og sjálfstæðar rannsóknir einstakra fræðimanna við stofnunina.

Rannsóknaráð ríkisins lætur sig eðli málsins skv. þessi mál varða þar sem landmælingar og kortlagning eru gjarnan undirstaða raunvísindarannsókna. Þess vegna tel ég sömuleiðis að eðlilegt sé að taka tillit til athugasemda sem þaðan berast. Sama má segja um umsögn mælingaverkfræðinga. Þess vegna gat ég ekki, herra forseti, sætt mig við þær að mínu viti allt of haldlitlu breytingar sem meiri hl. n. treysti sér til að gera á frv. til að ganga til móts við þessi sjónarmið. Ég tel að ákvæði um samráð, sem sett eru inn í grg., séu næsta gagnslítil í þessum efnum. Það mega allir virðulegir alþm. glöggt skilja að það er sitt hvað að setja ákvæði í lög um stjórn og samræmingarhlutverk hennar eða setja inn í grg. eitthvert ákvæði um það að stofnuninni skuli skylt að halda fundi ef eftir því sé óskað. Ég lét það koma fram í samgmn. og ég tel rétt að láta það koma fram einnig hér að ég tel það nánast jaðra við móðgun að setja það inn í grg. að opinberri stofnun af þessu tagi sé skylt að halda fundi ef aðilar í faginu óska eftir því. Svo sjálfsagðan hlut tel ég það vera en vægi þess að sjálfsögðu allt annað og minna en að fara þá leið sem ég hef hér gert tillögur um.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að vera að fara um þetta mikið fleiri orðum. Ég legg einnig til, úr því að ég flyt á annað borð sjálfstæðar brtt., að sett verði nánari ákvæði um það hvernig reglugerð skuli sett í tengslum við þessi lög. Ég er andvígur því í grundvallaratriðum að löggjafarvaldið feli aðilum úti í bæ framlengingu á valdi sínu með því að skila því í hendur óútfylltri ávísun hvað varðar reglugerðarsetningu við lög. Ég tel að lagasetningin eigi að vera skýr og það ítarleg að um verulegar túlkanir sé ekki að ræða. Ef reglugerðum er ætlað að fylla þar inn í á einhvern verulegan hátt tel ég að lögin sjálf eigi að setja ákvæðið um það hvernig sú reglugerð skuli vera úr garði gerð. Þess vegna flyt ég um það brtt. að 6. gr. frv. orðist svo:

„Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um samráð milli þeirra aðila sem landmælingar stunda. Í reglugerð skulu einnig settar nánari reglur um aðferðir við mælingar, vörslu gagna, nákvæmniskröfur til mælinga og kröfur um hæfni landmælingamanna.

Reglur þessar skulu settar að fengnum tillögum landmælingastjórnar."

Ég hygg að með því að ganga svo frá að þessi rammi sé settur í lögin og síðan sé það skilyrt að reglurnar séu skv. tillögum landmælingastjórnar sé sæmilega fyrir því séð að sú reglugerð verði skaplega úr garði gerð.

Herra forseti. Það kann vel að vera að það sé slíkur grundvallarmunur á afstöðu minni og meiri hl. samgn. og virðulegs samgrh. að ekki sé mikil von til þess að saman dragi með okkur í þessu máli og þá verður að hafa það. Lýðræðislegt stjórnunarfyrirkomulag er oft þungt í vöfum og það er gömul saga úr mannkynssögunni að það eru til einfaldari og krókalausari leiðir í þá átt að hafa vilja sinn fram en að vera að burðast með lýðræðislegt stjórnunarfyrirkomulag í stofnunum og almennt í þjóðfélaginu. En ég tel það höfuðskyldu og ég tel það reyndar forsendu þess að sæmilegur friður og sæmilegur samstarfsandi geti ríkt milli þeirra stofnana sem sinna hlutverki á breiðum sviðum eins og þessum. (Gripið fram í.) Já, hér skýtur hv. 2. þm. Reykv. orði að og það vill nú svo merkilega til að ég tók bæði dæmin austan úr álfum um það að það hafa verið uppi menn sem hafa áttað sig á þessu löngu á undan hæstv. samgrh., að það væri miklu einfaldara að einn maður réði þessu öllu. Það er greinilegt að nú stefnir allt í þá átt, a. m. k. í samgrn. Ég vil að það komi hér skýrt fram og einnig þykir mér vænt um að hv. 2. þm. Reykv. heyrir það að ég er algerlega andvígur slíku stjórnunarfyrirkomulagi. Þó að það taki ofurlítinn tíma að menn starfi saman að hlutunum og geri með sér samkomulag og hafi samstarf held ég að það sé affarasælla en hitt.

Ég vonast til þess að samgrh. skýri þá fyrir okkur þessa nýju stefnu um stjórnun opinberra stofnana, alla vega á vegum hans rn. Ég verð að segja eins og er að ég hlakka dálítið til að fá hann hingað upp og heyra frá honum helstu rökin fyrir þessari kúvendingu. En þó að ég deili ekki um það að það sé þarft og nauðsynlegt að Landmælingar Íslands fái sér lög eins og aðrar slíkar stofnanir þurfa að hafa og reyndar löngu tímabært þá lýsi ég því hér yfir að ég mun ekki treysta mér til að standa að þeirri lagasetningu ef hún á að verða í því formi sem meiri hl. samgn. og einnig þetta frv. gera ráð fyrir.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka samgn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, en ég er ósáttur með þær breytingar sem sex nm. flytja á þskj. 768.

Hv. síðasti ræðumaður virtist bíða með einhverjum spenningi eftir því hvað ég hefði að segja um þessi mál og stefnumörkun í samgrn. Ég hygg að það mætti fara yfir þau mál í mjög löngu máli. Það gæti tekið nokkra klukkutíma ef við ætlum að rifja upp allar stofnanir og hvernig lögum þeirra, stjórn eða stjórnleysi er háttað, hvernig er háttað með ráðningu manna og verkefni. Ég tel að Landmælingar Íslands séu ekki stór stofnun og lítið hefur farið fyrir henni í stjórnkerfinu. Þessi litla stofnun hefur unnið mjög mikilvægt starf, en hún hefur verið starfrækt í öll þessi ár án þess að hafa lög. Gerð var tilraun til þess 1978 að flytja frv. til l. og láta hana starfa eftir lögum. Þá voru allir á hv. Alþingi sammála um að frv. gegni allt of langt, það ætti að taka ákveðin atriði þar út úr. Það var farið yfir það af þeim aðilum sem unnu að þessu frv. Ég gerði ekkert til að hafa áhrif á þá. Ég var sæmilega ásáttur með frv. eins og það var lagt fyrir, en þó opinn fyrir því að breytingar, sem færu í þá átt að vera hagkvæmari, næðu fram að ganga.

Hv. síðasti ræðumaður spurði hverjir væru ókostirnir við að tilnefna stjórn á þessa tiltölulega litlu og mjög einföldu stofnun. Ókostirnir eru þeir að það er ekki vandalaust að segja til um hverjir eigi að vera í stjórn þó að þessi hv. þm. flytji till. um það. Ég er ekkert á því að stofnun eins og Vegagerð ríkisins eigi að eiga fulltrúa þarna í stjórninni. Vegagerð ríkisins er margfalt stærri stofnun en þessi. Þar er engin stjórn og enginn hefur flutt till. um að setja Vegagerðinni stjórn. Ég er líka ósammála því að ríkisstofnanir eigi að vera í stjórn hver hjá annarri, stofnanir sem heyra undir sama rn. Ef árekstrar verða á milli þessara stofnana á auðvitað að vísa því til rn., sem fer með æðsta vald, og þar verður að reyna að finna réttmætustu lausnina, reyna fyrst og fremst að ná samkomulagi þegar um slíkar deilur er að ræða.

Hins vegar er það rétt hjá hv. ræðumanni þar sem hann vitnaði í Hafrannsóknastofnun að þar var stjórn. Þar var líka ráðgjafarnefnd. Ef við ætlum að taka upp þetta mundi enda með því að þarna yrði heilt fulltrúaráð eða heilt ferðamálaráð. Mikið lifandis ósköp hefðu menn mikið að gera á öllum þessum fundum. Vitaskuld verður þessi stofnun að taka tillit til svo margs eins og allar aðrar stofnanir í þjóðfélaginu. Þær eru ekkert einráðar. Um það hljótum við að vera sammála. Mér skildist á hv. ræðumanni að hann væri sammála því að þessi stofnun fengi lög. Þessi lög hljóta þó að vera töluvert meira virði en hafa engin lög.

Í sambandi við mannaráðningar, þá eru þær með ýmsum hætti. Sums staðar er leitað umsagnar. Á öðrum stöðum hafa stjórnendur og ráðherrar síðasta orðið. Hjá Pósti og síma er engin stjórn sem gefur umsagnir. Þar er starfsmannaráð. Ráðh. veitir ekki almenna stöðu þar, ekki fyrrr en það er komið upp í ákveðinn launaflokk. Þetta hefur verið frá fyrstu tíð. Ég er búinn að veita á þessum tæpu tveimur árum nokkra tugi af stöðum, en ég hef ekki vitað til þess að það hafi verið ágreiningur um eina einustu stöðuveitingu. Ég hef að jafnaði farið eftir áliti starfsmannaráðs og forstjóra. Hins vegar verða menn oft fyrir vonbrigðum því að við vitum að þegar tveir eða fleiri ágætir menn sækja um sömu stöðuna getur ekki nema einn fengið hana og þá verða hinir jafnan fyrir einhverjum vonbrigðum eins og við skiljum mætavel.

Svo eru aftur til aðrar stofnanir sem hafa stjórn, eins og Hafnamálastofnun. Hún er með stjórn. Ég er ansi hræddur um að það væri mjög erfitt, ef till. hv. þm. væri samþykkt, að hafa engan fulltrúa þá frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Svona má telja fram og hafa ákveðin rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að hafa stjórn. Ég setti frv. upp eins og það er eingöngu vegna þess að það var erfitt að gera sér grein fyrir því hverjir væru sjálfsagðir aðilar að slíkri stjórn og hverjir ekki. Þá taldi ég hitt betra.

Það liggur yfirlýsing fyrir nefndinni sem ég tel rétt að ég endurtaki hérna. Hún er um það orðalag í reglugerð að Landmælingar Íslands skuli hafa samráð við þær stofnanir og aðra aðila sem vinna að landmælingum og kortagerð. Með þessu samráði skal stefnt að því að koma í veg fyrir að fleiri en einn aðili séu að vinna að sama verkefni. Jafnframt skal unnið að því að samræma

reglur um landmælingar og kortagerð. Slíka samráðsfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og ef þess verður sérstaklega óskað. Mér fannst eðlilegt að verða við þessu sjónarmiði nefndarinnar.

Hv. síðasti ræðumaður sagði sitt viðhorf til reglugerða vera að lög ættu að vera það skýr að það þyrfti eiginlega ekki að setja reglugerðir. Ég býð nú ekki mikið í Alþingi ef það ætti að ganga frá öllum lögum það vel að það væri óþarfi að setja nánari ákvæði í reglugerð. Mér verður hugsað til ýmissa þátta í heilbrigðismálum, lyfjamálum o. fl. o. fl. sem mætti taka á. Hins vegar er það auðvitað skylda þeirra, sem reglugerðir semja og gefa út og bera stjórnmálalega ábyrgð á, að þær brjóti ekki í bága við ákvæði laga. En lög verða aldrei svo skýr að það væri hægt að setja öll slík ákvæði inn.

Ég segi ekki að það hafi verið höfuðástæðan fyrir því að flytja þetta frv. að það voru engin lög fyrir stofnunina, en það sem ýtti undir mig að flytja þetta frv., og ég hafði vonast til að það yrði orðið að lögunum núna, er atburður sem verður mjög merkur í sögu þessarar stofnunar og langar mig að fara nokkrum orðum um hann.

Um síðustu aldamót ákvað danska þingið eða Rigsdagen að hefja skipulega kortagerð af Íslandi. Það var þegar hafist handa árið 1902 og mælingum lauk árið 1939 eða rétt fyrir byrjun síðustu heimsstyrjaldar. Unnið var við þetta verkefni, landmælingar á Íslandi, að undanskildu hléi vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914—1918. Úrvinnsla gagna, útreikningar og kortateikningar fóru fram í Danmörku.

Fram að fyrri heimsstyrjöldinni var verk þetta unnið á vegum danska herforingjaráðsins, en á árinu 1928 voru sett ný lög um landmælingar í Danmörku og skv. þeim nýju lögum var mynduð ný stofnun sem fékk heitið Geodætisk Institut og sem sá eftir það um allar landmælingar hér á landi. Frumvinna vegna kortagerðarinnar fór fram á 40—50 árum ef frágangur og kortaprentun er tekin með í reikninginn. Á þessum árum safnaðist þannig saman í Kaupmannahöfn mikið magn af gögnum vegna kortagerðarinnar. Þarna er um að ræða mælibækur, útreikninga, kortblöð í frumriti sem skipta hundruðum og ýmislegt fleira.

Landmælingar Íslands fengu afrit af mæliniðurstöðum og skyggnur af mörgum frumteikningum. Öll frumgögn eru samt enn þá í vörslu Geodætisk Institut. Það hafa verið gerðar tilraunir til þess að fá þessi gögn hingað heim, en þær tilraunir hafa ekki borið árangur fyrr en nú að forstjóri þessarar stofnunar hefur sýnt þessu máli mikinn skilning og hann hefur fengið því til leiðar komið að öll þessi frumdrög verða afhent okkur Íslendingum á föstudaginn kemur, en þá mun hann koma með öll þessi gögn hingað í danskri herflugvél og afhenda þau formlega. Það hvílir því á okkur að búa vel um vörslu þessara gagna. Það er hárrétt, sem frsm. meiri hl. samgn. sagði hér, að það er engan veginn nógu vel búið að þessari stofnun húsnæðislega, sérstaklega ekki hvað varðar vörslu þeirra korta og annarra eigna sem hún hefur undir höndum, hvað þá heldur að taka við þessari dýrmætu gjöf. En þessi gjöf og þetta framlag Dana til okkar lýsir enn einu sinni og ekki síður en þegar handritin voru afhent vinarþeli Dana til okkar Íslendinga sem okkur ber sannarlega að þakka. Ég taldi rétt að Alþingi fengi fyrst formlega um þessa gjöf að vita. Því bætti ég þessum orðum við mína ræðu.

Frsm. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég vil byrja á því að samgleðjast hæstv. samgrh. með þau ánægjulegu tíðindi að Danir skuli vera að skila heim þessum frumgögnum herforingjaráðskortanna og verður ánægjulegt fyrir hæstv. ráðh. að taka á móti þeim sem eins konar handritasendingu. Þetta eru vissulega merk gögn og ég tek einnig undir það að sú skylda hvílir á herðum okkar að sjá til þess að þau verði sæmilega varðveitt. Eins og búið er að Landmælingum Íslands í dag er borin von að svo geti orðið. Þar eru nú að skemmast og eyðileggjast í stórum stíl t. a. m. filmur með frumgögnum frá fyrstu dögum loftljósmyndatöku á Íslandi. Starfsmenn stofnunarinnar orða það svo að þeir séu að taka filmurnar í nefið þegar þær eru orðnar að dufti og geta þá sparað sér neftóbakskaupin. Fátt er svo með öllu illt... En þannig er þetta samt. Þar mígleka geymslur og þar er ekki hægt að halda uppi réttu hitastigi og rakastigi eins og þarf að vera í þeim geymslum sem geyma filmur og handrit. Kannske verður þessi lagasetning og allt það brölt sem um hana er þó til þess að vekja einhverja alþm. til umhugsunar um hvernig þarna er að hlutunum búið.

Ég tel engan veginn vansalaust hvernig staðið hefur verið að Landmælingum á Íslandi á undanförnum áratugum. Með það sérstaklega í huga geri ég tillögur um þetta stjórnarfyrirkomulag á Landmælingum Íslands. Það er mikið verk óunnið, eins og reyndar segir í nál. minni hl., í þá veru að reyna að samræma vinnubrögð og starfsemi þeirra fjölmörgu aðila sem standa að landmælingum á Íslandi. Það er ekki nóg, eins og hæstv. ráðh. virðist halda, að koma í veg fyrir að margir séu að vinna að sama verkinu í einu. Það á sér sjálfsagt stað í allt of miklum mæli, en það er ekki það eina sem miður fer í þessum efnum. Menn eru hér að mæla í mismunandi mælikerfum. Menn nota mismunandi staðla, mismunandi, hnitakerfi o. s. frv. Störf opinberra stofnana sem eru að vinna þarna hver á sínu sviði nýtast ekki sem skyldi vegna þess að það er enginn einn aðili sem samræmir þessi störf, sér um að mælingar séu allar í stöðluðu kerfi og séu þannig nýtanlegar í einu og sama formatinu. Það er ekki síst þetta hlutverk sem ég vil að landmælingastjórn taki að sér og ég tel að það sé óhjákvæmilegt að hún hafi þarna framkvæmdaskyldu. Hún þarf að geta vísað í lög þar sem henni er falið að sinna þessu verkefni. Annars gerist þetta ekki, því miður. Það er sannfæring mín, virðulegi samgrh.

Það er allt gott um þetta blessað samráð að segja og ágætt að hafa það í grg. Vissulega er það til bóta. Það er skárra en ekki neitt. Ég tók það reyndar fram í samgrn. að ég væri tilbúinn að fallast á þá málamiðlun að við þessa stofnun starfaði einhvers konar ráðgjafar- eða samráðsnefnd sem innti þetta hlutverk af höndum, en þó aðeins að um það væri ákvæði í lögunum sjálfum og hennar hlutverk. Menn treystust ekki til að ganga svo langt vegna andúðar eða ótta við að það yrði svo erfitt að skipa nefnd. Það er því greinilegt að ástæðan fyrir þessum vandræðum er hugleysi. Menn treystast ekki til þess að ákveða hverjir eiga að tilnefna í þessa stjórn. Það getur vel verið að Vegagerð ríkisins eigi ekkert sérstakt erindi inn í þetta og af því að hún heyrir undir sama ráðh. og Landmælingar má hún mín vegna falla þarna út. Ég er tilbúinn til að sameinast um breytingu

þar að lútandi. Ég teldi þá ekki óeðlilegt að t. d. samtök mælingaverkfræðinga kæmu þarna í staðinn. Þá yrðu tilnefningar frá fjórum mismunandi aðilum, í fyrsta lagi frá mælingaverkfræðingum, í öðru lagi frá Háskóla Íslands sem heyrir undir menntmrn., í þriðja lagi frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem heyrir undir landbrn. og í fjórða lagi frá Orkustofnun sem mun vera eitthvað skyld iðnrn. Ég held þá að bærilega væri þá fyrir því séð ef fjórir fulltrúar úr mismunandi áttum og frá mismunandi ráðuneytum ættu þarna fulltrúa. Ég vil segja það við hæstv. ráðh. að vel kann að vera að það yrði einhvers staðar einhver fýla út af því að stjórnin yrði þannig tilnefnd, en ég held að andrúmsloftið yrði samt skárra í kringum það en það verður með þessu eins manns kerfi virðulegs ráðherra. Ég bakka ekki tommu með það að hér er heldur óheppilega að hlutunum staðið og mér finnst virðulegt Alþingi setja ofan og því hafi farið aftur í lagasetningu frá 1978 ef borin eru saman þessi pappír sem nú er boðið upp á og það frv. sem þá var lagt fram á Alþingi.

Virðulegur ráðh. var að barma sér yfir því að allt of langan tíma tæki að vera að fara yfir allt stjórnkerfið og ræða hvernig standa ætti að þessum hlutum. Ég held að mjög þarft væri að hv. Alþingi tæki sér einhvern tíma smálotu í þessum málum, því að þetta skiptir ekki litlu máli. Virðulegir þm. skulu athuga það að við erum ekki að tala um neina smámuni þar sem við erum að tala um stjórnarfyrirkomulag á opinberum rekstri og opinberum þjónustustofnunum. Það fer verulega eftir því hvers eðlis sú starfsemi er sem sinnt er í hverri og einni stofnun. Það getur vel verið að þurfi ekki stjórn í stofnun sem hefur einkarétt á sínu sviði eða er algerlega ein um að sinna því verkefni í landinu. En það er ekki tilfellið hvað Landmælingar Íslands varðar, langt því frá. Þar er stofnun að starfa á sviði sem fjölmargir aðrir aðilar fjalla um á einn eða annan hátt og það gerir náttúrlega starfsemi hennar sérstaks eðlis.

Í mínum huga er það aðalatriðið að nokkrir aðilar úr „feltinu", eins og það heitir á landmælingamáli, eigi aðild að stjórnun stofnunarinnar. Ekki er endilega aðalmálið hverjir það eru, heldur að þar séu einhverjir fulltrúar nokkurra aðila á þessu sviði sem geti verið þarna inni til faglegs ráðuneytis og faglegrar stjórnunar fyrst og fremst.

Ef virðulegur samgrh. vill einn ráða alla menn að þessari stofnun má hann það mín vegna. Ég taldi það einfaldlega greiða við hann frekar en hitt að taka frá honum þann kaleik og fela það frekar forstjóra og stjórn stofnunarinnar og hefði talið það að öllu jöfnu eðlilegra. Það má ekki misskiljast að ég legg til að þetta frv. verði samþykkt og það kemur fram í nál. minni hl. En ég legg til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem ég flyt á sérstöku þskj. og einnig með brtt. meiri hl. því að þær ganga í rétta átt og eru reyndar við aðra kafla, þ. e. II. kafla frv. og aftur úr og eru allar til bóta að mínu mati. En meiri hl. treystir sér ekki til að gera brtt. við 2. og 3. gr. þar sem stjórnun stofnunarinnar er ákveðin í tveim setningum og við það er ég alveg ósáttur og kaus þess vegna að skila sérstöku nál. um þetta.

Það mætti segja nokkur orð um þennan pappír eins og hann birtist hér á virðulegu Alþingi, þetta frv. um Landmælingar Íslands, og ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta óskaplega rýrt í roðinu. T. d. greinar 1—4 í kaflanum um stjórn stofnunar. Þetta er ansi götótt stjórnskipulag fyrir eina opinbera stofnun og mikið er skilið eftir handa reglugerðinni, það verð ég að segja. Menn þurfa ekki endilega að vera sammála mér um að lög þurfi helst að vera svo greinargóð að sem minnst þurfi að segja eða helst ekkert í reglugerð, að þau standi fyrir sínu. En hvað um það. Það er ansi mikið skilið eftir þarna opið og aðilum úti í bæ er ætlað ansi mikið hlutverk í því að ákveða þessari stofnun stjórnarfyrirkomulag.

Ég held að það væri einnig þarft að hv. Alþingi tæki sér einhvern tíma smátíma til að ræða þessi málefni hvað varðar reglugerðarsetningu í tengslum við þau lög sem virðulegt Alþingi er að samþykkja á hverjum tíma. Ég verð að segja að þegar verkefni stofnunar er ekki skilgreint nánar en gert er hér í 5. gr. þessa frv. til l. um Landmælingar Íslands er ansi mikið skilið eftir fyrir reglugerðina einnig á því sviði. En engu að síður segja höfundar þessa frv. ósköp einfaldlega í 4. gr.:

„Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð."

Það er allt og sumt sem þeir hafa um það að segja. Við þetta er ég ósáttur og tel eðlilegra að a. m. k. einhver rammi sé gefinn um hvernig sú reglugerð skuli vera og á hvaða þáttum hún skuli taka.

Herra forseti. Það virðast ekki margir hafa áhuga á þessari umr. hér og þm. eru heldur sútarlegir yfir þessu, þeir fáu sem hér eru, þannig að ég ætla ekki að fara að ræða þetta miklu lengur. Ég hefði þó alveg skap í mér til að halda dálítið lengri ræðu um þetta, sérstaklega ef virðulegur samgrh. gerði mér þann heiður að nenna að hlusta á þessa umr. En svo er ekki og þá skal ég ekki vera að þýfga meira um það.

Ég legg að sjálfsögðu til að brtt. mínar verði samþykktar og ég endurtek það sem ég sagði áðan. Hversu mikil nauðsyn sem er á því að setja þessari stofnun lög skal það vel vanda sem lengi á að standa og ég mun ekki taka þátt í því að standa hér að lagasetningu, sem ég er í grundvallaratriðum ósammála og ósáttur við, bara vegna þess að einhverja stofnun einhvers staðar úti í bæ vantar lög. Ég mun því ekki standa að samþykkt þessa frv. nema breytingar í þá veru sem ég flyt hér till. um nái hér fram að ganga.

Sturla Böðvarsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en vil minna hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrím J. Sigfússon á það, þegar hann talar um efnisrýrð frv., að það hafa engin lög verið um þessa stofnun. Með einhverjum hætti hefur hún þrátt fyrir allt getað lifað af þau ósköp.

Ég segi um þann málflutning sem þm. hefur haft uppi hér og við að mæla fyrir nál. sínu að efni standa alls ekki til þess málflutnings vegna þess að í brtt. n. er í öllum meginatriðum komið til móts við þá aðila sem hafa lagt til merkustu breytingarnar við frv. Vil ég þá nefna sérstaklega, vegna þess að hann tiltók það, að í brtt. við 5. gr. er tekið sérstaklega fram að landmælingarnar skuli standa fyrir setningu staðla fyrir landmælingar og kortagerð o. s. frv. Þetta vil ég taka sérstaklega fram. Auk þess, eins og fram kom í máli hæstv. samgrh., er gert ráð fyrir að samráð verði haft á faglegum grundvelli.

Það er allt annað hvort verið er að fjalla um stofnanir sem hafa mjög sérhæft svið, eins og Landmælingar

Íslands, eða hvort verið er að fjalla um stofnanir eins og Hafnamálastofnun sem hefur á sinni könnu allt annars konar verkefni. Ég tel að í framhaldi af yfirlýsingum ráðh. og í framhaldi af því sem nefndin leggur til í brtt. verði hið faglega samráð, sem er aðalatriði málsins, tryggt. Ég vil benda á að skv. brtt. frá samgn. er lögð áhersla á að það sé greiður aðgangur að gögnum Landmælinga og það er mjög mikils vert.

Ég ætla ekki að hafa uppi miklar rökræður um það atriði hvort yfir höfuð eigi að vera stjórn yfir öllum ríkisstofnunum. Hins vegar vil ég segja það að ég tel vafasamt að setja upp stofnanir sem ríkisstofnanir sameinist um að standa að. Ef hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði viljað taka sérstaklega tillit til þeirra aðila annarra sem fjalla um landmælingar hefði hann átt að gera till. um að inn í stjórn kæmu þeir aðilar sem mest vinna að landmælingum. Það eru ýmsar mælingastofur í landinu. Ég tel miklu meiri ástæðu til þess og hefði talið meiri ástæðu til þess að þeir aðilar fengju aðgang þarna að en Háskólinn. Hann tók sérstaklega fram hver þau rök voru sem stæðu til þess að Háskólinn ætti að hafa aðild að. Það eru mælingastörf nemenda. Ég held satt að segja, með fullri virðingu fyrir störfum nemenda að landmælingum, bæði á vegum Háskólans og Tækniskólans, að ekki sé ástæða til þess að Háskólinn eigi þess vegna aðild að Landmælingum Íslands. Þau verk eru unnin þannig að sömu svæðin eru mæld áratugum saman. Það er ekki sérstök ástæða til þess þess vegna að Háskólinn hafi aðild að þessari stofnun.

Ég vil endurtaka það að ég tel að með brtt. hafi samgn. komið til móts við mikilvægustu atriðin sem umsagnaraðilar settu fram.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Nú stendur þannig á að þess hefur verið óskað að fundi ljúki ekki síðar en kl. 4 þar sem þingflokkur Framsfl. hefur þá boðað til fundar. Meiningin var að hafa atkvgr. um þetta mál svo og frv. um almannavarnir og þar á eftir að setja nýjan fund til þess að ljúka örfáum málum. Nú sneyðist mjög um þann tíma sem við höfum. Ég vil biðja hv. dm. að hafa góða samvinnu við forseta um að þetta megi allt takast á þeim fáu mínútum sem eftir eru.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég vil bara taka það fram að ég tel að það sé mikið betra að hafa þann hátt sem í frv. stendur, miðað við það reglugerðarákvæði sem ég las hér upp og hæstv. samgrh. las einnig og undirstrikaði að sá háttur yrði hafður á þessum málum. Ef það væri fimm manna stjórn sem væri skipuð mundu margir aðilar sem að þessu standa verða utan við þá stjórn. En með fyrirkomulaginu sem lagt er til í brtt. geta allir þessir aðilar komið fram sínum hugmyndum, sínum óskum og fengið aðstöðu til að fylgjast með hvað er að gerast í þessari stofnun og á þessum vettvangi.

Ég gleymdi því áðan að mælingaverkfræðingarnir lögðu mikla áherslu á að forstöðumaður Landmælinga væri mælingaverkfræðingur eða verkfræðingur og því höfnuðum við algerlega. En mér finnst rétt að það komi fram að ég lofaði að segja það hér í framsögu, sem ég gleymdi, að mér fyndist nauðsynlegt að það væri einn verkfræðingur inni á þessari stofnun þó það væri ekki forstöðumaður.

Frsm. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þetta aðeins örfá orð þó svo ég sé annars þeirrar skoðunar að það sé ekkert síður ástæða til að ræða þetta mál ítarlega og í botn en öll önnur lög sem hv. Alþingi setur. Virðulegt Alþingi á að temja sér þau vinnubrögð að taka sér ætíð þann tíma sem það telur sig þurfa, hvort sem það er í nefndarstörfum eða hér á fundum, til þess að ræða málin til botns, ekki síst þegar meiningarmunur er uppi um ákveðin grundvallaratriði eins og t. d. hér virðist vera um stjórnunarfyrirkomulag opinberra stofnana.

Ég tók það fram að ég teldi tillögur minni hl. til bóta og þó ég segi nú sjálfur frá af þingeyskri hógværð tel ég mig reyndar eiga nokkurn þátt í því að þær eru eins og þær eru. Ég er ekki viss um að öll þau atriði hefðu komist þar inn nema vegna þess að ég tók að mér það — fyrirgefðu herra forseti — skítverk að vera svolítið þver í málinu og fara fram á að hlutirnir yrðu ræddir til botns. Ég held að það sé oft til góðs fyrir málin að menn séu ekki allir sammála strax í upphafi. Þau fá þá kannske svolitla skoðun fyrir vikið.

Ég tel að tillögur meiri hl. séu til bóta, sérstaklega viðaukinn við gr. 5, en ég mótmæli hins vegar harðlega þeirri fullyrðingu hv. þm., sem mun vera 1. þm. Vesturl., Sturlu Böðvarssonar að það séu ekki efnisleg rök fyrir þeim málflutningi sem ég hef hér haft í frammi og þeim brtt. sem ég hér flyt. Þarna eru vissulega efnisleg rök. Þarna eru grundvallarspurningar á ferðinni. Ég endurtek að telji menn t. d. óeðlilegt að Vegagerð ríkisins sé þarna inni með tilnefningu, þá tel ég í hæsta máta eðlilegt að samtök mælingaverkfræðinga komi þar í staðinn. Hitt, að mælingastofur séu þeir stærstu í þessum efnum, skal ég út af fyrir sig ekki fara að deila um við virðulegan þm. Sturlu Böðvarsson, en víst er að á opinberum stofnunum eins og Orkustofnun, reyndar t. d. hjá Landsvirkjun líka, eru stórar deildir sem annast verkefni mjög tengd þessu.

Það var hreint bull sem virðulegur þm. sagði hér um verkefni Háskóla Íslands á þessu sviði þegar hann sagði að ég hefði talað þar um mælingar nemenda sem eitthvert höfuðatriði. Ég talaði um alla þá starfsemi sem tengist landmælingum í Háskóla Íslands, þar með talin kennsla nemenda og þjálfun þeirra landfræðinema, jarðfræðinema, verkfræðinema, líffræðinema og annarra slíkra sem hljóta þjálfun í kortagerð og landmælingum. Hér er verið að mennta það starfsfólk sem í mörgum tilfellum kemur síðar til með að vinna við landmælingar. Því ætti virðulegur þm. ekki að gleyma.

Það er einnig bull að þessum ágætu nemendum í Háskóla Íslands sé alltaf gert að mæla upp sömu þúfurnar. Það er hrein vitleysa. Ég veit það af eigin raun að heilu svæðin á Íslandi hafa einmitt verið kortlögð smátt og smátt með því að senda nemendur í einhverjum ákveðnum árgangi út á einhvern ákveðinn landshluta og þar er mælt og síðan er næsta svæði tekið fyrir og síðan næsta svæði. Það er verkefni prófessora og gjarnan nemenda í framhaldsnámi að raða þessum mælingum saman og út úr því kemur heildstætt kort af einhverjum landshluta, gróðurkort, jarðfræðikort eða venjulegt kort.

Þetta segi ég hér, virðulegi forseti, og vona að mér fyrirgefist, þm. til fróðleiks af því að einhvern veginn fannst mér af orðum hans að hann mætti vel við ofurlítilli fræðslu um þetta áður en hann fer að halda um

þetta fleiri ræður. (**Gripið fram í:** Það er fyrirgefið.) Forseti fyrirgefur mér það og þá skal ég launa honum þá fyrirgjöf með því að fara nú að ljúka máli mínu mjög fljótlega. (**Gripið fram í:** Heyr. Heyr.) Nú jæja. Það er annars mjög slæmt. Togo-deildin er orðin eitthvað óróleg, virðulegur forseti, og það er ekki rétt að styggja þá neitt. Það er ekki að vita hvernig skapi þeirra er háttað nú þegar þeir eru komnir aftur í kuldann.

Það er alveg rétt að þessari stofnun hefur tekist að starfa án laga í mjög langan tíma, en það er ekki til þess að hæla því. Ég held einmitt að þessi mál séu í jafnmiklum ólestri að mörgu leyti og raun ber vitni vegna þess að þessi stofnun hefur starfað án laga. Ég vil minna virðulega þm. á hvernig hefur gengið að koma áleiðis gróðurkortlagningu Íslands. Hvar er þar borið fyrir? Jú, það er skorturinn á grunngögnum, mismunandi mælikvarðar og alls kyns slík vandræði sem stafa af því að það hefur ekkert heildarskipulag verið í þessum málum á undanförnum áratugum fyrst og fremst og gengur reyndar lítið í þeim málum enn af þessum sökum. Það er sem sé sannfæring mín, og ég hygg því miður að það muni koma á daginn ef meiri hl. samgn. og virðulegur samgrh. hafa sitt fram í þessu máli, að það verði þeim málum ekki til framdráttar að standa að þessu eins og þeir nú ætla sér. Og ég vara við því að það muni ekki greiða götu þess samræmingarstarfs og þeirrar samstillingar í þessum efnum sem þyrfti að takast hér á næstu árum að standa svona að málum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 783,1 felld með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, GeirG, GJG, GHelg.

nei: KP, KJóh, KH, MB, MÁM, ÓE, PP, StG, SV, StH, ÞP, ÞS, EH, StB, FrS, GA, HÁ, JS, BÍG.

16 þm. (KSK, ÓÞÞ, PJ, PS, RH, SvH, IG, AS, EBS, GSig, GB, GE, GGS, HBl, HG, JBH) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KP, KJóh, KH, MB, MÁM, ÓE, PP, StG, SV, StH, ÞP, ÞS, AS, EH, StB, FrS, GGS, HÁ, BÍG.

5 þm. (SJS, SvG, GeirG, GJG GHelg) greiddu ekki atkv.

15 þm. (JBH, KSK, ÓÞÞ, PJ, PS, RH, SvH, IG, EBS, GSig, GB, GE, GA, HBl, HG) fjarstaddir.

Brtt. 768,1 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 768,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

6.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 768,3 (ný 11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 768,4 (ný 12. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 768,5 (ný 13. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 768,6 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

14.—15. gr. (verða 15. og 16. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 768,7 samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 75. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Björn Jónsson fyrrv. alþm. og ráðherra andaðist í Landakotsspítala að morgni föstudags 26. apríl, 68 ára að aldri. Hans verður hér minnst.

Björn Jónsson var fæddur 3. september 1916 á Úlfsstöðum í Blönduhlíð í Skagafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru Jón Kristjánsson, þá kennari í Akrahreppi, síðan kennari í Eyjafirði og bóndi í Holti og síðan Espigrund í Hrafnagilshreppi, og kona hans Rannveig Sveinsdóttir bónda í Varmavatnshólum í Öxnadal, Þorsteinssonar. Hann ólst upp í stórum systkinahópi og missti móður sína innan fermingaraldurs. Hann stundaði nám í Menntaskólanum á Akureyri og lauk þar stúdentsprófi vorið 1936. Næstu árin var hann verkamaður á Akureyri. Starfsmaður verkalýðsfélaganna þar var hann 1946—1949 og 1952—1955 og ritstjóri vikublaðsins Verkamannsins 1952—1956. Hann var bæjarfulltrúi á Akureyri 1954—1962.

Á árinu 1956 var Björn kjörinn á Alþingi, var landsk. þm. til 1959 og þm. Norðurlandskjördæmis eystra 1959—1974. Hann var kjörinn varaþm. í Reykjavík 1974 og tók sæti á þingi 1975 og 1977. Loks varð hann landsk. þm. 1978 en átti mjög skamma setu á tveimur þingum þess kjörtímabils sökum heilsubrests. Alls átti hann sæti á 23 þingum. Forseti efri deildar Alþingis var hann 1971—1973. Félagsmála- og samgönguráðherra var hann tæpt ár, frá því í júlí 1973 fram í maí 1974. Hann var í stjórn Fiskimálasjóðs 1957—1965 og 1969—1971, í vinnutímanefnd 1961, í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs 1966—1970, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 1968—1979, í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 1972—1974 og fulltrúi í Norðurlandaráði 1972—1973.

Eftir er að rekja þann þátt í ævistarfi Björns Jónssonar sem hófst á ungum aldri og entist honum jafnlengi og starfskraftar hans. Fjögur sumur á námsárunum og næstu ár vann hann verkamannastörf. Lét hann þá þegar kveða að sér í félagslífi og stéttabaráttu verkalýðsins. Fljótt kom til þess að hann var kjörinn til trúnaðarstarfa á þeim vettvangi. Árið 1974 var hann kjörinn í stjórn Verkamannafélags Akureyrar og var formaður þess 1947—1963 en á því ári var starf þess fært út og stofnað Verkalýðsfélagið Eining. Var hann formaður þess 1963—1973. Hann sat í stjórn Verkamannasambands Norðurlands frá stofnun þess 1947 til 1973 og var forseti nokkur síðustu árin. Varaformaður Verkamannasambands Íslands var hann frá stofnun þess 1964 til 1973. Hann sat í miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá 1952, var kjörinn varaforseti þess 1968 og tók við forsetastörfum þess 1971. Hann var kosinn forseti Alþýðusambandsins 1972 og var kjörinn forseti þess til ársins 1980 en varaforseti sinnti þeim störfum meðan Björn Jónsson var ráðherra og síðar í veikindaforföllum hans.

Í huga Björns Jónssonar tengdust verkalýðsbarátta og stjórnmálabarátta óaðskiljanlega. Þó að hann starfaði ekki alla tíð innan sama stjórnmálaflokks var stefna hans í verkalýðsmálum ætíð söm. Hann var vel verki farinn, mikill afkastamaður, ritfær og átti létt með að túlka skoðanir sínar í mæltu máli. Hann var einbeittur og stjórnsamur, heilsteyptur í baráttu fyrir hönd verkalýðsstéttanna í landinu og ávann sér mikið traust innan samtaka þeirra, svo sem starfsferill hans ber ljós merki. Í æðsta trúnaðarstarfi verkalýðshreyfingarinnar, vandasömu starfi forseta Alþýðusambands Íslands nutu sín vel forustuhæfileikar hans, studdir af áratugalangri reynslu af störfum að félagsmálum verkalýðssamtakanna. En um aldur fram hlaut hann að draga sig í hlé og búa við skerta heilsu síðustu æviárin.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Björns Jónssonar með því að rísa úr sætum.

Efri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisreikningur 1980, frv. 368. mál (þskj. 588). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnþróunarsjóðir landshluta, frv. 323. mál (þskj. 512, n. 747). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. iðnn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar. Nefndin leitaði álits allmargra aðila, skrifaði samtals tíu aðilum, en hefur ekki fengið svar nema frá þremur og þar koma fram vissir fyrirvarar eða athugasemdir við frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja það sérstaklega.

En það leikur hins vegar ekki neinn vafi á því að hér er um merkilegt mál að ræða þar sem er frv. það sem við fjöllum nú um, um stofnun iðnþróunarsjóða landshluta. Eins og segir í grg. með frv. skiptir fátt meira máli í atvinnumálum Íslendinga á næstu árum og áratugum en að stuðla að hagstæðri iðnþróun um allt land.

Ég hygg að það geti naumast verið ágreiningur um þessa skoðun. Hins vegar þótti n. einsætt að það þyrfti að athuga þetta mál betur en gert hefur verið svo að ekki yrði rasað um ráð fram. Það sem nefndin hafði sérstaklega í huga voru ákvæði frv. um fjáröflun til iðnþróunarsjóða landshlutanna. En þar er gert ráð fyrir

árlegu framlagi frá sveitarfélögum og auk þess sérstöku iðnþróunargjaldi sem lagt verði á raforkuver í landinu. Í þeim umsögnum, sem n. fékk um málið, komu aðallega fram athugasemdir um þessi efni, fjáröflun til sjóðsins. Nefndinni sjálfri fannst einnig að það mál væri svo viðurhlutamikið að það þyrfti að athuga betur með hverjum hætti slíkir iðnþróunarsjóðir landshlutanna væru fjármagnaðir.

Með tilliti til þessa lagði nefndin til að málinu yrði vísað til ríkisstj.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hv. frsm. iðnn. hefur nú gert grein fyrir ástæðum þess að lagt er til að þessu ágæta og þarfa máli verði vísað til ríkisstj. Ég verð að segja að ég er ekki alls kostar sátt við þessa málsmeðferð því að þetta er hið þarfasta mál. Heldur hefði ég kosið að það færi hér til atkvgr. og þá ef til vill með brtt. sem iðnn. hefði kosið að gera við málið því að eins og hv. frsm. iðnn. benti á er ýmislegt sem þarf að athuga þar nánar. Ég hefði gjarnan viljað sjá þá vinnu lagða fram af nefndinni og skilað hingað inn í þingið. Ég mun því ekki greiða atkvæði með þeirri málsmeðferð að vísa málinu til ríkisstj.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég þarf raunar ekki að taka það fram að ég er sammála hv. 11. þm. Reykv. um það að hér er um merkilegt mál að ræða, eins og ég sagði hér í framsögu fyrir nál. Hv. 11. þm. Reykv. taldi æskilegra að málið kæmi til atkvæða, eins og hún orðaði það, og e. t. v. með brtt. frá hv. iðnn. Hvað er æskilegt í þessu efni eða óæskilegt? Það fer eftir eðli málsins. Hv. iðnn. þótti málið vera það viðamikið að hún treysti sér ekki að koma með brtt. við frv. vegna þess að hún taldi að hún hefði ekki tök á því að rannsaka málið svo ítarlega sem þyrfti til þess t. d. að bera fram brtt. um fjáröflun til sjóðsins.

Af þessum ástæðum þótti nefndinni rétt að láta þá athugun, sem fram þarf að fara í þessu veigamikla máli, vera sem vendilegasta, framkvæmda vel og samviskusamlega. Og taldi því rétt að vísa málinu undir þessum kringumstæðum til hæstv. ríkisstj. Hv. iðnn. vill vera vönd að virðingu sinni og þess vegna lagði hún til þá málsmeðferð sem hér er greint frá.

ATKVGR.

Till. á þskj. 747, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 11:1 atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Afréttamálefni, frv. 207. mál (þskj. 793). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Alþjóðasamningur um gáma, frv. 324. mál (þskj. 678). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 805).

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 797 (sbr. 453)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 798). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi, frv. 431. mál (þskj. 719). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28:1 atkv. og afgr. til Ed.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um stofnun hlutafélags til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Skal ég hafa nokkurn aðdraganda að því sem ég vil segja um frv. sjálft.

Sú stefna, sem fylgt hefur verið í uppbyggingu atvinnulífs hér á landi, á rætur sínar að rekja til ýmissa ákvarðana sem teknar voru í upphafi síðasta áratugar. Fyrst og fremst vil ég í því sambandi nefna Fram-

kvæmdastofnun ríkisins sem sett var á fót með lögum frá hinu háa Alþingi í lok ársins 1971 og sömuleiðis þeirri ákvörðun að veita ríkisábyrgðir fyrir togarakaupum erlendis frá sem segja má að hafi orðið grundvöllur að þeirri uppbyggingu í sjávarútvegi sem einkenndi mjög síðasta áratug.

Á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins voru unnar fjölmargar mikilvægar áætlanir og fjármagn veitt til margra mikilvægra framkvæmda á atvinnusviðinu. Ég nefni áætlun um endurbyggingu og skipulagningu frystihúsa landsins, svokallaða frystihúsaáætlun, sem var grundvöllur að þeirri byltingu sem varð í frystihúsum landsins á síðasta áratug, sérstaklega fyrri hluta þess áratugar. Þannig beindist sú atvinnuvegastefna, sem mörkuð var í upphafi áratugarins, fyrst og fremst að því að efla þær greinar sem íslenskt þjóðfélag hefur lengi byggt á, þ. e. sjávarútveg og landbúnað. Án þess að rekja það hér í nokkrum smáatriðum held ég að viðurkennt sé almennt að á þessum sviðum hafi á síðasta áratug orðið ákaflega miklar framfarir og má reyndar segja að orðið hafi bylting á fjölmörgum sviðum.

Hins vegar þegar kom að lokum síðasta áratugar þótti sýnt að ekki yrði lengur haldið áfram á þessari braut. Fljótlega kom að því að fiskimiðin töldust af sérfræðingum fullnýtt og hefur síðan smám saman — og nú má segja algjörlega — verið dregið úr og stöðvuð sú uppbygging sem orðið hefur á fiskveiðiflota landsmanna. Að verulegu leyti er lokið þeim miklu breytingum og lagfæringum á frystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum á þessum áratug.

Í landbúnaði er einnig orðið sýnt að landbúnaðarframleiðslan til útflutnings er nánast útilokuð. Því hafa stjórnvöld ákveðið að draga markvisst úr framleiðslu kjöt- og mjólkurafurða. Er reyndar verið að ganga frá og verður væntanlega lagt fyrir Alþingi næstu daga frv. til laga um mjög róttækar breytingar á framleiðsluráðslögum landbúnaðarins og fleiru sem markar þar algjörlega nýja stefnu.

Um leið og við Íslendingar höfum gengið þessa braut eins langt og fært þykir á þessu stigi hafa einnig í kringum okkur í heiminum orðið mjög miklar breytingar á atvinnuþróun. Þær breytingar má ekki síst rekja til olíukreppunnar 1973 þegar ýmsar stofnanir hófu að skoða auðlindir jarðar betur en áður hafði verið gert og spá í það hve þær mundu endast. Nægir að benda á skýrslur Rómarklúbbsins og reyndar mætti ýmislegt fleira upp telja.

Hagvöxtur hefur síðan 1973 fyrst og fremst byggst á nýjum greinum sem ekki áttu að minnsta kosti eins ríkan þátt í hagvexti þjóða áður og gjarnan hafa verið nefndar hátæknigreinar, upplýsinga- og tölvuiðnaður, rafeindaiðnaður. Þó að allt séu þetta tiltölulega lítt skilgreind hugtök, sérstaklega hátækniiðnaður, hygg ég að flestir geri sér grein fyrir hvað í þessu felst. Það er fyrst og fremst slík framleiðsla og framleiðniaukandi þekking sem er grundvöllur þess hagvaxtar sem verið hefur víðast hvar í hinum vestræna heimi nú síðustu árin. Fremstar eru þjóðir eins og Japanir og Bandaríkjamenn á þessu sviði án þess að ég fari að rekja það hér nánar.

Bæði það sem ég nefndi fyrst, að veruleg breyting er orðin á undirstöðuatvinnuvegum okkar Íslendinga, og svo með tilvísun til þessara breytinga á hinum alþjóðlega markaði, ef ég má orða það svo, veldur því að mjög er orðið tímabært fyrir okkur Íslendinga að endurskoða atvinnumálastefnu okkar og innleiða hér meira af hinni nýju þekkingu en okkur hefur tekist til þessa. Að sjálfsögðu hafa ýmis einkenni þessarar nýju tækni og nýju þekkingar þó rutt sér til rúms hér. Sú rafeindavæðing fiskvinnslunnar, sem orðin er allmikil hér á landi, er angi af þessari hátækni. Mjög mikil framleiðniaukning hefur orðið í ýmsum atvinnugreinum sem rekja má til nýrra starfshátta, nýrrar tækni og nýrrar þekkingar. Einnig hafa hér á landi verið sett á fót og náð nokkurri fótfestu fyrirtæki sem vinna á þessu sviði og þá ekki síst tengd okkar meginatvinnuvegi, sjávarútveginum. Töluverður fjöldi manna hér hefur einnig haslað sér völl á sviði upplýsingaiðnaðarins. Þó að þau fyrirtæki séu smá lofar þar ýmislegt góðu.

Með tilvísun til þessarar þróunar, sem ég hef nú rakið í örfáum orðum og mætti vitanlega hafa miklu lengra mál um, ákvað ríkisstj. að leggja grundvöll að nýrri stefnu í atvinnumálum. Að því er stefnt að hverfa frá þeirri ríkisforsjá sem segja má að hafi einkennt uppbyggingu sjávarútvegsins á síðasta áratug með ýmiss konar áætlanagerð og ríkisábyrgðum. Það var allt góðra gjalda vert og kannske nauðsynlegt á þeim tíma en hentar öllu síður fyrir þá þróun sem líklega verður að telja og kannske nauðsynlega á næstu árum. Því var ákveðið að breyta eða brjóta upp, gætum við sagt, Framkvæmdastofnun ríkisins.

Framkvæmdastofnun ríkisins samanstendur af Byggðasjóði, lánadeild og áætlanadeild og Framkvæmdasjóði. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur heimild til að veita lán og styrki til ýmiss konar framleiðni og nýsköpunar í atvinnulífinu og hefur reyndar gert það í vaxandi mæli.

Rétt þótti hins vegar með tilliti til þeirra breytinga, sem ég hef lauslega lýst, að leggja meiri áherslu á síðasta þáttinn, nýsköpun í atvinnulífi og það að ný fyrirtæki á nýjum sviðum megi rísa hér á landi. Til þess að svo megi verða þarf að skapa hinn rétta og eðlilega grundvöll.

Í fyrsta lagi ber ríkisvaldinu að stuðla að því að menntun og þekking séu í sem mestu samræmi við þarfir atvinnuveganna á þessum sviðum. Í öðru lagi ber ríkisvaldinu að efla grundvallarrannsóknir sem stuðlað geta að nýsköpun í atvinnulífinu. Í þriðja lagi er ríkisvaldinu nauðsynlegt að tryggja slíkum aðilum aðgang að fjármagni til stofnunar fyrirtækja sem oft geta verið áhættusöm. Og í fjórða lagi þarf ríkisvaldið að stuðla að aukinni markaðsstarfsemi.

Ég held að þetta séu þeir fjórir meginþættir sem að ríkisvaldinu snúa. Framkvæmd með stofnun fyrirtækja, rekstur þeirra og vissulega þekkingaröflun og markaðsleit, hlýtur hins vegar að vera fyrst og fremst í hendi einstaklinga og samtaka þeirra. Slíku verður aldrei miðstýrt. Þessi þekking og þessi viðleitni þarf að vera sem frjálsust, en sá grundvöllur skapaður sem óhjákvæmilegur er til þess að árangur megi verða. Ég hygg að að þessu leyti sé ekki á annan veg farið málum hjá okkur en hjá öðrum þjóðum, nema e. t. v. að því leyti til að hér er aðgangur að fjármagni meira af skornum skammti en víða annars staðar vegna stöðu þjóðarbúsins fjárhagslega bæði inn á við og út á við. Sömuleiðis veldur það erfiðleikum í allri slíkri nýsköpun að markaður heima fyrir er ákaflega lítill. Raunar má segja að

strax þurfi að leita með nýja framleiðslu á erlendan markað þegar frá eru taldar greinar eins og hinn íslenski sjávarútvegur sem skapar nokkurn markað og hefur vitanlega orðið til þess að hér hafa risið fyrirtæki á slíkum sviðum sem tengd eru sjávarútveginum.

Hæstv. menntmrh. skipaði fyrir allnokkru nefnd sem er að endurskoða menntakerfið og tengsl þess við atvinnulífið. Það er ákaflega mikilvæg starfsemi og vonandi sér það bráðum dagsins ljós sem sú nefnd leggur til. Vafalaust þarf að breyta ýmsu í okkar menntakerfi. Það þarf hins vegar að vanda.

Ríkisstj. ákvað í desember s. l. að gera ráð fyrir 50 millj. kr. til rannsókna og tilrauna á sviðum sem segja má að stuðli að nýsköpun í íslensku atvinnulífi og er gert ráð fyrir því að Rannsóknaráð ríkisins annist úthlutun á því fjármagni. Rannsóknaráð hefur þegar lagt fram tillögur að reglum um umsóknir og úthlutun sem hæstv. menntmrh. hefur lagt fyrir ríkisstj. og hafa ekki þar verið gerðar athugasemdir við þær hugmyndir.

Þá hefur viðskrh. sett á fót nefnd til að kanna utanríkismarkaðsmál. Auka þarf tengsl utanríkisviðskipta við utanrrn. Nauðsynlegt er að nýta sendiráðin sem allra best í þessu skyni og vel kemur til greina að útvíkka þá útflutningsstarfsemi sem nú er á vegum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og láta það ná til útflutnings í heild. Ég geri líka ráð fyrir að tillögur þessarar nefndar liggi fljótlega fyrir og muni þá í haust verða tilbúið lagafrv. um slíkt útflutningsráð.

Ég vil geta þess til að fyrirbyggja misskilning sem mér finnst stundum ríkja í sambandi við nýsköpun í atvinnulífinu að að sjálfsögðu á slík nýsköpun ekkert síður við hefðbundnar atvinnugreinar okkar Íslendinga en eitthvað algjörlega nýtt. Raunar felst í nýsköpun atvinnulífsins að á öllum sviðum verði leitað fullkominnar tækni til að auka framleiðni, auka og bæta afkomu fyrirtækjanna, gera þeim kleift að greiða hærri laun og gera þeim kleift að keppa á erlendum mörkuðum, jafnvel betur en þau hafa til þessa gert. Ég tel t. d. að rafeindavæðing, tæknivæðing fiskvinnslunnar sé eitt allra brýnasta verkefni sem okkar bíður á næstunni. Ég ritaði því Framkvæmdastofnun ríkisins bréf um áramótin og óskaði eftir því að undirbúningur að slíkri tæknivæðingu yrði hafinn. Farið hafa fram umræður á milli Framkvæmdastofnunar, Iðntæknistofnunar og Háskóla Íslands og fleiri aðila um það mál. Ég er sannfærður um að þar má mikið bæta. Bæta má framleiðni og afköst sem ætti að geta orðið til þess að fiskvinnslunni yrði gert kleift að greiða hærri laun, en laun í fiskvinnslunni hafa lengi verið þrándur í götu almennra kjarabóta hér á landi.

Nýsköpun í landbúnaðinum er reyndar þegar hafin og þá ekki síst með nýjum búgreinum sem hafa þróast og þurfa í enn ríkari mæli að eflast samhliða þeirri framleiðslubreytingu sem óhjákvæmileg er á hinum svokölluðu hefðbundnu búgreinum. Þessi aðlögun hófst 1979, annars vegar með breytingu á framleiðsluráðslögunum og hins vegar með byggingu nokkurra tilraunabúa í loðdýrarækt og refarækt. Slíkum búum hefur síðan fjölgað mjög mikið og unnið hefur verið að því að sameina þau um fóðurstöðvar og skipuleggja þannig þessa nýju búgrein sem allra mest og best. Því þarf að sjálfsögðu að halda áfram. Að mati fróðra manna eru þarna miklir möguleikar. Þá er óhjákvæmilegt að nýta til þess að styrkja byggð þar sem dregur úr hinum hefðbundnu greinum og til að auka útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Fiskeldi er jafnframt ný grein og þó ekki ný því að hér á landi hafa menn verið við fiskeldi í allmörg ár þó að í smáum stíl sé. Góður árangur bæði Norðmanna og Færeyinga hefur vakið menn til umhugsunar um að á því sviði sé mikið að vinna og auka megi mjög útflutning af eldisfiski sem reyndar hefur verið ákaflega lítill til þessa.

Ég þarf ekki að rekja þær stóru hugmyndir sem hafa verið til umræðu upp á síðkastið. Svo virðist sem fiskeldi hér á landi muni fara nokkuð aðrar leiðir en t. d. í Noregi og Færeyjum. Staðreyndin er sú að sjávarhiti er lægri hér við land nema frá Reykjanesi og austur um með suðurströndinni þar sem aðstaða til beins eldis í sjó er ákaflega erfið eins og allir þekkja. Eflaust munu verða reynd hér bæði hafbeit og eldi í tjörnum, en að flestra mati er talið að slíkar tjarnir verði á landi og sjó dælt í þær. Því fylgir töluverður kostnaður og því líklegt að þær verði töluvert stærri í sniðum en tíðkast hefur t. d. bæði í Noregi og Færeyjum.

En svo eru þau svið, sem ég nefndi áðan, þar sem nokkur og lofsverð byrjun er sýnileg, þ. e. ýmiss konar tölvu- og rafeindaiðnaður og upplýsingaiðnaður. Ég efa ekki að hér á landi eru einnig verulegir möguleikar á þeim sviðum og tel að álitlegastur muni vera svonefndur upplýsingaiðnaður, þ. e. hugbúnaður fyrir tölvur. Margt bendir til þess að við Íslendingar gætum vel haslað okkur völl á því sviði.

Ég hef nú rakið í almennum orðum bæði þá atvinnumálastefnu sem hér var áður og mikilvægi þess að marka nú nýja stefnu og þá nefnt á hvaða sviðum ríkisvaldið þurfi fyrst og fremst að beita sér til að skapa grundvöll og loks hvaða greinar nýiðnaðar eru af sérfróðum mönnum taldar álitlegastar hér á landi.

Það frv. sem hér er lagt fram fjallar um fjárútvegun til slíkrar atvinnuuppbyggingar. Það var einn af þeim fjórum þáttum sem ég tel að ríkisvaldið ætti fyrst og fremst að láta til sín taka.

Í því sambandi hafa í nágrannalöndunum verið farnar ýmsar leiðir. T. d. hefur í Skotlandi verið sett á fót stofnun, Scottish Development Agency, sem er nær sjóði og er algjörlega á vegum hins opinbera, fær umtalsvert fjármagn á ári hverju, en hefur hins vegar starfað mjög sjálfstætt, starfar þar bæði innanlands og erlendis. Hún starfar erlendis að því að laða fyrirtæki með þekkingu til landsins, en innanlands að því að skapa grundvöll með ýmiss konar fjárútvegun eða þátttöku í fyrirtækjum til þess að stuðla að stofnun slíkra fyrirtækja í Skotlandi.

Víða hafa hins vegar verið sett á fót svokölluð áhættufyrirtæki þar sem hið opinbera og einkaaðilar hafa sameinast um að leggja fram fjármagn og taka þannig þátt í þeirri áhættu sem fylgir stofnun nýrra fyrirtækja. Sú leið er valin hér. Hér á landi hafa ýmis fyrirtæki verið sett á fót síðustu árin sem vinna á svipaðan máta. Þessi fyrirtæki eru algerlega á vegum einkaaðila og leggja fjármagn sem hlutafé í nýiðnað á ýmsum sviðum. Þessi fyrirtæki hafa af eðlilegum ástæðum verið tiltölulega smá og geta hvergi nærri fullnægt þeim þörfum sem eru fyrir fjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu. Því var ákveðið að leggja til að sett verði á fót öflugt áhættufjármagnsfyrirtæki sem verður, ef

samþykkt er, í formi hlutafélags. Sú leið var valin til þess að aðrir, sem kjósa að taka þátt í slíkri uppbyggingu með fjármagni, eigi þess kost að gerast hluthafar. Sú leið var valin í þeirri von að þannig megi fá inn aukið fjármagn. Engu að síður er gert ráð fyrir því, eins og fram kemur í því frv. sem ég mæli fyrir, að framlag ríkisins verði umtalsvert.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ríkisstj. verði heimilt að leggja fram í reiðufé 100 millj. kr. sem hlutafé í félaginu, en gert er ráð fyrir að hlutafé félagsins í heild verði 200 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkisvaldinu verði heimilt að leggja fram viðbótarhlutafé allt að 100 millj. kr. ef ekki fæst það hlutafjárframlag, sem menn gera sér vonir um, frá öðrum aðilum. Þá er gert ráð fyrir því í frv. að ríkisstj. verði heimilt að stuðla að því að einstaklingar, atvinnuvegir og stofnanir taki þátt í þessu hlutafélagi með því að lána til fjögurra ára allt að helming af hlutafjárframlagi slíkra aðila gegn fullnægjandi tryggingum. Loks er gert ráð fyrir því að fyrirtækinu verði heimilað að taka að láni allt að 200 millj. kr. og endurlána til slíkrar nýsköpunar í atvinnulífinu eða ráðstafa á annan þann máta sem stjórn félagsins telur rétt og heimilt verður skv. lögum. Loks er heitið ríkisábyrgð fyrir allt að 300 millj. kr. vegna ábyrgða sem stjórn félagsins kann að ákveða. (**Gripið fram í:** Alls um 700 millj.?)

Tilgangur með stofnun félagsins er rakinn í athugasemdum við frv. Þar segir:

„1. Að láta gera og fjármagna eða taka þátt í gerð og fjármögnun forkannana og hagkvæmnisathugana."

Það er að mínu mati ákaflega mikilvægt að svona félag starfi sjálfstætt að slíkum athugunum bæði innanlands og erlendis og miðli þeim upplýsingum sem það fær sem gætu þá orðið grundvöllur að nýsköpun í atvinnulífi.

„2. Að eiga frumkvæði og/eða taka þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja."

Gert er ráð fyrir því að félagið geti lagt fram hlutafé til fyrirtækja sem teljast til nýsköpunar í atvinnulífi og taki þannig þátt í upphaflegri áhættu. Eðlilegt er að slíkt hlutafé sé síðan selt þegar slíkt fyrirtæki er komið yfir byrjunarerfiðleika og má þá ráðstafa fjármagninu í annað.

„3. Að kaupa hlutabréf og/eða skuldabréf atvinnufyrirtækja," eða m. ö. o. veita lán til atvinnufyrirtækja sem teljast stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.

„4. Að útvega eða veita áhættulán eða ábyrgðir vegna stofnunar, rekstrar og þróunar fyrirtækja.

5. Að taka þátt í og/eða styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.

6. Að hafa frumkvæði að samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja í markaðsmálum, vöruþróun og á tæknisviði."

Ég tel þetta atriði mikilvægt því eins og ég nefndi fyrr í minni ræðu munu markaðsmálin eflaust reynast okkur Íslendingum sem oft fyrr einna erfiðust vegna lítils markaðar hér heima fyrir og mjög líklegt að veita þurfi aðstoð við að markaðssetja, eins og nú er sagt, ýmislegt af því sem framleiða má innanlands.

„7. Að taka lán til eigin þarfa og til endurlána."

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég hef gert nokkuð ítarlega grein fyrir grundvallaratriðum þeirrar stefnu sem með því er mörkuð. Frv. sjálft er ekki viðamikið. Að sjálfsögðu þarf að ganga frá samþykktum fyrir stofnun hlutafélags í þeim anda sem ég hef lýst um tilgang fyrirtækisins og að sjálfsögðu þarf á það að reyna hvort fjármagn fæst annars staðar frá. Því er í þeim öðrum frv. sem ég flyt hér ekki gert ráð fyrir því að starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins ljúki eins og hún er nú fyrr en 1. september n. k. þó að sjálfsögðu taki þessi lög gildi strax við samþykkt.

Að þessum orðum loknum og að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. hvort til greina kæmi að hann gerði grein fyrir þremur málum sem á dagskrá eru, 13., 14., og 15. máli, öllum í senn. (**Forsrh.:** Jú, það er í lagi mín vegna ef engin athugasemd er við það gerð.) Að dómi forseta væri það heppilegt. Ef engin athugasemd er gerð við það óska ég eftir því að hæstv. ráðh. haldi áfram ræðu sinni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég nefndi lauslega í ræðu minni áðan að Framkvæmdastofnun ríkisins muni láta af störfum og verði, má segja, skipt upp í Byggðastofnun og þá nýsköpun sem ég lýsti áðan.

Eitt af þeim frv. sem ég mæli nú fyrir er frv. til laga um Byggðastofnun. Byggðasjóður hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Má segja að þróun byggðar hér á landi eftir árin 1967 og 1968, þegar verulegur samdráttur varð í afla, hafi hvatt til þess að skipulegt átak yrði gert til þess að stuðla að því sem nefnt hefur verið jafnvægi í byggð landsins. Ég hygg að við Íslendingar höfum yfirleitt verið sammála um að okkur bæri að byggja landið nokkurn veginn allt sem byggilegt er. Ég hygg að við höfum verið sammála um að þannig nýtast náttúruauðlindirnar best og ég hygg jafnframt að við höfum verið sammála um að lífskjör manna, hvar sem þeir búa á landinu, þyrftu að vera sem líkust.

Að þessu hefur Byggðasjóður sem ein deild í Framkvæmdastofnun ríkisins unnið. Og ég held að menn geti verið sammála um að verulegur árangur hefur náðst í mörgum tilfellum. Byggðasjóður hefur iðulega hlaupið undir bagga þar sem erfiðleikar hafa orðið staðbundnir og oft miklir í byggðamálum og sérstaklega þá þar sem atvinnufyrirtæki hafa staðið höllum fæti og hætta hefur blasað við. Nægir í því sambandi að nefna tilfelli eins og Skagaströnd, Bíldudal, Þórshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri og fleiri mætti upp telja. Byggðastofnun hefur einnig unnið að allvíðtækri áætlanagerð um þróun byggðar á landinu. Þær áætlanir hafa tvímælalaust verið gagnlegar en ég hygg að gagnrýna megi hins vegar að yfirleitt hafa þær ekki legið til grundvallar framkvæmdum, eins og ætlast var til þegar Byggðasjóður ásamt Framkvæmdastofnun ríkisins var settur á fót. Einnig hefur það töluvert verið gagnrýnt að Byggðasjóður hefur í mörgum tilfellum veitt nokkuð sjálfkrafa lán til ýmiss konar atvinnuuppbyggingar og kaupa á tækjum um land allt og þá hafa menn ekki treyst sér til að meta í slíkum tilfellum hver hin raunverulega byggðaþörf hefur verið. En ég hygg að þegar á heildina er litið verði því alls ekki á móti mælt að starfsemi

Byggðasjóðs hefur verið árangursrík og stuðlað mjög að því að byggð hefur ekki raskast þó meir en raun ber vitni. Byggðasjóður hefur jafnframt birt upplýsingar um byggðaþróun hér á landi. Þær hafa verið gagnlegar og munu birtast enn á ný með skýrslu Framkvæmdastofnunar sem fljótlega verður kynnt hér á hinu háa Alþingi. Ljóst er að byggðaþróun gengur nokkuð í öldum, ef ég má orða það svo, og fer mjög eftir því hvernig ástand hinna hefðbundnu atvinnuvega er hverju sinni. Ég nefndi áðan að byggðaröskun varð töluverð upp úr 1967, 1968, þegar sjávarútvegurinn átti í umtalsverðum erfiðleikum. Það sýnir sig einnig að byggðaröskun hefur orðið veruleg nú eftir erfiðleikatímabil í sjávarútvegi og reyndar einnig í landbúnaði allra síðustu árin. Orðið hefur verulegur tilflutningur á fólki frá strjálbýlinu til þéttbýlisins, einkum til höfuðborgarsvæðisins, eins og fljótlega verða birtar tölur um í ítarlegri gögnum sem fyrir Alþingi verða lögð.

Tvímælalaust er mikilvægt og reyndar tel ég nauðsynlegt að markvissri byggðastarfsemi sé fram haldið. Því er nú flutt frv. til laga um Byggðastofnun sem er beinn arftaki Byggðasjóðs en er nú gert ráð fyrir að verði sjálfstæð stofnun. Því fylgja bæði kostir og gallar má segja. Í tengslum við Framkvæmdasjóð var iðulega unnt að lyfta stærra grettistaki í byggðamálum en Byggðasjóður gat einn. Oft var unnt að sameina útlán Byggðasjóðs og Byggðastofnunar í slíku skyni. Ég tel jafnframt ljóst að Byggðastofnun hljóti í framtíðinni að vinna að byggðamálum í nánu samstarfi við stofnlánasjóði viðkomandi atvinnugreina, sem um kann að vera að ræða hverju sinni, það hljóti að verða sameiginlegt átak. Hins vegar er gert ráð fyrir í þessu frv. að Byggðastofnun vinni markvissara að einstökum vandamálum byggða en veiti ekki almenn útlán að ákveðnum hundraðshluta til atvinnuþróunar eins og í mörgum tilfellum hefur verið. Í raun og veru er ekki gert ráð fyrir ýkjamiklum breytingum á Byggðastofnun og starfsemi þessari að öðru leyti frá því sem verið hefur.

Gert er ráð fyrir því að stjórn stofnunarinnar verði kjörin af Alþingi. Rétt þótti að halda þeirri skipan. Í byggðamálum er iðulega um allpólitísk mál að ræða, ef ég má orða það svo, og ég held í mjög mörgum tilfellum mikilvægt að þekking alþm. á þróun byggða sé til staðar og því eðlilegt að þeir séu áfram í stjórn. Að sumu leyti er valdsvið stjórnarinnar aukið frá því sem nú er. Stjórnin ræður sjálf forstjóra að stofnuninni og ásamt honum annað starfslið stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir því að stofnunin heyri undir forsrh. eins og Framkvæmdastofnun gerir nú en að þessu leyti starfi hún óháðari ríkisvaldinu.

Í gildandi lögum er ákvæði sem áskilur að Byggðastofnun skuli fá með framlagi á fjárlögum til viðbótar því fjármagni sem hann hefur eftir öðrum leiðum, allt að 2% af útgjaldahlið fjárlaga ár hvert. Þetta hefur verið nokkuð umdeilt atriði. Því hefur verið fullnægt flest ár, þó alls ekki öll og þá ætíð með því, að undanskildu, held ég, einu ári, að Byggðasjóður hefur fengið lánsheimildir til að ná þessari tölu, að hafa 2% útgjalda fjárlaga til ráðstöfunar. Í þessu frv. er þessu lítillega breytt. Um framlög á fjárlögum fer eins og fjárlög gera ráð fyrir hverju sinni. Hins vegar er gert ráð fyrir því að stofnunin hafi heimild til erlendrar lántöku þannig að ráðstöfunarfé nái 0.5% þjóðarframleiðslu en það er svipuð upphæð og 2% fjárlaga. Að ýmsu leyti þótti eðlilegra að miða við þetta fremur en fjárlögin. Heildarráðstöfunarfé Byggðastofnunar verður engu að síður svipað.

Í frv. eru svo allítarleg ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, um áætlanagerð á hennar vegum. Henni ber að gera áætlanir eins og hún hefur gert til þessa. Henni ber að fylgjast með atvinnuástandi á einstökum stöðum og heimild er fyrir stjórn stofnunarinnar til að ákveða styrki í undantekningartilfellum þegar óhjákvæmilegt er til þess að forða frá bráðum vanda.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Eins og ég hef lýst þá er Byggðastofnun í öllum grundvallaratriðum svipuð Byggðasjóði sem hv. þm. þekkja vel.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. til l. um Byggðastofnun einnig vísað til fjh.- og viðskn.

Loks mæli ég fyrir frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands. Framkvæmdasjóður er, eins og ég hef áður sagt, ein deild af Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeirri deild, Framkvæmdasjóði, var ætlað að annast lántöku fyrir hina ýmsu fjárfestingarsjóði í landinu og það hefur Framkvæmdasjóður að stórum hluta gert. Segja má að það verk hafi verið í tengslum við það verkefni Framkvæmdastofnunar að samræma starfsemi hinna ýmsu stofnlánasjóða, fylgjast með starfseminni og vera ríkisstj. til ráðuneytis um starfsemi framkvæmdasjóðanna. Þótt Framkvæmdastofnun hafi gert áætlanir um útlán sjóðanna og hafi veitt umsögn við gerð lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga þá held ég að segja megi að Framkvæmdastofnun hafi aldrei gegnt þessu hlutverki eins ítarlega og ráð var fyrir gert við setningu laganna 1971. Ég held að segja megi að hinir ýmsu framkvæmdasjóðir hafi meira eða minna starfað án íhlutunar Framkvæmdastofnunar eftir að fjármagn til þeirra hefur verið ákveðið. Þó hefur Framkvæmdastofnun í ýmsum tilfellum hlaupið undir bagga þegar augljós fjárvöntun hefur orðið hjá einstökum sjóði og þannig verið iðulega mikilvægur bakhjall. Ætlunin er að þessi starfsemi Framkvæmdastofnunar leggist niður og færist nú alfarið yfir til hinna ýmsu stofnlánasjóða. Frumvörp um stofnlánasjóðina eru í undirbúningi, eru á lokastigi og hef ég gert mér vonir um að þau mætti leggja fyrir Alþingi nú einhvern næstu daga þótt vafasamt sé orðið að þau náist að afgreiða á þessu þingi eins og æskilegt væri.

En Framkvæmdasjóður er staðreynd og um hann verða að gilda lög. Því er það frv. flutt sem ég mæli nú fyrir. Framkvæmdasjóður er í miklum skuldbindingum bæði erlendis og innanlands. Erlendar skuldir Framkvæmdasjóðs um síðustu áramót munu nema um 6 milljörðum 806 millj. kr. en innanlands 3 milljörðum 106 millj. kr. Samtals eru þetta rúmlega 9900 millj. kr. Auk þess hvíla nokkrar aðrar skuldir á Framkvæmdasjóði og munu heildarskuldir sjóðsins vera af stærðargráðunni u. þ. b. 10 milljarðar kr. Hins vegar eru útlán Framkvæmdasjóðs: lán með gengistryggingu 5 milljarðar 928 millj. kr., lán með verðtryggingu 3 milljarðar 125 millj., önnur útlán 47 og bankainnistæða 1 milljarður 55 millj. kr. Það er lán sem tekið var fyrir áramótin en ekki hefur verið ráðstafað enn og færist því sem eign á ársreikning um síðustu áramót. Útlán Framkvæmdasjóðs eru því samtals um 9.1 milljarður kr. og svo bankainnistæður, eins og ég sagði áður, upp á rúmlega 1 milljarð kr. Eigið fé Framkvæmdasjóðs mun

vera samtals um 480 millj. kr. Það felst að hluta í mun á útlánum og innlánum í sjóðinn en einnig á sjóðurinn eignir, fyrst og fremst húseign þá á Rauðarárstíg þar sem sjóðurinn er nú til húsa ásamt Byggðastofnun og Þjóðhagsstofnun, en einnig á sjóðurinn hlutabréf í tveimur fyrirtækjum, Álafossi hf. og Norðurstjörnunni.

Framkvæmdasjóður Íslands er því augljóslega í miklum skuldbindingum og ef einhver hefur ímyndað sér að hann mætti leggja niður þá er ljóst af því sem ég hef nú nefnt að svo verður ekki.

Gert er ráð fyrir því að breyta lögum um Framkvæmdasjóð fyrst og fremst þannig að Framkvæmdasjóður *standi ekki í beinum útlánum*. Eins og ég hef áður sagt er stofnlánasjóðum, Byggðasjóði, Þróunarfélagi ætlað slíkt hlutverk. Hins vegar er heimilt að nýta Framkvæmdasjóð til lántöku erlendis vegna fjárfestingarsjóðanna ef þeir þess óska.

Í frv. er gert ráð fyrir því að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs. Það er eðlilegt því að ríkissjóður stendur að baki starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og er því ábyrgur í dag fyrir þeim skuldbindingum sem þar hafa verið gerðar.

Gert er ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður heyri undir forsrh. eins og Framkvæmdastofnun ríkisins gerir í dag og þar með Framkvæmdasjóður. Hins vegar er gert ráð fyrir þriggja manna stjórn og er einn skv. tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn skv. tilnefningu fjmrh. og einn án tilnefningar. Eðlilegt þótti að þessir menn skipi stjórn sjóðsins. Í fyrsta lagi, eins og ég nefndi áðan, er ríkissjóður ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs, og því eðlilegt að maður frá fjmrh. sitji í stjórn sjóðsins. Í öðru lagi er starfsemi sjóðsins nátengd starfsemi Seðlabankans, ekki síst t. d. í sambandi við erlendar lántökur ef Framkvæmdasjóður verður nýttur í því skyni. Því er eðlilegt að Seðlabanki Íslands hafi þar mann.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að húseign sú, sem ég nefndi áðan, að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík verði sameign Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar. Byggðastofnun er þarna til húsa og er eðlilegt að hún verði þar áfram. Einnig er heimild til að skipta þessari eign á milli þessara tveggja aðila. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því í þessari sömu grein að hinn 1. janúar 1986 skuli eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins á viðkomandi hlutafélögum sem ég nefndi áðan að eru Álafoss hf. og Norðurstjarnan hf. Ég tel óhjákvæmilegt að fara fáeinum orðum um þetta ákvæði og þá sérstaklega beina því til fjh.- og viðskn. að hún athugi það mjög vandlega.

Eins og ég hef fyrr nefnt er Framkvæmdasjóður ábyrgur fyrir verulegum skuldbindingum bæði erlendis og innanlands. Í ákvæðum vegna erlendra lána er yfirleitt kveðið svo á að þau lán skuli taka til endurskoðunar ef eiginfjárstaða lántakanda, í þessu tilliti Framkvæmdasjóðs, er að einhverju umtalsverðu leyti skert.

Nú lít ég að vísu svo á að það ákvæði í 1. gr. sem segir að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs sé nægileg trygging fyrir skuldheimtumenn erlendis. Engu að síður þykir mér rétt að nefna það, sem mér hefur borist í hendur síðan frv. var fram lagt frá hagsmunagæsluaðila margra þessara erlendu skuldheimtumanna, að skoða þurfi mjög vandlega hvort rétt er að hafa ákvæði eins og er í 4. gr. í lögum. Þó að það vegi lítt í heildartryggingum fyrir þeim lánum sem Framkvæmdasjóður hefur tekið kann það að opna möguleika fyrir erlenda skuldheimtumenn til að heimta endurskoðun á kjörum á þeim lánum sem veitt hafa verið. Ég mun að sjálfsögðu láta nefndinni í té þau bréf sem ég hef fengið þessu aðlútandi. Er eðlilegt að nefndin skoði þau vel. Vitanlega má á ýmsan annan máta koma því svo fyrir að Byggðastofnun sé áfram til húsa á Rauðarárstíg 25 þó að ekki sé það fram tekið í þessum lögum. Um hlutafélögin tvö, sem Framkvæmdasjóður á, má vitanlega einnig hafa annan hátt, t. d. þann að hlutafé sé selt hugsanlegu eignarhaldsfyrirtæki sem reyndar er ekki enn neitt ákveðið um og er í undirbúningi. En mér þykir rétt að þessi atriði komi hér fram strax í framsögu þannig að þau verði athuguð af fjh.- og viðskn.

Ég vil þá leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði einnig frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands *vísað til hv. fjh.- og viðskn.*

Forseti (Ingvar Gíslason): Hæstv. forsrh. hefur verið að gera grein fyrir 13. dagskrármálinu sem hér er formlega til umræðu en jafnframt hefur hann gert grein fyrir 14. og 15. dagskrármáli. Nú hafa þegar kvatt sér hljóðs þrír hv. þm. og forseti mælist til þess að þeir, sem hér taka til máls um þessi efni, ræði þessi þrjú mál þá samtímis eins og hæstv. forsrh. hefur gert. Næstur á mælendaskrá er hv. 3. þm. Reykv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þau mál sem hér eru til umræðu, og mér finnst sjálfsagt að þau séu öll rædd í einu, snerta auðvitað ákaflega marga þætti íslenskrar efnahagsstjórnar og atvinnumálastjórnar. Þau snerta deilumál sem hafa verið mjög lengi uppi á Íslandi, hvernig afskiptum opinberra aðila af atvinnulífi eigi að haga, og þau snerta deilumál sem hefur verið sérstaklega mikið um rætt allt frá árinu 1971 þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var stofnuð undir forustu þáv. ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Ef þau frumvörp verða að lögum, sem hér er gerð tillaga um, þá hefur tekist að kljúfa þessa einu stofnun upp í fjórar nýjar stofnanir. Það eru afrekin sem liggja fyrir, einkum undir forustu Sjálfstfl., við að draga úr bákninu hér í landinu. Það var Þjóðhagsstofnun sem var tekin þarna út úr með ákveðnum hætti árið 1976, það var Byggðastofnun, sem hér var frv. um, það var Framkvæmdasjóður og það er svo það Þróunarfélag sem hér hefur verið mælt fyrir tillögu um. Þannig að á þessari skepnu, sem menn deildu á hér forðum 1971, og töldu mikið bákn og hættulegt, yrðu skv. þessum tillögum fjögur höfuð. Það er því full ástæða til þess að óska frjálshyggjudeildinni í Sjálfstæðisflokknum, sem hóf sína stjórnmálastarfsemi með því að heimta báknið burt, til hamingju með þennan gífurlega árangur sem birtist í þessum frumvörpum.

Það er ástæða til þess, herra forseti, að fara hér bæði yfir frumvörpin sem slík og eins almennt þá ræðu sem forsrh. flutti áðan. Ég ætla að víkja í upphafi að almennum atriðum í ræðu forsrh. Hann sagði: Þessi frumvörp hafa þann tilgang að draga úr ríkisafskiptum. Hvað er í rauninni hæft í því? Það sem lagt er til er að ríkið eigi svo að segja eitt nýtt hlutafélag, sem getur verið með hlutafé frá ríkinu að upphæð allt að 200

millj. kr., þannig að ríkisafskiptin af atvinnumálum yrðu færð í þann búning að vera á vegum hlutafélags í staðinn fyrir að vera á vegum lánadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. En það er ekki látið hér við sitja við að auka stórkostlega ríkisafskipti í raun, heldur eru þessar stofnanir, sem hér er gerð tillaga um, allar settar undir forsrh. einan. En það var mjög þýðingarmikið ákvæði í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins að hún heyrði undir ríkisstj. í heild og um það var samkomulag á sínum tíma, 1971, og svo aftur í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 1974—1978 að þessi stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, ætti að heyra undir ríkisstj. í heild. Hérna er horfið frá þessu og þetta er í rauninni sett undir forsrh. einan með mjög afgerandi hætti, þannig að hann fer einn með svo að segja allt vald yfir hlutafé ríkisins í Þróunarfélaginu, sem stundum er kallað því nafni, upp á 500—700 millj. kr. Menn eru ekki nákvæmari með litlu tölurnar en það þegar þeir eru að sletta þeim frá sér að þeir segja svona 500—700 millj. kr. Það er eins og það sé nóg til af seðlum í ríkisbúinu um þessar mundir. Síðan er gerð sérstök tillaga um það að takmarka vald Alþingis verulega frá því sem verið hefur, vegna þess að forsrh. á einn að fara með Þróunarfélagið. Forsrh. á einn að fara með Framkvæmdasjóð og Alþingi fær einungis að kjósa menn í stjórn Byggðastofnunarinnar. Þannig er vald Alþingis takmarkað stórkostlega frá því sem það er nú. Og til að bæta um betur er vald embættismanna síðan aukið sérstaklega með sérkennilegu stjórnvaldi sem er skotið þarna inn eins og hér segir: „Stjórn Framkvæmdasjóðs starfar undir forsrh. og er skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af forsrh., einum tilnefndum af fjmrh. og einum tilnefndum af Seðlabankanum.“ Það er sem sé verið að skerða vald Alþingis og auka embættismannavaldið og með því að hafa stofnanirnar fjórar en ekki eina er verið að framleiða fleiri forstjóra, fleiri ráðamenn, fleiri menn í hina nýju stétt hinna margvíslegu fríðinda sem við höfum verið að ræða um hér á Alþingi að undanförnu. Kannske það sé það sem liggur á bak við þessar miklu stjórnarbætur núv. ríkisstj. að það eigi að fara að raða fulltrúum helmingaskiptaflokkanna á þessa jötu. Það hefur þurft að stækka hana til að fleiri kæmust á garðann áður en gefið verður á hann. Það eru fjögur bákn fyrir eitt. Ég endurtek sérstakar hamingjuóskir mínar til 2. þm. Reykv. og 1. þm. Suðurl. með árangur þeirra í baráttunni gegn bákninu mikla.

Þetta er eitt meginatriðið sem ég ætla að benda á í sambandi við þessi frumvörp. Það er verið að fjölga í embættismannaliðinu og styrkja það, hinu dýra embættismannaliði, og það er verið að rýra vald Alþingis.

En það er fleira í þessu máli sem vert er að vekja sérstaka athygli á. Það er að áherslan á byggðasjónarmið, á jafnvægi í byggð landsins er mun minni í þessum frumvörpum en í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Á sama tíma og landsbyggðin stendur hallari fæti en nokkru sinni fyrr um mjög langt skeið flytur ríkisstjórn Framsfl. frv. til l. um minnkandi áherslur á stuðning við byggðaþróun í landinu. Auðvitað býst maður ekki lengur við neinu öðru en nöktum frjálshyggjutillögum frá Framsfl., sbr.. tillögur Sambands ungra framsóknarmanna sem hafa verið birtar að undanförnu. En þessi yfirlýsing um að Framsfl. segi sig frá byggðastefnunni í raun er ákaflega athyglisverð og er kannske punktur yfir i-ið. Á sama tíma og þetta liggur fyrir er það deginum ljósara að ríkisstj., þrátt fyrir allt talið um nýsköpun í atvinnulífi, tekur hvergi á málum þannig að ætla megi að það hafi í för með sér eflingu atvinnulífsins. Hvernig er ástandið í sjávarútveginum? Hvernig er ástandið í landbúnaðinum? Ræður hæstv. forsrh. og forustumanna stjórnarflokkanna um eflingu atvinnulífsins á sama tíma og ástandið í landbúnaði og sjávarútvegi er eins og menn þekkja eru hjómið eitt, innihaldslaust hjóm, loftfimleikar. Á bak við það er greinilega engin alvara. Það er tilraun til að slá ryki í augu kjósenda.

Ég held að full ástæða væri til þess, herra forseti, að hér færi fram í þinginu ítarleg umræða um atvinnumál í heild, um þróunarmöguleika þjóðarbúsins, hagvaxtarhorfur á næstu árum og hvað má til varnar verða til að auka hér framleiðslu og verðmætasköpun í landinu, þannig að við sköpum betri forsendur fyrir bætt lífskjör á komandi árum og áratugum. Það væri full ástæða til að fram færi heildarumræða um það mál svo að flokkarnir gætu komið fram með sínar tillögur í atvinnumálum, hvað þeir vilja gera og hvað þeir vilja leggja á sig og hvert þeir vilja sækja peningana til þess að stuðla að raunverulegri nýsköpun í atvinnulífinu. Menn eiga að velta því fyrir sér: Á að halda áfram á þeirri braut að taka hér erlend lán á erlend lán ofan eða á að reyna að knýja hér fram í landinu stóraukinn sparnað frá því sem nú á sér stað?

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja að einstökum frumvörpum sem hér eru á dagskrá og koma síðan að nokkrum almennum áherslum í atvinnumálum. Ég tek þá fyrst til umræðu frv. á þskj. 774 um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir til annarra aðila til þátttöku í félaginu. Það var sannarlega kominn tími til að Framsfl. þyrði að tala um nýsköpun. Það var bannorð í Framsfl. í nokkra áratugi, 40 ár. Eysteinn gerir að vísu tilraun til þess í ævisögu sinni núna, 2. eða 3. bindi, að eigna Framsfl. nýsköpunina frá 1944. Það er eins og gengur hjá þeim þar á bæ, þeir reyna auðvitað að krafsa það til sín sem þeir mögulega geta. En það er kostulegt að Framsfl. skuli nú allt í einu þora að taka sér í munn þetta orð: nýsköpun. En maður sér á þessum pappírum að það er engin alvara á bak við þetta, ekki nokkur. Eins og kom fram í útvarpsþætti núna um helgina er eitt alvarlegasta pólitíska vandamálið á Íslandi um þessar mundir að stjórnmálamenn eins og hæstv. forsrh. komast upp með það mánuðum og árum saman að blaðra um hluti eins og nýsköpun í atvinnulífinu án þess að nokkurn tíma sé gengið á þá með hvað þeir í raun og veru vilja í þessum efnum. Í ræðu hæstv. ráðh. áðan kom ekkert fram um það hvernig þessi frv. geti þar einhverju breytt. Það kom ekkert fram um það. Hann sagði að skv. þessu frv. væri farin áhættufjármagnsfyrirtækjaleið, það er orðrétt vitnað í hæstv. ráðh., áhættufjármagnsfyrirtækjaleið sem hér væri verið að fara. Ég verð að segja að þó að orðið sé langt, þá er það ekki tæmandi fyrir mig. Frv. er í rauninni ákaflega óljóst.

Í frv. er gert ráð fyrir að ýmsum fyrirtækjum, þar á meðal viðskiptabönkum, verði heimilað að leggja hlutafé í þetta Þróunarfélag. Í umræðum um viðskiptabanka á dögunum lýsti ég andstöðu minni við það að viðskiptabankarnir væru teknir inn í almennan atvinnurekstur. Ég endurtek það að ég tel óheppilegt að gera

ráð fyrir því að viðskiptabankarnir séu að vasast í almennum fyrirtækjarekstri. Ég tel það óheppilegt og ég lýsi andstöðu minni við þá hugmynd.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að verja megi allt að 700 millj. kr. að meðtöldum ríkisábyrgðunum handa þessu félagi. Í frv. kemur ekki fram á hve löngum tíma hugsanlega mætti nota þetta fjármagn. Eru menn að tala um að verja þessu fé kannske öllu á þessu ári? Ég býst nú ekki við því. En ef svo væri eykst hallinn á fjárlögum sem þessu svarar, vegna þess að í fjárlögunum er aðeins gert ráð fyrir, ef ég man rétt, 50 millj. í þessu skyni. Ef ríkissjóður greiddi allar þessar upphæðir á árinu 1985 væri því verið að auka hallann á ríkissjóði sem þessu næmi. Þess vegna er nauðsynlegt að spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.: Á hve löngum tíma gera þeir ráð fyrir að verja þessum upphæðum, hvorki meira né minna en 700 millj. kr.? Það er ekki eins og þetta séu neinir smáaurar sem menn eru að tala um hér.

Til viðbótar er gert ráð fyrir því að fyrirtæki sem kaupa hlutabréf í þessu félagi geti fengið helminginn að láni, helminginn af andvirði hlutabréfanna. Ef þau kaupa t. d. bréf fyrir 10 millj. geta þau fengið 5 millj. að láni skv. ákvæðum 4. gr., ef ég skil hana rétt, og auk þess notið skattafrádráttar skv. lögum nr. 9/1984. Það er því bersýnilegt að ætlun Sjálfstfl. og Framsfl. er að þetta félag hafi betri möguleika til fjáröflunar en öll önnur hlutafélög. Það kann út af fyrir sig að vera skynsamlegt að halda þannig á málum, en er það ekki alveg ljóst að verið er að veita þessu félagi algjöran forgang á hlutafélagamarkaði? Ég er ekki að segja að slíkt þurfi að vera fráleitt, en mér finnst það athyglisvert að tillögur um slíkt skuli koma frá Sjálfstfl. og þetta hlutafélag þannig tekið fram yfir öll hlutafélög í landinu með alveg sérstök fríðindi. Þetta er tekið fram hér í 4. gr. þar sem segir:

„Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr."

Hérna er auðvitað verið að ýta undir að menn kaupi hlut í þessu og allt gott um það að segja. En það er athyglisvert, eins og ég sagði, að Sjálfstfl. skuli hafa forustu um að þetta ríkishlutafélag skuli hafa þarna algera forréttindastöðu miðað við önnur hlutafélög í landinu. Nú er ég ekki kominn til með að segja að það þurfi að vera fráleitt að standa svona að málum. En ég bendi á hina pólitísku þversögn fyrir Sjálfstfl. í þessu efni að því er varðar þetta sérstaka hlutafélag.

Síðan getur það auðvitað komið upp að ríkisstj. ráði þessu hlutafélagi að öllu leyti, 100%. En það er ekki ríkisstj. í heild, heldur er það forsrh. Hafa stjórnarflokkarnir gert einhvern samning um það hvernig að stýringu þessa hlutafélags verður staðið? Ég spyr bæði hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Suðurl.: Hafa stjórnarflokkarnir samið eitthvað um það hvernig forsrh. muni fara með þetta vald upp á 500—700 millj. kr. sem hér á að fara að færa honum? Eða er honum frjálst að fara þá leið sem honum sýnist ef hann heldur sig innan ramma þeirra óljósu ákvæða sem er að finna í greinargerð frv. og ég kem hér að á eftir. Og til þess að það komi beint fram, sem ég er hér að vísa til, þá er best að fara strax yfir grg. um tilgang félagsins sem birt er á bls. 3 í grg. ríkisstj. Þarna er birtur innan gæsalappa eða hermimerkja, eins og sumir kalla það nú hér, kafli um tilgang þessa félags. Er þetta samþykkt ríkisstj., þessi kafli hér? Það kemur í raun og veru ekki fram með skýrum hætti hvað þetta er. Ég vænti að þetta sé ekki samþykkt t. d. landsfundar Framsfl. eða miðstjórnarfundar Framsfl. En það kemur ekki fram hvaða skepna þetta er sem er hér innan hermimerkjanna á bls. 3 en það væri fróðlegt að vita hvað þetta er í rauninni. Er þetta samþykkt eða hvað er þetta? Er þetta bókun í ríkisstjórninni eða hvað er þetta eiginlega?

Burtséð frá því þá kemur þarna fram hver er tilgangurinn með þessu félagi. Það er að taka þátt í gerð og fjármögnun forkannana og hagkvæmnisathugana, að eiga frumkvæði að og taka þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja. Á forsrh. einn að ráða því hvaða félög eru endurskipulögð og sameinuð? Á hann að ráða því einn ef ríkið á hlutafélagið, bara ríkið? Samkvæmt orðanna hljóðan á forsrh. í raun og veru að ráða þessu meira og minna einn. Sumir hafa eitthvað verið að tala um það að Framsfl. væri einhver hagsmunagæsluflokkur fyrir SÍS. Mér sýnist nú ekki verið að draga neitt úr möguleikum þeirra til hagsmunagæslu með þessu. Það er verið að skaffa þeim þarna 700 millj. kr. til þess að verja í endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja. Þetta er býsna sérkennilegt og býsna opinn aðgöngumiði fyrir hæstv. forsrh.

Og svo segir hér: að kaupa hlutabréf, kaupa hlutabréf atvinnufyrirtækja. Eftir hvaða reglum á að fara í þeim efnum? Eftir hvaða stefnu á að fara í þeim efnum? Það kemur ekkert fram um það í þessu frv. hvaða stefnu á að fylgja. Þetta frv. um 700 millj. kr. er m. ö. o. tæknilega séð þvílíkt sull að það hefur aldrei sést annað eins hér í tíð núv. ríkisstj. og er þá langt til jafnað.

Svo segir hér í tölul. 5: „Tilgangur félagsins er að taka þátt í og styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra." Allt er þetta góðra gjalda vert. En þarna er gert ráð fyrir því að félagið geti styrkt ákveðna starfsemi, styrkt, þ. e. gefið peninga. Það er gert ráð fyrir því hér að þetta félag hafi heimild til að gefa öðrum fyrirtækjum peninga. Það stendur hér skýrum stöfum. Ætlast menn til þess að forsrh. einn ráði því hverjum eru gefnir peningar? Mér þykir það nokkuð athyglisvert hvað hæstv. heilbr.- og trmrh. treystir kollega sínum í þessu efni t. d. Hann segir bara við hæstv. forsrh.: Minn kæri vin. Þú skalt gefa hérna 500—700 millj. kr. og ráðstafa því bara eins og þér sýnist. — Þetta heitir nú að vera almennilegur, hæstv. heilbr.- og trmrh. og samgrh. með meiru.

Í 6. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta: „Forsrh. fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi skv. 1. gr." Vald forsrh. er algjörlega ótvírætt í þessu, 100%. Svo segir hér til að hnykkja á þessu í grg. — kannske hún hafi verið samþykkt á landsfundi Sjálfstfl., þessi grg.:

„Hér er lagt til að forsrh. fari með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi skv. 1. gr. Í því felst og að forsrh. fari með fyrirsvar ríkisins að því er varðar forgöngu um og undirbúning að stofnun nefnds hlutafélags."

Hérna er ekkert verið að draga af því. Og mér finnst þetta nokkuð fróðlegt miðað við þær yfirlýsingar sem m. a. hafa áður komið fram frá þeim sjálfstæðismönnum. En ég vil spyrja: Hvernig verður stjórnin í þessu félagi? Er meiningin að félagið starfi algjörlega eftir almennum hlutafélagalögum? Hvernig er ætlunin

að skipa stjórn þessa félags? Hvenær á að stofna þetta félag? Það stendur hérna í frv.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Hvenær fer fram hin mikla stofnun þessa félags? Það hefur ekkert komið fram um það hver er ætlunin í þeim efnum. En það væri fróðlegt að sjá það og fróðlegt að vita hvort hæstv. fjmrh. veit hvenær hann á að fara að dæla út þessum 500—700 millj. kr. (Gripið fram í.) Hann fréttir það, akkúrat, hann fær að sjá listann einhvern tíma. Kannske ekki í sjónvarpinu en einhvern tíma seinna. Þannig gengur það fyrir sig.

Og síðan kemur hér næsta mál, herra forseti, sem er 456. mál á þskj. 475, frv. til laga um Byggðastofnun. Það er þriðja afkvæmið sem þá verður til út af Framkvæmdastofnuninni. Fyrst var það Þjóðhagsstofnun, svo er það Þróunarfélag og síðan er það Byggðastofnun. Um þetta frv. gilda þær almennu athugasemdir sem ég hef í rauninni þegar gert. Það er gert ráð fyrir því að Byggðastofnunin heyri undir forsrh. í stað ríkisstj., eins og þetta er nú, þ. e. að Framkvæmdastofnunin heyrir undir ríkisstj. í heild. Menn kunna að bera því við og segja: Ja, ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald, það er auðvitað eðlilegt að þetta heyri undir einn ákveðinn ráðherra frekar. En þá spyr ég: Af hverju forsrh.? Ég bendi á það í þessu efni að það er í rauninni mjög óeðlilegt að forsrh. fari með yfirstjórn þessa málaflokks, mjög óeðlilegt. Það er mjög óeðlilegt að stofnun, sem fjallar um atvinnulíf og byggðajöfnun m. a., heyri undir forsrh. Ég teldi að mörgu leyti eðlilegra að Byggðastofnun heyrði undir félmrn. Það er sjónarmið sem ég hef áður látið koma fram og ég endurtek það núna.

Félmrn. fer með málefni sem varða sveitarfélögin, fer með Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég teldi þess vegna miklu eðlilegra að félmrn. hefði með þennan málaflokk að gera. Þetta er sjónarmið sem oft hefur komið fram hjá Alþb., en þetta er einnig sjónarmið sem hefur komið fram hjá Alþfl., m. a. í frv. sem ég trúi að Alþfl. hafi flutt hér á síðasta kjörtímabili. Ég spyr því: Eru einhver sérstök rök fyrir því að þetta sé allt saman undir forsrn., Þróunarfélagið þá líka? Forsrn. fer ekki með atvinnumál almennt en Þróunarfélagið ku eiga að hafa almennar skyldur í atvinnumálum. Forsrn. fer ekki með almenn atvinnumál en hins vegar fer iðnrn. með mjög mikilvæga þætti atvinnumála. Af hverju er verið að setja þessa hluti undir forsrn.? Þetta er bastarður í stjórnkerfinu eins og tillaga er gerð um þetta núna.

Ég vil þess vegna beina því til hæstv. ríkisstj. að hún hugleiði hvort þetta frv. um byggðamál á ekki að heyra undir félmrn. og hvort frv. um Þróunarfélag ætti ekki að heyra að einhverju leyti frekar undir atvinnuvegaráðuneytin en undir forsrn.

Varðandi þetta frv. um Byggðastofnun er felld út sú áhersla sem er í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins á byggðastefnu. Það segir hér í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins, með leyfi hæstv. forseta, 10. gr.:

„Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.“

Og í 28. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum o. s. frv. og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Í þessu frv. um Byggðastofnun á þskj. 775 eru þessar áherslur um jafnvægi í byggð landsins, jöfnun byggðar í landinu, felldar út. Að vísu segir í 3. gr.:

„Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m. a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Þetta er gott svo langt sem það nær. En ég vil spyrja: Hvaða pólitísk hugsun er á bak við það hjá forsrh. að fella niður áhersluna á jafnvægi í byggð landsins? Hefur Framsfl. gert það upp við sig að yfirgefa þær áherslur sem hann áður taldi sig hafa varðandi jafnvægi í byggðum landsins? Eða hvaða önnur hugsun er á bak við það að þetta ákvæði er fellt út úr lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins eins og tillaga er um hér?

Í grg. með frv. segir m. a. svo, herra forseti:

„Ótvírætt er að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, munu gera Byggðastofnun allsjálfstæða og skapa um leið möguleika á því að takast megi að gera störf hennar og stefnumótun markviss og árangursrík.“

Ég spyr: Hvað er það í frv., eins og það lítur hér út, sem gefur til kynna að ótvírætt sé um þær breytingar til bóta að ræða sem nefndar eru í grg.? Ég segi: Það er ekki neitt, ekki neitt. Ef eitthvað er þá er heldur dregið úr áherslum frá því sem verið hefur. En ég vil spyrja: Hvaða ótvíræðu breytingar fyrir byggðir í landinu eru til bóta í þessu frv. eins og það liggur hér fyrir?

Ég vil þessu næst, herra forseti, vekja athygli á 20. gr. frv. Þetta er ný grein, trúi ég:

„Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“

Hér er um hefðbundna grein að ræða, þagnarskyldugrein, sem ég hygg að sé sú sama og er í bönkunum, geri ráð fyrir því. En mér sýnist að þetta sé ný grein í lagaákvæðum um Byggðasjóð og Byggðastofnun. Og þá vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Er ætlunin að þrengja aðgang almennings að upplýsingum um Byggðastofnun og Byggðasjóð frá því sem verið hefur? Er það ætlunin? Ef það er ekki þá væri gott að fá það fram en upplýsingar um þessa grein komu ekki fram í ræðu hæstv. forsrh.

Þá kem ég næst, herra forseti, að frv. á þskj. 776, 457. máli, sem heitir frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands. Og þá er fyrst sú almenna athugasemd sem ég hef áður gert: Þessi stofnun á skv. frv. að heyra undir forsrh. en heyrir nú undir ríkisstj. í heild. Sjóðurinn er tekinn í raun og veru undan stjórn Alþingis að öllu leyti. Forsrh. á að skipa stjórn þriggja manna. Vald embættismanna er því stórkostlega aukið frá því sem verið hefur og hélt ég að flestum þætti þó nóg um í þeim efnum. Í 3. gr. er gert ráð fyrir þriggja manna stjórn, einn skv. tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn skv. tilnefningu fjmrh. og einn án tilnefningar og skal hann

vera formaður stjórnarinnar. Ég vil vísa til þess sem ég sagði hér í upphafi máls míns um þetta atriði.

En ég vil síðan spyrja: Er ekki óvenjulegt í lagafrumvörpum það sem lesa má hér í 4. gr.? Það eru auðvitað alltaf unnin ýmis brautryðjendastörf hjá þessari stjórn, eins og t. d. það að hún er með erlend lán í húsnæðismálum, svo að hún fer á undan í ýmsum efnum. En það er nokkuð athyglisvert að hérna stendur:

„Hinn 1. janúar 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum."

Hvað er eignarhaldsfyrirtæki ríkisins? Hvað er það? Það er ekkert frv. um það hér, a. m. k. ekki í þessum bunkum sem ég hef hér. Og ég kannast ekki við að forseti hafi lesið það upp að útbýtt hafi verið frv. um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins. Hvar er sú skepna nú á vegi stödd í stjórnarsamstarfinu? En hérna er engu að síður flutt frv. um það að þetta eignarhaldsfyrirtæki ríkisins á að eignast alla hluti Framkvæmdasjóðs í ýmsum fyrirtækjum núna bara strax um næstu áramót.

Í ræðu forsrh. komu ekki fram sérstakar upplýsingar um það hvar þetta mál er á vegi statt, þetta eignarhaldsfyrirtæki. Hver á að ráða þessu eignarhaldsfyrirtæki? Er það forsrh.? Á hann að ráða því líka? Eða iðnrh.? Kannske hann fái að ráða einhverju núna. Hvar er þetta eignarhaldsfyrirtæki eiginlega á vegi statt og hvers lags eiginlega skrímsli er það? Er meiningin að það eigi hluti ríkisins í öllum atvinnufyrirtækjum í landinu? Ja, þá er nú „báknið burt" loksins komið á leiðarenda.

Hvar er frv. til laga um þetta bákn, ríkisbákn? Ég óska eftir að hæstv. forsrh. svari því hér á eftir.

Þegar farið er yfir þetta frv. og það borið saman við lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins þá kemur það í raun og veru fram að hlutverki og skipulagi Framkvæmdastofnunarinnar, sem er kveðið á um í I. kafla laganna, er breytt í grundvallaratriðum, eins og ég hef hér rakið, þannig að vald ríkisstj., embættismanna og forsrh. er stóraukið frá því sem verið hefur, en vald Alþingis minnkað. II. kafli laganna um Framkvæmdastofnun fjallar um áætlanadeild. Hún er að hluta til sett undir Byggðastofnun en að hluta til má segja að verkefni hennar séu sett á þetta Þróunarfélag að nokkru leyti. III. kafli fjallar um byggðadeild. Hennar verkefni fer á Byggðastofnun. IV. kaflinn fjallar um lánadeild. Það er aðalkafli laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þau verkefni fara annars vegar til Byggðastofnunar, hins vegar til Þróunarfélags og líka til Framkvæmdasjóðs. V. kaflinn fjallar svo um Framkvæmdasjóð Íslands. Það verkefni er flutt yfir til Framkvæmdasjóðs sem yrði sjálfstæð stofnun ef þetta verður samþykkt sem hér er lagt til.

Ég held að það sem hér er að gerast sé ósköp einfaldlega það að hér hafa verið lögð fram þrjú frv. til laga um pólitíska einokun helmingaskiptaflokkanna á þessu stjórnkerfi. Það held ég að sé kjarni málsins. Í rauninni eru hér engar stjórnarbætur á ferð, engar upplýsingar liggja fyrir um það að hve miklu leyti þetta getur orðið til að bæta og styrkja atvinnulífið í landinu frá því sem það er nú. Að vísu má segja að í frv. felist viss viðurkenning beggja stjórnarflokkanna á því að það er ríkið sem verður að hafa forgöngu um helstu uppbyggingu í atvinnulífi hér á landi. Það er viðurkenning á því að frjálshyggjukreddurnar eiga ekki við íslenskt atvinnulíf, vegna þess að samfélagið verður að koma þarna til, því að pilsfaldakapítalistarnir á Íslandi eru svo aumir að þeir ráða ekki við neitt frumkvæði eða forustu þegar allt kemur til alls. Og það er ánægjulegt að forustumenn Sjálfstfl. skuli vera orðnir svo þroskaðir að þeir geri sér grein fyrir þessum staðreyndum.

Í heild eru þessi frv. í rauninni öll mjög í skötulíki, ófullkomin frá tæknilegu sjónarmiði og margt að athuga við þau pólitískt eins og hér hefur komið fram í máli mínu. Ég tel að þessi frv. séu flutt til þess að bjarga pólitískum hnút á milli stjórnarflokkanna og innan stjórnarflokkanna. Á bak við þau er engin önnur alvara, því miður. Þess vegna er nauðsynlegt að menn hefji hér hið fyrsta umræður um atvinnumál, þróun þeirra á komandi árum og hvað má gera til að auka verðmætasköpun, til að styrkja lífskjör Íslendinga í samanburði við aðrar þjóðir.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því, herra forseti, að vekja athygli á nokkrum tölum. Ef við gerum ráð fyrir því að þjóðartekjur á mann á Íslandi hafi verið 100, þá eru þær í Bandaríkjunum 126, í Kanada 117, í Danmörku 114, í Svíþjóð 131. Ef við tökum hins vegar verga þjóðarframleiðslu eftir hverja unna vinnustund, þ. e. það sem fólkið í landinu skilur eftir sig í verðmætum eftir hverja unna vinnustund og segjum að talan fyrir Ísland sé 100, þá er þessi tala fyrir Bandaríkin 211, fyrir Kanada 194, fyrir Danmörku 175 og fyrir Svíþjóð 196. Þetta segir okkur margt bæði um lífskjör og stöðu íslensks atvinnulífs. Ég held að við eigum að setja okkur það markmið að lífskjör á Íslandi verði á komandi árum bæði í kaupi og í félagslegri þjónustu sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar. Til þess að svo megi verða verður hagvöxtur hér á landi að verða meiri á ári hverju á komandi árum heldur en í samkeppnislöndum okkar. Það leggur okkur á herðar mjög alvarleg og erfið viðfangsefni. Ég tel hins vegar að þeir möguleikar, sem eru fólgnir í íslenska þjóðarbúinu, í verkþekkingu og reynslu og auðlindum þjóðarinnar, séu svo miklir að við getum sett okkur þetta markmið, að við séum hér til frambúðar með lífskjör sem eru fyllilega sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar, bæði í kaupi og félagslegri þjónustu. Ef okkur tekst að ná því markmiði þá hefur okkur tekist að tryggja að það sem hv. 5. þm. Reykv. kallaði hér á dögunum þilraunina um íslenska lýðveldið, þá hefði okkur tekist að tryggja það að tilraunin með íslenska lýðveldið hefði náð að framkvæmast fullburða. Annars getur hún verið í hættu, herra forseti.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 76. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Viðmiðunarverð Fiskveiðasjóðs á fiskiskipum, fsp. 387. mál (þskj. 624). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Í desembermánuði s. l. fengum við þær fréttir af ríkisstjórnarfundi í fjölmiðlum að ríkisstj. hefði samþykkt að óska eftir því við Fiskveiðasjóð að Fiskveiðasjóður ákveði viðmiðunarverð fyrir einstök fiskiskip

miðað við ákveðinn greiðslutíma og greiðslukjör, þ. e. þau fiskiskip sem seld mundu verða á nauðungaruppboði. Eftir því sem birtist í Morgunblaðinu er samþykkt ríkisstjórnarinnar svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. beinir því til stjórnar Fiskveiðasjóðs að þeim fiskiskipum, sem sjóðurinn kann að eignast á næstu mánuðum, verði ráðstafað með eftirgreind meginsjónarmið í huga:

Fiskveiðasjóður ákveði viðmiðunarverð fyrir einstök fiskiskip miðað við ákveðinn greiðslutíma og greiðslukjör.

Útgerðaraðilum í þeim byggðarlögum, sem hafa byggt afkomu sína á útgerð skipanna, verði að höfðu samráði við sjútvrn. gefinn kostur á að semja um kaup á skipunum með framangreindum kjörum, enda bjóði aðrir aðilar ekki betra heildarverð og greiðslukjör."

Í umræðum um þessa samþykkt ríkisstj. heyrðist hvort tveggja: að ákveða ætti viðmiðunarverð þannig að skipin yrðu metin út frá heildarmati miðað við gerð og stærð skipa þannig að nokkurn veginn verði vitað fyrir fram hvað slíkt skip mundi kosta, og svo á hinn veginn, sem samþykktin virðist frekar benda til, að í hverju einstöku tilviki yrði ákveðið viðmiðunarverð. Nú bíða nokkur skip uppboðs hjá Fiskveiðasjóði. Þau byggðarlög sem þessi skip eru staðsett í búa sig til að reyna að halda skipunum á heimaslóð og bíða m. a. eftir því að Fiskveiðasjóður gefi út viðmiðunarverð á skipin svo að heimaaðilar geti verið viðbúnir því, þegar skipin verða boðin upp, að ganga til samninga við Fiskveiðasjóð á slíkum grundvelli.

Fsp. mín er: „Hefur stjórn Fiskveiðasjóðs orðið við þeirri beiðni ráðherra að ákveða viðmiðunarverð er gildi við endursölu á þeim skipum sem kunna að verða seld á nauðungaruppboði?" Fsp. minni er beint til hæstv. sjútvrh.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Erindi það sem Fiskveiðasjóði barst frá ríkisstj. var rætt fyrst á stjórnarfundi þar 15. janúar. Það hefur síðan verið rætt á fjölmörgum fundum en eigi er komin endanleg niðurstaða stjórnarinnar þannig að enn þá hefur stjórn sjóðsins ekki orðið við þeirri beiðni sem hv. fyrirspyrjandi spyr um. Hins vegar hefur farið fram verulegt starf í því sambandi. Ég bendi á í þessu sambandi að Fiskveiðasjóður hefur þegar boðið í eitt af skipunum sem hér er rætt um. Tilboð Fiskveiðasjóðs hljóðaði upp á húftryggingarverð skipsins en fram að því hefur það verið venja að Fiskveiðasjóður bjóði sem samsvarar öllum áhvílandi skuldum við sjóðinn.

Því miður hef ég ekki önnur svör við þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svar hans þó að það hafi verið á þann veg að í því fólust litlar upplýsingar. Ég veit að fyrir þá aðila, sem um þessi mál fjalla nú á of mörgum stöðum um landið, er það neikvætt að upplýsingar um þessa hluti liggja ekki fyrir. Í ræðu sjútvrh. kom þó fram að Fiskveiðasjóður bauð í eitt skip, Sigurfara frá Grundarfirði. Sú upphæð sem sjóðurinn bauð var húftryggingarverð skipsins. Manni verður því spurn hvort það sé hið fyrirhugaða viðmiðunarverð sem búast megi við að þessi skip verði til sölu á frá Fiskveiðasjóði fyrir heimaaðila. Ég tel að ef líkur væru fyrir því væri mjög nauðsynlegt að heyra það frá ráðherra hvort við því mætti búast.

Hvalveiðar, fsp. 411. mál (þskj. 673). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Hinn 2. febrúar 1983 var samþykkt með naumum meiri hl. hér á hv. Alþingi að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um það að algjört bann yrði sett á hvalveiðar frá og með árinu 1986. Að öllu óbreyttu mun því þetta bann taka gildi hér á landi vorið 1986. Sú hvalvertíð sem nú fer í hönd eftir rúman mánuð mun því verða hin síðasta á Íslandi gangi eftir áður gerðar samþykktir. Þá mun leggjast niður starfsemi hvalstöðvarinnar í Hvalfirði eftir 38 ára starf — starfsemi sem hefur veitt um 200 manns góða sumaratvinnu. Slík stöðvun mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir lítið hreppsfélag eins og Hvalfjarðarstrandarhrepp, sem byggir tekjur sínar að stórum hluta á þeirri starfsemi sem þarna fer fram, auk þess mannafla sem þarna missir atvinnu.

S. l. sumar voru veiddar frá stöðinni 167 langreyðar og 95 sandreyðar. Í sumar hljóðar aflakvótinn upp á 201 dýr, 161 langreyði og 40 sandreyðar, eða 61 dýri færra en í fyrra. Á s. l. ári var leyft að veiða hér við land 170 til 180 hrefnur sem einkum voru unnar á Brjánslæk og við Eyjafjörð. Í ár verður leyfð veiði á um 140 dýrum.

Margir halda að hvalafurðir mæli svo lítið í okkar útflutningi að það taki varla að tala um það. Árið 1984 voru hvalafurðir 1.4% af heildarútflutningi þjóðarinnar en 2% af sjávarútflutningi. Til samanburðar mætti t. d. nefna það að hlutur kísilgúrs í heildarútflutningi 1984 var 0.8%.

Hvalveiðar við Ísland hafa verið undir ströngu eftirliti mörg síðustu ár. Stjórnendur hvalveiðistöðvarinnar hafa verið þar vel á verði og gert sér fullkomlega ljóst að í þessum veiðiskap skyldi farið varlega og ekki gengið á stofninn, heldur leitast við að halda þar jafnvægi. Vísindamenn okkar hafa einnig fylgst þar með og skýrslur þar um lagðar fyrir Alþjóðahvalveiðiráðið. Mat okkar manna, sem þarna hafa um fjallað, hefur verið á þann veg að þarna hafi vel og gætilega verið að staðið. Þess vegna er það harður dómur fyrir okkar litlu eyþjóð, sem lifir að stærstum hluta á sjávarfangi sem allt er tekið innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar, að þurfa að hlíta úrskurði erlendra þjóða í þessum efnum sem afgreiða málin undir þrýstingi öflugra hópa sem kenna sig við náttúruvernd.

Íslendingar hafa sýnt það á undanförnum árum að þeir hika ekki við að taka upp takmarkanir á veiðum nytjafiska og algjör veiðibönn þegar stofnarnir eru í hættu. Allir minnast algjörs banns veiða á suðvesturlandssíld, algjörs banns loðnuveiða og nú verulegs samdráttar í þorskveiðum. Þetta höfum við allt gert þó við höfum átt við verulega efnahagsörðugleika að stríða. Dettur þá nokkrum í hug að við hefðum frekar einhvern sérstakan áhuga á því að útrýma hvalastofninum hér við landið?

Ég geri mér fullvel ljósan þann mikla vanda sem ríkisstj. okkar á við að etja á erlendum vettvangi í hvalveiðimálinu og að lausn þess máls verður að vinna á mjög rökfastan og markvissan hátt. Það verður að takast að sannfæra hina erlendu aðila um að hér verði

hvalveiðar stundaðar undir vísindalegu eftirliti og það sé á engan hátt ætlun Íslendinga eða markmið að ganga svo nærri hvalstofninum innan sinnar fiskveiðilögsögu að honum stafi hætta af.

Hvalveiðimálum hefur lítið verið hreyft hér í þingsölum á þriðja ár. Nú þegar síðasta veiðitímabil er að fara í hönd hef ég leyft mér að spyrja hæstv. sjútvrh. eftirfarandi spurninga á þskj. 673:

„Hafa verið teknar ákvarðanir um framhald hvalveiða, og þar með hrefnuveiða, við Ísland eftir þetta ár? Sé ekki svo: Hvað hyggst sjútvrh. leggja til í þessum efnum?"

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þann 2. febrúar 1983 samþykkti Alþingi þáltill. um hvalveiðibann þar sem segir:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstj., dags. 2. september 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu."

Í nál. meiri hl. utanrmn., sem að baki þessari till. stendur, segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Utanrmn. hefur að undanförnu fjallað ítarlega um hvort samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins varðandi bann við hvalveiðum skuli mótmælt. Nefndin hefur kallað til fundar fjölmarga aðila sem hafa veitt margvíslegar upplýsingar. Að athuguðu máli er það niðurstaða meiri hl. nefndarinnar að ekki sé ráðlegt að bera fram mótmæli.

Undirritaðir nm. telja að mikilvægt sé að auka enn rannsóknir á hvalastofnunum þannig að ávallt sé til staðar besta möguleg vísindaleg þekking sem liggi til grundvallar umræðum og ákvörðun um veiðar í framtíðinni."

Í þessu nál. og í þessari þál. kemur fram skýr stefnumörkun í þessu máli. Í fyrsta lagi: að ekki skuli mótmælt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Í öðru lagi: að það sé nauðsynlegt að auka enn rannsóknir á hvalastofnunum. Og í þriðja lagi: að slíkar rannsóknir liggi til grundvallar umræðum og ákvörðunum um veiðar í framtíðinni. Hér kemur fram sá vilji að hvalastofnarnir verði nytjaðir í framtíðinni ef vísindalegar upplýsingar koma fram sem gera það kleift.

Sjútvrn. hefur að öllu leyti starfað í máli þessu í samræmi við þennan skýra vilja Alþingis. Á s. l. hausti var skipuð nefnd til að athuga með hvaða hætti vísindalegum rannsóknum yrði best fyrir komið eftir árið 1985 og í hvaða mæli væri nauðsynlegt að veiða hval í því skyni að stunda slíkar rannsóknir. Nefnd þessi skilaði skýrslu um málið í lok janúar s. l. og var skýrslan þá kynnt í ríkisstj. Einnig var hún send sem trúnaðarmál til nm. í utanrmn. Alþingis og var efni skýrslunnar rætt á fundi n. í febrúar s. l. Full samstaða varð um það í n. að næsta skrefið í máli þessu væri að gera ítarlega rannsóknaáætlun um vísindalegar rannsóknir — og vil ég taka það skýrt fram að slíkar rannsóknir er því miður ekki hægt að stunda nema um einhverjar hvalveiðar sé að ræða. Þessi rannsóknaáætlun þarf því að ná til tímabilsins 1986—1989. Með bréfi rn. 21. febrúar 1985 var Hafrannsóknastofnuninni formlega falin gerð slíkrar rannsóknaáætlunar.

Stofnunin hefur alveg nýlega skilað ítarlegri áætlun um marghátta rannsóknir á stórhvölum og hrefnum sem miða að því að auka þekkingu okkar á ástandi þeirra hvalstofna sem nýttir hafa verið hér við land, á veiðiþoli þeirra og stöðu hvala í lífkerfi íslenska hafsvæðisins. Í framhaldi af rannsóknaáætlun Hafrannsóknastofnunar er nú unnið að gerð framkvæmdaáætlunar sem nái yfir árin 1986—1989 og er gert ráð fyrir að hún verði jafnvel tilbúin í lok þessarar viku en væntanlega í næstu viku. Þessum rannsóknum er ætlað að auðvelda endurskoðun ákvörðunar um stöðvun hvalveiða samkv. samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1982 og ályktunar Alþingis frá 1983 um að hlíta þeirri stöðvun, og verða m. a. grundvöllur að endurmati á áhrifum veiðistöðvunar sem ætlunin er að verði framkvæmt eigi síðar en 1990.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að mál sem þetta komi til umræðu á Alþingi og eins og hv. fyrirspyrjandi benti á hafa hvalveiðar verið gildur þáttur í tekjuöflun okkar þjóðarbús um margra ára skeið. Ég tel að þær upplýsingar sem hæstv. sjútvrh. hefur hér borið fram sem svar við fsp. beri vott um að að öllu leyti hafi verið eðlilega að máli staðið af hálfu ráðh. í þessu efni á grundvelli þeirrar samþykktar sem Alþingi gerði um að virða bann Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég hef sem aðili að utanrmn. Alþingis átt þess kost á fyrri stigum að fylgjast með þessu máli og upplýsingum sem þar hafa komið fram og ég vil að það liggi fyrir sem mitt viðhorf í þessu að ég tel að hér hafi verið farið fram skynsamlega í ljósi þeirrar ályktunar og ákvörðunar sem tekin var af Alþingi og að við þurfum að gera okkur ljóst að ef við ætlum að ná því marki að nýta þessa sjávarauðlind með eðlilegum hætti og þannig að við bíðum ekki hnekki af út á við, þá þarf að fara hér með ýtrustu gát. Það eru fá efni á alþjóðavettvangi í sambandi við nýtingu sjávarauðlinda sem jafnmikill styrr hefur staðið um og hvalveiðar og ég ætla ekki að fara að rifja neitt upp í þeim efnum. En ég tel að vönduð vinnubrögð af okkar hálfu, rannsóknir á því árabili sem fram undan er, muni skipta sköpum um það hvort fært verði fyrir okkur að hefja nýtingu hvalastofnanna eða veiðar í hvalastofnana á grundvelli þeirra rannsókna.

Ég lít ekki á hvali sem neina undantekningu frá öðrum lífrænum auðlindum, en hvalir hafa sín sérkenni og hvalastofnar. Um þá höfum við vitað allt of lítið, og hvað sem menn vilja segja um málafylgju þeirra sem harðast hafa gengið fram í sambandi við verndun hvalastofna, þá verðum við að gera okkur ljóst að á okkur hvíla augu heimsins í sambandi við þetta mál. Ég vil ljúka mínu máli, herra forseti, með því að hvetja til þess að menn stuðli að því og styðji við það að rannsóknir megi ganga hér fram, rannsóknir sem ekki mega á neinn hátt bera vott um að menn séu að fara á bak við þær samþykktir sem Alþingi hefur gert á sínum tíma og veiðarnar séu eingöngu stundaðar í rannsókna- og upplýsingaskyni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það furðulega gerðist á hv. Alþingi að svo hugdeigt lið reyndist vera hér innan veggja á sínum tíma að menn ákváðu að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Nú er það svo að það er með ýmsu móti sem menn vilja vinna sér vinsældir erlendis og í þessu tilfelli var verið að reyna að þóknast náttúruverndarmönnum. En þeir hafa nú fundið upp á því að leggja það að jöfnu hvort menn ætla að veiða seli eða hvali. Þess vegna hlýtur það

að vera úrslitaatriði að hæstv. sjútvrh. geri það upp við sig hvort hann telur að hætta beri þá selveiðum einnig til að þóknast þessum sömu aðilum. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir hafa ákveðið að vinna gegn hverri þeirri þjóð sem stundar hvalveiðar og selveiðar eða þó hún stundi aðeins selveiðar og engin sérstök áætlun um það af þeirra hendi að hlífa þeim frekar þó þeir stundi aðeins annan veiðiskapinn.

Ég tel þess vegna að rök þeirra manna sem þannig stóðu að hlutunum á sínum tíma séu gjörsamlega fallin og þeir verði að endurskoða sína afstöðu. Það er tómt mál að tala um einhverja framtíð í hvalveiðum þegar menn hafa ákveðið að afsala sér því valdi sem Íslendingar hafa í hendur erlendra aðila á þessu sviði. Þarna standa fyrst og fremst á bak við heildarhagsmunir kjötframleiðsluríkja heimsins varðandi sölu á landbúnaðarafurðum. Bandaríkjamenn stefna að því að jafna viðskiptakjör við Japan með því að selja þeim kjöt og telja að sjálfsögðu að það auðveldi þeim leikinn ef hvalveiðar verða niður lagðar. — Hitt væri öllu meira til manndóms fyrir Alþingi Íslendinga ef það mannaði sig upp í það að taka þá afstöðu að leggja til að við segðum okkur úr hvalveiðiráðinu og tækjum þessi mál í eigin hendur, minnugir þess hins forna að utanstefnur viljum við engar hafa.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það var nú í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns sem mig langaði að leggja örfá orð í belg. Það er að mínu mati, og ég held að það sé rétt mat, ekki svo að við höfum fórnað nokkrum minnsta rétti með því að mótmæla ekki þessari ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég hef lagt mig mjög fram um að kynna mér það mál, gerði það í hitteðfyrra, var að því alllengi. Það er mjög flókið að kynna sér öll þau mál frá 1946 þegar sáttmálinn var samþykktur 2. desember. En við höfum engum rétti glatað með því að mótmæla ekki. Ef þau ríki sem mótmæltu ættu að fá að veiða eitthvað áfram yrðu ¾ í hvalveiðiráðinu að samþykkja það. Ef við hins vegar, sem ekki mótmæltum, sæktum um veiðar áfram undir vísindalegu eftirliti þarf einfaldan meiri hluta til þess skv. gildandi reglum að taka mál okkar fyrir. Að vísu eru þetta fornar reglur og allt aðrir tímar í dag. Og það er því miður ekki svo einfalt að við getum tekið þessi mál í okkar hendur.

Það er rétt að við getum sagt okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu með sex mánaða fyrirvara og kannske eigum við að gera það, en það þýðir ekki að það komi ekki eitthvert annað ráð. Raunar eru langstrangastar reglur í Hafréttarsáttmálanum einmitt um hvali, miklu strangari en um nokkur önnur dýr sjávarins. Það er t. d. algjör skylda að mynda svæðasamtök til þess að vernda hvalinn eftir þeim hafréttarsáttmála sem við höfum barist fyrir og við höfum unnið alla okkar sigra á grundvelli hans eins og allir hér vita. Málið er þess vegna alls ekki einfalt, það er þvert á móti mjög flókið. Og ég bið menn sérstaklega að varast að halda því fram, opinberlega a. m. k., að við höfum glatað einhverjum rétti. Við höfum engum rétti glatað, það er alveg öruggt mál. Ég held að við höfum haldið hyggilega á málum og ég held að hæstv. sjútvrh. geri það nú.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa verið þeirrar skoðunar að hæstv. sjútvrh. fari að með fullri gát. Ég tel að við höfum gert það á Alþingi og farið með þetta mál af fullri ábyrgð og þess vegna er engin ástæða til annars en ræða það yfirvegað og rólega.

Það sem rekur mig hins vegar í ræðustól er að ég undrast nokkuð að hér skuli hafa verið í umferð skýrsla sem einungis hv. utanrmn. hefur fengið að sjá. Ég tel þar nokkuð farið á bak við okkur sem beittum okkur í þessu máli og bárum það mjög fyrir brjósti. Ég vil því mælast til þess að þegar framkvæmdaáætlun liggur fyrir fái allir hv. þm. að sjá hana. Ég tel að hana þurfi að ræða hér.

Ég vil jafnframt leggja áherslu á að ég held að mjög nauðsynlegt sé að það verði haft samráð við Alþjóðahvalveiðiráðið. Óviturlegt væri að gera það ekki. Jafnframt held ég að full ástæða sé til, eins og hæstv. sjútvrh. er eflaust fullkunnugt um, að fylgjast mjög vel með afstöðu Norðmanna og tilraunum þeirra til þess að fá skilgreiningum breytt innan ráðsins. Þeir hafa gengið þó nokkuð fast fram í því að fá breytt þeirri skilgreiningu sem er á veiðum svokallaðra jaðarþjóða sem hafa um langan aldur lifað af hvalveiðum og nýtt alla hluta hvalsins í miklu meira mæli en aðrar þjóðir hafa gert. Norðmenn hafa lagt á það mikla áherslu að a. m. k. fámennari byggðarlög í Norður-Noregi fengju að heyra til þessum kvóta. Ég held að Íslendingar ættu að sjá um að okkar menn væru þar á verði.

Það er tómt mál að deila hér um hvort óhætt sé að veiða hval eða ekki, um það vitum við ekki, og þess vegna er skynsamlegri sú stefna að fara að með gát en að hegða sér óskynsamlega þangað til of seint er að bæta fyrir það. Ég hlýt þess vegna að treysta hinu háa Alþingi til að ræða þessi mál í fullri alvöru og með fullri rósemd. Þegar framkvæmdaáætlun Hafrannsóknastofnunar liggur fyrir tel ég það algjöra skyldu hæstv. ráðh. að sýna okkur hinum hana sem ekki eigum sæti í hv. utanrmn.

En ég þakka svör ráðh. Ég tel að hann hafi farið að skv. vilja meiri hluta Alþingis og samkvæmt bestu vitund.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er sjálfsagt rétt að hér sé um flókið mál að ræða ef það er skoðað frá öllum hliðum. Hitt er annað að þetta er mál sem okkur varðar miklu. Hér við land hafa hvalveiðar verið stundaðar áratugum saman. Það hafa ekki verið þræddir neinir leynistigir í þeim efnum. Það hefur verið farið að lögum og unnið fyrir opnum tjöldum. Þetta er allgildur þáttur í atvinnu landsmanna og útflutningi. Þess vegna getum við ekki lokað augunum fyrir því hver afdrif málsins verða. Það er því ekki seinna vænna en að krefja stjórnvöld upplýsinga og svara nú einmitt þegar „síðasta hvalveiðivertíðin“ fer í hönd.

Ég legg áherslu á að þessar hvalveiðar hér við land hafi verið stundaðar af mikilli gát. Og þær hafa veitt margvíslegar upplýsingar um hvalastofnana og annað sem okkur liggur á að vita í þessu efni. Hitt er sjálfsagt rétt að það er fjölmargt sem við vitum ekki nógu vel enn þá. Ég vil þess vegna láta þá skoðun í ljós að full ástæða sé til þess að krefjast þess af ríkisstjórn og ráðamönnum að mál þessi verði öll könnuð rækilega nú þegar, að vísu með fullri gát, en þó með slíkri festu að unnt verði að halda áfram hvalveiðum við Ísland hér eftir sem hingað til.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli, lagt fram þessa fsp., og einnig þakka ég hæstv. sjútvrh. fyrir mjög gott svar við þessari fsp. Við þm. deildum hér og greiddum atkvæði þannig að munaði litlu um þá samþykkt sem gerð var 1983. Ég tel að það svar sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér fram eigi að vera grundvöllur þess að Alþingi Íslendinga geti sameinast um þá stefnu sem þar hefur verið mörkuð. Þar hefur verið farið að á þann veg sem þál. mælti fyrir eins og hæstv. ráðh. benti á. Rannsóknir hafa verið stundaðar með það í huga að ákvörðun aðgerða í framtíðinni skuli byggjast á þeim rannsóknum.

Ég tel mig reyndar ekki hafa mikið meira um málið að segja að sinni. En mér finnst algjörlega ástæðulaust að þm. komi nú upp í ræðustól og mæli frýjuorð um afgreiðslu málsins fyrir tveimur árum. Hverjir voru þá hugdeigt lið eða ekki? Það hugsa ég að framtíðin eigi frekar eftir að skera úr um en einhver sérstakur ræðumaður geti gert það í dag.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér því að vissulega er um stórt mál að ræða. Þau eru nefnilega mörg litlu hreppsfélögin sem eiga þarna töluvert mikilla hagsmuna að gæta að því er varðar atvinnumál og ekkert síður er vert að líta til þess þáttar sem eru útflutningsverðmætin í sambandi við þessa atvinnugrein.

Ég tók svar hæstv. sjútvrh. svo að það væri a. m. k. einn þáttur þeirrar áætlunar sem nú er verið að vinna að að kanna hvort ástæða væri til þess fyrir Alþingi að endurskoða fyrri ákvörðun. Ég er þeirrar skoðunar að það sé fullkomin ástæða til þess að endurskoða þá ákvörðun sem hér var tekin 2. febrúar 1983. Ég hef þá misskilið hæstv. sjútvrh. illilega ef það kom ekki fram í hans máli að meðal annars væri það starf, sem nú er innt af hendi, til þess unnið að kanna líka hvort ástæða væri til að endurskoða þá afstöðu. Ég held að nauðsynlegt sé að slíkt verði gert. Þarna eru fjöldamargir aðilar sem hafa hagsmuna að gæta atvinnulega séð og á fleiri sviðum.

Þó að ég segi þetta er ég ekki þar með að segja að ekki eigi að fara að málinu með gát. Það er skynsamra manna háttur að gera slíkt. En ég held að það sé full ástæða til þess að hafa sterklega inni í þeirri mynd sem nú er unnið að að skapa að endurskoðun á ályktuninni frá í febrúar 1983 komi fyllilega til greina.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér í þingsölum nú, tveimur árum eftir að Alþingi samþykkti að hlíta banni Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Það er vissulega tímabært að hugleiða þetta mál á nýjan leik, ekki síst í ljósi þeirra miklu efnahagslegu og atvinnulegu hagsmuna sem við hvalveiðar eru bundnir. Þá á ég ekki aðeins við veiði stórhvala sem fyrirspyrjandi nefndi svo, en þar er um atvinnu hátt á annað hundrað manna að ræða og verulegar gjaldeyristekjur, heldur einnig hrefnuveiðar víða um land. Þess vegna er full ástæða til þess að velta því fyrir sér hver framtíðin verður að loknu þessu ári í hvalveiðum.

Vegna þeirra ummæla sem við höfum heyrt í þessum umr. vildi ég leggja örfá orð í belg og í fyrsta lagi víkja að Hafréttarsáttmálanum sem kom hér á dagskrá. Þar er ekki að finna neitt bann eða nein sérstök fyrirmæli um almennar takmarkanir á hvalveiðum. Hafréttarsáttmálinn byggir á því að auðlindir hafsins séu nýttar, en jafnframt að þeim sé veitt full vernd gegn ofveiðum.

Nú liggur fyrir samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins sem er tekin á ákaflega hæpnum grunni. Alþingi hefur hins vegar ákveðið að hlíta henni og við svo búið situr vitanlega. En vegna ummæla eins hv. alþm. um það að við vitum ekkert um það í dag hér á Íslandi hvort óhætt er að veiða hvalastofninn eða ekki, þá er óhjákvæmilegt að benda á að fram að þessu liggja ekki fyrir neinar vísindalegar rannsóknir eða niðurstöður um það að hvalastofnarnir við Ísland séu rányrktir. Þetta er staðreynd sem ástæða er til að undirstrika og hafa í huga. Þvert á móti sýna aflatölur að í þau 40 ár sem hvalveiðar hafa nú farið fram hér, allt frá stríðslokum, hafa stofnarnir ekki farið minnkandi.

Nú gat sjútvrh. um sérstaka framkvæmdaáætlun hvað hvalveiðar snertir. Hana hafa þm. ekki séð né heldur utanrmn. Það er ugglaust næsta skref og það er skynsamlegt skref. Ástæða er til að fagna að skriður er kominn á málið. Það er ekki seinna vænna vegna þess að bannið tekur gildi frá upphafi næsta árs. En ég held að full ástæða sé til að leggja áherslu á að til þess að vísindalegar upplýsingar og staðreyndir fáist verður vitanlega að standa að söfnun þeirra í verulegum mæli. Einnig verður að heimila veiðar í vísindaskyni í sem ríkustum mæli til þess að unnt sé að afla sem mestra, gleggstra og viðtækastra staðreynda um göngur hvala hér við land, um stofnstærð, aldursskiptingu, dreifingu o. s. frv. Það er því ástæða til að láta þá ósk í ljós að hér verði um sem víðtækasta rannsóknar- og vísindaáætlun að ræða.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er e. t. v. ekki ástæða til þess að bæta miklu við það sem hefur hér verið sagt. Ég vil taka undir margt af því sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Ég held að við hljótum að reyna að athuga alla möguleika á því að halda þessum veiðum áfram ef þess er nokkur kostur. Mér er sagt af þeim sem hafa stundað þessar veiðar að ekkert bendi til þess að stofninn hafi minnkað á undanförnum árum. Þetta eru að vísu þeir sem stunda veiðarnar. Þó hefur sýnt sig að t. d. hrefnuveiðarnar hafa gengið það greiðlega að það hlýtur að benda til þess að mikið sé af hrefnu víða við land. Sömu sögu má segja um hvalveiðarnar. Þetta er auðvitað engin vísindaleg úttekt á þessum málum, en bendir alla vega til þess að stofnstærðirnar séu ekki minni en þær hafa verið um árabil.

Ég vil leggja á það áherslu að reynt verði að halda á þessum málum á þann veg — og því fyrr því betra — að hægt sé að halda þessum veiðum áfram.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég átti ekki sæti á því Alþingi sem tók þá ákvörðun sem hér er til umræðu að nokkru leyti árið 1983. Það vildi hins vegar svo til að ég fylgdist með störfum hv. Alþingis héðan ofan af áhorfendapöllum og mér eru þingstörfin þennan dag nokkuð minnisstæð. Reyndar var drjúgum hluta dagsins varið til að ræða annað málefni, sem var ríkisábyrgð á láni til gullleitar á Skeiðarársandi, og er mér þetta nokkuð minnisstætt. Ég er þeirrar skoðunar,

herra forseti, að sýnu gæfulegri hafi sú afstaða verið sem menn tóku hvað varðar það mál er hér er til umr. Ég vil taka undir með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að ég held að á því leiki ekki tvímæli að staða okkar er sterkari í dag vegna þeirrar ákvörðunar sem Alþingi bar gæfu til að taka á árinu 1983. Menn ættu að hugleiða hvort ekki væri erfiðara að sækja fram og fá viðurkenningu á stöðu okkar á grundvelli vísindalegra rannsókna og undir vísindalegu eftirliti ef við hefðum ekki staðið svona að málum. Ég er alveg sannfærður um það. Ég tel að málið hafi sem sagt þróast á nokkuð gæfulegan máta og hvet hæstv. sjútvrh. til að halda áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð í málinu. Ég vænti þess að það geti skilað okkur meiru en ef hefði verið staðið öðruvísi að.

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar fylgjumst með því hvað aðrar þjóðir í kringum okkur, sem svipaða stöðu hafa, eru að gera í þessum efnum, t. d. viðleitni Norðmanna til að fá viðurkennda ákveðna sérstöðu sinna strandhvalveiða og einnig að fylgjast með því hvernig málefnum Grænlendinga og Kanadamanna reiðir af í þessum efnum. Ég tel að með því að halda áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð muni staða okkar verða nokkuð sterk hvað þetta varðar. Ég hvet til þess að það verði gert og vara eindregið við því að rasa um ráð fram nú sem áður.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það bætir ekki stöðu þessa máls þó að önnur afglöp hafi verið samþykkt sama dag í sölum Alþingis og e. t. v. sami baráttumaður fyrir báðum.

En spurningin er þessi: Hvaða lífskjör viljum við hafa í þessu landi? Höfum við efni á því að rústa vel rekin fyrirtæki sem eru að nýta auðlindir þessa lands undir eftirliti íslenskra vísindamanna og undir eftirliti sjútvrn.? Teljum við að grasafræðingarnir í Sviss og Austurríki viti meira um þessi mál? Það er spurningin sem menn verða að gera upp við sig. — Ég veit að sumir hafa áhuga á því að fletta öðrum blöðum og skoða aðra hluti þegar þessi mál eru til umr. nú vegna þess að þeir töluðu af það mikilli vanþekkingu seinast að þeir hafa ekki efni á því að það verði rifjað upp.

Hitt er aftur á móti athyglisvert þegar formaður utanrmn., hv. 4. þm. Norðurl. v., hvetur menn til að tala í það minnsta ekki um það upphátt að við höfum gert vitleysu. Hvað er verið að segja? Menn eiga að tala um það í hljóði. En hvenær tala menn um hlutina í hljóði? Það er þegar þeir eru búnir að gera þau mistök að þeir skammast sín fyrir að tala um þá upphátt.

Auðvitað þurfum við að endurskoða okkar afstöðu. Auðvitað þurfum við að hafa það sem meginmarkmið að nýta þær auðlindir sem hér eru, að sjálfsögðu undir vísindalegu eftirliti. Og ég vil halda því fram að við höfum ekki efni á því að rýra lífskjör þjóðarinnar með því að taka jafnvitlausar ákvarðanir og teknar voru hér á Alþingi á þeim degi sem minnst var á áðan.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er eingöngu til að forða misskilningi að ég kveð mér hljóðs. Síst af öllu vil ég fara að rifja upp gamlar deilur og tel að það þjóni engum tilgangi að við séum að ræða það núna hvort rétt var eða rangt gert. Ég sagði aðeins að við hefðum ekki glatað rétti, að mínu mati, með því að mótmæla ekki. Það hníga að því mörg rök. Við getum sagt okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu ef við ekki viljum hafa með það að gera o. s. frv. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök. Við skulum ekki fara að deila um hvort við gerðum rétt eða rangt, en við höldum því ekki fram opinberlega, framan í þeim sem við eigum undir högg að sækja að ná rétti til hvalveiða undir vísindalegu eftirliti, að við höfum farið rangt að og tapað rétti. Við hljótum að halda því fram að við höldum öllum okkar rétti og ekki síðri rétti en þeir sem hafa mótmælt, enda þurfa þeir ¾ til þess að fá samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins til breytinga, en við þurfum ekki nema meiri hluta atkvæða til að okkar mál verði tekið fyrir, það liggur alveg fyrir í samþykktum ráðsins.

En umfram allt: förum ekki að deila um þetta. Þetta var mikið álitamál og við sem vorum þá í utanrmn. þurftum að leggja á okkur mikla vinnu, og ekki nema sjálfsagt að gera það, til að komast að niðurstöðu. Við vorum ekkert að deila þar í nefndinni. Það endaði með því að sitt sýndist hvorum, meiri hluta og minni hluta, og gengum til atkvæða. Það munaði víst einu atkvæði. Það þjónar ekki tilgangi að fara að rifja það upp og rífast um það.

Að því er varðar Hafréttarsáttmálann þá vill svo vel til að honum verður, held ég, útbýtt hér í dag eða þá á fimmtudaginn í íslenskri þýðingu. Þá geta allir lesið það sem þar stendur um núgildandi rétt í þeim málum er hvalina varða.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að hlýða á svar hæstv. sjútvrh., en ég fagna því að þetta mál skuli hafa verið tekið hér upp. Af umræðum sem ég hef heyrt hér þykist ég nokkuð mega ráða hverju hann hefur svarað. En í mínum huga var það heldur dapurlegur dagur í þingsögunni þegar Alþingi tók þá ákvörðun að mótmæla ekki banni Alþjóðahvalveiðiráðsins, dapurlegur vegna þess að þá komu hv. þm. hér hver á fætur öðrum í þennan ræðustól og beygðu sig ekki fyrir rökum heldur fyrir hótunum. En þetta er liðin tíð, búið og gert og tilgangslaust um það að tala nú.

Ég vil eindregið hvetja til þess að leitað verði allra leiða til þess að unnt verði í einhverjum og helst sem mestum mæli að halda héðan áfram hvalveiðum þannig að þessi atvinnugrein megi áfram vera til staðar vegna þess að hér er ekki aðeins um að ræða einn þátt atvinnulífsins, heldur er hér beinlínis um að ræða þátt og ekki lítinn í okkar mannlífi og menningu.

Það er eitt sem ég einkum sakna í þessu máli, sem þögn hefur nú ríkt um að undanförnu, og það er að við höfum látið undir höfuð leggjast að kynna okkar rök og kynna okkar málstað. Á hverri einustu ráðstefnu þar sem fjallað er um náttúruverndarmál kynna þeir grænfriðungar, sem fara þó með litlum friði og hóta efnahagslegum hermdarverkum, sín mál mjög rækilega. Þetta höfum við ekki gert. Okkar rök, sem vissulega eru þung og veigamikil, hafa legið í þagnargildi. Þess vegna vil ég skora á hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því að okkar rök og okkar málstaður í þessu veigamikla hagsmunamáli verði kynnt betur en gert hefur verið þannig að okkar sjónarmið megi berast sem víðast. Við höfum sterk rök og gild rök fyrir okkar málstað í þessu máli, en við höfum látið undir höfuð leggjast að flytja þetta mál og færa rök fyrir okkar málstað svo sem vert hefði verið. Til þess vil ég eindregið hvetja. Þetta kostar nokkurt fjármagn, því er ekki að neita, en við eigum

ekki að horfa í það. Við eigum að láta nokkurt fé af hendi rakna til þess að sem flestum megi verða ljóst að þeir ofstopamenn sem beita sér gegn okkur í þessu máli, og ég segi ofstopamenn og er reiðubúinn að standa við það, hafa ekki allan rétt og öll rök sín megin. Við eigum þarna líka bæði rétt og rök.

Fyrirspyrjandi (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér við fyrirspurn minni. Mér finnst að það hafi verið full þörf á því að spurt væri um þetta mál sem hér hefur legið í þagnargildi að mestum hluta frá í byrjun árs 1983. Það kemur á daginn núna þegar við ræðum þessi mál, sem við vissum ekki um óbreyttir þm., að í þessum málum er mikið unnið, virðist vera, og verið að gera þar áætlanir og menn vinna að því að leysa þessi mál. Ég fagna því mjög. Þetta vissi ég ekki um áður en fsp. var borin upp. Ég vona, og vil ekki vekja upp neinar frekari umræður um þessi mál, að þarna verði jákvæður og góður árangur sem fyrst. Ég held og hef trú á, eftir orðum hæstv. sjútvrh., að hér verði hvalveiðar áfram. Hvað miklar getum við ekki sagt um, þær verða undir vísindalegu eftirliti að sjálfsögðu, enda þurfa Íslendingar ekki að óttast slíka hluti. Við höfum sýnt það og sannað, eins og ég tók fram áðan, með þá nytjastofna sem við höfum verið að friða hér við landið, að þar hefur engin þjóð staðið okkur framar. Og ég þyrði að fullvissa alla aðila um að gagnvart hvalnum og slíkum stofnum væri ekki hætta á því að Íslendingar gengju lengra en góðu hófi gegndi. Þess vegna höfum við sérstöðu í þessu máli sem við þurfum að nýta okkur sem best á alþjóðavettvangi í viðræðum við þessa aðila.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég þakka þessar umr. Mér fannst koma fram í reynd mikil samstaða um þessi mál þó að menn séu ekki algerlega sammála. Það er nú svo að hér er um viðkvæmt mál að ræða og ég hef ekki séð neina ástæðu til þess að vera að tilkynna um það sérstaklega þótt sjútvrh. væri að vinna skv. vilja Alþingis í þessu viðkvæma máli. Hins vegar fer sá undirbúningur nú að komast á það stig að nauðsynlegt er að ræða framhaldið.

Við töldum nauðsynlegt að kynna málið í vetur í utanrmn. til þess að fullvissa okkur um hvort rétt væri að vinna þá rannsóknaráætlun sem nú hefur verið unnið að og síðan framkvæmdaáætlun um þær rannsóknir á grundvelli þeirrar miklu skýrslu sem þá lá fyrir.

Ég vil taka það sérstaklega fram út af ummælum sem komið hafa fram í umr. að það er ekki á dagskrá af minni hálfu að endurskoða ákvörðun Alþingis og ég mun ekki beita mér sérstaklega fyrir því. Ég vil að það komi hér skýrt fram. Ég hef sannfærst um það og tel að sú ákvörðun hafi verið rétt og ég ætla ekki að styðja það frekari rökum. Við Íslendingar höfum alltaf lagt okkur fram um að reyna að ná samstöðu á alþjóðavettvangi um okkar mál. Við erum mjög háðir alþjóðlegri samvinnu og okkur ber að vinna málefnum okkar framgang eftir því sem við best getum innan alþjóðlegra samtaka. Hitt er svo annað mál að það eru mjög margir innan Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem þar ráða úrslitum, sem hafa afar lítið inngrip í þessi mál, því miður, en við því getum við lítið gert. En það ætti að gera okkur kleift að vinna málum okkar framgang.

Ég vil aðeins nefna það að auðvitað eru þessar rannsóknir mjög ítarlegar og vil aðeins nefna tíu atriði í því sambandi: Það er líffræði nytjahvalanna, líffræði friðaðra hvalategunda, samband afla og sóknar, hvalmerkingar, radíómerkingar hvala, hvalatalningar, ljósmyndun hvala, hvalir í vistkerfi íslenska hafsvæðisins, reiknilíkön af hvalastofnunum, eggjahvítusamsetning hvalablóðs og vefja og ýmis önnur verkefni. Hér er því um mjög þýðingarmikið mál að ræða, ekki aðeins fyrir okkur Íslendinga heldur fyrir Alþjóðahvalveiðiráðið og hvalastofnana í heiminum almennt, því að hér er einstök aðstaða til þess að stunda slíkar rannsóknir sem á enga sína líka í heiminum.

Ég tek undir það að að sjálfsögðu þarf að kynna þetta mál. Það hefur verið gert innan Alþjóðahvalveiðiráðsins, innan vísindanefndarinnar, og þau gögn sem við erum nú að undirbúa verða lögð fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins fyrst og síðan rædd á væntanlegum fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem verður haldinn í Bournemouth í Bretlandi í sumar.

Ég vænti þess að upplýsingar þessar hafi reynst fullnægjandi á þessu stigi og tel afar mikilvægt að við náum góðri samstöðu um framhald þessa máls. Það er mikið í húfi. Það er engan veginn víst að okkar áætlunum verði vel tekið af þeim aðilum sem um þær munu fjalla og því má vel búast við því að um það geti orðið einhver ágreiningur og einhver tortryggni. Það er mjög líklegt. Þess vegna vil ég taka það sérstaklega fram að til þess að forðast alla slíka tortryggni er að sjálfsögðu nauðsynlegt að vinna í máli þessu að fullu skv. vilja Alþingis.

Uppeldisstörf á dagvistarheimilum, fsp. 435. mál (þskj. 727). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Á 103. löggjafarþingi flutti ég frv. til l. um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila. Það hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Gerð verði námsskrá á vegum menntmrn. er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Frv. þetta varð að lögum vorið 1981 með þeirri breytingu einni að í stað orðsins „námsskrá" kom inn í frv. orðið „starfsáætlun". Frv. þetta var flutt vegna þess að verulega skorti á stefnumótun varðandi uppeldishlutverk dagvistarheimila, sem annast nú í vaxandi mæli það hlutverk sem fjölskyldan sinnti áður. Breyttir þjóðfélagshættir krefjast þess að vel sé búið að allra yngstu börnunum ekki síður en börnum á grunnskólaaldri og starfsfólk dagvistarheimila finnur vitanlega mjög fyrir vaxandi ábyrgð í starfi sínu.

Með bréfi dagsettu 2. júlí 1982 skipaði þáv. hæstv. menntmrh. nefnd til að semja starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum, sbr. lög nr. 40/1981, um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila. Í nefndina voru skipuð Arna Jónsdóttir fóstra, Elín Edda Árnadóttir nemandi í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Elín G. Ólafsdóttir kennari, Ingibjörg G. Guðmundsdóttir félagsfræðingur, Kristjana Stefánsdóttir dagvistarfulltrúi, Margrét Pála Ólafsdóttir fóstra, Sigríður M. Jóhannsdóttir dagvistarfulltrúi og til vara Jón Björnsson sálfræðingur, Svandís Skúladóttir fulltrúi

í menntmrn. og Valborg Sigurðardóttir skólastjóri Fósturskóla Íslands.

Forstöðu fyrir þessari nefnd hafði Valborg Sigurðardóttir skólastjóri og hefur haft allan tímann. Í erindisbréfi til hennar segir m. a. að starfsáætlunin skuli byggjast á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa í barnasálfræði og uppeldisfræði og með hliðsjón af álitsgerðum sem hafa verið lagðar fram af ýmsum aðilum sem rn. hefur leitað álits hjá. Nefndin hefur starfað frá því í ágúst 1982, tafðist að vísu nokkuð vegna veikinda, en hefur nú lokið störfum og skilað fyrir nokkrum mánuðum ítarlegri skýrslu. Og þar með sýnist vera næst á dagskrá að til framkvæmda komi.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. hvað verði næst á dagskrá, hvert verði næsta skref rn. í þessu máli. Þskj. með fyrirspurninni er ég ekki með í höndunum, herra forseti, ég vænti að það komi ekki að sök.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. hv. 10. landsk. þm. er á þskj. 727 og hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd þeirrar starfsáætlunar um uppeldisstörf á dagvistarheimilum sem samþykkt var að gerð yrði með lögum nr. 40/1981?"

Nefndin sem hæstv. forseti Nd., þáv. menntmrh., skipaði árið 1982 til þess að semja áætlun í samræmi við þessi lög hefur lokið störfum nú fyrir fáeinum vikum. Nefndin hefur kosið að kalla þetta verk sitt „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir." Nefndin skilaði þessari uppeldisáætlun til menntmrn. 25. febrúar s. l. og var hún þá send til þeirra stofnana og félagasamtaka sem tilnefndu fulltrúa í nefndina. Það voru: 1. stjórnarnefnd dagvistarheimila Reykjavíkurborgar, 2. félagsmálaráð Akureyrar, 3. félagsmálaráð Hafnarfjarðar, 4. félagsmálaráð Kópavogs, 5. Samtök foreldrafélaga við dagvistarheimili, 6. Fóstrufélag Íslands, 7. Fósturskóli Íslands og 8. Kennarasamband Íslands.

Þessi uppeldisáætlun er nú í prentun og verður tilbúin til dreifingar í næstu viku að því er ætlað er. Ákveðið hefur verið að senda hana til allra dagvistarheimila á landinu og nokkurra fleiri aðila sem hafa sýnt þessu máli áhuga. Einnig verður hún seld í Námsgagnastofnun. Það má ætla að foreldrar og aðrir þeir sem börn annast hafi áhuga á að kynna sér efni þessa verks.

Um inntak þessarar uppeldisáætlunar má í stuttu máli segja að þar eru sett fram markmið sem nefndin taldi að stefna bæri að í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum. Síðan er fjallað um helstu uppeldissvið, grundvallarviðhorf og meginleiðir í uppeldi ungra barna. Uppeldisáætlunin felur ekki í sér neinar gerbreytingar á því starfi sem nú fer fram á dagvistarheimilum í landinu. Miklu fremur er henni ætlað að auðga það starf, dýpka það og víkka. Uppeldisáætlunin byggir á heföbundnum grundvallarhugmyndum um forskólauppeldi. Markmið starfsins mótast fyrst og fremst af lýðræðislegu lífsviðhorfi og kristilegu siðgæði. Aðaláhersla er lögð á að efla alhliða þroska barnanna, þ. e. líkams-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags- og fagurfræðilegan og siðgæðisþroska og búa börnunum vel skipulagt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði sem jafnframt eru hlýleg og lærdómsrík. Uppeldisáætluninni, sem svo er nefnd, er ætlað að vera leiðarvísir fyrir fóstrur og annað starfsfólk á dagvistarheimilum. Hún á að vera nokkurs konar umgjörð um það uppeldisstarf sem þar fer fram eða sveigjanlegur starfsrammi. Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin að leiðarljósi getur sérhvert dagvistarheimili gert sínar eigin áætlanir og byggt upp uppeldisstarfið í samræmi við þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

Varðandi framhald þessa starfs er rétt að taka fram að ég hef ráðið Valborgu Sigurðardóttur, fyrrum skólastjóra Fósturskólans, til að kynna þessa uppeldisáætlun á dagvistarheimilum fyrir starfsfólki og foreldrum og einnig til að vinna áfram að gerð leiðbeininga fyrir þessa sömu aðila, foreldra og starfsfólk. En Valborg var sérfræðingur þessarar nefndar og hafði á hendi samningu sjálfs nefndarálitsins og frágang þess í nánu samstarfi við nefndarmenn.

Ég ætla, herra forseti, að hér með hafi ég lokið við að svara þessari fsp. og mun fúslega í framhaldi af þessu svari skenkja fyrirspyrjanda það eina eintak sem ég á af þessari uppeldisáætlun í trausti þess að þetta verði tilbúið úr prentun innan fárra daga.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Hér er verið að spyrja um það sem í fsp. er nefnt starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum. Það ber að þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessum mjög svo mikilvæga málaflokki hér inni á Alþingi. Mikilvæga málaflokki, segi ég, vegna þess að þetta mál snýst um þá einstaklinga sem mynda framtíðarþjóðfélag þessa lands. Brýna nauðsyn ber til þess að í þjóðfélaginu fari almennt fram umræða um það mjög svo mikilvæga og krefjandi starf sem innt er af hendi á dagvistarheimilum við, að ég vil segja, lítinn skilning ráðamanna þar að lútandi, lítinn skilning bæði hvað varðar vægi starfsins sem slíks og þá sem afleiðingu þess það skilningsleysi og lítilsvirðingu sem fram kemur í launakjörum þeim sem fóstrum er boðið upp á. Þess vegna er þessi uppeldisáætlun, sem inniheldur markmið og leiðir þess starfs sem fram fer á dagvistarheimilum, svo mikilvæg. Eftir því sem ég best fæ séð eftir þá lauslegu yfirferð yfir skýrsluna, sem ég fékk að láni í gær, hefur tekist mjög vel til. Þarna hefur verið unnið mikið starf sem, eins og áður sagði, hefur skilað sér í mjög heildstæðu verki.

Að öðrum nm. ólöstuðum, sem unnið hafa að þessari áætlun, tel ég ástæðu til að færa sérfræðingi nefndarinnar, Valborgu Sigurðardóttur, sérstakar þakkir fyrir hve vel hefur tekist til. Í heild er áætlunin mjög vel fram sett og á góðu máli jafnframt því sem hún hefur þann ótvíræða kost að mér sýnist hún ekki koma til með að binda á neinn hátt hendur þeirra sem ætlað er að vinna út frá henni.

Eftir að áætlunin hefur verið send út til kynningar vonast ég til að umræða öll og skilningur á þessum málum eflist að mun, bæði meðal almennings og ekki síður meðal ráðamanna.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil bæði þakka hæstv. ráðh. fyrir skýrsluna, sem ég varð eins og hv. síðasti ræðumaður að fá lánaða en á nú, og jafnframt fyrir svör hennar svo langt sem þau náðu. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég tel að margt hafi tekist afar vel við þá skýrslu sem nú er búið að vinna. En það nægir mér auðvitað ekki sem flytjanda þess frv. sem hér um ræðir og varðandi framkvæmd þess að skýrslan verði látin ganga milli dagvistarheimila og foreldra, jafnvel þó að hver lands-

maður fengi að sjá hana. Ég held að þeir sem þá skýrslu gerðu hljóti að hafa hugsað hana sem grundvöll að starfsáætlun. Skýrslan er ekki starfsáætlun í sjálfu sér. Hún bendir á markmið og leiðir, en síðan þarf vitaskuld að vinna upp úr henni áætlun um starf og þá auðvitað námsgögn.

Ég held að það komi skýrt fram í þessari skýrslu og hefur auðvitað oft verið haldið fram að það sem fyrst og fremst vantaði í uppeldisstarf á dagvistarheimilum væri samræming og aðstaða fyrir starfsfólk dagvistarheimila til þess að vinna sitt starf. Benda má á að kennsla sem þessi, sem vitanlega hefur farið fram á dagvistarheimilum þó að hún væri ekki með neina stefnumótun að bakhjarli, hefur farið fram við afskaplega slæm skilyrði. Við vitum öll að fóstrur hafa alls ónógan tíma til að undirbúa sig undir sitt starf auk þess sem þær eru eins og allir vita og eins og aðrir opinberir starfsmenn eru skammarlega illa launuð stétt og satt að segja stundum lítils virt.

Í frv. mínu kom fram að þetta starf skyldi vinna í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna. Það var ekki lítill þáttur í mínu máli, þegar ég mælti fyrir þessu frv., að samræma þyrfti forskólakennsluna og fyrstu ár grunnskóla, vegna þess að alkunna er að þar hefur myndast töluvert bil sem stundum hefur reynst kennurum, sem við börnunum taka, erfitt að brúa. Þá á ég ekki við það að börnin hafi verið verr undirbúin af dagvistarheimilum. Miklu fremur það að það hefur verið þroskamunur á þeim börnum sem komu frá dagvistarheimilum. Ég held þess vegna, hæstv. ráðh., að ég hljóti að spyrja hvort þess megi ekki vænta að frú Valborg Sigurðardóttir stýri því starfi sem þarf að vinna til þess að útbúa í hendur fóstra og forstöðumanna námsgögn og jafnvel tillögur um tíma handa starfsfólki til að undirbúa sitt starf o. s. frv. og að við megum vænta þess að sjá tillögur um það við gerð næstu fjárlaga að í þetta verði veitt einhverju fé. Annars verður framkvæmd þessa frv. að sjálfsögðu einungis orðin tóm. Þar með er ég ekki að vanmeta það grunnefni sem þegar hefur verið unnið. En því aðeins hefur það eitthvert gildi, að það verði síðan notað til grundvallarvinnslu þannig að frv. komi að verulegu gagni einmitt með tilliti til fyrstu ára barnanna síðan í grunnskóla. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort ég hafi ekki örugglega skilið hana rétt, að þetta standi til, því að svo sannarlega var frv. mitt til þess flutt. Mér nægir engan veginn að fyrir liggi einhvers staðar skýrsla sem ég væntí nú að verði prentuð í einhverju upplagi en í augnablikinu er hún greinilega sjaldgæf vara. En jafnvel þó að hún væri til í miklu stærra upplagi kemur hún auðvitað ekki ein og sjálf nema að mjög takmörkuðu gagni. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég held að þessari fsp. verði svarað með því að endurtaka lokaorð mín í hinu fyrra svari mínu. Þar sagði ég einmitt að Valborg Sigurðardóttir hefði verið ráðin til að kynna þessa áætlun í dagvistarheimilum og vinna áfram að gerð leiðbeininga fyrir sömu aðila, þ. e. að verkum sem verða til þess að stuðla að framkvæmd þessarar áætlunar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Aðeins til þess að við skiljum hvor aðra, hæstv. menntmrh. og ég. Ég held að það sé mér ekki nóg svar að ein manneskja, jafnvel þó að hún sé ein virtasta fóstra og forstöðumaður landsins, ef það er allt sem gera á, að hún kynni þessa skýrslu og vinni — nú man ég ekki hvernig hæstv. ráðh. orðaði það — leiðbeiningar til þá væntanlega fóstra og forstöðumanna. Ég lagði á það áherslu í mínu máli, þegar ég mælti fyrir þessu frv., að þetta yrði gert í samvinnu við skólamenn og umfram allt að unnin yrðu námsgögn. Og það gerir engin ein manneskja. Sannleikurinn er sá að ofan á allt sem fóstrur landsins hafa á sig lagt hafa þær líka meira og minna búið til sín eigin námsgögn vegna þess að þeim þætti námsgagnagerðar hefur ekki verið sinnt. Ég vænti þess að ég megi skilja það svo — ráðherra leiðréttir þá ef það er alger misskilningur — að til þessa verði veitt fé við gerð næstu fjárlaga. Þetta verður ekki til af engu. Mér þætti vænt um að heyra hæstv. ráðh. sjálfan segja hér að þetta sé réttur skilningur minn.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Einungis til þess að skýra þetta nánar. Það liggur ekki meira fyrir nákvæmlega enn þá vegna þess að þessi áætlun, þetta nál. sem fyrir liggur hefur ekki enn þá verið kynnt dagvistarheimilum landsins og mér þykir eðlilegt að þeir, sem eiga að starfa með þetta, fái sjálfir að fjalla um það áður en einstakir þættir í framkvæmdum verða frekar ákveðnir. Þetta er ætlað til leiðbeiningar. Það er ekki ætlunin að skerða frelsi manna. Þetta er einungis ætlað til hjálpar og leiðbeiningar og það munu umræður og umfjöllun á dagvistarheimilunum sjálfum, þeirra sem þar starfa, leiða betur í ljós í sumar með hverjum hætti það nýtist enn frekar.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Áður en ég fer nánar út í það, sem ég ætlaði að segja, vil ég leiðrétta hér örlítið í máli hv. 10. landsk. þm. Frú Valborg Sigurðardóttir er ekki fóstra eða forstöðumaður. Hún var skólastjóri Fósturskólans. (Gripið fram í.) Nei, og er ekki fóstra heldur. En það er nú óskylt.

Í þessu nefndaráliti, sem heitir Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir, segir m. a., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur nú lokið störfum en vill að lokum leggja áherslu á að unnið verði áfram að gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk og foreldra. Nefndin leggur enn fremur til að í kjölfar þessarar uppeldisáætlunar komi ritröð um skyld efni, t. d. um: 1. einstaka þætti í uppeldisstarfi dagvistarheimila, 2. tengsl dagvistarheimila og skóla, 3. fötluð börn og börn með sérþarfir og 4. skóladagheimili."

Mig langar til að drepa aðeins á það að vissulega hefur í gegnum tíðina mikill tími af þeim knappa tíma sem fóstran hefur umfram sinn langa vinnutíma á dagvistarheimilum farið til þess að undirbúa næstu daga, vikur og mánuði, gera drög að starfi sínu og til að búa til þau gögn sem hún þarf til þess að fræða börnin sem þar eru.

Varðandi samræmingu starfsins á dagvistarheimilunum og fyrstu bekkja í grunnskólunum, þá hefur þar verið unnið geysilega mikið starf. Það segir sig reyndar sjálft að þetta verður einungis í höndum hvers og eins starfsmanns á þessum heimilum og engin samræming þar að lútandi, en þar hefur farið fram alveg geysilega

merkilegt starf. Það vildi ég láta koma fram hér vegna orða hv. síðasta ræðumanns þar að lútandi.

Sjómannadagurinn sem lögskipaður frídagur, fsp. 421. mál (þskj. 693). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Um langt árabil hefur það verið svo að fyrsti sunnudagur í júní hefur verið sjómannadagur, sérstaklega helgaður þeirri stétt án þess þó að þar væri um lögskipaðan frídag að ræða. Nú hefur það lengi verið baráttumál sjómannasamtakanna að þessi dagur, fyrsti sunnudagur júnímánaðar, verði lögskipaður frídagur. Ég hef leyft mér á þskj. 693 að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„Hyggst sjútvrh. beita sér fyrir því að Alþingi ákveði nú á þessu þingi að sjómannadagurinn verði lögskipaður frídagur?"

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef margoft lýst því yfir sem minni skoðun að sjómannadagurinn eigi að vera allsherjarfrídagur sjómanna, þar eigi engin undantekning að vera á. Nú er það svo að þessi skoðun á sér meira og meira fylgi og menn hafa leitast við að ná saman um það að það sé ekki brotið að frí sé á sjómannadaginn. Ég held að það sé allra hluta vegna farsælast að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um mál þetta áður en til þess er gripið að sjómannadagurinn verði lögskipaður sem frídagur. Hins vegar er sjálfsagt að lögskipa hann sem fánadag. Þetta segi ég vegna þess að ég tel allar líkur fyrir því að fljótlega muni nást um það samstaða að svo muni verða. Ég hef þrátt fyrir mínar yfirlýsingar ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði en tel hins vegar sjálfsagt að taka það upp á næsta þingi, enda er stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt að slíkt mál næði hér fram að ganga nema mjög góð samstaða væri um það.

Það sem stendur í vegi fyrir því að allir séu sammála um að sjómannadagurinn sé frídagur allra sjómanna er einkum tvennt. Í fyrsta lagi telja þeir aðilar, sem stunda siglingar og selja á erlendum markaði, það afar óhentugt að úthald sé rofið með þeim hætti. Í öðru lagi hafa ýmsir talið að það yrði þess valdandi í sumum byggðarlögum að allt of mikill afli bærist að landi rétt fyrir frídaginn.

Nú er það hins vegar svo að ýmis verkalýðsfélög hafa samið um það að sjómannadagurinn sé frídagur, t. d. var það gert í samningi milli Alþýðusambands Austurlands og Útvegsmannafélags Austfjarða 1981 en þar stendur:

„Á föstudaginn langa, páskadag, 1. maí og sjómannadaginn skal ekki róið eða verið á sjó. Sé ákvæði þetta brotið skal allt aflaverðmætið úr veiðiferðinni renna til viðkomandi verkalýðs- og sjómannafélags."

Sama gildir um Vestfirði og einnig hefur verið ákveðið í Vestmannaeyjum að sjómannadagurinn skuli vera frídagur sjómanna í stað 1. maí.

Ég tel því að sem betur fer stefni í það að sjómannadagurinn verði frídagur allra sjómanna undantekningarlaust og undanbragðalaust. Ég tel að hér sé um það mikið framtíðarmál að ræða fyrir íslenska sjómannastétt að rétt sé að doka aðeins við og sjá hvort ekki geti orðið um mál þetta allsherjarsamkomulag hagsmunaaðila. Ég mun halda áfram að ræða þessi mál við þá eins og ég hef gert að undanförnu og vænti þess að málið verði enn lengra komið í upphafi næsta þings.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. svör hans sem voru skýr og greinargóð. Ég get vissulega tekið undir það að rík ástæða er til að afla sem víðtækastrar samstöðu um þetta mál, knýja það ekki fram í mikilli andstöðu eða blóra við þá sem hlut eiga að máli og freista þess að ná samstöðu og samkomulagi um að sjómannadagurinn verði lögskipaður frídagur. Ég skildi orð hæstv. ráðh. á þann veg að hann teldi ekki tímabært á þeim skamma tíma þings sem nú lifir að knýja þetta mál fram heldur væri hann reiðubúinn að beita sér fyrir því á næsta þingi að löggjöf yrði sett um það að sjómannadagurinn verði lögskipaður frídagur. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. og þakka honum svörin.

Lán til fiskeldisstöðva, fsp. 433. mál (þskj. 722). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér er um að ræða fsp. til hæstv. forsrh. um ábyrgðir Framkvæmdasjóðs vegna lána til fiskeldisstöðva. Við tölum gjarnan mikið um áhuga okkar á því að efla hér fiskeldi, hér sé um að ræða vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi. Svo mikið er víst að mikill og vaxandi áhugi er á þessari grein á Íslandi og við heyrum oft tíðindi af því að verið sé að stofna til nýrra stöðva á þessu sviði. Samt er það svo að Alþingi, ríkisstj., hið opinbera hefur staðið sig ákaflega klént að mínum dómi í þessum málefnum. Þar er enga fasta stefnumörkun að finna um það hvernig á þessum málum skuli haldið. Segja má að fiskeldi eigi hvergi heima í kerfinu, ekki í stjórnkerfinu því að það heyrir í rauninni ekki undir neitt rn., löggjöf sem í gildi er hefur ekki verið miðuð við að fiskeldi yrði stundað í þeim mæli sem nú er útlit fyrir og menn binda vonir við og að því er fjárfestingarlánasjóði varðar er helst svo að sjá að fiskeldið, þessi vaxtarbroddur atvinnulífsins, eigi hvergi heima.

Það er hægt að rekja sögur af því hvernig menn hafa farið bónleiðir til búðar í banka- og fjárfestingarlánasjóðakerfinu til þess að fá lán til framkvæmda af þessu tagi. Bankarnir neita og segja að þar eigi menn ekki heima og menn eiga ekki heima í Fiskveiðasjóði og ekki heldur í Stofnlánasjóði landbúnaðarins m. a. vegna þess að menn hafa ekki greitt iðgjald í þann sjóð af grein sem varla hefur verið til fram undir þetta.

Mér er kunnugt um að a. m. k. tveir allöflugir aðilar, þ. e. Fiskeldi Grindavíkur og Íslandslax, hafa fengið lánsvilyrði hjá Norræna fjárfestingarsjóðnum eða Norræna fjárfestingarbankanum til uppbyggingar á fiskeldisstöðvum sínum. Þessi vilyrði eru ekki ný af nálinni. Ég held að ég muni það rétt að annað fyrirtækið hafi byrjað á því a. m. k. að leita til bankanna um að þeir gerðust ábyrgðaraðili, ekki vegna þess að fyrirtækið væri svo fátækt eða gæti ekki veitt verulegar ábyrgðir heldur vegna þess að fjárfestingarsjóðurinn fór fram á að fá einn ábyrgðaraðila. Félagið sjálft bauð sjálfskuldarábyrgð eigendanna og eigendurnir, sem eru næstum öll útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Grindavík, eru með

ársveltu upp á milljarð og þykir náttúrlega hart að geta ekki önglað saman peningum sem nemur einum bátspungi. Engu að síður var talið nauðsynlegt að einn ábyrgðaraðili væri fyrir hendi. Bankarnir neituðu. Þá var leitað til Framkvæmdasjóðs fyrir u. þ. b. hálfu ári síðan um að hann veitti þessa ábyrgð og þá gegn bakábyrgðum í þeim fyrirtækjum öllum í Grindavík sem samtals eru með eins milljarðs kr. veltu. En ábyrgðin hefur ekki fengist enn þótt hálft ár sé liðið.

Svipaða sögu er að segja af öðru fyrirtæki, Íslandslaxi hf. Að því er allöflugur eigandi líka, nefnilega Samband ísl. samvinnufélaga og systkini á þeim bæ, svo ég stytti mér leið við að telja upp hverjir eignaraðilarnir séu. Líka þeir eiga margra mánaða gamla umsókn hjá Framkvæmdasjóði um að fá ábyrgð til að geta fengið að nýta sér það lán sem þeir hafa fengið vilyrði fyrir hjá Norræna fjárfestingarbankanum.

Þetta verður að teljast harla undarlegt og óviðunandi að á sama tíma og menn tala hér fullum hálsi um það hverja nauðsyn beri til að efla þessa grein skuli það tefjast fyrir sjóðakerfinu á Íslandi mánuðum saman, allt upp í hálft ár að afgreiða óskir um slíkar ábyrgðir. Ég lít reyndar svo á að þær séu ekki annað en formsatriði vegna þess að eignir þeirra aðila sem eru að fara fram á þessar ábyrgðir, annars vegar næstum allar fiskvinnslustöðvar í Grindavík og útgerðarfyrirtæki og hins vegar Samband ísl. samvinnufélaga, eru hér að veði. Það er því engin áhætta sem Framkvæmdasjóður er að taka á sig. Þess vegna er vitaskuld spurt og spurningin er einföld og hún er bara ein til forsrh.:

„Hvað tefur að Framkvæmdasjóður Íslands veiti Fiskeldi Grindavíkur og Íslandslaxi hf. ábyrgð á láni hjá Norræna fjárfestingarbankanum sem báðir aðilar hafa fengið vilyrði fyrir að fenginni slíkri ábyrgð?"

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að ótrúlega margir þröskuldar eru, að því er virðist, í götu þeirra aðila sem vilja ná í fjármagn til þess sem við köllum gjarnan nýsköpun í atvinnulífi. Á það bæði við um fiskeldi og fjölmargt annað. Þeir eru margir sem til mín hafa komið og tjáð mér þá sögu að þeir gangi frá banka í banka og sjóði í sjóð og fái alls staðar sömu svörin: Við lánum ekki í neitt nýtt.

Ég held hins vegar að það sé ekki rétt að ríkisstj. hafi ekkert aðhafst í þessum málum. Hún er nú með í undirbúningi fjölmargar aðgerðir til að stuðla að mörkun nýrrar stefnu í atvinnumálum sem fyrst og fremst stefnir að því að liðka fyrir slíkum aðilum. T. d. er unnið að athugun á endurskoðun alls sjóðakerfisins þar sem gert er ráð fyrir að nema burtu úr lögum þau ákvæði sem binda sjóðina við ákveðnar atvinnugreinar. Ég get tekið undir það að tekið hefur nokkuð lengri tíma en við ráðgerðum að endurskoða þessi lög. En um svo viðamikil mál virðast vera skiptar skoðanir og við mjög marga þarf að ræða. Þetta er nú á síðasta snúning. Ég vil líka vekja athygli á stórauknu fjármagni sem veitt hefur verið til nýsköpunar í landbúnaði með uppbyggingu loðdýraræktar sem hefur stórlega aukist á síðustu tveimur árum.

Sá áhugi, sem komið hefur fram á fiskeldi, er lofsverður þótt ég verði að viðurkenna að mér finnst dálítið hratt farið og verð að lýsa þeirri von minni að ekki hljótist af því stór skakkaföll. Ríkisstj. hefur gert ráð fyrir því að fiskeldi geti fengið lán í hvaða stofnlánasjóði sem er þegar lögum um þá verður breytt. En þegar ljóst var að nokkur töf yrði á slíkum breytingum, þó að þær séu nú skammt fram undan, ákvað ríkisstj. á s. l. ári að breyta þeim reglum sem gilda hjá langlánanefnd um heimildir til erlendrar lántöku vegna fiskeldis. Ákveðið var að fyrirtæki, sem fari í fiskeldi, skuli hafa heimild til erlendrar lántöku sem nemur 50% af öllum stofnkostnaði, þar með talinn rekstrarkostnaður fyrstu tvö árin. Hér er um mjög verulega útvíkkun að ræða því gilt hafa þær reglur að eingöngu er lánað ⅔ út á vélar og annan tækjabúnað sem keyptur er erlendis en hér er allur stofnkostnaður meðtekinn. Sett var það skilyrði að eigið fé í slíkum fyrirtækjum þyrfti að verða 25% og jafnframt gert ráð fyrir því að innlendir sjóðir í breyttri mynd, eins og ég nefndi áðan, eða Framkvæmdasjóður í núverandi mynd, láni 25%.

Mér sýnist að hv. fyrirspyrjandi sé að tala um tvö mál. Þessi 50% heimild til lántöku erlendis veit ég ekki betur en hafi verið til að mæta þeim lánveitingum sem Norræni fjárfestingarbankinn hefur lofað. Þau lán verða tekin fyrir milligöngu innlendra banka og eru þess vegna með fullri ábyrgð. Mér er tjáð að engir erfiðleikar séu á útvegun þess fjármagns, þ. e 50%. Hins vegar verður að segjast eins og er að orðið hefur dráttur á því að útvega þau 25% sem eru á milli þessara lána og eigin fjár fyrirtækjanna. Framkvæmdasjóður fór fram á það fyrir skömmu að bakábyrgð ríkissjóðs yrði veitt fyrir þeim 25% sem Framkvæmdasjóður væri þá reiðubúinn að veita. Um þetta var fjallað. Fjmrh. telur það óeðlilegt, m. a. með tilvísun til þess að ríkissjóður er fullábyrgur fyrir útlánum Framkvæmdasjóðs nú þegar og því ætti að vera óþarft að hafa sérstaka — jafnvel þó um sé að ræða einfalda — ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessum lánum.

Við það hefur svo bæst nú alveg nýlega að ljóst er að þær 50 millj. kr., sem ríkisstj. að tillögu Framkvæmdastofnunar gerði ráð fyrir í slíkar lánveitingar úr Framkvæmdasjóði, eru langt frá því að vera fullnægjandi skv. þeim síðustu hugmyndum um fiskeldi sem virðast streyma inn. Er ljóst að Framkvæmdasjóður getur varla fullnægt þörfum þessara tveggja fyrirtækja sem hv. fyrirspyrjandi sérstaklega nefnir í sinni fsp. Því er einmitt nú þessa dagana málið til nýrrar meðferðar hjá ríkisstj. Ég geri fastlega ráð fyrir því að það verði afgreitt mjög fljótlega, annaðhvort — eins og komið hefur til greina — að veita fyrirtækjunum sjálfum aukna heimild til erlendrar lántöku, þá e. t. v. á eigin ábyrgð — enda eru þessi fyrirtæki öll með verulegu erlendu áhættufé og okkur er tjáð að þau eigi að geta fengið slík lán án ábyrgðar ríkisbanka eða ríkissjóðs erlendis — eða og kannske einnig að leggja til að þessi fyrirtæki auki eigið fé og stuðla að því að innlendu aðilarnir geti fengið lán til eiginfjáraukningar. Þetta er leið sem er til umræðu m. a. vegna þess að veruleg áhætta fylgir tvímælalaust þessum stóru áætlunum og það væri heilbrigt ef eigendur gætu lagt fram eigið fé.

Síðast í gær átti ég allítarlegar viðræður við einn seðlabankastjóra m. a. um þessa fjárþörf og ég endurtek að þetta mál verður tekið til endurmeðferðar hjá ríkisstj. einhvern næstu daga með tilliti til alveg nýlegra upplýsinga og nýrra sjónarmiða.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það getur orðið löng bið hjá þessum ágætu aðilum, sem allir tala um að eigi að vera vaxtarbroddur efnahagslífsins, að bíða eftir því að endurskoðun sé lokið á öllu sjóðakerfinu. Á sama tíma og forsrh. segir í öðru orðinu að við höfum dregist aftur úr talar hann jafnframt um að þetta gangi of hratt.

Ég get ekki skilið orð forsrh. öðruvísi en þannig að það mál, sem ég geri hér að umtalsefni, sitji bara fast. Hvað sem öllum heimildum langlánanefndar líður er hér um að ræða tvo aðila sem hafa fengið vilyrði frá banka sem við erum aðili að, Norræna fjárfestingarlánabankanum, um það að þeir geti fengið að taka þar lán á tiltölulega hagstæðum kjörum ef þeir geti útvegað ábyrgðaraðila á Íslandi. Að því er annað fyrirtækið a. m. k. varðar er það ekki vegna þess að ekki séu nægar eignir fyrir hendi, því að fyrirtæki sem standa á bak við Fiskeldi Grindavíkur velta heilum milljarði á ári og eiga stóreignir, heldur af þeirri ástæðu að bankinn óskar eftir því að fyrir hendi sé einn ábyrgðaraðili. Ríkið er því ekki að hætta neinu. Það eru feikilegar eignir sem standa að baki þessu, langtum hærri fjárhæðir en hér er um að ræða að taka að láni. En þetta situr fast af því að Framkvæmdasjóður vill fá einfalda ábyrgð frá ríkinu en fjmrh. segir að það sé óþarfi af því að ríkið eigi framkvæmdastjórann. Síðan eiga þessir aðilar bara að bíða og hlusta á forsrh. tala um að heimilað hafi verið í langlánanefnd að þeir færu upp í 50% og að málin séu til nýrrar meðferðar m. a. með tilliti til þess að hjálpa mönnum til að auka eigið fé.

Þessir menn eru búnir að labba í gegnum allt bankakerfið á Íslandi og sjóðakerfið til að reyna að fá lán til að auka eigið fé. Ég get ekki skilið forsrh. öðruvísi en svo að ekki sé meiningin að þessi fyrirtæki tvö fái að taka þetta lán. Er það virkilega svo? Þessi fyrirtæki, sem eru í fararbroddi í uppbyggingu, hafa fengið vilyrði frá þessum banka sem við erum aðilar að og höfum fullt traust á. Þeir geta ekki fengið þá hagræðingarfyrirgreiðslu að Framkvæmdasjóður veiti þá ábyrgð sem hér um ræðir með öllum þeim bakábyrgðum og eignum sem hér eru fyrir hendi. Mér finnst þetta alveg lygilegt.

En ég vil í þessu sambandi spyrja hvort ekki sé rétt munað hjá mér að annað íslenskt fyrirtæki einmitt í þessari grein hafi fengið lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum og þá með milligöngu Framkvæmdasjóðs, nefnilega ÍSNO? Hvað er þá í veginum núna úr því að hægt var að gera þetta áður? Mér finnst þetta alveg með endemum. Ég trúi ekki öðru en að ríkisstj. greiði úr þessu. Ef hún getur ekki greitt úr þessu máli er allt þetta hjal um fiskeldi sem vaxtarbrodd atvinnulífsins gjörsamlega út í hött. Menn ætla þá að stíga á þetta og segja: Þeir menn sem eru komnir í uppbyggingu eiga ekki að fá að halda því áfram. Mér finnst þetta svar gjörsamlega ófullnægjandi og ég beini því eindregið til forsrh. að hann beiti sér fyrir því að úr þessu máli verði leyst.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég sagði hv. fyrirspyrjanda áðan kurteislega að fsp. hans væri byggð á röngum forsendum og misskilningi. Ég veit ekki til þess að nein vandræði séu með lánin frá Norræna fjárfestingarbankanum. Eins og ég sagði áðan verða þau tekin í gegnum innlenda banka og mér hefur ekki verið tjáð að þar séu nein vandræði. Ég spurði reyndar annan þessara aðila að gefnu tilefni að því. Vandræðin hafa verið með þessi 25% sem ber á milli eigin fjár og þess sem langlánanefnd hefur heimild til að veita fyrirtækjunum. Ég veit ekki hvort hv. fyrirspyrjandi hefur kynnt sér hvað þessar hugmyndir hafa stækkað næstum á síðustu dögum, hvað þetta eru orðin mörg hundruð milljóna sem hann er að tala um að fjárfesta. Það má hver lá ríkisstj. að hún taldi — að tillögu Framkvæmdastofnunar — að 50 millj. til Framkvæmdastofnunar til útlána í þessu skyni á þessu ári væri hæfileg upphæð þegar bætt er við því sem fyrirtækin fá heimild til að taka beint erlendis.

Það eru ekki nema örfáir dagar síðan mér var tjáð af öðrum forstjóra Framkvæmdastofnunar að ljóst væri að þetta væri alls ófullnægjandi. Ég hef óskað eftir áætlun yfir það hvað menn teldu þá að þurfi. Ég er ekki búinn að fá hana í hendurnar enn. Þessi mál hafa því breyst mjög mikið að stærð á stuttum tíma síðan upphaflegu plönin voru gerð.

Ég sagði hv. þm. hvað ríkisstj. er að hugleiða til að greiða úr þessu máli sem er miklu lengra gengið en nokkurri atvinnugrein hefur verið leyft til þessa, t. d. að taka lán erlendis, jafnvel allt að 75% af stofnkostnaði. Mér hafa tjáð fyrirtæki í þessari grein að þau þurfi jafnvel ekki ríkisábyrgð því eins og hv. þm. hefur sagt eru þessi fyrirtæki með miklar eignir. Er þá íslenskum bönkum eitthvað ofætlað þó að þeir veiti ábyrgðir? Til hvers eru þessir bankar þegar þeir hafa veð í svo miklum eignum sem þarna er um að ræða? Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér betur þessi plön. Ég mótmæli því að ég telji annars vegar mikla þörf á nýsköpun í atvinnulífinu og síðan mæli ég gegn þeim hugmyndum sem þarna eru uppi. Það er alrangt. Ég sagði: Við skulum vona að ekki verði mistök á þessum sviðum. Við þekkjum t. d. sjúkdóma sem hafa komið upp í fiskeldisstöðvum og eru ákaflega alvarlegt mál og alls ekki séð fyrir endann á því hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir fiskeldi í landinu. Ég lýsti aðeins þeirri einlægu ósk minni að þessi gífurlega stóru plön verði ekki til þess að veruleg skakkaföll verði á þessu sviði. En ég fagna stórhug manna í fiskeldi og ég tek undir það sem kemur fram í nýlegri skýrslu, sem er að koma út á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, að hér getur verið um grein að ræða sem eftir nokkra áratugi veltir og selur erlendis jafnvel fyrir eins mikla fjárhæð og sjávarútvegur okkar Íslendinga gerir allur í dag. Hins vegar get ég sagt að nýlega hafði samband við mig maður sem gjörþekkir markaðsmál í Bandaríkjunum og varaði við þeirri miklu þenslu sem er í laxeldi og taldi regnbogasilung álitlegri. Kannske væri athugandi að skoða markaðsmálin mjög vel áður en við förum út í tugþúsundtonna framleiðslu eins og nú er þegar komið á teikniborðið.

Ég endurtek: Þetta eru mjög athyglisverðar framkvæmdir og ber að stuðla að þeim. Ríkisstj. hefur gengið lengra en í nokkurri annarri atvinnugrein með heimildir til lántöku og mun athuga þau nýju viðhorf sem nú eru með fullum vilja til að greiða úr vanda þessara fyrirtækja.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég get tekið undir með hæstv. forsrh. að ég vona svo sannarlega að það verði skynsamleg uppbygging í

greininni og að menn forðist mistök. Ég get vitnað í gamla ræðu sem ég flutti hér um þetta efni fyrir nokkru síðan og byrjaði á tilvitnun í samtal sem ég átti við gamlan bekkjarbróður minn úti í Noregi sem hefur verið þar búsettur í 20 ár eða svo. Ég var að segja honum frá því að mér og okkur Íslendingum litist vel á þetta með fiskeldið, að við mundum fá þarna sérstakan vaxtarbrodd í atvinnulífinu. Þá svaraði hann að bragði: Nei, góði minn. Fiskeldi er nákvæmnisvinna, Íslendingar eru göslarar. Þetta fer áreiðanlega í vaskinn hjá þeim eins og annað.

Mér þótti þetta náttúrlega nokkuð harður dómur en hættan er vissulega fyrir hendi og víst höfum við séð mistökin í ýmsum öðrum búgreinum þar sem menn hafa farið sér óðslega. En hvað um það, ég tek undir það sem ég hef áður sagt um þetta efni og tek undir það sem forsrh. segir um það að auðvitað er nauðsynlegt að við undirbúum okkur vel í þessari grein.

En það breytir ekki því að það mál, sem ég gerði hér að umtalsefni, um tafir á því að tvö fyrirtæki fengju ábyrgð hjá Framkvæmdasjóði til að taka lán hjá Norræna fjárfestingabankanum, hefur tafist mánuðum saman. Þessi erindi eru fjögurra og sex mánaða gömul og ég get ekki skilið hvernig hæstv. forsrh. getur svarað því að þetta sé ekkert vandamál úr því að það liggur fyrir að málin hafa tafist mánuðum saman og að upplýst var í ræðu hans hér áðan að skiptar skoðanir væru um málið í ríkisstj. Það er auðvitað skýringin og úr því verður að leysa.

Sameinað þing, 77. fundur

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 76. fundi.

Fiskiræktarmál, þáltill. 449. mál (þskj. 764). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bundið slitlag milli Reykjavíkur og Akureyrar, þáltill. 461. mál (þskj. 781). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vélstjóranám.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um vélstjóranám, á þskj. 627, afhent þm. 29. apríl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve margir nemar voru innritaðir til vélstjóranáms á 1., 2., 3. og 4. stigi á árunum 1976-1985 og hve margir luku námi á hverju stigi á þeim tíma?
2. Hve margir nemar fóru á sama tímabili í vélgæslunám og luku því?

Svör óskast sundurliðuð eftir skólum.

Svar:

Á eftirfarandi töflu er sýndur fjöldi innritaðra nema til vélstjóranáms á 1., 2., 3. og 4. stigi á árunum 1975—1984 og fjöldi þeirra sem luku prófi á hverju stigi á þeim tíma, sundurliðaður eftir skólum. Vélgæslunám komst ekki til framkvæmdar. Vélavarðanám hefst haustið 1985.

Ár	Vélskólar	1. stig		2. stig		3. stig		4. stig	
		Innritaðir	Útskrifaðir	Innritaðir	Útskrifaðir	Innritaðir	Útskrifaðir	Innritaðir	Útskrifaðir
1975/76	Vélskóli Íslands Reykjavík	120	93	84	74	84	79	52	52
	Vélskóli Íslands Akureyri	13	10	11	11				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	18	12	7	4				
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	12	6	0	0				
1976/77	Vélskóli Íslands Reykjavík	92	72	132	105	81	72	66	63
	Vélskóli Íslands Akureyri	11	9	10	9				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	14	8	10	10				
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	7	7	0	0				
1977/78	Vélskóli Íslands Reykjavík	96	63	105	90	95	90	65	62
	Vélskóli Íslands Akureyri	20	17	13	11				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	21	15	9	8	10	6		
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	8	7	8	8				
1978/79	Vélskóli Íslands Reykjavík	84	72	91	78	89	83	86	78
	Vélskóli Íslands Akureyri	18	14	13	12				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	13	12	10	8	7	7		
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	5	3	5	5				

Ár	Vélskólar	1. stig		2. stig		3. stig		4. stig	
		Innrit-aðir	Útskrif-aðir	Innrit-aðir	Útskrif-aðir	Innrit-aðir	Útskrif-aðir	Innrit-aðir	Útskrif-aðir
1979/80	Vélskóli Íslands Reykjavík	76	54	111	92	77	64	87	68
	Vélskóli Íslands Akureyri	12	9	14	12				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	11	8	6	4	9	8		
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	8	5	0	0				
1980/81	Vélskóli Íslands Reykjavík	81	63	95	85	82	77	78	77
	Vélskóli Íslands Akureyri	19	16	7	6				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	9	4	10	6				
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	12	9	7	7				
1981/82	Vélskóli Íslands Reykjavík	62	17*	89	84	80	77	78	77
	Vélskóli Íslands Akureyri	10	6	19	17				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	2	2	0	0				
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	5	3	9	9				
1982/83	Vélskóli Íslands Reykjavík	84	70	75	15*	100	92	69	61
	Vélskóli Íslands Akureyri	12	9	3	3				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	11	5	0	0				
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	0	0	6	5				
1983/84	Vélskóli Íslands Reykjavík	74	67	63	62	25	12	97	92
	Vélskóli Íslands Akureyri	10	6	8	2				
	Vélskóli Íslands Ísafirði	16	7	0	0				
	Vélskóli Íslands Vestmannaeyjum	0	0	0	0				

* Áfangakerfisbreyting.

Efri deild, 61. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 77. fundi í Sþ.

Afréttamálefni, frv. 207. mál (þskj. 793). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum. Frv. þetta fjallar um breytingu á lagareglum um búfjármörk og útgáfu markaskráa. Það tekur því aðeins til eins þáttar af mörgum í lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl., en þau lög voru upphaflega sett 1969.

Búfjármörk hafa lengi gegnt mikilvægu hlutverki hér á landi enda aðalsönnunargagnið um eignarrétt manna á búfé og þá sérstaklega sauðfé. Reglur íslenskra laga um búfjármörk hafa að stofni til verið hin sömu allt frá gildistíma Grágásar. Þannig voru flestar reglur Grágásar um þessi efni teknar upp óbreyttar í Jónsbók og giltu þau ákvæði þar til lög nr. 42/1969 tóku gildi en markareglur Jónsbókar voru teknar upp í þau lög með nokkrum breytingum.

Aukin útbreiðsla smitsjúkdóma í sauðfé, eins og riðuveiki, síðustu ár hefur kallað á auknar varúðarráðstafanir varðandi samgang sauðfjár. Sammerkingar, þ. e. notkun fleiri en eins fjáreiganda á sama marki, á þeim svæðum þar sem vænta má samgangs sauðfjár, auka hættu á útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og skapa erfiðleika við framkvæmd varúðarráðstafana vegna þeirra.

Það var því á árinu 1980 að þáv. landbrh. skipaði nefnd til að endurskoða gildandi reglugerð um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár. Var nefndinni falið enn frekar en áður hafði verið gert að vinna að útrýmingu á sammerkingum. Í þessari nefnd áttu sæti Halldór Pálsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, formaður, Haukur Jörundarson, þá skrifstofustjóri í landbrn. og Gísli Andrésson bóndi á Hálsi í Kjós. Gísli tók sæti Jóns Kristjánssonar, rannsóknarmanns, í nefndinni við andlát hans 1981.

Við athugun nefndarinnar á markaskrám, útgefnum árið 1979, kom í ljós að enn var við lýði fjöldi hættulegra sammerkinga. Í lögum eru hins vegar ekki ákvæði sem banna núverandi sammerkingar sauðfjár, þótt hættulegar teljist, heldur aðeins takmarkanir á upptöku nýrra marka vegna þessa. Að óbreyttum lögum er því ekki hægt að skylda mann til að láta af marki vegna reglna um sammerkingar. Taldi nefndin því nauðsyn að fá sett í lög ákvæði er banni allar hættulegar sammerkingar og jafnframt að sú kvöð yrði lögð á markaverði landsins að útrýma slíkum sammerkingum við útgáfu næstu markaskráa sem allar eiga að koma út árið 1987. Þá lagði nefndin áherslu á að settar yrðu sérstakar reglur um hvernig beri að úrskurða um rétt manns til að halda marki sínu.

Tillögur nefndarinnar og umsagnir Búnaðarþings 1983 og 1984 eru grundvöllur þessa frv., en það er samið í landbrn. og hafa þar unnið að því verki Bjarni Guðmundssson, aðstoðarmaður ráðh. og Tryggvi Gunnarsson, þá deildarstjóri. Frv. um sama efni var lagt fram á Alþingi vorið 1983 en kom ekki til umr. Er frv. nú lagt fram nokkuð breytt.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á markareglum laga nr. 42/1969, raska ekki þeim grunni sem byggt hefur verið á allt frá gildistíma Grágásar nema hvað lengra er nú gengið í banni við sammerkingum sauðfjár og ýmsar reglur settar til að tryggja frekari samræmingu við notkun marka og gerð markaskráa. Þá felast í þessu frv. nýmæli vegna breyttra viðhorfa og nýrrar tækni. Skulu nú nefndar helstu breytingar og nýmæli sem felast í frv.

Hv. Nd. hefur fjallað um frv. og fellt niður ákvæði um hornamörk. Samhliða notkun eyrnamarka og brennimarka hafa svokölluð plötumerki, t. d. úr plasti, orðið æ útbreiddari á síðustu árum og að þeim þykir hagræði. Í frv. er lagt til að slík plötumerki með tiltekinni lágmarksáletrun verði löggilt sem fjármark.

Þá er í frv. veitt heimild til að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum. Frostmerkingar hafa ekki verið reyndar nægilega hér á landi til að ákvæði þar um, að mati þeirra sem frv sömdu, gæti verið annað en heimild fyrir ráðh. En vonandi verður þess ekki langt að bíða að slíkar merkingar verði teknar upp til mikils hagræðis fyrir hrossaeigendur.

Þó að áfram sé í frv. fylgt þeirri grundvallarreglu að markavarsla og útgáfa markaskráa verði verkefni stjórnar fjárskilaumdæma heima í héraði þykir nauðsynlegt til að tryggja árangur við útrýmingu hættulegra sammerkinga að fela aðilum, sem taka til landsins alls, að sinna tilteknum verkefnum eða hafa heimild til að fela þeim slík verkefni. Þannig er í frv. gerð till. um að heimilt verði að fela Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og að ákveða megi að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjón Búnaðarfélags Íslands. Annað dæmi um aðila, sem tekur til landsins alls skv. frv., er markanefnd sem síðar verður vikið að.

Varðandi ákvæðið um notkun tölvu við færslu á markaskrám er þess að geta að Búnaðarþing hefur í umfjöllun sinni um frv. lagt á það áherslu að sett verði ótvíræð heimildarákvæði þar um og telur að því verði að beita eigi lagasmíð þessi að ná tilgangi sínum. Það skal tekið fram að skv. frv. eiga stjórnir fjallskilaumdæmanna að greiða kostnað Búnaðarfélags Íslands vegna þessarar tölvuvinnslu í hlutfalli við markafjölda, en tölvubúnaður og önnur aðstaða er til staðar hjá félaginu til að sinna þessu verkefni.

Í frv. eru rýmkaðar heimildir stjórna fjallskiladeilda til að leggja á markagjöld og markavörslu er heimilað að geyma mark.

Þá eru í frv. ítarlegri reglur um sammerkingar sauðfjár en nú eru í lögum og nýmæli er að reglur nái til sammerkinga sem þegar eru fyrir hendi. Settar eru reglur um hvernig beri að leysa úr ágreiningi og um rétt manna til að halda mörkum og komið upp sérstakri úrskurðarnefnd, markanefnd. Er í vissum tilvikum skylt að skjóta til hennar ágreiningi um mörk. Í öðrum tilvikum er það á forræði þeirra sem í hlut eiga hvort þeir skjóta ákvörðunum markavarða til nefndarinnar.

Það skal tekið fram að við setningu laga nr. 42/1969 var lagt til að komið yrði á fót úrskurðaraðila með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir að markanefnd starfi. Í meðförum Alþingis þá var slíkt ákvæði fellt niður og taldi sú þingnefnd, sem um málið fjallaði, rétt að þessum málum yrði ráðið til lykta í héraði og óþarft væri að koma á slíkri landsnefnd. Það var eindregin tillaga þeirrar nefndar, sem skipuð var á árinu 1980 til að endurskoða reglur um þessi mál og Búnaðarþing hefur tekið undir hana, að komið yrði á slíkri úrskurðarnefnd því að þannig sé unnt að tryggja fullt samræmi við úrlausn þeirra ágreiningsmála sem kunna að rísa vegna útrýmingar á óleyfilegum sammerkingum og framkvæmd reglna um mörk.

Að síðustu skal vakin athygli á því að uppröðun efnisatriða hefur að nokkru verið breytt frá IX. kafla laga nr. 42/1969. Eins og ég gat um áður hefur málið verið afgreitt frá hv. Nd. og hún gerði á því nokkrar breytingar. Eitt var það að í stað þess að nú er ákveðið að útgáfa markaskráa skuli næst vera árið 1987 verði það dregið til ársins 1988 til þess að nægur undirbúningur gefist til þess verks í samræmi við þær breytingar sem gert er ráð fyrir að á komist með frv. þessu. En það er brýnt að afgreiða frv. nú á þessu þingi til þess að það megi takast.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 797 (sbr. 453)). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyting á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

Í maímánuði 1982 kaus Alþingi sjö manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu í samræmi við ályktun Alþingis frá 18. febrúar 1982. Í nefndina voru kjörnir Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, Friðrik Sophusson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Jóhann Einvarðsson, nú aðstoðarmaður ráðherra, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur. Formaður nefndarinnar var kjörinn Friðrik Sophusson og varaformaður Guðmundur Bjarnason. Guðjón Petersen framkvæmdastjóri almannavarnaráðs var ráðinn ritari nefndarinnar.

Nefnd þessi skilaði ítarlegu áliti og tillögum í aprílmánuði s. l. Frv. það um breytingu á lögum um almannavarnir, sem hér liggur fyrir, er flutt á grundvelli tillagna nefndarinnar en nál. í heild sinni er prentað sem fylgiskjal með frv. Vil ég leyfa mér að færa nefndarmönnum þakkir fyrir vel unnið starf.

Áður en vikið er að efni frv. er rétt að víkja nokkrum orðum að heildartillögum nefndarinnar en þeim má skipta í nokkra afmarkaða þætti.

Í fyrsta lagi eru tillögur um breytingu á lögum um almannavarnir og um setningu reglugerðar um öryggisbyrgi.

Í öðru lagi er áætlun um eflingu almannavarna sem ætlað er að hrinda í framkvæmd á næstu 10 árum.

Í þriðja lagi eru tillögur um aðgerðir á sviði almannavarna, löggæslu og hagvarna, ásamt tillögum um athug-

un á uppbyggingu stjórnsýsluviðbúnaðar, heilbrigðisviðbúnaðar og upplýsinga- og fræðsluviðbúnaðar á tímum hamfara.

Fram kemur í nál. að nefndin átti viðræðufundi með fjölmörgum aðilum, þar á meðal almannavarnaráði og fulltrúum almannavarnanefnda og björgunar- og hjálparsveita.

Enn fremur átti nefndin fund með yfirmönnum almannavarna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er héldu fund hér á landi. Með nál. fylgja sérstakar greinargerðir m. a. um allsherjarvarnir og um almannavarnir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Að því er varðar lög um almannavarnir lagði nefndin fram frv. að nýjum lögum um almannavarnir sem byggja á gildandi lögum um það efni frá 1962 með breytingum frá 1967 og 1979. Helstu brtt. nefndarinnar að því er varðar lög um almannavarnir eru þessar:

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari og ábyrgð á almannavörnum verði skipt skv. verkefnum. Ekki verði um kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkis og sveitarfélaga um sama verkefni nema að því er varðar opinber öryggisbyrgi. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga, sem hafa samstarf um almannavarnir, verði skv. íbúatölu.

Ekki náðist samstaða um skipan almannavarnanefnda í héraði. Í *megintexta* er þó sett fram tillagan sem mest fylgi hlaut í nefndinni. Er þar gert ráð fyrir því að lögreglustjóri sé formaður nefndarinnar. Aðrar tilllögur koma fram í skýringum. Sams konar ákvæði og nú gildir í Reykjavík verði tekið upp í lög um skipan almannavarnanefnda á öllu landinu. Gefst sveitarstjórnum með því möguleiki á að skipa áhugamenn um björgunar- og líknarstörf í almannavarnanefndir.

Aukið verði við verkefni almannavarnaráðs málaflokkum á sviði almannavarna sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í núgildandi lögum. Þessir málaflokkar eru: 1) Athugun og mat á hættu vegna náttúruhamfara og hernaðar. 2) Rekstur viðvörunarkerfa. 3) Almannavarnir vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana. 4) Söfnun neyðarbirgða og tæknibúnaðar. 5) Aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á sviði almannavarna. 6) Umboð almannavarnaráðs verði rýmkað til skyndiráðstafana á hættutímum.

Lágmarkskröfur um viðbúnað á sviði almannavarna verði settar með reglugerð svo að tryggt verði að sveitarstjórnir hugi að og sinni viðbúnaði gegn vá.

Loks er lagt til að í lögin verði settur nýr kafli um hagvarnir og hagvarnaráð.

Frv., sem hér liggur fyrir, byggir á tillögum þingkjörnu nefndarinnar. Er frv. flutt sem brtt. við gildandi lög. Í frv. eru ekki teknar með breytingar á 3., 7. og 20. gr. laganna sem nefndin gerði tillögur um, en þar var gert ráð fyrir því að almannavarnaráð tæki ákvarðanir um atriði sem nú eru í höndum ríkisstjórnar eða ráðherra. Ákvarðanir skv. 3. gr. laganna varða setningu fyrirmæla um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum sem almenningur hefur aðgang að. Ákvarðanir skv. 20. gr. varða fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæðum. Varða þessi atriði *grundvallarréttindi borgaranna sem eðlilegt er að þeir*, sem bera pólitíska ábyrgð, taki ákvörðun um en ekki embættismenn. Hér ber þó að hafa í huga að lögreglustjórar, sem jafnframt fara með stjórn almannavarna, hafa í krafti síns embættis víðtækar heimildir til að gera til bráðabirgða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi borgaranna. Geta þeir í því sambandi leitað álits almannavarnaráðs og ráðherra þar til ákvörðun ríkisstjórnar liggur fyrir.

Frv. gerir því ekki ráð fyrir breytingu á ákvarðanatöku um þessi atriði. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að vegna breytinga á ákvæðum þessum er eðlilegt að almannavarnaráð undirbúi tillögur og geri áætlanir er auðveldi og flýti ákvörðun um þessi atriði. Ákvarðanir um þessi atriði varða ekki einungis setningu fyrirmæla heldur og brottfall þeirra.

Ég hef hér rakið helstu brtt. skv. frumvarpsdrögum þingkjörnu nefndarinnar og að hvaða marki þær eru ekki teknar inn í frv. það sem hér er til umræðu. Ég tel ekki ástæðu til að víkja að einstökum brtt. eða skýringum við þær. Er gerð grein fyrir þeim í grg. með tillögum nefndarinnar sem og í athugasemdum við frv.

Þó tel ég rétt að taka fram að í 5. gr. frv. er lagt til að almannavarnanefndir kjósi sér sjálfar formann. Í tillögum þingkjörnu nefndarinnar komu fram mismunandi sjónarmið um það hvernig formennsku skyldi varið. Var það ýmist óbreytt skipan með borgarstjóra, bæjarstjóra eða oddvita sem formann, formennsku í höndum lögreglustjóra sem að öðru leyti fer með stjórn almannavarna og loks sú skipan að nefndin kjósi sér *sjálf formann. Rök má færa fyrir formennsku* hvort heldur er í höndum framkvæmdastjóra sveitarfélags eða oddvita eða í höndum lögreglustjóra. Hef ég hallast að því að lögbinda ekki formennskuna enda geta mismunandi sjónarmið átt við í hinum ýmsu umdæmum og því sé eðlilegt að nefndirnar kjósi sér sjálfar formann.

Að því er varðar ákvæði 9. gr. frv., þ. e. kaflans um hagvarnir og hagvarnaráð sem forsrh. er ætlað að skipa, þá er það algerlega byggt á tillögum nefndarinnar. Ég taldi þó ástæðu til að þingnefnd hugaði betur að því hvort eigi að skipa þeim málum með einfaldari hætti en leggja þau undir svo fjölmennt ráð, 15 manna, að óbreyttri löggjöf um stjórnarráð. Hv. Nd. hefur fjallað um þetta frv. og ekki séð ástæðu til að gera breytingar á þessari skipan. En ég vænti þess að hv. allshn. Ed. muni einnig íhuga það.

Í 11. gr. frv. er fjallað um breyttar reglur um greiðslu kostnaðar *af ráðstöfunum til almannavarna þannig* að kostnaður af verkefnum, sem undir ríkisvaldið falla, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði en sveitarstjórnir beri að öllu leyti kostnað vegna almannavarna í héraði, þó svo að ríkissjóður beri ⅔ hluta kostnaðar vegna bygginga og reksturs opinberra öryggisbyrgja.

Með þessu er stefnt að skýrari kostnaðarskiptingu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Leitað hefur verið umsagnar fjárlaga- og hagsýslustofnunar að því er kostnað varðar. Er í umsögn stofnunarinnar bent á að eðlilegt sé að kostnaður vegna sjúkrahúsa og sjúkrastofnana skiptist skv. lögum um heilbrigðisþjónustu og almannatryggingar. Er bent á að erfitt sé að afmarka rekstur og birgðahald og greiða hluta kostnaðar skv. einum lögum en annan hluta skv. öðrum lögum. Er bent á að ef um náttúruhamfarir eða annað slíkt yrði að ræða, sem yrði ofvaxið stofnun að greiða af venjulegum rekstri, *megi gera sérstakar ráðstafanir*, en birgðakaup og almennur undirbúningur vegna hugsanlegrar hættu ætti að vera hluti af daglegum rekstri og greiðast skv. því.

Í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar er talið að í

heild sé um að ræða flutning kostnaðar frá sveitarfélögum til ríkissjóðs. Erfitt sé þó að meta kostnaðarauka ríkissjóðs, en kostnaðarmestu liðirnir falla á ríkissjóð, t. d. viðvörunarkerfið. Þá er ríkissjóði ætlað að bera kostnað vegna nýmæla um hagvarnir og sérhæfðar birgðir.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rakið í nokkrum atriðum þær tillögur sem felast í frv. því til laga um breytingu á lögum um almannavarnir sem hér liggur fyrir. Segja má að meginefni þeirra sé annars vegar að styrkja stöðu almannavarnaráðs og hins vegar að kveða skýrar á um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er varðar verkefni og fjárhagslega ábyrgð.

En lög mynda eigi nema ramma um það verkefni sem fást skal við. Þetta gerði þingkjörna nefndin sér ljóst. Nefndin lagði því fram áætlun um eflingu almannavarna. Náði hún til 10 ára tímabils. Varðar áætlunin bæði almannavarnir ríkisins og sveitarfélaga.

Að því er ríkisþáttinn varðar er um að ræða aukningu í skrifstofuhúsnæði Almannavarna ríkisins, aukinn mannafla á skrifstofu, eflingu tæknibúnaðar ýmiss konar, fræðslustarf með námskeiðahaldi fyrir leiðbeinendur, yfirmenn og liðsmenn stofnana og félagasamtaka, viðhald skipulags almannavarna og umsjón með almannavarnanefndum, aukningu rekstrar- og viðhaldsfjár til að mæta þessum kostnaði og yfirtöku verkefna. Þá leggur nefndin til að settar verði reglur um öryggisbyrgi skv. heimild í lögum en gerir þó tillögu um skipan nefndar almannavarnaráði til ráðuneytis um endurskoðun á áætlunum um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna.

Að því er varðar almannavarnir sveitarfélaga er um að ræða:

1. Markviss uppbygging verði hafin á skipun hjálparliðs á einstökum almannavarnasvæðum í samvinnu við starfandi björgunar- og líknarfélög í sveitarfélögunum, en í helstu þéttbýliskjörnum landsins nægir fjöldi félagsmanna í björgunar- og líknarfélögum ekki til að fylla nauðsynlega tölu hjálparliðs.
2. Almannavarnir sveitarfélaga hefji reglubundin þjálfunarnámskeið í héraði fyrir hjálparlið skv. skipulagi almannavarnaráðs um þjálfun og fræðslu.
3. Hafin verði kerfisbundin söfnun og uppbygging búnaðar og tækja fyrir hjálparlið almannavarna í héruðum.
4. Almannavarnanefndir leiti samstarfs við lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir um sameiginlegar stjórnstöðvar þessara aðila til neyðaraðgerða.

Þessar tillögur, sem eru til frekari athugunar hjá almannavarnaráði, er nauðsynlegt að þingnefnd kynni sér náið því að þær varða m. a. þátt fjárveitingavaldsins í eflingu almannavarna. Sama er og um annan viðbúnað á sviði allsherjarvarna sem svo eru nefndar og um er fjallað í áliti nefndarinnar og varða stjórnsýsluviðbúnað, upplýsinga- og fræðsluviðbúnað, heilbrigðis- og hollustuviðbúnað og hagvarnir. Eru þetta allt þýðingarmiklir þættir er varða öryggi ríkis og borgara, en varða ekki almannavarnir í hefðbundnum skilningi. Snerta þessi atriði flesta þætti stjórnsýslu okkar.

Hæstv. forseti. Almannavarnir varða öryggi almennings. Almannavörnum er ætlað að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá og veita líkn og aðstoð vegna tjóns sem orðið hefur. Ég fullyrði að á undanförnum árum hafa almannavarnir í landinu áunnið sér í vaxandi mæli traust og tiltrú fólksins. Almannavarnir hafa eflst vegna verkefna í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og í Mývatnssveit svo að nokkur dæmi séu nefnd. Það má segja að með lagabreytingu árið 1967 hafi yfirbragði almannavarna verið breytt en þá voru náttúruhamfarir tilgreindar sérstaklega sem fast viðfangsefni almannavarna. Nauðsyn ber þó til að efla þessa starfsemi frekar svo að hún geti fengist við hver þau vandamál sem upp koma hverju sinni. Að því miðar frv. það sem hér liggur fyrir.

Eins og ég sagði áður hefur hv. Nd. fjallað um frv. og afgreitt það frá sér með þeirri einu breytingu að gert er ráð fyrir að við bætist einn fulltrúi í almannavarnaráð og skuli hann tilnefndur af þremur aðilum, Landssambandi flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélagi Íslands og Landssambandi hjálparsveita skáta er skipti með sér setu í ráðinu eitt ár í senn. Ég tel að það sé nokkurt íhugunarefni hvort fjölga eigi í almannavarnaráði frá því sem nú er. Vissulega eru það margir aðilar sem koma nálægt þeim verkefnum sem almannavarnaráði eru falin og tengjast þeim á ýmsan hátt en það hlýtur að vera nokkuð erfitt að gera þar upp á milli hverjir eigi þá að bætast við í ráðið. En hv. Nd. hefur komist að þessari niðurstöðu og ég geri ráð fyrir að hv. allshn. Ed. muni íhuga það atriði.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 798). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. var flutt í janúarmánuði í Nd. og vísað þar til samgn. sem hafði málið til afgreiðslu. Samgn. Nd. gerði nokkrar breytingar á frv. sem fram komu á þskj. 768. Þessar breytingar voru sjö að tölu og voru ekki mikilvægar hvað snerti efni frv. en eru að mörgu leyti til þess að gera frv. betra og skýrara að undanskilinni einni till. sem nefndin flutti. Hún var við ákvæði til bráðabirgða um að endurskoða þessi lög ekki síðar en að þremur árum liðnum.

Að nál. í Nd. og brtt. stóðu allir nm. nema einn, sem skilaði séráliti og lagði fram tvær brtt., sem voru efnislega um að skipa Landmælingum stjórn frá tilteknum aðilum, eins og þar segir, og sömuleiðis um skipulag og starfsháttu Landmælinga, um samráð milli þeirra aðila sem landmælingar stunda. Þær tillögur voru felldar í Nd. en brtt. meiri hl. samgn., sex nefndarmanna, voru samþykktar. Er frv. því óbreytt eins og þeir lögðu til.

Með frv. þessu er verið að leggja drög að fyrstu lögum um Landmælingar Íslands. Frv. er í sex köflum. I. kaflinn fjallar almennt um skipulag stofnunarinnar. Í II. kafla eru talin upp helstu verkefni stofnunarinnar og í III. kafla er áætlun um verkefni stofnunarinnar til

tiltekins tíma í einu. IV. kaflinn fjallar um höfundarétt og útgáfurétt Landmælinga Íslands og í V. kafla, sem ber heitið Fjármögnun, er gert ráð fyrir tvenns konar gjaldi til að tryggja fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar. Með þessum kafla er stefnt að því að gera Landmælingar Íslands sem sjálfstæðasta fjárhagslega einingu sem geti látið í té þjónustu við almenning og opinberar stofnanir hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja frekar efni þessa máls en ég legg mikla áherslu á að hv. nefnd hraði afgreiðslu þess. Ég vil til viðbótar geta þess, að Landmælingar Íslands hafa nú tekið við mikilli og dýrmætri gjöf frá Geodætisk Institut. Það eru frumkort sem danska herforingjaráðið gerði hér, einkum á árabilinu 1902—1910 og eiginlega allt fram að síðustu heimsstyrjöld, ásamt mikilli gjöf í myndum sem er að mínum dómi ómetanleg fyrir okkar þjóð að eiga. Tel ég að þetta sé einhver mesta og besta gjöf sem við Íslendingar höfum fengið. Þetta verður allt í vörslu Landmælinga Íslands og ég tel því eðlilegt og tímabært að þessari stofnun sé sett löggjöf.

Ég hef þessi orð ekki fleiri en legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 358, n. 799, 800). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um Veðurstofu Íslands. Undir nál. hafa allir nm. samgn. Ed. skráð nöfn sín. Í forföllum eða fjarveru Karls Steinars Guðnasonar mætti Eiður Guðnason til nefndarstarfa.

Ég vísa til fyrri umr. um málið og framsöguræðu samgrh. um skýringar á frv. eins og það var lagt fram. Nefndin fjallaði um það á fundum sínum og fékk umsagnir frá flugráði, flugmálastjóra, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, starfsmannaráði Veðurstofunnar og öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna. Í þessum umsögnum komu fram nokkrar ábendingar um breytingar á texta frv. Voru þar mestar að efni til tillögur frá starfsmannaráði Veðurstofu Íslands. M. a. vegna þess að frv. var samið í samvinnu við Veðurstofuna af starfsmönnum samgrn. þótti nefndinni eðlilegt að á þessar umsagnir yrði litið í samgrn. Og það var gert. Ráðuneytisstjórinn þar og fulltrúi hans fóru yfir umsagnirnar og ræddu við þá aðila sem þær sendu. Á grundvelli þeirrar umfjöllunar hefur svo nefndin gert brtt. sem fylgja hér með á sérstöku þskj. Þær eru að sjálfsögðu ekki mjög veigamiklar, en eru hins vegar fyllri útfærsla á lagatextanum og þeim meiningum sem þar koma fram, en skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fjalla nánar um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 800,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 800,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 800,3 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 800,4 (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi, frv. 431. mál (þskj. 719). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 62. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 61. fundi.

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 820). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 62. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 77. fundi í Sþ.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774, 806). — Frh. 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú mælt fyrir þremur stjfrv. sem lengi hefur verið beðið eftir. Það eru frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi o. fl., það er frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands og það

er frv. til l. um Byggðastofnun. Jafnframt hefur verið lögð hér fram brtt. á þskj. 806 þar sem hv. þm. Alþb. í Nd. leggja til að heimili og varnarþing hlutafélagsins verði á Akureyri og má vera að þegar upp er staðið verði það að skoðast sem merkasta till. af þessum þremur sem nú hafa verið nefndar.

Það var laukrétt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði í umr. í sinni ræðu um þessi mál að hinni umdeildu stofnun, sem heitir og hét Framkvæmdastofnun ríkisins og stofnsett var árið 1971 sem eitt af fyrstu verkum vinstri stjórnar þá, hefur nú skv. frægum lögmálum Parkinsons verið skipt upp í fernt, þ. e. í sérstakan Framkvæmdasjóð, sérstakan Byggðasjóð, í sérstakan nýsköpunarsjóð og reyndar ef af verður í eignarhaldsfyrirtæki ríkisins sem að vísu eftir ábyrgum heimildum úr innsta hring stjórnarliða verður aldrei til. Hvort þetta breytir einhverju sem máli skiptir í efnahagsstjórn og fjárfestingarpólitík, það eiga menn nú eftir að sjá.

Ef við lítum á þessi mál — og þau eru rædd hér í einu — þá er fyrst það að segja að mér sýnist í fljótu bragði að frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands sé nafnbreyting. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið ekki aðeins umdeild heldur á margan hátt táknræn fyrir það pólska ríkisforsjárkerfi í atvinnu- og efnahagsmálum sem hér hefur risið að frumkvæði og undir handleiðslu framsóknarmanna í þremur stjórnmálaflokkum. Seinustu árin hefur þessi stofnun gegnt því hlutverki fyrst og fremst að vera viðbótarlánasjóður til pólitískrar skömmtunarstjórnar. Lánin hafa verið af stærðargráðunni frá 50 upp í 200 þús. og verið viðbótarlán við lán úr bankakerfinu, löngum með sérstaklega vægum lánskjörum.

Stofnunin hefur engan veginn risið undir því nafni að vera nein byggðastofnun. Þarna er að vísu mikill herskari manna sem stundar skrifborðsvinnu og semur skýrslur. Þær eru stundum birtar en þær rykfalla jafnan í skúffunum aftur. Hún vinnur ekki eftir neinni fyrirframgerðri áætlun, hún fylgir ekki slíkum áætlunum eftir. Að sumu leyti má segja að þetta sé eins konar atvinnubótastofnun fyrir félagsfræðinga og viðskiptafræðinga. Það er opinbert leyndarmál að þarna eru menn í stórum stíl áskrifendur að kaupinu sínu og væri fyrsta hagræðingarráðstöfunin að miða við umfang starfa sem þarna eru unnin og fækka starfsliði verulega. Ég fæ ekki séð að frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands breyti neinu í þessu efni.

Að því er varðar frv. um Byggðastofnun þá er það líka mestan part nafnbreyting. Við höfum allt aðrar hugmyndir, jafnaðarmenn, um það hvernig standa eigi að byggðastefnu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hér sé engin byggðastefna rekin og hafi ekki verið lengi. Á sínum tíma, reyndar á 104. löggjafarþingi árið 1981, fluttu þm. Alþfl. hér í þessari hv. deild frv. til l. um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlana. Aðalatriði þeirrar stefnumótunar var þetta:

Í fyrsta lagi að Byggðastofnunin yrði deild í rn. félags- og sveitarstjórnarmála þar sem við teljum að hún eigi eðlilegastan samastað, áætlanir um íhlutun ríkisvaldsins að því er varðar byggðaþróun væru best komnar þar. Þetta er þáttur af sveitarstjórnarpólitíkinni.

Í annan stað var þeirri skoðun lýst og sú stefna mörkuð að eðlilegt væri að fjárveitingar, sem kynni að þurfa að verja í þessu skyni, þ. e. til byggðarlaga sem af einhverjum ástæðum þyrftu sérstakrar aðstoðar við, t. d. vegna árstíðarbundins eða viðvarandi atvinnuleysis, vegna langvarandi fólksfækkunar eða vegna þess að félagslegri aðbúð væri á annan hátt verulega ábótavant eða ef mönnum sýndist svo að rétt væri að marka þá stefnu að reyna að byggja upp dálítið öflugan þjónustu- og menningarkjarna í hverjum landsfjórðungi, skyldu ákveðnar af Alþingi á fjárlögum. Þær fjárveitingaáætlanir væru þá lagðar fyrir Alþingi og þær rökstuddar á grundvelli ítarlegra áætlana og þeim fylgt eftir þannig að eitthvert verulegt gagn yrði að slíkri stefnumótun.

Þá er rétt að vekja athygli á því að að því er varðar byggðastefnu hefur Alþfl. fyrir sitt leyti mótað allt annars konar og miklu róttækari stefnu í þeim málum. Það var gert á flokksstjórnarfundi Alþfl. á Akureyri í s. l. mánuði þar sem samþykkt var einróma stefnuyfirlýsing um það mál og settur upp starfshópur til að vinna það mál nákvæmlega í frumvarpsform. Kjarni þessarar hugmyndar er sá að ef við viljum auka vald landsbyggðarinnar og þess fólks sem þar býr yfir sínum eigin málefnum þurfum við að gera róttæka skipulagsbreytingu á stjórnkerfinu og skapa hér nýjar stjórnsýslueiningar í sveitarstjórnarmálum sem væru fylki eða fjórðungar sem fengju verulegt vald í sínar hendur.

Það má merkilegt heita að flestar þær stjórnsýslustofnanir ríkisins sem mestu ráða um málefni landsbyggðarmanna, jafnt sveitarstjórnarmanna sem annarra, eru saman komnar hér í Reykjavík. Allt þetta viðamikla bákn, allt þetta viðamikla kerfi stjórnmálamanna og embættismanna í þeirra þjónustu er hér saman komið. Okkar hugmyndir eru í þá átt að færa þetta vald í auknum mæli í hendur þeirra sem eru þolendurnir, hafa staðarþekkinguna og eiga að lokum að bera ábyrgðina.

Þessar hugmyndir eru ekkert sérstaklega frumlegar. Þær hafa lengi verið til umr. í íslensku þjóðfélagi. Þær voru settar fram með mjög skipulegum hætti í umr. sem áttu sér stað fyrir stofnun lýðveldisins 1944 í ýmsum lærðum tímaritsgreinum þá og reyndar síðar, sérstaklega á fjórðungsþingi Austfirðinga sem gerði ítarlegar samþykktir og ályktanir og hélt reyndar úti sérstöku tímariti um skeið, Gerði, til þess fyrst og fremst að rökstyðja nauðsyn slíkra breytinga á stjórnarskrá og stjórnskipan lýðveldisins.

Aðalatriðin eru að í stað hinna u. þ. b. 220 sveitarfélaga, sem eru of mörg og of smá og of burðarlítil til framkvæmda til að geta veitt sambærilega þjónustu við höfuðborgarsvæðið, komi til nýjar stjórnsýslueiningar sem eru fylki eða fjórðungar. Það er álitamál og samningsatriði hvernig þessum fjórðungum verði fyrir komið, hvort þar verði fylgt núv. kjördæmaskipan, hvort tekin verði upp gamla fjórðungaskipanin eða hvort gera þurfi þar ýmsar breytingar með tilliti til staðhátta og samgangna. Aðalatriðið er að þessar nýju stjórnsýslueiningar fái í hendur meira vald, að kjörið verði með lýðræðislegum hætti í stjórnir þeirra, til fylkisþinga eða fylkisstjórna, að fylkin fái sjálfstætt skattlagningarvald, að gert verði hreint borð að því er varðar tekjustofna annars vegar fylkjanna og hins vegar miðstjórnarvalds ríkisins og í þriðja lagi að gert verði hreint borð að því er varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Eitt þýðingarmesta atriðið er að að því verði stefnt í

þessari stjórnskipun að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð þegar fylkjunum eru fengin sérstök verkefni. Við tökum undir það sjónarmið sem lengi hefur verið í umr. að æskilegt væri að svo róttæk breyting á stjórnskipan og sveitarstjórnarskipan væri ákvörðuð með breyttri stjórnarskrá og tökum undir það sjónarmið að eðlilegast væri að ljúka því verki með því að kjósa sérstaklega til stjórnlagaþings. Þá vekjum við athygli á því að kannske væri þýðingarmesta breytingin á byggðastefnu sú að ákveða róttækar breytingar á þeim aðferðum sem við höfum á skráningu á gengi krónunnar og á því stofnanavaldi sem nú ræður mestu um gjaldeyrisverslun. Þessu má lýsa á einfaldan máta á þann veg að ef útflutningsfyrirtæki okkar, sem mörg eru mjög öflug á landsbyggðinni, fengju aukið vald til að selja þann gjaldeyri sem þau afla á erlendum markaði á réttu markaðsverði mundu vandamál í sjávarútvegi verða stórum minni en við er að fást nú og þörfin fyrir svokallaða byggðastefnu miklum mun minni en nú, þ. e. byggðastefnu í þeim skilningi að þar eigi menn við úthlutun pólitísks skömmtunarvalds á einhverjum ölmusum til baka til landsbyggðarinnar í staðinn fyrir það fjárstreymi sem nú á sér stað frá landsbyggðinni í gegnum ríkisbáknið, verslunina, þjónustuna, samgöngurnar o. s. frv.

Mér sýnist að frv. til l. um Byggðastofnun taki ekkert á þessum vandamálum. Það er raunverulega sami grauturinn í sömu skálinni. Þetta er nafnbreyting fremur en efnisbreyting. Af því tilefni er kannske sérstaklega ástæða til að minna hv. framsóknarmenn sem hér kunna að vera í deildinni á athyglisverða grein eftir nestor þeirra framsóknarmanna, hv. fyrrv. þm. og elsta ritstjóra á heimsbyggðinni, Þórarin Þórarinsson, en hann skrifaði þann 19. apríl s. l. mjög athyglisverða grein sem heitir „Stjórnkerfi Bandaríkjanna grundvallast á öflugri byggðastefnu. Getur það ekki orðið Íslendingum til fyrirmyndar?“ Ég vek athygli framsóknarmanna á þessari merku grein. Ritstjórinn er þarna að rifja upp hugmyndir þær sem ég var að lýsa og hafa verið settar fram allt frá því áður en lýðveldið var stofnað þar til nú þegar landsbyggðarmenn í stórum stíl eru að sameinast um þær hugmyndir, enda búnir að stofna samtök í heilum landsfjórðungum til að vinna að framgangi slíkra hugmynda. (**ÓÞÞ:** Á þá framsókn orðið fylgi innan Alþfl.?) Sú var tíð, hv. skrifari, að stofnendur beggja þessara flokka ætluðust til að það væru forsendur fyrir samstarfi Bændaflokks sveitanna og Alþýðuflokks öreiganna á mölinni. En eftir að sú myndbreyting varð á hugsjónaflokki Jónasar frá Hriflu að hann umhverfðist í íhaldssamasta kerfisflokk landsins og breyttist í pólitískt verkfæri forstjóraveldisins SÍS, sem gerir út á skattgreiðendur, þá hafa forsendur fyrir slíku samstarfi verið á tæpasta vaði seinustu áratugina. (**ÓÞÞ:** Hefur þá ritstjórinn ekki haldið mönnum við rétta stefnu?) Ef átt er við ritstjóra Tímans þá hefur honum greinilega ekki tekist það.

Þá er spurningin um hvert gildi sé fólgið í frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Guð láti nú gott á vita að það verði eitthvað að nafninu til. Á þessu stigi málsins er ekki mikið um það að segja. Hér er sett á blað í lagatexta að ríkisstj. ætli að taka erlend lán. Síðan eru settar ákveðnar reglur um það hvernig þessum lánum eigi að verja. Allt í allt getur hér verið um'að ræða erlendar lántökur upp á 40 millj. á þeim kjörum sem nú eru fáanleg á erlendum fjármagnsmörkuðum og með þeirri áhættu sem því fylgir að taka væntanlega dollaratengd lán miðað við veikar undirstöður gengis íslensku krónunnar. Hversu margir þeir aðilar verða, sem verða ginnkeyptir til þess að taka slík lán eða geta staðið undir þeim ávöxtunarkröfum sem slík lán leggja nýjum fyrirtækjum á herðar, verður ekki sagt fyrir fram þó að líkindin séu kannske ekki allt of góð.

Svo er að skilja að menn geri sér vonir um að einkaaðilar vilji leggja fram eitthvert hlutafé í þessum félagsskap. Flestum mönnum, sem telja sig til þekkja, ber þó saman um að ekki verði það mikið enda er hér gert ráð fyrir því að ríkið geti líka tekið lán til að endurlána þeim sem vilja leggja fé í fyrirtækið ef þeim kynni að verða fjár vant. Þá getur það auðvitað verið álitleg aðferð fyrir skjólstæðinga kerfisins að tryggja sér með mjög litlu hlutafjárframlagi, sem fengið væri að láni, aðild að þessum stóra sjóði, enda skilst mér að þetta hafi verið þó nokkurt bitbein milli stjórnarflokkanna.

Spurningin er: Er þetta líklegt til að verða veruleg lyftistöng fyrir vaxtargreinar í atvinnulífi á Íslandi? Er það allt og sumt sem við þurfum, forganga ríkisins um stórfelldar nýjar erlendar lántökur? Eða er einhverra annarra nýrra leiða að leita og er það eitthvað annað sem við þurfum að breyta í okkar efnahagsstjórn áður en við getum gert okkur vonir um að koma traustum stoðum undir vaxtargreinar í íslensku atvinnulífi? Ég held að þetta einfalda svar, „Tökum meiri erlend lán“, sé ekki nóg.

Ef spurt er: Hver er stefna ykkar jafnaðarmanna varðandi hlutverk ríkisvalds, stjórnvalds, stjórnmálamanna og atvinnulífsins hins vegar verður svarið eitthvað á þessa leið: Við teljum að það sé skylda ríkisstj. að reyna að skapa atvinnulífinu umgjörð, ramma, sem það getur starfað eftir án beinnar íhlutunar ríkisvaldsins. Hvað eigum við við? Þýðingarmesta hlutverk stjórnmálamanna er að móta stefnu og þá fyrst og fremst stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Markmiðið er fyrst og fremst að reyna að skapa stöðugleika í íslensku efnahagslífi, draga úr sveiflum, halda verðbólgu í skefjum, efla innlendan sparnað, koma í veg fyrir að framleiðslukostnaður innanlands eða fjármagnskostnaður geri íslenskar atvinnugreinar eða íslensk útflutningsfyrirtæki ósamkeppnisfær. Sérstaklega er sá punktur kannske þýðingarmikill þegar kemur að vaxtargreinum atvinnulífsins sem fyrst og fremst verða að leita sér markaða erlendis.

Hins vegar höfum við ákaflega litla trú á beinni íhlutun ríkisvaldsins, beinum ríkisrekstri, nema í undantekningartilvikum. Við höfum ákaflega litla trú á því að embættismannakerfið og rn. geti rekið bisness og teljum það reyndar hvorki vera hlutverk stjórnmálamanna né embættismanna. Við lítum svo á að hlutverk ríkisvaldsins sé þýðingarmikið í blönduðu hagkerfi og lýðræðislegu þjóðfélagi en það eigi um leið að vera mjög afdráttarlaust takmarkað.

Ef við spyrjum hvernig núv. hæstv. ríkisstj. hafi tekist að skapa íslensku atvinnulífi starfsgrundvöll skv. þessum grundvallarsjónarmiðum þá er það fljótsagt að það hefur ekki tekist vel. Það hefur reyndar tekist hörmulega. Hver er meginástæðan fyrir því? Meginástæðan fyrir því er sú framsóknarheimspeki sem hér hefur verið

öllu ráðandi í stjórn efnahagsmála s. l hálfan annan áratug og byggist á blindri og gagnrýnislausri trú á ríkisforsjá og endar í embættismannabákni sem er meira og minna ófært um að sinna verkefnum eða halda kostnaði í skefjum eða reka hluti þannig að skynsamlegt geti talist.

Framkvæmdastofnun ríkisins er reyndar tákn um þessa stefnu. En afleiðingarnar blasa við. Fáir hafa gert því betri skil en sá margvitnaði og rómaði hagfræðingur Vinnuveitendasambandsins og helsti ráðgjafi 1. þm. Suðurl. þegar hann dregur niðurstöðurnar af þessu ríkisforsjárkerfi, þessu pólitíska skömmtunarkerfi fjárfestingar, saman með þeim hætti að hann sagði: Ef öll þessi erlendu lán, sem tekin hafa verið á þessu tímabili, hefðu skilað okkur lágmarksarði, þ. e. ekki minni arði en þau gerðu áratugina á undan, þá værum við núna 25 milljörðum kr. ríkari en við erum í dag, en sú upphæð jafngildir fjárlögum ríkisins á ári og tæplega þriðjungi af okkar þjóðarframleiðslu. Þetta er mælikvarðinn á þau mistök í fjárfestingarstjórnun sem rekja má beint eða óbeint til þessa pólitíska skömmtunarkerfis, til þessa ríkisforsjárkerfis sem framsóknarmenn í þremur flokkum hafa yfirleitt verið sammála um að hrófla hér upp á undanförnum árum. Þetta er stærsta einstaka skýringin á því að Íslendingar hafa allt frá árinu 1978 dregist hraðfara aftur úr nágrannaþjóðum sínum í lífskjörum.

Af þessari skuldasúpu til langs tíma er langalvarlegust skuldabyrðin sem á okkur hvílir í orkugeiranum, einhvers staðar á bilinu 25—30 milljarðar kr. Þaðan er dæmisagan ljótust, þ. e. þarna hefur þetta pólitíska forsjárkerfi haldið áfram að taka lán, skeytt engu um þá áhættu eða um þá greiðslubyrði sem þessi lán legðu okkur á herðar, gleymt með öllu að hugsa til þess hvar markaðurinn væri sem ætti að standa undir þessari lánabyrði og afleiðingarnar orðið þær að lokum að við sitjum uppi með hæsta orkuverð í heimi. Þjóð, sem situr á auðvirkjanlegum orkuauðlindum, situr vegna þessarar fáránlegu óstjórnar uppi með orkuverð sem er hærra en hjá nágrannaþjóðum sem eru orkusnauðar og verða að framleiða sína orku annaðhvort með kolum og olíu eða flytja hana inn.

Þannig mætti lengi rekja dæmin af þessari dapurlegu stefnu. Ef leita ætti samanburðar einhvers staðar erlendis mætti helst líkja þessari reynslu okkar við reynslu Pólverja og ófarnað þeirra á undanförnum árum. Það virðast nefnilega vera ákaflega svipaðar grundvallarhugmyndir um efnahagsmál og efnahagsmálastjórn ríkjandi í miðstjórn Framsóknarflokkanna hér og í miðstjórn pólska kommúnistaflokksins. Draumur Pólverja var sá að hægt væri á þessu tímabili að verða sér úti um með tiltölulega auðveldum hætti mikið af erlendum lánum og það kom á daginn að kapítalistar vesturþýskir og allra þjóða voru ákaflega örlátir á lán. Það var allt í tengslum við austurpólitíkina og vonina um það að Austur-Evrópumarkaðurinn opnaðist fyrir vestur-evrópskt kapítal. Lánin voru því auðfengin og þau voru tekin í stórum stíl. Síðan komu embættismenn, kommissarar, kerfiskarlar þessa lokaða pólska kerfis og settust við teikniborðin og teiknuðu einhver lifandi ósköp af verksmiðjum. Það voru byggðar verksmiðjur um allt Pólland fyrir erlend lán og þær áttu síðan að framleiða vörur sem hægt var að selja fyrir erlendan gjaldeyri á erlendum mörkuðum til að standa undir öllum þessum lánum.

Hvað var það sem brást? Það sem brást var fyrst og fremst kerfið sjálft. Kunnáttuleysi þessara embættismanna til að reka bisness kom þeim á kaldan klaka. Til þeirra hluta kunna þeir ekki nokkurn skapaðan hlut. Þeir voru engan veginn menn til að rísa undir afleiðingum af þessum lánaákvörðunum sínum. Þeir kunnu hvorki til verka sem tæknimenn né fjármálamenn. Kerfið þýddi að sú vara, sem framleidd var, var allt of dýr til að standast verðsamanburð á erlendum mörkuðum. Tækninni var áfátt að því leyti að gæðin stóðust engan samanburð. Niðurstaðan varð því sú að uppi stóðu menn með hálfkaraðar eða jafnvel fullbúnar verksmiðjur sem framleiddu eitthvað sem engar markaðslegar forsendur voru fyrir og uppgötvuðu það að lokum að Pólland var sokkið í skuldir og lífskjör Pólverja veðsett næstu 20 árin. Einmitt draumurinn um það sem átti að endurreisa pólskt efnahagslíf varð að þeirri martröð sem endaði í herlögunum og valdatöku Jarucelskis.

Þetta er kannske ljótasta dæmið úr nýliðinni sögu um ófarnað þessarar stefnu. Ég ætla ekkert að ýkja það og ekkert að slá því föstu að svo illa sé fyrir okkur komið. En ég ætla heldur ekkert að draga úr því að það er ákaflega illa fyrir okkur komið. Þegar svo er komið að við skuldum til langs tíma 65% af okkar þjóðarframleiðslu, þegar tveir fiskar af hverjum fjórum fara í að standa undir afborgunum og vöxtum af þessum dýru erlendu lánum og þegar fram undan blasir að við getum ekki komið þeirri orku, sem við höfum þegar virkjað, í verð og við erum engu nær um það yfirleitt að íslenskt atvinnulíf geti risið undir þeim ávöxtunarkröfum þessa erlenda fjármagns sem um er að ræða, þá er sannleikurinn sá að vandamálin fram undan eru hrikalega alvarleg.

Ég spurði áðan: Hvernig hefur þetta kerfi gefist? Hefur stjórnarfar af þessu tagi tryggt íslenskum atvinnuvegum vaxtarskilyrði? Lítum á landbúnaðinn. Það þarf ekki að hafa mörg orð um hann. Honum er haldið uppi að verulegu leyti með millifærslum, teknum frá skattgreiðendum, jafnvel í þeim mæli að við erum að henda 600 millj. kr. í matargjafir til ríkra útlendinga á sama tíma og lífskjör fólks hér eru komin niður á hungurstig. Lítum á það sem fram undan er þar.

Á næstunni mun Alþingi taka til við að ræða nýtt frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Ég er ekki vanur að láta mér verða hverft við þegar ég sé plögg af þvílíku tagi út úr þessu kerfi en ég verð að segja að ég varð fyrir hrikalegum vonbrigðum. Það er eins og mennirnir hafi ekkert lært og engu gleymt. Áfram er haldið að hrófla upp steindauðu, óskilvirku, dýru bákni sem á að sitja áfram yfir hlut jafnt neytenda sem bænda og stjórna öllu. Það er engin hugsun hugsuð til enda, engin rökrétt ályktun dregin af þessari ófarnaðarpólitík. Þarna er greinilega um að ræða Framsfl. og framsóknararmur Sjálfstfl. hafa náð þarna saman. M. ö. o., engin von um nauðsynlegar róttækar breytingar.

Þannig getum við farið yfir málið áfram. Þannig er það með sjávarútveginn og spurning er: Hvað kemur nú til allt í einu að hæstv. forsrh., sem um leið er formaður þessa Framsfl. sem ber öðrum flokkum fremur ábyrgð á ófarnaði okkar í efnahagsmálum, kemur nú fram og mælir fyrir málum sem að nafninu til eiga að vísu að bera merki þess að hann og flokkur hans hafi nú lært eitthvað, vera staðfesting á hug til breytinga? Ég held að það sé sýnd veiði en ekki gefin, hér sé verið að

framkvæma breytingar breytinganna vegna, þetta sé pólitísk andlitslyfting fremur en að á bak við búi nokkur einbeittur, alvarlegur vilji til að læra af mistökunum og að breyta kerfinu á þann veg að atvinnulífið á Íslandi geti gert sér vonir um betri tíð.

Að lokum, herra forseti, hvaða þjóðir hafa talið sig hafa náð mestum árangri í nýsköpun atvinnulífs, í að byggja upp samkeppnishæfar nýjar atvinnugreinar þar sem framleiddur er varningur sem stenst snúning og stenst samkeppni við háþróaðar tæknivæddar þjóðir? Það eru ekki gömlu Evrópuríkin. Í einu orði má segja að það sé Kyrrahafskerfið sem á undanförnum áratug sérstaklega hefur skorið sig úr. Hvað má af því læra? Það má læra það að ef við ætlum að koma fótunum undir útflutningsgreinar sem eiga ekki að byggjast á styrkjum og niðurgreiðslum eða einhverri skömmtunarstjórn pólitíkusa þá eigum við að búa þannig að þessum fyrirtækjum að þau geti að eigin frumkvæði og hjálparlaust spjarað sig í samkeppninni. Þá þurfum við að losa um hömlur, afnema mismunandi pólitíska skömmtunarstjórn og sér í lagi gera aðrar þær óbeinu ráðstafanir í efnahagsmálum sem gætu gert þessi fyrirtæki samkeppnishæf.

Embættismannakerfið mun ekki geta haft vit fyrir mönnum, það framleiðir ekki hugmyndir. Það útvegar fjármagn, stundum fengið að láni, dýr lán, en það er líka allt og sumt. Það ber heldur enga ábyrgð á afleiðingum gerðanna. Pólitíkusar geta verið veikir fyrir þeirri hagfræðikenningu að þeir séu burðarásar framfaranna þegar þeir koma með einhvern sjóð af almannafé og afhenda einhverjum mönnum í nafni einhverrar einfaldrar hugmyndar um að hér eigi að byggja verksmiðju. Erum við ekki búnir að læra af stálinu sem Svíar eru núna að hlæja að, að þeim skyldi hafa tekist að pranga inn á íslenska forsjárkerfið hundúreltri stálfabrikku af því tagi sem búið var að leggja niður u. þ. b. 80 af sama tagi í Evrópu á þessum tíma? Hafa menn ekkert lært af saltævintýrinu?

Menn skulu gera sér grein fyrir því að kerfi, nefndir og bákn framleiða yfirleitt engar hugmyndir. Þeir leggja ekki nótt við dag, þeir stjórna ekki út frá því að takmarka kostnað eða halda kostnaði í skefjum. Kerfið kann ekki svoleiðis vinnubrögð. Þess vegna vinnst ekkert með slíkum vinnubrögðum. Hugmyndir af þessu tagi eru, eins og ég hef sagt, einkennandi fyrir þankagang framsóknarmanna í öllum flokkum um efnahagsmál og hann hefur reynst okkur of dýr. Við þurfum að læra — við þurfum að aflæra þetta. Og við þurfum að læra af reynslunni það sem er þýðingarmest fyrir íslenskt atvinnulíf að gerist núna, þ. e. gerbreytt efnahagsstjórn. Það fer ekki saman annars vegar að hæstv. fjmrh. reki ríkissjóð með halla, að hæstv. fjmrh. og viðskrh. nái engum árangri í því að draga úr viðskiptahalla þjóðarbúsins, að ríkisstj. í heild og Seðlabankavaldið haldi áfram linnulausu innstreymi erlends fjármagns, að stjórnin í heild skuli ekki ná neinum tökum á peningamálastjórn í landinu, hafa engin stjórntæki til að halda peningamagninu í skefjum en láti Seðlabankann þenjast út um allt þjóðfélagið sem helstu valdastofnunina þannig að hann er löngu orðinn af því tagi að stjórnmálamenn munu ekkert við hann ráða, þetta annars vegar fer ekki saman við það að segja í öðru orðinu: Nú viljum við skapa hér forsendur fyrir því að hér geti þróast og dafnað samkeppnishæft atvinnulíf, ný fyrirtæki sem ætla að framleiða varning til útflutnings og standa sig í samkeppninni. Þetta kerfi framleiðir bara verðbólgu, þetta kerfi framleiðir bara pappír og þetta kerfi, ef það heldur áfram, á bara eftir að sökkva okkur dýpra og dýpra í skuldafenið og gera okkur erfiðara fyrir þegar að því kemur að rífa okkur upp úr þessu feni og gera þær róttæku umbætur á öllu íslenska stjórnkerfinu sem bíður núna síns tíma.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég ætlaði að gera hér örfáar athugasemdir við nokkur þeirra atriða sem fram hafa komið í ræðum hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. í umr. um þessi mál. Það er athyglisvert að gagnrýni þeirra er af ólíkum toga spunnin. Hv. 3. þm. Reykv. leggur á það mikla áherslu í gagnrýni sinni að með þeim breytingum, sem þessi frumvörp fela í sér, sé verið að hverfa að nokkru leyti frá miðstýringu og samþjöppun valds í einni stofnun og dreifa ákvarðanatöku. Hann telur það á hinn bóginn vera nokkurt fagnaðarefni að með öllu sé ekki horfið frá því sjónarmiði að ríkið hafi nokkrum skyldum að gegna varðandi uppbyggingu atvinnulífsins.

Hv. 5. þm. Reykv. telur á hinn bóginn þessum frv. það til foráttu að ekki sé nógu langt gengið í valddreifingu í þá veru að gefa atvinnulífinu meira frelsi og láta það hafa meira sjálfstæði. Þeir hafa báðir vikið að því að frumvörpin feli í sér að ein stofnun sé leyst upp og eftir standi fjögur fyrirbæri, stofnanir og sjóðir. Ég held að einmitt þetta sýni að þessi frv. miða að því að draga úr miðstjórnarvaldi og koma á meira sjálfstæði í atvinnulífinu. Auðvitað er það svo að í ýmsu efni mætti ganga lengra á þessari braut en um þetta hefur orðið samkomulag á milli stjórnarflokkanna.

Hv. 3. þm. Reykv. flutti hér ræðu næstum því með tárin í augunum yfir hinni fornu stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, sem vinstri stjórnin 1971 kom á fót og ætlað var af forustumönnum Alþb. á sínum tíma að verða allsherjar miðstýringarstofnun varðandi fjárfestingu, varðandi hagrannsóknir, varðandi ráðgjöf um hagfræðileg málefni og hvers konar áætlanagerð. Að vísu fór það svo að þessi stofnun varð aldrei í reynd það mikla bákn sem Alþb. stefndi að. En um margt var hún þannig uppbyggð að valdi var um of þjappað saman og ákvarðanir ekki í öllum tilvikum teknar um ráðstöfun fjármagns með tilliti til arðsemiskröfu. Einmitt það atriði skiptir auðvitað mestu máli ef við ætlum okkur nú í alvöru að snúa okkur að því verkefni að hefja hér nýja framfarasókn í atvinnumálum.

Það voru athyglisverðar upplýsingar sem hv. 3. þm. Reykv. benti hér á varðandi framleiðni á hverja unna vinnustund í landinu. Þar stöndum við langt að baki öðrum þjóðum. Hv. 5. þm. Reykv. benti enn fremur á að það fjármagn, sem við höfum varið til fjárfestingar í atvinnumálum, hefur skilað miklu minni arði en þekkist meðal annarra þjóða. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að lífskjör hér á landi eru ekki með sama hætti og hjá okkar nágranna- og viðskiptaþjóðum og þessu verðum við því að breyta. Við verðum að gera þær kröfur að fjármagnið, sem varið er til atvinnuuppbyggingar, skili meiri arði í þágu atvinnulífsins sjálfs og launafólksins sem í atvinnufyrirtækjunum vinnur. Afkoma þess er undir því komin enda hafa samtök launþega á undanförnum árum lagt á það mikla áherslu að breyta yrði stefnunni í atvinnumálum einmitt út frá þessu sjónarmiði.

Frá mínum bæjardyrum séð er alveg ljóst að þær breytingar, sem hér er verið að gera og unnið hefur verið að að undanförnu, miða að því að ná þessum markmiðum. Auðvitað mætti hafa skrefin stærri og fara með meiri hraða að þessu marki. Um það hefur að vísu ekki náðst pólitískt samkomulag og alltaf álitaefni hversu skynsamlegt það er að taka breytingar af þessu tagi með of miklum hamagangi. Það er eðlilegt að við tökum okkur nokkurn tíma við að færa okkur frá því kerfi, sem við höfum búið við, til nýrra hátta.

Ég ætla þá að víkja í nokkrum atriðum að einstökum gagnrýnisatriðum sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann hélt því fram að með frv. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í því félagi væri í reynd verið að búa til ríkisfyrirtæki í stað Framkvæmdasjóðs. Þetta er alrangt. Hér er verið að koma á fót hlutafélagi, að vísu með verulegri þátttöku ríkisins, en það er markmiðið með stofnun félagsins að atvinnulífið sjálft eigi þar meiri hluta. Með því er verið að stíga skref frá pólitískum ákvörðunum við atvinnuuppbyggingu yfir til þess að atvinnulífið sjálft hafi þar meiri hönd í bagga og í því skyni að tryggja fremur en verið hefur að arðsemissjónarmið ráði varðandi uppbyggingu atvinnulífsins. Það er ein meginforsenda fyrir þessari skipan mála og samkomulagi stjórnarflokkanna um þennan hátt á framgangi mála að atvinnulífið sjálft verði í meiri hluta í þessu fyrirtæki. Það á eftir að reyna á það atriði, það kemur á daginn, en ég geri mér vonir um að atvinnulífið muni sýna þessu framtaki verulegan áhuga.

Þm. fór einnig mörgum orðum um að hér væri verið að koma á óeðlilegri skipan mála að því er varðaði starfsskiptingu í ríkisstjórn Íslands og stjórnarráðinu. Hann minnti á að Framkvæmdastofnun heyrði á sínum tíma undir ríkisstj. í heild. Þar var um að ræða pólitískt samkomulag þeirra flokka sem að þeirri breytingu stóðu sem miðaði fyrst og fremst að því að pólitísk stjórn væri á fjárfestingarákvörðunum, áætlanagerð og öllum þeim atriðum er lutu þá að almennri tillögugerð og rannsóknum varðandi hagfræðileg álitaefni. Um þetta urðu stjórnarflokkarnir á sínum tíma að ná samkomulagi vegna þess að sambúðin var ekki með betri hætti en þeim að þetta varð að heyra undir ríkisstj. í heild.

Ríkisstj. er ekki í eðli sínu fjölskipað stjórnvald og það hefur verið lögð á það mikil áhersla einmitt upp á síðkastið að framfylgja þeim hugmyndum sem liggja að baki stjórnskipaninni að þessu leyti. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt að mál heyri undir einn ráðh. Mál eru síðan afgreidd á milli stjórnarflokka með hefðbundnum hætti eftir eðli þeirra hverju sinni. En það er eitt af framfaraskrefunum sem stigin eru með þessum hætti að verið er að stroka yfir þá gömlu skipan sem komið var á þegar kommissarakerfið var sett á fót á sinni tíð. Það hlýtur að vera almennt álitið skref til framfara og undirstrikun á því að með öllu sé horfið frá hinu gamla kerfi.

Þm. minntist einnig á að vald Alþingis hefði verið takmarkað. Nú kysi það einungis stjórn Byggðastofnunar. Að ýmsu leyti takmarkast vald Alþingis sjálfs þegar breytingar eins og þessar eru gerðar. Hér er verið að stíga skref sem miða að því að skilja meira á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins, það fer ekkert á milli mála. Það er markmiðið með þessum breytingum. Það hefur verið grundvallarþáttur í okkar stjórnskipan að greina þar á milli og ýmsum kann að finnast að hér séu ekki stigin nægjanlega stór skref í því efni. En það er eitt af höfuðmarkmiðunum með þessari breytingu að greina þarna á milli. Fyrir þá sök er einnig eðlilegt að embættisstjórn sé sett yfir Framkvæmdasjóð en eðli hans breytist í verulegum atriðum með þessum frumvörpum ef að lögum verða. Það er ekki lengur gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður sé milligönguaðili um allar lántökur fjárfestingarsjóðanna og í reynd er verið að ljúka því hlutverki sjóðsins. Hann hefur hins vegar enn á sínum herðum miklar skuldbindingar sem eðlilegt er að hann ljúki og eðlilegt að hann verði af þeim sökum starfræktur áfram og fjárfestingarlánasjóðir fái að taka sín lán í gegnum hann ef þeir óska. En það eru einnig á döfinni miklar breytingar á kerfi fjárfestingarlánasjóðanna sem munu væntanlega fela í sér heimildir þeirra til að taka lán upp á eigin spýtur án millígöngu Framkvæmdasjóðs. Það á að draga úr kostnaði og gera starf fjárfestingarsjóðanna einfaldara og dregur það auðvitað úr því hlutverki sem Framkvæmdasjóður hefur haft fram að þessu.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði einnig af því miklar áhyggjur að forsrh. væri falið það stjórnskipulega hlutverk að þróunarfélagið væntanlegt yrði undir hans verndarvæng. Hann spurði hvort samið væri um meðferð hlutabréfa ríkisins, hvort forsrh. ætti að ráða lánveitingum til hins nýja félags, hvort hann ætti að hafa frumkvæði að stofnun félagsins, kaupum hlutabréfa og þeim áætlunum og verkefnum sem fyrirtækið á að annast. Allt er þetta á miklum misskilningi byggt. Það er eðlilegt að eignir fyrirtækis af þessu tagi, sem ríkið á, heyri undir ákveðinn ráðh. og um það varð samkomulag að þær heyrðu undir forsrh. í þessu efni. Meginatriðið er það að hér er verið að stofna sjálfstætt hlutafélag og forsrn. mun eðlilega standa að undirbúningi þeirrar stofnunar. En félagið sjálft, þegar það verður komið á fót, mun auðvitað taka ákvarðanir um það hverjir verða starfsmenn fyrirtækisins, hver verður þar í forsvari og taka síðan ákvarðanir um aðgerðir fyrirtækisins. Það verður verkefni þessa hlutafélags með sama hætti og önnur hlutafélög starfa og þar kemur rn. hvergi nærri. Það fer einungis með eignaraðild ríkisins að þessum hlutabréfum.

Þm. hafa einnig áhyggjur af því að í frv. kæmi ekki nákvæmlega fram með hvaða hætti væri verið að efla atvinnulífið með þessu fyrirtæki og þeim breytingum sem hér er verið að gera. Ég skil áhyggjur hans út frá því sjónarmiði að hann sér ekki neitt geta gerst í atvinnumálum öðruvísi en á þann veg að ríkið hafi þar um alla forustu, að ríkið geri áætlanir, að ríkið ákveði hvað sé skynsamlegt að framkvæma og framleiða í landinu. Við höfum af því langa reynslu að þetta leiðir ekki til framfara og aðrar þjóðir hafa af því miklu dýrkeyptari reynslu en við að þetta leiðir til stöðnunar og bágra lífskjara. Hér er því verið að fara inn á aðrar brautir. Það er ekki verið að gefa forskriftir um það fyrir fram að hvaða verkefnum fyrirtækið eigi að vinna, hvaða greinar atvinnulífsins það eru sem fyrirtækið á fyrst og fremst að stuðla að, það verður fyrirtækið sjálft að finna út eftir því sem aðstæður krefja á hverjum tíma. Þar um á ekki að gilda opinber forskrift.

Það er einnig alrangt, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að verið væri að draga úr áherslu á

byggðaverkefni með stofnun sérstakrar Byggðastofnunar. Þvert á móti er hér verið að afmarka verksvið þessarar stofnunar með skýrari hætti en verið hefur. *Hún mun hafa fjármagn til ráðstöfunar í sama mæli og áður.* Það er hins vegar stefna stjórnarflokkanna að Byggðastofnun verði ekki sjálfvirkur viðbótarlánasjóður eins og Byggðasjóður hefur að mestu leyti verið heldur geti tekið með sjálfstæðum hætti á þeim verkefnum sem hún telur brýnast að sinna á hverjum tíma og þannig að mínu mati rækt betur hlutverk sitt sem eiginleg byggðastofnun. Það er hins vegar rétt, sem fram kom í ræðu hv. þm., að nú skiptir meginmáli að auka hagvöxt og það skiptir megimáli að við náum þeim árangri að hagvöxtur aukist hér meira en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar.

Það eru ekki mörg ár síðan forustumenn Alþb. höfðu uppi stór orð um það að hagvaxtarstefnan væri úrelt orðin. Það mætti ekki minnast á arðsemi atvinnulífsins og hagvöxtur væri af *hinu illa*. Nú *væru ný og önnur* sjónarmið komin á dagskrá. Það er þess vegna fagnaðarefni að formaður Alþb. skuli hér við þessa umr. á ný viðurkenna að aukinn hagvöxtur er forsenda framfara í landinu, að aukinn hagvöxtur er forsenda fyrir því að við getum bætt lífskjör launafólksins á Íslandi.

Um margt get ég verið sammála þeim athugasemdum sem fram komu hjá hv. 5. þm. Reykv. Það er rétt, sem hann benti á varðandi Byggðasjóð, að hann hefur að stórum hluta til verið sjálfvirkur viðbótarlánasjóður. Nú er ætlunin að breyta því og taka upp önnur vinnubrögð. Ég get hins vegar ekki fallist á að það sé farsælasta leiðin til að stuðla að eðlilegri atvinnuuppbyggingu í landinu að kljúfa landið upp í fylki með sjálfstæðu skattlagningarvaldi. Ég held að það skipti ákaflega litlu máli um framfarir í landinu þó að við búum til nýtt stjórnsýslukerfi, komum upp dýrara stjórnsýslubákni í landinu. Þvert á móti held ég að það mundi frekar tefja fyrir framförum en hitt. Sjálfstætt skattlagningarvald fylkja mundi heldur ekki auðvelda það að færa fjármagn á milli landshluta með skattlagningu og stuðningi við atvinnuuppbyggingu.

Hann vék einnig að því að það þyrfti að breyta *gengisskráningarvaldinu og færa það vald út til útflutn*ingsfyrirtækjanna. Það er rétt að það er meginatriði varðandi viðgang framleiðslustarfseminnar í landinu, sem að stærstum hluta til er úti á landsbyggðinni, að hún fái í eðlilegum mæli að njóta þeirra verðmæta sem hún skapar og þar skiptir gengisskráningin mestu máli. Efasemdir, sem uppi eru í þessu efni, byggjast á því að gengi krónunnar sé ekki rétt skráð, það sé of hátt. Fyrir þá sök hafa menn verið að koma fram með hugmyndir um það að gefa gjaldeyrisverslunina algerlega frjálsa þannig að útflutningsfyrirtækin gætu selt á frjálsum markaði gjaldeyrinn fyrir útflutningsafurðir sínar.

Ég er þeirrar skoðunar að það megi rýmka frelsi varðandi meðferð á gjaldeyri sem fæst fyrir útflutningsafurðir og það hefur í dag verið tekin ákvörðun einmitt í því efni. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að breyting af þessu tagi leysi allan vanda. Menn verða líka að gera sér grein fyrir því að ef menn ætluðu einvörðungu að styrkja stöðu landsbyggðarinnar með þessu móti og ef menn telja að gengi krónunnar sé of lágt skráð í dag, þá eru þeir að tala um að færa fjármuni frá launafólkinu í landinu almennt yfir til þessara fyrirtækja. Auðvitað mundi önnur skráning á gengi krónunnar geta styrkt stöðu þeirra og þeirra launþega sem við þau starfa. En það kemur niður á öðrum launþegum í landinu sem þurfa fyrir vikið að kaupa vöru og þjónustu við dýrara verði. Þessar staðreyndir verða menn að hafa í huga þegar um þetta er verið að fjalla, að það er verið að færa fjármuni frá launafólki yfir til atvinnufyrirtækja með gengisskráningunni og þess vegna er það mitt mat að það sé ekki á þessu stigi *tími* til að gefa gjaldeyrissöluna alfrjálsa með þessum hættti. En hitt er satt og rétt að í því efni má auka frelsi manna til meðferðar á gjaldeyri eins og nú hefur verið tekin ákvörðun um.

Ég er í meginatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu hjá hv. 5. þm. Reykv. um það að hlutverk ríkisins í þessum efnum sé fyrst og fremst það að móta almenna efnahagsstefnu, draga úr sveiflum í þjóðfélaginu, hafa hemil á verðbólgu og stuðla að því að samkeppnishæfni fyrirtækja sé góð og að íslensk fyrirtæki hafi sambærilega stöðu við þau fyrirtæki sem þau eru að keppa við á erlendum mörkuðum og við innflutning. Þessi frumvörp sem hér liggja fyrir og þau frumvörp, sem í deiglunni eru og munu sjá dagsins ljós *innan tíðar varðandi breytingar á kerfi fjárfestingar*lánasjóðanna, miða einmitt að þessu.

Auðvitað gætum við orðið sammála um að það mætti stíga stærri skref. En hér er ótvírætt verið að stuðla að skipulagi sem byggir á því meginsjónarmiði að ríkisvaldið eigi að leggja hina almennu efnahagsstefnu, ríkisvaldið eigi að beita áhrifum sínum til þess að hér sé jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stuðla að samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Ef þróunarfélagið tekst eins og til er ætlast með meirihlutaaðild atvinnulífsins sjálfs þá erum við þar vissulega á þeirri braut.

Við gætum hugsað okkur að fjárfestingarsjóðirnir, sem fyrir eru, hefðu fengið þetta hlutverk. Ég hefði verið fús til að standa að þeirri skipan mála. Aðalatriðið var það að taka ákveðinn hluta af því fjármagni sem við höfum tekið að láni og afmarka það til atvinnuuppbyggingar og takmarka útgjöld á öðrum sviðum. Það hefur verið gert. Hér hefur verið fundin skipan til þess að miðla því fjármagni og meginstefnan er sú að þar eigi *almenn sjónarmið að gilda en ekki forsjár-* og forskriftarstefna ríkisvaldsins. Það á ekki og mun ekki, ef þessi mál ganga fram, taka ákvarðanir skv. þessu um einstök afmörkuð fyrirtæki eða gæluverkefni. Það er verið að vinna að slíkum breytingum á öðrum sviðum. Þær breytingar, sem verið er að gera á afurðalánakerfinu, þar sem verið er að draga úr miðstjórnarvaldi Seðlabankans og færa þau lán yfir til viðskiptabankanna, miða að þessu. Þetta hefur einnig verið gert með breytingum á vaxtaákvörðunum sem færðar hafa verið í sambærilegt horf við það sem sósíaldemókratar á Norðurlöndum gerðu fyrir mörgum árum og áratugum.

Það hefur verið unnið að breytingu á framleiðsluráðslögum. Það er vafalaust rétt hjá hv. þm. að um margt í þeim lögum má deila en það er þó verið í ýmsum efnum að draga úr miðstjórnarvaldi og stíga skref fram á við að þessu leyti. Það er líka rétt að forsendan fyrir framförum er sú að okkur takist að stöðva hallarekstur ríkissjóðs og ásókn hans inn á innlendan lánsfjármarkað sem hefur óheppileg áhrif að því leyti að atvinnulífið og einstaklingarnir í þjóðfélaginu fá minna fjármagn til umráða og vextirnir spennast upp. Við verðum einnig að vinna að því að ná erlendum lántökum niður. Það er

laukrétt að á þessum sviðum höfum við ekki náð þeim árangri sem að var stefnt. En það er deginum ljósara — og ég tek undir það með hv. þm. — að árangur á þessum sviðum er meginatriði varðandi uppbyggingu atvinnulífsins og fagnaðarefni ef um það gæti tekist víðtæk samstaða á Alþingi að vinna gegn þeim vágesti sem um of hefur spillt fyrir framförum í okkar atvinnulífi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér eru á dagskrá og til umr. þrjú frv., þ. e. frv. til l. um Byggðastofnun, frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi o. s. frv. og svo frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands. Þessi mál eru tengd hvert öðru svo að ekki er óeðlilegt þótt um þau sé rætt öll í einu. Ég vil strax taka fram að ég tel að frv. um Framkvæmdasjóðinn og frv. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi séu til bóta svo langt sem þau ná. En það má auðvitað líka gagnrýna þau skref sem þar eru stigin.

Í fyrsta lagi má halda því fram að Framkvæmdasjóður Íslands sé í rauninni óþarfur og það sé engin ástæða til að viðhalda þeim sjóði lengur. Hlutverk Framkvæmdasjóðs hefur verið í því fólgið að hafa milligöngu um lántöku erlendis fyrst og fremst fyrir hönd annarra sjóða og fyrir hönd Framkvæmdastofnunar. Slíkar lántökur eru liður í almennri fjárhagspólitík ríkisvaldsins og ríkisstj. á hverjum tíma og því er það ekkert óeðlilegt þótt þær lántökur fari fram og séu teknar á vegum annaðhvort forsrn. eða fjmrn. Þess vegna finnst mér það vera fullstutt gengið að viðhalda þeim sjóði eins og hér er gert ráð fyrir í stað þess að leggja hann einfaldlega niður og láta eignir hans og umsvif renna undir rn. sem þessi mál heyra undir.

Sú fækkun sjóðanna, sem hér er að vísu ekki endanlega búið að ganga frá eða leggja fram í frumvarpsformi en tengist þessu máli, er vissulega til bóta enda hef ég m. a. staðið að tillögum í þá áttina. En að því er varðar bæði Framkvæmdasjóð, fjárfestingarsjóðina og frv. um nýjan sjóð eða „holding company" til að örva nýsköpun í atvinnulífinu þá snertir það þá meginpólitísku spurningu hvort Alþingi og stjórnarflokkar vilja viðhalda því kerfi sem hér hefur verið við lýði um langan tíma, að skipta fjármagninu upp annars vegar í rekstrarfé og hins vegar í fjárfestingafé þannig að í gangi sé tvöfalt dreifingarkerfi á fjármagni af hálfu ríkisins. Mín skoðun er sú að lánveitingar til fjárfestingar í gegnum stofnlánasjóðina eigi að fara fyrst og fremst í gegnum hið almenna lánakerfi í landinu, í gegnum bankana og aðrar lánastofnanir og þau útlán eigi að stjórnast af verðlaginu á fénu hverju sinni í samræmi við almenn lánskjör og í samræmi við þá áætlun sem viðkomandi verkefni felur í sér. Að þessu leyti tel ég að hér sé of stutt gengið.

Ég ætla fyrst og fremst að fjalla um Framkvæmdastofnunina og þá breytingu sem hér er gert ráð fyrir, að hún verði lögð niður og í staðinn komi Byggðastofnun. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur lengi verið pólitískt bitbein, allt frá því að hún var sett á laggirnar. Þá kom strax fram gagnrýni á þá miðstýringu sem þessi stofnun fól og hefur falið í sér. Gagnrýnd var sú pólitíska stýring sem gert var ráð fyrir, hin mikla ríkisforsjá sem þetta kerfi stjórnaðist af og menn bentu á hætturnar á þeim fjáraustri sem fyrirsjáanlegur var í ýmiss konar óarðbæra fjárfestingu og starfsemi í gegnum Framkvæmdastofnunina. Þessi gagnrýni hefur vissulega átt rétt á sér. Það hefur sannast í gegnum tíðina m. a. með því að lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið breytt á þeim tíma sem liðinn er síðan hún var sett á laggirnar 1971. Fljótlega var komissarakerfinu breytt að hluta til og Þjóðhagsstofnun var tekin undan forræði Framkvæmdastofnunar. Það kemur fram í stjórnarsáttmála, sem núv. ríkisstj. hefur látið frá sér fara, að þar er gert ráð fyrir því að Framkvæmdastofnunin verði lögð niður. Það er sett inn í stjórnarsáttmálann vegna þess að stjórnarflokkarnir viðurkenna í reynd að núverandi fyrirkomulag varðandi Framkvæmdastofnun hefur ekki reynst nægilega vel.

Forsrh. benti réttilega á það í framsöguræðu sinni með þessu frv. að á undanförnum árum hafi viðhorf til fjárfestingarmála breyst. Ég get tekið undir það. Hann nefndi það sem ástæðu fyrir þeim frv. sem hér eru lögð fram. En það eru fleiri röksemdir sem hníga að því að hér þurfi að breyta til. Menn hafa bent á að með nýsköpun í atvinnulífi þurfi að taka meira tillit til arðsemi þegar verið er að veita lán eða hleypa af stokkunum nýrri starfsemi. Menn hafa bent á að nýta þurfi betur það fjármagn sem ríkissjóður lætur af hendi rakna. Menn hafa bent á að takmarka þurfi erlenda skuldasöfnun og lögð hefur verið áhersla á það af öllum stjórnmálaflokkum að meira þyrfti að skera niður hjá hinu opinbera, takmarka ríkisumsvifin og ríkisútgjöldin til þess að stjórn næðist á efnahagsmálunum almennt.

Í þeim stjórnarsáttmála sem upphaflega var saminn af núv. ríkisstj. var ekki minnst á Framkvæmdastofnunina öðruvísi en á minnisblaði. Í samræmi við það ákvæði á minnisblaðinu að starfsemi eða lög fyrir Framkvæmdastofnunina skyldu endurskoðuð var skipuð nefnd í ágúst 1983 sem falið var að gera tillögur til ríkisstj. um hvernig Framkvæmdasjóði yrði mörkuð staða í tengslum við endurskipulagningu sjóðakerfisins. Nefndin átti enn fremur að endurskoða lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þessi nefnd starfaði undir stjórn Tómasar Árnasonar þáv. alþm. og núv. seðlabankastjóra og ég átti sæti í þeirri nefnd, en samtals var hún skipuð sex aðilum. Hún hélt tólf fræga matarfundi í Framkvæmdastofnunarhúsinu og skulu ekki vanþakkaðar af mér þær veitingar sem fram voru bornar á fundum nefndarinnar. (**Gripið fram í:** Gerðuð þið ekkert nema éta þarna?) Við gerðum nefnilega lítið annað en að éta, það er rétt hjá hæstv. ráðh., vegna þess að niðurstaðan eftir öll þessi fundarhöld var sú að nefndin náði samkomulagi um það að gera tillögur til ríkisstj. um fækkun fjárfestingarsjóðanna. En um Framkvæmdastofnunina var gerð ein tillaga. Hún var á þá leið að í 28. gr. þáv. laga var lagt til að í staðinn fyrir orðið „landshlutaáætlanir" skyldi koma orðið „áætlanir".

Hvernig skyldi hafa staðið á því að nefndin gerði ekkert annað en að éta? Það var vegna þess að í þessari nefnd sátu þrír framsóknarmenn sem neituðu algjörlega að fallast á nokkrar skynsamlegar tillögur um breytingar á Framkvæmdastofnun ríkisins og tóku alls ekki í mál að breyta einum stafkrók nema það að fella niður „landshluta" úr orðinu „landshlutaáætlanir". Ég ásamt tveim öðrum nm. skilaði því séráliti. Þessir nm. voru Lárus Jónsson þáv. alþm. og Árdís Þórðardóttir viðskiptafræðingur. Við skiluðum séráliti sem við sendum

hæstv. ríkisstj. Þar var lagt til að Framkvæmdastofnun yrði lögð niður og í staðinn yrði stofnuð Byggðastofnun. Gert var ráð fyrir því að Byggðastofnun mundi starfa í tveimur deildum, byggðadeild og lánadeild, og sérstakar reglur skyldu gilda um lánveitingar úr Byggðasjóði sem Byggðastofnun mundi hafa stjórn á. Þær reglur fólu það í sér fyrst og fremst að lánakjör voru ákveðin og lánveitingar afmarkaðar. Annars vegar átti að vera um að ræða lánveitingar á félagslegum grunni sem byggðust þá á langtímabyggðaáætlunum og neyðarástandi einhvers staðar í vissum byggðakjörnum eða byggðahlutum. Hins vegar hafði Byggðasjóður það opið að lána til almennra fjárfestinga en þá áttu þau lán að lánast skv. lánskjörum sem giltu á hinum almenna lánamarkaði. Lánin til félagslegra aðgerða áttu hins vegar að njóta betri kjara fyrir lántakann.

Við gerðum líka tillögu um að Framkvæmdasjóður yrði lagður niður. Við gerðum ráð fyrir því að það yrði tekið fram skýrt og skilmerkilega í lögunum að það kommissarakerfi, sem löngum hefur verið gagnrýnt, yrði ekki við lýði lengur, þannig að það yrði tekið skýrt fram að alþm. gætu ekki gegnt framkvæmdastjórastöðum hjá þessari stofnun. Ýmislegt fleira gerðum við tillögu um og lögðum sem sagt þetta álit okkar fyrir ríkisstj. En framsóknarmennirnir skiluðu öðru áliti og lögðu til að önnur og ný nefnd yrði skipuð. Stjórnarflokkarnir fóru að sjálfsögðu eftir því sem Framsfl. vildi og skipuðu nýja nefnd.

Þetta er ég nú að rekja vegna þess að forsögu málsins um þessa blessuðu nefnd, sem ég er nú að geta um, er hvergi getið í þeirri grg. sem fylgir með þessum frv. Það er svo sem ekki tiltökumál en er rétt þó að það komi hér fram í þingtíðindum að hún starfaði og skilaði af sér þó árangurinn væri rýr.

Nú mætti spyrja: Hvernig stendur á því að hér eru lögð fram frv. um Byggðastofnun, um fækkun sjóðanna, um þau mál sem hér eru á dagskrá ef Framsfl. var svona mjög andvígur þeim breytingum sem við höfum gert ráð fyrir, áðurnefndir nm.? Ég held að skýringin sé einfaldlega sú að þau frv., sérstaklega þó frv. um Byggðastofnunina, ganga engan veginn gegn þeirri skoðun og þeim vilja framsóknarmanna að viðhalda í grundvallaratriðum því kerfi sem fylgt hefur verið á þessum vettvangi. Ég vil aðeins gera grein fyrir því.

Í frv. um Byggðastofnunina er enginn sjáanlegur grundvallarmunur á þeim lögum annars vegar og lögunum um Framkvæmdastofnun hins vegar. Það var reyndar tekið fram af hæstv. forsrh. hér í hans framsöguræðu — svo ég vitni í hann orðrétt — að það væri „ekki gert ráð fyrir ýkja miklum breytingum á Byggðastofnun frá Framkvæmdastofnun." Ég held að þetta sé alveg rétt hjá honum. Ef við skoðum lögin um Framkvæmdastofnun sjáum við m. a. að sagt er að hlutverk Byggðasjóðs sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Þetta er náttúrlega ákaflega rúmt hugtak.

Ef við lítum á frv. um Byggðastofnunina, sem nú er hér til umfjöllunar, þá segir að hlutverk Byggðastofnunar sé „að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu." Rýmra og opnara getur þetta heldur ekki verið. Þar segir að „Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins." Ég held þess vegna að það fari ekki milli mála að hlutverk og svigrúm þessarar nýju Byggðastofnunar sé engu minna en Framkvæmdastofnunar eins og það er í dag. Ég held m. a. s. að það hafi verið opnað upp á gátt þegar í 2. mgr. 3. gr. segir:

„Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m. a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Það fer ekkert á milli mála að þarna er ekki aðeins um það að ræða að veita eigi lán úr Byggðasjóði heldur má veita styrki til nánast hvers sem er. Það hefur verið eitt af helstu gagnrýnisatriðum þeirra sem hafa haft horn í síðu Framkvæmdastofnunar að hún hefur verið misnotuð. Hún hefur verið misnotuð af þeim sem þar hafa farið með stjórn og það hefur verið lánað langt út fyrir það sem gert var ráð fyrir í upphafi, langt út fyrir tilgang Byggðasjóðs. Ég get ekki betur séð en að þetta sé enn þá allt opið upp á gátt skv. því frv. sem nú liggur fyrir.

Í frv. um Byggðastofnunina er enn fremur gert ráð fyrir því að það sé stjórn Byggðastofnunar sem eigi að ákveða lánskjörin. Það er algjörlega á færi og í valdi stjórnar Byggðastofnunar hvernig lánskjörin skuli ákveðin. Það er alls ekkert sem kveður á um að gilda skuli almenn lánskjör eða að taka skuli tillit til markaðarins eða einhverra annarra vaxtaákvarðana hjá Seðlabanka eða ríkisstj. Það er stjórn stofnunarinnar sem tekur þá ákvörðun.

Þá má benda á að gagnrýnendur Framkvæmdastofnunar og þessa kerfis sem í gildi hefur verið hafa sagt að það sé ótækt með öllu að binda framlag ríkissjóðs til Framkvæmdastofnunar með mörkuðum tekjustofni á fjárlögum. Það er gert skv. núgildandi lögum og gert ráð fyrir því að 2% af bruttófjárlögum gangi til Byggðasjóðs til ráðstöfunar fyrir sjóðinn og stofnunina. Í fyrsta lagi hefur verið farið í kringum þetta ákvæði eftir geðþótta frá einu ári til annars og í öðru lagi má auðvitað halda því fram með réttu að það sé ekkert vit í því að vera að ákveða einhverja hlutfallstölu af fjárlögum til tiltekinnar stofnunar í landinu algjörlega án tillits til þarfa eða nauðsynjar eða þess fjármagns sem sú stofnun þarf á að halda. Það er ekkert tekið tillit til þess að aðstæður geti breyst frá einu ári til annars.

En í staðinn fyrir að fella þennan markaða tekjustofn niður, eins og við þremenningarnir gerðum tillögu um í þeirri nefnd sem ég var að geta um áðan, er þessu ákvæði breytt þannig að í staðinn fyrir 2% af fjárlögum er gert ráð fyrir því skv. frv. að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði a. m. k. 0.5% þjóðarframleiðslu. Við lauslegan útreikning sýnist mér að þetta sé nokkurn veginn samsvarandi þeirri upphæð sem á fjárlögum er og látin er af hendi rakna til Framkvæmdastofnunarinnar.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv. að stofnunin geti aflað sér viðbótarfjárframlags með erlendri lántöku. Það stríðir auðvitað þvert gegn skýrum viljayfirlýsingum núv. stjórnvalda um að það eigi að draga úr erlendum lántökum. Ekki síst stríðir það gegn yfirlýsingum ríkisstj. þegar þessi lán eiga að renna til sjóðs

sem getur og mun ráðstafa og lána frá sér til ýmiss konar verkefna og starfsemi án tillits til arðsemi.

Hér hefur verið bent á að stofnunum sé fjölgað, í staðinn fyrir að Framkvæmdastofnunin sé nú við lýði eigi nú að búa til þrjár eða fjórar nýjar stofnanir. Ég skal ekkert fara að fjölyrða um það. En það er þó umhugsunarefni fyrir þá sem vilja draga úr hinu opinbera valdi og ríkisforsjánni ef það reynist rétt að hér sé verið að fjölga en ekki fækka stofnunum, fjölga en ekki fækka opinberum embættismönnum. (**ÓÞÞ:** Liggur það ekki ljóst fyrir?) Að það sé verið að fjölga? Já. Ég hef farið varlega í að lýsa því yfir en það er gott ef hv. skrifari er þeirrar skoðunar og telur það vera ljóst. En þá er náttúrlega enn þá varhugaverðara og enn þá gagnrýnisverðara að hér er verið að auka báknið en ekki að minnka það.

Ég held að menn verði að gera sér það ljóst að einn höfuðvandi efnahagslífsins á Íslandi er sá að við höfum tekið mikið til ríkisins af fjármagni í gegnum skatta úr vösum skattborgaranna með ýmsum gjöldum, tollum og sköttum og síðan höfum við deilt út þessu fjármagni í gegnum hina ýmsu sjóði með ýmsum hætti. Þegar ég segi „ýmsum hætti" þá á ég við að það sé gert án tillits til arðsemi í þjóðfélaginu. Þetta hefur valdið þenslu hjá ríkinu, þetta hefur valdið því að við höfum haldið hér uppi dulbúnu atvinnuleysi, við höfum haldið hér uppi starfsemi sem ekki hefur skilað arði í þjóðarbúið og þetta hefur jafnframt boðið upp á pólitíska misnotkun, pólitíska miðstýringu sem a. m. k. sumum hefur ekki geðjast sérstaklega vel að. Ég hélt satt að segja að nú ætti að venda kvæðinu í kross, nú ætluðu menn að fara að taka upp nýja stefnu.

Vissulega þarf alltaf að vera til eitthvert fjármagn og einhverjar leiðir í þjóðfélaginu til að taka tillit til félagslegra aðstæðna, það þarf að bjarga neyðarástandi í ýmsum byggðarlögum, en það á fyrst og fremst að gerast í undantekningartilfellum. Við eigum að draga úr því mikla bákni og reyna að hefta þá farvegi sem fjármagnið hefur runnið eftir til ýmissa verkefna sem ekki hafa skilað arði og þjóðfélagið hefur setið uppi með í hreinum vandræðum. Ég hélt sem sagt að nú mundi stefnan verða tekin á að nýta fjármagnið og láta það renna eftir eðlilegum farvegum í peningakerfinu og lánakerfinu og að við reyndum að rísa úr öskustónni þannig að sú starfsemi og þeir atvinnuvegir, sem fengju lán og fyrirgreiðslur, fengju að standa sig, standa og falla með þeim arði sem þeir skiluðu og þeim hagnaði sem af þeirri starfsemi hlytist. Við höfum tekið erlend lán til að halda hér uppi starfsemi sem öllum er ljóst að tjaldar til einnar nætur og við viljum gjarnan draga úr erlendum lánum og erlendum skuldum. Mér sýnist því miður að þessi frv. stefni ekki í þessa átt.

Nú er auðvitað ekki hægt að segja að allt sé vont við þessi frv. og það eigi alls ekki að samþykkja þau. Það eru vissulega jákvæðir punktar í þessum frv. sem hér eru lögð fram eins og ég drap á í upphafi máls míns. En í meginatriðum held ég að hér sé farið út á varhugaverða braut.

Framkvæmdastofnun er ekki lögð niður, það er breytt um nafn og það er breytt um form, en kerfið, það ríkir áfram. Síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Suðurl., flutti hér ágæta ræðu sem ég get skrifað undir að öllu leyti um það að nauðsynlegt sé að draga úr ríkisforsjánni og taka valdið frá ríkinu sem allra mest. Kannske stendur hugur þeirra sem að þessu frv. standa til þess að það verði gert þó að ég efist stórlega um það. Hinu vil ég líka vekja athygli á að ef menn draga valdið frá ríkinu er spurning hvort ekki sé farið úr öskunni í eldinn ef það er síðan fært í vaxandi mæli í hendur stjórnmálamanna, stjórnmálaflokkanna sem sitja við kjötkatlana og deila út fjármagninu nánast eftir geðþótta og hafa jafnrúmar hendur og þessi frv. gera ráð fyrir.

Ég hef margoft varað við því mikla valdi sem menn eru að færa pólitíkinni og flokkunum. Ég held að ef við viljum færa valdið frá ríkinu þá eigi það að færast til almennings, til atvinnufyrirtækjanna, í vaxandi mæli en ekki þannig að einn sjóður eða ein stofnun sé lögð niður og önnur búin til þar sem áfram séu stjórnmálamenn við völd og hafi öll tök á því að ákveða hve mikið fjármagn kemur til þeirra og hversu mikið þeir geta síðan ráðstafað aftur eins og hér er gert ráð fyrir.

Af tillitsemi við síðasta ræðumann liggur við að ég hætti við að segja það sem ég ætlaði að segja hér í lokin, að þetta væri frv. framsóknarmanna allra flokka. Ég geri ráð fyrir því að það sé góður hugur sem býr að baki þessu og góð viðleitni til að reyna að draga úr kerfinu. En því miður er of skammt gengið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er nú vel að hv. 6. þm. Reykv., sem er svona hálfpartinn utan flokka á jaðrinum, hiki við að reka formann Sjálfstfl. úr flokknum og setja hann yfir í Framsfl., en samt er það svo að hefði hann verið ögn betur upplagður hér í ræðustólnum hefði hann trúlega framkvæmt þetta með pomp og pragt. Hitt stóð aftur á móti harkalega í honum hvort væri verið að auka báknið með því að setja fjórar stofnanir í staðinn fyrir eina og virðist þó ekki flókið reikningsdæmi að þar er um fjölgun að ræða. En e. t. v. þarf þetta að fara í gegnum tölvu þannig að nútímamenn geri sér almennt grein fyrir því hvort hér sé um fækkun eða fjölgun að ræða.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þá matarfundi sem hv. þm. minntist á og voru í Framkvæmdastofnuninni. Það er rétt að margir þeirra funda voru haldir í hádeginu vegna þess að erfiðlega gekk að ná mönnum saman til fundar og einn af þeim sem minnstan tíma hafði til að mæta þar var hv. 6. þm. Reykv. Hitt er annað mál að mikil áhersla var lögð á hið andlega fóður og því útdeilt mjög ríkulega áður en kom að hinu sem tilheyrði munni og maga, en mér er til efs þegar ég lít á hv. 6. þm. Reykv. og hef hlustað á mál hans hvort hið andlega fóður eða hið líkamlega hefur komið honum að meiri notum. Mér sýnist að það séu áhöld um og margt bendir til að hann hafi hvorugs notið sem skyldi.

Sá áróður hefur á dunið annars vegar að báknið skuli burt og hins vegar að Framkvæmdastofnun ríkisins væri óalandi og óferjandi og að sjálfvirk lán hafi þar verið viðhöfð sem auðvitað er alger firra. Sjálfvirk lán hafa aldrei verið þar. Það hefur verið lánað eftir ákveðnum reglum og orðið að samþykkja hvert einstakt lán. Þetta vita allir. En málflutningurinn og áróðurinn gegn þessari stofnun hefur verið slíkur að vissir aðilar hafa komist í pólitískar blindgötur og orðið að vinna það verk til fullnustu að reyna að jarða þessa stofnun, ekki vegna þess að hún hefði unnið illa heldur vegna þess að þeir voru búnir að tæta af henni mannorðið með miskunnarlausum áróðri og gátu þess vegna ekki staðið að því að verja þá starfsemi, þó góð væri, sem þar væri unnin.

Ef aftur á móti er horft á það í gegnum hvaða „kanal" það fjármagn hefur farið sem óarðbærast hefur verið í íslensku þjóðfélagi og horft aftur til þess tíma er Ingólfur Jónsson var ráðh. í iðnrn. blasir við að það er í gegnum iðnrn. á Íslandi sem mest af óarðbærri fjárfestingu hefur farið fram. Og sannleikurinn er sá að því rn. hefur ekki verið almennilega stjórnað frá þeim tíma að Ingólfur var þar við stjórn. Það er hart að þurfa að segja þetta, en þetta er sannleikurinn, því miður.

Ég ætla að víkja örlítið að miðstjórnarvaldinu og þætti Alþfl. og Sjálfstfl. í að efla það. Hv. 5. þm. Reykv. hefur reynt að sverja af sér og sverja af Alþfl. alla fortíð. Hver skyldi nú hafa lagt drögin að því að Seðlabanki Íslands varð það mesta bákn sem til er í þessu landi? Alþfl. undir stjórn Gylfa Þ. Gíslasonar. Hver skyldi hafa lagt þau ráð á og hver skyldi hafa komið þeirri embættisveitingu á að Jóhannes Nordal varð þar bankastjóri? Gylfi Þ. Gíslason. Og hver skyldi hafa lagt til að það væri nánast undirstöðuatriði að hann yrði rekinn? Alþfl. undir stjórn Jóns Baldvins Hannibalssonar, hv. 5. þm. Reykv. Hvað er hann að ráðast á? Fortíð Alþfl., alveg miskunnarlaust. Hún er það versta og svartasta í þjóðfélaginu að hans eigin dómi. Hvað skyldi hafa verið aðalágreiningsefnið á milli Framsfl. og Alþfl. þegar þessir flokkar störfuðu saman frá 1930 og fram undir 1940? Það var oftrú Alþfl. á ríkisforsjá. Hún var botnlaus. Það var ekkert nema ríkisforsjá sem þeir vildu á öllum sviðum. Svo kemur hv. 5. þm. Reykv. í dag og ætlar að sverja af sér alla fortíð. Hvers konar hundakúnstir eru þetta? Hvers konar sýndarmennska og yfirborðsmennska er þetta, að láta sér detta í hug að hægt sé að leika svona skollaleik í pólitík? Hvað er yfir höfuð að gerast hjá Alþfl.? Til þessa hefur stefnuskráin verið eins og illa þýddur reyfari frá jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndum. Nú er það orðið svo að hún minnir mest á ævintýri eftir Agötu Christie. Það er eina breytingin sem orðið hefur. Fortíðin er skorin á háls, jörðuð, nýr foringi borinn, ný stefna boðuð, örlítið vinstra megin við miðju. Það er þá pólitísk staðsetning á fyrirbrigðinu! (Gripið fram í.) Ég verð nú að segja eins og er að mig undrar að hagfræðimenntaðir menn, háskólamenntaðir menn og menn með sæmilegt sögulegt yfirlit skuli láta sér detta í hug að hægt sé að koma standandi út úr svona heljarstökki. Hvað með bæjarútgerðirnar sem kratarnir stóðu að? (**Gripið fram í:** Það er búið að leggja þær niður.) Þær eru farnar á hausinn. Það er ekki búið að leggja þær niður. Þær eru farnar á hausinn. En hugsjónin hún hoppar og skoppar fram og til baka. Núna eru ríkisafskiptin hið illa. Flokkurinn er að slást við eigin fortíð af meiri hörku en dæmi eru til áður, þ. e. þá foringja sem ekki er þegar búið að grafa virðist eiga að kviksetja með kennisetningum nútímans.

Þá er rétt að vekja athygli á því að örlítill sólargeisli hefur náð að skína í gegnum allt þetta skammdegismyrkur. Hv. 5. þm. Reykv. gefur sér tíma til að lesa greinar í NT skrifaðar af ágætum fyrrv. ritstjóra Þórarni Þórarinssyni og hann hrífst svo af greinunum að hann á erindi hér upp í ræðupúltið til að hvetja framsóknarmenn til að lesa þessi skrif og tileinka sér þennan boðskap. Það er hárrétt athugað hjá hv. 5. þm. Reykv. að þarna er um merkan boðskap að ræða. Það er nefnilega grundvallaratriði, eigi að viðhalda byggð í landinu öllu, að tryggja lýðræðislega uppbyggingu dreifbýlisins. Það þýðir ekkert að sópa öllum sveitarfélögunum saman í eina fylkingu eins og kratar hafa verið að glíma við á Norðurlöndum. Það er ekki lausnin. Lausnin er sú að leyfa sveitarfélögunum að starfa sem einingum, en setja jafnframt það sterkt vald á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna að það hafi möguleika til áhrifa. Þar getum við verið sammála, hv. 5. þm. Reykv. Það er spurningin um fylkisskipun eða fjórðungaskipun. Og það að ætla að halda því fram að menn séu að stoppa tilfærslu á fjármagni í atvinnuuppbyggingu með því að gera þetta er hlægilegt. Hvers lags dauðans vitleysa! Er ekki fjármagn flutt á milli landa til atvinnuuppbyggingar þrátt fyrir landhelgi, þrátt fyrir sjálfstæði ríkja? Hvað kemur í veg fyrir að fjármagn yrði flutt á milli til atvinnuuppbyggingar í landinu þó við hefðum fylkjafyrirkomulag? Ekki nokkur skapaður hlutur. Það er aftur á móti grundvallaratriði til að tryggja að hér verði lýðræði í framtíðinni en ekki að hér verði borgríki sem verði stjórnað frá einum stað með allri þeirri miðstýringu sem því mundi fylgja og útsýni manna sem næði kannske að Straumi og upp á Kjalarnes, en óvíst að útsýnið yrði meira almennt hjá þeim sem þar færu með völd.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur löngum horft á framsóknaráratuginn sem hinn glataða áratug og hinna eyddu tækifæra, en jafnframt trúir hann að það sé hagvöxturinn og aftur hagvöxturinn sem skiptir höfuðmáli. Sá áratugur varð fyrir stórum áföllum, því skyldu menn gera sér grein fyrir. Það var ekkert smáræðis efnahagslegt áfall þegar eldgosið varð í Vestmannaeyjum. Hvað haldið þið að olíukreppan hafi kostað í erfiðleikum fyrir íslenska þjóð? Engu að síður var hagvöxturinn 4.5%. (**JBH:** Fjárfestingarfrystingin var margfalt stærra áfall en Vestmannaeyjagosið.) Hv. 5. þm. Reykv. hefur verið sér þess mjög vel meðvitandi hver hagvöxturinn var. Það kemur honum ekki á óvart. Hann hefur engu að síður ráðist á allt sem gert var á þessum áratug af miskunnarleysi. Þá var landhelgin færð út og farið að nýta fiskimiðin við strendur landsins af meiri fyrirhyggju að mínu viti en áður. Þá var vissulega farið í togaraauppbyggingu til þess að tryggja að landverkafólk á Íslandi ætti möguleika á að eiga fleiri vinnudaga eins og aðrir, en ekki að það yrði rekið jafnmiskunnarlaust heim og gert er enn þann dag í dag þegar hráefnisskortur verður í frystihúsunum. Það var reynt að tryggja atvinnuöryggi þess með því að treysta grunninn undir hráefnisöflunina. Þetta vita allir sem hafa skoðað þessi mál.

Þá er að víkja að öðru atriði sem vaxandi skilningur er á og e. t. v. á hv. 5. þm. Reykv. eftir að hafa þær skoðanir þar á sem samrýmast því sem allir, sem hafa stutt byggðastefnu, hafa gert sér grein fyrir. Það er að gengisskráningin eins og hún hefur verið framkvæmd hefur verið aðför kerfisins og Seðlabankans að fjárhagslegu sjálfstæði landsbyggðarinnar. (**Gripið fram í:** Heyr.) Það vita það allir. Þeir hafa verið hálfsofandi við að reikna út vikur og mánuði hvað væri rétt gengisskráning og á sama tíma hefur verið botnlaus útsala á íslenskum gjaldeyri. Hagnaðurinn af þessari vitleysu hefur ekki legið í því að birgðirnar í frystihúsunum hafi hækkað í verði. Hagnaðurinn hefur legið hjá þeim sem hafa náð fjármagni út úr bankakerfinu áður en leiðréttingin var framkvæmd á gengisskráningunni. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við.

Ég hygg að úr því sem komið er sé best að sagan

dæmi um hvort Framkvæmdastofnunin og framsóknaráratugurinn hafi ekki orðið til þess að móta eitt og annað í okkar þjóðfélagi sem eigi eftir að vera til blessunar fyrir land og lýð um ókomna framtíð. En það sem þagað hefur verið yfir og valdið gífurlegum efnahagsvandræðum Íslendinga og allra þeirra þjóða sem hafa átt mikið ógert í sínum löndum er stefna Bandaríkjaforseta. Glórulaus stefna. Það er talað um það hér að það þurfi að vera hallalaus ríkisfjármál. Það prédikaði hann líka áður en hann kom í forsetastólinn. En hvað hefur hann gert? Hann er búinn að reka ríkissjóð Bandaríkjanna með botnlausum halla og hefur gefið út ríkisskuldabréf og þannig hrifsað til sín stóran hluta af fjármagninu á hinum alþjóðlega markaði og valdið ómældum erfiðleikum hjá öllum þeim þjóðum, vanþróuðum og þeim sem ekki hafa verið búnar að koma sér upp sterku atvinnulífi. En ævintýrið helst ekki endalaust. Jafnvel Bandaríkjaforseti getur ekki endalaust hlaðið skuldum á ríkissjóð Bandaríkjanna. Hinir gætnari þar í landi gera sér grein fyrir því að með sömu stefnu verða Bandaríkin komin í hóp þeirra þjóða sem skulda eftir næstu áramót. Þess vegna tel ég að það séu orðin vatnaskil. Ég trúi því að stefnan gangi ekki upp út kjörtímabilið. Ég trúi því að Ronald Reagan verði að stefna að því að innheimta skatta og sjá til þess að ekki sé botnlaus halli á fjármálum Bandaríkjanna. Það væri fróðlegt að reikna út sumar fjárfestingar í þessu landi út frá því að menn væru að greiða til baka jafnverðmætan dollara og þeir fengu að láni. Þá er ekki víst að allar ákvarðanir, sem hafa snúist í höndum okkar, væru jafnrangar og þær hafa orðið vegna þess að dollarinn hefur hækkað það mikið í verði.

Ég ætla þá að víkja að frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir allra annarra aðila til þátttöku í félaginu. Ég er stuðningsmaður hinna frv., en ég treysti mér ekki til að styðja þetta. (**Gripið fram í:** Ha?) Ástæðan er ákaflega einföld. Ef menn vilja stofna hlutafélag og leggja í púkk finnst mér að fjármálaleg ábyrgð eigi að fylgja hverju sinni. Það er og grundvallarhugsunin á bak við það að stofna hlutafélag. Það er grundvallarhugsunin að það fari saman fjármálaleg ábyrgð og áhrif. En hvað er gert hér? Ríkið á í upphafi að leggja fram 100 millj. Í annan stað á það að vera reiðubúið að lána aðrar 100 millj. til væntanlegra hluthafa. Gott og vel. Ríkið á sem sagt í upphafi að leggja fram 200 millj., að vísu 100 millj. í formi lána, en vel að merkja, þau eiga að vera með venjulegum vöxtum. Hver fjandinn skyldi það nú vera? Hvað eru venjulegir vextir á þessum drottins degi? Ekki er mér ljóst hvað það er. Í öðru lagi á ríkið að leggja fram fjármagn allt að 200 millj. án sérstakrar tryggingar og það á að veita ríkisábyrgðir fyrir 300 millj. Hvaðan á fjármagnið að koma í þetta fyrirtæki? (**Gripið fram í:** Að utan.) Að utan? Það er ekki stafkrókur um það hvort það kemur að utan eða hvort það kemur að innan. En fjármagnið á að koma frá íslenska ríkinu, það blasir við. En hver skyldu þá stjórnunarleg áhrif íslenska ríkisins eiga að vera á þetta fyrirtæki? Ef þetta fyrirtæki starfar eftir hinum almennu hlutafjárlögum í landinu liggur það ljóst fyrir að hver aðili má aðeins fara með hvað mikið? Eru það ekki 20% af stjórnunarlegri ábyrgð? (**Gripið fram í:** Það eru komin ný lög.) Hvað er það hátt? (**Gripið fram í:** Fjármagni eingöngu.) Ja, fjármagni eingöngu. Hafi mér orðið á að ruglast á hlutafjárlögum biðst ég velvirðingar á því, en þau hlutafjárlög sem ég hef kynni af hafa ávallt gert ráð fyrir að það væri takmörkuð eignaraðild hvers og það umboð sem hver eigandi færi með væri takmarkað. Og annað atriði blasir við, að yfirleitt hefur það verið þannig þegar ríkið hefur verið stjórnunaraðili að það hefur ekki neytt að fullu þess hlutafjárvalds sem það hefur undir höndum.

Ég segi fyrir mig að mér er líka óskiljanlegt, sé horft til framtíðar, hvernig hægt er að ganga frá því í framlögum að áhættufé sé sett inn í eitt skipti fyrir öll. Auðvitað hlýtur að verða að halda áfram að setja áhættufé inn í svona fyrirtæki eigi það að skila árangri ár eftir ár. Þess vegna tel ég að þarna hefði átt að hafa sjóð en ekki hlutafélag. Það er og hin almenna stefna sem Alþingi hefur fylgt í gegnum öll ár. Við höfum fjárfestingarsjóði. Það var ekkert sem mælti gegn því að hin svokölluðu fjármálasérni vors lands, í gegnum atvinnurekendasamtök eða annað, fengju að tilnefna menn í slíka sjóði. Við könnumst við það úr því kerfi sem við búum við. En engu að síður gekk það ekki upp. Mér er ekki ljóst hvort það var stuttbuxnadeildin hjá Sjálfstfl. sem trúði því að svona yrði þetta að vera og öðruvísi ekki, en þarna tel ég að við höfum staðið rangt að málum. Ég tel að þarna hefði átt að stofna sjóð og ég tel að með því hefði verið hægt að sameina Alþingi um þessa hluti og sameina þjóðina um átakið miklu frekar.

Ég minnist þess engu að síður að fjármálasérni vors lands stofnuðu eitt sinn stórt fyrirtæki. Það var kallað milljónafyrirtækið og milljónafyrirtækið setti Íslandsbanka á höfuðið og gjaldþrot þess var stórt. Ég hygg að það hefði mátt læra örlítið af sögunni hvað þetta snerti og ég hygg að sú aðferð að stofna sjóði til að veita fjármagni í hafi gefist okkur betur en slík ævintýramennska. Einnig má segja að með því að stofna hlutafélag, menn ætla ríkinu engu að síður þessa forsjá að útvega fjármagnið, þá eru menn á flótta undan lýðræðinu. Þeir eru á flótta frá lýðræðinu í trúnni á séníin eins og Nietzsche hefði orðað það: „Hátt á bergi, hátt á bergi haukur situr, sækir ekki í skjólin; sundlar ei, þótt veldi brattan stólinn."

Það má vel vera að sú trú að ofurmennin séu til staðar liggi hér á bak við en ég játa að mín hugsun er miklu skyldari því sem Örn Arnarson orðaði forðum:

> Í svip þeirra seintekna bóndans,
> hins sagnfáa verkamanns
> og sjómannsins svarakalda
> býr saga og framtíð vors lands.

Á þeim grunni tel ég að við eigum að byggja upp þetta þjóðfélag og við eigum að byggja það upp í lýðræðinu og þess vegna eru það grundvallarmistök að hafa hlutafélag en ekki sjóði.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög þessar umr., enda ekki ýkjamargt í ræðum sem mér sýnist nauðsynlegt að fjalla um. Þó voru fáein atriði sem ég vil koma að.

Ég get tekið undir ýmislegt í ræðu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Andstaða hans gegn því að um hlutafélag yrði að ræða hefur ætíð verið kunn. Hann er einn af stjórnarmönnum í Framkvæmdastofnun og vill hafa hlutina óbreytta. Það vilja ekki allir sem þar eru, vil ég

þó taka fram.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að ríkissjóður eigi að lána 100 millj. til hlutafjárframlaga einstaklinga. Það segir hér: lána helming til fjögurra ára og með fullnægjandi tryggingum og venjulegum vöxtum. Það þýðir að það eiga ekki að vera niðurgreiddir vextir á nokkurn máta. Ég vona að það sé fullkomlega ljóst.

Að sjálfsögðu hefur sjóðshugmyndin ýmislegt til síns ágætis og var mikið rædd. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að ef fjármagn fæst frá öðrum aðilum utan ríkisins sé það mjög jákvætt. En það er vissulega rétt að sú hætta fylgir fyrirtæki sem þessu að töluvert tapist af því sem fyrirtækið leggur til nýsköpunar í atvinnulífinu. Staðreyndin er þó sú að svona áhættufyrirtæki starfa um allan heim og mörg hafa orðið mjög mikilvæg í nýsköpun atvinnulífs. Þetta er t. d. ein algengasta leiðin sem tíðkast í Bandaríkjunum og þar hafa fyrirtæki, sem notið hafa aðstoðar áhættufyrirtækja, orðið mörg. Sagt er þar að u. þ. b. helmingur af þeim fyrirtækjum sem fara af stað í þessum háþróuðu greinum gefist upp eða verði gjaldþrota. Samt sem áður eru menn reiðubúnir að leggja fram fjármagn til stofnunar slíkra fyrirtækja.

Að sjálfsögðu stafar þetta af því að þegar vel gengur hækkar hlutafé, sem lagt er í þessi fyrirtæki, mjög í verði og getur oft komið margfalt til baka.

Ég skal ekkert segja um það hvernig þetta tekst hérna hjá okkur. Ég hygg að það fari mjög eftir því hvaða menn veljast til að stjórna þessu fyrirtæki. Það verður vandasamt starf. Velja verður menn sem hafa góða þekkingu á atvinnulífinu, sem eru jarðbundnir, sem hugsa vissulega um arðsemina, eins og kom fram hjá hv. þm. Ellert Schram, en þó ekki eingöngu, eru tilbúnir að taka áhættu. Ég held að forstjóri Iðntæknistofununar, Ingjaldur Hannibalsson, hafi sagt ekki alls fyrir löngu að ef allt að 70% hugmynda um nýsköpun mistakast ekki sé of lítil áhætta tekin. Ég skal ekki segja hvort það er rétt en það er áreiðanlega mjög mikilvægt að til forustu veljist menn sem eru framsýnir og þora að taka áhættu, en ávaxta þó sitt fé vel í mörgum tilfellum og geta þannig staðið undir því sem mistekst.

Vel kann að vera að auka þurfi fjármagn til þessa fyrirtækis með árunum. Ég veit ekki hvort það er neitt verra að ríkissjóður leggi þá fram aukið hlutafé en að hann leggi fram aukið fé í sjóð. Ég veit ekki hvort það er neitt verra. Mér sýnist það fullkomlega koma til greina. Ef svo fer að einkafjármagn fæst ekki í þetta fyrirtæki verður þessi starfsemi að sjálfsögðu keimlík því sem væri sjóður. Ég held að reynslan verði að skera úr um þetta. Menn eigi ekki að fordæma þessa tilraun fyrir fram.

Ég vil einnig taka fram að ég er ósammála hv. þm. í meginatriðum í því sem hann sagði um rétt eða rangt gengi. Vel má vera að gengi hafi oft ekki verið skráð eins og sumar atvinnugreinar hafa óskað, en ég hygg að í flestum tilfellum hafi menn reynt að rata meðalveginn á milli rétts gengis og kjara í landinu. Ég held að öllum sé ljóst að gengisfelling leiðir strax til hækkunar á verðlagi og ef menn eru ekki reiðubúnir til þess að láta þá hækkun koma fram í hærri launum, sem þá þýðir að gengisfellingin er á örskömmum tíma runnin út í sandinn, hlýtur gengisskerðing eða gengisfelling að leiða til kjaraskerðingar. Þetta hélt ég að öllum mönnum væri ljóst. Og ég vil taka það skýrt fram að ég var fyrir mitt leyti ekki reiðubúinn til þess að ganga lengra í því að fella gengi s. l. haust eða í maí 1983 þar sem jafnframt var gert ráð fyrir því að laun hækkuðu ekki með vísitölubindingu. Ég tel að ekki hefði verið fært að leggja meiri kjaraskerðingu á almenning í landinu, sem að vísu — án þess að ég fari að tala um það — má rekja til þess samdráttar í þjóðarframleiðslu sem orðið hefur á undanförnum árum. Ég held að menn verði að vega það og meta hvað unnt er að fella gengi.

Mér er tjáð af mönnum í sjávarútvegi að gengi muni vera nokkuð eðlilega skráð eins og er. Mér er einnig tjáð af forustumönnum iðnaðar að það sé jafnframt þeirra mat. Ég held að á Íslandi verði gengið aldrei ákveðið með uppboði á götuhornum, eins og stundum hefur heyrst. Ég held að enginn geti séð fyrir þann glundroða sem því mundi fylgja. Það eru ekki nema örfáar þjóðir í heiminum sem treysta sér að ákveða gengi í kauphöllum, stærstu þjóðir eins og Bandaríkjamenn, Þjóðverjar og Bretar og ef ég veit rétt Svisslendingar og Japanir. Ég held að smáþjóðir eins og Íslendingar gætu aldrei tekið upp þá hætti og væru þá vitanlega í stórhættu fyrir þeim áhrifum sem erlendir aðilar gætu haft á innlent gengi. En nóg um það.

Hv. þm. Ellert Schram saknar þess að ekki er minnst á „matarnefndina frægu“ í fundargerðunum. Ég vissi að vísu ekki fyrr að nm. hefðu borðað svo vel. Það er rétt að ég fann lítið bitastætt í ályktun þeirrar nefndar, hvorki í áliti sjálfstæðismanna eða framsóknarmanna. Ég segi það alveg eins og er. Mér var að vísu sagt að formaður nefndarinnar hefði lagt til að sameina alla stofnlánasjóðina í einn. Líklegast er það róttækasta hugmyndin. En hún fékk ekki brautargengi. Ég leit svo á að það sem hér er til umr., þessar þrjár stofnanir, sé öllu nær áliti sjálfstæðismanna en framsóknarmanna í nefndinni. Ég man ekki betur en í áliti sjálfstæðismanna sé undirstrikað að það eigi að vera öflug Byggðastofnun eða fer ég þar með rangt mál? Það er eins og mig minni að það hafi komið greinilega fram í því áliti einnig og það er ráð fyrir því gert í því sem hér er lagt til.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að arðsemi þarf að hafa í huga, kannske í flestum tilfellum, en í mörgum tilfellum er ekki unnt að meta kostnað á mælikvarða arðseminnar. Hvernig verður fjármagn til heilsugæslunnar metið á mælikvarða arðsemi? Ég hef aldrei getað séð það. Eða fjármagn til tryggingakerfisins svo ég nefni þá þætti tvo sem ráða helmingi af ríkisútgjöldunum? Er hægt að meta neyðarástand í byggðum þar sem atvinnufyrirtækin stöðvast og atvinnuleysi verður og menn leggja á flótta, er hægt að meta tilraun og viðleitni til að lagfæra slíkt á mælikvarða arðseminnar? Ég held engu fremur heldur en fjármagn til svona mikilvægra þátta eins og ég nefndi áðan.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að Byggðastofnun séu ekki mörk sett í því sambandi að ráðstafa fjármagni. Í 11. gr. segir:

„Því aðeins er Byggðastofnun heimilt að veita óafturkræf framlög að þau séu ætluð til rannsókna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar eða til að koma í veg fyrir neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum.“

Þetta takmarkar að sjálfsögðu mjög heimild stjórnar stofnunarinnar til þess háttar ráðstöfunar á fjármagni.

Auk þess takmarka vitanlega 2. og 3. gr. útlána að því að þessu leyti því þau verða að vera af byggðaástæðum.

Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm. að í þessu frv. er alls ekkert dregið úr því verkefni sem Byggðasjóður innan Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur sinnt til þessa og nægir raunar að vísa til þess sem andsvars við því sem hv. 3. þm. Reykv. ræddi um í ræðu sinni í gær. Það var heldur alls ekki ætlunin. Ég held að stjórnarflokkarnir séu báðir sammála um að hér þurfi að vera öflug Byggðastofnun. Hins vegar hefur sumt í starfsemi Byggðastofnunar verið gagnrýnt. Undir sumt get ég tekið. Ég tel t. d. að þessi sjálfvirku lán sem frá upphafi hafa tíðkast við Byggðastofnun, 3 eða 5% vegna bátakaupa, sem að vísu er búið að afnema hygg ég, 10, 15, 20% til kaupa á vinnuvélum og stofnun iðnfyrirtækja um land allt o. s. frv., hafi ekki verið markviss byggðastefna. Það er að vísu ekkert í þessu frv. sem tryggir að svo haldi ekki áfram. Það fer að sjálfsögðu eftir mönnunum sem stjórna stofnuninni eins og flest. En þó er skýrt tekið fram, bæði í aths. og þeirri framsögu sem ég hélt hér, að til þess sé ætlast að stofnunin vinni markvissar að byggðamálum og einbeiti sér að verkefnum sem eru til þess að koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Sagt hefur verið að Framkvæmdasjóður hafi verið mikilvægur bakhjarl Byggðastofnunar. Það er rétt. Svo hefur vissulega verið. En til þess er ætlast að Byggðastofnun starfi í nánum tengslum við Þróunarfélagið og aðra sjóði atvinnuveganna. Ætlað er að sjóðir atvinnuveganna verði opnaðir miklu meira en þeir eru nú. M. a. eru í þeim frumvarpsdrögum sem liggja fyrir ákvæði um að þeim verði heimilt að lána til hvaða atvinnustarfsemi sem er og reyndar kaflar í frv. sem gera ráð fyrir að þeir láni til nýsköpunar í atvinnulífinu hvar sem er á landinu. Þannig má segja að þessi nýja Byggðastofnun muni ekkert síður starfa með þessum sjóðum í framtíðinni en hún hefur gert með Framkvæmdasjóði til þessa. Ég held fyrir mitt leyti að farið sé inn á rétta braut með því að gera Byggðastofnun sjálfstæðari en þó að skapa henni alla möguleika til þess að vinna vel að hinum mikilvægu byggðamálum.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson flutti hér nokkra ræðu um kerfið og ég get vísað til þess sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði um það. Þó vil ég nefna eitt atriði sem kom mér á óvart. Þegar hann einu sinni sem oftar kenndi framsóknarmönnum um það sem afvega hefur farið, taldi hann m. a. upp stjórn ríkisfjármála og stjórn viðskipta- og bankamála. Hvorugur þessara manna telst til Framsfl. Báðir þessir hæstv. ráðh. hafa að mínu mati hins vegar farið vel með sína málaflokka. Ég er ekki með þessu að taka undir gagnrýni hv. þm., en varla getur gagnrýni hans á þessa menn talist gagnrýni á Framsfl. þó að hann heimfæri allt á okkur nú.

Ég vil hins vegar koma að örfáum atriðum sem hann nefndi. Ég get tekið undir ýmislegt sem hann ræddi málefnalega um þessi frv., eins og t. d. að hverfa meira frá miðstýringu o. s. frv. Ég get líka tekið undir það með hv. þm. að vel kemur til greina að veita landshlutum, hvort sem það eru fylki eða fjórðungar, meira forræði sinna mála. Lengi hefur verið mikið fylgi í Framsfl. við þá hugmynd. M. a. vildum við eitt sinn setja lög um fjórðungssamböndin og gera þau að slíkum aðilum. Um það náðist ekki samstaða. Hins vegar verð ég að viðurkenna ýmsar aths. sem hafa komið fram. T. d. hafa menn spurt: Er víst að sú djúpstæða skipting, sem sumir hugsa sér jafnvel á fjármagni þar sem sagt er að fjármagn sem aflað er í einstökum landshluta skuli verða í þeim landshluta, sé til góðs? Ísland er lítið land, lítið markaðssvæði og okkur veitir ekki af að standa saman um hin fjölmörgu stóru félagslegu mál, t. d. í heilsukerfinu, í tryggingunum o. s. frv. Hve djúpt á þessi skipting að verða? Á að skipta upp heilbrigðiskerfinu, á að skipta upp tryggingakerfinu o. s. frv.? Ég verð að viðurkenna, þótt ég sé fylgjandi auknu sjálfsforræði fylkja, að mér finnst sumt sem um þetta hefur verið sagt og m. a. hefur falist í orðum hv. þm. vera miklu frekar mælt í áróðursskyni, ef ég má orða það svo, fljótfærnislegu áróðursskyni, en að um djúpa hugsun sé að ræða. Ég veit að hann hefur flutt slíkar ræður víða um landið, enda er þetta nokkuð vinsælt í dag.

Hv. þm. sagðist efast um að með þessum frv. væri nóg að gert. Undir það vil ég taka. Ég er sannfærður um að alls ekki er nóg að gert, enda sagði ég í framsöguræðu minni að svo væri ekki. Ég nefndi önnur atriði sem eru til meðferðar og eru ekkert síður mikilvæg. Ég nefndi endurskipulagningu menntakerfisins sem menntmrh. er með í ítarlegri athugun. Ég nefndi auknar rannsóknir og tilraunir og fjármagn í því skyni sem ríkisstj. hefur þegar ákveðið að auka um u. þ. b. þriðjung á þessu ári frá því sem það hefur verið. Og ég nefndi markaðsstarfsemi þar sem verið er að athuga nánari tengsl og samstarf utanrrn. og utanríkisviðskipta. Þetta eru allt saman mikilvægir þættir. Ég gæti bætt við fleiru sem er til athugunar í ríkisstj., eins og t. d. að aðflutningsgjöld og fleira þess háttar mætti fella niður af fyrirtækjum sem leggja í áhættusamar nýjar greinar.

Ég get tekið undir það með hv. þm., þó að það sé e. t. v. annað en það sem hér er til umræðu, að skuldir þjóðarinnar eru allt of miklar. Ég vísa því hins vegar á bug að við framsóknarmenn eigum alla sök á þeirri skuldasöfnun. Margir fleiri hafa þar komið að og sannast að auðveldara er að skipa sjálfan sig í dómarasætið eftir á og hvítþvo hendur sínar. Rétt er að skuldir orkugeirans eru rúmlega helmingur af öllum skuldum þjóðarinnar. Þar hafa hlutir farið á allt annan veg en ráð var fyrir gert. Vissulega má hugleiða hvort rétt hefði verið að verja t. d. 500 millj. kr. sem lánsfé til athugana á virkjun Lagarfljóts og Fljótsdalsár. Ég hygg að u. þ. b. milljarður sé nú af lánsfé í rannsóknum sem ekki verða nýttar eins og nú horfir fyrr en einhvern tíma á næsta áratug. Hins vegar lá fyrir allt önnur orkuspá þegar þetta var gert. Ég varð ekki var við að hv. þm. eða aðrir gagnrýndu þá orkuspá þegar hún var lögð fram. Eftirspurn hefur stórlega minnkað, m. a. vegna orkukreppunnar í heiminum.

Hv. þm. spurði: Hvaða þjóðir hafa náð mestum árangri? Og hann sagði réttilega að ýmsar þjóðir í austrinu, í Asíu, hefðu náð mestum árangri. Margt má eflaust af þeim þjóðum læra. Þó vil ég vekja athygli á því að allt skipulag þar er svo gjörólíkt því sem er hjá okkur að fjarri fer að megi heimfæra þeirra siði á íslenskt þjóðfélag.

En það eru líka þjóðir sem eru okkur nær sem hafa náð verulegum árangri á þessu sviði. T. d. hafa Skotar náð mjög miklum árangri í því að laða að fyrirtæki til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ég held að segja megi að á ráðstefnu sem ég sótti nýlega á Ítalíu, og fjallað var um

þessi mál, var almennt lýst þeirri stefnu að ríkisvaldið ætti að koma að þessum málum á u. þ. b. þann hátt sem hér er lagt til, þ. e. í gegnum menntakerfið, rannsóknirnar og í gegnum markaðsmálin og á einhvern máta að tryggja aðgang að fjármagni fyrir aðila á þessum sviðum. Vitanlega er þetta nokkuð breytilegt frá einu landi til annars. Sums staðar koma áhrif ríkisvaldsins mest í gegnum framlag til hernaðar. Ákaflega mikil áhrif eru víða frá rannsóknum sem stundaðar eru í hernaðarskyni. Um það er að sjálfsögðu ekki að ræða hér.

Hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson flutti hér eina af sínum algengu ræðum. Ég verð að segja að mig er farið að undra hve mikillar stöðnunar gætir hjá þessum hv. þm. Það er hárrétt hjá þm. að í þessum frv. er gert ráð fyrir því að hverfa að verulegu leyti frá ríkisforsjá. Ég spyr: Hvað hefur komið út úr allri þeirri áætlanagerð sem gert var ráð fyrir með stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins og reyndar víðar? Hve margar áætlanir atvinnuveganna hafa verið samþykktar hér á hinu háa Alþingi? Ég held að þrjár ítarlegar áætlanir hafi verið gerðar, tvær á sviði landbúnaðar og ein á sviði iðnaðar, og ef ég man rétt hefur engin náð samþykki á Alþingi.

Áætlanir áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar hafa því miður ekki orðið sá grundvöllur að þróun atvinnulífs sem að var stefnt. Ég fullyrði að ein áætlun þar náði þessum árangri. Það var áætlun um endurskipulagningu frystihúsanna. Ég vek athygli á fjölmörgum byggðaáætlunum sem eru mjög upplýsandi. Ég spyr: Hve margar hafa verið lagðar til grundvallar við útlán til þessarar starfsemi? Með þessu er ég ekki að segja að það hafi ekki fjölmargt mjög gott verið gert á síðasta áratug. Það liggur í hlutarins eðli og sést m. a. af því að við náðum verulegum árangri í vexti þjóðarframleiðslu og vorum orðnir í lok áratugsins meðal hæstu þjóða með þjóðarframleiðslu á hvern íbúa, taldir skv. skýrslum Efnahags- og framfarastofnunar fjórðu í röðinni af meðlimaríkjum þeirrar stofnunar. Einhver árangur hefur því svo sannarlega náðst, eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson rakti hér áðan.

Ég hygg að tvímælalaust sé að við erum komnir á enda á þeirri braut, m. a. af þeim ástæðum, sem ég nefndi, að við getum ekki lengur sótt aukinn afla í sjóinn og landbúnaðarvörur verða ekki framleiddar til útflutnings. Ég held að flestir geti verið sammála um það.

Hv. þm. talaði mikið um að þessar stofnanir heyrðu undir forsrh. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það, hv. 1. þm. Suðurl. fjallaði um það mál. En staðreyndin er sú að langsamlega flestir lögfræðingar sem fróðastir eru um stjórnskipun hafa sagt aftur og aftur að það samræmist ekki íslenskri stjórnarskrá og stjórnarskipunarlögum að stofnanir og fyrirtæki heyri undir ríkisstj. í heild. Það kannast allir við að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald. Þetta hafa fjölmargir sagt. Staðreyndin er sú að þær stofnanir sem hafa verið taldar heyra undir ríkisstj. í heild hafa í raun heyrt undir forsrh. Forsrh. hefur farið með málefni Framkvæmdastofnunar öll árin síðan hún var sett á fót. Forsrh. hefur í ýmsum tilfellum rætt um þau mál í ríkisstj., ekki nálægt því þó í öllum. Svo er einnig með aðra ráðh. sem fara með sína málaflokka. Þeir koma með þau mál inn í ríkisstj. Ég get fullvissað hv. þm. um að hann þarf engar áhyggjur að hafa af því að fullt og gott samráð verður innan þessarar ríkisstj. um skipan mála hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hér um ræðir.

Hv. þm. hneykslaðist á því að hér væri verið að ausa út, held ég að hann hafi orðað það nokkurn veginn, 500—700 millj. kr. Svo er út af fyrir sig alls ekki. Á fjárlögum í ár eru 50 millj. sem hlutafé ríkisins í þetta fyrirtæki og þá gert ráð fyrir því að aðrar 50 fáist á fjárlögum næsta árs. Á lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 500 millj. kr. til nýsköpunar í atvinnulífinu, þ. e. á þeim lið sem fellur undir Framkvæmdastofnun ríkisins, og gert ráð fyrir því að 200 millj. af því lánsfé verði til ráðstöfunar fyrir Þróunarfélagið. Þetta er það fjármagn sem þegar er annaðhvort afgreitt eða til afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Ég vil ekki bóka 300 millj. ríkisábyrgð sem sóun á fjármagni, því fer víðs fjarri. Ég vek athygli á því að ríkisábyrgðir t. d. til uppbyggingar togaraflotans hafa að ákaflega litlu leyti fallið á ríkissjóð, mjög litlu leyti. Ég vil alls ekki bóka það á þessari stundu að 100 millj. til viðbótar í hlutafé af hálfu ríkisins verði að koma til.

Hv. þm. ræddi um að verið væri að gera fjórar stofnanir úr einni. Ég veit ekki hver var sú fjórða. Kannske þjóðfræg stofnun sem fyrir löngu var gerð að sjálfstæðri stofnun. A. m. k. las ég þá skýringu í Þjóðviljanum. Það þýðir alls ekki að um útvíkkun á þessari starfsemi sé að ræða út af fyrir sig. Þar segir ekkert um að starfsmannafjöldi verði meiri í þessum stofnunum.

Menn hafa rætt um það hér að leggja mætti niður Framkvæmdasjóð ríkisins, sem hv. þm. Ellert Schram minntist sérstaklega á. Þetta var vandlega athugað, en það var af fróðustu mönnum talið ógerlegt vegna þess að hann er í svo miklum skuldbindingum erlendis sem um allar yrði að endursemja ef sjóðurinn yrði lagður niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að hann verði til húsa hjá Seðlabanka Íslands og starfslið Seðlabankans sinni að verulegu leyti þörfum sjóðsins. Ég gæti best trúað því að þegar allt er tekið saman verði fækkun á því starfsliði sem nauðsynlegt er hjá þessum stofnunum.

Hv. þm. ræddi mikið um að mjög væri dregið úr allri áherslu á byggðaþróun. Út af fyrir sig hefur hv. þm. Ellert Schram svarað því, eins og ég sagði áðan. Þó vil ég koma að einu atriði. Hann gerði mikið úr því að ekki væri minnst á jafnvægi í byggð landsins. Ég vil halda því fram að í 3. gr. sé ekkert síður fjallað um þessi mál en í gildandi lögum. Hér stendur:

„Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m. a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Ýmsir hafa velt því fyrir sér hvað í raun merki jafnvægi í byggð landsins. Þýðir það óbreytt ástand o. s. frv.? Í meðferð þessara mála töldu menn að æskilegt væri að skilgreina jafnvægi í byggð landsins. Segir hér: „koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“ Það skal viðurkennt að ekki er lokað fyrir það að einhverjar byggðir dragist saman ef þær eru ekki taldar lífvænlegar, enda held ég satt að segja að þrátt fyrir þá áherslu

sem í frv. er lögð á að halda byggð um land allt sé ekki fortakslaust að halda uppi byggð þar sem byggð er ekki lífvænleg.

Nokkuð hefur verið rætt hér um eignarhaldsfyrirtækið og virtist gæta þess misskilnings að það væri einn angi af þessu. Það er ekki. Í eignarhaldsfyrirtækinu er gert ráð fyrir að sameina á eina hendi ýmsa þá hlutafjáreign sem er nú í höndum ýmissa ráðherra. Er gert ráð fyrir því að eignarhaldsfyrirtækið heyri undir fjmrh. sem fer með langmest af þessari hlutafjáreign. Gert er ráð fyrir því að með þessu verði samræmd starfsemi ríkissjóðs á þessu sviði sem er nú að ýmsu leyti ómarkviss. Það er því mál sem er óviðkomandi því sem hér er til umr.

Hv. þm. sagði eitt mjög fróðlegt í lokaorðum sínum þegar hann gat um þá þróun sem hér hefur orðið í þjóðarframleiðslu. Hann nefndi í fyrsta lagi að þjóðarframleiðsla hér væri orðin eingöngu u. þ. b. 70—80% af því sem hún er á Norðurlöndunum og Bandaríkjunum á hvern mann. Vel má vera að þessar tölur séu réttar. Ég vil aftur vísa til þess sem Ingjaldur Hannibalsson forstjóri Iðntæknistofnunar sagði nýlega þegar hann fullyrti að þjóðarframleiðsla á hvern mann hefði fallið á fjórum árum úr því að vera 85% af þjóðarframleiðslu í Sviss, sem hefur verið fremst landa, í 56% á s. l. ári. Það er reyndar enn þá meiri samdráttur en kom fram í orðum hv. þm.

En það var ekki síður athyglisvert, sem hv. þm. sagði, að þjóðarframleiðsla á hverja vinnustund er hér tölurvert innan við helming af því sem hún er t. d. í Bandaríkjunum og reyndar með fjölmörgum öðrum þjóðum. Það er ekki nýtt. Svo hefur verið um mörg ár. Það skýrir að verulegu leyti ýmsar meinsemdir í okkar efnahagslífi. Það skýrir m. a. að hér er þörf miklu fleiri vinnustunda til að ná sömu þjóðarframleiðslu á hvern mann. Það skýrir m. a. það að framleiðni okkar grundvallaratvinnuvega á hverja vinnustund er mjög lág. Það var einmitt þetta sem ég gat um í minni framsöguræðu að væri einna mestur þrándur í götu æskilegra kjarabóta. Ég gat þess að því væri ákaflega nauðsynlegt að auka framleiðni í fiskvinnslunni með nýrri tækni, einmitt til að bæta þetta ástand, til að auka framleiðsluna á hverja vinnustund.

En vill ekki hv. þm. jafnframt spyrja sjálfan sig að því hvers vegna svona hafi farið? Getur ekki verið að það sé rétt, sem ég hef sagt, að við séum komnir á enda á þeirri braut sem við höfum byggt gífurlegan vöxt þjóðarframleiðslunnar á á undanförnum áratugum? Getur ekki verið að við verðum að leita nýrra leiða? Getur ekki verið að við verðum að hverfa frá mikilli ríkisforsjá, mikilli áætlanagerð og hlúa að þeim greinum sem hafa svo sannarlega átt fyrst og fremst heiðurinn af mikilli þjóðarframleiðslu í löndunum í kringum okkur og í Japan og í Bandaríkjunum? Fyrst og fremst verðum við að innleiða slíkar greinar bæði sem sérstakar atvinnugreinar og sem þátt í nýsköpun hinna gömlu atvinnuvega.

Það er fróðlegt dæmi sem ég sá í einni skýrslunni frá Japansferðum iðnrekenda upp á síðkastið. Japanir komust í mikla erfiðleika með sinn fataiðnað og geta ekki keppt á venjulegan hefðbundinn hátt við fataiðnað í löndum þar sem vinnuafl er ódýrara. Þeir lögðu verulegt fjármagn í það að auka framleiðni í fataiðnaðinum. Þeir lögðu fjármagn í það að þróa alls konar vélmenni til nota í þessum iðnaði. Þeim hefur tekist að fækka starfsliði í fataiðnaðinum um helming, hækka launin um u. þ. b. helming og keppa nú með árangri við þau lönd sem hafa ódýrara vinnuafl. Ég held satt að segja að við eigum að leita að einhverju slíku í okkar fiskvinnslu. Ég veit að það er miklu erfiðara en í fataiðnaði. Ekki er um sömu efni að ræða eins og í föt. Það er margt sem því veldur, en ég er sannfærður um að ná má verulegum árangri með hinni nýju tækni til að auka framleiðni í fiskvinnslu.

Ég er sem sagt sannfærður um, eftir að hafa hugleitt tölur eins og hv. þm. var með, eftir að hafa kynnt mér eins rækilega og ég get það sem aðrar þjóðir eru að gera, að leið okkar upp úr þeim öldudal sem við erum í og því alvarlega ástandi, sem hér er og kemur fram í þessum tölum, er einmitt nýsköpun í atvinnulífinu eftir leiðum sem hér er lagt til. Ég vil segja að lokum að vel má vera að þetta sé ekki nóg og ríkisvaldið þarf vitanlega að hugleiða það, en ég leyfi mér að fullyrða að mjög ákveðin og markviss skref séu með þessu tekin til að stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Meðan ég hlýddi á mál hv. 5. þm. Vestf. kom mér í hug saga sem gerðist í kjördæmi hv. þm. og var á þá leið að karl nokkur lá undir grun um að selja svikna vöru. Hann hafði falboðið á markaðnum úrvals kindakæfu en menn grunaði að í raun og veru væri þetta hrossakæfa. Við yfirheyrslur og rannsóknir fór það svo að karl viðurkenndi að vísu að hross væri í kæfunni, en hann stóð fastur á því að það væri einn á móti einum. Nánar var hann spurður og þá sagði hann: Ég meina eitt hross á móti einu lambi. Mér sýnist að það sé eins með hæstv. ríkisstj. Hún er að reyna að selja svikna vöru og hefur nú verið gripin hér í þessum umræðum um það að þetta er meira andlitslyfting og sýndarmennska en raunverulegar breytingar ef talað er annars vegar um ríkisforsjá og hins vegar um valddreifingu. En ríkisstj. bregður á sama ráð og karlinn. Hún heldur því fram að það sé að minnsta kosti einn á móti einum, þ. e. eitt hross af ríkisforsjá á móti einu lambi af valddreifingu.

Og síðan hneigja þeir talið að fortíðinni. Hv. 5. þm. Vestf. fór hátt á flugi og líkti stefnumótun Alþfl. nú við ævintýri úr sögu eftir Agatha Christie. Mér skildist að það væri í því fólgið að alveg eins og í þeim sögum eru gamlar konur skornar á háls þá sé öll fortíð Alþfl. hér með skorin á háls, ríkisforsjárfortíðin. Hvað á nú hv. þm. við? Hann vitnaði til samstjórnar Alþfl. og Framsfl. á fjórða áratugnum, þeirrar frægu umbótastjórnar sem kennd var við Rauðku sem er einhvers konar hross. Sannleikurinn í málinu er sá, að árið 1933 setti Alþfl. fram mjög róttæka umbótastefnuskrá, reyndar þá fyrstu sósíaldemókratisku stefnuskrá sem flokkurinn setti sér, fyrir kosningar og sú hét Fjögurra ára áætlun gegn kreppu og atvinnuleysi. Ástandið í heiminum, ástandið á Íslandi var þannig að einkaframtakið í atvinnulífinu var hrunið. Það var um að ræða fjöldaatvinnuleysi og fátækt alls fjölda þjóðfélagsþegnanna. Á þeim tíma var Alþfl. ríkisforsjárflokkur alveg eins og aðrir sósíaldemókratiskir flokkar á þeim tíma. Þess vegna setti hann fram stefnuskrá til að leysa vandamál þess tíma með úrræðum þess tíma. Það var reyndar svo að það var Alþfl. sem lagði þessari samstjórn framsóknar og Alþfl.-manna til allar hugmyndirnar.

Það getur hv. þm. skoðað nánar með því að kynna sér annars vegar málefnasamning stjórnarinnar og hins vegar þessa kosningastefnuskrá Alþfl. En Framsfl. lagði til ráðherra eins og venjulega og ekki mikið annað enda var það um þetta leyti sem hann, svo ég noti hans eigið orðalag, skar á háls í pólitískum skilningi sinn eina sanna andlega leiðtoga og hugmyndafrjóa sköpuð, Jónas Jónsson frá Hriflu, og hafnaði forustu hans.

Þetta segir ósköp einfaldlega að Alþfl. og jafnaðarmenn hafa þau vinnubrögð að þeir gera ekki hugmyndir, sem eiga við við tilteknar aðstæður, að kreddum eða bábiljum. Alveg eins og það var róttækt og nauðsynlegt þá að beita sér fyrir ríkisforsjá, að gera þá kröfu að ríkið hefði frumkvæðið að endurreisn atvinnulífs, sem það gerði undir forustu þessarar stjórnar t. d. með því að leggja grundvöll að frystiiðnaðinum á Íslandi, alveg eins og það var róttækt, sjálfsagt og skynsamlegt sjónarmið þá, er þetta sjónarmið nú, við gerólíkar aðstæður, sjónarmið erkiíhaldssemi og með öllu óviðeigandi til þess að ná árangri, því að kreppan í íslensku þjóðfélagi núna er fyrst og fremst í ríkisbáknínu sjálfu. Hana má að öðru leyti rekja til þess að ríkisbáknið er vaxið þessu þjóðfélagi yfir höfuð. Höfuðið er orðið allt of þungt. Samt reyna menn nú að ganga upprétt. Nú er það róttækt sjónarmið, róttæk stefna og skynsamleg í efnahagsmálum að draga úr ríkisbákninu, að sneiða af því fitulagið, eins og ég hef stundum orðað það, og skila aftur til baka til atvinnulífsins og einstaklinganna meiru af þeim fjármunum sem ríkisbáknið hefur hingað til tekið til sín og farið illa með, því það er niðurstaðan af reynslu framsóknaráratugarins sérstaklega að ríkið og báknið fer illa með fé. Það kom líka rækilega fram í máli hv. þm. þegar hann var að lýsa t. d. afleiðingum af ríkisstjórn Seðlabankans og reyndar afleiðingum þess fyrir landsbyggðina.

Það sem er þess vegna að bæði í Framsfl. og var að á framsóknaráratugnum er nákvæmlega þetta: að framsóknarmenn, sem skildu og reyndu að skilja að vissu leyti hugmyndir jafnaðarmanna á kreppuárunum, þeir eru enn á kreppuárunum og í andlegri kreppu þess vegna. Það sem skildi þessa tvo flokka að á samstarfsárunum samkvæmt hernaðaráætlun Jónasar frá Hriflu var reyndar alls ekki spurningin fyrst og fremst um ríkisforsjá eða ekki. Stóra ágreiningsmálið, sem að lokum batt enda á samstarf þessara flokka, var allt annað. Það var afstaðan til lýðræðislegra mannréttinda fólksins á mölinni. Það var það ofríki Framsfl. að skilja ekki að hann átti ekki og gat ekki staðið í vegi fyrir eðlilegum mannréttindum vinnandi fólks á mölinni sem fór auðvitað sífjölgandi með eðlilegri þjóðfélagsþróun. En valdakerfi sitt vildi Framsfl. byggja á því að gæðaflokka þegna þjóðfélagsins og vigta atkvæði misjafnlega þannig að bændur og þeir sem í sveitunum bjuggu skyldu hafa margfaldan atkvæðisrétt á við þá sem bjuggu og störfuðu við sjávarsíðuna. Þetta skilningsleysi og þetta ofríki og þetta ranglæti kom líka fram í öðrum íhaldssömum sjónarmiðum Framsfl. þá þegar, eins og t. d. þegar flokkurinn beitti sér gegn frumkvæði Alþfl. að byggingu verkamannabústaða, þ. e. fyrir þeirri þjóðfélagsbyltingu á Íslandi, sem varð undir forustu jafnaðarmanna, að leiða fátækt fólk á mölinni ofan af hanabjálkum eða úr saggaköldum kjöllurum og upp á 1. hæð mannabústaða. Það voru mál af því tagi sem fyrst og fremst kollvörpuðu þessu samstarfi. En fyrst og síðast var það skilningsleysi Framsfl. og forréttindakrafa gagnvart sjálfsögðum mannréttindum sem að sjálfsögðu eiga ekki að vera verslunarvara.

Um framsóknaráratuginn að öðru leyti hirði ég ekki að ræða. Spurningin er: Ætla menn að læra eitthvað af mistökunum? Auðvitað voru byggðir togarar. Það var meira að segja búið að panta og semja um smíði og kaup á 12 togurum áður en umrædd ríkisstjórn komst til valda 1971. Og auðvitað voru byggð skip áður. Það er ekki málið. Auðvitað var landhelgin færð út. Og hún var færð út áður. (**Gripið fram í:** Jæja.) Já, já, árið 1958 í 12 mílur og síðan í 50 mílur og loks í 200 mílur. Auðvitað var það sjálfsögð ráðstöfun og auðvitað var ekki ágreiningur um það. Það þýðir ekki að snúa málinu upp í það. Það sem ágreiningur var um var fyrst og fremst þetta: Undir stjórnarforustu og samfelldri stjórnarsetu Framsfl. gerðist það að verðbólgunni var sleppt lausri í þessu þjóðfélagi, í 50%, 70% og að lokum upp í 130%. Það að sleppa verðbólgu lausri er mælikvarði á kunnáttuleysi og getuleysi í efnahagsstjórn. Með þessu var verið að grafa undan öllu heilbrigðu atvinnulífi á Íslandi. Með þessu var fótunum kippt undan samkeppnishæfni íslenskra útflutningsatvinnuvega. Með þessu var verið að fremja tilræði við kaupmátt og kjör vinnandi fólks í landinu. Verðbólga er ósköp einfaldlega gróðamyndunaraðferð braskara og það sem gerðist á þessum áratug var að í skjóli þessarar óðaverðbólgu, skjóli neikvæðra vaxta áttu sér stað hrikaleg fjárfestingarmistök. Það var byggt upp sérstakt kerfi til þess að reyna að ráða bót á þessu, þegar innlendur sparnaður hrundi, með því að gera kerfi og stofnanir undir forustu stjórnmálamanna að skömmtunarstjórn á fjármagni sem var allt fengið erlendis frá með þeim hrikalegu afleiðingum að við erum núna sokknir í skuldir. Það er búið að veðsetja lífskjör okkar fram í tímann og það er búið að binda okkur þvílíkar byrðar að því er varðar raunvexti og ávöxtunarkröfur þessa erlenda fjármagns, sem er í þessu kerfi, að arðsemi íslensks atvinnulífs fær ekki undir risið. Þetta er kjarni málsins um framsóknaráratuginn. Þetta er hinn endanlegi dómur um þau hrikalegu pólitísku mistök sem á þessum tíma voru gerð og við erum ekki búnir að súpa seyðið af því. Það mun taka aðra langan tíma að bæta fyrir þessi hrikalegu mistök.

Hæstv. forsrh. vakti athygli á því að það er stundum hægara að boða heilræðin en halda þau. Það er auðveldara að hans mati að vera í stjórnarandstöðu og gagnrýna en að standa í forsvari í málum í ríkisstj. og taka ákvarðanir og móta stefnu. Það kann vel að vera að svo sé. Mér liggur við að segja því miður hefur ekki reynt á það allt of lengi að því er varðar hæstv. forsrh. Ég vildi gjarnan fá að sjá hann í stjórnarandstöðu og sjá hvernig hann heldur þessi heilræði. Hitt er annað mál, að að því er varðar tillögugerð Alþfl. í stjórnarandstöðu, gagnrýni hans á þessa stefnu, þá hygg ég að ef menn skoða hana hlutlægt verði ekki annað sagt en að hún hafi bæði verið málefnaleg og hún hafi verið sjálfri sér samkvæm lengst af þennan tíma. Ég hygg að það sé leitun að stjórnarandstöðuflokki sem hefur flutt jafnmikið af tillögum sem liggja hér fyrir á borðum þm. um breytingar á þessu ástandi og hafi gert það reyndar allan tímann.

Ég minni t. d. á eitt mál. Fyrir kosningar 1983 viðurkenndi Alþfl. að þáverandi vísitölukerfi, sem

þjóðin hafði hræðilega 40 ára reynslu af, væri úrelt og það ætti að afnema. Þm. Alþfl. boðuðu það í kosningum, þeir settu það fram í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka og þeir stóðu við það í framkvæmd hér á hinu háa Alþingi að þeir greiddu atkvæði með afnámi þess þrátt fyrir það — (**ÓÞÞ:** Það var nú blendið.) Það var ekkert blendið — þrátt fyrir það að það var ekki orðið við þeim kröfum sem flokkurinn setti fram á sama tíma um aðrar aðgerðir sem þurftu að fylgja í kjölfarið.

Nú er rétt að rifja það upp að hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að það grundvallaratriði í stjórnarstefnunni að afnema vísitölukerfi launa en láta undir höfuð leggjast á sama tíma að gera ráðstafanir til þess að breyta þáverandi mælikvarða á eftirstöðvar lána, þ. e. lánskjaravísitölu, það hefur hæstv. forsrh. lýst yfir að væru helstu mistök stjórnarstefnunnar. Ég get ekki fallist á það að þetta séu mistök vegna þess að þetta er stjórnarstefnan sjálf í framkvæmd. Í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka voru af okkar hálfu lagðar fram ótal tillögur um það hvað yrði að gera jafnhliða því að sjálfvirkt vísitölukerfi launa yrði afnumið. Í annan stað hafa allt frá árinu 1981 legið hér á borðum þm. tillögur um að flytja þann mun, sem þá þegar var farinn að verða greinanlegur á milli lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu, aftur fyrir höfuðstól lána og lengja þar með lánstímann til þess að halda greiðslubyrði lána í sama hlutfalli af launum. Það eru ekki mistök þegar stjórnarmeirihluti, þ. á m. hæstv. forsrh. í tveimur ríkisstjórnum, stendur að því að fella slíkar tillögur. Það eru ekki mistök þegar stjórnarflokkarnir í sameiningu vísa á bug öðrum tillögum, sem lagðar voru fram í stjórnarmyndunarviðræðum, um það að samhliða afnámi vísitölubindingar launa yrði að koma til strax verulegur niðurskurður á tekjusköttum og skattbyrði launafólks til þess að halda kaupmætti og kjörum í einhverju jafnvægi.

Ég nefni þetta vegna þess að hæstv. forsrh., um leið og hann gagnrýnir stjórnarandstöðuna fyrir það að reyna að vera vitur eftir á, gerir sig allt of oft sekan um það að tala eins og hann sé sjálfur stjórnarandstæðingurinn og hafi hvergi komið nærri þróun mála í ríkisstj. á undanförnum árum.

Það er nokkuð algild regla þegar nýjar ríkisstjórnir taka til starfa að þær hafa nokkurn veginn u. þ. b. 100 daga tímabil til þess að koma stefnu sinni fram. Það eru þeir hveitibrauðsdagar sem nýjar ríkisstjórnir fá. Og á þessum 100 dögum er það venjan að ríkisstjórnir komi fram þeim róttæku og þýðingarmiklu breytingum sem þær vilja koma fram ef þær á annað borð ætla að gera það.

Í ljósi þessa undrar mig það að hæstv. forsrh. er hér að kynna frv., sem að hans mati hafa grundvallarþýðingu að því er varðar mótun stefnu í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, einhverjum þýðingarmestu málum hans stjórnar, núna þegar tæp tvö ár eru liðin frá því að ríkisstj. settist á stjórnarstólana. Og þegar þau loksins koma eftir tvö ár þá eru þau þannig úr garði gerð að þau eru meira sýnd veiði en gefin, meiri sýndarmennska en veruleiki. Þetta kom ákaflega vel fram í máli hæstv. forsrh. Hann var í raun og veru sammála stærstu þáttunum í gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga á þessi frv. Hann tók það fram að það væri mjög rétt og æskilegt að draga úr miðstýringu og ríkisforsjá. Hann lýsti því að það væri margt í athugun, það væri verið að athuga eitthvað með nýtt átak í markaðsmálum, það væri eitthvað verið að athuga með breytingar á menntakerfinu og nánari tengsl þess við atvinnulífið. Hann viðurkenndi þau hrikalegu fjárfestingarmistök sem hefðu orðið en taldi að aðrir hefðu ekki gagnrýnt nægilega forsendu þágildandi orkuspár, þá offjárfestingu í orkumannvirkjum sem fram fór.

Þetta er að tala nærri því eins og stjórnarandstæðingur. Þetta er ekki að tala eins og forsrh. ríkisins. Þetta er ekki að tala eins og sá maður sem er ábyrgur fyrir ríkisstj. sem þegar hefur setið að völdum í tvö ár.

Að því er varðar málflutning hv. 1. þm. Suðurl. þá er það þakkarvert þegar hann fer með ræðuna sína um nauðsyn aukinnar arðsemi, um nauðsyn aukinnar hagkvæmni, um nauðsyn þess að draga úr ríkisbákninu, um nauðsyn þess að skapa atvinnulífinu bætt samkeppnisskilyrði, um nauðsyn þess að ríkisvaldið dragi úr sveiflum o. s. frv., o. s. frv. Um þetta er vafalaust enginn ágreiningur okkar í milli. Ég benti aftur á móti á að sú stjórnarstefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, stuðlar ekkert að þessum markmiðum. Og það merkilegasta í þessum umræðum er það að hv. 1. þm. Suðurl. og formaður Sjálfstfl. viðurkenndi í reynd að svo væri. Hann viðurkenndi með öðrum orðum að veiluna, brotalömina í starfi núv. hæstv. ríkisstj. væri m. a. að finna í ríkisfjármálunum.

Hæstv. forsrh. sagði að hann vildi ekkert taka undir gagnrýni á hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. vegna hallareksturs í ríkisbúskapnum og vegna dúndrandi viðskiptahalla. En formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., viðurkenndi að á sama tíma og ríkissjóður er rekinn með halla, á sama tíma og viðskiptahallinn er jafnhrikalegur og raun ber vitni, á sama tíma og jafnmikið innstreymi erlends fjármagns á sér stað til þess að halda hér uppi falskri framkvæmdagetu þá væri auðvitað borin von að næðist sá stöðugleiki í íslensku efnahagskerfi sem skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni og rekstursgetu fyrirtækja og atvinnulífs. M. ö. o., hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að kjarni stjórnarstefnunnar sé mistök. Hv. 1. þm. Suðurl., formaður stærsta flokks stjórnarinnar, viðurkennir að þessar brotalamir í stjórnarstefnunni og í framkvæmd stjórnarstefnunnar séu af því tagi að þær torveldi að menn nái nokkrum árangri, nái þeim markmiðum sem menn eru að reyna að setja sér. Og að þessu leyti er eins með hv. 1. þm. Suðurl. og hæstv. forsrh. Það er ekki hægt að taka orð þeirra í staðinn fyrir efndirnar. Það er allt of mikið bil á milli þessara orða og veruleikans.

Tökum sem dæmi sjóðakerfið. Það var sett upp nefnd sem lagði til að þessu úrelta sjóðakerfi yrði stillt í einn sjóð. Á bak við það býr sú hugmynd að það sé röng efnahagspólitík í fjárfestingarmálum að hafa sérstakan sjóð fyrir hvern einasta atvinnuveg og láta hann stjórnast af hefðbundnum reglum eða af pólitísku valdavægi einstakra valdahópa, útgerðarmanna, fiskiðnaðarins, landbúnaðarins, verslunarinnar, vegna þess að þetta er ósveigjanlegt kerfi, andstætt þeim grundvallarsjónarmiðum að fjármagnið eigi að leita þangað sem það skilar mestum arði og getur staðið undir bestum lífskjörum. Þessari hugmynd var hafnað og niðurstaðan er málamiðlun um þrefalt sjóðakerfi með nákvæmlega sama hætti og var.

Hv. 1. þm. Suðurl. sagði síðan hvað eftir annað, það var viðlagið í ræðu hans: Að vísu má segja að kannske

væri æskilegt að við gætum stigið stærri skref. — Já, það er meira en æskilegt auðvitað að stíga stærri skref. Þessi hænufet duga ekki lengur. Menn hafa verið að trítla allan þennan endemis framsóknar hálfan annan áratug með þvílíkum afleiðingum sem okkur greinir ekkert á um. Þessar breytingar, sem hér er verið að boða, eru allt of lítilfjörlegar. Þær eru allt of mikil sýndarmennska. Það er allt of lítil alvara á bak við þetta. Þegar maður lítur aftur á nýjan lagabálk um Framleiðsluráð landbúnaðarins þá kemur á daginn að það er engin alvara á bak við þetta. Það er kjarni málsins. Það á að halda áfram því kerfi að allt vald yfir málefnum landbúnaðarins á að vera í höndum þessa framsóknar-SÍS-kerfis, allar ákvarðanir sem máli skipta eru í höndum örfárra skriffinna í Reykjavík. Það á að vera framleiðslustjórnun af þessu tagi, sem er kvótakerfi á bændur. Verðmyndunarkerfið á að vera meira og minna miðstýrt, fjárfestingarstjórnin meira og minna miðstýrð. Og meira að segja þær nýju greinar í landbúnaði eða landbúnaðarframleiðslu sem voru utan kerfisins, meira segja er það skilið eftir sem heimildarákvæði að setja þær undir framsóknarkerfið líka.

Þetta dæmi sýnir að Sjálfstfl. sættir sig við það í þessu stjórnarsamstarfi eins og hann gerði 1974—1978 að hann kemur engu fram af þessari svokölluðu stefnu sinni. Auðvitað á hann við þá innbyrðis meinsemd að stríða að það eru allt of margir framsóknarmenn í þessum þingflokki Sjálfstfl. Og þegar framsóknarmenn beggja deilda, eins og kom fram í máli hv. þm. Ellerts B. Schram og hann þekkir það vel innanhúss frá, þegar þessir aðilar ná saman þá er framsóknarkerfið ómengað og engum róttækum breytingum hægt að koma áleiðis. Þess vegna er það rétt sem sagt hefur verið: Þessi ríkisstj. er mistök frá upphafi.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þd. á því að á morgun er baráttudagur verkalýðsins, 1. maí. Hér var ekki hægt að tala í dag um þau dagskrármál sem að mínu viti koma íslenskum verkalýð eitthvað við. Þar nægir að nefna á dagskrá Sþ. þáltill. um lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða, ýmis mál sem voru hér á dagskrá hv. Nd., frv. um Lífeyrissjóð bænda, erfðalög, Lífeyrissjóð sjómanna, elli- og örorkulífeyri og fleira þess háttar.

Þess í stað hefur kveðja ríkisstj. til íslensks verkalýðs verið það raus sem hér hefur farið fram í dag, um hvort einn, tveir, þrír eða fjórir karlar eiga að sitja saman í majonesveislum Framkvæmdastofnunar. Það er kannske sama ástæða fyrir þessu og því sem birtist í auglýsingum í blöðum (**ÓÞÞ:** Eru þetta þingsköp?) Þetta er um þingsköp, já. (**ÓÞÞ:** Majonesveislur?) Það algjöra ráðleysi sem ríkir hér í þjóðfélaginu virðist birtast í vali á ræðumönnum morgundagsins. Höfuðpaurarnir, hinir nýju samráðsaðilar ríkisstj. og atvinnurekenda, forustumenn verkalýðsins, virðast ætla að halda sig víðs fjarri, og hér er síðasti dagur fyrir 1. maí notaður í þetta gagnslausa raus sem kemur engri lifandi manneskju í þjóðfélaginu við nema e. t. v. nokkrum körlum innan Framkvæmdastofnunar.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 789). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á barnalögum, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður eftir því sem fært reynist."

Í barnalögunum er ákvæði þess efnis að færi barnsmóðir fullnægjandi sönnur á faðerni barns að mati valdsmanns þar sem hún á lögheimili, en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang, skal valdsmaður úrskurða henni meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Með þessu ákvæði er tryggður réttur til meðlagsgreiðslna vegna óskilgetinna barna þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiðir meðlagið ef barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ekki er vitað um búsetu hans. Á sama hátt greiðir Tryggingastofnun ríkisins barnalífeyri þegar fyrir liggur að barn verði ekki feðrað. Þannig virðist því að fullu vera tryggður réttur óskilgetinna barna þannig að barnsmóður eru ávallt tryggðar meðlagsgreiðslur, annaðhvort í formi meðlags eða lífeyris.

Hins vegar, sé um að ræða að ekki reynist unnt að afla meðlagsúrskurðar eftir skilnað foreldra erlendis á hendur þess foreldris sem ekki hefur forsjá barns vegna þess að meðlagsskyldur aðili er búsettur erlendis og hefur skv. skilnaðardómi í sínu landi ekki verið dæmdur meðlagsskyldur, þá eru ekki lagaskilyrði fyrir íslensk stjórnvöld til þess að úrskurða hann meðlagsskyldan. Engar lagaheimildir eru heldur fyrir hendi til þess að úrskurða greiðslu meðlags eða barnalífeyris á hendur Tryggingastofnun ríkisins þó forsjárforeldri flytjist aftur hingað til lands með börn sín eftir skilnað erlendis.

Ljóst er því að um mismunun er að ræða á réttarstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna til greiðslu á lífeyri. Tilgangur með flutningi þessa frv. er að leiðrétta þennan mismun þannig að valdsmaður geti úrskurðað á hendur Tryggingastofnun ríkisins meðlagsgreiðslur vegna skilgetinna barna einnig þegar ljóst er skv. framvísun erlends skilnaðarleyfis eða skilnaðardóms að það foreldri sem ekki hefur forsjá barns hefur ekki verið dæmt meðlagsskylt, t. d. vegna fjárhagsörðugleika.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta frv. og vísa að öðru leyti til grg. með því. Ég vil þó nefna að kostnaður sá sem leiðir af samþykkt þessa frv. er mjög óverulegur þar sem skv. upplýsingum bæði Tryggingastofnunar og dómsmrn. er um mjög fá slík mál að ræða. Voru þau aðeins þrjú á s. l. ári. Ljóst er þó að samþykkt frv. skiptir verulegu máli fyrir framfærslu þeirra fáu aðila sem þarna eiga hlut að máli.

Ég vænti þess, herra forseti, að hv. allshn., sem ég legg til að málið fái til meðferðar, sjái sér fært að afgreiða þetta frv. aftur til deildar þó stutt sé til þingloka, enda málið þess eðlis að það ætti ekki að þurfa það langa umfjöllun í hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill leyfa sér að flytja hér örstutta yfirlýsingu ef hv. þdm. sem hér sitja enn hafa þolinmæði til þess að hlusta.

Að gefnu því tilefni að í blaðinu DV í dag er því dróttað að forseta þessarar hv. þd. að hann hafi með vilja og á óeðlilegan hátt tafið umr. um tiltekið þingmál, þ. e. frv. til l. um breyt. á áfengislögum, þá vill forseti taka það fram að slík aðdróttun á ekki við nein rök að styðjast. Tafir á afgreiðslu þingmála stafa reyndar sjaldnast af gerræði forseta, heldur af ýmsum öðrum ástæðum. Forseti þessarar hv. þd. mun nú sem áður sýna fullan vilja til þess að gera það sem í hans valdi stendur til þess að hraða meðferð þingmála og væntir góðrar samvinnu við hv. þdm. og hæstv. ríkisstj. um það efni.

Friðriks Sophusson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. forseta núna síðast langar mig til að spyrja hvort beri að skilja orð hans svo að á næstu fundum verði þá séð til þess að þetta mál, sem hann gerði að umræðuefni, verði á dagskrá og þm. séð fyrir nægum tíma til að ræða mál út því að talsverður þrýstingur er á að þetta mál komist til loka 2. umr. þannig að séð verði fyrir um afdrif þess.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af orðum hv. 2. þm. Reykv. vill forseti taka fram að hann mun, eins og reyndar kom fram hér í yfirlýsingunni áðan, gera sitt til þess að þingmál fái hér sem greiðasta leið gegnum þingið og það á jafnt við um þetta frv. sem önnur.

Tollskrá o. fl., 454. mál (þskj. 772). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, og samflm. minn er hv. þm. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. mgr. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 11 1981) orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 600 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er svo mikið fatlað að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það er fljótlegt að gera grein fyrir þessu máli. Í núgildandi lögum um tollskrá er heimilað að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 bílum fyrir þá sem þurfa nauðsynlega á bifreið að halda vegna fötlunar, en af 40 bifreiðum er heimilað að fella algjörlega niður aðflutningsgjöld fyrir þá sem búa við erfiðasta fötlun. Á síðustu árum hefur tollalögum verið breytt svo mjög að eftirspurn eftir þeim bifreiðum sem gjöld eru felld algjörlega af er svo til fullnægt. Það er ekki hörgull á þeim niðurfellingum. En við síðustu úthlutun kom mjög sterklega í ljós að ástæða er til þess að bæta við 50 bifreiðum fyrir þá sem við minni fötlun búa, en eru þó háðir bifreið. Á biðlista frá síðustu úthlutun eru nú milli 30 og 50 fatlaðir einstaklingar sem mjög þurfa á bifreið að halda, en varð að synja vegna þess að bifreiðarnar eru ekki nógu margar. Því er lagt til að þessum bifreiðum verði fjölgað um 50. Við síðustu úthlutun, í febrúar s. l., nam þessi lækkun 84 þús. á bifreið, auk niðurfellingar söluskatts, og má því hugsa sér að þessi upphæð sé nálægt 100 þús. kr. á hverja bifreið. Þarna er því beðið um kostnaðaraukningu sem nemur u. þ. b. 5 millj. kr. og sú úthlutun fer fram í febrúar 1986.

Í grg. er bent á að á hinum rausnarlegu úthlutunartímum þegar bankastjórum landsins eru veittar 450 þús. kr. til bifreiðakaupa, þá er hér um að ræða upphæð sem samsvarar um ellefu slíkum launaaukum, en um 20 bankastjórar eru í landinu. Það getur því varla verið til of mikils mælst að vandi þessa fólks, sem svo mjög þarf á bifreið að halda, verði leystur. Ég treysti þess vegna þeim hv. þm. Friðrik Sophussyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Svavari Gestssyni, sem hér sitja, að greiða fyrir þessu máli um leið og ég mun beina því til hæstv. forseta að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 78. fundur.

Fimmtudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 2. maí 1985.

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna fjarveru 1. varaþm. taki 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Bragi Michaelsson framkvæmdastjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir svohljóðandi bréf:

„Garðabæ, 26. apríl 1985.

Herra viðskrh., Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.

Því miður verð ég erlendis næstu vikur og get því ekki tekið sæti á Alþingi.

Með bestu kveðjum.
Kristjana Milla Thorsteinsson."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. maí 1985.

Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., dvelst nú erlendis og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að ósk hans með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Geir Hallgrímsson utanrrh., taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
forseti Nd."

Með því að bæði Bragi Michaelsson og Geir Hallgrímsson hafa áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem þm., þá býð ég þá báða velkomna til starfa á ný.

Ferðaþjónusta, þáltill. 468. mál (þskj. 810). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýjar hernaðarratsjárstöðvar, þáltill. 206. mál (þskj. 241, n. 735, 743 og 769). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 769, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 43:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, StH, SV, ÞS, AS, DA, GB, HÁ, HÓ, IG, JHelg, JK, PP.

nei: SkA, StB, SJS, SvG, SvH, VI, ÞP, AG, ÁJ, BÍG, BD, EH, EG, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GE, GA, GHelg, GGS, HBl, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KSK, MB, BM, ÓE, PJ, GeirH, RA, RH, SalÞ, SDK, ÞK.

4 þm. (EgJ, GSig, GJG, ÓÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á meðan starfrækt er hér á landi eftirlitsstöð tel ég rétt að sú stöð sé sem allra best úr garði gerð til að sinna sínu hlutverki. Því er ég hlynntur því að ratsjárstöðvar verði endurreistar á Norðurlandi og á Vestfjörðum og endurbyggð á Suðausturlandi þannig að þaðan megi flytja það herlið sem þar er. Ég tel einnig slíkar stöðvar mikilvægar fyrir öryggi íslensks flugs. Ég mun því styðja það að þessar ratsjárstöðvar verði reistar.

Hins vegar tel ég óeðlilegt að Alþingi ákveði einstök atriði í framkvæmd varnarsáttmálans og geti vart gert það með þál. Á þeirri forsendu og með tilvísun til þess sem ég hef sagt styð ég að till. verði vísað til ríkisstj. og segi já.

Ragnar Arnalds: Þingflokkur Alþb. lýsir andstöðu sinni við útþenslu yfirráðasvæðis bandarískra hersins á Íslandi og aukningu hernaðarmannvirkja með byggingu ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þingflokkurinn telur einnig að kanna þurfi afstöðu heimamanna á þeim svæðum þar sem þessar hernaðarframkvæmdir eru fyrirhugaðar og taka eigi fullt tillit til vilja íbúanna. Þingflokkurinn telur ekki sæmandi Alþingi að skjóta sér undan skyldu sinni til að taka stefnumarkandi afstöðu í þessu umdeilda máli og fráleitt að vísa því til ríkisstj. sem virðist þegar hafa tekið þá ákvörðun fyrir sitt leyti að uppfylla óskir Bandaríkjastjórnar um aukinn vígbúnað á Íslandi. Ég segi nei.

Tillgr. felld með 42:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GA, GHelg, HS, HG, IG, KolJ, KH, PP, RA, SDK, SkA, SJS, SvG.

nei: AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EG, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GE, GGS, HÁ, HBl, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, KSK, MB, BM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, GeirH, RH, SalÞ, StB, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, ÞK.

HÓ greiddi ekki atkv.

2 þm. (GSig, GJG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil gera svofellda grein fyrir atkv. mínu:

Hér er um hernaðarmannvirki að ræða og auk þess um nýbyggingu og útvíkkun hernaðarmannvirkja að tefla, en ekki viðhald eða endurnýjun þeirra hernaðarmannvirkja sem fyrir eru í landinu. Flest bendir til að með uppbyggingu þessa fyrirhugaða ratsjárkerfis sé verið að smíða hlekk í keðju umfangsmikilla hernaðarmannvirkja sem ætlað er að festa Ísland í sessi sem herstöð um ófyrirsjáanlega framtíð.

Í öðru lagi er ég andvígur því að ganga gegn vilja heimafólks á Vestfjörðum og á Norðausturlandi sem margt hefur lýst mikilli andstöðu og áhyggjum út af því að gera heimabyggðir þess að herstöð. Í þeim hópi eru ekki aðeins flokkssystkini mín heldur fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Ég vil taka undir raddir þessa fólks með atkv. mínu.

Þótt þáltill. þessi sé um sumt gölluð að orðalagi og ég hefði kosið aðra málsmeðferð vil ég taka af öll tvímæli um afstöðu mína til kjarna þessa máls, þ. e. uppbyggingar nýrra ratsjárstöðva. Henni er ég andvígur. Því til áréttingar segi ég já.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vísa til greinargerðar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. flutti hér áðan og greiði atkv. á sama hátt og hann og segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Framkvæmd varnarsamningsins er í höndum ríkisstj. Hún er ekki fjölskipað stjórnvald og utanrrh. fer með framkvæmd varnarsamningsins. Það er fráleitt að ætla að framkvæmd varnarsamningsins verði stjórnað með þáltill. á Alþingi. Ég segi nei.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vísa til þeirrar greinargerðar sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason flutti og segi já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem ég tel að radarstöðvar á Vestur- og Norðurlandi muni auka öryggi flugsins verulega frá því sem nú er, þá segi ég nei.

Fullgilding hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, þáltill. 472. mál (þskj. 817). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil þakka forseta fyrir þá lipurð að taka þessa þáltill. nú þegar á dagskrá, en um það var rætt á fundi utanrmn. að þess skyldi freistað að koma þessari þáltill. sem fyrst til nefndar og tryggja henni sem skjótasta afgreiðslu.

Með þeirri þáltill. sem hér um ræðir fer ríkisstj. þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna sem undirritaður var í Montego Bay á Jamaica 10. des. 1982. Enskum frumtexta samningsins ásamt íslenskri þýðingu hefur verið dreift í sérriti. Þýðingin var viðamikið verk og ágætlega af hendi leyst af Jóni Ögmundi Þormóðssyni og yfir handritið fóru fleiri, t. d. Hans G. Andersen sendiherra og Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur utanrrn. En þrátt fyrir nákvæmni að þessu leyti kunna einstök atriði í þýðingunni e. t. v. ekki að hafa komist fullkomlega til skila og verður því að hafa hliðsjón af opinberum textum frá Hafréttarráðstefnunni sjálfri í allri málsmeðferð.

Samningurinn er uppskera hins mikla starfs sem unnið var á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Hann fjallar um nánast öll hugsanleg löggjafaratriði sem snerta tvo þriðju hluta veraldar. Hann er í 320 greinum í meginköflum auk 118 greina í nýjum viðaukum eða samtals eru hér 438 greinar. Sjálf ráðstefnan stóð í níu ár frá fyrsta fundi 3. des. 1973 til undirritunar samningsins 10. des. 1982, en áður höfðu nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna starfað að undirbúningi ráðstefnunnar í sex ár. Í heild var því samningurinn sjálfur árangur 15 ára starfs og átti sér auk þess eins og fram hefur komið sína forsögu.

Ráðstefnan kom sjálf saman formlega 16 sinnum og fundaði um 97 vikur. Auk þess var fjöldi óformlegra funda, meðal annarra fundir svokallaðrar textanefndar eða Drafting Committee. Sendinefndir 165 ríkja tóku þátt í starfi ráðstefnunnar, auk 102 áheyrnarnefnda frá ósjálfstæðum landsvæðum, frelsissamtökum, milliríkjastofnunum og alþjóðlegum samtökum.

Sjá má af framangreindu að það er ekki ofsögum sagt að þetta hafi verið mesta og víðtækasta löggjafarstarf allra tíma á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á þátttöku í samningsgerðinni á öllum stigum, bæði þegar málið var til umfjöllunar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, í undirbúningsnefndunum og á sjálfri Hafréttarráðstefnunni. Auk embættismanna voru að jafnaði skipaðir í sendinefndir Íslands fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Með þessu var leitast við að ná sem víðtækastri pólitískri samstöðu um afstöðu Íslands til þessa mikilvæga máls og tókst það með hinni ágætustu samvinnu þeirra flokka sem áttu fulltrúa á Alþingi. Formaður sendinefndar Íslands frá upphafi var Hans G. Andersen. Vil ég sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka hér enn einu sinni ómetanlegt starf sem hann hefur unnið í þágu lands og þjóðar á þessu sviði. Ég þakka og öðrum fulltrúum Íslands og öllum þeim sem unnu að lausn málsins á vegum landsins, án þess þó að nefna fleiri nöfn.

Hafréttarráðstefnan tók að sjálfsögðu mið af framkvæmd einstakra ríkja og þróun hafréttarmála almennt. Í flestum tilfellum var um víxlverkandi áhrif að ræða. Einstök ríki gátu á grundvelli umræðna á ráðstefnunni metið viðbrögð annarra ríkja við fyrirhuguðum aðgerðum og væntanlega hagað framkvæmdum samkv. því.

Sem kunnugt er var fiskveiðilögsaga Íslands tvívegis færð út eftir að undirbúningur að ráðstefnunni hófst, í 50 sjómílur 1. sept. 1972 og í 200 sjómílur 15. okt. 1975. Þegar þessar aðgerðir voru ákveðnar var það mat íslenskra stjórnvalda annars vegar að ráðstefnan mundi ekki ljúka störfum nægilega snemma og hins vegar að víðtækur alþjóðlegur stuðningur væri fyrir þeim aðgerðum sem staðið var fyrir. Dómar Alþjóðadómstólsins í Haag í málum Bretlands og Vestur-Þýskalands gegn Íslandi vegna 50 mílna útfærslunnar voru kveðnir upp 25. júlí 1974 meðan ráðstefnan fundaði í Caracas. Með hliðsjón af þeirri óvissu sem ríkti almennt færðist dómstóllinn undan því að láta uppi álit um það hvort réttur Íslands til 50 sjómílna fiskveiðilögsögu hefði grundvöll í alþjóðalögum. Dómarnir höfðu því ekki þau áhrif að stöðva þróun sem dómstóllinn staðfesti að væri í gangi um síaukin yfirráð ríkja yfir auðlindum hafsins við eigin strendur.

Með lögum nr. 41 frá 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru staðfestar meginreglur sem þá virtist vera samstaða um á hafréttarráðstefnunni, þ. e. um tólf sjómílna landhelgi, 200 sjómílna efnahagslögsögu og landgrunn sem tæki til allrar eðlilegrar og óslitinnar framlengingar landsvæðis strandríkisins.

Kveikjan að þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var tillaga Möltu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1967 um að hafsbotninn utan lögsögu ríkja skyldi teljast sameiginleg arfleifð mannkynsins. Arði af vinnslu auðlinda á svæðinu, aðallega kóbalts, kopars og nikkels í formi fjölmálmsmola, skyldi varið til hagsbóta fyrir mannkynið í heild með sérstöku tilliti til þarfa þróunarríkja. Með ályktun 1967 setti allsherjarþingið á laggirnar sérstaka nefnd til að vinna að útfærslu þessara hugmynda.

Árið 1968 var síðan stofnuð föst nefnd, hafsbotnsnefndin svokallaða, og var fjölgað í henni árið 1970. Í ljós kom að ekki var hægt að vinna að þessu máli án tillits til fjölda skyldra atriða. Frumskilyrði var að gera sér grein fyrir því hvar ytri mörk lögsögu ríkja væru, en um þetta voru skiptar skoðanir sem áttu rætur sínar að rekja til fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1958 og annarrar ráðstefnu árið 1960.

Á ráðstefnunni 1958 voru samþykktir fjórir samningar á grundvelli draga þjóðréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, samningur um landhelgi og aðlægt belti, samningur um úthafið, samningur um fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda hafsins og samningur um landgrunn. Í síðastnefnda samningnum var landgrunnið m. a. skilgreint með hliðsjón af mögulegri nýtingu. Bent var á að þar sem núverandi tækni leyfði nýtingu á nánast hvaða dýpi eða fjarlægð frá landi sem væri væri réttur strandríkja engum takmörkunum háður skv. þeirri skilgreiningu. Í tengslum við þetta spunnust umræður um hversu marktækar niðurstöður ráðstefnunnar 1958 gætu verið þar sem mikill meiri hluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hafði þá enn ekki öðlast sjálfstæði né tekið þátt í ráðstefnunni. Á sams

konar forsendum hefur því reyndar verið haldið fram að hinn sígildi þjóðaréttur væri á mörgum sviðum sniðinn að aðstæðum vestrænna ríkja og þróunarríkjum óviðkomandi svo að ljóst er að þessi sjónarmið hafa ekki verið einskorðuð við hafréttinn.

Ekki náðist samkomulag á hafréttarráðstefnunni 1958 um víðáttu landhelgi eða fiskveiðilögsögu. Tillögur voru lagðar fram um þriggja, fjögurra, sex og tólf mílna landhelgi. Einnig var tillaga um sex mílna landhelgi, en þar fyrir utan sex mílna belti þar sem strandríki hefði yfirráð yfir fiskveiðum, þó þannig að ríki sem veitt hefðu á svæðinu í fimm ár mættu halda veiðum áfram. Loks var tillaga um tólf mílna fiskveiðilögsögu.

Sem fyrr segir voru allar þessar tillögur felldar og var boðað til ráðstefnu1960 til að fjalla um víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu. Þar náðist heldur ekki samkomulag, en mikill stuðningur var fyrir tillögu um sex mílna landhelgi og tólf mílna fiskveiðilögsögu, en ríki sem veitt höfðu milli sex og tólf mílna í fimm ár fengju að halda þeim veiðum áfram um tíu ára skeið. Munaði aðeins einu atkvæði að þessi till. næði tilskildum meiri hluta og réði atkvæði Íslands þar úrslitum.

Það má taka fram að íslenska sendinefndin á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna lagðist gegn því að boðað yrði til ráðstefnanna 1958 og 1960, en íslensk stjórnvöld töldu að taka ætti málin til athugunar á allsherjarþinginu.

Að lokinni ráðstefnu 1960 var mikil óvissa um landhelgismál. Á miðjum sjöunda áratugnum sýndu nokkur ríki því áhuga að hefja samningaumleitanir um víðáttu landhelgi og tengsl við siglingar um alþjóðleg sund. Ekkert varð úr þessum tilraunum. Við þessar aðstæður var óhjákvæmilegt að fela hafsbotnsnefndinni að taka fyrir hafréttinn í heild og ekki aðeins þau atriði sem tillaga Möltu náði til. Taka skyldi mið af því að vandamál hafgeimsins séu náskyld og líta þurfi á þau í heild, eins og segir í inngangsorðum hafréttarsamningsins.

Meginreglur um starfsemi á hafsbotni utan lögsögu ríkja voru settar fram í yfirlýsingu sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 17. des. 1970. Jafnframt ákvað þingið að boða til ráðstefnu ekki seinna en á árinu 1973. Þessi ákvörðun var endanlega staðfest á allsherjarþinginu í nóvember 1973. Ekki voru ríki á eitt sátt um að tímabært væri að kalla saman ráðstefnu, enda hafði starf hafsbotnsnefndarinnar leitt í ljós djúpstæðan ágreining um flest svið hafréttar. Nefndinni hafði ekki tekist að ganga frá samningsdrögum eins og þjóðréttarnefndin hafði lagt fyrir ráðstefnuna 1958. Ágreiningur milli ríkja kom fram í sjálfri dagskrá ráðstefnunnar sem var í 95 liðum, en meðal þeirra dagskrárliða voru innbyrðis ósamrýmanleg hugtök og málefni.

Á fyrsta fundi ráðstefnunnar í desember 1973 var starfsskipulag hennar ákveðið. Málefnum ráðstefnunnar var vísað til þriggja aðalnefnda. Fyrsta nefnd fjallaði um alþjóðahafsbotnssvæðið, en önnur og þriðja nefnd um hin sígildu svið hafréttar. Í þriðju nefnd var rætt um vísindarannsóknir og mengunarmál, en í annarri nefnd um öll önnur atriði, svo sem landhelgi, fiskveiðilögsögu, landgrunn og úthafið. Seinna fjallaði allsherjarnefndin sjálf um lausn deilumála sem eins konar fjórða nefnd.

Forseti ráðstefnunnar, þar til hann lést árið 1980, var Hamilton Shirley Amerasinghe frá Sri Lanka, en Tommy Koh frá Singapore var kjörinn í hans stað.

Einkennandi fyrir störf ráðstefnunnar var fjöldi undirnefnda, viðræðunefnda, starfshópa, hagsmunahópa o. s. frv. Starf þessara hópa fór að mestu fram fyrir luktum dyrum þar sem umræður gátu verið frjálslegri. Með þessu móti var takmarkaður fjöldi þátttakenda og þar með auðveldara að ná árangri en á fundum þar sem 150 sendinefndir væru ávallt viðstaddar.

Starfsreglur og vinnuaðferðir ráðstefnunnar voru einstakar með svokölluðu „gentlemen's agreement". Var ákveðið að leita allra ráða til að ná samkomulagi um efnisatriði án þess að grípa til atkvæðagreiðslu. Þegar ljóst var að hefðbundinn tillöguflutningur sendinefnda mundi ekki stuðla að þessu markmiði var ákveðið á þriðja fundi ráðstefnunnar árið 1975 að fela hverjum nefndarformanni um sig að leggja fram samningstexta um þau mál sem voru á dagskrá viðkomandi nefndar. Þessir textar voru síðan endurskoðaðir eða samræmdir sex sinnum þar til fyrir lá sá texti sem endanleg ákvörðun var tekin um.

Drögin sem lögð voru fram í annarri nefnd 1975 reyndust í meginatriðum hafa að geyma efnisatriði sem ráðstefnan gat náð samkomulagi um. Á grundvelli þeirra var unnt að vinna skipulega að lausn ágreiningsmála. Helstu atriðin sem síðara starf nefndarinnar beindist að voru réttarstaða efnahagslögsögunnar, nánari skilgreining ytri marka landgrunnsins, ákvæði um skiptingu hafsvæða milli nágrannaríkja og réttindi svokallaðra landfræðilega afskiptra ríkja innan efnahagslögsögu annarra ríkja. Öðru máli gegndi um óformlegu drögin sem vörðuðu málefni fyrstu nefndar. Styrr stóð um starfsemi nefndarinnar öll árin sem ráðstefnan starfaði. Að lokum fór svo að mörg iðnþróuð ríki gátu ekki sætt sig við það fyrirkomulag sem samningurinn gerir ráð fyrir um vinnslu málma á alþjóðahafsbotnssvæðinu.

Þegar til lokaafgreiðslu ráðstefnunnar kom hafði hún starfað í átta ár á grundvelli fyrrnefnds „gentlemen's agreement" án þess að greiða atkvæði um annað en skipulagsatriði, en að ósk Bandaríkjamanna voru greidd atkvæði um lokadrögin að hafréttarsamningnum. Samningurinn var samþykktur 30. apríl 1982 með 130 atkvæðum gegn 4, en sautján ríki sátu hjá. Hafréttarsamningurinn var síðan lagður fram til undirritunar í Montego Bay á Jamaica 10. des. 1982. Við það tækifæri var hann undirritaður fyrir hönd 117 ríkja, auk Cookeyja og Namibíu-ráðsins. Samtals skrifuðu 119 undir samninginn. Alls hafa 159 ríki, landssvæði og alþjóðastofnanir undirritað samninginn. Eftirfarandi 16 aðilar hafa fullgilt hann: Bahama, Belise, Egyptaland, Fiji, Fílabeinsströndin, Filipseyjar, Gambía, Ghana, Jamaica, Kúba, Mexikó, Senegal, Santa Lucia, Súdan, Sambía og Namibíu-ráðið.

Samningurinn tekur gildi ári eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann. Með ályktun ráðstefnunnar 30. apríl 1982 var sett á laggirnar undirbúningsnefnd vegna starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunar og alþjóðlegs hafréttardóms.

Vonir manna um að árangur af starfi nefndarinnar yrði til þess að afstaða iðnþróunarríkja til samningsins mundi breytast hafa ekki ræst að fullu. Bandaríkin hafa ekki undirritað samninginn og ekki tekið þátt í störfum

nefndarinnar. Bretland og Vestur-Þýskaland ákváðu einnig að undirrita hann ekki. Meðan þessi ríki halda sig fyrir utan það fyrirkomulag sem samningurinn gerir ráð fyrir er framtíðarskipan þessara mála að vísu óljósari en skyldi, en þó nægilega skýr að fullnægi hagsmunum Íslendinga.

Þessi óvissa verður að vísu eflaust til þess að draga úr áhuga sumra ríkja á fullgildingu, en deilur um samninginn hafa þó ekki nema í litlum mæli staðið um hin sígildu svið hafréttar, þau svið sem fyrst og fremst varða hagsmuni Íslands. Á þeim sviðum hefur náðst viðunandi lausn og telur ríkisstj. því réttast að fullgilda samninginn nú þegar, enda er það skylda okkar, svo vel sem samningurinn tryggir hagsmuni okkar, að vera í tölu þeirra ríkja sem eru í fremstu röð að staðfesta samninginn og stuðla þannig að því að samningurinn öðlist gildi sem allra fyrst.

Það er rétt að taka það fram að utanrmn., sem væntanlega fær þessa þáltill. til athugunar, þarf sérstaklega að fjalla um það hvort gera skuli þann fyrirvara um leið og samningurinn er staðfestur að ef til ágreinings komi áskilji Ísland sér rétt til þess að slíkri deilu sé vísað til sáttagerðar. Ég tel rétt að svo verði gert. Slík aðferð til lausnar deilum hefur reynst okkur Íslendingum vel, eins og t. d. varðandi Jan Mayen-deiluna. Þá gæti þessi fyrirvari okkar hljóðað eitthvað á þessa leið:

Jafnframt því að afhenda fullgildingarskjal varðandi hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna lýsir fastafulltrúi Íslands því yfir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að skv. 298. gr. samningsins er réttur áskilinn til að sérhverri túlkun á 83. gr. skuli vísað til sáttagerðar skv. V. viðauka 2. kafla samningsins.

Herra forseti. Ég gæti rakið efni þessa samnings í einstaka þáttum, en hvort tveggja er að málefni þau er sérstaklega varða Ísland hafa verið svo oft til umræðu hér á Alþingi og opinberlega að þess gerist að mínu mati ekki þörf og svo er rétt að taka tillit til hins að við höfum áhuga á því að þessi þáltill. sé afgreidd sem fyrst. Ég veit að hv. þm. treysta utanrmn. að fjalla um samninginn þannig að hann komi hér aftur til meðferðar þingsins og þá það vel undirbúinn að ef einhverjar aths. eru sé tækifæri til að ræða þær þá. En auðvitað er valið hér ekki um að breyta einstaka ákvæðum, heldur að samþykkja hafréttarsamninginn eða hafna. Ég er í engum vafa um hvað Alþingi Íslendinga á eftir að gera í þeim efnum og geri það sem sagt nú að tillögu minni í lok máls míns að þáltill. þessari verði vísað til utanrmn. og seinni umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Skýrsla um utanríkismál, þskj. 687.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég fylgi nú úr hlaði öðru sinni skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál sem ég hef góðri venju samkvæmt lagt fyrir hv. Alþingi. Skýrslunni var dreift til hv. þm. þegar þingstörf hófust að nýju að afloknu páskaleyfi. Hún var því nú nær mánuði fyrr á ferðinni en s. l. ár og hefur því verið í höndum hv. þm. í þrjár vikur. Ætla ég því að gefist hafi rúmur tími til að kynna sér efni hennar. Með skýrslunni fylgdi að vanda sérstök skýrsla fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um störf síðasta allsherjarþings og þátttöku okkar í því.

Í fyrstu skýrslu minni á síðasta þingi gafst mér tækifæri til að leggja áherslu á þá grundvallarþætti sem ég tel mestu skipta að móti íslenska utanríkisstefnu. Sams konar tækifæri hefur gefist við samningu skýrslunnar nú auk þess sem nokkrir þættir utanríkismálanna hafa komið til sérstakrar og ítarlegrar umræðu fyrr á þessu þingi. Af þessum ástæðum: að rúmur tími hefur gefist til að kynna sér skýrsluna, að grundvallarstefna liggur ljós fyrir og nýlegar umræður hafa þegar gefið tækifæri til að brjóta til mergjar nokkur utanríkismál sem nú eru til meðferðar, get ég í þessari framsögu verið stuttorðari en ella. Það ber þó á engan hátt að skilja svo að ég vilji víkja mér undan eða draga úr umræðum um þessi mál, heldur er það þvert á móti eins og ég hef raunar áður lagt áherslu á.

Ég tel opinskáar umræður um utanríkismál mikilvægar. Þær eru fallnar til að eyða misskilningi sem ella getur valdið ágreiningi og sundrung. Það er þjóðinni ekki til heilla að ágreiningur sé meiri en efni standa til sökum ónógrar umfjöllunar og vanþekkingar á staðreyndum mála. Öllum þjóðum er mikilvægt — og smærri þjóðum fremur en öðrum — að sem víðtækust samstaða ríki um þau mál er snúa að öðrum ríkjum og þar á meðal hugsanlegum utanaðkomandi hættum. Það er slík samstaða um grundvallarþætti utanríkismála sem ráðið getur úrslitum um að þjóðir haldi sjálfstæði sínu, frelsi til orðs og æðis. Í þessu efni hafa Íslendingar verið gæfusamir. Þeir hafa langflestir staðið saman í þéttri fylkingu um þá meginstefnu í utanríkis- og öryggismálum sem mótuð var á fyrstu árum lýðveldisins og tryggt þannig viðhald og margs konar velgengni ríkis og þjóðar.

Um ástand alþjóðamála og nokkurra einstakra utanríkismála, sem nú eru sérstaklega á döfinni, vil ég segja þetta: Þegar ég flutti ræðu mína í fyrra um skýrslu um utanríkismál voru uggvænlegar horfur í samskiptum stórveldanna. Viðræðum þeirra á milli um afvopnunarmál hafði verið slitið og Stokkhólms-ráðstefnan var í raun eini vettvangurinn þar sem fulltrúar stórveldanna ræddust við. Ég held við hljótum því að vera sammála um það að merkasti atburðurinn, sem áhrif hefur haft á þróun alþjóðamála síðan við ræddum í fyrra skýrslu mína um utanríkismál, sé samkomulag stórveldanna um að setjast að nýju að samningaborði um vopnatakmarkanir. Þessar viðræður stórveldanna fara nú fram með nokkuð öðru sniði en áður og hafa víðara umfang en fyrri umræður þeirra. Eins og hv. þm. er kunnugt slitu Sovétríkin viðræðum við Bandaríkin um takmörkun meðaldrægra kjarnaflauga í Evrópu svo og um langdrægar kjarnaflaugar í nóvember 1983, þegar hin þríþætta samþykkt Atlantshafsbandalagsins frá því í desember 1979 kom til framkvæmda og fyrstu Pershing II flaugarnar voru settar upp til mótvægis við hina gífurlegu fjölgun SS-20 flauga Sovétríkjanna.

SS-20 flaugar Sovétmanna eru nú yfir 400 talsins með yfir 1200 kjarnaodda og þeim hefur verið komið fyrir á skotpöllum í Austur-Evrópu. Ríki Atlantshafsbandalagsins ákváðu að bíða í fjögur ár með gagnráðstafanir til þess að mæta þessari nýju ógn í trausti þess að takast mætti samkomulag við Sovétríkin um jafnvægi í kjarna-

vígbúnaði í Evrópu með það lokatakmark í huga að öllum slíkum vopnum yrði útrýmt án þess að jafnvægi hinna tveggja varnarbandalaga og öryggi Evrópu raskaðist.

Enginn skyldi búast við að viðræður kjarnaveldanna í Genf betri skjótan árangur. Þær eru flóknar og viðamiklar og gagnkvæm tortryggni er vissulega til tálmunar. Deilt verður um stöðu vígbúnaðar í dag og hvort jafnvægi ríkir í þeim efnum. Af hálfu Atlantshafsbandalagsins er viðurkennt að Sovétríkin eigi rétt á varnarviðbúnaði til að tryggja öryggi sitt en markmiðið hljóti að vera að jafnvægi sé náð meðal stórveldanna með sem minnstum vígbúnaði, lágmarks herbúnaði. Tortryggni og aðgæsla Sovétríkjanna er eðlileg þegar þess er gætt að á þessari öld og hinni síðustu hafa erlendir herir setið gráir fyrir járnum um Moskvu og litlu munað að höfuðborgin félli þeim í hendur. Á hinn bóginn ýkja og valdhafar Sovétríkjanna þá tortryggni sem býr með íbúum Sovétríkjanna að þessu leyti, m. a. til þess að þeir sætti sig við lakari lífskjör en vera þyrfti ef ekki væri kostað svo miklu til vígbúnaðar sem raun ber vitni. Hafa þó valdhafar Sovétríkjanna sem allsráðandi stjórnarherrar þá yfirburði yfir stjórnir vestrænna lýðræðisríkja að geta ákveðið einhliða hve miklu skuli varið til vígbúnaðar og þurfa ekki að fá samþykki skattgreiðenda fyrir slíkum útgjöldum.

Tortryggni vestrænna ríkja gagnvart Sovétríkjunum á rætur sínar að rekja til þess að vígbúnaður þeirra er mun meiri en þörf er á ef hann væri eingöngu ætlaður til varnar. Útþenslu- og yfirráðastefna Sovétríkjanna eftir aðra heimsstyrjöldina knúði vestræn lýðræðisríki til stofnunar Atlantshafsbandalagsins og reynslan sýnir að Sovétríkin hafa eftir stríð aukið herbúnað sinn þegar vestræn lýðræðisríki hafa í skjóli meintrar þíðu dregið úr honum. Á þetta bæði við á árunum eftir aðra heimsstyrjöld og á síðasta áratug í kjölfar Helsinki-yfirlýsingarinnar.

Vestræn lýðræðisríki eru sökuð um andvaraleysi fyrir aðra heimsstyrjöldina og á það er bent að öllum mátti vera ljós heimsyfirráðaðastefna Hitlers eftir lestur Mein Kampf. Á sama veg má auðvitað segja að kenning kommúnista og Sovétmanna um alheimsbyltingu ætti að opna augu lýðræðissinna fyrir nauðsyn aðgæslu og varðstöðu.

Það verður vissulega erfitt að komast að niðurstöðu um hvað teljist jafnvægi í vígbúnaði en erfiðara kann að reynast að ganga úr skugga um að afvopnunarsamningar séu haldnir. Sovétmenn telja tryggt alþjóðlegt eftirlit til njósna og afskipta af innanríkismálum, en slíkt eftirlit er lýðræðisríkjum lífsnauðsyn. Það á sínar eðlilegu skýringar að Sovétríkin leggja ekkert upp úr slíku eftirliti. Vígbúnaður lýðræðisríkja liggur fyrir þeim sem opin bók, bæði vegna lýðræðislegrar og opinnar umræðu um fjárveitingar til einstakra þátta herbúnaðar í vestrænum ríkjum og ferðafrelsi sem þar ríkir. Gagnstætt því eru Sovétríkin lokuð og þurfa ekki að gera reikningsskil gerða sinna opinberlega. Þá hefur það og torveldað afvopnunarsamninga að Sovétríkin hafa treyst því að þau gætu haft áhrif á skoðanamyndun og almenningsálit á Vesturlöndum til að knýja þau til einhliða afvopnunar án þess að Sovétríkin þyrftu nokkuð að draga úr vígbúnaði af sinni hálfu. Það er hald margra manna að þá fyrst hafi Sovétríkin sest að samningaborðinu í Genf þegar þau voru orðin úrkula vonar að geta komið í veg fyrir framkvæmd tvíþættu samþykktar Atlantshafsbandalagsins frá 1979. Vestræn ríki hafa ekki samsvarandi skilyrði til að hafa áhrif á almenningsálit í Sovétríkjunum sem þau vestantjalds.

Leiðtogaskiptin í Sovétríkjunum hafa aukið á bjartsýni sumra um að fram undan sé batnandi sambúð og samskipti risaveldanna sem leitt gæti til samninga um takmörkun vígbúnaðar og fækkun kjarnavopna. Fyrir nokkrum vikum lýsti Gorbachev, hinn nýi leiðtogi Sovétríkjanna, því yfir að Sovétríkin mundu einhliða stöðva uppsetningu fleiri SS-20 kjarnaflauga fram til hausts í trausti þess að Atlantshafsbandalagið hætti við að koma fyrir fleiri Pershing II flaugum og stýriflaugum. Nú hafa hins vegar borist fregnir af því að Sovétmenn haldi áfram að reisa skotpalla fyrir SS-20 flaugarnar víða um Austur-Evrópu. Inn í þessa mynd kemur áætlun Reagans Bandaríkjaforseta um stórefldar rannsóknir á hagnýti varnarvopna í geimnum sem hann telur að geti leitt til þess að ókleift verði að beita kjarnavopnum til árásar. Þessar hugmyndir Reagans hafa síður en svo farið leynt og þær hafa verið skýrðar í flestum meiri háttar fjölmiðlum heims, jafnvel í smáatriðum. Skoðanir eru því skiptar um þessar hugmyndir enda er slíkur búnaður óheyrilega dýr og kynni að torvelda um sinn stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins. Niðurstöðu rannsókna varðandi geimvopn og geimvarnir, sem bæði Sovétríkin og Bandaríkin stunda, er ekki að vænta og væntanlega er niðurstöðu lengur að bíða. Hafa ber í huga þó að því meira og gleggra sem risaveldin vita um athafnir hvors annars á hernaðarsviðinu því minni líkur eru á því að hernaðarátök, þ. á m. kjarnastríð, hefjist.

Hin öra þróun á sviði rafeindatækni, fjarskipta og gervihnatta, er fylgjast úr háloftunum með hverri hreyfingu á jörðu niðri, er ein helsta von mannkyns um að hvorki komi til kjarnastyrjaldar fyrir ásetning, slysni eða misskilning. Og víst er um það að raunhæfir samningar milli stórveldanna um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar nást aldrei nema fullkomið og traust eftirlit með slíkum samningum verði meginþáttur þeirra. Yfirburðir Bandaríkjanna og bandamanna þeirra, a. m. k. eins og nú standa sakir, í þeirri byltingu fjarskipta- og rafeindatækni sem nú á sér stað í heiminum gæti því leitt til aukinnar samningslipurðar af hálfu Sovétríkjanna. Og báðir aðilar ættu að hafa hugfast að efnahag þeirra væri betur borgið ef svo mikið fjármagn færi ekki til vígbúnaðar eins og raun ber vitni. Því meira sem aðilar vita hvorir um aðra því meira dvínar tortryggnin og grunsemdirnar um launráð og sviksemi gagnaðilans. Með eyðingu tortryggninnar hverfur ásælnin til að sitja yfir annarra hlut í nafni ráðstafana til tryggingar nauðsynlegs öryggis.

Ég hef kosið að drepa á þessum höfuðþætti þeirra tilrauna sem nú fara fram varðandi afvopnun. Þar sem ég hef í skýrslunni rætt um einstök mál og ágreiningsefni og átök, sem eiga sér stað nú í heiminum, vík ég ekki frekar að þeim enda er ekki unnt í framsöguræðu með þessari skýrslu að drepa á nema fátt eitt af því sem telja má til markverðra utanríkismála.

En þar sem þessi skýrsla, er ég mæli nú fyrir, er viðameiri og ítarlegri en áður, þrátt fyrir þá augljósu annmarka sem á slíkum skýrslum hljóta ætíð að vera, tel ég óþarft að fara sérstökum orðum um þau efni sem um er fjallað í skýrslunni og varða einstaka heimshluta, en

vísa til hennar.

Ég vil þá þessu næst víkja nokkuð að varnar- og öryggismálum okkar sjálfra, en kafli skýrslunnar um þau efni er mun ítarlegri í ár en þekkst hefur í fyrri skýrslum um utanríkismál. Er þetta þáttur í þeirri viðleitni minni að upplýsa frekar um eðli varna landsins og starfsemi varnarliðsins. Við höfum látið undir höfuð leggjast, eins og kunnugt er, að afla sérfræðiþekkingar og reynslu í herfræðilegum málum, sérfræðiþekkingar sem að mínu viti er forsenda fyrir ákvörðunum í veigamiklum þáttum varnarmála í framtíðinni. Tækninni fleygir fram á öllum sviðum, ekki síst á sviði hermála og varnarmála. Sérhæfing í þessum málum sem öðrum verður stöðugt meiri og ég tel að nú sé svo komið að við getum ekki lengur skotið okkur undan þeirri ábyrgð og skyldu að afla okkur slíkrar þekkingar. Í þessu sambandi vil ég minna á að hér á Alþingi hefur komið fram í nokkur ár till. til þál. um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum og hafa áform þau er ég hef birt varðandi styrkingu varnarmáladeildar og varnarmálaskrifstofu það að markmiði að ráða bót á í þessu efni.

Í skýrslu minni til Alþingis á s. l. ári sagði ég að grundvöllurinn að virkari þátttöku okkar Íslendinga í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins væri að við öðluðumst sjálfir meiri reynslu og þekkingu á varnarmálum er geri okkur fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu sem þjóð okkar býr við. Með þeim hætti verðum við í stakk búnir til að taka fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins og þeirra ráðstafana sem gerðar eru landinu til öryggis. Með slíka þekkingu að bakhjarli hljótum við að óska úrbóta, ef við teljum vörnum að einhverju leyti áfátt, eða hafna hugmyndum og fyrirætlunum á þessu sviði ef við teljum að ekki séu í samræmi við þarfir okkar og stefnu í öryggismálum. Jafnframt lét ég þess getið að stefnt yrði að eflingu varnarmáladeildar bæði með hliðsjón af núverandi umfangi verkefna hennar og ekki síður í þeim tilgangi að á vegum utanrrn. verði ávallt til staðar fullnægjandi sérfræðileg þekking á varnarmálum. Í því skyni að fylgja þessari stefnu fram hefur sú breyting nú verið gerð að varnarmáladeild er orðin sérstök skrifstofa í utanrrn. Þar fær varnarmálaskrifstofan mun víðtækara starfssvið en varnarmáladeild hafði áður. Hefur verið gerð grein fyrir þessum verkefnum hennar opinberlega þannig að ég tel ekki þörf á því að fara nákvæmlega í þær sakir. En þessi verkefni eru:

1. Málefni er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna.

2. Herfræðileg og hertæknileg málefni er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum.

3. Þátttaka í starfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, samstarf við varnarliðið og yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins.

4. Auk þessara verkefna yrði jafnframt starf varnarmálaskrifstofu að annast skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstj. og stuðla að samstarfi við almannavarnaráð og Landhelgisgæslu.

Herra forseti. Fyrr á þessum fundi fylgdi ég úr hlaði þáltill. um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og hef því ekki fleiri orð um það efni. En í samræmi við stefnu ríkisstj. og ályktanir Alþingis á grundvelli þeirra ákvæða hafréttarsamningsins er snerta þau mál hefur verið unnið markvisst að því að tryggja hafsbotnsréttindi landsins utan efnahagslögsögunnar.

Nú er staða mála sú að Bretar og Írar hafa afmarkað meint landgrunn sín þannig að Hatton-Rockallsvæðið falli innan landgrunnsmarka þeirra. Færeyingar og Danir telja að svæðið sé í eðlilegu framhaldi af Færeyjum og falli því undir þeirra yfirráð. Hafa þeir haft í undirbúningi útgáfu tilkynningar um slíka afmörkun landgrunns Færeyja sem væntanlega verður gefin út á næstunni. Hins vegar telur dr. Talvani, sem hefur verið ráðunautur íslenskra stjórnvalda í þessu máli að því er varðar jarðeðlisfræði, að Bretland og Írland séu skorin frá svæðinu með Rockall-trogi svokölluðu og dýpi Færeyjasundsins sunnan og suðaustan eyjanna raski réttindakröfum þeirra. Ísland geti aftur á móti rakið landgrunn sitt til svæðisins án þess að rekast á landgrunnshlíðar annars lands.

Svo einhæfar sem undirstöður íslensks efnahagslífs eru og landið sjálft snautt að auðlindum getum við ekki gefið frá okkur réttindi sem rök herma að okkur beri. Því verðum við að gæta réttar okkar þótt enn sé lítt vitað hvort eða hvaða verðmæti umrætt hafsbotnssvæði kann að hafa að geyma. Ríkisstj. telur því rétt að landgrunn Íslands verði afmarkað með framangreind sjónarmið í huga. Verður sú afmörkun birt á næstunni. Síðan verður framhaldið að fara eftir viðurkenndum reglum þjóðaréttarins er miða við að strandríki byrji með því að afmarka landgrunnið reglum samkvæmt og tilkynni það nefnd um mörk landgrunns, sem stofnuð verður skv. hafréttarsamningnum, svo og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Ef kröfur ríkja rekast á er það aðalreglan að ríkin reyna að ná samkomulagi með samningum. Hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að hlutaðeigandi þjóðir komi sér saman um málið. Átti sér fyrir skemmstu stað gagnlegur viðræðufundur um það við Færeyinga og Dani og boð okkar til annarra aðila málsins um viðræður og samráð stendur. Fyrirhugaður er enn fundur með Dönum og Færeyingum á næstunni, og við, utanríkisráðherrar Íslands og Danmerkur, munum ræða þetta mál í opinberri heimsókn minni til Danmerkur síðast í þessum mánuði. Jafnhliða þessu verður málið ávallt til meðferðar í utanrmn. og innan ríkisstj.

Tilraunum til að ná samkomulagi um loðnuveiðarnar við Ísland, Jan Mayen og á Grænlandssvæðunum hefur verið haldið áfram. Málið var rætt ítarlegar en nokkru sinni fyrr á fundi Íslendinga, Norðmanna og fulltrúa grænlensku heimastjórnarinnar í Kaupmannahöfn um miðjan apríl. Ekki ber nú ýkjamikið á milli. En þó er torvelt að ná endum saman. Þurfa allir aðilar að leggja sig fram um lausn. Grænlendingar hugsa sér að stunda loðnuveiðar sjálfir þegar fram í sækir en munu fyrst um sinn selja veiðikvóta sinn. Þetta ágreiningsmál, sem nú eftir útgöngu Grænlands úr Efnahagsbandalaginu er orðið innbyrðis mál norrænna þjóða einvörðungu, þarf að leysast fyrir næstu vertíð nú í sumar.

Samskipti Íslands og Grænlands hafa verið til vaxandi umræðu síðustu misseri, og er áhugi af beggja hálfu á að efla þau á ýmsum sviðum. Meðal annars hefur verið rætt um möguleika á samvinnu á sviði sjávarútvegsmála, þ. á m. fiskirannsókna, fiskveiða, vinnslu og markaðsmála, en jafnframt m. a. um samgöngumál, sem Grænlendingum er mikið kappsmál að ráða betur fram úr en unnt hefur verið til þessa, og rjúfa þannig þá einangrun sem er hemill á ýmsa framþróun í landinu.

Fyrir liggja hugmyndir um tilhögun samskipta íslenskra og grænlenskra stjórnvalda en á næstunni þarf að ræða nánar einstaka þætti. Nálægð landanna veldur því að eðlilegt er og nauðsynlegt að þau hafi samstarf sín á milli. Af hálfu Íslands er vilji til að verða Grænlendingum að því liði í uppbyggingarstarfi þeirra, sem þeir æskja og unnt er, jafnframt því sem efnt verði til samstarfs er hagkvæmt verði fyrir báða aðila. Í þessu sambandi vil ég einnig á ný leggja áherslu á mikilvægi þess að samvinna landanna allra á norðurslóðum Atlantshafs, Noregs og Danmerkur, Færeyja, Íslands, Grænlands og Kanada, verði treyst enn frekar í framtíðinni, enda eiga þau samofna hagsmuni m. a. á sviði fiskverndunar, veiða og markaðsmála svo og t. d. öryggismála.

Herra forseti. Um þessar mundir er til gaumgæfilegrar athugunar hvort unnt sé að marka ákveðnari stefnu um aukningu framlaga til stuðnings þróunarríkjum þannig að náð verði t. d. á sjö til tíu árum því takmarki velmegunarríkja Sameinuðu þjóðanna að opinber framög séu 0.7% af þjóðarframleiðslu. Framlögin af Íslands hálfu hafa aldrei verið hærri en á þessu ári og árin tvö á undan, en samt eru þau óralangt frá áðurnefndu marki, nú ekki nema ⅛ eða ⅑ hluti þess. Þó að okkur Íslendingum finnist okkar eigið bú þurfa margs við getum við ekki til lengdar horft svo aðgerðarlitlir á það hyldýpi örbirgðar og eymdar, hungurs og þjáninga sem margar þjóðir í öðrum heimsálfum búa við. Þeir erfiðleikar sem við stöndum andspænis verða að engu í slíkum samanburði. Það er áreiðanlega í anda íslensku þjóðarinnar, sem sjálf man verri tíð, að við stígum ný skref til stuðnings þeim þjóðum sem nú standa í svipuðum sporum og við á fyrri öld eða enn þá verr. Við höfum nú auk efna öðlast reynslu og þekkingu, m. a. á sviði fiskveiða og jarðhitanýtingar, sem við getum með góðum árangri hagnýtt í þágu þróunarríkja. Þetta eigum við nú að gera í vaxandi mæli og treysta jafnframt samskipti okkar við þessi ríki eftir því sem aðstæður leyfa.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu þykir mér hlýða að víkja nokkrum orðum að utanríkisþjónustunni. Að því er utanríkisþjónustuna snertir þá tel ég nú tímabært bæði að utanrrn. geti komið sér upp húsnæði og að ráðist verði í stofnun nýs sendiráðs á næsta ári. Ráðuneytið er tvískipt í leiguhúsnæði og býr nú orðið á ýmsan hátt við erfiðar aðstæður. Hefur því verið hafinn undirbúningur að nýbyggingu á lóð ríkisins við Skúlagötu austan húss Rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Þar teldi ég hagkvæmt að viðskrn. yrði einnig til húsa, óháð því hvort utanrrn. verði falin utanríkisviðskipti eins og margir telja þó hyggilegt. Í reynd er starf utanríkisþjónustunnar og viðskrn. að utanríkisviðskiptum svo samofið að að minnsta kosti nábýli af þessu tagi væri tvímælalaus ávinningur er stuðlað gæti að enn þá betri þjónustu við þá aðila sem viðskipti stunda við önnur lönd. En mikilvægi utanríkisviðskiptanna kemur m. a. fram í þeirri staðreynd að á árinu 1984 nam útflutningur vöru og þjónustu um 50% af þjóðarframleiðslu. Sendiráðin annast samskipti stjórnvalda en þau gegna jafnframt mjög víðtæku fyrirgreiðslu- og þjónustuhlutverki, m. a. á sviði viðskipta.

Nú þegar mikið er rætt um þörfina á nýjum iðngreinum hér á landi, reistum m. a. á erlendum tækninýjungum og raunar ýmsum tækniframförum íslenskum, er ljóst að sendiráðin geta, ef rétt er á haldið, unnið mikið gagn bæði við að koma á samstarfi um slíkt við erlenda aðila og greiða fyrir sölu eða markaðssetningu nýrra framleiðsluvara. Vonirnar um árangur í þessari mikilsverðu viðleitni til að treysta undirstöður efnahags- og atvinnulífs þjóðarinnar eru því m. a. háðar því að utanríkisþjónustan verði efld til að geta rækt á sem bestan hátt sinn þátt í þessari sókn þjóðarinnar til nýrra framfara. Tekið hefur verið upp nýlega samstarf við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins að markaðsmálum og fleira er í deiglu eins og hv. þm. er kunnugt. En þegar er margt sem bendir til þess að t. d. stofnun sendiráðs í Japan gæti komið að verulegu gagni í því skyni sem ég hef gert hér sérstaklega að umtalsefni. Auk þess hefur af ýmsum ástæðum verið rætt um hugsanlega stofnun sendiráða í Kanada og Finnlandi. En utanrmn. mun fjalla frekar um þessi mál áður en ákvörðun er tekin, auk þess sem hún byggist á fjárveitingu til þessara útgjalda.

Þá hefur og farið fram á vegum utanrrn. söfnun upplýsinga um styrki, tollvernd og aðrar viðskiptatálmanir af hálfu annarra þjóða, sem eru keppinautar okkar á erlendum mörkuðum, í því skyni að geta betur unnið í alþjóðasamtökum að frjálsum viðskiptum á jafnréttisgrundvelli sem fáum þjóðum er nauðsynlegra en okkur Íslendingum.

Ég vil svo í lok þessara inngangsorða nota tækifærið til að þakka hv. utanrmn. mikið og gott samstarf á undanförnu ári. Ég mun svo, herra forseti, að sjálfsögðu leitast við að svara fsp. sem fram kunna að koma og læt máli mínu því lokið að sinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. allviðamikil skýrsla hæstv. utanrrh. um utanríkismál sem nú er orðið hefðbundið að lögð sé fyrir þingið. Ég sé ástæðu til að þakka fyrir þetta framlag hæstv. ráðh. og að það kemur nú fyrir þingið fyrr en var á síðasta ári þegar umr. um skýrslu ráðh. fór fram á allra síðustu dögum þings. Þannig hefur okkur alþm. gefist betri kostur en ella til þess að fara yfir þessi mál og Alþingi ætti að geta rætt þau efni varðandi utanríkismál sem hv. þm. þykir ástæða til við betri aðstæður en áður.

Með þessari skýrslu liggur einnig fyrir yfirlit frá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, allviðamikið gagn sem fengur er að og varpar ljósi á þau fjölmörgu mál sem þar eru til meðferðar og Ísland tekur afstöðu til hverju sinni.

Það hefur verið mikið rætt um utanríkismál á þessu þingi eins og raunar hinu síðasta í tengslum við margar till. sem fram hafa komið hér varðandi utanríkismálin. Þær till. hafa verið til meðferðar í hv. utanrmn. og eru sumar þegar á lokastigi og komnar fyrir þingið. Þar er um að ræða till. varðandi afvopnunarmál sem nú er leitast við að ná samstöðu um meðal fulltrúa í utanrmn., till. um málefni erlendra sendiráða og hér hafa komið fyrir þingið fjölmargar fsp. sem tengdar eru hernaðaruppbyggingu hérlendis og gefið hafa tilefni til mikilla umræðna hér á þinginu. Síðast en ekki síst er að minnast till. þeirrar varðandi hernaðarratsjárstöðvar sem hér hefur verið rædd og umr. nú fer fram í skugga atkvæðagreiðslu varðandi þennan nýjasta þátt í útfærslu hernaðarumsvifa hérlendis. Ég mun víkja lítillega að því síðar í máli mínu.

Hér ætla ég einkum að takmarka mig við örfáa þætti af þeim mörgu sem skýrsla þessi gefur tilefni til að ræddir séu. Ég mun ræða nokkuð þá sýn til alþjóðamála sem er að finna í skýrslunni og í tengslum við þau hin svokölluðu varnar- og öryggismál Íslands sem gerð eru nokkur skil í þessari skýrslu. Þá mun ég víkja að þróunarsamvinnu og hlut Íslands í norður-suður samstarfi og framlagi okkar til þróunarmála. Samstarf okkar á alþjóðavettvangi innan Sameinuðu þjóðanna og Norðurlanda gefur einnig tilefni til ábendinga og nokkur atriði vildi ég nefna sem snerta utanríkisviðskipti og starfsemi þeim tengd.

Ég vil þó ekki sleppa því hér að minnast á það efni sem hæstv. ráðh. kom að í máli sínu hér áðan og var fyrr á dagskrá þessa fundar þar sem er þáltill. um staðfestingu Hafréttarsáttmálans. Þar er að finna mikla uppskeru af löngu starfi sem ánægjulegt er að nú skuli vera komin hér fyrir Alþingi til staðfestingar. Ég efast ekkert um að um þetta mál mun takast á lokastigi full samstaða hér í þinginu. Málsmeðferð varðandi hafréttarmálefni og landhelgismál Íslendinga er dæmigerð um það hvernig lítil þjóð eins og okkar getur með einbeitni og samheldni náð árangri á mikilvægu sviði lífshagsmuna sinna. Íslendingar hafa átt drjúgan þátt í því að móta alþjóðarétt á sviði hafréttarmála. Eftir að menn brutust út úr sjálfheldunni 1971 í þessum málum og tóku ákveðin skref, sem vissulega fylgdi áhætta fyrir litla þjóð, hefur miklu þokað áfram í þessum efnum. Við erum nú að fjalla um síðustu þættina í bráð sem snerta mörk íslensks yfirráðasvæðis í tengslum og utan við okkar 200 mílna auðlindalögsögu.

Utanrmn. hefur á yfirstandandi þingtímabili fjallað mikið um mál er þessu tengjast, réttindi Íslands á Reykjaneshrygg sem ótvírætt teljast og við hljótum að helga okkur í ljósi þess réttar sem hafréttarsáttmálinn gefur okkur og síðan Hatton-Rockallsvæðið, það stóra svæði sem tengist Íslandi til suðurs. Um það hefur verið fjallað á undanförnum árum af hálfu utanrmn. í framhaldi af sérstakri þál. um þetta mál, að mig minnir í mars 1983. Þar hefur núverandi formaður utanrmn. Eyjólfur Konráð Jónsson haft frumkvæði sem ber að þakka fyrir. Hann hefur staðið þar mjög fast í ístaðinu varðandi íslenska hagsmuni og hvergi dregið af sér og hann hefur fengið þann stuðning sem eðlilegt er í þessu máli. Ég tel að við þurfum nú, þegar á reynir og ekki eru horfur á samkomulagi um sinn við granna okkar varðandi þetta mál, að standa þétt saman um íslenskan rétt eins og við setjum mál okkar fram og teljum okkur hafa rök fyrir.

Hæstv. utanrrh. nefndi það hér í ræðu sinni hver væru fyrirhuguð næstu skref í ljósi þess að ekki hefur tekist samstaða með þeim þjóðum öðrum sem gera tilkall til þessa svæðis. Alþb. mun, eins og oft hefur komið fram í þessu máli, standa fast að þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið og nú er í undirbúningi að út verði gefin í formi yfirlýsingar eða reglugerðar af Íslands hálfu.

Vissulega er ekki um að ræða neinn lokapunkt hér í sambandi við okkar hafréttarmálefni, hvað þá það að tryggja nýtingarrétt okkar á þeim svæðum sem við gerum tilkall til. Ég minni í þessu sambandi á þátt eins og þann að lögfesta þarf eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins á þeim svæðum sem við gerum tilkall til og teljum innan okkar yfirráðamarka. Þar þarf að skera úr allri réttaróvissu og við þurfum að efla rannsóknir á þessum víðlendu svæðum, þessu útfærða Íslandi sem við höfum komist yfir og átt þátt í að helga okkur á undanförnum 15 árum. Það skiptir mjög miklu að við stöndum skipulega að rannsóknum þessara svæða og tryggjum eðlilega hagnýtingu þeirra ásamt eðlilegum verndarsjónarmiðum.

Í framhaldi af þessum þætti varðandi hafréttarmálin vil ég víkja hér að alþjóðamálum og því sem snertir vígbúnaðarkapphlaupið. En það er upphaf þessarar skýrslu hæstv. utanrrh. að draga fram þá sýn sem hann hefur til þessara mála. Á bls. 1 í skýrslunni er að finna svofellda staðhæfingu, með leyfi forseta:

„Ekkert bendir til að friði sé hættara í okkar heimshluta en verið hefur eða að meiri hætta sé á heimsófriði. Þetta er árangur þeirrar árvekni sem unnendur frelsis og lýðræðis hafa sýnt."

Þessi orð, sem hér er að finna, tel ég alltáknræn fyrir umfjöllun sem er að finna í þessari skýrslu um alþjóðamál. Þar er að finna mikið af barnalegum staðhæfingum að mínu mati og einsýnni túlkun varðandi þróun mála. Þetta á bæði við umfjöllun um hlut risaveldanna hvors um sig og gagnkvæmt í þróun alþjóðamála og einnig hið falska öryggi í skugga sívaxandi vígbúnaðar og gereyðingarvopna. Maður hlýtur að spyrja: Hvaða utanrrh. á Vesturlöndum annar en Geir Hallgrímsson gæti dregið upp þá mynd af þróun alþjóðamála sem birtist í þessari skýrslu?

Ég efast um að jafnvel Bandaríkjastjórn leyfði sér að draga upp þá svart-hvítu heimsmynd sem við blasir í alþjóðakafla þessarar skýrslu. Hér er myndin dregin upp þannig að Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið eru sýnd sem hin hvíti engill, talin ímynd hins góða lýðræðis, frelsis og sáttfýsi í afvopnunarmálum. Hins vegar eru Sovétríkin og Varsjárbandalagið sem hinn svarti djöfull í hverri grein og sá aðili sem sé ábyrgur fyrir vígbúnaðarkapphlaupinu á liðnum árum og sem lokað hafi á alla samninga. Þannig tel ég að málin séu ekki í reynd. Það þarf ekki annað en að vísa til þeirra miklu umræðna sem farið hefur fram innan ríkja Atlantshafsbandalagsins og þeirra hörðu deilna sem þar hafa verið uppi varðandi stefnu núverandi forseta Bandaríkjanna og Bandaríkjastjórnar á umliðnum árum til að ljóst sé hversu rangar þessar áherslur eru og hversu fáránlegt það er að bera á borð mynd eins og þá sem hér er dregin upp varðandi þróun heimsmála og stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins á undanförnum árum.

Ég er ekki með þessum orðum að leggja mat á þau gildi sem mjög er rætt um varðandi annars vegar austrið og hins vegar vestrið sem svo eru kölluð í hinum alþjóðlegu umræðum. Ég er ekki að leggja að jöfnu gildi eins og borgaralegt lýðræði í sinni skástu mynd og sovéskt alræði. Ég er ekki að leggja að jöfnu þingræði á móti flokkseinræði eins og við þekkjum það í fjölmörgum löndum heimsins og raunar miklum meiri hluta, þ. á m. í Austur-Evrópu. Um þau efni mætti margt segja og auðvitað eiga menn að leggja mikið á sig til verndar lýðræði og mannréttindum hver í sínum garði og í alþjóðlegu samstarfi. Á það vil ég leggja ríka áherslu.

Við, sem byggjum Norðurlönd, búum að mínu mati við lýðræði í sínu skásta formi sem það er að finna á heimsbyggðinni, einnig þegar litið er til félagslegs öryggis og jöfnunar efnislegra gæða. En þó eru þessi

gildi á undanhaldi innan Norðurlanda í heild og ekki síst hér á Íslandi undir veldissprota þeirra hv. ráðh. Steingríms Hermannssonar og Geirs Hallgrímssonar. Myndin er því ekki skjannahvít hér hjá okkur fremur en þegar litið er til annarra heimshluta.

Þegar við lítum til risaveldanna hvors um sig og framferðis þeirra á eigin áhrifasvæðum, ekki síst gagnvart löndum þriðja heimsins og þeim sem minnst mega sín, þá getur verið erfitt að greina á milli, hlutur hvors þeirra er herfilegri. Það er raunar breytilegt frá ári til árs hvor stórveldarisinn fótum treður meira alþjóðalög, svo ekki sé minnst á frelsi, sjálfsákvörðunarrétt þjóða og hvað þá glansmynd lýðræðisins eins og hún gjarnan er túlkuð. Dæmin blasa hvarvetna við, blóðferill Sovétríkjanna í Afganistan á undanförnum árum sem ekkert lát er á og purkunarlaust ofbeldi Bandaríkjastjórnar gagnvart ríkjum Mið-Ameríku. Innrásin í Grenada er okkur enn í fersku minni, stuðningur við morðsveitir í El Salvador, kverkatökin sem reynt var að beita Nicaragua í fyrra með hafnbanni og tundurduflalagningum við strendur landsins og nú í gær með tilkynningu um algert viðskipta- og samgöngubann af hálfu Bandaríkjanna.

Um þetta er farið nokkrum orðum í þessari skýrslu. En það er athyglisvert að lesa þá kafla og hvernig þar er tekið til orða á bls. 19 og 20 í þessari skýrslu. Við munum eftir því hvernig hæstv. utanrrh. hagaði máli sínu þegar Bandaríkjastjórn réðist inn í Grenada og braut þar alþjóðalög. Seiminn af því hiki og málflutningi ráðh. er að finna í orðum skýrslunar þar sem segir: „Engu að síður var talið að um alvarlegt brot á alþjóðalögum og skerðingu á sjálfstæði Grenada væri að ræða.“

Þegar fjallað er um málefni Nicaragua er ekki að finna mikið af ákveðnum skoðunum hæstv. ráðh. Þar segir m. a. efst á bls. 20, með leyfi forseta:

„Varanleg lausn finnst ekki nema að hún sé reist á grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og réttlátari skiptingu tekna og eigna. Þetta er megininntakið í tillögum Contadora. Bandaríkin höfðu lýst yfir stuðningi við þessar tillögur í meginatriðum og það hafði Kissinger-nefndin einnig gert með þeim fyrirvara að tímabundin aðstoð við El Salvador og Honduras kynni að reynast nauðsynleg meðan uppreisnaröflin nytu hernaðaraðstoðar og vopnasendinga utan að. Nokkrir viðræðufundir hafa átt sér stað milli fulltrúa Bandaríkjanna og Nicaragua um framkvæmd og túlkun Contadora-samkomulagsins, en um það stendur enn djúpstæður ágreiningur að því er virðist.“ Punktur. Skoðanir engar að öðru leyti. Í tilefni af þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru út á þeim degi sem forseti Bandaríkjanna hélt til fundar í Vestur-Þýskalandi í gær, um málefni Nicaragua sé ég ástæðu til að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvert er viðhorf hans til þeirra yfirlýsinga sem Bandaríkjastjórn gaf í gær um viðskiptabann gagnvart Nicaragua? Hvert er viðhorf hans til stefnu Bandaríkjastjórnar gagnvart löndum Mið-Ameríku? Þau viðhorf koma ekki fram á marktækan hátt þannig að hægt sé að fóta sig á þeim á síðum þessarar skýrslu og þess vegna er spurt.

En það er ekki síst í samskiptum sínum við þriðja heiminn sem risaveldin gangast undir próf, eins og Bandaríkin gagnvart Mið-Ameríku, og úr því fæst skorið t. d. hversu langt virðing stórveldanna, Bandaríkjanna í þessu tilviki, nær fyrir þeim gildum um lýðræði og frelsi sem mest er hampað í skálaræðum og áróðri í klúbbi hinna ríku.

Þegar kemur til mannréttinda er raunar svipað uppi á teningnum. Það er víða að finna Sacharov sem haldið er í stofufangelsi stjórnvalda og við þurfum helst að líta til þeirra allra. Pyndingar, sálrænar og líkamlegar, eru hlutskipti tugþúsunda ef ekki milljóna í svartholum sem finna má í öllum heimshlutum, e. t. v. utan Vestur-Evrópu, að við skulum vona. Við hljótum að beita okkur gegn slíkum aðgerðum hvar sem þær birtast og taka undir kröfuna um það að Helsinki-samkomulagið, um þróun mannréttinda og aðgerðir til að tryggja þau, verði haldið. Þeirri mynd, sem að þessu lýtur, er ekki haldið til haga sem skyldi í skýrslu utanrrh. Þar eru drættirnir nær einvörðungu svart-hvítir þannig að leitun er á viðlíka einsýni.

Þessi ágalli skýrslunar eykur ekki traust á henni þegar kemur nær heimavettvangi og fjallað er um varnar- og öryggismál Íslands sem svo eru kölluð og ég mun víkja hér nánar að. Hvað snertir þann þátt skýrslu hæstv. utanrrh. þá vitnar hún um það að í tíð núverandi ríkisstj. hefur verið hleypt hér af stað stórfelldari aukningu hernaðarframkvæmda en nokkru sinni fyrr síðan Bandaríkjaher kom hingað fyrir 34 árum. Dæmin eru velþekkt og læt ég nægja aðeins að stikla á þeim helstu:

Framkvæmdir í Helguvík með höfn og birgðageymslum sem auka olíubirgðarými við Keflavíkurflugvöll skv. skýrslunni um 66% þegar fullbyggt er.

Í öðru lagi bygging flugstöðvar fyrir bandarískt fé að meiri hluta, bygging sem keyrð er áfram með háum fjárveitingum og erlendum lántökum á sama tíma og framkvæmdir við innlenda flugvelli og framkvæmdir þeim tengdar eru skornar við nögl meira en nokkru sinni fyrr.

Í þriðja lagi bygging öflugra flugskýla fyrir orustuþotur Bandaríkjahers og boðuð viðbót fjögurra flugskýla til viðbótar við þau níu sem fullbúin verða á þessu ári.

Í fjórða lagi undirbúningurinn að nýjum hernaðarratsjárstöðvum og endurnýjun eldri stöðva sem hér hefur verið fjallað um og atkvæði féllu um hér á Alþingi í dag. Ég vil að gefnu tilefni inna hæstv. utanrrh. eftir því, vegna þess að það liggur ekki skýrt fyrir, hvort með endurnýjun ratsjárstöðvar á Stokksnesi verði um að ræða að engir bandarískir hermenn, engir útlendingar, verði þar í herstöðinni að endurnýjun lokinni. Fullyrðingar féllu um þetta í umr. um ratsjárstöðvar fyrir fáum dögum á Alþingi og hæstv. ráðh. tók undir þá skoðun eins hv. þm. að endurnýjun þessarar stöðvar á Stokksnesi boðaði það að þar yrðu engir erlendir aðilar við starfrækslu að því loknu. Úr skýrslu ratsjárstöðvanefndar má hins vegar lesa annað. Ég tel nauðsynlegt að þetta liggi hér skýrt fyrir og spyr því hæstv. ráðh.: Hvert er viðhorfið í þessu efni? Með hverju er reiknað í sambandi við þær áætlanir sem fyrir liggja að þessu leyti? Er fyrri staðhæfing ráðh. um þetta efni rétt?

Í fimmta lagi nefni ég byggingu öflugrar stjórnstöðvar fyrir Bandaríkjaher á Keflavíkurflugvelli sem ráðgerð er, talað um sem „styrkta stjórnstöð“ í skýrslunni, „gluggalausa“, útbúna „sérstökum hreinsiútbúnaði vegna hugsanlegrar mengunar frá efnavopnum og á þannig að geta hýst starfsmenn þess í allt að eina viku“, eins og segir orðrétt í skýrslu utanrrh. „Slíkt er í

samræmi við NATO-staðla", stendur þar. „Áform eru fyrir hendi." „Væntanlega yrði hafist handa um byggingu stöðvarinnar á næsta ári." Punktur.

Eitt vil ég nefna hér til viðbótar þar sem er endurnýjun á orustuflugvélaflota herliðsins í Keflavík. Boðað er að til Keflavíkurflugvallar muni koma 18 orustuflugvélar af gerðinni F-15 sem eiga að leysa þær 12 Phantom-orustuvélar af hólmi sem þar eru nú.

Þrátt fyrir þessar gífurlegu framkvæmdir og endurnýjun herbúnaðar hérlendis reynir utanrrh. að halda því fram að eðli herstöðvarinnar sé óbreytt nú í dag og á næstu árum, nánast hið sama og var fyrir 34 árum þegar Bandaríkjaher steig hér á land öðru sinni. Hér sé aðeins á ferðinni meinlaus eftirlitsstöð sem engum ógni. Á þessu er þrástagast í þessari skýrslu utanrrh. síðu eftir síðu. Á bls. 26 segir um þetta, með leyfi forseta.

„Lega Íslands frá hernaðarlegu sjónarmiði ræður örlögum þess, ekki síður í dag en á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Á þeirri forsendu verður mótun og framkvæmd íslenskrar varnarstefnu að byggjast. Það er og hefur verið stefna okkar í varnarmálum að öll starfsemi varnarliðsins miðist við varnir og eftirlit, enda er það í samræmi við varnarsamninginn og stefnu Atlantshafsbandalagsins. Sú aðstaða, sem Bandaríkjunum fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins hefur verið sköpuð hérlendis, miðast við þetta hlutverk."

Og á næstu síðu segir einnig: „Varnarliðið er hér til varnar landinu og svæðunum umhverfis það í samræmi við óskir okkar sjálfra. Eftirlitsstarfið, sem varnarliðið innir af hendi, er grundvallarforsenda þess að ávallt verði hægt að greina aukningu á herstyrk Sovétríkjanna í námunda við Ísland þannig að Atlantshafsbandalagið geti brugðist við með viðeigandi hætti. Eðli varnarstöðvarinnar hefur ekki breyst þrátt fyrir umfangsmikla endurnýjun og endurbætur er hófust snemma á þessum áratug. Endurbætur þessar eru nauðsynlegar eigi varnarstöðin að geta sinnt varnar- og eftirlitshlutverki sínu, en það grundvallast annars vegar á loftvörnum og hins vegar á kafbáta- og skipaeftirliti."

Að þessu er síðan enn vikið með svipuðum hætti á bls. 31 þar sem verið er að andmæla staðhæfingum um það gagnstæða. Þar segir:

„Fullyrt hefur verið að með aukningu birgðarýmis í Helguvík væri ætlunin að breyta eðli varnarstöðvarinnar og skapa m. a. aðstöðu fyrir langdrægar sprengjuflugvélar bandarískra flughersins. Þetta er rangt, enda mundu íslensk stjórnvöld ekki samþykkja slíka breytingu á eðli varnarstöðvarinnar."

Þessi síðustu orð eru athyglisverð. Mikil er vitneskja hæstv. utanrrh. um þann vígbúnað sem á sér stað hér á svæðinu í nágrenni Íslands, sem gerir honum kleift að fullyrða það sem hér kemur fram. Ég vil í þessu sambandi rifja það aðeins upp að þegar skýrsla utanrrh. var til umr. hér í fyrra, 17. maí að ég hygg, var hæstv. ráðh. inntur eftir því hvort hann kannaðist við áætlun frá yfirstjórn herafla Bandaríkjanna frá 1981 um endurmat á hernaðaruppbyggingunni á Íslandi, en fregnir þar að lútandi höfðu komið fram í bandarískum blöðum. Þessi spurning var lögð fyrir hæstv. ráðh. og svar hans er að finna í þingtíðindum frá 17. maí. Ég leyfi mér að vitna, með leyfi forseta, í örstuttan kafla. Hæstv. ráðh. sagði:

„Ég hef ekki séð þessa áætlun og hef ekki heyrt hennar sérstaklega getið. Það er svo að til eru ýmsar áætlanir og hugleiðingar, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum, varðandi mögulegar aðgerðir ef í odda skærist milli þjóða hér á norðanverðu Atlantshafi. En fæst af þessu eru ábyrgar áætlanir, staðfestar eða samþykktar, og því ber ekki að taka þær hátíðlega út af fyrir sig."

Þetta sagði ráðh. Síðan gerist það hér fyrir fáum vikum, í febrúarmánuði að ég hygg, að okkur berst í hendur sérstök grg. frá öryggismálanefnd, frá Gunnari Gunnarssyni starfsmanni nefndarinnar, um Keflavíkurstöðina. Það þarf ekki að fara lengra en í inngangínn til að sjá að það, sem ráðh. vildi eyða í fyrra og kannaðist ekkert við, lá fyrir í gögnum Bandaríkjaþings þegar á árinu 1983. Ég sé ástæðu til að vekja athygli á því sem stendur í inngangi þessarar skýrslu frá öryggismálanefnd, með leyfi forseta:

„Í júlí og nóvember 1981 framkvæmdi bandaríska herforingjaráðið endurskoðun þar sem fram kom að nauðsyn væri á breytingum á útbúnaði Keflavíkurstöðvarinnar til að efla styrk hennar til loftvarna Íslands og varna sjóleiðinni yfir N.-Atlantshaf. Þó frumkvæði komi frá Bandaríkjamönnum er hér um að ræða sameiginlegar áætlanir þeirra og Atlantshafsbandalagsins."

Hvar stöndum við með utanrrh., sem að mati framsóknarmanna, sumra hverra a. m. k., á að hafa alræðisvald í málum er varða svokallaðan varnarsamning við Bandaríkin, þegar hann veit ekki um áætlanir af þessu tagi eða greinir Alþingi a. m. k. svo frá að honum séu þær ekki kunnar? Sami ráðh. telur sig hafa efni á því að fullyrða það síðu eftir síðu að eðli herstöðvanna hérna sé óbreytt og hið sama frá því sem var fyrir áratugum síðan þrátt fyrir þá stigmögunun framkvæmda sem hann hefur staðið hér fyrir í sinni bráðum tveggja ára valdatíð sem utanrrh.

En það er fleira, sem hefur gerst hliðstætt, sem hlýtur að vekja ugg og óhug allra þeirra sem fylgjast með málefnum sem snerta öryggi Íslands. Við getum aðeins rifjað það upp hvernig mál lágu og hvernig umræðan þróaðist hér í byrjun desember eftir að fregnir bárust um það — frá erlendum aðilum en ekki frá hæstv. utanrrh. — að fyrir hefðu legið um langt árabil áætlanir bandarískra hernaðaryfirvalda um að flytja kjarnorkuvopn til Íslands á neyðar- og stríðstímum, 48 kjarnorkudjúpsprengjur. Gögn, sem þetta varðaði, voru afhent hæstv. utanrrh. og forsrh. og þeir hrukku heldur betur við. Við fengum að sjá þau í utanrmn. í ljósriti og menn töldu og telja almennt, sem hafa litið á þetta, að ekki sé ástæða til annars en að taka þessi gögn alvarlega. A. m. k. var ég þeirrar skoðunar eftir að hafa fengið að líta þau í utanrmn.

Hæstv. utanrrh. brá við skjótt og sendi fsp. vestur um haf til Bandaríkjastjórnar um það hverju þetta sætti og taldi að ef rétt reyndist væri hér um mjög alvarleg brot að ræða á yfirlýsingum og á gerðum samningum, hann liti þetta mjög alvarlegum augum. En hvert var svarið sem hæstv. ráðh. fékk frá Bandaríkjastjórn? Það er mönnum í fersku minni. Efnislega var það þannig: Góður utanrrh. Um svona hluti spyr maður ekki í NATO-samstarfi. Um svona hluti spyr maður ekki. Orðrétt úr svari bandaríska sendiráðsins, með leyfi forseta — svarið er að finna í fréttatilkynningu utanrrn. frá 19. des. 1984:

„Eins og mér er ljóst að yður er kunnugt hefur það

um langt árabil verið fastmótuð stefna Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna að játa hvorki né neita heimildargildi skjala sem sögð eru trúnaðarskjöl Bandaríkjanna eða bandalagsins."

Efnislega: Um svona hluti spyr maður ekki. Þetta er einhver mesta niðurlæging sem íslenskur ráðherra hefur orðið fyrir og það í einhverju alvarlegasta máli sem hér hefur borið að í sambandi við öryggismál Íslendinga. Ég skil það vel að hæstv. ráðh. sé ekki rótt. Ég hef ástæðu til að ætla að tilburðir hans til að afla eitthvað haldbetri upplýsinga og reyna að grafast fyrir um áætlanir NATO, sem sjá má af ákvörðunum sem hann hefur tekið varðandi endurskipulagningu í sínu rn. og hugmyndir um að kveðja til sérstaka fagmenn á sviði hernaðarmála og hertækni, sem sjá má vangaveltur um í skýrslu hans, séu tilkomnar ekki síst vegna þess að svokallaðir bandamenn hafa ekki séð ástæðu til að upplýsa ráðh. um nýjar áætlanir og fyrirætlanir sem brjóta greinilega í bága við samninga og yfirlýsingar varðandi öryggismál Íslendinga.

Hæstv. forsrh. ræddi þessi mál af tilefni upplýsinganna um þær fyrirætlanir að flytja á neyðar- og stríðstímum kjarnorkuvopn til Íslands. Hann ræddi þessi mál raunar líka hér í fyrra í umr. um utanríkismál. Ég tel ástæðu til að rifja hér upp örfá orð eftir hæstv. forsrh.:

„Ég vil leggja á það ríka áherslu," sagði ráðh., „að sú utanríkisstefna, sem nú er fylgt, er sú sem fyrrv. hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson framkvæmdi. Það eru engar óskir frá varnarliðinu á borði ríkisstj. um aukið umfang."

Og síðar í sömu ræðu: „Ég vísa því á bug að um aukin umsvif varnarliðsins sé að ræða."

Þetta eru yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. 17. maí s. l. Hann vék líka að flugstöðinni og fagnaði mjög þeirri byggingu en fékk þann bakþanka að „það má vitanlega deila um byggingu flugstöðvarinnar, hún er kannske of stór". En hann hafði ekki einu sinni þann bakþanka í sambandi við umsvif herliðsins hérlendis og taldi að þar væri ekki um neitt aukið umfang að ræða.

Framsfl. er sannarlega ekki fisjað saman og það er kannske ekki tilviljun að enginn þm. flokksins er viðstaddur þessa umr., enginn sjáanlegur í þingsal. Framsfl. á auðvelt með að hafa allar skoðanir uppi í sambandi við öryggis- og varnarmál Íslendinga. Það kom ljóst fram í atkvæðagreiðslu um nýjar hernaðarratsjárstöðvar hér áðan. Það var ekki mögulegt að skipta flokknum upp í fleiri parta varðandi skoðanir í því afdrifaríka máli. Einn þm. flokksins túlkaði það svo að það væri alveg hneisa að vera að bera það undir Alþingi Íslendinga hvaða skref ætti að stíga undir hatti hins svokallaða varnarsamnings við Bandaríki Norður-Ameríku. Á slíku ætti Alþingi enga skoðun að hafa. Þetta ætti að vera einvörðungu í höndum utanrrh. á hverjum tíma, væntanlega þar á meðal hvort Bandaríkjamönnum þóknist að flytja gereyðingarvopn til Íslands sem og annað sem snertir framkvæmd samningsins.

Það er raunar langt síðan Framsfl. hóf æfingar í sambandi við öryggis- og varnarmál Íslands sem hafa gert hann mjög fiman í sínum vendingum. Við minnumst þess hvernig flokkinn munaði ekki um það á árinu 1974 að ætla einum og sama manni, utanrrh. landsins í ríkisstjórninni 1971—1974, sem hafði tekið að sér það verkefni að koma hernum úr landi skv. stjórnarsamningi, að axla þveröfuga stefnu í nýrri ríksstjórn sem mynduð var sumarið 1974 og sat til 1978 og festi herinn hér mjög í sessi og stóð fyrir aðgerðum sem breyttu raunar þá þegar eðli herstöðvarinnar í Keflavík frá því sem áður hafði verið. Það er sannarlega áhyggjuefni þegar flokkur, sem trekk í trekk veitir forustu í ríkisstjórnum á Íslandi, stendur þannig að málum eins og Framsfl. Það getur ekki verið að ég sé einn um að hafa áhyggjur af því. Ég hygg að fylgismenn flokksins til þessa hljóti að hafa af því vaxandi áhyggjur því raunar hefur það aldrei komið fram með jafnskýrum hætti og í dag hversu vítt er til veggja í mati forustu Framsfl. í sambandi við íslensk öryggismál.

En ég var að ræða um yfirlýsingar hæstv. utanrrh. í sambandi við mikilvæga þætti. Við hljótum að spyrja: Hvers virði eru yfirlýsingar ráðh. þegar við blasir hvernig hann hefur verið sniðgenginn af yfirboðurum Atlantshafsbandalagsins í Washington eins og ég hef hér rakið? Og við hljótum að spyrja: Hvaðan kemur ráðh. vit og vitneskja til að staðhæfa að eðli herstöðvanna hérlendis sé hið sama nú og öll þau 34 ár sem liðin eru síðan Bandaríkjaher sté hér á land? Það er gjarnan vísað til þess, af hæstv. ráðh. og þeim sem tala í sama dúr og hann, að hægt sé að greina á milli sóknar- og varnarhlutverks í stríðsátökum og í hernaðaráætlun. Þetta kann að hafa átt við einhver rök að styðjast fyrir mörgum árum, en menn þurfa ekki að hlusta lengi eða lesa sér mikið til í herfræðilegum ritum nútímans til að fá um það fullvissu, upplýsingar sem bornar eru fram af aðilum jafnt í austri sem vestri, að ekki er lengur gerlegt í reynd að greina á milli sóknaráforma og varnarviðbragða í sambandi við hernaðaráætlanir. Það er vonlítið að greina á milli og mörkin þarna á milli hafa orðið æ óljósari með hverju ári sem liðið hefur.

En í sambandi við þessi efni, þá er það sjónarmið út af fyrir sig að miklu geti verið fórnandi fyrir öflugan granna og þau gildi sem ég var að minnast hér á fyrr í ræðu minni. En við hljótum að spyrja um það, ef litið er til hinna vaxandi umsvifa Bandaríkjahers hérlendis: Hver er viðbúnaðurinn til verndar fólki, hinum almenna manni hérlendis, til verndar fólki á Suðurnesjum, til verndar fólki á höfuðborgarsvæðinu, ef til átaka kemur eða styrjaldarátök eru yfirvofandi sem flest bendir til að geti orðið í formi kjarnorkuátaka? Ég held að öllum sem skoða þennan þátt verði það ljóst að Bandaríkjaher er ekki hérlendis vegna Íslendinga sérstaklega, heldur vegna eigin hagsmuna og ímyndaðra eða raunverulegra hagsmuna Atlantshafsbandalagsins í heild, ef til styrjaldarátaka kemur. Þetta verður þeim sem á kost á að heimsækja Keflavíkurflugvöll, skoða þar hernaðarmannvirki og leggja spurningar fyrir þá aðila sem þar ráða ríkjum, enn þá ljósara. Ég ásamt öðrum fulltrúum í utanrmn. átti kost á því að fara í slíka heimsókn fyrir nokkrum vikum.

Íslenskur almenningur er þarna raunverulega ekki á blaði að öðru leyti en því sem menn hafa trú á því að gagnkvæmur vígbúnaður, fælingarkenningin svonefnda, komi í veg fyrir að styrjöld brjótist út og að tilvist Bandaríkjahers skipti sköpum í því samhengi.

Þá vil ég benda á að í þessari skýrslu og raunar í umr. hér á þinginu að undanförnu hefur komið fram að fyrirhugað er og eru þegar stigin skref í þá átt af hæstv. utanrrh. að tengja hernaðarumsvif Bandaríkjahers hérlendis við íslenskar stofnanir. Þetta hefur komið fram

berlega í sambandi við undirbúning að hernaðarratsjárstöðvunum hérlendis, þar sem Póstur og sími og flugmálastjórn eða aðilar á þeirra vegum hafa verið dregin inn í áætlanir og undirbúning. Þetta kemur fram í sambandi við Landhelgisgæsluna alveg sérstaklega. Ég vil vísa til þess, sem fram kemur að þessu leyti í skýrslunni þar sem er mjög athyglisverður kafli varðandi Landhelgisgæsluna og þann hlut sem hæstv. ráðh. ætlar henni eða er að velta fyrir sér að hengja á Landhelgisgæsluna. Um það segir, með leyfi forseta, á bls. 31:

„Það er mat hermálasérfræðinga Atlantshafsbandalagsins, að það ástand gæti skapast á átakatímum og jafnvel fyrir átök, að tundurduflatálmunum yrði komið fyrir undan ströndum landsins og jafnvel inni á flóum og fjörðum. Enda þótt liðsauki frá Atlantshafsbandalaginu yrði sendur til Íslands til að fjarlægja slíkar tálmanir er ljóst, að hér gæti verið um mjög yfirgripsmikið verkefni að ræða. Því er brýnt, að Landhelgisgæslan hafi yfir að búa þeirri þekkingu og hafi á hendi þá stjórnun, að hægt sé að nýta bæði skip gæslunnar og fiskiskip eftir atvikum og þörfum.

Þetta segir hæstv. ráðh. þarna og bætir við:

„Landhelgisgæslan hefur um nokkurt skeið unnið að því að kanna þessi mál nánar í samvinnu við varnarmáladeild. Sóttir hafa verið fundir og námskeið Atlantshafsbandalagsins í þessu skyni, og fyrirhugað er að halda þessari athugun áfram. M. a. hafa Norðmenn boðist til þess að halda sérstakt námskeið á þessu sviði fyrir Landhelgisgæsluna."

Hér eru talsverð áform á ferðinni og ég sé ástæðu til að spyrja hæstv. ráðh. nánar út í þetta: Hverjar eru, nánar tiltekið, fyrirætlanir utanrrh. í þessum efnum varðandi hlut Landhelgisgæslunnar til öryggisstarfa? Út af fyrir sig getur það verið mál til athugunar að Landhelgisgæslan eigi hlut að máli í sambandi við slíka þætti, en ég vara við því að verið sé að flækja þessa íslensku stofnun inn í hernaðarumsvif Bandaríkjahers hérlendis. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvort þetta mál hefur verið rætt í ríkisstj. og hvort hæstv. utanrrh. gæti upplýst hvert væri viðhorf hæstv. dómsmrh. sem yfirmanns Landhelgisgæslunnar í þessum efnum. Hæstv. dómsmrh. er ekki hér viðstaddur þessa umr., annars hefði ég beint fsp. minni beint til hans, en kannske getur hæstv. utanrrh. leyst úr því.

Það eru að vísu ekki margir flóar og firðir úti fyrir kjördæmi hæstv. dómsmrh. þannig að hann hefur kannske ekki haft svo miklar áhyggjur af lagningu tundurdufla þar úti fyrir ströndum, enda líkur til þess að slík hervirki mundi reka í aðrar áttir, í önnur kjördæmi, kannske fylgja öndvegissúlum Ingólfs, en um þessi efni er ástæða til þess að inna ráðh. nánari skýringa.

Í skýrslunni er að finna, og hæstv. ráðh. vék að því hér í máli sínu áðan, hugleiðingar varðandi breytingu á varnarmáladeild og þátttöku í störfum hermáladeildar NATO. Í þessu samhengi varpa ég fram þeirri spurningu hvort menn hafi trú á því að við Íslendingar værum miklu nær um það hlutskipti sem okkur er ætlað af Pentagon, hermálaráðuneyti Bandaríkjanna, þó að gripið verði til þeirra ráða sem ráðh. hér boðar til að bæta úr eigin þekkingarskorti, að ráðnir yrðu að utanrrn., eins og það heitir í skýrslunni, „sérfræðingar með herfræðilega og hertæknilega reynslu og menntun".

Nú er það svo að full ástæða er fyrir Íslendinga að afla sér sem gleggstrar vitneskju í sambandi við það sem snertir land okkar. Úr því vil ég ekkert draga. En ég er ekki viss um að gleggstu upplýsingarnar sé að fá með því að sitja á fundum hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins eða draga saman gögn frá okkar bandamönnum. Ég hygg að víðar þurfi að leita fanga í rauninni til að afla vitneskju um fjölmargt það sem snertir okkar öryggishagsmuni.

Herra forseti. Að því er varðar öryggishagsmuni okkar Íslendinga og það sem lesa má út úr þessari skýrslu hæstv. ráðh., þá ber allt að sama brunni. Við Íslendingar erum hér leiksoppur í hernaðarneti Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna sérstaklega. Það er ekki einu sinni haft fyrir því að setja æðstu ráðamenn, íslenska, inn í áætlanir sem varða land okkar, stöðu þess og öryggi, m. a. varðandi flutninga á helsprengjum til landsins. Ísland er komið framar í víglínu en nokkru sinni fyrr fyrst og fremst vegna þess herbúnaðar sem hér er og er nú verið að endurnýja og auka við í stórum mæli. Alþb. er nú sem fyrr andvígt þessari stefnu. Það varar við háskanum sem þjóðinni er búin með vígbúnaði hérlendis. Það telur að Íslendingar eigi að leggja sitt lóð á vogarskálina með allt öðrum hætti í tafli risaveldanna. Við þurfum að leitast við að tryggja öryggi lands okkar án herstöðva og með því að standa utan hernaðarbandalaga. Slíkt er vissulega ekki vandalaus leið. Því vil ég alls ekki halda fram. Ekkert er sjálfgefið, ekki heldur hlutleysi eða yfirlýsingar þar að lútandi, en ég tel að það sé kostur og leið sem Ísland eigi að þræða og hefja undirbúning að slíkri stefnubreytingu fyrr en seinna. Við eigum á alþjóðavettvangi að leggja okkar lóð á vogarskál slökunar. Við getum orðið þar að liði og gagni og um það höfum við ýmis dæmi þegar við beitum okkur. Ég nefni hér athyglisvert dæmi í þessum efnum, þar sem er starf sérstakra þingmannasamtaka sem vinna að því að draga úr spennu milli stórvelda, hinna svokölluðu Parlamentarians for World Order, en formaður þeirra nú er Íslendingur, Ólafur Ragnar Grímsson. Þessi samtök hafa fengið því áorkað að fá fremstu talsmenn, þjóðarleiðtoga sex ríkja í fimm heimsálfum, til þess að leggja sitt lóð á vogarskál til þess að hafa áhrif á stórveldin. Vísa ég þar til hinnar svonefndu Delhi-yfirlýsingar sem gefin var út af þjóðarleiðtogum í Indlandi, Argentínu, Mexíkó, Grikklandi, Svíþjóð og Tanzaníu og sem birt var fyrir nokkrum mánuðum. Það ber að fagna slíku samstarfi og það ber að fagna því að Íslendingar skuli beita sér með þeim hætti sem þegar hefur verið gert innan þessara samtaka. Það væri ástæða til þess að vitna hér í Delhi-yfirlýsinguna, en ég vil tímans vegna ekki lengja ræðu mína með því.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að öðrum þætti sem um er fjallað í þessari skýrslu og miklu varðar fyrir okkur Íslendinga, en það er þróunarsamvinnan og áherslur af okkar hálfu í norður-suður samstarfinu. Sú umræða er fyrirferðarmikil á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eins og skýrslan frá 39. þinginu ber m. a. vott um. Ég átti þess kost að fylgjast með þessari umr. á síðasta allsherjarþingi, þar sem málefni Afríku voru alveg sérstaklega í brennidepli og það er ánægjulegt að verða vitni að því, á þeirri stóru samkomu þjóðanna, hversu stór hlutur Norðurlanda er í reynd, stór miðað við fólksfjölda og hvernig sem á málið er litið. Norðurlönd njóta á þessum vettvangi verulegs trausts, hafa

áunnið sér það vegna þess að þau hafa borið gæfu til þess að leggja sitt lóð þar rétt á vogarskál og veitt á marga lund hið besta fordæmi í sambandi við stuðning við þróunaraðstoð. Það gildir um flest Norðurlandanna sem þegar hafa náð því marki sem Sameinuðu þjóðirnar hafa óskað eftir í sambandi við framlag hinna ríku þjóða til hinna fátæku. Á þessu sviði erum við Íslendingar því miður miklir eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða eins og hæstv. utanrrh. vék að í máli sínu. Við greiðum innan við 0.1% af okkar þjóðartekjum til þróunaraðstoðar og þar hefur verið um lækkun á framlögum að ræða undanfarin tvö ár, ekki síst í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á yfirstandandi ári. Það ber að harma að ekki tókst um það samstaða hér á þingi að halda a. m. k. því hlutfalli sem gilti á síðasta ári í sambandi við framlag til þróunaraðstoðar, en um það fluttum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar á Alþingi sérstaka till. að svo mætti verða, en hún hlaut ekki samþykki.

Mál þessi hafa verið mikið rædd í utanrmn. svo sem réttmætt er að undanförnu. Þar hafa komið fram greinargerðir og upplýsingar um stöðu þessara mála, sem væntanlega eiga eftir að koma hér fyrir þingið í tengslum við till. af hálfu nefndarinnar um að breyta hér verulega um áherslur og stefnu frá því sem verið hefur í sambandi við framlag til þróunaraðstoðar. Ég get tekið fullum hálsi undir það sem fram kemur um þetta efni frá hæstv. ráðh. og er kannske tími til kominn að við finnum eitthvað sem sannmæli er um í sambandi við áherslur í utanríkismálum, en það sem fram kemur í skýrslu hans á bls. 37, að hann geti með hliðsjón af því sem þar segir um þróunarsamvinnu fyrir sitt leyti fallist á tillögu stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um að stefnt verði að því að ná áðurnefndu 0.7% marki á sjö árum, er einmitt það sem umræðan í utanrmn. hefur snúist um og ég vil treysta því að þar takist samstarf nú á næstu dögum um það að bera þetta mál fram fyrir þingið og ná um þetta víðtækri samstöðu milli flokka og með þingheimi öllum. Hvað sem segja má um efnahagssamstöðu okkar Íslendinga, þá vil ég orða það svo: Við höfum ekki efni á því að standa að þessum málum með þeim hætti sem verið hefur á undanförnum árum. Við verðum hér að reka af okkur slyðruorðið.

Um form þróunarsamvinnu mætti margt segja. Ég tel að sú aðstoð sem við höfum veitt t. d. Cabo Verde sé á margan hátt til fyrirmyndar og við getum í sambandi við aukin framlög í þessu skyni einmitt horft til þess að efla tvíhliða samvinnu við einstök ríki til að reyna að tryggja að það sem við reiðum af hendi nýtist sem best og sem fyllstar upplýsingar liggi fyrir um það hérlendis að sú aðstoð sem við reynum að veita komi að sem bestu gagni.

Ég vil þá nefna aðeins örfá atriði sem snerta samvinnu innan Norðurlandanna, en það er raunar þáttur sem svo oft hefur verið ræddur hér á Alþingi og svo mikið sammæli er um að ekki er ástæða til að hafa um það mörg orð í tengslum við þessa skýrslu. Ég er þeirrar skoðunar að samvinna Norðurlanda sé og eigi að vera í ríkari mæli en verið hefur hornsteinn í okkar utanríkisstefnu og við eigum að leggja mikið á okkur til þess að tryggja sem best samstarf innan Norðurlanda. Ég tel að reynslan af norrænu samstarfi á liðnum áratugum, þrátt fyrir margháttaða gagnrýni sem heyrst hefur, færi okkur heim sanninn um að hún hafi verið árangursrík fyrir Ísland. Þar er eftir miklu að slægjast fyrir okkur, bæði efnahagslega og menningarlega og sú umræða sem fram fór á nýlega afstöðnu Norðurlandaráðsþingi, m. a. varðandi íslensk hagsmunamál í tengslum við norræna samvinnu, bera þessa vitni. Fyrirætlanir um sérstakan þróunarsjóð fyrir vesturhluta Norðurlanda eru eitt dæmi af áformum varðandi norræna samvinnu sem geta orðið Íslandi til framdráttar og hið sama gildir um áformin varðandi sérstaka norræna líftæknistofnun hér á Íslandi. Alveg sérstaklega ber okkur Íslendingum að kappkosta að ná sem bestu og nánustu samstarfi við næstu granna, Færeyinga hér skammt í austri og Grænlendinga í vestri. Það hefur sem betur fer tekist á undanförnum árum að auka samstarf þessara grannríkja, þessara smáríkja hér í útnorðri, og leggja grunn að frekari þróun þess og ég vænti að ekki líði langur tími þangað til hægt sé að taka stefnumarkandi ákvarðanir að þessu leyti sem fullt sammæli verður um. Við Íslendingar þurfum að sjálfsögðu sem stærsti bróðirinn í þessum þriggja þjóða hópi að leggja okkur sérstaklega fram um að vera veitendur með eðlilegum hætti og það veit ég raunar að er allra hugur þeirra sem við þessi mál fást hérlendis.

Einn síðasti kafli skýrslu hæstv. utanrrh. fjallar um utanríkisviðskipti. Það væri vissulega ástæða til að ræða ýmsa þætti sem varða utanríkisviðskipti okkar af tilefni þess sem fram kemur í þeim kafla skýrslunnar sem viðskrn. hefur lagt til. Ég ætla hins vegar ekki að taka hér langan tíma til þeirrar umræðu. Við Íslendingar erum háðari utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir og þess vegna er full ástæða til þess að mál þessi séu gaumgæfð og rædd hér á hv. Alþingi. Staðan í utanríkisviðskiptum okkar, með miklum viðskiptahalla ár eftir ár og vaxandi erlendri skuldasöfnun, ýtir raunar á að þessi mál séu rædd og gaumgæfð meir en almennt er gert hér á Alþingi. Staðan í þeim málum er verulegt áhyggjuefni. Við þurfum að leggja okkur fram um að ná þar fram breytingu fyrr en síðar, svo drjúgur þáttur sem efnahagsstaðan að þessu leyti er í okkar sjálfstæðisviðleitni. Þar er háski á ferðum lítilli þjóð ef heldur fram sem horft hefur að undanförnu. Sama gildir í sambandi við utanríkisverslun okkar sem er okkur afar þýðingarmikil og verður það eflaust á ókomnum árum. Þar hefur ekki verið staðið að málum með þeim hætti um langt árabil eins og þurft hefði. Okkur hefur ekki tekist að samstilla kraftana í sambandi við markaðsöflun og kynningu á Íslandi og íslenskri ímynd á hugsanlegum markaðssvæðum eins og þurft hefði. Þar hafa hin Norðurlöndin verið okkur langtum fremri og við hefðum og megum margt af þeim læra að þessu leyti.

Í skýrslunni er að finna vangaveltur og ábendingar um viðleitni af hálfu núv. ríkisstj. til að bæta hér úr og það er full ástæða til að taka undir alla viðleitni í þeim efnum. Hins vegar finnst mér að sú nefndarskipan sem greint er frá í skýrslunni, þar sem um er að ræða einar þrjár nefndir sem ætlað er að sinna ýmsum þáttum þessara mála, vera heldur ruglingsleg og erfitt að sjá hvaða áherslur eru þar á ferðinni. En vonandi er að sú starfsemi og það starf sem þar er unnið að sé með sæmilega skilvirkum hætti. Ég get bent á ýmsar gagnlegar hugmyndir sem fram hafa komið að undanförnu í sambandi við hugsanleg tengsl utanríkisþjónustunnar og viðskrn. okkar í sambandi við markaðsstarfsemi, t. d. gagnmerka grein frá sendiherra okkar, Einari

Benediktssyni, sem birt var í Morgunblaðinu 19. apríl s. l. um þessi efni, en hann er einn af starfsmönnum okkar utanríkisþjónustu sem hefur lagt sig verulega eftir því á undanförnum árum að styðja við markaðsöflun og viðleitni útflytjenda. Ég tel að fjölgun viðskiptafulltrúa við okkar sendiráð, hvort sem það er beint í tengslum eða á vegum utanrrn. eða viðskrn., sé af hinu góða og við þurfum að reyna að ná á sem skemmstum tíma miklu betri árangri á sviði markaðsöflunar og það á ýmsum svæðum heimsins en tekist hefur til þessa.

Það væri ástæða til þess, herra forseti, að ræða hér sérstaklega þá starfsemi sem fram hefur farið á vegum hæstv. iðnrh. í sambandi við utanríkisviðskipti og reyndar viðleitni hans til þess að draga hingað erlenda aðila til að fjármagna í íslenskum stórfyrirtækjum og nú síðast í íslenskum smáfyrirtækjum. Þar hefur hins vegar ekki gengið eftir svo sem ráðh. hefur til stofnað með sérstökum nefndum sem hafa verið á fleygiferð um heimsbyggðina á undanförnum misserum, en næsta lítið hefur orðið ágengt í sinni viðleitni. Ég get kannske sagt sem betur fer að þessu leyti þar sem ég er andvígur þeirri stefnu sem þar er framfylgt í mikilvægum þáttum. En það vekur athygli þegar hæstv. iðnrh. boðar að hann ætli að koma upp sérstökum sendiherrum á vegum síns ráðuneytis í sambandi við markaðsöflun og viðleitni til þess að kynna Ísland í fjarlægum heimshlutum, kynna þetta Singapore norðursins, sem hann hefur kallað svo, á heimaslóð í Suðaustur-Asíu, og ég sé ástæðu til þess að inna hæstv. utanrrh. eftir því hvort þarna sé samstarf á milli og hvort það sé ætlunin að ráðherrar einstakra atvinnusviða fari að taka upp sjálfstæða starfsemi af þessu tagi, jafnvel að koma upp sérstökum sendiherrum. Hvað má segja um hæstv. sjútvrh.? Væri honum ekki ætlandi að taka til hendinni ef hæstv. iðnrh. er farinn að boða starfsemi af því tagi sem hér var vikið að? Ég er ekki með þessu að segja að einstök rn., þó að ekki fari þau með viðskipti eða utanríkismál, eigi ekki og geti ekki lagt okkar utanríkisviðskiptum lið, það getur verið allt á sínum stað, en það skiptir mjög miklu að hér sé um samhæfðar aðgerðir að ræða þó að menn geti greint á um stefnuna hverju sinni að þessu leyti.

Í lokakafla skýrslu hæstv. utanrrh. er vikið að utanríkisþjónustunni og settar fram hugmyndir um eflingu hennar og stofnun nýrra sendiráða. Ég tel það vera mjög eðlilegt, nú þegar 15 ár eru liðin frá því að aukið hefur verið við sendiráð eða fastanefndir af hálfu Íslands, það mun síðast hafa verið árið 1970, að menn velti því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að koma upp nýjum sendiráðum á okkar vegum. Ég get vel undir það tekið og átt hlut að slíkri athugun mála. Hér eru nefnd í skýrslu hæstv. ráðh. sérstaklega þrjú lönd sem til greina komi. Ég vil hér ekki fara að kveða neitt ákveðið upp úr um það, hvort þar séu eðlilegar áherslur á ferðinni. Ég tel raunar mjög eðlilegt að horft sé til Austur-Asíu og þá e. t. v. Japan í sambandi við staðsetningu á nýju sendiráði, en ég teldi einnig eðlilegt að menn huguðu að því að koma upp íslensku sendiráði í einhverju svæða þriðja heimsins og þá t. d. í Afríku. Við eigum þegar veruleg samskipti við Afríkulönd, bæði í sambandi við þróunarsamvinnu og á sviði viðskipta, og þá alveg sérstaklega við Nígeríu. Mér finnst að tímabært sé fyrir okkur að íhuga, hvort það sé ekki eðlilegt, ef við teljum okkur hafa ástæður til þess að fjölga sendiráðum, að finna einu sendiráði stað í ákveðnu svæði hins svokallaða þriðja heims og það væri ekki óeðlilegt að þar væri litið til Afríku.

Ég vil í sambandi við utanríkisþjónustuna þakka það mikla starf sem fram fer á hennar vegum, starfsmanna hennar í sendiráðum okkar þar sem þau eru til staðar og margir okkar sendiherra þurfa að heimsækja hin fjölmörgu ríki og halda uppi tengslum við ríki þar sem engin sendiráð eru starfrækt af okkar hálfu. Það mikla starf sem þarna er unnið ber að virða og þakka og ég er ekki í vafa um að íslenskir sendimenn þurfa að leggja þarna meira á sig í rauninni en ætlast er til af sendimönnum stærri þjóða sem halda uppi sjálfstæðum sendiráðum miklu víðar en við höfum möguleika og efni á að gert sé.

Ég vil, herra forseti, að endingu undirstrika nauðsyn þess að við Íslendingar leitumst við að standa sem þéttast saman um öll mikilvægustu svið er varða okkar utanríkismál. Því miður höfum við ekki borið gæfu til þess í þeim þáttum sem snerta öryggismál landsins og þar hefur þjóðin verið klofin í andstæðar fylkingar á liðnum áratugum og svo er enn. Það ber vissulega að harma. Öll viðleitni til að ná mönnum saman í þessu efni tel ég að sé athugunarverð og skipti miklu og ég vil fyrir mitt leyti leggja mitt af mörkum til þess að það sé hægt. En eins og annars staðar þarf fleiri en einn til að koma til að hægt sé að ná saman um andstæð eða býsna ólík sjónarmið. Ég tel að við þurfum að leggja okkar lóð með allt öðrum hætti og í meiri mæli á vogarskálar friðar og sátta í heiminum og það gerum við best með því að skipa okkur í sveit ríkja sem vilja standa utan við togstreitu risaveldanna. Lítil og fámenn þjóð sem Íslendingar þarf alveg sérstaklega á samheldni að halda í viðsjálum heimi og það hlýtur að vera leiðarljós okkar alþm. þrátt fyrir ólíkar skoðanir að leggja okkur fram um að ná saman þegar um er að ræða mikla og brýna hagsmuni okkar lands.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt hér á því að þakka meðnm. mínum í hv. utanrmn. fyrir ágætt samstarf í nefndinni í vetur og láta í ljós þá ósk mína að það megi enn vel dafna því að enn eru mörg verk óunnin í nefndinni og mörg mál sem bíða þar afgreiðslu. Sérstaklega vil ég þakka formanni n., hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, fyrir hans hlut í nefndarstörfunum og þá ekki síst þá ætlun hans að afgreiða frá n. öll mál sem vísað hefur verið til hennar á þessu þingi. Trúað gæti ég að þar væri þá brotið í blað í störfum þessarar hv. n. Jafnframt vil ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu um utanríkismál sem hann hefur hér gefið og lagt fyrir þingið og sem hér er nú til umr. Ég vil enn fremur þakka fyrir fylgigögn með þessari skýrslu og þær upplýsingar sem lagðar hafa verið fram í utanrmn. í vetur.

Þótt í skýrslu hæstv. utanrrh. sé fátt sem kemur á óvart eða sem markar einhver straumhvörf í utanríkismálum Íslendinga, þá er býsna margt um hana að segja og um þau mál sem hún víkur að og vil ég fyrst fjalla örlítið um þá heimsmynd sem í skýrslunni birtist.

Afstaða okkar til umheimsins og samskipti okkar við aðrar þjóðir markast alla jafna af þeirri heimsmynd eða heimssýn sem við höfum á hverjum tíma og þá ekki síst þeirri heimsmynd sem þeir hafa sem með utanríkismál þjóða fara. Sú heimsmynd sem birtist í skýrslu hæstv.

utanrrh. virðist mér í stuttu máli sú mynd sem mótaðist á árum hins svonefnda kalda stríðs, heimsmynd þar sem heiminum er skipt í tvær stríðandi fylkingar, gráar fyrir járnum, önnur í austri, hin í vestri, og þar sem öryggi þjóða byggist á tilvist vopna sem eru nægilega öflug til að halda hinum stríðandi fylkingum í óttablandinni fjarlægð hvorri frá annarri, eða eins og segir á bls. 6 í skýrslu hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Friður á viðsjárverðum tímum getur nefnilega ekki grundvallast einvörðungu á trú á góðum ásetningi. Hann verður þvert á móti að byggjast á varnarviðbúnaði í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og jafnvægi í vopnabúnaði aðila, helst á sem lægstu stigi."

Helst á sem lægstu stigi. Vissulega. En þarna kemur skýrt fram að að mati hæstv. utanrrh. byggist friður á vopnajafnvægi. Góður ásetningur og friðarvilji duga skammt, það eru vopnin sem tala. Hér er fyrir mér komin í hnotskurn sú heimssýn sem kennd hefur verið við kalda stríðið og sem hefur leitt okkur inn í þann vítahring ógnvænlegs vígbúnaðarkapphlaups sem við nú búum við. Það hvarflar ekki að mér að gera lítið úr þeim ógnum sem mannkyni stafar af vígbúnaði risaveldanna né heldur hvarflar það að mér að halda því fram að einhver allsherjarlausn á þessari járnbentu vígstöðu sé einhliða afvopnun annars hvors aðilans. En ég leyfi mér að halda því fram að án góðs ásetnings og raunverulegs friðarvilja verði mannkyninu aldrei þokað úr skugga helsprengjunnar til friðar og mannúðar í frjálsum heimi.

Heimsmynd kalda stríðsins skilar þar engum árangri, eins og glöggt kemur reyndar fram í skýrslu hæstv. utanrrh. þar sem oft er vikið að því hversu lítinn árangur afvopnunarviðræður undanfarinna ára hafa borið. Í skýrslu sinni harmar hæstv. ráðh. þetta ástand mála, en ég vil benda honum á að það er einmitt sú heimssýn sem hann leggur til grundvallar í skýrslu sinni, sú heimssýn að vopnin tryggi friðinn en ekki öfugt, sem gerir það að verkum að vígbúnaðarmálum er nú háttað á þann veg sem raun ber vitni. Hér þarf að koma til hugarfarsbreyting og hana finn ég ekki í skýrslu hæstv. utanrrh.

Annað einkenni þeirrar heimsmyndar sem við okkur blasir í þessari skýrslu er einföldun á eðli og atferli stórveldanna. Rétt eins og í skýrslu sinni til Alþingis í fyrra er eins og hæstv. utanrrh. sjái annað stórveldið sem algott og hitt sem alvont. Víða má finna dæmi þessa í þeirri skýrslu sem nú er hér til umræðu. Ef menn fletta upp á bls. 5 í skýrslunni stendur þar í kaflanum um samskipti austurs og vesturs, með leyfi forseta:

„Slökun í samskiptum austurs og vesturs getur ekki eflst á ný né orðið varanleg ef annar aðilinn lítur svo á að hægt sé að skilgreina hana að vild. Traust eða tortryggni ræðst líka af öðrum aðgerðum hlutaðeigandi ríkja. Þannig er ógjörningur fyrir Vesturlönd að horfa fram hjá innrás Sovétmanna í Afganistan, hersetu þar og óstöðvandi blóðbaði allt frá því í desember 1979. Ekki er heldur hægt að þurrka út rás atburða í Póllandi og hvernig margháttuð mannréttindi hafa verið og eru fótum troðin þar og annars staðar í Austur-Evrópu þrátt fyrir hátíðlegar skuldbindingar, t. d. í Helsinki-sáttmálanum. Þá munu fáir hafa gleymt því er Sovétmenn skutu niður kóreönsku farþegaflugvélina með þeim afleiðingum að hátt á þriðja hundrað manns fórust."

Ekki stendur þarna eitt orð um misgjörðir hins stórveldisins, ekki heldur þegar kemur að kaflanum um Mið- og Suður-Ameríku dálítið seinna í skýrslunni. Þar er t. a. m. að finna svofellda lýsingu á ástandinu í Nicaragua, með leyfi forseta:

„Í kosningunum í Nicaragua í byrjun nóvember s. l. unnu Sandinistar, er komust til valda í byltingunni 1979, er harðstjóranum Somoza hershöfðingja var steypt af stóli, auðveldan sigur. Hlutu þeir 63% atkvæða, en stærsta stjórnarandstöðuflokknum Coordinadora-bandalaginu var meinuð þátttaka í kosningunum. Leiðtogi Sandinista Daníel Ortega var kjörinn forseti og flokkur Sandinista hlaut 61 sæti af 96 á þinginu. Skæruhernaður heldur áfram í landinu."

Hér lýkur umfjöllun um Nicaragua í skýrslunni. Engum líkum er leitt að því hvers vegna skæruhernaður heldur áfram í landinu, eins og þarna segir, hvaðan skæruliðum kemur fé til vopnakaupa eða hvort Bandaríkjamenn eiga þarna nokkurn hlut að máli. Það hefur þó varla farið fram hjá neinum, sem hefur fylgst með fréttum af umræðum í bandaríska þinginu um málefni Nicaragua á undanförnum dögum eða tekið eftir því að Bandaríkjaforseti setti í gær viðskiptabann á Nicaragua, að Bandaríkjamenn eiga þarna hlut að máli. Ég tek þetta aðeins sem eitt dæmi af mörgum í skýrslunni um það hvernig hæstv. utanrrh. virðist sjá annað stórveldið sem algott og hitt sem alillt. Ég vil biðja menn að misskilja ekki orð mín á þann veg að með þessu sé ég að afsaka einhver af þeim fólskuverkum sem þarna um ræðir. Það er ég ekki að gera. Þau eru óafsakanleg.

Ég er aðeins að benda á þá einföldun sem einkennir þessa heimsmynd og sem engan veginn fær staðist neitt raunveruleikapróf. Staðreyndin er vitaskuld sú að hvorugt stórveldanna er algott eða alvont. Þau eru bæði sek um það að seilast til áhrifa um heiminn í krafti veldis síns, hvort með sínum hætti, og þau reyna að skipta heiminum á milli sín í áhrifasvæði og skapa og viðhalda óvinaímyndinni hvort um annað til þess að tryggja sig í sessi og réttlæta vígbúnað sinn. Og þau eru bæði sek um það að fylla vopnabúr heimsins með kjarnorkuvopnum sem ógna öllu lífi á þessari jörð. Slíkt athæfi er ófyrirgefanlegt, óleyfilegt og stríðir gegn öllu mannlegu siðferði. Það er aðför að lífinu á þessari jörð, aðför að grundvallarlögmálum mannlegrar tilvistar. Frammi fyrir þessum ógnum stöndum við í dag og við stöndum frammi fyrir því að takast á við þennan óhugnað. Það hefur fallið í okkar hlut, sem nú lifum, okkar sem nú erum að ala börn í þennan heim, að takast á við þennan stóra vanda sem ógnar sjálfum lífsneistanum í brjósti okkar og til þess að takast á við þennan mikla vanda heimsmála dugar okkur ekki sú einfalda heimssýn sem ráða má af skýrslu hæstv. utanrrh. Okkur dugar ekki að skipta heiminum upp í eitt gott stórveldi á móti öðru vondu stórveldi. Þannig komumst við ekkert áfram í áttina að afvopnun, eins og reynslan hefur reyndar sýnt. Við verðum í þessum efnum að taka á stórveldunum báðum og hafa það jafnframt hugfast að heimurinn er miklu flóknari og margskiptari en sem nemur austur/vestur-skiptingunni.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er sannarlega fjallað um aðra heimshluta en þá sem falla undir yfirlýst umráðasvæði stórveldanna tveggja, ef svo má að orði komast. En það virðist lítil tilraun gerð til þess í skýrslunni að skoða ástand mála í öðrum heimshlutum í samhengi

t. d. við hergagnaframleiðslu risaveldanna, í samhengi við vopnasöluhagsmuni þeirra, sem eru gífurlegir eins og fram kemur á bls. 4 í skýrslunni, og hvernig það ásamt vígbúnaði risaveldanna sjálfra og misheppnuðum afvopnunarviðræðum tengist ástandinu í þessum löndum. Í skýrslu hæstv. utanrrh. er enga greiningu á þessu samhengi heimsmála að finna. Í skýrslunni er allt bútað niður í aðskilin hólf, stórveldin í einu hólfi, aðrir heimshlutar í öðru, herstöðin á Íslandi í sínu sérhólfi, þróunarmálin í sínu hólfi og þannig áfram. Engin samtenging, engin tilraun til að greina samhengi hlutanna. Og að baki þessari hólfuðu heimssýn liggur hin svart/hvíta mynd af stórveldunum og sá skilningur að vopnin tryggi friðinn. Þannig birtist okkur heimssýn þessarar skýrslu um utanríkismál á sama tíma og við vitum að við verðum að skoða ástand heimsmála í nánara samhengi en hér er gert vegna þess einfaldlega að allir hlutar heimsins eru í dag nátengdir bæði efnahagslega og hernaðarlega á meðan við vitum að stórveldin eru bæði uppvís að yfirgangi og vitfirrtri vígbúnaðarframleiðslu og á meðan við vitum að sú hugsun að vopnin tryggi friðinn hefur ekki skilað okkur í átt til afvopnunar eða slökunar á vettvangi heimsmála. Þessi heimsmynd dugar okkur ekki til að takast á við þann mikla vanda sem við okkur blasir, hvorki á sviði afvopnunarmála né á sviði þróunarmála. Til þess þurfum við heimsmynd sem skoðar efnahags- og vígbúnaðarmál í heildarsamhengi, heimsmynd sem viðurkennir að enginn er hvorki algóður né alvondur, allra síst stórveldin, og sem skilur að án einlægs ásetnings og friðarvilja fæst engu þokað í þessum málum.

Ef menn, þrátt fyrir þessi orð mín hér, efast um að viðhorfsbreytingar sé þörf, þá er einfaldast að lesa skýrslu hæstv. utanrrh. gaumgæfilega og fræðast þar nokkuð um ömurlegt ástand mála í heiminum. Við verðum að reyna nýjar leiðir í þessum efnum og það verður sífellt fleirum ljóst hér á landi, hvar í flokki sem þeir standa, eins og reyndar kom glögglega fram í umr. hér á Alþingi nýlega um nýjar hernaðarratsjárstöðvar hér á landi. Í því máli hafa margir gert sér ljóst að Íslendingar eru ábyrgðaraðilar í þessum málum rétt eins og aðrar þjóðir heimsins og að auknar hernaðarframkvæmdir hér á landi, þótt í smáum stíl séu hlutfallslega, eru hluti af vitfirrtu vígbúnaðarkapphlaupi í sveltandi heimi.

Herra forseti. Ég hef nýlega héðan úr þessum ræðustól fjallað um afstöðu Kvennalistans til aukinna hernaðarframkvæmda, bæði hér á landi og annars staðar, og tiltekið þau rök sem liggja til grundvallar afstöðu okkar. Ég ætla ekki að eyða tíma þeirra hv. þm. sem sjá ástæðu til að hlýða á þessa umr. með því að endurtaka þau. Ég minni aðeins á að á meðan stór hluti mannkyns sveltur áætlar Vopnaeftirlits- og afvopnunarstofnun Bandaríkjanna að heildarútgjöld til hermála í heiminum í ár muni fara yfir þúsund milljarða dollara. Þessu dæmi verðum við að snúa við. Til þess verðum við að finna leiðir og þar dugar engin ein leið. Þar verður margt að koma til. Ein leið er sú að sýna þann kjark í afstöðu okkar til vígbúnaðar að auka hann ekki á okkar eigin landi í neinu formi. Þannig getum við í litlu kvatt okkur hljóðs í þágu afvopnunar og friðar og orðið þeim sem stærri eru og voldugri verðugt fordæmi. En það þarf meira til, miklu meira, ef okkur á að takast að lyfta af okkur sjálfum og öðrum þjóðum heimsins ógnun vígbúnaðarins, en þá tel ég tvímælalaust vera bestu og einu raunverulegu vörnina um allt það sem okkur er kært í okkar heimshluta, einu vörnina um lífið sjálft.

Við erum lítil þjóð út við ystu höf og vissulega ekki ráðandi í heimsmálum. En við erum rödd í samfélagi þjóðanna og þá rödd eigum við að láta hljóma hátt og skýrt í þágu friðar og afvopnunar í heiminum. Héðan af Alþingi berst rödd okkar til umheimsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana gefst okkur starfsvettvangur til að vinna að þessum málum til heilla fyrir mannkyn allt.

Hér á því Alþingi sem nú situr hafa verið bornar fram allnokkrar tillögur í afvopnunarmálum. Ber þar að nefna tillögu okkar Kvennalistakvenna um tafarlausa frystingu kjarnorkuvopna á meðan kjarnorkuveldin reyna að koma sér saman um gagnkvæma afvopnun, tillögu sjálfstæðismanna um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, tillögu þm. allra þingflokka nema Sjálfstfl. um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, en að þeirri tillögu er hv. þm. Guðrún Helgadóttir 1. flm., og tillögu fulltrúa allra þingflokka um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, sem hv. þm. Páll Pétursson er 1. flm. að. Allar þessar tillögur eru nú til meðferðar hjá undirnefnd hv. utanrmn. og er það einlæg von mín að takast megi að ná samkomulagi um afgreiðslu þeirra á þann veg að það Alþingi sem nú situr geti gefið íslensku þjóðinni og umheiminum skýlaust til kynna vilja sinn í þessum mikilvægu málum.

Ein þessara tillagna fjallar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og um hana trúi ég að sé víðtæk samstaða hér á Alþingi. Það er því hörmulegt að í skýrslu hæstv. utanrrh. skuli vera tekið á þessum málum eins og raun ber vitni, en þar segir m. a., með leyfi forseta á bls. 10:

„Ég fæ ekki séð að sérstök yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, varðandi svæði sem þegar er kjarnavopnalaust, efli öryggi Íslands, annarra Norðurlanda eða friðargæslu í heiminum nema meira komi til. Ástæða væri frekar til að beina athyglinni að umræðum um útrýmingu kjarnavopna þar sem kjarnavopn eru nú til staðar en að vera með vangaveltur um svæði sem eru kjarnavopnalaus."

Þarna kennir mikils misskilnings. Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði er einmitt liður í útrýmingu kjarnavopna. Þetta er ekki sitt hvað eins og hæstv. utanrrh. virðist halda. Með því að lýsa sig kjarnorkuvopnalaus svæði geta þjóðir heimsins gefið kjarnorkuveldunum til kynna á ótvíræðan hátt hver sé afstaða þeirra til þessara gjöreyðingarvopna og þannig beitt kjarnorkuveldin þeim þrýstingi sem e. t. v. má duga til þess að þau reyni af alvöru að semja um útrýmingu þessara vopna.

Eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. er það og hefur alltaf verið stefna íslenskra stjórnvalda að hér skuli ekki vera staðsett kjarnorkuvopn og ég sé ekki nein skynsamleg rök mæla á móti því að þessi stefna sé staðfest, um annað er ekki verið að ræða.

Samstarf og samvinnu við nágrannaþjóðir okkar í þessum efnum sem öðrum tel ég ákaflega mikilvæga og sama er að segja um starf okkar á vettvangi alþjóðastofnana. Þar getum við Íslendingar beitt okkur í hvívetna til eflingar friðar, mannréttinda og farsældar í okkar hrjáða heimi. Hvað Sameinuðu þjóðirnar varðar

hef ég iðulega ítrekað nauðsyn þess í hv. utanrmn. að Alþingi yrði gert kleift að vera virkur aðili í stefnumótun Íslands á þeim vettvangi. Svo er ekki nú og verður ekki lengur við það horf mála unað.

Það vekur einnig athygli að Ísland virðist ekki hafa haft frumkvæði að neinum tillöguflutningi á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, því sem síðast sat, og er það mjög miður því að það er ekki síður undir okkur komið en öðrum þjóðum að hafa frumkvæði um mál sem til heilla horfa. Ég hlýt því að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvar frumkvæði hans sé á þessum vettvangi.

Það er svo annað mál hver áhrif þær tillögur raunverulega hafa sem samþykktar eru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og er það e. t. v. brýnasta málið á þessum vettvangi sem og á vettvangi annarra alþjóðastofnana að leitast við að tryggja það að aðildarríkin standi við þær tillögur og þá samninga sem samþykktir eru því margt er það gagnmerkt og er þar skemmst að minnast þess alþjóðasamnings um afnám alls misréttis gagnvart konum sem hæstv. utanrrh. hefur nú lagt fyrir Alþingi til fullgildingar. En það er eitt að samþykkja tillögur og fullgilda samninga og annað að framfylgja þeim og sannarlega fer raunverulegur árangur af starfi Sameinuðu þjóðanna m. a. eftir því hvernig aðildarlöndin standa að framkvæmd mála heima fyrir. Í þeim efnum gildir það sama um okkur og önnur aðildarríki og því eigum við einnig að þessu leytinu til okkar þátt í því hvernig til tekst með framkvæmd mála.

Ég vil við þetta tækifæri fagna því að Ísland skuli nú í fyrsta skipti hafa hlotið sæti í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, en verkefni þess eru fjölþætt og margvísleg, eins og segir í skýrslunni, og leyfi ég mér þar, með leyfi forseta, að vitna til þess sem segir á bls. 21 í þessari skýrslu um verkefni þessa ráðs:

„Í stuttu máli er því falið að vaka yfir, gæta og efla alla þá fjölmörgu þætti er stuðla að réttindum manna og velferð þeirra. Því er ætlað að gera athuganir og rannsóknir og gefa skýrslur um alþjóðleg efnahags- og félagsmál, menningar-, mennta- og heilbrigðismál og mál þeim skyld og gera tillögur um slík mál til allsherjarþingsins. Það á að efla virðingu fyrir mannréttindum og frelsishugsjónum. Það gerir drög að alþjóðasamningum og leggur fyrir allsherjarþingið og það getur kallað saman alþjóðaráðstefnur um þau málefni er undir það heyra.

Af þessari upptalningu, sem er hvergi nærri tæmandi, sést hve víðtækt og mikilvægt hlutverk Efnahags- og félagsmálaráðsins er. En það er einmitt á þeim sviðum er undir ECOSOC [sem er ensk skammstöfun yfir þetta ráð] heyra sem Sameinuðu þjóðunum hefur orðið mest ágengt í störfum sínum."

Eins og af þessu má ljóst vera er hér um ákaflega mikilvægt og umfangsmikið starf að ræða og nú þegar Ísland er orðinn beinn aðili að þessu starfi vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hann hafi hugsað sér að standa þar að hlut Íslands, hvort hann hafi hugsað sér að Ísland hafi þarna eitthvert frumkvæði og þá með hvaða hætti.

Nátengd þeim málum sem þarna eru til umfjöllunar eru þau mál sem þróunarsamvinna hvers konar tekur til, en eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. og áður hefur fram komið hér á þessu þingi, m. a. við afgreiðslu fjárlaga, hafa framlög af ríkisfé til þróunaraðstoðar farið lækkandi á tveimur s. l. árum og eru nú nífalt lægri en það mark sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ. e. 0.7% af þjóðarframleiðslu. Er þetta vitaskuld gersamlega óverjanlegt, ekki síst þegar tekið er tillit til vaxandi örbirgðar víða í heiminum, neyðarástands í Afríku og til þess að Ísland mun vera sjötta ríkasta land heims. Framlög okkar til þessara mála geta skipt sköpum upp á líf og dauða fyrir þá sem í hlut eiga og við svo búið má ekki lengur standa. Hafa þessi mál verið til meðferðar í hv. utanrmn. í vetur og standa vonir til að nefndin muni sameinast um tillögu í þessum efnum. Er það einlæg ósk mín og von að svo megi verða og vil ég í því efni einnig fagna því, sem fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh., að hann hafi fyrir sitt leyti fallist á þá tillögu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands að 0.7% markinu yrði náð á næstu sjö árum. Í því efni stöndum við Kvennalistakonur heils hugar með hæstv. utanrrh. og nú skora ég á hæstv. ríkisstj. að gera slíkt hið sama.

Það er ótalmargt sem við Íslendingar getum gert á sviði þróunaraðstoðar. Við höfum yfir að ráða sérþekkingu á ýmsum sviðum sem með réttri beitingu getur nýst þurfandi þjóðum til lífsnauðsynlegrar sjálfshjálpar. Fiskveiðaverkefnið á Grænhöfðaeyjum, sem er stærsta verkefni okkar á þessu sviði til þessa, tekur þar af öll tvímæli, en ég hafði tækifæri til þess s. l. sumar að kynna mér það af eigin raun ásamt dr. Gísla Pálssyni mannfræðingi. Skýrsla um niðurstöður þeirra rannsókna liggur nú fyrir í utanrrn. og ég ætla því ekki að hafa hér um langt mál, en ég vil aðeins minna á að það virðist kjörið að nýta þá þekkingu sem við nú höfum á aðstæðum á eyjunum til að færa út aðstoðina þar, einkum með tilliti til fiskverkunar, sem skapa mundi fjölda atvinnulausra atvinnu og jafnframt auka þjóðartekjur landsmanna, en þær eru nú einhverjar hinar lægstu í heiminum á mann. Tvíhliða aðstoð af því tagi sem hér um ræðir er tvímælalaust vænleg til árangurs, ekki síst ef myndarlega er tekið á í hvert skipti og því fé sem til ráðstöfunar er ekki dreift í of margar áttir. Reynsla sú sem við höfum aflað í aðstoð okkar við Grænhöfðaeyjar ætti einnig að nýtast okkur vel til að fara af stað með sambærileg verkefni í öðrum löndum, en í því efni vil ég undirstrika nauðsyn þess að viðunandi athuganir verði gerðar á aðstæðum í viðkomandi landi með góðum fyrirvara því að annars er síður hægt að tryggja að aðstoðin komi að gagni og að hún miðist við þarfir og aðstæður íbúa sem er vitaskuld grundvallaratriði allrar þróunaraðstoðar.

Einnig vil ég sérstaklega minna á hversu brýnt það er að taka með sérstökum hætti á málefnum kvenna í þróunaraðstoð vegna þess að við umbyltingu hefðbundinna samfélagsforma og tilkomu nýrra atvinnuhátta, m. a. fyrir tilstuðlan þróunaraðstoðar, vill oft fara svo að konurnar verði út undan. Það getur gleymst að taka með í reikninginn að þær eru einnig vinnuafl, engu síður en karlar, og að staða þeirra í þeim samfélögum sem um ræðir mótast m. a. af þeirri staðreynd. Einnig ber að hafa í huga að konurnar eru víðast hvar ábyrgar fyrir að fæða börnin og einn mikilvægur þáttur þess að hamla gegn þeim ógnvænlega barnadauða sem nú er til staðar, t. d. í Afríku, er að sjá til þess að mæðurnar séu sjálfbjarga í fæðuöflun handa börnunum. Hér er aðeins um að ræða einn þátt þróunaraðstoðar af mörgum en harla mikilvægan og þátt sem ég er ekki í nokkrum vafa um að muni skila árangri og það með nokkuð skjótum hætti.

Í þróunarmálum almennt er stór verk að vinna. Neyð heimsins barna er mikil og þarna verðum við Íslendingar að beita okkur, bæði með okkar eigin þróunaraðstoð og með framtaki okkar á alþjóðavettvangi í þágu friðar og jafnari skiptingar heimsins gæða. Það er staðreynd að auðæfi jarðarinnar nægja til að útrýma skorti ef þau eru réttilega notuð.

Herra forseti. Ég skal nú stytta mál mitt þótt enn sé af ýmsu að taka í skýrslu hæstv. utanrrh. Mikilvægi þess að koma utanríkisviðskiptum okkar í farsælt horf er okkur öllum væntanlega ljóst og sama er að segja um gildi norrænnar samvinnu og samvinnu eyjanna í Norður-Atlantshafi, þ. e. Íslands, Færeyja og Grænlands, sem um margt eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Ber í því sambandi sérstaklega að fagna stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir þetta svæði sem væntanlega mun gefa okkur svigrúm til að takast af einhverjum þrótti á við þau verkefni sem við blasa á þessum vettvangi.

En að lokum vil ég víkja fáeinum orðum að umfjöllun hæstv. utanrrh. um herstöðina hér á landi og láta þess getið í leiðinni að hv. utanrmn. fór í fróðlega heimsókn á herstöðina á Keflavíkurflugvelli í vetur og hafði tækifæri til að skoða með eigin augum ýmislegt sem þar var að sjá. Hvað umfjöllun í skýrslu hæstv. utanrrh. um herstöðina varðar kemur þar fátt eða réttara sagt ekkert nýtt fram, fátt sem ekki hefur þegar verið rætt hér á Alþingi, nú síðast í síðustu viku í umr. um till. til þál. um byggingu nýrra hernaðarratsjárstöðva hér á landi. Til að stytta mál mitt nú vísa ég til þess sem ég sagði þá um þessi mál.

En það var óneitanlega örlagaþrungin stund við upphaf þessa fundar þegar gengið var til atkv. um þessa þáltill. og meiri hluti Alþingis samþykkti að eigi skyldi hamlað gegn auknum herbúnaði hér á landi. Það setti að mér hroll og þannig veit ég að er um fleiri því að eins og menn vita er talið að um helmingur þjóðarinnar sé andvígur þessum hernaðarframkvæmdum. Ekki vefst það fyrir hæstv. utanrrh. né meirihlutamönnum hér á Alþingi né heldur þau rök sem fram hafa komið um ábyrgðarhlut okkar Íslendinga í þessu efni sem þar með gerumst með beinum hætti þátttakendur í aukningu vígbúnaðar í heiminum. Slík viðhorf eiga sér ekki stað í þeirri heimsmynd sem hæstv. utanrrh. setur fram í skýrslu sinni og sem ég fjallaði um í upphafi máls míns. Þau falla þar ekki inn í. Sama er að segja um þau rök sem fram hafa komið þess efnis að eðli herstöðvarinnar hér á landi gæti verið að breytast. Þau eiga heldur hvergi heima í skýrslu hæstv. utanrrh. Þar er einfaldlega staðhæft að eðli herstöðvarinnar breytist ekki og síðan ekki meira um það.

Þetta er vitaskuld gersamlega ófullnægjandi umfjöllun og einnig sker það í augu að hvergi í skýrslu hæstv. utanrrh. er vikið að þeim upplýsingum sem William Arkin kom á framfæri hér í vetur, viðbrögðum Bandaríkjastjórnar við fsp. hæstv. utanrrh. vegna þessa eða þeim umræðum sem um þetta mál urðu bæði hér á landi og í nágrannalöndunum. Hvernig víkur þessu við? Hvers vegna er þessa að engu getið í skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál? Ég spyr og vonast eftir svari frá hæstv. utanrrh. Vitaskuld veit ég að upplýsingar Arkins falla ekki inn í þá einföldu heimsmynd, sem við okkur blasir í þessari skýrslu, frekar en margt annað sem í skýrsluna vantar og ég hef hér fjallað um. En, herra forseti, er það ekki lágmarkskrafa að hæstv. utanrrh. leitist við að tæpa á öllum helstu atburðum á sviði utanríkismála í skýrslu sinni til Alþingis, hverjar sem skoðanir hans kunna að vera á einstökum málum?

Herra forseti. Ég læt nú lokið máli mínu, en vil í lokin ítreka það sem ég hóf mál mitt á, en það er hvílík nauðsyn er viðhorfsbreytingar á sviði heimsmála ef við eigum að hafa einhverja von um að leysa mannkyn undan ógnum helsprengjunnar og búa því frið og farsæld í frjálsum heimi. Til þess dugar okkur ekki hin einfalda heimsmynd þessarar skýrslu um utanríkismál og til þess er engin ein leið því að vandinn er ógnvænlegur. En til þess verðum við að finna leiðir og ég hef hér rætt um nokkrar, en við þurfum að finna fleiri leiðir sem haldbetri eru en þær sem við höfum í dag því þar liggur lífsvon þúsunda manna um heim allan. Og ég heiti á alla kjörna þm. á hv. Alþingi Íslendinga að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að við getum öll sem eitt lagt okkar af mörkum til lausnar þessara mála mannkyni til lífsbjargar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir gefur í sjálfu sér tilefni til þess að minnast á mjög mörg atriði. En ég mun halda mig við fáein þeirra þó svo ég verði kannske að taka með því áhættuna af því að vera borið á brýn að vera með hólfaða heimssýn. Það verða ekki nema nokkrir þættir sem ég tek hér til umfjöllunar.

Ég vil þá fyrst fagna því að hæstv. utanrrh. hefur lagt fram þáltill. um staðfestingu á hafréttarsamningnum. Ég vil í annan stað minna á það mikla starf sem hefur verið unnið í rn. og af hálfu utanrmn. til þess að treysta réttindi okkar Íslendinga á hafsbotninum og þá á grundvelli ályktana sem hér hafa verið gerðar á Alþingi varðandi Rockall-hásléttuna og Reykjaneshrygginn. Ég tel að þetta tvennt sé ákaflega mikilvægt og að á þessu sviði hafi verið unnin mjög mikilvæg störf undir ágætri forustu formanns utanrmn., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, og hæstv. utanrrh.

Það er ekki vafi á því og kemur fram í máli flestra, sem taka til máls um utanríkismál, að ekkert sé okkur mikilvægara en að tryggja að friður geti haldist a. m. k. í okkar heimshluta. Sjálfsagt getum við ekki gert öllu meiri kröfur, því að við getum ekki haldið því fram að friður hafi ríkt í heiminum, svo margar styrjaldir sem ríkt hafa víðs vegar í öðrum og fjarlægari löndum. Þess vegna hljótum við líka að sjá til þess að einskis sé látið ófreistað til að þessi friður haldist. Það er vissulega verkefni sem yfirskyggir allt annað sem við erum að fást við.

Við Íslendingar höfum valið að tryggja öryggi okkar með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin. Það verður ekki annað sagt en þetta hafi gefist okkur vel. Við höfum svo sannarlega notið friðar og í okkar heimshluta hefur ríkt stöðugleiki og jafnvægi. Það er þó vitaskuld ævinlega hætta á því að þetta jafnvægi raskist og það hefur valdið okkur áhyggjum hversu mjög hernaðarumsvif hafa aukist á hafinu hér fyrir norðan okkur. Þess vegna megum við að sjálfsögðu ekki sofna á verðinum og það dugar ekki að vera með úreltan viðbúnað eða úreltan búnað yfir höfuð tekið. Við Alþfl.-menn teljum þess vegna nauðsynlegt að sá búnaður sem úreltur er, eins og t. d. ratsjárstöðvar, verði endurnýjaður. Og við leggjum á

sama hátt áherslu á að áfram verði haldið endurnýjun á olíugeymum í Helguvík. Á þetta legg ég áherslu. Ef menn eru með úreltan búnað, þá getur það boðið hættunni heim eins og ég hef áður gert hér að umtalsefni.

Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh., þá er vitaskuld jafnframt nauðsynlegt að við aukum þekkingu okkar sjálfra á varnar- og öryggismálum. Ég fagna þeirri stefnu sem utanrrh. hefur boðað í þeim efnum og ég held að hún njóti stuðnings allra flokka í þinginu. En það að við höldum vöku okkar og endurnýjum úreltan búnað og leggjum áherslu á að jafnvægi ekki raskist á ekki að þýða það, að við leggjum okkur ekki fram um að slakað verði á spennu í heiminum, leggjum okkur ekki fram um það að stuðlað verði að afvopnun og lögð áhersla á það að dregið verði úr vígbúnaði. Þvert á móti er það svo að jafnvægi og slökun spennu eru tvær hliðar á sama máli og hvorugt fær staðist án hins. Þetta eru í raun og sannleika tvíburar. Af þessum ástæðum og með tilliti til þess sem hér hefur verið sagt áður er það augljóst að við hljótum að reyna að treysta öryggi okkar með samvinnu við aðra aðila eftir því sem frekast er mögulegt. Og ég held að sú afstaða, sem kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að við skyldum vera hlutlaus og utan allra hernaðarbandalaga sé barnaleg og fái ekki staðist. Ég hef stundum orðað það svo, þegar menn segja að við séum skotmörk Rússa vegna þess að við séum í varnarsamstarfi við vestrænar þjóðir, að ef fara ætti þá leið sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði að umtalsefni yrðum við skotmörk beggja í staðinn og spennan mundi aukast í kringum okkur. Ég get ekki heldur fallist á þá heimssýn, sem mér finnst koma fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og hv. þm. Sigríði Dúnu, að það sé álitamál hvort stórveldið væri verra. Án þess að fara út í smáatriði eða afsaka framkomu Bandaríkjanna í ýmsum greinum, þá er ég ekki í neinum vafa um að á þessum tveimur stórveldum er mjög verulegur munur.

Ég tel að við hljótum vitaskuld að stuðla að því eftir mætti, jafnframt því að við sjáum til þess að öryggi okkar sé upp haldið og jafnvægi ríki í okkar heimshluta, að unnið verði að gagnkvæmri og alhliða afvopnun sem væri tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Ég tel að við eigum að gera það eftir því sem mögulegt er og við eigum að hvetja til alþjóðlegra samninga um reglubundna fækkun á kjarnavopnum. Öllum slíkum aðgerðum verður að fylgja eftir og gera það með þeim hætti að þeir málsaðilar sem hér um ræðir geti unað því og treyst að slíkt samkomulag sé haldið. En það er ekki afvopnunin ein sem skiptir máli heldur ekki síður að leitast við að draga úr spennu á öllum sviðum, leitast við að draga úr tortryggni á milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Ég tel að Alþingi Íslendinga og Íslendingar allir hljóti ævinlega að leggja allri slíkri viðleitni lið.

Ég veit að það getur reynst erfitt að koma fram þeirri slökun spennu og þeirri nauðsynlegu eyðingu á tortryggni sem ég geri hér að umtalsefni, þegar við er að eiga aðila sem mistúlkar sjónarmið okkar, vill feigt það efnahagskerfi sem við búum við og það pólitíska kerfi sem við búum við. En samt verðum við að reyna vegna þess að það er enginn annar valkostur. Við, hin vestrænu lýðræðisríki, verðum að beita hugkvæmni í þeim efnum og framsýni. Við verðum í rauninni að vera í viljanum staðföst og sýna einbeitni án þess að láta nokkru sinni í minni pokann eða fórna hagsmunum okkar og öryggi.

Það er vissulega satt að það ríkir mikil spenna milli stórveldanna. Það sem er jafnframt alvarlegt er að samband milli stórveldanna er lítið og sameiginleg samtöl þeirra eru ótíð meðan við fáum oft að heyra yfirlýsingar sem einkennast af óvináttu og jafnvel fjandskap. Það er tortyggni sem ríður húsum. En jafnvel þótt svona sé og jafnvel þótt við séum gersamlega ósammála þeim markmiðum sem menn hafa í Sovétríkjunum, þá eru þau þarna og við verðum að lifa við það og finna aðferðir til að lifa með þeim, aðferðir sem eru betri en það ógnarjafnvægi sem við búum við og því er nauðsynlegt að andrúmsloftið breytist og batni. Við verðum sem sagt að læra að lifa saman, austur og vestur, því að annars deyjum við saman. Og við ætlum að lifa.

Ég held að eina leiðin sé sú að auka samband og samskipti á öllum sviðum, á menningarlega sviðinu, á pólitíska sviðinu og í efnahagsmálum og reyna með þessum hætti að byggja brú. Ég veit að tortryggni sovésku þjóðarinnar og valdhafanna þar er mikil og ég veit að þeir hafa aðrar hugmyndir og markmið en við um veröldina, um frelsið, um efnahagskerfið. En eitt markmið ætti þó að geta verið sameiginlegt: það að lifa. Í mínum huga er þetta sú leið sem verður að fara í slökun spennu þótt hún sé torsótt og vafalaust löng. Til að fara þessa leið þarf sjálfsagt bæði festu og sveigjanleika. En það þýðir alls ekki, eins og ég gerði að umtalsefni hér í upphafi, að vestræn lýðræðisríki eigi ekki að sinna öryggismálum sínum því að jafnvægi verður að vera í vörnum á hverjum tíma. Slökun án jafnvægis stenst ekki og þess vegna er jafnvægi í varnarviðbúnaði í mínum huga órjúfanlegur þáttur í viðleitninni til slökunar.

Það má vissulega segja að ógnarjafnvægið hafi tryggt okkur frið. En kostnaðurinn við það er mikill og tilhugsunin um ógnarjafnvægið sjálft er í sjálfu sér hrollvekjandi. Og hitt skulum við líka hafa í huga, að það sem einu sinni hefur gilt þarf ekki að gilda áfram. Ég held að við viljum öll gjarnan komast úr þessum farvegi og þess vegna verðum við að leita leiða sem geta komið í stað ógnarjafnvægisins. En mér er ljóst að það mun taka tíma. Eitt af því sem við, vestræn lýðræðisríki, hljótum að hyggja að í því sambandi er að við séum ekki eins háð kjarnorkuvopnum og við í raun erum. Þetta er mikið og mikilvægt verkefni.

Herra forseti. Þetta vildi ég sagt hafa almennt um utanríkismálin og að því er varðar það vígbúnaðarkapphlaup sem í gangi er og þá heimsmynd sem við lifum við. Það væri ástæða til þess að fara nokkrum orðum um mörg málefni sem fyrir eru tekin í þessari skýrslu og ýmislegt reyndar einnig sem ekki er að finna í skýrslunni. En ég ætlaði ekki að fjalla um Miðausturlönd eða Afganistan eða önnur atriði af þessu tagi og einskorða mig einungis við tvennt.

Í fyrsta lagi vil ég aðeins minnast á það ástand sem ríkir í Nicaragua. Ég hef löngum óttast að sú stefna, sem hefur verið ríkjandi í þeim málum af hálfu Bandaríkjastjórnar mundi hrekja þessa þjóð í faðm Rússa. Ég óttast þó enn frekar af nýjustu tíðindum. Ég held að það sé ástæða til þess að Evrópuþjóðir taki höndum saman um að veita þeim, sem þarna fara með stjórn, möguleika á öðru samstarfi en við Sovétmenn. Það væri

fróðlegt að vita hvort hæstv. utanrrh. hefur hugleitt þetta sérstaklega eða hver stefna ríkisstj. er í þessum málum.

Í öðru lagi vil ég minnast stuttlega á málefni Suður-Afríku og apartheid-stefnuna, þá fyrirlitlegu stefnu. Mér hefur oft fundist ótrúlegt tómlæti hér á landi um það sem er að gerast í Suður-Afríku og mér finnst enn ríkja hér verulegt tómlæti í þessum efnum þó umræður hafi nokkuð aukist. Við Alþfl.-menn fluttum þáltill. um þessi málefni 1982. Hún varð ekki útrædd og lýsti það í sjálfu sér nokkru tómlæti á þeim tíma. Ég tel að við Íslendingar verðum að standa að hertum aðgerðum til þess að þrýsta á ríkisstjórn Suður-Afríku um afnám apartheid-stefnunnar og það að skila aftur Namibíu. Ég tel það nauðsynlegt að við stöndum okkur í þessum efnum. Um þetta mál er farið nokkrum orðum í skýrslu hæstv. utanrrh. En ég fæ ekki séð af því sem þar stendur hvers sé að vænta af hálfu ríkisstj. í þessum efnum og vildi þess vegna gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hver sé afstaða ríkisstj. um aðgerðir á þessu sviði og hvort vænta megi sérstakra aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Þessu næst, herra forseti, langar mig til að fara fáeinum orðum um það sem nefna mætti utanríkisviðskipti. Ég vil þá fyrst minnast á þá ógn sem ég tel að íslensku efnahagslífi standi af styrkjum og niðurgreiðslum í sjávarútvegi í ýmsum samkeppnislöndum okkar. Ég tel að aðgerðir þessara samkeppnislanda okkar séu hliðstæðar við verndartolla og séu þess vegna andstæðar þeim anda, sem ríkir í ýmiss konar alþjóðasamþykktum og alþjóðastofnunum, sem við Íslendingar erum aðilar að og þessi samkeppnislönd okkar líka. Ég hef áður gert þetta að umtalsefni, bæði hér úr þessum stól og eins í utanrmn. Ég held að það séu um níu mánuðir síðan ég bað um það í utanrmn. að skýrsla yrði samin um stöðu þessara mála í ýmsum grannlöndum okkar. Það eina sem ég hef séð er nokkur samantekt um hvernig þessum málum sé komið í Noregi. Ég hefði gjarnan viljað inna hæstv. utanrrh. eftir því hvað tefji frágang slíkrar skýrslu og hvenær hennar sé að vænta. Ég held því miður að allt of fáum sé ljóst hvað hér er í húfi.

Ég hef sjálfur leitast við að gera þetta að umræðuefni bæði í Evrópuráðinu og EFTA, reyndar kannske með nokkrum árangri í Evrópuráðinu, því að þar var mér falið að leggja fram skýrslu um fiskveiðimál, sem m. a. fjallaði um hættuna á niðurgreiðslum og styrkveitingum í sjávarútvegi, og þar fékkst samþykkt ályktun þar sem varað var nokkuð við í þessum efnum. En það hrekkur ekki nema skammt þó að við þm. tökum þessi mál upp þar sem við höfum tækifæri til. Það sem mestu skiptir er að ríkisstj. hafi frumkvæði í þessum málaflokki. Ég tel nauðsynlegt að hún hafi frumkvæði að því að taka upp tvíhliða viðræður við þjóðir eins og Norðmenn og Kanadamenn um þetta vandamál. Ég vildi gjarnan inna hæstv. utanrrh. eftir því hvað sé að gerast í þessum efnum, hvað ríkisstj. hafi á prjónunum.

Næsti þátturinn er varðar utanríkisviðskipti og ég vildi drepa hér stuttlega á er það sem ég gæti nefnt saltfiskstoll Efnahagsbandalagsins. Það gerðist hér á einni nóttu að 23 ára gömul ákvörðun um það að ekki skyldi vera tollur á saltfiski og skreið í viðskiptum okkar við Efnahagsbandalagið var ógilt. Í þessari ákvörðun Efnahagsbandalagsins felst viðskiptahindrun, í henni felst verndaraðgerð og þessi aðgerð Efnahagsbandalagsins brýtur gegn þeirri stefnu sem Efnahagsbandalagið hefur boðað og brýtur gegn Lúxemborgar-yfirlýsingunni sem forráðamenn Efnahagsbandalagsins hafa staðið að. Þessu getum við Íslendingar ekki unað og verðum að berjast gegn því af alefli. Ég skora á ríkisstj. að beita sér eftir mætti í þessu máli. Ég tel nauðsynlegt að við knýjum Efnahagsbandalagið til að viðurkenna að hér hafi hreinlega verið um mistök að ræða af þeirra hálfu.

Þriðja atriðið, sem kannske má tæpast flokka undir utanríkisviðskipti, varðar hins vegar sérstaklega efnahagsmál á Íslandi. Það eru loðnuveiðarnar og sá ágreiningur sem óleystur er og uppi er milli Norðmanna, Grænlendinga og Íslendinga. Hæstv. utanrrh. gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni og um það er fjallað í skýrslunni. Þetta er horn í síðu okkar, þetta er norrænt líkþorn, liggur mér við að segja, og úr því verður að leysa, annars er loðnustofninn í hættu og þar með ýmsir efnahagslegir hagsmunir okkar Íslendinga og reyndar allra þessara þjóða. Ég ætla að láta í ljós von um að ötullega verði unnið að þessu máli og lausn megi finnast og fást áður en haustvertíð hefst.

Að síðustu, herra forseti, vil ég fara fáeinum orðum um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp. Þau mál hafa áður komið til umfjöllunar hér og ég hef áður gert þeim allítarleg skil og skal þess vegna vera stuttorður að þessu sinni. Ég held að Íslendingar hafi verið óþægilega tómlátir um þessi mál mörg undanfarin ár en nú sé þjóðin að vakna í þessum efnum. Mér finnst lofsvert það framtak sem kirkjan og Rauði krossinn hafa staðið fyrir og sú aukning sem hefur orðið í frjálsum framlögum fyrir atbeina þessara aðila. En þeim mun hörmulegra er hversu smánarlega lágt hið opinbera framlag er. Fjárframlag til þessa málaflokks hér á landi er langt frá því að vera sambærilegt við þann stuðning sem t. d. önnur Norðurlönd veita. Það framlag sem ætti skv. samþykktum og yfirlýstum markmiðum, sem Ísland hefur aðhyllst, að vera 0.7% er nú á árinu 1985 aðeins 0.08%.

Á Alþingi 1981—1982 fluttum við þm. Alþfl. till. til þál. um að fela ríkisstj. að láta Þróunarsamvinnustofnun Íslands gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna fimm ára áætlun um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni. Í þeim texta sagði þá m. a. að fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær að framlög hins opinbera nemi 0.7% af þjóðarframleiðslunni í lok áætlunartímabilsins. Til að ná þessu marki verði við það miðað að tvöfalda opinbert framlag á ári hverju næstu árin. Þessi till. náði ekki fram að ganga á þeim tíma. En nú hillir sem betur fer undir að áætlunargerð þessi verði unnin. Ég fagna því mjög að tekist hefur, að því er virðist, allvíðtæk samstaða um að setja niður markmið af þessu tagi, sem reynt verði að ná í áföngum og áfangarnir verði markaðir. Þó að hugmynd okkar hafi á sínum tíma verið sú að þetta yrði gert á fimm árum, þá getur það auðvitað ekki orðið að ágreiningsefni hvort árin eru fimm, sex eða sjö. Aðalatriðið er að við stígum þetta skref.

Herra forseti. Eins og kom fram hér í upphafi, þá hef ég ekki fjallað um nema fáeina drætti í þeirri skýrslu um utanríkismál sem hér liggur fyrir og ekki nema fáein af þeim atriðum sem gjarnan hefði verið ástæða til að

ræða. Ég hef gert það viljandi að lengja ekki umræður frekar en ég hef gert með þessu og velja úr einungis nokkur atriði.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ekkert er okkur mikilvægara en friður verði tryggður. Við höfum notið friðar með því fyrirkomulagi sem við höfum valið okkur til þess að skipa öryggismálum okkar og það verðum við ævinlega að virða. En jafnframt ber okkur skylda til þess að reyna allt sem unnt er til þess að stuðla að því að dregið verði úr spennu í heiminum og vígbúnaðarkapphlaupi megi linna.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég mun hér í örfáum orðum einkum fjalla um norrænt samstarf og vil byrja með því að vekja athygli á þskj. 807 sem er skýrsla um norrænt samstarf árið 1984. Þetta er skýrsla frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Þar er í nokkuð ítarlegu máli greint frá starfsemi Norðurlandaráðs og Íslandsdeildarinnar og ég mun aðeins stikla á örfáum punktum úr þessari skýrslu.

Á 32. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Stokkhólmi 27. febr. til 2. mars 1984, var fjallað um ýmis efni eins og gefur að skilja. Af hálfu íslensku fulltrúanna í Norðurlandaráði var m. a. fjallað um aukna aðild Færeyja, Grænlands og Álandseyja að Norðurlandaráði og ábyrgð þá sem því fylgir fyrir hin löndin og um niðurgreiðslur Norðmanna á fiskútflutningi sínum. Einnig komu fram efasemdir hjá íslensku fulltrúunum um að aukin flokkspólitísk áhrif, sem æ meir gætir í starfsemi Norðurlandaráðs, ykju líkur á árangursríku starfi.

Af hálfu Íslendinga, eins og annarra fulltrúa í Norðurlandaráði, var einnig í almennu umræðunum mikið fjallað um tillögur hinnar svonefndu Benkow-nefndar sem lagði til breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs. Kom fram nokkur ótti um að sum atriði í þessum tillögum, t. d. tillögurnar um sameiningu fjárlaganna og menningarmálafjárlaganna, hefðu í för með sér hnignun í samstarfi í menningarmálum ef samhliða sameiningunni yrðu ekki gerðar ráðstafanir sem tryggðu menningarmálasamstarfinu þann grundvallarsess sem því bæri í norrænu samstarfi. Það var ekki gengið frá þessu máli á þinginu í Stokkhólmi, heldur var því frestað til 33. þingsins, sem haldið var í Reykjavík, að taka afstöðu til skýrslunnar og m. a. í þeim tilgangi að landsdeildunum gæfist kostur á að fjalla nákvæmlega um málið. Við settum þarna fram vissar efasemdir um nokkur atriði og ýmsar þessara aths. báru árangur. Fulltrúi Íslands í Benkow-nefndinni, Matthías Á. Mathiesen viðskrh., hafði gert fyrirvara við ákveðin atriði og að mestu leyti urðu tillögurnar í endanlegri gerð þannig að tekin voru til greina þau sjónarmið sem Matthías Á. Mathiesen setti fram í nefndinni.

Ríkisstjórn Íslands gat þess þegar hún samþykkti ráðherranefndartillögurnar að hún vænti stuðnings við þingmannatillögu þá sem fyrirhugað væri að leggja fram um samnorræna rannsóknastarfsemi á Íslandi. Umræður höfðu þá þegar farið fram um að eðlilegt væri að samnorræn rannsóknastarfsemi, tengd undirstöðuatvinnugreinum Íslendinga og annarra norrænna fiskveiðiþjóða, yrði byggð upp á Íslandi samtímis því sem starfsemi Norræna iðnþróunarsjóðsins yrði efld og flutt til Noregs. Við undirbjuggum tillögugerð um þessa norrænu rannsóknastarfsemi og Íslandsdeildin boðaði til fundar með hópi sérfræðinga á sviði fiskifræði, líffræði, líftækni, sjávarlíffræði og landbúnaðar. Sérfræðingarnir sem við höfðum einkum með í ráðum voru Sigmundur Guðbjarnason, Vilhjálmur Lúðvíksson, Björn Dagbjartsson, Guðmundur Eggertsson, Jakob Jakobsson, Ragnar Ingólfsson, Guðmundur Einarsson og Þorsteinn Tómasson. Það voru haldnir fundir með þessum sérfræðingum og þeir aðstoðuðu okkur við að móta hugmynd að þingmannatillögu sem við höfum nú flutt í Norðurlandaráði um samnorræna líftæknistofnun á Íslandi. Tillagan um þessa samnorrænu líftæknistofnun hljóðar á þessa leið:

„Norðurlandaráð felur ráðherranefndinni að gangast fyrir stofnun norrænnar líftæknistofnunar á Íslandi. Líftæknistofnunin hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir sem hefðu hagnýtt gildi við nýtingu á auðæfum hafsins."

Þessa tillögu kynntum við síðan á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var hér í Reykjavík. Hún hlaut mjög góðar undirtektir og ég held að ég megi fullyrða að pólitískur vilji sé fyrir því að setja þessa stofnun hér upp og vænti ég þess að á næsta þingi verði þessi tillaga samþykkt.

Eins og ég sagði áðan og flestir sjálfsagt muna var 33. þing Norðurlandaráðs háð hér í Reykjavík dagana 4.—8. mars. Íslandsdeildin skipaði á fundi 16. okt. 1984 nefnd til að vinna að undirbúningi þingsins. Í þeirri nefnd voru Ólafur G. Einarsson, Friðrik Ólafsson, Hörður Bjarnason, Aðalsteinn Maack og Snjólaug Ólafsdóttir, auk mín. Snjólaug Ólafsdóttir var framkvæmdastjóri fyrir þinginu og skilaði þar miklu og mikilvægu starfi. Ég hygg að þetta Norðurlandaráðsþing, sem haldið var hér í Reykjavík, hafi að allra dómi tekist vel. Framkvæmd þingsins var góð og mörg merkileg mál afgreidd. Málefnaundirbúningur undir þetta þing hafði verið mjög markviss og vandaður. Það er rétt að geta þess að formaður ráðherranefndarinnar s. l. ár var hæstv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen og undir hans stjórn var unnið skipulega og vel að undirbúningi frá ráðherranefndarinnar hálfu. Hann hafði sér til aðstoðar ágætan starfsmann, Jón Júlíusson.

Staða okkar í Norðurlandaráði er sterk eins og stendur því að auk þess að hafa forsæti í ráðinu er hv. þm. Eiður Guðnason formaður menningarmálanefndar ráðsins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir er formaður í upplýsinganefndinni. Snjólaug Ólafsdóttir er formaður í ritaranefndinni. Við viljum nota þessa sterku aðstöðu til eflingar norrænni samvinnu. Ég tel að hún sé mjög mikilvæg fyrir okkur því að hér er um að ræða þær þjóðir sem eru okkur skyldastar að sögu, tungu og menningu.

Þá er rétt að geta um starf þingmannanefndar sem vinna á að auknum samskiptum Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga. Það hefur orðið mikill dráttur á að sú nefnd hæfi formlega störf. Það er vegna þess að Grænlendingar hafa ekki enn þá tilnefnt formlega fulltrúa sína í þessa nefnd. Þeir frestuðu því meðan þeir væru að losa sig út úr Efnahagsbandalagi Evrópu. Nú er því lokið og þetta stendur til bóta. Í sambandi við þing Norðurlandaráðs héldum við tvo undirbúningsfundi með fulltrúum frá Færeyjum og Grænlandi og þar var það yfirlýst af Grænlendinga hálfu að þeir mundu kjósa

sína fulltrúa nú í vor og nefndin ætti því að geta ofurlítið síðsumars eða í haust af fullum krafti.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu, hve snemma hún er komin, og eins vil ég lýsa ánægju minni með það með hve góðum fyrirvara þessi umr. var ákveðin.

Við lestur þessarar skýrslu kemur margt fram í hugann og nánast í flestum málsgreinum er eitthvað sem væri vert að ræða um, en þess er enginn kostur, það mundi verða margra klukkutíma verk. Ég vil þó hér, áður en ég fer að ræða það sem er aðalumræðuefni mitt í þessari umr., minnast á tvö atriði sem getið er um. Í fyrsta lagi vil ég nefna þær áætlanir um útgjöld til hermála sem gert er ráð fyrir á árinu 1985, þ. e. að það verði yfir eitt þúsund milljarðar dollara sem varið verður til þeirra. Þessi tala er næsta ógnvekjandi og liggur í augum uppi og þó ekki væri nema hluta af henni varið til annarra verkefna, sem bættu lífskjör í heiminum, sem drægju úr sjúkdómum, sem stuðluðu að betra samfélagi, þá væri mikið unnið og þá mundi einnig verulega draga úr ófriðarhættu, reiptogi eða togstreitu milli þjóða og ríkja og skapast möguleikar á betri heimi.

Þá vil ég lýsa mikilli ánægju minni með þar sem segir að samþykktur hafi verið samningur á allsherjarþinginu um bann við pyntingum og hvers konar ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð manna. Það er vissulega einn svartasti bletturinn á samfélagi nútímans hve pyntingar og niðurlæging eru stór liður í pólitískri stefnu ýmissa ríkja. Ég geri mér fyllilega ljóst að með slíkum samningi er ekki komið í veg fyrir pyntingar, en það er a. m. k. skref í þá átt að draga úr þeim, það er hægt að vinna gegn þeim á ákveðnari hátt en áður, og ég vænti þess að Ísland láti hvergi á skorta um aðstoð við að þvo þennan smánarblett af mannkyninu.

Um samskipti austurs og vesturs mætti margt ræða. Það er athyglisvert að ýmislegt bendir til að þrátt fyrir mikinn kulda í þessum samskiptum séu þó að opnast möguleikar á nýjum viðræðum, jafnvel nýr viðræðugrundvöllur að skapast, og það er illt ef eitthvað yrði til þess að draga úr því. Því miður eru yfirlýsingar leiðtoga beggja risaveldanna með þeim hætti að ekki vekur of mikla bjartsýni, en almenningsálit í heiminum, a. m. k. hér í norðurálfu heims, er með þeim hætti að það er áreiðanlegt að menn vilja mikið á sig leggja til þess að koma raunhæfum viðræðum af stað. Íslendingar geta kannske ekki gert mikið af því að stuðla að slíkum viðræðum, en það sýnist mér sjálfsagt að þeir geri það sem unnt er, beiti áhrifum sínum þar sem þeir hafa þau til þess að hvetja til raunhæfra viðræðna um afvopnun, um frystingu kjarnorkuvopna og um samdrátt í herafla.

Því miður hefur nú komið upp ný staða sem ekki er séð fyrir endann á enn þá. Þar á ég við geimvopnaáætlun sem sett hefur verið fram, að vísu ekki í neinu endanlegu formi, heldur frekar hugmynd um hana, sem Bandaríkjamenn vinna að og Sovétmenn hafa vafalaust einnig haft einhvern undirbúning að, og nú fyrir örfáum dögum lýsti hinn nýi leiðtogi Sovétríkjanna yfir því að þeir yrðu neyddir til að fara út í sams konar aðgerðir og Reagan Bandaríkjaforseti hefur imprað á í allmörgum ræðum.

Slík þróun er vissulega ískyggileg og það ætti að vera von okkar að hægt verði að vinna þannig að afvopnunarmálum að nýtt kapphlaup hefjist ekki úti í geimnum. Að vísu eru líklega yfir tvö þúsund gervitungl úti í geimnum sem annast alls konar upplýsingaöflun og tengjast þar með hernaði, en spurning mannkynsins hlýtur að vera sú: Hver á geiminn? Ég held að þjóðir heims geti ekki sætt sig við það að eitt eða fleiri stórveldi ógni öllu lífi og öryggi á jörðinni með aðgerðum þar sem um afleiðingar er sáralítið vitað fyrir fram.

Það er hér nokkur kafli um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Það er nú unnið að því að Íslendingar taki þátt í slíkum umræðum og ég vil hvetja til þess að menn fylgist mjög grannt með allri slíkri umræðu á Norðurlöndunum og verði helst aðilar að slíkum umræðum. Mér er fullkomlega ljóst að hér er ekki um einfalt mál að ræða. Það hlýtur að tengjast öðrum þáttum í sambandi við afvopnun. En æskilegt væri ef unnt væri af Norðurlandanna hálfu að ýta undir, koma af stað eða jafnvel að standa að samkomulagi sem stuðlaði að verulegum samdrætti í kjarnorkuvopnabúnaði í Evrópu, bæði austan tjalds og vestan. Það er von þeirra sem hafa áhuga á kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum að þetta geti orðið liður í slíkum samningum.

Það kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að ekki er einhugur um þetta mál á Norðurlöndum, enda ekki við að búast. Norðurlöndin hafa valið sér mismunandi öryggiskerfi. Þrjú þeirra eru í Atlantshafsbandalaginu, eitt stendur utan við og hið fimmta hefur sérstakan samning við Sovétríkin. En það eitt að ríki með svo ólíka skipan utanríkismála gætu sameinast um að banna með öllu kjarnorkuvopn í löndum sínum og hugsanlega þar með dregið úr kjarnorkuvopnabúnaði í nágrenni þeirra væri merkilegur liður í því að draga úr spennu og draga úr kjarnorkuvígbúnaði. Við skulum gera okkur ljóst að eins og er eru engin kjarnorkuvopn á Norðurlöndum og ég held að allar ríkisstjórnir þar séu andvígar slíkum vopnum. Hins vegar hafa menn ekki viljað gefa út slíkar einhliða yfirlýsingar, en Finnar hafa þrýst á, sem kannske ekki er óeðlilegt vegna samningsins við Sovétríkin, en samkvæmt honum gætu Sovétríkin í vissum tilfellum flutt kjarnorkuvopn inn í Finnland.

En ég vil taka undir þar sem segir á bls. 11 og vitnað er til Ólafs heitins Jóhannessonar í skýrslu um utanríkismál til Alþingis 1982, þar sem segir með leyfi forseta:

„Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni (kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd) hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi."

Undir þetta vil ég mjög sterklega taka, en þetta sýnir einnig að mínu mati hve mikilvægar þessar umræður eru og hve æskilegt er að þær leiddu til nokkurs árangurs.

Um samvinnuna innan Norðurlanda get ég verið fáorður. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir samstarfinu í Norðurlandaráði á nýliðnu þingi Norðurlandaráðs og hef ég þar engu við að bæta. Samstarfið við Norðurlöndin hlýtur að vera einn af hornsteinum utanríkisstefnu okkar og reyndar sá sem harla margt og mikið byggist á. Þó er aðeins eitt atriði sem ég vildi taka hér mjög undir og reyndar ganga nokkuð lengra. Það er í sambandi við tengsl Íslands og Grænlands. Það er mjög ánægjulegt á hve mörgum sviðum samstarf, samráð og samræður Íslendinga og Grænlendinga eru hafnar, en þar skortir þó enn eitt á og það eru sam-

göngumálin milli þessara tveggja landa. Ég held að það hljóti að vera viðfangsefni okkar núna á næstunni að koma þeim í það horf að unnt sé á nokkuð auðveldan hátt að komast á milli landanna. Það hlýtur að vera forsenda þess að verulegt og heilladrjúgt samstarf milli þessara landa geti hafist.

Þá vil ég nefna tvö atriði í viðbót. Í fyrsta lagi hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að Íslendingar, íslenska utanrrn. ætti að hafa á sínum vegum hermálafulltrúa, sem svo mætti kalla, sérfræðing í hernaðarmálefnum, fylgjast með fundum hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins. Ástæðan fyrir þessari afstöðu minni er sú að ég tel að Íslendingar fái aldrei nógu miklar né ítarlegar upplýsingar um hernaðarmálefni er snerta Ísland. Það hlýtur að vera eitt höfuðviðfangsefni okkar að vita á hverjum tíma hvað er að gerast, hver þróun mála er og vera ekki komnir upp á álit erlendra manna, álit sem gæti verið litað af hagsmunum annarra ríkja um þau mál sem snerta öryggis- og varnarmál okkar. Ég vil því fagna þessu og tel að hér sé rétt að málum staðið.

Þá er ég kominn að atriði sem ekki er hvað minnst um vert. Ég tel að einmitt dagurinn í dag sé merkilegur í utanríkismálum okkar Íslendinga. Hæstv. utanrrh. lagði hér fram hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og hlýtur það að vera öllum Íslendingum fagnaðarefni að þessi samningur skuli nú liggja fyrir, þessi samningur sem Íslendingar áttu svo mikinn þátt í að móta, sem hefur svo gífurlega þýðingu fyrir Ísland, framtíð þess, auðlindir þess, stöðu þess í heiminum. Ég vil sérstaklega fagna þessum degi og vænti þess að samningurinn fái skjóta meðferð og hv. þm. geti sem einn maður greitt honum atkvæði og þannig í því stóra máli, sem svo mörgum öðrum, sýnt einhug og samhug þjóðarinnar.

En ég held að það mál sem kannske meira rými er varið til í þessari skýrslu en nokkru sinni áður sé það sem í framtíðinni er hvað mikilvægast fyrir Íslendinga. Þar á ég við varnar- og öryggismál landsins. Það hefur að undanförnu farið fram allmikil umræða um þau mál og síðast í dag var fjallað um hugsanlegar ratsjárstöðvar. Það er flóknara mál en svo að ég hafi talið rétt að afgreiða það með þál. einni, enda treysti ég mér ekki til þess. Ég taldi að það mál ætti að vera í höndum ríkisstj., en á það var lögð mikil áhersla að fá það til atkvæða sem ég tel að hafi verið miður.

Lega landsins veldur því að það er eftirsóknarvert fyrir herveldi í reiptogi um „sterka reiti", eins og það er kallað í skákinni. Ísland hlaut reyndar að lenda í hópi vestrænna þjóða. Það var eðlilegur hlutur, bæði út frá stöðu landsins, menningu þess, stjórnarfari og beinum viðskiptatengslum. Þar með var ekki sagt að hér þyrfti að vera herstöð og við inngönguna í Atlantshafsbandalagið var ekki gert ráð fyrir herstöð hér á landi. En það liðu ekki nema tvö ár frá því að samningurinn var gerður og þar til hingað var fluttur her og þá vegna styrjaldar í Asíu austanverðri. Það var trú margra að þetta væri einungis bráðabirgðaástand meðan gerðar væru upp sakirnar í Kóreu, en brátt kom í ljós að ekki var tjaldað til einnar nætur. Kalda stríðið var hafið fyrir alvöru og Ísland orðið hlekkur í herstöðvakeðju sem teygði sig vítt um hnöttinn. Í fyrstu var reynt að einangra herstöðina eftir megni, en í ljós kom að áhrif hennar, efnahagsleg og menningarleg, voru meiri en þjóðinni var hollt. Smátt og smátt varð ljóst að enginn gat gert sér grein fyrir því við hvaða aðstæður herstöðin hér yrði lögð niður. Kveðið var svo á að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. En hvenær eru friðartímar? Hugtakið er teygjanlegt í allar áttir, ekki síst þegar haft er í huga að risaveldin tvö telja sér bæði rétt og skylt að láta sig varða hvers konar átök hvarvetna á hnettinum.

Enginn veit betur en smáþjóð að ríki á engan vin. Fyrir síðustu heimsstyrjöld og í kjölfar hennar kom upp sú hugmynd að það væri Íslendingum mjög í hag að tengjast Bandaríkjunum, jafnvel ekki síður en Evrópu, fyrir hagstæð viðskipti í Bandaríkjunum væri einfalt að bjóða hér land undir herstöð. Flestir held ég að hafi áttað sig á því að slík verslun væri ekki sæmandi neinni þjóð. Einhvern veginn hefur því samt verið komið inn hjá Íslendingum að þeir verði á sinn hátt að þakka herveldinu, þeim beri skylda til að leggja sitt af mörkum til verndar hinum vestræna lýðræðisheimi. Menn gleyma því að með því einu að hafa herstöð og eftirlitsstöðvar hér á landi leggja Íslendingar æ rið til varna bandalagsins. Ísland er mjög mikilvægt fyrir Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið. Það er óbeint liður í vörnum Norður-Ameríku og Norður-Atlantshafs. Stöð þar á fyrst og fremst að fylgjast með kafbáta- og herskipaflota Sovétríkjanna og flugi flugvéla þeirra í grennd við landið. Tvær AWACS-vélar, sem bækistöðvar hafa á Keflavíkurflugvelli, fylgjast með flugi á Norðaustur-Atlantshafi.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er nú í fyrsta sinn getið um mikilvægi SOSUS-kerfisins. Þetta hlustunarkerfi hefur nú verið tengt eftirlitsstöð hér í tvo áratugi. En hvað er SOSUS-kerfið? Það eru mörg hundruð og jafnvel þúsundir hljóðnema sem tengdir eru með köplum sem liggja í eftirlitsstöð á landi. Upplýsingar þaðan fara svo til flugvéla, herskipa og kafbáta. Þá eru hér níu Orion P-3C kafbátaleitarvélar sem geta flutt kjarnorkuvopn. Þær annast eftirlit sitt með því að fleygja hlustunarduflum og fylgjast þannig með kafbátaferðum. Þetta er búið að vera óbreytt um 20 ára skeið. Sú spurning hefur vaknað að undanförnu hvort eðli herstöðvarinnar sé að breytast. Og það sem hefur vakið þær spurningar er hve miklar framkvæmdir fara fram nú á tiltölulega skömmum tíma. Þar er um að ræða fjölgun flugvéla, ekki aðeins að skipt er um orustuvélar heldur er þeim fjölgað um 50%. Það hefur verið rætt um að byggja nýja stjórnstöð. Það eru endurbyggðar ratsjárstöðvar. Það er aukið verulega birgðarými fyrir eldsneyti í Helguvík. Þar er einnig unnið að hafnargerð. Það má segja að hvert þessara atriða út af fyrir sig sé kannske ekki mikið og ég býst við að afstaða Íslendinga til hugsanlegra ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi væri önnur ef þessar framkvæmdir væru ekki allar í gangi í senn. Það hlýtur að vera íhugunarefni hvers vegna þetta gerist allt svona í einu, en það sem kannske er þó fyrst og fremst íhugunarefni er að nú er ekki lengur verið að leyna því að þessi stöð er engin bráðabirgðastöð. Það er ekki lengur sú hugmynd uppi að þessi stöð verði lögð niður. Ég held að þetta sé eitt alvarlegasta umhugsunarefnið um þessar mundir.

Í vetur komu fram upplýsingar um að áætlun hafi verið til um að flytja skyldi kjarnorkuvopn til Íslands á hættutímum. Þar væri um að ræða djúpsprengjur, B-57, sem hafa 10 kílótonna sprengikraft er jafngildir 10 þús. tonnum af TNT, en slík sprengja er aðeins kraftminni en sprengjan sem varpað var á Hiroshima 6. ágúst 1945. Þessum sprengjum skyldi varpað úr Orion-vélunum til

að eyðileggja kafbáta eða þá hugsanlega til að hindra ferðir þeirra um sund. Ástæða er til að spyrja hvort áætlun þessi sé ekki í gildi eða hvort nýjar áætlanir liggi nú fyrir og þá hvort í þeim sé gert ráð fyrir flutningi kjarnorkuvopna til Íslands. Ríkisstjórn Íslands var ekki sagt frá þeirri áætlun um þessi efni. Slíkt virðingarleysi, sem jaðrar við fyrirlitningu, hlýtur að skapa tortryggni og auðveldar ekki samninga eða ætti a. m. k. ekki að auðvelda samninga um aukin hernaðarumsvif og framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins hér á landi.

Það vekur undrun mína að þegar í ljós kemur hve lítinn trúnað Bandaríkjastjórn sýnir ríkisstjórnum Íslands skuli vera léð máls á mikilli uppbyggingu og endurnýjun herbúnaðar, fjölgun flugvéla o. s. frv. á sama eða svipuðum tíma og slíkar upplýsingar koma fram. Ég tel að ríkisstjórn Íslands beri skylda til og hafi rétt á að vita um allar áætlanir varðandi Ísland svo að hægt sé að meta á hverjum tíma hvernig bregðast skuli við hugsanlegum beiðnum Bandaríkjastjórnar eða Atlantshafsbandalagsins um t. d. flutning kjarnorkuvopna til landsins. Þótt það sé stefna allra íslenskra ríkisstjórna til þessa að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn er ekki hægt að fortaka að sú staða komi upp að um það verði beðið.

Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi ætti að samþykkja að hér skuli aldrei leyfð kjarnavopn af neinu tagi. Ef hins vegar kæmi fram beiðni um að hingað skuli flutt kjarnavopn væri það Alþingis að taka afstöðu til þess á grundvelli upplýsinga sem ríkisstjórn Íslands vissi um og þekkti. Krafa okkar Íslendinga hlýtur að vera sú að vita ætíð um þær áætlanir sem gerðar eru varðandi landið. Smáþjóð þarf margs að gæta í ótryggum heimi, en þó einskis fremur en að láta ekki ótta óvissunnar ná tökum á sér.

Okkur hættir dálítið til að sjá óvini og árásir í öllum áttum. Gæsla ber merki styrjaldar, sagði Montaigne, en öryggi þarf ekki að aukast þó að gæslan sé aukin, kannske þvert á móti. Mín skoðun er sú að við eigum að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu eins og Danir og Norðmenn. Við höfum lýst yfir samstöðu okkar með lýðræðisþjóðum í norðurálfu heims. En stórveldin eru viðsjárverðir vinir smárra ríkja. Sjálfstæði okkar tryggjum við aðeins með því að sýna reisn gagnvart nágrönnum okkar og meta sjálfir hve langt á að hleypa vinaþjóðum inn í land okkar. Förum að með allri gát, en gleymum því ekki að mikilvægi landsins gefur okkur tækifæri til þess að setja skilyrði.

Ég tel mjög mikilvægt að hér sé ekkert gert til þess að raska jafnvægi á norðurslóðum. Ég held að einmitt veruleg uppbygging hér geti skapað þá hugmynd að hér sé verið að byggja einhvers konar Gíbraltar. Þess vegna vil ég vara við allri aukningu, t. d. fjölgun flugvéla og nýrri stjórnstöð. Ég vil varast að svo líti út sem herstöðin hér sé eitthvað sem eigi að standa um áratugi og jafnvel aldir. Ég tel að við eigum að halda fast við það, sem sagt var þegar Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið, að hér ætti ekki að vera her á friðartímum og að gert sé ráð fyrir því að herinn fari, að herstöðin verði lögð niður. Við eigum að vera herlaust land friðar og slökunar. En það er ekki tími til þess nú, ég viðurkenni það. Það er ekki tími til þess nú og þess vegna eigum við að hafa sem hægast um okkur og ekkert að gera sem skapi þá hugmynd að hér eigi sér stað einhver veruleg uppbygging.

Íslendingar hafa því miður átt erfitt með að ná saman í varnar- og öryggismálum. Í flestum öðrum þáttum utanríkismála hafa þeir náð verulegri samstöðu. Ég held að það væri mjög mikilvægt ef við gætum náð samstöðu um að umsvif væru hér í lágmarki og ég harma ef unnið er að því að skapa þá hugmynd að hér sé verið að setja niður herstöð til langs tíma. Við vitum ósköp vel að Bandaríkin og Vestur-Evrópuríkin hafa yfirburði hvarvetna á Atlantshafi, líka á svæðinu hér í kringum okkur. Það er einmitt stefna Bandaríkjastjórnar að hafa yfirburði á hafinu. Það eftirlit sem hingað til hefur farið hér fram tel ég vera nægjanlegt. En við ættum að geta verið sammála um að tortryggni og ótti er það hættulegasta sem þjóðirnar eiga við að stríða. Það er tortryggni og ótti sem er undirstaða vígbúnaðarkapphlaupsins. Þess vegna eigum við að draga úr óttanum, við eigum að draga úr tortryggninni og við eigum að vinna að því að skapa meiri jöfnuð í veröldinni. Við eigum að verja meiru fé til þróunarstarfsemi. Og ég vil taka undir þær hugmyndir, sem um það koma fram í skýrslu hæstv. utanrrh. Við eigum að gera allt sem við getum til þess að dregið sé úr vígbúnaði, að hafin sé raunveruleg afvopnun og hinum hræðilegu kjarnavopnum fækkað og þeim helst útrýmt með öllu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Umræður um þessa skýrslu utanrrh. ber að með nokkuð öðrum hætti en oft áður því þau þing sem ég hef starfað á og man, sem eru kannske ekki mjög mörg, nokkur þó, hefur þetta borið að með svolítið öðrum hætti. Skýrslan hefur komið hér með tiltölulega stuttum fyrirvara. Umræður um hana hefur borið að oft með býsna litlum fyrirvara. Nú var skýrslan lögð hér fram a. m. k. fyrir hálfum mánuði ef ekki þremur vikum og ákveðið með alllöngum fyrirvara hvenær hún skyldi tekin til umræðu. Þetta eru vinnubrögð sem eru betri en þau sem áður hafa verið tíðkuð og mætti taka upp í fleiri málum hér á hinu háa Alþingi. Oft hafa þm. borið fram kvartanir yfir því hvernig þessi mál hafa borið hér að, en nú er ekki ástæða til þess. Engu að síður er ekki margmennt í þingsölum nú þegar verið er að ræða þessi mjög svo veigamiklu mál.

Það verður varla sagt, a. m. k. ekki af því sem ég hef heyrt af þessari umræðu, að margt hafi komið á óvart. Ég held að svo sé ekki. Það sem ég hef heyrt af þessari umræðu hefur verið í næsta hefðbundnum stíl. Það er hins vegar eitt og annað sem er athyglisvert, en kemur kannske ekki svo mjög á óvart. Hv. 5. þm. Austurl. tók jafnan svo til orða hér að hann talaði um „svokölluð öryggis- og varnarmál". Mér er ekki alveg ljóst hvers vegna þm. tekur svo til orða vegna þess að hér erum við m. a. að ræða svokölluð öryggis- og varnarmál íslensku þjóðarinnar þar sem við höfum búið um hnútana með ákveðnum hætti í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar.

Hann tók líka, þessi hv. þm. þannig til orða efnislega að við ættum að tryggja öryggi okkar með hlutleysi. Ég er honum ósammála um þetta og ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni, 9. þm. Reykv. Haraldi Ólafssyni, þegar hann sagði að við ættum ekki að raska því jafnvægi sem hér hefur ríkt á undanförnum árum og sem hefur tryggt okkur frið. Við eigum ekki að skapa hér tómarúm vegna þess að tómarúm sem skapast undir þessum kringumstæðum hefur tilhneigingu til þess að vera ekki mjög lengi tómarúm, þ. e. tómarúm sem

þrýst er á úr ýmsum áttum er nálægt því enga stund tómarúm.

En hv. þm. Haraldur Ólafsson sagði líka annað sem ég vildi víkja að hér. Hann talaði um tvímælalausa yfirburði vestrænu ríkjanna á Norður-Atlantshafi. Ég er ekki viss um að þetta sé alveg rétt. Flotar þessara ríkja, Atlantshafsbandalagsríkjanna, hafa mjög lítið stækkað á undanförnum árum, nánast ekki neitt vegna þess að varnarmálayfirvöld þar hafa ekki fengið þær fjárveitingar til uppbyggingar sinna flota sem óskað hefur verið eftir. Hins vegar hefur hvert stórskipið á fætur öðru runnið fram úr sovéskum skipasmíðastöðvum og er þar ekkert lát á sífelldri og stöðugri uppbyggingu flota Sovétríkjanna, m. a. hér á Norður-Atlantshafi. Um þetta mætti nefna margar tölur úr ýmsum ritum, nýútgefnum m. a., en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Annað, sem komið hefur fram í þessum umræðum og er líka býsna athyglisvert, kemur kannske á annan hátt á óvart og þó kannske ekki svo mjög, að Alþb. hefur verið að reyna að búa sér til nýja mynd í hugum almennings að því er þessa umræðu varðar. Það er þegar menn leggja stórveldin tvö, Sovétríkin og Bandaríkin, að jöfnu. Þetta gerði fulltrúi Alþb., hv. 5. þm. Austurl., og það sem kom mér meira á óvart er að fulltrúi Kvennalistans gerði það líka, lagði að jöfnu Bandaríkin og Sovétríkin. Nú þekkja allir sögu tengsla Alþb. og forvera þess við Sovétríkin. (Gripið fram í.) Það verður aldrei of oft rifjað upp, hv. þm. Steingrímur Sigfússon, hvernig fyrirrennari Alþb. var beinlínis hluti af alþjóðadeild Sovétríkjanna og í mjög nánum tengslum við Sovétríkin. Þetta er hluti sögunnar sem má ekki gleymast og þess vegna verður það aldrei of oft upp rifjað, einkanlega fyrir ungum mönnum í Alþb. En það kemur á óvart þegar Samtök um kvennalista leggja þessi tvö ríki að jöfnu, annars vegar einræðisþjóðfélag Sovétríkjanna, hið lokaða kerfi þar sem borgaraleg réttindi í þeim skilningi sem við þekkjum fyrirfinnast ekki, þar sem menn þurfa leyfi lögregluyfirvalda til að ferðast innanlands í sínu eigin landi, þar sem svo strangur hemill er hafður á því að fólk geti myndað með sér samtök eða búið sér til lista yfir félaga að það eru ekki einu sinni gefnar út símaskrár í því landi. Hins vegar er svo annað þjóðfélag sem auðvitað er með mörgum göllum, bandaríska þjóðfélagið. Mér dettur ekki í hug að neita því eða halda því fram að það sé gallalaust.(**Gripið fram í:** Það hefur þó símaskrár.) Já, það hefur það, hv. þm. (**GA:** Við erum að tala um embætti ...) Við erum að tala um þessi tvö þjóðfélög, hv. þm. (**GA:** Ekki símaskrár.) Við erum að tala um þessi tvö þjóðfélög. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir held ég að muni fá orðið næst á eftir mér, forseti, er það ekki rétt, þannig að hún getur sparað sér sínar athugasemdir þangað til hún kemur í þennan ræðustól. En að menn skuli leggja þessi tvö samfélög að jöfnu, eins og gert hefur verið í þessum ræðustól, finnst mér aldeilis með endemum. En það segir auðvitað sitt. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur komið hér í ræðustól á eftir og talað.

Það er ýmislegt fleira sem hér hefur komið fram. Raunar hefur þessi dagur allur einkennst af umræðum um utanríkismál. Það var óneitanlega merkilegt að fylgjast með afstöðu annars stjórnarflokksins í atkvgr. um till. um ratsjárstöðvar þar sem þingflokkur Framsfl. tvístraðist eins og ákveðin tegund fugla, að stundum er sagt, út um allt. Það segir sína sögu um afstöðu þess flokks til þess varnarsamstarfs sem við erum nú aðilar að og höfum verið næsta lengi.

Í þessum umræðum, sem eiga að fjalla um utanríkismál almennt, hefur mönnum orðið mjög tíðrætt um öryggis- og varnarmál, enda ekki óeðlilegt og verður jafnan í umræðu af þessu tagi, og þá kenningu sem einn af þm. Alþb., sem á ekki sæti hér á þingi um sinn, en helgar sig því að koma nýskipan á heimsmálin, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hóf máls á fyrir nokkrum árum um hið breytta eðli varnarstöðvarinnar í Keflavík. Þessi kenning er í meginatriðum röng vegna þess að það hefur ekki orðið nein grundvallarbreyting á eðli þeirrar starfsemi sem fram fer í Keflavík og á vegum varnarliðsins hér þó að í áranna rás hafi tækin breyst og orðið fullkomnari, eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Ég get fyllilega tekið undir það sem hæstv. forsrh. sagði í dag í umræðum um ratsjárstöðvarnar við atkvgr. þegar hann tók efnislega þannig til orða að ef héðan væri haldið uppi eftirliti með umferð við og í kringum íslensk landsvæði, hafsvæði og okkar lofthelgi ætti að gera það með góðum búnaði. Ég veit að þeim hv. þm. sem hafa heimsótt stöðvarnar á Miðnesheiði og hafa komið inn í þá stjórnstöð, þaðan sem fylgst er með flugi flugvéla, m. a. sovéskra herflugvéla í kringum landið, er það mætavel ljóst að þessi tæki eru í senn gömul og úrelt. Það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig sem þeir Alþb.-menn hafa uppi, að þeir vilja ekki að hér séu hafðar uppi varnir eða Ísland eigi neins konar aðild að varnarsamstarfi vestrænna þjóða, en það er að mínu mati rangt að hér hafi orðið nokkur eðlisbreyting á. Þó svo að hér eigi að endurnýja tvær ratsjárstöðvar sem áður voru starfræktar, þó svo að gamlir olíugeymar sem stofna vatnsbólum Suðurnesjamanna í hættu verði fluttir til og rými aukið nokkuð þá eru þetta engar eðlisbreytingar. Því fer víðs fjarri.

Þessi umræða á ekki eingöngu að snúast um öryggis- og varnarmál, enda þótt þau hljóti að vera drjúgur þáttur hennar. Þingflokkur Alþfl. greiddi allur í dag atkv. gegn till. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem hér var til umr., og hafði þar einhuga afstöðu. Við erum sömuleiðis einhuga í þeirri afstöðu okkar að sú leið sem farin hefur verið til að tryggja varnir landsins hafi gefið góða raun, enda áttu forustumenn Alþfl. á sínum tíma þátt í að móta þá stefnu.

Ég vil, herra forseti, víkja að nokkrum öðrum þáttum í skýrslu hæstv. utanrrh. og langar þá fyrst að víkja að samstarfi Norðurlandanna, en um það hefur verið lögð fram hér sérstök skýrsla sem einnig hefur komið inn í þessar umræður. Hún er nokkuð með hefðbundnum hætti. Þó hafa meiri tíðindi gerst á vettvangi Norðurlandaráðs nú að undanförnu en oft áður þar sem samþykktar hafa verið veigamiklar skipulagsbreytingar á starfsemi Norðurlandaráðs. Vonandi leiða þær til góðs þó svo að við fulltrúar Íslands höfum haft verulegar efasemdir um ágæti þessara tillagna. Ég nefni þar sérstaklega að við höfum dregið í efa ágæti þess að sameina fjárlög Norðurlandaráðs, þ. e. hin almennu fjárlög og menningarfjárlögin, nema því aðeins að tryggt væri að sú staða, sem menningarmálin hafa haft í norrænu samstarfi, yrði áfram a. m. k. óbreytt og ekki lakari. Yfirlýsingar hafa verið gefnar um þetta og ber að vona að við þetta verði staðið.

Annað mál, sem mjög hefur borið á góma á vettvangi norrænnar samvinnu að undanförnu, er sjónvarpssam-

starf fyrirhugað, sem búið er að tala um árum saman, þar sem við höfum því miður ekki haft árangur sem erfiði. Það verður að segjast alveg eins og er að þetta starf hefur ekki borið þann ávöxt sem ýmsir höfðu vænst. Nú er staða máls sú að tilraunahnöttur, sem einkum er á vegum Svía, verður sendur á loft m. a. til að endurvarpa sjónvarpsdagskrám. Norðmenn og Finnar eru þarna aðilar að líka en það hefur ekki samist um kostnaðarhlið þess máls. Hins vegar er því ekki að neita að þetta mál snertir okkur kannske ekki mjög mikið vegna þess að sendistyrkur þessa hnattar er með þeim hætti að dagskrár frá honum ná ekki hingað til Íslands heldur verður að nota þar annan fjarskiptahnött til að koma því efni áleiðis til okkar.

Við eigum auðvitað ýmsa aðra möguleika á sjónvarpssamstarfi, m. a. við ýmsar Evrópuþjóðir sem hafa tekið höndum saman um að senda út sameiginlega dagskrá, kallaða Olympus-dagskrá. Þetta eigum við auðvitað að skoða líka, en við eigum samt ekki síður að horfa til Norðurlandanna og leita leiða til að starfa með þeim í þessum efnum þegar samstarfsgrundvöllur er fyrir hendi. Mér hefur hins vegar þótt nokkuð á það skorta að fyrir lægi nokkur skýr og mótuð stefna af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessum efnum.

Við höfum tekið þátt í umræðum um þennan Tele-X hnött Svía, en í mínum huga orkar það nokkuð tvímælis svo sem horfir hvert erindi við eigum þar, m. a. með tilliti til þess mikla kostnaðar sem mér sýnist að muni verða því starfi samfara. Við eigum að skoða það mál vel og fordómalaust en ljóst er að einangrun Íslands í þessum efnum er senn úr sögunni. Sjónarmið Svía í sambandi við þennan gervihnött, sem þeir eru að senda á loft, eru fyrst og fremst þau að þeir hafa verið og séu að selja sína tækniþekkingu og veita sínum stórfyrirtækjum samkeppnismöguleika og möguleika til að þróa sína kunnáttu og þekkingu á þessum sviðum. Þeim hlýtur að vera það ljóst nú að hinar Norðurlandaþjóðirnar munu ekki kaupa þessa þjónustu á hærra verði en hún býðst frá öðrum. Mér sýnist að það liggi alveg ljóst fyrir og gerðist raunar á þingi Norðurlandaráðs hér síðast að þessu máli virtist þoka nokkuð áleiðis.

Hér í skýrslu utanrrh. er kafli um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndunum. Ég þarf ekki að gerast mjög langorður um það. Hér hafa verið tillögur til umræðu á Alþingi um þetta efni. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að kanna þau mál fordómalaust. Í haust verður haldin ráðstefna norrænna þingmanna um þetta efni. Ég er þeirrar skoðunar að þm. allra flokka eigi að taka þátt í þeirri ráðstefnu. Við eigum að skoða með hverjum hætti eða hvort Ísland getur tengst þessum umræðum. En það er hins vegar bjargföst sannfæring mín að einhliða yfirlýsing Norðurlandanna um kjarnorkuvopnaleysi — þau eru reyndar þegar kjarnorkuvopnalaus — sé gagnslaus, slík yfirlýsing verði að eiga sér stað í víðara samhengi, hún verði að njóta einhvers konar tryggingar af hálfu stórveldanna. Einhliða yfirlýsing í þessu efni er marklaust plagg og einskis virði. En ég ítreka það að við eigum að leita leiða til að finna raunhæfa leið til að ná fram slökun í þessum efnum og tryggja það — það er svolítið erfitt að halda ræðu í þessum ræðustól, virðulegi forseti, þegar sex þm. eru í salnum og þrenn mismunandi samtöl eiga sér stað, en ég hyggst nú samt halda áfram máli mínu.

Ég held að við eigum að kanna þessi mál af fullkomnu hleypidómaleysi. En við eigum að gera okkur grein fyrir því að einhliða yfirlýsing, sem ekki nýtur einhvers konar baktryggingar stórveldanna, er einskis virði. Hún þarf að vera hluti af víðtækara samkomulagi sem næði til stærra landsvæðis, og þá fyrst og fremst Kola-skagans sem okkur stendur hér mest ógn af, mesta víghreiðri veraldarinnar. Allt hlýtur þetta að blandast saman og menn verða að horfa á þetta með raunsæjum huga.

Í skýrslunni er líka vikið að Suður-Afríku og þróun mála þar. Ég vildi aðeins stuttlega minna á það hér að fyrir tveimur til þremur árum fluttum við þm. Alþfl. till. hér á Alþingi oftar en einu sinni, oftar en tvisvar, ef ég man rétt, um að stofna hér á landi landsnefnd til að styðja aðgerðir gegn apartheid-stefnu eða kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku. Þessi till. hlaut því miður ekki hljómgrunn á Alþingi þá en ég held að ástæða sé til að flytja hana hér aftur þótt e. t. v. kunni það að verða orðið of seint á þessu þingi til þess að vænta þess að hún nái samþykki. Mín skoðun er sú að stjórnvöld hér — og þá er ég ekki bara að tala um þessa ríkisstj. heldur ýmsar sem á undan henni hafa setið — hafi verið heldur slök í gagnrýni á stjórnvöld Suður-Afríku. Hér hefur ekki verið höfð uppi sama harka eins og hefur verið t. d. af hálfu ríkisstjórna Norðurlandanna og er það miður. Ég held að þarna þurfi að verða breyting á. Við eigum að hafa þarna hreinan skjöld, hreina og skýra afstöðu, vegna þess að það sem hefur verið að gerast í Suður-Afríku að undanförnu er því miður aðeins vottur þess sem þar hlýtur að koma, þess ófremdarástands og þeirra hörmunga sem þar munu skapast þar sem lítill minni hluti kúgar stóran meiri hluta, kveikjuþráðurinn í púðurtunnunni, sem er Suður-Afríka, styttist dag frá degi.

Þá er hér vikið að ýmsum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Ég stikla hér aðeins á fáeinum þáttum, þess er ekki kostur í þessari umræðu að gera annað. Það eru enn ýmsir þm. á mælendaskrá og ég skal reyna að vera ekki mjög langorður. Hér er sérstakur kafli um Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna sem ég vildi gera stuttlega að umtalsefni. Þannig er mál með vexti að fulltrúar menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, formaður, varaformaður og ritari, heimsóttu Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir tæpum tveimur vikum í þeim tilgangi að koma á sambandi milli Norðurlandaráðs og þessarar, að ég hygg, elstu sérstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Þessi stofnun hefur verið mikið til umræðu að undanförnu og sætt harðri gagnrýni og vafalaust á margan hátt réttmætri. Nú hefur það gerst innan UNESCO að Bandaríkin hafa hætt þátttöku í þeirri stofnun vegna ágreinings um ýmis mál sem væri kannske áhugavert að ræða hér en ég held að sé ekki ástæða til. Vissulega er margt til í þeirri gagnrýni sem að þessari stofnun hefur verið beint og stjórn hennar kannske ekki síst. Þannig hefur þessi stofnun nú misst fjórðung tekna sinna. Nú er næstum víst að Bretar munu líka hætta þátttöku í UNESCO, þeir hafa sagt að þeir muni hætta um næstu áramót verði ekki vissum skilyrðum fullnægt. Mér sýnist allt benda til þess að Margaret Thatcher forsætisráðherra Breta muni fylgja í fótspor skoðanabróður síns í Hvíta húsinu hvað sem öllu líður og e. t. v. kunna fleiri ríki að fylgja þar á eftir. Þar hafa verið nefnd til sögunnar bæði Singapore og Japan og þá væri þessi

stofnun kannske búin að missa 35—40% af tekjum sínum.

Nú er það svo að þeir sem eru orðnir fertugir eins og þessi stofnun eru stundum orðnir svolítið feitir og værukærir og ég held að það gildi um UNESCO. Ég held að stofnunin hefði ekkert slæmt af því að fara í megrunarkúr. Þess vegna má vel vera að sú kreppa, sem UNESCO nú gengur í gegnum eða verður að lifa við, eigi eftir að versna áður en ástandið verður betra. Ég hef hins vegar engar áhyggjur af því að þessi stofnun líði undir lok. Hún á í miklum erfiðleikum núna og hún á eftir að rétta við og ná áttum, ná vopnum sínum.

En sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að innan UNESCO og fyrir frumkvæði Norðurlandanna er nú verið að vinna að umbótatillögum aðallega um grisjun starfsskrár. Það er ánægjulegt til þess að vita að Norðurlöndin hafa forustu um þetta verk og að af hálfu Norðurlandanna hefur þar forustu prófessor Andri Ísaksson sem situr fyrir hönd Norðurlandanna í framkvæmdastjórn UNESCO og er einn af varaformönnum framkvæmdastjórnarinnar. Mér er ánægja að skýra frá því að ég varð þess mjög áþreifanlega var í þessari tveggja daga heimsókn til UNESCO hversu mikils álits hann nýtur þar og hversu gott starf hann er þar talinn vinna. Það er ánægjulegt þegar við Íslendingar getum þannig verið fremstir meðal jafningja. Það er líka ástæða til að geta þess að innan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar situr Íslendingur í 30 manna framkvæmdastjórn af hálfu Norðurlandanna, Almar Grímsson, og vinnur þar mikið og gott starf eftir því sem ég best veit. Mér finnst það einstaklega ánægjulegt að í þessum tveimur stóru sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna skuli Íslendingar, eins og ég sagði áðan, standa fremstir meðal jafningja og okkur er vissulega heiður af því.

Annar þáttur í skýrslu hæstv. utanrrh., sem er hér í tengslum við Norðurlandasamvinnuna líka, er um samvinnu við Grænlendinga. Þar vildi ég sérstaklega minnast á eitt mál. Nú er starfandi þingmannanefnd Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga sem væntanlega mun hittast í haust. En ég held að það sé einn málaflokkur þar sem við eigum að bjóða Grænlendingum og raunar Færeyingum líka sérstaka samvinnu. Þar á ég við skipti á sjónvarpsefni. Báðar þessar þjóðir eru tiltölulega nýbúnar að koma á legg sínu eigin sjónvarpi. Við höfum þar hins vegar næstum því 20 ára reynslu, 19 ára reynslu á næsta hausti. Ég held að við höfum af ýmsu að miðla í þeim efnum og ég veit að eftir samstarfi hefur verið leitað af þeirra hálfu. Við eigum að hlúa að því og gera það sem í okkar valdi stendur til þess að veita m. a. tækniaðstoð og til þess að greiða fyrir skiptum á dagskrárefni við bæði Færeyinga og Grænlendinga.

Ég tek undir það sem kom fram hér í umr. fyrr í dag — ég held að það hafi verið hjá hv. þm. Haraldi Ólafssyni — um það ófremdarástand sem er á samgöngum milli Íslands og Grænlands. Ég geri mér fyllilega ljóst að það er ekki einfalt mál og ekki auðleyst en ég minnist þess að ég hitti í Danmörku Íslending sem er búsettur í Grænlandi og er þar með fjölskyldu sína. Fyrir hann er það hreinlega útilokað að koma í heimsókn til Íslands kostnaðarins vegna. Fargjöldin ein nema hátt í árslaunum. Þetta er mál sem við þurfum að skoða sérstaklega og sjá hvort ekki er hægt að finna einhverjar aðrar lausnir á en þær sem nú er notast við vegna þess að þær eru ekki nothæfar.

Í þessari skýrslu er líka vikið að hvalveiðimálum. Þau komu nokkuð til umræðu hér í Sþ. s. l. þriðjudag og ég skal ekki fjölyrða frekar um það þó að vissulega mætti margt og mikið þar um segja. Ég ítreka bara það sem ég sagði í þeim umræðum að við þurfum að leggja aukna rækt við að kynna okkar málstað í þessum málum vegna þess að við höfum þarna góð og gild rök til þess að halda áfram hvalveiðum undir vísindalegu eftirliti. Við höfum það meðan engar vísindalegar röksemdir eru fyrir hendi um það að þessir hvalastofnar séu í hættu. En enn ítreka ég það að þarna er við mjög einstrengingslegt ofstopafólk að ræða sem berst hart gegn okkur og hefur lítinn skilning á vandamálum þeirra þjóða sem byggja norðurhvel og þeim þætti sem þetta er í okkar lífi, sögu og menningu. Þess vegna þurfum að að verja nokkru fé til að kynna okkar málstað í þessum efnum, eins og þessi samtök gera á öllum ráðstefnum um náttúruvernd og annað, þar sem kostur er. Þar eru fulltrúar þeirra sem kenna sig við frið og hinn græna lit og halda þar sínum málum fram en okkar rök heyrast þar hins vegar ekki. Þetta tel ég afar slæmt og mikinn skaða og að því fé væri vel varið sem varið væri til að kynna okkar málstað á þessum vettvangi.

Herra forseti. Það er vissulega margt hér fleira sem ástæða væri til að gera skil. Ég held að við verðum hvort sem okkur líkar betur eða verr að snúa okkur að því að endurskoða svolítið afstöðu okkar til aðstoðar við þróunarlöndin. Í fyrsta lagi þurfum við að leggja þar meira af mörkum en við höfum gert. Við getum gert það á fjölmörgum sviðum. Við þurfum líka að endurmeta og skoða hvernig þessi hjálp getur best komist til skila. Ég hef vissar efasemdir um hagkvæmni þeirra aðferða sem nú eru notaðar. Ég held að það þurfi að leggja á ráðin að bestu manna yfirsýn um það hvernig okkar takmarkaða fjármagn, sem ævinlega hlýtur að vera svo, getur betur nýst í þessum efnum, það er mjög brýnt.

Við gerum okkur kannske ekki alltaf fyllilega grein fyrir þeim vandamálum sem þessar þjóðir eiga við að stríða. Við horfum kannske einkum á að þær kunni ekki að veiða eða að verka fisk, sem er lítilvægt atriði í þessu máli, en horfum kannske fram hjá því að hundruð þúsunda þurfa kannske að ganga hálfa dagleið til að afla eldiviðar og svo jafnlangt til baka. Við horfum kannske líka fram hjá því að helmingurinn af íbúum jarðarinnar, þ. e. 2000 milljónir einstaklinga, kvenna, barna, manna, hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni, að ekki sé nú talað um aðra almenna hreinlætisaðstöðu. Þetta hefur það í för með sér að a. m. k. 5—600 milljónir manna þjást af margs konar sjúkdómum sem eru bein afleiðing af menguðu vatni. Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa metið það svo að ef allir íbúar jarðarinnar ættu aðgang að heilnæmu drykkjarvatni mundi barnadauði þegar í stað minnka um helming.

Það er kominn tími til að við förum ofan í saumana á þeirri opinberu afstöðu sem hér hefur verið til þessara mála með tilliti til þess hvernig við getum best komið að liði í þessum efnum. Mín sannfæring er hiklaust sú að þar komi ýmsar aðrar leiðir til greina en þær sem farnar eru í dag. Sömuleiðis, herra forseti, að þrátt fyrir þær skoðanir sem ég hef lýst á varnar- og öryggismálum er það líka mín sannfæring að við eigum að gera það sem

unnt er á hverjum þeim vettvangi þar sem þau verk er að vinna til þess að stuðla að afvopnun og draga úr spennu og viðsjám í veröldinni. Það gerum við best með því að vinna að þeim málum með þeim þjóðum sem eru hér í kringum okkur og með því að vera í senn einbeittir og raunsæir. Óraunsætt draumórahjal er verra en ekki í þessum efnum.

Umr. frestað.

Kostnaður við búnaðarþing.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Einarssonar um kostnað við búnaðarþing, á þskj. 690, afhent þm. 30. apríl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var heildarkostnaður við búnaðarþing árin 1984 og 1985? Hve stóran hlut greiddi ríkissjóður? Í svari óskast tilgreindur kostnaður á hvort þing um sig og hvernig hann skiptist á eftirtalda þætti:

a. laun þingfulltrúa,
b. ferðir þingfulltrúa,
c. húsnæðiskostnað þingfulltrúa,
d. dagpeninga þingfulltrúa,
e. annan kostnað.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands var kostnaður við búnaðarþing árin 1984 og 1985 eftirfarandi:

	1984	1985
a. laun þingfulltrúa	303 100	403 620
b. ferðir þingfulltrúa	81 095	113 571
c. húsnæðiskostnaður þingfulltrúa	0	0
d. dagpeningar þingfulltrúa	565 900	758 640
e. annar kostnaður	154 571	188 635
Alls kr.	1 101 766	1 464 466

Efri deild, 63. fundur.

Föstudaginn 3. maí, kl. 1.30 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 684, n. 821, 822, 838, 839). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Þingskapanefnd hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr. Nefndin samþykkti að leggja til að frv. yrði samþykkt með tilteknum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Þetta frv. felur í sér gagngerar breytingar í veigamiklum atriðum frá gildandi þingsköpum. Þessar breytingar eru margs konar að efni og formi. En fyrst og fremst er um að ræða algjör nýmæli í þingsköpum. Mér þykir rétt að víkja nú að þeim greinum frv. þar sem er að finna meginnýmæli þess.

Með frv. þessu er stjórn þingsins efld með skipulegum og markvissum vinnubrögðum. Um þetta efni er að finna ákvæði í nokkrum greinum. Það er í fyrsta lagi 11. gr. frv. Þar er um að ræða veigamikla breytingu í 2. mgr. Sú breyting lýtur að traustari stjórn þingsins til þess að koma við bættum vinnubrögðum þess. Hér er kveðið á um að forsetar þingsins hafi umsjón með starfi þingnefnda þannig að þeir skuli fylgjast með gangi mála sem til nefndanna hefur verið vísað, svo sem nauðsynlegt kann að vera til þess að geta skipað málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð.

Þá er enn ákvæði sem varðar stjórn þingsins í 6. mgr. 15. gr. og þar er veigamikið nýmæli tekið upp. Þar er lagt á herðar fastanefnda þingsins það sem ekki er minnst um vert til þess að gera möguleg skipuleg og markviss vinnubrögð við stjórn þingsins. Nefndunum er gert að leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda megi eftir því sem við verður komið dreifast sem jafnast á þingtímann.

Jafnframt er fellt niður ákvæði gildandi laga um svokallaðar vinnunefndir. Þar var gert ráð fyrir að formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skyldu skipa eina nefnd, svokallaða vinnunefnd, til að skipa fyrir um fundartíma og fundarstaði fastanefndanna. Reynslan hefur sýnt að ákvæði þetta er þýðingarlaust í framkvæmd. Því sem þarf að gerast í þessu efni ætti að vera betur borgið undir almennri stjórn forseta þingsins í samráði við formenn fastanefndanna.

Þá er enn eitt atriði sem þessu viðkemur. Það er ákvæði sem er að finna í 2. mgr. 18. gr. og er nýmæli. Þar segir: „Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þm. í þeirri deild, sem frv. er borið upp í, samþykki það.“ Með þessu er stefnt að því að lagafrumvörp komi svo tímanlega fyrir þingið að því gefist færi á að fjalla um þau með eðlilegum hætti.

Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu frv. að leitast sé við að dreifa málum sem jafnast á þingtímann. Sama gildir um þáltill. og vitna ég til 7. mgr. 28. gr. frv. um það efni. Hér er ekki um að ræða neitt fortakslaust bann við því að koma með mál og fá tekin fyrir eftir að sex mánuðir hafa liðið frá þingsetningu. Hins vegar mætti ætla að slíkt ákvæði sem þetta stuðlaði að því að mál kæmu fyrr fram á þinginu og fyrir þessi tímamörk með því að ella þarf að leita afbrigða til þess að taka málin fyrir.

Þá skal minnst á ákvæði í 1. og 2. mgr. 15. gr. frv. þar er gert ráð fyrir að stofnuð verði ein nefnd til viðbótar í Sþ., félagsmálanefnd. Til þeirrar nefndar skal vísa þeim málum sem félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingamála- og menntamálanefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Með þessu móti er gert ráð fyrir að létt sé á því mikla álagi sem er nú á nefndum í Sþ., þ. e. atvmn. og allshn.

Þá vil ég víkja að þeirri mikilvægu breytingu sem fólgin er í þessu frv. og miðar að því að koma á hnitmiðaðri meðferð þáltill. en nú tíðkast. Í 28. gr. eru

gagngerar breytingar frá gildandi lögum um alla meðferð þáltill. Þessar breytingar miða einkum að því að setja takmörk fyrir því hvað miklum tíma þingsins megi verja til meðferðar þessara þingmála svo að meira svigrúm gefist til hins beina löggjafarstarfs við meðferð frumvarpa.

Í 1. mgr. 28. gr. frv. er gert ráð fyrir að till. til þál. séu bornar fram í Sþ. Hér er breyting frá gildandi lögum þar sem talað er um deildir og Sþ. í þessu sambandi. Felld eru niður ákvæði gildandi laga um að þáltill., sem samþykkt hefur verið í annarri þingdeildinni, skuli senda hinni deildinni. Þetta þýðir samt ekki að útilokað sé að bera fram þáltill. í þingdeild., en hana má ekki senda hinni deildinni. Af þessu leiðir að till., sem flutt er í þingdeild, getur aldrei orðið ályktun þingsins í heild heldur aðeins annarrar hvorrar þingdeildar. Þetta á því að stuðla að því að till. til þál. verði aðeins bornar fram í Sþ. og þar með að gefa þingdeildum meira ráðrúm til löggjafarstarfa.

Í 2. mgr. 28. gr. frv. er kveðið á um að tvær umr. þurfi um þáltill. til þess að þær nái samþykki til fullnaðar. Hér er um breytingu að ræða frá gildandi þingsköpum þar sem segir að deildin eða þingið álykti eftir uppástungu forseta hvort þáltill. skuli rædd í einni eða tveimur umr. Þessi breyting sem hér er lögð til er frekar að formi til en efni þar sem einni umr. er oftast frestað skv. gildandi þingvenju og till. vísað til nefndar og síðan umræðunni fram haldið þegar málið kemur úr nefnd. Þannig hafa raunverulega farið fram tvær umr. Hefur því í framkvæmd enginn munur verið á málsmeðferð, hvort heldur ákveðin hefur verið ein eða tvær umr. Hins vegar hefur breytingin, sem hér er lögð til, þá þýðingu að greitt er fyrir meðferð þáltill. með því að umr. um þær má fara fram strax og þær eru teknar á dagskrá í stað þess að skv. gildandi þingsköpum má umr. eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir að þær hafa verið fyrst teknar á dagskrá til að ákveða hvort þær skuli ræddar í einni eða tveim umr.

Þá er til að taka við 3. mgr. 28. gr. Þar er tekið upp það veigamikla nýmæli að takmarka fyrri umr. um till. til þál. Gert er ráð fyrir að flm. hafi allt að 15 mínútum til framsögu fyrir till. og aðrir þm. og ráðh. allt að fimm mínútum. Hver ræðumaður megi tala tvisvar sömu tímalengd. Hér er um að ræða að umr. er takmörkuð við fyrri umr. Ég hef ekki orðið var við annað en allir hv. þm. séu sammála um að rétt sé að koma á takmörkunum í þessu efni. Ástandið, eins og það er í þinginu nú og hefur verið á undanförnum árum, talar fyrir slíkum sjónarmiðum og skal ég ekki orðlengja um það.

Annað mál er það að það er að sjálfsögðu matsatriði hve langt á að ganga í þessu efni. Fimmtán mínútur og fimm mínútur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er samkomulagsleið sem farin var þegar unnið var að gerð þessa frv. Það má segja að þá hafi sumir viljað ganga lengra í takmörkunum og miklu lengra, en aðrir skemmra. Þessi niðurstaða í frv. mótaðist af því að menn vildu leitast við að ná sem víðtækustu samkomulagi um þetta efni. Þegar málið kemur svo til meðferðar í þingskapalaganefnd þessarar hv. deildar kemur í ljós að ekki er full samstaða um þetta efni. Til þess að mæta sjónarmiðum þeirra sem vildu ganga skemmra í takmörkunum og leyfa lengri umr. við fyrri umr. um þáltill. gerir þingskapalaganefndin till. um breytingu í þessu efni. Á þskj. 822 er brtt. við 28. gr. eins og þar segir: „Í stað orðanna „fimm mínútum“ í 3. mgr. komi: átta mínútum.“ Þingskapalaganefndin stendur einhuga um þetta og þessi till. gerð í trausti þess að við náum samstöðu um þetta efni. Þetta var um 3. mgr. 28. gr.

Það skal tekið fram að í 4. mgr. 28. gr. frv. er fjallað um síðari umr. um till. til þál. Þar er ekki gert ráð fyrir að sú umr. sé takmörkuð heldur lúti almennum reglum skv. 36. gr. frv. Í 5. mgr. 28. gr. er veigamikil undantekning gerð frá hinni almennu reglu í 3. mgr. um takmörkun á 1. umr. um þáltill.

Í 5. mgr. segir að það skuli gilda sérregla um umr. um þáltill. er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- og varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana. Skulu engar sérstakar takmarkanir vera á umr. um slíkar till. heldur gildi almennar reglur skv. 36. gr. frv. við báðar umr.

Við meðferð málsins í þingskapanefnd þessarar hv. deildar kom það sjónarmið fram að það þyrfti að hafa skýrari og víðtækari heimild til undanþágu en er skv. 5. mgr. 28. gr. frv. eins og það var lagt fram, þ. e. að það skyldu ekki vera takmarkaðar umr. um þáltill. sem varðaði staðfestingu á alþjóðasáttmálum eða milliríkjasamningum. Fram kom það sjónarmið að þetta mætti heimfæra undir það sem fyrir er í frv., að undantekningin nær til utanríkismála. En við nánari athugun kom nm. saman um að þetta þyrfti ekki að vera alltaf það sama og það sem við a. m. k. í daglegu máli köllum utanríkismál. Því væri rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og víkka út undanþáguheimildina. Það er brtt. frá þingskapalaganefnd á þskj. 822 um þetta efni, þ. e. við 28. gr., þar sem segir að undantekningin skuli einnig ná til alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í þessu frv. á meðferð fsp. skv. ákvæðum 31. gr. frv. eða nánar tiltekið 5. mgr. 31. gr. En skv. þessari málsgr. er gerð gjörbreyting frá gildandi þingsköpum á meðferð fsp. Þar er um tvennt að ræða. Annars vegar er umr. bundin við fyrirspyrjanda og viðkomandi ráðh., hins vegar er ræðutími stórlega styttur. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðh., má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðh. eigi lengur en fimm mínútur í senn. Þó er öðrum þm. en fyrirspyrjanda og ráðh. tryggður réttur til að gera stutta athugasemd, enda sé hún að þeirra dómi nauðsynleg til að koma að leiðréttingu eða upplýsingum um atriði sem máli skiptir. Með þessari breytingu vinnst tvennt. Annars vegar er komið í veg fyrir að umr. um fsp. verði almenn að þátttöku og efni og þannig tryggt að ekki verði drepið á dreif sjálfri fsp. og tilgangi fyrirspyrjanda með henni. Hins vegar gefst svo meira svigrúm til löggjafarstarfa þingsins með því að umfang fsp. í þingstörfum minnkar.

Ég kem svo að 32. gr. frv., en sú gr. fjallar um umr. utan dagskrár. Hér er um að ræða nýja gr. sem fjallar um umr. utan dagskrár, en í gildandi þingsköpun eru engin ákvæði um það efni. Hins vegar hafa í seinni tíð tíðkast umr. utan dagskrár í það ríkum mæli að rétt þykir að setja ákvæði í þingsköp um þann þátt þingstarfa. Svo sjálfsagðar sem umr. utan dagskrár geta verið orkar oft tvímælis hve nauðsynlegar þær eru. Hins vegar verður því ekki neitað að þm. fýsir ósjaldan að hreyfa áhugamálum sínum vafningalaust. Slíkt sýnir lifandi áhuga þm. á mikilsverðum málum og er því af hinu góða en ekki til að amast við. Með tilliti til þessa er

hér að finna ákvæði um umr. utan dagskrár svo að séð verði um að þm. geti hreyft áhugamálum sínum sem ekki finna sér farveg með eðlilegum hætti í formlegum þingmálum.

Ákvæði þessi fara eftir því hve mikilsverð mál er um að ræða. Eftir því fer hvort umr. eru takmarkaðar skv. ákvæðum 1. mgr. 32. gr. eða hvort svo er ekki skv. ákvæðum 2. mgr. 32. gr. Með ákvæðum í 1. mgr. er opnuð leið fyrir það að fleiri mál megi verða tekin fyrir utan dagskrár en nú tíðkast. En það má því aðeins verða að umr. séu takmarkaðar mjög.

Í frv. er gert ráð fyrir því skv. 32. gr. að í allt að hálftíma í lok hvers fundar á venjulegum fundartíma í Sþ. geti þm. fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Það hafa verið í þingskapanefnd þessarar hv. deildar nokkrar umræður um þetta atriði, einkum það ákvæði að gert er ráð fyrir þessum hálftíma sem hér er talað um í lok hvers fundar. Það hafa verið færð viss rök fyrir því að það fari ekki ætíð vel á því að binda þetta við lok hvers fundar. Það hefur komið fram það sjónarmið að betra væri að hafa þetta í upphafi hvers fundar. Það hafa líka komið viss rök gegn þeirri skipan. Niðurstaðan af umræðunni um þetta atriði var sú í hv. þingskapanefnd deildarinnar að best væri að kveða ekkert á um það hvort þessi umræddi hálftími skyldi vera í lok hvers fundar eða í upphafi hvers fundar. Rétt væri að hafa vissan sveigjanleika mögulegan í þessu efni. Það gæti farið eftir aðstæðum og atvikum hverju sinni hvað heppilegt væri og þess vegna bæri að hafa þetta óbundið. Með tilliti til þessa sjónarmiðs ber þingskapalaganefnd fram brtt. við 1. mgr. 32. gr. frv. á þskj. 822, þar sem gert er ráð fyrir að fella niður orðin „í lok hvers fundar". Eftir það mundi því upphaf 32. gr. hljóða svo: „Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í Sþ."

Ég hef núna lokið við að víkja sérstaklega að þeim greinum frv. sem fela í sér meginbreytingar frá gildandi lögum. Ég sé ekki ástæðu hér til að fara út í hinar fjölmörgu greinar sem fela í sér minni háttar breytingar, t. d. breytingar sem fólgnar eru í því að tekin eru inn í þingsköp ákvæði í samræmi við framkvæmd og venju sem fylgt hefur verið þó ekki hafi verið lögbundið. Sama er um það þegar ákvæði þingskapa hafa verið umorðuð til að gera þau skýrari og fyllri án þess að um efnisbreytingar sé að ræða. Flestar greinar frv. fela í sér einhverjar breytingar frá gildandi þingsköpum þó sumar séu smávægilegar. En ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér við 2. umr. þessar breytingar sérstaklega og skal því ekki fara út í að ræða frekar einstakar greinar frumvarpsins.

Þó vil ég vekja athygli á því að í 15. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fjárveitinganefnd sé skipuð níu mönnum. Það er í samræmi við það sem lengst af hefur gilt á síðari árum um fjárveitinganefnd. Við þekkjum það hins vegar að stundum hefur verið vikið frá þessu. Það hefur farið eftir sérstökum aðstæðum, styrkleikahlutföllum flokka og öðru slíku. Þá hafa verið sett sérstök lög um breytingu á tölu nefndarmanna í fjárveitinganefnd. Hið eðlilega við slíka lagagerð sem hér er um að ræða er að hafa, ef svo mætti segja, grundvallartöluna í þessum lögum sem við nú samþykkjum um þingsköp Alþingis og að farin verði sú leið sem jafnan hefur verið farin. Ef mönnum þykir rétt að hafa afbrigðilega tölu meðlima í fjárveitinganefnd verði það ákveðið hverju sinni með sérstökum lögum.

Mér þykir svo rétt aðeins að víkja að brtt. frá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur sem liggur fyrir á þskj. 838. Brtt. þessi felur í sér að horfið verði frá þeirri venju eða ákvæði þingskapalaga sem nú er að kosning til Ed., sem fram fer að loknum hverjum kosningum, gildi fyrir allt kjörtímabilið. Þetta sjónarmið, sem kemur fram í brtt. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, að það skuli vera kosið árlega í upphafi hvers þings til Ed., var rætt í þingskapanefnd deildarinnar. Það er í þessu efni eins og oft getur komið upp að það kann að vera að það sé ekkert fullkomlega rétt eða fullkomlega rangt og þetta geti verið álitamál. En ég vil vekja athygli á því að nefndin sem slík taldi ekki ástæðu til að breyta frá ákvæðum þingskapa nú um þetta efni. Áður fyrr var kosið til Ed. í upphafi hvers þings, en þessu ákvæði var breytt árið 1972 og ég hygg að það sé rétt að mönnum hafi fundist sérstök ástæða til að breyta þessu. Þá var líka breytt ákvæði um það að í upphafi hvers þings skyldi kjörin kjörbréfanefnd. Nú er það aðeins í upphafi fyrsta þings eftir kosningar og kosning þeirrar nefndar gildir allt kjörtímabilið.

En hvers vegna var þessu breytt með kosningu í Ed.? Ég hygg að það hafi verið gert til þess að koma meiri festu á. Festu segi ég vegna þess að það gat verið að breytingar á mannavali flokkanna til Ed. gætu haft í för með sér að raskað væri stöðu ríkisstj. sem mynduð hefði verið í upphafi kjörtímabils að loknum kosningum. Það er hægt að nefna dæmi sem sýna að slíkt gæti komið fyrir. Þingskapalaganefnd þessarar hv. deildar taldi ekki rétt að gera breytingu á í þessum efnum og því mæli ég gegn samþykkt brtt. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Við 1. umr. málsins gerði ég nokkrar athugasemdir við frv. þetta og kom með nokkrar ábendingar. Ég vakti líka athygli á því að ekki hefði verið leitað eftir almennri samstöðu meðal þingmanna um þetta mál áður en það var flutt og ekki leitað eftir samþykki allra þingflokkanna áður en það var lagt fram. Þetta taldi ég vera heldur vond vinnubrögð í svo viðkvæmu máli sem þetta er, máli sem bæði varðar sögulegar hefðir Alþingis og sjálf réttindi alþm.

Það er að skilja að góð samstaða hafi verið í nefndinni sem fékk þetta mál til meðferðar. Þó er mér kunnugt um að ekki voru haldnir sameiginlegir fundir nefnda í báðum deildum þingsins sem þó hefði verið sjálfsagt og eðlilegt í máli af þessu tagi. Þykir mér það mjög miður því að ég hefði talið að þær athugasemdir, sem kynnu að vera á kreiki í Nd., hefðu þurft að koma fram við meðferð málsins hér í Ed. Það væri öllum fyrir bestu að reyna að vekja sem mesta umræðu um málið meðal alþm. allra og tryggja að athugasemdir, sem menn hefðu fram að færa, kæmu fram og væru ræddar. En það hefur sem sagt ekki verið tryggt. Ég tek hér til máls fyrst og fremst til að staðfesta að það er ekki samkomulag um þetta mál hér í þinginu. Það hefur ekki verið sýnd fyllsta viðleitni til að ná um það almennu samkomulagi. Nauðsynlegt er að hafa þetta alveg á hreinu áður en málið kemur til umr. í Nd.

Langmikilvægustu ákvæði þessa frv. varða takmarkanir sem hér eru settar á rétt þm. til að flytja mál sitt í

þinginu. Nú er ég tvímælalaust í hópi þeirra manna sem hafa talið að sannarlega kæmi til greina að takmarka ræðuflutning manna frá því sem nú er. Ég hef tvímælalaust einnig verið í hópi þeirra manna sem hafa talið að umræður utan dagskrár hafi oftlega farið mjög úr hófi. En þegar brugðið er frá þeirri meginreglu, sem hér hefur gilt í 100 ár, að þm. skuli hafa ótakmarkaðan tíma til að flytja mál sitt þegar um almenn mál og frv. er að ræða, hefði þurft að vera um það samkomulag, a. m. k. allra þingflokkanna, og það hefði þurft að gerast eftir miklu ítarlegri umræðu en átt hefur sér stað um það mál.

Því miður blasir það við að þessi ítarlega umr. hefur alls ekki átt sér stað. Ég vil leyfa mér að fullyrða að fjöldi þm. hér í þingi hefur ekki tekið þátt í þessari umræðu eða kynnt sér til hlítar hvað felst í þessu frv. Eins og ég hef þegar lýst vantar það á að það sé eitthvert allsherjarsamkomulag þingflokka um þetta mál. Þetta er slæmt vegna þess að í eðli sínu var þetta gott mál, mál sem átti fyllsta rétt á sér, að reyna að takmarka umr. frá því sem nú er, reyna að koma í veg fyrir maraþonumræður og langlokuræðuhöld. En til þess þurfti að viðhafa eðlileg vinnubrögð og tryggja sem almennasta samstöðu. Ég er nefnilega sannfærður um að menn eru ekki að ræða hér um takmarkanir á ræðutíma varðandi þáltill. eða fsp. um þetta er fyrsta sporið í þá átt að allar umræður hér í þinginu verði takmarkaðar. Það verður miklu auðveldara að koma því fram eftir að búið er að ryðja brautina með þessum hætti. Kannske er það líka nauðsynlegt, ekki vil ég útiloka það. En ég vil leggja á það megináherslu að ég tel að þegar fyrsta sporið er stigið í þá átt að takmarka almennar umræður og ræðulengd hér í þinginu sé það lágmarkskrafa að pólitískur réttur hvers þingflokks til að tryggja viðamikla umræðu um mál sé jafnhliða þessu tryggður. Það gildir alveg jafnt um þáltill. og frv.

Ég er sem sagt ekki tilbúinn til að stíga þetta spor, að takmarka umræður um almenn mál hér. Það gegnir kannske dálítið öðru máli um fsp. nema að réttur þingflokkanna og þá auðvitað þar með taldrar stjórnarandstöðu á hverjum tíma sé ræki lega tryggður þannig að ef þingflokkur telur mál svo mikilvægt að þessar þröngu tímatakmarkanir megi ekki gilda í þessu sérstaka tilviki verði menn að lúta því. Þetta er það sem ég kalla lágmarksrétt þingflokka og er í reynd fyrst og fremst lágmarksréttur stjórnarandstöðunnar vegna þess að hún þarf mest á þessum rétti að halda. Ég tel að þegar slík bönd eru lögð á umræður hér verði öryggisventill af þessu tagi að vera fyrir hendi. Því hef ég flutt hér brtt. við 28. gr. sem er svohljóðandi að eftir 3. mgr., þar sem fjallað er um meðferð þáltill. komi ný málsgrein sem orðist svo:

„Nú er mál svo mikilvægt að dómi þingflokks að þörf er meiri umræðna við 1. umr. málsins en gert er ráð fyrir í 3. mgr. og skal þá tilkynna það forseta áður en umræða hefst. Gilda þá ekki tímamörk 3. mgr. Hver þingflokkur má þó aðeins nota sér þessa heimild þrisvar á hverju þingi."

Ég leitaði eftir samkomulagi um hugsun af þessu tagi við þá nefnd sem um þetta fjallaði og raunar kynnti ég fyrir henni fleiri hugmyndir, en nefndin taldi að sköpunarverkið sem fyrir lá væri svo heilagt að ekki mætti við því hrófla og sá ekki ástæðu til þess að hirða um þessa till. Hún er því hér flutt við 2. umr. málsins og er flutt um leið sem áminning um það að ekkert samkomulag er um þetta mál og að sú skoðun er uppi hér í þinginu m. a. af minni hálfu að án breytinga á þessum lögum sé um hættulega braut að ræða.

Menn vilja kannske fá að vita hvert gæti verið það tilvik þar sem ekki væru nægilegar umræður um þál. með þeim tímatakmörkunum sem hér er gerð till. um. Ég vil þá nefna hér eitt dæmi mönnum til umhugsunar. Við skulum hugsa okkur að það sé ákaflega sterk ríkisstjórn í landinu sem hafi að baki sér fjölmennt lið þm. og um leið hafi þessi stjórn ákaflega góða stjórn á sínu þingliði. Nú vill þessi ríkisstjórn losna við umræður á Alþingi, losna við þinghald á miðjum vetri um nokkurra mánaða skeið, við skulum segja þriggja til fjögurra mánaða skeið, án þess þó að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga og hefur til þess meiri hluta meðal síns þingliðs af einhverjum sérstökum ástæðum. Við getum hugsað okkur að það sé eitthvert óvenjulegt ástand í þjóðfélaginu sem geri það að verkum að hugmyndir af þessu tagi komi upp og ríkisstj. flytur hér að kvöldi dags till. um það að fundum þingsins sé frestað í þrjá, fjóra mánuði. Ef frv. verður samþykkt eins og hér liggur fyrir hefur aðaltalsmaður stjórnarandstöðunnar átta mínútur til þess að andmæla þessum aðförum við 1. umr. Það er eina tækifærið sem hann fær til að vekja athygli á málinu áður en það er endanlega frágengið daginn eftir. Menn segja vissulega að maðurinn geti talað tvisvar. Jú, hann getur talað tvisvar — tvisvar sinnum átta mínútur, kannske er það kappnóg til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. En menn sem þannig hugsa gera sér greinilega ekki mikla grein fyrir því hvert er eðli hins pólitíska lífs.

Það segir sig sjálft að ef ríkisstj. beitir slíku úrræði, að vilja senda þingið heim í þrjá til fjóra mánuði, þá er nauðsyn á því fyrir lýðræðið í landinu að þeir sem vilja andmæla þessu fái meira tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og rökum á framfæri en tvisvar sinnum átta mínútur, jafnvel þótt einhverjir aðrir þm. úr sama flokki megi tala þar að auki. Við skulum segja að þeir væru tíu talsins sem töluðu, en þeir væru allir búnir með sinn ræðutíma eftir 160 mínútur. Það gæti verið rétt á milli sex og hálfníu. Þar með væri sá draumur búinn.

Auðvitað er nauðsyn á því að í slíkum undantekningartilvikum geti stjórnarandstöðuflokkur sagt: Hér er um slíkt stórmál að ræða að það verður að leyfa fullar umræður um málið, það verður að leyfa talsmönnum okkar að rökræða hið pólitíska ástand í landinu rækilega, vekja athygli á öllum hliðum málsins, skyldum málum og tengdum, en ekki afgreiða málið til nefndar á fáum mínútum.

Ég vil taka það fram að ég tel að þm. og ríkisstj. nægi að öllu jöfnu 15 mínútur til að mæla fyrir máli, ég er ekki að kvarta sérstaklega yfir því. En mér finnst að þegar sérstaklega stendur á, þegar einn þingflokkur telur nauðsyn á að mál fái meiri umræðu en felst í þessum átta mínútum á mann, þá eigi og verði að leyfa það. Mér þykir ansi hart að ekki skuli vera skilningur á þessu og að menn ætli sér bersýnilega að böðla þessu máli áfram í krafti mikils meiri hluta án þess að taka tillit til aðvörunarorða og sjónarmiða sem fram koma frá ýmsum hér í þinginu. Því að það ætti ekki að þurfa að kosta mikið og ég er sannfærður um að regla af þessu tagi mundi ekkert tefja þingstörf. Henni yrði ekki beitt nema sárasjaldan og mundi því engu breyta um þing-

störfin en gæti verið stórkostlega mikilvæg á örlagaríkum tímum þegar menn telja sérstaklega sé á því þörf.

Ég tel að eitthvert hliðstætt ákvæði ætti líka heima í greininni um utandagskrárumræður. Satt best að segja finnst mér að ákvæðið um utandagskrárumræður sé óttalegt klúður, að ekki sé meira sagt. Fram að þessu hafa utandagskrárumræður byggt á þingræðislegri hefð og það er rangt ef einhver heldur því fram að þm. hafi engan rétt haft í þessu efni, það hafi bara mátt ganga yfir þá eins og mönnum sýndist og það hafi verið algjörlega í valdi forseta hvort menn yfirleitt fengju nokkuð að tala utan dagskrár eða ekki. Utandagskrárumræður byggja á svo langri þingræðislegri hefð að það er hafið yfir allan vafa að þm. eiga þennan rétt enda hafa forsetar ekki reynt að taka hann af mönnum. Hitt er allt annað mál að utandagskrárumræður hafa farið úr hömlu. Þær hafa verið allt of viðamiklar hér í umræðum Alþingis og það er nauðsynlegt að reyna að komast að einhverju samkomulagi um það hvernig þeim skuli hagað. En ég er ekki þeirrar skoðunar að hér hafi menn fundið réttu lausnina og ég teldi betur að það væri ekki eitt einasta orð um utandagskrárumræður í þessum þingsköpum heldur en hafa þessa klausu sem þar er.

Það er gert ráð fyrir því að tekin sé upp umræða sem standi í 30 mínútur og að þar geti menn komið með hvert það mál sem mönnum liggur á hjarta. En þeir fá að sjálfsögðu ekki langan tíma til að vekja máls á því sem þeim liggur á hjarta. Það virðist vera að þarna eigi að ræða allt í belg og biðu. Við getum hugsað okkur að fyrsti maðurinn komi og ræði um stórkostlega mikilvægt utanríkismál sem hann vekur athygli á og svo komi strax ræðumaður þar á eftir sem ræðir um fjárhagsmálefni ríkisins og enn kemur kannske ræðumaður þar á eftir sem vekur athygli á nýjustu fríðindum bankastjóra. Það er ekki víst að þessir þm. hafi fengið nein svör frá einum eða neinum. Það virðist ekki hvíla á einum eða neinum skylda til að svara þeim nema þá að eigi að líta á ræðu fjórða ræðumannsins sem svar, en hann er kannske að kvarta yfir nýjustu fyrirmælum forseta um krotun á veggi í símaklefum. Svona getur umræðan haldið áfram í einn hálftíma. Menn hafa ætt úr einu í annað án þess að það sé nokkur heil brú í umræðunum. Mér sýnist að þarna sé stefnt að eldhúsdegi í 30 mínútur. Það getur kannske haft sína kosti en ég er ansi hræddur um að þessi umræða yrði oft og tíðum dálítið sundurlaus. A. m. k. skil ég það svo að þarna verði mönnum leyft að koma með hvert málið af öðru og það sé ekki endilega verið að ræða eitt einstakt mál í þessum ræðutíma.

Hvenær á svo að beita þessu og hvenær ekki er harla óljóst. En ég tel að það þyrfti að vera réttur þingflokka til að krefjast þess að utandagskrárumræður um mál fari fram utan þessa tíma og án þess að ræðutími sé þar takmarkaður. Það gæti vel komið til greina að ef mönnum sýndist að hér yrði um að ræða óhóflegar umræður væri réttur þingflokka til að gera slíkar kröfur að einhverju leyti takmarkaður, eins og ég hef gert till. um.

Ég hef hér rætt um tvö atriði í þessum þingskapalögum sem ég tel verulega gölluð. Ég er auk þess alls ekki ánægður með málsmeðferðina, hefði talið bráðnauðsynlegt að sjónarmið, sem uppi kynnu að vera í Nd., fengju farveg inn í þessa umr. hér í Ed. með því, eins og oft er, að nefndir beggja deilda starfi saman. En það mun ekki vera búið að kjósa nefndina í Nd. og ætti það þó að hafa verið auðvelt fyrir forseta þingsins að tryggja að svo yrði gert. Ég verð sem sagt að segja það eins og er að án breytinga get ég ekki fallist á þetta frv. og mun ekki greiða því atkvæði verði ekki á því gerð a. m. k. þessi mikilvæga breyting sem ég hef hér vakið athygli á.

Ég vil svo taka það fram varðandi till. hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur að þar tel ég að vakin sé athygli á galla í þingstörfum. Ég sé ekki annað en það sé sjálfsagt að verða við till. hennar um það að breyta þessu og kjósa til Ed. á hverju ári. Það er áreiðanlega heppilegra fyrir alla aðila að svo sé gert. Ég er ekkert frá því að það sama ætti að gilda um kosningu kjörbréfanefndar þótt þm. hafi að vísu ekki gert till. um það og ég láti það þá kyrrt liggja. En mér sýnist að ábending þm. sé þörf og ég mun greiða þeirri till. atkvæði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa frv. gerði ég fáeinar athugasemdir við efni þess og er skemmst frá því að segja að hv. þingskapanefndin, sem haft hefur þetta frv. til meðferðar milli 1. og 2. umr. hér í hv. deild, hefur fjallað um þær svo og um athugasemdir annarra hv. þm. og eins og fram kom í máli hv. frsm. n. hefur nefndin komist að samkomulagi í helstu atriðum þótt enn kunni eitthvað að bera á milli sums staðar.

Við lokaafgreiðslu frv. í nefnd varð það að samkomulagi að einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv. þótt ekki væri það tekið sérstaklega fram í nál. Því hef ég á þskj. 838 leyft mér að flytja brtt. við 8. gr. frv. þess efnis að tekið verði upp aftur það fyrirkomulag, sem í gildi var fram til ársins 1972, að kjósa til Ed. í upphafi hvers þings. Upphaflega gerði ég till. um að hverjum þingflokki væri heimilað að láta kjósa um fulltrúa sína í Ed. í upphafi hvers þings ef hann óskaði. En við nánari athugun hef ég komist að þeirri niðurstöðu að heppilegra sé að kosið sé til allrar deildarinnar í einu þar sem menn geta þá í hvert skipti haft yfirsýn yfir samsetningu deildarinnar, ef svo má að orði komast, og geta þá tekið mið af því við kosningu hverju sinni. Jafnframt geta menn þá tekið mið af stöðu ríkisstj. í deildum hverju sinni.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. þingskapanefndar og í þingskapanefndinni sjálfri kom fram það sjónarmið að af þessu fyrirkomulagi, þ. e. því fyrirkomulagi að kjósa á hverju ári til Ed., mundi skapast óróa í þingstörfum, eins og það var orðað. En ég fæ ekki séð hvernig það getur staðist þar sem hlutfall fulltrúa þingflokkanna breytist vitaskuld ekki. Ef þetta óróasjónarmið ætti við einhver rök að styðjast lægi auðvitað beinast við að kjósa í nefndir einnig fyrir allt kjörtímabilið, forseta, varaforseta og skrifara sömuleiðis. En það er ekki gert og það hafa engar tillögur komið fram um að breyta því fyrirkomulagi.

Svo að ég víki aðeins aftur að stöðu ríkisstj. í deildum sem hv. frsm. gerði hér að sérstöku umræðuefni, þá er það álitamál hvort binda eigi lýðræðisskipan þingsins á þann veg að þar geti ekki orðið breytingar á ef samviska þm. býður þeim svo við að horfa. En það var ekki það atriði sem vakti fyrir mér við flutning þessarar brtt. heldur fyrst og fremst það að rétt eins og að kjósa til nefnd í upphafi hvers þings, þá veitir kosning til Ed. í upphafi hvers þings þingflokkum nauðsynlegan sveigj-

anleika til að dreifa vinnukrafti sínum — en við hv. þm. erum vitaskuld vinnukraftur og ég trúi því ekki að nokkur hv. þm. hafi gleymt því — eins og þingflokknum þykir best henta hverju sinni. Þar með fæst sveigjanleiki fyrir þingflokkinn til að aðlaga sig þeim breytingum sem kunna að verða á kjörtímabilinu og sem ófyrirsjáanlegar kunna að vera í upphafi þess. Þar má nefna t. d. fráfall kjörins þm. á kjörtímabilinu, breytingar á málefnaáherslum og þar fram eftir götum.

Þessi sveigjanleiki, sem ég er hér að ræða um, er held ég einkum og sér í lagi mikilvægur fyrir litla þingflokka sem hafa fáum þm. á að skipa og eiga því meira undir því komið en stórir þingflokkar að hægt sé að hnika til mönnum þannig að þeir nýtist sem best í þingstarfinu á hverjum tíma. Þetta er meginhugsunin sem liggur að baki þeirrar brtt. sem ég ber hér fram á þskj. 838.

Hvað önnur atriði þessa frv. varðar sem ég gerði athugasemdir við við 1. umr. um málið, þá tel ég að vel hafi verið komið til móts við mismunandi sjónarmið í þingskapanefndinni. Ég tel að tímamörk í umræðum í Sþ. bæði hvað varðar fsp. og þáltill. séu vel við unandi og bendi jafnframt á brtt. sem þingskapalaganefndin flytur á þskj. 822 þar sem rýmkuð eru ákvæði 28. gr. á þann veg að þessi tímamörk gildi ekki um staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga.

Einnig gerði ég við 1. umr. um málið athugasemd við 34. gr. frv. þar sem svonefnd forföll eru eina ástæðan sem nefnd er fyrir nauðsynlegri fjarveru þm. frá þingi. Um það var gott samkomulag og sameiginlegur skilningur í hv. þingskapalaganefnd að forföll í þessu samhengi gætu náð yfir allar hugsanlegar ástæður sem hamlað geta þm. setu á þinginu og sé þm. eftir sem áður kleift að tilgreina ástæður fjarveru sinnar eins og hann eða hún kýs. Ég er með þessum skýringum og skilningi sátt við óbreytt orðalag 34. gr. og við frv. eins og það liggur nú fyrir með brtt. frá þingskapalaganefnd að undanskilinni 8. gr. vitaskuld sem ég hef hér flutt brtt. um.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það kemur engum á óvart, eins og fram kom við 2. umr. þessa máls, að ekki séu allir á einu máli um breytingu af því tagi sem hér um ræðir. Það hljóta að vera margar skoðanir og misjafnar á lofti þegar að viðkvæmum atriðum er komið eins og t. d. takmörkun á ræðutíma og ákvæðum um utandagskrárumræður þegar þau eru fest í þingsköp. Hér hefur hv. 3. þm. Norðurl. v. flutt ræðu bæði um málsmeðferð og sömuleiðis um það hver niðurstaðan hafi endanlega orðið í þingskapalaganefnd, m. a. um þær brtt. sem hann flutti inn í þá nefnd. Ég hafði reyndar að sumu leyti áður flutt þær till. sem vilja míns þingflokks inn í nefndina og var að hluta til komið til móts við þær, verulega í sumum greinum, minna í öðrum, eins og gengur.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi um málsmeðferð og vissulega hafði hann þar nokkuð til síns máls. Ég vék að þessu í nefndinni en sú nefnd, sem hann ræddi um að hefði átt að koma til samráðs við okkur í Ed.-nefndinni, hefur enn ekki verið kjörin í Nd. og því nokkuð óhægt um vik. Ekki virtist knúið á um það af hálfu þingflokka að sú nefnd yrði kjörin samhliða svo að sameiginlega væri hægt að ræða um þessi mál.

Ég vil taka það fram að þó að ég hafi gert mér ljóst að mjög misjafnar skoðanir væru í mínum þingflokki á einstökum atriðum í þessu frv. þá leit ég á mitt hlutverk þar — ég ítreka það hér — sem það fyrsta og síðasta að ná skynsamlegri málamiðlun um þau atriði sem ágreiningur var um og er um enn. Ég hefði getað séð ýmislegt af þessu öðruvísi og þannig hygg ég að sé um fleiri þá sem sátu í upphaflegri þingskapalaganefnd og sömuleiðis í þeirri nefnd sem kjörin var hér í Ed. sérstaklega til að fjalla um málið. Ég held hins vegar að það verði reynslan ein sem geti skorið úr um það hvernig hafi til tekist við það að semja þessi þingsköp nú. En mér datt aldrei í hug að fullur einhugur yrði hér um jafnviðkvæma þætti og hér er um að ræða.

Ég dreg ekkert úr því að þær breytingar, sem hér er verið að gera, eru veigamiklar í mörgum atriðum, en fara vitanlega að mjög miklu leyti eftir þeim anda sem ríkir varðandi framkvæmd þeirra. Í því efni þótti mér hv. 3. þm. Norðurl. v. mála væntanlegt ástand alldökkum litum. Mér er ómögulegt að vera svo svartsýnn sem hann varðandi lýðræðið í kringum þessi nýju þingsköp. Það má vera að í þeim felist viss hætta ef full óbilgirni er á ferðinni eins og mér fannst hv. 3. þm. Norðurl. v. reikna með að gæti komið upp af hálfu ríkisstj. og forseta þingsins. Ekki skal ég fortaka að við fáum slíka einræðisstjórn, hvort sem er ríkisstj. eða stjórn á þinginu. En ég bendi þá á að sú sama stjórn sem þannig væri hugsandi væri fljót að breyta þingsköpum í þá einræðisátt sem hún vildi ef það væri ætlunin að beita þm. ofbeldi í þeim efnum.

Því er ekki að neita að það er tilhneiging hjá ýmsum ríkisstjórnum að reyna að hafa áhrif á stjórnun þingsins. Það þekki ég sjálfur og veit af eigin raun. Hins vegar held ég að við verðum að treysta því að hér veljist til stjórnar í þinginu aðilar sem hafa fulla reisn gagnvart sinni ríkisstj. á hverjum tíma og traðki ekki á vilja hins almenna þm. á þann hátt sem mér fannst hv. 3. þm. Norðurl. v. reikna með að kynni að vera hætta á.

Þær breytingar sem hér eru gerðar eru vissulega veigamiklar og ég vil víkja að þeim örfáum orðum nú. Ég skal vera stuttorður því að ég sagði nokkurn veginn það sem ég ætlaði að segja við 2. umr. en tel þó rétt að árétta um þær breytingar sem hafa helst verið til umr. í nefndinni.

Fyrst varðandi 32. greinina og utandagskrárumræðurnar í heild. Ég hef litið svo á að ákvæðið um hálftíma þar sem menn gætu tekið upp málið utan dagskrár væri rýmkunarákvæði umfram þá hefð sem gilt hefur. Það gæfi tilefni og möguleika til orðaskipta þar sem þau gætu átt sér stað í knöppu en árangursríku formi þar sem athygli væri beint að ákveðnu máli. Ég segi árangursríku og kannske árangursríkara en í þeim löngu orðræðum sem oft verða utan dagskrár sem teygjast út í óendanleikann að manni finnst stundum og tilgangsleysið um leið.

Ég tel og legg á það skýra áherslu hér og veit að það er þannig í huga okkar allra sem að þessu stöndum að áfram muni og ekki síður með lögfestingu ákvæðis í síðari málsgreininni tryggt að stór og aðkallandi mál verði áfram í þeim farvegi sem hefð hefur skapast um. Engum forseta er stætt á því að neita umræðum utan dagskár um raunverulegt stórmál. Ég held hins vegar að utandagskrárumræður séu of oft í auglýsingatilgangi einum, enda hafa þær verið slík dekurbörn fjölmiðlafólks að þingmál hafa fallið í skuggann jafnvel þó að um

hrein auglýsingamál væri að ræða. Ég tala nú ekki um þegar menn hafa komið hér upp í utandagskrárumræðum einungis til að setja upp heilags-anda-svip.

Í öðru lagi vil ég segja það að varðandi ræðutíma í umræðum um þáltill. finnst eflaust sumum þrengjast sinn hagur, m. a. geta þagnir ekki orðið eins langar og áhrifaríkar og er í sumum ágætum þingræðum sem hér eru fluttar. Ég hefði út af fyrir sig betur fellt mig við það, eins og ég ítrekaði oft í nefndinni, að þetta mættu eins vera 20 mínútur og 10 mínútur þar inni í. En samkomulag náðist þó um rýmkun frá upphaflegri gerð og mín skoðun er sú að það sé hollt hverjum og einum hér inni að vanda svo til framsögu að aðalatriðið komist til skila á 15 mínútum. Enda aðrar 15 mínútur upp á að hlaupa ef mönnum er alveg sérstaklega mikið niðri fyrir.

Mér sýnist að með nokkuð almennri þátttöku allra þingflokka í umræðum um þáltill. geti hún með eðlilegum hætti staðið í tvo tíma, með eðlilegri og nokkuð jafnri þátttöku allra þingflokka auk framsögumanns í umræðum. Það er allnokkuð um eina þáltill. Ég tala nú ekki um ef þáltill. er svo samþykkt og sofnar svo síðan svefninum langa uppi í viðkomandi ráðuneyti. En það er önnur saga. Auðvitað getur þessi umræða orðið þaðan af lengri ef enn meiri umræða verður og enn fleiri taka þátt. Ég hygg að sumum þyki það fullnóg. Mér þykir það t. d. fullnóg að standa hér í ræðustól í 15 mínútur og gera grein fyrir mínu máli.

Ég held að menn megi ekki gleyma hve mörg mikilvæg mál eru án tímatakmarkana. Um lagafrv. gilda áfram umræður utan enda svo sem nú er. Ég tek það líka fram í sambandi við þetta að vissulega er rétt sú áminning sem kom fram hér hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, um það að það eru kannske einstaka tilvik í þessu efni sem geta verið hættuleg á dögum ríkisstj. sem vilja fyrst og fremst beita ofríki og valdi, eins og t. d. till. um frestun á störfum Alþingis. Það væri vel til athugunar að skoða það vegna þess að þar er um mjög veigamikinn þátt að ræða. Ég hefði líka alveg eins viljað sjá heldur rýmri tíma fyrir þátttöku í umræðum um fyrirspurnir fyrir aðra en fyrirspyrjandan og ráðh. En ég sætti mig við samkomulag um stutta athugasemd og ég þykist sjá að það muni fela í sér mikla breytingu í framkvæmd, eða að hver þm. megi tala í tvær mínútur.

Ég vek athygli á því enn og aftur svo að það komi skýrt fram í þingtíðindum að það voru uppi mjög ákveðnar raddir í þingskapalaganefndinni um það að þáltill. skyldi vísað umræðulaust til nefndar. Gagnvart þessum sjónarmiðum snérumst við ýmsir í þingskapalaganefnd og samkomulag varð hér um á þennan máta. Og merkilegt nokkuð þá á ég ekki von á því að neinn vilji í alvöru hvorki í þessari hv. deild né heldur í Nd., taka upp þann hátt aftur frá því sem núgildandi þingskapalög segja til um að umræður um allar þáltill. geti verið án allra takmarkana. Ég stórefa það a. m. k. að nokkur fyrirfinnist hér sem vilji beina þessu öllu í þann farveg.

En ég tek undir það með hv. 4. þm. Vestf., frsm. nefndarinnar, að það sem olli því að ég gat fallist á þetta fyrirkomulag um fsp. er einmitt það að umr. um fsp. hafa svo oft farið út um víðan völl og sjálf fsp. og efni hennar hefur týnst með öllu. Ég tala nú ekki um þegar fjölmiðlafólkið hefur verið hér á ferðinni og gripið eitthvað það æsilegasta út úr þessu sem þeir hafa fundið sem besta uppsláttinn og gjörsamlega gleymt fsp. fyrirspyrjanda og því efni sem fsp. fjallaði um. Ég hef oft spurt sjálfan mig að því þegar ég hef hlustað á þessar fréttir eða lesið þær: Hvers á fyrirspyrjandinn að gjalda sem hefur komið með þinglega fsp. og fengið svar við henni hjá viðkomandi ráðh. og hvar er hans réttur þá?

Um rétt einstakra þingflokka til að fá lengri ræðutíma um einstök mál eins og gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. Ragnar Arnalds 3. þm. Norðurl. v. þá er það út af fyrir sig eðlileg ósk. Ég tek það hins vegar fram að enginn annar þingflokkur en minn eiginn var með slíka ósk svo að samkomulag um það atriði var útilokað í þingskapalaganefndinni. En eins og hv. 11. þm. Reykv. kom inn á áskilja menn sér rétt til að flytja eða fylgja einstökum brtt. enda er hér svo úr dregið að þrátt fyrir mismunandi meiningar liggja hér ekki fyrir nema tvær beinar brtt. við þetta stóra og veigamikla frv.

Ég lýsti því einnig yfir í nefndinni að ég gæti eins stutt það að kjör til Ed. færi fram ár hvert. Ég tel það vera meira formsatriði en mjög verulegt efnisatriði. Ég get því alveg hugsað mér að opna þennan möguleika þó að ég geri mér grein fyrir því að það kannske skapast meiri festa við það að á sama kjörtímabili sitji sömu þm. í hvorri deild — ég tala nú ekki um hér í þessari deild — það er mjög mikilvægt. Þetta er ekkert meginatriði enda held ég að það hafi verið nærri lagi að menn gætu fallist á þetta en gerðu það ekki að neinu stóru atriði í nefndinni.

Má ég svo aðeins vona að þrátt fyrir allt séum við nú hér á réttri leið, þeirri leið sem ég veit að vakir fyrir öllum hv. þm., að gera vinnubrögðin hér skilvirkari, skipulegri og betri og minnka óþarfa hjal þó að nóg muni þar eftir standa, að mínu viti, en auka þá veg stofnunarinnar með virkari og betri reglum sem allir geti unað sæmilega við. Það vona ég að verði reynslan af þessum breytingum þegar þær verða komnar í framkvæmd og að hrakspár rætist sem allra minnst í þeim efnum.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstvirtur forseti. Ég taldi mig hafa nokkurt tilefni til að taka til máls eftir ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Í millitíðinni hafa talað hv. 11. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl. Ég get stytt mál mitt ákaflega mikið eftir ræðu hv. 2. þm. Austurl. Þar kom fjölmargt fram sem ég hefði viljað leggja áherslu á og það er engin ástæða til þess fyrir mig að fara að ítreka það sem þar kom fram. En rauði þráðurinn í því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði var að lögð hefði verið áhersla á svo sem framast mátti vera við undirbúning þessa máls og á hverju stigi þess fyrir sig að ná sem víðtækustu samkomulagi. Þetta kom líka fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv. sem sagði að það hafði verið vel komið til móts við mismunandi sjónarmið í þingskapalaganefndinni, eins og hv. þm. komst að orði.

Ef þetta er haft í huga verð ég að segja að ég undraðist nokkuð, svo ég segi ekki meira, þegar ég heyrði sumt af því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði í sinni ræðu. Hv. þm. sagði m. a. að ekki hefði verið leitað eftir almennri samstöðu og samþykki þingflokka. Hann sagði að þetta hefðu verið vond vinnubrögð. Hann sagði að hin ítarlega umræða hefði ekki átt sér stað. Hann sagði að ætlunin væri að böðla málinu í gegn, orðrétt. Ég verð að segja að þetta eru ekki

einungis órökstudd ummæli, þetta eru óviðurkvæmleg ummæli og fullkomlega ástæðulaus og þau eru ekki makleg gagnvart öllum, hverjum og einum af þeim mönnum sem hafa starfað í þingskapalaganefndinni frá 1983. En þessi hörðu ummæli um málsmeðferð valda því að ég kemst ekki fram hjá því að rifja upp málsmeðferðina í örfáum orðum til að undirstrika það að frá upphafi og á hverju stigi málsins hefur jafnan verið leitast við að ná sem víðtækastri samvinnu og samstöðu.

Í upphafi byrjar þetta með því að það eru formenn allra þingflokkanna sem flytja þál. um að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða þingsköp Alþingis. Það voru formenn allra þingflokkanna sem stóðu að þessu. Formenn allra þingflokkanna stóðu líka að samkomulagi um það hvernig nefndin skyldi skipuð. Veigamikill þáttur í því samkomulagi var sá að það skyldi vera fulltrúi frá hverjum þingflokkanna í þessari nefnd. Það var líka leitað eftir samkomulagi milli þingflokkanna um það hvaða einstaklingar væru í nefndinni. Það var aðeins boðinn fram einn listi við kjör í nefndina af því að það var algjör samstaða hjá öllum þingflokkunum. Þannig byrjaði þetta.

Í starfi nefndarinnar komu fram mismunandi sjónarmið í sambandi við einstaka þætti. Fulltrúi frá einum þingflokkanna kom með annað sjónarmið og aðra skoðun en fulltrúi frá öðrum þingflokki. En það var setið yfir þessu máli mánuð eftir mánuð til að ræða málin, leitast við að finna samstöðu. Það var unnið á þeim grundvelli að skynsamir menn gætu sannfært aðra eða látið aðra sannfæra sig. Það voru engir hleypidómar uppi í nefndinni, ég fullyrði það, frá nokkrum manni frá hvaða flokki sem um var að ræða.

Nú ætla ég ekki að fara að lýsa hér nánar starfi nefndarinnar. Flokkarnir voru í eins góðu sambandi við nefndina og verið gat. Áður en nefndin skilar nokkrum formlegum till. frá sér lætur hún hugmyndir sínar — það var orðað svo, það voru ekki till. — ganga til athugunar í þingflokkunum. Það skeður í febrúarmánuði. Og gert var ráð fyrir að nefndin skilaði ekki sínum endanlegu till. fyrr en að lokinni þessari athugun í þingflokkunum. Það var sérstaklega beðið um að fram kæmu hugmyndir og athugasemdir frá flokkunum til þess að hægt væri að grandskoða einstök atriði. Svo er gefinn tími fyrir þingflokkana eftir að komið er á þetta stig til þess að athuga málið. Það er ekki rasað um ráð fram. Þetta var í febrúar, nefndin gengur ekki frá sínu áliti fyrr en í apríl.

Ég tel rétt að geta þess að við 1. umr. þessa máls kom upp ágreiningur um til hvaða nefndar ætti að vísa málinu. Hv. 3. þm. Norðurl. v. lagði til að málinu væri vísað til hv. allshn. Ég lagði ekki til að málinu yrði vísað til fastanefndar. En þegar umr. var lokið og þetta var komið fram beindi ég þeim orðum hér úr þessum ræðustól til hv. dm. að þegar þeir gengju á flokksfundi sína eftir nokkrar mínútur tækju þeir þetta mál fyrir enn á ný á flokksfundum. Og ég bað um m. a. að leitað yrði eftir því hvort nokkur breyting væri á afstöðu flokkanna í þá veru að þeir væru ekki reiðubúnir til að ljúka þessu máli á þessu þingi. Í framhaldi af þessu og daginn eftir boða ég formenn allra þingflokka á minn fund til að ræða málið. Þar var komist að samkomulagi um að vísa málinu til sérnefndar, sérstakrar þingskapalaganefndar sem yrði kosin í deildinni. Það kom fram á þessum fundi allra þingflokksformanna að það mundi ekki stefna þessu máli neitt í hættu þó að því væri vísað til sérnefndar, það væri nógur tími vegna þess að menn gengju út frá því að allir þingflokkarnir vildu afgreiða málið á þessu þingi. Mér þykir rétt að rifja þetta hér upp.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. fann að því að ekki hefðu verið sameiginlegir fundir í þingskapalaganefnd þessarar hv. deildar og þingskapalaganefnd Nd. til þess að það gætu komið fram sjónarmið úr Nd. Um þetta er fyrst að segja, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að það er ekki búið að kjósa þingskapalaganefnd í Nd. Og ég hygg að mér sé óhætt að segja að a. m. k. undir venjulegum kringumstæðum er slíkt ekki gert fyrr en málið kemur á dagskrá í viðkomandi deild. Það kann þó að vera að það hefði mátt gera það. En ég ræddi þetta mál við forseta Nd. sem jafnframt var varaformaður í þingskapalaganefndinni sem vann þetta frv. Niðurstaðan af þeim umr. varð sú að það þyrfti ekki að skaða neitt málið þó að nefndin í Ed. tæki þetta til meðferðar út af fyrir sig með því að við ákváðum þá jafnframt að kalla saman þá þingskapalaganefnd, sem kosin var 1983 og hafði unnið frv., til þess að taka málið á ný til athugunar eftir 1. umr. í þessari hv. deild. Þetta var gert. Og ég fæ ekki séð að frá þessu sjónarmiði einnig hafi ekki verið reynt að vanda vel alla málsmeðferð í meðferð þessa frv. og undirbúningi að því.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi allítarlega um þetta frv. við 1. umr. og ég skal ekki fara að rifja það upp sem hv. þm. sagði þá. Ég benti honum á að sumt af því sem hann sagði gæti ekki staðist vegna þess að það væri misskilningur. Og ég tók eftir því að hv. 3. þm. Norðurl. v. vék ekki sérstaklega að eða gerði ekki að meginmáli sínu þau atriði sem við ræddum um við 1. umr. og ég taldi að væri þannig varið sem ég var að segja nú. Ég skal því ekki fara að rifja þau atriði upp frekar, svo sem þá fullyrðingu hv. 3. þm. Norðurl. v. við 1. umr. að með frv. þessu væri sérstaklega vegið að stjórnarandstöðunni hver sem hún nú væri á hverjum tíma.

En hv. 3. þm. Norðurl. v. kom núna að tveim atriðum sem ég kemst ekki hjá að víkja að nokkrum orðum.

Hv. þm. taldi að það gæti verið voðinn vís ef ríkisstj. ætlaði að gefa Alþingi leyfi þrjá til fjóra mánuði á reglulegum tíma Alþingis. Þá yrði ekki komið vörnum við vegna þess hvernig búið er að málum skv. þessu frv. ef að lögum yrði. Hv. 2. þm. Austurl. tók af mér að nokkru leyti ómakið að svara þessu. Það er nokkuð langsótt þetta dæmi. Ég hygg að það sé ekki raunhæft að því leyti að það geti aldrei staðið eitt og sér heldur komi þá inn í það miklu víðtækari misnotkun á þingsköpum og raunar meira en það og skal ekki fara frekar út í þá sálma.

En ég held líka að þó að við tækjum þetta dæmi hv. 3. þm. Norðurl. v. sem alvörudæmi, þó að við tækjum hann á orðinu um það að það geti verið að ein ríkisstj. beiti ofbeldi eða vilji beita ofbeldi á Alþingi til þess að reka þingið heim í þrjá til fjóra mánuði, hann nefndi þrjá til fjóra mánuði á venjulegum þingtíma, þá held ég að frv., eins og það er, sjái við þessu ef grannt er skoðað, jafnvel betur en núverandi þingsköp. Hvers vegna? Í frv. segir að það skuli vera tvær umr. um allar þáltill. Það eru ekki skv. núgildandi lögum tvær umr. um allar þáltill. M. ö. o. slík þáltill., sem hv. 3. þm.

Norðurl. v. ætlar í sínu dæmi að geta komið fram, verður að fá tvær umr. skv. þessu frv. Hún getur ekki verið samþykkt öðruvísi og seinni umr. er algerlega óháð öllum takmörkunum, síðari umr. eru ekkert takmarkaðar, ekkert.

Annað atriði sem snertir þetta er það að í núverandi þingsköpum segir ekkert að það skuli vísa málinu til nefnda eftir 1. umr. En í frv. sem við nú fjöllum um, í 20. gr. er það tekið fram. Það eykur öryggið fyrir Alþingi í þessu dæmi sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gefur sér. Ég vil þess vegna segja að í fyrsta lagi vitna ég til þess sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um það hve ólíklegt væri að svo skýrt dæmi kæmi upp og svo einangrað eins og hér er gert ráð fyrir og í öðru lagi ég undirstrika ég það sem ég hef sagt um að jafnvel þó svo væri sæju þingsköp, sem væru skv. því frv. sem við nú ræðum, betur við vandanum, ef eitthvað er, en núgildandi þingsköp.

Þá er hitt atriðið sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kom sérstaklega að og það er um 32. gr. Ég get verið mjög stuttorður um það sem ég hafði látið mér detta í hug að segja við hv. 3. þm. Norðurl. v. um það efni eftir að hafa hlýtt á mál hv. 2. þm. Austurl. um þetta efni. Ég held að það geti ekki verið neinn misskilningur að það er verið að rýmka heimildina til þess að menn geti komið með áhugamál sín utan dagskrár í þessu frv. Það er verið að rýmka hana frá því sem nú er. Og það höfðum við í huga að gera það með tilliti til þess að við vorum að þrengja að í sambandi við þáltill. og fsp. Þess vegna var það vitandi vits. En auðvitað sjá menn að þegar svo er rýmkað verða að vera takmörk fyrir því hvað umr. getur staðið lengi.

Það er greinilegt að hv. 3. þm. Norðurl. v. misskilur þetta ákvæði algerlega. Hann segir að með því að beita þessu ákvæði, 1. mgr. 32. gr. frv., væri allt rætt í belg og biðu, eins og hann orðar það, og stefnt í eldhúsdagsumræður á þessum hálftíma. Það er nú kannske ekki mikill munur frá því sem við þekkjum núna í umr. um einstakar fsp. en látum það vera. En það var ekki ætlunin hjá okkur sem unnum þetta frv. að svo skyldi vera. Ef hv. 3. þm. Norðurl. v. les þessa 1. mgr. 32. gr. með athygli ber greinin þetta með sér það segir einmitt í greininni að þegar einhver þm. óskar sér að nota þessa heimild til utandagskrárumræðna skal þm. bera fram við forseta ósk sína um það og eigi síðar en tveim klst. áður en þingfundur hefst. Þetta er gert til þess að hægt sé að skipuleggja þetta. Það er alls ekki ætlunin að umr. fari fram nema um eitt mál í einu, það liggur í hlutarins eðli.

Þá vil ég að lokum víkja aðeins örfáum orðum að brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v. á þskj. 839. Það kom fram, hygg ég, í máli hv. 2. þm. Austurl. að þessi till. eða hugmynd er síðbúin. Hún barst mér ekki í hendur fyrr en fyrir tveim dögum og þá höfðum við haldið fund í hinni upprunalegu þingskapalaganefnd sem undirbjó málið, vann þetta frv. Þegar við héldum þann fund vissum við ekki um þessa hugmynd. Við vissum hins vegar þá um aðrar hugmyndir sem hv. þm. hafði komið með og við höfðum stöðugt verið að leitast við að mæta hans óskum, gerðum það síðast að nokkru leyti á síðasta fundi. Það er í sjálfu sér ekkert við það að athuga þó að ein till. komi seint fram. En mér þykir samt rétt að þessar upplýsingar komi hér fram því að auðvitað hefðum við ekki síður viljað athuga þessar tillögur en aðrar tillögur sem mátti rekja til hv. 3. þm. Norðurl. v. Þetta sem ég er að segja núna er sagt um þá þingskapalaganefnd sem vann og undirbjó frv.

Þegar við komum svo á okkar síðasta fund í þingskapalaganefnd þessarar hv. deildar ræddum við þessa hugmynd og það var enginn hljómgrunnur fyrir því hjá nefndinni að taka þetta upp. Ég skal ekki vera að fjölyrða um það núna hvers vegna það var enginn hljómgrunnur. Ég held að ef menn lesa þetta fordómalaust og athuga þessa till. sjái þeir við nánari athugun að þetta er meira en vafasamt. Við förum algerlega inn á nýja braut í þingsköpum. Við förum inn á þá braut að það eigi ekki að framkvæma þingsköp eftir bestu vitund forseta, sem hafa forsjá í þessum efnum, heldur skuli hver þingflokkur fá rétt til þess að ákveða að eitt mál sé svo þýðingarmikið að það skuli hljóta sérstaka meðferð. Þetta er alveg nýtt ákvæði í þingsköpum. Ég held að þetta sé meira en vafasamt miðað við uppbyggingu þingskapa, anda þingskapa og ég leyfi mér að segja, miðað við það sem tíðkast í löndum eða þingum sem gætu verið sambærileg við okkur í þessu efni.

Við getum ímyndað okkur til hvers konar árekstra getur komið. Einn flokkur segir: Þetta mál er þýðingarmikið. Hinir flokkarnir segja kannske allir: Þetta er mesta hégómamál og það er ekki forsvaranlegt að verja tíma þingsins á þennan hátt. Skv. till. hv. 3. þm. Norðurl. v. á sá þingflokkur sem ákveður þetta bara að tilkynna forseta þetta. Sá sem ákveður að eitt mál sé gott, gerir Egilsstaðasamþykkt um að það sé gott, hann hefur réttinn.

En svona þýðingarmikill réttur getur ekki verið takmarkalaus. Hver flokkur hefur sinn kvóta, getur gert þetta þrisvar. Það er allnokkuð ef allir notuðu sér kvótann núna. Það væru 18 mál. Þetta virkar kannske spaugilega, en ég ætlaði mér ekki og er ekki að spauga með þetta. Allt sem viðkemur þessari umr. og setningu nýrra þingskapalaga er alvörumál, en ég ætla ekki að hafa fleiri orð um till. hv. 3. þm. Norðurl. v. á þskj. 839. Mér sýnist einsætt að ekki sé hægt að samþykkja þessa till.

Ég vil svo gera að mínum lokaorðum í þessari ræðu það sem hv. 2. þm. Austurl. benti á. Það er ekkert óeðlilegt við það að það geti verið skiptar skoðanir um svo þýðingarmikil mál sem þingsköp. Af því að það voru svo skiptar skoðanir var það svo mikið verk fyrir þingskapalaganefndina að vinna þetta frv. Og af því að það voru skiptar skoðanir sýndist okkur þörfin vera svo mikil fyrir það að reyna að jafna, reyna að komast hvar sem væri að sæmilegri niðurstöðu. Ég segi líkt eða sama og hv. 2. þm. Austurl. sagði. Ég held að við eigum í raun og veru samstöðu um þetta mál. Jafnflókið og jafnmargslungið og þetta mál er, þá liggja samt ekki fyrir núna nema tvær brtt. fyrir utan það sem nefndin kom sér saman um. Ég leyfi mér að segja: Mér finnst þessi staðreynd ekki beint benda til þess að þingskapalaganefndin, sem vann frv. og hefur borið hita og þunga af þessu starfi, hafi unnið sitt starf illa og verðskuldi þá einkunn sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gaf þessu starfi hér fyrr í umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni að ég hafi sagt hér að nefndin, sem vann að þessu máli, hafi unnið starf sitt illa. Aftur á móti hef ég gagnrýnt að ekki skuli

vera haft meira samráð og reynt að tryggja betra samkomulag um þetta mál en gert hefur verið og það er kannske dálítið annað. Ég bið hv. þm. að minnast þess að það er áreiðanlega einsdæmi að þingsköpum sé breytt án víðtæks samkomulags í þinginu og það er mjög óvenjulegt að slíku máli sé hraðað svo að ekki gefist nægur tími til að ræða málið til botns.

Ég tók hér til orða með ýmsum hætti áðan til að koma á framfæri þessu sjónarmiði mínu að verið væri að hraða þessu máli í krafti aflsmunar, þar sem það virðist vera í þessari deild a. m. k. að mikill meiri hluti sé fyrir því að hafa málið nákvæmlega svona og ég efast ekkert um að ég sé hér í talsvert miklum minni hluta. En þetta mál er bara svolítið öðruvísi en eitthvert venjulegt mál sem við erum að ræða hér í þinginu. Það er dálítið öðruvísi að vera í minni hluta í þessu máli heldur en einhverju öðru sem hér eru til umr. vegna þess að hér erum við að ræða um réttindi þingflokkanna og réttindi þm. Þegar við skerðum þessi réttindi og þegar við breytum þeim eigum við áður að vera búnir að tryggja fullkomið samkomulag. Við getum því ekki tekið gild ummæli hæstv. forseta Sþ. um það að vegna þess að hann hafi verið búinn að kalla saman nefndina sem bjó til frv. og búinn að ganga frá málinu þar hafi ekki verið hægt að skoða till. mína eins og vert var. Ég tek ekki svona sjónarmið gild. Ég álít að þegar mál eins og þetta er á ferðinni geti menn ekki látið stjórnast af slíkum sjónarmiðum og slíkum hraða. Það er þess vegna sem ég leyfði mér að taka svo til orða að verið væri að böðla þessu máli fram. Þá átti ég við það að verið væri að *hraða því óeðlilega miðað við eðli málsins og án þess að* menn reyndu til hins ýtrasta að komast að samkomulagi um það.

Ég hygg að hæstv. forseti Sþ., hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, minnist þess að hann hafði sjálfur uppi hér í deildinni og við mig persónulega mörg orð um það að þörf væri á því að ná víðtæku samkomulagi, þörf væri á því að ræða saman um málið áður en það væri afgreitt. En við stöndum núna frammi fyrir því að hann tók að vísu við tillögum frá mér fyrir 2—3 dögum síðan og hefur sem sagt vísað þeim á bug vegna þess að hann hafi verið búinn að ræða málið í nefndinni sem samdi þetta frv. og virðist eiga að ráða hér alfarið stefnunni.

Ég benti á það í upphafi að frv. væri flutt hér án þess að beðið hefði verið eftir því að þingflokkarnir samþykktu það eða að tekið væri endanlega fyrir sjónarmið flokkanna eftir að þau hefðu verið einu sinni rædd í nefndinni. Það sem skeði t. d. varðandi okkar þingflokk var ósköp einfaldlega það að nefndarmaður okkar kom til þingflokksins og við ræddum þetta mál þar á einum fundi og hann bar síðan skilaboð inn í nefndina um afstöðu okkar. Síðan gerði nefndin einhverjar breytingar á frv. og flutti það. Þarna vantar einn hlekkinn inn í. Það vantaði þann hlekkinn að þegar nefndin var búin að koma sér saman um það að hún vildi gera einhverjar tilteknar breytingar átti hún að sýna þingflokkunum frv. í þessum nýja búningi og bíða eftir að þeir kæmu með enn frekari athugasemdir eða samþykktu frv. þannig að fullt samkomulag væri um það.

Auðvitað getur hv. þm. bent á það réttilega að nokkur samráð hafa verið höfð um þetta mál. Ég vil bara segja: Ekki nægileg samráð, hvorki við þingflokkana né við einstaka þm., t. d. þingflokksformenn. Það hefði ekkert verið óeðlilegt að nefndin hefði rætt við þingflokksformennina um málið eftir að hún var búin að komast að ákveðinni niðurstöðu úr því að hún gat ekki rætt málið við Nd.-*nefndina sem auðvitað var allra* eðlilegast. En sem sagt, hér var margt sem á vantaði til þess að hægt væri að segja eftir á að reynt hefði verið að skapa ýtrasta samkomulag um málið. Ég veit t. d. ekki til þess að till. hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur hafi hlotið mikla umr. í þingflokkunum. Ég hygg að það sé alveg sáralítið. Í öllu falli veit ég að við höfum aldrei rætt það mál í okkar þingflokki og það bendir til þess að ekki séu nægileg samráð höfð um þær breytingar sem verið er að gera.

Það er sem sagt gallinn á þessu öllu saman — og það er ég hér að gagnrýna — að það er bersýnilegt að það muni fylgja þessu frv. sú kveðja þegar það kveður þessa deild og fer niður í Nd. að þetta sé ekki samkomulagsmál og það er vont. Það hefði verið betra ef við hefðum gert það sem við ætluðum að gera, hv. þm., talað meira saman og reynt að skapa betri samstöðu um málið. En við verðum bara að viðurkenna það, bæði ég og hann, að við gerðum þetta ekki. Við erum kannske ekki alveg ósárir að loknum þessum orðaskiptum hér og erum ekki vanir því, jafnágætir vinir og kunningjar sem við erum, að skiptast á orðsendingum af þessu tagi. En þetta mál liggur bara ósköp einfaldlega þannig fyrir að okkur tókst ekki að ná saman. Við ræddum ekki nægilega saman og náðum ekki neinni sameiginlegri niðurstöðu og því fór sem fór, að við erum hér ósáttir um afgreiðslu þessa máls og er þá ekki annað en að taka því.

En ábendingar og andmæli hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar við brtt. minni sýna einmitt hvað við höfum lítið rætt málið, þegar hann kemur hér upp og ber það á borð fyrir þm. að verið sé að fara inn á einhverja alveg splunkunýja braut, það séu engin fordæmi fyrir því að þingflokkarnir geti haft það frumkvæði sem ég er hér að gera till. um, þetta væri alveg nýtt ákvæði í þingsköpum og meira að segja sé till. af þessu tagi hreinlega í andstöðu við anda þingskapanna og uppbyggingu þeirra. Það má ekki minna vera. En hvað stendur ekki í þingsköpum um útvarpsumræður? Það stendur í þingsköpum að þingflokkarnir hafi nákvæmlega þennan rétt sem ég er hér að leggja til að sé líka tekinn upp í sambandi við þetta mál. Það stendur að þingflokkar geti óskað eftir útvarpsumræðum um tiltekið mál. Jafnvel þótt hinir flokkarnir séu þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. nefndi hérna áðan, að málið sé firna ómerkilegt og eigi ekki að eyða tíma þingsins til að ræða það, þá er réttur minni hl. í þessu tilviki það mikill að viðkomandi þingflokkur getur krafist ekki bara umræðna hér í þinginu heldur hreinlega útvarpsumræðna um málið jafnvel þótt allir hinir flokkarnir séu á móti því. Þetta sýnir að fyrirrennarar okkar höfðu ríkan skilning á því að reyna að tryggja rétt minni hl., láta sig engu skipta þótt allir hinir telji málið lítilsvert og ómerkilegt. Ef einn þingflokkur er þeirrar skoðunar að málið sé umræðuvert og þurfi meiri umr. en venja er þá er orðið við því. Þannig eru ákvæði um útvarpsumræður og ég er að biðja um nákvæmlega hliðstætt ákvæði.

Ég ítreka að við mundum ekki skiptast á skoðunum með þessum hætti, að hv. þm. kemur hér upp og heldur því fram að þetta sé algerlega nýtt og óþekkt ákvæði

sem hreinlega brjóti í bága við anda þingskapanna, ef við hefðum gefið okkur tíma til að ræða málið, skoða það frá fleiri en einni hlið. En það var ekki gert. Ég tel t. d. að þetta mál hefði gjarna mátt ræðast í hópi þingflokksformanna og forseta áður en því var endanlega vísað á bug og tel satt að segja að réttur minni hl. og réttur einstakra þingflokka sé svo mikilvægur að það eigi ekki að hundsa algerlega sjónarmið sem frá þeim koma.

Ég geri ekki mikið með það þótt einstakir þm. hafi komist svo að orði hér í umr. að dæmið, sem ég tók hérna í dag um hvað gæti gerst, að ríkisstj. frestaði þingstörfum um þrjá til fjóra mánuði, sé ólíklegt. Hvaða máli skiptir það þótt þetta tilvik sé ólíklegt eða að það hljóti að vera einhverjar óvenjulegar aðstæður ríkjandi ef slíkt gerðist? Auðvitað er það það sem ég er að tala um. Ég er að tala um undantekningartilvikin. Ég er að tala um rétt minni hl. við sérstakar óvenjulegar aðstæður sem kynnu að koma upp. Ég er ekkert svartsýnn á komandi ríkisstjórnir. Ég er ekkert trúaður á það að á næstu árum fáum við endilega ríkisstjórnir sem munu vilja fresta störfum Alþingis, svo að það dæmi sé nefnt, um nokkurra mánaða skeið. En ég vil ekki útiloka þann möguleika að slíkt gæti komið upp. Það væri þá mjög óvenjulegt tilvik, hreint undantekningartilvik, og það er fyrst og fremst gagnvart slíkum óvenjulegum aðstæðum sem við erum að verja okkur og tryggja rétt minni hl. á slíkum stórum, óvenjulegum stundum.

Auðvitað vissi ég vel að till. yrði ekki afgreidd eftir þessar umr. í símskeytastíl sem till. gerir ráð fyrir, þ. e. að fyrst sé mælt fyrir henni í 15 mínútur og síðan hafi menn 8 mínútur þar á eftir. Auðvitað vissi ég að till. færi til nefndar og síðan mundi hún væntanlega daginn eftir kom til endanlegrar afgreiðslu og gæti þá verið afgreidd um kvöldið eða nóttina. En ég tel meginmun á því hvort frv. eða þál. er afgreidd hér á 1½ tíma t. d. eða tveim tímum eða hvort það tekur hugsanlega heilan dag að ljúka umr. um málið og dugar kannske ekki til, heldur verður að halda umr. áfram daginn eftir.

Það getur nefnilega verið þörf á því fyrir stjórnarandstöðuna, fyrir minni hl. á hverjum tíma, að vekja athygli þjóðarinnar á því sem er að gerast. Það getur verið þörf á því að fá nokkurra klukkutíma ráðrúm til þess að fréttin um tillöguflutninginn komist í útvarp og sjónvarp og fái einhverja umr. meðal almennings. Þess vegna geri ég stóran mun á því hvort till. eins og t. d. sú sem ég var að nefna hér áðan, sem stjórnarandstaðan telur þörf á að almenningur fái vitneskju um, er afgreidd hérna milli kl. 6 og 8 eitthvert kvöldið eða 9 og 11 eða hvernig það er eða hvort það tekur heilan dag að ræða hana og dugar kannske ekki til. Það hefur komið fyrir að það hefur komið sér vel að stjórnarandstaða fengi ráðrúm til að kynna andstöðu sína við tiltekin mál fyrir þjóðinni. En til þess þarf tíma og sá tími vinnst ekki nema hann sé gefinn hér á Alþingi.

Ég ítreka enn að ég er að tala hér um hrein undantekningartilvik. Við skulum sannarlega vona að til þess þurfi ekki að koma næstu 20 árin og kannske verður það ekki. En það eru ekki rök í málinu sem ég tek gild að það sé ólíklegt að svona lagað geti gerst því að það skiptir bara ekki neinu máli í þessu sambandi. Við erum einmitt að velta fyrir okkur rétti minni hl. á óvenjulegum stundum sem vonandi heyra til hreinna undantekningartilvika.

Ég held að ég þurfi svo ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vil taka fram að ég gæti vel hugsað mér að gera fleiri breytingar á fleiri greinum en þeim einum sem ég hef hér flutt till. um eða lýst stuðningi við. Ég er t. d. ekki sáttur við till. um utandagskrárumræður. Ég fékk það reyndar staðfest hér áðan að á þesum 30 mínútum, sem ætlaðar eru til hugsanlegra utandagskrárumræðna skv. þessu nýja þingskapaákvæði, er greinilega gert ráð fyrir að mörg mál kynnu að vera til umr. og það er reyndar skýrt tekið fram í tillgr. að svo gæti verið. Það er talað um málin í fleirtölu og hæstv. forseti Sþ., hv. 4. þm. Vestf., staðfesti það hér áðan að það gætu vel verið fleiri mál á dagskrá en tók svo til orða að þau yrðu ekki rædd í belg og biðu heldur eitt af öðru. Það fer þá eftir því hvort menn eru reiðubúnir til þess að bæta þar orði við og hvernig þeirri umr. verður stjórnað hvernig það kemur út.

Ég hygg að þetta dæmi, sem ég nefndi hérna áðan, þar sem fjórir menn koma og ræða sitt málið hver, hver á eftir öðrum sé ekkert út í hött og ekkert í tillgr. sem útilokar að slíkt gæti átt sér stað. Reyndar vil ég minna á harðar umr. í Nd. ekki alls fyrir löngu þar sem forseti deildarinnar úrskurðaði að það mætti og ætti að ræða utan dagskrár um fleiri en eitt mál saman meðan aðrir þm. mótmæltu því. Á meðan forseti Nd. hefur þennan skilning á málinu, hvers vegna skyldi ég þá ekki ímynda mér að slíkt sé hugmyndin að baki ákvæðinu, enda ekkert í tillgr. sem útilokar það?

En sem sagt, ég hef ýmislegt fleira við frv. að athuga en hef kosið að bera ekki fram brtt. nema við það eina atriði sem ég er sérlega ósáttur við og tel skipta langmestu máli út frá lýðræðislegum sjónarmiðum.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ræða hv. 3. þm. Norðurl. v. gæti gefið tilefni til að halda hér langa ræðu. Hann kom víða við og það má segja að það gefi tilefni til áframhaldandi og ítarlegri umr. En það má lengi halda svo áfram án þess að við ljúkum að segja allan sannleikann í þessu máli. Ég skal nú stilla máli mínu í hóf. En það verður ekki komist hjá því að minnast á viss atriði og það kannske frekar hvernig hv. þm. hagar málflutningi sínum hér.

Undir lok ræðu sinnar vék hann að þessu tilviki sem hann gerði áður að umræðuefni, að ríkisstj. vildi senda þingið heim þrjá til fjóra mánuði á venjulegum þingtíma og sagði að það þyrfti ekkert að vera útilokað. En hann vék ekki einu orði að því sem ég sagði hér rétt áðan, að jafnvel þó að við gæfum okkur að þetta væri ekki útilokað og þetta skeði væru þm. ekki verr settir með ný þingskapalög skv. þessu frv. en skv. þingskapalögunum í dag. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan. (Gripið fram í.) Hann kemur ekki inn á þetta, hv. þm.

Hv. þm. sagði núna í upphafi ræðu sinnar að það væri misskilningur að hann hefði sagt að þingskapalaganefndin, sem vann þetta frv., hefði unnið störf sín illa. En ef það var eitthvað til í því sem hann sagði m. ö. o. var kannske ekki fjarri lagi að draga þá ályktun að svo væri, að menn ynnu sín störf illa. En mér þykir vænt um að hv. þm. segir nú að svo sé ekki og við erum þá sammála um það.

Hv. þm. talar um það enn þá að verið sé að hraða málinu og ekki leitað samráðs. Þetta er meginkjarninn.

Ég svaraði þessu hvoru tveggja allítarlega í ræðu minni áðan. Hann kom ekkert inn á það sem ég sagði, hann hrakti ekkert af því sem ég sagði í því efni um málsmeðferðina. Hann bara endurtekur þetta: Það er ekki haft samráð og það er hraðað, ekkert annað. En það er ekki hægt að taka þetta alvarlega að því hafi verið hraðað úr hófi fram sem gert hefur verið í þessu máli frá því að nefndin var skipuð 1983. Það er ekki hægt með nokkurri sanngirni að halda því fram að ekki hafi verið höfð samráð við þingflokkana ef menn vilja líta á það hvernig nefndin varð til, hvernig nefndin var skipuð og hvernig sambandið hlaut alla tíð að vera á milli þingskapalaganefndarinnar sem vann frv. og þingflokkanna og ef menn vilja taka tillit til margs annars sem ég sagði áðan og ætla ekki að fara að endurtaka hér. En hv. 3. þm. Norðurl. v. svarar engu af þessum atriðum sem ég hef hér tíundað. Hann bara segir: Málinu er óhæfilega hraðað, það er ekkert samráð við þingflokkana. Þetta er hans staðhæfing.

Hv. þm. sagði að hann gæti ekki sætt sig við þá málsmeðferð að þingskapalaganefndin sem vann frv. hefði ekki tekið till. þá sem hér liggur frammi frá honum til athugunar. Ég held að þetta sé misskilningur. Þessi till. fékk athugun. Hún fékk athugun í þingskapanefnd þessarar hv. deildar. Auðvitað hefði verið betra að hv. þm. hefði komið með þetta fyrr. En ég er ekkert að ásaka hann fyrir það. En þrátt fyrir að þetta kæmi á síðustu stundu fékk þessi till. athugun. Hún fékk bara ekki hljómgrunn, ekki hjá fulltrúum neinna flokka.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi að till. sú sem hann hér flytur sé sama eðlis og ákvæði í þingsköpum varðandi útvarpsumræður. Ég held að hér sé ólíku saman að jafna. Fyrir utan allt annað er við útvarpsumræður verið að takmarka umræður en ekki lengja eða hafa möguleika á lengingu eins og felst í till. hv. þm. En ég skal ekki fara frekar út í þetta. Um þetta má hafa langt mál að sjálfsögðu.

Hv. þm. hélt sig við það sem hann hafði sagt áður um utandagskrárumræður skv. 1. mgr. 32. gr., að þar mundi allt verða í belg og biðu, og fann máli sínu til stuðnings að talað væri um mál í þessari grein í fleirtölu og af því að orðið „mál" kæmi í fleirtölu í greininni hlyti þetta að vera svo. Ég held að þessi röksemd sé nokkuð langsótt og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Ég benti á það í minni fyrri ræðu hve þingskapalaganefndin sem vann frv. hefði leitast við að ná sem víðtækustu samkomulagi. Ég efast um að í annan tíma hafi verið reynt að ná meira samkomulagi um breytingar á þingsköpum en núna. Hv. þm. talar eins og þingsköp hafi verið afgreidd áður algerlega ágreiningslaust og það hafi ekki komið fram brtt. Ég bið hann bara að kynna sér þingtíðindi og þá sér hann að þessu er öðruvísi farið. En auðvitað er best og um það erum við sammála að það sé sem víðtækast samkomulag. Ég verð að segja það og kannske ættu það að verða mín lokaorð, að þingskapalaganefndin sem vann að þessu máli lagði sig sérstaklega fram um að ná samkomulagi og nálgast hugmyndir sem hún taldi að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði. Í brtt. nefndarinnar, sem nú eru lagðar fram, er einmitt fólgin viðleitni nefndarinnar til að nálgast sjónarmið hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég endurtek þess vegna að mér þykir það ómaklegt af þessum hv. þm. að segja að það hafi skort, að því er virðist, á vilja eða a. m. k. að sýna það í framkvæmd af hálfu nefndarinnar að leitað væri samkomulags, því að nefndin missti aldrei marks á slíku. Samkomulagið er það víðtækt eins og hér hefur verið bent á áður, bæði af hv. 2. þm. Austurl. og mér, að hér liggja fyrir aðeins tvær brtt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er alrangt hjá seinasta ræðumanni, hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að ég hafi engu svarað ábendingum hans hér áðan. Það er líka rangt hjá honum að ég hafi tekið svo til orða að engin samráð hafi verið höfð um þetta mál. Það var ekki það sem ég sagði. Ég sagði að auðvitað hefðu ýmis samráð verið höfð um málið en ekki hefði verið leitað samkomulags um það á ákveðnum tímaskeiðum þess eins og t. d. að á því augnabliki þegar nefndin stóð frammi fyrir því að flytja málið og eftir að hafa hlýtt á athugasemdir þingflokka var ekki leitað samkomulags við þingflokkana um málið í þeim búningi og reyndar heldur ekki nú þegar verið er að afgreiða málið úr nefnd.

Eins er með önnur atriði sem hann sagði að ég hefði ekki svarað hér áðan. Ég ræddi ítarlega um það að vissulega væru tvær umr. um þáltill. en það væri bara svo mikilvægt þegar sérstaklega stæði á að fyrri umr. gæti tekið fullan tíma. Þegar hann ætlar að fara að svara mér varðandi útvarpsumræður og þeirri ábendingu minni að þetta sé alveg hliðstætt við útvarpsumræður segir hann: Ákvæði um útvarpsumræður eru til að takmarka ræðutíma. Þetta er alrangt. Hann veit það vel sjálfur að í 56. gr. þingskapa er sérstaklega tekið fram að eftir að útvarpsumræðum er lokið getur umr. haldið áfram eftir venjulegum reglum. Það er ekkert verið að takmarka umr. með því að ákveða útvarpsumræður, það er bara alrangt.

Hann vildi líka túlka orðalag í 32. gr. þannig að það væri misskilningur að þar væri eitthvert slíkt orðalag sem benti til þess að fleiri en eitt mál væru tekin fyrir á þessum 30 mínútna ræðutíma. En í tillgr. stendur, með leyfi forseta:

„Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umr. utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur."

Þetta orðalag sýnir svo ljóst sem verða má að verið er að gefa undir fótinn með það að fleiri en eitt mál eru til umr. á þessum 30 mínútum. Ég þykist vita að málsmekkur og tilfinning hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar sé í góðu lagi og hann getur því ekki andmælt því að gert sé ráð fyrir að um fleiri en eitt mál geti verið að ræða.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað neinu atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kom inn á í síðustu orðum sínum. Aðeins, hann sagði að orðalag 1. mgr. 32. gr. benti til þess að hægt væri að ræða fleiri en eitt mál. Það er alveg rétt, við erum sammála um það. En það er ekki hægt — og það er grundvallaratriði í þingsköpum — að ræða nema eitt mál í einu og það er það sem ég var að segja.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög enda áliðið dags. Umr. um þetta mál hafa nú staðið nokkuð lengi og ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni sem sagði áðan að umr. þessar gefa í raun og veru tilefni til

enn frekari umr. og sýna það að ýmislegt er órætt í þessu máli.

En það sem mig langar til að segja er það að hv. 3. þm. Norðurl. v. hélt því fram að það væri meiri hluti hér í deildinni fyrir að hafa þetta mál „nákvæmlega svona." Þar er held ég, ekki rétt að orði komist, ekki „nákvæmlega svona". Það er samkomulagsfyrirkomulag sem hér er á ferðinni og ég fyrir mína hönd hefði viljað sjá ýmislegt aðeins öðruvísi eins og ég hreyfði í þingskapanefndinni.

Annað atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að var að þær tvær brtt., sem fram hafa komið við þessa umr., hafi ekki verið ræddar í þingflokkunum. Ég held að þar hafi hann lög að mæla. Ég veit ekki til þess að sú brtt., sem ég ber hér fram á þskj. 838, hafi verið rædd í þingflokkunum og það hefur komið mér nokkuð á óvart í þessari umr. að hv. frsm. þingskapanefndarinnar hefur ekki vikið að þeirri till. einu orði eftir að hann flutti framsögu sína, en þá mælti hann gegn henni. Ég rökstuddi síðan mína till. og hefur ekki komið neinn gagnrökstuðningur fram hjá hv. frsm. n. Ég hef því tilhneigingu til að ætla að hann hafi tekið rök mín gild en þori ekki að ganga út frá því að óreyndu. Eins og ég hef áður sagt er frv., eins og það lítur nú út með brtt. frá þingskapanefnd við 2. umr., samkomulagsmál. En þær umr., sem hér hafa farið fram, gefa í raun og veru tilefni til þess að þessi mál verði betur rædd, ef ekki hér við 3. umr. eða milli 2. og 3. umr. þá ↓ hv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 838 felld með 9:3 atkv.
8.—27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 822,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 839 felld með 9:2 atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—31. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 822,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
33.—70. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 292. mál (þskj. 473, n. 804 og 808). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt mál þetta á allmörgum fundum. Það hefur raunar líka verið til umr. opinberlega eins og mönnum er kunnugt um, en það fjallar um niðurfellingu aðstöðugjalda á bifreiðum ráðh. Á fund n. hefur komið Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri í fjmrn. Hann upplýsti þar á fundi 22. apríl s. l. að fjmrh. hefði ákveðið að leggja fram frv. til tollalaga og í því frv. yrði felld niður heimild sú, sem nú er að finna í gildandi tollskrá, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðh. Hann skýrði jafnframt frá því að verið væri að undirbúa reglugerð og sýndi nefndinni drög að henni þann 24. þ. m.

Á þessum fundi var einnig lagt fram bréf frá forsrh. þar sem það er staðfest að samstaða sé um það í ríkisstj. að heimild til niðurfellingar þessara aðflutningsgjalda verði afnumin úr íslenskum lögum og reglugerðum. Bréf hæstv. forsrh., sem dags. er 23. apríl, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hr. formaður Eyjólfur Konráð Jónsson,
fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis,
Alþingi.
Málefni: Bifreiðamál ráðherra.
Að ósk þinni vil ég taka fram eftirfarandi:
Hinn 4. nóv. 1983 skipaði ég nefnd til þess að gera athugun á bifreiðamálum ríkisins og gera brtt. til ríkisstj. telji nefndin það nauðsynlegt. Niðurstaða nefndarinnar barst 10. febr. 1984 ásamt viðamiklum tillögum um breytingar. Tillögur þessar ná til bifreiðamála ríkisins og ríkisstarfsmanna í heild og eru því langtum viðameiri en bifreiðamál ráðh. eingöngu. Tillögurnar voru ræddar í ríkisstj. og ákveðið að taka þær til nánari meðferðar. Það hefur nefndin gert og voru tillögurnar enn til meðferðar á ríkisstjórnarfundi s. l. fimmtudag, 18. apríl og í dag. Endanlegri afgreiðslu var þó frestað til næsta fundar að ósk fjmrh.

Þar sem mér er tjáð að nefndin hyggist afgreiða það mál sem hjá henni liggur á morgun vil ég þó upplýsa eftirfarandi: Samstaða er um það í ríkisstj. að heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af bifreiðum ráðh. verði ekki notuð lengur. Mun fjmrh. fella þá heimild úr tollalögum sem fljótlega munu lögð fram til heildarendurskoðunar. Í stað þessa er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að ráðh. fái til umráða ríkisbifreið sem ríkissjóður ber allan kostnað af.

Þó er talið eðlilegt að ráðh., sem ekki kysi að fá ríkisbifreið til umráða, eigi þess kost að nýta eigin bifreið til embættisþarfa og greiðir þá ríkissjóður kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar. Með tilvísun til þess sem þegar er ákveðið í ríkisstj. og ég hef nú upplýst er óþarfi að Alþingi samþykki frv. það sem hér er til umr. í nefndinni.

Steingrímur Hermannsson."

Eins og ég gat um í upphafi máls míns hafði ráðuneytisstjóri í fjmrn. þegar áður en bréf þetta barst komið á fund nefndarinnar og tilkynnt að reglugerð væri þegar í smíðum um þetta efni og að fjmrh. mundi leggja fram frv. til breytinga á tollalögum sem afnæmi endanlega þessar heimildir. Ætti því að vera ljóst að þessum afslætti eða niðurfellingu á aðflutningsgjöldum á ráðherrabifreiðum er hér með hætt og þess vegna leggur meiri hl. n. til að málinu verði vísað til ríkisstj. þar sem óþarft sé að samþykkja það.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég get verið stuttorður um þetta mál. Við þrjú sem skipum minni hl. n., þ. e. auk þess sem þetta mælir hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, gerum till. um að þetta frv. verði samþykkt. Tvennt er til að taka.

Fyrst: Fram hefur komið að hæstv. fjmrh. muni leggja fram frv. til breytinga á tollskrárlögum þar sem þau fríðindi ráðh. sem hér um ræðir verði afnumin. Þetta frv. höfum við enn ekki séð. Það hefur ekki litið dagsins ljós hér á hinu háa Alþingi og raunar ekkert vitað hvort það verður fyrir þetta vor. Þó svo að frv. yrði sýnt er tollskrárfrv. mikið að vöxtum, flókið mál

sem afar hæpið er að yrði samþykkt á þessu vori.

Í öðru lagi hafa yfirlýsingar forsrh., þó góðar séu, ekki lagagildi. Þess vegna sjáum við ekki hvers vegna það er ekki stjórnarsinnum og ríkisstj. að meinalausu þó að þetta frv. sé nú samþykkt. Eina skýringin sem ég kann á því að hæstv. ráðherrar beita sér gegn því að þetta frv. er samþykkt er sú að þeir bítast nú á um það í blöðum, hæstv. fjmrh. og forsrh., hvor hafi átt upptökin að því að leggja til að þessi fríðindi yrðu felld niður. Þeir um það. Þeir mega halda áfram að bítast um það. Það skiptir ekki máli að mínu mati. Meginatriðið er að þessi fríðindi verði afnumin og það hefur verið það sem þetta litla frv. gerir ráð fyrir sem stjórnarliðið vill nú vísa til ríkisstj. vegna þess að fjmrh. segist ætla að gera þetta og segist ætla að leggja hér fram frv. Forsrh. skrifar formanni n. bréf en samt vilja menn ekki samþykkja frv. og eftir stendur það óhaggað. Lagaheimildin til þess að veita þessi hlunnindi kemur til með að standa áfram nema því aðeins að þetta frv. verði samþykkt. Þess vegna er það skoðun okkar sem skipum minni hl. að þetta frv. beri að samþykkja.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Í tollalögum eins og þau eru í dag er heimild til handa fjmrh. til að fella niður aðflutningsgjöld af ráðherrabifreiðum. Það er líka gert ráð fyrir því að fjmrh. setji um það reglugerð hvernig að skuli staðið í bílamálum almennt, ef hv. flm. heyrir til mín.

Ég vil upplýsa hv. 5. landsk. þm. um það að ég hef ákveðið að gera tilraun til þess að breyta þeim lögum. En í millitíðinni hef ég gefið út nýja reglugerð sem svarar að fullu þeirri till. sem hann hefur lagt hér fram. Reglugerðin er þegar út gefin og það er fjmrh. en ekki annarra ráðh. né heldur ríkisstj. að gefa út þá reglugerð.

Umr. frestað.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ríkislögmann á þskj. 824. Með frv. því til laga sem hér liggur fyrir er lagt til að komið verði á fót sjálfstæðri stofnun embættis ríkislögmanns sem fari með nánar tilgreind verkefni sem talin eru í 2. gr. frv. Það er fyrst og fremst um að ræða málflutning af hálfu ríkisins í einkamálum, uppgjör bótakrafna auk þess sem einstökum ráðherrum er veitt heimild, ef þeir sjálfir kjósa, að óska lögfræðilegrar álitsgerðar ríkislögmanns og aðstoðar við vandasama eða yfirgripsmikla samningsgerð.

Það skal tekið fram að hér er ekki verið að koma á fót stofnun til að axla ný verkefni á vegum ríkisins því að ríkið hefur um alllangt skeið að miklu leyti notað eigin málflutningsmenn, þ. e. ríkisstarfsmenn, við vörn og sókn dómstóla sem ríkið er aðili að. Það hafa einkum verið málflutningsmenn innan fjmrn. sem hafa sinnt þessum verkefnum hingað til. Um það hvernig á þessum málum hefur verið haldið hingað til og hvaða venjur hafi verið að mótast á síðustu árum vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við lagafrv. þetta.

Það sem hér er um að ræða er fyrst og fremst breyting í stjórnarfarsréttarlegu tilliti með því að starfsemi, sem verið hefur innan fjmrn., er tekin út úr því og sett undir sjálfstæða stofnun. Umsvif fjmrn. minnka að sjálfsögðu sem því nemur.

Hugmyndin um stofnun embættis ríkislögmanns er í rauninni ekki ný af nálinni og allnokkuð er liðið síðan henni skaut fyrst upp. Á bak við þau sjónarmið er að sjálfsögðu sú staðreynd að ríkislögmaður er í raun starfsmaður hinna ýmsu ráðherra og ríkisstofnana eftir því hvernig aðild ríkisins er ákveðin í hverju einstöku máli af þeim lögmönnum sem kröfurnar gera á hendur ríkinu hverju sinni. Þetta hefur þýtt að ráðh., sem stefnt er til að þola dóm, hefur þurft að eiga vörn málsins undir starfsmönnum í rn. annars ráðh., þ. e. fjmrh. Þetta hefur mönnum lengi verið ljóst að væri alls ekki eðlilegt.

Ef litið er til þess hvaða háttur er á þessu hafður í grannlöndum okkar þá er sú skipun víða fyrir hendi í grundvallaratriðum sem hér er lagt til að verði tekin upp, þ. e. að til staðar eru sjálfstæðar stofnanir, embætti ríkislögmanns, sem annast sókn og vörn einkamála fyrir hönd hinna ýmsu ráðherra eða stofnana ríkisins. Grundvöllurinn er með þessum hætti hinn sami, þ. e. að um sjálfstæða stofnun er að ræða en ekki starfsemi innan einhvers ákveðins ráðuneytis. Nokkur munur er hins vegar á hlutverki ríkislögmanns frá einu landi til annars þar sem þeim er sums staðar ekki aðeins falið málflutningsumboð heldur einnig aðild mála fyrir hönd ríkisins. Út í það verður ekki farið nánar hér en þó má geta þess að hlutverk ríkislögmanns í Noregi, sem hér hefur verið nokkuð litið til, er að sumu leyti enn víðtækara en hér er lagt til að upp verði tekið, enda mótast þessar tillögur að miklu leyti af ólögfestum venjum sem verið hafa að mótast á alllöngum tíma.

Það eru vissulega vandasöm og mikilvæg verkefni sem ríkislögmaður hefur haft með höndum og sem honum er áfram ætlað að hafa með höndum. Í því sambandi er bent á að ríkið er aðili að mörgum hinna stærstu einkamála sem fyrir dómstólana koma. Ég vil þó benda sérstaklega á að ekki er tilætlunin að stofna til neins bákns svo sem hverjum má vera ljóst sem les upphafsákvæði 3. gr. frv. Skv. 2. mgr. 3. gr. er heimilt að fela lögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála ef það þykir heppilegra. Hér er rétt að hafa í huga að ýmsir lögfræðingar, sem eru í ráðuneytum og ríkisstofnunum, eru meiri eða minni sérfræðingar á þeim lögfræðilegu sérsviðum sem þeir starfa á. Það getur því stundum verið besta lausnin að slíkir starfsmenn fylgi sérhæfðum og einhæfum málum eftir þegar þau koma til kasta dómstólanna svo sem dæmi eru til. Frv. gerir ráð fyrir að þeirri leið verði haldið opinni áfram. Sama getur gilt um sjálfstæða starfandi lögmenn. Hins vegar er það svo að fjöldi mála er þannig vaxinn að heildarsýnar er þörf og þá einkum á þann veg að öllum þráðum máls sé safnað saman og það lagt fyrir dómstóla þannig að heildarmyndin sé skýr. Til þess að besta lausnin fáist þarf að samræma og halda utan um þennan málaflokk af manni sem er reyndur málaflutningsmaður og reyndar á þetta einnig við um ráðleggingarstarfið því að það er oft fólgið í því að geta lagt mat á hver muni verða afstaða dómstólanna til máls. Ríkislögmanni er þannig ætlað að halda utan um þennan mikilvæga málaflokk þótt öllum leiðum sé haldið opnum til að aðrir flytji einstök mál ef sérþekking eða annað gerir það heppilegra.

Um efnisatriði frv. vísast að öðru leyti til ítarlegra athugasemda sem því fylgja Það þarf vart frekari skýringar við. En á það skal bent að í athugasemdum með 2. gr. er nákvæmlega útlistað til hvaða aðila innan ríkiskerfis málflutningsumboð ríkislögmanns nær og í hvaða tilvikum þarf sérstakt umboð til málflutnings við aðila innan ríkiskerfisins. Þar er einnig að finna umfjöllun á því hvaða aðilar falla algerlega utan ramma þeirra verkefna sem ríkislögmanni er ætlað að hafa með höndum.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að gera það að till. minni að frv. verði vísað til hv. allshn. og 2. umr. að þessum umr. loknum.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér gert grein fyrir frv. sem hann flytur um ríkislögmann. Eins og kunnugt er hafa það einkum verið góðir lögfræðingar í þjónustu fjmrn. sem annast hafa málflutning af hálfu ríkisins þegar málsóknir eru á hendur ríkissjóði eða einstökum ráðherrum. Það er sérstök deild í fjmrn. sem þetta hefur annast, skipuð ágætum mönnum sem þar hafa öðlast mikla reynslu af þessum störfum og, að því er ég get best dæmt um, staðið sig með mikilli prýði.

Oft hefur það gerst í ríkiskerfinu að starfsemi, sem áður var til húsa innan einstakra ráðuneyta, er gerð að sjálfstæðri starfsemi með sérstökum forstöðumanni. Þetta er eðlileg þróun og í þessu tilviki á margan hátt mjög skiljanleg vegna þess að segja má að ekki hafi verið eðlilegt fyrir rn. og ráðh. utan fjmrn. að þurfa að leita til einstakra starfsmanna annars rn. um meðferð sinna mála. Það er eðlilegast að aðili, sem gegnir störfum fyrir mörg ráðuneyti í senn, sé á sjálfstæðum grundvelli jafnvel þótt stofnun hans heyri undir fjmrn. Það er einmitt það sem þetta frv. stefnir að og því held ég að það stefni í rétta átt. Hins vegar er ráðrúm til að ræða um einstök atriði frv. í nefnd og áskil ég mér rétt til að skoða málið nánar þegar það verður þar til meðferðar eða til að ræða það við einstaka nm. þeirrar nefndar sem fær það til meðferðar. Það mun vera allshn., ég á ekki sæti í henni. Ég vildi bara láta það í ljós við 1. umr. af því að ég hef nokkra reynslu í þessum efnum af störfum af þessu tagi að ég tel frv. stefna í rétta átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 110, n. 785, 786, 823). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta mál til meðferðar um nokkuð langan tíma. Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum og fengið til viðræðna Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðing, Magnús R. Gíslason yfirtannlækni tannheilsudeildar heilbr.- og trmrn. og Guðjón Magnússon, settan landlækni. Umsagnir bárust frá Tannlæknafélagi Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Félagi aðstoðarfólks tannlækna og Guðjóni Magnússyni, settum landlækni.

Alþt. 1984.B.(107. löggjafarþing).

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj., þ. e. þskj. 786. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Allir nm. rita undir nál.

Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um brtt. n.

Við 2. gr. frv. er brtt. 2. mgr. orðist svo:

„Áður en leyfi er veitt skv. þessari grein skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðh. að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð."

Það er tekin burt tilvísun í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og sett í almenna grein sem verði viðbótargrein og ný 4. gr. og taki yfir öll tilvik án tillits til þess hvort um er að ræða próf frá Háskóla Íslands eða frá erlendum skólum eða hvort um er að ræða íslenskan eða erlendan ríkisborgara.

2. brtt. er við 3. gr. Greinin orðist svo:

„Veita má þeim leyfi skv. 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild getur sett sem skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslensku máli, mæltu og rituðu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal farið eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmst viðkomandi milliríkjasamningi."

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða að öðru leyti en því að felld er niður setningin að umsækjandi skuli sanna að 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um hagi hans. Þess eru dæmi að erfitt kann að vera fyrir erlendan ríkisborgara að færa sönnur á slíkt. Ný grein, er verði 4. gr., taki almennt á þessu eins og fyrr segir. Að öðru leyti er um orðalagsbreytingar að ræða sem gera þessa grein nokkru skýrari og hnitmiðaðri.

Þá er það 3. brtt.

„Á eftir 3. gr. komi ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:

Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi eigi 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga við um hagi hans."

4. brtt. er við 5. gr. er verði 6. gr. Greinin orðist svo:

„Verksvið tannlækna tekur til forvarna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannvöntunar, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast."

Hér er í raun og sannleika um það að ræða að skilgreining á verksviði tannlækna er nokkru nákvæmari en fram kemur í frv. Það varð allmikil umræða um einmitt 6. gr. í hv. heilbr.- og trn., ekki síst um að þar stendur „aðlægir vefir". Menn voru ekki alveg sáttir við þetta orðfæri og það lá ekki fyrir í hugum manna hvar aðlægir vefir munnholds enduðu. Reyndar var minnst á í umræðunum „tyggingarfæri" sem fleirum en færrum þótti fráleitt.

5. brtt. er við 6. gr., er verði 7. gr., og orðist greinin svo:

„Um lyfjaávísanir tannlækna fer skv. lyfjalögum nr. 108/1984 og reglugerðum settum skv. þeim."

Hér hafa orðið smávægileg mistök. Á þskj. þar sem

brtt. eru tíundaðar er getið um lyfjalög nr. 49 frá 1978. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en þetta verði leiðrétt, því að hér á að sjálfsögðu að geta um þau lög sem eru nýrri af nálinni.

Um 6. gr. urðu allmiklar umræður, ekki síst um það með hvaða hætti læknar ávísuðu lyfjum til sjálfs sín og sjúklinga. Um þetta eru skýr ákvæði og ég held að rétt væri að vitna til 16. gr. lyfjalaga nr. 108 frá 1984. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við landlækni.

Í reglugerð þessari skal m. a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Hver lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
2. Hversu háttað skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
3. Ávísun lyfja í síma.
4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
6. Rétt læknisefnis til að ávísa lyfjum."

Þessu næst er rétt að líta til 12. gr. í reglugerð um lyfseðla og afgreiðslu lyfja, en þar stendur í a-lið: „Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til nota við störf sín þessum lyfjum". Síðan er löng upptalning og eflaust nokkuð nákvæm á þeim lyfjum sem umræddir læknar mega ávísa sjálfum sér.

B-liður: „Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum þessum lyfjum". Þar er sömuleiðis mjög löng og vafalaust ítarleg upptalning.

Ég taldi rétt að vitna til þessa, ekki síst vegna þeirra umr. sem einmitt urðu um þessa grein frv.

Þá er það 6. brtt. Hún er við 7. gr. er verði 8. gr. Greinin orðist svo:

„Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk. Um sérhæft aðstoðarfólk fer skv. lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir."

Greinin er stytt og gerð hnitmiðaðri. Það var að dómi nefndarinnar ástæðulaust að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis þar sem lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir frá 1971 kveða sjálf á um framkvæmd hennar.

7. brtt. er við 8. gr. er verði 9. gr. 2. mgr. orðist svo:

„Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar."

Nm. þótti 2. mgr. 8. gr. frv. allt of fortakslaus, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að vinna nokkurt það verk sem undir tannlækningar heyrir."

Ég sagði áðan að nm. hefði þótt þetta of fortakslaust, ekki síst með fræðsluþáttinn í huga, fræðslustarf sem flokkast að sjálfsögðu undir fyrirbyggjandi störf að því er varðar tannlækningar.

8. brtt. er við 12. gr. er verði 13. gr. Í stað „tannlæknaleyfi" í síðasta málslið greinarinnar komi: tannlækningaleyfi. Þarna er einvörðungu um leiðréttingu á orði að ræða.

9. brtt. Á eftir 12. gr. komi ný grein sem verði 14. gr. og orðist svo:

„Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrrh. að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrám, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis."

Hér er um nýja grein að ræða eins og ég gat um. Ég tel að hún skýri sig sjálf. Við nm. í heilbr.- og trn. viljum að öll meðferð á sjúkraskrám sé hin vendilegasta, það sé ekki verið að hlaupa með þær á milli húsa. Við viljum að þar til bærir aðilar hafi þar tögl og hagldir.

10. brtt. er við 13. gr. er verði 15. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

„Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi."

Eins og kunnugt er eru upphæðir sekta ekki lengur bundnar ákveðnum fjárhæðum í sérlögum, heldur fer um það skv. ákvæðum almennra hegningarlaga. Því er lagt til að sektarupphæðir verði felldar niður og gerðar leiðréttingar í samræmi við það á greininni.

11. brtt. er við 15. gr., er verði 17. gr., og greinin orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum."

Um þetta er það eitt að segja að láðst hefur við gerð frv. að hafa inni að lög um tannlækningar frá 1929 falli úr gildi og er það leiðrétt hér með.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki beinlínis ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Eins og hv. þm. hafa tekið eftir eru allmargar brtt. við þetta frv. á þskj. 823 frá 8. landsk. þm., hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur. Þar er um nokkrar efnisbreytingar að ræða. Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða þær brtt. Ég get ekki mælt með því að þær verði samþykktar. Að sjálfsögðu er hv. þm. alveg í sjálfsvald sett, eins og stendur í nál., að fylgja þessum brtt. En ég vil geta þess að þessi mál voru jafnframt rædd í heilbr.- og trn. Niðurstaðan varð sú sem brtt. sem n. flytur öll segja til um. Það hefði verið eðlilegra að hv. flm. þessara brtt. væri viðlátinn. (Gripið fram í.) Já, það er vafalaust eðlileg málsmeðferð, eins og hvíslað er hér í kring, að mælt verði fyrir þeim við 3. umr.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi þetta ekki lengra. N. mælir með samþykkt frv. með þeim brtt. sem ég þykist hafa gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 823,1 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 786,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 786,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 823,2 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 786,4 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,5 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,6 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,7 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 823,3 tekin aftur til 3. umr.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 823,4 tekin aftur til 3. umr.
9.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,8 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 823,5 tekin aftur til 3. umr.
12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 823,6 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 786,9 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,10 samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 786,11 (ný 15. gr., verður 17. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 452, n. 802, 832). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál og mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er till. um á sérstöku þskj., þskj. 832. Þetta frv. gerir ráð fyrir auknum viðurlögum vegna brota varðandi meðferð fíkniefna. Breytingin er fyrst og fremst fólgin í fjölgun ára varðandi fangelsun úr tveimur í sex.

Það kom upp í umr. að eðlilegt væri að ítrekuð brot gegn þessum lögum vörðuðu aukinni refsingu þegar um væri að ræða innflutning og dreifingu þeirra efna sem um getur í lögunum. Því er sú brtt. flutt við 1. gr. að við greinina bætist: „Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna er um getur í 2., 3. og 4. gr."

Virðulegi forseti. Í raun skýrir þetta sig sjálft. Ég hef ekki um þetta fleiri orð, en n. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 832 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 647(sbr. 49), n. 813, 814). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta mál og flytur brtt. á þskj. 814.

Fyrir það fyrsta leggur n. til að það verði fjölgað í svokallaðri ráðgjafarnefnd. Þar komi inn Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands og þessir aðilar tilnefni sameiginlega einn fulltrúa í ráðgjafarnefndina.

Í öðru lagi flytur n. brtt. við 17. gr. frv. sem er í V. kafla undir heitinu Ýmis ákvæði, brtt. við 1. málsliðinn. N. leggur til að 1. málsl. orðist svo:

„Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda."

Hér er í raun um það að ræða að tekið er upp það orðfæri sem hv. félmn. Nd. lét frá sér fara á prenti í sínu nál. vegna þess að hún taldi eðlilegt af sinni hálfu að skýra betur hvað fælist í 1. málsl. 17. gr. Félmn. Ed. taldi eðlilegt og sjálfsagt að í 17. gr. væri skýrt kveðið að orði í þessu efni og því ekkert því til fyrirstöðu að taka þau orð svo að segja óbreytt upp í frv.

Félmn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 814,1 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 814,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Föstudaginn 3. maí, kl. 1.30 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. 454. mál (þskj. 772). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 789). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 820). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er samið af starfsmönnum samgrn. og veðurstofustjóra, en gildandi lög um þessa stofnun eru frá 1958 og því meira en aldarfjórðungs gömul. Það leiðir af sjálfu sér að full ástæða er til að endurskoða lögin og færa þau til samræmis við nútímaaðstæður.

Frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og þar voru gerðar á því nokkrar breytingar, ekki viðamiklar efnisbreytingar heldur fyrst og fremst við uppsetningu frv. sem nefndinni þótti betur fara. Þær breytingar sem Ed.

gerði á frv. voru í fullu samráði við samgrh. og var full samstaða í deildinni um afgreiðslu þessa frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa lengri framsögu með frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á tveimur þingdögum hefur farið fram ítarleg umr. um þau þrjú mál sem hér eru í raun og veru til meðferðar, þ. e. frv. um þróunarfélag, frv. um Byggðastofnun og frv. um Framkvæmdasjóð. Ég hef í ræðu minni gert grein fyrir mínum sjónarmiðum og Alþb. til þessara frv. og hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. En eftir svör forsrh. og svör hv. 1. þm. Suðurl. vil ég leggja áherslu á að hér er ekki um það að ræða að verið sé að draga úr því sem kallað hefur verið miðstýring. Hér er verið að auka embættismannavaldið, efla miðstýringu og draga vald úr höndum Alþingis. Svo virðist á sumum talsmönnum Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. að allt sé af hinu illa sem frá Alþingi kemur og það sé hin eina raunverulega miðstýring þegar Alþingi kýs stjórn í stofnanir — og þetta á auðvitað við um BJ líka — en þegar að því kemur að afhenda embættismönnum vald, svo að segja óskorað vald eins og yfir Framkvæmdasjóði, afhenda ráðh. óskorað vald, eins og forsrh., yfir öllum þessum stofnunum, þá heitir það ekki miðstýring, þá heitir það að draga úr miðstýringu vegna þess að Alþingi er svipt valdi. Það er alveg kostulegt að heyra endurtekið frá talsmönnum þessara þriggja eða fjögurra stjórnmálaflokka þá fyrirlitningu á lýðræðinu sem kemur fram með þessum hætti. Ég held að þessi vinnubrögð og þessi viðhorf séu ákaflega varasöm. Ég held að það sé eðlilegt að Alþingi hafi forustu og kjósi stjórnir í ákveðnar stofnanir. Ef þær stofnanir ekki standa sig með eðlilegum hætti á auðvitað að bæta lagareglur og ákvæði um vinnubrögð þessara stofnana. Það á ekki að gefast upp með því að henda öllu í embættismannavaldið eins og verið er að gera í frv. um Framkvæmdasjóð. Það á ekki að gefast upp með því að afhenda t. d. forsrh. einum valdið sem ráðh. yfir þessum stofnunum sem hér er verið að tala um. Ég tel að það sé auk þess algerlega óeðlilegt, miðað við verkaskiptingu í stjórnarráðinu, að forsrh. sé með valdið yfir þessum stofnunum öllum. Ég tel að það eigi að vera félmrh. sem fari með Byggðastofnunina, svo að ég nefni dæmi, og atvinnuvegaráðherrarnir eigi með einhverjum hætti að fara með stjórn atvinnumálafélags eins og þessa þróunarfélags.

Þetta vildi ég láta hér koma fram, herra forseti, og mótmæla mjög harðlega þeirri lítilsvirðingu — að ég segi ekki fyrirlitningu — á Alþingi í sambandi við það að stýra málum fyrir okkar hönd.

Þessi mál koma til meðferðar í þeirri nefnd sem ég á sæti í, fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, þannig að ég ætla ekki að lengja þessar umr. hér frekar og vafalaust gefst kostur á því að taka málin til ítarlegri meðferðar í þeim fimm umr. sem eftir eru í báðum deildum um þessi þrjú frv. Þau eru hér afgreidd með einni umr. um eitt þessara mála. Það sýnir auðvitað eins og fleira hvað stjórnarandstaðan er jafnan reiðubúin til þess að greiða fyrir því að mál fái skjóta og glögga meðferð hér í þinginu og ástæðulaust að kvarta yfir því að hún sé að setja fótinn fyrir afgreiðslu mála.

Að lokum, af því ég sé hérna hv. skrifara, hv. þm. Ólaf Þórðarson, og ég er eiginlega aldrei sammála honum, þá ætla ég að geta þess að ég er sammála mörgu af því sem hann sagði í ræðu sinni um þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég sé mér ekki annað fært er að hlaupa undir bagga með virðulegum forseta sökum þess skorts á ræðumönnum sem við búum hér greinilega við og leggja aðeins orð í belg. Mönnum gefst þá tækifæri til að hugsa sig um á meðan og hugsanlega mætir virðulegur 6. þm. Reykv. hingað meðan ég mæli fáein orð.

Ég hyggst við 2. umr. um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi flytja við það brtt. ásamt með fleiri virðulegum þm. og sú brtt. lýtur að því að það verði kveðið á um það í lögum þessum, ef af verður, hvar nefnt hlutafélag ríkisins og annarra aðila skuli eiga sér heimili og varnarþing. Ég geri sem sagt um það till. að það verði á Akureyri, sem er á Norðurlandi, herra forseti, og er stundum nefndur höfuðstaður Norðurlands. Sumir ganga svo langt að kalla Akureyri höfuðstað landsbyggðarinnar, en hvað um það. (**SvG:** Matthías var að taka undir það.) Við fögnum að sjálfsögðu stuðningi við það sjónarmið, ég og sennilega virðulegur forseti líka og ekki síður þó að hann komi frá Vestfjörðum, að Akureyri sé réttnefndur höfuðstaður landsbyggðarinnar.

Það hefur verið uppi um það ósk af hálfu aðila af landsbyggðinni, frá Akureyri og víðar að, að þessu nýja fyrirtæki, sem stundum var nefnt í umræðunum þróunarfélag að ég hygg, en heitir hér einfaldlega hlutafélag, verði valinn staður utan Reykjavíkursvæðisins til mótvægis við þá miklu þenslu og uppbyggingu sem þar er nú. Sú krafa hefur reyndar lengi verið uppi að reynt verði að stuðla að byggðajafnvægi með því m. a. að dreifa opinberum stofnunum um landið og sá sem hér stendur hefur lagt á það áherslu í sínu máli að þá verði sérstaklega litið til þess þegar hleypt er af stokkunum nýrri starfsemi, stofnuð ný fyrirtæki eða nýjar þjónustustofnanir, þá verði þau tækifæri ekki látin ónotuð í þessu skyni.

Nú vill svo vel til að hér er hæstv. forsrh., sem eðlilegt má telja, við þessa umr. Ég vil því beina spurningum til hans í sambandi við þetta atriði og þá í fyrsta lagi: Er að vænta stuðnings frá hæstv. ríkisstj. við það sjónarmið sem felst í brtt. sem ég hyggst flytja um við þetta frv.? Brtt. hefur reyndar þegar verið dreift á borð þm. Einnig vildi ég spyrja hæstv. forsrh. almennt, þar sem mér skilst að a. m. k. þrjú mismunandi frv. séu hér til umr., hvað líði afstöðu ríkisstj. varðandi það að í tengslum við þessa uppstokkun á Framkvæmdastofnun ríkisins, þeirri starfsemi sem fyrst og fremst hefur verið innan veggja á Rauðarárstíg, og endurskipulagningu verði byggðasjónarmið höfð í huga á þann hátt að tækifærið verði notað til að koma þessari starfsemi út um landið. Er t. d. að vænta þess að Byggðastofnun

verði flutt út á landsbyggðina, til Akureyrar, til Egilsstaða, til Ísafjarðar eða á einhverja sambærilega þjónustumiðstöð í öðrum landshlutum fremur en höfð hér í Reykjavík?

Mér skilst einnig að væntanlegt sé af leyndarmálalista hæstv. forsrh. frv. um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins, sem fara skuli með eignarhald ríkisins í hlutafélögum, og bætist þá enn ein stofnunin við sem alveg upplagt væri að mínu viti að flytja út fyrir Reykjavíkursvæðið til að draga úr þeirri miklu þenslu og óæskilegu að margra mati sem hér hefur ríkt. M. ö. o., herra forseti, held ég að hér komi upp í hendurnar á virðulegri ríkisstj. af hennar eigin völdum ágætt tækifæri til að sýna í verki hug sinn til þessara sjónarmiða og láta nú verkin tala.

Ég ætla að öðru leyti ekki að segja mjög margt um þessi mál. Það hefur þegar verið talað fyrir sjónarmiðum okkar Alþb.-manna í þeim efnum og við höfum á það bent að hér sé það að ske, svo merkilegt sem það nú er, að ein stofnun, sem hefur heitið Framkvæmdastofnun, sé að klofna í marga parta, ekki kannske alveg óskiljanlegar öreindir eins og einhverjir höfðu nú áhyggjur af að Sjálfstfl. væri að tvístrast í hér á dögunum, en a. m. k. í marga parta. Það kemur einnig fram einhvers staðar í fskj. með þessum frv. að skipta eigi upp húseigninni við Rauðarárstíg milli þessara mismunandi öreinda Framkvæmdastofnunar heitinnar. Ég held að það sé þá upplagt að selja þá húseign eða hlut t. d. hlutafélagsins eða Byggðastofnunar í þeirri húseign og ráðstafa því fjármagni til uppbyggingar á einhverjum öðrum stöðum á landinu. En ég hefði gjafnan viljað, ekki síst vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri n. sem tekur þessi frv. til umfjöllunar, heyra viðhorf hæstv. forsrh. hvað þetta sérstaka mál varðar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar þessi umr. hófst fyrr í vikunni gerði ég grein fyrir helstu sjónarmiðum mínum, einkum og sér í lagi að því er varðar frv. til l. um Byggðastofnun. Síðan hafa ýmsir hv. þm. tekið til máls og m. a. fjallað um það sem ég setti fram í minni ræðu á dögunum. Ég hirði ekki um að eltast við hótfyndni hv. 5. þm. Vestf., en ástæðan til þess að ég kveð mér aftur hljóðs er ræða hæstv. forsrh. því að mér sýndist hann að nokkru leyti misskilja inntak minnar ræðu.

Hann minntist lítillega á það starf sem unnið var af þeirri nefnd sem ég átti sæti í og gat um að hún hefði fjallað um endurskoðun á lögum um Framkvæmdastofnun og fjárfestingarsjóðunum skv. umboði frá hæstv. ríkisstj. Hann taldi að lítið bitastætt hefði komið frá þeirri nefnd og minnti réttilega á að formaður þeirrar nefndar, Tómas Árnason núverandi seðlabankastjóri, hefði viljað ganga lengst og hafði lagt til róttækustu breytinguna, þ. e. að það yrði stofnaður sérstakur banki eða mjög öflug stofnun í staðinn fyrir Framkvæmdastofnunina og hina ýmsu fjárfestingarsjóði. Í raun og veru var hér um að ræða tillögu um að búa til nýjan ríkisbanka, mjög öflugan nýjan ríkisbanka, og vitaskuld gátum við ekki fallist á það sem gengum til þessara nefndarstarfa með það í huga að draga úr ríkisforsjánni og bákninu. Við töldum að þessi tillaga formannsins hefði þveröfug áhrif og væri ekki tilgangur þess nefndarstarfs.

Hæstv. forsrh. taldi, eins og ég greindi frá áðan, að lítið bitastætt hefði verið í því séráliti sem ég, Lárus Jónsson og Árdís Þórðardóttir skiluðum af okkur. Þetta er ekki nákvæmlega rétt vegna þess að það vill nefnilega svo til að margt af því sem fram kemur í þeim frv. sem hér eru til umr. er tekið upp úr okkar áliti. Má ég þá minna á í því sambandi að hér er lagt til að fjárfestingarsjóðunum verði fækkað, hér er lagt til að skilið sé á milli Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, hér er gert ráð fyrir að allverulegt fé renni til rannsókna og nýsköpunar og síðast en ekki síst er lagt til að Framkvæmdastofnun verði breytt í Byggðastofnun. Þetta eru allt tillögur sem hægt er að finna í séráliti okkar þremenninganna. Að því leyti held ég að það nefndarstarf hafi orðið til nokkurs árangurs. Gallinn er hins vegar sá að að því er varðar sér í lagi Byggðastofnun er gerð formbreyting en ekki efnisbreyting. Því miður er stigið þar of lítið skref í átt að því sem til var lagt að gert yrði þegar Framkvæmdastofnun yrði lögð niður og ný stofnun undir nafninu Byggðastofnun yrði sett á laggirnar.

Ekki hef ég á móti því að til sé sjóður eða stofnun í landinu sem hafi aðstöðu til þess að rétta hjálparhönd af félagslegum ástæðum ef um neyðarástand er að ræða eða mjög verulega byggðaröskun eða til þess að fylgja eftir áætlunum um eflingu atvinnulífs eða byggðaþróunar. Hins vegar finnst mér að það eigi að fara varlega í slíkar sjóðsstofnanir vegna þess að hættan er sú, eins og við sjáum af reynslunni, að slíkir sjóðir séu misnotaðir og mjög frjálslega með þá farið af hálfu þeirra sem þeim stjórna, auk þess sem mér heyrist tónninn vera sá í hinni opinberu stjórnmálaumræðu að það eigi að draga sem mest úr fjárveitingum til stofnana eða sjóða nema um sé að ræða hreina arðsemi af þeirri starfsemi sem veita á fé til.

Til þess að skýra þá hugsun sem að baki þessum orðum mínum liggur og til þess að útskýra frekar hvað við var átt við þegar við töluðum um og lögðum til að Byggðastofnun yrði sett á laggirnar, en með afmarkað hlutverk, þá vildi ég leyfa mér að lesa hér upp úr séráliti sem ég hef verið að vitna hér til, en þar segir, með leyfi forseta, að „Byggðastofnun eigi að starfa í tveimur deildum, byggðadeild og lánadeild. Byggðadeild annist áætlunargerð og fylgist með byggðaþróun, lánadeild annist afgreiðslu lána og starfrækslu sjóðsins. Um lánveitingar úr sjóðnum gilda eftirfarandi reglur:

a) Lán verði bundið áætlunum um eflingu atvinnulífs og byggðaþróun.
b) Lán verði veitt til að forða neyðarástandi í einstökum byggðarlögum eða fyrirtækjum sem hefur í för með sér verulegt atvinnuleysi og röskun búsetu.
c) Óafturkræf framlög verði aðeins veitt til rannsókna og tilrauna í atvinnulífinu.
d) Lán verði veitt til almennra fjárfestinga, ef fjárfestingarsjóðir eða peningastofnanir sinna ekki lánveitingu, sé þess talin brýn þörf, en þó einvörðungu þegar fjárfestingin er talin arðbær.

Sjóðnum verði heimilt að lána samkvæmt liðum a og b með lægri vöxtum og lengri greiðslutíma en tíðkast hverju sinni á almennum lánamarkaði. Slíkar lánveitingar takmarkist við framlög ríkissjóðs á hverjum tíma, enda sé það meginstefnan að lána á sem sambærilegustum kjörum sem Byggðasjóður hefur sjálfur aflað fjár til með lántökum. Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs verði ákveðið á fjárlögum hverju sinni, enda hefur ákvæðið um hvað framlagið skuli miðast við,

þegar sjóðurinn hefur 2% af upphæð fjárlagafrv. til ráðstöfunar, reynst dauður lagabókstafur."

Ég hirði ekki um að vitna frekar til þessa sérálits, enda held ég að öllum sem með fylgjast sé ljóst að hér er gert ráð fyrir mjög þröngri og afmarkaðri notkun á því lánsfjármagni sem til ráðstöfunar er. Það frv. sem hér er til umfjöllunar felur þetta ekki í sér. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun hafi nokkurn veginn sama svigrúm til lánveitinga og Framkvæmdastofnun hafði. Ég hef í því sambandi lesið upp ákvæði úr frv. annars vegar og ákvæði úr lögunum hins vegar til að benda á að þar er nánast enginn munur á.

Í öðru lagi gerir frv. um Byggðastofnun ráð fyrir því að í staðinn fyrir að Framkvæmdastofnun og Byggðasjóður fái nú 2% af fjárlagaupphæðinni fái sú stofnun 0.5% af þjóðarframleiðslu, sem er nokkurn veginn sama féð, sem þýðir það að þarna er til meðferðar fyrir Byggðastofnun nokkurn veginn sama upphæðin og enn þá opið í allar áttir hvernig með þetta lánsfé skuli fara.

Ein af höfuðmeinsemdunum og aðalgagnrýnin sem beinst hefur að Framkvæmdastofnuninni er auðvitað sú að þar hefur verið lánað fé undir því yfirskini að um félagslega aðstoð væri að ræða, en í raun er verið að lána þar að mjög verulegu leyti til starfsemi sem er óarðbær. Ef á að halda áfram þeirri stefnu stríðir það gegn yfirlýstum markmiðum hæstv. ríkisstj. og stríðir gegn margendurteknum skoðunum og stefnum sem stjórnarflokkarnir hafa sett saman að undanförnu. Síðast í morgun las ég í Morgunblaðinu ræðu seðlabankastjóra þar sem hann leggur mjög mikla áherslu á að því er varðar stjórnun peningamála á næstu mánuðum og misserum að það sé stöðvaður hinn mikli straumur fjármagns í gegnum farvegi sem ekki taka tillit til arðseminnar.

Þó að ég hafi tekið fram og endurtaki að í þessum frv. sé margt athyglisvert sem ástæðulaust sé að hafna með öllu finnst mér gallarnir vera mjög stórir og mjög áberandi. Og þeir snerta því miður grundvallaratriði. Enn er gert ráð fyrir að allt of miklu fé sé varið í gegnum ríkissjóð til opinberra sjóða án tillits til arðseminnar, enn er gert ráð fyrir að þessir sjóðir verði starfræktir með erlendum lántökum, enn er gert ráð fyrir því að Byggðastofnun hafi jafnmikið fjármagn umleikis og Framkvæmdastofnun hafði áður og í frv. um Byggðastofnunina er það lagt í vald stjórnar þessarar stofnunar sjálfrar á hvaða lánskjörum lánað er. Þessar meinsemdir eru þess eðlis að mér finnst, og held fram þeirri skoðun, að Byggðastofnun sé formbreyting en ekki efnisbreyting og það sé til lítils að gera kerfisbreytingar og tala hátíðlega um slík frv. þegar innihaldið er ekki meira en ég hef gert grein fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Ég vil fyrst geta þess að ég flokka það nú undir oflát þegar hv. 3. þm. Reykv. talar svo að ég sé eini skrifarinn í deildinni. Það er á misskilningi byggt og veit ég að skrifari sem situr á hægri hönd er þess mjög meðvitandi að svo er ekki.

En ég ætlaði örlítið að víkja að hugmyndum Tómasar Árnasonar, sem fram komu í þeirri nefnd sem við sátum í á sínum tíma þegar verið var að endurskoða sjóðakerfið, m. a. vegna þess að mér fannst mjög afflutt það sem um var að ræða af hv. þm. 6. þm. Reykv. Till. Tómasar, sem hafði stuðning okkar framsóknarmanna, hefði verið hægt að fá stuðning sjálfstæðismanna sem voru í nefndinni, var á þá leið að stofna einn fjárfestingarbanka sem allir sjóðirnir yrðu settir í. Þetta var tvímælalaust gert með það fyrir augum að minnka báknið. Auðvitað hefði þessi sjóður orðið sterkur. Nýjar atvinnugreinar, hverjar sem þær eru, hafa alltaf verið settar til hliðar hjá hinum almennu sjóðum, hvort sem það eru stofnlánasjóðir landbúnaðarins, sjávarútvegsins eða iðnaðar, — nýjar atvinnugreinar, ný umsvif hafa alltaf meira og minna verið sett til hliðar og átt undir högg að sækja, hvar þau ættu heima. Athugasemdir eins og þær að þær greiddu ekki til sjóðanna og fleira hafa gjarnan verið notaðar. Þess vegna töldum við að það kerfi sem væri stuðlaði ekki að því að ný atvinnustarfsemi ætti auðvelt með að brjóta sér brautir. Ég tel þess vegna að allar hugmyndir um að minnka báknið hljóti að samrýmast þeirri stefnu sem þarna var mörkuð og þeim tillögum sem Tómas lagði fram hvað þetta snertir.

Við heyrum það aftur á móti æ ofan í æ að hér séu of stutt skref stigin og einnig hitt að stöðva beri strauma fjármagns sem ekki taki tillit til arðsemi. Þeir straumar fjármagns sem ekki taka tillit til arðsemi fara fyrst og fremst í gegnum fjárlög til margs konar félagsmála og ég tel eðlilegt að þeir sem svona grimmt boða þessa stefnu geri grein fyrir því með brtt. við fjárlög hvort þeir vilja skera niður heilsugæsluna, menntakerfið eða tryggingakerfið, þannig að skýrt komi fram hvað þeir eru að tala um.

Ég hygg aftur á móti að hv. 6. þm. Reykv. hafi á undanförnum árum ekki gert sér grein fyrir því að með gengisskráningu krónunnar hefur verið fært það mikið fjármagn frá landsbyggðinni að þeir fjármunir sem farið hafa til baka í gegnum Byggðasjóð með lægri vöxtum en verðbólguþróunin var eru skiptimynt miðað við hitt. Ef gengisskráning krónunnar hefði verið rétt þyrfti ekki jafnmikið fjármagn til þess að rétta við hjá ýmsum fyrirtækjum úti á landi í dag.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins út af spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég er því hlynntur að athugað sé hvort ekki er rétt að staðsetja ríkisstofnanir meira úti á landsbyggðinni en gert hefur verið. Athyglisverð skýrsla kom út um þetta fyrir allmörgum árum. Ég held að menn hafi reynt að framkvæma ýmislegt af því sem þar var lagt til, en það verður að segjast eins og er að þar rakst hvað á annars horn. Ég varð t. d. oft var við það í mínu kjördæmi að þar var því harðlega mótmælt er flytja átti stofnun til Akureyrar. Menn sögðu að það væri mjög erfitt að komast þangað. Mér er kunnugt um að sams konar viðleitni í Noregi rann meira eða minna út í sandinn. Það voru nánast eingöngu menntastofnanir sem tókst að flytja. Ég teldi skynsamlegra að staðsetja Byggðastofnun á Ísafirði eða Akureyri eða Egilsstöðum en þróunarfélagið, en ég treysti mér ekki til að segja meira um það nú. Ég held að það mál þurfi vandlegrar athugunar við.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það getur vel verið rétt hjá hæstv. forsrh. að ástæða sé til að athuga þessi mál vandlega og ekki rasa um ráð fram, en ég hefði þá talið æskilegt að virðuleg ríkisstj. hefði verið búin að athuga það vandlega áður en hún lagði þessi frv. fram og ætlast til þess að þau verði samþykkt hér á

nokkrum vikum. Í ljósi þess sem hæstv. forsrh. hér sagði sé ég ekki annað en að hann sé að segja sig frá þeim möguleikum að koma þessum stofnunum að einhverju leyti út úr Reykjavík, ef það er meiningin að keyra þessi frv. hér í gegnum þingið á þeim vikum sem eftir lifa þingsins, en hann treystir sér ekki til að standa að neinum flutningi þessara stofnana út úr höfuðborginni nema eftir mjög vandlega og langa athugun.

Út af fyrir sig er ég til í að ræða um það við hæstv. forsrh. að það verði fremur Byggðastofnun en t. d. þetta þróunarfélag sem staðsett verði á Akureyri. Ég býst ekki við að það stæði á mönnum norður þar heldur að hafa endaskipti á því. En varðandi það sem hann síðan sagði um erfiðleikana á því að staðsetja svona stofnanir úti á landsbyggðinni og skýrslu þá sem hér á árum áður var gerð hvað þetta varðar, þá vil ég í fyrsta lagi benda á að það eru nokkuð breyttir tímar uppi, bæði hvað varðar samgöngur og hvað varðar möguleikana á því að miðla upplýsingum og koma boðskap áleiðis. Það þarf auðvitað ekki að fræða verkfræðinginn sjálfan, hæstv. forsrh., um þá breytingu sem orðin er í alls konar boðleiðum og fjarskiptum og öðru slíku sem auðveldar mjög allan flutning á upplýsingum og öll samskipti milli stofnana, manna og landshluta, en einnig eru t. d. mun betri flugsamgöngur og samgöngunetið hvað flug varðar um landið allt er nú mun betra en það var þó ekki sé farið nema nokkur ár aftur í tímann. Ég bendi á að frá Akureyri, sem hér er nokkuð til umræðu, er daglegt flug má ég segja, a. m. k. nær daglegt flug, til Ísafjarðar, til Egilsstaða og auðvitað mörgum sinnum á dag til Reykjavíkur. Sem slík er Akureyri samgöngulega séð nokkuð vel sett og í beinum tengslum við þjónustumiðstöðvar í öðrum fjórðungum og auðvitað í ágætis vegasambandi við sitt næsta nágrenni á Norðurlandi. Ég held því að uppi séu breyttir tímar m. a. hvað þetta varðar. Einnig held ég að uppi séu breyttir tímar hvað varðar vaxandi samstöðu landsbyggðarinnar sem slíkrar um það hreinlega að sameinast um einhverja valkosti í þessum efnum gegn Reykjavíkursvæðinu. Ég minni t. d. á ályktun sem samþykkt var í Neskaupstað til stuðnings því að Akureyri yrði fyrir valinu sem aðsetur þessa þróunarfélags. Þar var ekki hver að reyna að ota sínum tota. Þvert á móti var þar á ferðinni samstaða og skilningur á því að menn ná ekki neinum árangri með því að stíga skóinn hver niður af öðrum í þessum efnum. Ég held að það sem þurfi að gerast sé að menn nái samstöðu um að skipta þarna með sér verkum, ef svo má að orði komast, að einn fái þetta og annar hitt og við dreifum þessu með samkomulagi og fullum skilningi um landið.

Herra forseti. Mér þóttu svör hæstv. forsrh. og formanns Framsfl. heldur rýr í roðinu hvað þetta varðaði. Ég get ekki annað en lýst óánægju minni með það hversu lítil þau svör voru sem hann gaf hér við spurningum mínum. Ég hafði gert mér vonir um að ríkisstj. eða a. m. k. forsrh. og virðulegur formaður Framsfl. hefði hugleitt þessi mál og haft meira fram að færa um þau en raun ber vitni. Þau koma ekki aftur þau tækifæri sem ganga mönnum úr greipum í þessum efnum. Ef menn gefast sífellt upp við fyrstu erfiðleika í þessum efnum, fyrstu mótbáru, ná menn aldrei langt. Það gefur auga leið. Ég held að þeir erfiðleikar hafi oft verið ekki síður ímyndaðir en raunverulegir. Satt best að segja held ég að menn verði að rökstyðja það ærið vel áður en því er kyngt að það sé óhjákvæmilegt að allar þessar stofnanir rjúki upp á Reykjavíkursvæðinu. Ég sé fátt mæla gegn því en mjög margt mæla með því að það verði reynt að sporna við fótum gegn þeirri miklu byggðaröskun sem dynur yfir á dögum þessarar ríkisstj. og það stendur auðvitað engum nær en henni að grípa til einhverra ráðstafana í því sambandi. Til þess er nú líka verið að flytja, geri ég ráð fyrir, frv. til laga um Byggðastofnun að hafa þarna áhrif á. Það er ærið andkannalegt ef sú hin sama byggðastofnun, sem á nú að hafa þarna áhrif á, verða til blessunar í þessum efnum, gefst sjálf upp fyrir því að koma sér út á land eða þeir sem að henni standa. Það er auðvitað ærið hörð einkunn um stöðu þessara mála.

Fróðlegt væri að heyra í einstökum þm. stjórnarflokkanna utan af landsbyggðinni. Eru þeir alveg sáttir við þessi svör hæstv. forsrh.? Mér heyrðist einn þeirra kveðja sér hljóðs áðan. Eru menn tiltölulega ánægðir með að það eigi að afgreiða þessi frv. öll núna, en hins vegar sé viðamikið og erfitt mál, sem verði að skoða mjög lengi og vandlega, að reyna að koma einhverjum þessum stofnunum eða öðrum slíkum eitthvað út fyrir Elliðaárnar? Ég á þá ekki við að flytja eigi höfuðstöðvar þeirra suður í Arnarnes. Ég á við að finna ætti þeim stað í einhverjum þjónustumiðstöðvum annarra landshluta þar sem þær gætu haft þau áhrif sem slíkar stofnanir gjarnan hafa á sitt nánasta umhverfi. Kannske yrðu þær, og auðvitað, enn þá meiri vítamínsprauta fyrir slíka staði en þær verða hér á höfuðborgarsvæðinu sem þegar býr við verulega þenslu, t. d. á byggingarmarkaðinum. Sú þensla báknsins, þó hún verði kannske ekki mjög mikil í steinsteypu, sem hér er gerð till. um, mundi auðvitað bætast við það sem fyrir er á þessu svæði.

Það gefst e. t. v. tóm til að ræða þessi mál betur þegar þau koma til 2. umr. Ég mun a. m. k. gera það. En ég hefði talið ágætt og mjög eðlilegt ef hæstv. forsrh. treysti sér til þess að segja eitthvað meira um þetta áður en málið fer hér af dagskrá og eins hefði verið fróðlegt að heyra í talsmönnum byggðastefnunnar, t. d. öðrum í Framsfl. og Sjálfstfl.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég man ekki betur en það hafi verið yfirlýst stefna flestra flokkanna að það væri rétt að halda þannig á málum að reyna að færa eitthvað af þeim stofnunum sem ríkið ræður yfir út á land. Hins vegar er fleira umhugsunarvert í þessu sambandi, þ. e. til hvers það leiðir að gera það í sumum tilvikum, hvort þarna er þá um aukakostnað að ræða, verulegan aukakostnað. Það verður að líta á allt í því sambandi. Ég er þeirrar skoðunar að þó að það sé einhver aukakostnaður, sem af því leiðir, eigi að gera þetta í einhverjum mæli. Ég er ekki að segja að það eigi að fara mjög hratt í þetta vegna þess að reynslan mun sýna hvernig til tekst ef við förum að færa stofnanir út um land. Það eru mörg ár síðan talað var um þetta, en minna hefur verið að gert.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að það er tilvalið tækifæri að gera þetta í sambandi við a. m. k. byggðasjóðinn og jafnvel fleiri þær stofnanir sem hér eru til umræðu. Ef það er svo skoðun þm. og stjórnmálaflokka á þessari stefnu, sem var mörkuð og allir lýstu sig sammála, að hverfa frá henni eiga menn að hafa mannskap í sér til að segja það

og þá þarf ekkert að vera að þvæla um þetta meir, að það sé komin sú niðurstaða og auðséð sé að óhagræði sé í Afríku og aukakostnaður í mörgum tilfellum, að það sé ekki hægt. Menn eiga bara að segja það sem þeim býr í brjósti í þessu efni.

En ég ætla að endurtaka að ég tel að það eigi að reyna í þetta sinn að flytja eina eða tvær af þessum stofnunum norður á Akureyri t. d. þar sem samgöngur eru bestar bæði við Vestfirði og Austfirði og þrjár, fjórar ferðir á milli Reykjavíkur og Akureyrar daglega. Ef það gengur ekki þar gengur það hvergi. Það er alveg klárt. Ég vil að þetta komi fram.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér eru tveir meginefnisflokkar til umræðu og þeir tengjast verulega mikið, þ. e. byggðamál og nýsköpun í atvinnulífi. Af því sem ég hef heyrt af þessari umr. finnst mér ekki hafa komið nógu glögglega fram, t. d. varðandi byggðamál, að þar eru tveir algerlega aðskildir þættir sem menn þurfa að horfa á. Í fyrsta lagi ýmsar almennar aðgerðir stjórnvalda. Almennar aðgerðir ríkisvalds á hverjum tíma hafa miklu stórvirkari áhrif á byggðir en einhvers konar byggðakontóristastefna hefur á einstök atriði. Það er svo hvort sem mönnum líkar betur eða verr að sú stefna sem hefur ríkt í efnahagsstjórn á undanförnum áratugum byggist á því að einhvers staðar inni sitja menn og halda í tauma og stýra efnahagslífi í stóru og smáu út í frá eftir ákveðnum forsendum. Við þekkjum þess dæmi. Menn gera heildarkjarasamninga, menn gera heildarfiskverðssamninga, menn taka heildarbúvöruverðsákvarðanir, menn taka heildarvaxtaákvarðanir, menn leggja stórar línur í peningamálum, menn leggja línur í húsnæðismálum og ýmsum þáttum sem oft og tíðum skilja eftir afskaplega lítið olnbogarými fyrir það fólk, hvar sem er í landinu, hvort sem er utan Reykjavíkur eða innan, sem á síðan að reyna að bjarga sér. Það er að mínu viti tómt mál að tala um einhverja sértæka byggðastefnu þegar málunum er stjórnað með hinum almennu stórvirku stjórnvaldsaðgerðum sem viðhafðar eru á hverjum tíma. Þess vegna hefur það miklu meiri áhrif á líf fólks hvar sem er á þessu landi hvaða húsnæðismálastefnu hæstv. félmrh. fylgir, hvaða menntamálastefnu hæstv. menntmrh. fylgir, hvaða atvinnumálastefnu er fylgt, hvaða peningamálastefnu er fylgt og hvað orkuverð er hátt í þessu landi. Það hefur miklu meiri áhrif á líf fólksins en einhver byggðapólitík við Rauðarárstíg. Ég held að áður en menn tala sig hérna máttlausa um hvernig Byggðastofnun þeir ætla að búa til, hvernig byggðasjóð þeir ætla að búa til og hvernig byggða- hitt og þetta þeir ætla að búa til eigi þeir að líta á hinar almennu stórvirku stjórnvaldsaðgerðir og huga að þeim fyrst. Ein röng gengisskráning í eitt ár hefur miklu stórtækari áhrif á líf fólks úti á landi en byggðakontóristarnir uppi við Rauðarárstíg geta nokkru sinni haft eða byggðastefna ríkisstj.

Þetta vildi ég láta koma fram í þessari umr. Menn skyldu huga að hinum almennu aðgerðum ríkisvaldsins fyrst. Ef menn hafa áhuga á því að fólk geti lifað á þessu landi án þess að þurfa að fara í gegnum póstlúgur þingmannanna í Reykjavík með allt smátt og stórt eiga þeir að tala um sjálfstjórn héraða. Þá eiga þeir að tala um að finna þann ramma utan um líf fólksins í þessu landi sem geri því kleift að bjarga sér sjálft, sem geri því kleift að ákveða vinnu sína, ákveða verkefni sín vitandi hvað því er sjálfu fyrir bestu. Það er byggðastefna. Byggðastefna er að búa þannig að fólki að það geti bjargað sér sjálft. Byggðastefna á ekki að byggjast á einhverjum aumingjabótum frá Alþingi eða Rauðarárstíg. Þess vegna eiga menn að velta fyrir sér hugmyndum um sjálfstjórn, sjálfsforræði.

Ég minni á þáltill., sem BJ lagði fram á þinginu í fyrra og hefur lagt aftur fram í vetur, sem fjallar um þróunarstofur landshluta. Hugmyndin er að framselja vald og framselja verkefni í atvinnu- og byggðamálum til fólksins úti á landi sem veit hvar skórinn kreppir hverju sinni og veit það miklu betur en þeir Rauðarárstígsbúar sem þó vafalaust reyna vel. Ég held að þetta sé mergurinn málsins hvað varðar byggðastefnuna. Byggðastefna er fundin upp af forsjárhyggjupostulum sem eru sannfærðir um að fólk hafi ekki vit fyrir sér sjálft og kunni ekki að ráða sínum málum. Það þarf enga byggðastefnu ef fólki er gert kleift að bjarga sér sjálft.

Varðandi nýsköpun í atvinnulífi má segja að þar gildi sömu almennu forsendur. Í fyrsta lagi skiptir höfuðmáli hver hinn almenni bakgrunnur efnahagslífsins er. Þar nefni ég atriði eins og stefnu í peningamálum, stefnu í vaxtamálum og þess háttar. Hins vegar eru sértækar aðgerðir til að styðja við, helst tímabundið, nýjungar í atvinnulífi sem geta hvort sem er verið í svokölluðum gömlum atvinnugreinum eða nýjum.

Þar skiptir höfuðmáli að menn leggi til grundvallar að koma fólki, koma fyrirtækjum þannig á legg að þau geti bjargað sér sjálf. Það gagnar ekki neitt að koma á fót einhverju fyrirtæki, koma á fót einhverjum atvinnurekstri sem síðan er því sífellt háður að vera á spena, fá sífellt styrki, fá sífellt bætur, fá sífellt einhverjar ívilnandi aðgerðir. Það er ekki til neinnar frambúðar. Út á það getur engin nýsköpunarstefna gengið, hvort sem er í byggðamálum eða atvinnumálum. Þess vegna þurfa menn líka í sambandi við nýsköpunina sjálfa í atvinnulífinu að hafa það í huga alveg eins og varðandi sjálfstjórn héraðanna að raunveruleg nýsköpun til bóta í atvinnuháttum verður ekki öðruvísi en að fólki sé hjálpað til þess að hjálpa sér sjálft. Það er grundvallaratriði. BJ flytur á þessu þingi þáltill. um stuðning við stofnun smáfyrirtækja. Þar er vikið á ýmsan hátt að málefnum sem þessu eru viðkomandi. Þar eru hugmyndir um hvernig hægt er að styðja fólk og fyrirtæki til þess að ná sjálfsbjörginni. Ég held að um það snúist þetta mál.

Við getum haldið áfram að breyta nafnspjöldunum inn við Rauðarárstíg alveg í það óendanlega. Við getum kallað þetta Byggðastofnun, Byggðadeild, Byggðasjóð. Við getum hreyft til skrifborðin, hreyft til nafnspjöldin, skipt húsinu niður á ýmsa enda og kanta. En það breytir engu. Það sem breytir málinu á endanum er traust, að við treystum fólki á heimaslóð, að við treystum fólki, sem stendur í atvinnurekstri, til þess að sjá fótum sínum forráð. Við eigum að styðja það, en alls ekki gera það háð sífelldum ívilnandi aðgerðum. Um það held ég að byggðamál og nýsköpunarmál snúist. Stofnanirnar sjálfar, ytri búnaðurinn að þessu, eru í flestum tilfellum miklu minna atriði.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki gegnumlýsa þá einföldu mynd sem hv. 4. landsk. þm. dró hér upp. Það er greinilegt að hann hefur mótað sér mjög glöggar skoðanir og hefur allt á hreinu í sínum huga.

Skal ég ekki við þetta tækifæri gera athugasemdir við hans sjónarmið sem við þekkjum af hvaða rótum eru runnar og vitum að hafa ekki mikla athugun að baki.

Ég vil aðeins segja út af þeim hugmyndum, sem uppi eru varðandi staðsetningu Byggðasjóðs á Akureyri, að ég er fylgjandi þeirri hugmynd. Ég hef talið að það sé réttur vettvangur að sú hugmynd verði tekin upp í nefnd hér á Alþingi og að það verði Alþingi sjálft sem skeri úr um það hvort þm. treysti sér til þess að stíga þetta skref. Ég álit að það sé eðlilegt. Í þessari stofnun eru saman komnir fulltrúar hvaðanæva af landinu og það verður að ákvarðast í þeirra hópi hvort þetta mikilvæga skref verður stigið eða ekki. Ég tel að ef svo fer að alþm. treysti sér ekki, gegn von minni, til þess að stíga þetta skref hljóti það að koma til álita varðandi framhaldsendurskoðun á sjóðakerfinu að einum af stofnlánasjóðunum verði valinn þar staður. Það er eðlilegt þar sem Akureyri er annað mesta þéttbýlissvæði landsins og hlýtur að geta gert sanngjarnar kröfur til þess að nokkurt tillit sé tekið til þess hér í þessari stofnun.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langa ræðu um þetta mál. Það kemur til af því að ég var í þeirri nefnd sem undirbjó þessi þrjú frv. sem hér eru til umræðu. Jafnframt er þess að geta að ég á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Það er óþarfi að fjalla um efni frv. í löngu máli, það hefur verið gert hér í mörgum ræðum. Það er ljóst að skv. tillögum ríkisstj., eins og þær birtast í þessum frv., er gert ráð fyrir að Byggðastofnun verði sjálfstæðari en hingað til þótt hennar verksvið sé heldur þrengra en Framkvæmdastofnunar í dag. Framkvæmdasjóður, sem hefur verið undir stjórn Framkvæmdastofnunar, mun færast til og draga saman seglin.

Varðandi þróunarfélagið er það að segja að þar er að finna aðferð til þess að koma fjármunum til atvinnulífsins, sérstaklega til þeirra fyrirtækja sem hugsanlega kunna að verða stofnuð á næstunni og þar sem nýjungar eru í fyrirrúmi, en slík fyrirtæki eiga ekki mikla möguleika til lánafyrirgreiðslu úr fjárfestingarlánasjóðum í dag.

Fyrir Nd. liggur brtt. frá hv. þm. Steingrími Sigfússyni og fleiri þm. um það að þróunarfélagið eigi varnarþing og aðsetur á Akureyri. Þessi till. er að mínu áliti algjörlega út í bláinn. Það er gert ráð fyrir því að ríkissjóður verði minnihlutaaðili í þessu hlutafélagi og það hlýtur auðvitað að vera hlutafélagið sjálft sem ákveður hvar það verður staðsett eins og önnur hlutafélög í landinu. Verði það ákvörðun meiri hlutans, sem semur samþykktir fyrirtækisins, að flytja þetta fyrirtæki til Þórshafnar, Kópaskers eða Akureyrar verður auðvitað að fara að því, því að það er meiri hluti í hlutafélaginu sem ræður slíku.

Ég vil hins vegar taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að það gæti verið álitlegur kostur, og þar hefur Alþingi auðvitað fullt vald á málinu, að Byggðastofnun eigi heimili annars staðar en í Reykjavík. Akureyri kemur vissulega til greina. Þetta þarf að ræða í nefnd. Ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm.

Ég held þó að ekki sé hægt að ljúka þessari 1. umr. hér í Nd. án þess að minnst sé á þrjú önnur frv., sem koma fram væntanlega innan tíðar, verða tilbúin af nefndarinnar hálfu í næstu viku og eru eins og þessi þrjú frv. byggð á samkomulagi stjórnarflokkanna frá því í september s. l. Skv. þeim frv., sem fjalla um fjárfestingarlánasjóðina, má gera ráð fyrir því að tillögur verði gerðar um að hægt sé að lána úr fjárfestingarlánasjóðunum til annarra atvinnugreina en þeirra sem lánin hafa hingað til verið einskorðuð við. Lán hafa verið bundin við ákveðnar atvinnugreinar. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að lánastarfsemi verði meira á vegum viðskiptabanka en hingað til hefur verið. Og í þriðja lagi er rétt að geta þess að sjóðirnir fá leyfi til að gerast aðilar að þróunarfélaginu sem um hefur verið rætt í þessum umræðum.

Mér finnst eðlilegt að nefndin, sem fær þau frv. og þessi mál til umræðu, ræði það hvernig hægt er að koma þessari starfsemi sem mest til atvinnugreinanna sjálfra. Það er markmið þessarar hæstv. ríkisstj. að draga úr ríkisumsvifum, að koma þessari starfsemi sem mest í hendur fyrirtækjanna sjálfra og auka þannig arðsemina til hagsbóta fyrir alla.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en vænti þess að þessi þrjú frv. og þau sem á eftir koma fái greiða afgreiðslu á þingi nú í vor.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna ummæla hv. 2. þm. Reykv. hér áðan. Hv. þm. hefur greinilega misskilið þetta illilega þegar hann ætlar að skjóta sér á bak við það að vegna þess að ríkið hyggist vera minnihlutaaðili í þessu hlutafélagi geti það engin áhrif haft á það hvar það á heima og hvernig það verður. Ríkið hefur þegar í þessu frv. bundið þátttöku sína í þessu félagi ákveðnum skilyrðum og það segir í fskj. að það muni beita sér fyrir ákvæðum í stofnsamningi hlutafélagsins. Það er því ekkert, nákvæmlega ekkert því til fyrirstöðu, virðulegur 2. þm. Reykv., að eitt af þeim skilyrðum verði t. d. það að hlutafélagið eigi heimili og varnarþing á Akureyri.

En ég tel eðlilegt, og ég vil láta það koma fram, að ekki bara eitt heldur t. d. þrjú af þessum fjórum nýju hlutafélögum eða fyrirtækjum virðulegrar ríkisstj., sem Framkvæmdastofnun er að klofna upp í, verði úti á landi. Og ég er tilbúinn að ræða það hvert á að vera hvar og hvernig á að standa að því. En aðalatriðið er það að hér gefst ríkisstj. tækifæri til að sýna hug sinn til þessara mála í verki og það verður eftir því tekið hvernig sá hugur birtist í framkvæmdum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 775). — 1. umr.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður hér að framan um 455. mál, Nýsköpun í atvinnulífi.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 776). — 1. umr.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður hér að framan um 455. mál, Nýsköpun í atvinnulífi.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 582 eigum við viðskrh. barn saman, sem er frv. til l. um breyt. á lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, borið fram af viðskrh., en samkomulag um að ég mæli fyrir því.

Skv. gildandi lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar er framkvæmd laga þessara skipt þannig að iðnrh. fer með framkvæmd III. kafla laganna, um orkusparnað, og IV. kafla, um nýtingu innlendra orkugjafa, en framkvæmd II. kafla, um olíustyrk, er í höndum viðskrh. Þegar lögin um greiðslu olíustyrks voru fyrst sett 1974 var litið svo á að um verðlagsmál væri að ræða og var framkvæmd laganna því í vörslu viðskrn. og hefur svo verið síðan að því er snertir framkvæmd og greiðslu olíustyrks.

Samkomulag hefur nú orðið um að færa framkvæmd þessara mála alfarið til iðnrn. og felur frv. þetta í sér lögfestingu á því samkomulagi. Verði frv. þetta að lögum færast mál er varða greiðslu olíustyrkja til iðnrn. og með því verður framkvæmd þessa málaflokks á einni hendi. Eðlilegt þykir að fela iðnrn. að sjá um greiðslu olíustyrkja, m. a. með tilliti til þess að leggja verður áherslu á að menn skipti sem mest yfir í rafhitun í stað olíuhitunar, en iðnrn. hefur besta yfirsýn yfir möguleika á rafhitun í hinum ýmsu héruðum landsins.

Af hálfu og fyrir forgöngu iðnrn. í samstarfi við félmrn. hefur verið hafist handa um átak í orkusparnaðarskyni. Eitt af því sem það framtak felur í sér er breyting á olíukyntum húsum í rafkynt hús þar sem kostur er að leggja rafhitun í hús. Það er ætlað að um 2700 íbúðir í landinu séu enn kyntar með olíu. Það er álitið að yfir 2000 íbúðum sé auðgert að breyta úr olíuyfir í rafhitun með tiltölulega vægum kostnaði í flestu falli. Þetta er það átak sem nú stendur fyrir dyrum og í ár er það hyggja manna að takast muni að breyta um, úr olíukyndingu yfir í rafhitun, 1000 íbúðum og 1000 til viðbótar á næsta ári.

Til olíustyrkja er varið skv. fjárlögum á þessu ári rúmum 50 millj. kr. og ætti þess vegna að vera hægt að spara verulega á þessum lið. Þá er hygmyndin að nýta þá fjármuni til að liðka fyrir hjá húseigendum að framkvæma þessar breytingar, en sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar í því skyni. Enn fremur er ætlunin nú að taka fyrir mannvirki, skólahúsnæði og félagsheimili og annað húsnæði, á vegum sveitarfélaga og sjá til hversu langt við getum náð fram í því skyni. Ég nefni kirkjur í þessu sambandi einnig.

Herra forseti. Ég legg til að þegar 1. umr. lýkur verði frv. þessu vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel að það frv. sem hér er flutt horfi til réttrar áttar. Þannig var mál með vexti þegar lög voru sett sem hér er verið að breyta að það var tillaga mín sem iðnrh. í þann tíð að meðferð olíustyrkja yrði lögð til iðnrn. með þeim hætti sem hér er lagt til. Það hafði verið að forgöngu iðnrn. samið frv. til l. um þessi efni og það rn. eitt um það fjallað, látið þó viðskrn. fylgjast með og ákveðið samstarf við viðskrn. um þau efni. En um það leyti sem málið var fullbúið og lá fyrir þingflokkum hér, komið frá ríkisstj., þá hrökk hæstv. páv. viðskrh. við eða hans flokksmenn og óskuðu eindregið eftir því að við haldið yrði hinni gömlu skipan frá 1974 og olíustyrkjaúthlutuninni haldið hjá viðskrn. og öllu því sem henni tengdist. Um þetta var nokkur strekkingur í ríkisstj. þá og málinu vísað til úrskurðar páv. hæstv. forsrh. sem fól viðskrh. að flytja þetta frv. hér í þinginu, en ákveðnir kaflar laganna, sem ég man ekki að nefna ákveðið nú, voru lagðir framkvæmdalega undir iðnrn., það sem snertir orkusparnað og þá þætti.

Mér þótti mjög miður að svona skyldi til takast og tel að það hafi í rauninni verið eitthvað annað en efnisrök sem lágu að baki að svona var lagst í málið af páv. hæstv. viðskrh. og ég tel að þessi skipan hafi orðið til að tefja fyrir eðlilegri þróun þessara mála, þ. e. að skipt yrði frá olíuhitun yfir á innlenda orkugjafa. Ég reyndi eftir að þessi lög voru sett að ýta á eftir því að fá haldbærar upplýsingar um það hvar væri hægt að skipta yfir á innlenda orkugjafa eins og reglugerð varðandi þau lög sem hér er verið að leggja til breytingu á kvað á um. Reglugerðin skuldbatt í rauninni þá sem gætu framkvæmt þetta, hefðu möguleika á því, og viðkomandi veitur til þess að gefa þar um upplýsingar og gerðu ráð fyrir því að menn misstu innan tiltekins tíma þennan styrk til að létta olíuhitunina. Um það leyti sem ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens fór frá hafði loks tekist eftir mikla fyrirhöfn að fá um það upplýsingar frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða hvar væri á þeirra veitusvæðum hægt að breyta frá olíuhitun yfir á rafhitun. Það var held ég eitt síðasta málsgagnið sem ég lagði fram í þeirri ríkisstjórn, upplýsingar um þetta efni, og þeim var raunar haldið til haga sem fskj. með þáltill. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar sem ég hef flutt tvisvar ásamt flestum þm. Alþb. í hv. Sþ. Þar er að finna þetta yfirlit og það lá þá fyrir að mati þessara aðila að fyrir árslok 1983 væri tæknilega hægt að breyta hjá 80% þeirra íbúðareigenda sem höfðu olíukyndingu yfir á rafhitun. Það kom raunar fram að allmikil brögð væru að því að menn hefðu hvort tveggja, nytu niðurgreiddrar rafhitunar og einnig olíustyrks, en vissulega hafa sumir þannig blandað kerfi sér til hagsbóta.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar að þessu leyti, en bendi á að mjög hægt hefur gengið í þessum málum síðan, miklu hægar en tæknileg tök hefðu verið á, og ég tel að það hefði verið skynsamlegt að hverfa að því ráði mjög ákveðið að taka upp beinar styrkveitingar til þess að örva þessa breytingu, en nú hygg ég að samkvæmt reglum um orkusparnaðarlán sé um lánveitingar að ræða og e. t. v. ekki nógu hvetjandi. En allt er það til bóta sem fram miðar í þessum efnum. Og það sem hæstv. ráðh. sagði hér um þetta, að til stæði að koma á skiptum hjá 1000 íbúðareigendum og 1000 á næsta ári og þá væru menn væntanlega komnir langleiðina í þessu sjálfsagða

verki að hagnýta okkar innlendu orkugjafa, rafmagnið og jarðvarmann, hvarvetna þar sem það er hægt til upphitunar íbúðarhúsnæðis, þetta er auðvitað þeim mun sjálfsagðara mál þegar ástandið er nú eins og menn þekkja í okkar raforkukerfi að þar er yfirfljótandi af orku og þess vegna þjóðhagslega séð hægt að gefa mönnum hana og hverfa frá olíunni, gefa mönnum hana tímabundið ef það mætti verða til þess að greiða fyrir þessari breytingu. Ég er nú ekki með beinar tillögur um það efni.

Ég vil svo nefna það hér í tengslum við þetta frv. að það er um ár, rétt rúmt ár, síðan hæstv. iðnrh. lagði fram í þinginu, raunar í hv. Ed., frv. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Það sofnaði með samkomulagi allra aðila í iðnn. Ed., þar sem nm. þar töldu að það frv. horfði til engra bóta og skilaði ekki þeim markmiðum sem fyrirheit höfðu verið gefin um af ríkisstj. um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar, og nefndin skoraði á hæstv. ráðh. og sendi honum sérstakt erindi þar sem óskað var eftir því að hann léti yfirfara þetta frv. og sæi til þess að það kæmi með breytingum til þingsins að hausti. Af því hefur síðan ekkert frést. Raunar er öll þessi saga í sambandi við fyrirheitin um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar orðin dálítið kynleg svo að ekki sé meira sagt. Þau mál hafa verið rædd hér einkum í tengslum við fjárlagaafgreiðslu nú um tveggja ára skeið og ég ætla ekki að fara að bæta í það orðasafn. Þar liggja fyrir margar staðreyndir varðandi þetta mál og m. a. orð hæstv. iðnrh. í sambandi við það að honum þyki að miður hafi gengið en hann vonaði, miklu skemmra en hann vonaði, og hann hefur greint sjálfur frá ágreiningi sem uppi hefur verið í röðum ríkisstjórnarflokkanna í sambandi við þetta mál. Það hefur einnig gert þingbróðir okkar, hv. þm. Egill Jónsson, nýlega í Ed., að ég hef séð í umræðuþætti Alþingistíðinda, svo að þetta hefur einnig verið þar á dagskrá og er það raunar ekki að undra.

En ég tel sem sagt, herra forseti, að þetta frv. horfi til réttrar áttar, hafði sjálfur staðið að sams konar tillögu 1980 þótt ég fengi því þá ekki framgengt.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Já, það er sumt kynlegt í sambandi við orkumál okkar, það er ekki ofmælt. Það er rétt að ekki náðist samkomulag um að fylgja fram því frv. til l. um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar sem nefnd á mínum vegum útbjó fyrir ári síðan eða rúmlega það. Ég vil aðeins nefna að frá því 1. ágúst 1983 hefur raungildi, miðað við kaupgjaldsvísitölu, orku til húshitunar lækkað um tæp 20%. Að vísu er viðmiðunin sú að fá stórhækkun á orkuverði til þess að bjarga Landsvirkjun og orkufyrirtækjum frá gjaldþroti, en hæstv. fyrirrennari minn hafði tekið sér alræðisvald í þeim sökum og stjórnaði þessu svo snilldarlega að Landsvirkjun stefndi í 400 millj. kr. greiðsluþrot á árinu 1983 ef ekki hefði verið tekið í taumana.

Það er rétt, og ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir undirtektir við þetta frv., ég tala nú ekki um, hversu erfitt og andstætt það er þegar tvö ráðuneyti þykjast eiga um að véla í sambandi við einstök fyrirtæki eins og fjmrh. þykist hafa með að gera fyrirtæki eins og sjóefnavinnslu o. s. frv. Það er spauglaust að ráða við þetta þegar margir vilja taka í taumana og ég tala nú ekki um þegar straumarnir ganga á misvíxl.

En ég hafði hugsað mér alveg sérstaklega að taka til hendinni í sambandi við olíustyrkina. 108 hafa breytt úr olíu- á fyrsta ársfjórðungi yfir í rafhitun, 108. 126 lán alls hafa verið veitt til breytinganna, en það er hyggja manna að verulega fleiri hafi breytt úr olíu- yfir í rafhitun án þess að leita eftir slíkum lánum. En mér þykir ástæða til að lesa hér bréf, sem mér barst á dögunum, sem er skrifað norður í Skagafirði af Helgu Þórðardóttur búsettri þar og hljóðar svo:

„Ég undirrituð óska eftir upplýsingum um olíustyrki. Mig langar að vita hvort eftirlit sé haft með því að réttir aðilar fái styrkinn. Ástæðan fyrir spurningu minni er sú að þegar ég las listann um styrkþega hér í Lýtingsstaðahreppi ofbauð mér hve margir sem hita hús sín með rafmagni eða heitu vatni þiggja olíustyrk. 50 millj. kr. eru á fjárlögum til þess að borga þessu fólki olíustyrki og framkvæmdin með þeim hörmungum að hér er það staðfest að í Lýtingsstaðahreppi einum er fjöldi manna sem þiggja olíustyrk en hita hús sín annað tveggja með rafmagni eða heitu vatni. (**PP:** Þetta hlýtur að vera lygi.) Þú, hv. 2. þm. Norðurl. v., skalt spyrja þessa framsóknarkonu, Helgu Þórðardóttur á Mælifellsá. (Gripið fram í.) Hvað hefurðu kosið? (Gripið fram í.) Þá þarf ekki að seilast um hurð til lokunnar. Þá fel ég hv. 5. þm. Austurl. einkanlega, fyrrv. orkumálaráðh., að rannsaka sannleiksgildi þessa bréfs.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Æsist nú nokkuð leikurinn þar sem hæstv. ráðh. fer að upplýsa um hvernig menn greiða atkv. í Norðurl. v. og er greinilegt að vit hans og vitneskja er mikið í þessum efnum, að hann skuli geta staðhæft það hér úr ræðustóli. En efasemdir hafa komið fram frá hv. þm. Páli Pétursyni að rétt sé hermt, enda kann að vera að þeim sem hafa veitt Framsfl. stuðning með atkv. sínu fari nú eitthvað fækkandi bæði í sveitum og þéttbýli og þar af kunna efasemdirnar að vera sprottnar hjá hv. þm. Páli Pétursyni.

Ég kvaddi mér hljóðs þegar hæstv. ráðh. var þar kominn ræðu sinni að hann tíundaði enn og einu sinni aftur þá raunlækkun á raforkuverði sem orðið hefði frá 1. ágúst 1983. Hann hefur sent út fréttatilkynningar og línurit sem hafa þennan upphafspunkt: 1. ágúst 1983. Það er sannarlega mikið snilldarbragð því að þá hafði ráðh. komið því til leiðar með samþykki sínu að Landsvirkjun hafði hækkað í tvígang raforku, í júnímánuði, 3. júní, og 29. ágúst 1983, um samtals 56%. Hæstv. ráðh. telur að það hafi ekki verið ofætlan landslýðnum og þá ekki síst fólkinu á hinum „köldu svæðum“ að axla þær byrðar sem þurfti til þess að rétta af hallann hjá Landsvirkjun, hallann sem til er kominn vegna óhæfilegra orkusölusamninga til útlendra fyrirtækja sem starfrækt eru í landinu, en Sjálfstfl. og fleiri neituðu að standa að að knýja fram eðlilega og sanngjarna leiðréttingu í því máli á árum áður. Þetta er rétt að nefna þegar hæstv. ráðh. fer að ræða þessa raunlækkun.

Ég veit ekki hvaða viðmiðun hann er með í þessu samhengi og hvort hann er með raunlækkun launa á viðkomandi tímabili einnig inni í þessum samanburði, launa sem fara sílækkandi (**Iðnrh.:** Miðað við kaupgjaldsvísitölu.) á þessum vikum vegna þess banns við vísitöluviðmiðun og verðbótum sem ríkisstj. hefur ríghaldið sér í. En ég vildi vegna þess sem hæstv. ráðh. fór að lesa upp úr bréfi norðan úr Skagafirði ítreka og árétta enn frekar, sem ég var að greina frá, að mér hefði tekist

sem ráðh. á árunum 1981—1982 og fram á árið 1983 að toga út úr raforkufyrirtækjum og viðskrn. á þeim tíma upplýsingar varðandi olíustyrkjagreiðslur sem ég gat um áðan í ræðu minni. Þar á meðal, og ég held að ég muni rétt að það var í maímánuði 1983 þegar þessir dálkar voru samanlagðir og upp gerðir, virtist sem 24% þeirra sem olíustyrkja nytu keyptu raforku. Hvort þeir notuðu hana eingöngu til upphitunar vissum við ekki. Þetta upplýsti ég í ríkisstj. strax og það lá fyrir í maímánuði 1983 og það lá fyrir staðfest í iðnrn. og fyrir hæstv. eftirmanni mínum þar á bæ hvernig þeim málum væri komið. Þetta hafði kostað mikla fyrirhöfn því að pappírarnir hjá viðskrn. varðandi olíustyrkina voru aðeins ákveðin ein tala úr hverju sveitarfélagi fengin yfirleitt símleiðis um það hversu margir þeir væru sem ættu að njóta olíustyrks og síðan var þeim ávísað þaðan, að ég fékk upplýst frá viðskrn., upp á þessar upplýsingar. En það var sem sagt farið ofan í saumana á þessu mjög grannt vegna þess að ég taldi fyllstu ástæðu til þess að svo væri gert og það var ekki af neinni meinbægni við þá sem notuðu olíu til upphitunar, heldur miklu frekar að gefa þeim kost á og auðvelda þeim að fara yfir á innlenda orkugjafa sem þrátt fyrir allt og þrátt fyrir hátt verð voru í langflestum tilvikum hagkvæmari fyrir neytendurna en olían. Hins vegar hygg ég að hin mikla umræða um hátt raforkuverð og þ. á m. húshitunarkostnað hafi orðið til þess að draga úr mörgum og ég hef orðið var við að margir eru í þeirri trú enn í dag að það geti verið ódýrara að hita hús sín með olíu en innlendum orkugjöfum og svo kann að vera í einstökum tilvikum þar sem menn njóta hæsta leyfilegs olíustyrks, 5.5 eininga.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er vitað að Helga Þórðardóttir skipaði þriðja sæti á framboðslista Alþb. í Norðurl. v. 1974 og í ljósi þess er það þeim mun athyglisverðara að hún hefur nú tekið upp bréfaskriftir við hæstv. iðnrh., en látið hjá líða að senda fyrrv. iðnrh. nein bréf.

En ég ætlaði að varpa fram til iðnrh. einni spurningu þar sem umræða um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar er á dagskrá. Ég er sammála efni frv., að það sé eðlilegt að þetta heyri allt undir eitt rn., en framkvæmd þeirra laga sem í gildi eru á að vera á þann veg að hver sveitarstjórn fari yfir íbúafjölda, merki við hverjir fái olíustyrk og sendi svo þær merkingar suður. Jafnframt er ætlast til þess að orkufyrirtæki það sem selur á viðkomandi svæði, hvort sem það eru Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða eða einhver annar aðili, veiti einnig hliðstæðar upplýsingar. Hafi þetta verið trassað eða vísvitandi falsað hefur að sjálfsögðu verið auðvelt að fara í kringum þetta kerfi, en það byggist engu að síður á því að tveir aðilar verða að hafa brugðist þeim trúnaði sem var sýndur.

Það sem ég ætlaði að gera að umræðuefni er hvað líði framkvæmd þess að fá hlutlausa úttekt á því hver sé ástæðan fyrir hinu háa orkuverði á Íslandi. Það er hvimleitt að hlusta á núv. hæstv. iðnrh. og fyrrv. iðnrh. kasta þessum bolta á milli sín, en sannleikurinn er sá að alþýðu þessa lands er selt rafmagn á hæsta hugsanlega verði. Ef raforka yrði hækkuð verulega frá því sem hún er núna mundi það einfaldlega leiða til þess að menn mundu færa sig yfir í aðra orkugjafa. Á því verði er búið að selja raforkuna að undanförnu og það hlýtur að vera eðlilegt í þessari umræðu að leita eftir upplýsingum um hvað líði þeirri framkvæmd, að fá upplýst hver er ástæðan fyrir hinu gífurlega háa raforkuverði á Íslandi.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var einn af frumkvöðlum þess eða a. m. k. réð hann úrslitum sem formaður nefndar um að hér var afgreidd í fyrra þáltill. um að rannsakaðar yrðu orsakir hins háa orkuverðs. Nefnd er starfandi, nefnd hlutlausra sérfræðinga eins og það var orðað í till., og hún hefur kostað ríkissjóð rúmar 2 millj. kr. og skilar tæplega niðurstöðum sínum, ekki lokaniðurstöðum, fyrr en á miðju næsta ári, en áfangaskýrslu e. t. v. undir lok þessa árs. Þetta er af þessu að segja. En ég er þeirrar skoðunar og raunar er ég sannfærður um að framkvæmd olíustyrkjanna er ólíðandi subbuskapur og fyrir það ætla ég að setja fót. Og ef þessi lög ná fram að ganga er það ákvörðun mín að þeim sem þiggja olíustyrk verði tilkynnt til að mynda að frá og með 1. okt. eða 1. nóv., þannig að menn hafi nægjanlegan umþóttunartíma, verði olíustyrkur af lagður ef viðkomandi á tök á því að fá annan innlendan orkugjafa. Okkur hefur ekki tekist að fá áreiðanlegar upplýsingar um hvernig úthlutun olíustyrkjanna er háttað og það hefur farið mjög illa úr hendi viðskrn. Það hefur verið tillaga mín í 1½ ár að iðnrn. fengi fangs á þessu máli. En embættismannakerfi viðskrn. hefur spyrnt við fótum vegna þess að það vill halda áfram að útdeila þessum peningum með þeim hætti sem er fullkomlega óeðlilegur og eins og ég segi að mínum dómi, enda hef ég sannanir fyrir því, hreinn og beinn subbuskapur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. 463. mál (þskj. 784). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til l. til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis á þskj. 784.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um breytingar á kosningalögum. Voru lögin samþykkt í kjölfar breytinga á stjórnarskránni þar sem m. a. var breytt ákvæðum um skiptingu þingsæta milli kjördæma og kosningaraldur lækkaður. Frv. að lögum þessum var flutt af formönnum fjögurra stjórnmálaflokka og var það samþykkt nánast óbreytt.

Við meðferð þess frv. í þingnefnd var af hálfu dómsmrn. komið á framfæri við okkur aths. og ábendingum varðandi efni frv., þó ekki reikningslegur. Einnig var þar um að ræða ábendingar um lagfæringar á nokkrum atriðum í kosningalögum og ábendingar um atriði sem æskilegt væri að breyta eða ástæða til að athuga nánar.

Þessar aths. og ábendingar voru skoðaðar af þingnefnd og fulltrúum þingflokka og var gengið frá tillögum um breytingar á frv. Ekki vannst þó tími á þinginu til að afgreiða þessar tillögur úr nefnd, en gert var ráð fyrir að þær yrðu lagðar fyrir Alþingi þegar það kæmi saman að nýju. Er þetta frv. í samræmi við þær tillögur sem þannig voru undirbúnar.

Ég tel naumast þörf á að rekja brtt. við frv. Þær eru flestar lagfæringar til samræmis við breytingar sem

samþykktar voru í fyrra eða til nánari glöggvunar, m. a. með tilliti til endurútgáfu laganna. Rétt er þó að nefna nokkur atriði.

Lagt er til að kosningarréttur þeirra sem ekki eiga lögheimili í landinu en hafa átt það á síðustu fjórum árum reiknist frá 1. des. næstum fyrir kjördag, en kjörskrárgerð er að öðru leyti miðuð við 1. des.

Lagt er til að framboðsfrestur renni út fjórum vikum fyrir kjördag í stað þremur vikum og þremur dögum eins og ákveðið var í fyrra. En það er gert til að unnt verði að lengja þann tíma sem kjósendur geta greitt atkv. utan kjörfundar. Er lagt til að sá tími verði fastákveðinn þrjár vikur, en skv. lögunum frá í fyrra getur hann farið niður í tvær vikur. Við þetta styttist í eina viku sá tími sem yfirkjörstjórnum og landskjörstjórnum er ætlað til að fjalla um framboð.

Þá er slakað á skilyrðum fyrir því að kjósandi megi greiða atkv. utan kjörfundar. Er lagt til að nægi að kjósandi geri ráð fyrir því að geta ekki sótt kjörfund á kjördegi þar sem hann er á kjörskrá.

Einnig er breytt ákvæðum er varða það atvik ef ráðgerð forföll reynast ekki fyrir hendi á kjördegi.

Frv. þetta fjallar eins og áður sagði fyrst og fremst um lagfæringar á ýmsum ákvæðum kosningalaganna til samræmis við breytingar þær sem samþykktar voru á síðasta þingi. Frv. fjallar hins vegar ekki um reiknireglur laganna. Eru með frv. ekki lagðar til breytingar á þeirri aðferð sem samþykkt var á síðasta þingi. Rétt er þó að taka fram að við athugun á frv. komu fram ábendingar um að þörf væri að lagfæra ágalla á ákvæðum frv. að þessu leyti, miðað við þá reiknisaðferð sem á var byggt. Við meðferð kosningalagafrv. á síðasta þingi kom skýrt fram að talið var að umfjöllun málsins væri ekki lokið. Samráð hafði verið haft við sérfræðinga um ýmsar breytingar sem til greina gátu komið og voru ræddar. Frv. var hins vegar byggt á samkomulagi fjögurra stjórnmálaflokka á þinginu árið áður og efnislegum breytingum varð ekki við komið þar sem samkomulag náðist ekki. Því var hins vegar lýst yfir í nál. í báðum þingdeildum að unnið yrði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður lagðar fram á þessu þingi. Það var vegna þessarar yfirlýsingar sem dráttur hefur orðið á að þetta frv. væri lagt fram á þessu þingi þar sem þess var vænst að einhver niðurstaða yrði af fyrrnefndum yfirlýsingum.

Þá vannst á síðasta þingi ekki heldur tími til að ræða til þrautar tilhögun persónukjörs og var gert ráð fyrir að það yrði rætt með sama hætti milli þinga. Af þessum ástæðum var frv., sem þá var fyrir þinginu, samþykkt óbreytt.

Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breytingar á ýmsum ákvæðum kosningalaganna. Ljóst er að í tengslum við athugun þess er líklegt, eins og fram kom við meðferð kosningalagafrv. á síðasta þingi, að önnur atriði kosningalaganna verði tekin til frekari skoðunar, þ. á m. sjálfar reiknireglurnar. Af þeirri ástæðu tel ég rétt að leggja til að kosin verði sérstök þingnefnd til að fjalla um frv. og önnur atriði kosningalaganna sem þar kunna að koma fram og að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og þeirrar nefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696). — 1. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 696 um breytingu á erfðalögum nr. 8 frá 1962. Það er allshn. Nd. sem flytur þetta frv. Efni þess kemur fram í 1. gr. frv. Hún er þess efnis að við 9. gr. erfðalaganna sem nú gilda bætist ný mgr. sem orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað hjóna eða bæði geta þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því.“

Þetta frv. er borið fram af allshn. eftir að nefndin fjallaði um frv. sem borið var fram um þetta sama atriði af þeim Guðrúnu Helgadóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Guðmundi Einarssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Jóni Baldvini Hannibalssyni. Í nefndinni var fjallað allítarlega um frv. sem ég nefndi nú, sem einnig var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Allshn. leitaði álits allmargra aðila á frv. því sem hv. alþm. Guðrún Helgadóttir er 1. flm. að. M. a. var leitað til dr. Ármanns Snævarrs fyrrv. hæstaréttardómara, Guðrúnar Erlendsdóttur dósents og Ragnars Hall borgarfógeta. Umsagnir bárust einnig frá Lögmannafélagi Íslands og fleiri aðilum.

Enginn þeirra, sem lét í ljós álit sitt á hinu fyrra frv. eða þeirra sem nefndin átti viðræður við, mælti með samþykkt þessa frv. í óbreyttri mynd.

Það komu fram ýmsar aths. um að framkvæmd þess mundi reynast erfið, það mundi valda réttaróvissu og skertur væri mjög réttur niðja beggja og bréferfingja við búskipti, en í því frv. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir er 1. flm. að var gert ráð fyrir að lögunum yrði breytt á þá leið að eftirlifandi maki öðlaðist umráðarétt yfir íbúðarhúsnæði og húsmunum þannig að erfingjar gætu ekki krafist skipta svo sem nú er heimilt og áframhaldandi seta eftirlifandi maka í óskiptu búi væri tryggð.

Eins og ég sagði gáfu umsagnir ótvírætt í skyn og viðræður við þá sérfræðiaðila sem n. kallaði á sinn fund, að verulegir örðugleikar væru á framkvæmd lagagreinar þeirrar sem felst í frv. Guðrúnar Helgadóttur og fleiri þm. Af þeim orsökum varð það að samkomulagi í allshn. að lokinni ítarlegri skoðun þessa frv. að n. bæri fram frv. um þetta sama efnisatriði sem er að finna á þskj. 696. Þar er farin einfaldari leið að sama marki.

Efni frv. er það að skv. því geta hjón tryggt eftirlifandi maka áframhaldandi og óskerta setu í óskiptu búi eftir andlát hins ef fyrirmæli um það eru sett í erfðaskrá. Þó svo að fyrirmæli séu sett í erfðaskrá gilda þau ekki að óbreyttum lögum ef einhverjir lögerfingjar krefjast skipta. Það geta þeir jafnan eftir að ár er liðið hafi heimild verið fengin til setu í óskiptu búi. Breytingin er því grundvallarbreyting. Unnt er nú, þrátt fyrir andmæli niðja, að tryggja áframhaldandi setu eftirlifandi maka í óskiptu búi. Eftirlifandi maki þarf ekki að leysa upp bú sitt og selja eigur til þess að borga út erfðahlut niðja ef sett hefur verið ákvæði þess efnis í erfðaskrá.

Á það hefur verið bent og það með réttu að nokkur fyrirhöfn er að því að setja slíkt ákvæði í erfðaskrá. Einnig var bent á að erfðaskrár eru ekki mjög algengar

hér á landi. Á hinn bóginn telur n. að ef slíkt ákvæði kæmist í lög mundu þeir sem telja æskilegt að eftirlifandi maki eigi setu í óskiptu búi, að ekki sé hægt að leysa upp búið af niðjum beggja, gera erfðaskrá. Þar af leiðandi yrðu mun fleiri erfðaskrár gerðar samkv. þessu ákvæði en eru gerðar í dag. Það má því segja að þetta frv. tryggi þeim sem það vilja að búi eftirlifandi maka verður ekki skipt, jafnvel þó að krafa komi fram um það frá niðjum beggja.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Fyrst verð ég að geta þess að það sýnist þjóna æðilitlum tilgangi að ætla að reyna að skýra flókið mál sem þetta fyrir þingheimi og freista þess að fá jafnvel samþykki fyrir brtt. þegar svo til engir hv. þm. eru í salnum eða fæstir þeirra. Þegar ég flutti framsögu fyrir frv. um sama mál var nær enginn í salnum. Er til of mikils mælst, herra forseti, að hringt verði á þm. og sú pína á þá lögð að hlýða á mál mitt? Ég sé ekki til hvers ég er að flytja það öðruvísi. (**Forseti:** Ég vona nú að hv. ræðumaður vilji ...) Herra forseti. Ég hygg að ég geti ekki tekið tímann í það að bíða eftir að hv. þm. gangi í salinn.

Frv. það, sem liggur fyrir hv. Alþingi á þskj. 53 og er ástæðan fyrir hinu nýja frv. sem hv. síðasti ræðumaður talaði nú fyrir, var fyrst flutt á síðasta þingi. Flm. voru þá ásamt mér hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson. Frv. varð ekki útrætt á því þingi og því var það endurflutt s. l. haust. Meðflm. mínir voru þá hinir sömu með þeirri breytingu að í stað hv. þm. Kristínar Kvaran, sem þá var í leyfi, varð hv. þm. Guðmundur Einarsson meðflm.

Frv., eins og hér kom áður fram, felur í sér þá breytingu á erfðalögum frá 1962 að við lát maka eigi eftirlifandi maki ævinlega rétt til setu í heimili sínu óskiptu eins og það var við lát maka, bæði þegar eftirlifandi maki fær ekki leyfi til setu í óskiptu búi vegna þess að fyrirmæli hins látna eru á annan veg eða samþykki fjárráða niðja er ekki fyrir hendi og þegar erfingjar látins erfingja krefjast skipta. Allir þekkja raunaleg dæmi um afleiðingar búskipta þar sem eftirlifandi maki verður að hrekjast úr eigin heimili vegna krafna um búskipti svo að við persónulegan missi bætist fjárhagslegt öryggisleysi og oft og tíðum sár sem seint gróa.

Menn kunna að spyrja hvort algengt sé að búskipta sé krafist. Skv. upplýsingum dóms- og kirkjumrn., dags. 21. mars 1984, hafa slíkar beiðnir borist svo sem hér segir:

Eftirtöldum embættum hafa ein eða fleiri beiðnir borist, en ekki er tilgreint hvernig þær skiptast á milli ára: Sýslumanninum í Barðastrandarsýslu ein beiðni, sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Akureyri og Dalvík sex beiðnir, sýslumanninum í Gullbringusýslu og bæjarfógetanum í Keflavík, Njarðvík og Grindavík ellefu beiðnir, sýslumanninum í Suður-Múlasýslu og á Eskifirði þrjár beiðnir, bæjarfógetanum í Ólafsfirði ein beiðni, sýslumanninum í Rangárvallasýslu tvær beiðnir, sýslumanninum í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetanum á Seyðisfirði ein beiðni, sýslumanninum í Strandasýslu ein beiðni og bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum ein beiðni.

Hjá eftirtöldum embættum er tekið fram hvernig skipting er milli ára, en ég vil nú sleppa því hér. Hér er um þrjú ár að ræða, 1981—1983: Á Akranesi þrjár beiðnir, í Ísafjarðarsýslu og á Ísafirði sjö beiðnir, borgarfógetanum í Reykjavík 244 beiðnir, sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetanum í Ólafsvík sex beiðnir.

Af þessum tölum er ljóst að langflestar beiðnir um búskipti koma fram á þéttbýlissvæðum og þá einkum í Reykjavík, enda hefur mikill áhugi komið fram á því að frv. þetta næði fram að ganga. Nægir að nefna hringingar og fyrirspurnir til skrifstofu Alþingis um örlög þessa máls sem hafa verið mjög tíðar.

Lífaldur manna hækkar í sífellu samfara betra heilbrigðisástandi í landinu og það hlýtur að vera þjóðfélaginu fyrir bestu að fólk búi sem lengst í eigin heimili og annist sig og heimili sitt eftir bestu getu og með þeirri þjónustu sem samfélagið býður. Íslendingar hafa haft þá sérstöðu að í heimi atvinnuleysis og kreppu hefur roskið fólk í miklu meira mæli getað tekið þátt í atvinnulífi þjóðarinnar en annars staðar gerist. Þannig á þetta að vera þó að nú horfi e. t. v. til verri vegar um stund ef verulegt atvinnuleysi kynni að sækja að okkur. Þarf vart að benda á þann sparnað sem er í því fólginn að hinir öldruðu búi á eigin heimilum í stað þess að gista stofnanir meðan þess gerist ekki bein þörf. Og ekki síður — og það er mikilvægt atriði þessa máls — á aldrað fólk skilyrðislausan rétt til þess að ráða sínu eigin lífi meðan það er til þess fært og frumréttur þess er að búa áfram í eigin heimili eftir lát maka ef það vill. Sá ákvörðunarréttur á ekki að vera í höndum barna eða stjúpbarna.

Skv. núgildandi lögum, ef við lítum á hina lagalegu hlið málsins, á eftirlifandi maki langstærstan hluta í búinu. Hann á í fyrsta lagi helming búsins og erfir síðan ⅓, en niðjar erfa ⅔ af helmingi eignanna. Bréferfingi getur aldrei eignast nema ⅓ af eignum arfláta, þ. e. hins látna. Það verður því að teljast óeðlilegt að þeir sem svo lítinn hluta búsins erfa geti með árs fyrirvara hvenær sem er krafist skipta á búinu öllu og jafnvel gert aðalerfingja ófært að halda eigin heimili. Hér er á engan hátt gengið á endanlegan erfðarétt annarra erfingja en makans, heldur er skiptum á heimili hins eftirlifandi maka einungis frestað skv. hinu upphaflega frv. Allar reglur erfðalaganna gilda áfram um að eignirnar verði ekki rýrðar.

Frv. hefur nú verið til umfjöllunar í hv. allshn. Nd. á tveim löggjafarþingum. Skiptaráðandinn í Reykjavík var kallaður á fund n. og hafði flest við frv. að athuga, en þó einkum að það yrði erfitt í framkvæmd. Flestum aths. hans þóttist ég geta svarað, en á það var lítið hlýtt, en þær voru allar um framkvæmd. Það er ekki mál löggjafans að annast framkvæmd mála. Ef Alþingi sýnist svo að lögum skuli breytt skal framkvæmdavaldið framkvæma.

Lögmannafélag Íslands sendi álitsgerð laganefndar félagsins og varaði við samþykkt frv. og sagði þar m. a., með leyfi forseta:

„Nefndin varar við samþykkt frv. og vill vekja athygli á því að með umræddri brtt. er gengið í berhögg við meginreglur gildandi erfðalaga, svo sem rétt erfingja til arftöku og ráðstöfunarrétt arfleifanda."

Tekið var jafnframt fram að stjórn félagsins hefði ekki fjallað efnislega um frv.

Lögmannafélagið var ekki beðið um afstöðu til þess hvort réttur makans eða erfingjans skyldi vera meiri

eða minni. Frv. tekur þar af allan vafa um vilja flm., en hann er sá að réttur makans verði aukinn á kostnað erfingjanna, þ. e. barna. Öðrum atriðum framkvæmdalegs eðlis var svarað er formaður félagsins kom á fundinn.

Þarna misskilur Lögmannafélagið hlutverk sitt. Hlutverk þess er að gefa umsögn um lagafrv. sem slíkt en ekki að móta stefnu Alþingis í erfðamálum.

Jón Ísberg, sýslumaður Húnvetninga, sendi svohljóðandi umsögn og heiður sé honum fyrir það:

„Mér var sent frv. til breyt. á erfðalögum um leið og ég var beðinn um upplýsingar. Ég vil aðeins nota tækifærið og þakka viðkomandi alþm. fyrir að þora að hrista upp í stöðnuðu kerfi."

Guðrún Erlendsdóttir dósent skilaði áliti að beiðni n., en ágæt grein hennar í Úlfljóti árið 1978 um nauðsyn þessarar breytingar á erfðalögunum varð m. a. kveikjan að tillöguflutningi okkar. Þar segir hún m. a., með leyfi forseta:

„Þetta frv. er vissulega í anda þeirrar þróunar sem verið hefur undanfarna áratugi og miðast að því að bæta hag eftirlifandi maka. Það er réttilega tekið fram í grg. með frv. að krafa um búskipti geti bitnað mjög illa á eftirlifandi maka og valdið því að hann verður að selja íbúð sína og hefur í engan stað að venda nema opinberar stofnanir."

Prófessor Ármann Snævarr lýsti efnislega samþykki, en bæði vísuðu þau til yfirstandandi heildarendurskoðunar á erfðalögunum og öll þekkjum við hvern tíma slíkt tekur.

Eins og jafnan vill verða í nefndum um mál sem krefjast gaumgæfilegrar skoðunar virtist frv. ætla að daga uppi á ný. Þá brá svo við að Bjarni Bjarnason borgardómari hafði samband við mig persónulega og spurðist fyrir um örlög frv. sem hann greinilega var hlynntur. Ég benti honum á að hafa samband við formann n. sem hann gerði og síðan kom hann á fund hennar. Lagði hann þá fram málamiðlunartillögu, þar sem hann taldi ekki nást samkomulag í n. um málið, og sú tillaga er orðrétt hið nýja frv. n. Og hvað skilur svo á milli frv. okkar og frv. n.?

Hið nýja frv. heimilar hvorum maka sem er að leyfa með erfðaskrá hinum sem lengur lifir að sitja í óskiptu búi. Þannig gengur hið nýja frv. lengra en okkar sem einungis fjallaði um heimildir. En — og það er stórt en — erfðaskrá er skilyrði fyrir rétti til setu í óskiptu búi skv. frv. og hætt er við að mikið vanti á að fólk geri slíka erfðaskrá. Mér hefur orðið tíðrætt um hina öldruðu, en við skulum ekki gleyma því að ekki eru meiri líkur til þess að ungt fólk, kannske við bestu heilsu, hafi hug á því að gera erfðaskrá.

Annað atriði þar sem mjög skilur á milli þessara tveggja frv. er að í hinu nýja frv. er stjúpbörnum enn heimilað að krefjast búskipta eins og núverandi lög gera ráð fyrir. Því ákvæði hlýt ég að hafna. Ýmsir telja að við búskipti skuli tekið annað tillit til stjúpbarna en sameiginlegra barna. Ég er því algjörlega ósammála og tel það viðhorf í andstöðu við þá stefnumörkun sem löggjafinn hefur unnið að, t. d. með nýsettum barnalögum. Allur andi þeirra laga er að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum án tillits til þess hvort þeir kjósa að búa saman eða ekki. Vissulega hefur átt sér stað hugarfarsbreyting í þessum efnum. Engin ástæða er til að gera ráð fyrir að milli stjúpforeldra og stjúpbarna hljóti að ríkja tilfinningaleysi og jafnvel illindi. Vitaskuld er það til og engin lög geta náð yfir öll tilvik mannlegs lífs, en í landi þar sem þúsundir barna búa með öðru foreldri, með eða án maka, ber að eyða því hugarfari að milli stjúpforeldra og stjúpbarna þurfi að ríkja tortryggni. Í frv. okkar er því enginn munur gerður á rétti barna og stjúpbarna til að krefjast skipta á heimili eftirlifandi maka.

Nefndin hefur kosið að sjá svo til að hv. þm. þurfi ekki að greiða atkv. um hið upprunalega frv. og þar sem hið nýja frv. er þó spor í áttina að því marki sem með því var að stefnt tók ég þann kost að flytja það með n. Við flytjendur hins fyrra frv., hinir sömu og áður að öðru leyti en því að hv. þm. Ellert Schram gerðist meðflytjandi í fjarveru hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, viljum þó enn freista þess að fá fram afstöðu hv. þm. um forgangsrétt stjúpbarna umfram önnur börn til að krefjast búskipta. Þess vegna höfum við borið fram brtt. á þskj. 740 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Í stað orðanna „heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja" í 1. gr. komi: heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum annars eða beggja.

Þetta tel ég afar mikilvægt atriði vegna þess að sé svo séð til að stjúpbörn hafi þennan forgangsrétt enn og aftur er satt að segja ekki mikið gagn í þessu nýja frv.

Ég harma að ekki skuli fleiri hlýða á mál mitt því mér er fullkunnugt um að þetta mál hefur átt skilning og stuðning hér í þinginu. Við treystum því að hv. þm. skoði hug sinn vandlega um þetta atriði og greiði brtt. okkar atkv. sitt. Hér getur ekki verið um neitt flokkspólitískt mál að ræða, en með þessu máli er fylgst úti í þjóðfélaginu, það get ég alveg sagt hv. þm.

Verði till. okkar felld, þ. e. brtt., mun ég samt greiða hinu nýja frv. atkv. mitt þar sem ég tel að það sé skref í rétta átt. Ég harma hins vegar að hið upprunalega frv. skyldi ekki ná fram að ganga og geng ekkert að því gruflandi að fyrir því eru tvær meginástæður, andstaða við frumvörp stjórnarandstöðuþm., þó að víst væri einn stjórnarþm. meðal flytjenda, og slæleg skoðun sumra þm. á málinu og skortur á vilja til að taka afstöðu gegn framkvæmdavaldinu. En ég vil benda hv. þm. á að samþykkt brtt. gerði hið nýja frv. mun stærra skref í réttlætisátt en það er nú.

Að lokum þetta, herra forseti: Engin ástæða er til að senda hið nýja frv. til n. Nefndin flytur það öll og brtt. er þrautrædd þar. Þar nýtur hún ekki fylgis, að því er best verður séð, og því einungis tímaeyðsla að senda málið aftur til n. Ég vona að hv. formaður n. sé sammála mér í því. Ég skora á yður, herra forseti, að fallast á atkvgr. um frv. og brtt. án frekari umfjöllunar n. og flýta þannig fyrir afgreiðslu málsins til hv. Ed.

Jafnframt vil ég fara þess á leit við yður, herra forseti, að allar umr. um málið verði ljósritaðar og sendar með málinu til Ed. Þar sem svo lítill tími er til þingloka flýtti það vissulega fyrir hv. þm. Ed. að átta sig á málinu. Þetta mál hefur goldið þess að þarfnast gaumgæfilegrar skoðunar. Og ég vil ítreka það, herra forseti, að ég sé enga minnstu ástæðu til að senda okkur flytjendum málsins það aftur til umsagnar. Mér er fyrirmunað að skilja hvað við eigum að ræða meira í þessu máli. Það hefur svo sannarlega verið gert.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef hlýtt á mál hv. 10. landsk. þm., bæði í n. og einnig hér á

þingfundi, og hlýt því að hafa fullnægt öllum skyldum um hlustun í málinu. Hitt vekur undrun mína þegar hv. þm. fullyrðir að þeir sem fá mál til umsagnar eigi ekki að senda í sinni umsögn neitt álit á stefnunni sem verið sé að marka, það sé yfir höfuð ekki tilgangurinn með því að senda þeim mál til umsagnar. Ég kem af fjöllum. Auðvitað er það aðalatriði þegar mál er sent til umsagnar að þeir sem fjalla um málið segi álit sitt á málinu og þeirri stefnumörkun sem þar færi fram. Hvernig í dauðanum má annað eiga sér stað? Er hugsunin á bak við slíkar yfirlýsingar sú að menn eigi að gefa á því skýringar hvort þessi lög muni vera falleg eða ljót í lagasafninu eða hvað eru menn að fara fram á? Hvað eru menn að fara fram á með því að senda mál til umsagnar?

Auðvitað verða menn að una því þegar þeir senda mál til umsagnar og fá mjög neikvæðar umsagnir manna sem hafa hugsað um þessa hluti, tekið afstöðu til þeirra. Þá ber þeim að snúast með rökum gegn slíkum málflutningi en ekki að halda því fram að viðkomandi hafi farið út fyrir sitt verksvið, þeim komi þetta nánast ekkert við, það sé ekki þeirra að móta stefnuna. Þeir eru að segja sitt álit og eftir því er stefnan mótuð.

Mér hefur fundist, eins og mörgum öðrum, alveg fráleitt hvernig þetta frv. var sett fram af hv. flm. og mig undrar að fulltrúi öreiganna skuli hafa mestar áhyggjur af því hvað verður um arfinn því það er eignastéttin sem löngum hefur haft áhyggjur af arfinum en ekki öreigarnir. Þeir erfa ekkert og eiga ekkert. En það er flest farið að snúast við í þjóðfélaginu.

Ég vil líka spyrja í þessu sambandi: Er það óeðlilegt að sá sem er dauðvona og tekur ákvörðun um að hann vill ekki að eftirlifandi maki fái að ráðskast með þessa hluti geti haft þau áhrif, ef hann segir nei við þeim rétti sem hér er settur, að hans börn fái sinn hlut? Er það óeðlilegt vald? Oft eru þessar eignir í framkvæmd í sameiginlegri notkun barna og foreldra. Á þá ekkjan, ef henni sýnist svo, að geta sparkað stjúpbarninu út og sagt: Þú færð engan arf strax. Ég ætla að hafa þessar eignir í minni umsjá, hvort sem það er um fjögur hundruð fermetra íbúð eða minni að ræða. Er þetta réttlætið sem menn eru að tala um? Það er ekkert þak á þessum hugmyndum.

Ég tel að það megi vissulega finna þess dæmi að börn hafi sýnt óbilgirni sínum foreldrum eða því foreldri sem hefur verið eftirlifandi. Það er þó meginreglan að börn samþykkja að foreldri sitji í óskiptu búi. Spurningin er þegar hitt gerist og þau neita: Hvers vegna neita þau? Það er vegna þess að það er ósamkomulag á milli barnanna og þess foreldris sem eftir lifir. Og sjaldan veldur einn þá tveir deila.

Ég lýsti því yfir í n. að ég væri efnislega andvígur frv. eins og það væri flutt og mundi greiða atkv. gegn því og væri hlynntur því að það færi sem fyrst úr n. Sú till. sem hér er sett fram grundvallast á sömu grunnhugsun og er í núgildandi erfðalögum, þ. e. að sá aðili sem er að kveðja hefur réttinn til að segja fyrir um hvað verði gert við hans eigur.

Það liggur nefnilega alveg ljóst fyrir að skv. núgildandi erfðalögum, eins og réttilega var upp talið, fær eftirlifandi maki ⅔ af eignunum. Hann fær helming og hann fær ⅓ af því sem eftir er. Ég hygg að í þeim lögum eins og þau eru sé vissulega tekið mikið tillit til eftirlifandi maka. Hann fær bæði þann helming sem hann á með réttu og hann fær ⅓ af hinu.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni varðandi börn, sem oft og tíðum hafa ílengst á heimili sinna foreldra og unnið þeim mikið fjárhagslega, hvort það sé rétt að ganga þannig frá þessu í lögum að við brottför annars foreldrisins geti hitt raunverulega úthýst þeim sem eftir eru. Mér er ekki ljóst hvort það er hugsjónaeldur eða fáfræði sem liggur á bak við það mikla kapp sem hv. 10 landsk. þm. leggur á að boða að hér sé eitthvað réttlætismál á ferðinni. Ég veit ekki til þess að stjúpbörn í þessum heimi hafi haft of góða daga. Það getur vel verið að hv. 10. þm. Reykv. telji að svo sé og það sé rétt að ná af þeim þeim rétti sem þau hafa í lögum. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég mun hiklaust líta á það sem mína skyldu að líta svo á að þau séu hinn veikari aðili en ekki hinn sterkari í þeim leik sem hér er verið að tala um og tel ég að ég hafi fullar skyldur í því sambandi að veita þeim lið þannig að það sé ekki reitt af þeim sem þau hafa samkv. íslenskum lögum.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það ber vissulega að fagna því að með þessari breytingu, sem hér er lögð til af hv. allshn. á frv. Guðrúnar Helgadóttur og fleiri hv. þm., skuli stigið skref í réttlætisátt og opnaðir möguleikar eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi, en ég harma það að n. skuli ekki hafa séð sér fært að stíga skrefið til fulls eins og lagt er til í hinu upphaflega frv., þ. e. fullur réttur eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi, þannig að skipti á búi, sé þess krafist, taki ekki til íbúðarhúsnæðis sem eftirlifandi maki býr í né til húsmuna hans nema hann óski þess sjálfur.

Mér finnst í rökstuðningi allshn. fyrir þessari breytingu lögð meginhersla á að með ákvæðum frv. á þskj. 53, frv. Guðrúnar Helgadóttur o. fl., sé skertur mjög réttur niðja og áhorfsmál, eins og sagt er, að svipta lögerfingja rétti til að krefjast búskipta á búi sem eftirlifandi maki situr í. Í rökstuðningi n. finnst mér því meginhersla lögð á hagsmuni lögerfingja að fá arfshluta sinn greiddan úr búinu. Þessi viðhorf og áherslur finnst mér rangar því að meginhersluna á að leggja, að mínu mati, á hagsmuni eftirlifandi maka.

Í annan stað er í rökstuðningi n. talað um skilning á því að við lát maka geti skapast erfiðleikar ef erfingjar geri kröfu um búskipti og með till. allshn. sé komið til móts við þau sjónarmið. Þetta er að mínu mati einmitt kjarni málsins og meginrök fyrir því að ganga á eins lagt og lagt er til í upphaflegu frv. Guðrúnar Helgadóttur o. fl., þ. e. þeir miklu erfiðleikar, bæði fjárhagslegir og félagslegir, sem geta orðið hjá eftirlifandi maka ef erfingjar krefjast búskipa.

Ég verð að segja að mér finnst það stríða gegn öllu réttlæti að hægt sé að hrekja eftirlifandi maka af heimili sínu sem er eign hans og hann hefur byggt upp og eignast ásamt sínum maka með margra áratuga striti og vinnu. Með þeirri leið sem í frv. allshn. er lýst eru að vísu opnaðir möguleikar til setu í óskiptu búi ef viðkomandi hafa athugað sérstaklega að mæla svo fyrir um í erfðaskrá. En ég er hrædd um að fæstir athugi slíkt þegar ekki er að öðru leyti gerð erfðaskrá og athugi því ekki þennan möguleika fyrr en um seinan. Auk þess breytir samþykkt þessa frv. engu fyrir þá sem nú sitja í óskiptu búi og því um mismunun og ójafna möguleika að ræða fyrir þá sem misst hafa maka sinn og nú sitja í óskiptu búi og þá sem möguleika hafa á, eftir að frv.

verður að lögum, að mæla svo fyrir um í erfðaskrá. Mér finnst því ekki alls kostar rétt það sem fram kom í framsöguræðu hv. þm. Gunnars G. Schram fyrir þessu frv., að frv. þetta tryggi þeim sem það vilja rétt til setu í óskiptu búi.

Mín skoðun er því sú, herra forseti, að frv. allshn. gangi of skammt til að tryggja rétt eftirlifandi maka og harma ég að allshn. skuli ekki hafa treyst sér til að mæla með frv. í upphaflegri mynd. En úr því að allshn. stendur öll að þessu frv. met ég stöðuna svo að tilgangslaust sé að flytja brtt. í þá veru sem upphaflegt frv. gerði ráð fyrir og ekki verði lengra gengið í þessu máli að sinni, enda ljóst að flm. þessa frv. virðast meta stöðuna með líkum hætti þar sem þeir flytja aðeins brtt. sem tryggja á að stjúpbörn eftirlifandi maka geti ekki krafist búskipta ef annað er fyrir mælt í erfðaskrá.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. sérstaklega. Ég held að það þjóni ekki miklum tilgangi á þessari stundu að fara að ræða um frv. efnislega. Ég vil hins vegar minna á að meiri hl. allshn., þó að hann væri algjörlega andvígur upprunalega frv., gekk mjög til móts við flm. þess og þau sjónarmið sem þar komu fram, eins og frv. sem hér liggur fyrir sýnir.

Þar er opnuð greið leið fyrir eftirlifandi maka til áframhaldandi setu í óskiptu búi. Hér hefur af báðum síðustu hv. ræðumönnum verið lögð sérstök áhersla á það réttlætisatriði sem slík seta getur verið. Það hefur hins vegar ekki verið undirstrikað nema af hv. 5. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það eru fleiri hliðar á þessu máli sem alveg ástæðulaust er að ganga á svig við. Það eru hagsmunir barnanna. Vitanlega eru mál ætíð einstaklingsbundin, en það gefur auga leið að það geta verið miklum mun ríkari og meiri hagsmunir barnanna að fá erfðahlut sinn leystan úr búinu en eftirlifandi maka að sitja þar áfram. Ekki síður er fjárhagsvandi á ferðum hjá ungu fólki og yngra fólki og þörf þar á fjárhagsaðstoð, svo ekki sé talað um að þau geti heimt til sín eign sem þau eiga að lögum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið efnislega. Ég vil þó lýsa algjörri andstöðu við brtt. á þskj. 740 sem er þess efnis að stjúpbörn eru svipt þeim rétti sem þau hafa skv. lögum til þess að krefjast erfðahlutar eftir kynforeldri sitt úr búinu. Stjúpfaðir eða stjúpmóðir geta m. ö. o. skv. þessari brtt. setið yfir hlut stjúpbarna sinna og meinað þeim að fá erfðahlut sinn úr búinu. Það tel ég vera hið mesta ranglætismál, enda hefur slíkt ákvæði aldrei verið í íslenskum erfðalögum.

Að lokum, herra forseti, get ég ekki látið hjá líða að andmæla sem ósönnum og fullkomlega rakalausum þeim fullyrðingum, sem komu fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur áðan, að ástæðan fyrir andstöðu meiri hl. allshn. gegn hinu upphaflega frv. hafi verið af tvennum toga spunninn. Í fyrsta lagi vegna þess að það var flutt af þm. stjórnarandstöðunnar og í öðru lagi vegna þess að nm. hefðu ekki kynnt sér frv. til hlítar. Hvort tveggja er alrangt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, 5. þm. Vestf., á ofurlítinn misskilning í sambandi við skilgreiningu á orðinu „ör-eigi". Það hlýtur að teljast til nauðþurfta hverrar manneskju að eiga sitt eigið heimili, þ. e. þak yfir höfuðið.

Hann hefur áhyggjur af því að við sem berum fyrir brjósti þá sem minnst mega sín séum svona áhugasöm um arf. Við teljum að fólk þurfi að eiga heimili, en ég vil benda hv. þm. á, ef hann hefur áhyggjur af því að stóreignarmenn sem kannske hafa tekjur af eignum sínum, fái þarna rétt, að hann hefur sjálfur orðið til þess að flytja frv. þar sem réttur þessa fólks er tryggður líka. Ástæðan fyrir því að í mínu upphaflega frv. var ekki lagt til að allar eignir kæmu til skipta var einmitt sú að við töldum að það væri ekki nauðsynlegt, einungis að eftirlifandi maki ætti rétt á setu í sínu eigin heimili og skiptum á því væri frestað. En þm. hefur nú flutt frv. sem tryggir að jafnvel þó að um verulegar eignir væri að ræða, sem gæfu af sér stórkostlegar tekjur, er nú með erfðaskrá hægt að fresta öllum skiptum á þeim eignum.

Ég hafna alfarið þeim mismun sem gerður er á stjúpbörnum og sameiginlegum börnum viðkomandi hjóna. Ég veit ekki hvaða hugmyndir hv. 5. þm. Vestf. hefur um líf stjúpbarna nú til dags. Ég held að sögur Grimms-ævintýra tilheyri liðinni tíð og ég hef engar sönnur fyrir því að stjúpbörn eigi harðari ævi í okkar nútímaþjóðfélagi en önnur börn. Um það veit ég auðvitað ekki neitt. (**ÓÞÞ:** Það hef ég.) Skv. íslenskum lögum ber foreldrum að annast framfærslu barna sinna, hvort sem þau eru í hjúskap eða utan, og löggjafinn hefur sjálfur markað þá stefnu með barnalögum að auka skyldur foreldra við börn sín, hvernig sem þau annars eru í heiminn komin, auk þess að tryggja rétt barnsins til aðgangs og umgengni við báða foreldra sína. Ég get því ekki séð að stjúpbörn eigi að hafa nokkurn meiri rétt en önnur börn til þess að hrekja eftirlifandi maka úr búi. Ég held líka að löggjafinn ætti að huga að því, ef hann vill stuðla að betri samskiptum meðal manna í þessu þjóðfélagi, að það vill svo til að um er að ræða hálfsystkin í þessu tilviki og það er auðvitað ekki til að efla samkomulag þeirra og styrkja ef nokkuð af systkinunum getur vaðið inn í heimili móður eða föður hinna og hrakið þau brott. Ég held að menn skyldu huga að því hvaða afleiðingar löggjöf hefur. Ætli væri ekki heilbrigðara að öll börn, sem búið varðar, sætu þar við sama borð og biðu þess að búinu yrði skipt þegar eftirlifandi maki hefði ekki lengur fyrir það neina þörf.

Menn tala hér um fjárþörf ungs fólks, væntanlega þess sem er að byggja. Heilagir allir! Ætli það fólk sem nú er að skila þjóðfélaginu hafi ekki orðið að lúta meiri fjárhagsörðugleikum en sú kynslóð sem nú er að vaxa upp í landinu? Ég tel að henni sé vorkunnarlaust að sjá um sig sjálf (**ÓÞÞ:** Það er verra ástand en í Indlandi.) þangað til hún fær þennan arf, sem hún að sjálfsögðu fær fyrr eða síðar þó enginn viti raunar hver annan grefur.

Ég heyri það frá hv. 5. þm. Vestf. að hann hefur ótrú á húsnæðismálastefnu núv. ríkisstj. og ég er sammála honum um það. Það er kannske rétt hjá honum að þetta er verra en oft áður. En þrátt fyrir allt held ég að æska þessa lands hafi fengið það uppeldi og ýmsa þá þjónustu, menntun og allan betri aðbúnað en jafnvel við fengum sem erum nú á miðjum aldri, að ég tali nú ekki um þá sem eldri eru, að henni sé vorkunnarlaust að reyna að koma undir sig fótunum eins og foreldrar hennar urðu að gera og þurfi ekki að hrekja foreldra sína úr eigin heimili til þess að geta gleypt eigur þeirra. Það tel ég siðferðilega gjörsamlega alrangt.

Varðandi það sem hér var sagt um umsagnaraðila vil ég aðeins geta þess að ég er þeirrar skoðunar að það sé Alþingi sjálft sem á að móta stefnu í löggjöf landsins. Það á auðvitað að hlýða á skoðanir ýmissa annarra í þjóðfélaginu og til þess er eflaust um umsagnir beðið. En svo lítið mark er tekið á þeim beiðnum aftur og aftur, eins og við öll vitum sem í nefndum sitjum og sendum mál til umsagnar, að sumu af því er ekki sæmandi að taka við athugasemdalaust.

Ég vil enn og aftur geta þess að mér finnst ekki sæmandi Lögmannafélagi Íslands að hafa ekki mikið annað um lagafrv. að segja en að þar sé varað við samþykkt frv. þar sem gengið sé á rétt erfingja til arftöku og ráðstöfunarrétt arfleifenda. Menn geta bent á að þarna sé um þetta atriði að ræða, en þeir eiga ekki að vara við samþykkt þess. Það er bein ókurteisi við Alþingi Íslendinga og við það stend ég.

Ég skal ekki eyða tíma þeirra fáu þm. sem á mál mitt hlýða og ég harma að þeir skuli ekki vera fleiri vegna þess að ég hef tröllatrú á því að þm. margir hverjir skilji þetta mál og séu því hlynntir. Það er hins vegar afar erfitt að sannfæra nokkurn mann ef hann ekki hlýðir á það mál sem flutt er svo sjálfsagt verð ég þar með að gefast upp. En ég þakka þeim þm. sem hafa sýnt þessu máli áhuga og ekki síður þeim fjölmörgu úti í þjóðfélaginu sem hafa haft samband við mig vegna þessa. Og þó að þm. treysti sér e. t. v. ekki til að samþykkja brtt. þá sem við höfum flutt við hið nýja frv., en treysta sér samt til að samþykkja frv. óbreytt, þakka ég hv. allshn. fyrir að flytja það. Ég tel það vissulega skref í rétta átt þó mér finnist það allt of stutt. Það er a. m. k. betra en ekki neitt því að það ástand sem nú viðgengst er öldungis óþolandi og ósæmandi.

Ég ítreka þá ósk mína, herra forseti, að þess verði freistað að greiða um þetta mál atkv. Ég hlýt að geta þess að vegna starfa í Norðurlandaráði verð ég ekki á *næsta þingdeildarfundi. Ég vil biðja herra forseta að* kanna hvort ekki sé unnt að finna svo marga þm. hér í hv. deild að hægt sé að greiða um þetta atkv. Ég vil helst eiga þess kost að taka þátt í þeirri atkvgr. Takist það ekki vil ég jafnframt fara þess á leit við hæstv. forseta að með atkvgr. verði beðið til miðvikudags, en þá verð ég komin aftur til starfa.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þess skal nú freistað að fá menn til atkvgr., en hins vegar kemur naumast til greina að afgreiða þessa till. eða tilmæli án þess að forseti hafi aðstöðu til að kanna það betur hjá n. hvernig hún hugsar í því efni. **(GHelg:** Má ég benda hæstv. forseta á að þetta hefur gerst fyrir nokkrum dögum. Landbn. lagði fram frv. sem ekki var sent til n.) Það er hverju orði sannara að slíkt hefur komið fyrir, en það heyrir til algjörra undantekninga. Sú hefð hefur skapast að vísa öllum þingmálum til n. nema í örfáum undantekningartilfellum. Ef það koma fram veruleg andmæli gegn því að ganga fram hjá nefnd er óheppilegt að forseti hafi þann hátt á að láta ganga fram hjá nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539, n. 788). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Frvgr. er þannig að ríkisstj. skuli heimilt að selja Gunnari Guðmundssyni, Lindarbrekku, eyðijörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu. Í grg. er upplýst að þessi jörð hefur ekki verið í byggð síðan 1944 og að Gunnar á Lindarbrekku hafi haft afnot af jörðinni um fleiri tugi ára.

Landbn. afgreiddi þetta mál þannig að hún samþykkir að mæla með því að þetta frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. og allir landbn.-menn skrifa undir þetta nál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 736, n. 787). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út s. l. sumar. Þetta frv. er gamall kunningi. Það er raunar um það að heimild sé fyrir því að leyfa slátrun í sláturhúsum sem eru þannig úr garði gerð að þau hafa ekki fengið löggildingu. Farist mun hafa fyrir á síðasta þingi að framlengja þetta ákvæði og þess vegna varð að gefa út brbl. til þess að hægt væri að slátra s. l. haust.

Á þskj. 787 er nál. frá landbn. Hún leggur til að frv. verði samþykkt með einni breytingu, þ. e. að í stað 1986 verði sett 1987, þ. e. að þessi heimild sé veitt til 1987. Ég hafði samband við yfirdýralækni um þetta atriði og hann sagði að eins og ástandið væri í þjóðfélaginu væri hann alveg samþykkur því að þessi heimild yrði til ársins 1987. Ég hafði einnig samband við ráðuneytisstjórann í landbrn. og hann mælti með því að þessi breyting yrði gerð á frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipti á dánarbúum o. fl., frv. 465. mál (þskj. 794). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Gunnari G. Schram. Frv. þetta hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skiptarétti er heimilt að skipta búi við slit á óvígðri sambúð. Ef sambúðarfólk verður ekki á eitt sátt um skiptin getur hvort um sig krafist þess að skiptaréttur fjalli um fjárskipti þeirra. Skiptarétti ber við skiptin að hafa hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru sem varðar hag aðila, m. a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.

Sömu reglur skulu gilda við skipti á búi sambúðarfólks við andlát annars aðilans.

Það telst óvígð sambúð skv. þessum lögum ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár."

Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. er markmið þess að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því

er snertir fjármálauppgjör við slit á óvígðri sambúð. Eins og nú er vantar alla lagavernd við slit á óvígðri sambúð og því hafa oft risið upp mörg vandasöm ágreiningsmál, ekki síst við fjármálauppgjör, við slit á óvígðri sambúð.

Fjöldi þeirra sem kjósa að búa í óvígðri sambúð hefur vaxið ár frá ári og nú er svo komið að fjöldi þeirra sem eru í óvígðri sambúð er 10 594. Sá fjöldi er efalítið mun meiri því að hér er einungis um að ræða óvígða sambúð sem skráð er hjá Hagstofu Íslands, en þar kemur fram að í ársvinnslu þjóðskrár 1980 og síðar hefur ný sambúð ekki verið skráð nema það lægi fyrir að hlutaðeigandi ættu barn saman eða tekið væri fram í aðsetursskiptatilkynningu að um óvígða sambúð væri að ræða.

Í erindi sem Guðrún Erlendsdóttir dósent flutti á fundi Dómarafélags Íslands í október 1984 kemur fram að þingfest mál varðandi fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar í bæjarþingi Reykjavíkur voru milli 80 og 90 árið 1982 og milli 90 og 100 á árinu 1983. Þessar tölur sýna ljóslega hvað brýnt er að tryggja með lögum réttarstöðu fólks við fjármálauppgjör ef til slita á óvígðri sambúð kemur.

Alþingi hefur áður látið þetta mál til sín taka, en það var á árinu 1980. Þá var lögð fram þáltill. af þm. Alþfl. um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Þessi þáltill. var samþykkt í febrúar 1981 og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Í því skyni skipi viðkomandi ráðh. nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eigna og eignaréttar. Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Þó að fimm ár séu liðin frá samþykkt þessarar till. situr allt við það sama í þessu hagsmunamáli fólks í óvígðri sambúð. Tvívegis hefur hér á hv. Alþingi verið spurst fyrir um framkvæmd þessarar þáltill., en ljóst er af svörum ráðh. við þeim fsp. að lítið virðist þoka til að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Til þess er vísað að málefni fólks í óvígðri sambúð hafi verið til meðferðar í laganefndum, bæði á Norðurlöndum og innan Evrópuráðs. Hefur norræna sifjalaganefndin, sem Ísland á aðild að, m. a. haft viðfangsefnið til meðferðar. Þó ekki liggi fyrir sameiginleg niðurstaða þessarar norrænu sifjalaganefndar er engu að síður ljóst að sum Norðurlandanna hafi stigið ákveðið skref til að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því er fjármálauppgjör varðar. Norrænar sifjalaganefndir, bæði í Danmörku og Noregi, hafa lagt til svipaða leið og þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að skiptarétti sé heimilt að skipta búi við slit á óvígðri sambúð, og liggur frv. um það fyrir sænska þinginu.

Ég tel, herra forseti, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum hve brýnt er að Alþingi taki á þessu máli og að löggjöf verði um það sett með hvaða hætti fjármálauppgjör við slit á óvígðri sambúð skuli vera. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í stuttan kafla í grg. með þessu frv. þar sem glögglega kemur fram hvernig framkvæmdin hefur verið á þessu og hve brýnt er orðið að Alþingi taki af skarið með löggjöf í þessu máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eignamyndun er oftast sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t. d. þegar bæði hafa haft atvinnutekjur, eða þá óbeint þegar kona vinnur á heimili og stuðlar þannig að bættri aðstöðu karlmannsins til tekjuöflunar.

Nefna má að stundum stendur sambúð svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma. Ef um eignamyndun í húsnæði er að ræða á sambúðartímanum geta risið upp mikil vandamál við sambúðarslit þegar aðeins annar aðilinn er skráður eigandi fasteigna. Í hæstaréttardómum má sjá að oft hefur verið farin sú leið, til að draga úr mesta óréttlætinu, að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. Það liggur þó í augum uppi, ef eignamyndun hefur verið mikil á sambúðartímanum, að slík þóknun getur verið hverfandi í samanburði við eignirnar. Hin síðari ár hefur þó niðurstaða dómstóla um slit óvígðrar sambúðar í auknum mæli verið sú til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu, að farið er að dæma um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum eða viðurkenna sameign aðila. Með þeirri stefnubreytingu er að nokkru leyti tekið tillit til framlags beggja til eignamyndunar sem orðið hefur á sambúðartímanum. Ljóst er þó að dómstólaleiðin er bæði erfið, dýr og oft seinvirk. Það getur því tekið nokkur ár að fá niðurstöðu um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð. Með þeirri leið, sem hér er lögð til í þessu frv., — að skiptarétti verði heimilt að skipta búi sambúðarfólks, — yrði komið í veg fyrir löng og erfið málaferli fyrir almennum dómstólum."

Herra forseti. Það er skoðun flm. þessa frv. að mikið sé í húfi og að Alþingi eigi að taka þegar af skarið til að tryggja eignarrétt í óvígðri sambúð. Verði skiptarétti heimilt að skipta búi sambúðarfólks yrði hvort tveggja í senn hægt að koma í veg fyrir þann málarekstur sem oft verður við slit á óvígðri sambúð og — það sem ekki er minna um vert — að hindra að annar sambúðaraðilinn verði fyrir miklu fjárhagslegu tjóni þegar upp úr sambúð slitnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa orð mín fleiri við 1. umr. um þetta mál, en vil leyfa mér að benda hv. þm. á þau fskj. sem fylgja með þessu frv., sem ég tel að séu mjög gagnleg aflestrar fyrir þá sem vilja kynna sér betur þetta mál. Það er í fyrsta lagi útdráttur úr grein í Tímariti lögfræðinga frá 1981, en það er erindi Guðrúnar Erlendsdóttur dósents um fjármál hjóna og sambúðarfólks. Er greint frá norrænni samvinnu á þessu sviði og umfjöllun dönsku og norsku sifjalaganefndarinnar um þetta mál svo og dómum um sameign. Sérstaklega skal bent á álit dönsku sifjalaganefndarinnar sem telur mikilvægt að fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar geti komið fyrir skiptarétt. Að auki vil ég benda sérstaklega á kafla í fskj. með frv. sem ber heitið „Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?" Þar kemur fram sú skoðun Guðrúnar Erlendsdóttur dósents, sem á sæti í íslensku sifjalaganefndinni, að hún telur nauðsyn að breyta skiptalögum á þann veg að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317, n. 792). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 792 frá fjh.- og viðskn. Nál. hljóðar þannig:

„Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Halldór Blöndal, Kjartan Jóhannsson og Friðrik Sophusson.

Þetta frv. er flutt í tengslum við frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraða, sem heilbr.- og trmrh. hefur lagt fram á Alþingi. Er gert ráð fyrir fimm ára framlengingu á þeim lögum eða til ársloka 1989.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Byggingarlög, frv. 77. mál (þskj. 79, n. 748). — 2. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Flm. þessa frv. eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir og Kristófer Már Kristinsson. Þetta frv. var sent nokkuð mörgum aðilum til umsagnar og eins og ég mun hér rekja voru flestir sem um frv. fjölluðu því andvígir. Nefndin fjallaði um málið á nokkuð mörgum fundum.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sendi t. d. eftirfarandi umsögn um málið:

„Stjórnin hefur kynnt sér frv. og mælir ekki með samþykkt þess. Þótt vitanlega sé æskilegt að gengið sé fljótt frá lóðum umhverfis byggingar þá telur stjórnin að frv. komi þar ekki að gagni."

Í umsögn skipulagsstjóra ríkisins segir m. a. að þegar lögin voru samin hafi menn verið sammála um að byggingarlög skyldu vera stuttorð og gagnorð rammalög en síðan yrðu öll minni háttar atriði sett í byggingarreglugerð. Niðurstaðan hafi því orðið sú að sjálf byggingarlögin eru aðeins 8 bls. og geyma aðeins þau ákvæði sem óhjákvæmilegt þótti að lögfesta. Byggingarreglugerðin er aftur á móti um 50 bls. og í henni eru m. a. ýmis ákvæði sem ekki var talið að þyrftu að vera í lögunum sjálfum.

Enn fremur segir skipulagsstjóri ríkisins:

„Það frv., sem þér hafið sent mér til umsagnar, virðist ekki þess eðlis að það eigi heima í byggingarlögum. Miklu fremar ættu þessi ákvæði heima í reglugerð."

Það kemur fram í umsögn skipulagsstjóra að 4. gr. geti vart staðist. Hugsanlegt væri að setja ákvæði þessu líkt í byggingarreglugerð á Reykjavíkursvæðinu en það er eina svæðið þar sem landslagsarkitektar finnast hér á landi. — Í heild leggst skipulagsstjóri ríkisins eindregið gegn því að þessi ákvæði verði tekin inn í byggingarlög.

Vinnuveitendasamband Íslands segir í umsögn sinni:

„Vinnuveitendasamband Íslands mótmælir því mjög ákveðið að sérstakar hömlur séu með löggjöf lagðar á byggingu atvinnuhúsnæðis."

Vinnuveitendasambandið mótmælir þeim áformum, sem í frv. felast, að veita fámennum hópi manna einkarétt til þess að ákveða hvernig haga skuli fyrirkomulagi á lóðum atvinnufyrirtækja og stofnana. Sérþekking á þessu sviði standi forsvarsmönnum atvinnufyrirtækja og stofnana þegar til boða og ekki verði séð hvaða nauðsyn er á að tryggja umræddum aðilum einokunaraðstöðu hvað varðar skipulagningu og frágang lóða atvinnufyrirtækja og stofnana.

Enn fremur segir Vinnuveitendasambandið í umsögn sinni:

„Að endingu skal á það bent að frv. þetta er óskýrt í ýmsum mikilvægum atriðum er augljóslega hlytu að leiða til vandkvæða í framkvæmd ef að lögum yrðu. Þá er einnig ljóst að frv. þetta skerðir stórlega atvinnumöguleika fjölmennra starfstétta, svo sem garðyrkjumanna og verkafólks, og að auki skerðir það eðlilegt forræði atvinnufyrirtækja á því hvernig nýtingu lóða þeirra og lands er háttað."

Mælir Vinnuveitendasamband Íslands eindregið gegn samþykkt frv.

Verslunarráð Íslands fékk frv. til umsagnar og bendir á "að samþykkt þessa frv. hefði í för með sér óeðlilegar hömlur á byggingu atvinnuhúsnæðis. Er það því andvígt samþykkt þessa frv."

M. a. með skírskotun til þessara umsagna er það skoðun nefndarinnar að ekki beri að lögfesta ákvæði frv.

Nefndin telur þó að þau efnisatriði, sem fram koma í 1. og 2. gr. frv. og kveða á um ítarlegri ákvæði til að tryggja að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa, þurfi hugsanlega að taka til sérstakrar athugunar í því skyni að tryggja að skýrari ákvæði um frágang lóða við opinberar stofnanir og atvinnufyrirtæki verði sett í reglugerð.

Með vísan til þess sem fram hefur komið leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Undir þetta skrifa Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Stefán Guðmundsson, Eggert Haukdal og Halldór Blöndal með fyrirvara.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Nál. það sem hér liggur fyrir á þskj. 748 er svo langt frá því að vera sæmandi Alþingi Íslendinga að undrum sætir. Vitnað er í umsagnir sem ýmist eru svo illa unnar og óvandaðar að þær eru bein móðgun fyrir hið háa Alþingi eða svo augljóslega hlutdrægar þeim meinta hagsmunaaðila, þ. e. atvinnurekendum og ríkisvaldi, að umsögn er ekki marktæk. Nefndin ákveður síðan að fara að ráðum þessara umsagnaraðila, sem vilja vísa málinu frá, en samt sem áður segir nefndin að lokum, með leyfi forseta, því ég held að hv. frsm. hafi ekki lesið það atriði nál.:

„Nefndin telur þó að þau efnisatriði, sem fram koma í 1. og 2. gr. frv. og kveða á um ítarlegri ákvæði til að tryggja að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa, þurfi hugsanlega að taka til sérstakrar athugunar í því skyni að tryggja að skýrari ákvæði um frágang lóða við opinberar stofnanir og atvinnufyrirtæki verði sett í reglugerð."

Þar hefur þó nefndin ályktað að kannske sé þetta frv. ekki alveg út í hött.

Byggingarreglugerð gerir umhverfismálum lítil skil. Í byggingarlögum frá 1978 segir ekki annað um frágang lóða en að um hann skuli vera ákvæði í byggingarreglugerð. Í henni, en hún er alls 49 bls. í Stjórnartíðindum,

er þetta að finna, með leyfi forseta, um frágang lóða.

„5.12. Frágangur lóða.

5.12.1. Skylt er byggjanda að setja lóð hússins í rétta hæð og fjarlægja þann uppgröft, sem ekki þarf til jöfnunar lóðar, eigi síðar en húsið er fokhelt.

5.12.2. Skylt er húseiganda að ganga snyrtilega frá lóð sinni með gróðri eða á annan hátt í samræmi við samþykktar teikningar.

5.12.3. Ef nefndin telur að hæðarlega og frágangur lóðar sé óviðunandi, eða hætta, óþrifnaðar eða óþægindi stafi af, og eigandi sinnir ekki áskorun nefndarinnar um úrbætur, getur hún látið framkvæma á hans kostnað þær úrbætur er hún telur nauðsynlegar.

5.12.4. Ef gróður á lóð veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð getur byggingarnefnd krafist þess, að hann sé fjarlægður, eftir því sem með þarf. Sama gildir ef gróður veldur óþægindum með því að skerða verulega birtu í íbúð eða á lóð. Óheimilt er að breyta gróinni lóð í bílastæði nema að fengnu samþykki byggingarnefndar. Ekki má fella tré sem eru 40 ára eða eldri eða 4 metrar á hæð eða hærri nema með leyfi byggingarnefndar."

Þetta er það sem 49 bls. byggingarreglugerð segir um umhverfi húsa. Og eftir þessum ákvæðum er sjaldnast farið eins og alkunna er. Frv. okkar flm. er til þess flutt að skylda þá sem fá oft verðmætar lóðir undir fyrirtæki sín á sem bestum stað í byggðarlagi til að ganga frá lóðum þessara fyrirtækja. Slíkt ætti auðvitað að vera sjálfsögð tillitssemi við samborgarana en langt er frá að sú tillitssemi sé okkur sýnd. Þvert á móti hirða fæstir þessara húsbyggjenda hætis hót um að ganga svo frá umhverfinu að sæmandi sé. Þetta telur hv. félmn. óþarft að lagfæra. Og lítum nú á með hvaða rökum.

Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem hv. frsm. nál. las hér, hljóðar svo:

„Stjórnin hefur kynnt sér frv. og mælir ekki með samþykkt þess. Þótt vitanlega sé æskilegt að gengið sé fljótt frá lóðum umhverfis byggingar þá telur stjórnin að frv. komi þar ekki að gagni.

Þetta tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri."

Eru þetta rök? Er þetta umsögn um þingmál? Umsögn á borð við þetta er einber ókurteisi við Alþingi og ekki birtingarhæf í þskj. Tali framkvæmdastjórinn hér fyrir hönd stjórnarinnar, sem full ástæða er til að efast um þar sem engin rök fylgja afstöðu hennar, ætti umræddur framkvæmdastjóri að undirbúa mál, sem lögð eru fyrir stjórnina, betur.

Þess má reyndar geta að Magnús E. Guðjónsson var sjálfur í nefndinni sem samdi byggingarlögin. Nefndin hefur e. t. v. ekki vitað það og það er hin raunverulega ástæða fyrir afstöðu „stjórnarinnar". Þvílíkt grín — og eftir þessu dansar hv. félmn.

Skipulag ríkisins fékk málið til umsagnar. Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri leggst gegn frv. en telur að flest atriði þess ættu að koma inn í reglugerð. Hann leggur mesta áherslu á að landslagsarkitektar fái einkarétt á að gera uppdrætti að umræddum lóðum. Í frv. er ekkert sem gerir ráð fyrir því, hafi skipulagsstjóri nennt að lesa frv. Þau rök hans eru því ruglið eitt. 3. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Rétt til að gera uppdætti af lóðum opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja, sbr. síðasta málsl. 11. gr., hafa landslagsarkitektar eða aðrir þeir sem sérmenntun hafa í garðyrkju og skógrækt fáist ekki landslagsarkitekt til starfans."

Mér er fullkunnugt um að það eru einungis til 11 menntaðir landslagsarkitektar í landinu, aðrir 11 að vísu erlendis við nám. Skipulagsstjóri bendir á að landslagsarkitektar finnist einungis á Reykjavíkursvæðinu og þess vegna geti þeir ekki áritað uppdrætti að lóðum nema í Reykjavík. Víst er samgöngukerfi landsmanna ekki eins og það gæti best verið, en dæmi eru um að reykvískir arkitektar hafi teiknað hús utan Reykjavíkur. En þetta eru rök að skapi hv. félmn. Í nál. er þó mest mark tekið á umsögn Vinnuveitendasambandsins. Fyrstu rökin sem nefndin grípur til í álitinu hljóða svo, með leyfi forseta:

„Vinnuveitendasamband Íslands mótmælir því mjög ákveðið að sérstakar hömlur séu með löggjöf lagðar á byggingu atvinnuhúsnæðis."

Vinnuveitendasambandið mótmælir þeim áformum, sem í frv. felast, að veita fámennum hópi manna einkarétt til þess að ákveða hvernig haga skuli fyrirkomulagi á lóðum atvinnufyrirtækja og stofnana. Sérþekking á þessu sviði standi forsvarsmönnum atvinnufyrirtækja og stofnana þegar til boða og ekki verði séð hvaða nauðsyn er á að tryggja umræddum aðilum einokunaraðstöðu hvað varðar skipulagningu og frágang lóða atvinnufyrirtækja og stofnana."

Þetta er bull, herra framsögumaður hv. félmn. (Gripið fram í.) Þetta er hreint bull. Í fyrsta lagi lítur nú ekki umhverfi atvinnufyrirtækja svo út að þeir ráði yfir mörgum mönnum með sérþekkingu og í öðru lagi er ekkert í frv. sem krefst þess. Því síður einokunarrétt. En Vinnuveitendasamband Íslands mælir eindregið gegn samþykkt frv.

Verslunarráð Íslands fékk frv. til umsagnar og bendir á „að samþykkt þessa frv. hefði í för með sér óeðlilegar hömlur á byggingu atvinnuhúsnæðis. Er það því andvígt samþykkt þessa frv."

Í grg. segir: „M. a. með skírskotun til þessara umsagna er það skoðun nefndarinnar að ekki beri að lögfesta ákvæði frv."

Þess skal þó getið að Samband ísl. samvinnufélaga rekur teiknistofu og þar er ekki talin ástæða til athugasemda við frv. Óli Hertervig á teiknistofu Sambandsins veit eflaust allt of vel um þann subbuskap sem viðgengst umhverfis atvinnufyrirtæki og opinberar stofnanir um allt land.

Afgreiðsla þessa frv. er dæmigerð um slæleg og óvirðuleg vinnubrögð Alþingis. Frv. þetta er til þess flutt að opinberar stofnanir og atvinnufyrirtæki séu skyldaðar til að ganga þannig frá umhverfi sínu að til ánægju sé fyrir samborgarana. Byggingarreglugerðin tryggir þetta atriði augljóslega ekki og því þótti flm. rétt að setja þetta atriði inn í sjálf lögin. Og til þess er Alþingi að setja lög þó að mestur tími þess fari í skammtímaúrlausnir og pólitískt pex. Formlega er ekkert við þetta frv. að athuga og því er óskiljanlegt að ekki skyldi vera hægt að samþykkja það. Illa trúi ég því að svo standi nú á að þingið skipi eingöngu hirðulausir menn um umhverfi sitt. (**Gripið fram í:** Er nefndin sammála um þetta?) Nefndin er sammála um það nál. sem hér var lesið.

Ég gat þess í framsöguræðu minni að vel kynni svo að fara að starfsheiti þeirra manna sem sérstaklega hafa lært til garðyrkju og skipulags stæði frv. fyrir þrifum.

Orðið landslagsarkitekt er óttalegt orðskrípi, það er aldeilis rétt. En nám þessa fólks kemur að miklu gagni og tekur á engan hátt fram fyrir hendur garðyrkjufólks eða verkafólks. Það bætir skipulagskunnátta þeirra einungis við þekkingu á garðrækt og ég hef aldrei heyrt að garðyrkjufólk kvartaði yfir samvinnu við landslagsarkitekta, því síður verkafólk. (**Gripið fram í:** Skrifaði fulltrúi Alþb. undir nál?) En formaður Verkamannasambandsins getur eflaust skýrt þessar áhyggjur Vinnuveitendasambandsins nánar. Það er sorglegt til þess að vita að fordómar á borð við þetta ráði úrslitum mála á hinu háa Alþingi. Það er ekki að undra þó æska landsins, fólk 18—25 ára, kjósi ekki gömlu flokkana lengur. Mikið skil ég það. Og það er sannarlega þversagnakennt að þekking einstakra hópa, sem margra ára háskólanám stendur að baki, skuli valda hv. þm. hugarangri, einkum er þeir hyggjast jafnframt gera íslenska þekkingu og hugvit að útflutningsvöru, en fordómar byggjast ævinlega á vanþekkingu. Og afgreiðsla nefndarinnar ber öll merki hennar. Í stað þess að nefndin skoði málið sjálf og taki afstöðu er frv. fleygt til aðila sem hvorki vilja, nenna né geta kynnt sér það. Og á grundvelli beinlínis heimskulegra umsagna hefur nú nefndin tekið afstöðu. Þessi vinnubrögð harma ég, ekki síst fulltrúa Alþb. í nefndinni.

En þm. geta enn bjargað þessu frv. sem ég er viss um að engin getur verið andvígur sé málið skoðað. Út um allt land getur að líta óþrif og sóðaskap kringum annað hvert atvinnufyrirtæki í landinu. Þetta vita menn og enginn þm. getur haft á móti því að úr þessu sé bætt. Hæstv. félmrh. veit mætavel að þó að hann veifi allri byggingarreglugerðinni, 49 bls., þá hefur honum ekki hingað til tekist að fá menn til að fara að ákvæðum hennar.

Ég vil minna hæstv. félmrh. á, eins og ég hef gert áður, að aðgengi að opinberum fyrirtækjum og atvinnufyrirtækjum, hvort sem þau eru í einkaeign eða ríkisins, skiptir t. d. fatlaða ekki litlu máli. Það er einfaldlega auðveldara fyrir alla samborgara að koma að húsum ef umhverfi þeirra er sæmilega hirt. Eins og ég hef áður sagt hér í þingræðu: Aðlaðandi aðgengi fyrir fatlaða er aðlaðandi aðgengi fyrir okkur öll. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra.

Ég skora á hv. Nd. að hafa að engu umsagnir fyrrnefndra aðila og samþykkja frv. í stað þess að vísa því til ríkisstj. Ríkisstj. á ekki að setja lög heldur Alþingi sjálft. Alþingi getur með engu móti verið andvígt því að vinnustaðir verði gerðir manneskjulegri, að fötluðum verði gert auðveldara að komast að opinberum stofnunum, að viðskiptavinum fyrirtækja verði gert ánægjulegra að koma að þeim og að umhverfi landsmanna og umgengni við það verði bætt. Því trúi ég ekki.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Já, það gengur nú nokkuð mikið á. Ég kom nú bara hér upp í ræðustól til að mótmæla því, sem síðasti ræðumaður sagði, að það hefðu verið viðhöfð óvönduð vinnubrögð. Hins vegar ætlaði ég að hlífast við að hafa orð á því að það eru óvönduð vinnubrögð að flytja svona frv. eins og það er úr garði gert. Öll nefndin var sammála um það, ég vona að þm. taki eftir því, að það væri ekki hægt að lögfesta þetta frv. eins og það úr garði gert og það passaði alls ekki inn í þau byggingarlög sem eru nú í gildi. Hins vegar get ég líka upplýst það að flestir nm. voru tilbúnir að leggja það til og í raun og veru búnir að samþykkja að leggja það til að frv. yrði fellt, blátt áfram fellt. En þetta varð niðurstaðan.

Ég held að það sé sá háttur sem þingnefndir hafa og eigi að hafa að senda frv. til umsagnar. Til hvers sendum við frv. til umsagnar? Er það ekki til þess að vita hvernig menn líta á viðkomandi mál og heyra rök þeirra aðila sem best þekkja til um það málefni sem við sendum hverju sinni?

Ég þarf ekki að segja meira um þetta mál. Ég hljóp hér í skarðið fyrir formann hv. félmn. til þess að þetta frv. gæti fengið þinglega meðferð. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins endurtaka það að félmn. eyddi verulegum tíma að athuga þetta mál og allar umsagnir um það þannig að það er alveg út í hött, sem hv. 10. þm. landsk. sagði áðan, að vinnubrögðin hefðu verið óvönduð. Hins vegar tók nefndin við óvönduðu frv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég kom aðeins hér til að hafna því alfarið að hér sé um óvandað frv. að ræða. Það eru helber ósannindi. Ég get ekki séð á hvern hátt það er óvandað enda hafa engin rök komið fram um það, hreint engin. Ég ætla að leyfa mér að lesa hér 1. gr. eins og hún kæmi til með að hljóða ef frv. hefði orðið að lögum.

9. gr. byggingarlaga hljóðar svo eins og lögin eru í dag:

„Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar."

Síðan koma undirgreinar: „Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga." Önnur undirgrein fjallar um niðurrif og breytingar á húsum, og þriðja undirgreinin í 9. gr. fjallar um að byggingarleyfi skuli vera skriflegt og öðlast gildi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

„1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis ...

2. Þeir sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum hafa undirritað yfirlýsingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr.

3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd."

Þetta eru lögin eins og þau eru nú. Síðan hefði bæst við eftirfarandi málsgrein: „Opinberum stofnunum, öðrum þjónustustofnunum og atvinnufyrirtækjum skal sett það skilyrði fyrir byggingarleyfi að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa. Skal gert ráð fyrir að óbyggður hluti lóðar verði skrýddur gróðri svo sem unnt er." Greinilega eru þm. á móti þessu.

Síðan er eina breytingin sem gerð er í frv. að skilað skuli uppdrætti að fullfrágenginni lóð, helst undirrituðum af landslagsarkitekt þar sem til hans næst, annars staðgengli hans, sérfræðingi í garðyrkju eða skógrækt.

Það er ekkert formlega athugavert við þetta frv. enda lét ég að sjálfsögðu lögfróðan mann fara yfir það eins og öll þau frv. sem ég hef flutt, og hef ekki enn þá fengið neinar ábendingar um formgalla. En sé þá að finna á þessu frv. hefði ég gjarnan viljað heyra um það frá

nefndinni.

Sannleikurinn er sá að það er ekkert fljótfærnislegt við þetta frv. Í frv. var lögð mikil vinna. Nálægt því komu þó nokkrir menn sem vit hafa á, þar af, minnir mig, ekki færri en þrír lögfróðir, þannig að sú er ekki ástæðan fyrir því að þessu frv. er hafnað. Hins vegar er mér fullljóst að Magnús E. Guðjónsson og fleiri, sem unnu byggingarlögin eins og þau eru núna, eru auðvitað haldnir sömu tregðu og flestir slíkir, að vilja helst engar breytingar á þeim merku lögum, því að sjálfsögðu finnst þeim sín verk fullkomin. Og þm. treysta sér ekki til þess að taka um það ákvörðun að þarna megi nú e. t. v. úr bæta.

Aðalatriðið er þó að það nægir ekki að hafa þessi atriði í byggingarreglugerð. Eftir byggingarreglugerð er ekki farið. Það má vel vera að það sé ekki farið að lögum heldur í þessu landi. Vissulega eru mörg dæmi um það. En það ætti þó að vera nokkuð alvarleg ítrekun Alþingis að atriði sem þetta sé sett beint inn í lög. Ég harma því þessa afgreiðslu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður. Ég hlýt náttúrulega að fagna þeim áhuga sem hér hefur komið fram á framkvæmd byggingarlaga og lagfæringu á þeim málum. Og ég efast ekkert um einlægan vilja hv. 10. landsk. þm. í þessu máli. En af því hún beindi til mín nokkrum orðum kemst ég ekki hjá að upplýsa það hér að skipulagslögin og byggingarlögin eru í sérstakri endurskoðun í félmrn. og ég vænti þess að fyrir haustþingi liggi endurskoðun á þessum lögum og þá verður væntanlega tækifærið til að leggja meiri áherslu á viss atriði ef þau vantar. En ég bendi á það að framkvæmd á þessum málum er í höndum sveitarfélaga yfirleitt. Það þarf að hyggja vel að lagarammanum sjálfum en reglugerðirnar eru aðalatriðið í framkvæmdinni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka þessi orð hæstv. ráðh. Og vegna þess að hann kvaðst gleðjast yfir þessum áhuga mínum þá skal ég upplýsa hann um að þetta er miklu meira en áhugi. Flm. þessa frv. er sárkvalinn yfir þeim subbuskap sem viðgengst, þrátt fyrir allar byggingarnefndir landsins, kringum opinberar stofnanir og atvinnufyrirtæki, beinlínis sárkvalinn. Nú kann vel að vera að fólk hafi mismunandi næma tilfinningu fyrir umhverfi sínu. En það verður þá að játast að hér er þm. sem hefur orðið fyrir þeirri ógæfu að taka slíkt nærri sér.

Mér er ljóst að þetta frv. verður eflaust ekki samþykkt frekar en mörg önnur góð, einkum frá stjórnarandstöðuþm. En ég vil þá að lokum mælast til þess við hæstv. félmrh., sem mér er ekki grunlaust um að kunni að vera illa haldinn af þessu sama og flm., beiti sér fyrir því á allan mögulegan máta að fylgst sé með því að frá umhverfi opinberra bygginga og atvinnufyrirtækja sé gengið.

Ég vil að lokum benda hv. þm. á að ræða við rafmagnsveitustjórann í Reykjavík. Hann er sem yfirmaður stofnunar til algjörrar fyrirmyndar í þessum efnum. Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur um langt skeið, áratugaskeið verið til yndis og ánægju Reykvíkingum vegna einstaklega fagurs umhverfis. Og ég hygg að forstjóri þeirrar stofnunar mundi upplýsa hv. þm. um að það borgar sig að ganga frá umhverfi bygginga. Það borgar sig í beinhörðum peningum sé það kunnáttusamlega gert. Og hann skal hafa heiður fyrir héðan úr ræðustóli Alþingis það sem hann hefur lagt til þessara mála þó að fæstir virðist vilja fara að hans dæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 542, n. 654, 655, 724, 803). — Frh. 2. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hélt satt að segja að ég væri búinn að tala mig dauðan í þessu máli en ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér orðið.

Ég gerði grein fyrir því fyrr við þessa umr. að ég ásamt fleiri hv. þm. mundi leggja fram brtt. í þessu máli. Þær eru á þskj. 724 og 803, brtt. sem snerta 4. gr. þessa frv. Ég tel rétt og vil þar með greiða fyrir því að þessari umr. geti lokið, af því að ég mun tala nokkuð langt mál þegar ég mæli fyrir þessum brtt., að taka þær til baka til 3. umr. og gera grein fyrir þeim þá. Auk þess á ég ýmislegt vantalað við hæstv. félmrh., bæði að því er ég hygg af því sem hann er þegar búinn að segja og eins af hinu sem hann á væntanlega eftir að segja í þessu máli.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þá brtt. sem kom fram við 2. umr. á þskj. 724 frá hv. þm. Karvel Pálmasyni og fleirum. Mér þykir rétt við lok 2. umr. að skýra frá því að strax þegar þessi brtt. kom fram fór ég þess formlega á leit við Gest Jónsson lögmann, sem hefur fjallað mikið um þessi mál, að gefa mér umsögn um þessa brtt. Mér þykir hlýða að lesa álit hans hér upp.

„Efnið er brtt. Karvels Pálmasonar og fleiri við frv. til laga um ríkisábyrgð á launum.

Samkvæmt lagafrv. hljóðar b-liður 4. gr. þannig:

„Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitenda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið skv. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sbr. þó 9. gr.“

Og síðan er a-liður og b-liður.

„b. kröfu um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitenda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið.“

Um þennan lið er sérstaklega fjallað í grg. með frv. en þar segir:

„Skv. b-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð til orlofsfjárkrafna sem tilkomnar eru vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda. Starfsmánuðir þessir þurfa að falla innan þeirra tímamarka að forgangsréttur fylgi kröfunni skv. lögum nr. 3/1878. Tekið skal fram að með frv. er ráðgert að einungis launþegi sjálfur geti gert kröfur skv. því. Hafi launþegi fengið greidda orlofsfjárkröfu á hendur vinnuveitanda hjá Póstgíróstofunni, án þess að vinnuveitandi hafi staðið skil á fénu til hennar, með stoð í reglugerðum nr. 150/1972 og nr. 202/1979 á Póstgíróstofan ekki tilkall til greiðslu úr ríkissjóði. Ákvæði þetta nær því aðeins til þeirra tilvika er önnur tilhögun orlofsgreiðslna hefur verið ákveðin með kjarasamningi eða á viðlíka hátt og launþegi fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfu sinni.“

Fram komin brtt. er um að við b-liðinn bætist: „Ríkisábyrgðin er óháð því hver fer með kröfuna."

Hugsanlegt er að skilja tillöguna þannig að ríkisábyrgðin sé óháð því hver fari með kröfuna, skilyrði sé einungis að launþeginn sé eigandi hennar. Sé þetta ætlun tillögumanna felst í tillögunni engin breyting á frv. og tillagan er því óþörf. Líklegra þykir mér að ætlan tillögumanna sé önnur, þ. e. sú að orlofsfjárkrafa verði tryggð með ríkisábyrgð óháð því hver sé eigandi hennar. Sé þetta ætlunin er ljóst að um meiri háttar breytingar er að ræða. Þá hlyti Póstgíróstofan, bankar eða aðrir, sem kynnu að hafa eignast orlofsfjárkröfu launþega fyrir framsal eða innlausn, ríkisábyrgð á kröfunni. Sú var einmitt ekki ætlunin samkvæmt frv. samkvæmt því áttu launþegarnir einir að njóta ríkisábyrgðarinnar en ekki innheimtuaðilar orlofsfjár.

Ég vil að lokum benda á eftirfarandi atriði sem útiloka að mínu mati það að samþykkja brtt. óbreytta:

1. Upphaf og endir b-liðar 4. gr. frv. eftir fram komna brtt. stangast á. Í upphafinu er talað um kröfu launþega en í lokin skiptir eignarréttur að kröfunni ekki máli.

2. Mér þykir erfitt að samrýma brtt. ákvæði 10. gr. frv. Þar segir að við framsal kröfu glatist tiltekin réttindi. Í brtt. er þessu öfugt farið.

3. Með brtt. er dregið úr gildi skilgreiningar 3. gr. á því hvað teljist vinnulaun og njóti þar af leiðandi verndar laganna. Sé pólitískur vilji á Alþingi fyrir því að ríkið ábyrgist öðrum en launþegum kröfur á hendur gjaldþrota vinnuveitendum tel ég óhjákvæmilegt að gera aðrar breytingar á frv. en þær einar sem tillaga Karvels Pálmasonar o. fl. fjallar um.

Virðingarfyllst,
Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður."

Ég taldi rétt, herra forseti, að láta þetta koma hér fram svo að það sé komið í þingtíðindi hvernig þessi brtt. snýr við þeim sem mest fjalla um þessi mál. Ég vænti þess að það skýri málið fyrir öðrum hv. þm. áður en gengið verður frá þessu frv. sem ég legg enn á ný mikla áherslu á að verði lögfest á þessu þingi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Enn þakka ég hæstv. forseta fyrir að gefa mér orðið hér. Út af því sem hæstv. félmrh. sagði um formann margnefndrar nefndar varðandi orlofsmálin þá hefði mér fundist eðlilegt að hæstv. ráðh., fyrst hann ætlaði að leita til formanns í nafni nefndarinnar, hefði leitað til nefndarinnar sem heildar því að þar eigi þó fleiri fulltrúar sæti.

Varðandi þá ágalla sem Gestur Jónsson lögmaður telur á brtt. er því til að svara að það eru fleiri lögmenn til í landinu en hann. Lögfræðingur Alþýðusambands Íslands hefur aðstoðað við að móta tillögur þær sem hér liggja fyrir á þskj. 803 og 724 og telur þær báðar geta staðist að því er frv. varðar. Ég kem því ekki auga á að neitt sé því til fyrirstöðu að þessar tillögur komi hér til frekari umfjöllunar og atkvgr. við 3. umr. málsins.

Ég vil hins vegar minna á það að Póstgíróstofan er opinber stofnun. Ríkið hlýtur að bera alla ábyrgð á slíkri stofnun og því sem þar fer fram fjármunalega séð, eins og í öðrum tilvikum, þannig að orlofsfé greitt inn í póstgíró er nánast ríkistryggt. Það fer ekki hjá því. Þarna er um ríkisstofnun að ræða sem ber ábyrgð á sínum gjörðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 6. maí kl. 2. miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 844 (sbr. 684)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 846). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 847 (sbr. 49)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 151, n. 833, 834). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. samgöngunefndar Ed. Alþingis um frv. til sjómannalaga. Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins. Einn nm., Valdimar Indriðason, var fjarverandi við afgreiðsluna og tók þess vegna ekki þátt í lokaafgreiðslu málsins. Við fyrri umr. skýrði hæstv. samgrh. aðdraganda þessa máls greinilega, auk þess sem það var lagt fram á síðasta þingi og þá að sjálfsögðu einnig skýrt ítarlega. Til þeirrar umfjöllunar vísa ég með tilliti til skýringa á frv. í heild og aðdraganda þess eins og það var lagt fyrir í virðulegri Ed.

Samgn. gerði nokkrar brtt. við frv. sem hér eru lagðar fram á þskj. 834 og eru raunar skýrðar í grg.

Mér þykir vert að geta þess að Páll Sigurðsson dósent aðstoðaði nefndina við umfjöllun á þessu máli, en eins og kunnugt er var hann fyrir þeirri nefnd sem samdi frv. eins og það var lagt hér fyrir.

Svo sem venjulegt er leitaði samgn. Ed. umsagnar allmargra aðila og þær bárust frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannafélagi Ísfirðinga, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Verkalýðs- og sjómannafélagi Akraness, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannafélagi Ólafsfjarðar, Sjómannafélaginu Jötni, Slysavarnafélagi Íslands, Verkalýðs- og sjómannafélagi Vopnafjarðar, Stýrimannafélagi Íslands, Sjómannafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, koma helstu skýringar á þeim breytingum, sem gerðar eru við frv. og fram koma á þskj. 834, fram í nál. Sé ég ekki sérstaka ástæðu til að lesa þær hér, en vísa að öðru leyti til þeirra skýringa sem þar eru lagðar fram og skýra að sjálfsögðu afstöðu nefndarinnar á fullnægjandi hátt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það ágæta frv. sem hér er til umr. Mér sýnist að þar sé flest eins og best verður á kosið og að hv. samgn. hafi unnið sín störf með mikilli prýði.

Það sem mig langar til að segja fáein orð um er um sérstök réttindi sjókvenna, en það er gamalt orð yfir þær konur sem sjó stunda og nefndar eru „konur sem eru skipverjar“ í þessu frv.

Í fyrsta lagi langar mig til að minnast á 23. gr. frv., 3. lið þar sem stendur, með leyfi forseta:

„... kona, sem er skipverji, verður vanfær og af þeim sökum ófær til að annast störf sín.“

Heimilað er að skipstjóri geti vikið henni úr skipsrúmi. Ég fagna því að hv. samgn. hefur gert tillögu um að 3. málsl. 23. gr. falli brott, enda brýtur hann í bága við anda gildandi laga um fæðingarorlof þar sem stendur, með leyfi forseta: „Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi.“

Ég vildi lýsa ánægju minni með það að hv. samgn. skuli hafa lagt til að 3. liður 23. gr. falli út.

Þá langar mig til að víkja aðeins að 17. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef kona, sem er skipverji, verður vanfær getur hún krafist lausnar úr skipsrúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hún þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hún var í skipsrúminu.“

Mér finnst koma mjög til álita í sambandi við þessa grein hvort ekki væri rétt að hafa þarna inni ákvæði um að konan eigi rétt á því að vera færð til í starfi vegna þungunar sinnar, en haldi launum sínum og öðrum réttindum eftir sem áður meðan á þunguninni stendur.

Í þessu sambandi vil ég benda á mál sem núna er fyrir dómstólum, en það er mál Sigrúnar Ólafsdóttur lögreglukonu sem á þeim tíma er hún var barnshafandi var færð til í starfi. Hún er rannsóknarlögreglukona og var færð til í starfi meðan á þungun stóð og missti við það hluta af sínum launum og réttindum. Nú er það svo að lögreglukonur eru opinberir starfsmenn og opinberir starfsmenn hafa alla jafna þau réttindi að halda sínum launum óskertum við þessar aðstæður. Að sönnu eru sjókonur ekki opinberir starfsmenn, en mér finnst mjög koma til álita hvort ekki sé rétt að setja inn í þessi ágætu sjómannalög ákvæði þess efnis að sama skuli gilda um sjókonur. Ég vil í því sambandi benda á að í álitsgerð Jafnréttisráðs um mál Sigrúnar Ólafsdóttur stendur, með leyfi forseta:

„Jafnréttisráð telur ekki einungis rétt heldur mjög æskilegt að settar verði sérreglur um vinnu barnshafandi kvenna, t. d. þeirra er vinna hættuleg störf, en jafnframt verði tryggt að launakjör eða önnur hlunnindi séu ekki skert.“

Þar sem hér er ekki verið að setja sérstakar heildarreglur um aðstæður og launakjör barnshafandi kvenna

liggur beint við að grípa inn í lagasetningu eftir því sem hún kemur hingað inn á okkar borð. Þar sem mér vannst ekki tími til að ganga frá formlegri brtt. um þetta atriði fyrir 2. umr. geri ég ráð fyrir að hún komi fram við 3. umr. málsins.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Út af ábendingu hv. þm. Sigríðar Dúnu, þá mun samgn. líta á þá ábendingu á milli umræðna.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það kemur fram í nál., sem rétt er, að ég var ekki mættur á þeim fundi þegar gengið var frá þeim till. sem hér liggja fyrir um breytingar á þessu frv. Það kemur ekki til af því að ég hafi verið að víkjast undan þeirri ábyrgð að taka þar ákvörðun, heldur stóð þannig á hjá mér að ég gat ekki mætt á fundinn. Ég er sammála nm. að mestu leyti. Hins vegar er því ekki að leyna að um 36. gr. hefur mjög verið deilt allt frá því að hún var samþykkt 1980 og ég hef sömu tilfinningu fyrir því máli og ég hafði þá. Ég átti einmitt sæti á þingi sem varamaður þegar hún var samþykkt 1980.

Ég geri mér ljóst að þessu verður ekki breytt núna og mun því fallast á þá brtt. sem hér er gerð. En ég held að þarna sé ekki rétt að staðið með 36. gr. og menn ættu að gefa betur gaum þeim réttindum sem hún á að skapa þegar skipverjar forfallast vegna slysa eða veikinda. Það er mjög um það deilt hvort ekki eigi heldur að greiða þessu fólki, hvort sem það er karl eða kona, góða kauptryggingu eða slysatryggingu í lengri tíma, svo að það missi einskis í launum eins og kallað er, a. m. k. í tvo mánuði. Það hefur verið margbent á það og ég ætla að gera það hérna líka að þetta getur komið sér afskaplega illa fyrir þá sem gera út smærri skip og báta yfir 12 lestir sem heyra undir þessi lög. Þarna eru tveir og þrír menn á bát. Við getum nefnt rækjuveiðar, skelveiðar og annað. Ef sú óheppni verður að þar verði slys um borð eru hlutaskipti þannig að það getur bókstaflega kippt fótunum undan þeirri útgerð ef svo er að staðið. Hins vegar er jafnsjálfsagt að tryggja þá sem fyrir óhöppum verða vel fyrir slysum í því formi að þeir fái þá bætur lengur greiddar meðan þeir stríða við afleiðingar síns slyss eða sjúkdóms og finnst mér það nær en að hart sé á kveðið um að þeir skuli einskis í missa í launum. Ég er mótfallinn þeirri aðferð og teldi eðlilegra að þetta mál væri tekið upp í samningum en að lögbinda í þessa veru.

En ég leggst ekki á móti till. Hún var hér samþykkt 1980. Ég vil aðeins benda á að slík mál eru alltaf að koma upp og geta komið upp enn þá. Ég held að það sé ekki til neinna sérstakra bóta fyrir þann launþega sem á í hlut.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. samgn. lagði mikla vinnu í undirbúning nál. og brtt. og nutum við góðrar aðstoðar Páls Sigurðssonar, eins og reyndar kom fram hjá formanni nefndarinnar áðan. Margt var þar til bóta frá því sem var í frv. og fyrir okkur voru skýrð ýmis atriði sem óljós voru, enda er þetta mikill frumvarpsbálkur sem á margan hátt er flókinn.

Ég lýsi mig sérstaklega ósammála hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vesturl., þar sem hann segist vera gegn staðgengilsreglu til handa skipverjum verði þeir fyrir vinnuslysi. Það er nú svo að slík regla tíðkast í landi og þykir sjálfsagt að menn missi einskis þegar þeir verði fyrir slysi. Ég tel það alveg nauðsynlegt að svo verði einnig hjá sjómönnum. Ég bendi á að þó tilgreint sé hér að viðkomandi missi einskis í tvo mánuði, þá kemur til eftir það aðstoð sjúkratrygginga og sjúkrasjóða verkalýðsfélaga sem eiga að geta bætt úr verstu erfiðleikum manna ef þeir forfallast meira en þessa tvo mánuði. Mér finnst undarlegt ef útgerðarmenn geta ekki keypt tryggingar gegn staðgengilsreglunni og held að það hljóti að vera að slíku sé hægt að koma á og bið viðkomandi að athuga hvort ekki hafi verið kostur á því. Ég lýsi undrun minni á því ef það hefur ekki verið hægt.

Enn á ný lýsi ég ánægju minni með nefndarstarfið. Menn voru mjög sammála þar og samstiga í því að koma frv. frá nefnd með samkomulagi og þetta var einn þátturinn í samkomulaginu að greinin um staðgengilsreglu skyldi vera inni og er það líka mikils virði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 834,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 834,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 834,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 834,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
24.—35. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 834,5 (ný 36. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
37.—63. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 834,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
65.—89. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður, frv. 404. mál (þskj. 661, n. 830). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, er lagt var fram hér í deild á þskj. 661. Nefndin er öll sammála um það að mæla með samþykkt frv. Kemur það fram í nál. á þskj. 830.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Fiskveiðasjóðs, þeir Már Elísson forstjóri, Svavar Ármannsson skrifstofustjóri og Hinrik Greipsson fulltrúi. Þeir skýrðu þær breytingar sem þarna er lagt til að gerðar verði og mæltu með þeim. Um er að ræða einn þátt í svokallaðri skuldbreytingu sjávarútvegsins sem unnið var að á síðasta ári. Bönkum og sparisjóðum var falið að sjá um framkvæmd þessara skuldbreytinga með fyrirheiti um að Fiskveiðasjóður endurkeypti þau skuldabréf sem

bankar og sparisjóðir tækju vegna þessara breytinga. Til þessara endurkaupa yfirtæki Fiskveiðasjóður allt að 500 millj. kr. lán úr Framkvæmdasjóði, en heimilt er einnig að fella niður stimpilgjöld af skuldabréfalánum þessum.

Sérstakur vinnuhópur tók til starfa á miðju ári 1984 að tilhlutan sjútvrh. Skyldi hann fjalla um breytingar á viðskiptaskuldum sjávarútvegsfyrirtækja með það fyrir augum að breyta þeim í lengri lán. Ríkisstj. samþykkti tillögur vinnuhópsins á fundi sínum 9. ágúst 1984. Í bréfi Fiskveiðasjóðs Íslands til sjútvrn. dags. 10. sept. 1984 varðandi þessi mál kemur m. a. fram, eins og greint er frá í aths. við lagafrv. þetta, að þá telur sjóðstjórnin að yfirtaka sjóðsins á fyrrgreindum skuldabréfum geti ekki hafist fyrr en heimildir eru fengnar að lögum og þá stofnaður nýr lánaflokkur eða deild við sjóðinn og um það efni gefin út sérstök reglugerð. Þess vegna er lagafrv. þetta flutt. Kaupum viðskiptabanka og sparisjóða á skuldabréfum útgerðar og fiskvinnslu er nú sem næst lokið. Er því brýnt að yfirtaka Fiskveiðasjóðs geti hafist sem fyrst.

Það kom fram í viðræðum við fulltrúa Fiskveiðasjóðs og það vil ég sérstaklega undirstrika svo að ekki valdi misskilningi að þar sem í aths. við frv. stendur að fyrsti vaxtagjalddagi skuldabréfanna sé 1. maí 1985 þá er þetta sett þarna inn vegna þess að lán Fiskveiðasjóðs hafa má segja öll gjalddagana 1. maí og 1. nóv. En þar sem við erum nú að ræða þetta í fyrri deild hér í byrjun maí stenst ekki þessi dagsetning. Henni þarf því að breyta í 1. nóv. Ég vil að þetta sé undirstrikað hér. Það er þó ekki þörf á neinni sérstakri brtt. um þetta, þetta felst ekki inni í neinni grein frv. heldur né athugasemdum. En ég taldi rétt að þetta kæmi fram hér í framsögu frá nefndinni.

Skuldbreyting sú sem hér um ræðir hefur tekið lengri tíma en búast mátti við. En þarna var við mörg vandamál að etja og margt þurfti að athuga hjá einstökum aðilum. Þessu var samt að meginhluta lokið um síðustu áramót. Skuldabréf þau sem Fiskveiðasjóður yfirtekur af bönkum og sparisjóðum, verði frv. þetta að lögum, verða til 8 ára. Þau eru í japönskum yenum og munu bera 8¼% vexti og vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin.

Virðulegur forseti. Ég endurtek að sjútvn. þessarar hv. deildar var öll sammála um að leggja til að frv. þetta verði samþykkt og mælir með því að það fái sem fyrst fullnaðarafgreiðslu hér í Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 812). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Um þetta frv. sem hér liggur fyrir um Þroskaþjálfaskóla Íslands get ég verið fáorður. Ég vísa til aths. með frv. sem eru ítarlegar. Meginástæðan fyrir framlagningu þessa frv. er sú að treysta þarf betur lagalegan grundvöll skólans þar sem gildandi lagaákvæði er að finna í leifum laga um fávitastofnanir, sem að öðru leyti hafa verið numin úr gildi, sbr. nú lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, áður lög um aðstoð við þroskahefta, sem eru nr. 47 frá 1979. Fyrirsjáanlegt er enn fremur að lög um framhaldsskóla ná ekki fram að ganga á næstunni, en ein ástæðan fyrir því að frv. að sérlögum fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands hefur ekki fyrr litið dagsins ljós er einmitt sú að rn. vænti þess að tekið yrði á menntun þroskaþjálfa í lögum um framhaldsskóla og þá á vegum menntmrn. Á undanförnum árum hefur heilbrn.- og trmrn. unnið að því að færa þá skóla heilbrigðisstétta, er á þess vegum starfa, yfir til menntmrn. Þannig eru í dag aðeins starfræktir á vegum heilbrrn. fimm skólar, þ. e. Þroskaþjálfaskóli Íslands, Röntgentæknaskóli Íslands, Sjúkraliðaskóli Íslands, Ljósmæðraskóli Íslands og Lyfjatæknaskóli Íslands. Öllum er þeim það sameiginlegt að veita svokallaða starfsréttindamenntun. Sem stendur er unnið að því að færa Röntgentæknaskólann yfir til Tækniskóla Íslands í samvinnu við menntmrn.

Það er ekkert launungarmál að á árunum 1980—1983 leitaði heilbr.- og trmrn. ítrekað eftir því að menntmrn. tæki að sér menntun þroskaþjálfa og þar með starfsemi skólans, en á það var ekki fallist. Með skírskotun til óskar stjórnar skólans, starfsliðs hans og Félags þroskaþjálfa er lagt til að stjórn skólans verði áfram í höndum heilbr.- og trmrh. meðan ekki hefur verið mörkuð heildarstefna í framhaldsmenntunarmálum hér á landi. Að samþykktum heildarlögum um framhaldsmenntun verður að ætla að sérlög um einstaka framhaldsskóla verði felld úr gildi og stjórn þeirra falin menntmrh. eins og eðlilegt hlýtur að teljast.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv. en legg áherslu á að með því eru í reynd ekki lagðar til neinar breytingar á starfsemi þessa skóla, heldur aðeins reynt að skapa honum eðlilegan lagagrundvöll eins og málum er háttað. Þá legg ég til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég fagna því að fram er komið frv. um þennan skóla, svo þýðingarmiklu og nauðsynlegu hlutverki sem hann hefur að gegna. Ég fagna því sömuleiðis að með samþykkt frv. um skólann eru í raun horfnar síðustu leifar laganna um fávitastofnanir, sem blessunarlega hurfu að mestu eða nær öllu leyti með lögum um málefni þroskaheftra og öryrkja og síðar heildarlöggjöfinni um málefni fatlaðra eins og hæstv. ráðh. kom inn á. Tími var til þess kominn.

En við lestur þessa frv. vakna spurningar sem við hljótum að reyna að svara í nefndinni og ég vil glöggva mig frekar á. Mér eru þessi mál býsna hugleikin frá stofnun Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi og síðar með stofnun Þroskahjálpar, landssamtaka sem sannað hafa gildi sitt. Við sem þar völdumst til forustu fyrst vorum með menntunarmálin ofarlega á blaði, menntun þeirra skjólstæðinga sem við bárum fyrir brjósti, svo og menntun þeirrar stéttar sem gegnir svo þýðingarmiklu hlutverki í allri þjálfun og auknum þroska þessa fólks.

Að mínu viti — eins og reyndar kom fram hjá hæstv. ráðh. — væri menntmrn. réttari aðili til að fara með yfirstjórn þessa skóla, en ég veit mætavel vandkvæðin

þar á, enda eru þau rakin í grg. og kom hæstv. ráðh. þar inn á einnig. Vissulega er þetta eitt dæmi um það hversu illa tekst til um þessi mál og þau geta farið á misvíxl ef við mönnum okkur ekki upp í að setja samræmd lög um framhaldsskóla á landi hér, eins og brýna nauðsyn ber til, af því að þá yrði bein afleiðing þess að allir þessir skólar og allir þessir þættir féllu undir menntmrn. og væri stjórnað frá einu rn.

Hitt tek ég fram að ég veit að heilbrrn. hefur hlúð að Þroskaþjálfaskóla Íslands og gert í mörgu vel við hann og kannske er þetta ekki meginatriði á þessu stigi málsins. Af viðtölum mínum fyrr og nú við þroskaþjálfa og þroskaþjálfanema hef ég ýmsar aths. við nokkur atriði þessa frv., án þess að ég hafi á því staðfestingu hvernig þau mál standa í dag. Ég nefni nokkur sem ég vil að við skoðum saman í heilbr.- og trn.

Í aths. með 1. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Skólinn hefur staðið fyrir símenntun og haft um hana samráð við Félag þroskaþjálfa."

Ég vildi gjarnan sjá þetta inni í lagatextanum í gr., þ. e. að við bættist að haft yrði samráð um þessa símenntun við Félag þroskaþjálfa.

Varðandi 3. gr., sem fjallar um skólastjórn, vildi ég gjarnan sjá gert ráð fyrir aðila frá samtökunum Þroskahjálp, þ. e. frá aðstandendum og velunnurum þess fólks sem þarna á mestra hagsmuna að gæta. Þar segir einmitt á bls. 2 í aths. með frv. að viðhorfsbreyting hafi orðið hér á sem hafi endurspeglast ekki síst í lögunum um aðstoð við þroskahefta sem sett voru árið 1979 og þar kemur auðvitað fyrst og fremst til, eins og segir hér orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Krafa foreldra og forráðamanna um þjálfun og kennslu fyrir börn sín varð æ háværari og aðstandendum skólans ljós þörf á að mennta nemendur skólans meir en áður hafði verið til uppeldis- og þjálfunarstarfa."

Þannig að á þessu er greinilegur skilningur og um leið er þarna að finna rökstuðning fyrir aðild þessara samtaka að skólastjórn.

Varðandi 4. gr. hef ég uppi efasemdir um það orðalag sem fjallar um skólastjóra, þar sem segir annars vegar að skólastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Þetta vil ég kanna betur, þ. e. síðari hluta í þessari mgr. Sérkennarapróf getur verið í ýmsu formi. Það getur tekið til ýmissa þátta sem eru alls óskyldir þessu sérsviði gagnvart þroskaheftum. Hér vildi ég því athuga um breytingu í raun og veru á efnisinnihaldi.

Í 5. gr. um inntökuskilyrði kemur hin mikla spurning um stöðu skólans í menntakerfinu eða „status" eins og menn segja nú á góðu máli. Það er annað hvort stúdentspróf eða hliðstætt nám. Ég set spurningarmerki við hliðstætt nám skv. skilgreiningu í aths., þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta: „... og hafi lokið a. m. k. tveggja ára námi í framhaldsskóla í þeim námsgreinum sem skólinn gerir kröfur til eða hliðstæðu námi." Hér er varla um hliðstæða menntun að ræða, þó viðurkenna beri að stúdentspróf af t. d. viðskipta- eða náttúrufræðibraut geti varla verið undirbúningur sem teljast verður betri varðandi þetta afmarkaða sérsvið sem skólinn á að þjóna. Allt eru þetta atriði sem ég vil átta mig betur á og kanna í nefndinni. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Við getum áreiðanlega náð heildarsamkomulagi um skynsamlega lausn á hverju einu sem lýtur að þessu litla frv., en þýðingarmikla í leiðinni. Og þrátt fyrir athugasemdir vil ég sannarlega stuðla að því sem hæstv. ráðh. kom inn á hér í lokaorðum sínum, stuðla að skjótum frágangi frv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Út af aths. eða ábendingum hv. síðasta ræðumanns vil ég varðandi 3. gr. aðeins benda á að ég tel sjálfsagt að nemendur svo og aðstandendur eigi aðild að skólastjórn en ég tel ekki rétt að þeir skipi meiri hluta skólastjórnarinnar. Þar sem hv. þm. minntist á 4. gr. þá get ég fellt mig við þá breytingu að sérkennarapróf falli þarna niður og hef ekkert við það að athuga.

Þar sem talað er um í 5. gr. b-lið „stúdentspróf eða hliðstætt nám" má kannske segja að orðalagið sé ekki rétt. En hér er verið að rýmka á þann veg að stúdentspróf sé ekki alveg skýlaust skilyrði, því að ég vil líta svo á að fólk, sem vinnur að þessum störfum, finni hjá sér köllun til að starfa við það. Þannig er þetta hugsað. En hvort það eigi að breyta orðalaginu getur verið álitamál. Það er fyrst og fremst verið að orða þetta með það fyrir augum að setja ekki umrætt próf sem skýlaust skilyrði. Það er nú eiginlega það eina sem ég breytti persónulega þegar mér var sýnt frv.

Ég endurtek það, ég legg áherslu á að hv. n. hraði störfum og ræði eðlilega við þessa aðila. Ég held að þetta frv. sé það einfalt í sniðum að hægt eigi að vera að afgreiða það á mjög skömmum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 6. maí, að loknum 64. fundi.

Fiskveiðasjóður, frv. 404. mál (þskj. 661). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539, n. 788). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 736, n. 787). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
Brtt. 787 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317, n. 792). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 463. mál (þskj. 784). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það til hvaða nefndar fer stjfrv. til l. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis með áorðnum breytingum. Þegar þetta mál var tekið hér fyrir til 1. umr. var ég ekki hér í salnum. En ég hefði þá gjarnan viljað koma á framfæri athugasemd við málsmeðferð af hálfu hæstv. ríkisstj.

Hér er um að ræða breytingu á kosningalögum sem voru samþykkt hér á síðasta þingi, kosningalögum sem voru undirbúin af formönnum flokkanna á þinginu 1982—83. Ég hefði því talið eðlilegt að við meðferð þessa máls hefði áfram verið þannig unnið að fulltrúar allra flokka hér á þingi hefðu verið kallaðir til áður en frv. var lagt hér fram. Ég tel þessi vinnubrögð af hálfu ríkisstj. ekki heppileg. Ég tel þau óeðlileg miðað við forsögu málsins.

Þegar þessi mál voru til meðferðar á síðasta þingi var þeim vísað til sérstakrar nefndar sem fjallaði um breytingar á kosningalögum. En nú er væntanlega gerð tillaga um það, herra forseti, að málinu verði vísað til — (**Forseti:** Sérstakrar nefndar.) — til sérstakrar nefndar, sem ekki hefur verið kosin, skilst mér, (**Forseti:** Ekki er enn til.) sem ekki er enn til. Er þá ekki rétt, herra forseti, að nefndin verði kosin áður en málinu verður vísað til nefndar? Það voru ábendingar sem ég vildi koma á framfæri. Ég hef ekki verið aðili að samkomulagi um þetta mál.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það kom hér fram till. frá hæstv. dómsmrh., sem flutti þetta mál, um það að kosin yrði sérstök nefnd, eða lausanefnd eins og það heitir í þingsköpum, um þetta mál. Nú hefur ekki gefist tími til þess á þeim tíma sem liðinn er að þingflokkar taki afstöðu til þess hverjir sitji í þessari nefnd og þess vegna er ekki um það að gera í sjálfu sér að kjósa einstaklingana í nefndina. Hins vegar gæti Alþingi eða þingdeild nú ákveðið hvort sá háttur verður hafður á að sérstök nefnd verði kosin eða ekki. Og það var það sem ég ætlaði að bera upp núna, hvort hv. þingdeild vill ekki samþykkja þá till., sem fram hefur komið frá dómsmrh. og nú er studd af hv. 3. þm. Reykv., að kosin verði lausanefnd í málið. Ég ber þá till. upp. Síðan verður að afgreiða á formlegan hátt síðar hvaða einstaklingar sitja í nefndinni. Ég ber það nú upp hvort sú till. fær ekki stuðning að kosin verði sérstök nefnd til þess að fjalla um þetta mál með líkum hætti og gert var á síðasta þingi. (**ÓÞÞ:** Forseti, á hvaða þskj. er þessi till.?) Þessi till. er ekki á þskj., þetta er munnleg till. sem komið hefur fram. (**ÓÞÞ:** Þarf ekki að leita afbrigða?) Það þarf ekki að leita afbrigða fyrir þessu. Það er leyfilegt að kjósa lausanefndir skv. 15. gr. þingskapalaga ef ég man rétt.

Frv. vísað til lausanefndar með 26 shlj. atkv.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum o. fl., frv. 465. mál (þskj. 794). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 542, n. 654, 655, 724, 803). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 724 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 803 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 655,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 655,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1980, frv. 368. mál (þskj. 588). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1980. Það hefur þegar hlotið afgreiðslu hv. Ed. Ríkisreikningur fyrir árið 1980 hefur verið lagður fyrir þingið og eins og þar kemur fram hafa útgjöld numið 378 985 371 þús. gömlum kr. á því ári en tekjur námu 392 888 501 þús. gömlum kr. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um efni ríkisreikningsins sem nánar verður tekið til meðferðar í nefnd.

Ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 837). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér liggur fyrir lítið frv. sem ætlað er að sníða af nokkra annmarka sem komið hafa í ljós á núgildandi lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þegar þau lög voru sett árið 1975 var stigið stórt skref í átt til þess að efla tónlistarlíf og tónmennt í landinu. Fjárstuðningur hins opinbera var stóraukinn með þeim lögum og helmingaskipti urðu milli ríkis og sveitarfélaga á öllum launakostnaði vegna kennslu en það kom í stað styrkgreiðslna sem miðuðust við greiðslu á ⅓ hluta launakostnaðar frá hvorum aðila en þessar styrkgreiðslur náðu í reynd ekki þeim lögbundna kostnaði. Tilgangurinn með lögunum var sá að gera öllum kleift að stunda nám í tónlist án tillits til efnahags og stuðla að eflingu tónlistarkennslunnar sem víðast um landið.

Lögin hafa á ýmsan hátt náð þessum tilgangi. Tónlistarskólar eru nú starfandi liðlega 60 talsins með 8500 nemendum í stað 38 tónlistarskóla áður með 3500 nemendum. Framlög hins opinbera hafa þrefaldast að raungildi á sama tíma. En þeir annmarkar sem komið hafa í ljós eru eftirfarandi:

Það eru lítil takmörk sett fyrir því hve unnt er að stofna marga tónlistarskóla sem eiga rétt á styrkgreiðslu frá ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi ef skilyrðum 1. gr. er fullnægt. Heimildin er m. ö. o. svo rúm að mjög örðugt er að hafa yfirsýn og gera áætlun í samræmi við hana. Skilyrðislaus ákvæði þess efnis að skólastjórar og kennarar verði starfsmenn sveitarfélaga án þess að sveitarfélög eigi aðild að stofnun skólans eru núna í lögum. Þetta ákvæði hefur ekki verið framkvæmt í reynd að öllu leyti.

Hið opinbera hefur mjög takmörkuð áhrif á námsframboð og kennslumagn en næstum ótakmarkaða greiðsluskyldu. Ákvæði skortir sem tryggir gæði kennslu og námseftirlit. Réttarstaða kennara og aðild að kjarasamningum er óviss skv. núgildandi lögum. Þessi atriði öll ásamt fleirum leiddu til þess að fyrirrennari minn, hæstv. forseti Nd. núv., þáv. menntmrh., skipaði nefnd til að endurskoða þessi lög 1980. Nefndin skilaði frv. eða áliti í formi lagafrv. síðar sama ár. Það gat ekki orðið þá að þetta frv. yrði flutt. Síðan hefur það verið tekið til umfjöllunar á nýjan leik í tengslum við viðræður fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu þessara aðila á mörgum sviðum. Niðurstaða þeirra viðræðna hefur leitt til þess að frv. er nú lagt fyrir Alþingi og samkomulag er um það milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga í samráðsnefnd, sem starfar á vegum félmrn., en þar eru fulltrúar allra ráðuneyta.

Ég hygg, hæstv. forseti, að ekki sé ástæða til að fara frekari orðum um þetta frv. Það er í sjálfu sér afar einfalt og í því eru ekki róttækar breytingar. Það er einungis gert ráð fyrir að framkvæmd laganna verði greiðari og auðveldara að tryggja fagleg gæði þeirrar kennslu sem veitt er í tónlistarskólunum.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja það til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 602, 505, 7. og 18. tl., 507, 1.a, 2.a, 3., 4.b, 5., 7., 9. og 11. tl., 514, 516, 7., 9., 11. og 12. tl., 518, 659, 660, 843). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. málsins var beðið með að afgreiða þann kafla sem lýtur að fjármálum Ríkisútvarpsins til 3. umr. Ástæðan var sú að Ríkisútvarpið hafði það í sérstakri athugun með hvaða hætti væri hægt að koma betra horfi á innheimtumál afnotagjalda. Sú hafði verið hugmynd margra í menntmn. að fella afnotagjöld niður vegna erfiðleika á innheimtu og taka þess í stað upp nefskatt.

Ríkisútvarpið kom að máli við nefndina eins og þá kom fram og vakti athygli á því að tækni fleygir nú mjög fram í sambandi við útvarpsrekstur og þykjast forráðamenn Ríkisútvarpsins hafa það í sjónmáli að auðvelt verði að selja bein afnot af viðtækjum þannig að unnt verði að leggja afnotagjöldin niður í þeirri mynd sem þau eru nú, en láta menn á hinn bóginn greiða fyrir notkun t. d. með því að taka upp það sem kallaðir hafa verið „truflaðir geislar“ þannig að menn þurfi að hafa lykil eða einhvers konar gíróspjald til þess að geta notið sendinga frá viðtækjum. Forráðamenn Ríkisútvarpsins töldu að það mundi torvelda það að taka slíkt fyrirkomulag upp síðar ef horfið yrði frá afnotagjaldinu nú og nefskatturinn tekinn upp í staðinn. Með hliðsjón af

því að gert er ráð fyrir því að útvarpslögin verði endurskoðuð innan þriggja ára taldi meiri hl. nefndarinnar rétt að verða við þessum tilmælum. Eru brtt. þær sem við Ólafur Þ. Þórðarson, hv. 5. þm. Vestf., flytjum á þskj. 843 í stórum dráttum í samræmi við ábendingar Ríkisútvarpsins um þessi efni.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta eru einungis tæknilegar breytingar sem ekki varða þann kjarna málsins að áfram verður fylgt þeirri innheimtuhefð sem verið hefur. Ég vek athygli á því að í greininni er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi að þeir sem aðeins geta nýtt sér svart/hvítt sjónvarp fái sérstakan afslátt svo og þeir sem ekki hafa sjónvarp en einungis hljóðvarp. Þá er gert ráð fyrir því að heimilt sé að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Þetta er háttur sem er í nágrannalöndum og sýnist sjálfsagt. Er hægt að nefna sem dæmi hótel og ýmsa aðra aðila sem koma undir þetta ákvæði greinarinnar.

Við 2. umr. málsins voru teknar aftur af tillögum meiri hl. menntmn. tvær brtt. Annars vegar sú brtt. sem lýtur að Menningarsjóði útvarpsstöðva. Það hefur orðið að samkomulagi innan meiri hl. nefndarinnr að leggja til að sá kafli verði samþykktur óbreyttur eins og hann kemur fyrir á þskj. 505. Það liggur að vísu fyrir að stjórnarflokkarnir hafa nokkurn áherslumun varðandi Menningarsjóðsgjaldið en ekki náðist samkomulag um að hafa þennan kafla öðruvísi en hann er þar orðaður. Þá leggjum við til að ákvæði til bráðabirgða verði orðað svo sem segir á þskj. 505.

Eins og fram kom við umr. drógu ýmsir stjórnarandstæðingar ýmsar brtt. sínar til baka og er óþarfi að fjalla um þær öðru sinni. Á þskj. 660 er brtt. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu S. Kvaran og Maríönnu Friðjónsdóttur. Leggjum við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson til að 1. brtt. verði samþykkt, en þar er því bætt við í 10. gr., eins og hún er á þskj. 602, að þess skuli gætt sérstaklega að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Mér finnst sjálfsagt að þessi viðbót komi inn og geri ráð fyrir að hv. þdm. séu mér sammála um það.

Það hefur vakið nokkra athygli að langur dráttur hefur orðið á því að frv. kæmi til 3. umr. eftir að það var afgreitt úr menntmn. Ástæðan fyrir því er ekkert launungarmál. Þm. Sjálfstfl. hafa lagt áherslu á það og Sjálfstfl. frá öndverðu að útvarpsstöðvum verði gert frjálst að auglýsa hvort sem um þráðlausar útsendingar er að ræða eða útvarp um kapal. Á hinn bóginn hefur ekki náðst samkomulag um þetta við samstarfsflokk okkar. Við sjálfstæðismenn vitum ekki betur en um það hafi verið gert samkomulag að þm. stjórnarflokkanna hefðu frjálsar hendur um það hvernig þeir greiddu atkvæði um auglýsingamálin. Það er skilningur okkar og af þeim sökum munu þm. Sjálfstfl. greiða atkvæði með því að auglýsingar verði gefnar frjálsar, að ég ætla, þó að ekki liggi fyrir um það flokksleg samþykkt. Ég hef ekki spurt hvern einstakan að því en hef skilið það svo.

Þessu til grundvallar liggur að við teljum að orðið eigi að vera frjálst. Við teljum það grundvallarmannréttindi að hver maður hafi sem frjálsastan kost á því að láta í ljós skoðanir sínar og sjónarmið og við teljum að fjölmiðlar, hvort tveggja dagblöð sem útvarpsfjölmiðlar, eigi að hafa sem frjálsastar hendur til að koma því á framfæri sem efni standa til þó að við um leið viðurkennum að nauðsynlegt sé um svo áhrifamikinn fjölmiðil sem útvarpsstöðvar eru að hafa þar nokkra gæslu á, eins og ákvæði 3. gr. frv. bera með sér.

Ég held að þetta gamla þjóðþing hljóti að fallast á það að rétt sé að alþm. standi vörð um tjáningarfrelsið hvort sem það er á síðum dagblaða eða tímarita, hvort sem það er á fundum eða í samtölum manna á milli eða sé flutt á öldum ljósvakans. Það eru mikil tíðindi að útvarpsrekstur skuli vera orðinn svo auðveldur og ódýr að ætla megi að æ fleiri aðilar sjái sér fært að standa undir slíkum rekstri. En ég vil um leið leggja áherslu á að gagnslaust er að gefa útvarp frjálst ef þeim sem það vilja reka er ekki um leið gefið tækifæri til að standa undir rekstrarkostnaði.

Ég vil vekja athygli á því að víða úti um land og raunar einnig hér í Reykjavík eru nú starfandi sérstök kapalsjónvörp. Um þetta urðu miklar umræður við 1. umr. málsins. Ýmsir þm. héldu því þá fram að þetta væri ólögleg starfsemi og vítaverð jafnvel þótt þeir sjálfir hefðu komið fram í slíkum stöðvum og ekkert séð athugavert við það vegna þess að þeir vissu að með þeim hætti næðu þeir til fleiri manna. Sérstaklega var málflutningur af þessu tagi viðloðandi Alþfl. sem hefur orðið sannheilagur upp á síðkastið.

Ég reyndi frá öndverðu að koma þeim sjónarmiðum áleiðis að hvað sem almennum reglum um auglýsingar liði hefði reynslan sýnt að þessi litlu kapalkerfi úti á landi hefðu verið mjög nauðsynlegir fjölmiðlar til að koma áleiðis tilkynningum og auglýsingum á hinum smærri stöðum. Ég er enn þeirrar skoðunar að það yrði mikill sjónarsviptir og til mikils óhagræðis fyrir íbúa á slíkum stöðum ef blátt bann yrði lagt við því. Ég legg sem sagt, herra forseti, áherslu á það í sambandi við 4. gr. málsins, að auglýsingar séu heimilaðar í öllum útvörpum. Hvort sem það er kallað hljóðvarp eða sjónvarp, hvort sem það fer um loft eða þráð, leggjum við til grundvallar þau almennu mannréttindi að orðið sé frjálst, mismunandi sjónarmið eigi að fá að koma fram og það sé óþolandi með öllu að útvarpsfjölmiðlarnir séu einungis opnir fyrir þeim sem annað tveggja starfa í skjóli einokunar eða hafa ráð til þess með öðrum hætti að afla tekna til slíkrar starfsemi en af starfseminni sjálfri. Ef auglýsingarnar verða gefnar frjálsar mun það m. ö. o. að minni hyggju örva frjáls skoðanaskipti og verða til upplýsingar og ánægju fyrir alla landsmenn.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef það fyrir satt að sauðburður sé hafinn allvíða um land, a. m. k. á það við um hluta af Austurlandskjördæmi og eflaust er hægt að upplýsa hvort svo standi ekki einnig á í Húnaþingi. En eins og menn muna upphófst umr. um stjfrv. til útvarpslaga, sem lagt var fram hér 11. okt. eða á öðrum þingdegi, á gagnstæðum yfirlýsingum frá stjórnarflokkunum í sambandi við málið. Hæstv. menntmrh. hafði fengið sett inn í frv. ákvæði um að það skyldi taka gildi 1. nóv. 1984 og voru þinginu ætlaðar tæpar þrjár vikur til að fjalla um þetta merka mál. En af því tilefni lýsti formaður þingflokks Framsfl. því yfir að um slíkt væri ekkert samkomulag og hafði uppi um það spádóma að það yrði farið að nálgast sauðburð þegar drægi að lyktum þessa máls. Nú er ljóst að hv. þm. Páll Pétursson hefur orðið nokkuð sannspár í þessu efni og þó stendur verr um

þetta mál út frá sjónarhóli samstarfsaðilans, þ. e. hæstv. menntmrh., þar sem frv. er enn hér til umr. í fyrri deild þegar hafinn er sauðburður víða um land.

Nú liggur það ekki fyrir af hálfu ríkisstj. hversu lengi hún hyggst láta þingið starfa að þessu sinni og alveg ljóst að við munum sitja hér a. m. k. lungann af sauðburðartímanum úr þessu. En mér er nokkuð til efs að það sé til þess ráðrúm hér á Alþingi að ljúka þessu mjög svo umrædda og þýðingarmikla máli svo vel sé á þeim örfáu dögum sem ætla má að þingdeildir hafi til starfa, þó svo að Alþingi sitji til komandi mánaðamóta sem teldist óvenjulegt sem kunnugt er.

Ég held að það sé ástæða til þess vegna þess hvernig á þessu máli hefur verið haldið af hæstv. ríkisstj. og þingflokkum stjórnarinnar aðeins að rifja það upp hér við upphaf 3. umr. málsins hvernig því hefur þokað áfram til þessa. Eins og ég gat um var frv. lagt fram 11. okt. s. l. haust og vísað 22. okt. til 2. umr. og hv. menntmn. En það var fyrst þann 20. febr. sem álit komu frá hv. menntmn. og höfðu þá borist nær vikulegar yfirlýsingar frá formanni nefndarinnar, hv. skrifara þessarar deildar, um að frv. væri að koma út úr nefndinni af hálfu meiri hl. a. m. k. En það var einmitt þessi meiri hl. sem að lokum skilaði hér áliti 20. febr. sem gat allan þennan tíma ekki komið sér saman um veigamikla þætti málsins. Eftir að samkomulag hafði síðan tekist um þetta mál að nafninu til milli stjórnarflokkanna bar það við að varaformaður Sjálfstfl. flutti sérstaka brtt. á þskj. 514 þvert ofan í það samkomulag sem gert hafði verið. Hér við 3. umr. kemur hv. þm. Halldór Blöndal og hnykkir enn á því að þingflokkur Sjálfstfl. ætli að halda til streitu stuðningi við þessa brtt. varaformannsins.

Málið var hér til 2. umr. í hv. þd. í einn mánuð. Það var fyrst þann 20. mars sem atkvæði gengu hér í hv. deild um brtt. við frv. en síðan eru liðnar meira en sex vikur síðan málið var afgreitt héðan úr deildinni til 3. umr. Ekkert hefur til málsins spurst af hálfu þingflokka ríkisstj. fyrr en s. l. föstudag, að það loksins er tekið á dagskrá á nýjan leik. Það er ekki við minni hl. í hv. menntmn. að sakast þó að þessi dráttur hafi á orðið því að þegar þann 1. apríl s. l. skiluðum við fulltrúar minni hl. inn brtt. sem við höfðum dregið til baka og fluttum sumpart sameiginlega á þskj. 659 og 660 þann 1. apríl. Það var gert í ljósi þess að við gerðum ráð fyrir því að ríkisstj. legði áherslu á framgang þessa máls, áframhaldandi þinglega meðferð málsins, að við brugðum svo skjótt við og fluttum brtt. En þá sást málið ekki á dagskrá í heilan mánuð og raunar meira. Það var horfið af dagskránni og brtt. frá meiri hl. komu engar fyrr en, eins og ég gat um, s. l. föstudag að málið er tekið á dagskrá. Það er fyrst á þessum þingfundi að fyrir liggja brtt. á þskj. 843 frá svonefndum meiri hl. hv. menntmn. og hafa þær breytingar ekki komið til neinnar umr. í menntmn. því að þar hefur málið ekki verið tekið upp af hálfu svonefnds meiri hl. allan þennan tíma.

Þetta ber hvorki vott um að einhugur ríki í þessu máli né áhugi á því að það hljóti þinglega meðferð hér. Það verður að teljast með miklum eindæmum hvernig ríkisstjórnarflokkarnir hafa haldið á þessu máli og horfir nú ekki glæsilega um framhaldið ef marka má nýjustu og síðustu fréttir úr útvarpi sem hv. skrifari þessarar deildar kennir við einokun, þ. e. Ríkisútvarpinu. Það flutti landsmönnum allítarlegar fréttir í gærkvöldi í sérstökum fréttaauka af fundum þm. Sjálfstfl. á þremur stöðum á landinu sem haldnir voru um helgina. Það var vissulega athyglisverð nýbreytni af hálfu Ríkisútvarpsins að hefja slíkan fréttaflutning af fundum einstakra þingflokka úti um landið og reyndist það vissulega fréttaefni sem þar var greint frá. Við bíðum eftir því að fréttir berist frá fleiri fundum en þessum þremur því að ég hef fyrir satt að Sjálfstfl. hafi beitt sér fyrir fundum miklu víðar á landinu. T. d. hafi þeir hæstv. fjmrh. og hv. þm. Eggert Haukdal haldið fund á Höfn í Hornafirði sem ekki hefur verið neitt greint frá. Þaðan gæti eflaust verið tíðinda að vænta svo og frá ýmsum öðrum fundum.

Varaformaður Sjálfstfl., sem flytur brtt. í þessu máli við frv. til útvarpslaga á sérstöku þskj. þvert á hinn stjórnarflokkinn, lýsti því skv. frásögn Ríkisútvarpsins með átakanlegum hætti austur á Egilsstöðum hvernig Sjálfstfl. væri hnepptur í bóndabeygju Framsfl. og gæti sig nánast hvergi hrært. Þetta væri slík ógæfa, sem Sjálfstfl. hefði ratað í, að erfitt væri að sjá fram úr henni. En hæstv. iðnrh. talaði, að ég hygg, á fundi hjá Skagfirðingum — allavega var það norður í landi — að sögn hljóðvarpsins og boðaði landsmönnum að öllum líkindum þingkosningar á tímabilinu 20.—30. okt. Nánar var það ekki tilgreint, en vilji menn halda sig við laugardag mun það vera 26. okt. sem mönnum gefst kostur á að ganga til kosninga ef Sjálfstfl. tekst að losna úr bóndabeygjunni, úlfakreppunni miklu sem hann er hnepptur í. Kannske eigi að nota þetta mál sem nú hefur verið tekið á dagskrá, frv. til útvarpslaga, og atkvæðagreiðslu um brtt. varaformanns Sjálfstfl. til þess að liðka til fyrir flokkinn að þessu leyti, hver veit? Svo kann að vera.

Ég tel alveg nauðsynlegt að hér við þessa umr. komi það skýrt fram af hálfu hins sterka í ríkisstj., sem heldur Sjálfstfl. föngnum í bóndabeygjunni, hvernig hann ætlar að bregðast við ef svo ber við að samþykkt verði brtt. á þskj. 514, till. hv. þm. Friðriks Sophussonar, um fullt og óskorað frelsi til auglýsinga í einkastöðvum, þ. á m. fullt og óskorað frelsi fyrir svo mæta menn sem Rolf Johansen sem hefur nýlega tilkynnt landsmönnum að hann bíði óþreyjufullur eftir því að sjá sól frelsisins renna upp fyrir — (**HBl:** Það verður menningarlegt útvarp.) Það verður menningarlegt útvarp, segir hv. þm. Halldór Blöndal og er farinn að hlakka til að njóta. En mér finnst alveg nauðsynlegt að við fáum um þetta upplýsingar, t. d. frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, hvernig hann ætlar að bregðast við og hans flokkur ef svo fer að sólin renni upp fyrir frelsisunnendur eins og Rolf Johansen og aðra slíka, Ísfilm og allt það safn sem þar bíður óþreyjufullt eftir að geta látið frelsissól auglýsinganna renna yfir landslýðinn. Ég er viss um að Ólafur Þ. Þórðarson er reiðubúinn til að greina frá því hver verði viðbrögð hans flokks ef svo fer að meiri hl. sé fyrir því hér í hv. þd. að liðka til fyrir auglýsingunum í einkastöðvum.

Kannske hafa einhver viðhorf komið fram um þetta á þeim fundum þm. Sjálfstfl. sem ekki hefur verið greint frá. Við fáum kannske fréttaauka í kvöld frá þremur fundum í viðbót og á morgun frá þeim sem eftir er að greina frá. Við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir því, það þarf ekki að efast um að Ríkisútvarpið okkar muni sjá til þess að glöggar fregnir verði framvegis af öllum

fundum sem þm. efna til úti um landið. Þaðan gæti víða verið tíðinda að vænta, ekki síst í ljósi þess að hæstv. iðnrh. hefur boðað kosningar að öllum líkindum seinni hluta októbermánaðar.

Ég ætla hér, herra forseti, að gera stutta grein fyrir brtt. sem ég stend að ásamt fulltrúum Bandalags jafnaðarmanna og Alþfl. í hv. menntmn. og við lögðum fram 1. apríl s. l. á þskj. 660. Þar fylkjum við saman um tilteknar breytingar sem við höfðum gert tillögur um við 2. umr. en dregið til baka til 3. umr. þar sem við vorum efnislega á einu máli eða höfðum flutt hliðstæðar brtt. Ég ætla fyrst að fara yfir brtt. á þskj. 660, þar sem ásamt mér eru flm. hv. þm. Kristín S. Kvaran og Maríanna Friðjónsdóttir sem sat þá á þingi fyrir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Við leggjum í fyrsta lagi til að inn í 10. gr. frv., 3. mgr., verði tekin ákvæði sem varða fjölbreytt efni við hæfi barna jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Það er efnislega sú till. sem er undir tölul. 1 á þskj. 660. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur lýst stuðningi við þessa brtt. af sinni hálfu og hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar ef ég hefði skilið hans mál rétt. Þess er því að vænta að þetta ákvæði fái hér stuðning í hv. þd. og er það þakkarvert.

2. brtt. okkar varðar 13. gr. og er efnislega um það að útvarpsstjóri verði skipaður aðeins til fimm ára í senn en staða hans þá auglýst á ný laus til umsóknar. Heimild sé til að endurráða sama mann í starfið önnur fimm ár í viðbót.

Í þriðja lagi er sú breyting við 15. gr. að þar bætist við tvær nýjar mgr., annars vegar um það að annað hvert ár skuli menntmrn. í samráði við yfirstjórn útvarpsins efna til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og bjóði til hennar fulltrúum helstu almannasamtaka og í öðru lagi að Ríkisútvarpið beiti sér fyrir reglubundnum könnunum á því hvernig hlustað er á hljóðvarp og horft á sjónvarp, bæði að því er varðar Ríkisútvarpið sem og aðrar útvarpsstöðvar er leyfi kunna að fá skv. ákvæðum 3. gr.

Í fjórða lagi erum við með þá breytingu að á undan 32. gr. í VI. kafla komi sérstök ný gr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs nefnd sjö þm. er hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga þessara, svo og þróun fjölmiðlunar og lagasetningu um útvarpsmálefni meðal nágrannaþjóða. Jafnframt skal nefndin huga að nauðsynlegum breytingum á lögunum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín í nóvember ár hvert þar til endurskoðun laganna er lokið."

Ég tel að hér sé mikilvægt ákvæði á ferðinni sem sjálfsagt sé að lögfesta til þess að fylgjast með þessum mikilvæga þætti, útvarpsstarfseminni, á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að verði notaður til endurskoðunar og þá bæði varðandi Ríkisútvarpið og einkastöðvar sem leyfi fengju til starfa.

Þá gerum við í fimmta lagi ráð fyrir því að 34. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1986. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög og breytingar á þeim lögum." Við erum með þessu að leggja til að tilskilinn sé við samþykkt þessa frv. ákveðinn umþóttunartími fyrir aðila og að miðað sé við næstu áramót. Það teljum við raunar vera lágmarkstíma, ekki síst í ljósi þess hver dráttur hefur orðið á meðferð þessa máls í höndum þingsins, en um þetta atriði er ekkert ákvæði í tillögum frá meiri hl. menntmn.

Þá hef ég ásamt Maríönnu Friðjónsdóttur flutt sérstaka brtt. á þskj. 659 við frv. þannig að á eftir 16. gr. komi ný gr. er orðist svo, með leyfi forseta:

„Við Ríkisútvarpið skal komið á fót starfsmannaráði sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðsins á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um hliðstæð ráð í opinberum stofnunum."

Þetta eru þær brtt. sem ég stend að með fleirum og taldi rétt að mæla hér fyrir við þessa umr. Hér hefur birst í dag á borðum þm. brtt. á þskj. 843 frá Halldóri Blöndal og Ólafi Þ. Þórðarsyni varðandi fjármál Ríkisútvarpsins. Mér hefur ekki gefist tími til að fara yfir þessar tillögur nema rétt með hraði þannig að ég er ekki í aðstöðu til að taka afstöðu til þess hér og nú hvort þar sé eðlilega á málum haldið. Mér sýnist það þó í fljótu bragði miðað við það að haldið verði við þá stefnu sem fram kemur í frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir og ekki breytt til eins og til umr. var um skeið í hv. menntmn., þ. e. a. s. um það var rætt að taka upp eins konar nefskatt í sambandi við útvarpsgjald. En hér er í meginatriðum gert ráð fyrir því að halda uppteknum hætti, þó með breytingum.

Skv. dagskrá er vísað hér til þskj. sem lágu fyrir við 2. umr. málsins. Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, og kannske sjálfsagt að farið verði yfir þessi efni áður en mál verða hér lögð fyrir til atkvæða þannig að hv. þdm. verði sem ljósast hvað hér er verið að leggja til. Sum efnisatriði, sem vísað er til í einstökum tölul. skv. dagskrá, eru þegar komin inn í brtt. á nýjum þskj. sem ég hef mælt hér fyrir.

Ég vil að það komi fram hér af minni hálfu að ég tel mig geta stutt ákveðnar brtt. sem hv. þm. Kristín S. Kvaran og hv. þm. Guðmundur Einarsson stóðu að á sínum tíma og er að finna á þskj. 507. Það gildir efnislega um það sem er að finna undir 2. tölul. á þskj. 507 varðandi það atriði að settar verði reglur af ráðh. um jafnan tíma í einkastöðvum er gilda skuli við stjórnmálaumræður. Þetta finnst mér skynsamlegt ákvæði og get undir það tekið.

Sama er að segja um brtt. á þskj. 507 undir tölul. 5 þar sem gert er ráð fyrir því að einstaklingum, sem eiga hlut í fyrirtæki í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum, sé óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta gildir einnig um fyrirtæki. Sami aðili má ekki reka fleiri en tvær stöðvar. Þetta leggja hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna til. Þetta eru atriði sem ég get lýst fullum stuðningi við.

Ég tel einnig að brtt. á þskj. 507 undir tölul. 11 varðandi kjarasamninga við starfsmenn Ríkisútvarpsins horfi til réttrar áttar og ég mun veita henni minn stuðning. Þar er gert ráð fyrir að útvarpsstjóri geri með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins kjarasamninga við starfsmenn Ríkisútvarpsins. Ég ræddi þetta kjaramál starfsmanna Ríkisútvarpsins allítarlega við 2. umr. og vakti þar athygli á því í hvert efni hefði stefnt þar að undanförnu. Ég tel það vera mjög nauðsynlegt að Ríkisútvarpið, ef það fær samkeppni af einkastöðvum, hafi aðstöðu til að standa þannig að samningum við sitt starfsfólk að þar sé valinn maður í hverju rúmi. Það skiptir miklu um meginútvarpsfjölmiðil landsmanna að svo geti orðið. Með tilliti til þess og þeirrar þróunar sem

orðið hefur í sambandi við samningsstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins tel ég að réttmætt sé að styðja þá brtt. sem Bandalag jafnaðarmanna flutti um þetta efni við 2. umr. máls en dró til baka til 3. umr.

Ein af þeim brtt. sem ég hef mælt fyrir varðar könnun á útvarpsstarfsemi. Nýlega fór fram könnun — ég hygg með atbeina félagsvísindadeildar Háskóla Íslands — á viðhorfum manna til starfsemi Ríkisútvarpsins. Fjölmiðlar greindu nokkuð frá bráðabirgðaniðurstöðu þeirrar könnunar í marsmánuði, að ég hygg, og ýmislegt athyglisvert kom þar fram. M. a. held ég að hægt sé að túlka viðhorfin úr þeirri könnun á þann veg að það sé allvíðtæk samstaða og menn séu þokkalega ánægðir með Ríkisútvarpið og þess starfsemi. Það kom m. a. fram í þessari könnun að menn teldu að það væri þokkalega á málum haldið með tilliti til hlutleysis gagnvart skoðunum. Það sem var athyglisverðast í bráðabirgðaniðurstöðum þessarar könnunar var víðtækur stuðningur við innlent efni og þar með innlenda dagskrárgerð. Það er vissulega ánægjuefni að þetta skyldi endurspeglast í viðhorfum hlustenda og áhorfenda Ríkisútvarpsins. Þetta segir okkur þá sögu að þörf sé á því að auka innlenda dagskrárgerð og hlut innlends efnis í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins. Ég tel að ef svo megi verða séu menn um leið að efla íslenska menningu svo sem ekki er vanþörf á á tímum auglýsinga og margs sem glepur hugann og þrengir sér inn í dagskrárefni.

Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð, herra forseti, en ég tel að þau rök, sem fram hafa verið borin af talsmönnum auglýsingafrelsisins í einkastöðvum, séu falsrök. Þeir hafa m. a. beitt því sem röksemd að möguleikar á tekjuöflun í gegnum óheftar auglýsingar í einkastöðvum séu forsenda þess að hægt sé að halda uppi dagskrárgerð og dagskrárstarfsemi af þeirra hálfu. Stuðningur okkar Alþb.-manna við rýmkun á útvarpsrétti hefur helgast af því að við viljum gefa mönnum kost á að nýta ljósvakann sem áhuga hafa á því að leggja nokkuð á sig til þess en ekki að opna ljósvakann fyrir óheftri markaðsstarfsemi þeirra sem líta á útvarpsrekstur sem gróðastarfsemi og eru að búa sig í stakk til að taka upp fulla og óhefta samkeppni við Ríkisútvarpið á þeim forsendum og lýsa því fjálgum orðum að því aðeins að þeir fái þetta óhefta frelsi sé breyting á útvarpslögum einhvers virði. Þar eru framarlega í flokki þeir sem að Ísfilm standa, eins og kunnugt er, hlutafélagið Árvakur, Samband ísl. samvinnufélaga, Almenna bókafélagið, Frjáls fjölmiðlun og Reykjavíkurborg undir forustu Davíðs Oddssonar. Þessir aðilar hafa verið að búa sig í stakk til að hefja fulla og óskoraða samkeppni við Ríkisútvarpið hér á aðalþéttbýlissvæði landsins þar sem meiri hluti landsmanna býr. Það er um óskorað frelsi fyrir þessa aðila sem Sjálfstfl. er að biðja með brtt. varaformannsins á þskj. 514. En það eru fleiri sem vilja komast að kjötkötlunum. Þeir hafa gefið sig fram síðan 2. umr. þessa máls fór hér fram. Það eru aðilar sem eiga nokkuð undir sér að margra mati eins og Rolf Johansen stórkaupmaður og Jón Ragnarsson í Regnboganum og víðar, sem eru reiðubúnir að verja miklum fjármunum til útvarpsrekstrar en þó því aðeins að hann verði gróðavegur. Það er þetta menningarútvarp þeirra félaga Rolfs Johansens og Jóns Ragnarssonar sem Sjálfstfl. er að biðja Alþingi um að opna fyrir og hv. þm. Halldór Blöndal sá sérstaka ástæðu til að hlakka til að hæfi starfsemi sína fyrr en seinna.

Herra forseti. Ég ítreka hér óskir mínar um að ég tel að við eigum kröfu á því, hv. þm. í þessari deild, að fá um það vitneskju hvað ríkisstj. ætlast fyrir í sambandi við þetta frv. sem nú er nýlega komið á dagskrá eftir sex vikna hlé. Hvað ætlar hún sér með þetta frv.? Hvað ætlar Framsfl., hinn sterki aðili í ríkisstj., að gera í sambandi við þetta mál ef brtt. á þskj. 514 nær fram að ganga hér í deildinni? Ég trúi því ekki að það standi á svari um þau efni.

Frsm. 1. minni hl. (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að verða til þess að draga þessar umr. svo á langinn. Á því sviði hefur þegar verið nóg að gert þó að ekki hafi ég staðið að því. Það sem ég hef þurft að segja til að skýra tillögur mínar hef ég þegar sagt við fyrir umr. þessa máls. En nú er þetta mál allt orðið mun flóknara og í raun hálfundarlegt í sniðum.

Eftir háttstemmdar yfirlýsingar hv. formanns menntmn. Nd. fyrr í vetur um að málið yrði afgreitt úr nefnd innan viku og afgreitt sem lög frá Alþingi að viku liðinni þar frá, hvað eftir annað, þá er nú svo komið að menn eru farnir að tala með semingi um hvort yfirleitt verði greidd atkvæði um það. Ég á bágt með að trúa því fyrr en ég tek á að það verði ekki látið á reyna um hvert fylgi þetta lagafrv. á meðal hv. alþm. Ótrúlegt þykir mér einnig að sjálfstæðismenn ætli eina ferðina enn að láta framsóknarmenn svo auðveldlega og á svo augljósan hátt kúga sig til hlýðni, vegna þess að öllum má vera ljóst að ef þetta frv. kemur ekki til atkvæða er það vegna hótana framsóknarmanna um að þar með sé stjórnarsamstarfinu hætt komið.

Það skiptir auðvitað geysilega miklu máli almennt, jafnt fyrir almenning sem og stjórnmálamenn, að um sé að ræða greiða leið að streymi upplýsinga um það hvaða hugmyndir séu helstar uppi m. a. í þjóðmálum. Þessu streymi upplýsinga hefur enginn fjölmiðill yfir að ráða í jafnríkum mæli og útvarpið. Þess margbreytilegri sem slíkur fjölmiðill er, þess meiri líkur tel ég vera til þess að þeir kostir sem til boða standa verði augljósari. Þess vegna er það svo mikilvægt að við brettum nú upp ermarnar og afgreiðum þetta mál og því fyrr, því betra.

Þrátt fyrir að langur tími sé liðinn frá síðustu umr. treysti ég því að mönnum sé enn í fersku minni þegar ég talaði fyrir þessum brtt. sem ég flyt á þskj. 507 ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni, en ég vil samt sem áður þakka þann stuðning og þær undirtektir við ýmsar af þeim tillögum sem hafa komið fram og ég á von á því að þó nokkrar af þeim verði samþykktar. Af þessum till. sem eru á þskj. 507 eru fjórar sem einnig voru lagðar til af tveimur öðrum flm. með mjög svo svipuðu orðalagi. Þess vegna höfum við nú ákveðið að flytja þær í sameiningu. Nýju tillögurnar eða nýi búningurinn þeirra er á þskj. 660 og hefur 1. flm. þeirra þegar gert grein fyrir þeim. En þetta eru tillögur sem varða skipun og ráðningu útvarpsstjóra, um notendaráðstefnu, um þingmannanefnd til þess að hafa eftirlit með þróun fjölmiðlunar og lagasetningar meðal nágrannaþjóða og um málefni útvarps og svo að síðustu um gildistöku þessa frv.

Að lokum vil ég ítreka von mína um að þingheimi takist að afgreiða mál þetta og það sem fyrst.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það fór ekki á milli mála hjá síðasta ræðumanni hvers konar hugmyndir

hún hefur í sambandi við jöfnun í þjóðfélaginu, en ég ætla ekki að ræða frekar um það.

Hv. þm. Halldór Blöndal, sem talaði hér fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, fór fjálglegum orðum um þetta mikla frelsi sem hann væri að berjast fyrir í sambandi við útvarpsrekstur. Útvarpsrekstur ætti að vera frjáls. Auglýsingar ættu að vera frjálsar. Frelsi hvers er hv. þm. að berjast fyrir? Er það frelsi þeirra sem með einhverjum hætti hafa náð peningum undir sig? Það er ekki frelsi hinna. Það er það sem hv. þm. er að berjast fyrir. Ég er ákaflega hræddur um að kjósendur á Norðurl. e. muni líta öðruvísi yfirleitt á þessi mál en hv. þm.

Ég vil, herra forseti, óska eftir því að athugað verði hvort nærstaddir eru formenn stjórnmálaflokkanna sem voru hér þegar til umr. var frv. til stjórnskipunarlaga. Ég sé að hv. þm. Þorsteinn Pálsson er hér staddur en ég kem ekki auga á hina. Það var ekki hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem ég var að hugsa um, heldur hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Ég vildi óska eftir því að forseti athugaði hvort forsrh. og hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Kjartan Jóhannsson eru hér í húsinu. Ég á við þá erindi. (**Forseti:** Það er í athugun að þessir menn, sem hv. ræðumaður hefur óskað eftir að yrðu viðstaddir, verði hér í salnum innan tíðar.) Ég mun halda áfram ræðu minni og sjá til hvort þessir hv. þm. eru hér innan húss.

Ég er ákaflega hræddur um að ef margar útvarpsstöðvar rísa upp á þessu svæði með ótakmarkað frelsi, þá muni það koma allhart niður á Ríkisútvarpinu. Ég er eiginlega undrandi á því að hv. þm. skuli ekki athuga betur allar hliðar þessa máls en mér virðist hafa verið gert. Ég er a. m. k. alveg sannfærður um að ef rísa upp kannske margar útvarpsstöðvar með ótakmarkað frelsi til að taka auglýsingar eftir því sem þær bjóðast, þá hljóti það að leiða til þess að Ríkisútvarpið hafi ekki fjármuni til að inna þær skyldur af hendi við alla landsmenn sem nauðsyn ber til. Ég veit ekki betur en því hafi verið borið við, í sambandi við sjónvarpið a. m. k., að góðar myndir séu það dýrar að Ríkisútvarpið hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að fá þær og sýna.

Það er auðvitað þarflaust fyrir mig að ræða mikið um þetta mál. Ég hef lýst því yfir áður af þeim ástæðum sem hér hafa komið fram að ég er algerlega á móti þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því.

Hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., er erlendis í opinberum erindum. Hann hringdi í mig rétt áður en hann fór og bað mig að koma þeim tilmælum til hæstv. forseta að umræðum um þetta mál yrði ekki lokið fyrr en hann ætti þess kost að vera viðstaddur. Ég vil koma þessari beiðni hans á framfæri og ég legg ríka áherslu á að orðið verði við henni.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. virðist ekki vera hér í húsinu né heldur hv. þm. Kjartan Jóhannsson. En erindi mitt við formenn flokkanna er það að í grg. með frv. til stjórnskipunarlaga stendur hér:

„Þingflokkur Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi."

Svo kemur fyrsti liður, sem kemur ekki þessu máli við, en 2. liður er þannig:

„Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Ég sé ekki betur, herra forseti, en þessi yfirlýsing sé alveg þveröfug við þá stefnu sem nú er verið að taka. Ég sé ekki betur en félagsleg aðstaða fólksins úti um land sé skert ef það er rétt skilið hjá mér að Ríkisútvarpið muni hafa minni fjárhagsgetu eftir þessa breytingu á útvarpslögunum en áður. Ég hef ekki orðið var við að þeir stjórnmálaforingjar eða flokkar þeirra hafi borið við að lyfta hendi til þess að standa við þessi fyrirheit. Kannske skjátlast mér en þá óska ég eftir því að þeir sem hér eru minni mig á hvað hefur verið gert í þessu tilliti.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu meira en orðið er en ítreka það að farið verði eftir ósk þingflokksformanns framsóknarmanna, sem er bundinn í opinberum erindum erlendis, að þessari umræðu verði ekki lokið fyrr en hann á kost á því að taka þátt í henni.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér hafa komið fram tilmæli frá hv. þm. Páli Péturssyni, flutt af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, um að þessari umræðu um útvarpslög verði frestað. Sem sé, þingflokkur Framsfl., sem er annar stjórnarflokkurinn, fer fram á það að þessari umræðu verði frestað þangað til fleiri þm. eru hér viðstaddir til að taka þátt í umræðu um málið. Ég minni á í þessu sambandi að formaður þingflokks Sjálfstfl. mun vera fjarverandi einnig í opinberum erindagerðum og ég tel að í raun og veru sé algerlega óeðlilegt að fara að knýja fram lok þessarar umræðu á þessum fundi þegar svo háttar til að ekki er hægt að hafa umræður um þetta stóra og þýðingarmikla mál með eðlilegum hætti. Ég vil leyfa mér fyrir mína hönd að taka undir þær óskir, sem hér eru fluttar frá Páli Péturssyni um það, að umræðu um þetta mál verði frestað. Það liggur í rauninni ekkert á því að keyra þetta mál áfram á þessum sólarhring eins og mun hafa verið ætlunin. Ég teldi eðlilegast að forseti viki nú að öðrum dagskrárefnum, sem eru mörg til umræðu og óafgreidd, og þessu máli yrði frestað þangað til deildarfundur verður hér að nýju betur skipaður en nú er kostur á þar sem menn eru bundnir í öðrum verkum.

Vinnubrögð ríkisstj. í sambandi við þetta útvarpslagamál eru orðin alveg með endemum eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti áðan. Það er náttúrlega algert lágmark að stjórnarliðið komi sér saman í meginatriðum um framgang málsins áður en umræðum um þetta mál er lokið. Þess vegna vil ég einnig taka undir þau tilmæli Páls Péturssonar til hæstv. forseta Nd. að þessu máli verði frestað. Ég vona að hæstv. forseti verði við óskum tveggja þingflokka, sem nú liggja fyrir um þessa frestun, eftir að ég hef hér gert þessa athugasemd. Mér finnst það væri í rauninni óeðlilegt að verða ekki við slíkum óskum eftir að tveir þingflokkar hafa lýst þeim yfir. Það væri a. m. k. óvenjulegt af hæstv. forseta að fara ekki eftir óskum sem þannig koma fram frá tveimur þingflokkum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá er ekki nýtt af nálinni. Það var samið fyrir

fjórum eða fimm árum. Það hefur verið lagt fram áður á Alþingi og nú í haust var það lagt fram af hæstv. menntmrh. þar sem gert var ráð fyrir að frv. yrði að lögum 1. nóv. s. l. Það kom úr hv. menntmn. einhvern tíma rétt fyrir áramótin og núna eru um sex vikur liðnar síðan 2. umr. fór fram og auðvitað hefur almenningur og þm. einnig verið sífellt meira undrandi á því hvílíkur dráttur hefur orðið á afgreiðslu þessa máls. Þær skoðanir hafa verið uppi að hér sé verið viljandi að þvælast fyrir, hér sé gerð tilraun til að draga málið og drepa því á dreif, þæfa það og salta þannig að það komist ekki til afgreiðslu. Það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur ef Alþingi getur ekki mannað sig upp í að taka afstöðu til þessa máls sem svo mjög hefur verið á dagskrá í vetur. Og nú loks þegar 3. umr. hefst, öllum er í meginatriðum ljóst um hvað þetta mál snýst, brtt. hafa legið fyrir lengi, það hefur ekkert nýtt komið fram í þessu máli, þá standa hér upp tveir þm. að mér skilst fyrir hönd tveggja þingflokka og krefjast þess að málinu sé frestað.

Er það þannig, herra forseti, að ef menn bregða sér úr landi annaðhvort í opinberum erindagerðum eða í einhverjum öðrum tilgangi, þá geti þeir komið skilaboðum í gegnum síma um það að málum sé frestað meðan þeir dvelja erlendis? Og hvernig væri það ef orðið er við þessari beiðni og svo skreppur einhver annar þm. út í næstu viku og hann sendir þau skilaboð í gegnum síma að hann óski eftir því að máli sé frestað og afgreiðslu frestað þangað til hann komi allra náðarsamlegast heim aftur? Þetta eru náttúrlega algerlega óverjandi vinnubrögð og er útilokað að mínu mati að taka tillit til slíkra beiðna. Það er ekki hægt að skilja þessa beiðni öðruvísi en svo að hér séu yfirlýsingar fluttar um það af hálfu þingflokks framsóknarmanna og Alþb. að koma skuli í veg fyrir að þetta mál fái afgreiðslu á þinginu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hafi ég heyrt rétt tilmæli sem komu frá hv. 3. þm. Norðurl. e. þá var þar ekki borin fram ósk um frestun á umræðu. Aftur á móti var borin fram ósk um það að umræðu lyki ekki fyrr en hv. 2. þm. Norðurl. v. gæti verið viðstaddur.

Nú sýnist mér einsýnt að hyggist hann gegna þingskyldum með eðlilegum hætti á næstu fundum deildarinnar séu það margir á mælendaskrá að skynsamlegt sé að halda áfram umræðu og ástæðulaust að óttast svo mjög að henni ljúki fyrir þann tíma. Varðandi þær athugasemdir sem komu frá hv. 6. þm. Reykv. vil ég andmæla því að hjá Framsfl. séu ráðagerðir um að vinna gegn því að þetta mál fari til atkvæða. Ég vann að því með eðlilegum hætti að málið fengi afgreiðslu í nefnd og einnig að ganga frá þeim seinustu brtt. sem hér eru lagðar fram og áður hafði verið rætt um. Ég tel að málið hafi verið tekið hér á dagskrá jafn tímanlega og kostur var eftir að gengið var frá þeim brtt. (**JBH:** Hvað hefur tafið málið í sex vikur, hv. þm.?) Það mál gæti ég útskýrt e. t. v. fengi ég vilja mínum framgengt og hér yrði haldið áfram umræðu.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég held að ljóst sé að vilji þm. stendur til þess að þetta frv. fái afgreiðslu og að vilji þingsins komi fram um það hvort hér skuli vera frjálst útvarp eða ekki. Ég sé ástæðu til að taka það fram vegna þeirra ummæla sem hér komu fram áðan. Ég vil einnig taka fram að við því mátti alltaf búast að þeir menn, sem andvígir eru frjálsu útvarpi, vildu athuga þetta mál lengi. Þess vegna tókst ekki að ná þessu máli fram fyrir áramót. Síðan hefur orðið dráttur upp á síðkastið sem ég skýrði í ræðu minni áðan og þarf ekki að þráspyrja um. Ég hélt að þm. væru það skilningsgóðir og skilningsríkir að ekki þyrfti einlægt að svara sömu spurningunni.

Út af því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði um traust kjósenda fyrir norðan þá held ég að þeir treysti varaformanni þingflokks Framsfl., Ingvari Gíslasyni, alveg jafn vel og Páli Pétursyni til þess að hafa orð fyrir þeim framsóknarmönnum og sé ekki af þeirri ástæðu rétt að draga umræðu á langinn eða fresta henni. Ég held að hæstv. forseti hafi fulla uppburði í sér til þess að skýra viðhorf þingflokks Framsfl. Hins vegar er ástæðulaust annað en gefa hv. 2. þm. Norðurl. v. kost á því að segja sitt álit við 3. umr. enda er við því að búast að þingfundir haldi áfram út þessa viku. Deildin ætti því að geta afgreitt frv. fyrir helgi.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var vegna ummæla hv. þm. Ellerts Schram hér áðan um að þingflokkur Alþb. væri hér ásamt þingflokki Framsfl. að þvælast fyrir í þessu máli og stuðla að því að það fengi hér ekki eðlilega meðferð að ég kvaddi mér hljóðs. Ég upplýsti það áðan í mínu máli að ég hefði lagt mig fram um það í hv. menntmn. að koma inn þeim brtt. sem ég stend að og dregnar voru til baka við 2. umr. og þeim brtt. hef ég lýst. Þær voru lagðar hér fram 1. apríl s. l. Nú er 6. maí og það er fyrst á þessum degi sem fram koma brtt. frá svonefndum meiri hl. hv. menntmn. Það er því alveg ljóst hverjir það eru sem standa fyrir þeim drætti sem orðið hefur á því að þetta mál kæmi hér til 3. umr.

Hitt er síðan komið fram að borist hafa sérstök tilmæli erlendis frá frá hv. formanni þingflokks Framsfl. sem ekki er staddur í sauðburði norður á Höllustöðum heldur erlendis við gegningar. Hann óskar eftir því sérstaklega að umræðu ljúki hér ekki fyrr en hann komi til leiks hér í þingsölum. Ég hef óskað eftir því sérstaklega að Framsfl. skýri sína afstöðu til þessa stóra máls í ljósi þess hvernig á hann er teflt af hálfu samstarfsflokksins og ég tel það ofur eðlilegt að orðið sé við þeirri beiðni þó að ég treysti hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyllilega til þess að standa fyrir sínu máli. En enn þá gildara væri væntanlega að heyra í formanni þingflokks Framsfl. hér við umræðuna og því eðlilegt að orðið verði við hans óskum um að umræðu ljúki ekki áður en hann á kost á að tala hér sínu máli.

Hitt er síðan umhugsunarefni, sú ópolinmæði sem ríkir hjá hv. 6. þm. Reykv., Ellert Schram, í sambandi við þetta mál. Ég skal ekki segja af hverju hún er sprottin eingöngu. En ekki kæmi mér á óvart að hún tengdist eitthvað fyrirætlunum fjölmiðils, sem hv. þm. er ritstjóri fyrir, að eiga hlut að útvarpsrekstri eða standa af eigin afli fyrir slíkum rekstri. Það skyldi nú ekki vera? En þannig geta reitirnir ruglast einnig hér inni í þingsölum og ekkert við því að segja.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég á það eina erindi upp í ræðustól að þessu sinni að svara hv. 2. þm. Norðurl. e. þar sem hann ræddi um að sér fyndist það

óeðlilegt að formaður þingflokks Framsfl. skyldi biðja mig fyrir þessi skilaboð. En hann tók það fram að hv. þm. Ingvar Gíslason ætti auðvelt með að skýra frá þessum skilaboðum þar sem hann væri forseti deildarinnar og hann treysti mér líka til að koma þeim til skila á þann veg sem formaður þingflokks Framsfl. bað um.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mun hafa verið ætlun forseta að halda hér áfram umræðu um þetta mál fram til kl. 4 og síðan á milli kl. 6 og 7 í dag. Ég vil taka það fram af minni hálfu að ég get ekki sótt þingfundi milli kl. 6 og 7 í dag og þannig er um fleiri þm. Alþb. þar sem við erum bundnir á fundi annars staðar. Ég hlýt að fara fram á það að umræðu verði einfaldlega frestað þangað til á miðvikudag eða þá á morgun ef menn finna tíma fyrir deildarfundi á morgun. Það gerir svo sem ekkert til mín vegna. En hér er um að ræða fund sem boðaður er fyrir löngu og við getum ekki vikist undan að mæta á.

Ég vil mótmæla því mjög harðlega sem hv. 6. þm. Reykv. var að dylgja um hér áðan að við Alþb.-menn værum að þvælast fyrir og tefja þetta mál. Eins og hv. 5. þm. Austurl. benti á hér áðan eru það aðrir sem hafa verið að tefja þetta mál. Það er stjórnarmeirihlutinn sem hefur verið að tefja þetta mál með ýmsum hætti í allan vetur og það er fyrst í dag sem tillögur liggja fyrir frá þeim hv. þm. Halldóri Blöndal og hv. þm. Ólafi Þórðarsyni um ákveðna mikilvæga efnisþætti í þessu máli. Það er því fyrst núna sem þingið á kost á því að taka afstöðu til þeirra tillagna sem þeir hafa lagt fyrir. Þess vegna er ósköp eðlilegt að þessi mál komi núna inn í þingflokkana, ekki aðeins stjórnarandstöðuna heldur sýnist mér ekki vanþörf á því að þessi mál komi til meðferðar í a. m. k. öðrum þingflokki ríkisstj. þannig að þar geti menn tekið afstöðu til málsmeðferðar við þessar athyglisverðu tillögur sem ekki hafa verið lagðar fram í menntmn. og eru þó báðir hv. þm. þar inni. Þetta eru kostuleg vinnubrögð, að sniðganga menntmn. með þeim hætti sem hv. skrifarar deildarinnar hafa hér báðir gert og situr þó síst á þeim sem trúnaðarmönnum okkar hér í hv. deild að fótumtroða venjur og reglur sem tíðkast hér á hv. Alþingi varðandi meðferð mála. Ég harma það alveg sérstaklega að trúnaðarmenn þm., sem eru kosnir samhljóða kosningu til að gegna skrifarastörfum, skuli traðka með þessum hætti á þingvenjum sem myndast hafa hér á undanförnum árum og áratugum.

En kjarni málsins í þessu, hv. þm. Stefán Valgeirsson, er auðvitað ekki skilaboð frá hv. þm. Páli Péturssyni. Kjarni málsins er sá: Ætlar framsókn að láta beygja sig í þessu máli þannig að auglýsingaútvarpið verði rekið ofan í hausinn á Framsfl.? Ef framsókn ætlar að láta beygja sig í þessu máli og það liggur fyrir niðurstaða um það, þá spyr ég í ljósi reynslunnar frá síðasta þingi: Með hvað var verslað? Í fyrra var það Mangósopinn, en hvað er það núna? Hvaða sull er það núna sem hefur verið verslað með á milli stjórnarflokkanna? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar, herra forseti. Þó að það sé ekki í verkahring forseta á forsetastóli að svara þeim spurningum er ég sannfærður um að varaforsetar væru tilbúnir til að gegna fyrir hann um hríð meðan hann svaraði sem varaformaður þingflokks Framsfl. sem hæstv. forseti ku einnig vera. Ég skil vel að það sé flókið verk að gegna þeim störfum báðum þessa stundina og á hann alla mína samúð í þeim efnum.

Herra forseti. Ég endurtek óskir mínar um það að þessari umræðu verði hreinlega frestað og málið verði ekki tekið hér fyrir aftur fyrr en á morgun. Það er alveg ástæðulaust að vera að reka tryppin með þeim hætti að þetta verði svo aftur tekið upp milli kl. 6 og 7, m. a. vegna þess að við óskum eftir því, þm. Alþb., að fá ráðrúm til þess að sækja annan fund á tímabilinu milli kl. 6 og 7 í dag.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það er aðeins til að endurvekja traust hv. 3. þm. Reykv. á skrifurum deildarinnar. Skrifarar buðu það fram í menntmn. að minni hl. hennar yrði meðflm. að þessari till. þegar málið var til meðferðar í deildinni en þeir töldu betra að hafa þennan hátt á og við sáum ekki ástæðu til að þröngva þeim til þess.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum umr. öllum vill forseti taka það fram að það var ætlun hans að halda hér fund milli kl. 6 og 7. Enn þá er það meining forseta að svo verði gert ef ekki koma nein sérstök andmæli gegn því.

Hitt er annað mál að hér hafa orðið allmiklar umræður út af beiðni sem hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti frá formanni þingflokks Framsfl. um að þessu máli yrði ekki lokið áður en hann hefði aðstöðu til að taka þátt í umræðunum. Þetta er 3. umr. og ef umræðunni yrði lokið gefst ekki tækifæri til þess að koma neinum athugasemdum af hálfu þeirra þm. sem nú eru fjarstaddir, þ. á m. í opinberum og eðlilegum erindum. Forseti hefur því haft það í huga að þessari umræðu lyki ekki í dag og ekki fyrr en formaður þingflokks Framsfl., sem hefur farið fram á það að mega taka þátt í þessari umræðu, hefur fengið tækifæri til að gera það.

Hins vegar taldi forseti enga ástæðu til þess að fresta umræðum hér í dag. Margir eru á mælendaskrá og eiga vafalaust eftir að verða fleiri þannig að vel mátti nýta tímann til þess að halda umræðum hér áfram. En nú hefur komið sú beiðni fram að þessari umræðu verði ekki haldið áfram kl. 6. Ég verð við því en ég tilkynni jafnframt að fundur verður kl. 6. Þá verður tekið fyrir 14. dagskrármálið, Áfengislög, 86. mál Nd.

Umr. frestað.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88, n. 704 og 732, 733). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur haft til meðferðar frv. til l. um breytingu á áfengislögum, 86. mál þingsins, um heimild til sölu á áfengum bjór. Nefndin hefur tekið sér góðan tíma til þess að fjalla um þetta mál og hafði það raunar að leiðarljósi að leitast við að vanda fremur vinnubrögð sín heldur en að flaustra af afgreiðslu þess.

Allshn. sendi málið alls tólf aðilum til umsagnar og fékk tíu formlegar umsagnir frá þeim til baka. Auk þess bárust nefndinni umsagnir ýmissa aðila sem létu sig málið varða og til viðbótar komu fulltrúar ýmissa aðila á fund nefndarinnar, ýmist að eigin frumkvæði eða vegna þess að nefndin óskaði eftir að fá þá til viðræðna.

Umsagnir þessara aðila voru vitaskuld á ýmsa lund, ýmist meðmæltar frv. eða mælt var gegn því. Þó voru nokkrar þannig að ekki var tekin afstaða til málsins, en í sumum þessara umsagna kom fram ábending um nauðsyn þess að setja þjóðinni skynsamlega áfengislöggjöf. Allt þetta starf nefndarinnar miðaði sem fyrr segir að því að reyna að vanda athugun á þessu máli sem er kunnugt úr þingsölum og umdeilt meðal þjóðarinnar og fór það *starf fram undir traustri forustu formanns* nefndarinnar.

Fram kom sú hugmynd í nefndinni að fresta afgreiðslu þessa máls til þess að stjórnskipaðri nefnd, sem fjallað hefur um stefnu í áfengismálum, gæfist frekari kostur en orðið er til að segja álit sitt á þessu máli. En meiri hl. n. hafnaði þeirri málsmeðferð og fór sá meiri hl. ekki einvörðungu eftir því sem síðar varð í skiptingu nefndarinnar í meiri og minni hl. til afstöðu málsins sjálfs.

Svo fór að nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. n., fimm nm., skila nál. á þskj. 732 og mæla með því að frv. verði samþykkt með breytingum en brtt. meiri hl. n. eru fluttar á þskj. 733.

Minni hl. n., tveir nm., leggja til að frv. verði fellt.

Rétt er að taka fram að formaður nefndarinnar, hv. þm. Gunnar G. Schram, skrifar þó undir álit meiri hl. nefndarinnar með fyrirvara.

Í nál. á þskj. 732 segir meiri hl. n., þeir hv. þm. Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Einarsson, Stefán Guðmundsson auk mín, m. a. frá því *hverjar séu helstu breytingarnar sem felast í brtt. n.* Þetta er gert í sex töluliðum og frá því hefur verið greint nokkuð glögglega í fjölmiðlum hver þessi sex aðalatriði séu. Eigi að síður þykir mér rétt að fara yfir brtt. n. nokkuð ítarlegar en þarna kemur fram til þess að þær megi teljast eðlilega skýrðar af hálfu meiri hl. nefndar.

Varðandi 1. brtt. vil ég taka fram að í 3. málsl. 3. gr. áfengislaga er nú kveðið á um að óheimilt sé að flytja til landsins öl sem hefur inni að halda meira en 2.25% af vínanda að rúmmáli. Lagt er til að þetta fortakslausa bann verði afnumið með þeim hætti að frá og með 1. mars 1986 verði heimilt að selja hérlendis áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Jafnframt felur brtt. í sér að ríkisstj. einni verði heimilt að flytja inn áfengt öl rétt eins og tíðkast um annað áfengi. Skv. þessu verði hér eftir sem hingað til bannað að selja áfengt öl sem er sterkara en 5% og einnig áfengt öl sem er á styrkleikabilinu 2.25% til 4% vínanda að rúmmáli.

Í þessu máli þykir rétt að líta til reynslu Svía sem á sínum tíma bönnuðu sölu á svokölluðu milliöli auk þess sem fyllsta þörf er á að fara varlega í sakir í þessu máli. Það var m. a. skoðun ýmissa nm. sem skipa meiri hlutann að nauðsynlegt væri að það lægi ljóst fyrir að hér væri um áfengi að ræða og að skýrt og örugglega væri skorið á milli þess sem talið er óáfengt öl og ekki hefur meira en 2.25% af vínanda að rúmmáli að innihaldi og þess sem hér er fjallað um sem áfengt öl.

Í sambandi við þessi styrkleikamörk þykir mér rétt að greina frá því að styrkleiki nokkurra tegunda áfengs öls sem þekktar eru á markaði erlendis og jafnvel hérlendis falla innan þessara marka. Má þar nefna til að mynda Heineken, Carlsberg, Tuborg Guld og Holsten frá Hamborg, en allar þessar tegundir hafa alkóhólinnihald 5% að rúmmáli. Tuborg Grøn hefur 4.6% vínanda að rúmmáli og Löwenbräu, sem framleiddur er í München, hefur 4.7% að rúmmáli. Til að mynda þessar þekktu tegundir af áfengu öli falla því innan þeirra marka sem meiri hl. n. gerir ráð fyrir og leggur til að verði hér á boðstólum. Þess má geta að íslenskur bjór, svokallaður Polar-Beer, er sterkari en þetta og fellur ekki undir þessar heimildir því að hann hefur 5.6% vínanda að rúmmáli.

Við 2. brtt. vil ég geta þess að í 7. gr. gildandi laga er að finna fortakslaust bann við bruggun eða tilbúningi áfengra drykkja hérlendis að öðru leyti en því að heimilt er að framleiða áfengt öl til útflutnings. Skv. frv. er lagt til að bann þetta verði afnumið en í þess stað verði bruggun og tilbúningur áfengis hérlendis leyfilegur að fengnu leyfi dómsmrh. og skv. þeim skilyrðum sem hann kann að setja slíku leyfi. Umrætt bann er mjög ankannalegt þegar litið er til þess að sala áfengra drykkja annarra en áfengs öls er og hefur um langa hríð verið leyfð hérlendis. Bann þetta hefur því í raun verndað erlenda áfengisframleiðendur gegn innlendri samkeppni. Brtt. n. við þessa grein frv. felur í sér að ekki verði heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem óheimilt er að flytja inn eða selja hérlendis skv. 1. brtt. n. nema til útflutnings og gæti það þá tekið til öls sem nefnt er Polar-Beer.

Rétt er og að geta þess að ákvæði í 2. mgr. gildandi laga, sbr. 2. mgr. 2. gr. frv. er kveður á um innheimtu framleiðslugjalds af áfengu öli, er óþarft í frv. eins og það var lagt fram af flm. þess vegna þess að í lögum nr. 77/1980 um vörugjald er beinlínis kveðið á um að framleiðsla öls sé gjaldskyld hvort sem það er áfengt eða ekki. Því er í brtt. lagt til að þetta þarflausa ákvæði frv., eins og það var lagt fram, verði fellt niður.

Í 3. brtt. er einnig að mestu leyti um lagatæknisk atriði að ræða, en ég vil þó taka fram að nauðsynlegt er í kjölfar breytinga í 7. gr. laganna að breyta 8. gr. gildandi laga á þá lund að aðeins skuli gera þau tæki upptæk sem notuð eru og hafa verið notuð til ólögmætrar framleiðslu áfengra drykkja. Eins og kunnugt er skulu skv. nefndri 8. gr. gildandi laga öll áhöld, sem notuð eru við bruggun svo og framleiðsla áfengra drykkja, gerð upptæk, enda er skv. gildandi lögum öll bruggun skilyrðislaust bönnuð hér á landi nema bruggun áfengs öls til útflutnings. 3. liður brtt. meiri hl. n. gerir því ráð fyrir að 8. gr. laganna kveði aðeins á um að tæki og áhöld, sem notuð hafa verið við ólögmæta framleiðslu áfengra drykkja svo og hin ólögmæta framleiðsla sjálf, skuli gerð upptæk. Þessar breytingar eru nauðsynlegar til samræmis og eru í rauninni aðeins lagatæknisk atriði.

Um 4. brtt. er rétt að taka fram að skv. 9. gr. gildandi laga er kveðið á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annist sölu þess áfengis sem ríkið flytur inn auk þess sem leiðbeiningar er þar að finna um ákvörðun álagningar. Skv. 4. lið brtt. er lagt til að ÁTVR annist áfram innflutning áfengis hverju nafni sem nefnist. Af þessu leiðir að sala áfengs öls fer fram eftir sömu reglum og gilt hafa um sölu á öðru áfengi skv. gildandi lögum. Jafnframt er í þessari brtt. lagt til að allt áfengt öl, sem selt verður hérlendis, verði selt í margnota umbúðum. Að baki þessari till. býr það að ætla má að þetta skilyrði tryggi m. a. nokkuð samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum auk þess

sem einnig má ætla að hér sé nokkurt tillit tekið til umhverfissjónarmiða.

Þá er einnig lagt til að allar áletranir aðrar en vörumerki verði á íslensku þannig að neytendur eigi auðveldara með að gera sér grein fyrir því sem þeir eru að neyta.

Um 5. brtt. meiri hl. vil ég taka þetta fram: Fyrirliggjandi frv. gerir aðeins ráð fyrir því að dómsmrh. setji reglugerð um sölu áfengs öls og vína, sbr. 3. gr. frv. Meiri hl. n. þykir rétt að heimild dómsmrh. í þessu efni taki og til veitinga eins og núgildandi áfengislög kveða reyndar á um.

Í 6. brtt. meiri hl. n. kemur fram að okkur þykir nauðsynlegt í ljósi þeirra veigamiklu breytinga á áfengislögum sem frv. þetta gerir ráð fyrir, svo og þess að ætla má að tekjur ríkissjóðs aukist allverulega af áfengissölu ef frv. verður að lögum, að leggja til að 0.5% af skatttekjum ríkissjóðs af framleiðslu og sölu áfengs öls verði árlega varið til fræðslu í skólum landsins og sú fræðsla verði að sjálfsögðu um skaðsemi áfengis. Með þessum hætti ætti að vera tryggt að fjárskortur komi ekki í veg fyrir að ákvæði 31. gr. gildandi áfengislaga nái tilgangi sínum, en umrædd lagagrein fjallar um áfengisfræðslu í skólum landsins. Engir alvarlegir útreikningar hafa verið gerðir á því hvað ætla má að tekjur ríkissjóðs af þessu verði miklar og ekki þar með hægt að slá því föstu með neinu móti hvað hér er um stóra fjárhæð að ræða, eða sem sagt 0.5% af skatttekjum ríkissjóðs. Það hlýtur að velta í fyrsta lagi á þeirri skattlagningu sem verður á þessa vöru og í öðru lagi á því magni sem selt verður. En ágiskun hefur verið gerð á þá lund af hálfu fjmrn. að það megi ætla að hér geti verið um að ræða í kringum 4 millj. á ári miðað við núgildandi verðlag.

Um 7. brtt. vil ég taka fram að skv. þessum lið er gert ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. mars 1986. Þessi frestur er fyrst og fremst hugsaður sem undirbúnings- og aðlögunartími fyrir innlenda framleiðendur, en einnig fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins svo og stjórnvöld til að undirbúa þetta mál. Yfirleitt eru aðilar sammála um það, sem hafa látið sig þessi mál varða, að slíkur aðlögunartími sé nauðsynlegur.

Þá segir í 8. og síðustu brtt. meiri hl. n. að meiri hl. leggi til að ef frv. þetta ásamt brtt. n. nær fram að ganga verði lögin að þessu leyti endurskoðuð fyrir árslok 1988. Slík endurskoðun taki mið af þeirri reynslu sem fengist hefur á þessum tíma af framkvæmd laganna. Þó að meiri hl. nefndar og nefndin raunar í heild telji sig hafa vandað verk sitt allítarlega kann sitthvað að koma í ljós sem ástæða þykir til að breyta í þeirri lagasetningu sem hér er um að ræða að þessum tíma liðnum.

Auk þeirra brtt., sem hér hafa verið skýrðar og segja má að séu samandregnar í nál. meiri hl. í sex stutta töluliði, leggur meiri hl. ríka áherslu á að við framkvæmd þessara laga, ef frv. nær fram að ganga, verði gætt að samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu og þar með íslensks iðnaðar. Það verði gert hvort tveggja í senn með þeim lagaákvæðum sem nefndin leggur til að lögfest verði um margnota umbúðir en einnig með verðlagningu af hálfu stjórnvalda sem að sjálfsögðu mun hafa veigamikil áhrif á það hvernig innlendir framleiðendur geta staðið að sínum málum í þessum efnum. En það eru taldar fullar heimildir til þess að mismunur geti verið á skattlagningu ríkisins hvað snertir innlenda framleiðslu og innflutt áfengt öl að þessu leyti þannig að unnt sé að hafa meiri skattlagningu á innfluttum bjór en innlendum.

Í áliti meiri hl. n. á þskj. 732 er vikið örfáum orðum að meginröksemdum fyrir því að meiri hl. telur eðlilegt að samþykkja frv. þetta með þeim brtt. sem lagðar eru fram á þskj. 733. Þar er að því vikið að mikilvægast sé í augum meiri hl. að þjóðin búi við áfengislöggjöf sem og aðra löggjöf sem sé það raunhæf að ætla megi að hún verði sæmilega virt og enn fremur að hún sé þann veg úr garði gerð að hægt sé að framfylgja henni afdráttarlaust. Á þessu er vissulega mikill misbrestur eins og nú standa sakir hvað þennan þátt áfengislöggjafarinnar snertir a. m. k.

Ég held að naumast nokkur Íslendingur geti sagt að núverandi ástand í þessum efnum sé þjóðinni til sóma og þar með ekki Alþingi til sóma. Í fyrsta lagi má segja að framkvæmd og ástand þessara mála sé mótað af miklum tvískinnungi, nærri því tvöfeldni eða yfirdrepsskap. Öllum er kunnugt um að nú hefur það viðgengist í langan tíma að áfengur bjór er fluttur til landsins með löglegum hætti. Tilteknir þjóðfélagshópar hafa heimild til þess með löglegum hætti að flytja takmarkað magn áfengs bjórs til landsins og hefur svo raunar lengi verið með farmenn og flugliða, en fyrir fáum árum bættust venjulegir ferðamenn, sem koma til landsins frá útlöndum, í þann hóp. Segja má að ef menn teldu það hlunnindi að geta flutt bjór inn í landið búi þessir hópar við forréttindi.

Enn fremur er það alkunnugt að í langan tíma hefur það tíðkast að þessari vöru sé smyglað til landsins. Án þess að fyrir liggi nokkrar upplýsingar um það hvað hér sé um mikið magn að ræða þá er það í það ríkum mæli að maðurinn á götunni segir að bjór sé seldur á stöðluðu verði á almennum markaði á bak við tjöldin. Það er þá gert með þeim hætti að þar er annað tveggja um að ræða löglega innfluttan bjór eða smyglaðan sem síðan er sagt að sé á boðstólum og að heita má hver geti náð í sem vill.

Nefndin gerði nokkrar tilraunir til þess að fá þá aðila sem komu á hennar fund til að giska á hversu mikið magn hér væri um að ræða. Mönnum varð svarafátt en það komu ágiskanir svo sem eins og að um gæti verið að ræða 10—15 lítra á mann á ári að meðaltali. Hér er auðvitað einvörðungu um ágiskun að ræða og ekkert sérstakt á því að byggja. Hitt virtust allir sammála um að hér væri um verulegt magn að ræða sem væri í umferð.

Enn er þess að geta að um langan tíma hefur átölulaust viðgengist að inn væri flutt og selt öl- og víngerðarefni. Um leið og þessi ölgerðarefni eru seld átölulaust í landinu gefur auga leið að þau hljóta að vera notuð og þau eru þá notuð til bruggunar á áfengu öli og allt er það aftur lögbrot. Hér er um hluti að ræða sem viðgengist hafa lengi og það átölulaust og það ástand getur ekki talist vera eðlilegt eða í raun viðunandi.

Enn hefur það gerst á síðustu árum að tekin hefur verið upp blöndun og sala á svokölluðu bjórlíki. Þar er um eins konar eftirlíkingu að ræða á venjulegum áfengum bjór. Ég ætla þó að flestir kunni að vera sammála um að þar sé um vonda eftirlíkingu að ræða og það sem meira er, þessi eftirlíking hefur ekki í för með sér að henni fylgi eftirlit af neinu tagi að heita má,

hvorki um styrkleikahlutföll né verð.

Ég gerði nokkrar tilraunir til þess sem frsm. meiri hl. n. að fá upplýsingar um það hjá dómsmrn. hversu mörg veitingahús byggðu starfsemi sína á sölu á þessari vöru. Þær upplýsingar sem ég fékk voru af ákaflega skornum skammti. Raunar taldi dómsmrn. að ekki væri nema eitt veitingahús í landinu sem byggði starfsemi sína einvörðungu á blöndun og sölu á svokölluðu bjórlíki. En það var hins vegar vitað að þau væru miklum mun fleiri sem byggðu starfsemi sína að hluta á sölu þessarar vöru, en flest þeirra höfðu eitthvað annað á boðstólum svo sem eins og Coca Cola og einhverjar aðrar neysluvörur. En hvað sem um það er þá er ekki fjarri lagi að hægt sé að fá þetta bjórlíki keypt á flestum eða öllum þeim 89 veitingahúsum sem nú hafa vínveitingaleyfi í landinu. Ég þekki ekki mikið starfsemi þessara veitingastaða en núna um daginn fékk ég dreifimiða frá einu slíku húsi undir rúðuþurrkuna á bílnum mínum þar sem mér var boðið til að neyta þessarar vöru sem ég hef nú ekki þegið enn þá.

Við þessa starfsemi hef ég það að athuga, eins og þegar er komið fram, að henni fylgir ekki eftirlit. Hér er um að ræða blöndun og sölu á eftirlíkingu af bjór, eftirlíkingu af venjulegu áfengu öli, og sú eftirlíking held ég að sé ekki sérstaklega góð. Til viðbótar kemur það að svo virðist sem eðlileg skattheimta ríkisins af áfengissölu sé þarna tiltölulega lítil.

Það kemur engum neitt á óvart af því sem ég hef sagt hér um þessi efni því að allt er þetta alkunnugt. Þetta vita allir. Og það er þetta sem ég segi að feli í sér mikinn tvískinnung, ástand sem ekki sé til sóma, ekki sé til virðingar, hvorki fyrir Alþingi né fyrir íslensku þjóðina: Að hafa áfengislög með þeim hætti að farið sé í kringum þau á jafnmargbreytilegan hátt og ég hef hér lýst og allri þjóðinni er kunnugt um. Þá tel ég réttara og betra að færa í lög ákvæði um þessi efni sem séu með þeim hætti að hægt verði að framfylgja þeim og þau geti verið sæmilega virt.

Enn er það svo að ýmsir eiga erfitt með að skilja það hvers vegna hér á landi má ekki selja áfengt öl á sama tíma og seld eru sterk vín og létt vín eða vín sem eru með áfengisinnihaldi a. m. k. frá um 9% og upp í mjög mikinn styrkleika. Meðal þeirra sem eiga erfitt með að skilja þetta eru erlendir ferðamenn sem koma hingað til landsins. Það er nú svo með okkur Íslendinga að við getum auðvitað haft okkar sérvisku í áfengismálum og meðferð á áfengi og ýmsum öðrum neysluvenjum þjóðarinnar og hagað okkar löggjöf með ýmsu móti til að fullnægja okkar sérvisku eða okkar sérskoðunum um þessi efni. En ef við ætlum okkur að hagnast á ferðamönnum sem koma til landsins — og margar þjóðir heims reka mikla starfsemi sem miða að því að afla tekna af erlendum ferðamönnum — þá þyrftum við að haga svo okkar málum að við getum boðið þessum ferðamönnum neysluvörur við þeirra hæfi. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr leggja erlendir ferðamenn, a. m. k. margir hverjir, mikið upp úr því að geta neytt þessarar vöru sem þeir eru vanir í sínu heimalandi.

Ég skal ekki ræða þennan þátt mikið með erlenda ferðamenn. Þó að rétt sé að taka tillit til þessa þá er það kannske ekki neitt aðalatriði. En ég hlýt að endurtaka það að Íslendingar eins og aðrir þurfa að leitast við að hafa tekjur af ferðamönnum sem koma til landsins og miða neysluvörur og annað sem er á boðstólum fyrir ferðamenn við þetta markmið. Við tökum ekki á móti ferðamönnum bara af einhverri hjartagæsku eða góðmennsku til að sýna þeim okkar fagra land, hreina loft og tæra vatn o. s. frv. Við ætlum okkur að sjálfsögðu að hafa tekjur af þessari starfsemi.

Ég vildi kannske draga saman í örfáum orðum hvað ég tel að muni vinnast ef Alþingi samþykkir frv. með þeim breytingum sem meiri hl. n. leggur til í sínu áliti. Það er þá fyrst að sett eru lög um þessi efni með ströngum skilyrðum sem hægt er að framfylgja afdráttarlaust. Ætla má að smygl falli niður. Það yrði hætt þeim hvolpaburði sem nú tíðkast á áfengu öli af hálfu ferðamanna og af hálfu sérstakra þjóðfélagshópa þegar þeir koma til landsins. Þess mundi ekki gerast þörf. Svartur markaður með þessa vöru væri úr sögunni. Eftirlíkingar, framleiðsla eða blöndun á bjórlíki og sala á þeirri vöru mundi a. m. k. að mestu verða úr sögunni vegna þess að bjórinn sjálfur eða áfengt öl væri á boðstólum. Tekjur ríkisins af þessum þætti áfengismála og áfengissölu yrðu með eðlilegum hætti. Upp yrði tekin fræðsla í skólum af tekjum af þessari starfsemi. Og það sem ekki er minnst um vert, margfaldur tvískinnungur í þessum þætti áfengislöggjafarinnar væri úr sögunni. Það yrði frelsi til að framleiða, flytja inn og selja áfengt öl með ströngum skilyrðum, skilyrðum sem fella þetta afdráttarlaust undir áfengislöggjöfina og þau skilyrði yrðu þannig eins og áður segir að hægt væri að framfylgja þessum lögum.

Ég vil gjarnan segja frá því að meiri hl. n. fékk lögfræðinga fjmrn. til þess að yfirfara brtt. meiri hl. þannig að það ætti að vera tryggt að hin lagatæknisku atriði brtt. væru fullnægjandi. Þau eru m. a. gerð með því markmiði að ætla megi að hægt verði að framfylgja þeim afdráttarlaust eins og fyrr er sagt.

Það er kannske ekki mikil ástæða til þess fyrir mig að víkja að röksemdum þeirra sem eru andvígir þessu máli. Ég get þó gert það í örfáum orðum. Þeir skiptast raunverulega í hópa. Í fyrsta lagi eru þeir sem berjast gegn áfengisneyslu og áfengissölu hverju nafni sem nefnist. Þeirra afstaða er ákaflega virðingarverð og yfirleitt er afstaða þeirra þannig að í henni er enginn tvískinnungur. Það er hins vegar spursmál hversu raunhæf sú barátta er og hversu raunhæf sú afstaða er, enda viðurkenna flestir þeirra að þeir treysti sér ekki til að leggja til algjört áfengisbann og staðreynd er að frv. um slíkt efni hefur ekki komið fram á Alþingi í mjög langan tíma.

Í öðru lagi eru þeir sem halda því fram að bjór auki áfengisneyslu í heild og sú skoðun er studd áliti ýmissa lækna og t. a. m. áliti frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Ég segi fyrir mína parta að ég tel enga ástæðu til þess að gera lítið úr þessum röksemdum þó að reynslan ein verði að skera úr um hvernig til muni takast. En sérstaklega mundu þessar röksemdir væntanlega eiga við þar sem áfengt öl væri alls ekki til staðar en bættist allt í einu við aðra áfengissölu og aðra áfengisneyslu. Oft hefur það gerst þannig í öðrum þjóðlöndum að þessi vara hefur verið á boðstólum í flestum matvöruverslunum og flestum eða öllum veitingastöðum. En það er öðru nær en að þessu sé stefnt hér. Og það er öðru nær en að þessi skilyrði séu sambærileg við það sem við stefnum að að upp verði tekið hér, verði brtt. meiri hl. n. samþykktar.

Ég tók það fram í skýringum mínum við brtt. að ýmsir

vitnuðu til reynslu Svía af svokölluðu milliöli sem var 3.6% af vínanda að styrkleika að rúmmáli. Svíar felldu niður sölu á þessu öli árið 1977 vegna þess að þeir töldu að það hefði mjög aukið á áfengisneyslu í landinu, þ. á m. ungmenna. Þetta öl fékkst mjög víða, nærri því hvarvetna í matvöruverslunum og á veitingastöðum. Það ástand er allt annað en það sem við leggjum til að hér verði viðhaft eða tekið upp þar sem við leggjum til að hér verði einungis um að ræða sölumeðferð á þessari vöru á nákvæmlega sama hátt og nú er um annað áfengi, að það verði einungis selt í áfengisverslunum og á þeim veitingastöðum sem hafa vínveitingaleyfi. Þess vegna er algjörlega ljóst að þessi reynsla Svía er alls ekki samanburðarhæf við það sem reikna má með að hér gerist eftir að þeir nýju hættir væru teknir upp sem mundu hljótast af því ef frv. þetta ásamt breytingum væri samþykkt.

Ég vil svo aðeins ítreka það að þó að við höfum talið okkur vanda það verk sem n. hefur unnið leggjum við til að lagaákvæði verði endurskoðuð fyrir árslok 1988 og þá verður sú endurskoðun að sjálfsögðu að taka mið af þeirri reynslu sem fæst af framkvæmd laganna. Það er reynsla sem við getum ekki sótt til annarra landa vegna þess að við stefnum hér að allt öðrum og þrengri skilyrðum en víðast tíðkast. Um leið og við stefnum að slíkum skilyrðum með innflutning, framleiðslu og sölu þessarar vöru gerum við einnig ráð fyrir því að niður falli sá tvískinnungur og sá óviðurkvæmilegi háttur sem á þessum málum er nú með eftirlíkingum, með smygli og með innflutningi sérhópa til landsins. Þá fellur það niður. Þessi reynsla verður því að fást innanlands.

Hér er um umdeilt og viðkvæmt mál að ræða. En ég hlýt að spyrja hv. þdm. hvort þeim finnist að það ástand, sem nú ríkir í þessum málum, sé það sem sé hið æskilega og hvort sú þróun, sem við blasir á næstu árum ef ekki verður breytt til í löggjöfinni, sé það sem þeir vilja að komi yfir okkar þjóð. Ég held að það sé betra að taka á þessum málum með skörpum lagaákvæðum og leitast við að færa þessi mál í það horf að það geti verið hægt að selja hér þessa vöru, þessa tegund áfengis, á sama hátt og annað áfengi, en framfylgja þá stranglega þeim lagaákvæðum sem sett verða og þau lagaákvæði eru sannarlega býsna ströng í þeim brtt. sem meiri hl. n. hefur flutt. Ég segi fyrir mig og fyrir hönd meiri hl. n. að okkur finnst tími til kominn að breyta til, taka upp nýja siði í þessum efnum, siði sem hægt er að umgangast án þess að bera kinnroða fyrir. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hann flytur á þskj. 733.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Svo undarlega ber við að ég sakna hv. 10. landsk. þm. úr salnum og jafnframt sakna ég hv. 2. þm. Reykv. Hann var að ganga í salinn nú og það er vel. En ég hefði einnig gjarnan viljað leggja á það áherslu að hv. 4. landsk. þm. væri hér við.

Ástæðan er sú að til allshn. var vísað frv. til l. um breytingu á áfengislöggjöfinni. Niðurstaðan varð sú að allshn. var aðeins sammála um eitt, að frv. væri svo vitlaust að það væri ekki hægt að notast við það. Hins vegar klofnaði hún í tvo hópa. Annar hópurinn lagði til með brtt. að búa frv. í það form að hugsanlegt væri að það yrði að lagatexta og það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl. að þann veg hefur verið gengið frá frv. að það er ekkert atriði í því sem kemur í veg fyrir að það geti orðið eðlilegur lagatexti. En það er dálítið hlálegt að þeir aðilar sem fluttu frv. skyldu ganga þannig frá þessu máli að þetta væri sem sagt fyrst niðurstaða nefndarinnar.

Ég sakna þess vegna hv. 10. landsk. þm. og þykir miður, herra forseti, ef ekki er hægt að tryggja að hann sé við þegar umræðan fer fram. (**Forseti:** Það er ekki hægt að tryggja að hv. 10. landsk. sé við vegna þess að hv. þm. Guðrún Helgadóttir er stödd í opinberum erindum erlendis.) Ég vona að ástæðan fyrir þeim erindagerðum sé ekki slæm áfengislöggjöf á Íslandi heldur önnur og brýnni verkefni. En það er skaði að málið skuli vera tekið til umræðu undir þeim kringumstæðum, sérstaklega þar sem viðkomandi þm. á einnig sæti í heilbr.- og trn. og hefur þar flutt mörg mál sem kosta þó nokkuð mikla peninga.

Ég ætla þá hér að gera grein fyrir nál. minni hl. og vil, með leyfi forseta, af því það kom nú nokkuð snemma fram og er orðið rykfallið miðað við nál. meiri hl., sem kom mun seinna fram, lesa það en það er mjög stutt:

„Samkvæmt ályktun Alþingis starfar nú stjórnskipuð nefnd að mörkun opinberrar áfengisstefnu. Markmið stefnunnar átti að vera að draga úr áfengisneyslu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur að bjórdrykkja auki áfengisneyslu. Það er og álit þeirra lækna sem allshn. boðaði á sinn fund. Minni hl. leggur því til að frv. verði fellt."

Undir þetta álit skrifa Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Friðjón Þórðarson.

Ég hygg að það sé fátítt að nefnd, sem kallar á sinn fund jafnmarga aðila og þarna var gert, taki ákvörðun í beinni andstöðu við það sem okkar hæfustu menn á þessu sviði telja rétt. Það má vel vera að við höfum viljað ganga frá því í eitt skipti fyrir öll að við teldum þá íslenska lækna, sem fjalla um þetta mál, algjörlega óhæfa. En það er dálítið stór ákvörðun að líta svo á.

Ég veit ekki hvort allt það sem ég segi hér á eftir getur flokkast undir beint álit minni hl. Ég hygg að þar muni ég að hluta til tala eins og mér býr í brjósti. Ég vil þá byrja á því að víkja örfáum orðum að því sem við höfum í þessu landi því að stundum, þegar menn telja að allt sé ómögulegt í íslenskri löggjöf og allt sé vitlaust sem við erum að gera, er gott að hugleiða örlítið hvernig staðan er.

Við eigum glæsilega æsku, Íslendingar, sennilega einhverja þá glæsilegustu í heiminum. Afrek hennar á sviði íþrótta eru svo stórkostleg að ef við gerðum sömu kröfu til þeirra sem fara með stjórn landsins, stjórn atvinnumála, væru engin vandamál til staðar hjá íslenskri þjóð. Ef prósentureikningurinn yrði notaður sem mælikvarði á þessi afrek er hætt við að margur verði hugsi og spyrji sjálfan sig: Búum við þá svo illa að þeirri æsku sem hér er? Hver er staðan á sviði heilbrigðismála hjá þessari fátæku þjóð norður við heimskaut?

Við erum með einhverja lengstu vinnuviku í heimi, við vinnum óhemju mikið, Íslendingar. Engu að síður er meðalaldur á Íslandi sá næsthæsti í heiminum. Óholl áfengisstefna, er hún ástæðan fyrir þessu? Er það óholl áfengisstefna sem hefur leikið okkur það grátt að við höfum náð þessum árangri? Menn tala hér um gróðann sem hugsanlega kemur til ríkssjóðs. En það er nú svo með þennan blessaðan gróða. Íslenskir kaupmenn eru dálítið þreyttir á því hvað það er algengt í reiknings-

bókum að skrá: Innkaupsverð vöru var þetta, útsöluverð hennar var þetta, hve mikill er gróðinn? Það er ekki spurt: Hvað kostaði að framkvæma það verk að selja vöruna? Alveg eins er ekki spurt: Hvað kostar þetta ævintýri, þessi tilraun sem hv. frsm. meiri hl., 1. þm. Norðurl. v., taldi rétt að stæði í tvö ár, til að rannsaka á þessum sjaldgæfa þjóðflokki hvaða áhrif þessi áfengisstefna hefði? Það er ekki hægt að notast við neinar niðurstöður erlendis frá í þessum efnum. Tilraunin skal framkvæmd á Íslendingum til að fá raunhæfa niðurstöðu. Merkilegt er þetta og sérstæður mannflokkur má það vera hér norður við heimskaut ef hann er svo frábrugðinn öllum öðrum að engar niðurstöður eru nothæfar erlendis frá á sviði áfengismála.

En ég ætla að vekja á því athygli að talið í þúsundum króna verjum við til heilbrigðis- og tryggingamála 10 096 962. En gjöld samtals eru 26 078 803. Inni í þessari tölu er hluti af áfengisvanda Íslendinga falinn. En hann er einnig falinn í tölunni um löggæslu í þessu landi. Hann er einnig falinn í tölunni um kostnað á vegum félmrn. og e. t. v. er hann líka falinn í tölunni sem birtist í erfiðri efnahagsstöðu hjá þessari þjóð.

En það var tvískinnungsháttur inn í íslenskri löggjöf í dag sem knúði menn til að leggja þetta fram. Við eigum að setja lög sem hægt er að framfylgja, sem þjóðin virðir. Eru íslensku umferðarlögin þannig? Keyra menn á 70 km hraða eða fara þeir hraðar? Eigum við að afnema hámarkið? Hvað með hassið sem menn eru að neyta innanlands? Eigum við að samþykkja að það verði löglegt eða önnur eiturefni vegna þess að lögin eru brotin? Er enginn tvískinnungur í því hjá íslenskri löggjöf að íslenska ríkið selur brennivínið en þegar menn hafa neytt þess eru þeir færðir í tugthúsið ef þeir sjást á almannafæri? Er enginn tvískinnungur í þessu? Er enginn tvískinnungur í því að fullorðnir megi neyta þess en börn ekki? Hvar er þetta heilaga samræmi sem verið er að tala um?

Ég sé að hv. 2. þm. Reykv. vill leiða hugann frá þessari umræðu. Það blundar kannske örlítil rökhyggja eftir og honum sýnist að það verði hált á því svelli að verja það að nú sé komið samræmi. Smygl félli niður — fari það nú í logandi — tollstjórarnir yrðu sennilega atvinnulausir. Hver trúir því að smygl félli niður? Hvar í veröldinni hefur það gerst? Smygla menn ekki ávallt áfengi? Auðvitað heldur smyglið áfram bara vegna hins mikla verðmunar sem verið er að tala um. Það má vel vera að menn bæru ekki jafnmikið með sér út úr Fríhöfninni í Keflavík eftir að þetta hefur verið gert og kannske forsendur fyrir stækkuninni ekki jafnmiklar. En ætli það yrðu ekki einhverjir sem mundu horfa í verðmuninn og bæru með sér eftir sem áður? Er ekki selt áfengi hér í landinu og samt bera menn með sér vín út úr Fríhöfninni? Ef seldur er bjór mundu menn þá ekki halda áfram að bera bjórinn með sér? Hvar er samræmið í þessari trú?

Svarti markaðurinn yrði úr sögunni. Það er nú svo með svarta markaðinn. Miklir bjartsýnismenn eru það sem trúa þessu. Hvenær munu menn ekki reyna að mynda verð fyrir neðan verð sem búið er til til að afla tekna til ríkisins og selja vöru á svörtum markaði? Auðvitað heldur það áfram.

Blöndun á bjórlíki minnkaði eða félli niður. Svo undarlegt sem það er, þá hvarflar það að mér að það sé nokkuð til í þessu, það yrði sennilega um minnkun að ræða. Sennilega er þetta rétt og þetta er trúlega úthugsaðasti punkturinn í þessu öllu saman. Þarna hafa menn legið yfir taflinu og komist að skynsamlegri niðurstöðu. Það verður sennilega um minnkun á þessu að ræða.

Upp yrði tekin fræðsla í skólum. Það er eins og ég hafi heyrt þessa setningu áður. En hvernig hefur ríkisvaldið leikið þessar frægu prósentur sem menn eru að setja inn? 0.5% á að fara í fræðslu. Ætli sama lögfræðingaliðið og reyndist svo liðtækt við að leiðbeina frsm. meiri hl. leiðbeini ekki fjmrh. um það hvernig eigi að komast fram hjá svona atriði í almennum lögum? Þeir eiga textann á blaði þarna niður frá og hann hljóðar eitthvað á þessa leið: Þrátt fyrir ákvæði umræddra laga, að svona miklu skuli varið til þessara hluta, er að þessu sinni ákveðið að ekki meira en ákveðin krónutala fari í þetta. — Auðvitað lítur þetta fallega út þarna, það er meira að segja hugsanlegt að einhverjir þm. noti þetta nú til að friða samviskuna, að þeir séu þó, þrátt fyrir allt, að leggja til að aukin verði fræðsla í skólum og leggja til þess peninga. Spurningin er: Ætli þeir verði ekki jafnhlýðnir þegar kemur að atkvæðagreiðslu um fjárlög að þeir fylgi tillögum lögfræðinganna og skeri till.?

Margþættur tvískinnungur yrði úr sögunni, fullkomin áfengislöggjöf fengin og eina landið í heiminum sem hefði slíka löggjöf væri Ísland. Hvar eru rökin fyrir því að ekki megi drekka áfengi sem er 2.7% en það megi drekka það ef það er 4%? Er þetta ekki tvískinnungsháttur? Eru menn virkilega svo rökheldir að þeir trúi því að þeir séu búnir að höndla sannleikann í þessu máli?

Eitt af því sem allir sem fást við löggjöf sitja uppi með er að lög eru brotin. Sú sameiginlega reynsla hefur fylgt mannkyninu jafnlengi og menn hafa sett lög. Spurningin hefur aðeins verið: Hafa lögin verið til gagns gagnvart heildarstefnumörkun þjóðfélagsins þrátt fyrir það að þau voru brotin eða hafa þau ekki verið til gagns? Íslenskir læknar trúa því að sú löggjöf sem er til staðar núna sé góð löggjöf. Þeir vita að hún hefur verið brotin. Engu að síður eru þeir sannfærðir um að við séum með skynsamlega áfengislöggjöf.

Ég tel að allar hugmyndir um það að sú löggjöf, sem nú er verið að setja, verði frekar þjóðinni til sóma en hin sem var séu byggðar á ærnum misskilningi. Röksemdin að erlendir ferðamenn vilja hafa bjór hlýtur að falla um sjálfa sig þegar menn hugleiða að trúlega á aldrei nokkur einasti erlendur ferðamaður eftir að heimsækja þetta land vegna þess að hann telji að hér fái hann besta bjórinn. Menn heimsækja þetta land af allt öðrum ástæðum. Auðvitað eigum við að hafa tekjur af erlendum ferðamönnum.

Ég tel að hér sé verið að taka ákvörðun um nýja skattheimtu á íslenska þjóð, skattheimtu sem mun kosta okkur útgjöld í heilbrigðismálum, svo mikil útgjöld að ég efa að allir, sem eiga nú að greiða skattana sína, verði ánægðir með skattalöggjöfina og framkvæmd hennar. Er mönnum ekki ljóst að það hljóta að vera takmörk fyrir því hverju ein þjóð getur varið til heilbrigðismála? Vita menn ekki að hver einasta þjóð um alla Vestur-Evrópu hefur sett sér það markmið að reyna að auka fyrirbyggjandi aðgerðir? Auðvitað hljótum við Íslendingar að setja okkur það markmið að reyna að auka fyrirbyggjandi aðgerðir.

Ég hef áhuga á því, herra forseti, að vitna í grein eftir Tómas Helgason prófessor og vildi gjarnan fá að vita hversu lengi forseti hefur hugsað sér að halda áfram fundi. (**Forseti:** Þetta var góð spurning, eins og þar stendur, því að það var meining forseta að halda þessum fundi áfram í mesta lagi til kl. sjö, kannske nokkrar mínútur fram yfir ef þannig stæði á. En ef svo stendur á hjá hv. ræðumanni að hann getur ekki lokið ræðu sinni nema á mjög löngum tíma fer þessum fundi nú að ljúka.) Ræðumaður á ekki eftir mjög langan tíma en hann telur að það verði ekki staðið við það markmið að ljúka fundinum kl. sjö úr því sem komið er og spurning hvort ekki væri skynsamlegt að gera hlé.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessum fundi verður lokið núna. Það verður ekki gert hlé á fundinum. Honum verður slitið því að það verður ekki fundur hér í kvöld. Hins vegar er einn hv. þm. á mælendaskrá, hv. 2. þm. Reykn. Hann hefur skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara og hefur óskað eftir því að fá tækifæri til þess af sérstökum ástæðum að gera örstutta grein fyrir fyrirvara sínum ef það gæti orðið samkomulag við hv. frsm. minni hl. um að hann frestaði nú ræðu sinni og héldi henni áfram á síðari fundi og viki þá fyrir þessum hv. þm. og hann fengi aðstöðu til að mæla hér nokkur orð með fyrirvara sínum.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vildi hér með segja nokkur orð þar sem ég skrifa undir þetta nál. sem hér liggur fyrir, um frv. til l. um breytingu á áfengislögunum nr. 82/1969, með fyrirvara og vildi gjarnan mega fá tækifæri til þess að gera í stuttu máli grein fyrir því í hverju sá fyrirvari felst.

Í því frv., sem hér hefur verið á dagskrá, er gert ráð fyrir því að áfengislögunum verði breytt á þá lund að heimilað verði að selja í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sterkt öl af ákveðnum styrkleika og lúti sala þess og dreifing í einu og öllu ákvæðum laga um meðferð annars áfengis.

Það er ljóst að þótt hingað til hafi ekki verið heimild í lögum til almennrar sölu áfengs öls hérlendis hefur engu að síður verið um allnokkra sölu og neyslu þess að ræða á undanförnum árum. Það er í ljósi þess sem ég held að við verðum að líta á þessar brtt. sem hér liggja fyrir þegar fjallað er um þetta mál og um það er tekin ákvörðun.

Skv. opinberum skýrslum voru seldir 600 þús. lítrar öls í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli árið 1984, en það samsvarar tæpum tveimur milljónum flaskna. Skv. upplýsingum framleiðenda óáfengs öls hér á landi var á því sama ári, þ. e. í fyrra, selt sama magn, eða um 600 þús. lítrar, til veitingahúsa til gerðar hins svonefnda bjórlíkis. Samtals er hér um að ræða u. þ. b. 8 lítra af áfengu öli á mann 20 ára og eldri. Þessu til viðbótar kom fram á fundi þeirrar þingnefndar Nd. sem um málið fjallaði að talið er að ólöglegur innflutningur öls til landsins að bruggi viðbættu sé um 10 lítrar á mann á ári. En ekki er af eðlilegum ástæðum unnt að staðreyna þá tölu. Skv. þessum tölum má því telja líklegt að heildarneysla áfengs öls í dag hér á landi sé einhvers staðar á bilinu 15—20 lítrar á mann.

Þetta sýnir að um allverulega sölu áfengs öls er að ræða í landinu í dag í ýmiss konar mynd. Hlýtur því sú spurning að vakna hvort við slíkt óbreytt ástand eigi að búa eða hvort ekki sé æskilegt, eins og málum er nú komið, að leyfa sölu sterks öls í verslunum Áfengisverslunarinnar með þeim takmörkunum sem gert er ráð fyrir í till. allshn. Það er raunverulega kjarni málsins hér og til þess atriðis verður að taka afstöðu í þessu máli.

Ef af því yrði að slík sala yrði leyfð, eins og frv. og brtt. gera ráð fyrir, má þá búast við nokkurri aukningu á heildarmagni selds áfengis í landinu þrátt fyrir að um allmikla sölu á áfengu öli sé að ræða þegar í dag eins og ég gat um. Jafnframt má einnig búast við nokkurri breytingu á neysluvenjum í þessum efnum. Af þessum sökum er augljóslega mjög mikilvægt að ekki sé rasað um ráð fram við slíka breytingu heldur gaumgæfilega athugað hvernig að slíkri breytingu skuli staðið. Er það ekki síst með tilliti til þess sem lýtur að sölu annarra áfengra drykkja í landinu. Þar hlýtur sú spurning m. a. að koma upp hvort ekki sé þá ástæða jafnframt til þess að endurskoða að einhverju leyti þær reglur sem um veitingu þeirra og sölu gilda með það markmið í huga að um sem minnsta heildaraukningu selds áfengismagns í landinu verði að ræða. Það þýðir m. ö. o. að sala áfengs öls verði ekki hrein viðbót við það áfengismagn sem nú er selt í landinu. Ég held að þetta sé mjög mikilsvert atriði. Á það var bent af mörgum þeim sem komu til viðræðu við allshn. Nd. og ég held að það sé full ástæða til að gefa þessu atriði sérstakan gaum.

Þann 19. maí 1983 skipaði ríkisstj. að tilmælum Alþingis nefnd til þess að marka opinbera stefnu í áfengismálum. Eiga sæti í henni fulltrúar ýmissa félagssamtaka, læknar og aðrir þeir sem starfa sinna vegna hafa afskipti af áfengismálum. Nefndin skilaði tillögum um átak í áfengismálum í nóvember 1983 en það hafði henni verið sérstaklega falið af ríkisstj. Í febr. í fyrra, 1984 skilaði nefndin síðan öðrum sérstökum till. og þá um átak gegn neyslu og útbreiðslu vímuefna. Að mínu mati hefði verið sjálfsagt og eðlilegt þegar um svo viðamikla breytingu á áfengislöggjöfinni er að ræða, eins og heimild til sölu sterks öls, að fá um það mál allítarlega álitsgerð þessarar nefndar og einnig till. hennar um það hvernig staðið skuli að framkvæmd málsins ef ölið verður leyft með það fyrir augum að sala þess verði ekki hrein viðbót við sölu annars áfengis. Bar ég þess vegna fram eftirfarandi till. í allshn. um meðferð þessa máls, með leyfi hæstv. forseta:

„Allshn. Nd. samþykkir að vísa frv. til hinnar stjórnskipuðu nefndar um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og óska eftir álitsgerð hennar um efni frv. og jafnframt till. um það hvernig staðið skuli að sölu og dreifingu áfengs öls, verði það heimilað. Skal álitsgerð nefndarinnar liggja fyrir í upphafi næsta þings.“

Að mínu mati hefði verið sjálfsagt og eðlilegt að fara þessa leið í þessu máli. Hér er um það að ræða að leita álits og ráða þeirra manna sem sérfræðiþekkingu hafa í þessum efnum í stað þess að láta meðferð þessa máls í n. í þinginu eina nægja áður en til lokaafgreiðslu þess kemur. Í öðru lagi sýnist það nokkuð sérkennileg vinnubrögð, svo ekki sé meira sagt, að ríkisstj. setur á laggirnar að tilhlutan Alþingis sérstaka nefnd um mótun opinberrar stefnu í áfengismálum en síðan sé engin ástæða talin til þess að leita leiðsagnar nefndarinnar þegar fjallað er um það mikla álitamál hvort leyfa eigi sölu áfengs öls hér á landi eða ekki.

Af þessum sökum og vegna þess að þessi till. hlaut ekki stuðning í n., eins og frsm. allshn. Nd. gat um

áðan, hef ég ritað með fyrirvara undir álit meiri hl. n. sem hér liggur fyrir. Það er ljóst að framkvæmd þessarar till. minnar hefði kostað það að málið hefði tafist í meðferð hér í þinginu um nokkra mánuði en af þeim ástæðum sem ég nefndi hefði það ekki átt að koma að sök.

Í öðru lagi vil ég gera fyrirvara við 2. gr. brtt. sem hér eru lagðar fram á þskj. 733. Þar er raunverulega farið út fyrir ramma þessa máls, ef svo mætti að orði komast. Hér er verið að fjalla um áfengt öl, spurninguna um heimild til þess að leyfa bruggun þess. En í 2. brtt. segir að 7. gr. laganna skuli orðast svo að bannað er án leyfis dómsmrh. brugg á Íslandi eða að búa til áfenga drykki o. s. frv. Hér er ekki aðeins verið að tala um að brugga öl heldur einnig að búa til áfenga drykki. Það er m. ö. o. verið að heimila það hverjum og einum, að vísu með leyfi dómsmrh., að fara að stunda hér gerð áfengra drykkja en ekki aðeins öls. Slík heimild hefur ekki verið í lögum á Íslandi til þessa. Í núverandi 7. gr. áfengislaganna segir að bannað sé að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki en í 2. málsgr. þessarar sömu 7. gr. er síðan heimilt að gera á þessu undantekningu til þess að brugga öl fyrir varnarliðið og til útflutnings.

Ég tel að við hefðum átt að halda 7. gr. í sjálfu sér sem minnst breyttri, fjalla þar aðeins um heimildina til bruggunar áfengs öls en ekki útfæra hana yfir alla drykki og þá jafnt sterka drykki sem aðra. Ég held að þetta sé óþörf viðbót og sé hér til óþurftar að blanda þessu tvennu saman. Satt að segja finnst mér dómsmrh. hafa fengið æði mikið vald í hendurnar ef hann getur nú skv. þessari brtt. heimilað hverjum sem er að hefja hér framleiðslu sterkra drykkja. Það er ekki í lögum. Ég held að það hafi í raun ekki vakað fyrir flm. Um það hefur ekkert verið rætt, þetta kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum og ég vil gera við það athugasemd.

Að lokum, herra forseti, ég ætla ekki að lengja þennan fund sem þegar hefur staðið alllengi en ég vil þó að lokum víkja örfáum orðum að brtt. frá Kristínu Halldórsdóttur sem var dreift hér í deildinni í dag á þskj. 849. Þar leggur hún til að það framlag, sem um er rætt í 6. tölul. brtt., þ. e. að varið skuli árlega ½% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis, verði hækkað upp í 1%.

Ég held að hér sé skynsamleg till. á ferðinni. Það veit enginn hve há þessi upphæð muni raunverulega verða ef sterkt öl verður leyft en það má reikna með að 1% geti numið kannske 6—7 milljónum króna og þó í mesta lagi. Ég held að hér sé skynsamleg brtt. á ferðinni og lýsi fylgi við hana vegna þess að alveg burt séð frá því hvort sterka ölið kemur eða verður ekki samþykkt er það hin mesta nauðsyn, nákvæmlega eins og á sviði vímuefna, að auka og efla fræðslu í áfengismálum, í skólum kannske fyrst og fremst en einnig á öðrum sviðum, ekki síður en fræðslu um skaðsemi tóbaksreykinga. Þess vegna tel ég að þessi brtt. hv. þm. horfi til bóta.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi gera sérstaklega að umtalsefni að þessu sinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 79. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Borist hefur svohljóðandi bréf dagsett 7. maí 1985:

„Kjartan Jóhannsson 3. þm. Reykn. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristín H. Tryggvadóttir fræðslufulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Kristín H. Tryggvadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hana velkomna til starfa.

Hlunnindaskattur, fsp. 346. mál (þskj. 554). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Nýlega var rætt hér á þingi frv. til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Var nánar tiltekið lagt til að fella niður heimildarákvæði fyrir sveitarfélög til að leggja 4% hlunnindaskatt á utansveitarmenn. Til að kynna mér nánar þetta mál hringdi ég í nokkrar opinberar stofnanir hér á höfuðborgarsvæðinu. Þær upplýsingar, sem mér þannig áskotnuðust, urðu kveikjan að þeim fsp. sem ég ber hér fram til hæstv. félmrh. Áður en ég vík að þeim vil ég fyrst reifa nokkur málsatriði. Til eru ýmsar aðferðir við að meta fasteign.

Söluaðferð dugar vel þar sem hlutirnir ganga kaupum og sölum og verðmæti má dæma af söluverði. Það á illa við um hlunnindi sem sjaldan ganga kaupum og sölum. Kostnaðaraðferð er ekki nothæf þar sem um er að ræða náttúruauðlind sem litlu hefur oft verið kostað til. Því hefur við fasteignamat á hlunnindum verið beitt svokallaðri tekjuaðferð. En þá er verið að reyna að gera sér í hugarlund verðmæti höfuðstóls með því að áætla gildi hans út frá þeim tekjum sem hann gefur af sér. Í því tilviki, sem hér um ræðir, er lögbundin sú reikningsaðferð að tífalda tekjurnar til að fá út verðgildi höfuðstóls. Þessi háttur hefur verið lögbundinn frá 1978 og tekur því engan veginn tillit til þeirra ávöxtunarkrafna sem nú gilda í þjóðfélaginu.

Ef við lítum á mat hlunninda á árinu 1984 kemur eftirfarandi í ljós: Það er þá eftir landshlutum, Reykjanes hefur 90 staði þar sem hlunnindamat er 199 millj. 752 þús., Vesturland og Vestfirðir hafa 798 staði þar sem hlunnindamat er 203 millj. 404 þús., Strandasýsla og Norðurland vestra og eystra með 1300 staði þar sem hlunnindamat er 107 millj. 979 þús., Austurland með 254 staði 16 millj. 623 þús. og Suðurland með 841 stað 84 millj. 98 þús. Þetta gerir á öllu landinu 3283 staði

með hlunnindi að heildarmati 611 millj. 866 þús. Og þessar tölur gilda bæði um hlunnindi í eigu utan- og innansveitarmanna. Í heildarmat hlunninda, eins og áður gat, upp á 611 millj. 866 þús. þarf síðan að deila með 10 til þess að fá út tekjurnar af hlunnindum á landinu öllu. Þá fæst talan rúmlega 61 millj. kr.

Þetta er ekki ýkja há tala ef tekið er tillit til þess að þarna er um að ræða landið allt og þarna er innifalinn jarðvarmi auk lax- og silungsveiði, dúntekju, malarnáms, rekaviðar, selveiða o. fl. Ef við snúum okkur nú að laxveiðinni eingöngu þá eru leyfðir laxveiðidagar á hverju sumri um 100. Gildir sú regla að öllum jafnaði að ódýrast er að veiða í byrjun og lok þess tímabils, þ. e. fyrri hluta júní og síðari hluta ágúst, en langdýrast er um miðbikið þegar mest er af laxi. Tilhneigingin undanfarin ár hefur verið sú að gjöfulustu og skemmtilegustu árnar hafa verið leigðar útlendingum, að sögn fyrir ærið fé, a. m. k. um hámarkstímann. Hafa reyndar nýlega birst tölur í blöðum um þau efni. Hafa erlendir aðilar verið viljugir að greiða svo háa leigu fyrir sumar árnar að langflestir Íslendingar geta ekki við slíkt verð keppt.

Reyndar er verð á veiðileyfum mjög breytilegt eftir árstíma, ám, veiðistað í á og svo eftirspurn eftir leyfum. Erfitt er að fá uppgefið verð á veiðileyfum í hinum dýrari ám, en þar heyrist fleygt ævintýralegum tölum. Hins vegar eru aðrar ár sem þykja miðlungi góðar eða ágætar en eru ódýrari og Íslendingum býðst að veiða í. Má þar nefna sem dæmi Leirvogsá sem kostar 7200 kr. fyrir eina stöng í einn dag í júlímánuði. Grímsá kostar 7200 fyrir eina stöng í einn dag í ágúst, en þar eru tíu stangir. Sú á gefur því 72 000 kr. á dag utan hámarkstíma eða rúmar 7 millj. kr., ef reiknað er með þessu lægra verði yfir alla 100 veiðidagana. Eins og áður sagði var reiknað með rúmlega 61 millj. kr. í tekjur af hlunnindum á landinu öllu á s. l. ári. Við þurfum því ekki nema tíu meðalgóðar laxveiðiár, ekki nærri því á hámarksverði, til að fá út rúmar 70 millj. kr. í hlunnindatekjur á ári af þeim eingöngu. Og þá skulum við ekki gleyma að undan er skilinn jarðvarmi allur.

Þetta dæmi gengur einfaldlega ekki upp. Og til þess að kanna þessa málavöxtu frekar hef ég leyft mér að spyrja hæstv. félmrh. á þskj. 554:

1. Hve miklar voru tekjur sveitarfélaga árið 1984 af 4% hlunnindaskatti skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga?
2. Hvaða sveitarfélög hafa möguleika á að nýta þennan tekjustofn og hver þeirra hafa beitt heimild laganna og lagt hlunnindaskatt á utansveitarmenn?
3. Hve margir eigendur hlunninda á landinu eru búsettir utan þeirrar sveitar þar sem hlunnindaeign þeirra er?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum, sem liggja fyrir í félmrn., hafa um 70 sveitarfélög á Íslandi möguleika á að nýta sér tekjur af hlunnindaskatti skv. lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Það sem er ábótavant við upplýsingar af þessu tagi er það að sveitarfélögin hafa á undanförnum árum ekki skilgreint þetta nægjanlega vel í sínum ársreikningum þannig að aðgengilegt væri til þess að fá svör við slíkum spurningum sem hér voru lagðar fram. Hins vegar ritaði rn. öllum þessum 70 sveitarstjórnum og óskaði eftir upplýsingum frá þeim í samræmi við efni þessarar fsp. á þskj. 554.

Svör bárust frá 48 sveitarstjórnum. Í svörunum kemur fram að 35 af þessum 48 sveitarfélögum, sem sent hafa svör, hafa beitt heimild laganna og lagt hlunnindaskatt á utansveitarmenn. Upphæð hlunnindaskatts í þessum 35 sveitarfélögum er samtals 1 533 755 kr. á árinu 1984 og skv. svörunum hefur þessi skattur verið lagður á 209 utansveitarmenn sem eru eigendur hlunninda í þessum sveitarfélögum.

Mér þykir rétt að lesa upp þessi 48 sveitarfélög sem hafa svarað formlega þessari fsp. Þau eru Hvalfjarðarstrandarhreppur, sem hefur lagt hlunnindaskatt á 3 utansveitarmenn, Andakílshreppur á 9, Lundarreykjadalshreppur á 7, Reykholtsdalshreppur á 5, Stafholtstungnahreppur á 8, Borgarhreppur, þar er ekki tilgreindur fjöldi en þeir hafa lagt á um 90 440 kr. skatt, Hraunhreppur á 8 utansveitarmenn, Álftaneshreppur á 4, Kolbeinsstaðahreppur á 6, Eyjahreppur á 3, Miklaholtshreppur á 2, Staðarsveit á 3, Helgafellssveit á 2, Haukadalshreppur á 9, Fellsstrandarhreppur á 2, Klofningshreppur á 10, Mosvallahreppur á 1, Ögurhreppur á 3, Reykjarfjarðarhreppur, þar er ekki lagður neinn skattur á en gefnar upplýsingar um það, Nauteyrarhreppur á 5, Árneshreppur á 5, Hrófbergshreppur á 4, Hólmavíkurhreppur hefur ekki lagt á hlunnindaskatt en gefur upplýsingar um það, Kirkjuhólshreppur á 1, Bæjarhreppur á 9, Fremri-Torfustaðahreppur á 6, Þverárhlíðarhreppur á 8, Þorkelshólshreppur á 3, Torfalækjarhreppur á 6, Vindhælishreppur hefur ekki lagt á skatt en gefur upplýsingar, Skagahreppur á 2, Staðarhreppur hefur ekki lagt á skatt, Skefilsstaðahreppur á 12, Lýtingsstaðahreppur hefur ekki lagt á skatt en gefur upplýsingar, Viðvíkurhreppur á 1, Svarfaðardalshreppur hefur ekki lagt á, Skútustaðahreppur ekki heldur, Reykjahreppur á 2, Tjörneshreppur hefur ekki lagt á skatt, Presthólahreppur ekki heldur, Svalbarðshreppur á 12, Skeggjastaðahreppur á 7, Vopnafjarðarhreppur á 22, Hjaltastaðarhreppur á 5, Kirkjulækjarhreppur hefur ekki lagt á, Leiðvallarhreppur á 7, Eyrarbakkahreppur á 2 og Hraungerðishreppur á 5. Samtals eru þetta um 35 sveitarfélög sem hafa lagt þessi gjöld á 209 utansveitarmenn. Ég mun svo afhenda fyrirspyrjanda skrá yfir þau 70 sveitarfélög sem hafa möguleika skv. lögunum að leggja á þennan skatt.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda er hér um allháar upphæðir að ræða miðað við fasteignamat og ættu þess vegna að koma fram hærri fjárhæðir í skatttökunni en raun ber vitni. Ég vil geta þess að nú er hafin endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga. Það er mín skoðun, og ég veit að það hefur þegar komið fram í endurskoðunarnefndinni, að nauðsynlegt sé að taka alla þessa þætti til vandlegrar endurskoðunar miðað við þá þróun sem hefur orðið í þessum hlunnindamálum á síðari árum og færa þá að minnsta kosti í það form að auðveldara sé að fylgjast með og fá upplýsingar um raunverulega skatttöku sem er vissulega mikilvægt í þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Mér finnst afleitt að ekki nema rúmur helmingur sveitarfélaga hafi enn svarað beiðni hæstv. ráðherra. Það er kannske fáar ályktanir hægt að draga af þeim svörum sem gefin hafa verið, en þó. Um er að ræða 70 sveitarfélög sem hafa

heimild til þess arna. Það eru 35 sem hafa beitt heimildinni af þeim 48 sem svöruðu. Þessi 35, það er helmingur þeirra sveitarfélaga sem hafa þessa heimild. Ég heyrði nú ekki nákvæmlega þá tölu sem nefnd var um þær tekjur sem sveitarfélaögin fengju af hlunnindum, það skiptir ekki meginmáli, en það gefur einmitt strax til kynna það sem alvarlegast er í málinu, að hlunnindaeign á Íslandi er gríðarlega vanmetin. Ég fagna því að lög um tekjustofna sveitarfélaga skuli nú vera í endurskoðun og vonast til þess að réttlátari niðurstaða fáist í þeim málum þegar endurskoðunin hefur farið fram heldur en nú virðist vera raunin.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins til að fyrirbyggja misskilning. Það kom fram í svari mínu að 70 sveitarfélög hafa rétt til að leggja á hlunnindaskatt skv. lögunum miðað við aðstöðu þeirra. Það hafa aðeins 48 svarað, svo að það er ekki hægt að draga þá ályktun, þó að 35 þeirra hafi lagt á skatt á s. l. ári, að þau 22 sem ekki hafa svarað muni ekki hafa lagt skattinn á. Þvert á móti geri ég ráð fyrir að þau hafi lagt skattinn á og jafnvel í stærri stíl.

Frumvarp um fiskeldi, fsp. 420. mál (þskj. 692). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það kann að hljóma undarlega að spyrjast hér fyrir á þingi um fyrirhugað frv. til laga um fiskeldi. En ástæðan er sú að það hefur margt verið boðað af þessari ágætu ríkisstj. en fátt hefur sýnt sig. Það er búið að boða alls konar frv. og frægustu dæmin eru náttúrlega þau frv. sem boðuð voru fyrir 18 mánuðum síðan og sáu loksins dagsins ljós fyrir um það bil 10 dögum. Það sem skiptir máli í þessu er að jafnvel þótt einungis sé búið að boða frv. og einhverjar tilteknar aðgerðir þá hafa þau áhrif. Þau hafa áhrif úti í þjóðfélaginu vegna þess að menn eru náttúrlega að reyna að spá í það í hvers konar skapi stjórnvöld séu hverju sinni þannig að þeir geti tekið þær ákvarðanir og gert þær ráðstafanir sem þeir telja sig þurfa í sínum atvinnurekstri. Þess vegna spyr ég um fyrirhugað frv. til laga um fiskeldi. Það hafa sem sé borist um það upplýsingar að landbrn. áformi að semja og leggja fram, og hafi raunar samið frv. til laga um fiskeldi.

Og þá fer ekki hjá því að það hrislist niður um bakið á manni ónotin vegna þess að þá spyr maður sig: Ætlar landbrn. nú að fara að búa til sams konar umgjörð um fiskeldi og því hefur tekist að búa til umgjörð um landbúnaðinn í þessu landi? Því hefur tekist að gera bændur að bónbjargamönnum. Einstakir bændur eru algjörlega áhrifalausir um eigin hag, þeir eiga allt undir því hvernig kjaftaklúbbarnir í Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagið reikna meðaltöl sín. Ég er hérna með frétt úr Morgunblaðinu frá 8. september 1980 af stéttarsambandsfundi. Þar segir, með leyfi forseta: „Skoraði fundurinn á landbrh. að beita sér fyrir lagasetningu sem stemmi stigu við slíkum verksmiðjurekstri í landinu og þar á meðal í fiskirækt." Það er verið að fjalla um stórvirkari aðferðir í landbúnaði.

Í annarri samþykkt fundarins er skorað á Alþingi, ríkisstjórn, Stéttarsambandið og Búnaðarfélagið að taka höndum saman um mótun markvissrar stefnu í fiskirækt og fiskeldi á sem breiðustum grunni sem tryggi hagsmuni bænda í þessari búgrein og verði þannig til að styrkja búsetu í dreifbýli. Þá verði þessari búgrein veittur sambærilegur stuðningur í leiðbeiningum og fjárframlögum og hefðbundnum greinum landbúnaðarins.

Þarna virðist sem sagt sá andi svífa yfir vötnunum 1980 að búa til sams konar ramma um fiskeldi eins og tekist hefur að búa til utan um landbúnað í landinu. Og þá setur hroll að manni. Það setur sérstakan hroll að manni vegna þess að það hefur sýnt sig að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélagið eru hið raunverulega landbrn. í þessu landi. Landbrn. sjálft er ekki annað en póstlúga eða í besta falli símaklefi sem tekur við fyrirskipunum frá þeim háu herrum. Við höfum ýmis dæmi um það hvernig staðið hefur verið að málum þar. Það hefur verið komið á þeim orðrómi að stórkostleg nýsköpun sé í gangi í landbúnaði og í það sé varið umtalsverðu opinberu fé. Hagfræðingur bænda sprengdi raunar þá loftbólu á ráðuneytafundi í vetur þar sem hann lýsti því yfir að í raun og veru hefði ekkert verið nýskapað í þessum greinum. Peningarnir sem verið er að verja í landbúnaði fara allir í gamla dótið. Þess vegna er ekki beinlínis björgulegt ef þetta sama landbrn., sem hefur staðið svona að brautryðjendastarfi í landbúnaði, ætlar að fara að taka að sér brautryðjendastarf í fiskeldi.

Nú virðist manni að landbrn. og jafnvel sjútvrn. hafi tekið eftir því að það eru stórir hlutir að gerast í fiskeldi í landinu, að þarna er villihestur á ferð utan girðingar og fer greitt. Menn grunar jafnvel að hann sé kannske á leiðinni í góða haga, að svo gæti farið að menn græddu meira að segja á fiskeldi. Og þá er náttúrlega um að gera að koma böndum á hann og koma honum inn í framsóknardilkinn til þess að hafa síðan í fullu tré við hann. Vegna þessara staðreynda tel ég nauðsynlegt að fá að vita hver markmið væntanlegs frv. um fiskeldi eru og hvert verði hlutverk landbrn. skv. því frv. Það er nauðsynlegt að vita um fyrirhugað hlutverk landbrn. í fiskeldi í landinu vegna þess að ég tel að landbrn. hafi reynst landbúnaðinum álíka vel og sláturhúsin reynast lömbunum á haustin. Ég held að það sé ekki björgulegt ef þetta rn. ætlar sér forgöngu í þessum málaflokki.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. hefur borið fram fsp. til mín um frv. til l. um fiskeldi. Í framsöguræðu sinni sagði hann að það hljómaði nokkuð undarlega að spyrjast fyrir um frv. sem ekki hefði komið fram eða ekki hefði verið endanlega samið, enda fór hann út um nokkuð víðan völl í máli sínu og ræddi um ýmislegt fleira en þá fsp. sem hér er á dagskrá.

Í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði er sérstakur kafli um klak- og eldisstöðvar ríkisins. En vegna þess hvað aðstæður hafa breyst frá því að þau lög voru sett með tilliti til fiskeldis, þá var það mat landbrn. að eðlilegra væri að setja sérstök lög um þann þátt og þá sérstaklega með tilliti til þess að það snertir fleiri stofnanir en þær sem heyra undir landbrn. Að þessu verki var unnið í vetur og drög að frv. voru mótuð á vegum rn. Endanlega hefur ekki verið gengið frá því og þess vegna er ekki hægt að ræða um það sem fullbúið frv.

Markmið þessa frv. er vitanlega að mynda laga-

ramma fyrir þessa starfsemi í landinu. Þar voru ekki settar á blað neinar hugmyndir um eitthvert gífurlegt bákn, eins og hv. fyrirspyrjandi var að gefa í skyn, heldur er einn megintilgangurinn með frv. að reyna að leita eftir samstarfi allra þeirra aðila í þjóðfélaginu sem geta stutt að þessum málum. En það eru allmargar stofnanir og aðilar sem hingað til hafa ekki að mínu mati haft nægilega náið samstarf.

Veiðimálastofnun fer með framkvæmd laga um lax- og silungsveiði fyrir hönd rn. í fjölmörgum atriðum og veitir leyfi til þessarar starfsemi eða umsagnir um hana. Auk þess hefur svo laxeldisstöðin í Kollafirði starfað alllengi að tilraunastarfi á þessu sviði. En þar til viðbótar tel ég að þurfi að koma samstarf við Rannsóknastofnun landbúnaðarins vegna þess að þar er til þekking í sambandi við kynbætur á þessu dýri eins og öðrum okkar húsdýrum hér á landi. Einnig þarf að hafa samstarf við bændaskólana. Við Bændaskólann á Hólum hefur þegar verið sett upp fiskeldisbraut og ég vil leggja áherslu á að þar er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða því að fyrsta skilyrðið til þess að ná árangri í þessari búgrein eins og öðrum er að hafa þekkingu. Það er reynsla Norðmanna, sem við vitnum mjög til, að það þurfi einmitt að byggja á þeim sömu hefðum og brýnastar eru í sambandi við annað skepnuhald og þess vegna þurfi að tengja þetta saman. Einnig þarf að hafa samstarf við dýralækna vegna sjúkdóma og sjúkdómavarna. Það mál hefur verið ofarlega á baugi og var því öllum ljóst. Síðan eru aðrir aðilar og stofnanir utan landbrn. sem búa yfir þekkingu og hafa þarna hagsmuna að gæta. Þar má nefna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem hefur á undanförnum árum unnið að tilraunum með fóður fyrir fiska. Hafrannsóknastofnun býr vitanlega yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og síðan eru samtök fiskeldis- og hafbeitarstöðva sem hafa og eru að öðlast mikla reynslu. Alla þessa aðila þarf að reyna að sameina til átaka í þessum málum og það vakti fyrir mér með þessu frv. að það yrði einn gildasti þátturinn í því að stuðla að slíku.

En eins og ég sagði er þarna um fleiri aðila að ræða en þá sem undir landbrn. heyra og því er ljóst að þetta þarf að vinna í samstarfi við þá og þar af leiðandi einnig þetta frv. Þess vegna hefur verið ákveðið að forsrn. skipi nefnd með aðild frá landbrn. og sjútvrn. til þess að ljúka við frágang þessa frv. og fjalla þá um þessi mál að öðru leyti eftir því sem snertir þessa starfsemi og það gæti orðið þar til aðstoðar. Einnig hef ég ákveðið að kalla saman til fundar alla þá aðila sem ég taldi hér upp að snertu landbrn., enda þótt ekki hafi verið felld í lagaramma sú starfsemi, til að koma þessu samstarfi á sem fyrst. En hlutverk landbrn. verður vitanlega það að hafa forustu um að leiða saman þessa aðila sem á þess vegum eru og stuðla á annan hátt að því að þessi atvinnuvegur uppfylli þær vonir sem menn gera til hans og geti orðið svo mikilvægur fyrir okkur á komandi árum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ekki ætla ég að efna til kapphlaups hér í ræðustólinn um þetta mál. En ég kveð mér hljóðs til að vekja athygli á því að ég spurðist fyrir nánast um alveg sama mál hér fyrir fáum vikum og þá bæði hæstv. landbrh. og sjútvrh., innti eftir því hvað gert hefði verið á grundvelli þál. um fiskeldi, klak og eldi sjávar- og vatnadýra, fiskirækt, en það er þál. sem vísað var til ríkisstj. á s. l. vori. Við höfðum flutt um þetta sérstaka þáltill., nokkrir þm. Alþb., og till. þessari var vísað til ríkisstj. Hæstv. ráðherrar báðir viku að þessu máli í svörum sínum hér fyrir skemmstu í Sþ. og þar kom raunar efnislega fram svipað og hér kom fram í máli hæstv. landbrh. Þó vantaði það kannske á að hæstv. sjútvrh. upplýsti að á hans vegum hefði á síðustu tveimur árum verið nokkuð að þessum málum unnið. Ljóst er að það hefur verið veruleg togstreita á milli sjútvrn. og landbrn. um þessi mál og á þann hnút hefur verið reynt að höggva með skipun sérstakrar nefndar á vegum hæstv. forsrh.

Ég tel allan áhuga hv. alþm. á fiskeldismálum og fiskirækt vera góðra gjalda verðan. Hér liggja fyrir Sþ. ein þrjú mál, nr. 427, 449 og 478, um fiskeldi og fiskirækt, hvert með sínum hætti, en öll taka þau til atriða sem komu fram í þáltill. okkar Alþb.-manna á síðasta þingi sem vísað var til ríkisstj. Það er raunar ekkert efnislega nýtt í þessum þáltill. sem ekki kom fram þá. Ég vil vekja athygli á þessu en jafnframt taka það fram að ég tel allan eftirrekstur af hálfu hv. alþm. í sambandi við fiskeldi góðra gjalda verðan. Því miður hefur ekki verið af framkvæmdavaldsins hálfu staðið að málum sem skyldi á undanförnum misserum og því er ekki að vænta þess árangurs af því starfi sem þegar hefur verið reynt að efna til af ýmissa hálfu eins og ella hefði getað orðið.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka þau svör sem komu fram frá hæstv. landbrh. en þau voru náttúrlega afar þunn. Varla trúi ég að búið sé að semja heil drög að frv. til þess eins að leiða saman ýmsa sem hafa verið að föndra við fiskeldismál á undanförnum árum. Mér er þá raunar spurn, fyrst ekki er annað látið í ljós, hvort rn. sé hætt við að halda til streitu ýmsum atriðum sem menn þykjast hafa haft fréttir af að það muni hafa sett í drög sín að lögum um fiskeldi, svo sem það að skipuð verði sérstök nefnd til þess að gefa út leyfi handa mönnum til að reka fiskeldi, hvort landbrn. ætli að skipa sérstaka fisksjúkdómanefnd, hvort landbrn. ætli að setja sérstök lög um slátrun laxfiska, hvort landbrh. ætli sér það vald að staðfesta samþykktir frjálsra samtaka um fiskeldis- og hafbeitarstöðvar og hvort ráðh. ætli að leggja til að mynduð verði sölusamtök afurða fiskeldis sem hafi einokun á sölu afurða erlendis.

Það verður kannske lagt á eitthvert sérstakt fiskeldisgjald og ekki yrði maður hissa þó að því fylgdi kannske einhver fiskeldissjóður ríkisins. Maður veltir því þess vegna fyrir sér hvort þessi áform hafi einhvern tíma verið uppi og ef þau hafa verið uppi, hvort rn. sé þá hætt við að leggja þetta til. Af þessum upplýsingum var virkilega ástæða til að ætla að það hafi verið og sé kannske enn vilji rn. að koma upp einu af þessum gömlu, góðu, dæmigerðu kerfum sem við þekkjum svo vel, gamaldags bónbjargakerfi, þar sem fyrst á að beygja menn á hné til þess að fá leyfi til að reka fiskeldisstöð, síðan verða þeir beygðir á hnén til þess að fá lán hjá Fiskeldissjóði ríkisins, sem væntanlega verður kosin stjórn fyrir hér á hv. Alþingi, og loks bogna þeir meira og meira undan millifærslukerfi, einhvers konar meðalverði sem væntanlega verður reiknað út um allar laxaafurðir á Íslandi, og svo náttúrlega miðstýrðum sölusamningum sem verða líklega á hendi Sölustofnun-

ar fiskeldisstöðva með einkaleyfi á söluafurðum erlendis.

Þessi áform eru kannske uppi á sama tíma og alls staðar er verið að reyna að breyta til annarrar áttar, að grisja reglugerða- og lagafrumskóg, og maður spyr sig hvort hér sé kannske bara ein vanhugsunin enn, hvort þetta sé gert í ógáti, menn hafi hreinlega bara fallið í þann gamla farveg að búa nú til eitt gamla, góða kerfið enn, eða hvort hér eigi að ná yfirráðum yfir þessari grein, færa hana undir landbrn., gera úr henni einhvers konar aukabúgrein milli mjalta. Og ef svo er, þá eru þetta fyrstu hættumörkin fyrir fiskeldi á Íslandi. Og miklu alvarlegri en þau að laxeldisstöðin í Kollafirði hafi ekki ráðfært sig við laxeldisbrautina á Hólum í Hjaltadal.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Mér fannst dálítið erfitt að átta mig á því hver er vilji hv. 4. landsk. þm. Hann er að spyrjast fyrir um hvað líði lagasetningu og síðan þylur hann upp þær ógnir sem muni fylgja í kjölfar slíkrar lagasetningar. Eftir því að dæma virðist einna æskilegast að engin slík lagasetning færi fram. Ég held að engar hugmyndir hafi verið uppi um það í landbrn. að fara að leggja einhverja fjötra á þessa starfsemi. Þvert á móti er hugmyndin með lagasetningu að styðja þessa starfsemi og reyna að stuðla að sem bestri nýtingu á því fjármagni sem varið er til hennar. Þess vegna var á s. l. ári t. d. gerð áætlun um mjög aukna starfsemi stöðvarinnar í Kollafirði til þess að standa að tilraunastarfinu. Það virtist ætla að bera góðan árangur á þessu ári en því miður kom upp það óhapp þar sem ykkur öllum er kunnugt og því mun þar verða hlé á í bili. En vonandi verður þar tekið á af auknum krafti aftur strax á komandi vetri þegar sótthreinsun hefur farið fram í stöðinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að elta ólar við órökstuddar fullyrðingar, sem hv. fyrirspyrjandi hafði uppi hér áðan en ítreka það að tilgangurinn með slíkri lagasetningu er að styðja og efla þessa atvinnustarfsemi en ekki leggja hana í fjötra.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég skal ekki tala lengi. Vegna þess sem hæstv. ráðh. sagði síðast um órökstuddar fullyrðingar mínar, þar sem ég spurði um tiltekin efnisatriði sem hefðu verið í drögum til laga um fiskeldi, þá eru þær ekki órökstuddar. Ég hef fyrir því fulla vissu að þessar hugmyndir hafa verið settar í lög um fiskeldi.

Stofnútsæði, fsp. 425. mál (þskj. 708). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. landbrh. varðandi stofnútsæði. Stofnútsæði er ræktað við Eyjafjörð undir sérstöku eftirliti til þess að komast hjá sjúkdómum í kartöflum. Ekki er þörf að tíunda hversu mikilvægt er að nægilegt framboð sé af heilbrigðu útsæði til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma. Því vakti það furðu mína þegar ég heyrði að tugir tonna af stofnútsæði hafi skemmst vegna gáleysis í flutningum. Hér mun hafa verið um að ræða 80—90 tonn af stofnútsæði sem flutt var með Drangi frá Norðurlandi til Reykjavíkur. Ef satt er að kartöflurnar hafi verið fluttar á opnum bíl í 12 stiga gaddi til skips nær kæruleysið og vanþekking á meðferð þessarar vöru hámarki. Til þess að varpa skýrara ljósi á þetta mál hef ég leyft mér að leggja fram eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh.:

1. Hve mörg tonn af stofnútsæði skemmdust vegna frosta í flutningum með Drangi nú nýverið frá Norðurlandi til Reykjavíkur?
2. Hvað er þetta stór hluti af því stofnútsæði sem til er í landinu?
3. Hve hátt er þetta tjón metið?
4. Hver ber beinan fjárhagslegan skaða af þessu tjóni?
5. Hver tók ákvörðun um þennan flutningsmáta?
6. Mun það stofnútsæði sem enn er til í landinu fullnægja eftirspurn eða þarf að auka innflutning vegna þessa tjóns?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Mér hefur borist svar frá Grænmetisverslun landbúnaðarins við fsp. hv. 8. landsk. þm. á þessa leið:

Við 1. spurningu: „Hve mörg tonn af stofnútsæði skemmdust vegna frosta í flutningum með Drangi nú nýverið frá Norðurlandi til Reykjavíkur?“ Svar: 98.8 lestir voru með skipinu.

2. „Hvað er þetta stór hluti af því stofnútsæði sem til er í landinu?“ Svar: Vegna mikillar og góðrar kartöfluuppskeru s. l. haust í Eyjafirði, þá eins í stofnrækt, má ætla þennan farm tæpan þriðjung.

3. „Hve hátt er þetta tjón metið?“ Svar: Verðmæti farmsins alls á útsöluverði var 2 millj. 768 þús. kr. en ekki var ljóst þegar þetta svar barst 19. apríl hvað stór hluti var þá ónýtur.

4. „Hver ber beinan fjárhagslegan skaða af þessu tjóni?“ Svar: Farmflytjandinn, flóabáturinn Drangur hf.

5. „Hver tók ákvörðun um þennan flutningsmáta?“ Svar: Leitað var tilboða í flutninginn til þriggja flutningafyrirtækja í Eyjafirði sem hafa sýnt áhuga á þessum flutningum undanfarin ár. Stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins samþykkti að taka lægsta tilboði, frá Flóabátnum Drangi hf., enda var næsta tilboð 56% hærra.

6. „Mun það stofnútsæði sem enn er til í landinu fullnægja eftirspurn eða þarf að auka innflutning vegna þessa tjóns?“ Svar: Töluverð umframuppskera varð af stofnútsæðisræktuninni, sbr. 2. tölul. Auk þess er minni eftirspurn kartöflubænda eftir stofnútsæði sem ætla má að sé vegna þess hvað bændur eiga enn miklar birgðir kartaflna sjálfir. Innflutningur takmarkast við eitt kartöfluafbrigði, sem hefur gefið góða raun hérlendis en er ekki í stofnræktun, enda háð framleiðsluleyfi sem útsæði. Ekki er fyrirsjáanleg þörf fyrir frekari innflutningi þó að umrætt magn stofnútsæðis hafi misfarist.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en ég vil jafnframt lýsa því yfir að ef flóabáturinn Drangur á að bera skaða af þessu tjóni, þá mun það á endanum lenda á ríkissjóði. Við vitum það að Drangur er ríkisstyrkt fyrirtæki og þar með er þetta tjón alls almennings í landinu og það finnst mér alvarlegur hlutur í svona máli.

Jafnframt kom fram að minni eftirspurn hjá kartöflu-

bændum eftir stofnútsæði væri núna vegna þess hvað kartöfluuppskeran varð mikil. Þetta tel ég alrangt, þrátt fyrir að það komi frá Grænmetisverslununni, vegna þess að eftirspurnin er minni vegna þess að þetta er dýr vara. Ef hæstv. landbrh. hefur fylgst með frásögnum í blöðum undanfarið, þá hefur það komið fram að miklar skemmdir eru í kartöflum sem hafa gert mikinn skaða á þessu ári. Ný tegund af skemmd, svokallað hringrot, sem var mjög umtalað fyrir ári síðan vegna sendingar frá Finnlandi, hefur nú gert mjög mikinn usla og bændur hafa þurft að henda þúsundum poka af kartöflum. Þar af leiðandi væri enn þá brýnna að allt stofnútsæði sem til væri yrði fullkomlega nýtt til að komast hjá þeim síendurteknu skemmdum sem kartöflubændur bera ómælt tjón af. Eftirspurnin er því fyrst og fremst háð verði á þessari vöru til kartöflubænda en minnkar ekki vegna þess að þeir eigi nóg af kartöflum sjálfir.

Enn fremur kom fram að þetta væri um þriðjungur af öllu því stofnútsæði sem til væri. Gott og vel. Það slapp fyrir horn í þetta skipti vegna þess að það var góð uppskera. Aftur á móti hef ég fengið þær upplýsingar að stofnútsæði sé um 180—200 tonn. Þetta er hér um bil helmingur af þeirri tölu. Þar af leiðandi veit ég ekki hvort þeir eru með töluna sem uppskeru eða sem flokkaðar og tíndar kartöflur. Þetta eru upplýsingarnar sem ég fékk hjá Grænmetisversluninni, að heildarmagnið væri 180—200 tonn af stofnútsæði sem til væri, og þetta voru 98.8 tonn, sem þarna skemmdist verulegur hluti af í flutningum.

Öndunarfærasjúkdómar hjá starfsfólki álversins, fsp. 440. mál (þskj. 749). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Í skýrslu frá Vinnueftirliti ríkisins, sem ber heitið „Mengunarúttekt í kerskálum Íslenska álfélagsins í Straumsvík," og er birt í jan. 1984, kemur ýmislegt fram um mengun í þessu kompanii. Með leyfi forseta vil ég lesa um hvernig ástandið var að mati rannsóknarmanna Vinnueftirlitsins í árslok 1983:

„Almennt má segja að rykmengun í kerskálum ÍSALs sé of mikil en hins vegar skapi flúoríðmengun, mengun flúorvetnis, brennisteinsdíoxíðs og kolmónoxíðs ekki alvarleg vandamál ef litið er á hvern þátt fyrir sig. Flúoríðmengun getur þó verið of mikil við einstök störf vegna þess að ryk, flúorvetni og brennisteinsdíoxíð hafa áhrif á öndunarfæri og lungu þeirra sem í snertingu við þessi efni komast. Má gera ráð fyrir að starfsmenn séu í nokkurri hættu við að fá öndunarfærasjúkdóma.

Af 185 ryk- og flúorsýnum reyndust 55.4%, þ. e. rúmur helmingur, yfir markgildi fyrir ryk og 15.1% yfir markgildi fyrir flúorinn. Af 111 þvagsýnum voru 9% yfir markgildi en í ljós kom að marktækt samband er milli flúoríðmengunar í andrúmslofti og þess flúoríðs sem mælist í þvagi starfsmanna.

Athygli vekur að ekki er marktækur munur á þeim niðurstöðum sem nú fengust og þeim ryk- og flúoríðmælingum sem gerðar voru 1977—1979 þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar sem ætlað var að bæta vinnuumhverfið. En í ljós kom að flúoríðstyrkur í þvagi var meiri nú en 1977—1979 og að munurinn er tölfræðilega marktækur. Nauðsynlegt er því að reynt sé að draga úr þeirri mengun sem starfsmenn verða fyrir með víðtækum aðgerðum og tryggja að lokun kera skili þeim árangri sem að var stefnt í upphafi. Nauðsynlegt er að allir starfsmenn í kerskálunum noti rykgrímur til að verja sig gegn skaðlegum áhrifum þeirrar mengunar sem er til staðar."

Síðan segir: „Mikilvægt er að gerð verði kerfisbundin athugun á því hvort sú mengun, sem þarna hefur verið til staðar um langt árabil, hafi í för með sér óeðlilega tíðni öndunarfærasjúkdóma."

Síðar segir: „Þær ráðstafanir, sem til athugunar þurfa að koma nú þegar, þ. e. úrbætur til að draga úr mengun, eru eftirfarandi:" — Og síðan er stungið upp á fjöldamörgum aðgerðum sem skoðunarmenn Vinnueftirlits telja að nauðsynlegt sé að gera í verksmiðjunni til að bæta umhverfi starfsmanna.

Þetta er athugun sem gerð er í byrjun nóvember 1983. Þarna kemur fram, ef ég tek til aðalatriðin, að í fyrsta lagi er rykmengun of mikil, í öðru lagi er flúoríðmengun of mikil við einstök störf, í þriðja lagi er gert ráð fyrir að starfsmenn séu raunverulega í hættu á að fá öndunarsjúkdóma, í fjórða lagi virðast breytingar í sambandi við hreinsibúnað á árunum 1979—1982 ekki hafa minnkað flúoríð, í fimmta lagi er sérstaklega óskað eftir kerfisbundinni rannsókn á heilsufari með tilliti til öndunarfærasjúkdóma og í sjötta lagi er bent á ákveðin atriði sem lagt er til að séu gerð þarna til úrbóta.

Ég hef í framhaldi af þessu beint fsp. til félmrh. um þessi atriði þar sem ég spyrst raunar fyrir um hvað hafi breyst, hvort eitthvað hafi breyst til batnaðar og hvort eitthvað hafi verið gert af því sem talað er um í lok ársins 1983. Fsp. hljóðar svo:

„1. Er sami háttur hafður á heilsugæslu hjá starfsfólki álversins og tíðkast hjá öðrum stórum efnaverksmiðjum á landinu?

2. Eru sérstakar hættur á öndunarfærasjúkdómum hjá starfsfólki álversins?

3. Eru vísbendingar um að þessir sjúkdómar séu óeðlilega algengir hjá starfsfólki álversins?

4. Hafa sérstakar kerfisbundnar rannsóknir verið gerðar á tíðni þessara sjúkdóma í álverinu?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Svar við þessum fsp. á þskj. 749 frá hv. 4. landsk. þm. byggi ég á upplýsingum frá Vinnueftirlitinu og er í stórum dráttum þannig:

Fyrsta spurning: „Er sami háttur hafður á heilsugæslu í álverinu og tíðkast hjá öðrum stórum efnaverksmiðjum í landinu?" Heilsufarseftirlit starfsmanna álversins hefur verið í höndum trúnaðarlæknis þess, en álverið hefur haft á sínum vegum trúnaðarlækni allt frá því að verksmiðjan hóf störf. Trúnaðarlæknirinn kemur í álverið einu sinni í viku og hefur opna móttöku þar.

Við aðrar stórar verksmiðjur í landinu er heilsugæslu starfsmanna sinnt af næstu heilsugæslustöð. Heilsugæslulæknar á Akranesi sinna þannig heilsufarseftirliti starfsmanna Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og Sementsverksmiðju ríkisins. Heilsugæslustöðin á Húsavík annast heilsugæslu starfsmanna Kísiliðjunnar við Mývatn. Starfsfólk Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi er undir heilsufarseftirliti læknis við heilsugæslustöðina í Árbæ.

Ekki hefur verið gerð formleg athugasemd við fyrirkomulag þessara mála hjá álverinu, m. a. af því að ekki

hefur verið stofnuð heilsugæslustöð í Hafnarfirði. Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og lögum nr. 49/1983, um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um það að heilsuvernd starfsmanna skuli falin þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til. Slík framkvæmd heilsufarseftirlits með starfsmönnum á vinnustöðum hefur verið í undirbúningi en framkvæmd er ekki hafin. Fyrirkomulag þessara mála við Kísiliðjuna, Járnblendiverksmiðjuna, Sementsverksmiðjuna og Áburðarverksmiðjuna er þó mjög nærri því sem lögin gera ráð fyrir.

Önnur spurning: „Eru sérstakar hættur á öndunarfærasjúkdómum hjá starfsfólki álversins?“ Svar: Við framleiðslu áls myndast ýmsar gastegundir og ryk sem valdið geta ertingu öndunarfæra og jafnvel leitt til sjúkdóma. Þau efni, sem helst er rætt um í þessu sambandi, eru flúorvetni, flúoríð, kolmónoxíð, brennisteinsdíoxíð, áloxíð, sótagnir og svonefnd fjölhringakolvetnasambönd. Fyrirtækið hefur sjálft framkvæmt reglubundnar mælingar á flúor í þvagi starfsmanna og flúor og ryki í andrúmslofti á undanförnum árum. Fylgst hefur verið með þessum mælingum af heilbrigðis-, hollustu- og öryggisnefnd fyrirtækisins og af Vinnueftirliti ríkisins.

Haustið 1983 voru gerðar umfangsmiklar mengunarmælingar af hálfu Vinnueftirlitsins í samvinnu við Íslenska álfélagið og fulltrúa starfsmanna þess. Skýrsla varðandi niðurstöður þessara mælinga kom út 1984, en í henni segir m. a.:

„Helstu niðurstöður eru að rykmengun sé allt of mikil í kerskálunum, en að flúoríðmengun sé of mikil við sum störf. Mengun flúorvetnis ein sér, kolmónoxíðs og brennisteinsdíoxíðs er yfirleitt vel undir markinu. Mengun í andrúmslofti í kerskálunum er því það mikil að það skapar hættu á að starfsmenn geti fengið öndunarfærasjúkdóma og veldur þeim óþægindum og skapar óþrif. Í ljós kom að ekki hafði dregið úr ryk- og flúoríðmengun frá því sem mælingar sýndu áður en lokun kera hófst og að flúoríðsstyrkur í þvagi var meiri nú en þá.“

Enn fremur segir í skýrslunni: „Nauðsynlegt er að sem fyrst verði gerðar úrbætur til að draga úr mengun og tryggja að lokun kera skili þeim árangri fyrir starfsumhverfið sem að var stefnt í upphafi og unnt er að ná skv. reynslu í öðrum verksmiðjum.“

Í framhaldi af mælingum þessum gerði Vinnueftirlitið kröfu til fyrirtækisins um úrbætur. Unnið hefur verið að úrbótum en ekki liggja fyrir að mati Vinnueftirlitsins fullnægjandi upplýsingar um það hvort þær hafi skilað viðunandi árangri. Álverið hefur látið gera eftirlitsmælingar á andrúmsloftsmengun síðan. Þær mælingar voru ekki eins umfangsmiklar og því ekki að fullu sambærilegar við úttektina frá haustinu 1983. Niðurstöðurnar sýna þó að mati Vinnueftirlitsins að enn er þörf frekari úrbóta.

Þriðja spurning: „Eru vísbendingar um að þessir sjúkdómar séu óeðlilega algengir hjá starfsfólki álversins?“ Svar: Vinnueftirliti ríkisins berast tilkynningar um meinta atvinnusjúkdóma frá læknum. Fjöldi tilkynntra atvinnusjúkdóma hefur frá upphafi verið lítill og er talið að miklu fleiri séu haldnir atvinnusjúkdómum en fjöldi tilkynninga segir til um. Upplýsingum úr þessari skráningu ber því að taka með varúð. Vinnueftirliti ríkisins hafa frá 1981 borist sex tilkynningar um meinta atvinnusjúkdóma varðandi starfsmenn ÍSALs og er þá ekki talið með heyrnartjón af völdum hávaða. Í flestum atvikum er hér um að ræða öndunarfærasjúkdóma og einnig aðra sjúkdóma, svo sem exem.

Fjórða spurning: „Hafa sérstakar kerfisbundnar rannsóknir verið gerðar á tíðni þessara sjúkdóma í álverinu?“ Svar: Hingað til hafa engar kerfisbundnar athuganir verið gerðar á tíðni öndunarfærasjúkdóma við álverið. Slíkar athuganir hafa verið gerðar á starfsmönnum álvera erlendis og þykir sýnt að óhreinindi í andrúmslofti þessara vinnustaða geti haft áhrif á öndunarfæri þeirra sem þar vinna. Lýst hefur verið bráðum, einnig meira hægfara öndunarfærakvillum og einnig astmaköstum með mæðihósta, slímuppgangi og surgi fyrir brjósti. Þessi einkenni geta komið nokkru eftir að farið er af vinnustað. Þekking varðandi eðli þessara sjúkdóma og við hvaða mengun er óhætt að vinna er hins vegar takmörkuð.

Undanfarnar vikur hafa farið fram undirbúningsviðræður milli Vinnueftirlits ríkisins, hollustu-, heilbrigðis- og öryggisnefndar ÍSALs, lækna frá Heilsugæslu Hafnarfjarðar og lungnasérfræðinga með það fyrir augum að gera sérstaka rannsókn á tíðni og útbreiðslu öndunarfæraeinkenna og sjúkdóma hjá starfsmönnum álversins. Ætlunin er að þessi rannsókn verði samhæfð við norrænar rannsóknir sem þegar eru hafnar á þessu sviði. Þar sem til eru umfangsmiklar athuganir á andrúmsloftsmengun í álverinu ættu að fást mikilsverðar niðurstöður úr fyrirhugaðri könnun. Slíkar athuganir þjóna því langtímamarkmiði að tryggja heilsusamlegt starfsumhverfi.

Ég vil aðeins bæta því við að ég hef sérstaklega óskað eftir því við Vinnueftirlit ríkisins að það sé vel á verði í þessu máli og fylgi eftir þeim undirbúningi og þeim rannsóknum til úrbóta sem ráðgert er að hefja í málinu.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það virðist vera full ástæða til að grennslast fyrir um þetta mál. Það kemur í ljós í svörum hæstv. ráðh., sem ég vil þakka honum fyrir, að í fyrsta lagi er ekki hafður sami reglubundni háttur á um heilsugæslu hjá starfsfólki álversins og er hjá öðrum stórum efnaverksmiðjum í landinu. Ég veit ekki hvort það skiptir raunverulegu máli en það er vissulega ástæða til að hafa þarna eftirlit. Í öðru lagi virðast ekki vera fullnægjandi upplýsingar um ástand ryk- og mengunarmála þarna núna, einu og hálfu ári eftir að þessi rannsókn Vinnueftirlitsins var gerð, og að mati eftirlitsins er enn þörf frekari úrbóta. Það er því augljóslega full ástæða til að taka þetta mál föstum tökum.

Í þriðja lagi var spurt um hvort vísbendingar væru til um að þessir sjúkdómar séu óeðlilega algengir hjá starfsfólki álversins og það kom ekki beint fram í svari ráðh. Þar er lýst þeirri óvissu sem ávallt sé á skýrsluhaldi um þessa hluti, að menn telji alltaf ástæðu til að ætla að sjúkdómatilfelli séu verulega fleiri en þau sem tilkynnt eru, auk þess að þessir öndunarfærasjúkdómar geti komið í ljós talsvert löngu eftir að viðkomandi hefur sinnt þessum störfum. En af öðrum svörum hæstv. ráðh., sérstaklega við fjórðu spurningu, virðist mér mega skilja af svörum Vinnueftirlitsins að það óttist að þarna geti verið um hættulega hluti að ræða.

Í fjórðu spurningu var síðan spurt hvort sérstakar

kerfisbundnar rannsóknir hefðu verið gerðar á tíðni þessara sjúkdóma í álverinu. Það hefur ekki verið gert þrátt fyrir það að í árslok 1983 hafi verið farið eindregið fram á að sú rannsókn yrði gerð.

Ef maður tekur saman svörin við öllum þessum fjórum spurningum virðist mér að þarna hafi verið haldið heldur illa á málum, að þarna sé ástæða til að óttast um heilsufar starfsmanna og að af þessu megi kannske sitthvað læra um framkvæmd þessara mála yfirleitt.

Brunavarnir, fsp. 441. mál (þskj. 750). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 750 beint eftirfarandi fsp. til félmrh. um brunavarnir:

„Telur ráðh. tjón af völdum eldsvoða í atvinnuhúsnæði hér á landi óeðlilega mikið? Ef svo er, hverjar telur ráðh. helstu orsakir þess og hvaða leiðir telur hann helst til úrbóta?"

Þarna er sem sagt spurt um þrennt, hvort tjón af völdum eldsvoða sé óeðlilega mikið, hverjar séu orsakir og hverjar séu þá hugsanlegar úrbætur. Ástæðan til þess að ég spyr hvort þetta sé óeðlilega mikið tjón er að í Morgunblaðinu fimmtudaginn 21. mars 1985 er viðtal við Inga R. Helgason sem er forstjóri Brunabótafélags Íslands — sem sumir kalla nú „brunabyggðasjóð" — og hann er líka formaður stjórnar Brunamálastofnunar Íslands. Þar segir Ingi R. Helgason, með leyfi forseta:

„Tjón af völdum eldsvoða í atvinnuhúsnæði eru óeðlilega mikil hér á landi miðað við þá fækkun sem orðið hefur á brunatjónum í íbúðarhúsnæði á sama tíma."

Það er vissulega ástæða til að spyrja sig hvort maður, sem er svo nákominn þessum brunamálum, bæði forstjóri Brunabótafélagsins og formaður stjórnar Brunamálastofnunarinnar, hljóti ekki að hafa fulla ástæðu til þess að segja svo alvarlega hluti sem raun ber vitni.

Þegar að því kemur að velta fyrir sér hverjar séu hugsanlegar orsakir þessara miklu bruna vil ég áfram vitna í téð viðtal við Inga R. Helgason, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það sem verra er, rannsóknir sérfróðra skoðunarmanna á vettvangi ýmissa helstu eldsvoða hérlendis síðustu þrjú árin benda iðulega ýmist til stórfelldrar vanrækslu og gáleysis eða hreinlega íkveikju." — Eða hreinlega íkveikju. Þetta er niðurstaða Inga R. Helgasonar.

Hann segir áfram, með leyfi forseta, að skoðunarmenn, þ. e. sérstaklega tilkvaddir skoðunarmenn og sérfræðingar, „kvarti iðulega yfir því að búið sé að hreinsa til í brunarústunum þegar þeir komi á staðinn og eyðileggja mikilvæg rannsóknargögn. Engu að síður sé það niðurstaða þessara skoðunarmanna í mörgum helstu eldsvoðum síðustu ára að upptök eldsins séu íkveikja eða stórfellt gáleysi, en í lögreglurannsóknum á upptökum þessara eldsvoða takist sjaldnast að fylgja þessum niðurstöðum eftir." Þetta eru mjög alvarleg ummæli manns sem ætti að þekkja allra manna best til þessara mála.

Síðar í þessu viðtali, sem er ekki tími til þess að fara grannt ofan í, eru fimm dæmisögur um stórkostlega bruna. Það er talað um eldsvoða í þakpappaverksmiðju á höfuðborgarsvæðinu, í frystihúsi á Suðurnesjum í maí 1983, örfáum mánuðum síðar í frystihúsi í kauptúni á Snæfellsnesi og í lok síðasta árs í frystihúsi norður í Þingeyjarsýslu. Þarna hefur orðið tugmilljóna tjón. Í öllum tilfellum telur Ingi R. Helgason að um sé að kenna annaðhvort hreinni íkveikju eða stórfelldu gáleysi og enginn kallaður til ábyrgðar.

Ég vil taka dæmi af því sem hefur komið í ljós í sambandi við bruna frystihúss á Hellissandi. Skv. skoðun sérfróðra manna í skoðunarskýrslu 1977 er sagt:

„Hraðfrystihús Hellissands. Eldnæm einangrun er óvarin í lofti pökkunarsalar. Í ísvélarklefa er eldnæm einangrun á veggjum óvarin. Ekki er búið að koma upp trekvart tommu brunaslöngu við umbúðalager í gamla húsinu. Viðgerðarverkstæði: Þar er eldnæm einangrun óvarin."

1978, ári síðar, koma sömu skoðunarmenn á sama vettvang. Þeir segja:

„Hraðfrystihús Hellissands. Plast er allt við það sama í pökkunarsal, ísvélarklefa og viðgerðarverkstæði. Sjá skýrslu okkar 1977. Slöngukeflið er komið en eftir að setja keflið upp." — Þetta eru nú efndir á eldvarnamálum þar. Hér segir: „Vélasalur ekki eldtraustur frá frystihúsi, þar er opið með leiðslum og timburhurð. Kyndiklefi er eldtraustur í hólf og gólf," er þó sagt.

Hvað gerist síðan næst fréttnæmt í frystihúsinu á Hellissandi? Það sem gerist næst fréttnæmt er að þar verður gífurlegur eldsvoði, tugmilljóna tjón. Hvað kemur síðan í ljós við rannsókn á þessum bruna? Það sem kemur í ljós er að skv. brunamálareglugerð frá 8. júní 1978 er 17 atriðum ábótavant í brunavörnum þar. Hús er ekki hólfað niður með brunatraustum veggjum eins og ætti að gera, brunamótstaða burðarvirkja í þaki er ekki eins og hún ætti að vera. Þar er brennanleg einangrun óvarin. Svona get ég talið upp 17 atriði. Samt gera forsvarsmenn frystihúss á Hellissandi sér leið suður til Reykjavíkur, hitta forsvarsmann brunabótasjóðsins og fá tékka líklega fyrir einar tuttugu og fimm milljónir.

Hver er ábyrgur? Er kannske enginn ábyrgur í svona atriðum? Það lendir náttúrlega á þeim sem alltaf þurfa að borga, þ. e. okkur sjálfum, skattþegnunum, að borga þessi tjón.

Það mætti hafa um þetta langt mál. Í maí 1983 verður bruni í frystihúsi á Suðurnesjum. Aftur verður tugmilljóna tjón. Hvað kemur í ljós? Þar kemur í ljós að rannsóknarlögreglan í Keflavík, sem á að taka skýrslu af vitnum, hún tekur skýrslurnar 28. júní 1983, en það brann 17. maí. Rannsóknarlögreglan tekur skýrslur af vitnum tæpum einum og hálfum mánuði eftir að kviknaði í og tugmilljóna tjónið varð.

Það kemur líka í ljós að Rannsóknarlögregla ríkisins var aldrei kölluð á vettvang, sem þó er kölluð á vettvang þegar stórtjón verða. Aftur hafa einhverjir gert sér för og fengið stóran tékka og enginn er ábyrgur. Í skýrslum brunasérfræðinga um tjónið í Keflavík er sagt að þar sé sterkur grunur um íkveikju. Enn þá er enginn kallaður til ábyrgðar. Svona er málum háttað í sambandi við brunamálin okkar. Þess vegna hef ég beint fsp. til félmrh. um það hvort hann sé sammála Inga R. Helgasyni um ástand í brunamálum atvinnuhúsnæðis, hverjar hann telji helstu orsakir og hvað hann telji helst til úrbóta.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil reyna að svara fsp. á þskj. 750 frá hv. 4. landsk. þm. Efni fsp.: „Telur ráðh. tjón af völdum eldsvoða í atvinnuhúsnæði hér á landi óeðlilega mikið? Ef svo er, hverjar telur ráðh. helstu orsakir þess og hvaða leiðir telur hann helst til úrbóta?"

Það er að sjálfsögðu mjög erfitt að meta hvort tjón af völdum eldsvoða í atvinnuhúsnæði hér á landi er óeðlilega mikið. En auðvitað er það ljóst að tjón, hverju nafni sem nefnist, er allt of mikið ef það verður staðreynd.

Skv. upplýsingum tryggingafélaganna voru bein greidd eignatjón í húsbruna á Íslandi árin 1981—1983 sem hér segir:

Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellshreppur: 11.8 millj. kr. 1981. Aðrir staðir á landinu: 10.7 millj. Samtals eignatjón eftir upplýsingum tryggingafélaganna yfir landið allt: 22.5 millj. kr. 1981.

1982 á sama svæði, Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellshreppur: 11.7 millj. kr. Aðrir staðir á landinu: 25.3 millj. kr. Samtals landið allt: 37.1 millj. kr.

1983 Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellshreppur 51.7 millj. Aðrir staðir á landinu 75.2 millj. Samtals landið allt: 126.9 millj. árið 1983.

Við samanburð á brunatjónum milli landa hefur verið reynt að miða við hlutfall tjónanna af vergri þjóðarframleiðslu. Verg þjóðarframleiðsla hérlendis var árin 1981—1983 sem hér segir: 1981 20.5 milljarðar, 1982 31.2 milljarðar, 1983 53 milljarðar. Brunatjónin voru 0.11% af vergri þjóðarframleiðslu 1981, 0.12% 1982 og 0.24% 1983. Árin 1981 og 1982 voru hagstæð í þessu efni, ef það má orða það svo, en árið 1983 mjög óhagstætt. Með því að taka meðaltal þessara þriggja ára ætti að fást sæmilegur samanburður, en að meðaltali hafa bein brunatjón þessi þrjú ár verið 0.16% af vergri þjóðarframleiðslu hér á landi.

Til samanburðar eru hér tölur um bein brunatjón sem voru gefnar út í Genf í mars á þessu ári. Tölurnar eru byggðar á árunum 1979—1980 sem prósenta af vergri þjóðarframleiðslu landanna. Það er of langur lestur að lesa þetta hér upp, ég vil aðeins grípa hér niður í það:

Það er Ungverjaland 0.11, Japan 0.12, Spánn 0.18, Austurríki 0.21, Holland 0.21, Bretland 0.21, Finnland 0.25, Bandaríkin 0.26, Svíþjóð 0.30, Danmörk 0.36 og Noregur 0.37.

Skv. þessum samanburði eru þarna aðeins tvö lönd af þrettán sem eru með hlutfallslega minni brunatjón en við. Athyglisvert er að á öllum Norðurlöndunum, sem við berum okkur oft saman við, eru hlutfallslega mun meiri brunatjón en hérlendis.

Í þessum samanburði eru tekin öll bein greidd eignatjón í húsbruna í hvaða húsnæði sem er.

Eftir upplýsingum Brunamálastofnunar ríkisins voru greidd brunatjón á atvinnuhúsnæði hérlendis um 7 millj. kr. 1981, 12.5 millj. 1982 og 96 millj. 1983. Brunamálastofnunin hefur ekki undir höndum nákvæma sundurliðun á tjónaprósentunni í tjónum á atvinnuhúsnæði og öðru húsnæði í þeim tólf löndum sem ég vitnaði til. En skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja bendir ekkert til að tjón á atvinnuhúsnæði í þessum löndum sé lægra hlutfall heildartjónanna en hérlendis. Enginn vafi leikur á að á undanförnum árum hefur náðst verulega aukinn árangur í brunavörnum hér á landi. Er það bæði vegna opinberra aðgerða og einnig vegna aukins skilnings húseigenda á gildi brunavarna.

Skv. þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér eru brunavarnir í nýju atvinnuhúsnæði hérlendis alveg sambærilegar við það sem best gerist erlendis. Stærsti vandinn í þessu efni er hins vegar í gömlu atvinnuhúsnæði.

Varðandi það hvað hægt sé að gera til að efla brunavarnir og draga úr brunatjónum má benda á ýmsar leiðir og skal ég nefna nokkur atriði í því sambandi. Brunamálastofnunin hefur skv. lögum lykilhlutverki að gegna á þessu sviði. Hún hefur verið í uppbyggingu undanfarin ár og það er mjög æskilegt að efla hana enn frekar. Efla þarf slökkviliðin, bæta stórlega tækjakost þeirra og gera þau betur fær um að gegna hlutverki sínu. Það er nauðsynlegt að kanna á hvern hátt hægt er að gera ráðstafanir vegna fjárútvegunar til fyrirbyggjandi aðgerða, einkum í eldri byggingum. Þetta á ekki síst við um húsnæði ýmissa þýðingarmikilla fyrirtækja sem veita mörgu fólki atvinnu en skortir fjármagn til að gera nauðsynlegar endurbætur á húsnæði sínu. Sjá þarf til þess að sveitarfélögin hafi aðgang að nægjanlegu fjármagni til uppbyggingar og reksturs slökkviliðanna.

Síðast en ekki síst vil ég nefna upplýsinga- og fræðsluþáttinn. Það er mjög mikil þörf á því að auka á þessu sviði almenna upplýsinga- og kynningarstarfsemi. Einnig er nauðsynlegt að efla sérstaka fræðslu fyrir slökkviliðsmenn sveitarfélaganna og þjálfun þeirra.

Ég fól fyrir nokkru brunamálastjóra að gera sérstaka úttekt á menntunar- og fræðslumálum slökkviliðsmanna í hinum ýmsu slökkviliðum á landinu. Þess var einnig óskað að hann legði fram álit um hvernig þessum málum verði best og haganlegast fyrir komið. Úttekt brunamálastjóra og tillögur hafa legið fyrir um nokkurt skeið og einnig hafa komið fram ábendingar og brtt. frá ýmsum aðilum sem þessi mál varða. Það er of langt mál að rekja þessar tillögur hér en þar er gert ráð fyrir að komið verði á sérstökum brunamálaskóla sem verði deild í Brunamálastofnun ríkisins. Skólinn veiti nemendum sínum fræðslu í formi bréfaskóla með námskeiðum, fræðslufundum og verklegum æfingum. Þessar tillögur hafa verið kynntar Landssambandi slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjórum og eins og áður segir hafa borist brtt. og umsagnir. Tillögurnar eru nú til frekari athugunar og vonast ég til að fljótlega verði hægt að taka afstöðu til þeirra.

Ég vil geta þess í þessu sambandi að ég hef haldið fundi með öllum þessum aðilum ásamt stjórn Brunamálastofnunarinnar og hefur verið fjallað um aukið samstarf á þessu sviði til að reyna að ná þeim árangri sem við hljótum öll að vera sammála um, að efla brunavarnir í landinu og reyna með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir tjón, hverju nafni sem nefnist, í þessum þýðingarmikla málaflokki.

Ég er sannfærður um að með sameiginlegu átaki er hægt að ná verulegum árangri í þessu máli. En fyrsta atriðið er það að við þurfum að finna möguleika á því að auka fjármagn til þess að gera þetta mögulegt, bæði til atvinnufyrirtækja sem búa við gamalt og ófullnægjandi húsnæði og enn fremur til þess að efla með árangursríkari hætti brunavarnir í landinu sem þó eru á réttri leið og gera sveitarfélögum mögulegt að koma upp fullkomnu kerfi í hverju sveitarfélagi. Að þessu er

unnið og ég vænti mikils af þeim fundi sem ég er nýbúinn að halda með Brunamálastofnun ríkisins og fulltrúum slökkviliðanna í landinu og slökkviliðsmanna sjálfra.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Mér skildist einhvern veginn að hann væri kannske ekkert sammála Inga R. Helgasyni um að hér væri óeðlilega mikið tjón í brunahúsnæði og bar þar fyrir sig samanburð á innlendum og erlendum tölum. Þeir verða greinilega að ræða þetta mál sín á milli, yfirmaðurinn og undirmaðurinn, til þess að komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu.

Það er kannske fróðlegt, áður en við förum lengra í það að velta fyrir okkur orsökum þessa, að lesa hérna ummæli úr bréfi frá Landssambandi slökkviliðsmanna sem þeir sendu til þingflokks Bandalags jafnaðarmanna dags. 21. jan. 1985 og sendu, ef ég man rétt, afrit til allra alþm. Þetta var sent vegna þáltill. sem Bandalag jafnaðarmanna lagði fram um könnun eða úttekt á brunamálum í fiskvinnslufyrirtækjum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að geta þess áður en lengra er haldið að Brunamálastofnun ríkisins hefur í öll þessi ár haft 1—2 eftirlitsmenn sem hafa ferðast um landið og tekið út allar helstu brunaáhættur landsins, þar með talin öll frystihús, hótel o. fl. Hafa þeir jafnvel ár eftir ár heimsótt sama staðinn" — eins og ég vísaði til áðan í sambandi við heimsóknir í frystihúsið á Hellissandi — „og óskað eftir sömu lagfæringunum án árangurs. Og enn í dag hefur ekki eitt einasta fyrirtæki eða stofnun verið ákærð eða lokað vegna ágalla í brunavarnamálum og þó gera allir sér ljóst að nóg er af brotunum." Þeir nefna jafnvel eitt dæmi sjálfir frá brunanum á Raufarhöfn þann 10. des. 1984.

Síðar í bréfinu segir, með leyfi forseta: „Greinilegt er að ekki er tekið nema lítils háttar mark á tilskipunum eldvarnaeftirlitsmanna og Brunamálastofnunar ríkisins vegna þess að eigendur fyrirtækja og stofnana geta verið nokkuð öruggir með að hótanir um umbætur á kostnað eigenda eða lokun eru bara orðin tóm. Af framkvæmd verður ekki."

Síðar í þriðja lagi segir í bréfinu, með leyfi forseta: „Þykir stjórn Landssambands slökkviliðsmanna því ljóst að annað tveggja þurfi að gera, ýta við Brunamálastofnun ríkisins þannig að hún starfi eftir þeim lögum sem henni eru sett eða ef þau eru ekki nægilega sterk, þá þarf að breyta þeim þannig að þau virki eins og til er ætlast."

Maður spyr sig þarna eins og kannske víðar í íslensku samfélagi hvort engir séu ábyrgir, hvort ekki sé nokkur leið að gera menn ábyrga fyrir þeim völdum sem þeir fara með og koma því svo fyrir að á þeim sé í raun hvatning til þess að standa sig betur, hvatning til þess að lufsast ekki og slugsa. Mér er t. d. sagt af fróðum mönnum að í öllum venjulegum þjóðríkjum í heiminum væri búið að setja stjórn frystihússins á Hellissandi í fangelsi fyrir að hafa ekki sinnt aðfinnslum eftirlitsmanna og fyrir að hafa starfrækt hreina brunagildru. Það kemur í ljós við könnun að þar eru a. m. k. 17 atriði sem er ábótavant.

Menn geta líka spurt sig hvers vegna Brunabótafélag Íslands neyðist til að tryggja svona brunagildrur. Á ekki að breyta lögum þannig að fyrirtæki fái ekki tryggingar nema þau hafi fullnægjandi brunavarnir og koma þannig í veg fyrir að Brunabótafélag Íslands gangi meðal kunnugra undir aukanefninu „Brunabyggðasjóður"?

Hæstv. ráðh. sagði að það vantaði fjármagn. Ég segi: Fjármagnið er til. 1983 eru borgaðar 96 millj. kr. út úr brunasjóðunum vegna þessara tjóna. Hvað hefði verið hægt að gera til úrbóta fyrir 96 millj. kr.? Eru menn ekki að tala um að reyna að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í? Eða eigum við að segja að brennt barn forðist eldinn?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil vinsamlegast vara við fullyrðingum á borð við þær sem hér hafa verið settar fram af hv. 4. landsk. þm. Mér finnst ástæðulaust að menn kasti svona fullyrðingum fram um ákveðin fyrirtæki eða ákveðin byggðarlög án þess að hafa kynnt sér niður í kjölinn hvernig eðli málsins er.

Ég vil fullyrða að það er ekki til nokkur aðili hér á landi í atvinnurekstri eða einkarekstri sem viljandi hefur starfsemi með höndum og gerir sitt til að hafa hana þannig útbúna að það sé slysahætta eða eldsvoðahætta á hverju strái. Ég held, eins og ég sagði í svari mínu áðan, að það sé ákaflega skiljanlegt að mörg fyrirtæki eigi erfitt með að fullnægja vissum atriðum til úrbóta á þeirri stundu sem úttekt er gerð. Þau þurfa sinn aðdraganda til þess og þau þurfa að hafa fjármagn til þess. Það eru engir lánasjóðir hér í landinu sem lána til þess að gera fyrirbyggjandi aðgerðir á þessu sviði sérstaklega, því miður. Það er eitt af þeim atriðum sem ég talaði um áðan að nauðsynlegt væri að vinna að. Ég hef þegar rætt það við ýmsa menn, bæði Brunabótafélag Íslands, sem hefur einkarétt á brunatryggingum í landinu, og eins við Lánasjóð sveitarfélaga á hvern hátt væri hægt að byggja upp sjóð til að mæta þessu nauðsynlega verkefni, að aðstoða fyrirtæki í einkaeign og félaga til þess að ráða bót á svona nauðsynlegum aðgerðum sem við erum sjálfsagt allir sammála um.

Ég þekki það persónulega, ég veit ósköp vel um það hvernig það er að standa í því að fyrirskipa fyrirtækjum í rekstri, kannske eina eða svo til eina fyrirtækinu í viðkomandi byggðarlagi, að gera hlutina og setja þeim tímamörk og fylgja því eftir að staðið verði við það. Ég veit hvað það gildir. Ég veit að menn gera ekki að gamni sínu í þessum efnum þó að hins vegar ég geti viðurkennt að þarna er um gífurlega alvarleg mál að ræða.

Af því að minnst var á forstjóra Brunabótafélags Íslands í máli hv. þm., sem er bæði forstjóri Brunabótafélagsins og formaður brunaeftirlits ríkisins, vil ég geta þess að ég hef rætt það við hann hvort ekki væri kominn tími til að Brunabótafélag Íslands hefði þann hátt á í fyrsta lagi að reyna að mynda sjóð til að styrkja fjárútvegun til að efla brunavarnir og reyna að koma til móts við fyrirtæki sem þurfi að gera ákveðnar ráðstafanir og einnig hitt að ef um er að ræða trassaskap eða fyrirtæki sem sýnilega vilja ekki fullnægja vissum reglum og vissum skilyrðum sé beitt ákvæði tryggingganna, eins og hv. þm. kom hér inn á.

Þetta er erfitt mál þar sem engin samkeppni er á þessu sviði hér á landinu. Það er einkaréttur Brunabótafélags Íslands að sjá um brunatryggingar, skyldutryggingar í landinu og menn hafa ekki verið sammála

um aðgerðir að þessu leyti til. En ég tel að það sé verulegur skriður á þessum málum og ég tek undir það með forstjóra Brunabótafélagsins í þessari umræddu grein að tjónin hér á landi eru ískyggilega mikil, eins og t. d. dæmin sýna frá 1983. En ég mótmæli því að hægt sé að einhæfa málið á þann hátt sem hv. þm. gerði hér áðan og ég tel að bæði Brunamálastofnunin og sveitarfélögin í landinu hafi fullan skilning á því að reyna að ná eðlilegum tökum á þessum málaflokki. Eins og ég sagði áður reikna ég með því að sú samhæfða vinna og athugun þessara aðila sem ég nefndi áðan muni áreiðanlega leiða til árangurs.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég ætla að mótmæla því að ég sé hérna með einhæfar yfirlýsingar og hafi ekki kynnt mér málin. Ég hef vitnað hérna í gögn. Í fyrsta lagi hef ég vitnað í viðtal við Inga R. Helgason, í öðru lagi hef ég vitnað í bréf frá stjórn Landssambands slökkviliðsmanna sem ættu að vita um hvað þeir eru að tala og síðan lýsti ég athugasemdum sem ég veit að eru réttar og voru gerðar af þar til kvöddum mönnum vegna brunanna bæði á Hellissandi og í Keflavík. Ég vísa því algerlega á bug að ég tali hérna af einhæfni eða vanþekkingu.

Ég held að ráðh. hafi, hvort sem það var viljandi eða ekki, reyndar komið að kjarna málsins í máli sínu síðast. Það sem hlýtur að þurfa að gera er að afnema einkarétt og afnema þessar skyldutryggingar Brunabótafélags Íslands. Það þarf að koma málum svo fyrir að tryggingafélög tryggi ekki brunagildrurnar. Þá útvega menn sér peninga til þess að uppfylla sínar brunavarnaskyldur hvort sem það þarf svo til þess einhvern sérstakan brunavarnasjóð Íslands, það er hins vegar annað mál. Það væri svo sem eftir öðru eins og menn hafa unnið í svona málaflokkum hér.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, að loknum 79. fundi.

Umsvif erlendra sendiráða, þáltill. 474. mál (þskj. 819). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðgerðir í fiskeldismálum, þáltill. 476. mál (þskj. 828). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting jarðhita í heilsubótarskyni, þáltill. 477. mál (þskj. 829). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum, þáltill. 177. mál (þskj. 189, n. 728, 729). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 189 um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Flm. þessarar till. var hv. þm. Björn Líndal sem hér sat sem varaþm. um nokkurt skeið fyrr á þessu þingi.

Nefndin hefur rætt tillöguna allítarlega og fengið umsagnir frá ýmsum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, viðskrn., Félagi ísl. iðnrekenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að mæla með því að till. þessi verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. Tillögugreinin orðist svo skv. þessari brtt.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi."

Um þetta var nefndin sammála og undir nál. rita auk mín Kristín S. Kvaran, Þórarinn Sigurjónsson, Björn Dagbjartsson, Garðar Sigurðsson og Jóhanna Sigurðardóttir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn fisksjúkdómum, þáltill. 271. mál (þskj. 449, n. 795, 796). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 449 um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum. Till. þessi var flutt af hv. þm. Vigfúsi G. Jónssyni og fleirum fyrr á þessu þingi.

Nefndin hefur fengið umsagnir allmargra aðila um þetta mál, frá Búnaðarfélagi Íslands, yfirdýralækni, veiðimálastjóra og Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á þskj. 796. Brtt. er svohljóðandi:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til að fiskskjúkdómarannsóknir og varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og veiðivötnum verði efldar, m. a. með því að gera það mögulegt að ráðið verði hæft starfsfólk í þessu skyni."

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að í umsögn veiðimálastjóra kom fram hversu margar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar eru hér á landi. Það kemur í ljós að þær eru 50 talsins, að vísu mjög mismunandi stórar og reyndar sumar ekki nema að nafninu til, en þó má telja líklegt að þær hefji framleiðslu og fleiri bætist í hópinn. Hér er því greinilega um mjög mikilvægt mál að ræða. Brtt. miðast fyrst og fremst við það að gera mögulegt að ráðið verði hæft starfsfólk í þessu skyni en slíkt hlýtur að verða í mjög náinni samvinnu við fiskeldisstöðvarnar sjálfar. Brtt. miðar að því að það sé ekki einungis lagt á ríkið að sjá um þetta, heldur hljóti stöðvarnar sjálfar að koma að einhverju leyti inn í þessa mynd.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég stíg einungis í pontuna til að þakka hv. nefnd fyrir af-

greiðslu málsins. Ég tel þessa brtt. ágæta. Till. er jafngóð eða betri eins og lagt er til að hún verði hér samþykkt. Það er alveg ljóst að auka þarf varnir gegn fisksjúkdómum, því að það er líka ljóst að Íslendingar hljóta í mjög ríkum mæli að leggja inn á braut fiskeldisins á næstu misserum og árum. Þar er sú framtíð áreiðanlega sem nærtækust er í uppbyggingu íslenskra atvinnuvega og í stóraukningu þjóðartekna.

En við megum ekki láta það hamla okkur að ekki séu nægilega margir sérfræðingar til að fylgjast með því að ekki verði verulegt tjón af fisksjúkdómum. Fram hjá þeim verður ekki komist því miður. Það eru bakteríur í náttúrunni sjálfri sem ætíð geta borist í fiskræktarstöðvar. En þá ríður á að fylgjast nægilega vel með og nægilega skjótt og gera viðeigandi ráðstafanir.

Ég er alveg sammála því að fiskeldisstöðvarnar sjálfar eiga að kosta slíka starfsemi þegar þeim vex fiskur um hrygg og munu gera það, hafa fisksjúkdómafræðinga á sínum eigin vegum, en engu að síður hlýtur ríkisvaldið að verða að hafa eftirlit með því að einhverjir vanræki ekki þessa sjálfsögðu starfsemi og að samræma störf fisksjúkdómafræðinga. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að bregða nú hart við og gera viðeigandi ráðstafanir í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurreisn Viðeyjarstofu, þáltill. 76. mál (þskj. 78, n. 790, 891). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um endurreisn Viðeyjarstofu. Í þeim umsögnum sem nefndinni bárust kom það fram að verk þetta væri vel á vegi statt að mörgu leyti. En samt er það svo að ýmsir þættir þess liggja utan garðs, m. a. sá þáttur hvernig hægt væri að auðvelda almenningi að komast til eyjarinnar. Koma þar inn í m. a. lendingarbætur á eynni.

Nefndin varð því sammála um að mæla með samþykkt þáltill. með örlítið breyttum texta. Vil ég, með leyfi forseta, lesa hann:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eynni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986."

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Benediktsson, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Pétur Sigurðsson. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Mér verður á að spyrja hv. frsm. allshn. hvort niðurstaða nefndarinnar sé raunhæf, að framkvæmdum sem till. stefnir að verði lokið í ágúst 1986. Ef þessar framkvæmdir eru ekki viðameiri en þessi tímasetning gefur til kynna, þá er það gott, en ef hér er um eitthvert meiri háttar verk að ræða held ég að varlegt væri að hafa aðra tímasetningu heldur en hér kemur fram.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það kom fram í máli mínu að þetta verk er þegar hafið og mjög vel á veg komið. Vegna afmælis er miðað við þetta ártal, en nefndin telur að hægt sé að standa við þessi mörk miðað við það að hefja ekki veitingarekstur á þessum stað eins og hugmyndir eru e. t. v. uppi um. En það kom fram að verkið sjálft, viðgerðin, er mjög vel á veg komin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leit að brjóstakrabbameini, þáltill. 12. mál (þskj. 12, n. 702, 703). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini í konum. Leitað var umsagna um þetta mál hjá heilbrigðisyfirvöldum og allar umsagnir voru jákvæðar hjá þeim aðilum sem tjáðu sig um málið. Segja má að sú stefna í heilbrigðismálum sé stöðugt að vinna á að reyna að vinna sem mest að fyrirbyggjandi aðgerðum. Og þessi þáltill. er einmitt á þann veg.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa nál. frá allshn.:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leitað umsagna frá eftirtöldum aðilum: Krabbameinsfélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, landlækni og heilbr.- og trmrn.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal og Pétur Sigurðsson."

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Benediktsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Guðrún Helgadóttir.

Með leyfi forseta vil ég einnig lesa hér upp tillögugreinina eins og nefndin leggur til að hún verði orðuð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því svo fljótt sem verða má að komið verði á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með brjóstamyndatöku (mammografi)."

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Annað algengasta dánarmein hér á landi er krabbamein. Af þeim hefur á síðustu árum orðið mest aukning á krabbameini í brjóstum kvenna. Árið 1955—1959 voru árlega greind að meðaltali 32 tilfelli af brjóstakrabbameini hjá konum, en árin 1980—1984 85 tilfelli árlega. Aukningin er, þegar tillit er tekið til breytinga á aldurssamsetningu, tæp 70%. Sams konar þróun hefur orðið í nálægum löndum. Árangur af meðferð brjóstakrabbameina hefur ekki batnað neitt að ráði síðustu áratugi. Um 2/3 þeirra sem greinast með þennan sjúkdóm eru enn á lífi fimm árum seinna. Þá er brjóstakrabbamein að því leyti ólíkt öðrum krabbameinum að meðalaldur þeirra sem veikjast er lægri. Er óhætt að fullyrða að konum stafar ógn af þessum hættulega sjúkdómi sem veldur auk þess miklu sálrænu og félagslegu álagi.

Lengi hefur verið vonast eftir að aðferð fyndist til að greina sjúkdóminn á forstigi og áður en meinsemdin hefur náð að grafa um sig í líkamanum. Góður árangur skipulegrar leitar að leghálskrabbameini hefur glætt vonir um að hliðstæðar aðferðir yrðu að liði í baráttunni gegn brjóstakrabbameini.

Fyrstu rannsóknirnar sem bentu til að skipuleg leit bæri einhvern árangur eru bandarískar frá árinu 1971. Síðan hefur fjöldi rannsókna verið gerður víða um heim en vísindamenn ekki verið á eitt sáttir um niðurstöður þeirra. Heilbrigðisyfirvöld hér hafa um nokkurt skeið fylgst náið með rannsóknum erlendis. Til að meta stöðu þessara mála beitti rn. sér fyrir því ásamt landlækni, Krabbameinsfélagi Íslands og í samvinnu við erlendar sérfræðistofnanir að hér var í apríl 1984 haldin ráðstefna með þátttöku færustu sérfræðinga á sviði skipulegrar leitar að brjóstakrabbameini, bæði innlendra og erlendra. Var þar gerð grein fyrir því nýjasta sem þá var vitað um og m. a. lagðar fram bráðabirgðaniðurstöður rannsókna frá Svíþjóð og Hollandi á gildi skipulegrar leitar að brjóstakrabbameini með svokallaðri mammografi sem nefnt hefur verið brjóstaröntgen. Niðurstöður þessarar ráðstefnu voru m. a. þær að vænta mætti að fyrir gætu legið jafnvel á árinu 1985 niðurstöður langtímarannsókna um gildi brjóstaröntgens við skipulega leit að brjóstakrabbameini. Þetta nefndi ég reyndar í 1. umr. um þessa þáltill. 18. október á s. l. ári, en þá sagði ég orðrétt: „Líklega mun sænsk rannsókn, sem byggir á einni röntgenmynd af brjósti en án læknisskoðunar, geta veitt ákveðnari svör við spurningunni hvort röntgenbrjóstaskoðun auki lífslíkur." Heilbrrn. tók því ákvörðun um að fara ekki út í hóprannsókn á brjóstakrabbameini að svo stöddu. Þá var og bent á af sérfræðingum að gera þyrfti ráðstafanir til að tryggja viðunandi meðferð þeirra er greindust með sjúkdóminn við hóprannsókn og að gera mætti ráð fyrir að fjöldi þeirra yrði töluverður í upphafi.

Síðan þessi ákvörðun var tekin hefur ýmislegt gerst sem breytt hefur þeim forsendum sem þessi ákvörðun var byggð á.

Í fyrsta lagi samþykkti Alþingi fjárveitingu til byggingar K-álmu Landspítalans en í 1. áfanga verður aðstaða til geislameðferðar illkynja æxla.

Í öðru lagi hefur Lions-hreyfingin staðið fyrir myndarlegri söfnun fyrir nýju geislalækningatæki, línuhraðli, sem verður staðsettur í K-álmu Landspítalans. Vonir standa til að tækið verði tilbúið til notkunar á árinu 1988.

Í þriðja lagi hefur Krabbameinsfélagi Íslands borist að gjöf frá einkaaðila tæki til brjóstaröntgenmyndatöku og frá Rauða krossi Íslands tæki til brjóstaröntgenmynda- og sýnatöku.

Síðast en ekki síst hafa nú verið gerðar kunnar í Svíþjóð niðurstöður þeirrar langtímarannsóknar á gildi skipulegrar leitar að brjóstakrabbameini með brjóstaröntgenmyndatöku sem ég hef áður minnst á. Hefur þessi rannsókn leitt í ljós 31% lækkun á dánartíðni kvenna 40—74 ára úr brjóstakrabbameini sem tóku þátt í skipulegri leit að brjóstakrabbameini með reglulegri brjóstaröntgenmyndatöku. Þessar niðurstöður hafa leitt til þess að sænsk heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að taka upp skipulega leit þar í landi.

Í næsta mánuði mun heilbrrn. ásamt fleiri aðilum standa að ráðstefnu um læknismeðferð þeirra brjóstakrabbameina sem finnast við skipulagða leit við brjóstaröntgengreiningu. Erlendir sérfræðingar halda fyrirlestra um efnið, þar á meðal þeir læknar sem bera ábyrgð á sænsku rannsóknunum sem ég gat um hér áður. Tel ég að þar skapist grundvöllur til umræðu um á hvaða hátt íslenskum konum skuli tryggð sambærileg læknismeðferð eins og best gerist erlendis við sömu forsendur.

Ég hef nú rakið aðdraganda þeirrar stefnumörkunar sem hér er lýst, að hafist verði handa um að skipuleggja leit að brjóstakrabbameini með brjóstaröntgeni hér á landi. Ekki hefur verið tímabært að taka þessa ákvörðun fyrr en nú þar sem saman þarf að fara sönnun þess að leit beri árangur og dragi úr dánarlíkum, að aðstaða, tæki og sérþjálfað starfsfólk sé fyrir hendi og að fullnægjandi meðferð sé í boði fyrir þá sem greinast með sjúkdóminn. Það er mat mitt að öll þessi skilyrði séu nú fyrir hendi eða verði, ef áætlanir standast, fyrir hendi þegar hópskoðanir verða komnar á af fullum krafti, en það ætti að verða í allra síðasta lagi haustið 1987. Ég hef því ákveðið að taka upp viðræður við Krabbameinsfélag Íslands um nánari framkvæmd skipulegrar leitar að brjóstakrabbameini. Hugsanlegt er að unnt reynist að hefja leit fyrr en haustið 1987. Það kemur væntanlega í ljós í viðræðum við Krabbameinsfélagið en ræðst auk þess af fjárveitingum til þessa verkefnis, þjálfun starfsfólks og aðstöðu til meðferðar þeirra kvenna er greinast með brjóstakrabbamein.

Ég hef rakið hér í örstuttu máli það sem hefur verið að gerast og er að gerast í þessum efnum. Það verður ekki gert að mínum dómi með meiri hraða en fram hefur komið og höfð verður náin samvinna við innlenda og erlenda sérfræðinga þar sem notuð verður þekking þeirra og gott skipulag til að hefja þessa starfsemi. Ég tel í sjálfu sér að till. sem þessi breyti hér engu. Hún er þá ekki annað en áréttíng á því sem hefur verið að gerast, er að gerast og mun gerast á næstunni. En ég taldi rétt að skýra frá þessu hér um leið og þessi till. fær endanlega afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég fagna því að þessi þáltill. skuli nú vera afgreidd frá hv. allshn. Sömuleiðis lýsi ég yfir ánægju okkar flm. með það að hv. nm. skuli hafa samþykkt efni till. Sú brtt. sem nm. flytja breytir í litlu meginefni till. Ég vil jafnframt lýsa yfir mikilli ánægju yfir því hve jákvæður heilbrrh. er í þessum efnum og fagna því hve vel upplýstur hann er um öll málsatvik.

Síðan mælt var fyrir þessu máli í október s. l. hefur ýmislegt komið í ljós sem gerir það enn brýnna að slík hópskoðun hefjist hér á Íslandi. Hæstv. heilbrrh. vék reyndar í sínu máli nokkuð að þessum niðurstöðum en ég ætla að reifa þær aðeins ítarlegar hér.

Nú fyrir nokkrum vikum hélt sænski landlæknirinn blaðamannafund þar sem tilkynntar voru niðurstöður rannsóknar á röntgenmyndatöku af brjóstum kvenna til að leita að brjóstakrabbameini. Þetta er ekki hinn hefðbundni háttur til að kynna rannsóknarniðurstöður en þeirra hafði verið beðið með eftirvæntingu og blaðamenn höfðu komist á snoðir um málið og því valdi landlæknir þetta ráð til að fyrirbyggja misskilning og mistúlkun þar sem niðurstöðurnar biðu enn birtingar í læknatímariti. Þær hafa nú reyndar birst í læknatímaritinu Lancet föstudaginn 13. apríl s. l. og þær niðurstöður sem þar birtust eru í stuttu máli byltingarkenndar. En meginniðurstaðan er sú að í hópi 135 þús. sænskra kvenna á aldrinum 40—75 ára, eins og hæstv. heilbrrh. greindi frá, er voru skoðaðar á 2—3 ára fresti með röntgenmyndatöku af brjóstum varð 31% lækkun á dánartíðni á 8 ára rannsóknartímabili. Þessar niðurstöð-

ur hafa verið tölfræðilega grandskoðaðar og eru ótvírætt marktækar. Þessi rannsókn staðfestir að röntgenmyndataka af brjóstum eða mammografi er mun árangursríkari en venjuleg læknisskoðun. Ég hef áður rakið ástæðurnar fyrir því í umræðum hér í október s. l. og vísa til þeirra. Sænski landlæknirinn lýsti yfir því þegar í stað að slík hópskoðun yrði tekin upp á öllum sænskum konum sem fyrst. Sænsk stjórnvöld hyggjast í fyrstu þjálfa um 100 lækna sérstaklega og 200 röntgentækna til að sinna slíkum skoðunum en þeir munu síðan kenna öðrum.

Í grein í breska blaðinu Guardian frá 14. apríl s. l. kom í ljós að breski heilbrrh., Kenneth Clarke, lofaði umsvifalaust eftir birtingu þessara niðurstaðna að láta fara fram víðtæka könnun á möguleikum til slíkrar hópskoðunar kvenna í Bretlandi. Bandarísku læknasamtökin hafa enn fremur mælt með því að slík hópskoðun verði gerð á bandarískum konum eins fljótt og unnt er.

Ég vil leggja áherslu á það að meginvandamál allra þessara þjóða og annarra fjölmennra þjóða er að ná til þeirra kvenna sem mundu njóta góðs af slíkri skoðun þannig að hinn eftirsóknarverði árangur skili sér. Hér á Íslandi höfum við ekki slíkt vandamál. Það má miklu fremur segja að við séum í einstakri aðstöðu til að njóta góðs af slíkri hópskoðun. Hjá Krabbameinsfélaginu er þegar virkt árangursríkt innköllunarkerfi fyrir konur. Þjóðin er fámenn og því fjöldi þeirra sem til skoðunar kemur mjög viðráðanlegur.

Eins og áður hefur komið fram hafa Krabbameinsfélaginu þegar verið gefin nokkur þau tæki sem þarf til að sinna slíkri hópskoðun. Það sem í reynd vantar fyrst og fremst, þegar skoðunin hefur verið skipulögð, er að tryggja rekstur hennar með nægilegu fjármagni. Ég vil vitna í blaðagrein í Morgunblaðinu laugardaginn 27. apríl s. l. þar sem greinir frá aðalfundi Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Þar kemur fram að aðalfundurinn skoraði á heilbrrh. að beita sér fyrir því að fé yrði veitt til kerfisbundinnar leitar að brjóstakrabbameini hjá íslenskum konum því að skipulögð leit meðal kvenna mundi auka möguleikana á að greina sjúkdóminn á byrjunarstigi.

Sá kostnaður sem áætlaður er mun vera á bilinu 500—700 kr. á hvern einstakling, sem fer í skoðun, en áætlaður rekstrarkostnaður á ári mun láta nærri að jafngilda rekstrarkostnaði um fimm sjúkrarúma á ári.

Á hverju ári deyja um 25 íslenskar konur úr brjóstakrabbameini. Skv. niðurstöðum áðurnefndrar rannsóknar mundi þessum dauðsföllum fækka um 8 þegar hópskoðun væri farin að bera árangur. Það er ekki bara álitamál í mínum huga hve lengi má bíða með að fjármagna slíka hópskoðun, það er beinlínis ábyrgðarhluti.

Mér fannst verra að þessu máli skyldi hafa verið vísað til ríkisstj. Ég sé að heilbrrh. hefur fullan skilning á þessu máli og hefði fremur kosið að hann tæki að sér að koma þessu máli í framkvæmd. Ég skil að það er ekki hægt að fjármagna alla hluti, það er ekki til nóg fé, en þegar mál hefur svo margt til síns ágætis, þá finnst mér óhjákvæmilegt að leggja mun fyrr út í slíka framkvæmd heldur en áætlað er, haustið 1987. Mér finnst það allt of löng bið. Ég skil vel að það þurfi að skipuleggja og standa vel að málum. Það er ekki hægt að rasa um ráð fram og hlaupa að neinu, en tvö ár eru of langur tími að mínu mati. Ég óttast ekki svo mjög að fjöldi nýrra tilfella sem finnist og þurfi að koma til meðhöndlunar verði slíkur að ómeðfærilegt sé. Það eru þegar í landinu aðstæður til þess að meðhöndla krabbamein þó að þær séu ekki eins fullkomnar og þyrfti að vera, og ég hygg að það ætti ekki að verða til þess að tefja framkvæmd málsins.

Að lokum vil ég undirstrika þakklæti til nm. og ég vil fagna skilningi ráðh. á þessu máli. Allur sá stuðningur sem flm. gætu veitt ráðh. í þessu máli til að knýja fram fjárveitingu er falur hvenær sem er.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil benda hér á að það þarf ekki að vera forsenda fyrir læknismeðferð þeirra brjóstakrabbameina sem greinast við skipulagða leit með röntgengreiningu brjósta að línuhraðall sé fyrir hendi. Bæði orkar tvímælis hvort allar konur eigi að fá geislameðferð og svo hitt að ef um geislameðferð er að ræða, þá er hún víða gefin með kóbaltgeislalækningatæki eins og hér hefur verið notað í hálfan annan áratug.

Vegna orða hv. 3. landsk. þm., 1. flm. þessarar till., vil ég taka fram að það voru ekki mín orð að þetta yrði ekki komið af stað fyrr en haustið 1987. Ef undirbúningur gengur að óskum og ekki stendur á peningum, þá getur það orðið fyrr. En ég vil ekki taka þannig til orða að maður sé að lofa því sem maður sér ekki í dag að verði hægt að efna fyrr. En æskilegt er að það byrji fyrr og ef allt gengur að óskum, þá er það ekki útilokað. Hér er eins og fyrri daginn um að ræða skiptingu á fjármagni.

Ég vil líka minna á að það var mikilvæg ákvörðun sem tekin var með því að hefja framkvæmdir við K-bygginguna á þessum vetri og með því að taka inn byrjunarframlag á fjárlög þessa árs. Ég vil sömuleiðis vekja athygli á og biðja hv. alþm. að minnast þess að ákvörðun hefur verið tekin um stórátak í baráttu gegn þeim sjúkdómum sem flestir Íslendingar deyja úr, hjarta- og æðasjúkdómum. Innan mánaðar verður rannsóknaraðstaða fyrir hjartasjúkdóma e. t. v. komin í gagnið á Landspítalanum og vonandi fer þjálfun á íslensku starfsliði fram í tæka tíð til þess að hefja ekki seinna en í byrjun næsta árs hjartaskurðlækningar hér á landi. Nýlega hefur sendinefnd á vegum ráðuneytis og ríkisspítala ferðast um Svíþjóð og sömuleiðis til Bretlands til þess að leita samstarfs og samninga í þessum efnum. Ég tel nokkurn veginn öruggt að þjálfun muni verða í Lundi í Svíþjóð. Þar hefur verið svo rausnarlega boðið að ég held að það sé ekkert áhorfsmál að af því verði. Aðgerðir fara þó enn um sinn fram í Bretlandi, bæði á meðan verið er að þjálfa og þangað til þessi starfsemi hefst hér heima. Vitaskuld verða meðfæddir hjartasjúkdómar og hinir erfiðustu áfram um hríð meðhöndlaðir erlendis, en það er ekki nema lítið brot af tilfellunum.

Með þessum tveimur átökum erum við að flytja alla lækningu þessara sjúklinga inn í landið. Við getum líka og eigum að auka miklu frekar, ef svo mætti segja, útflutning á okkar þekkingu með aukinni samvinnu við aðrar þjóðir og þá á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Við erum því að verða nokkuð vel í stakk búnir að taka upp aukið samstarf á þessum sviðum og e. t. v. verður það líka til þess að lækka á einhvern hátt kostnað okkar við heilbrigðisþjónustu.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir innlegg hans í þessar umræður og þær upplýsingar sem hann hefur flutt hér. Einnig vil ég þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir þær upplýsingar sem hann jók við. En ég vil leiðrétta einn misskilning sem fram kom í hans ræðu. Þó að tillögugreinin sé orðuð á þann veg að skorað er á ríkisstj. þá teljum við að sá skilningur ríki innan stjórnarinnar og ekki sú samkeppni um að taka á móti þáltill. að allar líkur séu til þess að málið fari til hæstv. heilbrrh. En vissulega má segja sem svo að með því að hafa þetta á þennan hefðbundna hátt, að skora á ríkisstj., þá sé minnt á það einnig að hæstv. fjmrh. muni trúlega koma inn í myndina á vissan hátt.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að leiðrétta mig. Þetta voru mismæli. Meining orða minna var sú að mér heyrðist heilbrrh. fullsterkur til að taka við málinu og bera það áfram. Ég treysti honum fyrir því og sé ekki að það þurfi fleiri með honum. En það sakar auðvitað ekki að hafa fjmrh. þétt upp að hlið hans, ég tek undir það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þáltill. 200. mál (227, n. 826, 827, 397). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. þessa til þál., um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem flutt er af hæstv. félmrh. Till. er flutt í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Í till. eins og hún er lögð fram er efnisatriðum skipt í þrjá töluliði. Í fyrsta lagi um það að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í öðru lagi að á næstu þremur árum verði undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis fyrir þessa starfsemi og í þriðja lagi að húsnæði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins verði byggt á þeim stað sem þegar hefur verið valinn við Dalbraut í Reykjavík skv. fyrirliggjandi teikningum að húsinu.

Till. er undirbúin af nefnd sem skipuð var 15. júní 1983 af þáv. félmrh. Fjvn. kvaddi á sinn fund fulltrúa frá þessari nefnd, sem undirbjó þetta mál, bæði formann nefndarinnar, Gunnar Biering, og ritara nefndarinnar, Margréti Margeirsdóttur, deildarstjóra í félmrn. Í þeim umræðum sem fram fóru í fjvn. um þetta mál kom fram að nefndin var meðmælt og vildi veita stuðning sinn við 1. tölulið till. eins og hún var lögð fram en telur sig ekki reiðubúna til þess að taka afstöðu til þeirra tveggja töluliða sem á eftir fara.

Í samræmi við óskir nefndarinnar fékk nefndin í hendur áætlun um kostnað við það að taka í notkun með fullum búnaði og eðlilegu starfsliði Kjarvalshús við Sæbraut á Seltjarnarnesi. Liggur fyrir um það efni kostnaðaráætlun frá byggingardeild menntmrn., samtals að fjárhæð 1785 þús. kr. Talið er að hægt sé að koma húsinu og þeirri starfsemi sem þar á að fara fram í fulla og eðlilega notkun með nokkru lægri fjárhæð eða samtals 887 þús. kr. En auk þess þyrfti lyftu við inngang hússins þar sem oft og tíðum er um fatlað fólk að ræða sem þarf að sækja sína þjónustu til þessarar stofnunar. Talið er að lyftan kosti um 375 þús. kr.

Aðrir þættir þessa máls eru frágangur utanhúss, svo sem á lóð, viðgerð á þaki og annað þess háttar. Væri hægt að láta það bíða um sinn meðan lögð er áhersla á að leggja fram það fé sem þarf til þess að húsið sjálft megi taka í notkun.

Fjvn. leggur hér fram brtt. við till. eins og hún var lögð fram og mælir með því að till. verði samþykkt í samræmi við þá breytingu. Brtt. er á þskj. 827 og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögugreinin orðist svo:

Með vísan til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, ályktar Alþingi eftirfarandi:

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fyrsta áfanga, og verði undir yfirstjórn félmrn. Forstöðumaður verði þegar ráðinn að stofnuninni.“

Það liggur enn fremur fyrir lausleg áætlun um það hvað aukið starfslið við stofnunina muni kosta mikið fé. Skv. áliti félmrn. má ætla að þar verði um að ræða fjölgun stöðugilda sem hafi í för með sér kostnaðarauka er nemi allt að 4 millj. á ársgrundvelli.

Ég ítreka svo þá niðurstöðu fjvn. að nefndin leggur til að till. verði samþykkt með þeirri breytingu sem kynnt er í brtt. á þskj. 827.

Helgi Seljan: Herra forseti. Við fyrri hluta umr. þessa máls urðu allnokkrar umræður hér um þetta mál í heild sinni. Í þeirri þáltill. sem hæstv. félmrh. kynnti þá var um það að ræða að leysa að fullu í raun og veru ákvæði til bráðabirgða um ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins í lögum um málefni fatlaðra, sem menn muna að var á sínum tíma vísað til nánari ákvörðunar síðar, enda um býsna viðamikið mál að ræða og ekki auðleysanlegt.

Þáltill. eins og hún kom frá hæstv. félmrh. þá og hv. frsm. rakti hér áðan tók á þessum þáttum öllum, þ. e. greiningarstöðinni sem stofnun, byggingu hennar, ákveðinni áfangalausn í húsnæði sem þar var fyrirhuguð og síðar stöð sem fullkomnust og jafnvel, eins og þar stóð í síðustu greininni, skv. ákveðinni teikningu, sem ég gerði nú athugasemd við hér á sínum tíma að væri heldur óeðlilegt að vera með inni í þál. frá Alþingi.

1. mgr. þessarar till. frá hæstv. félmrh. var einmitt um yfirstjórnina. Hún var að vísu orðuð sem eins konar málamiðlun, sýndist mér, milli ráðuneyta og við hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem tókum þátt í þessum umr., bárum þá fram brtt. við 1. málsliðinn, um að hann orðaðist svo með leyfi hæstv. forseta:

„Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar sem verði undir yfirstjórn félmrn.“

Hv. fjvn. hefur tekið þennan eina þátt út úr og gert það á þann veg að meira er í takt við brtt. okkar en upphaflegu till. Ég fagna því og því munum við að sjálfsögðu taka till. okkar aftur þar sem meining okkar varðandi yfirstjórn þessara mála er í raun og veru skýrt ákveðin nú í brtt. þeirri sem fjvn. leggur til.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það atriði að fjvn. hefur nú valið þann kostinn að taka aðeins þennan eina

þátt fyrir og leggja þar til lausn sem ég styð fullkomlega. Ég bendi hins vegar á það að nefndin hefur ekki tekið á öðrum þáttum, þ. e. uppbyggingu stöðvarinnar, úrlausn til bráðabirgða, svo og fjármögnun á öllu saman. Ég ætla ekki að fara að rekja þær umræður sem urðu hér á sínum tíma um þetta mál og hafa lengi verið í „farvatninu". Þetta hefur verið viðkvæmt mál, deiluefni sumt, en ég bendi aðeins á að það er brýn nauðsyn að leysa úr því fyrr en síðar svo að framtíðarfyrirkomulag á þessum málum sé tryggt.

Ég ítreka aðeins nú að það bráðabirgðaákvæði í lögunum um málefni fatlaðra, sem hér er vísað til alveg sérstaklega, er út af fyrir sig ekki úr sögunni með þessari afgreiðslu. Hér er aðeins tekið á hluta þessa vanda með þeirri till. sem hv. fjvn. leggur fram hér. Eftir standa óleyst önnur efnisatriði þeirrar till., upphaflegu till. sem hæstv. félmrh. flutti hér. Ég geri ekki athugasemd við það á þessu stigi málsins, enda held ég að það sé mest um vert nú að fá úrskurð um yfirstjórn þessarar starfsemi, að hún sé á vegum félmrn., þó að nógu erfið reyndist sú togstreita, sem var um þessi mál milli rn. á sínum tíma, hver ætti að hafa yfirstjórn. Því ber að fagna þessum áfanga. Hitt bíður svo úrlausnar svo að fullnægt sé ákvæðinu til bráðabirgða að fullu og ég vænti þess að í því efni fáist úrlausn sem fyrst. Það þarf að finna frambúðarlausn á þessari starfsemi, áfangalausn í bili til að þessari mikilvægu starfsemi verði fundinn ákveðinn farvegur, sem skynsamlegastur um leið. Ég hef ekki verið einn af þeim sem hafa viljað byggja loftkastala og leggja áherslu á nógu dýra og kostnaðarsama byggingu í þessum efnum. En ég ætla ekki að fara að rekja þær deilur allar og þá gífurlegu viðkvæmni sem gætt hefur í þessum málum, vegna þess að í raun og veru er nú um aðeins einn þátt þessa máls að ræða, þ. e. að félmrn. hafi yfirstjórn á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og það er vissulega spor í rétta átt. En þar sem hinir efnisliðirnir falla brott munum við að sjálfsögðu, hv. 2. landsk. þm. og ég, taka einnig aftur 2. brtt. okkar sem var um fjármögnunina á þessu mikla verkefni. Hún var þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Skal fé veitt til þessa verkefnis sérstaklega á fjárlögum næstu fimm ár, í fyrsta sinn árið 1986."

Það var nauðsynlegt að festa það betur til þess að það væri öruggt að ef í þetta yrði ráðist á annað borð með þeim hætti sem till. gerði ráð fyrir, þá væri fjármögnunin tryggð um leið. Brtt. nr. 2 á þskj. 397 er því einnig tekin til baka af okkar hálfu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka fjvn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða eins og fram hefur komið hér bæði í framsögu hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns fjvn., og eins í máli hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl.

Það er ekkert vafamál að þessi afgreiðsla var mjög þýðingarmikil. Hér er um að ræða, eins og kemur fram í þáltill. sjálfri, ákveðna lausn á máli sem búið er að þvælast lengi fyrir í sambandi við stjórnun á málefnum fatlaðra. Þessi áfangi, sem fjvn. leggur hér til, er ákaflega mikilvægur vegna þess einnig að um leið og Alþingi hefur samþykkt þessa till. fjvn. er hægt að hefjast handa um að koma því skipulagi á sem allir bíða eftir. Í þessari brtt. fjvn. felst einnig það að hægt verður að ráða forstöðumann að þessari stofnun og koma rekstrinum í það form að hann fullnægi því sem að er stefnt.

Ég þakka fyrir þessa afgreiðslu og vil jafnframt vekja athygli á 16. gr. laganna um málefni fatlaðra, um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og mikilvægi þess að áfram verði unnið að því að undirbúa framtíðarlausn á þessu máli, þ. e. uppbyggingu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar. Ég treysti fjvn. vel í því máli, að huga að því verkefni hvernig á að standa að þeirri uppbyggingu sem gert er ráð fyrir í lögunum. Og ég vil leggja áherslu á að það er ákaflega mikilvægt að að því sé unnið. Ég er ekkert að leggja fram neina kröfu eða ósk um á hvern hátt það verði gert. Sú till. sem liggur hér fyrir um húsnæði, sem á sínum tíma var formuð, er alls ekkert afgerandi í þessu máli. Það er e. t. v. hægt að finna aðrar og skynsamlegri lausnir sem hægt er að vinna að. Og að því þarf að vinna og móta framtíðina í þessu máli.

En ég endurtek þakkir mínar fyrir þessa afgreiðslu og ég veit að eftir henni hefur verið beðið. Fjöldi fólks bindur vonir við þann vísi að greiningarstöð sem er orðinn til í Kjarvalshúsi við Sæbraut.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða, þáltill. 359. mál (þskj. 572). — Ein umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál., sem þingflokkur Alþb. flytur á þskj. 572, um tafarlausa lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða. Það er mjög brýnt að þessi till. fái þegar þinglega meðferð vegna þess að húsnæðismálin eru nú mjög á dagskrá. Ég vil nota tækifærið í upphafi máls míns til að beina þeirri fsp. til hæstv. félmrh. hvenær þess megi vænta að ríkisstj. komi frá sér þeim frumvörpum um húsnæðismál sem hún hefur lofað bæði Alþýðusambandinu og reyndar húsbyggjendum í landinu núna að undanförnu.

Í þessari till. er tekið á þeim atriðum sem vafalaust skipta húsbyggjendur í landinu um þessar mundir langmestu máli. Ég les hér helstu efnisþætti tillögunnar. Hún er svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að fyrirskipa tafarlausa lækkun vaxta og endurmat á hækkun einstakra húsnæðislána vegna verðtryggingarákvæða eftir að bannað var að greiða vísitölubætur á laun frá 1. júní 1983. Ríkisstj. skal beita sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum:

1. Að fram fari rannsókn á efnahagslegum áhrifum lánskjaravísitölunnar, sérstaklega áhrifum hennar á fjárhagsafkomu húsnæðiskaupenda og húsbyggjenda eftir að vísitölubætur á laun voru bannaðar með lögum frá 1. júní 1983.

2. Að gerð verði áætlun um endurgreiðslu á þeim upphæðum af húsnæðislánum, sem eru umfram hækkanir á kaupgjaldsvísitölu og hafa verið inntar af hendi á árinu 1983 og síðar. Mismunurinn bætist við höfuðstól lánanna og komi fyrst til greiðslu þegar lánin eru greidd upp að öðru leyti. Höfuðstóll lánanna verði lækkaður sem nemur minni hækkun byggingarvísitölu en lánskjaravísitölu frá 1980" — en á þessum tveimur vísitölum er verulegur munur á undanförnum árum. — „Kannað

verði hve mikinn kostnað þessi aðgerð hefði í för með sér og gerðar tillögur um fjáröflun í þessu skyni." — Í þessu sambandi má minna á að fyrir þinginu liggur frv. frá Alþb. um fjáröflun til húsnæðismála upp á liðlega 1 milljarð kr.

„3. Að settar verði reglur um endurgreiðslu fasteignaveðlána til einstaklinga þannig að misgengi vísitalna og raunvaxtabreytingar valdi ekki þyngri greiðslubyrði en upphaflega var til stofnað.

4. Að ákvörðun um hámarksvexti inn- og útlána verði tekin úr höndum Seðlabanka og lánastofnana.

5. Að skammtímaveðlánum og lausaskuldum, sem stofnað hefur verið til vegna íbúðakaupa og húsbygginga s. l. 5 ár, verði breytt í lengri lán sem verði ekki til skemmri tíma en átta ára.

Meðan rannsókn sú stendur yfir, sem kveðið er á um í þál. þessari, er óheimilt að láta fram fara nauðungaruppboð á íbúðum, enda sé um einu íbúð viðkomandi að ræða."

Í sambandi við þetta má geta þess að það sem af er þessu ári hafa farið fram fleiri nauðungaruppboð hér á landi á íbúðum en nokkru sinni fyrr. Það hefur m. a. gerst, sem er einsdæmi, að frá áramótum hafa farið fram nauðungaruppboð á sjö íbúðum í verkamannabústöðum hér á landi.

Á undanförnum árum hefur stundum komið til nauðungaruppboðs á íbúðum í verkamannabústöðum, í mesta lagi eitt eða tvö nauðungaruppboð á ári. Nú er um það að ræða að á þeim tíma sem liðinn er af árinu 1985 hafa farið fram sjö nauðungaruppboð á íbúðum í verkamannabústaðakerfinu. Þetta segir sína sögu.

„Rannsókn og tillögugerð skv. þessari þál. skal lokið fyrir 30. apríl n. k. Þangað til skal viðskiptabönkum og Húsnæðisstofnun gert kleift að fresta afborgunum lána. Seðlabankinn endurkaupi lán í þessum tilgangi uns annað hefur verið ákveðið."

Þetta var tillagan í heild. Hún er í mjög góðu samræmi við þær kröfur sem fram eru komnar frá hreyfingu áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum, en þeir gera aðallega fjórar kröfur:

1. Að vextir verði lækkaðir og raunvextir af lánum til húsnæðiskaupa verði aldrei hærri en 2%.

2. Að veittur verði skattaafsláttur til þess að leiðrétta umframgreiðslur undanfarinna ára.

3. Að veitt verði viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun ríkisins til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna lausaskulda sem hafa orðið til vegna húsnæðisöflunar o. fl.

4. Lagt er til að gefinn verði kostur á skuldbreytingu lána til a. m. k. átta ára á hagstæðustu mögulegum lánskjörum og án lántökukostnaðar.

Þessi atriði er, eins og heyra má, einnig að finna í þeirri þáltill. frá Alþb. sem hér liggur fyrir.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, herra forseti, að fram hafa komið 11 viðræðupunktar um húsnæðismál frá Alþýðusambandinu gagnvart ríkisstj. og að undanförnu hefur Alþýðusambandið átt í viðræðum við ríkisstj. um húsnæðismál. Í þeim viðræðum hefur í raun og veru aðeins verið tekið á einum af þessum 11 punktum, þ. e. gert er ráð fyrir breytingum á greiðslum húsnæðislána, að þau verði framvegis miðuð við svokallaða launavísitölu, sem er meðaltalsvísitala kaupmáttar kauptaxta og atvinnutekna, og þannig verði greiðslubyrðin framvegis miðuð við launaþróun en ekki einhliða verðlags- og lánskjaravísitöluþróun, eins og þetta hefur verið.

Það ber að játa að það er til nokkurra bóta að taka þannig á greiðslubyrðinni eins og lagt er til í till. Alþýðusambandsins, till. Alþb. og tillögum þessa áhugamannahóps um úrbætur í húsnæðismálum. En eftir stendur að gífurlegur vandi er eftir í þessum efnum og það blasir við neyðarástand á hundruðum heimila í landinu. Ég geri ráð fyrir því að hver einasti þm. þekki fjölda fólks sem hefur að undanförnu komið að máli við þm. og gert grein fyrir sínum vanda í húsnæðismálum. Það er útilokað að Alþingi fari heim án þess að afgreiddar verði nægilegar lagaheimildir í þessu efni til að koma til móts við þann vanda sem húsbyggjendur og skuldarar eiga í.

Ég vil taka það fram að í þeim efnum dugir ekki sú hugmynd sem ríkisstj. mun þegar hafa afgreitt að því er varðar greiðslubreytingar á greiðslu húsnæðislána. Þar er aðeins um mjög takmarkaðan þátt vandans að ræða. Þar er ekki tekið á þeim vandamálum sem snúa að bönkunum og það er það sem er að fara verst með fólk um þessar mundir, þ. e. skammtímalánin hjá bönkunum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins vil ég stytta mál mitt og ljúka þessari framsöguræðu minni með því að endurtaka þá spurningu, sem ég bar fram fyrir hæstv. félmrh., hvenær þess er að vænta að tillögur frá ríkisstj. komi til meðferðar og afgreiðslu á Alþingi í þessum efnum.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur beint hér til mín spurningum í sambandi við það mál sem hér er til umr. Ég get upplýst það hér að frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga verður dreift hér á Alþingi í dag, núna síðari hluta dags, og er það að sjálfsögðu þáttur í þeirri lausn sem verið er að vinna að í þessum málum. Ég vænti þess að það frv. fái greiða afgreiðslu á Alþingi. Enda þótt menn deili um það hvort frv. nær nægilega langt í þessum málum er það allavega viðurkennt að það er spor í rétta átt til að lagfæra þessi mál og er árangur samkomulags sem gert hefur verið m. a. í viðræðum við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands.

Ég vil í leiðinni aðeins geta þess að eins og allir hv. þm. vita hefur um nokkurt skeið verið í gangi hjá Húsnæðisstofnuninni ráðgjafarþjónusta til þess að greiða úr vanda og greiðsluerfiðleikum fólks í sambandi við húsnæði. Þessi ráðgjafarþjónusta hefur bæði verið starfrækt hér í húsnæði Húsnæðisstofnunar ríkisins að Laugavegi og eins hefur þessi ráðgjafarþjónusta farið um landið á flesta þéttbýlisstaði í landinu.

Það er ekki hægt á þessu stigi máls að greina frá því hvernig þetta mál stendur. Ég mun láta birta um það skýrslu núna næstu daga, en skv. nýjustu upplýsingum sem ég hef fengið hafa tæplega 1400 umsóknir borist um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika. Stofnunin er sem sagt á fullri ferð að vinna úr þessu til afgreiðslu og þegar hafa rúmlega 400 umsóknir verið afgreiddar til útborgunar frá stofnuninni.

Einn þátturinn í þessu hefur verið sá að ráðgjafarþjónustan hefur strax gripið inn í í sambandi við þessar umsóknir og reynt að forða umsækjendum frá uppboði. Eftir því sem ráðgjafinn hefur tjáð mér hefur stofnunin lagt í það mikla vinnu að fá frestun á uppboðum meðan væri verið að ganga frá umsóknum þessa fólks og í

flestum tilfellum hefur það tekist eftir því sem þeir greina frá.

Einnig er hægt að segja frá því hér, þó að það liggi ekki fyrir tölulega, að bankakerfið hefur tekið ákaflega vel í þessa þjónustu. Við höfum upplýsingar um það að bankarnir hafa skuldbreytt fjölda lána sem þessir aðilar hafa sótt um og þannig hefur tekist gott samstarf um að leysa sameiginlegan vanda þessa fólks. Nú er ég alls ekki að segja að þarna sé nóg að gert en allavega er rétt að það komi hér fram vegna þessarar fsp. að verið er að vinna að þessum málum á skipulegan hátt og reyna eins og mögulegt er að leysa úr þessum vanda fólks sem vissulega allir viðurkenna að er fyrir hendi.

Á þessu stigi máls tel ég ekki ástæðu til að fara meira inn í þessar umr. Frv. um greiðslujöfnun verður væntanlega til umr. núna í þessari viku. Eins og ég sagði áðan verður því dreift hér í deildinni á eftir.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég tel að þær hugmyndir, sem nú eru uppi varðandi greiðslubyrðina, séu til bóta en þær séu hvergi nærri fullnægjandi. Það er útilokað fyrir þingið að ljúka störfum á þessu vori öðruvísi en stigin verði stærri skref til að koma til móts við fólk í þessum efnum.

Af hverju stafar vandinn? Hæstv. forsrh. hefur lýst því betur en allir aðrir menn. Hann sagði: Það voru stórfelld mistök að taka kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi vorið 1983 án þess að taka lánskjaravísitöluna úr sambandi um leið. Það er kjarni málsins. Stjórnarstefnan er sá vandi sem fólk stendur frammi fyrir eins og hæstv. forsrh. hefur viðurkennt með gleggri orðum en flestir aðrir.

Ég held að það sé rétt að láta það koma hér fram af hálfu þingflokks Alþb. að við munum leggja allt kapp á að knýja fram frekari úrbætur í húsnæðismálum nú á þessu vori en þegar liggja fyrir till. um frá ríkisstj. Ég vil láta það koma fram að ég tel að það verði fyrir okkar þingflokk mjög erfitt að ganga til samninga við ríkisstj. um meðferð og frágang þingmála við lok þingsins öðruvísi en að skýlaust verði tekið á húsnæðismálunum, skarpar en gert er ráð fyrir í því frv. sem hæstv. félmrh. ætlar að dreifa hér á eftir. Ef ekkert gerist hér á þinginu frekar en fram kemur í því frv. er fólki vísað á nauðungaruppboð hér í sumar, vísað á okurlánastarfsemina og okurmarkaðina.

Ég ætla að lokum, herra forseti, að segja ykkur sögu af manni sem kom til mín í síðustu viku. Hann sagði mér frá því að hann hefði fengið lánað hjá nafngreindum einstaklingi hér í Reykjavík 100 þús. kr. snemma á þessu ári. Þetta lán var til þriggja mánaða og fyrir þessi 100 þús. skrifaði maðurinn upp á þrjá 42 þús. kr. víxla samtals 126 þús. kr. eða 26% í þrjá mánuði, eða 104% vexti. Það er þetta fólk sem núna verður að koma til móts við. Alþingi getur ekki verið þekkt fyrir að fara heim án þess að taka af alvöru, myndarlega, á vandamálum þessa fólks. Það er útilokað að líða þinglok öðruvísi en að á þessum málum verði tekið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1980, frv. 367. mál (þskj. 587, n. 825). — 2. umr.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1980. Nefndin hefur borið saman niðurstöðutölur fjárlaga og ríkisreiknings fyrir það ár og sannfærst um að þeim niðurstöðutölum ber saman við það sem fram kemur í frv. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 687). — Frh. umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að utanrrh. hefur gert ráð fyrir að vera kominn hingað kl. 5. Klukkan er orðin 5 og ef hv. 4. þm. Norðurl. e. treystir sér að hefja sína ræðu án nærveru utanrrh. hefjum við umr. Hv. 4. þm. Norðurl. e. tekur til máls.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það grípur stundum um sig skortur á ráðherrum hér í þingsölum og jafnvel skortur á ræðumönnum. Ekki er lengra síðan er tveir, þrír dagar að sá sem hér talar hljóp undir bagga í þeim efnum og fyllti inn í tímann þangað til að næsti virðulegi maður á mælendaskrá var mættur. Hér er reyndar hæstv. félmrh. og það er allt í lagi að eiga við hann orðastað um utanríkismál í smástund. Þeir framsóknarmenn láta sig þau gjarnan miklu varða og halda ógjarnan fund svoleiðis að þeir álykti ekki eitthvað frómlega um þau mál, eins og menn vita.

Reyndar hélt hv. þm. Framsfl., Haraldur Ólafsson, gagnmerka tölu þegar þetta mál var hér á dagskrá fyrir nokkrum dögum síðan. Því miður voru ekki allir hæstv. ráðh. Framsfl. viðstaddir þá ágætu umr. Þeir hefðu nefnilega haft mjög gott af því að heyra þennan flokksbróður sinn reifa utanríkismálin eins og hann gerði, á málefnalegan hátt þar sem hann lýsti sinni afstöðu og fór yfir það hvernig þau mál kæmu sér fyrir sjónir nú um stundir. Hann var ekkert að skafa utan af því að hann teldi hér vera að eiga sér stað verulega uppbyggingu í herstöðinni í Keflavík og í öðrum stöðvum Bandaríkjahers hér á landi og taldi fram því til stuðnings ýmsar framkvæmdir sem hann nefndi og fleiri hafa reyndar gert hér á hinu háa Alþingi. Ég hef t. a. m. iðulega rakið þann framkvæmdalista sem í gangi hefur verið og í gangi er. En það hefði hugsanlega haft meiri áhrif á virðulega ráðh. Framsfl. að heyra hv. þm. flokksbróður sinn, Harald Ólafsson, gera það.

Formaður Framsfl., sem er hæstv. forsrh., lætur gjarnan hafa það eftir sér í fjölmiðlum við og við að í tíð sinnar ríkisstj. hafi engar ákvarðanir verið teknar um neinar nýjar framkvæmdir í herstöðinni, enda sé Framsfl. á móti aukningu í umsvifum hersins hér og hann muni því ekki standa að slíku gegn stefnu sinni. En hv. þm. Haraldur Ólafsson var annars sinnis. Hann rakti það beinlínis hvað hér hefur verið að gerast og lýsti andstöðu sinni við það. Ég skildi hann svo að hann væri þó á því að eins og mál stæðu í dag þýddi víst ekki annað en að búa við nokkurn veginn óbreytt ástand í þessum efnum, það væri ekki lag til að láta herinn fara akkúrat núna þrátt fyrir 40 ára friðinn sem margir lofa nú mjög að hafi verið hér í Evrópu.

Reyndar er þessi málflutningur nokkuð einkennilegur hjá sumum um það að hér skuli ekki vera her á

friðartímum og þeir hafi þá stefnu að hann skuli fara þegar friðvænlegt telst í heiminum. Það sé sem sagt ekki nú um stundir og hafi ekki verið allan tíma sem herinn hefur verið hér. En í næstu setningu er gjarnan farið út í það að lofa hinn trygga og góða 40 ára frið í Evrópu. Þetta er mótsögn í sjálfu sér að mínu viti, „double thinking", eins og það heitir víst á enskunni og ég hefði haft gaman af því t. d. að heyra hv. þm. Harald Ólafsson útlista það fyrir mér hvernig þetta tvennt fer saman, annars vegar að vera þeirrar skoðunar að hér skuli ekki vera her á friðartíma, hann eigi að fara þegar friðvænlegt má kallast og hins vegar að það hafi verið þessi blessaði 40 ára friður — og nú gengur hv. þm. í salinn — í Evrópu sem aldrei er of oft lofaður, að mér skilst, af ýmsum ræðumönnum. Í næstu setningu er síðan, eins og ég sagði, farið út í það að afsaka það hvers vegna hér verði að hafa her því að það sé ekki nógu friðvænlegt í heiminum. Við kunnum öll þá sögu hvernig menn hafa fundið sér til átök einhvers staðar á jarðarkringlunni því til afsökunar að ekki sé lagt til að láta herinn fara.

Hv. þm. Eiður Guðnason tók hér einnig þátt í umr. um utanríkismál eins og hann gerir stundum og leggur þá gjarnan hæstv. utanrrh. lið eftir mætti og hnykkir á því sem honum finnst ekki hafa nógu vel tekist hjá honum. Það má eiginlega segja að rétt eins og Sjálfstfl. hefur komið sér upp varahúsnæðismálaráðherra hafi Alþfl. komið sér upp varautanrrh. Þetta er sem sagt þannig að þegar virðulegur þm. Eiður Guðnason kemur hér í ræðustól fer hann yfir það sem honum finnst að betur hefði mátt fara hjá hæstv. utanrrh.

Hann kom með þetta sem við fáum ærið oft hér að heyra að bókstaflega engin eðlisbreyting hefði orðið í bandarísku herstöðinni í Keflavík í gegnum tíðina. Allt sem þar hafi gerst sé eðlileg endurnýjun rétt eins og menn skipta um dekk undir bílnum sínum. Þetta er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig sem ég er alveg tilbúinn að ræða við þá menn sem viðurkenna aldrei að um neinar eðlisbreytingar í styrjaldarrekstri, þessum hermálefnum sé að ræða. Þá má spyrja: Hefur nokkur eðlisbreyting orðið í hernaði frá dögum vaðslöngunnar t. d. eða lásbogans eða í raun og veru allt frá því að menn fóru að nota grjót til að berja hver á öðrum? Er kannske eðli styrjalda og átaka alltaf hið sama og breytir engu um við hvaða tæki er notast í þeim efnum? Það munu sjálfsagt einhverjir segja að það sé enginn eðlismunur á því að veiða fisk úr fjörunni eða tína hann upp á fjöru milli steina og hins að veiða hann með afkastamiklum skuttogurum. Þetta er kannske eitt og sama eðlið.

Ef menn eru að leggja þennan skilning í orðið „eðlismunur" erum við að tala hér um sitt hvorn hlutinn. Í öllu falli er ljóst að afköstin hafa aukist ekkert síður í þessum hertækjum en þau hafa t. d. gert í fiskveiðum á síðustu 50 eða 100 árum. Það geta menn einfaldlega sannfært sig um með því að skoða t. d. langdrægi og ýmsa aðra möguleika þeirra tækja sem hér eru nú og bera það saman við eldri tæki. Mér er það sem sagt ekkert heilagt að kalla þetta eðlisbreytingu en ég vil þó að menn geri sér grein fyrir þeim gífurlega mun sem er á útbúnaði og hlutverki herstöðvarinnar í Keflavík í dag frá því sem áður var. Hann er verulegur.

Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að snúa máli mínu sérstaklega að utanrrh. og veit ekki hversu mikið það hefur upp á sig að ég haldi þessari ræðu minni lengi áfram ef hann fer ekki að ganga í salinn hvað úr hverju. Ég er hér með nokkrar spurningar sem ég ætlaði að leggja fyrir hann varðandi skýrslu hans um utanríkismál og einnig varðandi það sem vantar í þá skýrslu. Það er nefnilega oft ekkert síður merkilegt að lesa milli línanna hvað það er sem ekki er sagt í skýrslum og bera það saman við hitt sem sagt er og e. t. v. hvers vegna ákveðnir hlutir eru ekki ræddir. Vill forseti kannske athuga hvort er að styttast í það að virðulegur utanrrh. gangi hér í salinn? (**Forseti:** Það hlýtur að styttast í það en utanrrh. var að gegna mikilvægum störfum og hann hefur aðeins tafist nokkrar mínútur. Ég hygg að skynsamlegast sé undir þessum kringumstæðum að við frestum fundinum nokkrar mínútur, þar til kl. 17.20). — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég hef nú talsverðan bunka með mér af ýmsum skjölum í ræðustólinn og get gjarnan, fundarmönnum til fróðleiks og ánægju, lesið dálítið upp úr þeim og hefðu margir gott af því að heyra það sem hér er, virðulegir þm. En ég ætlaði mér náttúrlega fyrst og fremst að ræða um þessi mál við virðulegan utanrrh., sem er víst á næstu grösum, beina til hans nokkrum spurningum.

Það er auðvitað tekið á ýmsu í þessari skýrslu utanrrh. og er vissulega ánægjulegt að fá hana hér til umfjöllunar á skikkanlegum tíma og hafa til þess næði að ræða hana. Það er framför og mættu fleiri taka sér það til fyrirmyndar, fleiri virðulegir ráðherrar og aðrir sem leggja slík gögn fyrir þingið. Þá dettur mér í hug skýrsla hæstv. forsrh. um byggðamál sem er svipaðrar náttúru en hefur oft sést hér á síðustu dögum þingsins. Hér er sem sagt mun betur að verki staðið þó að ýmsir ófyrirséðir erfiðleikar skjóti upp kollinum þegar á að fara að ræða þetta mál.

Það er t. d. fjallað hér nokkuð um þróunaraðstoð okkar Íslendinga og væri tilefni í sérstakan fund í raun og veru að ræða það mál. Ég hef verið í hópi þeirra sem hafa skammast sín nokkuð mikið fyrir hönd þjóðarinnar vegna þess hvernig að því hefur verið staðið á undanförnum árum og geri enn þann dag í dag og tel tímabundna óverulega erfiðleika í efnahagsmálum okkar enga afsökun í þeim efnum. Þjóðir heims margar hverjar hafa fyrir alllöngu sett sér ákveðin markmið í þessum efnum og mörg þeirra hafa síðan staðið við þau markmið og náð því fram að verja ákveðnum hundraðshluta þjóðarframleiðslu eða þjóðartekna sinna til þróunarstarfs. En okkur hefur gengið heldur böksulega, Íslendingum, að koma þessu áleiðis. Ég flutti á því virðulega Alþingi sem síðast sat brtt. við þennan fjárlagalið og vildi hækka hann nokkuð rösklega. En það náði ekki fram að ganga. Reyndar var síðasta ár gott meðalár í þessum efnum hjá okkur en nú sígur aftur á ógæfuhliðina. Mér var tjáð þegar fjárlög voru til umfjöllunar hér í vetur að væntanleg væri frá utanrmn. eða á vegum hæstv. utanrrh. tillöguflutningur í þessum efnum og aðgerðir í framhaldi af því. Ég lét það því vera að flytja sérstakar brtt. við fjárlög að þessu sinni. En ég vil að það komi hér fram að ég mun ekki una því að jafnslælega verði staðið að þessum málum á næstu árum, verði ég á hinu háa Alþingi, og flytja þá tillögur um verulega hækkun á þessu framlagi okkar, og veitir ekki af ef við ætlum í áföngum að ná upp í þá

hlutfallstölu sem við höfum í raun samið um að við ætlum að gera.

En ég ætla þá að snúa máli mínu sérstaklega til hæstv. utanrrh. og beina til hans nokkrum spurningum í sambandi við þessa skýrslu og spyrja bæði um hluti sem þar eru teknir fyrir og þar er fjallað um og einnig um annað sem ekki kemur fram í skýrslunni og hvað þar er á ferðinni. Ég vil vitna hér til umræðna sem fóru fram fyrir nokkrum dögum á Alþingi þegar rædd var fsp. frá mér til hæstv. utanrrh. varðandi ýmsar framkvæmdir Bandaríkjahers hér á landi. Þá færði ég hæstv. utanrrh. þau tíðindi að uppi væru áform meðal Bandaríkjahers um að setja hér upp á norðurslóðum radarstöðvar sem við höfum stundum til hægðarauka í þessum umræðum kallað risaradarstöðvar vegna umfangs þeirra. Eru þær skammstafaðar OTH vegna þeirrar náttúru sinnar að sjá yfir sjóndeildarhringinn. Hæstv. utanrrh. kom þá af fjöllum og taldi mig færa sér miklar fréttir sem hann hefði ekki áður heyrt. Síðar kom í ljós að um þessi áform Bandaríkjahers hefur verið fjallað á fjölmörgum stöðum erlendis í blöðum, tímaritum og á vegum Bandaríkjaþings og fyrir liggja margar heimildir sem hægt er að vitna til um þessi áform. Utanrrh. taldi reyndar að hér væri fyrst og fremst um getsakir að ræða en ég held að það sé naumast hægt að kalla skýrslur, sem æðstu menn herafla Bandaríkjanna gefa fyrir nefndum Bandaríkjaþings, getsakir. Þær heimildir hafa yfirleitt þótt áreiðanlegar og hægt að treysta því að í því sem þar kemur fram, þegar verið er að rökstyðja fjárveitingabeiðnir hersins fyrir þingnefndum, sé ekki farið með fleipur eitt og gaspur, þar séu engir spekúlantar úti í bæ að fjalla um málin og bollaleggja eitthvað út í bláinn.

Það var einhver frægasti maður erlendur í allri þessari utanríkismálaumræðu á síðustu mánuðum, sjálfur Wesley McDonald, sem gaf skýrslu í alllöngu máli til undirnefndar öldungadeildar þings Bandaríkjanna og þar beinlínis rökstyður hann nauðsyn þess að fjárveitingar fáist þegar á næsta fjárveitingaári í þessar framkvæmdir og telur þær hafa alveg úrslitaþýðingu fyrir áform Bandaríkjamanna í framtíðinni á þessum slóðum. Ég hef náð mér hér í staðfest ljósrit af þessari vitnaleiðslu hershöfðingjans fyrir Bandaríkjaþingi og sé sambandið enn jafnstirt vestur um haf úr varnarmáladeild utanrrn. og ég sé á undan þeim með fréttirnar og heimildirnar, þá get ég svo sem látið afrit af þeim af hendi. En hershöfðinginn leggur sem sagt á þetta mjög mikla áherslu. Hann segir að þetta hafi nánast úrslitaþýðingu fyrir þessi áform og fyrir allt könnunarkerfi þeirra hér á norðurslóðum. Ég hlýt því að spyrja hæstv. utanrrh. aftur hvað hér sé á ferðinni, hvaða upplýsingar þeir hafi nú í utanrrn. um þessi mál og hvort það hafi eitthvað batnað sambandið vestur um síðan við ræddumst við síðast um þessi mál.

Það þarf auðvitað ekki að taka fram hvílík feikna mannvirki hér eru á ferðinni og hvaða eðlisbreytingu það mundi þó sannanlega hafa í för með sér ef hér yrðu settar upp radarstöðvar sem drægju langt austur fyrir landamæri Sovétríkjanna og suður að Miðjarðarhafi o. s. frv.

Utanrrh. skýrði frá því hér fyrir alllöngu síðan, að mig minnir í einhverjum fjölmiðlum, fyrst kom það reyndar fram í viðtali hans við erlenda fjölmiðla, að borist hefði beiðni frá Hollendingum um að staðsetja hér eina Orion-kafbátaleitarflugvél og starfrækja hana héðan frá Keflavík. Á þetta er eitthvað minnst í skýrslu utanrrh. Þar er skýrt frá þessari beiðni Hollendinga og tekið fram að hér sé um eina flugvél að ræða sem muni ekki valda neinni fjölgun á þeim flugvélaflota sem er í Keflavíkurstöðinni og sinnir þessu hlutverki, því að bandarískum könnunarvélum mundi þá fækka að sama skapi. Nú vita menn að þessar hollensku vélar, og jafnvel vélar frá fleiri NATO-löndum, hafa við og við verið hér á Keflavíkurflugvelli. Hér er því sennilega um það að ræða að þær yrðu hér á varanlegum samningum en ekki sem gestir. En nú hef ég heimildir fyrir því, einnig sæmilega áreiðanlegar að ég tel, að þessi beiðni frá Hollendingunum sé nú fjarættuð og ekki frá þeim einum runnin. Þannig er að fréttabréf, sem gefið er út eitthvað í tengslum við hollenska herinn og heitir Milavnews, skýrir frá því að borist hafi beiðni frá Bandaríkjamönnum til Hollendinga um að þeir leggi til tvær Orion-kafbátaleitarflugvélar til starfrækslu í Keflavík og frá Keflavík til viðbótar þeim búnaði sem þar sé fyrir. Þetta þykir þeim nú ekkert leyndarmál þarna í Hollandi. Þeir skýra frá þessu og telja að þetta muni m. a. hafa áhrif á þann fjölda flugvéla sem hollenski herinn þurfi að kaupa inn eða starfrækja á næstu árum af þessari tegund.

Þetta er nokkuð sérkennileg krókaleið, ef rétt er, að Bandaríkjaher fari þess á leit við Hollendinga að þeir komi hingað með flugvélar. Síðan fara Hollendingar þess á leit við okkur að þeir fái að staðsetja hér vél, án þess að geta náttúrlega um það hvaðan hin upprunalega ósk er komin, eða ég geri því skóna að um það hafi ekki verið getið, okkur hefði væntanlega verið frá því skýrt ef svo hefði verið.

Ég hlýt því að spyrja í fyrsta lagi: Er þetta rétt? Hefur hæstv. utanrrh. upplýsingar um það að hún sé upprunalega frá Bandaríkjamönnum komin, þessi beiðni? Og er það sömuleiðis rétt, sem haldið er fram í þessu hollenska fréttabréfi, að beiðnin hafi upphaflega hljóðað upp á tvær vélar sem kæmu til viðbótar þeim flota sem hér er af þessum flugvélum. Þetta er þá spurning mín nr. tvö til hæstv. utanrrh.

Einnig vil ég spyrjast fyrir vegna heimilda sem ég fékk í mínar hendur nú nýlega og eru frá einu elsta og virtasta þjóðþingi heimsins, sem sé breska þinginu, og komu mér nokkuð á óvart. Þar svaraði einn af aðstoðarutanríkisráðherrum þingsins fsp. frá þm. þar sem beðið var skriflega um lista yfir öll þau lönd sem notið hefðu aðstoðar breska hersins við þjálfun mannafla. Og svo merkilegt sem það nú er kemur fram í þessu skriflega svari, sem birt var 18. jan. 1985 í bresku alþingistíðindunum eða einhverri útgáfu þeim tengdum, sem er kölluð Hansard, að þar svarar þessi aðstoðarutanríkisráðherra, John Lee, þessu þannig skriflega að hann telur upp þessi lönd og Ísland er í þeim hópi, sem sagt í hópi þeirra landa sem hafa notið hernaðarþjálfunar eða aðstoðar breskra hersveita eða breska hersins. Það eru árin 1983 og 1984 sem þarna koma við sögu og Ísland er á listanum yfir þau ríki sem notið hafa þessarar aðstoðar árið 1984.

Þetta kom mér algjörlega á óvart, herra forseti. Ég vissi ekki til þess að við Íslendingar værum farnir að þiggja aðstoð hins konunglega breska hers við að þjálfa menn í hernaðarlegum tilgangi. Ég hlýt því að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað er hér á ferðinni? Er þetta rugl í

þessum virðulega ráðherra þeirra Bretanna, er þetta einhver misprentun í bresku þingtíðindunum eða hvað er það sem hér er verið að fjalla um? Það er þá spurning mín nr. þrjú til utanrrh.

Þá vil ég spyrja út í fréttir sem ég hafði nú reyndar heyrt nokkurn áveðing af og fékk síðan óvænt staðfestingu á hér í dag þegar út kom Dagblaðið/Vísir. Þar er á baksíðu sagt frá því að Bandaríkjaher eða ákveðin deild sem tengist Bandaríkjaher, sem sé landmælingadeild, hafi á því mikinn áhuga að fá þyngdarmælingar — reyndar er nú talað um landgrunn Íslands í þessari frétt Dagblaðsins. Ég þykist vita að það sé misskilningur, átt sé við Ísland, og þetta er staðfest að nokkru leyti af Guðmundi Pálmasyni á Orkustofnun.

Þá er náttúrlega fróðlegt að vita, úr því að þetta er skv. heimildinni í Dagblaðinu búið að standa yfir alllengi, þessar umleitanir, hvers vegna ekki er á þetta minnst í skýrslu hæstv. utanrrh. Var það sömuleiðis sambandsleysi eða ekki vitneskja um þetta fyrr en þá eftir að skýrslan var prentuð? Ég hef um það heimildir að það sem hér sé á ferðinni séu þyngdarmælingar af þeirri tegund að mæla skuli áhrif þyngdarsviðs frá yfirborði jarðar upp á við, sem er reyndar nokkurn veginn öfugt við það sem gert var hér á árum áður, þegar fyrst og fremst var leitað upplýsinga um jarðlög, þ. e. yfirborð jarðar og áhrifin niður, en þetta kemur heim og saman við það að þyngdarmælingar í hernaðarlegum tilgangi eru fyrst og fremst gerðar vegna þeirra áhrifa sem þyngdarsviðið hefur á loftför og gervihnettir eru nefndir í Dagblaðinu. En það er auðvitað fleira en gervihnettir sem fljúga um loftin blá. Það gera t. d. langdrægar eldflaugar og stýriflaugar. Og það er vitað til þess að auka marksækni langdrægra eldflaugna er reynt að gera ráð fyrir þeim áhrifum sem þyngdarsviðið hefur á flug þeirra og sömuleiðis á stýriflaugar, og þá er reynt að prógrammera það inn hvernig þyngdarsviðið bylgjast yfir yfirborði jarðar, sem þessar flaugar fljúga í gegnum, eða þá langdrægu eldflaugarnar sem eru utar í lofthjúpnum og eru að því leytinu til skyldari gervihnöttunum hvað þetta varðar.

Nú vil ég ekki draga úr því að það er út af fyrir sig vísindalegur ávinningur að því að fá slíkar mælingar gerðar hér og ekkert nema gott eitt um það að segja. En þær eru væntanlega ekki kostaðar af kortlagningardeild hersins bara út í bláinn. Einhver herfræðilegur tilgangur er væntanlega að baki því að herinn leggur í þetta fjármagn, og það sennilega allverulegt fjármagn, því að slíkar mælingar eru nokkuð dýrar. Mér er tjáð að Bandaríkjamenn hafi upphaflega ætlað sér að hafa flugsveit sem samanstæði af einum fjórum þyrlum í þessu verki. En frá því hafi verið horfið og þeir hafi nú leitað eftir samkomulagi við Orkustofnun um að annast þessar mælingar, sem mundu þá bjóða út eða annast það að kaupa til þess verks tæki og mannafla sem þeir réðu þá ekki við sjálfir.

Ég vil spyrja utanrrh. sérstaklega hvað þeir viti nú í utanrrn. og í varnarmáladeild um þetta mál. Það er alltaf gaman að fá að vita hvernig upplýsingarnar standa hjá þeim. Það er t. d. fróðlegt að vita hvaða svæði landsins á að leggja sérstaka áherslu á í þessum mælingum. Nú er það auðvitað vitað að mestu hálendisbálkarnir, þar sem mestur er massinn, hafa mest áhrif. Það kæmi mér ekki á óvart þó að Tröllaskagi og Vatnajökull og Mýrdalsjökull og önnur slík landfræðileg fyrirbrigði yrðu ofarlega á listanum fyrir þá, nema þá eigi að mæla landið allt hátt og lágt. Ég hlýt einnig að spyrja: Hvað getur hæstv. utanrrh. frætt okkur um hinn herfræðilega tilgang með þessum mælingum? Því að hann er það sem ég hef einnig áhuga á, þó að ég viðurkenni hinn vísindalega ávinning af þessu fyrir okkur. Hvers vegna er verið að mæla þetta vegna gervitungla? Getur þetta einnig haft áhrif í sambandi við langdrægar eldflaugar og stýriflaugar og önnur slík flugtól? Skýtur það ekki nokkuð skökku við að það skuli þurfa að mæla Ísland upp sérstaklega af þessum sökum? Þetta var þá spurning nr. 4 til hæstv. utanrrh.

Þá er það spurning nr. 5. Hún varðar málefni sem við áttum einnig ákveðin orðaskipti um hér fyrir nokkrum dögum síðan. Það eru heimsóknir herskipa sem bera kjarnorkuvopn eða kjarnorkuknúinna herskipa í íslenska lögsögu. Ég spurði hæstv. utanrrh. um þetta hér í fyrirspurnatíma á Alþingi og hann svaraði því skýrt og skorinort að slíkar heimsóknir væru óheimilar. Þær brytu í bága við stefnu okkar Íslendinga sem væri skýr um að geyma hér ekki kjarnorkuvopn og hún tæki þá einnig til herskipa í íslenskri lögsögu. Ef ég má með leyfi forseta vitna í svar hæstv. utanrrh., þá sagði hann síðar í svari sínu:

„Og í samræmi við þá stefnu sem lýst hefur verið yfir er fullljóst að sigling herskipa með kjarnorkuvopn um íslenska lögsögu er óheimil og þá jafnframt koma þeirra til hafna hérlendis og mun ég framfylgja þeirri stefnu."

Ég lýsti þegar ánægju minni með þetta afdráttarlausa svar utanrrh. og taldi að hér hefði verulegur ávinningur náðst í baráttunni fyrir því að losa Ísland alfarið og altækt og endanlega við þá vá sem kjarnorkuvopn eru. Sömu skoðunar voru flestir fréttamenn og sérfræðingar um vígbúnaðarmál í stórblöðum nálægra þjóða sem létu sig þetta mál varða á næstu dögum og töldu hér um merkilega yfirlýsingu af hálfu íslenska utanrrh. að ræða er setti Ísland í hóp með ríkjum eins og Nýja-Sjálandi og Japan, sem stundum hafa verið nefnd í sömu andrá í þessum efnum.

Síðan var nú farið að framlengja þennan fyrirspurnatíma nokkuð í fjölmiðlum og þar voru þau túlkuð á ákveðinn hátt, þessi svör. En ég stend að sjálfsögðu á því, herra forseti, að það sem sagt er hér á hinu háa Alþingi sé það sem gildi. Þau orð standi nema þau séu þá dregin til baka á þeim hinum sama vettvangi. Að sjálfsögðu er það Alþingi Íslendinga, okkar æðsta stofnun, sem er réttþæst í þessum efnum og þau orð sem þar eru látin falla.

Það hefur ýmislegt gerst í þessum efnum, bæði úti í hinum stóra heimi sem og reyndar hér heima. Þannig gaf t. d. einhver kínverskur ráðamaður mjög hátt settur, Hu Yaobang, ég þori nú ekki að fara með það hvaða titil hann ber alveg nákvæmlega, en hann þykir allavega mikill spámaður í sínu föðurlandi, allavega í þessum efnum, hann lét það út úr sér á dögunum að Bandaríkamenn hefðu fullvissað Kínverja um það að herskip, sem kæmu þar í hafnir, mundu ekki bera kjarnorkuvopn. Þessu var harðlega mótmælt af hálfu Bandaríkjamanna og þeir undirstrikuðu enn einu sinni þá stefnu sína að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í sínum herskipum. Og reyndar var það haft eftir talsmanni þeirra, Bernard Kalb, að þar sem svona stefna væri við lýði, að menn vildu alfarið ekki fá í heimsókn herskip sem bæru kjarnorkuvopn eða væru

kjarnorkuknúin, þá gæti ekki verið um neinar flotaheimsóknir af hálfu Bandaríkjamanna að ræða. Þetta lét þessi ágæti talsmaður m. a. hafa eftir sér í viðtali við Washington Post og einhvers staðar víðar.

Ég held að það sé rétt að við förum yfir þetta mál hér aftur, ég og hæstv. utanrrh., og göngum alveg úr skugga um það hvort nokkur misskilningur er á ferðinni á milli okkar, hvort það standi ekki að það sé stefna íslensku þjóðarinnar að leyfa ekki kjarnorkuvopn hér né á herskipum í íslenskri lögsögu né komu þeirra í íslenskar hafnir, og hvort hæstv. utanrrh. ætli ekki að framfylgja þeirri stefnu eins og hann sagði. Þetta er ákaflega mikilvægt með tilliti til þess að ekki er ólíklegt að einhvern tíma í framtíðinni muni herskip Bandaríkjamanna eða NATO-herafla leita eftir því að koma hingað í íslenskar hafnir, og það er reyndar ákveðin stefna innan Atlantshafsbandalagsins að flotinn skiptist á heimsóknum, heimsæki með ákveðnu millibili öll aðildarríkin eftir því sem hægt er. Það vill svo til að ég hef undir höndum lista yfir þau skip í Norður-Atlantshafsflota Bandaríkjamanna, sem eru fær um að bera kjarnorkuvopn, eru það sem á ensku er kallað „nuclear capable", — ég leyfi mér að taka mér ensku í munn hér við og við, ekki síst með tilliti til þess að hv. málvöndunarmaður Eiður Guðnason er ekki hér í salnum. En það fer mjög í taugarnar á honum ef menn grípa til þess að skýra mál sitt á erlendum tungum.

Þannig er t. d. ein nýjasta og öflugasta herskipategund sem er mikið af í Norður-Atlantshafsflotanum, þ. e. herskip af gerðinni Spruance, öll fær um að bera kjarnorkuvopn. Og það var svo merkilegt að þegar sjónvarpið íslenska skýrði frá orðræðum okkar hæstv. utanrrh. um þessi mál, þá átti það nú í fyrsta lagi allmargar myndir af hæstv. utanrrh. í ýmsum stellingum hér í stólnum en enga mynd af þeim sem hér talar og ekki harma ég það. En sjónvarpið átti nokkrar myndir af herskipaheimsóknum og fremst á einni þeirri mynd var herskip af gerðinni Spruance. Og þegar vel var að gáð, þá sást framan við brúna, sem var miðskips á þessum skipum, tvöföld röð af lokum eða flekum, sem eru lokin yfir hólfunum sem eldflaugarnar eiga að koma upp úr. Það er einnig vitað að a. m. k. verulegur hluti af þessum herskipum ber á hverjum tíma kjarnorkuvopn. Þetta er vitað vegna þess að sá kjarnorkuvopnabúnaður sem er á flotanum er auðvitað reiknaður inn á útreikninga á kjarnorkuherstyrk hvors stórveldisins um sig, og það er a. m. k. óopinberlega viðurkennt af stórveldum að um borð í þessum herskipum sé á hverjum tíma a. m. k. að verulegu leyti nýtt sú burðargeta sem þessi skip hafa fyrir kjarnorkuvopn.

Það eru mörg fleiri skip í bandaríska flotanum, Norður-Atlantshafsflotanum, sem eru fær um að bera kjarnorkuvopn. Einnig eru nokkur skip í breska flotanum. En það eru þau skip fyrst og fremst sem hér gætu komið til greina og bera kjarnorkuvopn. Ég hef sem sagt upplýsingar og lista yfir þessi skip, bæði í breska og bandaríska flotanum. Og skyldi þessi listi ekki vera til í utanrrn. þá gæti ég enn orðið þeim að liði í þessum efnum, en einnig bent þeim á ýmsar fræðibækur um þessi mál og hvar þeir gætu nú heyjað sér upplýsingar um þetta. Ég held nefnilega að það sé úrslitaatriði, það sé í raun og veru það atriði sem hljóti að reyna á næst þegar um flotaheimsókn verður að ræða, hvort leyfð verður í íslenskar hafnir heimsókn herskipa sem hafa getu til að bera kjarnorkuvopn.

Í ljósi þeirrar stefnu, sem Bandaríkin og reyndar Bretland og Frakkland einnig hafa margítrekað lýst yfir, að þau geri hvorki að játa né neita veru kjarnorkuvopna um borð í þessum skipum, þá hlýtur einasta leiðin fyrir hæstv. utanrrh. til þess að framfylgja okkar stefnu, nema hann ætli að fara um borð í þyrlu út fyrir 12 mílurnar í hvert einasta skip og kíkja ofan í hólfin, að vera sú að óska eftir því að það komi ekki inn í íslenska lögsögu skip sem hafa þessa getu. Ég sé a. m. k. enga aðra færa leið til þess að framfylgja þessari stefnu, enga aðra færa leið. Og því spyr ég utanrrh. hvort þetta sé ekki svo, hvort hann muni sem sagt standa við sín orð og framfylgja þessari stefnu með þessum hætti.

Við höfum fyrir því nokkra reynslu, herra forseti, að okkur hefur orðið hált á því að treysta öllu sem Bandaríkjamenn segja okkur í þessum efnum. Ég hygg að það sé ekki lengur um það deilt að til hafi verið þar vestur á sléttunum áætlanir um árabil um að flytja á átakatímum kjarnorkuvopn hingað til Íslands og til annarra þjóða. Þetta hefur svo margítrekað komið fram og verið rætt í stórblöðum erlendis m. a. og ekki verið borið til baka að ég held að við verðum að taka það sem sannleik að þessar áætlanir hafi verið til um árabil án þess að íslenskir ráðamenn hafi haft hugmynd um. Og ekki er þetta nú mjög traustvekjandi, það verð ég að segja. Þetta eykur ekki traustið á þessum bandamönnum.

Ég held að hér sé um það að tefla hvort við Íslendingar viljum hafa einhverja sjálfstæða utanríkismálastefnu eður ei og hvort við ætlum þá að framfylgja þeirri stefnu eður ei. Ef við ætlum enga sjálfstæða stefnu að hafa, þá er þetta einfalt mál. Þá látum við aðra ákveða hana fyrir okkur og framfylgjum henni svo í samræmi við það. Ef hins vegar er til eitthvað sem heitir sjálfstæð utanríkismálastefna á Íslandi, eins og sú að útiloka öll kjarnorkuvopn hér í landhelginni, þá verður auðvitað að framfylgja henni. Og það verður að gera með þeim hætti að við höfum tryggingar fyrir því að hún sé ekki brotin, þessi stefna okkar sé virt.

Ég veit ekki, herra forseti, hvað ég á að fara út í miklar umræður hér um þá uppbyggingu sem orðið hefur í vígbúnaðinum hér í Keflavíkurstöðinni á síðustu árum. Það fara kannske einhverjir að verða svolítið þreyttir á því að hlusta á það. En ég hef ekki hugsað mér, herra forseti, að gefast upp við að reyna að tala því máli þangað til ég fæ menn til að opna augun og sjá það sem er að gerast. Því að spurningin er í rauninni um það. Ég held að allt og sumt sem þurfi að gerast sé að menn opni augun. Það væri reyndar fróðlegt að taka þetta hreinlega saman, gera dagatal yfir það hvað hefur gerst í þessum efnum á síðustu 5—8 árum, rétt eins og menn gera stundum dagatal eða lista yfir atburðarás í einstökum málum. Þá skeði þetta miðvikudaginn 3. nóv. og svo kemur eitthvað annað sem skeður í jan. o. s. frv. Þetta dagatal er nefnilega býsna þétt hjá okkur Íslendingum hvað þetta varðar. Það eru ekki margir mánuðir á milli ákvarðananna núna um aukinn vígbúnað. Það kom m. a. fram í svari hæstv. utanrrh. hér við fsp. mínum um ýmsar framkvæmdir hersins að ríkisstj. var ekki nema rétt komin á koppinn þegar fyrstu ákvarðanirnar litu dagsins ljós. Þeim var svo brátt að hún var ekki nema nokkurra daga gömul. Þá voru fyrstu nýju framkvæmdirnar heimilaðar. Þetta

þyrfti nú hæstv. forsrh. að heyra, sem enn stendur í þeirri trú að hann hafi ekki í tíð sinnar ríkisstj. staðið að neinum nýjum ákvörðunum í þessu efni.

En þessi listi, herra forseti, er alveg gífurlega langur. Ég hefði gjarnan viljað hafa ákveðin kaflaskil í honum þar sem AWACS-flugvélarnar komu hingað til lands, komu til Íslands og það var fyrsta landið sem þær voru staðsettar í utan Bandaríkjanna. Það þóttu stórtíðindi eiginlega alls staðar annars staðar en hér. Síðan hefur hvað rekið annað og alveg sérstaklega nú síðasta hálft annað árið hafa tíðum verið teknar miklar ákvarðanir um nýjar framkvæmdir hér. Það væri nú svo sem allt í lagi ef sæi fyrir endann á þessu. Þá mundu einhverjir huggast við það. En því er ekki að heilsa. Nú höfum við það staðfest, loksins, eftir langan slag við þá sem með utanríkismálin fara, að hér standi til að byggja nýja skothelda stjórnstöð í Keflavík. Hér stendur m. a. sá sem hefur fullyrt það og haldið því fram líklega næstum tvö ár að áform væru uppi um þetta. Því var alltaf neitað mjög harðlega, talinn lúmskur áróður vonds manns, þetta ætti ekki við nein rök að styðjast og þar fram eftir götunum. Nú er það komið á prent í skýrslu frá hæstv. utanrrh. að þetta, sem maður hefur verið að tala um a. m. k. hálft annað ár, var alveg rétt. Það er nú viðurkennt hér að Bandaríkjamenn hafi uppi áform um og muni bera fram óskir um að fá að byggja hér nýja skothelda eða sérstaklega styrkta stjórnstöð, og það alveg á næstunni. Þetta er eitt dæmið af fjöldamörgum um það hvernig upplýsingarnar ber að í þessum efnum.

Það eru nokkur önnur atriði, sem ég ætladi að spyrja hæstv. utanrrh. alveg sérstaklega að og varða afstöðu Íslands til ákveðinna alþjóðamála. Og svo hefði auðvitað í lokin verið mjög gaman, herra forseti, ef við utanrrh. hefðum tekið nokkrar mínútur í að ræða aðeins hugmyndafræði. Það er nefnilega alltaf gagnlegt að menn gleymi sér ekki svo í dægurmálunum að þeir missi alveg sjónar á hugmyndafræðinni. Það hefur komið í ljós stundum að það er svolítill meiningarmunur á milli okkar hæstv. utanrrh. í þessum efnum, sérstaklega hvað almenna heimssýn varðar. Hún er ekki alveg eins hjá báðum. En ef tveir menn ætla að ræðast við þurfa þeir helst að hafa það nokkuð á hreinu hvernig hvor fyrir sig sér hlutina. — Er hæstv. utanrrh. víðs fjarri, herra forseti? — Já. Það er upplýst að hæstv. utanrrh. heyri í gegnum holt og hæðir og einhvers staðar nái hann að nema mál mitt þó að hann sé mér ekki sjáanlegur. Þá ætla ég að spyrja hann í fyrsta lagi um afstöðu Íslands til geimvopnaáætlunar Bandaríkjamanna. Það er nefnilega þannig að þetta nýjasta afrek Ronalds Reagans í þessum efnum hefur lagst misjafnlega í menn. Sumum, *jafnvel hinum bestu NATO-mönnum, hefur gengið* erfiðlega að kyngja því að það sé nú það næsta sem menn þurfi að gera í þessum málum að vígbúa geiminn. Það hefur komið fram að ýmis aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa þegar ákveðið að eiga engan þátt í þessari áætlun, svo sem eins og Noregur, sem hefur fyrir sitt leyti lýst því yfir að hann vilji ekki taka þátt í þessari greimvopnaáætlun. Ég hygg að Frakkar hafi ekki tekið mjög vel í þetta heldur.

Mér finnst alveg óhjákvæmilegt að við fáum eitthvað um það að heyra hjá hæstv. utanrrh. hvernig þetta leggst í hann, hvort honum finnst að það skynsamlegasta og nauðsynlegasta sem þjóðir heimsins þurfi að beita sér fyrir á næstu árum sé að koma einhverju járnarusli, sem tengist hernaði, út í geiminn. Ég hef ýmsar aðrar uppástungur, ef þær skyldi skorta, um það hvernig væri gáfulegra að eyða þessu fé. Og það má minna á það á hvílíkum brauðfótum öll þessi geimstríðsfræði stendur svona fræðilega séð og að margra bestu manna yfirsýn allsendis óséð að hún standist sem slík.

Ég hlýt einnig að nefna hér málefni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd sem mér finnst nú gerð heldur slök skil í þessari skýrslu. Nú hef ég að vísu um það upplýsingar gegnum okkar fulltrúa í utanrmn. að það sé í gangi þar vinna þar sem m. a. sé tekið á þessum málum. En það hefur stundum borið á því að áhugi hæstv. utanrrh. sé fremur takmarkaður á þessu viðfangsefni, þessum kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum. En nú er það svo að bræðralagsþjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum hafa á þessu mikinn áhuga og við höfum í öllu falli til vara — þrautavara viljað gera þá kröfu að Ísland útiloki sig ekki frá þessari umræðu á því stigi sem hún er nú, telji það aldeilis fráleitt og engin rök fyrir því. Ég þykist vita að hæstv. utanrrh. treysti sér til þess að ganga nokkurn veginn svo langt, það sé nú kannske allt í lagi að við hlustum á þetta. En mér gremst alltaf þegar hann hnýtir þó aftan í það að þetta sé nú í raun og veru tóm vitleysa og gagnslaust og muni engu skila. Ég hef nefnilega talsverða trú á því að þetta geti verið ein leið til þess að ná fram einhverjum árangri í því að slaka á spennu og vinna sig út úr þeim hrikalegu vandamálum sem við er að etja í þessum efnum.

Herra forseti. Ætli við förum nú ekki að segja þetta *gott í bili? Ef okkur endist heilsa og kraftur báðum*, utanrrh. og mér, þá gefast sjálfsagt fleiri tækifæri til að ræða þessi mál og þá er gott að hafa í þessu einhver lotuskipti. Af því að ég var að minnast hér á hugmyndafræði áðan, þá er það svo að margir hafa tekið miklu ástfóstri við ógnarjafnvægið. Þeir eru í raun og veru búnir að missa svo landsýn og hafa þannig endaskipti á hlutunum að „það sem helst hann varast vann“ er orðið þeim kærast, þ. e. sjálft ógnarjafnvægið er orðið að hugmyndafræðilegu ástfóstri ýmissa manna. Þetta er náttúrlega mjög sérkennilegt m. a. vegna þess að þetta heitir ógnarjafnvægi og þetta er ógnunin um gagnkvæma tortímingu alls lífs, a. m. k. hér í þessum heimshluta, sem þarna er til umræðu. Samt nota menn þetta miskunnarlaust sem röksemd, sem æskilegt ástand að því leyti til að þeir vilja ekkert gera og enga þá athöfn í frammi hafa sem spillt gæti stöðunni í ógnarjafnvæginu. M. ö. o. það er orðið mönnum svona kært að viðhalda ógnarjafnvæginu. Það er kannske ákveðin lokleysa í sjálfu sér, en ég hef orðað það svo að mannkyninu líði eins og hópi af mönnum á hestum. Þeir *hafi svona tvennt til reiðar*. Þeir séu í víðlendu landi á ferð og hitti þannig á að þeir séu inni í gati í fellibyl. Það er oft logn inni í svona fellibyljum og kröppum lægðum eins og menn vita. En báðum megin við er beljandi stormur og fárviðri. Og nú ferðast fellibylurinn á mikilli ferð, við skulum segja 150 km hraða eða einhverjum verulegum hraða, yfir slétturnar og mennirnir ríða eins og þeir mögulega geta til þess að halda sér í gatinu, til þess að halda sér í logninu, en aftan við þá og fyrir framan þá er grenjandi fárviðri sem mundi sennilega tortíma þeim. Þeir hafa ekki nema tvennt til reiðar og það kemur að því, hversu góðir sem hestarnir eru, að þeir ráða ekki við hraðann á fellibylnum og þeir lenda í rokinu og farast. Mér finnst að mörgu leyti að þetta

ógnarjafnvægi, sem menn taka sér í munn með hátíðlegu orðbragði, og sú staða sem mannkynið er í hvað það varðar sé ekki ólík þessu. Við verðum auðvitað að vona það að hestarnir séu þolgóðir, þeir séu af íslensku gæðingakyni og þeir endist nú enn um stund. Og hugsanlegt er þá að það takist að eyða fellibylnum eða hann eyðist af einhverjum orsökum, ella fer mjög illa. En því miður held ég að það sé ekkert að slota, þessu ástandi sé ekkert að linna. Það eru miklu færri teikn á lofti um það að einhver árangur sé að nást heldur en hin sem benda til hins gagnstæða.

Ég nefni geimvopnaáætlanirnar alveg sérstaklega sem dæmi. Ég nefni það að þrátt fyrir fögur orð beggja stórveldanna, Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna, þá eru þeir á sama tíma og þeir í orði kveðnu þykjast vilja beita sér fyrir afvopnun og slökun spennu að hanna nýjar tegundir vopna í gríð og erg, ekki bara geimvopna heldur nýrra eldflauga, og byggja ný kjarnorkuknúin risaskip o. s. frv. sem eiga kannske að koma í notkun um næstu aldamót. Jafnvel segja sögurnar að nú sé farið að hanna í gríð og erg vopn 21. aldarinnar og það ber ekki vott um það að þeir menn sem ráða ferðinni í þessum efnum hafi mikla trú á því eða beinlínis stefni að því að ná árangri í þessum efnum. Til hvers eru menn þá til að mynda að leggja óheyrilegt fjármagn í hönnun nýrra vopna, ég nefni sem dæmi Minuteman eldflaugar Bandaríkjamanna og kjarnorkuknúin risaflugmóðurskip Sovétmanna, ef þeir meina það að þeir vilji vinna sig út úr þess ástandi þannig að ekki komi til þess að þessi nýju vopn líti dagsins ljós? Við getum bent á afvopnunarviðræður í Genf og við getum bent á áratuga gamlar viðræður í Vínarborg. Þær hafa ekki skilað mjög miklu hingað til svo að því miður verður maður dálítið svartsýnn.

Hæstv. forsrh. talaði um það að ég hefði haldið hér grafarræðu um daginn og hann ætlaði nú að vona að það yrði aldrei á sig lagt að hlusta á aðra eins ræðu. En þetta er ekki gleðiboðskapur sem um er að ræða og það er erfitt að vera með hlátur í huga og bros á vörum þegar maður ræðir þessi mál, framtíð lífsins á jörðinni. Það verður þá að hafa það þó að hæstv. forsrh. og öðrum þeim sem á mál mitt hlýða finnist þetta vera hálfgerð grafarraust. Ég get ekki talað af léttúð eða flysjungshætti um hluti eins og þessa, herra forseti.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem talað hafa í þessari umr. á undan mér og þakka hæstv. utanrrh. fyrir að leggja þessa skýrslu um utanríkismál fram með góðum fyrirvara og mun meiri fyrirvara en á s. l. þingi. Hér hefur þegar verið fjallað um ýmsa þætti þeirrar víðtæku skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram og kynnt fyrir Alþingi. Það væri vert að minnast þar á marga þætti því að víst eru þeir merkilegir og nauðsyn að ræða þá ítarlega bæði hér á Alþingi og utan þess. Það hafa þó aðrir gert á undan mér og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir reifað málefni skýrslunnar almennt fyrir hönd Kvennalistans. Ég vil því takmarka mál mitt verulega og einskorða mig við örfá atriði hér á eftir.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa undrun minni yfir þeirri einlitu sýn sem skín af þessari skýrslu. Sú heimsmynd, sem þar blasir við, minnir miklu fremur á daga kalda stríðsins, hólfaða heimsmynd á svarthvítum grunni, líkt og hv. þm. Sigríður Dúna komst að orði, fremur en þann flókna og margræða nútíma sem ég þekki og skynja. Er það enn furðulegra þar sem margir aðilar hljóta að hafa komið við sögu við gerð skýrslunnar. Ekki nota þeir allir sömu gleraugu?

Ég hefði enn fremur fagnað því ef heimildaskrá hefði fylgt svo yfirgripsmikilli skýrslu um svo mörg ágreiningsmál til þess að þm. og aðrir, sem læsu skýrsluna, gætu leitað fanga og upplýsinga víðar.

Mér finnst að frásögn af heimsmálum hefði mátt vera hlutlausari í aðra röndina en síðan hefði jafnframt þurft að fjalla um málið frá sjónarhóli þess sjálfstæða smáríkis sem Ísland er. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að taka sjálfstæða ákvörðun og afstöðu til þeirrar þróunar heimsmála sem fyrirsjáanleg er, ekki síst til þess vígbúnaðar sem ógnar lífríki þessarar jarðar. Eða með orðum hæstv. utanrrh., með leyfi forseta: „Ef kjarnorkuvopnum verður beitt er öll heimsbyggðin ofurseld þeim án tillits til landamæra."

Nú eru fyrirsjáanleg ógnvænleg stigmögnun og þáttaskil í vígbúnaðarkapphlaupinu milli stórveldanna ef áætlanir Reagans Bandaríkjaforseta um varnafrumkvæði í geimnum ná fram að ganga og ekkert er að gert. Því vil ég eyða nokkrum orðum að þessari áætlun að lítið er á hana minnst í skýrslunni og afleiðingar hennar og áhrif á vígbúnað geigvænleg. Auk þess er þessi áætlun gríðarlega fjárfrek og menn skulu ekki gleyma því að halli á bandarískum fjárlögum er um 1800 billjónir dollara. Þessi skuldastaða bergmálar svo um efnahagskerfi heimsins og glymur einna hæst í eyrum þeirra sem sjálfir skulda í dollurum og þá ekki síst í fátækum ríkjum þriðja heimsins. Sérfræðingar hafa giskað á að heildarkostnaður þessarar geimvarnaráætlunar yrði um 1000 billjónir dollara. Altént hefur Reagan Bandaríkjaforseti farið fram á við Bandaríkjaþing á þessu ári a. m. k. 4 billjónir dollara til rannsókna á þessum efnum. Það er mikilvægt að bandaríska þjóðin myndi sér skoðun á þessu máli. En það er ekki síður mikilvægt að aðrar þjóðir og þá einkum þær sem eru í hernaðarbandalagi með Bandaríkjamönnum kynni sér þessi mál og taki síðan afstöðu.

Næstum allir munu fallast á það að heimurinn þurfi einhvern tíma að losna undan þeirri ógn sem býr í möguleikanum á gagnkvæmri gjöreyðingu. Fáir trúa því að sú fæling, sem felst í hótuninni um endurgjald í sömu mynt, geti forðað tortímingu endalaust. Síðan skilja gjarnan leiðir. Valdamiklir aðilar innan stjórna beggja stórveldanna virðast trúa því að látlaus samkeppni um vígbúnað, sem þó sneiðir hjá styrjöld, sé hin eina raunsæja framtíðarstefna. Þrátt fyrir nægar sannanir um hið gagnstæða láta þeir sem öryggi þjóða þeirra velti á því að nýta allt, sem tæknin býður upp á, í hernaðarskyni. Aðrir leita að áfangalausnum sem gætu a. m. k. stöðvað vígbúnaðarkapphlaupið. Enn aðrir hafa sett trú sína á róttækari lausnir, nýjar stjórnmálalausnir, byltingarkenndar tæknilausnir eða eitthvert sambland þessara tveggja. Geimvopnaáætlun Reagans Bandaríkjaforseta virðast tilheyra síðasta flokknum. Í sjónvarpsávarpi til þjóðar sinnar árið 1983 skoraði hann á bandarískra vísindamenn og bað þá að gera þessi kjarnavopn gagnslaus og úrelt. Forsetinn lét í ljós þá von að tæknibylting mundi gera Bandaríkjunum kleift að stöðva og eyðileggja kjarnorkueldflaugar áður en þær næðu til Bandaríkjanna eða til landa bandamanna þeirra. Ef slíkum byltingarkenndum áfanga væri náð,

sagði hann, mundu frjálsar manneskjur geta lifað öruggar í vitneskjunni um það að öryggi þeirra væri ekki komið undir hótuninni um umsvifalausa endurgjaldsárás af hálfu Bandaríkjanna.

Getur þessi framtíðarsýn einhvern tíma orðið að raunveruleika? Getur nokkurt eldflaugavarnarkerfi útilokað *ógnina um gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna*? Mundi leit að slíku varnarkerfi binda endi á vígbúnaðarkapphlaupið, eins og forsetinn og stuðningsmenn hans hafa gefið í skyn, eða er það líklegra til að auka það? Geyma áætlanir forsetans loforð um öruggari og friðsamari heim eða eru þær í raun stórkostlegt dæmi þeirrar blekkingar að vísindin geti endurskapað þann heim sem ríkti eða var til áður en fyrsta kjarnorkusprengjan var sprengd 1945? Þetta eru flóknar spurningar, spunnar tæknilegum og pólitískum þráðum og þær verður að kanna áður en Bandaríkin ætla sér að leita slíkra varna því að ef draumur forsetans rætist þá verður geimurinn gerður að orustuvelli. Því eru geimvopnaáætlanir hans oft nefndar „stjörnustríð".

Leitin að vörnum gegn kjarnorkueldflaugum hófst fyrir 30 árum og leiddi til þess að einhvers konar varnareldflaugar voru búnar til. Á 6. áratugnum varð samt gagnrýni vísindamanna, m. a. þeirra sem við þessi viðfangsefni unnu, svo hávær, bæði hvað varðar tæknilega og hagfræðilega þætti, að hún leiddi til þess að Nixon og Bresnéf undirrituðu svonefndan ABM-sáttmála árið 1972. Þar var viðurkennt að strangt eftirlit yrði að hafa með bæði dreifingu og þróun slíkra varnarkerfa ef takast ætti að hemja kapphlaupið um árásareldflaugarnar.

Fjölodda kjarnasprengjur (MIRV) með suma odda virka en aðra óvirka en allar þó möguleg skotmörk fyrir varnareldflaugar voru upphaflega hugsaðar sem kjörinn mótleikur við eldflaugavarnarkerfum og hefði í raun átt að gefa þær upp á bátinn þegar ofangreindur sáttmáli var undirritaður. Þrátt fyrir það reyndu Bandaríkjamenn ekki að semja um bann við þessum fjölodda sprengjum. Þess í stað beittu þeir sér fyrir dreifingu þeirra þvert ofan í endurteknar viðvaranir sinna eigin vísindalegu ráðgjafa um að sprengjurnar mundu grafa undan hernaðarjafnvægi og endanlega koma Sovétríkjunum til góða vegna þess að eldflaugar Sovétmanna væru stærri. Hina gríðarlegu fjölgun, sem varð á kjarnaoddum á hverri sprengju í vopnabúrum beggja stórveldanna á 7. áratugnum, má rekja einmitt beint til þessara fjölodda sprengja sem komu til sögunnar og árangur þess er endanlega, að mati langflestra, mun viðkvæmara hernaðarjafnvægi.

Geimvopnaáætlun forsetans er miklu metnaðarfyllri en áformin um eldflaugavarnarkerfin voru á 6. áratugnum. Þau síðastnefndu miðuðust eingöngu við það að vernda hernaðarmannvirki en hin fyrrnefnda miðar að því að vernda heilar borgir, hinn almenna borgara. Hún miðar að því að ráða niðurlögum árásareldflauga stuttu eftir að þeim er skotið á loft, áður en þær yfirgefa gufuhvolf jarðar. Slíkar árásareldflaugar, sem ættu upptök sín þúsundir mílna frá Bandaríkjunum, væri eingöngu hægt að ráðast á og stöðva frá varnarstöðvum úti í geimnum. Ef áætlun forsetans verður fylgt munu verða straumhvörf í vígbúnaðarkapphlaupinu, e. t. v. jafn mikilvæg og þegar eldflaugar komu til sögunnar.

Robert S. Cooper, forstjóri rannsóknastofnunar varnarmála í Bandaríkjunum, komst svo að orði þegar hann kom fyrir herrannsóknanefnd fulltrúadeildar bandaríska þingsins, með leyfi forseta: „Stefnumarkendur hafa í fyrsta sinn viðurkennt þörfina fyrir það að hafa stjórn á geimnum sem hernaðarsvæði."

Svo sannarlega mundu yfirráð í geimnum vera lykilatriði fyrir Bandaríkjamenn ef þeir ætluðu að koma sér *upp áreiðanlegu eldflaugavarnarkerfi* fyrir alla þjóðina því að slík geimvarnarkerfi eru í eðli sínu mjög viðkvæm. Jafnframt kallar núverandi stefna á vopn sem hægt er að beita gegn gervitunglum.

Sú kenning, að Bandaríkin gætu komist í yfirburðaaðstöðu í geimnum og haldið henni, tekur ekki tillit til meginreynslu áranna sem hafa liðið síðan Hiroshimasprengjan var sprengd, en hún er sú að byltingarkenndar tækniframfarir, hversu áhrifamiklar eða óvæntar sem þær kunna að vera, geta einungis gefið tímabundinn ávinning. Í raun og veru er eina afleiðingin, sem skynsamlegt er að búast við, sú að bæði stórveldin mundu þróa eldflaugavarnarkerfi sem staðsett væru í geimnum. Hæfni þessara varnarkerfa yrði óviss og mundi gera hernaðarjafnvægi mun viðkvæmara en það er í dag. Bæði stórveldin mundu þróa árásarvopn sín til að tryggja sér að þau gætu brotist í gegnum varnir af óþekktum styrkleika. Og hvötin til að komast hjá tjóni með því að verða fyrri til að gera árás á neyðarstund verður án efa sterkari en hún er nú. Hvort sem vopnakerfi, staðsett í geimnum, gætu nokkru sinni veitt áreiðanlega vörn gegn eldflaugum eða ekki yrðu þau mögnuð vopn gegn gervihnöttum. Sem slík gætu þau eyðilagt á svipstundu þá gervihnetti andstæðingsins sem gegna viðvörunar- og fjarskiptahlutverki. Það mundi *síðan leiða til þess að taka þyrfti mikilvægar ákvarðanir* á mjög stuttum tíma, svo stuttum að illa hentaði dómgreind venjulegra manna. Á grundvelli tæknilegra athugana eðlisfræðinga má álykta að lang líklegustu viðbrögð Sovétmanna við áætlunum forsetans verði mjög aukin viðbót árásarvopna, enn fremur verður hún til þess að minnka það svigrúm sem gefst til ákvarðana á hættustund og ekki síst getur hún einmitt leitt til þeirrar kjarnorkuvopnaárásar sem áætluninni var ætlað að koma í veg fyrir. Auk þess væri óvíst hve áreiðanlegt varnarkerfið væri þar til það yrði endanlega prófað í alvöru.

Án þess að fara verulega út í tæknilega lýsingu á tegundum mögulegra árása eða varna gegn þeim er þó rétt að leggja áherslu á það að varnarkerfi í geimnum gætu ekki forðað árás stýriflauga af svokallaðri Cruisegerð, sem fljúga lágt, skammt frá yfirborði jarðar. Bæði stórveldin eru reyndar að þróa slíkar lágt fljúgandi eldflaugar sem skjóta má úr kafbátum eða skipum og er talið að þær muni verða veigamikill þáttur árásarvopna ef varnarvopn í geimnum koma til sögunnar.

Svokölluð Fletcher-nefnd var sett á laggirnar árið 1983 af bandaríska varnarmálaráðuneytinu til að meta geimvarnafrumkvæði forsetans, en formaður hennar var James Fletcher frá háskólanum í Pittsburgh. Af upplýsingum frá þessari nefnd hafa bandarískir vísindamenn dregið nokkrar ályktanir og þeir vísindamenn, sem ég hef einkum leitað upplýsinga hjá, eru allir starfandi við bandaríska háskóla. Þeir eru Hans Bethe, Richard Garwin, Kurt Gotfried og Henry Kendall. Bethe veitti forstöðu eðlisfræðideild í Los Alamos og fékk nóbelsverðlaun í eðlisfræði en Garwin hefur verið ráðgjafi Bandaríkjastjórnar. Vert er einnig að minnast

á Paul Nitze sem er sérstakur ráðgjafi Reaganstjórnarinnar í afvopnunarmálum en hann flutti nýlega ræðu þar sem hann benti á veigamikla veikleika í geimvarnaráætlunum forsetans. Eru rök hans og gagnrýni mjög svipuð þeim sem fyrrnefndir fjórmenningar hafa haldið fram.

Varnarkerfin byggjast m. a. á því að eyðileggja eldflaugar óvinarins með leysigeislum skömmu eftir að þeim er skotið á loft áður en þær yfirgefa gufuhvolf jarðar. En leysigeislanum, sem er örmjó ljósrák, hlaðin feikilegri orku, er ætlað og hann getur reyndar borað sig í gegnum málmhylki eldflaugarinnar og eyðilagt hana. Stjórnun leysigeislanna byggist að mestu leyti á gríðarstóru speglakerfi þar sem speglar eru staðsettir bæði á jörðu niðri og úti í himingeimnum. Þetta eru engir smá speglar sem menn eru að hugsa um, hvorki meira né minna en um 100 metrar í þvermál en stærstu sjónaukaspeglar sem til eru í heiminum í dag eru einungis um fimm metrar í þvermál og þykja nokkuð stórir.

Árangursrík vörn Bandaríkjamanna gegn árás þeirra 140 langdrægu kjarnorkuflugelda sem Rússar eiga mundi krefjast orkueyðslu sem svarar til 225 þús. megajoula, en joule er mælieining fyrir rafmagn. Ef tíminn, sem gæfist til viðbragðs varnarkerfisins, væri um 100 sekúndur og leysigeislarnir hefðu rafleiðnivirkni um 6% — því mikið af þeim glatast reyndar við beitingu — yrði orkuþörfin meiri en afköst 300 eitt þúsund megawatta orkuvera, eða meira en 60% af allri orkuframleiðslugetu Bandaríkjanna í dag. Það yrði ekki hægt að sækja þessa orku skyndilega í hefðbundin orkuver þjóðarinnar og ekki væri hægt að geyma hana. Því þyrfti að byggja sérstök orkuver til þessara nota, en kostnaður á kílówattið væri u. þ. b. 300 dollarar. Því mundu útgjöld vegna orkuþarfarinnar einnar verða rúmlega 100 billjón dollarar.

Því nefni ég þetta dæmi til þess að gefa nokkrar upplýsingar um kostnað áætlunarinnar. En þó er þessi takmarkaða kostnaðaráætlun, sem lýsir hluta framkvæmdanna, mjög bjartsýn og hófsöm og reiknar með hámarksvirkni og velgengni varnarkerfisins. Þar að auki mundi svo koma kostnaður vegna leysigeislakerfisins, speglakerfisins, skynjunartækja, tölvubúnaðar o. fl. sem mundi fara langt fram úr kostnaði orkuveranna sem fyrr var nefndur. Þó er erfitt að meta hann vegna þess að sú tækni, sem þyrfti til að gera þessar hugmyndir að veruleika, er enn svo stutt á veg komin.

Og hver er svo sá mótleikur við varnarkerfum úti í geimnum sem búast má við á sviði árásarvopna? Sá mótleikur, sem er hvað mest ógnandi fyrir eldflaugavarnarkerfi úti í geimnum, er einnig sá ódýrasti og öruggasti, en það er stórfelld aukning virkra og óvirkra, langdrægra eldflauga. Staðsetning slíks varnarkerfis mundi brjóta gegn sáttmálanum um bann við eldflaugavarnarkerfum. Ef sá sáttmáli yrði sniðgenginn mundi það án efa leiða til þess að allar umsamdar hömlur gegn fjölgun árásareldflauga mundu falla og enn má geta þess að öll varnarkerfi yrðu geysilega viðkvæm fyrir virkum árásum. Þar að auki, eins og Richard de Lauer varaframkvæmdastjóri rannsókna- og verkfræðideildar varnarmála í Bandaríkjunum hefur lagt áherslu á, er gerð slíkra varnarkerfa bundin mjög mörgum og alvarlegum vandkvæðum. Raunveruleg prófun slíkra kerfa er augljóslega ómöguleg nema ef til átaka kæmi og mat á virkni kerfanna væri komið undir tölvueftirhermu af raunveruleikanum.

Talsmenn Reaganstjórnarinnar hafa haldið því fram að varnarfrumkvæði forsetans muni verða til þess að beina hernaði yfir í varnarstöðu fyrst og fremst. Slíkt stenst ekki nema til komi veruleg fækkun árásarvopna beggja stórvelda en um slíkt hefur ekkert heyrst, þvert á móti. Rök forsetans og stuðningsmanna hans til að réttlæta geimvopnaáætlun sína hafa verið breytileg og oft mótsagnakennd og voru nýlega rædd og gagnrýnd í leiðara í New York Times. Það er ýmist að geimvopnin eru talin eina varnarkerfið sem hægt er að réttlæta siðferðislega eða að hér sé einungis um rannsóknir að ræða sem taka muni langan tíma, áratugi að þróa og muni fyrst nýtast barnabörnum okkar, en að okkur sé nauðsyn að leggja þennan grundvöll að framtíð þeirra. Þessi vopn eigi eftir að verða ómissandi þegar fram líða stundir. Nú, enn ein rökin hafa verið þau að hér sé einungis um að ræða að eiga sigurstranglegt tromp á hendi í samningaviðræðum við Sovétmenn, ætlunin sé alls ekki að búa þessi vopn til.

Hvernig framtíðar megum við vænta ef stórveldin bæði gera tilraunir til þess að taka í notkun eldflaugavarnarkerfi í geimnum til að koma í veg fyrir kjarnorkuvopnaárás?

1. Ef vel lætur mun það taka fjölda ára að þróa slík kerfi og þau munu sjálf verða mjög viðkvæm fyrir árásum.

2. Bæði stórveldin eiga þegar annríkt við það að yngja upp og gera árásarvopn sín kænni og nýtiskulegri. Það mundi aukast.

3. Um leið og eldflaugavarnarkerfin verða byggð verður mikil áhersla lögð á að þróa árásarvopn gegn gervihnöttum sem um þessar mundir eru tiltölulega lítilvæg.

4. Sáttmálinn um bann gegn eldflaugavarnarkerfum, sem þegar er verið að grafa undan, mun verða einskis metinn.

Öll þessi atriði í sameiningu munu verða til þess að hraða og auka á vígbúnaðarkapphlaupið og jafnframt minnka stöðugleika hins svokallaða ógnarjafnvægis eða gagnkvæmrar fælingar. Vaxandi gagnrýni bandarískra vísindamanna hefur leitt til þess að talsmenn stjórnarinnar hafa dregið eitthvað í land með réttlætingar sínar á nauðsyn þess að nota slík varnarkerfi. Eins og ég gat um áðan er ein útskýring þeirra sú að geimvarnaráætlunin sé einungis rannsóknaverkefni og að engin ákvörðun verði tekin um notkun slíkra vopna fyrr en eftir mörg ár. Þess ber þó að geta að hernaðarleg rannsóknaverkefni eru ekki venjulega tilkynnt frá skrifstofu forsetans sjálfs og það eru engin fordæmi fyrir hernaðarrannsóknaáætlun sem kostar 26 billjón dollara án þess að ætlunin sé að nota hana. Áætlun af þvíkíkri stærðargráðu, sem sett er á laggirnar á þennan hátt, er mjög líklega tekin alvarlega af Sovétríkjunum og jafnvel álitin vera mikilvæg hernaðarstefna hvernig svo sem hún er skilgreind fyrir almenningi.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. stendur einungis eftirfarandi í kaflanum um geimvopn, með leyfi forseta:

„Geimvopn. Af hálfu Sovétmanna hefur verið lögð mikil áhersla á þennan þátt fyrirhugaðra viðræðna við Bandaríkjamenn. Fyrir þeim vakir að stöðva rannsóknir Bandríkjamanna á varnarkerfum í geimnum, er bæði risaveldin huga nú að notkun geislavopna frá gervi-

hnöttum. Bandaríkjamenn hyggjast fljótlega efna til tilrauna með því að beina geislum frá gervihnetti á móti raunverulegu skotmrki. Gífurlega fjármuni þarf í rannsóknaráætlanir af þessu tagi. Hugmyndin að baki rannsóknaráætlun Bandaríkjanna er sú að varnarkerfi í geimnum geti hugsanlega gert kjarnavopn gagnslaus í framtíðinni. Þess ber að geta að á árunum 1958—1983 var samtals 2114 gervihnöttum með hernaðarhlutverk skotið á loft, en það svarar til a. m. k. 75% allra gervihnatta á þessu tímabili. Hernaðarhlutverk núverandi gervihnatta er fyrst og fremst eftirlit, en tilkoma þeirra gerði mögulega samninga um vopnatakmarkanir sem áður höfðu strandað á ágreiningi um eftirlit."

Mig langar til þess að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvaða afstöðu hyggst hann taka gagnvart þessum ævintýralegu og feikilega dýru geimvopnaáætlunum Bandaríkjaforseta?

Eins og áður sagði, hef ég valið að fjalla eingöngu um þennan eina þátt skýrslunnar af því ég tel nauðsynlegt að hv. þm. og aðrir fái gleggri vitneskju um þessi mál þannig að um þau verði fjallað af meiri gagnrýni. Mér finnst fjarskalega leiðinlegt hve fáir eru hér staddir. Það liggur nærri að ég stundi hér eintal sálarinnar ef ekki væru staddir einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, nú stökkva þeir fram, sjö þm. fyrir utan utanrrh. hæstv. og forseta Sþ.

Hvernig getum við lítil þjóð við ysta haf verið kaþólskari en páfinn þegar allur þorri bandarískra vísindamanna og vaxandi fjöldi bandarískra stjórnmálamanna hefur uppi háværa gagnrýni á þessar hernaðaráætlanir þess Bandaríkjaforseta sem nú er við völd? Ég tek það skýrt fram að hér er ekki verið að varpa allri sök á annað stórveldið. Bæði eru læst í þeim darraðardansi sem vítahringur vígbúnaðarkapphlaupsins er. Bæði eiga þau sök, hvort þeirra um sig er ábyrgt fyrir sínu áfangaskrefi á þeim spíralferli sem er að leiða þau út í geiminn. Hvorugt er algott, hvorugt er alvont, hvorugt er hvítt, hvorugt er svart, þau eru bæði grá fyrir járnum og lífinu hættuleg. Þannig var merking orða hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur í umr. um þetta mál fyrr. Hún gerði ekki tilraun til að vega eða meta illsku og gæsku stórveldanna og hún fann ekki annað verra en hitt, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson taldi, sem því miður er fjarstaddur, né heldur lagði hún þau að jöfnu eins og hv. þm. Eiður Guðnason hélt, sem því miður einnig er fjarstaddur, nema að því einu leyti — og þar tek ég mjög sterklega undir með henni — að vígbúnaður þeirra beggja er lífríki jarðar jafn hættulegur. Það er ógæfa þjóðar að búa við frelsisskerðingu þó að sá skortur, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði ríkja á símaskrám í Sovétríkjunum, sé kannske minnsti og léttbærasti böggullinn sem fylgir því skammrifi að búa við ófrelsi.

Ég vil taka það fram og leggja ríka áherslu á það að gefnu tilefni að þm. Kvennalista hafa ítrekað lýst yfir eindregnum stuðningi við lýðræðislegt stjórnarfar og fordæmt hvers konar frelsisskerðingu og kúgun einstaklinga og þjóða. Ef það skyldi nú hafa farið fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, Kjartani Jóhannssyni eða öðrum í annríki daganna, þá eru samtök um Kvennalista einmitt kvenfrelsishreyfing sem sprottin er upp og farin á stúfana til að leita svigrúms og aukins frelsis fyrir konur. Og fyrst ég er nú einu sinni farinn að stíga þessa fordómaöldu á annað borð þá get ég líklega eins tínt fleira til þótt ég nenni því varla svo lágkúrulegt sem það er.

Í leiðara Morgunblaðsins þann 4. maí s. l. er talað um ratsjárstöðvar og þar er nú ekki talað í muddum frekar en fyrri daginn, en ansi eru þær gamlar lummurnar sem boðið er upp á og mér sýnast þær ekki bara gamlar heldur líka lúnar og lasnar. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það kom heldur ekki á óvart þó þm. Kvennalista gengju á hæla og í fótspor Alþb. í afstöðu til öryggismála. Ef einhver munur er á stefnu Alþb. og Kvennalista í öryggis- og varnarmálum, sem vart er séður, þá er Kvennalistinn „sovétmegin" Alþb. í þeim efnum."

Hvaða endemis fimblufamb og áróðursrugl er nú þetta? Á hvaða forsendum ættu nú Kvennalistakonur að vera sovétmegin við Alþb. í öryggis- og varnarmálum? Þá fer nú að versna með fótsporin, hver fetar á eftir hverjum? Nei, svona blaðamennska þykir mér ekki vitræn. Auk þess sem hún er ekki boðleg lesendum blaðsins þá get ég ekki skilið hvernig hún er boðleg sjálfsvirðingu gagnrýnna blaðamanna. Hún viðheldur þó sannarlega þeirri heimsmynd kaldastríðsáranna sem flestir héldu að tilheyrði mannkynssögunni en kannske eru það einhverjir sem vilja koma henni á aftur? Ég hélt nú reyndar að það væru helst þessir sem smíðuðu vopnin sem hagnast á slíkri heimsmynd. En mennirnir eru breyskir og sumir eru þar að auki mjög hársárir. Á eftir fordæmingunni fylgir nefnilega lítil lykilsetning, með leyfi forseta:

„Enginn kjósandi, hvorki kona né karl, sem er fylgjandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningum við Bandaríkin getur fylgt Kvennalistanum að málum."

Það var og, þá höfum við það. Þó voru það 39% af kjósendum Kvennalistans sem voru meðmæltir aðildinni að Atlantshafsbandalaginu skv. skoðanakönnun Ólafs Þ. Harðarsonar. Það er erfitt að hemja þessa kjósendur. Maður hélt nú af lestri Morgunblaðsleiðara og Staksteina að helst væri verið að halda konunum kyrrum á sínum stað svo þær færu nú ekki að liðka vængina og viðra sig af gáleysi upp á eigin spýtur. En það halda greinilega sumir að við Kvennalistakonur eigum atkvæðavon jafnt í körlum sem konum.

Ég vil nú hætta því að takast á við hortitti og snúa mér að alvarlegri og merkilegri málum. Áður en ég lýk máli mínu hér vil ég víkja að því nokkrum orðum að nýlega hefur lokið störfum undirnefnd á vegum utanrmn. Hún hefur leitast við að samræma þær tillögur um afvopnunarmál sem fram hafa komið á þessu þingi og hef ég átt sæti í þeirri nefnd. Það var greinilegur áhugi meðal allra nm. og góður vilji til að ná saman um þessi mál og komst nefndin endanlega að niðurstöðu sem kynnt hefur verið fyrir hæstv. utanrmn. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að það er einlæg von mín að kjörnir fulltrúar sem nú sitja á Alþingi hafi nægilega djörfung og góðan vilja til að sameinast um afdráttarlausa yfirlýsingu í afvopnunarmálum sem leyfir rödd Íslands að hljóma hvarvetna í þágu friðar og lífs.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég þakka þeim sem talað hafa í þessum umr. um skýrslu mína um utanríkismál og mun ég nú leitast við að svara þeim fsp. sem til mín var beint.

Ég vil fyrst gera að umræðuefni þá staðhæfingu hv.

þm. Hjörleifs Guttormssonar og raunar fulltrúa Alþb. sem og fulltrúa Kvennalistans í þessum umr. að í þessari skýrslu væri brugðið upp mynd kalda stríðsins og þar væri lýst málum annaðhvort með svörtu eða hvítu. Mér fannst merkilegt hve fulltrúar þessara tveggja þingflokka voru sammála að þessu leyti og hve samhljóma málflutningur þeirra var. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, býst ég við, getur ekki nefnt eitt einasta dæmi um að þessir fulltrúar, Alþb. annars vegar og Kvennalistans hins vegar, væru á öndverðum meið.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði að 39% af kjósendum Kvennalistans væru fylgjandi Atlantshafsbandalaginu samkv. skoðanakönnun. Spurningin er: Hverrar skoðunar eru þm. Kvennalistans, fulltrúar þessara kjósenda, á Alþingi Íslendinga? Eru þeir fylgjandi Atlantshafsbandalaginu eða eru þeir andstæðingar Atlantshafsbandalagsins? Hér hafa talað hv. þm. Sigríður Dúna Kristmunsdóttur og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og hvorugur þessara þm. nefndi Atlantshafsbandalagið á nafn eða minntist á þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Þær tóku ekki afstöðu til þessara grundvallarþátta í utanríkisstefnu Íslands þegar utanríkismál eru á dagskrá.

Sannleikurinn er sá að þm. Alþb. eru í raun og veru hættir að tala á móti þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og sumir þeirra, eins og friðarhöfðinginn hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson, hafa meira að segja látið orð falla sem gera lítið úr því að hafa nokkuð á móti því að við séum þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu. Ég hefði haldið að umræður um utanríkismál ættu að snúast um slík meginatriði en því miður hafa þessir fulltrúar ekki veitt athygli því sem máli skiptir.

Ég vil sem mest binda mig við að svara fsp., en kemst ekki hjá því að ræða ýmis atriði sem hér hefur borið á góma. Ég lét þá skoðun í ljós að nú væri ekki meiri hætta á ófriði en áður og jafnvel mættu menn gera sér vonir um friðvænlegri framtíð en ástæða hefur verið til nú um skeið. Ég vona að þetta sé ekki tálvon af minni hálfu. Ég byggi þessa von á því að þau hafi bæði áhuga á að koma á samningum um afvopnun eða í það minnsta stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins. Það er sagt að viðræður um afvopnun hafi sjaldnast orðið til þess að vopnum hafi fækkað í heiminum en þegar best hefur látið aðeins til þess að vígbúnaðarkapphlaupið hafi stöðvast um sinn eða a. m. k. hægt á sér. Ég vona að við náum nú loks þeim áfanga að um raunverulega afvopnun verði að ræða.

Ég hef verið spurður hér ýmissa spurninga um afstöðu mína til deilumála úti í heimi, eins og t. d. hvaða viðhorf ég hefði til stefnu Bandaríkjanna í Mið-Ameríku, og í því sambandi sérstaklega hver afstaða mín væri til viðskiptabanns Bandaríkjanna á Nicaragua. Ég harma það viðskiptabann og ég tel slíkt viðskiptabann ekki þjóna hagsmunum eða tilgangi þeirra þjóða sem þessa álfu byggja hvort sem það er í Norður-Ameríku, Mið-Ameríku eða Suður-Ameríku. Ég hef talið að stefna Bandaríkjanna í málefnum Mið-Ameríku hefði falist í að gjalda jáyrði við tillögum Contadoraríkjanna. Ég tel viðskiptabannið ekki í samræmi við tillögur Contadora-ríkjanna, en á hinn bóginn verð ég líka að undirstrika það að ég tel enn síður atferli Nicaragua í samræmi við tillögur Contadora-ríkjanna.

Sjaldnast veldur einn þá tveir eða fleiri deila og auðvitað geta menn sagt að það sama gildi um deilur stórveldanna, en þar verðum við að hafa hugfastar meginlínur. Það sem þar er um að ræða er annars vegar opið lýðræðislegt þjóðfélag og hins vegar lokað einræðisríki. Tókuð þið ekki eftir því t. d. þegar hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir flutti mjög fróðlegt yfirlit um geimvopn að hún byggði alla ræðu sína á gögnum og umræðum í Bandaríkjunum, en þegar kom að Sovétríkjunum gat hún sér aðeins til um hvað Sovétríkin mundu gera. Hún hafði engar heimildir varðandi viðbrögð Sovétríkjanna, fyrirætlanir þeirra eða forsögu þeirra í geimrannsóknum. Menn skyldu hafa það hugfast að Sovétríkin hafa stundað geimrannsóknir og rannsóknir geimvopna um árabil og raunar áratugaskeið. Spurningin í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum er e. t. v. sú, um leið og menn játa lýðræðinu fylgi sitt eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, sem kvað Kvennalistann og fylgismenn hans vera lýðræðissinna sem ég dreg ekki í efa og trúi statt og stöðugt, en spurningin er þá hvernig við lýðræðissinnar eigum að verja lýðræði okkar og mannréttindi. Hjartnæm lokaorð hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur voru að við Íslendingar ættum að vinna „í þágu friðar og lífs". Vissulega tek ég undir þau orð, en þar vantaði að við ættum einnig að vinna í þágu „frelsis", að það væri einnig það markmið sem við lýðræðissinnar setjum okkur.

En ef við viljum verja lýðræði okkar og frelsi verðum við, eins og sagan sýnir og dæmin sanna, að vera viðbúin. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur sagt að hún vildi ekki einhliða afvopnun, hún væri ekki fylgismaður einhliða afvopnunar. Og jafnvel hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kvað líkt að orði í umræðum sem áttu sér stað hér fyrir nokkru. En þá verðum við að gera okkur grein fyrir því hvar við eigum að setja markið, hvaða viðbúnaður er nauðsynlegur. Ef við viljum ekki sýna sama andvaraleysi og lýðræðisþjóðirnar fyrir aðra heimsstyrjöldina sem ég er sannfærður um að varð raunverulega til þess að önnur heimsstyrjöldin braust út, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því að viðbúnaðar er þörf. Og ef við erum ekki viðbúin þá er einmitt fyrst og fremst hætta á að til átaka dragi og stríð brjótist út. Ef ásælnis- og árásaröflum í heiminum er ekki færður heim sanninn um það að þau muni mæta andstöðu er vísast að þau muni leita fanga og fylla þau tómarúm sem til staðar eru.

Þetta er enginn kaldastríðsáróður. Þetta er því miður raunhæft mat á aðstæðum öllum. Við sem teljum okkur öll lýðræðissinna eigum að hafa opin augun fyrir þessu og hafa þor og dug að gera mun á opnum lýðræðislegum þjóðfélögum þar sem m. a. verður að leggja spilin á borðið, hvað vígbúnaður kostar, hvaða vígvélar má framleiða og veita peninga til að framleiða, eða þeim þjóðfélögum þar sem allt slíkt er á huldu og stjórnarherrarnir skipa fólkinu að færa fórnir á altari frekara vígbúnaðarkapphlaups, þar sem stjórnarherrarnir þurfa ekki að standa reikningsskil gerða sinna eða sæta dómi kjósenda í almennum, lýðræðislegum kosningum.

Ég bið nú hv. þm. Kvennalistans og hv. þm. Alþb. að sýna dómgreind kjósenda sinna þá virðingu að gera mun á þessum tveimur þjóðfélögum, að segja þau ekki bæði grá. Þó að þau kunni bæði að vera grá fyrir járnum eru þau ekki bæði grá. Við getum valið um það í hvorri þjóðfélagsgerðinni við viljum búa og lifa af því að við búum hér á Íslandi og af því að Ísland er varið og af því

að Ísland er í Atlantshafsbandalaginu. En einmitt vegna þess hvílir á okkur ábyrgð, sú ábyrgð að verja frelsi okkar og eftirkomenda.

Þá var spurt um það af hálfu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hvað ég hefði átt við með því að það væru eingöngu Íslendingar sem ættu að reka ratsjárstöðina við Stokksnes, en getið er um það í skýrslu ratsjárnefndar að þar muni vinna 30 manns. Það var rétt þegar ég staðfesti orð annars þm. að við ratsjárstöðina á Stokksnesi munu eingöngu Íslendingar vinna eftir að endurnýjun hennar fer fram, 10—12 manns. En 18—19 manns munu vinna þar að öðrum verkefnum og áhersla mun einnig verða lögð á að það verði Íslendingar.

Þá sagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að Bandaríkin hefðu svarað því, þegar sagt var frá áætlunum um að flytja kjarnorkusprengjur hingað til Íslands á stríðstímum í desember s. l., að „um svona hluti spyr maður ekki." Ég vil minna hv. þm. á það að þó að það sé stefna Bandaríkjanna, eins og annarra kjarnorkuvelda Atlantshafsbandalagsins, að staðfesta hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna, þá svöruðu Bandaríkin þessari fsp. okkar þannig að þau vitnuðu til samþykktar leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í París 1957 sem setti Atlantshafsbandalagsríkjunum þá reglu að kjarnorkuvopn yrðu ekki flutt til neins bandalagsríkis nema með samþykki viðkomandi ríkis. Vitnað var til þess að Íslendingar hefðu vald skv. varnarsamningnum um hvaða vopnabúnaður væri hér geymdur og Bandaríkin sögðu að þau hefðu í einu og öllu fylgt fram ákvæðum varnarsamningsins og þeim reglum sem Atlantshafsbandalagið hefur um flutning þessara vopna. Þetta kalla ég ekki að segja: „Um svona hluti spyr maður ekki."

Þá spurði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hvort rætt hefði verið í ríkisstjórninni um það að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hefðu farið til annarra Atlantshafsbandalagsríkja til að kynna sér tundurduflaslæðingu. Ég get svarað því til að ég man ekki hvort á þetta var minnst á fundi ríkisstj., en við dómsmrh. höfum talað um það okkar á milli. Í raun hefur þetta verið ráðið af Landhelgisgæslunni annars vegar og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hins vegar, enda er það kunnugt að það er hlutverk Landhelgisgæslunnar að eyða tundurduflum sem við og við þarf nú enn að gera eftir aðra heimsstyrjöldina. Það kemur í hennar hlut að svo miklu leyti sem varnarliðið hefur ekki mannafla til að sinna þessu hlutverki að gera það sömuleiðis ef til átaka kemur. Eða vilja hv. þm. að við Íslendingar séum lokaðir inni frá því að sækja lífsbjörg okkar í fiskveiðum hér við land ef til spennuástands eða átaka kemur og tundurdufl skyldu hér vera sett til að loka fjörðum og flóum?

Þá fannst hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni ótækt að ekki væri minnst á frumkvæði Parliamentarians for World Order sem sætir ágætri forustu hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar og frumkvæðis leiðtoga í fimm heimsálfum varðandi kjarnorkuvopnabúnað. Í því sambandi skal þess getið að þetta frumkvæði hefur vakið minni athygli en hefði e. t. v. mátt vænta, í og með vegna þess að í áskorun þeirra skortir ábendingu um hvernig ábendingu þeirra skuli framfylgt og eftirliti með því hagað.

En það er líka athyglisvert að forseti Argentínu er einn af frumkvæðismönnum og sömuleiðis forsrh. Indlands. Norðurlöndin höfðu frumkvæði að því nú um og upp úr áramótunum að ganga fyrir dyr hvers þess ríkis í heiminum sem ekki er búið að staðfesta samninginn um bann við dreifingu kjarnavopna, en meðal þessara ríkja eru bæði Argentína og Indland. Sendiherrar Norðurlanda í þessum löndum og hjá Sameinuðu þjóðunum höfðu þetta starf með höndum. Í Argentínu fengu þessir boðberar Norðurlanda það svar að Argentína hygðist alls ekki staðfesta þennan samning. Hvaða hugur fylgir þá máli? Í Indlandi var svarað að það væru engar fyrirætlanir varðandi staðfestingu þessa samnings. Er ástæða til að taka mikið mark á áskorun forvígismanna þessara landa sem þannig sýna í verki, þegar þau sjálf eiga í hlut, hvaða áhuga þeir hafa á takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar eða banni við dreifingu kjarnavopna?

Þá spurði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hvernig mér litist á hugmyndir iðnrh. varðandi skipun sendiherra til að vinna að útflutningi hugverkefna. Mér líst út af fyrir sig vel á þær hugmyndir að við höfum sendiherra til að vinna að útflutningi hvort heldur er vöru, þjónustu eða hugbúnaðar. Ég vil þó taka fram að ég tel að þeir sendiherrar eigi að vera undir stjórn utanrrn. og samræma skuli störf þeirra öðrum störfum sem unnin eru á vegum utanríkisþjónustunnar. Ég held að okkur iðnrh. verði ekki skotaskuld úr því að samræma sjónarmið okkar að þessu leyti.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði að því mér skildist að ég væri þeirrar skoðunar að vopnin tryggi friðinn. Það er útúrsnúningur, en ég er þeirrar skoðunar að vopnleysi tryggi ekki friðinn. Í því felst að ég tel að vígbúnaður eða herbúnaður sé má segja ill nauðsyn lýðræðisríkja, en án hans væri hætta á að friðurinn væri úti eða ef friður ríkti væri fjötrum smeygt um háls okkar sem viljum búa í frelsi.

Ég verð að játa það alveg hreinskilnislega, og hef raunar sagt skoðun mína um þau efni hér áður, að ég hef vissar efasemdir um kjarnorkuvopnalaus svæði. Sérstaklega hef ég litla, ef nokkra, trú á þeim ef þau eru ekki liður í afvopnun sem byggð er á samningi milli kjarnorkuvelda og tryggu eftirliti.

Ég held að við séum öll sammála um það að hafa enga trú á að unnt sé að heyja takmarkað kjarnorkuvopnastríð án þess að það verði algert. En ég dreg samasemmerki á milli kjarnorkuvopnalausra svæða annars vegar og takmarkaðs kjarnorkuvopnastríðs hins vegar. Ef menn hafa ekki trú á takmörkuðu kjarnavopnastríði, hvaða gagn gera þá kjarnorkuvopnalaus svæði nema sem liður í afvopnun til þess að koma í veg fyrir að til átaka komi? En ef átök hafa brotist út, þá er ég býsna smeykur um að lítið gagn sé að kjarnavopnalausum svæðum. Þess vegna er úrslitaorðið um það hvort kjarnavopnalaus svæði komi að gagni að þau séu liður í allsherjarafvopnun skv. samningi og skuldbindingu kjarnorkuveldanna og tryggt og öruggt eftirlit sé með því að slíkir samningar séu haldnir.

Þá beindi hv. þm. Sigríður Dúna nokkrum fsp. til mín, m. a. hvert frumkvæði mitt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna væri. Ég skal aðeins nefna í því sambandi að í upphafi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna núna hef ég gert grein fyrir viðhorfi Íslands til veigameiri alþjóðamála þau tvö ár sem ég hef gegnt þessu starfi, eins og fyrirrennarar mínir áður. Við höfum tekið þátt í

tillöguflutningi um könnun á vígbúnaði í hafinu. Einnig höfum við tekið þátt í flutningi annarra tillagna og er skrá um þær á bls. 52 í skýrslu sendinefndar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum. Við höfum ásamt Norðurlöndunum beint tilmælum til fjölda ríkja um að gerast aðilar að alþjóðasamningi um að dreifa ekki kjarnavopnum, eins og ég gat um áðan. Við höfum með aðild okkar að framkvæmdastjórn UNESCO haft ákveðna forustu um endurbætur hjá stofnuninni í þeirri kreppu sem sú stofnun nú er í, en fulltrúi okkar í framkvæmdastjórninni hefur þar verið málsvari Norðurlanda og raunar fleiri ríkja. Norðurlöndin höfðu forustu um að fá samþykktan alþjóðasamning gegn pyntingum sem náðist fram á síðasta allsherjarþingi, eins og nefnt hefur verið í umr. nú og talið merkasta mál þingsins. Ísland og önnur Norðurlönd hafa einnig lagt fram tillögur hjá Sameinuðu þjóðunum um eflingu starfs samtakanna og starfsfyrirkomulags til þess að þau væru áhrifameiri til verndunar friðar.

Hv. þm. spurði hvernig Ísland mundi standa að þátttöku sinni í ECOSOC. Við lögðum áherslu á að fá sæti í félagsmála- og efnahagsnefndinni einmitt til þess að geta haft þar áhrif og öðlast þar reynslu. Aðild okkar að ECOSOC er nýtilkomin og kjörtímabilið er þrjú ár. Auðvitað þarf að móta aðild okkar eftir því sem við öðlumst þessa reynslu. Fyrsti fundur eftir að við tókum þar sæti, burtséð frá skipulagsfundi í febrúar, var að hefjast í New York í dag, 7. maí, og stendur til mánaðamóta. Við munum nota þennan vettvang til að stuðla að framgangi margvíslegra velferðar- og réttindamála, einkum þeirra þjóða sem lakar eru settar í heiminum. Íslenskir fulltrúar eru kunnugir meðferð þessara mála frá störfum í 2. og 3. nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna en sparnaður í rekstri utanríkisþjónustunnar setur virkari þátttöku okkar nokkrar skorður. En við munum gera okkar besta.

Það er talið að undir starfssvið ECOSOC falli 70—80% af umsvifum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra. Þar er fjallað um skýrslur frá hinum ýmsu stofnunum Sameinuðu þjóðanna og samræmdar aðgerðir og í raun og veru er það svið, sem ECOSOC nær yfir, það svið þar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa náð einhverjum árangri í raun. Því miður hefur árangur af starfi Sameinuðu þjóðanna á ýmsum sviðum verið mun lakari.

Þá spurði hv. þm. Sigríður Dúna hvers vegna upplýsingar Arkins væru ekki í skýrslu utanrrh. og sama kom fram hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Ég taldi að þær umræður hefðu verið tæmdar hér á Alþingi og upplýsingar Arkins hefðu ekki verið eins áreiðanlegar og út hafði verið gefið í upphafi frekar en um árið.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson spurði hvenær væri að vænta skýrslu um styrki, höft og hömlur í viðskiptum sem hann hefði óskað eftir í utanrmn. að gerð væri. Í þeim efnum hafa mjög miklar upplýsingar komið fram og enn er verið að afla slíkra upplýsinga. Þær upplýsingar ganga svo til Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun hefur þegar gert yfirlit um styrkjastarfsemi sem torveldað geta samkeppni okkar Íslendinga á erlendum mörkuðum hvað Noreg snertir og sömuleiðis nokkurn samanburð á hve víðtæk slík styrkjastarfsemi er á öðrum Norðurlöndum.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon nefndi fyrst að þróunaraðstoð væri af of skornum skammti og ég get verið sammála honum um það. Ég vonast til að við getum gert einhverja bragarbót að þessu leyti m. a. með frumkvæði utanrmn. og samþykki og aðild ríkisstj.

Þá varpaði hv. þm. nokkrum fsp. til mín. Í fyrsta lagi hvaða fyrirætlanir væru um risaratsjár hér á Íslandi. Raunar fullyrti hv. þm. að slíkar fyrirætlanir væru til og taldi að við vissum ekki hvað hér væri á ferðinni. Ég hef nú ekki enn þá heyrt neinar sannanir fyrir því eða tilvitnanir í þann ágæta flotaforingja Wesley McDonald sem segja að slíka risaratsjá eigi að reisa hér á Íslandi enda eru engar fyrirætlanir þar að lútandi til staðar. En með alls konar sögusögnum og með því að tína eitt hér og annað þar er reynt að leiða grun að því að svo kynni að vera. En það eru engar slíkar fyrirætlanir á ferðinni og við höfum ekki verið beðnir um aðstöðu til þess að slík stöð yrði reist hér.

Þá spurði hv. þm. um það hvort beiðni Hollendinga um að reka héðan kafbátaleitarflugvél væri í rauninni frá Bandaríkjamönnum. Ég tel að þarna sé um samráð Atlantshafsbandalagsríkjanna að ræða. Hvort fyrsta frumkvæði kemur frá Hollendingum eða Bandaríkjamönnum skal ég láta liggja á milli hluta. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Erindið kom frá Hollendingum til okkar og er liður í auknu samstarfi og samþjálfun Atlantshafsbandalagsþjóðanna.

Þá gat hv. þm. þess að í hollensku fréttabréfi væri talað um að hollenskar kafbátaleitarvélar yrðu tvær til viðbótar öðrum flugvélakosti sem nú er rekinn frá Keflavíkurflugvelli. Það er skýrt tekið fram að um leið og kafbátaleitarflugvél Hollendinga verður starfrækt héðan mun kafbátaleitarflugvél Bandaríkjamanna hverfa aftur vestur um haf. Hér er að vissu leyti ekki um mjög mikla breytingu að ræða. Í stað þess að slíkar flugvélar hafa komið við og við til Íslands um leið og þær hafa verið að störfum á þessum slóðum munu þær nú staðnæmast í tvær vikur til mánuð í einu og um 30 manna hópur fylgja þeim.

Í þriðja lagi var spurt hvaða þjálfun Íslendinga hafi átt sér stað hjá breska hernum 1984. Ég geng út frá því að hér sé um það að ræða að Bretar hafi tekið þátt í þjálfun Landhelgisgæslumanna í sambandi við tundurduflaslæðingar, eins og getið er um á bls. 31 í skýrslu minni.

Í fjórða lagi er spurt um beiðni Defence Mapping Agency um þyngdarmælingar hér á landi. Þetta mál hefur fyrst og fremst verið í höndum Orkustofnunar og verið umræðuefni Orkustofnunar annars vegar og Defence Mapping Agency hins vegar í framhaldi af samstarfi þessara aðila á sjöunda áratug og fyrst á áttunda áratug. Ég veit ekki til að þessar þyngdarmælingar, sem nú er óskað að fari fram, séu annars eðlis en voru þá. Auðvitað er að þessar þyngdarmælingar koma umferð í lofti að gagni en ég held að við megum ekki lifa lífinu í friði þannig að við eigum að neita okkur um þær rannsóknir sem hafa þýðingu og eru mikilvægar í daglegu lífi okkar í friði vegna þess að þær geta komið að gagni ef til ófriðar dregur og umferð í lofti verður e. t. v. aðallega af vígvéla hálfu.

Mér skilst að slíkar þyngdarmælingar séu stundaðar af Defence Mapping Agency á svæðum eins og Amazon-svæðinu í Suður-Ameríku eða í Mauritaníu sem ekki koma mikið við sögu í baráttu austurs og vesturs eða þeirri spennu sem ríkir á milli stórveldanna.

Hv. þm. undirstrikaði líka að þessar mælingar hefðu

vísindalegan tilgang og ég skal hins vegar alls ekki neita því að þær kunni einnig að hafa herfræðilega þýðingu.

Í 5. lagi spurði hv. þm. frekar um afstöðu mína til heimsókna herskipa með kjarnavopn. Ég hef svarað honum skýrt og skilmerkilega varðandi það. Ég vil í þeim efnum segja: Við fylgjum alveg nákvæmlega sömu stefnu í þessum efnum og Danmörk og Noregur. En bæði þessi lönd hafa lýst því yfir að þau vilji ekki hafa kjarnavopn staðsett á sínu landsvæði eins og við. Bæði þessi lönd, eins og við, eru í Atlantshafsbandalaginu. Við vitum hvaða reglur gilda um meðferð og flutning kjarnavopna í Atlantshafsbandalaginu og við treystum bandalagsmönnum okkar í Atlantshafsbandalaginu og göngum út frá því og höfum ekki ástæðu til að ætla annað en að þær reglur séu haldnar.

Auðvitað eru til herskip og flugvélar sem geta flutt kjarnavopn en gera það ekki. Það er ekki hægt að draga ályktanir um að kjarnavopn séu í flugvél eða herskipi vegna þess að þau geti flutt slík vopn. En með slíkum getsökum er verið að reyna að skapa tortryggni.

Ég veit ekki hvort ég hef svarað þeim fsp. sem hér hefur verið beint til mín. Ef svo er ekki vonast ég til að ég verði minntur á það sem á skortir.

Ég vil ítreka þakkir mínar til ræðumanna fyrir þátttöku í þessum umr. vegna þess að ræður þeirra hafa gefið mér tækifæri til þess að skýra ýmsa þætti nánar og læt ég því máli mínu lokið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt við fsp. sem ég bar fram fyrr við umr. Hann hefur vikið að þeim atriðum sem beint var spurt um þar. Ég ætla ekki að fara að túlka þau svör sérstaklega að öðru leyti en því að ég vil að fram komi í sambandi við það sem hann ræddi um Atlantshafsbandalagið og afstöðu Alþb. að því leyti, og ítreka það, að Alþb. er andvígt þátttöku okkar í hernaðarbandalögum, hvort sem um væri að ræða Atlantshafsbandalagið eða önnur, en við lítum vissulega á allar breytingar, sem losað geta okkur úr þeim viðjum sem við nú erum hnepptir í í þessu bandalagi og með setu Bandaríkjahers hérlendis, sem jákvæð skref. Meginatriði að okkar mati er að það verði breytt hér um stefnu og menn taki að vinda ofan af því sem hér hefur verið upp sett í þessum efnum, vaxandi hernaðaraðstöðu Bandaríkjanna hérlendis, og að menn stefni að því — ljóst er að það mun taka einhvern tíma — að breyta hér um þannig að Íslendingar taki upp hlutleysisstefnu en sem jafnframt tryggi á þann hátt sem samstaða getur orðið um öryggi okkar eftir því sem unnt er í vígvæddum heimi.

Hæstv. ráðh. vék að Mið-Ameríku og stöðu Bandaríkjanna þar og mér þótti ánægjulegt að heyra að hann gagnrýndi framferði Bandaríkjanna gagnvart Nicaragua þó að hann hins vegar léti það fylgja að hann teldi að aðferðir Nicaragua væru ekki í samræmi við Contadoraríkin, stefnu þeirra og tillögur. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar að öðru leyti en því að ég tel alveg augljóst hver er gerandi í þessum efnum, hver er hinn sterki í þessum leik, ég held að það dyljist engum, og að smáríkið Nicaragua er hér að bregðast við hatrömmum aðgerðum stórveldis sem er að reyna að knýja upp á það sína stefnu.

Það mætti margt segja í sambandi við það sem hæstv. ráðh. vék hér að í sambandi við samlíkingu milli stórveldanna. Ég sé ástæðu til að ítreka það, sem kom fram í máli mínu um daginn fyrr við umr., að ég var þar ekki að leggja mat á þau gildi sem tengd eru við austur og vestur. Ég ítrekaði að menn ættu vissulega að leggja mikið á sig til þess að verja þau gildi sem við metum mikils, lýðræði og frelsi, þ. á m. félagslegt frelsi og annað það sem við höfum tryggt okkur, og ég var á engan hátt í mínu máli að réttlæta það helsi sem ríkir t. d. í Austur-Evrópu og það sem Sovétríkin standa fyrir í löndum þriðja heimsins. Ég benti hins vegar á það í mínu máli hversu mikil líkindi eru með framferði þessara risavelda, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, í samskiptum við þriðja heiminn og þar höfum við ærin dæmi.

Hæstv. ráðh. vék hér að ratsjárstöðvum og uppbyggingu eða endurnýjun ratsjárstöðva t. d. á Suðausturlandi og hann virtist telja að það lið sem gert væri ráð fyrir að þar yrði ætti að verða íslenskt, íslenskir starfsmenn. En annað mátti skilja af þeirri skýrslu sem utanrmn. fékk og ég hygg að dreift hafi verið til alþm. um þessi efni. Nú geri ég að vísu ekki mikinn mun á því hvort Íslendingar í þessum ratsjárstöðvum eru þjónar Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna, en nauðsynlegt er að þetta liggi skýrt fyrir. Utanrrh. hefur hér staðhæft að gert sé ráð fyrir því að þarna verði um íslenska starfsmenn að ræða, allt að 30 talsins eða þar um bil.

Ég er sammála hæstv. utanrrh. um erindrekstur á okkar vegum í sambandi við viðskipti. Ég innti hann eftir því hvert væri álit hans á þeim yfirlýsingum sem komið hafa frá hæstv. iðnrh. um þessi efni og ég tel viðhorf utanrrh. mjög eðlilegt, að það verði utanrrn. sem samhæfi og hafi með slíka starfsemi að gera. Mér sýnist að orð hans að þessu leyti staðfesti að iðnrh. hefur farið nokkuð glannalega fram í yfirlýsingum sínum að þessu leyti, a. m. k. virðist ekki vera um samhæfingu á milli rn. að ræða að þessu leyti eins og þau mál hafa verið sett fram.

Ég lofaði hæstv. forseta að hafa ekki uppi langt mál. Ég hef ekki aðstöðu til þess að vera hér við framhald umræðnanna strax á eftir og ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér kost á að segja hér nokkur orð við framhald þessarar umræðu. Ég geri ekki ráð fyrir að við í hæstv. utanrmn. getum samræmt okkar sjónarmið frekar en fram hefur komið. Þau eru andstæð að mörgu leyti og liggja fyrir í þeim ræðum sem haldnar hafa verið við þessa umræðu og raunar oft áður á yfirstandandi þingi og fyrr.

Umr. frestað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fundi er fram haldið í Sþ. Ætlunin var að halda áfram umræðum um skýrslu utanrrh. Ég sé að utanrrh. er ekki mættur enn þá. Kannske við tökum annað mál á meðan og tökum þá fyrir 16. mál á dagskrá.

Atvinnumál á Norðurlandi eystra, þáltill. 394. mál (þskj. 638). — Ein umr.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um atvinnumál á Norðurl. e. Flm. ásamt mér er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra fer vaxandi og veldur heimamönnum síauknum áhyggjum. Í því sambandi er vert að nefna nokkrar tölur. Á árinu 1982 voru að meðaltali 88 manns atvinnulausir í hverjum mánuði, 1983 var fjöldinn kominn upp í 128 að meðaltali á mánuði, 1984 er fjöldinn 156 og 1985 187. Þetta eru eingöngu karlmenn. Svipaða sögu er að segja um konur, nema á milli áranna 1984 og 1985 er þar þó minna atvinnuleysi meðal kvenna en karla. Þar eru tölurnar: 63 konur 1982, 1983 92 konur, 1984 171, en 1985 — og þá bara í janúar og febrúar — 127 konur.

Þetta leiðir til þess að fólk flyst í burtu til að leita sér að atvinnu. Ekki kemur mjög skýrt fram í tölum hversu margir þurfa að flytja vegna atvinnuleysis vegna þess að þeir flytja ekki fjölskyldur sínar um leið. Nú er talið að um 200 iðnaðarmenn frá Akureyri starfi á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þetta veldur þessum fjölskyldum mjög miklum erfiðleikum, bæði varðandi ferðakostnað á milli heimilis og vinnustaðar og sundrungar í fjölskyldu. Þegar við tölum um atvinnuleysisprósentuna er hún því ekki sú tala sem við ættum að miða við.

Jafnframt þessu veldur þetta fólksfækkun á svæðinu. 1977 var fólksfjölgun 1.9% á Norðurlandi eystra, 1978 var fjölgunin 1.2%. Ef ég hleyp svo yfir nokkur ár og tek 1983 er hlutfallið komið niður í 0.3%, en 1984 er það −0.7%. Það er sem sagt fólksfækkun í þessu kjördæmi.

Fleira má tína til sem atvinnuleysi leiðir af sér. Meðallaun á þessu svæði halda t. d. alls ekki í við landsmeðaltal. Til þess að nefna nokkrar tölur í því sambandi vil ég fyrst nefna ýmsan iðnað. Þar er munurinn −14% miðað við landsmeðaltal, en flutningar −12% og götu- og sorphreinsun − 9%. Að meðaltali eru laun í Norðurlandi eystra þrem prósentum lægri en landsmeðaltal. Þetta eru örfáar tölur um staðreyndir sem tala sínu máli.

Mikilvægt er að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni þannig að sem flestum gefist kostur á starfi við sitt hæfi. Til þess að ná því takmarki er það höfuðatriði að stjórnvöld marki stefnu í atvinnumálum. Það er ekki höfuðatriðið að stjórnvöld sjái um alla uppbyggingu eða sjái um rekstur fyrirtækja. Það þarf aðallega að búa til jarðveg fyrir fólk til þess að hefja sjálft framkvæmdir og geta staðið sem fyrst á eigin fótum. Til þess að svo megi verða þarf fjármagn. Það þarf að minnka miðstýringu á fjármagni. Það þarf að efla fjármagnsstofnanir úti á landi svo að menn þurfi ekki í þeim mæli sem nú er að sækja hingað suður til Reykjavíkur með ærnum tilkostnaði og ganga á milli manna og stofnana og sjóða og biðja um peninga, helst að þekkja réttu mennina til að ýta á réttu hnappana fyrir sig. Þessu þurfum við að breyta. Þess vegna hef ég lagt áherslu á það í 3. lið þessarar till. að stofnaðir verði þróunarsjóðir sem hlíti stjórn heimamanna. Í þessu sambandi er ég að höfða til þess fjármagns sem ætlað er að nýta í þróunarfélagið. Í núverandi mynd heitir það Framkvæmdastofnun ríkisins en þróunarfélag á að vera nýtt höfuð á þeirri stofnun.

Ég tel mun æskilegra að dreifa þessu fjármagni út um land og láta þar með heimamenn hafa hönd í bagga með í hvaða atvinnugreinar þeir vilja verja þessum fjármunum því að það eru fyrst og fremst þeir sem eru þess megnugir að ákveða hvað er rétt fyrir viðkomandi byggðarlag. Það er líka mikilvægt að það sé á þeirra ábyrgð í hvað fjármunum er varið.

Þó að þessi till. taki til atvinnumála á Norðurlandi eystra er ekki þar með sagt að atvinnuástand sé viðunandi í öðrum landshlutum. Hér hafa verið fluttar þáltill. varðandi aðra landshluta og þar af leiðandi finnst mér rétt að taka Norðurland eystra sérstaklega fyrir. Það er ekki eingöngu vegna þess að ég er úr því kjördæmi, en eins og er er atvinnuástandið verst á þessu svæði og því tel ég rétt að þar verði hafist handa. Það er ekki nóg eingöngu að ræða um atvinnuleysi og atvinnumál. Það verður að hefjast handa um úrbætur.

Ég ætla ekki að fara mjög náið út í hvaða greinar er æskilegt að leggja áherslu á. Við höfum mjög oft rætt um það hér á hv. Alþingi að margir kostir eru góðir fyrir Ísland og Íslendinga. Það hefur verið talað um fiskirækt og líftækni og örtölvutækni og annað slíkt. Það er ekki okkar verksvið, að mínu mati, að nefna eina atvinnugrein fremur en aðra eða eingöngu nýiðnað. Það þarf bæði að efla þau fyrirtæki sem fyrir eru og brydda upp á nýjungum og aðstoða fólk við að koma á fót nýjum fyrirtækjum. Auk þess þarf að leggja mjög mikla áherslu á sölustarfsemi, þ. e. koma okkar vöru á framfæri bæði innanlands og erlendis.

Ég tel ekki ástæðu til þess að halda hér langa tölu, enda átti annað mál að vera til umræðu á undan þessu. Nú er klukkan farin að ganga tíu og ég hygg að menn vilji klára umræðuna um utanríkismálin. Því læt ég máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 687). — Frh. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það fór þó aldrei svo að ég kæmist ekki í stólinn í þessari tilraun, ég fékk orðið hvort sem var þó um annað væri. Við gerum þá hér, hv. þm. og viðstaddir hæstv. ráðh., eina lotuna enn að ræða utanríkismál, skýrslu hæstv. utanrrh. Þetta er orðinn nokkuð slitróttur ferill hjá okkur. En allt er gott ef endirinn er góður, segja þeir, og vonandi verður hann það hér í þessum umr. vorum um utanríkismál.

Hæstv. utanrrh. fór að vonum skilmerkilega yfir þær spurningar sem til hans hafði verið beint og svaraði þeim eftir atvikum. Ég hef lítillegar aths. að gera við nokkur svör og óska kannske frekari skýringa á fáeinum atriðum.

Hæstv. utanrrh. gerði lítið úr þeim upplýsingum sem ég vitnaði til um áform um að reisa risaradarstöðvar hér á norðurslóðum, hugsanlega á Íslandi, af þessari OTH-gerð eða ROTH-gerð, sem þá eru færanlegar risaratsjárstöðvar, taldi heimildir þær sem til væri vitnað misgóðar og sitt úr hverri áttinni og ekki allt merkilegt og hafði nú hvergi séð haft eftir hinum dáða manni Wesley McDonald að þetta ætti að gerast hér á Íslandi. Það hef ég reyndar ekki heldur og hef heldur aldrei haldið því fram. En það er hægt að raða saman þeim vísbendingum sem maður hefur og því miður verður það að segjast að margt bendir til þess að Ísland sé nú mjög fyrir sjónum þeirra manna sem skipuleggja þessi áform.

Ég vitnaði áður í umr. á Alþingi og einar fimm heimildir sem ég hef komist yfir og allar nokkuð merkar. Ég get endurvitnað í þær og þá sérstaklega í

vitnaleiðslur Wesley McDonalds fyrir öldungadeild Bandaríkjaþings 23. febr. s. l., en hann var þar, blessaður maðurinn, að rökstyðja beiðni flotans fyrir fjárveitingum til þessara mannvirkja. Ég veit ekki hvort ég á að lesa þetta á enskri tungu eða lesa óburðuga þýðinguna sem ég hef hér, sem er ekki eftir löggiltan skjalaþýðanda, en ég les þetta fyrst, með leyfi forseta, á ensku í ljósriti upp úr þingtíðindunum frá öldungadeild Bandaríkjaþings eins og mér hefur borist það í hendur. Þetta er sá hluti skýrslunnar sem fjallar um Norður-Atlantshafsvarnarkerfið, eins og það er þarna kallað, North Atlantic Defence System, og þar segir svo:

„The upgrade of Iceland air defense radars is an integral part of the planned improvements in north Atlantic defence. Continued modernization of Iceland air defense is essential to the accomplishment of the USCINCLANT mission. The delay or cancellation of already approved modernization programs would result in a decreased capability to defend Iceland and would have a major impact upon the defense of the north atlantic lines of communication."

Og síðan kemur ný málsgrein:

„Installation of an over-the-horizon radar as part of the north atlantic defense system will provide wide-area surveillance and SLOC protection in the late 99's for the Norwegian sea and the northeast atlantic. Congress deleted RDT & E funds for this project from the air force fiscal year '85 budget. Funding support in fiscal year '86 is needed to place this surveillance program back on track."

Þá hafa menn það. Í lauslegri þýðingu, herra forseti, gæti sá þátturinn sem þarna fjallar um OTH-ratsjárstöðvarnar — sem sagt ratsjárstöðvar sem sjá yfir sjóndeildarhringinn — verið svo að þær muni skapa víðáttumikla könnunargetu og vernd fyrir samgönguleiðir á sjó innan varnarkerfis Norður-Atlantshafsins, North Atlantic Defence System, bæði fyrir norska hafið og norðaustanvert Atlantshafið, á næsta áratug. Þingið tafði fjárveitingar til rannsókna á þessu verkefni á fjárlögum flughersins á árinu 1985 eða fyrir fjárlagaár 1985. Fjárveiting til þessa verkefnis á fjárlagaárinu 1986 er nauðsynleg til þess að koma eftirlitsstarfinu á réttan kjöl á ný.

Nú er það svo með þetta Norður-Atlantshafsvarnarkerfi eða Norður-Atlantshafsvarnaráætlunina að það hefur lítið farið fyrir umfjöllun um hana í skýrslum hæstv. utanrrh. og í málflutningi öllum og lítið vilja menn við þetta kannast á þeim bæ. En það er alveg borin von að horfa fram hjá tilvist þessarar áætlunar, svo víða er til hennar vitnað og svo mikinn þátt sem hún virðist leika í öllum þessum áformum. Bestu heimildir sem ég hef um hvað heyri undir þetta Norður-Atlantshafsvarnarkerfi eru þær að það séu fyrst og fremst Færeyjar, Ísland, Grænland og hafsvæðin þar í kring. Þegar komið er yfir á Bretlandseyjar eða til Noregs eru yfirleitt notaðar aðrar skammstafanir þar um.

Nú er það svo að í sumum af þessum heimildum er talað um að reistar verði færanlegar radarstöðvar og radarstöðvar af þessari gerð munu þurfa allmikið landrými vegna þess að þar er um umfangsmikið loftnet að ræða, ég tala nú ekki um ef meining er að reisa slíkan búnað á nokkrum stöðum, en hafa sjálfan radarbúnaðinn færanlegan eins og hér virðist áformað. En nú er ekki mikið undirlendi í Færeyjum og af fleiri ástæðum tel ég fremur ólíklegt að augu manna beinist að Færeyjum. Hugsanleg staðsetning væri á Norðaustur-Grænlandi eða austurströnd Grænlands, en líti maður á landakort er það því miður svo að Ísland virðist falla vel inn í þá mynd sem að öðru leyti er hægt að draga af öðrum upplýsingum og m. a. af þeim radarbúnaði sem þegar er kominn hingað og fyrirhugað er að koma upp. Það fellur nokkuð vel saman við þá þekju sem þessir risaradarar hafa.

Það eru fleiri stórmenni andans og vísindanna en Wesley McDonald. — Það væri gaman að fá að berja þann höfðingja augum einhvern tíma, svo oft sem til hans er vitnað, og ekki ónýtt að fá hann einhvern tíma í opinbera heimsókn svo að maður gæti fengið að spjalla við hann. (**Óþþ:** Heldurðu að hann sé lifandi?) Ja, hann er a. m. k. orðinn að goðsögn, en hann gæti verið lifandi fyrir það. — Þannig er að einn af sérfræðingum bandaríska þingsins, Bernhard Cooper, ritaði greinargerð fyrir bandaríska þingið og það á árinu 1983. Þar er einmitt fjallað um þessar OTH-ratsjárstöðvar og í beinu framhaldi af umfjöllun um viðbúnaðinn hér á Íslandi vikið að þessum OTH-ratsjárstöðvum, talað um að vissar truflanir frá norðurljósunum takmarki verulega notagildi þessarar tækni á allra nyrstu svæðum jarðarinnar yfir vetrarmánuði. Nú virðist að það sé verið að vinna að því og það horfi þannig að hægt sé að komast fyrir þessar truflanir að verulegu leyti. Ljóst er að hér er ekki um takmörkun að ræða nema á allra nyrstu breiddargráðum og það einungis yfir vetrartímann, sem eðlilegt er, þannig að þær viðbárur að af tæknilegum ástæðum sé þetta ekki hægt hér virðast veikar. Því miður, liggur mér við að segja.

Ég vil t. d. spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann þessar tvær heimildir, annars vegar skýrslu McDonalds til öldungadeildar Bandaríkjaþings 23. febrúar og hins vegar greinargerð Coopers, sem vinnur fyrir Bandaríkjaþing, Congress Research Service, ómarktækar heimildir? Telur hann ekki ástæðu til þess að kanna hvað liggi að baki þegar tvær opinberar heimildir, önnur frá hernum og hin frá Bandaríkjaþingi sjálfu, fjalla á opinskáan hátt um þessi áform.

Ef ég má nú koma með tillögu til hæstv. utanrrh. legg ég til að hann skrifi bréf og hann getur byrjað það svona: Þar sem athygli vor hefur verið vakin á því að uppi séu áform um að reisa risaradarstöðvar á norðlægum slóðum viljum vér óska skýringa yðar á þessum áformum og það hvernig þær á hugsanlegan hátt tengist Íslandi. (**Gripið fram í:** Hvernig er það á ensku?) Jú, ég get svarað þessu ef menn vilja, en ég veit að utanrrh. hefur á sínum snærum marga knáa menn og þeir eru oft ekki fjarri honum þegar þessi mál eru hér til umræðu. Og svo er hægt að ráða löggilta skjalaþýðendur til að snara þessu yfir á löggilt mál.

En hvað um það. Ég vil sem sagt ekki sætta mig við að hér sé um einhverjar óábyrgar heimildir sitt úr hverri áttinni að ræða sem ég hafi af einhverri meinfýsni tínt saman og sé eitthvað að reyna að rugla hæstv. utanrrh. og aðra í ríminu með því að fjalla um þetta hér. Ég tel fulla ástæðu til þess að grafast fyrir um hvað þarna er á ferðinni, m. a. í ljósi þeirra heimilda sem ég vitnaði í.

Það var vikið hér að þyngdarmælingum sem ég nefndi og hæstv. utanrrh. taldi sig ekki vita að þær væru á neinn hátt frábrugðnar þeim þyngdarmælingum sem áður hefðu farið fram. Ég tel mig þvert á móti hafa um

það upplýsingar að þær séu talsvert annarrar náttúru þar sem, eins og ég sagði, meiningin sé að mæla fyrst og fremst þau áhrif þyngdarsviðsins sem vita upp frá yfirborði jarðarinnar en ekki reyna að nota upplýsingar um þyngdarnomalíur til að lesa í jarðlög, sem sagt niður frá yfirborðinu. Á þessu er grundvallarmunur og það gefur auga leið að þær þyngdarmælingar, sem eiga að koma að gagni við umferð loftfara, beinast einmitt upp á við og beinast að því að meta áhrif þyngdarsviðsins upp í loftið. Auðvitað eigum við ekki að láta neita okkur um það, hæstv. utanrrh., að framkvæma vísindalegar rannsóknir þó að þær geti einnig, eins og ég held að það hafi verið orðað, þjónað hernaðarlegum tilgangi. Ég spurði ósköp einfaldlega: Hvers vegna eru Bandaríkjamenn að fjármagna þessar dýru mælingar nú? Hvaða hernaðarlegur tilgangur liggur þar að baki? Ég sætti mig ekki við sem svar getgátur um að það sé sjálfsagt einhver hernaðarlegur tilgangur á bak við þetta eða hann geti verið á bak við þetta. Hann er auðvitað gerandinn í þessu máli. Það er þess vegna sem þessar mælingar eiga að framkvæmast og þess vegna er borgað fyrir þær af stofnunum hersins. Þetta er engin góðgerðarstarfsemi. Ég hef aldrei orðið var við að þeir stæðu fyrir góðgerðarstarfsemi. Það getur vel verið að þeir séu að mæla Amazon-svæðið, en ég er ekki viss um að það sé góðgerðarstarfsemi heldur. Ég held þvert á móti að það sem hér er á ferðinni sé ósköp einfalt, þ. e. að leiðrétta fyrir þeim áhrifum sem þyngdarsviðið hefur upp frá sér þegar hlutir eins og gervihnettir, stýriflaugar og langdrægar eldflaugar fljúga þar yfir. Ef þetta er svo er þarna ákveðinn hernaðarlegur tilgangur á ferðinni. Ég er að öðru leyti ekki að leggja mat á þessa framkvæmd, enda veit ég of lítið um hana til þess að geta tjáð mig að þessu leyti, en mér finnst ástæðulaust að vera að skjóta sér hjá því að viðurkenna það að hér hlýtur einhver hernaðarlegur tilgangur að liggja að baki og ágætt væri fyrir okkur að vita hver hann er.

Síðan var aðeins vikið enn að umræðum um herskipakomur og nú er túlkun hæstv. utanrrh. á eigin ummælum nokkuð á annan veg en ég og fréttamenn og sérfræðingar út um allan heim túlkuðum hans orð hér þegar hann hafði gefið sín svör í fyrirspurnatíma á Alþingi um daginn. Mér er ómögulegt að túlka þau orð hans að herskipum sem beri kjarnorkuvopn sé óheimilt að koma til Íslands, inn í íslenska lögsögu, inn í íslenskar hafnir og að þeirri stefnu verði framfylgt öðruvísi en svo, að herskipaheimsóknir séu óhugsandi inn í íslenska lögsögu eða íslenskar hafnir nema vissa liggi fyrir því að þær brjóti ekki þessa stefnu. Þannig hafa aðrir og skilið þetta. Það er í ljósi þeirrar ósveigjanlegu stefnu Bandaríkjamanna að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í skipum sínum sem þetta skiptir máli og er í raun og veru grundvallaratriði.

Ég vitnaði áðan til leiðtoga kommúnistaflokksins í Kína, Hu Yaobang, sem sagði í viðtali við blaðamenn fyrir líklega einum þremur vikum að alþýðuríkið eða lýðveldið eða hvað það nú heitir, Kína, og Bandaríki Norður-Ameríku hefðu komið sér saman um að amerísk skip sem ætla að koma í kínverskar hafnir innan nokkurra vikna mundu ekki bera kjarnorkuvopn. Þetta sagði sá góði maður. En það var auðvitað uppi fótur og fit fyrir vestan og þessu var harðlega mótmælt. Við gefum auðvitað aldrei neinar slíkar tryggingar sagði Edward P. Djerejian, sem þarna talaði fyrir utanrrn., og hann sagði: Stefna okkar í þessu efni er algert grundvallaratriði, fundamental, sagði hann, og að lokum sagði hann: Það getur ekki verið um neinar bandarískar herskipaheimsóknir að ræða, hvergi í veröldinni þar sem þessi stefna er við lýði. Og ef ég má enn einu sinni lesa hér eina málsgrein á ensku, með leyfi forseta: „No US ship visit can take place anywhere in the world except under this policy", þ. e. þeirri stefnu Bandaríkjamanna að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í skipum. Ég skil það svo, að ef utanrrh. ætlar að framylgja þessari stefnu sinni á þann hátt að það sé alveg ljóst að hingað komi ekki skip með kjarnorkuvopn séum við lausir við herskipaheimsóknir um aldur og ævi og ætla ég ekki að harma það.

Utanrrh. hæstv. sagði að það væri auðvitað þannig að þó að skip gætu borið kjarnorkuvopn þyrftu þau ekki endilega að hafa þau og þess vegna væri allt í lagi þó að hingað kæmu skip með eldflaugageyma, kannske tvær snyrtilegar raðir eftir dekkinu, 16, 18, 24 hólf eða eitthvað svoleiðis. Þetta væri allt í lagi því að þau þyrftu ekki endilega að hafa kjarnorkuvopn. Þetta er alveg rétt. En að sama skapi geta þau haft þau og hafa þau mjög oft. Og ég hef hérna þann lista sem ég vitnaði til um þessa tundurspilla af Spruance-gerð sem eru mjög margir í Norður-Atlantshafsflotanum og heita ýmsum fögrum nöfnum eftir allls konar hetjum og hafa auk þess númer og eru númeraðir DD-963 — DD-999. Öll þessi herskip, þessir spillar, hafa sem sagt þessa kjarnorkuvopnagetu og eins og ég sagði áðan er vitað og viðurkennt að verulegur hluti þeirra á hverjum tíma ber kjarnorkuvopn. Það er svo um kjarnorkubúinn flota yfirleitt að reiknað er með, það er gengið út frá því í umfjöllun um þessi mál, að svo og svo stór hluti hans á hverjum tíma beri þessi vopn. Það er inni í útreikningum og það er inni í umfjöllun um kjarnorkuvopnastyrk á hverjum tíma, þannig að það hefur öðlast ákveðna viðurkenningu þar með að svo sé.

Það hefur kannske ekki mikið upp á sig að ræða þetta enn frekar. Ég tel óhjákvæmilegt og ég fyrir mitt leyti mun krefjast þess að gengið verði úr skugga um það þegar fyrir dyrum standa herskipaheimsóknir, hvenær það verður, ef það verður, hvort í þeim flota eigi þá að vera skip sem geti borið kjarnorkuvopn. Þá reynir að sjálfsögðu á það hvort eða hvernig utanrrh. mun framfylgja þessari stefnu sinni. Því get ég alveg lofað hæstv. utanrrh. að ef ég verð ofar moldu mun ég beita mér fyrir því að það verði látið á það reyna hvort þetta kjarnorkuvopnabann okkar Íslendinga hvað þetta varðar heldur.

Ég vil lýsa ánægju minni, svo langt sem það nær, yfir þeim orðum sem hæstv. utanrrh. hafði um viðskiptabann Bandaríkjanna á Nicaragua, en í framhaldi af því tel ég eðlilegt að spyrja hvort sé að vænta einhverra yfirlýsinga eða einhverra aðgerða af hálfu hæstv. utanrrh. eða af hálfu hæstv. íslensku ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar. Nú er ekki ólíklegt að á næstu dögum heyrist frá ýmsum, víða í hinum vestræna heimi a. m. k. og kannske víðar, þar sem þessu viðskiptabanni verður harðlega mótmælt og jafnvel gripið til einhverra aðgerða. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Er þess að vænta að við fáum að heyra eða sjá meira frá honum á næstu dögum en einungis það að hann harmi þetta í umr. á hv. Alþingi þó að það sé út af fyrir sig skref í rétta átt?

Hæstv. utanrrh. gerði frekar lítið úr samtökum, sem ég er félagsmaður í og er þess vegna ákaflega hörundsár fyrir, sem eru samtök þm. um nýtt heimsskipulag eins og það heitir í Morgunblaðinu, og því átaki leiðtoga í þeim fimm heimsálfum, sex þjóðarleiðtoga í fimm heimsálfum, sem samtökin hafa beitt sér fyrir. Hann á væntanlega með ummælum sínum við Delhi-yfirlýsinguna þar sem hann segir að hún sé gölluð, þar sem sé ekki kveðið á um framkvæmdir og eftirlit. En alvarlegast af öllu taldi hann þó að tvö ríki, Argentína og Indland, hefðu ekki fullgilt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna og þess vegna væri allt þeirra tal í þessum efnum marklaust. Nú er það svo, eins og hæstv. utanrrh. væntanlega veit, að sá samningur var á sínum tíma undirritaður af mörgum aðilum og reyndar gerður með það í huga að þau ríki, sem þá tækju á sig skuldbindingar um að taka ekki kjarnorkuvopn, fengju í staðinn yfirlýsingar stórveldanna um að þau mundu afvopnast, þau mundu á *ákveðnum tíma losa sig við þau vopn. Gagnrýni* hefur farið vaxandi á undanförnum árum að vegna þeirrar stöðu sem þessi mál eru í, vegna vanefnda stórveldanna og kjarnorkuveldanna hvað þetta varðar og algers getuleysis þeirra til að standa við þessa hlið málanna sé það samkomulag úr gildi fallið, marklaust, vegna þess að þetta var hugsað eins og ákveðinn tvíhliða gerningur ef ég kann rétt að fara með. Það afsakar þó ekki að auðvitað er slæmt að þessi tvö ríki skuli ekki hafa fullgilt þennan samning, en að mínuu viti gerir það ekki þá þjóðarleiðtoga sem þar eru við völd nú og vilja leggja góðu málefni lið algerlega marklausa og meiningarlausa hvað þetta varðar. Ég segi bara við hæstv. utanrrh.: Mér er enn þá sama hvaðan gott kemur ef þessir ágætu menn vilja beita sér fyrir aðgerðum í þessu efni og þeirra ríki eru þó enn þá kjarnorkuvopnalaus að því er best er talið og er það gott og vel og við skulum fagna því.

Ég er enn óánægður með hversu litla trú hæstv. utanrrh. hefur á kjarnorkuvopnalausum svæðum. Hugsanlega endist mér ekki kvöldið til þess að sannfæra hann endanlega í þeim efnum. En nú er það svo að Ísland er eitt af þessum kjarnorkuvopnalausu svæðum skv. opinberri stefnu. Það hefur sjálfur hæstv. utanrrh. margítrekað að það sé okkar opinbera stefna að hafa hér ekki kjarnorkuvopn, sömuleiðis ekki í okkar lögsögu og okkar höfnum, þannig að það skýtur skökku við að við sem slíkir skulum þá ekki hafa trú á því að reyna að hafa fleiri lönd og stærri einingar kjarnorkuvopnalaus og gera um það bindandi alþjóðlega samninga.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ekki heyrt nógu haldgóð rök fyrir því að menn skuli ekki vera tilbúnir til að reyna að ná alþjóðlegu samkomulagi um slíkar skuldbindingar. Því er iðulega haldið fram að vegna þess að Norðurlöndin séu kjarnorkuvopnalaus sé þetta ástæðulaust. Ég segi: Auðvitað á þvert á móti, vegna þess að Norðurlöndin eru kjarnorkuvopnalaus í dag, að nota tækifærið og lýsa því formlega yfir og reyna að ná með því árangri. Ég get ekki séð að það geri annað en styrkja stöðu okkar frekar en hitt í þessum efnum.

Herra forseti. Það er aðeins eitt sem ég vildi svo að síðustu spyrja hæstv. utanrrh. út í, ég geri ráð fyrir að hann geti átt leið hingað einu sinni enn í kvöld, og það er um byggingu stjórnstöðvar í Keflavík. Nú er maður alltaf að reyna að læra af reynslunni og ég hef reynt að *læra af þeirri reynslu sem ég hef upplifað í tengslum við* málefni þessarar stjórnstöðvar. Ég var búinn að þráspyrja um þetta ákveðna málefni og reyna að draga fram einhverjar upplýsingar um hvað hér væri á ferðinni, fullyrða þetta í ræðum á hv. Alþingi o. s. frv., en hef lítið haft upp úr því krafsinu fyrr en nú í vetur allt í einu að það upplýstist í fyrirspurnatíma að teikningar að þessu mannvirki væru komnar í utanrrn. Þetta var þá raunveruleiki eftir allt saman, þessi áform voru raunveruleg eins og haldið hefur verið fram og nú er ekki lengur hægt að neita þeim. Hér er svo fjallað um þessa stjórnstöð í þessari skýrslu og er það út af fyrir sig vel. Í ljósi þess sem við höfum heyrt og séð í sambandi við ákvarðanatöku um framkvæmdir á vegum Bandaríkjahers hér á landi hlýt ég að spyrja hæstv. utanrrh.: Er það á döfinni að hann taki ákvörðun í sínu rn. um að heimila Bandaríkjamönnum að hefja þessar framkvæmdir *og mun hann þá standa þannig að því að hann* muni einfaldlega tilkynna ríkisstj. að hann ætli að veita þetta leyfi? Það hefur einnig komið fram hér í umr. að þannig gerast oft hlutirnir á þessum bæ. Það er bara sagt frá því í ríkisstj. að utanrrh. hafi leyft eða ætli sér að leyfa þessa eða hina framkvæmd og við það situr. Er þess til að mynda að vænta að einhver ákvörðun í þessu *máli verði tekin á næstu mánuðum, til að mynda á* meðan Alþingi er í sumarfríi eða hvað er annars að frétta af því? Því miður bendir allt til þess að þetta sé næst á listanum góða yfir óskir Bandaríkjamanna um framkvæmdir hér, þetta sé næsta skref sem þeir vilji fá að stíga hér og engan veginn það síðasta. Það verður ákveðinn mælikvarði á framkvæmdahraðann hversu langt um líður frá því að síðustu framkvæmdir voru leyfðar þangað til ákvörðun verður tekin um þessa.

Það verður mjög fróðlegt að vita, herra forseti, hvort *við eigum eftir að upplifa atburðarás eitthvað svipaða* þeirri sem gerðist með stjórnstöðina í sambandi við þær risaradarstöðvar sem ég hef hér gert að umræðuefni. Því miður finnst mér að ég sé að mörgu leyti að upplifa sömu söguna aftur. Heimildir úti í heimi, ábyggilegar heimildir, færa manni heim sanninn um að svona áform séu á döfinni. Enginn kannast við neitt. Hæstv. utanrrh. hefur ekki heyrt neitt, kannast ekki við neitt. Svo *líður* ár, svo líða tvö ár og þá allt í einu er þetta komið á prent. Jú, þeir eru búnir að fá teikningar og þeir vilja helst fara að drífa í þessu á næsta ári. Ég ætla svo sannarlega að vona að uggur minn um þetta efni sé ástæðulaus því einhver verstu tíðindi, held ég, sem ég gæti nú fengið í þessum málum væru að eitt stykki svona mannvirkja ætti að rísa hér. Ég held að utanrrh. *hljóti* nú að skilja, ef hann hugleiðir það augnablíksstund, að þegar maður hefur endurtekið orðið fyrir reynslu eins og þeirri sem ég rakti hér í sambandi við stjórnstöðina og rekja má í sambandi við margar fleiri framkvæmdir sem hér hefur verið ráðist í hljóti manni að leyfast að vera tortrygginn og gagnrýninn og vilja fá skýr svör. Þess vegna hef ég gert þetta mál jafnítarlega að umfjöllunarefni hér og raun ber vitni. Ég sætti mig ekki við að því sé einfaldlega vísað frá á grundvelli þess að heimildir sem maður vitnar í séu ekki marktækar, ekki síst þegar þær eru frá þeim aðilum sem ég hef í vitnað.

Herra forseti. Þá ætla ég að fara að hætta þessu í bili. Þetta er orðið allgott. Því miður virðist mér það vera

svo hjá þessari hæstv. ríkisstj. að þar sé bókstaflega allt galopið í þessum herstöðva- og vígbúnaðarmálum. Það hefur sjaldan ef nokkurn tíma á síðustu áratugum verið jafnlítið viðnám hér, jafnlítið reynt að sporna eitthvað við því að við flækjumst endanlega í þetta vígbúnaðarnet. Ef maður setti upp Íslandskort þar sem merktir yrðu inn allir þeir staðir, öll þau mannvirki sem á einhvern hátt tengdust hernaði sýnist mér að ef svo haldi sem horfi verði það eitt blikkandi ljósahaf innan nokkurra ára. Ekki er það nú falleg framtíðarsýn, a. m. k. ekki fyrir mig.

Ég ætla þá ekki að hafa þetta fleira en ég ítreka spurningar mínar til hæstv. utanrrh. og vona að hann geti gefið mér einhver skýr svör við þeim.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að flytja hér langt mál, síst eftir jafnítarlegar upplýsingar alla leiðina frá Kína og við höfum hlustað á að undanförnu. En það er margt kyndugt í kýrhausnum. Eitt af því er að hreindýr heyra undir menntmrn., en hvalveiðar eru orðnar að ríkisleyndarmáli í utanrmn. Þær einu upplýsingar sem við fáum hér eru þær að þinginu mun verða gerð sérstök grein fyrir hvalveiðimálum þegar tímabært þykir. Nú er það fsp. mín til hæstv. utanrrh. hvenær hann telji að sú stund muni upp renna að þeirri hinni miklu hulu um stöðu hvalveiðimála verði aflétt, málið verði ekki í reynd lengur leyndarmál í utanrmn. heldur þingheimur upplýstur um stöðu málsins. Ástæðan fyrir því að ég leita svo fast eftir svörum um þetta er að í harðri atkvgr. á Alþingi Íslendinga gerðust þau tíðindi að ákveðið var að mótmæla ekki ákvörðun hvalveiðiráðsins, en sú ákvörðun var tekin m. a. á atkvæði varamanns eins af ráðh. í núv. ríkisstj. sem var á öndverðum meiði við sinn varamann í þeim efnum. Ég ætla einnig að fleirum hafi snúist hugur í þessu máli.

Klukkan gengur mjög hratt á okkar hagsmuni hvað þetta snertir. Það er nánast óþolandi afskiptasemi af innanríkismálum Íslands ef erlendir aðilar ætla að þvinga það í gegn að við látum af því að nytja okkar auðlindir. Ég tel að það sé mjög brýnt, og ég treysti hæstv. utanrrh. vel til að fylgja því eftir, að leitað verði lausna í þessu máli sem tryggi að Íslendingar haldi áfram að nytja hvalveiðistofninn, hvort sem þær lausnir fela það í sér að Ísland verður að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu eða ekki. Reyndar tel ég að miðað við þær hugmyndir sem þar hafa verið uppi sé okkur lítill sómi að setunni í þessu ráði.

Það getur vel verið að þeir séu til sem telja að það skipti ekki miklu máli fyrir þessa þjóð hvort við setjum vel rekin fyrirtæki á Íslandi á höfuðið og lækkum þannig lífskjör í landinu. En mér sýnist að það sé ekki borð fyrir báru til að lækka lífskjörin og ég hygg að það séu fleiri sama sinnis. Þess vegna tel ég að það sé mjög brýnt að þannig verði að málum staðið að hvalveiðar geti haldið áfram í íslenskri lögsögu, að sjálfsögðu undir vísindalegu eftirliti, og vænti þess að hæstv. utanrrh. ljái því máli lið og geri grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun stytta mál mitt og víkja aðeins að því sem hv. tveir síðustu ræðumenn hafa minnst á.

Varðandi svokallaðar OTH-ratsjár er það að segja að það kom greinilega fram í upplestri hv. þm. Steingríms Sigfússonar, hvort heldur var á ensku eða íslensku, að það var í sitt hvorri mgr. þar sem rætt var um ratsjárstöðvar á Íslandi og mögulega OTH-ratsjá. Það kom líka greinilega fram í hans máli að enn eru óleystir tæknilegir örðugleikar, þeir að norðurljósin trufla nytsemi þessara ratsjárstöðva á norðurslóðum. Það kom enn fremur fram í hans umsögn að það mætti alveg eins ætla að slík stöð yrði í Bretlandi eða Skotlandi eins og hér á Íslandi. Það sem ég hef heyrt varðandi það er að ef slík stöð er reist eftir að búið er að leysa tæknilega örðugleika, þá sé líkleg staðsetning í Skotlandi eða Englandi, í Bretlandi sem sagt. En ég ítreka og endurtek að hér hafa ekki verið hafðar uppi neinar hugmyndir um byggingu slíkra stöðva á Íslandi. Mér fannst þm. þannig farið að hann væri að leggja saman tvo og tvo og fengi út fimm.

Þá vík ég að þyngdarmælingunum sem hann kvað frábrugðnar þeim er fyrr hafa verið gerðar af sömu aðilum, að nú ætti að mæla upp en ekki niður. Ég dreg það ekki í efa að þessar þyngdarmælingar eiga að koma að gagni í sambandi við umferð um loftsins vegu, m. a. varðandi gervihnetti til þess að auðvelda staðsetningu skipa á sjó úti og flugvéla. En þessar fyrirætlanir um þyngdarmælingar hafa farið um hendur Orkustofnunar og Orkustofnun er ákaflega mikið í mun að þær eigi sér stað. Þær verða undir stjórn og á vegum Orkustofnunar. Og Orkustofnun segir þær hafa vísindalegt gildi fyrir jarðeðlisfræði Íslands, fyrir jarðsögu Íslands, mælingar á jöklum, mælingar á jarðlögum o. s. frv. Þótt ég viti að Orkustofnun stefni hátt hygg ég þó að áhuginn hljóti að beinast fyrst og fremst að þeirri vitneskju sem fæst neðan úr djúpum jarðar fremur en í mælingum upp á við.

Þá nefndi hv. þm. Steingrímur Sigfússon herskipakomur og möguleika á því að herskip væru með kjarnavopn innanborðs. Ég vil ekki lengja þessar umræður með því að endurtaka það sem ég sagði hér fyrir þrem eða fjórum klukkutímum, en þó var það í stuttu máli á þá leið að það gilda ákveðnar reglur í Atlantshafsbandalaginu varðandi flutninga á kjarnavopnum, og ég geng út frá því að þær séu haldnar, að kjarnavopn verði ekki flutt til lands nema með samþykki viðkomandi lands. Til þess að kjarnavopn séu flutt til landsins og inn fyrir lögsögu þess þarf því samþykki íslenskra yfirvalda.

Þá gerði hv. þm. lítið úr því að það sýndi alvöruleysi Argentínu og Indlands og þjóðarleiðtoga þeirra varðandi yfirlýsingu þjóðarleiðtoga í fimm heimsálfum þegar á það væri litið að þessi lönd hefðu ekki staðfest samninginn um bann við dreifingu kjarnavopna og afsakaði þá, skildist mér, með því að þeir hefðu ekki verið þjóðarleiðtogar þegar samningurinn var gerður eða flest ríki staðfest hann. En ég var að vitna í nýlegar heimildir. Ég var að vitna til þess að sendiherrar Norðurlanda í þessum löndum og hjá Sameinuðu þjóðunum gerðu sér ferð á fund yfirvalda allra þeirra þjóða í Sameinuðu þjóðunum sem ekki hafa staðfest þennan samning núna um og upp úr áramótunum og fengu afsvar bæði hjá Argentínu og Indlandi. Sannleikurinn er sá að sögur herma — og nú er ég að vísu farinn að hljóma eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon að vitna í sögusagnir — að bæði þessi lönd hafi náð tökum á kjarnavopnum eða hafi vald á þeim. Ég minnist þess í það minnsta að í frásögum af Falklandseyjastríðinu var

talin einhver hætta á að Argentína mundi beita þeirri kunnáttu. En ég segi þetta með öllum fyrirvara og tel það eiginlega fyrir neðan virðingu okkar hv. þm. Steingríms Sigfússonar að byggja málflutning okkar á sögusögnum eins og honum er svo gjarnt og ég sýnist vera að falla í sömu gryfju. (**SJS:** Ég mótmæli þessu hreinlega.)

Þá vék hv. þm. að byggingu stjórnstöðvar í Keflavík og bjó til hálfgert ævintýri eða leynilögreglusögu í kringum þá byggingu. Ég minnist þess ekki að fyrirætlunum varðandi byggingu stjórnstöðvar hafi verið neitað. Ég held að við höfum upplýst það hér fyrr að fjárveiting hafi ekki fengist á sínum tíma hjá Bandaríkjaþingi fyrir byggingu nýrrar stjórnstöðvar í Keflavík. En sú fjárveiting hefur fengist núna og það er ekki farið leynt með það að áform eru uppi um byggingu slíkrar stjórnstöðvar. Meðan þessi fyrirætlun var í æsifregnastíl átti þessi stjórnstöð að vera neðanjarðar, en eins og fram kemur í skýrslu minni er ekki um slíka byggingu að ræða þótt hún sé styrkt og útbúin skv. reglum sem gilda um slík mannvirki á vegum Atlantshafsbandalagsins. Ég hef í öllum tilvikum, eins og skýrslur mínar um utanríkismál og fyrirætlanir varnarliðsins og svör við fsp. hv. þm. bera vitni um, reynt að gefa sem réttastar og mestar upplýsingar á hverjum tíma, og ég minni á að á hverju hausti eru t. d. gefnar upplýsingar í utanrmn. um væntanlegar framkvæmdir næsta árs sem oft og tíðum fela í sér mannvirki sem tekur mörg ár að byggja.

Ég vil svo svara hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, sem ég er efnislega í höfuðatriðum sammála. Hvalveiðimál heyra undir utanrrh. að því leyti er snertir fyrirsvar landsins út á við, til dæmis í hvalveiðiráðinu, en varðandi efnisþætti heyra hvalveiðimál undir sjútvrh. Eins og kemur fram í skýrslu minni segir, með leyfi forseta:

„Hvalveiðimálin hafa verið til ítarlegrar meðferðar í sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun og rædd í utanrmn. Mun verða gerð sérstök grein fyrir hvalveiðimálum þegar tímabært þykir."

Það er ekkert óeðlilegt þótt þessi mál séu rædd sérstaklega í utanrmn. Til utanrmn. var vísað þeirri þáltill. hvort mótmæla skyldi þessu hvalveiðibanni. Það valt á einu atkvæði, eins og hv. þm. benti á. Ég var þá í minni hl. og flutti reyndar nál. minni hl. n. á þeim tíma.

Það hlýtur að koma til meðferðar í utanrmn. líka hver aðild okkar og með hvaða hætti þátttaka okkar í hvalveiðiráðinu á að vera í tengslum við framtíð hvalveiða á Íslandi þegar svona er komið. En efnislega hvað hvalveiðarnar sjálfar snertir heyrir þetta undir sjútvrh. og ég get með góðri samvisku sagt, þótt hann hafi verið öndverðrar skoðunar við mig varðandi mótmæli gegn hvalveiðibanni þegar það var uppi á teningnum, að hann hefur unnið mjög samviskusamlega og vel með sínum mönnum í rn. og Hafrannsóknastofnun að kanna færar leiðir er tryggja hagsmuni Íslands sem best. Ég tel því að það hljóti að verða hann sem upplýsi málið efnislega og meti það í samræmi við hagsmuni Íslands hvenær það þykir tímabært.

Atvinnumál á Norðurlandi eystra, þáltill. 394. mál (þskj. 638). — Frh. einnar umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þó að hér sé nú haldinn kvöldfundur og sumir séu búnir að vera býsna oft hér í ræðustólnum í dag ætla ég ekki að láta þessa till. um atvinnumál á Norðurlandi eystra fara fram hjá mér í þessum umr. án þess að segja um hana nokkur orð. Ég sé ekki eftir mér og ekki eftir öðrum hv. þm. að eyða örlitlum tíma hér í að ræða atvinnumál, hvort sem það er á Norðurlandi eystra eða annars staðar. Hér höfum við tveir hv. þm. flutt till. um það að litið verði sérstaklega til atvinnuástands á Norðurlandi eystra og er ekki nema eðlilegt því að það hefur óvíða ef nokkurs staðar á landinu verið jafnslæmt á undanförnum tveimur árum og ber auðvitað ýmislegt til.

Það er eðlilegt að tekið sé sérstaklega á atvinnumálum þegar atvinnuleysi er komið á það stig sem er t. a. m. á Akureyri og nokkrum öðrum þéttbýlisstöðum í Norðurlandi eystra þegar verst gerist t. d. yfir vetrartímann. Goðsögnin um það, herra forseti, að á Íslandi sé ekkert atvinnuleysi á því miður ekki alls staðar við rök að styðjast. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Þegar það eru orðin nokkur prósent vinnandi manna sem ekki hafa atvinnu, jafnvel svo mánuðum skiptir, er ekki lengur hægt að tala um land án atvinnuleysis að mínu mati. Fyrir nú utan það að einhverjir af þeim sem þó teljast hafa vinnu leggja á sig verulegt óhagræði til þess að ná sér í þá atvinnu, eins og rakið var reyndar hér af flm.

Atvinnuástandið hefur verið sérstaklega alvarlegt á Akureyri s. l. tvo vetur og jafnvel lengur. Þar hefur t. a. m. verið stórfellt atvinnuleysi hjá iðnaðarmönnum, sérstaklega í byggingariðnaði, og ýmsir fleiri hópar hafa þar búið við nokkurt atvinnuleysi. Ástandið í dag gefur einnig tilefni til að hugleiða hvað sé í vændum á allra næstu árum. Það verður að segjast eins og er að því miður horfir þetta mál illa við landsbyggðinni af ýmsum ástæðum. Má þar nefna t. d. að stærri árgangar að hlutfalli koma inn á vinnumarkaðinn á landsbyggðinni en hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Þannig eru t. a. m. um 40% íbúa landsins heimilisföst utan stór-Reykjavíkursvæðisins, en nær 48% af þeim vinnuafla sem bætist á vinnumarkaðinn á næstu árum eru úti á landi. Þetta misræmi stafar af hærri frjósemistölu og stærri árgöngum úti á landi og gerir auðvitað aðstöðu landsbyggðarinnar til þess að halda sínum hlut og skaffa sínu fólki atvinnu á heimaslóðum enn þá erfiðari en ella. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að fleiri störf þurfa að bætast við að hlutfalli úti á landi en hér á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Annað sem einnig gefur tilefni til að hugleiða stöðuna eru þær spár sem uppi eru um hvar líklegast sé að störf muni bætast við á næstu árum og áratugum. Það hefur oft verið horft til iðnaðar í því sambandi og hann hefur verið ákveðið lausnarorð hjá þeim sem um þetta fjalla, að sjávarútvegur og landbúnaður og aðrar tengdar greinar muni ekki bæta við sig miklum mannafla en iðnaðurinn hljóti að gera það. En nú eru uppi um það kenningar ekki ómerkari manna en dr. Ingjalds Hannibalssonar að iðnaðurinn sem slíkur muni engan veginn taka við öllum þeim mannafla sem honum hefur verið ætlað fram að þessu og það geri hann ekki vegna þess að þar muni þurfa að verða miklu meiri framleiðniaukning en hingað til hefur verið reiknað með, eigi iðnaðurinn á annað borð að halda velli. Þá eru ekki margir kostir eftir, herra forseti, sem gætu lagt til öll þessi nýju störf. Mest er þá mænt á þjónustuna, alls kyns þjónustu, að þar verði nýju störfin að skapast, og

allir vita hvernig henni er skipt í landinu. Hún er í það miklu minna mæli úti á landi að það þarf að verða nær þreföld aukning í þeirri þjónustu sem þar þó er til þess að hún geti bætt við sig jafnmörgum störfum og hún gerir hér. Svo dökk er sú mynd.

Með þetta tvennt sérstaklega í huga held ég að það sé ástæða til að taka atvinnumálin á hverju landsvæði, í hverjum landshluta og einnig á landinu í heild til athugunar. Stjórnvöld bera hér mikla ábyrgð. Hverjar meiningar sem menn hafa um beina þátttöku þeirra í atvinnulífinu er alveg ljóst að stjórnvöld hlaupa ekki frá ábyrgð sinni í þessu máli á neinn hátt. Í fyrsta lagi er það þeirra hlutverk að verulegu leyti að marka rammskilyrðin fyrir atvinnureksturinn í landinu. Það má taka sem dæmi að stjórnvaldsaðgerðir sem hafa áhrif á rekstrarstöðu sjávarútvegs eru aðgerð af því tagi. Slíka ábyrgð bera stjórnvöld og þar mættu þau, a. m. k. að mínu viti, grípa inn í ástand mála eins og það er í dag, í rekstrarstöðu og afkomu framleiðslugreina þjóðarbúsins.

En stjórnvöld bera ekki síður og kannske sérstaklega ábyrgð hvað varðar skipulag opinberrar þjónustu og staðsetningu opinberra stofnana því að það hefur einnig áhrif, jafnstór aðili og ríki og opinberir aðilar eru í þessum efnum. Þau geta margt gert sem hefur áhrif á þessa mynd. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að til þess verði einnig litið ef atvinnuástand á Norðurlandi eystra verður sérstaklega skoðað. Ég nefndi Akureyri því að þar hefur atvinnuástandið verið einna alvarlegast. Það vill einmitt svo til að nú eru uppi hugmyndir um ýmsar greinar þjónustu og ýmsar stofnanir sem handhægt væri að koma á fót eða flytja til Akureyrar. Það er dæmi um hið síðarnefnda sem stjórnvöld geta gert á þessu sviði og hefur áhrif á atvinnuástandið.

Herra forseti. Ég vildi koma þessum almennu hugleiðingum mínum á framfæri við þennan hluta umr. um þessa þáltill. sem ég er meðflm. að ásamt með hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir er í sjálfu sér allra góðra gjalda verð og meiningin örugglega góð. Ég vil þó vekja athygli á því að atvinnuleysistölur sem teknar eru á ákveðnum degi eða tíma eru ekki alveg óyggjandi og þar er vissulega ekki allt sem sýnist.

Því var mótmælt nýlega af bæjarstjóra á Akureyri og bæjarfulltrúum að nýlegar atvinnuleysistölur væru raunhæfar. Það er vitað að Útgerðarfélag Akureyringa hefur margauglýst eftir fólki og fær ekki. Yfirverkstjóri þar sagði nýlega í blaðaviðtali að hann gæti nú bætt við 50 manns. Slippstöðina vantar 20—30 járniðnaðarmenn. Sömuleiðis er mér kunnugt um að Vélsmiðjuna Odda vantar járniðnaðarmenn.

Það er, að mér finnst, óþarfi að gera meira úr atvinnuleysi en efni standa til. Atvinnuleysisgrýlan vekur ugg og hún getur dregið dilk á eftir sér. Hins vegar dettur mér ekki í hug að draga úr því að atvinna hefur dregist saman á þessu landsvæði, á Norðurlandi eystra, einkum í byggingariðnaði og bifvélavirkjun, að mér er tjáð. Það eru þær atvinnugreinar sem langmests samdráttar gætir í.

Sú mikla fólksfjölgun og jafnvel þensla á Akureyrarsvæðinu og víðar á Norðurlandi eystra sem fylgdi aflaárunum fyrir 1982 hlaut náttúrlega að finna sitt jafnvægi fyrr eða síðar. En hitt er svo rétt að það er bágt að standa í stað og mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið einnig í þessum efnum, eins og þar stendur, og sjálfsagt á atvinnulíf á Akureyri og víðar á Norðurlandi eystra nokkuð í vök að verjast um þessar mundir.

Ég hef líka áhyggjur af því, eins og hv. 1. flm. kom inn á, að laun eru tiltölulega lág á þessu svæði. Stærstu atvinnuveitendur, iðnaðardeild SÍS og Kaupfélag Eyfirðinga, greiða ekki tiltakanlega há laun og svo hefur reyndar verið lengi. En mér segir svo hugur um að hálaunasvæði með vaxandi atvinnu í nýbyggingariðnaði, hækkandi verði fasteigna og velmegun á annan hátt verði ekki endilega til þó stofnaður sé einhver þróunarsjóður. Ég held að þetta gerist nefnilega ekki nema með uppbyggingu stóriðju og það væri það besta sem gert væri fyrir atvinnulífið á þessu svæði að vinda þar bráðan bug að strax.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka þeim þm. sem hér hafa tekið til máls og sýnt þessari till. velvilja. Meðflm. minn styður vitanlega till.

Það eru örfá atriði sem ég vildi drepa á jafnframt því sem ég sagði áðan. Það er t. d. um ástandið í Grímsey sem mér finnst mjög alvarlegt. Það er bein afleiðing af gerðum ríkisstj., hinu svonefnda kvótakerfi. Þar eru menn búnir með sinn kvóta þessa dagana og verða að bíða til næstu áramóta eftir að mega veiða fisk úr sjónum, en það er þeirra eina atvinnugrein. Þeir verða að sitja út allt árið án þess að mega draga bein úr sjó, nema á bátum undir tíu tonnum að stærð, nema þeir fái keyptan kvóta annars staðar frá. Þetta er óþolandi ástand, og það á lítilli eyju norður í Dumbshafi, að mega enga björg sér veita vegna aðgerða af völdum ríkisstj.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist áðan á fjölgun ungmenna úti á landi miðað við þéttbýli og finnst mér gott að hann nefndi þetta. Eins og kemur fram í grg. eru einstaklingar á aldrinum 15—19 ára um 541 að meðaltali í árgangi, en fjölgun starfa 1983 var aðeins 60 það árið. Þessar tölur sýna okkur að eftir því sem árin líða verður meiri hætta á auknu atvinnuleysi, miðað við það sem nú er, verði ekki snögg breyting á.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson nefndi hérna verð á fasteignum og að það þyrfti að byggja upp stóriðju hið snarasta til þess að snúa þessu við. Í því sambandi langar mig til þess að benda á að það eru fleiri atvinnutækifæri en stóriðja sem hægt er að byggja upp og sem hafa áhrif á verð á fasteignum. Þar er gleggsta dæmið Sauðárkrókur. Þar er ekki verið að byggja upp neina stóriðju. Þar er verið að reisa steinullarverksmiðju. Þar hefur verð á fasteignum rokið upp. Og ríkissjóður á þar stóran hlut að máli. Ef ég man rétt mun ríkissjóður m. a. verja 130 millj. kr. í þá uppbyggingu á þessu ári, 1985. Þau eru ansi víða áhrifin af ákvörðunum ríkisvalds sem fólki verða annaðhvort til góðs eða ills. Það er ekki sama hvar fjármununum er eytt eða hvar er drepið niður. Ég vil aðeins nefna þetta þar sem hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði um stóriðju sem eina kostinn. Þetta er ekki sagt í þeim skilningi að nú verði að byggja aðra steinullarverksmiðju og að hún eigi að vera staðsett á Akureyri eða í nágrenni. Sú er alls ekki meiningin með þessum orðum.

Eitt atriði er nefnt í þessari till., mér þótti ekki ástæða

til að lesa hana upp þar sem hún er á prentuðu þskj., en það er varðandi iðngarða. Ég hef trú á því að sú tilhögun að byggja iðngarða sem víðast þar sem menn gætu fengið leigt húsnæði til að koma upp atvinnustarfsemi mundi létta mönnum mjög róðurinn varðandi fjármögnun því að það er ansi hart að þurfa að byrja á því að byggja hús fyrir takmarkað fjármagn og berjast fyrir því að fá lán fyrir húsnæðinu, en standa svo uppi slyppur og snauður þegar þarf að byggja upp sjálfa atvinnustarfsemina. Ég held að með því móti að reisa iðngarða geti ríkið líka stutt verulega við bakið á einstaklingum varðandi atvinnuuppbyggingu.

Það má svo sannarlega nefna margt fleira í þessu sambandi en ég tel ekki ástæðu til þess á þessu stigi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er ekki einleikið með þá ofurtrú sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa, þegar atvinnumál eru rædd, á stóriðjunni. Það er ekki einleikið. Það er ekkert nema stóriðjan sem leysir vandann. Bara hókus pókus, þá hverfur allur vandinn eins og dögg fyrir sólu, svo einfalt er það. Og vera að bulla um þróunarfélög og svoleiðis skiptimynt. Nei, það er ekki það sem skal. Það er stóriðjan.

Ég vil vegna orða hv. þm. Björns Dagbjartssonar hér áðan spyrja hann einnar spurningar. Af því að við erum að ræða atvinnumál á Norðurlandi eystra og þetta tengist Norðurlandi eystra tel ég að hann geti vel komið hér upp við þessa umr. og svarað spurningu minni ef hann hefur svarið tilbúið. Ég spyr hvort hann treysti sér til að styðja brtt. mína og fleiri þm. við frv. ríkisstj. um hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi, en sú brtt. er á þá leið að heimili og varnarþing þess félags verði á Akureyri. Og vel að merkja: bæjarstjórn Akureyrar hefur sent um það skeyti að hún styðji þetta og hvetur alla góða menn til þess að styðja sínar óskir um að þetta fyrirtæki verði þarna norðan heiða. Bæjarstjórn Akureyrar er því a. m. k. á því að fleira geti orðið til bjargar hennar sóma en stóriðjan ein. Hún hefur áhuga á þessu þróunarfélagi. Ég spyr sem sagt hv. þm. í framhaldi af orðum hans hér áðan hvort hann sé ekki sammála þessu, hvort hann sjái enga ástæðu til þess að setja upp þetta þróunarfyrirtæki þarna norðan heiða, hvort það sé ekkert annað en stóriðjan sem komist að í hans höfði í þessum efnum.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Þessari spurningu get ég ekki svarað. Þetta þróunarfélag, sem hv. þm. var að tala um, er hlutafélag sem er eftir að stofna og síðan tekur stjórn þess hlutafélags væntanlega ákvörðun um hvar það eigi að eiga heima. Svo einfalt er það mál. Ég reikna ekki með að alþm. ráði neinu þar um sérstaklega nema þeir sitji þar í stjórn.

Hins vegar er í gangi annað frv., um Byggðastofnun. Mér fyndist vel koma til greina að Byggðastofnun gæti setið á Akureyri. En eftir því sem ég hef skilið þetta Þróunarfélag hf., hlutafélag, þá er ekki á valdi þingheims að ákveða hvar það eigi að sitja heldur stjórnar þess félags þegar það hefur verið stofnað.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Mig langar að leiðrétta þann hvimleiða misskilning sem aftur gerir vart við sig í Sjálfstfl. um eðli þessa hlutafélags. Þetta er ósköp einfaldlega þannig að ríkið ætlar að beita sér fyrir stofnun hlutafélags. Það ætlar að leggja til obbann af hlutafénu í upphafi. Í öllu falli verður það mjög stór hluthafi, sennilega stærsti hluthafinn, og það ætlar að greiða fyrir um lán handa hinum hluthöfunum. Síðan ætlar ríkið, og það stendur í grg., að beita sér fyrir því að ýmis ákvæði verði sett inn í stofnsamning hlutafélagsins og það er ekkert því til fyrirstöðu að ríkið hafi eitt af þessum ákvæðum um aðsetur fyrirtækisins. Ef þm. á hv. Alþingi treysta sér ekki til þess að setja það bókstaflega í lög getur ríkið að sjálfsögðu bundið þátttöku sína í þessu félagi þessu skilyrði eins og öðrum sem það ætlar að binda þátttöku sína við. Það er nákvæmlega ekkert því til fyrirstöðu. Það væri í öllu falli mjög skrýtið ef stærsti hluthafinn gæti ekki haft áhrif á þetta atriði.

Ég styð hv. þm. í því að drífa Byggðastofnun norður. Það er ekkert mál. Við skulum sameinast um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagkvæmni útboða, þáltill. 366. mál (þskj. 584). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 584 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni, Skúla Alexanderssyni, Karvel Pálmasyni og Steingrími J. Sigfússyni að flytja svohljóðandi tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og því hvort aðrar leiðir séu ekki heppilegri og æskilegri fyrir byggðarlög og þjóðarheild. Sérstaklega verði athuguð áhrif útboða á byggðaþróun í landinu og samhliða heildarhagkvæmni þeirra verði litið til röskunar á rekstri ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni.

Settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra á þann veg að smærri verktakar á einstökum svæðum og aðilar heima í héraði hafi sem besta möguleika á því að taka að sér verkefni í nágrenni sínu. Jafnframt verði undirbúnar reglur sem koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti einokað verktakastarfsemina.“

Í grg. þessarar till. kemur fram flest það sem áherslur flm. lúta að. Ég tel óþarfa að lengja þingfund með lestri þeirrar grg. Málið er margþætt og við biðjum um alvarlega og öfgalausa skoðun þess í ljósi staðreynda, sem hvarvetna um landsbyggðina blasa við og eru okkur áhyggjuefni, bæði hvað varðar núverandi ástand og ekki síður hvernig framtíðin verður um þá mikilvægu þjónustuþætti sem þetta mál fjallar öðru fremur um.

Sem gott dæmi um áhyggjur heimaaðilanna, sem horft hafa á verkefnin hverfa úr höndum sér og tapað drjúgum hluta síns atvinnuöryggis birtum við sem fskj. samþykkt vörubifreiðastjórafélagsins Snæfells á Austurlandi. Eflaust þykir mönnum, sem þá ályktun lesa, að þar sé djúpt í árinni tekið, að um of sé myndin máluð dökkum litum. En ég efa að svo sé. Ég held einfaldlega að við ýtrustu útfærslu núverandi stefnu geti allt það komið fram sem bifreiðastjórarnir eystra eru að vara við. Ég er blátt áfram hræddur við þessa þróun og held að til heilla verði hún aldrei, allra síst litið til lengri tíma. Hér þarf að gaumgæfa hlutina en ekki alhæfa neitt. Sú könnun sem fram á er farið í till. þarf að fara fram undanbragðalaust svo að heildarmyndin megi

koma í ljós og menn geti horft til framtíðarinnar í því ljósi og hagað stefnunni eftir því.

Allir viðurkenna að það hallar á landsbyggðina nú, að grunngreinarnar standa vægast sagt illa, að þjónustuþátturinn dregst nær eingöngu á þetta svæði hér. Þá verður að koma í veg fyrir enn frekari byggðaröskun vegna stefnu stjórnvalda og þings í þjónustuþáttum sem hafa verið gildir í héruðunum hvarvetna um land.

Það er mjög vitnað í áherðingu lagaframkvæmdar með breytingu frá í fyrra, yfirlætislausa og saklausa að sjá, sem ég efa að menn hafi almennt gert sér grein fyrir hvað þýddi í framkvæmd. Ef þess gerist þörf munum við flm. albúnir að beita okkur fyrir breytingum á lögum þar að lútandi svo sem nauðsyn krefur. Að baki liggur stöðug ásókn sterkra aðila, sem vilja einir sitja að verkum, smáum sem stórum, og ekki er mér grunlaust að þeir hugsi sér sumir gott til glóðarinnar í bróðurlegri uppskiptingu síðar meir þegar hinir smærri og vanbúnari hafa undirboðið sig í hel. Og hvað verður þá um samkeppnisaðstöðuna og margrómað frelsi þar? Ég óttast þá þróun og dreg þar ekkert af.

Við erum ekki að leggja til að útboð séu lögð af. Um útboð almennt erum við eflaust ekki allir nákvæmlega á einu máli. Ég býst við að segja megi að við hin stærri verk, sérátök af ýmsu tagi, þá eigi í meginatriðum að huga að útboðum. En gylling útboðsstefnunnar hefur verið mikil og nær alger. Ég vek athygli á því hversu upphaflegu tölurnar eru tíundaðar, þegar útboðin eru opnuð, og bornar saman við ýtrustu kostnaðaráætlanir. En endanlegu tölurnar, rauntölurnar, koma sjaldnast fyrir augu manna og hversu er í raun ástatt innan þess sambands verktaka sem er býsna öflugt. Skyldi það tilviljun að aðalumræðuefni hjá því sambandi nú er staða ýmissa verktaka, einkum hinna smærri, og hættuleg undirboðastefna sem grafi undan heilbrigðum og jákvæðum þáttum í verktakastarfsemi? Í umræður um þetta fór ráðstefna þess sambands og þar voru vissulega sagðar blikur á lofti. Jafnvel þar innanhúss eru komnar upp efasemdir um þessa þróun og þær ekki litlar.

Ég ætla ekki að tíunda ýmislegt af því sem unnt væri að gera varðandi einstök dæmi um það hvernig til hefur tekist um útboð og framkvæmd þeirra, dæmi sem eru af neikvæðasta toga, þar sem aðilar hafa hreinlega gefist upp við verk eða orðið gjaldþrota. Um það mætti vissulega taka dæmi en of viðkvæmt er hér að fara að rekja þau eða tíunda. Má benda á nýlegt dæmi, sem blöðin hafa þó greint frá, um margfalda útboðstölu, þó enginn dómur skuli á það mál lagður í sjálfu sér. En ýmis dæmi af þessu tagi sýna alvöru þessa þáttar málsins.

Hin hliðin er raunar sú sem við leggjum höfuðáherslu á, þ. e. hún er byggðalegs eðlis, aðstaða þeirra þjónustuaðila sem gegna mikilvægu hlutverki í heimahéruðum sínum en eru með allsherjarútboðsstefnu sviptir einhverjum veigamesta þættinum í atvinnugrundvelli sínum, tilveru sinni sem slíkri. Reglur um þetta þurfa til að koma er tryggja eðlilega og sjálfsagða aðild heimamanna að verkefnum í nágrenni sínu, en um leið gætt fullrar hagkvæmni. Fjármagns- og verkefnaflutningur með þeim hætti sem nú er úr heimahéraði frá heimaaðilum og stefnir enn frekar í er ekki viðunandi. Svo einfalt er það. Við slíkum fjármagnsflutningi þarf að sporna með eðlilegum hætti og sanngjörnum, einkum varðandi meðalstór og smærri verk. Við erum ekki að leggja til atlögu við útboðsstefnuna alfarið. Við erum síður en svo að mæla í mót eðlilegri hagkvæmni í framkvæmdum. Við erum ekki, eins og sumir hafa svo smekklega á orði, að mæla með einhverri atvinnubótavinnu til handa bifreiðastjórum og vinnuvélaeigendum til að hagnast óeðlilega á vegna of hárra taxta. Við erum að mæla með eðlilegri könnun á heildarhagkvæmni útboða, m. a. með tilliti til byggðasjónarmiða, með tilliti til eðlilegrar skiptingar verka og eðlilegrar hlutdeildar heimamanna í verkum. Við erum að mæla með verklagsreglu sem tryggi sem allra best og mest þessa eðlilegu hlutdeild heimamanna. Við þekkjum mikilvægi þessara þjónustuaðila sem nú er verið að svipta eðlilegum verkefnum á heimaslóð. Þetta á sér í lagi við Vegagerðina. Ég vitna í grein eins flm., hv. þm. Skúla Alexanderssonar, í DV — grein þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér þarf að fara með gát. Það sem í fljótu bragði sýnist gróði getur, þegar betur er að gáð, haft í för með sér slíkar aukaverkanir að gróðinn bæti ekki upp þann skaða sem aukaverkanirnar valda.

Á síðustu áratugum hefur um land allt orðið sú þróun að einstaklingar og félög hafa aflað sér tækja til að sinna alhliða þjónustu í jarðvinnslu og mannvirkjagerð. Eitt og sama tækið hefur sinnt verkefnum við vegagerð, byggingar, jarðrækt, vatnsveitur, raflínulagnir o. fl. Hjá meginhluta þessara tækja, sérstaklega vörubíla og jarðýtna, hefur þjónusta við Vegagerðina verið aðalatvinnan. Sumarvinna hjá Vegagerðinni hefur tryggt það að vörubílaútgerð hefur verið til staðar í flestum byggðum landsins. Tækjaeigendur hafa tekið það á sig að búa við það að framkvæmdir Vegagerðarinnar hafa verið breytilegar frá ári til árs, tekjumöguleikar því nokkuð mismunandi. Þeir hafa jafnan gegnt kalli, þegar Vegagerðin hefur þurft á að halda, án þess að fárast um hvort um langt eða stutt úthald væri að ræða. Vegagerðin hefur sem sagt um árabil haft stóran hóp þjónustuaðila sem jafnan hefur verið hægt að grípa til þegar þörf hefur verið á. Iðulega hafa aðrir viðskiptamenn þessara tækjaeigenda orðið að láta það gott heita að bíða þess að verkfærin væru laus frá Vegagerðinni til að sinna verkefnum þeirra. Næstum í hverju sveitarfélagi eru svona tæki, eitt eða fleiri. Þar af leiðir að í sveitarfélaginu er fólk sem hefur atvinnu tengda þessari starfsemi."

Og síðar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á landsbyggðinni verður atvinnulífið einhæfara, atvinnutækifærum fækkar, skattatekjur sveitarfélaga minnka, þjónusta sveitarfélaga og einstaklinga dregst saman. Er ekki þörf á að fara hér varlega?"

Ég tek undir þessa lýsingu á hugsanlegum afleiðingum af þessu. Við flm. óttumst afleiðingar þess ef svo fer fram sem horfir og atvinnutækifærin hverfa af landsbyggðinni af þessum sökum. Ég treysti því á vandlega skoðun þessa máls í nefnd, að hún fái þar eðlilega og jákvæða meðferð, því að hljómgrunn á hún með mörgum svo sem eftirfarandi samþykkt SSA, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, ber með sér. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sem haldinn var á Egilsstöðum 26. mars s. l., var eftirfarandi tillaga samþykkt vegna þáltill. sem lögð var nýlega fram í Sþ. um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra:

„Fundurinn fagnar fram kominni þáltill. um þessi mál

og skorar á Alþingi að samþykkja hana fyrir þinglok í vor.““

Ég vildi aðeins geta þess svona í framhjáhlaupi að nýlega birtist í Morgunblaðinu grein eftir framkvæmdastjóra Verktakasambandsins, Óttar Örn Petersen, sem átti greinilega að skoðast sem andsvar við þessari þáltill. Ekki er við hæfi að hafa hér uppi andsvör við þessari grein, en orðin afturhald og afturhaldsstefna eru óspart notuð í greininni. Þessi orð eru vinsæl hjá þeim sem heimta „frelsi“ í öllum greinum og blessa það út í bláinn, fjarri öllum rökum, hvað þá mótrökum. Ég kann því illa að okkur flm. sé borin á brýn 19. aldar afturhaldsstefna þó að við viljum fara hér að með gát og verja af skynsemi eðlilega þjónustustarfsemi á landsbyggðinni.

Þessi grein vakti reyndar meiri furðu mína en ella þar sem ég átti ágætan fund með Verktakasambandinu nú nýlega, flutti þar reyndar framsögu og skýrði tillögu okkar. Þrátt fyrir mismunandi skoðanir eðlilega á þessum fundi fannst mér skilningur verktaka á forsendum okkar fyrir tillögugerðinni með besta móti. Þannig á líka að vera um skoðanaskipti, þrátt fyrir deildar meiningar, þrátt fyrir það að þeir eigi þarna mikilla hagsmuna að gæta, mismunandi hagsmuna. Ég ætla því ekki að fara nánar út í það á þessum vettvangi, en vara aðeins enn þá við því að menn renni svo blint í sjóinn með alla framkvæmd þess sem nú horfir í, á þann veg að þjónustuaðilar, sem einstaklingar, sveitarfélög og aðrir aðilar þurfa að leita til úti á landsbyggðinni, gefist hreinlega upp vegna þess að verkefnin séu ekki fyrir hendi, þau séu tekin frá þeim af öðrum.

Ég skal hins vegar taka það skýrt fram eins og ég gerði á þessum fundi með Verktakasambandinu, endurtaka það hér, að hjá okkur flm. er ábyggilega fullur vilji til þess að reyna að skapa heimaaðilum eðlilega hlutdeild í útboðum og styðja þá og styrkja til þess. Það er annar þáttur þessa máls sem líka þarf að huga að varðandi þá tillögugerð sem hér er uppi.

Ég ætla ekki að lengja þennan fund með lengri ræðu um þetta mál. Ég vona að það verði skoðað hleypidómalaust í nefnd, könnunin fari a. m. k. fram og a. m. k. einhverjar lágmarksreglur verði settar varðandi stærð þeirra verka sem boðin eru út, að að heildarhagkvæmninni verði hugað með tilliti til lengri tíma.

Að þessum hluta umr. loknum legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Sú till. sem hér um ræðir og ég er meðflm. að er þríþætt. Hún kveður í fyrsta lagi á um að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og hvaða áhrif þau hafi á byggðaþróun í landinu, að settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og komið verði í veg fyrir einokun á þessu sviði og reistar skorður við því að verktakastarfsemin færist öll á eina hendi.

Það er alkunna að síðan hert var á reglum um að bjóða út sem flest verkefni í vegagerð hafa deilur mjög magnast úti um landsbyggðina vegna þessa fyrirkomulags. Menn greinir á um það hvort hér sé um frambúðarlausn að ræða og hvaða áhrif þessi skipan hafi til frambúðar.

Það blandast engum hugur um það að þar sem útboð hafa tekist vel hafa þau leitt til aukinnar hagkvæmni og skilað góðum árangri. Það hefur hins vegar því miður sýnt sig að þetta er örðugleikum bundið og sums staðar hefur tekist illa til. Verktakar hafa fengið verk sem þeir hafa ekki getað skilað, jafnvel farið á höfuðið og skilið eftir sig skuldahala hjá heimamönnum. Þetta hefur magnað deilurnar og verkað eins og olía á eldinn. Það hefur einnig komið fyrir að stórir verktakar hafa fengið verk í fjarlægum landshlutum vegna þess að þeir hafa verið að leita að vinnu fyrir sín tæki. Þeir hafa fengið þessi verk með mjög litlum verðmun og hirt þau fyrir augunum á heimaaðilum sem hafa setið hjá verkefnalausir.

Ég er þeirrar skoðunar að um útboðin verði að setja ákveðnar reglur. Komi þá til greina að bjóða ákveðinn hluta verkefnanna út í lokuðum útboðum í landshlutum, en bjóða þau stærri út á landsvísu. Með breyttum reglum væri komið til móts við þá aðila heima fyrir sem hafa byggt upp starfsemi í heimabyggð og hafa á boðstólum tæki til þjónustu fyrir almenning og Vegagerðina, tæki sem ekki er hægt að vera án í neinu byggðarlagi, eins og hv. 1. flm. þessarar till. vék að ræðu sinni áðan. Með því að breyta reglum á þessa leið væri tryggt að ákveðinn hluti verkefnanna héldist í viðkomandi byggðarlögum svo að það atvinnulíf sem hingað til hefur byggst á þessum framkvæmdum leggist ekki niður og nauðsynleg þjónusta sem því fylgir.

Hitt er svo annað mál, og ég vil undirstrika það hér, að nauðsynlegt er að heimaaðilar bregðist við nýjum viðhorfum í þessum málum, myndi stærri heildir og standi e. t. v. sameiginlega að tilboðum í ríkara mæli en verið hefur þar sem boðið er út á landsvísu. Ég er þeirrar skoðunar að þetta þurfi ekki endilega að þýða samruna fyrirtækja í þessari grein heldur félagsskap þeirra og t. d. sameiginlega ráðgjafarþjónustu um tilboð í verk. Ég hef ekki trú á því að sá háttur sem nú er á að bjóða verk út, verði lagður af — við flm. þessarar till. erum reyndar ekkert að mæla með því — og farið verði að vinna í tímavinnu á ný. Ég held að verktakar eigi að öllum jafnaði að geta unnið verk á lægra verði en Vegagerðin, einfaldlega vegna þess að það eru ekki gerðar sömu kröfur til þessara aðila. Hins vegar þarf að finna sem bestar reglur um þetta nýja fyrirkomulag, reglur sem stuðla að því að viðhalda þessum þætti í atvinnulífinu í byggðum landsins, en það er mjög drjúgur hluti atvinnulífsins í þéttbýli og sveitum hringinn í kringum landið sem byggist á þessum framkvæmdum.

Ég vil undirstrika það hér að nauðsynlegt er að úttekt sé gerð á því hvernig útboðin hafa komið út þegar til lengri tíma er litið, hvert endanlegt verð verka hefur orðið þegar til eru teknir allir þættir verksins, þ. e. ófyrirséðir þættir sem bætast við upprunalegu útboðsupphæðina. Þannig mætti sjá raunverulegan hagnað þegar til lengri tíma er litið og hversu áreiðanlegar kostnaðaráætlanir Vegagerðarinnar eru sem mælikvarði á gildi útboðanna. Þessar upplýsingar eru afar nauðsynlegar fyrir okkur þm. til að hafa aðgang að.

Ég get ekki á mér setið að minnast á það, sem 1. flm. kom reyndar hér inn á í ræðu sinni áðan, að framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands hefur látið frá sér fara yfirlýsingar á opinberum vettvangi m. a. um þessa till. Ég hlustaði á eina slíka ræðu á aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands þar sem talið var að þessi till. fæli í sér neikvæðan tón gagnvart útboðs-

leiðinni og væri afturhaldssöm. Ég get ekki samþykkt að svo sé og verð reyndar að bera það til baka mjög sterklega. Hér er eingöngu farið fram á nákvæma úttekt á þessum málum, skýrari reglur og að komið verði í veg fyrir einokun í þessum efnum. Ég hef enga fordóma gagnvart útboðum og tel að þau hafi að mörgu leyti leitt af sér gott í vegagerð. Hins vegar hef ég heldur enga skilyrðislausa trú tekið á þetta fyrirkomulag, að þetta megi ekki bæta og miða við aðstæður í okkar þjóðfélagi. Það er vegna þessa sem ég er meðflm. að þeirri þáltill. sem hér um ræðir og ég vona að hún fái þinglega meðferð hér í hv. Alþingi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil bara lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. Og ég vil benda á eitt atriði sem ég held að hafi ekki komið fram í máli þeirra flm. sem hér hafa talað. Það er hvort ekki sé athugandi að láta bjóða út þannig að það séu aðilar á viðkomandi atvinnusvæði sem er gefinn kostur á því að bjóða í minni og meðalstór verk. Ég vil að þetta komi fram og óska eftir því að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar hugleiði þetta atriði til viðbótar þeim sem hv. flm. nefndu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldismál, þáltill. 427. mál (þskj. 712). — Fyrri umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Sú þáltill. sem ég mæli hér fyrir er um stefnumótun í fiskeldismálum og um rannsóknir og tilraunir á möguleikum á fiskeldi. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson. Greinin sjálf er þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd alþm. til að gera tillögur um stefnumótun í fiskeldismálum. Nefndin skal einnig gera tillögur um hvernig skuli standa að rannsóknum og tilraunum á möguleikum á fiskeldi í landinu. Nefndin skal kynna sér hvernig þær þjóðir, sem lengst eru komnar á þessu sviði, hafa byggt upp þennan atvinnurekstur hjá sér og leita eftir ráðgjöf erlendis frá ef ástæða þykir til.

Nefndin skal leggja höfuðáherslu á að leita svara við því hvort fiskeldi geti orðið að umtalsverðri framleiðslugrein fyrir strjálbýlið í landinu í stað þess samdráttar sem á sér nú stað í hefðbundnum búgreinum. Nefndin skal gera tillögur um fjárveitingar í þessu skyni og hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem unnið er að á hverjum tíma eftir þeim tillögum sem verða samþykktar. Nefndinni ber að gefa Alþingi skriflega skýrslu á ári hverju um það sem verið er að gera á hennar vegum og hvaða lærdóm megi af því draga, svo og um niðurstöður rannsókna og tilrauna þegar þær liggja fyrir."

Fiskeldi er víða orðið talsverður atvinnuvegur, ekki síst í nágrannalöndum okkar. Norðmenn, Skotar og Færeyingar ráðgera að auka þessa framleiðslu eftir því sem aðstæður frekast leyfa, enda telja þeir að fiskeldi sé mjög álitleg og ábatasöm framleiðslugrein þar sem sæmileg skilyrði eru fyrir hendi. Norðmenn munu vera í fararbroddi á þessu sviði. Hefur norska þingið lagt fram mikla fjármuni til margvíslegra rannsókna og tilrauna í þessari atvinnugrein. Árangurinn af þessu starfi hefur ekki látið á sér standa. Um síðustu áramót voru fiskeldisstöðvar orðnar um 500 að tölu — voru byggðar á síðasta ári fast að 100 — og veittu á s. l. ári á þriðja þúsund manns atvinnu. Í ár er stefnt að því að framleiðslan fari a. m. k. í 40 þús. tonn og á næsta ári í 55 þús. tonn. Árið 1983 var þessi framleiðsla 22 400 tonn og aðeins 500 tonn árið 1970. Þessar tölur sýna hvernig þessi framleiðsla hefur þróast þar í landi.

Bæði í norskum og sænskum skýrslum um fiskeldi í vötnum og á sjávarsvæðum er bent á hinar mörgu hliðstæður þessarar atvinnugreinar við landbúnað og við lestur á opinberum hagskýrslum Noregs 1982 má draga þá ályktun að hægt sé að byggja þennan atvinnuveg upp á borð við landbúnaðinn með kerfisbundinni aðstoð, t. d. aukinni menntun, leiðbeiningum, þróun, rannsóknum og eftirliti. Landbúnaður í Noregi veitir nú um 150 þús. manns atvinnu en stefnt er að því að 100 þús. ársverk verði í hafbúskap í Noregi árið 2000.

Annað stefnumál, sem fylgir þessu sjálfkrafa, er varanleg búseta og full atvinna við strendur Noregs um ófyrirsjáanlega framtíð. Þessar stöðvar eru ekki allar á takmörkuðu svæði sunnarlega í Noregi, þó að verulegur hluti þeirra sé þar, því að nokkrar stöðvar eru t. d. einnig í nyrstu héruðum landsins langt norðan við heimskautsbaug. Það er kannske ótrúlegt, en í Finnmörk, nyrst í Noregi, eru klakstöðvar sem eru hitaðar upp með rafmagni og þar eru eldisstöðvar í sjó. Þetta er ótrúlegt en þetta eru staðreyndir sem vert er að huga að.

Norðmenn halda uppi markvissri byggðastefnu sem frjálslyndir stjórnmálaflokkar standa vörð um. Eitt af stefnumálum þeirra er og hefur verið að nýjum fiskeldisstöðvum verði komið upp þar sem þær verði til þess að styrkja strjálbýlið. Þeir hafa sett skorður við það að fjársterkir aðilar frá öðrum héruðum geti komist í slíkan rekstur nema að mjög takmörkuðu leyti og þá helst þar sem fjármagn heima fyrir fæst ekki. En þar í landi, eins og hér, veður frjálshyggjan uppi, sú stefna að fjármagnið eigi að deila og drottna, að það eigi að ríkja óheft frelsi, eins og það er kallað. Margt bendir til þess að frjálshyggjumenn reyni að knýja fram breytingar á þeirri löggjöf sem nú er en ekki er trúlegt að sú tilraun verði gerð fyrr en eftir kosningar sem verða í haust. Kunnugir telja að fólk í litlum og fátækari héruðum muni snúast til varnar, veita þeim flokkum brautargengi sem standa vörð um hagsmuni þessara byggða. Er því talið líklegast að enga breytingu verði hægt að knýja fram á löggjöfinni að þessu leyti.

Til að reisa nýja eldisstöð í Noregi þarf leyfi stjórnvalda og í norskum lögum er ákvæði um stærðarmörk. Stærst má byggja 5000 m^3 stöð á fyrsta ári en eftir þrjú ár má bæta við 3000 m^3 stöð þannig að þær mega vera stærstar 8000 m^3. Í 5000 m^3 stöð er talið að sé hægt að framleiða, ef vel tekst til, um 75 tonn af fiski á ári.

Margt bendir til þess að þessi stefna Norðmanna hafi leitt til þess að fjársterkir aðilar þar í landi hafa mikinn áhuga á að komast inn í þennan atvinnurekstur hér þar sem engin stefna hefur enn verið mótuð í þessum málum. Líklegt er að miklir möguleikar séu hér fyrir slíkan atvinnurekstur ef rétt er staðið að málum. Sú litla starfsemi, sem hér er hafin, bendir ótvírætt til þess t. d. í Lónum í Kelduhverfi, en ég hef fylgst með þeirri starfsemi mjög náið.

En hver er hlutur opinberra aðila í mótun stefnu á þessu sviði og rannsóknum á því hvaða möguleikar eru

fyrir hendi í þessari framleiðslugrein sem miklar líkur eru á að muni skila meiri arði en nokkur önnur framleiðsla sem við höfum komið auga á til þessa? Flm. telja að lítið verði nú um svör. Um þetta hefur mikið verið talað en minna gert. En við verðum að móta stefnu í þessum málum og svara ýmsum brennandi spurningum ef ekki á illa að fara. Eigum við að feta í fótspor Norðmanna og láta rannsaka og gera tilraunir með hvort þessi framleiðslustarfsemi sé möguleg fyrir strjálbýlið í landinu til að viðhalda byggð þar sem hefðbundinni framleiðslu í landinu er nú mjög þröngur stakkur skorinn og fullvíst má telja, komi þar ekki til ný atvinnustarfsemi, að jafnvel heilar byggðir fari í eyði? Geta þm. ekki sameinast um það að strjálbýlið sitji fyrir öðrum um þessa framleiðslu þar sem rannsóknir sýna að það er mögulegt og arðvænlegt? Er ekki rétt að setja stærðarmörk á þessar stöðvar eins og t. d. Norðmenn gera? Eigum við að hleypa inn í landið óheftu erlendu fjármagni í þessa framleiðslu? Sé það gert, er þá ekki hætta á að slíkt muni þrengja kost landsmanna á þessu sviði þegar fram í sækir? Er ekki líklegt að fjársterkir erlendir aðilar muni reyna að setja sig niður þar sem álitlegast er og þannig fleyta rjómann ofan af þessum möguleikum af þessari framleiðslu? Á það að vera stefna okkar í þessum málum?

Þessi þáltill. er flutt til þess að vekja athygli á hvernig staðið er hér að þessum málum og gera tilraun til þess að fá fram úrbætur þar sem flest bendir til þess að við séum að missa þessi mál út úr höndum okkar. Flm. telja að þetta mál sé það mikilvægt að bregða þurfi skjótt við og marka stefnu í þessum málum og hefja nú þegar markvissar rannsóknir.

Þó að þáltill. skýri sig sjálf er rétt að fram komi hvers vegna lagt er til að í nefndina verði skipaðir alþm. en ekki sérfræðingar á þessu sviði eða embættismenn. Eins og fram kemur í grg. hér að framan telja flm. að mál þetta sé afar brýnt og nú þegar verði að hefjast handa, gera tillögur um stefnumótun og hefja rannsóknir og tilraunir á þessu sviði. Tillögur að stefnumótun eiga að vera á vegum Alþingis, gerðar af alþm. Sérfræðingar okkar á þessu sviði eiga að gera rannsóknir og tilraunir en nefnd þm. á að leggja fram tillögur fyrir ríkisstj. og Alþingi svo og um það hvar eigi að hefja þessar rannsóknir og í hvaða röð þær verði gerðar með atvinnu- og byggðasjónarmið að leiðarljósi. Flm. telja rétt að þessi nefnd hafi eftirlit með því hvernig að rannsóknum og tilraunum er staðið eftir því sem við verður komið. Meiri trygging fæst fyrir því að eitthvað gerist nú í þessum málum ef nefnd þm. ber ábyrgð á þeim heldur en nefnd sem skipuð er af öðrum aðilum. Þm. hafa að jafnaði betri aðgang að kerfinu, þekkja betur en aðrir hvernig best er að koma málum þar fram. Þeir eru í betra sambandi við ríkisstj. og þeir verða að svara fyrir sig á Alþingi ef eitthvað bregður út af með þau störf sem þeir eru settir til að sinna.

Athafnaleysi og vangaveltur í þessu mikilvæga máli verður nú að linna. Nú verðum við að móta stefnuna og hefjast handa án allra undanbragða, ekki síst vegna þess að allt bendir til þess að það séu í undirbúningi stórar stöðvar sem ég held að sé ekki æskilegt frá neinu sjónarmiði, ekki síst t. d. vegna þess að í Noregi eru komnir upp ýmsir sjúkdómar í þessum eldisstöðvum sem hafa gert þeim lífið leitt. Þar hefur verið gengið það langt með lyfjanotkun að það lítur út fyrir að Bandaríkjamenn muni loka fyrir markaðinn ef lyfjanotkun verður framvegis í jafnríkum mæli og verið hefur að undanförnu. Þetta kom fram í útvarpsfréttum í Noregi nú 19. apríl s. l.

Það væri margt hægt að ræða um þetta mál og það væri þess vert að gera því enn þá betri skil en ég hef gert í máli mínu. Það er t. d. athyglisvert hvernig Norðmönnum hefur tekist að kynbæta laxinn þannig að vaxtarhraðinn hefur vaxið undanfarin ár í þessum stofni þeirra um 4% á ári. Ef kynbætur leiða áfram til svipaðs vaxtarhraða og verið hefur nú þrjú undanfarin ár segja Norðmenn að hann muni vaxa helmingi hraðar en hann gerði áður en þessar kynbætur voru gerðar um næstu aldamót. Það er ekkert annað. Nú er ég ekki að segja að það rætist en þetta er það sem Norðmenn tala um í dag.

Það er á mörgum fleiri sviðum sem Norðmenn eru að gera tilraunir og eru komnir með eldi á fiski. Þeir gera t. d. alveg ráð fyrir því að eldi á þorski verði orðið umtalsvert um næstu aldamót, bæði í fjörðum og eldisstöðvum. Þeir eru komnir með lúðu og sandhverfu í eldi og sandhverfan t. d. er seld á svipuðu verði og laxinn. Ég veit ekki um lúðuna en mér þykir líklegt að það sé líkt. Þeir eru með eldi á ýmsum skelfiski, á kræklingi, ostrum og fleiri slíkum dýrum, krabbafiski, humar og ferskvatnshumar og svo mætti lengi telja. Þeir eru líka með tilraunir með þörunga og leggja mikið fram nú til að ná tökum á sjúkdómum.

Það var verið að ræða hér áðan um atvinnumál á Norðurlandi og auðvitað þurfum við að marka stefnu í atvinnumálum. Við þurfum að draga lærdóma af því sem er að gerast hjá öðrum þjóðum. Gera menn sér t. d. grein fyrir því að helmingur af rennandi vatni og vötnum í Noregi eru orðin það menguð að það verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hreinsa vatnið svo að hægt sé að ala upp seiðin í því vatni? Vita menn að það er talið af þeirri ástæðu sem besta laxveiðiá Noregs er orðin dauð? Hafa menn athugað það að í fyrra var ekkur sagt að þriðjungur þýsku skóganna væri orðinn sjúkur af mengun? Í ár er okkur sagt að það sé helmingurinn. Hver er þessi þróun? Hafa menn gert sér grein fyrir því að talið er að ein skýringin á því að við getum haldið uppi því verði, sem við fáum fyrir freðfiskinn okkar á Bandaríkjamarkaði, sé það að menn vita að við erum með hreint vatn, hreint land og sjórinn er ekki mengaður hér í kringum landið? Sem sagt, auðlegð okkar er einnig í því og ekki síður í því en öðru að við höfum hreint land. Þessu ættu stóriðjupostularnir að velta fyrir sér.

Ef við tökum þá stefnu í okkar atvinnumálum að rækta fisk í stórum stíl — því að möguleikarnir eru fyrir hendi, ekki síður í Norðurl. e. en annars staðar — þá er ég alveg sannfærður um það að það veltur á miklu að okkur takist að telja fólki trú um erlendis að það sé hreint vatn, ómengað vatn og ómengað land.

Menn hafa kannske veitt því athygli að sagt var fyrir nokkuð mörgum árum að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson vildi láta byggja álverksmiðju í hverjum firði. Auðvitað var það skreytni — (**Gripið fram í:** 20, sögðu þeir.) Já, eða 20. Hann er hættur að minnast á stóriðju. Hv. þm. Eyjólfur Konráð gerir sér ljóst hvaða auðlegð býr í þeim möguleikum sem við höfum. Við eigum að snúa okkur fyrst og fremst að matvælaframleiðslu og passa okkur á því að taka þá stefnu að byggja stóriðju í okkar

landi. Hafa menn veitt því athygli t. d. að Danir eru að hverfa frá því að byggja stór fyrirtæki? Þeir vilja byggja meðalstór fyrirtæki og frekar lítil en ekki þessi stóru fyrirtæki og þó er allt önnur aðstaða hvað mannfjölda snertir í því landi en í okkar fámenna og strjálbýla landi.

Ég held að ef hv. þm. skildu bara sinn vitjunartíma í þessum málum mundi vera hægt að bægja frá atvinnuleysi og bæta lífskjör í okkar landi, ef yrði farið eftir þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og ég hef lýst.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að hafa orð mín fleiri þó að í sjálfu sér þurfi að ræða um atvinnustefnuna miklu betur en ég hef gert í mínu máli. Bæði er það að það er liðið á kvöld og það eru fáir hér í þingsalnum. Ég mun því ekki ræða þetta frekar.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og atvmn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér er ánægja að lýsa yfir stuðningi við þá meginhugsun hv. síðasta ræðumanns að Alþingi þurfi að láta þessi fiskiræktarmál meira til sín taka og ekki sýna sama sinnuleysið í þessum efnum í framtíðinni eins og við verðum að játa að verið hefur að undanförnu. Ég er ekkert tiltakanlega hrifinn af því, eins og menn kannske vita, að alþm. séu í nefndum óskyldum löggjafarstarfi en ég held að í þessu tilfelli sé ekkert óeðlilegt að alþm. myndu skipa nefnd sem þá sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og meðflm. hans leggja til að sett verði á laggirnar.

Auðvitað er ég ekki sammála hverju einasta orði sem hv. þm. hér mælti. T. d. nenni ég varla að vera að tala um frjálshyggju í sambandi við svona stórmál eins og fiskiræktin er. Það er miklu miklu merkilegra mál en deilur um frjálshyggju eða ekki. Frjálshyggja er raunar nýyrði í þeirri merkingu sem menn nú nota það. Ég tel mig fyrst og fremst frjálslyndan mann og nenni ekki að eyða tíma þingsins í umr. um það. En mig langar sérstaklega til að fá að þakka þm. fyrir þann eldmóð sem kemur fram í ræðum hans hvenær sem hann minnist á þetta langstærsta framfaramál Íslendinga í dag. Það leynir sér ekki að hann veit hvað hann er að tala um þegar hann ræðir um þróunina í nálægum löndum og stöðnunina hjá okkur. Því miður er hér enn þá nánast stöðnun miðað við það sem er að gerast í nálægum löndum. Málflutningur hans ber vott um mikla þekkingu á þessum málum og að hann hefur kynnt sér þau út í hörgul.

Ég held að við þurfum ekkert að deila um það hvort við eigum að vera með stór fyrirtæki eða smá vegna þess að í mínum huga liggur í augum uppi að við verðum með hvort tveggja. Ég held að við eigum ekki heldur að deila um það hvort útlendingar megi hafa meirihlutaaðild í íslenskum fiskiræktarfyrirtækjum. Það tel ég fráleitt. Ég tel að Íslendingar eigi að hafa meirihlutaaðild og æðstu stjórn allra fiskiræktarfélaga hér á landi, ekki komi til greina að útlendingum verði heimiluð nein meirihlutaaðild. Ég tel hins vegar — og leyfi mér að nefna það úr því að hv. ræðumaður gerði það — að rétt hafi verið að málum staðið í Lónum í Kelduhverfi þegar samið var við Norðmenn, það norska fyrirtæki sem býr yfir mestri þekkingu og var frumkvöðull í Noregi í laxarækt, um eignaraðild, minnihlutaaðild að fyrirtækinu gegn því að við fengjum alla þeirra tækniþekkingu og aðstoð allra þeirra helstu sérfræðinga. Það hefur borið þann árangur að nú er tilraunaskeiði lokið með fullum árangri og ákveðið að efla reksturinn stig af stigi. Jafnframt hefur verið ákveðið að bændur byrji að eignast hlut í félaginu og auðvitað endar það með því að Íslendingar verða einkaeigendur að slíkum fyrirtækjum. En ég sé ekkert athugavert við það að hafa samstarf við erlenda aðila á bernskuskeiði.

Í Kelduhverfinu hefur það raunar gerst að mikil bjartsýni hefur vaknað meðal fólksins. Ég held að allir gleðjist yfir því hve vel hefur til tekist. Tækniþekkingin er komin inn í landið og hún verður auðvitað hagnýtt víðar en þar. Ég tel að sæmilega stór fyrirtæki, eins og ég vona að fyrirtækið í Kelduhverfinu verði, muni styrkja hinar dreifðu byggðir, ekki bara eina sveit heldur líka nærliggjandi sveitir og tryggja að búseta verði einmitt í sveitunum, því að mjög vel er hægt að hafa hófleg bú en stunda jöfnum höndum einhverja atvinnu í slíkum stöðvum. Tekjur sveitarfélaganna verða miklar ef reksturinn gengur vel og fyrirtækin skila arði og velta verður mikil svo sem allt bendir til þar og víða annars staðar.

Það er rétt að einmitt þessa dagana er verið að reyna að koma saman samtökum um það að fullrannsaka hvort arðvænlegt gæti verið að koma á fót á Reykjanesi mjög stórri fiskiræktarstöð. Hún yrði að sjálfsögðu að meiri hluta í eigu Íslendinga, kannske algerlega í eigu Íslendinga. Það liggur ekkert fyrir um það að hinir norsku samstarfsaðilar muni verða þar hlutfallslega yfirleitt. En þeim hefur verið boðin einhver aðild og hafa raunar til þess leyfi frá dómsmrn. að eiga meira en 20%, sem rn. getur heimilað, en þó aldrei meira en 45%. Ég veit ekkert hvort Norðmenn verða aðilar að þessu fyrirtæki en íslenskir aðilar munu láta fullrannsaka þetta mál og kosta til þess allmiklu fé. Vonandi verður það ljóst á þessu ári hvort arðvænlegt verður talið að ráðast í þetta fyrirtæki eða ekki.

Ef glæstustu vonir rætast mundi kannske verða þarna um 5000 tonna stöð að ræða. Ef vel tækist til mundi þetta fyrirtæki skapa gífurlega atvinnu á Suðurnesjum og líka mjög miklar tekjur. Það væri nefnilega hægt að slátra fiski í þessari stöð á hverjum þeim degi eða hverri þeirri viku þegar verkefnaleysi væri í fiskvinnslustöðvum, reykja þennan fisk. Það mætti meira að segja frysta hann ef á að reykja hann eða grafa. Það skaðar fiskinn ekki ef hann er verkaður frekar að frysta hann á undan þó að hann sé dýrari ófrystur. Ef hans er neytt á hinum almenna markaði án þess að verka hann er auðvitað betra að hann sé ófrystur. En það mundi skapa gífurlega mikla atvinnu að reykja eða grafa fiskinn því að verð á þessari afurð er u. þ. b. 10 sinnum hærra en á þorski. Sjá þá allir að það mætti pakka vöruna í lúxuspakkningar og komast á dýrasta markaðinn og skiptir litlu máli hverju kostað væri til að ganga þannig frá fiskinum að hann seldist á hæsta verði.

Ég get gjarnan upplýst það hér að verð í Bandaríkjunum núna er líklega 20—30% hærra en það var í fyrra. Það hefur aldrei verið nándar nærri eins hátt. Það er ekki seldur uggi á Bandaríkjamarkaði fyrir minna en 60 kr. norskar, þ. e. hátt á þriðja hundrað kr. og allt upp í 70—80 kr., núna þessar vikurnar. Slík er eftirspurnin og svo lítið er framboðið. Framboð á Atlantshafslaxi er nefnilega ekki nema um 37 þús. tonn og Norðmenn selja það hér um bil allt, eins og hv. þm.

Stefán Valgeirsson gat hér um. Færeyingar eru að vísu komnir langt á undan okkur. Við flytjum út um 100 tonn á ári núna úr þessari tilraunastöð í Lónunum aðallega meðan Færeyingar gera ráð fyrir að flytja út 3000 tonn og byrjuðu þeir þó ekki fyrr en fyrir 4—5 árum af alvöru að hugsa um laxarækt.

Það er enginn vafi á því að við getum mjög auðveldlega tvöfaldað gjaldeyristekjur okkar á u. þ. b. einum áratug, kannske á skemmri tíma, ef við snúum okkur að þessu verkefni. Og það eru hreinar gjaldeyristekjur. Það er nánast engin króna sem fer til rekstrar slíkrar stöðvar önnur en íslensk króna, þ. e. fóðrið framleiðum við sjálfir með íslensku vinnuafli. Þar er engin olía. Það þarf kannske að kaupa einhver vítamín í fóðrið, það er allt og sumt. Þetta eru hreinar gjaldeyristekjur.

En eitt er eftir og það er hafbeitin. Ef hún tekst vel segja hinir fróðustu menn að kannske væri nægileg 4—5% endurheimta ef seiði væru framleidd við hagstæðustu skilyrði og í mjög stórum stíl. Það er verið að athuga, t. d. í Lónunum, þann möguleika að byggja stöð sem mundi framleiða 5 millj. gönguseiða. Ef 5% endurheimta yrði er það hvorki meira né minna en 1000 tonn á ári, þ. e. fimm sinnum meira en allur sá lax sem fiskast úr öllum ám á Íslandi í dag, eitthvað á því bili. Slíkar stöðvar gætu verið nánast hvar sem er á landinu. En seiði yrðu aftur á móti alin þar sem hita er að fá. Þar mætti nota hverja volgru, 12 gráðu heita og þaðan af heitari. Ég held að hagstæðasta stærðin gæti verið einmitt það sem einn bóndi eða tveir ráða við og þar yrði kannske sjúkdómahættan minni. En í stóru stöðvunum, þar sem sjó yrði dælt á land og hann hitaður eins og talað er um á Reykjanesi, væri hugsanlegt að hafa nánara eftirlit með nánast hverjum fiski en hægt er í kvíunum í Noregi. Sjúkdómahættan yrði því þar kannske minni en í sjónum.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að Norðmenn eiga í miklum vandræðum. Þeir eiga í tvenns lags vandræðum, annars vegar getur sjávarhitinn farið niður undir núll gráður og þá hættir auðvitað fiskurinn að éta og skapast margháttuð vandræði og svo getur hann farið kannske upp í 20 gráður og þá eykst hvers kyns bakteríugróður. Þörungar hafa komið í slíkum flekkjum inn í búrin hjá þeim að þeir hafa drepið allt og óþrifin verða miklu meiri. En í stöð sem þessari, þar sem sjó er dælt á land í stórar tjarnir, er hægt að gæta fyllsta þrifnaðar í einu og öllu. Þetta er slíkt ævintýri, ef þetta tekst, að annað eins höfum við ekki upplifað í íslenskri atvinnusögu, jafnvel ekki byltinguna við togaraöldina svokölluðu. Ég held að þetta ævintýri sé miklu stórkostlegra.

Það er líka alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að ég hef í allmörg ár ekki verið að berjast sérstaklega fyrir stóriðju. Það eru allir aðrir að berjast fyrir henni. Það var gaman að berjast fyrir því að koma af stað Búrfellsvirkjun og einhverri nýjung í atvinnumálum á sínum tíma. Þar með er ekkert sagt að ég vilji afneita allri stóriðju, en auðvitað kemur hún ekki til greina ef um mengun er að ræða. Það er alveg ljóst mál að þar sem er mengun sem gæti spillt fyrir fiskirækt væri hún fásinna.

En það sem er kannske aðalatriðið, fiskirækt getur skilað okkur arði skjótt. Fjórum, fimm árum eftir að tekin er ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir er viðkomandi stöð kannske farin að skila arði og honum ríkulegum. En fjórum, fimm árum eftir að tekin er ákvörðun um stórvirkjun og stóriðju er rétt verið að byrja framkvæmdir. Síðan skilar ekki stóriðjan og stórvirkjanirnar verulegum arði fyrr en langt er komið á afskriftartímann, kannske eftir 20 ár eða eitthvað slíkt. Þá malar þetta auðvitað gull líka, við skulum ekkert vanmeta það. Ef Einar Benediktsson t. d. hefði á öðrum áratug aldarinnar eða þriðja getað komið einhverjum af sínum stóru áformum í framkvæmd, t. d. stórvirkjunum á Þjórsársvæði eða annars staðar og einhverri stóriðju, þá væri íslenska þjóðin miklu ríkari. Ég vil því ekki afneita stóriðju. Þó að ég trúi á fiskiræktina sem aðalatriðið er ekki þar með sagt að við eigum ekki að reyna annað með og auðvitað líka smáfyrirtæki, það segir sig sjálft.

Ég ætlaði ekki að halda hér langa ræðu. Ég ætlaði aðeins að þakka þm. fyrir þann brennandi áhuga sem hann sýnir þessum málum og taka undir þá hugmynd að Alþingi sinni þeim meira en gert hefur verið og að við leitumst við að standa sem mest saman um að hraða þessum framkvæmdum sem mest má verða. Einhvers staðar verða mistök en annars staðar tekst þetta. Nú eru lífsskilyrði í sjónum allt önnur og betri en þau hafa verið á undanförnum árum og flestir fiskiræktarmenn — kannske allir — búast við miklu betri endurheimtum í sumar og þá væntanlega næsta sumar en á umliðnum árum, köldu árunum. Ef svo fer þá getur ekki öðruvísi farið en ævintýrið rætist, jafnvel þótt stjórnvöld gerðu ekki neitt. Við sameinum fólk þá í almenningshlutafélög um að takast á við stærri verkefni og látum fáa menn um að hrinda í framkvæmd hinum smærri.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru ekki nema örfá orð. Ég vil þakka hv. þm. Eyjólfi Konráði fyrir stuðning hans við þessa þáltill. okkar félaganna. En ég gleymdi áðan að geta þess í sambandi við hafbeitina, til þess að sýna hvað Norðmenn leggja mikla áherslu á þetta atriði, að í ár ætla þeir að leggja 70 millj. norskra kr. í rannsóknir á þessu eina verkefni, þ. e. rúmlega 300 millj. ísl. króna. Við sjáum bara á þessum tölum hvaða trú norsk stjórnvöld hafa á þessari atvinnugrein.

Það væri náttúrlega hægt að ræða þetta endalaust en ég ætla ekki að gera það. Mér finnst að þetta atriði sé svo mikilvægt að ég vildi að það kæmi hér fram. Ég ætla ekki að ræða meira um stóriðjuna á þessu stigi, ég á eftir að ræða um hana hér á hv. Alþingi en ég sleppi því að þessu sinni. En ég gleymdi því áðan, herra forseti, að óska eftir því við forseta að hann beiti sér fyrir því að þetta mikilvæga mál fái afgreiðslu á þessu þingi því að ég veit að ef hann leggst á þá sveif er ekki hætta á því að málið sofni í nefnd.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. um að forseti beitti sér fyrir afgreiðslu þessa máls skal það sagt að það er eindreginn vilji forseta að mál séu afgreidd frá þinginu. En það er komið undir vilja hverrar nefndar fyrir sig hvað hún gerir í hverju máli og það er ekki í valdi forseta að kveða á um það hvað gert er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Grænfóðurverksmiðjur.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Salome Þorkelsdóttur um grænfóðurverksmiðjur, á þskj. 779, afhent þm. 3. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver var afkoma eftirtalinna grænfóðurverksmiðja ríkisins s. l. þrjú ár:
   að Gunnarsholti í Rangárvallasýslu,
   að Stórólfsvöllum í Rangárvallasýslu,
   á Flatey á Mýrum,
   Fóðuriðjunnar í Ólafsdal,
   að Vallhólmi í Skagafirði?
2. Hve mikið er til af óseldri framleiðslu ríkisverksmiðjanna frá 1984, miðað við 1. apríl 1985?
3. Hvaða áform eru uppi um starfrækslu verksmiðjanna á þessu ári?
4. Eru uppi áform um að gefa bændum eða samtökum þeirra kost á að annast rekstur verksmiðjanna t. d. með leigu eða kaupum?

Svar við 1. lið:

Skv. ársreikningum **Fóður- og fræframleiðslunnar** í Gunnarsholti 1982—1984 var niðurstaða rekstrarreiknings:

1982 ..... kr. 1 254 071 — hagnaður.
1983 ..... — 7 777 796 — tap.
1984 ..... — 421 521 — hagnaður.

Stórólfsvallabúið, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu:

1982 ..... kr. 1 113 239 — hagnaður.
1983 ..... — 1 290 473 — tap.
1984 ..... — 444 536 — hagnaður.

Grasþögglaverksmiðjan Flatey, Mýrahreppi, A.-Skaftafellssýslu:

1982 ..... kr. 1 908 405 — hagnaður.
1983 ..... — 681 275 — hagnaður.
1984 ..... — 967 767 — hagnaður.

Fóðuriðjan, Ólafsdal, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu:

1982 ..... kr. 1 383 198 — tap.
1983 ..... — 2 759 545 — tap.
1984 ..... — 3 385 776 — tap.

Vallhólmur hf., Skagafirði:

Verksmiðjan hóf framleiðslu 1983, þá um 1200 tonn, en árið 1984 um 2250 tonn. Full afköst miðast við 3000 tonn. Endurskoðaður ársreikningur fyrir 1984 liggur ekki fyrir.

Svar við 2. lið:

Fóður- og fræframleiðslan
Gunnarsholti ..... 2610 tonn.
Stórólfsvallabúið ..... 1838 tonn.
Grasþögglaverksmiðjan Flatey ..... 2800 tonn.
Fóðuriðjan Ólafsdal ..... 832 tonn.
Vallhólmur ..... 1800 tonn.

Svar við 3. lið:

Fóður- og fræframleiðslan, Gunnarsholti:

Rekstur svipaður og á árinu 1984. Framleiðsla u. þ. b. 3000 tonn.

Stórólfsvallabúið:

Gert er ráð fyrir að minnka grasþögglaframleiðsluna um 1500 tonn frá árinu 1984 (2800 tonn), en auka byggrækt úr 100 ha í um 150 ha.

Grasþögglaverksmiðjan Flatey:

Ekki gert ráð fyrir grasþögglaframleiðslu árið 1985 vegna mikilla birgða, en ráðgert að auka byggrækt úr 100 ha í 150—200 ha.

Fóðuriðjan Ólafsdal:

Gert ráð fyrir svipaðri starfrækslu og á s. l. ári, framleiðsla verði um 1200 tonn.

Vallhólmur:

Framleiðsla áætluð svipuð og á s. l. sumri, 2200—2300 tonn.

Svar við 4. lið:

Ráðuneytinu hefur borist fyrirspurn um leigu á Stórólfsvallabúinu og eru hafnar viðræður um það. Þá mun ráðuneytið leita eftir því hvort vilji er hjá heimamönnum að kaupa verksmiðjurnar eða taka þær á leigu til rekstrar.

Málefni aldraðra.

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um málefni aldraðra, á þskj. 801, afhent þm. 6. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða hækkun hefur orðið á elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu samanlagt frá 1. júní 1982?

Svar:

Síðan 1. júní 1982 og til 1. maí 1985 hafa alls orðið hækkanir á ellilífeyri og tekjutryggingu 15 sinnum. Hækkun í krónutölu á tímabilinu er 7359, en í hundraðshlutum 178,9. Á meðfylgjandi töflu kemur fram hvernig hækkanir dreifast á þetta tímabil og hver hækkunin var í hvert sinn.

Hækkun ellilífeyris og tekjutryggingar samanlagt frá 1. júní 1982 til 1. maí 1985.

	1.6.82	1.7.82	nóv. 1.11.82	des. 1.12.82	jan. 1.1.83	1.3.83	1.6.83	okt. 1.10.83	1.3.84	1.6.84	okt. 1.10.84	nóv. 1.11.84	jan. 1.1.85	1.3.85	1.5.85	Hækkun á tímab.
Upphæðir í kr.	4 113	4 380	4708	5 188	5 312	6 095	6 747	7 018	8 106	8 268	8 515	9 708	10 194	10 437	11 472	7 359
Hækkun í %	10,33	8,8	7,5	10,2	2,4	14,74	13,0	4,0	15,5	2,0	3,0	14,0	5,0	2,4	9,9	178,9%

Málefni Kísilmálmvinnslunnar.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Einarssonar um málefni Kísilmálmvinnslunnar hf., á þskj. 766, afhent þm. 6. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve miklu fé hefur verið varið til rekstrar skrifstofu Kísilmálmvinnslunnar hf. frá upphafi, þar með talinn kostnaður af viðræðum við hugsanlega erlenda meðeigendur?
2. Hver er núverandi starfsmannafjöldi Kísilmálmvinnslunnar hf.?
3. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður Kísilmálmvinnslunnar hf. árið 1985?

Svar við 1. lið:

Starfsemi Kísilmálmvinnslunnar hf. hefur frá stofnun tekið mið af lögum nr. 70/1982 er samþykkt voru á Alþingi í maí 1982. Samkvæmt þeim var ríkisstjórninni heimilt að stofna hlutafélag er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Um starfsemi félagsins segir svo í 3. gr. laganna:

„Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 25 000 000 í hlutafé í félaginu á árinu 1983 og taka lán í því skyni.

Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a. Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.

b. Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.

c. Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafélag til viðbótar."

Rétt er að fram komi að framangreindar upphæðir hlutafjár eru miðaðar við lánskjaravísitölu 1. mars 1982.

Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn félagsins iðnaðarráðherra skýrslu um athuganir sem henni var falið að gera samkv. 3. gr. laganna. Var það niðurstaða stjórnarinnar að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986—1988 og miða bæri allan undirbúning við að fyrsti ofn verksmiðjunnar yrði gangsettur 1986.

Í febrúar 1983 lagði ríkisstjórnin fram þingsályktunartillögu þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu. Í maí 1984 samþykkti Alþingi tillögu sama efnis og veitti ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýska fyrirtækið Mannesmann Demag sem tryggir verksmiðjunni allan helsta vél- og rafbúnað á hagstæðu verði og nauðsynlega tækniþekkingu til framleiðslu á kísilmálmi. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutafjár félagsins.

Í mars 1984 var lokið forhönnun verksmiðjunnar. Stærð og gerð allra helstu bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hafa einnig verið ákveðin. Á grundvelli forhönnunar og aðstæðna á byggingarstað hefur verið gerð stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar.

Á árunum 1982—84 fóru fram á verksmiðjusvæði ýmsar athuganir og rannsóknir vegna væntanlegra mannvirkja, hafnargerðar og vatnsveitu. Í júlí 1983 hófust mengunarrannsóknir í nágrenni verksmiðjunnar og stóðu þær í eitt ár. Veðurfarsrannsóknir hófust í Október 1982 og stóðu þær í tvö ár. Hvorar tveggja framangreindra rannsókna voru framkvæmdar með tilliti til hugsanlegrar loftmengunar frá verksmiðjunni.

Frá stofnun félagsins hefur verið aflað ítarlegra upplýsinga um þróun markaðar og sölu á kísilmálmi og

hefur í því sambandi verið leitað til og haft samband við fjölmarga aðila. Þá hefur verið unnið að því að tryggja verksmiðjunni hráefni af nauðsynlegum gæðum og fjölmörgum öðrum verkefnum er tengjast byggingu og rekstri verksmiðjunnar.

Skömmu eftir myndun núverandi ríkisstjórnar í maí 1983 ákvað iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum stóriðjunefndar yrði að leita eftir erlendum meðeigendum að Kísilmálmvinnslunni hf. Starfsemi félagsins hefur síðan mótast af þeirri ákvörðun. Hafa starfsmenn félagsins annars vegar viðhaldið þeim viðskiptasamböndum sem aflað hefur verið og fylgst með þróun markaðsmála og hins vegar starfað með fulltrúum stóriðjunefndar og stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. er haft hafa með höndum viðræður og samningaumleitanir við þá aðila er áhuga hafa sýnt á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Hefur sú vinna, auk þátttöku í viðræðufundum og undirbúningi þeirra, verið meðal annars fólgin í því að kynna hinum erlendu aðilum ýmis tæknileg og fjárhagsleg atriði varðandi byggingu og rekstur verksmiðjunnar, gerð kynningarrita er varða rekstur verksmiðjunnar, úrvinnslu upplýsinga er fram hafa komið á fundunum og viðræðum við fulltrúa Landsvirkjunar um skilmála samnings um sölu raforku til verksmiðjunnar. Þá hafa allar áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðjunnar nú nýverið verið endurskoðaðar með það markmið í huga að lækka stofnkostnað hennar og auka þannig arðsemi og bæta samkeppnisstöðu hennar.

Auk þess hefur Kísilmálmvinnslan hf. tekið að sér ákveðin verkefni fyrir stóriðjunefnd. Verði enn bið á því að framkvæmdir hefjist við byggingu verksmiðjunnar er til athugunar að fara í auknum mæli inn á þá braut að taka að sér ákveðin verkefni fyrir stóriðjunefnd eða aðra aðila er tengjast iðnaðarráðuneytinu og nýta þannig þá reynslu og þekkingu sem fjárfest hefur verið í hjá félaginu, meðan beðið er endanlegrar ákvörðunar um byggingu verksmiðjunnar.

Á árinu 1983 voru starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. fimm en þegar ljóst var í árslok 1983 að framkvæmdir hæfust ekki við byggingu verksmiðjunnar vorið 1984 var ákveðið að fækka starfsmönnum félagsins um tvo og létu þeir af störfum í apríl 1984.

Kostnaður við rekstur félagsins frá stofnun þess er eftirfarandi í krónum:

	1982	1983	1984
Skrifstofa og almennur rekstur	1 665 000	6 105 000	4 508 000
Félagsstjórn	1 079 000	922 000	301 000
Hagkvæmnis- og markaðsathuganir	1 182 000	286 000	231 000
Rannsóknir á Reyðarfirði	627 000	1 948 000	587 000
Aðkeypt vinna verkfræðistofa	2 291 000	12 970 000	3 910 000
Eignaraðildarviðræður		76 000	1 767 000
Samtals	6 943 000	22 307 000	11 304 000

Óinnkallað hlutafé í árslok 1984 var 11 000 000 kr.

Svar við 2. lið:

Núverandi starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. eru þrír, framkvæmdastjóri, verkfræðingur í fullu starfi og ritari í hlutastarfi.

Svar við 3. lið:

Áætlun um rekstur Kísilmálmvinnslunnar hf. árið 1985 gerir ráð fyrir því að rekstrargjöld félagsins verði alls 8 590 000 kr. og er þá ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum á vegum félagsins. Skipting útgjalda er eftirfarandi:

Skrifstofa og almennur rekstur	kr.	4 780 000
Félagsstjórn	kr.	320 000
Markaðsathuganir	kr.	200 000
Rannsóknir á Reyðarfirði, lokagreiðslur	kr.	750 000
Aðkeypt vinna, verkfræðistofa	kr.	500 000
Eignaraðildarviðræður	kr.	2 040 000
Rekstrarkostnaður samtals	kr.	8 590 000

Undanþágur frá söluskatti.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Jóni Baldvin Hannibalssyni um undanþágur frá söluskatti, á þskj. 39, afhent þm. 7. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hverjar eru undanþágur frá söluskatti á vöru og þjónustu (eftir tollskrárnúmerum) samkvæmt:
   a) lögum,
   b) reglugerðum,
   c) veittar af ráðherra?
2. Hvaða undanþágur hafa verið veittar af ráðherra, hverjum um sig, frá árinu 1974 til þessa dags?

Svar:

Til svar við a- og b-lið 1. töluliðar fyrirspurnarinnar verða hér á eftir talin upp þau laga- og reglugerðarákvæði sem fela í sér undanþágur frá söluskatti á vöru, þjónustu eða starfsemi. Fallið er frá þeim kosti að tilgreina sérstaklega tollskrárnúmer umfram það sem gert er í umræddum lögum eða reglugerðum, enda taka þau eðli málsins samkvæmt einungis til vöru en ekki til þjónustu eða starfsemi. Jafnframt er fallið frá því að

telja upp reglur og auglýsingar varðandi söluskatt sem settar eru á grundvelli annarra laga en söluskattslaga. Látið er nægja að nefna lögin þar sem reglur þessar og auglýsingar fela undantekningarlaust einungis í sér nánari fyrirmæli um framkvæmd.

A. UNDANÞÁGUR SAMKVÆMT LÖGUM.

1. **Lög nr. 10/1960 um söluskatt, með áorðnum breytingum.**

Undanþágur skv. 6. gr.

Undanþegin söluskatti er sala eftirtalinna vara og verðmæta:

1. Vörur sem seldar eru úr landi.
2. Nýmjólk, nema um veitingasölu sé að ræða.
3. Fiskumbúðir og kjötpokar.
4. Fiskinet, fiskilínur, önglar og öngultaumar, þó ekki sporttæki.
5. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
6. Beitusíld.
7. Tilbúinn áburður, annar en í smásöluumbúðum.
8. Grasfræ.
9. Fóðurvörur.
10. Flugvélaeldsneyti.
11. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit sem ekki er gefin út í ágóðaskyni.
12. Fasteignir, skip, flugvélar og flugvélavarahlutir.
13. Lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar.
14. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
15. Vörur sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga (sbr. lög nr. 120/1976).
16. Rekaviður.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.

Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltekur gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.

Undanþágur skv. 7. gr.

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi frameiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa sem um ræðir í 3. málslið og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.
2. Vinna við skipaviðgerðir og flugvélaviðgerðir.
3. Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.
4. Húsaleiga, þó ekki leiga gistihúsa og samkomuhúsa.
5. Útfararþjónusta.
6. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana.
7. Sala fasteigna, skipa, flugvéla, verðbréfa og annarra þvílíkra verðmæta.
8. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta, eftir því sem ráðherra ákveður.
9. Sala listamanna á eigin verkum.
10. Sala neysluvatns.
11. Þjónusta banka og sparisjóða.
12. Vinnsla á rekavið unnin af eiganda eða rétthafa rekans.

Undanþáguheimild ráðherra skv. 20. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur fjármálaráðherra ákveðið að undanþiggja söluskatti tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það sem undanþegið er skv. 6. og 7. gr.

2. **Lög nr. 96/1978, um kjaramál, sbr. lög nr. 121/1978, 6. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960, með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

3. **Fjárlög fyrir árið 1985, úr 6. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt:

3.1 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar), þ. e. í þeim iðngreinum sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
(Sjá í þessu sambandi augl. nr. 8/1981, með síðari breytingum, en þar er að finna vörur sem falla undir hátt á þriðja hundrað tollskrárnúmer sem undanþegnar hafa verið söluskatti skv. heimild þessari og sambærilegri heimild í fyrri fjárlögum.)

3.2 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til stofnlína fyrir 132 kV spennu og hærri, svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði og efni til

mengunarvarna sem sett eru upp að kröfu Siglingamálastofnunar:
a. Fleytibúnaði til þess að ná upp olíu sem flýtur á sjó.
b. Flotgirðingum til að hefta útbreiðslu olíu sem flýtur á sjó.
c. Svokölluðum dreifiefnum sem eru sérstaklega gerð til að sundra olíuflekk sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.5 Að endurgreiða sölugjald af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87.02.43, svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í sjúkrabifreiðar, svo og bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjúkra- og leitarbifreiðum í eigu björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær og öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna fjarskiptatækja sem sett kunna að verða upp í Loðmundarfirði, svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða) og snjóbifreiða sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita og Rauðakrossdeilda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.10 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi útvarps, svo og óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir útvarp. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.12 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum, véla- og varahlutum, svo og búrum, efnivörum í þau, hreiðurkössum og gildrum til nota við framleiðslu á loðdýraafurðum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.13 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af kornskurðarvélum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.14 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kunna að kaupa á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til byggingar saltverksmiðju á Reykjanesi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.18 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af jafnmörgum talstöðvum og skráðar voru í bifreiðum áður en breytingar Póst- og símamálastofnunar á fjarskiptakerfi fyrir þessar bifreiðar komu til framkvæmda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.19 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af innanhússsímum fyrir sjúkrahús og aðrar hjúkrunarstofnanir. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.21 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði til björgunarsveita:
a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum til nota við björgun manna úr sjávarháska.
b. Utanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.
c. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá strönduðum skipum.
d. Sérhönnuðum „neyðarleifturljósum" (strobelight) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
e. Sérhönnuðum björgunarbátum.
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.22 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af hjartaþræðingartæki sem fyrirhugað er að kaupa fyrir Landspítalann.

3.23 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Heimildin taki jafnframt til endurgreiðslu gjalda af farsímum sem kunna að hafa verið tollafgreiddir árið 1984. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.25 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af blásturshljóðfærum sem Tónlistarfélag Sandgerðis hefur keypt.

3.28 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af skíðalyftum.

3.29 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af orgelum til notkunar í kirkjum.

3.30 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstækjum og upptökutækjum sem grunnskólarnir á Blönduósi og Húnavöllum hafa fengið að gjöf.

3.31 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjóbifreið ásamt fylgihlutum sem Austfjarðaleið

hf. hefur keypt til þess að sinna sérleyfisakstri milli Egilsstaða og Norðfjarðar.

3.32 Að undanþiggja sölugjaldi sölu Listasafns Íslands á 30 glermyndum eftir Leif Breiðfjörð.

3.33 Að fella niður og endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af bryggjukrana til notkunar á Bakkafirði.

3.37 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af varaaflstöð fyrir Slysavarnahúsið á Grandagarði 14 í Reykjavík sem Slysavarnafélag Íslands mun festa kaup á.

3.38 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af afþrýstiklefa fyrir kafara sem Slysavarnafélag Íslands hefur fest kaup á.

3.39 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af bifreið af gerðinni Mitsubishi, minibus, árgerð 1984, sem Kiwanisklúbburinn á Akranesi hefur ákveðið að gefa sambýli fyrir fatlaða á Vesturlandi, enda lúti bifreið þessi sömu ákvæðum um endursölu og bifreiðir sem úthlutað er til öryrkja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.40 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum og hlutum til þeirra til fiskeldis og fiskræktar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.41 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru til landsins til snjóflóða- og skriðuvarna. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.42 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til gróðurhúsaglerverksmiðja og heyköggla verksmiðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. Lög nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Skv. 15. tl. 6. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, eru vörur sem taldar eru upp í 2. gr. tollskrárlaga undanþegnar söluskatti.

2. gr. tollskrár hljóðar svo:

„Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt 1. gr. skulu eftirtaldar vörur einnig undanþegnar gjöldum:

1. Fylgifé fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum og er að mati tollyfirvalds ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgifé ekki flutt úr viðkomandi fari.
2. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
3. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda.
4. Vanalegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða.
5. Vanalegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin nota ferðamannanna á ferðalaginu að ræða.
6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
7. Notaðir heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi verið búsettur erlendis í a. m. k. eitt ár áður en hann flutti til landsins og munirnir verið í eigu hans allt það ár. Ökutæki og önnur farartæki teljast ekki til heimilismuna í þessu sambandi.
8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda
   a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milligöngu aðilja sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,
   b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
   c. viðkomandi afhendi fullfrágengna aðflutningsskýrslu um hina innfluttu eða keyptu vöru. Skýrslan sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
   d. og því sé lýst yfir að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeigandi, fjölskyldu hans og/eða til heimilishalds hans hér.

   Tollfrelsið má binda því skilyrði að íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.
9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjörræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.
10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
11. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein."

Í 3. gr. tollskrárlaga eru ákvæði um undanþágu- og lækkunarheimildir vegna greiðslu gjalda af innfluttum vörum og er söluskattur jafnframt felldur niður í neðangreindum tilvikum skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins:

5. tl. Heimild til að fella niður eða lækka gjöld af vöru sem send er hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.

7. tl. Heimild til að lækka eða fella niður gjöld af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, enda hafi brúður eða brúðgumi haft

fasta búsetu erlendis í tvö ár fyrir brúðkaupið. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra farartækja. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 18. nóvember 1982).

8. tl. Heimild til að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum sem hafa fallið í arf erlendis. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra farartækja. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 18. nóvember 1982).

9. tl. Heimild til að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra. Enn fremur af gjöfum að verðmæti allt að 1 000 kr. eða jafnvirði SDR 33, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 1983).

11. tl. Heimild til að endurgreiða, lækka eða fella niður að hluta eða öllu leyti gjöld
   a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
   b. af umbúðum og efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, enda verði hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð umbúða og efnivara.

12. tl. Heimild til að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. (Sbr. auglýsing nr. 8/1981, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, ásamt síðari breytingum).

14. tl. Heimild til að fella niður gjöld af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins. (Sbr. reglugerð nr. 6/1970, um bifreiðamál ríkisins, sbr. reglugerð nr. 325/1983, um breytingu á þeirri reglugerð).

16. tl. Heimild til að fella niður gjöld af umbúðum sem eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.

18. tl. Heimild til að fella niður gjöld af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 9. febrúar 1979).

21. tl. Heimild til að fella niður með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær. (Sbr. auglýsing nr. 8/1982, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, sbr. auglýsing nr. 63/1983 um breytingu á henni).

26. tl. Heimild til að fella niður gjöld af lifandi dýrum í dýragarða.

27. tl. Heimild til að lækka eða fella niður gjöld af fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis, skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Söluskattur er ekki innheimtur af lækkuðum tolli.

30. tl. Heimild til að endurgreiða toll af þrýstivatnspípum, hverflum svo og hreyflum minni en 400 hestöfl DIN, til notkunar við raflýsingu á sveitabæjum, sem svari því að af vörum þessum sé greiddur 10% tollur. Söluskattur lækkar samkvæmt lækkun tolls.

31. tl. Heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af bæklingum og ritum sem seld eru eða er dreift erlendis til landkynningar.

34. tl. Heimild til að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum sem notaðar eru við vélpökkun á kornvöru, sykri og kaffi, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

35. tl. Heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af tækjum sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 12. janúar 1973).

37. tl. Heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af segulbandstækjum og segulböndum fyrir sjónskert fólk svo og af stöfum, úrum og öðrum öryggis- og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjón- og heyrnarskertra. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 15. október 1982).

39. tl. Heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.

40. tl. Heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar. (Sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 25. janúar 1977).

41. tl. Heimild til að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendibifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi. Enn fremur er heimilt að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa slíkan akstur að aukastarfi. Söluskattur er eigi greiddur af þeim hluta tolls sem eigi er innheimtur við tollafgreiðslu. (Sbr. reglur nr. 234/1980, um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og ökukennara).

44. tl. Heimild til að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum sem góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.

45. tl. Heimild til að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því að greiddur sé 7% tollur. Söluskattur lækkar skv. lækkun tolls.

46. tl. Heimild til að fella niður gjöld af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir Ríkisútvarp/sjónvarp.

49. tl. Heimild til að fella niður gjöld af sýnishornum

verslunarvara og auglýsingarefnis, svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörurnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir.

5. **Lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.**
Skv. 7. gr. samningsins er varnarliðið undanþegið söluskatti.

6. **Lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, sbr. og lög nr. 19/1970 og lög nr. 42/1976 um sama efni.**
Samkvæmt samningnum ber Ísal ekki að greiða söluskatt af vélum, varahlutum, búnaði, hráefnum, orku og rekstrarvörum ýmiss konar til verksmiðjunnar, sbr. 14. og 31. gr. samningsins.

7. **Lög nr. 58/1967, orkulög.**
3. mgr. 53. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 32/1983 kveður á um að eigi skuli innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðvarma.

8. **Lög nr. 111/1970, um virkjun Lagarfoss.**
3. gr. — Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar.

9. **Lög nr. 28/1971, um virkjun Svartár í Skagafirði.**
3. gr. — Aðflutningsgjöld og söluskattur felldur niður af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar.

10. **Lög nr. 107/1973, um Þörungavinnslu við Breiðafjörð.**
3. gr., 3.11 — Ríkisstjórninni veitt heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af umbúðum og efni sem er endurútflutt frá verksmiðjunni.

11. **Lög nr. 21/1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.**
4. gr. — Aðflutningsgjöld og söluskattur felld niður af efni, tækjum og vélum til aflstöðvarinnar.

12. **Lög nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja.**
3. mgr. 13. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 26/1980. Aðflutningsgjöld og söluskattur felld niður af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar.

13. **Lög nr. 105/1974, um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.**
3. gr. — Aðflutningsgjöld og söluskattur felld niður af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar.

14. **Lög nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.**
Skv. 35. gr. skal ekki innheimta söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands frá 1. maí 1975 og verður svo á meðan flugvallagjald er innheimt.

15. **Lög nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.**
4. gr., 5. tl. — Ríkisstjórninni veitt heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, búnaði og vélum, sem félagið flytur inn til framkvæmda skv. 3. gr.

16. **Lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.**
Skv. 9. gr. eru fjárfestingarvörur og varahlutir vegna byggingar og reksturs verksmiðjunnar svo og rekstrarvörur ýmiss konar og orka undanþegin söluskatti.

17. **Lög nr. 20/1977, um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.**
1. gr. — Innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og rekstrar jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

18. **Lög nr. 26/1977, um virkjun Hvítár í Borgarfirði.**
3. gr. — Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar.

19. **Lög nr. 59/1981, um stálbræðslu.**
3. gr. — Ríkisstjórninni veitt heimild til að fella niður aðflutnings- og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar.

20. **Lög nr. 60/1981, um raforkuver.**
3. gr. — Heimild til að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna.

21. **Lög nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.**
3. tl., 2. gr. — Ríkisstjórninni veitt heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar.

22. **Lög nr. 62/1981, um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.**
Skv. 3. tl. 5. gr. er ríkisstjórninni heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar.

23. **Lög nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.**
Skv. 9. gr. eru fjárfestingarvörur og varahlutir vegna byggingar og reksturs verksmiðjunnar svo og ýmiss konar rekstrarvörur og orka undanþegin söluskatti.

24. **Lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun.**
Í 15. gr. er heimild vegna virkjanaframkvæmda skv. 1. mgr. 6. gr. (þ.e. við Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun) að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af efni, vélum og

tækjum til virkjana og stofnlína þeim tilheyrandi. Sama skal gilda um eldsneytisaflstöðvar.

25. **Lög nr. 45/1984, um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.**
2. tl. 1. gr. — Fjármálaráðherra veitt heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði vegna byggingar flugstöðvar.

B. UNDANÞÁGUR SAMKVÆMT REGLUGERÐ NR. 486/1982, UM SÖLUSKATT, ÁSAMT SÍÐARI BREYTINGUM.

13. gr.
Sala á eftirtöldum vörum og verðmætum er undanþegin söluskatti:

1. Vörur sem seldar eru úr landi. Undanþágan tekur aðeins til útflutningsvörunnar sjálfrar en ekki til vinnu eða þjónustu við hana sem skattskyld kann að vera samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, sbr. einnig 11. gr.
2. Vörur sem um ræðir í I til IV flokki tollskrárlaga nr. 120/1976, með síðari breytingum, og ætlaðar eru til manneldis.
Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til ávaxtasafa, hreinna og blandaðra, eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980, um vörugjald, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat, en um heimild þessara aðila til að draga innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð fer eftir ákvæðum 3. tl. þessarar greinar.
3. Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölustaða og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti skv. 2. tl. þessarar greinar eða með öðrum hætti að viðbættri meðaltalssmásöluálagningu á þessar vörur. Telst meðaltalssmásöluálagningin vera 25% í þessu sambandi. Skal þessum aðilum heimilt að leggja 25% ofan á innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla og draga innkaupsverðið ásamt þeirri viðbót frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð.
4. Fiskumbúðir og kjötpokar.
5. Veiðarfæri, svo og efni til veiðarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra. Þessi ákvæði taka þó ekki til sporttækja og efnis í þau.
6. Salt.
7. Beita, en til hennar telst auk beitusíldar önnur beita úr dýraríkinu.
8. Áburður, þó ekki ef hann er seldur í smásöluumbúðum og innihald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.
9. Grasfræ og trjáfræ.
10. Fóðurmjöl og hey, svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum og innihald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.
11. Eldsneyti fyrir loftför.
12. Sala innlendra dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og tímarita sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
13. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og öðrum ritlingum.
14. Sala á fasteignum, skipum, flugvélum og svifflugum. Sala á svifdrekum, með eða án vélar, er þó söluskattsskyld. Sala og smíði á nýjum skipum er undanþegin söluskatti og innheimtir skipasmíðastöð því ekki söluskatt úr hendi kaupanda eða eiganda skips. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta.
15. Sala á lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar seljanda.
16. Sala á verðbréfum.
17. Sala skipasmíðastöðva og annarra viðgerðaraðila á efni og vélavinnu til skipaviðgerða. Á þetta við um efni og vélavinnu til viðgerða á bol skipa, föstum vélum, tækjum og munum sem telja má venjulegt fylgifé skipa. Undanþágan tekur aðeins til sölu á efni sem viðgerðaraðilar vinna sjálfir úr, og skulu þeir með reikningum sínum staðfesta notkun efnisins eða vélavinnunnar við skipaviðgerðina. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.
18. Þegar efni til skipaviðgerða er keypt hjá verslunum eða öðrum aðilum, sem ekki annast úrvinnslu þess eða niðursetningu um borð í skipi, er heimilt að endurgreiða eigendum eða umráðamönnum skips söluskatt af hinu keypta efni. Sama á við um söluskatt sem greiddur er við innflutning skipseiganda sjálfs á efni eða varahlutum til skipaviðgerða. Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina að reikningur seljanda beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur. Umsóknir um endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum tölulið skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins og skulu þær hafa borist stofnuninni innan árs frá því að viðgerð lauk. Um framkvæmd endurgreiðslu söluskatts, þ. á m. um lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni, skulu að öðru leyti gilda þær reglur sem settar eru skv. 28. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, um endurgreiðslu tolla af efnivörum, m. a. til skipaviðgerða. Skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt þessum tölulið, skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega á skattframtali sínu eða í gögnum með því. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.
19. Svartolía og gasolía.
20. Kol og koks til iðnaðarframleiðslu, húshitunar og hitunar laugarvatns. Vörur þessar eru söluskattsskyldar til sérhverra annarra nota.
21. Sala eða leiga á kvikmyndum sem gerðar eru til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi, þar með taldar auglýsingakvikmyndir.
22. Prentmyndamót.
23. Varahlutir, vélar og tæki fyrir flugvélar, eftir

ákvörðun fjármálaráðherra og með þeim takmörkunum og skilyrðum er hann setur.

24. Eftirgreindar vélar, enda séu þær ætlaðar til notkunar til fiskvinnslu: Flökunarvélar, flatningsvélar, roðfléttingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar, sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15, svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar og fiskþvottavélar, mótunarvélar, hrognaskiljur og hreistrunarvélar, sem falla undir tnr. 84.30.19.
25. Vörur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum: 84.10.32 (dælur úr ryðfríu stáli og/eða plasti, ótaldar í öðrum tollskrárnúmerum), 84.11.11 og 84.11.21 (þjöppur fyrir kæli- og frystikerfi og hlutar fyrir þær), 84.15.33, 84.15.39, 84.15.49 (ísvélar, frystiskápar, kæliblásarar og lausfrystitæki og hlutar til þeirra, þ. m. t. eimarar og þéttar sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer.
26. Rekaviður.
27. Vörur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum:

84.11.41	Heyblásarar.
úr 84.17.22	Mjólkurdælur.
úr 84.20.10	Fjárvogir.
84.22.31	Heyblásarar (til að færa hey).
úr 84.22.61	Baggatínur og heylosunarbúnaður.
84.23.61	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar.
84.24.10	Plógar.
úr 84.24.20	Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar.
84.24.31	Herfi.
84.24.39	Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg og reyta illgresi.
úr 84.24.40	Valtarar fyrir tún og íþróttavelli og flagjafnarar.
84.25.31	Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar.
84.25.32	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti.
84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar.
úr 84.25.39	Múgvélar, rúllubindivélar og heybindivélar.
84.25.41	Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu.
84.26.10	Mjaltavélar.
85.07.01	Fjárklippur.
87.14.21	Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi.
87.14.22	Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar.
87.14.23	Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu.

28. Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hlutar til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.
29. Björgunar- og öryggisnet til notkunar um borð í skipum eða við hafnir til björgunar mönnum úr sjávarháska.

14. gr.

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti.

1. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna manna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té.

   Undanþága á þó ekki við um vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvöru, sem fram fer í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Nú fer aðvinnsla á efni eða vöru að einhverju leyti fram á verkstæði eða í verksmiðju og að öðru leyti á byggingarstað og er þá sú vinna sem fram fer á byggingarstað skattfrjáls, sbr. þó næstu málsgrein.

   Þegar settar eru upp vélar á byggingarstað til aðvinnslu á vöru eða efni til mannvirkis, sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju, skal sú vinna eða aðvinnsla teljast skattskyld.

   Uppsetning véla eða tækja í verksmiðju eða verkstæði skal teljast söluskattsskyld þótt vinnan fari fram á byggingarstað.

   Þrátt fyrir ákvæði 2.—5. mgr. þessa töluliðs skal aðilum, sem framleiða íbúðarhús eða hús fyrir barnaheimili eða leikskóla í verksmiðjum, heimilt að draga við söluskattsskil eftirtalda hundraðshluta frá heildsöluverði uppsettra húsa áður en söluskattur er reiknaður:

   a) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús eða verksmiðjuframleitt hús fyrir barnaheimili eða leikskóla afhent tilbúið undir málningu og innréttingu með eða án allra lagna 43%
   b) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús eða verksmiðjuframleitt hús fyrir barnaheimili eða leikskóla afhent fokhelt, óháð því hvort útveggir eru tilbúnir undir málningu og þak er frágengið að utan 42%
2. Vinna við skipa- og loftfaraviðgerðir, hvort sem hún er framkvæmd af verkstæðum, verktökum, sérstökum iðnaðarmönnum eða öðrum. Á þetta bæði við um viðgerðir á skips- eða loftfarsbol, föstum vélum, tækjum og munum sem telja má venjulegt fylgifé með skipum eða loftförum.
3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöruflutningar og fólksflutningar, nema með flugvélum innanlands. Þó skulu þeir fólksflutningar einnig undanþegnir meðan flugvallagjald er innheimt skv. 3. gr. laga nr. 8/1976, með síðari breytingum.
5. Upp- og útskipunargjöld, svo og geymsla vara í vörugeymsluhúsum.
6. Húsaleiga, sbr. þó 9. tl. 10. gr. Undanþágan á við um húsaleigu almennt, hvort heldur húsnæðið er til íbúðar eða atvinnurekstrar, þar með talin leiga gistiherbergja. Þegar veitinga- eða samkomuhúsnæði er selt á leigu til aðila sem í atvinnuskyni annast tilkynntan söluskattsskyldan rekstur eða starfsemi í húsinu, sbr. 6. og 24. gr., skal eigi greiða söluskatt af leigutekjum leigusala.
7. Útfararþjónusta.
8. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarheimila, heilsuhæla og annarra slíkra stofnana. Undanþágan nær aðeins til þeirrar þjónustu sem nefndar stofnanir láta í té

en ekki til söluskattsskyldrar vöru, vinnu eða þjónustu sem þær þurfa sjálfar að kaupa. Til hliðstæðra stofnana í þessu sambandi teljast elliheimili, vöggustofur, barnaheimili, svo og stofnanir fyrir drykkjusjúka, lamaða og fatlaða.

9. Sala fasteigna, skipa, loftfara, verðbréfa og annarra þvílíkra verðmæta, en þar til teljast einkaleyfi, hlutabréf og hvers konar fjárkröfur, svo og húsaleigumiðlun. Undanþágan tekur einnig til miðlanaþóknunar eða umboðsþóknunar til fasteigna-, skipa-, einkaleyfis- og verðbréfasala.
10. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta. Til lækninga í þessu sambandi teljast ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, þjónusta sálfræðinga og uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og framleiðsla gervilima og umbúða fyrir lamað fólk. Þá telst hér til þjónusta endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta, presta og hliðstæðra aðila.
11. Sala listamanna sjálfra á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarrétti af uppfinningum eða hugverki. Undanþágan á eingöngu við um sölu höfundar á frumverkinu.
12. Sala eða notkun á heitu og köldu vatni ásamt vatnsmælaleigu. Undanþágan tekur bæði til jarðhitavatns og upphitaðs vatns frá sameiginlegum kyndistöðvum.
13. *Rafmagn til hitunar húsa og laugarvatns.* Undanþágan nær ekki til neins konar annarrar notkunar rafmagns.
14. Þjónusta banka og sparisjóða. Sama gildir um stofnanir og sjóði sem hafa með höndum hliðstæða starfsemi, enda hafi þeir fengið opinbera viðurkenningu.
15. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, sundstöðum, gufubaðstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstofum, kappreiðum og góðhestakeppni.
16. Fæðissala mötuneyta skólafólks og starfsmannahópa, svo og fæðissala atvinnurekenda til starfsmanna sinna. Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara aðila en ekki til sölu á söluskattsskyldu efni til þeirra.
17. Skipa- og loftfaraleiga greidd af erlendum aðilum í erlendum gjaldeyri.
18. Prentun dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og prentun vörumiða og umbúða um söluvöru.
19. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.
20. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna, svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningi að kaupa fyrir starfsmenn sína.
21. Vélbinding heys.
22. Verðjöfnunargjald raforku skv. 2. gr. laga nr. 83/1974.
23. Leiga skýrsluvéla.
24. Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum, upplestri og fyrirlestrarhaldi, enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald, svo og aðgangseyrir að sýningum á íslenskum kvikmyndum og aðgangseyrir að útisamkomum.

Eins og áður segir er sá kostur valinn að telja ekki upp reglugerðir eða auglýsingar sem settar eru á grundvelli annarra laga en laga um söluskatt, enda er þar nær undantekningarlaust verið að kveða nánar á um framkvæmd undanþáguákvæðis í lögum. Af þessum sökum er látið nægja að vísa til lagaupptalningarinnar í A-lið hér að framan.

Vegna svars c-liðar 1. töluliðar fyrirspurnarinnar er rétt að taka fram eftirfarandi:

Fyrirspyrjandi sýnist gera skýran greinarmun á þeim söluskattsundanþágum, sem beinlínis eru lögbundnar, þeim sem byggjast á reglugerðum og loks þeim sem veittar eru af ráðherra. Til þess að fyrirbyggja misskilning í þessum efnum er rétt að taka fram og leggja áherslu á að allar undanþágur byggjast að sjálfsögðu á lögum eða heimildum í lögum. Auk „beinna" lagafyrirmæla um að tiltekin vara eða þjónusta skuli vera undanþegin söluskatti (t. d. rekaviður og vinnsla á honum, sbr. 16. tl. 6. gr. og 12. tl. 7. gr. söluskattslaganna) eru lagaheimildir þessar einkum þrenns konar. Tekið skal fram að þessi skipting á milli undanþága skv. „beinum" lagaákvæðum og annars konar undanþága er þó fjarri því að vera skýr eins og sjá má af því sem hér á eftir verður rakið.

Í fyrsta lagi er um að ræða ákvæði 20. gr. söluskattslaganna sem heimilar ráðherra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að undanþiggja tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu söluskatti umfram það sem undanþegið er í 6. og 7. gr. söluskattslaganna. Nýting þessarar heimildar á sér nær undantekningarlaust stað með reglugerð. Sem dæmi um beitingu þessarar heimildar má nefna reglugerð nr. 197/1979 um að gasolía skuli undanþegin söluskatti. Af sama toga spunnin eru fyrirmæli eða heimildir til handa ráðherra í hinum „beinni" lagafyrirmælum til að kveða nánar á um eða skilgreina hvað undir viðkomandi undanþágu heyrir. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði 8. tl. 7. gr. söluskattslaganna er kveður á um að lækningar og lögfræðiþjónusta og önnur hliðstæð þjónusta sé undanþegin söluskatti, eftir því sem ráðherra ákveður. Með 10. tl. 14. gr. söluskattsreglugerðar hefur ráðherra ákveðið hvaða þjónusta teljist hliðstæð við þá sem upp er talin í lagagreininni, þ. á m. þjónusta endurskoðenda. Telja menn að flokka eigi undanþágu endurskoðunarþjónustu undir undanþágu skv. lögum eða undanþágu sem veitt er af ráðherra? Þá má í þessu sambandi nefna að flestar „beinar" undanþágur eru nokkuð skýrar afmarkaðar en síðast nefnd undanþága. Engu að síður kunna þær að krefjast aðgerða ráðherra. Sem dæmi má nefna 7. tl. 6. gr. laga um söluskatt en skv. honum er „Tilbúinn áburður annar en í smásöluumbúðum" undanþeginn söluskatti. Í reglugerð er þessi undanþága endurtekin með þeirri skýringu þó að með smásöluumbúðum sé átt við að hver sölueining fari ekki yfir 5 kg, sbr. 8. tl. 13. gr. söluskattsreglugerðarinnar.

Í öðru lagi er um að ræða ýmsar heimildir í 6. gr. fjárlaga ár hvert svo og heimildir eða fyrirmæli í ýmsum sérlögum svo sem lögum um ýmis iðjuver og virkjanir (sjá í þessu sambandi svar við a.-lið 1. tl. hér að framan). Segja má að hér verði mörkin milli beinna undanþága skv. lögum og öðrum undanþágum enn óskýrari, enda grundvallast ýmsar hinna veigamestu

undanþága á lagaheimildum sem þessum. Sem dæmi má nefna að í 6. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978 segir að fjármálaráðherra sé heimilt að fella niður söluskatt af matvörum. Sama dag er gefin út breyting á reglugerð um söluskatt þar sem heimildin er nýtt og nær öll matvæli undanþegin söluskatti. Þessi undanþáguheimild er síðan staðfest af Alþingi, sbr. 6. gr. laga nr. 121/1978. Sama verður uppi á teningnum varðandi niðurfellingu söluskatts af vélum til samkeppnisiðnaðar. Á undanförnum árum hefur verið ákvæði í 6. gr. fjárlaga eins og rakið er hér að framan er heimilar ríkisstjórninni að fella niður söluskatt af vélum þessum og fela fjármálaráðuneytinu að setja reglur um framkvæmd þess. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa síðan verið settar mjög veigamiklar almennar reglur um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar.

Í þriðja og síðast lagi getur ráðherra með stoð í 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 28. gr. söluskattslaganna almennt kveðið nánar á um það hvað falli undir undanþáguákvæði 6. og 7. gr. laganna auk þess sem hann getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um margvísleg atriði er lúta að framkvæmd þeirra. Um beitingu ráðherra á hér umræddum heimildum og úrskurði skv. þessu og sem svar við þessum lið fyrirspurnarinnar að öðru leyti verður að vísa til nýútgefinnar handbókar um söluskatt. Í handbók þessari má finna, auk laga, reglugerða og auglýsinga um söluskatt, útdrætti úr úrskurðum skattyfirvalda og ráðuneytisins sem tengjast þessum lagabálki og framkvæmd hans. Útdrættir þessir eru auðkenndir með dagsetningum og skammstöfunum á heiti viðkomandi úrskurðaraðila. Í þessu efni vísast þó einkum til úrskurða varðandi 4. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðarinnar.

Í 2. tl. fyrirspurnarinnar er spurt hvaða undanþágur hafi verið veittar af ráðherra, hverjum um sig, frá árinu 1974 til þessa dags. Eins og vikið er að í svari við c-lið 1. tl. fyrirspurnarinnar eru mörkin óskýr milli þess hvenær undanþágur eru „beinar", þ. e. hinnar undanþegnu vöru eða þjónustu er beinlínis getið í lögum, og hvenær óbeinar, þ. e. þegar ráðherra eru heimiluð afskipti eða mælt er fyrir um afskipti hans. Telja verður að skýrust séu þessi mörk þegar ráðherra beitir heimildinni í 20. gr. söluskattslaganna, er kveður á um að honum sé heimilt, ef sérstaklega stendur á, að undanþiggja tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það sem undanþegið er í 6. gr. og 7. gr. söluskattslaganna. Rétt er engu síður að undirstrika að telja verður að undanþáguheimildir þessar eigi sér allar skýra lagastoð.

Hér á eftir verða því taldar upp þær söluskattsundanþágur sem ráðherrar hafa hafa veitt frá árinu 1974 sem ekki byggjast á „beinum" lagafyrirmælum heldur eru byggðar á hinni almennu heimild sem um er rætt í 20. gr. og til hennar vitnað í ákvörðun ráðherra. Á þessu tímabili hafa eftirtaldir menn gegnt embætti fjármálaráðherra: Matthías Á. Mathiesen frá 28. ágúst 1974 til 1. september 1978, Tómas Árnason frá 1. september 1978 til 15. október 1979, Sighvatur Björgvinsson frá 15. október 1979 til 8. febrúar 1980, Ragnar Arnalds frá 8. febrúar 1980 til 26. maí 1983 og Albert Guðmundsson frá þeim tíma.

1. Reglugerð nr. 82/1974: Upp- og útskipunargjöld undanþegin söluskatti: (Ráðherra: Halldór E. Sigurðsson.)
2. Reglugerð nr. 345/1977: Undanþága söluskatts af tilteknum matvælum (mjólkurvörur) látin taka til sölu veitingahúsa með sérstökum hætti. (Ráðherra: Matthías Á. Mathiesen.)
3. Reglugerð nr. 263/1978: Reglur um undanþágu söluskatts af skipasmíðum og skipaviðgerðum víkkaðar frá því sem áður var. (Ráðherra: Matthías Á. Mathiesen.)
4. Auglýsing nr. 291/1978: Um hækkun hámarksverðs þeirra bóka sem heimilt er að flytja til landsins án greiðslu söluskatts. (Ráðherra: Matthías Á. Mathiesen.)
5. Reglugerð nr. 316/1978: Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978 um kjaramál var ráðherra veitt heimild til niðurfellingar söluskatts af mat- og drykkjarvöru. Þessi heimild var nýtt með útgáfu reglugerðar þessarar. Auk þessa voru gerðar ýmsar lagfæringar á reglugerð um söluskatt vegna breytinga á henni svo og úrskurða sem gengið höfðu um nokkur atriði. Að auki voru fólksflutningar með skipum undanþegnir söluskatti til samræmis við það sem gilti um fólksflutninga með bifreiðum og flugvélum. (Ráðherra: Tómas Árnason.)
6. Reglugerð nr. 424/1978: Eftirgreindar vélar til notkunar í fiskvinnslu undanþegnar söluskatti: Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15 svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar og fiskþvottavélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.19. (Ráðherra: Tómas Árnason.)
7. Reglugerð nr. 197/1979: Gasolía undanþegin söluskatti án tillits til þess til hvers hún er notuð. (Ráðherra: Tómas Árnason.)
8. Reglugerð nr. 450/1979: Sýningar áhugaleikfélaga undanþegnar söluskatti. (Ráðherra: Sighvatur Björgvinsson.)
9. Reglugerð nr. 230/1980: Eftirtaldar vörur undanþegnar söluskatti: Vörur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum: 84.10.32 (dælur úr ryðfríu stáli og/eða plasti ótaldar í öðrum tollskrárnúmerum), 84.11.11 og 84.11.21 (þjöppur fyrir kælí- og frystikerfi og hlutar fyrir þær), 84.15.33, 84.15.39 og 84.15.49 (ísvélar, frystiskápar, kæliblásarar og lausfrystitæki og hlutar til þeirra, þ. m. t. eimarar og þéttar sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer). Jafnframt þessu var aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum sem ekki eru í neinum tengslum við annað skemmtanahald undanþeginn söluskatti. (Ráðherra: Ragnar Arnalds.)
10. Reglugerð nr. 446/1981: Aðgangseyrir að sundstöðum undanþeginn söluskatti. (Ráðherra: Ragnar Arnalds.)
11. Reglugerð nr. 585/1982: Aðgangseyrir að gufuböðum svo og að nudd-, ljósa- og heilsuræktarstöðvum undanþeginn söluskatti. (Ráðherra: Ragnar Arnalds.)
12. Reglugerð nr. 147/1983: Reglur um söluskattsfrjálsa fæðissölu veitingahúsa og greiðasölustaða og

annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, rýmkaðar. (Ráðherra: Ragnar Arnalds.)

13. Reglugerð nr. 334/1983: Sýningar á íslenskum kvikmyndum undanþegnar söluskatti. Þá er aðgangseyrir að upplestri og fyrirlestrahaldi undanþeginn skv. reglugerðinni. Loks var sala á sviffflugum undanþegin söluskatti á ný skv. henni en þær höfðu verið gerðar skattskyldar með reglugerð nr. 585/1982. (Ráðherra: Ragnar Arnalds.)
14. Reglugerð nr. 501/1983: Kol og koks til iðnaðarframleiðslu undanþegið söluskatti. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
15. Reglugerð nr. 485/1983: Eftirtalin landbúnaðartæki undanþegin söluskatti:

84.11.41	Heyblásarar
úr 84.17.22	Mjólkurkælar
úr 84.20.10	Fjárvogir
84.22.31	Heyblásarar (til að færa hey)
84.23.61	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
84.24.10	Plógar
úr 84.24.20	Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar
84.24.31	Herfi
úr 84.24.40	Valtarar og flagjafnarar
84.25.31	Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar
84.25.32	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar
úr 84.25.39	Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar
84.25.41	Flokkunarvélar
84.26.10	Mjaltavélar
85.01.01	Fjárklippur
87.14.21	Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi
87.14.22	Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar
87.14.23	Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)

16. Reglugerð nr. 735/1983: Mótunarvélar og hrognaskiljur til notkunar í fiskiðnaði undanþegnar söluskatti. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
17. Reglugerð nr. 1/1984: Hreistrunarvélar til notkunar í fiskiðnaði undanþegnar söluskatti. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
18. Reglugerð nr. 34/1984: Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar (tölvur) og hlutar til þeirra í tnr. 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
19. Reglugerð nr. 109/1984: Björgunar- og öryggisnet til notkunar um borð í skipum eða við hafnir til björgunar mönnum úr sjávarháska. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
20. Reglugerð nr. 220/1984: Baggatínur svo og vélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg og reyta illgresi, undanþegnar söluskatti. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
21. Reglugerð nr. 348/1984: Aðgangseyrir að útisamkomum undanþeginn söluskatti. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
22. Auglýsing nr. 411/1984: Hámarksverð á þeim bókum sem flytja má til landsins án greiðslu söluskatts hækkað úr 250 kr. í 500 kr. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)
23. Reglugerð nr. 128/1985: Heylosunarbúnaður undanþeginn söluskatti. (Ráðherra: Albert Guðmundsson.)

Að lokum er rétt að geta þess að langalgengast er að ákvarðanir ráðherra séu teknar í formi reglugerðar. Þó eru til undantekningar frá þessari meginreglu. Annars vegar hefur ráðherra undanþegið aðgangseyri að ýmsum sýningum samtaka atvinnugreina, svo sem iðnsýningum, landbúnaðarsýningum og bílasýningum, svo að eitthvað sé nefnt. Undanþágur þessar hafa verið veittar samkvæmt bréfum til viðkomandi sýningarstjórna. Iðnsýningin 1966 mun hafa verið fyrsta sýningin sem þessa naut. Fjölmargar sýningar aðrar hafa síðan verið undanþegnar söluskatti af aðgangseyri.

Hins vegar var aðgangseyrir að Tívólí á Miklatúni á árinu 1983 undanþeginn söluskatti með bréfi til aðstandenda þess, sbr. ráðuneytisbréf dags. 8. júní 1983. Almenn undanþága af þessu tagi var síðan tekin inn í söluskattsreglugerðina, sbr. reglugerð nr. 348/1984.

Efri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 850 (sbr. 151)). — 3. umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls vakti ég athygli á málefnum þeirra kvenna er ráða sig skipverja á skip, sjókvenna eins og þær voru nefndar hér áður fyrr, og gerði grein fyrir því að ég teldi æskilegt að ef kona, sem er skipverji, verður vanfær þá leitist lögin við að tryggja rétt hennar og hagsmuni meðan á þungun stendur í hvívetna. Ég nefndi þar dæmi um svipað réttindamál hvað varðar lögreglukonur og lýsti þeirri skoðun minni að æskilegt væri að tryggja bæði atvinnuöryggi konunnar svo og launakjör hennar. Ég hef nú á þskj. 866 borið fram brtt. við 17. gr. og er sú brtt. af minni hálfu nokkurs konar bil beggja ef svo má segja. Í þeirri till. hef ég fallið frá því sem ég orðaði hér við 2. umr. í þá veru að tryggja bæri að konan héldi kaupkjörum sínum eða að þau skertust ekki við þessar aðstæður væri hún færð til í starfi. Ég fellst hins vegar á það sjónarmið að þar sé sennilega um of stóra breytingu að ræða með jafnlitlum fyrirvara og hér er hafður á þessu og eins má færa rök fyrir því að slíkt sé samningsatriði í kjarasamningum. Þess vegna hef ég flutt brtt. á þskj. 866 eins og hún stendur þar, en þar er lagt til að við 17. gr. bætist svohljóðandi málsgrein, með leyfi forseta:

„Ef kona fær lausn úr skipsrúmi eftir ákvæði 1. málsgr. skal útgerðarmaður, sé þess kostur, veita henni annars konar starf á sínum vegum, æski konan þess.“

Með þessu er ég að leitast við að tryggja lágmarksatvinnuöryggi þungaðrar konu sem hefur starfað sem skipverji.

Ég vil taka það fram hér að með þessu er ekkert tryggt vegna þess að útgerðaraðilar hafa oft og tíðum ekki upp á önnur atvinnutækifæri að bjóða, sé t. d. um

mjög litla útgerðaraðila að ræða. Þess vegna er í brtt. skotið inn í sérstaklega „sé þess kostur" með það í huga. En í lögunum sjálfum kemur þá fram sá vilji Alþingis að lágmarksatvinnuöryggi sjókvenna verði tryggt svo framast sem unnt er á þeim tíma sem þær eru barnshafandi.

Eins og hv. þm. vita er hér um einkar viðkvæmt tímabil í lífi viðkomandi einstaklinga, konunnar og barnsins, að ræða og það er mjög áríðandi að við gerum allt sem við getum til að tryggja að hagur bæði konu og barns sé sem bestur á þessum tíma. Það er það sem lagt er til með þessari litlu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 866, sem var of seint fram komin, samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls tók samgn. Ed. þetta mál aftur til athugunar. Ég leitaði til Páls Sigurðssonr dósents um hugsanlega breytingu á 17. gr. og ég sé að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur tekið þá ábendingu upp og gert að sinni tillögu. Þar sem ábendingin kom frá þessum virðulega þm. bað ég Pál að hafa samband við hv. þm. Sigríði Dúnu, sem hann gerði, um afgreiðslu málsins. Það kom þá í ljós að hún felldi sig ekki við þessa ábendingu og lagði til að þar yrði meiru bætt við. Í framhaldi af þessu fjallaði samgn. í heild um málið. Hún komst að þeirri niðurstöðu, sem er afstaða n., að það væri ekki til neinna bóta að gera tillögu til breytinga við fyrra álit n. Byggðist það m. a. á því að þar sem ákvæði 17. gr. taka hvorki til sjúkdóma né heldur slysa geti staðgengilsregla af engu tagi átt þar við.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Við nm. í hv. samgn. höfum fjallað um þetta frv. á nokkuð mörgum fundum og hef ég virkilega velt fyrir mér 17. gr. Til þess að fá álit fleiri aðila á þessari grein benti ég t. d. hv. 11. þm. Reykv. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur á að í sjómannalögum væri fjallað um konur, en eins og eðlilegt má teljast, þar sem hún á ekki sæti í n., gat hún ekki gert sér í hugarlund að í sjómannalögum væri yfirleitt fjallað um konur. Það taldi ég mjög eðlilegt. Bæði varðandi 17. gr. og 23. gr. tjáði ég henni mínar skoðanir og efasemdir varðandi 17. gr., hvort sú grein þyrfti að vera inni í frv., hvort 36. gr. sjómannalaga næði ekki yfir þau tilfelli ef kona, sem er skipverji, verður vanfær og hagsmunir hennar krefðust þess og barnsins að hún fengi lausn úr skiprúmi, hvort það gæti þá ekki verið vegna veikinda, ef hún gæti ekki unnið uppsagnarfrestinn, sem er vika og allt upp í einn mánuður, og ég taldi þetta jafnvel geta skert rétt kvenna. Auk þess hafði ég samband við Jafnréttisráð og bað það að taka þetta sérstaklega fyrir á sínum fundi sem það og gerði og sendi hv. samgn. Ed. umsögn um þessar greinar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Jafnréttisráð hefur fjallað um ákveðnar greinar í frv. til sjómannalaga og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við n.:

Í 23. gr. laganna 3. tölul. segir að skipstjóri geti vikið úr skiprúmi konu, sem er skipverji, er verður vanfær og af þeim sökum ófær til að annast störf sín. Jafnréttisráð telur að hér verði að koma til dómur læknis um ástand barnshafandi konu. Ráðið telur í hæsta máta óeðlilegt að leggja slíkt mat í hendur skipstjóra. Sama á raunar við um 1. og 2. tölul. 23. gr."

Ég taldi eðlilegt í framhaldi af þessu og reyndar áður líka að fella 3. tölul. út úr 23. gr. Þar sagði — það var reyndar fellt út:

„Kona, sem er skipverji, verður vanfær og af þeim sökum ófær til að annast störf sín, eða 4) læknisskoðun samkv. 33. gr. leiðir í ljós, að skipverji er eigi fær til að vinna starf sitt, þótt eigi sé hann sjúkur."

Ég taldi að 4. málsl. næði yfir vanfærar konur jafnt og aðra skipverja og 3. málsl. væri óþarfa innskot. Nm. féllust allir á þetta og þar af leiðandi kom sú brtt. fram. Við 2. umr. þessa máls kemur hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., hér í stól og ræðir um viðbót við 17. gr. Ég sá ekki þá og sé ekki enn, þrátt fyrir góðan hug til kvenna, að við getum komið þar fyrir því sem hún ræddi um við 2. umr., enda féll hún frá því. Það er engin bót að því að gera háseta að kokk eða gera kokk að skipstjóra.

Þess er kostur hjá stórum skipafélögum að færa fólk á milli starfa. Við vitum það varðandi millilandaskip. Sambandið hefur t. a. m. upp á margvísleg störf að bjóða innan sína vébanda. En að setja almennar hugleiðingar um mannleg samskipti inn í lög tel ég enga þörf á. Ég tel að ef kona óskar eftir lausn úr skipsrúmi og sækir um annað starf hjá viðkomandi útgerð fari það eftir hennar mannkostum hvort útgerðin ræður hana til annarra starfa. Það er ekki hægt að segja, að mínu mati: Ef kona fær lausn úr skipsrúmi eftir ákvæði 1. málsgr. skal útgerðarmaður, sé þess kostur, veita henni annars konar starf á sínum vegum, æski konan þess. — Ég veit ekki hvernig væri hægt að dæma eftir slíkum lögum. Þetta er viljayfirlýsing um að venjuleg mannleg samskipti eigi sér stað á milli útgerðarmanns og vanfærrar konu. Auk þess er mjög líklegt að þær konur sem verða vanfærar og eru sjómenn hætti sjómennsku því það er mjög ósennilegt að þær fari á togara eða millilandaskip frá ungbarni.

En ég hef rætt við mjög marga um 17. gr. frv. vegna minna efasemda, bæði utan þings og innan, og það hefur enginn komið með þessa ábendingu fyrr. Ég get ekki séð minnstu ástæðu til að bæta þessu inn í frv. þó ég beri góðan hug til kvenna hvort sem þær eru vanfærar eða ekki.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það hefur verið mjög fróðlegt að fræðast hér við 3. umr. um nefndarstörf í hv. samgn. og hvað þar hefur komið fram og hvað ekki.

Það virðist vera orðin hálfgerð dauðasynd í þessu máli að ábendingar skuli ekki hafa komið fram fyrr í þá veru sem ég hef hér vakið máls á og er þar ekki um neitt annað að sakast en það að fulltrúi Kvennalistans í hv. Ed. á ekki sæti í hv. samgn. Hvað þetta sérstaka atriði varðar hafði ég tal af formanni nefndarinnar og bauð honum, og það reyndar í votta viðurvist, að ef hann hefði hug á að hafa samráð við mig um þetta atriði væri ég til þess fús, en mér hefur hingað til ekki verið boðið á fund í þessari hv. nefnd.

Það er rétt sem hv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Egill Jónsson, sagði. Sú brtt. sem hér er fram borin er tillaga sem Páll Sigurðsson dósent í lögum orðaði við

mig og fannst mér þá heldur skammt gengið. Ég hef síðan endurskoðað hug minn og gert grein fyrir þeirri breytingu sem á afstöðu minni hefur orðið. Hvað hv. þm. sagði varðandi sjúkdóma og slys, þ. e. að það væri ekki verið að ræða um sjúkdóma og slys í þessari grein og þar af leiðandi gilti ekki staðgengilsregla, þá kemur staðgengilsregla að mínu viti ekki þessu máli á neinn hátt við.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir taldi að hér væru almennar hugleiðingar um mannleg samskipti á ferðinni. Mig langar til að benda hv. þm. á að lög fjalla mjög oft um mannleg samskipti. Þau eru ekki almennar hugleiðingar heldur leitast þau við að tryggja réttindi annars vegar og skyldur hins vegar, m. a. í mannlegum samskiptum. Þessi brtt. er fram borin til þess að tryggja réttindi kvenna á þeim tíma sem þarna um ræðir.

Hvað varðar aðrar athugasemdir hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur tel ég þær ekki svaraverðar.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir þau orð hv. þm. Sigríðar Dúnu að lög eru til þess að tryggja réttindi, en þar sem ég sé ekki að hægt sé að tryggja konum réttindi með þessari brtt. er ég henni ekki meðmælt. Það er einfalt mál. Allt í kringum landið eru útgerðarfélög það lítil að þau hafa ekki fleiri störfum til að dreifa en á sjó. Jafnvel ekki á línu. Þar væri ekki hægt að færa konu í beitningarskúra. Þar væri ekki betra fyrir hana að vera en á sjó, að mínu mati. Togaraútgerðir eru kannske með skrifstofu. Væri þá hægt að koma konunni fyrir inni á skrifstofu, jafnvel með því að vísa annarri konu frá? Ég sé ekki rökin fyrir því að þetta bæti hag kvenna nema þá hjá Sambandinu eða stórum fyrirtækjum sem hafa margvíslegan rekstur á sínum snærum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það þjónar litlum tilgangi að fara út í tveggja manna karp héðan úr ræðustól. En ég bið hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur að lesa þessa brtt. Þar stendur: „Ef kona fær lausn úr skipsrúmi eftir ákvæðum 1. málsgr. skal útgerðarmaður, sé þess kostur“ o. s. frv. Með öðrum orðum, hafi útgerðarmaður önnur störf að bjóða konunni, þá er þetta stoð í lögum. Eins og ég greindi frá í upphafi máls míns, þegar ég flutti þessa brtt., getur hún ekki tryggt til fullnustu þau réttindi sem hún tekur til. Það er ekki hægt vegna þess að útgerðaraðilar eru misjafnlega í stakk búnir til að fara þannig að. En þessi brtt. veitir stoð í lögum til þess að réttindi séu virt.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Í umræddri brtt. frá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur hefur þm. undirstrikað að þarna sé um að ræða framkvæmd sé þess nokkur kostur. Það tryggir auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut. Hugmynd þm. er vel skiljanleg, en henni er einfaldlega ekki hægt að koma fyrir í lagasetningu eins og með brtt. er ætlast til vegna þess að við getum ekki farið að setja í lög, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur, að t. d. eingöngu Samband ísl. samvinnufélaga gæti í krafti mikils og fjölskrúðugs skipaflota hnikað til störfum á þennan hátt. Við getum ekki sett í lög að það megi ekki ráða konu til sjómennsku nema hjá Sambandinu. Við erum að ræða þarna um almenna sjómennsku og sjómannastörf í landinu. Gallinn við brtt. er sá að hún segir hreinlega ekki neitt nema það, sem er algengur samskiptaháttur í líklega öllu atvinnulífi landsins, að menn reyni að hnika til eftir því sem kostur gefst þegar upp koma atvik og vandamál sem taka verður tillit til.

Það mun hafa komið fram í upphaflegri kynningu hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur í samræðum við formann samgn. að ástæða væri til að gera brtt. þar sem hnikað yrði til, þ. e. um borð í skipi mætti færa til á milli starfa innan skipshafnar. Það er auðvitað enn síður framkvæmanlegt, en það hefur nú dottið út úr þessari tillgr. sem betur fer því það var svo óraunhæft að leitt var að heyra að slíkt kæmi fram hjá hv. þm. Það undirstrikar a. m. k. ekki þekkingu á sjómennsku og sjómannsstörfum almennt. Ég held þess vegna að ekki þurfi að teygja mjög lopann í þessari umr. Það er ekki hægt að tryggja að þessi brtt. sé afgerandi á neinn hátt, en auðvitað er þarna um að ræða hugmynd sem allir hljóta að taka tillit til í eðlilegum samskiptum.

ATKVGR.

Brtt. 866 felld með 16:1 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lagmetisiðnaður, frv. 363. mál (þskj. 576, n. 831 og 841, 842). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. iðnn. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetis, með síðari breytingum. Á þskj. 842 eru brtt. frá meiri hl. n. sem eru í tvennu lagi. Í fyrsta lagi er lagt til að 1. gr. frv. falli brott og í öðru lagi við 2. gr. að greinin orðist svo:

„Í stað „31. des. 1985“ í 13. gr. laganna (sbr. lög nr. 77/1983) komi: 31. des. 1988.“

Frv. það sem hér er til umræðu er víst vel þekkt meðal eldri og reyndari þm. Ég þekki það að nokkru leyti líka sem fyrrv. embættismaður. Megintilgangur þess er að framlengja gildandi lagaákvæði um einkarétt Sölustofnunar lagmetis á viðskiptum við Austur-Evrópu. Upphaflega gerði frv. ráð fyrir framlengingu gildistíma þessa einkaréttar um fimm ár og var í því sambandi vitnað til bréfaskrifta allra lagmetisverksmiðjanna. Síðast þegar þessi ákvæði voru framlengd var það gert til tveggja ára. Það kom reyndar fram í 1. umr. og í umræðum er síðast voru framlengd þessi ákvæði að ýmsum þótti hlutur viðskiptafrelsis heldur vera fyrir borð borinn. Því er svo sem ekki að neita, en hitt er rétt að í viðskiptum við t. d. Austur-Evrópu er síður en svo við venjulega viðskiptavini að eiga. Þeir skilja kannske ekki þetta mikla frelsi okkar hér. Þeir vildu sjálfsagt hafa eina allsherjar síldarútvegsnefnd, eða Prodintorg, að versla við og engan rugling.

Meiri hl. n. taldi ekki fært að hundsa beiðni allra framleiðenda innan Sölustofnunar lagmetis um framlengingu einkaréttar, en hins vegar voru skiptar skoðanir um það hvenær næsta „sólarlag“ skyldi verða eða endir þess gildistíma sem um er fjallað. Í þeim efnum var sæst á þrjú ár með tilliti til þess m. a. að aðstæður geta breyst á skemmri tíma en fimm árum og ekki síður með tilliti til þess að það getur þótt heppilegt að

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sem um er getið í grg. frv., taki við samningagerðinni.

Eins og segir í nál. bárust umsagnir frá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þar sem því var mótmælt að fulltrúar þessara stofnana skyldu felldir úr stjórn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, eins og gert var ráð fyrir í 1. gr. frv. Nm. voru sammála um að ekki þætti ástæða til þess að breyta ákvæðinu um skipan sjóðsins frá gildandi lögum. Eins og segir í 10. gr. laga nr. 58 frá 4. júní 1981 er snar þáttur í hlutverki Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, með leyfi forseta, „að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis."

Með tilliti til þessa hlutverks þótti eðlilegt að fulltrúar þessara tæknistofnana ættu þar nokkuð um að véla. Því lagði meiri hl. n. til að 1. gr. frv. félli niður og sjóðsstjórnin stæði eftir óbreytt að skipan.

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Ég er einn í minni hl. í þetta sinn, síðast vorum við tveir. Ég er andvígur þessu frv. vegna þess að ég er á móti einokun og tel eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Þar af leiðandi legg ég til að frv. verði fellt. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta. En ég tel að þetta fyrirkomulag sé leifar af gömlum tíma og hef heyrt að það standi til að breyta þessu fyrirkomulagi. Það væri miður ef Alþingi á að verða til þess að hindra þær breytingar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Áður en ég varð þm. teiknaði ég hús. Það er mjög skemmtilegt starf að teikna hús. Þó eru ákveðin vandamál því samfara og einn höfuðvandinn í þessu starfi eru viðskiptavinirnir. Viðskiptavinirnir gera ýmsar kröfur til manna sem selja þeim þjónustu og óþægilega mikill hluti af starfstímanum fer í að semja við þessa viðskiptavini og ná samningum við þá sem viðunandi eru fyrir báða aðila.

Frv. eins og það sem hér er verið að fjalla um bendir mér á ákveðna leið fyrir mig sem arkitekt og þá starfsstétt sem ég áður tilheyrði. Við tökum okkur einfaldlega saman, félagar þessarar starfsstéttar, og biðjum ríkisstj. um að semja fyrir okkur við þessa óþægilegu viðskiptavini. Að vísu breytast starfsaðstæður okkar nokkuð við þetta nýja fyrirkomulag þar sem yfirvöld eru þar með, er þau undirgangast þá skyldu að semja við okkar viðskiptavini, farin að taka ábyrgð á afkomu okkar, þ. e. arkitektanna. En skv. hefðinni, því að Sölustofnun lagmetisins er ekkert einsdæmi í þessu þjóðfélagi, hlýtur ríkisstj. og hljóta yfirvöld að vera reiðubúin til þessa verks ef bornar eru fram þær einföldu og afskaplega skiljanlegu röksemdir að samningagerð við þessa viðskiptaaðila verði miklu flóknari og erfiðari þegar hver og einn er að semja fyrir sig en þegar ríkisstofnun semur skv. lögum í eitt skipti fyrir öll við alla viðskiptavini þessarar starfsstéttar.

Hér er ég að yfirfæra röksemdafærsluna fyrir þessum lögum yfir á verksvið og atvinnulíf á öðrum vettvangi eingöngu til að reyna að gera grein fyrir því hvers vegna ég fyrir mitt leyti er á móti löggjöf af þessu tagi, er á móti því að ríkisvald þurfi að skipta sér af hlutum sem þessum.

Menn hafa komið fram með þær athugasemdir og þær röksemdir fyrir þessu frv. að með þessu móti náist betri samningar við Rússana og austantjaldslöndin en ella. Það kann vel að vera, en samt sem áður getur enginn sannfært mig um að þessir samningar næðust ekki með þeim hætti að einhver einn aðili fyrir hönd þessara samtaka, án þess endilega að hann væri opinber starfsmaður skipaður með lögum, semdi fyrir þau. Eina krafan sem gerð er þar með er einfaldlega sú að aðilar í þessari framleiðslu komi sér saman, milli þeirra ríki samkomulag án þess að þeir séu beinlínis hnýttir saman með löggjöf, handjárnaðir saman. Fáránlegasta röksemdin í þessu er sú þegar það er borið á borð fyrir mann að handjárnun þessara samtaka verði til að þeirra eigin beiðni: Við strákarnir getum ekki komið okkur saman. Viltu því setja á okkur lög? Megum við fara í steininn? — Þess vegna get ég ekki annað en verið á móti þessari löggjöf og mun því styðja nál. hv. 6. landsk. þm.

ATKVGR.

Brtt. 842,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 842,2 (ný 2. gr., verður 1. gr.) samþ. með 13:1 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 567, n. 836, 835). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Eins og fram kemur í nál. voru nokkrir nm. fjarverandi afgreiðslu málsins, þau hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir, Árni Johnsen og Karl Steinar Guðnason.

Ég held að það væri rétt að fara a. m. k. að nokkru yfir þá grg. sem fylgir þessu frv., til þess að hv. dm. glöggvi sig fremur á því hvaða mál er hér um að ræða, og mun ég gera það áður en ég geri grein fyrir örfáum brtt. sem n. flytur við frv. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa upp hluta þeirrar grg.:

„Með bréfi, dags. 28. jan. 1985, til heilbr.- og trn. Nd. óskaði heilbr.- og trmrh. eftir því að nefndin flytti meðfylgjandi frv. á yfirstandandi þingi.

Nefndin varð sammála um að verða við þeim tilmælum, en mun athuga frv. betur milli umræðna.

Frv. fylgdi svohljóðandi grg.:

Á undanförnum árum hefur mjög færst í vöxt að hinar ýmsu heilbrigðisstéttir hafi sótt um lögverndun starfs og starfsheitis. Hefur þá ýmist verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um hinar einstöku stéttir eða kveða á um þær í reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 64 frá 1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, þ. e. hafi verið um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða eins og röntgentækna og lyfjatækna svo að dæmi séu tekin. Skv. þessu nægir reglugerð sé um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða, en að öðrum kosti þarf sérlög.

Nú er augljóst að sífelld setning sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir gengur ekki til lengdar og reyndar er

spurningin sú hvort ekki hafi þegar verið gengið of langt í þeim efnum. Það hefur lengi verið skoðun heilbr.- og trmrn. að nær væri að útbúa heildstæða löggjöf um heilbrigðisstéttir sem gæfi heimildir til setningar reglugerðar um hina einstöku hópa þar sem tekið yrði á sérmálum þeirra, svo sem hverrar menntunar sé nauðsynlegt að krefjast, í hverju starfið skuli fólgið og þar með hver réttindi þeirra skuli vera og ekki síst hvaða skyldur þeir skuli bera. Forsenda fyrir því, að hægt sé að viðurkenna starfsstétt sem heilbrigðisstétt, hlýtur að vera sú að fyrir liggi markvisst og skipulegt nám í skóla innanlands eða utanlands sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna. Slíkt nám verður að miðast við ákveðna sérhæfingu vegna mikilvægis starfans svo og að hann sé leystur af hendi á sem farsælastan hátt, enda ábyrgð heilbrigðisstétta meiri en gerist yfirleitt vegna þess hve mistök í starfi eða vanrækslu geta orðið afdrifarík.

Haustið 1982 fól þáv. heilbr.- og trmrh. Svavar Gestsson Ingimar Sigurðssyni, deildarlögfræðingi í heilbr.- og trmrn., og Ólafi Ólafssyni landlækni að gera tillögur að frv. til l. um heilbrigðisstéttir, þ. e. tillögur að rammalögum sem tækju yfir heilbrigðisstéttir almennt, ekki aðeins tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, að svo miklu leyti sem ekki hefðu þegar verið sett sérlög um viðkomandi stéttir. Þeir Ingimar og Ólafur skiluðu áliti í búningi frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta í septembermánuði s. l. Höfðu þeir áður leitað umsagna ýmissa heilbrigðisstétta sem ekki búa við löggildingu, svo sem Félags ísl. læknaritara og Sjúkranuddarafélags Íslands, svo og ýmissa félaga sem njóta löggildingar, t. d. Sjúkraliðafélags Íslands, Ljósmæðrafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands, Félags ísl. sjúkraþjálfara og Lyfjatæknafélags Íslands. Lýstu allir þessir aðilar sig ýmist sammála frumvarpsdrögunum eða höfðu engar aths. fram að færa, þ. e. töldu þau í engu skerða starfssvið sitt.

Til ráðuneytisins hafa borist, bæði formlega og óformlega, beiðnir frá nokkrum félögum um löggildingu sem liggja í rn. óafgreiddar þar sem rn. vill freista þess að vinna að setningu heildarlaga um heilbrigðisstéttir eins og áður hefur fram komið. Sem dæmi má nefna beiðni frá Félagi ísl. læknaritara, Sjúkranuddarafélagi Íslands, Félagi matvæla- og næringarfræðinga, Félagi heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga og frá líffræðingum starfandi í heilbrigðiskerfinu, þ. e. sem sérmenntað hafa sig eftir líffræðinám í heilbrigðisgreinum."

Heilbr.- og trn. flytur nokkrar brtt. við þetta frv. Þær eru ekki miklar að vöxtum, en mér þykir rétt að gera grein fyrir þeim.

1. brtt. varðar 2. gr. frv. Þar er fyrst og fremst um að ræða hnitmiðaðra orðalag, en nefndin leggur þó til viðbótarmgr. við þessa grein sem er svohljóðandi:

„Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum heilbrigðisstétta er undir lög þessi falla skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmst viðkomandi milliríkjasamningi."

Þessi mgr., sem hér er lagt til að bætist við 2. gr., er að sjálfsögðu til komin vegna þess að við Íslendingar erum bundnir Norðurlandasamningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og þarf ekki að skýra frekar þessa till. nefndarinnar.

2. brtt. frá nefndinni varðar 6. gr. frv. þar sem nefndin leggur til að 3. mgr. 6. gr. verði numin brott. Okkur þykir óþarft að hafa þá mgr. af þeim sökum að í 2. mgr. sömu greinar er vitnað til læknalaga um viðurlög.

3. brtt. n. varðar 8. gr. frv. þar sem nefndin leggur til að greinin orðist þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir."

Sú breyting, sem þarna er á ferðinni, er eingöngu á þá lund að orðin „að undanskildum ákvæðum um tannsmíði" í lögum nr. 39/1980 verði numin brott úr þessari grein, enda teljast tannsmiðir til iðnaðarstétta.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki um þetta fleiri orð. Nefndin leggur að sjálfsögðu til að frv. verði samþykkt ásamt með þeim brtt. sem ég hef gert grein fyrir.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. var ég ekki á þeim nefndarfundi sem afgreiddi þetta mál. Þegar þetta mál var til umr. áður í hv. heilbr.- og trn. gerði ég aths. við 5. gr. frv. og ég hef enn þær efasemdir þrátt fyrir að ég sé ekki búin að bera upp mótaða brtt. hér í hv. deild.

Ég vil vitna í bréf, sem barst frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar koma einmitt fram efasemdir varðandi slík ákvæði. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsvarsmenn Vinnuveitendasambands Íslands leyfa sér hér með að tjá áhyggjur sínar vegna fyrirhugaðrar lagasetningar á sviði heilbr.- og trmrn. um lögskipan einokunarréttar til tiltekinna handverka og starfa. Telja verður eðlilegra, sbr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, um atvinnufrelsi, að lögvernda starfsheiti en ekki starfsréttindi nema í undantekningartilvikum og að endursemja beri frv. það um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta sem nú er til meðferðar á Alþingi í ljósi þessa. Af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands er litið svo á að stofnanir þær sem um er getið í 4. gr. frv. séu eingöngu opinberar stofnanir, en það mætti kveða skýrar á um í texta verði ekki fallist á endursamningu frv. skv. framangreindum aths."

Þetta eru einmitt þær efasemdir sem ég hef varðandi 5. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að ráða til þeirra starfa, sem undir lög þessi heyra, aðra en þá sem heilbrrh. hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að verða skv. þeim."

Gangi þetta ákvæði í gildi verður óheimilt að hafa starfandi fjölda manna innan heilbrigðiskerfisins, sem nú eru starfandi, nema þeir fái löggildingu. Þar er t. d. um að ræða læknaritara sem hér var áður minnst á ef skortur er á læknariturum einhvers staðar úti á landi. Því ætti það að brjóta í bága við lög að hæf starfsmanneskja, sem gæti sinnt þessu, gæti starfað sem læknaritari þar til hún hefði öðlast nægilega reynslu og þekkingu eða annar læknaritari kæmi til þeirra starfa? Svona gætum við lengi talið.

Í lögum um sjúkraliða er hvergi kveðið á um að öðrum sé óheimilt að starfa við hjúkrun eða vera í störfum sjúkraliða. Það væri líka ansi slæmt að kveða á um slíkt í lögum. Við eigum ekki menntað starfsfólk í hverja stöðu hvar sem er. Þar af leiðandi tel ég að slíkt ákvæði yrði aðeins til þess að undanþágur yrði að veita strax. Þetta ákvæði yrði þar með ekki jafngilt. Ella yrði að hafa þetta ákvæði rýmra þannig að það væri hægt að

starfa undir þessum lögum um leið og þau væru gengin í gildi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 835,1 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 835,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 835,3 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 426, n. 859, 860). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands og brtt. sem menntmn. flytur.

Þetta mál hefur verið rætt á nokkrum fundum og sérfróðir aðilar hafa sagt álit sitt á því og komið til fundar við n. M. a. hafa þjóðskjalavörður Ólafur Ásgeirsson, Vigdís Jónsdóttir skjalavörður og Jón E. Böðvarsson borgarskjalavörður komið með þýðingarmiklar ábendingar í sambandi við frv.

Menntmn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 860. Þær breytingar eru ekki efnisbreytingar, nema ein veruleg.

Það er í fyrsta lagi við 5. málsgr. 1. gr. Lagt er til að málsgreinin orðist svo:

„Menntmrh. setur eða skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun."

Hér er einungis verið að herða á ákvæðum um að það skuli vera skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun en ekki að stefnt skuli að, eins og segir í frv.

Þá er gerð sú brtt. við 2. gr. að það verði felld niður síðasta setningin í 2. málsgr. „Menntmrh. ákveður þóknun nm." Það þýðir ekki að verið sé að fella niður þóknun til nm., heldur þykir eðlilegt að um það gildi sömu reglur og yfirleitt annars staðar, að það sé þóknunarnefnd sem það ákveður, og er það að sjálfsögðu í valdi menntmrh. að óska eftir því að þóknunarnefnd ákveði greiðslur fyrir setu í stjórnarnefndinni.

Þá er í þriðja lagi gerð brtt. við 4. gr. og lagt til að 2. tölul. orðist svo:

„Líta eftir skjalasöfnum tilkynningarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu" og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar."

Það má segja að hér sé aðeins um orðaleik að ræða. Í frv. stendur tölvuvæðingu, en okkur þótti réttara að nota orðið „tölvuskráningu" því að það er væntanlega það sem um er að ræða. Eins og kemur fram bæði í frv. og eins í grg. með því er það eitt af hinum meiri háttar verkefnum safnsins að samræma tölvuskráninguna.

4. brtt. er við 5. gr. og lagt er til að 3. málsgr. orðist svo:

„Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila."

Þá er felld niður setningin sem er í frv.:

„Engin skilyrði mega fylgja slíkri afhendingu sem ekki samrýmist almennum reglum safnsins." Þetta þótti okkur það augljóst mál að þyrfti ekki að taka sérstaklega fram. Að sjálfsögðu er það safnsins að ákveða með hvaða skilyrðum það tekur við og fer þá eftir þeim almennu reglum sem um það gilda.

Þá er í fimmta lagi lagt til að 10. gr. orðist svo:

„Mikilvægustu skjöl safnsins skulu vera til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað, utan húsakynna safnsins."

Hér er enn tekið fastar til orða en í frv., en þar segir að stefnt skuli að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu á filmum o. s. frv. Það hlýtur að liggja í augum uppi að það er mat þjóðskjalavarðar og stjórnarnefndar hver eru hin mikilvægustu skjöl safnsins og því sjálfsagt að það sé ákveðið tekið fram að þau skuli sett á filmur eða varðveitt í tvíriti þannig að minni hætta sé á að þau glatist.

Á eftir 10. gr. leggjum við til að komi ný grein er verði 11. grein og orðist svo:

„Þegar skjöl, sem að dómi þjóðskjalavarðar hafa fræðilegt gildi en eru í eigu einkaaðila, eru flutt úr landi, skal tilkynna það Þjóðskjalasafni og safnið hafa heimild til að semja um ljósritun þeirra eða afritun með öðrum hætti áður en farið er með skjölin úr landi."

Þessi grein kemur hér inn fyrir ábendingu frá Jóni E. Böðvarssyni borgarskjalaverði og miðar að því að tryggja að gefinn sé kostur á að semja um að þau skjöl sem talin eru hafa mikilvægt fræðilegt eða menningarsögulegt gildi séu ljósrituð, afrituð eða sett á filmu áður en þau eru flutt úr landi þannig að varðveita megi í landinu afrit slíkra skjala. Þjóðskjalaverði er með greininni eins og hún er orðuð gert skylt að fylgjast með slíkum söfnum í einkaeign, vita hvar þau eru, hafa nokkra hugmynd um hvar þau er að finna og getur þá óskað eftir því við viðkomandi að fá að ræða um það og kanna hvort ekki sé grundvöllur fyrir slíkum samningum. Hins vegar þótti okkur ekki fært að skylda einkaaðila beinlínis til þess að láta ljósrita eða afrita með öðrum hætti slík einkaskjöl. Það getur verið um margs konar viðkvæm einkamálefni að ræða. Með þessari grein þykir gert mögulegt að fylgjast með og gerir hún fólki reyndar skylt að geta um þegar slík söfn á að flytja úr landi, þannig að þjóðskjalavörður geti þá kannað málið líka og samið um afrit.

Síðan ætti að sjálfsögðu að koma að tölusetning annarra greina breytist í samræmi við þessa nýju grein og legg ég það hér með til.

Þetta eru þær brtt. sem n. hefur fram að færa.

Að sjálfsögðu væri hægt að tala langt mál um Þjóðskjalasafn. Gildi Þjóðskjalasafns er mjög mikið bæði fyrir sögulegar rannsóknir, fyrir alla upplýsingasöfnun og fyrir upplýsingamiðlun í þjóðfélaginu. Í mjög ítarlegri grg. með þessu frv. er með ýmsum hætti bent á þetta gildi. Þar er einnig rætt um húsnæðismál safnsins og það gífurlega magn sem rennur til þess árlega og má ætla að muni stóraukast á næstu árum þegar nákvæmari reglur eru settar um afhendingarskyldu skjala og ætla má að harðar verði gengið eftir afhendingu en verið hefur. Það er talið að um 1600 hillumetrar af skjölum

bætist við á ári hverju. Það gefur auga leið að það er ekki lengi verið að fylla það húsnæði sem safnið hefur núna eða a. m. k. á í vændum ef safnahúsið verður allt lagt undir Þjóðskjalasafn, en þá held ég að brýnt sé að gera sér grein fyrir því að geymsluhúsnæðis verður að afla á einhvern hátt á næstunni svo að safnið nýtist á þann hátt sem æskilegt er og nauðsynlegt er.

Það eru mörg merkileg nýmæli í þessu frv. sem hæstv. menntmrh. gerði rækilega grein fyrir við 1. umr. og ætla ég ekki að endurtaka það. Ég vil þó geta eins mjög mikilvægs atriðis og það er skráning skjala, að það sé samræmi í þeim efnum milli embætta hins opinbera, og eins að tölvuskráning verði með þeim hætti að hún auðveldi notkun safnsins, röðun safnsins og yfirleitt alla safnastarfsemina. Þá hafa ákvæðin um héraðsskjalasöfn verið felld inn í þetta frv. og er það vel og þjóðskjalaverði falið að fylgjast betur með þeim söfnum en verið hefur.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum lýsa ánægju minni með þetta frv. og þá gífurlegu vinnu sem í það hefur verið lögð. Þær brtt. sem n. flytur eru alls ekki gagnrýni, heldur er einungis um að ræða að kveða fastar að orði eða orða hlutina aðeins á annan hátt. Grg. og fskj. eru óvenjuvel úr garði gerð og veita reyndar frábærar upplýsingar um sögu og hlutverk þessa merka safns.

ATKVGR.

Brtt. 860,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 860,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 860,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 860,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 860,5 (ný 10. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 860,6 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—17. gr. (verða 12.—18. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 292. mál (þskj. 473, n. 804 og 808). — Frh. 2. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það mun rétt vera að ég hafi kvatt mér hljóðs um þetta mál á fundi Ed. fyrir skemmstu, en nú er þó liðinn svo langur tími síðan að ég var búinn að gleyma því. Það er minni þörf fyrir mig að fjölyrða um frv. þar sem ég hef gert ráð fyrir því að frv. okkar Alþb.-manna um hliðstætt efni komi til umræðu á fundi deildarinnar í dag, en segja má að meginefni þess frv. falli í sama farveg og efni þessa frv.

Efni frv. sem hér er til umr. er í sem skemmstu máli það að fella alfarið niður tollfríðindi þau sem ráðh. hafa notið samkv. tollalögum. Ég þarf tæpast að taka það fram, miðað við málflutning minn í þessum efnum fyrr og síðar, að ég er alfarið samþykkur þessu frv. Ég vil líka láta það koma hér fram að meðan ég var í fjmrn. var þessu ákvæði tollalaga aldrei beitt og aldrei veitt heimild til niðurfellingar tolla samkv. því.

Nú hefur það gerst í þessu máli að hæstv. fjmrh. hefur gefið út reglugerð þar sem gert er ráð fyrir að tollaívilnanir þessar falli niður, en tekið sé upp það skipulag, sem þó hefur stundum áður verið og var í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og stjórnar Gunnars Thoroddsens, að menn eigi kost á að velja milli þess að fá bíl í eigu ríkisins annars vegar og hins vegar að reka eigin bíl, en fá þá einungis reksturinn og afskriftir hans greidd af ríkinu. Ég tel að útgáfa þessarar reglugerðar sé framfaraspor og fagna því að þetta skuli hafa verið ákveðið. En ég vil láta það koma skýrt fram, og það var þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs á sínum tíma þegar frv. þetta var til umr., að eftir sem áður er full ástæða til að afnema þetta ákvæði úr lögum. Það er í lögum og þrátt fyrir útgáfu reglugerðar um þessi mál heldur það áfram að vera í lögum. Það þarf ekki annað en að nýr ráðh. gefi út nýja reglugerð og þá er þessi heimild vakin upp á nýjan leik.

Ég hef heyrt því fleygt sem andmælum gegn þessu frv. að hæstv. fjmrh. hyggist leggja fram frv. um tollskrá og þar verði þetta heimildarákvæði endanlega afnumið og það er vissulega ágætt. En þetta frv. um tollskrá er ekki enn fram komið og raunar alveg óvíst hvort það hlýtur afgreiðslu í ríkisstj. og hjá stjórnarflokkunum og á Alþingi á þessu vori. Með hliðsjón af þessu er ég því eindregið hlynntur að það frv. sem hér er nú til umr. verði samþykkt.

En eins og ég hef þegar tekið fram höfum við Alþb.-menn flutt frv. sem felur í sér þetta atriði einnig, en raunar tvö önnur atriði þannig að það er öllu víðtækara en þetta frv. Það lýtur sem sagt einnig að fríðindum bankastjóranna og gerir raunar grundvallarbreytingu á kjarasamningamálum þeirra. Það er þó ekki ástæða til að ræða það fyrr en það verður hér á dagskrá. En ég vildi láta það koma skýrt fram að ég er hlynntur þessu frv., tel mjög þarft að það sé samþykkt hér og raunar óhjákvæmilegt ef við eigum að losna við þessa lagaheimild að fullu og öllu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 808, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 8:7 atkv.

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, að loknum 66. fundi.

Lagmetisiðnaður, frv. 363. mál (þskj. 870). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. til Nd.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 871, 872). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni að flytja brtt. við það frv. sem hér er til umr. Hún hljóðar svo:

„Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Þeir sem heilbrrh. hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum skulu ganga fyrir þegar ráðið er til þeirra starfa sem lög þessi taka til."

Ég tel þetta nægilegt til að vernda rétt þess fólks sem hefur öðlast menntun til þeirra starfa sem hér er fjallað um og óskilgreind eru, en ég tel ekki rétt að hafa í lögum „Óheimilt er að ráða til þeirra starfa, sem undir lög þessi heyra, aðra en þá sem heilbrrh. hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að verða skv. þeim", eins og er í frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að strax og þetta frv. verður að lögum þyrfti að brjóta lög eða veita undanþágur. Og eins og ég sagði við 2. umr. og vitnaði í bréf Vinnuveitendasambands Íslands, sem barst nú nýlega, tel ég að þetta brjóti í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar, um atvinnufrelsi.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir brtt. á þskj. 872, frá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni, við 5. gr. frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Eins og 5. gr. frv. hljóðar er óheimilt að ráða til þeirra starfa, sem undir þessi lög heyra, aðra en þá sem heilbrrh. hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að verða skv. þeim. Ég vil minna á í þessu sambandi að hér er um rammalöggjöf að ræða þar sem hlýtur að koma fram meginstefna. Um annað er ekki að ræða að mínum dómi. Eins og fram kemur í frv. er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að auk þeirra reglna sem kveðið er á um í 2. gr. geti ráðh. sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara. Ég tel eðlilegt að meginreglur séu skýrar, en þar sem vikið er að reglugerðarsetningu sé eðlilegt að um mismunandi forsendur geti verið að ræða með tilliti til hinna ýmsu stétta og skynsamlegra að athuga þessi mál. Þá er ég með brtt. á þskj. 872 í huga. Í þeirri brtt. er óyggjandi gert ráð fyrir að aðili hafi hlotið löggildingu. Frá því er ekki hvikað. Ég ítreka að heilbr.- og trn. var sammála um afgreiðslu þessa máls að svo miklu leyti sem menn voru mættir þar til starfa. Ég vil enn fremur benda á að heilbr.- og trn. Nd. var samhljóða í áliti sínu um þetta frv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er vissulega komið að nokkru álitamáli, hvað gera eigi. Ég skal viðurkenna að vel mætti orða þetta á einhvern annan hátt en þarna er gert núna í sambandi við starfsréttindi og starfsheiti. Það kann vel að vera að n. hefði getað fundið eitthvert annað orðalag. En út af ummælum sem hér féllu varðandi brot á stjórnarskránni skv. því sem Vinnuveitendasambandið sagði um þetta mál vildi ég geta um það að frá árinu 1971 hafa verið hér í gildi lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og þar segir, með leyfi virðulegs forseta, í 5. gr.:

„Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá sem heilbrrh. hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna."

Þannig orðalag er í fleiri lögum, en ég minni á þessi lög sérstaklega vegna þess að lög um starfsréttindi og starfsheiti heilbrigðisstétta taka við af þessum lögum frá 1971.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Auðvitað fer ekkert á milli mála að þess eru víða fordæmi að finna að slík ákvæði, sem fram koma í 5. gr. þess frv. sem hér um ræðir, eru fyrir hendi og að alltaf þegar slík ákvæði eru sett í lög kemur upp sú spurning hvort ákvæði sem þessi stangist e. t. v. á við 69. gr. stjórnarskrárinnar. Samþykki menn lög með ákvæðum sem þessum eru þeir um leið að samþykkja að hér ráði almenningsheill og þannig með óbeinum hætti líka að skuldbinda stjórnvöld til að uppfylla nægjanlegt framboð af starfskröftum á viðkomandi sviði því að ella er ekki hægt að framfylgja lögunum. Ef óheimilt er að ráða til starfa aðra en þá sem undir þessi lög heyra verða stjórnvöld að sjá til þess að alltaf sé til nægilega stór hópur fólks með tilskilda menntun í landinu þannig að aldrei komi til þess að menn geti ekki ráðið í stöður, jafnvel þó að fólk bjóðist til þessara starfa, bara af því að ekki sé fyrir hendi tilskilin réttindi skv. þesum lögum.

Ég hef lýst því áður hér í þessum ræðustól að ég er mótfallinn þessari sérréttindalöggjöf, sem Alþingi er farið að afgreiða á seinni árum á færibandi, og tel það óþarfa þróun í jafnfámennu og strjábýlu landi sem Íslandi. Það hlýtur að koma í veg fyrir eðlileg og óþvinguð samskipti manna þegar farið er að lagskipta starfsstéttum með þessum hætti, sem gert er með löggjöf þessari sem tekur ekki mið af raunveruleikanum í strjábýli eins og er hér á landi þar sem menn verða oft og tíðum að sinna ýmsum störfum sem þeir ekki endilega eru sérmenntaðir eða sérhæfðir til. Þó að ástandið sé kannske ekki eins og það var á dögum Stephans G. búum við Íslendingar enn við það í dreifbýli að menn vinna þar mjög fjölbreytt störf, bæði á tæknilegu sviði og menningarlegu sviði og ég tel það mjög heilbrigt ástand. Ég held að það sé okkur Íslendingum ekki til farnaðar að flytja inn það mjög svo leiðinlega menningareinkenni iðnaðarþjóðfélagsins að lagskipta starfsstéttum þannig að samband og samgangur milli þeirra sé gerð ómöguleg, og þá á ég við samstarf, þar sem réttindi boða að óheimilt sé að fara inn á starfssvið annars aðila. Ég býst við að allir þeir sem hér eru inni átti sig á því að fátt hefði gerst á þessu landi á þessari öld ef við hefðum búið við svipaða löggjöf og þessa á öllum sviðum atvinnulífs.

ATKVGR.

Brtt. 872 felld með 11:2 atkv.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 873). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Kosning lausanefndar samkv. 15. gr. þingskapa.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.

Byggingarlög, frv. 77. mál (þskj. 79, n. 748). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 748, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 17:10 atkv.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 881). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 237. mál (þskj. 317). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 867).

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696, 740). — 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á fundi hv. Nd. s. l. föstudag var fjallað ítarlega um þetta mál, en þar voru fæstir þm. viðstaddir svo að ég tel ástæðu til að skýra ofurlítið stöðu þessa máls, þó að ég muni ekki endurtaka ræðu mína frá því þá.

Eins og kunnugt er þá er það frv., sem hér er verið að fjalla um, fram komið vegna annars frv. sem flutt var á síðasta þingi og aftur nú í haust þar sem gert var ráð fyrir að breyta erfðalögum í þá veru að við fráfall maka megi sá makinn sem lengur lifir ævinlega sitja í búi sínu óskiptu að því er tekur til heimilis og húsmuna, eins og þar stendur, við lát makans. Um frv. varð ekki samkomulag í nefndinni, en að ráði varð fyrir tilstilli Bjarna Bjarnasonar borgardómara, sem sendi nefndinni hugmynd að málamiðlunartillögu, að nefndin flytti hana óbreytta. Eg hef kosið að vera meðflm. þeirrar till. þar sem ég tel, þótt hvergi nærri sé náð því marki sem ætlað var með frv. okkar fimmmenninganna, sem liggur hér fyrir á öðru þskj. og ég man ekki númerið á í augnablikinu, að hér sé færst í áttina að því marki.

Að mínu viti er hins vegar á þessu nýja frv. einn galli sem ég vil freista að fá breytt og þess vegna hef ég tekið til máls aftur, og hann er sá að í frv. eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir að með erfðaskrá geti hvor makinn sem er leyft hinum sem lengur lifir að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja. Þetta þýðir að jafnvel þó að gerð sé erfðaskrá nær þetta leyfi ekki til þeirra tilvika þar sem um stjúpbörn er að ræða. Ég hef raunar aftur og aftur rakið ástæður mínar fyrir því að ég tel fráleitt að setja stjúpbörn þar í einhverja sérstöðu. Ég held að það sé gagnstætt anda þeirra laga sem við höfum verið að setja á undanförnum árum, svo sem barnalaga, að gera verulegan mun á afstöðu foreldra, eins og það hét í fyrri lögum, til óskilgetinna eða skilgetinna barna. Nú geta auðvitað stjúpbörn jafnt verið skilgetin sem óskilgetin, en að okkar viti er það fráleitt að skipta börnum fólks upp í þessa flokka og gera stjúpbörnum leyfilegt að hrekja maka úr búi sínu fremur en börnum beggja.

Þess vegna hef ég flutt á þskj. 740 brtt. sem er ósköp einföld. Í staðinn fyrir að í frv. á þskj. 696 þar sem stendur „með niðjum beggja“, þá standi „með niðjum annars eða beggja.“ Þar með hefur ekkert barn, hvorki stjúpbarn eða börn beggja, leyfi til að krefjast búskipta hafi hinn látni gefið leyfi sitt með erfðaskrá. Ég vænti þess að hv. þm. skilji þetta. Þetta frv. er allflókið, en ég held að þetta eigi að vera alveg gersamlega skýrt.

Ég held að öllum hv. þm. hljóti að vera kunnugt um að úti í þjóðfélaginu er beðið eftir afgreiðslu þessa máls. Fólk hefur fylgst vandlega með því, vegna þess að enginn vafi er á því að í mörgum tilfellum hafa orðið hin verstu vandræði vegna búskipta sem kannske eitt barn af barnahópi heimtaði. Við höfum átt um þetta verulegar umræður hér í þinginu og eins og ég sagði, sú umræða fór m. a. fram á fundi hv. Nd. á föstudaginn var og ég get ekki lagt það á virðulegan forseta að endurtaka hana. Um þetta mál er auðvitað ágreiningur, og það var ágreiningur um það í nefndinni líka. En ég vil leggja áherslu á að hér er um afstöðu að ræða og sú afstaða snýst um þetta: Hún snýst um það hvort

þingheimur vill veita börnum, erfingjum, forréttindi umfram þann sem í fyrsta lagi hefur meiri rétt til búsins lagalega og auðvitað allan siðferðilega. Hér getur, held ég, tæplega verið um pólitískt mál að ræða. Ég held að þm., hafi þeir skoðað þetta mál, hljóti að vera búnir að gera það upp við sig hvort þeir telji makann, sem á og hefur skapað umræddar eignir og unnið fyrir þeim, eiga meiri rétt til þeirra eða börn hans. Um þetta er ég ekki í neinum vafa. Mér finnst sjálfsagt að makinn eigi rétt á sínum eigin eignum umfram erfingjana. Mér þykir a. m. k. málin vera farin að snúast skrýtilega ef hv. ríkisstjórnarflokkar, ekki síst annar þeirra, Sjálfstfl., er farinn að hirða svo lítið um eignarréttinn að hann geti sætt sig við að börn í okkar þjóðfélagi, sem hafa væntanlega velflest haft þó nokkra möguleika á að afla sér menntunar og sæmilegs lífs, eigi að hafa rétt til að rífa upp eignir og heimili foreldra sinna um leið og annað þeirra er látið. Ég vil biðja hv. þdm. að taka þessa afgreiðslu alvarlega og taka afstöðu, því að ég get alveg lofað hv. þm. að þjóðinni verður skýrt frá því hvernig þessi atkvgr. fer. Það er ekki oft sem almenningur úti í þjóðfélaginu bíður eftir afgreiðslu einstakra þingmála. Það gildir um þetta frv. og það skal enginn fara í neinar grafgötur með það hvernig þessi afgreiðsla fór og hverjir kusu að hafa mál eins og hér er gert ráð fyrir.

Að öðru leyti vil ég endurtaka þakkir mínar til hv. allshn. Ég tel að hún hafi fjallað um málið og hafi reynt að finna lausn á því, og ég tel hana betri en enga þó að þetta frv. gangi því miður miklu skemmra en við ætluðumst til. En ég held samt að með því fáum við þó árangur og ef brtt. mín verður samþykkt tel ég að um verulegan árangur sé að ræða.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þetta frv., sem er mikið áhugamál hv. 10. landsk. þm. að vonum, hefur verið rætt mikið í vetur í allshn. Nefndin kallaði á sinn fund marga færustu menn í þessum efnum því að hér er um allflókið mál að ræða á sviði erfðalaga.

Það var vilji í nefndinni til að ná samstöðu um málið og eftir miklar rökræður og vangaveltur á báða bóga varð niðurstaðan sú að allshn. öll flutti nýtt frv. um þetta efni sem að vísu gengur mun skemmra en upphaflega frv. Þetta nýja frv. má líta hér á þskj. 696.

Ég tel dálítið illa farið ef hv. 10. landsk. þm. vill nú enn fara að breyta þessu frv. sem allsherjar samkomulag náðist um ekki síst þar sem formaður allshn. er erlendis, en hann lagði manna mest á sig til að ná þessu samkomulagi og koma frv. í það horf sem það nú er í. Ég tel því að brtt. hv. 10. landsk. þm. sé hreint og beint til þess að bregða fæti fyrir þetta frv. á þessu þingi sem nú fer senn að ljúka. Ég mæli því eindregið með því að frv. sé samþykkt óbreytt ef það á á annað borð að ná fram að ganga á þessu þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér þykir ekki stætt á öðru en að leiðrétta vissan misskilning og vissar rangfærslur í máli hv. 10. landsk. þm. Það dettur engum í hug að koma í veg fyrir að maki haldi öllum eigum sínum. Slíkt er ekki yfir höfuð á dagskrá að leggjast gegn því að maki haldi öllum eigum sínum. Spurningin er sú hvort hann eigi að geta haldið arfi fyrir stjúpbörnum. Ef við tækjum það upp að taka ákvörðun um að hann gæti haldið arfi fyrir stjúpbörnum væri það lagasetning sem væri í algerri andstöðu við lagasetningu á öllum Norðurlöndunum og e. t. v. víðar. Þetta veit hv. 10. landsk. þm. mætavel, enda margrætt í nefndinni. Allar hugmyndir í þá veru að leggja til að sú brtt. sem hér er flutt verði samþykkt gengur þess vegna mjög á eignarrétt vissra einstaklinga.

Það má oft líta svo á að maki sem eftir lifir ásamt sínum börnum og þeirra beggja njóti sameiginlega þess heimilis sem þar er. En stjúpbörn víðs fjarri eru þá gjarnan þar fyrir utan. Séu þau aftur á móti til staðar á heimilinu er ekkert ólíklegt að þau muni gera það, eins og mörg þeirra hafa löngum gert, að samþykkja að makinn sitji í óskiptu búi og þeirra hlut verði ekki skipt út frekar en annarra. Ég vil þess vegna taka mjög eindregið undir það sem 1. þm. Vesturl. sagði um þetta mál og tel að hin mikla vinna sem allshn. er búin að leggja í málið væri unnin fyrir gýg ef sú brtt. yrði samþykkt sem hér er flutt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál mikið lengur. Ég vil aðeins benda á að hér er ekki verið að taka arf frá neinum. Það er einungis frestað að greiða hann út þangað til báðir makarnir eru látnir, þannig að hér er auðvitað bara um orðhengilshátt að ræða hjá hv. 5. þm. Vestf.

Varðandi það sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði að þessi brtt. væri einungis til að tefja fyrir afgreiðslu málsins, þá er það alrangt. Um þetta verður að greiða hér atkvæði og falli brtt. mín er hún úr sögunni og málið heldur auðvitað áfram sinn gang. Það er engin ástæða til að tefja þá afgreiðslu þannig að ég held að ástæðulaust sé af minni hálfu að tala frekar fyrir þessu máli. Ég er búin að gera það mjög rækilega og vænti þess að hv. þm. taki þátt í þessari atkvgr. og skeri úr um þetta efni.

En ég vil enn og aftur leggja áherslu á að mér finnst það sé forneskja í hugsun að gera þennan mismun á afstöðu foreldra til barna eða stjúpbarna. Á Íslandi munu þúsundir barna búa hjá öðru foreldra sinna, ýmist í nýjum hjúskap eða ekki, og sem betur fer hefur löggjafinn unnið að því leynt og ljóst að tryggja ekki einungis rétt foreldra til umgengni við börn sín hvort sem foreldrarnir búa saman eða ekki, heldur ekki síður rétt barna til að umgangast foreldra sína. Þessi breyting, sem hér er lögð til, er því beinlínis í framhaldi af þeirri löggjöf. Og sem betur fer held ég að allur andi í þjóðfélaginu sé í þá veru að fólk vilji í sem flestum tilfellum bera ábyrgð á börnum sínum hvernig sem heimilið er að öðru leyti saman sett. Þetta held ég að sé rétt stefna og þessi breyting er m. a. byggð á því.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vænti þess að hv. þm. skeri úr um þetta, og ég lýt auðvitað vilja hv. þd. Að minni brtt. fallinni, ef svo fer, mun ég að sjálfsögðu standa að því frv. sem fyrir liggur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að þetta mál sé ekki eins einfalt og hv. 10. landsk. þm. vill vera láta. Það er stundum svo í þjóðsögunum þegar menn vilja ráða niðurlögum einnar skessu og höggva af henni hausinn að þá koma tveir hausar í staðinn. Ég held að þingheimur ætti að gæta sín á því að búa ekki til meira ranglæti en fyrir er í þessum efnum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að

ræða þetta frv. efnislega við hv. 10. landsk. þm. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að þetta frv., eins og það er nú, er flutt af allri allshn. eftir allsherjar samkomulag í nefndinni. Mér finnst því ekki koma til mála að fara að breyta því nú, allra síst þegar útilokað er að ná nefndinni saman, eins og ég gat um áðan, þar sem formaður hennar, hv. 2. þm. Reykn., prófessor Gunnar Schram, er erlendis.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þess hefur verið farið á leit við mig vegna fjarveru formanns hv. allshn. að ég dragi þessa brtt. til baka til 3. umr. Ég tel sjálfsagt að verða við því. Till. er dregin til baka.

ATKVGR.

Brtt. 740 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. 274. mál (þskj. 846). — Ein umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Frá hv. Ed. hefur komið breyting á því frv. sem flutt var í hv. Nd. Ég hef kynnt mér það hjá þeim nm. sem náðst hefur í að þeir eru sammála þeirri breytingu sem gerð var á frv. í Ed., en hún er þess efnis að aukin refsing verði vegna ítrekaðra brota. Þess vegna legg ég til, herra forseti, að þetta mál verði samþykkt hér og nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 869).

Vinnumiðlun, frv. 49. mál (þskj. 847 (sbr. 49)). — Ein umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Í meðförum hv. Ed. hefur frv. tekið nokkrum breytingum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að í ráðgjafarnefnd komi til viðbótar þeim sem um getur í 3. gr. laganna landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.

Í öðru lagi hefur verið samþykkt brtt. Stefáns Valgeirssonar, sem var lögð fram til leiðréttingar á 6. gr. frv., og í þriðja lagi hefur verið gerð breyting á 17. gr., þar sem nú er kveðið á um það með skýrum hætti í lagagreininni að fyrirtækjum og einstaklingum sé heimilt að annast milligöngu um ráðningar starfsmanna, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Ég hef haft samband við alla nm. í hv. félmn. Nd. og eftir þau viðtöl mæli ég með því að frv. verði samþykkt svo breytt, eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 868).

Lausafjárkaup, frv. 329. mál (þskj. 524, n. 840). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað það frv. sem hér um ræðir og er samþykk því að það efnisatriði sem er undirrót frv., varðandi skaðabætur vegna galla í varanlegri fjárfestingarvöru eins og steinsteypu, þarfnist sérstakrar athugunar, enda sé með öllu óviðunandi að seljendur slíkrar vöru beri ekki raunverulega ábyrgð á vöru sinni, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. júní 1983.

Hins vegar getur nefndin ekki fallist á frv. í núverandi mynd og telur að málið þarfnist sérstakrar athugunar. Með tilliti til þess að málið er brýnt telur nefndin að vinna eigi þegar sérstakt frv. um þetta atriði, án tillits til endurskoðunar kaupalaganna að öðru leyti, og leggur því til að málinu sé vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 840, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 23 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 602, 505, tl. 7 og 18; 507, tl. 1a, 2a, 3, 4b, 5, 7, 9 og 11; 514, 516, tl. 7, 9, 11 og 12; 518, 659, 660 og 843). — Frh. 3. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það sem kom mér til að standa upp og hefja hér tölu við 3. umr. voru fsp. um það hvað hefði dvalið svo mjög að þetta mál kæmi aftur á dagskrá. Satt best að segja hafa menn verið að reyna að átta sig á því hvort sögusagnir um samkomulag væru réttar. Aðaltalsmaður þeirrar kenningar, að samkomulag hefði verið gert á milli hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., hefur verið 2. þm. Reykv. Ekki veit ég hvort hann er viðstaddur að staðaldri þegar þessir tveir ráðherrar eiga stefnumót eða hvort hann hefur einhverja aðstöðu til að fylgjast sérstaklega með undir slíkum kringumstæðum. Ég fer mér ákaflega hægt í fullyrðingar en eftir þeim upplýsingum, sem við framsóknarmenn höfum í þessu máli, liggur ekki fyrir samkomulag. Forsrh. kannast ekki við að hafa staðið að samkomulagi um þessi mál. Hann kannast við það að hafa átt mjög vinsamlegar viðræður við menntmrh. þar sem viss misskilningur hafi átt sér stað. Ég verð að segja eins og er, að mig undrar það, í ljósi þeirra upplýsinga sem ég kem hér á framfæri, hve harður hv. 2. þm. Reykv. hefur verið við að fullyrða að samkomulag hafi verið gert.

Ég vil aftur á móti undirstrika það að í menntmn. var gert samkomulag á milli stjórnarflokkanna. Að því samkomulagi stóð ég annars vegar og hins vegar öll stjórn þingflokks Sjálfstfl. Það skyldi enginn efa að hv. 2. þm. Norðurl. e. er harður samningamaður og hans forsjá í þessum efnum var það hagstæð fyrir Sjálfstfl. að þegar ég flutti mitt mál og mitt samkomulag í Framsfl. mátti ég þakka fyrir að vera ekki gersamlega skotinn í kaf. E. t. v. halda einhverjir að hér sé verið að smyrja á sneiðina en svo er ekki. Það er ágreiningur um þetta mál, mikill ágreiningur. Í mínum flokki hafa margir verið það harðir að þeir hafa annars vegar viljað leyfa

útvarp án allra auglýsinga og hins vegar viljað leyfa þessa starfsemi með þeim ákvæðum um auglýsingar sem eru í frv. Þessu veit ég að hv. 6. þm. Reykv., sem starfaði í þeirri nefnd sem samdi frv. á sínum tíma, gerir sér mjög vel grein fyrir því að þeir tveir framsóknarmennirnir, sem störfuðu með honum í nefndinni, tóku einmitt mismunandi afstöðu til þessa máls. Annar þeirra vildi engar auglýsingar en hinn stóð að því að semja um þessi mál eins og gert var. Ég vil undirstrika að hv. 6. þm. Reykv. stóð að því að semja um þessa hluti á þennan veg þrátt fyrir það að ég veit að hann hefði viljað ná lengra.

Nú er svo komið að hv. 2. þm. Reykv. vill ekki una þessari túlkun — (**FrS:** Hún er of löng.) — og undirstrikar að hann hafi haft fyrirvara. Engu að síður vildi hann semja um þessi mál á þessum grunni og þannig var frv. skilað. Hefði hann ekki viljað semja um þessi mál er trúlegt að engin niðurstaða hefði fengist.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur komist í sömu stöðu og Jóhannes úr Kötlum forðum þegar hann var óánægður með þjóðina, stjórnina og flokkinn. Hann hefur á fundum mjög víða komið sínum boðskap á framfæri þar sem helst má ráða af hans málflutningi að ráðherrar flokksins séu ónothæfir, stjórnin sé óhæf og þingflokksstjórnin var dæmd á einu bretti alls óhæf í þessu máli. Þegar menn sigla svona bjart spyr maður sjálfan sig hvort ekki fari fyrir þeim eins og Erlingi Skjálgssyni á Sóla forðum þegar hann sigldi af sér sinn eigin flota. En kannske er hér um meiri gætni að ræða.

Ég hygg aftur á móti að með sinni skörulegu framgöngu hafi hv. 2. þm. Reykv. komið því á framfæri við þjóðina alla að hann er hiklaus baráttumaður og semur ekki um neinar millileiðir. Slíkur maður hlýtur náttúrlega að verða settur í ráðherrastól ef Sjálfstfl. fær hreinan meiri hluta í kosningum á Íslandi. En það er spurning hvort hann hentar í samsteypustjórnir þar sem menn þurfa stundum að gefa örlítið eftir og semja sig áfram. (**Gripið fram í:** Framsókn er að hafna honum.) Framsókn er ekki að hafna einum né neinum. Ég set spurningarmerki við hvort hann muni henta. Það er viss traustsyfirlýsing gagnvart þeim ráðherrum sem Sjálfstfl. hefur skipað og eru það lífsreyndir að þeir gera sér grein fyrir því að málamiðlun getur oft verið nauðsyn. (**GE:** Þú verður nú að gera Friðriki þennan greiða.) (**Heilbr.- og trmrh.:** Það má kannske temja hann.) Ég vil sérstaklega taka undir þetta síðasta hjá 1. þm. Vestf., að ég hygg að þess sé ærin þörf og veit ekki nema sjálfstæðismenn muni vinna dyggilega að því verki.

En ég vil ljúka orðum mínum með því að geta þess að fari svo að það samkomulag, sem ekki hefur verið gert, verði áfram boðað sem hið sanna og rétta er verið að tefla þessu máli í mikla tvísýnu. Ég hef aldrei vitað til þess að eftir að forsrh. hefur lýst því yfir að hér sé um misskilning að ræða sé enn verið að undirstrika að samkomulag hafi verið gert og þess vegna gildi ekki þeir samningar sem gerðir hafi verið í menntmn. Má vera að þeir séu til í þingflokki Sjálfstfl. sem telji að stjórn þingflokksins hafi ekki náð þeim samningum sem þeir telji viðunandi. Ég hygg aftur á móti að það verði ekki til farsældar fyrir framgang málsins að fylgja þeim sem telja að svo hafi til tekist.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég fagna því að þetta mikilvæga frv. er hér komið til umr. á nýjan leik. Í öðru lagi vil ég vekja athygli á mikilvægi þess að málið sé rætt efnislega. Í þriðja lagi tel ég mér skylt að kveðja mér hljóðs vegna þeirra umr. sem stefnumót okkar hæstv. forsrh. hefur vakið. Þó að ekki verði allt rakið úr okkar samtölum og samskiptum þá er mér a. m. k. óhætt að segja að samkomulag er gott.

Í annan stað hefur samkomulag vitanlega verið gert. Það sem vakið hefur mönnum óróa er skilningur á því um hvað samkomulagið sé. Niðurstaðan er einfaldlega sú að í báðum stjórnarflokkunum greinir menn á um eitt atriði. Það hefur verið unnin mjög mikilvæg vinna í menntmn. þessarar hv. deildar að því að undirbúa afgreiðslu þessa máls og það hefur verið gert mikilvægt samkomulag milli hv. 5. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. e. um sameiginlega afgreiðslu úr nefnd á þessu máli. Eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði grein fyrir viðtökum þessa samkomulags í sínum flokki er það einnig mála sannast að í Sjálfstfl. eru líka skiptar skoðanir og þá nákvæmlega um þetta sama atriði, auglýsingarnar í báðum tilvikum.

Nú vil ég skýra í hverju þessi margnefndi skilningur eða misskilningur er fólginn. Við hæstv. forsrh. erum sammála um það að menn séu ósammála um auglýsingarnar. Þess vegna er það alveg ljóst að menn greiða atkvæði eftir sinni sannfæringu. Það gera þeir líka um samkomulagið. Menn greiða ævinlega atkvæði eftir sinni sannfæringu. Þegar menn greiða atkvæði með tilteknu samkomulagi er það vegna þess að mönnum finnst það skynsamlegt.

En að því er auglýsingarnar varðar greinir menn á. Í Sjálfstfl. hafa menn alltaf haft fyrirvara á varðandi þá grein í frv. sem um auglýsingar fjallar. Það er grundvallarsjónarmið Sjálfstfl. að rétturinn til að afla fjár og gefa upplýsingar í fjölmiðlum með auglýsingum sé frjáls, einungis háður þeim reglum sem almenn lög setja. En að því er Framsfl. varðar hef ég skilið það svo að ágreiningurinn væri fólginn í því að þar voru einhverjir hv. þm. þeirrar skoðunar að alls ekki bæri að leyfa auglýsingar annars staðar en í Ríkisútvarpinu. Þ. e. í Framsfl. vildu menn hafa auglýsingaákvæðið þrengra en í frv. felst en í Sjálfstfl. vildu menn hafa auglýsingaheimildina víðari en í frv. felst. Í þessu liggur munurinn. Þegar svona stendur á er ekkert annað að gera en láta Alþingi skera úr um þetta.

Hins vegar eru mörg efnisatriði í frv. sem eru niðurstaða margra manna, eru einfaldlega málamiðlun. Það er ekki það sama og að menn hafi þar fengið öllu því framgengt sem þeir framast vildu hver og einn. Það er t. d. svo um sjálfstæðismenn að það voru miklar efasemdir upphaflega um hugmyndina um menningarsjóð útvarpsstöðva. Ég fyrir mitt leyti sé hins vegar marga kosti við þá hugmynd. En um þetta atriði var töluvert rætt í okkar flokki og menn höfðu ýmsar efasemdir. Ég tel að þetta sé eitt af því sem við höfum náð saman um að standa með og þetta er eitt af málamiðlunaratriðunum.

En til þess að menningarsjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu verður hann að fá tekjur af auglýsingum. Það er fjármögnun þessa menningarsjóðs. Ef við leyfum ekki auglýsingar er þessi hugmynd um menningarsjóð fallin un sjálfa sig. Það er því samhengi þarna á milli. Ég tel ekkert á móti því og að það geti verið jákvætt að

stofna til slíks sjóðs ekki síst fyrsta kastið eftir að þessi grundvallarbreyting á útvarpslögum yrði framkvæmd. Hann gerir kleift að styrkja efni sem ég tel að þurfi að fá miklu meira rými í dagskrá útvarps- og sjónvarpsstöðva, ekki einungis Ríkisútvarpsins heldur og annarra stöðva. Að sjálfsögðu verður meginuppistaða þess starfs þó væntanlega hjá Ríkisútvarpinu, en hér á ég við fræðsluefni.

Ég er sannfærð um að það er skynsamlegt í okkar landi að taka upp starfsemi sem sums staðar hefur verið kölluð „opinn háskóli" í sjónvarpi. Það er hægt að hugsa sér slíka starfsemi á framhaldsskólastigi og einnig á yngri skólastigum. Ég held einnig að þetta væri mikilvægasta framlag til fullorðinsfræðslu sem hægt væri að hugsa sér. Það er þetta sem nútímatækni býður upp á í fræðslu. Vissar stofnanir í landinu hafa með höndum athugun núna vegna slíkra hugmynda. Þar á ég við Námsgagnastofnun þar sem menn eru sérstaklega að kynna sér gerð fræðsluefnis fyrir myndbönd og til þess að nýta einmitt svona tækni, sjónvarp og útvarp, í þessu skyni.

Það væri langt mál að víkja að hinum víðtæku möguleikum sem þarna eru. En ég held að einmitt þarna verði mjög mikilvæg verkefni sem hægt er að styðja með þessum títtnefnda menningarsjóði sem aftur á móti þarf að lifa á auglýsingum.

Þá er ég farin að tala efnislega um málið og víkja frá samkomulagsmálum og stefnumótun okkar hæstv. forsrh., enda er nú aðalatriðið að við tökum skynsamlega á efni þessa máls og afgreiðum það eins skynsamlega og unnt er við þessar aðstæður. Og hvaða aðstæður? Við þær aðstæður að við erum að fara inn í alveg nýtt tímabil, ef svo má segja. Hér er um mikilvæga nýjung í menningarefnum að ræða. Þegar svo stendur á eru alltaf einhverjir hópar manna sem óttast nýjungar. Það er í eðli mannsins að óttast hið óþekkta. Við þessu er ekkert að segja. En það er hins vegar nauðsynlegt fyrir nútímamanninn að búa sig undir að taka hinu nýja, taka hinu nú óþekkta og færa sér það í nyt á þann hátt að til gagns og gleði og menningar verði fyrir þá sem efnið geta nýtt sér. Það er þetta sem ég tel að frv., sem við erum að fjalla um nú, geti orðið til þess að opna fyrir okkur. Það er þess vegna líka að hér er um nýtt efni að ræða, að í raun og veru er gert ráð fyrir aðlögunartímabili. Það má því segja að þetta skref sé stigið varlega. Það eru ýmsir varnaglar og það er aðlögunartímabil, gert ráð fyrir endurskoðun innan skamms tíma og vitanlega getur Alþingi hvenær sem er gert breytingar ef alvarlegir agnúar koma í ljós.

Að því er varðar það efnisatriði sem ég hef þegar rætt, auglýsingarnar annars vegar og menningarsjóðinn hins vegar, vil ég taka fram að það er mín skoðun að í reglum, sem settar verði um auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi almennt, þurfi að vera sams konar ákvæði sem gera kröfur til efnis auglýsinga, íslensks máls og annarra atriða sem íslensk lög gilda um. Þessu held ég að sé unnt að framfylgja með því að auglýsingarnar séu afmarkaðar frá öðru efni eins og reyndar gert er ráð fyrir í þeim hugmyndum sem um þetta hafa komið fram. En á þessu stigi þykir mér ástæða til þess að leggja áherslu á það sem ég tel að sé aðalatriðið í þessu máli þó að vissulega séu agnúar á málinu hér og hvar. Engum dettur í hug að frv. um nýtt mál eins og þetta geti orðið fullkomið við fyrstu gerð. Það er öldungis ljóst að hér verður reynslan að kenna okkur alveg eins og öðrum þjóðum sem farið hafa inn á þessa braut. Þar hafa menn af þó nokkurri reynslu að miðla en við höfum reynslu af vissum þætti sem margar aðrar þjóðir hafa ekki, þ. e. að við höfum rekið hér auglýsingaútvarp í mörg herrans ár og þekkjum það mætavel hvernig hægt er að snúast við slíku. Aðrir hafa ekki auglýsingaútvarp, en að því ráði er verið að hverfa núna í flestum löndum sem ég þekki til.

Það sem flestir eru sammála um er að það sé aðalatriðið í þessu máli að fleiri eigi að hafa aðgang að því að nýta sér þennan fjölmiðil og að reka útvarp en Ríkisútvarpið sjálft. Og það er að mati flestra þm. að ég held, eins og nú er komið tækni á okkar dögum, sem leiðir til að afnema verður einkarétt Ríkisútvarpsins til að starfrækja hljóðvarp og sjónvarp og auka frelsi annarra.

Ég held að með slíkri breytingu, sem við höfum nú fyrir augum, séum við að stíga spor fram á þessa leið. Þetta framfaraspor verðum við að stíga ef við viljum halda í heiðri þá frelsishugsjón sem liggur að baki grundvallarhugmyndum í íslensku þjóðfélagi. Þetta er í raun og veru lýðræðiskrafa sem á rétt á sér vegna þess að með vaxandi þroska þjóðfélagsins má ætla að umburðarlyndi manna hljóti að aukast, eða m. ö. o. sagt, við hljótum að byggja á rétti manna til að njóta menningar eftir eigin ákvörðun, við hljótum að viðurkenna að það sé hlustandinn, áhorfandinn eða viðtakandinn sem ræður því við hverju hann tekur. Þetta er ein hlið á miklu stærra máli þar sem sú hugsun er grundvöllurinn að í okkar landi, eins og í öðrum löndum í okkar heimshluta, verði menn að læra að lifa saman í friði og sæmilega sáttir án þess að einn hópur ráði lífi og starfi annarra, eins og er með nokkrum hætti þegar um einkarétt til fjölmiðlunar er að ræða.

Þjóðfélag umburðarlyndis og gagnkvæmrar virðingar fyrir réttindum annarra, það ætti að verða okkar framtíðarþjóðfélag. Breyting á því fyrirkomulagi, sem er á málefnum útvarps í landinu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, er eitt skref í átt til að ná settu marki. Frelsið á ekki bara að gilda fyrir einhverja tiltekna heldur alla sem þeim skilyrðum fullnægja sem lög landsins setja. Þegar okkur hefur skilist þetta í sambandi við þessa tegund fjölmiðlunar erum við komin þar á svipaða leið og við erum nú í sambandi við bóka- og blaðaútgáfu. Það dettur engum í hug að ríkið eigi að hafa einkarétt á útgáfu dagblaðs t. d., það væri hægt að hugsa sér þingkjörna nefnd sem hefði eftirlit með efni í ríkisútgefnu dagblaði. Það mundi spara margar vinnustundir að hafa eitt ríkisútgefið dagblað, það gæti vafalaust orðið — (**Gripið fram í:** Lögbirtingur.) Lögbirtingur er því miður ekki dagblað. Það væri kannske nóg að hafa það. Þó að hér væri til ríkisrekið fréttablað gæti það verið aldeilis prýðilegt blað. Ég upplifði það á haustdögum að vera í nokkurn tíma í Kínaveldi. Þar kom út, meira að segja í breskri þýðingu eitt dagblað sem hét China Daily og var aldeilis ágætis blað. Þetta blað var 4—6 síður eftir atvikum. Þarna stóð bókstaflega allt sem máli skipti um veröldina. Við vorum að velta því fyrir okkur, Íslendingar, hvað við værum að gera með öll þessi mörgu blöð sem taka allan þennan mannafla og allan þennan tíma, bæði af vinnustundum manna og frístundum og ríkisstyrki og hvað eina. Ósköp væri það nú miklu einfaldara að gefa bara út eitt blað,

Íslenska dagblaðið eða Íslenska morgunblaðið. En ég er ansi hrædd um að það þætti mörgum sneyðast um tjáningarfrelsi og það er það atriði sem við erum í raun og veru að fjalla um. Það er það sem máli skiptir í sambandi við það mál sem hér er á dagskrá. Við erum að auka tjáningarfrelsið í landinu, við erum að auka lýðræðið í landinu, við erum að auka möguleika fólks til innbyrðis skilnings. Þetta held ég að sé það mikilvægasta sem í þessu frv. felist.

Ég vona það, herra forseti, að við berum gæfu til að stíga þetta spor í átt til betra, fjölbreyttara og umburðarlyndara samfélags. Að því miðar þetta frv. og um það fjallar sú grundvallarhugmynd sem að baki þessu liggur.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð í þessari umr. um þetta mál. Ég ætla aðeins að takmarka mig við það sem mest er deilt um í þessu sambandi, þ. e. auglýsingarnar og hvernig þeim skuli háttað í öðrum stöðvum en hjá Ríkisútvarpinu.

Ég vil aðeins, áður en ég vík að málsmeðferðinni sem ég ætlaði nú að hafa að meginefni míns máls, ítreka það í hverju þessi ágreiningur liggur. Ástæðan fyrir því að ég vil ítreka það er sú að ég er enn þá að lesa greinar í dagblöðum þar sem því er haldið fram og menn belgja sig af óskaplegri hneykslun yfir því að þetta frv. feli í sér algert auglýsingabann hjá þeim stöðvum sem reknar séu af einkaaðilum. Ég les jafnvel leiðara í dagblöðum enn þá þar sem að því er látið liggja að þetta frv. sé haldið þeim mikla ágalla að bannað sé með öllu að birta auglýsingar og afla tekna með auglýsingum í öðrum stöðvum en þeim sem Ríkisútvarpið rekur. Auðvitað þarf ekki að gera hv. þm. grein fyrir þessu, en ég vil samt hér úr þessum stól ítreka að þetta er rangt. Það er einungis gert ráð fyrir því í þessu frv. að þær sjónvarpsstöðvar eða hljóðvarpsstöðvar sem geta tekið við áskriftargjöldum, sem eru fyrst og fremst svokallaðar kapalstöðvar, fái ekki aflað tekna með auglýsingum. Hljóðvarp eða sjónvarp sem sendir út á öldum ljósvakans, alveg sama í eigu hvers það verður, hvort sem eru einkaaðilar eða aðrir aðilar, hefur samkvæmt þessu frv., eins og það liggur fyrir, fulla heimild til auglýsinga. Ágreiningurinn stendur sem sagt fyrst og fremst um það hvort kapalsjónvarp eða -hljóðvarp, stöðvar sem geta tekið áskriftargjöld, eigi að fá heimild til þess að birta auglýsingar eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar og hef ávallt verið að þær eigi að fá heimild til þess. En ég vildi hins vegar, hér úr þessum ræðustól, reyna að skýra og afmarka þetta ágreiningsefni enn betur en gert hefur verið, af gefnu tilefni, vegna þess að maður er að lesa dag eftir dag fullyrðingar í blöðum um hið gagnstæða.

Ég varð til þess við 2. umr. þessa máls að gera grein fyrir því að hæstv. menntmrh. hefði lýst því yfir í þingflokki sjálfstæðismanna að það hefði orðið að samkomulagi milli hennar og hæstv. forsrh. að þm. stjórnarflokkanna hefðu óbundnar hendur um þennan þátt málsins, þ. e. um auglýsingarnar. Ég lýsti því jafnframt yfir að í ljósi þess samkomulags mundi ég greiða atkvæði þeirri till. sem hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson hefur flutt og er að finna á þskj. 514. Nú er það dregið í efa að þetta samkomulag hafi verið gert. Hæstv. menntmrh. hefur ítrekað það að það hafi verið samkomulag um það að menn greiddu atkvæði eins og þeim byði best við að horfa um þetta atriði málsins, en hæstv. forsrh. hefur sagt að hér sé um einhvern misskilning að ræða. Nú háttar þannig með mig eins og hv. 2. þm. Reykv. og sennilega líka hv. 5. þm. Vestf. að við erum ekki alltaf staddir þar sem þau eiga stefnumót, hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh., og getum ekki skýrt hvað þeim fer á milli. Hins vegar finnst mér rétt, vegna þess að þetta mál er komið á þetta stig, að gera grein fyrir því hér hvers vegna og hvernig þessi yfirlýsing, sem ég gaf, varð til.

Þetta mál kom hér til umræðu í hv. deild á mánudegi að því er mig minnir og ég hringdi í hæstv. menntmrh. að morgni til að spyrja hvort mér væri heimilt hér úr þessum ræðustól að gefa þá yfirlýsingu og skýra frá því sem hún hefði greint þingflokknum frá. Hún var varfærin eins og hún á vanda til, bað mig um að bíða með þá yfirlýsingu þangað til hún hefði rætt við hæstv. forsrh. aftur og fengið þetta staðfest. Ég kom hér niður í þing klukkan tvö og við ræddum saman, hæstv. menntmrh. og ég, og hún tjáði mér að hún hefði ekki enn náð sambandi við forsrh. Hann kom hér stuttu síðar inn úr dyrunum. Hún gekk til hæstv. forsrh. og ræddi við hann þar sem hann sat hér í sínu sæti, gekk síðan yfir til mín þar sem ég sat í mínu sæti og sagði: „Ég staðfesti að þetta samkomulag var gert." Sem sagt að þm. stjórnarflokkanna hafa óbundnar hendur um þennan þátt málsins. Að því loknu steig ég í þennan ræðustól og skýrði frá þessu. Ég vildi skýra frá því hvernig þetta gerðist í þessum smáatriðum vegna þess að hér er verið að brigsla mönnum um svik og brigsla mönnum um að fara með rangt mál, en ég tel að svo sé ekki í þessu máli. Auðvitað hlýtur hæstv. forsrh. að skýra frá því í hverju það samkomulag var fólgið sem þarna var gert á milli hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh. úr því að hann vill nú ekki kannast við að það hafi verið um þetta efni sem ég greindi frá og hæstv. menntmrh. hefur reyndar ítrekað hér úr þessum ræðustól í dag. Ég tek því heldur ekki frá hv. 5. þm. Vestf. að við, sem stóðum að samkomulagi meiri hl. menntmn., séum að hlaupast frá því samkomulagi eða svíkja það samkomulag, eins og okkur er brigslað um, með því að greiða þeirri till. atkvæði sem lýtur að meira frelsi í auglýsingum en frv. nú gerir ráð fyrir.

Þeir hv. þm. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Vestf. höfðu forgöngu um þetta mál af hálfu okkar stjórnarliða í hv. menntmn. og ég held að þar hafi verið unnið af fullum heilindum á báða bóga og samstarf gott um þennan þátt málsins. En ég held að það hafi ávallt legið fyrir að um þetta atriði var ágreiningur. Og það var auðvitað það sem átt var við þegar rækilega er hnykkt á því í lokasetningu nál. meiri hl. menntmn. á þskj. 509 þar sem segir, þegar búið er að rekja efnisþætti samkomulagsins:

„Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. febrúar 1985. Halldór Blöndal, form., frsm., Ólafur Þ. Þórðarson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson."

Þetta var það sem við undirrituðum og þessi fyrirvari er auðvitað fullgildur. Þess vegna hef ég tekið þá ákvörðun að greiða þessari till. atkvæði og tel það í fullu samræmi við það nál. sem við skiluðum og það samkomulag sem gert var innan nefndarinnar á sínum tíma.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt að ég skýri frá stefnumóti okkar hæstv.

menntmrh. Það var fyrir opnum dyrum á stigagangi í þessu húsi. Þetta mál, um auglýsingar, hefur verið ágreiningsmál innan Framsfl. allt frá því að frv. var á sínum tíma samið. Töldu ýmsir að a. m. k. á reynslutíma slíks frjáls útvarps ætti ekki að leyfa neinar auglýsingar. Eru þess vitanlega mörg dæmi eins og t. d. í Noregi og víðar. Þegar ákveðið var að flytja þetta frv. sem stjfrv. þá varð hins vegar niðurstaðan sú að mikill meiri hluti í þingflokki framsóknarmanna ákvað að styðja málið eins og það er. Málið var tekið til umræðu eftir meðferð þess í hv. menntmn. þessarar deildar. Þá voru enn skiptar skoðanir um þetta ákvæði, þ. e. 4. gr., um auglýsingar. Lýstu þá nokkrir, að vísu ekki margir, því yfir að þeir gætu ekki stutt þetta mikið frelsi í auglýsingum hinna frjálsu útvarpa eins og kallað er.

Eftir þetta varð okkar stefnumót hér á stigagangi, eins og ég sagði áðan, og við ræddum um þessa grein. Ég sagði þá að ég sæi ekkert athugavert við það út af fyrir sig þó að menn hefðu frjálsar hendur með tilliti til þeirrar deilu sem um þessa grein væri. En ég hafði þá eingöngu í huga annars vegar frv. óbreytt eða engar auglýsingar. Ég held ég fari rétt með að þá hafi ekki verið komin fram brtt. frá hv. þm. Friðriki Sophussyni þó hún væri komin frá þm. Bandalags jafnaðarmanna. Ég held að það sé rétt hjá mér að hún hafi komið fram síðar. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að daginn eftir eða svo staðfesti ég að svona væri. Misskilningurinn er í því fólginn að ég var ekki með í huga algert frelsi til auglýsinga, enda má náttúrlega spyrja hvaða umboð ég hafði. Kannske menntmrh. hafi haft umboð til að semja um svo umdeilda grein.

En um auglýsingar eða ekki auglýsingar má vitanlega lengi deila og fyrst ég er staðinn hér upp vil ég fara fáum orðum um þetta frv.

Ég er því hlynntur að hér verði leyft svokallað frjálst útvarp. Ég lít svo á að það sé eðlilegt eins og frelsi er til að gefa hér út dagblöð. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég hef mínar efasemdir um tímann sem til þessa er valinn. Ég veit að vísu að e. t. v. verður ekki mikið fjármagn bundið í slíkum útvarpsstöðvum en þó er það nokkuð. Og nú er þannig ástatt í okkar þjóðfélagi að við þurfum satt að segja að gæta mjög vel að því hvernig við ráðstöfum bæði opinberu fé, fé fyrirtækja og fé einstaklinga. Þjóð sem skuldar 63% sinnar þjóðarframleiðslu erlendis þarf að hugleiða það mjög vel hvernig hún ráðstafar sínu fé. Þess vegna hefði ég reyndar talið að átt hefði að bíða nokkuð með að veita það frelsi sem hér um ræðir þangað til við höfum aðeins betur rétt úr kútnum. Ég hef hins vegar fallist á þetta á þeirri forsendu að miðstýring að þessu leyti sé heldur ekki sérstaklega eftirsóknarverð og menn verði þá sjálfir að bera ábyrgð á þeirri fjárfestingu sem þeir leggja í þó að hvert skipbrot á því sviði sé að sjálfsögðu einnig dýrt fyrir þjóðarbúið eins og er. Ég tek fram að þannig styð ég þetta mál og mikill meiri hluti þingflokks framsóknarmanna.

Um auglýsingarnar gegnir dálítið öðru máli. Við leggjum á það ríka áherslu að hér verði rekið öflugt ríkisútvarp og sjónvarp sem nái til allra landsmanna og við teljum að auglýsingar séu mikilvægur þáttur í rekstri þess útvarps. Að öðrum kosti sýnist okkur að vel kunni svo að fara að skattborgarar þurfi að greiða meira með rekstri ríkisútvarps og sjónvarps ef auglýsingatekjur minnka. Þess vegna eru ýmsir hjá okkur þeirrar skoðunar að það ætti að hafa harðari ákvæði um auglýsingarnar eða banna þær alveg á reynslutíma hins frjálsa útvarps. En ég lýsti því áðan að hins vegar ákvað meiri hlutinn að fallast á frv. í því formi sem er nú.

En það er margt fleira sem inn í þetta spilar. Ég var t. d. að fá bréf frá Félagi kvikmyndagerðarmanna sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í tilefni af umræðum um nýtt frv. til útvarpslaga vilja Félag kvikmyndagerðarmanna og Samband ísl. kvikmyndaframleiðenda benda á eftirfarandi:

Um leið og frelsi til miðlunar á sjónvarpsefni er aukið, verður enn þá mikilvægara en áður að finna leiðir til að efla innlenda dagskrárgerð, bæði hjá Ríkisútvarpinu og hjá nýjum sjónvarpsstöðvum. Verði nýjum sjónvarpsstöðvum heimilað að birta auglýsingar má reikna með því að það auðveldi þeim að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þó er rétt að setja um birtingu auglýsinga strangar reglur, líkt og gilt hafa í Ríkisútvarpinu með góðum árangri.

Til að stuðla enn frekar að öflugri innlendri dagskrárgerð gerum við að tillögu okkar að tekið verði gjald af öllu erlendu dagskrárefni sem renni í sérstakan dagskrársjóð. Af hverri sýningarmínútu erlends efnis verði greitt allt að 50% innkaupsverðs til sjóðsins sem væri í umsjá sjónvarpsstöðvanna og kvikmyndaiðnaðarins og hefði það hlutverk að fjármagna gerð innlends dagskrárefnis. Með slíku fyrirkomulagi yrðu ný útvarpslög ekki aðeins til að auka framboð á erlendu dagskrárefni heldur einnig til að renna stoðum undir gerð vandaðrar innlendrar dagskrár."

Undir þetta skrifa átta einstaklingar úr Félagi kvikmyndagerðarmanna, Þorsteinn Jónsson, formaður, Hrafn Gunnlaugsson, Þórarinn Guðnason, Hjálmtýr Heiðdal, Þráinn Bertelsson, Sigfús Guðmundsson, Björn Björnsson, Kristín Jóhannesdóttir.

Því nefni ég þetta að í þessu er vakin athygli á að fleiri sjónvarpsstöðvar munu væntanlega auka mjög framboð á erlendu sjónvarpsefni og þá er spurningin: Hvernig mun innlendri gerð slíks efnis ganga að keppa við oft ódýrt erlent efni sem inn á markaðinn kemur? Ég held að þetta sé mjög verðugt umhugsunarefni. Ætlum við að ýta þessu innlenda efni nánast út af markaðinum eða getum við þá um leið tryggt því öruggan sess í sjónvarpsefni hérlendis?

Einn af þessum ágætu mönnum, sem skrifa undir bréfið, Þráinn Bertelsson, ræddi reyndar um þetta við mig í dag og benti á að ýmsar leiðir eru farnar í þessu sambandi. T. d. tjáði hann mér að í Bretlandi og Ástralíu væru ekki leyfðar án sérstakrar greiðslu auglýsingar sem útbúnar væru erlendis. Það yrði að útbúa auglýsingaefnið innanlands. M. ö. o., margar þessar miklu og fjölskrúðugu auglýsingar sem við sjáum nú, fyrir Coca Cola og Pepsí og ég veit ekki hvað og hvað, þær yrði þá að útbúa innanlands eða greiða sérstakt gjald. Þetta er kannske ágæt hugmynd sem mætti hugleiða. E. t. v. ætti að gefa auglýsingar frjálsar en setja sem kröfu að þær væru útbúnar innanlands. Eða erum við Íslendingar enn þá lengra komnir á þessari frjálsræðisbraut en t. d. Bretar og Ástralíumenn og fleiri sem hafa nú ekki verið kenndir við of mikla miðstýringu? Ég held sem sagt að um leið og þetta skref er stigið, ég tala nú ekki um ef auglýsingar verða algerlega frjálsar, þá sé mjög athugandi hvort ekki á

einmitt að fara einhverjar svipaðar brautir og þarna hefur verið gert og nota þá tækifærið og þennan fjölmiðil í nýju formi, frjálst sjónvarp og útvarp, til þess að styrkja og efla slíkan iðnað hér innanlands.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Kannske hæstv. forsrh. hafi með lokaorðum sínum hér áðan sætt þingheim við hina spakviturlegu lausn á deilumálinu um auglýsingar að gefa þær frjálsar, þ. e. gefa öllum keppinautum á markaðinum, sem kynnu að stofna til útvarps- eða sjónvarpsstöðvar, heimild til þess að flytja og birta auglýsingar gegn gjaldi að því tilskildu að auglýsingaiðnaðurinn færist inn í landið. Að því er varðar hugmyndina um gjaldtöku af erlendum aðilum til þess að efla innlenda dagskrárgerð, þá liggur sú till. hér fyrir og hefur lengi legið hér fyrir og ef ég má skilja orð hæstv. forsrh. á þá leið að hann styðji hana fagna ég þeim stuðningi.

Ég er hingað kominn til þess, herra forseti, að mæla fyrir brtt. á fjórum þskj. Það eru í fyrsta lagi á þskj. 863 breytingar á frv. til útvarpslaga. Sú er skýring á þessu máli að þar sem við fluttum á sínum tíma nánast sérstök útvarpslög, þ. e. gerðum ráð fyrir allt annarri kaflaskiptingu, á þskj. 518, þá höfum við nú tekið þann kost að draga þær till. í heild sinni til baka, en flytja þær að nýju á sérstöku þskj., 863, og þá er birtingarröð þessara till. í samræmi við frv. eins og það liggur nú fyrir að lokinni 2. umr. Við höfum þannig fallið frá sérstökum tillögum um að kaflaskipting frv. verði önnur.

Í annan stað flytjum við brtt. á þskj. 862 sem eru fyrri till. okkar um boðveitukerfi í eigu sveitarfélaga, en að þessu sinni flutt sem ákvæði til bráðabirgða er orðist svo: „Þar til lokið er endurskoðun þeirra ákvæða fjarskiptalaga, nr. 73/1984, er snerta boðveitur í eigu sveitarfélaga, gilda eftirfarandi ákvæði um uppsetningu og rekstur þeirra.“ Síðan koma þessar till. sem ákvæði til bráðabirgða. Þessi tillöguflutningur er beint svar við þeirri gagnrýni að tillögur um boðveitukerfi eigi ekki heima í útvarpslögum, heldur sé æskilegt að fella þær inn í lagabálk um fjarskiptalög. Í raun og veru var okkar sjónarmið þveröfugt, það hefði átt að endurskoða útvarps- og fjarskiptalög samtímis. Það var ekki gert. Við teljum að þessi breyting sé kjarni málsins og því verði ekki frestað. Afstaða okkar til ýmissa annarra till. að því er varða þetta mál er undir því komin hvort þessi hugmynd um boðveitukerfi í eigu sveitarfélaga fær samþykki eða ekki. Þess vegna flytjum við þetta sem till. um ákvæði til bráðabirgða og meiningin er sú að þar til endurskoðun fjarskiptalaga hefur farið fram gildi þessi ákvæði í stað annarra ákvæða fjarskiptalaga.

Loks flytjum við á þskj. 861 brtt. við till. frá hv. þm. Kristínu Kvaran sem efnislega er heimild fyrir frelsi til þess að birta og selja auglýsingar. Brtt. er á þá leið að úr till. Kristínar falli brott „Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verð þeirrar þjónustu sem þær veita“ og í staðin komi: Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Með öðrum orðum er hér flutt brtt. við heimildina til þess að birta auglýsingar um það að á tilraunatímanum verði gjaldskrár slíkra auglýsinga háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Sá tillöguflutningur er þó skilyrtur því að það fáist stuðningur við till. okkar um boðveitukerfi sveitarfélaga sem við teljum aðalatriði málsins.

Þá vil ég fyrst víkja örfáum orðum að því. Hvers vegna það er svo? „Afnám ríkiseinokunar“ og „frjálst útvarp“ eru einföldustu slagorðin sem menn bera sér í munn í sambandi við þetta mál. Það er víðtækur stuðningur fyrir því að gera tilraun með að afnema einokunarrétt Ríkisútvarpsins, en menn eru hins vegar ekki á eitt sáttir um hvað á að koma í staðinn. Eru menn sáttir við að í stað ríkiseinokunar komi forræði nokkurra mjög öflugra fjölmiðlarisa sem hugsanlega nái allt að einokunarstöðu eða forræðisaðstöðu á markaðinum? Er það það sem fyrir mönnum vakir? Að því er okkur varðar er það ekki svo. Og ef við viljum koma í veg fyrir þetta og móta einhverja stefnu fram í tímann að því er þetta varðar er aðalatriðið í okkar huga spurningin: Hverjir eiga að eiga hið sameiginlega boðveitukerfi? Á það að vera í einkaeign líka? Eiga slík fyrirtæki að eignast sjálft boðveitukerfið, sem er forsendan fyrir því að þau geti náð þessu forræði á markaðinum, eða ætlum við að fara þá leið að boðveitukerfið verði á einni hendi, og í okkar till. í eigu sveitarfélaga, sem er raunverulega stefnumótandi um lýðræðislega þróun í þessu efni? Þar með er tryggt að aðrir aðilar, þó smáir kunni að vera og hafi lítið fjárhagslegt bolmagn, eigi jafnan aðgang og jafnan rétt að rásum í slíku kerfi. M. ö. o.: Till. er um það í stað einokunar Ríkisútvarpsins komi frjáls aðgangur sem flestra til þess að sinna dagskrárgerð og koma á framfæri efni í þessum fjölmiðlum, sem er auðvitað aðalatriðið, hvað fram fer í þeim, í stað þess að þar verði fjárhagsvald örfárra stórfyrirtækja allsráðandi.

Til þess að skýra þetta örlítið nánar langar mig til þess, með leyfi forseta, að vitna í það sem við sögðum að gefnu tilefni við 2. umr. málsins um þetta efni. Við leggjum til að inn í frv. komi, og þá núna sem ákvæði til bráðabirgða, nýtt ákvæði um boðveitur sveitarfélaga. Ábendingar um það hafa borist bæði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Boðveitur á vegum sveitarfélaga eru ýmist þegar staðreynd eða í uppbyggingu í mörgum nágrannalöndum okkar. Um slíkar veitur er flutt efni af margvíslegu tagi. Má þar til nefna hljóðvarpsdagskrár, sjónvarpsdagskrár og svokölluð skjárit eða videotex. Enn fremur eru slíkar boðveitur notaðar til þess að flytja tölvuboð. Boðveitur eru því bæði notaðar til fjölmiðlunar í eiginlegri merkingu þess orðs og til einstaklingsbundinnar boðmiðlunar í formi tölvuboðmerkja, þ. e. þetta er eins konar æðakerfi hins tölvuvædda upplýsingaþjóðfélags framtíðarinnar. Upphaflega voru þessar boðveitur háðar þræði. Þær voru kapalkerfi af því tagi sem við könnumst við. Tilkoma glertrefjaþráða, sem nú standast fyllilega samkeppni við venjulega kapla hvað snertir verð, hefur valdið byltingu á þessu sviði. Önnur nýtilkomin nýjung mun einnig valda miklum breytingum á þessu sviði. Sú nýjung er að komið er fram á sjónarsviðið þráðlaust kerfi þar sem nota má um 12 cm bylgjulengd og hægt er að flytja margar rásir samtímis á afmörkuðu svæði fyrir tiltölulega lágt verð.

Gert er ráð fyrir því í okkar till. að boðveitur lúti hver um sig sérstakri stjórn sem eingöngu sjái um rekstur en hafi ekkert með dagskrárgerð að gera eða útsendingu efnis. Að okkar mati er hér um að ræða meginatriði þess máls, nefnilega að glögg skil séu gerð á milli annars vegar dreifikerfisins og hins vegar þeirra aðila sem leggja til innihaldið, þ. e. sjálfa dagskrána. Fjölmargir

aðilar, útvarpsfélög og einstaklingar, eiga þannig aðgang að einu sendikerfi sem er undir stjórn annars aðila. Allir sem uppfylla sett skilyrði eiga aðgang að boðveitunni. Þetta fyrirkomulag þýðir að boðveitan er í rauninni öllum opin. Hún er það sem á ensku máli er nefnt common carrier sem er grundvallarregla varðandi framtíðarþróun þessara mála í grannlöndum okkar.

Ákvæði um boðveitur sveitarfélaga eiga að tryggja að öllum almenningi nýtist kostir hinnar nýju fjölmiðlunartækni. Þau eiga að tryggja að ekki taki við einokun fjársterkra einkaaðila af einokun Ríkisútvarpsins. Í þessum skilningi er þetta grundvallaratriði. Þau eiga að tryggja að ekki aðeins fjölgi þeim aðilum sem fást við útvarps- og sjónvarpsrekstur, heldur aukist raunveruleg fjölbreytni að því er varðar dagskrárefni og áhorfendur og hlustendur hafi raunverulegt val. Tjáningarfrelsið eykst með þessu fyrirkomulagi og lýðræðið fær betur notið sín. Í þessum skilningi er þetta þýðingarmesta atriði þessa máls.

Frá því er að segja að þessar till. okkar, sem við lögðum fram snemma í umfjöllun málsins, snemma á s. l. hausti, hafa ekki fengið nægilega virkan stuðning hingað til. Menn hafa borið því við að þessi ákvæði eigi heima í fjarskiptalögum og þetta eigi að endurskoða, það eigi að skipa nefnd, það eigi að taka afstöðu til þess síðar. Við getum ekki sætt okkur við þetta sjónarmið. Við teljum að þetta sé rangt. Við teljum nauðsynlegt að taka afstöðu til þessa grundvallaratriðis strax vegna þess að það er stefnumótandi um alla þá stefnu sem við tökum í málinu. Þess vegna höfum við farið þá leið að flytja þessi ákvæði um boðveitukerfi sveitarfélaga sem ákvæði til bráðabirgða sem verði í gildi þangað til menn hafa lokið því verki að endurskoða fjarskiptalögin í heild sinni og tekið þá afstöðu til þess hvort þeir vilja afnema einokunarrétt Pósts og síma í þeim efnum sem að mínu mati og margra annarra hefur að verulegu leyti staðið fyrir þrifum vexti og viðgangi rafeindaiðnaðar í landinu.

Þá er spurningin: Eru einhver líkindi á því að menn fallist á þetta sjónarmið?

Ég nefni því til stuðnings að það hefur komið fram í till. BJ stuðningur við slíkt sjónarmið. Þó að þeir geri að vísu ráð fyrir því í sínum tillögum að sveitarstjórnir hafi einkarétt á uppsetningu kapalkerfa, þá er þeim heimilt skv. þeim till. að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum. Út af fyrir sig kann það að koma til álita.

Í annan stað hefur það komið fram í till. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að Alþb. styður það grundvallarsjónarmið að dreifikerfið sjálft skuli vera í opinberri eigu þó mér sé ekki fullkomlega ljóst hvort þeir eru því sammála að það skuli vera sveitarfélögin eða einhver ríkisstofnun sem fari þar með umboðið. (**HG:** Hvort tveggja.) Hvort tveggja gæti komið til greina.

Í þriðja lagi er þess að geta að á landsfundi Sjálfstfl. var, eftir því sem ég er upplýstur um, samþykkt tillaga á þá leið að stefna beri að afnámi einkaréttar Pósts og síma í þessu efni. Mér skilst hins vegar að þar hafi ekki verið tekin afstaða til þess hvað skuli koma í staðinn, hvort það eigi að vera einkaréttur sveitarfélaga eða einhverra annarra, en a. m. k. er afstaða tekin gegn einokunarrétti Pósts og síma.

Í fjórða lagi er þess að geta að þótt þeir framsóknarmenn hafi ekki í starfi menntmn. tekið undir þessar till. okkar hefur það heyrst hjá þeim að þeir geti vel hugsað sér að styðja slíkar till., enda væri annað óeðlilegt ef þeir meina eitthvað með því að þeir séu málsvarar byggðanna því að þar með væri það á valdi sveitarstjórnanna í hinum dreifðu byggðum vítt og breitt um Ísland að móta þróunina í þessum efnum.

Það er út frá þessum grundvallarsjónarmiðum sem við leggjum megináherslu á þetta mál og flytjum það nú sem ákvæði til bráðabirgða.

Meginröksemdirnar hef ég þegar flutt fyrir þessu, en þær eru einfaldlega á þá leið að þetta er stefnumótandi fram í tímann, ekki aðeins að því er varðar þetta einstaka mál heldur að því er varðar rammann sem við höfum utan um þá þróun sem verða mun í tölvuvæðingu þessa þjóðfélags. Það varðar ekki bara fjölmiðlun, það varðar boðmiðlun einstaklinga líka og það varðar jafnan rétt hinna mörgu smáu aðila í þessu þjóðfélagi til þess að koma á framfæri í gegnum þetta sameiginlega veitukerfi dagskrám, upplýsingum. M. ö. o. stuðlar það að lýðræðislegri þróun í þessum efnum og það er grundvallarsjónarmið.

Í öðru lagi er það spurningin um auglýsingarnar. Afstaða okkar var sú að við töldum að þegar um væri að ræða lokuð kapalkerfi, þar sem tæknilega er gerlegt að innheimta áskriftargjöld af neytendum þeirrar þjónustu sem þar er boðin, væri óþarfi að hafa jafnframt heimild til að afla tekna fyrir slíkar stöðvar með auglýsingum. Við gerðum okkur að vísu ljóst að þetta kann að vera álitamál. Kjarni málsins er einfaldlega: Við erum að reyna að feta okkur áfram, að efna til tilraunaþróunar sem á að standa í þrjú ár. Ég felst á það sjónarmið að það sé kjarni málsins að þeir aðilar sem fara út í slíkan rekstur eigi að sitja við sama borð, vera á samkeppnisgrundvelli. Þetta þýðir að ef við viðhöldum heimildum Ríkisútvarpsins sem stofnunar, hljóðvarps og sjónvarps, til þess að afla tekna með auglýsingum getur það jafnvel verið útilokandi þáttur ef keppinautar þess, sem verið er að heimila starfsemi samkv. þessum lögum, fá ekki að afla tekna með slíkum hætti. Þetta er spurningin um að menn sitji við sama borð, að keppinautar keppi á sama grundvelli.

Við erum m. ö. o. tilbúin að fallast á að auglýsingar verði heimilaðar öllum aðilum á sama grundvelli að því tilskildu að á tilraunatímanum verði verðlagsákvæðum við haldið að því er þetta varðar, sbr. brtt. á þskj. 861 um að gjaldskrár fyrir auglýsingar skuli háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Samt er þessi afstaða algerlega bundin því hver verða örlög till. okkar um boðveitukerfi. Það er miklu auðveldara að fallast á að þetta nái fram að ganga á tilraunatímanum ef það er um leið tryggt að sjálft veitukerfið verði í eigu félagslegs aðila og eins aðila. Það þýðir að við erum ekki að renna stoðum undir væntanlega fjölmiðlarisa eða einokunarfyrirtæki með því að samþykkja hér auglýsingar. Hinn sameiginlegi aðgangur að boðveitukerfinu er tryggður öðrum aðilum sem þurfa ekki mikið fjárhagslegt bolmagn til þess að leigja sér rás í slíku kerfi og koma á framfæri því sem þeir vilja, hvaða félagsskapur sem það er eða jafnvel einstaklingar.

Ég hygg að þetta dugi til að skýra aðalatriðin í afstöðu okkar til málsins á þessu stigi.

Ég vil láta þess getið, af því ég vék nokkrum orðum að afstöðu annarra stjórnmálaflokka til till. um boðveitukerfi, að í nýútgefinni skýrslu fjarskiptanefndar,

sem unnin hefur verið á vegum nefndar sem starfað hefur að frumkvæði Verslunarráðs Íslands, er vikið að þessari spurningu um dreifikerfið, í kafla um helstu niðurstöður, með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Enn er almennt talið að staðbundin dreifikerfi, jarðstrengir, verði ekki rekin með hagkvæmni nema í eigu eins aðila, einkafyrirtækis, sveitarfélaga eða ríkis. Þó þekkjast dæmi þess að samkeppni hafi verið innan svæða þegar um er að ræða þjónustu fyrir vissa hópa, t. d. viðskiptalífið."

Þarna er viðurkennt að meginreglan sé sú að þegar um er að ræða kapalkerfi eða veitukerfi af slíku tagi verði þau ekki rekin með hagkvæmni að öðru jöfnu nema þau séu í eigu eins og sama aðilans.

Afstaða okkar er m. ö. o. þessi: Við erum tilbúnir til þess að fallast á heimild til þess að auglýsingar verði leyfðar á jafnréttisgrundvelli öllum aðilum, sem gera þessar tilraunir á tilraunatímanum, að því tilskildu í fyrsta lagi að gjaldskrár verði háðar samþykki útvarpsréttarnefndar og í annan stað að ákvæðin um einn eiganda, þ. e. sveitarfélögin, að því er varðar boðveitukerfin nái fram að ganga. Fari svo öndvert mínum vonum, miðað við afstöðu flokkanna hingð til, að till. um boðveitukerfin verði ekki samþykktar áskiljum við okkur hins vegar rétt til að endurskoða afstöðu okkar þegar málið kemur til Ed.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hefði kosið vegna þeirrar umr. sem hér fór fram áðan að hæstv. forsrh. yrði kallaður til að vera viðstaddur umr. Ég sé að hæstv. menntmrh. er hér nærstaddur og vildi biðja virðulegan forseta að kanna hvort hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.

Ég ætlaði að gera örfá atriði að umtalsefni og m. a. þær gagnstæðu yfirlýsingar sem hér hafa komið fram frá talsmönnum ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli og þ. á m. af hálfu hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh. Hér við framhald umr. kvaddi sér fyrst hljóðs hv. skrifari þessarar deildar, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., og hann átti það erindi helst hér í ræðustólinn að greina frá því að forsrh. hefði lýst því yfir að það samkomulag sem talsmenn Sjálfstfl. hafa greint frá að gert hafi verið í sambandi við þetta frv. til útvarpslaga hafi alls ekki verið gert, það samkomulag við hæstv. menntmrh.

Síðan talaði hér við umr. hv. 4. þm. Reykv., virðulegur forseti Nd. á þessum fundi, Birgir Ísl. Gunnarsson, og rakti það hvernig hann hefði skilið yfirlýsingar hæstv. menntmrh. og var raunar að hlaupa undir bagga með hæstv. menntmrh. í sambandi við hennar yfirlýsingar um túlkun á meintu samkomulagi við Framsfl. í þessu máli.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson talaði hér við 2. umr. málsins þann 11. mars s. l. og greindi þar frá því, sem hann fór síðan yfir efnislega í umr. áðan, að hann hefði tekið það gott og gilt að gert hefði verið samkomulag milli stjórnarflokkanna um að þm. þeirra hefðu óbundnar hendur í sambandi við 4. gr. laganna og brtt. þar að lútandi varðandi auglýsingar. — Ég vildi inna hæstv. forseta eftir því hvort von er á forsrh. (**Forseti:** Mér skilst að hann sé í húsinu. Hann hefur fengið boð og mun væntanlega koma innan skamms.) Já, þá mun ég bíða með það að inna hann eftir þáttum sem varða þetta efni.

Nú gengur hæstv. forsrh. í salinn. Hann sá ástæðu til þess að gefa yfirlýsingar af sinni hálfu í sambandi við stefnumót það sem hann hefði átt í stigagangi við hæstv. menntmrh. á liðnum vetri í sambandi við þetta mál. Hæstv. forsrh. taldi að þegar leiðir þeirra ráðherranna lágu saman — nú stendur yfir annað stefnumót viðkomandi ráðh. í okkar viðurvist í þingsal — á liðnum vetri í sambandi við þetta mál, þá hafi brtt. á þskj. 514, frá varaformanni Sjálfstfl., hv. þm. Friðrik Sophussyni, ekki verið komin fram. Ég held að ástæða sé til þess, vegna þess að þetta er greinilega mjög viðkvæmt mál í Framsfl. eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., allt sem snertir brtt. varðandi 4. gr. frv. og spurningu um auglýsingar, að upplýsa það hér að brtt. á þskj. 514 var lögð fram hér í þinginu 21. febr. s. l., en það er hins vegar 11. mars sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson tekur hér til máls við 2. umr. málsins og segir þar, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Ég tel hins vegar rétt að geta þess hér, þannig að það komi glöggt fram, að hæstv. menntmrh. hefur skýrt frá því í þingflokki sjálfstæðismanna að skv. samkomulagi, sem hún og hæstv. forsrh. hafa gert, hafi þm. beggja flokka, Framsfl. og Sjálfstfl., óbundnar hendur í atkvgr. um þennan þátt málsins. Ég á fyllilega von á því að þm. Sjálfstfl. styðji þær brtt. sem hv. 2. þm. Reykv. hefur hér flutt um það efni."

Þetta voru orð hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar þann 11. mars og hann greindi frá því hér við umr. áðan að hann hefði innt hæstv. menntmrh. nánar eftir þessu og fengið það staðfest einmitt þennan sama dag, 11. mars, þ. e. nær 20 dögum eftir að brtt. á þskj. 514 var hér lögð fram, hvort slíkt samkomulag hafi verið gert. Nú hefur hæstv. forsrh. túlkað þetta með allt öðrum hætti, sem sagt þannig, að meint samkomulag við menntmrh. hafi verið fólgið í því að Framsfl. gæti unað því að greidd yrðu atkv. um 4. gr. frv. eins og það liggur fyrir í frv. eins og það kom fram, en ekki hins vegar um óskert frelsi til auglýsinga. Ég innti eftir því hér fyrr við umr. hver væri í raun afstaða Framsfl. til þessa máls ef svo færi að brtt. Friðriks Sophussonar á þskj. 514 yrði hér samþykkt og ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hér við umr. hvert sé hans viðhorf í þessu efni og þingflokks Framsfl. til málsins því að það hlýtur að ráða miklu um framhald þessa máls.

Hitt er svo annað mál hvernig boð hafa gengið innan Framsfl. Það ber engan veginn saman því sem hér var greint frá af hæstv. forsrh. og hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni í sambandi við þau efni, en ég ætla ekki að gera það að umtalsefni frekar.

Það mál sem er í brennipunkti í sambandi við umr. nú, 3. umr. þessa máls, varðar auglýsingar og svokallað óskert frelsi til auglýsinga og hæstv. menntmrh. talaði mjög heitt og ákveðið fyrir þeirri brtt. sem varaformaður Sjálfstfl. hefur flutt um þetta mál og taldi að það skæri úr um það hvort sól frelsisins fengi að rísa í þessu máli, frelsishugsjón sem liggi til grundvallar í íslensku þjóðfélagi eins og ráðh. orðaði það. Það sker úr um hvort sú sól rennur hvort Rolf Johansen og aðrir, sem hafa í hyggju að hefja hér rekstur auglýsingaútvarps, fái fullt og óskorað frelsi til þess.

Ég hef greint frá afstöðu Alþb. fyrr við umr. um þetta mál og við fluttum raunar um það brtt. við 2. umr. málsins að þrengd yrðu ákvæði 4. gr. frv. í sambandi við auglýsingar, en sú till. náði ekki fram að ganga. Ég tel

mjög líklegt að þegar þetta mál kemur til lokaafgreiðslu hér í hv. Nd. fari svo að samþykkt verði brtt. Friðriks Sophussonar. Þá getum við Alþb.-menn ekki greitt fyrir framgöngu þessa máls hér í deildinni. Við teljum að spurningin um óskertar auglýsingar, spurningin um óskert markaðslögmál fyrir einkastöðvar, spurningin um það hvort þær fái óskerta möguleika til samskipta við Ríkisútvarpið skipti það miklu að það hljóti að ráða afstöðu þegar til lokaafgreiðslu kemur í þessu máli hér í deildinni.

Hæstv. menntmrh. ræddi um það og skýrði sína afstöðu til auglýsinganna og hversu mjög ráðh. legði upp úr því að þar yrðu engar hömlur á. Hæstv. ráðh. fór alla leið austur í Kínaveldi í sambandi við sitt mál í þessu efni og lýsti því hversu ágætlega málum væri þar fyrir komið með útgáfu á China Daily sem væri ágætisblað sem leysti þar allar þarfir. Ég skynjaði það á milli línanna, þótt ráðh. nefndi það ekki sérstaklega, hversu ágætlega málum væri komið hér ef Morgunblaðið gegndi því hlutverki sem China Daily gegnir austur í Kína að mati ráðh.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði hér grein fyrir brtt. sem hann er flm. að, en raunar eru Alþb. og Bandalag jafnaðarmanna sameiginlega flm. tiltekinna brtt. sem ég hef þegar gert grein fyrir. Hv. þm. gerði að umtalsefni sérstaklega boðveitur og tillögur sínar þar að lútandi. Ég minni á að við 2. umr. málsins gengu til atkv. tillögur af hálfu Alþb. varðandi boðveitur. Við lögðum þar til að þær yrðu í opinberri eigu. Þetta er í rauninni sama sjónarmiðið og fram kemur hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Við teljum það skipta mjög miklu að úr því verði skorið í sambandi við afgreiðslu þessa máls að boðveitukerfið verði í opinberri eigu. Þar með erum við ekki að leggja mat á hvort þar verði um ríkið, Póst- og símamálastofnun, að ræða eða sveitarfélög. Ég lít svo til að hvort tveggja geti komið til greina og ekki sé skynsamlegt að kveða á um að skylda sveitarfélögin með lögum til þess að verða rekstraraðili slíkra boðveitna, en hins vegar sé það velkomið þar sem sveitarfélög vilja færast slíkt í fang. Ég skildi hv. þm. þannig, að hann liti á það sem úrslitaatriði hvort till. hans að þessu leyti næði fram að ganga um opinbert eignarhald á boðveitum. Varðandi afstöðu til frv. í heild og sérstaklega varðandi auglýsingar færi svo að ef ekki yrðu samþykktar tillögur hans varðandi boðveiturnar skilyrti Alþfl. stuðning sinn við hugmyndir um fullt og óskorað frelsi til auglýsinga. Ég er að vísu algerlega andvígur því sjónarmiði sem fram hefur komið af hálfu Alþfl. um að opna fyrir slíkt auglýsingafrelsi hjá einkastöðvum, en ég tel það þó skömminni skárra að afstaða sem þessi hefur hér komið fram af flokksins hálfu. Ég átta mig hins vegar ekki á þeim rökum sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson flutti hér um gildi þess að boðveiturnar væru í opinberri eigu og hvernig það ætti að koma fram sem vernd gagnvart þeirri aðstöðu sem útvarpsréttarhafar fengju með óskoruðu frelsi til auglýsinga. Mér finnst að þarna sé ekkert beint samhengi á milli og tel að slíkt svigrúm einkaaðila, sem fengju slíkt frelsi til þess að keppa eftir lögmálum markaðarins og afla tekna skv. auglýsingum, sé óeðlilegt og samkeppni við Ríkisútvarpið, jafnvel þótt um opinbert eignarhald sé að ræða á boðveitum sem ég tel hins vegar afar mikilvægt að lögfest verði.

Þetta mál er orðið allsögulegt í samskiptum ríkisstjórnarflokkanna og rakti ég í fyrri ræðu við þessa umr. um málið hvernig það hefur þróast, hvernig yfirlýsingar hafa gengið milli flokka, hvernig mótsagnir eru í yfirlýsingum ráðh. um þetta efni, og þar hef ég sérstaklega innt eftir afstöðu Framsfl. fari svo að brtt. á þskj. 514 nái fram að ganga. Ég ítreka þá fsp. hér, og vænti að hæstv. forsrh. geti upplýst þingheim og þd. um það, hver afstaða Framsfl. verður til framhalds málsins ef svo fer að nefnd brtt. yrði samþykkt í deildinni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég efa ekki að upplýsingar hv. þm. Friðriks Sophussonar um framlagningu till. eru réttar. En hitt er staðreynd að þegar við ræddum þessi mál í þingflokki okkar, þá var ekki minnst á þá till. og mér var ekki ljóst að hún væri komin fram. Mér var hins vegar ljóst að það væri komin fram till. frá Bandalagi jafnaðarmanna. En það var eingöngu um hina tvo kostina sem við ræddum, þ. e. algert bann eða eins og frv. er. Á því byggist sá misskilningur sem rætt hefur verið um.

Ef frv. verður breytt í deildinni frá því sem samkomulag var á milli stjórnarflokkanna þegar það var lagt fram og þegar það var afgreitt frá menntmn., þá mun þingflokkur Framsfl. taka afstöðu til framhalds málsins. Hann hefur ekki gert það enn þá. Ég trúi því nú ekki að frv. verði breytt eins og samkomulag varð um það. Mér heyrist ýmislegt benda til þess að svo verði ekki. En Framsfl. mun taka afstöðu til málsins ef til kemur.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hef ég verið áhugamaður um framgang þessa máls og sér í lagi verið þeirrar skoðunar að tímabært væri að afnema einkarétt ríkisins á útvarps- og sjónvarpsrekstri. Eftir að menntmn. hafði fjallað um málið og lagt fram sínar brtt. runnu á mig tvær grímur og ég verð satt að segja að játa að mér var til efs hvort skynsamlegt væri að afgreiða frv. að samþykktum brtt. menntmn. vegna þess að mér sýndist og sýnist raunar enn að þær breytingar muni gera það frjálsræði, sem að er stefnt með frv., að engu, a. m. k. draga svo mjög úr því svigrúmi sem öðrum er ætlað að það væri borin von að nokkur gæti farið af stað með rekstur útvarps eða sjónvarps skv. þeim lögum sem þá mundu gilda.

Nú hefur málið verið lagt fram að nýju og tekið til umr. eftir langt og raunar óskiljanlegt hlé og það kemur í ljós að menntmn. hefur nú fallið frá þeirri fyrirætlan sinni að leggja nefskatt á þjóðina til greiðslu afnotagjalds til Ríkisútvarpsins og tel ég þá breytingu til bóta. Mér skilst að Ríkisútvarpið hafi afþakkað þetta góða boð. En enn þá stendur í frv. ákvæði um svokallað menningarsjóðsgjald, menningarskatt, sem ég hef ekki enn áttað mig á hvaða tilgangi eigi að þjóna. Eftir því sem ég hef best hlerað er þessi skattur í óþökk Ríkisútvarpsins, þeirra aðila sem hann á að renna til. Forsendur hans eru vægast sagt mjög veikar og ef úr honum verður er það vísasti og greiðasti vegurinn til að drepa frjálsræðið aftur í dróma. Ég hefði þess vegna talið langæskilegast að ákvæðið um menningarskatt yrði fellt niður. En menntmn. hefur ekki stigið það skref enn sem komið er.

Hér liggja fyrir, auk tillagna frá menntmn., nokkrar aðrar tillögur. M. a. er þar um að ræða tillögur frá Alþfl. Veigamestar þeirra eru ákvæði um svokallaðar boðveitur. Ég skil þessar tillögur Alþfl. svo að þar sé

um að ræða aðferð til að koma í veg fyrir að í staðinn fyrir einokun ríkisins komi einokun einkaaðila á þessu veitukerfi. Mér finnst það eðlilegt sjónarmið, enda ástæðulaust að færa einokun frá einum til annars ef menn á annað borð eru að tala um aukið frjálsræði á þessum vettvangi. Ég get vel skilið að menn hafi áhyggjur af því að ef veitukerfið, kapalkerfið er í eign einhvers eins aðila muni ríkja óeðlilegt ástand. Að þessu leyti tek ég undir skoðanir og till. Alþfl. Hvort boðveitur eigi að vera í eigu sveitarfélaga eða hvort eigi að setja þannig ákvæði að tryggt sé að enginn einn aðili einoki þær er annað mál og það læt ég liggja á milli hluta, enda finnst mér það kannske ekki á þessu stigi málsins vera aðalatriði. Þessar tillögur finnst mér þess vegna vel hægt að skoða og tel þær engan veginn frágangssök.

Að öðru leyti fjalla ég ekki um tillögur Alþfl., enda ráða þær að mínu mati ekki úrslitum um tilurð þessara laga og skiptir ekki meginmáli hvort þær eru samþykktar eða felldar, og mun ég þess vegna taka afstöðu til þeirra eftir atvikum.

Þær till. sem mest hefur verið fjallað um eru till. um breytingar frá Bandalagi jafnaðarmanna annars vegar og tillögur frá hv. 2. þm. Reykv. hins vegar og fjalla þær báðar um auglýsingar, um aukið svigrúm til handa rekstraraðilum að væntanlegum útvarps- og sjónvarpsstöðvum til að afla sér tekna með auglýsingum. Ég þarf varla að taka fram að ég er hlynntur þessum tillögum og mun greiða þeim atkv. Hér bar á góma í dag að ég, sem nefndarmaður í þeirri nefnd sem útbjó þetta frv. á sínum tíma, hefði fallist á að frv. væri úr garði gert eins og það er lagt hér fram og hefði ekki gert tillögu um að auglýsingaákvæðin væru eins og brtt. gera ráð fyrir. Vil ég í því sambandi vekja athygli þingheims á því og þá sérstaklega athygli hv. 5. þm. Vestf., sem fjallaði um þetta atriði, að á bls. 21 í grg. með þessu frv. er skýrt frá séráliti sem ég lagði fram í lok nefndarstarfsins og þar fjalla ég einmitt um þetta tiltekna atriði. Í þessu séráliti mínu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í áliti nefndarinnar og frumvarpsdrögunum eru stórmerk nýmæli. Mikilvægast er að einkaréttur ríkisins er afnuminn og gert ráð fyrir að fleiri aðilar geti stofnað og starfrækt útvarpsstöðvar í framtíðinni. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessara breytinga, sem marka tímamót á Íslandi. Ég hef hins vegar verið andvígur ýmsum skilyrðum og skorðum sem slíkum stöðvum eru settar, einkum og sér í lagi 2. mgr. 4. gr. og 3. tölul. 5. gr. sem báðar fjalla um takmörkun á auglýsingum í þargreindum stöðvum. Ég óttast að þessar takmarkanir muni hefta getu stöðvanna til að bjóða upp á frambærilegt efni. Ég tel þá reglu farsælasta að láta stöðvunum sjálfum eftir að ákveða magn og umfang auglýsinga um leið og það er ósanngjarnt að banna auglýsingar alfarið í tilteknum stöðvum."

Ég vísa ekki frekar í þetta sérálit mitt, en þarna ætti mönnum að vera ljóst hver mín skoðun hefur verið frá upphafi og hún stendur enn þá óhögguð.

Nú skil ég vel ef menn eru alfarið á móti því að rýmka útvarpsréttinn og að taka einkaréttinn af ríkinu. Það er sjónarmið út af fyrir sig og hefur einn hv. þm. lýst andstöðu sinni gegn þessu frv. og við því er ekkert að segja. Að öðru leyti hafa þeir þm. sem tekið hafa til máls ekki lýst andstöðu sinni við það að einkaréttur Ríkisútvarpsins skuli afnuminn og enginn flokkur hefur tekið þá afstöðu. Hins vegar hefur Alþb. mjög beitt sér gegn þeim ákvæðum sem kveða á um rétt væntanlegra útvarpsstöðva til að hafa auglýsingar í sinni dagskrá og afla sér tekna með þeim hætti.

Í nál. sem undirritað er af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, minnihlutaáliti úr menntmn., segir m. a., með leyfi forseta, að Alþb. telji með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. „Því leggst flokkurinn ákveðið gegn því að handhöfum útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í svæðisbundnum útvarpsstöðvum."

Þessari skoðun hefur hv. þm. fylgt eftir með ræðum sínum í þessari umr. með því að úthella sér yfir svokölluð gróðaöfl sem hann telur að séu að þrýsta á um framgang þessa máls. Ég held að það sé mikill tvískinnungur í því að þykjast vera hlynntur því að einkaréttur Ríkisútvarpsins sé afnuminn og vera hlynntur því að aðrir fái tækifæri til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar, en hafa á sama tíma á móti því að þessir aðilar geti aflað sér tekna til að standa undir rekstrinum. Ég gæti í sjálfu sér flutt hér langar innihaldslitlar ræður um þessi gífuryrði um gróðaöflin og um alla þá vondu aðila sem þar, að mér skilst, eigi að liggja í leynum eins og einhverjir púkar til að sölsa undir sig markaðinn. En ég hef ekki áhuga á því að karpa við hv. þm. Hjörleif Guttormsson á þeim nótum og vil ég heldur reyna að ræða lítillega málefnalega um þetta sjónarmið Alþb., þetta sífellda tal þess um að hættulegt sé að hleypa gróðaöflum að og þess vegna verði menn að vera á móti því að auglýsingar séu leyfðar í öðrum útvarpsstöðvum ef til kemur. Dettur mönnum í hug að virkilega sé hægt að setja á laggirnar fyrirtæki eða rekstur af þessum toga án þess að heimila viðkomandi fyrirtækjum að hafa tekjur af auglýsingum úr dagskrá sinni? Og dettur þeim í hug að hægt sé að reka þessi fyrirtæki með hagnaði til langs tíma? Ég minnist þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók þannig til orða að hann ætlaðist til að menn stunduðu þennan útvarpsrekstur af áhuga, sjálfboðaliðastarfi skilst mér. Það má vel vera að einhverjir hugsjónamenn séu til sem vilji gera það, en það endist enginn til þess í langan tíma, ekki ef þetta á að vera alvöruútvarp. Ég held að þessi endurtekna bábilja um að gróðaöflin séu hættuleg sé ádeila á grundvallaratriði í allri uppbyggingu þjóðlífsins. Auðvitað verða menn að hafa hagnað af rekstri fyrirtækja. Auðvitað verða menn að hefja útvarpsrekstur með það í huga að það skili einhverjum arði. Nú er ég ekki að segja að það eigi að vera aðalsjónarmiðið, aðalforsendan fyrir því að menn fari af stað með útvarp. Auðvitað hljóta menn að hafa áhuga og væntanlega að vilja koma einhverjum boðskap á framfæri. Kannske hafa þeir áhuga á fjölbreytni í fjölmiðlun. Kannske hafa þeir áhuga á því að auka tilbreytinguna í tilverunni. Það er alveg útilokað að átta sig á því á hvaða forsendum menn fara af stað og hafa áhuga á útvarpsrekstri. En það getur enginn búist við því að á þessum vettvangi setji menn peninga í stofnkostnað og kaupi tæki og aðstöðu, fái fólk til að starfa, öðruvísi en að einhverjar tekjur komi á móti.

Ég held að það bréf sem hæstv. forsrh. las upp í dag frá kvikmyndagerðarmönnum sé besta sönnunin fyrir því hvaða þýðingu það hefur að þessar stöðvar, sem

vonandi fara af stað, verða öflugar, hvaða þýðingu það hefur fyrir íslenska kvikmyndagerð, fyrir íslensk auglýsingafyrirtæki og fyrir íslenska menningu í það heila tekið. Ef menn vilja stefna að því að opna fyrir fleiri stöðvar án þess að tekjur skapist á móti er verið að bjóða því heim að menn opni svokölluð „music-box", stöðvar eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur verið að fjölyrða um að einn nafngreindur viðskiptamaður hér í borg ætli að taka sér fyrir hendur — sem er kannske ekki sérstaklega spennandi sjónvarpsefni ef það á að vera á léttu nótunum og eintómt afþreyingarefni. Forsendan fyrir því að menn geti rekið hér menningarlegar og sterkar stöðvar er auðvitað sú að það skapist tekjur til þess að hægt sé að búa út innlenda menningarlega dagskrá. (**HBl:** Og banna það sem er ómenningarlegt.)

Hv. þm. gerir því skóna að ég hefði verið að reka á eftir þessu máli af því ég væri ritstjóri á tilteknu dagblaði hér í borg. Þetta er út af fyrir sig aukaatriði, en ég get ekki séð hvernig það geti talist gagnrýnisvert þó ég, starfa minna vegna, hafi áhuga á fjölmiðlun og hafi áhuga á því að framfarir eigi sér stað á þessum vettvangi. Mér er ljóst, og það er væntanlega öllum þm. ljóst, að það er að verða mikil bylting á sviði fjölmiðlunar, gervihnettir, myndbönd, kapalvæðing o. s. frv., o. s. frv., og það getur enginn séð fyrir hvað gerist næst. Auðvitað er annað útilokað fyrir Íslendinga en að reyna að halda í þessa þróun og nýta hana sér til ánægju og sér til gagns. Ég held að það sé, eins og hæstv. menntmrh. sagði í dag, lífsnauðsyn fyrir Íslendinga af menningarástæðum og lífsástæða af lýðræðislegum ástæðum að tjáningarfrelsið sé virt og að leiðir séu opnaðar fyrir allan almenning til að nýta sér fjölbreytni og nýjungar á þessu sviði.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson hafði áhyggjur af framgangi þessa máls af félagslegum ástæðum og vísaði í því sambandi til kjósenda sinna í Norðurlandskjördæmi eystra. Ég held að reynslan þar fyrir norðan af útvarpsrekstri, að vísu er sá útvarpsrekstur á vegum Ríkisútvarpsins, sýni okkur það svart á hvítu að kjósendur og íbúar í því ágæta kjördæmi hafa fullan skilning á því og hafa fullan áhuga á því að nýta sér þá möguleika að fá til sín nýjar stöðvar. Ég held einmitt að það sé félagslegur styrkur fyrir hinar dreifðu byggðir að stofna staðbundnar útvarpsstöðvar. Þar fær fólkið sjálft að spreyta sig í útvarpsrekstri. Þar fær það sjálft fréttir af því sem er að gerast í kringum það og það tengist böndum á öldum ljósvakans. Þar fá menn sem sagt nýtt tækifæri til að spreyta sig og þjappa sér saman og efla allt menningarlíf, allt samlíf á viðkomandi stöðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ganga í þann flokk manna sem er að tefja fyrir þessu máli með löngum ræðuhöldum. Það hefur nóg verið gert af því að þvælast fyrir þessu máli, löng bið og mikið málskraf. Mér finnst hins vegar frekar ógeðfellt að hlusta á það þegar þm. koma hér í dag og eru með hálfgildings hótanir. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson segir að ef einhverjar tilteknar brtt., málefnalegar, skiljanlegar og réttlætanlegar brtt. á þessu frv., nái fram að ganga sé málinu teflt í tvísýnu. Og fulltrúi Alþb. kemur hér og segir að ef þessar till. verði samþykktar geti Alþb.-menn ekki greitt götu þessa máls þannig að það fái endanlega afgreiðslu. Þetta eru ekkert annað en hótanir. Hér er ekki um að ræða neina málefnalega afstöðu. Hér er bar sagt: Ef eitthvað er samþykkt sem okkur líkar ekki ætlum við að þvælast fyrir og koma í veg fyrir að málið sé afgreitt. — Þetta finnst mér vera ógeðfelldur og óviðeigandi málflutningur.

Það hefur komið ljóslega fram og öllum kunnugt um það að ágreiningur er um einstök ákvæði þessa máls og í þessari lotunni beinist athyglin fyrst og fremst að auglýsingum og hversu rúmar þær eiga að vera. Mér finnst alls ekkert óeðlilegt við það þó þingið gangi til atkv. og tjái hug sinn um það eftir sannfæringu sinni. Menn þurfa ekki nokkurn skapaðan hlut að gera samkomulag um það eða gera samkomulag um það að vera ósammála eða gera samkomulag um að samkomulagið gildi, eins og hér var verið að tala um og í tíunda í umræðunni í dag, á milli einstakra ráðherra.

Ég held að það virki hálfankannalega og hálfhlægilega fyrir allan almenning, ef hann fylgdist með þeirri umr. þegar menn koma og ræða fram og til baka hvort þeir hafi gert samkomulag um einhverja málamiðlun um svona mikilvæg atriði. Þetta mál hefur verið í brennidepli. Það er fylgst með því hvort það nái fram að ganga. Það er fylgst með því hvort þingið meinar eitthvað með því, stjórnmálamenn, að hér eigi að vera virkt lýðræði, tjáningarfrelsi. Ég held að fólk hefði ekki sérstaklega mikið álit á Alþingi ef það spyrst að hér sé verið að afgreiða mál annaðhvort undir hótunum eða samkvæmt samkomulagi sem stríðir kannske gegn vilja og sannfæringu meiri hluta þingmanna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki tekið oft til máls í þessum umræðum um útvarpslög og hef ekki verið að tefja þetta mál með löngum ræðuhöldum. Það er frekar hv. 6. þm. Reykv. sem hefur sett hér á langar tölur um þessi mál. Og í sjálfu sér ætla ég ekki að blanda mér í þau efnisatriði sem hann hefur verið að gera grein fyrir að öðru leyti en því, að ég ætla að segja að ég er honum hjartanlega ósammála í flestu sem hann hefur sagt. Hann er hér að mæla fyrir því að skapaðar verði forsendur til þess að fjármagnið fái þá einokun sem nú er hjá Ríkisútvarpinu, hann er að hafna því að settar verði lýðræðislegar reglur um að takmarka vald fjármagnsins. Það kemur mér ekki á óvart. Hv. þm. hefur verið talsmaður þeirra sem hafa vantrú á lýðræðinu, vantrú á þingræðinu. Það kemur fram í umræðum um fleiri mál en útvarpslögin, það kemur fram í umræðum um Byggðastofnun, þróunarfélag og hvað það nú allt heitir sem hér er til meðferðar dag eftir dag. Það hefur verið býsna fróðlegt að fylgjast með því hvernig línur hafa skorist á milli stjórnmálaflokka í þessum umræðum þar sem tekist hefur verið á um grundvallar pólitísk atriði, það hefur verið ákaflega fróðlegt. T. d. hef ég veitt því athygli hvernig Alþfl. hefur talað í þessu máli í gegnum sinn formann, ég tala nú ekki um Bandalag jafnaðarmanna, sem er yfirleitt kaþólskara en páfinn, þ. e. hægra megin við íhaldið, þegar kemur að málum eins og því sem hér er á dagskrá.

Vandinn virðist vera stór hjá stjórnarflokkunum í sambandi við þetta mál eins og hér hefur komið fram í umræðunum í dag. Það er ljóst að hæstv. menntmrh. taldi sig hafa samkomulag við hæstv. forsrh. um það að þm. Sjálfstfl. mættu fylgja sannfæringu sinni í þetta skipti. Hæstv. menntmrh. lýsti því hér áðan að hún hefði staðið í þeirri góðu trú að þm. Sjálfstfl. mættu

fylgja sannfæringu sinni, aldrei þessu vant. Hæstv. menntmrh. gerði mjög ítarlega grein fyrir þessu og sömuleiðis hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson. Ég skildi ræður þeirra beggja þannig að þau hefðu þarna verið í góðri trú. Hins vegar kemur það síðan fram hjá hæstv. forsrh. að ef till. BJ eða till. hv. þm. Friðriks Sophussonar verða samþykktar, þá hefur forsrh. landsins sjálfur í hótunum um að stöðva útvarpslagafrv. og framgang þess. Þetta liggur alveg ljóst fyrir eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það er sem sagt greinilegt að stjórnarflokkarnir eru vanbúnir til þess að taka á þessu máli. Og það kemur út af fyrir sig ekki á óvart að það sé erfitt vegna þess að hér er auðvitað verið að ganga þvert á þau viðhorf sem uppi hafa verið varðandi afskipti löggjafans af fjölmiðlum í landinu á undanförnum árum.

Ég tel reyndar að Framsfl. hafi gefið mjög mikið eftir í þessu máli, ég tel það alveg bersýnilegt. Það kom mér ekkert á óvart, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér í dag, að þegar hann kynnti málið í Framsfl. hefði þm. Framsfl. talið málið svo óhagstætt fyrir framsókn en hagstætt fyrir íhaldið að hann hafi næstum verið skotinn í kaf, þessi hv. þm., og er hann þó, eins og kunnugt er, vaskur og vafalaust einnig fimur í þingflokksherbergi Framsfl. við að bera af sér spjótalögin. Framsfl. hefur gengið þarna í raun og veru út fyrir öll þau mörk sem ég geri ráð fyrir að margir hans stuðningsmenn hafi talið að þessi flokkur gæti gert. Þess vegna telja menn að það sé í raun og veru nauðsynlegt að stöðva sig af. Framsfl. telur að hann sé kominn út á ystu brún og þess vegna eru þeir framsóknarmenn núna að endurskoða afstöðu sína. Þeir eru að reyna að finna leið eftir allt frelsisruglið, sem þeir hafa innleitt hér í þjóðfélaginu, þeir eru að reyna að finna leið til þess að smokra sér út úr þessum vanda. Og þá er bersýnilega snjallt að bregða fyrir sig þessum misskilningi í þessu stefnumóti á stigagangi, sem þau áttu hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., sem er í rauninni eitt merkilegasta stefnumót sem hefur verið gerð grein fyrir hér á Alþingi mjög lengi, að ekki sé meira sagt. Í þessari stöðu er Framsfl. núna. Hann engist sundur og saman og íhald togar svo í hina áttina, fjölmiðlarisinn sem Samband íslenskra samvinnufélaga hefur að hluta til átt aðild að að koma á fót ásamt þeim öflum hér í þjóðfélaginu sem eiga fyrir stærsta fjölmiðla. Dæmið um ÍSFILM er auðvitað alveg sláandi um það sem hér er að gerast. (**HBl:** Hvað er þetta ÍSFILM?) ÍSFILM er fyrirtæki sem nokkrir aðilar, Morgunblaðið og fleiri, hafa komið á laggirnar ásamt Reykjavíkurborg og fleiri aðilum og ég held að SÍS hafi eitthvað komið þar nálægt. Þetta dæmi um ÍSFILM er alveg sláandi um það sem hér er að gerast. Það er verið að afhenda fjármagninu valdið, það er verið að afhenda fjármagninu þá einokun sem menn telja að Ríkisútvarpið hafi haft. ÍSFILM er alveg talandi dæmi um þetta.

Varðandi þær brtt., herra forseti, sem hér liggja fyrir vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að hér er um að ræða þrjár brtt. Þær eru á þskj. 507, 514 og 861. Það eru þær þrjár brtt. sem snerta þetta deilumál á milli stjórnarflokkanna. Á þskj. 861 flytur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson brtt. við brtt. hv. þm. Kristínar Kvaran á þskj. 507. Ég vil spyrja hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson: Hver verður afstaða Alþfl.? Ég óska eftir að það liggi fyrir áður en þessari umr. lýkur hér, 3. umr. í deildinni, hver verður afstaða Alþfl. ef till. á þskj. 861 verður felld. Verði till. á þskj. 861 felld hlýtur auðvitað að koma til athugunar að þeir Alþfl.-menn telji að þau tíðindi hafi gerst að þeir hljóti að snúast gegn hinum frjálsu auglýsingastöðvum. Ef Alþfl.-menn við svo búið snúast gegn hinum frjálsu auglýsingastöðvum, ef Framsfl. greiðir atkvæði á móti þessum frjálsu auglýsingastöðvum, og það mun Alþb. gera, ef þessir flokkar þannig snúa bökum saman, þá er þessi íhaldstillaga frá hv. þm. Friðrik Sophussyni undir dulnefni, sem er svo flutt hér af öðrum þm. og á öðru þingskjali, fallin, þá er hún þar með úr sögunni. Ég sé því ekki betur en hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi líf ríkisstj. í hendi sér. (**JBH:** Heyr, heyr!) Ég held að það sé nauðsynlegt að hér komi skýrt fram: Ætlar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að hjálpa Sjálfstfl. við að knýja fram þau skilyrði sem voru samþykkt á landsfundi Sjálfstfl.? Er hann kominn í þannig verk hjá íhaldinu að hann vilji beinlínis aðstoða þá við að halda stjórnarsamstarfinu áfram með því að ná þessu skilyrði fram? Ég hef auðvitað tekið eftir því að það hefur verið ástarkvak á milli þeirra hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og hv. þm. Þorsteins Pálssonar hér úr ræðustólnum. Þó það hafi e. t. v. ekki verið eins „sénerandi" og sögurnar af stefnumótinu hér í dag, þá hafa allir þm., sem fylgjast með, tekið eftir þessu kvaki, þessari hringekju ástarinnar sem hefur verið á milli þessara forustumanna tveggja stjórnmálaflokka. En allt um það, spurningin er sú: Ætlar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem formaður Alþfl. að beita sér fyrir því að knýja fram skilyrði landsfundar Sjálfstfl.? Það er vissulega athyglisvert innlegg í löggjafarstarfið. Og það væri fyrsta tillagan sem hv. þm. sem formaður Alþfl. hefði í raun og veru náð fram hér á Alþingi. Það fer auðvitað vel á því að viðreisnarmeirihlutinn birtist okkur í hinu alfrjálsa auglýsingaútvarpi. Það fer vel á því að viðreisnarstjórnin komi þannig út úr greninu og hv. þm. hefji þannig þá göngu sem hann hefur verið að boða á þeim fundum þar sem hann hefur verið að leita að því hver á Ísland.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson geri hér grein fyrir þessu, vegna þess að það skiptir bersýnilega mjög miklu máli.

Á þskj. 861 er sem sagt þessi brtt. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Við skulum segja að hún yrði samþykkt. Þá kæmi væntanlega næst til atkvæða fyrri málsliður till. á þskj. 507 frá hv. þm. Kristínu Kvaran. Og ég segi fyrri málsliður vegna þess að þessi till. er efnislega í tveimur hlutum og hún er rangt upp sett hér í þskj. Það er ekki hægt að greiða atkvæði um þessa till. í einu lagi. Og ef svo færi að till. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar á þskj. 861 yrði samþykkt þá sýnist mér margt benda til þess að till. á þskj. 507 yrði samþykkt líka. Og þá rennur upp stóra stundin sem hæstv. forsrh. var að lýsa hér áðan. Þá tekur Framsfl. málið til athugunar. Það er ekkert annað. Það er haft í miklum hótunum hérna. Framsfl. tekur bara málið til athugunar. Ég verð nú að segja að það er ekki seinna vænna en að hann taki sinn gang til athugunar, Framsfl. En mjór er mikils vísir. Það er gott að Framsfl. fari að taka málin til athugunar, sérstaklega af því að hv. þm. Páll Pétursson er nú kominn heim. Og þá get ég ekki skilið stöðuna öðruvísi en sem svo að forsrh. landsins hafi haft í hótunum við samstarfsflokk sinn um það að stöðva

málið í Ed. ef hann verður undir í Nd. (**HBl:** Er þetta ekki einhver misskilningur?) Það var augljóst, hv. 2. þm. Norðurl. e., sem treystir auðvitað nú sem endranær forsrh. sínum betur en öllum öðrum mönnum, það var augljóst að hæstv. forsrh. var að hóta því að hefna þess í Ed. sem hallast á í Nd. Þetta eru nú heilindin í hinu góða stjórnarsamstarfi sem þeir voru að lýsa hér í sjónvarpinu fyrir fáeinum vikum hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson og hæstv. forsrh. Þannig er staðan, þessar hótanir liggja hér alveg fyrir. Framsfl. segir sem svo: Ef þið keyrið yfir mig í Nd. þá munum við, vegna þess að stutt er eftir af þinginu, stöðva málið í Ed. Og nú getur einhver sagt eins og hv. þm. Halldór Blöndal, sem er nú horfinn úr dyrunum því miður: Þetta er einhver misskilningur, þetta er einhver vitleysa, svona gera menn ekki í stjórnarsamstarfi. En þá ætla ég að bæta við: Ég hef reynslu af Framsfl., ég hef verið aðili að ríkisstj. með Framsfl., ég veit nákvæmlega hvernig þeir vinna. Og ef Sjálfstfl. er með svo bláeygða og barnalega forustu að hann lætur sér detta í hug að Framsfl. meðhöndli þetta mál af einhverjum heilindum uppi í Ed., eftir að hafa beðið lægri hlut í Nd., þá veit Sjálfstfl. greinilega og hv. þm. Halldór Blöndal ekki með hverjum hann er í ríkisstj. vegna þess að Framsfl. mun auðvitað í þessu máli haga sér nákvæmlega eins og ég hef hér lýst.

Til þess að fá það fram hvað hér er á ferðinni vil ég spyrja í fyrsta lagi hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson þeirrar spurningar sem ég bar hér fram áðan og ætla ekki að endurtaka og þarf örugglega ekki að endurtaka. En í öðru lagi ætla ég að spyrja hv. þm. Ólaf Þórðarson sem er aðaltalsmaður Framsfl. í þessu máli að forsrh. fjarstöddum: Mun Framsfl. stuðla að framgangi þessa máls í Ed. eftir að hið frjálsa auglýsingaútvarp hefði verið samþykkt? Mun Framsfl. stuðla að því að frv. nái þá fram að ganga eins og það kemur frá Nd. eða mun Framsfl. beita sér fyrir því að frv. verði breytt aftur í Ed.? Þetta þurfa menn auðvitað að fá hér fram.

Ég geri ráð fyrir því að það séu fleiri hér en ég sem munar í það að fá fréttir af því hvað framsókn hyggst gera í þessu efni. Ég geri ráð fyrir því. Og það væri einnig fróðlegt að fá að vita hvað það er sem hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., vill segja um þetta mál. Eða er það ætlun framsóknarmanna kannske að láta ganga yfir sig alveg í þessu máli og leggja niður vopnin, lyppast algerlega niður? Eða hvernig ætla þeir að bregðast við? Alþb. er fyrir sitt leyti tilbúið til þess að gera bandalag, jafnvel við Framsfl., um að stöðva hina gegndarlausu útþenslu fjármagnsins sem hér er gerð till. um. Ef Framsfl. hefur döngun í sér til að taka því tilboði, þá er það vel. (**JBH:** Bandalag við framsókn um að stöðva SÍS.) Ja, það væri snjallt að gera bandalag við framsókn um að stöðva SÍS. Ég sé að það eru fleiri en ég sem átta sig á því hvað það væri mikil nýlunda.

Herra forseti. Ég hef hér lagt fram tvær fsp. til tveggja hv. þm. til að fá upplýsingar um það hvernig málið stendur í tveimur stjórnmálaflokkum, miðjumótsflokkunum tveimur, Alþfl. og Framsfl., vegna þess að það er óhjákvæmilegt að fá þær upplýsingar áður en málinu lýkur. Ég geri ráð fyrir að það sé nauðsynlegt fyrir fleiri en mig að fá þær upplýsingar.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Til mín hefur verið beint spurningum sem ég hef að vísu þegar svarað vegna þess að afstaða Alþfl. í þessu máli er deginum ljósari og var rækilega gerð grein fyrir henni áðan. Hún er sú að við erum reiðubúnir til að styðja till. um heimildir til að selja auglýsingar í nýjum stöðvum, er stofnaðar yrðu, gegn ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin eru í fyrsta lagi að á þeim reynslutíma sem hér um ræðir verði þessar gjaldskrár undir verðlagseftirliti. M. ö. o.: gjaldskrár skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Þetta er fyrra skilyrðið.

Hið síðara og miklu mikilvægara er að nái þetta fram að ganga erum við því aðeins reiðubúnir að styðja það til enda að till. okkar um boðveitukerfi í eigu sveitarfélaga nái fram að ganga. Í máli mínu kom þetta mjög skýrt og skilmerkilega fram og ég eyddi miklum tíma í að rifja upp fyrir hv. þm., þ. á m. hv. 3. þm. Reykv., hvers vegna þetta skiptir sköpum. M. ö. o.: ef við ætlum að gera tilraun sem felur í sér að aflétta einokun Ríkisútvarpsins viljum við tryggja að í staðinn komi ekki forræði einhverra fjölmiðlarisa, fjármagnsins á máli hv. 3. þm. Reykv., heldur verði með þessum félagslega eignarrétti boðveitukerfisins sjálfs tryggður aðgangur sem flestra sem vilja koma á framfæri í gegnum þetta veitukerfi dagskrárefni. Þetta er m. ö. o. hin lýðræðislega þróun sem við viljum móta og þetta er um leið grundvallarstefnumótandi ákvörðun að því er varðar þróun fjölmiðlasamfélags og tölvuvæðingu í þessu þjóðfélagi. Þannig er þetta allt ákaflega skýrt og skilmerkilegt.

Hv. þm. spyr: Er Alþfl. þar með að knýja fram skilyrði sem landsfundur sjálfstæðismanna setti? Það má orða það svo að með þessum tillöguflutningi séum við að gefa Sjálfstfl. kost á að fylgja eftir og standa við hluta af samþykktum sínum á landsfundi sem var um afnám einokunar Pósts og síma á dreifikerfinu. Till. okkar eru um heimildir sveitarfélaga, sveitarfélögin ráði þessu, og styðst við ákveðin efnisleg rök og um það hafa verið gerðar ákveðnar ályktanir á landsfundi Sjálfstfl. Að því leyti er þetta, eins og ég sagði, tilefni til að gefa Sjálfstfl. kost á að sýna að hann standi nú við sannfæringu sína í verki.

Það er merkilegt nokk. Það virðist ekki vera neinn ágreiningur milli flokka um það að af tæknilegum ástæðum sé æskilegt að einn aðili eigi þetta boðveitukerfi og í annan stað virðast allir flokkar hafa uppi einhverjar hugmyndir — ég veit ekki um Kvennalistann — um að æskilegt sé að þetta sé með einhverjum hætti í opinberri eigu. Það sjónarmið er stutt af BJ, það sjónarmið er stutt af Alþb., það sjónarmið er stutt af Alþfl., mér er tjáð að það sjónarmið eigi miklu fylgi að fagna í Framsfl. og þó ekki liggi fyrir um afstöðu Sjálfstfl. er hann a. m. k. á móti núverandi kerfi og mér er tjáð að mjög margir þm. gætu hugsað sér að styðja slíka till.

Ég leyfi mér þess vegna að vona, miðað við þessi rök, að þessi till. fái framgang og tel hana vera úrslita- og lykilatriði.

Ég minni á að hér liggur fyrir till. frá BJ sem er um það að setja sérstakar skorður við því að eigendum fjölmiðla, við skulum segja Morgunblaðið, Dagblaðið, SÍS eða aðrir slíkir aðilar, sé heimilt að eiga líka útvarpsstöðvar/sjónvarpsstöðvar samkv. heimildum í þessum lögum. Ég hef einhvern veginn ekki mikla trú á því að þetta ákvæði haldi, strangt tekið. Ég held það séu

til ótal ráð til þess fyrir þessa aðila að mynda dótturfyrirtæki og fara fram hjá merkingu þessa lagaákvæðis. Hitt er annað mál að ef eignarrétturinn á sjálfu dreifikerfinu er ótvírætt í höndum eins aðila og ef það er félagslegur aðili eins og við gerum ráð fyrir, þá kemur það síður að sök vegna þess að með þessum tillögum um boðveitukerfið er verið að tryggja lýðræðislegan aðgang hinna mörgu og hugsanlega hinna smáu aðila, sem ekki hafa yfir miklu fjármagni að ráða, að þessari fjölmiðlabyltingu. Tækið er þá ekki einokað, það er opinn miðill.

Þetta á efnislega við um okkar tillöguflutning og er reyndar ekkert annað en einföld endurtekning á því sem ég sagði áðan og hefði þess vegna verið óþarfi að ítreka það ef hv. 3. þm. Reykv. hefði fylgst með því. Afstaða okkar er skilyrt. Við erum reiðubúnir að gera þetta að uppfylltum þeim skilyrðum að auglýsingataxtar verði undir verðlagseftirliti og að eignarrétturinn á boðveitukerfinu verði í félagslegri eign. Þess vegna hefði hv. 3. þm. Reykv. alveg getað sparað sér hjárænulegar glósur sínar um pólitíkina í málinu, þ. e. að boða hér einhvern stjórnarmyndunarmeirihluta.

Hins vegar skil ég ákaflega vel af hverju þetta er honum svona ofarlega í huga. Ástæðan fyrir því er sú að þegar hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., fór hér um daginn knékrjúpandi á fund forseta Alþýðusambands Íslands á þar til gerðan sáttafund, þá gerði hann það ekki ótilneyddur og á bak við það liggja ákaflega augljósar forsendur. Upplausnin í Alþb. er nú komin á það stig að Alþb. er sá af flokkum stjórnarandstöðunnar sem má ekki hugsa til þess að til kosninga komi, að hér verði breytingar á stjórnarmeirihluta. Það er dagskipan flokksins, þó þetta lið sé tvístrað og sundrað, að undir engum kringumstæðum megi Alþb. halda þannig á málum að þeir atburðir kunni að gerast, jafnvel í kjarabaráttu vinnandi fólks, að þessi stjórn hrökklist frá völdum. Í krafti þessarar sameiginlegu kenningar er sáttargjörðin við forseta Alþýðusambandsins gerð. Í því skyni að réttlæta þetta fyrir erindrekum og áróðursmönnum flokksins hefur þeim rökum verið beitt að miðað við fylgisleysi og stefnuringulreið Alþb. nú liggi það alveg ljóst fyrir að ef gengið yrði til kosninga, ef þessi stjórn hrökklaðist frá völdum væru ákaflega litlar líkur á því að Alþb. hefði nokkra burði og nokkurt fylgi til þess að ná nokkurri valdaaðstöðu, jafnvel líklegt að það hryndi niður í þá félagslegu stöðu að vera jafnvel ekki kvensterkt eða jafnoki Kvennalista.

M. ö. o. er hv. 3. þm. Reykv. mesti áhugamaður um að þetta stjórnarsamstarf haldi áfram og gerir um það samkomulag víðs vegar um bæinn. Sá sem hér talar, formaður Alþfl., er hins vegar enginn áhugamaður um áframhaldandi stjórnarsamstarf og er reiðubúinn að ganga til kosninga sem og flokkur hans hvenær sem er. Þeim mun fyrr, þeim mun betra. Hitt er annað mál að það hefur engin ákvörðun verið tekin og liggur ekkert fyrir um það hvers konar stjórn yrði mynduð að þessu stjórnarsamstarfi loknu og er reyndar ekki hér á dagskrá, herra forseti. En mikið má það vera slæmt stjórnarmyndunarmynstur ef það væri ekki ögn skárra en þetta.

Þetta er sagt að gefnu tilefni og til þess að vísa þessum glósum til föðurhúsa. Það er vitað að innan Alþb., þó það skrifi bréf til stjórnarandstöðuflokka um landsstjórnarafl stjórnarandstöðuflokka, fylgir ekki hugur máli. Það er alveg vitað að verkalýðsforustan innan Alþb. á sér draum um sögulegar sættir og um aðild að nýrri nýsköpunarstjórn. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn að stuðla að því að raunsæir menn og róttækir og einlægir verkalýðssinnar í Alþb. ættu aðild að slíkri stjórn, reyndar reiðubúinn að stuðla að því að þeir fái að njóta sín í öðrum stjórnmálasamtökum, þ. e. sem róttækir sósíaldemókratar og verkalýðssinnar. Þá er það að verða berar með degi hverjum að þeir eiga litla samleið með hv. 3. þm. Reykv. og flokksforustu Alþb. Og það kann að vera að þeir ættu að stíga skrefið til fulls og hasla sér völl annars staðar en í því typpilsinna millistéttarbandalagi sem nú er að leysast upp fyrir augunum á okkur.

Þetta hefur hins vegar verið aukaatriði að því er varðar útvarpslögin. Aðalatriði málsins er að Sjálfstfl. er hér í nokkrum vanda. Honum er það mikið hugsjónamál að hinar nýju útvarpsstöðvar verði reknar á jafnréttisgrundvelli út á samkeppnishæfni, þ. e. hafi heimild til að afla auglýsinga. Nú standa mál þannig að Sjálfstfl. á völina og kvölina. Hann getur hugsanlega fengið þessu máli framgengt gegn því að taka afstöðu til þess, sem er aðalatriði málsins, að miðillinn sjálfur, dreifikerfið, verði í höndum sveitarfélaga sem tryggi lýðræðislega þróun fjölmiðlamála hér á næstu árum. Nú reynir á hvort Sjálfstfl. tekur því að styðja við þetta mál, koma þessu máli fram að þessum skilyrðum fullnægðum. Hvaða áhrif það hefur svo á stjórnarsamstarfið hef ég nú ekki miklar áhyggjur af. Ég veit hins vegar að þó að Framsfl. yrði eitthvað beygður í þessu máli, sem er ekki útséð um, mun hann halda fast við stefnu sína eftir sem áður. Framsfl. er stefnufastur flokkur og stefna hans er aðeins ein. Hún er sú að lafa í ríkisstjórn hvenær sem er, með hverjum sem er, um hvað sem er, svo fremi að hagsmunir SÍS séu tryggðir. Þannig eru litlar líkur á að Framsfl. hlaupi nokkuð út úr ríkisstj., jafnvel þótt hann yrði að sæta því að málið fengi hér þann framgang að auglýsingar yrðu heimilaðar undir verðlagseftirliti.

Hann ætti hins vegar að sjálfsögðu kost á því að styðja við það félagslega sjónarmið að boðveitukerfin yrðu að veruleika í eigu sveitarfélaga.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil byrja á að geta þess að þó að menn reyni að benda á sennilega þróun, hvort sem menn kalla það spádóm eða það sem menn telja sig sjá fyrir, þá felast ekki í því hótanir. Það felast ekki í því hótanir og það felast ekki í því tilboð.

Ég vil minna á það að hv. 1. þm. Vesturl. vakti athygli á því að það gæti orðið til að drepa mál hér í þinginu ef niðurstaða nefnda yrði hundsuð af deildinni. Ég held að hver sá sem hefur komið nálægt þessum þingstörfum geri sér grein fyrir því að þegar deildin tekur ákvörðun um að breyta meirihlutatillögum nefnda þá þýðir það mjög oft að deildin, sem fær málið til meðferðar, lítur svo á að hún þurfi að skoða það upp á nýtt, kanna hvaða flötur sé á málinu, hvað það sé sem þarna sé raunverulega deilt um.

Ég ræð engu um störf Ed. eða menntmn. þar. Menntamálanefndarmenn munu taka sjálfstæða ákvörðun um það hversu langan tíma þeir þurfa til að vinna að málinu. Ég hef alið þá von í brjósti að þetta mál færi út úr þinginu og að frv. yrði að lögum. Ég hef

viljað gera þessa tilraun, láta á það reyna og minna á að þetta frv. verður endurskoðað eftir ákveðinn tíma. Ég var sammála mjög mörgu sem kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. varðandi það að við erum að fara inn á ný svið sem tíminn einn leiðir í ljós hvaða þróun taka.

Það er ekki hægt að sjá það fyrir í dag hversu margir munu t. d. fara út í útvarps- eða sjónvarpsrekstur. Það er heldur ekki hægt að sjá það fyrir hvort dagskrá þessara stöðva verður til fyrirmyndar eða ekki eða hvaða áhrif þær eiga eftir að hafa á menningarlíf í landinu. En það er aftur á móti ávallt spurning hjá þeim sem standa að lagasetningu hvort þeir vilja þróun eða hvort þeir vilja byltingu. Ég hef viljað þróun í þessum efnum.

Hv. 4. þm. Reykv. taldi að ég hefði látið að því liggja að um svik væri að ræða ef ekki yrði staðið við það samkomulag sem gert var. Það er vissulega rétt að það var skrifað undir nál. með þeim fyrirvara að heimilt væri að fylgja brtt. sem fram kæmu. Engu að síður var það hans skilningur að breytingar á þessari grein, sem aðaldeilan hefur staðið um, væru ekki í anda samkomulagsins því að hann hóf ekki umr. um stuðning við þær breytingar fyrr en hann hafði talað við hæstv. menntmrh. og talið sig hafa fengið grænt ljós.

Ég hafði dálítið gaman af því þegar hv. 5. þm. Reykv. flutti hér tilboð sitt. Þetta var opið tilboð. Það var ekki farið í neinar grafgötur með það að hér væri boðið upp á viss hrossakaup og lýst nákvæmlega hvert væri kaupverðið og hver væru skilyrðin. E. t. v. eigum við von á því í framtíðinni að heyra fleiri slík tilboð og það verði n. k. tilboðsstjórn sem eigi eftir að taka við þar sem það verði rætt hér úr ræðustól hvað sé boðið upp á og hver séu skilyrðin. En ég er ekki viss um að Sjálfstfl. telji þrátt fyrir allt að þessi vinnubrögð séu þess eðlis að þau séu girnileg til samstarfs.

Hv. 5. þm. Reykv. gat þess hver væru skilyrðin fyrir því að framsókn sæti í stjórn. Hann hóf sínar tölur á þann veg að það væri hagsmunagæsla fyrir SÍS. Mér er ljóst að Alþfl. getur ekki staðið að neinni efnahagslegri hagsmunagæslu fyrir þær eignir sem eitt sinn voru Alþýðuflokksins hér á landi eða Alþýðusambandsins, þ. e. verkalýðshreyfingarinnar, vegna þess að hann tapaði þeim öllum. Þannig hafa mjög mörg fyrirtæki, sem Alþfl. hefur borið ábyrgð á í gegnum söguna, siglt yfir. En að bera það á stjórnmálaflokk að hann sé fyrst og fremst hagsmunagæsluaðili fyrir eitt fyrirtæki, það nálgast að vera það sem kallað er úti í hinu daglega lífi meiðyrði. Það nálgast það að segja að menn gangi fyrir mútum, svo langt er haldið með þennan málflutning. Auðvitað nær það engri átt, hv. 5. þm. Reykv., að berja á þennan hátt frá sér.

Aftur á móti er mér ljóst að Alþfl. einn stjórnmálaflokka á Íslandi hefur þá stóru hagsmuni í dag að fá alþingiskosningar á undan sveitarstjórnarkosningum. Hvers vegna? Vegna þess að ef sveitarstjórnarkosningar verða á undan kemur í ljós hvert fylgi flokksins er, m. a. í Reykjavík. Hv. 5. þm. Reykv. hefur engan áhuga á því að slíkar upplýsingar liggi fyrir og ég skil hann mætavel. Það yrði ljóta hrollvekjan að fá sveitarstjórnarkosningarnar á undan.

Þá er aðeins eitt atriði eftir. Það er: Mun framsókn stuðla að því að frv. fari óbreytt í gegnum Ed. ef því verður breytt nú? Ég vil geta þess hér að í því samkomulagi sem gert var í n. var að sjálfsögðu haft fullt samráð við fulltrúa Framsfl. í menntmn. Ed. til þess að stuðla að því að um samræmingu á sjónarmiðum væri að ræða. Ég taldi að með því væri unnið af heilindum. Hitt hefði verið óeðlilegt að gera samkomulag í Nd. og segja svo að þegar það kæmi til Ed. að þá væri von á einhverri allt annarri afstöðu. Ég tel þess vegna að skoðanir okkar, hv. þm. Haraldar Ólafssonar og mín, í þessum málum fari saman og ég hef trú á því að hann vilji vinna að því að halda frv. í þeirri mynd sem samkomulagið hljóðaði upp á.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur nú skýrst talsvert. Það liggur fyrir að verði auglýsingafrelsið samþykkt í Nd. mun Framsfl. beita sér fyrir breytingum á því þegar það mál kemur til Ed. Það liggur fyrir. Hótunin gildir sem sagt bæði fyrir Nd. og Ed., sú hótun sem hæstv. forsrh. flutti hæstv. menntmrh. núna fyrr á þessum fundi. Það er fróðlegt að það skuli liggja fyrir og það er vænti ég fróðlegt fyrir fleiri en mig.

Ég ætla ekki að fara að stríða hv. 5. þm. Reykv. meira. Hann var svo viðskotaillur áðan og tók það óstinnt upp sem ég var að segja. En ég ætla að minna hann á eitt. Veturinn 1983 var hér til meðferðar í þinginu mjög umdeilt mál sem klauf þáverandi ríkisstj., álmálið. Núverandi stjórnarflokkar tóku höndum saman um það mál í raun og veru gegn páv. ráðh. Það sem er að gerast núna er að mörgu leyti það sama. Mér sýnist að Alþfl. og BJ séu að ganga til liðs við Sjálfstfl. hér í þessari deild um þetta mál og vísa þannig veginn inn í þá framtíð sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur iðulega talað fyrir, nýja viðreisnarstjórn. Þetta segi ég vegna þess að reynslan kennir manni að í svona málum, þar sem ágreiningslínur skerast mjög ákveðið, koma oft betur fram en nokkurn tíma ella þær meginlínur sem íslensk stjórnmál þróast eftir.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson svaraði minni fsp. og ég þakka honum fyrir það. En mér fannst hann misskilja mig pínulítið. Hann segir: Við styðjum till. um auglýsingafrelsi með tveimur skilyrðum. Það sem ég var að spyrja hann um var: Hvað gerir hann að skilyrðunum föllnum? Í fyrsta lagi setur hann það skilyrði að verðlagseftirlit skuli fylgjast með verði á auglýsingatöxtum. Falli sú tillaga, mun Alþfl. þá eftir sem áður styðja auglýsingafrelsi? Vegna þess spyr ég að þetta kemur fram um leið og hin örlagaríka atkvæðagreiðsla um 4. gr. þessa frv. fer fram.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur kannske misskilið mína spurningu að því er þetta varðar og þá er það vegna þess kannske að ég hef ekki orðað hana nógu skýrt. En það var þetta sem ég átti við: Falli skilyrðið, mun hann engu að síður styðja hið frjálsa auglýsingaútvarp? (**JBH:** Þá væri það ekki skilyrði.) — Þá væri það ekki skilyrði, sem þýðir það að falli brtt. á þskj. 861 þá snýst Alþfl. gegn hinu frjálsa auglýsingaútvarpi hv. þm. Friðriks Sophussonar. Það þýðir væntanlega að sú till. er fallin í atkvæðagreiðslu á morgun. Þá hafa þær upplýsingar fengist sem ég var hér að leita eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 81. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Fylkisstjórnir, þáltill. 483. mál (þskj. 857). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Friðarfræðsla, þáltill. 484. mál (þskj. 858). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leit að brjóstakrabbameini, þáltill. 12. mál (þskj. 12, n. 702, 703). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 703 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 884).

Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum, þáltill. 177. mál (þskj. 189, n. 728, 729). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 729 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 885).

Endurreisn Viðeyjarstofu, þáltill. 76. mál (þskj. 78, n. 790, 791). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 791 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 886).

Varnir gegn fisksjúkdómum, þáltill. 271. mál (þskj. 449, n. 795, 796). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 796 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 887).

Fjáraukalög 1980, frv. 367. mál (þskj. 587, n. 825). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða, þáltill. 359. mál (þskj. 572). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hagkvæmni útboða, þáltill. 366. mál (þskj. 584). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnumál á Norðurlandi eystra, þáltill. 394. mál (þskj. 639). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskeldismál, þáltill. 427. mál (þskj. 712). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 157. mál (þskj. 162, n. 815). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 815 um till. til þál. um skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og kynnt sér umsagnir um það. Einnig hafa nm. að sjálfsögðu vegna staðsetningar Alþingis haft nokkra yfirsýn yfir það hvað hér er verið að tala um.

Álit allshn. var á þann veg að nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 888).

Efri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, að loknum fundi í Sþ.

Sláturafurðir, frv. 165. mál (þskj. 851). — Ein umr.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Hér er til einnar umr. frv. til laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum með síðari breytingum. Eins og hv. þdm. rekur minni til var þessu frv. breytt eilítið þegar það var til meðferðar hér í deildinni fyrr á þinginu. Þar var aðeins um að ræða breytingar á ártölum. Upphaflega var gert ráð fyrir því að þau ákvæði sem hér er vikið að giltu til 1985. Við breyttum því í þessari hv. deild í 1986. En hv. Nd. hefur nú bætt um betur og vill hafa það 1987. Ég hef haft samband við þá hv. nm. í landbn. sem hér eru viðlátnir. Þeir hafa ekki athugasemdir við þessar betrumbætur Nd. og ég lít svo til að þetta verði samþykkt athugasemdalaust hér.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 889).

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 845, 823). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. á þskj. 879, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Eins og hv. þdm. hafa veitt athygli hefur verið dreift brtt. á þskj. 879 við frv. til laga um tannlækningar. Þessi brtt. er við 6. gr. frv. eins og það er eftir 2. umr. í þessari hv. deild og tekur til verksviðs tannlækna. Greinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Verksvið tannlækna tekur til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum."

Um þetta mál hefur staðið nokkur deila á milli aðila innan tannlæknastéttarinnar síðustu daga, ekki síst þeirra sem hafa þar forustu á hendi. Við nm. í heilbr.- og trn. teljum að með þessari brtt. sé orðið fullt samkomulag í þessu máli.

Vegna hugleiðinga um 7. gr. frv. eins og hún er eftir 2. umr. í þessari hv. deild vill heilbr.- og trn. Ed. sérstaklega taka fram að það er vilji nefndarinnar og nefndin leggur ríka áherslu á það að tannlæknar fái aðild að lyfjanefnd.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en um þetta var eindregin samstaða.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 823 við frv. til laga um tannlækningar.

Í fyrsta lagi er brtt. við 2. gr. Við gr. bætist ný málsgr. er orðist svo:

„Ráðh. er heimilt að gera það að skilyrði fyrir leyfi samkv. 1. gr. að umsækjandi hafi gegnt starfi við tannlækningar á heilsugæslustöð allt að sex mánuði að námi loknu."

Þetta ákvæði er sambærilegt við núgildandi læknalög og tel ég rétt að gefa ráðh. heimild til þess að hafa hönd í bagga með sé skortur einhvers staðar á landinu á tannlæknum eða vilji ráðh. leggja sérstaklega áherslu á fræðslu og tannvernd og nýta sér þar með þessa heimild til að beina þessum starfskröftum inn á það svið.

Í öðru lagi geri ég brtt. við 5. gr. frv. Þar bætist við ný málsgr. — Ég vil taka fram að hæstv. forseti veit mætavel að þessar brtt. miðast við frv. eins og það var fyrir 2. umr. og vil ég halda mig við greinarnar eins og þær voru þá. Forseti á að hafa alveg á hreinu þegar til atkvgr. kemur að það er miðað við frv. eins og það var í upphafi. — Við 5. gr. bætist ný málsgr. er orðist svo:

„Sérhæfðu aðstoðarfólki, sbr. 7. gr., skal þá heimilt að annast fræðslu og varnir gegn tannsjúkdómum á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, í skólum og uppeldisstofnunum undir stjórn yfirtannlæknis."

Þessi grein er sérstaklega hugsuð til þess að tannfræðingum og öðru því starfsfólki sem sérmenntar sig á einhverju sviði varðandi tannlækningar sé heimilt samkv. lögum að starfa að þessum málum án þess að vera undir beinni handleiðslu tannlæknis. Þá vil ég sérstaklega víkja að frv. eftir 2. umr. eins og það hljóðar nú. Þar segir í 8. gr. sem áður var 7. gr.: „Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk. Um sérhæft aðstoðarfólk fer samkvæmt lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir."

Í þeim lögum segir eitthvað á þá leið, ég er ekki með þá lagagr. hérna í stólnum, að þeim sem starfa undir þeim lögum sé ekki heimilt að stunda sín störf nema á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðinga. Nú er verið að fella þessi lög úr gildi með frv. til laga sem var hér til umfjöllunar í gær um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, en þar segir:

„Þær stéttir, er falla undir lög þessi, starfa við heilbrigðisstofnanir, kennslustofnanir heilbrigðisstétta eða matvælastofnanir. Starfa þær ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings að viðkomandi sviði."

Þarna er búið að rýmka þetta eilítið. Tannfræðingar gætu sem sagt starfað á eigin ábyrgð, en til þess væri ekki vísað annars staðar í lögum hvert þeirra starfsvið væri. Ég vildi helst ekki að við værum samtímis að samþykkja lög hér á Alþingi og vísa í lög sem við erum að fella úr gildi.

Í þriðja lagi geri ég brtt. við 8. gr. sem orðast svo:

„Aðstoðarfólk samkv. 7. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis, sbr. þó 2. málsgr. 5. gr. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni sem undir tannlækningar falla.

Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki er óheimilt að vinna nokkurt það verk sem undir tannlækningar heyrir."

Þannig vildi ég láta þessa grein hljóða, en ekki að vísa í lög sem við erum nú að fella úr gildi.

Í fimmta lagi geri ég brtt. við 12. gr. Þar er breytingin eingöngu fólgin í því að ég bæti við yfirtannlækni. Hann hafi ábyrgð og skyldur sem opinber starfsmaður á vegum heilbrigðisráðuneytisins eins og landlæknir.

Vil ég nú lesa fyrri part greinarinnar, með leyfi forseta.

„Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir eða yfirtannlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem

krefjast beri af honum skýra þeir ráðh. frá málavöxtum."

Þarna er eingöngu lögð ábyrgð á herðar yfirtannlækni jafnframt landlækni.

Í sjötta lagi legg ég til að á eftir 12. gr. komi ný grein er verði 13. gr. og orðist svo.

„Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrrh. að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrám, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis."

Ég vil taka það fram að meiri hluti nefndarinnar var sammála mér um þennan fyrripart. Við samræmdum þessa grein ef svo má segja. En það sem skilur á milli hjá mér og meiri hluta nefndarinnar er að ég vil bæta um betur og segja í framhaldi af þessu:

„Tannlækni er heimilt að óska eftir sjúkraskrám frá öðrum tannlæknum um sjúkling sem hann annast. Slíkar óskir skuli bornar fram með samþykki sjúklings og er tannlæknum skylt að verða við þeim."

Til þess að skýra aðeins betur hvað ég á við þarna vil ég nefna að ef sjúklingur, sem leitar tannlæknis og hann tekur af honum röntgenmyndir og gerir annað , sem er kostnaðarsamt fyrir sjúkling, skiptir um tannlækni, þá hefur hann enga lagaheimild til þess að óska þess að hann geti nýtt sér það sem hann er þó búinn að borga fyrir og tilheyrir sjúkraskrám. Þetta er líka brýnt þar sem tannlæknir er jafnvel um skamman tíma úti á landsbyggðinni eða hvar sem er og flytur síðan um set. Þá hefur hann rétt til að flytja með sér allar þessar skrár og þær koma engum til góða sé hann ekki að annast þá sjúklinga sem hann áður hefur annast. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að þarna er ekki verið að ganga á rétt neins. Þarna er verið að tryggja rétt sjúklings til að nýta sér þau gögn sem til eru og hann hefur sjálfur greitt fyrir.

Þetta þarf ekki að vera neinum erfiðleikum háð hér í þéttbýlinu. Ég þekki það ekki vel hvernig samskipti eru á milli tannlækna hér í þéttbýlinu. Þeir geta jafnvel látið þetta ganga sín á milli án þess að lagaákvæði kveði á um það. En ég veit til þess að þegar tannlæknar hafa hafið störf úti á landi hafa þeir komið að tómum kofanum, þ. e. að það hafa engar sjúkraskrár verið til staðar. Hvort tannlæknar hafa flutt þær með sér eða hvað þeir hafa gert við þær er ekki mitt að dæma um, enda hafa þeir ekki verið skyldir til þess að færa sjúkraskrár og það hefur verið þeim í sjáfsvald sett hvað þeir hafa gert við þær, hafi þeir fært þær. Ég vil ekki lengja þessa umr., það er búið að fjalla mikið um þetta í nefndinni, og læt þá máli mínu lokið.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. 8. landsk. þm. að fæðing þessa máls í nefndinni hefði verið erfið og áreiðanlega á við erfiðasta tanndrátt án allrar deyfingar. Ég get fyllilega tekið undir þau orð, enda er hér um að ræða mál sem mér var orðið skapi næst að leggja í salt eða blásýru til þess að því ótrúlega þrasi um smámuni, sem þar hefur verið á ferðinni, mætti linna, en nú kemur til Nd. að taka þar upp þráðinn vafalaust og verði þeim að góðu þar.

Ég vil taka það fram að í öllu þessu máli hefur formaður hv. heilbr.- og trn. lagt sig í framkróka um að reyna að samræma öll sjónarmið í þessari nefnd. Þau voru auðvitað mismunandi um sumt, sumt smátt, annað nokkru stærra, en kannske að miklu leyti, eins og kom fram í máli hv. 8. landsk. þm., spurning um skilning á ákveðnum hlutum og hugtökum í þessu frv.

Ég hafði satt að segja vonast til þess að öll sú mikla vinna sem í þetta hefur verið lögð af hálfu n., sem er óláir klukkutímar með ekki stærra frv., yrði til þess að við gætum öll gengið einn veg, en við því er að sjálfsögðu ekkert að segja þó að einstakar brtt. komi fram og skal ég síst hafa á móti því.

Ég ætla ekki að fara út í efnislegar umr. um brtt. þær sem hér eru komnar fram frá hv. 8. landsk. þm., en segja það þó aðeins varðandi 1. brtt. að hér er að mínu viti um að ræða leifar gamalla reglugerðarákvæða um skyldu lækna til þess að gegna starfi í héraði sem blessunarlega hefur ræst úr með uppbyggingu heilsugæslukerfisins um landið allt og er orðið óþarft hvað þá stétt snertir, enda ekki lengur talið hæfilegt eða mögulegt að ganga þá braut. Ég held að við eigum ekki heldur að gera þetta varðandi tannlæknana þó að ég leggi áherslu á það að að sjálfsögðu ber heilbrrn. á hverjum tíma að reyna að sjá til þess að alls staðar þar sem aðstaða er fyrir hendi sé tannlækningum sinnt, enda gert verulega mikið í því af rn. að gera slíkt. Ég tel því þessa heimild fyrir ráðh. um skilyrði fyrir leyfi, þ. e. skilyrði fyrir tannlækningaleyfi, ansi stíft skilyrði og miðað við það hvernig þessi mál hafa þróast varðandi lækna vona ég að til þessa þurfi ekki að koma og till. sé þar af leiðandi óþörf.

Varðandi 2. brtt., þá ræddum við ákaflega mikið um þessa gífurlega þýðingarmiklu stétt sem hér var nefnd áðan, sem heita tannfræðingar og hefur tröllriðið þessari nefnd allverulega í allri umfjöllun málsins. Ég geri ekki lítið úr starfi þessa fólks, síður en svo. Mér skilst að það séu skv. upplýsingum rn. 2—3 slíkir hér á landi. Eflaust á þeim eftir að fara fjölgandi eins og öllum öðrum fræðingum. Ég tel sjálfsagt að þeir njóti þess réttar sem þeir eiga skv. sínu starfi og fái þann rétt að miklu leyti með því frv. sem við vorum að fjalla um í gær varðandi starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, hljóti reyndar að fá hann þegar þeir hafa myndað sitt stéttarfélag og sótt á um heimildir til ráðh. um það.

Ég segi hins vegar alveg eins og er að það er ekkert spaug fyrir okkur nm., — sem öll höfum lagt í það þann skilning að þessi heimild væri fyrir hendi og að þetta sérhæfða aðstoðarfólk gæti vissulega annast fræðslu og varnir gegn tannsjúkdómum, gæti annast hana í dag, það væri ekkert sem meinaði þeim það, — að þurfa svo að fara að fella till. um að því skuli heimilt að annast þetta. Ég treysti mér ekki til þess. Ég sé mig tilneyddan til að greiða þessari till. atkv. og lýsti því yfir í nefndinni að ég teldi ekki fært að fella þetta hér í þinginu því að þar með værum við auðvitað að snúa skilningi okkar nm. allra annarra við í þessu efni. Það er einfaldlega þess vegna. En mér þykir miklu miður að við skyldum ekki ná saman um þann skilning sem kæmi þá skýrt fram eins og kom að hluta til greinilega fram í máli frsm. n. á sínum tíma um hvað í þessu fælist. Ég held að hv. flm. þessarar brtt. taki þá áhættu með þessu að þessi heimild verði felld og ég skil ekki hvað vakir fyrir hv. flm., þegar skilningur var svo almennur í nefndinni fyrir túlkun þessa, að stuðla að því að heimild af þessu tagi verði felld sem ég óttast að muni verða hérna en ég mun ekki treysta mér til að standa að sem slíku.

Mér er nú ansi skylt málið varðandi 4. og 5. brtt. því

að ég sótti það mjög fast á sínum tíma við þáv. hæstv. heilbrrh. að í rn. hans væri ráðinn yfirtannlæknir. Það var og gert, en með mjög takmörkuðu erindisbréfi, ef nokkru þá, og mjög takmarkaðri stöðu þar einnig. Ég undirstrika það hver þessi staða eða réttara sagt stöðuleysi yfirtannlæknisins er sem eins konar deildarstjóra í rn. Hann hefur ekki sjálfstæði þar sem slíkur, heldur þarf að bera allt undir ráðuneytisstjóra og ráðh. varðandi hvert mál sem hann fjallar um, ég tala nú ekki um ef koma upp þau mál sem hér er um að ræða þar sem er um að ræða vanrækslu í starfi og annað því um líkt. Miðað við stöðu yfirtannlæknis er þetta algerlega út í bláinn. Ég hefði hins vegar virkilega viljað sjá það, og gæti tekið undir þá hugsun sem ég veit að felst að baki þessarar brtt. hjá hv. 8. landsk. þm., að yfirtannlæknir hefði ákveðna stöðu í heilbrigðiskerfinu, kannske ekki alveg eins sterka og landlæknir, kannske við hlið hans, og þá hefði ég getað stutt þessa till. ef þar hefði verið um sjálfstætt embætti að ræða sem hefði með slík mál að gera eins og þarna er um fjallað og hefði þar citthvert valdsvið eins og landlæknir. En það er algerlega vonlaust, að mínu viti, eins og þessi málastaða er. Það er algerlega vonlaust að setja landlækni og yfirtannlækni, landlækni með sitt sjálfstæða gróna embætti og sitt sjálfstæða valdsvið og yfirtannlækni sem deildarstjóra, ef má þá kalla hann það, í rn. með jafntakmörkuð völd og jafntakmarkað verksvið og hann er með þar enn þá og jafnóákvarðað og það er, — vonlaust að setja þessa tvo aðila þarna saman. Það er útilokað.

Hv. 8. landsk. þm. kom með till. í n. um sjúkraskrárnar. Ég taldi að við hefðum þar gert málamiðlun sem ég hélt að hefði verið stórt spor í þessa átt. Hv. 8. landsk. vill ganga lengra. Ég tel ákvæðið sem við samþykktum fullnægjandi og mun þar af leiðandi ekki greiða þeirri till. atkv.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns vekja á því athygli að við vorum með brtt. að skilgreina verksvið tannlækna. Í upphafi 6. gr. segir: „Verksvið tannlækna tekur til forvarna.“ Um leið og við skilgreinum þetta sem verksvið tannlækna verðum við að gera undanþágu til að aðrir megi fara inn á þetta verksvið. Þess vegna flyt ég þessa brtt. í framhaldi af sömu grein.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég er ekki að þessu til að skemma málið eða eyðileggja fyrir þeim tannfræðingum sem til eru hér á landi og ástunda fræðslu gegn tannskemmdum. Ég vona að það verði lögð áhersla á að mennta fleira fólk til þessara starfa. Því miður starfa fáir að þessum málum enn sem komið er. En það var skilningur í nefndinni og þar var lögð áhersla á að það yrði aukin menntun á þessu sviði.

Varðandi yfirtannlækni erum við ekki alveg sammála. Ég hélt að mætti byrja á því að festa þetta í lögum og síðan væri hægt að fá manninum skipunarbréf ef ráðh. teldi hann ekki starfa eftir nógu skýru skipunarbréfi í dag.

Til þess að lengja þessa umr. ekki frekar ætla ég bara að ítreka að ég lagði þessar brtt. mjög tímanlega fram í heilbr.- og trn. til þess að menn gætu kynnt sér þessi mál og tók það út úr þeim brtt. sem mér fannst ég geta fallist á að ekki þyrfti að vera inni. Brtt. mínar hafa því breyst í meðförum. En ég legg mjög ríka áherslu á að bæði viðbótin við 5. gr. og skilgreiningin skv. 8. gr. verði ekki felldar vegna þess að ég tel að við séum þá að fara skref aftur á bak en ekki áfram ef svo fer.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég get að mjög mörgu leyti tekið undir málflutning hv. 2. þm. Austurl. varðandi þann skilning sem ríkti í nefndinni á fræðsluheimildum aðstoðarfólks tannlækna, en með tilliti til þess að mig langar ekki til þess að fjalla meira um þetta mál, mig langar ekki til þess að það komi til okkar aftur, þá vil ég fella þá brtt. sem fyrir liggur.

ATKVGR.

Brtt. 823,1 felld með 12:2 atkv.
— 823,2 felld með 10:4 atkv.
— 879 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 823,3 felld með 13:2 atkv.
— 823,4 felld með 12:2 atkv.
— 823,5 felld með 12:2 atkv.
— 823,6 felld með 12:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 69. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, að loknum 68. fundi.

Meðferð opinberra mála, frv. 403. mál (þskj. 656, n. 865). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Það mál sem hér er skilað nál. um fjallar um breyt. á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Meginefni þess er að lögum verði breytt á þann veg að mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Eins og fram kemur í grg. er tilgangurinn með því að stefna þessum málum fyrir sakadóm Reykjavíkur og er því gert ráð fyrir í lögunum að hann skuli efldur og getur dómur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Það er ríkissaksóknari sem getur kveðið á um þessi atriði.

Hér er fyrst og fremst um að ræða mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota og segir í frv. að þau skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Þessi mál, skattabrot og efnahagsbrot, eru mjög flókin mál og þykir rétt að svo sé gengið frá að sérfróðir menn í þeim efnum fjalli um þau og er þá sérhæfing dómara skilyrði fyrir því að unnt sé að fjalla um þessi mál á viðunandi hátt.

Nefndin hefur rætt þetta mál allítarlega og fengið álit formanns Sýslumannafélagsins, Jóhannesar Árnasonar sýslumanns, sem er samþykkur þessari skipan mála. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 171, n. 876). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. sem heitir því stirða nafni: um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, öðru nafni svokölluð tölvulög.

Þessi lög tóku gildi 1. janúar 1982 og þá var í þeim ákvæði á þessa leið, með leyfi forseta: „Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982 og falla úr gildi hinn 31. desember 1985.“ Þá segir enn fremur svo í 30. gr. laganna: „Dómsmrh. skal endurskoða lögin og leggja fram frv. þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun 1984.“

Þetta hefur allt gengið eftir og þær breytingar sem lagt hefur verið til að gerðar séu á þessari löggjöf eru tiltölulega lítilvægar.

Síðla árs 1983 leitaði dómsmrh. álits tölvunefndar á því hvaða breytingar nefndin legði til að yrðu gerðar á lögunum og dómsmrh. gerði að sínum tillögum þær brtt. sem samkomulag var um í nefndinni. Þær eru raktar í athugasemdum við frv. eins og það var lagt hér fram og ég tel ástæðulaust að fara að gera þær að sérstöku umtalsefni, það var gert hér þegar að mælt var fyrir málinu. Þetta eru ekki stórvægilegar breytingar, enda segir tölvunefnd í bréfi sínu til ráðh., með leyfi forseta:

„Lög nr. 63/1981 hafa verið í gildi í tæp tvö ár og er því fengin nokkur reynsla af framkvæmd þeirra. Segja má að lögin hafi reynst vel í framkvæmd og ekki komið fram stórvægilegir gallar á þeim.“

Þegar þessi lög voru til meðferðar hér á Alþingi 1981 var lögð mikil vinna í að breyta og laga það frv. sem upphaflega var lagt hér fram. M. a. tóku þátt í þeirri vinnu Þorkell Helgason dósent og Hjalti Sóphóníasson sem síðar varð ritari tölvunefndar. Ég held að þessi mikla vinna, sem var lögð í þetta þá, hafi skilað árangri, þ. e. að sú löggjöf sem varð til sem afrakstur þeirrar vinnu hefur reynst vel í framkvæmd.

Á fund allshn. nú, þegar þetta mál var til meðferðar, komu Benedikt Sigurjónsson formaður tölvunefndar og Hjalti Sóphóníasson ritari nefndarinnar og gerðu grein fyrir þeim brtt. sem gerðar hafa verið á frv. Enn fremur var rætt um þær till. sem ágreiningur var um en sem ekki er lagt til hér að séu látnar koma til framkvæmda.

Það var á nefndarfundi í morgun sem allshn. afgreiddi þetta mál út úr n., en ég skal hins vegar játa að ég hef fengið svolítinn bakþanka eftir að við afgreiddum málið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að milli 2. og 3. umr. ætti n. að skjóta á fundi og ræða í sinn hóp hvort ekki er rétt að hafa sams konar ákvæði í 31. gr. laganna og var áður, þ. e. að lögin gildi ekki nema ákveðinn tíma og við skulum segja að að þremur árum liðnum eða tveimur árum liðnum skuli dómsmrh. leggja fram endurskoðað frv. að nýju. Á þessum vettvangi eru breytingar svo örar og gerast svo fljótt að það hlýtur að vera nauðsynlegt að aðlaga þessa löggjöf breyttum aðstæðum á hverjum tíma. Það er nauðsynlegra með þessi lög en flesta aðra löggjöf held ég.

Eins rekur mig minni til að hafa heyrt í fréttum fyrir fáeinum dögum að í Danmörku, að mig minnir, hafa verið stórhert viðurlög við tölvumisferli, tölvuglæpum sem menn virðast vera býsna lagnir við að iðka þó að það sé kannske ekki vandamál hér enn sem komið er. En reynslan segir okkur að öll vandamál og öll afbrot sem upp koma í nágrannalöndunum koma hingað fyrr eða síðar. Það tekur kannske tvö til þrjú ár. Ég er ekki að leggja til að gerðar verði breytingar á refsiákvæðum þessarar löggjafar nú, en ég held að það væri alveg tímabært að horft yrði sérstaklega til þeirra mála og þá með tilliti til þeirra breytinga á löggjöf sem gerðar hafa verið á Norðurlöndunum og við sem sagt öflum okkur reynslu þaðan um hvernig löggjöfin, sem þar er í gildi, er brotin, hverjar séu algengustu tegundir tölvuafbrota o. s. frv. Ég held að það sé ákaflega brýnt að við fylgjumst með þeim málum.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri. N. mælir með samþykkt frv., en ég mæli með því og óska eftir því að n. komi saman til stutts fundar milli 2. og 3. umr., sem væntanlega gæti verið þá núna á eftir, til að taka afstöðu til þeirrar till., sem ég hef munnlega gert grein fyrir, og þá að sjálfsögðu að höfðu samráði við hæstv.dómsmrh.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um í sambandi við endurskoðun þessara laga, að á þessu sviði á sér stað gífurlega hröð þróun og ég held að það sé nauðsynlegt að unnið sé skipulaga að slíkri endurskoðun í stað þess að vera að koma með breytingar sem oft og tíðum ná þá ekki til heildarlaganna heldur einstakra atriða.

En það er eitt sem ég vildi nefna í þessu sambandi þó að það eigi ekki heima í þessum lögum. Ég held að það hljóti að koma að því að kannað verði að setja löggjöf um tölvuvinnslu í sambandi við bókhald og annað slíkt. Það er einmitt á því sviði sem einkum og sér í lagi efnahagsbrot á tölvusviðinu eiga sér stað. Það hafa þegar komið upp mál hér þar sem ýmsum slíkum ráðum hefur verið beitt, jafnvel forritun breytt á þann veg að falsa bókhald. Það eru einkum og sér í lagi þeir sem starfa að því að búa til slíkt bókhaldsforrit sem þarf að vernda fyrir slíkum aðgerðum. Það verða að vera skýr ákvæði um hvar ábyrgð liggur í slíkum tilvikum. Ég vil beina því til réttra aðila að þau mál verði tekin til athugunar með það fyrir augum að löggjöf verði sett um það efni.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og jafnframt vil ég taka það fram að ég mun síður en svo leggjast á móti því að sett verði inn aftur ákvæði um að endurskoðun á þessum lögum skuli fara fram innan tiltekins tíma. Ég var í allshn. þegar unnið var að þessu máli. Eins og fram kom hjá hv. frsm. var lögð mikil vinna í það af n. og lögin urðu miklu einfaldari en gert hafði verið ráð fyrir í frv. sem lagt var þá fram. Þar sem þarna var þannig að verki staðið og um að ræða fyrstu löggjöf á þessu sviði var talið sjálfsagt að setja inn þetta endurskoðunar-

ákvæði þegar nokkur reynsla væri komin á framkvæmdina. Það sjónarmið mun hafa legið að baki því að ekki er í frv. aftur gert ráð fyrir endurskoðun innan tiltekins tíma að reynslan af þessari lagasetningu hafi verið góð, eins og hér hefur komið fram, og því kannske ekki jafnrík ástæða til þess og í upphafi að hafa slíkt ákvæði. Hins vegar vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá ræðumönnum, að þróun er ákaflega ör á þessu sviði, eins og við vitum, og notkun alls konar tölvutækja ört vaxandi, bæði hjá opinberum stofnunum og einkaaðilum. Því er vissulega ástæða til þess að þarna verði áfram sami háttur hafður á. Því hef ég síður en svo neitt við það að athuga að rn. sé veitt aðhald og ætlast sé til endurskoðunar á lögunum innan ákveðins tíma.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 248, n. 877, 878, 883). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er fjallað um, er um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Þetta frv. er komið frá Nd. og samþykkt þar en sjútvn. Ed. leggur til að gerð verði á því breyting sem fjallar um það að þarna verði bætt inn aftur fulltrúum rækju- og hörpudiskframleiðenda vegna þeirra eindregnu óska og viðtala sem við höfum átt við þá aðila. Nál. er á þskj. 877 og hljóðar þannig:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum. Nefndinni barst erindi frá Félagi rækju- og hörpudisksframleiðenda sem fer þess mjög eindregið á leit að fulltrúar félagsins fái sæti í Verðlagsráði þegar fjallað er um verðlagningu á rækju og hörpudiski, en ekki er gert ráð fyrir því í frv. Nefndin ræddi þessi mál mjög ítarlega og fékk á sinn fund Bolla Bollason deildarstjóra hjá Þjóðhagsstofnun, en hann var ritari þeirrar nefndar er samdi frumvarpsdrögin.

Nefndin féllst á skoðanir Félags rækju- og hörpudisksframleiðenda og ber því fram á sérstöku þskj. brtt. við frv. og mælir að öðru leyti með samþykkt þess."

Öll n. er sammála um þetta nál., en hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir skrifar undir það með fyrirvara. Hún er samþykk afgreiðslu á þessum lið, en hún mun þá kveða sér hljóðs um annað ef það er í þessu efni. Þessi breyting okkar á rætur að rekja til þess að rækju- og hörpudiskframleiðendur hafa með sér sérstakt félag og þegar málið var til umr. í Nd. höfðu þeir af misskilningi ekki komið sínum sjónarmiðum þar að eins og þeir hefðu ætlað sér svo að þetta komst ekki í hendur Alþingis fyrr en málið var komið til Ed. og við fengum bréf þar um frá þessum aðilum. Aðalröksemd þeirra fyrir þessu kemur fram í bréfi frá þeim þar sem segir, með leyfi forseta:

„Félag rækju- og hörpudisksframleiðenda er eini aðilinn sem er ótvíræður fulltrúi allra framleiðenda í þessum greinum. Aðild að félaginu eiga nú 37 vinnslustöðvar. Nokkrar þessara vinnslustöðva eru innan sölusamtaka SH og SÍS en utan greindra sölusamtaka eru framleiðendur með um 60—70% rækjuframleiðslunnar og 80—90% hörpudiskframleiðslunnar í landinu."

Þarna kemur því greinilega fram að þeir telji sig eiga fullt erindi þegar rætt er um þessi mál í Verðlagsráðinu. Þeir fengu 1983, með sérstakri reglugerð sem þá var sett, tvo fulltrúa inn í ráðið þegar fjallað var um þessi mál en þeir eru teknir út aftur í þeim frumvarpsdrögum sem hér eru lögð fram. Nefndin telur sig ekki geta annað en mælt með því að þeir verði þarna áfram og mælir því með því að breyting verði gerð á sérstöku þskj. nr. 878. Þetta verða þá tvær breytingar sem n. leggur til að gerðar verði. Það er í fyrsta lagi að B-liður í 1. gr., 1. mgr. orðist svo að þar bætast inn í tveir fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda. Í öðru lagi að við 3. gr. á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

„Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verðlagsráð skipað fjórum fulltrúum fiskseljenda skv. 1. gr. og fjórum fulltrúum fiskkaupenda, þannig: tveir frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, einn frá sjávarafurðadeild SÍS og einn frá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna."

Ef þessu yrði ekki breytt á annan veg yrðu í verðlagningunni á rækju og hörpudiski einn fulltrúi frá sjávarafurðadeild SÍS, tveir fulltrúar frá SH og einn fulltrúi frá SÍF eða Sambandi ísl. fiskframleiðenda. Okkur finnst því eðlilegt og í því ákveðið réttlæti gagnvart þeim sem óska þarna eftir aðild og eiga allt sitt undir því sem þarna er gert, að það sé ekki fulltrúi frá saltfiskframleiðendum sem fjalli um það mál. Má þá fella niður annan fulltrúa frá SH þannig að þá kemst jafnvægi á ráðið aftur. Þetta eru rökin fyrir því að við leggjum til þessa breytingu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Á þskj. 883 flytjum við hv. 8. landsk. þm. og sá sem hér stendur brtt. við frv. til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Þessi brtt. er ekki viðamikil. Hún fjallar eingöngu um það að úr þessum lögum verði felld 10. gr. laganna. 10. gr. er í II. kafla núgildandi laga og í henni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfirnefndar með grg. um þau atriði sem samkomulag er um."

Síðan segir um skipan þessarar nefndar að hún skuli skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskseljendum, tveimur tilnefndum af þeim aðila sem ágreiningurinn er við og að lokum einum oddamanni sem skal vera forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullan úrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hl. atkvæða úrslitum.

Þessi grein þessara laga hefur valdið því síðan að lögin voru samþykkt með þessum ákvæðum að ákvörðun fiskverðs hefur verið ákvörðun ríkisins, ákvörðun þess fulltrúa sem í þessari yfirnefnd situr fyrir hönd þjóðhagsstofnunar og þar af leiðandi fulltrúi ríkisins. Að formi til hefði í raun og veru mátt halda því fram að skipan þessarar yfirnefndar væri óþörf að því leyti að hið endanlega ákvörðunarvald lá hjá oddamanninum úr

Þjóðhagsstofnun og Þjóðhagsstofnun hefur þess vegna alveg eins getað gefið út verð á fiski með ákveðnu millibili og fullnægt þannig þeim skyldum sem þessum lögum er gert að uppfylla.

Þessi ákvörðun, sem þannig er tekin, hefur ekki sýnt sig að okkar mati — og ég held reyndar að við séum ekki alveg ein um það — að taka það tillit til hagsmuna viðskiptaaðila á þessu sviði, þ. e. fiskkaupenda og fiskseljenda, að þessi aðgerð hafi getað viðhaldið eðlilegri þróun og eðlilegum viðgangi viðskipta á þessu sviði. Þvert á móti held ég að það megi leiða að því nokkuð sterk rök að þessi afskipti ríkisins, í samhengi við önnur afskipti þess af þeim málum sem snerta sjávarútveg, hafi í tímans rás haft mjög óheillavænleg áhrif og séu að nokkru leyti, ef ekki að öllu leyti, ein aðalorsök þess vanda sem við búum við í dag.

Það að fella þessa grein úr lögunum þýðir að nokkru leyti að koma á því sem sumir menn kalla „lögmál frumskógarins" í þessum málum, þ. e. að með því er sett fram sú krafa að samningsaðilar semji um verð sín á milli án íhlutunar eða þátttöku ríkisvaldsins. Nú geta menn komið hér upp sem reynsluna hafa og sagt: Þannig var það einu sinni og það gekk svo illa. Þá erum við aftur komin að umr. með mjög svipuðum hætti og fór fram hér í þessari hæstv. deild í gær, þ. e. um Sölustofnun lagmetis, þ. e. að aðilar, sem eiga að vera — og að öllu jöfnu víðast hvar í okkar nágrannalöndum gera þeir það — fullfærir um að semja um hlutina sín á milli, gefast upp fyrir þeim vandamálum sem þeir eiga að berjast við og biðja um ríkisforsjá, biðja nánast um það að vera handjárnaðir og leiddir af hinni mildu hönd ríkisins í þessu máli.

Ég sat í morgun á nefndarfundi í þessari hv. deild og við fjölluðum þar um lög um kirkjusóknir og sóknarnefndir. Þessi lög eru að því leyti algerlega hliðstæð þeim lögum sem hér er verið að tala um að þar er kirkjuþing að biðja Alþingi að taka ábyrgð á nánast öllum þeim málum sem manni með eðlilegum hætti finnst að kirkjan ætti sjálf að sjá um. Það er mjög greinilegt í dag, hvort sem það má kalla ríkisforsjá eða einfaldlega skort á þreki til að sjá um sín eigin mál, að tilhneiging er mjög almenn til að hnýta saman hagsmuni sína og hagsmuni ríkisins.

Í ræðu minni í gær um Sölustofnun lagmetis benti ég á að allar starfsstéttir á þessu góða landi geta krafist þess með mjög svipuðum rökum og yfirleitt eru færð í málum sem þessum, hvort sem um er að ræða íslenska kirkju eða íslenskan sjávarútveg, að ríkið taki að sér að ákveða og stjórna þessum málaflokki eins og það telur best og hafa þar með eftirleiðis engar áhyggjur af því hvernig þessum málum reiðir af aðrar en þær að geta hugsanlega gagnrýnt öðru hvoru ákvarðanir ríkisvaldsins þegar svo býður við að horfa en að öllu jöfnu taka þeim með þegjandi samþykki og algerlega láta hjá líða að gera minnstu tilraun til að breyta þeim.

Við þm. BJ höfum tvisvar sinnum flutt frv. til l. um breytingu á þessum lögum, þ. e. lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, þar sem við leggjum til að 10. gr. laganna verði felld niður og þar með tekið fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafla og þá tekið fyrir ábyrgð ríkisins á þessari ákvörðun. Þessi hlutdeild ríkisins í verðákvörðuninni hefur á undanförnum árum — og það er ómótmælanlegt — leitt til gengisfellinga, upptöku gengismunar, dreifingu uppsafnaðs söluskatts og allrar þeirrar leikfimi og hundakúnsta sem ríkisvaldinu hefur þótt skynsamlegt að við hafa til að halda rekstri sjávarútvegs einhvers staðar í kringum núllpunktinn.

Frsm. n. gat þess í framsögu sinni að Kolbrún Jónsdóttir hv. þm. væri að öðru leyti samþykk öðrum greinum þessa frv. Út af fyrir sig er fátt í þeim sem er gagnrýnivert. Það kemur manni eins og brandari fyrir sjónir þegar menn koma betlileiðina til n. og biðja um að fá að vera þátttakendur í verðákvörðun á þeim afla sem þeir sjálfir afla. Að það skuli yfir höfuð vera ágreiningsatriði eða hafa verið það hingað til. En ég fyrir mitt leyti vil láta það koma fram hér að ég tel þessa 10. gr. vera algert kjarnaatriði í þessu frv. og að frv. standi og falli með henni í raun og veru. Ef þessi 10. gr. er ekki fyrir hendi þarf þetta frv. ekki og ef brtt. fellur mun ég þess vegna greiða atkvæði gegn frv. í heild.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. sjútvn. skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari, sem ég hef um samþykkt þessa frv., er sá að 10. gr. frv. falli niður, eins og fram kemur á þskj. 883 sem ég flyt ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni. Hann hefur nú gert grein fyrir okkar afstöðu og tel ég því ekki ástæðu til að tíunda þetta frekar.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð vegna orða hv. 8. þm. Reykv. áðan um Verðlagsráðið. Þó að hann væri kominn út í kirkjusóknir líka þá er það kannske annað mál. Hann og hv. 8. landsk. þm. leggja til að felld verði niður úr þessum lögum 10. gr. Þetta er ákaflega háleit hugsjón, má segja. Við getum rætt það ítarlega — en það verður ekki gert núna — hvort á að leggja niður Verðlagsráð eða ekki. Það er sérstakur kapítuli.

En hv. þm. fór með ýmsar staðhæfingar sem alls ekki geta staðist. Hann sagði t. d. að vegna þessarar greinar og ákvörðunar oddamanns leiddi þetta til gengisfellinga, upptöku gengishagnaðar og alls konar leikfimi, eins og hann orðaði það, á þessum sviðum. Ég veit ekki hvaða rök þarna liggja bak við. Hv. þm. er alltaf að bera okkar litla markað hér á Íslandi saman við þá stóru fiskmarkaði sem eru erlendis. Þar ganga málin. Við sjáum það á sölu íslenskra skipa á erlendum mörkuðum sem eru að selja á alls konar verðum, kannske frá 20 kr. upp í 50 kr. kílóið. Þetta held ég að sé ekki fyrir hendi hér á Íslandi enn þá nema þá í mjög litlum mæli á sérstökum tegundum. Ég teldi vera í þessu ákaflega mikið óöryggi fyrir alla aðila, útgerð, fiskvinnslu og það fólk sem þar vinnur.

Hlutverk oddamanns í þessum efnum er að leita sátta í þessum málum, á milli aðila sem eru að deila. Útgerðarmenn og sjómenn vilja fá sitt verð, vinnslan telur sig ekki geta borgað nema þetta. Þá þarf einhvern til þess að skera þarna úr. Hv. þm. gæti kannske bent mér á aðra leið en þessa. Frjáls markaður, segir hann. Auðvitað á ég ekki að vera að mótmæla frjálsum markaði, sjálfstæðismaðurinn sjálfur, en ég get nú gert það við viss tækifæri fyrir það. Allt frjálsræði á sér viss takmörk, það skulum við gera okkur fullkomlega ljóst.

En segjum svo að við förum hér niður á bryggju. Ég hef nægan fisk þessa vikuna, skip er að koma inn með fullfermi af einhverjum fiski sem vinnslan kærir sig ekki um að vinna og hefði engan áhuga fyrir því — það er

misjafnt hvað gengur að vinna þetta — hvað skeður þá? Hvað fær sjómaður út úr þeirri veiðiferð, t. d. karfatúrar hér á sumrin sem fæstir hafa viljað líta við? Hvað hefur verkamaðurinn mikið út úr þeirri vinnslu? Er þetta til hagsbóta? Hefur BJ hugsað þetta í botn hvað þeir eru að biðja um, hvað þeir eru að fara? Þetta er sýndartillaga, segi ég, meðan við búum við þetta kerfi. Ég vil fá röksemd fyrir því hvað þeir meina, hvað þeir vilja fá í staðinn. Ég veit að svarið sem ég fæ: Þið eigið bara að semja um þetta sjálfir, fiskseljendur og fiskkaupendur, þetta kemur ríkinu ekkert við.

Þetta er hugsjón sem er ekki í sjónmáli nema að raska öllu því kerfi sem við búum við. Það má alltaf lagfæra eitthvað en ég mótmæli því eindregið að þetta hafi verið til þess að hér verði sífellt fellt gengi og upptaka gengismunar og alls konar leikfimi í kringum þetta. Þessi maður, sem er oddamaður í Verðlagsráði, hefur reynt eftir föngum að leita þeirra leiða sem stuðluðu að því að við gætum fengið frið á vinnumarkaðinum í þessum efnum en ekki til að setja á stofn neinar leikfimiaðgerðir í þessum efnum. Þess vegna mótmæli ég þessum framkomnu hugmyndum í ræðu hv. þm. um þessi mál.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. fór hér nokkrum orðum um þetta frv. og er hér með brtt. um að fella burtu 10. gr. frv. sem hann sagði reyndar í lok ræðu sinnar að mundi þýða að þá væri frv. lítils virði. Ég tek undir það að með því að sú grein sé felld í burtu þá er frv. einskis virði.

Hv. þm. sagði að þetta frv. og fyrst og fremst þessi grein stæði fyrir eðlilegri þróun viðskipta. Hann sagði reyndar að sú stefna, sem hann væri að boða, væri „lögmál frumskógarins", hún hefði verið nefnd því nafni. Ég gat ekki tekið eftir öðru en að raunverulega væri hann að boða það hér í þessum ræðustól í gær í sambandi við það mál sem hann nefndi einnig í ræðu sinni nú, um Sölustofnun lagmetis. Hann bar saman ágæti þess starfs sem hann hefði verið í áður en hann settist hér inn á Alþingi. Þar væri nú munurinn, þar væri hin rétta framkvæmd á viðskiptum á milli manna. Hann hafði verið arkitekt og þar væri hin rétta fyrirmynd í sambandi við viðskipti manna á milli. Hann nefndi það reyndar í sinni ræðu að þar gætu menn samið og hefðu samið. En því miður hef ég aldrei orðið var við það að við þann aðila væri hægt að semja. Öll mín viðskipti við þá ágætu stofnun hafa verið sú að það hefur verið auglýstur taxti og þegar maður hefur spurt um hver reikningurinn væri þá er svarað: Ja, hann er skv. taxta og þennan taxta skulum við greiða. Sem sagt, það sem verið er að boða hér með því að fella niður 10. gr. frv. eða gera þetta frv. ómerkt, það er það að annar aðili geti lagt fram taxta og við þennan taxta skulu menn búa.

Vitaskuld mundi ekkert ske annað ef lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins í einhverri líkri mynd og þau eru hér væru felld úr gildi eða þessi 10. gr. en að annar aðilinn — og þá fiskkaupandinn — mundi leggja fram taxta. Við það verður ekki búið í íslensku þjóðfélagi. Það er kannske hægt að búa við það að smáhópar eins og arkitektar og verkfræðingar geri það en það er alls ekki hægt að búa við það að heil atvinnugrein og heil atvinnustétt eins og sjómenn búa við það að þeim sé skammtaðar tekjur á þann máta að annar aðilinn og þá kaupandinn geti auglýst sinn eigin taxta.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég þakka þeim fóstbræðrum, hv. 3. þm. Vesturl. og 4. þm. Vesturl., kærlega fyrir þeirra innlegg inn í þessa umr., sérstaklega vegna þess að það hefur kannske á ýmsan hátt verið meira upplýsandi en þau fátæklegu orð sem ég viðhafði áðan, hlaupandi hér inn úr símaklefanum.

Ef við tökum það sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, þar sem hann sá ástæðu eins og ég að draga upp ákveðna mynd af hliðstæðum í okkar þjóðfélagi, þá sást honum mjög illilega yfir það í sínum málflutningi sem akkúrat rökstyður með mjög einföldum hætti það sem ég hef hér fram að færa. Ef honum ekki semur við sinn arkitekt þarf hann ekkert að hlíta því að skipta við þann mann, hann getur farið eitthvað annað, og hann veit nákvæmlega jafn vel og ég, ef hann hefur nokkra nasasjón af þessum efnum, að hann getur fengið afskaplega mismunandi verð á þeirri þjónustu sem hann leitar að í þeim efnum. Ef hann ekki veit það veit hann heldur ekkert hvað hann er að tala um. Það er þetta sem ég er að segja, þegar búið er að ákveða verðið með þeim hætti sem hér er gert í dag þýðir afskaplega lítið fyrir þig að leita eitthvað annað nema þá að vera að gera eitthvað sem kallast lagabrot.

Hv. 3. þm. Vesturl. og fóstbróðir hans, 4. þm. Vesturl., könnuðust bara alls ekkert við það að það væri neitt samhengi á milli fiskverðsákvörðunar og gengisfellinga. Það skyldi þó ekki vera að þeir hafi bara alltaf gleymt að lesa blöðin í janúar, febrúar og í september, í kringum þessi tímabil þegar verið er að slást um fiskverðið. Ég ætla að vona að þeir hafi báðir bara verið að grínast því að auðvitað vita þeir jafn vel og ég hvert samhengið er milli fiskverðsákvörðunar og gengisfellingar hér á landi. (**VI:** Er það oddamanni að kenna?) Ég er ekkert að níðast hér á persónu oddamannsins, ég er að níðast hér á hlutverki oddamannsins í kerfinu því að hann situr þarna og hann tekur ákvarðanir sem fara saman við ákvörðun ríkisstj. og ríkisvalds og þar er fiskverðið ákveðið með því að slaka út á öðru borðinu og kippa í á hinu. Það er beint samhengi á milli gengisfellinga og fiskverðsákvarðana. Þetta hafa verið reglubundnar hríðir í íslensku þjóðlífi undanfarin 10—15 ár a. m. k. Menn þekkja þetta, þetta kemur bara rétt eins og krían á vorin, þegar fiskverð er ákveðið þá er farið að krukka í gengið. Og þegar búið er að krukka í gengið þá er venjulega krukkað í launin á eftir. Þetta hangir allt saman saman.

Ef menn halda því fram að þetta séu góð vinnubrögð, hverju kenna þeir þá um árangursleysinu? Hvað er þá að? Eða er ekkert að? Er þetta allt saman bara gott og blessað? Býr fólk í þessu landi bara við dægileg laun og hefur það afskaplega gott? Eða ætla menn að neita því að það sé eitthvert samhengi á milli fiskverðsákvarðana, gengisskráningar og launa fólks? Ætla menn raunverulega að halda því fram að það sé um aldur og ævi ekki tilraunarinnar virði að reyna eitthvað annað? Hefur 4. þm. Vesturl. t. d. gersamlega sætt sig við það um aldur og ævi að svona sé farið að hlutunum? Hefur hann gersamlega sætt sig við það um aldur og ævi að menn eigi aldrei að geta fengið meira verð fyrir sinn fisk eða minna verð eftir því hvernig á stendur hjá þeim viðskiptaaðila sem um er að ræða?

Ég hélt að það væri orðið eitthvað að hlustunum í

mér hér áðan þegar hv. 3. þm. Vesturl. stóð hér í stól og kyrjaði sinn framsóknarsöng. Hvað eiga menn að gera, spurði hann, þegar þeir veiða einhvern fisk sem enginn vill vinna? Hvað á maður að gera sem er að framleiða vöru sem enginn vill kaupa? (Gripið fram í.) Hvað gerir maður sem er að framleiða skó sem enginn vill kaupa? Hann hættir að framleiða þá, hann biður ekki ríkið um að ákveða verðið á þeim og neyðir menn til að kaupa þá. Ef þú ert að veiða einhvern fisk sem enginn maður vill vinna þá annaðhvort veiðir þú ekki eða veiðir einhvern annan fisk. Ég hlusta ekki á eitthvert kjaftæði um það að ég viti ekki um hvað ég er hér að tala. (Gripið fram í.)

Ég held og ég vona enn þá að menn komist einhvern tíma að því að fara að tala um þessi mál út frá spurningunni sem ég lagði fram áðan: Erum við að gera hér þá hluti sem við teljum að nái árangri? Hafa þeir skilað árangri? Erum við sáttir við þá og ætlum við að hafa þá svona um aldur og ævi eða er breytinga þörf og þá hvaða?

Hv. 4. þm. Vesturl. var mér hjartanlega sammála um það að ef maður kippti 10. gr. úr þessu frv. væri það eins og að taka tappann úr fótbolta, þá er ekki lengur um neitt að spila. Það er þess vegna sem ég stend að þeirri brtt. að 10. gr. verði felld úr þessum lögum því þar með eru þessi lög og það kerfi numið úr gildi sem komið hefur verið upp til þess annars vegar að standa að fiskverðsákvörðun, hins vegar að standa þar með í fyrsta lagi að kjörum þess fólks sem starfar í sjávarútveginum og síðan að kjörum allra þeirra sem þeim störfum tengjast. Þessi brtt. er sett fram einfaldlega til þess að reyna að breyta til og sjá hvort ekki er hægt að ná betri árangri með því — eins og ég sagði áðan og hv. 3. þm. Vesturl. fannst svo gersamlega út í hött — að menn reyni að semja um þessi mál eftir öðrum leiðum.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að svara hv. þm. nokkrum orðum. Ég segi það nú þó að ég hafi sagt það áður að ég held að hans málflutningur stafi af miklum ókunnugleika. Semja eftir öðrum leiðum, sagði hann áðan. Um hvað á að semja þá? Um fiskverð? Hvernig ætlar hann að framkvæma þá samninga eins og nú er komið? Ég spyr og vona að hann geti svarað mér. Hann getur það ekki, ég fullyrði að hann getur það ekki því að eins og markaðurinn er sem við erum með hér þá getur hann ekki samið á milli aðila í þessum efnum.

Við erum búnir að læra það allt of lengi og sjá það allt of lengi í gegnum árin að menn hafa lent í algeru strandi með þessi mál sín, sjómenn og fiskkaupendur. Það hefur borið mikið í milli hjá þeim. Af hverju er það? Það er vegna þess m. a. að það hefur verið gerð gengisfelling, það er alveg hárrétt. En það er ekki sjávarútveginum að kenna og ekki gert vegna hans. Þetta er misskilningurinn í þjóðfélaginu, það er búið að safna upp vandanum í þjóðfélaginu eins lengi og mögulegt er. Þá er farið út í það að fella gengið til þess að reyna að rétta þennan undirstöðuatvinnuveg. Ég held að ég viti ekki um eina einustu ríkisstj. og ekki hv. þm. heldur sem er að gera sér það að leik að fella gengið. Ég held að allar ríkisstj. séu að reyna að forðast það eins lengi og þær geta. Það er því ekki þessari verðlagningu í Verðlagsráðinu að kenna hvort þetta er gert eða ekki. Þegar pakkinn, þegar pípurnar verða fullar af kostnaðaraukum sem eru búnir að hlaðast upp á þennan atvinnuveg þá hefur ekki önnur leið verið fundin enn þá til að reyna að koma þessu í sæmilegt horf en að fella gengið öllum til lítillar gleði.

Þetta eru því ekki lausnarorðin hv. þm. Það er hægt að tala fjálglega um þetta, boða hér frelsi og fríðindi, vera með yfirboð í þessum efnum, en koma ekki með nokkur rök fyrir því hvernig á að gera það. Hann gæti farið og fengið nokkra báta við einstök tækifæri til að landa hér í Reykjavíkurhöfn og setja í gáma þegar góður markaður er í Englandi rétt fyrir páska, alveg upplagt að kaupa þá gámafisk fyrir 30 kr. kílóið eða meira. Hvað ætlar hann að gera við fiskinn hinn tímann þegar engin markaður er erlendis? Og ég spyr hann aftur: Ætlar hann þá að reka það fólk heim sem er hér í vinnslustöðvunum hjá okkur allt í kringum landið og heldur hér uppi atvinnulífinu? Mér kemur það ekkert við, segir hv. þm. Ef þið getið ekki framleitt skó sem þið getið selt þá á að hætta að framleiða þá. Þetta eru svörin. Þetta eru ekki rök hjá BJ.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. þarf ekki að þjást lengi undir mínu bulli. Ég get hér einungis gert örstutta athugasemd. Ég held að ég þurfi ekki að kenna hv. 3. þm. Vesturl. að fara út í búð og kaupa sér skó eins held ég að ég þurfi ekki að kenna honum hvað það er að semja. Ég held að það, sem vanti á kannske eða réttara sagt byrgi hv. 3. þm. Vesturl. eilítið sýn, sé einfadlega sá vani og sú hefð sem við búum við í dag. Hann sér ekki að þessi mál sé hægt að leysa öðru vísi en með samkomulagi yfir heildina, þ. e. þessu meðaltalssamkomulagi sem við þekkjum frá undanförnum árum og áratugum, hann sjái einfaldlega ekki styrkleikann og hið styrka eðli þess að semja í smærri einingum en gert er í dag. Þar sem mestu máli skiptir afkoma þess skips og þeirrar vinnslustöðvar sem um ræðir hverju sinni en ekki afkomu allra vinnslustöðva í landinu og afkoma allra skipa í landinu.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umr. sem farið hafa fram um Verðlagsráðið, einkum um þá brtt. sem þm. BJ. hafa flutt hér. Ég skil mjög vel þá hugsun sem þar er á ferðinni, að vilja breyta til og brydda upp á einhverju nýju. En það dugar ekki að koma með till. um eitthvað nýtt ef menn finna ekki svör við því hvernig á að framkvæma það sem framhaldið býður upp á. Ég óttast það — það er byggt á reynslu — að verði farið út í fyrra samkomulag eigi það sér stað að menn ganga til samninga eins og gerðist hér áður fyrr og flotinn var í höfn í einn, tvo mánuði þegar besta veiðitímabilið var. Það gerðust ætíð þeir hlutir að ríkisvaldið kom til skjalanna þegar samningsaðilar höfðu komið sér saman. Það sem var öðru vísi en nú tíðkast út af fiskverðinu var það að þjóðarbúið tapaði svo og svo miklu og varð fátækara vegna þess að svona aðferðir voru notaðar.

Ég fullyrði að það fyrirkomulag sem er nú er betra en fyrra fyrirkomulag. Ég vil ógjarnan hverfa frá því nema sýnt sé fram á að hægt sé að hafa þetta eftir þessum frjálsu leiðum sem einhvers staðar eru úti í loftinu. Ég er viss um að það er hægt að hafa á einstökum stöðum hér á Suðvesturlandi frjálsan markað. En ef við hugsum um landið allt held ég að það sé óframkvæmanlegt við þær aðstæður sem við búum við.

Menn segja það ekki í fullri alvöru hér á Alþingi að ef óhagstætt er að veiða karfa eða einhverja fisktegund hætti menn því bara meðan þúsundir verkafólks í landi bíða eftir vinnu, meðan þúsundir í landinu óska eftir því að hafa eitthvað til lífsviðurværis. Þær leiðir hafa verið notaðar með því að grípa til þess vonda ráðs sem hv. flm. þessarar brtt. hefur gagnrýnt. Það hefur jafnað til verðinu á þessum fisktegundum sem gert hefur það kleift að veiða fisktegundir sem ella væru óarðbærar. Ég verð að játa það að ég tel það vera af því góða að koma á vissum stöðugleika í þessum efnum.

Ég lýsi því yfir — eins og reyndar aðrir þm. hafa gert hér — að ég vil mjög gjarnan skoða nýjar leiðir í þessum efnum. Ég vil mjög gjarnan að það komist á meira frelsi. En á meðan við vitum ekki hvað á að taka við en á bara að vísa á lögmál frumskógarins, á bara að vísa til eldri tíma, gamals forms sem er úrelt, þá er ég ekki tilbúinn til þess að samþykkja svona brtt. Endirinn skyldi í upphafi skoða.

Hér var rætt aðeins um gengisfellingar og það að gengisfellingar kæmu oft á eftir fiskverðsákvörðun. Breytist það samhengi sem þar er á milli við það að oddamaður er tekinn út? Það breytist ekki neitt. Hitt er annað mál að menn verða að þekkja það hér í Alþingi að gengið fer ekki eftir einföldum ákvörðunum í landi. Það er þorskurinn, það er verðið á þorskinum, það er verðið á afurðunum erlendis, sem ræður því hvert gengið er í landinu. Það eru fiskveiðarnar sem stjórna genginu en ekki einhverjir spekúlantar úti í bæ. Þannig er hið íslenska þjóðfélag sett saman.

Ég óttast að ef af þessu yrði og einhverjir yrðu til þess að trúa því að hægt væri bara með einu pennastriki að breyta þessu yrði það fyrst og fremst til þess að útvegsmenn færu að hætti arkitekta, eins og kom fram hér áðan, og lögfræðingar o. fl., auglýstu hvert fiskverðið ætti að vera og síðan yrðu sjómennirnir og verkafólkið að una við molana sem þar fengjust. Á Íslandi er málunum þannig fyrir komið ef menn vita það ekki, að í 90% tilvikum er það sami aðilinn sem á útgerðina og fiskvinnsluna. Þetta er því ekkert einfalt mál einmitt þess vegna, það gerir þetta mál öllu erfiðara. (**StB:** Hverju breytir það?) Það breytir því hvort maður er að semja við sjálfan sig eða ekki og það breytir því hvaða kjör landverkafólk og sjómenn hafa. Þeir koma ekkert nálægt þessu, ekki frekar en neytandinn þegar lögfræðingur eða arkitektinn auglýsir sinn taxta.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umr. mikið en fyrst menn eru farnir að lýsa hér almennt afstöðu sinni til þeirrar brtt. sem hér um ræðir vil ég leggja örfá orð í belg.

Ég vil eindregið taka undir það sem hér kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. að þær gengisfellingar, sem hafa verið á undanförnum árum, eru ekki vegna sjávarútvegsins heldur hefur uppsafnaður vandi í landinu komið þar til. Gengisfellingar stafa ekki af þessu kerfi sem við höfum hér. Ég er eindregið andsnúinn því að fella niður það kerfi sem hér um ræðir, breyta breytinganna vegna án þess að vita nokkuð hvað við fáum í staðinn og leiða lögmál framskógarins inn í verðlagningu sjávarafurða. Verðlagningin hefur beinst að því, eins og kom hér fram hjá síðasta ræðumanni, að jafna atvinnu um landið, að fiskveiðar geti gengið klakklaust fyrir sig. Jafnvel þó að það séu ekki viðunandi verð í svipinn á einstökum tegundum dettur ekki nokkrum manni í hug að hætta að veiða eins og kom hér fram í ræðu hv. 8. þm. Reykv. áðan. Ég skil satt að segja ekkert í að menn skuli fara með svona yfirlýsingar hér úr ræðustól, að menn eigi að hætta að veiða hér fisk og leiða lögmál frumskógarins inn í verðlagningu sjávarafurða. Ég er því á móti þeirri brtt. sem hér um ræðir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hv. 8. þm. Reykv. hefur nú þegar talað tvisvar. Hann hefur einnig fengið að taka til máls í þriðja sinn með því að gera örstutta athugasemd sem var alveg á mörkunum að vera örstutt. Hv. þm. biður nú enn um að gera athugasemd og ég vænti þess að hún verði örstutt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það verður nú að vera meira en ein setning þó að örstutt athugasemd sé, þegar menn viðhalda þeim vinnubrögðum að koma hér svo seint inn í umr. að maður er búinn að tala sig dauðan þegar þeir loksins finna sig tilknúna að standa upp og verja kerfið.

Hér talaði fulltrúi Alþfl., hér talaði fulltrúi þeirra sem semja fyrir verkalýðinn og lýsti yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag og afleiðingar þess og lýsti yfir miklum áhyggjum sínum yfir því hvernig færi ef menn þyrftu að semja við sjálfa sig. Það var það sem hann átti einna erfiðast með að skilja og er það kannske skiljanlegt með tilliti til þess að hann talar núna hér úr þessum ræðustól a. m. k. gersamlega þvert á yfirlýsta stefnu formanns þess flokks sem hann er fulltrúi hér fyrir. En hann lýsti því yfir í blöðunum bæði í gær og í dag að hann og fyrst og fremst hann væri forvígismaður þeirrar stefnu að semja um kaup og kjör í smáum einingum. Hann væri forvígismaður vinnustöðvasamninga og þar af leiðandi þess að menn semdu sín á milli í sem smæstum einingum.

Það er sorglegt, virðulegi forseti, að hlusta á það að menn skuli vera komnir hér svo langt að þeir eru búnir að gleyma því að hægt sé að semja öðruvísi en undir verndarvæng ríkisins. Ég hirði ekki um að svara atriðum eins og um lögmál frumskógarins og þar fram eftir götunum sem menn eru hér að snúa út úr.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Mér fannst þetta ekki löng athugasemd. Þegar ég kom hér fyrst á þing upplifði ég það að einn hv. þm. óskaði eftir því að gera örstutta athugasemd og talaði í klukkutíma. Þetta er því ansi stutt.

Út af þessari brtt. snýst þetta mál allt saman. Ég játa að mér finnst margt ekki svaravert af því sem hv. síðasti þm. sagði. Ég skil ekki hvaða samhengi er á milli þess hvað formaður Alþfl. segir í blöðum og skoðunum manna á fiskverði eða fyrirkomulagi Verðlagsráðs. Þarna er verið að bera saman allt aðra hluti sem ekkert samhengi er á milli.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig stendur á því að menn bera fram frumvörp og brtt. um málefni sem þeir geta ekki útskýrt. Ég hef ekki fengið neinar útskýringar á því hvað á að koma í staðinn fyrir það sem verið er að tala um hér. Ég hef ekki fengið neinar útskýringar á því, það hefur enginn fengið hér. Það er furðulegt að tala svona út og suður.

Þar fyrir utan undrast ég svona málflutning BJ almennt. Í blöðum kemur það t. d. fram að þeir vilja afnema þingræðið. Nú vilja þeir afnema Verðlagsráð. Hvað verður næst? Þetta eru mál sem menn þurfa að hugsa um hvað úr hverju.

Ég lýsti því yfir áðan að við viljum mjög gjarnan skoða það hvernig hægt er að breyta þessum málum og koma því þannig fyrir að þetta sé ekki njörvað í það kerfi sem verið hefur. En ég sé ekki fyrir mér hvernig má breyta þessu á þann hátt sem hér er gerð till. um. Það er ekki nóg að rugla fram og til baka um einhverja útópíu án þess að gera sér grein fyrir því hvort verið er að gera þjóðfélaginu rangt til eða gera það að verkum að þeir sem hagsmuna hafa að gæta, sjómanna, útvegsmanna, verkafólk, þurfa að líða fyrir það. Ég er nefnilega sannfærður um að ef Verðlagsráð yrði lagt niður eða svokallaður oddamaður þá yrði það til þess að þessir aðilar mundu bíða stórtjón af, einkum þeir sem eiga heima úti á landsbyggðinni, einkum þeir sem ekki eru hér á aðalbankasvæðinu. Það er kannske það sem menn vilja. Það verður þá að vera ljóst. Það verður að vera ljóst því fólki, sem hefur orðið þess valdandi að svona skoðanir komast hingað inn í þingið, að það er einmitt hugsunin að fólkið úti á landi, sjómennirnir, verkafólkið, útvegsmennirnir, þurfi að gjalda þeirra gerða hér inni á Alþingi.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. mjög. Ég hef það oft áður staðið í þessum ræðustól og tíundað þetta sama mál. En ég vil aðeins taka fram að hér er verið að ræða um að aðilar semji án afskipta ríkisvaldsins. Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á að í þeirri nefnd, sem samdi þetta frv. sem hér um ræðir var lagt til að oddamaður yrði sviptur sínu atkvæði, að hann yrði sem sagt ekki með atkvæðisrétt. Það væri strax spor í áttina því að með því móti væri ríkið ekki að greiða atkvæði í samningum um fiskverð. Þetta vil ég minna hv. þm. á. Þetta kom fram í grg. sem fylgdi fyrstu drögum að þessu frv.

Hér er rætt um að verið sé að rugla fram og til baka. Ég er ekki viss um hver er að rugla. Ég tel hv. þm. hafa verið að rugla fram og til baka. Hann telur að við séum að ráðst á sjómenn, útvegsmenn og verkafólk. Það háttar nú svo til að þrátt fyrir ákvörðun um fiskverð kemur ríkisvaldið og setur lög sem skerða rétt sjómanna. Þetta á ekkert skylt við ákvörðun í Verðlagsráði. Ég vildi aðeins koma þessum atriðum að. Ég ætla ekki að fara að tíunda hér hvað skrifað er um í blöðunum. Við getum gert það utan ræðustóls.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Mér koma dálítið ókunnuglega fyrir sjónir þær fullyrðingar sem hv. 8. landsk. var með hér í ræðustól um það að formaður þeirrar nefndar, sem vann að undirbúningi þessa frv., hefði lagt það til að oddamaður yrði — **(Gripið fram í:** Fulltrúi Alþfl.) Fulltrúi Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, jæja, þá liggur sú skýring á hreinu. En ég kannaðist ekki við að það hefði komið frá formanni nefndarinnar.

Það er búið að spjalla það mikið um þessa brtt. hér að það er varla á bætandi. En um það að fyrst og fremst sé verið að hverfa frá eða losna við ríkisafskipti með því að leggja Verðlagsráð niður eða fella þessa 10. gr. úr þá held ég að það sé byggt á ansi miklum misskilningi vegna þess að lögin eru fyrst og fremst samkomulagsplagg milli útvegsmanna, sjómanna og ríkisins um hvernig þessir hlutir skuli framkvæmdir. Það er ekki verið að gera þessa hluti fyrst og fremst að ósk ríkisvaldsins heldur sem samkomulagsatriði milli þessara þriggja aðila vegna þess að þessir þrír aðilar gera sér vel grein fyrir því að ef eitthvert slíkt form væri ekki fyrir hendi mundi í mörgum tilfellum skapast vandræðaástand í sambandi við verðlagningu fisks. Ég sé ekki hvers lags vandræðaástand þá mundi skapast. Eins og hér kom fram áðan mundi það fyrst og fremst bitna á aðilum sem gera út úti um land. Það er auðveldara að leysa þessi mál á þéttbýlissvæðinu, koma fyrir afla við hinar breytilegustu aðstæður, en að leysa þau mál á landsbyggðinni.

ATKVGR.

Brtt. 878,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 878,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 883 felld með 12:1 atkv.
10.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi, frv. 431. mál (þskj. 719, n. 875). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 875 um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Nefndin hefur rætt um frv. á fundi sínum og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 70. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, að loknum 69. fundi.

Meðferð opinberra mála, frv. 403. mál (þskj. 656). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. satkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 171). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Í fundarhléi komu nokkrir fulltrúar úr allshn. saman hér til skyndifundar. Varð niðurstaða þeirra sú að leggja til að sú breyting yrði gerð á 31. gr. frv., í samræmi við það sem ég gerði grein fyrir hér áðan, að greinin verði með nákvæmlega sama hætti og hliðstæð grein var í upphaflega frv. Greinin hljóðar þá svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1986 og falla úr gildi hinn 31. des. 1988. Dómsmrh. skal endurskoða lögin og leggja fram nýtt frv. á Alþingi í þingbyrjun haustið 1987."

Þetta eru nákvæmlega hliðstæðar tölur að breyttu breytanda við það sem var í upphaflega frv. og það er tillaga allshn. að frv. verði samþykkt með þessum hætti.

ATKVGR.

Brtt. 892 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 894). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi, frv. 431. mál (þskj. 719). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 895).

Neðri deild, 66. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, að loknum fundi í Sþ.

Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi, frv. 338. mál (þskj. 539). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 896).

Barnalög, frv. 47. mál (þskj. 47, n. 675, 686, 89). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á barnalögum nr. 9 frá 15. apríl 1981. Nefndin sendi frv. til umsagnar tveggja aðila, Félags einstæðra foreldra, sem lýsir stuðningi við málið, og Tryggingastofnunar ríkisins en þaðan hefur engin umsögn borist. Þess má geta að frv. til barnalaga var samið af sifjalaganefnd á vegum dóms- og kirkjumrn. Höfð voru til hliðsjónar nýleg ákvæði Norðurlandaþjóða um sama efni. Frv. var fyrst lagt fyrir Alþingi vorið 1976. Það var flutt fimm sinnum alls en varð að lögum vorið 1981. Lögin tóku gildi 1. janúar 1982.

Hér er um að ræða frv. til breytinga á einu ákvæði þessara barnalaga. En um ákvæði þeirra laga er það að segja að þau eru mjög samtvinnuð löggjöf um almannatryggingar. Það er vitað að sú löggjöf er nú í heildarendurskoðun. Stjórnskipuð nefnd undir forustu Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns vinnur að því verkefni. Með hliðsjón af þessu m. a. leggur meiri hl. n. til að frv. þessu, ásamt brtt. við það sem lagðar hafa verið fram, verði vísað til ríkisstj.

Undir þetta nál. rita fimm af sjö nefndarmönnum í allshn., alþm. Gunnar G. Schram, Friðjón Þórðarson, Páll Dagbjartson, Magnús Reynir Guðmundsson og Stefán Guðmundsson.

Frsm. minni hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Minni hl. n., hv. þm. Guðmundur Einarsson og ég, teljum enga ástæðu til að vísa frv. því sem fyrir liggur á þskj. 47 til ríkisstj., enda hefur það sjaldnast mikla þýðingu.

Hér er um að ræða leiðréttingarmál sem er sjálfsagt og réttmætt og varðar jöfnun réttar íslenskra barna til náms og starfsþjálfunar við sérstakar kringumstæður og jafnframt til aðstoðar við einstæða foreldra vegna skírnar barns, fermingar, vegna sjúkdóms, greftrunar og annars þess háttar.

Barnalögin frá 15. apríl 1981 voru um margt góð og rétt lög sem jöfnuðu rétt svokallaðra „skilgetinna" og „óskilgetinna" barna til lífs og starfs. Eitt af ákvæðum þeirra var lenging framfærsluskyldu þess foreldris, sem barnið býr ekki hjá, til 18 ára aldurs og heimildarákvæði var sett fyrir frekari stuðningi, ef barnið var í námi eða starfsþjálfun allt til 20 ára aldurs. Umgengnisréttur foreldra var jafnframt rýmkaður og allur andi laganna er sá að samskipti barns og beggja foreldra þess verði sem eðlilegastur hvort sem foreldrarnir búa saman eða ekki. Skyldur þeirra við börn sín væru hinar sömu eftir því sem unnt væri.

Þáverandi hæstv. dómsmrh., Friðjón Þórðarson, sagði svo við framsögu fyrir frv. til barnalaga, með leyfi forseta:

„Það er augljóst, að ekki er horfið að þessari hækkun aldursmarks eingöngu til samræmis við lagaákvæði í

nágrannalöndum. Hér ráða fyrst og fremst breytingar í þjóðfélagi okkar. Skólaganga barna og unglinga lengist jafnt og þétt og börn dveljast af þeim sökum lengur en áður hjá foreldri, þrátt fyrir gamlar hefðir um að menn fari ungir út á vinnumarkað. Önnur ákvæði í frv. veita heimild til framlengingar á framfærsluskyldu allt til 24 ára aldurs vegna námsástæðna eða starfsþjálfunar. Hafa verður í huga að hér er um undantekningarákvæði að ræða sem færu eftir fjölskylduaðstæðum og efnahag."

Þetta aldursmark, 24 ár, náði ekki fram að ganga, heldur var bundið við 20. Enn fremur sagði þáverandi hæstv. dómsmrh. í sömu framsögu:

„Það er eitt af einkennum frv., að reynt er að láta í sem flestum efnum reglur um forsjá og framfærslu vera hinar sömu og ákvæðið um þær í einu lagi um skilgetin og óskilgetin börn. Þessu fylgir jafnframt að föður óskilegtins barns er ætlaður mun meiri réttur og skyldur bæði um forsjá og umgengni heldur en eftir gildandi lögum. Í ýmsum efnum eru í frv. ítarlegri reglur en í gildandi lögum um úrlausn vandamála í sambandi við stöðu barna við samvistarslit foreldra, hvort heldur eftir hjúskap eða óvígðri sambúð."

Þetta sagði þáverandi hæstv. dómsmrh., Friðjón Þórðarson, þegar hann mælti fyrir barnalögum fyrir örfáum árum.

Barnalögin voru um margt vel unnin. En engin lög eru fullkomin. Á þessum lögum hefur komið fram galli sem auðvelt er að leiðrétta. Og til þess er frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur flutt.

Í 17. og 19. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 1. apríl 1981, voru sett ákvæði um framlag frá meðlagskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barns frá 18 ára aldri. Við setningu laganna var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt í þeim tilvikum þegar framfærsluskyldur aðili er látinn eða af öðrum ástæðum ófær um að taka á sig slíkar greiðslur og Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri í stað meðlags. Frv. er flutt til að leiðrétta þetta.

Brtt. sem liggur frammi á þskj. 89 og ég hef flutt er til þess fram komin að þau önnur börn, sem ekki njóta þessa sama réttar skv. barnalögum, öðlist hann einnig. Ég tók ekki eftir þessum galla í barnalögum fyrr en frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var flutt. Þessi börn eru börn öryrkja og ellilífeyrisþega sem ekki hafa annan framfærslulífeyri en bætur almannatrygginga. En það skal tekið fram að einnig um þessa hópa er hér um að ræða heimildarákvæði og hvert einstakt tilvik verður að úrskurðast af valdsmanni á hverjum stað.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé."

Svo segir í stjórnarskránni. Löggjafanum ber að fylgja eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar með setningu laga í anda hennar. Hafi löggjafanum yfirsést í því efni er siðferðileg skylda hans að leiðrétta það. Frv. það sem hér er fjallað um er flutt til að leiðrétta ágalla barnalaga er varða nokkurn hóp ungmenna í landinu. Því er eðlileg og sjálfsögð skylda Alþingis að samþykkja frv. Þess skal getið að hsgsmunasamtök þeirra einstaklinga sem hér um ræðir, Félag einstæðra foreldra og þing Sjálfsbjargar 1984, hafa fengið frv. til umsagnar og hafa að sjálfsögðu skorað á Alþingi að veita frv. og brtt. brautargengi.

Í bréfi formanns Félags einstæðra foreldra til formanns allshn. hv. Nd., Gunnars G. Schram, dags. 15. apríl s. l., segir m. a., með leyfi forseta:

„Stjórn Félags einstæðra foreldra hefur kynnt sér nál. meiri hl. og minni hl. allshn. Alþingis um frv. til laga um breytingar á barnalögum nr. 9 frá 15. apríl 1981. Eins og fram kemur hjá báðum sendi Félag einstæðra foreldra umsögn um málið og lagði til að þær breytingar á barnalögunum sem hér um ræðir verði samþykktar.

Stjórn Félags einstæðra foreldra telur það fráleita afgreiðslu að senda málið til ríkisstj. Sú röksemd að heildarendurskoðun fari nú fram á almannatryggingalöggjöfinni, er að okkar dómi harla léttvæg. Sú endurskoðun hefur staðið yfir á einn eða annan hátt í áratugi. Hins vegar er hér um svo brýnt réttlætismál að ræða að Félag einstæðra foreldra ætlar allt það sem gæti orðið til þess að tefja málið og drepa því á dreif.

Hæstv. nm. hljóta að sjá að það er skylda Alþingis að leiðrétta þá mismunun sem hefur verið með tilliti til barnalífeyris þegar foreldri er látið og hefur viðgengist. Í samtölum við alþm. frá því barnalögin voru samþykkt og menn áttuðu sig á þessari gloppu hefur verið talað um að bæta hana snarlega."

Undir þessi orð viljum við hv. þm. Guðmundur Einarsson taka. Það er óþolandi, og ég vil endurtaka það, það er óþolandi að löggjafinn lítilsvirði svo tilraunir hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, til að bæta augljósa ágalla í löggjöf þjóðarinnar sem varða beint hag þegnanna að til þess sé fremur litið hvort stjórnar- eða stjórnarandstöðuþm. séu flutningsmenn frv. Ljóst er að stjórnarandstöðuþm. ber að virða gerð fjárlög í stórum dráttum eftir að þau hafa verið samþykkt og hér er það gert. Ekki er hér um að ræða stórkostleg fjárútlát úr ríkissjóði og svo sannarlega fáránlega lágar upphæðir í samanburði við það fé sem forréttindastéttir þjóðfélagsins fá greitt úr sameiginlegum sjóðum í launaauka eða til bifreiðakaupa.

Alþingi Íslendinga er ekki til þess eins að setja lög um skammtímalausnir efnahagsmála, heldur einnig til að tryggja landsmönnum jafnan rétt til lífs og starfs með löggjöf til lengri tíma. Minni hl. n. skorar á hv. þm. deildarinnar að taka hér af skarið og taka sjálfstæða ákvörðun í þessu máli og samþykkja frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og brtt. þá sem fyrir liggur á þskj. 89 og varðar hinn hópinn sem út undan varð við setningu barnalaga. Enginn aðspurður hefur efast um réttmæti þessa máls og ég fullvissa hv. þm. um að þeir hafa enga ástæðu til þess heldur. Rétt mál og sanngjarnt ber að samþykkja hver sem málið flytur.

Það er til vansæmdar, herra forseti, ef þetta mál nær ekki fram að ganga hér og það verður afgreitt með því að vísa því til ríkisstj. Hér er um leiðréttingarmál á barnalögum að ræða og sú leiðrétting er fullkomlega í anda stjórnarskrárinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hlýt að harma þá afgreiðslu á þessu máli sem meiri hl. allshn. leggur hér fyrir deildina jafnframt því sem ég þakka till. minni hl., sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Einarsson skipa, um afgreiðslu málsins og þann skilning sem fram kemur hjá þeim á mikilvægi þessa máls.

Ég skil satt að segja ekki afstöðu meiri hl. í þessu máli, enda er engan haldbæran rökstuðning að finna sem skýrir andstöðu hans við þetta frv. Enda er varla hægt að segja að þeir hafi góðan málstað að verja sem í raun leggja til að Alþingi Íslendinga leggi blessun sína yfir óréttlæti og mismunun í aðstöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, þ. á m. til menntunar.

Það eru vissulega léttvæg rök í þessu máli að hopa í það skjól að þar sem almannatryggingalöggjöfin sé í endurskoðun þá beri að vísa málinu til ríkisstj., löggjöf sem búin er að vera í endurskoðun í fjölda ára án þess að nokkuð komi út úr því. Það er í raun óþolandi að hvenær sem reynt er að koma fram réttarbótum, hvort heldur er á lífeyrisréttindakerfinu í eða almannatryggingalöggjöfinni, þá sé Alþingi Íslendinga meinað að taka afstöðu til mála af því að stjórnskipaðar nefndir séu að fjalla um málin, nefndir sem setið hafa á rökstólum í fjölda ára eins og lífeyrisréttindanefndin, eða frá 1977, og a. m. k. tvær eða þrjár stjórnskipaðar nefndir á undanförnum tíu árum til að endurskoða almannatryggingalöggjöfina. Þeim mun eymdarlegri er þessi afstaða meiri hl. að hér er ekki verið að leggja til breytingu á almannatryggingalöggjöfinni. Tryggingastofnun ríkisins hefði ekki með framkvæmdina að gera skv. ákvæðum frv. að öðru leyti en því að vera greiðsluaðili.

Skv. ákvæðum 17. og 19. gr. barnalaganna er um heimildarákvæði að ræða og er það valdsmaður sem úrskurðar um framlengingu á framfærsluskyldu til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns, svo og framfærslu vegna sérstakra útgjalda skv. 19. gr. Svo yrði einnig að því er ákvæði þessa frv. varðar nema Tryggingastofnun ríkisins yrði greiðsluaðili í þeim tilfellum að meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi, eða af öðrum ástæðum reynist ókleift að inna greiðslurnar af hendi skv. úrskurði valdsmanns auk þess sem leiðbeiningar um fjárhæðir í slíkum tilfellum eru settar af dómsmrh. Ég tel það því hreinan fyrirslátt hjá meiri hl. n. að koma sér hjá að taka afstöðu til þessa máls með vísan málsins til ríkisstj. þar sem almannatryggingalöggjöfin sé í endurskoðun. Ég minni á að Alþingi hefur með samþykkt barnalaganna frá 1981 ákveðið heimild til að framlengja framfærsluskyldu meðlagsskylds aðila til 20 ára aldurs ef um er að ræða menntun eða starfsþjálfun barns. Þar var um nýmæli að ræða sem og það ákvæði að framlengja framfærsluskylduna almennt til 18 ára aldurs.

Eins og hv. þm. vita er það Tryggingastofnun ríkisins sem greiðir framfærslueyri til 18 ára aldurs til einstæðra foreldra og barna þeirra ef ekki er til neins meðlagsskylds aðila að leita. Löggjafinn hefur með samþykkt barnalaganna viðurkennt og heimilað viðbótarframfærslueyri til einstæðra foreldra sem leitað geta til meðlagsskylds aðila í sérstökum tilfellum svo sem vegna menntunar barna til 20 ára aldurs. Með því hefur löggjafinn viðurkennt þörfina á viðbótarframfærslu til einstæðra foreldra í sérstökum tilfellum. En löggjafinn hefur einungis gengið hálfa leiðina í þessu efni, þ. e. heimilað með lögum viðbótarframfærslueyri til hluta einstæðra foreldra, en skilur eftir þann hóp einstæðra foreldra sem ekki getur leitað til meðlagsskylds aðila. Löggjafavaldið er hér að mismuna börnum einstæðra foreldra og skapa þeim mismunandi aðstöðu og möguleika til menntunar. Hver eru rökin fyrir slíkri mismunun? Eru rökin þau að t. a. m. einstæð móðir með fjögur börn, sem ekki getur leitað til meðlagsskylds aðila með viðbótarframfærslueyri vegna menntunar barna sinna, sé í minni þörf fyrir aðstoð en einstæð móðir með tvö börn sem skv. ákvörðun Alþingis getur fengið slíka fyrirgreiðslu af því að hún getur leitað til meðlagsskylds aðila? Þetta er auðvitað aldeilis fráleitt og Alþingi Íslendinga er ekki stætt á að standa að slíkri mismunun. Ég veit að það eru margir einstæðir foreldrar sem bíða úrslita þessa máls hér á hv. Alþingi.

Fyrir nokkrum dögum talaði við mig einstæð móðir með þrjú börn, tvö í menntaskóla, sem þessi einstæða móðir segir að hætta verði við það nám sem hugur þeirra stendur til vegna þungrar framfærslubyrði þessarar einstæðu móður. En það var einmitt ákvæði þess frv., sem meiri hl. vill nú vísa til ríkisstj., sem gæti hjálpað þessari einstæðu móður og börnum hennar. Þessi afstaða meiri hl. veitir því þessari einstæðu móður enga lausn. En í afstöðu meiri hl. felst að skipta einstæðum foreldrum upp í tvo hópa og viðurkenna viðbótarframfærsluþörf annars, vegna menntunar barna þeirra, en ekki hins, sem allt eins getur búið við erfiðar aðstæður, ef ekki verri aðstæður.

Herra forseti. Málið í hnotskurn er að skv. ákvörðun Alþingis greiðir Tryggingastofnunin nú framfærslueyri með börnum einstæðra foreldra til 18 ára aldurs. Alþingi hefur viðurkennt þessa þörf og nauðsyn á viðbótarframfærslueyri til hluta einstæðra foreldra og barna þeirra. Þar með er rökrétt framhald að Alþingi tryggi einnig sambærilegan rétt þeirra sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila og sem Tryggingastofnun ríkisins hefur nú skyldu við vegna framfærslu barna þeirra til 18 ára aldurs.

Ég tel, herra forseti, að meiri hl. allshn. þurfi að skýra betur sín sjónarmið og rökstyðja hvers vegna hann leggur til að Alþingi staðfesti slíka mismunun og óréttlæti. Ég vil minna á að í bréfi Félags einstæðra foreldra í febrúarmánuði 1984 til forsrh. er það sett fram sem ein megintillaga Félags einstæðra foreldra að þetta misrétti verði leiðrétt. Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að vitna í bréf formanns Félags einstæðra foreldra, sem ritað er formanni allshn. Alþingis og ljósrit sent formönnum þingflokkanna og dagsett er 15. apríl 1984, sem sent er í tilefni af afgreiðslu þessa frv. frá hv. allshn. Það hefur hv. þm. Guðrún Helgadóttir þegar gert. En þar kemur fram að stjórn Félags einstæðra foreldra telur það fráleita afgreiðslu að senda málið til ríkisstj. og skora á þm. að samþykkja þetta frv.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, en vænti þess að hv. alþm. hafni þeirri tillögu meiri hl. að vísa málinu til ríkisstj. og samþykki þess í stað þetta frv. sem tryggir að börn sem aðeins eiga annað foreldra á lífi hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra og einstæðum foreldrum verði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. og 19. gr. barnalaganna veita einstæðum foreldrum.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það er rétt hjá tveim hv. síðustu ræðumönnum að þetta ákvæði sem hér er til umræðu er algjört undantekningarákvæði og heimildarákvæði. Annað í málflutningi þeirra er dálítið málum blandað. Þetta er sérstakt ákvæði sem ég hygg að þeir sem sömdu barnalögin hafi gert sér fulla grein fyrir. Ef ég man rétt er þetta ákvæði

aðeins til í dönsku barnalögunum frá 1960.

Það dylst engum að barnalögin gengu í þá átt að halda fram rétti barnsins og að jafna rétt barna. Um það verður ekki deilt. Þau voru samin af færustu mönnum þar sem hver grein var hugsuð út af fyrir sig svo og lögin í heild í náinni samvinnu við bestu fræðimenn í þessum efnum á Norðurlöndum.

Eins og ég sagði áðan eru þessi ákvæði barnalaganna samtvinnuð ákvæðum almannatryggingalaga og þau eru þó í endurskoðun hvenær sem henni lýkur. Ég vona að það verði sem fyrst. Þó að barnalögin séu ekki eldri en frá 1. janúar 1982, þá væri sannarlega full ástæða til þess að mínum dómi að kveðja til þá nefnd, sem samdi barnlögin, til að skoða greinar þeirra hverja fyrir sig enn og aftur og bera saman við reynslu af framkvæmd þeirra nú á síðustu árum, því að sannarlega eru þessi lög erfið í framkvæmd. Og erfitt er að semja svona lög.

Ég vil að síðustu taka það fram að það er einnig mjög erfitt og jafnvel varhugavert að taka eina grein út úr svona lagabálki og krefjast breytinga á henni. Lögin þarf að skoða öll í heild.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég er nú engu nær varðandi afstöðu meiri hl. í þessu máli eftir ræðu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar. Hv. þm. heldur því réttilega fram að barnalögin hafi verið sett til þess að halda fram rétti barnsins. En ég spyr hv. þm.: Er það hans skoðun og hans sjónarmið að rétti barnsins sé haldið fram með þeim hætti sem fram kemur í nál. meiri hl.? Ég get ekki séð það. Ég fæ ekki séð annað en þarna sé verið að mismuna börnum en ekki halda fram rétti þeirra. Hv. þm. talaði hér um að um algjör undantekningarákvæði væri að ræða eða undantekningartilfelli. Ef þarna er um fá tilfelli að ræða er það gott og vel og rökstyður þá enn þá frekar að ástæða er til að samþykkja þetta frv. vegna þess að varla yrði þá mikill kostnaður samfara því. En ég vildi láta það koma hér fram, herra forseti, að það er ekki verið að halda fram rétti barnsins með því að afgreiða málið með þeim hætti sem meiri hl. leggur til.

Frsm. minni hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Þessu til viðbótar vil ég benda á að það er meira en hæpinn málflutningur að frv. þm. verði hafnað en þess í stað sé ráðlagt að senda málið til nefndar þeirrar sem lögin samdi. Ég hafna því algerlega að sú nefnd sé nokkru færari um að sjá ágalla á barnalögum en við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ef það er stefna Alþingis að einungis ríkisstjórnarfrv. nái fram að ganga, sem mestan part eru samin af embættismönnum í kerfinu, þá fæ ég ekki annað séð en að þm. geti hætt að gera tilraunir til þess að breyta lögum. Ég hef þó hingað til haldið að til þess værum við á þing kjörin að leiðrétta löggjöf landsins í þágu þegnanna. Og mér þykir það meira en vafasöm tillaga sem hér kom fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. að það þurfi að leita hjálpar um þetta atriði út í bæ. Ég tel að hér séu góðar og gildar tillögur sem lagfæra þennan galla sem hér hefur verið rætt um og ég skora á alþm. að hafa það sjálfstraust til að bera og það traust hver á öðrum, að þeir treysti sér til að samþykkja frv. og þá brtt. sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Till. á þskj. 675, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, MB, BM, PP, PJ, IG.

nei: SJS, SvG, GSig, GeirG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KHT.

11 þm. (GeirH, BÍG, EBS, GE, GJG, GGS, KP, KH, KSK, ÓE, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Ferðamál, frv. 479. mál (þskj. 848). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í september 1983 skipaði ég nefnd til að endurskoða gildandi lög um skipulag ferðamála. Þau lög eru nr. 60 frá 1976. Nefndinni var sérstaklega falið að kanna eftirfarandi ákvæði gildandi laga:

„a. Ákvæði 8. gr. um álagningu sérstaks gjalds á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, sem skuli nema 10% af árlegu söluverðmæti og renna til landkynningarverkefna o. fl.

b. Ákvæði III. kafla laganna sem fjalla um Ferðaskrifstofu ríkisins, rekstur hennar og rekstur sumarhótela.

c. Ákvæði IV. kafla laganna sem fjalla um almennar ferðaskrifstofur.

d. Ákvæði laganna um Ferðamálasjóð.

Í nefndina voru skipaðir Friðjón Þórðarson alþm., formaður, Ólafur S. Valdimarsson ráðuneytisstjóri, Heimir Hannesson formaður Ferðamálaráðs, Hólmfríður Árnadóttir framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa og Ingólfur Hjartarson lögfræðingur Félags ísl. ferðaskrifstofa. Ritari nefndarinnar var Pétur Pétursson fyrrv. alþm. sem sat alla fundi og tók virkan þátt í störfum nefndarinnar.

Auk þeirra ákvæða sem nefndinni var sérstaklega falið að kanna skv. framansögðu gerði hún tillögur um þrjár nokkuð veigamiklar breytingar á gildandi lögum um skipulag Ferðamálaráðs, svo og ýmsar minni háttar lagfæringar."

Ég taldi nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á frv.-drögum nefndarinnar og er gerð sérstök grein fyrir þessum breytingum í almennum aths. með frv. Þegar saman eru teknar tillögur nefndarinnar og breytingar mínar á þeim verður lagafrv. í eftirfarandi meginatriðum frábrugðið gildandi lögum:

1. Gert er ráð fyrir að fjölgað sé í Ferðamálaráði um fimm fulltrúa, miðað við gildandi lög, úr 14 í 19 fulltrúa. Fimm fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar í stað þriggja í dag og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður. Þar sem ferðamálasamtökum í einstökum sveitarfélögum og landshlutum hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á undanförnum árum er sjálfsagt að þau hafi sína talsmenn í Ferðamálaráði og hér er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg tilnefni sérstaklega einn fulltrúa og ferðamálasamtök utan Reykjavíkur tilnefni tvo fulltrúa.

2. Tillaga er gerð um að Ferðamálaráði sé skipuð fimm manna framkvæmdastjórn sem sé að meiri hluta skipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila ferðaþjónustunnar, þ. e. frá Félagi ísl. ferðaskrifstofa, Flugleiðum hf. og Sambandi veitinga- og gistihúsa. Formaður Ferðamálaráðs yrði jafnframt skipaður án tilnefningar formaður framkvæmdastjórnar og fimmti stjórnarmaðurinn yrði tilnefndur af Ferðamálaráði til eins árs í senn og

mundu þá væntanlega hinar ýmsu greinar ferðaþjónustunnar skiptast á um að tilnefna fulltrúa í framkvæmdastjórnina.

Undanfarin ár hefur sérstök þriggja manna stjórnarnefnd farið með svipað hlutverk og framkvæmdastjórninni er ætlað. Hefur sú tilhögun gefið góða raun og því er þessi tillaga gerð. Jafnframt því að framkvæmdastjórn yrði lögfest yrði ekki þörf á að Ferðamálaráð allt kæmi saman eins oft og nú er þar sem ráðið er orðið nokkuð fjölmennt, en næsta víst að þessi skipulagsbreyting hefði í för með sér fljótari og virkari afgreiðslu mála en unnt er í dag.

3. Ákvæðum III. kafla gildandi laga um Ferðaskrifstofu ríkisins og starfsemi hennar er breytt verulega að því leyti að nú er gerð tillaga um að breyta skrifstofunni í hlutafélag. Margir líta svo á að ríkið eigi ekki að hafa með höndum þann rekstur sem í starfsemi ferðaskrifstofunnar felst, bæði hvað snertir ferðaskrifstofustarfsemina sjálfa og rekstur hótela í sambandi við hana. Á hitt er þó jafnframt að líta að af ýmsum ástæðum kemur ekki til greina að leggja rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins niður, m. a. vegna þeirra víðtæku viðskiptasambanda sem hún hefur aflað sér og þeirrar ómetanlegu reynslu sem hún hefur í rekstri sumarhótela. Ég geri hins vegar um það tillögu að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags um starfsemi skrifstofunnar skv. nánari ákvæðum þar um. Þar er m. a. gert ráð fyrir að 30% af hlutafé í væntanlegu hlutafélagi séu seld á næstu fimm árum til starfsfólks Ferðaskrifstofu ríkisins. Þótt þessar breytingar séu gerðar hér í samræmi við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu vil ég leggja sérstaka áherslu á að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins hefur alla tíð verið ómetanleg lyftistöng fyrir íslensk ferðamál, bæði hvað snertir sölu á ferðum til Íslands og ferðalög um Ísland fyrir erlenda ferðamenn, svo og rekstur Edduhótelanna í húsnæði heimavistarskóla sem á sínum tíma var bylting í ferðamálum hér á landi og hefur verið nauðsynlegur þáttur í því að ferðamenn, bæði innlendir og erlendir, gætu farið á sæmilega þægilegan hátt um dreifðar byggðir landsins.

4. Í 24. gr. þessa frv. „er gert ráð fyrir að samgrh. skipi sérstaka þriggja manna stjórn fyrir Ferðamálasjóð. Formaður sjóðsstjórnar er skipaður án tilnefningar, en tveir stjórnarmenn skv. tilnefningu Ferðamálaráðs. Sjóðurinn hefur eflst verulega frá því hann var fyrst stofnaður með lögum um ferðamál frá 1964 og þykir mér því rétt að lögbinda að með mál hans fari sérstök stjórn, en hann sé ekki að öllu leyti undir stjórn Ferðamálaráðs, eins og nú er. Ráðið hefur þó áfram meiri hluta í stjórn hans."

Ýmsar aðrar minni háttar breytingar eru gerðar á núgildandi lögum í þessu frv. T. d. er gert ráð fyrir að Ferðamálaráð annist skipulagningu námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn og að Ferðamálaráð starfræki sérstaka bókunarmiðstöð, en svipuð starfsemi fer fram í nágrannalöndum okkar á vegum þarlendra ferðamálaráða og þykir nauðsynleg.

Nefndinni, sem samdi frv., var m. a. falið að kanna ákvæði 8. gr. gildandi laga um skipulag ferðamála, um álagningu sérstaks gjalds á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, sem skuli nema 10% af árlegu söluverðmæti og renna til landkynningarverkefna o. fl.

Eins og kunnugt er hefur Ferðamálaráð aldrei fengið þetta gjald til starfsemi sinnar nema að hluta til. Nefndin sá hins vegar ekki ástæðu til að gera breytingar á álagningu þessa gjalds en lagði til að ákvæði um það yrðu gerð ótvíræðari en nú er svo ekki yrði hjá því komist að inna þetta gjald af hendi til Ferðamálaráðs. Enda þótt verulegur misbrestur hafi verið á því að Ferðamálaráð fengi það fé til starfsemi sinnar sem ákveðið er í 8. gr. tel ég rétt að þessi ákvæði verði áfram óbreytt og unnið verði að því að afla þessa fjár til starfsemi Ferðamálaráðs, enda er hér um mjög vaxandi atvinnugrein að ræða eins og ég kem nánar að hér nú.

Í nær tveggja ára gamalli úttekt sem samgrn. lét gera um ferðamál á Íslandi, þjóðhagslega þýðingu þeirra, spá um þróun til 1992 og tillögur um ferðamálastefnu kemur fram að miðað við árlega fjölgun ferðamanna, um 7% árið 1983 og síðan árlega aukningu um 3.5%, yrðu erlendir ferðamenn um 106 þús. talsins á árinu 1992, þ. e. 45% heildaraukning á þessu tíu ára tímabili. Þegar haft er í huga að þessi atvinnugrein skapar þjóðarbúinu verulegar gjaldeyristekjur, auk þess sem 4—5% af vinnuafli landsmanna tengist henni á einn eða annan hátt verður ekki fram hjá því gengið að aukning þessa atvinnuvegar hefur veruleg áhrif fyrir þjóðarbúið. Eins og fram kemur í áður nefndri skýrslu er greinin gjaldeyrisskapandi án verulegrar fjárfestingar og hún getur, ef rétt er á haldið, skapað fjölmörg ný atvinnutækifæri á komandi árum. Öll fjárfesting í þessari atvinnugrein kemur auk þess íslenskum ferðamönnum sjálfum að notum þar sem aukinn straumur erlendra ferðamanna hingað til lands tryggir enn betur samgöngur okkar við umheiminn en nú er. Því tel ég að okkur beri að líta til ferðamála sem atvinnugreinar enn frekar en verið hefur á undanförnum árum og að því er m. a. stefnt með till. þeim sem fyrir liggja í þessu frv.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 850 (sbr. 151)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til sjómannalaga. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþingi og þá vísað til samgn. í Ed.

Fyrstu almennu siglingalög Íslendinga eru frá árinu 1913, en voru ári síðar, 1914, endurútgefin sem lög. Þar er að finna allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum og þau endurskoðuð og sett í sjómannalög það ár.

Núgildandi sjómannalög eru frá árinu 1963. Þau eru að mörgu leyti unnin að fyrirmynd laga annarra Norðurlandaþjóða, en breyting var gerð á 18. gr. þeirra laga árið 1980 þar sem aukin voru réttindi sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði.

Á síðustu tveimur áratugum hefur orðið talsverð þróun í kjaramálum sjómanna sem og annarra launþega

og hafa aðrar Norðurlandaþjóðir þegar endurskoðað sín sjómannalög. Þar sem ljóst þótti að gildandi sjómannalög þyrftu endurskoðunar við skipaði fyrrv. samgrh. nefnd 8. sept. 1981 til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna, svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga.

Í þessari nefnd áttu sæti fulltrúar tilefndir af Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerðar, en Páll Sigurðsson dósent var skipaður formaður nefndarinnar.

Því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi og aftur nú í haust og hefur legið fyrir Ed. í vetur er skipt í sex kafla. Í I. kafla eru almenn ákvæði um gildissvið laganna og skýrð eru meginhugtök sem notuð eru í frv. II. kaflinn fjallar um ráðningarsamninga o. fl. Ákvæði kaflans eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í gildandi sjómannalögum. III. kaflinn er um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skipsrúmi. Þar eru nokkrar breytingar og nýmæli frá gildandi lögum. Í IV. kafla er fjallað um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi. Um þetta eru nú ákvæði í lögunum frá 1963, en það er nýmæli í síðari hluta að sá sjómaður sem starfað hefur í 15 ár eða lengur í þjónustu sama útgerðarmanns á rétt til sérstakrar uppbótar sem nemur eins mánaðar launum. V. kaflinn fjallar um kaup skipverja, en ákvæði þessa kafla fjalla að nokkru leyti um það sama og nú er í 18.—25. gr. laganna frá 1963. VI. kaflinn er um umönnun og kaup sjúkra skipverja og er ítarlegur kafli um þessi atriði.

Í Ed. varð samkomulag um afgreiðslu þessa frv. og voru gerðar á því nokkrar breytingar, við 6., 8., 18., 23., 36. og 64. gr. frv. Þessar brtt. koma fram á þskj. 850. Það er ekki um efnismiklar breytingar að ræða að undanskilinni 6. gr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 29 shlj. atkv.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 872). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nýju frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands. Þetta mál hefur hlotið einróma samþykki hv. Ed. og er því núna hér til 1. umr.

Mál þetta hefur hlotið mjög mikinn undirbúning, er mér óhætt að segja. Á síðasta ári lágu fyrir í menntmrn. tvö fullbúin frv. um Þjóðskjalasafn. Til þess að unnt væri að flytja málið varð því að vinna eitt frv. upp úr þessum gögnum og það hefur verið gert. Hin fyrri frv. voru undirbúin af nefndum sem þáv. menntmrh. hafði sett. Annað af nefnd sem sett var 1980 og hitt af nefnd sem sett var nokkru síðar.

Yfirferð þessara frv. og samning hins nýja frv. var fyrst og fremst í höndum starfsmanna menntmrn., ekki síst Kristjönu Kristinsdóttur skjalfræðings, sem vann um tíma í menntmrn., og Runólfs Þórarinssonar. Árangur þessa starfs liggur fyrir hér í frv., en sem fskj. eru birt álit hinna fyrri nefnda.

Þetta frv. felur í sér nokkrar meginbreytingar sem leiða af nýju fyrirkomulagi og hið nýja fyrirkomulag er aftur afleiðing af nýrri tækni og stóraukinni skjalaframleiðslu sem fylgir í kjölfar þessarar nýju tækni. Nýmælin eru fyrst og fremst fólgin í því að nú verður sérstök stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns þjóðskjalaverði til ráðuneytis. Í annan stað er eftirlitshlutverk falið Þjóðskjalasafni þannig að það annist eftirlit með skjalasöfnum þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir skv. væntanlegum lögum ef frv. verður samþykkt. Þjóðskjalasafn á að láta í té ráðgjöf, veita leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu skjala og stefnu um ónýtingu skjala og grisjun þeirra skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Einnig er ætlast til að Þjóðskjalasafn gangist fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast vörslu skjala í opinberum stofnunum með námskeiðum og leiðbeiningarritum.

Það er svo að okkar land er e. t. v. nokkuð orðið á eftir ýmsum öðrum löndum á okkar menningarsvæði um skjalakerfi, um kerfi til vistunar skjala. Það þýðir aftur á móti að svo mikið getur safnast fyrir af ónauðsynlegum skjölum að við lendum hreinlega í vandræðum með geymslurými og einnig um aðgang að þeim skjölum sem máli skipta og það verður æ vandasamara að skilja hismið frá kjarnanum. Vegna þess vanda sem mönnum er á höndum um að ákveða hvaða skjöl verði talin skipta máli þegar frá líður og hver ekki hafa menn horfið að því að gera ráð fyrir því að sett verði á laggirnar stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns sem skipuð verði til fjögurra ára í senn.

Gert er ráð fyrir því skv. breytingum sem Ed. gerði á frv. að við safnið skuli starfa skjalfræðingar eða sagnfræðingar með skjalfræðimenntun en ekki einungis, eins og var í upphaflega frv., að heimilt verði að ráða fólk með slíka þekkingu. Það gildir sem sagt um þá breytingu, eins og raunar allar þær breytingar sem hv. Ed. gerði á frv., að um það voru menn sammála að þær væru allar til bóta. Ég tek undir þá skoðun og hygg því að skynsamlegt sé að leggja á það áherslu að frv. fái afgreiðslu í þessari hv. deild í því formi sem hv. Ed. gekk frá því.

Ég hafði, þegar ég mælti fyrir þessu frv. í Ed., gengið út frá því að þm. þyrftu allrúman tíma til að kynna sér þau viðamiklu gögn sem frv. fylgdu, en niðurstaða Ed. varð sú að loknum lestri þessara gagna að málið væri svo brýnt og svo sjálfsagt að því bæri að fylgja fram til þess að það hlyti lokaafgreiðslu nú á þinginu. Menntmn. Ed. kallaði til sérfróða aðila um þetta efni og voru þeir ásamt nefndinni allir á einu máli.

Ég vil í sambandi við þetta, þó að það sé ekki beinlínis hluti þessa frv., vekja athygli á því að báðar nefndirnar sem unnu upphaflegu frv. lögðu áherslu á það í nál. sínum að fyrr en síðar yrði að hyggja að framtíðarhúsnæði Þjóðskjalasafns, nútímahúsnæði sem gerði ráð fyrir þeim búnaði sem vera þyrfti til þess að auðvelt sé að varðveita skjöl. Þær gengu m. a. s. svo

langt í ábendingum sínum að bent var á sérstaka skjalaskápa sem hentuðu einstaklega vel til að varðveita skjölin í hinu nýja húsnæði. Það má vel vera að unnt sé að koma þeim skápum við í Landsbókasafnshúsinu, ekki skal ég um það segja, en gott er að hafa fyrirhyggju í þessu efni. En því nefni ég þetta að ég hlýt að minna á það í þessu sambandi hve brýnt er að auka húsnæði Þjóðskjalasafns. Það atriði er aftur á móti hluti af máli sem við minnumst stundum á, en það er bygging þjóðarbókhlöðu. Það hefur verið gert ráð fyrir því og var gert ráð fyrir því þegar á sjöunda áratugnum að Þjóðskjalasafn fengi allt húsnæði Landsbókasafnshússins þegar bygging þjóðarbókhlöðu væri fullbúin og á þeim tíma gerðu menn ráð fyrir því að það yrði fyrr en raun virðist vera á. Nú hafa menn komist á þá skoðun að það muni vera hentara þegar þar að kemur að byggja húsnæði sem er sérstaklega til þessara nota ætlað og enn hentugra en hin fagra bygging Landsbókasafnsins við Hverfisgötu. Þetta mál má segja að sé nokkuð annað en frv. sjálft, en óneitanlega verður þetta ofarlega í huga þegar um þetta mál er fjallað.

Ég vil, herra forseti, leggja það til að þessu frv. verði að lokinni þessri umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í tilefni orða hæstv. menntmrh. um húsnæðismál Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns í Safnahúsinu við Hverfisgötu get ég vel tekið undir þau orð að því leyti að byggingu þjóðarbókhlöðu þarf að hraða og þeim söfnum sem eru í Safnahúsinu þarf að sjá þar fyrir góðu og hentugu húsnæði í framtíðinni. En ég get ekki stillt mig um að láta í ljós þá skoðun mína að þegar þessi umræddu söfn verða flutt úr Safnahúsinu við Hverfisgötu þá verði það fallega og virðulega hús ákveðið sem framtíðarhúsnæði fyrir Hæstarétt Íslands.

Svavar Gestsson: Ég vil, herra forseti, þakka hæstv. menntmrh. fyrir að leggja hér fram þetta frv. Hér er mjög stóru máli hreyft og sjálfsagt stærra en ætla mætti af þeirri umr. sem fram fer um þetta á hv. Alþingi miðað við mörg önnur mál.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. — það kann að hafa farið fram hjá mér í ræðu hennar eða annars staðar í þessum gögnum — með hvaða hætti ráðh. hyggst setja reglugerð skv. 9. gr. þessa frv. um aðgang að skjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni og notkun þeirra sem ráðh. á að setja reglugerð um að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. ráðh. að því hvort í undirbúningi eru reglur um hvernig opinberar stofnanir, þar á meðal stjórnarráðið, skili gögnum sem eru afhendingarskyld skv. 5. gr. þessa frv. Ég hygg að þessi mál séu satt að segja í hinum mesta ólestri, þarna séu óskýrar reglur og óljósar og þarna sé ekki með hlutina farið eins og varðveislugildi þeirra í rauninni krefst.

Þessar spurningar vildi ég leggja fyrir hæstv. menntmrh. um leið og ég tek undir það með henni að það er auðvitað til vansa fyrir okkur öll hér á hv. Alþingi hvernig dragast framkvæmdir við þjóðarbókhlöðuna. Ég tek undir orð hæstv. ráðh. í þeim efnum og ég held að það sé nauðsynlegt að koma því sjónarmiði hér á framfæri, að ég held að byggingarmál þjóðarbókhlöðunnar verði aldrei leyst með skaplegum hætti, þannig að þetta hús verði tilbúið fljótlega, öðruvísi en reynt verði að finna annan farveg fyrir fjármögnun þessarar byggingar en beinlínis er inni í venjulegum fjárlögum og lánsfjárlögum. Ég bið hæstv. menntmrh. og hv. alþm. að velta því fyrir sér hvort ekki er unnt að finna sérstaka fjáröflunarleið fyrir þjóðarbókhlöðuna því það er auðvitað til skammar satt best að segja að láta þetta hús standa svona árum saman.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Að því er varðar fyrri fsp. hv. 3. þm. Reykv. um reglugerð skv. 9. gr., þá liggja tillögur um þá reglugerð ekki fyrir enn þá. Þær verða að sjálfsögðu skv. heimildum í þessum lögum sem og öðrum sem hljóta að hafa áhrif á aðgang manna að skjölum. Það sem meginmáli skiptir í þessu sambandi er aðstaðan til þess að nýta sér þessi skjöl. Þetta frv. fjallar m. a. um möguleikann að taka upp samræmd ný flokkunarkerfi. Það gerir þessa aðstöðu miklu betri og greiðari. Ég held því að það verði miklu auðveldara að semja glöggar reglur um þessi efni eftir að hin nýja skipan kemst á.

Síðan spurði hv. þm. um skil t. d. stjórnarráðsins skv. 5. gr. frv. Það er rétt að ekki eru til nægilega samræmdar reglur um þetta atriði, þannig að verið hefur mjög erfitt að framfylgja þeim. Ég er líka þeirrar skoðunar að nokkur misbrestur kunni að vera á skilum. Þess vegna skiptir það miklu máli að sams konar kerfi séu í öllu stjórnarráðinu. Ég tel því að samþykkt þessa frv. sé mikið grundvallaratriði í báðum þeim málum sem hv. þm. spyr um. Ég held að það sé lykill að framkvæmanlegum reglum og skilvirku kerfi.

Hv. þm. vék hér að byggingarmálum þjóðarbókhlöðu, sem ég freistaðist til að ræða um í framsöguræðu minni, og ég þakka einnig ábendingu hv. 1. þm. Vesturl. í sambandi við byggingarmál þegar rætt var um hús Landsbókasafnsins. Það atriði hefur vissulega stundum verið til umræðu og færi sannarlega vel á því að framkvæmd væri sú hugmynd sem hv. 1. þm. Vesturl. nefndi. En hv. 3. þm. Reykv. talaði um nýjan farveg, eins og hann sagði, fyrir fjármögnun byggingar þjóðarbókhlöðu. Ég get ekki neitað því að lík hugsun hefur stundum sótt á mig þegar mér hefur þótt erfitt og lítið um fé til slíkra framkvæmda. En á hitt er að líta að þetta er bæði menningarleg skylda Alþingis og auk þess skuldbinding Alþingis, margendurtekinn og yfirlýstur vilji Alþingis á ýmsum árum. Ég sé ekki að Alþingi geti vikið sér undan því eða ríkissjóður. Hins vegar tel ég að það væri mjög æskilegt ef hægt væri með einhverjum hætti að auka þetta fjármagn eftir öðrum farvegum og það væri sannarlega af því góða. Þótt þröngt sé í búi hjá ríkissjóði og hafi raunar verið í mörg ár tel ég að þetta sé skylda sem ríkið geti ekki vikið sér undan. Ég get upplýst að það liggur fyrir að það er ætlun ríkisstj. að leysa þetta mál á þessu ári á þann veg að hægt sé að bjóða út áfanga í þjóðarbókhlöðunni með það fyrir augum að lagður sé hiti í húsið svo að hægt sé að nýta kjallarann vonandi á næsta ári.

Ég vona að hæstv. forseti sjái í gegnum fingur við okkur þó að við höfum vikið talinu örlítið að öðru efni sem óneitanlega tengist þó því máli sem hér er til umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég veit að hæstv. forseti þessarar deildar kann því ekkert illa að rætt sé um þjóðarbókhlöðu. Ég veit að hann fylgdi því máli

eftir af talsverðum áhuga í síðustu ríkisstj. sem reyndar hafði þetta hús í sínum stjórnarsáttmála sem ég hygg að sé nokkuð óvenjulegt en var nauðsynlegt.

Ég var ekki að tala um að Alþingi ætti að víkja sér undan neinni skyldu. Ég bið hæstv. menntmrh. að misskilja mig ekki þannig. Ég átti einfaldlega við það að við reyndum að finna leiðir til þess að lögbinda með einhverjum hætti öðrum en í fjárlögum og lánsfjárlögum fjárstreymi til þjóðarbókhlöðunnar. Alþingi hefur þessa skyldu, ríkisstj. hefur þessa skyldu. Alþingi hefur sem almennt fjárveitingarvald vikið sér undan því að bera þessa skyldu eins og því er í rauninni skylt að gera. Það er þess vegna sem ég bað þm. um að hugleiða hvort ekki væri unnt að finna aðra leið um að taka myndarlega á þannig að við gætum hér innan allt of langs tíma eignast þjóðarbókhlöðu sem er sómi að. Ég tel að meðan þessi bygging stendur þarna hálfköruð sé það blettur á okkur. Við tökum við miklum verðmætum af annarri kynslóð sem við ákveðum að geyma sem best. Meðan við höfum ekki búið sæmilega um þessi verðmæti höfum við ekki staðið okkur sem skyldi. Við eyðum gífurlegum fjármunum í alls konar neyslu og eyðslu frá degi til dags í þessu þjóðfélagi þrátt fyrir þröngan efnahag á mjög mörgum heimilum. Það er ömurlegt að hugsa til þess að á sama tíma og hér rísa alls konar hallir yfir glingur og glys, sem er misjafnlega gagnlegt, skuli það gerast að þessi þýðingarmikla bygging, þjóðarbókhlaðan, standi svo að segja óhreyfð.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil beina lítilli fsp. til hv. 3. þm. Reykv. Ég heyrði ekki betur en hann segði að við tækjum við miklum verðmætum frá annarri þjóð og hefðum ekki byggt yfir þau verðmæti. Ég vildi biðja hv. þm. að skýra við hvað hann á. (**SvG:** Ég held að hæstv. ráðh. hafi misskilið orð mín í miklum mæli.) Eða misheyrst. (**SvG:** Eða misheyrst.) Ef um misheyrn var að ræða er það gott því að ég held að það séu fyrst og fremst íslensk verðmæti sem við erum að byggja yfir þegar við byggjum þjóðarbókhlöðu. Það hvarflaði að mér hvort það gæti verið að hv. þm. væri að tala um skil handritanna, en yfir þau hefur verið byggð mjög góð bygging, Árnagarður. Það hefur væntanlega ekki verið það sem hann átti við, enda var þar um íslensk verðmæti að ræða líka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður, frv. 404. mál (þskj. 661). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Mál þetta er frá því á s. l. sumri að ákveðið var að efna til skuldbreytingar á lausaskuldum í sjávarútvegi og ákveðið að taka að láni 500 millj. kr. til að greiða fyrir slíkri skuldbreytingu. Skv. frv. þessu er gert ráð fyrir því að Fiskveiðasjóði Íslands sé heimilt að kaupa skuldabréf þessi af viðskiptabönkum og sparisjóðum fyrir allt að 500 milj. kr. og fjallar frv. þetta um það. Nú þegar hefur verið notað af þessu fé 410 millj. kr. og virðist ljóst að þær 500 millj., sem hér eru ætlaðar til að fullnægja þeim fyrirheitum sem voru lögð fram varðandi þetta mál, munu nægja. Það er gert ráð fyrir að það sem eftir stendur af þessu fjármagni verði notað til að skuldbreyta bankaskuldum og er nú verið að vinna að því þannig að mál þetta er komið á lokastig. Þá er einnig gert ráð fyrir því í 2. gr. að skuldabréf þessi verði undanþegin, það kemur fram í 1. gr., stimpilgjaldi.

Ég vænti þess að hv. sjútvn. reyni að flýta afgreiðslu þessa máls sem mest, en mál þetta hefur hlotið afgreiðslu í Ed.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Herra forseti. Ég vildi einnig vekja athygli á því að á dagskránni er einnig staðfesting brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum frá því á s. l. sumri. Frv. það fjallar um sömu mál. Ég vildi leyfa mér að leggja til að það frv. yrði einnig tekið fyrir og því vísað samhliða þessu frv. til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. 182. mál (þskj. 197). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru um ráðstafanir í sjávarútvegi. Í 1. gr. frv. er fjallað um tímabundnar greiðslur Aflatryggingasjóðs sem þegar hafa verið ákveðnar með lögum hér frá Alþingi og er því ákvæðið í reynd orðið óþarft. Í 2. gr. er fjallað um skuldbreytingarlán sem nú hefur verið flutt í frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Og 3. gr. fjallar um niðurfellingu á stimpilgjaldi sem einnig er í því frv. sem hefur verið tekið til meðhöndlunar í Ed. og afgreitt þaðan. Það má því segja að efni þessa frv. hafi verið afgreitt að hluta til með lögum og að hluta til rýmkun fyrir annað frv. um sama efni.

Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. en fyrr á þessum fundi var máli Fiskveiðasjóðs Íslands vísað til þeirrar nefndar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er vel að hér hefur verið mælt fyrir stjfrv. sem lagt var fram í hv. Nd. 27. nóvember s. l. og ég vakti athygli á fyrir allnokkru síðan að hefði horfið út af dagskrá 6. febrúar. Hæstv. sjútvrh. hefur greint frá því hér að efni frv. og þeirra brbl. sem út voru gefin 30. júlí 1984 hafi verið tekið inn í önnur frv., annars vegar frv. varðandi Aflatryggingasjóð, sem orðið er að lögum, varðandi þær greiðsluheimildir sem frv. gerði ráð fyrir og hins vegar frv. til laga um Fiskveiðasjóð sem hér er á dagskrá þessa fundar í dag.

Ég ætla ekki að gera athugasemd við þessa málsmeðferð, en mér finnst eðlilegt að þetta liggi skýrt fyrir og því skynsamlegt að fyrir þessu máli hefur verið hér mælt. Á sínum tíma hugðist ég undir þessum dagskrárlið taka til umræðu ýmis þau vandamál sem við blasa í okkar sjávarútvegi. Ég ætla ekki að gera það nú. Það voru sérstaklega verðlagningarmálin á olíu sem voru

mér þar ofarlega í huga, en þau snerta einmitt efni þessa frv. Um þau efni urðu talsverðar umr. hér í Sþ. fyrir stuttu af tilefni tillöguflutnings til þál. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson og fleiri Alþfl.-menn hafa borið fram um frjálsan innflutning á olíu. Þar var til andsvara hæstv. viðskrh. og bar fram ýmsar upplýsingar varðandi verðlag á olíu í nágrannalöndum okkar, upplýsingar sem komu okkur sumum a. m. k., sem á hlýddum, nokkuð á óvart, þar sem ráðh. staðhæfði að verð á gasolíu væri nánast hið sama í grannlöndum eins og Bretlandi, Danmörku og Vestur-Þýskalandi og jafnvel hærra í vissum tilvikum. En menn hafa haft fyrir sér staðhæfingar og reyndar fulla vitneskju um það að íslenskir aðilar, sem sigla með fisk og hafa aðstöðu til að kaupa olíu í erlendum höfnum, fái hana á langtum lægra, allt að þriðjungi lægra verði en er hérlendis.

Eftir að hafa heyrt athugasemdir um þetta og nýjustu tölur, sem ég aflaði mér frá Landsambandi ísl. útvegsmanna, lofaði hæstv. viðskrh. að þingdeildin og alþm. fengju upplýsingar um stöðu þessara mála eins og viðskrn. telur hana vera í reynd. Ég vona að ekki verði langur dráttur á því að það verði upplýst af hálfu réttra stjórnvalda hver sé í rauninni verðmunurinn á olíum. Í ljósi þess er eðlilegt að ræða frekar þennan mjög svo gilda þátt í sambandi við útgerðarkostnað. Ég ætla ekki að öðru leyti að fjölyrða um málefni sjávarútvegsins hér og nú, en vissulega væri full ástæða til að einstakir þættir væru þar ræddir og tilefni er til þess undir ýmsum málum sem snerta málefni sjávarútvegsins hér og koma síðar á dagskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 363. mál (þskj. 870). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur fengið meðferð í hv. Ed. Það fjallar um breytingar á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins með síðari breytingum, en þær hafa verið tvær að segja. Á tveggja ára fresti hafa þessi lög verið framlengd og renna sitt skeið á enda hinn 31. des. n. k.

Með frv. þessu er lagt til að framlengdur verði gildistími þeirra ákvæða laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins er varðar Sölustofnun lagmetis. Frv. er flutt skv. tilmælum sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, en stjórn Sölustofnunar lagmetis telur mikilvægt að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem er ríkiseinokun, þar sem ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandi og raunar eini kaupandi.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau að í löndum Austur-Evrópu þar sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti er hvarvetna einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni að ræða kaupandamegin. Slíkur kaupandi væri því, ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun mundi verða íslenskum seljendum í óhag. Þykir því rétt að bregðast við þessu með áframhaldandi einkarétti og jafna þar með samningsaðstöðuna.

Ég hafði lagt til við frv.-flutninginn í Ed. að breytt yrði um tilnefningu í stjórn sjóðsins, en á það var ekki fallist. Enn fremur að lögin yrðu framlengd um fimm ár. Því breytti hv. Ed. í þrjú ár. Ég hafði lýst því yfir við umræðuna að ég hefði ekkert af minni hálfu við þá meðferð að athuga.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 854). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga á þskj. 854. Aðdragandi þessa máls er nokkur svo að ég vil aðeins ræða það áður en ég byrja að skýra frv. sjálft.

Í janúar s. l. lagði félmrh. fyrir ríkisstjórnarfund að fjalla um nauðsyn þess að taka til endurskoðunar lánskjaravísitöluna með hliðsjón af vaxandi greiðsluerfiðleikum fólks vegna húsnæðislána.

Ríkisstj. var sammála um að reyna að gera ráðstafanir til þess að leysa þennan vanda. M. a. var settur upp nýr lánaflokkur við Húsnæðisstofnunina sem hafði það hlutverk að greiða úr sárustu vandamálum fólks á þessu sviði. Í sambandi við þennan lánaflokk var ákveðið að setja upp ráðgjafardeild í Húsnæðisstofnun sem hefði með framkvæmd þessa að gera. Þessi ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunarinnar, sem var vel kynnt í fjölmiðlum á sínum tíma, tók til starfa í byrjun febrúar og hefur starfað síðan með miklum ágætum. M. a. hafa þeir sem ráðgjöfina veita farið á flesta þéttbýlisstaði í landinu og átt viðtöl við fólk og gefið kost á beinum viðræðum og svo er enn í dag.

Skv. upplýsingum frá ráðgjafarþjónustunni hafa nú borist um 1350 umsóknir um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika. Þegar er búið að afgreiða verulegan hluta af þessum umsóknum og áform stofnunarinnar eru þau að afgreiða um 100 umsóknir á dag. Það hefur margt komið í ljós í sambandi við þessa ráðgjöf sem væri ástæða till að fjalla um en tímans vegna mun ég ekki fara mjög náið í það. Eitt þýðingarmikið atriði í sambandi við þessa ráðgjöf var samkomulag sem gert var við fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um að taka þátt í þessu starfi, vera á fundum með úthlutunarnefnd, sem úrskurðar um fyrirgreiðslur, og tengja þessar fyrirgreiðslur við bankakerfið, svo að það geti nýst sem best því fólki sem á í erfiðleikum, ekki síst þar sem ljóst er að verulegur hluti greiðsluerfiðleikanna er í bönkum eða peningastofnunum. Þar er meira um skammtímalán að ræða og þörfin þess vegna mjög brýn að reyna að ná samningum um slík lán og breyta þeim í föst lán með lengri lánstíma. Þetta hefur að dómi ráðgjafarþjónustunnar tekist mjög vel. Ber vissulega að fagna því að bankakerfið hefur tekið þessum málum mjög vel og er hin ágætasta samvinna þarna á milli.

Þannig er hægt að leysa úr vanda margra sem í hafa ratað.

Einnig má geta þess að ráðgjafarþjónustan hefur unnið að því að afla nauðsynlegra gagna sem til þarf, í sambandi við veðbókarvottorð, brunabótamat o. fl., og eins að fá frestun á uppboðum og koma í veg fyrir uppboð meðan verið er að ganga frá þessari fyrirgreiðslu.

Gildi þessarar ráðgjafarþjónustu er augljóst og þess vegna hefur verið ákveðið að framlengja þessa þjónustu og skipuleggja hana þannig með vélvæðingu og öðru að hún verði fastur liður í starfsemi Húsnæðisstofnunarinnar. Mér þótti ástæða til, herra forseti, að láta þetta koma hér fram því það tengist að hluta til því máli sem hér er til umr.

Í sambandi við þessa endurskoðun á lánskjaravísitölunni vegna greiðsluerfiðleikanna fól félmrh. sérstakri nefnd, sem hefur verið að vinna að úttekt á fasteignaviðskiptum og fasteignamarkaði hér á landi, að taka þetta mál sérstaklega til athugunar, þ. e. að gera tillögur um leiðir til að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga. Mér þykir rétt að geta þess hér að í þessari nefnd, sem er núna að skila lokaskýrslu um fasteignamarkaðinn og fasteignaviðskipti, eiga sæti Stefán Ingólfsson verkfræðingur, sem er formaður nefndarinnar, Friðrik Stefánsson viðskiptafræðingur, Gunnar Helgi Hálfdánarson hagfræðingur og Jón Sveinsson lögfræðingur.

Vegna þeirra tilmæla sem félmrh. beindi til nefndarinnar sérstaklega í þessu skyni skilaði nefndin áfangatillögum 22. febr. s. l. Í þessari skýrslu nefndarinnar, sem kynnt var opinberlega, m. a. í fjölmiðlum, kemur fram að að mati nefndarinnar er greiðslugeta fasteignakaupenda nátengd launatekjum þeirra þegar fasteignaveðlán bera öll raunvexti. Ef þær forsendur sem kaupendur ganga út frá við fasteignakaup eiga að standast verður greiðslubyrði þeirra að breytast í samræmi við almenna þróun launa. Nefndin taldi að greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlána hefði aukist um líðlega 37% umfram launahækkanir frá árinu 1980. Leiðir eins og breyting raunvaxta, afnám verðtryggingar og lenging lánstíma eru að mati nefndarinnar ekki einar sér færar um að leysa þann vanda sem skapast hefur vegna aukinnar greiðslubyrði. Verður því að leita nýrra leiða. Nefndin mælti með því að tekið yrði upp sérstakt fyrirkomulag til að reikna út afborganir af fasteignaveðlánum. Það hefur verið nefnt greiðslujöfnun og felst í því að tryggja lántakendum að greiðslubyrði fasteignaveðlána haldist í hendur við breytingar á launum. Nefndin mælti með tvíhliða greiðslujöfnun, þ. e. að þegar laun hækka minna en lánskjaravísitala minnka afborganir en þegar launin hækka hlutfallslega meira er endurgreiðslu lánsins hraðað. Nefndin mælti einnig með því að greiðslujöfnun yrði beitt á óverðtryggð lán jafnt sem verðtryggð fasteignaveðlán til einstaklinga.

Eftir að nefndin kannaði þetta nánar sendi hún þessar tillögur sínar og niðurstöður kannananna, en þær hófust raunar í september á fyrra ári. Leitaði nefndin umsagnar Seðlabanka Íslands um þær grundvallarhugmyndir sem tillögur nefndarinnar byggjast á og nefndin nefnir greiðslujöfnun. Umsögn Seðlabankans var jákvæð að mati nefndarinnar og þess vegna var haldið áfram á þeirri braut að fullvinna þessa hugmynd. Og hún var lögð fram, eins og áður sagði, í áfangaskýrslu 22. febr. s. l.

Á grundvelli þessa fól félmrh. tveimur sérfróðum mönnum að semja frv. um þetta greiðsluform. Tóku þeir það að sér Þórður Ólafsson lögfræðingur forstöðumaður bankaeftirlitsins og Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur við Seðlabankann og sömdu frv. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Þetta frv. var svo lagt fram í ríkisstj. 7. mars s. l. Aðalatriðið í því frv. er að þar var gert ráð fyrir því að þetta form yrði tekið upp við allar lánastofnanir, opinbera lánasjóði, og það yrði einnig á óverðtryggðum lánum.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir voru að hefjast viðræður milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands, en Alþýðusambandið hafði óskað eftir að ræða sérstaklega við ríkisstj. um húsnæðismál. Í bréfi eða umræðugrundvelli Alþýðusambandsins var lögð aðaláhersla á 11 atriði sem þeir lögðu sérstaka áherslu á. Með leyfi forseta tel ég rétt að lesa það upp svo að það liggi hér fyrir í þingtíðindum. Rætt yrði við ríkisstj. um eftirfarandi:

1. Lækkun vaxta svo að raunvextir fari aldrei yfir 3%.

2. Lántakanda sé tryggt að geta jafnan valið á milli verðtryggðs og óverðtryggðs láns.

3. Breyttan grunn lánskjaravísitölu, þannig að hún reiknist út frá umreiknuðum vísitölum, framfærslukostnaðar að ⅓, byggingarkostnaðar að ⅔. Við umreikninginn verði eftirtaldir þættir teknir út: óbeinir skattar, niðurgreiðslur, opinber þjónusta, áfengi og tóbak.

4. Leiðrétting á höfuðstól verðtryggðra lána sem síðustu misseri hafa hækkað sérstaklega vegna lækkunar niðurgreiðslna og hækkunar á opinberri þjónustu, áfengi og tóbaki.

5. Takmörkun á greiðslubyrði lána miðað við kaupmátt taxtakaups. Hluta gjaldfallinnar greiðslu verði bætt við höfuðstól eða hann færður aftur fyrir lánstíma lánsins.

6. Lengingu á lánstíma lífeyrissjóðslána um allt að fimm árum ef lántaki óskar þess.

7. Áframhald á endurskoðun á lánareglum Byggingarsjóðs ríkisins. Grunnlán verði aðeins veitt einu sinni en viðbótarlán miðist við fjölskylduhagi.

8. Sérstaka hækkun á lánum vegna kaupa á eldra húsnæði. Reglur um veitingu slíkra lána verði tengdar reglum um veitingu nýlána.

9. Aukið fjármagn til Byggingarsjóðs verkamanna. Ýmist verði um nýbyggingar að ræða eða kaup og endursölu eldra húsnæðis eftir því sem hagkvæmast verður talið hverju sinni.

10. Skattameðferð vaxtafrádráttar. M. a. verði kannað hvort heppilegt geti verið að tryggja öllum sérstakan skattafslátt vegna húsnæðisöflunar í sömu krónutölu.

11. Aukins fjármagns verði aflað til sérstakra ráðstafana fyrir það fólk sem nú er í greiðsluþroti.

Þetta voru þeir umræðupunktar sem Alþýðusambandið lagði fram í þeim viðræðum sem stofnað var til við ríkisstj. að því er varðar húsnæðismál. Mér þykir rétt að geta þess einnig að samþykkt frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja barst einnig ríkisstj. um þessi mál. Stjórn BSRB ítrekar eftirfarandi úrræði og með leyfi forseta vil ég lesa þau upp:

1. Verðtrygging launa og íbúðarlána fylgist að.

2. Lengdur verði lánstími á öllum lánum til íbúðarhúsnæðis. Þetta taki einnig til lána sem þegar hafa verið

tekin.

3. Ársvextir af verðtryggðum lánum verði lækkaðir í 2%.

4. Vextir af íbúðarlánum komi til frádráttar við álagningu útsvars.

5. Veitt verði verulegu fjármagni til aukningar félagslegra íbúða í þeim tilgangi að fjölgað verði a. m. k. um 1200 slíkar íbúðir á næstu þremur árum.

Síðan bárust tillögur eða ábendingar frá áhugamönnum um umbætur í húsnæðismálum og þarf ég ekki að ræða það hér hvernig það er til komið. En mér þykir rétt að lesa hér upp þær tillögur sem þeir lögðu áherslu á og fjallað var um í viðræðum þeirra við ríkisstj.

Það var í fyrsta lagi leiðrétting á umframgreiðslum undanfarinna ára. Þeir leggja til að veittur verði sérstakur skattaafsláttur þegar á þessu ári og á næstu árum til að mæta þeim umframgreiðslum sem þegar hafa átt sér stað. Afsláttur þessi geti komið til útborgunar hjá tekjulágum einstaklingum. Honum skal jafnað niður á jafnlangan tíma og umframgreiðslur mynduðust hjá viðkomandi einstaklingi. Í lánakerfi Húsnæðisstofnunar væri og möguleiki á að láta umframgreiðslur síðustu ára ganga upp í greiðslur næstu ára.

2. Viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun. Gefinn verði kostur á viðbótarlánum á sömu kjörum og til jafnlangs tíma og hagstæðustu lán stofnunarinnar eru veitt til greiðslu lausaskulda vegna húsnæðisöflunar, þ. e. skammtímalán við banka, byggingarvöruverslanir, byggingarfyrirtæki og þess háttar, svo og til að greiða upp önnur óhagstæð lán sem fólk hefur neyðst til að taka í vandræðum sínum.

3. Skuldbreyting og lenging lána. Gefinn verði kostur á skuldbreytingum lána til a. m. k. átta ára á hagstæðustu mögulegum lánskjörum og án lántökukostnaðar. Fyrsti gjalddagi þessara lána verði 6—10 mánuðum eftir skuldbreytingu, þannig að fólki gefist svigrúm til að greiða gjaldfallna heimilisreikninga.

Að síðustu er lögð áhersla á nauðsyn þess að endurskipuleggja húsnæðislánakerfið. M. a. verði séð til þess að lánshlutfall hækki, kaupendur gamals og nýs húsnæðis séu við sama borð og endurgreiðslukerfi taki mið af þróun kauptaxta.

Mér þótti rétt, herra forseti, að skýra frá þessum atriðum sem komu fram frá þessum aðilum. Það sem ríkisstj. gerði í framhaldi af þessu var að skipaður var sérstakur samstarfshópur sem tók málið sérstaklega fyrir ásamt með fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands. Í þessum starfshópi eru eftirtaldir aðilar: Af hálfu stjórnvalda: Þórður Friðjónsson, Bjarni Bragi Jónsson, Hallgrímur Snorrason, Jóhann Einvarðsson og Sigurður Snævarr. Af hálfu Alþýðusambands Íslands: Björn Björnsson, Grétar Þorsteinsson og að hluta til Björn Þórhallsson. Þessi nefnd hefur síðan starfað að þessum málum og haft til meðferðar þá viðræðupunkta sem Alþýðusamband Íslands lagði fram, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og áhugahópur um húsnæðismál. Síðast en ekki síst hafði nefndin til meðferðar frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Það er skemmst frá því að segja að það fyrsta sem nefndin náði samkomulagi um var að leggja fram frv. um greiðslujöfnunarleiðina skv. frv. félmrh. frá 7. mars og gerir á því nokkrar breytingar sem fram koma í frv. Þær eru fyrst og fremst í því fólgnar að nefndin taldi ekki mögulegt að lögfesta greiðslujöfnun fasteignaveðlána nema í sambandi við opinbera sjóði húsnæðismála, þ. e. byggingarsjóði ríkisins, en lagði hins vegar til að það yrði samningsatriði við aðrar peningastofnanir og sjóði að taka upp þessa aðferð.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 854, er boðuð ný stefna í verðtryggingu húsnæðislána. Frv. byggir á svonefndri greiðslujöfnun fasteignaveðlána sem felst í því að endurgreiðslur húsnæðislána eru tengdar launabreytingum. Tilgangur frv. er þannig að fyrirbyggja að greiðslubyrði vegna húsnæðislána þyngist, ef misgengi skapast milli hækkunar lánskjaravísitölu eða annarrar viðmiðunarvísitölu og hækkunar launa og/eða vegna hækkunar raunvaxta.

Ef laun hækka minna en lánskjaravísitalan er hluta endurgreiðslu lánsins frestað þar til laun hækka á ný umfram lánskjaravísitöluna. Þetta gerist skv. frv. með þeim hætti að mismunur launavísitölu og lánskjaravísitölu er færður á sérstakan jöfnunarreikning. Skuld á jöfnunarreikningi telst hluti af höfuðstól lánsins og um hana gilda því sömu kjör og um ræðir í lánssamningi. Þessi skuld er síðan endurgreidd hlutfallslega þegar launavísitalan hækkar umfram lánskjaravísitölu, eða eftir upphaflegan lánstíma, ef skuld er þá á jöfnunarreikningi.

Með þessum hætti á að vera tryggt að greiðslubyrði húsbyggjenda og kaupenda vegna lána hjá byggingarsjóðum ríkisins þyngist ekki þó að kaupmáttur launa rýrni vegna sveiflna í efnahagsstarfseminni.

Frv. nær einungis beint til lána byggingarsjóða ríkisins, en gert er ráð fyrir að sama tilhögun geti gilt um húsnæðislán annarra sjóða og stofnana eftir því sem um semst milli lántaka og lánveitenda. Það er því hins vegar ákvörðun viðkomandi lífeyrissjóða, banka og annarra sjóða og stofnana hvort greiðslujöfnun í samræmi við þetta frv. verður tekin upp þar, en lögð er áhersla á að slíkt samkomulag verði um lán til húsnæðismála.

Meginatriði frv. snúa að tilhögun verðtryggingar húsnæðislána í framtíðinni. Gerð er tilraun til að móta sanngjarnara og þægilegra lánakerfi fyrir húsbyggjandann og kaupandann. En einnig eru í frv. ákvæði sem lúta að vanda þeirra sem byggt hafa eða keypt í efnahagskreppu síðustu ára. Frv. er því liður í ráðstöfunum ríkisstj. til að aðstoða þá sem lent hafa í alvarlegum greiðsluerfiðleikum við að afla sér húsnæðis á undanförnum árum.

Þetta er gert með þeim hætti að gefa greiðendum fullverðtryggðra lána hjá byggingarsjóðunum, sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar, kost á því að fresta greiðslum af þessum lánum allt að því marki sem frv. segir til um, ef ákvæðin um greiðslujöfnun hefðu gilt frá lántöku. Þeim greiðendum lána sem nú eiga í mestum erfiðleikum stendur því til boða að greiðslujöfnunin gildi um lán þeirra aftur í tímann og hluti næstu greiðslu af þessum lánum frestist í samræmi við ákvæði frv. Þeir sem óska eftir að greiðslujöfnunin nái til þegar tekinna lána geta sótt um það til Húsnæðisstofnunarinnar. Umsóknum eru sett tiltölulega þröng tímamörk 1. sept. n. k., til að sem fyrst liggi ljóst fyrir með hvaða hætti verður unnt að ganga frá einstökum atriðum málsins.

Með þessu frv. og fskj. þess er gerð tilraun til að meta áhrif frv. á endurgreiðslu lána til byggingarsjóðanna. Hins vegar er ákaflega erfitt að meta þessi áhrif, bæði vegna þess að óljóst er hvað margir muni sækja um

greiðslujöfnunina og einnig er fjöldi þeirra sem á í umtalsverðum erfiðleikum óþekktur. Talnaefnið á fskj. ætti þó að gefa vísbendingu um hvað hér getur verið um að ræða í þessu efni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu leyti um þetta frv., það á að skýra sig sjálft. Ég vil bæta því við að það er enginn vafi á því og það er mat þeirra sem best þekkja þessi mál og ekki síst í sambandi við þá úttekt sem ég nefndi áður á fasteignamarkaðinum hér á landi, að þetta greiðslujöfnunarform á fasteignaveðlánum til einstaklinga geti haft mjög mikil áhrif á fasteignamarkaðinn til hagsbóta fyrir kaupendur. Ég vænti þess að það sýni sig fljótlega að þó að skrefið sé ekki stærra en þetta með beinni lagasetningu á opinbera sjóði, þ. e. byggingarsjóði ríkisins muni fljótlega koma í ljós að þetta er lánakerfi eða greiðslukerfi sem mun verða talið heppilegt í fasteignaviðskiptum almennt og það muni þróast inn á þá braut.

Í sambandi við það sem er fram undan um þessi mál almennt vil ég geta þess að þessi samstarfshópur sem ég nefndi hér fyrr með aðild Alþýðusambands Íslands er enn að störfum og verður það vonandi fyrst um sinn. Hann er núna að fást við ýmsar hugmyndir um breytingar á lánskjaravísitölu og það mun fljótlega liggja fyrir hvaða tillögur hann mun gera um það mál sérstaklega. Einnig er verkefni hans að fjalla um hugmyndir sem fram hafa komið bæði frá Alþýðusambandinu og áhugamannahópi um húsnæðismál og einnig tillögur frá félmrh. um sérstaka meðhöndlun í skattamálum, þ. e. vaxtaafslátt eða vaxtafrádrátt. Þessi starfshópur mun einnig fjalla um það mál sérstaklega og skila um það tillögum til ríkisstj.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa lengri framsögu fyrir þessu máli. Ég vil hins vegar leggja á það mikla áherslu að jafnvel þó að mönnum finnist vera skammt gengið í þessu frv. hefur það mikla þýðingu fyrir húsbyggjendur í landinu og kaupendur húsnæðis. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að frv. fái greiða afgreiðslu í gegnum þingið svo að það verði að lögum fyrir þinglok.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að gera aths. við það að þessu máli verði vísað til félmn. Ekki það að ég hafi ekki fullt traust á þeirri n., heldur bendi ég á að hér er almennt frv. til laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Hér er ekki aðeins um að ræða húsnæðislán, heldur einnig önnur lán ef að líkum lætur eins og hæstv. ráðh. gat um. Þess vegna teldi ég að eðlilegt væri — og ég vil beina því til hæstv. ráðh. hvort hann getur ekki hugleitt það — að þetta mál færi frekar til hv. fjh.- og viðskn.

Varðandi efni frv. hefur afstaða mín og Alþb. þegar komið fram opinberlega. Við teljum að hér sé allt of skammt gengið, hér sé allt of lítið gert miðað við þá stóru neyð sem blasir við hjá þúsundum húsbyggjenda og skuldara. Við höfum jafnframt lýst því yfir að við séum ekki reiðubúin að standa að samningum um þingslit eða þinglok á þessu vori öðruvísi en að frekari skref verði stigin í húsnæðismálum og skarpar á þeim málum tekið en gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að í framsöguræðu sinni treysti hæstv. ráðh. sér ekki til þess að koma með neinar tölur um hve háar upphæðir væru hér á ferðinni. Ég geri ráð fyrir að erfitt sé að ætla á um það — og þó því að í 3. mgr. 4. gr. frv. kemur fram að einungis er gert ráð fyrir að þeir sem eiga rétt á sérstökum lánum og eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum fái þessi lán. Í viðræðum Alþýðusambandsins við ríkisstj. hefur m. a. verið rætt um hverjir það eru sem eiga að fá lánin. Niðurstaðan mun hafa orðið sú að menn verða að sækja um þá nýju launavísitölu sem hér er gert ráð fyrir að verki að nokkru leyti aftur fyrir sig.

Það hefur hins vegar ekki verið skilgreint og það kom ekki fram í ræðu hæstv. félmrh. hér áðan hverjir það eru sem hugsanlega geta fengið lán eftir að hafa lagt þarna inn umsóknir. Hvar verður línan dregin? Ef línan verður dregin á sama stað og gert er núna í sambandi við lán vegna þeirra sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum er ljóst að á þessu ári getur ekki verið þarna um mjög stóra upphæð að ræða. Ég vil sem sagt í upphafi máls míns spyrja hæstv. félmrh. um þetta grundvallaratriði: Hvar verður línan dregin gagnvart umsækjendum um breytingu á vísitöluviðmiðun lána?

Úr því að ég er farinn að ræða um einstök atriði þessa frv., sem er í sjálfu sér ekki mikið mál vegna þess að frv. er ekki nema sex greinar, vil ég einnig víkja hér að 5. gr. frv., 3. mgr., en þar segir:

„Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við greiðslumark að því marki". — Þetta er afskaplega skýr og óþvælinn texti, gullaldaríslenska liggur mér við að segja eða hitt þó heldur. Jæja, látum það vera. Ég endurtek, herra forseti:

„Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við greiðslumark að því marki sem skuld er á jöfnunarreikningi, en sé jöfnunarreikningur skuldlaus skal gjalddagafjárhæð ráða greiðslu."

Nú vill svo vel til að við höfum rithöfund í hv. þd. og væri fróðlegt að hann tæki að sér að stílgreina þessa setningu og reyna að átta sig á því úr hvaða gullaldartextum bókmenntanna þessi ósköp eru fengin. En ég er að reyna að skilja setninguna, herra forseti, og ég skil hana þannig, að ef launavísitalan hækkar minna en lánskjaravísitalan skuli mismunurinn færður aftur fyrir í lánasamningum. Ég skil hana jafnframt þannig: Ef launavísitalan hækkar meira en lánskjaravísitalan geti það haft í för með sér hærri greiðslu en lánskjaravísitalan nú mælir. Það þýðir m. ö. o.: Við skulum gera okkur vonir um að við séum alveg á botni launaþróunarinnar í landinu, það sé ekki hægt að lækka laun meira — eða hvað? Er hægt að komast mikið neðar? Það er kannske fræðilega hægt að komast neðar, en er nokkur hætta á því að verkafólk í þessu landi þoli meiri launalækkun en þegar er orðin? Ég held ekki. Þess vegna eru allar líkur á því að launavísitalan hækki meira á næstu misserum en lánskjaravísitalan. Þess vegna sé ég ekki betur en hérna sé um að ræða hrein Potemkintjöld. Ég sé ekki að það séu nokkrar líkur á því að þetta komi þeim til góða sem nú hafa lán á lánskjaravísitölukjörum. Ég átta mig ekki á því.

Þetta vil ég að komi hér fram, herra forseti, vegna þess að ég tel að með því að draga þetta undan sé verið að blekkja, gefa í skyn að þarna hangi meira á spýtunni og annað en í raun og veru hangir á henni. Ég vil sem sagt ítreka það að hæstv. félmrh. skýri þetta nokkru nánar. Ég hefði talið, herra forseti, að með tilliti til þeirrar þróunar sem hefur verið að ganga yfir að

undanförnu hefði verið eðlilegast að þessi mismunur, sem hefur verið að safnast upp, fengi að vera í friði fyrir aftan lánssamninginn þó svo að launavísitalan hækki meira en lánskjaravísitalan, þannig að menn fái undir engum kringumstæðum út úr þessu aukna greiðslubyrði vegna þessa fyrirkomulags frá því sem lánskjaravísitalan sjálf gerir ráð fyrir, undir engum kringumstæðum. Þetta grundvallaratriði held ég að sé mjög nauðsynlegt að draga hér fram og það á að vera auðvelt að framkvæma þetta svona. Ég vil biðja hv. þm. sem hér eru viðstaddir að hugleiða hvort ekki er unnt að ná samkomulagi um brtt. og ég vil biðja hæstv. ráðh. að hugleiða líka hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um brtt. þannig að aldrei verði um að ræða hækkun vegna þess að launavísitalan hækki meira en lánskjaravísitalan og sá mismunur, sem geymdur er frá liðnum árum og fluttur yrði aftur fyrir lánssamningana, fái að standa þar í friði en ekki verði dregið á hann ef kaupið hækkar aðeins meira en lánskjaravísitalan. Ég vil biðja hæstv. ráðh. í allri vinsemd að hugleiða hvort ekki er hægt að koma þarna inn afdráttarlausu ákvæði um að slík hækkun geti ekki átt sér stað vegna hins liðna tíma.

Í öðru lagi fjallar þetta frv. um framtíð, þ. e. um þau lán sem kunna að verða tekin á næstu árum, og þar horfir málið öðruvísi við. Ég held að það sé mjög af hinu góða að finna leið, eins og hér er gerð tillaga um, þar sem þetta er frekar miðað við laun en lánskjaravísitölu. En þar, herra forseti, fylgir böggull skammrifi. Alþýðusambandið gerði kröfu um að þessi launavísitala byggðist á kauptaxtaþróun. Hér er ekki byggt á kauptaxtaþróun nema að hálfu. Að hálfu leyti er hér byggt á þróun atvinnutekna og þar með yfirborgunum á hinum almenna markaði. Það segir sig alveg sjálft að þetta þýðir að greiðslubyrðin á þeim sem lifa af launatöxtunum einum og hafa ekki yfirborganir verður verulega þyngri en verið hefði ef fylgt hefði verið tillögum Alþýðusambands Íslands. Ég boða það af minni hálfu og Alþb. að við þetta frv. verða lagðar fram brtt. sem eru í samræmi við þær tillögur sem lagðar hafa verið fram af Alþýðusambandi Íslands og af húsnæðishópnum sem hæstv. ráðh. kynnti einnig áðan, þannig að Alþingi taki hreina afstöðu til þess hvort menn vilja styðja í verki það sem þeir segjast ánægðir með í orði þegar kröfur frá þessum aðilum hafa komið til hæstv. ráðh.

Húsnæðishreyfingin lagði fram þrjár aðalkröfur. Það var í fyrsta lagi skattaafsláttur, það var í öðru lagi endurgreiðsla og viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun og það var í þriðja lagi skuldbreyting og lenging lána. Ég spyr hæstv. ráðh.: Fellst hann þá á einhverja af þessum kröfum? Fellst hann á leiðréttingu á umframgreiðslum undanfarinna ára með skattaafslætti eða hafnar hann þeirri kröfu? Fellst hann á viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun eða hafnar hann þeirri kröfu? Fellst hann á skuldbreytingu og lengingu lána eða hafnar hann þeirri kröfu? Í rauninni getur hann svarað þessu öllu með jái eða neii.

Ég vil einnig í þessu sambandi, herra forseti, víkja að tillögum Alþýðusambands Íslands sem lagði ellefu viðræðupunkta fyrir ríkisstj. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um afstöðu hans til viðræðupunkta Alþýðusambandsins. Afstaða hæstv. ráðh. til þessara viðræðupunkta kom ekki fram áðan. Ég vil að það komi alveg óyggjandi fram hver er afstaða hans og ríkisstj. — og þar með talins Sjálfstfl. — til þessara mála. Reynslan er sú að það hefur ekki dugað þó að hæstv. ráðh. hafi gefið ákveðnar yfirlýsingar og sýnt góðan vilja vegna þess að fljótlega á hæla honum hefur yfirleitt komið í þennan ræðustól húsnæðismálaráðh. Sjálfstfl., hv. þm. Halldór Blöndal, og tekið allt aftur sem hæstv. félmrh. hefur sagt. Þegar ég er að spyrja um afstöðu hætv. ráðh. í þessum efnum er ég ekki eingöngu að spyrja um hans persónulega álit því að það gerir enga stoð nema því fylgi stuðningur beggja stjórnarflokkanna, þ. e. Framsfl. og Sjálfstfl., svo ekkert fari á milli mála. Þessu óska ég eftir að hæstv. ráðh. svari: Hver er afstaða hans til þeirra sjónarmiða sem sett eru fram af Alþýðusambandinu?

Ég vil t. d. gjarnan heyra hver er skoðun hæstv. ráðh. á tillögu Alþýðusambandsins um lækkun vaxta. Það var á s. l. ári, seint á slætti, að við hæstv. félmrh. vorum á fundi í Borgarnesi og hann sagði þar að þessi vaxtahækkun um árið hefði verið meiri háttar slys. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig að þá ætti að fara að lækka vextina og það var sagt í útvarpi og það var sagt í sjónvarpi og blöðunum að hæstv. félmrh. væri á móti svona háum vöxtum. Það hefur lítið til hans spurst síðan í þessu efni, en ég vil spyrja hann: Hver er afstaða hans til kröfu Alþýðusambands Íslands um að lækkun vaxta verði slík að raunvextir fari aldrei yfir 3%?

Ég vil einnig inna hann eftir því hver er afstaða hans til tillagna Alþýðusambands Íslands um kauptaxtaviðmiðun í stað þeirrar launavísitölu sem hann er hér með. Og ég vil spyrja hann: Hvaða rök eru fyrir því, úr því að farið er að hreyfa við þessu á annað borð, að taka ekki kauptaxtaviðmiðunina frekar en þessa launavísitölu sem er blanda af þróun ráðstöfunartekna og launataxta? Alþýðusamband Íslands lýsti því yfir í sínum tillögum að nauðsynlegt væri að auka fjármagn til húsnæðislánakerfisins. Þannig hefur Alþýðusamband Íslands lýst sig hafa góðan skilning á þeim vanda sem byggingarsjóðirnir standa frammi fyrir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða hugmyndir hefur hann til að leysa þann alvarlega vanda sem uppi er hjá byggingarsjóðunum í landinu annan en þann að velta því yfir á unga fólkið, eins og mun vera eitthvert frv. um í ríkisstj., þ. e. breyta skyldusparnaðinum með þeim hætti að þar séu svo að segja bannaðar allar útgreiðslur á skyldusparnaði? Þessar upplýsingar væri mjög nauðsynlegt að fá, herra forseti, í þessari umr. um húsnæðismál.

Ég tek það fram að þó að ég telji að þetta sé ófullnægjandi frv., rétt eins og komið hefur fram hjá húsnæðishópnum og einnig hjá forseta Alþýðusambands Íslands, tel ég að mér sé skylt að stuðla að því að þetta frv. fái sem skjótasta meðferð hér. En það verður þá að láta á það reyna hvort meiri hl. hér á Alþingi er fyrir meiri breytingu á húsnæðislánakerfinu en gert er ráð fyrir hér í þessu frv. því að þetta er algjörlega ófullnægjandi.

Ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðh. nefndi hér afstöðu lífeyrissjóðanna. Ég geri ekki ráð fyrir að ráðh. geti svarað fyrir lífeyrissjóðina eða gefið neinar bindandi yfirlýsingar fyrir lífeyrissjóðina. En ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hefur rætt þetta við fulltrúa lífeyrissjóðanna og hvort líklegt er að þeir séu tilbúnir að taka upp launavísitölu á sínum lánum aftur í tímann eins og hér er gert ráð fyrir. Ég hygg að það mundi vera mjög mikilsvert fyrir húsbyggjendur ef

slíkur vilji lægi fyrir frá lífeyrissjóðunum. Mér er kunnugt um að lífeyrissjóðirnir hafa komið til móts við þá, sem hafa fengið sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika hjá Húsnæðisstofnun ríkis, með mjög myndarlegum hætti. Ég mundi mælast til þess við lífeyrissjóðina að þeir veittu því fólki, sem fær hér breytingu á lánavísitölu, einnig sambærilega aðstoð og um yrði að ræða hjá opinbera kerfinu. Ég mundi fara þess á leit við lífeyrissjóðina og ég tel að þeir gætu ekki vikist undan slíkri ósk. Ég held að það sé skynsamlegt hjá hæstv. ríkisstj. að gera ekki tilraun til að lögbinda slíkt á lífeyrissjóðina, en ég er viss um að lífeyrissjóðirnir ættu mjög erfitt að víkjast undan sanngjarnri beiðni um þetta.

Þá vil ég víkja að bönkunum alveg sérstaklega í þessu sambandi. Vandi húsbyggjenda í dag er — því miður liggur mér við að segja því að þá réðum við við það betur — ekki fyrst og fremst hjá húsnæðislánakerfinu, heldur er hann fyrst og fremst hjá bönkunum. Það eru þessi skammtímalán og skammtímavíxlar og skammtímaskuldabréf sem eru að sliga fólk. Ráðh. hafði góð orð um það áðan að bankarnir hefðu sýnt þessum vanda nokkurn skilning. Ég held að það verði að taka bankana þarna mikið fastari tökum en gert hefur verið. Ég er sannfærður um að hæstv. félmrh. hefur haft vilja til þess. Ég er líka jafnsannfærður um að hann hefur ekki fengið stuðning sem skyldi, m. a. í ríkisstj., í þeim efnum. Ég þekki hvernig bankastjórar ná iðulega, að því er virðist, tökum á þessum málum og stöðva áhugamál ráðh. á þessu sviði. Ég minnist þess frá árinu 1982 þegar ákveðnar tillögur voru í gangi um hlut bankanna í húsnæðiskerfinu og formaður Sambands viðskiptabankanna Jónas Haralz beitti sér fyrir því að stöðva slík mál með afskiptasemi og framhleypni í nefndum Alþingis. Það kæmi mér ekkert á óvart þó að núv. hæstv. félmrh. hafi einnig orðið að glíma við slíka frekju og slíka framhleypni af hálfu bankanna. En það breytir ekki því að þörfin er engu að síður til staðar og ég vil lýsa því yfir við hæstv. ráðh. að ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til þess að styðja hann í því að það verði sett lagaákvæði sem með afdráttarlausum hætti skylda bankana til að taka þátt í lausn þessa vanda.

Það hefur komið fram, herra forseti, að forsrh. landsins viðurkenndi fyrir nokkru að stærstu mistök ríkisstj. hefur verið þau þegar kaupgjaldsvísitölunni var kippt úr sambandi en lánskjaravísitalan var látin vaða áfram með þeim hætti sem við þekkjum. Í rauninni fólst í þessum orðum forsrh. viðurkenning á því að stefna ríkisstj. hefði verið mistök vegna þess að stefna ríkisstj. gekk ekki út á neitt annað en það að rýra kjör vinnuaflsins í landinu og styrkja stöðu þeirra sem fjármagnið eiga. Ég tel að í þessu frv. hæstv. félmrh. felist mikilvæg viðurkenning á því að ríkisstj. hafi gert mistök og það er betra seint en aldrei, en þessi viðurkenning er hins vegar hvergi nærri fullnægjandi gagnvart því fólki sem er núna að sligast undir oki stjórnarstefnunnar. Og ég rifja það upp, sem ég sagði hér á fundi fyrir nokkrum dögum, að nú mun það vera í fyrsta sinn svo að frá áramótum hafa sjö íbúðir í verkamannabústöðum lent á nauðungaruppboði. Það segir sína sögu, þegar sambærileg tala frá fyrri árum er ein eða tvær íbúðir á ári.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál frekar að sinni, enda gefst kostur á því að ræða það frekar við 2. og 3. umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Á Alþingi 1982 lögðu þm. Alþfl. fram frv. sem hafði það að markmiði, eins og þetta frv. sem hér er til umr., að jafna greiðslubyrði á fasteignaveðlánum einstaklinga vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Frv. hlaut þá afgreiðslu hér á Alþingi 1982 að meiri hl. fjh.- og viðskn., skipaður fulltrúum Framsfl., Sjálfstfl. og Alþb., lögðu til að málinu yrði vísað til ríkisstj. og var meginröksemd þeirra að þó meiri hlutinn teldi að jafna bæri greiðslubyrði fullverðtryggðra fasteignaveðlána einstaklinga taldi meiri hlutinn ekki rétt að fara löggjafarleiðina að greindu marki, heldur væri eðlilegra að leita samráðs í þessu máli við lánastofnanir. Minni hl., skipaður fulltrúa Alþfl. Sighvati Björgvinssyni, lagði hins vegar til að frv. yrði samþykkt. Í nál. minni hl. kom fram að um væri að ræða mál sem skipta mundi sköpum fyrir fjölmarga aðila sem væru að kikna undir greiðslubyrði lána þar eð lánskjaravísitalan hefði hækkað langt umfram kaupgjald og allar greiðsluáætlanir húsbyggjenda farið úr skorðum. Benti minni hl. á að þótt fyrir lægi skilningur og góður vilji meiri hl. í þessu máli væri hætta á að lítið yrði úr framkvæmd ef ekki yrðu lögfest ákvæði þar að lútandi. Sú spá hefur vissulega ræst.

Nú, þremur árum eftir að sú málsmeðferð var lögð til, m. a. af fulltrúum núv. stjórnarflokka, en þrír núv. ráðh. skipuðu þá m. a. meiri hl. í hv. fjh.- og viðskn., sem lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstj. á þeirri forsendu að ekki væri hægt að fara löggjafarleiðina í þessu máli, þá er lagt til af núv. ríkisstj. að löggjöf verði sett um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga og að því standa þá væntanlega ráðherrarnir Halldór Ásgrímsson, Matthías Á. Mathiesen og Albert Guðmundsson sem kváðu svo á um í nál. fyrir þremur árum að allsendis ófært væri að setja löggjöf um þetta efni.

Nú ber vissulega að fagna að menn viðurkenni með þessum hætti að þeir höfðu rangt fyrir sér og viðurkenna, eins og hæstv. forsrh. hefur gert, að um hafi verið að ræða meiri háttar pólitíska skyssu og mistök og rétt hefði verið, eins og Alþfl. knúði fast á um fyrir þremur árum, að sett yrði löggjöf um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. En hefðu hv. alþm. áttað sig á því fyrr hvað hér var brýnt mál á ferðinni á árinu 1982, þá hefði mátt koma í veg fyrir eða a. m. k. draga verulega úr þeim gífurlegu greiðsluerfiðleikum sem íbúðarkaupendur og húsbyggjendur hafa orðið fyrir á undanförnum árum og keyrðu um þverbak þegar vísitala launa var tekin úr sambandi en lánskjaravísitalan fékk að æða óheft áfram.

Alþfl. lagði að nýju fram þetta frv. á yfirstandandi þingi, sem tryggja átti jöfnun á greiðslubyrði húsnæðislána, og þó málið sé brýnt veit ég ekki til að málið hafi fengið neina umfjöllun svo að heitið geti í hv. fjh.- og viðskn. þótt það hafi legið þar á fjórða mánuð, en væntanlega er hugmynd ráðh. sú að frv. ríkisstj. verði afgreitt með forgangshraði nú á hv. Alþingi.

Ég vil gagnrýna þau vinnubrögð að ekki hafi verið nýttur betur sá tími sem Alþingi þó hafði til að fjalla um þetta mál þegar fyrir þinginu hefur legið á fjórða mánuð frv. svipaðs efnis sem Alþingi var fullfært um að taka afstöðu til og fjalla um, en þá fyrst sé tekið til hendi um skoðun þessa máls þegar ráðh. hefur á mestu annadögum þingsins stuttu fyrir þinglok lagt fram frv. um svipað efni sem af sjálfu leiðir að fær þá ekki eins

vandaða meðferð og umfjöllun á hv. Alþingi og hægt hefði verið ef hv. fjh.- og viðskn. hefði nýtt það svigrúm sem gafst þar sem á fjórða mánuð hefur legið fyrir Alþingi frv. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Við erum á þessum síðustu vikum þingsins að sigla inn í hefðbundin vinnubrögð í þinglok, að Alþingi er í raun ekkert annað en stimpilstofnun fyrir frv. ríkisstj. sem samin eru af embættismönnum og fá þar ítarlega skoðun og umfjöllun, þar sem embættismennirnir taka sér þann tíma sem þeir þurfa, en alþm., sem ábyrgð bera á lagasetningunni, er ætlaður skammur tími, kannske örfáir dagar, til skoðunar á málum, til að mynda þessu máli, í sex umræðum í deildum og umfjöllun í tveim nefndum. Enn sér engan veginn fyrir endann á þessum skrípaleik því skv. lista ríkisstj. virðist svo vera að nálægt tveir tugir frv. séu enn ókomnir fram í þinginu, þ. á m. ýmsir stórir lagabálkar sem ítarlega umfjöllun ættu að þurfa að fá hér á hv. Alþingi ef eðlileg vinnubrögð væru í heiðri höfð.

Við það frv. sem hér er til umfjöllunar hef ég ýmislegt að athuga, enda gengur það að mörgu leyti skemur en tillögur Alþfl. í þessu efni.

Í fyrsta lagi nær greiðslujöfnunin eingöngu til fasteignaveðlána einstaklinga hjá Byggingarsjóði ríkisins og allir endar lausir. Hvað verður um greiðslujöfnun húsnæðislána hjá lífeyrissjóðunum og bönkum?

Í öðru lagi þurfa þeir húsbyggjendur og íbúðakaupendur sérstaklega að leita eftir þessari fyrirgreiðslu um greiðslujöfnun sem lán tóku fyrir gildistöku þessara laga, en fá ekki sjálfkrafa leiðréttingu.

Í þriðja lagi er sú launavísitala, sem greiðslujöfnunin á að miðast við, óhagstæð þeim sem hafa minnstar tekjur sér til framfærslu, nefnilega þeim sem ekki njóta yfirborgana, hlunninda eða fríðinda í einhverju formi eða geta aukið tekjur sínar með yfirvinnu. Þessi viðmiðun er t. d. óhagstæð opinberum starfsmönnum, sem ekki njóta yfirborgana eins og algengt er á almenna vinnumarkaðinum, og öðrum lægra launuðum þjóðfélagshópum, eins og stórum hópi kvenna sem byggja afkomu sína á kauptöxtunum og eru ekki í aðstöðu til að bæta á sig yfirvinnu eða njóta hlunninda í formi yfirborgana eða annarra kaupauka. Launavísitalan, sem frv. gerir ráð fyrir, skal samsett að jöfnu úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Vægi þessarar vísitölu byggist því að hálfu á breytingu launa umfram samningsbundnar launagreiðslur og með atvinnutekjum er átt við hvers konar tekjur, hvort sem greitt er í peningum eða öðrum hlunnindum. Það segir sig því sjálft að með þessari viðmiðun, sem hér er lögð til, er mismunur launa og lánskjara mun meiri hjá tekjulægri hópunum og þar af leiðandi þyngri greiðslubyrði en hjá þeim sem hafa verulegan hluta tekna sinna gegnum yfirborganir og aðra kaupauka. Er hér nægjanlegt að vísa til þess dæmis um greiðslujöfnun sem fram kemur á bls. 6 í fskj. með þessu frv. Þar kemur fram sá mismunur sem myndast hefur á launum og lánskjörum frá mars 1982 áætlað fram til ársins 1986, en þar er um að ræða að á 157 þús. kr. láni sem tekið er 1. mars 1982 sé mismunur lánskjara og launavísitölu rúmar 34 þús. kr. Sá munur verður mun meiri ef ekki er miðað við launavísitölu eða að hálfu vægi atvinnutekna, en inni í henni er reiknað meðaltal heildartekna, þar með talið yfirborganir, kaupaukar og yfirvinna, sem gefur engan veginn rétta mynd af tekjum lægra launuðu hópanna í þjóðfélaginu. Ef í þessu sama dæmi og fram kemur á bls. 6 í frv. er reynt að áætla hver mismunurinn á launum og lánskjörum hefði orðið á þessu fjögurra ára tímabili, sem þar kemur fram, og vísitala viðmiðunar væri meðaltal kauptaxta allra launþega, þá hefði mismunurinn í þessu dæmi, sem birt er með þessu frv., þ. e. sú greiðsla sem frestað er vegna misvægis lánskjara og launa, verið um 50 þús. kr. en ekki 34 þús. eins og í þessu dæmi. M. ö. o.: sé notað meðaltal vísitölu kauptaxta allra launþega í stað þeirrar launavísitölu sem hér er gert ráð fyrir verður sá mismunur sem húsbyggjendur og íbúðarkaupendur eiga tök á að festa um 40—50% hærri en sá mismunur sem sýndur er þegar viðmiðunin er launavísitala eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í fjórða lagi vil ég nefna ákvæði til bráðabirgða. Þar er hæstv. ríkisstj. greinilega með tilburði uppi til að bæta fyrir mistök sín og þá meiri háttar pólitísku skyssu sem hæstv. forsrh. hefur ítrekað bent á opinberlega, þ. e. að ríkisstj. skyldi ekki fara að ráðum Alþfl. 1982 og samþykkja það frv. sem þá lá fyrir um greiðslujöfnun á lánum vegna öflunar húsnæðis. En þetta ákvæði til bráðabirgða er augljóslega mjög gallað og nær skammt því að einungis þeir sem eru í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar geta sótt um afturvirkni greiðslujöfnunar. Ef ég skil þetta ákvæði rétt er um að ræða þann mismun sem myndast hefur frá mars 1982 og þar til kemur að næstu greiðslu afborgana og vaxta af lánum þegar lögin taka gildi. Menn geta fengið þeim mismun frestað og dregið frá næstu greiðslu afborgana og vaxta. Þetta ákvæði mun vissulega hafa mikla þýðingu og létta á greiðslubyrði fyrir þá sem slíka fyrirgreiðslu geta fengið, en ákvæðið er opið í alla enda um það hverjir fá slíka fyrirgreiðslu og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess. Ég á von á því að það verði stór hópur húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem sækir um slíka fyrirgreiðslu, en þeir eiga von á að á næsta gjalddaga lána eftir að lög þessi taka gildi geti þeir fengið frestað vegna uppsafnaðs mismunar frá árinu 1982 kannske 20—40 þús. kr.

En sú spurning stendur eftir: Hverjir geta sótt um slíka fyrirgreiðslu? Eru það þeir sem eiga sínar íbúðir undir hamrinum eða þeir sem geta sýnt fram á bréf frá fógeta um nauðungaruppboð? Þurfa viðkomandi að vera í vanskilum við Húsnæðisstofnun til að fá slíka fyrirgreiðslu? Fá þeir fyrirgreiðslu sem staðið hafa í skilum með sín húsnæðislán en eru aftur á móti í mikilli skuld með sín opinberu gjöld hjá Gjaldheimtunni, t. d. af því að þeir létu húsnæðislánin ganga fyrir? Spurningin er: Hver er viðmiðunin? Hvar eru mörkin? Þurfa menn að sanna fátækt sína eða greiðsluerfiðleika til að fá þessa fyrirgreiðslu? Ég held, herra forseti, að hæstv. félmrh. þurfi að gera Alþingi betri grein fyrir framkvæmd þessa ákvæðis en hér er gert.

Og önnur spurning til hæstv. félmrh.: Hvaða áhrif mun þetta ákvæði hafa á ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna? Skv. útreikningum á bls. 7 í frv. er varla ofáætlað að ráðstöfunartekjur Húsnæðisstofnunar geti dregist saman um 123 millj. vegna minni endurgreiðslu til byggingarsjóðanna skv. ákvæðum frv. Ég vil spyrja: Hvaða ráðstafanir hyggst hæstv. félmrh. gera til að þetta hafi ekki áhrif á lánveitingar úr byggingarsjóðunum á þessu eða næsta ári? Verður aukið fjármagn til byggingarsjóðanna vegna þessara sérstöku ráðstafana í

frv. sem hér er til umr. eða munu ákvæði þessa frv. hafa þau áhrif að samdráttur verður í lánveitingum byggingarsjóðanna sem nemur þeim endurgreiðslum sem fresta verður til byggingarsjóðanna hjá þeim sem nú eru í greiðsluerfiðleikum? Bætist þessi mismunur við þá fjárvöntun sem fyrir er hjá byggingarsjóðunum, sem ef ég man rétt er skv. lánsfjáráætlunum 700—800 millj. kr., eða til hvaða ráðstafana verður gripið til að standa við lánveitingar úr byggingarsjóðunum til þeirra sem nú eru að byggja eða kaupa sér húsnæði?

Herra forseti. Þó þetta frv. sé vissulega spor í rétta átt hef ég, eins og hér hefur komið fram, ýmislegt við þetta frv. að athuga og ljóst er að þessar ráðstafanir nægja engan veginn nema sem einn liður í þeim heildarráðstöfunum sem gera þarf í húsnæðismálum.

Hæstv. félmrh. hefur óskað eftir því að þetta frv. fari til umfjöllunar í hv. félmn. Ég vil benda hæstv. forseta þessarar deildar á það, eins og reyndar hefur komið fram í máli mínu, að fyrir hv. fjh.- og viðskn. liggur frv., 267. mál þessa þings, sem er svipaðs efnis og frv. sem við fjöllum nú um. Því tel ég eðlilegt að frv. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga gangi einnig til hv. fjh.- og viðskn. Ég hlýt að óska eftir því, herra forseti, að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar taki til umfjöllunar samhliða þessu frv. frv. á þskj. 267, sem er um svipað efni og legið hefur fyrir hv. fjh.- og viðskn. á fjórða mánuð, og að það frv. fái einnig afgreiðslu frá nefndinni samhliða því frv. sem nú kemur frá hæstv. félmrh. þannig að nefndin skoði einnig þær leiðir sem þar eru lagðar til um greiðslujöfnun til húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki mjög miklu við ágætar ræður tveggja síðustu hv. ræðumanna að bæta. Þó eru það örfá atriði sem ég hefði viljað drepa á og inna hæstv. félmrh. ofurlítið eftir í tengslum við frv. sem hann hér flytur um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Þetta er, herra forseti, svo sorgleg saga, saga húsnæðismálanna í tíð hæstv. ríkisstj., að það jaðrar við að draga þurfi fána í hálfa stöng og leika sorgarlög í útvarpi þá daga sem hv. Alþingi hefur þau til meðferðar. Orðhagur maður af landsbyggðinni komst svo að orði í grein sem hann ritaði um húsnæðismál fyrir skömmu að öll hefðu hin glæstu loforð verið svikin, loforðin um 80% lánin og allt það, sum þeirra jafnvel áður en þau hefðu verið gefin. Ég hygg að það sé fullmikið sagt, en þau voru a. m. k. ekki orðin mjög gömul, lánin, þegar fyrstu vanefndirnar á framkvæmdum þeirra litu dagsins ljós og síðan hefur þetta verið ein skriða niður brekkuna hjá hæstv. ríkisstj.

Nú rofar örlítið til, að segja má, a. m. k. fyrir sjónum hæstv. félmrh., og batnandi manni er auðvitað best að lifa þó að batinn sé hægur. Hann hefur m. a. tekið mið af þeim tillöguflutningi stjórnarandstöðunnar hér á hv. Alþingi að það sé ein óhæfa að ætlast til þess að launþegar, sem tekið hafa á sig mikla kjaraskerðingu, greiði allar sínar fjárskuldbindingar, þar með talin húsnæðislán, skv. „ránskjaravísitölu" sem mæli á fullu þrátt fyrir hina lögbundnu skerðingu á kaupi. Að því leyti til er sú hugsun góð, sem liggur til grundvallar þessu frv. hæstv. félmrh., að í því felst nokkur viðurkenning á því að þetta misræmi gangi ekki, svona sé ekki hægt að fara með fólk. Þetta er e. t. v. fyrsta vísbendingin um að ríkisstj. sýni lit og viðurkenni í verki að henni skjátlaðist. Sú aðferð, sem hún ætlaði að nota við grundvallarstjórnun efnahagsmála, er röng og hún gengur ekki upp. Og það má segja hæstv. félmrh. til hróss að hann er þó fyrsti ráðh. í hæstv. ríkisstj. sem áttar sig á þessu eða a. m. k. sýnir það í verki.

Hitt er svo annað mál að útfærslan í þessu frv. er gölluð og engan veginn nóg. Ránskjaravísitalan, eins og við höfum nefnt þá vísitölu sem verðtryggt hefur það fjármagn sem bundið er í húsnæðislánum, heldur í raun og veru áfram, hún mælir á fullu lánin, fjármagnið er áfram verðtryggt skv. „ránskjaravísitölu". Á endanum verða menn látnir gjalda þess misgengis sem orðið hefur milli kaupgjalds og lánskjaravísitölu. Það er alveg ljóst. Og það sem gerist er það að þeirri kynslóð, þeim mönnum sem voru svo óheppnir, sem urðu fyrir þeim ósköpum vil ég segja að vera með lán þegar þessi ríkisstj. kom til valda og taka lán í hennar tíð, þessari kynslóð verður fórnað. Hún verður áður en lýkur látin greiða þennan mismun. M. ö. o.: hennar eignir, þessir hennar peningar, hafa verið teknir af henni þegar upp verður staðið. (**FrS:** Hver samþykkti ránskjaravísitöluna í upphafi? Hvaða ríkisstj.?) Hver afnam vísitölubindingu launa með lögum og skerti kaup um 25—30%, hv. 2. þm. Reykv? Hvaða ríkisstj. stóð fyrir því á sínum fyrstu dögum? Það eru hennar verk sem við erum hér að tala um.

Þetta er ekki ný hugsun í sjálfu sér, að það gangi ekki til að líða slíka þyngingu á greiðslubyrði lána. Hæstv. fyrrv. félmrh. hafði gert sér grein fyrir þessu fyrir alllöngu og var með frv. hér í þinginu sem ákveðnir menn komu fótum fyrir og væri nú betur að það hefði ekki gerst. Þá væri staða þessara mála önnur. Sá sem hér talar hefur fyrir alllöngu flutt frv. um að afnema þetta misrétti og væri betur að hæstv. ríkisstj. hefði haft manndóm í sér til að viðurkenna mistök sín fyrr og taka undir með þeim þm. stjórnarandstöðu sem þegar hafa lagt fyrir Alþingi tillögur til úrbóta í þessum efnum. (**JBH:** Gerðum það strax 1982.) Hér segir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að þegar á árinu 1982 hafi fleiri vitkast. Þá hafi þeir Alþfl.-menn verið búnir að átta sig á því að raunvaxtastefnan eða hávaxtastefnan svonefnda gekk ekki upp hvað þetta varðaði, hún var hættuleg, og það er auðvitað gott að Alþfl. var svo fljótur að átta sig á því hvaða afleiðingar hans eigið afkvæmi gæti haft fyrir m. a. húsbyggjendur.

Þetta ákvæði er einnig þekkt frá nálægum löndum og þó að við Íslendingar séum stolt þjóð er ekkert að því að þiggja stundum góð ráð frá nágrönnum okkar. Það eru í húsnæðismálalöggjöf nágrannaþjóðanna ýmis rauntekjuákvæði skyld því sem hér er til umfjöllunar og því ekkert eðlilegra en að við höfum litið til þess, enda skilst mér að hv. þm. Svavar Gestsson hafi í sinni félagsmálaráðherratíð haft slík ákvæði til viðmiðunar þegar hann stóð að tillöguflutningi í þessum efnum sem ekki náði fram að ganga, því miður, eins og ég hef áður sagt.

Þetta frv., eins og ég áður sagði, er þessi viðurkenning á því að ríkisstj. er að átta sig, en að öðru leyti er naumast nokkuð jákvætt hægt um það að segja. Ég treysti mér a. m. k. ekki til að gera það. Það gengur allt of skammt að mínu viti. Það hefur þennan megingalla, í því felst þetta óréttlæti að ég tel, að þeirri kynslóð, sem orðið hefur fyrir þessari skerðingu, þessum mismun,

verður fórnað. Hún á ekki, þegar upp verður staðið, að fá leiðréttingu sinna mála. Auðvitað tekur þetta frv. eingöngu til þeirra lána sem eru hjá byggingarsjóðunum, en það er vitað og viðurkennt að vandi húsbyggjenda liggur að verulegu leyti annars staðar og ríkisstj. sýnir hvað þetta varðar engan lit á því að bregðast við því. Það er a. m. k. allt ófrágengið.

Það er þó að mörgu leyti alvarlegast, ef þetta frv. á að vera það einasta sem kemur frá hæstv. ríkisstj. í húsnæðismálum á yfirstandandi þingi, að ekkert er tekið á þeim fjárhagsvanda sem byggingarsjóðirnir og húsnæðiskerfið allt á í. Ríkisstj. sýnir ekki lit í þeim efnum. Það er meira að segja ekki, að mér skilst, gert á nokkurn hátt ráð fyrir þeim afleiðingum sem þetta frv. mun hafa á fjárhag byggingarsjóðanna. Ég spyr hæstv. félmrh. að því: Verða gerðar breytingar til að mynda á þeim tölum sem í lánsfjáráætlun eru og snerta húsnæðismál til að leiðrétta þá fyrir þeim áhrifum, sem samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, hefur óhjákvæmilega á afkomu byggingarsjóðanna? Lágmark er að hæstv. félmrh. svari þessu.

Síðan er það í fjórða lagi að mínu viti mjög slæmt og sýnir hversu skammt á að ganga að það skuli þurfa að sækja sérstaklega um að fá að greiða af lánum með þessu nýja greiðslumarki. Það á m. ö. o. ekki að leiðrétta þetta misrétti fyrir alla eða létta undir með öllum, heldur einungis þeim sem koma á sínum fjórum og sækja sérstaklega um það og sýna fram á það sem Húsnæðisstofnun eða hæstv. ríkisstj. metur nægjanlega mikla erfiðleika til þess að þeim skuli hjálpað. Menn þurfa að sanna fátækt sína enn einu sinni fyrir þessari hæstv. ríkisstj., sanna örbirgð sína til þess að hún lyfti litla fingri þeim til hjálpar. Slík eru vinnubrögðin hjá hæstv. ríkisstj. í þessum málum sem fleirum. Það væri fróðlegt að hæstv. félmrh. skýrgreindi það fyrir hv. alþm. hverjir eru að hans mati verulegir greiðsluerfiðleikar. Hverjir eru verulegir greiðsluerfiðleikar einstaklings, hæstv. félmrh.? Hvenær eru greiðsluerfiðleikarnir nógu miklir á einu heimili til þess að geta talist verulegir að mati hæstv. ríkisstj.? Þær byrðar sem hún hefur lagt á herðar almennra launamanna á Íslandi benda ekki til þess að skilningur hennar á þessu hugtaki sé mjög næmur, ég verð að segja það alveg eins og er. Að mínu viti hefur hæstv. ríkisstj. lagt á herðar allra almennra launþega á Íslandi verulega greiðsluerfiðleika og það á ekki að þurfa að draga menn í sundur í þeim efnum að mínu viti, en það er greinilegt að hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstj. leggja annan skilning í þetta hugtak, orðið „verulegir“, en ég geri, það er alveg morgunljóst.

Síðan er, herra forseti, búin til ein vísitalan, einn bastarðurinn enn í þessum frumskógi vísitalnanna, launavísitala, eitt hugarfóstur enn. Við skulum vona að hún nái að verða nokkurra mánaða gömul áður en hún verður bönnuð með lögum eða bannað verður að reikna hana út. Hún er samsett af atvinnutekjum að hálfu á móti launatekjum eða kauptöxtum og hún felur einnig í sér ákveðna mismunun og ákveðið óréttlæti í þessu máli. Hún gerir það vegna þess að þeir sem á botninum sitja, þeir sem eru á strípuðum töxtunum, svo ég noti kunnugt tungutak, herra forseti, fá miklu minni leiðréttingu sinna mála en þeir ættu að gera, þeir verða eftir úti í kuldanum.

Inn í þessa nýju vísitölu verða sem sagt tekin þau áhrif sem t. d þensla á vinnumarkaði á einum stað á landinu hefur, þær yfirborganir og yfirvinna og annað slíkt sem þensla hér á Reykjavíkursvæðinu hefur á tekjur hér. Eftir liggja þá þeir óbættir hjá garði sem t. d. vinna á Eyjafjarðarsvæðinu á helmingi lægra kaupi, að talið er, en hinir hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég nefni iðnaðarmenn sem dæmi. Mér er tjáð að það sé ekki óalgengt að iðnaðarmenn hér á Reykjavíkursvæðinu vinni fyrir launum sem séu talsvert á þriðja hundrað krónur á klst., en menn með hliðstæða menntun og hliðstæða starfsreynslu sem eru í störfum norður á Akureyri, svo ég taki dæmi, kunnugt okkur báðum, herra forseti, séu tæpast hálfdrættingar þeirra í launum. Og hver er nú aðstöðumunur þessara tveggja manna til að borga af sínum húsnæðislánum? Það gefur auga leið að eina sanngjarna viðmiðunin hér voru kauptaxtarnir til þess að tryggt væri að þeir sem verst sitja í þessum efnum fengju sanngjarna leiðréttingu.

Það hefur komið fram að talsmenn áhugafólks um úrbætur í húsnæðismálum telja þetta frv. allsendis ónóga lausn á þeim gífurlegu erfðleikum sem húsbyggjendur um allt land eiga nú í og eru þeir sennilega einna best í stakk búnir til þess að leggja mat á það sökum þess að þúsundir og aftur þúsundir húsbyggjenda hafa á síðustu vikum sett sig í samband við þessi nýju samtök og rakið þar stöðu sinna mála, reifað þar sína erfiðleika. Ég hygg að talsmenn þessa hóps séu best í stakk búnir allra Íslendinga í dag til að leggja mat á ástandið og þau vandamál sem hér er við að etja. Mér er stórlega til efs að hæstv. félmrh. hafi hlýtt á eða verið í símasambandi við mörg þúsund húsbyggjendur á undanförnum dögum, eins og talsmenn þessa hóps hafa sannarlega verið. Ég hygg því að þrátt fyrir það jákvæða sem um þetta frv. megi segja sé það allsendis ónógt eitt og sér og ég tel ekki viðunandi að hv. Alþingi ljúki svo störfum hér í vor að ekki verði betur að gert en til stendur af hálfu hæstv. ríkisstj. með því að leggja fram þetta frv. og reyna að fá það samþykkt hér.

Út af fyrir sig get ég tekið undir það, sem hv. ræðumaður hér á undan mér sagði, að þetta er spor í rétta átt. Ef ekki er annað í boði af hálfu hæstv. ríkisstj. til handa húsbyggjendum en þessar skóbætur þarf sjálfsagt að þiggja þær, en ég geri það ekki með glöðu geði, að kyngja því að þetta sé það eina sem til standi að gera til að leiðrétta hlut þeirra manna sem orðið hafa fyrir þessu mikla ranglæti.

Ég, herra forseti, er 1. flm. að frv. til laga um ráðstafanir í húsnæðismálum sem ég mælti fyrir og komið er til n. hér á hv. Alþingi. Þar er í 6. gr. þess frv. ósköp einfalt ákvæði sem ég tel að sé það sem réttast og sanngjarnast sé að gera í þessum efnum. Það er ósköp einfaldlega að setja það inn í lög, t. a. m. inn í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, að verðtrygging vaxta og afborgana verðtryggðra húsnæðislána skuli ætíð bundin við þá af vísitölunum tveimur, kaupgjaldsvísitölu samkv. úteikningum kjararannsóknarnefndar og lánskjaravísitölu, sem lægri er hverju sinni þannig að misgengi skapist aldrei á hvorugan veginn.

Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan, að það er ekki nema að hæstv. ríkisstj. ætli sér að ganga enn lengra í kjaraskerðingarátt sem veruleg trygging felst í þessu frv. fyrir fólk í framtíðinni og kannske er það það sem er verið að boða með þessu, að ríkisstj. þyki engan veginn nóg gert, hún geti vel hugsað sér að

þetta misgengi haldi þannig áfram á komandi mánuðum og komandi misserum að nauðsynlegt sé að hafa svona tryggingu inni í lögum. Þá væri auðvitað æskilegast að hæstv. félmrh. segði það hér því til hvers er þetta annars?

Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að hafa um þetta fleiri orð hér. Ég vona svo sannarlega að það takist enn að hafa góð áhrif á hæstv. félmrh. og þoka honum til réttrar áttar í þessum málum. Það er greinilegt að hann er að nokkru leyti að ganga inn á stefnu og málflutning stjórnarandstöðunnar í húsnæðismálum. Hann viðurkennir það að nokkru leyti með þessu frv. Ég vona að það takist þá á næstu dögum að fá hann til samstarfs um að laga til þetta frv., þennan króa sinn, þannig að hægt sé að gera úr því einhverja skaplega, þolanlega lausn fyrir húsbyggjendur. Í því trausti mun ég að sjálfsögðu leggja mitt af mörkum til að greiða götu þessa máls áfram hér í gegnum þingið. En ég vil leggja á það áherslu að lokum að hér er á engan hátt um heildarlausn í þessum húsnæðisvanda að ræða. Það er aðeins verið að klóra í bakkann á einu afmörkuðu sviði. Og það er auðvitað mjög dapurlegt að hæstv. ríkisstj. skuli taka þannig á málum og vinna þannig að í þessum málaflokki, þar sem hún hafði nú svo fögur fyrirheit uppi, að hún skuli nú vera að hörfa inn í það vígi að klóra aðeins í bakkann og taka á einum hluta af þessum miklu vandamálum.

Ef þetta frv. eða þau lög sem úr því verða eiga að hafa einhver áhrif til hagsbóta fyrir húsbyggjendur þýða þau aðeins eitt. Það hægir á innstreymi fjármagns til byggingarsjóðanna. Ef það gerist ekki gerir þetta frv. ekkert gagn. Það er ósköp einfaldlega þannig, hæstv. félmrh. Ég vil trúa því að þetta frv. sé flutt til að gera eitthvert gagn, það eigi að létta eitthvað greiðslubyrðina á húsbyggjendum. Hæstv. félmrh. ætti t. d. að skilgreina hugtakið „verulegir greiðsluerfiðleikar" þannig að þetta frv. verði að einhverju gagni fyrir það fólk sem á í mestum vandræðum. Þá þýðir það að það hægir á innstreymi til byggingarsjóðanna. M. ö. o.: fjárhagsvandi byggingarsjóðanna vex ef ekki verður brugðist við því á móti með öðrum hætti. Þetta bið ég hæstv. félmrh. að athuga að lokum og heiti honum stuðningi mínum við það að reyna t. d. að breyta lánsfjáráætlun eða með öðru móti standa þannig að fjármögnun húsnæðissjóðanna að fyrir þessu og reyndar miklu, miklu meiru verði séð í þeim gífurlega vanda sem þar er sannarlega við að glíma.

Bragi Michaelsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að hér inn í þingið skuli vera komið mál til að ræða um málefni þeirra einstaklinga sem hafa á undanförnum árum verið að festa kaup á fasteignum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., rakti það áðan í ræðu að hér ætti að flagga í hálfa stöng þegar rætt væri um lánamál til fasteigna. Ég hygg að húsbyggjendur í landinu hafi flaggað nokkuð lengur eða allt frá því að hv. 3. þm. Reykv. var félmrh. því að það var einmitt í hans tíð sem lán til almennra húsbyggjenda fóru hvað mest lækkandi.

Á árunum 1980—1982 hraðversnaði ástand hjá þeim sem fengu lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og voru í byggingarframkvæmdum. Á þeim tíma má ætla að þegar fjármagnskostnaður hafi verið dreginn frá húsnæðisláni ef tekið var framkvæmdalán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þá hafi sá kostnaður ekki notast nema fyrir um 15% af byggingarkostnaði þriggja herbergja íbúðar. Eins og mál hafa nú þróast og m. a. verðbólga minnkað er nýting á lánsfé orðin betri. Þar sem lán hafa hækkað hygg ég að þetta hafi verið komið fast að 30% á s. l. ári þó að fjármagnskostnaður væri dreginn frá. Það hefur því ýmislegt gerst til bóta fyrir húsbyggjendur á þessum tíma þó að mörgu sé enn ábótavant.

Ég vil víkja hér aðeins að 4. gr. þessa frv. og þá sérstaklega því atriði að hér stendur, með leyfi forseta: „Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin voru fyrir 1. mars 1982, er gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. mars 1982."

Ég hygg að í nefnd þurfi að skoða það atriði betur þegar um er að ræða F-lán sem ekki hafa notið fullnaðarverðtryggingar og eru tryggð t. d. með hluta af byggingarvísitölu. Ef þau hvíla á eldri húseignum og um er að ræða að tekin hafi verið 2—3 G-lán frá þeim tíma á eignina getur greiðslumark af þessum lánum samanlagt orðið nokkuð mikið. Það þarf því að láta ákvæði laganna einnig ná til lána sem tekin eru þó að ekki séu að fullu verðtrygð og eru tekin hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég held að þetta ákvæði þyrfti að skoða vegna þess að aðili, sem kynni kannske að vera kominn með þrjú lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á sömu eignina, þyrfti að fá heimild til að fresta afborgun þó að ekki væri um fullnaðarverðtryggt lán að ræða hjá stofnuninni.

Við vitum að hér á fasteignamarkaðinum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hafa húseignir gengið kaupum og sölum. Ég hef dæmi um það að allt að fimm lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins hvíli á sömu eign. Þá getur hluti af þessum lánum verið tryggður að hluta til með byggingarvísitölu en ekki að fullu verðtryggður og þá er ástæða til að ákvæði laganna nái einnig til þeirra lána þannig að sá aðili, sem á rétt á að fá frest eða greiðslujöfnuð skv. frv. þegar það verður orðið að lögum, geti fengið af hvaða láni sem hann óskar eftir og hvílir hjá veðdeildinni einnig á eign hans.

Ég tek undir það að skoða þarf það alvarlega líka hvaða áhrif þetta hefur á fjármagn til Húsnæðisstofnunar ríkisins og að leita þurfi allra leiða til þess að ekki dragi úr fjármagni stofnunarinnar. Ég hygg líka að í öðrum frumvörpum og lögum um húsnæðismál sem hv. Alþingi kemur til með að fjalla um á næstunni, þurfi að skoða það alvarlega hvort ekki eigi að setja heimildir inn í lög um það að greiða megi húsnæðislán út með öðrum hætti en gert er, þó að um sé að ræða í annað eða þriðja skipti, því að enn sem komið er hafa þó aðilar rétt á því að fá lán oftar en einu sinni hjá stofnuninni þó að að því sé stefnt að fækka þeim sem fá margsinnis lán. Oft getur verið um að ræða mikla erfiðleika hjá þessum fjölskyldum, breytta hagi, t. d. að hjúskaparslit verða. Þá getur komið til að aðilar þurfi á aðstoð Húsnæðisstofnunar ríkisins að halda þó að þeir hafi áður fengið lán hjá stofnuninni og slík heimildarákvæði þurfi að vera í nýjum lögum um stofnunina þegar þar að kemur. Eins þyrfti að vera heimild, en ekki eins algild regla og nú er, að aðeins þeir aðilar sem fá í fyrsta skipti lán geti fengið lán greitt í tveimur hlutum, t. d. ef um veikindi er að ræða, fötlun eða önnur atriði sem sérstaklega er ástæða til af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins að taka tillit til.

Ég vil benda á þessi atriði við þetta tækifæri þó að

það eigi kannske ekki beinlínis við ákvæði þess frv. sem hér er verið að ræða um.

Ég óska eftir því að sú nefnd, sem fjallar um þetta, skoði sérstaklega atriði 4. gr. frv.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Sjaldan ef nokkurn tíma í sögu íslenskra stjórnmála hafa jafnfáir logið jafnmiklu að jafnmörgum eins og talsmenn og forustumenn núv. stjórnarflokka í húsnæðismálum. Loforðin voru ómæld, stór, og vöktu upp mikil fyrirheit. Efndirnar eru svo gersamlega í skötulíki að það er dapurlegt til þess að hugsa.

Enn einu sinni er lagt fram mál sem vekur upp vonir, en á eftir að valda skelfilegum vonbrigðum. Hvaða vanda er verið að reyna að leysa? Vandinn, sem verið er að reyna að leysa, stafar einkum af þrennu: Greiðslugeta húsbyggjenda hefur verið skert svo hrikalega, í fyrsta lagi vegna þess að þeir hafa orðið fyrir kjaraskerðingu. Stærsti parturinn af því er vegna þess að verðtrygging launa var tekin úr sambandi en lánskjaravísitalan látin mæla áfram eftirstöðvar skulda. Í öðru lagi vegna þess að raunvextir umfram verðbólgu hafa hækkað gríðarlega og í þriðja lagi vegna þess að bilið milli kaupgjaldsvísitölu og lánskjaravísitölu fer sívaxandi.

Þessar niðurstöður mála hefur hæstv. forsrh. kallað mestu mistök stjórnarflokkanna og það er við þessi hroðalegu mistök sem hæstv. félmrh. er að reyna að glíma. Reyndar eru þetta engin mistök heldur er þetta sjálf stjórnarstefnan og það er ekki hægt að fallast á að þetta séu mistök fyrst og fremst vegna þess að vandinn er eldri en núv. ríkisstj. Tillögur voru lagðar fram hér á Alþingi til að leysa hann fyrir löngu síðan og þeir menn, sem standa að núv. stjórnarsamstarfi ásamt talsmönnum stjórnarandstöðuflokksins Alþb., stóðu að því í fyrrv. ríkisstj. að fella slíkar tillögur.

Hver er vandinn? Í samantekt sem Alþýðusamband Íslands gaf út fyrir 1. maí er honum lýst svona: Húsbyggjandi á Húsavík greiddi 406 þús. af lánum á síðasta ári. Hann byrjaði að byggja vorið 1983, reiknaði þá með að 2—3 mánaða laun dygðu til að standa undir afborgunum og vöxtum, situr nú uppi með þá staðreynd að 11 mánaða vinnulaun duga ekki, greiðir 406 þús. af lánum og fjarlægist með hverjum mánuði það markmið að auka eignarhlutdeild sína í þessari eign.

Fyrir nokkru síðan kom hópur þessa marghrjáða fólks á fund þingflokkanna og lagði fram reikning. Þau lögðu fram reikning sem hljóðaði upp á það að í tíð núv. stjórnarflokka hefði verið lagður aukaskattur á lántakendur og húsbyggjendur sem þeim reiknaðist til — og þeir reikningar hafa ekki verið vefengdir — að næmi 2.6 milljörðum kr., 2600 millj. kr., 1390 millj. kr. bara í ár. Greiðslubyrðin hefði aukist u. þ. b. um þriðjung vegna raunvaxtahækkunar umfram verðbólgu í tíð stjórnarinnar sem nemur um milljarði og nefndu dæmi um afborgun af láni frá árinu 1980 sem hefði hækkað vegna þessarar stjórnarstefnu, þ. e. vegna vaxtahækkunar umfram verðbólgu og vegna mismunar á lánskjaravísitölu og kaupgjaldsþróun, um 82% í tíð stjórnarinnar. Þeir vöktu athygli á því í sínum útreikningum að einungis vegna breytinga á raunvöxtum, sem ríkisstj. hefur heimilað frá því að hún tók við völdum, hafi húsnæðiskaupendur orðið að greiða aukalega umfram það sem þeir gerðu ráð fyrir þegar þeir tóku lánin 910 millj. kr. Þeir gerðu ráð fyrir því að miðað við óbreytta vaxtastefnu þyrftu þeir að greiða á þessu ári 580 millj. kr. umfram það sem þeir ráðgerðu þegar þeir tóku lánin.

Í einu af dæmum hópsins er tekið dæmi af 1 millj. kr. láni sem var tekið til 20 ára árið 1980. Hækkun raunvaxta úr 2.5% þegar lánið var tekið í það sem nú er hefur aukið greiðslubyrði lántakandans um rúmlega þriðjung.

Einfaldasta framsetning á vandanum er að reikna þetta í vinnustundum þar sem fólk með skerta kaupgetu stendur frammi fyrir hækkun raunvaxta umfram verðbólgu og misvísun kaupgjaldsþróunar og lánskjaravísitölu. Það þýðir ósköp einfaldlega að það sem áður var viðráðanlegt hlutfall launa til þess að standa undir þessum lánum er nú orðið að óbærilegum skuldaklafa, þ. e. launin duga ekki til. Það eru hvorki meira né minna en 18 þúsund uppboð á þessu ári, gætu orðið 20 þúsund og þetta fólk, sem í þessum hremmingum hefur lent, er ýmist á uppboði eða biðstofum ráðgjafarþjónustunnar eða á biðstofum geðlæknanna, eins og fram hefur komið.

Menn eru að karpa um það hvort þetta megi rekja til þeirrar ákvörðunar fyrri ríkisstj. að taka upp verðtryggingu á lánsskuldbindingum og Alþb. sem slíkt er sérstaklega öðru hverju að forheimska sig á slíkum málflutningi. Ég vek athygli á því að talsmenn Sigtúnshópsins hafa aldrei lýst sig andvíga verðtryggingu lána. Þeir hafa aldrei settt fram þá kröfu að þeir eigi ekki að borga það sem þeir fengu að láni að raungildi. Ég vek athygli á því að hópur hinna hrjáðu húsbyggjenda sem komið hefur á fund þingflokkanna, hefur aldrei sett fram þá kröfu.

Þeir skyldu hugsa sitt mál vandlega sem ætla að byggja sinn málflutning á nauðsyn þess að rífa niður verðtrygginguna. Þeir vita ekkert hvað þeir eru að tala um. Þeir vita í fyrsta lagi ekkert hvað þeir eru að tala um að því er varðar þessa þjóð sem sokkin er í skuldir. Þeir hafa aldrei sett fram þá kröfu að þeir eigi ekki að er það varðar til hvers slík pólitík leiðir, til hvers konar eignatilfærslu hún leiðir í þjóðfélaginu frá venjulegu fólki til atvinnurekenda. Í slíkri pólitík er ekki vitglóra. Ekkert af þessu fólki hefur sett fram þá kröfu að það eigi að afnema verðtryggingu. Ef menn velta fyrir sér hvernig eigi að fjármagna lánasjóðina, hvernig staða lífeyrissjóðanna yrði í slíku kerfi þegar lán eru ekki verðtryggð, skyldu menn bara hugsa það til enda. Það er vitlaus pólitík enda hefur hún engan stuðning nema hjá kreddumönnum og grilluföngurum.

Það sem er réttmætt umkvörtunarefni er þetta:

Í fyrsta lagi — og það er stærsti parturinn — er ránvaxtastefnan, ættuð úr Seðlabankanum, sú stefna í tíð núv. ríkisstj. að hækka vexti umfram verðbólgu upp úr öllu valdi og reka hér dýrustu raunvexti í heimi.

Í annan stað er það vísitölufúskið, vitleysisgangurinn í því og það er ekkert nýtt mál. Það er ástæða til þess að vekja sérstaklega athygli hv. þm. Steingríms Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e., á því. Þetta er mál sem hann þarf að kynna sér. Strax árið 1981 lá það fyrir að lánskjaravísitala var farin að mæla þyngri greiðslubyrði eftirstöðva lána en samsvaraði kaupgjaldsþróun. Hver var ástæðan? Ástæður voru annars vegar vísitölufalsanir þáv. ríkisstj. sem voru margar. Þrátt fyrir þær, sem þannig héldu niður kaupgjaldi, hélt framfærsluvísitalan

áfram að mæla eftirstöðvar lána. Þetta misvægi var m. ö. o. þá strax komið á daginn.

Það var þess vegna sem hv. Alþfl. fluttu þá strax frv. til laga hér á hinu háa Alþingi um að taka á þessu vandamáli. Hvernig? Með því að sú fjárhæð, sem væri umfram raunverulega kaupgjaldsþróun skv. lánskjaravísitölu á tvöföldu vægi, færðist aftur fyrir höfuðstól þannig að greiðslubyrði yrði hin sama af raunverulegu kaupgjaldi. Hvaða viðtökur fékk þetta hjá hæstv. félmrh. þá sem var einn af stuðningsmönnum þessarar stjórnar? Þetta frv. var fellt. Hvaða viðtökur fékk það hjá þáv. hæstv. félmrh., formanni Alþb., 3. þm. Reykv.? Það fékk engar undirtektir — (**SvG:** Rugl.) — það var fellt, það var svæft í ríkisstj. og það er ekkert rugl og það veit hv. 3. þm. Reykv. fullvel, þetta eru staðreyndirnar í málinu. Þetta frv. var á borðum þm. þá þegar og staðreyndin í málinu er þessi: Ef það hefði verið samþykkt þá væri þetta vandamál, sem hér er orðið svona stórbrotið og stórkostlegt, ekki til, það væri ekkert vandamál, það hefði verið leyst.

Þá er spurningin: Dugar það mál, sem hér er lagt fram, til að leysa vanda þessara manna? Þeir tala um að fram hafi verið lagður reikningur á þá umfram þau kjör sem þeim voru boðin þegar þeir tóku lánin upp á 2.6 milljarða. Hvað er þetta mál stórt upp í þá skuld? Hæstv. félmrh. veit það ekki. Hins vegar liggur ljóst fyrir í fyrsta lagi, að það er ekki miðað við raunverulega kauptaxta heldur við vegna vísitölu af atvinnutekjum og kauptöxtum. M. ö. o., þeir lántakendur sem verst eru settir fá ekki rétta viðmiðun, þ. e. það fólk sem stendur í þessum raunum en þiggur laun fyrir vinnu sína á lægstu töxtum. Við vitum ekki hversu margt það fólk er en við vitum að það er það fólk sem er á hungurmörkunum og getur ekki framfleytt fjölskyldu en verður samt sem áður að bera ærinn kostnað af þessum hlutum.

Í annan stað er ljóst að þetta mál tekur aðeins til húsnæðismálalána, lána úr byggingarsjóðum. En vandi hópsins sem búið er að gera að vanskilahópi í þessu þjóðfélagi er mestur annars staðar. Hann er hjá lífeyrissjóðunum og hann er í bankakerfinu. Hvernig á að taka á því? (**Gripið fram í:** Með okurlánum.) Já, okurlánum, okurlánamarkaðinum. Hvernig á að taka á því? Um það segir ekkert hér.

Í þriðja lagi, forsendan fyrir þessum tillögum er sú að hér gerir ríkisstj. beinlínis ráð fyrir því — það er forsendan fyrir því að þetta eigi að koma að gagni fyrir lántakendur — að kaupgjaldsþróun haldi áfram að verða með þeim hætti sem hún er. Við vitum hver hún er. Það var samið í haust um 20% kauphækkun rúmlega. Sú kauphækkun er fyrir alllöngu síðan gersamlega orðin að engu. Að mati hagfræðinga ASÍ er í hverri viku og í hverjum mánuði hér eftir um raunverulega kjaraskerðingu, kaupmáttarskerðingu að ræða fyrirsjáanlega. En halda menn virkilega að sú þróun geti haldið áfram endalaust? Dettur nokkrum manni það í hug? Auðvitað ekki.

Hver er þá höfuðgallinn við þessar tillögur? Fyrir utan það að viðmiðunarskilgreiningin er allt of takmörkuð og að hún tekur alls ekki til vandans að því er varðar aðra en byggingarsjóðina, þá er hún sú að hér er gert ráð fyrir því að ef kaupgjald fer raunverulega upp á ný verði þessar ráðstafanir að engu. M. ö. o., þetta er frv. til l. um að frysta núverandi ástand, ef það þá er ekki sýndarmennska. Þannig tekur húsnæðisfáránleikinn, sem við stöndum frammi fyrir, á sig æ átakanlegri myndir. Viðleitni manna til þess að klóra í bakkann, leysa einhvern part af vandamálinu, eru öll með því marki brennd að þetta er eins og hestur sem er að brölta um í feni. Þeim mun meira sem hann bröltir, þeim mun dýpra sekkur hann.

Samúð mín er vissulega ærin með hæstv. félmrh. sem er greinilega að fást hér við verkefni sem hann virðist ekki ráða við. Og það er ekki að öllu leyti honum að kenna. Ég vefengi ekki góðan vilja hans. Að verulegu leyti er hér um það að ræða að húsnæðismálin eru um fjármál og fjármálastjórn þessarar ríkisstj. er öll í lamasessi. Það þarf verulega fjármuni, fjármuni upp á milljarða kr. á hverju einasta ári, ekki í nýjum lánum heldur í framlögum af fjárlögum til að leysa þessi mál og þau mál getur hæstv. félmrh. ekki samið um við hæstv. fjmrh. Hann getur ekki leyst þetta í samstarfi við Sjálfstfl., á það er búið að reyna hvað eftir annað. Þess vegna er hann alltaf að tilkynna að hann sé með hin og þessi mál í ríkisstj. sem síðan daga uppi og enginn hefur spurnir af meir. Hann er alltaf að gefa ný og ný fyrirheit og alltaf verður þetta að engu. Það er mjög alvarlegt mál að gera þetta frammi fyrir fólki sem er með húsin sín á uppboði, eins og sá sem hér stendur o. fl., vegna þess að þeim mun sárari verða vonbrigðin í hvert skipti þegar það kemur á daginn að þetta er allt saman orðagjálfur, orðakonfekt, innihaldið er allt annað.

Ég sagði: Samúð mín er ærin með hæstv. félmrh. en óneitanlega er samúð mín með því fólki, sem nú er undir hamrinum eða á biðstofum geðlæknanna, sýnu meiri. Þetta mál er dæmi um það að verið er að reyna að klóra í bakkann. En hver eru stærstu vandamálin hjá þessu fólki? Vandamálin eru ekki verðtrygging fjárskuldbindinga og sparifjár. Vandamálin eru þau að það er búið að leggja á þetta fólk umfram það sem það ráðgerði þegar það tók á sig þessar skuldbindingar, viðbótarskattlagningu í reynd upp á 2.6 milljarða kr. Hverjir eru fjármunirnir sem hér er um að ræða? Hæstv. félmrh. segist ekki vita það. Hins vegar hefur verið talið að hér sé verið að tala um 300 millj. Hvað eru 300 millj. í þessu dæmi, hæstv. félmrh.?

Við stöndum hér frammi fyrir því að ríkisstj. getur ekki einu sinni komið með lánsfjáráætlun. Hún er að bæta við erlendum skuldum, nettó 3 milljörðum ofan á allt annað. Þar af ætlar hún sér a. m. k. 400 millj. í húsnæðisfjármögnun sem er óhugnanlegt dæmi um fjárhagslegt ábyrgðarleysi. Það er vitað að gatið í lánsfjáráætlun húsnæðismála í ár er upp á 700 millj., 300 millj. í viðbót. Það munar nú ekki mikið um einn kepp í sláturtíðinni.

En hverju eru hinir bættari sem hafa þegar borgað umfram það sem þeim bar 2.6 milljarða? Lausnin fyrir þetta fólk er í því fólgin í fyrsta lagi að framfylgja þeim hugmyndum sem Alþfl. setur fram strax 1981, um að misvægið milli vísitölu kaupgjalds og lánskjaravísitölu færist aftur fyrir höfuðstól, þannig að greiðslubyrðin verði sama hlutfall af launum og bætt launakjör komi ekki til með að hafa áhrif til hins verra fyrir þetta fólk.

Í annan stað er hún fólgin í því að lækka raunvexti á lánum til húsnæðismála verulega.

Í þriðja lagi er hún í því fólgin — og það er forsendan fyrir því öllu saman — að veita til húsnæðismála miklu meiri fjármunum beint af fjárlögum en ekki í formi lána sem eru til miklu skemmri tíma og á miklu hærri vöxtum

en þú ætlar að lána út. Vaxtamunurinn einn er t. d. þegar búinn að ríða Byggingarsjóð verkamanna á slig af því að þar er vaxtamunurinn mestur og hann hefur leikið Byggingarsjóð ríkisins mjög grátt líka. Þetta er milljarða dæmi. Okkur telst svo til að ef menn ætla að setja sér þó ekki væri nema það hóflega mark að standa fyrir byggingum u. þ. b. 1600—1700 íbúða á ári, sem er kannske neðan við þau mörk sem ætla mætti að ætti að gera, þá dugar ekki minna en bein fjárframlög úr ríkissjóði hér eftir á ári hverju upp á 3.5 milljarða. Hvert á að sækja þessa peninga? Ríkisstj. segir alltaf: Það eru engir peningar til. Hvert á að sækja þá?

Við leggjum til að byggingarsjóðum ríkisins verði skilað aftur launaskattinum sem lögum samkvæmt á að renna til byggingarsjóðanna, ríkisins og verkamanna, sem óafturkræf framlög. Við teljum nauðsynlegt að hækka launaskattinn um a. m. k. 1% og verja því líka í þessu skyni. Ef 1% í launaskatti gefur um 330 millj. er þar um að ræða tæpan milljarð.

Í annan stað höfum við lagt til að lagður verði eignarskattsauki á skattsvikinn verðbólgugróða stóreignafélaga og stóreignaaðila í þessu þjóðfélagi sem skili ekki minna en milljarði á ári í þessu skyni.

Í þriðja lagi er sjálfsagður hlutur að taka hagnað Seðlabankans í ríkissjóð og verja honum í þessu sama skyni. Það þarf jafnvel annars konar fjárútvegun. Til greina getur komið að taka hluta af bundnu fé Seðlabankans í þessu skyni. Það er ekki verri fjárfesting en að henda því í birgðahald eða í útflutningsbætur á kjöti og smjöri.

Í fjórða lagi eða fimmta lagi verður ósköp einfaldlega að líta á þetta fjárlagadæmi þannig að færa til innan fjárlagarammans frá hlutum, þar sem verið er að eyða peningum í tóma vitleysu, til þessara hluta vegna þess að þetta er eitt af algerum forgangsverkefnum. Þetta kostar m. ö. o. svo mikið fé að þetta mál, sem hér er verið að flytja, er eins og hver annar smákeppur í þeirri sláturtíð, með gat upp á einn milljarð, a. m. k. í lánsfjármögnun húsnæðisfjármála, með byggingarsjóðina sokkna í skuldir a. m. k. upp á 3.3 milljarða og þeir eru reknir með yfirdrætti hjá Seðlabanka, þeir eru reknir með erlendum lánum. Gengistapið á erlenda láninu, sem hæstv. félmrh. neyddist til að taka í fyrra, varð 60 millj. á einni nóttu. Það er ógnvekjandi dæmi fyrir hvern þann, sem á að taka við þessari súpu, að taka við henni. Það kostar óheyrilega fjármuni.

Herra forseti. Það alvarlegasta við þetta mál er það að alltaf er verið að vekja upp vonir hjá þessu fólki. Þetta mál er ekki af því taginu að það rísi undir þeim vonum sem hafa verið vaktar úti í þjóðfélaginu. Vonbrigðin verða þeim mun sárari. Það dugar ekki, hæstv. félmrh., að reyna að klóra svona í bakkann. Það verður að líta á þessi húsnæðismál í heild sinni og það kostar óheyrilega mikla fjármuni. Ef það á að gera þetta kostar það allt annars konar pólitík í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins en núv. ríkisstj. hefur grun um og nokkra getu til að fá fram. Þið ráðið ekkert við þetta verkefni. Þið eigið ekki að vera að vekja upp vonir fólks, falsvonir sem eru sviknar jafnóðum.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. og legg eindregið til að þetta mál fari til umfjöllunar hjá fjh.- og viðskn. Það er þess eðlis. Þar er líka það frv. sem Alþfl. hefur flutt um þetta mál og ég tel vera betri leið út úr þessum ógöngum, þ. e. þessum hluta þeirra, og það eigi að líta á þessi mál þannig í heild sinni.

Ég slæ því föstu að við munum flytja brtt. í líkingu við það sem við höfum verið að lýsa. En ég legg á það áherslu að þó að þetta mál sé af þessu taginu, að þarna sé aðeins verið að klóra í bakkann, er enn von til þess, ef samstaða yrði innan fjh.- og viðskn. og hér í þinginu, ef menn skynjuðu alvöru þessa máls, um stuðning við brtt. að því er varðar viðmiðunina, að því er varðar það að þetta nái til fleiri lána en byggingarsjóðanna einna, að þetta mál sé hægt að leysa. Annað er ósamboðið virðingu og skyldum Alþingis. Auðvitað verður að leysa þetta mál áður en þingi verður lokið. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv., við munum leggja okkur alla fram um það, ekki aðeins í þessu máli heldur yfirleitt, að þingið láti það ekki um sig spyrjast að því verði slitið í vor án þess að gert verði stórátak í því að bjarga því sem bjargað verður í þessum húsnæðisfáránleika og þeirri kynslóð, þeim fjölmörgu árgöngum sem nú eru bókstaflega undir hamrinum, verði rétt sú hjálparhönd sem dugar til þess að bjarga eignum þeirra, heimilisfriði og sálarfriði.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum drepa á það sem hér hefur komið fram í sambandi við þetta frv. En ég vil fyrst taka fram að ég hef ekki neitt á móti því að þessu frv. sé vísað til fjh.- og viðskn. þar sem áhugi virðist vera fyrir því að málið fari frekar þangað. Fyrir mér vakir fyrst og fremst að unnt verði að ná samkomulagi um það að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Þess vegna vil ég með þessari yfirlýsingu stuðla að því fyrir mitt leyti að svo geti orðið. Ég geri engan ágreining um það þó að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. í trausti þess að það fái þar góða meðferð og stuðlað verði að því að það verði afgreitt.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði nokkurra spurninga hér m. a. hvar markalínan yrði dregin. Ég vil nú taka það fram í sambandi við þetta mál að auðvitað er eitt meginatriðið í þessu frv. sú afturvirkni sem það felur í sér, svo að hægt verði að koma til móts við það fólk sem hefur orðið fyrir mestu áfalli af völdum þeirrar óðaverðbólgu sem hér hefur geisað og þess misgengis sem þannig hefur myndast á árunum 1982 og 1983 fyrst og fremst. Og ég tek undir það með hv. 1. þm. Reykn. að það er ástæða til að athuga vel í sambandi við 4. gr. hvort þeim lánum Húsnæðisstofnunar sem bera að hluta verðtryggingu er unnt að koma inn í þessa greiðslutilhögun. Mér finnst sjálfsagt að það sé skoðað vandlega.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði í sambandi við 5. gr. um meðferð greiðslumarksins. Ég vil að það komi fram strax að mín skoðun er sú og ég tel að það sé grundvallaratriði í þessu máli að það er ætlast til þess að því markmiði verði náð, að þessi aðferð við greiðslujöfnun fasteignaveðlána verði til þess að greiðslubyrði hækki ekki og þar af leiðandi verði mismunurinn, sem þannig myndast, skilyrðislaust til þess að lengja lánstímann með þessu formi sem jöfnunarreikningurinn ber með sér. Ég geri ráð fyrir að það sé nauðsynlegt í meðferð málsins að skýra þetta nánar og þeir sérfræðingar, sem unnu að þessu atriði og nefndir voru, verði þá kallaðir til og haft samráð við þá um að setja skýrari ákvæði um þetta atriði ef menn eru ekki ánægðir með það eins og frv. er byggt upp. (**Forseti:** Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.

Ég held að það væri hyggilegt að fresta fundi núna.)

Herra forseti. Ég reikna með því, þó að ég ætli ekki að hafa þetta langt mál, að það taki mig alltaf 15 mínútur að ljúka máli mínu. Ég samþykki að fresta þá ræðunni. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það mætti nú ætla, því að ekki hefur verið svo lítið talað í fjölmiðlum um þetta mál og undirstrikað mikilvægi þess og lausn þess, að menn hefðu áhuga á að vera viðstaddir þessa umr. Því miður eru ekki allir þeir hv. þm. hér sem ég hefði ástæðu til að svara. Ég mun aðeins stikla á stóru til þess að taka nokkur helstu atriði sem fram komu í umr.

Ég var búinn að svara að hluta til hv. 3. þm. Reykv. að því er varðar nokkur atriði frv. sjálfs. Hv. þm. vildi fá að vita afstöðu mína til vissra mála í sambandi við það sem kom fram í því sem ég las upp um þau áhersluatriði sem áhugamenn um úrbætur í húsnæðismálum höfðu sent ríkisstj. og höfðu verið rædd þar. Hann spurði um afstöðu mína til þess að veittur yrði sérstakur skattafsláttur. Eins og raunar hefur komið fram hef ég lagt fram í ríkisstj. sérstakt frv. til l. um breytingar á tekju- og eignarskatti, þar sem sú nýjung er lögð til að veittur verði sérstakur skattafsláttur sem bæri heitið húsnæðisframlag. Þessar hugmyndir eru nú til meðferðar hjá þeim starfshópi sem vinnur í þessum málum á vegum ríkisstj. Þar eru m. a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og náði hópurinn samkomulagi um það frv. sem hér er til umr.

Af því að sumir hv. þm., sem tóku til máls hér fyrr í dag, gerðu frekar lítið úr þessu frv. vil ég taka það fram, eins og raunar kemur fram í aths. með frv., að menn voru sammála um meginefni þessa frv. í þessum starfshópi, sem hefur starfað að þessum málum og starfar enn, þ. e. fulltrúar ríkisstj. og fulltrúar Alþýðusambandsins, og lögðu áherslu á það að þetta væri spor í rétta átt. Ég vonast fastlega til þess að frá hópnum komi áður en langt um líður tillögur um meðferð þessa þáttar, þ. e. sérstaks frádráttar frá skatti sem kæmi þá sérstaklega þeim til góða sem eru að byggja eða kaupa húsnæði. Þess vegna er ég í meginatriðum samþykkur þessari aðferð. En einu megum við ekki gleyma. Það hefur viljað brenna við í þessum umr. að menn reiði hátt til höggs án þess að gera grein fyrir því að til þess að hægt sé að ná árangri í því efni þarf til að koma aukið fjármagn.

Í sambandi við b-lið í tillögum hópsins, sem er um viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun, vil ég geta þess að þetta atriði hefur að hluta til verið framkvæmt frá því í febrúar í vetur, þar sem Húsnæðisstofnun veitir sérstakt viðbótarfjármagn þeim sem þurfa á því að halda í sambandi við þá ráðgjöf sem ég hef áður talað um. Þegar er búið að afgreiða á 5. hundrað umsóknir og verður haldið áfram í þeirri veru. Þetta ber því vissulega talsverðan árangur þó að að sjálfsögðu megi viðurkenna að meira þarf til.

Varðandi þriðja atriðið, skuldbreytingu og lengingu lána, eru einmitt í gangi á vegum ráðgjafarþjónustunnar samningar við bankakerfið um að skuldbreyta lánum þannig að vanskilalánum og skammtímalánum er í mörgum tilfellum breytt í hagstæðara lán. Hefur þegar sannast að margir hafa notfært sér þetta, jafnvel í þeim mæli að þeir hafa ekki þurft viðbótarlán úr Húsnæðisstofnuninni heldur hefur nægt sú fyrirgreiðsla sem bankakerfið hefur veitt.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði einnig um viðhorf mín gagnvart tillögum frá ASÍ í sambandi við vaxtameðferð og hafði eftir mér það sem ég sagði á fundi í Borgarnesi á s. l. ári þegar húsnæðismál voru rædd, eftir að ákvörðun hafði verið tekin um vaxtabreytingu sem gerð var í byrjun ágúst. Ég lýsti því yfir að ég teldi að þarna hefði orðið — ja, ég kallaði það slys og ég get endurtekið það hér. Ég taldi að sú ákvörðun hefði verið tekin á röngum tíma og hefði orsakað meiri glundroða í þessum málum en æskilegt hefði verið. Þetta átti að standa stuttan tíma, en því miður festist það í kerfinu og vaxtafrelsið tók völdin að verulegu leyti. Allar peningastofnanir í landinu hafa síðan leikið fjölmiðlaleik við að reyna að ná inn því fjármagni sem fólkið í landinu á aflögu til að spara, skulum við ætla. Ég get tekið undir þá kröfu og það er ekkert leyndarmál að við framsóknarmenn höfum barist fyrir því að reyna að fá lækkun á vöxtum og gerum enn. Þau litlu skref, sem tekin hafa verið á því sviði, hafa verið eftir kröfu okkar í þessari ríkisstj.

Hv. þm. talaði einnig um skyldusparnaðinn og gaf í skyn að ríkisstj. væri með einhverjar tillögur á prjónunum sem ættu að vera nokkurs konar árás á unga fólkið í landinu. Ég held að það sé rétt að það komi fram að sú tillaga sem ég hef lagt fyrir ríkisstj. og þingflokka stjórnarflokkanna til athugunar er ekki tillaga sem félmrh. hefur búið til, heldur tillaga sem stjórn Húsnæðisstofnunarinnar samþykkti einróma, fulltrúar allra flokka í stjórn Húsnæðisstofnunar, á s. l. hausti og gerði þá kröfu til félmrh. að hann léti gera þær úrbætur sem þar var farið fram á. Það er eðlilegt að stjórn stofnunarinnar leggi þetta til þar sem sá tekjustofn sem Byggingarsjóður ríkisins hefur haft og átt að hafa með lögunum um skyldusparnað hefur algerlega hrunið. Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. hafi fylgst með því að núna t. d. frá áramótum er búið að greiða út úr Byggingarsjóði ríkisins yfir 130 millj. kr. af fjármagni sem annars hefði átt að fara í útlán til húsnæðismála, vegna þess að það hefur farið meira út úr skyldusparnaðinum heldur en inn hefur komið. Þannig var það einnig á s. l. ári að það nam um 84 millj. kr. sem þetta var öfugur sparnaður. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við það þó að stjórn Húsnæðisstofnunarinnar vilji grípa til varnaraðgerða til þess að tryggja sig fyrir þessu útstreymi.

Ég skal ekki segja hvað verður gert í þessu máli. Það er ekki meiningin að þvinga þetta inn. Ég segi fyrir mig persónulega að ég hef ekki verið hrifinn af skyldusparnaðinum eins og hann hefur verið framkvæmdur. Ég tel að það þurfi að breyta þessu formi og jafnvel kemur til greina að afnema hann með öllu en taka upp annað sparnaðarform í bönkum. Og það er rétt að það komi hér fram í þessum umr. að einmitt þessa dagana er verið að ganga frá sérstöku frv. frá nefnd, sem hefur starfað að því í vetur að semja við bankakerfið og athuga með hvaða hætti væri hægt að koma upp sérstökum sparnaðarreikningum í bankakerfinu, hefðu tvíþætt gildi, annars vegar skattfrádrátt og hins vegar rétt til hærri húsnæðislána. Þetta er athyglisverð hugmynd og það er spurning hvort ekki ætti að færa skyldusparnað ungs fólks í slíkt form. En það eru alls engin áform um að ráðast að námsmönnum eins og margir hafa haldið fram, heldur einvörðungu að leiða fram blákaldar staðreyndir í þessu máli eins og þær liggja fyrir.

Hv. þm. spurði einnig um lífeyrissjóðina, hvort

viðræður færu fram við lífeyrissjóðina um það fyrirkomulag sem hér er lagt til um greiðslujöfnuð fasteignalána. Þessar viðræður eru sífellt í gangi. Sérstök nefnd, skipuð fulltrúum lífeyrissjóðanna, félmrn. og fjmrn., er í viðræðum við lífeyrissjóðina um þessi mál, í fyrsta lagi um hvað þeir eigi að láta af sínu ráðstöfunarfé í byggingarsjóðina og einnig um form á því samstarfi. Þessi mál eru því í sífelldri athugun.

Um bankana get ég sagt það einnig að haldnir hafa verið fundir með fulltrúum viðskiptabankanna og sparisjóða um að taka þátt í þessari fjármögnun húsnæðismála og eins og ég tók fram hér í dag hefur því verið vel tekið og hefur þegar skilað árangri í gegnum þá ráðgjöf sem í gangi er. Og ég get lýst því yfir, af því að um var spurt, að ríkisstj. mun leita eftir því að þetta samstarf verði aukið og ráðstafanir verði gerðar til að samræma það fjármagn sem mögulegt er að fá í þessu skyni.

Ég sé að hv. 2. landsk. þm. er ekki hér í salnum. Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega í þær spurningar sem hún bar hér fram. Það má vel vera að ákvæði til bráðabirgða sé ekki nægilega skýrt í þessu frv., en ég vil undirstrika það sem ég var raunar búinn að segja hér fyrr í svarræðu minni að höfuðtilgangurinn með þessum lögum er að greiða úr vanda þeirra sem hafa lent í óðaverðbólgunni og því mikla misgengi sem fyrst og fremst kom upp á árunum 1982 og 1983 og bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir því. Það er eiginlega ekki hægt að segja fyrir fram hvaða viðmiðun verður lögð til grundvallar. Þegar ráðgjöfin var sett af stað í vetur óttuðust þeir húsnæðisstjórnarmenn að ásóknin yrði svo mikil fyrstu dagana að það þyrfti að setja einhver mörk um skuldastöðu fólks. Þetta skilyrði var afnumið og er alls ekki lengur í gildi. Ég geri ráð fyrir að allir sem telja sig geta átt rétt til lántöku á þessu tímabili hafi möguleika til að sækja um þessar fyrirgreiðslur og auðvitað verða settar um þetta einhverjar reglur þegar lögin hafa verið samþykkt. En ég mun leggja áherslu á það að ekki verði um neina útilokunaraðferð að ræða, það verður reynt að greiða fyrir þessu máli eins og mögulegt er.

Hv. þm. spurði hvaða áhrif þetta hefði á ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunarinnar. Eins og hér kom fram hjá einum hv. ræðumanni er auðvitað alveg ljóst að þetta kostar peninga, þetta kostar nýtt fjármagn. Og ég get sagt frá því hér að ég hef tilkynnt það í ríkisstj. að það verði að útvega nýtt fjármagn til þessara ráðstafana. Það er útilokað annað. Byggingarsjóðirnir verða að fá nýtt fjármagn á móti því sem þeir tapa í innstreymi vegna þessara ráðstafana. Ég reikna með því að áður en lánsfjárlögin verða afgreidd hér endanlega komi það skýrt fram á hvern hátt ríkisstj. gerir ráð fyrir í samráði við fjh.- og viðskn. Nd. að þessu verði mætt. Hins vegar er erfitt að meta þetta í fyrstu lotu á meðan ekki er búið að þreifa á þessu á einn eða neinn hátt. Það hefur verið sett hér upp dæmi á fskj. III, sem er miðað við hugsanlegar stærðir. Ég vil ekki taka ábyrgð á þeim útreikningi en nauðsynlegt er að þetta sé tryggt og auðvitað verður það að gerast.

Ég var áður búinn að segja hv. 2. landsk. þm. það að ég hefði ekkert við það að athuga að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. í stað félmn. Ég legg aðaláhersluna á það sem er mér efst í huga, að það náist samkomulag um að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Þess vegna felli ég mig við það, ef menn kjósa heldur, að frv. sé vísað til fjh.- og viðskn. í trausti þess að í alvöru verði tekist á við það að koma því til leiðar að það verði afgreitt á þinginu. Það er aðalatriðið.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. kom hér upp kokhraustur að vanda og er það vel. Ég ætla aðeins að koma inn á það sem hann sagði. Það virðist vera árátta hjá hv. þm. Alþb., sem fóru með félagsmál í fyrrv. ríkisstj., að reyna að halda því fram að þeir hafi unnið afrek á þessu sviði og við sem tókum við þessu séum hálfgerðir klaufar í því að leiða þessi mál og allt hafi farið úr skorðum eftir að við tókum við. Ég vil taka það fram að ég er ekkert hörundsár og menn mega segja hvað sem þeir vilja í sambandi við minn þátt um þessi mál, en ég frábið mér vorkunnsemi hv. 5. þm. Reykv., ég hef enga þörf fyrir það.

En ég ætla að rifja upp fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. tölur. 1980 — ég ætla nú ekki að fara lengra — var ráðstafað í útlán á verðlagi þess árs 215 millj., 1981 287 millj., þetta er Byggingarsjóður ríkisins, 1982 393 millj. Þetta eru allt stjórnarár hv. Alþb.-manna í félagsmálum. 1983 fór upphæðin upp í 692 millj., 1984 í 1553 millj. og 1985 er þessi upphæð áætluð 1790 millj. Þetta er í sjálfu sér nægjanlegt svar við þessum fullyrðingum. Ef hv. þm. vill kynna sér málið betur getur hann fengið upplýsingar um það hvað framlag ríkisins hefur verið mikið í prósentum á þessum árum og ekki er það betra í samanburði. Í ár t. d., 1985, hefur framlag ríkisins þrefaldast frá s. l. ári og af því að hv. 5. þm. Reykv. er gjarnan að tala um að þetta sé allt hrunið og komið að fótum fram vil ég minna hv. þm. á að beint framlag úr ríkissjóði til húsnæðissjóðanna í ár, 1985, er 952 millj. kr. Það hefur aldrei í sögu húsnæðismála verið svona hátt. Samkv. skýrslu frá Seðlabanka Íslands, hagfræðingi þeirra, þýðir þetta miðað við 40% framlag af framkvæmdafé, að sjóðirnir eru vel tryggðir, byggja sig upp næstu 20 til 40 árin. Þeir hafa þá ekki lengur þörf fyrir lífeyrissjóðalán ef þessu heldur áfram. Það yrði of langt mál að fara að stilla þessu upp hér, en ég vil koma lauslega inn á þetta til að sýna að hv. þm. ættu að kynna sér málin betur áður en þeir fara að halda svona fullyrðingum á lofti.

Ég vil að öðru leyti svara hv. 4. þm. Norðurl. e. því vegna þessa frv. sem hann var að gera lítið úr, ég vil endurtaka það, að þetta er samkomulagsfrv. fulltrúa ríkisins og fulltrúa Alþýðusambands Íslands, sem skref í rétta átt, og það er fyrst og fremst með þessu frv. verið að koma á raunhæfan hátt til móts við það fólk sem hefur orðið verst úti í óðaverðbólgu undangenginna ára og því misgengi sem hefur myndast. Þetta er skref í átt til að leiðrétta þessi mál, en ekki fullnaðarráðstöfun. Og áfram er haldið eins og ég lýsti áðan. Samstarfshópurinn er enn að vinna að fleiri þáttum, bæði í sambandi við breytingu á lánskjaravísitölu og einnig við að finna út hvað hægt er að gera í sambandi við vaxtafrádrátt og vaxtameðferð almennt í sambandi við húsnæðiskerfið.

Ég vil í sambandi við ræður hv. 5. þm. Reykv. Jóns Hannibalssonar segja að ég get tekið undir eitt atriði sem mér fannst ástæða til að menn átti sig á. Það er alveg hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm., að hvorki aðstandendur áhugamannahópsins um úrbætur í húsnæðismálum né fulltrúar Alþýðusambandsins vilja ganga þannig að þessu máli að afnema lánskjaravísitöluna og verðtrygginguna. Þeir vilja það ekki. (**JBH:** Þeir vilja breyta lánskjaravísitölunni.) Þeir vilja breyta, en

ekki afnema hana eins og margir vilja gera. Það er einmitt það sem er verið að reyna að finna lausn á núna í þeim viðræðum sem ég hef áður minnst á.

Þetta er spor í rétta átt, eins og ég hef margsagt, en ég er ekki að halda því fram, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að þetta ætti að vera allsherjarlausn. (**JBH:** Á sú lausn að koma fyrir þingslit?) (**SJS:** Er þá eitthvað meira væntanlegt?) Ég sagði í fyrri ræðu minni að það væri verið að vinna að þessum málum og þetta er fyrsta tillagan sem kemur frá nefndinni. Hún vinnur núna mjög mikið við næstu þættina sem ég var að lýsa áðan, vextina og lánskjaravísitöluna, og við væntum þess að frá henni komi mjög fljótlega tillögur sem verði hægt að taka afstöðu til. Þeir í n. hafa verið mataðir með till. frá þeim aðilum sem ég las upp fyrr í dag og eins till. frá félmrh. og þeim aðilum sem hann hefur notað til þess að móta ýmsar till.

Ég verð að segja hv. 5. þm. Reykv. að það er ekki alveg rétt með farið að samstarfsflokkur okkar í ríkisstj. sé að eyðileggja það sem er verið að vinna að. Það er síður en svo. Þeir taka fullan þátt í því að reyna að finna lausn á þessum málum. Og ég get glatt hv. þm. á því að flokkarnir eru nú þegar byrjaðir að vinna að vissum till. að breytingum á húsnæðislöggjöfinni sem báðir eru sammála um að þurfi að gera og verður að gera. (**JBH:** Búseti?) Það er alveg ljóst. — Vegna frammíkalls hv. 5. þm. Reykv. vil ég upplýsa að ég lagði fram fullmótaðar tillögur um búseturéttaríbúðir sem unnar voru af fulltrúum flokkanna. Þingflokkur Framsfl. er þegar búinn að afgreiða till. frá sér og ég reikna með því að það sé skammt í samþykkt hjá samstarfsflokknum og þá verður það sýnt hér á borðum þm. (**GHelg:** Fyrir þinglok?) Já, það vona ég, hv. þm. Ég ætlast a. m. k. til þess.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr. mikið lengur, herra forseti, ég er búinn að tala lengur í þessu máli en ég ætlaði, en það er athyglisvert að hlusta á ræður eins og ræðu hv. 5. þm. Reykv. Ég er búinn að hlusta á þessa ræðu í tvö ár, oft endurtekna, úr þessum ræðustól. Það virðist vera aukaatriði í þessum málum hjá sumum hv. þm. hvernig efnahagsástand þessa þjóðfélags er. Halda menn virkilega, í því efnahagsástandi sem við erum að glíma við, þar sem verið er að reyna að beita allri orku að því að halda atvinnuvegum þjóðarinnar gangandi, halda fullri atvinnu í þessu landi, að það sé hægt að gera það sem hver óskar í hverjum málaflokki fyrir sig? Ég reikna með því að það verði margir sem halda því fram að sá forgangur sem húsnæðismálin hafa fengið þrátt fyrir allt, þegar búið er að margfalda á tveimur síðustu árum það fjármagn sem fer í húsnæðismálin, sé e. t. v. um of miðað við efnahagsástandið í landinu og miðað við þörf atvinnuveganna á meira fjármagni.

Mér finnst alveg furðulegt að hlusta á mann eins og hv. 5. þm. Reykv., formann Alþfl., sem þeytist um landið til að segja landslýð hvað þurfi að gera mikið og hvernig þurfi að bylta um þjóðfélaginu til framfara. Á sama tíma kemur hann hér í ræðustólinn og heldur því blákalt fram að það þurfi að taka marga milljarða í húsnæðismálin. Hvar ætlar hann að taka þá? Er það ekki einhvers virði, hv. þm., að skýrsla sem liggur á borðinu hjá mér í dag og sýnir hvernig atvinnuástandið var í síðasta mánuði sýnir að við erum komnir betur á leið í sambandi við atvinnuhorfur en nokkurn tíma áður á undanförnum 10 árum? Það er alveg ljóst, miðað við þær upplýsingar sem koma víðs vegar að af landinu að við getum tekið við núna, án þess að það sé vandamál, öllu skólafólki í atvinnu á þessu vori. Ég segi það alveg eins og er að ég varð mjög glaður í dag þegar ég fékk þessa skýrslu frá vinnumáladeild félmrn. Hún sýnir þó a. m. k. einn ljósan blett í þjóðfélagsgerðinni í dag þrátt fyrir allt. (**GHelg:** Fáum við þessa skýrslu líka?) Já, hv. þm. Hún er gefin út opinberlega. (**Gripið fram í:** Ljósu blettirnir eru ...) Jú, jú, ég held að þeir séu margir sem betur fer, en ég ætla að undirstrika, hv. þm., að ég tel að ábyrgir menn, og ekki síst þegar þeir eru orðnir foringjar, verði a. m. k. að tala raunsætt, verði að átta sig á þjóðfélagsgerðinni í heild, en ekki sífellt að kyrja sama sönginn um einn málaflokk og halda um leið að allir trúi því sem þeir segja.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson vildi halda þessu til haga með ljósu blettina. Það eru sennilega G-blettirnir, G-lánin sem hann á þar við (Gripið fram í.) Annars var nú að lifna yfir þessu hjá hæstv. félmrh. Hann var að tala í sig þó nokkurn hita. Þetta var farið að minna á ræðuhöld hv. þm. Halldórs Blöndals þegar hann talaði hér um hið ofurmannlega átak ríkisstj. í húsnæðismálum og hældist mikið um í þessum ræðustól og taldi það aldeilis með ólíkindum hversu vel þessi ríkisstj. hefði tekið á þessum málaflokki og þetta átak mundi lengi í minnum haft. En ég hygg að marktækustu dómararnir um það hverjir hafa staðið sig öðrum betur í húsnæðismálum séu fólkið í landinu, það séu húsbyggjendurnir, og ég held að þeir hafi svarað hæstv. félmrh. undanfarnar vikur, t. d. með viðbrögðum sínum við stofnun samtaka áhugafólks um úrbætur í húsnæðismálum. Ég held að það sé sá dómari sem við eigum að taka mark á í þessum efnum, hæstv. félmrh., og ekki vera að þylja upp einhverjar dauðar tölur, óverðbættar að auki.

Ég hef svo sem aldrei haldið því fram að sá flokkur sem ég er í, Alþb., sé einhver engilhreinn flokkur í þessum efnum og hafi gert allt sem hann hefði átt að gera. Gjarnan hefði ég viljað sjá hann taka myndarlegar til hendinni, ekki neita ég því, en hann gerði þó ýmislegt gott. T. d. efldi hann Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaðakerfið. Það var athyglisvert að hæstv. félmrh. kaus að lesa engar tölur í þeim efnum. Hann fjallaði einungis um aðra hlið málanna áðan.

Annars verð ég að segja eins og er, herra forseti, að ég vorkenndi hæstv. félmrh. í upphafi þessa fundar. Hann var svo óskaplega einmana. Hann var eini hæstv. ráðh. hérna í þinginu. Og ég vil að það komi fram og verði skráð í þingtíðindi að hér var fram haldið fundi og hann stóð nokkra stund og það var enginn þm. né hæstv. ráðh. Sjálfstfl. í salnum, enda var hæstv. félmrh. hálfumboðslaus og hann greip til þess hvað eftir annað að tala um sína persónulegu skoðun og sinn persónulega áhuga í þessu og hinu málinu þegar hann þorði ekki að taka svo stórt upp í sig að um stefnu hæstv. ríkisstj. væri að ræða. Þá var vissara að tala um persónulegar skoðanir og persónulegan áhuga. Það er nefnilega þannig, við höfum reynsluna fyrir því, að hér þurfa að vera ákveðnir lykilmenn úr Sjálfstfl. í salnum til þess að umræðan um húsnæðismál sé marktæk. Það er hvað eftir annað búið að gera hæstv. félmrh. afturreka með hluti sem hann vill gera eða segist ætla að gera í húsnæðismálum af ákveðnum hv. þm. Sjálfstfl.,

t. a. m. hv. þm. Halldóri Blöndal sem ég hef oft kallað varahúsnæðismálaráðherra ríkisstj. Og ég tel það mjög slæmt, herra forseti, að við skulum þurfa að halda þessari umr. áfram án þess að t. d. þessi hv. þm., sem einnig er formaður félmn. þessarar virðulegu deildar ... (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) Nú, ég biðst forláts, forseti, en hann hefur a. m. k. verið talsmaður síns flokks hér í húsnæðismálum, svo mikið er víst. Einnig hefði verið ánægjulegt að hafa hér hv. 1. þm. Suðurl. því að hann hefur stundum látið sig vaxtamál nokkru varða. Það hefði verið ákaflega fróðlegt að vita hvort hann er alveg sammála hæstv. félmrh. um stefnu ríkisstj. í vaxtamálum. En nóg um það.

Hér kom upp þm., sem nú mun vera hv. 1. þm. Reykn., og vitnaði í hlutfallstölur um það hversu lánin hefðu nú farið langt niður í tíð síðustu ríkisstj., eins og það væri það sem mestu máli skipti í þessum efnum, og nefndi síðan til sögunnar að nýbyggingalán frá Húsnæðisstofnun ríkisins væru nú allt að 30% af kostnaðarverði staðalíbúðar. Þar er reyndar ekki miklu logið til, herra forseti, ef eingöngu er talað um þá sem eru að byggja í fyrsta sinn og fá þar af leiðandi lánið greitt út í tveimur áföngum. Þá getur lánsupphæðin verið upp undir 30%. Hún var í janúar 29.1%. En þetta er líka eini lánaflokkurinn sem talsmenn hæstv. ríkisstj. nefna nú um stundir, þ. e. F-lánin til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn með þeim greiðslumáta sem þar er við hafður. Þeir kjósa að þegja samviskusamlega yfir því hve mikið er nú veitt í G-lán til þeirra sem eru að kaupa húsnæði. Það var nefnilega þannig að um miðjan janúar fékk tveggja til fjögurra manna fjölskylda, sem var að kaupa íbúð, lánaðar 290 þús. kr. ef um fyrstu kaup var að ræða, en kostnaðarverð staðalíbúðar af staðli 2 var þá 2 millj. 623 þús. Þetta gera rétt 11%, þ. e. þegar láninu er úthlutað. Þannig má reikna með að raunverulegt raungildi lánsins þegar við því er tekið sé komið niður fyrir 10% vegna þess að það er gífurlegur dráttur á þessum lánum eins og allir vita. (**JBH:** Sama hlutfall var í ársbyrjun 1983.) Og þetta eru ekki lánsupphæðir til að hrósa sér mikið af. Ef slík fjölskylda er að skipta um íbúð og hún hefur átt eins herbergis kompu fyrir og nú eru kannske komin tvö börn í fjölskylduna svo að þarna er fjögurra manna fjölskylda að stækka við sig og ætlar að kaupa sér íbúð, hvað haldið þið að hún fái lánað þá? Hún fær 115 þús. kr. Það er ekkert annað sem hæstv. félmrh. lánar henni út úr Húsnæðisstofnun en 115 þús. kr. og íbúðin kostar kannske 2.5 til 3 millj. Þessum tölum er ekki mikið hampað þegar talsmenn ríkisstj. ræða þessi húsnæðismál hér, hvort sem það er 1. þm. Reykn. eða einhverjir aðrir.

Ég var að bera frammistöðu ríkisstj. saman við þau kosningaloforð, þær yfirlýsingar sem núverandi stjórnarflokkar höfðu uppi fyrir kosningarnar og ég hygg að það megi ekkert síður bera þetta tvennt saman en bera frammistöðu ríkisstj. saman við fyrri ríkisstj. Ég held að rétt sé þá að fara aðeins yfir það hverju þessir ágætu flokkar lofuðu fyrir síðustu kosningar.

Þannig var það að Sjálfstfl. gaf út plagg sem hét „Eign fyrir alla. Átak í húsnæðismálum." Þar segir í 1. gr. að þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fái 80% lán með betri kjörum en aðrir. Hæstv. félmrh. las upp tölur yfir þær ógnarlegu fjárhæðir sem nú rynnu til byggingarsjóðanna. Hvað mundi það kosta, hæstv. félmrh., að standa við þetta loforð og eiga menn að gefa svona loforð ef þeir hafa hvorki minnsta möguleika né minnstu tilburði uppi til að standa við þau?

En víkjum aðeins að Framsfl. Ég hef grun um að hæstv. félmrh. sé einmitt í Framsfl. Hann ber þá kannske einhverja ábyrgð á kosningastefnuskrá Framsfl. fyrir alþingiskosningarnar í apríl árið 1983. Lítum nánar á það. Þetta plagg hét „Festa, sókn, framtíð", ef ég man rétt. Þar segir ósköp stutt og laggott, herra forseti: „Húsnæðislán nemi 80% af byggingarkostnaði og verði til 42ja ára." Engar undanþágur. Það er ekkert verið að röfla um þá sem eru að byggja í fyrsta sinn, kaupa notað eða eitthvað svoleiðis. Húsnæðislán nemi 80% og verði til 42ja ára. Þetta var kosningaloforð Framsfl. við síðustu alþingiskosningar.

Ég held að hæstv. félmrh. ætti að fara sér hægt í samanburðarfræðunum nema þá að hann taki allan samanburðinn og m. a. hvernig honum gengur að standa við sín eigin loforð.

Það kom þó upp úr hæstv. félmrh. hér, og ber að fagna því, að hann teldi ótækt að standa að því að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum nema fyrir því yrði séð að nýtt fjármagn kæmi til að standa undir þeim útgjaldaauka sem af setningu laganna mundi leiða. Þá er oss enn félaga vant, herra forseti, þar sem er hæstv. fjmrh. Nú hefði verið gaman að hér væri í salnum hæstv. fjmrh. til að við fengjum það staðfest hjá honum að hann væri sammála hæstv. félmrh. og hann væri tilbúinn með budduna, að taka hana upp og reiða það fram sem hér þarf til að koma. Það hefur nefnilega líka komið fyrir að frómar óskir hæstv. félmrh. hafa ekki náð fram að ganga vegna þess að það hefur enginn viljað borga. Hæstv. fjmrh. hefur verið fastheldinn á aurana. En við hljótum að taka þessa frómu viljayfirlýsingu hæstv. félmrh. gilda og fagna henni.

Það var aðeins minnst á skyldusparnað og hæstv. félmrh. mótmælti því harðlega að þessu væri beint gegn skólanemum og öðrum slíkum, sem eiga að binda inni sitt sparifé undanþágulaust, og er það breyting frá því sem áður var. Nú er það alveg rétt hjá hæstv. félmrh. að skyldusparnaðurinn kostar peninga, þ. e. það fer meira fjármagn út úr þessu kerfi núna hjá Húsnæðisstofnun en kemur inn og það er visst vandamál í sjálfu sér. Þar af leiðandi er áhugi Húsnæðisstofnunar, þ. e. stjórnar þeirrar stofnunar, ósköp skiljanlegur að knýja fram breytingar. Frá sjónarmiði húsnæðismálastjórnar séð er það ástæðulaust og reyndar ætti það að vera frá allra sjónarhóli séð ástæðulaust að viðhalda sparnaðarkerfi sem kostar peninga. Ekki barasta er það neikvætt fyrir stofnunina að hún missi út meira fé en kemur inn, heldur kostar rekstur kerfisins milljóna tugi króna. Hér er um heilmikið kerfi að ræða hvar bundnir eru 1—2 milljarðar kr. eða jafnvel meira. Það er auðvitað ósköp afkáralegt að viðhalda slíku kerfi þegar það skilar engum peningum inn í veltu Húsnæðisstofnunar, en kostar heilmikið í rekstri.

Auðvitað þarf að gera breytingar og knýja fram lagfæringu á þessu. Þá eru tvær leiðir færar eða þrjár. Ein er sú að kaupa sig út úr þessu kerfi, búa við það um nokkurt árabil að það sé neikvætt og fjármagna þá rekstur Húsnæðisstofnunar hvað þetta varðar með einhverju öðru móti. Sú leið sem félmrh. hefur stungið upp á að fara í ríkisstj. er að afnema allar undanþágur, m. a. til skólanema, og binda þannig inni ár frá ári á næstu árum meira fé en ella mundi gerast. Þetta er ein

leið til að rétta við sjóðstöðuna, en mjög slæm leið að mínu mati eins og ástatt er.

Ég nefni sem dæmi fyrsta árs nema í lánshæfu námi hjá Lánasjóði ísl. námsmanna sem var beitt á bankakerfið, eins og allir vita, hæstv. menntmrh. rak út á gaddinn og beitti á bankakerfið í haust með misjöfnum árangri. Þetta fólk mundi missa sitt sparifé. Það mundi bindast inni í Húsnæðisstofnun. Ég er alls ekki viss um að það sé heppileg ráðstöfun og reyndar alveg viss um að það er það ekki.

Ég held að þess vegna eigi að leita annarra leiða til að lagfæra þetta kerfi. Það sem eðlilegast væri að gera, að mínu mati, er að gera þennan skyldusparnað ungs fólks að hagstæðasta sparnaðarkosti sem völ væri á í þjóðfélaginu, ég tel það líka réttlætismál að hann sé það, en viðhalda undanþágum að verulegu leyti engu að síður. Hér er hvort sem er ekki um að ræða nema eins og *pínulítið krækiber í öllum þeim mikla fjárhagsvanda* sem húsnæðiskerfið er í. (**JBH:** Það er milljarður þarna inni.) Hv. þm., það er ekki milljarður sem kerfið kostar á hverju ári. Það eru einn til tveir milljarðar bundnir í kerfinu, en rekstrarkostnaðurinn er miklu minni og það tapast ekki svo mikið fé út úr því á hverju ári. Þannig sér mjög lítið á þó að tekna yrði aflað með öðru móti til að standa undir neikvæðum rekstri skyldusparnaðarkerfisins um eitthvert árabil á meðan menn eru að vinna sig út úr því. Það er alveg hreint hverfandi í öllum þeim vanda sem fyrir er í húsnæðiskerfinu.

En sem sagt, herra forseti, meginkjarni þessa máls er sá að ríkisstj. fer eins og ketti sem gefinn er heitur grautur í skál. Hún hoppar í kringum diskinn og tekur hvergi á rótum vandans, þeim vanda að það þarf að afla tekna inn í húsnæðiskerfið. Það vita allir að þessi stjórn hefur hvorki kjark, vit né vilja til þess að leggja skatt á alikálfa sína. Þvert á móti léttir hún sköttum af mörgum þeim sem best hafa það í þjóðfélaginu og hefur enga tilburði uppi til að ná peningum, hvorki af þeim né öðrum, inn í þetta kerfi. En vandi húsnæðismálanna á Íslandi verður aldrei leystur nema menn komi sér saman um að afla tekna sem renni sem framlög til byggingarsjóðanna til að bæta fjárhag þeirra þannig að þeir geti orðið í framtíðinni fjárhagslega sjálfstæðir og færir um að standa undir því hlutverki sem þeim er ætlað. Það er mergurinn málsins, herra forseti. Hvorki þetta frv. né annað það kák sem hæstv. ríkisstj. hefur uppi haft í húsnæðismálunum grípur á þeim vanda að nokkru leyti.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hvert einasta atriði í því sem fram kom í umfjöllun okkar hér fyrr í kvöld um þetta frv. og um ástand húsnæðismála stendur óhaggað eftir ræðu hæstv. félmrh. Hvort sem hann vill nú þiggja það eða ekki á hann óskipta samúð mína, þó að samúð mín sé að vísu öllu meiri og reyndar miklu meiri með fórnarlömbum þessa kerfis. Staðreyndirnar í málinu eru þessar: Vegna þess að búið er að taka vísitölukerfi launa úr sambandi en lánskjaravísitalan heldur áfram að mala, vegna þess að hún mælir hækkun framleiðslukostnaðar með tvöföldu vægi, m. a. þegar ríkisstj. hækkar verð á brennivíni eða minnkar niðurgreiðslur, þá eru eftirstöðvar af lánum mannsins sem tók lánið 1982 að hækka. Vegna þess að ríkisstj. hefur hækkað raunvexti umfram verðbólgu óheyrilega, þá er búið að leggja á þetta fólk skattbyrði umfram launaþróun sem samsvarar 2.5 milljörðum króna. Þetta frv. er aðeins klór í bakkann, það viðurkenndi hæstv. ráðh. Hann er alltaf að tala um einhver önnur mál. Það er búið að lofa málum sem eiga að snerta aðra meðferð skattfrádráttar húsbyggjenda. Það gufaði upp í ríkisstj. Það er búið að lofa og hæstv. ráðh. er margsinnis búinn að lýsa því yfir að hann sé ósamþykkur vaxtastefnu sinnar eigin ríkisstj. Reyndar hafa þeir framsóknarráðherrar a. m. k. þrjár skoðanir í vaxtamálum, en það gerist ekki neitt. (**Gripið fram í:** Þetta er nú vegna vaxtastefnu kratanna.) Það eru ósannindi og það ætti hv. þm. að vita. Það er sitt hvað verðtrygging á sparifé, sem ekki er lengur deilt um hér í þessu þjóðfélagi nema af einstökum afdalamönnum sem ekkert skilja, eða sú ránskjaravísitala sem þessi ríkisstj. stendur fyrir. Og það er vitað mál og yfirlýst að hæstv. félmrh. segist vera á móti þessari vaxtastefnu. Hæstv. forsrh. segist hafa verið plataður til að fallast á þessa stefnu. En eftir stendur að það er þá einhver annar sem ræður ferðinni. Heitir hann kannske Jóhannes Nordal? Hver hefur kosið hann? Er það satt að hans heilagleiki hafi kallað ráðh. félagsmála á sinn fund niður í Seðlabanka til að segja honum að hann eigi ekki að fjalla um mál sem hann hafi ekki vit á? (**Gripið fram í:** Það var Gylfi sem kaus hann.) Það gildir einu hver kaus hann en það er kominn tími til að setja hann af. (**Gripið fram í:** Þú varst að spyrja að því áðan.) Nei. Kjarni málsins er þessi: Tveir og hálfur milljarður kr. sem búið er að leggja á þetta fólk umfram kaupgjaldsþróun. Hæstv. forsrh. segir að þetta séu mistök. Því miður er ekki hægt að taka þá fullyrðingu góða og gilda vegna þess að þetta eru ekki mistök, þetta er stjórnarstefnan sjálf. Það hefur legið hér á borðum þm. frv. frá Alþfl. síðan 1981 um að leysa þetta mál. Þessi vandi væri ekki til ef þetta frv. hefði verið samþykkt, svo einfalt er það. Og hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera? Jú, hann er að boða hér að það eigi að borga til baka pínulítið brot. Það fást ekki nefndar tölur í því sambandi, það veit það enginn. En það hafa verið nefndar tölurnar 300 millj. upp í þennan reikning upp á 2.5 milljarða. Og vankantana á frv. höfum við tíundað.

Viðmiðunin er röng og þetta kemur ekki að gagni ef svo skyldi nú fara, sem er orðið óhjákvæmilegt, að launaþróun breytist. Þ. e. ef laun hækka þá eru þessar ráðstafanir fyrir bí. Öll loforðin, ég tala nú ekki um loforðin fyrir kosningar. Eftir stendur að aldrei hafa jafnfáir menn logið jafnmiklu að jafnmörgum á jafnskömmum tíma. Og það eru staðreyndir. Hvar er nú séreignastefna Sjálfstfl? Staðreyndin er sú að það er unga fólkið á Íslandi, sem er búið að úthýsa, sem getur ekki byggt. Það er sem sagt nákvæmlega það fólk sem er búið að úthýsa. Menn hafa verið að stæra sig af 80% íbúðareign á Íslandi. Hún er að koma niður í 65% vegna þess að aldurshópurinn undir þrítugu ræður ekki lengur við þetta verkefni. Maðurinn sem tók lánið 1982 gerði ráð fyrir því skv. ráðgjöf síns bankastjóra að afborganir og vextir tækju tveggja til þriggja mánaða laun. Hann stendur nú frammi fyrir því að það tekur ellefu mánaða laun. Svo segir hæstv. ráðh.: Efnahagsástandið, hafa menn ekki áttað sig á því hvað efnahagsástandið er slæmt og það er ekki hægt að gera jafnmikið í svona slæmu efnahagsástandi? — Jú, menn hafa heldur betur áttað sig á því. En bæði er að hæstv. ráðh. vill telja að efnahagsástandið sé nú bara orðið ansi gott, hann segist

vera búinn að fá skýrslu um að hægt sé að útvega unglingum vinnu í sumar. Þurfti nú enga skýrslu til. Það er vitað mál að það vantar 1500 manns í fiskiðnað á Íslandi. Hvers vegna vantar 1500 manns í fiskiðnað á Íslandi? Það er vegna þess að þessi atvinnugrein, sem er undirstöðuatvinnugrein, gjaldeyrisöflunargrein þjóðarinnar, greiðir slík hungurlaun að fólk fæst ekki í þessa vinnu. Þarna er kannske eitthvert hraðþjálfaðasta fólk í landinu. Það liggja fyrir yfirlýsingar um að við töpum einum milljarði í útflutningsverðmætum á því að í sumarleyfistíma þessa fólks, þegar unglingarnir fylla frystihúsin, þá getum við ekki unnið þessa vöru í dýrustu pakkningar og töpum þar einum milljarði.

En efnahagsástandið á Íslandi, hvernig er það, hæstv. félmrh.? Það er nefnilega málið sem snertir spurninguna sem verið var að fjalla um. Hver er geta okkar til að standa undir þessu kerfi? Efnahagsástandið hér á Íslandi er þannig að við erum skuldugasta þjóð í heimi. Efnahagsástandið á Íslandi er þannig að tveir fiskar af hverjum fjórum fara í það að standa undir vöxtum og afborgunum af öllu lánasukkinu sem framsóknaráratugurinn hefur skilið eftir sig. Efnahagsástandið er þannig að það er 10 milljarða gat hjá hæstv. fjmrh. Það er 1 milljarður á fjárlögum í halla. Það er 3 milljarða nettóaukning á erlendum lánum, þar á meðal 400 millj. sem hæstv. ráðh. ætlar að taka í erlendum lánum í húsnæðismál sem er fjárhagslegt ábyrgðarleysi og heimska og ætti að banna með lögum. Það er 5—6 milljarða viðskiptahalli. Það er verið að fleyta þessu þjóðfélagi á því að auka enn þá innstreymi erlendra lána. Það er verið að hæla sér af því að við höldum uppi atvinnu. Hvernig höldum við henni uppi? Tölurnar sem hæstv. ráðh. nefndi um það að framlög hefðu verið stóraukin af hálfu ríkisins í húsnæðismálakerfið, eru þær réttar? Hæstv. ráðh. var að nefna tölur sem eru upp úr þeirri lánsfjáráætlun og þess vegna tillögum með lánsfjárlögum sem enn í dag er ekki búið að samþykkja en átti að fjalla um samhliða fjárlögum skv. lögum á síðastliðnu hausti. Þau lánsfjárlög fela í sér aukningu á erlendum lánum upp á 3 milljarða, þvert ofan í loforð ríkisstj. um að stöðva slíkt innstreymi af erlendu lánsfjármagni. Hvaðan koma peningarnir í húsnæðislánakerfið sem hæstv. ráðh. var að hæla sér af? Hvað geta húsbyggjendur byggt mikið fyrir þau lánsfjárloforð sem ekki er búið að samþykkja? Hæstv. ráðh. talaði sjálfur um skyldusparnaðarkerfið. Það er neikvætt annað árið í röð, um tæpar 100 millj. Og hv. þm. Steingrímur Sigfússon virðist ekki gera sér grein fyrir því hversu alvarlegt það mál er.

Menn eru búnir að tala um þetta. Hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera í því máli? Velta vöngum? Leggja fram tillögur í ríkisstj.? Skipa nefnd? Svo gerist ekki neitt. Allt það sem á að heita tekjustofnar húsnæðislánakerfisins er orðið að útgjaldaliðum, eins og hæstv. ráðh. er fullkunnugt um. Atvinnuleysistryggingasjóður á að leggja fram fé, það er núll annað árið í röð. Skyldusparnaður á að leggja fram fé, það er neikvætt upp á 100 millj. annað árið í röð. Og nú er svo komið að aðaltekjustofninn, hálfþvinguð skuldabréfakaup frá lífeyrissjóðunum, verða sennilega neikvæð í fyrsta sinn í ár. Það er að segja, það er búið að vísa lánasjóðunum svo lengi á lánamarkað, þeir eiga að taka lán til þess að standa við loforð til húsbyggjenda. Þessi lán eru kannske til 15 ára og eru á miklu hærri vöxtum en svo er lánað út. Þessi vaxtamunur, þessi lánstímamunur er búinn að eyðileggja fjárhag byggingarlánasjóðanna. Hugmyndir um að lífeyrissjóðirnir geti staðið undir þessu í framtíðinni eru rangar.

Það er engin önnur lausn til í þessu máli en að stórauka framlög til húsnæðislánakerfisins af fjárlögum. Og þá spyr hæstv. ráðh., maðurinn sem hefur þvælst um landið til þess að segja þjóðinni hvað eigi að gera og það er rétt hjá ráðh., það hefur maðurinn gert. Hverjar eru hans tillögur? Ég tíundaði það í ræðu minni hér áðan. Það þarf 3.5 milljarða að lágmarki í beinum framlögum á fjárlögum ef hægt á að vera að standa við þau loforð sem hæstv. ráðh. er búinn að gefa þjóðinni en stendur ekki við. Hvaðan á að taka peninga, 3.5 milljarða? Ég tíundaði það. Í fyrsta lagi: Skila aftur launaskattinum sem þeir félagar Svavar og Ragnar tóku af húsnæðislánakerfinu í byrjun árs 1980 og er upphafið að ógæfuþróuninni. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði: Gjarnan hefði ég viljað sjá flokkinn minn taka til hendinni. Gjarnan, og í annan stað er ekki önnur lausn en að afla tekna inn í kerfið. — Þetta er alveg laukrétt hjá hv. þm., alveg laukrétt. Það er bara ástæða til að fagna því ef Alþb. gerir sér núna ljóst að þessi grundvallarákvörðun félags- og fjmrh. í síðustu ríkisstj. um að taka markaða tekjustofna lánakerfisins úr sambandi og nota þá í ríkissjóð, hún var röng. Hún hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að lánasjóðunum var vísað á dýran lánamarkað með þeim afleiðingum að byggingarsjóðirnir eru núna komnir á hausinn. Þeir skulda núna lífeyrissjóðunum einum, báðir tveir, 3.3 milljarða kr. Þess vegna er núna tekjustofninn, sem átti að vera núna orðinn neikvæður. Það er meira borgað út til baka af þessum dýru og óhagstæðu lánum heldur en kemur inn. M. ö. o., hæstv. félmrh. situr uppi með það, ef hann ætlar að standa við loforðin að óbreyttri efnahagsstefnu þessarar ríkisstj., að taka erlend lán, sem er auðvitað gersamlega útilokað mál. Við höfum sagt: Skilið þið aftur launaskattinum, hækkið þið hann um 1%. Þar er milljarður. Leggið þið eignarskattsauka á skattsvikinn verðbólgugróða braskaranna. Þar er milljarður. Það liggur fyrir hér till. á þessu þingi, hún fæst ekki einu sinni rædd. Takið þið hagnaðinn af Seðlabankanum, takið þið hluta af bundnu fé Seðlabankans, gerið þið það sem gera þarf. Stokkið þið síðan upp í ykkar vitlausu fjárpólitík, hættið þið að sólunda fé og eyða fé í tóma vitleysu, verjið þið því til gagnlegra hluta. M. ö. o., stokkið upp framsóknarpólitíkina, verjið þeim fjármunum sem þið nú eyðið í tóma vitleysu þannig að ekki þurfi að kalla á nýja eða aukna skattheimtu í því efni. Það er verið að tala um breytta fjármálapólitík, og það er laukrétt sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon segir, það er engin önnur leið fær í þessu efni úr því sem komið er.

Um efnahagsástandið er það að segja að það er efnahagspólitík núverandi ríkisstj. sem brennur núna á hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. getur ekki staðið við eitt einasta af sínum loforðum, nema hér verði tekin upp allt annars konar efnahags- og fjármálapólitík. Því miður. Það breytir engu um góðan vilja og fögur loforð. Reyndar er þessi loforðasúpa orðin einhver sú gengisfelldasta loforðasúpa sem nokkurn tíma hefur verið gefin í íslenskri pólitík. Og það er ábyrgðarhluti hæstv.

ráðh. að tala og tala í fjölmiðlum og viðtölum, og skipa nefndir og segja að eitthvað sé á leiðinni, og svo kemur ekkert út úr þessu nema að aðeins er verið að reyna að klóra í bakkann. Þetta vandamál er orðið svo stórt að hér dugar ekkert annað en algjör uppstokkun á þeirri kolvitlausu fjármálapólitík sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur rekið.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það liggur nú við að það séu eldglæringar í stólnum eftir síðustu ræðu. En ég ætla aðeins að hafa nokkur orð um þetta mál hér í 1. umr. áður en það fer til fjh.- og viðskn. hv. deildar, en þar á ég áheyrnaraðild.

Það er vel að loksins skuli örla á einhverri viðleitni til að leysa vanda húsbyggjenda og íbúðakaupenda því að lengi hafa menn beðið og mikið hefur verið knúið á. Því veldur það gífurlegum vonbrigðum hversu skammt þessar aðgerðir ná, sem boðið er nú upp á, og hve langt er frá því að þarna sé sýnd tilraun til þess að taka myndarlega á málunum. Þau lán sem eru verst viðureignar fyrir flesta eru ekki húsnæðismálastjórnarlánin, heldur miklu fremur bankalán og lán frá öðrum lánastofnunum. Það er gersamlega óviðunandi ef ekki verður tekið á vanda húsbyggjenda með samræmdum aðgerðum.

Sá hópur sem einna verst er staddur hefur tekið frumkvæði til að kynna vanda sinn fyrir alþm. allra flokka og samtaka sem sitja hér á þingi og þá auðvitað líka ráðherrum. Sá vandi er til orðinn fyrst og fremst vegna aðgerða stjórnvalda og bankastofnana og má með sanni segja að fullyrðingar og loforð þeirra hafi leitt fólk út í þennan vanda, svo ekki sé minnst á þann mismun sem er milli þeirra sem byggðu fyrir tíu árum og þeirra sem byggja nú. Þetta þarf að leiðrétta. En það eru ekki bara þeir sem vilja byggja eða kaupa sem eru í vanda staddir. Þeir sem geta hvorugt eða vilja hvorugt, en leigja húsnæði, þeir eru jafnilla staddir ef ekki ver staddir.

Það er gjörsamlega óviðunandi að horfa upp á þetta dæmalausa aðgerðarleysi þeirrar ríkisstj. sem nú situr í þessum efnum. Það er óhugsandi og óverjandi að taka ekki á rótum þessa vanda. Það að hafa þak yfir höfuðið heyrir til mannréttinda og það þarf að tryggja með félagslegum aðgerðum en ekki að etja fólki út á óvæginn lánamarkað sem hefur hagnað einan að markmiði. Hér á þingi hafa komið fram margar tillögur til úrbóta sem vel má nýta til lausnar húsnæðisvandanum, m. a. till. frá þm. Kvennalista um að breyta viðmiðunargrunni verðtryggðra langtímalána. Þessi ríkisstj. verður að leysa þennan vanda því að hún er annars einfaldlega fallin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88, n. 704 og 732, 733, 849, 853). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson) (frh.): Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni þegar hlé var á gert að ég hafði hugsað mér að vitna í Tómas Helgason prófessor og með leyfi forseta vildi ég mega lesa upp blaðagrein sem hann skrifaði í Morgunblaðið 20. febrúar 1985. Ég mundi þá hefja lesturinn, með leyfi forseta, á fyrirsögninni „Útreikningar forsrh.":

„Í Morgunblaðinu 8. febr. s. l. skýrði forsrh. frá því að hann hefði beðið Þjóðhagsstofnun að athuga hvaða tekjur mætti ætla að ríkissjóður geti haft af sölu á sterku öli, ef Alþingi heimilar slíkt. Þjóðhagsstofnun gaf sér þær forsendur að hver íbúi 15 ára og eldri mundi drekka 40 lítra eða nálægt 120 flöskum af sterku öli á ári og gæfi það ríkissjóði 915 millj. kr. í tekjur. Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir að einhver samdráttur yrði í sölu áfengra drykkja og jafnframt að sala á sterku öli kæmi að einhverju leyti í stað ólöglegrar sölu. Þannig taldi stofnunin ekki ógætilegt að ætla að tekjuauki ríkissjóðs af sölu á sterku öli yrði 600—800 millj. kr. á ári. Þetta þýðir að 25—35 lítrar af öli kæmu fram sem skráð neysluaukning eða aukning á heildarneyslu vínanda, 1.2—1.6 lítrar á mann á ári. Mundi þá skráð heildarneysla áfengis hér á landi verða meiri en í Noregi. Hin óskráða neysla mundi væntanlega haldast lítið breytt eftir sem áður því að ekki hefur komið neitt fram í umræðum eða frumvörpum sem bendir til að draga eigi úr innflutningi bruggefna eða innflutningi ferða- og farmanna á tollfrjálsu áfengi.

Tvískinningur. Menn tala fjálglega um áfengisvandamál, nauðsyn á meðferð, fyrirbyggjandi aðgerðum, fræðslu og stefnumótun. Jafnframt virðist næstum því kerfisbundið unnið að því að brjóta niður þá áfengisstefnu sem hér hefur ríkt um langt skeið og miðar að því að draga úr áfengisneyslu svo sem kostur er. Hefur Ísland verið forgönguland á því sviði og er Alþjóðaheilbrigðisstofnunin nú að leggja til við aðildarlönd sín að upp verði tekin ýmis af þeim stefnumiðum sem verið hafa í íslenskri áfengislöggjöf í marga áratugi, svo sem að banna auglýsingar á áfengi og gera áfengi eins óaðgengilegt og kostur er með háu verði og fáum útsölustöðum.

Hámarki hefur tvískinnungshátturinn náð á síðustu árum þegar Alþingi samþykkir að skipa skuli stóra nefnd til þess að móta áfengisstefnu, en um leið lætur ríkisvaldið óátalin skýlaus brot á áfengislögum eins og tollfrjálsan innflutning ferðamanna á áfengu öli. Í takt við þennan tvískinnungshátt eru síðan hundsaðar fyrstu tillögur nefndarinnar sem sett var eftir samþykkt þáltill. Meðal þeirra tillagna sem sú nefnd lagði fyrir ríkisstj. á fyrri hluta síðasta árs var tillaga um að áfengisútsölum og vínveitingastöðum verði ekki fjölgað næstu tvö árin. Í stað þess að fara eftir þessum tillögum hafa þær gersamlega verið sniðgengnar og vínveitingastöðum verið fjölgað sí og æ og komið upp krám í stíl erlendra bjórkráa. Á þessum krám hefur það boð verið látið út ganga að seldur væri bjór og jafnvel auglýstur sem slíkur í flugáætlun sem Flugleiðir hafa gefið út á ensku. Eftir að athygli ríkissaksóknara hafði verið vakin á þessu fyrirbæri er farið að tala um bjórlíki, því að ríkissaksóknari komst að þeirri furðulegu niðurstöðu að sterkur bjór yrði aðeins búinn til með bruggun þar sem gerjun væri látin stoppa við tiltekið hámark, en ekki með því að bæta sterku áfengi út í óáfengt öl þar sem gerjun hefði verið látin stöðvast við lægra mark. Er þetta vægast sagt furðuleg túlkun á anda áfengislaga og sýnir enn tvískinnungshátt okkar gagnvart áfengismálastefnunni.

En þó tekur steininn úr þegar nota á þessi lögbrot, sem að framan eru nefnd, ásamt innflutningi bruggefna

sem rök fyrir því að lögleiða skuli sölu áfengs öls á Íslandi. Eru þessi rök álíka haldlítil og væri ef menn héldu að afnema ætti hámarkshraða vegna þess að fjöldi manna bryti daglega gildandi reglur um hámarkshraða. En slíkt dettur sem betur fer fáum í hug.

Nauðsyn heilsuverndar.

Í nútímaheilsugæslu er megináhersla lögð á heilsuvernd og aðgerðir til að koma í veg fyrir sjúkdóma og ótímabæran dauða. Í þeim anda hafa nú tekið gildi lög um tóbaksvarnir á Íslandi sem þykja um margt til fyrirmyndar og flestir telja til stórra framfara nema tóbaksframleiðendur. Hallast hér ekki á hvað varðar andmælendur slíkra heilsuverndaraðgerða að þar standi oft á bak við þeir sem fjárhagslegra hagsmuna eigi að gæta og má í því sambandi minna á með hverjum hætti hefur verið unnið gegn áfengislöggjöf landsins sem með réttu mætti kalla áfengisvarnarlöggjöf. Verði dregið úr ákvæðum gildandi laga, sem miða að því að hamla gegn mikilli áfengisneyslu, mun það auka á ýmsa vanheilsu í sjálfu sér, en einnig mun það draga úr áhrifum tóbaksvarnalaga vegna þess hve mikil fylgni er á milli áfengis- og tóbaksneyslu.

Bjórmenn hafa m. a. hampað þeirri röksemd að bjórdrykkja sé ekki eins skaðleg og neysla sterkra drykkja. Væru þeir sjálfum sér samkvæmir hefði mátt búast við að jafnframt því sem þeir hvettu til framleiðslu og sölu á sterku öli legðu þeir til auknar hömlur eða jafnvel bann við sölu og framleiðslu á brenndum drykkjum. En því hefur ekki enn verið hreyft í umræðunni um bjórinn. Það er að vísu rétt því meira þynnt sem áfengið er og því hægar sem þess er neytt, þeim mun hægari verða skyndiáhrifin, en heildarskaðsemin ræðst af því áfengismagni sem drukkið er, óháð tegundum og blöndun. Í lok síðasta árs kom út bók á vegum menntmrn. og Háskóla Íslands um lyfjafræði miðtaugakerfisins eftir prófessor Þorkel Jóhannesson. Þar segir m. a. „að skaðsemi alkohóls á líffæri stendur í beinu hlutfalli við skammta eða magn þess", og er vafasamt hvort önnur efni í löglegu áfengi skipta nú nokkru máli fyrir verkun alkohóls eða skaðsemi þess".

Í þeim löndum þar sem bjórdrykkja er mest verða flestir alkohólistar af bjórdrykkju. Í Bandaríkjunum er talið að 25—30% alkohólista hafi orðið alkohólistar eingöngu af bjórdrykkju. Enn fremur má draga athygli að því að tíðni drykkjusýki er svipuð í Noregi og hér á landi, þrátt fyrir að helmingur áfengisdrykkjunnar þar sé í formi bjórs. En ýmis önnur vandamál, sem eru samfara meiri áfengisneyslu, eins og dauði af skorpulifur, eru algengari í Noregi en hér á landi, enda áfengisneysla meiri í Noregi sem nemur þeirri viðbót sem vænta má hér á landi ef útreikningar Þjóðhagsstofnunar standast. Tíðni drykkjusturlunar (delirium tremens) hefur vaxið hér á landi með vaxandi áfengisneyslu. Enn fremur haldast í hendur fjöldi þeirra sem teknir eru vegna ölvunar við akstur og meðalneyslu áfengis á mann í landinu. Einnig eru tengsl á milli slysatíðni, sérstaklega alvarlegra slysa, og áfengisneyslu. Loks má minna á að dánartíðni áfengissjúkra karla er miklu meiri en annarra og vex því alvarlegri sem sjúkdómur þeirra er, þ. e. því meira áfengi sem þeir drekka. Að öllu þessu samanlögðu má sjá að mikið er í húfi að halda áfengisneyslu í lágmarki.

Lokaorð.

Í fyrrnefndu riti segir prófessor Þorkell Jóhannesson enn fremur: „Áfengur bjór er jafnskaðlegur (eða gagnlegur) og aðrar áfengistegundir. Ef lögleiða á drykkju áfengs bjórs hér verður það einungis gert vitsmunalega með því að hefta flæði annars áfengis þannig að „heildarflæði" aukist ekki. Þetta er meginatriði sem stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn og aðrir þeir sem móta vilja skoðanir fólksins í landinu skyldu síst gleyma."

Ekki verður að óreyndu öðru trúað en meiri hluti alþm. muni nú sem fyrr bera vit og gæfu til að fyrirbyggja aukningu þeirra sjúkdóma og vandamála sem af aukinni heildaráfengisneyslu leiðir. Þess má því vænta að þeir felli frv. til laga sem stuðla að aukinni neyslu, eins og frv. um afnám banns við framleiðslu og sölu áfengs öls mun gera. Sú stundarfróun sem bjórnum fylgdi, hvort heldur sem væri í skammvinnri vímu eða lítillega auknum tekjum ríkissjóðs, yrði skammgóður vermir sem framtíðin yrði að gjalda margföldu verði. Það yrðu óskemmtileg eftirmæli ársins sem tóbaksvarnalög tóku gildi að þá hefði verið samþykkt að stuðla að aukinni áfengisneyslu og þar með að eyðileggja hinn heilsufarslega ávinning af tóbaksvarnalögunum."

Tómas Helgason, dr. med., er prófessor í geðlæknisfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður geðdeildar Landspítalans.

Það skyldi þó ekki vera að hv. 5. þm. Reykv. væri að skrifa út víxla þessa dagana sem hann ætlar íslenskri þjóð að greiða seinna með sinni stefnu í áfengislögum? Það skyldi þó ekki vera að hann væri að velta yfir á framtíðina skuldum vegna aðgerðanna? Eða er það tilfellið að við eigum ekkert að hlusta á það hvað menn eins og prófessor Tómas Helgason hafa að segja um þessi mál? Ég tel að það hljóti að fylgja því ærin ábyrgð að hlusta ekki. En því miður virðist mér svo sem að gálgahúmor og billeg röksemdafærsla sé það sem alþm. vilja almennt nota í þessu máli.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. komst m. a. að þeirri niðurstöðu að það sem Íslendingar ætluðu að fara að gera í áfengismálum — að innleiða bjórinn — væri svo sérstætt að það væri enginn möguleiki að notast við reynslu frá öðrum þjóðum, við yrðum að prófa þetta sjálfir. Það er nú svo. Það hefur verið kannað með eitt og annað hvaða áhrif það hefur á Íslendinga þó að það hafi ekki verið framkvæmd formleg könnun. Til dæmis var það vitað úti í Bandaríkjunum að rafstraumur er ákaflega skaðlegur. Ég hef ekki orðið var við annað en þessi fágæti þjóðflokkur hér norður í höfum brygðist nákvæmlega eins við því að fá í sig rafmagn og þeir í Bandaríkjunum. Ég hef ekki orðið var við annað. Það er með þennan blessaðan tréspíritus, sem hefur gert menn blinda, dularfull staðreynd að hann verkar nákvæmlega eins á Íslendinga og menn hjá öðrum þjóðum. En það er athyglisvert að þegar kemur að bjórnum dugar engin erlend reynsla. Þá er þessi þjóð svo sérstæð að það verður að framkvæma á henni tilraunir í tvö ár. Mér finnst það skaði að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur ekki séð sér fært að vera við þessa umr., jafnítarlega ræðu og hann flutti um þetta mál og jafnvel undirbúinn sem hann virtist vera þegar hann talaði fyrir málinu.

Ég tel að einn þáttur þessa máls sé þó enn óræddur, bæði í því sem ég las eftir Tómas Helgason prófessor og eins minntist hv. 1. þm. Norðurl. v. ekki á það einu einasta orði, en það er vandamál nágrannaþjóðanna, hvað drykkjuskapur manna á þeim tíma sem þeir

stunda sína vinnu er tengdur bjórnum. Íslendingar vinna mörg störf sem eru hættuleg og heimta nákvæmni. Með því að innleiða bjórinn er allt útlit fyrir að við innleiðum það einnig að drykkjuskapur á vinnustöðum, sem er mjög fátíður á Íslandi í dag, verði svipaður og á hinum Norðurlöndunum. Það mun þýða mikla slysatíðni við ýmis störf. Og hinn langi vinnudagur á Íslandi mun e. t. v. gera Íslendinga síður færa um að þola það í ofanálag að hafa neytt áfengis í vinnunni.

Mér finnst að það sé dálítið hlálegt að sá fjölmiðill þjóðarinnar sem allir Íslendingar eiga að eiga jafnan aðgang að, útvarpið og sjónvarpið, birtir aðeins eina mynd þegar minnst er á bjórinn: Það eru kátir menn og glaðir að drekka úr bjórkollunum. Það er ekki verið að sýna menn illa á sig komna á leiðinni heim til sín. Það er ekki verið að segja frá mönnum sem hafa þurft að fara í afvötnun. Það er ekki verið að segja frá slysum sem orðið hafa í umferðinni vegna þess að menn hafa neytt áfengis. Nei. Það er aðeins glansmyndin sem sýnd er. Og ég verð að segja eins og er að ég verð dálítið hissa á fréttastofu útvarpsins þegar verið var að kynna svokallað bjórsamlag sem væri nýtt fyrirtæki eða ný starfsemi hér á landi. Stundum hvarflar það nefnilega að mönnum, þegar menn sjá svona auglýsingar, hvort það sem hefur verið nánast óþekkt í íslensku þjóðlífi til þessa, að opinberir starfsmenn þægju mútur, eigi sér e. t. v. stað.

Eitt er það sem hlýtur að verða umhugsunarefni þegar kemur að atkvgr. hér í þinginu um þetta mál, hvort það sé eðlilegt, ef alþm. eiga beinnra hagsmuna að gæta fjárhagslega vegna umboðslauna sem þeir þiggja vegna áfengisneyslu hér í landinu, að þeir greiði atkv. í svona máli. Það hlýtur að vera spurning hvort ekki væri eðlilegra að þeir sætu hjá.

Ég veit að ég er farinn að tala af meiri festu um þetta mál en menn hafa yfirleitt átt von á, en það getur verið að mönnum sé ekki ljóst að alls staðar þar sem sala fer fram á áfengi og tóbaki hafa söluaðilar þessara vörutegunda reynt með ýmsu móti að hafa áhrif á æðstu *starfsmenn í viðkomandi ríkjum og borið á þá fé til að* breyta löggjöf eða koma í veg fyrir að löggjöf væri samþykkt. Þetta vita heilbrigðisyfirvöld Bandaríkjanna og hafa af þeirri ástæðu alveg miskunnarlaust úthrópað það lið sem þeir kalla þar áfengisauðmagnið.

Ég tel að það sé athyglisvert að í umr. um bjórinn, sem hér fer fram, eru flm. víðs fjarri. Þeir eru víðs fjarri. Yfirleitt er það nú þannig að mönnum er mikil alvara að koma málum áfram í þinginu og þá dvelja þeir undir umr., taka niður vitlaus rök andstæðinganna og búa sig undir það að standa upp og leiðrétta það sem missagt hefur verið. Einhverra hluta vegna telja þeir nú aftur á móti að það vinnist best með því að vera fjarverandi. Það skyldi þó ekki vera að einhver af þessum flm. hefði búið sig undir það að þiggja umboðslaun fyrir áfengt öl ef það verður selt hér á landi? Það skyldi þó ekki vera að búið væri að ganga frá samningum um slíka hluti? Það er ákaflega bagalegt að þeir séu ekki hér í salnum því að það gæti farið svo að það sæist á mönnum hvort aðdróttanir væru réttar eða rangar. Þar sætu ekki sterkari karakterar en svo.

Ég hef ekki hugsað mér, herra forseti, að eyða löngum tíma í ræðuhöld um þessi mál. Ég vil aftur á móti geta þess að mér hafa borist bréf frá félagasamtökum, *ýmsum aðilum sem fengist hafa við uppeldis*mál, þar sem þessir aðilar leggjast eindregið gegn því að slakað verði á í áfengisvarnalöggjöf Íslendinga. Ég vil þakka þessi bréf. Þau hafa verið mér viss stuðningur til að standa fastur fyrir í þessum efnum. Og ég er sannfærður um það að stór hópur þeirra sem staðið hafa að þeirri samþykkt eru aðilar sem neyta áfengis, en gera sér jafnframt grein fyrir því að aukin neysla verður íslenskri þjóð ekki til farsældar.

Ég vil svo geta þess, í framhaldi af varnaðarorðum þeim sem prófessor Tómas Helgason lét falla, að ef áætlanir Þjóðhagsstofnunar um aukninguna eru réttar þýðir þetta að við förum upp fyrir Noreg í áfengisneyslu. Hvenær hefur það gerst að Íslendingar yrðu minni neyslumenn en aðrir? Er það varðandi bíla, er það varðandi sjónvörp eða á hvaða sviði er það? Ég tel að allar líkur bendi til þess að þær áætlanir sem hér eru settar fram af Þjóðhagsstofnun séu of lágar. Það var og álit sumra aðila sem komu á fund nefndarinnar og voru talsmenn þess að sala yrði leyfð á öli. Þeir töldu þessar áætlanir ekki nægilega háar. Ef svo færi að Þjóðhagsstofnun hefði nú vanreiknað dæmið hækka nú vínlarnir, sem formaður Alþfl. er að velta yfir á framtíðina, í heilsukostnaði Íslendinga.

En það má vel vera að það séu önnur fjárhagsleg atriði sem vegi meira í þessu dæmi. Það má vel vera að það sé búið að ganga þannig frá málum að ýmsir aðilar hafi meiri persónulegan ávinning af því að þetta verði leyft en það tjón sem þjóðin verður fyrir og það má vel vera að þeir hagsmunir séu taldir ríkari. En ég skora á þá menn, sem unnið hafa á sviði íþróttamála í þessu landi, að gera sér grein fyrir því að þetta verður íslenskri æsku til bölvunar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef séð ástæðu til að kveðja mér hér hljóðs í sambandi við frv. til laga um breytingu á áfengislögum.

Áfengisstefna hlýtur að teljast til stórmála hvar sem er og ekki síst í landi eins og hér þar sem menn greinir verulega á um þessi efni. Hér var lagt fram þann 22. *október í vetur þetta frv. Það fór röskum mánuði seinna* til nefndar, hv. allshn., og hún hafði málið til meðferðar fram yfir miðjan apríl. Það var fyrst 16. og 18. apríl sem álit komu frá nefndinni sem er klofin í afstöðu sinni og sýnist þar sitt hverjum. Annars vegar eru þeir sem vilja samþykkja þetta frv. efnislega en með allmörgum breytingum sem fyrir liggja og hins vegar minni hl. *nefndarinnar sem leggst alfarið gegn samþykkt frv.*

Ég hefði kosið að mál þetta kæmi fyrr til meðferðar hér í þinginu en reynd hefur á orðið þannig að betri tími gæti orðið til umr. um þetta mál og það kæmi til frekari skoðunar af hálfu þingsins en ætla má að verði nú þegar aðeins örfáar vikur eru þangað til þinglausnir hljóta að verða. En allshn. telur sig hafa, að ég heyri, lagt mikla vinnu í *þetta mál og ekki ætla ég að hafa neitt af* nefndinni og efast um að það hafi verið tekið á þessu máli af hennar hálfu. Þó finnst mér ýmislegt á skorta og það er m. a. tilefni þess að ég hef hér beðið um orðið um þetta mál.

Ég hefði vissulega getað hugsað mér aðra málsmeðferð en hér er viðhöfð, þ. e. að í þessu máli kæmi fram þmfrv. eins og hér er um að ræða. Er það þó virðingarvert þegar þm. leggja vinnu í að semja frv. í þýðingarmiklum málum. Ég hefði talið að það hefði verið æskilegt að framkvæmdavaldið og þeir aðilar, sem til kvaddir

hafa verið af þess hálfu til að fjalla um stefnu í áfengismálum, hefðu komið að þessu máli á mótunarstigi með einhverjum hætti.

Þessi mál voru raunar til meðferðar á síðasta þingi og þá lágu fyrir frv. og þáltill. um þessi efni. Þáltill. gerði ráð fyrir því að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um bruggun og sölu áfengs öls í landinu. Hvorki frv. né þessi þáltill. urðu útrædd á síðasta þingi, en það var á síðustu dögum þingsins að málið var til meðferðar. Ég flutti þá brtt. við þáltill. um almenna atkvæðagreiðslu samtímis næstu alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum um það hvort heimila skyldi bruggun og sölu á áfengu öli. Ég tel rétt að rifja það hér upp því að það lýsir svolítið hugmyndum mínum um það hvernig skynsamlegt hefði verið að taka á þessu máli. Till. mín var svofelld, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram vandaða og marktæka skoðanakönnun á viðhorfum landsmanna til framleiðslu og sölu áfengs öls hérlendis. Við undirbúning þeirrar skoðanakönnunar verði haft samráð við stjórnskipaða nefnd sem nú fjallar um stefnumörkun í áfengismálum skv. samþykkt Alþingis."

Þetta var, held ég, síðasta málsgagnið sem fram kom í þessu máli á síðusta þingi og málið fékk ekki framgang tímans vegna þar eð aðeins fáir dagar lifðu þings. Ég var þá þeirrar skoðunar og er enn að óheppilegt sé að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem þetta, kannske fyrstu þjóðaratkvæðagreiðsluna í sögu lýðveldisins, og alveg sérstaklega er ég því mótfallinn að slík atkvæðagreiðsla færi fram samhliða öðrum kosningum eins og alþingiskosningum. Það teldi ég mjög óheppilegt að svo mikilvægar kosningar sem alþingiskosningar eru færu fram í eins konar skugga af slíkri umræðu um áfengt öl. Ég held að það væri engum til góða að svo væri gert. En ég vil út af fyrir sig ekki útiloka að skoðanakönnun fari fram um efni af þessu tagi. Það var það sem ég var að leggja til, að stjórnvöld beittu sér fyrir slíkri könnun sem marktæk gæti talist og síðan væri hægt að taka mið af henni við frekari málsmeðferð.

En þetta er liðin tíð og hér stöndum við í umr. um frv. og brtt. við það frá hv. allshn. Það verður að segjast að hlutur ríkisstj. í þessu máli er ekki góður. Það á við um þessa ríkisstj. sem nú situr. Hann er á sinn hátt ekki betri en í húsnæðismálunum. Þar hefur sá ráðh., sem fer með heimildir í sambandi við áfengisútsölur og varðandi áfengismál, hæstv. dómsmrh., séð ástæðu til að heimila fjölmargar gervibjórstofur í höfuðstað landsins og nágrenni. Það hefur verið tekin hér upp sala á svokölluðu bjórlíki og talað um bjórlíkhús. Þetta er heimilað af ráðh. sem telur sig, að ég held, eindreginn stuðningsmann áfengisbanns eða a. m. k. að mjög strangar hömlur verði í þessum efnum. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeirri skoðun en mér finnst að þarna hafi af ráðh. hálfu ekki verið eðlilega á máli haldið að þessu leyti. Telji hann sig hafa eitthvað hæpna stoð í lögum í sambandi við þessi efni eða ófullnægjandi stoð í lögum hefði það verið mennilegra af hans hálfu að láta reyna á það að verða sóttur til saka.

Ég held nefnilega að þessar heimildir hæstv. dómsmrh. hafi orðið til þess að setja þetta mál í miklu verri stöðu en áður var og setja þar að auki löggjafarvaldið nú undir meiri þrýsting en æskilegt væri í þessum efnum. Við höfum það ástand hér að áfengt öl berst inn í landið í gegnum Keflavíkurflugvöll þar sem menn geta tekið ákveðinn skammt með sér. Það fer auðvitað mjög eftir því hverjir eru í ferðum og hafa efni á því að vera í ferðum erlendis sem geta hagnýtt sér slíkar heimildir. Þá hafa sjómenn og farmenn ákveðnar heimildir til að taka með sér í land ákveðið magn af öli. Fullyrt er að einnig berist án leyfis tollyfirvalda talsvert magn inn í landið og hafa raunar iðulega komið fyrir mál af því tagi. Ég þekki það vel sem íbúi á sjávarplássi að þar er allstór hópur manna sem hefur vegna þessa aðgang að áfengu öli. Er ég þá ekkert að finna að því þó að sjómennirnir okkar geti tekið með sér glaðning af því tagi. (**JBH:** Þó nú væri.) Og það eitt út af fyrir sig þyrfti ekki að vera röksemd fyrir því að opna fyrir almenna sölu á slíku.

En það er raunar fleira en bjórlíkhúsin sem hæstv. dómsmrh. hefur heimilað sem telst á afrekaskrá ríkisstj. að þessu leyti. Eins og menn muna tók hæstv. forsrh. það upp í raunum sínum og erfiðleikum nálægt miðjum vetri að lýsa nánast yfir óskoruðum stuðningi sínum við það frv. sem hér er til umr. á þeim rökum helstum að með því væri hægt að leysa efnahagsvanda ríkisstj. að nokkru leyti og vanda ríkissjóðs alveg sérstaklega. Hann lét reikna það út fyrir sig hvað mætti hafa upp úr slíkri sölu á áfengu öli. Eins og menn muna, miðað við þær forsendur sem þar voru lagðar til grundvallar og þá tollun eða skattheimtu sem ríkisstj. og forsrh. sérstaklega hugðust beita, væri þarna um að ræða ekki minna en 900 millj. kr. miðað við það að landslýðurinn væri nógu duglegur að kneyfa ölið. Þetta er hlutur hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. En það er ekki hún sem verður spurð um niðurstöður í þessu máli heldur er málið nú á vettvangi Alþingis.

Ég ætla þá að víkja aðeins að vissum atriðum sem snerta þetta frv. og brtt. hv. n., en áður en ég kem að því hlýt ég að vekja athygli á þeim ummælum sem féllu hér áðan frá einum nm., hv. 5. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni, þar sem hann kom hér opinberlega úr ræðustóli fram með grófar aðdróttanir í garð samnefndarmanna sinna og raunar fleiri aðila sem véla um í sambandi við innflutning á áfengi til landsins. Ég leyfi mér að rifja hér upp orð hans sem ég hef hér fyrir framan mig í útskrift, með leyfi forseta. Í tengslum við umræður um fréttastofu útvarpsins sagði hv. þm.

„Stundum hvarflar það nefnilega að mönnum, þegar menn sjá svona auglýsingar, hvort það sem hefur verið nánast óþekkt í íslensku þjóðfélagi til þessa, að opinberir starfsmenn þægju mútur, eigi sér e. t. v. stað."

Þetta er nokkuð skýrt sem hér er verið að mæla. Ég hygg að fréttamenn Ríkisútvarpsins vildu gjarnan fá nánari skýringu á ummælum sem þessum, þeir sem ekki eiga kost á því að verja sig hér úr ræðustól eða biðja um skýringar.

Síðar í máli sínu eftir að hv. þm. hafði mælt sitthvað fleira í sama dúr — ég ætla ekki tímans vegna að fara að lesa langan kafla úr hans máli — sagði hann í framhaldi, með leyfi forseta:

„Yfirleitt er það nú þannig að mönnum er mikil alvara að koma málum sínum áfram í þinginu og þá dvelja þeir undir umræðu, taka niður vitlaus rök andstæðinganna og búa sig undir það að standa upp og leiðrétta það sem missagt hefur verið. Einhverra hluta vegna telja þeir nú aftur á móti að það vinnist best með því að vera fjarverandi." — Hér á hv. þm. við samnefndarmenn sína í allshn. og flutningsmenn frv. „Það skyldi þó

ekki vera að einhver af þessum flm. hefði búið sig undir það að þiggja umboðslaun fyrir áfengt öl ef það verður selt hér á landi? Það skyldi þó ekki vera að búið væri að ganga frá samningum um slíka hluti? Það er ákaflega bagalegt að þeir séu ekki hér í salnum því að það gæti farið svo að það sæist á mönnum hvort aðdróttanir væru réttar eða rangar, þar sætu ekki sterkari karakterar en svo."

Geta menn nú hugsað margt um þau orð sem hér féllu, m. a. það að það væri ekki ónýtt fyrir einhverja að hafa hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson í réttarsal í vandasömum málum. Það þyrfti ekki einu sinni að bregða upp lygamælinum meðan hans fránu sjónir væru til þess að mæla viðbrögð viðstaddra og greina rétt frá röngu í vitnaleiðslum. Hér er vissulega um að ræða allalvarlegar aðdróttanir og ég geri ráð fyrir því að þeir sem sneitt er að hér vilji eiga þess kost að bera hönd fyrir höfuð sér með einhverjum hætti og þeir sem þarna var vikið að í seinna skiptið hafa tök á því, flestir hverjir, hér í þessum ræðustóli.

Það atriði sem ég sérstaklega ætlaði að víkja að í brtt. er það sem snýr að till. meiri hl. um dreifingu áfengs öls í landinu. En þar segir í 4. brtt. á þskj. 733:

„9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annist dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969."

Eitt er það að leyfa innflutning og sölu á áfengu öli og annað er það hvernig menn ætla landsmönnum að nálgast þessa vöru. Hér hefur hv. allshn. ætlað sér mjög auðveldan leik í þessu máli að mér finnst með því að leggja til að lögfest verði að Áfengis- og tóbaksverslun annist þessa dreifingu og sölu. Ég hef ekki séð sérstakar skýringar á því hvernig flm. þessarar till. telja að þetta sé í rauninni gerlegt eða hverjar yrðu fylgjurnar af því að ætla sér að byggja þetta dreifingarkerfi upp með þessum hætti. Ég inni hv. flm. og ekki síst frsm. meiri hl., hv. þm. Pálma Jónsson, eftir því hvort á vegum nefndarinnar hafi verið eftir því gengið með hvaða hætti dreifing í þessu formi gæti gengið upp, t. d. hvað það kosti þá notendur sem ekki eru búsettir á stöðum þar sem engin áfengisútsala er að nálgast þessa vöru á svipaðan hátt og mönnum er ætlað mörgum hverjum sem við þannig aðstæður búa að panta það í gegnum póstinn. Það er viðtekið víða að menn panta sér áfengi póstleiðina, greiða kröfugjald og flutningsgjald. En þegar kemur að áfengu öli, þar sem magnið sem er á ferðinni er ólíkt meira en þegar um sterka drykki er að ræða, held ég að það gæti farið að þrengjast um á pósthúsum í landinu sem eiga að taka við varningnum til geymslu fyrir viðskiptavini sína. Hefur það verið athugað af nm. hálfu hvort póstþjónustan t. d. er reiðubúin til að taka að sér þetta verkefni og hvaða ráðstafanir þarf að gera, miðað við t. d. það magn sem hæstv. forsrh. gerði ráð fyrir að landsmenn drykkju ríkissjóði til dýrðar, hvað það þýddi á hinum einstöku stöðum fyrir póstþjónustuna, m. a. kostnaðarlega séð? Ég hef heyrt þungar áhyggjur manna, sem eru starfandi í póststöðvum úti um landið, af því að vera ætlað það við núverandi aðstæður að taka að sér dreifinguna á áfengu öli með þessum hætti.

Síðan kemur að kostnaðinum. Alveg burtséð frá því hvaða viðhorf menn hafa til áfengis og áfengismála held ég að það sé a. m. k. hugur margra að mismuna fólki ekki gróflega eftir búsetu í sambandi við vöruverð og þjónustu. Og ég er ansi hræddur um að það yrði eitt atriðið til viðbótar til að ýta fólki til höfuðborgarsvæðisins ef ekki væri unnt fyrir það að nálgast með öðrum hætti en miklu dýrara en almennt gerist vöru sem þessa, áfengt öl, ef heimild verður veitt til sölu og bruggunar þess. (**GJG:** Þm. er með byggðastefnu í bjórmálinu.) Já, byggðastefnu í bjórmálinu. Það er nú svo, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að við þurfum að líta til mjög margra þátta þegar byggðastefnan á í hlut. Við þurfum að líta til margra þátta. Og það er ekkert eitt sem sker úr þar, heldur leggst eitt við annað þegar kemur að lífsgæðunum. Nú telur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kannske að bjórinn sé ekki lífsgæði sem æskilegt sé að sé innan seilingar. Hann þarf auðvitað engar áhyggjur að hafa í þeim efnum fyrir hönd sinna umbjóðenda hér í Reykjavík. En ég leyfi mér að hugsa þetta mál einnig út frá slíku. Og ég óska eftir því að fá upplýsingar um það: Hefur allshn. hv. gert sér grein fyrir þessu máli? Ég tel alveg óhjákvæmilegt að menn fari yfir þetta og hugsi dæmið til enda í sambandi við dreifingu á þessari vöru sem hér er af meiri hluta nefndar verið að leggja til að heimiluð verði.

Þetta er það atriði sem ég ætlaði sérstaklega að víkja að úr till. nefndarinnar þó að það sé margt annað sem ástæða væri til að ræða af þeim atriðum sem þar eru og má vera að ég komi að því síðar.

Ég vil undir lokin segja, virðulegi forseti, að margt fer illa í sambandi við áfengismál hérlendis. Margt hefur farið illa og við Íslendingar höfum ekki borið gæfu til þess frekar en margir aðrir raunar að umgangast áfengi með þeim hætti sem æskilegt væri og það er margt sem stuðlar að þessu. Sumir vitna til þjóðarsálarinnar eða þjóðarkaraktersins, eins og það er kallað á erlendu máli, í þessu sambandi og við séum veikari fyrir en sumir aðrir að þessu leyti. Ég vil ekki skera úr um það. Ég vil ekki draga úr þeim vandamálum sem fylgja áfengisneyslu og ofnotkun áfengis, sem allt of mikið er um í okkar samfélagi eins og víðar annars staðar. Þó er það svo að vegna vakningar sem átt hefur sér stað í þessum málum á undanförnum árum og fyrir tilstyrk almannasamtaka hefur margt færst hér til betri vegar. Samtök áhugamanna í áfengismálum hafa fengið miklu áorkað á undanförnum árum og hreinskilin umræða um þessi mál og vanda áfengisnotkunar og áfengissýki hefur verið mjög gagnleg og orðið mörgum til betrunar og orðið til að bjarga mörgum nú þegar og auðvitað er nauðsynlegt að slíkri stefnu sé fast haldið fram. Ég tel því skynsamlegt, ef heimiluð verður bjórsala hérlendis, að tiltekinni upphæð verði varið til fyrirbyggjandi aðgerða og fræðslu í þessum efnum. Ég get vel hugsað mér að styðja brtt. sem það efni varða, bæði frá hv. allshn. og einnig af hálfu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur sem hefur flutt sérstaka till. um að ganga lengra en allshn. hefur lagt til í því efni.

Ég held að pukur í sambandi við áfengismál sé ekki til bóta. Skinhelgin var lengi vel ríkjandi. Þar er eitt gleggsta dæmið meðferðin á félagsheimilunum okkar. Ég held að þar hefði margt þurft betur að fara og það uppeldi sem menn fá í sambandi við notkun félagsheimilanna, þar sem að nafninu til er bannað að veita áfengi, en þar sem menn ganga út og inn með sterka

drykki ómælt og samkomur taka oft á sig heldur óskemmtilegan blæ, er eitt dæmið um skinhelgi og pukur í þessum efnum sem ég tel að horfi síst til betri vegar, heldur þveröfugt raunar, og sé ekki til þess fallið að kenna mönnum sæmilega umgengni við áfengi. Ég tel að það sé margt sem mæli með því, eins og staða mála er nú orðin, að við stígum það skref vel undirbúið og yfirvegað að heimila bruggun og sölu áfengs öls í landinu, en ég legg áherslu á að það skiptir mjög miklu máli hvernig haldið er á slíku framkvæmdalega séð, hvernig að slíku er staðið, og ég held að það sé einn þátturinn sem ég hef vikið að sem þurfi mun betri skoðun en hann hefur a. m. k. fengið hér í umr. um þetta mál og í fram lögðum gögnum. Ég tel að ef menn ekki finna nægan tíma á þessu þingi til að skoða þessi mál þannig að allir geti gert upp hug sinn í þeim efnum hér á þinginu sé út af fyrir sig ekkert sem knýi á um að þetta mál sé gert upp nú á þinginu. Ég vil hins vegar ekki verða til þess sérstaklega að tefja framgang málsins. Ég tel æskilegt að fyrr en seinna verði höggvið á þennan hnút sem skiptar skoðanir eru um. En það fer mjög eftir því að þeir sem að málinu hafa unnið á vegum þingsins í nefndum veiti upplýsingar um það sem hér er leitað eftir m. a. Ég áskil mér sem sagt rétt til að íhuga þessi mál nánar þó að ég hafi í seinni tíð og að yfirveguðu máli fremur hallast að því að skynsamlegt sé að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að stíga það skref að heimila hér bruggun og sölu á áfengu öli.

Forseti (Ingvar Gíslason): Orð hv. 5. þm. Vestf. hafa verið gerð hér að sérstöku umræðuefni. Forseti vill segja það fyrir sitt leyti að hann synjar ekki fyrir það að hv. 5. þm. Vestf. hafi vikið þannig að flm. þessa frv. að þeir telji að sér sveigt. Hins vegar getur forseti ekki skýrt orð hv. 5. þm. Vestf. eða hvað hann á við. Það verður hv. 5. þm. Vestf. að gera sjálfur. Hann mun að sjálfsögðu fá tækifæri til að skýra orð sín nánar í umr. og hið sama gildir auðvitað um þá sem telja að sér sveigt, að þeir hafa tækifæri til þess að svara fyrir sig. En málfrelsi þm. er ákaflega víðtækt, eins og 49. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir þar sem segir að „meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþm. fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar er hann situr í né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum nema hann sé staðinn að glæp. Enginn alþm. verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema þd., sem í hlut á, leyfi." **(Gripið fram í:** En nauðungaruppboð?) Það er ekki minnst á nauðungaruppboð þarna, en það má kannske túlka það nánar í sambandi við þessa grein.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í nál. frá minni hl. allshn. um frv. til l. um breytingu á áfengislögum nr. 82 frá 1969 á þskj. 704 er lagt til að frv. þetta verði fellt. Þar er bent á örfá atriði sem vert er að ræða nokkru nánar og auka einhverju við því að af nógu er að taka þegar svo viðamikil, umdeild og viðkvæm mál eru rædd.

Að því er vikið að skv. ályktun Alþingis starfi nú stjórnskipuð nefnd að því að marka og móta opinbera stefnu á áfengismálum hér á landi. Markmið stefnunnar á og átti að vera að draga úr áfengisneyslu. Þessi nefnd hefur ekki enn lokið störfum. Verkefni hennar er áreiðanlega vandasamt og seinunnið. Niðurstaða eða nál. um þau efni mun því vart sjá dagsins ljós á þessu vori, en þó má ætla að n. reyni að hraða störfum eftir mætti.

Að áliti meiri hl. allshn. og margra annarra er of langt að bíða þeirrar niðurstöðu. Það má til sanns vegar færa að því leyti að alþm. eru svo sem ekki of góðir til þess að lýsa afstöðu sinni og afgreiða mál sem þar að auki hefur stundum áður borið á góma og verið hreyft í þingsölum án þess að úrslit réðust.

Ég tel að allshn. hafi unnið vel í þessu máli. Hún sendi frv. til umsagnar margra aðila. Enn fremur voru ýmsir aðilar kvaddir á hennar fund til viðræðna. Komu þar fram mjög skiptar skoðanir með og móti, svo sem vita mátti fyrir fram. Ógerningur er að ræða þau viðhorf öll og rekja alla þætti þeirra viðræðna í stuttu máli.

Tilgangur flm. með frv. þessu felst að þeirra sögn í fimm liðum:

1. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,
2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,
3. að afla ríkissjóði tekna,
4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,
5. að samræma áfengislöggjöfina.

Það eru víst flestir sammála um að þessi markmið séu góðra gjalda verð í sjálfu sér, en eru líkur til þess að þau náist ef frv. verður samþykkt?

Bent er á að frá upphafi Íslandsbyggðar og langt fram eftir öldum hafi landsmenn eingöngu drukkið öl og mjöð og ekki annað af áfengum drykkjum. Og einhvers staðar er þess getið á hinn bóginn að bann á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenskra þegna. Þó að ég fallist ekki á þessa staðhæfingu væri viðhorfið vissulega allt annað ef reikna mætti með því að neysla sterkra drykkja, að ekki sé minnst á vímu- og eiturefni, minnkaði að sama skapi og bjórdrykkja færi í vöxt. Og sannarlega er ekki við því að amast þó að landsmenn geri sér glaðan dag þegar svo ber undir innan hóflegra marka. En sannleikurinn er sá að flestir sem hafa kannað þessi mál hafa komist að þeirri niðurstöðu að neysla áfengis og annarra slíkra vímugjafa minnki ekki, heldur aukist þegar bjórinn bætist við.

Í nokkrum minnisatriðum frá áfengisvarnaráði til allshn. er þess getið að ráðinu, sem að sjálfsögðu reynir að gæta skyldu sinnar sem hlutlaus ríkisstofnun, hafi ekki tekist að finna neitt land í heiminum þar sem neysla áfengs öls hefur orðið til að draga úr drykkju og tjóni af hennar völdum. Á það má benda að það er lögmál vímuefnamisnotkunar að vímuefnaneytandinn byrjar yfirleitt á veikum vímuefnum, en fer yfir í aðra sterkari, og hann byrjar á smáum skömmtum og fer yfir í stærri skammta. Áfengur bjór inniheldur vímuefnið vínanda og er því aðeins einn hlekkur í þessari keðju. Hann er því að þessu leyti jafnskaðlegur og aðrar áfengistegundir.

Í skýrslu um neyslu áfengis, fíkniefna og ávanalyfja á Íslandi, sem landlæknisembættið gaf út á árinu 1982, koma fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar um afleiðingar áfengisnotkunar. Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur meðal annarra að þau vandamál er stafa af áfengisneyslu standi í beinu sambandi við heildarneyslu þess.

Að sjálfsögðu eru Íslendingar ekki ýkja hrifnir af boðum og bönnum. Þeir vilja vera frjálsir menn í frjálsu

landi. Þó kemst enginn með öllu hjá því að hlíta vissum reglum, sem hver og einn verður að setja sjálfum sér, né heldur að lúta landslögum, sem vissulega skerða frelsi manna á mörgum sviðum með ýmsu móti.

Allur þorri landsmanna vill sem betur fer vinna að aukinni heilbrigði, reglusemi og bættum þjóðháttum. Hið sama gildir um margs konar félög og fjöldasamtök. Ég nefni tvennar yfirlýsingar eða samþykktir sem dæmi, nánast af handahófi.

34. þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir fullum samstarfsvilja við þá aðila sem berjast gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu og aðstoða þá einstaklinga sem háðir eru þessari neyslu. Íþróttaþing 1984 beinir þeirri eindregnu áskorun til sambandsaðila sinna að þeir vinni af alefli gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna og styðji þau félagasamtök sem hafa að markmiði að berjast gegn neyslu hvers konar fíkniefna. Svo mætti lengi telja.

Rétt er að minnast nokkrum orðum á vanda löggæslunnar. Borist hefur bréf frá Landssambandi lögreglunnar. Leyfi ég mér að lesa upp nokkrar setningar úr því bréfi, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

„Verulegur þáttur í störfum lögreglunnar er að leysa málefni sem tengjast notkun áfengis. Má ætla að lögreglumenn hafi meiri reynslu en flestir aðrir af þeim vandamálum sem tengjast áfengisneyslu. Tæpast er umdeilanlegt að með tilkomu áfengs bjórs mun neysla áfengis aukast og þar með eftirlitsþáttur lögreglunnar. Lögreglumenn telja sig t. d. orðið vara við verulega aukningu á ölvun við akstur í þeim umdæmum sem svokallaðar bjórkrár hafa verið stofnsettar í. Því vill stjórn Landssambands lögreglumanna vekja athygli alþm. á að jafnframt því að Alþingi samþykki lög sem ótvírætt auka verkefni lögreglumanna verður að styrkja löggæsluna. Alþm. verða ætíð að taka tillit til aukinnar löggæsluþarfar þegar sett eru ný lög sem lögreglu er ætlað að hafa eftirlit með.

Þá vill stjórn Landssambands lögreglumanna hvetja alþm. til að hlutast til um að fræðsla í áfengismálum verði stóraukin, ekki síst ef umrætt frv. verður að lögum."

Á vegum ríkisstjórnar Íslands var með skipunarbréfi 19. maí 1983 sett á fót nefnd um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum svo sem áður er að vikið. Sú ríkisstj. sem þá sat að völdum hafði sýnt nokkra viðleitni í þá átt að koma á betri skipan í áfengismálum svo og að vara við og sporna gegn þeirri yfirvofandi hættu sem af hvers konar fíkniefnum og vímugjöfum stafar. Þykir mér að lokum rétt að rifja upp einn þátt þeirrar viðleitni sem tengist norrænni samvinnu.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní 1981 var ég staddur á Borgundarhólmi í Danmörku á fundi dómsmrh. Norðurlanda. Þar voru þessi mál til umræðu í heild. Kom okkur saman um að setja markið hátt og berjast fyrir fíkniefnalausum Norðurlöndum, eins og það var kallað. um þetta gerði þing Norðurlandaráðs samþykkt ári síðar. Sama dag, 17. júní 1981, flutti þáv. forsrh. dr. Gunnar Thoroddsen þjóðhátíðarræðu í Reykjavík sem birtist í Morgunblaðinu 19. sama mánaðar. Fyrirsögn hennar var þessi: „Þjóðin öll verður að búast til varnar gegn vímugjöfum og eiturefnum." Ég leyfi mér að lesa upp nokkrar fyrstu setningar þessarar ræðu, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Útbreiðsla og áhrif vímugjafa og eiturefna eru orðin slíkt vandamál að þjóðin öll verður að búast til varnar. Æskan sjálf fyrst og fremst, æskulýðsfélög og önnur félagsmálasamtök, kirkja, skólar, sveitarstjórnir, ríkisvaldið, allir verða að leggjast á eitt í þessu fyrirbyggjandi björgunarstarfi.

Á silfurskjöld við útför Jóns Sigurðssonar voru letruð þessi orð: Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur. Sómi Íslands. Sérhver íslenskur æskumaður, piltur og stúlka, þarf að ásetja sér og ástunda það að vera Íslandi til sóma hvar sem er, hvenær sem er."

Í s. l. mánuði var ég aftur staddur á Borgundarhólmi á fundi laganefndar Norðurlandaráðs og fjölmennri ráðstefnu sem kölluð var saman til að ræða um og meta þann árangur sem ætla mátti að náðst hefði á s. l. þrem til fjórum árum. Þarna voru saman komnir stjórnmálamenn, læknar, embættismenn, dómarar, vísindamenn, ráðgjafar, alls nær einu hundraði manna frá öllum Norðurlöndunum. Hvort hafði nú munað aftur á bak ellegar nokkuð á leið? Um það ræddu menn og báru saman bækur sínar.

Flesta menn hrekur að meira eða minna leyti frá háu og fjarlægu takmarki sem þeir setja sér og miklar tafir verða oft á langri leið. Að flestra dómi er þó nokkurs virði að reyna að halda áttum og réttri stefnu, einkum í stórmálum er varða miklu um alla framtíð lands og þjóðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Einn af nm. þeirrar n. sem fjallaði um frv. sem hér er til umr., en flm. þess eru hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir og Friðrik Sophusson, lét þau orð falla að n. sem um þetta hefði fjallað hefði aðeins verið sammála um eitt, að þetta frv. væri þannig úr garði gert að það væri ekki hægt að notast við það. Þetta er kannske eitt af mörgu sem er merkilegt um það mál sem hér er til umr. Ég vil ekki kveða svo fast að orði að segja að það hafi verið svo vitlaust að ekki hafi verið hægt að notast við það, en þm. sem var í þessari n. sagði að það væri ekki nothæft. Það var eina sem menn voru sammála um.

Hv. þm. Pálmi Jónsson, sem talaði fyrir meiri hl. n., sem lagði til að samþykkja skyldi frv. eftir að búið var að semja nýtt frv., sagði að það ástand sem væri í áfengismálum væri engum til sóma. Heldur hv. þm. að afstaða meiri hl. n. verði honum til sóma? Ég efast um það.

Það vill svo til að ég hef haft afskipti með öðrum af unglingum, ungu fólki sem hefur orðið áfenginu að bráð og sem hefur lent út í það að fara í þau svokölluðu eiturlyf. Ég hef átt þess kost að ræða við sumt af þessu fólki og það er sama sagan alls staðar: Við byrjuðum á áfengi.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að það væri yfirdrepsskapur sem kæmi fram í máli þeirra sem mér skildist að ekki væru á sama máli og meiri hl. nefndarinnar. Er það virkilega að meira að segja þm. séu svo blindir að þeir geri sér ekki ljóst hvernig er stefna í þessum málum? Er það tilfellið? Þeir ættu að skyggnast á bak við tjaldið í þá eymd og það volæði sem margir hafa því miður lent í vegna áfengis, vegna eiturlyfja.

Það er fleira sem er nokkuð athyglisvert í sambandi við afstöðu meiri hl. n. Ég var þar ekki, en það kom fram hjá einum nm. að allir þeir læknar, sem nefndin talaði við, hefðu verið á einu máli um það að þetta væri

óheillaspor ef það spor yrði stigið að leyfa hér áfengan bjór. Ég held að það fari ekkert á milli mála. A. m. k. vil ég spyrja þá nm. sem hér eru hvort þeir viti dæmi þess hjá nokkuri þjóð, sem hefur leyft áfengt öl, að það hafi ekki orðið til þess að aukist hafi neysla á áfengum drykkjum þegar allt er reiknað saman, þegar bjórinn bætist við það sem fyrir er. Ég hef reynt að kynna mér þessi mál og ég er hér með stóran bunka máli mínu til sönnunar. Ég veit ekki um neina þjóð. Það er mikill ábyrgðarhluti að samþykkja slíkt frv. ef menn standa í þeirri trú, ef þeir eru ekki blindir í þessum málum, að verða til þess að áfengisneysla aukist í okkar landi.

Læknadeild háskólans í Hamborg lét t. d. rannsaka áfengismagn í blóði 103 manna sem lentu í vinnuslysum við höfnina á árunum 1976—1983. Hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú að 82.5% voru með í blóði sínu meira en 1½% áfengis, aðeins 5.8% af þessu fólki voru með minna en 0.5% áfengis í sínu blóði. Þjóðverjar eru sem kunnugt er einhverjir mestu bjórdrykkjumenn í Evrópu. Hvað segir þetta okkur? Halda menn virkilega að ef bjórinn flæðir hér yfir verði ekki neysla á honum á vinnustöðum eins og er í öðrum löndum í Evrópu?

Það hefur komið í ljós að eftir því sem menn neyta meira áfengis er meiri hætta á ýmsum sjúkdómum, t. d. skorpulifur. Menn geta kannske sloppið ef áfengið sem þeir innbyrða er ekki mjög mikið en hættan eykst í réttu hlutfalli við neysluna. Það hefur lengi verið vitað að drykkja veldur skorpulifur og ýmsum öðrum sjúkdómum, t. d. öndunarsjúkdómum o. fl.

Það var nokkuð merkileg ræða sem formaður nefndarinnar flutti hér, hv. þm. Gunnar Schram. Hann sagði margt sem ég ætla ekki að fara mjög mikið út í, en í sjálfu sér var öll hans ræða á þann veg að það var eins og hann væri að undirbúa skýringu á því hvers vegna hann væri á móti ölinu eða bjórnum. Miðað við hans mál hélt ég að þrátt fyrir að lagaprófessorinn skrifaði undir hjá meiri hl. með fyrirvara hlyti það að koma að honum hefði snúist hugur. Þannig var hans ræða.

Það kom fram í hans ræðu að hann hefði komið með þá till. í nefndinni að þar sem hefði verið skipuð af ríkisstj. nefnd til að marka áfengisstefnu í landinu, eins og síðasti ræðumaður ræddi um líka, væri eðlilegt að vísa þessu frv. til ríkisstj. og bíða eftir niðurstöðu þessarar nefndar. Það liggur hér fyrir í skjölum þm. bráðabirgðaálit sem er frá 1983 frá þessari nefnd og menn eru illa læsir ef þeir fá út úr þeirri skýrslu að þessi nefnd, en formaður hennar er ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn., læknirinn Páll Sigurðsson, telji að lausnin á þessum vanda liggi í því að auka áfengisneyslu eða gera mönnum auðveldara fyrir að ná í áfengi. Enda væri það skrýtið ef það hefði komið einmitt frá þessum mönnum sem þekkja nokkuð mikið inn á þessi mál því að það er alveg þveröfugt við það sem allir segja sem fylgjast með þróun þessara mála í okkar nágrannalöndum. En það er engu líkara en meiri hl. nefndarinnar hafi verið undir einhvers konar áhrifum — ég veit ekki hvort það hefur verið af því að þeir hafi fengið áfengan bjór, en af einhvers konar áhrifum, því að eftir því sem mér er tjáð voru allir þeir, sem var kallað til og höfðu mesta þekkingu á þessum málum, andvígir þessu frv.

Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði í sinni framsöguræðu um hve illt ástand væri í áfengismálum hér. Eftir því sem sagan segir okkur hafa menn þvegið hendur sínar annað slagið síðustu 2000 árin. Hann sagði að það væri svo slæmt ástandið að það gæti ekki versnað þó að bjórinn bættist við. Það er a. m. k. andstætt þeirri reynslu sem annars staðar er.

Ég varð afskaplega hissa á því þegar formaður nefndarinnar flutti sína ræðu um daginn sem var í sjálfu sér mjög góð. Þar sem þetta er nú lögfræðiprófessor var allur hans málflutningur, eins og ég sagði áðan, á þann veg að ekki var hægt að ætla annað en að niðurstaðan hlyti að verða sú að hann mundi greiða atkvæði á móti þessu frv. Vegna þess að hann er ekki hér staddur ætla ég ekki að fara meira út í hans ræðu hér. En ef hann verður við síðar í þessari umr. mun ég gera hana að umtalsefni.

Ég hef hér fyrir framan mig nokkur minnisatriði í sambandi við þessi mál sem ég veit að allshn. hv. deildar fékk til lestrar. Hafi þeir ekki lesið það yfir, sem ætla mætti a. m. k. af niðurstöðu meiri hl. nefndarinnar, ætla ég að lesa þessa minnispunkta hér upp. Þar segir:

„1. Undanfarin misseri hefur mjög gætt áróðurs þeirra sem ábata hafa af áfengissölu fyrir auknu frjálsræði í dreifingu áfengis og aukinni neyslu.

2. Á sama tíma og talið er rétt og skylt að lögbjóða notkun bílbelta af öryggisástæðum og takmarka tóbaksreykingar af heilsufarslegum ástæðum láta æ fleiri sefjast af andróðri hagsmunaafla gegn takmörkun þar sem vímuefnið áfengi á í hlut.“ — Það verður kannske næsta skref hér á Alþingi, ef þetta verður samþykkt, að bera fram svipuð rök, að það þýði ekkert að vera að berjast á móti þessum vímuefnum vegna þess að þau berist það mikið til landsins og það verði alveg það næsta. Það er alveg í samræmi við annan málflutning þessara manna. Og ég er alveg hissa á því að þeir skuli ekki koma líka með hér á Alþingi frv. um það að það sé frjálst að aka á vegum úti eins og hver og einn vill vegna þess að það sé svo mikið brotið, menn keyra langt fram yfir það sem leyft er. Það er jafnrökrétt og hin vitleysan.

„3. Þó látast a. m. k. þrefalt fleiri af völdum áfengisneyslu en af umferðarslysum.

4. Aðeins fjórðungur þeirra sem látast vegna drykkju eru úr hópi þeirra sem teljast ofdrykkjumenn. Samt er sífellt reynt að kenna þeim um allt tjón sem áfengi veldur.

5. Áfengisvarnaráði, sem reynir að gæta skyldu sinnar sem hlutlaus ríkisstofnun, hefur ekki tekist að finna neitt land í heiminum þar sem neysla áfengs öls hefur orðið að draga úr drykkju og tjóni af hennar völdum.

6. Þó að kaupgeta færi þverrandi á árinu 1984 og áfengisútsölur væru þá um tíma lokaðar vegna verkfalls opinberra starfsmanna dró ekki úr drykkju. Þvert á móti óx heildarneysla vínanda á hvert mannsbarn. Líkleg orsök er fjölgun vínveitingahúsa.

7. Marktækar kannanir á viðhorfum til áfengismála eru vandasamar og ekki á færi annarra en hlutlausra kunnáttumanna að beita vísindalegum aðferðum af ítrustu nákvæmni. Barnalegt er að gera ráð fyrir því að í könnun komi fram óvefengjanleg sannindi um raunverulega afstöðu þjóðarinnar í áfengismálum.

8. Um 70% barna í 7. bekk grunnskóla í Reykjavík neyta ekki áfengis. Hlutfallið kann að vera svipað í grunnskólum annars staðar. Hætt er við að hlutfallið

yrði óhagstæðara ef áfengt öl yrði lögleitt.

9. Í þeim nágrannalöndum vorum þar sem bjórdrykkja er mikil, svo sem í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi, Írlandi, er neysla annarra vímuefna en áfengis mjög mikið og vaxandi vandamál.

10. Það er lögmál vímuefnamisnotkunar að vímuefnaneytandinn byrjar yfirleitt á veikum vímuefnum en fer yfir í sterkara og hann byrjar á smáskömmtum og fer yfir í stærri skammta. Áfengur bjór inniheldur vímuefnið vínanda og áhrif þess er jafnskaðleg fyrir flesta vefi líkamans, hvort heldur það kemur inn í hann blandað miklu eða litlu vatni.

11. Prófessor Sigurður Líndal álítur að innflutningur áfengs öls sé ólöglegur. Lögfræðingarnir Finnur Torfi Stefánsson og Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri komust að sömu niðurstöðu er þeir rannsökuðu lögmæti innflutnings áfengs öls að tilhlutan fyrrv. dómsmrh.

12. Fjölgun vínveitingahúsa er ekki náttúrulögmál. Ráðh. veitir leyfin og hefur heimild til að afturkalla þau eða takmarka, bæði hvað snertir veitingatíma og hvaða tegundir má veita. Borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir og sýslunefndir geta synjað ráðh. um heimildir til að gefa út vínveitingaleyfi.

13. Gera má ráð fyrir miðað við erlendar rannsóknir að kostnaður hins opinbera vegna áfengisneyslu sé a. m. k. þrefaldar tekjurnar og er ekki nema hluti kostnaðar vegna meðferðar og endurhæfingar drykkjusjúkra.

14. Þótt menn greini á um vægi margra orsakaþátta áfengissýki dylst samt engum sem það vill sjá að þar er hlutur áfengisins ótvíræðastur og stærstur. Skiptir litlu máli litur þess, ilman eða bragð ef magnið er nægilegt."

„Fleiri Danir drekka sig í hel eftir því sem neyslan eykst. Drykkja er orðin þjóðarfár í Danmörku. Helmingur sjúklinga á sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn og Norður-Sjálandi er þangað kominn vegna drykkju. Dauðsföllum af völdum skorpulifur fjölgar með óhugnanlegum hraða. Svo segir í viðtali við Politiken 13. sept. s. l.

„Augljóst er að fórnarlömbin verða mörg þúsund á ári hverju á næstunni. Ekki er óalgengt að fólk innan þrítugs sé lagt inn á spítala vegna skorpulifrar þó að menn fái þann kvilla yfirleitt ekki nema þeir hafi drukkið ósleitilega allt upp í 15 ár. Áfengisneysla Dana hefur á 20 árum aukist úr sex lítrum af hreinum vínanda á mann í tólf lítra og nú er drykkjan talin eðlilegt fyrirbæri víðar og við fleiri tækifæri en áður var. Áfengi er eitur sem hefur áhrif á hverja frumu líkamans, ekki aðeins lifrina, og því margfaldast tjónið, sem það veldur, fljótt ef drykkjan er veruleg. Við höfum," segir læknirinn að lokum, „varað fólk við árum saman en ekki verið tekin alvarlega. En hér er um hættu að ræða og nú höfum við sannanir, þ. e. lík á borðinu."

Þannig væri hægt að halda áfram lestrinum en ég sé nú að farið er að fækka í salnum og ég sé það að nefndarmenn sem stóðu að meiri hl. eru horfnir. Ég er ekkert hissa á því að þeir þoli ekki að sitja undir þessum lestri en ég hef hér meira að lesa. En ég vil spyrja hæstv. forseta hvort umr. verði lokið í kvöld. Ég mundi hafa hug á því að lesa hér upp meira ef fleiri væru hér í salnum. (**Forseti:** Þessari umr. verður frestað kl. 11.) Ég mun þá lesa hér upp staðreyndir um áfengt öl. En ég hafði ætlað mér, herra forseti, að lesa hér mjög merkilega ræðu sem var flutt í Alþingi Íslendinga árið 1932 af Vilmundi Jónssyni landlækni. Talið er að þessi ræða hafi orðið til þess á því þingi að ekki varð neitt úr því að leyft væri að brugga áfengan bjór á landinu. Það væri a. m. k. gott fyrir hv. 1. flm. þessa frv., núv. formann Alþfl., að heyra þá ræðu en hann hefur forðað sér hér út.

„Sala milliöls var leyfð í Svíþjóð 1965. Þeir sem fengu því til leiðar komið héldu því fram að ölneysla drægi úr neyslu sterkra drykkja. Reynslan varð þveröfugur. Unglinga- og barnadrykkja jókst gífurlega og sænska þingið bannaði framleiðslu og sölu milliöls frá 1. júlí 1977.

2. Á fyrsta árinu eftir milliölsbannið minnkaði áfengisneysla Svía um 10% miðað við hreinan vínanda. Neysla öls, allra tegunda, minnkaði um 24% miðað við áfengismagn.

3. Á milliölsáratugnum í Svíþjóð jókst áfengisneysla um 39.5%. Á sama árabili jókst neysla á Íslandi um 26.1%.

4. Félagsmálaráðherra Svía segir m. a. um það mál: „Ég er eindregið þeirrar skoðunar að á nýliðnu tíu ára tímabili milliöls í Svíþjóð hafi grunnur verið lagður að drykkjusýki sem brátt muni valda miklum vanda."

5. Gunnar Ågren í Stokkhólmi, doktor í félagslækningum, segir nýlega í blaðaviðtali að hörmulegar afleiðingar barna- og unglingadrykkjunnar á milliölsáratugnum séu nú að koma í ljós. Afleiðingar öldrykkjunnar, segir dr. Gunnar, eru einkum heilaskemmdir. Þær gerast nú miklu tíðari meðal fólks á þrítugsaldri en verið hefur, einkum þó meðal þeirra sem komnir eru undir þrítugt. Einkennin eru minnisleysi og ýmsar taugatruflanir. Liframein, skorpulifur, flogaveiki koma nú oftar fyrir í þessum aldursflokkum en fyrr. Svíar sjá þó fram á betri tíð að áliti dr. Gunnars seinna en áður var og munu þessar hörmungar væntanlega ganga yfir á álíka mörgum árum og milliölsdrykkjan stóð. Dr. Gunnar telur að til að draga svo úr tjóni að um muni af völdum drykkju þurfi að koma til auknar hömlur á dreifingu þessa vímuefnis og jafnvel skráning áfengiskaupa á nafn.

6. Í Finnlandi var sala áfengs öls gefin frjáls 1968. Þá var áfengisneysla Finna minni en annarra norrænna þjóða að Íslendingum undanskildum. Eftir að sala áfengs öls hófst hefur keyrt um þverbak í drykkju þar í landi. Nú drekka Danir einir Norðurlandaþjóða meira áfengi en Finnar. Margir telja drykkjuvenjum Finna svipa að ýmsu leyti til drykkjusiða Íslendinga.

7. Á tímabilinu frá 1969—1974 jókst áfengisneysla Finna um 52.4%. Á sama tíma jókst neysla hérlendis um 35% og þótti mörgum nóg.

8. Þegar sala áfengs öls hafði verið leyfð í rúm tvö ár í Finnlandi hafði ofbeldisglæpum og árásum fjölgað um 51% og hinum alvarlegustu þeirra glæpa, morðum, um 61.1%.

9. Danir eru mestir bjórdrykkjumenn meðal norrænna þjóða. Þar eykst og neysla sterkra drykkja jafnt og þétt. Þeir drekka allt að þrisvar sinnum meira en Íslendingar. Þar er öldrykkjan ekki einungis vandamál á fjölmörgum vinnustöðum heldur einnig í skólum. Ofneysla bjórs er algeng meðal barna þar í landi og ofdrykkja skólabarna stórfellt vandamál. Meðalaldur við upphaf áfengisneyslu mun u. þ. b. fjórum árum lægri en hérlendis. Í helmingi sjúkrahúsa í Kaupmannahöfn og á Norður-Sjálandi er fólk sem þangað er komið

vegna drykkju." — Ég hélt reyndar að menn vissu að það væru nógu margir á sjúkrahúsum hér vegna drykkju þó ætti ekki að bæta þar enn við. —

„10. Skv. nýrri könnun 1983, sem Samband amtráða í Danmörku hefur gengist fyrir, kemur í ljós að meðalaldur neytenda kannabisefna hefur farið hækkandi undanfarin ár eða úr 18—19 árum 1970 í 25—26 ár nú. Við hefur tekið meðal unglinga misnotkun á áfengu öli og pillum og virðist slík ofneysla nú nánast faraldur og að ýmsu leyti jafnvel erfiðari viðfangs en kannabisneysla.

11. Við rannsókn, sem gerð var 1983 og danskur geðlæknir stóð fyrir, kom í ljós að danskir unglingar drekka nú meira en nokkru sinni fyrr. Ekki er óvanalegt að 14—15 ára börn drekki heila brennivínsflösku á dag, oft ásamt sterkum taugalyfjum. Niðurstaðan veldur sérfræðingum þungum áhyggjum. Þeir gera af þessum sökum ráð fyrir að 10% úr hverjum aldursflokki muni verða fyrir alvarlegum heilaskemmdum.

12. 1966—1982 jókst áfengisneysla Íslendinga um 34.7% en Dana" — hvað haldið þið að það sé? „98%, Finna" — ölsala frjáls 1969 — „um hvorki meira né minna en 146.2%."— Ætli hv. nm. hafi nokkuð haft fyrir því að lesa þessa skýrslu? (Gripið fram í.)

„13. Vestur-Þjóðverjar ásamt Tékkum neyta meira bjórs en aðrar þjóðir í Evrópu. Þar jókst heildarneysla áfengis á árunum 1950—1967 um 196%. Á sama tíma jókst neysla hérlendis um 70% og þótti nú flestum nóg.

14. Þýska blaðið„ — ég get nú varla lesið þetta — „sem vart verður vænt um bindindisáróður, helgar nýlega drykkjusýki unglinga forsíðu og verulegan hluta eins tölublaðs. Háskólarnir í Hamborg og Frankfurt rannsökuðu fyrir nokkrum árum áfengisneyslu ökumanna og ölvun við akstur í Þýskalandi. Rannsóknin leiddi í ljós að aðalskaðvaldurin er bjórinn en um helming allra óhappa á vegunum mátti rekja til hans. Ef við bætast þau tilfelli þar sem bjór var drukkinn með víni og sterkari drykkjum hækkaði hlutfallið í 75%.

16. Í Belgíu eru yfir 70% alls áfengis sem neytt er sterkt öl. Þar eru u. þ. b. 95% allra drykkjusjúklinga öldrykkjumenn, menn sem drekka ekki aðra áfenga drykki en öl." — Hvað segir þetta okkur?

„17. Formaður samtaka æskulýðsheimilaforstjóra í Stokkhólmi segir: Öldrykkja er mesta og alvarlegasta vandamál æskulýðsheimilanna. Auðveldara hefur verið að fást við vandamál af völdum ólöglegra fíkniefna.

18. Vitað er að unglingar og börn hefja áfengisneyslu oft og tíðum með öldrykkju. Hún veldur m. a. því hveru margir unglingar og jafnvel börn þjást af drykkjusýki í ölneyslulöndum.

19. Aðgát sú, sem sjálfsögð þykir gagnvart sterkara áfengi, nær síður til ölsins. Það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukna hættu á áfengisneyslu unglinga og jafnvel barna. Sú hefur orðið raunin á í löndum sem leyfa bruggun og sölu á áfengu öli. Þar um má t. d. vitna til reynslu Þuríðar Jónsdóttur félagsráðgjafa úr starfi hennar í Halifax í Kanada. Í Halifax leitaði yngra fólk hjálpar en hér vegna vímugjafaneyslu árum saman. Þar var um tvær tegundir að ræða, áfengt öl og hass.

20. Félmrh. Breta gerði í ræðu á árinu 1977 harða hríð að drykkjusiðum þar í landi að bjórkrám. Kvað hann krárnar oft sveipaðar rómantískum ljóma fyrir sjónum þeirra sem lítt þekktu til. Hann benti á að á s. l. 20 árum hefði ölneysla aukist um 50%. Neysla sterkra drykkja hefði hins vegar þrefaldast á sama tíma og neysla léttra vína fjórfaldast. Á sama tíma og neysla sterkra drykkja eykst um 54% á Íslandi eykst hún um 300%, eða tæplega sex sinnum meira en hér, í Englandi og búa þeir þó síður en svo við skort á bjórkrám eða áfengu öli." — Hvað segir þetta okkur? (**Forseti:** Klukkan er nú ellefu og það var ætlun forseta að nú lyki fundinum. Ef hv. þm. hefur ekki lokið ræðu sinni —) Ég hef ekki lokið ræðu minni. (**Forseti:** Þá tekur hann upp þráðinn á næsta fundi eða næst þegar þetta mál verður tekið fyrir.) Það er sjálfsagt. [Frh.]

Umr. frestað.

Neðri deild, 67. fundur.

Föstudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 844 (sbr. 684)). —1. umr.

Ingvar Gíslason: Mál það, sem hér er nú tekið til 1. umr., er hingað komið frá hv. Ed. og eins og menn sjá er um að ræða allmikinn lagabálk, ef að lögum verður. Greinar frv. eru samtals 70, skipt í sex kafla. Umræður í hv. Ed. urðu allnokkrar um frv. og fáeinar brtt. komu fram við það. Hins vegar voru sáralitlar breytingar gerðar á frv. í meðförum hv. Ed., þ. e. aðeins við 28. og 32. gr. sem naumast geta talist efnismiklar breytingar. Þær breyta í engu þeirri meginstefnu sem frv. felur í sér og eins og það var úr garði gert af hálfu þeirrar nefndar sem samdi frv.

Ég vil því leggja áherslu á í upphafi 1. umr. um málið að þótt þessar smábreytingar hafi verið gerðar er frv. að anda og efni óbreytt eins og þingskapalaganefnd gekk frá því. Ég verð því að álíta að mikil samstaða sé meðal þm. og þingflokka um þetta mál. Vona ég að þetta álit mitt standist dóm reynslunnar hér í hv. Nd.

Reyndar þarf engan að undra þótt þetta frv. eigi góðu fylgi að fagna á hv. Alþingi þar sem aðdragandi þess og undirbúningur hefur byggst á mjög breiðum pólitískum grundvelli. Frv. var samið af milliþinganefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka og allt starfandi alþm. sem í nefndinni sátu.

Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv. varð samkomulag um það á síðasta reglulegu Alþingi milli forseta Alþingis og formanna þingflokka að leggja til að níu manna nefnd alþm. yrði falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp. Var í því samkomulagi gert ráð fyrir að aðalforsetar þingsins, þrír, sætu í nefndinni ásamt einum fulltrúa frá hverjum þingflokki. Var flutt till. til þál. um þetta efni og var hún samþykkt í Alþingi 15. des. 1983. Samkvæmt þessari þál. kaus Alþingi sex alþm. í nefndina auk þingforsetanna þriggja. Skipuðu nefndina eftirtaldir alþm.:

Þorv. Garðar Kristjánsson, forseti Sþ.,
Salome Þorkelsdóttir, forseti Ed.,
Ingvar Gíslason, forseti Nd.,
Helgi Seljan, fulltrúi Alþb.,
Eiður Guðnason, fulltrúi Alþfl.,
Stefán Benediktsson, fulltrúi BJ,

Ólafur Jóhannesson, fulltrúi Framsfl.,
Kristín Halldórsdóttir, fulltrúi SK og
Friðjón Þórðarson frá Sjálfstfl.

Samtals níu nefndarmenn, fimm úr hópi fylgismanna ríkisstjórnar og fjórir stjórnarandstæðingar. Við andlát Ólafs Jóhannessonar tók Páll Pétursson sæti hans.

Formaður nefndarinnar var Þorv. Garðar Kristjánsson, varaformaður Ingvar Gíslason og ritari Helgi Seljan. Starfsmaður nefndarinnar var Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri Alþingis. Alls hélt nefndin 21 eða 22 bókaða fundi að ég ætla. Árangurinn af starfi nefndarinnar var frv. það til þingskapalaga sem lagt var fyrir Ed. Alþingis í síðasta mánuði og hefur nú borist þessari hv. þd. til meðferðar. Flm. frv. eru þeir nm. úr þingskapanefnd sem sæti eiga í Ed., þ. e. Þorv. Garðar Kristjánsson, Salome Þorkelsdóttir, Helgi Seljan, Eiður Guðnason og Stefán Benediktsson. Að sjálfsögðu eiga þeir nm. sem sæti eiga í Nd. hlut að flutningi málsins þótt með óbeinum hætti sé af formsástæðum.

Ekki fer milli mála að þingskapanefndin starfaði vel undir góðri stjórn forseta Sþ. Framan af nefndarstarfinu var lögð áhersla á almennar umræður um þingsköpin þar sem nm. lýstu skoðunum sínum og viðhorfum. Voru þær umræður afar gagnlegar, enda komu fram flest þau sjónarmið sem ætla má að uppi séu um kosti og galla gildandi þingskapa. Ítarlegar umræður um almenn viðhorf í þingskapamálum, þ. e. á skipulagi þingsins, urðu strax til þess að fækka álitaefnum og ágreiningsatriðum sem að sjálfsögðu komu fyrir þótt ekki væri það í sérstaklega ríkum mæli. Og því meira sem álitaefnin voru rædd í sambandi við nákvæma yfirferð hverrar einustu greinar gildandi þingskapalaga fækkaði ágreiningsefnum og álitaefnum að sama skapi og lauk með því að nefndin stóð einhuga að samningu frv. og lagði sameiginlega til að það yrði lagt fyrir Alþingi í þeirri gerð sem nefndin hafði gengið frá því.

Nefndin varð snemma sammála um eitt atriði sem e. t. v. er fremur formsatriði en efnisatriði, en það var að flytja, ef svo má taka til orða, „sjálfstætt" frv. til þingskapa, þ. e. að flytja ekki frv. til breytinga á gildandi þingskapalögum, þ. e. lögum nr. 15/1936, eins og alloft hefur verið gert. Þótt því fari fjarri að um einhvers konar gerbreytingu sé að ræða á gildandi þingskapalögum er víst að hér er um víðtækari endurskoðun á þingsköpum að ræða en átt hefur sér stað s. l. 48 ár. En leyfist mér, herra forseti, að leggja áherslu á að hér er um endurskoðun á þingsköpum að ræða en ekki grundvallarbreytingu á þeim. Það skýrir að vísu ekki málið að fullu, en sýnir þó að sínu leyti það, sem ég er að segja, að greinatala þessa frv. er hin sama og í gildandi lögum, þ. e. 70 greinar, og kaflaskipting og kaflaheiti eru hin sömu í lögunum og frv. Mér telst svo til að af þessum 70 greinum séu 35, eða helmingur greinanna, óbreyttar að efni miðað við lögin. En það merkir auðvitað, og skal það ekkert undan dregið, að 35 lagagreinum er breytt meira eða minna þannig að efni og orðalag er ekki hið sama og í gildandi lögum. En ástæðan til þessara mörgu breytinga og á það vil ég leggja mikla áherslu er það mat þingskapanefndarinnar að ýmis þróun í tímans rás geri slíkar breytingar ýmist eðlilegar ef ekki beinlínis nauðsynlegar.

Er óhætt að fullyrða að nefndin vann ekki eftir því óæskilega boðorði að breyta breytinganna vegna. Þvert á móti kom það skýrt fram í nefndarstarfinu að nefndarmenn vildu viðhalda þinghefðum og öllu því sem vel hefur reynst í starfi þingsins s. l. 140 ár frá því að Alþingi var endurreist og tók að starfa sem þjóðkjörið þing í nútímaskilningi að segja má. Alþingi voru að vísu ekki sett formleg þingskapalög fyrr en árið 1876, tveimur árum eftir að þinginu var breytt úr ráðgjafarþingi í löggjafarsamkomu. En það er fróðlegt að minnast þess að þingmenn þess tíma voru ekki í vandræðum með að finna nafn á starfsreglur þingsins og kalla þingsköp, en ekki einhverju öðru flatneskjulegra nafni. Starfsreglur og starfsskipulag hins forna Alþingis Íslendinga hétu þingsköp og í Grágás heitir einn kaflinn þingskapabálkur og þar er um að ræða þingskapalög þess tíma. Orðið sköp merkir hér skipulag og er skylt sögnunum að skapa og að skipa. Í forn-norskum lögum, en frá Norðmönnum höfðu Íslendingar þinghefðir, er að finna orðin þingskipan og þingskipunarbálkur, sem eru, næstum að segja, nútímalegri og gagnsærri orð en þingsköp þó við viljum síst skipti á þessum orðum og allra síst við sem sátum í þingskapanefnd og eigum það sameiginlegt að vera fastheldnir á hefðir og ekki breytingagjörn nema nauðsyn krefji.

Það er staðreynd að þrátt fyrir allvíðtækar breytingar sem gerðar voru á þingskapalögum 1915 og aftur 1936 eru þingskapalögin frá 1976 meginstofninn í gildandi þingsköpum og verða svo áfram eftir að þetta frv. tekur lagagildi, ef það tekur gildi sem lög.

Ég mun nú leitast við að gera nokkra grein fyrir hinum veigamestu breytingum eða nýmælum sem þetta frv. hefur að geyma. Geta breytingar þessar ýmist verið efnisbreytingar eða formbreytingar. Meðal þeirra breytinga, sem vert er að minnast sérstaklega á, nefni ég eftirfarandi:

„1. Stjórn þingsins er efld með skipulegum og markvissum vinnubrögðum. Að þessu lúta ákvæði um hlutverk forseta þingsins og ákvæði um verkefni fastanefnda þingsins, svo og ákvæði í 18. gr. og í 28. gr. sem stuðla að því að þingmálum sé útbýtt tímanlega svo að meðferð mála verði dreift sem jafnast á þingtímann.

2. Fjölgað er fastanefndum í Sþ. með því að gera þar ráð fyrir félagsmálanefnd og þau ákvæði er að finna í 15. gr. þessa frv.

3. Settar eru reglur um hnitmiðaðri meðferð þáltill. en verið hefur. Stuðlað er að því að till. til þál. verði aðeins bornar fram í Sþ. Tvær umræður þarf um allar þáltill. til þess að þær nái samþykki til fullnaðar. Tímalengd fyrri umr. er takmörkuð nema um sé að ræða tillögur um tiltekin mikilvæg mál. Reglur þessar miða að því að meira ráðrúm gefist til eiginlegra löggjafarstarfa í þingdeildum.

4. Breytt er reglum um fsp. þannig að umræðan er bundin má segja einungis við fyrirspyrjanda og viðkomandi ráðherra og ræðutími styttur. Með þessu er komið í veg fyrir að almenn umræða drepi á dreif sjálfri fsp. og tilgangi fyrirspyrjanda með henni. Jafnframt gefur þetta meira svigrúm til löggjafarstarfa þingsins með því að umfang fsp. í þingstörfum minnkar.

5. Sett eru ákvæði um umræður utan dagskrár, en um það efni hefur ekkert verið að finna í þingsköpum þótt umræður utan dagskrár eigi sér orðið mjög langa hefð, og mun ég koma nánar að þessu atriði hér á eftir.

Þær breytingar í frv. sem eru fólgnar í lögfestingu á venjum sem fylgt hefur verið í framkvæmd eru annars af ýmsum toga spunnar, t. d. það að varamaður sem gerist

aðalmaður tekur sæti í þeirri þd. sem sá sat í sem hvarf af þingi. Fjvn. er heimilað að skipa undirnefnd til starfa í sérstökum verkefnum milli þinga. Þetta hefur verið svo í reynd nú um nokkuð mörg ár. Munnleg skýrsla ráðherra til Alþingis er heimiluð ef ekki verður komið við að prenta skýrslu eða ekki þykir ástæða til. Kveðið er á um málsmeðferð ef þm. forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður taki sæti hans á meðan. Fram er tekið að hvort heldur Sþ. eða þd. megi vísa máli til ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Ef fram kemur ósk um nafnakall er ákveðið að við henni skuli orðið. Allt eru þetta eðlilegar breytingar, eins konar leiðréttingar eða úrbætur sem varla geta orðið deiluefni.

Þau ákvæði frv., sem fela í sér umorðun eða formbreytingu á gildandi þingsköpum án efnisbreytinga, er að finna á víð og dreif í frv. Þar er að nefna t. d. hlutverk forseta við framkvæmdastjórn Alþingis og skipan og verkefni skrifstofustjóra Alþingis. Því orðalagi sem var eða er nú í gildandi lögum er gerð tillaga um að breyta verulega, enda kom í ljós við yfirlestur þess kafla þingskapanna að flest af því sem þar stendur er ákaflega úrelt að orðalagi og erfitt að festa það öllu lengur í lögum. Og þá er kaflinn um útvarpsumræðu að miklu leyti umorðaður án þess að þar sé um eiginlegar efnisbreytingar að ræða.

Ákvæði gildandi þingskapa, sem felld eru niður í frv. þessu, varða ýmis efni. T. d. eru vinnunefndir svokallaðar lagðar niður, þær hafa aldrei verið virkar, en í vinnunefndum eru formenn nefnda og þessar vinnunefndir hafa í áranna rás ekki sýnt að þær hafi mikið praktískt gildi. Óhlutbundin kosning í nefndir er afnumin. Felld er niður 29. gr. gildandi þingskapa um ávarp þd. eða Sþ. til forseta lýðveldisins, en að sjálfsögðu standa ákvæði 38. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni óhögguð. Okkur þótti óþarfi að taka þetta ákvæði beint úr stjórnarskránni inn í þingsköpin eins og nú er. Slíkt er auðvitað alger óþarfi og varla viðeigandi. Felld eru niður ákvæði sem lúta að því að taka mál út af dagskrá og fá mál tekin á dagskrá.

Af þessari upptalningu má sjá að víða er komið við í breytingum frá gildandi lögum, en ég legg enn áherslu á að í engu tilfelli er ráðist í breytingar að ástæðulausu. Nefndin hefur að sjálfsögðu gild rök fyrir brtt. sínum og telur sig síst af öllu vera að breyta megingrundvelli gildandi þingskapa, hvað þá því meginmarkmiði sem þingsköp hafa, en það er:

1. Að búa þinginu almennt það skipulag og slík starfsskilyrði að það sé fært um að sinna hlutverki sínu sem löggjafarsamkoma.

2. Að tryggja þingmönnum málfrelsi og önnur lýðræðisleg réttindi, og eru þá ekki síst höfð í huga lýðræðisleg réttindi minni hluta þingsins eða stjórnarandstöðu og einstakra þm.

3. Að sjá til þess að meirihlutavilji þingsins sé virtur í samræmi við meginreglur lýðræðisins sem virks stjórnarforms.

4. Að treysta virðingu þingsins og góða reglu með skipulagsbundinni fundarstjórn.

Ekki er ég í vafa um að öllum þessum meginmarkmiðum þingskapa er fullnægt með ákvæðum þessa frv. sem hér er til umræðu. Þetta frv. miðar að því að treysta skipulag þingsins og stjórn þess. Það tryggir þm. málfrelsi og möguleika til þess að lýsa skoðunum sínum og fylgja þeim eftir með þingræðislegum hætti. Frv. virðir rétt minni hluta og tryggir meiri hlutanum það vald sem lýðræðislegt stjórnarform gerir ráð fyrir. Þetta frv. hefur að geyma ákvæði sem treysta virðingu þingsins og tryggja góða reglu á þingfundum. Og reyndar á ég ekki von á að neinn beri brigður á þessar skoðanir mínar og kannske óþarfi að telja það svo nákvæmlega upp.

Þó er ekki því að leyna að í Ed. kom sú skoðun fram hjá einum hv. þm. að með þessu frv. væri verið að skerða málfrelsi þm. Einn þm. af 20 hélt fram slíkri skoðun. Ekki hafði þessi hv. þm. mikinn hljómgrunn fyrir þessa skoðun sína, næstum engan held ég, og ég vona að hv. þm. Nd. átti sig á að hér er um mikinn misskilning að ræða. Satt er það að finna má í þessu frv. ákvæði um hraðari meðferð og afgreiðslu þáltill. og fsp. en nú tíðkast. Í því sambandi, þ. e. til þess að tryggja sem skjótasta afgreiðslu mála, er gert ráð fyrir að þm. temji sér knappan og hnitmiðaðan ræðustíl sem er sérstakt ræðuform og síst áhrifaminna né minna metið af smekkmönnum á mál og stíl en maraþonræður og linnulausar málskrafstölur þar sem kjarni máls týnist í endurtekningum og stagli um aukaatriði. Það er ekki eðlileg lýðræðisást sem knýr menn til að flytja langar ræður og þeir sem aðhyllast stutt og hnitmiðað ræðuform eru ekki fyrir þá sök andstæðingar lýðræðis. Síður en svo. Einar Þveræingur og Abraham Lincoln voru ekki minni ræðusnillingar en Adolf Hitler né að þeim skytist fremur í réttsýni en honum. Einar Þveræingur og Abraham Lincoln tömdu sér gagnorðan ræðustíl, en Adolf Hitler flutti langlokur. Ræður Einars Þveræings og Abrahams Lincolns skírskota til lýðræðissinna og þeirra, sem frelsi unna, og þær lesa menn upp aftur og aftur, kynslóð eftir kynslóð, en ræður Adolfs Hitlers ná einskis manns eyrum nú á dögum.

Það er því alls ekki sjálfgefið að verið sé að fara inn á braut takmörkunar á málfrelsi þegar settar eru reglur um sérstaka meðferð tiltekinna þingmála, í þessu tilfelli fsp. og sumra þáltill., því að þessar fyrirhuguðu breytingar eiga ekki að ná til allra þáltill., þ. e. ekki þeirra sem fjalla um stjórnskipun, utanríkis- og varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasamninga eða milliríkjasamninga. Hvað fsp. varðar tekur breytingin til þess, að umræðan yrði fyrst og fremst bundin við fyrirspyrjanda og þann ráðherra sem hlut á að máli, en ekki gert ráð fyrir almennum umræðum um fsp. og þó með þeim fyrirvara að hver þm. getur gert stutta athugasemd ef honum þykir ómaklega að sér vikið eða öðrum mönnum eða efnisatriðum málsins ekki gerð rétt skil. Hér er því ekkert tilefni til þess að tala um höft á málfrelsi og satt að segja undarlegt að slíkri ásökun skuli vera hreyft. Ég held þvert á móti að það mundi gefa fsp. og fyrirspurnatímum Alþingis aukið gildi ef þessar fyrirhuguðu breytingar næðu fram að ganga.

Ég vík þá aftur að þeim breytingum sem ráðgerðar eru varðandi lengd ræðutíma í sambandi við þáltill. Þar hlýt ég að leggja áherslu á að sú takmörkun ræðutíma sem tillaga er um á eingöngu við tilteknar þáltill. og auk þess er takmörkunin aðeins bundin við fyrri umr. um viðkomandi mál. Það eru engar tímatakmarkanir við síðari umr. mála. Og eins og ég var að enda við að segja ná þessar tímatakmarkanir ekki til tillagna sem fjalla um stjórnskipun, utanríkis- og varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasamninga og milliríkjasamninga.

Takmörkun ræðutímans í sambandi við þáltill. er sú

að frsm. till. hefur skv. þessum ákvæðum í frv. 15 mínútur til framsögu við fyrri umr. og má tala tvisvar, þ. e. samtals 30 mínútur. Aðrir þm. hafa 8 mínútur til umráða í þessu tilfelli og mega þeir einnig tala tvisvar, samtals 16 mínútur. Ráðherrar hafa sama tíma og aðrir þm., þ. e. 2 × 8 mínútur. Ég vil geta þess til fróðleiks að það tók Abraham Lincoln um 3 mínútur að flytja Gettysborgarávarpið. Margir telja að ef hann hefði lengt það um helming mundu áhrif þess hafa minnkað um helming. Ég spyr hv. þdm.: Er ástæða til að tala um að verið sé að þrengja málfrelsi manna þótt nauðsyn nútímaþinghalds krefjist þess að menn temji sér gagnorðan ræðustíl í einstöku falli?

Og leyfist mér, herra forseti, að minna á og undirstrika sérstaklega að reglur um meðferð lagafrumvarpa eru með öllu óbreyttar frá því sem gildandi lög ákveða. Þar er ekki stafkrók breytt. Þar gildir enn sú almenna regla að ekki eru settar neinar hömlur á ræðutíma.

Ég vona því, herra forseti, að þó að einn hv. þm. í Ed. hafi hreyft athugasemdum um fyrirhugaðar tímatakmarkanir í sambandi við vissar þáltill. og fsp. átti menn sig á ástæðum þess að þessar tillögur eru gerðar og geri sér grein fyrir að hér er ekki um neina skerðingu á tjáningarfrelsi að ræða. Sá, sem slíku heldur fram, fer með ansi miklar öfgar að mínum dómi. Tilgangurinn með þessum breytingum er að gera þingstörfin skjótari og skilvirkari, að ekki sé beinlínis sagt að verið sé að lyfta þinginu, einkum umræðum í Sþ., upp úr þeirri lægð þreytu og leiðinda sem þingið er fallið í svo að afleiðingar þess liggja á mörgum þm. eins og mara. Málþófið í Sþ. er farið að orka lamandi á fjölda þm., þeir hafa hvorki sálar- né líkamsþrek til að sitja undir slíkum ósköpum og telja sér ekki skylt að þola þá nauð sem það er að hlusta endalaust á misjafnlega vel fluttar maraþonræður eða sviðsettar umræður um einhvern hégóma sem þeir vilja ekki hafa sérstök afskipti af og telja sig auk þess hafa rétt til að bregðast við með þögn og afskiptaleysi, jafnvel fjarvistum. Ég held að þingflokkar og einstakir þm. ættu að bregðast við þeirri hættu að Alþingi breytist í „málskrafssamkundu", svo notað sé orð núverandi forseta sameinaðs Alþingis, með því að virða og skilja þær reglur sem þingskapanefnd hefur orðið ásátt um að leggja fyrir þingið sem endurbætur á gildandi þingskapalögum.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, þá ætla ég að víkja að eftirtektarverðu nýmæli sem boðað er í þessu frv. og aðeins hefur verið minnst á áður. Ég leyfi mér að nefna ákvæði 32. gr. um umræður utan dagskrár og ég leyfi mér að kalla það nýmæli vegna þess að þetta er í fyrsta skipti sem það er lagt til að lögfestur sé réttur þm. til þess að kveðja sér hljóðs utan dagskrár og taka upp mál fyrirvaralítið án þess að þau séu í venjulegum búningi þingmáls. Þessi réttur er nýmæli í lögum. Hitt er annað mál að umræður utan dagskrár hafa tíðkast um langa hríð og hafa öðlast sinn sess í starfsemi þingsins. Hér er því verið að lögfesta þingvenju og í því er nýmæli í 32. gr. 2. mgr. fólgið fyrst og fremst.

En nýmæli í 32. gr. eru þó ekki eingöngu formlegs eðlis, það er ekki aðeins verið að staðfesta viðtekna venju. Nýmælið snertir einnig efni þessa máls. Að mínum dómi er með 32. gr. verið að auka rétt þm. til að hreyfa máli utan dagskrár frá því sem nú er. Mér hefur verið sagt að einhver þm. í hv. Ed. hafi haldið því fram að í 32. gr. þessa frv. væru ákvæði sem skertu rétt þm. til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár. Ef það er satt, sem ég naumast trúi, að einhver þm. hafi látið slíka skoðun í ljós, þá er mér óskiljanlegt út frá hvaða forsendum hann gengur. Ég fæ ekki séð að 32. gr. frv. gefi tilefni til að halda því fram að verið sé að skerða rétt þm. þegar bæði er verið að lögfesta reglur um þennan rétt þm. og útvíkka réttinn. Eins og ég skil 32. gr. er hinum venjuhelgaða rétti fundinn lagastafur í 2. mgr. 32. gr. Það er verið að lögfesta rétt sem venjan hefur helgað og skilyrðin til þess að þm. geti neytt þessa réttar eru hugsuð þau sömu og gilt hafa í samskiptum forseta og þm. um þetta efni í áratugi. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja mikla áherslu á þennan skilning minn, ekki síst vegna þess að ég þykist gera mér góða grein fyrir gildi umræðna utan dagskrár og ég tel mig ekki í hópi þeirra sem hafa stundum haft við orð að umræður utan dagskrár hafi vaxið svo að þær eigi hlut að töfum eða hægagangi í þingstörfum. Þetta er að mínum dómi misskilningur. Utandagskrárumræður tefja þingstörf miklu minna en margir vilja vera láta. Hins vegar væri illa farið ef þetta lýðræðislega form yrði misnotað. Ég vona að aldrei þurfi til þess að koma. En þm. vita nú rétt sinn í þessu. Og ég tel það ekki skaða veg og virðingu þingsins þótt viðkomandi forseta sé ætlað að hafa nokkurt tilsjónarvald um framkvæmd þessa réttar þm., enda hefur svo ætíð verið og ekki komið að sök. Ofríki forseta er enginn meginkvilli í starfsháttum Alþingis. Yfirleitt held ég að auðvelt sé að hræra þá menn til sanngirni sem veljast til að vera forsetar og reyndar vil ég ganga svo langt að halda því fram að í þingsköpum eigi beinlínis að ganga út frá því að forsetar þekki skyldur sínar sem vörslumenn lýðræðislegra réttinda og þinglegrar hegðunar.

Og nú vil ég, herra forseti, beina athygli hv. þm. sérstaklega að fyrri málsgr. 32. gr. frv. Ef það er svo að síðari málsgreinin sé aðeins lögfesting á viðtekinni þingvenju, þá er alveg víst að í fyrri málsgr. 32. gr. felst nýmæli sem ég tel að sé útvíkkun á rétti þm. til þess að taka upp mál utan dagskrár, eins konar viðbót við þann rétt sem þm. hafa haft samkvæmt venju í nokkra áratugi. Ef vel tekst til gæti þetta ákvæði hleypt fjöri í starfsemi sameinaðs Alþingis sem því miður líður fyrir langlokuræður og leiðindamas. Í þessari frvgr. er gert ráð fyrir því að á venjulegum fundartíma, þ. e. á dagtíma þingsins í Sþ., geti þm. tekið upp í örstuttu máli einhver þau málefni sem þeir vilja vekja sérstaka athygli á, hvort heldur í formi yfirlýsinga eða fyrirspurnar. Ræðutími er hugsaður mjög takmarkaður, 3 mínútur fyrir málshefjanda og 2 mínútur fyrir aðra þm. Þó má hver þm. tala tvisvar í slíkum umræðum. Þetta ákvæði er algert nýmæli og ætti að geta gefist vel, ef rétt er á haldið, og fjörga þingstörf.

Herra forseti. Ég mun nú láta þessu máli mínu lokið. Að sjálfsögðu legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. En jafnframt legg ég til, enda er um það samkomulag og það er sami háttur og var í Ed., að það verði kosin sérstök nefnd, níu manna nefnd, til þess að fjalla um þetta mál. Og ég held að með því þá sé unnt að tryggja að allir þingflokkar eigi fulltrúa í nefnd sem fjallar um þetta mál, því að ef málinu væri vísað til allshn., sem auðvitað kæmi til greina, þá stendur svo á að a. m. k. einn þingflokkurinn á þar ekki fulltrúa.

Ég vænti þess svo, herra forseti, að þegar þessari

umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og jafnframt verði tekið undir þá tillögu mína að kosin verði sérstök níu manna nefnd til að fjalla um frv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Út af þessu þingmáli, sem hér liggur fyrir, ætla ég ekki að setja á langar ræður og þannig að fylgja áskorunum hæstv. forseta deildarinnar, enda hef ég ekki haldið langar ræður í þessari deild, eins og hæstv. forseti veit, og ætla að takmarka mig hér við þau aðalatriði sem máli skipta, eins og venjulega er gert hér í hv. Nd. hvernig sem það er í Sþ., en mér skildist á hæstv. forseta að þar væri mikið mas eins og hann komst hér að orði áðan.

Ég legg áherslu á það í fyrsta lagi, herra forseti, hvað er mikilvægt að um svona mál ríki gott samkomulag og þegar ég tala um gott samkomulag held ég að það sé nauðsynlegt að skilgreina það þannig, að þingflokkarnir hafi fjallað um málið og í meginatriðum fellt sig við það áður en það er lagt fram. Það er alveg bersýnilegt af umr. í Ed., sem er nauðsynlegt fyrir Nd.-menn að lesa, að í Ed. var ágreiningur um þetta mál. Hv. 3. þm. Norðurl. v., þó að hann hafi aðeins einn rætt um þessi mál með þeim hætti sem hann gerði, á auðvitað sinn lýðræðislega rétt, að á hann sé hlustað og tillit sé tekið til hans. Við meðferð málsins í hv. Ed. lagði hann fram brtt. á þskj. 839 þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er mál svo mikilvægt að dómi þingflokks að þörf er meiri umræðna við 1. umr. málsins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. og skal þá tilkynna það forseta áður en umr. hefst. Gilda þá ekki tímamörk 3. mgr. Hver þingflokkur má þó aðeins nota sér þessa heimild þrisvar á hverju þingi."

Hérna er m. ö. o. verið að opna fyrir það að þingflokkur geti óskað eftir sérstakri umræðu um ákveðin mál þegar þingflokkurinn telur það brýnt og nauðsynlegt. Hér er sem sagt ekki verið að gera tillögu um það að kasta þessu verki þingskapanefndarinnar á dyr. Hér er verið að gera tillögu um að þær reglur sem þar er gert ráð fyrir séu undanþægar að því leytinu til að þingflokkarnir geti þarna borið fram ákveðna ósk um aðra meðferð. En 3. mgr. 28. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við fyrri umr. hefur flm. allt að 15 mínútum til framsögu fyrir till. og aðrir þm. og ráðh. allt að 5 mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umr. er lokið er leitað atkv. um hvort till. eigi að ganga til 2. umr. og nefndar."

Og síðan bætir hv. þm. Ragnar Arnalds við þessum setningum:

„Nú er mál svo mikilvægt að dómi þingflokks að þörf er meiri umræðna við 1. umr. málsins en gert er ráð fyrir í 3. mgr. og skal þá tilkynna það forseta áður en umr. hefst. Gilda þá ekki tímamörk 3. mgr. Hver þingflokkur má þó aðeins nota sér þessa heimild þrisvar á hverju þingi."

Ég tel að þessi till. hv. þm. Ragnars Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., sé tilraun til þess að tryggja betur en gert er í þessu frv. rétt stjórnarandstöðunnar og ég held að við hljótum öll að vera sammála um að það er mikilvægt að stjórnarandstaða hafi sem skýrast afmarkaðan rétt til þess að hafa áhrif á þingstörfin og þinghaldið því að það er ekkert lýðræði til án stjórnarandstöðu. Ég vil biðja hv. þingskapanefnd Nd., sem kosin verður, að taka tillit til þessara sjónarmiða. Hérna er ekkert verið að fara fram á að einhverjir menn megi flytja maraþonræður og mas um þáltill. og fsp. og utan dagskrár og ég veit ekki hvað og hvað. Hér er einfaldlega verið að gera tillögu um reglu sem auðveldar stjórnarandstöðu þátttöku í störfum þingsins án þess að það á neinn hátt þurfi að trufla eða tefja eðlilegan framgang þingmála. Ég varð satt að segja undrandi á því, miðað við það hve ég hef reynt hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson að mikilli sanngirni, með hve afdráttarlausum hætti hann lokaði á þessa till. hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég vil fara fram á það við hv. þm. Ingvar Gíslason, sem ég fyrir mitt leyti mundi treysta vel til þess að leiða þingskapanefndina í Nd. þegar hún verður kosin, eða hver sem það nú verður vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta þessarar deildar, að hann hugleiði hvort ekki er hægt að ná betra samkomulagi um málið hér í hv. Nd. en tókst í Ed. með því að hann beiti sér fyrir því að á einhvern hátt verði komið til móts við þau sjónarmið sem flutt eru í till. á þskj. 839.

Einnig vil ég ítreka, vegna þess að það er mjög mikilvægt upp á störf Alþingis framvegis, skilning forseta Nd., hv. þm. Ingvars Gíslasonar, á 32. gr. þessa frv. Hann segir: 2. mgr. frv. er staðfesting í lögum á þeirri almennu reglu sem gilt hefur. Og 1. mgr. frv. er viðbót við þann almenna rétt sem gilt hefur. Þess vegna segir hann: Það er því rangt, sem hv. þm. Ragnar Arnalds heldur fram, að með þessu sé verið að þrengja.

Ef hæstv. forsetar þingsins eru tilbúnir að taka undir þessa túlkun hæstv. forseta Nd. verð ég að segja að í þessu ákvæði getur verið um að ræða atriði sem er til verulegra bóta. Mér þótti vænt um þessa túlkun hæstv. forseta Nd. vegna þess hversu hún var afdráttarlaus í þessu efni, en ég spyr ítrekað um þetta til þess að þar fari, — a. m. k. í mínum huga og þá væntanlega þd. þegar hún skoðar þetta og þm., ekki á þessu þingi heldur síðar, þegar menn fara að ræða um þessi mál, — ekkert á milli mála að þarna sé verið að auka við hinn almenna rétt, 1. mgr. sé viðbót við þann rétt sem menn hafa haft hér í 100 ár, allan þann tíma svo að segja sem Alþingi hefur starfað, þegar utandagskrárumr. hafa verið í gangi án þess að um þær hafi verið nein sérstök lagaákvæði, heldur hafa myndast um þær mjög afdráttarlausar hefðir.

Ég vil einnig segja í tilefni af þessu, herra forseti, að ég hefði talið æskilegt að það hefði eitthvað verið tekið á starfsemi deildanna og nefndanna. Þetta er ekki nógu gott í Sþ. og það er gott að setja þar ákveðnar reglur, en reglur mega ekki vera þannig að þær séu á kostnað lýðræðisins. En það er gott að setja reglur.

En ég verð að segja að mér hefur fundist að vinnubrögð nefnda hér í deildum Alþingis séu satt að segja alveg með endemum á köflum. Ég leyfi mér að segja það. Það er legið með mál, mánuðum saman jafnvel, án þess að senda þau til umsagnar og málin eru ekki tekin til meðferðar í nefndum. Forsetum þingsins er engin grein gerð fyrir málunum né öðrum aðilum eða þm., ekki einu sinni flm. sem væri kannske eðlilegt að gera grein fyrir stöðu mála. Þetta þýðir aðhaldsleysi og agaleysi í meðförum þingsins á málum yfirleitt. Ég held að í þingskapalögum hefðu mátt vera ákvæði með reglum um skil nefnda og vinnubrögð nefnda, hversu lengi á þingnefnd að vera með mál og hvenær á hún að gera forseta grein fyrir máli og hvenær á hún að gera

þinginu grein fyrir máli. Ég er ekki að segja að þingnefndin þurfi að fella mál eða leggja til að það verði samþykkt, heldur að hún geri grein fyrir málinu. Hvað hefur hún gert í málinu? Að hvaða niðurstöðu hefur hún komist varðandi þetta mál? Hún hefur kannske komist að þeirri niðurstöðu að sóma Alþingis verði best borgið með því að málið komi aldrei inn í fundarsali þingsins á ný, það sé svo vitlaust og heimskulegt. Þá það. En það ætti að liggja fyrir bókuð niðurstaða í nefndinni um meðferð á málinu.

Ég er ekki að ætlast til þess að nefndir afgreiði með samþykki eða synjun öll mál sem til þeirra koma. Þetta er auðvitað þvílíkur haugur af málum að það er hætt við að það verði ólag á slíkum afgreiðslum svo að ég segi ekki meira. Ég hefði gjarnan getað hugsað mér að sjá einhverjar slíkar breytingar á þingsköpum.

Þá er annað smáatriði, en þó stórt, sem ég hefði getað hugsað mér að sjá gerða breytingu á í þingsköpum. Það er að það verði kveðið á um að atkvgr. um mál skuli fara fram þegar að umr. lokinni, á sama fundi, þannig að það sé ekki hægt að slíta í sundur umr., eins og nú er gert, aftur og aftur af því að menn nenna ekki að mæta við umr. og atkvgr.

Núverandi fyrirkomulag hefur það í för með sér að menn mæta ekki langtímum saman á þingfundi og það fara fram hér umræður dag eftir dag, viku eftir viku með álíka þátttöku í þingsalnum og nú er. Það er oft einn hæstv. ráðh. sem mætir, forseti og síðan þrír til fjórir þm. Og af hverju er þetta? Það er vegna þess að menn telja að það sé ekkert að gerast hér annað en tal og aftur tal, þeir þurfi ekki að sýna afstöðu sína og taka þátt í hinum lýðræðislegu störfum fyrr en að atkvgr. kemur. Svo er umr., eins og þetta stendur núna, lokið. Atkvgr. fer fram nokkrum dögum seinna. Þá koma þm. í salinn. Atkvæðavélar stjórnarliðsins dragnast hér inn ein af annarri, oft syfjaðar, þegar þessar umr. fara fram seint á kvöldum, til þess að greiða atkv., hengslast við það, en umræðan og skoðanaskiptin í þessum sal eru ekki til. Þetta er auðvitað til skammar. Það á að reyna að setja reglur um að hér sé um að ræða eðlilegar umræður og umræður eru ekki mónólóg. Umræða er skoðanaskipti. Ég mundi gráta það þurrum tárum þó að ég sæi að það væru takmarkaðar eitthvað ræður hér í deildunum, þær stæðu kannske í hálftíma að hámarki. Ég er ekki að gera kröfur um nein Gettysborgarávörp, eins og hæstv. forseti gerir, auðvitað embættisskyldu sinni samkvæmt. Hann á að gera miklar kröfur til þm. Ég er ekki að gera kröfur um slíkt, heldur að ræða sé takmörkuð við hálftíma eða 40 mínútur hér í deildunum. Ég held að það gæti mjög vel komið til greina að setja slíkar hömlur, það sé búið til agaðra andrúmsloft hér, eðlilegra vinnuandrúmsloft en tekst að skapa hér í deildunum. Ég þekki lítið til hv. Ed., en þetta á allavega við um hv. Nd.

Ég er ekki að biðja um svigrúm fyrir maraþonræður og mas. Ég er ekki að biðja um það. Það er þrekraun að þurfa að sitja undir því eins og hæstv. forseti benti hér á. Ég er ekki að biðja um svigrúm til slíks. Ég er að biðja um að það verði settar reglur þannig að hér sé um eðlileg lýðræðisleg skoðanaskipti að ræða, menn flytji rök með eða móti ákveðnum málum, því að ræða í þingi á að vera rök en ekki fyrst og fremst demagógía. Til þess að koma frá sér rökum þurfa menn ekki nema 30 í mesta lagi 40 mínútur, jafnvel þó að um sé að ræða gífurlega stór mál.

Ég fer sem sagt fram á það, herra forseti, um leið og ég vara við öllum tilraunum til að þrengja rétt stjórnarandstöðunnar og þar með lýðræðisins yfirleitt í þessum efnum, að menn hugleiði hvort ekki sé hægt að skapa hér vinnureglur sem veita þm. aðhald þannig að menn gegni sínum störfum, menn komist í það að lesa sína pappíra og menn hafi hér skoðanaskipti. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða úr þessum ræðustól, herra forseti, að það fari hér í gegn á hverju ári tugir mála sem fjöldi þm. hefur aldrei lesið. Ég leyfi mér að fullyrða að stundum sé svo slaklega unnið í nefndum þingsins að það séu afgreidd mál án þess að þau séu lesin frá orði til orðs. Ég fullyrði að það eru til dæmi um slíkt. Þetta gengur ekki. Vinnubrögð af þessu tagi ýta undir virðingarleysi fyrir þingræðinu og lýðræðinu, þetta kæruleysi og þessi trassaskapur við að sækja þingfundi og taka þátt í störfum þingsins með skikkanlegum hætti. Það má heita að sá maður sé að verða eins og sérvitringur í þessum þingsal sem heldur reiðu á málum og setur sig inn í mál og tekur með skikkanlegum hætti þátt í umr., vegna þess að það tíðkast ekki nú orðið, og ég fullyrði að á þeim 20 árum sem ég þekki til hér í þinginu frá því að ég sat hér uppi sem þingfréttaritari hefur orðið á þessu veruleg breyting til hins verra. Ég fer fram á það við hæstv. forseta Nd., sem er sanngjarn maður og hefur setið hér lengi, að hann íhugi hvaða starfsreglur er hægt að setja sem stuðli að agaðri, lýðræðislegri og um leið heiðarlegri vinnubrögðum og málefnalegri en nú eru tíðkuð hér á hv. Alþingi.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, og ég vænti þess að þetta mál fái eðlilegan framgang á þessu þingi. Það er mikið verk að breyta þingskapalögum og það er rétt að gera það með hóflegum hætti. Það á ekki að rasa þar að neinu. Menn eiga ekki að vera að steypa þar um öllum hlutum á stuttum tíma. Þingið er þannig stofnun að við eigum að umgangast hana af fullri tillitssemi og böðulsgangur yfir minni hluta, þó að lítill sé, á ekki að líðast hér. Það þarf að setja reglur sem tryggja að það sé ekki liðið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri, þegar rætt er frv. til l. um þingsköp Alþingis, til að ræða annað mál sem ég tel þó að falli tvímælalaust undir það og sé hluti af því málefni sem hér er til umr., en það er Alþingi sem vinnustaður, vinnutilhögun og starfsaðstaða hér á þinginu. Þau mál eru í höndum forseta og starfsmanna þingsins eins og annar daglegur rekstur þess og ég sé ekki að annar kostur gefist betri til að fjalla lítillega um þau mál en nú þegar til umræðu eru þingsköp Alþingis.

Sá sem hér talar hefur ekki áratuga reynslu af því að starfa hér, hvorki sem þm. né þingfréttaritari né annað slíkt. Þetta er mitt annað þing, herra forseti, og þar fyrir utan hafði ég sáralítil kynni af því sem hér fer fram. En stundum er sagt að glöggt sé gests augað og það er kannske ekki verra að einhver láti til sín heyra sem ekki er í hópi þeirra sem lengsta hafa starfsreynsluna hér. Það hefur a. m. k. ekki farið hjá því að ég hef nokkuð hugleitt þennan minn nýja vinnustað þau tæpu tvö ár sem ég hef hér starfað.

Eitt af því sem ég vildi gjarnan ræða, fyrir utan þá almennu starfsaðstöðu sem þm. og starfsfólk þingsins búa hér við, eru vinnubrögð og vinnuskipulag, t. a. m.

vinnubrögð þingnefnda og starfsaðstæður þingnefnda. Ég er þeirrar skoðunar að það standi störfum í þingnefndum fyrir þrifum að þær skuli ekki hafa á sínum snærum aðstoðarfólk eða fasta starfskrafta sem samræma og fylgja fram málum í viðkomandi n. Ég teldi það, herra forseti, lágmark að ráðnir yrðu til starfa hér á Alþingi til að byrja með tveir til fjórir menn sem skiptu á milli sín að aðstoða nokkrar þingnefndir hver og mætti þá, að mínu viti, koma í veg fyrir ýmislegt af því sem hv. 3. þm. Reykv. rakti í sinni ræðu og er síst til framdráttar greiðum störfum hv. Alþingis.

Ég tel að þetta mundi einnig auka sjálfstæði þingsins og auka sjálfstæði þingnefnda og gera þingnefndum kleift að skoða mál óháð þeim aðilum sem í upphafi hafa lagt til upplýsingar eða unnið mál upp í hendur þingsins. Það er iðulega svo, a. m. k. er það mín reynsla af störfum í þingnefndum, að sömu menn og gert hafa frv.-drög eða lagt til upplýsingar um mál eru kallaðir fyrir þingnefndir og hafa eðli málsins samkv. langmest áhrif á þá umfjöllun sem síðan verður í n. um viðkomandi mál. Þau störf sem önnum kafnir þm. geta ekki bætt á sig sjálfir lenda iðulega hjá slíkum aðstoðarmönnum sem kallaðir eru utan í frá til að ræða viðkomandi mál. Ég tel með öllu óeðlilegt að Alþingi sjálft og þm. sjálfir skuli ekki hafa á sínum vegum aðstoðarfólk til að sinna þessu verki.

Nú kann það vel að vera, herra forseti, að ýmsir telji það óþarft, jafnvel óæskilegt, að Alþingi sem slíkt auki sjálfstæði sitt og möguleika til óháðrar umfjöllunar með þessum hætti. Ýmsir munu eflaust telja að það sé hreinlega til óþurftar að þingið sem slíkt vinni að málunum með þessum hætti. Ég er á öndverðri skoðun, herra forseti, og ég tel það þingræðislega nauðsyn að Alþingi nái að auka sjálfstæði sitt og gera sjálft sig óháðara en það er því embættismannakerfi sem að verulegu leyti leggur mál upp í hendur þingsins.

Ég tel einnig, herra forseti, að starfsaðstaða einstakra þm. sé ekki nógu góð. Ég mundi telja það lágmark að ráðnir yrðu til starfa hér á Alþingi starfskraftar sem yrðu til persónulegrar aðstoðar einstökum þingmönnum. Til að byrja með mætti hugsa sér að ráðinn yrði ritari eða aðstoðarmaður í hálfu starfi handa hverjum þingmanni. Jafnvel væri hugsanlegt að tveir þm. sameinuðust um slíkan aðstoðarmann í hálfu starfi eða svo til að byrja með. Ég er þeirrar skoðunar um þetta og um starfsmenn þingnefnda, að fljótt kæmi í ljós að þörfin fyrir slíka starfsmenn er mikil og að þeim yrði þá bætt við á næstu árum og hver þingnefnd fengi sinn starfsmann eða því sem næst og hver þm. fengi sinn sérstaka aðstoðarmann.

Nú kunna ýmsir að gagnrýna þetta á þeim forsendum að hér sé verið að bæta við báknið og það sé síst til fyrirmyndar að Alþingi sjálfst standi að því að hlaða undir sjálft sig með þessum hætti. En ég bið menn að hugleiða það andartak og alveg sérstaklega ættu hæstv. forsetar þingsins að athuga hvað Alþingi er að segja um sjálft sig og um þau störf sem hér eru unnin með því að meta ekki þýðingu þeirra meir en svo og þörfina meira en svo að ekki standi t. a. m. einstökum þm. til boða þjónusta sem sérhverjum deildarstjóra eða yfirmanni í opinberum stofnunum yfirleitt stendur til boða. Og ég vil spyrja: Telja menn ekki að finna megi víða í hinu opinbera kerfi og eins í einkarekstri menn sem sinna störfum sem hvergi nálgast þau ábyrgðarstörf sem unnin eru af þm., en hafa þó næstum að segja á hverjum fingri aðstoðarmenn til að létta sér störfin?

Ég er persónulega alveg óhræddur við það, herra forseti, og ég vil að það komi fram að ég teldi það síst of í lagt þó að hverjum þm. stæði til boða aðstoðarmaður í fullu starfi. Einnig tel ég að í það minnsta hinar viðameiri þingnefndir ættu að hafa sinn sérstaka aðstoðarmann, helst sérfróðan um þau málefni sem þar eru til umfjöllunar. Einnig kæmi það til að þau tengsl sem hv. Alþingi hefur við ýmsar stofnanir og út í frá, út fyrir landsteinana, yrðu með þessum hætti miklu markvissari og þessir sérfróðu starfsmenn þingsins, t. a. m. sérstakir aðstoðarmenn utanrmn., gætu fylgt sendinefndum í þessum erindagerðum. Ég hef sjálfur farið á vegum hv. Alþingis í eina slíka sendiferð og það fór ekki fram hjá neinum að íslenska sendinefndin var nánast sú eina þar sem ekki hafði sérstaka aðstoðarmenn frá því þjóðþingi sem þar var að senda nefnd til starfa.

Ég held, herra forseti, að hv. Alþingi eigi síst allra að vanmeta þýðingu sína og starfa sinna í þjóðfélaginu með þessum hætti. Ég held þvert á móti að alþm. og hv. Alþingi eigi að búa við sem best starfsskilyrði, þau bestu sem hægt er að búa því, að sjálfsögðu innan hófsemdarmarka. Ég er hér ekki að tala um ástæðulaust bruðl að mínu mati, herra forseti. Ég held að víða sé fjármunum varið á gáleysislegri hátt en þann þó hv. Alþingi leggi til þess nokkurt fé að bæta starfsaðstöðu sína, létta starfsálag á það starfsfólk Alþingis sem hér er fyrir og vissulega líður fyrir þessa skipan mála og auka afköst og bæta markviss vinnubrögð hér á Alþingi.

Ég vil taka það sérstaklega fram, herra forseti, vegna þessara ummæla sem ég læt hér falla að ég er ekki að gagnrýna það ágæta starfsfólk sem hér vinnur og er alls góðs maklegt og vinnur að mínu viti ómetanleg störf við erfiðar aðstæður og leggur mikið af mörkum. Ég vil hins vegar gagnrýna hv. Alþingi sjálft fyrir að búa þessu fólki ekki þær starfsaðstæður sem skyldi og reyndar ekki sjálfu sér. Ég held að ekki sé hægt að slíta umræður um þingsköp úr tengslum við umræður um starfsaðstöðu og starfsfólk hv. Alþingis. Það sem að mínu mati stendur markvissum vinnubrögðum og eðlilegri starfsaðstöðu þingsins og einstakra þm. fyrir þrifum hér er óheppileg húsaskipan. Ég tel að hér vanti þjónustubyggingu sem hefur upp á að bjóða þá tæknilegu möguleika sem nútímatækni býður besta, eðlilega vinnuaðstöðu fyrir einstaka þm. og fyrir þingnefndir, nægjanlegt húsrými fyrir hvern þm. til að hafa við hendina sinn aðstoðarmann eða sína aðstoðarmenn og einnig við hendina aðstöðu fyrir minni fundi. Innan veggja þessarar byggingar þarf að sjálfsögðu að vera allur sá fjarskipta- og miðlunarbúnaður sem nútímatækni býður upp á, aðgangur að upplýsingum, bæði innan þings og tengsl við upplýsingabanka utan þings, og síðan hvers kyns samskiptatæki, símatæki, telextæki, tölvur, tölvusambönd o. s. frv.

Hér er, herra forseti, eins og okkur er báðum mætavel kunnugt, iðulega unninn langur vinnudagur. Þingnefndir hefja gjarnan störf að morgni og síðan taka við þingfundir og jafnvel kvöldfundir og iðulega er hér unnið fram á kvöld eða fram yfir miðnætti. Starfsfólk það sem vinnur til hliðar við þingsali og aðstoðar við störf þingsins tekur einnig á sig þennan langa vinnudag með hv. þm. Engu að síður er þannig búið að mönnum hér að hér er engin búningsaðstaða, hér eru engar

sturtur, hér eru engin hvíldarherbergi og hér er af engu tagi sá aðbúnaður sem ég tel að á vinnustað sem slíkum eigi að vera. Ég vil láta þetta koma fram hér, herra forseti. Það finnst eflaust einhverjum að hér sé hégómaskapur á ferðinni og hreyft ómerkilegu máli þegar rædd eru sjálf þingsköp Alþingis, en ég er þeirrar skoðunar að það sé Alþingi ekki sæmandi að búa á þann hátt að sjálfu sér og starfsfólki sínu sem gert hefur verið á undanförnum árum, í öllu falli sé ekki sæmandi að haga málum þannig áfram án þess að beita sér fyrir úrbótum. Ég tel að úr þessu þurfi að bæta hið snarasta að verulegu leyti eftir því sem hægt er og það sé ekki réttlætanlegt að bíða eftir einhverjum framtíðarúrbótum hvað varðar húsnæði og annað hér, a. m. k. hvað þetta síðasta áhrærir. Það er auðvelt að finna aðstöðu fyrir slíkt í húsum í nágrenninu sem þegar eru í eigu Alþingis.

Herra forseti. Ég vildi láta þessar aths. mínar koma hér fram. Ég hef leitt nokkuð hugann að þessum málum að undanförnu og ekki síst í tengslum við umræður og aths. sem iðulega heyrast, bæði hér innan veggja hv. Alþingis og ekki síður úti í þjóðfélaginu, um þverrandi virðingu þessarar stofnunar. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, og það skulu vera mín síðustu orð, að vegsemd og virðing Alþingis eigi fyrst og fremst að vera borin uppi og vaxa af störfum þess sjálfs, annað sé hégómi, það sé t. d. hégómi hvort þm. gegna skyldustörfum sínum dag frá degi í svörtum klæðisfötum eður ei. Störfin og vinnubrögðin og það sem eftir hv. Alþingi liggur eru þau kjarnaatriði sem eiga að vera aðalatriðin, og eins og ég segi: vegsemd og virðing Alþingis skal borin uppi af slíkum hlutum og engu öðru.

Herra forseti. Ég hef ekki miklar aths. við frv. þetta að öðru leyti að gera umfram þær sem hv. 3. þm. Reykv. kom á framfæri og ég tek undir í öllum aðalatriðum. Það er tímanna tákn að undir þessari umr. um þingsköp Alþingis, sem á að fjalla um starfsskilyrði, starfsmöguleika og starfhætti þingsins, skuli sitja þrír, fjórir og fimm þm. Það ætti kannske að vera okkur áminning um það hversu mikilvægt það er að á þessum málum verði tekið. Ég vil láta það koma fram að ég tel ótækt að þingskapanefnd ljúki svo störfum sínum og gangi svo frá þessum málum að ekki verði á einhvern hátt tekið á því vandamáli sem eru slælegar mætingar þm. og það virðingarleysi sem þeir sýna sjálfum sér og þeirri stöðu sem þeir hafa verið kosnir til með þeirri framkomu sinni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það eru ekki fleiri á mælendaskrá. Ég vil taka það fram að frsm. þessa máls á mjög óhægt um að taka þátt í umr. nú. En eigi að síður telur forseti rétt að ef ekki kveðja sér fleiri hljóðs verði þessari umr. lokið nú, en að frekari umræður verði og nánari við 2. umr. málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Meðferð opinberra mála, frv. 403. mál (þskj. 656). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Þann 8. febr. s. l. skipaði dómsmrh. nefnd til að gera tillögur um hraðari og skilvirkari meðferð skatta- og efnahagsbrota í dómskerfinu. Í nefndinni áttu sæti: Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, formaður, Þórður Björnsson ríkissaksóknari, Gunnlaugur Briem yfirsakadómari, Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri og Garðar Valdimarsson skattrannsóknastjóri. Ritari nefndarinnar var Þorsteinn A. Jónsson deildarstjóri. Var nefndinni gert að hraða störfum og skila áliti eigi síðar en 1. mars s. l.

Í fréttatilkynningu sem gefin var út 8. febrúar segir m. a.

„Að undanförnu hefur að tilhlutan dómsmrh. farið fram athugun á ferli skattsvika og efnahagsbrota í dómskerfinu allt frá því að kæra kemur fram um meint brot og þar til endanlegur dómur fellur. Ljóst er að mál af þessu tagi hafa í ýmsum tilvikum dregist meira en góðu hófi gegnir og liggja til þess ýmsar orsakir. Mál þessi eru mörg mjög flókin og umfangsmikil og reynir mjög á sérþekkingu, m. a. á skatta- og bókhaldslögum, við rannsókn, meðferð þeirra og úrlausn.

Fjöldi kæru- og sakamála af öllu tagi hefur farið vaxandi undanfarin ár og mikið vinnuálag er á þeim embættum sem um málin fjalla. Að mati dómsmrh. ber brýna nauðsyn til að meðferð skatta- og efnahagsbrota í dómskerfinu verði hraðað svo sem kostur er."

Starf nefndarinnar mótaðist af þeim skamma tíma sem hún hafði til stefnu og takmarkaði hún því tillögur sínar um hraðari meðferð mála við breytingar sem unnt er að láta þegar koma til framkvæmda. Nefndin ákvað að þeir nm. sem vinna beint við meðferð skatta- og efnahagsbrota settu á blað tillögur sínar og bárust nefndinni umsagnir þessara aðila sem hún tók síðan til ítarlegrar athugunar.

Helstu atriðin sem fram komu í umræðum nefndarinnar voru:

1. Nýlega lét Guðmundur Skaftason af starfi sem ráðunautur Rannsóknarlögreglu ríkisins í skatta- og efnahagsbrotum. Nauðsynlegt er að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðgang að sérfróðum manni á þessu sviði og hugsanlega geti hann einnig starfað í þágu ríkissaksóknara.

2. Fá mál vegna skattabrota ganga til dómstóla. Þeim hefur þó fjölgað að undanförnu. Flest eru afgreidd af ríkisskattanefnd. Í dag eru óafgreidd 10—12 skattamál á ýmsum stigum í dómskerfinu. Á árinu 1984 voru fimm mál send dómskerfinu vegna brota á skattalögum. Skattrannsóknastjóri telur ekki ólíklegt að á næstunni verði sú tala svipuð. Einnig hefur stórum efnahagsbrotum fjölgað og bendir ekkert til að á því verði breyting.

3. Eðlilegt er að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins verði sérstök deild sem fjalli um skatta- og efnahagsbrot.

4. Nm. telja ekki æskilegt að stofna sérdeildir við embætti ríkissaksóknara og sakadóm Reykjavíkur. Að láta skatta- og efnahagsbrot fá forgang sé stjórnunaratriði viðkomandi yfirmanna. Ef fjölgað verði um einn lögfræðing hjá embætti ríkissaksóknara og einn dómara við sakadóm Reykjavíkur vegna þessara mála verði hægt að fela sérstökum starfsmanni ríkissaksóknara að sinna þessum málum sem forgangsverkefni og fylgja þeim eftir hjá dómstólum með munnlegum flutningi þeirra. Þá væri einnig hægt að koma því þannig fyrir að

skatta- og efnahagsbrot verði falin sérstökum dómurum þannig að þeir öðlist meiri æfingu og reynslu í meðferð slíkra mála en verið hefur.

5. Nm. telja að það verði til að flýta málum ef einungis verði til kvaddur einn meðdómari í stað tveggja eins og nú er lögskylt ef þeir eru til kvaddir.

6. Nm. vænta þess að það verði til að flýta og bæta meðferð stórra og umfangsmikilla skatta- og efnahagsbrota ef þau verði dæmd í Reykjavík.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum gerði nefndin eftirfarandi tillögur:

1. Að ráðinn verði einn lögfræðingur til embættis ríkissaksóknara og að einn saksóknari þar hafi það sem forgangsverkefni að annast ætluð skatta- og efnahagsbrot og hafa á hendi sókn í stærri málum fyrir sakadómi.

2. Að dómurum við sakadóm Reykjavíkur verði fjölgað um tvo vegna skatta- og efnahagsbrota og að lögð verði áhersla á að dómarar þeir sem falin er meðferð mála út af ætluðum skatta- og efnahagsbrotum hafi eða öðlist æfingu og reynslu í slíkum málum.

3. Að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins verði stofnuð sérstök deild sem rannsaki skatta- og efnahagsbrot. Að ráðnir verði fjórir rannsóknarlögreglumenn til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessara mála, þar af tveir lögreglufulltrúar.

4. Að lagt verði fyrir Alþingi frv. sem nefndin samdi um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem felur í sér: A. Að meðdómandi geti verið einn. B. Að umfangsmikil og vandasöm mál vegna skatta- og efnahagsbrota verði að jafnaði rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur.

5. Að nú þegar verði ráðinn sérfróður maður í skatta- og efnahagsbrotum er starfi sem ráðunautur í þágu Rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara.

Ríkisstj. hefur fallist á þessar tillögur nefndarinnar að því leyti sem þær eru framkvæmdaratriði og er nú verið að vinna að framgangi þeirra. Í samræmi við þessar till. flutti ég frv. það sem hér er til umr. og hv. Ed. hefur þegar afgreitt.

Ég vænti þess að hv. Nd. muni einnig fallast á að afgreiða málið nú á þessu þingi og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Greiðslujöfnuður fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 854). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 894 (sbr. 171)). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Lagafrv. það sem hér kemur fyrir hv. Nd. er þannig til komið að í gildandi lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, nr. 63/1981, er mælt fyrir um að dómsmrh. skuli láta endurskoða lögin og leggja frv. þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984. Það varð að ráði, sem eðlilegt má telja, að fela tölvunefnd að vinna að þeirri endurskoðun, en hún hefur starfað samkv. lögunum í nærri þrjú ár, frá því að lögin tóku gildi. Sá kostur var tekinn að bera frv. þetta fram með þeim breytingum frá gildandi lögum sem nm. voru sammála um að mæla með að gerðar yrðu á lögunum. Þær aðrar hugmyndir um breytingar sem ræddar voru í nefndinni, en ekki var einhugur um, koma fram í bréfi tölvunefndar sem rakið er í athugasemdum við frv.

Þær breytingar, sem í frv. þessu eru gerðar tillögur um að verði gerðar á lögunum, eru yfirleitt ekki veigamiklar, enda telur tölvunefnd að lögin hafi reynst vel í framkvæmd og ekki hafi komið fram verulegir gallar á þeim. Dómsmrn. er sammála nefndinni í þessu mati hennar á reynslu af framkvæmd laganna. Má þá jafnframt hafa í huga að tölvunefnd hefur haft með höndum mjög veigamikil frumherjastörf þar sem hvort tveggja er að sú tækni sem að mestu er fjallað um er í hugum flestra nýstárleg og viðbrögð til hagsmunagæslu í því samhengi mjög ný af nálinni og raunar sífellt í mótun, svo ör sem tækniþróun er á þessu sviði.

Eins og áður var sagt eru brtt., sem í frv. felast, yfirleitt ekki veigamiklar, en ein sker sig þó úr og er þess að vænta að hún muni þykja tímabær. Er það ákvæði í nýrri málsgr. sem bætist við 13. gr. laganna og fjallar um neytenda- og skoðanakannanir. Er þar að finna fyrirmæli um vinnubrögð þeirra sem framkvæma neytenda- og skoðanakannanir sem falla undir ákvæði laganna. Er rétt að skoða þau ákvæði í samhengi við 1. gr. laganna. Er þess vænst að hv. alþm. muni skoða þessi ákvæði náið og má vonast til þess að mönnum þyki hófsamlega á þessu mikilsverða málefni tekið.

Hv. Ed. hefur þegar athugað frv. og afgreitt það. Hún féllst á þær brtt. sem lagðar eru fram í frv. og gerði ekki aðrar breytingar á því en þær að setja á ný inn í frv. grein sem kveði á um að endurskoðun laganna skuli aftur fara fram innan þriggja ára og breyting þá lögð fyrir Alþingi þar sem þau falla úr gildi í árslok 1988. Enda þótt nokkur reynslutími sé nú kominn á gildi þessara laga og þau hafi staðist vel, og af þeim sökum var fellt niður slíkt endurskoðunarákvæði í upphaflega frv., má segja að það sé eðlilegt, vegna þess hvað örar breytingar og framfarir eru á sviði þessarar tækni, að þau séu endurskoðuð aftur eftir þrjú ár.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Aðgerðir í fiskeldismálum (476. mál) 4867.
Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu (157. mál) 5012.
Atvinnumál á Norðurlandi eystra (394. mál) 4908, 4919, 5012.
Áfengislög (86. mál) 4834, 5087.
Ávana- og fíkniefni (274. mál) 4809, 4981.
Barnalög (47. mál) 5034.
Brunavarnir (441. mál) 4861.
Byggingarlög (77. mál) 4977.
Endurreisn Viðeyjarstofu (76. mál) 4869, 5011.
Erfðalög (424. mál) 4819, 4978.
Ferðamál (479. mál) 5040.
Fiskeldismál (427. mál) 4929, 5012.
Fiskveiðasjóður (404. mál) 4812, 4816, 5047.
Fjáraukalög 1980 (367. mál) 4881, 5011.
Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum (177. mál) 4867, 5011.
Friðarfræðsla (484. mál) 5011.
Frumvarp um fiskeldi (420. mál) 4851.
Fylkisstjórnir (483. mál) 5011.
Greiðslujöfnun fasteignaveðlána (480. mál) 5050, 5121.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (200. mál) 4875.
Grænfóðurverksmiðjur (460. mál) 4937.
Hagkvæmni útboða (366. mál) 4924, 5012.
Hlunnindaskattur (346. mál) 4848.
Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar (364. mál) 4818.
Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni (164. mál) 5019, 5033.
Kosning lausanefndar samkv. 15. gr. þingskapa 4977.
Kosningar til Alþingis (463. mál) 4817.
Lagmetisiðnaður (363. mál) 4966, 4974, 5049.
Lausafjárkaup (329. mál) 4982.
Leit að brjóstakrabbameini (12. mál) 4870, 5011.
Lífeyrissjóður bænda (237. mál) 4817, 4977.
Lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða (359. mál) 4878, 5012.
Málefni aldraðra (466. mál) 4939.
Málefni Kísilmálmvinnslunnar (451. mál) 4939.
Meðferð opinberra mála (403. mál) 5018, 5032, 5119.
Nýting jarðhita í heilsubótarskyni (477. mál) 4867.
Ráðstafanir í sjávarútvegi (182. mál) 5048.
Ríkisábyrgð á launum (50. mál) 4818.
Ríkisreikningur 1980 (368. mál) 4819.
Sala jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi (431. mál) 5032, 5033.
Sala jarðarinnar Víðiness í Beruneshreppi (338. mál) 4816, 4977, 5033.
Sjómannalög (146. mál) 4809, 4962, 5042.
Skipti á dánarbúum o. fl. (465. mál) 4818.
Skráning á upplýsingum er varða einkamálefni (164. mál) 5122.
Skýrsla um utanríkismál 4882, 4910.
Sláturafurðir (165. mál) 4817, 4977, 5013.
Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta (355. mál) 4968, 4975.
Stofnútsæði (425. mál) 4855.
Tannlækningar (106. mál) 5013.
Tollskrá o. fl. (292. mál) 4973.
Tónlistarskólar (478. mál) 4819.
Umsvif erlendra sendiráða (474. mál) 4867.
Undanþágur frá söluskatti (39. mál) 4941.
Útvarpslög (5. mál) 4820, 4982.
Varamaður tekur þingsæti 4848.
Varnir gegn fisksjúkdómum (271. mál) 4868, 5011.
Verðlagsráð sjávarútvegsins (209. mál) 5021, 5033.
Vinnumiðlun (49. mál) 4809, 4981.
Þingsköp Alþingis (416. mál) 4809, 5106.
Þjóðskjalasafn Íslands (248. mál) 4971, 4977, 5043.
Þroskaþjálfaskóli Íslands (470. mál) 4813.
Öndunarfærasjúkdómar hjá starfsfólki álversins (440. mál) 4857.

Efri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 13. maí, kl. 2 miðdegis.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 812, n. 891, 902). — 2. umr.

Frsm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. á fundum sínum og fengið til viðtals við sig skólastjóra Þroskaþjálfaskólans og fulltrúa Félags þroskaþjálfa. Hér er um að ræða lögfestingu þessa skóla sem hefur átt sína tilvist í reglugerð sem byggð er á gömlum og úr gildi föllnum lögum um fávitastofnanir sem blessunarlega hafa nú að fullu horfið án þess að ég ætli að gera lítið úr gildi og þýðingu þeirra laga á liðinni tíð. Að sjálfsögðu ætti þessi skóli að falla eðlilega inn í menntakerfi landsins og heyra undir menntmrn. sem aðrar skólastofnanir, en það rn. mun ekki ýkja hrifið af því og þess ber að geta að heilbrigðisráðuneytið hefur hlúð að skólanum og hann um sumt notið þess að vera rekinn á þess vegum.

Við í nefndinni gerum aðeins tvær brtt. við frv. Sú fyrri er við 1. gr. og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta: „Síðari málsliður orðist þannig: „Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfa í samráði við Félag þroskaþjálfa.““

Þarna er sú símenntun, svo sem hún hefur verið í framkvæmd, lögfest sem slík eins og segir í athugasemdum um 1. gr.: Skólinn hefur staðið fyrir símenntun og haft um hana samráð við Félag þroskaþjálfa.

Í 4. gr. breyttum við orðalagi og þar með í raun og veru merkingu. Annar málsliður 1. mgr. hljóðar þá svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Skólastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla.“

Það komu fram óskir frá Félagi þroskaþjáifa um að ákvæði yrði um það að skólastjóri yrði með sérstaka menntun og þjálfun í meðferð fatlaðra. Á þessu var fullur skilningur í nefndinni en það þótti ekki fært að setja það út af fyrir sig inn í lagatexta. Svo sjálfsagt þykir okkur í nefndinni að við skipan skólastjóra sé tekið fullt mið af þessu ef menn uppfylla menntunarkröfur að öðru leyti. Það hlýtur að vera sjálfsagt eðli málsins samkvæmt að þeir, sem uppfylla þær menntunarkröfur sem hér er um að ræða og hafa til viðbótar sérstaka þjálfun að baki varðandi þessa einstaklinga, njóti forgangs í þeim efnum.

Aðra breytingu leggur nefndin ekki til á frv. en mælir með samþykki þess svo breyttu. En breytingin er aðallega fólgin í 4. gr., þar sem áður stóð: „Skólastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla.“ Rétt er að fara um þá breytingu örlítið fleiri orðum. Orðalagið sem við leggjum nú til, „sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla“, kemur í stað þess sérkennaraprófs sem var í frv. og gæti átt við sérkennarapróf á allt öðru sviði en það sem tengist starfssviði þessa skóla. Því er eðlilegra að tala um það svo sem nú segir, „sambærilegt próf frá viðurkenndum háskóla“.

Við 1. umr. ræddi ég um skólastjórn þessa skóla og um tilnefningar í hana. Annar höfundur þessa frv., Ingimar Sigurðsson lögfræðingur og deildarstjóri, upplýsti nefndina um það að ráðh. hefði a. m. k. allt frá árinu 1980 haft samráð um sína tilnefningu eða skipan við Landssamtökin Þroskahjálp og fulltrúi frá þeim ævinlega setið í skólastjórn síðan, þ. e. eftir að þau samtök urðu gildandi aðili í þessum málum.

Hér tala ég fyrir sjálfan mig. Ég hefði gjarnan viljað sjá það lögfest að samtökin ættu tilnefningarrétt en þó sætti ég mig við þessa framkvæmd í trausti þess að svo megi áfram verða. Nefndin er einnig þeirrar skoðunar að eðlilegst sé að ráðh. leiti samráðs við þessi landssamtök um skipan í stjórn skólans. Ég áskil mér hins vegar allan rétt til þess að flytja breytingu síðar inn í þingið ef misbrestur kynni að verða á framkvæmd.

Um þetta málefni í heild mætti margt segja. Hlutur þroskaþjálfa í bættri aðstöðu og auknum möguleikum fatlaðra á öllum sviðum er mjög þýðingarmikill og afgerandi. Að þeirri stétt ber því að hlynna vel. Lögfestingu skólans teljum við skref í þá átt sem fagna ber. Ég legg því til samþykki við þetta frv. með þeim brtt. tveim sem ég kynnti hér áðan.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma hér og fagna því að verið er að koma þessari lögskipan á málefni þroskaþjálfamenntunar hér á landi. Ég á ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. Ed., en við yfirlestur þessa frv. rak ég augun í eitt atriði sem mig langar til að vekja athygli á hér og biðja annaðhvort hv. formann nefndarinnar eða frsm. hennar að svara mér hér varðandi 5. gr. Þar er verið að ræða um inntökuskilyrði í skólann og í b-lið er kveðið á um stúdentspróf eða hliðstætt nám. Í athugasemdum við 5. gr. stendur hins vegar, með leyfi forseta: „Ekki er í reynd lögð til nein efnisbreyting varðandi það sem þegar hefur verið í gildi.“ Aðeins framar kemur í ljós að tveggja ára framhaldsskólanám hefur hingað til gilt.

Spurning mín er því sú: Hvernig ber að skilja þetta misræmi á milli hljóðan orða í greininni annars vegar og efni skýringa í athugasemdum við greinina hins vegar? Ef athugasemdir við greinina eru teknar gildar væri eðlilegra að b-liður 5. gr. hljóðaði svo: „Að minnsta kosti tveggja ára framhaldsskólanám eða annað hliðstætt nám.“ Ég vona, herra forseti, að formaður hv. heilbr.- og trn. eða frsm. nefndarinnar geti upplýst mig um þetta.

Frsm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Það vildi nú svo til að ég gerði athugasemd við þetta við 1. umr. málsins og taldi að hér þyrfti að ganga betur frá málum þó að niðurstaðan yrði að menn létu þetta standa þannig. Ég benti á að stúdentspróf annars vegar og tveggja ára nám í fjölbraut hins vegar gæti verið ósambærilegt. Ég féllst hins vegar á það í n. að vissulega væri stúdentspróf eitt út af fyrir sig ekki fullgilt til inntöku í þennan skóla, t. d. af verslunar- eða viðskiptabraut, náttúrufræðibraut eða einhverju slíku þar sem ekkert hefði verið komið inn á þessi svið.

Því gæti tveggja ára nám í framhaldsskóla á fjölbraut, sem væri alveg sérstaklega á uppeldis- og heilbrigðissviðinu, verið jafngilt. Þannig skildi ég þetta að með hliðstæðu námi sé átt við tveggja ára framhaldsnám í fjölbrautaskóla eða menntaskóla á þeirri braut sem snertir þetta svið sérstaklega, uppeldissvið eða heilbrigðissviðið. Þess vegna held ég að þrátt fyrir athuga-

semdir af þessu tagi sé þetta út af fyrir sig í lagi. Ég hefði gjarnan viljað sjá þarna, eins og ég tók fram við 1. umr., annað orðalag. Við getum gjarnan athugað það milli 2. og 3. umr. hvort við ættum að breyta þarna til. Ég skal verða við því og veit að formaðurinn í n. mun verða við þeim tilmælum að skoða það örlítið nánar og setja þá inn í frv. nákvæmlega það sem segir í athugasemdum. En þá hygg ég að einhverjir muni gera athugasemdir við það ekki hvað síður.

ATKVGR.

Brtt. 902,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 902,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 616, n. 900, 901). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fengið til viðræðna Ásgeir Ólafsson framkvæmdastjóra Viðlagatryggingar Íslands, Hafþór Jónsson frá Almannavörnum ríkisins og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til tvær breytingar á þessu frv. um snjóflóð og skriðuföll, í fyrsta lagi við 4. gr. frv., 1. mgr. þar sem stendur, með leyfi virðulegs forseta: „Sérstök nefnd, Ofanflóðanefnd, skal vera Almannavörnum ríkisins til aðstoðar.“ Í stað „aðstoðar“ leggjum við til að standi: ráðuneytis.

Nefndin leggur jafnframt til breytingu á 3. mgr. sömu greinar þar sem stendur, með leyfi forseta: „Verkefni Ofanflóðanefndar er að fjalla um till. sem berast og gera till. til o. s. frv.“ Þar leggjum við til að standi: gera endanlegar till.

Segja má að báðar þessar brtt. séu gerðar með tilliti til þess að auka eilítið myndugleika þessarar Ofanflóðanefndar sem lagt er til í frv. að verði sett á fót. Það er hins vegar tekið fram í frv. að Ofanflóðanefnd sé fyrst og fremst til halds og trausts Almannavörnum — þessi mál heyra jú undir almannavarnir eins og kunnugt er — ekki síst með tilliti til þess að hér er um nokkuð sérstætt svið að ræða. Þeir fulltrúar, sem sæti munu eiga í Ofanflóðanefnd, gefa það nokkuð til kynna. Þar verða fulltrúar frá Almannavörnum ríkisins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn ríkisins, Veðurstofu Íslands og Viðlagatryggingu Íslands.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. Það bar á góma í félagsmálanefnd, eins og raunar tekið er fram í athugasemdum um 10. gr. frv., að þetta frv. leiddi af sér þörf fyrir breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands með vísan til þess að í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því að 5% af álögðum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands falli í hlut Ofanflóðasjóðs sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót skv. þessu frv. Hins vegar vil ég minna á það að í gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands er stjórn stofnunarinnar heimilað að styrkja framkvæmdir sem eiga að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Stjórn Viðlagatryggingar getur því að þessu frv. samþykktu stofnað til fjárútláta til Ofanflóðasjóðs, það er ekkert sem hindrar það. Það er tekið fram í athugasemdum með þessu frv. að sá kostnaður, sem hlotist getur og mun hljótast af þeim ráðstöfunum sem væntanlega verður farið í á komandi árum til þess að varna því að mannvirki eyðileggist af völdum ofanflóða, sé allverulegur. Þar er minnst á lauslegt kostnaðarmat og getið um að sá kostnaður verði á bilinu 250 til 400 millj.

Með þessu frv. er ekki lögð fram nein framkvæmdaáætlun enda um að ræða verkefni sem að meira eða minna leyti koma við sögu hjá sveitarstjórnum. En endanlegur umfjöllunaraðili er að sjálfsögðu Almannavarnir ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki um þetta fleiri orð. Félagsmálanefnd leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef gert grein fyrir.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. og er samþykkur því enda er þetta frv. beint til komið út frá þáltill. sem hér var samþykkt á Alþingi á sínum tíma og ég var fyrsti flm. að.

Ekki skal ég í neinu tefja þetta mál eða vera meinsmaður neins þess sem þar stendur þó að ákaflega fari fyrir brjóstið á mér það orð sem þessir orðhögu menn hafa fundið fyrir samheiti og kallast „ofanflóð“ sem varð nú reyndar hér í munni ráðh. á dögunum „ofanfljóð“. Hins vegar dáðist ég að því hvað hv. frsm. fór af mikilli snilld með þetta orð og fipaðist hvergi. Það getur því vel verið að þetta geti orðið munntamt mönnum og menn fari yfirleitt að tala um „ofanflóð“ í þessu tilfelli en nefni þetta ekki sínum réttu nöfnum, sem sagt „snjóflóð“ og „skriðuföll“ sem ég hefði talið heppilegra og betra. Þá hefði bara verið ákveðin nefnd og ákveðinn sjóður án þessa fáránlega orðskrípis sem þarna hefur verið fundið upp.

Hins vegar heyrði ég það á meiri hl. nm. að þeim þótti þetta býsna „skondið“ orð og skemmtilegt og vildu gera það fyrir ráðh. að halda þessu nafni. Úr því að svo er ætla ég ekki að fara að gera sérstaka brtt. um það. En orðið þykir mér leitt og leiðinlegt og má mikið vera ef það á ekki eftir að valda einhverjum misskilningi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 901 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824, n. 881). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi foreseti. Þetta frv. hefur verið rætt innan nefndarinnar og mælir hún einróma með því að það verði samþykkt. Hér er um að ræða nokkrar breytingu á þeirri skipan sem verið hefur, þ. e. að embætti ríkislögmanns verði sjálfstæð stofnun og heyri undir fjmrh. Það eru gerðar allstrangar kröfur um það hvern megi skipa í það embætti, þ. e. sömu kröfur og gerðar eru til hæstaréttardómara. Það er einnig gert ráð fyrir því að ríkislögmaður geti haft sér til aðstoðar allt að tvo löglærða fulltrúa sem annist þá málarekstur fyrir hönd ríkisins.

Það er rétt að taka fram að í þessum lögum er gert ráð fyrir að ríkislögmaður starfi fyrir öll rn. þó að hann heyri formlega undir fjmrh. enda þykir það eðlilegt þar sem langflest mál og öll kröfumál eru á fjmrn.

En að sjálfsögðu er sú skipan höfð að það eru málsaðilar, þ. e. ráðh., sem taka endanlega ákvörðun um hvaða málum skuli vísað til ríkislögmanns og eins hvort þeir fallast á meðferð og lok málsins. Þetta er þjónustustofnun og nm. voru sammála um að hér væri um að ræða skipan sem hefði marga góða kosti. Eins og ég sagði í upphafi leggur hún einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670, n. 880). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er flutt eftir að samkomulag hefur orðið milli bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs og allra þeirra aðila sem hlut eiga að máli, um breytingu á mörkum þessara tveggja kaupstaða. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á lögum nr. 98 frá 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár í Fljótum í Skagafirði. Með frv. þessu er að því stefnt að gera Rafveitu Siglufjarðar, sem rekur Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, jafnt setta, að því er varðar greiðslu opinberra gjalda, öðrum orkufyrirtækjum, sbr. 16. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, 13. gr. laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða, 14. gr. laga nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja og 4. gr. laga nr. 26/1977 um virkjun Hvítár í Borgarfirði. Þá er í 4. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sambærileg ákvæði um skattafríðindi orkuvera sem reist verða skv. þeim lögum. Geta ber þess að Rafmagnsveitur ríkisins njóta enn víðtækari fríðinda í þessu efni en nefndar orkuveitur, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru einnig undanþegnar opinberum gjöldum af húseignum sínum, sbr. 77. gr. orkulaga nr. 58/1967. Telja verður sanngirnis- og réttlætismál að Skeiðsfossvirkjun verði skattlögð með sama hætti og önnur orkuver í landinu.

Frv. þetta er flutt að tilmælum Siglufjarðarkaupstaðar sem er eigandi virkjunarinnar. Rn. hefur leitað umsagnar nokkurra þeirra aðila sem málið varðar, m. a. þeirra er verða munu fyrir tekjumissi skv. frv., þ. e. fjmrn. vegna ríkissjóðs, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu vegna sýsluvegasjóðs og hreppsnefndar Holtshrepps vegna sveitarsjóðs Holtshrepps. Umsagnir ofangreindra aðila eru fylgiskjöl með frv. þessu.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum með frv. eru fjmrn. og sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu meðmælt efni frv. Hreppsnefnd Holtshrepps er hins vegar að hluta til andvíg efni frv. Hreppsnefndin óskar að fram komi skylda Rafveitu Siglufjarðar til greiðslu fasteignaskatta af öllum húseignum, þ. m. t. rafstöðvarhúsi. Orðalagið, sem lagt er til í frv., er eins og fyrr greinir samhljóða 16. gr. laga um Landsvirkjun um skattskyldu þess fyrirtækis. Umrædd 16. gr. hefur verið skilin á þann veg að stöðvarhúsin eru talin til húseigna og því skattskyld. Skv. því ætti orðalag frv. að koma til móts við sjónarmið hreppsnefndar Holtshrepps.

Ég vil geta þess að ég tel þetta sanngirnismál. Allt annað mál er svo þessi óregla sem er í skattlangingu, t. a. m. sú að Rafmagnsveitur ríkisins hafi sérákvæði um að greiða engin fasteignagjöld af húsum sínum. Það er annað og seinni tíma mál að samræma skattalög og það þyrftum við að taka okkur tíma til. Þetta litla mál er búið að velkjast í kerfinu í ellefu ár. Það var fyrst, held ég, farið fram á það 1974 við orkuráðh. að þessu yrði kippt í liðinn. Meðan þetta ástand varir, sem nú höfum við um skattgreiðslur raforkufyrirtækja, þá kemur ekki annað til greina en að þessari litlu virkjun sé sýnd sama regla og meðferð og öðrum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég get þess utan dagskrár að ég bið um þessa röðun mála

vegna þess að það tekur allmiklu lengri tíma að flytja framsögu fyrir Þörungavinnslunni, en ég vil upplýsa að mjög áríðandi atkvgr. í hv. Nd. hefur aðeins verið frestað til tíu mínútur fyrir þrjú, þannig að ég get því miður ekki verið hér í hv. deild, mér þykir mjög leitt frá því að skýra, lengur en fimm mínútur í viðbót og var að velta því fyrir mér hvort mér entist tími til þess að flytja framsögu fyrir þessu máli, frv. til laga um breytingu á orkulögum.

En með frv. þessu er lagt til að orkulögum verði breytt þannig, að ráðh. verði veitt heimild til að stofna hlutafélag er lúti stjórn Orkustofnunar og hafi það hlutverk að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði jarðhitamála, vatnsorkurannsókna og áætlanagerðar í orkumálum. Á liðnum árum hafa umsvif Orkustofnunar erlendis aukist nokkuð og þykir eðlilegt að sérstakur lögaðili annist þessa starfsemi, sem er að hluta frábrugðin annarri hefðbundinni starfsemi stofnunarinnar. Þar sem um áhætturekstur er að ræða þykir rétt að stofna hlutafélag um reksturinn, þannig að ríkið takmarki áhættu sína af rekstrinum við framlagt hlutafé. Þá er í frv. lagt til að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar og að sú stjórn verði jafnframt stjórn hins nýja hlutafélags.

Í bréfi til mín, dags. 28. mars s. l., gerir orkumálastjóri svofellda grein fyrir málefni þessu.

„Hér með leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hæstv. iðnrh. að gerð verði breyting á orkulögum nr. 58 frá 1967 með síðari breytingum. Tilefni þessarar tillögu eru verkefni sem Orkustofnunin er farin að starfa að erlendis í samvinnu við íslenska verkfræðisamsteypu, Virki hf.

Eins og rn. er kunnugt hefur jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki hf. og með samþykki þess nú um eins árs skeið boðið í rannsóknar- og ráðgjafarverk á sviði jarðhitanýtingar og jarðhitarannsókna í fjórum löndum, þ. e. í Norður-Jemen, Kenya, Grikklandi og Eþíopíu. Eitt verk í Grikklandi er þegar í gangi og samningar standa yfir um annað. Unnið er nú að gerð tilboðs í þriðja verkefnið í Grikklandi. Svör hafa ekki enn borist frá Norður-Jemen eða Kenya, en tilboðið í verkefni í Eþíópíu kom því miður of seint til að koma til álita vegna mistaka erlends aðila sem tekið hafði að sér gegn greiðslu að koma því til réttra aðila fyrir tilskilinn tíma.“

Í orkulögum er ekki gert ráð fyrir að Orkustofnun geti unnið að verkefnum erlendis. Verði framhald á slíkum verkefnum, sem horfur eru á, verður að teljast eðlilegt að slík starfsemi ríkisstofnunar fari fram á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, ekki síst með tilliti til þess að verkefnaöflun erlendis fylgir viss fjárhagsleg áhætta sem ekki er eðlilegt að borin sé af fjárveitingum til Orkustofnunar eða sértekjum af verkefnum innan lands. Öll starfsemi Orkustofnunar til þessa, hvort heldur hún er kostuð með framlögum á fjárlögum eða af sértekjum frá íslenskum orkufyrirtækjum, er þjónusta við orkuiðnaðinn á Íslandi og íslenska orkunotendur og greidd af þeim, annaðhvort sem orkunotendum eða skattgreiðendum. Verkefni erlendis eru ekki unnin fyrir þennan hóp og því eðlisóskyld innlendum verkefnum stofnunarinnar. Því ber að halda þessum tveim tegundum verkefna vel aðgreindum fjárhagslega. Því er lagt til að stofnað verði sérstakt hlutafélag til að annast þessi erlendu verkefni Orkustofnunar og að ábyrgð ríkissjóðs á því verði takmörkuð við hlutafjárframlag.

Með tilliti til þess að söluvara þessa hlutafélags er sérþekking og reynsla sem til er í Orkustofnun er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar fari jafnframt með stjórn þess undir yfirstjórn ráðherra orkumála. Gert er ráð fyrir að samvinna við aðra um þessi erlendu verkefni verði aðalreglan, enda þótt hitt geti líka skeð að stofnunin vinni þau ein. Slík samvinna getur verið ýmist við einn innlendan aðila, við erlendan aðila eða hvort tveggja í senn. Nauðsynlegur er mikill sveigjanleiki í því efni til að geta fljótt gripið tækifæri sem bjóðast og brugðist án tafar við mismunandi stöðu mála. Er því gert ráð fyrir að hlutafélagið geti, með leyfi ráðh., gengið til samvinnu við aðra allt eftir því sem heppilegast þykir hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég heyri að skekin er skella í neðra og verð því að fara fram á að þessu máli verði frestað um hríð, þangað til ég fæ tækifæri til þess að mæta á nýjan leik í hv. Ed. Við þessu varð ekki séð. En ég vil svo leggja til, virðulegi forseti, að þegar 1. umr. lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það eru tveir á mælendaskrá og ég geri ráð fyrir að þeir séu sammála því að málinu verði frestað þar til hæstv. iðnrh. hefur tækifæri til að koma hér aftur inn á fund í þessari hv. deild. Umr. er nú frestað.

Umr. frestað.

Efri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 13. maí, að loknum 71. fundi.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 616). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 812). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Á milli funda hafa nokkrir aðilar úr heilbr.- og trn. tekið til athugunar 5. gr. frv. um Þroskaþjálfaskóla Íslands, b-lið þeirrar greinar, en í þeirri grein er fjallað um inntökuskilyrðin í Þroskaþjálfaskóla Íslands. Í b-liðnum er gert ráð fyrir að inntökuskilyrði séu stúdentspróf eða hliðstætt nám, eins og stendur þar í frv.

Það hefur verið bent á að í grg. um 5. gr. stendur svo, með leyfi forseta.

„Inntökuskilyrði í skólann skv. reglugerð frá 1977 eru þau að viðkomandi sé orðinn 18 ára og hafi lokið a. m. k. tveggja ára námi í framhaldsskóla í þeim námsgreinum sem skólinn gerir kröfu til eða hliðstæðu námi. Ekki er í reynd lögð til nein efnisbreyting varðandi það sem þegar hefur verið í gildi."

Okkur þótti eðlilegt með tilliti til þessa að segja hreinlega í b-lið 5. gr.: stúdentspróf eða tveggja ára nám í framhaldsskóla. Það gefur auga leið að í reglugerð, sem mun verða sett á grundvelli þessara laga eins og stendur í 6. gr. frv., mun að sjálfsögðu verða tekið fram að þeir sem hafa að baki tveggja ára nám í framhaldsskóla muni fremur hafa lagt stund á þau fræði sem tilheyra þroskaþjálfastarfinu. Þetta þarf ekki að taka fram.

En niðurstaða okkar er sú að rökvísara sé að segja „tveggja ára nám í framhaldsskóla" í lagagreininni sjálfri fremur en „nám hliðstætt stúdentsprófi".

Þetta er að sjálfsögðu skrifleg brtt. sem n. flytur og afhendi ég hana forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 908, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 908 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Mörk Garðabæjar og Kópavogs, frv. 408. mál (þskj. 670). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 906).

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899). — Frh. 1. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég get verið afar stuttorður um þetta mál. Mér sýnist að þetta sé heldur skynsamleg breyting, að gera þær ráðstafanir sem gera það kleift að koma í verð þeirri miklu þekkingu og reynslu sem er fyrir hendi hér á landi á þessum sviðum, og ég held raunar að þetta hefði fyrr mátt gerast. Mér sýnist við fyrstu skoðun málsins að þetta sé mál sem vert sé að styðja og eðlilegt sé að hafi greiðan framgang.

Það er aðeins eitt sem ég vildi beina til þeirrar nefndar sem fær þetta mál til umfjöllunar og sem ég hef hnotið um hér og það er þetta orð „að markaðsfæra" sem er orðskrípi og ekki íslenska að mínu mati. Þetta er vond danska. Ég mundi leggja til að það yrði tekið til íhugunar að nema þetta orð brott úr frv. og leita annarra leiða til að koma þeirri hugsun á framfæri sem þarna býr á bak við.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég ber ekki alveg sömu trú til stofnana og hæstv. iðnrh. og hv. 5. landsk. þm. Ég hef alltaf litið á Orkustofnun sem hálfgerðan óskapnað. Þar er blandað saman þremur kannske ekki óskyldum en þremur verkþáttum sem alls ekki eiga þó heima undir einu og sama þaki. Orkustofnun er að hluta til verktakafyrirtæki þar sem voru Jarðboranirnar sem nú er reyndar verið að aðskilja. Að hluta til er það ráðgjafarfyrirtæki. Sú deild gæti í sjálfu sér alveg eins verið innan Landsvirkjunar. Og að hluta til er Orkustofnun hreint og beint rannsóknafyrirtæki sem á heima innan Háskóla Íslands. Það þýðir ekki að fyrirtæki eins og hér er um rætt geti ekki fyllilega lifað einhvers staðar í okkar þjóðfélagi, en ég sé ekki hvers vegna þetta þarf endilega að vera enn eitt æxlið á Orkustofnun og áskil mér allan rétt til þess að hafa margar aths. við þetta frv. fram að færa sem kannske ganga eilítið lengra viðvíkjandi þeim greinum sem þetta frv. fjallar um.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur hér lagt fram frv. til l. um breytingu á orkulögum sem m. a. felur það í sér að ráðh. verði veitt heimild til að stofna hlutafélag sem hafi það hlutverk að selja á erlendum markaði þekkingu sem Orkustofnun hefur byggt upp úr sínum fórum og ræður yfir á hinum ýmsu sviðum jarðhitarannsókna og vatnsorkurannsókna. Ég vil láta það sjónarmið í ljós þegar við 1. umr. málsins að ég tel að það sé skynsamlegt mál á ferðinni og að eðlilegt sé að standa að málum með þeim hætti sem hér er gert. Ég er sem sagt ekki alls kostar sammála þeim frjálshyggjusjónarmiðum sem að jafnaði koma fram hjá talsmönnum Bandalags jafnaðarmanna. Ég tel þvert á móti að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt að ríkisvaldið hafi forustu með þeim hætti, sem hér er lagt til, að nýta í þágu íslensks efnahagslífs þá miklu reynslu og þekkingu sem við höfum öðlast á undangengnum árum.

Oft hafa orðið harðar og miklar umræður um Kröfluvirkjun og oft hefur því verið haldið fram að sú virkjun muni ekki standa undir sér, en það er sannarlega mjög umdeilanlegt og reynslan á eftir að skera úr um það. En eitt veit ég, að þeir menn sem unnið hafa að jarðhitarannsóknum hafa sannarlega öðlast mikilvæga reynslu og þekkingu í glímunni við þau einstæðu og sérstæðu vandamál sem við hefur verið að glíma við Kröflu og það er enginn vafi á því að sú mikla og langvinna glíma hefur einmitt skapað okkur hér á landi meiri og merkilegri þekkingu á þessu sviði en unnt er að finna víðast annars staðar. Ég tel því að það sé svo sannarlega rétt að málum staðið þegar reynt er að gera sér þessa reynslu og þekkingu, sem við svo sannarlega höfum

orðið að gjalda töluvert fyrir, að söluvöru á erlendum vettvangi.

Ég vil í þessu sambandi láta þess getið að í tíð fyrrv. iðnrh. var unnið að undirbúningi allmargra laga á sviði orkumála. Það var unnið að frumvarpsgerð og frv. til laga um Orkustofnun, Orkusjóð og Rafmagnsveitur ríkisins voru tilbúin af hálfu rn. þegar fyrrv. ríkisstj. fór frá. Ég hygg að þessi frumvörp hafi auk þess verið lögð fram hér í þinginu og hafi verið lögð, eins og ég hef þegar rakið, mikil vinna í að undirbúa þau og virtist ekki vera mikið því til fyrirstöðu að unnt væri að gefa þinginu færi á að endurskoða þessa mikilvægu málaþætti. En síðan hefur lítið heyrst frá þessum frumvörpum og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh., úr því að tilefni gefst hér, hvað orðið hefur um þau frv. sem hér um ræðir og þá miklu vinnu sem í þau hefur verið lögð og hvort ekki sé von á því að frv. um þessi efni komi fyrir þingið þó ekki væri fyrr en á næsta hausti. Það er sennilega ekki á bætandi stjfrv. sem koma hér inn á seinustu stundu. Ég er ekki að biðja um að fá að sjá hér ný stjfrv. þessa seinustu þingdaga, það er víst nóg af slíkum fráleitum vinnubrögðum, en það væri vissulega fróðlegt að vita hvað þessari frumvarpssmíð líður og hvort ekki sé von á því að þingið fái á næsta vetri að fjalla um þessi mál.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir við frv. um breytingu á orkulögum og þær hugmyndir að stofna til hlutafélags til þess að sinna þeim verkefnum á vegum Orkustofnunar. Ég kannast vel við þau frv. sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um. Margt er þar vel athugað og nýtilegt og ég veit að sú vinna, sem þar hefur verið innt af hendi, og þær upplýsingar, sem þar eru saman komnar, munu nýtast við þá endurskoðun á þessum málum sem nú er unnið að. Ég get hins vegar ekki svarað því hér og nú hvenær vænta megi frv. fyrir hið háa Alþingi um þessa málaflokka, en öll eru mál þessi í gagngerðri endurskoðun og sem mest að vinna við að greiða fram úr ýmsu því sem manni hefur þótt vera þar ábótavant. Vil ég í því sambandi alveg sérstaklega geta um fjármálahlið orkubúskapar okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, 487. mál (þskj. 898). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 898 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum nr. 107/1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð. Með frv. þessu er lagt til að lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð verði breytt þannig að ríkisstj. verði veitt heimild til að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi forgöngu um að stofnað verði, um að það kaupi eða leigi eignir Þörungavinnslunnar hf. Gert er ráð fyrir að sú kvöð verði á eignunum að þær verði nýttar við þörungavinnslu á Reykhólum. Verði um sölu að ræða er gert ráð fyrir að Þörungavinnslunni hf. verði slitið skv. XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður greiði allar réttmætar kröfur á hendur félaginu aðrar en hlutafé, en yfirtaki jafnframt eignir þess.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að lána kaupendum andvirði eignanna til allt að 15 ára og lánið megi verða víkjandi þannig að greiðsluskylda verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Enn fremur er lagt til að heimilt verði að semja svo um að leiga, ef um leigu á eignunum verður að ræða, gangi upp í kaupverð eignanna, þ. e. að gerður verði kaupleigusamningur.

Rekstur Þörungavinnslunnar hefur gengið erfiðlega frá upphafi, eins og fram kemur í yfirliti á fskj. I, og hefur fjárhagsstaðan farið síversnandi. Á miðju ári 1984 var áætlað að tap félagsins fyrir það ár yrði um 10 millj. kr., eða nokkru minna en árið áður. Hins vegar sýna reikningsskil fyrirtækisins frá 31. des. s. l. að um mun verri útkomu var að tefla því að tap reiknast tæpar 20 millj. kr. Gengisfelling á s. l. hausti vó þungt í stórlega verri afkomu en áætluð var. Nettó-gjöld vegna gengisbreytinga og verðbóta eru 15.1 millj. kr., eða um 76% af tapi ársins 1984.

Með þeirri skuldabyrði, sem hér er um að ræða, er útilokað að koma fyrirtækinu á réttan kjöl miðað við núverandi rekstur. Skammtímaskuldir og viðskiptaskuldir eru það miklar að stöðvun fyrirtækisins er fyrirsjáanleg alveg á næstunni, verði ekkert að gert. Uppgjör á fyrirtækinu er því óumflýjanlegt og bráðaðkallandi.

Þörungavinnslan hf. var upphaflega sett á fót fyrir atfylgi margra aðila en með verulegri þátttöku ríkisins. Þegar fyrirtækið hefur lent í erfiðleikum hefur jafnan verið sótt til ríkisins um aðstoð og leiðsögn og nú er svo komið að ríkið á um 97% hlutafjár. Ríkið er í ábyrgð fyrir langtímaskuldum fyrirtækisins. Ríkið hefur á undanförnum árum lagt að lánardrottnum að ganga ekki að fyrirtækinu þótt það hafi í raun verið gjaldþrota og verður þannig að teljast í siðferðilegri ábyrgð fyrir viðskiptaskuldum. Nú, þegar staða fyrirtækisins er slík að það er gjaldþrota í öllum venjulegum skilningi þess hugtaks, á ríkið um fjóra meginkosti að velja:

1. Leggja aukið fé í fyrirtækið til þess að halda áfram rekstrinum í óbreyttu formi í þeirri von að hagnaður verði af rekstrinum og fyrirtækið geti greitt áhvílandi skuldir.
2. Láta fyrirtækið verða formlega gjaldþrota og taka á sig öll þau áföll sem því fylgja.
3. Reyna að selja hlutabréf í fyrirtækinu innlendum eða erlendum aðilum án undangengins uppboðs í eignum eða fjárhagslegs uppgjörs.
4. Gera núverandi félag upp og afhenda heimaaðilum eignir fyrirtækisins til rekstrar eða yfirfæra reksturinn til sömu aðila skv. leigusamningi.

Hvað fyrsta kostinn áhrærir, þ. e. að leggja aukið fé inn í fyrirtækið í óbreyttu formi, mundi sá kostur e. t. v. kosta ríkissjóð minni fjárútlát í fyrstu en sá kostur sem lagður er til í frv. þessu. Áframhaldandi fjárframlög úr ríkissjóði til fyrirtækisins í óbreyttu formi mundu viðhalda núverandi ástandi og ekki leysa neinn vanda til frambúðar.

Þrautalendingin fyrir ríkissjóð er að sjálfsögðu sú að hætta öllum tilraunum til þess að halda rekstrinum gangandi og framselja hlutafélagið til gjaldþrotaskipta og láta selja eignir búsins á nauðungaruppboði í samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Ef fyrirtækinu yrði lokað og það missti þá fótfestu á mörkuðum sem það hefur náð, þá gæti tekið langan tíma að koma því af stað aftur. Slíkt yrði til mikils tjóns fyrir sjálfan reksturinn svo ekki sé talað um nærliggjandi byggð sem stendur og fellur með áframhaldandi rekstri fyrirtækisins. Þess má geta að skv. síðustu opinberum tölum, þ. e. fyrir árið 1982, má rekja 24% launa í Austur-Barðastrandarsýslu allri beint til Þörungavinnslunnar hf.

Í þriðja lagi bendi ég á að reyna mætti að selja hlutabréf fyrirtækisins innlendum eða erlendum aðilum. Með núverandi skuldabyrði virðist það borin von að hægt sé að ná inn nýju áhættufé í reksturinn. Eignir eru verðlitlar og fyrirsjáanlegt er að ríkið þyrfti á endanum að yfirtaka skuldir fyrirtækisins. Jafnframt mundi þessi kostur ekki samrýmast áformum stjórnvalda um að yfirtaka fyrirtækisins skuli fela í sér hvöt til áframhaldandi þörungavinnslu.

Fjórði kosturinn, sem felst í því að yfirfæra reksturinn til heimaaðila, er sá sem talinn hefur verið álitlegastur. Valið á honum byggir á þeirri trú að aukin ábyrgð heimamanna sé árangursríkust til að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum á rekstri fyrirtækisins sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti skilað arði. Með þessum hætti er jafnframt best stuðlað að eflingu byggðar í Austur-Barðastrandarsýslu sem var eitt aðalmarkmið með þátttöku ríkisins í rekstrinum í upphafi.

Eins og ég gat um hér að framan er einn kostur ríkisins að selja eignirnar án frekari kvaða á þeim. Hafa ber í huga að verulegur hluti eignanna eru lausafjármunir sem selja mætti úr héraði. Það hefur hins vegar afgerandi áhrif á verðmæti eigna fyrirtækisins ef ríkið með tilliti til byggðastuðnings og annarra sjónarmiða afhendir þær nýjum aðilum með kvöð um áframhaldandi þörungavinnslu. Þá skiptir fyrst og fremst máli mat á arðsemi þörungavinnslu á Reykhólum. Sé höfð hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins frá stofnun væru eignirnar trúlega allt að því verðlausar, þ. e. sem arðgefandi fjárfesting.

Eftir yfirfærslu eignanna til heimamanna ætti að vera mögulegt að bæta afkomu verksmiðjunnar með aukinni hagkvæmni í rekstri, sérstöku markaðsátaki, auknu almennu aðhaldi heimaaðila að rekstrinum, lækkun aðstöðugjalds og minni skuldabyrði. Er því ljóst að ríkið verður að gera um það kröfu, þrátt fyrir kvöð um að eignirnar verði nýttar í þágu þörungavinnslu við Breiðafjörð, að greitt verði að hluta fyrir eignirnar skv. bættum rekstrarhorfum, þ. e. í formi víkjandi lána. Í því sambandi yrði höfð hliðsjón af verðmæti eignanna ef þær væru seldar úr héraði kvaðalaust.

Ef gerður yrði leigusamningur um eignirnar mundi hið nýja hlutafélag í raun vera stjórnunarfyrirtæki frá upphafi. Í því tilviki er gert ráð fyrir að Þörungavinnslan hf. yrði áfram til sem lögaðili og að leiguandvirði gengi til að greiða af áhvílandi lánum sem ekki yrðu yfirtekin af ríkissjóði í tengslum við samninga um eignayfirfærsluna. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluti leigu gæti gengið til greiðslu kaupverðs, kjósi félagið að kaupa eignirnar. Mætti hugsa sér að leigan yrði í tveimur þáttum. Annars vegar að grunngjald verði ákveðið sem hundraðshluti af eignaverði, eða söluverði sem samningar tækjust um. Sá þáttur gengi til greiðslu fastakostnaðar af eignunum og greiðslu hluta núverandi lána. Hins vegar yrði um leiguþátt að ræða er tæki mið af afkomu. Semja mætti um að sá hluti leigunnar kæmi til frádráttar fyrirfram ákveðnu kaupverði tækjust um það samningar.

Með samningum um yfirtöku heimamanna á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum er nauðsynlegt að ganga svo frá málum að ríkið hætti alfarið þátttöku í rekstrinum og að framvegis verði það undir heimamönnum og/eða öðrum hagsmunaaðilum komið hvort reksturinn haldi áfram. Skiptir þá engu hvort um sölu eða leigu eignanna yrði að ræða.

Hugmyndin um yfirfærslu fyrirtækisins til heimamanna er sprottin af athugunum sem gerðar voru á s. l. ári á vegum iðnrn. og stjórnar fyrirtækisins um stöðu og framtíðarhorfur þess. Slík yfirfærsla mundi byggjast á því að ríkissjóður yfirtæki hluta af áhvílandi skuldum fyrirtækisins en að stofnað verði nýtt hlutafélag á vegum heimamanna sem yfirtæki helstu eignir Þörungavinnslunnar hf., þ. e. húsnæði, vélar og tæki verksmiðjunnar, og hefji rekstur á nýjum grunni. Lögð verði áhersla á að efla samband við erlenda viðskiptaaðila og m. a. kannaðir til hlítar möguleikar á erlendri eignaraðild að fyrirtækinu.

Þörungavinnslan hf. stendur nú á tímamótum. Ef ekki verður gerð mikil fjárhagsleg uppstokkun á fyrirtækinu blasir við rekstrarstöðvun og greiðsluþrot. Einmitt þess vegna er nú aðkallandi að færa reksturinn og ábyrgðina í hendur heimaaðila, þ. e. þeirra aðila er mestra hagsmuna hafa að gæta, samhliða endurfjármögnun fyrirtækisins.

Eins og fyrr segir getur yfirfærsla fyrirtækisins til heimamanna gerst með tvennum hætti, með slitum og uppgjöri á núverandi félagi og meðfylgjandi ráðstöfunum eigna eða með leigusamningi. Í báðum tilvikum er þó fyrirsjáanlegt að ríkið muni þurfa að yfirtaka verulegan hluta af skuldum fyrirtækisins. Yfirtaka skulda fyrirtækisins mundi kosta ríkissjóð um 41 millj. kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða mismun skammtímaskulda og veltufjáreignar að meðtalinni afborgun langtímaskulda 1984 og 1985. Eftir árið 1985 munu eftirstöðvar langtímalána vera um 45 millj. kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 1985. Samanlögð útgjöld ríkissjóðs vegna þessa máls munu því nema um 86 millj. kr. á verðlagi síðustu áramóta. Þar af eru 65 millj. kr. vegna langtímaskulda sem eru í ábyrgð ríkissjóðs. Frá þessum upphæðum mundi að sjálfsögðu dragast söluandvirði eða leigutekjur.

Grundvallarspurningin, sem heimaaðilar eða aðrir sem vilja bera ábyrgð á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum þurfa að spyrja sjálfa sig að, er sú, hvort nokkur von sé til að reksturinn geti borið sig, hvort reksturinn geti skilað einhverju upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Ekki er unnt að ætlast til þess að

fólk leggi fé í nýtt hlutafélag nema það hafi trú á því að reksturinn geti borið sig.

Eftirfarandi atriði í rekstri verksmiðjunnar lofa góðu um framtíð hennar: Tök hafa náðst á öflun hráefnis sem nóg er af. Næg orka er til staðar og gæði framleiðslunnar eru mikil.

Þeir annmarkar sem helstir eru eru þessir: Afurðaverð hefur ekki hækkað nægjanlega frá um 40% verðfalli á árinu 1980. Örðugleikar hafa orðið við vinnslu þangs á vissum tímum. Kostnaðarbókhaldi hefur ekki verið beitt sem stjórntæki. Starf að markaðsmálum og vöruþróun hefur ekki skilað þeim árangri að fyrirtækið geti borið sig. Gera þarf ýmsar tæknilegar breytingar á verksmiðjunni.

S. l. sumar var gerð úttekt á tækjabúnaði verksmiðjunnar þar sem fram kemur að með því að hrinda í framkvæmd þeim áformum, sem uppi hafa verið í fyrirtækinu um endurbætur á stjórnbúnaði þurrkara, og með ýmsum viðbótaraðgerðum mætti gera vinnsluna mun öruggari en verið hefur. Kostnaðarbókhald má bæta með því að kaupa tiltölulega ódýra smátölvu sem getur reynst mikilvæg stoð til að fá upplýsingar sem þarf til að hafa yfirsýn yfir rekstur verksmiðjunnar. Mikilvægasta breytingin til þess að auka líkurnar á því að þörungavinnsla geti skilað arði er hins vegar aukin áhersla á vöruþróun og markaðsmál. Í þessu efni þarf að koma á beinum tengslum við kaupendur afurðanna. Að því er nú unnið á vegum stjórnar fyrirtækisins. Hinir nýju rekstraraðilar verða að sjálfsögðu að athuga gaumgæfilega hvort ekki sé nauðsynlegt að freista þess að fá hina erlendu kaupendur til að taka beinan þátt í rekstrinum.

Til þess að verksmiðjan geti borið sig þarf reksturinn að skila 6—7 millj. á núverandi verðlagi upp í árlegar afskriftir og fjármagnskostnað. Árleg nettó-greiðslubyrði af núverandi skuldabyrði fyrirtækisins er ekki undir 15 millj. kr. að meðaltali, en ekkert fékkst á s. l. ári upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Hér þarf tvennt að koma til, bætt rekstrarafkoma og stórlega minnkuð skuldabyrði. Með yfirtöku ríkissjóðs á skuldum verksmiðjunnar verður fjárhagsstaða hennar traust. Tvísýnt er þó um hagnað af rekstrinum á allra næstu árum þrátt fyrir það uppgjör sem hér um ræðir. En að sjálfsögðu verður að horfa lengra fram í tímann þegar ákvörðun er tekin í svo mikilvægu máli sem þessu. Ef litið er til næstu ára virðast vera allraunhæfir rekstrarmöguleikar fyrir verksmiðjuna. Afurðirnar henta sérstaklega í framleiðslu á ýmsum vörum sem nú eru í tísku og virðast verða vinsælli með ári hverju. Tíminn vinnur tvímælalaust með rekstrinum og það gefur vonir um að hann geti skilað arði. En til þess að nýta þessa möguleika verður að vinna markvisst að því að bæta reksturinn.

Ég vil geta þess sérstaklega að ég átti þess kost að eiga fund með heimamönnum og má lesa samþykktir þess fundar í fylgiskjali III. Mér kom það þægilega á óvart hvað samhugur og eindrægni var mikil meðal hreppsbúa, að heita mátti að hvert mannsbarn mætti til þess fundar, og algjör einhugur um að stofna til félagsskapar sem tæki að sér rekstur fyrirtækisins.

Því er það, virðulegi forseti, að ég legg mikla áherslu á að þetta heimildarfrv. nái fram að ganga og legg til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Launakjör bankastjóra og ráðherra, frv. 422. mál (þskj. 694). — 1. umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Á þskj. 694 hef ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Helga Seljan lagt fram frv. til laga um launakjör bankastjóra og ráðherra. Hinar tvær efnisgreinar frv. eru svohljóðandi með leyfi forseta:

„1. gr. Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga um ríkisbankana skulu launakjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ákveðin af Kjaradómi, sbr. lög nr. 46/1973, með síðari breytingum. Sama gildir um forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins.

2. gr. Hvers konar hlunnindi bankastjóra og ráðh., sem fela í sér að greiddur sé tollur af innflutningi einkabifreiða, eru bönnuð, svo og hvers konar launauppbætur í staðinn fyrir þessi hlunnindi."

Í grg. með frv. segir einnig, með leyfi forseta:

„Þetta frv. er flutt í framhaldi af umræðum um bílafríðindi bankastjóra undanfarna daga. Frv. gerir ráð fyrir því að Kjaradómur ákveði framvegis öll kjör bankastjóra í stað bankaráðanna eins og nú er.

Þingflokkur Alþb. gerði miðvikudaginn 10. apríl eftirfarandi samþykkt um þessi mál:

„Þingflokkur Alþb. lýsir fullri andstöðu við bílafríðindi bankastjóra og ráðh. Þingflokkurinn minnir á að Alþb. hefur beitt sér fyrir því að þessi bílafríðindi verði felld niður til handa ráðherrum og ráðherrar flokksins í síðustu ríkisstj. notfærðu sér ekki þessi hlunnindi og slíkar greiðslur til þeirra því ekki tilefni til neinna fríðinda bankastjóra. Þingflokkur Alþb. leggur áherslu á eftirfarandi aðgerðir vegna bílafríðinda bankastjóra:

1. Kaup og öll launakjör bankastjóra verði ákveðin af Kjaradómi og afgreiðsla þeirra mála tekin frá bankaráðum.

2. Bílagreiðslur til bankastjóra verði með öllu stöðvaðar frá 1. janúar 1985 enda verður ekki séð að störfum bankastjóra fylgi nokkur sérstök þörf á bifreiðaakstri.""

Eins og hv. þm. er í fersku minni upplýsti eitt af dagblöðum borgarinnar 3. apríl s. l. að bankastjórar ríkisbankanna og forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins hefðu fengið launaauka sem næmi 450 000 kr. á ári. Sem eðlilegt var upphófust nú miklar umr. um þennan launaauka, bæði hér á hv. Alþingi svo og í fjölmiðlum og meðal almennings. Svo virtist sem allir væru yfir sig hneykslaðir og andvígir þessum launafríðindum. Viðskrh. fór fram á grg. aðila og fjmrh. lýsti því yfir að þetta yrði að stöðva. Þingflokkar hver af öðrum gáfu út yfirlýsingar um málið þar sem þessum fríðindum var mótmælt.

Ekki lá jafnframt á hreinu hver eftirleikurinn skyldi vera, hvernig þessum málum yrði fyrir komið í framtíðinni. Frv. okkar er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að það komi fyrir aftur að teknar séu ákvarðanir um launagreiðslur til nokkurra hæst launuðu starfsmanna í ríkiskerfinu án nokkurra tengsla við þróun launa í landinu. Það að bankaráðin skuli ákveða launakjör bankastjóra ber í sér og framkallar óréttlæti

og vafasamar ákvarðanatökur svipaðar þeim sem nú um stund hafa verið hvað mest til umræðu.

Um leið og NT birti fréttina um vísitölutryggðu 450 þúsundin til hvers bankastjóra kom strax í ljós hversu hvert bankaráð var vanmegnugt til afdráttarlausrar ákvarðanatöku út af fyrir sig. Það var farið að metast á um það hvaða bankaráð hefði samþykkt þetta fyrst. Fljótlega kom í ljós að bankaráð sjálfs Seðlabankans hafði riðið á vaðið. Eftir umræðum að dæma virtist svo að bankaráð Landsbanka, Útvegsbanka og Búnaðarbanka hafi druslast á eftir að samþykkja kröfur sinna bankastjóra sem voru færðar þeim bankastjórum á silfurfati af bankastjórn Seðlabankans. Hér í hv. Ed. Alþingis hefur það verið undirstrikað og margoft yfirlýst að seðlabankastjóri Jóhannes Nordal sé snillingur við samningagerð, mjög góður samningamaður og haldi þar vel á sínum hlut. Því miður hefur það sannreynst með meðferð þessa máls í bankaráði Seðlabankans.

Hvernig færi það á vinnumarkaðnum ef hver semdi fyrir sig, hver skipstjóri væri á sérsamningi, hver menntaskólarektor semdi við sína skólanefnd? Thorlaciusinn í Hamrahlíðarskólanum næði út úr sinni skólanefnd svipuðum kjörum og Nordalinn í Seðlabankanum náði út úr sínu bankaráði? Almenningur mundi að vísu una því að Thorlaciusinn fengi svipuð kjör og Nordalinn en við vitum að því verður bara ekki að heilsa með því kerfi sem við búum við. Samþykktir bankaráða ríkisbankanna um kaupauka og fríðindi bankastjóra og hvernig að því var staðið fyrir forgöngu bankastjóra og bankaráðs Seðlabankans sýnir að það er fráleitt að láta fjögur bankaráð um það að ákveða launakjör bankastjóra. Eins og í ljós hefur komið getur hvert bankaráð fyrir sig verið leiðandi og gert samþykktir sem önnur bankaráð taka síðan sem fyrirmyndir að sínum ákvörðunum.

Fyrst slíkt hefur átt sér stað nú og með þeim fádæmum sem varla þarf frekar um að ræða getur það endurtekið sig nema lögum verði breytt. Því ber að nema úr gildi heimild bankaráða ríkisbankanna til að ákveða launakjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra og fela það vald Kjaradómi. Sömu rök hníga að því að Kjaradómur ákveði laun bankastjóra og ráðuneytisstjóra. Alþb. hefur beitt sér fyrir því að bílafríðindi ráðh. og þar með bankastjóra verði felld niður. Ráðh. Alþb. í síðustu ríkisstj. notfærðu sér ekki þessi hlunnindi.

Bifreiðahlunnindi bankastjóra voru hin sömu og ráðh. og hafa verið óbreytt í 15 ár frá 1. ágúst 1970. Nokkrar atrennur hafa verið gerðar að þessum fríðindum til að afnema þau en ríkisstj. og Alþingi hafa ekki komið sér saman um afnám á þeim ef frá er skilin yfirlýsing hæstv. fjmrh. um að hann hafi breytt þessum fríðindum nú fyrir nokkrum dögum næstum í það sama form og var fyrir 15 árum og þá var talið illt við að búa. Fríðindin eru því í gildi enn þá, þó í annarri mynd sé, en með skattfrjálsri tollaeftirgjöf eða með 450 þús. kr. lánskjaravísitölutryggðri uppbót á ári.

Síðasta umfjöllun, sem ég hef tekið eftir í fjölmiðlum um launasamninga Jóhannesar Nordals við bankaráð Seðlabankans sá ég í Morgunblaðinu 7. þessa mánaðar og er samþykkt frá félagsfundi Iðju, félags verksmiðjufólks. Mig langar til að lesa þessa samþykkt, með leyfi virðulegs forseta:

„Aðalfundur Iðju, félags verksmiðjufólks, haldinn 24. apríl 1985 lýsir yfir undrun sinni á ákvörðun bankaráða um 450 þús. kr. bifreiðastyrk til bankastjóra ríkisbankanna á ári hverju og þar á ofan verðtryggt með lánskjaravísitölu meðan verðtrygging launa er bönnuð með lögum. Þessi greiðsla til bankastjóranna svarar til 28 meðalmánaðarlauna iðnverkafólks. Fundurinn telur þetta furðulega ósvífni þar sem bankastjórar eru með yfir 80 þús. kr. mánaðarlaun, en í allri umræðu um kjaramál þeirra lægst launuðu telur forsrh. höfuðnauðsyn að ná þjóðarsátt um sem lægstar launahækkanir í krónutölu. Þetta sannar að ekki er sama hver í hlut á. Því skorum við á stjórnvöld að láta þessar greiðslur ekki koma til framkvæmda og afnema greiðslur á aðflutningsgjöldum og rekstri bifreiða bankastjóra þar sem þeir þurfa ekkert meira á bifreið að halda en aðrir launþegar."

Þessi samþykkt Iðju, félags verksmiðjufólks, fellur í einu og öllu að þeim till. sem við Alþb.-menn flytjum hér og tek ég undir þessa samþykkt. Mál er að slíku fyrirkomulagi linni. Frv. okkar felur í sér afnám hlunninda og bann á launauppbótum í staðinn fyrir hlunnindi. Frv. ætlar Kjaradómi að taka að sér hlutverk bankaráða í sambandi við launakjör bankastjóra. Með samþykkt þessa frv. verður komið í veg fyrir ákvarðanatöku með svipuðum aðdraganda og afgreiðsla bankaráðanna var í sambandi við kaupauka bankastjóra á nýliðnum vetri.

Ég legg svo til að lokinni þessari umr. að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Gyðingaofsóknir eru fyrir nokkru aflagðar og upp teknar bankastjóraofsóknir. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sjái ekki ofsjónum yfir launum bankastjóra eins og margir hverjir í þessu landi, heldur vegna þess hvaða leiðir menn fara til þess að komast hjá því að tala um aðalatriði þessa máls. Þessi till. er á yfirborðinu till. um það að flytja ákvarðanatöku um laun bankastjóra frá bankaráðum til Kjaradóms. Sé horft til þess frá hverjum till. kemur — hún kemur sem sé frá fulltrúa þess flokks sem hér hefur talið sig vera talsmann verkalýðsins í landinu — er hún út frá grundvallarsjónarmiðum nokkuð einkennileg.

Ef þeir telja Kjaradóm vera það tæki, sem leiðrétt getur kjör manna á þann veg sem þeir helst æskja, í þessu tilviki að draga úr launum og kjörum manna, þá hlýtur Kjaradómur líka að geta virkað á hinn veginn fyrir þá sömu höfunda, þ. e. geta bætt kjör þeirra sem bætt kjör þurfa. Næsta till. væri þá eðlilega sú að flytja frv. um að kjör alls launafólks á Íslandi yrðu ákveðin af Kjaradómi.

Einhverra hluta vegna grunar mig samt sem áður að þessir sömu aðilar séu ekki á því að gefa eftir þann litla skika af samningsrétti sem launþegar þó enn þá halda (Gripið fram í.) Nei, þessi till. er í raun og veru allt annað. Þessi till. er hrein vantrauststillaga á bankaráð. Hún er vantrauststillaga á hlutverk og verkefni bankaráða. Þetta er raunverulega eitt af þeim fáu verkefnum sem bankaráðum eru falin með lögum, að ákveða kjör bankastjóra. Þeir eru samninganefndin við bankastjóra — (**Gripið fram í:** Er það eðlilegt?) Hvers vegna er það óeðlilegt að það sé einhver aðili sem semur við bankastjórana? Ég er ekki að segja að ekki mætti koma þessum málum fyrir öðruvísi. Ég er að segja að þetta er fyrst og fremst vantrauststillaga á bankaráðin. Þau eru

ekki talin hæf til að taka þetta hlutverk að sér og þá er orðið tiltölulega mjög lítið eftir af hinu eiginlega hlutverki þeirra og umboði.

Hvers vegna ekki að ganga bara þetta skref til fulls og segja einfaldlega: Burt með bankaráðin? Þau hafa í raun engu hlutverki að gegna. Þeirra hlutverk á vegum löggjafans innan veggja bankanna var að mestu leyti þetta litla, að hafa umsagnir og ákvarðanatöku um ráðningu bankastjóra og ákveða kjör þeirra. Það er orðið afskaplega lítið eftir af hinu eiginlega umboði þessara bankaráða sem þau þarna hafa af hendi löggjafans. Segja má að gagnsleysi þeirra sé þar með orðið algjört með þessari till. Þar með erum við hv. flm. Skúli Alexandersson — þó að hann hafi ekki sagt það hér berum orðum — líklega í hjarta okkar orðnir sammála. En ég verð að viðurkenna að ég hef ekki þá trú á stöðu og hlutverki Kjaradóms að ég geti stutt þessa till. frekar en aðrar sem fram eru hér komnar um að flytja samningsrétt frá fólki, hvort sem það eru bankastjórar eða verkamenn, til Kjaradóms.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar, en vil segja hér örfá orð við 1. umr. þessa máls.

Ég vil lýsa mig andvíga 1. gr. þessa frv. og láta það koma hér fram að mér finnst að verið sé að hlaupast frá vandanum með því að vísa launamálum bankastjóra til Kjaradóms umsvifalaust. Ég teldi langeðlilegast að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem 1. gr. tekur til, tækju laun skv. launasamningum opinberra starfsmanna, að í slíkum samningum væru laun þeirra ákveðin eins og annarra opinberra starfsmanna.

Það segir sig sjálft að með því að að skilja hæst launuðu ríkisstarfsmennina frá öðrum opinberum starfsmönnum með þeim hætti að vísa launakjörum þeirra fyrrnefndu án nokkurs formála beinustu leið í Kjaradóm er í rauninni verið að fága enn eitt verkfærið til að halda almennum opinberum starfsmönnum niðri í launasamningum. Hæst launuðu ríkisstarfsmennirnir eru, ef svo einfaldlega má að orði komast, mikilvægur þrýstihópur í samningum um kaup og kjör opinberra starfsmanna. Ef samningar um kaup og kjör opinberra starfsmanna stranda er þeim vitaskuld vísað til Kjaradóms og þá mundu bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins fylgja með til Kjaradóms ásamt öðrum opinberum starfsmönnum og laun þessara starfsmanna allra metin saman í heild.

Ég vil vekja athygli á að á síðasta þingi kom hér fram frv. og var afgreitt um breytingu á lögum nr. 46, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þetta var 276. mál síðasta löggjafarþings og það gekk í stuttu máli út á það að þar var fjölgað þeim embættismönnum sem taka laun skv. Kjaradómi, þeim embættismönnum sem ekki þurfa að hlíta samningum við opinbera starfsmenn heldur eru ákvarðanir um þeirra kaup og kjör færðar til Kjaradóms. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar, sem samanstóð af fulltrúum Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., lagði til að þetta mál yrði samþykkt hér í Ed. en minni hl., sem fulltrúi Kvennalistans í nefndinni skipaði ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni sem er áheyrnaraðili að nefndinni, lagði til að frv. yrði fellt á þeirri forsendu að eðlilegast væri að þeir aðilar, sem þetta frv. tók til, tækju sín laun skv. kjarasamningi opinberra starfsmanna en væri ekki vísað til Kjaradóms.

Þetta frv. var samþykkt hér í Ed. óbreytt. En síðan gerðust þau tíðindi að þegar þetta frv. kom til meðferðar í Nd. sameinaðist stjórnarandstaðan í hv. fjh.- og viðskn. Nd. um að fella niður 1. og 2. gr. frv. sem eru megingreinarnar, þ. e. þær greinar sem taka til hvaða opinberir starfsmenn skuli taka laun skv. Kjaradómi. Þarna urðu því viðhorfsbreytingar hjá fulltrúum Alþb. og Alþfl. á milli deilda.

Enn önnur viðhorfsbreyting eða kollsteypa hefur átt sér stað eftir því sem best verður séð því að allir þm. Alþb. í þessari hv. deild standa að því að flytja það frv. sem hér er nú til umr. sem efnislega hljóðar upp á það að vísa launakjörum bankastjóra, ráðherra og forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins í Kjaradóm. Ekki hefur enn komið fram við þessa umr. hver er afstaða Alþfl.-manna til þessa máls, hvort þar hefur einnig átt sér stað kúvending. En ég vek athygli á því að þarna er um dálítið kyndugt mál að ræða. Ég endurtek það að ég hef ekki skipt um skoðun frá því í fyrra, ég er andvíg því að launakjörum hæst launuðu ríkisstarfsmanna sé vísað til Kjaradóms. Ég tel að þau eigi tvímælalaust heima í almennum samningum við opinbera starfsmenn.

2. gr. þessa frv., sem hér er til umr., er ég hins vegar samþykk. Þær upplýsingar, sem fram komu hér fyrir ekki svo löngu síðan, um að 450 þús. kr. ættu að greiðast á ári til bankastjóra vegna bílakaupa komu vitaskuld eins og löðrungur framan í þjóð sem hefur mátt búa við gífurlegar kjaraskerðingar á undanförnum misserum. Þingflokkur Kvennalistans gerði á sínum tíma ályktun um þetta og hefur þegar verið gerð grein fyrir henni hér á hæstv. Alþingi og ætla ég ekki að endurtaka það. Ég ítreka aðeins að á meðan ég er andvíg 1. gr. frv. er ég sammála 2. gr. þess þótt ég telji að þar með sé engan veginn nóg að gert. Bílahlunnindi tíðkast miklu víðar í hinu opinbera kerfi en meðal þeirra aðila sem þetta frv. nær til og það er kominn tími til að taka á þessum málum öllum í heild, þessum skollaleik, sem ég vil kalla svo, í launamálum verði hætt, að hver og einn fái einfaldlega sín laun metin eftir venjulegum aðferðum skv. starfsmati þar sem allir þættir starfsins eru teknir með í reikninginn en þar sem aukahlunnindi, styrkir og uppbætur koma ekki til greiðslu aukalega umfram það sem umsamið er sem launakjör.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég er samþykkur meginefni þess frv. sem hér um ræðir. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar. Það gefst tækifæri til að ræða það nánar þar og ég mun því ekki hafa mörg orð við þessa umr.

Ég held að það sé í samræmi við þá stefnumörkun, sem samþykkt var á síðasta þingi, að ákvarðanir um laun bankastjóra fari til Kjaradóms. Það var, eins og fram hefur komið hér hjá síðustu ræðumönnum, samþykkt frv. um það á síðasta þingi að launakjör æðstu starfsmanna ríkisins yrðu ákveðin af Kjaradómi. Mér finnst eðlilegt að launakjör bankastjóra ríkisbankanna falli þarna undir, að þeir séu í þessum hópi.

Ég get ekki verið samþykkur því að það sé almennum launasamningum í landinu neitt til framdráttar að þessir æðstu embættismenn fái frjálsan samningsrétt og þar af leiðandi verkfallsrétt. Ég get ekki séð það, það verður

að hafa visst öryggi í þessum málum. Ég vil t. d. ekki sjá það að t. d. sýslumenn í landinu fái verkfallsrétt eða æðstu embættismenn yfirleitt. Ég held að verkfallsvopnið sé alveg jafnbeitt hjá launafólki þó að það sjálfsagða öryggisatriði sé viðhaft að þessir menn hafi ekki verkfallsrétt. Það mætti spyrja hvort við alþm. ættum þá að bætast í hóp opinberra starfsmanna og fara í verkfall ef sú staða kæmi upp að þeir færu í verkfall. Ég vil sem sagt ekki samþykkja það að það sé neitt óeðlileg ráðstöfun að laun þessara manna séu ákveðin af Kjaradómi. Ég held að það sé hugsunin á bak við þetta frv.

Ég vil hafa vissa fyrirvara um 2. gr. frv. Ekki það að ég er samþykkur efni hennar en mér finnst einhvern veginn að það sé varla hægt að senda til Kjaradóms fyrirmæli um hvernig hann á að dæma í málum bankastjóra. Þessi ákvæði eiga heima í tollalögum, sem eru nú væntanleg fram. Þetta verður skoðað nánar í nefnd og ég ætla ekkert að orðlengja um það við þessa umr.

Ég get ómögulega fallist á það að það sé vantraust á bankaráðin að vísa ákvörðun um launakjör bankastjóra til Kjaradóms. Það er eðlilegt að taka þennan kross frá bankaráðunum, að semja við bankastjórana um kaup og kjör, og þau hafa nægt hlutverk í eftirliti með starfsemi bankanna þó að þetta sé frá þeim tekið. Ég lít a. m. k. ekki svo á með mínum stuðningi við frv. að það sé að neinu leyti vantraust á bankaráðin og vil láta það koma skýrt fram við þessa umr.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. frekar að sinni en mun skoða málið nánar í nefnd eins og áður hefur komið fram.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Markmið þessa frv. er þríþætt. Í fyrsta lagi að afnema heimild til að veita bankastjórum tollaívilnanir með beinum greiðslum frá bönkunum vegna bílakaupa. Í öðru lagi að afturkalla þær ívilnanir sem samþykktar hafa verið. Í þriðja lagi að koma nýrri skipan á kjarasamningamál bankastjóra. Það er einkum þessi seinasti þáttur málsins sem hér hefur orðið að umræðuefni.

Þegar við veltum því fyrir okkur hvernig á að ganga frá kjarasamningamálum bankastjóra getur komið þrennt til greina. Í fyrsta lagi að stjórn bankans semji við þá eins og nú er. Í öðru lagi að þeim sé ætlaður verkfallsréttur og þeir gangi í BSRB og heyi sína baráttu þar, fari þá væntanlega í verkfall þegar svo vill horfa og geri síðan samninga á grundvelli niðurstaðna verkfalls. Þriðja leiðin er sú að Kjaradómur fjalli um málið.

Ég bendi á það að þegar um er að ræða stofnanir sem sambærilegar eru við bankana, æðstu stofnanir eða stóra vinnustaði ríkisins, er hvergi það skipulag ríkjandi að stjórn viðkomandi stofnunar eigi að hafa með samningamál að gera. Það er mesti misskilningur, sem hér kom fram hjá hv. þm. Stefáni Benediktssyni, að það sé eitthvert sjálfgefið og sjálfsagt viðfangsefni bankaráða að hafa með kjaramál bankastjóra að gera. Bankaráðin hafa að sjálfsögðu fjöldamörg önnur viðfangsefni sem máli skipta. Þau eru stefnumarkandi aðili í störfum bankanna og hafa eftirlit með störfum þeirra og allri starfsemi. Miðað við það hvernig háttar til á öðrum stöðum í ríkiskerfinu er fullkomlega óeðlilegt að bankaráðin hafi nokkuð með kjarasamningamál að gera.

Ég spyr: Telja menn virkilega eðlilegt að útvarpsráð semji um launakjör útvarpsstjóra ellegar að stjórn Sementsverksmiðju ríkisins semji um launakjör forstjóra Sementsverksmiðjunnar? Auðvitað er það fjarstæða. Þetta er óeðlilegt fyrirkomulag og ég gæti nefnt býsna mörg dæmi úr ríkiskerfinu sem sýna hversu fráleitt það væri. Frsm. fyrir frv. benti einmitt á að ekki væri það sérlega viðkunnanlegt ef skólanefndirnar ættu að semja við skólastjórana um kaup þeirra og kjör. Það má nefna mörg dæmi af þessu tagi.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé hópur manna sem flokkist undir stjórnendur æðstu stofnana ríkisins, hæstaréttardómarar, ráðuneytisstjórar, forstjórar stærstu ríkisstofnana. Þessir menn eru í þess háttar störfum að það er fullkomlega eðlilegt, hvort sem maður telur sig til verkalýðsflokks, atvinnurekendaflokks eða til kvennalista, að hafa þá skoðun að þessir menn eigi ekki að hafa verkfallsrétt. Þeir eru ekki í störfum af því tagi að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það skipulag sem verið hefur á þessum málum, að Kjaradómur dæmi um kjör þessara manna, dæmi t. d. um kjör hæstaréttardómara, sé eðlilegt og sjálfsagt. Enda hefur þetta verið svona um mjög langt skeið og hefur ekki nokkrum manni dottið í hug að hæstaréttardómarar eða alþm. eigi að fara í verkfall. Þetta er alveg sambærilegt.

Það væri auðvitað hægt að vera með svo almenna skoðun í þessu að segja: Það eiga allir að hafa verkfallsrétt. Bankastjórar eiga að hafa hann, þeir eiga bara að vera í BSRB, alþm. eiga að vera það og þeir eiga bara að vera í BSRB. Auðvitað er hægt að hafa svona skoðun. En þetta er ekki að mínum dómi eðlileg skoðun og ég er viss um að hv. þm. Sigríður Dúna, sem hér talaði áðan, er alls ekki þessarar skoðunar. (**StB:** Mega alþm. ekki fara í verkfall?) Þeir geta ekki farið í verkfall skv. núgildandi lögum. Ég er sannfærður um að Stefán Benediktsson meinar það ekki í fullri alvöru að þeir eigi að fá verkfallsrétt. (**SDK:** En það er ekki sama samningsréttur og verkfallsréttur.) Nei, það er ekki sama samningsréttur og verkfallsréttur, það er rétt. En ég minni á það, að alþm. hafa heldur ekki samningsrétt að þessu leyti. Ráðherrar hafa ekki samningsrétt að þessu leyti um kjör sín. Þeir sem eru undir Kjaradómi beint með sín kjör, eins og samþykkt var í frv. sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir vitnaði til hérna rétt áðan, hafa ekki samningsrétt í þessari venjulegu merkingu orðsins. Ég held að við getum verið sammála um það að bankastjórar, sem hefur verið talið að eigi að hafa einhver hæstu laun sem greidd eru hér og eru látnir miða launakjör sín við núverandi aðstæður við kjör ráðh. hvort sem nokkrum finnst það nú eðlilegt eða ekki — sjálfum finnst mér það ekki eðlilegt — (**Gripið fram í:** Hæstaréttardómara.) Já, kannske fara menn hér með réttara mál sem leiðrétta mig. Ég hafði alltaf heyrt það svo að viðmiðunin væri kjör ráðh. En það má vera að þeir, sem grípa hér fram í fyrir mér og leiðrétta mig, hafi farið með réttara mál, að þar sé í reynd fremur miðað við kjör hæstaréttardómara. En ég hafði heyrt hitt að það væri miðað við kjör ráðh. En hvort heldur sem er er greinilegt að þeir eru hvað kjör snertir, og hafa verið um mjög langt skeið, nákvæmlega eins á vegi staddir og t. d. hæstaréttardómarar, ráðuneytisstjórar og aðrir þeir sem hefur verið talið skv. öðrum lögum eðlilegt að fengju sérmeðhöndlun í kerfinu.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var að gera

því skóna áðan að við þm. Alþb. værum stöðugt að kúvenda í þessu máli. Ég kannast ekkert við það, ég veit ekki betur en við flm. þessarar till. höfum fylgt einni og sömu stefnunni í þessu máli. Við vorum þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að bæta inn í hóp þeirra, sem Kjaradómur hefur ákveðið laun fyrir, nokkrum mönnum sem eru forstöðumenn allra stærstu ríkisstofnananna. Það voru lögreglustjórinn í Reykjavík, ef ég man rétt, forstjóri ríkisspítalanna, forstjóri Vegagerðar ríkisins og nokkrir aðrir slíkir menn sem eru í þess háttar störfum að talið var eðlilegt að þeir hefðu ekki verkfallsrétt og samningsrétt heldur ákvæði Kjaradómur laun þeirra með hliðstæðum hætti og hann ákveður laun alþm. án þess að þeir séu þar samningsaðilar. Því er það fullkomlega í rökréttu framhaldi af stefnu okkar í því máli hér á dögunum að við flytjum nú frv. um það að kjör bankastjóra falli undir sömu reglu og þarna var ákveðin.

Hv. þm. var að reyna að gera sér mat úr því að í Nd. munu stjórnarandstæðingar hafa tekið eitthvað öðruvísi afstöðu til þessa máls en hér í Ed. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér það. Ég hygg að hvorki í Alþfl. né Alþb. hafi það verið neitt sérstaklega rætt en ég held að það sjónarmið, sem fram kom þar, hafi verið það að það ættu einfaldlega allir, hver og einn einasti aðili, að vera í kjarasamningahópnum, þ. e. annaðhvort í BSRB eða BHM og ætti að ákveða laun þeirra þar. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En það mundi þá þýða að við tækjum væntanlega alþm. alla, ráðh. alla, ráðuneytisstjórana alla, hæstaréttardómarana alla og meðhöndluðum þá á nákvæmlega sama hátt.

Meðan sú skipan er, sem verið hefur lengi, að við tökum þessa sérstöku hópa og látum Kjaradóm dæma sérstaklega í þeirra málum verður það að teljast fullkomlega rökrétt og eðlilegt að bankastjórar bætist í þann hóp. Þetta er fyrst og fremst spurning um samræmingu. Ég veit að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir getur verið sammála mér um það að það er áreiðanlega í bestu samræmi hvað við annað úr því að skipulag þessara mála er á þann veg sem það er, að bankastjórar falli inn í þann hóp.

Ef hún vill að bankastjórar gangi í BSRB og fái verkfallsrétt o. s. frv. hlýtur hún að telja að við þm. eigum að fara sömu leiðina. Væntanlega flytur hún þá frv. um það því að öðruvísi er ekki nokkur leið að fá nokkurn botn í hennar afstöðu til málsins.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er líklega rétt af mér að koma hér upp þegar tveir af flm. þessa frv. eru búnir að tala og ræða út frá þeim sjónarhóli sem hér hefur verið fjallað um. Auk þess er hér um að ræða einn af bankaráðsmönnum sem er að afsala sér þessu mikla og eftirsótta valdi sem hefur verið talað um hér, að fá að semja um kaup og kjör bankastjóra. Ég held að rétt sé að menn geri sér grein fyrir því að það mál, sem hér um ræðir, þ. e. bílafríðindin, hefur ekki verið á samningaborðum bankaráðsmanna og bankastjóra á liðnum árum. Þessum málum hefur sem sagt verið stjórnað, eins og menn þekkja og eiga að vita, eftir reglugerð sem sett var á árinu 1970 og þótti þá til stórbóta. Páv. fjmrh. fékk mikið lof fyrir það að hafa breytt fyrirkomulagi því sem áður var hjá bönkunum og fært þessi fríðindi í þennan farveg. Hæstv. páv. fjmrh. var Magnús heitinn Jónsson og það vænir hann væntanlega enginn um það að hann hafi verið með það í huga að auka spillingu og auka á siðleysi í landinu með reglugerðarsetningu þessari, ég efa það.

Þessi reglugerðarsetning var gerð í nánu samráði við páv. hæstv. viðskrh. Gylfa Þ. Gíslason. Þessir tveir aðilar áttu heiðurinn eða skömmina — hvort sem menn vilja kalla það í dag í öllum hávaðanum sem í kringum þetta mál er — af þeirri reglugerð sem eftir hefur verið farið varðandi þessi hlunnindi margumtöluðu öll þessi ár.

Það er svo alveg rétt að þegar menn sjá þessi hlunnindi nú eftir hálfan annan áratug í því ljósi, að beinharðar tölur eru lagðar á borðið, engin viðbót, ekkert nýtt, heldur aðeins að fólki er sýnt það í beinhörðum tölum sem það á að hafa vitað allan tímann því að umr. um þessa breytingu fór ekkert hávaðalaust fram á sínum tíma. Breytingin fólst í því að í stað þess að bankarnir ættu bílana og rækju þá kæmi niðurfelling aðflutningsgjaldanna af bílunum. Hún fór ekkert hávaðalaust fram í þjóðfélaginu. Menn vissu alveg af henni. Menn hafa vitað þetta allan tímann. Hins vegar hrukku menn við þegar þeir sáu í beinhörðum tölum hversu mikil þessi fríðindi voru. Ég gerði það líka sem bankaráðsmaður. Við í bankaráði Búnaðarbankans leituðum leiða til að finna einhvern farveg út úr þessu máli og ég veit að í bankaráði Útvegsbankans var sömuleiðis leitað allra leiða til þess að finna einhverja aðra útgönguleið í þessu efni.

Bankaráð Búnaðarbankans fór út í það að fara í gamla farið fyrir 1970, þ. e. að bankinn ætti bílana. Ætli það verði ekki niðurstaðan þegar upp verður staðið og ég er ekkert viss um að þegar menn fara að skoða málin í rólegheitum þyki mönnum það öllu geðfelldari kostur þegar á allt er litið.

En um Kjaradóm get ég vitanlega verið sammála mínum meðflm. Ég er það kannske einfaldlega vegna þess að á sínum tíma var ég mjög efins um það á hvern hátt ætti að skipa kjaramálum okkar þm. sem lengi höfðu verið í þeim farvegi að þingfararkaupsnefnd hér ákvað laun þm. eins og það var svo smekklega orðað: Þessi stétt gat samið um laun sín sjálf og ein. Þá var látið undan þeim þrýstingi sem þá var varðandi kjaraákvarðanir hér inni á þingi og málinu vísað til Kjaradóms.

Ég játa það hins vegar að reynslan af umfjöllun Kjaradóms um kjör þm. hefur verið þm. býsna hagstæð miðað við umfjöllun þingfararkaupsnefndar. Mér kemur heldur ekki til hugar að segja það hér að þó að við vísum þessu í þennan farveg muni laun bankastjóra lækka. Mér dettur ekki í hug að halda því fram en ég held að eins og umr. hefur verið um þessi mál öll sé það einlægast að sá aðili, sem á að vera hlutlægastur í þessum efnum, fjalli um þetta og kveði upp sinn dóm, m. a. yfir þeim mönnum sem harðast hafa verið dæmdir nú upp á síðkastið, þ. e. bankaráðsmönnum ríkisbankanna, og það komi þá nokkuð í ljós eftir þann kjaradóm hvað menn hafa gengið langt í þessum efnum í bankaráðunum. Ég vil a. m. k. sannarlega fá þann samanburð og styð m. a. þess vegna þetta frv. Ég vil sannarlega fá samanburð þessara hlutlausu aðila Kjaradóms annars vegar um laun og kjör bankastjóra í ýmsum greinum miðað við það sem bankaráðin hafa ákveðið.

Ég er ekki að tala hér til neinnar afsökunar eða

afbötunar á því sem framkvæmt var í því bankaráði sem ég sit í. Ég er hins vegar að vekja athygli manna enn einu sinni á því sem ég fagna að var gert af hálfu talsmanna BJ í umr. um þessi mál á sínum tíma vegna þess að þar gátu talsmenn þeirra leikið visst fríspil og tekið þátt í þeim ódæma óhróðri sem þá var dembt yfir bankaráðsmenn varðandi siðleysi, spillingu og annað því um líkt. Ég fagna einmitt þeim málflutningi sem þar kom fram og var kjarni málsins og sannleikur málsins, að það hafði ekkert nýtt gerst, að það var ekki á þann veg að bankaráðin væru að veita bankastjórunum launaauka sem þeir ekki áður hefðu haft.

En talið þið við manninn á götunni eftir umfjöllun bæði alþm. og fjölmiðla um þetta mál. Þá munuð þið finna að yfirgnæfandi meiri hluti trúir því að bankaráðin hafi verið að veita bankastjórunum nú splunkuný fríðindi, rétt þeim 450 þús. til viðbótar við það sem þeir áður höfðu. Umfjöllunin hefur öll verið á þann veg. Hér var einungis verið að umreikna þessi fríðindi sem hafa gilt miklu lengur en frá 1970 en í þessari mynd frá 1970 og allir hafa vitað um allan tímann að giltu um þessa aðila, þeir hafa einungis verið að umreikna það í beinharða peninga.

Ég fagnaði því einnig þegar svo greindur og gegn maður sem Skjöldur vinur minn Eiríksson skrifaði í Þjóðviljann og þakkaði bankaráðsmönnum fyrir að hafa upplýst þjóðina um það hvað þessi hlunnindi hefðu þýtt öll þessi ár. Síðan hafa menn komið hér upp í ræðustól í Alþingi og í fjölmiðlum með heilagsandasvip og sagt að hér hafi menn verið að framkvæma stórkostlega tilfærslu á kjörum bankastjóra og bætt við þá alveg aukalega á þessum tímum kjaraskerðingar þessum krónum.

Hér er mikið ósamræmi í málflutningi sem ekki er hægt annað en að mótmæla. Ég get ekki annað samvisku minnar vegna en mótmælt því harðlega hvernig um þetta mál hefur verið fjallað og reynt að gera það tortryggilegt með öllum hætti. Kannske einmitt þess vegna, vegna þess að menn eru þá lausir við þetta í eitt skipti fyrir öll með því að vísa þessu til hlutlauss aðila sem á að hafa yfirsýn yfir þetta svið allt, gerðist ég flm. að þessu frv. án þess að hafa hina minnstu sektarkennd af því að hafa sýnt fólki fram á hvað þetta var í peningum.

Hitt er svo annað mál að við bankaráðsmenn hefðum kannske átt að huga að því að við hefðum ekki átt að framkvæma þá reglugerð sem okkur var sagt að framkvæma af hálfu rn. 1970 og alla tíð síðan. Það er allt annar hlutur. Það er atriði sem við skulum ekki ræða hér á þessum vettvangi nú en ég er reiðubúinn til umr. um hvenær sem er vegna þess — og þá kem ég inn á það sem hv. þm. Sigríður Dúna kom hér inn á áðan — að þá eigum við ekki að taka hér út eitthvert afmarkað svið, einhverja afmarkaða stétt, heldur eigum við að taka sviðið allt, fríðindasviðið allt, hlunnindasviðið allt, hvar sem það finnst í þjóðfélaginu, þannig að við höfum kjaramyndina í þjóðfélaginu sem réttasta, allt sé í beinum greiðslum þannig að myndin, sem við höfum af kjaramálum þjóðfélagisins í heild, sé sem sönnust og skýrust á hverjum tíma en sé ekki falin meira og minna. Ég er ekki talsmaður þess að þannig sé að farið.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessa umr. en hart er að sitja undir þessum umr. án þátttöku. Ég er víst einn af hinum seku, á sæti í einu bankaráðanna sem hefur verið mjög hart deilt á í öllum þessum umr. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál vegna ágætrar ræðu þess sem hér var á undan mér, hv. 2. þm. Austurl. En ég vil aðeins taka fram og undirstrika það sem þar var sagt, að bankaráðin hafa ekkert gert af sér í þessu máli sem hægt er að deila á þau fyrir. Þau voru aðeins að fara eftir þeim lögum og reglum sem eru í gildi í þessum efnum. Þess vegna þótti mér það ekki smekklegt áðan hjá frsm., hv. 4. þm. Vesturl., þegar hann talaði um hvað Nordal hefði verið sérstaklega duglegur við að prýsta þessum launamálum sínum í gegn hjá Seðlabankanum fyrir áramót. Ég skal engan dóm á það leggja, ég hef ekki orðið var við slíkt. Hins vegar er það rétt að þetta var samþykkt sama daginn, 28. des., hjá bæði Seðlabanka og Landsbanka. Hvor var á undan í þeim efnum skal ég ekki um segja. En hinir komu smátt og smátt á eftir í þessum efnum þannig að það hefur verið samræmi í launakjörum þessara manna.

Undanfarin ár hefur aldrei verið um þetta rætt nokkurn skapaðan hlut. Bankastjórarnir hafa fylgt launum hæstaréttardómara. Þannig hefur þetta verið í gegnum árin, ég veit ekki hvað mörg ár, og þetta hefur ekki verið sent til sérstakrar meðferðar, þetta hefur enginn gagnrýnt. Frá 1970, eins og síðasti ræðumaður sagði, að breytt er fyrirkomulagi í bílamálunum þannig að bankarnir sköffuðu ekki lengur bankastjórum bíla til afnota sem voru í eigu bankans. Sá ágæti fjmrh., sem þá var, Magnús heitinn Jónsson, taldi til mikilla bóta að breyta slíku í kerfinu. Ég hef séð bréf til Landsbankans, ég hef ekki séð fyrirmæli um þetta til okkar í Útvegsbankanum en þetta var sent öllum ríkisbönkunum. Þetta var svo gert á sama hátt í öllum bönkunum. Eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði, þegar talan allt í einu kemur upp á borðið eins og hún raunverulega er, þá er ljóst hvað um er að ræða. Það eru 450 þús. kr.

Ég undirstrika það sem hann sagði hér áðan að fólkið á götunni heldur almennt að ríkisbankarnir hafi verið að færa sínum bankastjórum þetta á silfurbakka núna um þessi áramót, hreina launauppbót upp á 450 þús. kr. Fyrr má nú rota en dauðrota. Svo erum við kallaðir sekir sem að þessum málum stöndum en við erum bara að afgreiða mál skv. ákvæðum í reglugerðum í bankaráðunum. Þessum áróðri mótmæli ég harðlega. En það er rétt að benda á þetta og við höfum kannske verið of hæverskir, þessir bankaráðsmenn, að vera ekki að setja neitt í fjölmiðla í þessum efnum til að bera af okkur sakir. Við höfum alls ekki verið að því á nokkurn hátt. En ég veit að þeir sem kynna sér þessi mál eiga að vita hvernig þessi mál eru tilkomin og þarf það ekki að undirstrikast frekar.

En aðeins að lokum, ég er ekki sammála flm. um það að það muni bæta þessi mál að láta þetta fara í Kjaradóm. Það er ekki af því að ég óski eftir endilega að fá að fjalla um þessi mál í bankaráðunum, það er ekkert skemmtilegra en hvað annað. En ég ætla ekki að taka þann kaleik frá þeim því að í ljósi þess hvernig Kjaradómur vinnur og hefur sínar reglur til að vinna eftir er ég handviss um að þegar allt hefur verið metið inn í þau kjör sem hann á að dæma þessum mönnum, öll þau fríðindi og annað sem þar hefur verið í gegnum árin, þá hljóti þau laun að hækka verulega frá því sem er í dag. Því skulu menn vera algerlega viðbúnir að þau

munu hækka. Það verður ekki skorið þar neitt niður frá því sem er núna. Þetta vil ég benda á. Þess vegna tel ég það ekki rétta leið til að fría sig vanda í augnablikinu eða ádeilu að hlaupa undir Kjaradóm. Eins og í pottinn er búið mun það ekki lækka launakjör þessara manna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það er áliðið dags og komið fram yfir venjulegan fundartíma og ég skal því stytta mál mitt eftir bestu getu. Ég kem hér fyrst og fremst vegna málflutnings hv. þm. Ragnars Arnalds sem mér þótti allundarlegur. Mér heyrðist hv. þm. — (**Gripið fram í:** Málflutningurinn, ekki maðurinn.) Já, málflutningurinn, vitaskuld. Hv. þm. sagði ýmislegt, en m. a. sagði hann, ef ég heyrði rétt, að það væri sama hvort menn teldu sig til atvinnurekendaflokks, til verkalýðsflokks eða jafnvel Kvennalista, held ég að hann hafi orðað það, menn hlytu að geta verið sammála um það að það væri eðlileg skipan mála að æðstu embættismenn ríkisins tækju sín laun skv. ákvörðunum Kjaradóms, að um þá gilti önnur skipan en um almenna opinbera starfsmenn.

Mér þótti nú heldur týra við þessi ummæli því að af þeim var helst að ráða að hv. þm. væri í öllum þremur tegundum af flokkum úr því að hann treysti sér til að staðhæfa að það væri sama hvers lags flokki maður tilheyrði, menn hlytu að telja þetta vera eðlilegt. Það eru fyrir mér fréttir ef hv. þm. er kominn í Kvennalistann en — (**Gripið fram í:** Ég er það ekki.) Nei, þá er það ekki vafaatriði og þá getum við væntanlega líka verið sammála um það að hver flokkur, hvort sem hann er atvinnurekendaflokkur, verkalýðsflokkur eða Kvennalisti, hljóti sjálfur að segja hvað honum finnst eðlilegt eða ekki eðlilegt í einstökum málum. Til þess að ekki fari á milli mála hvar fulltrúi Kvennalistans, sá sem hér stendur, er sammála og ekki sammála því frv. sem hér er til umr. þá vil ég ítreka að ég er sammála flm. um efnisatriði 2. gr. frv. og ég er sammála þeim um að bankaráð séu ekki rétti aðilinn til að taka ákvarðanir um kaup og kjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra. En þar með erum við komin að mörkum þess sem við getum verið sammála um í þessu máli.

Bæði hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Jón Kristjánsson töldu að með þessu væri ég að leggja til að þeir aðilar sem þarna um ræðir svo og þeir aðilar, sem 277. mál síðasta þings fjallaði um, en þeir eru býsna margir, gengju í BSRB og hefðu þannig verkfallsrétt. Ég vil benda á að samningsréttur og verkfallsréttur er ekki sami hluturinn og að fjöldi opinberra starfsmanna hefur ekki verkfallsrétt. Skemmst er að minnast þess, sem öllum hv. þm. ætti að vera í fersku minni, að BHM-menn hafa ekki verkfallsrétt þótt þeir semji við ríkið um kaup sín og kjör.

Ég hef hér lagt til að þeir aðilar, sem þetta frv. tekur til, hafi samningsrétt. Ég hef ekki lagt til að þeir hafi verkfallsrétt. Eins og ég sagði áðan finnst mér eðlilegt að ef samningar ganga ekki sé þeirra málum vísað til Kjaradóms en fyrr ekki og þá ásamt málum annarra opinberra starfsmanna sem svipað er háttað fyrir.

Menn hafa einnig blandað alþm. inn í þetta mál og talið að með málflutningi mínum væri ég að leggja til að alþm. gengju í BSRB eða halda því fram jafnvel að þeir væru opinberir starfsmenn. Að mínu viti hafa alþm. og ráðherrar reyndar líka sérstöðu. Það vill svo til að fyrir fáeinum dögum þurfti ég að fylla út eyðublað um landvistarleyfi í öðru landi. Þar var m. a. spurt um atvinnurekanda, hver sé atvinnurekandi viðkomandi. Ég spurði hér fáeina hv. þm., m. a. af tilviljun 1. flm. þessa frv., hverjir mundu teljast atvinnurekendur okkar hér á Alþingi. Svörin sem ég fékk voru vitaskuld þau að það er Alþingi sjálft. Alþingi hefur í þessum efnum algera sérstöðu. Að mínu viti eru alþm. ekki opinberir starfsmenn á sama máta og þeir aðilar sem um er að ræða í þessu frv. Mér finnst því fullkomlega eðlilegt að laun þeirra séu ákveðin af Kjaradómi því að mér finnst ekki eðlilegt að alþm. ákveði sín laun sjálfir.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Helga Seljan að hvað varðaði hlunnindi og þær ákvarðanir, sem teknar voru ekki fyrir alllöngu síðan um 450 þús. kr. greiðslu í bílastyrk til bankastjóra, væru þar út af fyrir sig engar nýjar greiðslur á ferðinni. Þetta er sjónarmið sem ég tel satt og rétt vera og fellst fullkomlega á og vil gera það hér. Ég þakka það sem fram kom í máli hans um það, sem ég legg mikla áherslu á, að þessi hlunnindi og fríðindi verði öll sömul tekin til skoðunar. Ég vildi sjá þau öll brott numin þannig að launamyndin geti legið fyrir skýr og klár hverju sinni, hvernig launum er í raun og veru háttað hér á landi. Það kemur ekki síst inn á mismuninn á launakjörum karla og kvenna því að eins og við hv. alþm. fengum upplýsingar um á síðasta þingi er fjöldi karla, sem þiggur slík hlunnindi, margfaldur á við fjölda kvenna. Þetta er ein leið til þess að dylja það kynbundna launamisrétti sem viðgengst hér á landi.

Hv. þm. Ragnar Arnalds sór af sér, ef ég skildi hann rétt, allar kúvendingar Alþb. í þessu máli og tek ég fullkomlega undir það með honum að það er ekkert sem bendir til þess að nokkrar kúvendingar hafi átt sér stað hjá hv. þm. Alþb. hér í þessari hv. deild. En ég vil benda honum á það að undir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. í Nd. skrifar f. h. Alþb. hv. þm. Svavar Gestsson. Ég hlýt þá að álykta að Alþb. sé klofið í þessum málum, að formaðurinn sé þá í broddi fylkingar fyrir því broti sem í Nd. er en Alþb.-menn hafi aðra skoðun hér í þessari hv. deild.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri en ítreka það að Kvennalistinn er þeirrar skoðunar að launakjör allra opinberra starfsmanna beri að skoðast í samhengi og að semja beri um þau í innbyrðis samhengi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 13. maí, kl. 2 miðdegis.

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 890 (sbr. 845)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í þessari hv. þd. snemma á síðasta þingi og hlaut afgreiðslu úr deildinni og var vísað til Ed. Þar náði það ekki fram að ganga og var endurflutt lítið breytt á haustdögum. Ed. hefur gert á því nokkrar breytingar. Fæstar eru verulegar efnis-

breytingar. Ég vænti þess að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar hér afgreiði það fljótt og vel eins og hún gerði á s. l. sumri. Ég legg mikla áherslu á það að frv. verði að lögum á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 844 (sbr. 684)). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Till. um að kjósa sérstaka nefnd (lausanefnd) í málið samþ. með 34 shlj. atkv.

Kosning sérstakrar nefndar (lausanefndar) skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndarinnar kom fram einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Ólafur G. Einarsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson,
Friðjón Þórðarson,
Ingvar Gíslason,
Páll Pétursson,
Guðrún Helgadóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Kristín S. Kvaran,
Kristín Halldórsdóttir.

Frv. vísað til ofangreindrar lausanefndar með 34 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 602, 505, tl. 7 og 18; 507, tl. 1a, 2a, 3, 4b, 5a, og 11; 514, 659, 660, 843, 861, 862 og 863). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 863,1 felld með 24:13 atkv.
Brtt. 863,2 felld með 24:11 atkv.
Brtt. 507,1 a felld með 35:2 atkv.
Brtt. 863,3 a felld með 23:9 atkv.
Brtt. 863,3 b.a felld með 22:4 atkv.
Brtt. 863,3 b.b felld með 29:4 atkv.
Brtt. 863,3 b.c felld með 22:5 aktv.
Brtt. 863,3 b.d—c felld með 22:7 atkv.
Brtt. 507,2 a felld með 23:8 atkv.

Brtt. 861 samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JBH, KP, KHT, MB, BM, ÓE, PJ, GeirH, RH, ÞP, BÍG, EH, FÞ, FrS.
nei: HÁ, KSK, ÓÞÞ, PP, StG, SV, StH, ÞS, AS, GB, GE, IG.

HG, KH, SJS, SvG, SvH, GSig, GeirG, GJG, GA, GHelg greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (GGS) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þar sem hér er um að ræða tillögu sem er innbyrðis mál viðreisnarflokkanna greiði ég ekki atkvæði.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Bandalag jafnaðarmanna hefur gert ráð fyrir því í sínum tillögum til útvarpslaga að útvarpsréttarnefnd verði felld niður. Hér er ákvæði um hlutverk hennar sem við gerum ekki ráð fyrir. Því segi ég nei.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ákvæði í þessari brtt. stangast á við nýsamþykkta tillögu þess efnis að gjaldskrár fyrir auglýsingar skuli háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Í umræddri brtt., sem nú á að bera til atkvæða, segir: „Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákveða verð þeirrar þjónustu sem þær veita." Þessi brtt. hlýtur að vera sjálffallin.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns skal það tekið fram að ég skil tillögu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar þannig að hún sé brtt. við brtt. og því eigi nú að bera upp brtt. hv. þm. Kristínar S. Kvaran og fleiri upp svo breytta.

Forseti (Ingvar Gíslason): Síðasta setning brtt. er undanþegin þessu skv. sérstakri beiðni frá tillögumönnum og fleirum.

Brtt. 507,3 samþ. með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, GeirH, RH, SvH, ÞP, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GE, HBl, JS, JBH, KP, KHT, KSK, MB, BM, ÓE.
nei: PP, StG, SV, StH, SJS, SvG, ÞS, AS, GSig, GeirG, GB, GJG, GA, GHelg, HÁ, HG, KH, ÓÞÞ, IG.

1 þm. (GGS) fjarverandi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég leyfi mér að óska eftir því að gert verði stundarfjórðungs hlé á þessari atkvgr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hefur komið fram beiðni frá hv. 2. þm. Norðurl. v., formanni þingflokks Framsfl., um örstutt hlé á atkvgr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þess var óskað af þingflokksformanni Alþfl. að þessari atkvgr. yrði frestað um stund. Við því var þá ekki talið hægt að verða. Ég sé ekki að það sé hægt frekar nú. Ég óska því eftir að atkvgr. verði haldið áfram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég held að þetta byggist nú á nokkrum misskilningi hjá mínum ágæta varaforseta. Þegar ég var beðinn um að fresta atkvgr. vegna eins tiltekins þm. taldi ég ekki ástæðu til þess vegna þess að hann væri kominn til borgarinnar og ætti ekki eftir

nema svo sem tíu mínútna ferð á fundarstaðinn hér í þinghúsinu. Ég hvatti því til þess að ekki yrði hart eftir því gengið að frestað yrði atkvgr. hans vegna. Enda kom þetta ekki að sök því að hv. þm., sem í hlut átti, var kominn hingað á slaginu kl. tvö og engin vandræði sköpuðust af því.

En hér hefur verið borin fram beiðni sem ég get ekki gengið gegn. Verður nú gert stundarfjórðungs hlé.

Brtt. 507,3 (síðasti málsliður) felld með 22:5 atkv.
Brtt. 514,1 tekin aftur.
Brtt. 863,4 felld með 24:4 atkv.
Brtt. 507,4 b samþ. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GE, HBl, JS, JBH, KP, KHT, KSK, MB, BM, ÓE, PJ, GeirH, RH, SvH, ÞP.

nei: GSig, GeirG, GB, GJG, GHelg, HÁ, HG, ÓÞÞ, PP, StG, SV, StH, SJS, SvG, ÞS, AS, IG.

1 þm. (GGS) fjarstaddur.
2 þm. (GA, KH) greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 863,5 felld með 22:8 atkv.
Brtt. 514,3 felld með 18:13 atkv.
Brtt. 863,6 felld með 23:4 atkv.
Brtt. 507,5 a felld með 23:12 atkv.
Brtt. 505,7 a—c samþ. með 32:1 atkv.
Brtt. 505,7 d samþ. með 25:4 atkv.
Brtt. 505,7 e samþ. með 31:1 atkv.
Brtt. 660,1 samþ. með 16:10 atkv.
Brtt. 863,7 felld með 22:9 atkv.
Brtt. 660,2 felld með 23:14 atkv.
Brtt. 660,3 felld með 23:15 atkv.
Brtt. 863,8 a—b felld með 23:5 atkv.
Brtt. 863,8 c felld með 23:10 atkv.
Brtt. 659 felld með 21:10 atkv.
Brtt. 863,9. 1.—3. mgr. felld með 24:9 atkv.
Brtt. 863,9. 4. mgr. felld með 25:5 atkv.
Brtt. 843,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 507,11 felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, HG, KSK, SJS, SvG, GeirG, GE.

nei: HÁ, HBl, MB, BM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GeirH, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, IG.

GA, GHelg, JS, JBH, KP, KHT, KH, GSig greiddu ekki atkv.
1 þm. (GGS) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef vissa samúð með því sjónarmiði sem ég held að liggi að baki þessari till. En eins og till. er orðuð sýnist mér hún ekki rökrétt. Engin kjörin stjórn mun til yfir Ríkisútvarpinu sem þetta félli undir. Útvarpsráð er ekki stjórn Ríkisútvarpsins heldur dagskrárstjórn. Og í framkvæmdastjórn sitja starfsmenn sem skv. þessari till. ættu þá að semja við sjálfa sig. Slíkt tel ég óeðlilegt og í ljósi þess greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 863,10 felld með 22:4 atkv.
Brtt. 843,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 843,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 843,4 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 843,5 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 863,11 felld með 23:9 atkv.
Brtt. 863,12 felld með 23:3 atkv.
Brtt. 863,13 felld með 23:8 atkv.
Brtt. 660,4 felld með 23:11 atkv.
Brtt. 863,14 felld með 21:6 atkv.
Brtt. 660,5 samþ. með 22:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH, KP, KHT, KSK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, ÞS, AS, GSig, GeirG, GB, GE, GJG, GHelg, HÁ, HG, IG.

nei: KH, MB, BM, ÓE, PJ, GeirH, RH, SvH, ÞP, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GA, HBl.

SV greiddi ekki atkvæði.
1 þm. (GGS) fjarstaddur.

Brtt. 505,18. 1. mgr. samþ. með 32:2 atkv.
Brtt. 505,18. 2. mgr. samþ. með 21:8 atkv.
Brtt. 505,18. 3. mgr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 505,18. 4. mgr. samþ. með 29:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GE, HÁ, HBl, JS, JBH, KP, KHT, KSK, MB, BM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GeirH, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, IG.

nei: GSig, GeirG, GJG, GA, HG, SJS, SvG.

KH, SV greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (GHelg, GGS) fjarstaddir.

Brtt. 505,18. 5. mgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Menn eru mjög farnir að leika sér með dagsetningar. Nú hefur deildin samþykkt að þessi lög skuli ganga í gildi 1. jan. 1986 en eigi að síður skuli stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skipuð í fyrsta sinn fyrir árslok 1985. Hvernig má þetta tvennt fara saman?

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Skekkjan getur verið ein sekúnda, ef nákvæmt er farið í hlutina, en ég hygg að það komi ekki að sök. Það er búið að lýsa yfir staðfestingu á því að lögin taka gildi þannig að þetta mun ekki koma að sök.

Brtt. 862,1—3 felld með 19:10 atkv.
Brtt. 862,4—6 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já: HBl, KSK, MB, BM, ÓE, PJ, GeirH, RH, SvH, ÞP, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GE.

nei: HÁ, HG, KH, PP, SV, SJS, SvG, GSig, GeirG, GJG, GA, GHelg.

JS, JBH, KP, KHT, ÓÞÞ, StG, StH, ÞS, AS, GB, IG greiddu ekki atkvæði.
1 þm. (GGS) fjarstaddur.
13 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Auglýsingatekjur eru meginundirstaða ríkisfjölmiðlanna í dag. Með því að veita öðrum heimildir til að nota þá tekjumöguleika munu tekjumöguleikar ríkisfjölmiðlanna minnka verulega. Ég sé ekki að neitt annað muni koma í staðinn og þar með sé allt útlit fyrir það að staða þessara fjölmiðla muni mjög veikjast. Ég get ekki staðið að því. Með þeim breytingum sem hafa verið

gerðar á þessu frv. frá því að það var fyrst lagt fram tel ég að mjög hafi verið gengið í þessa átt og þar með minnkaðir möguleikar ríkisfjölmiðlanna. Ég segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir er forskot ríkisfjölmiðla mjög mikið fram yfir önnur útvörp, hljóðvörp og sjónvörp. Ég get ekki tekið undir það, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að starfsfólk Ríkisútvarpsins geti ekki nýtt sér miklu betri aðstöðu og gamlan góðvilja til sinnar stofnunar svo að Ríkisútvarpið verði ekki rekið með sómasamlegum hætti. Þvert á móti tel ég engan vafa á því að svo muni vera. Á hinn bóginn tel ég nauðsynlegt að sem flestar hömlur séu af því teknar að orð manna séu bundin. Ég skírskota til stjórnarskrárinnar í því efni og segi já.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þingflokkur Alþb. vekur athygli á að við nýafstaðna atkvgr. við 3. umr. frv. til útvarpslaga hafa verið samþykktar breytingar á frv. sem opna allar flóðgáttir fyrir fjármagnsöflin í útvarpsrekstri. Með því er stöðu og rekstri Ríkisútvarpsins stefnt í mikla tvísýnu.

Þá hafa verið felldar tillögur Alþb. um að boðveitur, þ. e. kapalkerfi og endurvarpsstöðvar, verði í opinberri eigu. Hér hafa þeir sameinast við lokaafgreiðslu málsins í þingdeildinni sem veita vilja gróðaöflunum óheftan aðgang að ljósvakanum og koma þar með í veg fyrir æskilega fjölbreytni í útvarpsrekstri. Þessu mótmælir þingflokkur Alþb. og greiðir atkvæði gegn frv. í heild.

Með vísan til þessa segi ég nei.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Kjarninn í tillögum okkar Alþfl.-manna við afgreiðslu á þessu lagafrv. var um boðveitukerfi í eigu sveitarfélaga. Þær tillögur lögðum við fram strax á s. l. hausti. Þetta teljum við vera lykilatriði og þýðingarmesta atriði þessarar lagasetningar og reyndar forsenda fyrir lýðræðislegri þróun fjölmiðla og boðmiðlunar í upplýsingaþjóðfélagi framtíðarinnar.

Með vísan til þess að með þessari atkvgr. hefur þessum kjarna málsins verið hafnað teljum við það slíka missmíði á frv. að ég mun ekki greiða atkvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Vegna þeirrar stóru ákvörðunar að breyta því samkomulagi sem gert var varðandi auglýsingar treysti ég mér ekki til að greiða atkvæði í þessu máli og sit hjá.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég studdi það samkomulag sem meiri hl. menntmn. gerði. Nú hefur það samkomulag verið rækilega brotið þar sem þm. Sjálfstfl. hafa ekki staðið við það. Hagsmunagæsla fyrir gróðaherrana hefur nú keyrt langt úr hófi. Ég vil sýna andstöðu mína gegn útvarpslagafrv. sem svona hljóðar. Ég segi nei.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það hefur legið fyrir frá upphafi þessa máls að sjálfstæðismenn vilja auka jafnrétti manna til þess að njóta tjáningarfrelsis í því lýðræðisþjóðfélagi sem við búum í. Þess vegna var það sem sjálfstæðismenn töldu það rétt frá upphafi að þeir yrðu að hafa frjálsar hendur um afstöðu til ákvæðis frv. um auglýsingar.

Ég skírskota, herra forseti, til grg. hv. 2. þm. Norðurl. e. sem hann gerði áðan með atkvæði sínu og segi já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem þetta frv., ef að lögum verður, verður til að auka misréttið í þjóðfélaginu og með tilvísun til fyrirvara hæstv. sjútvrh. segi ég nei.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Í nál. frá meiri hl. menntmn. á þskj. 509 segir í lok þess þskj., með leyfi forseta:

„Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma."

Undir þetta rita Halldór Blöndal, formaður, frsm., Ólafur Þ. Þórðarson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson.

Þegar þessi fyrirvari var settur í nál. var vitað um þann ágreining sem er á milli manna, á milli stjórnarflokkanna um frelsi til auglýsinga í útvarpinu. Það er því alrangt, sem formaður þingflokks Framsfl., hv. 2. þm. Norðurl. v., heldur hér fram, að samkomulag hafi verið rækilega brotið. Því vísa ég alfarið heim til föðurhúsanna. Ég segi já.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í allan vetur hefur þetta útvarpslagafrv. verið til meðferðar, bæði hér í hv. deild og í menntmn. og við þessa atkvgr. í dag hafa menn tekið málefnalega afstöðu til einstakra ákvæða og brtt. eins og gengur og gerist.

En nú á síðasta stigi málsins í þessari deild, lokastigi 3. umr., virðist sú stund vera að renna upp að afturhaldsöflin hafa sameinast í því að bregða fæti fyrir þetta útvarpslagafrv., bregða fæti fyrir frjálsræði á þessum vettvangi. Þetta er náttúrlega eins og hver annar skrípaleikur sem ekki mun auka virðingu Alþingis. Ég hef meiri trú á frjálsræðinu en svo að ég óttist það hvort einhverjir menn kunni hugsanlega að hagnast á útvarpsrekstri eða ekki í framtíðinni. Það skiptir mig minna máli en hitt, að veita frelsinu brautargengi á sviði fjölmiðlunar. Ég segi því já.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þrátt fyrir það að þingflokkur Framsfl. hafi samþykkt tillögu stjórnarandstöðunnar um að fresta gildistöku þessara laga, sem væntanlega og vonandi verða samþykkt á Alþingi í vetur, segi ég já.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þrátt fyrir að þetta frv. sé kannske ekki eftir bestu óskum mínum þá mun ég samþykkja það. Ég held að við eigum að byrja hér og halda áfram. Það er ýmislegt hægt að gera betur. Við munum hins vegar, Bandalagsmenn, ekki taka þátt í hugsanlegum kosningum í þær flokkspólitísku stofnanir sem frv. gerir ráð fyrir að koma upp, útvarpsráði og útvarpsréttarnefnd. Ég segi já.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Kvennalistinn hefur þegar lagt fram hugmyndir sínar um skipan útvarpsmála í sérstöku frv. Þær hugmyndir sem fram koma í þessu frv. eru í ýmsum meginatriðum andstæðar okkar hugmyndum. Fjármögnun Ríkisútvarpsins hefur nú verið gerð það veikburða með þeim breytingum sem hér hafa verið samþykktar að ekki er fyrirséð að það

muni lifa af í samkeppni við fjársterkari aðila. Af þessum ástæðum segi ég nei.

Frv. afgr. til Ed.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 852 (sbr. 542), 724, 803). — 3. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þó að nokkuð sé nú búið að ræða þetta dagskrármál sé ég ástæðu til að fara um það nokkrum orðum hér í Nd. við lokaumr., ekki síst vegna þess að ýmislegt hefur komið fram í umr., og þá ekki síst hjá hæstv. félmrh., sem aths. þarf við að gera. En áður en ég kem að því vil ég fara nokkrum orðum um brtt. sem ég flyt ásamt hv. þremur þdm. öðrum. Þessar brtt. eru fyrst og fremst fram bornar vegna þeirra umræðna sem átt hafa sér stað að því er varðar málið bæði nú og eins á fyrra þingi þegar það var hér til meðferðar.

Efnislega eru tillögurnar á þá lund að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða launþega og verkalýðshreyfingar í þessum tilvikum.

Á þskj. 803 er brtt. við 4. gr. b-lið og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við b-lið bætist: ríkisábyrgðin tekur einnig til kröfu launþega í bú banka eða sparisjóðs um greiðslu orlofsfjár sem vinnuveitandi hefur greitt bankanum eða sparisjóðnum til varðveislu skv. sérstökum orlofsfjárvörslusamningi síðustu tólf starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið."

Eins og ég hef áður gert grein fyrir hér í umr. um þetta mál og oftar en einu sinni er hér um að ræða brtt. til að taka af öll tvímæli um að ríkisábyrgð nái til orlofsfjár sem greitt er inn skv. sérstökum samningum sem gerðir voru á sínum tíma á Vestfjörðum um innborgun og ávöxtun orlofsfjár.

Nú þarf ekki, held ég, að deila um að í póstgírókerfinu er þetta nánast ríkistryggt, um það hygg ég að þurfi ekki að deila. Með þessari brtt. er lagt til að orlofsþegar á Vestfjörðum, sem hafa gert samninga skv. gildandi lögum um orlof, njóti sama réttar til ríkisábyrgðar á innborguðu orlofsfé í sparisjóðum og tíðkast í póstgírókerfinu. (**GJG:** Er það bara á Vestfjörðum?) Nú ætlaði ég að hlífa hv. 7. þm. Reykv. við því að tala um hans þátt í þessu máli, en hann vekur það upp strax í upphafi umr. þannig að nauðsynlegt er að koma að því. Hv. þm., sem er jafnframt formaður Verkamannasambands Íslands og á þar að gæta þessara hagsmuna, ekkert síður okkar Vestfirðinga en annarra, á sæti í þeirri nefnd sem um málið fjallaði, en klikkaði þar. Hann hefði ekki átt að grípa fram í í sambandi við þetta mál. Ég tala ekki um þegar verkalýðshreyfingin sem heild, nefnd undir forsæti hv. þm. sem á sínum tíma átti að fjalla um þetta, var sammála um að þessa breytingu þyrfti að gera. Ég kem síðar að áliti starfshóps sem settur var á fót af miðstjórn ASÍ einmitt vegna þessa. En hitt er svo rétt hjá hv. þm. að það er sem betur fer víðar en á Vestfjörðum sem samningar hafa verið gerðir í þessa átt, en þó hygg ég hvergi sem uppfylla tryggingu orlofslaganna gagnvart launþegunum eins og í Vestfjarðasamningunum. (**GJG:** Borgarnes, Vestmannaeyjar.) Nei, Borgnesingar og Vestmanneyingar eru ekki með þá tryggingu. Það er rangt hjá formanni Verkamannasambandsins og þarf hann að lesa sér betur til í þeim efnum. Það samkomulag er fyrir hendi, en þar er ekki tryggður réttur launþegans eins og orlofslögin gera ráð fyrir. Þetta hygg ég að hv. þm. komist að raun um ef hann les þessa samninga og hefur lögin til hliðsjónar. Ég held að hann hljóti að hafa gert það í hv. nefnd sem um þetta fjallaði.

Nú skal það tekið fram að trúlega eru litlar líkur á því sem betur fer að til þess komi að sparisjóðir fari á hausinn t. d. En það er þó hugsanlegur möguleiki. Með þessari brtt. er verið að setja fyrir þann leka, að ef slíkt hendi sé orlofsfé viðkomandi launþega tryggt. Ég trúi því ekki og við flm. fyrr en þá á því verður tekið að hv. Alþingi ætli að mismuna orlofsþegum í þessum efnum. Ég vil ekki trúa því fyrr en á reynir, eftir að hv. þm. hafa athugað þetta mál gaumgæfilega og án allra kreddusjónarmiða, að þeir ætli að mismuna launþegum í þessum efnum eftir því hvar þeir búa í landinu. Það er viðurkennt að það samkomulag sem var gert á sínum tíma á Vestfjörðum er fullkomlega löglegt og er innan ramma þeirra laga sem um orlof fjalla þannig að auðsótt ætti að vera að fá þessa breytingu á þessu frv.

Það er rétt að víkja að þessu frekar vegna þess að nú er vitað að verkalýðshreyfingin sem heild hefur óskað eftir því að þessi breyting yrði gerð á lögunum um ríkisábyrgð á launum. Hæstv. félmrh. sagði eitthvað á þá leið í umr. um daginn að ekki væri hægt, að sínu mati, að leggja til annað en það sem frv. gerir meðan launþegahreyfingin sjálf vill ekki breyta þarna um. Þetta er algerlega rangt, hæstv. ráðh. Það liggur fyrir skjalfest að hreyfingin sjálf hefur óskað eftir þessu.

Í bréfi, sem ritað var 14. maí 1984 til félmn. þessarar hv. deildar, formanns hennar, hv. þm. Þorsteins Pálssonar, og er undirritað af skrifstofustjóra Alþýðusambands Íslands, segir m. a., með leyfi forseta:

„Þann 10. des. 1981 skipaði þáv. félmrh. nefnd til að endurskoða gildandi lög um ríkisábyrgð á launum og átti ASÍ fulltrúa í þeirri nefnd sem var Egill Sigurgeirsson hrl. Nefndin lauk störfum síðari hluta árs 1982. Ekki voru nefndarmenn sammála um niðurstöður og lýsti fulltrúi ASÍ í nefndinnni því yfir að af hálfu ASÍ væri óskað eftir því að ríkisábyrgðin væri víðtækari en ráðgert væri í frv. á þann hátt að hún næði bæði til orlofsfjárkrafna og krafna um lífeyrissjóðsiðgjöld, bæði hvað varðaði iðgjaldahluta vinnuveitenda og launþega. ASÍ fékk í hendur drög og fundargerðir nefndarinnar 22. febr. 1983 og ritaði forseti ASÍ páv. félmrh. Svavari Gestssyni bréf þar sem sömu aths. voru fram settar af hálfu ASÍ við frumvarpsdrög sem þá lágu fyrir.

Í bréfi þessu frá ASÍ til ráðh. segir m. a.:

„Það vekur nokkra athygli að nefndin virðist ekki skila af sér með formlegu skilabréfi og sá ágreiningur sem uppi var innan nefndarinnar um einstök atriði er því falinn í fundargerðum sem einstökum nm. hafa reyndar ekki verið sendar til staðfestingar. Í nefndarstarfinu virðast fulltrúar rn. hafa túlkað verkefni nefndarinnar það þröngt að einungis væri stefnt að auknu hagræði fyrir lögfræðistéttina við framkvæmd laganna og engar efnislegar breytingar kæmu til greina nema til þrengingar. Þessi túlkun ráðuneytisfulltrúanna gengur þvert á það sjónarmið sem áður hafði fram komið í viðtali félmrh. við fulltrúa ASÍ. Við hljótum því að

treysta því að fullur vilji sé af hálfu ráðh. til þess að beita sér fyrir þeim efnislegu lagfæringum sem við teljum nauðsyniegar.““

Ég held að þó að ekki sé lesið meira úr þessu bréfi en hér hefur verið gert taki það af öll tvímæli um að verkalýðshreyfingin hefur sagt sitt álit á þessu máli og hæstv. ráðherrum, öllum upp til hópa, ætti að vera um það kunnugt hvert það sjónarmið er. Þessum þætti taldi ég nauðsynlegt að koma hér á framfæri vegna þeirra fullyrðinga hæstv. félmrh. að hann vissi ekki til að verkalýðshreyfingin hefði afstöðu í þessu máli. Sú afstaða liggur ótvírætt fyrir.

Nú skal það tekið fram að aths. um lífeyrissjóðsiðgjöldin hafa verið teknar til greina í þessu frv., sem ekki var þegar það var lagt fram, en eftir er að ríkisábyrgðin taki til þess hluta orlofsfjárins sem greiddur er inn með öðrum hætti en í gegnum Póstgíróstofuna.

Ég vil líka í sambandi við þær fullyrðingar sem hér hafa komið fram af hálfu hæstv. ráðh. vitna til skjals sem vinnuhópur, sem settur var á fót af miðstjórn Alþýðusambands Íslands til þess að fjalla um orlofsfjármálið, lét frá sér fara og niðurstaðna sem þar koma fram. Það er í fyrsta lagi að opnuð verði sú leið að bankakerfið taki við innheimtu og ávöxtun orlofsfjár á svipuðum forsendum og gert hefur verið á Vestfjörðum ef viðunandi samningar næst við bankana. Hér er beinum orðum lagt til af hálfu þess vinnuhóps sem miðstjórn ASÍ skipaði á sínum tíma að farin verði sú leið að taka þetta út úr póstgírókerfinu og beina því í svipaðan farveg og gert var með samningum á Vestfjörðum, þ. e. að peningastofnanir á hverjum stað, þar sem féð fellur til, ávaxti það og bjóði þá hæstu ávöxtunarkjör sem eru fyrir hendi hverju sinni. Ég vil jafnframt taka það fram að sama álit liggur fyrir af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands. Það liggur fyrir skriflegt álit af hálfu stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands, nákvæmlega eins efnislega, um að þessi leið verði farin. Jafnframt liggur fyrir skriflegt álit af hálfu Vinnumálasambands samvinnufélaganna um að þessi leið verði farin. Svo kemur hæstv. félmrh. hér og segist ekki vita til þess að verkalýðshreyfingin hafi tekið afstöðu í þessu máli. Það er alrangt. Aðilar vinnumarkaðarins hafa allir tjáð sig um það að þeir vilja að opnuð verði leið álíka þeirri sem farin er á Vestfjörðum um ávöxtun orlofsfjár á viðkomandi stöðum í peningastofnunum á viðkomandi svæðum. Ég hef sagt það hér áður að ég tel að það megi, ef stjórnvöld á annað borð vilja líta þessi mál réttu ljósi, leggja niður póstgírókerfið, það er varðar orlofshliðina á því máli, og spara þá fjármuni.

Ég held að það sé rétt, með leyfi hæstv. forseta, að vitna hér til bréfs frá formanni þeirrar nefndar sem skipuð var af ráðh. á sínum tíma og átti og á en hefur ekki skilað af sér enn að fjalla um þetta mál. Það er um endurskoðun orlofslaganna. Mig langar að lesa hér bréf frá formanni þeirrar nefndar. Ég hygg að það sé ekki neitt leyndarmál. Hér er um að ræða starf fyrir opnum tjöldum og það getur varla verið brot á neinum trúnaði þó að gerð sé grein fyrir bréfum af hálfu aðila sem í þessu máli vinna. Með leyfi forseta er þetta bréf dags. 10. okt. 1983 og þar segir:

„Í mars s. l. skipaði félmrh. nefnd til að endurskoða gildandi reglugerð um orlof nr. 150/1972 og ef þurfa þykir lög nr. 87/1971, um orlof, hvort tveggja með síðari breytingum. Nefndinni er ætlað sérstaklega að taka til endurskoðunar þau ákvæði er lúta að innheimtu og vörslu orlofsfjár í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað frá því að ákvæðin voru sett.

Allir nm. eru sammála um að í reglugerð um orlof verði opnuð heimild til handa aðilum vinnumarkaðarins um gerð samkomulags við bankastofnanir um innheimtu og vörslu orlofsfjár. Fulltrúi Vinnumálasambands samvinnufélaganna í nefndinni hefur lagt fram þá tillögu að slík heimild nái einnig til innlánsdeilda kaupfélaganna.“

Þurfa menn nú frekar vitnanna við um afstöðu aðila vinnumarkaðarins til þessa máls? Hæstv. félmrh. lýsir því svo yfir að hann hafi ekki heyrt neitt um afstöðu t. d. verkalýðshreyfingarinnar sem margítrekað hefur ályktað um málið.

Ég held að þó að vissulega megi segja að kannske séu seint á ferðinni hér þær tillögur sem við stöndum að hér við 3. umr. ættu hv. þm. að skoða hug sinn áður en þeir slá á hönd aðila vinnumarkaðarins sem vilja opna aðrar og hagkvæmari leiðir til þess að ávaxta þetta fé launþega, leiðir sem hafa sýnt, og þá kem að því, að þær eru farsælli fyrir viðkomandi aðila.

Hæstv. félmrh. sagði hér á dögunum að póstgírókerfið hefði ávaxtað orlofsféð á hagkvæmasta og besta hátt sem hægt hefði verið. Vegna þessara ummæla, sem eru alröng, tel ég nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um þennan þátt.

Ég hef fengið um það upplýsingar frá hagdeild Alþýðusambands Íslands, menn geta að sjálfsögðu vefengt þær ef þeir vilja, en þá leita menn á einhverjar aðrar slóðir til að fá samanburð, hver þessi ávöxtun hefur verið í nokkur ár, annars vegar póstgíróávöxtun og hins vegar ávöxtun sem samkomulagið á Vestfjörðum hefur gefið af sér.

Orlofsárið 1980—1981 voru vextir hjá póstgíró 34%, en hefðu þurft að vera — og taki menn nú eftir — 47.99% til að gefa sömu ávöxtun og lánskjaravísitalan miðað við þær forsendur sem hér eru notaðar, þ. e. miðað við forsendur þeirrar ávöxtunar sem Vestfjarðasamkomulagið gerir ráð fyrir. Á þessum tíma hefði Vestfjarðasamkomulagið gefið 13.99% betri ávöxtun á orlofsfé en póstgíró gerði. Það eru raunhæfar kjarabætur fyrir viðkomandi aðila.

Orlofsárið 1981—1982 voru vextir hjá póstgíró 34%, en til að gefa sömu ávöxtun og lánskjaravísitala hefðu þeir þurft að vera 45.95% miðað við þær forsendur sem notaðar eru, þ. e. þá ávöxtun sem Vestfjarðasamkomulagið byggist á. Þetta orlofsár gaf Vestfjarðasamkomulagið 11.95% betri ávöxtun en póstgíró gerði, og það munar um minna, fyrir utan nú hinn óbeina þátt sem er að ávaxta féð á þeim stað sem það fellur til og ætti að koma viðkomandi stað til góða.

Orlofsárið 1982—1983 voru vextir hjá póstgíró 57%, en hefðu þurft að vera 83.55% til að gefa sömu ávöxtun og lánskjaravísitala skv. forsendunum sem notaðar eru. Vestfjarðasamkomulagið gaf 26.55% betri ávöxtun á orlofsfé en póstgíró gerði á orlofsárinu 1982—1983. Enginn vafi er á því, og menn sjá það af tölunum, að póstgíró hefur verið togað upp í ávöxtuninni með Vestfjarðasamkomulaginu því að til að byrja með voru þetta sáralitlir vextir þegar engin samkeppni var við póstgíró og Seðlabanka.

Orlofsárið 1983—1984 voru vextir hjá póstgíró 26%. Miðað við þær forsendur sem notaðar eru í dæminu

hefðu þeir mátt lækka niður í 20.58% til að gefa sömu ávöxtun og Vestfjarðasamkomulagið hefði gefið ef það hefði haldist óbreytt. En Vestfjarðasamkomulagið gaf nákvæmlega sömu ávöxtun á orlofsárinu 1983—1984 og póstgíró gerði þrátt fyrir að lánskjaravísitölugrundvöllurinn væri með þessum hætti.

Þá komum við að árinu í ár, orlofsárinu maí 1984 — maí 1985. Nýlega gaf félmrh. út þá tilkynningu að vextir af orlofsfé það orlofsár væru 30%. Meðaltalsávöxtun á orlofsfé vestfirsks launafólks, sem ávaxtar skv. margnefndu samkomulagi, frá maí til maí er rösk 33%.

Í öllum tilvikum sem ég hef hér nefnt, utan einu, hefur Vestfjarðasamkomulagið gefið launafólki mun hagstæðari ávöxtun en póstgíró hefur gert. Eitt skiptið sömu. Ég fullyrði að ávöxtun hjá póstgíró hefði ekki verið þetta hagstæð miðað við fyrri ár ef ekki hefði komið til það samkomulag sem gert var á sínum tíma á Vestfjörðum.

Mér fannst nauðsynlegt að koma þessu á framfæri hér vegna þess að hæstv. ráðh. fullyrti það hér um daginn að póstgíró hefði ávaxtað samkvæmt hagstæðustu ávöxtunarkjörum hverju sinni. Það er alrangt. Og ávöxtun orlofsfjár hjá póstgíró undangengin nokkur ár hefði að mínu viti verið miklum mun lakari en hún þó varð hefði Vestfjarðasamkomulagið ekki komið til. Það er því búið að hafa af launafólki um árabil ómældar upphæðir vegna slæmrar ávöxtunar hjá póstgíró á orlofsfé launafólks.

Það væri þess virði að láta reikna út hvað hér væri um að ræða í peningum sem búið er að hafa af launafólki beint, fyrir utan óbeina þáttinn í byggingarlögunum, með þessu ríkisrekna fyrirtæki sem er Póstgíróstofan. Það væri vissulega þess virði að skoða það dæmi til enda. Þar hefur verið framið kjararán í þessum þætti í gegnum árin. Það er verkalýðshreyfingunni ekki til sóma að láta það viðgangast allan þann tíma að hafa þannig af launafólki peninga sem það átti skýlausan rétt á og gat haft í launaumslaginu hefði þessi aðili ekki átt hlut að máli. Það verður að segjast að það voru ólíklegustu fulltrúar hér á hv. Alþingi sem þvældust fyrir þessu máli þing eftir þing. Og þar undanskil ég ekki hv. 7. þm. Reykv. því hann þvældist manna mest hér fyrir því þing eftir þing. (**ÓÞÞ:** Enda ekki þm. Vestfirðinga.) Rétt, enda sér á muninn. (**MB:** Fæddist fyrir vestan.) Já, en er orðinn almengaður frá því sem þá var við dvölina hér syðra. Ég hygg að vestfirskt launafólk hefði þakkað hv. 7. þm. Reykv. fyrir hefði hann verið í fararbroddi að knýja á um slíka leiðréttingu sem ég hef hér verið að tala um. En það hefði líka skammað hann fyrir að vera að þvælast fyrir í því. Og það átti hann skilið. En hann má þó eiga það að nú hafa hans augu opnast til hins betra, þau sjá víðar en áður hefur gerst, réttlætiskenndin er ríkari, þó enn megi bæta við. En það má hver eiga sitt og hann skal njóta sannmælis í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vil ógjarnan lengja þessar umræður allt of mikið, málið er búið að vera hér lengi ýmissa hluta vegna, en það er nauðsynlegt að koma þessum þætti vel til skila. Ég heiti á þdm. að láta það ekki spyrjast að ætla í enn einum þættinum, til viðbótar öllum hinum, að beita vestfirskt launafólk þessu óréttlæti, að láta það ekki sitja við sama borð að því er þennan þátt varðar og aðra þá sem borga inn til ríkiskerfisins. Ég heiti á menn að skoða þetta mál vel þó að kannske megi segja að það sé á elleftu stundu sem hér er fjallað um brtt. En ég verð að viðurkenna að það er með ólíkindum að eftir alla þá umræðu, umsagnir aðila vinnumarkaðarins, bæði verkalýðshreyfingarinnar, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins, og samróma afstöðu skuli félmn. þessarar hv. deildar ætla að standa að slíku óréttlæti eins og hér er lagt til.

Ég heiti á hv. þdm. að endurskoða þessa afstöðu. Það þarf ekki að tefja málið. Það er augljóst hvernig það liggur fyrir. Ég minni menn á það, að ef ekki verður breyting á frv. frá því sem nú er og tekið tillit til þessa þáttar, þá lít ég svo á að menn séu að reyna að varðveita þetta ríkiskerfi og varna því að nokkur annar aðili geti komið þar til til að hafa samkeppni og gæta hagsmuna launafólks í þessum efnum. Það er beinlínis ögrun við þá sem stóðu að samkomulaginu sem gert var á Vestfjörðum, bæði vinnuveitendur, peningastofnanir og verkalýðsfélög, ef á að sniðganga þá með þessum hætti eins og frv. gerir nú ráð fyrir. Ég vil ekki trúa því að þm. séu þannig gerðir, þegar búið er að gera jafnglögga grein fyrir málinu og nú er og öllum ætti að vera ljóst hvernig málið liggur fyrir, hver munurinn er og hvaða óréttlæti er hér verið að fremja, að þeir ætli að halda sig við frv. eins og það er nú.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umræður. Ég vil taka það strax fram að ég hef enga löngun til, og væntanlega enginn, að hafa af einum eða neinum í sambandi við það mál sem hér er til umr. Það er helst til mikil einföldun hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vestf., eins og hann leggur málið fyrir. Það var ekki gert ráð fyrir að mismuna neinum launþega í landinu á sínum tíma þegar lögin um póstgírókerfið voru sett. Þau voru sett til þess að vernda verkafólkið í landinu og tryggja því greiðslu orlofsfjár, en allir vita sem til þekkja að það gekk upp og niður á sínum tíma og fólk fékk stundum ekki greitt og hafði ekkert öryggi í þeim málum. Eftir að þessi lög voru sett á sínum tíma, að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar væntanlega, var öllum tryggð greiðsla á orlofsfé. Til þess voru þessi lög sett og þau hafa gert sitt gagn í gegnum tíðina hvað sem um þetta mál að öðru leyti má segja.

En það sem ég vildi aðallega vekja athygli þd. á er það að í fyrsta lagi hefur þetta mál fengið þinglega meðferð hér. Á fund þingnefnda, félmn. Ed. og Nd., hafa komið ýmsir aðilar og ég veit ekki til þess að komið hafi neinar brtt. frá launþegahreyfingunni í sambandi við frv. sjálft hér inn á Alþingi. Ég veit ekki til þess. Og ég vil líka vekja athygli á því vegna ummæla hv. 3. þm. Vestf. að þessi nefnd sem sett var á fót á sínum tíma af aðilum vinnumarkaðarins er enn til, hún er í starfi. Og það er einmitt þessi nefnd sem ekki hefur viljað enn taka ákvörðun um að leggja póstgírókerfið niður, þ. e. leysa það upp þannig að öll launþegafélög í landinu hefðu leyfi til þess að ávaxta sitt fjármagn eins og þeim sýndist. Þetta er stór ákvörðun. Það er ekkert áhugamál mitt sem félmrh. að viðhalda póstgírókerfinu ef menn vilja breyta þessu. Ég tel að það sé mikilvægast að aðilar vinnumarkaðarins hafi forustu um það sjálfir. Þeir hafa ekki enn viljað stíga það skref. Launþegahreyfingin hefur ekki gert beina kröfu til þess þrátt fyrir þau bréf sem hv. þm. las hér áðan.

Mér finnst ástæða til að vitna hér í bréf formanns nefndarinnar sem er hæstaréttarlögmaður og fær á þessu sviði og viðurkenndur af verkalýðshreyfingunni sem varðmaður réttinda verkafólks í landinu. Þetta bréf sendi hann mér sem félmrh. vegna brtt. hv. 3. þm. Vestf. og til þess að stytta umr. ætla ég, með leyfi forseta, að lesa þetta bréf. Það segir allt sem segja þarf og þá geta þm. tekið ákvörðun um það hvernig þeir vilja meðhöndla málið.

„Efnið er brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar o. fl. við frv. til laga um ríkisábyrgð á launum.

Samkvæmt lagafrv. hljóðar b-liður 4. gr. þannig:

„Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sbr. þó 9. gr.:

b. kröfu um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið."

Um þennan lið er sérstaklega fjallað í grg. með frv. en þar segir:

„Samkvæmt b-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð til orlofsfjárkrafna sem tilkomnar eru vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda. Starfsmánuðir þessir þurfa að falla innan þeirra tímamarka að forgangsréttur fylgi kröfunni samkvæmt lögum nr. 3/1878. Tekið skal fram að með frv. er ráðgert að einungis launþegi sjálfur geti gert kröfur samkvæmt því. Hafi launþegi fengið greidda orlofskröfu á hendur vinnuveitanda hjá Póstgíróstofunni, án þess að vinnuveitandi hafi staðið skil á fénu til hennar með stoð í reglugerðum nr. 150/1972 og nr. 202/1979, á Póstgíróstofan ekki tilkall til greiðslu úr ríkissjóði", en verður að sjálfsögðu að greiða launþeganum. „Ákvæði þetta nær því aðeins til þeirra tilvika er önnur tilhögun orlofsgreiðslna hefur verið ákveðin með kjarasamningi eða á viðlíka hátt og launþegi fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfu sinni."

Fram komin brtt. er um að við b-liðinn bætist: „ríkisábyrgðin er óháð því hver fer með kröfuna".

Hugsanlegt er að skilja tillöguna þannig að ríkisábyrgðin sé óháð því hver fari með kröfuna, skilyrði sé einungis að launþeginn sé eigandi hennar. Sé þetta ætlun tillögumanna felst í tillögunni engin breyting á frv. og tillagan er því óþörf. Líklegra þykir mér, „segir lögmaðurinn," að ætlan tillögumanna sé önnur, þ. e. sú að orlofsfjárkrafa verði tryggð með ríkisábyrgð óháð því hver sé eigandi hennar. Sé þetta ætlunin er ljóst að um meiri háttar breytingu er að ræða. Þá hlyti Póstgíróstofan, bankar, eða aðrir, sem kynnu að hafa eignast orlofsfjárkröfu launþega fyrir framsal eða innlausn, ríkisábyrgð á kröfunni. Sú var einmitt ekki ætlunin samkvæmt frv. Samkvæmt því áttu launþegarnir einir að njóta ríkisábyrgðarinnar en ekki innheimtuaðilar orlofsfjár.

Ég vil að lokum benda á eftirfarandi atriði sem útiloka aða mínu mati það að samþykkja brtt. óbreytta:

1. Upphaf og endir b-liðar 4. gr. frv. eftir fram komna brtt. stangast á. Í upphafinu er talað um kröfu launþega en í lokin skiptir eignarréttur að kröfunni ekki máli.

2. Mér þykir erfitt að samrýma brtt. ákvæði 10. gr. frv. Þar segir að við framsal kröfu glatist tiltekin réttindi. Í brtt. er þessu öfugt farið.

3. Með brtt. er dregið úr gildi skilgreiningar 3. gr. á því hvað teljist vinnulaun og njóti þar af leiðandi verndar laganna."

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla neitt meira um þetta mál. Ég tel mjög mikilvægt að þessi sérstaka nefnd, sem skipuð er fulltrúum vinnumarkaðarins, þ. e. launþega og atvinnurekenda, komi sér saman um það hvort á að gera svo róttækar breytingar sem hér er fjallað um. Mér finnst það skipta meginmáli því að til þessa hefur að flestra mati póstgírókerfið verndað launþega. Það er þess vegna óþarft í þessum þætti að ætla sérstaklega að fara að setja ríkisábyrgð á hvern sem er sem hefur með vörslu eða innheimtu orlofsfjár að gera. Þess vegna vil ég mæla gegn þessari brtt. En ég er jafnopinn fyrir því að greiða fyrir því að sem fyrst verði tekin sameiginleg ákvörðun aðila vinnumarkaðarins um stefnuna í þessu máli. Hún þarf að vera til því að enginn ætlast til þess að póstgírókerfið verði einhver sérstök stofnun ef aðilar vilja ekki treysta á að hún skili því sem til er ætlast. Síður en svo. En ef það verður niðurstaðan að aðilar vilji ekki lengur treysta þessu kerfi, þá er best að það komi í tillögu frá þeim sjálfum. Þeir eru enn starfandi að því máli en hafa ekki treyst sér til enn að taka þá ákvörðun.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli hæstv. félmrh. á því að það liggja frammi tvær brtt. um málið svo óþarfi hefði verið að lesa hér aftur bréfið frá Gesti Jónssyni lögfræðingi sem hann las við 2. umr. um þá till. sem þá lá fyrir. Hvað segir hæstv. ráðh. við hinni brtt. sem er komin fram og er ítarlegri? Ég skal gera samning við hæstv. ráðh. um það að draga til baka fyrir mitt leyti brtt. á þskj. 724 ef hann vill samþykkja að beita sér fyrir að samþykkt verði till. á þskj. 803. Ég er reiðubúinn til þess að draga til baka þá till. sem hann er hér að lesa upp bréf frá Gesti Jónssyni lögfræðingi um, á þskj. 724, ef hæstv. ráðh. vill beita sér fyrir því að samþykkt verði brtt. okkar fjórmenninganna á þskj. 803. Hæstv. ráðh. hefur ekki tjáð sig um hana og hefði verið nægur tími fyrir hann að hafa samband við títtnefndan Gest á því tímabili frá því að till. kom fram hafi hann sjálfur enga skoðun á málinu.

Hæstv. ráðh. segir að póstgíró hafi ekki verið ætlað til þess að hafa af neinum. Ég get verið honum sammála um það. Menn hafa sjálfsagt trúað því á þeim tíma að verið væri að koma á fót stofnun sem treysta mætti að ávaxtaði fjármuni launþega alltaf á sem hagkvæmastan hátt og bestan hverju sinni. En reynslan hefur bara sýnt okkur annað. Reynslan hefur sýnt allt annað en að póstgíró væri treystandi fyrir því að ávaxta orlofsfé launafólks á sem hagkvæmastan hátt, eins og best gerðist hverju sinni. Það hefur hún ekki gert.

Hæstv. ráðh. skýldi sér alltaf á bak við þessa nefnd sem hefði verið að störfum og segir að hún hafi ekki viljað taka ákvörðun. Það liggur fyrir í umsögnum allra þeirra aðila sem hæstv. ráðh. er hér að tala um hver þeirra vilji er. En það hefur ekki fengist fram, þrátt fyrir það að ég hef spurst fyrir um það á nefndarfundum, hver vilji hæstv. ráðh. væri til breytinga. Það er sá vilji sem ekki liggur fyrir. Það er hér skjalfest í bréfi dagsettu 10. okt. 1983, undirrituðu af Gesti Jónssyni, þeim lögfræðingi sem hæstv. ráðh. vitnar til, að allir nm. eru sammála um að í reglugerð um orlof verði

opnuð heimild til handa aðilum vinnumarkaðarins um gerð samkomulags við bankastofnanir um innheimtu og vörslu orlofsfjár. Og nefndin fer þess á leit við bankaeftirlit Seðlabankans að það veiti umsögn sína um þær lagalegu og tæknilegu hindranir sem hugsanlega gætu staðið í vegi fyrir að slík heimild væri opnuð. Þetta liggur allt saman fyrir. Það þarf því ekki að skjóta sér á bak við þessa nefnd í þessum efnum. Aðilar vinnumarkaðarins hafa sagt sitt orð. Það liggur alveg fyrir hver þeirra vilji er.

Hæstv. ráðh. segir að innborgað orlof í póstgíró sé ekki ríkistryggt. Hvernig ætla menn að heimfæra það, þegar það er ríkisstofnun sem ber ábyrgð í þessu tilfelli gagnvart launþegum á að ávaxta fé þeirra, að ríkið sem slíkt sé ekki ábyrgt fyrir því ef að skakkaföll verða? Hverjum dettur í hug að halda slíku fram? Ekki nokkrum manni. Hér er um orðaleik að ræða, hæstv. ráðh. (**GJG:** Sko.) Ekkert sko neitt. Hv. þm. getur fengið orðið á eftir. Það þýða engin sko í þessu. Málið liggur svona fyrir.

Vill hv. 7. þm. Reykv. halda því hér fram um orlofsþega þá sem borga inn orlofsfé í Póstgíróstofuna hér t. d. á Reykjavíkursvæðinu, og skakkaföll verða, að þeir eigi þá að bera það? Er ekki póstgíró skyldugt til að skila þessu fé? (**GJG:** Þeir gera það.) Er það ekki akkúrat það sem ég er að segja? Hvaða sko á þá við í þeim efnum? Það er ekkert sko neitt. Þetta er bara ljóst. Þessi stofnun er eins og aðrar ríkisstofnanir ábyrg fyrir þessum fjármunum og á að skila þeim. Ég held að við hv. 7. þm. Reykv. hljótum að vera sammála um þetta. Ég trúi því a. m. k. ekki að formaður Dagsbrúnar mundi ekki sækja þetta fé í póstgíró þó að skakkaföll hefðu átt sér stað hjá viðkomandi aðila sem átti að standa skil á þeim. (**GJG:** Þm. rangtúlkar orð ráðh.) Ætlar nú hv. 7. þm. Reykv. að fara að mæla fyrir hönd hæstv. ráðh? Hann er nú einfær um það. (**GJG:** Að elska sannleikann.) Elskar hann sannleikann, hæstv. ráðh.? Nei, þetta er ekki rangt, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Málið liggur svona. Ef frv. verður samþykkt eins og það nú liggur fyrir, þá er verið að mismuna launþegum sem borga orlofsfé annars vegar í gegnum póstgírókerfið og hins vegar í aðrar peningastofnanir, þ. e. sparisjóði, ég geri ráð fyrir að bankarnir séu ríkistryggðir, það gildi sama um þá eins og póstgíró, þar sé þetta tryggt. Það eru sparisjóðirnir sem þarna er um að ræða. Ég ítreka það, ég trúi því ekki að hv. alþm., eftir að hafa athugað þetta mál, ætli að ganga gegn þessu réttlætismáli, að þarna sé jafnræði milli launþega. Ég vil ekki trúa því. Ég ítreka tilboð mitt til hæstv. félmrh. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til að draga til baka brtt. á þskj. 724 ef hæstv. ráðh. vill leggja mér lið í því og okkur flm. að brtt. á þskj. 803 nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ætlunin er að halda hér kvöldfund. Ég sé ekki ástæðu til að taka fyrir öllu fleiri mál en þegar hafa verið tekin fyrir, en í kvöld er meiningin að reyna að koma fram sem allra flestum af þeim málum sem eru á dagskránni, í fyrsta lagi erfðalögum, 6. dagskrármáli, einnig ríkisreikningi og enn fremur var hugmyndin að taka fyrir 9. dagskrármálið, áfengislög. Það eru ekki mjög margir á mælendaskrá þar.

Ég vil minna hv. þdm. á skyldur þeirra til að sækja þingfundi. Þingsköp gera ráð fyrir því. Ég vil sérstaklega leyfa mér að beina því til þingflokksformanna að þeir geri sitt til þess að brýna þá skyldu fyrir þm. sem ég er hér að nefna. (**KP:** Eru þeir nú margir í salnum, hæstv. forseti?) Ekki er ég nú alveg klár á því hversu margir eru hér í salnum af þingflokksformönnum. Ég vona hins vegar að þeir séu einhverjir hér og heyri mál mitt hvað þetta varðar. Og ég vænti þess að sem allra flestir hv. þdm. komi á þingfundinn sem verður haldið áfram kl. 9 í kvöld. Fundinum er frestað til kl. 9.

Ríkisreikningur 1980, frv. 368. mál (þskj. 588, n. 882). — 2. umr.

Frsm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 882 er svohljóðandi nál:

„Nál. um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árið 1980 frá fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 9. maí 1985.

Páll Pétursson, Svavar Gestsson,
Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal,
Þorsteinn Pálsson."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696, 740). — 3. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef talað allrækilega fyrir þeirri brtt. sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi á þskj. 740, en vegna þess að oftast hefur verið illa mætt þegar rætt var um þetta frv., sem allshn. hefur hér lagt fram á þskj. 696 vegna frv. sem við hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson fluttum hér fyrr í haust og er 53. mál þingsins, og vegna þess að hér er nú óvenju vel mætt ætla ég í eins stuttu máli og mér er framast unnt að skýra hvað hér er á ferðinni.

Hið upphaflega frv., sem er á þskj. 53, felur í sér þá breytingu á erfðalögum frá 1962 að við lát maka eigi eftirlifandi maki ævinlega rétt til setu í heimili sínu óskiptu eins og það var við lát maka, bæði þegar eftirlifandi maki fær ekki leyfi til setu í óskiptu búi, t. d. vegna þess að eitt barn eða fleiri krefjast skipta, eða fyrirmæli hins látna eru á annan veg, eða ef erfingjar látins erfingja krefjast skipta.

Um þetta varð ekki samkomulag í nefndinni eins og kunnugt er. Það varð því að ráði að nefndin flytti annað frv. sem er á þá lund að það heimilar hvorum maka sem er að leyfa með erfðaskrá hinum sem lengur lifir að sitja í óskiptu búi. En það skal tekið fram að þar er um allt búið að ræða, hvort sem um miklar eignir er að ræða eða litlar.

En það atriði sem ég er óánægð með í hinu nýja frv., sem ég annars er meðflm. að, er það að þar er gerður greinarmunur á rétti stjúpbarna og barna beggja aðilanna, þannig að stjúpbörn geti eftir sem áður krafist

skipta. Ég tel þetta í algjörri andstöðu við anda þeirrar löggjafar sem hér hefur verið sett á síðustu árum, t. d. barnalaga, þar sem unnið hefur verið að eðlilegum rétti barna til umgengni við foreldra sína og foreldra við börn sín, hvort sem um hjúskap er að ræða eða ekki.

Ég hef þess vegna leyft mér að flytja á þskj. 740 örlitla brtt. þar sem í stað þess að í frv. nefndarinnar segir: „Heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja“ komi: heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum annars eða beggja. Þetta er sú breyting sem ég hef leyft mér að leggja til og ég held að tæplega þurfi að taka það fram að hér er auðvitað ekki um neitt flokkspólitískt mál að ræða. Þetta er brtt. okkar hinna sömu flm. og fluttu hið upphaflega frv. með því fráviki einu að vegna fjarveru hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar hljóp í skarðið fyrir hann hv. þm. Ellert B. Schram, ég er hins vegar næstum því vissum að hv. þm. Birgir Ísleifur hefði með glöðu geði skrifað undir þessa brtt. Ég vil nú skora á menn að samþykkja þessa brtt. því að nái hún fram að ganga tel ég að um verulegan áfanga sé að ræða í þessum málum.

Með þessu máli hefur verið fylgst af miklum áhuga úti í þjóðfélaginu og ég er viss um að það verður mikil óánægja með það ef frv. verður samþykkt þannig að stjúpbörn geti eftir sem áður, hvenær sem þeim svo sýnist, hrakið hinn eftirlifandi maka úr búi sínu.

En nái þessi brtt. mín ekki fram að ganga mun ég greiða atkvæði með frv. eins og nefndin lagði það fram.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki þörf á að hafa mörg orð um þetta frv., aðeins öfrá til upprifjunar. Það er rétt hjá hv. 10. landsk. þm. að málið, 53. mál, um breytingu á erfðalögum, var búið að velkjast lengi í allshn. Nd. Nm. gátu ekki orðið sammála um það. Þeir kölluðu á sinn fund marga færustu menn, þ. á m. bæði frá borgardómi og fógetarétti. Þegar sýnt var að málið hafði ekki meirihlutafylgi í nefndinni var horfið að því að flytja nýtt frv., það sem er hér á þskj. 696. Öll allshn., þ. á m. hv. 10. landsk. þm., sameinaðist um að flytja þetta frv. sem hér liggur fyrir frá allshn. Það var allsherjar samkomulag í nefndinni.

Nú vill hv. 10. landsk. þm. flytja brtt. við þetta frv. sem allsherjar samkomulag var orðið um. Þetta finnst mér skjóta nokkuð skökku við. Ég benti á það um daginn að sá maður sem hefði átt mestan þátt í að ná þessari niðurstöðu, þessari málamiðlun, hv. 2. þm. Reykn., prófessor Gunnar G. Schram, væri ekki á landinu þegar málið var rætt síðast. Nú mun hann kominn til landsins en hefur hins vegar ekki komið til þings í dag. Ég hvarfla ekki frá því, sem ég hélt fram hér síðast, þegar þetta mál var rætt, að mér finnst engin nauður reka til þess að fara að rjúfa það allsherjar samkomulag sem varð í nefndinni um þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 696. Verð ég þess vegna að leggjast gegn þeirri brtt. sem hv. 10. landsk. þm. o. fl. hafa nú flutt á þskj. 740.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88, n. 704 og 732, 733, 849, 853). — Frh. 2. umr.

Stefán Valgeirsson (frh.): Herra forseti. Ég var búinn að segja það í ræðu minni um daginn að það eina sem hv. allshn. hefði verið sammála um hefði verið það að það frv. sem hv. flm. lögðu fram í þessu máli væri ónothæft. Um annað komu þeir sér ekki saman. Ég gat um það að nefndin hefði kallað til sín ýmsa menn og fengið umsagnir annarra og allir þeir læknar sem rætt var við og þeir sem best þekkja til þessara mála lögðust á móti frv. Ég gat um það að aukning á neyslu áfengis hefði sums staðar verið upp í sex sinnum meiri en aukningin hér á landi og það skar sig alveg úr þar sem frjáls aðgangur var að áfengi og sérstaklega þar sem bjór var seldur.

Ég gat um það líka að í ljós hefði komið í Hamborg við athugun á því hvað ylli vinnuslysum á árunum 1976—1983 að 82.5% þeirra sem lentu í slíkum slysum voru með í blóði sínu meira en 1.5% áfengis en aðeins 5.8% voru með minna en 0.5% áfengis í blóði.

Ég gat um það líka að ég mundi taka til meðferðar ræðu formanns nefndarinnar, hv. þm. Gunnars G. Schram, sem er doktor og prófessor í lögfræði, en þar sem hann er ekki viðstaddur mun ég geyma mér það til 3. umr.

Ég var í ræðu minni þar staddur að ég var kominn að því að lesa hér úr skýrslu um þessi mál. Félmrh. Breta gerði í ræðu á árinu 1977 harða hríð að drykkjusiðum þar í landi og bjórkrám. Kvað hann krárnar oft sveipaðar rómantískum ljóma fyrir sjónum þeirra sem lítt þekktu til. Hann benti á að á s. l. tuttugu árum hefði ölneysla aukist um 50%. Neysla sterkra drykkja hefði hins vegar þrefaldast á sama tíma og neysla léttra vína fjórfaldast. Á sama tíma og neysla sterkra drykkja eykst um 54% á Íslandi eykst hún um 300% eða sex sinnum meira í Englandi og búa þeir þó síður en svo við skort á bjórkrám eða áfengu öli.

21. Hætta er á því að auðveldur aðgangur að áfengu öli leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum og þar með meiri hættu á vinnuslysum, lélegum vinnubrögðum og til tíðari fjarvista.

22. Nýjar rannsóknir sýna að því fleiri áfengistegundir sem eru á boðstólum og því víðar þeim mun meira er drukkið. Drykkjusjúklingum fer fjölgandi ef drykkja eykst.

23. Jafnslæmt er fyrir drykkjusjúkling að drekka eina ölkrús og viskístaup. Á þennan sannleika ber að leggja megináherslu. En það er líka jafnhættulegt fyrir barnið eða unglinginn, og börn eiga áreiðanlega greiðari aðgang að öli en viskí, eða sú er a. m. k. raunin meðal nágrannaþjóða okkar.

24. Eina raunhæfa leiðin til þess að koma í veg fyrir fjölgun drykkjusjúkra er að draga úr neyslunni. Til þess eru ýmis ráð. Og þótt góðra gjalda sé vert að lækna drykkjusjúka og gefa þeim að nýju þrek og sjálfstraust er hitt þó mikilvægara að leitast við að koma í veg fyrir að menn verði áfengi að bráð.

26. Færeyingar leyfa sölu áfengs öls um mitt ár 1980. Ölið er aðeins selt á tveimur stöðum á eyjunum. Árið 1979 drukku þeir að meðaltali 5.3 lítra af hreinum vínanda á mann 15 ára og eldri. Árið 1983 drukku þeir 6.2 lítra að meðaltali. Sambærilegar tölur á Íslandi eru 4.5 árið 1979 og 4.4 árið 1982.

27. Þegar byrjað var að flytja inn öl og hraðvíngerðarefni benti áfengisvarnaráð á að með slíkum innflutningi væri í raun og veru stuðlað að lögbrotum. Þá vakti

ráðið einnig athygli stjórnvalda á því að síðar mundu þau öfl sem hagnast á sölu og dreifingu áfengs öls nota innflutning þennan sem skálkaskjól í hagsmunabaráttu sinni, viðleitninni til þess að koma framleiðslu sinni sem víðast á markað. Á það sama benti áfengisvarnaráð þegar sett var reglugerð um heimildir ferðamanna til þess að flytja áfengt öl inn í landið. Um þessar mundir kemur greinilega og óþyrmilega í ljós að mat áfengisvarnaráðs hefur í báðum tilvikum reynst rétt.

Þegar gefin var út reglugerð um heimildir ferðamanna til þess að flytja áfengt öl inn í landið rannsakaði Sigurður Líndal lögmæti slíkra heimilda. Niðurstaða hans var sú að innflutningur öls væri brot á íslenskum lögum. Að sömu niðurstöðu komst Ólafur Walter Stefánsson sem málið kannaði fyrir dóms- og kirkjumálaráðherra.

29. Óheft frelsi áfengisauðmagnsins til framleiðslu, dreifingar og sölu þessa fíkniefnis mun óþekkt nú á dögum þó að ýmsir gerist til þess að halda slíkri stefnu fram. Meira að segja Frakkar hafa komið á ýmsum hömlum og hefur tekist með þeim, en ekki fræðslunni einni, að minnka drykkju verulega.

30. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hina dönsku drykkjusiði Grænlendinga. Flestir hafa heyrt um afleiðingar þeirra.

31. Ölgerðir eyða hundruðum milljóna króna í áróður, beinan og óbeinan. Óafvitandi gerast ýmsir sakleysingjar áróðursmenn þeirra afla sem hafa hag af því að sem flestir verði háðir því fíkniefni sem lögleitt er á Vesturlöndum, þ. e. áfengi. Því má bæta við að samtök bruggara greiða hinum lakari blöðum stórfé fyrir að birta staðleysur um áfengismál, oft undir yfirskini vísindamennsku. Slæðast slíkar ritsmíðar stundum inn í blöð hérlendis.

32. Ef enginn hefði fjárhagslegan ábata af drykkju annarra og þar með þeim hörmungum sem af henni hljótast væri áfengismálastefna þjóðarinnar raunsærri og heiðarlegri, sbr. baráttu gegn öðrum vágestum, svo sem holdsveiki, lús og berklum.

33. Þjóðaratkvæðagreiðsla um mál þar sem jafnmiklir hagsmunir eru í húfi og varðandi sölu áfengs öls er enn vafasamari nú en var fyrr á öldinni. Skv. rannsóknum sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO vörðu framleiðendur öls og annarra áfengra drykkja árið 1981 jafnvirði 60 milljarða íslenskra króna til auglýsinga og áróðurs. Mikinn barnaskap þarf til að ætla að ekkert af því fé sé notað hérlendis og verði óspart notað í hagsmunabaráttu þessara afla ef til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur.

34. Nú er að störfum nefnd sem skipuð var af heilbr.- og trmrh. í samræmi við þál. sem samþykkt var samhljóða á Alþingi 7. maí 1981. Sú nefnd vinnur að undirbúningi tillagna um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. Vart er svo brýnt að bæta fleiri tegundum áfengis á sölulista ÁTVR og vínsöluhúsa í landinu að ekki megi bíða þess að nefndinni gefist kostur á að ljúka störfum og leggja tillögurnar fyrir ríkisstj.

Mér þykir rétt að í þingtíðindi komist sú bráðabirgðaskýrsla sem umrædd nefnd skilaði frá sér 1. nóv. 1983. Eftir því sem fram hefur komið er von á lokaskýrslu frá þessari nefnd nú á næstunni. Eins og fram kom í ræðu formanns nefndarinnar, dr. Gunnars Schram, þá lagði hann fram þá tillögu í nefndinni að málinu yrði vísað til ríkisstj. vegna þess að þessi nefnd, sem var sett á stofn, eins og fram hefur komið, 19. maí 1981, hefði ekki enn lokið störfum. Það væru eðlileg vinnubrögð hér á hv. Alþingi.

Hér koma frá nefnd um könnun opinberrar stefnu í áfengismálum tillögur um sérstakt átak í áfengismálum:
Kostir:

1. Torveldað verði aðgengi að áfengi með eftirtöldum ráðum:
   a) Áfengisútsölum og vínveitingastöðum verði ekki fjölgað næstu tvö árin, eða á meðan nefndin starfar.
   b) Sett verði hnitmiðuð ákvæði um framkvæmd skoðanakannana um opnun og lokun áfengisútsala þannig að þær skuli auglýstar með minnst eins mánaðar fyrirvara.
   c) Standi til að opna nýja áfengisútsölu í Reykjavík eða á öðrum stöðum þar sem áfengisútsala er þegar leyfð skal meiri hluti kjósenda vera því samþykkur.
   d) Skoðanakannanir, sbr. b.- og c.-lið, fari eingöngu fram um leið og sveitarstjórnarkosningar.
   e) Endurskoðaður verði opnunartími áfengisútsala með styttingu fyrir augum og tilliti til hátíðisdaga (t. d. aðfangadags og gamlársdags).
   f) Undir engum kringumstæðum verði heimilað að veita sterkt áfengi á vínveitingastöðum fyrir kl. 18.
   g) Á vegum hins opinbera (ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana) verði einvörðungu veitt létt vín.
   h) Innflutningur á bjór til ferðamanna verði stöðvaður og bjórsala á Keflavíkurflugvelli verði aflögð.

2. Stórhert viðurlög gegn ólöglegri áfengissölu:
   a) Þyngri refsiákvæði en nú eru gegn leynivínsölu.
   b) Strangari ákvæði verði sett um sölu til ófullveðja fólks en um leynivínsölu.

3. Verðlagning áfengis:
   a) Hækkun útsöluverðs til samræmis við verðlagsþróun fimm síðustu ára og síðan fylgi verð á áfengi verðlagshækkunum, auk þess sem sterkt áfengi verði hækkað tvöfalt meira en verðlag á næstu tveimur árum.
   b) Ofan á útsöluverð áfengis verði bætt 2% er renni til heilsugæslu, fræðslu og annars forvarnarstarfs eftir nánari tillögum nefndarinnar.
   c) Sérstakur áfengisskattur verði settur á vínveitingahús til þess að draga úr neyslu sterks áfengis. Skattur þessi skal vera 10% af útsöluverði áfengis, þ. e. 21% og yfir að vínandamagni, og skal hann renna til þjálfunar starfsmanna heilsugæslunnar til að sinna lögboðinni heilsuvernd á þessu sviði, sbr. nánar 19. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Ágóði vínveitingahúsa hækki ekki.

4. Bannaður verði innflutningur á efnum og tækjum sem bersýnilega eru ætluð til öl- og víngerðar.

5. Umboðsmannakerfið.
Kerfið verði lagt niður og unnið að umboðsöflun fyrir ríkið þannig að umboðslaun rynnu í gæsluvistarsjóð óskert.

Verði ofangreindu ekki viðkomið er eftirfarandi lagt til:
   a) Sérstakt skráningargjald á áfengistegundir.
   b) Árlegt leyfisgjald af umboðsleyfi.
   c) 20% umboðslauna renni í gæsluvistarsjóð.

6. Fræðsla um áfengi og önnur vímuefni:
   a) Ráðinn verði sérstakur fræðslufulltrúi í menntmrn. til þess að skipuleggja og fylgja eftir fræðslustarfi í

skólum, þ. á m. við þjálfun kennara til að geta sinnt þeirri lögbundnu fræðslu. Skal hann starfa í nánu sambandi við áfengisvarnaráð og heilbrigðisyfirvöld.

b) Komið verði á mjög aukinni fræðslu fyrir ökumenn og þá sem hyggjast endurheimta ökuskírteini sín.

f) Mjög er misráðið að leyfa það sem nefnt er „hádegisbar" á vínveitingastöðum.

Auðveldar þetta fólki að halda áfram áfengisdrykkju gærdagsins og ýtir undir vítahring ofneyslunnar. Því er lagt til að sterkt áfengi verði aldrei veitt á vínveitingastöðum fyrr en kl. 18.

Reglur um veitingar á léttu áfengi yrðu óbreyttar og mætti því bera það á borð á vínveitingastöðum frá og með hádegi.

g) Opinberir aðilar verða að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og þeirri skyldu að ganga á undan og gefa þjóðinni gott fordæmi.

h) Það sem hér er lagt til er sjálfsagður hlutur, þar sem þessi innflutningur á bjór og bjórsala á Keflavíkurflugvelli er brot á ákvæðum áfengislaga um innflutning og dreifingu áfengis. Þessu til staðfestingar skal bent á álitsgerðir lögfræðinganna Sigurðar Líndals prófessors annars vegar og Finns Torfa Stefánssonar þá umboðsfulltrúa og Ólafs W. Stefánssonar skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hins vegar.

Um 2. tölulið.

Reynslan hefur sýnt að viðurlög við ólöglegri sölu áfengis eru allt of væg. Lítið samræmi er t. d. milli viðurlaga við þessum brotum og tilsvarandi brotum gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfinni.

Nefndin telur enn fremur að þyngri refsingar beri að leggja við sölu áfengis til ófullveðja fólks en við leynivínsölu eingöngu. Nú er þessu öfugt farið.

Um 3. tölulið.

a) Það liggur ljóst fyrir að verðlag á áfengi hefur engan veginn fylgt öðru verðlagi síðasta áratug.

Telst nefndarmönnum til að hér muni allt að 40%. Samtímis hefur heildarneysla áfengis aukist. Sama hefur komið í ljós annars staðar, þar sem hækkun áfengisverðs hefur ekki fylgt almennum verðlagshækkunum.

Til þess að draga úr áfengissölu er því vænlegt að hækka útsöluverð áfengis þegar til jafns við aðrar neysluvörur. Til að beina neyslu að veiku áfengi er lagt til að á næstu tveimur árum hækki sterkt áfengi helmingi meira en almennt verðlag.

Eins og í tölul. 1. staflið a, er hér miðað við tveggja ára tímabil, sem nefndin telur nauðsynlegt að nota til að skoða samhengi söluminnkunar á sterku áfengi við tíðni slysa og lögbrota í landinu.

b) Fræðsla og forvarnarstarf er lögboðið á vegum fræðsluyfirvalda og heilbrigðisþjónustunnar. Fjármuni hefur skort til þessa starfs. Nái þessi tillaga fram ætti að vera hægt að veita fé til skipulagningar þessa starfs og fylgja því eftir.

Nefndin bendir á að hið opinbera rækir vel lögbundið söluhlutverk en síður hið lögboðna fræðslu- og forvarnarstarf.

c) Nefndinni þykir ástæða til að reyna að beina áfengisneyslu hérlendis frá sterku til veiks áfengis með því að selja létt áfengi ódýrar en sterkt.

Áfengisskattur á sterkt áfengi, selt á vínveitingahúsum, ætti að nokkru leyti að geta staðið undir menntun, þjálfun og launum starfsfólks er annast forvarnarstarf.

Um 4. tölulið.

Innflutningur á efnum og tækjum til öl- og víngerðar hefur leitt til umtalsverðrar einkaframleiðslu á áfengi hér á landi. Ekki verður litið fram hjá þeirri staðreynd að þessar vörur eru bersýnilega ætlaðar til ólöglegra athafna og auka á áfengisneyslu landsmanna. Höft á þennan innflutning væri skref í þá átt að eyða tvískinnungi í stjórnun áfengismála í landinu.

Um 5. tölulið.

Það væri óæskilegt að hérlendir aðilar hafi mikilla hagsmuna að gæta sem umboðsmenn einstakra áfengistegunda. Hið opinbera hefur með höndum einkasölu á áfengi en ber einnig lögum samkvæmt kostnað af illum afleiðingum áfengisneyslunnar, svo sem heilsutjóni af slysum og sjúkdómum, lögbrotum o. s. frv. Umboðsmenn fleyta einungis rjómann af sölunni en leggja ekkert til heilbrigðisþjónustunnar eða forvarnarstarfs.

Nefndin telur skynsamlegast að þær fjárhæðir, sem umboðsmenn nú fá, renni í gæsluvistarsjóð og stæðu þannig undir stofnkostnaði og rekstri stofnana fyrir þá sem hlotið hafa heilsutjón af völdum áfengis.

Ef ekki reynist framkvæmanlegt að koma þessari skipan á, þá fylgir hér varatillaga sem ætti að verða auðveld í framkvæmd. Tillaga þessi tekur mið af þeim reglum sem gilda um lyfjainnflutning, þar sem gert er ráð fyrir ákveðnu skrásetningargjaldi og árlegu leyfisgjaldi. Nefndinni þykir eðlilegt að þeir aðilar sem hagnast fjárhagslega á innflutningi áfengis standi að hluta til undir stofnkostnaði og rekstri stofnana fyrir áfengissjúka. Því er lagt til að 20% umboðslauna renni í gæsluvistarsjóð.

Um 6. tölulið.

a) Til þess að lögboðinni fræðslu um áfengi og vímuefni verði sinnt þarf skipulag og framkvæmd. Það er undrunarefni að ekki hefur enn verið ráðinn sérstakur fulltrúi í menntmrn. til að annast þessi verkefni. Þjálfun kennaraefna á þessu sviði er fáskrúðug. Besti vettvangur raunhæfrar fræðslu er í skólum landsins. Að vel athugðu máli hefur Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna nú mælt með því að fastir kennarar barna og unglinga annist sjálfir fræðslu um áfengi, tóbak og vímuefni, síður utanaðkomandi aðilar. Fræðslunni skal fléttað sem víðast inn í námsefnið. Þessa fræðslu verður a. m. k. í byrjun að skipuleggja í menntmrn. og því er tillaga um fastráðinn fulltrúa þar lögð fram. Hér er um mjög brýnt mál að ræða.

b) Ökunemar þurfa ítarlega fræðslu um áhrif áfengis á líkamsstarfsemi, viðbrögð og einbeitingu með það fyrir augum að innræta þeim skilning á og tilfinningu fyrir ábyrgð þeirra í umferðinni.

Um 7. tölulið.

Það er staðreynd, þótt furðu sæti, að verð á óáfengum drykkjum getur jafnvel verið hærra en verð á áfengi á veitingastöðum, enda álagningin frjáls. Fer hún í sumum tilvikum upp í 400%. Með slíkri verðlagningu er beinlínis verið að hvetja fólk til að drekka áfengi fremur en óáfenga drykki. Tryggja þarf að verð á óáfengum drykkjum verði hóflegt, eins og reyndar er kveðið á um í áfengislögum, og álagning bundin við hámark, eins og gildir um áfengi. Hámarksálagning yrði þó, þrátt fyrir þetta, enn nokkuð hærri en á áfengi.

b) Það er álit þeirra sem til þekkja að áfengislausir dansleikir séu of fátíðir, ekki síst þeir sem eru ætlaðir ungmennum. Því telur nefndin rétt að binda vínveitingaleyfi því skilyrði að halda reglulega áfengislausa

dansleiki skv. nánari reglum.

Um 8. tölulið.

a) Reynslan hefur sýnt að viðurlög við ölvunarakstri hafa ekki dregið úr tíðni hans. Langflestir eru þó þeirrar skoðunar að ölvunarakstur sé vítaverður og taka beri af alvöru á þessu vandamáli. Fjölda alvarlegra slysa má rekja beint til ölvunaraksturs. Það hlýtur því að vera siðferðileg skylda hins opinbera að hamla gegn ölvunarakstri eftir því sem hægt er. Þess vegna er lagt til að stórhert verði viðurlög við ölvunarakstri, sérstaklega við ítrekuðum brotum. Við fyrsta brot skal hinn brotlegi í öllum tilvikum missa ökuskírteinið í eitt ár og skiptir þá ekki máli hversu mikið áfengi er í blóðinu fari það á annað borð yfir leyfileg mörk. Hér verður að hafa í huga þá grundvallarreglu að menn neyti aldrei áfengis ætli þeir sér að stjórna ökutæki. Við fyrsta brot kæmi einnig til sekt sem dómari tæki ákvörðun um og færi eftir áfengismagni í blóði. Til varðhalds fyrir fyrsta brot kæmi eingöngu færi áfengismagn yfir 0.8‰. Um varðhald skal setja nánari reglur hvað þetta snertir.

Enn fremur er lagt til að þeir sem misst hafa ökuleyfi á þennan hátt skuli skilyrðislaust ganga í ökuskóla þar sem áfengisfræðsla sé fyrir hendi. Að öðrum kosti fengju þeir ekki ökuleyfi aftur.

b) Við ítrekuð brot skal auk sektar og ökuleyfissviptingar ævilangt skilyrðislaust dæma í varðhald, en varðhald getur skv. almennum hegningarlögum verið frá 5 dögum upp í 2 ár.

Ákvæði um tvo valinkunna menn, sem votta skulu um hæfni umsækjanda, hafa þótt óraunhæf og er því lagt til að í þess stað verði það gert að skilyrði að hlutaðeigandi hafi ekki gerst sekur um brot á áfengislöggjöfinni á sviptingartíma.

Sé varðhaldi beitt við ítrekuðum brotum skal undir engum kringumstæðum heimilt að breyta því í sekt með náðun. Það er álit nefndarinnar að mjög sé brýnt að koma á heildstæðum reglum varðandi ökuleyfissviptingar vegna ölvunaraksturs, ekki síst með það í huga að ekki komi til mismunandi dómar eftir því hvaða dómari heldur á málum.

Um 9. tölulið.

Þær reglur sem hér um ræðir mismuna þjóðfélagsþegnunum og verða því að teljast óeðlilegar. Sumir eru þeirrar skoðunar að þessum reglum sé beitt sem kjarabót, sem eitt út af fyrir sig er ærið umhugsunarefni, eigi það við rök að styðjast. Að bjóða áfengissýkingu heim í kjarasamningum hefði einhvern tíma þótt ótækt.

Um 10. tölulið.

Hvað snertir sérstakar viðvaranir í áfengisverslunum og vínveitingahúsum eru lögð til þau tvö grundvallaratriði sem þykja skipta hvað mestu máli í byrjun. Aldrei verður t. d. fullhamrað á því að áfengi er miklu lengur í blóðinu en fólk flest gerir sér grein fyrir.

Um 11. tölulið.

Töluverð brögð hafa verið að því að menn reyndu að komast fram hjá ákvæðum í lögum um auglýsingabann, t. d. *í búningi svonefndra „óbeinna auglýsinga"*. Má sem dæmi nefna hér margs konar myndir í blöðum og tímaritum, sem sýna áfengi innan um aðrar vörur, t. d. matvörur. Það sem einkum veldur erfiðleikum varðandi framkvæmd auglýsingabanns er að nákvæma skilgreiningu á orðinu „auglýsing" vantar og enn fremur hvernig framfylgja skuli slíku banni.

Nái tillaga þessi fram að ganga mun nefndin gera tillögur um þessa tvo þætti, þ. e. skilgreiningu á orðinu „auglýsing" og um það hvernig framfylgja skuli slíku banni.

Greinargerð með tillögum um sérstakt átak í áfengismálum.

Um 1. tölulið.

Nefndarmenn telja að eitt áhrifaríkasta ráð til að draga úr áfengisneyslu sé að torvelda fólki að ná í áfengi. Reynsla annarra þjóða sýnir þetta ótvírætt og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur þetta grundvallaratriði í baráttunni gegn ofneyslu áfengis. Telur stofnunin í raun og veru aðrar leiðir lítt færar. Þau ráð sem nefndin leggur til í þessu skyni eru:

a) Áfengis- og vínveitingastöðum verði ekki fjölgað frá því sem nú er.

Nú hafa hv. alþm. heyrt hvað þessi nefnd, sem var sett á stofn eftir að samþykkt var samhljóða till. hér í hv. Alþingi, leggur til. Ég vil spyrja: Er það í samræmi við það sem meiri hl. allshn. leggur til í þessu máli?

Það hljóta að koma margar spurningar í hugann í sambandi við þessi mál. Ég gat um það í fyrri hluta ræðu minnar, sem ég flutti fyrir helgi, að það væri engu líkara en meiri hl. nefndarinnar hefði verið undir einhverjum áhrifum. Eða hvernig getur það verið, miðað við stöðu mála, miðað við það sem fram hefur komið hjá nefndinni, miðað við það að þessi nefnd sérfróðra manna í þessum málum hefur verið að vinna og er reiknað með að hún skili heildarniðurstöðum á næstu vikum, að hún komist að þvílíkri niðurstöðu? Þessi niðurstaða meiri hl. nefndarinnar er með algerum ólíkindum og ég vil enn og aftur segja: Það er ekki undarlegt þó að okkur alþm., þó að þjóðinni finnist að þessi meiri hl. allshn. hafi verið undir einhvers konar áhrifum, kannske áhrifum frá bjórnum. (Gripið fram í.) Ég vil ekkert segja um það. En ég segi bara einhvers konar áhrifum, því að niðurstaðan, miðað við allt sem liggur fyrir, er alveg með ólíkindum.

Ég er hér með merkilega ræðu sem flutt var 1932 af Vilmundi Jónssyni fyrrv. landlækni. Það var sagt að sú ræða hefði orðið til þess að drepa þá tillögu að leyfa á þeim tíma bruggun áfengs öls. Þessi ræða er því stórmerk. Ég ætla ekki að lesa hana í þetta sinn. En það kann að vera að ég geri það við 3. umr. ef aðrir hafa ekki orðið fyrri til þess í þessari umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Hér á hinu háa Alþingi verður stundum að gera fleira en gott þykir og svo er nú í þetta sinn. Mér finnst satt að segja margt, raunar flest brýnna en að setja lög um bruggun og sölu áfengs öls þegar almennt launafólk á í vök að verjast gegn vondri stjórn. En þetta er nú á dagskrá, því fæ ég ekki breytt og má kannske segja eins og forðum: Hér stend ég og get ekki annað.

Skömmu eftir alþingiskosningarnar 1983 var hringt til mín frá félmrn. og ég beðin að sjá til þess að Kvennalistinn skipaði fulltrúa í nefnd sem marka ætti opinbera stefnu í áfengismálum þjóðarinnar. Við eftirgrennslan kom í ljós að skipun þessarar nefndar var í samræmi við þáltill. sem hafði verið samþykkt á Alþingi tveimur árum áður, vorið 1981, og mér var sagt að nefndinni væru ætluð þrjú ár til að ljúka verkefni sínu. Mitt fyrsta viðbragð var undrun og áhyggja hve langan tíma hafði tekið og ætti að taka að framfylgja vilja Alþingis og hefur mér nú lærst ýmislegt í þessum efnum síðan. En

mér fannst þetta verkefni mundi vera þarft og áhugavert og þarf ekki að rekja fyrir hv. alþm. hvernig því hefur síðan miðað. Það gerði m. a. hv. síðasti ræðumaður hér áðan.

Í framhaldi af þessu kom á óvart þegar fram komu þegar á fyrsta þingi eftir skipun þessarar sérstöku nefndar tvö mál varðandi bruggun og sölu áfengs öls hér á landi. Ég hélt í barnaskap mínum að slíkar tillögur heyrðu undir mótun opinberrar stefnu í áfengismálum þjóðarinnar og væru þar af leiðandi í verkahring nefndarinnar sem skipuð var í samræmi við vilja Alþingis. Sýnir það nú enn hversu mikið ég átti ólært. Af þessum tveimur málum leist mér þó betur á tillöguna um þjóðaratkvæði þrátt fyrir afkáralega greinargerð sem fylgdi þeirri tillögu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að miklu meira ætti að gera af því að bera mál beint undir atkvæði þjóðarinnar og þá sérstaklega mál sem þjóðin vill sérstaklega fjalla um beint og segja skoðun á milliliðalaust, mál sem alltaf hljóta eðlis síns vegna að vera óháð flokkspólitík og svo er að mínu viti um áfengislöggjöfina.

Ég varð þess rækilega vör á s. l. vetri að fólk var mjög fylgjandi tillögu um þjóðaratkvæði og jafnvel margir þeirra sem eru í rauninni andvígir bjór, fólk sem átti það þó á hættu að bjórinn fengi meirihlutafylgi ef dæma má af skoðanakönnunum. Það merkilega er að nú upp á síðkastið hafa verið að berast ályktanir eða áskoranir um þjóðaratkvæði í þessu máli.

Gallinn á tillögunni, sem fram kom í fyrra, var að gert var ráð fyrir allsherjaratkvæðagreiðslu samhliða almennum kosningum. Var þá augljóst að bjórinn yrði allt of ráðandi í allri umræðu fyrir kosningarnar á kostnað annarra jafnmerkra og merkari málefna. Æskilegast væri að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um fleiri en eitt mál samtímis og tengja það ekki almennum kosningum. Auk þess var heldur óljóst hvað gera ætti við niðurstöðurnar, hvort þær væru bindandi fyrir framkvæmdavaldið eða hvort löggjafarvaldið þyrfti þá að koma til sem hugsanlega væri þá á móti því sem meiri hluti þjóðarinnar hefði samþykkt.

Á þessari tillögu hefði því þurft að gera breytingu svo að hún næði tilgangi sínum. En það var ekki gert og allir þekkja örlög hennar. Hún komst aldrei til atkvæða. En á þessu þingi er svo til umfjöllunar frv. til l. um bruggun og bjórsölu og í þetta sinn hafa menn mannað sig upp í rækilega umfjöllun um þetta margþvælda deilumál og verður nú ekki lengur undan vikist að taka afstöðu.

Mér þykir rétt að komi fram hérna að 1. flm. þessa frv. bauð mér aðild að flutningi þess. Ég var fljót að afþakka það á þeim forsendum að ég sæi ekki að framganga þess máls mundi bæta stöðu kvenna og barna sem er eins og mönnum er vonandi kunnugt meginmarkmið Kvennalistans. Við nánari athugun á frv. þótti mér svo einsýnt að hafna því. Mér fannst stefnumótun óskýr og látin í vald ráðh. að mestu eða öllu leyti.

Það er svo annað mál að mér hefur gengið alveg einstaklega illa að koma mér upp nauðsynlegum áhuga á þessu máli. Við vitum öll að um það eru mjög andstæðar skoðanir. Í engu öðru þingmáli hef ég a. m. k. orðið fyrir jafnmiklum þrýstingi og sá þrýstingur er allur á einn veg. Andstæðingar bjórsins eru einir um þann áróður svo til algerlega, bæði munnlegan og skriflegan, enda talsmenn bjórsins líklega nokkuð sigurvissir eftir allmargar skoðanakannanir þeirra málstað í vil. Báðir aðilar hafa mikið til síns máls og því alls ekkert einfalt að taka afstöðu, sérstaklega ekki þegar maður hefur ekki persónulegan áhuga á því. Ég á ákaflega bágt með að trúa að þetta skipti jafn gífurlega miklu máli og menn vilja vera láta. Það er eins og menn haldi að tilveran muni gerbreytast ef bjórsalan verður leyfð hér. Sumir sjá paradís í hillingum, aðrir svartnættið sjálft. Hjá sumum er þetta svo fyrst og fremst grundvallarspurning, spurning um frelsi og þá koma náttúrulega vangaveltur um frelsi til hvers.

Áður en tekin er endanleg afstaða í þessu máli verður að líta á ástandið eins og það er núna. Er landið bjórlaust? Nei, það er langt frá því bjórlaust þótt mér detti ekki í hug að halda því fram að bjórneysla muni ekki aukast verði þetta frv. að lögum. En það er vissulega mikið um bjór í þessu landi og ef við höfnum þessu frv. er hið eina rökrétta í málinu að hindra það bjórflæði sem nú er til staðar. Allir vita að farmenn og ferðamenn bera áfengan bjór inn í landið í tonnatali. Við hljótum að svipta þá þeim forréttindum ef við höfnum þessu frv., annað væri órökrétt. Allir vita að töluverðu magni af áfengum bjór er smyglað inn í landið á einn eða annan hátt. Við hljótum að stórefla eftirlit með því, reyndar óháð því hvort frv. þetta verður að lögum eða ekki. En verði það að lögum má búast við minnkandi smygli.

Allir vita að bruggun áfengs öls er töluverð enda óátalið leyfð sala hvers konar bruggunartækja og ölgerðarefna, a. m. k. ölgerðarefna, jafnvel í matvöruverslunum, og þótt með fylgi aðvaranir um hæsta leyfilega áfengismagn, þá er það einfaldlega brandari af lélegustu gerð. Ætlum við að láta það viðgangast áfram?

Loks hafa á undanförnum mánuðum sprottið upp krár ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur úti um allt land, ölkrár, sem selja svokallað bjórlíki. Sú þróun er ákaflega sérkennileg að mínu mati og frammistaða framkvæmdavaldsins í því máli til lítils sóma. Sannast þar enn að menn eru býsna útsmognir að finna leiðina kringum lögin, finna götin og gloppurnar. Það er margra álit að þessi sérkennilega blöndun áfengis sé ólögleg þar eð ekki sé leyfilegt að blanda áfengi öðruvísi en í augsýn neytandans. Þetta hef ég reyndar ekki kynnt mér frekar, ég viðurkenni það hreinskilnislega, enda skiptir það harla litlu máli. Það dygði ekki til að útrýma þessari áfengissölu. Lögum skv. má blanda áfengi með hvaða öðrum löglegum drykk sem er og vitaskuld yrði það þá bara gert fyrir framan nefið á neytandanum yrði þess krafist. Það er svo aftur merkilegt umhugsunarefni hvernig þessari nýjung hefur verið tekið. Ölstofurnar hafa sprottið upp eins og gorkúlur á haug og sagt er að þær séu svo fjölsóttar að erfitt sé að fá þar inni, jafnvel í miðri viku. Þær virðast þannig uppfylla ákveðna félagsþörf. En nú tala ég af nákvæmlega engri reynslu og best að hætta sér ekki lengra út á þessa braut. En sem sagt, landið er ekki bjórlaust. Það er þegar fyrir hendi mikil bjórneysla í þessu landi. Það er staðreynd sem við verðum að taka á með einhverjum hætti. Annaðhvort leyfum við bjór eins og annað áfengi eða við leyfum alls ekki bjór. Þessi tvískinnungur og ósamræmi er óþolandi.

Meginspurningin er vitanlega hvort heildarneysla áfengis muni aukast með tilkomu áfengs öls. Flestir

svara þeirri spurningu játandi og segja má að allar röksemdir gegn bjór byggist á þeirri fullyrðingu að heildarneysla áfengis muni aukast og þar með áfengisbölið í heild. Ekki treysti ég mér til að afneita þeirri kenningu en er þó sannfærð um að aukningin yrði ekki jafnmikil og margir vilja vera láta, a. m. k. ekki að samþykktum brtt. meiri hl. allshn. Hins vegar er ekki minnsti vafi á því að opinberar tölur muni sýna aukna drykkju ef bjórinn verður samþykktur. Að líkindum drægi stórlega úr heimabruggi og ólöglegum innflutningi þótt ekki sé ég jafn bjartsýn og hv. frsm. meiri hl. allshn. sem taldi að þetta mundi falla niður, eins og hann orðaði það. *En eins og öllum má ljóst vera kemur* heimabrugg og smygl ekki fram í opinberum tölum nema að því marki sem reynt er að giska á magnið. Þótt opinberar tölur um áfengisneyslu hækkuðu þannig töluvert væri umtalsverður hluti þeirra því engin aukning í raun og veru þar sem hann kæmi aðeins í staðinn fyrir áður óskráða neyslu. Hins skulum við heldur ekki ganga dulin að verði bjórinn leyfður verður honum kennt um flest sem til óheilla horfir í áfengismálum.

Fyrir nokkru — og raunar finnst mér það vera núna helgi eftir helgi — voru áberandi í dagblöðum óvenju hrikalegar fréttir af áfengisneyslu og afleiðingum hennar og í mínum huga er ekki spurning að andstæðingar bjórsins hefðu varpað og mundu varpa allri sök á hann ef búið væri að leyfa hann. Þannig verður það. Honum verður kennt um allt sem miður fer.

Flestir andstæðingar bjórsins leggja mikla áherslu á þá skoðun sína að æskufólki sé sérstök hætta búin af bjórnum og er það algeng athugasemd á ályktunum gegn bjórnum að innleiðing bjórs væri hv. Alþingi til lítils sóma á sjálfu alþjóðaári æskunnar. Að æskufólki sé sérstök hætta búin er að mínum dómi langalvarlegasta og íhugunarverðasta röksemd bjórandstæðinga. Sú röksemd ætti tvímælalaust rétt á sér ef engar hömlur væri á sölu bjórsins. En nú á skv. brtt. meiri hl. allshn. ekki að selja bjórinn nema í áfengiseinkasölum. Þess vegna verður ekki auðveldara fyrir unglinga að nálgast hann en annað áfengi sem þeim hefur því miður veist allt of auðvelt.

Mín skoðun er sú að bjórinn komi fyrr en síðar. Ef við leyfum hann ekki nú með löglegum hætti erum við aðeins að fresta málinu og að mínum dómi gæti það orðið til skaða. Andstæðingar bjórsins eru að vísu í minni hluta skv. skoðanakönnunum en vegna harðrar og tiltölulega málefnalegrar andstöðu þeirra er lag einmitt núna til að setja þær skorður við bruggun, innflutningi og sölu áfengs öls að þær dragi verulega úr hættunni af því að leyfa það. Ég treysti því ekki að til þess yrðu jafngóðar aðstæður síðar — og raunar meira en það — ég er viss um að tíminn mundi ekki vinna með okkur í þessu máli og á því byggi ég afstöðu mína.

Meiri hl. allshn. virðist hafa verið á sama máli. Hann sýnist hafa unnið samviskusamlega og einlæglega að þessu þingmáli og gert mjög markvissa tilraun til að móta stefnuna skýrt og draga úr ágöllum málsins og fyrir það ber að þakka. Virðist mér allar tillögur meiri hl. til bóta. Um þær hefur að sjálfsögðu verið fjallað hér rækilega og þær skýrðar og ekki ástæða til að ég geri það frekar. En á þskj. 849 flyt ég brtt. við 6. tölul. á þskj. 733. Sú grein, sem um ræðir þar, miðar að því að stórauka fræðslu um skaðsemi áfengis en þar fannst mér nefndarmenn ekki nógu djarfir. Mér finnst sjálfsagt að nota tækifærið til hins ýtrasta til fræðslu og herferðar gegn misnotkun áfengis og hefði jafnvel viljað ganga enn lengra. Áætlað er að 0.5% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls kunni að nema allt að 4 millj. kr. og 1%, eins og till. mín hljóðar upp á, næmi þá allt að 8 millj. Það kann að virðast myndarleg upphæð en gerð fræðsluefnis t. d. á myndspólum er dýr og við megum ekkert til spara.

Hv. frsm. talaði um fræðslu í skólum landsins en ég tel fráleitt að miða aðeins við skólana. Við hljótum að nýta okkur fjölmiðlana, ekki síst sjónvarpið og þar vil ég t. d. *nefna að mikilvægt er að koma mönnum í* skilning um að bjór er áfengi og neysla hans fer t. d. alls ekki saman við bifreiðaakstur. Við höfum góða reynslu af fræðsluherferðum, t. d. í sambandi við skaðsemi tóbaks, um það get ég persónulega vitnað. Og í sambandi við umferðarmál, t. d. þegar við breyttum úr vinstri umferð yfir í hægri umferð. Bönn hafa því miður oft óæskileg áhrif. Fræðsla með réttum upplýsingum er sterkasta vopnið. Ég vil þakka sérstaklega hv. þm. Gunnari G. Schram, sem að vísu er ekki viðstaddur hér nú. Hann studdi till. mína eindregið í umr. um þetta mál þegar það var hér á dagskrá fyrir viku og ég bið alla þm. að skoða þessa till. mína vel og styðja hana.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta miklu lengur. Það hefur mikið verið höfðað til ábyrgðar og þjóðhollustu í þessu máli og gefið í skyn að þeir séu óþjóðhollir og ábyrgðarlausir sem láti sig hafa það að greiða bjórnum atkvæði sitt. Eftir mikla umhugsun hef ég þó ákveðið að greiða atkvæði með þessu frv., þ. e. að samþykktum brtt. þeim sem við það eru gerðar. Á þessari stundu treysti ég mér reyndar ekki til að lofa atkvæði mínu verði brtt. mín ekki samþykkt. En það skal skýrt tekið fram að þetta er persónuleg afstaða mín. Um þetta eru skiptar skoðanir innan Kvennalistans eins og innan annarra stjórnmálasamtaka.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil segja nokkur orð um þetta mál til að lýsa viðhorfum mínum. Að vísu verð ég að segja að mér finnst margur annar vandi vera brýnni og verðugri umr. þm. um þessar mundir en þetta mál. En það er að mörgu leyti erfitt viðfangs og reyndar líkar mér illa að vera í þeirri stöðu að ætlast er til þess af alþm. að þeir hafi vit fyrir öðrum í þessu máli. Að málinu hníga mörg rök, bæði með og á móti, og það er auðvelt að sjá réttmæti flestra þeirra. Það er afleitur sá tvískinningur sem nú ríkir í bjórmálum. Réttindum manna til að kaupa áfengan bjór og flytja hann inn í landið er misskipt og eru þau bundin við þá sem ferðast erlendis. Lögmæti bjórsölu í fríhöfn Keflavíkurflugstöðvarinnar er í raun vafasamt miðað við núgildandi lög og sömuleiðis sala þess bjórlíkis sem á boðstólum er út um borg og bý. Það er því nauðsyn að koma þessum málum í viðunandi horf þannig að ekki séu brotin lög leynt og ljóst. Um þetta eru flestir sammála.

Svo skilja leiðir því að menn eru ekki sammála um það hvað er viðunandi horf. Það má segja að skoðanir manna séu mjög skiptar og svipað gildir um skoðanir kvenna, þær eru nokkuð skiptar. Þrýstingur frá þeim aðilum sem vilja selja og neyta bjórs hefur ráðið því að hann er seldur í fríhöfninni og enn fremur því að bjórstofur selja bjórlíki. Sá þrýstingur hefur líka ráðið

því að flutt er þetta frv. sem hér er til umr. Það má segja að þeir sem brjóta lögin séu að knýja löggjafann til að hagræða málum á sinn veg. Að mínum dómi á lögleysa ekki að þvinga löggjafann á sitt band.

Nú er enn að störfum fjölmenn nefnd sem skipuð var af fyrrverandi hæstv. heilbrrh. og hefur það verkefni að móta stefnu í áfengismálum. Mér þætti eðlilegra að beðið væri eftir niðurstöðum þessarar nefndar áður en þetta mál verður afgreitt því að það er sannarlega mikilsverður þáttur í mótun heildarstefnu í áfengismálum.

Nú er það svo að málið mundi vefjast minna fyrir mér og líklega flestum öðrum ef það væri öruggt að áfengur bjór mundi koma í staðinn fyrir og leysa af hólmi þá drykkju af sterkum vínanda sem mörgum þykir óhófleg eða óæskileg hérlendis. Á þetta einkum við um unglinga. Þrátt fyrir sterka sannfæringu manna í þessum efnum og jafnvel óskhyggju virðast þó niðurstöður rannsókna sýna að viðbót á áfengum bjór eykur heildarneyslu en kemur ekki í stað sterkari drykkja. Í þessu sambandi má nefna að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur af heilsufarslegum ástæðum mælt með því í ljósi rannsóknaniðurstaðna að dregið sé úr heildarneyslu áfengis með takmörkun á aðgengi og með háu verði.

Reynsla annarra þjóða sýnir að áfengisneysla barna og unglinga eykst og byrjar fyrr þar sem áfengur bjór er á boðstólum en þar sem hann fæst ekki. Það ástand, sem nú ríkir í okkar þjóðfélagi í umönnun barna og unglinga, ekki síst í málefnum þeirra sem erfiðast eiga vegna vímuefnaneyslu, gefur ekki tilefni til þess að auka á þann vanda sem fyrir er að mínu mati. Meðan ekki er gert betur í þessum efnum, meðan félagsleg umönnum barna og unglinga er ekki beysnari en hún er, meðan ekki er til neyðar- eða langtíma meðferðarathvarf fyrir allra yngstu fórnarlömb vímuefnaneyslu, meðan geðheilbrigðisþjónusta barna annar ekki verkefnum sínum vegna fjármagnsskorts, meðan aðstæður til sérstakrar geðheilbrigðisþjónustu fyrir unglinga eru gersamlega ófullnægjandi, í stuttu máli sagt, meðan úrræði okkar til að sinna þeim sem óhjákvæmilega verða fórnarlömb aukinnar neyslu eru ekki betri í reynd, þá get ég ekki stutt það frv. sem hér er til umr.

Það kunna að koma þeir tímar og þær staðreyndir byggðar á reynslu að réttlætanlegt sé að bæta við það úrval áfengis sem á boðstólum er. En nú á þessu ári æskunnar get ég ekki sannfærst um að þetta sé kappsmál kvenna og barna en hingað kom ég sem málsvari þeirra. Ég mun því ekki styðja þetta mál.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég vil stuttlega gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli. Lengst af hef ég verið mótfallinn framleiðslu og sölu áfengs öls á Íslandi, fyrst og fremst á þeirri forsendu að það mundi verða til þess að auka áfengisneyslu í landinu, einkum ungs fólks og á vinnustöðum. En mál hafa þróast þannig síðustu ár að landið hefur svo að segja opnast fyrir innfluttum bjór auk hinna fjölmörgu bjórstofa sem þotið hafa upp eins og gorkúlur. Þar er framleitt svokallað bjórlíki sem að styrkleika samsvarar meðalsterkum bjór. Upplýst er að bjórneysla í landinu sé nú 15—20 lítrar á mann á ári, ef ekki meira, án þess að til séu í landinu lög um sölu áfengs öls. Freyðandi bjór er því staðreynd á Íslandi í dag.

Ýmsir miður góðir hlutir þrífast nú í skjóli þessa kerfis sem viðgengst hér á landi. Þetta ástand þarf að lagfæra og eina ráðið í stöðunni er að mínum dómi að heimila framleiðslu og sölu á íslenskum bjór undir ströngu eftirliti. En ég legg áherslu á að Alþingi sé við því búið að breyta löggjöfinni ef ástand áfengismálanna versnar frá því sem nú er með tilkomu íslensks bjórs.

Minni hl. allshn. hefur lagt til að slegið verði á frest ákvörðun um áfenga bjórinn þangað til fyrir liggi álit nefndar sem móta á opinbera stefnu í áfengismálum Íslendinga. Við núverandi aðstæður er ekki ástæða til að bíða. Stjórnvöld hafa að undanförnu leyft mikla fjölgun vínveitingastaða og þetta hefur verið gert án þess að nefndarálit áfengismálanefndar liggi fyrir. Spyrja má hvort ekki hefði átt að bíða með að opna bjórstofurnar þangað til það lá fyrir.

Á síðasta þingi stóð ég að nál. 1. minni hl. allshn. Sþ. þar sem lýst var andstöðu við þjóðaratkvæði um bjórinn. Sem fyrr er ég andvígur þjóðaratkvæði og tel að Alþingi eigi nú þegar sjálft að taka afstöðu í þessum málum. Ég er því andvígur brtt. sem hér liggur fyrir og lýtur að þjóðaratkvæði.

Úr því sem komið er er það skoðun mín að framleiðsla og sala á íslenskum bjór skv. þeim tillögum sem hér liggja fyrir frá meiri hl. nefndarinnar muni bæta það ástand sem nú ríkir í þessum málum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess í þessu máli að gera hér í fáum orðum grein fyrir afstöðu minni þó að hún hafi reyndar áður komið fram úr þessum ræðustól á síðasta þingi þegar fjallað var um þjóðaratkvæðagreiðslu um áfengt öl. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv. og einnig þeirri afstöðu sem fram kemur frá meiri hl. allshn. af margvíslegum ástæðum sem unnt væri að tíunda hér í mjög ítarlegu máli. Þetta mál er hins vegar engan veginn einfalt og ég skil þá þm. vel sem telja sig þurfa að gera með ítarlegum hætti grein fyrir afstöðu sinni.

Ég get stytt mjög mál mitt með því að taka undir mjög margt af því sem fram hefur komið í umr. áður, m. a. frá hv. 3. landsk. þm. hér rétt áðan, en vil þar fyrir utan bæta við nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi það að það er starfandi nefnd skv. samþykkt Alþingis sem á að gera tillögur um opinbera stefnumótun í áfengismálum. Það er rangt, sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði áðan, að þessi nefnd hefði ekki skilað áliti. Hún hefur skilað áliti fyrir löngu en ríkisstj. liggur á álitinu. Hún hefur skilað áliti til núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. í tveimur hlutum. Annars vegar um áfengismál og hins vegar sérstökum tillögum varðandi önnur ávana- og fíkniefni. Þessar tillögur hafa ekki fengist ræddar hér á hv. Alþingi. Þær hafa aldrei verið lagðar fyrir alþm. og mér er ekki kunnugt um að ríkisstj. hafi tekið afstöðu til þeirra. Ég hlýt að gagnrýna mjög harðlega vinnubrögð ríkisstj. í þessu efni vegna þess að ég tel að það hefði verið eðlilegt áður en þetta mál kemur til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi að um þessar tillögur að stefnumótun í áfengismálum hefði verið fjallað hér. Ég hlýt að harma vinnubrögð ríkisstj. í þessum efnum, bæði hæstv. dóms- og kirkjumálaráðh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. sem fara með þessi mál.

Ég verð var við það að rökstuðningur fólks fyrir því að taka afstöðu með þessu frv. er m. a. fólgin í því að benda á að það séu í raun og veru allar varnir brostnar.

Eftir að leyft var að selja áfengt öl í fríhöfninni í Keflavík og eftir að bjórbúlurnar voru opnaðar, sem hafa verið að spretta upp hér eins og gorkúlur á undanförnum tveimur árum, sé í raun og veru ekki unnt annað en að samþykkja þessar tillögur. Ég bendi á að þetta hvort tveggja byggist í raun og veru á lögleysu að mínu mati. Það liggur fyrir grg. frá Sigurði Líndal prófessor þar sem hann bendir á að reglugerðin um sölu á áfengu öli í Keflavík sé lögbrot. Þessi álitsgerð Sigurðar Líndals hefur legið fyrir um nokkurra ára skeið með alveg ótvíræðum hætti. Hann telur að þessi reglugerð Sighvats Björgvinssonar, fyrrv. hæstv. fjmrh., brjóti í bága við áfengislögin eins og þau eru.

Í annan stað eru þau rök flutt í þessu máli að hér hafi verið opnaðar bjórknæpur með svokölluðu bjórlíki, sem hv. þm. Helgi Seljan kallar bjórlíkhús, í stórum stíl á undanförnum árum. Hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur haldið á þessu máli með furðulegum hætti. Hann telur að hann hafi ekki getað neitað um starfsleyfi fyrir þessar stofnanir og byggir þar á áliti saksóknara ríkisins. (**ÓÞÞ:** Sem ekkert veit um brugg.) Hvað sem því líður, hv. þm., tel ég að málið hefði einfaldlega átt að meðhöndlast þannig af hæstv. dóms- og kirkjumrh. að hann átti að neita um þessi leyfi og síðan að láta reyna á það hvort sú neitun hefði verið felld úr gildi fyrir dómstólum í stað þess að snúa þessu með þeim hætti sem núv. hæstv. dómsmrh. hefur gert og þar með í rauninni brotið niður með athafnaleysi sínu sem ráðh. að verulegu leyti þá andstöðu sem var hér á hv. Alþingi við því að innleiða áfengan bjór. Ég tel þess vegna að athafnaleysi ríkisstj. varðandi till. um opinbera stefnumótun í áfengismálum og þessi frammistaða núv. ríkisstj. varðandi þessar bjórbúlur sé í rauninni ein meginástæðan til þess að svo virðist sem meiri hl. Nd. Alþingis, ef ég kann að ráða rétt í upplýsingar, muni samþykkja þetta frv.

Ég treysti mér ekki til þess sem alþm. að samþykkja frv. af þessu tagi og bera þannig ábyrgð á þeim vandamálum sem samþykkt þess mun hafa í för með sér. Ég held að hver og einn þm. verði að skoða mjög vel sinn hug og sýna ábyrgð sem einstaklingur gagnvart komandi kynslóðum í þessu landi þegar hann gerir upp hug sinn í máli af þessum toga. Ég vona þess vegna að fólk hér á hv. Alþingi leyfi sér ekki að taka afstöðu til þessa máls af léttúð. Þó get ég ekki neitað því að mér finnst það stundum vera þannig. Mér finnst stundum vera býsna mikið kæruleysi í sambandi við afstöðu hv. alþm. í þessu efni og mér finnst það mjög athyglisvert að flm. þessa frv. gera enga tilraun til þess að svara þeim rökum sem fram hafa komið frá andstæðingum frv. Andstæðingar frv. hafa flutt hér margvísleg rök. Ég bendi t. d. á mjög ítarlega ræðu sem hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti hér við þessa umr. þar sem margt kom fram af mjög athyglisverðum upplýsingum, m. a. frá talsmönnum heilbrigðisstétta hér á landi. Ég held að fáir alþm. hafi þá faglegu þekkingu að þeim sé stætt á að hundsa þær upplýsingar.

Ég bendi á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur með alveg afgerandi hætti mótað afstöðu í þessum efnum sem er ósköp einfaldlega sú að aukið aðgengi að áfengi þýðir meiri áfengisvandamál. Þetta er eins einfalt og það getur verið. Ég bendi á að heilbrigðisyfirvöld á Íslandi hafa a. m. k. fram til þessa haft mjög mótaðar skoðanir í þessu efni sem eru ekki byggðar á viðhorfum þeirra einstaklinga sem þessar skoðanir hafa út af fyrir sig, til bjórs eða ekki bjórs, heldur eru þessar álitsgerðir t. d. okkar fólks í heilbrigðisþjónustunni hér á Íslandi byggðar á faglegu, ígrunduðu mati. Mér finnst það mikil hreysti af alþm. að samþykkja þetta bjórfrv. eftir að jafn mætur maður og sérfræðingur og Tómas Helgason hefur tekið af skarið með jafn afdráttarlausum hætti og menn þekkja í blaðagreinum og hér hefur verið vitnað í.

Það þarf mikla innri sannfæringu og öryggi um sitt eigið ágæti í þessum efnum til þess að menn slái því föstu að þetta sé rugl sem kemur frá þessum sérfræðingi, einum fremsta sérfræðingi okkar í geðheilbrigðismálum um áratuga skeið. Ég get ekki sagt að ég hafi alla tíð verið ákaflega ánægður með Tómas Helgason þann tíma sem ég starfaði með honum, einkum var það nú í sambandi við framkvæmdir, en það kom ekki faglegum málum hans við. Ég bendi á að menn eins og Tómas Helgason hafa haft daglega atvinnu af því um áratugaskeið að umgangast þau vandamál sem hljótast af áfengisneyslu. Ég held að það gæti verið fróðlegt fyrir þm. að kynna sér þær stofnanir þar sem það fólk er sem einkum hefur orðið fyrir barðinu á áfengi hér á landi. Ég veit ekki hvort menn hafa gert það, það vill svo til að ég hef gengið um þær stofnanir og séð með hvaða hætti hefur verið unnið t. d. á vegum SÁÁ að því að leysa þarna margvísleg vandamál og það er þakkarvert sem þar hefur verið unnið.

En ég efast um að þeir hv. alþm., sem eru núna að ákveða að styðja þetta frv., hafi allir gert sér grein fyrir því að það er beint samhengi milli aukins framboðs á áfengi og þeirra vandamála sem blasa við í okkar heilbrigðisþjónustu mjög víða. Vegna þess að sumir þeirra þm., sem eru að tala um að það þurfi að innleiða hér öl, eru þeirrar skoðunar að það eigi að draga úr ríkisrekstri minni ég á þann stórkostlega kostnað sem samfélagið hefur á seinni árum verið að bæta við sig, bæta á útgjöld ríkisins, til þess að kosta stofnanir vegna áfengissjúklinga. Það er hægt að telja hér upp einar fjórar stofnanir vegna meðferðar á áfengissjúklingum sem hafa orðið til á síðustu tíu árum. Ætla menn bara að láta sem ekkert sé og vera svo öruggir um að hér skuli bara vera bjór og allt frjálst og allt þetta eins og það heitir, ætla menn bara að strika yfir þær mannlegu og félagslegu þjáningar sem eru á bak við tilveru þessara stofnana? Ætla menn að setja sig í þær — mér liggur við að segja — hrokafullu stellingar að strika yfir þessar staðreyndir og jafnframt þekkingu og reynslu manna sem hafa komið fram með velviljaðar ábendingar, manna eins og t. d. Tómasar Helgasonar?

Ég held að í þessum efnum eigi menn að skoða hið faglega mat sem liggur fyrir frá fjölmörgum læknum og starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar og ég skora á hv. þm., flm. þessa frv. og stuðningsmenn þess, að íhuga mjög vandlega hvort þeir rísi undir því sjálfir að bera ábyrgð á því flóði vandamála sem hellist yfir einkum okkar yngstu kynslóð í landinu ef þetta verður samþykkt.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að verði þetta frv. samþykkt og hér leyfður áfengur bjór muni varnir bresta mjög víða á öðrum sviðum í þessum efnum líka. Ég er þeirrar skoðunar að það verði uppi kröfur um það að þessi vara verði fáanleg í matvöruverslunum hvarvetna og það leiði síðan til þess að þær hömlur, sem nú

eru á áfengissölu allri, falli niður. Hér er verið að opna fyrir flóðgátt í margföldum skilningi þess orðs. Það þarf, eins og ég sagði áðan, mikinn innri sannfæringarkraft, mikla vissu um sjálfan sig, til þess fyrir einn alþm. að vilja taka ábyrgð á þeim niðurstöðum sem hér er gerð till. um.

Ég kýs heldur að greiða atkvæði gegn þessu frv. og í framhaldi af því teldi ég skynsamlegt að Alþingi gripi til markvissra ráðstafana til að draga almennt úr áfengisneyslu hér á landi, með forvarnarstarfi, með upplýsingum og fræðslu. En að koma hingað núna, herra forseti, og segja: Ég ætla að leyfa bjórinn en ég ætla bara að fræða fólkið í leiðinni — það er sjálfsagt einhver sálarléttir fyrir þann sem vill leyfa þetta og kannske er það viðurkenning um leið á því hvað þetta er í raun og veru alvarleg ákvörðun. En í rauninni stríða þessar ákvarðanir stórkostlega hvor gegn annarri.

Ég held að það væri skynsamlegra fyrir hv. Alþingi að fjalla um það á þessu ári hvernig unnt er með skynsamlegri áfengisstefnu, sem tekur mið af þeim venjum sem hér eru í þeim efnum, að reyna að byggja upp varnir hjá fólkinu sjálfu gagnvart hinum stóru vandamálum sem ég hef hér rakið.

Það var verið að nefna Alþjóðaár æskunnar hér áðan. Það voru Sameinuðu þjóðirnar sem samþykktu að Alþjóðaár æskunnar skyldi vera árið 1985. Fyrir nokkrum árum ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að helga eitt ár málefnum aldraðra og Alþingi tók um það ákvörðun með samhljóða samkomulagi allra stjórnmálaflokka hér og þm. með engum ágreiningi að efna til mjög víðtæks átaks í þágu aldraðra með fjármunum og skipulögðu starfi vegna þjónustu við aldraða hér á landi.

Núv. ríkisstj. hefur því miður ekki borið gæfu til að nota sér, liggur mér við að segja, þetta tækifæri sem ár æskunnar getur gefið fyrir Alþingi og stjórnvöld til að grípa á þessum málum. Ég hefði viljað sjá hér frv. og till. frá ríkisstj. um það hvað hún vill gera til þess að bæta þetta þjóðfélag handa því unga fólki sem er að vaxa upp hér á landi. Engar till. eru hér til umr. um það. Þetta er eina till. sem viðurkennt er að sérstaklega snerti æskuna í landinu, þetta er eina till. sem uppi er. Þetta er vonandi umhugsunarefni fyrir fleiri en mig. Hefði ekki verið tækifæri til þess núna á þessu ári að grípa þessa till. og afstöðu Sameinuðu þjóðanna til þess að fá þm. úr öllum flokkum og stjórnvöld hér á landi til að efna til átaks til að verja ungt fólk fyrir fíkniefnaöldunni? Ætla menn algerlega að vera kaldir gagnvart þeim vandamálum? Hafa menn ekki heyrt um þau? Hafa menn ekki séð þau í kringum sig? Ætla menn að láta þetta nægja, frv. til l. um að hvolfa áfengu öli yfir þetta unga fólk?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það þarf engan að undra þó að hv. þm. þyki ástæða til þess að ræða ítarlega það mál sem hér er nú til umr. Engum þm. ætla ég að hann íhugi ekki gaumgæfilega hvað hér er á ferðinni og hvað hans afstaða til málsins kann að þýða við afgreiðslu þess. Ég á ekki von á því að neinn sé með hálfkæring í sambandi við afstöðu til þessa máls. Það er ósköp eðlilegt og skiljanlegt að einmitt í þessu máli greini menn á. Ég kem hér upp fyrst og fremst til að fara örfáum orðum um þá brtt. sem ég flyt við þetta mál auk þess að fara nokkrum orðum um það almennt séð. Brtt. sú sem ég flyt við þetta frv. er á þskj. 853 og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 7. tölul. bætist: Lögin skulu þó ekki koma til framkvæmda nema þau hafi áður hlotið samþykki meiri hl. atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fari eigi síðar en 15. september 1985."

Ég hef orðið þess misskilnings var að með slíkri till. sé verið að fría þm. við að taka afstöðu til þessa máls. Það er mesti misskilningur. Ég ætlast til þess að hv. þm. taki afstöðu til málsins, en síðan fái þjóðin líka að segja sitt um málið. Ég tel þetta einmitt svo stórt mál að það sé nánast nauðsynlegt að almenningur í landinu fái að tjá sína afstöðu til þess. Þetta er stærra mál en svo að mínu viti að það séu einvörðungu 60 menn sem það eiga að ákvarða þó að þeir eigi að sjálfsögðu að hafa afstöðu í málinu og taka hana. Ég er þeirrar skoðunar að það mætti vera svo um fleiri stór mál að þjóðin fengi að segja sitt um þau.

Því hefur líka verið haldið fram í mín eyru að það sé óeðlilegt að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram eftir að Alþingi hefur tekið afstöðu í málinu. Ég er ekki á sömu skoðun. Ég held að það verði ekki hjá því komist, eins og þessi mál hafa þróast, jafnoft og frv. lík þessu hafa verið hér til umr. í þinginu en ekki fengið afgreiðslu, þingið hefur ekki tekið afstöðu til málsins, að þingið sjálft segi sitt og síðan verði málinu skotið til þjóðarinnar og hún taki afstöðu.

Ég minni á það að 1934, þegar banni var aflétt var það gert eftir þjóðaratkvæðagreiðslu og mig langar til þess að lofa mönnum að heyra hér grg. við frv. það til laga sem var flutt 1934 og þá samþykkt hér á Alþingi. Grg. hljóðar svo, með leyfi forseta, hún er örstutt:

„Frv. þetta er eftir tilmælum dómsmrh. flutt af allshn. og hafa allir nm. óskorðaðan rétt til þess að koma fram með brtt. við einstakar greinar frv."

Svohljóðandi athugasemdir fylgdu frv.: „Hinn 29. maí 1933 var í sameinuðu Alþingi samþykkt svohljóðandi þál. með 26 atkv. gegn 2: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga um það hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja er felst í gildandi áfengislöggjöf."

Skv. þál. þessari lét ríkisstj. fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu 1. vetradag 1933. Greiddu 15 884 kjósendur atkvæði með afnámi bannsins en 11 624 á móti. Í tilefni af úrslitum atkvgr. var á aukaþinginu 1933 samþykkt í sameinuðu Alþingi svohljóðandi dagskrártillaga með 26:16 atkv.:

„Sameinað Alþingi ályktar að lýsa yfir því að það lítur svo á að þjóðaratkvæðagreiðsla sem fór fram 1. vetrardag s. l. skeri úr um það að áfengislöggjöf landsins beri að breyta. Skv. þeim þjóðarvilja sem þá kom fram og í trausti þess að ríkisstj. undirbúi slíka lagasetningu fyrir næsta reglulegt þing tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá."

Skv. þannig yfirlýstum þings- og þjóðarvilja hefur verið undirbúin breyting sú á áfengislöggjöfinni sem felst í frv. þessu. Sökum samninga vorra við Spánverja og afstöðu vorrar gagnvart þeim hefur ekkert verið hreyft við núgildandi ákvæðum um sölu Spánarvína. Að því er snertir aðalbreytinguna, leiðir til innflutnings og sölu sterkari drykkja en hingað til hefur verið heimilt, skýrir frv. sig sjálft."

Svo mörg voru þau orð í grg. með þessu máli frá

1933. Eins og ég sagði áðan fór í því tilviki fram þjóðarakvæðagreiðsla á undan, Alþingi tók síðan afstöðu á eftir. Þetta mál hefur hér velkst í þinginu, mörg þing í röð raunar, ég hef ekki tölu á því hversu mörg þau eru frv. eða þingin sem þetta mál hefur verið til umr. á. Úr því sem komið er sýnist mér einsætt að þingið verður að taka afstöðu til málsins, þm. geta ekkert vikið sér undan því, en ég tel líka jafn einsýnt að þjóðinni verði líka gefinn kostur á að segja sitt. Um það er mín brtt. og um það að slíkt verði gert eigi síðar en 15 september 1985 og þá ekki í tengslum við neinar kosningar þó að sumir hafi boðað kosningadag um eitthvað líkt leyti. (Gripið fram í.)

Ég get látið lokið mínu máli varðandi þessa brtt. Það er eins og fyrri kvöldin að lítið er um fjölmiðlamenn hér þannig að þeir gætu komið á framfæri leiðréttingu til þeirra sem misskilið hafa tilgang þessarar brtt. Hún er ekki til þess að fría þm. við því að taka afstöðu, það verður þingið að gera. En það er sjálfsagt mál í þeirri stöðu sem mér finnst málið vera að þjóðinni sé einnig gefið tækifæri til að segja sitt í áframhaldi af því.

Það þarf náttúrlega ekki að segja mikið um það, menn hafa vitað til þess hver mín afstaða hefur verið til bjórmálsins. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Menn hafa ekki vitað það? (**Gripið fram í:** Láttu það koma.) Já, ég hélt að það væri upplýst hver hún hefði verið. En ég verð þá líklega að eyða örfáum fleiri orðum til að greina frá því hver hún hefur verið og hver hún kann að verða núna.

Ég hef lifað í þeirri von að hægt væri að komast hjá því ástandi sem nú hefur verið leitt yfir þjóðina að því er varðar þessa þætti málsins. Ég hef þess vegna verið andvígur því að leyfa bruggun áfengs öls hér í landinu. Í mínum huga er grundvallarspurningin í þessu: Er ástandið með þá löggjöf sem við höfum haft eða lögleysu eins og við höfum reiknað með að það ætti að vera, gæti orðið, eða er það með öðrum hætti en menn hafa gert ráð fyrir? Það er aðeins tvennt, að mér finnst, sem kemur til greina í þessum málum.

Annars vegar er það að hreinsa það út sem fyrir er og ég get tekið undir með hv. 3. þm. Reykv. að það verður að skrifast að verulegu leyti á núv. dómsmrh. hvernig þessi mál hafa þróast hér að undanförnu. Menn vita það og það þarf ekki að endurtaka það hér að hér spretta upp bjórkrár, pöbbar, eins og menn kalla fínum orðum, eins og gorkúlur og þetta hefur gerst nánast átölulaust og kannske meira og minna með leyfum. Þetta gerist þrátt fyrir það að engin lög í landinu leyfi slíkt ástand. Ég hef ekki trú á því að breyting verði á hjá óbreyttum ráðamönnum. Ég hef ekki trú á því að afstaða þeirra breytist sem telja að þetta ástand sé þó skárra en að settar verði reglur — ekki segi ég skynsamar reglur því að vafamál er hversu skynsamlegar reglur er hægt að tala um í áfengismálum. En það er ekki nema tvennt til í mínum huga um þetta: annaðhvort samþykkja um það lög hér á Alþingi eða að reyna með einhverjum hætti þó að girða fyrir að lengra verði gengið á braut þessarar vitleysu sem mér sýnist hafa verið gerð á undanförnum einu til tveimur árum sérstaklega.

Ég er ekki sammála hv. þm. Stefáni Valgeirssyni um það að þjóðaratkvæðagreiðsla nú sé vafasamari en áður hefur verið. Ég tel það síður en svo. Ég lít a. m. k. svo til að almenningur í landinu sé ekki verr upplýstur nú og hafi ekki síður dómgreind til þess nú að taka afstöðu og greiða atkvæði um þetta mál en hann hafði 1933. Ég lýsi ekki slíku vantrausti á almenning í landinu að hann sé ekki bær um það. (Gripið fram í.)

Auðvitað er það rétt að ekki síst í svona máli hljóta að koma upp í huga manns margar spurningar sem erfitt er að svara og sem ég sé ekki í sjónhendingu svör við á þessari stundu. Það er ábyggilega margt sem menn renna hér blint í sjóinn með þó svo að slíkt frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþykkt. Menn hafa spurt hér: Er landið bjórlaust? Og hver ræðumaður á fætur öðrum hefur hér komið upp og sagt: Ekki aldeilis. (**ÓÞÞ:** Hver spyr að slíku?) Ræðumenn hér á hv. Alþingi, skrifari vor, til vinstri. (**ÓÞÞ:** Ég hef ekki spurt að því.) Fleiri hv. þm. hafa nú tekið til máls í þessu máli en skrifari.

Ég man ekki töluna. Ég held að einhver þm. hafi talað um að það væru 18 lítrar á mann, eitthvað í kringum það, sem væri talið að drukkið væri af bjór á ári í landi sem lagalega séð á að vera bjórlaust. (**Gripið fram í:** Heldur þú að þú hafir tekið rétt eftir?) Ég held það, já, og ég bið þá um leiðréttingu hafi ég ekki tekið rétt eftir. Ég taldi mig taka eftir því í framsöguræðu hv. þm. Pálma Jónssonar að talað væri um í kringum 18 lítra per mann sem væri neytt af bjór í landinu árlega. Ég hef engar tölur um þetta og get ekkert fullyrt. En ef þetta er rangt vænti ég að það verði leiðrétt hér á eftir.

Það er ekkert nýtt, það misræmi sem er í þessum efnum. Menn segja: Farmenn, flugfólk, allt smyglið, bruggunin, allt er þetta til staðar, þrátt fyrir það — og ég ítreka það — þrátt fyrir það að miklir bindindisfrömuðir og frammámenn, hugsjónamenn í þessum efnum, hafa haldið um stjórnvölinn í t. d. dómsmrn. undangengin tvö ár. Allt gerist þetta þrátt fyrir það. Hvað þá með okkur hina sem miklu minni áhrif höfum á gang mála? Ég hygg að ýmsum sem hafa þekkt til minnar afstöðu fyrr — ég heyrði að það voru ekki allir hv. þm. hér áðan — komi þetta tal mitt nú spánskt fyrir sjónir.

Ég hef aldrei kinokað mér við því að skipta um skoðun á málum ef ég hef talið mig komast að réttari niðurstöðu en ég hef áður haft. Og ég tel mig mann að meiri og ber engan kinnroða fyrir því þó að ég kunni að hafa aðra skoðun í þessu máli nú en ég hef áður haft. Ég hef hana þá í ljósi þeirrar reynslu sem ég hef orðið ríkari af hvernig þessi mál hafa þróast. Ég tel að það sé engu máli til framdráttar þeim sem því vilja vel að lemja hausnum við steininn endalaust þó að menn séu sannfærðir um að sú skoðun, sem þeir höfðu áður og töldu rétta, gæti leitt til hins betra ef að það hefur sýnt sig í ljósi reynslunnar að slíkt hefur ekki átt sér stað.

Einhver hv. þm. sagði hér áðan að bjórinn kæmi fyrr en síðar. Bjórinn er auðvitað kominn. Það er langt síðan. Sami þm. bætti við, ef ég man rétt, að frestun væri til hins verra. Ég get að verulegu leyti tekið undir þessi sjónarmið. En nú verð ég líka stimplaður einn af væntanlegum umboðsaðilum eftir slíka tölu hér í kvöld, einn af þeim sem kunna að hafa hagsmuna að gæta í framtíðinni ef af þessu verður. (**ÓÞÞ:** Er ekki búið að gera allt upptækt á Flateyri?) Var Flateyri eini staðurinn sem hv. 5. þm. Vestf. taldi koma til greina í þessum efnum? (**ÓÞÞ:** Þú hafðir umboðstitilinn.) Var það eini staðurinn? Nei, en ég held hvað sem öðru líður að hér verði menn að forðast mikla fordóma.

Ég ítreka það aftur: Ég hef enga trú á því að neinn hv. þm. taki afstöðu í þessu máli kæruleysislega. Þetta er slíkt alvörumál að ég hef enga trú á því að til slíks megi ætlast. Menn hafa líka talað um tvískinnung í afstöðunni

til þessa máls. Ef það er rétt — sem ég vil á engan hátt neitt dæma um enda gjörsamlega ófær um það — að neytt hafi verið 18 lítra af bjór pr. mann á ári við þær kringumstæður sem við höfum búið við í lögum sem að þessu lúta þá hlýtur fólk að spyrja þeirrar spurningar: Hvernig getur slíkt gerst? Það hlýtur að vera með afskiptaleysi, ég tala nú ekki um leyfi viðkomandi stjórnvalda sem stríðir þá gegn löggjöf í landinu.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi talað nógu skýrt í þessum efnum. En ég á eigi að síður alveg eins von á því að einhverjir komi hér upp á eftir og geri athugasemdir við þessa skiptu skoðun frá því sem áður var. Ég bíð og sé hvað setur, hvort af slíku verður. Ég sé ekki ástæðu til að gera því skóna fyrir fram því að hér er, a. m. k. eins og nú horfir, allt hið gáfaðasta fólk, sem í deildinni má telja, viðstatt.

Ég gef enga yfirlýsingu hér um það hver endanleg afstaða mín kann að verða til málsins. Það getur farið eftir því hvað verður um brtt. sem hér liggja fyrir hver endanlega afstaða verður. En verði samþykktar þær brtt. sem hér liggja fyrir af hálfu meiri hl. viðkomandi nefndar, ég tala nú ekki um að mín brtt. um þjóðaratkvæði til staðfestingar eða synjunar næði fram að ganga, væri það að mínu viti jákvætt.

Ég vil í lokin lýsa fyllsta stuðningi við brtt. á þskj. 849 frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Ég er þeirrar skoðunar og sú skoðun hefur alltaf verið að styrkjast í mínum huga, ekki bara varðandi þetta mál heldur og mörg önnur mál, að fræðslan er númer eitt. Ég byggi þessa skoðun mína á því að sú fræðsla sem stunduð var við umferðarbreytinguna á sínum tíma varð öðru fremur til þess að sú breyting fór jafn giftusamlega fram og hún gerði. Þetta tel ég mig geta nokkuð um dæmt vegna þess að þá var ég einmitt starfandi sem löggæslumaður og fylgdist með hvernig að þessari breytingu var unnið og hvernig fræðslunni var háttað. Ég er handviss um að ekki síður í þessu máli þarf fyrst og fremst að auka fræðslu, fyrirbyggjandi aðgerðir, en boð og bönn eru í mínum huga síður til þess fallin að ná jákvæðum árangri.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Þannig stendur á að menntmn. hefur verið boðuð á fund kl. 8 í fyrramálið. Seinasti menntmn.-fundur, sem boðaður var, var aldrei haldinn vegna þess að menn mættu ekki til fundar. Einn hv. þm. í menntmn. lét þess getið í vetur að hann hefði verið boðaður vansvefta á fundi og kvartaði undan því. Ég tel að það sé spurning hvort forseti geti stjórnað þannig deildarstörfum að það komi fyrirsjáanlega niður á nefndarstörfunum.

Það vill svo til með þetta mál sem hér er á dagskrá að það hefur verið meiri hl. fyrir því í allan vetur að koma því úr nefnd. Eftir að það kom úr nefnd dróst það mjög að meiri hl. skilaði nefndaráliti. Mig undrar það ef forseti telur það eðlileg vinnubrögð að reka nú svo hratt trippin á kvöldfundi eftir kvöldfund að það raski eðlilegu þingstarfi. Ég óska eindregið eftir því að forseti gefi það upp hversu lengi hann telur eðlilegt að framhalda hér fundi í kvöld.

Forseti (Ingvar Gíslason): Beint er þeirri spurningu til forseta hversu lengi hann hyggist halda hér áfram fundi. Áður en til þessa fundar kom var það hugmynd forseta að halda áfram til a. m. k. kl. tólf á miðnætti og þeirri stefnu verður nú haldið. Ég held að hv. þdm. þurfi ekki að kvarta undan því að þeir hafi verið sérstaklega vansvefta fyrir sakir ofríkis eða ofstjórnar og langs vinnutíma af völdum forseta hér í vetur. Það er því enn stefna forseta að halda áfram þessari umr. enda eru allmargir á mælendaskrá og allvel mætt á þessum fundi og ég vona að við getum haldið þessari umr. enn áfram.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það kom fram í svari forseta að við upphaf umr. hafi hann hugsað sér að halda henni fram allt til miðnættis. Nú veltur á mestu að það sé skýrt hver sé stefnan nú en ekki í upphafi. Ég vænti — **(Forseti:** Það kom fram í svari forseta.) — þess eindregið að forseti skýri það hvort hann hyggst stoppa við miðnætti eða hvort þá verður skipt um skoðun.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef áður lýst afstöðu minni til þess frv. sem hér er til umr., gerði það við 1. umr. og lýsti mig þá andsnúinn þeirri tilhögun mála sem lögð er til í þessu frv. Ég hafði þá þegar eytt nokkrum tíma í að móta mér skoðun í málinu, hafði reyndar ekki mikla sannfæringu né heit á hvorugan veginn. En niðurstaða mín varð sú að ég gæti ekki staðið að því að samþykkja tilkomu áfengs öls á Íslandi með þeim hætti sem hér er lagður til. Síðan ég lýsti þessari skoðun minni við 1. umr. hefur sú skoðun mín styrkst að ég hafi tekið þar rétta afstöðu og ber margt til. Ég þarf ekki að endurtaka hér þau rök sem ég færði fram fyrir máli mínu við fyrri umr. en vil bæta örfáum orðum við m. a. í ljósi þeirrar umr. sem orðið hefur um þetta mál hér á hv. Alþingi.

Ég er þeirrar skoðunar og teldi það rétt og þarft að Alþingi Íslendinga ætti aðild að því að marka nýja áfengisstefnu sem drægi úr neyslu áfengra drykkja eða væri í öllu falli trúverðug gagnvart þeirri viðleitni að koma í veg fyrir að hún aukist á næstu árum. Því miður er það svo að í nálægum löndum og reyndar víðast hvar á hnettinum fer neysla áfengis eins og fleiri vímugjafa vaxandi. Ég lýsti því einnig að ég teldi æskilegt að beina neyslu áfengis inn á léttari drykki eða veikara form áfengis, þ. m. t. áfengt öl, ef þess væri kostur. Ætti ég, herra forseti, um það að velja að kjósa á milli þess að neysla á einhverju tilteknu alkohólmagni færi fram í gegnum léttvín og öl fremur en í gegnum sterka, brennda drykki, þá er það að mínu mati auðvelt að kjósa þar á milli. Ég mundi telja að hinir léttari drykkir væru heppilegri. En því aðeins get ég staðið að breytingum á áfengisstefnu og áfengislögum á Íslandi að ég telji það trúverðugt að þær muni ekki leiða til heildaraukningar áfengisneyslu.

Hér í þessari umr. og í öllum málflutningi flm. þessa frv. hafa að mínu viti engin trúverðug rök komið fram til að rökstyðja þetta utan fullyrðingar einar sem auðvitað allir geta haft í frammi. Þvert á móti eru yfirgnæfandi líkur á því að breyting eins og sú sem hér er lögð til, muni leiða til aukningar heildarneyslunnar. Það sem öllu verra er að mínu mati er að uppi eru engir tilburðir í þá átt að koma þessari breytingu á með þeim hætti að um heildaraukningu á áfengisneyslu verði ekki að ræða.

Ég held að færar séu ýmsar leiðir til þess að koma breytingu sem þessari um kring og framkvæma jafnframt ráðstafanir sem gætu þýtt það að mönnum stæði

þetta vel til boða, þetta margumtalaða frelsi við að velja sér tegund áfengis til neyslu, án þess að það þýddi neysluaukningu. Ég nefni verðstýringar- og styrkleikabreytingar í því sambandi. Það vekur nokkra furðu mína að flm. þessa frv. skuli standa þannig að málum að þeir skuli ekki hafa undirbyggt sinn málflutning betur hvað þetta varðar, t. d. kannað það með hvað hætti aðrar þjóðir hafa leitast við að ná fram þeim markmiðum sínum að hamla gegn áfengisneyslu með þessum hætti.

Ég óttast það, herra forseti, og það er sannfæring mín, að þessi breyting muni leiða til aukinnar áfengisneyslu. Áhrif aukinnar áfengisneyslu á þjóðlífið, á þjóðfélagið allt, á heimili, vinnustaði, umferð geta orðið mjög alvarleg.

Einn er sá þáttur þessa máls sem ég hef einnig saknað mjög úr þessari umr. Hann er sá mikli útgjaldaauki sem ég óttast að muni leiða af tilkomu ölsins og aukinni áfengisneyslu fyrir heilsugæslu og allt félagskerfið í landinu. Ég spurði hér við 1. umr. þessa frv.: Eru þeir, sem standa að því að samþykkja þessa breytingu, tilbúnir til að bregðast við þeirri miklu útgjaldaaukningu? Eru menn tilbúnir til að horfast í augu við það og bregðast við því að hundruð milljóna kr. þurfi e. t. v. að bætast við þau útgjöld sem þegar er varið til heilsugæslu og heilbrigðismála eingöngu í þeirri útgjaldaaukningu svo að ekki séu mæld þau áhrif sem þetta að líkindum hefur á atvinnulíf og heimili í formi vinnutaps, slysa og ýmissa annarra óæskilegra áhrifa sem öll hafa útgjöld í för með sér á einn eða annan hátt?

Engan mann hef ég heyrt reyna að gera sér einhverja grein fyrir því á heiðarlegan hátt hversu mikil þessi útgjaldaaukning gæti orðið ef neysla áfengs öls færi hér kannske á stuttum tíma í 60, 80 til 100 lítra á hvert mannsbarn eins og tölur sem eru þekktar frá nálægum löndum gefa vísbendingu um. En það er vitað að í ýmsum löndum nota menn viðmiðunartölur eins og þær að fyrir hverja eina krónu, sem í ríkiskassann kemur í formi álagningar á áfengið, hverfi tvær, þrjár til fjórar úr honum aftur í formi aukinna útgjalda.

Það er svo, herra forseti, að frelsi er mjög af hinu góða. En maðurinn, homo sapiens, er félagsvera og hefur fyrir löngu komist að þeirri niðurstöðu að það sé affarasælast að setja sér ákveðnar reglur til þess að firra vandræðum í samskiptum manna. Ég held að lög og ákvæði um áfengi og önnur fíkniefni séu einmitt slíkar reglur sem menn hafa fyrir lífandis löngu áttað sig á að er óhjákvæmilegt að hafa í samfélagi manna ef ekki á illa að fara.

Ég hef nokkra reynslu af því að búa meðal þjóða þar sem áfengt öl er drukkið, m. a. bjó ég um eins árs skeið í einu því landi sem einna hæsta hefur bjórneysluna allra þjóða. Ég kom sem ferðamaður í því landi og reyndar víðar inn á bjórkrár og sá þar þessa bjórmenningu sem svo er kölluð af ýmsum og mjög lofuð. En ég bjó einnig í litlu samfélagi þar sem ég þekkti nánast hvern kjaft og kom iðulega á þá félagsmiðstöð þess samfélags sem bjórkráin var og sá einnig skuggahliðarnar. Ég sá einnig andhverfu bjórmenningarinnar birtast í því að sömu einstaklingarnir eyddu megninu af tíma sínum og megninu af launum sínum við skenkinn á þeim stað.

Ég held að það sé mikill misskilningur, herra forseti, kannske einhver alvarlegasti misskilningurinn, að með áfengu öli flytjist inn í landið einhver bjórmenning. Slíkt gerist ekki á þann hátt. Ég held hins vegar að ókostirnir, sem felast í sjálfu ölinu og brestum mannlegs eðlis í samskiptum við það, komi inn með neyslunni samstundis. Ég hlýt því að vara mjög við því í öllu falli, hver sem örlög þessa frv. verða, að menn haldi að hér sé hægt að setja upp tugi jafnvel hundruð af ölstofum og að það skapi ekki upplausn í samfélagi eins og Íslandi sem ekkert hefur haft af slíku um áratuga skeið.

Ég vil að það komi fram hér, herra forseti, að lokum að ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að afgreiða þetta mál. Hv. alþm. hafa í allan vetur haft aðgang að miklum upplýsingum og eflaust kynnt sér þær allir samviskusamlega. Ég tel því virðingu Alþingis best borgið með því að afgreiða þetta mál og ekki sæmandi að láta það velkjast hér öllu lengur. Ég get því stutt virðulegan forseta í því að halda hér áfram fundi svo lengi sem þarf til að ljúka þessari umr. og öðrum sem til þarf.

Ég er alfarið á móti því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál á þessu stigi. Ég tel að Alþingi eigi að afgreiða það á hvern veginn sem það nú verður.

Ég legg til að þetta frv. verði fellt. Í framhaldi af því legg ég til og mun styðja það að bjórlíkhúsum þeim, sem upp hafa verið sett, verði lokað að lögum, að innflutningi á áfengu öli verði hætt í fríhöfninni og að innflutningi á ölgerðarefni til bruggunar hér innanlands verði sömuleiðis hætt. Ég tel að Alþingi eigi í raun og veru ekki nema tvær leiðir færar í þessu máli. Önnur er sú, sem ég hef hér lýst, að fella þetta frv. og annaðhvort framfylgja þegar settum lögum eða setja önnur sem draga þá hreina markalínu í þessu efni. Annaðhvort skal vera á Íslandi áfengt öl eða ekki að mínu mati, herra forseti.

En að lokum vegna þeirrar sannfæringar minnar að tilkoma áfengs öls með þeim hætti, sem hér er gerð till. um, muni leiða til aukinnar áfengisneyslu og aukinna vandamála sem af henni stafa mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv., herra forseti.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er vissulega rétt sem hér hefur komið fram hjá ýmsum andmælendum þessa frv. að hér er mikið alvörumál á ferðinni og vissulega mikil samviskuspurning hvort rétt sé að standa að samþykki frv. eða ekki. Ég geri ekki lítið úr þeim andmælum, þeim mótrökum sem sett hafa verið hér fram af mörgum ágætum hv. þm. og ég tel heils hugar undir þau ummæli hjá hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni að vissulega hefði verið við hæfi á ári æskunnar að Alþingi fjallaði um till. eða málefni sem beindust að æskulýðnum með jákvæðari hætti en það mál sem nú er á dagskrá.

Hins vegar er þetta mál ekki svart eða hvítt. Það er ekki algott eða alvont, á því eru margar hliðar. Um leið og ég tek undir mörg af þeim mótrökum sem fram hafa komið held ég líka að skynsamir menn í hópi andstæðinga þessa frv. geti fallist á það að það eru líka mörg gild rök sem mæla með því að það verði samþykkt. Enda þótt ég hafi gerst flm. að þessu frv. þá vísa ég því á bug að ég sé með því að mæla með aukinni óreglu. Hún er vissulega nóg fyrir. Áfengisvandamálið er alvarlegt þjóðarböl sem lagt hefur mörg heimili, hjónabönd og hamingju í rúst. Af störfum mínum að æskulýðs- og íþróttamálum um langt árabil er mér fullvel ljóst að áfengi hefur lagt margan efnilegan unglinginn að velli. En ég tel að ég og aðrir þeir sem hafa unnið að æskulýðs- og íþróttamálum höfum gert heiðarlega til-

raun til að skapa æskufólki önnur og betri tækifæri til að beina áhuga sínum að heilbrigðum hugðarefnum. Það starf er unnið undir þeim formerkjum að það sé ekki æskilegt og það sé ekki árangursríkt að vinna að málefnum æskunnar með boðum og bönnum. Ég held að það dugi skammt gagnvart lífsglöðu og leitandi ungu fólki að gefa tyrirmæli, banna þetta eða hitt. Við bönnum ekki æskunni að fara sínar eigin leiðir. Ég held að við þurfum að leita annarra leiða, finna önnur viðfangsefni í uppbyggjandi starfi og heilbrigðu tómstundalífi til þess að ungt fólk og æskan öðlist skilning á því að njóta lífsins án vímugjafa og ólifnaðar.

Eins og ég sagði áðan geri ég ekki lítið úr mörgum þeim andmælum sem fram hafa komið gagnvart þessu frv. En því er ekki að neita að margt hefur líka komið fram í þeirra málflutningi sem ekki er við hæfi og á lítið skylt við málefnalegan rökstuðning. Ég hirði ekki um að elta ólar við margt af því sem hér hefur verið sagt en get þó ekki stillt mig um að vísa til eins atriðis sem fram kom í ræðu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar þar sem hann heldur fram að núgildandi áfengislöggjöf sé skynsamleg og góð. Hann vísar jafnvel til þess að íslenskir læknar trúi því að sú löggjöf, sem nú er til staðar, sé góð löggjöf. Með leyfi forseta segir hv. þm. að læknarnir viti „að löggjöfin hafi verið brotin, en engu að síður séu þeir sannfærðir um að við séum með skynsamlega áfengislöggjöf."

Með allri virðingu fyrir læknum og með allri virðingu fyrir þeirri löggjöf sem ríkir í dag þá finnst mér þetta vera mikil hræsni og mikill tvískinnungur. Það getur auðvitað enginn haldið því fram, hvorki læknar né alþm., að sú löggjöf, sem nú er við lýði, sé góð og skynsamleg. Er það góð löggjöf sem leyfir sterkum brenndum drykkjum að flæða um allar gáttir? Er það góð og skynsamleg áfengislöggjöf sem hefur opnað bjórstofur á hverju götuhorni, sem leyfir innflutning á bjór ákveðnum stéttum eða hópum? Og hefur framkvæmd löggjafarinnar verið sterk þegar við vitum það mætavel að hér er stundað í miklum mæli smygl og brugg og vín er haft um hönd hjá ungum sem gömlum opinberlega sem inni á heimilum? Er það skynsamleg áfengislöggjöf þar sem leyft er að selja bjórlíki sem er drykkur þar sem blandað er saman óáfengu öli ásamt með viskí og vodka í einn og sama drykkinn? Þetta er náttúrlega barbarismi af verstu tegund og er sennilega það lægsta sem íslensk áfengislöggjöf hefur leitt af sér. Ég held að það sé því miður ákaflega mikil hræsni og tvískinnungur ríkjandi í öllum umræðum um áfengismál. Sannleikurinn er sá að áfengislöggjöfin eða framkvæmd hennar hefur boðið heim ofneyslu á áfengum drykkjum og hún hefur gert bjórinn að forboðnum ávöxt sem fólk sækist eftir.

Ég hef sannfærst um að það er tímaskekkja að banna bjór. Ég vil horfast í augu við þá staðreynd. Þess vegna hef ég gerst flm. að þessu frv. í þeirri trú að heilbrigðara ástand skapist og að vínmenning batni. Við gerum okkur öll mætavel grein fyrir því að áfengisbölið er mikið í landinu og hér hafa verið fluttar margar, ágætar og áhrifamiklar ræður um afleiðingar áfengisneyslu. En það dettur engum manni í hug að koma með tillögu um að banna áfengið. Af hverju koma menn ekki með tillögu um að banna áfengið? (Gripið fram í.) Ég er að vekja athygli á þessu vegna þess að jafnvel þó að við hv. þm. Stefán Valgeirsson mundum sameinast um að flytja slíka till. mundi hún sennilega ekki verða samþykkt vegna þess að þm. eru tiltölulega raunsæir í slíkum málum og í öðru lagi mundi sú löggjöf, ef samþykkt yrði, alls ekki verða virt. Hún væri orðin tóm. Það vitum við báðir tveir.

Bönn duga ekki. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd. Bönn á áfengi eru ekki leiðin til að leysa áfengisvandamálið. Með sama hætti held ég að við séum komnir það langt, hvort sem það er út í spillinguna eða eitthvað annað, að ekki verði aftur snúið og það sé skynsamlegra að vera ekki að streitast gegn straumnum, það eigi að leyfa bjórinn og reyna að stýra þá neyslu hans þannig að vínmenning batni. Að þessu leyti og mörgu öðru tek ég undir þær röksemdir og sjónarmið sem fram hafa komið hjá þeim sem mælt hafa með samþykki þessa frv.

Herra forseti. En það var annað tilefni sem varð til þess að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umr. Þannig var mál með vexti að ég hafði fjarvistarleyfi hér fyrir helgi á fimmtudag og föstudag og gat ekki verið viðstaddur umr. þá. En ég las í blöðum eftir að ég kom heim að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefði flutt hér ræðu og verið með harla óvanalegar yfirlýsingar. Hann sakaði fréttamenn Ríkisútvarpsins um mútuþægni og fullyrti að flm. þessa frv. hefðu búið sig undir það að þiggja umboðslaun fyrir áfengt öl ef og þegar það verði selt. Ég hlustaði síðan á viðtal við þennan hv. þm. í sjónvarpinu, hvort sem það var í gærkvöldi eða fyrrakvöld, og hann mótmælti ekki að hann hefði sagt þetta. Hann gerði enga tilraun til að halda því fram að hér væri misskilningur á ferðinni eða þá að leiðrétta þessi ummæli en kaus að skjóta sér á bak við þinghelgi. Hann vísaði því jafnframt frá sér að sanna þessi ummæli eða rökstyðja þau en gaf það ótvírætt í skyn að hann hefði ýmsar upplýsingar í pokahorninu þannig að hann gæti fylgt þessum upplýsingum sínum eftir.

Nú er það auðvitað mál þessa hv. þm. hvort hann telur sér sæma að stunda þennan málflutning. Hann um það. En hann hefur kosið að skjóta sér á bak við þinghelgi, neita að svara spurningum fréttamanna og fjölmiðla og segir að hann hafi valið þingið sem sinn vettvang. Þess vegna stend ég hér upp, herra forseti, til þess að inna hv. þm. eftir nánari skýringum á þessum ummælum. Með leyfi forseta vil ég aðeins lesa þingheimi til upplýsingar orðrétt upp úr ræðu þm. varðandi þessi atriði. Í fyrsta lagi segir hann, með leyfi forseta:

„Stundum hvarflar það nefnilega að mönnum, þegar menn sjá svona auglýsingar, hvort það, sem verið hefur nánast óþekkt í íslensku þjóðlífi til þessa, að opinberir starfsmenn þægju mútur, eigi sér e. t. v. stað."

Í öðru lagi segir þm.: „Það skyldi þó ekki vera að einhver af þessum flm. hefði búið sig undir það að þiggja umboðslaun fyrir áfengt öl ef það verður selt hér á landi? Það skyldi þó ekki vera að búið væri að ganga frá samningum um slíka hluti? Það er ákaflega bagalegt að þeir eru ekki hér í salnum því að það gæti farið svo að það sæist á mönnum hvort aðdróttanir væru réttar eða rangar, þar sætu ekki sterkari karakterar en svo."

Nú er ég kominn, hv. þm., í þingsalinn og væntanlega getur sá sem þetta mælti ráðið í svip minn hvort ég sé umboðsmaður einhverra bjórtegunda eða ekki ef það er mælikvarðinn. Þetta eru hinar alvarlegustu aðdróttanir. Hér er verið að halda því fram að þeir sem standa að flutningi þessa frv. séu að gera það til þess að

hagnast á því persónulega og þeir séu búnir að undirbúa það að þiggja umboðslaun strax og sala ölsins er leyfð. Þetta er kannske hlægilegt að einhverra mati. Það eru kannske sumir sem vilja ekki og nenna ekki að taka mark á þessum ummælum hv. þm. En þó að einhverjir séu hér inni sem leggja ekki mikið upp úr því sem hv. þm. Ólafur Þórðarson segir þá treysti ég mér ekki til að sitja undir svona áburði. Ég leyfi mér að halda því fram að þetta séu aðdróttanir, þetta sé rógburður og ómerkilegt slúður sem þm. er skylt að færa sönnur á eða biðjast afsökunar á þeim ella. Hann hefur um þrennt að ræða: Í fyrsta lagi að biðjast afsökunar, í öðru lagi að sanna sitt mál eða þá í þriðja lagi að sitja uppi sem slúðurberi. Eitt er að deila um pólitík, eitt er að rífast hér og skammast, en annað er að bera fram dylgjur og slúður um mútuþægni og saka samþm. sína um athæfi sem enginn fótur er fyrir. Ég skora á hv. 5. þm. Vestf. að kveðja sér hér hljóðs og leggja spilin á borðið og færa rök fyrir sínu máli. Ef hann treystir sér ekki til þess verður hann ekki aðeins að athlægi hjá þjóðinni, hann *er þá búinn að fá þann stimpil að vera Gróa á Leiti með* stórum staf.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. spurðist fyrir um það í umr. hér fyrir 2 eða 3 dögum á hvern hátt við, sem stöndum að flutningi brtt. á þskj. 733, hefðum hugsað okkur framkvæmd á dreifingu áfengs öls ef frv. verður samþykkt. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi að miklir erfiðleikar yrðu á því að hægt væri að koma þessum dreifingarmálum þannig fyrir að sæmilegs jafnvægis yrði gætt. Þeir sem búa langan veg frá áfengisútsölum mundu eiga í miklum erfiðleikum með að ná í þessa vöru og hljóta af því þá aukinn kostnað. Enn taldi hv. þm. að ef ætti að nálgast þessa vöru með póstflutningum mundi verða mikil örtröð á póststofum.

Í framsöguræðu minni fyrir áliti meiri hl. skýrði ég brtt. nefndarinnar og í 4. brtt., sem hér er spurst fyrir um, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.“ Síðan segir: „Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum.“ Lýk ég þar tilvitnun, en einnig er í þessari grein ákvæði um áletranir sem ekki koma þessu máli við.

Ég vil gjarnan láta það koma fram sem svar við þessum fsp. að meiri hl. allshn. hafði það meginsjónarmið fyrir augum að verslun með áfengt öl skyldi lúta áfengislögum, að innflutningur, framleiðsla og verslun með þessa vöru skyldi lúta áfengislögum eins og um annað áfengi væri að ræða. Þess vegna er meiri hl. nefndarinnar ekki með neinar tillögur um það að greiða fyrir verslun og dreifingu á áfengu öli umfram það sem gildir með annað áfengi. Þetta þýðir vitaskuld að ekki verður um jafna aðstöðu fólks hvarvetna á landinu að ræða til að nálgast þessa vöru og að því lúta ekki tillögur nefndarinnar.

Á það ber að líta að dreifing og verslun með áfengi fer þannig fram í dag að menn búa alls ekki við sömu skilyrði hvað þetta snertir.

Nú er það rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. og tek ég alveg undir það með honum að pósturinn sé ekki nothæfur sem flutningsleið fyrir áfengt öl nema í litlum mæli, t. d. ef menn fá sér ölglas á gamlárskvöld eða einu sinni, tvisvar á ári eða eitthvað þess háttar, en það er auðvitað kunnugt að fleiri flutningsleiðir eru notaðar fyrir áfengi hér á landi en pósturinn og er þá gert ráð fyrir að verslun sé með lögmætum hætti. Áfengi er auðvitað keypt í áfengisverslunum og flutt út um land með flutningabílum, vafalaust með strandferðaskipum Skipaútgerðar ríkisins og enn fremur með flugvélum.

Ég geri ráð fyrir því að útsjónarsamir menn, sem búa fjarri áfengisútsölum, kunni að nota sér slíkar flutningsleiðir með áfengt öl. Hitt er vitaskuld rétt að af þessu leiðir nokkurt óhagræði og aukinn kostnað umfram það sem þeir búa við sem eru búsettir við hliðina á áfengisútsölu.

En ég lít svo á að með þessu hafi ég í raun svarað fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um tillögur meiri hl. nefndarinnar í þessu efni. Og ég get bætt því við að við munum að sjálfsögðu seint geta búið svo um þessi mál að þar séu allir nokkurn veginn jafnsettir með það að ná í þessa vöru, nema þá því aðeins að slakað sé miklu meira á meðferð þessara mála en við gerum tillögur um. Við erum ekki talsmenn þess að sala á áfengu öli verði með líkum hætti og víðast hvar gerist í okkar nágrannalöndum þar sem þessi vara fæst í flestum eða öllum matvörubúðum.

Ég tel þá að ég hafi með þessu svarað þeim fsp. sem til mín hafa borist frá hv. 5. þm. Austurl.

Ég ætla ekki hér að hefja málefnalegar umræður eða rökræða um þetta mál við þm. sem hér hafa talað í þessum umræðum. Þar hefur margt verið sagt sem að sjálfsögðu væri unnt að gera athugasemdir við og mun svo lengi ganga. Ég vil aðeins taka það fram að einn hv. þm. hefur vitnað í mína ræðu, þegar ég mælti fyrir áliti meiri hl. allshn., og talið sig hafa eftir mér orð sem ég vil ekki láta festa í þingtíðindum án þess að því sé mótmælt. Þetta var hv. þm. Stefán Valgeirsson. Ég sé hann nú ekki hér í salnum. Hann segir í fyrsta lagi í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði í sinni framsöguræðu um hve illt ástand væri í áfengismálum hér. Eftir því sem sagan segir okkur hafa menn þvegið hendur sínar annað slagið síðustu 2000 árin. Hann sagði að það væri svo slæmt ástandið að það gæti ekki versnað þó að bjórinn bættist við. Það er a. m. k. andstætt þeirri reynslu, sem annars staðar er.“

Ég vænti að hv. þdm. skilji það að ég vildi ekki láta kenna þessa klausu við mig. Ég hef lesið mína ræðu mjög vandlega og get alls ekki fundið hana í mínu máli.

Annað mælti þessi sami hv. þm. þar sem hann tók svo til orða, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að það væri yfirdrepsskapur sem kæmi fram í máli þeirra sem mér skildist að ekki væru á sama máli og meiri hl. nefndarinnar.“

Þetta er rangt. Um þetta sagði ég ekki eitt einasta orð í minni ræðu. Ég minntist ekki á það einu einasta orði að um yfirdrepsskap væri að ræða í máli eða skoðunum þeirra manna sem hefðu aðrar skoðanir en meiri hl. nefndarinnar um þessi efni. Hins vegar sagði ég í minni framsöguræðu, sem *ég skal lesa með leyfi forseta*, orðrétt:

„Eins og öllum er kunnugt, þá held ég að það sé varla nokkur Íslendingur sem geti sagt að núverandi ástand í þessum efnum sé þjóðinni til sóma og þar með ekki

Alþingi til sóma. Í fyrsta lagi má segja að framkvæmd og ástand þessara mála sé mótað af miklum tvískinnungi, nærri því tvöfeldni eða yfirdrepsskap."

Það er sem sé allt annað það sem ég segi um ástand áfengismála í landinu nú í dag og um þessar mundir, eða það hvaða skoðanir þeir kunna að hafa sem ekki eru á sama máli og ég, og um það sagði ég ekki eitt einasta orð. Ég vænti að hv. þdm. skilji muninn á þessu og ég hlýt að taka það fram að mér þykir auðvitað betra að eiga orðastað við þá hv. andmælendur mína sem geta haft orðrétt eftir.

Hér hafa verið fluttar tvær brtt. Í fyrsta lagi á þskj. 849 frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, þar sem lagt er til að í stað 0.5% í 6. brtt. nefndarinnar komi 1%. Að sjálfsögðu er það mikið álitamál hversu langt skuli stefna í slíkum ákvæðum. Alkunna er að þeir sem standa fyrir málum, a. m. k. af hálfu meiri hl. Alþingis, hverju sinni leitast við að varast að festa mjög háa markaða tekjustofna í lögum. Og reynslan sýnir að ef það er gert, þá ber það stundum við að þessir mörkuðu tekjustofnar eru ekki virtir heldur skertir með lagaákvæðum kannske á hverju Alþingi. Nú hef ég ekkert í sjálfu sér um þessa till. að segja fyrir hönd nefndarinnar, eða meiri hl. hennar, vegna þess að meiri hl. hefur ekki rætt hana og ekki tekið til hennar neina afstöðu. Ég vil aðeins segja frá því að við höfðum á okkur nokkra varúð í þessum efnum og vildum ekki spenna bogann of hátt í mörkuðum tekjustofni til þess að auka fræðslu í áfengismálum hér á landi. En ég tel auðvitað að það megi kalla álitamál hvort þarna eigi að vera 0.5% eða 1% enda þótt tillaga meiri hl. nefndarinnar liggi ljós fyrir.

Í öðru lagi er hér brtt. á þskj. 853 frá Karvel Pálmasyni þar sem segir að lögin skuli þó ekki framkvæma nema þau hafi áður hlotið samþykki meiri hluta í þjóðaratakvæðagreiðslu sem fari fram eigi síðar en 15. september n. k. Ég held að ég megi segja það fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar að við höfum talið afdráttarlaust rétt að Alþingi taki af skarið í þessum efnum, taki afstöðu og velji ekki þá leið að leggja þetta mál undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Meiri hl. nefndarinnar taldi, og jafnvel einnig þeir sem skipa minni hl. þó að ég vilji nú ekki tala fyrir þeirra munn, þá er mér ekki grunlaust um að þeir hafi einnig talið tímabært að taka afstöðu í þessu máli. Meiri hl. taldi að það væri búið að vefja þetta mál það oft og það lengi á hv. Alþingi að nú væri kominn tími til að taka afstöðu annaðhvort af eða á. Og við það miðast tillögur nefndarinnar. Ég geri því ekki ráð fyrir að þessi brtt. á þskj. 853 hljóti stuðning frá okkur sem skipum þennan meiri hl.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir þau svör og skýringar sem hann hér veitti við mínum fsp. Það er hins vegar ekki svo að ég telji að þær séu fullnægjandi í þessu máli, sem ég tók hér upp við umr. og varðar einn þátt þessa bjórmáls, þ. e. dreifing á þessari vöru um landið ef samþykkt verður að opna fyrir framleiðslu og sölu hérlendis.

Hv. þm. sagði að hann teldi, og mér skildist að hann mælti þar fyrir hönd meiri hl. allshn., að póstleiðin væri í rauninni ekki nothæf til dreifingar á öli. Það er hins vegar leið sem hefur verið notuð í dreifingu á áfengi víða á landinu, þar sem langt er að sækja í áfengisútsölur og menn skreppa þar ekki bæjarleið, enda víða langt að leita. Ég bendi á í þessu sambandi sem dæmi að á leiðinni frá Selfossi austur um og norður til Akureyrar er aðeins ein einasta áfengisútsala, á Seyðisfirði. Það er spotti á milli eins og menn sjá og þeir sem í viðkomandi landshlutum búa þurfa að fá þessa vöru flutta um langan veg. Þarna er því um verulegt álag að ræða á áfengi keypt eftir póstleiðinni með póstkröfukostnaði og flutningskostnaði, hvað þá þegar kemur að meira magni sem sjálfgert er þar sem um bjórinn er að ræða.

Ég óttast það mjög, að ef ekki verður markaður einhver annar farvegur varðandi dreifingu á áfengu öli, sem ég hefði talið komið fyllilega til álita að gert yrði, þá með breytingu á áfengislöggjöfinni ef nauðsyn krefur, ég hef ekki sett mig inn í einstök atriði þar að lútandi, en ég óttast að heimild til sölu á bjór hérlendis, áfengum bjór, leiði til þess að þrýstingur á opnun á áfengisútsölum vaxi stórkostlega á öllum þéttbýlisstöðum. Og ég er ekkert viss um að það sé það sem menn vilja kalla yfir sig eða telja ákjósanlegt, að skapa slíkan þrýsting vegna tilkomu ölsins.

Menn tala um það í þessari umr., og hafa nokkuð til síns máls, að vilja draga skýr mörk í sambandi við styrkleika á þessu öli þannig að um áfengi sé að ræða. Það væri litið þannig á að þetta lúti ákvæðum áfengislöggjafarinnar. Það er vissulega sjónarmið fyrir sig, en ég er ekki viss um að reyndin verði endilega í samræmi við þetta eða það sé að öllu leyti réttmætt að líta á þetta sömu augum eins og í sambandi við dreifingu sterkra drykkja. Þetta er ekki aðeins spurning um verðjöfnun á ölinu og gífurlegan aukakostnað, sem þeir verða fyrir sem þurfa að sækja þessa vöru eða fá hana flutta um langan veg, og ekki aðeins spurning um plássleysi á pósthúsunum, sem er það sem fyrir liggur og allir sem þar starfa átta sig á, að þau geta ekki að óbreyttu tekið að sér þessa dreifingu svo að vel sé, heldur er það einmitt spurningin um þrýsting á opnun á áfengisútsölum mjög víða í landinu, og þar fyrir utan þrýstingur á að upp verði tekin sala á áfengu öli í almennum verslunum, sem einnig verður þrýst á af ýmsum aðilum, ekki síst þeim sem eiga þar hagnaðarvon. Og ég heyri að það er ekki vilji meiri hluta nefndarinnar að slík yrði þróun mála.

Þetta vildi ég að fram kæmi til viðbótar við það sem ég benti á hér í fyrri umr. um þetta mál.

Það er annað atriði, sem má segja að sé tæknilegs eðlis eða sérstaks eðlis, varðandi brtt. nefndarinnar og það er varðandi margnota umbúðir, krafan um það að ölið sé selt í margnota umbúðum. Ég hnaut ekkert um þetta orðalag þegar ég las yfir brtt. nefndarinnar. Ég hugsa að ég hefði í rauninni tekið undir slíka till. ef ég hefði um þetta fjallað, a. m. k. án mikillar umhugsunar, en athygli mín var vakin á því að þetta gæti verið tvírætt varðandi umhverfisáhrif. Við vitum hvílík glerbrotaalda, ef svo má orða það, gengur yfir í þessu landi, hjá ungu fólki alveg sérstaklega. Ég held að þurfi að yfirvega þetta mál með tilliti til þess og þá alveg sérstaklega að verðið á slíkum margnota umbúðum þurfi að vera þannig að það virkilega veki spurningu hjá þeim sem heldur á tómri ölflösku í hendi sér áður en hann kastar henni og brýtur hana. Það er skelfilegt um að litast sums staðar á samkomustöðum í landinu við núverandi aðstæður eftir útisamkomur, sem sums staðar eru haldnar á fögrum stöðum, og ótrúlegt verk að

hreinsa þar upp glerið að slíku loknu. Mér er hins vegar ljóst að mengunin af einnota umbúðum er mikil og sú sóun sem í slíkri notkun felst. En það er bara spurningin: Verða flöskurnar margnota umbúðir? Það getur farið nokkuð eftir verðlagningu og þar með endursölu á slíkum umbúðum. Og ég vil inna eftir því, vænti að það komi fram ef ekki við þessa umr., þá síðar: Hefur verið um þetta rætt sérstaklega og farið yfir þennan þátt mála, m. a. í samráði við náttúruverndaryfirvöld í landinu?

Enn er einn þáttur máls sem ég vil nefna hér og það er spurningin um forskot fyrir innlenda framleiðendur áfengs öls ef heimilað verður. Ég tel að við eigum að íhuga það mjög alvarlega að ganga eins langt í þeim efnum og frekast er talið fært. Það hefur verið fært fram sem rök í þessu máli, ég tek þau út af fyrir sig ekki sem mikilvæg, að hér sé um iðnað að ræða, stuðning við innlendan iðnað. En við skulum ekkert horfa fram hjá því, þeir sem hugsanlega ætla að standa að því að gjalda þessu frv. efnislega atkvæði sitt, að þarna er um iðnað að ræða og þarna skiptir ekki litlu að innlend framleiðsla fái að njóta sín og ávinni sér markað. Ég held að það beri að íhuga það í sambandi við frekari meðferð þessa máls, af þeim sem ekki eru andvígir frv., hvort ekki er réttmætt að setja ákvæði inn í það um aðlögunartíma, t. d. fimm ár, fyrir innlenda framleiðendur og ekki verði heimilað að flytja inn áfengt öl á því tímabili. Ég tel ekkert fráleitt að slíkt fái staðist gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum okkar í þessum efnum, þar sem hér er um að ræða má segja nýja grein. Við höfum sett ákvæði um aðlögun í sambandi við einmitt nýjar greinar eða greinar sem geta átt undir högg að sækja. Að vísu erum við ekki alveg byrjendur í þessu, innlendir framleiðendur hafa framleitt sumir hverjir áfengt öl um alllangan tíma, en vafalaust eru fleiri sem hyggjast hasla sér völl á því sviði ef heimildir verða opnaðar fyrir þessu.

Ég ætla ekki að öðru leyti að ræða hér um þetta mál, svo margar hliðar sem það hefur. Ég lýsti mínum skoðunum hér fyrr við umr. Eftir talsverða umhugsun um þetta efni og án þess að hafa látið truflast af fortölum nokkurra, þá hef ég lesið það sem mér hefur verið sent um þetta efni og íhugað rök með og móti. En þá er það mín niðurstaða að að gefnum ákveðnum forsendum, og ég hef nefnt hér nokkrar spurningar sem mér eru í huga, þá sé það kannske skárri kostur, má orða það, að stíga skrefið og heimila sölu á áfengu öli nú heldur en búa við það ástand sem hér hefur skapast í þessum málum. Ég sé engin merki þess að uppi séu ráðagerðir eða vilji til þess að breyta til með þeim hætti eins og t. d. hv. 3. þm. Reykv. lýsti í sínu máli og er vissulega önnur leið í sambandi við þetta mál, sem væri þá að hreinsa til frá þeirri stefnu sem upp hefur verið tekin hin allra síðustu ár og mjög hefur aukið mismunninn í landinu að þessu leyti og aukið verulega þrýstinginn á að eitt verði látið yfir alla ganga í þessum efnum og sala og dreifing á áfengu öli heimiluð..

Ég er hins vegar ekki í hópi þeirra sem eru sannfærðir um það að slík heimild, sem veitt yrði skv. þessu frv., þýddi aukna áfengisneyslu í verulegum mæli til lengri tíma litið heldur en nú er. Og þaðan af síður er ég sannfærður um að það þýddi verri drykkjusiði í landinu til lengri tíma litið heldur en nú, tíðkast, ég er ekki sannfærður um það. Ég er viss um það hins vegar að hér mun koma upp ákveðin alda í landinu þar sem getur skapast visst vandræðaástand, erfiðleikaástand, fyrst eftir að fyrir sölu á áfengu öli er opnað. En ég hef trú á því að með fræðslu og skynsamlegum ráðstöfunum geti slíkt leitað jafnvægis og þurfi ekki á heildina litið að teljast neikvætt frá því ástandi sem við höfum búið við lengi.

Ég fordæmdi hér í ræðu minni fyrr við þessa umr. það sem hv. þm. Pálmi Jónsson mun hafa nefnt yfirdrepsskap í sambandi við áfengismál, pukur og annað af því tagi, og nefndi t. d. ástandið í félagsheimilum okkar um áratatugi í þessum efnum, sem síst væri til fyrirmyndar og hefði áreiðanlega ekki verið til þess fallið að kenna mönnum skynsamlega umgegni við áfengi, síst af öllu æskufólki.

Svo vil ég aðeins snúa máli mínu aftur til hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég er ekki einn af þeim sem liggja undir ámæli hans um að veita frv. þessu stuðning út af persónulegri hagnaðarvon eða af því að ég hafi þegið mútur til að gjalda því stuðning minn. Ég varð afar undrandi þegar ég heyrði þm. mæla þau orð sem hér féllu af hans hálfu og vitnaði til í fyrri ræðu minni við þessa umr. Ég gat út af fyrir sig skilið að hann legði ekki í það að endurtaka þau utan Alþingis, jafnalvarleg og þung og þau voru. Þm. kvartaði mjög undan því, þegar hann flutti mál sitt, að fyrir rannsóknarréttinum væru ekki flm. og þeir sem hann beindi aðdróttunum sínum að, því að þá hefði hann getað lesið sundur sauðina og hafrana. Nú sýnist mér þannig ástatt að allmargir þeirra, sem hann vó að þarna í orðum sínum, séu viðstaddir og ég trúi ekki öðru en hæstv. forseti gefi hv. skrifara sínum tækifæri til þess nú að gera atrennu að viðkomandi þm. og helst að standa við orð sín og upplýsa þd. um þá vitneskju sem hann telur sig búa yfir í þessum efnum. Annað tel ég satt að segja ekki sæmandi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 82. fundur.

Þriðjudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 14. maí 1985.

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna fjarveru og anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Einar Kr. Guðfinnsson hefur setið áður á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann nú á ný velkominn til starfa.

Rafmagnseftirlit ríkisins, fsp. 389. mál (þskj. 626). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ekki fer það milli mála að Rafmagnseftirlit ríkisins hefur víðtæku og um leið margþættu hlutverki að gegna svo ríkur þáttur sem rafmagnið, búnaður og tæki og notkun öll, er hjá okkur, jafnt í heimilishaldi okkar sem hvarvetna í atvinnulífinu. Virkt aðhald og eftirlit í þessum efnum er með stærstu öryggisþáttum okkar og þó erfitt sé að koma í veg fyrir allt tjón sem af vanrækslu og ónógu viðhaldi getur stafað og hefur stafað er það samfélagsleg skylda að sjá svo til að eftirlitið sé sem best og virkast.

Af langri kynningu minni af þessum málum og kynnum af þeim sem starfa hér að af mikilli samviskusemi er mér ljóst að í mörgu, allt of mörgu er þessu ábótavant. Í raun eiga eftirlitsaðilar í stöðugu stríði við trassana og jafnvel þá sem ættu gleggst að gera sér grein fyrir alvarlegum afleiðingum af ónógu eftirliti og vanrækslu í úrbótum. Á ég þá við rafveitufyrirtækin sjálf öðru fremur.

Mér er enn ríkt í minni þegar allsherjarskoðun var framkvæmd á heimabyggð minni á öllum húsum og atvinnufyrirtækjum. Ónýtar rafmagnslagnir, illa varðar leiðslur, alls konar uggvekjandi niðurstöður komu í ljós sem hér yrði of langt mál að rekja. Úrbætur í kjölfarið hjá nær öllum hafa áreiðanlega komið í veg fyrir hina alvarlegustu hluti. Hér skal ekki í fyrirspurnatíma fara út í almennar umræður um nauðsyn skipulegs eftirlits og virks aðhalds, allt frá prófun raffanga, hins margvíslega varnings sem nú er fluttur inn eða framleiddur, til reglubundinnar skoðunar á rafbúnaði í fyrirtækjum og húsum og úttektar á nýlögnum og búnaði öllum. Öll þekkjum við frásagnir af brunum sem hafa endað á hinu sakleysislega: „Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni.“ Auðvitað getur alltaf eitthvað óvænt gerst, en rökstuddur grunur minn er sá að fullnægjandi eftirlit og möguleiki til að fyrirskipa lagfæringar hefði oft dugað til að koma í veg fyrir hörmulegt tjón, og ég veit raunar að svo er. Einkennilegt skilningsleysi ríkir í þessum málum og jaðrar við kæruleysi hjá þeim sem gleggst eiga að vita, hvað þá hjá almenningi.

Rafmagnseftirlitið og ágætir starfsmenn þess hafa unnið mjög vel og vilja fá enn víðtækara verksvið og möguleika til aðgerða. Í kjölfar Hagvangskönnunar og nefndarstarfa, sem munu að hluta í gangi enn, er uggur í mörgum þeim sem um þessi mál fjalla af mestri reynslu og þekkingu að þessum þýðingarmikla þætti öryggismála okkar verði ekki sinnt sem skyldi. Því hef ég leyft mér að beina svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

1. Eru uppi áætlanir um að draga úr starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins, m. a. með því að fela öðrum stofnunum ákveðin, veigamikil verkefni þess?

2. Hvað hyggst rn. gera til að tryggja enn betur þann þýðingarmikla þátt öryggismála sem Rafmagnseftirlitið annast nú?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég segja þetta vegna fyrri liðar:

Í janúar 1984 fól ég Hagvangi hf. að gera úttekt á starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins og gera tillögur um breytingar á starfsemi stofnunarinnar ef ástæða væri til. Í apríl 1984 skilaði Hagvangur greinargerð fyrsta verkþáttar. Þar voru fram settar tvær meginleiðir í framtíðaruppbyggingu rafmagnseftirlits hér á landi, þ. e. að þáttur RER í öllu eftirliti verði aukinn eða að eftirlitið verði fært meira út til þeirra aðila sem þegar eru til staðar og eiga að geta sinnt því. Síðar á árinu 1984 skilaði Hagvangur frekari greinargerð og upplýsingum.

Í nóvember 1984 skipaði ég nefnd til þess að athuga hugmyndir um flutning raffangaprófana til Iðntæknistofnunar og sameiningu við aðrar prófanir á rafbúnaði. Ofangreind nefnd hóf strax störf og mun á næstu vikum skila áliti. Þá skipaði ég fyrir nokkru aðra nefnd til athugunar á raflagnaeftirlitsþætti Rafmagnseftirlitsins, en í reynd hefur starfsemi þess greinst í tvo meginþætti, raflagnaeftirlit og raffangaeftirlit. En þessir þættir eru á mörgum sviðum mjög samofnir. Er þess einnig að vænta að skilagrein þeirrar nefndar liggi fyrir innan tíðar. Það er keppt að ráðdeild og sparsemi í þessum efnum án þess að bitna megi á öryggi í raforkumálum.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það er ljóst að í Hagvangskönnuninni hafa verið athugaðir þessir tveir möguleikar, annars vegar að auka starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins, svo sem full þörf er á, eða fá þetta verkefni þeim sem þegar eru til staðar, eins og sagði í svari hæstv. ráðh., og geta sinnt því.

Það er alveg rétt að það munu vera til staðar aðilar sem geta sinnt þessu verkefni. Spurningin er aðeins í mínum huga hvort þeir muni gera það, hvort þeir muni gera það á sama hátt og Rafmagnseftirlit ríkisins sem óháður aðili gerir þó í dag. Ég ætla það að sú nefnd sem um þetta fjallar á vegum rn. muni komast að þeirri niðurstöðu, ef hún hefur engin annarleg sjónarmið fyrir sér, að þessi starfsemi öll sé best komin hjá hlutlausum, óháðum aðila sem Rafmagnseftirlitinu og um leið verði séð til þess að Rafmagnseftirlitið fái aukna möguleika og aukið valdsvið til þess að geta gripið inn í, enn frekar frá því sem nú er, því að vitanlega er eftirlitið eitt og framkvæmdin á því sem lagfæra þarf annað, eins og ég kom hér inn á áðan.

Ég legg áherslu á það að vísssulega er það rétt að raffangaprófunin þarf að vera sem best. Ég er ekki dómbær á það hvort hún sé betur komin hjá Iðntæknistofnun eða hjá Rafmagnseftirliti ríkisins þar sem fyrir er veruleg þekking á þessum málum. En ég vænti þess a. m. k. að ekki verði rasað um ráð fram varðandi þá prófun, svo mikilvæg sem hún er varðandi hin ýmsu raftæki sem sífellt eru að berast til landsins og þau sem eru framleidd hér.

Ég skildi hæstv. ráðh. svo að hann væri mér sammála um að efla þurfi þennan öryggisþátt að miklum mun, með hvaða ráðum svo sem hann framkvæmir það. Ég held að það verði best gert með öflugu rafmagnseftirliti, með gæðaprófun raffanga sem fullkomnastri, með virkri úttekt á nýlögnum og á nýjum raforkuvirkjum og ekki hvað síst með rækilegri skoðun á eldra kerfi og búnaði öllum, og þá um leið, eins og ég vék að áðan, möguleikum til að framfylgja í raun öllum þessum þáttum.

Ég bendi á að eitt stórtjón, sem verður vegna

vanrækslu, getur verið margfalt þyngri baggi fjárhagslega séð en margra ára kostnaður af góðu og virku eftirliti hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, svo að ekki sé nú minnst á þær afleiðingar tjóna sem enginn fær bætt.

Virkni eftirlits af þessu tagi og aðhald sem unnt er að tryggja nægilega vel eru aðalatriðin. Það er rétt að þetta kostar sitt. Það má vel hugsa sér að tengja þetta starf við aðra þætti öryggiseftirlits, án þess að þeim þætti sem hér er um fjallað verði gerð lakari skil, en ég held, og vona að við hæstv. ráðh. séum sammála um það, að fyrst og fremst þurfi að nýta þá reynslu og þekkingu sem rafmagnseftirlitsmenn hafa nú í dag, þá ríku samviskusemi sem þeir sannarlega sýna í sínu starfi, gera þeim kleift að virkja þekkingu sína og samviskusemi í þágu þessa eftirlits, þessa brýna öryggisþáttar okkar.

Útflutningur niðurgreiddra landbúnaðarafurða, fsp. 409. mál (þskj. 671). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Þessi fsp. er flutt í framhaldi af annarri fsp. um svipað eða sama efni sem hæstv. landbrh. svaraði hér í Sþ. hinn 12. mars s. l. Mér þóttu svör hæstv. ráðh. þá ekki svo ítarleg eða ræki leg sem ég hefði kosið og hef því valið þann kost að spyrja nákvæmar um það sem mér þótti ekki fullsvarað í hinni fyrri fyrirspurn. Það var einkum 5. liður fsp. minnar hinn 12. mars sem mér þótti ekki fullsvarað. Hann hljóðaði sem hér segir, með leyfi forseta:

„Hefur komið til tals að bjóða út sölu og flutninga á útfluttum og niðurgreiddum landbúnaðarvörum?"

Svar hæstv. ráðh. hljóðaði sem hér segir: „Útboð hefur farið fram á þessum flutningum, eins og þessar tölur sem ég las benda til, með þeim árangri að flutningsgjaldið er allt niður í að vera aðeins helmingur af taxta."

Mér þótti þetta svar, sem áður segir, ófullnægjandi. Því hef ég beint nýrri fsp. til hæstv. landbrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hvernig var háttað þeim útboðum á flutningi niðurgreiddra landbúnaðarafurða til útlanda sem landbrh. lýsti í svari sínu við fsp. á Alþingi 12. mars 1985?
2. Hvenær áttu umrædd útboð sér stað á árunum 1983 og 1984?
3. Hvort var um svokölluð lokuð eða opin útboð að ræða?
4. Hvernig skiptust flutningar á niðurgreiddum landbúnaðarafurðum milli eftirgreindra flutningafyrirtækja árin 1983 og 1984:
   a) Eimskipafélags Íslands,
   b) Hafskips hf.,
   c) Skipadeildar SÍS,
   d) annarra?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Mér hafa borist svör frá tveimur aðilum við fsp. hv. 5. landsk. þm. sem, eins og hann sagði hér áðan, er framhald af annarri fsp. sem hann bar fram fyrr á þessu þingi. Þessi svör eru frá Osta- og smjörsölunni sf. og Sambandi ísl. samvinnufélaga, en eins og kom fram í svari við fyrri fsp. eru það langstærstu aðilarnir sem flytja út þær vörur sem spurt er um.

Sem svar við fyrsta lið þessarar fsp. kemur það fram hjá báðum þessum aðilum að formleg útboð á ákveðnu magni hafi ekki farið fram. Hins vegar hafi verið leitað eftir tilboðum í einstaka farma og þannig fengist sú lækkun sem kom fram í mínu fyrra svari. Þar af leiðandi er ekki um að ræða ítarlegri svör við 2. og 3. spurningunni. En við 4. spurningunni eru gefin eftirfarandi svör frá Osta- og smjörsölunni:

Eimskip, árið 1983 3 503 219 kr. og árið 1984 8 969 410 kr.

Hafskip, árið 1983 449 817 kr. og 1984 305 568 kr.

Skipadeild SÍS, árið 1983 1 100 694 kr. og árið 1984 204 138 kr.

Samtals var þetta því árið 1983 5 053 730 kr. og árið 1984 9 479 116 kr.

Frá Sambandi ísl. samvinnufélaga eru tölurnar þessar:

Eimskipafélag Íslands, árið 1983 603 255 kg eða 16%, árið 1984 1 460 606 kg eða 30.3%.

Hafskip hf., árið 1983 316 683 kg eða 8.4% og 1984 108 566 kg eða 2.2%

Skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, árið 1983 2 189 155 kg eða 57.9% og 1984 2 573 238 kg eða 53.3%.

Aðrir, árið 1983 670 940 kg eða 17.7% og 1984 683 443 kg eða 14.2%.

Samtals er þetta þá 1983 3 780 033 kg og 1984 4 827 853 kg.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. En hér hefur eitt mjög athyglisvert komið í ljós. Þegar ráðh. svaraði fsp. minni 12. mars sagði hann orðrétt: „Útboð hefur farið fram á þessum flutningum." Þegar ég spyr nú aftur ítarlegar, þá segir hæstv. ráðh.: „Formleg útboð hafa ekki farið fram." — Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram að hæstv. ráðh. hafi vísvitandi verið að segja þinginu ósatt. Ég þekki hann að öllu öðru en því að ég mundi ætla honum slíkt. Hins vegar er alveg ljóst að þeir sem ráðh. hefur leitað til um upplýsingar hafa sagt honum rangt til og gefið honum alrangar upplýsingar. Það hefur nú verið staðfest í þessu svari að sá útflutningur á niðurgreiddum landbúnaðarvörum, sem um var spurt, hefur aldrei formlega verið boðinn út. Það er kannske í mesta lagi að lyft hafi verið símtóli einhvern tíma. Ég held að það sé mjög alvarlegt mál þegar það kemur í ljós að sá aðili sem ráðh. leitar til um svör við fsp. á Alþingi gefur beinlínis rangar upplýsingar. Ég skal ekki fullyrða hvaða aðili það er, en hitt þykist ég vita að Samband ísl. samvinnufélaga hefur aldrei boðið út þessa flutninga, hvorki formlega né óformlega. Raunar gefa þær tölur sem ráðh. las hér áðan um skiptingu þessara flutninga alveg ákveðna mynd af því hvernig þessum málum er háttað.

Þetta litla mál, sem þó er kannske alls ekki svo lítið, veitir okkur nokkra innsýn í það hvernig landbúnaðarkerfið á Íslandi og sukkið í kringum það er rekið, allt í skjóli núv. ríkisstj. og hinna sem á undan hafa verið og með blessun ráðh. Sjálfstfl. sem telja sig talsmenn frelsis í verslun og vilja láta bjóða alla hluti út. Ég ítreka það að ég er ekki að segja að ráðh. hafi vísvitandi sagt þinginu ósatt, en ég fullyrði hins vegar, í ljósi þess sem sagt var þegar hinni fyrri fsp. minni var svarað og þegar

þessari fsp. er svarað nú, að þar rekur sig eitt á annars horn. Áður sagði hæstv. ráðh.: Útboð hefur farið fram á þessum flutningum. En nú er svarið: Formleg útboð hafa ekki farið fram. Það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir þingheim þegar slíkir hlutir eiga sér stað.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það sem hv. 5. landsk. þm. telur hér svo mjög bera á milli er það hvers konar tilhögun hafi verið á þessum útboðum. Það kom fram í fyrra svari mínu, að flutningsgjöld hafa lækkað mjög frá árinu 1983—1984 vegna þess háttar, sem þá var upp tekinn, að leita eftir tilboðum í flutningana. En hvort um formleg útboð er að ræða eða óformleg, það skal ég ekki segja hversu miklu máli skiptir. En hér er yfirleitt ekki um að ræða mikið magn í einu og verður að sæta þeim ferðum sem bjóðast á hverri leið og það dregur nokkuð úr möguleikunum til þess að bjóða út fyrir fram allt í miklu magni. En hvað hv. þm. telur sig geta lesið út úr þessum tölum skal ég ekkert um segja. Það kemur fram að hjá Osta- og smjörsölunni er það Eimskipafélag Íslands sem er á árinu 1984 langstærsti flutningaaðilinn og það er einnig annar stærsti flutningaaðilinn hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, þar sem skipadeild SÍS er á því ári með rétt rösklega helming en aðrir aðilar eru með hinn hlutann.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil bara leggja áherslu á það, sem er kjarni þessa máls, að veldi Sambands ísl. samvinnufélaga í þessu þjóðfélagi er slíkt og völd þess ná svo víða og hagsmunir þess svo ríkir og kerfið þannig búið að það skiptir Samband ísl. samvinnufélaga, sem er að flytja út landbúnaðarvörur, nákvæmlega engu máli hvað er borgað í farmgjöld, eða yfirleitt hvað fæst fyrir vörurnar þegar þær eru seldar á erlendum markaði, vegna þess að Samband ísl. samvinnufélaga hefur allt sitt gulltryggt á hreinu. Og það er auðvitað það sem er megingalli þessa fáránlega kerfis sem hér er við lýði.

En eftir stendur sem áður, hvort sem það hefur verið Samband ísl. samvinnufélaga eða einhverjir aðrir aðilar sem hæstv. landbrh. leitaði til með svar við sinni fyrri fsp., eftir stendur að ráðh. voru gefnar rangar upplýsingar sem hann síðan flutti í góðri trú hér á Alþingi.

Framhald samningaviðræðna við Alusuisse, fsp. 436. mál (þskj. 731). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þann 5. nóv. 1984 undirritaði hæstv. iðnrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands samning við Alusuisse sem staðfestur var með samþykkt á frv. til l. 29. nóv. s. l. eftir miklar umræður hér á Alþingi. Við þessa samningsgerð náði Alusuisse m. a. fram því markmiði sínu að kljúfa í sundur þau efnisatriði sem leysa átti samtímis skv. bráðabirgðasamningi ríkisstj. og Alusuisse frá 23. sept. 1983. Auðhringurinn fékk sakaruppgjöf vegna skattsvika liðinna ára gegn greiðslu 3 millj. dollara eða um 120 millj. kr. upp í kröfur íslenska ríkisins, án þess að lokið væri samningum um breytingar á skattgreiðslu til ÍSALs. Jafnframt knúði Alusuisse fram ýmsar breytingar á áður gildandi skattareglum og allar sér í hag. Fólst í þeim stórfelld fjármunaleg eftirgjöf auðhringnum til handa um ókomin ár, auk grundvallarbreytinga á viðmiðun varðandi aðföng ÍSALs, þ. e. svonefnd bestu-kjaraákvæði.

Um þá þætti samninga, sem hlaupist var frá 5. nóvember s. l., var gert sérstakt bréf um samkomulag, dags. 5. nóvember s. l., og var það birt sem fylgiskjal VI með frv. um lagagildi viðaukasamningsins á þskj. 148. Í bréfi þessu er vísað til bráðabirgðasamningsins frá haustinu 1983, sem eins og þar segir „verður áfram í gildi skv. ákvæðum sínum." Í bréfinu er síðan fjallað um fjóra efnisþætti:

1. Breytt skattkerfi varðandi ákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs og muni aðilar, eins og þar segir orðrétt, „leitast við að ljúka umræddri endurskoðun eigi síðar en hinn 1. júní 1985." Það er eindagi sem rennur út innan rúmlega tveggja vikna eða í lok þessa mánaðar.

2. Efnisatriði eru um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík um 40 þúsund tonna ársafkastagetu, eða nálægt 50% frá því sem nú er. Til slíkrar stækkunar þyrfti um 600 gígawattstundir á ári, eða hátt í framleiðslugetu fullbúinnar Blönduvirkjunar. Um það segir orðrétt í nefndu bréfi ríkisstj. og Alusuisse:

„Mun ríkisstj. afhenda Alusuisse bréf, þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun til þeirrar stækkunar. Alusuisse mun skjótlega svara með því að staðfesta við ríkisstj. hvort það telji kjör þessi og skilmála viðskiptalega raunhæfa og í því tilviki munu aðilarnir taka upp aðgerðir til að leita að þriðja aðila, sem þeir geti báðir fellt sig við, er hafi áhuga á að taka þátt í þessari stækkun með Alusuisse." Þetta var orðrétt.

Þriðja atriði þessa bréfs varðar forathugun á því að koma upp rafskautaverksmiðju við álverið og átti hún að hefjast eigi síðar en um síðustu áramót.

Fjórða atriðið er um heimild til handa ríkisstjórn Íslands að óska eftir hlutdeild í ÍSAL, sjálfstætt eða í sambandi við tilkomu þriðja aðila sem hluthafa í fyrirtækinu.

Hæstv. iðnrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að greina Alþingi frá framvindu þessara stóru mála sem eftir voru skilin við gerð samkomulagsins í nóvember s. l. Heldur ráðh. þar uppi sama hætti og áður að láta þögnina hjúpa allar viðræður við Alusuisse. Aðeins menn í innsta hring ríkisstjórnarflokkanna fá að sjá eitthvað á spilin. Þó kemur fyrir að hæstv. ráðh. hentar að leka einhverju í fjölmiðla um gang mála eftir því sem hann telur sér henta pólitískt.

Þannig hafði Morgunblaðið það eftir ráðh. 20. apríl s. l. að nú væru yfirgnæfandi líkur á því að samningar næðust um stækkun álversins í Straumsvík og yrðu þeir væntanlega frágengnir fyrir mitt þetta ár. Samningaviðræður Alusuisse við japanskt fjölskyldufyrirtæki, sem framleiðir rennilása, væru langt komnar, um að það gerðist þriðji aðilinn að stækkuninni. Í ljósi þessa setti ríkisstj. væntanlega inn í frv. til lánsfjárlaga sérstaka heimild upp á 82 millj. kr. til að herða á framkvæmdum við Blönduvirkjun, eins og þar segir, „ef svo skyldi fara, sem mestar líkur eru á, að samningar gangi hratt fyrir sig."

Ég tel það ekki seinna vænna að fá það upplýst hér á Alþingi hver er staðan í áframhaldandi samningamakki við Alusuisse og m. a. hvaða kjör og skilmála ríkisstj. hafi tiltekið gagnvart Alusuisse vegna 50% stækkunar álversins sem hæstv. iðnrh. gefur nú í skyn að semjast muni um á næstu vikum. Hér er um slík stórmál að ræða að ráðh. og ríkisstj. ættu raunar ótilkvödd að láta Alþingi fylgjast með því sem er á döfinni. Til þess að fá létt af þessu hulunni hef ég borið fram á þskj. 731 eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh. um framhald samningaviðræðna við Alusuisse:

1. Hvað hefur gerst í samningaviðræðum ríkisstj. og Alusuisse í samræmi við bréf um samkomulag frá 5. nóvember 1984?

2. Hver er staðan í samningum varðandi fyrirhugaðar breytingar á framleiðslugjaldi ÍSALs sem aðilar ætla að leitast við að ljúka „eigi síðar en hinn 1. júní 1985" og hvaða breytingum stefnir ríkisstj. að varðandi skattgreiðslukerfi álversins?

3. Hvenær afhenti ríkisstj. Alusuisse bréf um fyrirhuguð kjör og skilmála varðandi stækkun álbræðslunnar, hverjir eru þessir skilmálar og hver er staðan í samningum um stækkun álversins?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 731 á hv. 5. þm. Austurl. fsp. í þremur liðum.

Svar við fyrsta lið: Umrætt bréf um samkomulag er í fimm liðum. Formlegar samningaviðræður samninganefnda aðila hafa ekki farið fram, en unnið hefur verið að undirbúningi slíkra viðræðna með ýmsum hætti.

1. liður í þessu bréfi fjallar um breytingar á framleiðslugjaldi ÍSALs og vísast um það mál til svars við 2. lið spurningarinnar.

2. liður bréfsins fjallar um viðræður um stækkun álbræðslunnar og vísast í því efni til 3. liðar spurningarinnar á þskj. 731.

3. liður bréfsins fjallar um að Alusuisse skuli gera forathugun á hagkvæmni þess að byggja rafskautaverksmiðju í Straumsvík í samræmi við gr. 2.4 í bráðabirgðasamkomulagi aðilanna. Þessari athugun er ekki lokið.

4. liður bréfsins sem afhent var fjallar um rétt ríkisstj. til að kaupa hlut í ÍSAL. Ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um að óska eftir sölutilboði í samræmi við bréfið enn sem komið er.

5. liður bréfsins fjallar um að bráðabirgðasamkomulag aðila sé áfram í gildi og svo er.

Svar við öðrum lið fsp.: Sérfræðingar aðila hafa þegar haldið tvo fundi varðandi umræddar breytingar og þriðji fundur sérfræðinganna verður í lok maí. Á þeim fundi er gert ráð fyrir að sérfræðingar aðilanna ljúki umfjöllun sinni og samninganefndir taki við málinu. Ástæða er til að ætla að samkomulag geti tekist fljótlega.

Svar við þriðja lið fsp.: Ríkisstj. hefur enn sem komið er ekki afhent Alusuisse bréf um þetta efni og eiginlegar samningaviðræður hafa enn ekki hafist. Aftur á móti hafa aðilar haft samband hvor við annan og undirbúningur að fyrsta samningafundinum er hafinn. Sá fundur verður væntanlega í lok þessa mánaðar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var nokkuð fróðlegt að heyra svar hæstv. iðnrh. við fsp. minni. Þar kom fram að það sem haldið hefur verið fram af hans hálfu í fjölmiðlum og reitt fram við Alþingi í tengslum við undirbúning frv. til laga um lántökur styðst nánast við ekki neitt, nema einhverjar munnlegar viðræður aðila. Það samkomulag sem gert var ráð fyrir að ljúka skyldi eigi síðar en 1. júní 1985, um breytt skattkerfi hjá álverinu, er ekki einu sinni komið á blað í drögum. Sérfræðingar eiga enn eftir fund, og samningaviðræður aðila um þetta hafa enn eigi hafist, samningaviðræður sem ljúka átti skv. bindandi samkomulagi aðila um komandi mánaðamót.

Þetta eru merkilegar upplýsingar. Og varðandi stækkun álversins, sem ráðh. gefur í skyn og Morgunblaðið hefur eftir honum orðrétt 20. apríl s. l., að séu komnar vel á leið og líkur á að takist fyrir lok þessa árs, viðræður um þá stækkun hafa enn eigi hafist milli aðila. Þetta eru tíðindi, og samt ætlar ríkisstj. að knýja fram heimild í sambandi við lánsfjárlög til þess að ætla Landsvirkjun sérstaka fjárveitingu upp á 82 millj. kr., miðað við að slíkir samningar takist fyrir mitt þetta ár.

Ríkisstj. hefur ekki einu sinni skv. upplýsingum ráðh. mótað þann ramma af sinni hálfu, sem gert er ráð fyrir í umræddu bréfi, þ. e. ekkert bréf enn verið afhent Alusuisse um kjör eða samningsskilmála af hálfu íslenska ríkisins varðandi afhendingu raforku frá Landsvirkjun til þeirrar stækkunar. Hvernig í ósköpunum er hægt að taka mark á orðum stjórnvalda, hér hæstv. ráðh., sem lætur liggja að því að samkomulag sé á næsta leiti um þessi atriði, þangað til nú í sínu svari, þegar hann upplýsir okkur hér um það að raunverulegar samningaviðræður hafi ekki hafist um neitt þessara atriða? Sérfræðingar að bera sig saman um skattkerfi og engar samningaviðræður formlegar hafnar vegna stækkunar álversins.

Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því frekar hvort hann hafi gert sér grein fyrir hvaða skilyrði verði sett, eða hvað hann muni leggja til sem skilyrði í sambandi við stækkun bræðslunnar um 50% í sambandi við raforkuverð, og upplýsa okkur hér um það hvaða raforkuverð það sé sem hann hefur þá í huga að boðið verði til þessarar stækkunar. Hér er ekki um neina smáhluti að ræða, ekki um einhverja aura í þessu efni, heldur um það að binda 600 gígawattstundir í ársframleiðslu á raforku í þessari fyrirhuguðu stækkun, sem látið var að liggja til skamms tíma að samningar mundu takast um við japanskt rennilásafjölskyldufyrirtæki fyrir mitt þetta ár, og viðræður ekki hafnar.

Ég vænti að hæstv. ráðh. standi hér eitthvað betur fyrir máli sínu, þó að hann hafi raunar svarað hér efnislega minni fsp. og nánast ekkert gerst í málinu. Ég spurði efnislega um hvert stefndi í sambandi við skattkerfið og endurskoðun á því. Kannske gæti ráðh. upplýst okkur eitthvað um það efnislega, hvers konar endurskoðun á skattkerfi gagnvart ÍSAL sé á döfinni, þó ekki væri nema í umræddum sérfræðingaviðræðum.

Og varðandi rafskautaverksmiðju sagði ráðh. að þeim viðræðum væri ekki lokið. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Eru þær viðræður hafnar? Er sú forathugun hafin? Það væri einnig rétt að það lægi fyrir. Og hvenær er þá gert ráð fyrir að henni ljúki?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Spurt var: Hvenær afhenti ríkisstj. Alusuisse bréf um fyrirhuguð kjör og skilmála álbræðslunnar, hverjir eru þessir skilmálar og hver er staðan í samningum um

stækkun álversins? Ég svaraði þessu eins og hið háa Alþingi heyrði, að ríkisstj. hefði ekki enn sem komið væri afhent Alusuisse bréf um þetta efni. Það þýðir ekki og það er útúrsnúningur að halda því fram að þar með hafi ég upplýst að ríkisstj. væri ekki búin að móta þennan ramma sem hún mun setja fram. Ég hef gert mér grein fyrir þeim skilyrðum sem ég ætla að setja en það kemur ekki til nokkurra greina á þessari stundu að ég upplýsi það. Ég hef sagt að ég muni upplýsa og kalla til fundar við mig formenn stjórnarandstöðunnar þegar ég er til þess reiðubúinn að upplýsa með hvaða skilyrðum ég hyggst ganga til samninga um stækkun álbræðslunnar, þar sem undirstaðan er auðvitað orkuverðið. Þetta hef ég sagt hér áður og við þetta mun ég standa.

Um rafskautin er það að segja að sú athugun hefur verið í gangi en henni er ekki lokið, eins og fram kom í svari mínu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Já, hæstv. ráðh. er búinn að móta rammann, en honum hentar ekki að greina Alþingi frá því hið minnsta hvað felist efnislega í þeirri stefnumótun af sinni hálfu. Hann lofar því hins vegar að kalla til formenn stjórnarandstöðuflokkanna þegar honum henta þykir. En Alþingi má ekkert um þetta frétta. Þetta eru svipuð vinnubrögð og hæstv. ráðh. viðhafði þegar bráðabirgðasamkomulagið fræga var gert 23. sept. 1983. Þá voru formenn stjórnarandstöðuflokkanna kvaddir til um miðjan september, þegar allt átti að vera klappað og klárt, en jafnframt urðu þeir að gangast undir trúnaðarheit, að segja ekki nokkrum einasta manni frá því hvað fælist í viðkomandi samkomulagi. Þetta eru nú vinnubrögðin og sannarlega lærdómsríkt fyrir Alþingi að heyra á hvaða braut ráðh. er áframhaldandi í sambandi við samningaviðræður við Alusuisse vegna álversins í Straumsvík.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það vill svo til að hv. 5. þm. Austurl. hefur verið iðnrh. og staðið að samningum við Svisslendinga. Það reyndist honum þó nokkuð tafsamt verk. Spurning þó hann hefði fengið það sem ævistarf að hann hefði náð niðurstöðu. Ég hygg að hv. 5. þm. Austurl. hefði nú hikað við að leggja þau spil á borðið sem hann teldi að hann þyrfti að hafa á hendinni meðan á samningum stæði. Ég hygg að hann hefði hikað við það. Ég man eftir ýmsu úr þeim vinnubrögðum þegar hv. 5. þm. Austurl. var iðnrh. En svo óklókur hef ég ekki trú á að hann hefði verið við samninga að hann hefði byrjað að dreifa þeim spilum út um allt sem hann hefði á hendinni. Ætli hann hefði ekki viljað láta þau af hendi jafnt og andstæðingurinn lét sín? Og mér sýnist, hvað sem aðdróttunum líður, að iðnrh. geti ekki staðið annan veg að þessu verki en að fara með það með nokkurri launung hvaða raforkuverð hann setur fram kröfur um.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það vill nú svo til að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur verið og er alþm. Þess vegna er ekki hægt annað en taka orð hans alvarlega, hvort sem þau fjalla um mútur eða raforkuverð eða samninga við erlend stórfyrirtæki. Að öðru leyti sá ég svo sem ekki hvaða erindi hans innlegg átti í þessa umræðu. En varðandi leyndarmálið mikla um spilin á hendinni, þá veit ég að jafnvel hv. þm. veit hver er t. d. framleiðslukostnaður á raforku í landinu, það er ekkert leyndarmál. Það veit sennilega helftin af íslensku þjóðinni eða rúmlega það, eins mikið og það mál hefur verið í umræðum. Það eru því ósköp einfaldar spurningar sem hér eru bornar fram. Verður reynt t. d. að ná þessu framleiðslukostnaðarverði frá nýjum stórvirkjunum í væntanlegum samningum eða ekki? Og væntanlega vita viðsemjendurnir einnig hvað það kostar að framleiða raforku úr nýjum stórvirkjunum á Íslandi í dag. Þetta er ekkert leyndarmál, þetta er ekkert pókerspil, hv. þm. Þetta eru ósköp einfaldar staðreyndir. Ég hygg hins vegar að það sé ekki þessu máli til framdráttar né öðrum slíkum að vinna þannig að, eins og hæstv. núverandi iðnrh. hefur gert, að halda spilunum öllum að brjóstinu á sér. Svo reynist hann nú reyndar ekkert hafa nema lauffjarka á hendinni þegar hann er afvopnaður. Það er önnur saga.

Námaleyfi til Kísiliðjunnar, fsp. 442. mál (þskj. 751). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Hinn 30. janúar s. l. veitti iðnrh. Kísiliðjunni við Mývatn leyfi til áframhaldandi töku kísilgúrs. Um þetta var talsvert rætt og ritað, m. a. varð um þetta löng og mikil umræða hér á hv. Alþingi utan dagskrár. Það er óþarfi að rifja alla þá umræðu upp og það sem þar gekk á undan. Hins vegar er ástæða til að draga saman í örstuttu máli það sem segja mætti að væri aðalágreiningur málsins. Hann er sá að skv. lögum frá 1974, um verndun Mývatns og Laxár, og reglugerð sem sett var í framhaldi af þeim 1978, telja ýmsir að yfirráð eða forræði Náttúruverndarráðs um vatnið sé óumdeilt. Þar er tekið nokkuð skýrt fram t. d. að leyfi ráðsins þurfi til mannvirkjagerðar og jarðrasks. Þar er sömuleiðis kveðið nokkuð skýrt á um stjórn og umsjón Náttúruverndarráðs með rannsóknum á þessu svæði. Það sem hins vegar olli ágreiningi og deilum í framhaldi af leyfi iðnrn. þann 30. janúar var að þar var veitt leyfi til kísilgúrtöku án þess að Náttúruverndarráð hefði heimilað og ráðuneytið tók sér frumkvæði og setti ákvæði um nefnd, sem það sjálft skipaði, til þess að hafa umsjón um rannsóknir.

Ég held að það megi kannske segja að þetta sé hin lagalega deila málsins, þ. e. um forræði Náttúruverndarráðs og gildi laganna frá 1974 og reglugerðarinnar frá 1978. Síðan koma auðvitað fjöldamörg atriði önnur við sögu, en ég ætla ekki að gera þeim skil af eðlilegum ástæðum.

Erindi mitt nú er að fá frá hæstv. menntmrh. upplýsingar um það hvað hefur gerst síðan í málinu. Það eru liðnir núna þrír og hálfur mánuður frá því að þetta leyfi var veitt. Hér er mikið undir. Það er afkoma fólks, það er afkoma fyrirtækis, sveitarfélags, nú og kannske síðast en ekki síst þá er um að ræða þarna dýrustu náttúruperlu á landinu og jafnvel þótt víðar væri leitað, að ýmissa mati. Það er því ástæða til þess að stjórnvöld, iðnrn. og menntmrn., gangi örugglega til verks og útkljái þetta mál sem allra fyrst. Það hefur sem sagt orðið verulegur dráttur á því að við heyrðum hvaða stefnu málið hefur tekið. Það eina sem ég tel að hafi opinberlega komið fram í þessu er álit prófessors Gauks Jörundssonar þar sem menntmrn. leitar álits hans á

gildi laganna frá 1974, um verndun Mývatns og Laxár, og reglugerðar um framkvæmd þeirra laga.

Með leyfi forseta vil ég lesa hér örfá orð úr þessu áliti. Þar segir prófessor Gaukur:

„Þar sem einn megintilgangur umræddra laga er verndun lífríkis Mývatns er að mínum dómi ekki neinum vafa bundið að nám kísilgúrs úr botni Mývatns fellur undir jarðrask í skilningi nefnds ákvæðis 3. gr." — sem þýðir þar með að leyfi Náttúruverndarráðs hefði þurft til að leyfa kísilgúrtöku.

Síðar í þessu áliti segir:

„Niðurstaða mín er skv. framansögðu sú, að nám kísilgúrs úr botni Mývatns sé háð leyfi Náttúruverndarráðs og ákvæðum laga nr. 36/1974 að öðru leyti. Af þeirri niðurstöðu leiðir einnig að ákvarðanir skv. 3. og 7. tölulið leyfisbréfsins frá 3. janúar s. l. hljóta að víkja fyrir ákvörðunum stjórnvalda er starfa skv. lögum 36 frá 1974, þ. e. Náttúruverndarráðs."

Þarna er vikið að leyfisveitingu á kísilgúrtökunni og síðan stjórn á rannsóknunum. Að mati prófessorsins heyrir hvort tveggja undir Náttúruverndarráð.

Þetta er sem sagt staða málsins eins og hún birtist okkur sem ekki erum innvígð í samningamál þau sem kunna að hafa farið á milli rn. og með einhverri þátttöku Náttúruverndarráðs hugsanlega. Ég hef sem sagt beint fsp. til hæstv. menntmrh. um þetta efni og mér þykir vænt um að hæstv. iðnrh. er hérna sömuleiðis svo hann vildi kannske segja álit sitt líka. Ef ég tek hérna örfáa efnispunkta þá mundi mig langa til að spyrja menntmrh.: Er ráðh. sammála áliti prófessors Gauks? Í öðru lagi: Hefur formlegt erindi verið sent til iðnrn. og ef svo er hverjar eru þá meginástæður og efnisatriði rn. og Náttúruverndarráðs? Og ég vil spyrja: Hefur rn. fyrir hönd Náttúruverndarráðs lýst því yfir að það muni höfða ógildingarmál vegna galla á námaleyfi ef samningar náist ekki? Svo langar mig að síðustu að spyrja menntmrh.: Telur ráðh. að til þess muni koma, með hliðsjón af þróun málsins hingað til, að til málaferla þurfi að stofna?

Ég vil spyrja iðnrh. í fyrsta lagi: Hvert er álit hans á lögfræðilegu áliti prófessors Gauks? Og í öðru lagi vil ég spyrja iðnrh. hvort iðnrn. hafi gert lögfræðilega úttekt á málinu, eða Kísiliðjan, og hverjar séu niðurstöður hennar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Afskipti menntmrn. af þessu máli hafa fyrst og fremst falist í því að leitast við að jafna þann ágreining sem upp hefur komið milli iðnrn. og Náttúruverndarráðs. Hér er fyrst og fremst um lagalegan ágreining að ræða sem snýst um það hvort leita eigi eftir leyfi Náttúruverndarráðs vegna náms kísilgúrs úr botni Mývatns, eins og raunar er boðið í lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 36 frá 1974.

Án þess að ætlunin sé að fara nákvæmlega út í þau lagalegu atriði sem nú eru til athugunar í iðnrn. og menntmrn., þá þykir mér rétt að gera í sem stystu máli grein fyrir þeim sjónarmiðum sem menntmrn. og Náttúruverndarráð hafa haldið fram í þessu máli.

Í lögum um verndun Mývatns og Laxár, sem samþykkt voru á Alþingi fyrir 11 árum, segir að tilgangur laganna sé að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu. Talið var að á þessu svæði þyrfti að hafa enn nánara eftirlit og enn ríkari rétt náttúruverndaraðila en á öðrum stöðum til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu. Enn fremur segir í 3. gr. laganna um verndun Mývatns og Laxár að á verndunarsvæðinu séu hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimil nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Það er skilningur menntmrn. og Náttúruverndarráðs að nám kísilgúrs úr botni Mývatns sé jarðrask í skilningi laganna um verndun Mývatns og Laxár og því beri að leita eftir leyfi Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hefjast til efnistöku úr botni Mývatns. Spurningin getur hins vegar verið um það: Á slíkt leyfi að liggja fyrir áður en námaleyfið er gefið? Það atriði er formsatriði hvort leyfi, sem iðnrn. hefur gefið út, stenst vegna þessa. Ég hygg að það atriði skipti ekki höfuðmáli heldur hitt að það er ljóst að leyfis Náttúruverndarráðs þarf að leita áður en kemur til slíks jarðrasks. Hinn 30. janúar s. l. veitti hæstv. iðnrh. Kísiliðjunni við Mývatn einkaleyfi til efnistöku kísilgúrs úr gjörvöllum botni Mývatns utan netlaga til 15 ára. Leyfi Náttúruverndarráðs lá ekki fyrir þá eins og kunnugt er. Samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs starfaði á þeim tíma að ýmsum atriðum sem tengdust sjálfri leyfisveitingunni. Þessi samstarfsnefnd hafði verið sammála um að brýn þörf væri á auknum rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms á botni Mývatns á lífríki þess.

Þess verður að geta í þessu sambandi að sú rannsóknarstöð sem Náttúruverndarráð hefur rekið við Mývatn hefur löngum verið í fjársvelti, að því að mér er tjáð, og þess vegna e. t. v. ekki getað sinnt eins miklum rannsóknum eins og skyldi, en þó nokkuð, og mikilvægum þeim sem þegar hefur verið unnið að.

Þegar mál stóðu svona og leyfið hafði verið gefið út þá sendi Náttúruverndarráð hæstv. iðnrh. formleg mótmæli gegn útgáfu námaleyfisins. Þau mótmæli voru byggð á því að þótt hæstv. iðnrh. hefði heimild til útgáfu námaleyfis á grundvelli námalaganna liti Náttúruverndarráð svo á að sú heimild takmarkaðist af ákvæðum laga um verndun Mývatns og Laxár. Jafnframt sendi Náttúruverndarráð menntmrh. bréf þar sem óskað var eftir því að rn. aðstoðaði ráðið við að leita réttar síns í samræmi við lögin um verndun Mývatns og Laxár. En rn. hafði ekki komið að þessu máli og undirbúningi þessa efnis á fyrri stigum, enda stóð það ekki til, þar sem það var á verksviði Náttúruverndarráðs sem sjálfstæðs stjórnvalds.

Á fundi sem menntmrh. hélt með fulltrúum Náttúruverndarráðs kom fram að ráðið væri tilbúið að reyna að ná samkomulagi við iðnrn. ef unnt væri að samræma hið undeilda námuleyfi þeim sjónarmiðum sem Náttúruverndarráð hefur haldið fram í þessu máli. Ég hafði haft trú á því að þetta væri unnt, og hef það enn, að það sé unnt að samræma þessi sjónarmið.

Sá misskilningur hefur komið fram í opinberri umræðu um þetta mál að Náttúruverndarráð hafi farið fram á það að Kísiliðjunni hf. við Mývatn yrði lokað og starfsemi hennar hætt. Það er alrangt. Náttúruverndarráð hefur aldrei lýst sig mótfallið starfsemi Kísiliðjunnar við Mývatn en telur hins vegar að um starfsemi af þessu tagi á þessu einstaka landsvæði verði að fara að öllu með gát. Því verði að setja starfsemi, sem byggir á jarðraski á þessu svæði, ákveðnar skorður, t. d. með því að takmarka efnisvinnslunna við ákveðin landsvæði þar til niðurstöður frekari rannsókna liggja fyrir. Nátt-

úruverndarráð hefur lýst þeirri skoðun sinni að ef veita eigi námuleyfi til 15 ára þá verði svæðið takmarkað við Ytri-Flóann, nánar tiltekið innan þess svæðis sem hefur þær viðmiðanir á landi sem eru að vesturmörkum — ja, hv. þm. hafa nú ekki landakort hér fyrir framan sig, en þeir sem eru kunnugir í þessari fögru sveit kannast kannske við staðina, og því nefni ég það að í vesturmörkum er lína úr Dauðanesi um Ölvershólma í Kvæk og að austurmörkum lína úr Dauðanesi í dælustöð við Helgavog. Þetta voru þau staðarmörk.

Jafnframt hefur Náttúruverndarráð lýst því yfir að bendi rannsóknir til þess að námurekstur inn hafi ekki í för með sér slík áhrif að verulegar breytingar til hins verra verði á dýralífi og gróðri í Mývatni og við það þá mundi ráðið ekki leggjast gegn því að vinnslusvæðið yrði stækkað og vinnsla hafin á nýjum stöðum.

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem varð á fundi mínum með náttúruverndarráðsmönnum voru hafnar viðræður við fulltrúa iðnrn. Í þessum viðræðum lagði fulltrúi menntmrn., Þórunn Hafstein lögfræðingur, fram hugmyndir sem gætu orðið eins konar viðbót við þetta leyfi, hvað sem það yrði kallað, eða yfirlýsingu af hálfu hæstv. iðnrh. Það voru efnisatriði sem hefðu getað orðið til þess að leysa málið þá, en samkomulag varð ekki á því stigi. Þessi drög voru unnin í samráði við Náttúruverndarráð.

Menntmrn. leitaði jafnframt til óháðs aðila í þessu máli, dr. Gauks Jörundssonar lagaprófessors, um að hann gæfi álit sitt á því hver réttarstaða Náttúruverndarráðs væri að þessu leyti til og hvaða þýðingu lögin um verndun Mývatns og Laxár hefðu í þessu máli. Niðurstaða dr. Gauks er í samræmi við þau sjónarmið sem áður hefur verið gerð grein fyrir og rn. hefur haldið fram. Og hún er í stystu máli sú að nám kísilgúrs úr botni Mývatns sé háð leyfi Náttúruverndarráðs og ákvæðum laga um verndun Mývatns og Laxár enda teljist nám kísilgúrs úr botni Mývatns til jarðrasks í skilningi þeirra laga. Dr. Gaukur lítur einnig svo á í álitsgerð sinni að starfsemi Kísiliðjunnar við Mývatn sé ekki undanþegin lögunum um verndun Mývatns og Laxár. Um það atriði, hvort nám kísilgúrs úr botni Mývatns teljist til jarðrasks í skilningi laganna, eru lögfræðingar ef til vill ekki algjörlega sammála. En í álitsgerð Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, sem er lögmaður Kísiliðjunnar hf., telur hann að það sé ekki vafalaust að nám kísilgúrs teljist til jarðrasks í skilningi þeirra laga. Hann telur að jarðrask miðist við það sem sé á yfirborði lands og þá samkvæmt hans áliti á yfirborði hins þurra lands, en það sé ekki átt við það sem sé á vatnsbotni eins og þarna væri um að ræða.

Mér er engin launung á því að ég get ekki fallist á það sjónarmið. Ég tel að sjónarmið dr. Gauks um þetta atriði sé rétt. En þegar menn greinir á um þetta þá annaðhvort semja menn um niðurstöðuna eða fá úr henni skorið af óvilhöllum þar til bærum aðila.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Allt frá því í febrúar hefur menntmrn. haft stöðugt samráð við Náttúruverndarráð vegna þessa máls og enn fremur átt viðræður við fulltrúa iðnrn. sem miðuðu að farsælli lausn á þessum málum. Það er unnið að hugmyndum um samkomulag milli Náttúruverndarráðs og iðnrn. Það er alveg ljóst að atvinnuhagsmunir, bæði á þessu svæði og annars staðar, eru engan veginn ósættanlegir þeim hagsmunum sem liggja til grundvallar náttúruvernd. Og það er stefna rn. og ríkisstj. í heild, er mér óhætt að segja, að náttúruvernd og atvinnuhagsmunir eigi að geta farið saman. Það sé farsælast þegar við lítum til framtíðarinnar og að því munum við vinna.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðh. Mér sýnist nú heldur halla á iðnrn. orðið í þessu máli. Það hefur komið hér fram að menntmrn. styður eindregið stefnu Náttúruverndarráðs. Menntmrn. gerir skoðanir Gauks Jörundssonar að sínum. Á móti er teflt áliti lögmanns Kísiliðjunnar sem telur ekki vafalaust að þessu sé svona háttað. Það er nokkuð veik afstaða gegn því sem áður er komið fram. Það er bersýnilegt að það er verið að reyna að finna leið fyrir iðnrn. út úr þessu máli, t. d. með þeim skilgreiningum að það sé nóg að leyfi Náttúruverndarráðs komi eftir á, komi þegar leyfi til kísilgúrtöku hafi verið veitt af iðnrn. Ég held nú að ef almennt væri farið inn á þessa braut í stjórnsýslunni yrði margt býsna skondið í sambandi við það hvernig menn afgreiddu leyfi og stimpluðu sín plögg.

Það kemur fram í máli ráðh. að Náttúruverndarráð hefur lýst sig fúst til að veita leyfi til 15 ára kísilgúrtöku og hefur lýst sig fúst til þess að stækka kísilgúrtökusvæðið ef rannsóknir bendi til að mati ráðsins að það sé í lagi. Mér sýnist því, svo ég endurtaki byrjunarorð mín, að boltinn sé að öllu leyti hjá iðnrn. hvað þetta varðar.

Ég spurði ráðh. báða hvort þeir teldu líkur á því að þetta mál yrði á endanum að útkljá fyrir dómstólum, þ. e. hvort menntmrn. mundi höfða ógildingarmál ef ekki næðust samningar. Ráðh. svaraði ekki þeirri spurningu. Við sjáum til hvort henni verður svarað hér í dag. En eins og ég segi, ég vona að iðnrh. sjái ástæðu til þess að taka til máls um þetta hér og útskýra sjónarmið iðnrn., sem virðist hafa þvælst fyrir í þessu síðan að minnsta kosti í byrjun apríl, þegar álit prófessors Gauks liggur fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Einarssyni fyrir að hreyfa þessu máli hér. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að vinnubrögð hæstv. iðnrh. í þessu máli séu í fyrsta lagi nokkuð óvenjuleg, í öðru lagi óheppileg. Ég tel að leita hefði átt fastar á um samkomulag og sátt í þessu máli og ég tel að það hefðu verið fullar forsendur fyrir því ef öðruvísi hefði verið á málum haldið af hálfu hæstv. iðnrh.

Í mínum huga, herra forseti, er staða laganna nr. 36 frá 1974, um verndun Mývatns og Laxár, ótvíræð og hún er mjög sterk. Og maður hlýtur að spyrja sjálfan sig hvers virði t. d. hin almennu náttúruverndarlög í landinu séu ef þessi lög, þessi sérstöku lög um verndun þessa svæðis, halda ekki betur en þetta. Ég óttast að þau séu þá ákaflega veik ef hægt er að leika svona með þessi lög sem hafa sérstaka stöðu í hugum allra náttúruverndarmanna á Íslandi.

Ég hvet hæstv. menntmrh. til að halda þannig á þessu máli fyrir hönd Náttúruverndarráðs að staða ráðsins og hlutverk sé virt. Hér er á ferðinni ákveðið prófmál í sambandi við náttúruvernd og stöðu þeirra mála og þeirrar stofnunar sem fer með yfirstjórn þeirra.

Ég tel að af svörum menntmrh. og af öllu eðli málsins sé nú alveg ljóst og ótvírætt að í öllu falli þurfi leyfi Náttúruverndarráðs að liggja fyrir áður en Kísiliðjan hefur vinnslu á grundvelli hins nýja námuleyfis. Ég bið

hæstv. iðnrh. að leiðrétta mig ef hann er ekki sammála þessum skilningi. Ég skildi að minnsta kosti orð hæstv. menntmrh. þannig að hún væri þeirrar skoðunar, sem og má ótvírætt vera af lestri grg. dr. Gauks Jörundssonar.

Herra forseti. Það orkar víst allt tvímælis þegar gert er. Ugglaust má deila um efnisþætti þessa máls en það er ekki tóm til þess hér í stuttum fyrirspurnatíma. Ég verð að segja það að mér finnst hæstv. iðnrh. hafa unnið hér meir af kappi en forsjá. Hann hefur að mínu mati verið fullfljótur að grípa til vopna sinna, enda er það alkunna að hann óttast fátt meira en að verða fyrir því að lenda í snerrum en ná ekki vopnum sínum. Ég hvet hæstv. iðnrh. til að endurskoða afstöðu sína í ljósi nýrra upplýsinga, m. a. grg. dr. Gauks Jörundssonar. Einnig hvet ég hæstv. menntmrh. til að halda á máli þessu af fullri reisn fyrir hönd náttúruverndar og Náttúruverndarráðs. Annað er ekki verjandi í þessu máli burtséð frá efnisatriðum þess.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Einarsson mun hafa farið norður að Mývatni skömmu eftir utandagskrárumræðurnar hér í vetur og mætti þar á fundi með starfsmönnum Kísiliðjunnar m. a. Hann kvað hafa sagt sjálfur að hann hefði farið af þeim fundi margs fróðari enda bar framsaga hans og framkoma öll því glöggt vitni hér miðað við fúkyrðin frá því í vetur. Það sem hér er um deilt, eins og frsm. gat um, eru lög og lagaskýringar. Fyrir liggur títt tilvitnað álit prófessors Gauks Jörundssonar sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði að væri opinbert plagg. Ég vissi það nú reyndar ekki þó að ég hefði fengið að glugga í það. Lagaskýringar liggja fyrir frá öðrum aðila, Hirti Torfasyni lögmanni, þar sem hann kemst ekki að sömu niðurstöðu og prófessor Gaukur og að yngri lög um Laxá og Mývatn, yngri en lög um Kísiliðjuna, þar sem ríkisstj. er jú skylt að sjá verksmiðjunni fyrir námaleyfi, taki ekki af allan vafa um það og að sjálfsagt þurfi að leita til dómstóla með það yfirleitt. Hitt bendir hann á líka að hefði það verið ætlan löggjafans að vernda sérstaklega botninn, þá hefði það sjálfsagt verið tekið fram, því það er tekið sérstaklega fram í lögunum um verndun Laxár og Mývatns að ekki skuli breyta yfirborði vatnsins, ekki megi hækka eða lækka yfirborðið, og hefðu menn haft botninn í huga þá hefðu þeir sjálfsagt tekið það fram líka.

Náttúruverndarráð hélt fjölmennan almennan fund við Mývatn síðasta vetrardag. Þar lýsti einn náttúruverndarráðsmaður yfir því að ná mætti sáttum í málinu með því að Kísiliðjan héldi sig við námatöku innan ákveðinnar línu, væntanlega austan Dauðaness sem hæstv. menntmrh. gat hér um áðan. Þetta gekkst Kísiliðjan inn á nú fyrir helgina og samþykkti þessa málsmeðferð, að hún skyldi halda sig innan við þessa línu. En þá komu bara fram nýjar kröfur, þetta væri ekki nóg, það skyldi eingöngu lagt í dóm Náttúruverndarráðs hvort þær rannsóknir sem gerðar yrðu væru fullnægjandi eður ei. **(Gripið fram í:** Hvaðan hefur hv. þm. þessar upplýsingar?) Það er ekkert leyndarmál, þetta er frá fundum hjá Náttúruverndarráði. Ég man ekki betur en hér væri vitnað í fundi af Náttúruverndarráði, trúnaðarmál, áður en það kom í blöðunum í umræðunni í vetur. Það var vitnað í framsögur frá í vetur sem ég ætla að leiða hjá mér. Það var eitt sem ég vildi þó segja að sjálfdæmi sem slíkt sem Náttúruverndarráð fer fram á í þessu gæti reynst byggðinni í Mývatnssveit nokkuð dýrt.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það er mjög áberandi hið auða sæti iðnrh. og þátttökuleysi hans í þessari umr. Ég veit ekki hvað það boðar, hvort það boðar að hann hyggi kannske á sættir og vilji þess vegna ekki stugga við málinu. Hins vegar finnst mér ekki góður fyrirboði að orðalag sem vitnað er til hér úr bréfi Hjartar lögmanns Torfasonar hljómar eins og málsvörn. Mér heyrist að hér sé lögmaður Kísiliðjunnar að útbúa málsvarnargagn fyrir iðnrh. Það skyldi þó ekki vera að þetta mál yrði ekki útkljáð fyrr en fyrir dómstólum?

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil vegna orða hv. 4. landsk. þm. varðandi hæstv. iðnrh. taka það fram að hinni formlegu fsp. var eingöngu beint til hæstv. menntmrh. og ef hæstv. iðnrh. ætti að koma inn í þessar umr. þá væri hann með aðeins sínar tvær mínútur eins og aðrir þm. ef hann þyrfti að svara ítarlegum spurningum manna í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil nú vekja athygli á því, sem auðvitað er alkunnugt þingreyndum mönnum hér, að hæstv. iðnrh. hefur verið þekktur fyrir það að komast býsna vel af með svo sem eins og tvær mínútur þegar mikið liggur við og mig undrar nokkuð þögn hans, ég verð að segja það. Ég óttast að illa sé komið fyrir honum ef það vopna hans sem mér skilst að hafi alltaf reynst honum einna best, tungan, hefur nú svikið hann og má hann hana hvergi brúka. Má með sanni segja að hann nái ekki þessu vopni sínu ef hann ekki getur komið hér og gefið nokkuð svör þó hann hafi ekki til þess nema tvær mínútur.

Vegna þeirra orða sem hv. þm. Björn Dagbjartsson lét hér falla og reyndar oftar hefur komið fram í þessu máli vil ég segja það sem skoðun mína að ég held að það sé heppilegt að halda aðgreindri umræðu um annars vegar efnisatriði þessa máls, sem deilt er um, viðkvæm mál eins og rekstrarstöðu þessa fyrirtækis og afkomu fólksins sem þar vinnur, og hins vegar lagalega stöðu málsins, réttarstöðu laga nr. 36 frá 1974 og hvernig þau standa gagnvart öðrum lögum. Ég held að það sé máli þessu til framdráttar og góðs að menn reyni að greina efnisatriði þannig niður. Ég lít ekki síst á þetta mál alvarlegum augum með tilliti til þess að þetta er prófmál fyrir náttúruverndarlög í landinu, fyrir þessi sérstöku lög um verndun Laxár og Mývatns, og einnig að nokkru leyti fyrir hin almennu náttúruverndarlög, eins og ég sagði hér áðan, og ég hlýt að harma það og ég tel það óviðunandi ef gengið verður yfir náttúruverndarlögin með þessum hætti og ekki næst að rétta stöðu þeirra gagnvart þessari leyfisveitingu hæstv. iðnrh.

Lögverndun á starfsheiti kennara, fsp. 453. mál (þskj. 771). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 771 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.: Hvenær er að

vænta stjfrv. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara? Tilefni þessarar fsp. er það að s. l. haust flutti ég ásamt tveimur öðrum hv. þm., þeim Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristófer Má Kristinssyni, frv. til laga um lögverndun á starfsheiti kennara. Að því máli var unnið í samráði við stjórn Bandalags kennarafélaga sem hafði í erindi til þingflokka í september s. l. sérstaklega óskað eftir því að þingið tæki á þessu máli, raunar ásamt fleiri baráttumálum þessa nýstofnaða sambands.

Um svipað leyti og frv. okkar þriggja um þetta mál var lagt fram í hv. Nd. upplýsti hæstv. menntmrh. í Sþ., nánar tiltekið þann 23. október s. l., að á vegum menntmrn. væri hafinn undirbúningur að frv. til laga um sama efni og sérstök nefnd, sem í ættu m. a. sæti fulltrúar frá Bandalagi kennarafélaga, væri þá að hefja störf við samningu á slíku frv. Orðrétt sagði hæstv. ráðh. nefndan októberdag:

„Vænti ég þess að það líði ekki mjög margir dagar áður en slíkt frv. verður tilbúið."

Síðan hefur þetta mál oft borið á góma í umræðum hér í þinginu, m. a. í tengslum við kjarabaráttu kennara á liðnum vetri. Hæstv. menntmrh. hefur ítrekað staðhæft að von væri á stjfrv. um þetta efni. Þann 26. nóvember mælti ég fyrir frv. um lögverndun á starfsheiti kennara í hv. Nd. Við það tækifæri sagði hæstv. menntmrh. m. a. orðrétt:

„Einungis til þess að auðvelda störf hæstv. menntmn., sem væntanlega fær þetta frv. til umfjöllunar, vil ég taka fram að innan tíðar er væntanlegt stjfrv. um þetta efni. Það mundi kannske auðvelda vinnuna að þessu máli að fjallað yrði um þessi mál samtímis."

Í sömu ræðu sagði hæstv. ráðh. að störfum umræddrar nefndar rn., orðrétt: „sé um það bil að verða lokið."

Miðað við þessar ítrekuðu staðhæfingar hæstv. ráðh. var full ástæða til að ætla að stjfrv. um þessi efni kæmi hér inn á borð hv. þm. fyrir síðustu jól. En árið leið án þess að þau fyrirheit rættust. Í febrúar og mars innti ég hæstv. ráðh. enn eftir því hvað liði boðuðu stjfrv. Þann 19. febrúar s. l. svaraði hæstv. menntmrh. fsp. minni með svofelldum hætti:

„Það sem um er verið að ræða er að í menntmrn. hefur verið unnið mjög mikið starf að þessum hagsmunamálum kennara sem annars vegar er málið um löggildingu starfsheitis og hins vegar um endurmat á störfum. Hér er um að ræða samstarfsnefndir beggja þeirra aðila sem hlut eiga að máli, annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar kennaranna sjálfra. Og það sem verið er að gera er að vanda verkin. Það er unnið í mjög góðu samkomulagi og á málefnalegum grundvelli að þeirri lausn þessara mála sem viðunandi er. Ég vona að það takist. Starfslok eru nú mjög skammt undan í þessu."

Þetta var m. a. það sem hæstv. ráðh. mælti hér 19. febrúar s. l. Nú er kominn 14. maí og enn bólar ekki á marglofuðu stjfrv. Fyrir hv. menntmn. liggur enn óafgreitt það þmfrv. sem ég gat um áðan. Ég spyr nú hæstv. menntmrh. enn einu sinni: Hvenær er von á að hæstv. ráðh. og ríkisstj. efni fyrirheit sín við þingið og kennara um að slíkt frv. verði fram lagt hér á Alþingi?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er í raun og veru ekkert því til fyrirstöðu að ég gæti lagt fram frv. sem eingöngu fjallaði um lögverndun starfsheitis kennara eins og ég lýsti yfir snemma í vetur. En ég mun nú gera grein fyrir því af hverju það hefur ekki orðið.

Samtök kennara hafa lengi haft á stefnuskrá sinni það sem hefur verið kallað lögverndun starfsheitis kennara. Þetta hefur ítrekað komið fram í yfirlýsingum frá fundum og þingum kennarasamtakanna. S. l. haust skýrði ég forsvarsmönnum samtakanna frá því að ég væri reiðubúin til að skipa nefnd fulltrúa tilnefndra af kennarasamtökunum til þess að starfa með fulltrúum rn. að því að gera tillögur að frv. um lögverndun starfsheitis kennara. Nefndin var skipuð í október.

Í viðræðum mínum við forustumenn kennarasamtakanna hafði oft komið fram að ég vildi vinna að framgangi lögverndunar starfsheitis grunnskólakennara annars vegar og framhaldsskólakennara hins vegar með sama hætti og starfsheiti bókasafnsfræðinga hafði verið lögverndað með lögum frá Alþingi í maí 1984, fyrir ári síðan. Í umræðum á Alþingi hinn 12. mars 1984, þegar ég mælti fyrir frv. til laga um bókasafnsfræðinga, sagði ég að það frv. fjallaði ekki um starfsréttindi heldur einungis um réttindi til að nota þetta starfsheiti. Þegar nefnd skipuð fulltrúum kennarasamtakanna og fulltrúum menntmrn. hóf störf nú í vetur varð fljótt ljóst að kennarar höfðu ekki einvörðungu áhuga á lögverndun starfsheitis sambærilegri við það sem bókasafnsfræðingar höfðu hlotið, heldur vildu þeir aukna verndun starfsréttinda sinna, sem í raun og veru þrengir aðganginn að kennarastarfinu, en sjálf starfsréttindi kennara njóta þegar lögverndunar, sbr. lög um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51/1978.

Þegar þessi afstaða kennara var ljós fól ég fulltrúum rn. í nefndinni að kanna með hverjum hætti væri unnt að ná samkomulagi við fulltrúa kennarasamtakanna um drög að einu frv. þar sem bæði væri kveðið á um starfsheiti og starfsréttindi, þ. e. mér þótti nauðsynlegt að það lægi skýrt fyrir hve langt það væri sem kennarar vildu að gengið væri í þessu sambandi, m. ö. o. hvaða merking fólst í óskinni um lögverndun starfsheitis sem ég taldi alveg ljósa en virtist að svo komnu máli fela í sér meira frá þeirra sjónarmiði séð. Nefndarmenn leituðust við að finna leið sem mögulegt gerði að verða við óskum kennara að þessu leyti án þess að skólastarfi í landinu væri stefnt í hættu sökum kennaraskorts.

Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum. Eins og kunnugt er var mjög erfiður tími, svo að ekki sé meira sagt, nú vikum saman, einkanlega þó í marsmánuði, á starfsvettvangi kennara. Það olli að sjálfsögðu vissri truflun í þessu starfi. En nú virðist ljóst að hugmyndir fulltrúa kennaranna miðast við að það nægi ekki, eins og segir í lögunum um embættisgengi kennara og skólastjóra, að réttur til skipunar í starf sé háður þar til greindum skilyrðum, sem séu m. a. próf í uppeldis- og kennslufræðum, heldur yrði skv. hinum nýju hugmyndum ekki heldur heimilt að setja eða ráða menn til kennarastarfa nema þeir fullnægi þessum skilyrðum.

Þetta atriði hef ég rætt í ríkisstj. og afstaða ríkisstj. gagnvart því er sú að ekki sé unnt, eins og sakir standa, að fallast á það vegna þess að þá sé ljóst að svo mjög stefni í kennaraskort víða á landinu að tvísýnt yrði um það hvernig menn gætu fullnægt fræðsluskyldunni. Ég tel fyrir mitt leyti að lögin um fræðsluskyldu gangi fyrir. Við verðum að fullnægja fræðsluskyldunni jafnvel þó

að við höfum ekki kennurum með full kennsluréttindi á að skipa alls staðar, en svo hefur ekki verið árum saman eins og mönnum er kunnugt. Þess má geta að tæp 15% grunnskólakennara í landinu hafa ekki full starfsréttindi skv. lögunum eins og þau eru í dag, hvað þá ef þeim væri breytt í þrengra form. Sambærilegar tölur um framhaldsskólastigið hef ég því miður ekki en þetta atriði segir strax sína sögu og er ástæðan fyrir því að ekki er komin niðurstaða í þetta mál.

En ég ítreka það að sjálf er ég reiðubúin og ríkisstj. fyrir sitt leyti til að standa að því að flutt sé frv. um lögverndun starfsheitanna með sama hætti og gert var um bókasafnsfræðingana og þótti í þeirri stétt mikið framfaraspor. Við erum reiðubúin til að standa að því en teljum aftur á móti ekki unnt að þrengja aðgang að kennarastarfi frá því sem nú er við þær aðstæður sem nú ríkja og í þeirri óvissu sem skólahaldi væri þá stefnt í.

Kristín H. Tryggvadóttir: Hæstv. forseti. Það er mjög alvarlegt fyrir framvindu skólamála í landinu að ekki skuli enn hafa verið staðið við þau fyrirheit af hálfu menntmrh. að leggja fram frv. um lögverndun kennarastarfsins. Lögverndun heitisins eins bjargar ekki skólastarfinu og kemur ekki börnum til góða. Það eru starfsréttindin, starfið, kennsla í grunnskóla svo og framhaldsskóla, sem þarf að hlúa að og vernda. Lögin frá 1978 eru galopin eins og komið hefur í ljós þar sem er hægt að setja hvern sem er.

Sem nm. í þeirri nefnd sem menntmrh. skipaði í okt. s. l. til að vinna að gerð lagafrv. um lögverndun starfsheitisins „grunnskólakennari" læt ég í ljós hryggð mína yfir því að sú mikla vinna, sem lögð var fram í nefndinni í vetur, skuli hafa verið stöðvuð þann 22. febr. s. l. þegar aðeins var eftir að ganga frá einni grein sem varðaði réttindanám fyrir réttindalaust fólk í kennslustörfum, sem gert var ráð fyrir að væri inni í lagafrv. þótt nóg sé af kennurum, þ. e. réttindafólki, í landinu.

Til hvers er verið að fara fram á það að menn búi yfir kunnáttu til ákveðinna starfa? Af hverju fá ekki allir að annast lögfræðistörf, læknisstörf eða ökukennslu? Ég er viss um að ýmsir treysta sér til slíks án tilskilinnar þekkingar eða menntunar. En að fara með 30 barna hóp, kenna, getur hver sem er. Það þarf ekki að tryggja neina faglega vinnu þar. Til hvers er Kennaraháskóli Íslands? Skiptir kennaramenntun nokkru máli?

Samt aukast stöðugt kröfur til kennara og skóla. Það gleymist bara að huga að því þegar verið er að tala um að skólinn eigi nú að gera þetta eða taka að sér hitt hlutverkið, að þar er kannske enginn kennari. En vita foreldrar það? Er þeim sama?

Hæstv. ráðh. sagði áðan að skólastarfi yrði stefnt í hættu af því að það skorti kennara. Það er líka sagt að ekki sé meiri hl. á þingi fyrir samþykkt frv. um lögverndun kennarastarfsins. Nei, það væri kannske rétt að lögvernda öll önnur störf, þá geta þeir sem hvergi komast að kennt börnum. Hvernig erum við að búa að framtíðinni? Getur það verið að þið, hv. þm., treystið hverjum sem er án nokkurrar faglegrar þekkingar til að taka að sér fræðslu og uppeldi barna ykkar eða barnabarna eða getur það ekki hent ykkar börn, aðeins börn hinna? Berum við ekki ábyrgð á framtíð allra barna í landinu?

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að svara fsp. minni. En ekki horfir til betri vegar að því svari fengnu því að efnislega upplýsti hæstv. ráðh. okkur um það, að alls ekki væri á döfinni af hálfu rn. að leggja fram stjfrv. hér um þetta efni svo sem lofað hafði verið. Ég er satt að segja meira en lítið undrandi á þeirri framkomu af hálfu hæstv. menntmrh. að koma nú undir lok þings þrátt fyrir ítrekaða svardaga hér fyrr í vetur um að slíkt frv. væri í burðarliðnum og greina frá því að ríkisstj., eins og hæstv. ráðh. sagði, teldi að ekki væri hægt að fallast á að slíkt frv. yrði flutt. Þó hafði hæstv. ráðh. greint frá því hér í tilvitnuðu svari mínu áðan, ég hygg 19. febr. s. l., að mjög gott samkomulag væri milli aðila í þeirri nefnd sem hæstv. ráðh. hafði skipað varðandi efnisþætti þessa máls, þannig að þar var ekkert hik, þar var enginn vafi.

Hvenær snérist hæstv. ráðh. hugur í þessu efni og hvers vegna tryggði hæstv. ráðh. ekki skil þeirrar nefndar, þar sem hæstv. ráðh. átti sína fulltrúa, þannig að það lægi þá skýrt fyrir hvaða sameiginleg niðurstaða þarna væri fengin? Hér kemur einn hv. nm. sem situr nú sem þm. hér á Alþingi og upplýsir okkur um að það hafi aðeins verið eitt atriði sem var ófrágengið en enginn sérstakur efniságreiningur um málið og varðaði ekki það sem ráðh. er að segja að nú standi í vegi í þessum efnum og hafi valdið því að ráðh. treysti sér ekki að leggja fram stjfrv. og þess er ekki von.

Þessi vinnubrögð af hálfu hæstv. menntmrh. og ríkisstj. gagnvart kennurum eru dæmigerð fyrir það sem gerðist á síðasta vetri. Hæstv. menntmrh. reyndi lengi vel að láta líta svo út að hans rn. og hann sjálfur væri allur af vilja gerður að ljá kennurum lið með störfum nefnda á vegum síns rn. Ég gekk einmitt eftir því ítrekað hér í þinginu hverjar væru efndirnar. Það var sérstök nefnd til að endurmeta kennarastarfið. Hver hefur orðið uppskeran af starfi þeirrar nefndar sem kennarar bundu vissulega miklar vonir við? Jú, Kjaradómur sem ríkisstj. vísaði deilunni við kennara til, Kjaradómur sem hefur skammtað kennurum með réttindi í byrjunarlaun hækkun upp á tæpar 3 þús. kr. Nú kemur hæstv. ráðh. og lýsir yfir áhyggjum sínum yfir því að erfitt reynist að manna skólana á komandi skólaári.

Ég tek undir þær áhyggjur eftir það sem gerst hefur á því skólaári sem nú er að ljúka. Aldrei fyrr, hygg ég, í sögu lýðveldisins hefur framkvæmdavaldið staðið að fræðslumálum í landinu og undirstöðu þeirra þar sem eru kennararnir með þeim hætti sem gerst hefur á því skólaári sem nú er að ljúka. Þar horfir víða í hreinan voða jafnt í grunnskólum sem framhaldsskólum. Það er ekki aðeins spurningin um að manna skólana heldur um það með hvaða hug starfsmenn ganga þar til starfa. Traust manna á framkvæmdavaldinu hefur brostið sem von er þegar ítrekað koma fram fyrirheit frá æðstu stjórnvöldum, einnig hæstv. forsrh., í þessu máli en sem öll eru svikin þegar á reynir. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum hæstv. menntmrh. ætlar að standa upp úr sínum stóli þegar þar að kemur að störfum ráðh. í ríkisstj. lýkur, með þann arf sem nú horfir í sambandi við skólastarf. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hér: Hvern telur hann raunverulegan árangur þess starfs sem menntmrn. beitti sér fyrir á liðnu skólaári til þess að rétta hag kennara og treysta störf í skólunum?

Að lokum, herra forseti, vil ég upplýsa það að hv.

formaður menntmn. Nd. hefur haft um það góð orð að þmfrv. um lögverndun á starfsheiti kennara, sem við þrír þm. í hv. Nd. stöndum að, verði brátt afgreitt úr menntmn. Nd. Þar eru bæði ákvæði sem varða verndun starfsheitis og starfsréttinda og einnig ákvæði til bráðabirgða sem tryggja eðlilegan sveigjanleika í sambandi við aðlögun þessa máls.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tók það svo að hér væri fsp. um hvað liði frv. um löggildingu kennara en ekki almennar umr. um málefni kennara. Það væri viss ástæða til að taka þátt í að ræða hér á hinu háa Alþingi þá yfirgripsmiklu punkta sem hv. ræðumaður Hjörleifur Guttormsson vék hér að áðan. En eins og hv. þdm. vita er ræðutími í fyrirspurnatímum takmarkaður við tvær mínútur þannig að mér gefst enginn kostur á að víkja að þessum punktum. Hins vegar sýnir þessi ræða hans að fsp. er ekki nema fyrirsláttur. Á bak við hana liggur sú hvöt að vekja hér upp með hálfsagðri sögu ýmis önnur atriði sem ég vildi gjarnan að mér gæfist kostur á að ræða síðar við þennan hv. þm. hér í deildinni.

Annars stóð ég ekki upp út af því. Ég stóð upp út af tveim atriðum öðrum. Í fyrsta lagi vil ég lýsa því yfir að það er ekki nein fyrirstaða á því að menntmn. afgreiði það frv. sem hv. þm. hefur flutt um starfsheiti kennara.

Ég vil í öðru lagi segja að ég var mjög undrandi á þeim tón sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Tryggvadóttur í garð þeirra fjölmörgu kennara sem hafa stundað þau störf á liðnum árum og áratugum og ekki hafa kennararéttindi. Orð eins og þau hvort hægt sé að treysta hverjum sem er fyrir uppeldi barnanna. Það hafa kennt mér fjölmargir kennarar sem ekki höfðu lögskilin réttindi. Ég get nefnt mann eins og Brynjólf Sveinsson yfirkennara við Menntaskólann á Akureyri sem dæmi. Ég get nefnt mann eins og Sverri Kristjánsson sagnfræðing. Ég get nefnt ótal aðra menn sem hafa kennt mér í gegnum árin og kennt mér mikið. Mér finnst það Alþingi til vansæmdar að þessi tími nú skuli notaður til þess að kasta grjóti að þessu fólki. Ég fullyrði það að ýmsir af merkustu skólamönnum landsins hafa verið sjálfmenntað fólk sem átti þess ekki kost sjálft að fara í langskólanám, eins og hugur þess stóð til, vegna lítilla efna. Ég get líka nefnt Benedikt Björnsson skólastjóra á Húsavík. Ég efast um að aðrir menn hafi skrifað betri málfræðibækur um íslenskt mál en hann né verið meiri uppalendur en hann eins og hans smásögur bera glöggt vitni. Það má nefna ótal menn aðra og ég held að það væri þinginu til meiri sóma, herra forseti, ef þm. reyndu að halda þessum umr. innan þess ramma að leyfa þeim mörgu gegnu sjálfmenntuðu mönnum og konum, sem hafa komið við uppeldi barna á undanförnum áratugum, að vera í friði.

Kristín H. Tryggvadóttir: Hæstv. forseti. Ég má til að koma hér aðeins og svara Halldóri Blöndal, hv. þm. Norðurl. e. þar sem það var ekki verið að kasta rýrð á þá sem „bjarga" því að kenna. Þeir eru ekki kennarar. Tímarnir hafa breyst. Starfið er allt annað en það var þegar við vorum í skólum. Ég er hér með tölu frá 1983—1984, þar sem ég tek aðeins Reykjanes, mitt kjördæmi, þar eru tólf manns fastráðnir kennarar, sem sagt eru kallaðir hér kennarar en menntun þeirra er aðeins landspróf eða gagnfræðapróf þannig að þeir eru með sömu menntun og þeir nemendur sem þeir eru að kenna núna í dag. Ég er ekki að kasta rýrð á þetta fólk. Mig langar kannske líka til að stunda lögfræðistörf en ég fengi það ekki. Kannske gæti ég verið góður lögfræðingur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ef hv. síðasti ræðumaður hefði kynnt sér ástand í skólamálum víða úti um land þá vissi hann að fyrir hefur komið að kennarar, sem vel hafa dugað lengi og verið góðir uppalendur, hafa orðið að hrökklast burtu af stöðum af því að nýútskrifaðir kennarar hafa komið og staldra kannske við í eitt ár þannig að gamalreyndir kennarar hafa hrökklast úr störfum. Þetta þekkjum við úti á landsbyggðinni. Mér finnst að fólk, sem er jafn, eigum við að segja, kæruleysi fyrir því hvernig skólastarf gengur utan þéttbýlisstöðvanna hér, eigi sem minnst að tala um þessi efni. Það er enn í dag og það hefur verið frá öndverðu mikið af vel menntuðu, heiðarlegu, góðu fólki, góðum uppalendum, sem hafa stundað kennslustörf. Þeir gera það í dag, en það er rétt, því fer fækkandi, þessu fólki. Af hverju? Vegna þess að fleira fólki en áður gefst kostur á að mennta sig. Það er skýringin. Það er ekki vegna þess að þetta fólk hafi ekki viljað mennta sig hér áður fyrr. Það er af því að það hafði ekki ráð á því að ganga í skóla. Þetta fólk hefði gengið í skóla hefði það haft efni á því. Það hafði það ekki. Síðan hefur það hlaupið í skarðið, það hefur menntað sig sjálft, það hefur fræðst af sjálfu sér, eigin dugnaði og eigin meðfæddum skilningi og góðum gáfum. Þessi dæmi þekkjum við um allt. Ég segi það sama og áðan, það fer alltaf í taugarnar á mér þegar verið er að gera lítið úr starfi þessa fólks.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er reynt að láta líta svo út sem orðið hafi einhver sinnaskipti í sambandi við afstöðu til þessa máls. Ég stend við það í dag sem ég sagði fyrir mörgum mánuðum síðan að ég er reiðubúin til þess strax að leggja fram frv. um lögverndun starfsheitis kennara, um starfsheiti grunnskólakennara og starfsheiti framhaldsskólakennara, þannig að ljóst sé í lögum hvaða menntun stendur á bak við hvaða starfsheiti.

En um hitt atriðið, að flytja frv. sem felur það í sér að fólki, sem ekki hefur tilskilin réttindi til skipunar skv. lögum núna, sé hreinlega bannað að stunda kennslustörf, þegar 15% af kennurum á landinu hafa ekki þessi réttindi en vinna samt við það að fullnægja fræðsluskyldunni úti um landið, þá sé ég ekki að aðstaða sé til að flytja frv. um slíkt bann. En ég legg áherslu á, ég undirstrika að það atriði er einfaldlega annað en löggilding starfsheitis. Það sem ég hef sagt hefur varðað löggildingu starfsheitis og ályktanir kennara hafa margar hverjar verið um það. Ef hins vegar fulltrúar kennara í undirbúningsnefndinni leggja höfuðáherslu á annað en það er ekki verið að fjalla um það mál sem hér var talað um í upphafi. Þetta er málið í hnotskurn. Ég gaf málefnalegar upplýsingar um öll atriði málsins eins og þau standa og frábið mér ómálefnalegar dylgjur eins og fram komu í máli hv. 5. þm. Austurl.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. ráðh. er nauðsynlegt að rifja það upp að 19. febr. lýsti ráðh. því yfir að mjög

gott samkomulag væri í nefnd þar sem formaður er, að ég hygg, skrifstofustjóri menntmrn. og frv. væri alveg að koma. Það er kannske ekki von á góðu ef hæstv. ráðh. veit ekki betur hvert stefnir, að hann er ósamþykkur því samkomulagi sem komið er í viðkomandi nefnd milli aðila.

Ég vek einnig athygli á því, herra forseti, og ætla ekki að lengja mál mitt, að hæstv. heilbrrh. kemur hér með frumvörp nánast á færibandi varðandi lögverndun á starfsréttindum og starfsheitum heilbrigðisstétta. Ég ætla að vænta þess að þegar frv. um löggildingu á starfsheiti kennara, sem liggur í menntmn., kemur brátt fyrir hv. Nd. fái það góðar undirtektir og m. a. stuðning hæstv. menntmrh. og hans flokksmanna á þinginu.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi bar ég fram svipaða fsp. og ég giska á að það hafi verið svar hæstv. menntmrh. við henni sem fyrirspyrjandi vitnaði til nú áðan. Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um sagnfræði, um liðna tíð. Hins vegar eru vandamál nútímans þau sem á okkur brenna nú. Ástand í skólum landsins, eftir þau átök í kjaramálum kennara sem urðu s. l. vetur, er vægast sagt til þess fallið að vekja miklar áhyggjur bæði nemenda og foreldra.

Hv. 3. þm. Reykn. Kristín Tryggvadóttir minntist á atriði í sínu máli um réttindanám þeirra 15% kennara sem nú væru réttindalausir. Væri ekki hægt að leysa þetta mál með því að hafa einhvers konar millibilsástand eitthvert tímabil þar sem þessir kennarar væru enn í starfi með þau réttindi sem þeir hafa haft meðan þeir væru að afla sér réttinda með námi? Væri ekki hægt að gera einhverja málamiðlun þannig að tillit væri tekið til réttinda þessara aðila sem enginn er, held ég, að kasta rýrð á og jafnframt til nemenda og annarra kennara?

Fjárhagsstuðningur við Kvennaathvarf, fsp. 446. mál (þskj. 759). — Ein umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Á þskj. 759 hef ég ásamt Kjartani Jóhannssyni, sem nú er erlendis í opinberum erindum, leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. Tilefni fsp. eru blaðaskrif sem urðu fyrir tæpum fjórum vikum um fjárhagsstöðu og fjármál Kvennaathvarfs í Reykjavík. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hefur fjmrh. kynnt sér fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins í Reykjavík?

2. Telur fjmrh. koma til greina að ríkissjóður veiti Kvennaathvarfinu sérstakan stuðning til þess að tryggja áframhaldandi þjónustu þess? Ef svo væri, með hvaða hætti yrði það þá gert?"

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. 2. flm. þeirrar fsp. sem hann og hv. þm. Kjartan Jóhannsson fluttu á þskj. 759 er það vegna blaðaskrifa um fjárhag Kvennaathvarfsins sem hún er borin fram. Ég sá ekki þessi blaðaskrif þannig að ég get ekki talað um þau. En fyrsta spurningin er:

„Hefur fjmrh. kynnt sér fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins í Reykjavík?"

Ekki get ég nú sagt að ég hafi kynnt mér fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins, enda ekki verið beðinn um það og hef ekki haft tækifæri til þess af öðrum ástæðum, og satt að segja hefur mér ekki dottið í hug að fara fram á að skoða fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins. Eftir því sem mér skilst er Kvennaathvarfið rekið á þeim stað sem helst engir eiga að vita um nema þeir sem reka það þannig að viðkomandi starfsemi fái að vera í sem mestu næði fyrir borgarbúum og eins ættingjum þeirra sem þar búa. Það er ein af þeirra reglum. Fyrstu spurningunni svara ég með neii.

2. spurningin: „Telur fjmrh. koma til greina að ríkissjóður veiti Kvennaathvarfinu sérstakan stuðning til þess að tryggja áframhaldandi þjónustu þess?"

Ég sem fjmrh. hef ekki hugsað mér að bjóða stuðning, en mér finnst sjálfsagt að ef erindi berst frá Kvennaathvarfinu verði það skoðað. Það er Alþingis að taka ákvörðun um stuðning eða ekki stuðning við Kvennaathvarfið, ef slíkt erindi berst, en þá mundi ég segja að það á ekki að eiga eingöngu við Reykjavík. Það verður þá prinsipákvörðun hvort Alþingi á eða á ekki að styðja kvennaathvörf hvar sem þau eru á landinu og þá með hvaða hætti sá stuðningur er, ef um stuðning er að ræða.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að ég efast um að kvennaathvarf í Reykjavík, eins og spurt er um, eigi að fá að njóta stuðnings ríkisins. Ég lít frekar á Kvennaathvarfið sem sveitarstjórnarmál og þá sveitarstjórnarmál á hverjum tíma. En ég hef þær spurnir vegna tengsla minna við Félag einstæðra foreldra, sem ekki hefur notið ríkisstyrks svo að ég viti til, en hefur aftur á móti hlotið mjög myndarlegan sveitarstjórnarstyrk úr höfuðborginni, að þessi tilraun með kvennaathvarf í Reykjavík hafi borið góðan árangur og það hafi svo sannarlega sannað tilverurétt sinn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa verulegum vonbrigðum með þessi svör sem hæstv. fjmrh. gaf hér áðan. Ég spurði hvort hann hefði kynnt sér fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins í Reykjavík og hann sagðist ekki hafa gert það vegna þess að hann vildi ekki vita hvar þessi stofnun væri til húsa. Það kemur málinu ekkert við. Það kemur málinu nákvæmlega ekkert við hvar stofnunin er til húsa. Rekstur hennar og fjárhagsstaða er allt annað sem auðvitað er hægt að kynna sér án þess að spyrja nokkurn tíma um hvar stofnunin sé til húsa. Af eðlilegum ástæðum vilja þeir sem þarna standa að málum ekki að það sé í hámæli hvar þetta er og það er ósköp skiljanlegt með tilliti til eðlis þeirrar stofnunar sem hér er um að ræða.

En hæstv. fjmrh. sagði líka með svari sínu að hann læsi a. m. k. dagblöðin ekki mjög vandlega. 19. og 20. apríl var fjallað um þessi mál í blöðunum og ég get sagt hæstv. fjmrh. að þar kom fram að í fyrra voru að jafnaði daglega sex konur og sex börn í þessu athvarfi sem áttu ekki í annað hús að venda og höfðu orðið að flýja þangað undan ofbeldi, ýmist líkamlegu eða andlegu. Það var 70% aukning dvalardaga á milli ára og 100% aukning rekstrargjalda. Og þessir einstaklingar, sem leituðu athvarfs þarna, voru ekki eingöngu úr Reykjavík, þeir voru af öllu stór-Reykjavíkursvæðinu og sjálfsagt í víðasta skilningi þess orðs. Ætli megi ekki segja af öllu Faxaflóasvæðinu.

Í ár er áætlaður reksturskostnaður þessarar stofnunar

3.4 millj. kr., en það hefur aðeins tekist að tryggja vilyrði fyrir 60% þeirrar upphæðar eða um 2 millj. kr. Í viðtali sem birtist í Þjóðviljanum við Ólöfu Briem gjaldkera Samtaka um kvennaathvarf segir hún sem svar við spurningunni hvaða fjárveitingar þær hafi fengið: „Við fórum fram á að ríkið stæði undir 60% af rekstrinum, en 40% skiptust á sveitarfélögin hér í kring eftir íbúafjölda og mér sýnist þetta ekki vera ósanngjörn beiðni."

Einhverra hluta vegna virðist þetta mál alls ekki hafa komist til hæstv. fjmrh. Nú er ég ekkert að draga úr hans góða hug til þessa málefnis, en þessi fsp. var fram sett til þess að vekja athygli á þessu máli, erfiðri fjárhagsstöðu stofnunar sem hefur sýnt sig að vera nauðsynleg, stofnunar sem þarf að hlúa að. Ofbeldi er til staðar í þessu þjóðfélagi og það er auðvitað skylda okkar að hjálpa þeim sem fyrir barðinu á því verða með hverjum hætti sem það er. Þessi stofnun hefur sýnt sig vera nauðsynleg, gegnt afar mikilvægu hlutverki. Það má ekki gerast að starfsemi hennar leggist niður vegna þess að ekki fáist þau tiltölulega lágu framlög sem farið er fram á úr sameiginlegum sjóðum þegna þessa lands. Ég hvet hæstv. fjmrh. eindregið til að endurskoða afstöðu sína til þessa máls og horfa til þeirra beiðna, sem þaðan kunna að koma, með þeirri velvild sem ég veit að hann á yfir að búa.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjendum fyrir að hreyfa þessu máli og hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem ollu mér þó miklum vonbrigðum. Og hann virtist sannarlega ekki vita mikið um málið. Ég hélt raunar að þarna hefði komið til hans beiðni eftir því sem lesa mátti út úr fréttum í blöðum. En ég get t. d. upplýst hann um að Kvennaathvarfið í Reykjavík sækja ekki bara konur og börn í Reykjavík, heldur víða af landinu þótt flestar séu af eðlilegum orsökum héðan. Annað er það að það er líka búið að stofna kvennaathvarf á Akureyri. Og bæði þessi athvörf hafa fengið fjárstuðning Alþingis. Stofnun og rekstur kvennaathvarfs er eitt gleggsta og besta dæmið um samtakamátt kvenna og eru slík dæmi þó mörg og merkileg. Kvennaathvarfið sannaði umsvifalaust tilverurétt sinn og þangað hefur verið stöðug aðsókn, því miður. Það er heldur ófagur vitnisburður um samskiptavandamál siðaðs fólks, ef hægt er að nota slíkt lýsingarorð um þá sem þarna eiga hlut að máli. Kvennaathvarfið hefur verið mörgum það ljós í myrkri sem þær hefur skort til þess að vísa þeim veginn út úr algeru vonleysi. Kvennaathvarfið er nauðsyn og þjóðfélaginu ber að mínu mati skylda til að styrkja slíkt framtak eins og framast er unnt.

Ljúft er og skylt að geta þess að fjvn. hefur sýnt skilning á málinu. Fulltrúar þar hafa ekki efast um réttmæti þess að styðja þetta framtak. Á síðasta ári jukum við verulega framlag ríkissjóðs til Kvennaathvarfsins, en við afgreiðslu fjárlaga í ár varð hins vegar um óverulega hækkun að ræða þótt ég ætti reyndar ekki von á að svo skjótt kæmi til vandræða, en það hefur m. a. stafað af því að gert var ráð fyrir meiri stuðningi frá sveitarfélögum og er leitt til þess að vita að ekki skuli öll nágrannasveitarfélög hafa séð ástæðu til að leggja fé af mörkum til þessarar starfsemi.

Ég vil svo að lokum heita á hæstv. fjmrh. að kynna sér þetta mál og verða að fullu við beiðni um þann fjárstuðning sem þarf til að halda þessari starfsemi gangandi og ég þykist þess fullviss að hver einasti þm. sé okkur sammála um réttmæti þess og nauðsyn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég verð að harma það að svör mín skuli valda vonbrigðum vegna þess að ég þekki afskaplega lítið til starfsemi Kvennaathvarfsins. Þó þekki ég nokkuð til. Ég var spurður sem fjmrh. og svaraði sem slíkur, en ef ég ætti að svara sem einstaklingur gæti ég kannske svarað öðruvísi.

Svör mín geta kannske valdið fyrirspyrjanda vonbrigðum vegna þess að ég svaraði sem fjmrh. og um þær óskir sem mér hafa borist sem slíkum. Fyrri fsp. gefur ekki tilefni til öðruvísi svara. Mitt svar gefur ekkert tilefni til þess að viðkomandi fari að láta í ljós vonbrigði hvort sem ég veit lítið eða mikið eða kannske ekki neitt um viðkomandi starfsemi. Ég hef ekki kynnt mér reksturinn. Það kom fram hjá mér. Og ég hef ekki hugsað mér að gera það þrátt fyrir að ég hafi verið mjög opinn fyrir stuðningi við þetta málefni þegar til mín hefur verið leitað.

Ég hef fulla ástæðu til þess að ætla, miðað við þann rekstur sem er t. d. á borgarheimilinu í Þingholtsstræti, að það sé full þörf fyrir slík athvörf fyrir karlmenn. Ef fólk vill á annað borð berjast fyrir því að hjálpa því fólki sem er í vanda af heimilisástæðum, sem kom fram í máli hv. 7. landsk. þm. áðan, þá er ástæða til þess að Alþingi taki þennan málaflokk og geri honum skil með tilliti til beggja kynja því að ofbeldi er ekki einum að kenna þegar tveir berjast. En það er eins og það sé alltaf feimnismál að karlmenn eru líka til.

En ég ætla að biðja hv. 2. flm. þessarar fsp. að kynna sér þátttöku mína í málefnum sem eru á sama sviði, eins og t. d. varðandi einstæða foreldra, og mig langar að gefa honum einar upplýsingar. Ég vissi ekki annað en barnaheimili það sem starfar t. d. sem skóladagheimili hafi verið rekið á minn kostnað tvö fyrstu árin.

Sameinað þing, 83. fundur.

Þriðjudaginn 14. maí, að loknum 82. fundi.

Forseti tók öll dagskrármál 83. fundar af dagskrá.

Efri deild, 73. fundur.

Þriðjudaginn 14. maí, að loknum fundi í Sþ.

Útvarpslög, frv., 5. mál (þskj. 907). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. sem hv. þm. er nú orðið vel kunnugt af mikilli umfjöllun bæði í allan vetur, í fyrra og nokkur ár þar á undan. Eins og mönnum er kunnugt, þá er þetta frv. að uppistöðu til frv. sem útvarpslaganefnd gekk frá. Sú nefnd var skipuð 23. sept. 1981 af þáverandi menntmrh., núverandi hæstv. forseta Nd., til að endurskoða núgildandi útvarpslög nr.

19 frá 1971. Í nefndinni áttu sæti þeir Markús Á. Einarsson veðurfræðingur, sem var formaður nefndarinnar, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Benedikt Gröndal fyrrv. forsrh., Ellert B. Schram þáverandi ritstjóri, Kristján J. Gunnarsson þáverandi fræðslustjóri, Ólafur R. Einarsson menntaskólakennari, sem nú er látinn, og Vilhjálmur Hjálmarsson þáverandi formaður útvarpsráðs og fyrrv. menntmrh.

Nefndin skilaði áliti 1982 og þá var því dreift til allra þm. Það er óhætt að segja að mönnum hafi gefist mjög rúmur tími til að taka afstöðu til allra meginatriða þessa máls. Hér er í raun og veru ekkert það nýtt á ferðinni sem krefst verulegrar kynningar. Þó er þetta mál á þann veg nýtt að margt þarf reynsla að leiða í ljós. Þess vegna vil ég nefna það strax að gert er ráð fyrir því að um framkvæmd þessa máls gildi nokkur aðlögunartími. Það er gert ráð fyrir því að þrjú ár verði eins konar aðlögunartími. Lögin séu endurskoðuð, ef þurfa þykir, innan þess tíma. Fyrstu útvarpsleyfin, sem veitt yrðu skv. væntanlegum lögum, ættu að gilda til þriggja ára einvörðungu til að byrja með.

Útvarpslaganefndin, sem vann að undirbúningi þessa máls fyrst, tók mið af þremur meginforsendum í starfi sínu:

1. Að leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá öllum landsmönnum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo geti orðið.

2. Að leggja til að fleirum en Ríkisútvarpinu yrði veittur réttur til útvarps, hljóðvarps og sjónvarps, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. M. ö. o., að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpi.

3. Að ein útvarpslög fjölluðu um allan útvarpsrekstur í landinu.

Grundvallarbreytingin í þessu frv. var sem sé að fleirum en Ríkisútvarpinu yrði veitt leyfi til útvarps.

Fyrsti kafli frv. fjallar ítarlega um skilyrðin, sem uppfylla þarf til að slík leyfi verði veitt. Í þeim kafla eru í fyrsta lagi ákvæði um útvarpsréttarnefnd sem skipuð verði skv. frv. sjö mönnum kjörnum af Alþingi og sjái hún um leyfisveitingar. Eftir þær breytingar sem gerðar voru í Nd. er einnig gert ráð fyrir að þessi nefnd sjái um fleiri atriði, m. a. að hún fjalli um og staðfesti verðskrár auglýsinga í útvarpsstöðvum.

Skilyrði til þess að fá leyfi útvarpsréttarnefndar eru þessi:

Í fyrsta lagi að eingöngu sé útvarpað á metra- og desimetrabylgju skv. úthlutun Póst- og símamálastofnunar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir, en það þýðir að Póst- og símamálastofnunin gefi út leyfisbréf þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðva, og aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðvar skuli vera í samræmi við reglugerð sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.

Í þriðja lagi er áskilið að sveitarstjórnir á svæðum þar sem útvarpsstöðin er starfrækt mæli með veitingu leyfis til útvarpssendingar. Þetta á að sjálfsögðu ekki við nema um sjálfan starfsstað stöðvarinnar, en ekki þá staði sem útsendingar ná til, enda væri slíkt örðugt í framkvæmd.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að erlendir aðilar fái ekki leyfi til útvarpsreksturs, með þeirri undantekningu þó sem varðar útvarp varnarliðsins.

Í fimmta lagi er óheimilt að senda út efni sem ekki hefur verið aflað leyfis fyrir með lögmætum hætti. Það segir sig e. t. v. sjálft, en þó er hert á skilyrðunum með þessu ákvæði, t. d. að afla þurfi leyfis skv. höfundaréttarlögum og flutningsréttar.

Það er rétt að geta þess að gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem leyfi fá til útvarpsrekstrar hlíti sömu skyldum og Ríkisútvarpið varðandi þjónustu við Almannavarnir ríkisins.

Það sem skiptir meginmáli í þessu frv. er að létta af þeim algera einkarétti sem Ríkisútvarpið hefur nú á þessum fjölmiðli, þannig að við megum sem fyrst njóta viðlíka frelsis og fjölbreytni um efni sem flutt er á öldum ljósvakans eins og gildir um prentaða fjölmiðla. Það ætti ekki að vera óeðlilegra nú á dögum um þessa tegund fjölmiðlunar heldur en er um annað tjáningarfrelsi. Þess vegna er þetta frv., þó að það sé á margan veg flókið og margbrotið og menn greini á um ýmis einstök atriði í því, í raun og veru tákn um það viðhorf nútímamanna að menn skuli í hvívetna njóta tjáningarfrelsis, sem takmarkast ekki af öðru en því tilliti til náungans sem fest er á blað í vissum ákvæðum laga og almennum siðareglum. M. ö. o., að ríkið hafi engan einkarétt á því að tjá sig um menn og málefni á öldum ljósvakans, heldur geti einstaklingar og þeirra samtök átt hlut að máli engu síður.

Það er fleira í þessu máli sem varðar líka tjáningarfrelsið og þá um leið lýðræðið. Það er hið umdeilda atriði sem hér kom til allsögulegrar atkvgr. í hv. Nd. í gær, rétturinn til auglýsinga, sem er fyrst og fremst til þess að auka jafnrétti þeirra sem útvarp reka til aðgangs að fjármögnun. Ef þessum auglýsingarétti væri ekki til að dreifa, þá væri aðstaða fjársterkra aðila til að reka útvarp enn sterkari. Það segir sig sjálft að þarna er um vissa gagnverkun að ræða. Útvarpsstöð, sem sendir út auglýsingar og allmikið af þeim, á auðveldara með að fjármagna gott framleitt efni heldur en hin stöðin, sem ekki nýtur slíkra tekna og byggir þá frekar á einhverju ódýru efni sem er misjafnt að gæðum. Á hinn bóginn er það líka svo að í þeirri útvarpsstöð, sem sendir út gott, vandað og vinsælt efni og margir hlusta þess vegna á munu menn sækjast eftir að auglýsa. Þessir hagsmunir fara því saman, menningarhagsmunirnir og auglýsingahagsmunirnir. Og ekki einungis vegna fjármögnunarinnar, heldur vil ég líka leggja á það áherslu að nú á dögum gera menn sér æ betur ljóst að það þarf að fullnægja ýmsum faglegum kröfum til þess að auglýsingar nái tilgangi sínum um leið og þær fullnægja bæði lagalegum og siðferðilegum kröfum. Að þessu hafa t. d. unnið samtök, sem ég vil gjarnan nefna hér og eru tiltölulega ný af nálinni, samtök auglýsingastofa. Ég hygg að slík samtök geti haft mikil áhrif á hagstæða og menningarlega þróun á þessu sviði og það skiptir vissulega máli.

Menn tala stundum um það með allnokkurri fyrirlitningu að auglýsingar séu verkfæri fjármagnsins og þær hvetji til óþarfrar neyslu, séu óskemmtilegar og ómenningarlegar á allan hátt. Auðvitað eru til slíkar auglýsingar, en það eru líka gild hin gagnstæðu rök sem eru nákvæmlega jafnþung á metunum, því að upplýsingagildi auglýsinganna skyldum við ekki vanmeta. Eins og frv. var, áður en því var breytt í Nd., var það raunar svo að allar stöðvar höfðu rétt til að auglýsa nema kapalstöðvarnar, þ. e. nema litlu stöðvarnar úti í byggðarlögunum sem starfað hafa raunar fyrir utan öll lög í

mörg herrans ár. Ef frv. hefði ekki verið breytt væri þeim bannað að dreifa upplýsingum út í sín byggðarlög gegn gjaldi þeirra sem upplýsingarnar vildu gefa, þ. e. í auglýsingaformi. Það bann hefði valdið misrétti einmitt gagnvart þessum stöðvum og þá um leið misrétti gagnvart þeim byggðarlögum sem ég hef séð í nokkur ár að hafa bæði látið sér vel líka og notið þess að hafa þessar kapalstöðvar, sem þar hafa verið reknar.

Nú hefur þessi annmarki verið sniðinn af frv. og ég hygg nú að menn muni sjá þegar frá líður að þetta hafi verið vel ráðið þótt viðkvæmt hafi verið fyrir mörgum um sinn. En fyrir því er þetta kannske svona mikið umræðuefni að einmitt þetta atriði hefur vafist fyrir mörgum í öðrum löndum, og þá einkanlega þar sem menn hafa ekki vanist því eins og hér að Ríkisútvarpið sé rekið öðrum þræði með auglýsingum. Það eru nefnilega ekki svo margar þjóðir sem hafa verið svona á undan sínum tíma eins og við. Finnar hafa haft auglýsingaútvarp í allmörg ár og menn eru æ meira að hverfa að þessu ráði núna í mörgum löndum. Það voru miklar umræður um þetta atriði t. d. í danska þinginu í vetur.

Við ræddum þetta nokkuð saman, danski menningarmálaráðherrann, Mimi Stilling Jakobsen, og ég, þegar við stóðum báðar í því að mæla fyrir þessum hugmyndum. Við vorum sammála um það að einn þáttur í þessu auglýsingamáli væri vanmetinn. Það væri sá þáttur sem veitir listamönnum atvinnu, sem virkjar listina í þágu hins hagnýta, sem virkjar listina í þágu atvinnuveganna og veitir atvinnu og tækifæri myndlistarmönnum, fólki sem stundar leiklist, fólki sem stundar kvikmyndagerð o. s. frv. Og þeim greinum sem þessu tengjast veitast meiri möguleikar með hinu nýja fyrirkomulagi og auknum fjölda útvarpsstöðva. Ég er því ekki í nokkrum vafa um það að breyting á þessum lögum á eftir að hafa áhrif sem eru miklu víðtækari en einungis það að geta stillt á mismunandi stöðvar eða hlustendur velji á milli dagskráa. Ég hygg að hún eigi eftir að hafa mikil áhrif á starfsemi listamanna í landinu og gefa þeim sem framleiða dagskrár með hugviti sínu og þekkingu nýja möguleika. Þetta er líka hluti af því sem er nýtt í atvinnulífi framtíðarinnar. Ég held að menn skilji það æ betur að atvinnulífið á Íslandi verður að vera fólgið í fleiru en sjávarútvegi og landbúnaði. Það sem gerist á þessum sviðum er líka hluti af atvinnulífinu og getur auk þess tengst þessum grundvallargreinum með mjög áhrifaríkum og jákvæðum hætti, með kynningu og fræðslu.

Það er athyglisvert að hér um bil allir menningarmálaráðherrar Evrópuríkjanna eru þeirrar skoðunar að aflétta beri einkarétti ríkisvaldsins á útvarpi þar sem hann er enn, enda held ég nú að andstaða gegn því sé í raun og veru að verða úr sögunni. Ég vil leyfa mér að láta það eftir mér að túlka afstöðu hv. alþm. svo að það sé að verða úr sögunni vegna þess að ég er sannfærð um að meiri hl. alþm. er þessarar skoðunar. Hitt er annað mál að það finnast í hv. Alþingi þm. sem hafa enn þá þessi steinaldarsjónarmið, t. d. Alþb. eins og það leggur sig, að því er virðist vera, a. m. k. í Nd. Því var haldið fram stundum á árum áður að það væru menn svona heldur af betra taginu sem veldust til Ed. og það má vel vera, með allri virðingu fyrir hv. þm. Nd., að svo sé einmitt hér í þessari hv. deild. Þá á ég við af betra taginu að því leyti til, að þeir séu svona lengra komnir í andlegum efnum og þá væntanlega víðsýnni og opnari fyrir ýmsum framfarastraumum. En það er nú einmitt það sem þetta frv. er fyrst og fremst um. Það er einmitt að standa að og taka við framförum og færa sér nýja tækni í nyt, þannig að fleiri eigi möguleika á því að njóta þess frelsis sem okkur finnst í raun og veru að hverjum og einum beri eðli mála samkvæmt.

Ég veit að hv. þm. Eiður Guðnason, sem nú gengur hér yfir í næsta herbergi, þekkir það frá sínum flokksmönnum, a. m. k. einhverjum þeirra, að þeir telja að meginatriði nýrra útvarpslaga sé í raun og veru ekki tjáningarfrelsið, heldur það hverjir eigi boðveitukerfin, að þetta mál snúist meira um eignarrétt en um tjáningarrétt. Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál snúist ekki um eignarrétt. (**EG:** Eignarrétturinn er forsenda tjáningarréttarins.) Eignarrétturinn er ekki forsenda tjáningarréttarins í þessu tilviki, nema menn séu þeirrar skoðunar að þegar ein tegund einokunar er lögð af eigi önnur tegund einokunar að taka við. Ég held hins vegar að margt sé rétt í því sem hefur komið fram í máli flokkssystkina hv. þm. um boðveitur. Þetta eru hugmyndir sem fram hafa komið m. a. frá formanni Samtaka sveitarfélaga, hann hefur kynnt ítarlegar greinargerðir um þessi efni og þetta er í sjálfu sér hið merkasta mál. En þetta er ekki einungis útvarp, þetta er tegund fjarskipta sem tvímælalaust á heima í fjarskiptalögum. Þetta atriði hef ég rætt við hæstv. samgrh. og hann er reiðubúinn til þess að taka þetta atriði einmitt til umfjöllunar í nýrri endurskoðun fjarskiptalaga sem nú fer fram. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að sveitarfélögin hafi þarna mikið um að segja, ekki síst vegna þess að þetta varðar mjög skipulagsmál þeirra. En á hitt er að líta, að boðmiðlunin eða kapalkerfin eru ekki grundvallaratriði þessa máls. Það er ekki víst að það verði svo afskaplega langur tími þangað til við erum ekki lengur háð kapalkerfum í þessum efnum. Þess vegna snúast þessi lög ekki að grundvelli til um það atriði, heldur er grundvöllur þessa máls sá að fleiri en Ríkisútvarpið eitt hafi rétt til þess að nýta þennan fjölmiðil sem við erum að tala um. Það er grundvallaratriði. Og það atriði hvílir í raun og veru á hugsjónastefnu. Það er hugsjónamál að borgararnir í landinu fái að njóta tjáningarfrelsis innan ramma hinna almennu laga að sjálfsögðu. Það er ævinlega undanskilið, en að enginn einkaréttur setji mönnum skorður þegar um slík mál er að tefla. Það er m. ö. o. einfaldlega frelsishugsjón sem liggur að baki þessu máli. Það er einn af hornsteinum okkar samfélags, það er ein af hugmyndum lýðræðisins. Það er í raun og veru ekkert minna en þetta sem við erum að tala um. Og við erum að tala um það að óttast ekki hið nýja heldur að notfæra okkur það til framfara og menningar. Við erum að tala um það að treysta fólki svo vel að við rekum ekki einangrunarstefnu í okkar landi. Við viljum hafa opin augun fyrir því jákvæða og fjölbreytta, fyrir því fagra og góða, en við viljum fá að meta sjálf hvað er fagurt og gott. Þess vegna viljum við gefa fólki tækifæri til þess að ákveða sjálft hvaða fjölmiðil það nýtir helst á þessu sviði, rétt eins og við viljum ákveða það sjálf hvaða blöð við lesum helst eða hvaða bækur við kaupum eða fáum lánaðar í bókasöfnum.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé ekki sérstök ástæða til þess að fara ítarlega út í einstakar greinar þessa máls á þessu stigi, heldur fjalla um málið í stórum dráttum, eins og reyndar er gert ráð fyrir við 1. umr.

mála, og ég vonast til þess að hv. Alþingi samþykki þetta frv. sem fyrst, þó að mér sé ljóst að því var breytt á þann veg að það tekur ekki gildi fyrr en síðar á árinu þótt samþykkt sé. Ég held að það sé í raun og veru ekki neikvætt, því að það þarf tíma til þess að undirbúa reglugerðir skv. þessum lögum. Hér er um mörg ný atriði að ræða, og tíminn verður notaður í sumar og fram að gildistöku til að undirbúa þessi mál þannig að sem allra best geti orðið að framkvæmd staðið þegar lögin hafa tekið gildi.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umr. var lagt fram á þingi skömmu eftir að Alþingi kom saman um miðjan októbermánuð s. l. Ef ég man rétt, þá sagði hæstv. menntmrh. við fjölmiðla á þeim tíma að ráðh. ætti von á því að frv. yrði afgreitt fyrir októberlok. Nú er maímánuður og sannarlega er allt í óvissu um afgreiðslu þessa máls.

Í Nd. Alþingis var málið afgreitt í gær við 3. umr. en einungis 16 þm. Nd. greiddu því atkvæði af 40 sem þar eiga sæti. 40% þm. í Nd. voru samþykkir frv. en 60% greiddu ýmist atkvæði gegn því eða sátu hjá til að vekja athygli á andstöðu sinni við mikilvæg efnisatriði frv. Það er því sannarlega ekki ofmælt, sem ég sagði hér rétt áðan, að örlög þessa frv. eru í mikilli óvissu. Eftir það hvernig á málum hefur verið haldið og eftir að orðinn er slíkur ófriður um málið og reynt er að þröngva fram sjónarmiðum, sem bersýnilega njóta ekki meirihlutafylgis á Alþingi, þá eru orðin slík illindi út af málinu að einungis 16 af 40 þm. í annarri deildinni greiða því atkvæði.

Auðvitað væri það reginhneyksli ef þetta geysimikilvæga mál, sem fjallar um grundvallarreglur fjölmiðlunar í útvarpsrekstri, yrði afgreitt frá Alþingi með stuðningi minni hluta þm. Þetta er einmitt eitt af þeim málum sem brýna nauðsyn ber til að skapa almenna samstöðu um, vegna þess líka að hér er verið að setja leikreglur fyrir skoðanaskipti, skoðanamyndun og lýðræðislega umræðu í landinu. Það er meginatriði þegar slíkar leikreglur eru til umræðu og afgreiðslu hér á Alþingi að þá sé um þær viðunandi samstaða, lágmarkssamstaða. Og það er ekki lágmarkssamstaða þegar minni hluti þm. stendur að afgreiðslu máls.

En um hvað snúast þá deilurnar um ný útvarpslög? Um hvað snúast þessar hörðu deilur sem hafa valdið því að þingheimur hefur sundrast í málinu með þeim hætti sem ég nú hef lýst? Ég vil fyrst vekja athygli á því um hvað þær snúast ekki. Þessar deilur hér í þinginu snúast ekki um það að auka eigi frjálsræði til útvarpsrekstrar í landinu, að auka eigi tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umræðu með því að leyfa fleiri aðilum að spreyta sig á útvarpsrekstri. Um þetta snúast deilurnar alls ekki. Og það er alrangt, sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. hér rétt áðan, að þm. Alþb. í Nd. eða yfirleitt þm. nokkurs flokks hafi haldið því sjónarmiði fram að ekki bæri að gera hér breytingar á einmitt í þá átt að auka tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umræðu.

Í öðru lagi er ljóst að þessar deilur snúast ekki heldur um það hvort frelsi til útvarpsrekstrar á Íslandi eigi að vera ótakmarkað, það eigi að vera fullt frelsi á þessu sviði. Að því leyti er þessi umræða alls óskyld þeim meginsjónarmiðum um ritfrelsi í landinu sem ríkjandi eru og staðfest í stjórnarskrá. Og það er ekki rétt hjá hæstv. menntmrh. að hér sé verið að stefna að sams konar leikreglum í þjóðfélaginu eins og gilda varðandi ritfrelsið. Við vitum að þar eru engar takmarkanir varðandi útgáfu, prentun eða ritun aðrar en þær að menn verða að standa ábyrgir fyrir því sem þeir segja og setja fram á prenti. Að öðru leyti er fullt frelsi. En það hefur enginn flokkur, hvorki minn flokkur né flokkur hæstv. menntmrh. haldið því fram að það eigi að ríkja ótakmarkað frelsi til útvarpsreksturs hér á landi. Tillögur hæstv. menntmrh., tillögur Sjálfstfl. og tillögur allra flokka fjalla um mismunandi fyrirkomulag á leyfisveitingum til útvarpsrekstrar, frelsi til fjölmiðlunar á þessu sviði með mjög miklum takmörkunum. Þetta skulum við hafa alveg á hreinu, að deilan stendur sem sagt hvorki um það hvort eigi að auka frjálsræðið, hvort eigi að breyta reglunum í frjálsræðisátt frá því sem nú er, eins og hæstv. menntmrh. vildi nú helst gera að sjónarmiðum míns flokks. Og hún snýst ekki heldur um algert frelsi á þessu sviði, eins og ég veit þó að ýmsir talsmenn Sjálfstfl. vildu helst láta líta út.

Nei, þessi deila snýst um hvaða reglur á að setja um þær takmörkuðu leyfisveitingar og heimildir sem veita á til útvarpsrekstrar. Hún snýst um það hvort fjársterkir aðilar í þjóðfélaginu eiga að hafa óhefta aðstöðu til að leggja undir sig fjölmiðlun á þessu sviði, hvort viðskiptaaðilar, þeir sem mikið þurfa að auglýsa, þeir sem mikið fjármagn hafa á bak við sig, eiga að hafa verulega miklu betri aðstöðu til að leggja undir sig fjölmiðlun á þessu sviði heldur en aðrir aðilar — eða ekki. Og í þriðja lagi snýst þessi deila um hvernig búið verður að Ríkisútvarpinu í framtíðinni, hvort Ríkisútvarpið bíður hnekki vegna þeirra breytinga sem gerðar eru á útvarpslögum.

Það er meginsjónarmið Alþb. í þessu máli að það sé löngu orðið tímabært að heimila mörgum aðilum að spreyta sig á útvarpsrekstri og að það geti orðið til þess að auka lýðræðislega umræðu í þjóðfélaginu. En Alþb. setur hins vegar ákveðin skilyrði fyrir samþykki sínu við þessari breytingu. Meginskilyrði okkar Alþb.-manna er að svigrúmi til almennrar útvarpsstarfsemi verði sniðinn ákveðinn stakkur með þessum nýju útvarpslögum og það svigrúm nái ekki til þess að útvarpsstarfsemi einkaaðila verði gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. Við teljum óeðlilegt að handhafar útvarpsheimilda öðlist rétt til þess að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með einhvers konar verslun milli útvarpsins annars vegar og viðskiptaaðila hins vegar, og höfum bent á það að unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Til þess eru margar leiðir og á það má sérstaklega benda að í nálægum löndum eins og Noregi, Svíþjóð og Danmörku, þar sem verulega hefur verið rýmkað um rétt manna til útvarpsrekstrar, eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi. Og við sjáum enga ástæðu til þess að hér á Íslandi verði gengið lengra í þessum efnum heldur en gert er í þessum þremur Norðurlöndum sem nokkra reynslu hafa þegar fengið af þessu.

Annað meginatriðið, sem við leggjum áherslu á í þessu sambandi, er að dreifikerfi til útvarpssendinga, bæði veitulagnir í jörð, sem oft eru nefndar boðveitulagnir — þótt ekki sé ég nú alls kostar hrifinn af því

orðfæri — bæði veitulagnir í jörð og endurvarpsstöðvar fyrir þráðlaust útvarp, verði í eigu opinberra aðila, þ. e. annaðhvort ríkisins eða sveitarfélaga eða beggja þessara aðila. Á þetta leggjum við áherslu til að koma í veg fyrir einokun í skjóli einkaeignar á þessum dreifikerfum. Við göngum út frá því eins og aðrir að heimildir til útvarpsrekstrar verði einungis veittar til takmarkaðs tíma. Með það í huga, og vegna þess að mér skilst nú að það sé samkomulag um það atriði, væri það fullkomlega óeðlilegt að aðili væri sviptur útvarpsheimild, t. d. vegna þess að hann hefði brotið lögin ítrekað eða af einhverjum öðrum ástæðum, en hann væri eftir sem áður eigandi að umfangsmiklum dreifikerfum. Það sjá allir að þar sem verið er að veita aðilum leyfi til útvarpsrekstrar í skamman tíma í tilraunaskyni, þá hlýtur það að vera öllum fyrir bestu að opinberir aðilar hafi dreifikerfið undir sinni stjórn. Það getur um leið tryggt visst samræmi í sendibúnaði.

Þetta eru sem sagt þau meginskilyrði tvö sem við setjum fyrir því að heimildir til útvarpsrekstrar séu veittar og sé meiri hluti hér á Alþingi ekki reiðubúinn að fallast á þessi skilyrði þá erum við ekki reiðubúnir til að greiða þessu frv. atkvæði.

Að öðru leyti leggjum við mjög þunga áherslu á það að vel sé búið að Ríkisútvarpinu varðandi alla starfsaðstöðu og raunar miklu betur en nú er gert. Ríkisútvarpið hlýtur og verður að vera áframhaldandi burðarásinn í útvarpsfjölmiðlun. Og það verður að tryggja það með öllum ráðum að það geti gegnt þessari forustuskyldu sinni og forustuhlutverki. Því þarf að tryggja starfsmönnum Ríkisútvarpsins viðunandi kjör og um leið þarf að tryggja starfsmönnum aukin áhrif á starfrækslu stofnunarinnar. Það er raunar regla sem ætti að gilda miklu víðar en í útvarpsrekstri ríkisins. Við erum almennt inni á því að starfsmenn fyrirtækja eigi að hafa miklu meiri áhrif á stjórn þeirra. Þetta á hins vegar ekki síður við um Ríkisútvarpið en aðrar stofnanir og er sjálfsagt að reyna að stuðla að því að starfsmenn hafi bein áhrif á það hvernig stofnun af þessu tagi er stjórnað.

Jafnframt leggjum við mjög mikla áherslu á það að innlent efni njóti meiri forgangs í útvarpsrekstri en nú er. Við teljum að það þurfi að skylda allar stöðvar til þess að flytja íslenskt efni að vissu marki og að allar stöðvar, þar með talið Ríkisútvarpið, ættu að verja ákveðnum hluta af dagskrárfé sínu til framleiðslu á íslensku efni. Einkum og sér í lagi þarf að tryggja að hæfilegt efni sé samið og flutt fyrir börn.

Varðandi rekstur Ríkisútvarpsins höfum við auk þess lagt áherslu á það að útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar Ríkisútvarpsins séu ráðnir til takmarkaðs tíma í senn. Við höfum lagt til að þeir verði ráðnir til fimm ára og er það reyndar einnig í fullu samræmi við aðrar tillögur, sem við höfum gert, þar sem ráðningartími forstöðumanna ríkisstofnana er bundinn við fimm eða sex ár, en það teljum við að ætti að vera meginregla í öllum ríkisrekstri. Við getum að vísu fallist á það að sá sem hefur verið eitt tímabil, fimm eða sex ár í starfi forstöðumanns ríkisstofnunar, eigi þess kost að sækja aftur um starfið að þessum fimm eða sex árum liðnum og þá megi ráða hann eitt tímabil í viðbót en ekki lengur.

Það er meginsjónarmið okkar að í útvarpslögum verði að leggja þunga áherslu á það að rækt sé sýnd íslenskri menningu og íslenskri tungu og þó umfram allt að gætt sé hagsmuna allra þjóðfélagshópa og allra skoðanahópa. Ég tók eftir því við atkvgr. í Nd. í gær að felld var till. frá hv. þm. í Nd., Kristínu S. Kvaran, sem lagði það til að útvarpsstöðvum öllum væri skylt að tryggja, þegar stjórnmálaumræður færu fram með beinum eða óbeinum hætti í útvarpi, að gætt væri fyllstu óhlutdrægni og skoðanir allra stjórnmálaflokka ættu greiða leið inn í umr. Mér þótti afar illt að verða vitni að því að þessi sjálfsagða till. skyldi vera felld.

Virðulegi forseti. Það gefst tækifæri til að ræða þetta mál eftir að um það hefur verið fjallað í nefnd. Ég læt því þessi orð nægja að sinni.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta mál á sér orðið nokkuð langa sögu hér í þinginu og það frv. sem nú er komið til þessarar hv. deildar er síður en svo nýtt af nálinni, og eins og fram kom hér m. a. í framsöguræðu hæstv. menntmrh. þá er það byggt í öllum meginatriðum á tillögum nefndar sem skilaði áliti árið 1982, þannig að að stofni til og kjarna þá er þetta frv. þriggja til fjögurra ára gamalt orðið og margt hefur nú gerst á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrstu hugmyndir útvarpslaganefndar voru settar á blað og margt hefur breyst.

Nú er það kapítuli út af fyrir sig, sem ástæða væri kannske til að huga sérstaklega að og ræða hér, hverja meðferð þetta mál hefur fengið á Alþingi. Þetta er þingmál nr. 5 sem var lagt fram hér þegar stormar blésu á haustdögum í verkfalli opinberra starfsmanna í kjölfar útgöngu starfsmanna útvarps og sjónvarps — sem ekki skal hér mælt bót nema síður sé — og starfsemi ólöglegra útvarpsstöðva sem þá skutu upp kollinum hér einkanlega á höfuðborgarsvæðinu. Þá þótti mikið liggja við að þetta mál yrði sem fyrst að lögum og ég minnist þess úr fréttum fjölmiðla á haustmánuðum og upphafsmánuðum vetrar að þá voru jafnan fréttir með reglulegu millibili hafðar eftir m. a. formanni menntmn. Nd., að nú væri frv. að koma úr nefnd. En það var nú öðru nær. Það er ekki fyrr en í gær, mánudaginn 13. maí, sem Nd. lauk endanlega umfjöllun sinni um þetta mál. Það er auðvitað ofur skiljanlegt og ofur eðlilegt að hv. deild hafi þurft nokkurn tíma til þess að fjalla um þetta mál ítarlega, en ég leyfi mér að hafa vissar efasemdir um það að vinnubrögðin hafi verið nægilega markviss og að þessu máli hafi nægilega vel verið unnið í hv. Nd.

Síðan gerðist það í gær, þegar þetta frv. er samþykkt til Ed., að það nýtur ekki meirihlutastuðnings í Nd. Það er út af fyrir sig mjög athyglisverð staðreynd. Samkomulag, sem stjórnarflokkarnir höfðu með sér gert, brast og þegar frv. er samþykkt í gær er það samþykkt með 16 atkv., 12 voru því andvígir og 11 sátu hjá. Ég held að það sé rík ástæða til fyrir okkur alþm., þegar þessi niðurstaða er uppi í hv. Nd., þar sem 40 þm. eiga sæti, að aðeins 16 þeirra treysta sér til að ljá málinu samþykki eins og það ber að, að staldra þá aðeins við og íhuga nánar hvert við erum að stefna. Er það ætlun okkar að afgreiða hér lög sem ekki njóta stuðnings meiri hluta þingsins? Ég held að það væri mjög misráðið að þrýsta þessu máli svo fram að ekki gefist eðlilegt ráðrúm, þannig að því sé hægt að gefa þann gaum sem vert er. Við erum að breyta fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði í 55 ár. Og ég legg áherslu á að

það er kominn tími til að breyta því fyrirkomulagi, það er bjargföst sannfæring mín og það eigum við að gera, við eigum að breyta þessu fyrirkomulagi í frjálsræðisátt, en það er andstætt eðli málsins að svona breytingar eigi sér stað í einhvers konar fáti og með tilheyrandi glundroða og taugaveiklun sem nú virðist hafa gripið um sig á stjórnarheimilinu.

Ég vek enn fremur athygli á því að í nágrannalöndum okkar alls staðar hafa verið gerðar margvíslegar tilraunir í þessa átt, utan við einkaréttarramma ríkisins, mjög athyglisverðar tilraunir með ýmsum hætti, ýmsum og mjög ólíkum hætti. Ég hef ekki orðið þess var á einum stað eða neinum að menn hafi hér reynt að tileinka sér þá reynslu sem aflað hefur verið í löndunum hér í kringum okkur, læra af þeim mistökum sem þar hafa verið gerð og njóta góðs af reynslunni þar í þessum efnum. Þess sér því miður hvergi stað í þessu frv.

Ég get skýrt frá því að nú fyrir skömmu var haldin ráðstefna í Árósum í Danmörku um staðbundið útvarp, það sem á skandínavisku hefur verið kallað Nær-radio. Ég átti tal við Íslending, sem sat þá ráðstefnu, og ummæli hans voru á þá leið að hann sagði: Menn eru að tala um allt aðra hluti þar heldur en það sem verið er að tala um hér. Ég hygg að þetta sé alveg rétt. Þar hefur þetta staðbundna útvarp verið staðbundið í eiginlegum skilningi, það hefur verið mjög opið, það hefur verið nánast torg tjáningarfrelsisins, menn hafa getað komið þangað, flutt sitt mál, hverjar skoðanir sem þeir höfðu, innan marka almenns velsæmis. Þannig hefur tjáningarfrelsið aukist, lýðræðið eflst. En ég hef það því miður alltaf á tilfinningunni að hér sé meira verið að tala um að opna möguleika fyrir einhverja fáa og þá fjársterka aðila til þess að reka býsna víðtæka útvarpsstarfsemi, án þess að það sé nokkur trygging fyrir því að hið raunverulega tjáningarfrelsi almennings aukist.

Hæstv. menntmrh. vék hér áðan að kapalkerfunum og eignarrétti á þeim. Það er svo, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að eignarréttur á fjölmiðlum hann getur verið og er, ef eigendur kjósa að beita sínum rétti þannig, höft og hömlur á tjáningarfrelsi annarra. Það þekkja allir. Þetta er auðvitað misjafnt t. d. hjá íslenskum fjölmiðlum og hefur batnað, en þess eru auðvitað dæmi hér og kannske ekki mjög gömul að blöð hafna greinum til birtingar vegna þess að þær eru andstæðar skoðunum eigenda blaðsins. Þess eru dæmi, þetta vita allir. Þau eru sem betur fer ekki mörg. Og undir þessum formerkjum stendur eignarrétturinn í vegi lýðræðis og eðlilegs tjáningarfrelsis. Þess vegna er það meginatriði í þessu máli að þegar við rýmkum þær hömlur, sem við eigum að gera, þá aukist tjáningarfrelsi hins almenna borgara.

Ég sagði áðan að við hefðum lítið gert að því að kynna okkur reynsluna af því sem orðið hefur í grannlöndum okkar. Ég er hér með skýrslu frá því í júní 1984. Það er skýrsla frá útvarpsnefnd um staðbundið útvarp til norska menntmrn. og heitir „Mat á tilraunum með staðbundið útvarp og staðbundið sjónvarp í Noregi." Í þessari nefnd áttu sæti Torbjörn Vale, Liv Haugos og Ivar Eskeland sem Íslendingum er að góðu kunnur. Einn kafli þessarar skýrslu heitir á norsku „Mangfold elle bare mange." Og það er þetta sem er höfuðatriði málsins, hvort það er raunveruleg fjölbreytni sem við erum að sækjast eftir og viljum fá eða hvort það er bara fjöldi. Ég segi það alveg eins og er að ég tel mig ekki bættari þó ég geti hlustað á sömu poppmúsíkina, þessi sömu 30, 40 lög sem er verið að spila daginn út og daginn inn og eru í öllum vinsældaþáttum og óskalagaþáttum ungmenna og listapoppi og hvað þetta heitir, ég er ekkert bættari með því þó ég geti hlustað á þessi 30 lög í fimm eða tíu útvarpsstöðvum, það breytir engu. Þess vegna verðum við, þegar við hyggjum á þessar breytingar, að gera ráðstafanir sem tryggja það að þarna verði um raunverulega fjölbreytni að ræða, eða eins og segir hér í þessari skýrslu, sem ég vitna aftur til og leyfi mér að lesa hér fyrst nokkur orð, fyrst á norsku: „Hovedformålet med privat kringkastning er formulert i ett ord: mangfold." Sem sagt, megintilgangur með einkarekstri á útvarpssviði, hann byggist á einu orði, fjölbreytni. Þetta er algert höfuðatriði í þessu máli sem ekki má horfa fram hjá.

Hér hefur deilan staðið fyrst og fremst um það hvort slíkum stöðvum eigi að leyfa að birta auglýsingar. Nú skal ég játa það að ég hef borið nokkurn ugg í brjósti vegna þessa ákvæðis og af eftirgreindum ástæðum. Ég hef óttast að slíkar auglýsingar mundu draga verulega úr auglýsingum í Ríkisútvarpinu og þar með gera það að verkum að notendur Ríkisútvarpsins greiddu í rauninni fyrir starfsemi einkastöðvanna með hærra afnotagjaldi til Ríkisútvarpsins, sem þyrfti að hækka ef tekjur af auglýsingum lækkuðu mjög. Ég hygg að þær nemi í útvarpinu um eða yfir 60% og í sjónvarpinu í kringum 30%. Þetta er það atriði sem fyrst og fremst hefur vafist fyrir mér. En ég er þeirrar skoðunar að þær leiðir t. d. sem Alþb. hefur bent á í þessum efnum séu ekki raunhæfar og þess vegna held ég, þó að það sé nokkur áhætta gagnvart Ríkisútvarpinu, að eðlilegt sé að gera tilraun af þessu tagi og leyfa auglýsingar í þessum útvarpsstöðvum að einhverju marki. Það á ekki að opna allar gáttir í fyrstu lotu, við eigum að þreifa okkur svolítið áfram. Ég held að það sé eðlilegt að þær eigi þess kost að fjármagna rekstur sinn með þessum hætti.

Nú er mér það alveg ljóst, og á það hefur oft verið bent, að þessi skoðun mín fer ekki saman við skoðanir flokksbræðra minna á Norðurlöndunum. Ég hef alveg óhikað haldið mínu máli fram í viðræðum við þá, hvort sem það hafa verið ráðherrar eða aðrir, og lýst því eindregið að þeir muni ekki geta staðið gegn auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi. Ég hygg líka að æ fleirum þeirra sé nú að verða það ljóst og að þessi afstaða sé að byrja að breytast. Ég held að þetta sé nauðsynlegt að gera. Það er að vísu hægt að hugsa sér útvarpsstöðvar sem ekki væru með auglýsingar en það væri þá þeirra val. En útvarpsstöðvar af því tagi sem við erum hér að tala um, að ég vona, sem ná til takmarkaðra svæða, mér finnst að þær eigi að eiga þess kost að fjármagna rekstur sinn með auglýsingum sem eru tengdar verslun og þjónustu á þeirra svæði. En í tengslum við þetta, og það er ekki eins óskylt mál þessu og hæstv. menntmrh. vildi vera láta hér áðan, vil ég víkja að hinum svonefndu kapalkerfum sem við höfum hér oft rætt og nú undir *nafninu boðveitukerfi*.

Það má auðvitað alveg styðja það rökum að ákvæði um slíkt eigi heima í fjarskiptalögum. En það má líka styðja það rökum, og ekki veigaminni, að slík ákvæði geti alveg eins átt heima í útvarpslögum. Ég treysti mér alveg til að rökstyðja það ef þess er frekar óskað. Þessi kerfi eru notuð, eins og nú er, til þess að senda sjónvarpsefni, útvarpsefni. Það er auðvitað hægt að

nota þau fyrir ýmislegt fleira líka og það eru ýmsir aðrir valkostir í þessum efnum, sem ekki eru bundnir við kapal sem grafinn er í jörðu, heldur kerfi sem ferðast eða býr í loftinu, ef svo má segja, og er tiltölulega nýkomið til sögu. Nú vitum við það og höfum oft rætt það hér á hinu háa Alþingi að svona kerfi eru starfandi og það er ekki gott til þess að vita að það skuli gerast utan ramma laganna. Þess vegna ber nauðsyn til að um þessa starfsemi verði settar eðlilegar lagareglur þannig að hún fái að mótast og dafna. Þess vegna teljum við, Alþfl.-menn, alveg nauðsynlegt og meginforsendu í þessu máli að ákvæði verði sett til bráðabirgða, meðan verið er að endurskoða fjarskiptalög og meðan verið er að koma sér niður á hvernig endanleg útvarpslög eigi að vera, þá séu ákvæði sett um boðveitukerfi, og það verði ekki í eigu ríkisins, ekki í eigu Pósts og síma, heldur verði það í eigu sveitarfélaganna á hverjum stað, sem eru hinir eðlilegu aðilar til að eiga slíkt kerfi, og það verði dregin alveg skýr mörk milli þess aðila sem rekur sjálft kerfið og þeirra sem sjá fyrir dagskrárefni í kerfið. Þetta er algert grundvallaratriði, það sem á ensku hefur verið nefnt „common carrier"-reglan og þetta finnst mér vera höfuðforsenda málsins. Ef sami aðilinn á kapalkerfið, boðveituna og leggur til dagskrána í það, hvernig á þá að tryggja rétt hins almenna borgara gagnvart þessum aðila? Við skulum segja að það sé dagblað eða samsteypa einhverra fyrirtækja sem eru í útgáfu og öðrum rekstri. Ég sé ekki að það væri auðvelt. Ég mundi treysta slíku miklu betur undir forustu sveitarfélags, jafnvel þó ég væri annarrar pólitískrar skoðunar en sá meiri hluti sem réði fyrir sveitarfélaginu. Það skiptir ekki höfuðmáli. En ég held að þetta sé algert meginatriði í þessu máli. Þessi mál eru samtengd í grundvallaratriðum og það er ekki hægt að slíta þau í sundur.

Við erum hér með frv. sem er komið á fjórða ár. Það er búið að gera á því ýmsar breytingar og ég hef látið hafa það eftir mér að þetta sé að verða hálfgerður óskapnaður, og það ríkir mikill ágreiningur um marga þætti málsins, sbr. úrslit atkvgr. í hv. Nd. í gær. Mér finnst vel koma til athugunar að horfa á fleiri möguleika í þessu máli til að leita samkomulags, til að freista þess að málið fái sæmilega skynsamlega afgreiðslu og framgang hér í þinginu. Ein af þeim leiðum sem mér hafa komið til hugar er sú, að aftan við núverandi útvarpslög yrði hreinlega sett ákvæði til bráðabirgða, sem gilti í þrjú ár, þar sem væri kveðið á nánar með hverjum hætti ætti að vinna að þessum málum á tilraunatímabili næstu þrjú árin. Þetta frv. var, eins og ég var að segja, kannske ekki mjög gott í upphafi. En það er búið að sæta illri meðferð og ég held að þær atkvæðatölur sem birtust í Nd. í gær sýni okkur svo ekki verði um villst hve feiknalega víðáttumikill ágreiningur er um málið í þinginu. Og ég segi það alveg hispurslaust og af fullri einlægni að ég vildi mega leggja mitt af mörkum til þess að freista þess að skapa einhvers konar breiðari samstöðu um þetta mál, sem ég tel mjög brýnt að nái fram að ganga fyrir þinglok, en jafnframt að það nái fram að ganga í þeirri mynd sem við getum sem flest sætt okkur við og sem við teljum að verði tjáningarfrelsinu, lýðræðinu og þróun fjölmiðlunarmála á Íslandi til góðs.

Við skulum ekki gera lítið úr mikilvægi þessara fjölmiðla. Ég hygg að á haustdögum, þegar útvarp og sjónvarp hættu sinni starfsemi, hafi runnið allt í einu upp ný staðreynd fyrir ákaflega mörgum, kannske allri þjóðinni. Þegar við það bættist að blöð komu ekki út, þá rann upp sú staðreynd hvers konar bindivefur þjóðarlíkamans fjölmiðlarnir eru. Það var eins og þjóðfélagið losnaði í sundur þegar þessir fjölmiðlar hættu, fólk fylltist öryggisleysi, jafnvel mætti segja hræðslu. Það ástand sem þá skapaðist var mjög alvarlegt. Í rauninni held að að menn hafi aldrei gefið því nægilegan gaum hversu alvarlegt ástand skapaðist þessa daga og það ástand má auðvitað aldrei skapast aftur, aldrei.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, í löngu máli að gera grein fyrir þeim brtt. sem af hálfu Alþfl. voru fluttar við þetta frv. í Nd. Þær voru margar og ítarlegar og voru í rauninni að nokkru leyti nýtt frv. Sumar þeirra voru dregnar til baka, þær sem minna máli þóttu skipta, öðrum var haldið til streitu og þær voru látnar ganga til atkvæða og þar fór sem fór. Ég tel alls ekki fullreynt hvern byr þessar tillögur hafa hér í þessari hv. deild og verður að sjálfsögðu látið á það reyna þegar þar að kemur. En ég minntist á það hér áðan með hve ólíkum hætti við nálgumst þetta mál og t. d. Norðmenn. Þeir fóru nákvæmlega þá leið sem ég var að lýsa áðan. Þeir tóku ekki sín útvarpslög og umbyltu þeim. Þeir veittu heimild í gildandi lögum til að auka þetta frelsi og þar hófst fyrst tilraunatímabil með frjálst útvarp af þessu tagi, sem við erum vonandi að tala hér um, haustið 1981 og varið 1982. Því tilraunatímabili lauk 1. sept. 1984. Þá höfðu 50 aðilar fengið leyfi til að reka í Noregi staðbundnar útvarpsstöðvar og staðirnir voru valdir þannig að þeir væru sem ólíkastir. Það var dreifbýli, það var þéttbýli, það var norðurlandið og það var suðurlandið og vesturlandið. Og hvaða aðilar voru það sem fengu leyfi til að reka þessar stöðvar? Ég get talið nokkur dæmi. Það voru ýmiss konar kristileg félög, það voru stjórnmálafélög, það voru mannúðarsamtök ýmiss konar, bindindisfélög, félög sem beita sér gegn notkun fíkniefna, það voru stúdentafélög, æskulýðsfélög, íþróttafélög, auk ýmissa annarra samtaka og einstaklinga.

Á þessu fyrsta tilraunatímabili, hverjum var þá synjað um leyfi? Dagblöðum, atvinnurekendum og landssamtökum, vegna þess að þeir voru að gera tilraunir með staðbundið útvarp. En Norðmenn létu ekki þar við sitja, þetta eina tilraunatímabil. Þegar hinu fyrra lauk 1. sept. 1984 þá hófst annað tilraunatímabil og það stendur til 1. sept. 1986. Þeir hafa skipt landinu í 91 útvarpssvæði og í 40 sjónvarpssvæði, 14 svæði þar sem leyft er að taka á móti sjónvarpi frá gervihnöttum og 12 svæði þar sem þeir hafa leyft útvarp sem þeir kalla æfingaútvarp, að mér sýnist, á norsku en mér er ekki alveg ljóst í hverju er fólgið. Þetta þýðir það að á þessu seinna tilraunatímabili fá 318 aðilar leyfi til útsendinga í útvarpi, 119 fá leyfi til að gera tilraunir með staðbundið sjónvarp á þessum 40 tilgreindu svæðum. Nú hefur sú breyting orðið á að dagblöð fá að vera aðilar að þessu og pólitískir flokkar hafa fengið leyfi til að stunda svona staðbundinn útvarps- og sjónvarpsrekstur. Norðmenn hafa því flýtt sér hægt í þessum efnum. Engu að síður hafa þó ýmsar keldur orðið á þeirra leið í þessum efnum og þess vegna m. a. hafa þeir ákveðið að hafa þetta seinna tilraunatímabil til að öðlast enn aukna reynslu. Það er t. d. ein af þeim keldum sem Norðmenn hafa lent í að þeir hafa bannað allar auglýsingar, þær eru bannaðar. En mannskepnan er nú þannig gerð að hún

hefur oft lag á því að finna leiðir fram hjá boðum og bönnum ef hún hefur á því mikinn hug. Það vandamál hefur skotið upp kollinum í Noregi að þeir hafa selt tíma til dagskrárgerðar ýmiss konar samtökum. Við gætum nefnt samtök eins og samtök mjólkuriðnaðarins og bílgreinasambandið. Slík samtök hafa greitt þessum stöðvum fé og fengið að leggja til dagskrá. Þetta er afleitt fyrirkomulag og Norðmenn viðurkenna að þetta sé slæmt. Hvers vegna er þetta afleitt fyrirkomulag? Vegna þess að hlustandinn, neytandinn á heimtingu á að fá að vita hvenær hann er að hlusta á efni sem einhver hefur borgað fyrir að koma á framfæri, eða hvenær hann er að hlusta á dagskrá frá stöðinni. Þess vegna er þetta fyrirkomulag ekki af hinu góða.

Ég hef sömuleiðis séð þætti í sænska sjónvarpinu, hinu auglýsingalausa sænska sjónvarpi, sem voru hreinar auglýsingar. Það var látið heita að það væri kynning á bílum. Það hét það, en þátturinn í heild var ekkert annað en auglýsingar. Og raunar hafa Svíar byrjað með og hafa haft nokkuð lengi dagskrárþátt í sínu sjónvarpi sem mig minnir að heiti Anslagstavlan og er eins konar auglýsingaþáttur þó ekki sé kannske greitt fyrir þær auglýsingar.

Ég hef í blaðagreinum bent á að það séu líka ýmsar aðrar leiðir í þessum efnum sem við getum hugleitt. Þá hugsa ég út frá því að fjárfesting í útvarps- og sjónvarpsstöðvum er mikil og dreifikerfi dýrt. Ríkisútvarpinu hefur gengið nægilega illa að koma sinni dagskrá um allt landið. Og auðvitað þarf ekki að hugsa til þess að neinn einkaaðili reisi dreifikerfi sem nær til alls landsins. Það verður númer eitt í fyrsta umgangi að hugsa hér um Faxaflóasvæðið, það á sér sínar eðlilegu skýringar. En hvers vegna má ekki fara þá leið að nýta betur dreifikerfi Ríkisútvarpsins? Hvers vegna má ekki bjóða einhverjum aðilum, gegn hæfilegri þóknun, að senda út á kvöldin, á nóttunni þegar dreifingarkerfi Rásar 2 er ekki notað af Ríkisútvarpinu? Hvers vegna í ósköpunum má ekki bjóða einhverjum samtökum að nota fimmtudagskvöldin sem Ríkisútvarpið vill ekki nota? Af hverju má ekki leigja dreifikerfi sjónvarpsins á fimmtudagskvöldum þeim aðilum sem vildu reka einhvers konar öðruvísi sjónvarpsstöð? Af hverju má ekki leigja þetta dreifikerfi á morgnana, eftir hádegið, á laugardagsmorgnum og sunnudagsmorgnum? Ég er alveg sannfærður um að það mundu ýmsir hafa áhuga á því. Af hverju ekki að nota þetta dreifikerfi sem er til staðar en er ekki notað nema 6—7 klst. af þeim 24 sem eru í sólarhringnum? Það mætti þá nota þá peninga sem koma inn fyrir leiguna á dreifikerfinu til þess að efla innlenda dagskrárgerð. Og þá erum við komin að atriði sem hér hefur verið vikið að, bæði af hæstv. menntmrh. og hv. 3. þm. Norðurl. v., sem talaði hér næstur á undan, eflingu innlendrar dagskrárgerðar.

Það er bjargföst sannfæring mín að á næstu árum verði íslenska sjónvarpið að leggja verulega meira fjármagn til innlendrar dagskrárgerðar, ekki endilega í sölum sjónvarpsins heldur með því að miðla því fjármagni út til íslenskra kvikmyndagerðarmanna, sem hafa sýnt og sannað á undanförnum árum hverju verki þeir geta valdið, ef við ætlum að halda okkar menningarlegu reisn í því flóði af þjóðlausu afþreyingarefni sem flæðir yfir okkur. Ég segi þjóðlausu, vegna þess að þó það sé kannske engilsaxneskt að framleiðslu til, þá er þetta orðið þjóðlaust efni. Ég er ekki að segja að það sé skaðlegt endilega, það er mest af því meinlaust, en við verðum líka að gæta þess að halda okkar reisn í menningarlegu tilliti.

Mig minnir að í fyrra eða hitteðfyrra hafi framboðið á sjónvarpsklukkutímum í Evrópu verið farið að nálgast 100 þúsund á ári. Á sama tíma var evrópsk kvikmyndaframleiðsla innan við 1000 klst. Og það segir sig auðvitað sjálft hvar þetta endar. Þetta er dýr framleiðsla í eðli sínu og áreiðanlega fer það líka vaxandi að við leitum samvinnu við aðrar þjóðir um ýmiss konar dagskrárgerð sem tengist okkur og íslenskri menningu þegar við teljum það ákjósanlegt. Slík samvinna hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum og fer enn, bara vegna þess að þessir hlutir eru að verða svo dýrir, ef þá á að vinna vel og af þeim myndarskap sem þarf, að það verður einstökum fyrirtækjum og í sumum tilvikum einstökum þjóðum ofviða. Þar þarf að gera gífurlegt átak á næstu árum. Og ég fullyrði það að innan Ríkisútvarpsins og í útvarpsráði er fullur vilji til að standa að því að efla innlenda dagskrárgerð. Ég hef verið talsmaður þess þar að þau verkefni sem unnin eru á vegum stofnunarinnar séu ekki endilega öll unnin í sölum sjónvarpsins, heldur séu notaðir kraftar þeirra manna sem gerst þekkja til verka og hafa sýnt og sannað hverju þeir fá áorkað.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé ýmislegt í þessu máli sem við höfum afskaplega lítið rætt og sem sé ákaflega brýn þörf að ræða. Þess vegna eigum við að auka þetta frelsi, við eigum að stíga fyrstu skrefin fremur varlega og fara með gát, það er hygginna manna háttur. Ég er ekki að gerast neinn úrtölumaður en ég vil heldur ekki að anað eða flanað sé að hlutunum. Ríkisútvarpið hefur sterka stöðu og ég er sannfærður um það að stjórnendur þess hafa fullan vilja og getu til þess að halda uppi reisn þess og virðingu í samkeppni við aðra. Ríkisútvarpið er og verður sá fjölmiðill sem tengir alla þjóðina saman, og sem er ekki aðeins menningarstofnun heldur líka mikilvægasta öryggisstofnun íslensku þjóðarinnar á tímum þegar vá steðjar að, eins og sýnt hefur sig á undanförnum árum. Þess vegna má það ekki gerast að þessi þróun dragi úr og geri Ríkisútvarpinu verulega erfiðara fyrir.

Ég sagði hér áðan, virðulegi forseti, að ég mundi ekki nota þennan tíma hér til þess að fjalla ítarlega um þær brtt. sem Alþfl. hefur flutt við útvarpslagafrv. Ég minni enn og aftur á það sem ég hef sagt um það sem nefnt hefur verið boðveitukerfi og hvernig ég tel að það tengist þessu máli, og jafnframt að það sé ekkert því til fyrirstöðu að slík ákvæði séu í útvarpslögum um sinn, meðan unnið er þá að endurskoðun fjarskiptalaga, ef það verður ofan á alfarið að menn telji að þetta eigi heima þar. Það eru ýmis atriði hér sem er enginn ágreiningur um, eins og móttaka sjónvarps frá gervihnöttum sem er ætlað beint til notenda. Það er a. m. k. enginn ágreiningur af okkar hálfu um það sem stendur í frv. varðandi það.

En ég ítreka það aftur og enn er ég nú lýk máli mínu, virðulegi forseti, að ég tel afar brýnt að reynt sé að tryggja víðtækari samstöðu hér í þessari hv. deild en raunin varð á í hv. Nd. Ég held að það skipti höfuðmáli fyrir framgang alls þessa máls að um það geti verið sæmilegur friður í þjóðfélaginu. Það held ég skipti öllu máli. Og ég held að við hér í hv. Ed. ættum að reyna að leggja okkur í líma til þess að það megi takast.

Umr. frestað.

Neðri deild, 69. fundur.

Þriðjudaginn 14. maí, að loknum 83. fundi í Sþ.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 852 (sbr. 542), 724, 803). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 724 tekin aftur.

Brtt. 803 felld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, EBS, GeirG, KP, KHT, KH, ÓÞÞ.

nei: PP, PJ, StG, SV, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GB, HBl, EKG, BM, ÓE, IG.

GJG, GHelg greiddu ekki atkv.

14 þm. (GeirH, RH, StH, SJS, FrS, GSig, GE, GA, GGS, HÁ, HG, JS, JBH, KSK) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þessi brtt. er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir það ranglæti sem mun skapast verði það frv., sem hér er nú til lokaafgreiðslu, samþykkt eins og það nú er. Hún er flutt til þess að launafólk alls staðar að af landinu búi við sömu aðstæður að því er varðar ávöxtun í þessum efnum á orlofsfé og í ljósi þess segi ég já.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696, 740). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 740 felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, SvG, BÍG, EBS, GSig, GeirG, GB, GHelg, KHT, KH.

nei: EKG, BM, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, SV, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, IG.

GJG, HBl, KP greiddu ekki atkv.

13 þm. (GeirH, RH, StH, SJS, FrS, GE, GA, GGS, HÁ, HG, JS, JBH, KSK) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þessi atkvgr. er um það hvort stjúpbörn eigi fremur að hafa leyfi til þess en önnur börn að krefja eftirlifandi maka um bú sitt, heimili og eignir. Þessu er ég andvíg og þess vegna segi ég já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði vænst þess að orðið yrði við þeirri beiðni minni að afgreiðslu málsins yrði frestað þangað til formaður allshn., sem flutti þetta mál, kæmi aftur til þings svo að hægt yrði að fjalla um málið betur þar sem ég tel ýmsum spurningum ósvarað varðandi þessa brtt. og hefði talið ástæðu til þess að frekari efnislegar skýringar gæfust en hv. flm. gaf. Eins og málið liggur fyrir treysti ég mér ekki til að taka afstöðu til málsins og greiði ekki atkv.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningur 1980, frv. 368. mál (þskj. 588, n. 882). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 871). — Ein umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. sem hér er nú til einnar umr. var flutt af hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar að beiðni hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er nú komið frá Ed. þar sem gerðar voru á því nokkrar minni háttar breytingar sem mér þykir rétt að gera grein fyrir í örstuttu máli.

Í fyrsta lagi voru gerðar við 2. gr. lítils háttar breytingar: einu orði breytt í 1. mgr., 2. mgr. er orðuð með markvissari hætti en áður og svo er bætt við nýrri mgr. í lok 2. gr. Sú mgr. er svohljóðandi:

„Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum heilbrigðisstétta er undir lög þessi falla skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmst viðkomandi milliríkjasamningi."

Þetta er viðbótin.

Síðan er hér breyting við 6. gr., en þar er felld brott 3. mgr. sem var svohljóðandi:

„Með mál sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála."

Þessi mgr. er óþörf þar sem viðurlög við brotum eru í læknalögum og ákvæðið sem er í 6. gr. varðandi það atriði er talið nægja.

Þá falla niður í 8. gr., lokagreininni, orðin „með síðari breytingum, að undanskildum ákvæðum um tannsmiði í lögum nr. 39/1980."

8. gr. verður þá svohljóðandi þegar þetta hefur verið fellt brott:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir."

Rökin fyrir því að ákvæðið um tannsmiði gildi ekki áfram eru þau að í fyrsta lagi eru lög 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, numin úr gildi með 8. gr. þessa frv., ef að lögum verður, og getur því ákvæðið um tannsmiði naumast staðið eitt og sér. Þess vegna er rökrétt að fella þessi orð niður. Það skal skýrt tekið fram til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning að réttarstaða tannsmiða breytist ekkert við þessa breytingu. Ákvæði um tannsmiði eru í reglugerð um iðnfræðslu nr. 558 frá árinu 1981, 6. gr.

Heilbr.- og trn. hefur kannað þessar breytingar, sem ég hef hér gert grein fyrir og gerðar voru í hv. Ed., og

nm. eru þeim samþykkir. Þá hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. greint mér frá því í viðtali að hann fallist á þessar breytingar fyrir sitt leyti, en hæstv. ráðh. situr ekki á þingi um þessar mundir og vildi ég því koma þessari skoðun hans á framfæri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 904 (sbr. 616)). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Það er 384. mál Ed., upphaflega á þskj. 616.

Frv. þetta er samið af sérstakri nefnd sem skipuð var í júlí 1983 í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. apríl 1981 þar sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fram á Alþingi frv. til l. um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í þessa nefnd voru skipaðir Jóhann Einvarðsson formaður, Hafliði Helgi Jónsson veðurfræðingur, Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur, Helgi Hallgrímsson verkfræðingur og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri. Hlynur Sigtryggsson veðurstofustjóri tók sæti í nefndinni í byrjun september 1984 í stað Hafliða Helga Jónssonar.

Þetta mál hefur fengið allmikla meðferð í Ed. og fylgja hér frá Ed. nokkrar breytingar, sem deildin gerði á frv., sem eru þó flestar smávægilegar. En ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara mörgum orðum um þetta frv. hér í Nd. Ég vænti þess að hv. nefnd sem fær málið kynni sér afstöðu og þá vinnu sem Ed. lagði í málið og ég legg aðaláherslu á að þetta mál verði afgreitt sem lög frá þessu þingi því að það er beðið eftir því. Þetta er mál sem allir eru sammála um að þurfi að færa til betri vegar og ég vænti þess, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ríkislögmann á þskj. 824.

Með frv. því til laga sem hér liggur fyrir er lagt til að komið verði á fót sjálfstæðri stofnun, embætti ríkislögmanns sem fari með nánar tilgreind verkefni sem talin eru upp í 2. gr. frv. Frv. þetta var lagt fram í Ed. og hefur hlotið eðlilega meðferð þar. Það er fyrst og fremst um að ræða málflutning af hálfu ríkisins í einkamálum, uppgjör bótakrafna, auk þess sem einstökum ráðh. er veitt heimild, ef þeir sjálfir kjósa, að óska lögfræðilegrar álitsgerðar ríkislögmanns og aðstoðar við vandasama eða yfirgripsmikla samningsgerð.

Það skal tekið fram að hér er ekki verið að koma á fót stofnun til að axla ný verkefni á vegum ríkisins því að ríkið hefur um langt skeið að miklu leyti notað eigin málflutningsmenn, þ. e. ríkisstarfsmenn, við vörn og sókn dómsmála sem ríkið er aðili að. Það hafa einkum verið málflutningsmenn innan fjmrn. sem hafa sinnt þessum verkefnum hingað til. Um það hvernig á þessum málum hefur verið haldið hingað til og hvaða venjur hafa verið að mótast á síðustu árum vísast að öðru leyti til almennra aths. við lagafrv. þetta.

Það sem hér er um að ræða er fyrst og fremst breyting í stjórnarfarsréttarlegu tilliti með því að starfsemi, sem verið hefur innan fjmrn., er tekin út úr því og sett undir sjálfstæða stofnun. Umsvif fjmrn. minnka að sjálfsögðu að sama skapi sem því nemur.

Hugmyndin um stofnun embættis ríkislögmanns er í rauninni ekki ný af nálinni og allnokkuð mun liðið síðan henni skaut fyrst upp. Á bak við þau sjónarmið er að sjálfsögðu sú staðreynd að ríkislögmaður er í raun starfsmaður hinna ýmsu ráðherra og ríkisstofnana eftir því hvernig aðild ríkisins er ákveðin í hverju einstöku máli af þeim lögmönnum sem kröfurnar gera á hendur ríkinu hverju sinni. Þetta hefur þýtt að ráðh., sem stefnt er til að þola dóm, hefur þurft að eiga vörn málsins undir starfsmönnum í rn. annars ráðh., þ. e. fjmrh., og þetta hefur mönnum lengi verið ljóst að væri alls ekki eðlilegt.

Ef litið er til þess hvaða háttur er á þessu hafður í grannlöndum okkar þá er sú skipan víða fyrir hendi í grundvallaratriðum sem hér er lagt til að verði tekin upp, þ. e. að til staðar eru sjálfstæðar stofnanir, embætti ríkislögmanns, sem annast sókn og vörn einkamála fyrir hönd hinna ýmsu ráðh. eða stofnana ríkisins. Grundvöllur er með þessum hætti hinn sami, þ. e. að um sjálfstæða stofnun er að ræða en ekki starfsemi innan hvers ákveðins rn. Nokkur munur er hins vegar á hlutverki ríkislögmanns frá einu landi til annars, þar sem þeim er sums staðar ekki aðeins falið málflutningsumboð, heldur einnig aðild mála fyrir hönd ríkisins. Út í það verður ekki farið hér nánar, en þó má geta þess að hlutverk ríkislögmanns í Noregi, sem hér hefur nokkuð verið litið til, er að sumu leyti enn víðtækara en hér er lagt til að upp verði tekið, enda mótast þessar tillögur að miklu leyti af ólögfestum venjum sem verið hafa að mótast á alllöngum tíma.

Það eru vissulega vandasöm og mikilvæg verkefni sem ríkislögmaður hefur haft með höndum og sem honum er áfram ætlað að hafa með höndum. Í því sambandi skal bent á að ríkið er aðili að mörgum hinna stærstu einkamála sem fyrir dómstólana koma. Ég vil þó benda sérstaklega á að ekki er tilætlunin að stofna til neins bákns svo sem hverjum má vera ljóst sem les upphafsákvæði 3. gr. frv. Skv. 2. mgr. 3. gr. er heimilt að fela lögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála ef það þykir heppilegra. Hér er rétt að hafa í huga að ýmsir lögfræðingar, sem eru í rn. og ríkisstofnunum, eru meiri eða minni sérfræðingar á þeim lögfræðilegu sérsviðum sem þeir starfa á. Það getur því stundum verið besta lausnin að slíkir starfsmenn fylgi sérhæfðum og einhæfum málum eftir þegar þau koma til kasta dómstólanna svo sem dæmi eru til um. Frv. gerir ráð fyrir að þeirri leið verði haldið opinni áfram. Hið sama getur gilt um sjálfstætt starfandi lögmenn. Hins vegar er það svo, að fjöldi mála er þannig vaxinn að heildarsýnar er þörf og þá einkum á þann veg að öllum þráðum máls sé safnað saman og það lagt fyrir dómstóla þannig að heildarmyndin sé skýr. Til þess að besta lausnin fáist þarf að samræma og halda utan um þennan málaflokk af manni sem er reyndur málaflutningsmaður og reyndar á þetta einnig við um ráðleggingarstarfið því að það er oft fólgið í því að geta lagt mat á hver muni verða afstaða dómstólanna til máls. Ríkislögmanni er þannig

ætlað að halda utan um þennan mikilvæga málaflokk þótt öllum leiðum sé haldið opnum til að aðrir flytji einstök mál ef sérþekking eða annað gerir það heppilegt.

Um efnisatriði frv. vísast að öðru leyti til ítarlegra aths. sem því fylgja. Það þarf vart frekari skýringa. En á það skal bent að í aths. með 2. gr. er nákvæmlega útlistað til hvaða aðila innan ríkiskerfisins málflutningsumboð ríkislögmanns nær og í hvaða tilvikum þarf sérstakt umboð til málflutnings við aðila innan ríkiskerfisins. Þar er einnig að finna umfjöllun á því hvaða aðilar falla algerlega utan ramma þeirra verkefna sem ríkislögmanni er ætlað að hafa með höndum.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að gera það að tillögu minni að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og virðulegrar allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88, n. 704 og 732, 733, 849, 853). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það liggur við, af því að mönnum hefur nú verið nokkuð heitt í hamsi, að mig langi til að segja hér gamansögu í upphafi máls míns. Hún er örstutt. Hún segir frá bankastjóra sem var boðið í veislu af starfsmanni bankans. Þegar hann hafði fengið í glas leit hann í kringum sig, skoðaði veggina og sagði svo þessa frægu setningu: „Það er ekki eins og hér búi bankastarfsmaður, heldur bankaþjófur," lagði frá sér glasið og gekk út. En hann gerði aldrei neitt meira í því máli en leggja frá sér glasið og ganga út. Það var löngu, löngu seinna sem íslenskir dómstólar tóku á þessu máli og þá kom í ljós hversu glöggskyggn hann hafði verið á sínum tíma. (**Iðnrh.:** Það er ekkert skrýtið.) Ég sé að hæstv. iðnrh. hlær þannig að hann þarf engar leiðbeiningar að hafa um það hvort hér eru skrýtlur á ferðinni eða góðar og gamlar sögur.

En svo við víkjum að áfengislögum þá hef ég hugsað mér að byrja á því að minnast örlítið á viðtal við Guðrúnu Helgadóttur sem kom í útvarpinu. Þar taldi hún upp sem meðmæli og hinn stóra ávinning, ef þetta frv. yrði að lögum, tekjurnar sem ríkissjóður fengi. Það er vel að hún er farin að hugsa um kassann. En hún gleymdi að geta þess að hjá hinum vestrænu þjóðum er það viðurkennd staðreynd — ég sé að hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir er hér til staðar — (**GHelg:** Eins og ævinlega, þm.) — þegar hún er ekki erlendis — að það er ein króna sem kemur inn á móti hverjum þremur eða fjórum sem fara út. (**GHelg:** Ég var að vitna í hæstv. forsrh. Það er ekki mín skoðun sem ég var að lýsa.) Það var verið að tala um aðalávinninginn og ég vænti þess að þm. sé þess minnugur hvað hann sagði.

En ég ætlaði að eiga örlítið meiri orðastað við hv. þm. og var að vona að hann hyrfi ekki svo skjótt af vettvangi því að hér er um landskunnan og góðan barnabókahöfund að ræða og mér sýnist að í tilefni árs æskunnar hafi umræddur barnabókahöfundur ákveðið að færa þeim Jóni Oddi og Jóni Bjarna gjöf sem þeir munu lengi minnast.

Ég tel að hv. 6. þm. Reykv. hafi viljað tala hér af mikilli alvöru um þessi mál. Ég reyndi að skrifa niður eftir honum nokkrar fullyrðingar sem féllu í hans ræðu. Ein fullyrðingin var þessi: Við bönnum ekki æskunni að velja sér vegi. Bönn duga ekki, sagði hann á öðrum stað. Hann gleymir því að öll rökin sem hann notaði gætu verið rökin með því að leyfa hassneyslu eða innflutning á eiturefnum í landið. Við bönnum ekki æskunni að velja sér vegi. Við erum að setja æskumenn í tugthúsið á Íslandi fyrir að neyta þessara efna. Hvað er hv. þm., fyrrv. formaður allshn. hér í þinginu, að tala um? Veit hann ekki í hvernig þjóðfélagi hann lifir? Er honum ekki ljóst að við setjum lög þar sem við bönnum eitt og annað? Hvernig dettur manni á löggjafarsamkomu þjóðarinnar í hug að halda því fram að við stjórnum ekki landinu með lögum, boðum og bönnum? Er hann að leggja til að lagasafnið verði afnumið í einu lagi? Hvar eru rökin fyrir svona málflutningi? (**EBS:** Kynnist maður lífinu í allshn.?) Hv. 6. þm. Reykv. spyr hvort maður hafi kynnst lífinu í allshn. Ég minnist þess að hann kynntist það vel lífinu í allshn. að þegar áfengismál voru á dagskrá og komu til nefndarinnar afgreiddi hann þau undir vor, það seint að málið sofnaði hér í deildinni áður en það fór til atkvæða. Það má vel vera að kynning við lífið hafi komið þar inn í.

En hitt undraði mig hvað maðurinn, hv. 6. þm. Reykv., er vel að sér í bókmenntum og þekkir þar ýmsar frægar sögupersónur, m. a. Gróu á Leiti, veit að hún er skrifuð með stórum staf. Gróa á Leiti hafði þá reglu að tilkynna að ólyginn hefði sagt sér. Íslenskir blaðamenn og fréttamenn hafa lögum á seinni árum viljað halda því fram að það væri nauðsyn að þeir gætu þagað yfir heimildarmönnum, þeir þyrftu ekki að gefa upp hverjir heimildarmennirnir væru. Ekki veit ég hvort Gróa á Leiti var á undan sinni samtíð hvað þetta snerti, en við skulum ekki gera lítið úr því að það er rétt að það getur verið nauðsyn hjá blaðamönnum að gefa ekki upp sína heimildarmenn til þess að þeir hafi trúnað manna. En blaðamennirnir gleyma því að stjórnmálamenn geta komist í nákvæmlega sömu aðstöðu. Þeir geta komist í þá aðstöðu að þeir gefi ekki upp heimildarmenn til þess að hafa trúnað. Mér er spurn: Telja blaðamenn að þeir einir séu stundum í þessari aðstöðu? Ég ætla að leiða eitt vitni fram hér á eftir en áður en ég kem að því þykir mér rétt að minnast örlítið á hv. 5. þm. Austurl.

Hv. 5. þm. Austurl. var iðnrh. og ég minnist þess að hann undi illa tillöguflutningi sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn stóðu að varðandi samninga við Svisslendinga. Hvaða orð haldið þið að hann hafi valið þeim hóp sem stóð að því að leggja fram till. í þessu máli, taldi sig vinna af jafnmiklum heilindum og hann, hafði aðeins aðrar skoðanir? Hann bar það á þá að þeir hefðu holgrafið íslensku víglínuna. Honum hætti stundum til að tala á styrjaldarmáli. Hvað ætli hershöfðingi hefði gert í stríði við hermenn sem hefðu holgrafið víglínuna? Ég efa það að hv. 5. þm. Austurl. sé ljóst hvaða áburð hann var með. Ég efa að honum sé það ljóst. En mér þótti það hreint skop þegar hv. 5. þm. Austurl. kom hér upp í pontuna, var hér orðinn hálfföfugur til að festa augun á skrifara deildarinnar og gleymdi því að það verður að tala í þessi tól til þess að það komist á segulbandið uppi. Siðavendnin og prédikunartónninn var svo algjör. Hann sagðist hafa orðið mjög hissa á þessum ummælum sem ég lét falla og undrandi á þm. að láta slíkt frá sér fara.

En ég var yfir mig hissa á einu atriði. Hv. 5. þm. Austurl. sagðist hafa lesið allan þann póst sem borist hefði út af þessu máli. Það verður að segjast eins og er að það er einhver lélegasti árangur í yfirlestri yfir pappírum, hafi hann lesið allt sem honum barst, að komast að þeirri niðurstöðu sem hann komst að. Það má vera furðulegt að lesa alla pappírana, allar upplýsingarnar sem liggja fyrir og komast að þeirri niðurstöðu *að hann ætli sér að styðja bjórinn. Þetta minnir á* það þegar ágætur maður hraðlas Biblíuna og sagði:

> Biblían er sem bögglað roð fyrir brjósti mínu,
> gleypti ég hana alla í einu,
> svo að ekki kom að gagni neinu.

Ég er hræddur um að hv. 5. þm. Austurl. hafi lesið þá pappíra álíka vel og viðkomandi aðili las Biblíuna. En *ég ætla að vitna hér í Dagblaðið 11. maí 1985* og með leyfi forseta lesa það sem Sigrún Stefánsdóttir fréttamaður kemur hér á framfæri:

„„Þetta er eins gróf yfirlýsing og frekast getur orðið og tilhæfulaus óhróður," sagði Sigrún Stefánsdóttir fréttamaður í viðtali við DV. Ummæli Ólafs Þ. Þórðarsonar þingmanns um hugsanlega mútuþægni fréttamanna ríkisfjölmiðlanna í umr. um bjórinn voru borin undir fréttamanninn." Reyndar talaði ég um að það hvarflaði að mér með opinbera starfsmenn. Fréttamenn eru þar í hópnum.

„Þm. nefnir sérstaklega í ræðustól á þingi frétt um bjórsamlagið. Sigrún Stefánsdóttir var eitt sinn með frétt um bjórsamlagið í sjónvarpinu en þær hafa reyndar verið fleiri en ein." Alveg er það merkilegur hlutur hvílík uppspretta frétta bjórsamlagið hefur verið. Hvað þyrfti mörg bjórsamlög til að halda dagblöðunum gangandi með helstu fréttir á útsíðum? Eða er hugsanlegt að nýjar stöðvar hefðu þarna nægt fréttaefni upp á hvert kvöld í framtíðinni?

Þessi frétt um bjórsamlagið, þessi þáttur sem ég talaði um, hafði nefnilega fleiri aðila til viðtals en Guttorm Einarsson. Það var viðtal við Jóhannes Bergsveinsson. Þegar fréttamenn taka viðtöl taka þeir sér gjarnan það vald að klippa þau niður og taka aðeins hluta úr þeim. Það er þó nokkuð mikið vald sem felst í því að klippa niður fréttir eða skoðanir manna á þennan hátt. Það athyglisverða við þetta var að það birtist aðeins örlítið brot af því sem þessi þekkti maður hafði að segja um þessi mál. Hinu var fleygt og m. a. því sem hann hafði lagt sérstaka áherslu á. Það þótti ekki hæft að þessu sinni.

Það hefur borist til þessa fréttamanns undirritað skjal þar sem forseti Ungmennafélags Íslands og ÍSÍ taka afstöðu til þessa máls og fleiri aðilar hafa skrifað undir, allir með það sameiginlegt að þeir hafa unnið og vinna að æskulýðsmálum í landinu. Fréttamaðurinn mat það svo að þetta væri ekki hæft til birtingar eða lagði ekki áherslu á að skýra frá því.

Hv. 2. þm. Reykv. segir orðrétt í Dagblaðinu 11. maí 1985, með leyfi forseta: „Ég held að maðurinn sé að segja þetta sér og öðrum til skemmtunar." Það má vel vera að hv. 2. þm. Reykv. telji að ég hafi af þessu skemmtun. Þar er þó um mikinn misskilning að ræða. Ef ég væri að leita mér að skemmtiefni þá er ábyggilegt að ég veldi aðra umr. en um bjórinn. Það er alvara þessa máls. En það er alvöruleysið, sem blasir við í afstöðu manna, sem mig undrar.

Ég get vel hlustað á ræðu eins og 3. þm. Vestf. flutti hér þar sem hann taldi að sér væri heimilt að skipta um skoðun og reyndi að færa rök að þessu máli, — reyndi að færa. Ég var hans rökum ósammála. En mér var ljóst að honum var þetta ekkert gamanmál. Hann var að horfa og skoða þetta út frá því sjónarhorni hvernig ætti að taka skynsamlega á þessu.

En það eru vafalaust ýmsir sem telja að hér sé um gamanmál að ræða. Ég held þó að stærri hópurinn líti svo á að það sé ekki. Ég hef ekki trú á því að ungir sjálfstæðismenn, sem gengust fyrir fundi í Hafnarfirði, hafi litið á þetta sem neitt gamanmál. Þeir höfðu sínar meiningar um þetta. Á þeim fundi töluðu Agnes Bragadóttir, Jón Magnússon, Halldór Kristjánsson og Páll V. Daníelsson. Það mun hafa hitnað dálítið í kolunum á þeim fundi. Guttormur lét orð falla efnislega á þennan veg: Við skulum í næstu prófkosningum *aðeins kjósa þá sem vilja vinna að framgangi* þessa hagsmunamáls okkar. Þarna er barist. Þarna er stefnan mörkuð. Við viljum fá þetta og við munum berjast fyrir því að setja þá út sem ekki vilja styðja það.

Það er ekki verið að fara í neinar grafgötur með það hvað fyrir mönnum vakir. En ég á von á því að þær kveðjur sem ég fái séu fyrst og fremst þær að menn telji að ég sé að tefja þetta mál. Í fundargerðabók allshn. Nd. er það bókað í fyrravetur þegar þetta mál var á dagskrá að ég óskaði eftir því að það *færi* út úr nefndinni og inn í deildina í atkvæðagreiðslu. Ég óskaði eftir því það tímanlega að það væri öruggt að það væri möguleiki að þingið tæki afstöðu. Það var ekki orðið við því. Ég hafði ekki meiri hl. til að ná málinu út. En sá vopnaburður sem nú dynur er ekki til að stytta umr. um þetta mál. Þegar heill leiðari er lesinn upp í útvarpinu til þess aðeins að vega að mér, þá spyr maður sjálfan sig: Er nokkur ástæða til þess að vera að hlífa mönnum við umr.? Það er sennilega rétt að leiða hér fram fyrsta vitnið.

Fyrsta vitnið er Jón Baldvin Hannibalsson alþm. og það væri vel ef hann gengi í salinn. Heimildirnar eru Helgarpósturinn fimmtudaginn 31. jan. 1985, 5. tölublað. Ég sakna þess að hv. þm. er ekki í salnum. (**Forseti:** Hv. þm. er hér.) Að vera hálfur í hvarfi í dyragættum er nú ekki beint sterkt og ég býst við að það væri ekki talið nothæft í réttarsal í það minnsta. Enda mat ég það svo rétt að það væri óvíst að hann væri hæfur sem vitni við þær kringumstæður því að þar mega menn ekki verða tvísaga. En með leyfi forseta verð ég að lesa hér framburð þessa aðila:

„Jón Baldvin Hannibalsson alþm.: Þjóðin hundleið á skinhelgi og hræsni. Það tíðkast alræmd mútustarfsemi vegna áfengissölu." — Það hvarflar ekkert að hv. þm. — „„Niðurstöður þessarar skoðanakönnunar sýna að þjóðin er orðin hundleið á skinhelgi, hræsni og vitleysisgangi í þessum málum," sagði Jón Baldvin Hannibalsson alþm., fyrsti flm. frv. til laga um breytingu á áfengislögum — sem gerir ráð fyrir að bjór verði leyfður á Íslandi." (Gripið fram í.) — Hv. 5. þm. Reykv. er genginn í salinn og vil ég að það sé á hreinu í þingtíðindum að hann hafi tekið það hressilega við sér að hann hafi gengið í salinn. Þá held ég áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Það er vitað frá fyrri könnunum að meiri hluti hefur viljað heimila framleiðslu og sölu á bjór, en kannske má túlka þessa niðurstöðu núna þannig að meiri hlutinn vilji það ekki aðeins, heldur krefjist þess. Þetta er

ánægjulegt," sagði Jón Baldvin.

Hann sagði að nú væri það spurning hvort meiri hluti á Alþingi herti upp hugann til að fylgja sannfæringu sinni. Á þingi væri a. m. k. vitað að það væri meiri hluti fyrir frv., kannske tveggja atkvæða meiri hluti. Jón taldi jafnvel að þessi hópur væri stærri. „Það er bara ákveðinn hópur þm. sem ekki þorir að fylgja sannfæringu sinni af venjulegri kjósendahræðslu, en vonandi duga þessar niðurstöður til þess að þeir fái kjark til að fylgja sannfæringu sinni," sagði Jón Baldvin."

Örlítið innskot. Hvort skyldi nú þurfa meiri kjark til að taka ákvörðun í andstöðu við skoðanakönnun eða í samræmi við skoðanakönnun? Það þarf lítinn kjark til að fylgja eftir í kjölfar á skoðanakönnun þar sem meiri hluti leggur til ákveðna hluti. Það þarf mun meiri kjark til að sigla á móti vindinum, hv. 5. þm. Reykv. (**JBH:** Sumir beygja sig fyrir fámennum þrýstihópum.) Með leyfi forseta vil ég halda áfram lestrinum:

„Hann kvaðst eiga von á því að málið færi í gegn á þessu þingi ef það yrði þá ekki þæft eða svæft í nefnd, „en það reynir mikið á Gunnar Schram, því að hann er formaður allshn."

Jón var spurður um álit sitt á röksemdum gegn bjór:

„Í fyrsta lagi fer sú umr. öll fram á þeirri forsendu að hér sé ekki bjór. Það er bara hin mesta vitleysa. Landið er yfirfullt af bjór, bruggi í heimahúsum, landabruggi, smygli og svo þessu „bjórferlíki"." — Með leyfi forseta, til fróðleiks, mér er ekki ljóst hver er munurinn á landabrugginu og bruggi í heimahúsum, en það má vel vera að 5. þm. Reykv. upplýsi það hér á eftir. — „Um læknisfræðilegu hliðina, t. d. aukningu á skorpulifur, hef ég það að segja að það eru mjög skiptar skoðanir á meðal lækna um þau mál. Það eru heilar stofnanir í Þýskalandi sem halda því fram að bjór hafi að vissu leyti líka hollustuáhrif, og hvað varðar skorpulifur, þá má alls ekkert síður rekja hana til léttra vína. Bjór út af fyrir sig er ekkert annað en sárasaklaus neysluvara og breytir engu til eða frá um þetta áfengisböl."

Jón Baldvin sagði að meiri hluti þjóðarinnar skildi ekki móðursýkiskenndar upphrópanir sumra manna um að bjór væri arsenik eða eiturlyf."

Herra forseti. Ég hef ekki heyrt þessi hróp þessara manna sem boða þetta. Það má vel vera að hv. 5. þm. Reykv. hafi heyrt þetta á ferðum sínum um landið þegar hann hefur verið að kanna hver á Ísland og væri þá fróðlegt ef það kæmi fram hér í umr. á eftir. Þá held ég enn áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Jón vék að sölufyrirkomulagi á áfengum drykkjum hérlendis og sagði skipan á sölunni í gegnum áfengis-einkasölu ríkisins fáránlega í heild sinni. Vitað væri hvernig og hvaða leiðir umboðsmaður áfengis færi til þess að auglýsa sína vöru, koma henni fyrir á réttum stað í hillunum og fá rétta aðilja til að veita vörunni hæfilegan forgang." — Á hvaða aðila er verið að bera mútur? Hvar er kjarkurinn í manninum sem boðaði að það þyrfti kjark til að gefa upp þessa menn? Hvar eru nöfnin, hv. 5. þm. Reykv.?

„Þetta er m. ö. o. alræmd mútustarfsemi," sagði Jón Baldvin. „Þar að auki ber ríkið allan þungann af innflutningnum fyrir utan svo þá siðferðilegu þversögn af hálfu ríkisins að segja að áfengi sé eiturlyf, það sé böl o. s. frv., en nota áfengið samt sem áður sem eina helstu tekjulind ríkisins. Þeir sem stunda þetta eiga sjálfir að bera þungann af innflutningnum og ríkið að taka sinn toll og sína skatta af vörunni. Ég er fylgjandi því að bjór verði seldur í verslunum, en ég held bara að það yrði of stór biti fyrir þm. að kyngja. Þeir verða alltaf að vera í smáu skrefunum," sagði Jón Baldvin Hannibalsson alþingismaður."

Hv. 1. þm. Norðlendinga fær þarna sérstaka kveðju. Honum henta ekki stóru bitarnir. Hann er í smáu skrefunum. Það var ekki talið sennilegt að stærri skref hentuðu honum en að bjóða upp á áfengisverslanir ríkisins. Það var ekki talið trúlegt að það hentuðu honum þeir stóru bitar að bjóða upp á matvöruverslanir almennt. Smáu skrefin og litlu bitarnir voru það sem hann, hv. 1. flm., taldi að hentaði í þessu máli.

Herra forseti. Það er með þennan lestur eins og þegar klerkarnir hafa flutt sitt ávarp í kirkjunni, þá er nauðsyn að leggja út af textanum. Undan því verður ekki komist. Sérstaklega er það nauðsynlegt vegna hv. 6. þm. Reykv. sem satt best að segja vandaði mér ekki kveðjurnar í því sem hann flutti hér í ræðustól í gær. (**EBS:** Hver hóf þann leik?) Herra forseti. Hér er ekki um knattspyrnuleik að ræða. Sá sem flutti frv. kom því inn í Alþingi. Hann hlýtur að vera upphafsmaður að þeirri umr. Það er á engan hátt saknæmt eða neitt athugavert við það.

En spurningin er þessi: Hvaða aðilar eru það sem þarf að múta til að flöskurnar standi rétt í hillunum? Er það útsölustjórinn á staðnum? Er það starfsmaðurinn sem sér um að raða flöskunum? Þetta eru stór orð. En það er athyglisvert að fréttamennirnir, fréttamenn fjölmiðlanna hafa ekki tekið það mark á hv. 5. þm. Reykv. að þeir teldu þess virði að skýra frá þessu einu sinni. En þegar ég læt þess getið hér í þingræðu að það hvarfli að mér — ég kveð nú ekki sterkar að orði — þá er eins og maður hafi stungið þetta lið með títuprjóni í rassinn, svo hörð eru viðbrögðin. Hvað er það sem kemur í veg fyrir að menn taki mark á hv. 5. þm. Reykv.? Hvað veldur því að ekki er tekið mark á honum? Af hverju taka mennirnir ekki við sér?

En hann segir meira: „... og fá rétta aðilja til að veita vörunni hæfilegan forgang." Hæfilegan forgang hvar? (**Gripið fram í:** Og hvernig forgang?) Og hvernig forgang? Ef það er að koma honum á framfæri í fréttastofum þá verður að leita til vissra aðila í því sambandi. Það fer ekki á milli mála. Ég segi bara eins og er að ég er að verða spenntur að fá að hlusta á hv. 5. þm. Reykv. útskýra þetta allt nánar.

Hyggur hv. 6. þm. Reykv. að það sé hugsanlegt að það hafi hvarflað að einhverjum lesanda Helgarpóstsins eftir að hafa lesið þetta að e. t. v. væri það rétt að menn þægju mútur? Eða er hann þeirrar skoðunar að ekki sé mark takandi á hv. 5. þm. Reykv.? Þetta er erfitt dæmi og umhugsunarefni.

„Þetta er m. ö. o. alræmd mútustarfsemi." Það var maður sem talaði við útvarpið og talaði um kjarkinn sem þyrfti og það þyrfti að leiða fram vitnin. Nú er stundin komin hjá hv. 5. þm. Reykv. ef kjarkurinn er til staðar, nema þarna hafi verið um lýðskrum að ræða. (**Gripið fram í:** Það getur ekki verið.) Það getur ekki verið, ég tek undir það, það er óhugsandi. Ég hygg að það sé hv. 6. þm. Reykv. ljóst að hv. 5. þm. Reykv. undanskilur ekki einn einasta mann í þessu landi þegar hann talar um hina alræmdu mútustarfsemi. Hann undanskilur ekki einn einasta mann, svo fast er kveðið

að fullyrðingum.

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að halda uppi öðru en efnislegri umr. En það kemur mér mjög á óvart ef hv. 5. þm. Reykv. á ekki eftir að biðja um orðið.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég óttast að það verði spennufall mikið eftir að ég kem hér í ræðustól á eftir síðasta ræðumanni. Ég skal ekki hafa orð mín mörg en vil aðeins lýsa minni skoðun á málinu.

Þegar rætt er um bruggun og sölu áfengs öls á Íslandi held ég að nauðsynlegt sé að hafa í huga að áhrif slíkrar lagabreytingar verða á margan hátt afdrifaríkari en ýmsir átta sig á í fljótu bragði. Þetta er allt annað en í löndum þar sem bjórdrykkja hefur þróast kannske nokkur hundruð ár. Menn hafa kynnst því. Það fer aldeilis tvennum sögum af þeirri reynslu.

Ég er persónulega þeirrar skoðunar að með samþykkt þessa frv. skelli aukin áfengisalda yfir landið sem öðru fremur lendir á æskufólki. Ísland hefur að ýmsu leyti sérstöðu. Þó að okkur finnist nóg um drykkjuna er þó eitt sem er athyglisvert, að nú orðið er það hrein hending ef drykkja á vinnustað er liðin eða að menn séu undir áhrifum áfengis á vinnustað. Það voru töluverð brögð að þessu á stríðsárunum og upp úr stríðinu. En þetta hefur tekist nokkurn veginn að uppræta og ég býst við að það sé hrein undantekning ef hægt er að nefna dæmi um slíkt.

Þetta er ákaflega dýrmætt og hefur verið talið okkur til sóma. Ég er ákaflega hræddur um að þegar bjór skyndilega flæðir yfir fari menn að drekka hann svipað og þeir drekka kók í dag. Þetta með að menn verði ekki undir áhrifum á vinnustað, ég held að það líði undir lok, því miður. Þetta verður eingöngu selt í Áfengisverslun ríkisins, sagði einn þm. og reyndar fleiri en einn, og ekki auðvelt að ná í það. Bjór verður að vísu meira og minna alls staðar þrátt fyrir það.

Það var fróðlegt að hlusta á hv. 5. þm. Austurl. Enginn sakar þann ágæta mann um að vera einhvern brennivínspostula, öðru nær. Og hvert er áhugamál þessa ágæta þm. ef frv. næði fram að ganga? Ef það næði fram að ganga, þá er áhugamálið — og væri ekki aldeilis um brennivínspostula að ræða eða einhvern talsmann bjóráfengissölu í landinu — að hvert kaupfélag, a. m. k. á Austurlandi, seldi bjór svo að ekki hallist á með lífsgæðin.

Ég er ekki með ásakanir eða brigslyrði á þennan ágæta þm. og flokksbróður minn, en á þessu geta menn heyrt hver næsta krafa verður. Það verður vart búið að afgreiða þetta frv. eða samþykkja sem allt bendir nú til þegar kemur fram krafa um það — ég segi ekki að hún fljúgi í gegn á næsta ári en það verður stutt í það — að ekki megi gera upp á milli landshluta, ekki megi gera upp á milli byggðarlaga og þetta verður ekki lengi hamið við Áfengisverslun ríkisins.

Þetta verður ekki nema 5%, er líka sagt. Margir úr mínum kunningjahóp, sem styðja þetta frv., eru á því að bjór eigi að vera sterkari. Það eigi hiklaust að leyfa bjór allt að 7%. Ég er ekki í minnsta vafa um að verði þetta frv. samþykkt verði næsta baráttumál líka að fá hann sterkari svo að þetta flæði yfir líka.

Það er almæli í þessari hv. deild að öruggur meiri hluti sé hér fyrir framgangi þessa máls. Það sem ræður úrslitum hér nú er ástandið í þessum málum, ferðamannabjórinn sem kallaður er og bjórkrárnar. Raunverulegir andstæðingar bjórsins styðja því málið. Við þolum ekki þessa tvíhyggju, segja hinir mætustu menn. Það er mikið til í þessum málflutningi. Það er vitnað í að löggjöfin sé svona. Hvað snertir bjórinnflutning ferðamanna liggur fyrir lögfræðilegt álit eins virtasta lagaprófessors við Háskólann að heimild fyrir ferðamannabjórnum, ef má nefna hann svo, styðjist alls ekki við lög og hefur það álit legið fyrir lengi. Dómsmrh. gæti stöðvað það ef hann hefði bara þrek og kraft til.

Þá eru bjórkrárnar. Það væri eðlilegast af bindindismanni og það góðum bindindismanni eins og núv. dómsmrh., að hann hefði ekki veitt leyfi fyrir bjórkrám eins og kom fram hér hjá hv. 3. þm. Reykv. heldur látið dómstólana skera úr ef einhver vildi ekki hlíta þeim úrskurði að þessu væri synjað. Það er álit þeirra sem til þekkja að með þessum bjórkrám sé verið að fara í kringum lögin. Eðlilegra hefði verið að hæstv. dómsmrh. hefði lagt til eina stutta línu í áfengislögin til að taka af öll tvímæli.

Ég skal taka undir það að þetta er ófremdarástand. Ég virði bindindissemi hæstv. dómsmrh. en skörungur hefur hann ekki verið í þessum málum. En ég vil þó benda á að svo slæmt sem þetta ástand er er ég sannfærður um að neysla á bjór hefur í för með sér eins og alls staðar er reynslan, að áfengisneysla verður mörgum sinnum meiri en þó þetta tvíhyggjuástand sem varir í dag. Ég tek undir að þetta ástand er afleitt og þarna hefði röskur dómsmrh. átt að taka til hendi.

Ég skal ekki vera með meiri ásakanir á hæstv. dómsmrh. Það vantar skörungsskapinn í þessum efnum. Ég þekki skoðanir þeirra er styðja sölu á áfengum bjór og hef í sjálfu sér ekki mikið við þá að tala og þeir sennilega ekki við mig. Það mætast bara tvær skoðanir. Það eru menn sem hafa haft afdráttarlausar skoðanir um það að bjór væri æskilegur og hann sé ekki skaðlegur o. s. frv. Það er skoðun. En hitt er öllu ömurlegra að ég held að bjórinn fari hér í gegn í þessari hv. deild vegna þess ástands sem ríkir í þessum efnum, þessarar tvíhyggju sem ræðumenn tala hér um og þessa aðgerðarleysis. Ef bjór er á annað borð ekki leyfður á ekki að leyfa að fara í kringum lagaákvæði jafnvel þó að liggi fyrir skýlaus ákvæði, umsagnir virtustu lagaprófessora.

Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Ég þykist þekkja nokkuð vel til, a. m. k. hér í Reykjavík, a. m. k. ekki minna en margur annar. Af þeirri þekkingu verð ég að segja að mér blöskrar sú fátækt og það mannlega böl sem hlýst af áfengisneyslu almennt. Ég veit að yfirgnæfandi meiri hl. þm. er mér sammála í þessu og skal ég ekki fara frekari orðum um það þó að ég óttist mjög að dagleg neysla á þessari vöru taki í á mörgu alþýðuheimili. En hvað um það. Ég skal játa að ég er ekki meiri kjarkmaður en það að ég tek ekki þátt í neinni lagasetningu sem orsakar að mínu áliti aukningu á þessum áfengisvanda. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari till.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur talað mikið, lengi og oft í þessu máli og reitt hátt til höggs. Hann hefur borið samþm. sína hér á hv. Alþingi þungum sökum. Hann segir, með leyfi forseta:

„Getur verið að mönnum sé það ekki ljóst að alls staðar þar sem sala fer fram á áfengi og tóbaki hafa

söluaðilar þessara vörutegunda reynt með ýmsu móti að hafa áhrif á æðstu starfsmenn í viðkomandi ríkjum og borið á þá fé?"

Hv. þm. segir enn fremur: „... og borið á þá fé til að breyta löggjöf eða að koma í veg fyrir að löggjöf verði samþykkt."

Hv. þm. hefur í annan stað borið fréttamenn á Íslandi þeim sökum að þeir þiggi mútur. Hann segir orðrétt: „Stundum hvarflar að manni þegar menn sjá svona auglýsingar hvort það sem verið hefur nánast óþekkt í íslensku þjóðlífi til þessa, að ýmsir opinberir starfsmenn þægju mútur, eigi sér e. t. v. stað."

Að því er varðar flm. þessa máls hefur hv. þm. þetta að segja: „Það skyldi þó ekki vera að einhver af þessum flm. hefði búið sig undir það að þiggja umboðslaun fyrir áfengt öl ef það verður selt hér á landi. Það skyldi þó ekki vera að búið væri að ganga frá samningum um slíka hluti."

M. ö. o., úr þessum ræðustól hefur hv. þm. það til mála að leggja að fréttaflutningur af áfengismálum, hugsanlega af umr. um þetta mál hér á þingi, hafi orðið til þess að það hvarfli að honum að fréttamenn gangi fyrir mútum, borið sé fé ekki aðeins í dóma heldur til þess að fá að breyta löggjöf og á æðstu menn ríkisins sé borið fé. Þessu verða hæstv. ráðh. að fara að svara hvað úr hverju, hæstv. forsrh., hæstv. dómsmrh., hæstv. fjmrh. Og síðan þetta með flm. — skyldi ekki vera búið að ganga frá samningum um umboðin?

Nú hefur hv. þm. talað í þessu máli þrisvar sinnum, flutt um það þrjár ræður, reyndar í blóra við þingsköp, hæstv. forseti. En það er mér algerlega að meinalausu. Eftir að hafa borið þessar ásakanir hér fram hefur maðurinn talað aftur og hvað kemur á daginn? Hátt var reitt til höggs, hv. þm. En þm. hefur ekki í frammi neina burði, ekki nokkra hina minnstu, til þess að finna orðum sínum stað. Ég held m. ö. o. að það liggi alveg ljóst fyrir að niðurstaðan sé, eins og stundum hefur komið fyrir áður, að ef þessar ásakanir væru bornar fram af einhverjum öðrum en hv. 5. þm. Vestf. hlytu þær að skoðast sem mjög alvarlegar ásakanir. En úr því sem komið er, úr því að hv. þm. hefur hér staðið í ræðustól til þess að svara hv. 6. þm. Reykv. og reyna að finna orðum sínum stað, þá er niðurstaðan þessi: Hann finnur orðum sínum ekki stað. Þetta eru m. ö. o. ásakanir, áburður, dylgjur, og hann gerir enga tilraun til að finna orðum sínum stað. Fyrir fram var sagt: Ef þú ekki gerir það þá skaltu maður minni heita, og það er þá niðurstaðan.

Hv. þm. vitnaði í blaðaviðtal við þann sem hér stendur. Um það er það að segja að þær fullyrðingar, sem þar komu fram, snúast um eitt mál hér á landi. Eins og hv. alþm. er kunnugt um er óheimilt að auglýsa áfengi á Íslandi. Eins og hv. þm. er líka kunnugt um kveða lög svo á um að það er einokunarverslun ríkisins á áfengis- og tóbakssölu. Innflytjendum áfengis er ekki heimilt að auglýsa varning sinn og það skapar dálítið sérstakt ástand hvernig þeir eigi að koma honum á framfæri. Víðast hvar annars staðar eru auglýsingar fyrir opnum tjöldum. Hér eru auglýsingar ekki fyrir opnum tjöldum. Engu að síður er það venja í viðskiptum ef vara er föl að reyna að koma henni á framfæri, auglýsa hana. Það verður að gerast eftir duldum leiðum.

Að þessu vék ég í þessu viðtali við umrætt blað og ég vek athygli á því að þar stóðu þessi orð skrifuð og engin athugasemd var við það gerð svo að ég muni til. Ég skýldi mér ekki á bak við neina þinghelgi. Þetta var ósköp einfaldlega viðtal í blaði þar sem vakin er athygli á þessu. Það er hverjum og einum í lófa lagið af þeim sem flytja inn þessa vöru eða forsvarsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að krefjast nánari sagna um þetta. Ég tek það fram að það mundi ekki vera auðvelt að leiða fram vitnin og fá þá, sem í þessum viðskiptum standa, til að staðfesta það með hvaða hætti varan er auglýst og henni er komið á framfæri. En á bak við þinghelgi skýldi ég mér ekki. Þessum aðilum er því í lófa lagið að koma á framfæri þessum athugasemdum á væntanlega sama vettvangi, þ. e. í fjölmiðlum landsins.

Þessi skrautsýning hv. þm. er m. ö. o. væntanlega búin. Það þýðir ekki að þýfga hann um svör eða biðja hann um frekari skýringar enda hefur hann væntanlega náð sínum tilgangi. En innlegg í þetta mál getur það ekki skoðast.

Mér finnst í umr. um þetta mál að það standi dálítið upp á andstæðinga málsins, þá sem mestar hafa áhyggjur af þessum breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á áfengislöggjöf, að hafa látið að sér kveða dálítið fyrr. Þeir lýsa þungum áhyggjum, þeir tala um líkur á aukinni áfengisneyslu, þeir tala um fyrirsjáanlegar hræðilegar afleiðingar ef þessi löggjöf verður samþykkt. Má ég spyrja: Eru þessir hv. þm. ánægðir með óbreytt ástand? Gera þeir sér ekki grein fyrir því hvernig ástandið er? Hvers vegna hafa þeir hv. þm. sem fara svo mörgum orðum um áfengisbölið — og enginn hér hefur dregið úr því að það er mikið — ekkert aðhafst?

Af því að helstu siðgæðispostularnir í þessu máli eru tvær helstu mannvitsbrekkur Framsfl., er ekki ástæða til að minna þá á, þessar mannvitsbrekkur og siðgæðispostula, að þessi mál eru undir stjórn æðstu manna Framsfl. hvort sem borið hefur verið á þá fé eða ekki? Hver er frammistaða hæstv. dómsmrh. í þessum málum? Um hvað eru hv. þm. að tala?

Ég þekki ekkert þjóðríki í veröldinni þar sem tekist hefur að útrýma áfengisbölinu. Ég þekki reyndar enga þjóð þar sem áfengisneysla í einu eða öðru formi er óþekkt. Ég veit hins vegar dæmi um þjóðir og ríki þar sem gerð hefur verið tilraun til að kveða þetta böl niður með banni, með því að koma í veg fyrir með lögum að heimilt sé að framleiða, selja, dreifa, neyta áfengis. Ég þekki ekkert dæmi um það að þetta hafi tekist og í fersku minni Íslendinga er reynsla okkar sjálfra. Við reyndum þessa leið. Bandaríkjamenn reyndu þessa leið. Fleiri þjóðir hafa reynt það en ekki tekist. (Gripið fram í.) Nei, engan veginn, hvergi nærri.

Hvers vegna segi ég þetta? Það er vegna þess að allavega er tveggja kosta völ í þessu máli. Ég get vel skilið sjónarmið þeirra hv. þm. sem segja: Bölið er svo mikið, við getum ekki horft á það aðgerðarlaust. Beitum valdi laganna og valdi hæstv. dómsmrh. Bönnum þetta og göngum eftir því, framfylgjum því með afli löggæslu og snúum okkur að sjálfum okkur. Hver er helsta tekjulind þessa ríkis? Það er einokun. Það áskilur sér einkarétt á því að selja áfengi og önnur eiturefni, nefnilega tóbak sem að áliti sumra er kannske enn þá meira heilsuspillandi böl hér á landi. Þetta er einn helsti tekjustofn ríkisins.

Það er margt mannanna bölið og áfengisbölið er mikið, drykkjusýkin er mikil. Því er jafnvel haldið fram

og vitnað í læknavísindi að drykkjusýki á Íslandi sé meiri en í flestum öðrum löndum þó að áfengisneyslan sé hér hins vegar minni. Í hverju lýsir þessi drykkjusýki sér og þetta áfengisböl? Það er fjöldinn allur af einstaklingum sem neytir áfengis svo úr hófi fram að þeir spilla heilsu sinni líkamlegri og andlegri. Þetta er mikið böl hjá fjölda heimila. Þetta er böl fyrir eiginkonur, þetta er böl fyrir heimilisfeður, þetta er böl barna. Hvernig lýsir þetta ástand sér á Íslandi? Jú, menn segja: Í þessu ríki eins og öðrum er varið verulegum fjármunum til þess að reyna að ráða við afleiðingarnar eftir á þegar menn eru komnir vel á veg með að tortíma sjálfum sér og jafnvel sínum nánustu. Menn geta metið skaðann af þessu á ýmsan máta, reiknað hann í töpuðum vinnustundum og ef til væri einhver mælikvarði á það að reikna hann í glataðri lífshamingju þá væru menn búnir að reikna það þó að menn geti það ekki.

Þetta böl, hv. þm., er búið að vera lengi við lýði. Það hefur farið vaxandi og samt höfum við lög í landinu sem heimila ekki neyslu á bjór. Að því er varðar þá einstaklinga sem haldnir eru þeim sjúkdómi að neyta áfengis í slíku óhófi að það býr sjálfum þeim og þeirra nánustu voða, þá hefur enginn hörgull verið á tækifærum til þess að verða sér úti um þennan vímugjafa og var það ekki heldur á þeim árum þegar áfengi átti að heita að vera bannað hér á landi. Það er sameiginleg reynsla þjóða.

Hvað hafa svo hv. stjórnvöld með hæstv. dómsmrh. í broddi fylkingar, sem tala mest um bölið, gert til þess að draga úr því? Áfengisneysla hefur farið vaxandi. Hún er ekki lengur bundin við stéttir eins og hv. fyrrv. þm. Vilmundur heitinn Jónsson hafði af þungar áhyggjur í frægri grein sem þulin var úr þessum ræðustól eitthvert kvöldið. Vilmundur landlæknir hafði af því þungar áhyggjur að eftir að áfengisbanninu var aflétt mundu þau ótíðindi gerast, að það yrði ekki lengur bara yfirstéttin sem neytir áfengra drykkja á glöðum stundum. Nei, hann gerði ráð fyrir því að þannig færi að jafnvel verkamenn, almenningur í landinu, færi að neyta áfengis meira en verið hefði. Hann hafði af því þungar áhyggjur að þegar svo væri komið mundu jafnvel konur fara að neyta áfengis og þá væri nú stutt í blessuð börnin. Hvernig væri að hv. 5. þm. Vestf., sem talar mikið um bölið, hugleiddi hvernig áfengislöggjöf á Íslandi er framfylgt? Staðreyndirnar liggja nefnilega fyrir. Burtséð frá þessari löggjöf sem hér er til umr. fer neysla á áfengu öli hér á landi bráðum að nálgast þær þjóðir sem neyta þess í hvað minnstum mæli skv. svokölluðum opinberum tölum. Þið þekkið staðreyndirnar. Bjór er framleiddur hér á landi. Þið þekkið staðreyndirnar, bjór er fluttur inn. Hann er fluttur inn af farmönnum, flugmönnum. Hann er fluttur inn af ferðamönnum. Hér er búið að vera það ástand í mörg ár að innflutt voru efni til bruggunar öls og nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig ætti að ljúka framleiðslunni til þess að þetta væri neysluhæfur drykkur. Bjór er bruggaður víða um land í heimahúsum og bjórneysla er mikil. Bjór er smyglað inn í landið í stórum stíl. Allt eru þetta opinberar staðreyndir. Síðan kemur það til að á veitingastöðum er farið að selja óáfengt öl og blanda út í það brennivíni.

Með leyfi að spyrja, hvað hefur verið aðhafst af hálfu þessara manna sem nú koma hver á fætur öðrum upp í ræðustól og setja á langar tölur um það sem allir vita og öllum er ljóst? Hvar eru þessir menn? Hvað hafa þeir verið að aðhafast? Hvar voru áhyggjurnar meðan þetta ástand var að skapast? Þeir gerðu ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Vita menn t. d. á hvaða aldri algengast er að ungir Íslendingar byrji neyslu áfengis? Ætli skólamenn með einhverja reynslu hafi einhverjar hugmyndir um það? Hvar hafa þessir menn verið? Hafa þeir nokkurn tíma sótt héraðsmót? Hafa þeir farið á böll í sveitum landsins? Hafa þeir komið á böll í verstöðvum landsins? Hafa þeir komið á böll hjá skólaæskunni hér í Reykjavík? Vita þeir hvernig áfengislöggjöfinni er framfylgt í félagsheimilum þar sem lög kveða á um að ekki megi hafa áfengi um hönd? Vita þeir hvernig skólayfirvöld framfylgja settum lögum og reglum um að óheimilt sé með öllu að neyta áfengra drykkja á samkomum á vegum skóla í opinberu húsnæði? Hvar hefur allt þetta stórmerkilega foreldraveldi og tyftunarmeistarar þessa þjóðfélags verið statt á undanförnum árum? (**ÓÞÞ:** Sumir hafa þegið sérstök umburðarbréf af þessu tilefni.) Já, skólamenn hafa fengið umburðarbréf, þeir hafa fengið bréf um að framfylgja þessu. En, herra fyrrverandi skólastjóri og jafnvel núverandi, hvernig er ástandið, hvernig er þessu framfylgt? Það þekki ég af eigin reynslu. Ég þekki hræsnina, yfirdrepsskapinn, tvískinnungsháttinn og ómerkilegheitin sem ríkja í þessum málum í framkvæmd. (Gripið fram í.)

Ef röksemdafærslan á að vera sú að samþykkt þessa frv., sem er tilraun til að koma lögum yfir löglaust ástand, eigi að skipta algjörlega sköpum um það hvort þjóðin fari sér að voða vegna ofneyslu áfengis þá veit ég ekki hvar þessir menn hafa verið staddir. Eina rökrétta niðurstaðan af ykkar máli, hv. þm., er sú að þið nú seint og um síðir iðrist þess að þið hafið ekkert aðhafst í þessum málum og þið takið á ykkur rögg og flytjið hér frv. til laga um að banna þetta, um að taka upp áfengisbann. Þessu beini ég til mannvitsbrekknanna úr Framsfl.: Ef taka ætti mark á ykkar málflutningi hefðuð þið fyrir löngu síðan átt að vera búnir að flytja sérstaka vantrauststillögu á hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa svikist um að framfylgja lögum. Þegar þið hafið gert það væri svolítið meira mark takandi á ræðum ykkar.

Ef menn ekki hafa trú á því að bann skili árangri, ef menn eru sammála því að óbreytt ástand, sem er mikil neysla áfengis í þessu þjóðfélagi — líka ungs fólks þrátt fyrir lagaákvæði um að það sé óheimilt — þá er aðeins eitt sem kemur til greina, það er að breyta lögum með þeim staðfasta ásetningi að framfylgja þeim. Meðan við ekki getum stöðvað neyslu áfengis með lögum getum við líka slegið því föstu að við munum ekki útrýma áfengisbölinu, við munum ekki koma í veg fyrir ofneyslu áfengis. Ef menn trúa því eru menn að loka augum fyrir staðreyndum margra alda sögu, ekki bara í þessu þjóðfélagi heldur í öllum þeim þjóðfélögum í kringum okkur sem við getum reynt að kynna okkur. Hlutirnir eru ekki svart-hvítir, þessi heimsmynd er ekki svart-hvít. Ef þið ekki treystið ykkur til að framfylgja banni þá er vandamálið þetta: Hvaða áfengisstefnu ætlið þið að hafa? Hvernig ætlið þið að framfylgja lögum?

Þið hafið ekkert gert í því að sjá til þess að óbreyttri löggjöf væri framfylgt. Það er alveg ljóst af því hvernig málflutningur ykkar er. Hann er ekki sannfærandi sem

rök gegn því að breyta lögum, koma lögum yfir þetta ástand. Það skiptir engum sköpum til eða frá, að því er varðar áfengisneyslu Íslendinga, hvort í hillum Áfengisverslunar ríkisins er hægt að finna við hliðina á öllu þessu sterka víni bjórflöskur.

Ég skil út af fyrir sig áhyggjur manna af því að þetta kynni að leiða til þess að það færi lækkandi sá aldur þegar unglingar byrja neyslu áfengis. Hann má þá lækka ansi mikið því að hann er orðinn ansi lágur. Það stafar m. a. af því að lögum er ekkert framfylgt að því er varðar það að koma í veg fyrir aðgang unglinga undir aldri að áfengum drykkjum. Hver sá sem heldur því fram gerir það gegn betri vitund því að enginn er svo þekkingarsnauður í íslensku þjóðfélagi að hann hafi ekki séð þetta fyrir augum sér.

Áhyggjur manna af því að ef bjórflöskur stæðu í hillum í útibúum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins mundi leiða til þess að Íslendingar yrðu óvinnufærir sakir ölvímu á vinnustöðum, þær finnst mér ekki trúverðugar. Ef menn á annað borð framfylgja reglum um það hverjum er heimilt að kaupa áfengi í Áfengis- og tóbaksverslunum ríkisins þá gildir auðvitað hið sama um sterka drykki og öl.

Að því er varðar frásagnir af öðrum þjóðum þá eru þær líka stórlega ýktar. Menn tala t. d. um hið mikla böl sem Þjóðverjar eiga við að búa vegna þess að þeir eru viðurkenndir sem mikil bjórdrykkjuþjóð og hafa verið það öldum saman. Hvað er það sem Þjóðverjar eru þekktastir fyrir meðal annarra þjóða Evrópu? Það er tvennt. Það er geysileg vinnusemi og geysilegur agi. (**Fjmrh.:** Það er löngu liðin tíð.) Það er ekki löngu liðin tíð, hæstv. fjmrh. Í annan stað má nefna að einkum og sér í lagi á s. l. hundrað árum hefur enginn vefengt það að þýskt handverk, þýsk nákvæmni og þýsk tækni hafa skarað fram úr. Síðan tölum við um frændur vora Dani og vini, hina miklu bjórþjóð. Hvað er það sem Danir hafa einkum og sér í lagi skarað fram úr í? Það er fyrst og fremst vandað og nákvæmt handverk.

M. ö. o. við skulum ekkert vera að ýkja þetta mál. Við skulum ekki ræða um þetta úr skotgröfum eins og heimsmyndin sé svört og hvít. Við skulum ekki tala um þetta mál eins og að það sem hér gerist, jafnvel þótt þetta frv. verði samþykkt, mundi skipta einhverjum sköpum í íslensku þjóðfélagi. Menn skyldu jafnvel ætla af tali þessara manna að þetta bjórfrv. væri aðalvandamálið og stærsta málið í íslensku þjóðfélagi. Þetta er satt að segja tiltölulega lítilfjörlegt mál og skiptir engum sköpum til eða frá. Ég get sagt það fyrir mína parta að þó að mér út af fyrir sig mundi leiðast það — einkum og sér í lagi í nafni Alþingis Íslendinga — að menn gætu ekki komist að niðurstöðu um að afgreiða það þá er þetta svo aftarlega á forgangslista mínum um þau mál sem sköpum skipta að ég mundi svo sem ekkert harma það og talar þó hér 1. flm. Þetta er ekkert hugsjónamál á hvern veg sem færi, jafnvel þótt þetta mál fengi ekki afgreiðslu, það væri svona rétt eftir öðru. Þetta skiptir m. ö. o. engum sköpum. Þetta er tiltölulega lítilfjörlegt mál.

Það væri hins vegar ástæða til að velta því fyrir sér hverjar eru hinar raunverulegu orsakir þessa mikla böls, drykkjusýkinnar, ekki bara í þessu þjóðfélagi heldur í öðrum þjóðfélögum þar sem hún leikur fólk sárast. Haldið þið, hv. þm., að það stafi bara af því að áfengi er til? Það var verið að gera hér skoðanakönnun um svo óljóst og óskilgreinanlegt efni eins og hamingjuna og Íslendingar voru að því spurðir hvort þeir væru hamingjusöm þjóð. Af því að Íslendingar eru dálítið gamansöm þjóð lugu þeir því upp á sig í svörunum að þeir væru hamingjusöm þjóð sem ætti í tímabundnum erfiðleikum, en þeir kynnu að bjargast. (Gripið fram í.) Nei, það er sumt sem þeir fara ekki með í flimtingum, hr. þm.

Ofneysla áfengis er böl. En hún á sér orsakir og skýringar sem verða ekki raktar nema menn fari eitthvað út fyrir þetta þrönga svið. Hvers vegna drekkja menn sér í brennivíni, hv. 5. þm. Vestf.? Það getur verið af mörgum ástæðum. Um þær ástæður hefur ekkert verið rætt hér. Það hefur svolítið að gera með t. d. það hvernig Íslendingar neyta áfengis, það hefur mikið með að gera hvernig þeir vinna. Þeir vinna mikið, þeir vinna langan vinnudag, það hvílir á þeim mikið vinnuálag mörgum hverjum. Þeir hafa nauman tíma til að gera sér dagamun og þeir gera það af því að þeir eru afkastamenn með sama hætti og þeir vinna. Ein orsök ofneyslu áfengis er vonleysi, ein er fátækt, örbirgð, kvíði, beygur, ótti, flótti frá veruleikanum.

Hvernig ætla menn að draga úr þessu áfengisböli? Með boðum og bönnum? Með lögum? Eða ætla menn einhvern tíma að fara að snúa sér að undirrót vandans? Hvað þarf að gera til að skapa hér fyrirmyndarþjóðfélag hamingjusamra manna sem kunna að gera sér dagamun á góðra vina fundi án þess að sú saklausa skemmtun snúist upp í martröð, vonleysi og böl? Er þetta ekki löggjafarsamkunda Íslendinga? Kannske það væri nær að löggjafarsamkunda Íslendinga sneri sér að alvarlegri málum?

Menn tala hér svolítið um heilsufræði. Ég er ekki sérfróður um heilsufræði en ég hef heyrt marga heilsufræði á undanförnum árum. Ég minni hv. þm. Framsfl. og aðrar mannvitsbrekkur úr þeim herbúðum á að á undanförnum árum hefur því verið haldið fram og stutt rökum læknavísinda að maður megi ekki lengur borða feitt kjöt og það er varla að maður megi setja smjörklípu á brauðsneið. Mjólk á að vera óholl, hvers kyns feitmeti, ég tala nú ekki um það að maður má varla setja hnoðaðan mör út á bútunginn sinn lengur. Ég var að lesa það í Morgunblaðinu að kynlíf væri bara stórhættulegt. Viljið þið ekki banna þetta líka? Viljið þið ekki setja lög? Af hverju eruð þið að krukka þetta í smáatriðin?

Ég gef ekki mikið fyrir þessa heilsufræði. Arseniksagan frá Djúpvík er ágæt að því er varðar bjórinn og hún er birt í framsöguræðu 1. flm. þessa máls hér í fyrra. Hún er út af fyrir sig dæmisaga um þessa umr. Þið munið söguna, það rak tvö kvartel á land skv. sögunni á Djúpvík norður á Ströndum. Þegar það spurðist að þetta væri hið hættulega eiturefni bjór fóru menn að rannsaka málið og tóku prufu. Tveir menn létust auðvitað samstundis. Þessar fréttir vöktu auðvitað mikinn ugg í brjóstum þjóðarinnar. Sérstaklega, ef ég man rétt skv. frásögn Nóbelsskáldsins, vakti þetta miklar áhyggjur hjá Kvennasambandinu sunnan Helkunduheiðar sem gerði ályktun í málinu, hamraði lát þessara manna og skoraði á stjórnvöld að bægja voða þessa hættulega eiturefnis frá ströndum þjóðarinnar. En ritstjóri Norðurhjarans vildi rannsaka málið — vonandi hefur ekki verið borið á hann fé, blessaðan karlinn. Niðurstaðan varð sú að þetta var því miður

eftir allt saman hið hættulega eiturefni arsenik. Hann skeytaði Kvennasambandinu sunnan Helkunduheiðar og sagði: Þetta var arsenik sem mennirnir létust úr. Hann fékk skeyti samstundis til baka frá Kvennasambandinu þar sem stóð: Guði sé lof að það var bara arsenik.

Í þúsund ár hafa Evrópubúar neytt bjórs, öls. Það er eitthvert saklausasta efni þeirrar tegundar sem menn kenna við áfengi. Það getur vel verið að það megi hafa áhyggjur af vaxtarlaginu ef menn færu að neyta þess um of og sumum væri engin vanþörf á því að trimma það af sér. En það er staðreynd að í samanburði við sterka drykki, sem Íslendingar neyta margir hverjir í óhófi, er bjór vafalaust skaðaminnstur. Meðan hv. þm. treysta sér ekki til að kenna þjóðinni að neita sér um þetta eða meina henni það með lögum erum við hér að tala um afstæða hluti. Við erum að tala hér um að koma lögum yfir ástand sem öllum, að því er virðist, ber saman um að sé ekki gott, að hér séu stunduð lögbrot í stórum stíl. Þeir sem ekki treysta sér til að breyta því ástandi hafa litla jörð til að standa á þegar þeir gagnrýna þetta frv.

Menn eru sammála um að áfengisbölið sé mikið, menn eru sammála um það, að því er virðist, að þeir geti ekki útrýmt því með boðum og bönnum, lögum og valdbeitingu. Þá er spurningin þessi: Hvað ætla menn að gera annað? Er hægt að reka hér einhverja áfengisstefnu sem á sæmilega síviliseraðan máta gæti breytt neysluvenjum þjóðarinnar? Það gerist ekki snögglega. Það er hægt að gera, eins og menn segja, með fræðslu og aftur fræðslu um skaðlegar afleiðingar ofneyslu áfengis. Það er hægt að gera með aga og stjórnsemi í skólum landsins, það er hægt að gera með því að framfylgja þeim lögum og reglum sem þjóðfélagið hefur sett sér, það er hægt að gera með verðpólitík. En það verður aldrei gert með glórulausu ofstæki og aldrei gert með heimskulegum glósum um að menn skipti sér í tvo hópa, annars vegar þeir sem hafi raunverulegar áhyggjur af áfengisbölinu og hinir sem tali í alvöruleysi en geri sér ekki grein fyrir því.

Reyndar vil ég benda á að framlag hv. 5. þm. Vestf. Ólafs Þórðarsonar í þessu máli bendir til þess eindregið að hann sé að halda hér uppi málþófi um ómerkilega hluti. Hann rýkur hér upp með brigslyrðum sem hann getur ekki staðið við og er minni maður fyrir en forðast eins og heitan eldinn að ræða málið eins og maður af sæmilegri alvöru og sæmilegri þekkingu. Það veldur mér vonbrigðum, hv. þm., vegna þess að ég veit að þm. er greindur og gegn, íhugull og hefur haft margt fram að færa skynsamlegt hér úr þessum ræðustól þó að það hafi mistekist í þetta skiptið.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil vegna orða síðasta hv. ræðumanns um það hversu lengi menn hafa talað í þessari umr. minna á í fyrsta lagi að framsögumenn nefnda hafa rétt til að tala þrisvar. Í ljós kemur að hv. 5. þm. Vestf., sem er frsm. n., hefur aðeins talað tvisvar. Hitt er rétt að hann talaði í tveimur lotum vegna þess að hann lauk ekki ræðu sinni á fyrsta fundinum en tók svo til aftur við að ræða málið á síðari fundi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Skýringin á þeim ummælum mínum, sem ég lét falla um að hv. 5. þm. Vestf. hafi talað þrisvar, er þessi: Skv. mínum skilningi á þingsköpum er það svo að ef ræðumaður lýkur ræðu sinni án þess að hlé sé gert á umr. og annar ræðumaður tekur til máls á eftir honum hefur hann þar með lokið ræðu sinni. Þegar hann tekur til máls í þriðja sinn gerir hann það í þriðja sinn að þingsköpum.

Hitt er annað mál ef gert hefði verið hlé á umr. og hv. þm. haldið áfram flutningi ræðu sinnar beint. En þegar þetta gerist með þessum hætti og annar ræðumaður tekur til máls í millitíðinni er það minn skilningur — og hefur reyndar komið í ljós í viðræðum við þm. að það er skilningur margra annarra — að þar með hafi hv. þm. talað þrisvar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í upphafi þessarar umr. og lengst af hafa menn haldið sig við málefni og skipst á rökum með og móti bjór. Síðan gerðist það hér fyrir helgi að hv. 5. þm. Vestf. velur þann kostinn að veitast persónulega að flm. þessa frv. með aðdróttunum sem auðvitað var útilokað að sitja undir. Hann hélt því fram í ræðu sinni að flm. hefðu búið sig undir það að þiggja umboðslaun fyrir áfengt öl og sagði síðan, með leyfi forseta: „Það skyldi þó ekki vera að búið væri að ganga frá samningum um slíka hluti?“

Ég tek mark á því sem hv. þm. Ólafur Þórðarson segir og það er alveg greinilegt að hann ætlast líka til þess að það sé tekið mark á honum þó að það séu ekki nærri því allir sem gera það. Það var þess vegna sem ég stóð hér upp í gærkvöldi vegna þessara ásakana og aðdróttana og krafðist svara og sannana fyrir þessum áburði. Þetta voru óvandaðar kveðjur sem ég a. m. k. sit ekki undir. Það er þess vegna sem ég segi að það var hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem hóf þennan leik og það var ljótur leikur.

En hann hafði kannske eitthvað til síns máls. Það gat vel verið að hann hefði einhver rök fram að færa. Það gat vel verið að hann hefði sannanir um það að einhverjir af flm. frv. væru búnir að undirbúa það að þiggja umboðslaun vegna sölu á áfengum bjór. Þm. hafði orðið ber að því að skýla sér á bak við þinghelgi, neitaði að svara spurningum fjölmiðla um þessar yfirlýsingar sínar og ég taldi því rétt og eðlilegt að beina þessum spurningum til hans héðan úr ræðustóli þar sem hann gat enn þá skýlt sér á bak við þinghelgina. Ég skoraði á hv. þm. og vísaði til sæmdar hans, að hann svaraði spurningum og færði sönnur á sínar fullyrðingar.

Hvað hefur svo gerst? Nú hefur þessi hv. þm. tekið hér til máls og þingheimur hefur hlýtt á þessa ræðu sem mér skilst að hafi átt að vera svar við mínum spurningum. Hann tók þann kostinn að fara hér með gamansögur og hálfkveðnar vísur, fara með rangfærslur um mín nefndarstörf fyrir fjöldamörgum árum síðan. Hann hefur valið þann kostinn að veitast að nafngreindum fréttamanni hjá sjónvarpinu fyrir það hvernig sá fréttamaður hefur skilað sínum fréttum, telur sér sæmd í því að velta sér upp úr starfi þessa nafngreinda fréttamanns án þess að hann sé til svara hér í þinginu. Hann ýjar að því að blaðamenn séu í hlutverki Gróu á Leiti þegar þeir vilja ekki undir öllum kringumstæðum gefa upp sínar heimildir. Hann kveinkar sér undan leiðara í tilteknu dagblaði þar sem verið var að fjalla um þessi ummæli hv. þm.

En hvernig getur hv. þm. Ólafur Þórðarson verið að kveinka sér undan því að fjölmiðlar fjalli um þessi ummæli, svo alvarleg sem þau eru? Og enn var það hv.

þm. sem hóf leikinn en ekki þetta viðkomandi blað. Menn verða að vera menn til þess ef þeir taka svona mikið upp í sig að því sé svarað og að reynt sé að grípa til varna eða hafa skoðanir á því sem þeir segja ef þeir vilja þá láta taka mark á sér.

Sem sagt, þm. tók þann kostinn að snúa út úr. Hann fjallaði hér í löngu máli um tiltekið viðtal við hv. 5. þm. Reykv. í Helgarpóstinum sem kom ekkert mínum spurningum við og var alls ekki neitt svar, algjörlega út í hött, þegar um það var að ræða hvort flm. frv. hefðu þegið umboðslaun eða ekki. Hann hélt síðan sínum dylgjum áfram og virtist skemmta sér ágætlega við það og var greinilega líka að reyna að skemmta ýmsum öðrum þm. með þessum gálgahúmor sínum. Ég verð að biðjast afsökunar á því en ég hef ekki svona húmor.

Þm. sá ekki ástæðu til að biðjast afsökunar á sínum ummælum, hann sá ekki ástæðu til að draga þau til baka. Ræða hans var þvættingur og hún ber vott um hugleysi og ákveðinn karakter, að geta haft samvisku og þrek til þess að koma hér upp í ræðustól á hv. Alþingi og bera á menn sakir og skýla sér síðan á bak við þinghelgi og neita að færa sönnur á sitt mál eða þá að biðjast afsökunar á því ella.

Herra forseti. Það hefur verið rætt um þinghelgi hér í sambandi við þetta mál. Þinghelgin er til þess að verja þm. en hún á ekki að vera skálkaskjól fyrir þá. Þinghelgin er til þess að þm. geti staðið hér upp og sagt sannleikann og geti sagt sína samvisku, sannfæringu og haft skoðun án þess að eiga það á hættu að utanaðkomandi aðilar, hvort sem það eru stjórnvöld eða aðrir, reyni að drepa þann sannleika í dróma eða kæfa hann niður. Þinghelgin er vörn fyrir þm. en það á ekki að nota þinghelgina til þess að svívirða kollega sína, hvað þá fólk úti í bæ.

Ég fjölyrði ekki frekar um þetta mál, herra forseti. Það hefur satt að segja ekki verið mikið tilefni til þess. Ég er hryggur yfir því hvernig hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur haldið á þessu máli því að ég hef borið sæmilega virðingu fyrir honum og hans málflutningi oft á tíðum. En ég verð því miður að viðurkenna að mér finnst hann vera ákaflega lítill kall eftir þessa orðaskipti.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. gat þess í sínu máli að það gæti orðið erfitt að leiða fram vitnin. Hv. 6. þm. Reykv. heimtar vitnin. (**EBS:** Ég heimta að þú standir fyrir máli þínu.) Þarna er um nokkuð mikinn skoðanaágreining að ræða. Ég vil vekja athygli hv. 6. þm. Reykv. á því að það er hægt að svipta menn þinghelgi. Hann getur flutt till. um það hér á þinginu, hafi hann áhuga.

Ég ætla mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp frá Áfengisvarnaráði örstutta athugasemd. Þetta er úr lið nr. 33 þar sem vitnað er til erlendra athugana:

„Samkvæmt rannsóknum sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar vörðu framleiðendur öls og annarra áfengra drykkja árið 1981 jafnvirði 60 milljarða ísl. kr. til auglýsinga og áróðurs."

Það er svo hæfilegt umhugsunarefni fyrir hv. 6. þm. Reykv. hvort hann telur að ekkert af þessu fé hafi verið notað á Íslandi. Það er hæfilegt umhugsunarefni fyrir hv. 6. þm. Reykv. (Gripið fram í.) Hv. 6. þm. Reykv. hefur nægan tíma til að hugleiða þessi mál og ég vænti þess að hann sé maður til að gera það.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Nú hefur hv. 5. þm. Vestf. lokið sínum þremur ræðum alla vega. Niðurstaðan er dapurleg. Hún er sú að þau orð, sem hann lét falla úr þessum ræðustól, verða að dæmast dauð og ómerk og hann minni maður fyrir vikið, fyrir að hafa borið tiltekna samþm. sína ákveðnum sökum en látið það gjörsamlega undir höfuð leggjast að gegna þeirri skyldu sinni að færa nokkur minnstu rök fyrir máli sínu.

Hv. þm. vill líkja þessu við orð sem ég lét falla í blaðaviðtali utan þinghelgi um það hvaða afleiðingar það hefði þegar auglýsingabann er að lögum að því er varðar áfengi. Hann nefndi hér að það væri varið 60 milljörðum ísl. kr. til auglýsingamennsku og áróðurs. Skv. íslenskum lögum má ekki verja þessum fjármunum hér vegna þess að þessa vöru má ekki auglýsa.

Ef við erum að tala enn um ásakanir um mútur þá er það eitthvað sem varðar við lög og við getum ekki hent reiður á. En hv. þm. var ekki að tala almennt um einhverja viðskiptahætti í þjóðfélaginu byggða almennt séð á einhverjum upplýsingum manna sem þar standa nærri. Nei, hann var að segja að ákveðnir fimm menn, sem flutt hefðu þetta mál, hefðu gert það vegna þess að þeir hefðu beinna hagsmuna að gæta og hann sagði og spurði: Gott ef ekki væri búið að ganga frá samningum. M. ö. o., hann hefur einhverja vitneskju um að einhver þessara fimm manna eigi aðild að einhverjum slíkum samningi um að gerast umboðsaðili. Þegar hann er beðinn um að standa fyrir máli sínu hefur hann ekkert að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hann gefur í skyn að borið hafi verið fé á jafnvel æðstu menn ríkisins. Ég veit ekki við hvað maðurinn á einu sinni. Hann er ekki einu sinni svo ærlegur að hann segi við hvað hann á. Er hann að meina hæstv. dómsmrh.? Er hann að meina hæstv. forsrh.? Er hann að meina hæstv. fjmrh.? Þetta eru æðstu menn ríkisins. Hefur hv. þm. ástæðu til að ætla að borið hafi verið fé á þessa menn?

Hv. þm. ber svipaðar sakir líka undir rós á fjarstadda fréttamenn sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér hér og hann er ekki fáanlegur til að fara með þessar sömu getsakir og dylgjur utan þings. Það er laukrétt sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, þinghelgin styðst við ákveðin rök, þau að þm. geti ef í nauðir rekur í brýnum málum komið á framfæri upplýsingum, afhjúpað eitthvert mál sem hann hins vegar telur sér varla fært, kannske vegna fébótaskyldu utan þingsala. En hann er ekki undanþeginn því að rökstyðja mál sitt. Hann getur notið þinghelgi, en að sjálfsögðu verður að gera til hans þá siðferðilegu kröfu að hann rökstyðji málið, færi einhver rök fyrir fullyrðingum sínum. Ég tala nú ekki um þegar hann er að beina þessum ásökunum að tiltölulega fámennum hópi manna.

Hv. þm. gerir sér það ljóst að úr því að hann fer með þessar dylgjur, þessar getsakir og þessi brigsl og beinir þeim að þeim samþm. sínum eru þeir allir undir grun. Hann bregst ekki svo mennilega við að hann segi að hverjum grunurinn beinist. Hann vill hafa þá alla undir sök. Þegar hv. þm. hegðar sér svona er niðurstaðan ljós. Hann reiddi hátt til höggs en það var vindhögg. Það var skorað á hann, að því viðlögðu að hann skyldi minni maður heita, að færa rök fyrir máli sínu. Hann brást því.

Hv. þm. minntist á það einhvers staðar í ræðu sinni

að þm. — ekki bara flm. — sem hefðu sérstakra hagsmuna að gæta í einhverju máli ættu a. m. k. að sjá sóma sinn í að sitja hjá í atkvæðagreiðslu og gaf þar með til kynna og gaf í skyn að það væru fleiri þm. hér inni sem hefðu beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta að því er varðar afstöðu þeirra í þessu máli. Við hvað á hv. 5. þm. Vestf.? Er hann að beina þessu að einhverjum sérstökum þm. eða á allur þingheimur að liggja undir grun?

Það getur hæglega gerst, hv. 5. þm. Vestf., að menn greiði hér atkvæði í þýðingarmiklum fjárhagslegum málefnum þar sem ástæða er til að ætla að þeir hafi fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Fjárlög ríkisins eru upp á 25 milljarða kr. Það er þriðjungur af ríkisútgjöldum. Það er mikið af millifærslum til ýmissa stétta, hópa, fyrirtækja og starfshópa í þessu þjóðfélagi í þeim fjárlögum. Sumir hv. þm. hafa, án þess að beina því persónulega að einstökum þm., gagnrýnt það að stjórnmálamenn lékju hér skömmtunarstjóra fjármagns ýmist innan þingsala eða utan. Það er veruleg fjárhæð þegar um er að ræða útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, matargjafir til útlendinga, sem kannske kosta 600 millj. kr. Hvert rennur það fjármagn, hv. þm.? Hverjir annast útflutninginn? Hverjir fá umboðslaunin? (**ÓÞÞ:** Hverjir settu lögin?) Svo kemur það. Hverjir settu lögin? Breytir það nokkru, hv. þm.? Lög eru í landinu. Hafa þeir þm. sem hafa beinna hagsmuna að gæta séð sóma sinn í því að forðast að taka þátt í slíkum atkvæðagreiðslum eða hvað gera hv. þm. sem sitja í sjálfum musterunum, skömmtunarstjórn fjármagnsins? Gæta þeir þess að þeir eru fulltrúar almannahagsmuna? Er það eðlilegt hlutverk þm. að vera með slíkum hætti skömmtunarstjórar fjármagns, stundum á bak við byrgðar dyr? Hverjir eru helstu talsmenn þess fjármálasiðgæðis sem ver og réttlætir þær stofnanir?

Herra forseti. Það þarf ekki fleiri orð um þetta að hafa. Hér var reitt hátt til höggs og það vindhögg geigaði og hitti fyrir sjálfan þann sem fyrstur reiddi hnefann á loft.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 14. maí.

Heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Svavari Gestssyni, Kjartani Jóhannssyni, Páli Péturssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur um heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs, á þskj. 520.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju nema heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs árið 1984 og til loka janúar 1985:

a) eftir mánuðum,

b) eftir helstu fjölmiðlum?

Svar:

Eigi er unnt að svara fyrirspurninni eins og hún er orðuð án umfangsmikillar bókhaldsrannsóknar. Í samráði við fyrirspyrjendur er því gerð grein fyrir tveimur atriðum er snerta auglýsingar ríkissjóðs. Er hér um að ræða auglýsingar á spariskírteinum og þær almennu reglur sem stuðst er við þegar ákveðið er hvar skuli auglýsa.

Birtingarkostnaður í fjölmiðlum á árinu 1984 vegna spariskírteina ríkissjóðs nam 2 984 349 kr. og skiptist þannig:

a) eftir mánuðum:

Janúar	53 763
Febrúar	360 603
Mars	294 310
Apríl	83 248
Maí	137 707
Júní	110 787
Júlí	221 677
Ágúst	76 723
September	726 936
Október	—
Nóvember	851 183
Desember	67 412
	2 984 349

b) eftir fjölmiðlum:

Sjónvarp	667 520
Útvarp	288 121
Rás 2	76 560
Morgunblaðið	547 382
D. V.	341 839
Þjóðviljinn	282 615
Alþýðublaðið	266 611
N. T.	260 619
Helgarpóstur	249 172
Lögbirtingablað	3 910
	2 984 349

Birtingarkostnaður í fjölmiðlum í janúar 1985 vegna spariskírteina ríkissjóðs nam 1 636 259 kr. og skiptist þannig:

Sjónvarp	351 620
Útvarp	103 029
Rás 2	129 120
Morgunblaðið	595 054
D. V.	309 119
Þjóðviljinn	38 399
Alþýðublaðið	38 399
N. T.	38 399
Helgarpóstur	33 120

Fram til ársins 1984 voru allar auglýsingar vegna sölu á spariskírteinum ríkissjóðs auglýstar í nafni Seðlabanka Íslands og ákveðnar af honum.

Seðlabankinn studdist við þá meginstefnu að viðskiptaleg sjónarmið réðu birtingu auglýsinganna og voru þær birtar í þeim fjölmiðlum sem álitið var að mestum árangri næðu í kynningu miðað við kostnað. Þegar farið var að auglýsa sölu á spariskírteinum í nafni ríkissjóðs á árinu 1984 þótti ekki ástæða til að breyta

þar um, enda hljóta að gilda ailt aðrar reglur um slíkar auglýsingar en hefðbundnar auglýsingar stjórnvalda sem birtast í öllum dagblöðum og oftast aðeins einu sinni.

Efri deild, 74. fundur.

Miðvikudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 907). — Frh. 1. umr.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar í allan vetur á hv. Alþingi. Í Nd. hafa orðið breytingar á frv. frá því er það var lagt fram fyrstu daga þings á s. l. hausti. Flestar eru þessar breytingar til komnar í meðförum hv. menntmn. Nd. Eru þær liður í samkomulagi stjórnarflokkanna um þessi mál. Aðrar eru síðar til komnar fyrir tillöguflutning einstakra þm. Aðalágreiningsefni þessa máls í meðförum nefndar og þings hefur tengst auglýsingum og menningarsjóði. Það hefur hins vegar ekki farið fram nein ítarleg umræða um útvarpsstarfsemi sem slíka. Það er eins og allan tímann hafi meiri áhersla verið lögð á að ræða um þetta sem fyrirtækismál en ekki sem þjóðfélags- og menningarmál.

Framsóknarmenn hafa talið mestu skipta að efla innlenda dagskrárgerð, auka fjölbreytni, bæta enn gæði Ríkisútvarpsins, koma á nokkuð skipulagðri útvarpsstarfsemi um land allt, þar sem um væri að ræða starfsemi í öllum kjördæmum landsins svipaða þeirri sem nú fer fram á Akureyri á vegum Ríkisútvarpsins. Einnig hefur verið lögð áhersla á að bæta gæði flutnings útvarpsins, koma því inn á öll heimili í landinu og fá FM-kerfi sem allir gætu náð til. Einnig höfum við lagt áherslu á fræðsluútvarp og starfsemi því tengda. Þessi atriði hafa nú komið inn í frv. í þeirri gerð sem það hlaut í hv. Nd. En til þess að bæta gæði dagskrárefnis, til þess að auka veg útvarpsstarfsemi í landinu lögðum við til að stofnaður yrði menningarsjóður sem í rynni ákveðinn hundraðshluti af auglýsingatekjum í útvarpsstöðvum. Það er miðað við tíu af hundraði. Rynni það í sjóð sem varið yrði eftir sérstökum reglum til þess að styrkja og efla sérstaka meiri háttar dagskrárgerð innlenda sem til menningarauka gæti talist. Gert er ráð fyrir að úr þessum menningarsjóði verði greiddur kostnaður Ríkisútvarpsins af starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar en sá hlutur er festur í lögum.

Rétt er að taka það mjög skýrt fram að ætlast er til að allar hugsanlegar útvarpsstöðvar á landinu hafi rétt til að sækja um og hljóta styrk út þessum menningarsjóði í samræmi við þá dagskrá eða áætlanir um dagskrárgerð sem þær hafa í huga. Til að standa undir auknum kostnaði við rekstur Ríkisútvarpsins höfum við framsóknarmenn verið dálítið hikandi að ganga langt í að minnka auglýsingatekjur útvarpsins. Þar af leiðandi höfum við haldið nokkuð fast við að auglýsingar yrðu ekki með öllu gefnar frjálsar í öðrum útvarpsstöðvum. Ég vil einnig taka það fram að sú breyting hefur orðið í meðferð hv. Nd. á frv. að horfið er frá hugmyndum um nefskatt en innheimtukerfið látið halda sér. Byggir það á upplýsingum um tæknileg atriði sem gerir auðvelt að fylgjast með hverjir eiga útvarps- og sjónvarpsviðtæki. Við höfum samt sem áður gengið mjög langt til samkomulags um það að veita leyfi til auglýsinga í öðrum útvarpsstövum en Ríkisútvarpinu. En við höfum einskorðað okkur við að það væri einungis í þeim tilfellum að unnt sé að heimta inn afnotagjald fyrir not af dagskrá útvarpsstöðvar sem ekki sé leyfilegt að hafa auglýsingar. Þar sem kapalkerfi eru eða þráðakerfi er augljóst að unnt er að heimta inn afnotagjöld. Þar af leiðandi höfum við ekki viljað fallast á að auglýsingar yrðu í slíkum kerfum. Í öðrum tilvikum, þar sem ekki er hægt að innheimta afnotagjöld, höfum við fallist á að auglýsingar verði leyfðar. Ef sú staða kemur hins vegar upp að unnt sé að útvarpa þráðlaust og tæknilega hægt að fylgjast með hverjir vilja gerast áskrifendur að slíku útvarpi, þá sjáum við ekki ástæðu til að hafa auglýsingar þar. Það er kannske ekki langt í land að svo verði. Ég er þess fullviss að ef þetta frv. verður að lögum og þau verða endurskoðuð innan þriggja ára, þá muni fjölmargt nýtt hafa komið fram á tæknisviðinu sem valdi því að endurskoða þurfi kannske fleiri atriði en þau sem tiltekin eru í því frv. sem hér liggur fyrir.

Menningarsjóðshugmyndin er sem sagt tengd því að bæta dagskrá og einnig að gera nokkra takmörkun, en ég vil taka það fram og undirstrika að hér er um mjög litla takmörkun á auglýsingum að ræða. Þá teljum við að betur sé búið að Ríkisútvarpinu heldur en ef algjört auglýsingafrelsi væri og útvarpið mundi hugsanlega tapa allmiklu af þeim tekjum sem það hefur núna af flutningi auglýsinga. En hinar miklu skyldur sem Ríkisútvarpinu eru lagðar á herðar valda því að bæði auglýsingatekjur og tekjur af afnotagjöldum eru nauðsynlegar til þess að það geti gegnt þeim skyldum sem því ber að gera skv. þessum lögum.

Það þarf ekki annað en að lesa 15. og 16. gr. frv. til að sjá hve gífurlega víðtækt svið það er sem Ríkisútvarpinu er ætlað að annast. Það er kannske það sem mest ber á, þegar þetta frv. er lesið yfir, hve miklar kröfur eru gerðar til Ríkisútvarpsins en litlar til annarra hugsanlegra stöðva. Það eru nánast engar kröfur gerðar til annarra stöðva umfram almennt tal um að efla íslenska tungu og vera menningarlegt og lýðræðislegt og hin sjálfsagða klausa um að þær skuli vera skyldugar að flytja ýmsar tilkynningar frá lögreglu, almannavörnum, slysavarnafélögum eða öðrum slíkum, og liggur í augum uppi að slíkt er nauðsynlegt. Að öðru leyti eru bókstaflega engar skyldur lagðar á þessar hugsanlegu nýju útvarpsstöðvar. Það er að vísu sagt að þær skuli gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir dagskrárstefnu. En það er svo almennt orðað að ég held að það sé ekki nokkur leið að lesa neitt út úr því annað en það að tilkynna beri útvarpsréttarnefnd í stórum dráttum á hvaða tíma eigi að útvarpa og kannske örfá orð um hlutfall talaðs máls og hljómlistar eða eitthvað slíkt. Hins vegar er í sambandi við Ríkisútvarpið bókstaflega tekið fram að það skuli annast allfullkomna fréttaþjónustu, það skuli flytja allmikið af innlendu efni og það skuli yfirleitt vera miðill fyrir sem allra fjölbreytilegasta menningar- og þjóðfélagsumræðu í landinu. Það liggur því í augum uppi að við hljótum að leggja mikla áherslu á að Ríkisútvarpið hafi tekjur sem geri því fært að gegna þessum skyldum sínum, gegna þessu gífurlega margþætta hlutverki sem það á að hafa með höndum. Þar af leiðandi teljum við uggvænlegt að möguleikar þess til

tekjuöflunar séu í nokkru skertir.

Það komu fram allmargar brtt. í hv. Nd. og voru flestar felldar, m. a. í sambandi við boðveitur og eignarhald á útvarpssendistöðvum. Ég held að eins og þau mál liggja fyrir núna í frv. sé ekki ástæða til að taka það upp. Það gæti orðið nauðsynlegt í sambandi við nýrri tækni sem væntanleg er innan fárra ára, að setja reglur um þau efni. En ég held að ekki sé ástæða til þess fyrr en að endurskoðunartíma væntanlegra laga kemur. Það er ætlun mín að flytja brtt. við frv., brtt. sem færa það í nokkuð svipað horf eins og það kom frá meiri hluta hv. menntmn. Nd. Hvort önnur atriði verða þar tekin til athugunar veit ég ekki. En ég mun a. m. k. flytja brtt. bæði við 4. og 5. gr. frv.

Það eru viss atriði í frv. sem ég held að þurfi að athuga. Það er t. d. varðandi kjörtímabil útvarpsráðs annars vegar og útvarpsréttarnefndar hins vegar, þar sem segir að útvarpsráð skuli kosið eftir hverjar alþingiskosningar en útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára. Ég tel rétt að þetta sé samræmt og álít eðlilegast, út frá því sjónarmiði að Ríkisútvarpið sé sem sjálfstæðast, að fjögurra ára tímabil gildi fyrir útvarpsráð.

Annað, sem ekki komst inn í umræður flokkanna í haust en ég hef talið rétt að taka upp og kanna nú hvort samstaða fæst um, er ráðningartími útvarpsstjóra. Ég tel eðlilegt að hann fylgi svipuðum reglum og mjög hefur verið rætt um að teknar verði upp varðandi ráðningu ýmissa embættismanna, að það sé tímabundin ráðning en ekki æviráðning. Þetta hefur verið tekið upp í Þjóðleikhúsinu t. d. og gefist vel. Ég held að það sé til góðs eins að hafa slíkar reglur um ákveðinn ráðningartíma. Í þessu tilviki legg ég til að ekki verði gengið lengra en svo að hann yrði ráðinn til fjögurra ára í senn. Í Þjóðleikhúsinu gildir sú regla að ekki má ráða þjóðleikhússtjóra nema einu sinni aftur til fjögurra ára í röð. Það má kannske segja að það sé fullstrangt einkum og sér í lagi með tilliti til þess að ekki hefur enn þá verið gengið frá lífeyrismálum þeirra embættismanna sem þannig eru ráðnir.

Varðandi ráðningu annarra yfirmanna Ríkisútvarpsins gætu ríkt svipaðar reglur. Mér er ekki fullkomlega kunnugt um hvernig því er háttað nú. En þar eins og í öðrum ríkisstofnunum mun ráðningartími vera miklu meira samningsbundinn nú en var áður þegar yfirleitt gilti æviráðning.

Þá er einnig spurning um hlutfall innlends og erlends efnis. Ég minnist þess að þegar umræður voru hér um stofnun sjónvarps — ég fylgdist nokkuð með því sumarið 1966, sumarið áður en sjónvarpið hóf starfsemi sína — var mikill hugur í mönnum um að setja fastar reglur um hlutfall innlends og erlends efnis. Ég tel erfitt að gera ákveðnar tillögur um slíkt. Það hlýtur samt að vera stefna Ríkisútvarpsins að hafa sem mest innlent efni og beinlínis tekið fram í lögunum að það skuli gert. Varðandi aðrar stöðvar eru hins vegar engin skilyrði um slíkt í frv. Það er ekki á það minnst nema þetta sem ég gat um með tunguna.

Þá er enn eitt atriði sem ég held að menn hafi kannske ekki velt nógu rækilega fyrir sér. Það er varðandi auglýsingar í því sjónvarpsefni sem tekið er í gegnum gervihnetti. Það hlýtur að skipta miklu fyrir útvarpsstöðvar hér að frá því sé gengið á þann veg að auglýsendur hér beri ekki mikinn skaða af. Einnig hlýtur það að snerta auglýsingatekjur útvarpsstöðvanna á ýmsan hátt. Þetta er kannske flóknara mál en svo að unnt sé að taka það upp á þessum vettvangi. Ég vil einungis vekja athygli á því máli.

Þá vil ég einnig geta þess að í ákvæðum til bráðabirgða segir að útvarpsréttarnefnd skuli kosin þegar lögin taka gildi en samkvæmt frv. eiga þau að taka gildi 1. janúar 1986. Ég tel tvímælalaust að þessu verði að breyta þannig að útvarpsréttarnefnd verði kjörin fyrr til þess að útvarpsstarfsemin geti hafist þegar í byrjun janúar.

Ég lýsi því yfir að ef þessu máli verður vísað til hv. menntmn. Ed. mun ég leggja áherslu á að það verði rætt ítarlega og að það verði afgreitt, en ég áskil mér rétt til þess að fylgja og flytja brtt. við frv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á í upphafi síns máls er ekki hægt að kvarta undan því að þetta mál hafi ekki fengið nægjanlega umfjöllun þó að það hafi ekki enn þá legið fyrir þessari hv. deild eða verið fjallað um það þar af leiðandi í nefnd hér. Ég er hér kominn eingöngu til að lýsa yfir því að afstaða okkar þm. BJ í Ed. mun ekki verða önnur en afstaða fulltrúa okkar í Nd. Við munum leggja fram þær tillögur til breytinga á þessu frv. sem þar komu fram og þá einkanlega með tilliti til þeirra niðurstaðna sem urðu þar í atkvgr. um brtt.

Eins og fram kom í umr. í Nd. um þetta frv. erum við ekki eins sátt við þetta frv. og við hefðum viljað vera. Einkum og sér í lagi erum við gagnrýnin á þann — að vísu mjög stóra lið í þessu frv. sem gerir ráð fyrir áframhaldandi pólitísku eftirlitskerfi á Ríkisútvarpinu og nýju sams konar pólitísku eftirlitskerfi á hinum frjálsu útvarpsstöðvum. Verður maður í raun og veru að vona að náist það ekki fram nú að losa fólk, bæði hlustendur og framleiðendur, undan þeirri ánauð að sífellt sé verið að framlengja hlutföll og niðurstöður kosninga hér á þingi inn í allar stofnanir framkvæmdavaldsins þá náist það einhvern tíma, helst í náinni framtíð. En kannske verður það ekki fyrr en BJ hefur öðlast nægilegt afl til að hreyfa málum eins og stjórnkerfisbreytingum í okkar landi.

Hér mætti margt nefna í sambandi við málflutning þeirra manna sem í meginatriðum eru í andstöðu við þetta frv. En vegna þess að ég tel að þetta frv. skipi orðið allt of mikið rúm í okkar þingstörfum, miklu meira en eðlilegt er miðað við mörg önnur vandamál sem við ættum að vera að glíma hér við, sé ég ekki ástæðu til að fara hér í hártoganir við samþingmenn mína og andstæðinga um smáatriði í þessu máli. Ég ætla að geyma það til betri tíma en vona að með hraðri afgreiðslu þessa máls í þessari þd. skapist svigrúm til að fást við þau vandamál sem virkilega brenna á fólki nú.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég get verið stuttorð. Mínar hugmyndir um skipan útvarpsmála hafa áður komið fram hér á hæstv. Alþingi. Ég hef gert rækilega grein fyrir þeim og sé ekki ástæðu til að endurtaka þær hér og nú. Þær eru hv. þm. væntanlega enn í fersku minni. En ég vil láta það koma fram að afstaða mín í þessum málum grundvallast á þeirri sannfæringu minni að nauðsyn sé að breyta í frjálsræðisátt í skipan útvarpsmála eins og menn hafa iðulega tekið hér til orða. Það er einnig mín sannfæring og ég hef gert grein fyrir því hvaða leiðir ég vil fara í

þeim efnum í því frv. sem hefur verið til meðferðar í hv. menntmn. Ed. síðan 13. febrúar s. l.

Hvað það frv. varðar eða safn tillögugreina sem hingað hefur verið skilað frá hv. Nd. og er hér nú til 1. umr. er það fljótsagt að því er ég andvíg. Ég er andvíg því vegna þess að það tekur ekki tillit til þess að útvarp er þjónusta við landsmenn en ekki „bisness" eins og hæstv. fjmrh. orðar það fyrirbæri gjarnan hér úr ræðustól. Ég er andvíg því vegna þess að það tekur eingöngu mið af því hver megi standa fyrir útvarpi hér á landi, ekki hvernig útvarp við viljum stuðla að að hér blómstri. Ég er andvíg því vegna þess að það tekur ekki mið af því að við erum fámenn þjóð í stóru landi og að nauðsynlegt er að gæta jafnaðar milli landshluta og, sem ekki skiptir minna máli, tryggja rétt þeirra sem minni hluta skipa á hvaða sviði sem er. Ég er andvíg því líka vegna þess að á meðan ég tel það algjörlega nauðsynlegt að við nýtum okkur það besta sem völ er á úr menningu annarra þjóða og í eins miklum mæli og framast er kostur, þá ber okkur skylda til að reyna að sjá til þess að það sé það verðugasta sem aðrar þjóðir hafa fram að færa sem við nýtum okkur og til þess tekur þetta frv. ekki.

Virðulegi forseti. Ég gæti tiltekið fjölda margt fleira sem skilur á milli minnar afstöðu í þessum málum og afstöðu hæstv. menntmrh. en það hefur þegar margsinnis komið fram hér á hæstv. Alþingi svo og á síðum dagblaða og öldum ljósvakans og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það fyrir þá fáu þm. sem sjá ástæðu til að hlýða hér nú á þessa umræðu.

Ég vil taka undir það, sem kom fram í máli hv. 5. landsk. þm., að þetta frv. ber að hér í hv. Ed. með þeim hætti að ljóst er að hreinn meiri hluti var ekki fyrir því í Nd. Þótt ekki væri annað þá gefur það okkur tvímælalaust ástæðu til að staldra við og íhuga okkar gang gaumgæfilega. Að rasa að jafn veigamiklum málum og þessum og við þær aðstæður að aðeins fáir þm. geta heilshugar staðið að því er fásinna og vinnubrögð sem ekki eru sæmandi hæstv. Alþingi.

Ég á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Ég vil láta það koma hér fram að ég tel einsýnt að þetta mál verði að skoða mjög vel í nefnd og ég mun fara fram á að það verði skoðað þar ásamt því frv. sem ég hef flutt áður og vísað var til nefndarinnar 13. febrúar s. l. Ég mun æskja þess að þessi tvö frv. verði skoðuð í samhengi og gaumgæfilega bæði tvö.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér um ræðir er búið að vera lengi til umræðu í hv. Nd. eins og fram hefur komið í ræðum manna. Ég get ekki að mér gert að leggja örfá orð í belg við 1. umr. þessa máls hér í deildinni og lýsa afstöðu minni til frv.

Það er nokkuð almenn samstaða um það hér í hv. Alþingi að rýmka um einkarétt Ríkisútvarpsins. Ég er sammála því og minn flokkur. Það er einkum vegna þess að aðstæður hafa breyst, tæknivæðing aukist á þessum sviðum, þannig að þessi mál þurfa að vera í sífelldri endurskoðun. Hins vegar hefur minn flokkur viljað binda þessa rýmkun ýmsum skilyrðum. En ég vil frábiðja mér allt umtal um afturhald í því sambandi. Það sem hefur einkum verið rætt er hver staða Ríkisútvarpsins eigi að vera eftir þá lagabreytingu sem hér um ræðir. Ég held að þjóðin vilji hafa sterkt og öflugt ríkisútvarp. Ég held að það sé rétt, sem hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason sagði í umræðum hér í gær, að Ríkisútvarpið á að sameina þjóðina. Og Ríkisútvarpið er öryggistæki fyrir alla landsmenn. Og það er vilji manna almennt að Ríkisútvarpið sendi gott innlent dagskrárefni um landið allt.

Ríkisútvarpið á langa hefð hér og það er vilji þjóðarinnar að vegur þess sé sem mestur og Ríkisútvarpið er vinsælt hjá þjóðinni, það hefur komið fram.

Það er grundvallaratriði í afstöðu míns flokks og minni persónulega til frv. hvaða meðferð Ríkisútvarpið fær eftir þessa lagabreytingu, að gengið sé frá málum þess þannig að það geti rækt skyldur sínar.

Hv. 9. þm. Reykv. vék að því í ræðu sinni hér áðan hvaða skyldur einkastöðvum eru lagðar á herðar og hvaða skyldur Ríkisútvarpinu eru lagðar á herðar skv. því frv. sem hér um ræðir eins og það lítur út núna. Það er kveðið á um skyldur einkastöðva í 3. gr. og ef ég má grípa niður í þessari gr. með leyfi forseta stendur í 3. lið: „Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu." Þetta er gott svo langt sem það nær, en þetta er mjög almennt orðað og framkvæmdina er hægt að spila nokkuð eftir eyranu, eins og þar stendur. Síðan stendur hér: „Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum." Þetta er líka til bóta að hafa inni í frv. og þetta atriði þarf ekki að hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir þær stöðvar sem hér um ræðir. Síðan segir hér í 4. lið: „Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum." Þetta er náttúrlega sjálfsagt atriði og þetta er þessum útvarpsstöðvum algjörlega að kostnaðarlausu.

En í 15. gr. er rætt um þær skyldur sem Ríkisútvarpinu ber að uppfylla. Þær eru miklar og kostnaðarsamar og miklu skýrar afmarkaðar í frv. og ég er ekki að mæla því gegn heldur er nauðsynlegt að svo sé. Hér stendur m. a., með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttaþjónustu ... Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m. a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland og Íslendinga sérstaklega.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma."

Og síðan segir áfram í 16. gr.:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa skv. ákvörðun útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar o. s. frv.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins."

Og síðan kemur hér í 17. gr.:

„Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar."

Hér er einungis drepið á fá atriði en hér er um mjög miklar og víðtækar skyldur að ræða, enda er það alveg sjálfsagt og í samræmi við þann vilja þjóðarinnar að efla Ríkisútvarpið og gera það sterkt. Og hér er um mjög kostnaðarsama þætti að ræða og þá erum við komin að því hvaða tekjumöguleika Ríkisútvarpið hefur til að gegna þessum miklu skyldum. Það hefur vissulega mikla tekjumöguleika, ég er ekkert að draga fjöður yfir það. Það hefur afnotagjald og það hefur einnig verulegar auglýsingatekjur. Auglýsingatekjur hljóðvarps og sjónvarps eru mjög verulegur hluti af tekjum þessara stofnana. Í aths. frv. eins og það var upphaflega er þess getið að auglýsingatekjur hljóðvarps séu 48.2% af tekjum stofnunarinnar árið 1980 og sjónvarps 23.5% það ár. En hv. 5. landsk. þm. upplýsti hér í gær — og er málinu áreiðanlegur kunnugur — að þetta hlutfall hefði farið vaxandi á síðustu árum og væri núna um 60% í hljóðvarpi og um 30% í sjónvarpi. Það er af þessum sökum sem þingflokkur Framsfl. hefur lýst andstöðu sinni við það ákvæði frv. að rýra tekjumöguleika Ríkisútvarpsins af auglýsingum. Við höfum ekki viljað fallast á það að kapalstöðvar, sem senda út sjónvarpsefni, hafi aðstöðu til að selja auglýsingar eða leyfi til þess. Þær hafa góða tæknilega aðstöðu til innheimtu áskriftargjalda og við erum þeirrar skoðunar að þær verði að nýta slíkt fyrst í stað vegna þess að það eru ekki gerðar ýkja miklar eða kostnaðarsamar kröfur til þessara miðla. Ég hef satt að segja allan fyrirvara um það og hef ekki mjög háar hugmyndir um það efni sem þessar stöðvar muni bjóða upp á. Þó að ég vilji ekki gerast neinn allsherjar spámaður í því efni er ég hræddur um að þar verði menn í vinnu sem hafi það að aðalverkefni að skipta um kassettur. Ég hugsa að aðstaða þessara stöðva miðað við Ríkisútvarpið verði svipuð því fyrirbrigði, sem er vel þekkt í blaðaheiminum, að gefin eru út blöð með margvíslegu efni sem eru bæði dagblöð og landshlutablöð og veita mikla þjónustu sínum lesendum. Síðan er kannske í hverju einasta byggðarlagi gefin út sjónvarpsdagskrá sem er e. t. v. með sjónvarpsdagskrá ríkisfjölmiðlanna og nokkrum skrýtlum og er rekin á auglýsingum sem útgefendur gjarnan undirbjóða blöðin með. Ég er hræddur um að það geti eitthvað hliðstætt komið upp að þessu leyti.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu ýkjamikið meira. En ég vil að lokum koma inn á það að mikið hefur verið talað um frelsishugsjónir í sambandi við þetta frv., að það sé frelsishugsjón sem rekur menn til að samþykkja það eins og það er gert hér úr garði. En það verður að gá að því að það frelsi á ekki að ná til allrar þjóðarinnar. Frelsið sem í þessu frv. felst verður frelsi einhverra byggðarlaga til að velja um dagskrár og þá gjarnan fjölmennustu byggðarlaganna. Og það er alveg rétt, sem hefur komið hér fram í umr., að það frelsi sem felst í því að velja á milli margra einhæfra dagskráa í hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum er e. t. v. ekki mikið frelsi þegar grannt er skoðað.

Ég vil taka undir hugmynd sem hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason hreyfði í ræðu sinni í gær. Mér finnst hún allrar athugunar verð. Að ríkisfjölmiðlarnir geti e. t. v. leigt afnot af dreifikerfi sínu, þegar þeir senda ekki út, ýmsum félagasamtökum eða einhverjum slíkum aðilum sem viðurkenndir eru. Það efni mundi ná til alls landsins. Mér finnst að þessa hugmynd ætti að skoða hjá þeirri nefnd sem fær málið til afgreiðslu.

Boðaðar hafa verið brtt. af hálfu okkar framsóknarmanna við greinina um auglýsingaþáttinn og ég mun að sjálfsögðu fylgja þeim. En ég hef allan fyrirvara um fylgi við frv. sem heild að þeim brtt. föllnum. Ég mun að þeim brtt. föllnum skoða rækilega hug minn um það hvort ég fylgi þessu frv. Hins vegar er nauðsynlegt að frv. fái afgreiðslu, fái skoðun í nefnd hér í þessari hv. deild og reynt verði að sníða af því þá vankanta sem á því eru vissulega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 852 (sbr. 542)). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. Nd. hefur lagt til breytingar við frv. til laga um ríkisábyrgð á launum og voru brtt. samþykktar í Nd. Fyrri brtt. er við 4. gr. Henni er raunar einvörðungu ætlað að taka af öll tvímæli um að skyldusparnaður teljist til launa, skilji ég þetta rétt. Hin brtt. varðar 9. gr. frv., þar er viðbótarmálsliður sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Félmrh. er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr."

Enda þótt ekki sé að mínum dómi um stórvægilegar breytingar að ræða tel ég eðlilegt að félmn. þessarar hv. deildar fái tækifæri til að líta nánar á þessar brtt. Vænti ég þess að umr. verði af þeim sökum frestað a. m. k. um stund.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Komið hefur fram ósk um að fresta umræðu um frv. þar til félmn. hefur fengið tíma til að líta á þær breytingar sem gerðar voru á því í Nd. Verður orðið við því og málinu frestað um sinn.

Umr. frestað.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu utan dagskrár er að hæstv. forsrh. hefur orðið við þeirri beiðni minni að svara nokkrum spurningum vegna fram kominna frétta og fréttatilkynninga sem bárust okkur í gær frá áhugamönnum um úrbætur í húsnæðismálum. Menn hafa fylgst með því undanfarnar vikur og mánuði að áhugamenn um úrbætur í húsnæðismálum hafa sótt mjög hart málstað fólks sem þeir eru fulltrúar fyrir. Fulltrúar ríkisstj. hafa látið nokkuð drjúglega í það skína að öll hjól ríkisstjórnarvélarinnar væru í gangi að vinna að úrbótum í málefnum þessa fólks. En málefni þessa fólks eru í stuttu máli þau að mjög stór hópur fjölskyldna býður þess að hús þeirra verði boðin upp eða seld ofan af þeim og enn fleiri sjá fram á það, ef ekki verður eitthvað að gert annaðhvort af þeirra eigin hálfu eða annarra, að þeirra bíða hin sömu örlög.

Í gær barst þm. fréttatilkynning frá áhugamönnum um úrbætur í húsnæðismálum, þar sem skýrt var frá því að þeir hefðu átt fund með hæstv. forsrh. og Þorsteini Pálssyni, formanni Sjálfstfl., og fram hafi komið að stjórnarflokkarnir mundu ekki beita sér fyrir úrlausn á vanda þessa fólks fyrir þinglok. Eins og segir í frétt DV í dag, með leyfi hæstv. forseta, í fyrirsögn:

„Steingrímur og Þorsteinn sögðu „nei." Þeir sögðu hreint út að þeir ætluðu ekkert að gera fyrir þinglok. Við spurðum: Eigum við að segja fólki það? Þeir sögðu já, það skuluð þið gera. Og það erum við einmitt að gera núna." Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna áttu fund með fulltrúum þessa hóps í morgun og það varð að samkomulagi að þessir aðilar legðust allir á eitt til þess að reyna að koma málefnum hópsins hér til umræðu og afgreiðslu á þingi.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. forsrh. hvort fullyrðingar þessara manna og sú frétt sem birtist í Dagblaðinu í dag væri virkilega rétt, hvort þetta væri rétt túlkun á fyrirætlunum ríkisstj., og ef svo er þá að fá skýringar á því hvers vegna það er. Og í framhaldi af því kannske að heyra skoðanir hæstv. forsrh. á því hvað þetta fólk eigi að gera ef ekki á að leysa úr málum þess með nokkrum hætti nú og strax.

Ég hef sjálfur ákveðnar hugmyndir um það hvers vegna ríkisstj. ætlar ekki að gera neitt fyrir þinglok og hæstv. forsrh. getur hugsanlega upplýst mig um það hvort mínar hugmyndir eru réttar eða rangar. Ég hef grun um það, mjög illan grun um það að ástæðurnar fyrir því að ekkert eigi að gera séu þær að húsnæðismálin og lánafyrirgreiðslurnar eigi að verða að verslunarvöru í kjarasamningum í haust. Það er að verða þannig með löggjöf á þessu þingi að öll meiri háttar mál eru að verða að verslunarvöru í kjarasamningum, þ. e. samningum milli ríkisstj., atvinnurekenda og launþega. Það er í raun og veru verið að tala um að vísa þeim málum, sem í öllum öðrum löndum er fjallað um af löggjafanum, í eina allsherjar sáttanefnd sem ekki á sæti á þingi.

Það hefur viljað brenna við að menn hafi ekki talið sér skylt endilega að bjarga högum þess fólks sem hér um ræðir og því daufheyrst við þeim hugmyndum sem það hefur hér sett fram sjálft og tillögur um úrlausn sinna mála. Þessu fólki til varnar verður að minna á það að þær fjárfestingar sem það fór út í og ræður nú ekki við fór það út í á þeim forsendum að því hafði verið lofað og því hafði verið lýst fyrir því að allir þessir kostir væru mögulegir og yrðu auðveldari eftir því sem lengra liði. Í fyrsta lagi væri verið að vinna að þeim úrbótum í húsnæðismálum að lánakerfið mundi geta sinnt fjárfestingarþörf þeirra að fullu og í öðru lagi að það fyrirkomulag sem væri nú á lánum hér á landi, þ. e. verðtrygging, þyngdi ekki greiðslubyrði þessa fólks heldur létti hana. Það má t. d. minna á bæklinga, sem gefnir voru út af hálfu lífeyrissjóðanna, þar sem fram koma mjög villandi upplýsingar fyrir þá sem þetta lásu í góðri trú, eins og það að gera verði ráð fyrir því að laun hækki a. m. k. ámóta og lánin í framtíðinni nema reiknað sé með að lífskjör fari versnandi. Reynsla undanfarandi áratuga sýnir að yfirleitt hækkuðu laun meira en allar vísitölur. Og þegar menn hlustuðu á stjórnmálamenn um þessar mundir gat enginn maður gert ráð fyrir því að lífskjör færu versnandi í landinu því að allir stjórnmálamenn buðu sig fram til að bæta lífskjör.

Nú er komin fram í þinginu niðurstaða ríkisstj. í frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Þetta frv. tekur á aðeins örlitlum þætti af vanda þessa fólks og þá kannske einna helst þeim þætti sem það þó gæti ráðið við ef vandinn væri ekki miklu stærri. Vandi fólks liggur ekki sérstaklega í þeim lánum sem það enn þá á ógreidd hjá Húsnæðisstofnun. Vandi þess liggur fyrst og fremst í því að það hefur neyðst til að taka fasteignaveðlán, verðtryggð eða ekki verðtryggð lán í bönkum til mjög skamms tíma. Greiðslubyrði þessara lána er það sem er að koma þessu fólki á vonarvöl í dag. Ég hef skoðað þetta frv. sem lagt hefur verið fram í Nd. og er þar til umfjöllunar í nefnd og hef það eitt um það að segja að ég álít það svona u. þ. b. þremur lagagreinum of langt, það er sjö greinar alls. Það flækir málin mjög mikið án þess að tekið sé á málinu í heild. Þvert á móti er tekið á mjög takmörkuðum þætti þess og getur frv. því alls ekki talist fullnægjandi úrlausn fyrir þetta fólk.

Áhugamenn um úrbætur í húsnæðismálum hafa lagt fram ákveðnar tillögur í fjórum liðum, þar sem þeir benda á ákveðnar leiðir til úrlausnar, leiðir sem ekki miðast við það að þessu fólki séu gefnir peningar, heldur einfaldlega að greitt sé úr þeim lánum, sem þetta fólk þegar ber, með þeim hætti að það geti borið þau, og hins vegar að bætt sé við lánum til fólks, ekki neinum stórum upphæðum, heldur minni upphæðum sem þetta fólk gæti notað til að bjarga þeim lausaskuldum sem það ekki getur bjargað núna. Þessar tillögur eru í fyrsta lagi um viðbótarlán frá húsnæðismálastjórn, þær eru um skattaendurgreiðslur, þær eru um skuldbreytingar lána og þær eru um að kannað verði misgengi launa og lánskjara undanfarinna ára með tilliti til þess að meta hvernig þessum málum verði betur hagað í framtíðinni.

Að ég spyr hæstv. forsrh. hér er fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ég tel eftir fram komnum fréttum í gær að þetta sé ekki lengur mál félmrh. eingöngu, heldur sé þarna orðið um að ræða hreina og klára spurningu um stefnu ríkisstj. og hvað ríkisstj. í heild vill gera. Ég tel að þessari ríkisstj. beri siðferðileg skylda til að bregðast við vanda þessa fólks og leysa úr honum, það sé ekki hægt að koma sér undan þessum vanda. Menn geta borið því við að ekki séu til nægir peningar og þar fram eftir götunum. Við vitum að peningar eru til í landinu þó að oft og tíðum sé kannske erfitt að ná í þá. En við vitum líka að Íslendingar hafa ráðið fram úr ýmsum vandamálum í þessu þjóðfélagi. Við erum búnir að koma

okkur upp almannatryggingakerfi. Við erum búnir að koma okkur upp lífeyrissjóðakerfi. Við erum búnir að koma okkur upp óburðugu húsnæðislánakerfi. Við erum búnir að koma okkur upp alls kyns fjármögnun í landinu til þess að tryggja það sem við almennt getum kallað lífshamingju fólks. Þetta hefur verið gert þrátt fyrir andmæli manna og sífelldar fullyrðingar um að peningar væru ekki til til þessara hluta. Þetta eru einfaldlega ákveðin atriði sem skylda og almennt siðgæði býður mönnum að leysa.

Það er afskaplega lítils virði fyrir fólk að geta hlustað á frjálst útvarp og drukkið með því bjór ef það verður að gerast einhvers staðar úti á víðavangi vegna þess að þetta fólk á ekki lengur þak yfir höfuðið. Það sem ég á við með þessum töluðum orðum er það einfaldlega að við erum kannske hér inni á þingi oft og tíðum að breiða okkur út yfir málefni sem skipta minna máli en mörg önnur sem við ættum frekar að fjalla um.

Eins og ég sagði áðan hefur stjórnarandstaðan átt fund með fulltrúum áhugamnna um úrbætur í húsnæðismálum. Ég lýsi því hér yfir í nafni stjórnarandstöðunnar að hún er reiðubúin að gera allt sem í hennar valdi stendur til að því fólki sem hér um ræðir verði veitt viðunandi og réttlát úrlausn. Stjórnarandstaðan hefur ekki afl til að afgreiða frv. hér á þingi, það er mönnum kunnugt. En stjórnarandstaðan hefur afl til þess að vinna að framgangi mála með ýmsum leiðum, með ýmsum tiltækum ráðum og leiðum. Stjórnarandstaðan ætlar að leggja fram hreinar og klárar tillögur í þessu máli og við erum reiðubúnir að beita öllum tiltækum ráðum til þess að fá þessar tillögur stjórnarandstöðunnar um vandamál þessa fólks ræddar og afgreiddar hér fyrir þinglok. Það var á fulltrúum stjórnarandstöðunnar á þessum fundi í morgun að heyra að full alvara byggi að baki þegar þeir lýstu því yfir að þeir væru reiðubúnir að beita öllum tiltækum ráðum.

Við þekkjum ýmis hefðbundin ráð til þess að reyna að vinna að framgangi mála sem stjórnarandstaðan vill ná fram. En ég vænti að menn geri sér grein fyrir því að til eru ýmis önnur tiltæk ráð sem hægt er að grípa til, ekki hvað síst þegar um er að ræða samvinnu hóps innan þings og annars hóps sem utan þings er. Og ég ætla að vona að menn átti sig á því að alvara þessa máls er svo mikil að þeir láti ekki til þess koma að menn þurfi að fara að beita hér hver annan þvingunum til þess að ná fram því mikla réttlætismáli sem þetta er.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að hv. þm. Stefán Benediktsson hefur borið hér upp nokkrar spurningar til hæstv. forsrh. Ég tek mjög undir það sem hann sagði og geri þessar spurningar að mínum um leið og ég bæti þar nokkrum spurningum við.

Það er enginn vafi á því að það sem við blasir í húsnæðismálunum eru einhver hrikalegustu fjöldavandræði sem sögur fara af á Íslandi fyrr og síðar. Ástæðurnar fyrir þessu eru kunnar. Í fyrsta lagi langhæsta vaxtastig sem þekkst hefur hér, líklega fyrr og síðar. Í öðru lagi mjög sérkennilegt misgengi vísitalna, annars vegar lánskjaravísitölu og hins vegar kaupgjalds, sem hefur valdið því að lán hafa hækkað miklu, miklu meira en nemur hækkun á kaupgetu almennings. Þriðja meginástæðan er svo hin almenna kjaraskerðing sem gengið hefur yfir og hefur að sjálfsögðu gert mönnum almennt miklu erfiðara fyrir að eiga eitthvað afgangs til þess að greiða af skuldum sínum en áður var. Þessi vandi hefur blasað við um langt skeið, hann hefur verið öllum ljós og það er mikið búið að ræða um það meðal manna í öllum flokkum að bregða þurfi hart við og ráða bót á þessum vanda til að komast hjá stórkostlegum vandræðum mikils fjölda manna og heimila. En það hefur sannarlega dregist úr hömlu hjá ríkisstj. að koma með sín úrræði og gera a. m. k. einhverja tilraun til að leysa þennan vanda.

Við höfum hlýtt á miklar yfirlýsingar í vetur frá æðstu ráðamönnum þjóðarinnar um að tekið verði á þessum vanda. Það þarf ekki að endurtaka þær hér. Og hvað gerist svo nú á vordögum? Fjallið tók jóðsótt og fæddist lítil mús. Það verður ekki annað sagt um það frv. sem hér hefur verið lagt fram, um greiðslujöfnun á lánum sem tekin hafa verið hjá húsnæðismálastjórn, frv. sem auðvitað er algerlega ófullnægjandi lausn á vanda húsbyggjenda. Þessi tillaga gengur allt of skammt að öllu leyti. Hún nær einungis til lána hjá húsnæðismálastjórn. En auðvitað er vandinn miklu, miklu stærri en hvað varðar lánin sem þar hafa verið tekin. Auk þess eru alvarlegir ókostir við þessa lausn vegna þess að ekki er miðað við launataxta eins og þeir hafa breyst, heldur eitthvert mjög svo dularfullt sambland af fleiri vísitölum, sem kemur auðvitað miklu óhagstæðar út fyrir þá sem hér eiga hlut að máli og var þó ekki á bætandi. Þessi fyrirgreiðsla ætti auðvitað að koma öllum til góða sem eru í vandræðum og menn ættu ekki að þurfa að koma knékrjúpandi til húsnæðismálastjórnar og sanna að um verulega greiðsluerfiðleika sína sé að ræða. Þarna ætti auðvitað að koma með lausn sem kæmi öllum til góða. En það sem þó vantar hvað mest inn í þessa mynd er auðvitað aðalatriði málsins, þ. e. að dregið sé úr vaxtastiginu, vaxtastigið sé lækkað, tryggt sé að sú hávaxtastefna sem hér er að keyra allt á kaf sé látin víkja fyrir skynsamlegri efnahagsstefnu. Ég vil vekja á því athygli að ef litið er á vanda húsbyggjenda í dag þá er vissulega stór þáttur vegna misgengis kaupmáttar annars vegar og lánskjaravísitölu hins vegar. Það er vissulega stór þáttur vandans. En hinn þátturinn er ekkert minni sem stafar einfaldlega af því hve vaxtastigið er hátt. Og það er vandi sem heldur áfram og fer vaxandi meðan hinn vandinn horfir meira til fortíðarinnar en ekki beinlínis líkindi á að sá þáttur fari vaxandi. Eða það skyldum við svo sannarlega vona a. m. k.

Ég ætla ekki að fara mörgum frekari orðum um þann vanda sem hér blasir við, en minni bara að lokum á að svo er fjármögnunarþáttur málsins gersamlega í lausu lofti. Það liggur ekkert fyrir um það hvernig ríkisstj. ætlar að standa að fjármögnun þeirra aðgerða sem við blasa. Og ég minni á í þessu sambandi að við þm. Alþb. höfum flutt hér í þinginu ítarlegar tillögur um hvernig afla mætti fjár til að leysa þennan vanda. Þar geta auðvitað komið fjöldamörg úrræði til greina og aldeilis ótrúlegt að ríkisstj. skuli skila auðu í þeim mikilvæga þætti.

Ég vil að lokum segja það um afstöðu okkar Alþb.-manna að við leggjum meiri áherslu á það nú í þinglok en nokkuð annað að tekið verði á vanda húsbyggjenda. Og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur nú á þessum seinustu dögum þingsins til að reyna að knýja á um það að ríkisstj. fáist til að taka á þessum vanda.

Áhugamenn um húsnæðismál, sem myndað hafa samtök sín á milli og héldu blaðamannafund í gær, leggja á það áherslu í orðsendingu til þm. að þeir eigi að rísa undir ábyrgð sinni, þeir eigi ekki að slíta þingi fyrr en þessi mál hafa verið leyst á viðunandi hátt. Undir þetta tek ég svo sannarlega.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðh. hvort ríkisstj. geri sér ekki grein fyrir því að þessi vandi er að magnast og á eftir að aukast og margfaldast á næstu mánuðum, þeim mun lengri tími sem líður án þess að á vandanum sé tekið.

Ég spyr í öðru lagi: Dettur hæstv. ríkisstj. í hug að það verði eitthvað auðveldara að ráða bót á vandanum ef honum er nú frestað og látið líða hálft ár eða jafnvel lengri tími án þess að tekið sé á kjarna hans? Menn verða að gera sér grein fyrir því að ef ekki er gripið til þess sjálfsagða úrræðis að lækka vextina og ef ekki er tekið föstum tökum á öðrum þáttum þessa máls, þá er vandinn sem við stöndum núna frammi fyrir bara brot af því sem við eigum eftir að sjá eftir hálft ár eða eitt ár. Við sjáum nú aðeins örlítið brot af þeim ísjaka sem á eftir að lyfta sér úr hafinu og því lengur sem ríkisstj. situr aðgerðarlaus, því meiri og verri verður vandinn. Því ítreka ég spurningu mína: Gerir ríkisstj. sér ekki grein fyrir þessari meginstaðreynd málsins?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. sem hér hafa talað að vandamál húsbyggjenda eru mikil. Ég andmæli því hins vegar að ekki hafi verið á þeim tekið. Ég legg einnig mikla áherslu á að þarna er við að glíma eitt af mörgum vandamálum sem við blasa í þjóðfélaginu, m. a. vegna þess að samdráttur í þjóðarframleiðslu hefur orðið yfir 7% á 2½ ári. Þessi vandi húsbyggjenda varð fyrst og fremst frá miðju ári 1982 til loka ársins 1983. Um mitt ár 1982 eða á 2. og 3. ársfjórðungi var kaupmáttur tímakaups verkamanna á grundvelli framfærsluvísitölu um 108. Hann féll á 2. ársfjórðungi 1983 niður í um 91 og hann féll áfram til desember 1983 niður í 81. En það er athyglisvert að þegar samanburður er gerður á lánskjaravísitölu og á kaupmætti tímakaups frá janúar 1984 til mars 1985, þá er það nákvæmlega í járnum. Það er nákvæmlega sama hlutfall nú og var í janúar 1984. Á þessu verða sveiflur á rúmu ári, t. d. fellur kaupmátturinn niður fyrir lánskjaravísitöluna í nóvember, desember og janúar s. l., en þegar litið er yfir tímann í heild hefur það hlutfall ekkert skerst. Þegar litið er til lengri tíma er allt annað ástand frá janúar 1984 til dagsins í dag og væntanlega fram undan því að ég geri fremur ráð fyrir því að með eitthvað hækkandi þjóðartekjum takist fremur að bæta kaupmátt en öfugt.

Ég kannast ekki við það að nokkur maður, eins og kom fram hjá hv. þm. Stefáni Benediktssyni, hafi lofað gulli og grænum skógum eða batnandi lífskjörum við minnkandi þjóðarframleiðslu. Mér hefur a. m. k. aldrei dottið í hug að nokkur maður leyfði sér slíkt. En ég vil vekja athygli á því að þetta misgengi, sem verður frá miðju ári 1982 til ársloka 1983, er víðar en bara hjá húsbyggjendum. Til mín hafa komið fjölmargir útgerðarmenn sem eru í vandræðum með sín skip. Það eru ekki nema tíu dagar síðan einn kom og vísaði á áhugamannahóp um húsbyggingar. Hann sagði þá: „Á ég ekki eins og þeir inni endurgreiðslu? Ég get sýnt fram á að af því að ég tók dollaralán — að ráðum, segir hann, bankastjóra sem þeir kannast reyndar ekki við — hef ég tapað tugum milljóna kr. Á ég ekki inni endurgreiðslu?"

Vitanlega eru þeir mjög margir sem orðið hafa fyrir umræddu misgengi í þjóðfélaginu. Ég vek athygli á því að þessu misgengi, sem við getum kallað svo og einnig er hjá sjávarútveginum, hefur verið mætt með því að lengja lánin og lækka vexti. Það er nákvæmlega það sama og verið er að gera í þeirri viðleitni sem ríkisstj. beitir sér fyrir gagnvart húsbyggjendum og ég kem að síðar.

Staðreyndin er sú að hér hefur orðið mikið misgengi. Ég hef áður sagt að það voru mistök hjá okkur hv. þm. Ragnari Arnalds m. a., þáv. fjmrh., að beita okkur ekki fyrir því um mitt árið 1982, þegar þetta misgengi hófst, að leiðrétta misgengi á milli lánskjaravísitölu og kaupmáttar. Menn verða hins vegar að gera sér grein fyrir að ef það hefði verið gert, sem ég tel að hefði verið rétt að gera, hefði einhver orðið að borga. Það hefði verið greitt af sparifjáreigendum. Menn verða að gera sér grein fyrir því um leið og menn tala um að leiðrétta. Það hefði verið borgað af þeim sem leggja inn sitt fjármagn og hefðu þá ekki fengið verðbólgu að fullu bætta. Engu að síður tel ég að þetta hefði átt að gera um mitt ár 1982. Staðreyndin er sú að eftir á er miklu hægara um að tala en í að komast. Ég verð að segja það um yfirlýsingar áhugamanna um erfiðleika húsbyggjenda eða hvað þeir heita að það sem þeir hafa látið frá sér fara veldur miklum vonbrigðum. Ég hef að vísu ekki lesið Dagblaðið í dag, en ég hlustaði á Ríkisútvarpið í gær og sumt af því sem þeir segja þar er ekki í samræmi við það sem fram fór á okkar fundi. Þeir túlka það svo að ríkisvaldið hafi ekkert gert.

Það er rétt að þeir hafa lagt fram tillögur í fjórum greinum. Síðasta greinin, svo að ég byrji á henni, er um það að gera mat á þessu umtalaða misgengi. Það var strax farið í það. Það eru mjög skiptar skoðanir um hvernig eigi að meta þetta misgengi. Matið er frá um 250 millj. kr. upp í 1300 millj. eftir því hvernig metið er. Þeir menn sem þetta gerðu á vegum forsrn. komust að þeirri niðurstöðu að engar ákveðnar tölur lægju fyrir um hvað mikið hafi verið lánað til húsbygginga úr t. d. lífeyrissjóðunum, hvað þá bönkunum, svo að unnt væri að meta þetta með nokkrum sanni. Reyndar vek ég athygli manna á því að það hefur nýlega birst í fjölmiðlum frásögn af því að líklega muni miklu meira af lánum lífeyrissjóðanna hafa runnið í ýmiss konar eyðslu en áður var talið, þ. e. minna til húsbygginga. Um þetta hefur því miður ekki tekist að fá óyggjandi tölur. Bankarnir segja okkur að það sé ekki nægilega sundurgreint hjá þeim hvað farið hafi til húsbygginga og hvað hafi farið í ýmislegt annað. Lægsta matið er sem sagt 250 millj. kr., en hæsta 1300 þegar reiknað er um 80% lánshlutfall út á hverja íbúð, ef ég man rétt, og þá er sjálfsagt tekin inn í hækkun vaxta o. fl. sem ég ætla að koma að síðar.

Eins og kom fram í tillögum áhugamanna um erfiðleika húsbyggjenda óskuðu þeir í fyrsta lagi eftir því að gerðar yrðu skuldbreytingar. Það hefur verið gert. Farið var í umtalsverðar skuldbreytingar í gegnum bankana strax eftir að ríkisstj. var mynduð. Þeir fara einnig fram á að veitt verði viðbótarlán. Það er einmitt það sem hefur verið gert. Ég er þeirrar skoðunar að ráðgjafarþjónusta sú sem sett hefur verið á fót í

Húsnæðisstofnun sé ein merkasta viðleitni í þá átt. Ég vísa því algerlega á bug, sem kemur fram hjá þessum mönnum, að það sé einhver ölmusuganga að fara þangað og leggja mál sín þar fyrir.

Ég verð að segja það eins og er að ég tel ekki verjandi að borga mönnum út, hvort sem þeir þurfa eða þurfa ekki, einhvern áætlaðan mun sem hafi orðið á lánskjaravísitölu og kaupmætti. Ég tel það ekki verjandi í þjóðfélagi sem er að berjast við viðskiptahalla sem er tvöfalt meiri á 1. ársfjórðungi þessa árs en á sama tíma í fyrra. Viðskiptahalli, og það mættu menn hugsa um, er á 1. ársfjórðungi þessa árs rúmlega 1600 millj. kr., en var rúmar 800 millj. í fyrra. Það er e. t. v. eins alvarlegt vandamál og vandamál húsbyggjenda. Vitanlega verður því að meta það hver þörfin er.

Staðreyndin er sú að verkefni þessarar ráðgjafarþjónustu var útvíkkað mjög verulega frá fyrstu hugmyndum og öllum boðið að koma þangað, ekki aðeins þeim sem þegar eru komnir í vanskil heldur einnig hinum sem telja sig sjá erfiðleika fram undan. Um tíma var talið að viðbótarlán gegnum ráðgjafarþjónustuna hjá Húsnæðisstofnun yrðu um 100—120 millj. kr., en nú er mér tjáð að þessi viðbótarlán verði að öllum líkindum nær þeim 200 millj. kr. sem í upphafi voru áætlaðar í þessu skyni. En það segir alls ekki alla söguna. Í þeim tilfellum þar sem þörf hefur verið hafa þessir ráðgjafar sjálfir haft samband við viðskiptabanka og lífeyrissjóði og þeim hefur verið tekið vel þar, er mér tjáð, og mér er tjáð að þessir aðilar hafi tekið þátt í þessum breytingum, lengt lánin og komið þeim í skil. Það hefur að sjálfsögðu verið gert með því m. a. að nýtt lán frá Húsnæðisstofnun hefur að einhverjum hluta runnið til að greiða upp í vanskil. Ég vek athygli á því að Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur t. d. tvöfaldað lánstíma þeirra lána sem hann hefur veitt til húsnæðismála og grunur minn er að fleiri lífeyrissjóðir muni gera hið sama.

Það olli mér vonbrigðum þegar áhugamenn um vanda húsbyggjenda gengu á minn fund og lýstu þessu sem ölmusu sem engir ættu að leggja sig niður við að leita eftir og kváðust flestir ekki mundu gera það sjálfir. Ég fagna því hins vegar að við mig hefur haft samband fjöldinn allur af mönnum og hafa lýst ánægju sinni með þessa fyrirgreiðslu og talið hana hafa bjargað mjög miklu.

Ég vek athygli á því að þessi lán frá Húsnæðisstofnun eru með niðurgreiddum vöxtum. Ég lít því svo á að af þeim fjórum atriðum sem áhugamannahópurinn hefur lagt áherslu á hafi þremur þegar verið mætt að verulegu leyti. Það hefur verið leitast við að meta hvert misgengið hefur orðið. Ég hef lýst því. Það hefur verið ráðist í miklar skuldbreytingar, bæði fyrr og nú, í gegnum banka og lífeyrissjóði. Og það eru veitt viðbótarlán í gegnum ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar sem verða að öllum líkindum um 200 millj. kr.

Hópurinn segist ekki fara fram á það að fá útborgun, endurgreiðslu. Það fer reyndar tvennum sögum af því. Ég tel það ekki koma til greina og ég tek það fram að ýmsir þeirra hafa aðspurðir ekki sagst hafa það í huga. Þeir hafa hins vegar farið fram á að fá lækkun á tekjuskatti. Menn geta kallað það endurgreiðslu eða ekki. Einhver verður að borga. Það er alveg ljóst.

Um tekjuskattsleiðina hefur mikið verið fjallað og félmrh. lagði fram allítarlegar hugmyndir um tekjuskattsleiðina. Áhugamannahópurinn gekk á fund félmrh. strax og hann sá þær tillögur og lýsti sig andsnúinn þeim og vakti athygli á því, sem er rétt, að með því að afnema vaxtaafsláttinn væri í raun og veru stigið skref aftur á bak að mati þeirra sem skulda nógu mikið. Þetta er til hagsbóta fyrir þá sem lítið skulda og vaxtaafslátturinn nýtist ekki sem ella, en fyrir þá sem geta notað sér vaxtaafsláttinn, skulda nógu mikið og hafa nægar tekjur, er þetta afturför.

Þessar hugmyndir voru einnig lagðar fyrir ASÍ, ekki vegna þess að við séum að selja eitthvað, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson sagði, heldur vegna þess að þetta eru stærstu og mikilvægustu samtök fólksins í landinu og þau hafa óskað eftir því að fá að tala við okkur um þessi mál. Það hefur ekkert loforð verið tekið af þeim um eitt eða neitt í launamálum. Ég vísa slíku til föðurhúsanna. Þeir vildu ekki kveða upp úr um þessar hugmyndir, sögðust ekki treysta sér til þess, sögðust telja að þær þyrftu miklu meiri athugunar við en svo að hægt væri að gera það á þessu stigi. Stjórnarflokkarnir hafa skipað nefnd til að skoða þær hugmyndir og fleira í þessu sambandi. Þar eru líka skiptar skoðanir. En eins og ég tjáði þessum mönnum er alls ekki útilokað að einhverjar slíkar hugmyndir verði teknar til greina í sambandi við þá lækkun á tekjuskatti sem áætluð er á næsta ári. Það verður tekið til meðferðar. En það eru svo skiptar skoðanir um þessa leið að útilokað var að koma henni fram núna, fyrir þetta þing.

Menn gera hér lítið úr greiðslujöfnunarmálinu. Það er eftir öðru. Áætlað er að greiðslujöfnunin geti kostað um 100 millj. kr. Með þessari greiðslujöfnun er í fyrsta lagi komið í fast form þeirri aðstoð sem veitt er núna með ráðgjafarþjónustunni, þ. e. ákveðið er hvernig það skuli reiknað. Um þetta náðist samkomulag við ASÍ. Það er rétt að ASÍ vildi byggja eingöngu á kauptaxta, en þarna er tekið meðaltal af kauptaxta og kaupmætti. Menn geta vitanlega deilt um það, en ég hygg að öllum sé ljóst að launaskrið í þessu landi hefur verið gífurlega mikið, enda kemur það fram í öllum tölum um einkaneyslu, viðskiptahalla o. fl. sem ég gæti nefnt.

Að vísu er til þess ætlast í ákvæði til bráðabirgða að hvert tilfelli verði metið, ekki verði borgað út sjálfkrafa skv. þessari grein, m. a. af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan um þensluna í þjóðfélaginu. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég tel fullkomlega eðlilegt og Húsnæðisstofnun treystandi til þess að meta þörfina. Samtals er því ætlað að viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun skv. ráðgjafarþjónustunni og greiðslujöfnuninni, þ. e. ákvæði til bráðabirgða geti orðið um 300 millj. kr. Ég geri fastlega ráð fyrir því að við lokaafgreiðslu lánsfjárlaga verði gert ráð fyrir því fjármagni, þannig að það þurfi ekki að ganga á annað fjármagn sem Húsnæðisstofnun þarf á að halda.

Hins vegar tek ég undir það sem skilja mátti á mönnum áðan þótt enginn minntist reyndar á það að slæmt er að taka erlend lán í þessu skyni. En þessar 300 millj. eru ekkert annað en erlent lán eins og nú er í pottinn búið, því miður. Það væri gott að finna aðra leið. Ég vísa því hins vegar á bug að ekki hafi töluvert verið gert og ég vísa því á bug ef menn halda að ekki komi til greina að gera fleira.

Það er rétt, sem hv. þm. Stefán Benediktsson sagði, að við höfum komið okkur upp ýmsu góðu í tryggingamálum, heilbrigðismálum, skólamálum. Við höfum komið okkur upp ýmsu góðu. Það er allt gott og bless-

að. Við höfum líka komið okkur upp erlendum skuldum sem nema 63% af þjóðarframleiðslu. Og við höfum komið okkur upp kerfi sem er það dýrt að við stöndum ekki undir vöxtum og afborgunum af þessum erlendu skuldum. Ég fagna því að stjórnarandstaðan ætlar að flytja raunhæfar tillögur í þessum málum. Ég vona að þær tillögur færi ekki vandann frá einum yfir á annan þátt þjóðarbúsins. Ég hef satt að segja miklu meiri áhyggjur af heildarstöðu þjóðarbúsins með tilliti til þess sem ég var að segja en vanda húsbyggjenda sem við erum að taka á. Ég held að menn mættu hugsa um það þegar menn tala um að koma sér upp hinu og þessu góðu og bæta það.

Ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Við höfum engin efni á því að vera að setja upp frjálsar útvarpsstöðvar á þessari stundu. Við ættum reyndar að taka á honum stóra okkar og fresta öllu slíku og nota þá peninga í mörg mikilvæg mál og þó fyrst og fremst til að greiða afborganir og vexti af okkar skuldum. En ef hv. þm. vilja koma með tillögur og sitja í sumar, þá er það velkomið. Þm. eru á fullu kaupi í allt sumar.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það voru ýmsar athyglisverðar yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gaf í lok sinnar ræðu. Þó að hér sé fyrst og fremst verið að ræða vanda húsbyggjenda vil ég leyfa mér að víkja aðeins að sumu af því sem hann sagði undir lokin.

Hann sagði: Við höfum engin efni á því að vera að hugsa um frjálsar útvarpsstöðvar núna. Í ræðu minni hér í gær, þegar verið var að ræða útvarpslagafrv., vakti ég athygli á þeirri hugmynd, sem ég hef áður sett fram, að við ættum að nýta það dreifikerfi Ríkisútvarpsins sem þegar er fyrir hendi þannig að við þyrftum ekki að stofna til nýrrar fjárfestingar — dreifikerfi sjónvarpsins sem er notað aðeins í sjö klukkustundir af þeim 24 sem eru í sólarhringnum. Er forsrh. reiðubúinn til að vinna að slíkri lausn á þessari útvarpsmáladeilu allri að hægt sé að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins, en nýta dreifikerfi þess til að auka frelsið í þessum málum? Ég heyrði ekki betur en orð hans hnigju mjög í þá átt. Ég leyfi mér að óska eftir því að hann hugsi það mál, hvort ekki er hægt að leita einhverra samkomulagsleiða í þeim efnum og spara um leið þjóðinni allri fé.

En hæstv. forsrh. dró upp afar dökka mynd með ýmsum hætti af okkar þjóðarbúskap. Það er tvöfalt meiri viðskiptahalli en á sama tíma í fyrra. Fleira nefndi hann til. Dökk mynd blasir við í sjávarútvegi, m. a. vegna dollaralána. Útgerðarmaður, sem hann nefndi til sögunnar, hefði tekið svo til orða að bankastjórar hefðu sagt sér að taka dollaralán, en þeir vildu ekki við það kannast nú. Nú er þetta auðvitað það vandamál sem víða hefur verið rætt og víðs vegar er. Stór hluti okkar erlendu lána hefur verið í dollurum eða hefur verið breytt í dollara, en þá spyr ég hæstv. forsrh.: Ef það voru ekki bankastjórar Landsbankans eða viðskiptabankanna, voru það þá bankastjórar Seðlabankans eða var það ríkisstj. sem markaði þá stefnu að breyta öllum okkar erlendu lánum eða í svo ríkum mæli sem gert var í dollaralán? Þetta hefur oft verið rætt hér áður og aldrei hafa fengist við þessu skýr svör. Ekki dettur mér í hug að væna bankastjóra Landsbankans um að þeir segi ósatt, en einhver hlýtur að bera ábyrgð á þessari stefnumörkun.

Hér hefur verið rætt um vanda húsbyggjenda og um það fallið stór orð og þung réttilega. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að það er fleira vandamál í þessu þjóðfélagi en það. Hins vegar blasir nú meiri og hrikalegri vandi við íslenskum húsbyggjendum en gert hefur nokkru sinni fyrr í sögu lýðveldisins, að ég hygg, og jafnvel þó farið væri lengra aftur í tímann. Það er auðvitað þess vegna sem þau mál ber svo mikið á góma nú sem raun ber vitni.

Ég veit ekki hvort hv. þm. og hæstv. forsrh. hlýddu á þátt sem var í Ríkisútvarpinu að kveldi mánudagsins þar sem fjallað var um vandamál húsbyggjenda. Þar kom afar margt athyglisvert fram. Það sem var kannske ekki athyglisverðast en var þó næsta eftirminnilegt var það þegar aðstoðarmaður hæstv. félmrh. sagði: Já, auðvitað fer Alþingi heim. En hann Alexander hættir sko ekkert í félmrn. Það verður allt með fullum þunga og krafti þar. — Nú veit ég að ýmsir hugsa sem svo: Væri ekki betra að Alþingi héldi áfram, en hæstv. félmrh. héldi heim eða kannske ríkisstj. eins og hún leggur sig.?

Þm. eru á fullu kaupi í allt sumar, sagði hæstv. forsrh. Ég veit ekki hvað honum gekk til með þeirri sinni aths. Hún kom mér á óvart. Þetta er staðreynd. Ráðherrar hafa líka þingfararkaup allt sumarið, ef ég veit rétt, og þetta er engin nýlunda. Ég held að það standi ekki á stjórnarandstöðunni að sitja hér fram eftir sumri til að fjalla um þennan vanda húsbyggjenda. Ég lýsi því a. m. k. fyrir mína hönd og míns flokks að það skal ekki standa á okkur að sitja hér í allt sumar til að ræða þessi mál. En ætli það sé ekki eins og venjulega að þeim mun fyrr fer ríkisstj. að líða skár sem hún getur losað sig við þingið og þm. Það er venjulega svo. Það er hin gamla reynsla.

Það kom líka fram í ræðu hæstv. forsrh. að hann viðurkenndi að þeir bæru nokkra ábyrgð á því hvernig komið væri sem sátu í ríkisstjórn á miðju ári 1982, þ. e. hann, hæstv. forsrh., og hv. 3. þm. Norðurl. v. sem gegndi embætti fjmrh. í þeirri ríkisstjórn, — og bar nú Alþb. nokkra ábyrgð á húsnæðismálum í þeirri stjórn og ber auðvitað heilmikla ábyrgð á því hvernig komið er í þeim efnum núna — en ég ætla ekki að gera það að neinu sérstöku umtalsefni hér, til þess gefst tími síðar.

Hæstv. forsrh. lýsti eftir tillögum stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Þær liggja fyrir, a. m. k. frá Alþfl. Alþfl. hefur lagt hér fram tillögur um tímabundinn eignarskattsauka, sem kæmi á stóreignamenn og eignir stórfyrirtækja, og þessum tímabundna eignarskattsauka yrði varið til húsnæðislánakerfisins. Þessi till. liggur fyrir, hæstv. forsrh. Ég veit þó að hún skilar ekki peningum strax. Ég veit að til þess þarf nokkurn tíma. En þarna er till. sem ég held að við ættum að ræða. Og ég geri fastlega ráð fyrir því að í flokki forsrh. sé meiri áhugi á þeirri till. en í hinum stjórnarflokknum. Það þarf enginn að fara í grafgötur um það.

Ég ætla ekki heldur að halda því hér fram að ekkert hafi verið gert fyrir húsbyggjendur. Mér dettur það ekki í hug. Það hefur ýmislegt verið reynt. En vandinn sem búið er að koma sér upp í þessum efnum er svo hrikalegur að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til þessa duga hvergi nærri. Svo að ég vitni aftur til þessa útvarpsþáttar á mánudagskvöldið, seint um kvöldið, nær miðnætti, þá var talað þar við ungan ríthöfund sem hafði fyrir þremur til fjórum árum keypt fjögurra herbergja íbúð fyrir sex manna fjölskyldu í gömlu húsi. Það getur ekki talist nein ofrausn í húsnæði fyrir sex

manns. Hann lýsti því mjög ítarlega hvernig hans fjármálum væri háttað, hreinskilnislega og ítarlega. Það var engin gamansaga. Þó sagði hann, og áreiðanlega réttilega, að margir væru langtum lakar settir.

Það er staðreynd að undanfarin ár í tíð tveggja ríkisstjórna er búið að brjóta húsnæðiskerfið niður. Það á sér ýmsar skýringar. En meginskýringin og kannske sú sem mestan vandann hefur skapað er þegar kaupgreiðsluvísitalan var tekin úr sambandi en aðrar vísitölur látnar halda sér. Þetta hefur hæstv. forsrh. raunar viðurkennt að hafi verið stórfelld mistök. Það er alveg rétt. Það er seint séð, en samt séð.

Ég held að við eigum ekki að ganga að því gruflandi að við reisum ekki húsnæðislánakerfið við öðruvísi en afla til þess nýrra tekna. Við gerum það ekki, eins og hæstv. forsrh. sagði, með því að taka ný erlend lán. Ég er honum hjartanlega sammála um það. Við höfum ekki nokkra aðstöðu til þess. Þeir sem stjórnað hafa þessu landi undanfarin ár hafa séð til þess að við erum sokknir a. m. k. upp að hnjám í skuldafen erlendra skulda og eigum þess vegna ekki hægt með að hreyfa okkur þar. Hvað er þá til ráða? Það er ekkert til ráða annað en einhvers konar ný skattlagning ef við viljum viðhalda því velferðarkerfi sem húsnæðislánakerfið er. Það er ekki fullkomið og því þarf að breyta á ýmsan veg og skoða nýjar hugmyndir sem fram hafa komið á síðustu árum, en við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að við öflum þessu kerfi ekki fjár nema með tvennum hætti: með því að taka erlend lán, og þann möguleika hef ég þegar útilokað í mínum huga, eða með því að afla fjár innanlands og þá með einhvers konar skattheimtu. Þetta er nákvæmlega það sem verður að gerast.

Virðulegi forseti. Það var ekki gert ráð fyrir að þessi umræða stæði mjög lengi. Ég veit að það eru ýmsir fleiri hér á mælendaskrá og ég skal ekki lengja þetta mikið frekar. Ég hef þegar sagt flest af því sem mér býr í brjósti þó að auðvelt væri að tala um þetta lengur. Frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga liggur fyrir í Nd. Af hálfu Alþfl. hafa þegar verið fluttar brtt. við það sem gerð verður grein fyrir í þeirri hv. deild þar sem málið er nú til umr. Ég tef því ekki tímann hér með því að fara að rekja þær í smáatriðum. En eitt er alveg víst: Á fundi sem samtök húsbyggjenda héldu talaði einn af þm. Alþb. Það hefur verið hermt frá því í fréttum að hann hafi jafnan sagt: Þið verðið að gera þetta og þið verðið að gera hitt. Fyrir þetta mun þm. réttilega hafa fengið harðar ákúrur, réttmætar.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstj., sem nú hefur safnað glóðum elds að höfði sér í hverju stórmálinu á fætur öðru, geti ekki skilist við þetta mál með þeim hætti sem nú horfir að hún muni ætla að gera. Eitthvað fleira verður að koma í þessu máli áður en Alþingi lýkur störfum á þessu vori, hvenær sem það verður. Ég trúi því og treysti að það verði gert. Stjórnarandstaðan mun þar ekki liggja á sínu liði og beita þeim ráðum sem hún hefur tiltæk til þess að „hjálpa" ríkisstj. til þess að taka einhverja ákvörðun í þessum málum. — Ég segi „hjálpa". Það eru ýmsar leiðir til þess.

En að lokum þetta: Alþingi á ekki og má ekki og ég vil bæta við skal ekki fara heim fyrr en einhver betri lausn hefur fundist á þeim málum sem hér hafa verið til umræðu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hér eru nú til umr. mikilvæg mál, mikilvægari en mörg önnur sem stór hluti þingtímans hefur farið í að ræða að undanförnu. Eins og síðasta hv. ræðumanni þótti mér það vera tíðindi að hæstv. forsrh. skyldi segja í ræðu sinni áðan að hann teldi peningum betur varið til annars en að reisa „frjálsar útvarpsstöðvar". Vil ég þá í framhaldi af því beina því til hæstv. forsrh. hvort hann muni þá beita sér fyrir því að peningum verði ekki varið til þeirra hluta á því þingi sem nú situr.

Eins og ráðh. sagði réttilega er hér stórt vandamál á ferðinni hvað húsnæðismálin varðar. En, sagði hann, það er aðeins eitt af mörgum. Undir það get ég tekið. Og svo sannarlega get ég sameinast hæstv. forsrh. í því að hafa áhyggjur af fleiri málum en þessu. En húsnæðismálin eru samt stórt vandamál.

Á orðum hæstv. forsrh. var það helst að skilja að þetta vandamál stafaði af tímabundnum samdrætti í þjóðarframleiðslu og að þetta væri tímabundið vandamál í heild sinni. Svo er engan veginn að mínu viti. Þessi stóri vandi húsnæðismála á sér langan aðdraganda og hér er í rauninni um kynslóðamál að ræða. Eftir þá ræðu sem hæstv. forsrh. hélt áðan langar mig til þess að fjalla örlítið um það hér hvernig þessi mál horfa við fólki á mínum aldri, ekki bara húsnæðismálin, þótt þau séu stór þáttur af þessu, heldur fleiri mál, vegna þess að í þessum málum má segja að heil kynslóð hafi verið svikin.

Þegar fólk á mínum aldri var að alast upp var okkur kennt að leggja sparifé okkar á sparisjóðsbækur í bönkum. Það gerðu börn og það gerði gamla fólkið. Þetta sparifé brann upp í óðaverðbólgu. Okkur var kennt að mennt væri máttur og aldrei hefur stærri hluti neinnar kynslóðar farið í nám en þeirrar kynslóðar sem ég tilheyri. Þegar við komum í skólana til að stunda nám eru námslánin verðtryggð. Þegar við síðan komum út á vinnumarkaðinn eftir að hafa aflað okkur starfsmenntunar er námið lítils metið. Er þar skemmst að minnast þeirrar umræðu og þeirra staðreynda sem fram hafa komið um launamál kennara og launamál háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hér í vetur. Þegar við förum að kaupa okkur húsnæði, koma okkur þaki yfir höfuðið, eru lánin, húsnæðislánin og önnur lán sem fáanleg eru á lánamarkaðinum, líka verðtryggð. En við verðum að kaupa því að það er ekkert leiguhúsnæði að hafa hér á landi. Þessi kynslóð, sem ég er hér að tala um, er í rauninni svikin um allar þær grundvallarforsendur sem hingað til hafa legið til grundvallar velmegun hér á landi.

Sú kynslóð sem á undan fór fékk allt á silfurbakka. Hún er með allt sitt á þurru. Hún fékk sparifé gamla fólksins nánast ókeypis, hún byggði sér sín hús fyrir hagstæð lán með neikvæðum raunvöxtum, hún fékk sína starfsmenntun á gjafverði og hún fékk sæmilega launuð störf þegar hún kom út á vinnumarkaðinn. Og hvaða kynslóð skyldi það vera? Jú, þetta er kynslóð hæstv. forsrh., kynslóð þeirra sem í dag stjórna þessu landi. Það er þessi kynslóð sem hefur notið velmegunar hér á landi og auk þess ekki kunnað sér hóf, heldur eytt og bruðlað um efni fram og sett landið í erlenda skuldafjötra. Og hvað gerir svo þessi kynslóð þegar hún heldur um stjórnartaumana? Jú, þá segir hún loksins: Nú er nóg komið. Það verður að hætta þessu. Þá segir hún það, en þá er hún líka með allt sitt á þurru. Og hún

gengur að þeim sem á eftir henni koma, heggur í þann knérunn sem síst skyldi og steypir næstu kynslóð út í botnlaust skuldafen, gerir henni nánast ókleift að standa við skuldbindingar sínar, að standa skil á greiðslum af lífsnauðsynjum eins og þaki yfir höfuðið.

Og ábyrgð stjórnvalda er mikil. Sú ríkisstj. sem nú situr er ábyrg fyrir gríðarlegu misgengi kaupmáttar og lánskjara sem er ein rót hins gífurlega vanda sem fólk á nú við að etja í húsnæðismálum og hún er ábyrg fyrir því að hafa lofað og lofað, lofað í það endalausa, úrbótum í þessum málum án þess að standa við nema brot af þessum loforðum. Og það er önnur rót þessa vanda. Fólk hefur tilhneigingu til að treysta stjórnvöldum og hefur líka tilhneigingu til að halda að það séu mannréttindi hér á landi að hafa þak yfir höfuðið. Þetta traust hefur átt sinn þátt í því að leiða menn út í þann vanda, það greiðsluþrot sem nú blasir við fjöldamörgum heimilum landsins.

Á þessum vanda verðum við að taka, annað er gersamlega óhugsandi og óverjandi, og það verður að taka á rótum vandans með samræmdum aðgerðum. Þar dugar ekkert smávægilegt eins og það frv. sem ríkisstj. lagði fram hér á hv. Alþingi fyrir fáeinum dögum og ber heitið „frumvarp til laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga“ sem í raun felur lítið annað í sér en framlengingu og ofurlitla víkkun á þeim fjárhagsfjötrum sem nú umlykja stóran hóp landsmanna. Í þeim hópi er fjölmenn sú kynslóð sem með björtum vonum gekk til móts við framtíðina fyrir ekki alllöngu til þess eins að finna sig skuldum vafða og gerða að vanskilamönnum vegna þess að hafa reynt að koma sér þaki yfir höfuðið. Þessi vandi og þessi trúnaðarbrestur er til orðinn bæði vegna aðgerða og aðgerðarleysis stjórnvalda og ekki aðeins þessarar ríkisstj., heldur líka þeirra sem á undan henni voru. En það er á ábyrgð okkar sem hér erum og þá ekki síst þeirrar hæstv. ríkisstj. sem nú situr að leysa þennan vanda.

Hér var áðan spurt: Hvernig á að leysa þennan vanda? Þau voru rýr svörin hjá hæstv. forsrh. En ég lýsi því hér yfir að við Kvennalistakonur erum tilbúnar að gera allt sem í okkar valdi stendur og leggja allt sem við höfum yfir að ráða af mörkum til að lausn finnist á þessum vanda. Og ég lýsi því líka hér með yfir fyrir hönd Kvennalistans að við munum ekki ganga af þessu þingi, sem nú situr, fyrr en viðunandi lausn er fengin á þessum málum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það var ekki ætlunin að þetta tæki allt of mikið af tíma hv. þd. Ég hef reyndar ekki á mínum þingmannsferli þjakað þessa þd. með utandagskrárumræðum svo að mér leyfist kannske einu sinni að gera það.

Ég spurði hæstv. forsrh. þriggja spurninga: hvort rétt væri eftir haft það sem nefnt væri í blöðunum og í fréttatilkynningum í gær, hvers vegna ríkisstj. væri komin að þessari niðurstöðu og hvað hún ætlaði þessu fólki að gera.

Hæstv. forsrh. svaraði að vísu tveimur fyrri spurningunum. Hann svaraði í raun og veru ekki því hvað ríkisstj. ætlaði þessu fólki að gera. Það er alveg greinilegt að ríkisstj. telur sig hafa gert nóg. Forsrh. var nokkuð bjartsýnn í upphafi sinnar ræðu þó að allnokkurrar svartsýni gætti þegar að endalokum hennar dró. Hann rakti þennan vanda fyrst að nokkru leyti til einhverra tiltekinna sveiflna í okkar efnahagslífi sem gengju yfir. Var á þeim orðum að skilja að þá rosalegu sveiflu sem varð 1982—1983 og þetta fólk er að kikna undir sem hér um ræðir, fólkið sem var byrjað að byggja kannske 1979—1980 í mjög góðri trú á nokkuð bjarta framtíð, þá sveiflu eða þann slaka á þetta fólk einfaldlega að bera sjálft, nema maður meti sem einhverjar aðgerðir það sem hæstv. forsrh. talaði um í sambandi við skuldbreytingar og viðbótarlán. Án þess að vilja efna til langra umræðna um það harðneita ég því að hér sé um einhverjar verulegar aðgerðir að ræða. Lánalengd í skuldbreytingaaðgerðunum er náttúrlega svo takmörkuð að það kemur ekki að nokkru haldi fyrir þetta fólk. Viðbótarlánin eru lítil og lág, þau eru að jafnaði kannske um eða innan við 2% af verðmæti þeirra eigna sem verið er að fjalla um hverju sinni, og skilyrði sem sett voru fyrir því í upphafi hvernig þetta væri afgreitt voru það óaðgengileg að fólk kinokaði sér við að leita aðstoðar. Fólk er sett í þá stöðu með því fyrirgreiðslufyrirkomulagi sem þarna er gert ráð fyrir, bara þá siðferðilegu stöðu, að þeir sem bera einhverja virðingu fyrir sjálfum sér neita að taka þátt í svona vitleysu.

Þá var komið að því sem yfirleitt ber helst á góma þegar menn tala um vandamál í þessu þjóðfélagi, viðskiptahalla og erlendum skuldum. Það má náttúrlega benda hæstv. forsrh. á það að viðskiptahalli skiptir húsnæðislaust fólk ekki nokkru sköpuðu máli. Það skiptir bara um land. Það er ekki hægt að nota þetta sem einhvers konar afsökun fyrir aðgerðarleysi á þessari stundu. Ríkisstj. sem ekki getur leyst þennan vanda getur ekki leyst nokkurn vanda og þar af leiðandi ber henni í raun og veru að fara frá.

Ríkisstj. stendur nú frammi fyrir hópi sem ekki getur leyst vanda sinn sjálfur, vanda sem hann á ekki sök á sjálfur. Forsrh. getur ekki afneitað ábyrgð sinni á þessum vanda. Erlendu skuldirnar, sem forsrh. benti á, eru ekki eins og hann segir „okkar skuldir“ og á þá við alla þjóðina. Auðvitað vitum við það að þjóðinni er gert að standa undir og greiða þessar skuldir. En þessar skuldir eru ekki skuldir þjóðarinnar í þeim skilningi að hún stofnar ekki til þeirra. Þetta eru skuldir ráðþrota stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna og forsrh. sem forustumaður í stjórnmálum um nokkuð langan tíma og aðili í stjórnum um nokkuð langan tíma ber miklu meiri ábyrgð á þessum vanda en þolendurnir sjálfir. Og vegna þess að stjórnarandstaðan gerir sér grein fyrir því að ríkisstj. ætlar sér ekki að gera neitt meira en hún hefur gert hingað til ótilknúin, þá lýsi ég enn og aftur hér yfir því, sem samþykkt var á fundi stjórnarandstöðunnar í morgun með hópi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum, að við munum gera allt — og þá meina ég allt — sem í okkar valdi stendur til þess að þetta fólk fái úrlausn sinna mála fyrir þinglok.

Ég sá það að hv. 3. þm. Vesturl. var ekki ýkja hrifinn af hugmyndum hv. 5. þm. Vesturl. um að fá hæstv. félmrh. heim aftur. Mér fannst ég sjá á svip hans að hann teldi að hann væri líklega betur geymdur í útlöndum en í sínu kjördæmi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræður að neinu ráði. Ég held því fram að ég hafi einnig svarað þriðju spurningu hv. þm. Stefáns Benediktssonar. Það kom greinilega

fram í mínu máli að ég hvet þá sem eru í vandræðum til að leita til ráðgjafarþjónustunnar. Ég harmaði það að úr henni hefur verið lítið gert og sumir talið jafnvel að það væri ekki mannsæmandi að leita þangað með sín mál. Ég bið hv. þm. að koma því á framfæri að þangað eiga þeir að fara sem eru í vandræðum og enginn á að þurfa að skammast sín fyrir það. Mér er líka kunnugt um það að alþýðusamtökin eru að hugleiða að koma upp slíkri ráðgjafarþjónustu. Það mun víða verða gert og ég vona að það verði metið að verðleikum.

Ég verð að lýsa því yfir að mér þótti ákaflega leiðinlegt að heyra hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur gera svona samanburð á milli kynslóða. Þær eiga allar ýmislegt gott í því sem okkur hefur tekist að byggja upp, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson sagði. Þær kynslóðir sem juku hér þjóðarframleiðsluna meira en í flestum öðrum löndum ár eftir ár eiga þakkir skilið. Þær kynslóðir sem stofnuðu til þess heilbrigðiskerfis sem við njótum nú eiga þakkir skilið. Þær kynslóðir sem komu á fót menntakerfi sem við njótum nú eiga þakkir skilið. Og núverandi kynslóð á miklar þakkir skilið fyrir dugnað. Vitanlega hafa kynslóðirnar notið fyrirgreiðslunnar á mismunandi hátt. Sú kynslóð sem nú er uppi nýtur betri heilbrigðisþjónustu, betra menntakerfis, meiri trygginga en fyrr. Ég vek athygli á því að t. d. þegar ég fór í skóla gat ég ekki fengið umtalsvert námslán. Námslánin eru nýr þáttur í þessu þjóðfélagi. Er það allt gleymt sem kynslóðirnar hafa byggt upp? Ég spyr.

Og þegar menn tala um vanda húsbyggjenda ættu menn líka að hugleiða það, sem var sýnt í sjónvarpinu í fróðlegum þætti, að síðan 1981, þegar allar hömlur voru niður felldar af stærð íbúða, hefur aðeins stækkun íbúða til dagsins í dag kostað eins mikið og allur togarafloti landsmanna. Ég er ekki að segja að ýmsir hafi ekki þurft stærri íbúðir og að mínu mati mega allir byggja eins stórt og þeir vilja. En þeir eiga ekki að fá lán úr hinu félagslega kerfi. Það er því fleira sem hér spilar inn í þegar menn eru í vanda nú.

En ég segi: Í guðanna bænum, hefjum ekki stríð á milli kynslóða.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 50. mál (þskj. 852 (sbr. 542)). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Meiri hl. félmn. hefur athugað þetta mál og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. að gerðum þeim breytingum sem Nd. samþykkti.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð enda gerði ég grein fyrir þessum brtt. fyrr á fundinum. Ég vil vekja athygli á því, ekki síst með tilliti til þess sem síðar mun líklega koma fram við þessa umr. um frv. til l. um ríkisábyrgð á launum, að í félmn. Nd. ku hafa verið alger samstaða um þær breytingar sem þar voru gerðar. Þar eru engir fyrirvarar að því er ég fæ best séð.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég gerði grein fyrir fyrr á fundinum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vildi við þessa umr. gera stuttlega grein fyrir skrifl. brtt., samhljóða till. sem flutt var í Nd. Þar voru flm. hv. þm. Karvel Pálmason, Kristín S. Kvaran, Ólafur Þ. Þórðarson og Kristín Halldórsdóttir. Þessari till. verður væntanlega dreift hér á borð hv. þdm. eftir örskamma stund. Það er verið að ljósrita hana, hygg ég. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. Við b-lið bætist: ríkisábyrgðin tekur einnig til kröfu launþega í bú banka eða sparisjóðs um greiðslu orlofsfjár sem vinnuveitandi hefur greitt bankanum eða sparisjóðnum til varðveislu samkvæmt sérstökum orlofsfjárvörslusamningi síðustu tólf starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímatakmarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið."

Þetta er nú kannske ekki afar auðskilið eftir orðanna hljóðan. Þetta er heldur klúðurslegur lagatexti, skal játað. En það sem liggur að baki þessari till. er einfaldlega það að sums staðar á landinu, t. d. á Vestfjörðum, hefur sá háttur verið uppi hafður að orlofsfé hefur ekki verið varðveitt hjá Póstgíróstofu, eins og venja er í flestum tilvikum, heldur hefur það verið ávaxtað á bestu fáanlegum kjörum í innlánastofnunum á þeim stöðum sem um ræðir, þ. e. í heimabyggðunum. Tilgangurinn með þessari brtt. er einfaldlega að tryggja það, að ef illa tekst til um rekstur banka eða sparisjóðs í þeim tilvikum þar sem þetta orlofsfé er varðveitt, þá njóti launafólk sömu tryggingar eins og ef féð hefði verið ávaxtað hjá Póstgíróstofunni. Ég held að ég geti fullyrt það að bæði samtök launþega og vinnuveitenda hafa lýst stuðningi við þessa brtt. Eðli máls samkvæmt felur hún í sér að það verkafólk sem á orlofsfé ávaxtað í peningastofnunum í heimabyggð sinni njóti ekki lakari réttinda en það fólk sem á orlofsfé sitt í vörslu Póstgíróstofunnar.

Ég tel ástæðulaust, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Brtt. verður væntanlega dreift hér á borð þm. áður en langt um líður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 935) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 935 felld með 7:5 atkv.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Efri deild, 75. fundur.

Miðvikudaginn 15. maí, að loknum 74. fundi.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 192 (sbr. 103), n. 924). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Þetta mál hlaut allítarlega meðferð í höndum hv. menntmn. Nd. Voru þar gerðar á því nokkrar breytingar sem að mati nefndarmanna menntmn. Ed. voru til bóta. Þetta frv. hefur verið nokkuð lengi í smíðum. Það var fyrst samið af kirkjulaganefnd sem skilaði frv. um þetta efni

til kirkjuþings í október 1982. Geta má þess að það frv. var byggt á hugmyndum og tillögum nefndar á vegum kirkjunnar sem átti að fjalla um starfshætti kirkjunnar.

Þetta frv. var svo fyrst lagt fram á hinu háa Alþingi vorið 1983 en hlaut þá ekki afgreiðslu, var reyndar ekki rætt, en síðan kom það aftur fyrir á þessu þingi og er nú komið að lokaafgreiðslu þess.

Eins og fram kemur í nál. eru nm. óbundnir að flytja brtt. eða fylgja þeim. Skrifa a. m.k. tveir þeirra undir með fyrirvara. Þó má lýsa því sem skoðun nefndarinnar að athugandi væri fyrir kirkjuna og kirkjuþing hvort nokkur atriði þessa frv. ættu ekki heima með öllu í höndum kirkjunnar sjálfrar. Ég tel, og það er skoðun fleiri nefndarmanna, að um starfshætti og ýmis framkvæmdaatriði ætti að taka ákvörðun á kirkjuþingi.

Það er hins vegar rétt að fjölmörg atriði verður að festa í lögum. En það eru fyrst og fremst rammalög. Kirkjan ætti síðan að hafa allmikið frelsi til þess að ákveða sjálf hvernig hún ynni að ýmsum innri málum sínum innan þeirra rammalaga.

Þetta er nú aðeins hugleiðing og ábending um samskipti löggjafarvalds og kirkjuvalds, ég tel kirkjuna eiga að vera sjálfstæðari um sín innri mál en fram kemur t. d. í nokkrum greinum þessa frv.

En að þessu sögðu vil ég lýsa þeirri skoðun að þótt menn skrifi upp á með fyrirvara er það þó skoðun nefndarinnar að mæla með samþykkt frv. í megindráttum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—38. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 550, n. 918, 919). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 41 frá 2. maí 1968, um verslunaratvinnu. Nefndin ræddi frv. ítarlega og varð sammála um afgreiðslu málsins eins og kemur fram í nál. á þskj. 918.

Nefndin flytur við frv. brtt. á þskj. 919 sem hljóðar svo:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda."

Eins og fram kemur í nál. og brtt. leggur nefndin til að ákvæði frv. nái aðeins til myndbanda. Nefndin er sammála um að það sé allt of víðtækt að fella leigu allra lausafjármuna undir lög um verslunaratvinnu. Þar muni hljótast af þungt kerfi sem trauðla yrði farið eftir í framkvæmd og til þess eins fallið að bjóða lögbrotum heim. Leiga lausafjármuna er mjög algeng viðskipti milli manna og má þar nefna um ótal dæmi, hestaleigur, grímubúninga svo að eitthvað sé nefnd.

Hins vegar eru myndbandaleigur mjög útbreiddur atvinnurekstur sem þarf að vera undir eftirliti, m. a. vegna höfundaréttar og laga um bann við ofbeldismyndum. Féllst því nefndin á að starfsemi þeirra falli undir verslunaratvinnu þar sem hætta á leyfissviptingu getur aukið aðhald í rekstri þessara fyrirtækja auk þess sem leyfi þurfi til að reka slík fyrirtæki og þau falli undir bókhaldsskyldu. Það skal tekið fram að viðskrh. gerir ekki athugasemd við þessa málsmeðferð og hefur afgreiðsla nefndarinnar á málinu verið kynnt honum.

Nefndin telur ástæðu til þess að um leigu lausafjármuna gildi ákveðnar reglur og nauðsyn beri til þess að setja þessari starfsemi ramma þó að það verkefni bíði um sinn. Bílaleigur eru útbreiddasta starfsemin af þessu tagi og þær starfa skv. reglugerð frá 1960. Það er full þörf á því að endurskoða reglur um rekstur þessara fyrirtækja sem sum hver eru stór og með mjög mikinn rekstur. Hins vegar ber að áliti nefndarinnar að setja sérstaka löggjöf þar um eða fella ákvæði um þennan rekstur inn í þau lög sem við eiga um hvern þátt, t. d. skráningu atvinnurekstrar, bókhaldsskyldu o. fl.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að lýsa mig andvígan þessari niðurstöðu og þessari brtt. sem hér er fram komin. Ég tel þetta mjög óeðlilega athöfn af löggjafans hálfu og ekki í samræmi við eðli okkar hlutverks. Í fyrsta lagi er verið að fella hér málefni sem varðar þessa starfsemi, þ. e. myndbandaleigur, inn í löggjöf sem er þessum rekstri allsendis óskyld. Eins og fram kom í máli frsm. fjh.- og viðskn. væri alls ekki hægt að fella þessa þjónustu í heild, þ. e. útleigu á öllum þeim mögulegum hlutum og þjónustu sem fyrirfinnast í okkar þjóðlífi, undir þessa löggjöf því að það telst ekki verslun skv. skilgreiningu. Þess vegna tel ég þetta í fyrsta lagi mjög óeðlilegt.

Í öðru lagi fæ ég ekki séð að ákvæðin um heimild til leyfissviptingar gefi mönnum einhver betri tæki til þess að hafa eftirlit með því hvaða efni er til útleigu í myndbandaleigum enda er sú löggjöf sem varðar höfundarétt og barnavernd og önnur slík löggjöf sem fyrir hendi er hér á landi til að verja fólk fyrir slíku efni. Ég hefði talið miklu eðlilegra að menn skoðuðu frekar þá löggjöf með tilliti til þess hvort þar ætti að herða á einhverju til þess að ná yfir slíka hluti.

Leyfissvipting í krafti beitingar ákvæða laga um verslunaratvinnu er ekki nema kákið eitt. Í fyrsta lagi geta menn reynt að rifja það upp fyrir sér hvenær síðasti kaupmaðurinn var sviptur verslunarleyfi hér á landi vegna þess að hann seldi skemmda vöru eða væri að einhverju leyti með lélega þjónustu. Að vísu mun það hafa komið fyrir að menn hafi verið sviptir verslunarleyfi þegar þeir voru gerðir upp vegna gjaldþrots en það hefur þó ekki leitt til annars en þess að einhver annar aðili, leppur eins og kallað er, hefur tekið við rekstrinum. Nákvæmlega það sama mun gerast þegar þessari löggjöf á að beita. Löggjöfinni á ekki að beina gegn mönnunum, einstaklingunum eða fyrirtækjunum sem þarna er verið að reka. Það á að beina því gegn því sem virkilega er um að ræða hér, þ. e. þjónustunni sjálfri, þeim myndböndum sem er verið að leigja út, efni þeirra og innihaldi, ef menn ætla sér virkilega að hafa einhverja stjórn á því.

En ég held að einmitt í því hvernig þetta kemur fyrir löggjafann núna sýni að menn treysta sér ekki til þess í gegnum aðra löggjöf að ná virkilega góðum tökum á

þeim hlutum sem þeir vilja ráða þarna. Menn leggja því þetta hérna fram til málamynda til þess að geta sagt að þeir hafi gert eitthvað þó að hverju mannsbarni hljóti að vera ljóst að þetta eitthvað er sama og ekki neitt.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti.[1] Ég vil aðeins bæta við örfáum orðum, m. a. út af máli síðasta hv. ræðumanns. Efni þessa frv. var m. a. sent Verslunarráði Íslands til umsagnar sem dró í efa að þessi viðskipti gætu fallið undir lög um verslunaratvinnu. Hins vegar höfum við líka undir höndum álitsgerð frá viðskrn., frá Jóni Ögmundi Þormóðssyni, þar sem segir:

„Í lögum um verslunaratvinnu og í grg. með þeim lögum er engin skilgreining á verslun. Verslunarráð Íslands hefur bent á að leiga skv. almennri málvenju geti ekki kallast verslun. Sú skoðun breytir því þó ekki að ýmis frávik frá almennum málvenjum geta falist í lagaákvæðum og dómaframkvæmd."

Það er m. a. með tilliti til þessara ábendinga sem við höfum fallist á það að setja þetta ákvæði um leigu lausafjármuna, myndbandaleigur, inn í lögin um verslunaratvinnu. En ég endurtek það sem ég sagði í framsögu minni áðan, að auðvitað er full þörf á því að setja um leigu lausafjármuna löggjöf eða almennar reglur því að þetta form viðskipta er mjög útbreitt milli manna.

Það er eitt sem mér láðist að taka fram áðan og hafði reyndar ekki tekið eftir. Hv. þm. Ragnar Arnalds var samþykkur áliti n. en nafn hans hefur fallið niður undir nál. Ég hafði ekki veitt þessu athygli en tek það fram hér með.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Austurl., vil ég benda á að það sem hann sagði hér styður frekar þann málstað, sem ég var að reyna að túlka, en niðurstöður nefndarinnar vegna þess að Verslunarráðið bendir á, eins og sagt er, að leiga geti ekki skv. almennum málvenjum kallast verslun. Það er einmitt þess vegna sem þetta er fellt inn í lögin með þessum hætti, þ. e. það tekur eingöngu til leigu myndbanda, ella hefðu menn notað texta sem hefði þá hljóðað eitthvað á þessa leið: „Einnig taka lögin til leigu lausafjármuna í atvinnuskyni." Það hefði þá náð yfir alla þá útleigu sem við fyrirfinnum í viðskiptalífi okkar. En því treystu menn sér alls ekki til heldur fóru þá leið að taka myndbandaleigurnar sérstaklega út úr og stinga þeim þarna inn í þessi lög. Það að það eru sérstaklega tilgreindar myndbandaleigur en ekki almenn leigustarfsemi sýnir að menn treysta sér ekki til að túlka leigu sem almenna verslun. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að flokka þetta undir fasisma en þetta finnst mér mjög hæpin ráðstöfun og mjög slæmt fordæmi sem þarna er vakið. Þó að menn hafi einhvern ímugust á ýmsu því efni sem þarna er til útleigu verður það að viðurkennast að nokkrir tugir þúsunda manna hafa það ekki og notfæra sér þessa þjónustu mjög mikið.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Öldungis ofbýður mér þegar menn taka sér í munn í þessum ræðustóli orð eins og fasismi út af svo litlu tilefni og svo litlu máli sem hér er til umr. núna. Það er slík gróf ofnotkun orða og slík stórmæli að því er ekki hægt að una. Ég lýsi furðu minni á þessu háttalagi og þessari ræðumennsku.

Ég vek athygli á því að hér er bara um að ræða enn eitt málið af mörgum á þessu þingi sem BJ hefur misskilið. Það er ekkert um það að ræða í þessu máli að verið sé að leggja einhvern dóm eða amast við einhverju efni sem myndbandaleigur hafa á boðstólum. Málið snýst ekki um það að einu eða neinu leyti. Það snýst um allt aðra hluti. Það er búið að gera grein fyrir því hér hvers vegna sú leið var farin sem farin er. Efni og innihald þeirra myndbanda, sem eru til leigu hér í myndbandaleigum, kemur þessu máli nákvæmlega ekkert við. Það var til umr. hér í Sþ., ef ég man rétt, fyrr í vetur og voru þar höfð uppi nokkuð þung orð af hálfu þeirra þm. sem ætla má að gerst þekki þessi mál, hv. þm. Pétur Sigurðsson m. a., í þá veru að rökstuddur grunur væri á því að skattskil þessara fyrirtækja sem enginn vissi þá hvað væru mörg, myndbandaleigurnar, væru ekki að réttum lögum vegna þess að starfsemi þeirra væri ekki leyfisbundin með neinum hætti. Þess vegna kom fram hér frv. um að öll leigustarfsemi yrði háð því að menn hefðu verslunarleyfi þannig að leyfisveitingin skapaði eins konar aðhald í þessum efnum. Auðvitað er það aðhald ekkert einhlítt, ég skal viðurkenna það. En það er þó a. m. k. nokkurt aðhald og tilraun til þess að hafa yfirsýn yfir þessa starfsemi þannig að a. m. k. skattyfirvöld viti hverjir það eru sem fást við þessa tegund af rekstri sem veltir milljónum og veltir ótrúlegum upphæðum hér í höfuðborgarsvæðinu á hverri viku og býður margt mjög gott efni. Það er bara fyrir utan þetta mál.

En menn töldu ekki fært að samþykkja þessa till. eins og hún lá fyrir vegna þess að skv. orðanna hljóðan hefði leiga á lausafjármunum jafnvel gilt um bókasöfn og ýmislegt fleira. Menn höfðu efasemdir um þetta en voru sammála um að myndbandaleigurnar ættu að falla undir þetta í þessari lotu þannig að það væri á einhverjum opinberum stað yfirsýn yfir þennan rekstur. Það var líka talað um það í nefndinni þegar þessi mál voru til umr. að þetta ætti hugsanlega að gilda um bílaleigur líka. Menn töldu hins vegar að það þyrfti svolítið meiri athugunar við.

Þessi myndbandaleiga er í eðli sínu ákaflega svipuð verslunarrekstri. Þetta er venjulega í verslunarhúsnæði. Fólk kemur þarna og gerir viðskipti sem eru í því formi að það borgar gjald fyrir að nota ákveðinn hlut í ákveðinn tíma og kemur síðan aftur og skilar honum og kannske stofnar til enn frekari viðskipta. Ég sé því hreint ekkert óeðlilegt við þetta. Að nota þau orð hér að þetta beri keim af fasisma sem hér er verið að gera er svo gersamlega út í hött að ég ætla ekki að gera það frekar að umtalsefni. En ég held bara að hér sé misskilningur á ferðinni. Það er ekki með neinum hætti verið að fjalla um eða leggja mat á gæði þess efnis sem er á boðstólum í myndbandaleigunum, það kemur þessu máli bara ekkert við.

ATKVGR.

Brtt. 919 (ný 1. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
2. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 15. maí, að loknum 75. fundi.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 939). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mér hefur borist svofellt bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Birgir Ísl. Gunnarsson.
4. þm. Reykv."

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður sótt þingfundi og setið þetta þing. Þarf því ekki að kanna kjörbréf hans. Ég býð Guðmund velkominn til starfa á Alþingi.

Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, frv. 355. mál (þskj. 871). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 931).

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 88, n. 704 og 732, 733, 849, 853). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 733,1 (ný 1. gr.) samþ. með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, StH, ÞP, GHG, EH, EBS, FrS, GB, GE, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, JBH, KP, KHT, KH, KSK, EKG, BM, ÓE, PJ, GeirH.

nei: SV, SJS, SvG, SvH, ÞS, AS, FÞ, GSig, GeirG, GJG, GA, ÓÞÞ, PP, IG.

Einn þm. (RH) fjarstaddur.

Brtt. 733,2 (ný 2. gr.) samþ. með 24:9 atkv.

Brtt. 733,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 25:1 atkv.

Brtt. 733,4 (fyrri mgr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 733,4 (fyrri málsl. síðari mgr.) samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 733,4 (síðari málsl. síðari mgr.) samþ. með 26:1 atkv.

Ný gr., verður 4. gr., þar með ákveðin.

Brtt. 733,5 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 849 samþ. með 16:11 atkv.

Brtt. 733,6, svo breytt, (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 853 felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, GSig, GJG, JS, KP, KHT, KH, KSK, IG.

nei: PP, PJ, GeirH, StG, StH, SJS, SvH, ÞP, AS, GHG, EH, EBS, FÞ, FrS, GE, GHelg, GGS, HÁ, HBl, EKG, BM, ÓE.

SV, SvG, ÞS, GeirG, GB, HG, JBH, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á sínum tíma fluttum við þáv. þm. Magnús Magnússon o. fl. þáltill. um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um bruggun og sölu áfengs öls. Málið hlaut þá lítið fylgi hér á hinu háa Alþingi. Nú er svo komið að frv. til l. um að heimila framleiðslu og sölu öls hefur verið hér til umræðu í allan vetur og hér eiga þm. nú engan annan kost en að taka afstöðu.

Till. hv. þm. Karvels Pálmasonar væri einungis vandræðaleg þrautalending, yrði hún samþykkt, manna sem ekki þora að taka afstöðu. Ég segi nei.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þessi till. er um það að eftir að Alþingi hefur tekið afstöðu í málinu, eins og hér er gert ráð fyrir, þá fái þjóðin að segja sitt álit á málinu. Það telur hv. þm. Guðrún Helgadóttir vandræðalega lausn að spyrja þjóðina álits og það er í anda þeirrar stefnu sem hún hefur kannske fylgt undangengin ár. Sú till. sem hún vitnaði til hér áður var um það að skjóta málinu frá þinginu. Það var vandræðaleg lausn af þeirra hálfu sem það vildu gera að forða sér frá því að þurfa að taka afstöðu. Hér er lagt til að þingið taki afstöðu fyrst, síðan verði það borið undir þjóðina. Í ljósi þess að ég treysti því að dómgreind þjóðarinnar sé með þeim hætti að hún kunni full skil á réttu og röngu segi ég já.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil minna hv. þm. á, um leið og þeir gera grein fyrir atkvæði sínu, að ýfa ekki upp einhverjar efnislegar umræður eða beina máli sínu sérstaklega til nafngreindra þm.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það má vel vera að menn telji að þeir minnki sína ábyrgð með því að varpa boltanum til þjóðarinnar og iðrist skjótt gerða sinna. En það bötnuðu lítið ákvarðanir hjá Pílatusi forðum þó að hann veitti þeim út til fjöldans. Ég greiði ekki atkvæði.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að hv. þm. taki afstöðu til málsins og enn fremur tel ég nauðsynlegt að nokkur reynsla komi á framkvæmd laganna áður en til greina kemur að þjóðaratkvæði fari fram um þetta mál. Í tillögum meiri hl. allshn. er gert ráð fyrir því að lög þessi verði endurskoðuð fyrir árslok 1988 og þá tel ég koma til greina að taka afstöðu til þjóðaratkvæðagreiðslu. En varðandi þessa till. segi ég með skírskotun til þess sem ég nú hef greint nei.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef verið bundin í Ed. á meðan atkvæðagreiðsla þessi stóð yfir um efni málsins. Hér er fjallað um umdeilda neysluvöru og rætt um það hve ríkan aðgang menn eigi að eiga að þessari neysluvöru sem þeir svo ákveða hver og einn með sjálfum sér hvort þeir neyta eða ekki. Það er söguleg hefð fyrir því á Íslandi að fram fari almennar atkvæðagreiðslur borgaranna um áfengismál. Ég tel að hver og einn eigi að ráða því um þetta mál eins og ýmis önnur mál sem áfengislögin snerta og segi já.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Eigi það fyrir íslensku þjóðinni að liggja að ganga að kjörborðinu á hausti komanda, þá tel ég að því tækifæri væri betur varið til þess að kjósa íslensku þjóðinni nýtt Alþingi og koma nýrri ríkisstjórn yfir landið. Alþingi Íslendinga hefur í sögu íslenska lýðveldisins treyst sér til þess að taka afstöðu í afdrifaríkari málum en því sem hér er til umfjöllunar án þess að leita eftir afstöðu þjóðarinnar í einstökum tilfellum. Ég segi nei, herra forseti.

Brtt. 733,7 (ný 4. gr., verður 7. gr.) samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 733,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 904 (sbr. 616)). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 30 shlj. atkv.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Proskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 909). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í fjarveru heilbr.- og trmrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um Þroskaþjálfaskóla Íslands á þskj. 909. Eins og fram kemur í grg. með frv. er það skoðun heilbr.- og trmrn. að treysta þurfi betur lagalegan grundvöll Þroskaþjálfaskóla Íslands og að kveða þurfi á um starfsemi hans í sérstakri löggjöf, eins og tíðkast um aðra sérskóla, þar sem fyrirsjáanlegt er að lög um framhaldsskóla ná ekki fram að ganga á næstunni. Fyrir því er þetta frv. flutt. Ég leyfi mér að vísa til framsöguræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. í hv. Ed. svo og athugasemda við frv.

Í hv. Ed. voru gerðar á frv. tvær breytingar, þ. e. við 1. gr. og 4. gr. Þær brtt. voru fluttar af heilbr.- og trn. þeirrar hv. deildar sem annars mælti samhljóða með frv. Brtt. birtust á þskj. 902.

Með tilvísun til þessa, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1980, frv. 368. mál (þskj. 588). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 934).

Iðnþróunarsjóður, frv. 492. mál (þskj. 916). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 916 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum nr. 9 frá 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð. Með samningi ríkisstj. Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem dags. er 12. des. 1969, var stofnaður norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Stofnun hans skapaði á sínum tíma ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun.

Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í margvíslegum verkefnum til eflingar íslenskum iðnaði. Meginviðfangsefnið skv. stofnsamningi var að efla útflutningsiðnað og auðvelda aðlögun að breyttum markaðsaðstæðum á innlendum markaði vegna tollalækkana við aðild Íslands að EFTA.

Ráðstöfunarfé sjóðsins var í upphafi og til ársins 1980 einungis stofnfé hans, sem nam jafnvirði 14 millj. Bandaríkjadala, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánum.

Hinn 29. apríl 1980 var undirritaður viðbótarsamn-

ingur við samninginn um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland. Með þeim viðbótarsamningi voru gerðar tvær breytingar á samningnum. Í fyrsta lagi var sjóðnum veitt heimild til að taka lán til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra meiri háttar framkvæmda í iðnaði. Var það gert með breytingum á 5. mgr. 2. liðar og 2. mgr. 4. liðar.

Í öðru lagi voru auknar heimildir skv. 4. lið samningsins til að veita styrki og hagstæð lán til rannsókna á nýjum iðnaði, til vöruþróunar, markaðsathugana o. fl. er nam 10% af eigin fé sjóðsins í upphafi árs 1980 og við þá upphæð hafa bæst árlega 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi 1980.

Með frv. þessu er lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að staðfesta af Íslands hálfu nýjan viðbótarsamning við samninginn frá 12. des. 1969, sem felur í sér eftirfarandi þrjár meginbreytingar:

1. Að verksvið sjóðsins verði víkkað. Skv. gildandi samningi er tilgangur sjóðsins að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Þar sem aðlögunartímabili vegna EFTA-aðildar er lokið þykir tímabært að skilgreina hlutverk sjóðsins víðtækar en nú er gert. Meginhersla er þó áfram lögð á tækni- og iðnrþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra norrænna landa. Með breytingum á skilgreiningu tilgangs sjóðsins er fyrst og fremst haft í huga að ekki leiki vafi á að sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda sem horfa til nýjunga í atvinnustarfsemi þótt umrædd starfsemi falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld munu leiða af sér.

2. Að möguleikar í lánskjörum verði sveigjanlegri. Skv. gildandi samningi eru almenn lán sjóðsins að fullu gengistryggð miðað við dollar. Með þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði, mun sjóðurinn hafa möguleika á að taka lán í öðrum gjaldmiðli en dollar og endurlána í sama gjaldmiðli. Einnig verður unnt að lána eigið fé sjóðsins út í íslenskum krónum með þeim kjörum er stjórn sjóðsins ákveður. Gert er þó ráð fyrir að stofnfé sjóðsins — en það skal endurgreiðast í dollurum — verði lánað áfram út í dollurum.

3. Að auknir verði möguleikar sjóðsins til þátttöku í áhættufjármögnun. Skv. gildandi samningi starfar sjóðurinn að verkefni sínu með því að veita lán og ábyrgðir. Með breytingu þeirri, sem lagt er til að gerð verði, hefur sjóðurinn möguleika á að kaupa og selja hlutabréf í starfandi hlutafélögum og taka þátt í stofnun nýrra. Ætlunin er að slík hlutafjárkaup komi því aðeins til að ekki hafi reynst unnt að afla nauðsynlegs áhættufjármagns eftir öðrum leiðum og sýnt þyki að álitlegu verkefni verði ekki hrundið í framkvæmd nema þátttaka sjóðsins komi til. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eigi hlutafé mjög tímabundið og hlutabréf séu seld strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir.

Ofangreindar tillögur hafa verið gerðar af nefnd sem skipuð var af mér með bréfi dags. 20. febr. s. l. til að yfirfara lög og samning um Iðnþróunarsjóð. Nefndina skipuðu eftirtaldir menn: Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Bragi Hannesson bankastjóri, Guðmundur Malmquist hdl. og Þorvarður Alfonsson framkvstj. Tillögurnar voru kynntar og ræddar ítarlega á fundi stjórnar Iðnþróunarsjóðs 14. mars s. l. og kom fram jákvæð afstaða fulltrúa þeirra landa er fundinn sóttu.

Þar sem breytingarnar fela ekki í sér neinar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hin löndin virðast þær geta komist í kring í erindaskiptum milli utanríkisráðuneyta landanna. Ríkisstjórnir allra Norðurlanda þurfa að samþykkja tillögurnar og staðfesta viðbótarsamning við samninginn þar að lútandi. Utanrrn. vinnur nú að því að afla samþykkis ríkisstjórna hinna Norðurlandanna við breytingum þessum. Þykir því rétt að afla nú þegar heimildar Alþingis til þessara breytinga og að veita þeim lagagildi hér á landi. En til þess þarf að sjálfsögðu að breyta lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 43/1980, en með þeim lögum var stofnsamningnum og viðbótarsamningnum jafnframt veitt lagagildi hér á landi.

Samningurinn öðlast gildi fimm dögum eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt að uppfylltar hafi verið kröfur sem gerðar eru til gildistöku í hverju landi fyrir sig.

Herra forseti. Ég legg til að þegar 1. umr. um málið lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum o. fl., frv. 491. mál (þskj. 915). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum á þskj. 915. Það hafa orðið miklar breytingar á aðstæðum í íslenskum landbúnaði síðan lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru sett árið 1947. Nokkrar breytingar hafa að vísu verið gerðar á þeim lögum á þessu tímabili. Þær veigamestu eru ákvæðin sem sett voru 1960 um útflutningsbótaábyrgð ríkissjóðs og 1979 þegar heimildir til framleiðslustjórnunar voru lögfestar. Áhrif beggja þessara breytinga hafa verið mikil.

Á næstu árum eftir 1960 fékkst tiltölulega gott verð fyrir sumar tegundir íslenskra búvara á erlendum mörkuðum þannig að lítið vantaði á að útflutningurinn skilaði grundvallarverði til bænda. Framlag ríkissjóðs sem nam 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar nægði því til að verðbæta mikið framleiðslumagn og framkvæmdir í íslenskum landbúnaði miðuðust við að þar væri um tryggan markað að ræða. En smátt og smátt seig á ógæfuhlið þannig að verðlag fór lækkandi og það var sífellt minna magn sem framlag ríkissjóðs nægði til að verðbæta að fullu. Jafnframt hefur orðið sú breyting á að vinnulaunaliður verðlagsgrundvallarins hefur farið hlutfallslega lækkandi svo að í stað þess að áður þurfti framlag ríkisins aðeins að bæta upp nokkurn hluta vinnulauna, en annar reksturskostnaður var að fullu greiddur, hefur framlag ríkissjóðs í æ ríkara mæli farið til að greiða einnig aðkeyptar rekstrarvörur innlendar og erlendar þegar útflutningsverð skilar ekki lengur neinu upp í grundvallarverð til bóndans.

Forustumenn bændasamtakanna sáu hvert þróunin stefndi. Töldu þeir því nauðsynlegt að veittar yrðu heimildir til að koma á framleiðslustjórnun og gerðu tillögur um það. Það var þó fyrst árið 1979 sem Alþingi veitti slíkar heimildir með ákvæðunum um búmark og kjarnfóðurgjald. Þessum heimildum báðum hefur síðan verið beitt og þær reynst áhrifaríkar.

Mikill samdráttur hefur orðið í mjólkur- og kindakjötsframleiðslu þó að vissulega hafi harðindi sumra þessara ára einnig haft þar sín áhrif. En árferðið hefur einnig haft þær afleiðingar að ekki hefur dregið úr rekstrarkostnaði búanna að sama skapi til að vega á móti lækkun bruttótekna. Þar við bætist að um svipað leyti var tekin upp verðtrygging lána svo að verðbólga greiddi þau ekki lengur niður. Í stað þess magnaðist verðbólgan óðfluga á þessum árum og lagði líka af þeim sökum þungar byrðar á landbúnaðinn. Þetta eru þær staðreyndir sem blöstu við þegar endurskoðun hófst á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. eftir að núverandi ríkisstj. var mynduð í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála hennar.

Að samningu þessa frv. hafa unnið þm. úr báðum stjórnarflokkum ásamt Bjarna Guðmundssyni aðstoðarmanni landbrh. sem stjórnað hefur þessu starfi. Margir aðrir hafa einnig lagt þar hönd að verki.

Í upphafi s. l. árs skipaði landbrh. nefnd til að marka stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. Voru í henni þrír fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda og aðrir þrír frá Búnaðarfélagi Íslands en formaður var Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri. Þessi nefnd skilaði áliti á s. l. sumri fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda sem tók niðurstöður nefndarinnar til ítarlegrar umræðu og gerði ályktanir sem mjög voru í samræmi við tillögur nefndarinnar. Hafa þessar tillögur mjög mótað það frv. sem hér er lagt fram.

Jafnframt ræddi þessi aðalfundur um skipulagsmál Stéttarsambandsins og ákvað að kjósa millifundanefnd bara til að gera tillögur um breytingar á þeim málum. Þessi nefnd Stéttarsambandsins skilaði tillögum til stjórnar þess á s. l. vetri en aðalfundur hefur ekki fjallað um þær. Eftir tillögum þessarar nefndar um skipun Framleiðsluráðs og fleiri atriði í þessu frv. hefur algerlega verið farið við samningu þess.

Auk þessara tveggja atriða, sem mjög hafa sett svip á þetta frv., er rétt að geta þess að rætt var við fjölmarga aðila sem voru fulltrúar þeirra sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við frv. þetta. Drög að þessu frv. voru lögð fyrir aukafund Stéttarsambands bænda hinn 17. fyrra mánaðar. Fundurinn gerði ýmsar athugasemdir og ábendingar við þau og kaus nefnd sex manna til að móta frekar tillögur Stéttarsambandsins og eiga viðræður um þær. Við lokafrágang frv. hafa margar þær tillögur og ábendingar verið settar inn í frv.

Frv. felur í sér mikilvæga stefnumörkun í framleiðslumálum landbúnaðarins. Kemur sú stefnumörkun annars vegar fram í 1. gr. frv. þar sem settur er fram megintilgangur þess, en hins vegar í VIII. kafla frv. Þar er sett fram eins konar áætlun til næstu fimm ára um aðlögun búvöruframleiðslunnar að breyttum tímum. Sú áætlun er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða stuðning við breytingar á framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða með stiglækkandi útflutningsbótum og í öðru lagi stuðning við uppbyggingu nýra búgreina. Að þessu tvennu verður nánar vikið síðar.

Stefnumörkun frv., sem kemur fram í 1. gr. þess, felst í eftirfarandi atriðum:

1. Að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

2. Að framleiðsla búvara til vinnslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

3. Að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið.

4. Að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.

5. Að innlend aðföng nýtist sem best við framleiðslu búvara bæði með hliðsjón af framleiðslu, öryggi og atvinnu.

6. Að stuðla að jöfnuði milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkið semji við Stéttarsamband bænda um það magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum og leggur ríkissjóður fram fjármagn til að greiða framleiðendum mismun á fullu verði skv. ofangreindum samningum og því verði sem fæst fyrir búvörur við sölu á innlendum og erlendum mörkuðum. Í samræmi við ákvæði, sem koma fram í 36. gr. frv., er gert ráð fyrir að þessar greiðslur fari lækkandi í áföngum til ársins 1990. Jafnframt er ákvæði um að því framleiðslumagni, sem þannig er tekin ábyrgð á fullu verði fyrir, sé heimilt að skipta á milli framleiðenda. Í því skyni er m. a. heimilt að taka upp framleiðslukvóta eftir héruðum.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um að Stéttarsamband bænda og einstök landssamtök framleiðenda búvöru, sem Stéttarsamband bænda hefur samþykkt, skuli fara með samninga þá sem frv. gerir ráð fyrir við ríkisvaldið.

Þá eru í 30. gr. einnig heimildir til að innheimta gjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það, í fyrsta lagi grunngjald sem má nema allt að 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru og í öðru lagi sérstakt fóðurgjald sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

Eins og kunnugt er koma áhrif hins lága verðs á erlendum mörkuðum ekki aðeins fram í því að útflutningur íslenskra búvara er ákaflega erfiður á þá markaði heldur er þar einnig unnt að fá ýmsar landbúnaðarafurðir á niðurgreiddu verði langt undir framleiðslukostnaði. Reyna allar þjóðir í kringum okkur að verjast innflutningi þeirra til þess að koma í veg fyrir að kippt verði fótum undan innlendum landbúnaði. Það er ekki aðeins talið hagsmunamál landbúnaðar hvers lands heldur ekki síður öryggisatriði fyrir hverja þjóð að geta treyst sem mest á innlenda fæðuöflun. Í því sambandi fengum við aðvörun á s. l. hausti þegar truflun varð á innflutningi í verkfalli opinberra starfsmanna enda eru lítil rök fyrir því að láta stuðnings- og verndaraðgerðir stjórnvalda í nágrannalöndum okkar kippa fótum undan íslenskum landbúnaði.

Grunngjald af innfluttu fóðri er m. a. ætlað til styrktar innlendri fóðuröflun og fóðurvinnslu í samræmi við þann tilgang frv. sem kemur fram í e-lið 1. gr. þess og ég las áðan. Jafnframt fyrrnefndu gjaldi er gert ráð fyrir sérstöku fóðurgjaldi sem verður endurgreitt til

framleiðenda í samræmi við þá framleiðsluþörf sem markaðurinn leyfir. Það er sóun á fjármagni, sem þjóðin hefur ekki efni á, að framleiða vöru sem ekki er hægt að selja og leggja í fjárfestingu sem annaðhvort er ekki hægt að nýta til framleiðslu eða kippir fótunum undan framleiðslu hjá öðrum sem þegar hafa ráðist í slíkar fjárfestingar.

Í frv. er gert ráð fyrir breytingu á verðlagningu búvara á þann veg að verð til framleiðenda og verð búvara í heildsölu er ákveðið með aðskildum hætti. Þá er gert ráð fyrir að ákvörðun smásöluverðs fari eftir lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Verðlagsnefnd búvara skal ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda á sama hátt sem sexmannanefnd gerir skv. núgildandi lögum. Verði ekki samkomulag skal málinu vísað til yfirnefndar sem fellir endanlegan úrskurð. Stéttarsamband bænda tilnefnir þrjá fulltrúa í verðlagsnefnd búvara sem einnig er skipuð tveimur fulltrúum sem stjórn Alþýðusambands Íslands tilnefnir og einum sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir. Heildsöluverð búvara skal hins vegar ákveðið af nefnd fimm manna er í eiga sæti undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur. Fulltrúar neytenda skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna fulltrúa neytenda í verðlagsráð, en samtök afurðastöðva skulu nefna tvo fulltrúa í nefndina þannig að í nefndinni séu fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem fjallað er um verðákvörðun á. Það virðist eðlilegt að fulltrúar afurðastöðvanna eigi beina aðild að ákvörðun heildsöluverðs eins og lagt er til í frv. en ekki fulltrúar bænda, eins og gert er í núgildandi lögum, þar sem vinnslustöðvarnar hljóta að vera best kunnugar sínum málefnum.

Við verðákvörðunina skal fimm manna nefnd ganga út frá afurðaverði til framleiðenda sem ákveðið hefur verið og jafnframt rökstuddum upplýsingum um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara sem aflað er með eins ítarlegum athugunum og kostur er þannig að á engan sé hallað við þá verðákvörðun.

Til þess að halda vinnslu- og dreifingarkostnaði í lágmarki eru ítarleg ákvæði um verðmiðlun. Henni skal hagað þannig að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur þrátt fyrir misjafna aðstöðu sem afurðastöðvarnar eiga við að búa. Er þetta eitt af grundvallaratriðum frv. eins og kemur fram í 1. gr. þess. En öllum er ljós þessi misjafna aðstaða afurðastöðvanna við að vinna og koma á markað þeim afurðum sem þær taka á móti. Þar kemur t. d. til greina staðsetning, heildarafurðamagn og byggingarkostnaður auk fjölmargra annarra atriða. T. d. er sérstaklega tekið fram að jafna megi flutningskostnaði frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna. En við samdrátt búvöruframleiðslu breytist aðstaða margra afurðastöðva þar sem afkastageta þeirra er meiri en framleiðslan sem til þeirra berst svo að það getur verið hagkvæmt að stuðla að sameiningu þeirra.

Þá er ákvæði um að koma megi á hentugri verkaskiptingu milli afurðastöðva, en slíkt getur sparað mikla fjárfestingu. Í mjólkuriðnaðinum er það Framleiðsluráð landbúnaðarins og samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sem skulu gera með sér samkomulag um verkaskiptingu á milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara með tilliti til heildarafkomu framleiðslugreinarinnar og hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda. Samkomulagið staðfestir landbrh. og úrskurðar ef aðilar ná ekki samkomulagi.

Á sama hátt skulu Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar gera samkomulag um verkaskiptingu á milli sláturleyfishafa vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða. Skal í samkomulaginu taka tillit til mismunandi heimilda sláturleyfishafa til slátrunar og verkunar á þessum búvörum til útflutnings og þess að sala hvers sláturleyfishafa á innlendum markaði miðist skv. 30. gr. við hlutfall heimilaðrar framleiðslu þeirra framleiðenda sem eru í viðskiptum hjá sláturleyfishafa. Þessi ákvæði ættu að tryggja að haldið sé uppi hagkvæmu skipulagi á vinnslu og heildsöludreifingu þessara búvara.

Fimm manna nefndin skal gera tillögur um verðmiðlunargjöld í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins þar sem m. a. er lagt til grundvallar fyrrnefnt samkomulag eða ákvörðun um verkaskiptingu. Um ákvörðun smásöluverðs þeirra búvara sem verðlagðar eru í heildsölu skal hins vegar fara eftir lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og fjallar verðlagsráð því um þau mál. En sjálfsagt virðist að hámarksverð sé ákveðið a. m. k. á þeim vörutegundum sem greiddar eru niður úr ríkissjóði.

Í gildandi lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er kveðið á um grundvallarverð til bænda. Í 18. gr. þessa frv. eru sambærileg ákvæði um að enginn megi kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið skv. ákvæðum þessara laga.

Í 29. gr. frv. eru hins vegar nánari ákvæði um hvenær bændur fái þetta verð greitt fyrir það magn sem samið er um við ríkið en að öðru leyti kveður þessi grein ekki á um breytingu á verslun með landbúnaðarvörur. Þessi ákvæði um fulla greiðslu afurðaverðs eru byggð á samkomulagi núv. stjórnarflokka frá s. l. hausti um hækkun afurðalána sem gerir slíkar greiðslur mögulegar og ríkisstj. staðfesti í marsmánuði s. l. að þetta skuli koma til framkvæmda á þessu ári. Hefur viðskrh. skipað nefnd til að gera endanlegar tillögur um á hvern hátt afurðastöðvum verði gert þetta kleift og er nauðsynlegt að niðurstöður þeirrar nefndar liggi fyrir áður en þetta frv. verður afgreitt.

Þá er í 29. gr. ákvæði um að þær ársfjórðungslegu breytingar á verðlagsgrundvelli sem kunna að verða skuli koma fram á óseldum birgðum og greiðast síðan til framleiðenda á sama hátt og gert hefur verið. Fyrir þær afurðir, sem framleiðandi kann að leggja inn umfram það framleiðslumagn sem samið hefur verið um við ríkið, er hins vegar ekki unnt að greiða fyrr en sala hefur farið fram þar sem fyrr liggur ekki fyrir hvaða verð fæst fyrir þær á erlendum markaði.

Eins og áður sagði er í VIII. kafla frv. fjallað um aðlögun búvöruframleiðslunnar þar sem gert er ráð fyrir að hlutfall greiðslna af hálfu ríkissjóðs til útflutningsbúvara fari lækkandi næstu fimm árin en á sama tíma verði vaxandi hlutfalli af verðmæti heildarbúvöruframleiðslunnar varið til þess að efla nýjar búgreinar, enn fremur til markaðsöflunar og fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Þetta ákvæði er eitt af höfuðatriðum frv.

Með þessum hætti er ætlast til að mætt sé áhrifum

þess samdráttar, sem orðið hefur í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða, með nýrri uppbyggingu og aukinni framleiðslu á þessum sviðum, að við vinnum okkur á þann hátt úr þeim vanda sem við erum nú stödd í, og virðist vera mikill áhugi hjá bændum að vinna að slíku. Þar virðist loðdýraræktin gefa okkur bestar vonir.

Að svo miklu leyti sem þessu fjármagni verður ekki varið til fjárhagslegrar endurskipulagningar á búrekstri þeim sem nú er fyrir á lögbýlum mun það að mestu leyti ganga til fjárfestingar í þessu skyni, að byggja upp nýja atvinnu. Þrátt fyrir að það gangi til fjárfestingar er vafasamt að minni hluti af því fari til greiðslu vinnulauna en nú er með greiðslu þess til útflutningsbóta vegna þess hve vinnulaun eru orðin lítill hluti af framleiðslukostnaði búvörunnar og fjárfestingin fer síðan fljótt að skila afurðum sem gefa gjaldeyristekjur í þjóðarbúið. Augljóst er að hér skiptir miklu máli að vel takist til, ekki aðeins fyrir íslenskan landbúnað heldur samfélagið allt.

Í frv. er gert ráð fyrir að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði hætt en heimilt sé að leigja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti. Kartöfluverslun hefur verið mjög til umræðu s. l. ár og nokkrar tilraunir gerðar með breytingar á þeim verslunarháttum. Eru margir kartöfluframleiðendur uggandi um hver áhrif slíkt kann að hafa á afkomuöryggi þessarar búgreinar og er því þörf á að íhuga vel framvindu mála á því sviði og hvað kleift er að gera til að koma í veg fyrir alvarleg áföll í þessari búgrein.

Gagnrýni hefur komið fram um það að með þessu frv. sé verið að færa völd frá bændasamtökunum til landbrh. En það er einkum tvennt sem veldur þessu og hægt er að benda á. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að bændur semji við ríkisvaldið um ákveðið framleiðslumagn sem ábyrgst er fullt verð fyrir og hljóta slíkir samningar að hafa þau áhrif, að ríkisvaldið kemur þar meira við sögu.

Í öðru lagi er kveðið á um að landbrh. skuli staðfesta ýmsar stjórnunaraðgerðir sem eru svo umfangsmiklar að sjálfsagt virðist að þær séu teknar á ábyrgð ríkisvaldsins enda hefur verið dregið í efa að núgildandi ákvæði styðjist við nægilegar lagaheimildir.

Í þessu frv. felast margvíslegar breytingar frá ákvæðum gildandi laga og er því vissulega eðlilegt að ýmsar spurningar vakni í sambandi við framkvæmd þeirra ákvarðana. En ég ítreka það að með frv. er mörkuð stefna sem mikilvægt er að framfylgt sé með samræmdum hætti. Það er því mikilvægt að hægt sé að afgreiða þetta frv. á þessu þingi þó að nauðsynlegt sé að sú nefnd, sem fær frv. til meðferðar, fái til viðræðna þá aðila sem frv. varðar og taki til athugunar ábendingar um það sem betur má fara.

Ég legg til að að lokinni þessari umr., herra forseti, verði málinu vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það hefði einhvern tíma hvarflað að manni að örlítið fleiri hv. þm. sæju ástæðu til að vera viðstaddir umr. um mál af þessu tagi. Ég lít svo á að hér sé á ferðinni eitt af stærstu málum sem lögð hafa verið fyrir hv. Alþingi sem nú situr, en það eru greinilega ekki margir sammála mér um það.

Hér var áðan troðfullur þingsalur að greiða atkv. um áfengt öl og mikill tími á yfirstandandi þingi hefur farið í umræður um það mál. Út af fyrir sig er ég ekki að gagnrýna að svo hafi verið, en ég held þó að það væri ekki síður ástæða til þess, eins og málum er nú komið í íslenskum landbúnaði, að menn eyddu ofurlítilli orku í það að kynna sér þetta frv. og ræða málefni þess.

Ég vil í upphafi, herra forseti, lýsa furðu minni á þeim vinnubrögðum sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft í þessu máli öllu. Þau eru með endemum, að mínu mati, og er þó ekki úr háum söðli að detta hvað varðar skipulag og markviss vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. í þingstörfum og við samningu laga yfirleitt, herra forseti, ef ég má segja þá mína skoðun. Þetta frv., sem er allþykkt, birtist á borðum þm. 14. maí, þ. e. í gær, og að sjálfsögðu er það þegar tekið til umr. þegar einstakir þm. hafa haft tæpan sólarhring til að kynna sér efni þess.

Aðdragandinn að þessu er að sjálfsögðu lengri þó hann sé litlu fegurri. Þannig var til að mynda Stéttarsamband bænda kallað saman til aukafundar til að segja skoðun sína á þessu máli, en þá var þannig að því staðið að stéttarsambandsþingsfulltrúar fengu fyrstu drög frv. í hendur, að mér skilst, aðfaranótt fundardags og grg. eða einhver fleiri fskj. komu í hendur þeirra þegar búið var að setja fund. Þá lá það fyrir að þetta þing mundi einungis standa í einn dag. Gefur þá auga leið hversu hægt menn áttu um vik að glöggva sig á efnisþáttum málsins og mynda sér skoðun á því enda stóð upp úr svo til hverjum ræðumanni á því þingi, sem ég sat að verulegu leyti, herra forseti, gagnrýnin á þessi vinnubrögð. Niðurstaðan varð enda sú að þingið treysti sér ekki til þess að ganga frá áliti sínu sem vonlegt var, en setti þess í stað niður nefnd til að reyna að bjarga því sem bjargað varð. Ég tel lágmark, herra forseti, ef þessi afgreiðsla aukaþings Stéttarsambandsins hefði átt að vera marktæk, að öllum þingfulltrúum hefði borist þetta mál í hendur með góðum fyrirvara, ekki minna en hálfs mánaðar fyrirvara, til þess að þeir hefðu einhver minnstu tök á því að lesa frv. og kynna sér efnisþætti þess.

Ég er ekki að lasta þátttöku eða framgöngu stéttarsambandsins í þessu né heldur störf þeirra ágætu manna sem þar voru settir niður til nefndar. Ég er að reyna að lýsa þeim starfsskilyrðum sem þeim bauðst að vinna undir.

Þá er eftir sá þáttur þessa máls sem varðar samskiptin við almenna bændur í landinu og þau tækifæri sem bændastéttin og aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta á sviði landbúnaðar, hafa haft til þess að fylgjast með og hafa áhrif á framgang þessara mála. Það mun hafa verið formaður Stéttarsambands bænda sem tók svo til orða að lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum væru vinnulöggjöf landbúnaðarins í landinu. Ég get tekið undir þau orð. Hér er í raun á ferðinni vinnulöggjöf íslensks landbúnaðar. Það gefur því auga leið að menn hljóta að vinna að framgangi þess máls með tilliti til þess mikilvægis sem það hefur fyrir þennan atvinnuveg. Ég get engan veginn sagt að ég telji að svo hafi verið gert og mér þykja þessi vinnubrögð öll hin furðulegustu, herra forseti.

Það er ljóst að stjórnarflokkarnir hafa ekki kosið að leita eftir samstöðu um þetta mál í meðferð þess. Því var haldið leyndu eftir því sem kostur var fyrir fulltrúum

stjórnarandstöðunnar og það þurfti að kvelja það upp úr hæstv. landbrh. með eftirgangsmunum hér á hinu háa Alþingi að fulltrúar stjórnarandstöðunnar fengju þetta í hendur eigi síðar en stéttarþingsfulltrúar sem kæmu saman til aukaþings. Svo naumt var það, að ég hygg, að frumvarpsdrög komu í hendur formanns Alþb., sem ég er málkunnugur, kl. 22.30 að kvöldi dagsins áður en aukafundur Stéttarsambandsþings var haldinn. Síðan kemur frv. hingað fullbúið og er tekið til 1. umr. sólarhring eftir að það er lagt fram.

Það gefur því auga leið, herra forseti, að hér eru naumast tök á því að ræða ítarlega efnisþætti þessa máls, svo viðamikið sem það er og með tilliti til þessa aðdraganda þess. Það sem ég hef þó sérstaklega aths. við að gera hér og vildi inna hæstv. landbrh. nokkru nánar eftir áður en þetta mál fer til nefndar er í fyrsta lagi að hve miklu leyti þær brtt. sem sexmannanefnd Stéttarsambandsþings gerði við frumvarpsdrögin hafa verið teknar til greina og hvort þær hafa þá verið teknar til greina í þeim mæli að Stéttarsamband bænda telji sig bera á einhvern hátt ábyrgð á því frv. sem hér lítur dagsins ljós. Ég held að það liggi í hlutarins eðli, miðað við þá afgreiðslu sem málið fékk á aukaþingi Stéttarsambandsins, að hafi þessar aths. þeirra og breytingar ekki verið teknar til greina í öllum aðalatriðum sé Stéttarsamband bænda laust allra mála og beri ekki ábyrgð á þessu máli eins og það hefur borið að. Þessu tel ég óhjákvæmilegt að fá hér svarað strax þó að vonandi gefist tími og tækifæri til að ganga eftir því í nefndarstörfum hvernig þessu er háttað.

Þá vil ég spyrja hæstv. landbrh. í tilefni af ályktunum sem samþykktar hafa verið á fundum bænda á fleiri en einum stað á landinu undanfarið hvað hann vilji segja okkur um þann tón sem þar varð vart við í garð þessa frv. og í garð þessara vinnubragða og hvað hann vilji segja um þá kröfu bænda sem höfð hefur verið uppi á fleiri stöðum en einum — ég nefni þó sérstaklega fund sem haldinn var í Húnavatnssýslum fyrir stuttu að þetta mál komi út á meðal bænda til skoðunar og þetta verði ekki lamið í gegn á yfirstandandi þingi.

Það er ljóst, herra forseti, að staða bænda og staða landbúnaðarins er ákaflega erfið. En það er einnig ljóst, að mínu viti, að þetta frv. tekur ekki á þeim vanda nema til framtíðar sé litið. Staðan er slík, sá mikli fjárhagsvandi sem bændur eiga við að glíma og gífurleg skuldasöfnun, ómældir erfiðleikar þeirra á þessu vori, til að mynda við að leysa út áburð og halda hreinlega búrekstri sínum gangandi, að þetta frv. kemur ekki til með að leysa vanda bænda á neinn hátt með skjótvirkum hætti. Því er eðlilegt að spurt sé í framhaldi af þessu: Eru einhverjar fleiri ráðstafanir væntanlegar eða á döfinni hjá hæstv. landbrh. til að grípa á þessum málum með skjótvirkari hætti en hér yrði raunin á?

Ég vil láta það koma fram strax, herra forseti, að ég tel það í raun ófært að ætla að afgreiða þetta frv. á yfirstandandi þingi. Nú hellast yfir málin. 13., 14. og 15. maí hellast inn mál frá hæstv. ríkisstj., sum hver frv. þykk og mikil, og uppi eru óskir um að afgreiða þetta allt saman, alla súpuna, ég hygg að það séu yfir 70 mál, áður en þinglausnir verða. Ég veit þá ekki hvenær í ósköpunum þær þinglausnir eiga að fara fram ef vinna á að öllum þessum málum með eðlilegum hætti — eða er hæstv. ríkisstj. að gefa það í skyn að það sé allt í lagi að sulla þessu í gegn án þess að skoða það nokkurn skapaðan hlut? Annað hvort hlýtur það að vera. Þessu ætti hæstv. ríkisstj. að svara — hæstv. landbrh. fyrir sinn hlut að svo miklu leyti sem hann er aðili að málinu.

Ég hafði talið miklu farsælla, herra forseti, úr því sem komið er, og ég hef góðan hug um að gera það að tillögu minni, að sett verði niður nefnd þm. allra flokka sem starfi í sumar að þessu máli með fulltrúum bænda og öðrum þeim sem aðild þurfa að eiga að þessu máli, farið verði með það til kynningar á skipulegan hátt út á meðal bænda og þeim gefist þannig kostur á því að segja milliliðalaust skoðun sína og koma henni á framfæri. Í gegnum fulltrúakerfi eins og það sem er viðhaft til að kjósa ákveðna menn til funda, ekki síst þegar þeir eiga að vinna við skilyrði eins og ég hef hér áður rakið, er ljóst að það er orðinn langur vegur frá hverjum einstökum hagsmunaaðila í málinu til þeirra sem stefnuna mótuðu. Ég mótmæli harðlega því að heilli atvinnugrein sé sett löggjöf með þessum hætti án þess að fulltrúar allra stjórnmálahreyfinga eigi aðild að málinu. Það eru í hæsta máta óeðlileg og óheppileg vinnubrögð að mínu mati, herra forseti. Ég held að það hefði verið þessu máli miklu fremur til framdráttar að stjórnarandstaðan hefði átt að því aðild á fyrri stigum. En að sama skapi er ljóst að þegar hæstv. ríkisstj. hefur valið þennan farveg ber hún ein ábyrgð á því sem hér er fram lagt og getur ekki ætlast til þess að stjórnarandstaðan bregðist öðruvísi við en í ljósi þess. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. hvað hann vilji segja um þá málsmeðferð að það verði ákveðið að afgreiða ekki þetta frv. á þessu þingi, en sett verði niður nefnd þm. úr öllum flokkum sem vinni með Stéttarsambandi bænda og bændum almennt í landinu og öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta í landbúnaði og við úrvinnslu landbúnaðarafurða að því að móta heilsteyptari löggjöf sem kynnt verði með eðlilegum hætti og unnið verði að með eðlilegum hætti með það markmið í huga að ná fram slíkri lagasetningu á næsta þingi.

Í þessu frv. eru ýmis nýmæli, ýmsar breytingar, sem auðvitað verður að skoða mjög vandlega. Ég hygg að segja megi að þar séu ýmsir lausir endar sem verði að hnýta saman og ákveði sem verði að skýra áður en þm. geta með nokkru móti gert sér grein fyrir hvert verið er að stefna. Það eru ýmis fögur fyrirheit í frv., en minna farið út í framkvæmdaatriðin, hvernig eigi að koma þeim fögru fyrirheitum í framkvæmd. Þar er t. d. talað um það að tryggja beri bændum greiðslur fyrir sínar afurðir með skjótvirkari hætti en verið hefur, en hvernig eigi að standa að því, hvernig eigi t. d. að gera afurðasölufyrirtækjum eða vinnslustöðvum sem kaupa vörur af bændum kleift að inna þær greiðslur af hendi, á það er ekki bent. Þetta er laus endi, herra forseti. Þetta er fagurt markmið sem ekki er með neinum hætti gerð grein fyrir hvernig eigi að standa við.

Eins og fréttamaður sjónvarpsins sagði glaðhlakkalega er ýmislegt opnað í frelsisátt í þessu frv. Alls staðar skal nú frelsinu troðið inn. Það gaf ónefndum fréttamanni tilefni til að brosa að hér væri farið mjög í frelsisátt, eins og það var orðað í fréttatíma ríkisfjölmiðilsins.

Það er opnað t. d. fyrir vinnslustöðvar og leyfisbinding þeirrar starfsemi er opnuð frá því sem áður hefur verið. Kannske finnst hæstv. landbrh. ekki nóg að gert, ekki hafi nóg verið fjárfest í vinnslustöðvum. Óttast hann ekkert að hér kunni að fara af stað skriða, að

vinnslustöðvar og húsnæði sem þegar er fyrir hendi falli alveg niður, það leggist af starfsemin, en til viðbótar komi fjárfesting á öðrum stöðum o. s. frv., þetta verði m. ö. o. ein stjórnlaus hringavitleysa? Ég held að það þurfi að skýra það betur en gert er í þessu frv. hvernig á að stjórna þessum málum af einhverju skynsamlegu viti.

Ég óttast mjög, herra forseti, áhrif þessa frv. á byggðaþróun í landinu. Það eru í þessu frv. jákvæðir þættir eins og þeir, að mínu mati, að gefin er heimild til að svæðisbinda bú manna. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það væri það sem þyrfti að gera. En það er ekkert um það fjallað, ekkert út í það farið hvernig það svæðisbúmark eigi að vera. — Nú hristir hv. þm. og líklega höfundur eða guðfaðir þessa frv. að verulegu leyti, Egill Jónsson, höfuðið. (**Gripið fram í:** Hann á ekki að hrista höfuðið í þessari deild.) Hann hristir höfuðið í hliðarsal og við látum það gott heita, ég og herra forseti, að ég tel.

Það er t. d. ekki tekist á við það verkefni sem ég held að ætti að vera verkefni númer eitt í sambandi við framleiðslustýringu í landbúnaði á Íslandi, en það er að marka einhverja stefnu varðandi bústærð, varðandi einingastærð í rekstri landbúnaðar á Íslandi. Það eru áhrif þessa stefnuleysis á byggðajafnvægið, á búsetuþróunina, sem ég óttast. Við erum greinilega ekki nógu miklir kjarkmenn til þess, a. m. k. ekki höfundar þessa frv., að taka t. d. Norðmenn til fyrirmyndar í þessum efnum sem hafa sett sér ákveðin stærðarmörk og keppa að því að ákveðnar einingar í landbúnaði, einingar af ákveðinni stærð, verði rekstrarlega arðbærar einingar. Á þessu verkefni er ekki á nokkurn hátt tekið og ég óttast það, herra forseti, að enn muni þrengjast fyrir dyrum hjá smáfuglunum, að meðalbúum og smærri búum verði enn gert erfiðara fyrir og grundvallareiningunni sem lengi hefur verið í íslenskum landbúnaði, þ. e. fjölskyldubúinu, því búi sem ein fjölskylda hefur framfæri sitt af, verði úthýst. Hvar stendur íslenskur landbúnaður og hvar stendur byggðin í íslenskum sveitum þá? Á þessu grundvallaratriði er ekki tekið. Ég held að frv. sé stórgallað að þessu leyti. Ég er þeirrar skoðunar að bú af meðalstærð hafi ýmsa kosti fram yfir bæði minni og stærri einingar í rekstri í landbúnaði. Og það er svo merkilegt sem það er að þegar skoðaðar eru tölur koma þessi bú býsna vel út. Þess vegna held ég að það ætti að reyna að tryggja slíkum rekstri grundvöll, tryggja stöðu hans.

Herra forseti. Það er einn rauður þráður — eða kannske grænn þráður — í gegnum þetta frv. Hann er sá að vald er flutt til ráðh., að vald er tekið af framleiðsluráði, vald er flutt frá bændum og vald er flutt frá öðrum aðilum sem um þetta hafa sýslað í rn. og til ráðh. Það er t. d. ákaflega merkilegt, sem snertir fjármálastjórnun, að verulegum hluta þess fjármagns sem varið hefur verið til útflutningsbóta skal nú verja til annarrar atvinnuuppbyggingar í vaxandi mæli á næstu árum. Hver skal síðan stjórna í raun þeirri fjárúthlutun? Hver skal setja henni reglur? Það er landbrh. Hér er verið að taka stóran lið á fjárlögum og færa hann óskiptan undir aðra stofnun úti í bæ sem lýtur forræði og stjórn landbrh. sem starfar eftir sérstakri reglugerð hvað þetta varðar sem landbrh. setur. Hér hafa menn úr fjvn. iðulega haft uppi gagnrýnisraddir um að verið sé að flytja hið eiginlega fjárveitingavald í vaxandi mæli út úr sölum Alþingis með sérstakri lagasetningu og með m. a. málatilbúnaði eins og þessum. Er það hæstv. landbrh. keppikefli að fá þetta vald? Vill hann endilega einn fá að ráðskast með þessa fjármuni? Þetta gengur ekki eins og rauður þráður, herra forseti, því að það væri ranghermi, eins og grænn þráður í gegnum allt frv. Valdið færist til landbrh. frá öðrum aðilum. Þetta er ákaflega sérkennileg árátta hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. og hér hefur hæstv. landbrh. fetað dyggilega í spor flokksbróður síns, hæstv. sjútvrh., sem eins og kunnugt er hefur róið að því öllum árum undanfarin tvö ár að ná til sín sem allra mestu einræðisvaldi í sjávarútvegi á Íslandi, dyggilega studdur af einkaframtaksmönnum Sjálfstfl. Hér er sem sagt uppi á teningnum það sama í landbúnaðarmálunum og er nokkuð merkilegt. (**HBl:** Er þetta nú ekki ofsagt?) Það kann að vera að þetta sé nokkuð stórt sagt, en því miður, hv. þm. Halldór Blöndal, óttast ég að það sé ekki ofsagt.

Það er ekki með þessu tekið á nokkurn hátt á þeim grundvallarvanda í íslenskum landbúnaði sem er sífellt lækkandi launaliður hins íslenska bónda og vaxandi fjárhagserfiðleikar hans af þeim sökum, eins og ég gerði grein fyrir hér í upphafi, herra forseti. Þá skal verðstýring á landbúnaðarafurðum ýmist afnumin eða færð til.

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að ég óttast afleiðingar þess. Ég óttast að það muni leiða til hækkaðs vöruverðs í framtíðinni á landbúnaðarvörum. Og hvað sem öllum fallegum ræðum um blessun samkeppninnar líður hygg ég að reynslan sýni okkur að á ákveðnum hlutum eins og þessum er heppilegast að hafa ákveðna verðstýringu. Það hefur gefist best í gegnum tíðina.

Eitt aðalatriðið í þessu frv. varðar framleiðslustjórnunina og þá ákvörðun að draga úr útflutningsuppbótum á landbúnaðarvörum. Að vísu á að verja þeim, eins og ég áður sagði, að hluta til í annað en á heildina litið verður mikill samdráttur í útflutningsbótum. Sá samdráttur kemur að sjálfsögðu, eins og fróðir menn vita, til viðbótar þeim mikla framleiðslusamdrætti sem þegar er orðinn. Nú er það svo að sauðfé í landinu hefur t. d. fækkað á tiltölulega fáum árum um fast að 200 þús. vetrarfóðraðar kindur. Þessi samdráttur hefur þegar skapað gífurlega erfiðleika. Þessi samdráttur hefur þegar valdið gífurlegri tekjuskerðingu í heilum byggðarlögum, ekki bara hjá bændunum heldur hjá næstum því hverri starfandi hönd í heilum byggðarlögum, þeim byggðarlögum sem byggja afkomu sína að verulegu leyti eða næstum því alfarið á landbúnaðarframleiðslu og sauðfjárframleiðslu. Ég þekki slík byggðarlög þar sem samdrátturinn er 20 til 25 til 30% hjá bændunum, hjá afurðasölufyrirtækjunum, hjá sláturhúsunum, hjá allri úrvinnslu. Það kemur niður nánast sem nettótekjutap hjá þessum byggðarlögum. Ofan á þennan samdrátt eiga þessar ráðstafanir að bætast. Ég held að það sé á engan hátt séð fyrir endann á þeim afleiðingum sem það mun hafa fyrir búsetuna í landinu og fyrir íslenskan landbúnað.

Það á að miða í meginatriðum við innanlandsmarkaðinn. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvaða borð telja menn æskilegt að hafa fyrir báru í þeim efnum? Ég vil t. d. spyrja hæstv. landbrh.: Telur hann að við Íslendingar eigum að gefa Færeyjamarkað fyrir kindakjöt upp á bátinn sem hefur lengst af verið okkar traustasti markaður og gefið okkur einna best verð? Vill hann m. ö. o.

gefast upp við þann markað? Og vill hann gefast upp við aðrar tilraunir við að reyna að markaðssetja og reyna að standa þannig að málum gagnvart útflutningi á íslenskum landbúnaðarvörum að eitthvað verði reynt að gera þar áfram? Ég held að það sé óðs manns æði að stefna að öðru en því að framleidd sé í landinu a. m. k. innanlandsframleiðslan, að alltaf, jafnvel í harðærunum, sé talsvert borð fyrir báru, og það muni vera þjóðhagslega hagkvæmt að halda uppi framleiðslustigi sem er það mikið fyrir ofan innanlandsneysluna að þessu markmiði sé náð.

Fleiri fréttir væri hollt að hugleiða í þessu efni, t. d. þá staðreynd að framleiðslan innanlands á hráefnum til iðnaðar er þegar komin niður að þeim mörkum sem hinn íslenski ullar- og skinnaiðnaður þarf. Meira að segja er Samband íslenskra samvinnufélaga tekið að flytja inn hráefni, tekið að flytja inn gærur.

Mundi þá ekki þegar þetta tvennt er borið saman, gjaldeyrir sem fæst fyrir útflutningsframleiðsluna á okkar bestu mörkuðum eins og Færeyjamarkaði og sá kostnaður sem hlýst af því að þurfa að flytja hráefnið inn í landið í staðinn, vera brúað þetta bil þannig að menn sæju að það væri þjóðhagslega hagkvæmt að halda uppi þessu framleiðslustigi í landinu?

Ég er þeirrar skoðunar að með bættu skipulagi og bættri framleiðslustýringu, svæðabúmarki og fleiri slíkum ráðstöfunum, væri unnt að hafa þann sauðfjárfjölda í landinu sem nú er án þess að gróðurlendi væri stefnt í hættu í landinu. Ég er þeirrar skoðunar og vil að það komi hér fram. Það er veigamesta röksemd sem ég held að menn eigi að líta til í sambandi við það hversu mikið fé hér skuli haft, hversu mikið hér skuli framleitt, að það á að vera í fullu samræmi við afkastagetu íslenskrar náttúru og í fullri sátt við hana.

Það er ekki í þessu frv. gerð tillaga um að taka upp heildarframleiðslustýringu á öllum greinum. Því miður, segi ég. Ég held að það sé tómt kák og barnaskapur að vera með harðar framleiðslutakmarkanir á ákveðnum greinum landbúnaðarins en sleppa öðrum lausum, enda hefur það sýnt sig að upp í þann framleiðslusamdrátt sem bændur í heftbundnum greinum hafa tekið á sig, t. a. m. í kjötframleiðslunni, hefur verið fyllt af öðrum að verulegu leyti. Ég held að hér þurfi að koma til heildarstýring og enn er þetta frv. gallað hvað þetta áhrærir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara lengra út í efnislegar umr. um þetta frv. þó að það væri vissulega ástæða til að nefna fjölmarga hluti, en þetta mál kemur til hv. landbn. að líkindum og þar á ég sæti og ég mun að sjálfsögðu kynna mér það þar eftir því sem hægt er.

En ég vil þá endurtaka spurningar mínar til hæstv. landbrh. um það hvaða hraða hann hugsi sér á afgreiðslu þessa máls. Hvað þykir honum t. a. m., sem þingreyndum manni og fyrrverandi forseta á hv. Alþingi, eðlilegt að nefndir þingsins fái langan tíma til að starfa að máli eins og þessu, að viðamiklu máli með miklum breytingum eins og því sem hér um ræðir? Finnst þessum fyrrverandi hv. forseta Alþingis Íslendinga eðlilegt að afgreiða slíkt mál á kannske nokkrum dögum hér í gegnum þingið? Og hvað segir hann um þá vinnutilhögun að Alþingi setji niður þingmannanefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem starfi að þessu máli með hagsmunaaðilum í sumar til að gera þessa lagasetningu sæmilega myndarlega, að þannig verði að henni staðið að líkindi séu til þess að sæmileg sátt verði um þetta mál, ekki bara á hv. Alþingi heldur einnig meðal bænda og allra aðila sem aðild eiga að þessu?

Það stendur yfir sauðburður, herra forseti. Bændur munu því ekki eiga mjög hægt um að ríða til þings og fylla áhorfendapalla eða láta með öðrum hætti álit sitt í ljós. En ég er alveg sannfærður um að margan bóndann mun langa til þess að koma hingað til höfuðstaðarins og segja nokkur vel valin orð við hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. ef það á að berja þetta frv. hér í gegn á yfirstandandi þingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja örfá orð um þetta frv. hér við 1. umr. Hér er ekkert smámál á ferðinni. Hér er um stórmál að ræða fyrir íslenskan landbúnað og í raun og veru íslenskt þjóðfélag, frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Hæstv. landbrh. lét þess getið að ekki væri vanþörf á því að endurskoða þessi lög. Það er rétt. Lögin eru að stofni til frá 1947 og hafa gilt að meginefni til fram á þennan dag. Að vísu hafa verið gerðar á þeim nokkrar veigamiklar breytingar, aðallega tvær, frá því um 1960 og síðan 1979, þegar nokkur stjórn var tekin upp á búvöruframleiðslunni.

Ég verð að játa það að ég hef ekki kynnt mér þetta frv. nákvæmlega. Þó hef ég fylgst dálítið með undirbúningi þess. Ég hygg, miðað við stærð þessa málefnis, að þetta sé nokkuð snöggsoðið. Ég efast ekki um að þeir menn, sem að þessu frv. hafa unnið, hafi starfað af samviskusemi og vandvirkni. Þeir eru taldir upp á bls. 16 í upphafi grg. Það eru ágætir menn sem bera skyn á þessi mál. En það þarf dálítið meira til að koma. Ég er ansi hræddur um að þetta frv. hafi ekki verið kynnt eins vel og í raun og veru þarf fyrir bændastéttinni og þeim mönnum sem við það eiga að búa.

Landbúnaðurinn og bændastéttin hafa átt undir högg að sækja á undanförnum árum. Bændur hafa orðið að þola tíðar árásir úr ýmsum áttum. Það hafa margir talið sig hafa efni á því að kasta steini að þeim. Þeir hafa þó yfirleitt ekki svarað fyrir sig að neinu ráði nema með því að viðurkenna að þetta vandamál er nokkuð stórt. Ég tel að bændur hafi viðurkennt það bæði í orði og verki, ekki síst á þann hátt að vinna af heilum hug að því að takmarka landbúnaðarframleiðsluna. Það er rétt, sem síðasti ræðumaður gat um, hv. 4. þm. Norðurl. e., að á skömmum tíma hafa bændur t. d. fækkað fé sínu úr 900 þús. niður í 700 þús. Og haft í frammi fleiri tilraunir til þess að draga úr landbúnaðarframleiðslunni. Þess vegna tel ég að þetta mál þurfi að athugast mjög gaumgæfilega.

Það er sagt að í þessu frv. sé mikið vald flutt til ráðh. sem hefur verið dreift áður. Við höfum misjafna reynslu af þeirri stefnu, satt að segja, þó að margir góðir menn hafi fyrr og síðar setið í ráðherrastól.

Mig hefur nokkuð undrað hvað forsvarsmenn bænda á hv. Alþingi hafa tekið létt á því máli að draga stórlega úr útflutningsbótum á skömmum tíma, miðað við það hvað þetta var mikil trygging fyrir alla bændastéttina þegar ákvæði um þetta efni voru sett í lög. Á sama hátt undrast ég hvað margir menn hafa ánetjast þeirri stefnu að draga úr, jafnvel fella allar niðurgreiðslur niður á fáum árum eða skömmum tíma. Það er

þó mála sannast að niðurgreiðslur hafa oft komið að miklum notum, bæði framleiðendum og neytendum. Nú, það er rétt að við verðum auðvitað að horfa til þeirrar áttar að takmarka framleiðslu okkar við innanlandsmarkað. En við megum samt ekki loka þeim dyrum sem hægt er að horfa út um til annarra átta.

Ég efast um að ég hafi efni á því að gagnrýna þetta frv. mikið meira lið fyrir lið á þessu stigi. Ég mun að sjálfsögðu athuga það gaumgæfilega á þann hátt sem ég hef framast tök á á þeim skamma tíma sem meðferð þess á að taka. Ég mun athuga m. a. hvort það samræmist þeirri byggðastefnu sem ég hef reynt að hafa fyrir augum á undanförnum árum, hvort það miðar í rétta átt hvað byggðaþróun í landinu varðar. Ef ég kemst að raun um að þetta frv., skoðað frá ýmsum hliðum horfi íslenskri bændastétt og íslenskum landbúnaði til heilla, þá mun ég styðja það, en ekki nema ég sannfærist um þessi atriði við nánari kynni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ímyndum okkur að þetta frv. til laga fjallaði ekki um landbúnaðarmál, heldur heildverslun. Gerðum síðan ráð fyrir því að helstu heildsalar sem sæti ættu á Alþingi Íslendinga væru skipaðir í nefnd til að semja lögin. Heildsalarnir meðal þingmannanna ynnu lengi og kappsamlega að lögunum og á ársþingi heildsala yrði frv. lagt fram og settar fram ýmsar ábendingar og gagnrýni um að ekki væri nægilega vel haldið á málum heildsala, en síðan gerðist það nú að lokum að hæstv. heildverslunarráðherra sýndi Alþingi þá virðingu að leggja málið fram á Alþingi degi áður en umr. hefjast, eftir að stórvesíraráð heildsalafélagsins er búið að fjalla um þetta rækilega fyrir hönd heildsala til að tryggja hagsmuni þeirra. Ef við í staðinn fyrir orðin „bændur" eða „vinnslustöðvar" settum orðin „heildsalar" eða „samtök heildsala", þá er ég hræddur um að það mundi lyftast brúnin á mörgum hv. alþm. Tilgangur frv. væri sem sé sá að tryggja að heildsalar tækju enga áhættu í sínum atvinnurekstri; ef heildsölum þætti það verð sem þeir fá fyrir sína vöru og þjónustu ekki nóg væri það leitt í lög að ríkið, þ. e. skattgreiðendur, neytendur, viðskiptavinir heildsala, skyldu tryggja heildsölunum hærra verð og sér í lagi að ef heildsalar í útflutningi fengju ekki nægilegt verð erlendis skyldi það tryggt að heildsölum yrði bætt það í formi verðlagsbóta eða hækkaðra umboðslauna eða heimildar til að þurfa ekki að skila umboðslaunum, sem þeir taka erlendis, til landsins. Þá færi nú að kárna gamanið. Þá er ég hræddur um að það færi meira en að lyftast brúnin á einhverjum hv. alþm. Þá er ég hræddur um að það yrðu nokkurn veginn flestir á einu máli um að þetta mál væri eitt samfellt endemis hneyksli, sem það er og sem það væri.

Vinnubrögð landbúnaðarkerfisins í þessu máli eru hneyksli. Virðingarleysi fyrir löggjafarsamkomunni er hneyksli. — Við gætum svo sem í staðinn fyrir orðin „heildverslun" eða „samtökum heildsala" sett hvert annað það apparat sem okkur þóknaðist að láta okkur detta í hug. Við gætum sagt að þetta væri frv. til laga um olíuverslun eða um tryggingastarfsemi. Ef við settum sem sé „olíufurstar" eða „tryggingafélagaforstjórar" á réttan stað í frv. gæti það orðið til þess að opna augu manna talsvert.

Þetta frv. táknar enga stefnubreytingu. Þetta er dæmigert framhald óbreyttrar landbúnaðarstefnu með smávægilegum breytingum. Þetta er innsiglun á áframhaldandi ríkisforsjárpólitík, algerlega í blóra við margyfirlýsta stefnu stærsta stjórnarflokksins. Það vekur athygli t. d. að í þeirri nefnd sem er sögð hafa tekið þetta saman með aðstoð kerfisins átti upphaflega sæti formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, en lét af störfum og í hans stað kom hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson. Aðrir sem í nefndinni eiga sæti, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson og Þórarinn Sigurjónsson, eru bændur og tilheyra því framsóknarkerfi sem farið hefur með mál bændastéttarinnar áratugum saman í umboði framsóknarmanna í að minnsta kosti tveimur ef ekki þremur flokkum.

Það er mörgum undrunarefni hversu miklir snillingar við virðumst vera í því að gera einfalda hluti flókna, að spinna lagavef eins og þennan sem er annars öðrum þræði frómar hugleiðingar, moðsuða, óframkvæmanleg meira og minna, blaðsíðu eftir blaðsíðu eftir blaðsíðu, án þess að þarna sé nokkur raunverulegur rökréttur þráður af hagfræðilegri hugsun og er þó verið að fjalla þarna um málefni heils atvinnuvegar. Hverjir eru bændur? Bændur eru atvinnurekendur. Sem slíkir þurfa þeir að taka talsverða áhættu því að landbúnaður er áhættuatvinnurekstur. Þeir eiga sitt mikið til undir forsjóninni, undir veðri og náttúruskilyrðum. Þeir hafa vöru að selja. Stærsta og þýðingarmesta mál fyrir bændur er að tilkostnaður þeirrar framleiðslu sé sem minnstur. Landbúnaðarframleiðsla fer ekki fram án þess að einhverjir séu neytendur. Hverjir eru hagsmunir neytenda? Þeir eru að verðlag á þessum afurðum sé sem lægst. Hvaða leiðir eru best færar til þess? Að draga úr tilkostnaði og tryggja sem lægst verð. Hefur einhverri hugsun verið eytt að því hjá frumvarpssmiðunum þessum?

Í 1. gr. eru settar fram ýmsar hugleiðingar um markmið. Eitt markmiðið er að tryggja hagkvæmni í búvöruframleiðslu. Þetta frv. gengur allt út á það að auka óhagkvæmni í búvöruframleiðslu. Eitt markmiðið á að vera að tryggja nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Nægjanlegt vöruframboð í landi þar sem offramleiðsla landbúnaðarvara er búin að vera viðvarandi ástand í áratugi! Auðvitað gerir þetta frv. ekkert í þá átt að tryggja vöruframboð við breytilegar aðstæður. Auðvitað sveiflast það til og frá. Að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis. Hverjir eru sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis? Einn hv. þm. var hér áðan að tala um traustasta markað okkar fyrir lambakjöt erlendis. Hvar skyldi hann nú fyrirfinnast í veröldinni, traustasti markaðurinn? Síðan segir hér: Eitt markmiðið á að vera að stuðla að jöfnuði á milli framleiðslu í hverri búgrein. Það gengur auðvitað þvert á hin yfirlýstu markmið. Hvar er hagkvæmast að framleiða mjólk? Er það ekki í sem mestu nábýli við þéttbýlisstaði? Hvar er hagkvæmast að framleiða kjöt? Er það ekki þar sem beitarland er hvað best? (**Gripið fram í:** Í Ketildalahreppi.) T. d. já, í Ketildalahreppi. Ætli bændum sé þetta ekki ljóst sjálfum? Hvers vegna þá að koma á heilu kerfi til að koma í veg fyrir að bændur lagi sig að slíkum aðstæðum? Hvað eiga menn við með framleiðslustjórnun, verðmiðlun og allri þessari íhlutun? Dettur mönnum virkilega í hug að allt þetta fjölmenna viðamikla bákn valdi þessum verkefnum þó að markmiðin séu fróm? Auðvitað ekki. Allt er þetta bákn til þess fyrst og fremst að auka óhagkvæmni, auka

tilkostnað og gera landbúnaðarframleiðsluna dýrari.

Þau vandamál sem við er að fást í landbúnaði eru mörg, en það mætti kannske setja þau fram með þessum hætti: Íslensk landbúnaðarframleiðsla er dýr og eitt aðalvandamálið er að draga úr tilkostnaði við hana. Ágætur bóndi á Suðurlandi sagði mér nýlega frá því að búið velti um 3 millj. kr. Þetta er aðallega mjólkurbú. Hann ver 1 millj. kr. í fóðurkaup. Hann kaupir kjarnfóður fyrir 1 millj. kr. til þess að framleiða mjólk. Hluti af þeirri mjólk telst vera offramleiðsla, er notuð til að framleiða osta, flutt síðan út til New York og sá útflutningur styrktur stórlega. Þessi bóndi sagði: Ef við þurfum einhverja ráðgjöf öðru fremur er hún fyrst og fremst um hvaða leiðir við eigum að fara til að draga úr okkar framleiðslukostnaði. — Ég er hræddur um að hann fái litla ráðgjöf hér.

Í annan stað er eitt vandamál í íslenskum landbúnaði viðvarandi og það er offramleiðsla í hefðbundnum greinum. Menn hafa haldið að unnt væri að leysa það með útflutningi. Hins vegar hefur ekkert verið gert til þess að leysa það vandamál eftir skynsamlegum og hagkvæmum leiðum, enda að mjög takmörkuðu leyti á okkar færi. Ástæðurnar eru nefnilega þær að markaðslöndin í kringum okkur, þar sem við eigum að geta gert okkur vonir um að geta selt þessa vöru, niðurgreiða landbúnaðarafurðir í svo stórum stíl að það er borin von að dýr landbúnaðarframleiðsla hér, m. a. með miklum erlendum tilkostnaði, verði samkeppnishæf á þeim mörkuðum. Í ríkjum Efnahagsbandalagsins eru mjólkurstöðuvötn, vínstöðuvötn, kjötfjöll, smjörfjöll. Níutíu prósent af sameiginlegri fjárhagsáætlun Efnahagsbandalagsins fara í niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum. Það er reyndar samræmd stefna iðnríkjanna að reyna að halda verði á landbúnaðarvörum niðri og kostnaðurinn er auðvitað borinn uppi af iðnaðarframleiðslunni. Niðurstaðan að því er varðar vanþróaðar þjóðir, framleiðendur matvæla og hráefna, er auðvitað að þetta verður til þess að breyta viðskiptakjörum þeim í óhag, bitnar m. a. á okkur á fiskmörkuðum heimsins.

Nú höfum við af því áratuga reynslu að ríkið segir við bændur: Við ætlum að tryggja ykkur verð á framleiðslunni, hver sem hún er, hversu mikil sem hún er, hversu langt umfram innanlandsþarfir hún er. Að vísu er það ekki tryggt með einu og sama verðinu. Það eru afbrigði í því. Þetta er auðvitað stórlega framleiðsluhvetjandi. Síðan kemur að því að það á að flytja þessar vörur út til þeirra landa þar sem samsvarandi vörur fást á stórlega niðurgreiddu verði með þeim afleiðingum að verðið sem við fáum fyrir þessar afurðir er brotabrot af framleiðslukostnaði. Þá gerum við það auðvitað með þeim hætti að ríkið stendur við sína tryggingu. Og hvað er þetta ríki? Það eru skattgreiðendur, neytendur í landinu. Og að þetta vandamál skuli hafa verið í 20 ár og að það skuli hafa verið talið gagnrýnisvert að eyða að því orðum er alveg makalaust. Hér er enn gert ráð fyrir því að halda þessu áfram. Til ársins 1990 eða meir.

Það er svo saga út af fyrir sig hvernig staðið er að þessum útflutningi. Sérfróðir menn í matvælaiðnaði telja ekki útilokað að sitthvað sé hægt að gera til þess að fá takmarkaðan markað fyrir einstaka gæðavöru ef hún er framleidd skv. ýtrustu kúnstum matvælaiðnaðar, þ. e. máltíðaframleiðsla í þar til gerðum neytendapakkningum. En hin venjulega regla hefur verið sú að flytja þetta í skrokkum í grisjupokum vegna þess að útflytjandinn, stóri bróðir SÍS, hefur ekki hinna minnstu hagsmuna að gæta í því að tryggja betra verð á sérmörkuðum. Hann fær allt sitt á þurru gegnum ríkið frá skattgreiðendum með umboðslaunum sem hlutfall af tilbúnu innlendu heildsöluverði án tillits til kostnaðar. Og áfram má halda með það.

Þriðja atriðið sem hefur orðið að sívaxandi vandamáli í íslenskum landbúnaði er að kerfið sem tekur við afurð bóndans, flutningakerfið, vinnslukerfið, sláturhús, framleiðslukerfið, dreifingarkerfið, sölukerfið, er orðið gífurlega viðamikið bákn og feikilega dýrt. Þetta bákn er orðið að þungri byrði á herðum bænda sjálfra og að sjálfsögðu neytenda líka. Reyndar má segja að allt þetta kerfi, sem hér er búið að vera að byggja upp og fær svolitla andlitslyftingu í þessu frv., er bæði bændum sem framleiðendum og neytendum orðið að þungbærri byrði. Bæði bændur og neytendur eru fórnarlömb þessa kerfis, enda er svo komið að bændur eru farnir að stofna sérstök samtök, mjólkurbændur sunnanlands og sauðfjárbændur norðanlands, til að verja hagsmuni sína gagnvart þessu kerfi. Og hvað er nú verið að gera til að draga úr kostnaði milliliðakerfisins skv. þessu? Ekki neitt. Það er verið að tryggja hagsmuni milliliðakerfisins sem áfram á auðvitað að hafa allt sitt á þurru.

Framleiðslustjórnun. Hver er nú hugsunin í því? Annars vegar er augljóst mál að þessi ríkistrygging, þ. e. sú trygging skattgreiðenda að kaupa á tilteknu verði alla framleiðslu, hversu mikil sem hún verður umfram innanlandsþarfir, er framleiðsluhvetjandi. Niðurgreiðslur á vöruverði, af því að landbúnaðarframleiðsla er dýr og hefur verið gerð enn þá dýrari með þessari hagstjórn og framsóknarheimspeki, eru auðvitað framleiðsluhvetjandi. Útflutningsbætur, sem eru partur af þessari ríkistryggingu, eru auðvitað framleiðsluhvetjandi. Allt hefur þetta kerfi verið við lýði á sama tíma og menn hafa öðru hverju rokið upp til handa og fóta og harmað of mikla framleiðslu og of mikinn tilkostnað.

Svo er loksins komið til bóndans og sagt: Nei, kæri minn. Framleiðslan er of mikil. Nú verður þú að draga úr framleiðslunni. Og þá er auðvitað gripið til hinnar rökréttu niðurstöðu þessarar framsóknarheimspeki sem er kvótakerfið. Þá er sagt við bóndann: Þú verður að takmarka þína framleiðslu. Og gengur þá jafnt yfir hinar hefðbundnu greinar. Hver er nú rökvísin í þessu? Til eru þeir bændur sem sitja á grónum jörðum og hafa afskrifað sína fjárfestingu. Aukin framleiðsla á slíkum búum getur verið hagkvæm, leitt til lækkunar á tilkostnaði. Aðrir eru þeir bændur sem standa í miklum fjárfestingum, eiga eftir að nýta þær að fullu, þ. e. aukin framleiðsla yrði til þess að létta þeim byrðarnar og auka hagkvæmni. Bændurnir sem sitja á hinum grónu búum gætu kannske borið afleiðingarnar af kvótunum, en hinir, sem bera mikinn framleiðslukostnað og fá ekki að nýta þessa fjárfestingu, bera af því verulegan skaða. Ég hygg að það sé að verða rétt að tekjubilið innbyrðis innan bændastéttarinnar sé orðið geysilega áberandi. Það mun vera rétt sem hv. fyrrv. þm. Björn á Löngumýri hefur sagt. Sem betur fer er að finna í bændastéttinni ýmsa vellauðuga menn á íslenskan mælikvarða, praktuglega efnaða menn, en það er líka að finna meðal íslenskra bænda menn sem eru bókstaflega sokknir í skuldafen og þetta ofstýringarhelsi

kerfisins og eru raunverulega þar eins og fiskar í neti. Það er svo sem gjarnan verið að reyna að herða möskvana á þeim. Með annarri hendinni eru bændur hvattir til að auka framleiðslu, með hinni hendinni eru þeim refsað fyrir fjárfestingu og settar á þá framleiðslu-hömlur sem þýðir auðvitað að greiðslubyrði þeirra af fjármagnskostnaði er að verða óbærileg.

Þetta er ekki skilmerkileg landbúnaðarstefna. Ég skal taka það fram að þm. hefur ekki gefist mikill kostur á að lesa þetta plagg, sem þeir fengu í miðjum umr. í gær, en við fljótlegan yfirlestur virðist augljóst að sú hv. nefnd sem þetta plagg hefur samið hafi eytt litlum tíma í að hugsa vandamálið út frá þessum sjónarhóli, spyrja sig þessarar einföldu spurningar: Hvað á að gera til að draga úr tilkostnaði, hvað á að gera til að draga úr kostnaði við milliliða- og vinnslu- og dreifingar- og sölukerfið, hvað á að gera til að draga úr þeim mikla tilkostnaði sem lendir á neytendum, skattgreiðendum?

Ég held að stærsta hagsmunamál bænda á Íslandi í dag sé það að létta af þeim þeirri ofurþungu byrði þessa kerfis sem nú hvílir á þeim eins og mara. Ef bændur fengju ráðrúm til að bjóða sína vöru, ef bændur hefðu raunverulega tök á þessu milliliðakerfi, þ. e. fyrst og fremst á vinnslukerfinu, dreifingar- og sölukerfinu, og þeir hefðu tök á því að koma sinni vöru á markað milliliðalaust án allra reglugerða og hvers kyns aðgerða sem gera þeim þetta erfitt, banna þeim þetta, þá væru þeir mun betur settir en sem niðursetningar þessa kerfis.

Hvernig á verðmyndunarkerfið að vera í landbúnaði? Sexmannanefndarkerfi og síðan verðmiðlunarkerfi í fimm manna nefndum? Það hefur vakið athygli bænda að á sama tíma og hluti bændastéttarinnar er í helsi kvótans og fær sig hvergi hrært horfa þeir upp á það að það eru nánast engar hömlur á getu vinnslukerfisins til fjárfestingar. Þar hefur verið mjög mikil fjárfesting, *mikið um nýbyggingar og fjárfestingu í vélum og* tækjum. Hvernig er þessi fjárfesting borin uppi? Það vakti athygli á sínum tíma að þetta kerfi virtist hafa til þess fjárhagslega burði að fjárfesta og byggja fyrir fé sem tekið var út úr rekstri og þurfti lítið að leita til fjárfestingarlánasjóða eða banka. Auðvitað er hægt að nefna önnur dæmi. Auðvitað hefur verið tekið mikið af fjárfestingarlánum. Hvaða kostnaðarhugtak er til í þessum rekstri? Hvaða hvati er til þess að beina fjárfestingunni á skynsamlegar brautir eða halda niðri tilkostnaði í þessu kerfi? Hann er enginn. Hann er þvert á móti alveg eins og hjá olíufélögunum sem leggja sína reikninga bara á borð ráðamanna og segja: Þetta kostar það. — Forsjármenn þessa kerfis hafa beinna hagsmuna að gæta að koma þessum kostnaði sem mestum út í verðið og enginn hefur nein tök til þess að gæta almannahagsmuna, gagnrýna þetta, fara þarna ofan í saumana eða tryggja með öðrum hætti að þetta sé innan eðlilegra marka.

Það er ekki nema eitt ráð til að lagfæra þetta og það er að bændur fái aukið vald yfir sínum málefnum sjálfir, að þeir nái tökum á vinnslustöðvunum. Það er ekki nægjanlegt að segja að þeir hafi það núna að forminu til. Þeir hafa það ekki í reynd. Ef um ætti að vera að ræða samninga milli ríkisvalds og bænda ætti það að vera um verðlagningu á fullunnum landbúnaðarafurðum þar sem bændur hefðu beinna hagsmuna að gæta í því að allur tilkostnaður við framleiðsluna, eftir að þeir láta frumhráefnið af hendi, sé í lágmarki. Að öðru leyti er reyndar engin sérstök ástæða til þess að ætla að það sé á valdi ríkisins að tryggja að þarna sé haldið uppi einhverju tilteknu verði. Bændur gætu að sjálfsögðu samið beint við dreifingar- og söluaðila og losað sig þar við gífurlegan milliliðakostnað kerfis sem hvílir á þeim eins og mara.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég þarf ekki að taka það fram að ég er hissa á þessu frv. Þetta frv. er nákvæmlega eins og við var að búast. Þarna koma menn saman, sem eru hagvanir hirðmenn þessa kerfis, til þess fyrst og fremst að gæta hagsmuna kerfisins. Hér talaði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., í gær um óskylt mál. Þá var honum mikið niðri fyrir þegar hann sagði að ósæmilegt væri með öllu að einstakir þm., sem hefðu beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta af einhverju máli, væru um það að fjalla og greiða því atkv. og það væri lágmarkskrafa að þeir sætu hjá í slíkum málum. Þetta á að heita að vera algild vinnuregla í bandarísku stjórnkerfi, ekki bara að því er varðar þing heldur það þegar menn taka að sér störf hjá framkvæmdavaldinu. Þá verða menn a. m. k. að gera grein fyrir fjárreiðum sínum sem og því að þeir hafi engra beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta í stjórnarstörfum. Af því tilefni er kannske ástæða til að minna enn á að þeir sem a. m. k. að nafni til eru höfundar þessa frv. hafa sjálfir verulegra hagsmuna að gæta. Sama máli skilst mér að gegni um hæstv. landbrh. Nú spyr ég: Taka þessir máttarstólpar framsóknarheimspekinnar mark á hv. 5. þm. Vestf.? Telja þeir að það sé eðlileg krafa, fram borin af hv. 5. þm. Vestf., að þeir sjái sóma sinn í því að sitja a. m. k. hjá við afgreiðslu þessa máls og láta þá öðrum eftir að útkljá það að svo miklu leyti sem um beina fjárhagslega hagsmuni þeirra er að ræða?

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja að sinni. Það er ekki við því að búast að hægt sé að fara ofan í saumana á þessu í smáatriðum við 1. umr. þegar sett er fram jafnítarlegt mál. Það hefur verið í umfjöllun vikum, mánuðum og misserum saman utan Alþingis, en alþm. er sýnd sú virðing að ræða þetta mál eftir að þeir hafa fengið tækifæri til að renna yfir það augum eina kvöldstund. Hitt er svo annað mál að augljóslega þarf þetta mál að fá mjög rækilega og ítarlega umfjöllun í landbn. þingsins. Það er augljóst að þetta mál þarf að senda samkv. venju og hefð til umsagnar fjölmargra fulltrúa neytenda. Reyndar væri ekki óeðlilegt að senda það beint til nýstofnaðra samtaka bænda, þ. e. sauðfjárbænda og kúabænda, og reyndar ýmissa annarra aðila svo sem eins og þeirra fáu framleiðenda sem eru utan hins hefðbundna landbúnaðarkerfis og á ég þá við framleiðendur eggja, alifugla og svína. Sjálfsagt mál er að senda þetta neytendasamtökum. Sjálfsagt mál er að senda þetta til umsagnar til Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hugsanlega Verkamannasambands Íslands. Og af því að hér er mikið fjallað um verslun og viðskipti með landbúnaðarafurðir er auðvitað sjálfsagt að senda þetta til rækilegrar umfjöllunar til Verslunarráðs Íslands sem telur sig vera háborð einkaframtaksins og reyndar hagdeild Sjálfstfl. þegar kemur að því að gera tillögur um hvernig megi draga úr bákninu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl.

e. hefur gert grein fyrir ýmsum atriðum varðandi þetta frv. í samræmi við stefnu og skoðanir Alþb. og hefur reyndar lagt á það aðaláherslu að hér sé um að ræða svo stórt og viðamikið mál að eðlilegt sé að bændur eigi kost á því að meta þetta mál sumarlangt og að þingflokkarnir fái aðstöðu til að tilnefna fulltrúa í nefnd til að fara yfir málið núna í sumar.

Hér er að mörgu leyti komið að vissum grundvallarþáttum í okkar stjórnkerfi. Ég er ekki sammála hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni um að það sé eitthvað óeðlilegt að hagsmunaaðilar eins og bændur séu kallaðir til í máli af þessu tagi. Ég tel það þvert á móti sjálfsagt að bændasamtökin fái með eðlilegum hætti að fjalla um þessi mál, þau fái með eðlilegum hætti að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og að hinir einstöku bændur, sem eiga hér mikið í húfi, fái möguleika til þess að koma á framfæri sínum athugasemdum. Hér er um að ræða grundvallarlöggjöf sem snertir svo að segja öll starfsskilyrði heillar stéttar, bændastéttarinnar í landinu. Ég tel þess vegna að það sé beint virðingarleysi og tillitsleysi ef Alþingi fer að afgreiða þetta frv. á handahlaupum á síðustu dögum þingsins á sama tíma og ríkisstj. er með kröfur um að afgreiddur sé mikill fjöldi stórra lagafrv. án þess að það sé nokkur mynd á því.

Hæstv. forseti Nd. mælti fyrir nokkrum dögum fyrir frv. til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis og lagði á það mikla áherslu að það yrði reynt að haga hlutum þannig að vegur Alþingis yrði sem mestur í augum þjóðarinnar sem á að búa við þá löggjöf sem hér er átt við. Ég held að það sé ekki til að auka veg Alþingis að hespa í gegnum þingið löggjöf eins og þessu frv. um framleiðslu landbúnaðarafurða á fáeinum dögum. Ég mótmæli þeim vinnubrögðum og tek undir tillögu hv. 4. þm. Norðurl. e. um að afgreiðslu þessa máls verði frestað, það verði kosin þingnefnd með fulltrúum úr öllum flokkum til að fjalla um þetta mál í sumar og tíminn verði líka notaður til að gefa bændum kost á því að fara yfir málið með eðlilegum hætti.

Í raun og veru má segja að Stéttarsambandi bænda hafi í þessu máli verið stillt upp við vegg á aukafundi þess fyrir nokkrum dögum. Frv. var mjög seint fram komið og í rauninni, án þess að stéttarsambandsfulltrúum hefði gefist kostur á því að lesa málið rækilega, neyddist Stéttarsambandið til þess, eða þessi aukafundur þess að taka afstöðu til frv. eins og það þá lá fyrir. Ég held að þetta séu algerlega óeðlileg vinnubrögð og vil gagnrýna þau mjög harðlega.

Mér hefur borist til eyrna að hæstv. landbrh. hafi tekið um það ákvörðun að senda öllum bændum í landinu þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða tíma ætlar hann bændum til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri við þennan bálk? Eitt er nú það að ætla þm. að flýta sér við að afgreiða mál, en að ætla bændum að fara yfir þennan lagabálk á nokkrum dögum, gera athugasemdir við einstakar greinar og koma þeim frá sér til löggjafans, það er virðingarleysi og tillitsleysi við bændastéttina í landinu. Á sama tíma og vorannir eru hvað mestar eru þetta algerlega fráleit vinnubrögð. Og ég veit að hæstv. landbrh. þekkir svo vel til starfa í sveitum að hann skilur undir eins hvað það er fráleitt að ætlast til þess að bændur geti skoðað þetta mál núna einmitt á þessum dögum þegar annirnar eru hvað mestar í sveitum landsins.

Ég vil taka það fram, herra forseti, varðandi efnisatriði þessa frv. að ég læt mér ekki nægja að gera almennar pólitískar athugasemdir við þetta, með svipuðum hætti og hv. 5. þm. Reykv. gerði. Það er mjög auðvelt að tæta niður mál eins og þetta, t. d. með því að gagnrýna þær miklu upphæðir sem fara í útflutningsbætur, gagnrýna þær upphæðir sem fara í niðurgreiðslur og gagnrýna þann kostnað sem fylgir framleiðslu landbúnaðarafurða í þessu þjóðfélagi, en það er útilokað fyrir alþm., sem ætlar að taka á þessu máli af einhverri alvöru, að tala með þeim hætti einum að rífa slíkt mál niður með almennum hætti. Hann verður fyrst og fremst að benda á efnisatriði í málinu sjálfu sem hér liggur fyrir. Ég verð hins vegar að segja að þær almennu pólitísku athugasemdir sem hv. 5. þm. Reykv. gerði við þetta frv. voru mér margar hverjar ekki að skapi, t. d. þær að vísa landbúnaðarvörunum á algerlega óheftan markað, gersamlega tillitslausan óheftan markað. Það er stefna sem ég get ekki tekið undir. Ég held að það væri fráleitt miðað við núverandi aðstæður og mundi stefna byggð í landinu í enn þá meiri hættu en þegar er gert.

Það er margt sem vantar í þetta frv. Í því eru engin ákvæði varðandi niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum. Niðurgreiðslur hafa ekki um mjög langt árabil verið eins lágt hlutfall af landbúnaðarafurðum og þær eru núna. Niðurgreiðslur eru með vissum hætti nátengdar landbúnaðarmálum, hafa áhrif á sölu landbúnaðarafurða þó að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum séu vissulega hagsmunamál neytenda, hagsmunamál launamanna og þar með kjaramál að mínu mati. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að halda ákveðnum niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og ég mótmæli mjög harðlega þeirri markaðshyggju, sem birtist m. a. í stefnu núv. ríkisstj. og landbrh. í þessum efnum, þar sem verið er að keyra niðurgreiðslurnar niður eins mikið og gert hefur verið. Ég er andvígur því að draga þannig úr niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum vegna þess að niðurgreiðslur eru kjaramál líka og skipta afkomu fólksins í bæjunum mjög miklu. Þetta er ekki síst alvarlegt á sama tíma og fyrir Ed. Alþingis liggur frv. til l. um 20% hækkun landbúnaðarafurða. Það liggur fyrir Ed. Alþingis frv. um að hækka landbúnaðarafurðir á almennum markaði um ⅕. Þetta er frv. um virðisaukaskatt. Ég verð að segja að á sama tíma og slíkt frv. liggur hér fyrir og ríkisstj. virðist ætla að keyra það frv. í gegnum þingið er algerlega fráleitt að taka á málum varðandi framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum öðruvísi en að niðurgreiðslumálin séu rædd sérstaklega líka.

En það er fleira sem vantar inn í þessa umræðu af hálfu hæstv. ríkisstj. Það alvarlegasta sem snýr að landbúnaðinum í dag er rekstrarvandi landbúnaðarins, rekstrarvandi búanna. Það er með engum hætti gerð tilraun til að taka á rekstrarvanda einstakra búa í þessu frv. Engar tilraunir eru gerðar til að meta hvaða hættu það getur haft í för með sér fyrir þjóðina ef það verður saumað að landbúnaðinum áfram eins og gert hefur verið undanfarið.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að það hefur þegar átt sér stað stórfelldur samdráttur í framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Bændur hafa tekið á sig mjög verulega kjaraskerðingu.

Í fyrsta lagi er landbúnaðarframleiðsla takmörkuð

með kvótakerfi.

Í öðru lagi er landbúnaðarframleiðsla takmörkuð með kjarnfóðurskatti. Ég tel að það hafi að mörgu leyti verið ein skynsamlegasta ákvörðunin sem tekin hefur verið til að takmarka landbúnaðarframleiðslu, en það verður auðvitað að gera.

Í þriðja lagi hefur landbúnaðurinn eins og aðrir, og kannske meira en aðrir, fengið á sig þá hroðalegu vaxtaholskeflu sem hefur gengið yfir að undanförnu. Ég hefði gaman af því að fá það metið af hæstv. landbrh. hvaða áhrif vaxtapólitík núv. ríkisstj. hefur haft á landbúnaðinn og bændastéttina og kjör hennar. Ég er viss um að það eru fáir hópar í landinu fyrir utan húsbyggjendur eins illa settir vegna þessarar vaxtastefnu og bændur eru. Það væri gaman að spyrja og ég spyr hæstv. landbrh.: Veit hann hve mikið raunveruleg vaxtaútgjöld bændabýlanna í landinu hafa aukist við þær vaxtahækkanir sem hafa verið að ganga yfir að undanförnu? Ég er sannfærður um að þar er um að ræða stórkostlega fjármuni — fjármuni sem auðvitað eru teknir af því sem afgangs er í búinu, þ. e. af því sem bóndinn og fjölskylda hans hefur til að lifa af.

Í fjórða lagi er ljóst að á undanförnum árum hefur verið þannig tíðarfar að það hefur þrengt að landbúnaðinum frá því sem var fyrr.

Í fimmta lagi hefur svo komið hin almenna kjaraskerðing og að mörgu leyti er hún fullt eins tilfinnanleg þarna og annars staðar vegna þess að bændur verða að borga rekstrarvörur búa sinna að fullu og vexti áður en kemur til þess að þeir taka til sín það sem heitir laun eða launaliður bóndans.

Ég harma það þess vegna að hæstv. landbrh. skuli leggja þetta frv. fyrir með þeim hætti að hann gerir ekki sérstaka grein fyrir hinum rekstrarlega vanda landbúnaðarins og þá er ég fyrst og fremst að tala um rekstrarvandann hjá framleiðendunum sjálfum, þ. e. bændastéttinni í landinu.

Í þessu frv. eru vissulega ýmis tæknileg atriði sem vafalaust eru til nokkurra bóta.

Ég vil nefna tvennt sem lengi hefur verið á stefnuskrá okkar Alþb.-manna og við höfum lagt áherslu á við myndun þeirra ríkisstjórna sem við höfum tekið þátt í, bæði 1978 og 1980.

Annars vegar er hugmyndin um beina samninga við bændur. Það er viss tilraun gerð til þess að nálgast þá hugsun í frv. eins og það hér liggur fyrir og ég tel það jákvætt.

Hins vegar er hér opnað fyrir framleiðslukvóta eftir svæðum. Ég tel einnig að það sé jákvætt í löggjöf að opna fyrir þá hugmynd.

Aftur á móti eru hér nokkur atriði sem við hljótum að ræða sérstaklega og ítarlegar. Það er spurningin um það: Er hér verið að einfalda verðlagningarkerfi landbúnaðarafurða? Er víst að þetta kerfi, sem hér er gerð tillaga um, leiði til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum frá því sem er núna? Mitt svar við seinni spurningunni er nei. Ég held að færa megi nokkur rök að því að þessar tillögur eins og þær eru hér muni leiða af sér verðhækkun á landbúnaðarafurðum frá því sem nú er og ég vil færa nokkur rök fyrir máli mínu.

Hér er gert ráð fyrir því að verðlag á landbúnaðarafurðum sé ákveðið af þremur aðilum. Það er í fyrsta lagi verðlag til bænda sem er ákveðið af svokallaðri sexmannanefnd skv. 7. gr. frv. Þegar sexmannanefnd fjallar um verðlag til bænda á hún að leggja til grundvallar þetta, eins og segir í 8. gr.:

„Til ákvörðunar á verði búvöru til framleiðenda skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð" í þeim greinum sem þetta á við. Þá segir í 9. gr.:

„Verð búvöru til framleiðenda skal miðast við það að tekjur þeirra er landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta."

Hvað þýðir þetta og hvaða breyting er þetta frá núgildandi lögum? Ég skil það svo: Í núverandi lögum stendur að það eigi að taka mið af tekjuþróun iðnaðarmanna og verkamanna í ákveðnum hlutföllum. Nú er talað um „aðrar stéttir". Þá vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Hvernig er meiningin að skilgreina þetta? Hvað eru „aðrar stéttir" í þessu efni? Eru það verkamenn og iðnaðarmenn eins og nú er eða eru það fleiri sem þarna koma inn? Eins og þetta lítur út er ómögulegt að átta sig á því hvað þetta þýðir fyrir launin hjá bændum. Þýðir þetta þrengingu á viðmiðuninni, þýðir þetta lækkun á launum bóndans frá því sem verið hefur á undanförnum árum eða þýðir þetta e. t. v. einhverja hækkun?

Þetta er fyrsta stigið, þ. e. verðið til bóndans. Það er sexmannanefnd sem á að ákveða það. Síðan kemur önnur nefnd og hún á að ákveða heildsöluverð búvara. Fimmmannanefnd heitir hún, sú skepna. Fimmmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara. Þessi nefnd á að starfa eftir alveg ákveðnum reglum og hún á að taka tillit til rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara.

Hvaða breytingar hefur þetta í för með sér frá núverandi kerfi, hæstv. landbrh.? Mér er tjáð að talsmenn vinnslustöðva landbúnaðarins séu mjög á móti þessari aðferð. Hver eru þeirra rök og hver er þeirra gagnrýni í þessum efnum? Telja þeir sig missa spón úr aski sínum? Er verið að þrengja að vinnslustöðvum landbúnaðarins? Það getur verið nauðsynlegt og rétt að gera það. Eg er alveg sammála þeim mönnum sem halda því fram að þær hafi tekið til sín allt of mikla peninga. En er í rauninni verið að þrengja möguleika vinnslustöðva landbúnaðarins frá því sem verið hefur? Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um það og biðja hann að útskýra hvernig því háttar.

Þegar sexmannanefnd er búin að ákveða verðið til bóndans og fimmmannanefnd er búin að ákveða vinnsluverðið og heildsöluverðið kemur ein nefnd í viðbót. Það er verðlagsráð. Það á að ákveða smásöluverðið. Í staðinn fyrir það kerfi sem verið hefur eru það þrjár nefndir sem eiga að ákveða verðið á búvörunni. Ekki er þetta nú til einföldunar. Hér kemur fram sú þríburaárátta sem virðist vera hjá ríkisstj. þegar hún er að einfalda einhverja hluti. Þá verða minnst þrjú höfuð þar sem áður var eitt fyrir.

Og hvað gerir nú verðlagsráð eða verðlagsstjórn sem ákveður smásöluverðið á landbúnaðarafurðunum? Skv. lögum um verðlagsmál verður að ákveða álagningu hverrar vörutegundar þannig að hún standi undir sér sem slík. Það er ekki heimilt skv. verðlagslögunum að ákveða álagningu, t. d. á búvöru, mikið lægri og segja um leið: Aðrar vörur og álagning á aðrar vörur eiga að bera uppi hina lágu álagningu á búvörunni. Eins og þetta hefur verið í verslunum hafa búvörur haft lága

álagningu sem hefur verið borin uppi af öðrum vörum.

Niðurstaða mín er þess vegna sú, herra forseti, að þetta ákvæði muni þýða hækkun á smásöluverði í landbúnaði, hækkun á álagningu kaupmanna á búvörunni. Ég spyr hæstv. landbrh. hvort þetta sé ekki rétt ótvírætt, að þessi ákvæði hljóti eins og þau eru að hafa í för með sér hækkun.

Þetta var varðandi verðákvörðunina. Því næst vil ég koma að kaflanum um greiðslu afurðaverðs. Í VI. kafla frv. eru ákvæði um greiðslu afurðaverðs og þar er um það fjallað hvernig á að greiða afurðaverð til bænda. Nú hefur þetta oft dregist langtímum, misserum saman eins og menn þekkja og það hefur haft mikinn vanda í för með sér og m. a. orðið tilefni til langra umræðna hér á Alþingi. En sá vandi hefur alltaf verið sá: Hver á að borga? Hver á að borga flýtinguna á greiðslu afurðaverðsins? Hér er gerð tillaga um að fullnaðargreiðslu haustgrundvallarverðs fyrir sauðfjárafurðir verði lokið eigi síðar en 15. des. Það á að vera búið að greiða að fullu sauðfjárafurðir 15. des. Það er gott ef það tekst. En þá vil ég spyrja: Hvaðan eiga peningarnir að koma? Hvernig hugsa menn sér að brúa bilið frá núverandi kerfi þar sem uppgjör á sauðfjárafurðum dregst oft von úr viti og mjög langt fram á næsta ár? Hver á að borga þessa peninga? Hvar á að taka þá? Hver á að bera fjármagnskostnaðinn ef þetta er tekið að láni? Það er nauðsynlegt að hæstv. landbrh. geri grein fyrir því og svari um leið: Hvað kostar þetta? Hvað kostar þessi flýting á greiðslu verðs fyrir sauðfjárafurðir miðað við núverandi kerfi? Hvað mundi hún kosta á árinu 1985? Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa upplýsingar um þetta úr því að hann er að flytja slíkt frv. á Alþingi. Annað væri óábyrgt. Annars væri verið að veifa framan í menn hlutum sem ekkert er á bak við. Það er auðvitað óhæfa að standa þannig að málum. Ég væni hæstv. landbrh. ekki um slíkt.

Í VII. kafla þessa frv. er fjallað um stjórn búvöruframleiðslunnar og varðandi það hef ég eina spurningu til hæstv. landbrh. Það er varðandi 30. gr. c-lið þessa frv., en þar segir að ákveða megi framleiðslu búvara eftir svæðum. Síðan segir:

„Skal sú skipting miðuð við félagssvæði búnaðarsambandanna, en ráðh. er þó heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu, að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda."

Ég spyr hæstv. landbrh. að því hvort ekki sé alveg ljóst að það getur verið mjög erfitt að ákveða þetta eingöngu eftir búnaðarsamböndunum og svæðum þeirra. Og ég spyr hæstv. ráðh. að því: Hvaða aðra skiptingu er hann með í huga en búnaðarsamböndin sem slík? Ég held að það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar við þessa umr.

Í VIII. kafla þessa frv. er fjallað um aðlögun búvöruframleiðslunnar. Hér er átt við aðlögun búvöruframleiðslunnar að hinum innlenda markaði. Eins og þetta er núna á landbúnaðurinn 10% útflutningsbótarétt og hefur átt það síðan í ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. þegar Ingólfur Jónsson fór með landbúnaðarmál. Hér er gert ráð fyrir að lækka þennan rétt samtals — þegar maður tekur framleiðnisjóðinn með — í 9%. Það er að vísu 7%, 6%, 5% og 4% í útflutningsuppbæturnar, en síðan kemur framleiðnisjóðurinn á móti með 2%, 3%, 4% og 5%, þannig að heildarlækkunin á rétti landbúnaðarins í þessum efnum, ef þetta er lagt saman, er úr 10% í 9%, ef ég skil þetta rétt. Það er eðlilegt og sjálfsagt að setja sér einhver mörk í þessum efnum. En ég bendi á að þessi framleiðnisjóður landbúnaðarins kemur til með að fá alveg gífurlega fjármuni og skv. frv. er gert ráð fyrir því að hæstv. landbrh. eigi að úthluta þeim peningum einn. Þetta eru engar smáupphæðir sem verið er að tala um að láta landbrh. hafa.

Það er ekki nýtt að þeir sjálfstæðismenn treysti framsóknarráðherrunum. Það er það venjulega í þessu, a. m. k. þegar kemur að frv. á borð við þetta og frv. um þróunarfélag þar sem er verið að skella í þá mörg hundruð milljónum króna og enginn veit hvað á að gera við peningana. En hérna eiga litlar 250 millj. kr. úr ríkissjóði að ganga í þennan framleiðnisjóð landbúnaðarins og landbrh. á að ráðstafa þessum peningum aleinn. Ég segi, herra forseti: Ekki nokkur einasti ráðh. hefur aðra eins fjármuni handa á milli án þess að fjárveitingavaldið og Alþingi þurfi að koma þar nokkurs staðar nærri. Ég tel þetta fullkomna fjarstæðu að setja málið þannig upp. Ef þessi framleiðnisjóður landbúnaðarins verður til og ef við erum á annað borð að setja lagaramma um að marka þarna einhverja stefnu í landbúnaðarmálum teldi ég langeðlilegast að Alþingi kysi stjórn fyrir þennan sjóð og honum yrði beitt með markvissum hætti til að fullnægja hinni almennu stefnu sem reynt er að móta m. a. í þessu frv. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann telji ekki óeðlilegt að einn ráðh. fái slíkt vald, jafnvel þó að það sé hæstv. ráðh. sjálfur.

Ég hef, herra forseti, farið hér yfir örfá efnisatriði og ég ætlaði mér ekki að fara að halda hér mjög langa ræðu um þessi mál, enda hef ég ekki miklu við það að bæta sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um þetta. Ég vil aðeins segja þetta að lokum sem almennt sjónarmið mitt í sambandi við landbúnaðinn: Ég held að við þurfum að reyna að nálgast landbúnaðarvandann dálítið öðruvísi en yfirleitt hefur verið gert hérna. Við eigum að nálgast hann út frá auðlindinni, landinu sjálfu. Hvað getur það borið af framleiðslu? Ég held að við eigum að byrja á auðlindinni sjálfri og velta þessu fyrir okkur: Hvað getur hún gefið þjóðinni? Ekki að byrja á því að skoða markaðinn og framleiðsluna eins og hún er, heldur að reyna að nálgast þetta með alveg nýrri hugsun út frá auðlindinni, sem við höfum þarna, sem er landið sjálft sem við viljum skila betra til komandi kynslóða en ekki verra.

Ég tel að með þessu frv. og samþykktun Stéttarsambandsins í haust séu að mörgu leyti að eiga sér stað mjög afgerandi kaflaskipti í afstöðu Stéttarsambandsins sjálfs til landbúnaðarins og byggðastefnunnar. Ég tel að með þessu frv. sé mörkuð sú stefna að bændur segi sig frá byggðastefnunni. Bændur hafa tiltekna framleiðslu og semja um hana. Bændur munu auðvitað reyna að tryggja að ekki komist margir fleiri í þá framleiðslu til að tryggja að þeir hafi sem hæstar tekjur hver um sig. Ímyndum okkur svæði eins og Vestfirði, þar sem byggðir eru að fara í eyði, og það er ákveðinn framleiðslukvóti kominn fyrir tiltekið svæði, segjum Barðastrandarsýslu. Býli fer í eyði. Þá verður tilhneiging til að deila kvóta þess býlis niður á þá sem eftir eru og koma í veg fyrir að ný býli verði stofnuð. Þetta kalla ég hættuna á því að bændur segi sig frá því að bera kostnaðinn af byggðastefnunni sjálfir og einir og vísi honum þar með yfir á þjóðfélagið. Ég held að það sé mjög mikilvægt að

menn viðurkenni þessa grundvallarbreytingu. Ég óttast að svona kerfi geti haft það í för með sér að það verði sterk tilhneiging til þess í sumum sveitum að koma fólki burtu til að geta aukið við framleiðslu hjá þeim sem eftir eru. Ég held að sú tilhneiging geti haft mjög slæm félagsleg áhrif í þessum byggðarlögum og það er satt að segja ekki á það bætandi eins og það er víða.

Ég tel, herra forseti, að sú vaxtastefna sem hefur verið rekin af núverandi ríkisstj. stofni í hættu framleiðsluatvinnuvegum landsins, fjárhag húsbyggjenda og einstaklinga í stórum stíl. Ég er hins vegar alveg sannfærður um það varðandi landbúnaðinn að þessi vaxtastefna er stórkostlega hættuleg byggðaeyðingarstefna. Ég bið hv. þm. að svipast um í huga sér vestur á landi og vestur á fjörðum, virða fyrir sér byggðarlögin í Vestur-Barðastrandarsýslu, Barðaströnd, Rauðasand, Ketildalahrepp, Suðurfjarðahrepp, svo ég nefni dæmi, en sú byggð hangir á hálmstrái eins og er. Hér á hv. Alþingi hefur oft verið rætt mikið um byggðastefnu og sagt þar að byggðastefna eigi að felast í því að halda uppi lífvænlegri byggð og menn horfa þá gjarnan til þéttbýlisins. Ég held að það sé út af fyrir sig rétt að leggja áherslu á þéttbýlið. En ég óttast að byggðakeðjan sem gerir Ísland að því Íslandi sem það er og við viljum hafa það sé að slitna. Ég óttast að hún sé að slitna. Ég horfi á Vesturland, ég horfi á Vestfirði og það má nefna önnur svæði á landinu þar sem ég þekki síður til í þessu efni. Ég óttast að byggðakeðjan sé að slitna. Ég held þess vegna að það sé engin leið að taka á þessu frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum öðruvísi en að gera sér grein fyrir þeirri byggðaeyðingarhættu sem þarna blasir við.

Við erum með frv. til l. um Byggðastofnun til meðferðar í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Þar nálgast menn byggðamálin með mjög hefðbundnum hætti, miðað við það sem gerst hefur á liðnum árum, en þar er þó dregið úr áherslu á byggðastefnu. En þar er hvergi komið inn á þá hættu fyrir þjóðfélagið og þjóðina alla að þessar byggðir séu í stórum stíl að fara í eyði. Ég tel að það sé ábyrgðarleysi að ræða um þetta mál og að afgreiða þetta mál án þess að það komi fram skilningur á þessum vanda þessara byggða og helst tillögur um úrbætur.

Markaðsstefnan þyrmir ekki þessum byggðum. Markaðsstefnan sýnir þessum byggðum tillitsleysi vegna þess að á þessum byggðum er ekki hægt að græða á mælikvarða markaðarins. Það breytir ekki því að þeir sem telja sig vilja verja félagslega ásýnd þessa samfélags hljóta að leggja áherslu á að það er hættulegt fyrir Ísland og Íslendinga í framtíðinni ef þessar byggðir eyðast enn þá frekar en nú er orðið.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. alþm. sem rætt hafa málefnalega hér um þetta mikilvæga mál, sem vissulega snertir ekki aðeins bændur í landinu heldur þjóðina alla mjög mikið. Hjá þessum þm. hafa komið fram margar spurningar sem ég skal reyna að víkja að eftir því sem kostur er í ekki allt of löngu máli.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. bar fram margar spurningar eins og eðlilegt er í sambandi við svona mál. Ég vil fyrst víkja að því — eins og kom reyndar fram í máli einhvers ræðumanns — að drög að þessu frv. voru send þingflokkum stjórnarandstöðunnar fyrir mánuði síðan. Þeir fengu þau þá í hendur og hafa haft þann tíma til þess að íhuga og athuga meginstefnu frv., en eins og kom fram í máli mínu hafa verið gerðar á því allmargar breytingar, þó meginstefnu hafi ekki verið breytt, eftir viðræður við fulltrúa Stéttarsambands bænda.

Ég sagði í ræðu minni áðan að reynt hefði verið að taka inn í frv. flestar þær ábendingar sem fram komu frá stéttarsambandsfundi. En frv. hefur síðan ekki verið aftur borið undir stjórnarfund hjá Stéttarsambandi, þannig að ég vil ekki gera það ábyrgt fyrir því eins og það er í núverandi mynd. Stéttarsambandsfundurinn afgreiddi málið með því að gefa þessar ábendingar og veita nefnd, sem hann kaus, umboð til að bæta þar við og koma því á framfæri. Ég veit að hv. landbn. mun eiga viðræður við fulltrúa Stéttarsambands bænda og þar mun þá koma betur fram hver afstaða þess er til frv. eins og það er nú og eins og það kynni að verða eftir þær athugasemdir sem fara fram í landbn. — og þá lagfæringar sem ég benti á að landbn. hlyti að gera um það sem hún væri sammála um að betur mætti fara.

Ég vék hér ekki að vanda bænda eins og hann blasir við nú. Þau mál hafa verið rædd hér fyrr á þessu þingi. Þó benti ég á hvernig aðstæður voru þegar þessi endurskoðun hófst, m. a. það að landbúnaðarframleiðslan hafði þá síðustu árin dregist saman en samdrátturinn hefur ekki orðið mikill síðustu tvö árin. M. a. s. hefur mjólkurframleiðslan vaxið. Sá vandi sem bændur standa frammi fyrir nú og kynni að stafa af samdrætti er því vegna þess samdráttar sem orðinn var áður en núv. ríkisstj. tók við.

Á s. l. ári var lausaskuldum bænda breytt í föst lán. Það voru um 700 bændur sem leituðu eftir því og hægt var að verða að liði á þann hátt. Nokkrir aðilar gátu ekki notið þeirrar breytingar og málefni þeirra eru nú í athugun hjá nefnd sem ég skipaði fyrir skömmu síðan. Hún er að gera tillögur um hvað þar muni vera hægt að gera. Það er ljóst að aðstaðan er nokkuð misjöfn. Sums staðar munu ástæður vera þannig að erfitt er úr að bæta en aðra en vonandi hægt að aðstoða við að komast fram úr erfiðleikunum.

Allir ræðumenn hér hafa talið að þetta mál þyrfti að vera langan tíma í meðferð hér áður en það gæti orðið að lögum. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að það séu svo mörg atriði til hagsbóta fyrir bændur í þessu frv. að æskilegt sé að það geti orðið að lögum sem fyrst. Ég vona að sú nefnd sem um frv. fjallar og hv. Alþingi allt muni líka komast að þeirri niðurstöðu. Það er vissulega rétt að fram hafa komið áskoranir frá fundum bænda um að fresta afgreiðslu málsins. Það hefur verið rökstutt með því að ekki hafi gefist nægur tími til að athuga málið. En mestu máli finnst mér þó skipta í hverja átt stefnir með samþykkt þess. Ég vil benda á að þegar lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru sett árið 1947 mun það mál ekki hafa verið öllu lengri tíma í meðferð hjá Alþingi heldur en væntanlega er nú fram að þinglokum. Munu þó flestir sammála um það nú að þau lög hafi reynst íslenskum landbúnaði vel þó að breyttar aðstæður knýi nú á um að þau séu endurskoðuð og ákvæðunum breytt.

Sum þeirra atriða sem um var spurt hér komu reyndar fram í mínu máli upphaflega. Eitt þeirra var um fjármögnun fyrir afurðastöðvarnar til að geta greitt út afurðaverð. Slíkt hlýtur vitanlega að þurfa gerast með lánsfé. Eins og nú er eru afurðirnar vaxtareiknaðar frá

því skömmu eftir að þær eru lagðar inn, þannig að það kostar ekkert meira að greiða bændum afurðaverðið út þó að það sé fengið að láni hjá einhverjum öðrum en bændum. En varðandi það hvort gerlegt sé að útvega það fjármagn vil ég benda á að svo mikill samdráttur varð í kindakjötsframleiðslunni á nokkru árabili að miðað við það sem hún er í dag mun ekki þurfa meira heildarfjármagn til þess að gera kleift að greiða út fullt afurðaverð nú heldur en þurfti til þess að greiða þann hluta sem gert var árið 1979 þegar framleiðslan var í hámarki. Af þeim sökum ætti það því ekki að vera óframkvæmanlegt.

Það kom fram hjá sumum ræðumönnum að þetta frv. stefndi í mikla frelsisátt og í fjölmiðlum hefur m. a. komið fram að það geri það í sambandi við verslun með kartöflur og grænmeti. Ég vil aðeins benda hv. þm. Alþb. á að í Ed. var í fyrra mál sem hneig í þá átt sem þarna er farin og þá hlaut það stuðning Alþb.-manna þar. Ef þarna er um mikla breytingu að ræða er það m. a. af þrýstingi sem Alþb.-menn stóðu að.

Það er rétt að í frv. eru ekki mjög nákvæm ákvæði um hver verður niðurstaðan í samningum milli fulltrúa bænda og ríkisins í sambandi við framleiðslustjórnunina. En það er hvort tveggja að talið var æskilegt að hafa þarna nokkurt svigrúm fyrir aðila að semja um og einnig hitt, að ekki er víst að menn hitti strax á þá lausn sem vænlegust þykir til frambúðar og þess vegna ekki æskilegt að binda þetta allt of fast í lögum, a. m. k. í fyrstu.

Ég vék að þeim ummælum sem fram hafa komið um valdaflutning til ráðherra og hvaða atriði það einkum eru sem þar er um að ræða. Ég skal ítreka það. Það eru í fyrsta lagi samningarnir við landbrh. um afurðamagnið. Í öðru lagi: þar sem kveðið er á um svo veigamiklar stjórnvaldsaðgerðir eins og þarna er gert ráð fyrir þykir ekki fært annað en að það sé ríkisvaldið sem ákveður það, enda hefur það verið gagnrýnt af mörgum og m. a. kostað málaferli að þær stjórnunaraðgerðir sem átt hafa sér stað eftir núgildandi lögum hafi ekki stuðst við nægilega skýr lagaákvæði. Þessi er ástæðan fyrir breytingunni en ekki sú að ég sækist eitthvað sérstaklega eftir því valdi sem hér er um að ræða. Ég held nefnilega að það sé ekki út af fyrir sig eftirsóknarvert fyrir neinn landbrh. að fá slíkt vald. Og vissulega væri æskilegast að þurfa ekki að grípa til þessara stjórnunaraðgerða. En eins og aðstæðurnar eru eru þær því miður nauðsynlegar og ég geri ekki ráð fyrir að þeir séu margir sem í alvöru vilja fylgja tillögu hv. 5. þm. Reykv. að leysa offramleiðsluna eftir skynsamlegum og hagkvæmum leiðum með því að afnema allar reglur, m. a. að mér skildist ákvæðin um heilbrigðis- og hollustumeðferð, sem eru nú þau ákvæði sem leggja mestar kvaðir á vinnslu og verslun með þessa vöru.

Ég hef áður látið það koma fram að ég vænti þess að við gætum haldið Færeyjamarkaðnum fyrir dilkakjöt. Það er gert ráð fyrir því að einhver útflutningur verði áfram, eins og segir í frv. til þess að tryggja nægilegt framboð á vörum hér innanlands. Því hlýtur tvímælalaust að vera eðlilegast að við reynum að halda í hagkvæmasta markaðinn. Ég tel tvímælalaust að bæði þess vegna og af fleiri ástæðum ættum við að reyna að halda í hann.

Því miður hefur ekki verið ýkja mikil eftirspurn eftir íslensku ullinni til iðnaðarframleiðslu hér á landi. Á s. l. ári var nokkrum erfiðleikum bundið að losna við sumt af 1. flokks ullinni þar sem ullariðnaðurinn taldi sig ekki þurfa á henni að halda. Þar við bætist því miður að það verður að greiða niður verðið á íslensku ullinni, þó að bændum finnist það allt of lágt, til þess að ullin sé samkeppnisfær við innflutta ull. En ullarverð erlendis er svo ótrúlega lágt eins og verð á öðrum landbúnaðarvörum að þar er vonlaust við að keppa enda birgðir geysimiklar til þar af ull.

Það er rétt að ákvæði um niðurgreiðslur er ekki í þessu frv. enda er það ekki í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Því miður hafa útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur notið takmarkaðs stuðnings innan Alþingis og utan. Ég vil minna á að fyrir ári síðan voru það aðilar vinnumarkaðarins sem báru fram þá ósk við ríkisstj. að úr þeim yrði dregið. Í staðinn yrðu fjárframlög hækkuð til einstæðra foreldra og barnmargra fjölskyldna. Það var af þeim sökum sem úr niðurgreiðslum var dregið á s. l. ári.

Eins og ég sagði áðan er það rétt að bændur eru nú í vanda staddir núna. Ljóst er að sú breyting sem gerð var á lausaskuldum í fyrra hefur ekki nægt öllum. Þegar það lá ljóst fyrir í vetur óskaði ég eftir því við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands að reynt yrði að koma á leiðbeiningar- og ráðgjafarþjónustu fyrir bændur, hagfræðilegum leiðbeiningum, sem ég hef áður látið í ljós að væru mjög mikilvægar fyrir bændur. Öllum bændum sem ættu í erfiðleikum væri gefinn kostur á að leita til ráðunauta og leggja fyrir þá fjárhagsstöðu sína og fá hjá þeim leiðbeiningar um það sem betur mætti fara og jafnframt að athuga hvort með hagræðingu í búrekstrinum sjálfum mætti finna leiðir út úr þeim vanda sem við er að glíma. Og ef það nægði ekki, þá að reyna að koma fram með hugmyndir um hvar frekar þyrfti við að bæta.

Það er vissulega rétt að vaxtakostnaður er bændum dýr. En verðtryggingarstefnan var ekki tekin upp af núverandi ríkisstj. Hún er eldri. Og ég vil benda á að vextir t. d. frá Stofnlánadeild landbúnaðarins eru ekki háir, vextir umfram verðtryggingu. Vextir þar eru 1—2%. En vissulega er það rétt að eftir að verðtryggingarstefnan var tekin upp hætti verðbólgan að greiða fjárfestingar niður. Og í atvinnurekstri þar sem veltan er jafnhæg og í landbúnaði hlýtur vitanlega fjármagnskostnaðurinn að hafa mikil áhrif. En vextir eru ekki háir í stofnlánadeildinni.

Vissulega má deila um hvort sú breyting á verðlagningunni sem hér er lögð til sé einföldun. En ég benti á að ég teldi eðlilegt að það væru vinnslustöðvarnar sem kæmu beint að verðákvörðun vinnslu- og heildsölukostnaðar en ekki fulltrúar bænda. Fulltrúar vinnslustöðvanna geti best borið fram þau rök sem þeir hafa fyrir sínu máli. Tekið er fram að þarna eigi að reyna að leita réttra upplýsinga. Verðlagningin á að byggjast sem mest á raunverulegum staðreyndum. Ef vinnslustöðvarnar eru mjög á móti þessu, þá virðist ekki líklegt að þarna sé um hagsbætur fyrir þær að ræða.

Þróunin hefur orðið sú á undanförnum árum að þeim vörutegundum hefur fækkað sem hafa verið verðlagðar af sexmannanefnd. Þarna er kannske um að ræða lokaskrefið í þá átt að það sé verðlagsráð sem fjalli um smásöluverð á búvörum eins og öllum öðrum vörum.

Ég lét það koma fram að ég teldi eðlilegt að hámarksverð yrði áfram á niðurgreiddum búvörum, enda hefur verðlagsráð það í hendi sér og geri ég ráð fyrir að þar séu aðilar inni sem hafi hug á að gæta þess.

Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv. að með þessu frv. er ætlast til að bændur hætti að bera uppi byggðastefnuna. Það verði þá þjóðfélagið í heild sem beri hana uppi. Ég sé heldur ekkert réttlæti í því að bændur geri það einir. Hitt er annað mál að landbúnaðurinn hlýtur að vera traustasti hornsteinn byggðarlaga í landinu. En hann verður það því aðeins að afkoma þeirra sem landbúnaðinn stunda sé viðunandi. Það er áreiðanlega ekki til framdráttar byggðastefnu að reyna að hafa bændur sem flesta til að framleiða sömu vöru, og afkomuna þá þeim mun verri, heldur verðum við að leitast við að finna þá bústærð sem tryggir viðunandi afkomu. Ég get tekið undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði. Að mínu mati er fjölskyldubúið heppilegasta búeiningin. Það hefur verið stefna Stéttarsambands bænda og það er stefna Framsfl. og ef nokkuð er, þá eru *það ákvæðin um framleiðslustjórnina* sem ættu að koma því til vegar. Í 30. gr. eru ákvæði um framleiðslustjórnun fyrir allar búvörur með kjarnfóðurgjaldi. Þar er öllum búgreinum gert jafnt undir höfði. En varðandi það fjármagn sem kemur til uppbyggingar og á að fara í Framleiðslusjóð, þá er það ekki landbrh. einn sem stýrir Framleiðslusjóðnum. Það er sérstök stjórn sem fyrir honum stendur og það er sú stjórn sem gerir tillögur um ráðstöfun fjárins en landbrh. samþykkir. Ég hef farið eftir þeim tillögum sem stjórn sjóðsins hefur gert og hef ekki beitt því neitunarvaldi sem ráðh. kannske hefur eftir núgildandi lögum. En til umræðu eru breytingar á lögum um sjóði atvinnuveganna og verið getur að þá verði einnig breyting á þessu.

Ég hef drepið hér á nokkur atriði sem ég hef í huga af þeim sem hér koma fram, a. m. k. frá þeim hv. þm. sem enn eru viðstaddir af þeim sem töluðu. Ég endurtek svo þakkir mínar til hv. þm. fyrir áhuga þeirra á þessu máli og vænti þess að þeir sjái kosti þessa frv. og ávinning af því að það verði sem fyrst að lögum. — [Fundarhlé.]

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er þéttskipaður fundarsalur og okkur ekkert að vanbúnaði að halda áfram umræðu um þetta mikilsverða mál. Eins og fram hefur komið í ræðum flestra ef ekki allra þeirra hv. þm. og hæstv. ráðh. sem hér hafa talað er hér á ferðinni mjög þýðingarmikið mál, sem getur haft mikil áhrif á *stöðu landbúnaðar á Íslandi, rétt eins og þau lög sem í* gildi eru, forveri þessara, hafa um áratuga skeið haft veruleg áhrif á alla starfsemi landbúnaðarins í landinu. Það gefur því auga leið að þegar breytt er í grundvallaratriðum sjálfri vinnulöggjöfinni fyrir heila atvinnugrein *er í talsvert mikið ráðist og því mikið í húfi að vel takist* til. Ég er þess vegna ekki alveg nógu vel sáttur við þá röksemdafærslu hæstv. landbrh. að það eigi að nægja efnislega — eins og ég skildi hann, ég tek það fram að ég er ekki að hafa orðrétt eftir — en efnislega eitthvað á þá leið að svo margt horfi til bóta í þessu frv. frá þeirri skipan mála sem fyrir er að það hljóti að duga hv. þm. til þess að styðja framgang málsins. Ég er ekki ánægður með þessa röksemdafærslu eða þesslegan þankagang vegna þess að ég held að hv. Alþingi eigi að setja sér rishærri metnað en þann að sættast á framgang mála vegna þess að þau horfi nokkuð til bóta. Aðeins það besta er nógu gott að mínu mati í þessum efnum, hæstv. landbrh. Við skulum leita þeirra lausna sem við teljum bestar og sætta okkur ekki við neitt minna.

Ég er reyndar sammála því að það eru viss atriði í þessu frv. sem horfa til bóta frá því fyrirkomulagi sem fyrir er. Og út af fyrir sig, ef við færum ofan í efnisatriði frv., þá er ég tilbúinn til að tíunda þau eins og þau koma hér fyrir sjónir nú. En að sama skapi held ég að hér séu önnur atriði sem ekki horfi til bóta, fari jafnvel í öfuga átt, og þar með er mér það engan veginn nóg röksemdafærsla að stuðla betur að þessu frv., gera það að lögum nú með sem minnstum töfum, vegna þess að þar sé að finna ákveðin jákvæð atriði. Ég hygg að það megi nefnilega einnig finna hin, sem séu afturför frá þeim lögum sem fyrir eru, eða þá lakari kostur en ýmis önnur tilhögun mála gæti gefið tilefni til, hvort sem hún er nú fyrir í lögum eður ei.

Ég get viðurkennt það hér, herra forseti, að ég hef *ekki lesið þetta frv., sem kom hér á borðin í gær, mjög* ítarlega í gegn, ósköp einfaldlega vegna þess að allan síðasta sólarhring hef ég verið mjög önnum kafinn við störf hér á hv. Alþingi, var t. d. á nefndarfundum langt fram eftir í gær og hóf þegar störf árla í morgun, þannig að mér er vonandi nokkur vorkunn. Ég hef einnig ekki sett mig eins vel inn í þau drög sem við fengum í hendur, eins og rétt er hermt hjá hæstv. landbrh., fyrir um mánuði síðan, ósköp einfaldlega vegna þess að það lá fyrir að á þeim yrðu gerðar talsverðar breytingar, og önnum köfnum þm. hlýtur að fyrirgefast nokkuð þó að þeir cyði ekki miklum tíma í að kynna sér drög sem síðan birtast í talsvert breyttri mynd í þinginu, því að það gæti að einhverju eða kannske verulegu leyti verið tímasóun, og ekki ber að mæla með slíkri ráðstöfun á tíma hv. alþm. þegar þingannir eru sem mestar á vordögum.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh. að það er e. t. v. ekki ástæða til þess að fara yfir það ítarlega hér að hve miklu leyti athugasemdir og ábendingar stéttarsambandsþings og sexmannanefndar þess hafa verið teknar til greina. En það er óhjákvæmilegt að það verði gert og þá í þingnefnd, og það vekur aftur upp spurningarnar um það hversu mikill tími hv. landbn. þessarar deildar verður ætlaður til að sinna þessu verki. Hæstv. ráðh. svaraði ekki beinlínis þeirri spurningu minni hvort hann eða hæstv. ríkisstj. væri ekki til viðræðna um að fresta afgreiðslu þessa máls og setja niður vinnunefnd allra flokka til að fara yfir það og vinna það áfram í samráði við bændur og aðra hagsmunaaðila í þessu máli. Ég hefði gjarnan viljað fá þá hreint afsvar við þeirri formlegu beiðni minni, formlegu ósk minni hér, sem ég hygg að ég megi bera fram í nafni míns þingflokks, að við teldum það æskilegri málsmeðferð en þá sem hér er til lögð.

Það væri auðvitað fullt tilefni til að ræða stöðu landbúnaðarins í heild sinni og stöðu bænda í tengslum við þetta frv. Ég efast um að okkur gefist, herra forseti, annað vænlegra tækifæri til þess en í umr. um þetta mál, kannske ekki endilega 1. umr. sem hér fer fram, en allavega þegar það verður hér á dagskrá síðar. Ég innti eftir því hvað annað væri væntanlegt af hálfu hæstv. ríkisstj. í málefnum landbúnaðar og við því komu lítil svör. Ég náði ekki að nema það af munni hæstv.

landbrh. að fleiri málefni í formi tillöguflutnings á Alþingi væru væntanleg sem snerta landbúnaðinn. Ég bið hann þá að leiðrétta mig ef svo er. En auðvitað er óhugsandi að slíta slíka löggjöf, slíka heildarlagasetningu úr tengslum við stöðu atvinnugreinarinnar eins og hún er í dag.

Það er nú ekki næg réttlæting þess í mínum huga að þessi vinnubrögð séu fullnægjandi þó að framleiðsluráðslög, sem voru sett á árinu 1947 að mig minnir, hafi ekki fengið mikið meiri skoðun en ætla mætti að þetta mál fengi á þeim tíma sem eftir lifir þessa þings. Ég hef að vísu engar dagsetningar heyrt eða séð frá hæstv. ríkisstj. um það hvenær hún hugsar sér þinglausnir. En það hlýtur auðvitað að skipta nokkru máli, þegar svona viðamikil frumvörp koma inn í þingið á þessum tíma, að menn hafi einhverja hugmynd um það hvenær hæstv. ríkisstj. hugsar sér þinglausnir. Ég tel það skipta allverulegu máli. T. d. segi ég það persónulega fyrir mína hönd sem nm. í hv. landbn. þessarar deildar að það skiptir verulegu máli hvort við erum að tala um mánaðamótin maí—júní eða hvort við erum að tala um dagsetningu öðru hvoru megin við þjóðhátíð Íslendinga, þann 17. júní. Eða hugsar ríkisstj. sér jafnvel að láta þingið sitja enn þá lengur? Það virðist reyndar einsýnt ef hún ætlar að ná fram öllum sínum 70 óskum sem hún hefur á fróman hátt greint hv. Alþingi frá að hún hafi hug á að ná hér fram.

Nokkur orð voru látin falla hér um framleiðslustjórnunina og þann kafla þessara væntanlegu laga sem að henni lýtur. Ég lýsti þá þeirri minni skoðun að ég teldi að slík stjórnun næði ekki markmiðum sínum, hún væri í raun og veru engan veginn viðunandi og fullnægjandi fyrr en og ef hún tæki á því hver ætti að vera hin rekstrarlega arðbæra eining í landbúnaðinum. Ég nefndi fjölskyldubúið sem þá einingu sem ég taldi að ætti að stuðla að og þá á ég við það að með hóflegu vinnuálagi við bú af hóflegri stærð geti ein fjölskylda framfleytt sér af afurðum þess. Ég tek það einnig fram til að firra öllum misskilningi, af því að þetta var sérstaklega nefnt sem stefna Stéttarsambandsins og Framsfl., að þetta er einnig að sjálfsögðu stefna Alþb. og hefur lengi verið. En við höfum líka lagt á það áherslu og gerum enn að félagsbúskap, félagslegu formi á rekstri í landbúnaði sé einnig gert jafnhátt undir höfði. Ég tel það alveg einsýnt að eins og einni fjölskyldu á að vera gert kleift að hafa framfæri sitt á mannsæmandi hátt af búi af hóflegri stærð eigi fjölskyldum að vera gert jafnauðvelt skv. lögunum að leggja saman krafta sína og starfa í félagi að framleiðslunni. Hitt tel ég miklu meira efamál hvort á að ýta undir það eða leyfa það ótakmarkað að einstaklingar geti staðið fyrir stórrekstri í landbúnaði í eigin nafni, í nafni eins einstaklings, og ráðið jafnvel verulegt aðfengið vinnuafl með tilliti til þeirrar framleiðslustjórnar sem þegar hefur verið tekin upp. Það tel ég orka miklu meira tvímælis auk þess sem allt er nú ósannað um hagkvæmni þess búskaparforms. Einkum og sér í lagi tel ég að það sé ósannað í hinum hefðbundnu búgreinum.

Ég held að allir hv. þm. sjái hversu mikil áhrif þessi stefnumörkun getur haft á byggðastefnuna og búsetudreifinguna í landinu. Það gefur auga leið, ef menn leiða að þessu hugann, að hér er í raun og veru komið að grundvallaratriði hvað þetta varðar. Ég er mjög tregur til að taka undir það að það geti verið æskilegt markmið í sjálfu sér að fækka bændum í landinu. Ég verð að segja það alveg eins og er. Því að í því felst aðeins eitt, að ákveðnar sveitir, sem tæpt standa í dag, þær hrynja. Það getur bókstaflega ekkert annað gerst. Ef bændum fækkar á ákveðnum svæðum, eins og búsetan er orðin gisin í mörgum héruðum, þá getur ekkert annað gerst, ef menn stefna að ákeðinni fækkun, en að ákveðnar byggðir hrynja. Og þeim mun frekar sem mörg þessi jaðarsvæði með gisna byggð standa yfirleitt miklu tæpar en hin sem mættu kannske við því að missa einn og einn bónda úr keðjunni. Þannig er það því miður. Og ef ekki verður með einhverjum hætti tekið á þessu máli þá óttast ég að það verði þessar byggðir sem líði fyrir það og afleiðingin verði áframhaldandi byggðaröskun og hrun byggða á ákveðnum svæðum á landinu. Og það er í mörgum tilfellum þeim mun óheppilegra sem maður hugsar til þess að þar eru oft og tíðum bestu afréttarlöndin og beitilöndin fyrir hendi sem þyldu jafnvel aukningu á bústofni frekar en hitt.

Búreksturinn í landinu er ekki í fullu samræmi við landkostina í héruðum og landshlutum eins og þeir gefast og gerast. Þetta er vitað og að því ætti að stefna að mínu mati að reyna að ná þarna fullu samræmi. Því er oft haldið fram, um það hafa verið skrifaðar langar greinar og heilir leiðarar í dagblöð, að það sé í raun og veru bara misskilningur að hægt sé að halda uppi búskap á Íslandi. Þetta sé bara einhver þrái, einhver kergja, arfleifð frá gömlu tímunum þegar mönnum stóð ekkert annað til boða, en þetta sé í raun og veru bara misskilningur og vitleysa. Við séum hér á mörkum freðmýrabeltisins, eins og einn lærður ritstjóri skrifar oft um, og þess vegna sé þetta allt saman vitleysa. Ég hef haldið hinu gagnstæða fram og geri það enn. Ég held að það séu í raun og veru fá lönd sem séu jafn vel fallin til búskapar eins og Ísland. Ég hef búið í einu því landi þar sem framleiðslukostnaður landbúnaðarafurða er talinn vera hvað lægstur í heiminum, a. m. k. bjóða þarlendir sínar vörur á lægra verði en eiginlega nokkur önnur þjóð. Menn standa oft í þeirri meiningu að þar sé kjötið, ef svo má segja, tínt af trjánum, þetta geri sig allt sjálfkrafa, þar sé ekki við nokkra erfiðleika að etja á nokkurn hátt, þetta sé bara allt ein allsherjar sæla. En því fer fjarri. Landbúnaður í þeim löndum á líka við sína erfiðleika að etja. Hann hefur sinn djöful að draga. Þar má nefna ýmislegt sem við Íslendingar erum algjörlega lausir við. Okkar góða land nýtur þess á ýmsa vegu að loftslag er t. d. eins og það er hér í sambandi við sjúkdóma og í sambandi við ýmsa erfiðleika við búrekstur, sérstaklega í sauðfjárbúskap. Þessu ættu menn ekki að gleyma þegar menn eru að gera slíkan samanburð. Ég er með öðrum orðum að segja að ég tel samkeppnisstöðu landbúnaðar á Íslandi miklu, miklu sterkari en menn hafa yfirleitt gert sér grein fyrir. Í raun og veru er samkeppnisstaða Íslands, t. d. hvað varðar kindakjötsframleiðslu, miklu sterkari en menn hafa áttað sig á. Það er mín sannfæring að hægt sé að keppa þar á miklu meiri jafnréttisgrundvelli en menn hafa haldið.

Við höfum hins vegar ekki náð að nýta okkur þessa sérstöku kosti Íslands og læra af reynslu annarra til þess að standa sem best að vígi á öllum sviðum. Við erum áratugi á eftir hvað varðar kjötvinnslu og hvað varðar

markaðssetningu, hvað varðar það að fullvinna okkar vöru og flytja hana með lágmarks flutningskostnaði o. s. frv. Þetta eru ósköp einfaldlega staðreyndir. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn og segja bara: Þetta er svo erfitt. Þetta er erfitt af ákveðnum ástæðum. Og að hluta til eru þær ástæður í okkar valdi og við gætum gert við þeim. Ég vil nefna þetta hér vegna þess að ég vil að menn geri sér fulla grein fyrir því að ef menn ætla að halda inn á þá samdráttarbraut, áframhaldandi samdráttarbraut sem mér virðist hér vera gerðir skórnir, þó að vísu eigi að taka sér nokkurn tíma í þeim efnum, þá þurfa menn í fyrsta lagi að vera alveg vissir um að það sé óhjákvæmilegt og í öðru lagi þurfa þeir að vera tilbúnir að mæta afleiðingunum. Ég held nefnilega að afleiðingar verði miklu alvarlegri og víðtækari en menn hafa yfirleitt gert sér grein fyrir. Það er a. m. k. mín niðurstaða af því að hafa skoðað það hvernig framleiðslusamdrátturinn á undanförnum árum hefur komið niður, hversu víðtæk áhrif hans hafa verið, ekki einasta á sjálfan landbúnaðinn og landbúnaðarreksturinn og þau afurðasölufyrirtæki sem við hann skipta, heldur og á alla þá þjónustu sem landbúnaðurinn kaupir og þiggur af hverjum sem er í landinu. Það er nefnilega þannig að margfeldisáhrif landbúnaðarins eru mjög mikil. Þetta er nokkuð þjónustufrekur atvinnurekstur. Það þarf ekki annað en skoða hvernig rekstrargrundvöllurinn lítur út í dag til þess að gera sér grein fyrir því að landbúnaðarrekstur sem slíkur kemur víða við, hann nýtur þjónustu úr ýmsum áttum og skiptir við fjölmarga aðila. Trúi menn því ekki geta þeir t. d. farið í bíltúr um Reykjavík og horft á öll þau stórfyrirtæki sem að meira eða minna leyti byggja starfsemi sína á þjónustu við íslenskan landbúnað. Það þarf því enginn að láta sér detta annað í hug en verulegur samdráttur í þessum atvinnurekstri komi þarna niður eins og alls staðar annars staðar þar sem við hann er skipt.

Menn geta skoðað tölur um þjóðarframleiðsluna, um landsframleiðsluna, þ. e. verðmætasköpun landbúnaðarins í innanlandsframleiðslunni og þau umsvif sem hann hefur. Það gefur auga leið, það sést á tölum að hann er þar mjög stór. M. ö. o., landbúnaðurinn er mjög stór atvinnuvegur í landinu og þau áhrif sem hann hefur eru því mjög mikil. Menn flaska oft á því að taka einungis hina gjaldeyrisskapandi framleiðslu og reikna stærðir allra hluta út frá því hversu miklar útflutningstekjur viðkomandi atvinnuvegur gefur. En það er að sjálfsögðu ekki einhlítur mælikvarði á þetta, vegna þess að framleiðsla sem haldið er uppi innanlands er vissulega gjaldeyrissparandi á sinn hátt, því að við flytjum ekki inn það sem við framleiðum hér og notum innanlands. Það liggur í augum uppi. En menn eiga að varast að einfalda hlutina um of fyrir sér. Og hættulegast af öllu er það ef menn halda að þetta sé bara spurningin um að fækka bændum pínulítið, til að leysa þetta vandamál sé nóg að fækka bændum svolítið. Það er nefnilega miklu, miklu meira sem hér hangir á spýtunni.

Nú er það auðvitað alveg rétt, eins og bent var á af hv. 3. þm. Reykv. og kom víðar fram í umr., að það er í raun óhjákvæmilegt að ræða hluti eins og niðurgreiðslur í tengslum við þetta lagasetningarstarf hér, því að auðvitað hefur niðurgreiðslustigið veruleg áhrif á neysluna, það sýnir reynslan frá undanförnum árum. Það er einkum tvennt sem hefur veruleg áhrif á hana. Það er kaupmátturinn í landinu og það er niðurgreiðslustigið og verður nú ekki sagt að þetta tvennt standi beinlínis með blóma hjá hæstv. ríkisstj. Þeim mun óheppilegra er það auðvitað að niðurgreiðslurnar skuli fara lækkandi sem kaupmátturinn er jafnlágur og raun ber vitni. Það gefur auðvitað auga leið að það væri ákaflega heppilegt að hafa í landinu einhverja stefnu um niðurgreiðslu búvöruverðs til þess að hægt væri að sjá eitthvað fram í tímann í þessum efnum. Það er ákaflega óheppilegt að rokka með niðurgreiðslur upp og niður með tilliti til þess að menn vilji marka einhverja skynsamlega stefnu til einhverrar framtíðar um framleiðslumagnið í landinu, það gefur auðvitað auga leið. Vegna þess að niðurgreiðslur, sem hafa á stuttum tíma leikið á bilinu 5—10% og upp í 60% af verði vöru hljóta að hafa afgerandi áhrif á neyslustigið og samkeppnisstöðu þessarar vöru gagnvart öðrum.

Það væri ástæða til að inna hæstv. landbrh. eftir því fyrir hönd hæstv. ríkisstj. hvaða stefnu þeir hafa í niðurgreiðslumálum. Er það meiningin að halda áfram að lækka þær jafnt og þétt og láta þær hverfa út úr myndinni? Er það sá veruleiki sem við eigum að búast við þegar við vinnum að þessari lagasetningu hér? Það er eiginlega alveg óhjákvæmilegt að fá einhver svör við því. Ætlar hæstv. ríkisstj. að stoppa við núverandi niðurgreiðslustig og láta hér við sitja, eða er þess að vænta að niðurgreiðslur verði e. t. v. auknar, og þá á hvaða vörutegundum og í hve miklum mæli?

Ég veit ekki hvað mikil ástæða er til, herra forseti, að fara víðara út í efnahagsmálastjórn hæstv. ríkisstj. Vaxtamál voru nefnd hér til umræðunnar og vissulega eru þau bændum erfið eins og staðan er í dag. Og auðvitað er það rétt hjá hæstv. landbrh. að það eru e. t. v. ekki fyrst og fremst vextirnir hjá stofnlánadeild og á þeirra langtímaskuldum sem eru þeim erfiðir, heldur eru það þeirra viðskiptaskuldir með háum vöxtum og alls konar lausaskuldir sem eru þeim erfiðar eins og reyndar öðrum í landinu. Það liggur fyrir að gífurleg skuldaaukning hefur orðið hjá íslenskum bændum. Enda þótt skammtímaskuldum hafi að einhverju leyti verið breytt í löng lán breytir það engu um það að skuldir bænda og fjölmargra afurðasölufyrirtækja þeirra eru mjög vaxandi. Það eru nefndar jafnvel ótrúlegar tölur í þeim efnum á síðasta ári. Það er náttúrlega ákaflega óheppilegt að ræða þessa framtíðarskipan mála hér án þess að nokkuð komi upp á borð þm. frá hæstv. ríkisstj. um úrlausn í þessum efnum, annað en þá að vitna til einhverrar skuldabreytingar sem þegar hefur verið framkvæmd. Ég neita því ekki, herra forseti, að hún leysti ákveðinn vanda. En ég hefði viljað standa öðruvísi að henni og flutti reyndar um það tillögur hér á hv. þingi. Hún leysti ákveðinn vanda, en það hefur engu að síður sýnt sig að miklu, miklu meira þarf að koma til. Það er alveg morgunljóst.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég hef þetta öllu lengra í bili. Ég held að það væri þá svo fjöldamargt sem ástæða væri til að ræða og spyrja um ef ætti að fara út í efnislega mikla umræðu um þetta frv. Ég veit ekki hvort ég á að biðja hæstv. landbrh. að reyna að bæta aðeins við svar sitt varðandi það atriði að færa þetta fjármagn inn í Framleiðnisjóð landbúnaðarins undir stjórn ráðh., sem starfar skv. grg. frá ráðh. Það er nú í mínum huga svona frekar stjórnskipulegt eða þingræðislegt atriði hvort menn eigi að standa þannig að málum. Ég er ekki

að væna hæstv. ráðh. um eitt né neitt í því sambandi. Ég er bara að velta því upp hér hvort menn telji þetta yfirleitt eðlileg vinnubrögð, eðlilega að málum staðið, að hv. Alþingi standi svona að málum, að ráðstafa með þessum hætti út úr þinginu óskiptum þetta stórum fjárveitingalið, sem er bundinn skv. lögum við ákveðið hlutfall af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu, og menn vita að þar er um verulegar upphæðir að ræða, verði staðið við þau lög, sem við skulum nú vona. Þá held ég að menn ættu að velta því fyrir sér hvort þeir telja þetta eðlilega tilhögun. Það er auðvitað ekki nokkur vandi að standa öðruvísi að þessu, það má ljóst vera. Það er sömuleiðis ekki nokkur vandi að standa öðruvísi að því og fela öðrum en hæstv. landbrh. það vald sem til hans er flutt og sett eru lagaákvæði hér um. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það að það er skynsamlegt að hafa trausta lagastoð fyrir þeirri framleiðslustjórnun sem reynt er að viðhafa hverju sinni. En það þarf ekki að þýða í sjálfu sér að það þurfi allt að falla undir vald ráðh. Það eru auðvitað ýmsar aðrar aðferðir til í þeim efnum, m. a. sú að skilja eitthvert vald eftir hjá Framleiðsluráðinu og öðrum slíkum aðilum sem geta haft það á hendi.

Að síðustu, herra forseti, hefði ég gjarnan viljað endurtaka mína fyrstu spurningu, sem ég reyndar endurtók áður, þ. e. hvort ráðh. sé til viðræðu um það, hvort hann vilji hugleiða þann möguleika að fresta afgreiðslu þessa frv. á þessu þingi með tilliti til allra aðstæðna, og væri hægt að halda nokkuð langa ræðu um það hvernig aðstæður eru hér til lagasetningar nú á þessum vordögum og hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hegðað sér í þeim efnum, hvort hæstv. ráðh. er tilbúinn til þess með tilliti til þessa að fresta afgreiðslu málsins og vinna að því í sumar og haust með þeim hætti sem ég hef hér gert tillögur um. Ég vona að hæstv. ráðh. geti svarað þessu einhverju. Fari svo að hann sé ekki til viðræðu um það og hæstv. ríkisstj. vilji keyra þetta mál í gegn þá er það auðvitað eftir öðru, herra forseti. Það er auðvitað eftir öðru að mál af þessari lengd hellist hér inn á þessum dögum og það sé ætlast til þess að við afgreiðum þau nánast viðstöðulaust.

Ég ætla að segja hér frá því, herra forseti, að ég sit í hv. samgn. og þar höfum við fundað stíft undanfarna daga um frv. sem er ekkert ósvipað þessu. Það er svona bálkur á borð við þetta, þó líklega talsvert viðameira, og við höfum viljað vinna þar vel og samviskusamlega eins og við alltaf gerum í þeirri nefnd. Við höfum þurft að halda fjölmarga fundi og eyða gífurlegum tíma í að fara yfir það mál, lesa það saman og fá til viðræðna við okkur menn, þrátt fyrir það að frv. sé til umfjöllunar í seinni deild og þrátt fyrir það að frv. hafi verið samið og undirbúið um árabil af öllum helstu sérfræðingum og hagsmunaaðilum sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Ég er hér að tala um siglingalög. Ég vil sem sagt endurtaka þá spurningu mína til hæstv. landbrh., einkum og sér í lagi með tilliti til þess að mér er tjáð að hann hafi verið forseti á hv. Alþingi um langa hríð, það var fyrir mína daga hér, hvort hann hafi ekki pínulítlar efasemdir um þessi vinnubrögð svona almennt, að dæla inn viðamiklum, afdrifaríkum frv. á vordögum og ætlast til þess að þm. afgreiði þau á örfáum dögum.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég get tekið undir margt af þeim almennu hugleiðingum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti hér áðan og skal ekki endurtaka það sem við erum sammála um. En aðeins vegna spurningar hans um frestun á afgreiðslu frv. vil ég ítreka það sem ég sagði, að ég beini þeirri ósk til hv. landbn. að hún reyni að haga sínum vinnubrögðum þannig að unnt sé með góðu móti að afgreiða þetta frv. nú fyrir þinglok. Það hefur ekki verið settur neinn ákveðinn endapunktur enn þá á þann tíma. Það er vissulega rétt að þingmenn hafa haft nóg að gera við vinnu að málum að undanförnu. En það er æskilegt að hægt sé að koma áfram málum sem menn telja að standi til bóta.

Ég vil aðeins benda hv. þm. þó á að um félagsbúskap voru sett ákvæði í lög í fyrra og verið er að vinna að því að koma þeim til framkvæmda til þess að styrkja það rekstrarform. Þetta er því eitt af þeim dæmum sem við erum sammála um.

En ég held að rökin fyrir því að þetta frv. þurfi að ná fram að ganga sé núverandi staða sem mér heyrðist hv. 4. þm. Norðurl. e. ekki vera nægilega ánægður með. Þetta frv. á einmitt ekki að leiða til fækkunar bænda. Það á að reyna að finna önnur verkefni fyrir suma þeirra sem nú stunda hefðbundinn búskap til þess að allir geti haft nóg að starfa og nægilega stór bú til þess að hafa fulla vinnu með viðunandi afkomu. Ég held að þetta sé auðskilið svo að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég vil aðeins benda á í sambandi við ráðstöfun á fjármagni úr Framleiðnisjóði að vissulega er það möguleiki að Alþingi skipti þessu fjármagni. Ég vil þó benda á að það getur verið betra að hægt sé að haga þessu nokkuð eftir þörf á hverjum tíma en menn sjá kannske greinilega fyrir fram. En fjárhagsáætlun Framleiðnisjóðs er samþykkt af ríkisstj. í heild svo að það er ekki landbrh. einn sem mótar skiptingu fjármagnsins í grófum dráttum.

Ég vil svo ítreka þakkir fyrir þann áhuga sem fram hefur komið hjá ræðumönnum hér og vænti þess að málið fái farsælt framhald hér í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Bankaráð ríkisbankanna, frv. 430. mál (þskj. 718). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. það sem ég hér mæli fyrir felur í sér að fella niður umboð núverandi bankaráða ríkisbankanna og að Alþingi kjósi ný bankaráð fyrir ríkisbankana sem gangi inn í kjörtíma þeirra bankaráða sem síðast voru kosin.

Vera má að sumum finnist að með þeirri leið, sem lögð er til í þessu frv., sé harkalega að farið. Víst er það fátítt hér á landi að embættismenn eða stjórnmálamenn, sem taka vafasamar ákvarðanir, bæði út frá fjárhagslegu sjónarmiði eða bruðlað á annan hátt með almannafé, eða taki að öðru leyti ákvarðanir sem brjóta gegn réttlætisvitund fólksins í landinu, þurfi að standa ábyrgir einstakra embættisgjörða, t. a. m. með afsögn úr starfi, fellt sé niður umboð þeirra eða þeir þurfi á annan hátt að svara til saka fyrir einstakar embættis-

gjörðir.

Slíkt þykir þó sjálfsögð krafa víða erlendis þó að hér sé yfirleitt látið nægja að láta gusta svolítið í kringum slík mál í fjölmiðlum og á Alþingi. Síðan fellur allt í dúnalogn eins og ekkert hafi í skorist og enginn þarf að standa frammi fyrir því að vera kallaður til ábyrgðar fyrir misjafnar gjörðir sínar. Ljóst er þó að á slíkum málum, t. a. m. því sem hér um ræðir, þarf að taka af fullri festu og alvöru, ekki síst hér á hv. Alþingi.

Alþingi ber skylda til að halda uppi ströngu eftirliti og aðhaldi með framkvæmdavaldinu. Ef slík mál eru látin óátalin af Alþingi dregur það ekki einasta úr virðingu Alþingis heldur og ýtir undir það sem margir vilja vera láta, þ. e. þá skoðun að löggjafarvaldið sé orðið afar veikt gagnvart framkvæmdavaldinu.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess, herra forseti, að setja á langa framsögu um þetta mál, svo ljóst sem tildrögin að flutningi þessa frv. liggja fyrir, svo mjög sem um þetta mál hefur verið fjallað hér á hv. Alþingi sem og annars staðar í þjóðfélaginu.

Frv. þessu fylgir stutt grg. sem ég vil þess í stað, með leyfi forseta, fá að lesa:

„Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlega launaauka að upphæð 450 þús. kr. í stað bifreiðahlunninda. Þrjú af fjórum bankaráðum ríkisbankanna ákváðu einnig vísitölubindingu launaaukans sem þó er andstæð lögum. Í umr. utan dagskrár kom eftirfarandi fram í máli viðskrh.:

1. „Varðandi skoðun mína á vísitölubindingu umræddra launagreiðslna, þá er hún sú að vísitölubinding sé andstæð lögum."

2. „Áætlaðar skattgreiðslur munu innifaldar í fjárhæðinni. Þá greiða bankarnir rekstrarkostnað vegna bifreiða bankastjóra."

Ekki hefur því verið á móti mælt að vísitölubinding launaaukans sé brot á lögum. Þegar upplýst er síðan að í launaaukanum, til viðbótar föstum launum sem ríkið greiðir opinberum embættismönnum, eru reiknaðar áætlaðar skattgreiðslur embættismanna er auðvitað ljóst að sú ákvörðun hefur enga stoð í lögum og er lögleysa.

Margir hafa orðið til að fordæma harðlega og lýsa vanþóknun sinni á þessari ákvörðun, enda er hún algjört siðleysi og ofbýður réttarvitund fólks í landinu sem orðið hefur að sæta stórfelldri kjaraskerðingu og afnámi vísitölubóta á laun í nærfellt tvö ár. Um það þarf vart að fjölyrða að hér er um kalda kveðju og grófa ögrun að ræða við launafólk og lágtekjuhópa í þjóðfélaginu, enda renna bílastyrkir í vasa hæst launuðu embættismanna ríkisins og samsvara nærfellt þreföldum lágmarkslaunum í landinu og fjórföldum framfærsluvyri fjölda elli- og örorkulífeyrisþega. Allir þingflokkar og stærstu hagsmunasamtök launafólks í landinu hafa ályktað um þetta mál og lýst vanþóknun sinni á þessari ákvörðun.

Þó að ákvörðun um þessar hlunnindagreiðslur hafi verið tekin af bankaráðum er ábyrgðin ekki síður hjá ríkisstj. sem hefur haft að engu vilja Alþingis frá 22. maí 1984 um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Þetta mál snýr líka að Alþingi Íslendinga. Bankaráðin eru kosin af Alþingi og fara með vald sitt í umboði þess. Þessir bankaráðsmenn, sem að þessari löglausu ákvörðun stóðu, hafa brugðist skyldu sinni, brugðist trúnaði við Alþingi Íslendinga sem veitir þeim umboð til þessa ábyrgðarstarfs. Þess vegna er það skylda Alþingis að bregðast við með viðeigandi hætti.

Vissulega er það svo að ekki bera allir núverandi bankaráðsmenn ábyrgð á þeirri ákvörðun sem nú hefur verið tekin. En með þeirri leið sem hefur verið lögð til, að fella niður umboð núverandi bankaráða, gefst Alþingi Íslendinga tækifæri til að leysa þá frá störfum og svipta þá umboði sem staðið hafa að lögleysu og brugðist hafa trausti Alþingis. Jafnframt opnast leið til að veita nýtt umboð þeim sem Alþingi svo kýs. Hér er um hreina og afdráttarlausa aðgerð að ræða þar sem eitt er látið yfir alla ganga. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að Alþingi geti endurkosið þá sem ekki hafa brugðist trausti þess.

Kjarni þessa máls er sá að Alþingi getur ekki látið það óátalið eða setið hlutlaust hjá þegar þeir sem starfa í umboði Alþingis bregðast trúnaði þess og brjóta gegn öllu velsæmi og réttlætisvitund fólks í landinu með ákvörðun sem bæði er siðlaus og andstæð lögum sem Alþingi Íslendinga krefur aðra um að fara eftir."

Herra forseti. Við Alþfl.-menn leggjum ríka áherslu á það að mál þetta fái skjóta afgreiðslu í nefnd þannig að hv. þm. geti tekið afstöðu til þessa frv. nú fyrir þinglok. En þetta mál hefur nú verið í þrjár vikur á dagskrá funda þessarar hv. deildar án þess að það hafi verið tekið til umræðu.

Fallist Alþingi á þá leið sem hér er lögð til þarf að kjósa ný bankaráð fyrir þinglok og skammur tími er nú til stefnu. Þess vegna leggjum við áherslu á að þetta mál fái skjóta umfjöllun í nefnd. Ég sé heldur ekki að mál þetta þurfi langan tíma í nefnd, svo ljóst sem það liggur fyrir.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. alþm. sem hér eru staddir á því að þetta er mál sem mun vera alveg einstakt í sinni röð. Ég hygg að það sé sama hvað langt er leitað aftur að hliðstætt frv. hafi aldrei verið flutt á Alþingi.

Umfjöllun um þetta mál, líka í fjölmiðlum, hefur verið með eindæmum. Málsatvik eru slík að það er ekkert kannað í þessu máli. Það er fullyrt af ýmsum aðilum að bankaráð ríkisbankanna hafi framið lögbrot, hér sé um svívirðilegt hneykslismál að ræða sem einhverjir vökulir blaðamenn hafi komist á snoðir um. Fremstir í þessum flokki eru auðvitað farisear 20. aldarinnar, þ. e. þeir hv. Alþfl.-menn, þessir menn sem ferðast um landið og eru að reyna að fá svör við því hver eigi Ísland. (Gripið fram í.) En það var einu sinni maður í Frakklandi sem vann það sérstæða afrek að hann komst á þing með því að hann lærði búktal og varð ráðherra með sams konar list. Þegar hann kom á fundi heyrðist alls stað: Heyr, heyr, heyr. Formaður Alþfl. minnir mann mjög á þennan Frakka í sínum málflutningi öllum.

Mönnum koma kannske þessi vinnubrögð ekkert á óvart, menn muna aðförina að Ólafi heitnum Jóhannessyni, og hverjir stóðu að henni. Öll þessi sviðsetning, allt þetta brambolt virðist gert til þess að skapa jarðveg fyrir þennan einstæða, svívirðilega frumvarpsflutning.

En hverjir skyldu nú hafa staðið fyrir þessari breytingu? Ég held það sé langbest að ég komi strax að því hverjir það voru. Ég er hér með bréf fyrir framan

mig sem er skrifað 26. febrúar 1970 til bankaráðs Búnaðarbanka Íslands: „Hér með sendist bankaráði Búnaðarbanka Islands reglugerð um bifreiðamál ríkisins sem sett hefur verið skv. ákvörðun ríkisstj. Jafnframt er bankaráðinu tjáð að ríkisstj. hefur ákveðið að reglugerðin skuli ná til allra stofnana ríkisins eftir því sem við getur átt um einstök ákvæði hennar. Samkvæmt þessu væntir ráðuneytið þess að bankaráðið hlutist til um að gerðar verði ráðstafanir til að koma bifreiðamálum Búnaðarbanka Íslands í það horf er samræmist ákvæðum reglugerðarinnar og eigi síðar en 1. júlí n. k.“

Hverjir skyldu nú hafa verið ráðherrar 1970? Það var fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, sem þá var bankamálaráðherra, það var Eggert Þorsteinsson sem var sjútvrh., félags- og heilbrrh., ef ég man rétt, það var Emil Jónsson sem var þá utanrrh. Og á þessum tíma var Bjarni heitinn Benediktsson forsrh. Eins og menn heyra á þessu bréfi, er um að ræða fyrirmæli um það að fara eftir ríkinu vegna þess að sú hefð hefði skapast um áratuga skeið að bankastjórar höfðu sömu fríðindi og ráðherrar. Það má deila um það hvort þetta er rétt eða rangt. En þetta hefur verið við lýði síðan 1935 í Búnaðarbanka Íslands og ég hygg enn þá lengur í öðrum bönkum.

En það er ekki öll sagan sögð í sambandi við þennan frumvarpsflutning sem vænta má því að annað er þeim þm. Alþfl. hér í Nd. betur gefið en rökhyggja. Lagt er til í þessu frv. að menn séu reknir úr bankaráðunum fyrir það sem fyrirrennarar þeirra í starfi gerðu. Minnir þetta ekki á það sem manni hefur verið sagt að hafi gerst í Rússlandi og í Þýskalandi hjá Hitler? Er það kannske það sem á að koma ef draumur hv. þm. Jóns Baldvins rætist — sem ég vona fyrir hönd minnar þjóðar að rætist aldrei?

Það sem gerðist hjá þeim bankaráðum sem breyttu til var það að metin voru þau hlunnindi sem bankastjórarnir höfðu haft. Við í Búnaðarbankanum höfum ekki metið þetta. Það voru aðrir sem gerðu það. Við vorum síðastir af bönkum til að taka þessa ákvörðun. En ég fullyrði að við brutum engin lög. Það eina sem hv. þm. Alþfl. ættu að gera er að koma hér upp og biðjast afsökunar á þessu dæmalausa frumhlaupi sínu og ekki síst að biðja bankaráð Seðlabankans, Landsbankans og Búnaðarbankans fyrirgefningar á þeim rógi sem þeir hafa sett á svið. Ef þeir hefðu litið á málið þannig að við hefðum ekkert brotið af okkur, var þá rökrétt að ætla að reka okkur úr bankaráðunum eins og frv. leggur til? Ég sé að formaður Alþfl., hv. þm. Jón Baldvin, glottir en hann skilur kannske ekki mælt mál, hann mænir kannske svo fast á ráðherrastólinn að hann skilur ekki lengur mælt mál.

Rúsínan í pylsuendanum er hins vegar það sem sagt er í grg., að auðvitað megi reka bankaráðin fyrst og svo kjósa þau aftur. Hér er verið að dæma menn áður en málið er kannað, hvað þá sekt þeirra sönnuð. Ég sé ekki betur en að það liggi í augum uppi að þarna er ekki um neina sök að ræða hjá neinum. Hitt er allt annað mál að menn geta deilt um það hvað ráðherrar, bankastjórar, aðrir í þjóðfélaginu eigi að hafa í hlunnindi. Við getum deilt um allt. En það er ekki hægt að deila um það að eigi að flytja frv. á Alþingi Íslendinga, leggja til að reka saklausa menn þar sem það liggur fyrir að 28. desember, þremur dögum áður en nýju bankaráðin tóku við í Landsbanka t. d. og Seðlabanka, var þessi ákvörðun tekin.

Þetta mál er allt á einn veg. Það er líka rætt um það hvernig standi á því að bankastjórarnir borgi ekki í lífeyrissjóð. Það hefur verið í reglugerð bankanna allt fram til 1980 eða 1981 — (**HBl:** 1982.) 1982, já, þakka þér fyrir — að bankastjórar ættu ekki aðgang að lífeyrissjóði bankanna. Hvar áttu þeir að borga í lífeyrissjóð? Síðan er gefin út reglugerð eftir að lögin tóku gildi 1980 — ég man nú ekki hvenær þáverandi viðskrh. gaf reglugerðina út um það að bankastjórarnir og aðstoðarbankastjórarnir mættu ekki vera í lífeyrissjóði.

Það er fleira við þetta mál. T. d. verðtryggja bankarnir lífeyrissjóðina alveg eins og ríkið. Lífeyrissjóðurinn borgar t. d. manni sem byrjaði að taka lífeyri 1970 aðeins 16% af launum hans, bankinn bætir við á sama hátt og ríkið gerir. Hver er munurinn á því að borga þá þó að þessar reglur hefðu verið aðrar? En nú er verið að ráðast á bankaráðin einnig fyrir þetta jafnvel þó að það sé viðskrh. þáverandi sem gaf út þessa reglugerð sem ég gat um áður og bankastjórarnir hafi ekki aðgang að þessum sjóðum. Þó að það hefði verið í lagi, hefðu það aðeins verið 16% kannske, það eru eitthvað tæp 20 núna t. d. í Búnaðarbankanum, sem lífeyrissjóðirnir borga af eftirlaunum. Bankinn borgar hitt. Því miður athugaði ég það ekki hvað er í fjárlögum til þess að tryggja eftirlaun ríkisstarfsmanna en það eru fleiri hundruð milljónir í ár. (***Gripið fram í:*** Það eru 30%.) Já, það gæti verið, það gæti verið ósköp líkt og er í bankanum, ég hugsa að það sé rétt, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson.

Hér er mál sem er reynt að þyrla upp. Blöðin hafa tekið sinn þátt í því, þau eru ekki saklaus í þessu máli frekar en í mörgum öðrum. Við megum búa við það m. a. s. hér á Alþingi að hér viðgengst hlutdrægni í fréttaflutningi. Ég ætla ekki að rekja það hér en ég skal koma með dæmi ef þess verður óskað. Þar á ég við sjónvarpið, það skal tekið fram.

Þeir þm. Alþfl. sem standa að þessu máli eiga engan annan kost ef þeir vilja teljast siðaðir menn en að biðja bankaráðin og Alþingi fyrirgefningar á þessum frumvarpsflutningi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í umræðum um bjórmál hér fyrir nokkrum dögum hafði formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, sérstakt orð á því að hv. alþm. ættu ekki að hafa dylgjur uppi í garð annarra alþm. og brigsla þeim um mútuþægni, lögbrot eða annað því um líkt. Í frv. sem hér er til umræðu og hann er meðflutningsmaður að, formaður Alþfl., ásamt varaformanni Alþfl., hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrjú af fjórum bankaráðum ríkisbankanna ákváðu einnig vísitölubindingu launaaukans sem þó er andstæð lögum.“

Nú óska ég eftir því að annaðhvort formaður Alþfl. eða varaformaður Alþfl. hafi yfir hér í þessum sal þau þrjú bankaráð ríkisbankanna sem höfðu þessa vísitölutengingu uppi. Að öðrum kosti verð ég að halda að þau séu ekki menn fyrir sínum orðum.

Herra forseti. Ég óska einnig eftir að fá að hafa eftir aðra setningu úr þessari grg. sem er svohljóðandi:

„Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlegan

launaauka að upphæð 450 þús. kr. í stað bifreiðahlunninda."

Nú verð ég enn að óska eftir því að þessir tveir hv. þm., formaður Alþfl. og varaformaður Alþfl., geri grein fyrir því hvort og hvenær þá bankaráð Búnaðarbankans skrifaði hæstv. viðskrh. bréf þar að lútandi að bankaráð Búnaðarbankans óskaði eftir því að þessi háttur yrði upp tekinn. Það stendur svo á um Búnaðarbankann að áskilið er í lögum að óheimilt sé að breyta hlunnindum bankastjóra án samþykkis hæstv. viðskrh. Nú vil ég spyrja þessa tvo hv. þm., formann Alþfl. og varaformann Alþfl. hvort þeir hafi séð slíkt bréf, hvenær það hafi þá verið skrifað, hverjar séu heimildir þeirra fyrir því að slíkt bréf hafi verið skrifað og hvort yfirleitt Búnaðarbankinn hafi leitað eftir því að slík hlunnindi yrðu tekin upp í stað þess sem áður var.

Það er svo um Búnaðarbankann að þau bifreiðahlunnindi eru þar í gildi enn sem ákveðin voru meðan formaður Alþfl. var bankamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, fyrrv. formaður Alþfl. Ég skora nú á þessa tvo fulltrúa siðprýðinnar að sýna hæstv. Alþingi þá virðingu að gera grein fyrir því hvenær Búnaðarbankinn fór fram á að bifreiðahlunnindum bankastjóra yrði breytt í þessa veru, hvað þeir hafi fyrir sér í því.

Ég vil enn fremur taka það fram í sambandi við bifreiðahlunnindi bankastjóra Búnaðarbankans að gert var hlé á bankaráðsfundi í Búnaðarbankanum varðandi þetta mál til þess að fulltrúa Alþfl. í bankaráði gæfist kostur á því að bera þessi mál undir þingflokk og formann Alþfl. Allar samþykktir í bankaráði Búnaðarbankans varðandi þessi bifreiðahlunnindi hafa verið með fullu fulltingi — (**JS:** Þetta er rangt.) — fulltrúa Alþfl. Þetta er rétt. Hvort þessi fulltrúi Alþfl. hefur borið þessi atriði undir Alþfl., veit ég ekki. En það er ljóst að beiðnin var þessi og það var orðið við þeirri beiðni. Við spurðum aldrei að því í bankaráði Búnaðarbankans hvort fulltrúi Alþfl. hefði borið þessi mál undir Alþfl. En ég held, eins og málið er vaxið, að alveg sé ástæðulaust að draga fjöður yfir það að þessu máli var frestað á fundi bankaráðs Búnaðarbankans til þess að fulltrúi Alþfl. gæti gert formanni og varaformanni Alþfl. eða þingflokki eða sínum mönnum sem veittu honum sitt umboð — við gengum ekki í skrokk á honum — en einhverjum þá, grein fyrir þessu máli og það hefur ekki ein einasta ákvörðun verið tekin í þessu máli í Búnaðarbankanum án fulltingis fulltrúa Alþfl.

Þingflokkur Alþfl. skoraði á bankaráðsmenn að segja af sér. Ég segi á móti: Ef Alþfl. hefur þá siðfræði að fulltrúar Alþingis í bankaráðum eigi að segja af sér og enginn bankaráðsmanna hlýðir því kalli Alþfl. þá hefur Alþfl. annað ráð, hann getur vikið sínum fulltrúum úr Alþfl. Getur það verið rétt að einhver sá maður, sem Alþfl. studdi í bankaráð, hafi greitt atkvæði með því í bankaráði að tengja launaaukann vísitölu? Það er talið af Alþfl. í dag svo alvarlegt mál að frv. er lagt fram hér um það að öllum bankaráðunum skuli vikið frá með atbeina Alþingis þegar í stað. En Alþfl. þarf enga hjálp manna úr öðrum flokkum til að sýna sína siðprýði, hann getur einfaldlega vikið þeim manni úr Alþfl. sem brást svo trausti hans ef Alþfl. meinar eitthvað með allri sinni siðprýði.

En ég verð að segja það, herra forseti, með fullri virðingu fyrir móral formanns og varaformanns Alþfl., að ég er sannfærður um að þetta ár muni líða á enda án þess að þeir geri það að tillögu sinni að fulltrúum þeirra í bankaráðum verði vikið úr Alþfl. Svo langt nær ekki þeirra siðprýði að koma megi við Alþfl. enda kannske ekki svo margir flokksbundnir menn í þeim flokki að rétt sé að grisja. Ég veit ekki um það.

Þetta er eiginlega kjarni þessa máls. Ef Alþfl. vill sýna meiri siðprýði en aðrir flokkar í þessu máli þá getur hann vikið sínum bankaráðsmönnum úr sínum röðum. Ef formaður og varaformaður Alþfl. vilja láta taka mark á sér þá gera þeir grein fyrir því hvaða þrjú bankaráð ríkisbanka það voru sem tengdu launaaukann vísitölubindingu. Ef þeir ætlast til þess, formaður og varaformaður Alþfl., að við í bankaráði Búnaðarbankans tökum þessa grg. til okkar þá skýra þeir frá því hvenær það bréf var dagsett, hvert var innihald þess og hvernig það mál er yfirleitt vaxið að Búnaðarbankinn hafi farið fram á það sem hér er sagt að hann hafi farið fram á. Ég kannast ekki við það. Ég held að það sé kominn tími til þess að hv. þingheimur átti sig á því að málafylgja þessara tveggja hv. þm. hefur verið með þeim endemum oft og tíðum nú í vetur að þeir hafa einungis komið upp með hávaða af því að þeim hefur ekki verið svarað eins og þeir eiga skilið.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Öll efnisatriði þessa máls hafa verið rædd áður hér á hinu háa Alþingi. Þó sýnist vera nauðsynlegt að rifja þau upp einu sinni enn. Í fyrsta lagi: Skv. ályktun Alþingis, samþykktri einróma 22. maí 1984, lýsti Alþingi þeim vilja sínum að fella niður bifreiðahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna. Aðdragandi þess var sá að þm. Alþfl. höfðu flutt slíka þáltill. og hún var samþykkt mótatkvæðalaust eftir því sem upplýst er, einróma. Þar með hafði Alþingi Íslendinga lýst vilja sínum. Hann var skýr og afdráttarlaus, að fella niður bifreiðahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna og reyndar ríkisforstjóra annarra.

Þegar Alþingi hefur samþykkt slíka stefnu er það hlutverk hæstv. ráðherra, handhafa framkvæmdavaldsins, að framfylgja stefnu Alþingis. Það er m. ö. o. skylduverk hæstv. forsrh. og honum til fulltingis hefur hann hæstv. bankamálaráðherra. Af einhverjum ástæðum mun það hafa dregist, eins og fleiri fordæmi munu vera fyrir, að hæstv. ráðherrar framfylgdu vilja Alþingis.

Hvað gerist svo? Síðan gerist það að fjölmiðlar, reyndar blað sem stundum er kallað málgagn hæstv. forsrh. en ritstjórar og blaðamenn þess blaðs mega ekki til þess hugsa — (**SV:** Voru kratar þar inni í?) — og skiljanlegt — já, jafnvel svo slæmt að það væru jafnaðarmenn þar inni á ritstjórn, hræðilegt til afspurnar. Það er von að þeir hafi sagt upp eða verið reknir. Blað þetta upplýsti að fyrir áramót hefði í bankaráði Landsbankans verið ákveðið að breyta umræddum bifreiðahlunnindum í stað þess að fella þau niður. Þessi ályktun, ef ég má treysta minni mínu, eða samþykkt í bankaráði Landsbankans var gerð 28. des., þ. e. af þeim bankaráðsmönnum sem voru þá að ljúka sínu kjörtímabili. (**Gripið fram í:** Samhljóða?) Í bankaráði Landsbankans? Ekki er mér kunnugt um annað. (**Gripið fram í:** Þar er krati.) Einmitt. Af því að hv. þm. er að spyrja er rétt að rifja upp að þetta gerðist í bankaráði Landsbankans undir formennsku fyrrv. formanns flokks verkalýðshreyfingar, þjóðfrelsis og sósíal-

isma sem hv. þm. mun eiga enn aðild að.

Allt þetta mál vakti nokkra athygli. Sérstaklega stöldruðu menn nú við það að viðmiðunin hafði dálítið breyst í meðförunum. Skv. þeim reglum, sem komið var á í fjármálaráðherratíð Magnúsar Jónssonar frá Mel um þessi efni, skyldu bankastjórar þessir njóta þessara hlunninda þriðja hvert ár, þ. e. fá felld niður aðflutningsgjöld af bifreiðum þriðja hvert ár. Einhvers staðar voru birtar í blöðum þær upplýsingar að miðað væri við meðaltalsbankastjórabíl sem ætti að kosta 1100 þús. kr. og kom mönnum þá saman um að þetta ættu að vera 600 þús. kr. þriðja hvert ár. Hins vegar virtist ljóst að upphæðin á ári hverju, sem þarna var samþykkt, var af einhverjum ástæðum 450 þús. kr., þ. e. 1350 þús. kr. á þremur árum.

Smám saman kom það á daginn að bankaráðin höfðu líka samþykkt að það yrði að bæta bankastjórunum þá hlunnindaskerðingu sem þeir hefðu orðið fyrir með því að greiða fyrir þá líka áætlaðar skattgreiðslur.

Það er síðan upplýst að kvejkjan að þessu öllu saman hafi verið athugasemd eins af endurskoðendum ríkisbankanna sem hefði neitað að skrifa undir ársreikninga bankans ef þessu fyrra kerfi yrði haldið áfram vegna þess að að hans mati jafngilti það skattsvikum. Þessi hlunnindi væru að skattalögum skattskyld eins og þau voru áður. Það var líka upplýst samt sem áður að af þeim höfðu ekki verið greiddir skattar.

M. ö. o., hlunnindunum var breytt í peningagreiðslur vegna kröfu endurskoðanda um það að fyrra kerfið stæðist ekki lög, fæli í sér skattsvik. En í stað þess að fara eftir þeirri niðurstöðu var ákveðið að það þyrfti líka að létta undir með hinum hart keyrðu og illa launuðu bankastjórum með því að greiða fyrir þá áætlaða skatta. Í þessari samþykkt bankaráðs Landsbankans var líka ákvæði um það að þessi hlunnindi skyldu verðtryggð skv. lánskjaravísitölu. Þegar þetta mál var til umræðu í marsmánuði voru jafnvel nefndar tölur um það að 450 þúsundkallinn á ári væri kominn talsvert á sjötta hundrað þúsund.

Það hefur stundum verið sagt — og ég hygg að það sé sannleikanum samkvæmt — að hv. 3. þm. Norðurl. e. sé framsóknarmennskan holdi klædd og auðvitað er það honum ekki til lasts. Ræða hans hér áðan bendir til þess að þetta sé réttmæt umsögn. Ég er hv. þm. ákaflega þakklátur fyrir að flytja þessa ræðu og mundi jafnvel hafa í hyggju að leita eftir samkomulagi við hann um útgáfurétt á ræðunni því að hún er þess eðlis að með viðeigandi skýringum er ég ekki í vafa um það að vinstri sinnaðir framsóknarmenn víða um landið mundu gjarnan þiggja sérprentun og jafnvel greiða nokkuð fyrir. (**SV:** Viltu ekki mæta mér bara á fundum?) Hvenær sem væri, minn kæri. (**SV:** Með þinn rógburð og annað.) Þá er það það, minn kæri. Úr ræðustól Alþingis er ekki farið með rógburð. Við erum að ræða hér á málefnalegan hátt um ákvörðun trúnaðarmanna Alþingis, þ. e. bankaráðsmanna, sem sumir hverjir eru þm. eins og reyndar hv. 3. þm. Norðurl. e.

Nú er mér ekki að öllu leyti kunnugt eða hef ekki við hendina nákvæmar dagsetningar í þessu máli. En eftir því sem ég er upplýstur mun það hafa gerst um mjög líkt leyti að bankaráð Landsbankans og Seðlabankans tóku þessar ákvarðanir, og það er fullljóst hvað í þeim felst, í stað þess að framfylgja yfirlýstum vilja Alþingis, og er þó ekki vitað annað en að allir þeir þm., sem jafnframt eiga sæti fyrir hönd flokka sinna í bankaráðum, hafi samþykkt umrædda þáltill. Í stað þess að framfylgja viljayfirlýsingu Alþingis, stefnu Alþingis, um að fella þessi hlunnindi niður stóðu umræddir bankaráðsmenn að því í fyrsta lagi að breyta óbeinum hlunnindum í peningagreiðslur vegna kröfu endurskoðanda um að þær skyldu skattskyldar. Í annan stað, þrátt fyrir þennan upphaflega tilgang um skattskyldu skyldu af almannafé greiddir áætlaðir skattar. Í þriðja lagi, þrátt fyrir lög í landinu skyldu þessi hlunnindi vísitölutryggð — ekki skv. kaupgjaldsvísitölu heldur skv. lánskjaravísitölu. (**HBl:** Hvar var það í samþykkt Seðlabankans?) Þetta er sú upphaflega tillaga sem samþykkt var í Landsbankanum þann 28. des. Ég hef ekki sjálfur barið augum samþykkt Seðlabankans en var sagt af ábyrgum mönnum að ályktanirnar væru samhljóða og hefðu verið samþykktar sama daginn. (**SV:** Þetta er alrangt.) Þá leiðrétti menn það. En samþykkt bankaráðs Landsbankans hef ég séð og það fer ekkert á milli mála um það hver hún er. (**HBl:** Hvernig væri að formaður Alþfl. bæði afsökunar ef hann fer rangt með?) Hann er ævinlega tilbúinn til þess ef það er ljóst að upplýsingar hans reynast rangar enda hefur á það reynt.

En við skulum halda okkur hér við kjarna málsins. Kjarni málsins er þessi ef hv. þm. hafa ekki náð þessum staðreyndum:

1. Þeir bankaráðsmenn, sem að þessu stóðu, sniðgengu og brutu í bága við samþykktan og yfirlýstan vilja Alþingis.

2. Þeir stóðu að mjög svo hæpinni ákvörðun um það að greiða af — ég kalla það almannafé, þegar um ríkisbankana er að ræða, áætlaða skattgreiðslu einstaklinga í þeirra þjónustu.

3. Þeir stóðu að samþykkt sem að mati hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. var lagabrot.

Það var ein fyrsta aðgerð núv. hæstv. ríkisstj. að setja brbl. þess efnis að nema úr gildi heimild laga til að vísitölutryggja laun. Að mati hæstv. forsrh., sem berlega kom fram í viðtölum við hann í umræddu blaði, Nútímanum, var hér um að ræða ótvírætt lagabrot. Í umræðum á Alþingi segir hæstv. viðskrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Varðandi skoðun mína á vísitölubindingu umræddra launagreiðslna, þá er hún sú að vísitölubindingin sé andstæð lögum."

Um þetta geta þeir hv. samþm. úr Norðurl. e., Stefán Valgeirsson og Halldór Blöndal, deilt ef þeir vilja við þá hæstv. ráðherra og flokksbræður sína.

Það hefur enginn vefengt að það væru lög í landi, samþykkt af þessum sama þingmeirihluta hér, að vísitölubinding launa væri lögbrot. Hvað er það þá sem hv. þm. eru að fjargviðrast yfir út af þessari tillögu? Það er m. ö. o. upplýst að menn, sem kosnir eru í umboði Alþingis, hundsa vilja Alþingis og brjóta lög. Málið er þá í höndum Alþingis. Og hvernig ætlar Alþingi að bregðast við? Það er verið að fara heldur nöturlegum orðum um fjölmiðla fyrir að upplýsa málið. Það er jafnvel til þess vitnað að það sé svo slæmt ástand á fjölmiðlum, jafnvel flokksblöðum Framsfl., að þar séu jafnvel ekki flokksbundnir menn skrifandi. En hver er staða Alþingis? Hvernig bregst Alþingi við þegar því er stillt upp við vegg með þessum hætti? Mín skoðun er sú að í slíkum málum dugi það ekki, þó að fjölmiðlar reynist stundum vera samviska þjóðarinnar, að láta

málið bara deyja út og gleymast. Mín skoðun er sú að Alþingi beri skylda til að sjá til þess að þingviljanum sé framfylgt. Þess vegna á Alþingi að ganga eftir því við hæstv. ráðherra að þeir framfylgi meirihlutasamþykktum Alþingis því að eitt af hlutverkum þess er eftirlit með framkvæmdavaldinu, sérlega þegar um er að ræða þess eigin umboðsmenn, að lög í landinu séu ekki brotin af þessum umboðsmönnum.

Viðbrögð okkar þm. Alþfl. við þessum staðreyndum voru þau að við skoruðum á hæstv. ríkisstj. og einkum og sér í lagi forsrh. og viðskrh. að framfylgja þegar í stað vilja Alþingis með því að koma því til skila til bankaráðanna að vilji Alþingis væri sá að þessi hlunnindi væru felld niður.

Í annan stað skoruðum við á þá bankaráðsmenn, sem að þessari ákvörðun hefðu staðið, að segja af sér. (**SV:** Hvaða ákvörðun?) Þeirri ákvörðun að sniðganga vilja Alþingis og brjóta lög í landinu. Því næst fylgdum við því eftir með því að flytja hér frv. til l. um að fella niður umboð núv. bankaráða ríkisbankanna og kjósa ný bankaráð.

Mér skilst á máli hv. 3. þm. Norðurl. e. og reyndar félaga hans líka úr sama kjördæmi og sama bankaráði að þeir telji að hér sé ómaklega vegið að bankaráði Búnaðarbankans. Skv. mínum upplýsingum var á bankaráðsfundi í Búnaðarbankanum lögð fram tillaga, sem er efnislega samhljóða hinni upphaflegu bankaráðstillögu Landsbankans, þ. e. um að þessum hlunnindum skyldi breytt í peningagreiðslur. Viðmiðunarupphæðin var hin sama, 450 þús. kr., þ. e. í því fólst að áætlaðar skattgreiðslur skyldu greiddar og í hinni upphaflegu tillögu var einnig ákvæði um vísitölutryggingu launa.

Skv. mínum upplýsingum gerðist það að bankaráðsfulltrúi Alþfl. í bankaráðinu gerði af því tilefni sérstaka bókun. Þá bókun hef ég séð en hef hana ekki við höndina. En efnislega var hún á þá leið að hann vakti athygli bankaráðsmanna á því að vísitölutrygging þessara hlunninda væri lagabrot. Umræddur bankaráðsmaður er einn af forvígismönnum launþega í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þaulkunnugur kjarasamningum og hafði fengið á það að reyna fyrir hönd umbjóðenda sinna að vísitölubinding launa er lagabrot. Í þessari bókun, sem ég get ekki vitnað í orðrétt af því að ég hef hana ekki við höndina, voru síðar settar fram ákveðnar efasemdir um viðmiðunina, þessar 450 þús. kr., en alveg tvímælalaust andmælt lagabrotinu, þ. e. vísitölubindingunni.

Skv. mínum upplýsingum gerðist það síðan að tillagan var dregin til baka en flutt ný tillaga og þá var hún án vísitölubindingar launa. Það þurfti m. ö. o. atfylgi bankaráðsmanns Alþfl. til þess að benda hv. bankaráðsmönnum á það — þó að þarna væru allmargir alþm. vel kunnugir lagasetningu af langri reynslu — að hér væri um lagabrot að ræða. Ég hygg að þetta sé nokkurn veginn það sem máli skiptir, þau aðalatriði sem varða þetta mál. Síðan er bara spurningin um það hvernig Alþingi og einstakir þingflokkar bregðast við.

Að því er varðar þingflokk Alþfl. þá gerði hann ákveðna ályktun um þetta mál sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í tilefni af þeirri ákvörðun bankaráða ríkisbankanna að greiða bankastjórunum vísitölutryggðan launaauka sem ígildi bifreiðahlunninda að upphæð 450 þús. kr. á ári vill þingflokkur Alþfl. taka fram eftirfarandi:

Í maí 1984 samþykkti Alþingi þáltill. frá Alþfl. þar sem ríkisstj. var falið að fella niður bifreiðahlunnindi bankastjóra ríkisbankanna og annarra yfirmanna ríkisstofnana. Þar sem fyrir liggur að núv. ríkisstj. hefur brugðist þeirri skyldu sinni að framfylgja þessum fyrirmælum Alþingis, að samþykkt bankaráðanna brýtur í bága við samþykkt Alþingis og að vísitölutrygging kaupauka bankastjóranna er lögbrot, skorar þingflokkur Alþfl. á ríkisstjórn Íslands að framfylgja þegar í stað samþykkt Alþingis í málinu, bankaráðsmenn, sem stóðu að þessari löglausu ákvörðun, að segja af sér þegar í stað og Alþingi Íslendinga að samþykkja þegar í stað fyrirliggjandi lagafrv. þeirra þm. Eiðs Guðnasonar og Karls Steinars Guðnasonar um að afnema bifreiðahlunnindi ráðherra í ríkisstjórn Íslands."

Í framhaldi af því hefur síðan þingflokkur Alþfl. ritað bankaráðsmönnum bréf þar sem mælst er til þess að þeir verði við þessari stefnumörkun þingflokksins.

Nú er það svo að bankaráðsmenn eru kosnir á Alþingi, ekki tilnefndir af þingflokkum, og umboð þeirra verður að sjálfsögðu ekki afturkallað nema af Alþingi sjálfu. Það sem hv. þm. þyrftu að meta er þetta:

Það er rétt sem fram hefur komið, enda aldrei verið vefengt af okkur, að fyrir atbeina bankaráðsmanns Alþfl. í Búnaðarbankanum var komið í veg fyrir að umræddur kaupauki væri vísitölutryggður. Bankaráðið beygði sig fyrir þeirri ábendingu og þeim rökum að hér væri um lögbrot að ræða. Bankaráð Búnaðarbankans slapp því við þá skömm.

Eftir stendur hins vegar að bankaráðin sniðgengu og brutu í bága við yfirlýstan einróma vilja Alþingis. Mín skoðun er sú að bankaráðsmenn þurfi ekki að brjóta lög til þess að það komi til álita að endurnýja þeirra umboð ef þeir breyta í andstöðu við yfirlýstan vilja Alþingis. Ég tel það vera nægilegt tilefni.

Hvers vegna er Alþingi að lýsa yfir stefnu í einhverjum málum? Sú hin sama stofnun og kýs umræddra menn samþykkir síðan stefnuyfirlýsingu um aðgerðir í einhverjum tilteknum málum, felur framkvæmdavaldinu framkvæmd málsins og auðvitað um leið umboðsmönnum sínum í framkvæmdavaldinu. En við því er ekki orðið, vilji Alþingis er hundsaður. Hvernig á Alþingi að bregðast við því? Alþingi á að sjálfsögðu að árétta það að það fer með löggjafarvald, það mótar stefnu og það á ekki að láta neina aðila bjóða sér það að þeir sniðgangi yfirlýstan vilja Alþingis. Hitt kann að vera að menn geti haft skiptar skoðanir um það nákvæmlega hvernig Alþingi skuli tryggja það að fyrirmælum þess sé fylgt.

Það er reginmisskilningur hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að hér hafi verið farið með einhverjum dylgjum eða getsökum að mönnum. Fjarri því. (**SV:** Það er nú ekkert nýtt.) Fjarri fer því. Það er mikill misskilningur að ætla að líkja því saman þegar einn hv. þm. ber samþm. sína sökum úr ræðustól um mútuþægni eða fjárhagslega hagsmuni af tilteknu máli en þverneitar því hins vegar aðspurður að færa rök fyrir máli sínu eða nefna það við hverja hann á. Það sem [illegible] því hlýst er það að allur þingheimur liggur undir grun og reyndar flm. ákveðins máls. Um þetta mál höfum við fjallað og þar er engu við að bæta. Hér er ekki um neinar dylgjur að ræða. Við getum haft ólíkar skoðanir á þessum hlutum en staðreyndir málsins liggja nokkuð ljósar fyrir og

málflutningur Alþfl. er allur fyrir opnum tjöldum, þingfestur á þskj. Við erum reiðubúnir hvenær sem er og hvar sem er að færa rök fyrir okkar máli. Þetta á ekkert skylt við neinn óheiðarlegan málflutning af neinu tagi.

Reyndar er það að hafa endaskipti á hlutunum þegar hv. 3. þm. Norðurl. e. getur ekki leynt geðsmunum sínum úfnum heldur þegar honum finnst ómaklega vegið að einstökum bankaráðsmönnum í þessu máli. Ég held að það sé orðið helst til langt á milli hv. þm. og kjósenda hans almennra í hans eigin kjördæmi og reyndar um land allt. Mál af þessu tagi, sem skyndilega er afhjúpað í blöðum, er tvímælalaust þess eðlis að allur þorri almennings er réttilega hneykslaður á þessu framferði bankaráðsmanna. (**SV:** Hann er fyrst og fremst blekktur.) Hann er ekki blekktur. Það er ekkert nýtt um staðreyndir þessa máls, þær hafa legið fyrir. Engum af þessum staðreyndum hefur verið hnekkt. Viðbrögð almenningsálitsins eru fyrst og fremst þau að fólki hreinlega ofbýður.

Á sama tíma og misskipting tekna og eigna í þessu þjóðfélagi fer vaxandi, á sama tíma og ríkisstj. og þingmeirihluti telja það styðjast við nauðsynleg rök að afnema réttinn til þess að verðtryggja laun, þá heldur þessi sami þingmeirihluti fast við það að eftirstöðvar skulda skuli verðtryggðar skv. þeirri sömu ránskjaravísitölu sem nota skyldi til að verðbæta hlunnindi toppembættismanna og hæst launuðu manna kerfisins. Á sama tíma og viðskiptavinir þessara banka og þessara bankastjóra eru í hrönnum komnir undir hamarinn og eru á uppboðum vegna þess að þeim hefur verið gert að borga reikning sem nemur nokkrum hundruðum milljóna kr. umfram það sem átti að vera, þegar þeir tóku þessi lán, þá láta þessir sömu menn sér það sæma að brjóta lög í landinu með því að verðtryggja, ekki bara með kaupgjaldsvísitölu, heldur ránskjaravísitölu ósæmileg hlunnindi til forréttindahópa. (**SV:** Hvaða rugl er í þér?) Og þeir sem ættu að fara sér hægt í þessu máli eru þeir hinir sömu sem eiga sæti á Alþingi Íslendinga, hafa jafnvel tekið þátt í því að samþykkja þar stefnuyfirlýsinguna um að afnema þennan ósóma, en láta sér það svo sæma að styðja slíkar tillögur og slíkar ákvarðanir bak við byrgðar dyr í lokuðum herbergjum kerfisins.

En að lokum, herra forseti, af því að hv. þm. var svo elskulegur hér úr sæti sínu að bjóða mér að mæta sér einhvers staðar á opinberum fundi þar sem almenningur fengi heyrt mál okkar um þessi mál skal það tekið fram að ég tek því boði með þökkum og ánægju.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð um þetta mál. Mér þykir það hlýða þar sem ég er sennilega búinn að sitja manna lengst í bankaráði af hv. alþm. og hlýt því að vera manna sekastur í þessu efni, a. m. k. mun sekari en þeir hv. alþm. sem komu inn í bankaráðin um síðustu áramót og bera því a. m. k. ekki mikla ábyrgð á fortíðinni í þessum efnum.

Alkunna er að það hefur lengi viðgengist hér á landi eins og víða annars staðar að ýmsir opinberir starfsmenn og embættismenn hafa notið bílahlunninda, annaðhvort ekið um á ríkisbílum eða notið einhverra bílastyrkja. Ég þykist muna að á árunum fyrir 1970 voru þeir embættismenn gagnrýndir mjög mikið sem óku um á ríkisbílum. Það var bent á að þessir menn notuðu þessa bíla ekki eingöngu í vinnunni heldur við ýmis önnur tækifæri sem ekki þótti hlýða. Ef ég man rétt var þessi umræða allhávær fyrir 1970 og varð þess vafalaust valdandi m. a. að þessi mál öll voru tekin til gagngerðrar endurskoðunar af þáv. ráðherrum og ríkisstj. Niðurstaða af þeirri endurskoðun varð svo reglugerðin frá 1970 sem hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði glögga grein fyrir í máli sínu hér áðan. En Búnaðarbankinn fékk þessa reglugerð senda ásamt bréfi frá 26. febr. 1970 eins og hér hefur verið bent á. Ég fæ ekki annað skilið en að í því bréfi og í þeirri reglugerð fælust bein fyrirmæli til bankaráðs Búnaðarbankans og bankastjórnar að færa þessi mál í það horf sem þar var bent á. Ég leyfi mér að hafa aftur yfir niðurlag bréfsins, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Samkvæmt þessu væntir ráðuneytið þess að bankaráðið hlutist til um að gerðar verði ráðstafanir til að koma bifreiðamálum Búnaðarbanka Íslands í það horf er samræmist ákvæðum reglugerðarinnar og eigi síðar en 1. júlí 1970."

Það má spyrja hvort bankaráðið hafi verið skyldugt til þess að hlýða þessum fyrirmælum. Ég skal ekki segja að hlýðniskylda í íslenskum rétti sé algerlega skilyrðislaus en þó held ég að það fari ekki á milli mála að þessum fyrirmælum bar bankaráðinu að hlýða.

Við spurðumst svo iðulega hér fyrr á árum fyrir um það hvað við ættum að hafa til fordæmis þegar um þessi mál væri að ræða, þegar ákveða bæri kaup og kjör bankastjóra. Fengum við venjulega þau svör hjá ráðherra og ráðuneyti að okkur bæri að fara að fordæmi Landsbanka og Seðlabanka. Ég fullyrði að við í bankaráði Búnaðarbankans höfum aldrei öll þessi ár bætt kjör bankastjóranna meira en gert hefur verið í nefndum ríkisbönkum og sennilega á stundum þó nokkuð minna. Á hitt ber að líta að á undanförnum árum hefur Búnaðarbankinn vaxið mjög hröðum skrefum og er fyrir löngu orðinn næststærsti banki landsins. Það verður því að virða okkur það til vorkunnar þó að við gætum ekki verið þekktir fyrir að launa okkar bankastjóra mun verr en aðrir ríkisbankar gerðu.

Síðan líður tíminn og það færist ró yfir þessi mál. Þau eru lítið rædd. Það má vel vera að það megi áfellast okkur fyrir það að hafa ekki árlega krufið þessi mál til mergjar og jafnvel reynt að meta þessi hlunnindi til peninga sem ég raunar hygg að alls ekki hafi verið gert á liðnum árum sem ég nefndi. En svo er það í des. s. l. að bankaráð Landsbankans tekur þessi mál til umfjöllunar. Það hefur verið vitnað í bankaráðsfund Landsbankans frá 28. des. s. l. og þarf ég ekki að fara mörgum orðum um þá bankaráðssamþykkt. En þar voru þessi hlunnindi metin til peningaverðs að fjárhæð 450 þús. kr. eins og margoft hefur verið tekið fram. Þegar þetta mál kom á daginn var að sjálfsögðu fjallað um það í Búnaðarbankanum. Ég hef ekki hér registur yfir þá bankaráðsfundi þar sem þetta mál var rætt hjá okkur, né heldur uppskrifaðar þær tillögur sem fram komu eða frásagnir af þeim umræðum sem fóru fram. Þó var það alveg sjálfsagt að fara að ósk hæstv. bankamálaráðherra og staldra við og íhuga þessi mál þegar sú ósk kom fram. En ég ætla að það sé ekki enn þá farið að skrifa neitt bréf frá Búnaðarbankanum til ráðherra um þessi efni. Þau eru því raunverulega enn til meðferðar, ekki síst skv. ósk hæstv. ráðherra.

Hv. 5. þm. Reykv. minnist á það hér að við séum

brotlegir, bankaráðsmenn, ekki síst fyrir það að sniðganga vilja Alþingis og brjóta lög landsins. Í því sambandi vitnar hann í þál. þeirra Alþfl.-manna sem hann las upp áðan og segir að Alþingi hafi samþykkt í einu hljóði. Það er svo með þál. að þær eru fyrst og fremst viljayfirlýsingar Alþingis og þeim er iðulega beint til ríkisstj., ráðuneyta og ráðamanna. Við könnumst öll við þær mörgu fsp. sem gerðar eru af hv. alþm. á hverju þingi um það hvað líði framkvæmd hinnar og þessarar þál. sem gerð hefur verið og send ráðuneytum. Það má vel vera að hægt sé að áfellast okkur fyrir að sniðganga vilja Alþingis að þessu leyti. Þó hygg ég að það sé dálítið umhendis að taka svo til orða.

Hv. 5. þm. Reykv. skýrði mjög náið frá gangi mála í bankaráði Búnaðarbanka Íslands og fjallaði þar um hlut fulltrúa Alþfl. Við eigum því láni að fagna í bankaráði Búnaðarbankans að þar hefur yfirleitt verið ágæt samstaða manna í milli. Við reynum að leysa sem flest mál í góðri einingu. Ég skal gjarnan lýsa því yfir hér að fulltrúi Alþfl. í bankaráðinu er hinn mætasti maður. Ég man nú ekki hvor okkar hafði fyrst orð á þessu, við ræddum þessi mál hvað eftir annað. Hver benti fyrst á þennan hlut eða hinn í þessu efni skal ég ekkert fullyrða, en við urðum nokkuð vel ásáttir í þessu máli ef ég man rétt.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. En það er mitt álit að ef við yrðum dæmdir í þessu máli af hv. félögum okkar á Alþingi yrðum við fyrst og fremst dæmdir fyrir að hafa fylgt lögum og reglum of vel, fylgt þeim lögum sem giltu og fylgt þeim fyrirmælum sem okkur bárust og ég gat um hér áðan frá ríkisstj. og ráðamönnum — en ekki fyrir að brjóta þau.

En um þetta þýðir ekki að hafa miklu fleiri orð. Þetta mál fær vafalaust þinglega meðferð og hana af betra taginu. Það verður rannsakað vandlega af hv. alþm. og að sjálfsögðu verðum við bankaráðsmenn að bíða þeirrar niðurstöðu, þess dóms. Það gefur auga leið hversu mikilvægt það er að komast til botns í þessu máli nú á þessum björtu vordögum um leið og reynt er að leysa þá gátu hverjir eigi Ísland.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég vil bara vekja athygli þeirra fáu hv. alþm. sem hér eru á þeim málflutningi sem hv. 5. þm. Reykv. hafði hér í frammi. Það bendir flest til þess að þannig sé komið fyrir honum að hann geri sér ekki grein fyrir hvað er rangt og hvað er rétt.

Ég vil spyrja að því, vegna fullyrðingar hans um það að komið hefði einhver krafa frá einhverjum endurskoðanda og hann hefði neitað að skrifa undir reikninga, í hvaða banka það hefði verið. Ég hef ekki heyrt þetta fyrr. Ef menn eru í einhverjum vafa um það var það a. m. k. ekki í Búnaðarbankanum.

Menn eru að tala um það að bankaráðin hafi óvirt vilja Alþingis. Er þannig komið fyrir hv. 5. þm. Reykv. að hann sé hættur að skilja mælt mál líka? Voru það ekki fyrirmæli frá ríkisstj. sem er búið að þríendurtaka, ríkisstj. sem sat að völdum 1970, hvernig ætti að fara með bifreiðamál bankastjóra ríkisbankanna? Skilur hann það ekki enn? Það væri gaman að spyrja að því, hv. alþm., þar sem upplýst hefur verið í blaði Alþfl. að það líði nú senn að 100. fundinum sem formaður Alþfl. ætlar að halda hér á næstunni, hvernig hann muni hafa í leiðinni sinnt sinni þingskyldu hér á Alþingi. Ætli hann hafi ekki hirt laun sín eins og þeir sem hafa nokkurn veginn sinnt sinni þingskyldu? Það væri gaman að fá það upplýst af því að heiðarleikinn er orðinn eins og hann heldur sjálfur. Ég sé nú ekki þennan geislabaug hjá Alþfl. Það getur vel verið að ég sé farinn að tapa sjón en ég get þó lesið gleraugnalaust enn þá. En ég sé ekki þennan geislabaug.

Ég vil taka það fram í sambandi við bankaráð Búnaðarbankans að við ræðum öll mál og það sem rætt var um var það sem sagt var að hinir bankarnir hefðu gert. En það er auðheyrt að formaður Alþfl., hv. 5. þm. Reykv., þykist hafa fengið glöggar upplýsingar um það sem gerðist á fundum bankaráðs Búnaðarbankans. Af því að hann þykist hafa þessar heimildir var honum skylt, vegna þess að hann er alltaf að tala um að menn eigi að sýna heiðarleika, að segja frá hvernig tillagan var og um hvað var rætt á þessum fundi sem hann vitnar til. Það var nefnilega fleira í þessari tillögu sem samþykkt var. Það var fyrst og fremst lögð áhersla á að horfið yrði aftur til þess sem var fyrir 1. júlí 1970, þ. e. að bankastjórarnir fengju bifreiðar til umráða eins og þá var.

Hv. 5. þm. Reykv. er sýnilega ekki þingvanur. Hann er að rugla um það að þáltill. séu einhver lög frá Alþingi. Það er aðeins viljayfirlýsing en alls ekki nein lagafyrirmæli og hefur aldrei verið. En það er náttúrlega ekki meira að hann rugli um þetta en annað. Ef einhver hefur brotið af sér í þessu á annað borð eða hefði átt að framfylgja henni, þá eru það ekki bankaráðin. Það er þá ríkisstj. sem átti að gera það ef einhver átti að gera það. En þetta er kannske dæmi um það að hér eru samþykktar tillögur oft og tíðum án þess að athuga málið nauið.

Ég hef reynt að kynna mér dálítið hvernig þessi mál eru hjá hinu opinbera og hjá einkaaðilum og ég er ákaflega hræddur um að ef sú saga væri öll sögð væri þetta hégómi hjá ýmsu öðru. M. a. s. stofnanir, sem eru á vegum hins opinbera, hafa bíla til umráða og geta skipt að mér er tjáð annað hvert ár, ekki bara forstöðumaður slíkra stofnana heldur næsti maður við hann.

En það sem er alvarlegast í þessu máli og mun ekki hafa gerst síðan galdrabrennurnar voru tíðkaðar hér á Íslandi er að þess sé krafist að þeim sem eru í þessu starfi verði hegnt fyrir það sem fyrirrennarar þeirra gerðu. En mér heyrðist á máli hv. 5. þm. Reykv. áðan að það væri sjálfsagt mál. Það er von að það sé gorgeir í þeim hv. þm. sem standa þannig að málum. Ég vil endurtaka það sem hv. 1. þm. Vesturl. Friðjón Þórðarson sagði, að fulltrúi Alþfl. í bankaráði Búnaðarbankans er hinn mætasti maður. Í þessu máli sem í flestum öðrum stóð bankaráðið allt að afgreiðslu málsins. Ég verð að segja að hafi Haukur Helgason fengið bréf frá formanni Alþfl. um að segja af sér, eins og mér skildist á máli hans áðan, þá er það meiri háttar ósvífni af hv. 5. þm. Reykv., því að hann hefur ekkert gert af sér, hann hefur engin lög brotið. Og allar vífilengjur, ásakanir og dylgjur, sem þessi hv. þm. hefur hér uppi eins og á fundum úti um land, eru engum til minnkunar nema hv. þm. Alþfl. sjálfum.

Ég ætla að láta þetta duga í bili. En ef þetta á að verða það siðferði sem á að koma upp, ef hv. 5. þm. Reykv. kemst til meiri áhrifa, þá er illa komið fyrir þessari þjóð.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það kemur svo sannarlega ekki til af góðu að maður kemur með Alþýðublaðið í pontu Alþingis. Hingað til hefur maður sýnt hinu háa Alþingi nægilega virðingu með því að sleppa því blaði úr ræðustól. En nauðsyn brýtur lög. Það er vegna þess að einhvern tíma í máli mínu neyðist ég til að vitna í Alþýðublaðið því að þar eru ýmsar upplýsingar prentaðar opinberlega sem ég hefði ekki sjálfur viljað hafa eftir beint af bankaráðsfundi, en þar sem það hefur komið út í opinberu blaði, ef blað skyldi kalla, neyðist ég til þess að nota það.

Það eru dálítið einkennilegar áherslur hjá hv. þm. Alþfl. í þessu máli, sérstaklega með tilliti til þess að það var með fulltingi Alþfl. sem þessum hlunnindum bankastjóra var komið á á sínum tíma og síðan eru 15 ár. Ég sem bankaráðsmaður í Útvegsbankanum greiddi atkv. á móti launaaukanum svokallaða. (**SV:** Má ekki reka þig fyrir það?) Mér er nú rétt sama um það. En hvernig stendur á því að það er aðeins nú á þessum dögum sem Alþfl. kippist við og telur þessi hlunnindi svo slæm og óréttlát að fólki ofbýður, svo að ég vitni orðrétt í mál hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, fólki er misboðið á ýmsa lund sem hann málaði svo litríkt eins og hann er vanur? Hvernig stendur á því að þetta fólk hefur ekki látið heyra í sér fyrr? Hann notaði bara tækifærið þegar þessum hlunnindum var breytt til að reyna að baða sig í sviðsljósinu og jafnframt að gera tilraun til þess að þvo sér upp úr því. En það hefur ekki dugað. Þetta er ómerkilegur tvískinnungur og ómerkilegur málflutningur. Raunar er ég ekki viss um að ég hafi orðið var við merkilegan málflutning hjá hv. formanni Alþfl. hingað til. Ég vona hins vegar að ég eigi það eftir, en býst ekki við því.

Það var bankaráð Landsbankans, að mér er sagt, sem varð fyrst til að breyta þessum margumræddu hlunnindum — og hver skyldi hafa setið þar á bekk nema vel á sig kominn krati sem greiddi þessu umsvifalaust atkv. brosandi og það var í desember? Hvað gerði fulltrúi Alþfl. í Búnaðarbanka? Hann samþykkti þetta þó að hann hafi gert aths. við einhvers konar verðtryggingu. Eftir sem áður gerði hann þetta. Ég skil vel sjónarmið bankaráðsmanna sem gerðu þetta í hinum bönkunum. Ég var hins vegar á annarri skoðun eins og mér er væntanlega leyfilegt.

Í Útvegsbankanum stóð ekki á því að fulltrúi Alþfl. tæki þessu fagnandi þó að hann hafi svo skipt um skoðun þremur vikum síðar vegna þess að þetta var svo óvinsælt. Það er stórmannlegt líka eða hvað?

Herra forseti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson notaði nú sem fyrr orðið ránskjaravísitölu sem er í tísku nú. (**SV:** Hver fann hana upp?) Ja, það er það. Hver skyldi hafa fundið hana upp og verðtrygginguna sem er góð í annan endann en vond í hinn vegna þess að atkv. sem hann væntir frá þessu fólki þarf að borga með peningum. Það er allt á eina lund. Það á að leysa vandamál þjóðfélagsins á hverju sviði sem er með peningum; í húsnæðismálum, fella niður tekjuskatt o. s. frv. En það kostar milljarða á milljarða ofan og hver er aðferðin? Lækka skatta og auka útgjöld. Og maðurinn er hagfræðingur! Þessi maður er búinn að finna það út hver á Ísland. Ég er viss um að niðurstaðan er röng þó að ég hafi aldrei heyrt hana. Ég get alls ekki tekið mark á svona löguðum málflutningi, hvorki í einu máli né öðru, enda greiði ég kerfisbundið atkv. á móti öllum till. Alþfl., jafnvel þó að ég hafi ekki lesið þær, vegna þess að ég veit að þær eru vitlausar.

En málflutningur þessara manna er ómerkilegur og ég ætla ekki að slá því fram án þess að rökstyðja það, jafnvel þó að Alþfl. eigi það ekki skilið að fá rökstuðning því að hann beitir honum aldrei sjálfur.

Í Alþýðublaðinu laugardaginn 13. apríl s. l. birtist grein um þetta svokallaða launaaukamál og var það bundið við það sem skeð hefði í Útvegsbankanum. Og þar kennir nú ýmissa grasa. Einkenni greinarinnar, eins og kemur í ljós ef ég fæ leyfi hæstv. forseta til þess að lesa greinina, eru að þar er öllu snúið á haus eins og fyrri daginn. Fyrirsögnin á þessari grein var þrjú orð: „Felldu afnám kaupaukans!“ Það vísar til tillögu sem hv. bankaráðsmaður í Útvegsbanka af kratakyni flutti þremur vikum eftir að hann hafði samþykkt launaaukann um að hann skyldi nú dreginn til baka. Og út af þessu leggur blaðið. Ég vil leyfa mér að lesa þessa stuttu grein, með leyfi hæstv. forseta. Undirfyrirsögn er svohljóðandi:

„Fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb. í bankaráði Útvegsbankans felldu tillögu fulltrúa Alþfl. og vildu bara „fresta“.“

„Á fundi bankaráðs Útvegsbanka Íslands s. l. miðvikudag bar Arnbjörn Kristinsson, fulltrúi Alþfl. í ráðinu, fram tillögu um að fella niður bílakaupafríðindi bankastjóra bankans. Tillagan var felld af öðrum ráðsmönnum.

Tillagan var svohljóðandi: „Hinn 1. mars s. l. samþykkti bankaráð Útvegsbanka Íslands nýja skipan á greiðslum vegna bílastyrks bankastjóra Útvegsbankans. Bankaráð telur samþykktina byggða á ófullnægjandi upplýsingum og því ótímabæra. Þess vegna samþykkir bankaráð Útvegsbanka Íslands að nema úr gildi áðurnefnda samþykkt.““

Herra forseti. Greinin heldur svo áfram, með leyfi:

„Tillaga Arnbjörns olli ólgu innan bankaráðsins og vildu aðrir ráðsmenn ekki standa að því að afnema fríðindin. Tillagan var felld með fjórum atkv. þeirra Valdimars Indriðasonar frá Sjálfstfl., Garðars Sigurðssonar frá Alþb., Jóhanns Einvarðssonar frá Framsfl. og Kristins Karlssonar frá Sjálfstfl. Þessum mönnum fannst sem sé ekki rétta leiðin að hreinlega afnema fríðindin og taka þannig skrefið til fulls. Þeir samþykktu hins vegar í kjölfarið að fresta málinu.

Þrátt fyrir stóryrtar yfirlýsingar Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl. um bankastjórabónusinn og heitstrengingar um afnám hans, þá eru fulltrúar þessara flokka í bankaráði Útvegsbankans augljóslega ekki þeirrar skoðunar. Þeir vilja halda í ósómann og sukkið.“

Herra forseti. Svo mörg voru þau orð. „Þeir vilja halda í ósómann og sukkið.“ Alþfl.-maðurinn vill hins vegar engan launaauka þó að hann hafi verið búinn að samþykkja hann.

En sá sem greiddi atkvæði á móti launaaukanum, hann vill halda í ósómann og sukkið. Gaman þætti mér að vita hvað þetta heitir í rökfræðinni. Ég kann hana nefnilega ekki og hef ekki lesið hana, enda ekki með háskólapróf frá Skotlandi. Það litla sem ég hef lært í rökfræði það er í „diskúsjón“ um borð í skipum. Hún er auðvitað ekki eins merkileg og hjá hinum háskólalærðu, en vond er hún samt. (**JBH:** Er þm. viss um að blaðamaðurinn sé háskólalærður eða hafi aldrei verið til

sjós?) Ég er alveg viss um það, hv. þm., að svo vitlaus er þessi grein og vond að það vantar annað undir þessa grein en nafnið Jón Baldvin Hannibalsson. Ég er hins vegar ekkert að halda því fram að hann sé höfundurinn, en það er smitandi að umgangast svona menn alla daga. Það dregur dilk á eftir sér.

Ég vil aðeins fara um þetta örfáum orðum. Í till. segir að bankaráðið telji samþykktina byggða á ófullnægjandi upplýsingum og því ótímabæra. Þremur vikum síðar er tímabær tillaga ótímabær. Hvað skeði í millitíðinni? Ég er búinn að segja það, en ég veit að hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki skilið það. En hverjar voru þessar fullnægjandi upplýsingar sem hv. bankaráðsmann vantaði? Engar. Það lágu allar upplýsingar þrautræddar fyrir og á prenti. Bankaráð Útvegsbankans hafði fengið samþykktir Seðlabankans í hendur, allar upplýsingar lágu fyrir. Það er auðvitað ómögulegt að samþykkja tillögu sem byggir á röngum forsendum. Ég þurfti auðvitað ekkert að greiða þessari till. atkv. með eða á móti hvort sem var vegna þess að mín afstaða hafði legið fyrir allan tímann og ég hafði lagt fram bókun í bankaráði Útvegsbankans. Og auðvitað var atkvæðagreiðslan í okkar bankaráði bókuð, 4:1, og liggur skjalfest fyrir og lá. Mér er alls ekki kunnugt um að það hafi orðið nein ólga í þessum banka. Það eina sem skeði var að það ókyrrðist einn maður sem hafði skipt um skoðun skyndilega. Þar er hann á eftir hv. 5. þm. Reykv. því að hann skiptir um skoðun án þess að blikna á miklu styttri tíma en þremur vikum.

Menn sjá þá hvernig farið er með staðreyndir í þessari grein. En það segir einnig í þessari grein að við hefðum aðeins viljað fresta málinu. Þetta er afar frjálsleg túlkun. Hvernig skyldi hafa staðið á því að bankaráðið samþykkti að fresta málinu? Ég var auðvitað á móti því frá upphafi, á fyrsta, öðrum og þriðja fundi. Það er ekki kjarni málsins. Okkur hafði nefnilega borist bréf frá viðskrh. þar sem hann fór fram á tvennt: í fyrsta lagi að bankaráðið gerði grein fyrir svokölluðum launaauka bankastjóranna — þetta hafa sennilega allir bankaráðsmenn fengið — og í öðru lagi að framkvæmd launaaukans yrði frestað. Gátum við sagt nei við því? Ég hefði ekki sagt nei við því jafnvel þó að hv. 5. þm. Reykv. væri bankamálaráðherra. Maður getur ekki neitað ósk ráðh. um þetta efni. Það er ómögulegt. (**JBH:** Gildir frestunin enn?)

Það var svo sjálfsagður hlutur að gera grein fyrir þessu og vafðist ekki fyrir neinum og olli ekki óróa. En það er sama hvar gripið er ofan í þessa grein og málflutning hv. þm., ekki aðeins í þessu máli heldur flestum öðrum. Hann líkist mest litskrúðugri blöðru, blásinni upp af barni þar til það missir tökin og hún byrjar að flauta og puðra og þjóta út í loftið, jafnvel hátt um stundarsakir, en fellur svo niður innihaldslaus.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu að bæta við ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Hann lýsti hér ítarlega forsögu þessa máls og aðdraganda þess.

Í síðari ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar kvaðst þm. ekki hafa heyrt það áður hvernig þessi umdeilda ákvörðun væri til komin og beindi orðum sínum til hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem sagði að það væri eftir ábendingum endurskoðenda bankanna vegna umdeilanlegrar skattalegrar meðferðar á þessum bílahlunnindum. Nú hefur komið áður fram í umr. um þessa launaauka bankastjóranna hver tildrögin eru að þessari ákvörðun. Það upplýsti hæstv. viðskrh. í umr. utan dagskrár 11. apríl, sem ég hygg að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi verið viðstaddur, en þar sagði hæstv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen, með leyfi forseta:

„Tildrög þessarar ákvörðunar bankaráðanna eru, skv. þeim upplýsingum sem fengist hafa, komin til eftir ábendingu frá löggiltum endurskoðendum bankanna þar sem tekið var fram að eldri reglan væri umdeilanleg í skattalegu tilliti."

Þær upplýsingar hafa því legið fyrir áður á hv. Alþingi.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson hafði stór orð uppi um þetta frv., talaði um að frv. væri einstakt í sinni röð, þetta væri svívirðilegur frumvarpsflutningur og hann talaði um róg. Þetta eru stór orð. (**SV:** Réttmæt þó.) Í grg. með frv. er þessi frumvarpsflutningur rökstuddur. Það kemur fram, með leyfi forseta, fyrst í grg.:

„Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlegan launaauka að upphæð 450 þús. kr. í stað bifreiðahlunninda."

Er þetta rógur, hv. þm.? Hér stendur líka:

„Þrjú af fjórum bankaráðum ríkisbankanna ákváðu einnig vísitölubindingu launaaukans sem þó er andstæð lögum."

Varla er þetta rógur. (**SV:** Þetta er rangt.)

Hér hafa einkum talað bankaráðsmenn Búnaðarbankans og þeir hafa það sér vissulega til málsbóta að í ákvörðun bankaráðs Búnaðarbankans var ekki staðið að þessari umdeildu ákvörðun um vísitölubindinguna. En hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur lýst því greinilega af hvaða ástæðum það var til komið. Bankaráðin brutu í bága við vilja Alþingis. Er það rógur, hv. þm.?

Það kemur fram í grg. og er þar vitnað í hæstv. viðskrh. þar sem segir: „Áætlaðar skattgreiðslur munu innifaldar í fjárhæðinni." Er það rógur? Ég spyr, hv. þm. „Þá greiða bankarnir rekstrarkostnað vegna bifreiða bankastjóra." Þetta er upplýst af hæstv. ráðh. og maður verður að trúa því að hann fari rétt með.

Í grg., sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og reyndar hv. þm. Halldór Blöndal vitnuðu mikið í, er talað um „til viðbótar föstum launum sem ríkið greiðir opinberum embættismönnum eru reiknaðar áætlaðar skattgreiðslur embættismanna" og þar talað um að sú ákvörðun hafi enga stoð í lögum. Ég hygg að það sem ég hef hér greint frá sé allt sannleikanum samkvæmt og hér sé ekki um róg að ræða, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði.

Það hefur mikið verið talað um lögbrotið í þessari umr. og talað um að Alþfl., þm. hans og þeir sem standa að þessum frumvarpsflutningi séu að ásaka menn um að hafa brotið lög. Voru það þm. Alþfl. sem fyrstir létu þau orð frá sér fara að um lögbrot væri að ræða? Nei, aldeilis ekki. Það var formaður Framsfl., hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. Ég vitna þá í NT fimmtudaginn 4. apríl eða daginn eftir að NT upplýsti um þessa ákvörðun bankaráðanna, en þar segir, með leyfi forseta, og er vitnað í Steingrím Hermannsson:

„Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt og ef það er rétt að þetta sé vísitölubundið þá er það að sjálfsögðu

brot á lögum, sagði hæstv. forsrh.“

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að það væri ekki sök hjá neinum bankaráðsmanni, þeir væru saklausir. Ég hygg, og vitna þá í þau orð sem ég var að lesa og höfð eru eftir forsrh., að formaður flokks hans sé ekki alveg á sama máli.

Og hvað er það sem lagt er til með þessu frv.? Við vitum að bankaráðin eru kosin af Alþingi og þau fara með vald sitt í umboði þess. Það liggur fyrir hver sú frvgr. er sem hér er lagt til að samþykkt verði. Hún er sú að fella niður umboð núverandi bankaráða og frá sama tíma eigi Alþingi að kjósa fimm menn í bankaráð fyrir hvern ríkisbanka og jafnmarga til vara. Ég hef lýst rökstuðningnum í grg. Ég sé ekkert svívirðilegt við slíkan frumvarpsflutning, ég sé ekkert svívirðilegt við það. Með þessari leið, sem hér er lögð til, gefst Alþingi tækifæri til að leysa þá frá störfum sem brugðist hafa skyldu sinni og jafnframt að veita þeim endurnýjað umboð sem Alþingi svo kýs. Ég get ekki séð neitt svívirðilegt við þennan frumvarpsflutning.

Hv. þm. Halldór Blöndal vitnaði hér í bréf sem, ef ég hef tekið rétt eftir, bankaráð Búnaðarbankans hafði ritað hæstv. viðskrh. í kjölfar ákvörðunar bankaráðs Búnaðarbankans. Nú er það svo að lögin um Búnaðarbankann eru eina bankalöggjöfin sem hefur ákvæði sem felur það í sér að laun bankastjóranna séu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðh. Þessi orð, með samþykki ráðh., er ekki að finna í lögum annarra banka. Þess vegna bar bankaráði Búnaðarbankans vissulega skylda til þess að leita staðfestingar og samþykkis ráðh. á þessari ákvörðun.

Ákvörðun bankaráðs Búnaðarbankans er, að ég hygg, tekin í byrjun apríl eða um mánaðamótin mars—apríl. Í umræðum utan dagskrár 11. apríl var lögð sú spurning fyrir hæstv. viðskrh.: Var leitað samþykkis ráðh. á ákvörðun um launaaukann, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 28 1976, um Búnaðarbanka Íslands, en í þeim lögum segir að bankaráð ákveði launakjör bankastjóra með samþykki ráðh.? Svar hæstv. ráðh. við þessari spurningu er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í dag hef ég fengið bréf þar sem leitað er staðfestingar á þeim málum eins og þau þar eru í dag, en skv. upplýsingum rn. hefur ákvörðunin um greiðslu 450 þús. kr. ekki komið til framkvæmda hjá Búnaðarbanka Íslands.“

Það er sem sagt allmörgum dögum eftir að þessi samþykkt er gerð hjá bankaráði Búnaðarbanka Íslands að leitað er staðfestingar og samþykkis ráðh. Nú væri forvitnilegt að fá að vita hvort í þessari samþykkt bankaráðs Búnaðarbanka Íslands hafi þessi ákvörðun, sem á blað var sett, verið skilyrt því að samþykki fengist hjá hæstv. ráðh. Það væri fróðlegt að fá það upplýst í þessari umr.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, en ég vil þó segja það að lokum að hv. þm. Stefán Valgeirsson, fyrir utan sín stóru orð áðan sem ég lýsti, sagði að við sem stæðum að þessum frumvarpsflutningi ættum að biðjast afsökunar og fyrirgefningar á því að leyfa okkur að bera þetta frv. fram á Alþingi. Ég frábið mér það vissulega að biðjast afsökunar á því. Ég þarf ekkert að biðjast afsökunar. Ég er eingöngu að sinna hér skyldum mínum sem alþm. Ef það er einhver sem á að biðjast afsökunar eru það þeir sem að þessari ákvörðun í bankaráðunum stóðu.

Alþt. 1984. B. (107. löggjafarþing).

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er einkennileg afstaða, finnst mér, að telja óeðlileg hlunnindi fullkomlega afsakanleg vegna þess eins að þau hafi viðgengist um árabil. Slíkt má nota sem skýringu á viðhaldi slíkra hlunninda, en ekki sem afsökun fyrir því. Spilling er spilling hversu gamalgróin sem hún er og ég er undrandi á þeim hv. þm. sem verja þessa fríðindaspillingu eins og hún væri þeirra brýnasta hjartans mál. Almenningi var alls ekki ljóst hve mikils virði bílakaupafríðindi ráðh. og bankastjóra ríkisbankanna voru í beinhörðum peningum fyrr en nú fyrir nokkrum vikum. Þegar það var upplýst að þessi fríðindi væru metin sem svarar hátt í þreföldum árslaunum láglaunafólks ofbauð fólki gjörsamlega, skiljanlega, og bankaráðsmenn fengu bágt fyrir að vonum.

Þessi mál hafa nú verið rædd hér allnokkuð og málsatvik kunn þótt þm. séu ekki á eitt sáttir um hvernig taka eigi á þessu máli né hversu alvarlegt það er. Ég var reyndar þeirrar trúar að meiri hluti þm. teldi að bankaráðsmenn hefðu farið rangt að í þessu máli þótt þeir litu það ekki allir jafnalvarlegum augum. En nú veit ég eiginlega ekki hvað skal halda. Almenningsálitið var greinilega andsnúið ráðslagi bankaráðsmannanna þegar uppvíst varð um það, taldi það greinilega siðlaust, ef ekki löglaust, og það hefur kannske valdið því að þeir hafa hingað til haft fremur hljótt um sig.

Reyndar finnst mér þetta ófrjó umræða, ómálefnaleg og til lítils gagns. Persónulegt skítkast og aulafyndni, sem heyrist því miður allt of oft héðan úr þessum ræðustól, er ekki hv. Alþingi sæmandi. Mér væri meira í mun að fá fréttir af því hvar á vegi þetta mál er statt. Það er nú liðið ár síðan við samþykktum einróma hér á Alþingi að fela hæstv. núv. ríkisstj. að fella niður bílakaupafríðindi bankastjóra ríkisbankanna. Það var mjög ótvírætt vilji Alþingis. Það hefur ekki verið gert. Og það er ríkisstj. sem hefur brugðist í þessu máli. Ég sakna þess að hér skuli ekki vera staddur hæstv. bankamálaráðherra til þess að skýra frá hvernig málið stendur nú, hvernig miðar störfum nefndarinnar sem í meira en ár hefur unnið að endurskoðun á bifreiðamálum ríkisstofnana, eins og það var orðað í svari viðskrh. við utandagskrárumræðuna sem hér hefur verið vitnað til. Það lítur sem sagt út fyrir að vera í meira lagi erfitt og flókið verk. Það staðfestu líka orð hv. 3. þm. Norðurl. e. hér áðan, en hann hafði auðheyrilega litast um í þeim frumskógi til réttlætingar á fríðindum bankastjóranna.

Þótt ég sé sammála hv. flm. þess frv. sem hér er til umr. um að bankaráðsmenn hafi farið illa að ráði sínu og eigi fyllilega skilið þá hneykslun og umræðu sem orðið hefur er ég þeim ósammála um að fella beri niður umboð núverandi bankaráða ríkisbankanna og kjósa ný bankaráð. Það er framkvæmdavaldið, ríkisstj., sem hefur brugðist í þessu máli. Það væri nær að svipta hana umboði og kjósa nýja ríkisstjórn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég bjóst raunar við að hv. 2. landsk. þm. hefði aðra siðferðistilfinningu en hv. 5. þm. Reykv., en það virðist ekki vera, miðað við hennar ræðu áðan a. m. k.

Það bréf sem hv. 2. landsk. þm. var að vitna í, sem viðskrh. sagði frá, var svar við bréfi frá ráðh., en það hefur aldrei verið skrifað enn þann dag í dag bréf til

ráðh. um staðfestingu vegna þess að hann óskaði eftir því að það yrði ekki gert öðruvísi en að við fengjum tækifæri til að ræða þessi mál.

Hv. 2. landsk. þm. sagði að sér léki forvitni á að vita hvort það hefði verið tilskilið í samþykktinni hvort við ættum að skrifa viðskrh. Við förum eftir lögum. Það þarf ekki að taka það fram sem sjálfsagt er. En það sem við lögðum áherslu á var fyrst og fremst það að við vildum taka upp allt annað en var í hinum bönkunum. Það var verið að ræða um 2. lið tillögunnar, þ. e. að bankaráð Búnaðarbankans léti sína bankastjóra fá bíla til umráða sem bankinn átti, eins og var og hefur verið í s. l. 50 ár.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir virtist vera hneyksluð yfir þessu máli og sagði að ég hefði verið að reyna að verja bílafríðindin. Það gerði ég ekki. Það er rangt. Ég sagði að það mætti deila um þau. En ætlast hv. þm. til þess að við í Búnaðarbankanum bjóðum okkar bankastjórum önnur kjör og lakari en er búið að ákveða í öllum hinum bönkunum? Hvar er hennar réttlætistilfinning? (Gripið fram í.) Það getur vel verið.

Ég ætla ekki, þar sem ég er búinn að tala tvisvar, að fara að halda langa ræðu. Ég ætla ekki að níðast þannig á hæstv. forseta. En ég vil segja að endingu: ef einhverjir eru sekir í þessu máli, ef hv. þm. Alþfl. eru að reyna að koma höggi á einhverja, þá lendir það á þeirra eigin flokksmönnum því að bankamálaráðh. þegar þessi ákvörðun var tekin var fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason. Og formaður bankaráðs Landsbankans, sem hefur alltaf haft forustu fyrir öllum launabreytingum, hver var hann? Hver skyldi nú hann hafa verið? Hann heitir Baldvin Jónsson. Ef er verið að reyna að koma höggi á einhverja, þá eru það fyrst og fremst þessir menn.

Ég endurtek það aftur að síðustu að það er siðlaust með öllu að ætla að hegna mönnum fyrir það sem aðrir hafa gert sem gegndu störfunum áður en þeir menn sem nú eru tóku við bankaráðsstörfum. Þar á ég við Seðlabankann og Landsbankann.

Ég ætla ekki að níðast á forseta meira.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hvað er það sem stendur eftir að þessum umræðum senn loknum? Það liggur ljóst fyrir að forsendum þessa máls hefur ekki verið hnekkt, staðreyndir tala sínu máli. Bankaráð ríkisbankanna samþykktu tillögu um að breyta þeim hlunnindum, sem áður giltu skv. reglum, í peningagreiðslur. Þau samþykktu að bæta við þau hlunnindi áætluðum skattgreiðslum. Þrjú bankaráðanna gerðu samþykktir um að þessi peningahlunnindi skyldu verða vísitölutryggð. Enginn hefur getað vefengt það að sú ákvörðun var lögbrot.

Spurt er: Hvaða gildi hefur þáltill.? Það ber ekki vott um mikla virðingu fyrir störfum Alþingis ef þm. segja sem svo: Já, það er nú mörg þáltill., það er oft sem Alþingi samþykkir viljayfirlýsingar. Ef það er staðreynd — og það er staðreynd — að framkvæmdavaldið standi illa í stykkinu við að framfylgja vilja Alþingis, hvað þýðir það? Ætla alþm. yfirleitt að leggja blessun sína yfir það að vilji Alþingis sé að engu hafandi, jafnvel þegar um það er að ræða að Alþingi er að reyna að gegna þeirri skyldu sinni að líta til með framkvæmdavaldinu í málum eins og þessu?

Það er líka upplýst að um einn ríkisbankanna, Búnaðarbankann, gegnir öðru máli en hina að því leyti að þar var komið í veg fyrir hina upphaflegu samþykkt sem var upphaflega óbreytt hin sama og í Landsbanka Íslands og Seðlabanka. Staðreynd er það að fyrir liggur í bókum Búnaðarbankans bókun frá bankaráðsmanni Alþfl. þar sem hann andmælir þessari tillögu um hina löglausu vísitölubindingu og að sú tillaga var dregin til baka — (**Gripið fram í:** Hún var bókuð eftir á þegar hann var búinn að samþykkja eigin tillögu.) Ég held að það væri rétt, herra bankaráðsmaður og hv. alþm., að bankaráðsmaðurinn kæmi með gerðabókina og staðreyndi að þá bókun er þar að finna. Eftir að sú bókun var lögð fram var hin tillagan dregin til baka. Þetta eru efnisatriði málsins.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson, fyrrverandi hæstv. dómsmrh., komst að orði á þá leið að ef hægt væri að álasa því bræðralagi, sem verið hefur lengi meðal bankaráðsmanna Búnaðarbankans, fyrir nokkuð væri það helst það að þeir hefðu framfylgt lögum og reglum of vel. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hamrar á því að þær reglur, sem áður giltu frá 1970, hafi verið settar fyrir atbeina Gylfa Þ. Gíslasonar fyrrv. formanns Alþfl.

Það er enginn sem neitar neinum staðreyndum í þessu máli. Staðreyndirnar voru þær að að frumkvæði fyrrv. hæstv. fjmrh., Magnúsar frá Mel Jónssonar, var gerð breyting árið 1970 á þessu máli. Sú breyting átti að vera liður í sparnaði og hagkvæmni í opinberum rekstri og átti að vera á þá leið að bankastjórar ættu sjálfir sína bíla en fengju ákveðin hlunnindi, afslátt af aðflutningsgjöldum.

Nú er það svo að þó að þessi reglugerð hafi gilt er það niðurstaða endurskoðanda eins ríkisbankanna — ég þori ekki að fullyrða eftir minni við hvaða banka hann er endurskoðandi — að framkvæmdin á þessari reglugerð hafi verið með þeim hætti að hún varði við skattalög. M. ö. o., þarna var um að ræða hlunnindi sem voru ígildi tekna og hefðu átt að vera framtalsskyld og skattskyld. Það er upphaf þessa máls að það er endurskoðandinn sem vekur athygli á því að reglugerðinni hafi verið framfylgt með þeim hætti að um brot á skattalögum væri að ræða og hann gæti ekki heiðurs síns vegna sem endurskoðandi undirritað slíkt.

Er þetta, hæstv. fyrrv. dómsmrh., að framfylgja lögum og reglum of vel? Til hvers eru bankaráðsmenn? Það er gott að vita að bræðralagið er gott og vináttan góð milli manna, það er gott alls staðar þar sem það er. En bankaráðsmenn starfa í umboði Alþingis — (Gripið fram í.) Nei, en bankaráðsmenn starfa í umboði Alþingis, þeir eru þarna ekki bara í vinaklúbbi heldur sem eftirlitsmenn framkvæmdavaldsins með einhverjum þýðingarmestu stofnunum ríkisvaldsins, m. a. til þess að líta eftir því að lögum og reglum sé framfylgt.

Og annað, hv. þm. Það er upplýst að frumkvæðið að þessu máli kom ekki frá bankaráðsmönnum heldur frá blaðamönnum þegar þeir upplýstu hvernig komið var.

Í þriðja lagi. Hvernig var framkvæmdin á reglugerðinni, sem gilti s. l. 15 ár, að öðru leyti? Var það bara svo að bankastjórarnir ættu þessa bíla sem þeim voru skenktir skv. reglubundnum hlunnindum? Það er vitað mál að margir ríkisbankanna eiga aðra einkabíla — ég er ekki að tala um sérhannaða sendibíla til flutninga á peningum. Sumir þeirra hafa reyndar bílstjóra í sinni þjónustu. Það fór því saman að þeir báðu hlunnindin sem þeir ekki töldu fram til skatts og borguðu ekki

skatta af og sumir þeirra þáðu líka einkabíla sem bankarnir héldu áfram að eiga og reka að öllu leyti og skenktu þeim síðan einkabílstjóra að auki.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé hlutverk bankaráðsmanna, af því að þeir eru kosnir í umboði Alþingis, að líta til með framkvæmd laga. Bregðist það lít ég ósköp einfaldlega svo á að það komi aftur til kasta Alþingis ef Alþingi þóknast að gera breytingar á eða fela öðrum mönnum að framfylgja þessu, telji það að það hafi ekki verið gert með fullnægjandi móti.

Um ræðumátann í þessari umræðu, skætinginn, stóru orðin um róg og dylgjur, er ósköp fátt að segja. Staðreyndirnar tala sínu máli og með vísan til þeirra þarf ekki að svara slíkum skætingi. Þessir hv. þm., sem eru að reyna að verja þetta, hafa farið út um víðan völl en þeir hafa forðast að svara þeim spurningum sem snúast um kjarna málsins. Kjarni málsins er þessi: Vilji Alþingis var sniðgenginn. Það eru ekki rök í því máli að það hafi gerst áður. Það er hins vegar réttmæt ábending hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að framkvæmdavaldið brást í því efni, auðvitað var það skylda hæstv. forsrh. og viðskrh. að framfylgja vilja Alþingis. Hins vegar er það upplýst að þeir hafa brugðist þeirri skyldu og þá er okkar niðurstaða sú að það komi aftur til kasta Alþingis að freista þess að knýja fram vilja Alþingis. Á Alþingi verður ekki skipt um ríkisstjórn, það verður að gerast í kosningum trúlega. Það er staðreynd að um lögbrot var að ræða. Það er líka staðreynd að í sumum ríkisbankanna hafði þessi umdeilda ákvörðun verið framkvæmd áður en þeim tilmælum hæstv. viðskrh. að fresta henni var beint til bankaráðanna, sem þau að sjálfsögðu urðu við.

Þá er komið að hv. 4. þm. Suðurl. Hann sagði í sínu máli að hann væri svo prinsippfastur maður, svo stefnufastur, að hann greiddi kerfisbundið atkvæði gegn öllum tillögum sem frá þm. Alþfl. kæmu þótt hann hefði ekki lesið þær. Þessa yfirlýsingu hv. þm. ætti að undirstrika rækilega í þingtíðindum sem mjög merka heimild um merkan þingferil. Þm. lýsir því yfir að hann greiði atkvæði vegna persónulegra hleypidóma eða pólitískra hleypidóma gegn málum sem hann ekki hefur fyrir að kynna sér eins og reyndar berlega kom fram í ræðu hv. þm.

Sparðatíningurinn, sem hann fór með, var ekki merkilegur en við skulum aðeins renna yfir stiklurnar hjá honum. Hann veifaði Alþýðublaðinu og lagði út af fréttapistli í Alþýðublaðinu með tilheyrandi hneykslan og leikaraskap. Nú er rétt að það komi fram að í þessu blaði var skýrt frá því á sínum tíma að hv. þm. hefði verið einn um það í bankaráði Útvegsbankans að greiða atkvæði gegn tillögunni þegar hún var þar flutt. Hv. þm. heimskaði sig á því að taka undir með hv. 3. þm. Norðurl. e. um það að ábyrgðin á málum eins og þau standa nú væri öll á vegum Alþfl. vegna þess að Gylfi Þ. Gíslason hefði á sínum tíma átt aðild að þessari reglugerðarsetningu.

Eru það rök í málinu, hv. þm., þótt þm. sem nú er horfinn af þingi og gegndi ráðherrastörfum 1970—1971 hefði átt aðild að reglugerð þegar fyrir liggur í fyrsta lagi að reglugerðin hefur verið framkvæmd með þeim hætti að endurskoðandi telur að hún hafi verið skjól fyrir skattsvik, þ. e. reglugerðin var framkvæmd með þeim hætti að í stað þess að afnema bílaeign bankanna þá hélt það kerfi áfram? Eru það rök í málinu, hv. þm., þegar til þess er tekið að þingflokkur Alþfl. hefur síðan, reyndar allt frá árinu 1978—1979, flutt tillögur hér á hinu háa Alþingi um breytingar á þessu? Vill hv. þm. Garðar Sigurðsson bera persónulega ábyrgð á hverju því orði eða hverri þeirri stjórnarathöfn eða hverri þeirri reglugerð eða hverjum þeim lögum sem einhverjir menn í hans flokki kynnu að hafa sett einhverjum árum eða áratugum áður en hann settist á þing, jafnvel þótt vitað væri að flokkur hans hefði síðan í ljósi reynslu og aðstæðna flutt tillögur á Alþingi um breytingar? Eru þetta einhver rök í málinu, hv. þm.? Heldur hv. þm. að þetta væru nægilega góð rök í lúkarnum, af því að hv. þm. er stundum að stæra sig af því að hann sé fulltrúi hinna karlmannlegu sjónarmiða lúkarsins hér á þessari stundum lognmollulegu samkundu? Heldur hv. þm. að hann kæmist upp með svona rugl í lúkar? Hvers vegna reyndi hv. þm. að gera lítið úr tillöguflutningi Alþfl. með því að segja að við hefðum loksins látið málið til okkar taka þegar það vakti athygli í fjölmiðlum, þegar hann veit betur? Er það af því að hann les ekki málið? Veit ekki hv. þm. að tillaga Alþfl., þáltill. Alþfl. um að fella niður þessi fríðindi hefur verið flutt á undanförnum þingum, þó hún hafi verið endanlega samþykkt af Alþingi Íslendinga á seinasta þingi, nánar tiltekið þann 22. maí? M. ö. o., það er langt síðan þm. létu þetta mál til sín taka, gagnrýndu það og fluttu um það tillögu. Það var ekki að gerast í dag, eins og hv. þm. sagði, það var m. ö. o. ósatt.

En það er náttúrlega erfitt að eiga orðastað við mann sem kemst að fyrirframniðurstöðum um mál og er svo ofstækisfullur að hann gefur hér yfirlýsingu um og þykist af þvílíku ofstæki að hann segist ekki einu sinni lesa þingmál. Það er nóg að mönnum bjóði það í grun af málflutningi hv. þm. þótt slíkar játningar séu ekki gerðar. Þá sagði hv. þm.: Þessi tillaga var samþykkt í bankaráði Landsbankans og hún var samþykkt í bankaráði Útvegsbankans með atkvæðum bankaráðsmanna Alþfl. — Þetta er staðreynd og ekki höfum við reynt að draga fjöður yfir þá staðreynd.

Hvað er að segja um bankaráð Landsbankans? Jú, fulltrúi Alþfl. í því bankaráði heitir Bjarni P. Magnússon iðnrekandi. Hann var hins vegar ekki endurkjörinn á vegum Alþfl. í þetta bankaráð þannig að þingflokkur Alþfl. getur ekki beitt neinum viðurlögum að því er það varðar. Það er hins vegar út af fyrir sig athyglisvert að þessi hv. fyrrv. bankaráðsmaður sótti landsfund Bandalags jafnaðarmanna og skýrði frá því í útvarpsþætti skömmu síðar að hann hefði sérstaklega mikla samúð með siðfræðingasjónarmiðum BJ. Ég get ekki sem formaður Alþfl. komið neinum aga yfir þann mann, en það gæti verið að bræður vorir í BJ gætu það.

Það er rétt að fulltrúi Alþfl. í bankaráði Útvegsbankans samþykkti þetta. Hvernig brást Alþfl. við? Er það til marks um það að hann leyni ekkert málinu eða að þetta sé aðeins yfirdrepsskapur? Ég er búinn að svara því þegar.

Þingflokkur Alþfl. brást við þessu máli á þann veg að gera ályktun um málið og skora á ríkisstj. að framfylgja samþykkt Alþingis og bankaráðsmenn að segja af sér. Því næst er það upplýst að þingflokkur Alþfl. hefur í framhaldi af þessari ályktun sinni sent umræddum bankaráðsmönnum, þ. e. þeim sem aðild áttu að þessari ákvörðun og enn eru í bankaráðum, bréf þar sem ályktanir þingflokksins í þessu máli eru þeim birtar og

frá því skýrt að þessar samþykktir hafi verið gerðar einróma í þingflokki Alþfl. og mælst til þess við umrædda bankaráðsmenn að þeir verði við samþykkt þingflokksins og áskorun í þessu efni. Þetta bréf er undirritað fyrir hönd þingflokksins af hv. formanni þingflokksins Eiði Guðnasyni.

Þá kemur að þeirri athugasemd hv. þm. Halldórs Blöndal sem sagði að Alþfl. gæti þá gengið feti framar og beitt þeim viðurlögum að vísa umræddum mönnum úr Alþfl. Af því tilefni skal það sagt að ég frábið mér reyndar alla ráðgjöf frá hv. þm. Halldóri Blöndal um innanhússmál Alþfl. og þau agaviðurlög sem þar kunni að vera beitt. Og ég segi þetta af sérstöku tilefni vegna þess að miðað við reynslu er ég hræddur um að hv. þm. hafi enga burði til þess að kenna öðrum neitt í því efni. Hv. þm. minnast þess að á því tímabili sem hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnar Thoroddsen veitti hér forstöðu ríkisstj., hvar í sat reyndar hæstv. fyrrv. dómsmrh., þá höfðu menn stundum það á orði að hv. þm. Halldór Blöndal væri eins og naut í flagi í stjórnarandstöðu og sæi gjarnan rautt ef hann sá hæstv. forsrh. hér á vettvangi. Það vildi nefnilega svo til að í þeim flokki, sem hv. þm. er þm. fyrir, gerðist það að þessi þingflokkur klofnaði, tiltekinn hópur þm. veitti ríkisstj. stuðning og sat í þeirri ríkisstj. við hlið dr. Gunnars Thoroddsen en flokkseigendafélagið var í stjórnarandstöðu. Með leyfi að spyrja, hv. þm. Halldór Blöndal, hvar var nú húsaginn og viðurlögin í hinum tyftunarsama Sjálfstfl. á þeim tíma? Ekki efa ég að hv. þm. hefði viljað koma fram viðurlögum, en af einhverjum ástæðum var það nú ekki gert, þrátt fyrir það að þingflokksmenn og flokksbræður sætu bæði í ríkisstj. og veittu henni forstöðu og teldust jafnvel að hinu leytinu vera í stjórnarandstöðu. M. ö. o., Sjálfstfl. skipti sér. Það er hátt til lofts og vítt til veggja í Sjálfstfl., í húsi föður míns eru margar vistarverur, sagði Jóhann Hafstein fyrrv. forsrh. einu sinni. En ég minnist þess ekki að við höfum ráðlagt þeim sjálfstæðismönnum neitt um þennan innanflokksvanda þeirra. Ég held við höfum bara orðið að treysta því að þeir réðu fram úr því eftir bestu getu. Og eins er það að við frábiðjum okkur ráðgjöf hv. þm. í því efni. Þau mál munum við útkljá sjálfir án hans atbeina.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson tók sér í munn orðið ránskjaravísitala og lýsti mikilli hneykslan sinni að menn skyldu nefna þetta orð, minnti á hvort menn myndu ekki eftir baráttu Alþfl. fyrir verðtryggingu. Jú, hvort menn muna. Og muna reyndar að þeirri verðtryggingu var komið á með atkvæði hv. þm. Garðars Sigurðssonar sjálfs og flokks hans og fyrir atbeina forustumanna þess flokks í ríkisstj. En menn minnast þess líka að í þeim lögum, sem kváðu á um að verðtryggja skyldi fjárskuldbindingar, var jafnframt kveðið á um það að lengja skyldi lánstíma. Þeim fylgdu einnig margvísleg önnur lagaákvæði í svokölluðum Ólafslögum, sem í tíð þeirrar ríkisstj. sem við tók, sem naut stuðnings flokks hv. þm., kom aldrei til framkvæmda.

Orðið ránskjaravísitala er mikið notað í Þjóðviljanum, sem ég held að hv. þm. hafi reyndar á jafnvel enn þá minni mætur en Alþýðublaðinu. En merking orðsins ránskjaravísitala er dálítið önnur en verðtrygging. Það vill nefnilega svo til að hópur fólks, sem er með eignir sínar á uppboðum núna þessa stundina, hefur átt viðræður við þingflokka að undanförnu og lagt fram tölulegar niðurstöður hlutlauss athuganda, sem reyndar er í þjónustu ríkisins, þar sem menn benda á að það er búið að leggja á þetta fólk reikning umfram verðtryggingu sem samsvarar frá því á árinu 1982 til dagsins í dag u. þ. b. 2.6 milljörðum króna. Hvers vegna, hv. þm.? Það er vegna þess að á þeim tíma, sem liðinn er frá því að fólk tók þessi lán, er búið að afnema vísitölubindingu launa en halda áfram verðtryggingu eftirstöðva skv. lánskjaravísitölu, þeirri hinni sömu sem nota átti til þess að verðtryggja hlunnindi bankastjóra, hv. þm. Í leiðinni voru vextir hækkaðir þannig að nú er hér hæsta vaxtastig sem þekkt er á byggðu bóli umfram verðbólgu. Með þessum hætti var kjörum þessa fólks breytt. Enginn þessara manna, talsmanna þessa hóps, hefur gert þá kröfu að verðtrygging á fjárskuldbindingum yrði felld niður. Það gerir aftur á móti Alþb. eða sumir Alþýðubandalagsmenn. Enginn þessara manna er að fara fram á það. Það sem verið er að fara fram á er það að þeir verði ekki látnir greiða hundruð milljóna umfram verðtryggingu og umfram upphafleg umsamin ávöxtunarkjör.

Sjálfsagt er það, herra forseti, ekki sanngjarnt af mér að fara að eyða miklu púðri almennt um efnahagsmál eða taka alvarlega gagnrýni hv. þm. á málflutning Alþfl., í ljósi yfirlýsingar hans um það að hann lesi aldrei þingskjöl sem frá þeim flokki koma. Það er dáltíð bágt að eiga orðastað við slíkan mann. Ómögulega vil ég gera honum upp skoðanir en ég frábið mér líka að hann geri okkur upp tillögur eða hugmyndir sem hann ekki hefur kynnt sér. Hann sagði nefnilega að Alþfl. legði fram tillögur um það að lækka skatta en auka ríkisútgjöld — og þótti bág hagfræði lærð í Skotlandi. Þetta mundu þeir ekki skilja í lúkarnum. En því miður, það er eins og annað sem hv. þm. sagði, hann hefur ekki haft fyrir því að kynna sér málið. Hann er svo upptendraður af forstokkun og hleypidómum að honum er bókstaflega fyrirmunað að kynna sér mál, þar með reyndar fyrirmunað að taka skynsamlega afstöðu. Ætti honum því raunverulega að vera ljóst að hann á ekki að vera að koma hingað upp í ræðustól til þess að tala um hluti sem hann ekki veit og eyða þar með tíma þingsins, láta sér bara nægja að greiða atkvæði um þau þingskjöl sem hann ekki hefur lesið.

Má ég minna á það að við afgreiðslu fjárlaga á s. l. hausti flutti Alþfl. tillögur um tekjuöflun fyrir öllum þeim útgjaldatillögum sem hann flutti, og reyndar gott betur, því hann flutti tillögur um tekjuöflun til þess m. a. að mæta fyrirhuguðum hallarekstri ríkissjóðs í tíð núv. ríkisstj. Alþfl. hefur hér á þingi lagt fram tillögur um að leggja á stighækkandi eignarskattsauka á skattsvikinn verðbólgugróða stóreignafyrirtækja og stóreignamanna, sem mundi ná til lítils hluta framteljenda en er áætlað að mundi skila ríkissjóði um 2 milljörðum í auknar tekjur. Alþfl. hefur lýst hugmyndun hér á þingi og lagt fram, m. a. með tilstyrk fjmrn., upplýsingar um nauðsyn þess að þurrka út skattsvik í þessu þjóðfélagi með því að taka upp einfaldara og skilvirkara söluskattskerfi sem mundi skila ríkissjóði verulegum tekjuauka. (Gripið fram í.) Það kemur að því, hv. þm., bara sýna biðlund. Þetta er hv. þm. sjálfum að kenna. Ef hv. þm. er að segja eitthvað um þingmál sem hann ekki hefur lesið, þá neyðist maður til þess með allri virðingu fyrir þm. að segja honum frá helsta inntaki þessara þingmála, ef maðurinn vill ekki lesa. Hann er prýðilega

læs sjálfur. Hann á eftir að greiða atkvæði um þetta og þá er eiginlega ekki forsvaranlegt að hann greiði atkvæði um það sem hann veit ekki hvað er, allra síst eftir að hann er búinn að eyða tíma þingsins í að lýsa þessar tillögur út í hött. Sömuleiðis hefur Alþfl. flutt tillögur um það að draga úr ríkisútgjöldum, þannig að þessi fullyrðing, eins og reyndar allar fullyrðingar hv. þm., hver ein og einasta, var ýmist spardatíningur, útúrsnúningur, dylgjur, allavega gersamlega víðs fjarri efniskjarna þessa máls, allt nema eitt. Þetta var allt saman ræða tilkomin vegna þess að það er rétt, að hv. þm. sýndi þann manndóm á sínum tíma í bankaráði að greiða atkvæði gegn lögbrotum og gegn því að framlengja þessi hlunnindi, reyndar með því að bæta ögn við þau. Ég vil endilega að þetta komi fram skilmerkilega, alveg eins og það gerði í Alþýðublaðinu, því að þetta er hróss vert, þm. á hrós skilið fyrir þetta. M. ö. o., hann sýndi þarna afstöðu í bankaráðinu sem fleiri hefðu átt að gera. Þarna var maðurinn til fyrirmyndar, hefur væntanlega í þetta skipti kynnt sér málið, komist að réttri niðurstöðu, og auðvitað er það á allan máta ómaklegt, hvort heldur Alþýðublaðið á í hlut eða aðrir, að veitast að slíkum manni.

Tveir hv. þm. hafa vikið að þeirri spurningu, sem vefst svolítið fyrir þeim, hverjir eigi Ísland, hverjir eigi það nú með gögnum þess og gæðum. Frá því var skýrt nýlega í fréttum að borgarstjórn Reykjavíkur stæði í samningum um það að greiða af skattfé almennings, útsvari almennings 60 millj. kr. fyrir jörð hér í nágrenni Reykjavíkur sem skv. sömu upplýsingum var metin á 400 þús. kr. Það sem hér er verið að kaupa er auðvitað orkuréttur inn og það skiptir engu máli í þessu samhengi hverjir áttu í hlut. Hverjir eiga Ísland? Hverjir eiga gögn þess og gæði? Hverjir eiga auðlindirnar? Það er spurning sem framsóknarmenn ættu að velta svolítið fyrir sér. Spurningin er kannske sérstaklega fróðleg um það hversu langt niður til þess í neðsta þessi eignarréttur nær. Höfuðborgin hefur vaxið og dafnað. Fólk hefur þar til orku nýtingu á jarðvarma. Eigendur þessa hvers, framsýnir menn, skynsamir fjáraflamenn, hafa ekki fjárfest í þeirri auðlind. Hún er óbreytt. Spurningin er hins vegar sú: Er það skynsamlegt, er það réttlætanlegt að krefjast þess af almenningi í Reykjavík, sem hefur gert þessa auðlind verðmæta vegna þéttbýlismyndunar hér, að hann reiði fram 60 millj. kr., sem kreistar eru undan blóðugum nöglum þess fólks sem fær borgaða hungurlús fyrir sín störf oft og tíðum, reiða það fram í sjóði til þriggja framsýnna fjáraflamanna fyrir afnotaréttinn af þessari auðlind?

Það mætti líka spyrja hv. þm. að því, af því að honum er málið skylt og kært: Var það skynsamleg ráðstöfun hjá forsjármönnum orkumála og ráðherrum að verða við kröfum landeigenda norður í landi, vegna áforma ríkisins, þjóðarinnar, um virkjun Blöndu, að reiða fram af almannafé mörg hundruð milljónir kr. til þess að verða við því sem næst öllum kröfum svokallaðra landeigenda, með þeim afleiðingum að framleiðslukostnaðarverð orku frá Blöndu fullvirkjaðri mun þegar nú sýnilega verða 2—2.5 millidölum hærra en ella hefði orðið, en það gæti skipt sköpum um það hvort þessi orka verður seljanleg eða ekki, svo að ég tali nú ekki um hvort rétt hafi verið að verða við þeim kröfum, sem nutu eindregins stuðnings þm. Framsfl., að verðlauna menn, sem neituðu að hlíta reglugerð um upprekstur hrossa, með því að reiða fram almannafé til þess að greiða þeim fyrir það að verða við reglum? Þetta eru aðeins örfá dæmi af mörgum.

Með þessu er ég að vísa til tillagna, sem þm. Alþfl. hafa flutt ár eftir ár, þing eftir þing, um það að í stjórnarskrá lýðveldisins verði því yfir lýst að auðlindir þjóðarinnar sameiginlegar, fallvötnin og jarðvarminn, verði skv. stjórnarskrá lýst alþjóðareign. Hér er ekki um að ræða nein þau verðmæti sem einkaaðilar hafa fjárfest í. Þetta eru náttúrlegar auðlindir landsins. Þær verða æ verðmætari eftir því sem fólki fjölgar og þéttbýli vex og það er auðvelt fyrir fjárplógsmenn hvers kyns að nýta sér þessar aðstæður.

Það má svara spurningunni: Hverjir eiga Ísland? á þann máta að landinu, gögnum þess og gæðum, eignarréttinum er misskipt og sumir virðast hagnast bærilega á því ef einhverjar framfarir verða í þjóðfélaginu. Það má líka minna hv. þm. á það að niðurstaðan af stjórnarfari, sem hér hefur ríkt allt frá árinu 1971, undir forustu mestan part flokks hans, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að þjóðarframleiðsla Íslendinga, eða 65% af henni, er veðsett erlendum fjármagnseigendum og að næstu árin, kannske 10 árin eða svo, fara tveir fiskar af hverjum fjórum, sem sjómenn draga á land, í að standa undir afborgunum og vöxtum af þessari skuldsetningu þjóðarframleiðslunnar íslensku. Partur af svarinu er því líka sá, að í stjórnartíð Framsfl. hefur farið svo að þjóðarframleiðsla Íslendinga, lífskjör vinnandi fólks á Íslandi hafa verið veðsett erlendum fjármagnseigendum og kjör þess keyrð niður vegna óbærilegrar greiðslubyrði þessara skulda, sem reyndar skiluðu okkur ekki þeim arði sem menn gerðu sér vonir um, líka vegna misráðinna ákvarðana þess pólitíska hrossakaupa- og spillingarkerfis sem Framsfl. er sérstakur umboðsaðili fyrir í íslensku þjóðlífi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að hvorki formaður Alþfl. né varaformaður Alþfl. svo mikið sem reyndu að færa fram rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni að þessi setning í grg. væri rétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlegan launaauka að upphæð 450 þús. kr. í stað bifreiðahlunninda."

Það er einfaldlega vegna þess að þessi fullyrðing er ekki rétt. Samþykkt bankaráðs Búnaðarbankans er ekki í samræmi við þessa fullyrðingu. Báðir þessir formenn Alþfl. hafa tekið til máls við þessar umr., báðir þessir formenn Alþfl. hafa vitnað í umr. sem hafa farið fram í bankaráði Búnaðarbankans og þóst vita hvað þar færi fram svo að augljóst er að þeir hafa fengið skýrslu um það sem þar á að hafa gerst. Það er út af fyrir sig fróðleg upplýsing fyrir aðra bankaráðsmenn í þeim banka.

Ég vil líka segja að það er rangt að sú bókun sem þessir formenn Alþfl. vitnuðu til hafi verið gerð áður en samþykkt Búnaðarbankans varðandi þessi bifreiðahlunnindi var gerð. Það er rangt. Þvert á móti var þessi bókun gerð eftir að allir bankaráðsmenn höfðu komist að sameiginlegri niðurstöðu eftir ítarlegar umræður. Ég man eftir því að ég vakti athygli á því að það væri óvenjulegt að gera bókun um samþykkt sem aldrei hafði orðið. En það er komið í ljós núna að formenn

Alþfl. sjá sér hag í því að vitna til þessarar bókunar eigi að síður og eru með dylgjur um að þessi bókun hafi verið gerð á öðrum tíma en hún var gerð. Þetta er mjög undarlegur málflutningur, ekki traustvekjandi og er síður en svo fallinn til þess að auka trúnað manna á meðal, þeirra sem fjallað hafa um þetta mál í Búnaðarbanka Íslands.

Ég vil líka segja að það er rangt, eins og fram kemur af bókun Búnaðarbanka Íslands, að þar hafi verið samþykkt breytingartillaga við framkomna tillögu eða eitthvað í þá átt sem lögð var fram af fulltrúa Alþfl. í bankaráði Búnaðarbankans. Það er ekki rétt. Þvert á móti liggur fyrir að fulltrúi Alþfl. í þeim banka stóð að samþykktinni eins og aðrir bankaráðsmenn — og af hverju? Hver var skýringin á því að bankaráð Búnaðarbankans taldi sig knúið til þess að gera samþykkt um þessi mál?

Í gömlum lögum um Búnaðarbanka Íslands er kveðið á um það að kjör bankastjóra Búnaðarbankans skuli ekki vera betri en kjör bankastjóra Landsbankans. Frá þeim tíma hefur verið haldið þeirri hefð að bæta kjör bankastjóra Búnaðarbankans ekki umfram það sem tíðkast hefur í öðrum ríkisbönkum. Það liggur líka fyrir að allir bankaráðsmenn Búnaðarbankans voru sammála um að láta reyna á hvort það væri vilji viðskrh. að bankastjórar Búnaðarbankans sætu við annað borð en bankastjórar annarra ríkisbanka. Það var samdóma álit allra manna í bankaráði Búnaðarbankans að eðlilegt væri að fylgja þar eftir þeim kjörum sem annars staðar hefur orðið og það hefði líka orðið svo ef kjör bankastjóra í öðrum bönkum hefðu versnað, það er alveg ljóst. Það er þess vegna í fyrsta lagi afskaplega ómaklegt gagnvart bæði bankastjórum Búnaðarbankans og bankaráðsmönnum öllum, líka fulltrúa Alþfl., að halda því fram að ekki hafi verið svipaðar skoðanir á þessu máli í því bankaráði. Og ég vek athygli á því að eins og orð formanns Alþfl. féllu áðan um það sem átti að hafa gerst í bankaráði Búnaðarbankans verða þau undir engum kringumstæðum skilin öðruvísi en svo að þeir hafi fallist á þá bókun, sem bankaráðsmaður Alþfl. gerði, efnislega. Þeir fóru þeim orðum um þá bókun að ekki var hægt að skilja öðruvísi en svo að þeir væru sammála því sem í henni stæði. Þeir gerðu þessa bókun að sínum orðum og í því felst að sjálfsögðu viðurkenning þeirra á því að á það ætti að reyna að bankastjórar Búnaðarbankans sætu við sömu kjör og aðrir ríkisbankastjórar.

Ég vil líka segja nokkur orð út af öðrum ummælum formanns Alþfl. þegar hann talar um það almennt að tiltekinn hópur manna hafi gerst brotlegur við skattalög. Nú vitum við öll sem á þingi sitjum að þessi formaður Alþfl. hefur ekki minnstu hugmynd um það hvernig skattaframtöl bankastjóra eru í fyrsta lagi. Hann hefur engar forsendur til að dæma hvernig bankastjórar ríkisbanka hafa á s. l. 15 árum talið fram sínar tekjur til skatts. Það er algerlega ljóst. (**Gripið fram í:** Og við vitum það ekki heldur.) Við vitum það ekki. Það veit ekki einn einasti maður sem á sæti á Alþingi í dag. Allar dylgjur formanns Alþfl. um að þessir menn hafi ástundað skattsvik eru þess vegna algerlega dauð, lágkúrulegur málflutningur, og það vekur þeim mun meiri furðu sem þessi hv. þm. hefur mjög nýlega í þessum sama ræðustól haft uppi stór orð um það að aðrir menn hafi vaðið uppi með dylgjur. Af hverju var hann svo sár nema vegna þess að þær dylgjur voru uppi hafðar um hann sjálfan? Þetta held ég að sé mikil staðreynd í þessu máli.

Ég get út af fyrir sig á það fallist að það er auðvitað umdeilanlegt hvernig launakjörum bankastjóra skuli háttað. Ég held þó að það hafi löngum verið viðurkennd skoðun að rétt sé að vissar stéttir manna séu vel launaðar borið saman við aðra þegna þjóðfélagsins, rausnarlega launaðar. Þar vil ég fyrst nefna hæstaréttardómara af þeirri einföldu ástæðu að menn vilja ekki að þeir þurfi að búa við fjárhagslega örðugleika til þess að þeir geti verið sem sjálfstæðastir í sínu einkalífi gagnvart þeim dómum sem þeir þurfa að kveða upp. Við vitum líka að það ríður á miklu að þeir menn sem eru bankastjórar stærstu viðskiptabanka landsins séu fjárhagslega sjálfstæðir. Það liggur alveg ljóst fyrir að hver einasti alþm. hlýtur að taka undir þá skoðun. Við vitum líka að þessir menn hafa ekki heimild til að sitja í stjórn fyrirtækja eða til þess að reka önnur störf með sínu bankastjórastarfi. Við vitum enn fremur að þessir menn fá ekki sérstakar greiðslur fyrir yfirvinnu eða annað þvíumlíkt. Þau laun sem þeim eru ákveðin eru þess vegna endanleg. Í ljósi þess er afskaplega einfalt að halda því fram að þeir dragi til sín of miklar tekjur. Þeir menn sem slíku halda fram eru ekki að velta því fyrir sér hvert vinnuálagið sé og þeir taka ekki samanburð af ýmsum öðrum stéttum, af ýmsum öðrum þeim mönnum sem fá sérstaka þóknun fyrir eftirvinnu, næturvinnu eða annað þvílíkt.

Þegar Kjaradómur ákveður laun hæstaréttardómara tekur hann að sjálfsögðu tillit til þeirra almennu launakjara sem þessi stétt manna hefur. Hið sama gildir að sjálfsögðu þegar mánaðarlaun bankastjóra eru ákveðin. Þau eru lægri en ella vegna þeirra hlunninda sem bankastjórar hafa haft, m. a. vegna þessara bifreiðahlunninda. Með þessum orðum mínum er ég ekki að halda því fram að ég vilji hafa þennan hátt á, síður en svo. En ég minni aftur á að það er svo í lögum um Búnaðarbanka Íslands að kjörum bankastjóra verður ekki breytt án atbeina viðskrh., án atbeina landbrh. áður, og ég get ekki séð að bankaráð Búnaðarbankans hafi aðhafst neitt það í þessu máli sem getur talist ámælisvert, hefur ekki haft frumkvæði að neinu því sem hægt er að segja að séu bætt kjör bankastjóra Búnaðarbankans umfram það sem tíðkast hjá öðrum bönkum.

Það kom líka fram í máli formanna Alþfl. að þeir voru á allt öðrum skóm í sínum seinni ræðum og voru miklu mýkri í tóninum gagnvart þessum banka en áður, en ég vek líka athygli á hinu, að þeir voru hvorugur maður til þess að taka aftur þau ummæli að vísitölutenging launaaukans hefði verið í þrem bönkum sem eftir því sem ég veit best er ekki rétt. (**JBH:** Rangt hjá þér.) (**SV:** Það er ekki rétt.) Það er ekki rétt. (**JBH:** Það er rétt.) Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl., vitnaði áðan í ræðu sinni í samþykkt Seðlabankans, en sagði um leið í ræðustólnum að hann hefði aldrei lesið hana. Það er nóg um það. En ég ítreka það sem ég sagði áðan: Bókun fulltrúa Alþfl. í bankaráði Búnaðarbankans var gerð eftir að samþykkt allra bankaráðsmanna lá fyrir. Það var enginn ágreiningur í bankaráði Búnaðarbankans um þetta mál og einhverjar skoðanir formanns Alþfl. á því hvernig umræður féllu í bankaráði Búnaðarbankans um þetta mál eru auðvitað léttvægar, óviðkomandi og að engu hafandi.

Ég fullyrði að fulltrúi Alþfl. í bankaráði Búnaðarbankans fór ekki að segja neitt það við formenn Alþfl. sem gerst hafi þar innan dyra sem ekki hefur við rök að styðjast. Ég fullyrði það. En það er billegt að koma hér upp og flytja langar ræður um atburði sem hvergi eru skráðir og gerðust þar sem þetta fólk var ekki viðstatt. Það er billegt. Það eru dylgjur af versta tagi.

En það voru fleiri en bankastjórar sem höfðu bifreiðahlunnindi skv. þeirri reglugerð sem margsinnis hefur verið vitnað til. Ég skal ekki fara nánar út í það að þessu sinni, en auðvitað má halda þeirri umræðu áfram.

Ég skal ekki í löngu máli blanda mér inn í þá miklu drauma sem formaður Alþfl. hefur um betra Ísland, annað Ísland og hvernig hann ætlar að koma við réttlátari skattalöggjöf hér á landi. Hann talar mikið um sínar miklu tillögur t. d. um eignarskatt. Og ég spyr þá á móti: Hann segir að eins og hann hugsar eignarskattinn muni hann bitna á mjög fáum mönnum, en hins vegar muni hann gefa í aðra hönd — var það 1 eða 2 milljarðar? (**JBH:** Einn á ári.) Einn milljarður á ári. Þá spyr ég formann Alþfl., úr því að hann býr yfir þessu patenti: Hvað dvelur þá orminn langa? Af hverju leggur þá ekki formaður Alþfl. fram frv. til l. um breytingu á eignarskatti í þessa veru? Af hverju kemur hann ekki með frv.? Það hefur aldrei verið svo á hinu háa Alþingi að skattalögum hafi verið breytt með almennri þáltill. Hins vegar vitum við að þáltill. hafa oft verið fluttar til þess að slá ryki í augu fólks. Ég skora á formann Alþfl., úr því að hann hefur fundið lausnina, lykilorðið í skattamálunum, að leggja fram frv. til þess að við hinir getum séð að þessar fullyrðingar hans hafi við rök að styðjast, til þess að við getum tekið mark á honum og til þess að hann eigi skilið allan þann mikla trúnað sem hans flokkur hefur sýnt honum. Hvar er frv.? Af hverju er það ekki flutt? Af hverju flytur ekki þessi hv. þm. frv. um allar þessar miklu breytingar á skattalögum? Hvar er frv. um það að leggja söluskattinn á matvörur? Af hverju er það ekki flutt? Af hverju er ekki flutt frv. um það að leggja söluskatt á þjónustu barnaheimila? Af hverju er ekki flutt frv. um að leggja söluskatt á útflutningsatvinnuvegina? Hvernig eru þessi mál hugsuð af formanni Alþfl.? Ætli það komi ekki í ljós þegar grannt er skoðað að ekkert er hugsað til botns, að um leið og hann horfir á frv. fyrir framan sig, sem hann hefur reynt að rissa upp, sjái hann að þetta er froða, þetta er reykur, þetta hefur ekki við rök að styðjast. Ég skal með mikilli ánægju aðstoða formann Alþfl. við að fá afnot af tölvu Háskólans til þess að hann geti náð 1 eða 2 milljörðum kr. af landslýðnum án þess að neinn finni fyrir því nema fáir. Það hlýtur að vera þess virði. Það hlýtur að borga sig úr því að þetta ríka fólk er til sem getur borgað þetta eins og ekkert, nokkrir einstaklingar, einn milljarð á ári. Það hlýtur að mega kosta einhverju til, einhverri fyrirhöfn. En ætli staðreyndin sé ekki sú að þarna er talað án þess að menn gái að sér og hugsi það sem viti gegnir. Ég hef einhvern veginn þá hugsun í bakþankanum.

Hv. þm. afbað sér mín ráð um það hvernig ætti að stjórna innri málum Alþfl. Ekki ætla ég að reyna að leggja honum til ráðin. Það sem ég spurði um var þessi siðfræðilega spurning. Ef fulltrúi Alþfl. í bankaráði hefur unnið sér það til óhelgi með afstöðu sinni að dugi til þess að þingflokkur Alþfl. skorar á hann að segja sig úr bankaráðinu og hann hlífist við, hann hefur það að engu, hver er þá virðing Alþfl. fyrir sjálfum sér ef hann lætur við það eitt sitja? Það er þessi móralska spurning sem við erum að velta fyrir okkur. Okkur er alveg hjartanlega sama þó að þessi maður sé áfram í Alþfl., nákvæmlega sama þó að allir þessir bankaráðsmenn séu áfram í Alþfl., það skiptir okkur engu máli. Það er þessi móralska spurning sem leitar á menn af því að sá sem gerði kröfuna þykist vera samviska þjóðarinnar. Það er málið.

Ég vil að síðustu, herra forseti, vekja athygli á því að í þeirri ríkisstjórn, sem setti þá reglugerð sem hér hefur mest verið fjallað um, ríkti mikil samheldni. Og ég er ekki í minnsta vafa um að þeir tveir fyrrv. formenn Alþfl. sem sátu í þeirri ríkisstjórn, Gylfi Þ. Gíslason og Emil Jónsson, hafi verið fullkomlega sammála og sáttir við þá reglugerð sem fjmrh. gaf út á þeim tíma. Ég er líka sannfærður um það, herra forseti, að fjmrh. Alþfl. sem síðar sat, Sighvatur Björgvinsson, hafi verið fullkomlega sáttur við þessa sömu reglugerð og þeir aðrir þm. Alþfl. sem þá sátu í ríkisstjórn og er kannske auðvelt að fletta því upp. Síðast en ekki síst er ég þess fullviss að sá landbrh. Alþfl. sem á sínum tíma var yfirmaður Búnaðarbankans hafði ekkert við það að athuga að Búnaðarbankinn á þeim tíma fylgdi landsins lögum. Þetta allt vil ég og tel nauðsynlegt að fram komi. En ég hlýt að síðustu að víta þetta:

Í fyrsta lagi að hv. þm. skuli vitna til ummæla bankaráðsmanns sem ekki á kost á því að skýra sín sjónarmið hér á Alþingi og verður að láta duga ónákvæma og ranga frásögn af ræðu hans.

Í öðru lagi hlýt ég að víta það að þessi formaður Alþfl. skuli hafa uppi margs konar dylgjur um ætluð lagabrot manna, ætluð lagabrot af ýmsum toga án þess að vera maður til þess í eitt einasta skipti að færa rök fyrir sínu máli.

Í þriðja lagi hlýt ég að víta það að tveir formenn Alþfl. skuli með frumvarpsflutningi sínum hér láta fylgja grg. sem er efnislega röng og á ekki við rök að styðjast.

Og í fjórða lagi víti ég að formaðurinn skuli lýsa því yfir í ræðustól að lögbrot felist í samþykkt sem hann sjálfur segist aldrei hafa lesið.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Aths. mín er þessi: Hv. þm. Halldór Blöndal segir að þessi setning úr grg. sem ég nú vitna til, „Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlegan launaauka að upphæð 450 þús. kr. í stað bifreiðahlunninda," sé röng. Ég fullyrði aftur á móti að þessi setning standist og sé rétt. Þessi samþykkt var fyrst lögð fram í bankaráði Landsbanka Íslands 28. des. og, eftir því sem mér er tjáð, á sama tíma í bankaráði Seðlabankans. Þessi ályktun var birt í blöðum þó að ég hafi hana ekki undir höndum.

Að því er varðar Útvegsbanka Íslands fer ekkert á milli mála um að þessi ályktun var samþykkt, nákvæmlega þessi. Spurningin er eingöngu um atburðarás í Búnaðarbanka Íslands. Mínar upplýsingar eru þær að þar hafi verið lögð fram á bankaráðsfundi nákvæmlega sama ályktunin og lögð var fram í bankaráði Landsbankans. Henni var síðan breytt. Fyrir liggur í bókum Búnaðarbankaráðs bókun frá fulltrúa Alþfl. þar sem hann gerir aths. við þessa samþykkt. Aths. eru tvær: Í fyrsta lagi að ákvæðið um vísitölutryggingu skv. láns-

kjaravísitölu sé brot á lögum. Hin síðari var að úr því að bankaráð hinna bankanna hefðu samþykkt þennan kaupauka í þessu formi treysti bankaráðsmaðurinn sér ekki til þess að greiða atkv. gegn því að kjör bankastjóra Búnaðarbankans skyldu vera hin sömu og í öðrum ríkisbönkum. Hitt treysti ég mér ekki til þess að fullyrða um nákvæmlega, í hvaða tímaröð eða á hvaða stundu þessi bókun var lögð fram. En bókunin felur það í sér að samþykktin var gerð. Skv. þessu er það rétt, sem hér stendur, að í bankaráðum ríkisbankanna var samþykkt gerð um þennan launaauka og þessa viðmiðun, 450 þús. kr.

Hitt er annað mál hvort þessi ályktun fékk einhvern tíma staðfestingu, hvort hún var borin undir eða leitað staðfestingar ráðh. Um það höfum við ekki fullyrt, enda málið með þeim hætti að þegar það er upplýst í fjölmiðlum varð mikið írafár. Viðskrh. snéri sér til bankaráðanna og bað um frestun. Þau hafa áreiðanlega öll orðið við því. Ég minnist frásagna úr blöðum af því að því er varðar Búnaðarbanka að þar komu fram hugmyndir um að bankaráð Búnaðarbankans væri með tillögur í mótun um að færa þessi mál aftur í sitt fyrra horf. (**SV:** Þetta er rangt eins og annað.)

Í seinni setningunni, herra forseti, segir: „Þrjú af fjórum bankaráðum ríkisbankanna ákváðu einnig vísitölubindingu launaaukans sem þó er andstæð lögum." Þessi setning er rétt. (**SV:** Hún er röng.) Þessi ályktun var gerð í bankaráði Útvegsbankans. Fullyrðingar um að vísitölubindingin sé ekki brot á lögum er skoðun sem menn mega hafa mín vegna. Orðalagi á þessu var breytt síðar, en þó er staðfest að hún fól í sér vísitölubindingu. Digurbarkaleg ummæli hv. þm. Halldórs Blöndals um að hér sé farið rangt með eru því ósannað mál.

Ég hef ekki tíma til þess, herra forseti, að víkja að öðrum efnisatriðum. Ég er hér eingöngu til þess að svara fullyrðingum hv. þm. um að hér sé farið með rangt mál. Aðrar pólitískar ábendingar hans get ég látið bíða betri tíma.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vék að því áðan að það hefði verið svo í lögum um Búnaðarbanka Íslands að launakjör bankastjóra hans skyldu ekki vera betri en launakjör bankastjóra Landsbankans. Í samræmi við þessi lög og þá hefð sem þessi lög mótuðu var að sjálfsögðu eðlilegt að formaður bankaráðs Búnaðarbankans legði fram til umræðu í bankaráði Búnaðarbankans þá samþykkt sem gerð hafði verið í bankaráði Landsbankans. Það var að sjálfsögðu eðlilegt. Og það er jafneðlilegt að bankaráðsmenn skiptist á skoðunum um hvað eina sem snertir bankann eins og er gert á þingflokksfundum hér.

Ég vil aðeins segja það aftur, herra forseti, að ég harma það þegar formenn Alþfl. eru að draga hér inn í umr. einhverjar fullyrðingar hafðar eftir bankaráðsmanni Alþfl. í Búnaðarbanka Íslands sem við hinir bankaráðsmennirnir trúum ekki að hann hafi látið sér um munn fara á þann hátt sem hér hefur verið lýst. En að sjálfsögðu hlaut sú spurning að vakna í bankaráði Búnaðarbankans hvort við ættum að leggja til að þessum bifreiðahlunnindum yrði breytt eins og gert var í hinum ríkisbönkunum.

Herra forseti. Það er gefið hér í skyn með þeirri setningu sem ég vísaði til áðan að sá væri vilji og sé vilji bankaráðs Búnaðarbankans að þau hlunnindi sem hér eru rakin, 450 þús. kr. á ári, renni til bankastjóra Búnaðarbanka Íslands. Þetta er rangt. Það liggur fyrir í bankaráði Búnaðarbankans í fyrsta lagi að bankastjórar Búnaðarbankans hafa afþakkað hlunnindi af þessu tagi og í öðru lagi liggur það fyrir að bankaráðið mun ekki fara fram á að slík hlunnindi verði þeim greidd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Áfengislög (86. mál) 5169, 5245, 5293.
Bankaráð ríkisbankanna (430. mál) 5334.
Erfðalög (424. mál) 5168, 5241, 5272.
Fjárhagsstuðningur við Kvennaathvarf (446. mál) 5223.
Framhald samningaviðræðna við Alusuisse (436. mál) 5205.
Framleiðsla og sala á búvörum o. fl. (491. mál) 5298.
Heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs (326. mál) 5263.
Iðnþróunarsjóður (492. mál) 5296.
Kirkjusóknir (99. mál) 5288.
Kosning sérstakrar nefndar (lausanefndar) skv. 15. gr. þingskapa 5153.
Launakjör bankastjóra og ráðherra (422. mál) 5140.
Lögverndun á starfsheiti kennara (453. mál) 5216.
Mörk Garðabæjar og Kópavogs (408. mál) 5129, 5133.
Námaleyfi til Kísiliðjunnar (442. mál) 5210.
Orkulög (488. mál) 5130, 5133.
Rafmagnseftirlit ríkisins (389. mál) 5201.
Ríkisábyrgð á launum (50. mál) 5159, 5241, 5272, 5287.
Ríkislögmaður (475. mál) 5129, 5132, 5243, 5295.
Ríkisreikningur 1980 (368. mál) 5168, 5242, 5296.
Starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta (355. mál) 5242, 5293.
Tannlækningar (106. mál) 5152.
Umræður utan dagskrár 5273 (húsnæðismál).
Útflutningur niðurgreiddra landbúnaðarafurða (409. mál) 5203.
Útvarpslög (5. mál) 5153, 5226, 5265.
Varamaður tekur þingsæti 5200, 5293.
Varnir gegn snjóflóðum (384. mál) 5127, 5132, 5243, 5295.
Verslunaratvinna (342. mál) 5289, 5293.
Virkjun Fljótaár (486. mál) 5129, 5135.
Þingsköp Alþingis (416. mál) 5153.
Þroskaþjálfaskóli Íslands (470. mál) 5125, 5132, 5296.
Þörungavinnsla við Breiðafjörð (487. mál) 5135.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5200.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 5216.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 5132, 5272.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 5154, 5167, 5189, 5259, 5293, 5294.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 5277, 5287.
Félmrh. Alexander Stefánsson 5164, 5243.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 5223, 5226, 5243.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 5152.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 5129, 5130, 5135, 5136, 5201, 5207, 5208, 5296.
Landbrh. Jón Helgason 5203, 5205, 5298, 5323, 5333.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 5157, 5211, 5217, 5222, 5226, 5295.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 5156.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 5295.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 5296.
Birgir Ísl. Gunnarsson 5158.
Björn Dagbjartsson 5215.
Davíð Aðalsteinsson 5127, 5133, 5272, 5287.
Eggert Haukdal 5181.
Eiður Guðnason 5133, 5203, 5204, 5205, 5223, 5224, 5234, 5281, 5288, 5291.
Ellert B. Schram 5158, 5192, 5260.
Friðjón Þórðarson 5169, 5310, 5345.
Friðrik Sophusson 5154, 5158.
Garðar Sigurðsson 5349.
Guðmundur Einarsson 5154, 5158, 5210, 5214, 5216.
Guðmundur J. Guðmundsson 5251.
Guðrún Agnarsdóttir 5158, 5180, 5223.
Guðrún Helgadóttir 5168, 5241, 5294.
Halldór Blöndal 5156, 5157, 5221, 5222, 5241, 5338, 5362, 5368.
Haraldur Ólafsson 5129, 5265, 5288.
Helgi Seljan 5125, 5126, 5128, 5147, 5201, 5202.
Hjörleifur Guttormsson 5154, 5157, 5197, 5205, 5207, 5209, 5216, 5220, 5222.
Jóhanna Sigurðardóttir 5334, 5351.
Jón Baldvin Hannibalsson 5157, 5252, 5259, 5262, 5311, 5340, 5355, 5366.
Jón Kristjánsson 5144, 5269, 5289, 5291.
Karvel Pálmason 5154, 5155, 5159, 5166,. 5185, 5241, 5294.
Kristín Halldórsdóttir 5176, 5225, 5354.
Kristín H. Tryggvadóttir 5219, 5221.
Ólafur G. Einarsson 5242.
Ólafur Þ. Þórðarson 5156, 5157, 5189, 5190, 5209, 5245, 5261, 5295.
Páll Pétursson 5154, 5157.
Pálmi Jónsson 5195.
Ragnar Arnalds 5134, 5145, 5231, 5275.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 5126, 5143, 5151, 5268, 5284.
Skúli Alexandersson 5140.
Stefán Benediktsson 5134, 5142, 5268, 5273, 5285, 5290, 5291.
Stefán Valgeirsson 5158, 5170, 5336, 5347, 5354.
Steingrímur J. Sigfússon 5190, 5209, 5214, 5216, 5295, 5303, 5327.
Svavar Gestsson 5154, 5168, 5182, 5316.
Valdimar Indriðason 5149.

Efri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 20. maí, kl. 2 miðdegis.

Kirkjusóknir, frv. 99. mál (þskj. 192 (sbr. 103)). — 3. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Í 8. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og þátttöku í almennu safnaðarstarfi."

Þessi ákvæði eiga að sjálfsögðu fyllsta rétt á sér. En síðan er hnykkt á í næstu grein á eftir, 9. gr., með svofelldum orðum:

„Sóknarmenn eiga rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum er skal að jafnaði miða við eftirfarandi tilhögun:"

Síðan koma ákvæði um hversu oft skuli haldnar guðsþjónustur miðað við það hversu margir sóknarmenn eru. Í A.-lið er t. d. kveðið á um það að ef sóknarmenn eru 600 hið fæsta skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Þetta þýðir það að á fámennum stöðum, þar sem eru kannske 600 til 1000 íbúar og aðeins ein kirkja er, þá ber t. d. um næstu helgi að halda tvær guðsþjónustur, í fyrsta lagi á hvítasunnudag og í öðru lagi á annan í hvítasunnu, og það verða býsna margar messur sem skylt er lögum samkvæmt eftir þessu ákvæði að halda á slíkum stöðum um jól, svo annað dæmi sé nefnt. Ég hygg að þótt sóknarmenn séu allra góðra gjalda verðir megi keyra nokkuð úr hófi lagasetningu um atriði af þessu tagi og að hér sé engum gagn gert.

Ég hef ekki trú á því að ræður presta úr stóli fari batnandi eftir því sem þeim fjölgar og það kannske með aðeins dags millibili. Ég held að áhrif þeirra verði ekki í réttu hlutfalli við tíðnina og að ræður þeirra muni hafa djúptækari áhrif ef tíðni á messum sé í hófi. Orð má ofnota. Það þekkja alþm. betur en margir aðrir. Með þetta í huga legg ég til að 9. gr. sé felld niður. Ef kirkjan óskar eftir því að leggja á herðar prestum sínum kvöð af því tagi sem hér um ræðir gerir hún um það samþykkt og felur embættismönnum sínum og yfirmönnum að framkvæma hana. En að setja það í lög hversu oft skuli messað í hverjum söfnuði tel ég fráleitt með öllu.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég gat ekki á mér setið að koma upp í ræðustól og taka undir þessa gagnmerku brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds. Eins og hv. þm. er kunnugt er kristnihald ekki annars staðar betra en undir Jökli. Það hefur svo verið í áranna röð. Sandarar og Ólsarar eru með sameiginlegan prest. Í þessum byggðum báðum eru íbúar yfir 600. Við höfum móttekið kristniboðskap og þjónustu hjá okkar presti án þess að það væru nokkrar sérstakar reglur þar um og veit ég ekki annað en að þessi mál hafi öll gengið mjög vel fyrir sig. En nú blasir það við, ef þetta frv. sem hér liggur fyrir verður samþykkt, að sá ágæti prestur, sem hefur látið nægja að messa yfir Söndurum annan sunnudaginn og yfir Ólsurum hinn, getur ekki látið það duga því að nú skal hann prédika yfir Söndurum hvern helgan dag og yfir Ólsurum líka. Það er nokkuð sem hann þarf að gera. Kristnihaldið undir Jökli hefur verið gott hingað til, en ef það á að fara að bæta við allri þessari mælgi prestanna til viðbótar held ég að dæmið hljóti að snúast við vegna þess að ég held að málflutningurinn og ágæti boðunarinnar fari ekki endilega eftir fjölda ræðanna sem fluttar verða.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstvirtur forseti. Það er náttúrlega mjög alvarlegur hlutur ef kristnihaldi undir Jökli hrakar frá því sem verið hefur ef þetta frv. verður samþykkt óbreytt, en ég er ekki viss um að það sé svo mikil hætta hér á ferðum sem hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Norðurl. v. vilja vera að láta.

Það kemur fram í þeirra máli að þeim þykir ekki gætt réttar sóknarmanna, að sóknarmönnum geti verið ofþyngt um messuhald. En nú kemur greinilega fram að þetta ákvæði er sett vegna sóknarmanna til þess að fá þeim aukinn rétt. Þar segir að sóknarmenn eigi rétt á guðsþjónustu, en það segir ekki að prestur skuli halda guðsþjónustu svo sem þarna segir. Þetta er réttur til handa sóknarmönnum. (**RA:** Hefur einhver beðið um hann?) Þetta er réttur til handa sóknarmönnum. Og er nokkuð athugavert við það að veita sóknarmönnum þennan rétt? Er nokkur hætta á því að þeir ofþyngi sjálfum sér með því að óska eftir fleiri messum en þeir þola með góðu móti? Ég held að það megi ætla að sóknarmenn séu það þroskaðar verur að það sé engin hætta hér á ferðum.

Nú segir í athugasemdum með þessu frv. um 9. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Grein þessi er í samræmi við ályktun kirkjuþings 1978, en vissulega getur orkað tvímælis hvar mörkin verða sett. Mælt er fyrir um að héraðsprófastur endurskoði þjónusturétt í hverri einstakri sókn eigi sjaldnar en á fimm ára fresti að fengnum tillögum sóknarnefnda, og skal þá athuga breytingar á fjölda sóknarmanna."

Hér lýkur tilvitnun. Og þó. Það er ein setning eftir sem er þess eðlis að það er rétt að fara yfir hana, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Tekið skal fram að hér er kveðið á um lágmarksrétt sóknarmanna á guðsþjónustum, en sóknarpresti er að sjálfsögðu heimilt að messa oftar en ákvæði þessi segja til um."

(**RA:** Þá versnar nú í því.) Þá versnar í því, segir hv. 3. þm. Norðurl. v. En ég ætla að frá hans sjónarmiði í þessu máli vænkist hagur frv. Ef prestum er heimilt að messa oftar en kveðið er á í þessari frvgr., þá verður að gagnálykta frá því að þeim sé líka heimilt að messa sjaldnar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vill ekki viðurkenna þessa lögskýringarreglu. Ég viðurkenni það að ég ætla ekki að halda fast við hana. En það kom upp í huga minn að ekki væri óeðlilegt að það mætti gagnálykta. En það þarf ekki að byggja á þessari málsgr. um það að koma í veg fyrir að sóknarmönnum verði ofþyngt um messugerð vegna þess að hér er einungis um að ræða rétt þeirra sem ég treysti til þess að fara svo með að enginn skaði hljótist af.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði: Hver bað um þetta? Í því sem sagt er um 9. gr. frv. og ég hafði yfir hér áðan er tekið fram að þetta er lagt til skv. ályktun kirkjuþings frá 1978. Kirkjuþing er vettvangur til þess að ræða kirkjunnar mál. Og það hvarflar ekki að mér að þeir sem eru valdir til kirkjuþings ræði þetta og geri svo ákveðnar tillögur um þetta nema að gefnu tilefni, þ. e. vegna óska eða skoðana eða álits sem fram hefur komið

hjá sóknarmönnum um þessi efni. Með tilliti til þessa þykir mér ekki ástæða til þess að fella greinina niður. Með henni verður ekki ofþyngt kristninni í landinu. Auk þess er gert ráð fyrir, svo sem kom fram í þeirri tilvitnun sem ég las upp áðan, því sem segir um 9. gr., að endurskoða þetta ákvæði innan ekki langs tíma.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þá till. sem hér er fram komin. Þetta hefur verið gamansöm umr. Þó að fjallað sé um málefni kirkjunnar er ekkert ljótt við það að menn brosi. Þvert á móti. Menn eiga vel að geta haft sæmilegt skopskyn þó þeir séu kristnir, og fer vel á því raunar.

En þessi grein er mjög sérkennileg, vil ég segja. Það er kannske ekki það versta við hana að sóknarmenn sem eru 600 skuli eiga rétt á guðsþjónustu hvern helgan dag. Prestarnir mundu sjálfsagt leggja þetta á sig. Það sem mér finnst einna verst er að mönnum skuli vera mismunað svo, að þeir sem eru í litlum sóknum, með hundrað sóknarmönnum, skuli ekki fá almenna guðsþjónustu nema áttunda hvern helgan dag. Við erum að leggja á það áherslu t. d. að börn í dreifbýli eigi kost á sömu menntun og í fjölbýlinu og viljum jöfnuð í okkar þjóðfélagi sem mestan. Ég veit ekki til þess að það sé annað að þeir sem eru í litlum sóknum séu mikið kristnari en aðrir þannig að þeim nægi þjónusta áttunda hvern sunnudag, en við þurfum að fá svona guðsþjónustu á hverjum helgum degi.

En þetta er nú kannske ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að kirkjan er að afsala sér þeim rétti sem hún á að hafa. Þetta ákvæði, ef það þarf að vera til leiðbeiningar prestum, á auðvitað að vera í biskupsbréfi eða einhverjum tilmælum eða ákvörðun kirkjuþings sjálfs. Það er mjög illa farið að leitað skuli vera til Alþingis um alla setningu reglna fyrir kirkjuna, kirkjan verður þar með ósjálfstæðari, og svona fyrirmæli til presta eiga ekkert erindi inn á Alþingi Íslendinga. Raunar er þessi löggjöf í mörgum fleiri atriðum með þessu markinu brennd. Ég held að það sé óheillavænleg þróun að kirkjan marki sér ekki sínar starfsreglur sjálf, það sé ætíð leitað til pólitíska valdsins í því efni. Ég greiði atkvæði með þessari breytingu til að undirstrika þessa skoðun mína, en ekki sérstaklega vegna þess að greinin er grín og athugasemdin við hana líka, en kannske skemmtilegt grín, og ég legg til að það verði nafnakall um þessa till.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það vill oft verða svo um mál sem ekki láta mikið yfir sér að um þau verða talsverðar umræður hér í hv. Ed. og menn skella jafnvel á skeið um þau málefni sem mönnum dettur ekki í hug að verði tilefni mikilla umræðna.

Þetta mál sá ég fyrst í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar þar sem það var kynnt af þeim kirkjunnar mönnum. Þetta mál er í heild sinni eitt stórt spurningarmerki, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð kom réttilega inn á áðan, hversu nákvæmlega er hér tiltekið í öllum lagatexta um starfshætti og verkefni sóknarnefnda, safnaðarfulltrúa og fleira því um líkt, um héraðsfundi og héraðsnefndir og hversu allt þetta er mjög njörvað niður í lagatexta.

Ég gerði athugasemdir við þetta á sínum tíma í þessari nefnd, alveg sérstaklega þó varðandi 9. gr. Ég varð var við það í þessari nefnd — ég vona að ég brjóti engan trúnað með að segja frá því — að mér þótti sem kirkjunnar menn allir þar væru ekki allt of sannfærðir um hversu þessu skyldi hagað í 9. gr. Þarna væri sem sagt álitamál í fyrsta lagi hvort lögfesta ætti á annað borð þennan lágmarksrétt, þessa „mismunun á þörf" manna, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð kom réttilega inn á, til þess að fá að njóta guðsþjónustu og nema góða og kristna siði af presti sínum, hvort það væri ekki gagnályktað einmitt um þetta, ekki að þetta yrði of mikið þar sem sóknarmenn væru 600 eða fleiri, heldur spurning um hvort réttur hinna væri ekki allt of lítill sem væru í fámennustu sóknunum. Ég held að það sé aðalatriði þessa máls hvort eigi að lögfesta ákvæði af þessu tagi eða ekki. Ég get ekki stutt það út af fyrir sig að það sé gert.

Ég gerði athugasemd við þetta þegar á fyrsta stigi. Mismunun af þessu tagi, svo undarleg sem hún er, á ekki heima í þessum texta, hún á ekki heima í þessum lögum. Ég hefði miklu frekar viljað sjá 9. gr. eitthvað á þann veg að próföstum væri gert að skyldu að sinna því hlutverki að sjá til þess að sóknarmenn ættu lágmarksrétt á guðsþjónustu og endurskoða það eftir þörfum. Lagaákvæði af því tagi væri fullkomlega nóg í framhaldi af 8. gr. Kirkjunnar mönnum, yfirboðurum í hverju héraði, væri sem sagt skylt að kanna það og fara yfir það hvaða reglur þeir vildu um þetta setja og það væri nóg fyrir okkur að lögfesta það en ekki það hlálega ákvæði sem menn hafa fallist á þrátt fyrir að þeir segja í aths.: Vissulega getur orkað tvímælis hvar mörkin verða sett. Það er nefnilega ekki nóg með það að mörkin orki tvímælis, heldur orkar greinin öll tvímælis að mínum dómi. Ég vona að kirkjunnar menn fari óskemmdir með öllu út úr samskiptum sínum við Alþingi þó að við breytum þessari grein á þann veg sem hv. þm. Ragnar Arnalds leggur til.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Í framsögu fyrir nál. gat ég um það að ég hefði vissar efasemdir varðandi mörg atriði þessa frv. og teldi að kirkjan sjálf, kirkjuþing, ætti að hafa langtum meira um innri málefni sín að segja en kemur fram í þessu frv. Ég get í sjálfu sér fallist á þau meginrök sem eru fyrir því hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að óþarft sé og rangt að hafa slík ákvæði í þessum lögum og eins og ég benti á í minni framsöguræðu, þegar ég gerði grein fyrir meðferð málsins í nefnd, væri þetta einmitt atriði sem ætti að vera í höndum kirkjunnar sjálfrar og kirkjuþings.

Hins vegar er það svo að úr því að kirkjuþing hefur ákveðið að afsala sér þessum völdum í hendur Alþingis held ég að það sé ekki okkar hv. þm. að ganga gegn því og ef kirkjan telur sér styrk að því að hafa slík ákvæði beinlínis í lögum situr það síst á okkur að neita henni um það að taka á okkur þá ábyrgð sem felst í því að samþykkja slík lög. Hins vegar hefði ég haldið að út frá sjónarmiði kirkjuþings ætti þetta og reyndar fjölmörg önnur atriði sem t. d. hv. 2. þm. Austurl. tók fram að vera í höndum kirkjunnar og mörg atriði varðandi sóknarnefndir, héraðsfundi og annað slíkt séu reglugerðarákvæði kirkjunnar sjálfrar en ekki innan verksviðs Alþingis. En þar sem kirkjuþing hefur farið fram á þetta sé ég ekki ástæðu til að greiða atkv. með brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Hv. 9.

þm. Reykv. hefur eiginlega tekið af mér ómakið. En ég kvaddi mér hljóðs þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði af því að ég var honum svo sammála um það sjónarmið sem hann lýsti, þ. e. að kirkjan eigi að hafa sem mest að gera með sín eigin mál. Ég held að það sé raunar löngu orðið tímabært að breyta ýmsu í skipan þessara mála út frá þessu sjónarmiði.

Ég undirstrika það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði um réttmæti þess að kirkjan færi sjálf með sín eigin mál. En ég kemst að þveröfugri niðurstöðu. Ég dreg þveröfuga ályktun af þessu sjónarmiði við það sem hv. þm. gerði. Einmitt vegna þess að kirkjan á að ráða sem mestu í eigin málum, þá tel ég ekki rétt og eiginlega alveg fráleitt að ganga fram hjá ákveðnum óskum kirkjunnar um sérstakt atriði sem þetta. Við eigum að undirstrika afstöðu hv. 4. þm. Norðurl. v. til kirkjunnar mála með því að fella brtt.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það virðist vera málgleði í kringum frv. sem hér liggur fyrir og kannske ekki að ástæðulausu. Ég vildi í fáum orðum lýsa þeirri skoðun minni að ég er sammála mönnum sem tala um að hin ýmsu innri mál kirkjunnar ættu að vera meira í reglugerðarformi sömdu af kirkjunnar mönnum sjálfum, þeir ættu sjálfir að fá að ráða þessu. En þeir óska hreinlega eftir því að hv. Alþingi taki af skarið og mér er nokkuð kunnugt um að þeir sækja það mál fast að fá héðan vissar starfsreglur. Þeir eru að biðja alþm. að setja sér starfsreglur og ég held að það sé erfitt fyrir okkur að skorast undan því. Það segir í aths. við frv., með leyfi forseta:

„Frumvarp kirkjulaganefndar var að tilhlutan kirkjuráðs lagt fyrir kirkjuþing í nóvember 1982 til umfjöllunar.

Kirkjuþing gerði smávægilegar breytingar á frv. og hafa þær verið felldar inn í frv. eins og það liggur nú fyrir."

Það eru kirkjunnar menn sjálfir, starfandi prestar og aðrir sem mest koma nálægt þessum málum, sem óska eindregið eftir þessu við hv. Alþingi. Þess vegna vil ég ekki láta undir höfuð leggjast að veita þeim þetta. Þeir verða svo sjálfir að framkvæma þetta á þann veg sem þeim finnst best að því búnu. Þess vegna get ég ekki stutt það að fella út 9. gr. eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gerir till. um.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það er rétt að það hafa orðið allverulegar umr. um þetta mál. Það vill svo til að ég á sæti ásamt með tveimur öðrum hv. þm. hv. Ed. í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Þar hefur þessi mál borið á góma. Þó rekur mig ekki minni til að þessi atriði, sem hér eru til umfjöllunar, hafi mjög verið til umræðu, en borið á góma þó.

Ég segi nú fyrir mitt leyti að mér finnst eðlilegt að lúta óskum kirkjunnar manna í þessu efni. Þó er skoðun mín sú og vil ég þá taka undir það sem hér hefur komið fram, að í mörgum atriðum mætti kirkjan vera sjálfstæðari í sínum gerðum. Ég sé þó ekkert því til fyrirstöðu að um þennan þátt, þ. e. um fjölda guðsþjónusta, sé einhver lágmarkslagarammi. Ég vil hins vegar benda á að til geta verið þau tilvik að það sé fullkominn réttur sóknarbarna að það verði ekki messað allt of oft í einstökum sóknum. Sem betur fer eru þó prestar landsins hinir bestu menn, a. m. k. þeir sem ég þekki til, og reyni ég ævinlega að fara til kirkju og geri það.

Eins og hér hefur verið bent á er hér um mjög misjafnan rétt að ræða á grundvelli 9. gr. eftir atvikum, eftir því hversu sóknirnar eru fjölmennar. Á hitt ber jafnframt að líta að aðstaða getur verið mjög misjöfn á milli hinna einstöku sókna sem hafa svipaðan fjölda sóknarbarna. Enda þótt svo geti verið og svo sé í raun er það mín niðurstaða, og ekki síst með tilliti til óska kirkjunnar manna sjálfra, að búa þessi atriði í lágmarkslagaramma og vil ég fylgja því.

Hér er getið um endurskoðun sem fram fari af hálfu prófasts. Auðvitað kemur prófasturinn mjög við sögu varðandi stjórn kirkjunnar málefna á hverju svæði. En það má vel vera, og ég geri fastlega ráð fyrir því, að tildrögin að þessari lagagrein séu e. t. v. ekki síst þau að prófastarnir sjálfir fyrst og fremst hafi að baki sér það sem eykur myndugleika þeirra í þessum efnum.

Því miður vantar hér í Ed. einn hv. þm. sem ritaði undir nál. með fyrirvara, hv. þm. Eið Guðnason. Hér deila menn um visst atriði í þessu frv. Hv. þm. hefur ritað undir með fyrirvara. Ég held að eðlilegt væri að hv. þm. væri gefinn kostur á því að taka þátt í þessari „merkilegu" umræðu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég er þeirrar grundvallarskoðunar, eins og fleiri hv. þdm., að kirkjan eigi í sem ríkustum mæli að stjórna sjálf sínum málum og að óvænlegt sé að löggjafinn hlutist til um stjórn hennar með þeim hætti sem 9. gr. þessa frv. leggur til. Því styð ég þá brtt. sem hér er fram komin á þskj. 946, jafnvel þótt segja megi, eins og hv. 4. þm. Vestf. nefndi hér, að hún taki ekki tillit til þeirra óska kirkjunnar manna að sú tilhögun, sem greinin kveður á um, sé lögfest.

Hins vegar get ég ekki séð að brtt. gangi í berhögg við vilja kirkjunnar manna hvað efni varðar því með því að samþykkja brtt. er það lagt í þeirra eigin hendur að framkvæma og setja reglur um tilhögun þessara mála eins og þeim þykir réttast og best henta hverju sinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hv. 5. þm. Vesturl. um að hv. 5. landsk. þm. hefði átt að fá tækifæri til að tjá sig um þessa brtt. er rétt að geta þess að hv. 5. landsk. þm. var hér á þingdeildarfundi þegar málið var tekið til 2. umr., en hins vegar ekki hv. 3. þm. Norðurl. v. sem einnig undirritaði nál. með fyrirvara svo að það er held ég ástæðulaust að fresta þessu máli af þeim ástæðum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 946, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 946 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, HS, RA, SDK, SkA.

nei: ÞK, AG, DA, EgJ, HÓ, JHelg, VI, SalÞ.

7 þm. (ÁJ, BD, EG, JK, KSG, KolJ, StB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 954).

Stjórn efnahagsmála, frv. 498. mál (þskj. 926). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. eins og það birtist á þskj. 926. Allt frá árinu 1976 hefur svonefnd lánsfjáráætlun verið samin að tilhlutan ríkisstj. og lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar. Lög nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., kveða á um efnisþætti fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og ákvæði um framlagningarskyldu ríkisstj. Lánsfjárlög, sem Alþingi samþykkir á ári hverju, eru mikilvægur þáttur í ríkisbúskapnum og því þýðingarmikið að umfjöllun Alþingis og afgreiðsla á lánsfjárlögum séu samhliða afgreiðslu fjárlagafrv. hverju sinni. Hins vegar hefur það oft gerst þrátt fyrir það að lánsfjáráætlun og lánsfjárlög hafi verið lögð fyrir Alþingi áður en fjárlög hafi verið afgreidd að dregist hefur úr hömlu með að afgreiða lánsfjárlög. Afgreiðsla Alþingis á þessum tveimur veigamiklum lögum veldur oft erfiðleikum í framkvæmd ríkisfjármála í upphafi fjármálaárs. Tel ég nauðsynlegt að kveðið sé á um það í lögum að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hafi verið tryggð samtímis umr. og afgreiðslu fjárlagafrv. hverju sinni.

Enn fremur er með frv. þessu lagt til að gerð sé sú breyting á framsetningu á lánsfjárlögum til ríkisaðila að heildarstaða þeirra mála sé skýrari. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 var í fyrsta sinn sett fram í athugasemdum við frv. heilleg mynd af umfangi ríkisfjármála hér á landi. Það hefur farið eftir þeim uppgjörsreglum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur þróað. Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Sameinuðu þjóðirnar hafa leitast við að samræma skilgreiningu og framsetningu þjóðhagsreikninga, þ. m. t. ríkisfjármál, í hinum ýmsu aðildarríkjum sínum.

Þetta frv., sem ég mæli hér fyrir, tekur til breytinga á III. og IV. kafla laga nr. 13/1979, en þeir kaflar fjalla um ríkisfjármál og fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir. Að því hefur verið fundið og það með réttu að fjárlög hverju sinni sýni ekki nægilega heilsteypta mynd af umfangi ríkisfjármála. Sambandið milli fjárlaga, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga er því flókið og jafnvel óskýrt og mörgum hefur reynst erfitt að tileinka sér þá heildarsýn yfir þessi mál sem er forsenda skipulegrar umfjöllunar. Tilgangurinn með þessu frv. og enn fremur frv. um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, er fyrst og fremst sá að móta heillega mynd af umfangi ríkisfjármálanna þar sem lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila fá fyllri og nánari umfjöllun en hingað til hefur átt sér stað. Þannig gerir frv. ráð fyrir að framvegis verði yfirlit um lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs að finna á einum stað, þ. e. í 1. gr. fjárlaga. Ætti það að auðvelda öllum þeim sem fjalla um ríkisfjármál og um þau vilja fræðast að hafa yfirsýn yfir þennan mikilvæga málaflokk.

Frv. gerir ráð fyrir að framvegis verði fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hluti af grg. fjárlagafrv. hvers árs þannig að umfjöllun um lántökur og lánveitingar ríkissjóðs og annarra opinberra aðila eigi sér stað um leið og umr. um fjárlagafrv. fara fram hér á Alþingi. Þá gerir frv. ráð fyrir að framvegis verði það fjmrh. sem leggi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og frv. til lánsfjárlaga fram á Alþingi í stað ríkisstj. eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þessi breyting er í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförnum árum. Enn fremur að það verði fjvn. Alþingis sem fjalli um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og aðra þætti ríkisfjármálanna, þó svo að heimilda til lántöku verði leitað í frv. sem lagt verði fram í deild.

Þá er að finna í þessu frv. það nýmæli að framvegis verður að skylda fjmrh. að upplýsa Alþingi hverjar séu fjárhagslegar skuldbindingar þjóðarinnar út á við og sýna jafnframt áætlaðar greiðslur vaxta og afborgana af erlendum skuldum, minnst þrjú ár fram í tímann. Þessum þætti þarf sannarlega að gefa aukinn gaum.

Í frv. er að finna ákvæði sem gerir ráð fyrir því að umfjöllun Alþingis um ábyrgðarveitingar ríkissjóðs verði jafnhliða umr. um fjárlög og lánsfjárlög og að notkun ábyrgðarheimilda í sérlögum skuli framvegis vera innan þeirra marka sem fjárlög og lánsfjárlög ákvarða á því fjárlagaári sem um er að ræða. Þetta er reyndar í samræmi við þá venju sem komin er á.

Gert er ráð fyrir rýmkun á skilgreiningu á A-hluta fjárlaga. Þannig eru Almannatryggingar ríkisins og endurlánareikningur ríkissjóðs flutt úr B-hluta yfir í A-hluta fjárlaga til að bæta samræmi í uppsetningu. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að yfirlit yfir lánamál endurlánareiknings ríkissjóðs hefur ekki verið að finna í fjárlögum hingað til.

Þá gerir frv. ráð fyrir að felldar verði niður nokkrar lagagreinar sem ekki hafa lengur þýðingu, en þessar greinar fjalla um markmið í ríkisfjármálum á árunum 1979 og 1980.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, leyfi ég mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að sú meginhugsun, sem að baki þessu frv. býr, er rétt og ef hún verður að virkileika hafa menn fyrir sjónum strax á haustdögum gleggri yfirsýn um heildarstöðuna í öllum fjármálum þjóðarinnar. Að því leyti til er óhætt að taka undir þá meginhugsun sem að baki þessu býr og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir áðan.

Ég kom hér aðeins í ræðustól til þess að lýsa yfir stuðningi við þessa meginhugsun en segja um leið að býsna mikil kaldhæðni er það nú að hæstv. fjmrh. skuli þurfa að mæla fyrir þessu á Alþingi núna 20. maí þar sem eitt meginatriðið snýr að lánsfjárlögum og staðfestingu lánsfjáráætlunar. Enn þá hafa nefnilega ekki lánsfjárlögin í endanlegri mynd sinni séð dagsins ljós.

Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort einhver von sé til þess að menn fari að sjá lánsfjárlögin aftur í þessari hv. deild. Þau hljóta að hafa tafist svo lengi í hv. Nd. vegna ósamkomulags milli stjórnarflokkanna um einhver atriði sem fóru héðan frá deildinni samþykkt. Þau eru því ekki enn þá komin til 2. umr. og atkvæða. Ég spyr að því hvort þess sé að vænta að þessi mánuður líði án þess að þessi lánsfjárlög og þar með staðfesting lánsfjáráætlunar verði að virkileika. Um leið tel ég að vissulega beri að fagna því sem í þessu frv. segir um það að við fáum strax á haustdögum glögga og greinargóða yfirsýn yfir það hvernig fjármál þjóðarinnar standa hverju sinni.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég

þakka undirtektir hv. 2. þm. Austurl. við það frv. sem ég hef mælt hér fyrir. Varðandi spurningu hans um hvað líði afgreiðslu lánsfjárlaga í hv. Nd. þá á ég frekar von á því að þau fari nú að koma úr nefnd, hugsanlega eitthvað breytt. Ef svo verður reikna ég með að breytingar verði aðallega gerðar á þeim liðum sem snerta húsnæðismál. En að sjálfsögðu koma þau til baka í þessa hv. deild til endanlegrar afgreiðslu. Ég tek undir það sem sagt er milli línanna hjá hv. þm. að það er fyllilega kominn tími til — þó fyrr hefði verið — að ganga endanlega frá þeim lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, frv. 499. mál (þskj. 927). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982 um breytingu á þeim, eins og það birtist á þskj. 927.

Frv. það sem ég mæli hér fyrir fjallar um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Breytingar þær sem hér er lagt til að gerðar verði eru nauðsynlegar með tilliti til þess frv. sem ég hef lagt hér fram samhliða þessu frv., þ. e. breyting á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Þetta frv. fjallar um breytta skilgreiningu á A-hluta fjárlaga.

Það er á valdi fjmrh. eftir till. frá ríkisreikningsnefnd að ákveða þær stofnanir sem teljast skulu til A-hluta og B-hluta fjárlaga. Undantekning er þó að í lögum segir að almannatryggingar og endurlánareikning ríkissjóðs skuli færa í B-hluta. Hér er lagt til að þessu ákvæði verði breytt til samræmis við meðferð annarra stofnana A-hluta fjárlaga, þ. e. að framvegis verði Almannatryggingar ríkisins og endurlánareikningur ríkissjóðs talin í A-hluta fjárlaga í stað B-hluta eins og verið hefur.

Ég tel óþarfa að hafa langt mál um þetta frv. þar sem ég fjallaði um efnisatriði þegar ég mælti fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Vísa ég í því sambandi til ræðu minnar er ég hafði framsögu um það nú fyrir skömmu.

Ein breyting er þó lögð til í þessu frv. sem ég vil sérstaklega nefna, þ. e. að framvegis skulu skil tekna af fjáröflunareinkasölu ríkisins til ríkissjóðs, eins og þær eru áætlaðar í fjárlögum, undantekningarlaust teljast með sköttum en ekki arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða eins og gert hefur verið í sumum tilfellum.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Gjald af innfluttum fóðurblöndum, frv. 500. mál (þskj. 928). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um gjald af innfluttum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur sbr. þskj. 928. Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru tekjur ríkissjóðs af kjarnfóðurgjaldi áætlaðar 100 millj. kr. Frv. það sem hér um ræðir er flutt í samræmi við þessi ákvæði fjárlaga. Efni þess er ekki nýtt. Á tímabilinu 1. júní til 31. des. 1984 var gjald lagt á nákvæmlega sömu vörur og var þá 1.30 kr. á hvert kg. Tekjur af gjaldinu urðu 30 millj. eða aðeins helmingur af áætluðum tekjum.

Nú er lagt til að fóðurbætisgjaldið verið 4 kr. á hvert kg. Innflutningur á næstu sjö mánuðum er áætlaður 25 þús. tonn og heildargjald því áætlað 100 millj. kr. Heildartekjurnar eru áætlaðar af nokkurri bjartsýni þar sem vitað er að miklar birgðir af fóðurbæti eru í landinu. Ekki þótti þó efni til meiri hækkunar en hér hefur verið greint frá.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og síðan til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. 502. mál (þskj. 936). — 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 936 frv. til l. um breytingar á lögum nr. 77 frá 1. okt. 1981, um dýralækna, sbr. lög nr. 77 18. maí 1982, um breytingu á þeim lögum. Meðflm. mínir eru þeir virðulegu þm. Davíð Aðalsteinsson, Helgi Seljan og Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi hefur fyrr á þessu þingi fjallað um málefni er varða fisksjúkdóma í ríkara mæli en oftast áður. Þar má þá fyrst nefna að við afgreiðslu fjárlaga var veitt heimild til eins stöðugildis við tilraunastöðina á Keldum. Vigfús B. Jónsson varaþm. úr Norðurl. e. flutti ásamt fleiri alþm. till. til þál. um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum og hefur sú tillaga nú hlotið jákvæða afgreiðslu Alþingis. Fyrir Alþingi liggur einnig tillaga frá Kjartani Jóhannssyni og fleiri hv. þm. þar sem lagt er til að þegar á þessu ári verði veitt heimild fyrir tveimur nýjum stöðugildum við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum. Þannig hefur á fleiri sviðum verið fjallað um mál af svipuðum toga og þessum þótt þau hafi hvorki verið í frumvarpsformi né snert lögin um dýralækna.

Fiskirækt er viðkvæm og vandasöm atvinnugrein sem krefst bæði vísindalegrar þekkingar og reynslu. Þar sem fisksjúkdómar gerast nú æ ágengari er brýn nauðsyn á að hafa kerfisbundið eftirlit með fiskeldisstöðvum í landinu og fyrirbyggja að sýktum fiskum sé dreift milli stöðva og út í hina villtu náttúru landsins. Öllum ætti að vera ljóst að slík slys geta verið með öllu óbætanleg. Það er því ótrúlega mikið undir því komið að fisksjúkdómar finnist á byrjunarstigi svo að takast megi að einangra þá og eyða þeim áður en stórtjón hlýst þar af.

Síðan framangreindar till. voru fluttar um þetta efni hafa gerst á sviði fiskeldis og fisksjúkdóma atburðir sem tafarlaust verður að gefa gaum. Síðustu mánuðina hefur

berlega komið í ljós hversu sjúkdómar í fiskum geta leikið einstakar eldisstöðvar grátt jafnframt því að stefna ótöldum öðrum stöðvum í hættu. Ef fiskeldi hér á landi á að þróast með eðlilegum hætti er nauðsynlegt að taka fisksjúkdómamál föstum tökum til þess að hindra að hér komi upp áður óþekktir sjúkdómar og halda í skefjum þeim sem þegar eru til staðar.

Til þess að þetta megi takast þarf að halda uppi öflugu eftirliti, greiningar-, varnar- og rannsóknastarfi. Með frv. er lagt til að stofnuð verði sérstök staða dýralæknis með sérþekkingu á fisksjúkdómum og með því stefnt að auknu eftirliti og greiningarstarfi í fiskeldisstöðvum er tengist þeirri rannsóknar- og sjúkdómavarnarstarfsemi sem þegar er fyrir hendi. Með frv. er og ætlað að styrkja það starf á þessu sviði sem farið hefur fram innan héraðsdýralæknakerfisins og tengja það rannsóknarstarfinu sem farið hefur fram á Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum.

Fisksjúkdómadýralæknir á að vera aðili sem eldisstöðvar geta leitað til til að vera héraðsdýralæknum til ráðuneytis um mál sem tengjast fisksjúkdómum jafnframt því að hafa forgöngu um samræmdar aðgerðir í samráði við fisksjúkdómanefnd. Undir stjórn yfirdýralæknis á dýralæknir fisksjúkdóma að sjá um framkvæmd eftirlits- og varnaraðgerða. Í svo víðfeðmu landi er nauðsynlegt á frumstigi íslensks fiskeldis að nýta héraðsdýralæknakerfið í fisksjúkdómamálum. Þessu frv. er ætlað að tryggja, að innan þess kerfis starfi aðili sem hefur menntun og aðstöðu til þess að það megi nýtast til fulls.

Þá eru í þessu frv. einnig ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu, svo og dýralækna sem starfa við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum. Þegar lög nr. 77 frá 1. okt. 1981 voru samþykkt féll niður úr dýralæknalögunum ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu, svo og dýralækna þá sem starfa við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum. Á fjárlögum hafa engu að síður verið fjárveitingar til þessara starfa enda ekki áformað að þau féllu niður. Það er því eðlilegt að ákvæði séu í frv. því til staðfestingar.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umr. gera till. um að málinu verði vísað til landbn. og 2. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, 11. landsk. þm., að hér er um að ræða mjög mikilvægt mál fyrir þessa atvinnugrein sem við væntum að geti í vaxandi mæli orðið til eflingar okkar þjóðarbúskap. En hvernig þar verður hægt að standa að málum fer vitanlega mjög eftir því hvern vilja Alþingi hefur til fjárframlaga í þessu skyni. Því er það mjög mikils virði að fá áhuga og velvilja Alþingis. Ég vænti þess að svo megi til takast og þannig verði sem bestur árangur í þessari grein, þar sem um gífurlegar fjárhæðir getur verið að tefla, varðandi það hvort tekst að koma í veg fyrir sjúkdóma eða gera áhrif þeirra sem minnst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 20. maí, kl. 6 síðdegis.

Sjóðir atvinnuveganna, frv. 505. mál (þskj. 944). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Í samræmi við stjórnarsáttmálann skipaði ég strax og þessi ríkisstj. tók við nefnd til að endurskoða lög og reglur um starfsemi fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Nefndin náði ekki samstöðu þannig að málið var tekið upp að nýju á fundum stjórnarflokkanna og gerð í september 1984 svohljóðandi samþykkt, með leyfi forseta:

„Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem starfa skv. sérstökum lögum, verði fækkað í þrjá: Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutverki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi.“

Ég skipaði síðan í framhaldi af þessari samþykkt aðra nefnd sem var falið að framkvæma þessa samþykkt og endurskoða lög um stofnlánasjóði atvinnuveganna. Sú nefnd hefur samið það frv. sem hér liggur fyrir og ég mæli nú fyrir hér í hv. deild.

Ég skal ekki hafa um þetta út af fyrir sig mjög langa ræðu. Ég ætla að rekja meginþætti þessa frv., en það er ítarleg grg. með frv. þar sem um einstakar greinar er að sjálfsögðu fjallað. Talið var rétt að setja þessar breytingar fram í einu frv. um sjóði atvinnuveganna og leggja með því áherslu á þá samræmingu sem lögð er til í þessum tillögum.

Meginbreytingarnar eru þessar:

1. Sjóðirnir verði sjálfstæðar stofnanir. Lögbundin framlög úr ríkissjóði eru afnumin, en ákvæði núgildandi laga um tekjuöflun sjóðanna í formi gjalda á viðkomandi atvinnugreinar haldast svo til óbreytt.

Um þetta atriði var töluvert fjallað í nefndinni og hjá öðrum sem að þessu máli komu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að endurskoða þurfi tekjuöflun til sjóðanna. Það er hins vegar mjög erfitt að samræma þessa tekjuöflun því að tekjur koma frá viðkomandi atvinnuvegum og að sjálfsögðu eru aðstæður atvinnuveganna að ýmsu leyti ólíkar frá einum atvinnuvegi til annars. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að stjórnir sjóðanna og fulltrúaráð, sem gert er ráð fyrir að verði við sjóðina, eigi að taka tekjuöflun til þeirra til meðferðar.

2. Gert er ráð fyrir að sjóðirnir ödlist fullt sjálfstæði til að ákveða til hvaða atvinnugreina og viðfangsefna þeir lána, hverra trygginga skuli krafist og hver vera skuli lánshlutföll, vaxtakjör og önnur lánakjör. Þetta er að sjálfsögðu töluverð breyting. Sjóðirnir verða með þessu ekki bundnir við ákveðinn atvinnuveg, nema stjórn sjóðsins ákveði það, eða m. ö. o. látið í vald stjórnar sjóðsins hvort hún vilji opna fyrir lánveitingar í annað en nafn sjóðsins ber með sér. Búnaðarsjóður getur þá lánað til fiskvinnslu, ef stjórnin ákveður svo, og Sjávarútvegssjóður í það sem kannske kallast strangt til tekið landbúnaðarmál. Gott dæmi um þetta eru

fiskeldismálin, sem eru nú mjög á dagskrá, og eiga að sumir segja hvergi heima, en þó helst hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Framkvæmdasjóði. Með þessari breytingu væri þá að sjálfsögðu hverjum sjóði heimilt, ef stjórnin ákveður svo, að lána til fiskeldis.

3. Gert er ráð fyrir að stjórn hvers sjóðs ákveði hvort sjóðurinn skuli lána beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana. Í þessu felst að sjóðirnir geta valið á milli mismunandi leiða. Þeir geta að sjálfsögðu tekið við og afgreitt lán beint sjálfir eða þeir geta tekið við umsóknum sem koma í gegnum banka og þá e. t. v. með bankatryggingu, þ. e. að bankinn annist útlánin til lántakenda eftir að hafa fengið fé úr viðkomandi sjóði. Þetta er einnig sett á vald stjórnar sjóðsins, en þó er það grundvallaratriði í þessum lögum að opna fyrir milligöngu bankanna um lánveitingar úr þessum þremur sjóðum.

4. Lagt er til að stjórn sjóðanna verði heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll verði mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar. T. d. gæti komið til greina að lánakjör væru betri ef banki annast milligöngu og ábyrgist endurgreiðslu á láninu til sjóðsins.

5. Felld eru úr lögum ákvæði um að tiltekinn viðskiptabanki skuli hafa á hendi daglegan rekstur og stjórn hvers sjóðs. Stjórn viðkomandi sjóðs getur hins vegar ákveðið að semja við banka um að annast fyrir sjóðinn afgreiðslu á lánum og hvað það annað sem hún ákveður.

6. Starfsemi sjóðanna verður fyrst og fremst í því fólgin að sjóðirnir veiti lán eða ábyrgðir. En jafnframt er lag til að innan hvers sjóðs starfi sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í viðkomandi atvinnuvegum og reyndar í hverju því sem stjórn sjóðsins ákveður. Veitt er heimild til að úr þessari deild megi veita styrki eða áhættulán sem þá afskrifist ef viðkomandi starfsemi mistekst og getur ekki endurgreitt.

7. Stjórnum sjóðanna verði heimilt að ákveða að þeir taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum að því marki sem slík þátttaka samrýmist hlutverki sjóðanna.

8. Teknar eru upp heimildir fyrir sjóðina til að taka lán erlendis í eigin nafni innan ramma lánsfjárlaga. Á hinn bóginn eru felld á brott ákvæði um að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar sjóðanna, þótt ríkisábyrgð héldist að sjálfsögðu að því er varðar skuldbindingar sem stofnað hefur verið til til þessa með ríkisábyrgð. Þetta merkir í fyrsta lagi það að sjóðsstjórnin getur ákveðið að taka lán beint, ef hún telur sig fá hagkvæm kjör, en hún getur einnig að sjálfsögðu samið við viðskiptabanka eða Seðlabanka eða Framkvæmdasjóð, eins og fram kemur í frv. um Framkvæmdasjóð sem liggur hér fyrir Alþingi, um að annast slíkar erlendar lántökur fyrir hönd viðkomandi sjóðs. En þetta þýðir jafnframt að ef um ríkisábyrgð á að vera að ræða verður að biðja um hana sérstaklega. Að sjálfsögðu eru slíkar ákvarðanir iðulega teknar og verða vafalaust teknar í sambandi við lánsfjárlög.

Þá eru felld brott ákvæði um það hvenær heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar lána úr sjóðunum fallin í gjalddaga án uppsagnar og um heimild sjóðanna til að láta setja veð við opinber uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, enda slík lagaákvæði óþörf, þar sem sjóðirnir geta áskilið sér þennan rétt í skuldabréfum þeim sem lántakendur gefa út til viðurkenningar á skuld sinni.

Æðsta vald í málefnum hvers sjóðs verður í höndum fimm manna stjórnar sem er í öllum tilfellum þannig skipuð að ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Hins vegar skipar viðkomandi atvinnuvegur aðra fjóra stjórnarmenn, eða samtök innan viðkomandi atvinnuvegar, eins og kemur fram í greinum um viðkomandi sjóð.

Í Búnaðarsjóðinn er gert ráð fyrir að Búnaðarfélag Íslands tilnefni tvo og Stéttarsamband bænda tvo.

Í stjórn Iðnaðarsjóðs er gert ráð fyrir að tveir verði tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda og tveir skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna.

Í stjórn Sjávarútvegssjóðs verði tveir skipaðir skv. sameiginlegri tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, einn verði tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og einn sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Þá er það nýmæli í þessum lögum að sjóðunum er ætlað að halda ársfundi. Rétt til setu á þeim fundum eigi allmikill fjöldi fulltrúa frá viðkomandi atvinnugrein, samtals 20 fulltrúar við hvern sjóð. Þeir verða tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna menn í stjórn viðkomandi sjóðs. Á slíkum fundum verða að sjálfsögðu, auk þess sem reikningar eru lagðir fram, ræddar þær reglur sem stjórnin hyggst hafa um útlán úr sjóðunum. Þannig gefst langtum fleiri mönnum tækifæri til að hafa áhrif á þessa mikilvægu starfsemi fyrir viðkomandi atvinnugrein.

Eins og fram kom í því sem stjórnarflokkarnir samþykktu í september 1984 er með þessu frv. gert ráð fyrir því að sameina ýmsa sjóði viðkomandi atvinnugreina. Þannig er gert ráð fyrir því að Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Fiskræktarsjóður sameinist í Búnaðarsjóð. Um Iðnaðarsjóð er það að segja að þar er ekki um þetta að ræða. Þar hefur sameining nýlega farið fram. Hins vegar er gert ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður Íslands, Fiskimálasjóður og Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa verði að Sjávarútvegssjóði.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki ástæðu til þess að halda um þetta mjög langa ræðu. Ég hef rakið meginþætti þessa máls og legg að lokum áherslu á að með þessu er leitast við að samræma starfsemi sjóðanna, opna þá, sem er kannske eitt af því allra mikilvægasta, og fela stjórnum þar sem atvinnuvegirnir hafa tögl og hagldir að ákveða starfsemi sjóðanna innan þess ramma sem þessi lög setja, en ákveða hins vegar ekki ýmsa þætti, sem nú eru ákveðnir í lögum, þ. e. fella út slíkar takmarkanir.

Ég leyfi mér svo að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi séð þetta frv. um tvöleytið þegar ég kom á þingfund og mig óraði satt að segja ekki fyrir því að það yrði tekið hér til 1. umr. nú í dag. Og ég heyrði það reyndar á máli hæstv. forsrh. að hann er orðinn býsna ruglaður í ríminu. Mér fannst engu líkara en hann væri að tala innanbúðar í stjórnarherbúðunum og að greina frá því

sem þar væri að gerast og hefði verið að gerast í þessum efnum, væri að lofa okkur að heyra ýmislegt af því sem þar hefði komið fram og væri sem sagt farinn að rugla löggjafarsamkomunni hér illa saman við fundi í stjórnarflokkunum. Sem betur fer er ástandið ekki eins slæmt hér á löggjafarsamkundunni og innan stjórnarflokkanna þó að mörgum þyki það kannske ekki til fyrirmyndar. En greinilega liggur hæstv. forsrh. mikið á að knýja þetta mál í nefnd, svo þýðingarmikið sem það er að þeirra dómi, fulltrúa stjórnarflokkanna, sem þetta hafa samið, mál sem ég tel eitt stærsta mál sem við fjöllum um á þessu þingi. Það er tekið til umræðu áður en menn hafa hér fengið tækifæri til að lesa það yfir, hvað þá meir.

Mér þykir til heldur mikils mælst af hæstv. forsrh. að reikna með því að þessi umræða verði annað en gerviumræða á þessu stigi. Ég reikna reyndar með því að hæstv. ríkisstj. vilji láta umræður hér á Alþingi vera eins konar gerviumræður, eins konar afgreiðsluumræður fyrir það sem þegar hefur verið ákveðið innan stjórnarflokkanna. Ég sé það á þessu og kemur reyndar ekkert á óvart. Ég ætla þess vegna ekki að ræða þetta mál efnislega nú og tel það óviðeigandi með öllu eftir svo skamman tíma sem við höfum haft það hér á borðum okkar.

Hér er hins vegar um að ræða mál sem kann að skipta sköpum fyrir framtíð atvinnulífs okkar í öllum grunngreinunum þremur, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, hvernig lánastarfsemi til þessara atvinnugreina verði hagað í framtíðinni. Hér er bæði um kerfisbreytingu og eðlisbreytingu að ræða ef marka má orð hæstv. forsrh.

Um 1. gr. segir í athugasemdum, með leyfi virðulegs forseta:

„Gert er ráð fyrir að sömu lög taki til þriggja stærstu atvinnuvegasjóða landsins. Með því móti er lögð áhersla á að skipulag og starfsemi sjóðanna sé samræmd þótt einstök atriði séu frábrugðin frá einum sjóð til annars.“

Ég spyr nú bara: Hver segir að svo verði, þrátt fyrir það að þessu sé hnoðað í einn lagabálk, með hverjum sjóði sérstökum og sérlögum fyrir hann í raun og veru inni í þessum sama lagabálki? Hver sér um að þarna verði betri samræming? Ég stórefa að svo verði.

Ég hélt að það væri eiginlega lágmarks tillitssemi sem okkur yrði sýnd í stjórnarandstöðunni að við fengjum að lesa þetta frv. áður en það væri tekið hér til umr. Ég geri mér ljóst að um málið verður fjallað í nefnd og þar fá menn sjálfsagt tækifæri til að fara nánar ofan í þetta. Það er hins vegar greinilegt á þessum vinnubrögðum að hæstv. ríkisstj. er staðráðin í því að halda hér mikið og voldugt sumarþing fram eftir öllu, og þeir um það vitanlega. Ef þeir vilja haga sér þannig gagnvart stjórnarandstöðunni, þá stendur auðvitað ekki á okkur að taka þátt í þessum sumarleik þeirra. Ég ætla sem sagt ekki að gera efnislegar athugasemdir við þetta frv. sem ég hef ekki lesið. En ef hæstv. ríkisstj. ætlar að fara þannig að, þá sé ég ekki ástæðu til þess að við hana verði höfð samvinna um eitt eða neitt varðandi þinghaldið. Hér er greinilegum stríðshanska kastað og það af oddvita hæstv. ríkisstj. Hann gengur fram fyrir skjöldu, enda honum sæmst og út af fyrir sig karlmannlegast, eins og hann er reyndar vaxinn til, að taka það á sig að kasta þessum stríðshanska.

Ég gæti hér rætt ýmislegt varðandi þann sjóð sem ég þekki best til, sjóð landbúnaðarins, en ég sé ekki ástæðu til að gera það við þessa umræðu. En það skyldi þó ekki koma á daginn, þegar menn hefðu athugað þetta mál, sem svo lengi hefur verið að velkjast fyrir stjórnarflokkunum og togast hefur verið þar á um fram og til baka, að kannske væri ekki um svo mikla breytingu að ræða heldur verið að fullnægja einhverju ákvæði í stjórnarsáttmála, og að falleg orð og skrautlegar umbúðir utan um ekki neitt væri það sem kæmi í ljós.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég þarf ekki miklu við að bæta það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér. Ég tek undir allt það sem hann sagði um vinnubrögð í sambandi við framlagningu þessa frv. Það kom mér dálítið einkennilega fyrir sjónir þegar ég sá það hér þegar við komum til fundar.

Á haustdögum gerði ríkisstj. ýmsar samþykktir, m. a. þá samþykkt sem tíunduð er í þessu frv. En hún mun hafa gert samþykkt á þann máta líka að sameina skyldi alla sjóði sjávarútvegsins og til þess var skipuð nefnd. Í þeirri nefnd eigum við sæti, ég og hv. 3. þm. Vesturl. Við gerðum ráð fyrir því á haustdögum að sú nefnd mundi starfa í vetur og undirbúa með hagsmunaaðilum frv. um breytingu á þessum sjóðum. Nefndin hefur einu sinni verið kölluð til fundar og mennirnir í nefndinni lauslega kynntir.

Það sem hér kemur síðan fram er að þrír þættir þess starfs, sem þeirri nefnd sem ég á sæti í var falið að vinna að og undirbúa frv. um hvernig breyta skyldi, þrír þættir þess máls eru inni í þessu frv. Ég vildi því spyrja hæstv. forsrh., þó að sú nefnd sem ég hef hér gert að umræðuefni sé ekki skipuð af honum, hvað eigi að verða um framhaldsstarf þeirrar nefndar, hvort horfið sé frá því að sameina sjóði sjávarútvegsins undir einn hatt og þetta sé svar við því.

Um leið og ég tek undir óskir hv. 2. þm. Austurl. um að þetta mál verði ekki afgreitt á þessum fundi heldur fáum við frekari tíma til að skoða það vil ég einnig benda á það að mér finnst óeðlilegt að um þetta frv. verði ekki fjallað í fleiri nefndum deildarinnar en hv. fjh.- og viðskn. Það er kannske óvenjuleg vinna á þingi að svo sé gert, en það að sjóðir sjávarútvegsins séu teknir og þeim stillt upp á þann máta sem hér er lagt til, án þess að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og sjútvn. deildarinnar fái að fjalla um það, finnst mér óeðlileg vinnubrögð.

Ég get þó ekki stillt mig um að nefna einn þátt í þessu frv. sem maður rekur augun undir eins í. Það er hvernig skuli skipa stjórn t. d. Sjávarútvegssjóðs. Þar er lagt til að ákveðnir aðilar tilnefni fulltrúa í stjórnina og eru taldir upp LÍÚ, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambandsins, sem skuli í sameiningu skipa þrjá fulltrúa, en einn fulltrúi frá sjómönnum og Farmanna- og fiskimannasambandi. Ég hefði talið að ef á annað borð er verið að taka hagsmunaaðila ættu í þessum hópi að vera fulltrúar frá starfsfólki við fiskvinnslustöðvarnar. Og á sama máta skuli á ársfund fyrirtækisins, þar sem 20 fulltrúar skulu fjalla um málefni aðalsjóðs sjávarútvegsins, einnig verða til kallaðir fulltrúar frá starfsfólki fiskvinnslunnar.

Ég tel ekki ástæðui til að fjalla um efnisinnihald þessa frv. en mælist eindregið til að umræðu um það verði frestað til þess að þm. gefist kostur á að lesa frv. og

kynna sér innihald þess.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu eins með mig og aðra hv. þm. sem hér hafa talað að mér hefur ekki gefist kostur á að fara yfir þetta frv. En þar sem því er nú vísað til fjh.- og viðskn. gefst kostur væntanlega á að fjalla um það þar og get ég að sjálfsögðu af þeirri ástæðu beðið með mínar athugasemdir þangað til. Mér þykir þó rétt að benda hér á örfá atriði sem ég tel að þurfi að athuga sérstaklega og mjög nákvæmlega við frekari umfjöllun málsins hér í deild eða í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar.

Þá er það sérstaklega 14. gr. sem þarf að minni hyggju mikillar athugunar við, í fyrsta lagi í sambandi við þá tekjustofna sem þar er um fjallað og eru orðnir ærið gamlir í hettunni, sumir hverjir alveg frá upphafi þess að þessi löggjöf var sett, þ. e. breytt var úr ræktunar- og byggingarsjóðum í sveitum yfir í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þarna er að sjálfsögðu um að ræða verulega mikla skattheimtu á landbúnaðinn. Ber að hafa í huga í því sambandi að hér er ekki um það að ræða að stofnlánadeildargjaldið komi til gjalda í búrekstri, heldur er þetta launatengt gjald á framleiðendur sjálfa. Ber mjög að athuga það í þessari umfjöllun allri að fullt samræmi sé á milli atvinnuveganna sem greiða hliðstæð gjöld, þannig að einum sé þar ekki íþyngt fram yfir það sem gerist með aðra.

Til viðbótar við þetta vil ég minna á að það getur tæpast dregist lengur að menn geri það upp við sig hvort það sé að öllu leyti samrýmanlegt að kalla inn fjármagn frá landbúnaðinum á sama tíma og nánast hver einasta króna þangað er lánuð fullverðtryggð og að sjálfsögðu þá með mjög svipuðum eða sambærilegum kjörum og sjóðurinn tekur að láni, þannig að þar á ekki að vera um halla að ræða. Þessi skipan mála hefur verið rökstudd með því að fyrr á árum hafi verið tekin mikil lán til Stofnlánadeildarinnar sem hafi þá verið verðtryggð en síðan lánuð út jafnvel óverðtryggð. Þetta gekk svo alveg fram undir árið 1976. Það er náttúrlega nauðsynlegt að fá um það mjög glöggar upplýsingar hvað miklar skuldbindingar hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins af þessum sökum og hvort áfram sé hægt að forsvara þá gjaldtöku sem er til deildarinnar með sama hætti og gert hefur verið fram til þessa. Þetta tel ég að þurfi að fara mjög gaumgæfilega í gegnum og meta þær niðurstöður síðan.

Það sem ég hef þó einkum við 14. gr. að athuga er það sem segir í niðurlagi hennar sem með leyfi virðulegs forseta hljóðar svo:

„Eignir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og sérstök framlög, þ. á m. eftir atvikum hluti ráðstöfunarfjár Búnaðarsjóðs skv. ákvörðun ársfundar sjóðsins hverju sinni, skulu renna í sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs, sbr. 11. gr. laga þessara. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðsins."

Hér er síðan vitnað til 11. gr., þar sem skilgreind eru nánar verkefni Framleiðnisjóðs.

Nú vill svo til að í öðru frv., sem hér er til umfjöllunar í landbn. Nd. Alþingis, eru mikilvæg ákvæði um búháttabreytingu í landbúnaði, sem lagt er til að verði unnin með skipulögðum hætti á næstu árum, t. d. næstu fimm árum. Ég hef miklar efasemdir um að því fjármagni sé sérlega vel borgið í Búnaðarsjóði. Fyrir þessu er í fyrsta lagi nokkur reynsla. Menn ætluðu sér stóra hluti í þessum efnum árið 1979, þegar framleiðsluráðslögunum var þá breytt og dálítið fjármagn, sem veitt var þá á fjárlögum sem hluti af jarðræktarframkvæmdum eða undir þeim lið, var ætlað til þessara verkefna.

Í fyrstu var t. d. hluta af því fjármagni veitt til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem framlagi er hún síðan lánaði út til þessara verkefna með fullum vöxtum og jafnvel verðtryggingu. Ég óttast það í þessum efnum að þeim sem kæmu til með að stjórna Búnaðarsjóði yrði vísað á það fjármagn sem m. a. kæmi inn í sjóðinn vegna búháttabreytingar eða áforma um þá breytingu. Og það sem segir hér í síðustu mgr. 14. gr. snýr á haus fyrir mér. Ég hef ekki trú á því að það komi fjármagn úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til þessara verkefna, heldur verði þetta búháttabreytingafjármagn þvert á móti látið ganga á vegum Búnaðarsjóðs til almennra lánveitinga.

Þetta hvort tveggja vildi ég, virðulegi forseti, láta koma hér fram þegar við þessa umræðu. Ég tel að mjög þurfi að gaumgæfa þá skattheimtu sem felst í 14. gr. og athuga hvert samræmi er á milli atvinnuveganna í þeim efnum, og svo líka hitt, sem ég tel að sé í raun meginmál varðandi íslenskan landbúnað í dag og muni verða ráðandi um það hvort við höldum við byggðinni í landinu, a. m. k. nokkurn veginn í því horfi sem hún er nú, að séð verði um að því fjármagni sem til þess er ætlað í frv. til nýrra laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði þannig ráðstafað að ekki verði í neinu hvikað frá þeim ásetningi sem þar kemur fram. Ég óttast að í þessu frv. sé ekki nægilega vel frá því gengið.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa nokkurri undrun á ræðum þeirra hv. Alþb.-manna sem hér töluðu og vísa öllum fullyrðingum um rugl heim til föðurhúsanna. Það sem ég gerði var ekki annað en að greina frá því sem stendur í grg. um aðdraganda þessa máls, um samþykkt stjórnarflokkanna. Að sjálfsögðu byggjast öll stjfrv. á ákvörðunum stjórnarflokkanna og svo gerði það einnig í fyrri ríkisstjórnum. Ég rakti hins vegar þær meginbreytingar sem ráðgerðar eru með þessu frv.

Ég er sannfærður um að virðulegur forseti tekur til greina óskir stjórnarandstæðinga um að fá að skoða málið. Ég efast ekki um það. Ég óskaði ekki eftir að umræðu um málið yrði lokið endilega á þessum fundi, ég sagði ekki orð um það.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel þetta mál mjög mikilvægt og mjög til bóta fyrir starfsemi sjóðanna. Ég tel ákaflega mikilvægt að samræma starfsemi þeirra. Hv. þm. Helgi Seljan sagðist efast um að þetta leiddi til nokkurrar samræmingar. Vel má vera að stjórnir einstakra sjóða, sem fá með þessum lögum mjög mikið sjálfsákvörðunarvald, kjósi að hafa ekki á fullt samræmi. En með frv. er a. m. k. stuðlað að því að svo geti orðið, en hin ýmsu lög sem nú gilda um ýmsa sjóði atvinnuveganna verka aftur á móti sem hindrun á það. Þau verka gegn því að samræmi geti orðið. Ég er þeirrar skoðunar að sneplatog á milli atvinnuveganna sé mjög vafasamt. Reyndar get ég sagt það að ég hefði helst viljað hafa aðeins einn stofnlánasjóð atvinnuveganna. Ég teldi það vera skynsamlegasta skipun. En menn töldu það of róttæka breytingu, a. m. k. á þessu stigi.

Hv. þm. Helgi Seljan taldi að hér væri fyrst og fremst um skrautbúning að ræða utan um litlar breytingar. Að sjálfsögðu er hann frjáls að hafa það álit. Ég fullyrði hins vegar að hér er um mjög mikilvægar breytingar að ræða. Ég leyfi mér að fullyrða að á engan máta sé í þessu frv. dregið úr þýðingu og getu sjóðanna til að aðstoða viðkomandi atvinnuveg, alls ekki, ekki á nokkurn máta. Ég lít svo á að fyrst og fremst sé verið að fela viðkomandi atvinnuvegum forsjá sinna sjóða.

Út af því sem hv. þm. Egill Jónsson sagði hér áðan, sem eru efnislegar athugasemdir er vitanlega þarf að athuga mjög vandlega, þá finnst mér það þó nokkuð undarlegt ef Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda er ekki treystandi til þess að veita fjármagn til nýsköpunar í sínu atvinnulífi. Mér finnst það undarlegt. Ég get ómögulega tekið undir það. Ég treysti þessum stofnunum miklu betur en bankastjórum eða öðrum, sem eru fjarri viðkomandi atvinnuvegi, til að ráðstafa því fjármagni, sem til ráðstöfunar er, á skynsamlegan máta. (**EgJ:** Þeir hafa verið í stjórn Stofnlánadeildar.) Þeir hafa verið í stjórn Stofnlánadeildar. Þeir verða það ekki skv. þessu. Þeir fara út og ég tel það gott. Ég tel að atvinnuvegurinn sjálfur eigi að hafa ákvörðunarvaldið.

Hv. þm. Skúli Alexandersson spurði um þá nefnd sem sjútvrh. mun hafa skipað. Því miður á ég erfitt með að svara hans spurningu að óathuguðu máli. Það er rétt að þessi nefnd var skipuð áður en ákvörðun var tekin um að taka alla sjóðina til slíkrar endurskoðunar eins og hér er um að ræða. Ég hygg að það hljóti að vera skýringin á því að fundir hafa ekki verið haldnir í þeirri nefnd. Sjálfsagt er að leita nánari upplýsinga um það.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að þessu sinni. Ég þykist sannfærður um að umræðu um málið verði frestað og þá gefst stjórnarandstæðingum tækifæri til að lesa frv. Reyndar var gert ráð fyrir að því yrði dreift hér á föstudaginn var, en þá var ekki fundur og því ekki hægt að dreifa því fyrr en nú. Þegar hv. þm. hafa kynnt sér efni frv. geta menn rætt málið af meiri þekkingu.

Umr. frestað.

Landflutningasjóður, frv. 506. mál (þskj. 945). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Frv. það sem nú er tekið til umr. er fylgifrv. frv. sem fjalla um Byggðastofnun, Þróunarfélag og Framkvæmdasjóð. Með þeim frv. er gert ráð fyrir að Framkvæmdastofnun verði lögð niður 1. sept. n. k. og þær stofnanir sem ég nefndi taki við verkefni hennar. Í lögum nú er gert ráð fyrir að stjórn Framkvæmdastofnunar tilnefni fulltrúa í Landflutningasjóð sem er jafnframt í vörslu Framkvæmdasjóðs. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að flytja þessa vörslu yfir til Byggðastofnunar þannig að Landflutningasjóður verði staðsettur þar. Það þykir á allan máta vera eðlileg staðsetning fyrir Landflutningasjóð og sömuleiðis þá að Byggðastofnun tilnefni fulltrúa í stjórn Landflutningasjóðs.

Um þetta held ég að þurfi ekki að hafa langa ræðu og læt ég þetta nægja, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897, n. 930). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið það frv. sem hér er til umr. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt.

Þetta frv. fjallar um að Skeiðsfossvirkjun verði undanþegin tekjuskatti, eignarskatti og stimpilgjöldum vegna lána, útsvari, aðstöðugjaldi og yfirleitt opinberum gjöldum hliðstætt því sem gildir um Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja svo að einhver orkufyrirtæki séu nefnd.

Frv. fjallar ekki um önnur atriði en þessi. Ég ítreka að nefndin leggur einróma til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 20. maí, kl. 2 miðdegis.

Getraunir Öryrkjabandalags Íslands, frv. 503. mál (þskj. 937). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um getraunir Öryrkjabandalags Íslands, felur í sér heimild til að veita Öryrkjabandalaginu leyfi til að starfrækja getraunir sem fram fara með þeim hætti að þátttakendur skrá eða velja röð bókstafa. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins komu fyrir nokkru á minn fund og leituðu eftir heimild til reksturs happdrættis þar sem tölvur og tölvuskermar verða tengiliðir fyrir kaupendur. Tilgangur þess yrði að afla fjár fyrir starfsemi bandalagsins. Er frv. þetta samið og flutt í þeim tilgangi að afla lagaheimildar fyrir slíka starfsemi.

Skv. lögum um happdrætti frá árinu 1926 má ekki setja á stofn peningahappdrætti eða önnur þvílík happdrætti án lagaheimildar.

Happdrætti það, sem Öryrkjabandalagið hyggst starfrækja, er fólgið í því að þátttakendur velja tiltekinn fjölda bókstafa skv. nánari reglum. Munu þeir geta verið allt frá þremur upp í tólf. Dráttur fer síðan fram

og vinning hljóta þeir sem giska á alla bókstafi rétta eða hluta þeirra eftir nánari reglum. Ræðst fjárhæð vinninga eftir þátttöku í getraunum en gert er ráð fyrir því að vinningar verði greiddir í peningum.

Eins og áður sagði er ekki heimilt án lagaheimildar að setja á stofn peningahappdrætti. Getraunastarfsemi þessi telst happdrætti í lagaskilningi en þátttaka í getraunum byggist á gjaldi og vinningsvon ræðst af tilviljun.

Um efni frv. tel ég eigi ástæðu til að hafa fleiri orð en vek athygli á því að um þessa starfsemi þarf að setja nánari reglur þannig að öryggis þátttakenda verði gætt.

Öryrkjabandalag Íslands var stofnað árið 1961 og eru aðildarfélög þess nú 13 öryrkjafélög og styrktarfélög öryrkja, þ. e. Blindrafélagið, Blindravinafélagið, Félag heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Geðhjálp, Geðverndarfélag Íslands, Gigtarfélag Íslands, Heyrnarhjálp, SÍBS, Sjálfsbjörg, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna og MS-félagið. Markmið bandalagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum öryrkja, svo sem húsnæðismálum, atvinnumálum og almennum félagsmálum, enn fremur að koma fram fyrir hönd öryrkjahópanna gagnvart stjórnvöldum.

Eitt af meginviðfangsefnum bandalagsins hefur verið húsnæðismál. Á árinu 1965 var stofnuð sérstök sjálfseignarstofnun, Hússjóður Öryrkjabandalagsins, er skyldi byggja og reka leiguíbúðir fyrir öryrkja. Hafa þannig verið byggðar 250 leiguíbúðir á lóðinni Hátún 10 hér í Reykjavík. Enn er þó biðlisti eftir slíku húsnæði og stefnir bandalagið að því að útvega 40—45 íbúðir á ári um allt land. Til þess þarf, að því er forráðamenn bandalagsins telja, 40—50 millj. kr. á ári. Er fjáröflun þeirri, sem frv. þetta fjallar um, ætlað að taka þátt í þessari uppbyggingu. Öryrkjabandalagið gerir auk þess ráð fyrir framlagi úr opinberum sjóðum.

Nánari greinargerð um starfsemi Öryrkjabandalagsins er fyrir hendi en ég tel eigi ástæðu til að rekja þá starfsemi frekar hér. Þm. og þingnefnd geta að sjálfsögðu fengið þau gögn auk þess sem fulltrúar bandalagsins eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir þessu máli öllu.

Herra forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir frv. þessu um getraunastarfsemi Öryrkjabandalags Íslands. Ég legg til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef áður sagt þegar um þetta frv. var rætt við mig að ég sæi enga ástæðu til að leggjast gegn því og geri það ekki þótt ég hins vegar geri mér fulla grein fyrir því að eitt happdrætti í viðbót í þessu þjóðfélagi, sem verður lögbundið, gerir ekki annað í dag en að draga frá hinum happdrættunum. Það er því verið að þynna út það sem lítið var fyrir vegna þess að við erum með nær tvo tugi annarra happdrætta, sem eru reglulega í gangi, frá hinum og þessum félögum og samtökum sem ég held að hv. alþm. séu allir sammála um að nauðsynlegt sé að afli sér fjármuna til sinnar starfsemi.

Varðandi þá upptalningu sem kom fram hjá hæstv. ráðh. um Öryrkjabandalagið og aðildarfélög vil ég benda á að eitt stærsta aðildarfélag að þessu sambandi hefur lögbundið happdrætti á sínum vegum, þ. e. happdrætti SÍBS. Ég hefði talið að það atriði ætti að líta á í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar jafnframt því hvernig ákvæði 3. gr. samræmast ákvæðum laga um önnur happdrætti. Ég man ekki betur en að sú prósenta, sem þar komi til skipta, sé nokkru hærri fyrir neytendur en í þessu happdrætti. Ég tel nauðsynlegt að þar sé samræmi á, ekki síst vegna þess að hér er um peningahappdrætti að ræða. Happdrætti Háskólans þarf að borga snöggtum meira til neytenda en hér er gert ráð fyrir.

Vegna þess að það eru afskaplega litlar skýringar með þessu frv. og engar skýringar með þeim greinum sem hér eru lagðar fram fyrir hv. deild tel ég nauðsynlegt að n. komi með nákvæmar, efnislegar skýringar við hverja grein. Ég tel t. d. að það þurfi að gera frekari grein fyrir því hvað felst í orðinu „öryrki" varðandi íbúðarhúsnæði á vegum Öryrkjabandalags Íslands. Það er fyrir eitt lögbundið happdrætti, þ. e. Happdrætti DAS, þar sem öllum ágóða er varið til bygginga fyrir aldraða. Það hefur verið látið spanna yfir aldraða og öryrkja, en að sjálfsögðu geta aldraðir verið öryrkjar. Því ber að athuga hvort Öryrkjabandalaginu ber ekki að sjá um húsnæði til frambúðar fyrir öryrkja jafnvel þótt þeir væru aldraðir, en það vandamál sé ekki sett á aðra aðila. Ég tel t. d. að það mætti ráða fram úr miklu vandamáli hér á höfuðborgarsvæðinu í dag í sambandi við hjúkrunarþörf og umönnunarþörf aldraðra með því að gera lítils háttar breytingar á þeim húsum sem Öryrkjabandalagið á og ræður yfir þannig að það geti létt nokkuð á því neyðarástandi sem ríkir í þessum málum hér á höfuðborgarsvæðinu nú. Ég vildi aðeins geta um þessi atriði.

Hér er talað um getraunastarfsemi en þetta er bæði happdrætti og getraunastarfsemi og mun að sjálfsögðu hafa áhrif á aðra getraunastarfsemi sem er í gangi hér í þjóðfélaginu og talin er nauðsynleg fyrir þá aðila sem þar eiga hlut að máli. Mitt erindi hingað, herra forseti, var að vekja athygli á þessum málum og óska eftir því að hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, skoði þessi atriði.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við þetta mál sem hér er til umfjöllunar. Ég tel að eins og nú er háttað möguleikum Öryrkjabandalagsins til reksturs sinnar starfsemi og til fjárfestingar á því sviði sé óhjákvæmilegt að leyta nýrra leiða til að afla þessum samtökum tekna. Eins og nú er komið fjárhag Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Erfðafjársjóðs, sem einkum hefur verið sótt til í þessu efni, þá er það ljóst að starfsemin hlýtur að dragast mjög saman og nánast leggjast af miðað við það sem áður var ef ekki kemur eitthvað nýtt til. Það þarf væntanlega ekki að fjölyrða hér um það gífurlega mikilvæga hlutverk sem þessi samtök inna af höndum og þann mikilvæga rekstur sem þau standa fyrir og allir hljóta að geta verið sammála um að það beri að hlúa að honum.

Ég vil í sambandi við orð hv. síðasta ræðumanns benda á að þó að hér sé mikið um happdrætti og vissulega sýnist sá markaður að verulegu leyti mettaður benda þó ýmsar kannanir — að vísu ekki hérlendar því að lítið fer fyrir þeim — sem hægt er að líta til erlendis frá til þess að þegar upp er tekin ný starfsemi af þessum toga afli hún gjarnan að verulegu leyti nýrra markaða jafnvel þó að þétt sé setinn bekkurinn fyrir. Ég held að

það beri þá einnig að líta til þessa vegna þess að þegar um svona starfsemi er að ræða þá er það ekki ágóðavonin ein og vinningslíkurnar einar sem laða menn til þátttöku heldur ekki síður hitt að styðja gott málefni. Ég er viss um að það er um fátt að ræða sem er líklegt til að mæta meiri velvilja en einmitt starfsemi Öryrkjabandalagsins.

Ég vil leggja þessu máli lið, herra forseti. Ég tek undir það að það er ýmislegt sem þarf að athuga og bera þetta saman við lög um önnur happdrætti o. s. frv. en við þann megintilgang þessara laga, að afla nýrra tekjustofna til starfsemi Öryrkjabandalagsins, vil ég lýsa stuðningi mínum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að fara að mæla gegn þessu frv. enda er hér um gott málefni að ræða. Vissulega er vandamál Öryrkjabandalagsins það sama og margra annarra góðra málefna á sviði líknar-, mannúðar- eða almennrar frjálsrar starfsemi eins og íþróttasamtaka, að þar skortir fé til þess að standa undir skipulagi í starfi og til að veita aðstoð til þeirra sem í bandalögunum eru.

Ég stend hér upp, herra forseti, til að taka undir þau orð hjá hv. 12. þm. Reykv. þar sem hann vakti athygli á því að til væri í landinu starfsemi sem héti Íslenskar getraunir og styðst við lög. Sú getraunastarfsemi gengur út á að giska á úrslit kappleikja og það orð, „getraunir", hefur unnið sér hefð. Ég held að það orki því nokkuð tvímælis að stofna til nýrra getrauna sem eru allt annars eðlis. Það kann að valda ruglingi fyrir báða aðila ef þetta frv. verður samþykkt.

Enn fremur vek ég athygli á því að hér er gert ráð fyrir því að starfrækt sé getraunastarfsemi sem fari fram með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð bókstafa. En nú vill svo til að skv. lögum hefur Íþróttasamband Íslands rétt til þess að starfrækja happdrætti eða getraunir sem ganga undir nafninu Lottó, en þar er gert ráð fyrir því að á miða sé skráð eða valin röð tölustafa. Það liggur fyrir að Íþróttasambandið og sérsamböndin á íþróttasviðinu eru búin að ákveða að hleypa þessari starfsemi af stokkunum núna á þessu ári. Ég get ekki séð annað en að það muni leiða til verulegra árekstra ef á sama tíma er farið af stað með svona hliðstæða starfsemi, annars vegar þar sem gert er ráð fyrir því að valin sé röð bókstafa og hins vegar röð tölustafa. Þessu vildi ég vekja athygli á því að ég tel eðlilegt þar sem íþróttahreyfingin hefur hér hagsmuna að gæta og til árekstra geti komið að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, leiti álits hjá íþróttahreyfingunni á þessu máli þannig að sjónarmið megi samræmast. Þessi orð eru mælt af góðum huga til þessara málefna beggja en ekki til þess að leggja stein í götu Öryrkjabandalagsins, heldur til að forða því að þarna verði óeðlilegir og óæskilegir hagsmunaárekstrar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 939). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég flutti í hv. Ed. frv. til l. um breytingu á lögum nr. 41 frá 2. maí 1968, um verslunaratvinnu, þar sem gert var ráð fyrir því að leiga á lausafjármunum yrði bókhaldsskyld og gengið yrði til undirbúnings að öðru því sem þeim hlutum væri skylt.

Hér er um að ræða breytingu til þess að lögin um verslunaratvinnu geti náð yfir þá starfsemi sem mjög hefur aukist að undanförnu, þ. e. leigu á myndböndum.

Hv. Ed. taldi hins vegar ekki rétt að breyta lögunum með þeim hætti sem lagt var til, um væri að ræða of víðtækt ákvæði og gat ég mjög vel fallist á það. Á frv. var því gerð sú breyting að lögin um verslunaratvinnu tækju til leigu myndbanda.

Með ákvæði til bráðabirgða er um að ræða tímafrest fyrir þá sem þegar hafa hafið þennan atvinnurekstur, með hvaða hætti að því skuli staðið af þeirra hálfu. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég vísa til þess sem ég sagði í hv. Ed. og leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frv. 493. mál (þskj. 917). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í framsöguræðu minni fyrir nokkru um frv. til laga um viðskiptabanka gat ég þess að innan tíðar yrði einnig lagt fram frv. til laga um sparisjóði og er það hér til umr. á þskj. 917.

Frv. það um sparisjóði, sem hér liggur fyrir, á sér langa forsögu. Í stuttu máli má segja að vinna við það hafi hafist fyrir nærfellt 13 árum síðan er þáv. viðskrh. skipaði nefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið. Sú nefnd tók saman frumdrög að nýrri löggjöf um sparisjóði en árið 1975 var aftur skipuð nefnd er hafa skyldi það sérstaka verkefni að semja frv. til l. um sparisjóði. Frv. byggt á tillögum nefndar þessarar var síðan lagt fyrir Alþingi árið 1978.

Frá þeim tíma hafa nokkrum sinnum verið lögð fram fyrir Alþingi frv. um sparisjóði sem að mestu leyti voru byggð á því starfi sem hér hefur verið greint frá en frv. þessi urðu ekki útrædd. Þegar enn var skipuð nefnd á árinu 1981 lá fyrir frv. um sparisjóði og þótti því ekki ástæða til að fela nefndinni samningu nýs sparisjóðafrv. Á hinn bóginn hefur við endanlega gerð þessa frv. af hálfu viðskrn. verið höfð veruleg hliðsjón af því frv. til laga um viðskiptabanka sem nú liggur fyrir. Þá hefur frá upphafi verið höfð hliðsjón af löggjöf um sparisjóði á Norðurlöndum og haft samráð við Samband ísl. sparisjóða og tillit tekið til margvíslegra athugasemda sem frá því hafa komið.

Í sögu bankastofnana hér á landi eiga sparisjóðir sér langa sögu. Þeir voru fyrstu innlánsstofnanir sem stofnaðar voru hér á landi og er talið að hinn fyrsti þeirra hafi verið stofnaður 1858. Í kjölfar hans voru fleiri sparisjóðir stofnaðir, sumir lífvænlegir, aðrir ekki. Elstur nú starfandi sparisjóða er Sparisjóður Siglufjarðar, stofnaður 1874, en alls eru starfandi í dag fjórir sparisjóðir sem eru eldri en eitt hundrað ára. Elsti starfandi banki, Landsbanki Íslands, hóf hins vegar

starfsemi sína árið 1886.

Á næstu árum eftir stofnun fyrstu sparisjóðanna eru síðan stofnaðir sparisjóðir hver af öðrum og alls hafa þeir verið stofnaðir 93, síðasti þeirra árið 1972. Í dag eru starfandi 38 sparisjóðir. 55 sparisjóðir hafa þannig hætt starfsemi sinni, flestir verið yfirteknir af bönkum, þremur breytt í banka en aðeins örfáir yfirteknir af öðrum sparisjóðum. Fróðlegt er að freista þess að leita skýringa á þessari þróun. Sé fljótt farið yfir sögu má segja að í upphafi hafi verið fremur lítill munur á banka og sparisjóði. Bankarnir voru þó stofnanir sem ekki voru bundnar ákveðnum starfssvæðum heldur leituðu viðskipta um land allt. Sparisjóðirnir voru hins vegar fyrst og fremst staðbundnar stofnanir sem ætlað var að þjóna ákveðnum starfssvæðum og löggjöf hefur lengst af sett þeim þrengri skorður. Tilgangur þessara stofnana hefur þó alla tíð verið hinn sami, þ. e. að gefa íbúum landsins kost á að varðveita og ávaxta fjármuni sína með áreiðanlegum hætti og greiða fyrir efnahagslegum framförum í útlánastarfsemi sinni. Telja má víst að einangrun staðbundinna stofnana, minni vaxtarskilyrði vegna lítils starfssvæðis, skortur á möguleikum til beinna lána milli sparisjóða og síðbúinn skilningur á samvinnu og samstarfi þeirra í milli séu meginskýringarnar á þeirri miklu fækkun sparisjóða sem átt hefur sér stað í landinu. Úrelt löggjöf á einnig sinn þátt í þessari þróun.

Þegar fyrstu sparisjóðirnir tóku til starfa voru engin lög sem tóku til starfsemi þeirra. Á árinu 1874 var þó gefin út tilskipun „um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi". Árið 1915 eru síðan sett fyrstu lögin um sparisjóði en þau síðan endurskoðuð nokkrum áratugum síðar og samþykkt sem lög nr. 69/1941 og eru þau lög enn í gildi.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Því er nú, u. þ. b. 44 árum síðar, löngu orðið tímabært að breyta þessum lögum enda eru þau um margt úrelt og farin að há starfsemi sparisjóðanna með margvíslegum hætti. Úr því verður að bæta.

Til grundvallar frv. þessu liggur mikið starf, eins og ég sagði áðan, sem má rekja allt aftur til ársins 1972. Með frv. því, er nú er lagt fyrir Alþingi, er að því stefnt að löggjöfin um sparisjóði verði færð í nútímalegt horf. Þá er að því stefnt að staða sparisjóðanna verði treyst og þeim veittar hliðstæðar starfsheimildir og viðskiptabönkum og aðhald og öryggi í rekstri aukið í samræmi við kröfur tímans. Samhliða er ætlunin að skapa skilyrði til aukinnar hagkvæmni í rekstri sparisjóðanna.

Í grg. með frv. eru töflur er sýna fjölda sparisjóða með nokkurra ára millibili frá árinu 1870 til 1984, skiptingu sparisjóða eftir kjördæmum og hlutdeild þeirra í innlánsfé banka og sparisjóða á mismunandi tímum. Þar má sjá að innlánshlutdeild sparisjóðanna er nokkuð stöðug s. l. 40—50 ár ef undan er skilið tímabilið upp úr 1960 og 1970 þegar þremur stórum sparisjóðum er með lögum breytt í banka. Það vekur athygli að þetta skeður þrátt fyrir verulega fækkun sparisjóða á þessu tímabili og er skýringin sú að þeir sparisjóðir, sem áfram hafa starfað, hafa unnið upp í aukinni markaðshlutdeild þá minnkun sem orðið hefur við fækkun sparisjóðanna. Þannig er hlutdeild sparisjóðanna af heildarinnlánum banka og sparisjóða 15.3% í árslok 1984, en til samanburðar er fróðlegt að nefna að hliðstæð hlutdeild allra einkabankanna var á sama tíma 19.9%.

Á þessu tímabili hefur orðið veruleg breyting á starfsháttum sparisjóðanna. Starfshættir hafa færst mjög í sama horf og bankanna og er þetta hliðstæð þróun og orðið hefur í öllum nágrannalöndum okkar. Þá hefur fylgt þessari þróun að sparisjóðirnir hafa fært útlán sín í mjög auknum mæli til atvinnuveganna frá því sem áður var, enda þótt almenningur, þ. e. einstaklingar, séu enn stærstu lánþegar sparisjóðanna og hafi þar aðeins vinninginn fram yfir atvinnuvegina og opinbera aðila.

Í umræðum manna á meðal er oft spurt hver sé munurinn á banka og sparisjóði og hvers vegna þessi tvö kerfi innlánsstofnana séu við lýði. Því er til að svara að sparisjóðirnir eiga sér langa hefð í íslensku þjóðlífi sem elstu peningastofnanir landsins eins og á hefur verið bent. Þá felst mikill munur á milli þessara tveggja flokka innlánsstofnana í rekstrarformi þeirra þar sem sparisjóðirnir eru í eðli sínu sjálfseignarstofnanir. Enn fremur eru þeir í flestum tilvikum staðbundnar stofnanir undir stjórn heimamanna andstætt því að bankaútibúin lúta almennt yfirstjórn frá höfuðstöðvum viðkomandi banka í Reykjavík.

Fjöldi og sjálfstæði einstakra sparisjóða vítt og breitt um land, oft í samkeppni við bankana, hefur í för með sér valddreifingu sem er æskileg, einkum þar sem fjármagnsskortur er viðvarandi. Sparisjóðirnir eiga þannig að tryggja meira valfrelsi viðskiptamanna og um leið nauðsynlega samkeppni sem hlýtur að vera æskilegt takmark. Þá má ekki gleyma því að fjölmargir sparisjóðir hafa í fámennum byggðarlögum gegnt mikilvægu hlutverki sem aðrar stofnanir væru tæpast tilbúnar að gegna, m. a. vegna lítils markaðar, og veitt íbúum þessara staða þjónustu sem þeim er ekki síður nauðsynleg en íbúum fjölmennari byggðarlaga.

Samkeppnisstaða sparisjóðanna hefur um margt breyst hin síðari ár og ekki síst nú síðustu mánuðina. Þeim hefur því orðið æ mikilvægara í tæknibyltingu síðustu ára að leita innbyrðis aukinnar samvinnu. Sameining sparisjóða á vissum landssvæðum er einnig valkostur sem æ oftar hefur komið til umræðu á síðari árum. Frv. þetta byggist á þeirri meginstefnu að sameining skuli ákveðin af sparisjóðunum sjálfum. Valdboð í þeim efnum ber að forðast. Því hafa í frv. þessu með margvíslegum hætti verið sköpuð skilyrði til sameiningar sparisjóðanna standi vilji forráðamanna þeirra til slíkrar þróunar. Jafnframt hafa verið sköpuð skilyrði til aukinnar samvinnu sparisjóðanna og eru ákvæði frv. um lánastofnun sparisjóðanna merkust slíkra mála enda telja forráðamenn sparisjóðanna þau forsendu fyrir samkeppnishæfni þeirra á næstu árum. Því hafa þeir lagt á það þunga áherslu að með lögum verði sköpuð skilyrði til samvinnu sem sparisjóðirnir hyggja á innan hennar. Sjálfur hef ég þá bjargföstu trú að verði sparisjóðunum sköpuð eðlileg starfsskilyrði muni þeir treysta stöðu sína meðal innlánsstofnana hér á landi.

Í löggjöf fyrri ára var sparisjóðunum sniðinn nokkuð þröngur stakkur. Fjöldi viðskiptamanna þeirra í dag sýnir hins vegar að leitað er eftir þjónustu sparisjóðanna. Því er það alveg ljóst, þegar litið er á þjónustuhlutverk það er sparisjóðirnir gegna víðs vegar um landið, að þeim er nauðsyn að geta, ef aðstæður leyfa, innt af hendi alla venjulega þjónustu sem nú er ætlast til að innlánsstofnanir veiti. Á því eiga viðskiptamenn

þeirra kröfu. Þeir verða því að geta þjónað íbúum hinna ýmsu byggðarlaga og verið raunhæfur valkostur borið saman við viðskiptabanka.

Með þetta sjónarmið að leiðarljósi markar frv. þetta þá stefnu að fella niður öll þau ákvæði er takmarka starfsemi sparisjóða borið saman við starfsemi viðskiptabanka og er það hliðstætt því sem gert hefur verið í öllum nálægum löndum. Eftir sem áður og þrátt fyrir hliðstæðar starfsheimildir banka og sparisjóða verður áfram skýr munur milli sparisjóða og annarra innlánsstofnana.

Sparisjóðirnir eru í eðli sínu, eins og áður var sagt, sjálfseignarstofnanir. Stjórn þeirra er tengd sveitarfélögum og starfsemi þeirra er almennt staðbundin andstætt starfsemi viðskiptabanka. Þar við bætist að einstakir sparisjóðir munu eflaust eftir sem áður hafa takmarkaðri starfsemi en viðskiptabankar, en á hinn bóginn verða möguleikar þeirra til að taka tillit til sérstakra staðbundinna aðstæðna meiri. Þannig ættu þeir líka að geta stuðlað að heilbrigðri samkeppni.

Frv. þetta skiptist í 17 kafla og telur 72 greinar auk ákvæða til bráðabirgða. Mörgum ákvæðum gildandi laga hefur verið breytt eða þau felld brott. Jafnframt er mörgum nýjum ákvæðum bætt við sem ætlað er að færa löggjöfina í nútímalegra horf. Með frv. er m. a. reynt að tryggja betur hagsmuni eigenda innlánsfjár og viðskiptaaðilum sparisjóða betri þjónustu. Samhliða er ætlunin að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri sparisjóðanna. Í almennum athugasemdum við frv. er gerð grein fyrir veigamestu nýmælum og breytingum frá gildandi lögum. Hér mun ég leitast við að gera nokkuð ítarlegri grein fyrir þessum atriðum án þess að um tæmandi upptalningu sé að ræða. Má að öðru leyti vísa til þess sem fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Í I. kafla frv. er kveðið svo á að frv. gildi um sparisjóði. Skv. frv. er hlutverk sparisjóðanna að hafa á hendi hvers konar sparisjóðsstarfsemi sem síðar er nánar skilgreind í VII. kafla frv., einkum 30. gr. þess, en í þeirri grein er sparisjóðunum ásamt öðrum þeim er til þess hafa lagaheimild einum heimil móttaka innlána frá almenningi. Þá er í kaflanum einnig tekið fram að önnur starfsemi en sú sem sérstaklega er tilgreind í VII. kafla frv. sé sparisjóðum óheimil.

Þá er í I. kafla skilgreind ábyrgð sparisjóðsaðila og tekið fram að hún takmarkist við upphæð stofnfjárhluta, skráðar ábyrgðir og inneignir í séreignarsjóði, en um séreignarsjóði eru síðan nánari ákvæði í V. kafla frv.

Skv. I. kafla hafa sparisjóðsaðilar ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi umfram það sem mælt er fyrir í frv., en í IX. kafla þess er lagt til að innan vissra takmarka verði heimilt að verja hluta tekjuafgangs til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Við slit sparisjóðs fá stofnfjáreigendur hlut sinn greiddan en þeim eignum, sem þá verða eftir, ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta, en þó má ekki ráðstafa þeim til sparisjóðsaðila.

Um þetta er nánar fjallað í XIII. kafla frv. Þessi ákvæði um ráðstöfun eigna við slit minna einkum á skyldleika sparisjóða við sjálfseignarstofnanir. Er sparisjóðunum þannig í frv. valið það form sem telja verður að henti þeim best með tilliti til fortíðar og framtíðar.

Í II. kafla frv. er fjallað um stofnun sparisjóða. Ítarlegri reglur eru settar um meðferð umsókna en er í gildandi lögum. Stofnun sparisjóðs verður áfram háð leyfi viðskrh. en gert er ráð fyrir því í frv. að áður en ráðh. afgreiði umsókn um stofnun sparisjóðs skuli hann leita umsagnar Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Þá er í II. kafla frv. ákvæði um hverjir geta verið stofnendur sparisjóðs og eru þeir tæmandi taldir. Einnig er kveðið á um að þessir aðilar geti aldrei verið færri en 30 talsins, en þeir skulu allir vera íslenskir aðilar úr hópi fjárráða einstaklinga, sýslufélaga, sveitarfélaga eða starfandi sparisjóða. Ástæðan fyrir því að þessir aðilar eru sérstaklega nefndir er að sýslu- og sveitarfélög hafa sérstök tengsl við sparisjóði sem gert er ráð fyrir að haldist í frv. þessu og starfandi sparisjóðir hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi viðgang sparisjóðsstarfseminnar.

Þá er nauðsynlegt að gerð sé krafa um það að fyrir stofnun sparisjóðs sé nokkuð víðtækur stuðningur. Þá verður það meginregla að ekki sé unnt að stofna sparisjóð með minna stofnfé en 3 millj. kr. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessari reglu til hækkunar eða lækkunar. Ástæðan er sú að aðstæður og staðhættir eru ákaflega mismunandi víðs vegar um land. Þannig getur fjárhæðin verið orðin of lág í fjölmennari byggðarlögum en of há í fámennu byggðarlagi. Kveðið er á um að ráðh. leiti umsagnar Seðlabankans og Tryggingarsjóðs sparisjóða áður en undanþága er veitt. Skv. ákvæðum þessa kafla frv. verður hér eftir óheimilt að stofna sparisjóði með ábyrgðarfyrirkomulagi. Eingöngu verður heimilt að stofna sparisjóð með innborguðu stofnfé. Starfandi sparisjóðum verður þó ekki skylt að taka upp stofnfé í stað ábyrgða. Hins vegar verður það heimilt skv. frv. að aðalfundur ákveði að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé.

Í III. kafla frv. er fjallað um stofnfjárhluti og verða eigendaskipti að stofnfjárhlutum heimil innan þröngra takmarka. Þá er fjallað um skyldu og heimildir sparisjóðs til innlausnar en innlausn takmarkast af þeirri meginreglu að sparisjóður megi ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé.

Í IV. kafla er fjallað um aukningu stofnfjár. Ákvörðun um aukningu stofnfjár verður aðeins tekin á aðalfundi og þarf mjög aukinn meiri hluta til að slík samþykkt nái fram að ganga.

Í V. kafla eru ákvæði er gera ráð fyrir séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Sjóður þessi verður aðallega myndaður með hluta vaxta af stofnfé sem aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum. Ákvæði þessi eiga rót að rekja til þeirra vandamála sem upp hafa komið hjá sparisjóðum þar eð ekki hefur verið heimilt að uppfæra stofnfjárframlög til samræmis við verðlagsþróun. Því hafa stofnfjárhlutir rýrnað gífurlega á undanförnum árum. Í ákvæði I til bráðabirgða er í frv. gert ráð fyrir heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs. Hámark stofnfjárhluta eftir endurmat má þó ekki vera hærra en 8000 kr. Með ákvæðum um séreignarsjóð er reynt að tryggja að stofnfjárhlutir haldi verðgildi sínu eftir uppfærslu þannig að ekki verði sama misgengi milli skráðs nafnverðs stofnfjárhluta og þess verðmætis sem upphaflega var lagt fram og orðið hefur á undangengnum árum. Ekki verður heimilt að skilja sundur rétt yfir stofnfjárhlut og rétt yfir hlut í séreignarsjóði. Þær skorður, sem hér eru settar á ávöxtun stofnfjárhlutar, verður að skoða með hliðsjón af sérstöku eðli

sparisjóða sem ekki er hægt að jafna við venjuleg fyrirtæki sem rekin eru í ágóðaskyni fyrir eigendur.

Í VI. kafla er fjallað um stjórn sparisjóðs. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um sparisjóðsstjóra, hlutverk hans og skyldur og verkaskiptingu milli hans og sparisjóðsstjórnar. Með ákvæðum þessa frv. er leitast við að treysta stjórnkerfi sparisjóða og setja skýrari reglur um verkaskiptingu milli sparisjóðsstjórna og sparisjóðsstjóra en verið hafa í reynd innan sparisjóðanna. Um leið eru stjórnunarákvæði sett í nútímalegra horf. Um kjör stjórna sparisjóða er vert að benda á ný ákvæði sem sett eru til að leysa vandamál sem upp kunna að koma varðandi kjör stjórna þegar sparisjóðir sameinast, bæði þegar um er að ræða sparisjóði innan sama sveitarfélags og ekki síður þegar sparisjóðir, sem starfað hafa í fleiri en einu sveitarfélagi, sameinast.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að í samþykktum sparisjóðs sé heimilt að setja ákvæði um staðbundnar stjórnir sparisjóða sem taka til þess starfssvæðis sem viðkomandi sparisjóður starfaði á fyrir sameiningu. Staðbundnar stjórnir munu að sjálfsögðu starfa eftir þeim heimildum sem aðalstjórn sparisjóðsins mælti fyrir um. Þessi ákvæði má rekja til þeirrar meginstefnu frv. að auðvelda sem mest frjálsa sameiningu sparisjóða.

Í kaflanum er að finna mikilvægt nýmæli þess efnis að stjórn sparisjóðs skuli móta almenna stefnu sparisjóðs í vaxtamálum en að öðru leyti verði ákvörðun vaxta af einstökum tegundum inn- og útlána stofnana í höndum sparisjóðsstjóra. Með þessu nýmæli er reynt að stuðla að sem minnstum vaxtamun milli inn- og útlána hjá sparisjóðum og þar með sem hagstæðustum rekstri þeirra. Þegar til lengdar lætur mun þetta fyrirkomulag þjóna hagsmunum sparifjáreigenda, lántakenda og samfélagsins betur en sú skipan þessara mála sem var við lýði um langt árabil. Til að tryggja heilbrigða og virka samkeppni er jafnframt bannað að sparisjóðir hafi samráð við viðskiptabanka þegar ákvörðun er tekin um vexti og önnur þjónustugjöld. Á hinn bóginn er heimilað samráð milli sparisjóða um þessi efni. Varðandi rökstuðning fyrir þessari tilhögun vísa ég til ítarlegra athugasemda við 25. gr. frv. Eftirlit með að þessum ákvæðum verði fylgt verður í höndum bankaeftirlits.

Þá vil ég vekja athygli á því ákvæði kaflans sem gerir ráð fyrir því að sparisjóðir skuli að jafnaði leita fullnægjandi trygginga vegna skuldbindinga sem stofnað er til gagnvart sparisjóðunum. Að endingu má vekja athygli á ákvæði sem er að finna í lok kaflans um stjórn sparisjóða og fjallar um þagnarskyldu starfsmanna um allt það er varðar hagi viðskiptamanna sparisjóðs og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum og fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls.

Í VII. kafla frv. er fjallað um starfsemi sparisjóða. Meginákvæði þessa kafla er í 30. gr. Þar er lýst hvað felst í hugtakinu sparisjóðsstarfsemi og farin önnur leið við skilgreiningu hugtaksins en í gildandi lögum. Þykir sú skilgreining, sem lagt er til að fylgt verði í frv., hæfa betur nútímaaðstæðum og gera sparisjóðunum betur kleift að laga starfsemi sína að breyttum kröfum. Eftir sem áður verður þó starfsemi sparisjóðs fyrst og fremst fólgin í geymslu og ávöxtun fjár og miðlun á peningum. Þessi skilgreining frv. á sparisjóðsstarfsemi felur í sér alla þá þætti sem falla nú almennt undir hugtakið, þ. á m. verðbréfaviðskipti.

Ákvæðinu er ekki ætlað að þrengja almennt starfsvettvang sparisjóða frá því sem verið hefur. Engu að síður er ætlast til að þetta hugtak verði skýrt þröngt. Framangreind skilgreining er hliðstæð og á hugtakinu viðskiptabankastarfsemi í frv. til laga um viðskiptabanka sem hér hefur verið lagt fram, enda er það, eins og áður hefur verið vikið að, eitt af markmiðum frv. þessa að jafna samkeppnisaðstöðu banka og sparisjóða og þá um leið aðstöðu viðskiptamanna þessara stofnana til aðgangs að margvíslegri þjónustu sem bankar og sparisjóðir veita, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Í 2. mgr. 30. gr. er að finna þá grundvallarreglu frv. að sparisjóðir og aðrir aðilar, er til þess hafa lagaheimild, eigi einkarétt á að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. En skv. 10. gr. laga um Seðlabankann eru það þessar stofnanir sem eru háðar eftirliti bankaeftirlitsins. Tilgangur eftirlitsins er fyrst og fremst að gæta hagsmuna þeirra sem eiga innlánsfé í þessum stofnunum eða aðrar kröfur á hendur þeim. Af því leiðir að rétt þykir að kveða skýrt á um einkarétt stofnunar til að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Grundvallarbreyting er einnig gerð á ákvæðum gildandi laga um rétt sparisjóða til gjaldeyrisverslunar jafnframt því að sambærilegar heimildir eru veittar lánastofnunum sparisjóðanna. Skv. frv. er rétturinn til gjaldeyrisverslunar ótvíræður en Seðlabanka einungis heimilt að fengnu samþykki ráðh. að binda þann rétt tilteknum takmörkunum. Í dag hafa tólf sparisjóðum verið veittar gjaldeyrisheimildir og þykir sú tilhögun hafa tekist vel.

Þá er í þessum kafla frv. einnig fjallað um heimild sparisjóða til að eiga aðild að öðrum félögum eða stofnunum. Þær heimildir eru tvenns konar, bundnar við félög eða stofnanir með takmarkaðri ábyrgð. Það felur í sér að sparisjóður ber einungis ábyrgð á skuldbindingum þessara félaga og stofnana með framlagi sínu til þeirra en ekki með öllum eignum sínum eins og um væri að ræða ef sparisjóður gæti verið aðili að félagi með ótakmarkaðri ábyrgð. Í báðum þessum tilvikum er reynt að draga sem mest úr áhættu sparisjóðsins af rekstri þessara fyrirtækja með því að binda eignaraðild sparisjóðsins að fyrirtækinu við tiltekið hlutfall af eigin fé hlutaðeigandi sparisjóðs. Mun strangari kröfur eru þó gerðar að því er varðar aðild sparisjóðs að félögum sem reka aðra starfsemi en sparisjóðsstarfsemi. Miðað við núverandi aðstæður er ákvæðið til þess fallið að auka öryggi í rekstri sparisjóða.

Skv. ákvæðum VII. kafla er sparisjóði óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sparisjóðs. Þó er einnig gert ráð fyrir því að sparisjóður geti gefið út skuldabréf sem hafa að geyma ákvæði þess efnis að krafa, sem eigandi slíks bréfs eignast á hendur sparisjóði, skuli við slit eða gjaldþrotaskipti á búi sparisjóðs víkja í skuldaröð fyrir öðrum kröfum sem kunna að stofnast á hendur sparisjóðum. Hér er um svokölluð „víkjandi lán“ að ræða og skipta þau máli um mat eigin fjár.

Þá er rétt að vekja athygli á ákvæði er mælir svo fyrir að sparisjóðsstjórar, aðstoðarsparisjóðsstjórar og skoðunarmenn megi ekki vera skuldugir sparisjóði sem þeir

starfa fyrir, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Gildir hið sama um maka þeirra. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að sparisjóðsstjórn setji reglur um viðskipti starfsmanna við þann sparisjóð sem þeir starfa hjá.

Þau ákvæði frv. sem ég hef nú rakið eru í öllum meginatriðum hliðstæð og í frv. til l. um viðskiptabanka sem hér hefur verið lagt fram.

Í VIII. kafla frv. er fjallað um laust fé og eigið fé sparisjóðs. Ákvæði gildandi laga um laust fé eru óþjál og taka ekki tillit til þess að aðstæður á peningamarkaði geta breyst á tiltölulega stuttum tíma. Því hefur verið farin sú leið að skilgreina laust fé með öðrum hætti en áður var þannig að betur hæfi aðstæðum nú á tímum.

Einn af mikilvægari þáttum í löggjöf um innlánsstofnanir eru ákvæði um eigið fé enda miða þau að því að vernda hagsmuni eigenda innlánsfjár þótt innlánsstofnun verði fyrir óvæntum áföllum. Í meginatriðum er hér um að ræða að eigið fé skuli nema ákveðnu hlutfalli af tilteknum efnahagsliðum á hverjum tíma. Ég fer þó ekki nánar út í það en vísa til ítarlegra athugasemda við ákvæði greinarinnar.

Í IX. kafla frv. er fjallað um gerð ársreikninga og ráðstöfun tekjuafgangs. Um gerð ársreikninga þarf ekki að hafa mörg orð en gert er ráð fyrir að ráðh. setji reglur um gerð hans enda mikilvægt að gengið sé út frá sömu forsendum við uppgjör einstakra efnahagsliða og mat á eignum og skuldum hjá öllum innlánsstofnunum. Varðandi ráðstöfun tekjuafgangs er áhersla lögð á eflingu varasjóðs.

Í X. kafla frv. er að finna margvísleg nýmæli varðandi endurskoðun, enda erfitt að benda á starfsemi þar sem vel unnin endurskoðun hefur mikilvægara hlutverki að gegna en hjá innlánsstofnunum. Má hér nefna að nú verður gerð krafa um kosningu a. m. k. tveggja skoðunarmanna á aðalfundi og skal annar þeirra eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Nauðsynlegt tillit er tekið til minnstu sparisjóðanna þannig að heimilt er að undanþiggja þá kosningu löggilts endurskoðanda en í þess stað tilnefnir stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða annan endurskoðandann.

Í XI. kafla eru ákvæði um nýjan Tryggingarsjóð sparisjóða. Skal hann koma í stað núverandi Tryggingarsjóðs sem hefur mjög takmarkað gildi fyrir starfsemi sparisjóðanna. Ástæður þess eru þær að framlög til hans sem nema 2% af árlegum tekjuafgangi hvers sparisjóðs, færast sem eign í efnahagsreikning viðkomandi sparisjóðs og eru því í reynd séreign hans. Þetta veldur því að Tryggingarsjóður getur ekki veitt óafturkræft framlag til sparisjóðs sem kynni að þurfa þess með. Forráðamenn sparisjóðanna hafa lengi haft mikinn hug á því að upp yrði byggður öflugur Tryggingarsjóður sem gæti gegnt því hlutverki að auka fjárhagslegt öryggi sparisjóðanna og treysta hagsmuni innstæðueigenda. Með ákvæðum frv. þessa um nýjan Tryggingarsjóð er reynt að búa svo um hnútana að hann verði sparisjóðunum sá bakhjarl sem þeir hafa sóst eftir og eigendum innlánsfjár sú trygging endurgreiðslu innstæðna sem þeim er nauðsynleg.

Í XII. kafla er mikilvægt nýmæli þar sem um er að ræða ákvæði um lánastofnun sparisjóðanna. Undangengið ár hafa sparisjóðirnir stóraukið samvinnu sín í milli. Breyttar aðstæður og aukin samkeppni hafa kallað á aukið samstarf. Forráðamenn sparisjóðanna hafa lengið talið það afgerandi forsendu fyrir samkeppnishæfni þeirra og möguleikum til að bregðast við breyttum starfsskilyrðum að skapaður verði vettvangur þar sem sameiginlega væri hægt að eiga við verkefni sem ella væri smærri staðbundnum stofnunum um megn að fást við. Þetta tekur jafnt til jöfnunar sveiflna í lausafjárstöðu sem geta komið fram á mismunandi tíma eftir því hvort stofnunin er rekin við sjávarsíðu eða til sveita og til möguleika sparisjóðanna að veita þjónustu á sviði gjaldeyrismála. Ört vaxandi tölvuvæðing, nauðsyn á sameiginlegri hagdeildarstarfsemi og aðgangur að lánasjóði, sem geri einstökum sparisjóðum kleift að taka að sér verkefni í þágu atvinnuveganna sem reynast einstökum sparisjóðum ofviða, eru nokkur þeirra verkefna sem væntanlegri lánastofnun sparisjóðanna er ætlað að stuðla að.

En síðast en ekki síst er lánastofnuninni ætlað að stuðla að hagræðingu í rekstri sparisjóðanna, hagræðingu sem felst í því að hafa möguleika til að leysa mál í sameiningu en þurfa ekki að leggja í fjárfestingu sem ella yrði nauðsynleg ef þeir þyrftu að leysa þessi mál hver fyrir sig. Með þessum hætti er unnt að finna lausn á vanda sparisjóða sem upp kemur með breyttum kröfum viðskiptamanna þeirra án þess að hróflað sé við sérstöðu þeirra með tilliti til staðbundinna viðhorfa á starfssvæði hvers einstaks sparisjóðs.

Skýrt skal tekið fram að lánastofnuninni verður ekki heimilt að hafa inn- og útlánsviðskipti við almenning. Hún mun því ekki leiða til þenslu í kerfinu heldur, þegar til lengri tíma er litið, stuðla að ódýrari og einfaldari lausn á framkvæmd margra þátta í þjónustu sparisjóðanna.

Í XIII. kafla eru ný ákvæði um slit sparisjóðanna. Tengjast þau um margt ákvæðum frv. um eigið fé. Ákvæðin hafa að geyma reglur um það hvernig með skuli fara ef eigið fé sparisjóðs fer undir það lágmark sem áskilið er og ekki tekst að bæta úr innan hæfilegs frests. Um mikla hagsmuni getur hér verið að ræða og er því brýnt að opinbert eftirlit sé með tilhögun slita. Af þessum sökum er farin sú leið að slit sparisjóðs eða skipti á búi hans verði í höndum skiptaréttar.

Í XIV. kafla frv. eru ákvæði um samruna sparisjóða. Skv. ákvæðinu þarf leyfi ráðh. til samruna og er tilgangur þess tvíþættur. Annars vegar er verið að tryggja hagsmuni innstæðueigenda þeirra stofnana er renna saman. Hins vegar að koma í veg fyrir samruna sem óæskilegur er frá almannahagsmunum, t. d. vegna þess að hann dragi óeðlilega mikið úr samkeppni. Þá verður aðalreglan skv. ákvæðum þessa kafla sú að við samruna sameinist sparisjóður öðrum sparisjóði sé þess nokkur kostur.

XV. kafli hefur að geyma refsiákvæði og skýra ákvæði kaflans sig að mestu leyti sjálf.

XVI. kafli frv. hefur að geyma ýmis ákvæði og er þar helst að nefna ákvæði um skattalega meðferð stofnfjárinneignar í séreignarsjóði Tryggingarsjóðs og lánastofnunar, en varðandi hana er svo fyrir mælt að hún skuli skattlögð eftir lögum um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982 með síðari breytingum. Er þetta eðlilegt þar eð rekstur lánastofnunar verður svo samofinn rekstri sparisjóðanna sjálfra að óeðlilegt er annað en að sömu reglur gildi um skattskyldu þessara aðila.

XVII. og síðasti kafli frv. fjallar um gildistöku þess o. fl. Þar er mælt fyrir um þá meginreglu að frv. öðlist

gildi sem lög frá Alþingi hinn 1. janúar 1986. Auk þess er að finna undanþágu frá nokkrum ákvæðum frv. sem ekki er talið fært að taki til starfandi sparisjóða. Þá eru ákvæði sem veita starfandi sparisjóðum frest til að koma eigin fé í það horf sem ákvæði frv. áskilja og enn fremur eru tilgreind þau lög sem falla eiga úr gildi við gildistöku frv. sem laga.

Með frv. fylgja ákvæði til bráðabirgða í þremur liðum og skýra þau sig að mestu sjálf.

Herra forseti. Ég hef nú yfirfarið flest meginatriði þess frv. sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess að unnt sé að haga afgreiðslu frv. með þeim hætti sem ríkisstj. hefur lagt áherslu á. Af hálfu viðskrn. verður kappkostað að veita fjh.- og viðskn. beggja deilda þær upplýsingar sem óskað kann að verða eftir og þannig reynt að tryggja sem skjótasta meðferð. Á það skal aftur lögð áhersla að til grundvallar þessu frv. liggur mikið starf sem rekja má allt aftur til ársins 1972.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri hér við kynningu þessa frv. en vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar og leyfi mér að mælast til þess að fjárhags- og viðskiptanefndir deildanna starfi saman til þess að unnt verði að koma þeim upplýsingum sem óskað er eftir til nm.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og hæstv. viðskrh. gat um er hér um að ræða frv. sem á sér langan aðdraganda sem má rekja allt aftur til ársins 1972 þegar Lúðvík Jósepsson þáverandi viðskrh. skipaði bankamálanefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið. Í framhaldi af skipun þessarar nefndar hefur frv. um sparisjóði oft verið flutt á Alþingi — m. a. var lagt hér fram frv. árið 1978 og ég hygg einnig 1979 — en þau hafa ekki náð að verða útrædd, m. a. vafalaust vegna þess að þingið hafði ekki á sama tíma tök á því að fjalla um frv. um viðskiptabankana og frv. um Seðlabanka sem er óhjákvæmilegt að tengja afgreiðslu frv. um sparisjóði.

Ég vil taka það fram að þar sem ég á sæti í þeirri n. sem mun fjalla um þetta mál ætla ég að gera hér aðeins örfáar athugasemdir og benda um leið á að það er ljóst að það hlýtur að taka nokkurn tíma að fara yfir þetta frv. Þetta er viðamikið frv. með um 80 gr. þegar ákvæði til bráðabirgða eru talin þar með. Það er því ljóst að það verður mjög erfitt fyrir þingnefndir að ná niðurstöðu við afgreiðslu á þessu máli á því þingi sem nú situr nema það verði tekin um það ákvörðun að þingið standi fram í júlímánuð eða svo, en það kann að vera að svo fari miðað við þann gang sem er á því hjá ríkisstj. að koma málum frá sér hér.

Ég vil taka það fram að ég tel að þetta frv. sé að mörgu leyti betur lagt fram en frv. um viðskiptabankana. Í grg. frv. eru ítarlegar upplýsingar um þróun sparisjóðanna á Íslandi og ég vil sérstaklega þakka fyrir þann vísi að sagnfræði sem er á síðum 18, 19 og 20 í þessu frv. Ég vil benda á að það væri vafalaust til bóta ef það væri tíðkað með stjfrv. hér yfirleitt að gerð væri grein fyrir hinum sögulega aðdraganda málsins með þeim hætti að menn geti betur glöggvað sig á þjóðfélagslegri stöðu þeirra mála sem verið er að fjalla um. Sparisjóðirnir hafa gegnt hér mjög þýðingarmiklu hlutverki á undanförnum árum og áratugum og eru elstu íslensku peningastofnanir sem til eru. Þess vegna er nauðsynlegt að fólk fái að skoða þetta í sögulegu samhengi eins og hér er gerð grein fyrir í frv.

Varðandi efnisatriði frv. vil ég taka fram að í því eru sömu frjálshyggjukreddurnar og í frv. um viðskiptabanka, m. a. varðandi fjölgun útibúa, að það er hægt að gera það nokkuð eftir hendinni. Eins er vaxtaákvörðunum hér vísað út í blinda samkeppni. Ég held að það geti orðið litlum sparisjóðum ákaflega hættulegt að lenda í trylltu kapphlaupi um vexti. Hagsmunir innstæðueigenda yrðu í verulegri hættu ef litlir sparisjóðir lenda út í slíkri samkeppni. Þess vegna er rétt að fara fram á það við þá menn sem bera ábyrgð á þessu frv. að það verði skoðað hvort ekki er hægt að taka nokkuð öðruvísi á þessum vaxtaákvörðunarmálum hér í sparisjóðafrv. en gert er í viðskiptabankafrv. Þó verður að geta þess að í þessu frv. eru ákvæði um sérstakan tryggingarsjóð sparisjóða og það ákvæði er til verulegra bóta frá því sem nú er. Sjóðurinn yrði mjög sterkur í rauninni ef ákvæði þessa frv. ná fram að ganga. Ég geri ráð fyrir því að margir sparisjóðir muni jafnvel kveinka sér undan þessum ákvæðum, þeir telji þetta vera fullmikið. Ég held að það sé þó ekki. Hérna er um að ræða skynsamlegar till. sem ég fyrir mitt leyti fagna og spyr um leið að því hvort ekki sé hugsanlegt að tekin verði upp hliðstæð regla varðandi viðskiptabankana, þar verði um að ræða einhvern tryggingarsjóð sparifjáreigenda þannig að þeir geti verið öruggir með sínar innstæður. Að mörgu leyti er það eðlilegra fyrirkomulag að allir bankarnir, hvort sem þeir eru í eigu ríkis, einkaaðila eða hlutafélaga, greiði hlutfallslega jafnt í einhvern tryggingarsjóð í stað þess að mismununin sé með þeim hætti sem við þekkjum, að sumir bankar, eins og ríkisbankarnir, séu með tryggingu á sínum innstæðum hjá ríkinu en einkabankar ekki með neinar slíkar tryggingar. Þ. a. l. er ljóst að samkeppnisstaða þeirra um sparifé er talsvert önnur en ríkisbankanna eins og málum er nú háttað.

Ég vil í tilefni af framlagningu þessa frv. spyrja hæstv. viðskrh. um aðeins eitt atriði: Hvenær er þess að vænta að frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, heildarlög um Seðlabanka Íslands, komi hér inn í þingið? Því að þegar það frv. er komið er unnt að mynda sér heildarskoðun á þessum málum peningastjórnunarinnar, sparisjóðum, viðskiptabönkum og Seðlabanka. Í rauninni er seðlabankafrv. alger forsenda þess að hægt sé að ná utan um þetta mál í heild.

Nauðsynlegt er að ítreka það svo að lokum, herra forseti, að hér er um að ræða mjög flókna og mjög þýðingarmikla löggjöf þar sem bankarnir og sparisjóðirnir eru. Það er mjög nauðsynlegt að Alþingi og þingnefndir kasti ekki höndum til þessara frv., þau verði lesin samviskusamlega yfir í þingnefndum, farið rækilega yfir forsendur allra greinanna og þau skoðuð eins nákvæmlega og mögulegt er, því að það getur haft afdrifaríkar og hættulegar afleiðingar fyrir alla peningamálastjórn í landinu ef löggjafinn kastar höndunum til mikilvægra mála eins og þeirra sem hér eru nú á dagskrá.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil fagna því að hér er komið fram frv. um sparisjóði. Vissulega var orðið tímabært að endurskoða þau lög þó að eitt og annað í þessu frv. sé á þann veg að vekur vissa undrun. Það er t. d. dálítið athyglisvert að þegar er talað um hverjir eigi að vera umsagnaraðilar um það hvort stofna

beri sparisjóð, þá eru það Seðlabankinn og Tryggingarsjóður sparisjóða sem eiga að veita umsögn.

Ég hygg að það ákvæði að ráðh. eigi að veita leyfi fyrir stofnun sparisjóðs hafi fullnægt ákveðnum skilyrðum, það sé í hæsta máta eðlilegt. En mér er ekki ljóst hvaða hagsmuni er verið að vernda ef fleiri aðilar koma þar inn sem umsagnaraðilar. Ég vil líka spyrja út í það alveg sérstaklega: Á hvaða forsendum eiga umsagnir Seðlabanka Íslands að vera? Eiga forsendurnar að vera þær að Útvegsbankinn, Landsbankinn, Verslunarbankinn eða Iðnaðarbankinn líti á þetta sem sitt svæði og hafi ekkert áhuga á því að þarna komi upp sparisjóður? Hverjar eiga forsendurnar að vera? Það fer ekki á milli mála þrátt fyrir allt að sparisjóðirnir annars vegar og ríkisbankarnir hins vegar eru hinar lýðræðislegustu af þeim stofnunum sem fjalla um fjármál. Mér er hreint ekki ljóst hvernig t. d. Tryggingarsjóður sparisjóða ætlar að fara að sjá það fyrir hvort það eigi að heimila stofnun einhvers ákveðins sparisjóðs eða ekki. Þeim kemur málið nákvæmlega ekkert við. Þeir hafa allt önnur verksvið. Það er eins og það eigi að fara að leggja einhvern fyrirfram dóm á það hvort lögin verða brotin, hvort þessir aðilar verði hæfir til að sinna þeim kvöðum sem þeir ætla að taka á sig.

Mér finnst að það sé nauðsyn að menn geri sér grein fyrir því að það hefur orðið ákaflega sérstæð þróun hér á landi varðandi aðstöðu fólks til lánastofnana. Þeir sem búa úti á landi og hafa þar sparisjóð geta yfirleitt treyst því sem einstaklingar að gagnvart persónulegum þörfum, eins og t. d. því að eignast íbúðarhús, muni þeir fá meiri fyrirgreiðslu í gegnum sparisjóðinn en ef þeir eiga viðskipti við banka. Aftur á móti má gera ráð fyrir því að þegar kemur að fyrirtækjum snúist þetta við. Sum svæði sitja uppi með það að sparisjóðurinn sameinaðist á sínum tíma banka og bankinn er búinn að starfa þar lengi, hann þjónar miklu stærra svæði atvinnulega séð en sveltir meira og minna sitt nánasta umhverfi í fyrirgreiðslu til fólksins. Ágætt dæmi um þetta er staða mála á Vestfjörðum. Þar er Ísafjörður búinn að vera í þeirri úlfakreppu að þau tvö útibú, sem þar eru, þurfa að lána út um alla Vestfirði afurðalán til atvinnuveganna. Þegar vel veiðist á þessu svæði, miklar birgðir af fiski eru í húsunum, hefur afleiðingin orðið sú að viðbótarlánin, sem bankarnir hafa lánað, hafa þrengt svo lausafjárstöðu útibúanna að þegar kemur að því að hinn almenni maður leitar eftir lánum er honum góðfúslega bent á að það sé ekki staða hjá útibúinu í dag til að verða við hans ósk. Nú sé ég að ágætur bankaráðsmaður hlustar mjög gaumgæfilega því að þetta eru tíðindi sem koma að gagni og eru umhugsunarefni. Það virðist heldur ekki vera óalgengt að það gerist á öðrum stöðum, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, að sparisjóðurinn fær mjög mikið af innlánsfénu en bankaútibú Útvegsbankans fjármagnar aftur á móti atvinnulífið að miklu leyti.

Í þeirri umr. sem farið hefur fram um bankana fram og til baka hefur stundum verið lagt til að afurðalánin komi úr Seðlabankanum. Nú virðist sem menn hafi tekið það upp sem einhvern heilagan sannleika að bankarnir sjálfir skuli sjá um afurðalánin. Ég man ekki betur en þessi kenning um að þau ættu að koma frá Seðlabankanum væru frá dögum viðreisnar og þeirra efnahagsráðgjafar hafi lagt á þetta höfuðáherslu. Ég minnist þess að þegar bindiskyldan var sett neitaði einn ágætur sparisjóðsstjóri á Vestfjörðum, harður sjálfstæðismaður, að króna úr sínum sparisjóði skyldi fara inn í Seðlabankann. Ég er ekki viss nema honum hafi liðist þetta því að maðurinn var nokkuð sérstæður og ekki gefinn fyrir það að gefa hlut sinn og hótaði ófriði ef þetta yrði ekki virt.

Ég óttast það mjög að ef þessi mikla mismunun, sem átt hefur sér stað gagnvart almenningi í aðstöðu til venjulegra lána, verður látin viðgangast í landinu muni það leiða til þess að mjög grimm ásókn verður í það að stofna sparisjóði, enda eðlilegt eins og að málum er staðið að menn geri það. Þá hlýtur það að koma inn í þessa heildarskoðun hvort það sé þá eðlilegt, ef menn fullnægja vissum skilyrðum, eru reiðubúnir að fullnægja lögunum eins og þau eru sett upp, að þeir fái að stofna sparisjóðina. Hvers vegna á að koma í veg fyrir það? Af því að Seðlabankinn telur að það sé vitlaust að stofnaður sé sparisjóður t. d. á Ísafirði? Á þá að segja nei? Eða af því að Tryggingarsjóður sparisjóða telur að mönnum á Ísafirði sé ekki treystandi til að bera ábyrgð á sparisjóði? Á þá að segja nei? Hver eru rökin fyrir því að þessir aðilar verði þarna umsagnaraðilar? Er það bara eitthvað sem er úthugsað af kerfinu til þess að auðvelda ráðh. að geta sagt nei þar sem umsagnir hafa verið neikvæðar um málið, það sé miklu auðveldara að segja nei undir slíkum kringumstæðum? Og hvernig stendur á því að í nafni þessa mikla frelsis, sem nú gengur yfir þjóðina og frjálshyggjumenn boða að sé af hinu góða, þarf að hafa þessi fjandans höft á þessum hlutum? Hver eru rökin fyrir því? Er þetta kannske í algerri andstöðu við stefnu Sjálfstfl. á landsfundinum að þessi ákvæði eru höfð á þennan veg að Seðlabankinn og þessi Tryggingarsjóður sparisjóða á að hafa þetta vald?

Þegar kemur að 6. gr. er talað um að stofnfé sparisjóðs eigi að vera 3 millj. En ráðh. er heimilt að víkja frá þessu bæði til hækkunar eða lækkunar þegar sérstaklega stendur á að hans mati. Þetta þýðir á mæltu máli að ráðh. ræður því einn hvert stofnféð á að vera. Til hvers eru menn að setja lög um að ráðh. ráði þessu einn? Af hverju geta menn ekki gengið frá þessu í lögum? Það hefði verið hægt að stytta greinina ef tilgangurinn er sá að hann eigi að ráða þessu einn? Þá stæði bara einfaldlega: Ráðh. ræður hvert stofnféð sé. Punktur. Svo er það búið mál.

Það heyrist eitthvað í stýrimanninum, hv. 12. þm. Reykv., en það er nú svo óglögt að það kemst ekki hingað upp. (Gripið fram í.) Ég vænti þess að hann tjái sig um þetta mál og geri grein fyrir sinni afstöðu. Mér finnst að framkvæmdavaldið eigi að sitja uppi með ákveðinn texta í þessu efni. Það getur ákveðið að það skuli vera 3 millj. og það getur ákveðið að breytist verðlag þá hækki sú upphæð. En að þetta eigi að vera eitthvert atriði sem er afgreitt í góðra vina hópi í kosningaslag eða einhverju slíku, hvort tryggingarféð hjá sparisjóði eigi að vera 1 millj. eða 3 eða 10 til að koma í veg fyrir að hann verði stofnaður, svoleiðis aðskot á ekkert erindi inn í lög, það er fráleit lagasmíð.

Ég set einnig spurningarmerki mikið við ákvæði hér, sem kemur í 71. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sparisjóðir, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og sparisjóðir, sem stofnaðir verða með samruna þessara sjóða, skulu koma eigin fé í það horf sem áskilið er skv. 40. gr. innan fimm ára frá gildistöku laga

þessara."

Þegar maður fer að lesa skýringarnar til þess að fá það upplýst hversu margir sparisjóðir þyrftu væntanlega að fara að breyta sinni stöðu kemur þessi klassíska skýring: „Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa."

Það kemur ekki fram hvort það þurfi að breyta eiginfjárstöðu allra sparisjóða í landinu, hvort það sé ¼ af þeim, 2 eða 3 sem þurfi að aðlaga sig eða hvað raunverulega er um að ræða. Mér finnst að það sé dálítið billega farið með aðalatriði ef ekkert tillit er tekið til þess hvort sjóðirnir haldi velli. Ég óska eindregið eftir að ráðh. geri grein fyrir því í ræðu hér á eftir hversu margir sparisjóðir í dag standast ekki þær kröfur sem þarna er verið að tala um og hversu margir sparisjóðir að hans mati geta þá e. t. v. ekki aðlagað sína eiginfjárstöðu að þeim kröfum sem hér eru settar fram. Er það sanngjarnt að Alþingi Íslendinga fari að samþykkja ákvæði um þetta án þess að hafa hugmynd um það hvort þeir séu að taka ákvarðanir um að leggja niður sparisjóði?

Ég vil taka það fram að ég tel sparisjóðina ákaflega merkar lánastofnanir og ég vil þakka fyrir þær sögulegu upplýsingar sem hér koma fram um starfsemi þeirra. En ég vil hvetja til þess að menn sýni víðsýni varðandi stofnun sparisjóða og að lögin verði sem fortakslausust og það verði sem minnst af heimildum þar sem ráðherrum er ætlað að framkvæma lögin eftir geðþótta í þessum lögum.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið, að hér er á ferðinni ákaflega mikilvægt og nauðsynlegt frv. um starfsemi sparisjóða í landinu. Það er nauðsynlegt m. a. vegna þess að bankalöggjöf okkar hefur tekið miklum breytingum á síðustu misserum og árum og þar af leiðandi er það mjög mikilvægt fyrir stöðu og sjálfstæði sparisjóðanna að þannig sé að þeim búið, a. m. k. lagalega séð, að þeir geti starfað með eðlilegum hætti í eðlilegri samkeppni við aðrar innláns- og útlánsstofnanir í landinu.

Sparisjóðir eru ákaflega mikilvægar stofnanir, ekki bara fyrir bankakerfið og þjóðina í heild heldur ekki síður fyrir hinar dreifðu byggðir í landinu. Sannleikurinn er sá að fjármagnsfyrirgreiðsla í mörgum dreifðum héruðum vítt og breitt um landið stendur nánast og fellur með því hvernig sparisjóðirnir í viðkomandi héruðum eru í stakk búnir til að veita slíka fyrirgreiðslu. Fólk í hinum dreifðu byggðum á oft og tíðum óhægt með að fara suður á land til að sækja þá nauðsynlegu fjármagnsfyrirgreiðslu sem er forsenda fyrir því að hægt sé t. d. að leggja út í nýjan atvinnurekstur. Sparisjóðirnir hafa líka verið mjög mikilvægur liður í fjármögnun á íbúðarhúsnæði fyrir fólk á landsbyggðinni. Ég held að í rauninni hafi sparisjóðirnir að þessu leytinu gegnt veigameira hlutverki í sínum heimabyggðum en venjulegar bankastofnanir gegna hér í þéttbýlinu því að oft og tíðum er það þannig að sparisjóðirnir hafa fyrst og fremst beint kröftum sínum að þessu tvennu: að því að ýta undir atvinnuuppbyggingu í viðkomandi héruðum og enn fremur hinu að aðstoða unga húsbyggjendur og húskaupendur í því að koma sér þaki yfir höfuðið. Ég er hræddur um að fátæklegt væri um að litast víða í sveitum og bæjum landsins ef ekki nyti góðra og sterkra og öflugra sparisjóða sem þar hafa verið staðsettir um langt árabil.

Það er að vísu dálítið áhyggjuefni að líta á þær tölur sem fram koma í fskj. þessa frv. þar sem fram kemur að á síðustu 25—30 árum hefur orðið geigvænleg fækkun á sparisjóðum í landinu, en þó er hitt ekki síður ánægjulegt að á sama tíma hefur þeim sparisjóðum sem fyrir eru tekist að efla svo stöðu sína að þeir hafa á síðustu árum haldið sínu í samkeppni við bankana í landinu. Hv. 3. þm. Reykv. hafði af því nokkrar áhyggjur að sparisjóðirnir mundu glata stöðu sinni nú við hina nýju bankalöggjöf í samkeppni við aðrar innláns- og útlánsstofnanir í landinu. Ég hygg að þessar áhyggjur hans séu óþarfar og ég tel að viðbrögð sparisjóðanna vítt og breitt um landið á síðustu mánuðum hafi einmitt sýnt það og sannað að sparisjóðirnir eru allra stofnana líklegastir til þess að standast þá samkeppni, sem nú á sér stað í bankakerfinu, og muni raunar eflast við þá samkeppni. Ég hygg að ef glöggt er skoðað hafi komið í ljós einmitt á síðustu mánuðum að sparisjóðirnir hafi fremur eflt stöðu sína en hitt við þá breytingu sem átt hefur sér stað á bankalöggjöfinni og vaxtaákvörðunum í þjóðfélaginu. Sannleikurinn er sá, og það kemur einmitt fram í 25. gr. þessa frv., að sparisjóðunum er gert kleift að hafa samráð sín á milli, m. a. um vaxtaákvarðanir og þar fram eftir götunum. Að þessu leytinu standa sparisjóðirnir betur en aðrar innláns- og útlánsstofnanir í landinu sem er óheimilt að hafa slíkt samráð sín á milli. Vegna sérstöðu sparisjóðanna er eðlilegt að þetta samráð sé þeim leyfilegt. Sparisjóðirnir eru alla jafna staðbundnar stofnanir og því er ekki úr vegi að þeim sé heimilað að hafa samráð sín á milli. Þetta gerir það líka að verkum að kostnaður á hvern sparisjóð við undirbúning vaxtaákvarðana, sem oft og tíðum eru flóknar, verður minni og þar af leiðandi ættu sparisjóðirnir að vera betur í stakk búnir til þess að takast á við þau verkefni sem þeim er ætlað að glíma við.

Ég held að eitt af mikilvægustu ákvæðum þessa nýja frv. sé ákvæðið um stofnfé og hvernig því skuli háttað. Með þessu ákvæði er í rauninni verið að leggja drögin að því að efla stöðu sparisjóðanna, auka eigið fé þeirra og gera þá þar af leiðandi sjálfstæðari og sterkari til átaka fyrir framtíðina. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., hafði af því nokkrar áhyggjur að þetta lagaákvæði og þetta frumvarpsákvæði væri fullrúmt þar sem ráðh. væri gefin heimild til að lækka eða hækka þetta stofnfjártillegg. Í rauninni held ég að ekki sé ástæða til þess að hafa mikinn beyg af þessu. Eins og fram kemur í aths. með þessu frv. er ástæðan fyrir því að þetta er þannig sú, að sparisjóðir hafa einmitt starfað mjög mikið í hinum smærri hreppum, hafa oft og tíðum verið litlar stofnanir og í slíkum tilvikum er kannske ekki alltaf ástæða til að gera mjög strangar eiginfjárkröfur. Á hitt er þó að líta að það er mjög varasamt og þess vegna ágæt ábending hjá hv. 5. þm. Vestf. að gera ekki nægjanlegar kröfur um eigið fé eða stofnfé sparisjóða og þess vegna held ég að væri til athugunar fyrir hv. fjh.- og viðskn., sem mun fá þetta frv. til meðferðar, að jafnframt því að ráðh. sé heimilað að hækka eða lækka þetta stofnfjártillegg sé jafnframt gerð einhver lágmarkskrafa sem ráðh. sé ekki heimilað að víkja frá. Með því móti ætti það að vera tryggt í fyrsta lagi að hægt sé að stofna til sparisjóða í fámennari héruðum, en jafnframt að þeir sparisjóðir verði ekki svo veikir að þeir verði til lítils megnugir. Ég held að með því að fara þessa leið sé hægt að sneiða fram hjá þeim vankönturn

sem hv. 5. þm. Vestf. benti á, en einnig gera að verkum að minni sparisjóðir geti starfað í landinu. Ég held að það væri ákaflega slæm þróun og hvorki sparisjóðunum né hinum dreifðu byggðum til framdráttar ef það gerðist að hinir minni sparisjóðir legðust niður eða sameinuðust bönkum eða öðrum stærri sparisjóðum. Ég álít því að það sé ákaflega mikilvægt að þessar peningastofnanir geti starfað hlið við hlið.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. sem hér hafa talað undirtektir þeirra við það frv. sem hér er lagt fram. Það er rétt, sem ég vakti athygli á í minni frumræðu og hér hafa hv. þm. bent á, að undirbúningsvinna að þessu frv. er æðimikil og ég held vönduð. Það kemur fram mjög ítarleg saga þessara stofnana og er gerð grein fyrir því hversu þýðingarmiklar þessar stofnanir hafa verið fyrir þjóðfélagsþegnana.

Hv. 3. þm. Reykv. spurðist fyrir um frv. til l. um Seðlabanka Íslands. Ég get svarað því til að ég á von á því að það ætti að geta legið fyrir þingi strax að lokinni hvítasunnu.

Hv. 5. þm. Vestf. vék að ákvæðum í 4. gr. frv. þar sem um er að ræða umsagnaraðila. Ég vek athygli á því að hér er aðeins um að ræða umsagnaraðila, ekki aðila sem taka ákvörðun. Í fyrsta lagi er bankaeftirlitið starfandi og er deild í Seðlabanka Íslands og á meðan því er ekki breytt sýnist mér ekki óeðlilegt að leitað sé umsagnar þess áður en ráðh. tekur ákvörðun. Ég held að það sé ekki nema til góðs að þeir aðilar, sem eiga síðar að hafa eftirlit með stofnun, fái tækifæri á því að meta það, þegar leitað er eftir samþykki til stofnunar sparisjóðs, hvernig að hlutunum er staðið og ráðh. fái um það vitneskju. Það sé svo ráðh. að taka ákvörðun um það, þegar umsögn hefur borist, hvort hann tekur tillit til ábendinga ef ábendingar koma um einhverjar breytingar varðandi stofnun sparisjóðs.

Það er sama að segja um Tryggingarsjóð sparisjóða. Eins og gert er ráð fyrir honum í þessu frv. er um að ræða stofnun sem ætlað er það hlutverk að tryggja innistæður sparifjáreigenda og aðstoða, ef til þess þyrfti að koma, sparisjóði varðandi það. Mér sýnist ekki úr vegi heldur að þessi stofnun fái tækifæri til þess að segja skoðanir sínar og koma þá fram með tillögur til úrbóta ef í einhverju þykir ábótavant við stofnun eða aðdraganda að stofnun eins sparisjóðs.

Að fá heimild til að stofna sparisjóð. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að það sé á einum og sama stað fylgst með því. Ég á ekki von á, ef öll skilyrði eru fyrir hendi, að nokkur ráðh. komi til með að neita um heimild til stofnunar sparisjóðs, en mér finnst ekki óeðlilegt að leitað sé samþykkis ráðuneytis. Þannig hefur það verið og með þeim hætti er eðlilegt og best að hafa eftirlit með að farið sé að þeim lögum sem um sparisjóðina gilda.

Hv. 5. þm. Vestf. vék að ákvæði í 6. gr. þar sem sett er fram ákvæði um lágmarksfjárhæð — 3 millj. kr. — sem stofnfé. Hins vegar er gerð sú aths. að hér er hægt að víkja frá bæði til lækkunar og til hækkunar. Taldi hv. þm. að eðlilegast væri að um fasta og eina ákveðna upphæð væri að ræða. Ég held að það sem hv. 1. þm. Vestf. vék að áðan í ræðu sinni varðandi þetta sé hugmynd sem sjálfsagt væri að móta úr till. og koma inn í frv. í meðferð þingsins. Allar góðar ábendingar eru vel þegnar. Ég tel að það sé einmitt hlutverk nefnda þingsins að taka tölur til meðferðar og lagfæra því að ekki er óeðlilegt að menn hafi skiptar skoðanir á því hversu ákveðnar tölur eigi að vera þegar um slíkt er að ræða.

Hv. 5. þm. Vestf. spurðist fyrir um hversu margir sparisjóðir gætu fullnægt þessu ákvæði um eiginfjárstöðu. Ég hef það ekki á takteinum, en mun að sjálfsögðu láta fjh.- og viðskn. fá þær upplýsingar og gera þá grein fyrir því við 2. umr. málsins. En mér finnst eðlilegt að það ákvæði sem um er að ræða í 71. gr. sé sett til þess að tryggt sé að allar þessar stofnanir, allir sparisjóðirnir tryggi eiginfjárstöðu sína nákvæmlega og með sama hætti og gert er ráð fyrir í frv. um viðskiptabankana.

Þegar þetta frv. er skoðað vil ég taka undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði. Hér er um að ræða frv. sem á að efla sparisjóðina, styrkja stöðu þeirra fyrir fólkið í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Stjórn efnahagsmála, frv. 501. mál (þskj. 929). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með efnahagsráðstöfun ríkisstj. í maí 1983 var bann lagt við vísitölutengingu launa, þ. e. bann lagt við hvers konar verðbótum á laun. Einnig var því þá lýst yfir af hálfu stjórnarflokkanna og kemur það fram í stjórnarsáttmála að samráð yrði haft við aðila vinnumarkaðarins áður en slíkt bann yrði hugsanlega framlengt eða aðrar ákvarðanir teknar í því sambandi. Það samráð hefur verið haft. Viðræður hafa átt sér stað, bæði við fulltrúa ASÍ, við formann BSRB og við vinnuveitendur. Fulltrúar launþega hafa lagt á það ríka áherslu í þessum viðræðum að umrætt bann yrði ekki framlengt. Þeim var þá boðið að gildandi ákvæði um verðbætur á laun yrðu felld úr lögum. Það töldu þeir ásættanlegt og er þetta frv. flutt til að standa við það loforð.

Með þessu frv. er m. ö. o. felldur niður sá kafli efnahagslaganna frá 1979 sem fjallar um verðbætur á laun, þ. e. 48.—52. gr., og sömuleiðis hvers konar ákvæði kjarasamninga sem byggja á þeim lagaákvæðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta langt mál. Þó vil ég leggja á það áherslu að þótt ríkisstj. hafi fallist á að fella úr lögum umrædd ákvæði um verðbætur og láta þar við standa er það yfirlýst stefna ríkisstj. og stjórnarflokkanna að verðbætur á laun eins og þær voru væru hið mesta glapræði og reyndar hefur því verið lýst yfir hvað eftir annað af hálfu talsmanna stjórnarflokkanna að fara þurfi mjög varlega í alla tengingu launa og verðlags. Þetta vil ég endurtaka og vek athygli á því að við Íslendingar höfum fengið þá reynslu af slíku að ekki boðar gott. Hitt er svo annað mál að við leggjum áherslu á frjálsa samninga eins og kallað er, leggjum áherslu á að samningar um kaup og kjör eru í höndum vinnuveitenda og launþega. Með þessu frv. er á það fallist að einnig geti þessir

aðilar fjallað um verðlag í tengslum við launasamninga.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Efnisatriði þessa frv. er í sjálfu sér einfalt. Það er um það að fella úr gildi vísitöluákvæði Ólafslaga og þar með heimila aðilum vinnumarkaðarins á ný að semja um kaup og kjör eftir þeim niðurstöðum sem eðlilegar teljast á milli þeirra. Þar með er í raun og veru lokið öðrum kaflanum í aðalstefnu ríkisstj. í kjaramálum.

Í fyrsta lagi ákvað ríkisstj. að banna kjarasamninga. Það var gert með brbl. sem aldrei voru staðfest á Alþingi. Ríkisstj. heyktist á því að láta staðfesta það ákvæði hér á Alþingi og bannið við kjarasamningum kom aldrei til atkvæða haustið 1983. Þar hopaði ríkisstj. fyrir verkalýðshreyfingunni, en í gildi var áfram laga-ákvæði sem bannaði vísitölugreiðslur á laun. M. ö. o.: það hefur verið um að ræða takmarkaðan samningsrétt, takmarkað samningsfrelsi verkalýðshreyfingarinnar frá árinu 1983 og allt til þessa dags eða um það leyti sem ríkisstj. er tveggja ára.

Með þessu frv. lýkur öðrum kaflanum í kjaramálastefnu ríkisstj. Hún gefur eftir fyrir kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Hún gefst upp á því að hafa vísitölubannið í lögum. Hún opnar fyrir það að unnt sé að semja um kaup og kjör á almennum vinnumarkaði með eðlilegum hætti. Þessari uppgjöf ríkisstj. hljótum við sérstaklega að fagna sem höfum gagnrýnt þær samningstakmarkanir sem hafa verið í lögum.

Þriðji þátturinn er hins vegar óunninn af launamálastefnu ríkisstj. og það er að reka láglaunastefnuna á flótta. Það er það verkefni sem er brýnast núna í íslenskum stjórnmálum, að mínu mati, eftir að ríkisstj. hefur í rauninni með þessum tveimur ákvörðunum varðandi bann við samningum og bann við vísitölu viðurkennt tilteknar staðreyndir og ekki þorað annað en taka tillit til verkalýðssamtakanna í landinu — þeir sem töldu kjaraskerðingu óhjákvæmilega vorið 1983 og gerðu það á þeim grundvelli að það hafi verið nauðsynlegt til að lækka verðbólgu og tryggja jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Það voru tvær aðalröksemdirnar fyrir kjaraskerðingunni á árinu 1983. Launahækkanir eru skv. þessum kokkabókum megindriffjöður verðbólgunnar og þess vegna höfuðatriði að koma í veg fyrir launahækkanir af hvaða tagi sem er. Lækkun raunlauna hefur hins vegar í för með sér minni tekjur almennings *sem þar af leiðandi getur veitt sér minna. Eftirspurn* almennings eftir neysluvörum minnkar og þar með dregur líka úr eftirspurn eftir innfluttum neysluvörum. Innflutningur minnkar og viðskiptahallinn verður minni. Þetta er sú röksemdafærsla sem höfð er uppi af talsmönnum þessarar efnahagsráðstöfunar frá árinu 1983.

Hins vegar er ljóst að reynslan hefur nú sýnt að lækkun kaupmáttar launa ein sér dregur ekki úr innflutningseftirspurn nema í mjög takmörkuðum mæli. Ástæðan er sú að kjaraskerðingin felur í sér tekjutilfærslu til fjármagnseigenda og þeirra sem hærri launin hafa sem hafa ótal leiðir til að bæta sér upp skerðingar kaupmáttar kauptaxta. Það bendir reyndar allt til þess að þessir hópar hafi tilhneigingu til þess að eyða stærri hluta viðbótartekna sinna í innflutning en láglaunahóparnir og þar af leiðandi hafi þessi tilflutningur á fjármunum í för með sér áframhaldandi viðskiptahalla. Þess vegna er önnur meginröksemdin fyrir láglaunastefnunni fallin út frá þessu kalda, efnahagslega sjónarmiði séð, burtséð frá hinum félagslegu afleiðingum láglaunastefnunnar sem oft hafa verið ræddar hér og ég ætla ekki að ítreka hér að sinni.

Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því að vegna þess að kjaraskerðingarstefnan felur í sér tilfærslu til hálaunahópa, sem höfðu mikið fyrir, þá hefur hún ekki í för með sér að úr viðskiptahalla dregur eins og var látið í veðri vaka á árinu 1983. Það sem er hins vegar ekki síður alvarlegt við kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. og það sem ég kalla láglaunastefnu er það að þessi stefna, sem rekin er til langframa, hefur hættuleg áhrif á þjóðarframleiðslu og hagvöxt. Það er ljóst að kjaraskerðingin eykur að öðru jöfnu á þau fjárfestingarvandamál sem við er að stríða í íslensku efnahagslífi. Þegar hagnaður eykst vegna kjaraskerðingarinnar í þeim greinum sem hafa tilhneigingu til offjárfestingar er hætta á að honum verði sólundað í enn meiri offjárfestingu og þannig aukið við þau vandamál sem yfirlýst var að reyna átti að leysa í upphafi. Einnig veldur kjaraskerðingin því að stofnsett eru ný fyrirtæki sem miða við það að launin haldist á því lága stigi sem þau eru nú og eldri fyrirtæki fjárfesta í tækni og framleiðslutækjum sem líka miða við hin lágu laun.

Haldist launin þetta lengi eins langt niðri og raun ber vitni um núna mun kjaraskerðingin í rauninni enda í vítahring. *Það gerist með tvennum hætti:* Í fyrsta lagi aðlagast framleiðslustarfsemin að hinum lágu launum og í öðru lagi aðlagar fólk sig smám saman að hinum lágu launum í neyslukröfum sínum og neyslusamsetningu. Afleiðingar láglaunastefnunnar verða þess vegna minni þjóðartekjur á vinnandi mann og minni hagvöxtur til frambúðar. Þess vegna held ég að það sé ljóst, ef þessir hlutir eru skoðaðir út frá efnahagslegum rökum einum, að þessi láglaunastefna skapar hér pólitískan og efnahagslegan vítahring. Hún flytur til fjármuni til þeirra sem eyða meiru í innflutning. Hún flytur til fjármuni til fyrirtækja sem hafa tilhneigingu til að offjárfesta. Hún flytur til fjármuni með þeim hætti að ný fyrirtæki, sem stofnuð eru, eru helst stofnuð í greinum þar sem lág laun eru greidd vegna þess að þar er hagnaðarvon mest. Og þetta hefur auðvitað í för með sér vítahring, skapar vanda og dregur úr hagvexti þegar fram í sækir. Þetta grundvallaratriði held ég að við verðum að hafa í huga.

Við umræður fyrir nokkrum dögum um efnahagsmál rakti ég nokkrar tölur um þjóðarframleiðslu á vinnandi mann á Íslandi og í ýmsum öðrum löndum og einnig tölur um laun á unna vinnustund. Þessar tölur er fróðlegt að rifja hér upp. Ef við gerum ráð fyrir því að laun á unna vinnustund á árinu 1983, á öllu því ári, hafi verið 100, þá eru þau í Bandaríkjunum 190.5, í Kanada 196, í Finnlandi 115, í Sviþjóð 149.6, í Bretlandi 108.6, í Frakklandi 103.8, á Ítalíu 121.6 og Japan 169.8. Ég held að þessar staðreyndir segi okkur ákveðna sögu. Ég held að þær segi okkur líka þá sögu að ef við ætlum að halda hér uppi eðlilegri þjóðfélagslegri þróun, halda hér uppi lífvænlegu samfélagi höfum við ekki efni á láglaunastefnunni, bæði séð frá sjónarmiðum heimilanna og líka frá sjónarmiðum heildarstjórnarinnar í efnahagsmálum.

En núverandi ríkisstj. hefur eins og allar ríkisstjórnir haft ráðgjafa í efnahagsmálum sem hafa leiðbeint

henni. Það er rétt að lokum að benda á nýlegar upplýsingar um hvernig þessar ábendingar og ráðgjöf hafa reynst. Í ársskýrslu Vinnuveitendasambands Íslands kemur fram fróðleg tafla um þjóðarbúskapinn árið 1984, annars vegar það sem þjóðhagsáætlun spáði og hins vegar það sem kom í ljós. Þetta er í rauninni ein fróðlegasta samantekt á vinnubrögðum Þjóðhagsstofnunar sem ég hef séð og á Vinnuveitendasambandið þakkir skildar fyrir að hafa sett þetta á blað.

Ég ætla að rekja hér nokkrar tölur. Þjóðhagsstofnun spáði fyrir árið 1984 4% samdrætti í einkaneyslu. Raunin varð aukning heildareinkaneyslu um 3%. Munurinn er 7%. Þjóðhagsstofnun spáði samdrætti fjármunamyndunar um 5.5%. Niðurstaðan varð + 6.9%. Munurinn er m. ö. o. 12—13%. Þjóðhagsstofnun spáði því að þjóðarútgjöld mundu dragast saman um 4.3% á árinu 1984. Útkoman varð sú að þjóðarútgjöld jukust um 6.3%. Munurinn er 10.5%. Þjóðhagsstofnun spáði því að verg þjóðarframleiðsla mundi minnka um 2.4% á árinu 1984. Útkoman varð aukning þjóðarframleiðslunnar um 2.7%. Munurinn var 5.1%. Síðan var því spáð að viðskiptajöfnuður yrði óhagstæður eða hallinn yrði 0.2% af þjóðarframleiðslu. Niðurstaðan varð 6%. Þetta finnst mér lýsa ákaflega vel þeim stjórntækjum sem stjórnvöld hafa við að styðjast í efnahagsmálum. Upplýsingar frá rannsóknarstofnunum eru veikar. Þær eru ekki traustvekjandi. Það væri raunar fróðlegt að Alþingi eða Þjóðhagsstofnun tæki saman yfirlit um það um næstu tíu ár eða svo hvernig þessi þróun hefur verið, hverju hefur verið spáð og hver hefur orðið útkoman. Ég hygg að reynslan sé sú að þessar sérfræðistofnanir hafi tilhneigingu til þess að spá alltaf í neðri kantinum, vera mjög svartsýnar og þegar um er að ræða ríkisstjórn eins og þá sem nú situr hefur hún tilhneigingu til þess að taka þessar spár sem heilagan sannleika og nota þær ævinlega til að keyra kaupið í landinu niður meira en efni standa til miðað við breytingar á þjóðarframleiðslu og verðmætasköpun í landinu.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að það er kominn 20. maí og þetta frv. þarf að afgreiða fyrir mánaðamót, annars mælast vísitölubætur núna 1. júní. Það er auðvitað alveg ótrúlegur slappleiki af ríkisstj., en bara dæmi um annað hjá henni, að hún skuli ekki hafa getað komið fyrr frá sér þessu frv. upp á tvær línur. Hvað á nú þetta eiginlega að þýða? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvað menn eru að gaufa með tveggja línu texta á milli sín í stjórnarráðinu vikum saman og leggja þetta svo fram loksins tíu dögum áður en þetta verður að taka gildi ef það á að vera brúklegt. Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd míns flokks að við erum tilbúin að stuðla að því að málið fái skjótan framgang.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Fyrsta og stærsta aðgerð hæstv. ríkisstj. þegar hún settist á valdastóla og setti fram stefnu sína um aðgerðir gegn verðbólgu var að setja lög um launamál, nr. 71 frá 1983, um bann við sjálfvirkum tengslum verðlags og launa, m. ö. o. að nema úr gildi það vísitölukerfi sem þjóðin hafði búið við lengst af í rúmlega fjóra áratugi. Öllum er kunnugt um hvernig til hefur tekist um þessa tilraun. Hæstv. forsrh. hefur látið hafa eftir sér að það hafi verið stærstu mistök ríkisstj. að gera þetta án þess að því fylgdu aðrar ráðstafanir.

Á sínum tíma, bæði fyrir kosningar 1983 og í stjórnarmyndunarviðræðum þá um vorið sem og í atkvgr. hér á hinu háa Alþingi síðar, kom fram sú afstaða okkar Alþfl.-manna að við vorum fylgjandi afnámi þessa vísitölukerfis í ljósi reynslunnar. Hitt er svo annað mál að það hefur komið fram í okkar málflutningi árum saman, reyndar í téðum stjórnarmyndunarviðræðum, að við töldum með öllu óviðunandi að þetta yrði gert eitt sér án þess að aðrar ráðstafanir fylgdu með. Þar minni ég sérstaklega á að strax árið 1982, þegar ljóst var að farið var að gæta misgengis milli lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu, var flutt af hálfu Alþfl. frv. til laga — þá þegar — um að við því skyldi brugðist þeim hætti að mismunurinn færðist aftur fyrir höfuðstól lána í formi lengingar á lánstíma þannig að greiðslubyrði skuldara að því er varðaði sérstaklega húsnæðismál yrði hið sama hlutfall af launum. Þessi till. hefur verið flutt hvað eftir annað á hinu háa Alþingi, en ekki fengist samþykkt.

Nú þegar hæstv. forsrh. vísar til þess að einhliða aðgerð um afnám vísitölukerfis launa hafi verið mistök rifjum við upp að það er kannske of mikið sagt að um mistök sé að ræða þegar stjórnarflokkar og meiri hl. á Alþingi hafa í atkvgr. hér hvað eftir annað fellt tillögur um að koma í veg fyrir þetta misgengi sem nú hvílir hvað þyngst á húsbyggjendum. Ég vil reyndar vekja athygli á því, af því að um leið og lögin falla úr gildi nú 1. júní mundu, ef þetta frv. yrði ekki samþykkt, koma til framkvæmda aftur ákvæði Ólafslaga um vísitölubindingu launa, að í nefndum Ólafslögum voru einnig ákvæði um að allt frá árinu 1979, þegar verðtrygging var tekin upp, átti að fylgja því eftir með lengingu á lánsskuldbindingum og fjárskuldbindingum til lengri tíma, en við þetta var ekki staðið af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem þá tók við.

Þá rifja ég einnig upp að í drögum að málefnasamningi af hálfu Alþfl. í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka vorið 1983 settum við fram tillögur um verulega lækkun skatta sem af okkar hálfu var hugsuð til þess að draga úr því mikla kaupmáttarfalli sem fyrirsjáanlega hlytist af þessari einhliða ráðstöfun ef ekki fylgdu aðrar aðgerðir. Af okkar hálfu var því a. m. k. bent á tvær leiðir sem hefðu þurft að koma til framkvæmda samhliða afnámi vísitölukerfisins: annars vegar lengingu lána til þess að mæta aukinni greiðslubyrði lántakenda og hins vegar verulega lækkun á skattbyrði til þess að koma í veg fyrir það kaupmáttarhrun sem fyrirsjáanlega hefði fylgt og reyndist síðan ein meginástæðan fyrir því að hæstv. ríkisstj. mistókst, hún náði ekki þeim árangri til langs tíma sem hún vafalaust stefndi að. Niðurstaðan er sú að nú hefur skapast hér neyðarástand í húsnæðismálum sem yfirskyggir og yfirgnæfir önnur vandamál sem rekja má beinlínis til annars vegar misgengis lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu, þ. e. þeirra mistaka sem hæstv. forsrh. hefur lýst, og svo hins vegar til þeirrar gríðarlegu hækkunar á raunvöxtum umfram verðbólgu miðað við laun sem átt hefur sér stað og mun vera einsdæmi á byggðu bóli þar sem sú hækkun er talin vera á undanförnum tveimur árum á bilinu milli 20 og 30%. Þetta tvennt hefur síðan aukið greiðslubyrði lántakenda að því er varðar húsnæðismál svo hrikalega á s. l. tveimur árum að ljóst er að þeir fá ekki undir risið nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir sem nú eru til umræðu hér á hinu háa Alþingi.

Að þessu sögðu vil ég hins vegar árétta það, að þó að við munum að sjálfsögðu styðja að á það verði látið reyna í frjálsum kjarasamningum að aðilar á vinnumarkaði hafi heimild til frjálsra samninga og þá til þess að beita tiltækum skynsamlegum ráðum til að tryggja kaupmátt kjarasamninga, þá áréttum við andstöðu okkar við gamla vísitölukerfið og rifjum reyndar upp að að fenginni reynslu hafa ekki verið settar fram kröfur um að það verði tekið upp aftur.

Það er kannske ástæða til þess sérstaklega, vegna þess að svona hlutir fyrnast skjótt í minni manna, að rifja upp hvers vegna það vísitölukerfi var afleitt. Það var afleitt m. a. vegna þess að þetta sjálfvirka kerfi reyndist ekki tryggja kaupmátt launa til lengri tíma litið, en tryggði hins vegar gersamlega sjálfvirkar víxlhækkanir verðlags og launa, var m. ö. o. mikilvægt sprengirúm þeirrar verðbólguþróunar sem átti sér stað allt frá árinu 1971. Verðhækkanir voru að vísu bættar, en kauphækkunum var velt jafnóðum út í verðlagið með þeim afleiðingum að oftast nær voru það launþegar sjálfir og þá þeir sem minnst höfðu launin sem greiddu sínar kauphækkanir sjálfir.

Í annan stað er rétt að rifja upp að þetta sjálfvirka vísitölukerfi mældi t. d. oft, eins og nefnd voru dæmi um af hæstv. ráðh., verðbætur af stærðargráðunni 10—12 þús. kr. á sama tíma og launþegum á lægstu töxtum voru mældar verðbætur fyrir 2000 kr.

Það er ástæða til þess að rifja upp að á þeim 43 árum sem vísitölukerfið var við lýði, frá 1939 til 1983, var það aðeins látið afskiptalaust af ríkisvaldinu í þrjú ár. Í 40 ár af 43 töldust ríkisstjórnir af hvaða tagi sem var tilneyddar að skerða verðbætur á laun með einum eða öðrum hætti. Það segir sína sögu um það hversu óhagkvæmt þetta kerfi var og þá sérstaklega hversu stóran þátt það átti í að útiloka að hægt væri að grípa til skynsamlegra efnahagsráðstafana er stuðluðu að einhverju jafnvægi.

Undir lokin var svo komið eins og t. d. vorið 1983. Þá um vorið hefði átt að greiða út 22% verðbætur 1. júní, en fyrirsjáanlegt var að þær hefðu staldrað við í launaumslögum fólks aðeins í örfáa daga. Vitað var að skv. hinu sjálfvirka kerfi hefðu hrikalegar verðhækkanir, búvöruverð, fiskverð, gengi, fylgt í kjölfarið og innflutningsverð hefði hækkað. Þetta hefði að lokum þýtt nýjar kauphækkanir til þess að bæta þessa skriðu og þá var skammt eftir í 180% verðbólgu og algert stjórnleysi. Það hefði innan skamms tíma þýtt stöðvun útgerðar, fiskvinnslu, atvinnulífs og endað óhjákvæmilega í fjöldaatvinnuleysi. Í raun má komast svo að orði að áframhald þessa kerfis hefði stefnt efnahagslegu sjálfstæði okkar, eitt út af fyrir sig, í bráðan voða og var nú nóg að gert af öðrum sökum, þ. e. vegna hinnar erlendu skuldasöfnunar.

Þetta vísitölukerfi lýsti sér þannig að ytri áföll, sem *þjóðarbúið varð fyrir, og þar nefni ég sem dæmi* olíuverðsprenginguna 1973 og minni verðsprengingu 1979, lýstu sér þannig að samfara hærri framfærslukostnaði og minni greiðslugetu þjóðarbúsins vegna ytri áfalla var geta þess til að standa af sér slík áföll enn skert með því að í kjölfar slíkra ytri áfalla fylgdu sjálfkrafa verð- og kauphækkanir. Reyndar má lengi telja skondin afbrigði þessa sjálfvirka kerfis, t. d. að stjórnvöld leituðust sérstaklega við að halda niðri óhjákvæmilegum verðhækkunum á ýmsum greinum til þess að þær mældust ekki í framfærsluvísitölu. Sígilt dæmi um þetta var t. d. verðlagning hjá Strætisvögnum Reykjavíkur eða Hitaveitu Reykjavíkur, en verðhækkanir á þjónustu þessara aðila hefðu þýtt sjálfvirkar kauphækkanir um land allt.

Ein af alvarlegum afleiðingum þessa kerfis var sú, að stjórnvöld leituðust við að halda niðri verði á rafmagni og heitu vatni, halda því óeðlilega lágu, því að ella hefði það hækkað kaup í landinu. Þetta átti ekki lítinn þátt í linnulausum erlendum lántökum, bæði til þess að fjármagna fjárfestingu og rekstur orkumannvirkja. Þannig var hagkvæm fjárfesting til gjaldeyrissparandi aðgerða gerð óhagkvæm og dýr vegna greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum. Niðurstaðan blasir við okkur nú, þ. e. fjárfesting fjármögnuð því nær eingöngu með erlendum lánum upp á 25—30 milljarða kr. í orkumannvirkjum og dreifikerfum sem rísa ekki lengur undir ávöxtunarkröfum þessa erlenda fjármagns og hefur það að lokum leitt til þess að verð á orku til almennings og til atvinnurekstrar á Íslandi er hið hæsta á Norðurlöndum.

Vísitölukerfið hafði áhrif á skattakerfi og almennar hagstjórnaraðgerðir vegna þess að óbeinir skattar voru inni í vísitölukerfinu en beinir skattar ekki. Það var raunverulega farið að ráða skattakerfinu líka. En tekjuskattur var hækkaður þrátt fyrir að hann væri óréttlátur launamannaskattur og með þeim hætti verkaði vísitölukerfið hvetjandi í átt til skattsvika. Óbeinir skattar voru inni í vísitölukerfinu. Ef ríkisstj. taldi sig þurfa að draga úr þenslu og eftirspurn með því að hækka óbeina skatta þýddi það hækkun kaupgjalds og þar með jókst þensla og eftirspurn. M. ö. o.: aðgerðir til að draga úr eyðslu höfðu þveröfug áhrif þegar til lengri tíma var litið.

Eitt atriði var að þessari hækkun óbeinna skatta átti að verja til þess m. a. að fjármagna aukna samneyslu, t. d. útgjöld vegna tryggingakerfis eða skólakerfis sem flestum mönnum ber saman um að bæti lífskjör með óbeinum hætti. Það hafði engu að síður í för með sér sjálfvirka hækkun kaupgjalds og þar með verðlags. Ríkisstj. greip stöðugt til falsana á vísitölukerfinu með auknum niðurgreiðslum til að koma í veg fyrir sjálfvirkar kauphækkanir og um leið verðhækkanir. Af þessu hlutust stundum hinar fáránlegustu niðurstöður. Frægt var dæmið um það þegar til þess var gripið að greiða niður verð á kartöflum með 4 millj. kr. til þess að lækka framfærsluvísitölu um 1.4% og þar með lækka laun í landinu um 70 millj.

Niðurgreiðslunum sem vísitölukerfið kallaði á var einkum beitt innan landbúnaðarkerfisins. Ef niðurgreiðslur voru hækkaðar verkaði það framleiðsluhvetjandi í landbúnaði og stuðlaði þar með að offramleiðslu sem skattgreiðendur þurftu síðan að borga með í stórauknum mæli.

Þannig er endalaust hægt að telja dæmin um hversu *fáránlegt þetta kerfi var í öllum greinum*. Og lokasönnunin um haldleysi þess var auðvitað sú að þótt launþegum væri talin trú um að þetta væri þeim hið eina sanna haldreipi varð niðurstaðan öll önnur og aðgerðir ríkisstj. af hvaða tagi sem voru í 40 ár til þess að reyna að vinna bug á þessu kerfi mistókust auðvitað sem sýnir að kerfið var ónothæft. Það var alveg sérhannað til að viðhalda víxlgangi verðlags og launa og viðhalda verðbólgu. Undir lokin var svo komið að þetta vitlausa vísitölukerfi var farið að ógna sjálfu atvinnuöryggínu og

um leið efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þetta er aðeins upptalning á fáeinum dæmum, sem auðvitað er farið að fyrnast yfir, um það hversu skaðlegt þetta vísitölukerfi var, ekki hvað síst launþegum í landinu, með hliðsjón af því að versti óvinur launamanna er að sjálfsögðu stjórnlaust óðaverðbólgukerfi af því tagi sem við bjuggum við.

Á sínum tíma voru víða gerðar samanburðarkannanir á því hvort ekki væru til aðrar leiðir til að stuðla að viðhaldi kaupmáttar umsaminna kjarasamninga án þess að til slíkra ráða væri gripið. Um það voru teknar saman ýmsar skýrslur og reynt að meta reynslu annarra þjóða. Ástæðan fyrir því að það á að láta á það reyna í frjálsum kjarasamningum hvort ekki finnist aðrir kostir er m. a. sú að þeir hafa verið reyndir. Það er hægt að hugsa sér það, ef stjórnvöld bregðast skyldu sinni um að hafa taumhald á verðlagsþróun og reynast vera ófær um að tryggja með almennum efnahagsráðstöfunum samkeppnisstöðu atvinnuvega, tryggja aðgang að lánsfé á viðráðanlegum kjörum og tryggja svo stöðugleika í efnahagslífinu, sem auðvitað er forsenda fyrir gildi kjarasamninga, að launþegahreyfingin hafi þá vörn, komi á daginn að forsendur kjarasamninga breytist, að samningar komi til endurskoðunar eða fari verðlag umfram einhverjar ákveðnar gefnar forsendur, þá verði það sem umfram er bætt. Þetta getur verið nauðsynlegt aðhald að slakri ríkisstjórn, að ríkisstjórn sem ekki hefur tök á stjórn efnahagsmála og þegar launþegahreyfingin er búin að fá langa reynslu af því er auðskilið að eftir því verði óskað. Það er hægt að hugsa sér ýmsa útfærslu á slíkum aðgerðum án þess að menn falli í þá gryfju að taka aftur upp kerfi, sem öllum bar saman um, þótt ekki allir vildu viðurkenna það opinberlega, að hefði gengið sér til húðar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði hvers vegna frv. væri þetta seint fram komið. Ég vil upplýsa að í viðræðum við ASÍ hefur verið fjallað um ýmis önnur atriði efnahags- og launamála og allt fram á síðustu stundu hefur m. a. verið rætt um hugsanlega breytingu á grundvelli lánskjaravísitölu. Niðurstaðan varð sú að ekki var talið rétt eða fært að ljúka þeim umræðum nú og því er þetta frv. lagt fram í þeirri einföldu mynd sem það er í hér.

Auk þess var mér ljóst að þetta frv. mundi ekki mæta umtalsverðri andstöðu hér á hinu háa Alþingi, eins og reyndar hefur komið fram.

Af því að ég stend hér vil ég leiðrétta það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég sagði aldrei að það hefðu verið mistök við myndun þessarar ríkisstj. að leiðrétta ekki misgengi. Ég tel að það hafi verið mistök að gera ekki ráðstafanir til þess þegar það hófst um mitt árið 1982. Um það bil helmingur og jafnvel rúmlega það var komið fram þegar þessi ríkisstjórn var mynduð.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu lýtur að því atriði sem mestum deilum hefur valdið í umræðum um efnahags- og kjaramál mörg undangengin ár. Hv. 3. þm. Reykv. vék að því að með þessu frv. væri ríkisstj. að hverfa frá stefnu sinni eða hörfa undan þeirri stefnu sem hún hefði lagt í efnahags- og kjaramálum. Þessi fullyrðing er á miklum misskilningi byggð. Það er að sönnu rétt að þetta frv. markar endalok þeirra tímabundnu aðgerða, sem ákveðnar voru í maí 1983, með því að öll ákvæði um vísitölubindingu launa eru nú felld úr lögum um stjórn efnahagsmála, svokölluðum Ólafslögum, og engin áform eru uppi um að framlengja það bann við vísitölutengingu launa sem þá var ákveðin.

Það var grundvallaratriði þegar efnahagsaðgerðirnar voru ákveðnar í maí 1983 að þar var um að ræða tímabundnar aðgerðir sem takmörkuðu á vissan hátt samningsfrelsi. Í fyrsta lagi var þar um að ræða ákvörðun um lögbindingu kaupgjalds í nokkra mánuði. Það voru uppi ýmsar hugmyndir um miklu lengra tímabil lögbundinna kauphækkana eða lögbundinna samninga, en niðurstaðan varð sú að ákveða með lögum kauphækkun í stað vísitölubóta 1. júní og 1. september 1983 og framlengja síðan þá samninga sem falla áttu úr gildi 1. október þar til 1. febrúar 1984. Síðan var ákveðið að bann við vísitölutengingu launa stæði í tvö ár. Hér var því um að ræða tímabundnar aðgerðir eðli máls samkvæmt vegna þess að það er ætlun stjórnarflokkanna að viðhalda hér samningsfrelsi. Aðstæður voru á hinn bóginn þær á vormánuðum 1983 að útilokað var annað, ef uppræta átti þá miklu meinsemd sem þá hafði grafið um sig í íslenskum þjóðarbúskap, en að grípa til þeirra aðgerða sem gripið var til. Það var ekki hægt, miðað við það neyðarástand sem í raun og veru var upp komið þá vordaga, annað en að grípa til aðgerða af þessu tagi og um það var reyndar ekki mikill ágreiningur. Hv. 3. þm. Reykv. lagði t. a. m. til í stjórnarmyndunarviðræðum, sem þá fóru fram, að öllum vísitölubótum yrði frestað 1. júní um nokkurn tíma meðan menn ræddu með hvaða hætti staðið skyldi að breytingum á útborgun vísitölu á laun. Það var m. ö. o. hans afstaða og afstaða Alþb. að óhjákvæmilegt væri að grípa til aðgerða á þessu sviði og fyrir því lagði hann fram tillögu um það að 1. júní kæmu engar vísitölugreiðslur á laun til þess að menn fengju nokkurn tíma til að ræða með hvaða hætti verðbætur skyldu skerðast. Um það var sem sagt ekki ágreiningur á þeim tíma að aðgerðir af þessu tagi voru nauðsynlegar og óhjákvæmilegar.

Að því er vísitölubannið varðar var ákveðið að það skyldi standa í tvö ár svo að menn hefðu tíma til þess að vinna sig út úr þeirri ringulreið sem komin var í íslenskum efnahagsmálum með verðbólgu vel yfir 100%. Það hefðu auðvitað verið ákveðin rök fyrir því að halda vísitölubanninu áfram ef tekist hefði að ná verðbólgunni niður að því marki sem að var stefnt. Vísitölutenging í sjálfu sér er engin trygging fyrir kaupmætti og það hefur glöggt komið fram í þessum umræðum að gamla vísitölukerfið á sér nú formælendur fáa. Ég hef sannast sagna ekki heyrt einn einasta mann upp á síðkastið óska eftir því að það verði tekið upp á nýjan leik, enda hafði reynslan sýnt að meðan það var við lýði og verðbólgan var sem mest varð hér veruleg kaupmáttarskerðing. M. ö. o., það var ekkert sjálfvirkt samband á milli þess vísitölukerfis sem þá var í gildi og kaupmáttarþróunar í landinu nema síður sé. Reyndin varð líka sú að kaupmáttarskerðingin, sem menn hafa gert að umtalsefni að undanförnu, var að mestu leyti komin fram áður en aðgerðirnar í maí 1983 voru ákveðnar.

Hv. 3. þm. Reykv. fullyrti í sinni ræðu að einu rök ríkisstj. fyrir þessum aðgerðum væru þau að með þessu móti einu væri hægt að lækka verðbólgu og jafna

viðskiptahalla og átaldi mjög að slíkum aðgerðum skyldi beitt til að ná markmiðum af þessu tagi. Þessi hv. þm. hefur þó í umræðum hér á Alþingi og víðar haldið því fram að sá árangur sem náðist á árinu 1983, að ná viðskiptahalla úr 10%, eins og hann var á síðasta heila starfsári fyrri ríkisstj., niður í 2.5 eða 3% á árinu 1983, eigi ekki rætur að rekja til efnahagsaðgerða þessarar ríkisstj. heldur til aðgerða sem fyrri ríkisstj. ákvað. Og hverjar skyldu þær hafa verið? Þær aðgerðir voru að skerða vísitölutengingu launa í desember 1982 um 50%. Þetta var sú aðgerð sem leiddi til þess að viðskiptahalli byrjaði að minnka á árinu 1983, og það er að sönnu rétt að sá árangur sem náðist í þessu efni á því ári á að nokkru leyti rætur að rekja til þessara ákvarðana. Það er því fjarri sanni að þetta séu ný rök eða í fyrsta sinn sem aðgerðum af þessu tagi hefur verið beitt til þess að ná niður viðskiptahalla. Og hv. 3. þm. Reykv. hefur mjög svo komið þar við sögu á ráðherraferli sínum og beinlínis fært rök fyrir því hér á hinu háa Alþingi og víðar að aðgerðir af þessu tagi hafi leitt til þessarar niðurstöðu, hafi verið gerðar á árinu 1982 í þessu skyni og þá þótti það bæði gott og gilt. Það er þess vegna heldur dapurlegt að hlusta á umræður af þessu tagi, að verið sé að gera lítið úr því að ná árangri á þessu sviði, því að flestum er ljóst að skuldir af þessu tagi verða menn að endurgreiða. Þetta er í sjálfu sér lítið annað en þegar launþegar taka fyrir fram af launum sínum. Þeir geta aukið ráðstöfunartekjur sínar þann mánuðinn, en það kemur að því að menn verða að borga slíka fyrir fram úttekt til baka og þá minnka ráðstöfunartekjurnar. Viðskiptahalli eins þjóðarbús er í sjálfu sér ekki annað en þetta. Menn auka ráðstöfunartekjur sínar um stund, en verða að greiða þær til baka. Þetta sá hv. 3. þm. Reykv. á árinu 1982 og greip þess vegna, í samstarfi við aðra, til aðgerða af þessu tagi. Aðgerðirnar í maí 1983 voru í sjálfu sér ekki annað en framhald af því.

Hv. 3. þm. Reykv. vék einnig að því að þessi kjaraskerðing hefði leitt til þess að fjármagn hefði flust til í þjóðfélaginu og misgengi skapast á milli atvinnugreina. Ég held að þessi fullyrðing eigi ekki við rök að styðjast. Það misgengi sem hér hefur orðið á milli atvinnugreina, bæði atvinnufyrirtækja og launafólks sem starfar í ólíkum greinum, á miklu fremur rætur að rekja til þess að ríkisstj. sem nú situr hefur ekki náð þeim markmiðum, sem sett voru, að draga úr erlendum lántökum og ekki náð að draga svo úr viðskiptahalla sem að var stefnt, en hann fór aftur vaxandi á síðasta ári eftir þann árangur sem náðist 1983. Þetta er ein meginástæðan fyrir því að misgengi hefur orðið og ólíkar aðstæður á milli atvinnugreina, þar sem ýmiss konar verslunar- og þjónustustarfsemi hefur af þessum sökum haft betri aðstöðu en framleiðslugreinarnar.

Að því er varðar húsbyggjendur er það auðvitað rangt að misgengi það sem talað hefur verið um í greiðslubyrði húsnæðislána og svo launaþróunar eigi endilega rætur að rekja til þess að vísitala var afnumin af launum. Þar á milli er ekkert sjálfsagt samband. Við getum horft til þess að þetta misgengi var þegar hafið og kannske að mestu leyti komið fram áður en vísitalan var afnumin með lögum. Það er fyrsta sönnun þess að þarna á milli er ekkert sjálfvirkt samband.

Í annan stað getum við sýnt fram á það að á síðasta ári var, frá upphafi til loka þess árs, fullkomið samhengi á milli launaþróunar og hækkunar á lánskjaravísitölu þó að vísitala hafi ekki mælt þá launahækkanir. M. ö. o.: það er hægt að búa við jafnvægi á milli lánskjaravísitölu og launaþróunar þó að vísitala sé ekki tengd við launin og það sanna dæmin frá síðasta ári og það sanna dæmin frá því að þetta misgengi varð á milli launa og lánskjara meðan launin voru tengd við vísitölu.

Hér er lagt til að öll ákvæði svokallaðra Ólafslaga, laga um stjórn efnahagsmála frá 1979 að því er varðar vísitölu, verði felld úr gildi, bann við vísitölu verði ekki framlengt og aðilar vinnumarkaðarins fái heimild til að semja um kaup og kjör með þeim hætti sem þeir telja skynsamlegast. Ég lít svo á að þetta sé nauðsynlegt skref og óhjákvæmilegt við þessar aðstæður. Það er mjög mikilvægt nú að okkur takist að koma á sáttum í þjóðfélaginu, verja kaupmátt, hefja hagvaxtarskeið sem geti leitt til vaxandi kaupmáttar og bættra lífskjara. Mikilvæg forsenda þess að hér geti hafist nýtt hagvaxtarskeið er sú að friður ríki á vinnumarkaðinum. Til þess að svo megi verða og menn geti samið til lengri tíma þurfa menn að hafa heimildir til að finna lausnir á því hvernig breyttar efnahagsaðstæður koma við kjarasamninga þannig að þeir geti tryggt kaupmátt á samningstímabilinu. Þetta er hægt að gera með öðru móti en viðgekkst meðan gamla vísitölukerfið var í gildi, enda viðurkenna nú flestir að ekki komi til álita, hvorki í samningum né lögum, að taka það upp á nýjan leik.

Ef þetta frv. og brottfall allra ákvæða um vísitölu úr lögum leiðir til þess að menn finna farveg til samninga af þessu tagi, farveg til samninga sem um leið geta skapað það andrúmsloft að við getum tekist á við ný verkefni í atvinnumálum og hafið hér nýtt hagvaxtarskeið, þá er hér verið að stíga framfaraspor. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. benti hér á, að það er ekki aðeins markmið okkar að lífskjör í þessu landi séu sambærileg við það sem best gerist, heldur hefur efnaleg velsæld auðvitað áhrif á allt atvinnulíf og framleiðslu í landinu og er þáttur í því að skapa öflugt atvinnulíf og öfluga atvinnustarfsemi. Hitt er jafnljóst að okkur verður að auðnast að ná friði á vinnumarkaði, okkur verður að auðnast að koma í veg fyrir að launakollsteypur, sem einungis leiða til verðbólgu en ekki kaupmáttaraukningar, verði áframhaldandi veruleiki í okkar hagkerfi. Með því móti getum við náð því marki að auka kaupmátt samhliða því að við hefjum hér nýtt hagvaxtarskeið í atvinnumálum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka hér til máls aftur fyrr en hv. 1. þm. Suðurl. fór að ýta undir áframhaldandi umr. Það er bersýnilegt að stjórnarliðið telur að það sé nógur tími til að hafa hér eldhúsdag um efnahagsmálin og það er þá rétt að taka því og hafa almennar umræður um þróun efnahagsmálanna.

Ég vil þá í upphafi máls míns leyfa mér að víkja aðeins að ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann áréttar andstöðu sína við gamla vísitölukerfið, eins og hann orðar það. Hann segir að það hafi ekki tryggt kaupmátt launa. Spurningin, sem ég vil þá gjarnan að hv. 5. þm. Reykv. svari í þessari umr. eða síðar þegar málið kemur til meðferðar, er þessi: Er Alþfl. þá á móti verðtryggingu launa? Er Alþfl. á móti því að verkalýðshreyfingin nái samningum um verðtryggingu launa eða er Alþfl. tilbúinn að stuðla að því fyrir sitt leyti, er það hans stefna, að það náist samningar um verðtryggingu launa

og dýrtíðaruppbætur fyrir launafólkið í landinu? Ég held að það sé mjög mikilvægt að stjórnarandstöðuflokkur eins og Alþfl. með tengsl í verkalýðshreyfinguna tali skýrt í þessu máli, alveg afdráttarlaust. Ég tel að hv. 5. þm. Reykv. hafi ekki talað skýrt í þessu máli áðan og ég óska eftir því að hann geri grein fyrir sínum sjónarmiðum í þessu efni.

Ég er þeirrar skoðunar að verðtryggingu launa með einhverjum hætti verði að taka upp. Í þeim efnum má notast við ýmsar aðferðir. Ein getur verið sú að setja tilteknar reglur um að verðlag megi ekki hreyfast nema upp að ákveðnu marki og það sem er umfram það verði bætt með sjálfvirkum kaupbreytingum. Það geta verið kaupbreytingar í prósentum og það geta verið kaupbreytingar í krónutölu eftir atvikum. Önnur leið í þessu efni er sú að vera með svipað verðbótakerfi á laun og við vorum með um langt árabil og það má líka hugsa sér ýmis afbrigði af því kerfi. Þriðja leiðin er sú, ef stjórnvöld vilja ekki sætta sig við að verkalýðshreyfingin í landinu fái samninga um dýrtíðaruppbætur, að samið verði til skamms tíma í senn vegna þess að menn treysti ekki þeim samningum sem gerðir eru af ótta við það að verð vaði upp úr öllu valdi og kaupmátturinn verði etinn upp jafnharðan. Þá eru menn komnir að þeirri niðurstöðu, sem viðreisnarstjórnin komst að á sínum tíma, að með þessari aðferð er ekki tryggður viðunandi vinnufriður hér á landi. Það voru gerðir stuttir samningar aftur og aftur, 1961, 1962 og 1963, og það var ekki fyrr en með júnísamkomulaginu 1963 að það varð niðurstaðan að viðreisnarstjórnin hvarf frá banni sínu við vísitölubótum á laun vegna þess að það kerfi sem hafði verið í gildi þýddi ófrið og ágreining á vinnumarkaðinum, stöðuga stutta samninga og þau vandamál sem því fylgja. Þess vegna er það alveg ljóst að ríkisstj. sem setur sig upp á móti einhvers konar dýrtíðaruppbótum á laun er ekki að stuðla að friði á vinnumarkaði heldur ófriði.

Hv. 1. þm. Suðurl. hefur talað um það mikið oftar en allir aðrir menn hér á hv. Alþingi og sennilega í sögunni samanlagt að það þurfi að stuðla að þjóðarsátt. Staðreyndin er sú að hann ber ábyrgð á ríkisstjórn sem er einhver argasta sundrungarstjórn sem þessi þjóð hefur haft og er þá langt til jafnað. Það sést m. a. á tölum um vinnudeilur á árinu 1983 og sérstaklega á árinu 1984 þar sem um það er að ræða að verkafólk neyddist til þess hvað eftir annað að grípa til aðgerða til að verja sinn kaupmátt, til að sækja laun og launabætur vegna þess hvað hallað hafði á verkalýðshreyfinguna í samskiptum við núverandi ríkisstj. og efnahagsstefnu hennar. Ef eitthvað hefur stuðlað að ósáttum og sundrung í þessu samfélagi er það stefna ríkisstj. Þess vegna eru þessi ræðuhöld hv. 1. þm. Suðurl. um þjóðarsátt alltaf og ævinlega sennilega mælt vegna þess að hann hefur slæma samvisku og veit hvaða afleiðingar stefna hans og ríkisstj. hefur haft í þessum efnum.

Ég held að nauðsynlegt sé, vegna þess hvernig hann setti málin upp áðan, að ræða nokkuð um efnahagsaðgerðirnar vorið 1983. Auðvitað var ljóst að efnahagsaðgerðir ríkisstj. 1982 höfðu í för með sér samdrátt í kaupmætti. Auðvitað voru aðgerðirnar gerðar vegna þess að kaupmáttur launa hafði lækkað og þjóðarframleiðsla hafði minnkað. En spurningin var þá um það: Átti að halda áfram og lækka kaupmátt lægstu launa meira en nam falli þjóðarframleiðslunnar? Það er það sem skilur á milli feigs og ófeigs í þessu efni. Yfirlýstur tilgangur efnahagsaðgerða ríkisstj. vorið 1983 var í fyrsta lagi sá að draga úr viðskiptahalla og þar með erlendum skuldum og í öðru lagi að koma skikki á efnahagskerfið að öðru leyti, m. a. að hafa ríkissjóð hallalausan. Það er eitt af stefnumálum ríkisstj. Það þykir reyndar hlægilegt nú til dags, en þeir sem nenna að lesa stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, sem var gefinn út í fölgrænu kveri hérna fyrir nokkru, sjá að þar kemur fram að það er eitt af stefnumiðum ríkisstj. að hafa ríkissjóð í jafnvægi. Og hver er svo niðurstaðan: Hafa aðgerðir ríkisstj. leitt til jafnvægis í hagkerfinu? Er jafnvægi í íslenska hagkerfinu?

Í fyrsta lagi er ljóst að það er ekki jafnvægi á alþýðuheimilunum í landinu um þessar mundir. Þar er halli. Þar er viðskiptahalli. Kaupmáttur launa hefur aldrei verið verri en núna og staðan er þannig að fólk getur hvorki byggt né borgað skuldir, eins og ítrekaðar umræður um húsnæðismál hafa sýnt hér á hv. Alþingi. Út á við er staðan svo þannig að efnahagsstefna ríkisstj., láglaunastefnan, hefur haft í för með sér aukinn viðskiptahalla vegna þess að þeir peningar sem hafa verið teknir af láglaunafólkinu og fluttir til hálaunamanna og fyrirtækja í þjóðfélaginu hafa verið notaðir til að auka innflutning. Þess vegna hefur stefna ríkisstj., láglauna- og lágtaxtastefnan, ýtt undir aukinn viðskiptahalla, enda liggur það fyrir að viðskiptahallinn hefur orðið margfaldur á við það sem gert var ráð fyrir vorið 1983 þegar ríkisstj. tók við. Þannig rekur sig hvað á annars horn í þessum efnum.

Afleiðing af vaxandi viðskiptahalla er svo hækkandi erlendar skuldir. Það er verið að ganga á gjaldeyrisforða okkar, ríkissjóður er rekinn með halla á erlendum lántökum og húsnæðislánakerfið er afvelta eins og menn þekkja og það er verið að taka erlend lán til þess að lána húsbyggjendum þessa dagana. Þetta er allt sem ríkisstj. hefur til þess að hreykja sér af, hinir miklu snillingar í efnahagsmálum, hv. 1. þm. Suðurl. og hæstv. forsrh. Þetta er nú afrekið! Ríkissjóður er, eins og hann stendur, á hausnum, viðskiptahallinn stórfelldur, erlendar skuldir hærri en nokkru sinni fyrr á sama tíma og kauptaxtarnir eru eins illa staddir og allir þekkja að kaupmætti til. Hæstv. forsrh. sagði í Jórdaníu: Þetta vandamál er leyst. En verðbólgudraugurinn, sem átti að kveða niður, rýkur hér upp úr stakkstæðinu aftur og aftur. Það er sama hvað menn reyna að berja þar á móti.

Það má ekki hækka kaupið um svo sem 5% eða 7%, þá er hagkerfið þannig á sig komið hjá þessari ríkisstj. að hún reiknar það óðar út sjálf að verðbólgan fari upp um 5 eða 6 eða 7% — út á örlitlar tilfærslur í kaupi. Þetta eru afrekin. Þetta eru nú afrekin á tveggja ára afmæli ríkisstj. sem stendur fyrir dyrum næstu dagana. Ríkissjóður, þjóðarbúið út á við og heimilin eru á hausnum. Það er staðan. Og framleiðsluatvinnuvegirnir standa þannig, eins og þekkist af umræðum að undanförnu, að það hefur orðið verulegur fjármagnstilflutningur frá framleiðsluatvinnuvegunum á landsbyggðinni til þjónustunnar og milliliðanna. Landauðn blasir við í landbúnaðarhéruðum og eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja hefur skerst um marga milljarða króna vegna þessarar stefnu sem hefur verið rekin. Þetta er kjarni málsins. Það er von að menn komi hér upp og stæri sig af hinum

mikla árangri sem sé auðvitað stórkostlegur miðað við það sem menn hafi tekið við,

Auðvitað var við stórfelld og veruleg vandamál að eiga í íslenska hagkerfinu eftir að þjóðarframleiðslan dróst saman. Auðvitað var um að ræða verulegan verðbólguvanda. En vandamál sem voru viðráðanleg 1983 eru í höndum á þessari ríkisstj. að verða þannig að staða heimilanna og atvinnuveganna, sérstaklega framleiðslugreinanna auðvitað, er lakari en hún hefur verið áður.

Það sem ég var að benda hv. 1. þm. Suðurl. á, og hann nefndi það ekki í ræðu sinni, en það er kjarni málsins í þessu, er þetta: Hið lága kaup hefur það í för með sér að menn fjárfesta í greinum þar sem var tilhneiging til offjárfestingar fyrir. Og menn fjárfesta í láglaunagreinum. Fjármagnið leitar þangað inn. Þess vegna hefur hagkerfið tilhneigingu til þess að aðlaga sig láglaunastefnu á tiltölulega skömmum tíma. Það er þess vegna m. a. sem þessi láglaunastefna verður hættuleg til langframa. Hún dregur úr hagvexti og hún dregur úr þjóðarframleiðslu og verðmætasköpun í landinu. Það er það sem er alvarlegt um þessar mundir við íslenskt hagkerfi að láglaunastefnan er að keyra hagvöxtinn niður, láglaunastefnan er að keyra þjóðarframleiðsluna niður umfram þann vanda sem þjóðarbúið á við að stríða vegna aflasamdráttar sem aðallega birtist okkur á árinu 1982 og 1983.

Hv. 1. þm. Suðurl. mótmælti því að ríkisstj. væri að hverfa frá stefnu sinni með þessu frv. Ég held að það sé ekki nokkur leið að mótmæla því að hún er að nokkru leyti að gefast upp. Hún er að nokkru leyti að gefast upp fyrir þrýstingi verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Í fyrsta lagi var ekki aðeins um að ræða takmarkaðan samningsrétt, takmarkað samningsfrelsi, eins og hv. 1. þm. Suðurl. sagði hér áðan. Það var um að ræða bann við kjarasamningum. 100% bann við kjarasamningum var hér í gildi um fimm eða sex mánaða skeið. Ísland er eina landið í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku sem hefur bannað alla kjarasamninga með lögum og það bráðabirgðalögum um margra mánaða skeið. Ríkisstj. þorði ekki að láta reyna á þetta bann hér á Alþingi. Bráðabirgðalögin voru aldrei staðfest. Samningabannið var aldrei staðfest hér á Alþingi, m. a. vegna þess að í þingliði Sjálfstfl. voru menn eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson o. fl. sem vildu ekki taka þátt í því að leggja þennan kross á Sjálfstfl. sem fólst í því ofbeldi gagnvart launþegahreyfingunni í landinu sem lögin um bann við kjarasamningum höfðu í för með sér. En þeir hopuðu. Það varð flótti. Það var fyrsta skrefið í flóttann. Annað skrefið er þessi tillaga um að afnema bannið við vísitölubindingu launa. Þetta er árangur verkalýðshreyfingarinnar. Ríkisstj. er þarna að hörfa. Hún er að heimila að það verði samið um verðtryggingu launa. Það er heimilt, ef þetta frv. nær fram að ganga, að samið verði um verðtryggingu launa, dýrtíðarbætur, vísitölubætur eða hvað menn vilja kalla það. Það er heimilt. Það er ekki bannað lengur eftir að þau lög tækju gildi sem hér er verið að tala um. Þetta er mikilsverður áfangi fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu, flótti stjórnarinnar undan verkalýðshreyfingunni og stefnu hennar.

Þá er eftir að reka flóttann endanlega með því að hrekja í burtu þá láglaunastefnu sem hér er við lýði í landinu, bæta almenn lífskjör og hækka kaup frá því sem nú er. Ég er sannfærður um að það mun takast áður en langur tími líður að reka flóttann endanlega. En það eru þrjú skref sem þarna er um að ræða: Í fyrsta lagi bannið við kjarasamningum, í öðru lagi bannið við vísitölubótum og í þriðja lagi þarf að hrekja í burtu láglaunadrauginn sem núv. ríkisstj. hefur gert að stefnu sinni hér.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var almennar aths. hv. 1. þm. Suðurl. áðan sem mér fannst vilja efna til umr. um efnahagsmál almennt. Þeim umr. má vafalaust halda áfram við annað tækifæri. Aðalatriðið í þeim efnum er auðvitað að menn átti sig á að stjórnarstefna sem rekin er í fjandskap við verkalýðshreyfinguna í landinu er dæmd til að mistakast.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Þeir sem talað hafa á undan mér hafa lagt áherslu á að þeir vilji greiða fyrir þessu máli og Kvennalistinn hefur ekki uppi nein áform um að tefja það þótt okkur væri sannarlega að meinalausu þótt 1. júní rynni upp án þess að til lagasetningar kæmi varðandi þessi mál. En sé svo í raun og veru að valið hafi staðið á milli þess að framlengja bannið við verðtryggingu launa eða þeirrar leiðar sem farin er með þessu frv., þá er hér vitanlega um betri kostinn að ræða.

Lögin sem sett voru vorið 1983 um bann við verðtryggingu launa voru stórslys, eins og viðurkennt hefur verið, fyrst og fremst þar sem engar þær hliðarráðstafanir voru gerðar sem komið gátu í veg fyrir eða a. m. k. dregið úr því neyðarástandi sem skapast hefur á fjölmörgum heimilum. Ég legg áherslu á að þar er ekki aðeins um húsbyggjendur og húsnæðiskaupendur að ræða. Það hefur vitaskuld ekki aðeins orðið misgengi milli kauptaxta og lánakjara. Framfærslan hefur þyngst langt umfram það sem almennt launafólk þolir. Þessi stefna stjórnvalda, að halda niðri kauptöxtum, hefur valdið því að launabil hefur aukist alveg gríðarlega í landinu, ekki bara vegna launaskriðs á almennum vinnumarkaði, eins og sumir vilja vera láta, heldur líka hjá ríkinu. Ég hef það fyrir satt að færst hafi í vöxt óunnin yfirvinna hjá opinberum stofnunum. Það er talað um allt upp í 20—50 tíma óunna yfirvinnu. Þetta eru m. a. afleiðingarnar af þessari stefnu.

Í rauninni er viðurkennt að launin eru almennt allt of lág. Taxtar eru ekki í neinu samræmi við þörf og tilkostnað við venjulegt heimilishald. Þeir sem betri aðstöðu hafa hafa getað þrýst upp sínum launum á ýmsan máta og viðhaldið eða jafnvel aukið kaupgetu meðan flest láglaunafólk situr eftir og gengur verr að lifa af launum sínum. Þannig hafa hinir sterkari tekið til sín stærri bita af kökunni frægu og haldið uppi innflutningi og þenslu. Þess vegna m. a., hv. 1. þm. Suðurl., er viðskiptahallinn við útlönd slíkt vandamál sem hann er nú. Það gleymdist nefnilega að banna allt annað en hækkun kauptaxta skv. vísitölu. Það var enginn áhugi á því að halda niðri verðlaginu.

Þessi stefna hefur m. a. leitt berlega í ljós aðstöðumun kynjanna á vinnumarkaðnum. Það eru láglaunahóparnir, þar sem konurnar eru í meiri hluta, sem sitja eftir. Kvennalistinn hefur engin áform uppi um að standa í vegi fyrir að þetta frv. nái fram að ganga, en ég legg áherslu á að um það verði fjallað rækilega í n. þrátt

fyrir skamman tíma og leitað umsagna allra sem málið snertir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aths. mínar við frv. sem hér liggur fyrir eru að nokkru leyti tæknilegs eðlis og ég mun gera þær aths. í spurnarformi því það virðist vera háttur ríkisstjórna að öll lög um efnahagsmál séu svo tætingsleg að það er ákaflega erfitt að henda reiður á hvort samræmi sé í hinum ýmsu lögum.

Það þarf ekki að segja það hér einu sinni enn að efnislega er þetta ákaflega undarlegt frv. Það er ljóst að mikill urgur hefur verið í landsmönnum þegar þeir hafa horft til þess að bannið við verðbótum á laun yrði framlengt og ríkisstj. hefur eflaust orðið vör við það. En hún þorir ekki að aflétta því banni og hreinlega setja verðbætur á laun að nýju, heldur vísar því máli til aðila vinnumarkaðarins. Það fer varla fram hjá neinum að það hlýtur að vera í trausti þess að þar sé séð um að sú vá sé ekki fyrir dyrum að laun landsmanna hækki.

Ég verð hins vegar að lýsa því yfir að ég treysti ekki aðilum vinnumarkaðarins fyrir því að semja um þessi mál. Maður gæti þá a. m. k. spurt jafnframt: Hvers vegna er ekki aðilum vinnumarkaðarins falið að taka líka að sér VII. kafla laga nr. 13 frá 1979, sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár? Þá væri orðin einhver merking í þessu öllu saman. Þá er því hreinlega vísað til aðila vinnumarkaðarins að stjórna landinu. Þá þurfum við hér á hinu háa Alþingi ekki að vera að hafa frekari áhyggjur af því.

Auðvitað er gert ráð fyrir að það ástand haldi áfram, sem viðgengist hefur, að launin séu í sífellu skert og haldið verðbótalausum, en skuldir landsmanna við að koma yfir sig þaki aukast í sífellu.

En það var raunar ekki aðeins vegna þessa sem ég kom hér í ræðustól, heldur langar mig að spyrja — og þar verð ég að játa að kemur hreinlega til fáfræði mín — um eitt atriði: Ég vænti þess að öllum hv. þm. sé ljóst hvað það þýðir að heill kafli fellur úr lögum nr. 13 frá 1979 og þar með ýmis ákvæði sem eru í öðrum lögum sem ekkert segir frá í aths. um þetta frv. Þar á ég við, herra forseti, ákvæði í lögum um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 10 frá 1981. Ég vil leyfa mér að lesa 5. gr. þeirra laga og vil biðja hv. félaga mína og þm. að virða það við mig ef ég er að gera mig að kjána, en það er betra að vita en vita ekki. Í 5. gr. laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu frá 1981 nr. 10 segir svo, með leyfi forseta:

„1. mars til 31. maí 1981 skal greiða verðbætur á laun eins og þau eru í ársbyrjun í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá grunntölu hennar í janúarbyrjun til febrúarbyrjunar 1981. Þó skulu verðbætur á laun 1. mars 1981 ekki vera meira en 7% lægri en orðið hefði skv. ákvæðum laga nr. 13 1979."

Nú kann að vera að þessi lög séu hreinlega úr gildi fallin, en þó hef ég ástæðu til að halda að svo sé ekki þar sem þau eru í lagasafni sem út er gefið 1983. En þetta er satt að segja ákaflega þvælingslegt. E. t. v. er einfaldast fyrir mig að spyrja: Hafa lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 10 frá 1981 einhver áhrif varðandi þetta frv. eða engin? Ég hreinlega veit þetta ekki.

Ég vil líka spyrja um lög um efnahagsgerðir nr. 2 frá 1983. Okkur hefur gefist lítill tími til að kanna þetta þannig að ég átta mig ekki á hvers vegna ekki er í grg., til að létta þm. þennan róður, reynt að skýra á einhvern hátt hvaða lög eru í gildi um þessi mál. Það er satt að segja, með þeirri aðstoð sem hægt er að fá hér á hinu háa Alþingi, hreint enginn leikur að finna sér fótfestu í þessum frumskógi laga um efnahagsmál. En það eru sérstaklega lögin frá 1981 sem ég skil ekki af hverju eru þá ekki felld úr gildi ef þau hafa ekki neina þýðingu lengur.

Um verðbótavísitölu, og ég vil benda á það líka, verða engin lög til, verði þetta nýja frv. að lögum, því að ég veit ekki til þess að um hana sé neitt að finna í lagasafni. A. m. k. fann ég það ekki í öðrum lögum. Eftir að þetta frv. yrði samþykkt þykir mér þessi mál því vægast sagt öll í lausu lofti, eða þau eru það fyrir mér.

Ég vænti þess að það geti kannske einhver hv. þm. leitt mig í sannleikann um þetta því að ég verð að segja það alveg eins og er að mér gengur ekki vel að átta mig á hvort það að fella niður allan VIII. kafla laga nr. 13 frá 1979 hefur ekki víðtækari áhrif en að fela aðilum vinnumarkaðarins að semja um verðbætur á laun. Nú er sá ráðh. sem mælti fyrir frv. víðs fjarri svo að ég veit ekki hver ætti að svara. Ég mundi þó beina máli mínu til hv. 1. þm. Suðurl. og formanns Sjálfstfl. ef hann gæti leitt mig í sannleikann um þetta. Ég held að það sé hér eina leiðin til að fá að glöggva mig eitthvað á því sem hér liggur frammi áður en ég get tekið til þess afstöðu þó að mér sé ljós hinn efnislegi tilgangur frv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er ástæðulaust að orðlengja um efni þess frv. sem hér liggur fyrir, en það er eitt atriði, sem fram hefur komið hér í umr., sem ég vil gera að umræðuefni. Það er sú þráhyggja sumra þm. að reyna að halda því fram að misrétti og ranglæti í launakjörum hafi vaxið eftir að verðbólga minnkaði í landinu. Ég held að það sé afskaplega hættuleg kenning að halda því mjög á loft. Ég held að þeir sem hafa fylgst með þróun launakjara hér á landi lengur en tvö eða þrjú misseri viti að lífskjörin byrjuðu fyrst og fremst að raskast fyrir alvöru eftir að verðbólguvöxturinn varð mestur, ég vil segja á árunum eftir 1978, á árunum 1979—1980, og sérstaklega þó á árunum 1982 og 1983, fram eftir því ári. Á þessum árum breyttust kjör manna mjög hratt hér á landi, verðtrygging launa var tekin upp, verðbólguhraðinn fór á einum ársfjórðungi, öðrum ársfjórðungi 1983, upp fyrir 150% þegar mest var og verðgildi krónunnar minnkaði svo ört að menn höfðu misst allt verðskyn og einungis þeir sem besta lausafjárstöðu höfðu hverju sinni gátu hagnast á þessum miklu verðsveiflum, þessari öru og stanslausu verðþróun krónunnar. Það var á þessum tíma sem öll launaviðmiðun fór úr skorðum og við munum það að á þessum árum, að á þeim tíma sem formaður Alþb. Svavar Gestsson var ráðh., voru launin skert 13 eða 14 sinnum og ekki síst á þeim tíma þegar hann var í stjórnarsamvinnu við Alþfl. (**SvG:** Var þá ekki nóg komið?)

Launin hafa ekki verið skert í tíð þessarar ríkisstj. meira en formaður Alþb. hefur sjálfur lagt til. Eins og hér var rifjað upp áðan var hann reiðubúinn til þess í maímánuði 1983 að... (**SvG:** Þm. röflar.) Ja, það getur verið að þm. röfli, en hann hefur þá eftir röflið úr formanni Alþb. Röflið er þá þaðan ættað. En það liggur fyrir að Alþb. var reiðubúið til þess í maímánuði 1983 að semja um það gegn stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. að engin kauphækkun kæmi á laun hinn 1. júní það

sama ár. Sýndi formaður Alþb. þá meiri röggsemi og dirfsku en vart varð við hjá Alþfl.

En þetta er sem sagt kjarni minnar ræðu. Ég held að þm. eigi að hætta að gefa það í skyn að verðbólga sé til hagsbóta fyrir þá sem lægst eru launaðir. Það er þveröfugt. Þegar menn tala um að launamismunurinn í landinu hafi vaxið eftir að verðbólga hjaðnaði eru menn viljandi að halda fram hinu ranga, snúa hlutunum við, láta ranghverfuna líta út sem sannleika, framhefja lygina sem einhverja rétta kenningu. Auðvitað mun það verða svo, ef þjóðfélagið nær að jafna sig eftir verðbólguáratuginn, að lífskjörin jafnast. Þau munu jafnast í landinu. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á að það hafi merkingu og þýðingu að spara eyrinn og velta fyrir sér verðlagi. Að verðlag hafi þýðingu, er mest til hagsbóta fyrir þá sem lægst eru launaðir. Það er ævintýramennska, spákaupmennska og annað því líkt sem blómstrar á miklum verðbólgutímum. — [Fundarhlé.]

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Hv. 3. þm. Reykv. vék að því í ræðu sinni að við stjórnarmyndun vorið 1983 hafi hann og hans flokkur talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem skertu kaupgjaldsvísitölu til þess að ná þeim efnahagslegu markmiðum sem menn voru þá sammála um að ná þyrfti, þ. e. að draga úr verðbólgu og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Í því að hv. þm. staðfesti þetta viðhorf flokks síns hélt hann því fram að spurningin þá hefði einungis snúist um það hvort skerða hefði átt kaupmátt lægsta kaups með sama hætti og annars kaups í landinu. Af þessu tilefni er rétt að minna á að með efnahagsaðgerðunum í maí 1983, með þeim lögákveðnu kauphækkunum sem þá voru ákveðnar, var sérstaklega ákveðið að lægstu laun hækkuðu umfram önnur laun í þjóðfélaginu. Lágmarkstekjutryggingin var sérstaklega hækkuð.

Með gerð febrúarsamninganna 1984 var enn gerð sérstök hækkun á lágmarkstekjutryggingunni og með samkomulagi við stjórnvöld voru ákveðnar sérstakar hækkanir á tryggingabótum og sköttum einmitt til þess að tryggja kaupmátt lægstu launa og óumdeilt er að þeir sem nutu þessara aðgerða urðu ekki fyrir kaupmáttarskerðingu. Því verður þannig ekki haldið fram að þessar aðgerðir hafi skilið lægst launaða fólkið eftir. Þvert á móti fólust í þessum ákvörðunum aðgerðir til að treysta stöðu þess við þessar erfiðu aðstæður. En það er svo athyglisvert að í samningunum í fyrrahaust, sem stjórnvöld áttu enga aðild að, var það ein meginkrafa verkalýðshreyfingarinnar að falla frá kaupmáttar- eða tekjutryggingunni, lágmarkstekjutryggingunni. Það var ein meginkrafa verkalýðsfélaganna þegar samningar voru gerðir án nokkurrar hlutdeildar eða aðildar stjórnvalda.

Vegna ummæla hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um það að kaupmáttarskerðingin hefði haldið áfram er rétt að minna á að frá ársbyrjun 1984 og fram til 1. okt. var fullkomið jafnvægi á milli launaþróunar og þróunar framfærsluvísitölu. Ef ég man rétt hækkuðu launataxtar að meðaltali á þessu tímabili um 16.7%, en framfærsluvísitalan um 16.2%, þannig að frá upphafi síðasta árs og fram til októbermánaðar hafði verið þarna fullkomið jafnvægi. Og mér skilst að það sé mat samningsaðila að eftir kjarasamningana sem gerðir voru og leiddu til nýrrar verðbólguholskeflu séu mál komin í það horf nú að kaupmáttur sé svipaður og fyrir kjarasamningana, en fyrirsjáanlegt að hann muni falla á næstu mánuðum fram á haustið um 3—4%. Þetta sýnir okkur að það hefur tekist frá ársbyrjun 1984 og fram til þessa tíma að viðhalda kaupmættinum og við hefðum vafalaust náð miklu meiri og betri árangri í þessu efni ef okkur hefði auðnast að gera kjarasamninga með öðrum hætti en raun varð á, með þeim hætti sem margir af forustumönnum Alþýðusambandsins höfðu áhuga á s. l. haust en náði ekki fram. Þessar staðreyndir er nauðsynlegt að hér komi fram vegna þessara ummæla.

Hv. 10. landsk. þm. fór að spyrja eftir gildi þeirra fjölmörgu og fjölskrúðugu lagaákvæða sem sett voru á valdatíma hv. síðustu ríkisstj. Að sjálfsögðu eru þau öll úr gildi fallin, en það væri athugandi fyrir hv. þm. og flokksbræður hennar að efna nú til leshrings um allan þann mikla og fjölskrúðuga lagabálk um hnappheldur og vísitöluskerðingar sem settur var á valdatíma þeirra í ríkisstj. áður en fleiri ræður eru haldnar um ógnir vísitöluskerðingar sem átt hafi sér stað í tíð þessarar ríkisstj. Það væri hollt ef þingflokkur Alþb. efndi til slíks leshrings og þá þyrfti ekki að koma til fsp. af því tagi sem borin var fram fyrr við þessa umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv., sem reyndar er ekki mættur til leiks, beindi fsp. til mín í ræðu sinni. Hann vildi fá að vita hvort 5. þm. Reykv. og flokkur sá sem hann er formaður fyrir væri andvígur vísitölubindingu launa. Að vísu tók hann af mér ómakið með því að svara því sjálfur hvað hann gæti hugsað sér að kæmi í staðinn fyrir gamla vísitölukerfið og fyrir utan það að vísa honum til fyrri ræðu minnar, þar sem ég svaraði þessari fsp., og til hans eigin ræðu ætti það að vera nóg.

Ástæða er til að vekja athygli á því að nýlokið er á þessum degi formannaráðstefnu Alþýðusambands Íslands og reyndar Verkamannasambands Íslands. Verkamannasamband Íslands komst ekki að niðurstöðu, en á nýloknum fundi Alþýðusambands Íslands var rætt um kjaramál og um hugmyndir um kaupmáttartryggingar. Sem kunnugt er og hefur verið upplýst í fjölmiðlum var ekki talsamband milli forseta Alþýðusambandsins og formanns Alþb., 3. þm. Reykv. Þess vegna voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að koma á stjórnmálasambandi milli þessara aðila og þ. á m. að stinga upp í flokksmálgagnið Þjóðviljann. Ekki kann ég nákvæmlega að greina frá þeim viðræðum, en ljóst er að á þessari formannaráðstefnu Alþýðusambandsins var að tillögu forseta Alþýðusambandsins engin krafa gerð um endurreisn gamla vísitölukerfisins. Reyndar var ekki sett fram krafa um neitt vísitölukerfi.

Þar var hins vegar beint ákveðnum óskum til hæstv. ríkisstj. Þær óskir snerust um að ríkisstj. reyndi að standa í stykkinu varðandi stöðugleika á gengi, ríkisstj. reyndi að standa í stykkinu að því er varðaði að koma í veg fyrir væntanlega 15—20% hækkun búvöruverðs. Þar voru gerðar kröfur um að ríkisstj. ábyrgðist fyrir sitt leyti að ekki yrði um að ræða hækkun á verðlagi á opinberri þjónustu fyrir tilstuðlan ríkisstj. og annað í þeim dúr. M. ö. o.: kröfunum var beint að gengisstjórn ríkisstj., stjórnun á verðlagi búvöruverðs, opinberrar þjónustu og öðru slíku. Engin krafa sett fram um sjálfvirkt vísitölukerfi. M. ö. o.: verkalýðshreyfingin

sjálf, þegar hún lítur til baka, er búin að læra þá lexíu að gamla vísitölukerfið, sem gilti hér í 43 ár og allar ríkisstjórnir á lýðveldistímanum og reyndar lengur, frá 1939, hafa skipt sér af öll árin nema þrjú, hafði gengið sér til húðar og það rækilega. Enginn þekkir þessa lexíu betur en hv. 3. þm. Reykv. sem eyddi ráðherraárum sínum í að glíma vonlausri baráttu við þann draug, auðvitað með engum árangri.

Það vakti sérstaka athygli mína í ræðustúf hv. 1. þm. Suðurl. þegar hann komst að orði á þá leið, sem ég hygg að hafi verið réttilega sagt hjá honum, að stefna núv. ríkisstj. væri raunar rökrétt og beint framhald af stefnu fyrrv. ríkisstj., ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, og væri þar bitamunur en ekki fjár. Um þetta er ég alveg nákvæmlega sammála hv. 1. þm. Suðurl. Ég hef tekið eftir því að þá sjaldan hv. 1. þm. Suðurl. tekur til máls vekur hann athygli á því að hæstv. ríkisstj. hefur ekki náð árangri, að undirrót verðbólgutilhneigingar grassérar enn og þá aðallega vegna þess að hæstv. ríkisstj. með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar hefur ekki náð tökum á efnahagsstjórn. Hv. 1. þm. Suðurl. nefndi þar sem dæmi áframhaldandi dúndrandi viðskiptahalla, linnulaust innstreymi erlends lánsfjár sem staðfest er með lánsfjárlögum ríkisstj. og fjmrh. og hefði gjarnan mátt bæta við þriðja þættinum sem er viðvarandi hallarekstur ríkissjóðs og hins opinbera geira.

Undirrót verðbólguþróunarinnar er náttúrlega þarna. Þarna er kyndirýmið. Verðbólgan er m. ö. o. ríkisfjármögnuð og fyrir því stendur hæstv. ríkisstj. Val verkalýðshreyfingarinnar við þessi skilyrði er náttúrlega æði takmarkað. Í fyrsta lagi er það takmarkað sem kemur upp á samningaborð um kaup og kjör því að verkalýðshreyfingin semur aðeins um lágmarkstaxta fyrir að vísu fjölmenna hópa starfsfólks, aðallega í þeim atvinnugreinum sem búa við skarðan hlut af hálfu ríkisstj., útflutningsgreinarnar, fiskiðnaðurinn. Af því að ég hef hér fyrir framan mig hv. 1. þm. Vestf. er ástæða til að rifja upp að nýlega var birt blaðaviðtal við einn ágætasta framkvæmdastjóra fiskverkunarhúss vestur á Ísafirði, sem heitir Norðurtanginn hf., þar sem hann vakti athygli á því að það vantaði til starfa í fiskiðju 1000—1500 manns. Fram hefur komið, einnig ættað að vestan, að ef unnt væri að halda uppi fullþjálfuðu starfsfólki í frystiiðnaðinum okkar að sumarlagi og sjá til þess að gæði framleiðslunnar yrðu ekki lakari á sumarmánuðum en ella þannig að menn næðu verðmætustu pakkningum, þá mætti hugsanlega auka verðmætasköpun um hvorki meira né minna en 1000 millj.

Hér hefur verið rætt um launamun innanlands. Það er ekki síður athyglisvert að ræða um hlut fiskvinnslufólks okkar í samanburði við starfsfélaga þess í nálægum löndum. Kona í fiskiðjuveri í Færeyjum hefur í laun á vinnustund 254 kr. íslenskar á réttu gengi. Ef saman væri tekið tímakaup og kaupaukakerfi, sem mestu geta skilað, væru samsvarandi laun á Íslandi um 120 kr. á tímann. Samanburðurinn verður enn óhagstæðari ef við leitum ögn fjær, þ. e. til Noregs eða Danmerkur. Það vefst mikið fyrir fiskvinnslufólki hvernig á því stendur að Færeyingar geta borgað þessi laun, en selja engu að síður í gegnum íslensk sölusamtök á hagstæðasta markaðinum, Bandaríkjamarkaði, og fá þar sannanlega ekki hærra verð en við. Engu að síður getur þessi atvinnugrein staðið undir tvisvar sinnum hærri launum í Færeyjum en hér.

Spurningin er: Hvað kemur þetta við vísitölukerfi? Það er út af fyrir sig alveg laukrétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að vísitölukerfið sem slíkt skapar engin verðmæti og tryggir enga verðmætasköpun. Það sem er að í íslensku efnahagslífi, sem er ótal margt, stendur auðvitað mest upp á hæstv. ríkisstj. sjálfa. Hún hefur ekki tryggt útflutningsgreinum okkar rekstrargrundvöll. Hún hefur ekki lagt í, og það er ein helsta veilan í hennar starfi, að leysa þann hrikalega skuldavanda sem hún tók við í sjávarútveginum. Hún hefur ekki skapað þær forsendur sem þarf til þess að þessi þýðingarmikli útflutningsatvinnuvegur geti greitt hærri laun og er sjálf þannig völd að því að sú leið sem helst er fær til að auka verðmæti íslenskrar þjóðarframleiðslu er ófær. Ríkisstj. kyndir elda verðbólgunnar með stefnuleysi sínu í ríkisfjármálum og með því að hún hefur engin tök á því að hemja innstreymi erlends lánsfjár, hún hefur ekki tök á gengisskráningu og hún hefur ekki tök á viðskiptahalla. Þetta hefur leitt til þess, eins og hv. 1. þm. Suðurl. viðurkenndi, að á sama tíma og framleiðsluatvinnuvegirnir búa við skarðan hlut og kaupgreiðslugeta þeirra skv. opinberum tölum er lítil og takmörkuð, fólk leitar í stórum stíl frá þeim atvinnugreinum, þá búa aðrar atvinnugreinar á Íslandi við mun betri hag, njóta þessarar gengisskráningar, græða á viðskiptahallanum. Það eru auðvitað innflutningsverslun og þjónusta og aðrir slíkir. Þetta endurspeglast í launakerfinu. Markaðslaun hjá einkageiranum valda því að það er ekki girnilegur kostur að vinna í framleiðslugreinunum. Launin sem bjóðast eru miklu betri annars staðar. En þó er kannske meginmunurinn sá, að á sama tíma og það fólk, sem hefur orðið að bera uppi afleiðingarnar af óstjórn ríkisstj. í skertum launum, hefur gert það með því að fórna verulega kaupmætti sinna launa, þá hefur einkaneysla og afkoma fólks í öðrum greinum sætt allt öðrum lögmálum. Af þessu hefur leitt verulegt þjóðfélagslegt óréttlæti sem er frumorsökin fyrir því að ríkisstj. nær ekki árangri. Haldi hún áfram á sömu braut endar allt hjá henni í sprengingu og við því verður ekkert gert.

Nú er ekki við verkalýðshreyfinguna að sakast, a. m. k. ekki við þær tillögur sem lagðar hafa verið fram á vegum Alþýðusambandsins. Þar er sanngirnin slík að það eru engar kröfur settar fram um sjálfvirkt vísitölukerfi. Það er einungis verið að fara fram á að ríkisstj. hafi fyrir sitt leyti einhver tök á því sem undir hana heyrir beint. Að vísu var þarna líka samþykkt tillaga sem kennd hefur verið við hin rauðu strik, þ. e. ef sýnt er að forsendur verðlagsþróunar breytast mjög frá því sem ríkjandi er þegar samningar eru gerðir verði beitt því aðhaldi á ríkisstj. að þessar verðhækkanir verði bættar ef það kemur á daginn að ríkisstj. nær ekki tökum á því sem ég taldi upp áðan, þ. e. í stórum dráttum verðlags- og verðbólguþróun.

M. ö. o.: Ríkisstj. hefur undan engu að kvarta að því er varðar samskipti sín við aðila vinnumarkaðarins og árangursleysi hennar verður beint rakið til hennar sjálfrar. Það endurspeglast fyrst og síðast í því að hún hefur krafið hluta þjóðfélagsþegnanna, hluta atvinnulífsins um þungbærar fórnir, en hún hefur engin tök á öðru. Þetta stafar m. a. af blindu hæstv. ráðamanna. Ég held að skýringin sé fyrst og fremst sú hversu fjarlægir þeir eru orðnir lifandi lífi í landinu. Þeir virðast hugsa

eins og embættismenn frekar en stjórnmálamenn og ganga út frá því sem gefnu að þau kerfi sem þeir eru að vasast í séu í lagi. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að skattakerfið á Íslandi er svo himinhrópandi ranglátt og óskilvirkt að það nær ekki nokkurri átt, að afkoma fólks fer ekki eftir einhverjum tölum á blaði úr hinu opinbera hagkerfi. Afkoma manna er fyrst og fremst tengd aðstöðu manna til að fá „prívat" kaupaukningu á vinnumarkaðinum, þ. e. í formi launaskriðs sem menn kalla, markaðslauna eða í formi aðstöðu til að halda eftir stærri hlut af sínum launum vegna skattundandrátt-ar og skattsvika.

Sama máli gegnir með húsnæðislánakerfið sem á að vera annað helsta tekjujöfnunar- og öryggiskerfi þjóðfélagsins. Það er að niðurlotum komið og sannanlega fengu ríkisstjórnarflokkarnir ærna aðstoð frá hv. 3. þm. Reykv. og flokki hans á upplausnarárunum 1980—1983 til að leggja það í rúst. Um það þarf ekki að deila. Lífeyrisréttindakerfið er himinhrópandi flókið og ranglátt að því leyti að fólk situr þar ekki við sama borð. Launakerfið sem slíkt er þar með líka orðið ónothæft tæki til að hafa áhrif á það að draga úr launamun. Með þessi ónýtu stjórntæki nær ríkisstj. engum árangri. Miðað við það skilningsleysi sem ríkjandi er á þeim hrikalega efnahagslega aðstöðumun þjóðfélagsþegn-anna sem þetta leiðir af sér mun hún ekki heldur ná árangri.

Af því að ég tek eftir því að hv. 3. þm. Reykv. er kominn í salinn vil ég árétta það sem ég hef sagt. Hann spurði um afstöðu Alþfl. til vísitölukerfis. Í ræðu minni áðan var ég að rifja upp með ótal dæmum þær afskræmilegu afleiðingar sem gamla vísitölukerfið hafði. Hv. 3. þm. Reykv. svaraði því í engu og gerði engar athugasemdir við það. Ég tek það sem þögn og samþykki við dapurlegri reynslu hans á ráðherraárum hans af að glíma við þann draug. En þá er ástæða til að vekja athygli hans á því að viðhorf Alþfl. eru ákaflega svipuð og fram komu á vegum verkalýðshreyfingarinn-ar nú á þessum dögum um að menn vilja ekki taka upp gamla vísitölukerfið. Spurt er um kaupmáttartrygg-ingar. Það eru til, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði sjálfur, ýmsar aðrar leiðir, bæði að semja til skamms tíma við ríkisstj., sem menn ekki treysta, með ákvæðum um endurskoðun ef verðlagsforsendur breytast eða að semja með sjálfvirkum ákvæðum um rauð strik, þ. e. kauphækkun til að bæta upp verðhækkanir sem verða á samningstímanum. Allar hafa þessar leiðir verið reyndar í öðrum löndum og allar eru þessar leiðir betri en gamla vísitölukerfið.

Hitt er svo annað mál að það er ástæða til að spyrja: Hverjar væru mestu kjarabætur sem hægt væri að tryggja fólki sem nú býr við smánarlaun á Íslandi fyrir utan það sem gerist við samningaborðið? Ég er ekki í nokkrum vafa um hvað það er. Það er í fyrsta lagi að verja verulegum fjármunum á fjárlögum til að endur-reisa húsnæðislánakerfið, ganga greiðlega til móts við þá húsbyggjendur sem nú eiga eignir sínar á uppboðum og tryggja næga fjármuni til að gerbreyta útlánastefnu húsnæðislánakerfisins þannig að þetta þýðingarmikla tryggingar- og tekjujöfnunarkerfi geti gegnt sínu hlut-verki. Þetta væri vafalaust stærsta kjarabótin sem unnt væri að færa ungu kynslóðinni í landinu, kjarabót án verðbólgu og kjarabót í ósvikinni mynt.

Það er ástæða til að bæta einu við. Sérstaklega væri þetta tekjujafnandi aðgerð ef þeirra fjármuna, sem væri leitað í þessu skyni, væri fyrst og fremst leitað í verðbólgugróða neðanjarðarhagkerfisins eins og til-lögur liggja fyrir um.

Hin kjarabótin væri vafalaust sú að létta skattbyrði launþeganna. Staðreyndin er sú að það fólk sem þiggur fyrir sitt vinnuframlag lúsarlaun greiðir óhæfilega stór-an hlut af þessum launum til að halda uppi sam-neyslunni í þjóðfélaginu á sama tíma og um það bil þriðjungur þjóðfélagsins sleppur nokkurn veginn eða hefur sjálfdæmi um sinn hlut.

Þetta hvort tveggja, átak í húsnæðismálum og það að létta skattbyrði launþega ásamt því að endurskipuleggja skattakerfið með það fyrir augum að þurrka út skatt-svikin, væru vafalaust stærstu og varanlegustu kjarabæt-urnar sem hægt væri að færa fólki. Það sem hægt er að gera við samningaborðið er takmarkað, en það á fyrst og fremst að byggjast á því að draga úr þeim óhæfilega launamun sem orðinn er í þjóðfélaginu, þ. e. einbeita á kröftunum að því að hækka laun þeirra sem sannanlega geta nú ekki framfleytt fjölskyldum af þeirri hungurlús sem þarna er um að ræða. Til þess að gera þetta er nauðsynlegt að breyta mjög skilyrðum framleiðslu-greinanna á Íslandi, ekki hvað síst í sjávarútvegi. Um það liggja fyrir ótal tillögur og um margt af því getum við hv. 3. þm. Reykv. verið sammála. En karpið um gamla vísitölukerfið er liðin tíð og það karp þurfum við ekki að hefja á nýjan leik.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir skýringar sem hann gaf á sinni afstöðu. Þær eru að hann er ekki á móti dýrtíðarbótum á laun. Hann telur fyrir sitt leyti að eðlilegt sé að samið verði um verðtryggingu launa. Þó að hann kjósi að kalla afstöðu sína ekki „gamla vísitölukerfið" er það auka-atriði fyrir mér. Aðalatriðið er að formaður Alþfl. hefur gefið um það pólitíska yfirlýsingu að hann vill fyrir sitt leyti stuðla að því og beita sér fyrir því að um verði að ræða verðtryggingu launa og dýrtíðaruppbætur á laun. Það er auðvitað höfuðatriði að slíkt liggi fyrir.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara hér út í einstök atriði þeirra umræðna sem hér hafa orðið, en margt hefur komið hér fróðlegt fram. Ég ætla ekki að fara að tíunda það frekar en ég hef hér gert, en ég ætla þó að minna á eitt.

1982 var lagt hér fram í Ed. Alþingis frv. til laga um húsnæðismál, flutt af ríkisstj. Í því frv. var ákveði um að það skyldi miða greiðslur af húsnæðislánum við kauptaxtavísitölu. Þetta frv. fór í gegnum þrjár umr. í Ed. Það var stöðvað og komst aldrei til Nd. vegna þess að stjórnarandstaðan setti sig mjög þversum í því máli og talsmenn Alþfl. og Sjálfstf. í Ed. á þeim tíma áttu ekki orð til að lýsa vandlætingu sinni á þessu vitlausa frv., gagnsleysi þess á alla lund. Þó var þetta frv. tilraun ríkisstj. til að stöðva þá þegar á árinu 1982 það misgengi sem verið er að ræða um í húsnæðismálum í dag.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í þeirri umr. sem hér fer fram um vísitölubindingu launa og það gamla kerfi sem var hér í gildi er ekki óeðlilegt að menn staldri við og leiði hugann að öðru vísitölukerfi sem er í gildi. Nú er það svo að ein setning í aths. við frv. þetta segir kannske allt um það markmið sem menn hafa sett sér og vilja standa við. Með leyfi forseta er þessi setning

þannig:

„Þegar öllu er á botninn hvolft er það mikilvægasta verkefnið nú að skapa jafnvægi í efnahagslífinu til lengri tíma sem er skilyrði hagvaxtar og um leið betri lífskjara og aukins kaupmáttar.“

Þetta er út af fyrir sig gott og blessað. En hvernig er þá staðan? Jú, menn tóku ákvörðun um það, til þess að ná niður verðbólgu í landinu, að afnema verðtryggingu launa. Hins vegar er vísitölukerfið á fullri ferð í bankakerfinu í dag.

Fyrir nokkrum árum var ástandið þannig að menn snuðuðu sparifjáreigendur um gífurlegar fjárhæðir og færðu þannig til fjármuni á óréttlátan hátt í þessu þjóðfélagi. Í dag berast okkur þær fréttir úr ríkisfjölmiðlum að verð á fasteignum hafi lækkað um 6% frá áramótum hér í Reykjavík. Það eru engar fréttir af því hvað verð á fasteignum úti á landi hafi lækkað. E. t. v. telja menn það ekki þess virði að athuga það. Ég er ekki trúaður á að staðan sé betri þar. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að fasteignir í landinu hafa lækkað á sama tíma og hin útreiknaða lánskjaravísitala hefur verið að þjóta upp. Nú er það ekkert sjálfgefið við hvað eigi að miða verðgildi peninga, en einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi ef það væri ekki talið nokkuð raunhæft að leggja það sem grunn að miða verðgildi peninga við verðmæti eigna í landinu, að þar héldist svipað hlutfall. En hvað er það þá sem raunverulega er að gerast þegar okkur er tjáð að fasteignir hafi lækkað í verði um 6% og vextir eru upp undir 30% í landinu með verðbótum og öllu sem því fylgir? Það er verið að segja beint og milliliðalaust að raunvextir á fjármagni á þessu tímabili hafi verið um 30% ef við miðum við verðmæti eigna í landinu. Nú spyrja menn e. t. v.: Eru það einhverjar aðrar eignir sem hafa hækkað í verði og er eitthvað sérstakt ástand í Reykjavík sem kemur í veg fyrir að íbúðarhúsnæði hækki í verði? Eru það skipin sem hafa hækkað svo í verði að það sé réttlætanlegt á þeirri forsendu? Eru það flugvélarnar? Hvað er það yfir höfuð sem hefur hækkað í þessu landi í samræmi við lánskjaravísitöluna miðað við verðmæti í landinu, við eignir í landinu? Ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur.

Þeir sem hafa rætt um þetta frv. hafa vissulega rætt efnahagsmál í heild, en ég sakna þess að þeir hafa ekki reynt að meta hvort lánskjaravísitalan eins og hún er í dag sé ekki að verða einn aðalverðbólguvaldurinn í landinu. Fær það staðist að þessi þjóð með þær erlendu skuldir sem hún hefur sé svo öflug að hún geti tryggt betur innistæður sparifjáreigenda en nokkur önnur þjóð í veröldinni? Fær það staðist? Ég hygg að menn segi sem svo: Ef þessu er breytt taka menn sparifé sitt út úr bönkunum. — Gott og vel. Við getum varpað því fram að þetta sé svo einfalt, en það hlýtur að vera stórkostlegur munur á því að standa að glórulausri eignaupptöku sparifjár, eins og gert var, og hinu að tryggja sparifé þannig að verðgildi þess aukist hátt yfir það sem fasteignamarkaðurinn segir að eignir á aðalþéttbýlissvæði landsins aukist í verðgildi.

Það liggur nefnilega beint við að gera sér grein fyrir því að stór hópur manna, sem hefur lent í erfiðleikum í húsnæðismálum, situr frammi fyrir þeirri staðreynd að þó að þeir hafi við kaup á íbúð átt kannske ⅕ af kaupverðinu geta þeir á örstuttum tíma, einu og hálfu ári, tapað þeirri upphæð allri ef þetta misgengi heldur áfram. Mig undrar það í þeirri umr. sem hér fer fram um efnahagsmál hversu ánægðir menn hafa löngum verið með það hvernig staðið er að þessum málum. Mér er ekki kunnugt um að nema einn hagfræðingur hafi skrifað gegn þeirri vaxtastefnu sem hér er rekin og hann hefur skrifað á skipulegan hátt. Svo höfum við séð langar greinar, langlokur, þar sem menn hafa farið eins og köttur í kringum heitan graut og ekki viljað ræða þetta. Ég tel að það sé alveg tómt mál að tala um það að hér skapist jafnvægi í efnahagslífi nema þessi þáttur sé tekinn fyrir.

Það má vel vera að það reiknimeistaralið sem hefur setið að útreikningum lánskjaravísitölu telji að raunvextir í landinu séu á milli 5 og 10%, en ef við setjum aðra mælikvarða, sem við blasa úr efnahagslífi þjóðarinnar, á raunvextina eins og þeir hafa verið frá áramótum, þá eru þeir samkvæmt því, ef miðað er við fasteignamatið, söluverð íbúða, um 30%.

Ég tel að stjórnvöld hljóti annaðhvort að verða að gera það upp við sig hvort þau á nýjan leik ætla sér að koma upp allsherjar tryggingakerfi gagnvart verðbólgunni, þar sem hinir ýmsu hópar reyna að koma því þannig fyrir að þeir séu sem best tryggðir gagnvart henni, eða að menn snúa sér að því verkefni að ná jafnvægi. Þetta atriði, með vextina, er nauðsynlegt að taka inn í þessa umræðu vegna þess að ungir sjálfstæðismenn hafa hamrað á því miskunnarlaust að það dugi nánast ekkert í þessu landi nema að stefnan við Wall Street taki við. Stuttbuxnaliðið þar verður að standa fyrir máli sínu varðandi þessa hluti.

Herra forseti. Ég hef hugsað mér, með leyfi forseta, að lesa áfram það sem stendur í aths. með frv. þessu:

„Samfara niðurfellingu kaflans um verðbætur á laun í lögum nr. 13/1979 er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um að ákvæði um verðbótagreiðslur falli úr öllum samningum.“

Er verið að boða það með þessu að þær verði þá líka felldar úr lánasamningum eða eru það allir aðrir samningar sem eiga að vera án verðbótanna?

Ég hygg að það sé orðið tímabært að Alþingi Íslendinga geri sér grein fyrir því að annað tveggja verður að vera í gildi, eigi að vera samræmi í landinu, vísitölukerfi á öllum sviðum eða þá að menn þori að reka hér hagkerfi sem ekki byggist á sjálfvirku vísitölukerfi. Og því miður er ég ekki of bjartsýnn. Það hefur verið lögð áhersla á að sumir hlutir skuli tryggðir langt umfram það sem raunhæft er að mæla með, en aðrir hlutir skuli vera ótryggðir. Mér virðist sem þessir draumórar, eins og ég kalla það, hafi ráðið of mikið ferðinni í íslenskum bankamálum.

Ég vænti þess að 1. þm. Vestf., sem er úr því galvaska liði sem hefur 100% meiningar í vaxtamálum og verðtryggingarmálum, komi hér í ræðustól og geri grein fyrir því hvort hann telur að það sé eðlilegt að fjármagnið sé verðtryggt langt umfram fasteignir í landinu. Allt til þessa hafa fasteignir í landinu hvergi verið betur tryggðar en á stór-Reykjavíkursvæðinu. Því vona ég að þm. geri sér grein fyrir. Þess vegna er ekki verið að spyrja um hvernig þær séu tryggðar vestur á fjörðum þegar þessi samanburður er gerður. Það er verið að spyrja um hvernig þær séu tryggðar hér þegar vextir eru um 30%. Auðvitað er þetta misræmi af þeirri stærðargráðu að það er ekkert vit í því, ekkert réttlæti í því og það eru engar hagfræðilegar forsendur fyrir því.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn þegar saman koma miklir andans menn eins og hv. 5. þm. Vestf. að umræðan vill leiðast út um víðan völl og þannig er það hér. Þegar menn fara að ræða um nýtt frv. til l. um breyt. á lögum um stjórn efnahagsmála, þar sem meginefnið kemur fram í upphafsgreinum þess, sem sagt að úr gildi falli hvers konar ákvæði kjarasamninga sem byggja á framangreindum lagaákvæðum, þ. e. verðbætur á laun, þá fara menn að ræða þessi mál fram og til baka. Hv. 5. þm. Reykv. eyddi t. d. drjúgum hluta sinnar ræðu í það að fjalla fram og til baka um ástand og horfur í fiskiðnaði, launakjör fiskvinnslufólks og fleira í þeim dúr.

Hv. 5. þm. Vestf. flutti athyglisvert erindi, innlegg í hagfræðiumræðu, eins konar framsóknarhagfræði vaxtanna sem væntanlega og hugsanlega og kannske verður tekin upp sem kennslugrein eða valgrein við einhvern skólann. (**SJS:** Samvinnuskólann.) T. d. Samvinnuskólann, hv. þm. Ég ætlaði einmitt að koma því að að það gæti verið fróðlegt fyrir nemendur Samvinnuskólans að lesa þennan ágæta fyrirlestur 5. þm. Vestf. um vaxtamál. Raunar hafði ég hugsað mér að blanda mér nokkuð í þessar umr. áður en til mín var beint ákveðinni áskorun frá hv. 5. þm. Vestf. sem greinilega vildi gjarnan heyra mitt sjónarmið í þessum efnum. Raunar taldi ég að honum ættu að vera þessi sjónarmið mín nokkuð kunn, en víst skal ég ekki skorast undan því að reifa þau enn frekar í sölum hv. Alþingis.

Það sem bögglast helst fyrir brjóstinu á 5. þm. Vestf. var að raunvaxtastig á Íslandi væri hátt. Það sem menn þyrftu að greiða fyrir afnot af lánsfé væri hærra en honum þætti viðurkvæmilegt. Og hv. þm. var svo hugkvæmur að finna upp á nýrri viðmiðun við ávöxtun lánsfjár. Hann velti því fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt að ávöxtunarkjör lánsfjárins miðuðust t. d. við verðlagsþróun á fasteignaverði hér í Reykjavík eða annars staðar í landinu. Þetta er að vísu ákaflega fróðleg og athyglisverð viðmiðun. Það kom fram í máli hans að á tilteknu tímabili hefði fasteignaverð á Reykjavíkursvæðinu lækkað um 6% og jafnframt hefði fasteignaverð á landsbyggðinni lækkað enn þá meira. Og hann spurði: Er ekki eðlilegt að hafa þetta allt saman til viðmiðunar? Ég veit ekki hvað hv. 5. þm. Vestf. finnst eðlilegt, en finnst honum eðlilegt að ávöxtunarkjör á sparifé almennings — og ég tala sérstaklega um sparifé almennings vegna þess að það er almennt launafólk sem stendur undir sparnaðinum í landinu — ráðist af duttlungum fasteignamarkaðar í Reykjavík, á Akureyri, í Bolungarvík eða einhvers staðar annars staðar? Vitaskuld ekki. Ef það væri þannig og við hefðum til viðmiðunar þau 6% sem hann talaði um, þá væri það fólk sem legði til hliðar fé til sparnaðar rænt um 6% af þessu fé á ári hverju og vitaskuld væru það ekki eðlileg ávöxtunarkjör. Ég get ekki ímyndað mér að 5. þm. Vestf. finnist það heldur.

Vitaskuld bögglast það fyrir okkur flestum að skilja hvers vegna máli sé þannig komið nú að við höfum horfið frá því að hafa neikvæða raunvexti og til þess að hafa mjög háa raunvexti, a. m. k. ef við miðum við ástand mála undanfarna áratugi, og við hljótum að velta fyrir okkur hver sé skýringin á þessu. Nú býst ég ekki við því að nokkur þm. sé til lengur sem ber í bætifláka fyrir það ástand sem ríkti hér á sparifjármarkaði á síðasta áratug eða svo þegar sparifjáreigendur voru rændir milljörðum króna. Þeir liggja nú t. d. í háum höllum vítt og breitt um Breiðholtið og víðar. Húsbyggjendur og ýmsir þeir sem stóðu í fjárfestingum, braskararnir sem svo eru kallaðir af sumum hv. þm. nutu góðs af. Sparifé almennings liggur í braskinu. Það liggur í ýmsum húsbyggingum. Það liggur í misvitrum fjárfestingum og vítt og breitt um landið.

Vitaskuld trúi ég því ekki að nokkur þm. vilji leggja blessun sína yfir viðlíka ástand. Menn eru einfaldlega ekki lengur að tala um að hverfa til þess ástands að sparifé sé brennt á báli verðbólgunnar. Við sáum hvað gerðist. Sparifjármarkaðurinn hrundi. Framboð á sparifé dróst saman. Það sem menn gátu fengið að láni innanlands minnkaði. Afleiðingin var aukin lántaka erlendis. Þetta er einmitt ein meginskýringin á því að við búum við svo hátt raunvaxtastig sem raun ber vitni.

Í fyrsta lagi eru sparifjáreigendur á Íslandi orðnir hvekktir. Þeir treysta ekki lengur stjórnmálamönnum til þess að ráðskast með ávöxtunarkjör. Þeir eru hvekktir á því að hafa orðið að búa við það í rösklega áratug að vera rændir hluta af því fé sem þeir gátu lagt fyrir, oft í kjölfar langrar vinnu og mikils álags. Sparifjáreigendur eru þess vegna hikandi við að leggja fé sitt á bók vegna þess að þeir óttast að hin stóra krumla ríkisvaldsins komi einn góðan veðurdag og ákveði, sjálfsagt í góðum hug, að lækka nú þessa vexti, ná þessu fé og nota það til einhverra misþarfra hluta. Þetta er ein skýringin á því að fólk óttast enn þann dag í dag að leggja fé sitt á bók í innlánsstofnunum og reynir að verja því til annarra hluta. Þetta er ein skýringin á háu raunvaxtastigi, hv. 5. þm. Vestf.

Önnur skýringin er sú, eins og hæstv. forsrh., flokksbróðir hv. 5. þm. Vestf. og raunar 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson hefur verið óþreytandi að minna okkur á undanfarnar vikur og mánuði, að nú er rösklega helmingurinn af því sparifé sem lánað er út úr bönkum ættað úr Wall Street og þar spyrja menn ekki um hvort íbúðarverð í Reykjavík hafi hækkað prósentinu meira eða minna þegar þeir lána hingað fé. Það þyrfti þá að semja við þessa lánardrottna okkar erlendis í Wall Street um það hvort þeir vildu ekki veita okkur vaxtaafslátt vegna þess að fasteignaverð hafi lækkað upp á síðkastið úti á landsbyggðinni m. a. fyrir atbeina og tilstilli núv. ríkisstj.

Ég held við þurfum að átta okkur á því að þrátt fyrir góðan ásetning eru stjórnmálamenn ekki alls megnugir. Ég held að þetta ættu og þyrftu stjórnmálamenn að fara að gera sér ljóst, en vera ekki alltaf að skipta sér af því sem þeir hvorki geta ráðið við né eiga að vera að glíma við. Stjórnmálamenn geta ekki til lengri tíma, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, ráðið ávöxtunarkjörunum í landinu, ekki a. m. k. með þeim stjórntækjum sem við teljum eðlileg í lýðræðisþjóðfélagi, ekki nema þá á óbeinan hátt. Og ég er ekki farinn að sjá það að stjórnmálamenn, margir hverjir a. m. k., hafi til þess pólitískan kjark. Ef við viljum t. d. reyna að ná niður raunvaxtastiginu eins og það er nú er eitt af því sem við þurfum vitaskuld að gera að hætta að reiða okkur í svo miklum mæli á lánsfé úr Wall Street, hætta að reiða okkur á það lánsfé sem þar býðst á háum vöxtum, raunar mun hærri en gerist og gengur í

almennum útlánakjörum á Íslandi. Það er rangt og það er mikill misskilningur, eins og margoft er haldið fram, að raunvaxtastigið á Íslandi sé hærra en gerist og gengur í Vestur-Evrópu og Ameríku. Það er kannske helst þegar Samband íslenskra samvinnufélaga ákveður að bjóða verðbréf til sölu að raunvextirnir verða hærri en þeir eru almennastir á fjármagnsmarkaði erlendis. Við þurfum sem sagt að reyna að draga úr þessum erlendu lántökum og reiða okkur í minna mæli á auðjöfrana og lánardrottnana í Wall Street.

Í öðru lagi er um tómt mál að tala að ríkisvaldið geti skipað almenningi fyrir um það að lána út fé á lægri vöxtum en gert er á meðan ríkisvaldið sækir í jafngrimmum mæli, jafnríkum mæli og raun ber vitni inn á íslenskan fjármagnsmarkað. Það er vegna þess að ég les ekki nægilega vel stundum auglýsingarnar frá félaga Albert að ég man ekki nákvæmlega hvernig slagorðið hljómar sem getið hefur að líta yfir þverar breiðsíður dagblaðanna, en það er eitthvað á þá leið: Nú slær ríkið allt út. Forsenda auglýsingarinnar er sú að það ríki slíkt kraðak á vaxtamarkaðnum að fólk sé orðið yfir sig undrandi, skilji ekkert í þessu, viti ekki hverjir bjóði bestu ávöxtunarkjörin, en nú komi ríkið, stóri bróðir, og bjargi öllu og bjóði best. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir á mæltu máli að það er verið að hækka raunvextina í landinu. Ríkið hækkar raunvextina með því að sækja inn á innlenda lánsfjármarkaðinn. Þetta er það sem við erum að upplifa og þetta er það sem við höfum verið að upplifa margoft. Þetta gerðist ekki síst í tíð fyrrv. vinstri stjórna. Ár eftir ár gerðist það að á sama tíma og almennum sparifjáreigendum var meinað að fá eðlilega greiðslu fyrir afnot af sínu lánsfé hélt ríkið uppi þeim ávöxtunarkjörum að þangað streymdi lánsféð. (**GHelg:** Við hvaða ríkisstj. á þm.?) Ég er að tala um t. d. hv. síðustu ríkisstj. Það kalla ég vinstri stjórn. (**GHelg:** Ríkisstj. Gunnars Thoroddsen?) Einmitt. Og hæstv. ríkisstj. sem sat þar á undan. Sú stefna bar vitaskuld keim af því sama. (**GHelg:** Í hvaða vinstri flokki var Gunnar Thoroddsen, þm.?) Ég er að tala um þá vinstri stefnu sem sú ríkisstj. fylgdi og ég er að tala um þá stefnu sem hv. fyrrv. formaður þingflokks Alþb. lýsti að bæri sérstakan keim af stefnu Alþb. Er það ekki vinstri stefna, hv. þm.

Þetta eru nokkur atriði sem ég held að menn þurfi að hafa í huga þegar verið er að kvarta og kveina undan því háa raunvaxtastigi sem við búum við hér á landi. Ég skal fyrstur manna viðurkenna að þetta raunvaxtastig er hátt, en hins vegar tjóar lítt að standa hér og belgja sig yfir því og kvarta og kveina yfir þessu háa raunvaxtastigi og fylgja á sama tíma efnahagsstefnu sem skrúfar upp þetta raunvaxtastig. Ég held það dugi ekkert lengur að tala, eins og hv. 3. þm. Reykv. hefur nú verið manna duglegastur við, gegn þessum vöxtum, reyna að kjafta þá niður með orðhengilshætti á sama tíma og fylgt er stefnu sem gengur í þveröfuga átt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður flutti skörulega ræðu hér áðan og talaði m. a. um að fólk þyrði ekki enn að ávaxta sparifé sitt í bönkum þar sem það óttaðist að misvitrir stjórnmálamenn kæmu með krumlu sína og slæmdu henni í þetta fé. Það fólk treysti fremur á ávöxtun fjár síns í steypu ef ég skildi hann rétt. Hv. þm. hefur kannske ekki fylgst með umræðum um vanda húsnæðiskaupenda að undanförnu sem treystu sannarlega loforðum stjórnvalda og eru þess vegna núna að drukkna í skuldafeni. Krumlan seilist víða til og hverjir stjórnuðu þeirri krumlu, sem hækkaði vextina og tók kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi, þannig að kaupið fylgdi ekki eftir lánskjaravísitölunni?

Hv. þm. Halldór Blöndal og Þorsteinn Pálsson hafa báðir andmælt fullyrðingu minni um aukningu launabils í landinu. Ég er nú ekkert tilbúin að snúa aftur með það þótt ég veifi hér ekki neinum töflum og útreikningum. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því að þegar ég tala um aukið launabil, þá á ég auðvitað alls ekki við að það hafi gerst í launatöxtum, en eins og hv. þm. vita er í mörgum tilvikum um reginmun að ræða á launatöxtum og launagreiðslum. Ég held að þeir sem eitthvað hafa fylgst með þróuninni undanfarna mánuði viti fullvel að launabil hefur aukist með yfirborgunum og launaaukum í ýmsu formi, sem þeir hafa einmitt náð fram sem höfðu betri aðstöðu til að ná slíku fram. Ég nefndi t. d. hér áðan að það færðist í vöxt að opinberir starfsmenn fengju greitt fyrir allt að 20—50 stunda óunna yfirvinnu. Það undrar náttúrlega engan þótt eitthvað verði að gera til að halda í opinbera starfsmenn, en það má líka ljóst vera að kerfið virðist misjafnlega sveigjanlegt í þessum efnum. Það er t. d. áreiðanlega ekki algengt að skrifstofustúlkur, hjúkrunarfræðingar, almennir kennarar, fóstrur eða aðrir fulltrúar dæmigerðra kvennastétta sæki slíka kjarabót í greipar kerfisins, þrátt fyrir skort starfsfólks í þessum greinum. Og við vitum öll hvað hefur gerst á almennum vinnumarkaði, a. m. k. á höfuðborgarsvæðinu.

En mig undrar sannarlega að menn skuli andmæla fullyrðingu minni um aukið launabil og snúa í raun og veru út úr máli mínu. Ég sagði náttúrlega aldrei að verðbólga væri launafólki til góðs, eins og skilja mátti af máli hv. þm. Halldórs Blöndal, og ég var ekki að tala um launataxta heldur launagreiðslur. Og ég endurtek að sú stefna ríkisstj. að halda launatöxtunum niðri hefur orðið til þess að auka launabil í landinu vegna þess að hinir sterkari hafa í krafti aðstöðu sinnar getað fengið kjör sín bætt meðan hinir hafa setið eftir á lágu töxtunum. Ég skil ekki hvernig hægt er að mótmæla þessu. Við sjáum dæmin allt í kringum okkur. Eða hvernig ætti þjóðin að hafa haft efni og aðstöðu til að eyða jafnmiklu og áður og lifa jafnhátt og áður, eyða í utanlandsferðir, veitingahúsasetur, myndbandstæki, laxveiðar o. s. frv.? Vilja menn virkilega halda því fram að byrðunum hafi verið dreift jafnt?

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þetta frv. til l. um breytingar á lögum um stjórn efnahagsmála hefur orðið mönnum tilefni til nokkuð almennra umræðna um efnahagsmál. Er svo sem alveg að ósekju að menn taki sér smálotu við að ræða þau mál hér á hinu hv. Alþingi nú á vordögum, þó að menn tali frá nokkuð mismunandi forsendum og um nokkuð mismunandi þætti efnahagsmála, eins og hér kom fram í ræðu eins hv. þm. áðan. Sínum augum lítur hver á silfrið eins og gengur.

Hér kom hv. 1. þm. Vestf. og hafði mikið við þegar hann nefndi hv. 5. þm. Vestf. í fleirtölu, þegar saman kæmu miklir andans menn eins og hv. 5. þm. Vestf. Ég hef nú látið mér nægja, herra forseti, að nefna hv. skrifara vorn í eintölu og hyggst gera svo áfram nema

forseti heimti annað. Hv. 1. þm. Vestf. varð tíðrætt um vexti, sem vonlegt var því að hann er í þeirra hópi sem hafa mikið dálæti á þessu hugtaki „vextir" og sjá flest í gegnum einhver vaxtaraugu, allir hlutir skuli í raun og veru lúta í lægra haldi fyrir vöxtunum og þeim lögmálum sem þeim eiga að stýra.

Nú er það vel hugsanlegt að mínu mati, herra forseti, að setja upp efnahagskerfi sem þola raunvexti eins og þá sem hér hafa verið undanfarið. Það er hins vegar sannanlegt og löngu orðið ljóst að hið íslenska efnahagskerfi er ekki af þeirri tegund og ekki undir það búið að taka við slíkum raunvöxtum sem hér hafa verið og vantar þar mikið á. Reyndar var það ótrúlegur barnaskapur að halda að hagkerfi eins og það sem við höfum búið við um áratuga skeið, annaðhvort við nokkurn veginn núllvexti eða þá neikvæða vexti eins og hér hafa verið um árabil, gæti bara í einu vetfangi tekið við mjög háum raunvöxtum án þess að eitthvað hrikti í. Ég held að það sé ótrúlegur barnaskapur að láta sér detta slíkt í hug.

Ýmsir alvarlegir gallar eru á þessum vaxtakenningum og sparnaðarkenningum, sem tengjast eiga háum raunvöxtum, eins og þeir, sem eru nú kannske alvarlegir, að sparnaðurinn hefur yfirleitt ekki skilað sér í þeim mæli sem kenningasmiðirnir hafa haldið fram. Það er búið að reyna þessa leið víða, að hækka raunvexti verulega, og menn krossleggja fingurna og segja: Nú mun fjármagnið streyma inn í bankana í formi aukins sparnaðar og við fáum allt þetta fé til að spila úr, til að fjárfesta í atvinnulífinu o. s. frv., o. s. frv. En niðurstaðan er í mjög mörgum tilfellum a. m. k. lengi vel sú að sparnaðurinn skilar sér ekki, hann lætur á sér standa. Vaxtakostnaðurinn hins vegar, sem leiðir af þessum háu vöxtum, veltur út í atvinnulífið. Hann veldur auknum tilkostnaði í framleiðslu og auknum kostnaði almennings í framhaldi af því, í gegnum dýrari vörur o. s. frv. Afleiðingin verður sú að minna verður eftir til að spara bæði hjá einstaklingum og atvinnulífi. Þetta er nokkuð þekkt hringrás sem þarna getur farið af stað og veldur því að sparnaðurinn skilar sér ekki sem skyldi. Þetta þurfa menn að hafa í huga áður en þeir teygja sig undir blind lögmál raunvaxtastigs.

Það er alveg laukrétt hjá hv. 1. þm. Vestf. að auðvitað hefur stjórnarstefnan og önnur stjórnun efnahagsmála veruleg áhrif. Ég er honum hjartanlega sammála um það að eins vitlaust og það var að ætla að innleiða þessa háu raunvexti hér á Íslandi á örfáum mánuðum, þá var það þó enn þá brjálæðislegra miðað við þær aðgerðir aðrar sem ríkisstj. hefur haft uppi í efnahagsmálum, eins og hv. þm. rakti réttilega margar hverjar, t. d. yfirboð ríkisins sjálfs á vaxtamarkaðinum, sem hlaut að draga úr því fjármagni sem á annað borð gat runnið sem sparnaður inn í bankakerfið. Og erlendar lántökur, taumlausar erlendar lántökur, stjórnlaust sukk hæstv. ríkisstj. í þeim efnum, hefur auðvitað einnig áhrif, því að þarna er verið að flytja inn erlent vaxtastig, sömuleiðis taumlaus viðskiptahalli, sem að sjálfsögðu er fjármagnaður með þessum erlendu lántökum að verulegu leyti ásamt með mörgu, mörgu öðru fleiru sem of langt mál yrði upp að telja, sem þessi ríkisstj. hefur gert af sér í efnahagsmálum, hefur þarna auðvitað veruleg áhrif. Svo að ekki var nú von á góðu yfirleitt.

Það er hins vegar mjög ánægjulegt, herra forseti, að verða vitni að því hér að upp er að renna ljós fyrir einstökum þm. stjórnarflokkanna, eins og hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf., sem hélt hér mjög merkilega tölu um þá heimskulegu stefnu sem hæstv. ríkisstj. tók með því að rjúfa samhengi kaupgjalds og annarra verðskuldbindinga í þjóðfélaginu. Það var auðvitað glórulaus stefna frá upphafi. Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Vestf. um það. Nú er það að koma í ljós. Hæstv. félmrh. hefur t. d. viðurkennt það með frv. sem hann lagði fram hér á Alþingi að svona lagað gangi ekki, það sé ekki hægt að taka með þessum hætti eina stærð efnahagsmálanna út úr og afnema alla verðtryggingu hennar og frysta hana niður en láta síðan aðrar stærðir ganga skv. sjálfvirkum vísitölum sem ekki eru teknar úr sambandi.

Ég fagna því alveg sérstaklega, herra forseti, að þetta ljós skuli nú hafa runnið upp, þó á nokkuð mismunandi sviðum sé, fyrir þessum hv. þm. sem teljast til stjórnarflokkanna. Auðvitað er niðurstaðan af þessu sú að efnahagsstefna ríkisstj. hefur beðið algjört skipbrot. Þessi aðferð hennar, að nota eingöngu launin til að hafa áhrif á stjórnun efnahagsmála og reyna að ná niður verðbólgu, er kapút, hún gengur ekki, hún er alveg fáránleg. Það er að koma betur og betur í ljós þessi misserin og það eru fleiri og fleiri að viðurkenna, vegna þess að nú hafa menn fyrir sér reynsluna af þessum árum, sem bráðum eru að verða tvö, þessum löngu þrautaárum.

Það er reyndar umhugsunarvert að einn hv. þm. Framsfl. skuli nú vera búinn að átta sig á þessu, því að sagan segir það, herra forseti, að þegar verið var að mynda síðustu hæstv. ríkisstj., þá sem nú situr, hafi það verið Framsfl. sem lagði ofurkapp á það að afnema verðtryggingu launa og vildi ganga miklu, miklu lengra í þeim efnum en Sjálfstfl. Svo merkilegt sem það nú var, þá var það Sjálfstfl. sem var að sögn tregur í taumi, herra forseti, en Framsfl. vildi afnema þetta helst um aldur og ævi, a. m. k. fram að aldamótum, allavega um nokkurra ára skeið, en Sjálfstfl. tókst að toga hann niður í þann tíma sem síðar varð raunin á, eins og alkunna er. Þetta má vera hv. þm. Framsfl. nokkurt umhugsunarefni.

Ég vil láta það uppi sem mína skoðun hér, herra forseti, með tilliti til þess frv. sem hér er flutt og þeirra umræðna sem hér hafa orðið, að ég tel verðtryggingu launa sjálfsagða og eðlilega í þjóðfélagi sem á annað borð notast við slíkar verðtryggingaraðferðir. Þjóðfélag sem verðtryggir fjárskuldbindingar einstaklinga og aðrar slíkar stærðir í efnahagslífinu kemst ekki hjá því að gera hið sama með launin. Það er alveg morgunljóst í mínum huga, herra forseti. Að hægt sé að draga þennan eina þátt út úr, verðlagninguna á þeirri einu vöru sem launþeginn hefur að selja, þ. e. vinnuafli sínu, það gegnur ekki. Það er siðleysi auk þess sem það er efnahagsleg heimska, herra forseti, og gengur ekki upp.

Menn skyldu líka minnast þess hvernig dýrtíðarbætur eða verðtrygging launa er í raun og veru til komin og hvernig hún er hugsuð. Hún er uppbót á þegar orðnar hækkanir, sem launþeginn hefur borið á liðnum tíma. Þannig eru dýrtíðaruppbæturnar til komnar og þannig eru þær hugsaðar. Þær eru því afleiðing af verðbreytingu, ekki orsök í raun og veru. En það er að sjálfsögðu hægt að snúa hlutunum á haus og kenna endinum um upphafið, eins og hér hefur oft verið gert í

þessari umræðu.

Ég held að það sé líka alveg hárrétt, sem hér kom fram í umræðunum, að það verður aldrei neinn friður á vinnumarkaði og það næst engin þjóðarsátt um það að taka eina stærð efnahagsmálanna, nefnilega launin, út úr og frysta þau á einhverjum nauðþurftamörkum á meðan allt annað verðlag æðir áfram óbeislað. Það er ekki það frelsi sem nokkur þjóð getur sameinast um, að frelsa þannig fjármagnið og láta það vaða upp úr öllu valdi en frysta lífskjörin. Það eiga frelsispostularnir að hugleiða.

Það má nefna um það fjöldamörg dæmi, herra forseti, af því að við erum nú farin að ræða þetta svolítið efnislega á annað borð, að um árabil í sinni hagsögu hefur bæði íslenska þjóðin og ýmsar aðrar þjóðir notast við verðtryggingu launa, eins konar dýrtíðaruppbætur eða verðbætur á laun með ágætum árangri án sjáanlegra verðbólguáhrifa. Um þetta er auðvelt að nefna dæmi bæði úr íslenskri hagsögu síðustu áratuga og frá fjöldamörgum nálægum löndum sem mörg hver notast enn þann dag í dag við slíkar aðferðir og búa við tiltölulega mjög lágt verðbólgustig og stöðugt verðlag. Það er því auðvitað eins og að berja höfðinu við steininn að kenna þessari einu aðferð, þessari einu reikningstölu um. Það getur vel verið að í íslenska hagkerfinu séu sérstakar skekkjur sem geri okkar hagkerfi næmara en hagkerfi og efnahagslíf annarra þjóða í þessu efni, ég þori ekki að fullyrða að svo sé ekki, herra forseti. En þá hljótum við fyrst og fremst að einbeita okkur að því að finna þær skekkjur og leiðrétta þær, vegna þess að þegar öllu er á botninn hvolft liggur það í augum uppi að launin ein eru ekki sú stærð í efnahagslífi þjóða, þau eru ekki sá pottur sem endalaust er hægt að ganga í og leysa öll önnur vandamál út frá, það gengur ekki. Það hlýtur að vera keppikefli í sjálfu sér að halda kaupmáttarstigi, launagreiðslum jöfnum og stöðugum til þess að þær sem aðrar stærðir í efnahagslífinu geti verið í sæmilega stöðugu formi frá ári til árs. Það ætti öllum að vera alveg ljóst.

Það væri auðvitað óskaplega freistandi, herra forseti, af því að þessi umræða er nú komin af stað á annað borð, að fara hér örfáum orðum um eignaupptöku í húsnæðismálum, eins og hv. 5. þm. Vestf. reifaði hér nokkuð, vegna þess misgengis sem orðið hefur og er sömuleiðis afleidd stærð af okurvöxtum þessarar ríkisstj. Ég er ekki sammála því að stjórnmálamenn geti ekki og eigi ekki að hafa áhrif á vexti. Ef stjórnmálamenn ætla að skipta sér eitthvað af efnahagsmálum á annað borð þá verða þeir auðvitað að taka á vaxtamálum eins og öðrum ákvarðanaþáttum í þeim efnum, það er í mínum huga alveg ljóst og á ekki að vera neitt feimnismál. Hitt er svo annað mál að íslenskir stjórnmálamenn hafa um árabil verið ákaflega feimnir við þennan þátt. Til hefur verið stofnun sem heitir Seðlabanki og maður sem heitir Jóhannes Nordal sem hafa fengið að ráðskast með þessi mál langt umfram það sem góðu hófi gegnir vegna aumingjaskapar íslenskra stjórnmálamanna, það er alveg rétt. En það er ekki vegna þess að þeir ættu ekki að geta tekið á þessum málum. Auðvitað eiga þeir að gera það ef þeir eru eitthvað að reyna að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar á annað borð. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að taka þessa einu stærð út úr dæminu.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þetta miklu lengra. Það er auðvitað öllum ljóst, sem hlustað hafa á þessar umræður og fylgst hafa með þessum málum síðustu mánuði, að stjórnarstefnan er hrunin, hún er í rúst. Það stendur ekki steinn yfir steini í því meginmarkmiði sem var nánast eina nestið, eini bitinn í malnum þegar þessi ríkisstj. lagði af stað, það var það að ráðast á launin og banna verðtryggingu launa. Það var eina ráðið sem þessi ríkisstj. kunni í efnahagsmálum. Síðan hefur hún ekki gert neitt í þeim málum eins og allir vita og eru nú senn liðin tvö ár og árangurinn er að koma betur og betur í ljós, að tök hennar á efnahagsmálum eru algjörlega hrunin. Og sú umræða sem hér hefur orðið er merkilegust fyrir þær sakir að ákveðnir þm. í stjórnarliðinu eru að gera sér grein fyrir þessu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það þarf auðvitað engan að undra þó að undir þessum dagskrárlið ræði menn almennt um stefnu núv. ríkisstj. í efnahags- og kjaramálum og að sjálfsögðu ýmislegt annað sem heyrir undir það. Ég ætlaði í sjálfu sér ekki að gera það. Það er einkum tvennt sem kom fram hjá þeim hv. 5. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Vestf., sem mig langar að fara nokkrum orðum um.

Nú hefði mátt ætla, þegar hv. 5. þm. Vestf. var að tala áðan, að hér væri hinn harðasti stjórnarandstæðingur á ferð. Hann spurði menn spjörunum úr: Hvað þýðir nú þetta og hvað þýðir nú hitt í þessu frv.? Þó er þetta frv. sem flokksbróðir hv. þm., hæstv. forsrh., leggur fram. Það er engu líkara en ekki hafi verið rætt í þingflokki Framsfl. hvað það frv. sem hér er á ferðinni í raun og veru þýðir. Það er verst að hæstv. forsrh. skuli ekki vera til staðar til að svara hv. 5. þm. Vestf. um hvað þetta frv. í raun og veru þýðir, hvað menn meini með þessu, hvað eigi að gera.

Menn hugsa gjarnan til þeirra orða hæstv. forsrh. — nokkurn veginn orðrétt held ég að ég muni þau — að hin mestu pólitísku mistök sem átt hafi sér stað hafi verið að rjúfa tengslin milli verðbóta á laun og lánskjaravísitölu. (**ÓÞÞ:** Minnið er nú ekki alveg korrekt, en það er sama.) Í ljósi þessara orða hæstv. forsrh. hefði ég vænst þess að sjá í þessu frv. afnám vísitöluákvæða að því er varðar lán. Það hefði maður átt að sjá í þessu frv. í ljósi orða hæstv. forsrh. væri þau eitthvað að marka.

Hv. 5. þm. Vestf. fór nokkrum orðum um aths. með þessu lagafrv. og las upp úr þeim. Með leyfi forseta ætla ég að lesa það aftur:

„Samfara niðurfellingu kaflans um verðbætur á laun í lögum nr. 13/1979 er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um að ákvæði um verðbótagreiðslur falli úr öllum samningum."

Síðan spurði hv. þm.: Þýðir þetta að þetta fellur úr öllum samningum í bankakerfinu t. d.? Nei, hv. 5. þm. Vestf. Hefðirðu lesið svolítið lengra hefðirðu séð að þetta þýðir það ekki. Þú þurftir ekki að fara nema einni línu lengra, hv. þm. Hefðirðu viljað kynna þér það hefðirðu getað svarað þér sjálfur því að þar segir einmitt:

„Með þeim hætti er tekinn af hugsanlegur vafi um eldri ákvæði kjarasamninga og tryggt að samningsaðilar hafi óbundnar hendur að þessu leyti í komandi samningagerð."

Þarna hafa menn svarið. Það á áfram að halda á þeirri braut að láta fólk borga hundruðum milljóna eða

svo milljörðum skiptir meira vegna þeirra lána sem tekin hafa verið á þessu tímabili á sama tíma og verðbætur á laun eru skertar. Frv. er um það. Þetta hefði þingflokkur Framsfl. átt að ræða sérstaklega, halda um þetta leshringsumræðu eins og hv. 1. þm. Suðurl. benti þeim Alþb.-mönnum á að gera hér í kvöld. (**ÓÞÞ:** Hvernig gekk það í Alþfl.?) Það hefur ekki verið gert þar enn. Þar ræða menn opinskátt um alla skapaða hluti. (**GHelg:** Þeir eru það fáir.) Það er rétt hjá hv. þm., en það er greinilegt að þeim virðist ætla að fjölga en öðrum að fækka. Hvar skyldi það vera? (**HG:** Hvað er til marks um það?) Hvað? Bara hugarfar fólksins í landinu. Það þarf ekki annað til, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Hugarfar fólksins í landinu segir nú mest um það hvert fylgi viðkomandi flokkar hafa. Ég hygg að hv. þm. sé orðið það ljóst að hugarfarið er að breytast í þessu tilfelli.

Nú gengur hæstv. forsrh. í salinn þannig að nú ætti hv. 5. þm. Vestf. að endurtaka sínar spurningar um hvað þetta frv. hæstv. forsrh. þýði.

Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Vestf. að það hefði verið ástæða til að taka upp í þessu frv. niðurfellingu á þeirri lánskjaravísitölu sem er bundin á lánum hjá fólki í bankakerfinu og í húsnæðiskerfinu. En ég minni hv. 5. þm. Vestf. á að Alþfl.-menn hafa flutt hér á þingi frv. um að samræma þessa stefnu, að fella niður verðbætur eða vísitölu *af öðrum þáttum efnahagslífsins en launum*. Hv. 5. þm. Vestf. greiddi atkv. gegn því. (**ÓÞÞ:** Í hverju felst samræmingin?) En nú virðist hv. 5. þm. Vestf. vera að vitkast. (**ÓÞÞ:** Í hverju felst sú samræming?) Að fella niður vísitölu af lánum t. d. og opinberri þjónustu í ríkiskerfinu. Hv. 5. þm. Vestf. greiddi atkv. gegn þeim tillögum Alþfl. hér á Alþingi, þannig að ekki er nú algjört samræmið í málflutningnum og gjörðunum sjálfum.

Aðeins örfá orð út af því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um að hv. 5. þm. Reykv. hefði farið út um víðan völl og verið að tala um stöðu launafólks í fiskiðnaði. Ég er ansi hræddur um að hv. 1. þm. Vestf. ættu að vera þessi mál kunn. Það er ekki óeðlilegt að þm. bendi á stöðu þessara mála í umr. almennt hér á Alþingi um launamál og launakjör, horfandi upp á það að besta vinnuaflið sem fáanlegt er og hefur starfað í fiskiðnaðinum gengur nú í tuga- eða hundraðatali út úr frystihúsunum vegna þeirra slæmu launakjara sem þar eru boðin. Það vantar a. m. k., að mér er sagt, þrjú til fjögur hundruð manns í frystihúsin á Vestfjörðum til þess að þau geti annað eðlilegum afköstum. Svo undra hv. þm. sig á því að það sé rætt um þessa stöðu mála í tengslum við launa- og kjaramál!

Hv. 1. þm. Vestf. sagði réttilega: Sparifjáreigendur voru rændir milljörðum króna á vissu árabili. En hverjir hafa verið rændir milljörðum króna í tíð núv. hæstv. ríkisstj.? Það er launafólkið fyrst og fremst og sjávarútvegurinn, undirstöðuatvinnugreinin á Íslandi. Það hafa verið færðir til milljarðar króna frá henni til þjónustuliðsins og þjónustugreinanna. Svo undra menn sig á því að þessi mál séu rædd hér á Alþingi þegar stjórnvöld haga málum á þann hátt sem þau hafa gert, eins og núv. hæstv. ríkisstj.

Ég er hissa á þessu hljóði í hv. 1. þm. Vestf. af því að þetta á hann að þekkja kannske manna best, hvernig staðan er í okkar kjördæmi á Vestfjörðum að því er varðar fiskveiðar og fiskvinnslu, þennan höfuðatvinnuveg þess landsvæðis svo og margra annarra landsvæða sem eru eins í sveit sett. Ég sé ekki að neitt bendi til þess að breyting eigi á að verða af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Þó að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon telji að nú sé að renna upp ljós hjá einhverjum hv. stjórnarliðum í þessum efnum er ekki svo að sjá í reynd. (**SJS:** Smáglæta.) Ja, það má vera að slíkt komi í ljós. En skammt dugar sú glæta ef það eru orðin tóm en ekki fylgja gjörðir.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja frekar um þetta. Ég ítreka að það er orðið tímabært að þeir framsóknarmenn komi sér niður á það hvað þetta frv. þýðir í raun, hvað það merkir, hvað það á að gera. Ég a. m. k. tel að það sé mjög nauðsynlegt að undir umr. sem þessari ræði menn stöðu sjávarútvegs, fiskvinnslu og fiskveiða í ljósi þess ástands sem þær greinar eru nú í.

Ég held að ég fari rétt með það — hv. 1. þm. Vestf. veit það trúlega betur en ég — að t. d. fiskverkendur á Vestfjörðum tapi nú daglega af eignum sínum vegna þeirrar stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur uppi að því er þessa atvinnugrein varðar. Eignir þessara aðila eru nú gerðar upptækar svo að segja frá degi til dags. Svo og svo stór hluti af þeim tapast vegna þess að stjórnvöld sjá þessari atvinnugrein ekki fyrir eðlilegum rekstrargrundvelli. Það er gengið á eignir. Þannig má kannske segja að það sé sameiginlegt kjararán sem gengur yfir launafólk undir núv. ríkisstj. og þá aðila sem starfa við höfuðatvinnugrein landsmanna, reka flotann, reka fiskvinnslustöðvarnar. Svo eru menn frá þessum svæðum undrandi á að slíkt skuli vera rætt á Alþingi. Ja, guð hjálpi þeim!

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er mikið á okkur hv. þm. lagt að þurfa að eyða hér kvöldum til að hlýða á rifrildi milli stjórnarflokkanna um frv. eins og þetta, sem er auðvitað stefnubreyting í kjaramálum, þannig að ástæða væri til að óska eftir að stjórnarflokkarnir kæmu sér saman um það sem þeir eru að leggja fram, áður en það er sett hér á borð okkar hv. þm.

Ég held að öll þessi umræða beri þess nokkurn vott að ýmist eru menn að halda hér kosningafundi í kjördæmum sínum eða að öll umræðan snýst um það að komast raunverulega ekki að kjarna málsins. Og kannske er ástæðan sú að allir eiga þar nokkurra hagsmuna að gæta, stjórn sem stjórnarandstaða.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er ósköp einfalt í eðli sínu. Ríkisstj. er hér með að fela aðilum vinnumarkaðarins að ákveða hvort og þá hversu háar verðbætur á laun verði vegna þess að sjálf þorir hún ekki að takast á við það. Ég hlýt þess vegna að spyrja hæstv. forsrh., sem hér er staddur vænti ég, hvers vegna ríkisstj. gekk þá ekki alla leið og felldi líka niður VII. kafla laga nr. 13 frá 1979, svonefndra Ólafslaga, svo að aðilum vinnumarkaðarins væri beinlínis falið að samræma lánskjaravísitölu og verðbætur á laun eins og hér hefur verið minnst á og alveg réttilega. Það er auðvitað dæmalaus ræfildómur einnar ríkisstj. að treysta sér ekki til þess að standa frammi fyrir því og ákveða það sjálf hvort ætlast er til að verðbætur verði greiddar á laun eða ekki.

Stjórnarandstaðan er ekkert allt of skelegg heldur og á því eru ýmsar skýringar. Það skyldi nú aldrei vera að stjórnarandstaðan treysti ekki sínum mönnum, sínum hluta af aðilum vinnumarkaðarins til þess að ákveða þessa hluti. Ekki alls fyrir löngu sá ég ekki betur en t. d.

ASÍ gerði það að meginkröfu sinni að til kæmu verðbætur á laun. Þeir róttækustu sögðu að þær kjaraskerðingar sem orðið hefðu síðan þessi ríkisstj. tók við skyldu unnar upp. Í kvöld heyrði ég hér á milli funda viðtöl við forseta ASÍ og fleiri aðila vinnumarkaðarins og hvað stendur nú upp úr mönnum? Í fyrsta lagi sýnist ekki vera samkomulag milli Verkamannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Þeir jagast líka um það hvort samið skuli strax eða hvort samið skuli í haust. Að vísu veit forseti Alþýðusambands Íslands að kjörin eiga enn eftir að rýrna um svona 3—5% þangað til í haust og hann er nógu skynsamur til þess að horfast í augu við að það er kannske ástæða til aðgerða nú þegar.

Sannleikurinn er sá að það er auðvitað gersamlega fáránlegt af hálfu ríkisstj. og af hálfu vinnuveitenda að láta sig dreyma um að þjóðin sætti sig við 4—5% launahækkun eins og sakir standa nú. Fólk er að missa íbúðir sínar í stórum stíl. Hver einasta manneskja sem fer í verslun veit að verðbólgan okkar sem kaupum inn — það gerið þið áreiðanlega ekki, háu herrar hér — hún heldur áfram. Vörur hækka frá viku til viku. Verðlag er gefið frjálst og þar er verðbólgan grasserandi. Þetta vitum við öll, a. m. k. þeir sem einhvern tíma eiga erindi í verslun. Það er ekki að undra þó að forsrh. segði hér í votta viðurvist í þingsölum rétt um það leyti sem fundi lauk í kvöld, þegar á hann var borið að auðvitað væri verið að flytja þetta frv. í trausti þess að verkalýðshreyfingin léti beygja sig og menn færu ekkert að semja um verðbætur á laun: að sjálfsögðu. Forsrh. var nógu heiðarlegur til að segja: Að sjálfsögðu. Og það er þetta sem er að gerast. Í staðinn fyrir að ríkisstj. ákveði það sjálf og standi við það, þá veltir hún boltanum til aðila vinnumarkaðarins. Það er það sem hér er um að ræða.

Sú var tíðin að aldraðir í þessu þjóðfélagi áttu sér eina tryggingu fyrir því að lífeyrir þeirra rýrnaði ekki um of. Hún var að verðbætur á lífeyri almannatrygginga fylgdu verðbótum á laun í almennri verkamannavinnu. Þetta er verið að afnema. Þetta verður að vera alveg ljóst. Þetta þarf þjóðin að fá að vita þó að menn geti svo lesið hér úr þessum karlrembuútgáfum um einhver óljós kjaramál sem ekki nokkur lifandi manneskja skilur og kemur í raun og veru engri manneskju við. Það er því alveg ljóst að þeir sem fara allra verst út úr því að þetta frv. verði samþykkt er að sjálfsögðu gamla fólkið, næst því fólki sem vinnur fyrir allra minnstum launum í landinu.

Hv. 3. þm. Vestf. talaði um hér áðan að þeir sem mest hefði verið rænt frá í tíð þessarar ríkisstj. væru sjávarútvegurinn og launafólk. (**Gripið fram í:** Launafólk og sjávarútvegurinn.) Eða launafólk og sjávarútvegurinn. Þetta er sennilega alveg rétt hjá hv. þm. En sá er munurinn á sjávarútveginum og launafólki að sjávarútveginum verður sennilega bjargað. Sjávarútvegurinn á ýmsa sjóði og sjávarútveginum verður séð fyrir áframhaldandi rekstrarfé. En ég hef ekki séð hver kemur launþegum þessa lands til bjargar, fólkinu sem er að missa íbúðir sínar, fólki sem verður að taka vaxtaaukalán til að borga matarreikningana sína.

Hver einasta manneskja veit að innflutningur hér er svo svívirðilegur að engu tali tekur og af því hef ég beina reynslu sjálf. Ég rannsakaði það núna nýlega þegar ég átti leið til næstu nágrannalanda. Verðlag á fötum, á barnafatnaði er t. d. svipað í Noregi, Svíþjóð og Danmörk. Það er hins vegar staðreynd að þegar fötin eru komin hér upp á Laugaveg eru þau fjórum sinnum dýrari. Mér þætti fróðlegt að vita hvernig stendur á þessu. Gæti ekki verið, hv. 1. þm. Vestf., að það sé þetta fólk sem er að keppa á verðbréfamarkaðinum þessa dagana, fólkið sem græddi á þessum innflutningi, þessu verðlagi sem er beinn og óprúttinn þjófnaður frá launþegum þessa lands? Ríkisstj. hefur engan áhuga á að rannsaka þetta.

Annað er það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði, að það fengist ekki fiskvinnslufólk. Það á kannske ekki við í þessari umr. en hv. þm. veit auðvitað jafn vel og við mörg önnur að þar er ekki eingöngu við launin að sakast. Vinnuálag og sívaxandi kröfur til þessa fólks eru auðvitað orðnar óþolandi. En grun hef ég um að hann eins og aðrir, sem gerst hafa forustumenn í hópi launþega og fiskvinnslufólks, hafi verið ófeimnir við að fara þessar venjulegu aukaleiðir, þessar Krýsuvíkurleiðir til launahækkana sem bónus og annað slíkt er, með hvers kyns aukavinnu, eftirvinnu, næturvinnu og hvað þetta allt saman heitir, launahvetjandi kerfi sem nokkrum árum síðar sýna sig að vera að ganga af verkafólki dauðu. Þetta er líka þáttur í því máli og með vaxandi kröfum á erlendum mörkuðum ræður þetta verkafólk ekki við þessa vinnu sem á það er lögð. Ég vildi nú aðeins fá að skjóta því hér inn.

Hæstv. forsrh. var í sjónvarpi í kvöld meðal annarra fyrirmanna landsins og var verið að spyrja hann um aðgerðir í húsnæðismálum. Og það er hreint óhugnanlegt að heyra hæstv. forsrh. tala um það í alvöru, greindan mann sem hann er, að það merkasta sem hann geti hugsað sér sé ráðgjöf til húsbyggjenda. Ráðgjöf um hvað? Ráðgjöf um hvernig þeir eigi að fara að þegar þeir eru búnir að missa íbúðirnar sínar? Hvernig í ósköpunum nennir hæstv. forsrh. og heil ríkisstjórn að tala í þessa veru? Þessir menn eru svo fjarri öllum raunveruleika, svo fjarri allri þekkingu á kjörum manna í landinu. Og það sorglega er að þessi veiki er á hinum kantinum líka. Þess vegna er ákaflega erfitt að ræða þessi mál bæði hér á hinu háa Alþingi og annars staðar, hvort sem er á fundum í Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. eða hvað þetta nú allt saman heitir. Þeir hafa eflaust lausn á þessu öllu saman í Alþfl., ég geri ráð fyrir því.

Sannleikurinn er sá að íslenskt þjóðfélag hefur breyst. Það þýðir ekki að tala um það eins og það var fyrir 40 árum. Launþegahópurinn sem hefur lægstu launin er mun minni en hann var og næstum ekkert sem forustumenn alþýðusamtakanna segja um laun manna í landinu er satt. Það kom réttilega fram hjá einhverjum hv. þm. hér áðan að greidd laun og launataxtar eru tvennt ólíkt. Og það er miklu stærri hópur nú sem hefur veruleg fjárráð en var áður fyrr. Það sýnir sig m. a. í því að verslun dregst ekkert saman hversu mikið sem skorið er niður af launum annarra launþega, þ. e. þeirra launþega sem vinna fyrir föstum launatöxtum og greiða skatt af tekjum sínum. Ég gæti giskað á að þessi hópur væri nú í kringum 30% af vinnandi landsmönnum. Hin 70% hafa töluverð fjárráð. Til þeirra hefur orðið veruleg tilfærsla. Hvorki stjórnvöld né samtök verkalýðsins og launþeganna hafa fylgst með þessari þróun. Þetta fólk talar alltaf um allt annan veruleika en þann sem blasir við í þjóðfélaginu. Þess vegna er ekki heldur von til þess að lausnir séu í

sjónmáli. Hafa menn athugað hverjir ráða t. d. nú vísitölu byggingarkostnaðar sem er hluti af lánskjaravísitölu? Hverjir skyldu það vera? Það er ekkert sem aðilar vinnumarkaðarins semja um né ríkisstjórnin hefur nokkra stjórn á. Það eru m. a. innflytjendur, það eru kaupmenn sem ráða því hver byggingarkostnaður er. Ég vil biðja menn að mótmæla þessu ef þetta er rangt. Þetta er sem sé í algerri upplausn. Ríkisstjórnin er ráðalaus og reynir að velta yfir til aðila vinnumarkaðarins ákvörðunum um viðkvæmustu kjaramál landsmanna, en hróflar náttúrlega ekki við kaflanum þar á undan í Ólafslögum, VII. kaflanum, sem snertir verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Herra forseti. Ég skal svo sem ekki lengja þessar umræður mikið. Það er kannske ekki meiri botn í þeim af minni hálfu en annarra, sem hér hafa talað. En ég held að fyrsta skilyrðið til þess að um þessi mál sé rætt í einhverri alvöru sé að menn þori að segja sannleikann. Hvað sér maður í Dagblaðinu í dag frá nýjustu samráðsfundum? Hvað eru menn nú farnir að tala um? „Húsnæðismál, með leyfi forseta, voru á dagskrá samráðsfundar stjórnarflokkanna og ASÍ sem haldinn var á föstudag. Forustumenn ASÍ leggja nú höfuðáherslu á að fjármögnun húsnæðiskerfisins verði komið í eðlilegt form. Einnig leggja þeir mikla áherslu á að vextir verði lækkaðir.“ Af hverju segja þessir menn ekki: Við viljum líka fá VII. kaflann. Úr því að þeir eru svona ánægðir með að fá VIII. kaflann, af hverju vilja þeir ekki VII. kaflann líka? Og nú er allt í einu ekki talað lengur um verðbætur á laun. Nú er talað um kaupmáttartryggingu. Það vill svo til að það er ekki það sama.

Ég veit að menn eru nú að fantasera um einhverjar nýjar formúlur við útreikninga á verndun kaupmáttar. Allt sem ég hef þaðan heyrt þykja mér hinir mestu órar og óljóst í meira lagi. Enda hvað sýnir sig hér í þessari umræðu? Hér er enginn verkalýðsforingi mættur, ekki einn. Þessir fáu sem hér eiga sæti mega ekki vera að því að vera hér. Og á ég að segja ykkur af hverju, hv. þm.? Þeir vita að þeim kemur umræðan ekkert við, hún skiptir engu máli. Þeir vita að Alþingi ræður engu um þetta og vill engu um þetta ráða.

Hvar er alþýðan í landinu? Hvar er fólkið sem bíður eftir aðgerðum í efnahagsmálum? Það er ekki ein einasta sál hér á pöllum. Það getur vel verið að einhverjir forvitnir borgarar reyni að hitta Ásmund Stefánsson eða Guðmund J. Guðmundsson, þegar þeir koma út af fundum sínum með Vinnuveitendasambandinu eða einhvers staðar annars staðar í bænum, því að þeir vita að þar er kannske einhver snefill af valdi. Svona er nú komið fyrir okkur, kæru félagar og hv. þm. Það er sorglegt til að vita, herra forseti.

Menn eru hættir að tala um verðbætur á laun, menn eru farnir að tala um kaupmáttartryggingu, gengislækkun og áframhaldandi lækkun í áföngum og hvað þetta nú allt heitir. Og hvað eiga launþegar að gera á meðan? Hvað eiga saumakonurnar á Akranesi að gera, sem ég heimsótti nýlega og vinna allan daginn fyrir 13 700 kr., hvað eiga þær að gera á meðan? Hvað eiga þær að borða? Þetta er óþolandi að hlusta á.

Ég skal ljúka ræðu minni, herra forseti. Hún er sjálfsagt ekki mikið innlegg í þessa umræðu en þó aðeins tilraun til að vekja athygli á hversu yfirborðskennd þessi umræða er. En hæstv. forsrh. vil ég endilega spyrja einnar spurningar: Hvers vegna ákvað ríkisstjórnin — eða einhver hluti af ríkisstjórnarflokkunum, þeir virðast ekki allir hafa verið viðstaddir — hvers vegna ákváðu þeir ekki að velta öllum boltanum til aðila vinnumarkaðarins, VII. kafla Ólafslaga líka? Það langar mig að vita.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara spurningu hv. síðasta ræðumanns, en áður en ég kem að því vil ég fara nokkrum orðum um ráðgjafarþjónustuna sem mér virðist hún ekki skilja og ekki vita hvað er. Með þessari ráðgjafarþjónustu fylgja lán. Það eru veitt viðbótarlán. (**GHelg:** Hversu há forsrh.?) Upp að 150 þús. Það munar marga um það, hv. þm. Við mig hefur talað fjöldi manns sem hefur sagt að það hafi gerbreytt sinni stöðu. Það eru samtals um 200 millj. kr. sem verða lánaðar í viðbótarlánum í gegnum ráðgjafarþjónustuna.

Það er furðulegt að standa upp og gera ekkert úr því sem þó er gert. Það mætti gera meira. Ég er sammála því. Það þyrfti að gera meira. En það verður ráðstafað um 300 millj. til aðstoðar við þá sem eru í mestum erfiðleikum í húsnæðismálum og það munar um það.

Hv. þm. ræddi um byggingarvísitöluna. Laun í byggingariðnaðinum er stærsti einstaki þátturinn í byggingarvísitölunni og um þau semja aðrir en ríkisstj.

Um VII. kafla, sem fjallar um lánskjaravísitölu, er það að segja að í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins kom mjög greinilega fram hjá þeim, m. a. s. skriflega, að þeir fara ekki fram á að lánskjaravísitalan verði afnumin. Ég skýrði frá því fyrr í dag að ein ástæðan fyrir því að það dróst nokkuð að leggja þetta litla frv. fram er sú að fram fóru ítarlegar umræður um hugsanlegar breytingar á grundvelli lánskjaravísitölunnar. Það getur vel komið til greina að breyta grundvellinum, t. d. að taka út úr lánskjaravísitölu áhrif ýmissa opinberra aðgerða, eins og t. d. skatta o. s. frv. Það er vilji til að athuga það. Þetta mál er þó ekki einfalt og það var fullt samkomulag um að taka það ekki með í þetta frv.

En hvers vegna vill launþegahreyfingin ekki afnema lánskjaravísitöluna? Það er ákaflega skiljanlegt. Launþegahreyfingin gerir sér vonir um það og það vona ég líka að kaupmáttur fari hækkandi, að launin hækki meira en verðlag á næstu mánuðum og árum. Ég geri fastlega ráð fyrir því að með auknum sjávarafla og batnandi þjóðarhag gerist það. Þá er lánskjaravísitalan jákvæð.

Ég veit ekki hvort hv. þm. veit það, en séu lánskjaravísitala og kauptaxtar borin saman frá 1. jan. 1984 til dagsins í dag, þá hafa þau haldist í hendur. Ef við setjum báðar þessar vísitölur á 100 í janúar 1984 eru þær einnig 100 báðar í mars í ár. Vitanlega hafa á þessu tímabili orðið sveiflur. T. d. fór lánskjaravísitalan upp í nóvember, desember og janúar og þá hallaði á lántakendur. Mánuðina þar áður var það öfugt. Þegar yfir allt tímabilið er litið hefur ekki raskast hlutfall á milli lánskjaravísitölu og kauptaxta.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ekki var talið fært eða rétt að afnema VII. kafla Ólafslaga.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur séð ákaflega fróðleg línurit sem forseti ASÍ hefur sýnt um greiðsluþunga af lánum. Vitanlega hljóta allir þm. að gerþekkja þau mál því að búið er að ræða þau svo oft. Lánskjaravísitalan, þó að vissulega megi gagnrýna hana, hefur þó þann

kostinn að hún dreifir fjármagnskostnaðinum yfir allan lánstímann. Ef lán eiga hins vegar að vera með nafnvöxtum einum og engri verðtryggingu gjaldfalla þeir nafnvextir á hverjum gjalddaga lánsins, en stór hluti af fjármagnskostnaðinum við lánskjaravísitöluna dreifist yfir tímabilið. Menn verða þá líka að svara þeirri spurningu í 25% verðbólgu hvernig þeir ætla að dreifa greiðslubyrðinni af vöxtunum því að nú hygg ég að menn séu ekki að tala um að hafa neikvæða vexti. Eina leiðin til að dreifa þessum byrðum er að endurfjármagna lánin og þá eru menn komnir út í nokkurn veginn það sama og með lánskjaravísitölu, þ. e. að dreifa fjármagnsbyrðunum. Þetta var ástæðan. Ég vona að ég hafi svarað hv. þm.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við kynntumst því í stjórnarsamstarfi með Alþb. að þeir vildu hafa verðtryggð laun og óverðtryggð lán og töldu að sú stefna gengi upp. Sem sagt, verðbólgan átti að vera kjarabót. Nú höfum við aftur á móti reynt það í stjórnarsamstarfi við sjálfstæðismenn að þeir vilja hafa óverðtryggð laun en verðtryggð lán. Þetta gengur heldur ekki upp.

Ég varpaði hér fram spurningu til hv. 1. þm. Vestf. og mat það rétt að hann mundi gera tilraun til að svara henni. Spurningin var ofur einföld. Hún var á þann veg að skv. upplýsingum um söluverð fasteigna í Reykjavík hefur verð á fasteignum á þessu svæði lækkað um 6% frá áramótum. Ég vakti athygli á því hverjir vextirnir væru með verðbótum í landinu og spurði: Ef við lítum á þessar fasteignir sem grundvöll að verðlagi í landinu, hverjir eru þá raunvextirnir? Skv. mínum skilningi eru þeir um 30%. Hv. 1. þm. Vestf. komst ekki að neinni niðurstöðu vegna þess að hann talaði um að duttlungar fasteignamarkaðarins gætu ekki ráðið. Fari það nú í hoppandi. Eru nú orðnir duttlungar í markaðinum líka? Er ekki hægt að treysta markaðinum og markaðshyggjunni? Dugar ekki markaðskenningin? Eru duttlungar í fasteignamarkaðinum sem koma í veg fyrir allt saman? Hvernig duttlungar? Það er ekkert skrýtið þó að maður verði hissa, eftir að hafa hlustað á þessar kenningar um markaðinn ef það kemur nú allt í einu í ljós að sá markaður sem við höfum nú fyrir augunum, fasteignamarkaðurinn, þar sem mjög margir aðilar standa að verðmynduninni, ekki einn eða tveir, hann er svo duttlungafullur að það er ekki hægt að nota hann. Ætli það sé betra að byggja verðtryggingu lánanna á barnafatamarkaðinum sem hv. 10. landsk. þm. var að tala um og ég gat ekki betur heyrt en henni fyndist hálfskrýtinn? En við erum að byggja þetta á barnafatamarkaðinum eins og við göngum frá þessu í dag. Fasteignamarkaðurinn er talinn ónothæfur, hann er svo duttlungafullur, og ákveðið að byggja á barnafatamarkaðinum eins og gert hefur verið.

Hv. 3. þm. Vestf. er nú í þeirri aðstöðu að maður hefur samvisku af að skamma hann þessa stundina og ber þar tvennt til. Í fyrsta lagi á hann óvenju erfitt með að komast hér í ræðustól og í annan stað vill maður ógjarnan hleypa honum upp þessa dagana. En hver skyldi nú vera guðfaðirinn að vísitölukenningunum öllum? Hver skyldi vera guðfaðirinn? Ætli það sé ekki sami hagfræðingurinn og kom flestum eignum Alþfl. til — ja, við skulum ekki nefna nein stór orð, flestum eignunum — **(Gripið fram í:** Fyrir ætternisstapa.) Svo tók rekstrarhagfræðingur við og skánaði ekkert eignastaðan enda þótt þeir hefðu fengið sérstaka fyrirgreiðslu frá Noregi skömmu áður.

Nei, við höfum um tvennt að velja. Annaðhvort byggjum við á gjaldmiðli í landinu eins og aðrar þjóðir gera eða við byggjum á vísitölukerfunum og fjölgum þeim um minnst eitt vísitölukerfi á ári. Það verður vísitölukerfi barnafatanna, vísitölukerfi fasteignamarkaðarins, sem er að vísu orðið duttlungafullt, það yrði erfitt að reikna það út. Og hv. 1. þm. Vestf. komst að því að þá yrði bara 6% rýrnun á hverju ári á sparifénu ef byggt yrði á duttlungum fasteignamarkaðarins. Ég verð nú að segja það að stundum finnst mér menn fara hér eins og kettir í kringum heitan graut. Hvaða eignir í landinu er hægt að miða við sem traustari grundvöll fyrir verðmæti sparifjár en fasteignamarkaðinn í Reykjavík? Ef kenning hv. 1. þm. Vestf. er rétt, að hann sé svona duttlungafullur, þá þýðir ekki að taka veð í nokkru húsi, það liggur alveg ljóst fyrir. Húsið heldur áfram að lækka um 6% á ári og lánið áfram að hækka samkvæmt vísitölukerfinu. Hvar gengur þetta upp? Nei, það verður að ætlast til þess að þeir sem hafa sungið hér um markaðinn fram og til baka, markaðshyggjuna sem leysi öll vandamál, taki ekki upp á því að fara að tala illa um fasteignamarkaðinn og segja að hann sé duttlungafullur, það sé ekki hægt að miða við hann þess vegna.

Mér sýnist að sú tilraunastarfsemi sem felst í því að ætla að viðhalda því vísitölukerfi sem Alþfl. er guðfaðir að og ákveðinn hagfræðingur, aðalsérfræðingur Alþfl. í efnahagsmálum um langt skeið, hafði mikið dálæti á, sú stefna að ætla að viðhalda þessu vísitölukerfi á sumum sviðum, taka það af á öðrum og fara í kringum það eins og heitan graut hvort menn ætli að hafa vísitölutryggð laun eða kauptryggingu á launum, hver er munurinn? Er þetta ekki bara spurning um hvaða formúlu á að nota? Er það spurning um nokkuð annað en hvaða formúlu á að nota, reikningsaðferð? Ætli Seðlabankinn verði fenginn til að reikna út nýju kauptryggingaraðferðina? Hv. 1. þm. Vestf. er fullkunnugt um það að vel rekin fyrirtæki vestur á fjörðum eru að sækja um lán til að breyta vanskilum í lengri lán. Hvers vegna? M. a. vegna vaxtabyrði. Hv. 1. þm. Vestf. sagði að peningarnir kæmu frá Wall Street. Þegar ég var staddur úti í Noregi nú í vetur sagði norskur þm. að þeir væru farnir að lána Reagan peninga, koma þeim fyrir í bönkum þar. Hvert stefnir í fjármálalífi Bandaríkjanna í dag, hvert stefnir? Það er búið að fara út í þá furðulegustu tilraunastarfsemi sem framkvæmd hefur verið í þessu ríka þjóðfélagi, að reka ríkissjóð með glórulausum halla. Hér ætlar allt vitlaust að verða ef hæstv. fjmrh. talar um erfiðleika og að það sé hugsandi að það geti orðið halli. Það ætlar allt vitlaust að verða í þessu þjóðfélagi, það finnst mörgum óábyrgt, en þar reka menn ríkissjóð með glórulausum halla. Hvert stefnir með sama áframhaldi? Verði haldið áfram að reka ríkissjóð Bandaríkjanna með sama halla þá komast Bandaríkin yfir í hóp þeirra landa sem skulda, að vísu í bandarískum dollurum, eigin fé, þannig að þeir geta út af fyrir sig haft áhrif á það með því að fella dollarann hve mikið þeir endurgreiða. Og hæstv. fjmrh. Íslands getur þess, sem rétt er, að þetta er hvorki að hans ráðum né á hans ábyrgð. En hvað er að gerast þarna fyrir vestan haf núna? Það eru demókratar sem eru farnir að

samþykkja, eða ráða því réttara sagt, hvernig fjárlögin fara í gegn. Þeir eru farnir að hafa meiri hluta í þeim efnum vegna þess að hin stefnan er glórulaus ævintýramennska. En hvernig sem menn setja þetta dæmi upp þá er verðtrygging á sparifé á Íslandi meiri en í allri Vestur-Evrópu í dag.

Ég hygg að hv. 1. þm. Vestf. sé það umhugsunarefni að þeir kjarasamningar sem voru ógiltir og undirritaðir af formanni Sjálfstfl. voru ógiltir vegna þess að talið var að þeir væru svo vitlausir að ekki væri hægt að fara eftir þeim. Ég hygg að honum sé ljóst að sá hrunadans sem vísitölukerfið var búið að koma hér á gekk ekki upp. En engu að síður virðist núna vera haldið svo fast um þá spaða að halda uppi háum vöxtum í landinu að hættan við að hrunadansinn fari af stað aftur er gífurleg. Sú hætta er gífurleg. Munu launþegar una því að sjá efnahagsreikning fyrirtækja í þessu landi þar sem vaxtagreiðslur eru hærri en launakostnaður? Munu launþegar una því? Trúir 1. þm. Vestf. því að atvinnurekendavaldið sé svo sterkt að það ráði ferðinni þegar til slíkra átaka kemur?

Hæstv. forsrh. sagði að það væri ekki verið að tala um neikvæða vexti. Það er rétt, menn hafa ekki lagt til neikvæða vexti. En spurningin er viðmiðunin. Eru vextir ekki jákvæðir í þessu landi ef þeir eru hærri en fasteignamarkaðurinn? Eru þá ekki jákvæðir vextir? Ætli það hefðu ekki einhvern tíma þótt tíðindi hér á landi ef hægt væri að treysta því að sá maður sem legði peninga inn í banka væri nær því að eiga fyrir íbúð á næsta ári en hann var þegar hann hóf sparnaðinn? Ætli það væru ekki taldir jákvæðir vextir ef þannig væri ástatt? Núna eru raunvextirnir um 30%.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki hellt sér út í þá umræðu sem hér fer fram, en ég hef grun um að hann sé ekkert of sáttur við þá vaxtastefnu sem rekin er, hvort sem hún hefur nú verið samþykkt á flokksþingi Sjálfstfl. eða ekki.

Ég hygg að hv. 10. landsk. þm., sem minntist hér á barnafötin, hafi sem góður Alþb.-maður farið og verslað í KRON þegar hann keypti þessi barnaföt sem voru fjórum sinnum dýrari en á Norðurlöndum. Og ég get náttúrlega ekki annað en hvatt hv. 10. landsk. þm. til að mæta á næsta aðalfundi hjá KRON og fá upp hver gróðinn hefur verið. Því að ekki dettur mér önnur verslun fyrr í hug við Laugaveg, utanbæjarmanninum, en þessi myndarlega verslun Domus. En það er ekki í fyrsta skipti sem umræður sem ættu að fara fram innan Alþb. fara fram hér í þingsölum.

Það gerðist hér áðan í ræðustólnum að hv. 3. þm. Vestf. þótti ég ekki lesa nógu skýrt og greinilega upp ákveðin atriði úr grg. með frv. sem hér er til umræðu og hann endurtók lesturinn. Nú er þetta virðingarvert fyrir þá sem sjá um að vélrita ræður að hafa það alveg á hreinu hvað sagt var — og hann bætti við vissum ákvæðum varðandi verðtrygginguna. Ég hygg að þó að hv. 3. þm. Vestf. sitji nú í forsetastól þá muni hann halda geðró sinni og fara varlega í að nota kólfinn þó ég veki athygli hans á því að setningin, sem ég vitnaði í, var fortakslaus og sjálfstæð setning og fól ekki í sér neinn fyrirvara. Þess vegna var nóg lesið.

Mér þykir það aftur á móti skaði í þeirri umræðu sem hér fer fram að menn hafa ekki fengist til að ræða mjög efnislega um þá hluti hvort það gangi upp til lengdar að halda áfram vísitöluútreikningum á hinu og þessu í þjóðfélaginu, breyta um nafn á sumu og tala um kauptryggingu, og ætla svo að hafa stöðugt verðlag. Trúa menn því virkilega að þetta gangi upp? Og nú er skaði að hv. 4. þm. Norðurl. e. er horfinn úr salnum. Hann sagði að það væri víða sem svona kerfi væru til staðar eins og hér var vísitölukerfi. Ég var eindregið þeirrar skoðunar í seinustu kosningum að þetta vísitölukerfi ætti að gera að útflutningsvöru í þessari umræddu þekkingarsölu til útlendinga ef það væri svona fullkomið, en það hefur engri þjóð dottið í hug að koma sér upp svona kerfi eins og við vorum komnir með. Það sem ég óttast núna er að í staðinn fyrir það að stjórnarflokkarnir snúi sér að því að brjóta niður vísitölukerfið endanlega og taka upp gjaldmiðil í landinu, eins og aðrar þjóðir hafa, og hafa hér eðlilega hagstjórn, þá stefni menn núna í það að koma með nýjar reiknireglur og nýtt kerfi og nýja verðbólgu í landinu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. er nú kominn í sjónfæri þó ekki sé hann kominn í salinn. Það væri vel ef hann kæmi hér upp í ræðustól og gerði grein fyrir því í hvaða löndum jafnfullkomið vísitölukerfi hefur verið í gildi eins og hér á landi og hver verðbólgan hefur verið. (**SvH:** Það er í Albaníu.) Það er í Albaníu. Hæstv. iðnrh. hefur leyst úr mörgum vanda hér í salnum og merkilegt hvað hans þekking á mörgum sviðum er yfirgripsmikil. Ég verð að segja eins og er að það hvarflaði augnablik að mér að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði átt við Ísrael. En það hefur verið á misskilningi byggt. Albanía er auðvitað fyrirmyndarríkið í þessum efnum. En hann getur trúlega staðfest það hér á eftir hvernig kerfi það er sem menn notast við í Albaníu.

Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að forseti ASÍ vill viðhalda lánskjaravísitölunni. Þetta kvað hann ríkisstj. hafa skriflega undir höndum. Hagfræðimenntunin segir til sín. Ég hygg að í þeirri umræðu sem farið hefur fram um vísitölukerfi sé forseti ASÍ með þessu fyrst og fremst að tryggja sér áróðursstöðu í umræðum um það að viðhalda kaupmáttartryggingarkerfi í landinu. Hann getur með góðri samvisku sagt með réttu: Meðan við höldum áfram að hafa lánskjaravísitöluna í gildi, þá þurfum við líka að hafa kaupmáttartryggingu. Kannske er sá hópur enn nokkuð stór í þessu landi sem vill fá verðbólguna upp, vill fá nýjan hrunadans og nýja möguleika til að veiða í gruggugu vatni. En sem lokaumhugsunarefni fyrir hv. 3. þm. Vestf. vil ég minna á að formaður Alþfl. hefur verið mjög harður andstæðingur vísitölubindingar launa og skorið sig úr í atkvgr. hér í þinginu þegar tekist hefur verið á um þessa hluti. Og þó að ég hvetji nú hv. 3. þm. Vestf. til að fara varlega í að hafa hann sem fyrirmynd á öllum sviðum, þá hygg ég að það væri þarft fyrir hann að fara í smiðju til hans hvað þetta snertir svo sem eina kvöldstund og fá upplýsingar um hina nýju stefnu og hinn nýja stíl, sem upp er tekinn á þeim bæ, svo að hann stígi nú í takt við foringjann þegar og þá sjaldan að hann hefur rétt fyrir sér.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess nú, þegar kvöldfundur hefur staðið hér nokkuð á þriðja tíma, að vekja athygli á því að við þessa umræðu um þetta stjfrv., sem hæstv. forsrh. mælti hér fyrir á fyrri fundi í dag, hafa stjórnarliðar verið langfyrirferðarmestir. Hér hefur staðið yfir málfundur mjög

í menntaskólastíl það sem ég hef á hlýtt og hér hefur farið fram umræða um víðan völl á milli hv. stjórnarliða um það frv. sem hér er til umræðu en þó öðru fremur um óskyld málefni. Þátttakendur í þessum umræðum hafa verið fyrirferðarmiklir stjórnarliðar úr Vestfjarðakjördæmi og eru sennilega með ræðum sínum að aðstoða hæstv. forsrh., sem er þm. sama kjördæmis, við það að þoka fram málum ríkisstj. sem sögð eru vera ástæða þess að ekki sér enn fyrir lyktir á fundum Alþingis þess sem nú situr þótt kominn sé sá tími árs sem þingi að jafnaði er lokið eða er að ljúka.

Þar eð hæstv. forsrh. er hér í þingsal finnst mér ástæða til þess að inna hann eftir því við þetta tækifæri hvað hann hafi ætlað sér og hæstv. ríkisstj. um þinghaldið, hvernig hann sjái fyrir sér lyktir á störfum Alþingis og framgang þeirra fjölmörgu mála sem ríkisstj. hefur sett á lista, milli 70 og 80 sem hún óskar að fram nái að ganga. Nú er það ekki svo að ég sem stjórnarandstæðingur telji það eftir mér að sitja hér á þingi daga og fram á nætur, en óneitanlega væri æskilegt að við fengjum einhverja vitneskju um það hvenær hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans hyggst ljúka fundum Alþingis og einnig hvað hæstv. forsrh. og ríkisstj. ætlist fyrir í sambandi við mál sem ýmist eru ekki fram komin en á óskalista ríkisstj. eða hafa verið að koma hér inn í þingið á allra síðustu dögum. Við fengum hér í dag á borð okkar frv., sem að vísu er lagt fram í hv. Ed., til laga um sjóði atvinnuveganna, grundvallarbreytingu á sjóðakerfi atvinnustarfsemi í landinu og ég hygg að þetta mál hafi verið eitt af nokkrum óframkomnum stjfrv. sem ríkisstj. óskar eftir að fá afgreidd á yfirstandandi þingi. Við skulum reikna með að orðræður hv. stjórnarsinna verði í hverju máli með svipuðum hætti og fram hefur farið í umræðu um þetta mál sem hér er til umræðu og þá er mér nokkuð til efs að sumarið endist til þinghaldsins. Ég efast um að það verði ástæða fyrir menn að skreppa heim til sín áður en næsta þing verður sett að hausti samkvæmt hefð 10. október ef fram fer sem horfir, ef hv. skrifari, 5. þm. Vestf., þarf að leggja jafnmargt og skilmerkilegt til mála eins og hann hefur gert í ræðum sínum hér við þessa umræðu og hv. 1. þm. Vestf., sem er hér næstur á mælendaskrá, þarf að eiga orðastað við hann um mjög svo fróðleg efni.

Hér hafa þegar fjórir stjórnarliðar flutt sex ítarlegar ræður og einn úr þessum hópi hefur kvatt sér hljóðs öðru sinni, hv. 1. þm. Vestf. Ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hvernig hann sjái fyrir sér þinghaldið, framgang þeirra mála sem ýmist eru stödd miðja vegu í meðferð þingsins eins og frv. til lánsfjárlaga, sem enn er óafgreitt 20. maí, frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á landbúnaðarafurðum, sem var að fara til nefndar í fyrri deild nú mjög fyrir skömmu, og svo svona smálagabálkur eins og frv. um sjóði atvinnuveganna sem var verið að leggja fram í dag og sjálfsagt eru ýmis ókomin. Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. metur mikils þau hollu ráð sem liðsmenn hans hafa verið að veita honum hér í ræðum sínum í dag og þann stuðning, en ég spyr sem sagt: Hver er hugur hæstv. ráðh. um framhald þingstarfa og framgang mála ríkisstj.? Það væri æskilegt að hæstv. forsrh. vildi tjá sig um það hér á þessu stigi umræðunnar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Því miður treysti ég mér ekki til að segja hv. þm. hvenær þingi verður lokið. Ég er honum sammála um að með aðstoð hv. stjórnarsinna mun þingið standa langt fram á sumar. Ég hef hins vegar ekki beðið um þá aðstoð.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það var óneitanlega spaugilegt að hlýða á ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þar sem hann hafði miklar áhyggjur af því að örlítill ræðustúfur minn hér áðan mundi verða þess valdandi að þing mundi teygjast fram á sumar. Þetta er ekki síst spaugilegt vegna þess að hv. þm. hefur nú verið efstur í keppnum Dagblaðsins sem fram hafa farið undanfarin ár um það hver talaði lengst hér á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Sprengt allt kvótakerfið.) Margsprengt allt kvótakerfi og talað margfalt lengur en svona meðalþingmaður hér á hv. Alþingi. Þess vegna held ég að hv. þm. væri best að líta í eigin barm ef hann hefur áhyggjur af því að þing kunni að teygjast fram á sumar.

Ég ætla mér ekki að tefja umræður mjög en vegna þeirra orða sem fallið hafa frá því að ég lauk máli mínu áðan þarf ég að gera örfáar athugasemdir. Mikilvægast er auðvitað að taka af öll tvímæli um að mér dettur aldrei í hug að tala um hv. 5. þm. Vestf. í fleirtölu þó ég hafi mikið álit á þeim manni, a. m. k. hefði ég ekki viljað sjá hv. þm. í fleirtölu þegar útvarpslagafrv. hlaut afgreiðslu sína. Þess vegna var það mikill misskilningur hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég notaði fleirtölu um hv. þm. Ólaf Þórðarson. Ég talaði hér um andans menn eins og t. d. Ólaf Þórðarson og það er náttúrlega allt annað mál.

Hv. 3. þm. Vestf. reyndi, eins og honum er stundum lagið, að snúa út úr orðum mínum þegar hann talaði um að ég hefði verið að kveinka mér undan því að haldið væri uppi umræðum um stöðu fiskvinnslunnar og fiskvinnslufólks í landinu hér á hv. Alþingi. Þetta er auðvitað eins mikið út í loftið og frekast er unnt að hafa það. Vitaskuld er ég ekki að kveinka mér undan þessu nema síður sé. Ég held að það væri einmitt ástæða til þess núna að á hv. Alþingi væri rædd staða fiskvinnslunnar og útgerðarinnar í landinu þegar eru að líta dagsins ljós ársreikningar útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja fyrir árið 1984 og draga nú ekki upp allt of glæsilega mynd af afkomu í þeirri atvinnugrein.

Það er hins vegar misskilningur hjá hv. 3. þm. Vestf. að þessi þróun hafi hafist í tíð núv. ríkisstj. Hún hafði hafist áður en því miður hefur núv. ríkisstj. ekki gert nægjanlegt til þess að sporna gegn henni og snúa henni við. Sú þróun kemur m. a. vel fram í tölum sem fyrrum varaformaður Alþb. hefur birt opinberlega og Þjóðviljinn vitnaði í með sérstakri velþóknun. Þar kemur m. a. fram að skuldir útgerðar sem hlutfall af eignum námu árið 1980 47.5% en árið 1983 voru þær komnar upp í 60.2%. Þetta sýnir okkur auðvitað að þessi þróun hófst á þessum tíma og raunar hygg ég allnokkru fyrr.

Út af ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingríms J. Sigfússonar vil ég einungis segja það að undir henni rifjaðist upp fyrir mér gömul saga, sem oft er rifjuð upp, um það hvernig fór þegar Kínverjar þurftu að skamma sína gömlu bandamenn Rússa. Þá höfðu þeir þann siðinn að beina spjótum sínum að smáríkinu Albaníu sem hér hefur borið örlítið á góma í umræðunni. Þannig fór auðvitað um hv. þm. Steingrím J.

Sigfússon sem belgdi sig hér mjög út yfir því að erlendar lántökur hefðu aukist á undanförnum árum og viðskiptahalli væri orðinn viðvarandi og allt of mikill. Ég veit að hv. þm. er fullvel ljóst hvernig þróunin var í þessum efnum í tíð þeirrar ríkisstj. sem Alþb. átti aðild að og þess vegna eru þessi orð sem hann mælti hér ekki síður meint til þeirrar ríkisstj. og hans eigin stjórnmálaflokks fyrir þá stjórnarþátttöku.

Ég verð að játa að það er dálítið erfitt að ná handfestu á kennisetningu Ólafs Þ. Þórðarsonar hv. þm. um vaxtamál. Hann spyr: Hverjir eru raunvextirnir ef miðað er við fasteignaverð í Reykjavík og þróun þess? Síðan segir hann: Þeir eru 30%. Út af fyrir sig er þetta örugglega alveg rétt. Út af fyrir sig er það örugglega líka alveg rétt að ef notuð væri viðmiðunin um barnafötin væru raunvextirnir einhverjir allt aðrir. Og ef miðað væri við einhverja aðra vísitölu þá væru raunvextirnir enn aðrir. Ef miðað væri t. d. við þróun vísitölu á húseignum úti á landi þá væri niðurstaðan auðvitað allt önnur.

Þess vegna er þetta deila um keisarans skegg að vera að þrátta um það hvort raunvexti eigi að miða við einhverja tiltekna hækkun á einhverjum tilteknum vörum. Það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er einfaldlega sá að þegar við erum að móta okkar peningamálastefnu þá erum við að gera það með tilteknu markmiði. Ekki með því markmiði endilega að hafa vextina sem næst hækkun ákveðinna vörutegunda eða vöruflokka. Við erum einfaldlega að stefna að því að hér sé eðlilegur sparnaður í landinu, að það sé eðlilegur sparnaður til þess að fólk sem er að ráðast í húsbyggingar geti fengið lán til langs tíma með viðráðanlegum kjörum. Við erum líka að tala um þá eðlilegu stefnu okkar að atvinnulífið í landinu þurfi ekki ævinlega að leita út fyrir landsteinana eftir lánsfé heldur geti leitað eftir því í innlendum bankastofnunum.

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Og ef við búum við þá efnahagsstjórn sem m. a. leiðir til svo hárra raunvaxta sem hér eru ríkjandi og ég gaf skýringar á hér áðan og við viljum breyta þessu, þá verðum við að reyna að nota þau tæki sem við höfum til þess. Það gerum við ekki með því að halda hér langar ræður og belgja okkur yfir því að þetta sé aldeilis fráleitt ástand. Það þýðir ekkert að hafa stór orð um okurlánara. Það þýðir ekkert að setja hér á klukkustundalangar ræður um vonsku þessara vaxta. Það þýðir ekkert að tala eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson gerði um það að menn eigi að tala vel eða illa um fasteignamarkað. Það er verið að tala um þessa hluti eins og þetta séu einhverjir persónugervingar. Þessi umræða er alveg fjarstæðukennd. Menn kjafta ekkert niður vextina með orðskrúði. Það er kjarni málsins. Menn móta efnahagsstefnu þar sem reynt er að hafa áhrif á raunvaxtastigið í landinu. Það er það sem málið snýst um og ekkert annað.

Ég sagði að fasteignamarkaðurinn væri duttlungafullur. Yfir þessu hneykslast hv. 5. þm. Vestf. óskaplega og taldi að þetta rækist á við það sem ég hefði á undanförnum árum verið að segja. Vitaskuld er fasteignamarkaðurinn duttlungafullur vegna þess að hann ræðst af svo ákaflega mörgu. Hann ræðst t. d. af því hvert kaupmáttarstigið er í landinu. Hann ræðst af því hvert er framboð á lánsfé og á hvaða kjörum það fæst. Og hann ræðst af því hvort eitthvað er að marka yfirlýsingar Alexanders Stefánssonar. Og hafandi hið síðasttalda í huga er óeðlilegt að ég tali um að fasteignamarkaðurinn sé duttlungafullur.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það hefur margt merkilegt borið hér á góma. T. d. hefur smáríkið Albanía við Adríahafið dregist á fróðlegan hátt inn í þessa umræðu og upplýst er að sérfræðingur sé á meðal vor, hæstv. iðnrh., sem geti skorið úr ágreiningsmálum sem snerta það ríki og er það gott og vel. Reyndar eru miklar breytingar þar á döfinni, að mér er tjáð, því að sú fregn flaug eins og eldur í sinu um norðanverðar Adríahafsstrendur í sumar að fiskibátur frá Albaníu hefði í fyrsta sinn í 25 ár selt fisk í ítalskri höfn og þóttu einhver merkustu tíðindi sem snertu samskipti þess ríkis við aðrar þjóðir sem menn höfðu lengi heyrt. En hvernig það kemur nú inn í umræður um vaxtamál á Íslandi, það er svo önnur saga.

Ég vil taka alveg sérstaklega undir orð hv. síðasta ræðumanns, um það að menn kjafta auðvitað ekkert niður vexti, það er alveg rétt. Menn geta kjaftað alveg hreint endalaust, hvort sem það er heldur hér á hv. Alþingi eða t. d. uppi í Borgarnesi, það hefur nefnilega sýnt sig að ræðuhöld í Borgarnesi hafa engin minnstu áhrif á vextina í landinu. Þegar upp er staðið breytast vextirnir ekkert við það þó einhverjir menn lýsi óánægju sinni með vaxtastigið uppi í Borgarnesi. Það hefur hins vegar komið í ljós að hinn íslenski peningamarkaður, íslenskt efnahagskerfi var á engan hátt undir þessa vaxtakollsteypu búið og hin merka tímamótabreyting, sem formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl. gumaði sem mest af er auðvitað kollhnís og magalending og eiginlega lenda þeir þar á rófubeininu ef svo má að orði komast. Það er hins vegar upplýst og meira að segja seðlabankastjóri, sjálfur æðstipresturinn, viðurkennir það að þetta gangi ekki upp, þetta hafi allt farið úr böndunum, það verði að grípa í taumana. Hann telur sig að sjálfsögðu rétta manninn til þess, en ég er þeirrar skoðunar að það eigi að taka vaxtaákvörðunarvaldið úr höndum hans og vextir eigi að ákvarðast hér á hinu háa Alþingi og hvergi annars staðar. Það séu, þegar allt kemur til alls, stjórnmálamennirnir sem eru að reyna að móta vaxtastefnuna, sem móta efnahagsstefnuna, sem eigi einnig að taka á vöxtunum, og það sé engra annarra en þeirra að snúa nú frá þessari endileysu, sem hér hefur verið í vaxtamálunum, og koma á einhverju skikkanlegu raunvaxtastigi í landinu. Þetta hefur nógu lengi gengið svona til og er mál að linni. Máttleysi einstakra ráðherra til þess að ná fram þeirri stefnu sinni að vextirnir séu ekki of háir í landinu, það er hins vegar umhugsunarefni. Það er mikið umhugsunarefni þegar hæstv. félmrh. lýsir því yfir á fundum, hvort sem það er nú uppi í Borgarnesi eða hér, að hann telji vextina allt of háa, að eitt af þeim mestu vandamálum sem hann glími við í stjórnun sinna málaflokka séu vextirnir, það séu of háir vextir og þeir séu honum nánast fjötur um fót við að leysa vanda húsbyggjenda og húsnæðismálin almennt, og að hann skuli síðan engu ná fram. Ég man ekki betur en ég hafi einhvern tíma heyrt svipaðan tón frá hæstv. forsrh. meira að segja um vextina. Hvernig stendur þá á því að ríkisstjórnin, eða a. m. k. sá hluti hennar sem er þessarar skoðunar, skuli ekki ná þessari stefnu sinni fram, þegar meira að segja Jóhannes Nordal er búinn að viðurkenna það að þetta gangi ekki svona? Það er umhugsunarefni. Og það held

ég að hv. Alþingi ætti að hugleiða áður en það fer nú í frí, hvenær sem það verður, hvort það getur látið þetta ganga svona til lengur, hvort það er ekki einmitt Alþingis að grípa hér í taumana, koma einhverju skikki á þessi mál. Ég er þeirrar skoðunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. 438. mál (þskj. 742). — 1. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef lofað hæstv. forseta hér í deild að vera ekki mjög margorður um þetta mál enda ástæðulaust, þetta er samkomulagsmál. Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna er sammála um allar þær brtt. sem hér eru fluttar. Þær eru tæknilegs eðlis. Þær eru til þess að mæta þeirri þróun sem orðið hefur bæði í samningum og löggjöf á liðnum árum.

Eins og fram kemur í upphafi grg. er með þessu frv. verið að samræma réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna réttindum sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða, aðallega sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, og lagfæra ýmis ákvæði vegna lagasetningar 1981 um ellilífeyrismál sjómanna við 60 ára aldur. Einnig vegna breytinga á lögum um eftirlaun aldraða sem samþykktar voru á Alþingi 19. desember 1984.

Allar þessar breytingar leiða til aukinna réttinda sjóðfélaga og þær eru mjög vel útskýrðar í athugasemdum við frv. Ég tek skýrt fram, til þess að valda ekki ráðherrum okkar áhyggjum, að samþykkt þessa frv. mun ekki leiða til útgjalda fyrir ríkissjóð. Allir flm., sem eru fulltrúar allra flokka hér á þinginu, eru sammála um flutning frv. og ég treysti á að hv. fjh.- og viðskn., sem ég legg til að málinu verði vísað til að aflokinni þessari umr., taki málið fyrir og komi því áleiðis svo að það geti orðið að lögum á þessu vori. Hér er um hreint löggjafarmál að ræða og varðar ekkert innanlandsmál í Albaníu né ræðuhöld hæstv. samgrh. í Borgarnesi eða annarra höfðingja.

Ég legg til að að lokinni þessari umr., herra forseti, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 84. fundur.

Þriðjudaginn 21. maí, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda. 113

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, sem raunar þarf ekki að gera, að við höfum tvo fundi í dag eins og venjulega á þriðjudögum. En því er minnst á þetta að hv. þm. eru beðnir um að vera við því búnir að það verði kvöldfundur.

Kísilmálmverksmiðja á Grundartanga, fsp. 445. mál (þskj. 756). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Á þskj. 756 hef ég flutt eftirfarandi fsp. til iðnrh. um viðræður um kísilmálmverksmiðju á Grundartanga:

1. Hefur stóriðjunefnd átt viðræður við norska fyrirtækið Elkem um þátttöku þess í að reisa kísilmálmverksmiðju á Grundartanga í stað slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði?
2. Sé svo, á hvaða stigi eru þær viðræður og hver gaf stóriðjunefnd fyrirmæli um að hefja þær?

Tilefni þessarar fsp. er frétt sem birtist í Morgunblaðinu fyrir réttum mánuði síðan. Segir þar, með leyfi forseta:

„Könnun fer nú fram á því hver kostnaður væri af því að byggja kísilmálmverksmiðju á Grundartanga og þá jafnvel í samvinnu við Elkem í stað þeirrar verksmiðju sem fyrirhugað er að reisa á Reyðarfirði. Viðræður þar að lútandi eru að hefjast milli stóriðjunefndar og Elkem."

Ég ber þessa fsp. fram vegna þess að það eru engin lög til í landinu sem heimila byggingu kísilmálmverksmiðju á Grundartanga. Alþingi samþykkti lög þann 17. maí 1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og þeirri löggjöf var fylgt eftir með þál. 22. maí 1984, í lok síðasta þings, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Með vísun til laga nr. 70 frá 17. maí 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, samþykkir Alþingi niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmverksmiðjunnar hf., dags. 7. janúar 1983, ásamt viðbót frá 5. apríl s. l. og ályktar að veita ríkisstj. heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild."

Ég tel að í þessari lagasetningu og í þessari þál. hafi falist ákveðin stefnumörkun um að dreifa fyrirtækjum í orkufrekum iðnaði frekar um landið en verið hefur og tel því nauðsynlegt að iðnrh. upplýsi Alþingi um hvort frá þeirri stefnumörkun eigi að hverfa og hvort viðræður um að reisa kísilmálmverksmiðju á Grundartanga séu í gangi enn og á hvaða stigi þær eru og af hvaða tilefni þær voru hafnar. Það er nauðsynlegt að Alþingi og þjóðin öll fái sem gleggstar upplýsingar um þetta mál. Ég hygg að afdrif þess muni skipta sköpum um hver stefnan verður í byggingu orkufrekra fyrirtækja í framtíðinni, hvort sú stefna verður ofan á að stefna þeim öllum á eitt landshorn með öllum þeim hliðaráhrifum sem þessi rekstur hefur eða hvort á að brjótast út úr þeim hring og dreifa þeim fyrirtækjum um landið frekar en verið hefur.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fyrri lið fsp. vil ég taka þetta fram:

Viðræðunefnd mín við erlend fyrirtæki um eignaraðild að kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði hefur átt viðræður við allmörg fyrirtæki eins og áður hefur komið fram á Alþingi. Eitt þeirra fyrirtækja er Elkem í Noregi, en Elkem er einn stærsti framleiðandi kísilmálms í heimi og framleiðir um 25% af heimsframleiðslunni.

Í upphafi var áhugi Elkem lítill, en hann hefur nú aukist og hefur fyrirtækið lýst sig reiðubúið til frekari viðræðna um eignaraðild. Af hálfu íslensku viðræðunefndarinnar hefur Elkem verið gerð grein fyrir þeim lögum sem gilda um staðsetningu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og að íslensk stjórnvöld hefðu ekki í huga að gera breytingu þar á. Á viðræðufundi aðila kom fram af hálfu Elkem að fyrirtækið teldi ódýrara að reisa kísilmálmverksmiðju á Grundartanga en á Reyðarfirði, enda væri hægt að samnýta ýmsar eignir Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga, m. a. mötuneyti, verkstæði, skrifstofur og fleira. Létu Elkem-menn það í ljós að óeðlilegt væri að leggja þann kostnað alfarið á verksmiðjuna á Reyðarfirði. Íslensk stjórnvöld yrðu í einhverju formi að bæta upp þann kostnaðarmun og er slík afstaða út af fyrir sig skiljanleg.

Sem svar við 2. lið fsp. tek ég fram: Samninganefnd mín hélt fund með Elkem í Osló 9. maí s. l. Þar var farið yfir þætti málsins, en fátt nýtt kom fram. Fundur með Voerst Alphine, *ríkisfyrirtæki í Austurríki, er haldinn í* dag í Linz í Austurríki. Við þær viðræður bind ég miklar vonir.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka iðnrh. þessi svör og tel mig reyndar hafa fengið þau svör sem ég var að vonast eftir hér úr þessum ræðustól, að Elkem hafi verið gerð grein fyrir þeim lögum sem gilda hér á landi um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og það sé ekki meining stjórnvalda að gerð verði breyting á þeim lögum. Ég tel þetta þýðingarmikla yfirlýsingu sem nauðsynlegt var að fá hér úr þessum ræðustól.

Ég vil ítreka það að leitað verði allra leiða til þess að af þessari uppbyggingu verði á Austurlandi. Þetta mál hefur nú verið undirbúið um langan tíma og allar aðstæður eru fyrir hendi á Austurlandi til að reka slíkt fyrirtæki ef það er á annað borð arðbært að reka slíka starfsemi hér. Ég vil því láta í ljós þá von að að þessu verði unnið af fullum krafti og hef reyndar ekki ástæðu til að efast neitt um heilindi hæstv. iðnrh. í því sambandi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það má segja að litlu verði Vöggur feginn, eins og heyra mátti hér hjá hv. fyrirspyrjanda Jóni Kristjánssyni í sambandi við yfirlýsingu hæstv. iðnrh. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt að þm. Austurlands spyrji að því hvort fyrirhugað sé af hæstv. iðnrh., sem er einn af þm. Austurlands, að flytja þetta fyrirtæki um set yfir í annan landshluta. En það er alveg ljóst að hæstv. ráðh. hefur látið nefnd sína standa í viðræðum við Elkem í Noregi, viðræðum sem af hálfu Elkem eru lagðar upp þannig að þeir séu ekki reiðubúnir til að standa að kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði nema að fá einhverja sérstaka meðgjöf vegna uppbyggingar slíks fyrirtækis þar. Það er alveg ljóst að áhugi Elkem hefur fyrst og fremst verið bundinn við það að geta haft ákveðna stýringu á þessum málum. Ef til þess kæmi að Íslendingar ætluðu sér að fara inn á þennan markað og standa að slíku fyrirtæki, þá vildu þeir hafa þar fingurna í til þess að tryggja sína hagsmuni sem stórframleiðandi á kísilmálmi. Og þegar hæstv. iðnrh. hefur ekki getað dregið upp neina aðila, sem í alvöru vildu ræða við hann um þátttöku í þessu fyrirtæki, þá hefur Elkem gefið sig fram og viðræður standa nú yfir um kísilmálmverksmiðju „hér á landi", eins og það er orðað í fréttatilkynningu.

Nú ætla ég ekki að gera því skóna að hæstv. ráðh. ætli að beita sér fyrir breytingu á lögum í þessa átt. En hitt hefur komið fram af hálfu ráðh., að hann er reiðubúinn til þess að breyta lögunum að því er varðar meirihluta-eignaraðild Íslendinga og íslenska ríkisins að þessu fyrirtæki. Það hefur komið fram og ég tek því með öllum fyrirvara orð og yfirlýsingar að þessu leyti eins og að þessum málum hefur verið staðið. Hitt hljótum við einnig að rifja upp og láta koma fram hér í sambandi við þetta mál, að stjórnarmenn þessa fyrirtækis, sem kosnir eru af Alþingi, m. a. af Framsfl., hafa ekki knúið á um það innan stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. að ráðist yrði í framkvæmdir á grundvelli laga og heimilda sem Alþingi hefur veitt ríkisstj. þar að lútandi, þó að tillögur hafi komið fram um það ítrekað af hálfu fulltrúa Alþb. í stjórn þessa fyrirtækis að ráðist yrði í verksmiðjuna af Íslendingum eins og lög standa til um.

Og hitt atriðið, að af hálfu fyrirtækisins, Kísilmálmvinnslunnar, verði unnið að markaðsmálum með það í huga að Íslendingar geti beitt sér fyrir þessu fyrirtæki sem fullburðugir aðilar, það hefur ekki heldur fengið stuðning fulltrúa Framsfl. í stjórn fyrirtækisins. Þetta tel ég út af fyrir sig mjög slæma afstöðu, afstöðu sem er ekki til þess fallin að ýta á eftir því að ráðist verði í framkvæmdir svo sem eðlilegt hefði verið fyrir löngu síðan.

Lán opinberra lánasjóða, fsp. 450. mál (þskj. 765). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 765 borið fram svohljóðandi fsp. til viðskrh.:

Telur ráðherra ástæðu til að fram fari opinber rannsókn á útlánum opinberra lánasjóða og ríkisbanka til að ganga úr skugga um að allar lánveitingar séu með fullnægjandi tryggingum?

Það er nú vafalaust þannig að í lögum um flesta opinbera lánveitingasjóði, a. m. k. þá sjóði sem ekki eru beinlínis áhættusjóðir, áhættulánasjóðir, og þeir eru nú fáir, þá eru ákvæði um tryggingar veðlána, sbr. Fiskveiðasjóð sem ég er reyndar með sérstaka fsp. um. Það er mikilvægt að huga vel að tryggingum þessara lána vegna þess að þarna er um skattfé að ræða, hagsmuni skattborgara. Þetta eru opinberir sjóðir og á tímum verðbólgu og breytinga á verðlagi eigna hlýtur að vera mjög brýnt að fylgst sé vel með hag þeirra. Nú er ég ekki með nein ákveðin sérstök dæmi um þessi mál, en mig langar til að heyra skoðun viðskrh. á því hvort hann telji að nægilega sé fylgst með þessum málum, að menn fylgist með því að skuldir vaxi ekki umfram verðgildi veða og hvort hann telji ástæðu til að fara ofan í saumana á því.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. þm. hefur lýst þeirri fsp. sem hann hefur borið fram til viðskrh. Sem svar við fsp. vil ég taka fram að undir starfssvið viðskrn. falla einungis málefni innlánsstofnana, þar á meðal ríkisbanka, en ekki málefni opinberra lánasjóða. Alþingi hefur falið einstökum ráðuneytum

yfirstjórn þessara sjóða. Til að öðlast vitneskju um málefni þeirra er því nauðsynlegt að hlutaðeigandi ráðherra eða trúnaðarmenn Alþingis, sem Alþingi hefur kjörið í stjórn sjóðanna, svari því.

Innlánsstofnanir eru hins vegar háðar eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um starfsemi bankaeftirlitsins segir í lögum um Seðlabanka að þær skuli fylgjast með því að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Enn fremur segir að bankaeftirlitinu skuli heimilt að gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar ráðherra þegar í stað. Athugasemdir um útlán ríkisbankanna, sem gætu hafa verið tilefni slíkra fsp., hafa ekki borist rn. Athugasemdir eftir öðrum leiðum hafa heldur ekki komið til rn. Með vísan til þessa þykir mér rétt að svara fsp. neitandi að því er varðar útlán ríkisbankanna, en vísa um útlán opinberra lánasjóða til viðkomandi ráðherra og stjórnarmanna kjörinna af Alþingi.

Þá er rétt að vekja athygli á að krafa um opinbera rannsókn á hendur ríkisbönkum vegna útlána þeirra er alvarlegs eðlis, ekki síst vegna þess að um slíka kröfugerð er rætt hér á Alþingi. Slíka kröfu væri ekki hægt að mínum dómi að setja fram nema grunur léki á um refsiverða háttsemi eða eitthvað það sem viðkomandi teldi að úrskeiðis hefði farið, en af ræðu hv. fyrirspyrjanda mátti ráða að ekki væri um neitt slíkt tilfelli að ræða, sem væri orsök fsp., heldur aðeins að hann óskaði eftir svari sem nánast væri um prinsipákvörðun.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svar. Það kemur fram í svari hans að viðskrn. fer ekki með málefni einstakra lánasjóða. Það er mér kunnugt um, enda hef ég í samræmi við það borið fram sérstaka fsp. til sjútvrh. t. d. um málefni Fiskveiðasjóðs. Hins vegar tel ég að fsp. sem þessi eigi engu að síður erindi til viðskrh. þar sem það mundi vera í hans verkahring að hafa — eigum við að segja almennt siðgæðiseftirlit með fjármála- og peningastarfsemi í landinu. Ég held að það sé full ástæða til að spyrja spurninga sem þessara af ástæðum sem ég vék reyndar að í inngangi. Það hefur augljóslega orðið mjög mikið misgengi milli verðlags á flestum fasteignum í landinu á undanförnum misserum, fasteignum sem vafalaust eru lagðar til grundvallar fyrir verðtryggingum, og hins vegar lána. Lán hafa hækkað eins og við vitum af ýmsum ástæðum. Þau hafa hækkað stórkostlega vegna gengisbreytinga. Þau hafa hækkað vegna þess að lánskjaravísitala hefur hækkað meira en launakjör, sem aftur ráða eftirspurn t. d. eftir fasteignum, þannig að það hefur orðið vart verulegs misgengis. Líklega hafa lán, sem veitt eru húsnæðismarkaðinum, hækkað verulega miklu meira en verðgildi þeirra eigna sem notaðar eru til veðsetningar á markaðsverði.

Án þess að ég sé með nokkrar aðdróttanir um að misferli eigi sér stað í þessum efnum held ég að það hljóti að vera verðugt verkefni stjórnvalda að huga að því hvernig tryggingum lána, allt frá húsnæðislánum til fjölda annarra lána, er komið vegna þess að hér er í flestum tilfellum um að ræða fjármagn sem stjórnvöld gæta í umboði skattborgara og skv. lögum á á hverjum tíma að gæta trygginga þeirra sem best.

Lán Fiskveiðasjóðs Íslands, fsp. 462. mál (þskj. 782). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 782 beint fsp. til sjútvrh. um tryggingar fyrir lánum Fiskveiðasjóðs Íslands. Fsp. hljóðar svo:

Hefur Fiskveiðasjóður nægar tryggingar fyrir veðlánum til svokallaðra uppboðstogara?

Ef svo er ekki, telur ráðherra að stjórn og forstjóri Fiskveiðasjóðs hafi sinnt skyldum sínum?

Þessi fsp. kemur í beinu framhaldi af fsp., sem ég hef rétt nýlokið við að gera grein fyrir, þar sem ég spurði hæstv. viðskrh. almennt um álit hans á því hvernig þessum málum væri fyrir komið í sambandi við sjóða- og bankakerfið allt. Hér er hins vegar um nánar afmarkað dæmi að ræða. Eins og ég vék að hér áðan, þá er mikilvægt að gæta tryggingar fyrir lánveitingar opinberra sjóða, þeirra sem ekki eru beinlínis áhættulánasjóðir. Það er auðvitað erfitt eins og málum hefur verið háttað hér á landi að undanförnu, en það hlýtur engu að síður að vera skylt að gera það, enda er það beinlínis tekið fram í lögum um hina ýmsu sjóði. Það er erfitt að gera það á tímum mikillar verðbólgu og mikilla gengisbreytinga og alls kyns misvísana í efnahagslífi þjóðanna. Ef marka má fréttir af svokölluðum uppboðstogurum virðast skuldir í sumum tilfellum verulega miklu hærri en tryggingarverðmæti skipanna sem lagt er til grundvallar veði. Í 11. og 12. gr. laga Fiskveiðasjóðs er kveðið á um ákveðið hlutfall sem lán sjóðsins megi nema af kostnaðar- eða matsverði skipa. Af nýjum skipum, sem smíðuð eru innanlands, er talað um ¾ hluta svo að tekið sé dæmi. Lán gegn veði í öðrum eignum mega einungis nema 60% af matsverði. Á síðasta þingi var samþykktur viðauki við lög um Fiskveiðasjóð og var það til staðfestingar á brbl. sem voru gefin út við fæðingu þessarar ríkisstj. Þar er fjallað um að stofnuð verði sérstök deild sem hafi það hlutverk að veita lán til hagræðingar í fiskiðnaði og að leysa sérstök staðbundin vandamál fyrirtækja í sjávarútvegi. Þar eru Fiskveiðasjóði veittar rýmri reglur til að veita lán, en engu að síður eru í grg., sem gefin var út í framhaldi af þeirri lagasetningu, tiltekin ákveðin mörk sem lánunum eru sett, þ. e. að þau séu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakenda ásamt vélum og búnaði innan 70% af vátryggingarverði eða í fiskiskipum innan 90% af húftryggingarmati. Þessi veðmörk eru sem sé hækkuð, en þau eru engu að síður. Tilefni fsp. minnar er það að í fréttum af skuldastöðu svokallaðra uppboðstogara virðast skuldir nema verulega miklu hærri fjárhæðum en tryggingarverð skipanna er, svo að við látum nú veðmörk vera. Þess vegna beini ég þessari fsp. minni til ráðh. Ég ætla mér ekki að gera að umtalsefni fjármál eða afkomu einstakra skipa. Mig langaði aðeins að spyrjast fyrir um eiginlega framkvæmd laga og reglugerða og það hvernig þessara hluta sé gætt skv. þeim lögum og reglugerðum og fyrir hönd skattborgara.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vænti þess að fleiri en hv. fyrirspyrjandi geti talað fyrir hönd skattborgaranna og ég vænti þess að ég sé einnig að gera það, enda eru allir þm. af þeim kosnir til Alþingis.

Varðandi þetta mál vil ég taka það fram að Fiskveiðasjóður á aðild að uppboðsmálum þriggja togara og vil ég aðeins rekja það. Þeir eru: bv. Sölvi Bjarnason BA 65, bv. Kolbeinsey ÞH 10 og bv. Sigurfari II SÁ 105. Fiskveiðasjóður á fyrsta veðrétt í öllum skipunum til tryggingar fyrir veðlánum sínum. Um önnur veð er ekki að ræða.

Hæpið hlýtur að teljast, og meira en hæpið, að hér sé um nægar tryggingar að ræða eins og málum er nú komið og skýrist það e. t. v. betur með tölum, sem ég vil gjarnan lesa hér upp, sem sýna vátryggingarvirði skipanna og eign Fiskveiðasjóðs í þeim. Tekið skal fram að lán til bv. Sölva Bjarnasonar var afgreitt á seinna misseri 1980 og lán til hinna togaranna tveggja á seinna misseri 1981. Lánsloforð vegna smíði á bv. Sölva Bjarnasyni var gefið 18. okt. 1977, vegna bv. Sigurfara II 9. okt. 1979 og vegna bv. Kolbeinseyjar 29. maí 1980.

Að því er varðar fyrsta skipið, þ. e. Sölva Bjarnason BA 65, þá var vátryggingarvirði hans 31. ágúst 1980 31 millj. kr., eign Fiskveiðasjóðs hjá viðkomandi skipi þá 21.6 millj. kr. eða 69.7% af vátryggingarvirði skipsins. 31. des. 1981 er skuldin komin í 84.7% af vátryggingarvirði skipsins, 31. des. 1982 í 101.7%, 31. des. 1983 í 119.7%, 31. des. 1984 í 125.8% og 16. apríl 1985 er vátryggingarvirði skipsins 123.7 millj., en eign Fiskveiðasjóðs hjá viðkomandi skipi 164.2 eða 132.7% af vátryggingarvirði.

Að því er varðar annan togarann, Sigurfara II SH 105, þá var vátryggingarvirði hans 31. des. 1981 64.6 millj. og eign Fiskveiðasjóðs þá 45.3 millj. eða 70.2% sem er mjög sambærilegt við fyrra dæmið. 31. des. 1982 er eign Fiskveiðasjóðs sem hlutfall af vátryggingarverðmæti orðin 100.7%, 31. des. 1983 124.5% og 31. des. 1984 141.2% en 16. apríl 1985 er staðan sú að vátryggingarvirði þessa skips er 186.8 millj., en eign Fiskveiðasjóðs í viðkomandi skipi 280.1 millj. eða 149.9%.

Að því er varðar síðasta skipið, Kolbeinsey ÞH 10, þá var staða þess skips 31. des. 1981 sú að vátryggingarvirði var 64.6 millj., en eign Fiskveiðasjóðs 44.2 millj. eða 68.4%. Það er mjög sambærilegt við hin fyrri dæmi. Þarna munar mjög litlu. 31. des. 1982 er eign Fiskveiðasjóðs sem hlutfall af vátryggingarvirði orðin 100.8%, 31. des. 1983 124%, 31. des. 1984 139.4% og 16. apríl 1985 er vátryggingarvirði þessa skips 175.7 millj., en eign Fiskveiðasjóðs 254.2 eða 144.7%.

Margar ástæður eru fyrir þeirri þróun sem ég hef hér rakið og kemur mjög glöggt fram á þessum tölum. Þar má nefna eftirfarandi fjórar höfuðástæður: í fyrsta lagi minnkandi afla, í öðru lagi háa erlenda vexti, í þriðja lagi lækkandi afurðaverð og í fjórða lagi óhagstæða gengisþróun að því er varðar lán sem tekin voru til þessara skipa. Af öllu þessu má vera ljóst að Fiskveiðasjóður hafði í byrjun en hefur nú ekki nægar tryggingar fyrir umræddum lánum. Til harðra innheimtuaðgerða var gripið 1983, en aðgerðum var þá frestað vegna umfangsmikilla skuldbreytinga sem nú er lokið. Niðurstaða þeirra skuldbreytinga er sú að greiðslubyrði skipanna á árunum 1984 og 1985 lækkar úr 3500 millj. í 1500 millj. kr.

Vandi skipanna kemur að sjálfsögðu ekki eingöngu fram að því er varðar þessi þrjú skip. Mjög mörg skip hafa skuldbreytt sínum lánum og þar var miðað við 90% mark af vátryggingarvirði. Ef það var ekki uppfyllt þurfti að setja frekari tryggingar sem viðkomandi skip gátu ekki gert. Síðan hefur verið haldið áfram á þessari braut og nú hefur verið ákveðið að þeir sem ekki gátu fullnægt þeim skilyrðum munu þurfa að missa skip sín og þau verða boðin upp eins og fram hefur komið.

Í seinni lið þessarar fsp. er spurt hvort ráðh. telji að stjórn og forstjóri Fiskveiðasjóðs hafi sinnt skyldum sínum. Ég tel að svo sé. Ég tel að ekki sé hægt í þessu sambandi að ásaka stjórn og forstjóra Fiskveiðasjóðs. Að sjálfsögðu er hægt að hafa langt mál um það hvers vegna málum er svo komið, hvers vegna þessir hlutir hafa gerst og hverjir eru þar ábyrgir. Það er alltaf auðvelt að finna sökudólga og ásaka menn fyrir það sem orðið er. Ég tel það hins vegar ekki skipta máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er að við lærum af þeim mistökum sem við höfum gert í sjávarútvegi og komum í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Ég tel ekki rétt að eyða miklum tíma í að finna út úr því hverjum er um að kenna.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það er ýmislegt ljóst af upplýsingum ráðh. Það er í fyrsta lagi ljóst að lög um Fiskveiðasjóð hafa verið brotin. Við getum haft mismunandi skoðanir á því af hverju það gerist. Það eru augljósar ástæður fyrir því að fjármálastaða skipanna versnar. En það er augljóst að lög hafa verið brotin. Skv. lögum sjóðsins hefur það verið hlutverk stjórnar að sjá um að til séu nægar tryggingar hverju sinni. Ein af ástæðunum fyrir því að þessi mál fengu að dankast svona lengi, að þessar skuldir fengu að safnast upp svona lengi og að menn hugðu ekki að þessu máli fyrr, var kannske sú að þeir sem áttu að hafa eftirlit með þessu sinntu því ekki.

Nú vil ég enn taka fram að ég er ekki í neinni nornabrennu. Ég er einungis að velta fyrir mér tilteknu vandamáli sem hefur komið upp í sambandi við lánasjóði og tryggingar fyrir lánum. Mér sýnist augljóst að ef lög eiga að standa og ef lög eru einhvers virði og ef eftir þeim á að fara hafa þau þarna verið brotin og það kemur fram í lögunum hverjir eru ábyrgir fyrir því að framfylgja þeim. Ráðh. lauk ræðu sinni á þann hátt að við skyldum læra af mistökum. Það er alveg rétt. Ég held að þarna sé komin enn ein ástæðan fyrir okkur til að læra það af mistökum sem eru gerð að menn eiga í fyrsta lagi að vinna skv. lögum og menn hljóta í öðru lagi að standa ábyrgir gerða sinna.

Nú vil ég aftur víkja hugsun minni að því sem við ræddum hérna áðan þar sem ég spurði hæstv. viðskrh. um það almennt hvort hann teldi að hliðstæð vandamál gætu verið víðar í sjóðakerfi eða í bankakerfi. Mér sýnist full ástæða til að ætla að svo sé. Mér sýnist full ástæða fyrir stjórnvöld að láta fara fram gagngera rannsókn á því hvernig gætt sé tryggginga fyrir opinberum lánveitingum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það kom fram í svari mínu að Fiskveiðasjóður gætti þess í upphafi að útlán væru í samræmi við þau hlutföll sem nefnd eru í lögunum. Hins vegar hefur þróun mála orðið sú að viðkomandi skip hafa ekki haft tekjur til að standa undir fjárfestingum af ástæðum sem ég hef áður greint. Jafnvel þó að vátryggingarverð sé út af fyrir sig ágætis viðmiðun oft og tíðum skiptir þetta vátryggingar-

verð afar litlu máli þegar út í erfiðleikana er komið. Þá eru það tekjumöguleikarnir sem skipta máli. Síldarplönin á Norðurlandi voru einskis virði þegar síldin hvarf og skipti þá litlu hversu hátt vátryggingarverð viðkomandi stöðva var. Sama máli gegnir um fiskiskipin. Verðmæti fiskiskipanna felst ekki í vátryggingarverði þeirra, heldur í tekjumöguleikum þeirra og öllum framtíðarmöguleikum.

Við skulum vonast eftir því að öll þessi skip eigi eftir að sjá miklu hærri tekjur í framtíðinni en við sjáum í dag. Þess vegna hafa menn farið út í jafnumfangsmiklar skuldbreytingar. Það er vegna þess að við væntum þess að hægt verði að auka afla þessara skipa og tekjumöguleikar þeirra verði meiri. En þá skiptir öllu máli að mörg ný skip komi ekki inn í flotann til að taka tekjumöguleikana frá þeim sem fyrir eru.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það kom fram í máli ráðh. að tryggingar hefðu verið nægar í upphafi. Það er alls ekki nóg. Lögin kveða ekki á um það sérstaklega að þess skuli einungis gætt að tryggingar séu nægar í upphafi. Það er ekki hægt að skilja lögin öðruvísi en svo að þess skuli ávallt gætt.

Síðan ræddi hæstv. ráðh. um að vátryggingarverð skipti litlu máli, tekjumöguleikar skipa eða söltunarstöðva skiptu máli í sambandi við verð. Það er alls ekki ráðh. að meta. Það eru lög sem eiga að gilda í þessu sambandi og lögin eru ekki til geðþóttatúlkunar ráðh. eða einstakra sjóðsstjóra. Menn verða þá einfaldlega að breyta lögum um Fiskveiðasjóð. Eins og málið stendur núna hafa þessi lög augljóslega verið brotin.

Ég endurtek að það er ekki hlutverk ráðh. eða sjóðsstjórna í einstökum málaflokkum, hvort sem það eru sjávarútvegsmál eða iðnaðarmál eða annað, að meta eftir geðþótta sínum hugsanlega tekjumöguleika eða líkur á því að úr rætist. Menn hafa lög sem þeir eiga að fara eftir og ef þeir treysta sér ekki til að fara eftir þeim ættu þeir að reyna að breyta þeim.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Ég vil minna hv. fyrirspyrjanda á það að öllum atvinnurekstri fylgir áhætta og það verður aldrei svo gengið frá tryggingum að menn geti verið 100% vissir. Ég var ekki að leggja nokkurt mat á í þessu sambandi, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði. Ég var einungis að rifja upp almennar og einfaldar staðreyndir um hvað það væri sem skipti máli. Það væru tekjumöguleikarnir almennt en ekki byggingarkostnaður eða vátryggingarvirði. Ég var á engan hátt að leggja neitt mat þar á og ég mótmæli því, sem kom hér fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það séu einhverjar geðþóttahugsanir sem þarna ráða. Fiskveiðasjóður fór að lögum í upphafi og um það fjalla skilyrðin í lögunum. Hins vegar hefur þróunin orðið sú sem raun ber vitni og menn hafa staðið frammi fyrir þessu vandamáli um alllangan tíma og hafa verið að taka á því á undanförnum tveimur árum. Það er alrangt hjá hv. fyrirspyrjanda að hér hafi verið brotin lög. Það er allstór fullyrðing, en sem betur fer er hún röng.

Flótti háskólamenntaðra manna úr þjónustu ríkisins, fsp. 459. mál (þskj. 778). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Hér liggur meðal fjölmargra þskj. fyrir hinu háa Alþingi till. til þál. um sölu á íslenskri sérþekkingu erlendis. Flytjendur hennar eru nokkrir þm. Framsfl. Í grg. fyrir þáltill. segir svo, með leyfi forseta:

„Til skamms tíma höfum við Íslendingar litið svo á að lífsafkoma okkar byggðist á þeim auðlindum sem felast í landinu sjálfu, hafinu umhverfis það og orkunni í fallvötnum og jarðhita. Að undanförnu hefur athygli manna beinst meira og meira að þeirri auðlindinni sem eðlilegast væri að telja upp fyrsta, en það er sú orka sem felst í manninum sjálfum, hugvitið, þekkingin og reynslan."

Síðar í grg. segir, með leyfi forseta:

„Hugvitið er hins vegar sú auðlind er við höfum enn sem komið er lítt hugleitt að geti verið markaðsvara eitt og sér. Á þessu hafa aðrar þjóðir fyrir löngu áttað sig og hagnýtt sína sérþekkingu sem markaðsvöru í öðrum löndum. Íslendingar hafa á undanförnum árum keypt erlendis frá margvíslega þekkingu sem í mörgum tilfellum hefur ekki verið til staðar hér á landi. En þó gæti verið álitamál í sumum tilvikum — t. d. á sviði tækniþekkingar — hvort ekki hefði verið leitað langt yfir skammt. Og þó að við eigum enn eftir að sækja margvíslega þekkingu til annarra landa er mál til komið að brjóta í blað og huga að því með hvaða hætti við getum selt okkar íslensku sérþekkingu erlendis."

Allt er þetta mikið rétt og satt og vel hugsað, en ég hygg að það stingi nokkuð í stúf við það ástand sem nú ríkir meðal háskólamenntaðra manna á Íslandi og ekki síst vegna þeirra lífskjara sem þeir nú búa við.

Ef við lítum á ástandið í skólum landsins var s. l. haust skipuð sex manna nefnd til að vinna að löggildingu starfsheitis kennara, en eins og málum er nú háttað getur nánast hver sem er tekið að sér uppfræðslu og eru þess dæmi í grunnskólunum að á kennarastóli sitji fólk sem hefur styttri skólagöngu að baki en nemendurnir. Svo virðist nú skv. svari hæstv. menntmrh. við fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hér á dögunum, um hvað liði löggildingu starfsheitis kennara, að ekki standi til að það mál nái fram að ganga á þessu þingi. Við horfum sem sagt fram á það með haustinu að mjög svo sé óljóst hvort kennarar fáist til þess að annast kennslu barna. Ég held að allir geti verið sammála um að ef við ætlum að vinna að öflugri menntun og sterku skólakerfi í landinu hljótum við að byrja á byrjuninni, þ. e. í grunnskólanum.

En auðvitað hangir þetta saman við allt ástand efnahagsmála í landinu eins og það er í dag. Lækkun raunlauna eins og átt hefur sér stað á undanförnum tveimur árum hefur vissulega í för með sér lækkun verðbólgu, en aðeins svo lengi sem raunlaunin haldast á þessu lága stigi. Meginástæða aukningar verðbólgunnar á árunum 1982 og 1983 var ekki hækkun launa, heldur miklar gengislækkanir sem miðuðu að því að auka hagnað í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Kjaraskerðingin felur í sér tekjutilfærslu til fjármagnseigenda og þeirra sem hærri launin hafa sem hafa ótal leiðir til að bæta sér upp þær skerðingar sem aðrir mega þola.

Alvarlegustu efnahagslegu áhrif kjaraskerðingarinnar og láglaunastefnunnar eru áhrif hennar á form fjárfestingar nú og á hagvöxt í framtíðinni. Kjaraskerðingin eykur að öðru jöfnu á þau offjárfestingarvandamál sem við er að stríða í íslensku efnahagslífi. Í þeim greinum sem hafa tilhneigingu til offjárfestingar er

hætta á að hagvexti verði sólundað í enn meiri offjárfestingu og þannig aukið við þau vandamál sem yfirlýst var að reynt yrði að leysa í upphafi.

Að sjálfsögðu veldur kjaraskerðingin því að stofnsett eru fyrirtæki sem miða við það að launin haldist á því lága stigi sem þau nú eru og eldri fyrirtæki fjárfesta í tækni og framleiðslutækjum sem einnig miða við hin lágu laun. Reynslan hefur einnig sýnt að þegar kjörin eru skert eins og tvö undanfarin ár eykst tekjumunur meðal launafólks. Sumir geta notað sterka markaðsstöðu til að fá hærri yfirborganir meðan aðrir sitja eftir með bera taxtana, eins og það er kallað, og hátekjuhóparnir á sporslukerfinu, með óunna yfirvinnu, bílastyrki o. s. frv., fá skerðingu kaupmáttar bætta með ýmsu móti. Þannig eykst bilið á milli hálauna- og láglaunafólks, en einnig á milli mismunandi hópa, svo sem á milli þeirra sem vinna hjá hinu opinbera og þeim sem vinna hjá einkafyrirtækjum.

Það er ljóst að námsmenn, háskólamenntaðir menn sem koma heim frá löngu námi, eiga nú mjög erfitt með að setjast að hér á landi og fara þar saman lág laun og erfiðleikar í húsnæðismálum. Við höfum þegar á síðustu vikum orðið vör við að læknar setjast nú í hópum að erlendis og það þarf ekki að tala lengi við íslenska stúdenta erlendis til þess að heyra tóninn í þeim: Það er ekki fýsilegt að setjast að á Íslandi. Á Norðurlöndum er alveg óhætt að fullyrða að laun háskólamenntaðra manna séu um fjórum sinnum hærri en hér á landi og húsnæðismálin allt önnur en hér. Það er því full ástæða til að óttast verulegan fólksflótta meðal háskólamenntaðra manna og ríkisstj. hlýtur að fara að huga að því hvernig hún bregðist við ef hér verður skortur á háskólamenntuðum mönnum. Við skulum viðurkenna það alveg opinskátt að háskólamenntaðir menn eru að verða láglaunahópur í þessu þjóðfélagi.

Ég hef því lagt fram **fsp.** á þskj. 778 til hæstv. forsrh. sem hljóðar svo, með **leyfi** forseta:

„Hvernig hyggst **ríkisstj.** bregðast við fyrirsjáanlegum flótta háskólamenntaðra manna úr þjónustu ríkisins eftir að niðurstaða Kjaradóms liggur nú fyrir í máli launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna gegn fjmrh.?"

Það er svo komið að rn. ríkisstj. fái ekki lengur starfsfólk sem fulla hæfni hefur, þannig að ég held að þetta vandamál eigi að blasa við ríkisstj. sjálfri.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að mjög mikilvægt er að halda í þjónustu ríkisins og ríkisstofnana, skólum o. s. frv., hæfu háskólamenntuðu fólki. Sem betur fer hefur ekki verið átakanlegur skortur á því. Ég get fullyrt að í þeim rn. sem ég þekki til er mjög margt af ágætu og færu háskólamenntuðu fólki. Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda engu að síður að kjör háskólamenntaðra manna eru lág og þau þarf að bæta eins og öll kjör í þessu landi.

Ég ætla ekki að fara út í almennar hugleiðingar um grundvallaratriði efnahagsmála, ástæður fyrir gengisfellingum og slíku, sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á, en þó vil ég leyfa mér að fullyrða að bæði fyrrv. ríkisstj. og þessi hafi ekki fellt gengið til þess að hafa fé af eða skerða kjör almennings í landinu, heldur til þess að halda þeim atvinnugreinum gangandi sem kjörin byggjast á. Það er merkilegt að sumir virðast halda að við gætum bætt kjörin með því að loka frystihúsunum, loka fyrir útflutninginn. Hvaðan eigum við að fá okkar tekjur? Gengið hefur verið fellt af illri nauðsyn til að skapa þessum atvinnuvegum útflutningsgrundvöll. Staðreyndin er sú, eins og m. a. kom fram í athyglisverðri ræðu hv. 3. þm. Reykv. fyrir nokkru, að framleiðslan í hlutfalli af þjóðarframleiðslu er ákaflega lág hér á landi á hverja vinnustund, töluvert innan við helming af því sem gerist í mörgum löndum í kringum okkur. Það er úr þessu sem þarf að bæta og til þess þurfum við meiri tækni. Við þurfum nýjar iðngreinar. Við þurfum atvinnuvegi sem eru miklu meira verðmætaskapandi á hverja vinnustund. Við eigum að sjálfsögðu ekki að leggja niður sjávarútveg sem við munum lengi byggja á, heldur auka framleiðni og afköst í þeirri grein einnig. Það er þess vegna sem við þurfum vel menntað háskólamenntað fólk til að aðstoða við að auka framleiðni á þessum sviðum sem öðrum.

Svo að ég svari fsp. samþykkti ríkisstj. fyrir alllöngu að háskólamenntuðum mönnum í þjónustu ríkisins skyldu greidd sömu laun og á hinum almenna markaði. Ég get því miður ekki sagt hvort það hefur tekist í dag eða gær að skipa þá nefnd sem um var samið að á að úrskurða í deilutilefnum. Ég get þó upplýst að búið er að tala við allmikinn fjölda af mönnum sem fjmrn. og Bandalag háskólamenntaðra manna geta komið sér saman um sem oddamann í nefndinni. Þeir sem hefur verið talað við til þessa hafa allir hafnað því að taka að sér það erfiða ábyrgðarstarf, því miður. Ég hef sjálfur talað við menn sem við töldum kjörna til þess starfs, en þeir hafa ekki treyst sér til þess. Lögð er mikil áhersla á að koma þessari þriggja manna matsnefnd af stað og eins og fjmrh. hefur lýst yfir mun hann leggja niðurstöðu nefndarinnar fyrir ríkisstj. Ég held að ég megi fullyrða, a. m. k. geri ég það fyrir mitt leyti, að niðurstöður sem þessi samanburðarnefnd kemst að mun ég a. m. k. fallast á. Ég sé ekki ástæðu til að deila um það. Markmiðið er að háskólamenntaðir menn fái sömu kjör á hinum almenna markaði.

Það eru ýmis atriði sem um er deilt. Hvers virði er Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna? Forseti ASÍ telur að hann sé 12—13% virði í launum. Launaráð BHM segir 3%. Þarna ber töluvert á milli. Hvers virði eru réttindi sem opinberir starfsmenn hafa til endurmenntunar o. s. frv.? Um þetta allt þarf þessi nefnd að fjalla og vonandi hraðar hún störfum svo unnt verði að leysa þann ágreining sem stendur heilbrigðu starfi í skólum og annars staðar fyrir þrifum. Á það mun ríkisstj. leggja áherslu.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég held að hér sé verið að fjalla um meira alvörumál en í fljótu bragði gæti virst. Ekki eru margir dagar síðan að kom frétt í einu af blöðum borgarinnar um að tveir íslenskir vísindamenn, sem báðir höfðu hlotið prófessorsstöður við Háskóla Íslands í raunvísindum, ákváðu að hafna því að taka við þessum stöðum. Sú ákvörðun var tekin að nýgengnum kjaradómi. Í skýringum sem þeir létu fylgja með þessum ákvörðunum sínum kom fram að launakjörin voru ástæðan. Nú gætu menn að óreyndu haldið, og sú var raunar tíðin, að prófessorar væru mjög vel launaðir menn.

En það er ástæða til þess út af þessu dæmi að rifja það

upp að eftir kjaradóm eru byrjunarlaun prófessora 34 500 kr. Sennilega er þar komin greinilegasta skýringin á þessari ákvörðun hinna tveggja raunvísindamanna sem ég nefndi. Við því er ekki að búast að hæfir menn fáist til starfa hjá ríkinu þegar þannig er að þeim búið og það þarf engan að undra. Þeir sem starfa að menntun eða stjórnsýslu í æðstu stöðum hljóta vitanlega að vænta þess að fá sæmilega umbun starfa sinna. Þessi launaflokkur, sem ég nefndi áðan, er næsthæsti launaflokkurinn sem Kjaradómur ákvarðaði.

Það eru aðeins örfáir embættismenn sem eru einum flokki hærri. Af þessum tölum sjá menn hvernig launakjörin eru.

Ég ætla ekki að ræða þau orð og ummæli sem hér féllu áðan í umr. En ég vildi aðeins varpa að lokum fram þessari spurningu:

Hefur ríkið efni á því að borga þeim mönnum, sem að mörgu leyti eru kjölfestan í rekstri ríkisins, laun sem þessu líkjast?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú þróun sem verið hefur í gangi í kjaramálum í tíð núverandi ríkisstj. hefur vissulega bitnað á mörgum, jafnt þeim sem skár voru settir launalega séð og ekki síst á láglaunafólki. Ríkisstarfsmenn og einnig háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn voru ekki of sælir af launum sínum fyrir áður en til þeirrar gífurlegu kjaraskerðingar kom sem ríkisstj. hefur staðið fyrir. Ég held að það sé fátt alvarlegra í rauninni sem verið hefur að gerast, sem tengist hinu opinbera kerfi, en sá atvgervisflótti sem þegar er brostinn á og ljóst er að á eftir að verða enn alvarlegri í náinni framtíð ef svo fer sem horfir.

Hver hefði trúað því að barátta t. d. háskólamenntaðra kennara hefði gefið þá uppskeru eina sem raun ber vitni í Kjaradómi, að laun þeirra sem eru að byrja störf með full réttindi og menntun eru aðeins leiðrétt um tæplega 3000 kr. eftir alla svardaga og yfirlýsingar ríkisstj.? Nú hefur ríkisstj. látið svo í orði sem henni sé annt um stefnubreytingu í atvinnulífi landsmanna, að þar verði byggt á aukinni þekkingu, en allir hljóta að sjá hversu holt er undir slíku tali þegar litið er á þá kjaraþróun sem varðar það fólk sem á að vera undirstaðan undir þeim breytingum sem þarna er verið að tala um.

Við hljótum að hafa af því miklar áhyggjur hér á Alþingi sem þarna er að gerast, allir þeir sem hugsa til þess hversu nauðsynlegt það er að ná fram nýjum áherslum í atvinnuþróun í landinu og viðhalda hér lífskjörum til lengri tíma eitthvað til jafns við það eða nálægt því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Því er þessi fsp. fyllilega tímabær og ástæða til að taka undir hana.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans, en ég verð að segja sem er að mér þótti það heldur innihaldslítið. Ég held að hér láti ríkisstj. reka á reiðanum og geri sér ekki grein fyrir að hvaða ástandi getur komið ef hér yrði alvarlegur fólksflótti úr hópi háskólamenntaðra manna. Eins og hv. þm. Gunnar G. Schram sagði áðan er hverjum manni ljóst að þau launakjör sem í boði eru t. d. við Háskóla Íslands eru auðvitað fyrir neðan allt sem sæmilegt er. Eins og hann gat um munu byrjunarlaun prófessors vera 34 500 kr. Þá skulu menn gera sér grein fyrir því að þessi sami prófessor hefur auðvitað rannsóknarskyldu. En það er gömul og ný saga að þrátt fyrir allt tal Íslendinga um sjálfa sig sem bókaþjóð og menningarþjóð, þá hefur alltaf verið einhver klofningur í hugum manna milli þess starfs sem unnið er á hinu svokallaða andlega sviði og hinu verklega. Það er mál til komið að stjórnvöld sem og þjóðin öll fari að gera sér grein fyrir því að því aðeins verður nútímaþjóðfélag rekið svo einhver mynd sé á að þessir tveir hópar haldist í hendur og vinni saman því að báðir þurfa á hinum að halda. Ég held ekki að ég geti tekið undir, eins og mér skildist á hæstv. forsrh., að þetta bjargist e. t. v. og fullyrðingu hans um að búið sé að samþykkja að háskólamenntaðir menn hjá ríkinu skuli hafa sömu laun og hjá einkafyrirtækjum, held ég að orki tvímælis, því að vitaskuld leitast einkafyrirtækin við að halda slíku fólki. Við vitum öll mætavel að til þess er neytt ýmissa bragða með hvers kyns aukagreiðslum og öðru slíku sem jafnvel koma hvergi fram. Starfsmenn ríkisins eiga hins vegar enga kosti. Þeir verða að sæta þeim launum sem um er samið á hverjum tíma og greiða að sjálfsögðu fullan skatt af hverri krónu. Það hljómar því óneitanlega hjáróma að heyra stjórnvöld og fulltrúa þeirra tala um íslenska framtíð með aukinni framleiðni, aukinni þekkingu, nýjum atvinnugreinum á nýrri öld, þegar ástandið er orðið slíkt meðal háskólamenntaðra manna.

Því miður heyrast þær raddir einnig oft frá verkalýðshreyfingu og launamannasamtökum innan annarra samtaka að síst sitji á háskólamenntuðum mönnum að vera að krefjast hærri launa. Ég held að þessar fullyrðingar byggi á gömlum tíma þegar vissulega var mikill munur á launum opinberra starfsmanna og verkamanna innan verkalýðshreyfingarinnar. En þessi munur er í afskaplega mörgum tilvikum horfinn. Það er orðinn miklu minni munur en var á launakjörum þessara tveggja hópa og við því skal ég svo sannarlega ekki amast. Sannleikurinn er nefnilega sá að þessir tveir hópar eiga það sameiginlegt að það eru þeir sem eru láglaunahópurinn í þessu landi. Þessu held ég að samtök launamanna og launþegahreyfingin í heild ættu að gera sér grein fyrir, því að vitaskuld verða hér engar framfarir nema við höfum á að skipa vel menntuðu háskólafólki og vel menntuðum verkalýð. Og það verður verkalýðurinn að sjálfsögðu ekki nema við höfum á að skipa vel menntuðu fólki til kennslu og starfa í þess þágu.

Ég skal ekki tefja tímann lengur, en ég tel að við fsp. minni hafi ég sáralítil svör fengið. Ég held að það sé alveg ljóst að hér verður verulegur flótti manna úr þessum stéttum. Menn ráða hreinlega ekki við að koma heim, oft komnir nálægt þrítugu, eigandi ekki þak yfir höfuðið né neitt annað en námsskuldir, til þess að fara svo að vinna á þeim launakjörum sem þeim eru boðin. Ég vil því biðja hæstv. forsrh. að íhuga það mjög vandlega hvort hér verður ekki að snúa allri þróun við. Ég held að hér sé raunar ekki um afmarkað vandamál að ræða, heldur allt það vandamál sem láglaunastefna ríkisstj. hefur í för með sér og ekki er fyrir endann séð hverjar afleiðingar hún kann að hafa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru auðvitað engin tök á að ræða það mál sem hér er til umræðu á þeim tíma sem hér gefst. Hér er vissulega um merkilegt mál að ræða, atgervisflótta háskólamenntaðra manna

úr ríkiskerfinu, og er eðlilegt að menn hafi af því áhyggjur. Ég hef hins vegar miklu meiri áhyggjur af þeim atgervisflótta sem nú á sér stað úr undirstöðuframleiðslugreinum þjóðarinnar. Þar er virkilegur atgervisflótti á ferðinni. Þó að Háskóli Íslands eigi allt gott skilið verður hann ekki lengi við lýði ef atgervisflóttinn úr frumframleiðslugreinunum heldur áfram eins og nú horfir. Þá þurfa menn ekki að tala um neina launahækkun hjá háskólamenntuðum mönnum, prófessorum eða öðrum, ef fólkið í frystihúsunum og sjómennirnir á flotanum hrekjast úr þeim störfum sem þar er um að ræða vegna lélegra launakjara og lélegrar aðstöðu til vinnu.

Ég hef sagt það áður og get sagt það enn að það er ekki nokkur vafi á því að það er verulega hægt að bæta um í launakjörum opinberra starfsmanna með því að fækka þeim verulega í rn. og annars staðar. Ég tel að fjöldi opinberra starfsmanna í ríkisstofnunum sé allt of mikill og komi niður á launum. Það er hægt að fækka þarna án þess að það komið niður á þjónustu og þar með bæta laun þeirra sem eftir verða. Það er þetta sem á að gera. En þarna er kerfið á móti og ekki síður hagsmunaaðilar opinberra starfsmanna sjálfra.

Mikill samanburður er oft gerður í þessum efnum milli stétta. Það er talið að þau umframfríðindi, sem opinberir starfsmenn hafa í gegnum lífeyrissjóðakerfið, jafngildi 15 til 18% hærra kaupi en almennt launafólk á vinnumarkaðinum hefur. Það heyrist lítið talað um þessar tölur þegar menn eru að tala um slæm launakjör hjá háskólamenntuðum mönnum sem vissulega má segja að séu slæm.

Ég get lokið mér af, herra forseti, þó að ég vildi gjarnan hafa sagt miklu meira. En ég held að meginefnið sé komið fram. Ég hef miklu meiri áhyggjur þjóðarinnar vegna af þeim atgervisflótta sem á sér stað úr framleiðsluatvinnugreinum landsmanna, fiskveiðum og fiskvinnslu, en þeim sem er í atvinnugreinum hjá hinu opinbera hjá háskólamenntuðum mönnum þó að vissulega sé ástæða til að gefa því gaum sem þar er að gerast.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í þessari umr. er þess krafist að laun háskólamenntaðra manna verði hækkuð, ég veit ekki hvað mikið, líklega mjög verulega, og því er haldið fram að launin séu ákaflega lág. Ég get tekið undir það. Þau eru lág borið saman við það sem er víðast hvar erlendis. Í þessari umr. er þess líka krafist að laun þeirra sem starfa í grundvallaratvinnuvegunum verði hækkuð verulega. Ég get líka tekið undir það, þau eru lág. Ég held að það hafi verið rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það, það er vissulega einnig hætta á flótta þaðan.

Kjaradómur hækkaði nokkuð laun háskólamenntaðra manna. Ég get tekið undir það að það var minna en ég bjóst við. En núna krefst BSRB leiðréttingar til samræmis. Á lista sem ég fékk frá BSRB á mitt borð, er talinn vera frá 17 og upp í 25% munur. Að vísu segir launamáladeildin að að meðaltali yfir allt talið sé kannske 5—6% munur. En BSRB segir að það þurfi meira til að leiðrétta gagnvart BHM.

Ég hef það beint frá forustumönnum ASÍ sem segja að ef slík leiðrétting eigi að fara fram og ef eigi að fara að gera mikið meira við háskólamenntaða menn a. m. k. þá hljóti þeir að krefjast leiðréttingu yfir línuna, það sé alveg ljóst að þá hafi þeir dregist aftur úr.

Hvar erum við þá stödd? Þá er það spurningin: Ber þjóðfélagið launahækkun yfir alla línuna? Ég veit að hv. fyrirspyrjandi segir já. (**GHelg:** Já.) Um þetta eru vissulega deilur. Það er ekki langt síðan sjávarútvegurinn og fiskvinnslan voru á hvínandi hausnum og gátu ekki greitt þessi laun. (**Gripið fram í:** Og eru enn.) Svo er reyndar mjög víða enn. Þá er það spurningin: Hver á að greiða þessi laun?

Staðreyndin er líka sú, sem ég gat um hér áðan og kom fram hjá engum öðrum en hv. 3. þm. Reykv. að afköstin hér á hverja vinnustund eru töluvert innan við helming af því sem gerist víða í kringum okkur. Við erum að krefjast og viljum hafa og ég er alveg sammála að menn eigi að geta haft sömu laun fyrir dagvinnu og annars staðar, hjá þjóð sem er því miður með miklu miklu minni afköst á hverja vinnustund. Við höfum raunar byggt upp þessi góðu lífskjör með mjög mikilli vinnu. Talið er að vinna á bak við þjóðarframleiðsluna hér sé um 25% meiri en t. d. á Norðurlöndunum. Þannig hefur þetta verið byggt hér upp.

Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að vinna okkur smám saman út úr þessu. Við getum það með ýmsum möguleikum sem nú eru fyrir hendi ef ekki verður knúin fram önnur kollsteypa í efnahagsmálum.

Ég vísa því á bug að ríkisstj. sé ekki að leitast við að leiðrétta þessi mál, hún er að því. Sú samþykkt, sem gerð var um sömu laun fyrir háskólamenntaða menn innan ríkisgeirans og utan, er vissulega einhver mikilvægasta samþykkt sem hefur verið gerð um það.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að lífeyrissjóðurinn samsvaraði 15—18% í launum. Það er að vísu enn þá hærra en forseti ASÍ sagði við mig. BHM segir að hann sé ekki nema 3% umfram laun. Þetta er dæmi um að þarna er um stór deilumál að ræða.

Það mikilvægasta nú er að þessi þriggja manna matsnefnd hefji störf sem allra fyrst. Ég vil taka það fram að strax daginn eftir að kjaradómur féll var talað við fyrsta manninn sem var beðinn að taka að sér formennsku í henni. Það er búið að tala við marga síðan og væntanlega finnst einhver innan tíðar sem vill takast þetta erfiða starf á hendur. Þetta er ákaflega erfitt starf og umdeild atriði sem þar hljóta að verða tekin til meðferðar. En það er von mín að þetta geti orðið mjög fljótlega.

Ég hygg að allir sjái að með haustmánuðum verði innan gildandi laga ráðrúm til að endurskoða laun háskólamenntaðra manna. Það verða áreiðanlega einhverjar breytingar á launamarkaðinum, ég held að menn geti bókað það. Þá þarf slíkur samanburður að liggja fyrir. En þá er líka mikilvægt að t. d. launþegar almennt, ASÍ, BSRB, viðurkenni að þetta sé réttur samanburður. Ég hef þess vegna óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður í tengslum við kjararannsóknarnefnd og undir það hefur verið tekið. Ég held að ákaflega mikilvægt sé að samanburðurinn verði ekki vefengdur. Það er því unnið að þessu eins og frekast er unnt án þess að leiða til allsherjar kollsteypu aftur í þjóðfélaginu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það er nú einmitt ástæða til að spyrja þeirra spurninga sem hér hefur verið spurt vegna þess, eins og fram kom í máli hæstv. forsrh., að þrátt fyrir það að Íslendingar séu með tekjuhæstu þjóðum vinna þeir 25% meira fyrir

fjórum sinnum lægri launum en menn í nágrannalöndum okkar. Ég sé ekki að ástæða sé til að víkja frekar að hans máli. Ég held að það sé ljóst að ríkisstj. hefur ekki í huga að hækka verulega laun landsmanna til þess að hindra flótta m. a. háskólamenntaðra manna frá landinu. Það gæti ríkisstj. gert með því að flytja aftur það fé, sem tekið hefur verið af launþegum og flutt yfir í milliliðina, til baka. En það er greinilegt að það stendur ekki til.

Ég hlýt að víkja aðeins að orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar. Hann gerði ekki annað en sanna það sem ég sagði hér fyrr í máli mínu að þegar talið berst að háskólamenntuðum mönnum kemur alltaf fram þessi gamla hugmynd um þann algera aðskilnað sem hlýtur að vera milli verkafólks í landinu og háskólamenntaðra manna. Þetta minnir mig á að þegar einhver vogar sér að tala um Bandaríkin á Íslandi þá fer ævinlega einhver að tala um Rússa. Ég hélt að svona umr. ætti ekki heima hér. Ég get upplýst hv. þm. um að fyrir örskömmu síðan var ég á vinnustaðafundi í Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi og þar kom í ljós að starfsmenn þar hafa mjög svipuð laun og prófessor við Háskóla Íslands hefur í byrjunarlaun. Það er því rétt sem ég hélt hér fram áðan. Þetta eru láglaunahóparnir í þjóðfélaginu, launþegar, háskólamenntaðir menn, opinberir starfsmenn og verkafólk í landinu.

Ef þm. hafa litið í nýleg Hagtíðindi eru þar meðaltalsyfirlit yfir laun landsmanna. Þar kemur í ljós að munurinn meðal launþega er ótrúlega lítill. Sem betur fer, hv. þm. Karvel Pálmason, sker ein stétt manna sig algerlega úr eins og vera ber og það eru sjómenn. Þetta getur hv. þm. kynnt sér með því að lesa, að ég hygg, síðasta hefti Hagtíðinda. (Forseti hringir.)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er létt í vasa hjá mér hvað sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir segir um gamla lummu í samanburði á launakjörum, starfsaðstöðu hins almenna launamanns á markaðinum eða prófessora, eins og hún talaði og sagði hér: Prófessorar, það eru láglaunafólkið í landinu, það er láglaunastéttin ásamt hinum.

Ég hef ekkert á móti prófessorum nema síður væri. (**Iðnrh.:** Jú, heldur betur.) Nú fá menn málið. Hæstv. iðnrh. getur ekki setið kyrr þegar talað er um þessa hluti.

(**Iðnrh.:** Búinn að gleyma Bjarna Guðna?) Ég hafði hvorki á móti hv. þm. páv. og prófessor Bjarna Guðnasyni né öðrum þeim slíkum sem um er að ræða. En ég vil ekki una því eilífa tali um það að þessi stétt sé sú láglaunastétt sem fyrst og fremst beri nú að sinna og leiðrétta launakjör hjá.

Ég vil þá spyrja hv. þm. eins og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur: Ætlast hún til þess t. d. að verkalýðshreyfingin setti fram kaupkröfur upp á 30%? Hæstv. forsrh. sagði að núna væri á borðinu frá BSRB krafa um 17—24%, ef ég hef tekið rétt eftir. (**Forsrh.:** Það er samanburður, skulum við segja en ekki beint talan.) Já, 17—24%. Er það meining þeirra manna, sem eru með slíka kröfugerð, að sú prósentutala gangi upp í gegnum allt launakerfið eða er hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem auðvitað ætti að vera úr þeim röðum sem hún telur sig vera — (**Gripið fram í:** Og hvaða röð er það?) Málsvari lítilmagnans í þjóðfélaginu. (**GHelg:** Rétt.) Já, auðvitað fer ég með rétt mál, það er engin spurning um það — er hún að mælast til þess að þessi prósentutala, ef fram næðist, gengi upp í gegnum allt launakerfið í landinu? Ef hún er að því er hún jafnframt að dæma þá sem verst eru settir til þess að bera enn þá minna úr býtum en þeir hafa nú þegar. Ég held að það sé nauðsynlegt að þeir sem tala um þessi mál geri sér þetta ljóst. Sama prósentuhækkun í gegnum allt launakerfið þýðir verri stöðu fyrir þá sem verst eru settir fyrir. Gott væri að fá svar við þessu. (Gripið fram í.) Prófessorar eiga allt gott skilið. (**ÓÞÞ:** Hvaða vinnuskyldu hafa þeir?) Það er nú rétt að hv. skrifari Nd. geri formlega fsp. um það hér í þinginu hvaða laun þeir hafa þannig að það komi fram svart á hvítu. (Gripið fram í.) Hv. þm. Gunnar G. Schram fór hér með tölur áðan sem ég man ekki nógu vel til þess að geta fullyrt neitt um. En hefði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sinnt þingskyldu þá og verið hér, þá vissi hann þetta.

En ég get fallist á það að prófessorslaun eru út af fyrir sig kannske ekki há laun. Það hefur verið gert vel við þessa einstaklinga í gegnum tíðina oft og tíðum. Þetta eru einstaklingar eins og aðrir sem hafa a. m. k. að hluta til verið studdir af þjóðfélaginu, af lítilmagnanum, af skattborgaranum, til náms til þess að þeir gætu öðlast þá þekkingu sem þeir hafa fengið í gegnum námið. Ég vil því á engan hátt halda því fram að þeir eigi enga skuld þjóðfélaginu gjalda.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst vegna orða síðasta ræðumanns sem ganga fram af mér. Hann vildi halda því hér fram að fyrirspyrjandi hefði mælst til þess að fyrst og fremst þyrfti að leiðrétta launakjör háskólamenntaðra manna. Ég kom að vísu inn í þessa umr. þegar hún var komin á einhvern rekspöl en ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram héðan úr ræðustól að fyrst og fremst þyrfti að leiðrétta launakjör þessa hóps. Ég hef hins vegar heyrt menn halda því hér fram með góðum rökum, rökum sem ég tek heils hugar undir, að launakjör þessara manna þurfi að leiðrétta. Það er ekki þar með sagt að ekki þurfi að leiðrétta launakjör fleiri starfsstétta hér á landi.

Í síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns þótti mér nokkuð lágt reitt til höggs. Því var haldið fram að þeir sem eru háskólamenntaðir í dag hafi verið studdir til sinnar menntunar af láglaunafólki þessa lands. Við höfum hér á landi námslánakerfi sem er hluti af okkar velferðarkerfi. Námslán eru í dag og hafa verið síðan árið 1975, í 10 ár, verðtryggð lán. Þar er ekki verið að gefa fólki neitt. Menn greiða sín lán til baka fullum fetum. Að ætla að halda því hér fram að þeir, sem háskólamenntunar hafa notið, geri það á kostnað annarra finnst mér vera fyrir neðan allar hellur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er ekkert hissa á því þó að sumum finnist harkalega að orði kveðið þegar menn tala tæpitungulaust um málefnin eins og þau blasa við hverju sinni. Ég fullyrði að skattborgarar þessa lands, láglaunafólk jafnt sem aðrir, hafa lagt sinn skerf til þess að sú menntun, sem framleidd hefur verið í landinu, hefur verið gerleg.

Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það einnig: Hvað ætli það séu margar milljónirnar árlega sem teknar eru af skattborgurum þessa lands, þar með láglaunafólkinu til þess að borga í verðtryggðan lífeyris-

sjóð opinberra starfsmanna? Það eru nokkrir tugir milljóna árlega, sem launafólk borgar með þessum hætti til þessara hópa ? Hvað er þetta annað en beinn styrkur frá skattborgurum til þessara stétta? Ég er ekkert að sjá eftir því út af fyrir sig en menn verða að viðurkenna staðreyndir hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þannig mætti halda lengi áfram. Háskólamenntaðir menn eins og ýmsir aðrir vel menntaðir einstaklingar þessa lands eiga vissulega þjóðinni skuld að gjalda fyrir það framlag sem hún hefur af höndum lagt til þessara einstaklinga.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Íslenska þjóðin öll á þjóðfélaginu skuld að gjalda ef út í það er farið. Við búum nefnilega hér saman í samfélagi. Það hvarflar ekki að mér að mæla á móti því að það fé sem menn sem hyggja á háskólanám hafa aðgang að á verðtryggðum kjörum komi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Svo er og á fleiri sviðum. Mér finnst það hins vegar hljóma eins og orð, ja fyrri tíma, að halda því fram að þessir menn eigi meiri skuld að gjalda en aðrir hér á landi. Það er e. t. v. annað mál en spurningin sem vert væri að bera hér upp er: Hefur íslenska þjóðin einhverja þörf fyrir menntun? Og vill hún eitthvað á sig leggja til þess að þegnar hennar séu menntaðir og geti haft það fram að færa sem menntun hefur fram að færa yfirleitt, þjóðfélaginu öllu til heilla?

Sameinað þing, 85. fundur.

Þriðjudaginn 21. maí, að loknum 84. fundi.

Atvinnulíf í Mývatnssveit, þáltill. 494. mál (þskj. 920). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afvopnunarmál, þáltill. 496. mál (þskj. 922). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 497. mál (þskj. 925). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1985—1988, þáltill. 365. mál (þskj. 583, n. 948, 635, 940). — Síðari umr.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú lokið athugun sinni á till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1985—1988. Við störf sín naut nefndin mikillar aðstoðar Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og nokkurra annarra starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Vil ég fyrir hönd fjvn. flytja þessum mönnum bestu þakkir fyrir. Innan nefndarinnar var einnig ágætt samstarf um meðferð og afgreiðslu þessa máls. Tel ég ástæðu til þess að flytja samstarfsmönnum mínum í fjvn. þakkir fyrir lipurð í störfum og góða samvinnu.

Nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru till. um á þskj. 940. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skrifa þó undir nál. með fyrirvara þar sem þeir áskilja sér eftir venju rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Sú vegáætlun sem hér kemur til afgreiðslu Alþingis tekur mið af langtímaáætlun í vegagerð, en eins og kunnugt er var till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð lögð fyrir Alþingi vorið 1983. Sú langtímaáætlun skiptist í þrjú fjögurra ára tímabil og tekur sú vegáætlun sem hér er til umr. til tveggja síðari ára fyrsta tímabils langtímaáætlunar og tveggja fyrri ára annars tímabils, 1987-1988. Niðurstöðutölur vegáætlunar á þessu ári, 1985, eru í samræmi við fjárlög eða 1650 millj. kr. sem eru um 1.9% af vergri þjóðarframleiðslu.

Þegar markmið langtímaáætlunar voru ákveðin var tiltekið það hlutfall þjóðarframleiðslu sem renna skyldi til vegáætlunar, þ. e. 2.2% 1983, 2.3% 1984 og 2.4% frá og með 1985. Vegna efnahagslegra þrenginga skortir nokkuð á að þessum markmiðum hafi verið náð til þessa. Hefur sú fjárvöntun komið fram í öllum liðum vegáætlunar. Þannig er talið að skorti um 14% af fjármagni til nýrra framkvæmda til að ná markmiðum langtímaáætlunar á fyrsta tímabili hennar, þ. e. til og með ársins 1986, og á sama tíma vanti um 9% á fjármagn sumarviðhalds. Þetta gerist þrátt fyrir það að á næsta ári, árinu 1986, er áætlað að markmiðum langtímaáætlunar sé náð og framlög til vegagerðar verði þá um 2.4% af þjóðarframleiðslu.

Þó þannig hafi skort á að staðið væri að fullu við markmið langtímaáætlunar um fjármagn er munurinn minni þegar litið er til framkvæmda. Þannig er talið að framkvæmdir hafi að mestu fylgt eftir þessum markmiðum og jafnvel í einstökum tilvikum farið fram úr. Skýringanna er m. a. að leita í því að verk hafa reynst ódýrari en ætlað var vegna hagstæðra tilboða við útboð. Tilboðum hefur verið hagað þannig að hægt hefur verið að vinna allt árið. Hagræðing hefur orðið í rekstri hjá Vegagerð ríkisins. Aukin hagkvæmni hefur verið tekin upp við lausn á tilteknum verkefnum og niðurskurður hefur orðið á einstökum liðum áætlunar, svo sem áður sagði um viðhald.

Í framsöguræðu sinni við fyrri umr. þessa máls lagði hæstv. samgrh. sterka áherslu á að við fjármögnun vegáætlunar skv. langtímaáætlun verði staðið. Óhætt er að fullyrða að hæstv. samgrh. hefur reynst þróttmikill baráttumaður fyrir framkvæmdum á sviði vegagerðar því skv. þeirri till. til vegáætlunar sem hér er til umr. verður markmiðum langtímaáætlunar náð um fjármögnun til vegagerðar þegar á næsta ári þrátt fyrir að flestir þættir opinberra framkvæmda séu verulega skornir niður.

Fjvn. gerir ekki tillögur um breytingar á verðlagsforsendum vegáætlunar. Reiknað er með 27% hækkun á milli áranna 1984 og 1985. Skv. því verður vísitala vegagerðar 1480 á miðju ári 1985. Hækkun frá 1985 til 1986 er síðan áætluð 15% og er vísitalan þá 1700 stig. Skv. venju eru tölur seinni ára allar á því sama verðlagi.

Vegáætlun er að meginhluta til fjármögnuð með

mörkuðum tekjum. Lögbundnir markaðir tekjustofnar vegáætlunar eru bensíngjald og þungaskattur. En auk þess hefur ríkisstj. ákveðið að 50% af heildartekjum ríkissjóðs af bensínsölu skuli að lágmarki renna til vegamála. Til viðbótar bensíngjaldinu koma því aðrar tekjur af bensíni uns 50% markinu er náð. Áætlun um innheimtu markaðra tekna er unnin í sameiningu af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og Vegagerðar ríkisins og er í samræmi við fjárlög.

Tekjur af bensíngjaldi eru áætlaðar 845 millj. kr. árið 1985. Er þá miðað við að bensínsala aukist um 2.2 millj. lítra og að bensíngjald verði hækkað á árinu í samræmi við heimild. Hin þrjú árin er gert ráð fyrir 2% árlegri aukningu tekna mælt á föstu verðlagi. Aðrar tekjur af bensíni til þess að ná fyrrgreindu 50% markmiði eru á þessu ári áætlaðar 130 millj. kr. Tekjur af þungaskatti eru tvenns konar. Annars vegar er kílómetragjald, greitt af bílum sem eru yfir þrjú tonn að heildarþyngd, og hins vegar fast árlegt gjald sem greitt er af minni bílum.

Ég sé ástæðu til að taka undir ummæli hæstv. samgrh. varðandi breytingu á innheimtu þungaskattsins. Núverandi kerfi er sannarlega bæði dýrt fyrir þá sem greiða gjaldið og eins eyðist mikið í kostnaðinn fyrir þá sem gjaldsins eiga að njóta. Áætlunartekjur af þungaskatti gera ráð fyrir óbreyttu magni árið 1985, en aukningu um 2% á ári úr því. Taxtar eru hækkaðir einu sinni á ári í samræmi við verðlagsforsendur árið 1985, nema árið 1985 en þá er gert ráð fyrir aukalegri hækkun í júnímánuði. Heildartekjur af þungaskatti árið 1985 verða skv. þessum forsendum 410 millj. kr.

Auk tekna af framangreindum mörkuðum tekjustofnum veitir ríkissjóður beint framlag til vegáætlunar. Áður var þessu framlagi skipt í beint ríkisframlag og lánsfjárframlag. Nú er slíkri skiptingu hætt í fjárlögum. Á þessu ári er framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum áætlað 265 millj. kr. eða um 16% af heildarfjármögnun vegáætlunar. Markaðir tekjustofnar standa því undir 84% af heildarfjárlögum vegamála á þessu ári og er sú hlutfallstala hærri en verið hefur um langt skeið.

Svo sem áður segir eru tekjur af mörkuðum tekjustofnum áætlaðar í vegáætlun. Engin vissa er fyrir því að sú áætlun standist nákvæmlega og getur þar ýmist orðið of eða van. Vegagerð ríkisins ber skv. lögum að fá tekjur af mörkuðum tekjustofnum jafnvel þótt þær fari fram úr áætlun. Á hinn bóginn kemur það Vegagerðinni illa ef skortir á að markaðir tekjustofnar nái þeim fjárhæðum sem ætlað hefur verið og afar erfitt getur verið fyrir Vegagerðina að vita ekki með vissu hvaða fjármagni hún hefur úr að spila á hverju ári fyrir sig.

Við meðferð þessara mála nú hef ég beitt mér fyrir því samkomulagi, sem tekist hefur um hvernig þessu skuli hagað framvegis, að fjárhæð sú sem ákveðin er með fjárlögum hverju sinni til Vegagerðar ríkisins skuli gilda. Ef markaðir tekjustofnar fara fram úr áætlun fær Vegagerðin þá skv. lögum, en þá dragi að sama skapi úr lánsfjáröflun ríkissjóðs til vegagerðar. Á sama hátt gerist það að ef markaðir tekjustofnar ná ekki þeim fjárhæðum sem áætlað er hleypur ríkissjóður undir bagga og fyllir í skarðið þannig að tölur fjárlaga gildi.

Það má enda segja að ríkisstj. á hverjum tíma geti haft veruleg áhrif á það hvernig spá um markaða tekjustofna stenst. Við undirbúning langtímaáætlunar var stofnbrautafé hvers tímabils skipt eftir tilteknum hlutföllum milli kjördæma þannig að ætla mætti að dygði fyrir verkefnum sem átti að ljúka á tímabilinu. Við skiptingu fjár milli kjördæma í vegáætlun nú hefur fjvn. haldið þessum hlutföllum með þeirri einu undantekningu að fjármagn sem sparaðist á fyrsta Ó-veginum sem lokið er við, þ. e. Ólafsvíkurenni, flyst yfir í næsta Ó-veg, í Óshlíð. Á sama hátt verður áætlaður sparnaður í Óshlíð fluttur í Ólafsfjarðarmúla. Hefur þetta þótt eðlilegt vegna sérstöðu þessara verkefna.

Í þjóðbrautum liggur nú fyrir af hálfu Vegagerðar ríkisins í fyrsta sinn samræmd úttekt á ástandi og kostnaði við úrbætur á þeim vegum. Er sú úttekt að mestu sambærileg við þá sem gerð var á stofnbrautum við undirbúning langtímaáætlunar. Þegar þessi nýi grunnur lá fyrir þótti eðlilegt að taka upp svipaða skiptireglu og notuð var í stofnbrautum. Er hin nýja regla notuð til að skipta þjóðbrautarfé á árunum 1986 og 1987. Breytingar á hlutföllum einstakra kjördæma sem af þessu leiða eru ekki veigamiklar. Við endurskoðun vegáætlunar veturinn 1986 til 1987, en þá er lokið fyrsta tímabili langtímaáætlunar, er gert ráð fyrir að þessi hlutföll fyrir stofnbrautir og þjóðbrautir verði endurmetin og miðað við ástand vegakerfisins eins og það verður þá og eftir því hvernig þokað hefur fram verkum til samræmis við það sem langtímaáætlun greinir.

Auk þess að skipta fé milli kjördæma hefur fjvn. fjallað um skiptingu fjár til sérstakra verkefna og Ó-vega. Að venju hefur verið haldið eftir óskiptu fé í öllum verkefnaflokkum nýrra framkvæmda. Nemur sá hluti 20% fjárveitinga árið 1986 og 25% árið 1987. Er þetta hærra hlutfall en áður. Þessu óskipta fé er haldið eftir til þess að mæta óvæntum verkefnum eða óvæntum áföllum, eins og t. a. m. því ef verðlagsforsendur vegáætlunar standast ekki svo sem oft hefur gerst.

Á síðasta ári var í fyrsta sinn veitt fé til þjóðvega í Reykjavík. Er lagt til að því verði haldið áfram á næstu árum. Eru fjárveitingar á liðnum Sérstök verkefni og eru þær utan hlutfallsskiptingar á milli kjördæma. Að undanförnu hefur verið unnið að úttekt á framkvæmdaþörf þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu. Fyrstu niðurstöður liggja nú fyrir og leiða þær í ljós að á næstu árum þarf mikið fjármagn til að samgöngur á þessu svæði geti verið með eðlilegum hætti. Er hér um að ræða verkefni í vega- og brúagerð á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu. Augljóst er að ef um verulega búseturöskun verður að ræða á landinu á næstu árum, þannig að fólki fjölgi verulega á höfuðborgarsvæðinu umfram það sem gerist annars staðar á landinu, þá þarf að leggja í gífurlega fjárfrekar framkvæmdir í samgöngumannvirkjum höfuðborgarsvæðisins svo að samgöngukerfið nái að bera umferðina. Hér er ein hættan og ekki sú kostnaðarminnsta við það ef fólksflutningar verða utan af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Alþingi og sveitarfélög þurfa að athuga þessi mál gaumgæfilega og átta sig á því hvernig skuli standa að málum til þess að hér verði ekki um lítt viðráðanlegt vandamál að ræða.

Þegar hæstv. samgrh. flutti sína framsöguræðu við fyrri umr. þessa máls beindi hann því sérstaklega til fjvn. að taka til athugunar greiðslur ríkissjóðs af afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru til vegagerðarframkvæmda á árunum 1980 og 1981. Þegar þessi mál voru athuguð þótti lítill vafi á því að ríkissjóði bæri að standa undir greiðslum af þessum lánum miðað

við fyrri yfirlýsingar. Mál þetta er því leyst á þann máta að ákveðið hefur verið að ríkissjóður yfirtaki þessi lán og standi undir öllum greiðslum þeirra vegna.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á varanlega vegagerð í vegáætlun og að lengja þá vegkafla sem eru með bundnu slitlagi. Árið 1984 bættust við 163 km af nýju bundnu slitlagi á þjóðvegi landsins. Er þetta mesta viðbót sem orðið hefur á einu ári. Í árslok 1984 var bundið slitlag á þjóðvegum alls orðið um 920 km. Í þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir er haldið áfram á þessari braut. Á næstu tveimur árum ætti viðbót á bundnu slitlagi að verða 330 til 350 km og yrði þá slitlag alls á þjóðvegum landsins um 1240 til 1270 km í árslok 1986. Langmest af bundnu slitlagi er á stofnbrautum, en þó er það einnig nokkuð á fjölfarnari þjóðbrautum. Skv. langtímaáætlun var gert ráð fyrir að bundið slitlag á stofnbrautum yrði í lok fyrsta tímabils, þ. e. í lok 1986, um 1140 km. Af þessu er ljóst að heildarlengd bundins slitlags á þjóðvegum landsins verður í árslok 1986 nokkru meiri en langtímaáætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir þá vöntun á fjármagni sem áður er vikið að. Til viðbótar þeim skýringum sem þá var getið um má nefna að ódýrari útfærsla á bundnu slitlagi með lögn 4 m akreinar á umferðarminni vegi hefur hjálpað verulega til.

Loks má geta þess að í nokkrum tilvikum hefur verið vikið frá framkvæmdaröð langtímaáætlunar á þann veg að þeir kaflar sem lítils undirbúnings þurftu við undir bundið slitlag hafa verið færðir fram, en aðrir dýrari kaflar hafa þá færst aftar í röðinni. Slíkar tilfærslur hafa verið ákveðnar af þm. hlutaðeigandi kjördæma.

Stundum heyrist það sagt að of mikil áhersla sé lögð á vegi með bundnu slitlagi sem valdi því að þjóðbrautir sitji um of á hakanum. Víst er að þeim er vorkunn sem bíða eftir vegabótum og búa við lélegt vegakerfi. Á það ber þó að líta að seint verða allir hlutir gerðir í senn. Að minni hyggju er það þýðingarmest af viðfangsefnum í vegamálum að byggja upp með bundnu slitlagi hringveginn umhverfis landið og tengiveg út frá honum til helstu byggðarlaga og þéttbýlisstaða. Sem röksemdir fyrir þessari stefnu er nægilegt að nefna ótvíræða arðsemi þessara framkvæmda sem var mjög rækilega skýrð í framsöguræðu hæstv. ráðh. er hann mælti fyrir þessari till.

Stofnbrautir fá að þessu sinni sem áður mest í sinn hlut af fjármagni til nýbygginga. Þannig fara til þeirra 547 millj. kr. árið 1985 og samtals 2654 millj. kr. árið 1986 til 1988. Til framkvæmda í þjóðbrautum fara á þessu ári 105 millj. kr., en á árunum 1986 og 1987 samtals 268 millj. kr. og er þá óráðstafað fé ekki talið með.

Skv. till. fjvn. á þskj. 940 er þar einnig að finna stærstu verkefnin við framkvæmdir á stofnbrautum.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds vega verið mjög takmarkaðar miðað við þarfir. Gerð var úttekt á fjárþörf þessa viðfangsefnis árið 1978. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar til sumarviðhalds á árunum 1979—1984 verið 59—79% af áætlaðri þörf. Í till. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að bæta verulega úr á þessu sviði. Er gert ráð fyrir að fjárveiting 1985 verði 77% af þörf og hækki í 86% árið 1986. Er þá tekið tillit til vaxandi umferðarþunga. Rétt er að vekja athygli á því að með brtt. fjvn. er lagt til að um nokkra tilfærslu verði að ræða á viðhaldsliðum áætlunarinnar þannig að hækkaður verði liðurinn Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Af stærri verkefnum sem verulega miðar fram á vegáætlunartímabilinu má nefna nokkur.

Lokið verður við Suðurlandsveg um Mýrdal allt vestur að Skógum. Framkvæmdir við Eyrarbakkaveg um Ölfusárós hefjast árið 1986 og er gert ráð fyrir að árið 1988 verði lokið byggingu brúar, en vegagerð þá ólokið vestan óssins. Mörgum er kunnugt um að um þessa framkvæmd hafa verið nokkuð skiptar skoðanir. Ákvörðun um hana var þó tekin síðast þegar vegáætlun var afgreidd á Alþingi þannig að í þessari vegáætlun er einungis um staðfestingu þeirrar ákvörðunar að ræða.

Á árunum 1985—1987 verður lokið Þingvallavegi um Mosfellsheiði til Þingvalla með bundnu slitlagi. Reykjanesbraut milli Vífilsstaða og Breiðholts verður opnuð til umferðar árið 1986. Á árunum 1987 og 1988 er gert ráð fyrir að lokið verði við Arnarnesveg milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbrautar.

Byrjað verður á Vesturlandsvegi í Kjós að nýju eftir nokkurra ára hlé sem þar hefur orðið á framkvæmdum. Lokið verður við Vesturlandsveg í Skilmannahreppi og um Akranesvegamót. Á næsta ári verður lokið með bundnu slitlagi kafla á Vesturlandsvegi frá Fornahvammi um Norðurárdal og Holtavörðuheiði til Miklagils.

Djúpvegur um Steingrímsfjarðarheiði var tengdur til bráðabirgða s. l. haust. Á tímabilinu verður byggður upp vegur um Langadal og tengt á Snæfjallastrandarveg nálægt Rauðamýri. Er þar með lokið hinni eiginlegu Steingrímsfjarðarheiði, en eftir er allmikil vegagerð í Steingrímsfirði innanverðum og um Langadal við Djúp. Lokið verður vegagerð um Óshlíð á tímabilinu með byggingu tveggja vegþekja af fjórum alls sem þar gætu komið í framtíðinni. Er það í samræmi við upphaflegar áætlanir um að fresta tveimur vegþekjum uns reynsla fæst af þessum mannvirkjum.

Lokið verður á tímabilinu uppbyggingu Norðurlandsvegar í Línakradal, en þó verður framkvæmdum með bundið slitlag þar ekki að fullu lokið. Enn fremur verður byrjað á Norðurlandsvegi um Vatnsskarð og verður 58 millj. kr. varið til þessa verkefnis á áætlunartímabilinu. Þá verður lokið við Sauðárkróksbraut milli Varmahlíðar og Sauðárkróks með bundnu slitlagi á næsta ári. Nýr vegur, Leiruvegur, fyrir botni Eyjafjarðar verður tekinn í notkun á tímabilinu og lokið verður við veg um Svalbarðsströnd og Víkurskarð. Byrjað verður á Norðurlandsvegi um Hörgárdal og Öxnadal og í lok tímabilsins verður hafist handa við jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla.

Á Austurlandi verður m. a. lokið við Norðfjarðarveg milli Egilsstaða og Eskifjarðar á þessu tímabili. Sömu sögu er að segja um Austurlandsveg um Hvalnesskriður.

Hér hefur aðeins verið drepið á nokkra helstu framkvæmdaþætti af þeim fjölmörgu framkvæmdaliðum sem er að finna í brtt. fjvn. á þskj. 940.

Svo sem kunnugt er barst ríkisstj. tilboð frá Hagvirki um að ljúka gerð vegarins milli Reykjavíkur og Akureyrar á skömmum tíma. Rétt er að vekja athygli á því að þetta tilboð rúmast ekki innan brtt. fjvn. Tilboðið var að ýmsu leyti álitlegt, en hafði þó sína vankanta. Það gekk t. d. þvert á langtímaáætlun og þess vegna er tæknilegur undirbúningur vega sums staðar ónógur og

ákvörðun um vegstæði ekki fyrir hendi. Vaxtagreiðslur af lánsfé og fyrirkomulag lána hefðu a. m. k. þurft athugunar við. Ef ríkisstj. og Alþingi kysu að verja fjármagni til að ljúka þessu verki á umræddum tíma hefði að sjálfsögðu legið fyrir að bjóða það verk út á frjálsum markaði.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð var sýnt að stefna yrði að verulegri aðhaldssemi og niðurskurði í opinberum framkvæmdum og öðrum umsvifum á vegum ríkisins. Tveir framkvæmdaflokkar voru þó undanskildir og samstaða var um að verja þá fyrir niðurskurðarhnífnum eftir því sem föng væru á. Hér var um að ræða húsnæðismál og vegamál. Við þetta hefur verið staðið. Til húsnæðismála hefur verið varið miklum fjármunum og mun meira en áður af ríkisfé. Hvernig til hefur tekist í þeim málaflokki skal ekki rætt hér. Um vegamálin má segja að nokkur niðurskurður hafi orðið til þessa miðað við fyrri áætlanir Alþingis. En sú till. sem hér er til umr. ber það með sér að hún stefnir að því að standa fyllilega við ákvæði langtímaáætlunar.

Ég vil taka það fram hér að þrátt fyrir miklar þrengingar í fjármálum ríkisins og verulegan niðurskurð verklegra framkvæmda í fjölmörgum greinum tel ég afar mikilvægt að þessari stefnu í vegamálum verði fram haldið. Fátt er mikilvægara fyrir nútímalífshætti en greiðar samgöngur og fátt er nauðsynlegra til þess að byggð geti haldist í landinu með eðlilegum hætti en miklar framkvæmdir í vegamálum. Sú till. sem hér er til umræðu um nýja vegáætlun markar þýðingarmikil spor á þessari framfarabraut. Samtals gerir hún ráð fyrir því að á fjórum árum verði varið rúmlega 9 milljörðum kr. til vegamála. En þótt háar tölur geti verið góðar kosta þær sitt. Einhvers staðar verður að taka fjármagnið. Þess vegna er nýting fjármagnsins enn þá mikilvægari en háar tölur. Því ber að fagna að meðferð vegamála hefur verið með þeim hætti síðustu árin að nýting fjármagnsins hefur farið batnandi. Fyrir það eiga Vegagerð ríkisins og önnur yfirstjórn vegamála gott skilið. Auðvitað er það svo að ýmsir vankantar og jafnvel sárindi geta fylgt þeirri aðferð, sem nú er viðhöfð af hálfu Vegagerðar ríkisins, að bjóða út svo mörg verk sem raun ber vitni um. Því ber að hafa það sterklega í huga og verður auðvitað fylgst með því að nokkurt jafnræði sé á milli landshluta varðandi útboð og aðra tilhögun verka hjá Vegagerð ríkisins.

Því verður á hinn bóginn ekki neitað að með þessum hætti hafa verk reynst það miklu ódýrari en með fyrri tilhögun að það hefur stórlega flýtt framkvæmdum og nýtt betur það fé sem til ráðstöfunar hefur verið. Því er óhjákvæmilegt að halda þeirri stefnu áfram. Hagræðing í rekstri er eðlileg afleiðing og nauðsynleg samhliða aukinni verktakastarfsemi Vegagerðar ríkisins.

Á síðustu árum hefur starfsmönnum Vegagerðar ríkisins farið fækkandi svo sem sjá má af töflu í aths. með till. eins og hún liggur fyrir. Skýringar á þessum reglum komu einnig fram í framsöguræðu hæstv. ráðh. Útlit er fyrir að framhald geti orðið á fækkun starfsliðs og samdrætti í tækjakosti og lausum mannafla hjá Vegagerð ríkisins við þá þróun sem orðið hefur í tilhögun verka. Að þessu er nauðsynlegt að hyggja á komandi tíð svo sem verið hefur á síðustu árum.

Stundum er sagt að Ísland sé frumstætt land í vegamálum. Að sumu leyti er þetta rétt ef vegakerfi okkar er borið saman við það sem gerist í nálægum löndum. Á hitt ber að líta að við erum fámenn þjóð sem býr í stóru og býsna erfiðu landi. Mér verður stundum á að undrast hverju þessi fámenna þjóð kom í verk með lagningu malarveganna á sínum tíma. Á sama tíma er það stórvirki, sem við störfum nú að, að koma varanlegum vegum með bundnu slitlagi umhverfis landið allt og til helstu þéttbýlisstaða utan hringvegarins. Þessu stórverki miðar vel áfram og ég hygg að ég sé ekki einn um það að gleðjast yfir hverjum nýjum kafla sem tekinn er í notkun.

Ég hygg einnig að ég sé ekki einn um það að færa þeim þakkir sem að þessum málum hafa starfað allt frá hæstv. samgrh., sem reynst hefur ótrauður og dugmikill baráttumaður fyrir vegagerð á Íslandi, og til þeirra sem verkin vinna. Er þá frumkvöðlum varanlegrar vegagerðar hér á landi ekki gleymt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að skýra brtt. fjvn. frekar en orðið er. Þær birtast á þskj. 940. Ég legg til fyrir hönd n. að till. verði samþykktar með þeim brtt. sem birtast á nefndu þskj.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Vegáætlun fyrir árin 1985-1988 er nú loks til lokaafgreiðslu á Alþingi 21. maí. Ástæðan fyrir því seinlæti virðist vera hið almenna ráðleysi sem ríkir í stjórnarstörfum hæstv. ríkisstj. sem hefur enn ekki heldur komið í verk að afgreiða lánsfjáráætlun fyrir það ár sem nú er nærri hálfnað. Sannast hér enn einu sinni að ríflegur þingmeirihluti einn og sér dugir ekki til rösklegrar stjórnunar á Alþingi ef annað skortir. Þegar handaverkin eru skoðuð kemur allur þingmannafjöldi stjórnarflokkanna fyrir sjónir eins og eintómir þumalfingur á hendi hæstv. ríkisstj. og smíðisgripirnir eru eftir því.

Eins og formaður fjvn. hefur greint frá hefur eins og oftast áður orðið samkomulag innan fjvn. um skiptingu þeirra fjárhæða sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að verði til ráðstöfunar á áætlunartímabilinu og stendur nefndin því sameiginlega að nál. En ég hef skrifað undir álitið með fyrirvara vegna þess að ég stend að brtt. sem hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, er 1. flm. að og er þess efnis að staðið verði við ákvæði langtímaáætlunar um fjármagn til vegaframkvæmda, ekki einungis á árunum 1986, 1987 og 1988 heldur einnig í ár. Í stað þess að verja sem svarar 1.87% af þjóðarframleiðslu til vegamála í ár verði því varið til þess 2.4%.

Á sínum tíma fluttu þm. Sjálfstfl. og Framsfl. hvorir í sínu lagi þáltill. um gerð langtímaáætlunar í vegagerð. Fjvn. fékk þessa till. til meðferðar og ég átti nokkurn þátt í því sem formaður nefndarinnar á þeim tíma að sameina sjónarmiðin sem uppi voru meðal allra flokka og semja till. sem fjvn. flutti og var grundvöllur að þeirri langtímaáætlun sem nú ætti að gilda, fengist við hana staðið. Mér þykir því heldur napurlegt að þegar þessar tveir flokkar, sem fluttu hvor sína till. í þessu efni, hafa nú tekið höndum saman um stjórn landsins með mjög ríflegum þingmeirihluta, þá skuli þeir nota sameinaðan þingstyrk sinn til þess að hverfa svo rækilega frá ákvæðum langtímaáætlunar um vegagerð sem raun hefur borið vitni og enn er hér lagt til varðandi árið 1985. Munurinn á því fjármagni sem ákveðið var í langtímaáætlun að verja til vegagerðar og því sem í raun hefur verið samþykkt við gerð vegáætlunar hefur aukist með hverju ári og fyrri markmið fjarlægst æ meir. Mestu munar árið 1985 og hafa þó bensíngjöld stöðugt

hækkað til jafns við hækkanir byggingarvísitölu þótt vísitölubætur á laun hafi verið bannaðar með lögum síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

Árið 1983 átti skv. langtímaáætlun að verja sem svarar 2.3% þjóðarframleiðslu til vegamála. Reyndin varð 1.99%. Þar skortir 0.21%. Árið 1984 átti skv. langtímaáætlun að verja 2.3% þjóðarframleiðslu til vegamála. Reyndin var 2.07%. Þar skorti 0.23%. Í ár á skv. langtímaáætlun að verja 2.4% þjóðarframleiðslu til vegamála en skv. þeirri till. til þál. um vegáætlun, sem hér er verið að afgreiða, er ætlunin að verja til vegamála 1985 1.87% þjóðarframleiðslu. Þar skortir því 0.53% eða meira en nokkru sinni fyrr. Bilið hefur aukist frá 1983 úr 0.21% í 0.53%. Á árinu 1985 verður fjármagn til vegaframkvæmda lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en nokkru sinni síðan langtímaáætlun var lögð fram.

Við þá endurskoðun, sem nú fer fram á framlögum til vegamála fyrir árið 1985, eru framlög til nýrra framkvæmda lækkuð að framkvæmdagildi miðað við verðlag 1985 um 125 millj. kr. í ár og framlag til viðhalds vega um 23 millj. kr. miðað við ákvæði síðustu vegáætlunar.

Þó að í þeirri till. til vegáætlunar, sem hér er til afgreiðslu, sé gert ráð fyrir að á árinu 1986, 1987 og 1988 verði staðið við markmið langtímaáætlunar og miðað við að verja 2.4% þjóðarframleiðslu til vegamála hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. lagt til að Alþingi skipti ekki á einstök verkefni nema hluta áætlaðs fjármagns til nýrra framkvæmda á þessum árum.

Með tilliti til þess hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið að framkvæmdum langtímaáætlunar á stjórnartímabili sínu, þar sem fyrri markmið Alþingis, sem samræmd voru þannig að allir gátu að þeim staðið, hafa fjarlægst með hverju ári og mest á þessu ári, þá þykir mér það eðlilegt og raunsætt af fulltrúum meiri hl. í fjvn. að fá það staðfest á hv. Alþingi að óraunhæft sé að slá því föstu við afgreiðslu vegáætlunar að stjórnarflokkarnir standi við þær heildarfjárveitingar sem tilgreindar verða í vegáætlun til nýrra framkvæmda fyrir árið 1986 og 1987. Því skuli 20% fjármagns til nýframkvæmda á árinu 1986 haldið eftir óskiptu á verkefni og 25% á árinu 1987 en framkvæmdafjármagn síðasta árs vegáætlunar er að jafnaði með öllu óskipt að öðru leyti en því er varðar sérstök verkefni og svokallaða Ó-vegi. Það er að sjálfsögðu hægara um vik að strika út óskipt fé en þær fjárveitingar sem bundnar hafa verið við tilteknar vegaframkvæmdir.

Með þessu móti sýnist mér að heildarfjármagn til vegamála 1986 að frádregnu óskiptu fé nemi 2.19% af þjóðarframleiðslu á því ári, en 2.14% á árinu 1987, en í langtímaáætlun er miðað við 2.4% eins og kunnugt er. Við skulum vona að ekki komi til endanlegs niðurskurðar þessa fjármagns en ljóst er að fulltrúar meiri hl. fjvn. telja allan varann góðan með tilliti til þess sem á undan er gengið af hálfu stjórnarflokkanna og á það sjónarmið hafa fulltrúar minni hl. fallist.

Eins og ég áðan greindi verður framlag til vegamála í ár lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en á nokkru ári síðan langtímaáætlun var lögð fram, enda lækkar framlag ríkissjóðs af tollum og söluskatti af bensíni á árinu 1985 frá árinu 1984 um 40 millj. kr. á verðlagi ársins í ár og önnur fjáröflun til vegagerðar lækkar frá árinu 1984 úr 354 millj. kr. á verðlagi 1985 í 265 millj. kr. eða um 89 millj. kr. Samanlagt lækkar því hluti ríkissjóðs á verðlagi 1985 úr 524 millj. kr. 1984 í 395 millj. kr. eða um 129 millj. og þyrfti að hækka um þriðjung til þess að jafngilda framlagi 1984. Þannig hallar sífellt undan fæti á sama tíma og bensíngjöld og þungaskattur hækka sí og æ í samræmi við hækkun byggingarvísitölu.

Framlög til nýrra þjóðvega, brúagerðar og fjallvega lækka úr 791 millj. kr. 1984 á verðlagi 1985 í 754 millj. í ár eða um 37 millj. kr. frá raunverulegum framkvæmdum í fyrra og um 128 millj. kr. frá áætluðum framkvæmdum 1985 í þeirri vegáætlun sem samþykkt var 1984 og nú er verið að endurskoða. Þessar framkvæmdir dragast saman um 238 millj. kr. frá fyrri áformum í langtímaáætlun.

Það er ekki að undra að meiri hl. fjvn. vilji hafa vaðið fyrir neðan sig og lætur því vera að úthluta til ákveðinna framkvæmda verulegum hluta áætlaðs fjármagns á árunum 1986 og 1987. Þeir hafa reynsluna fyrir sér, sífellt aukið frávik frá langtímaáætlun á undanförnum árum og lægra raungildi framkvæmdafjár á árunum 1985 en á öllu árabilinu 1980—1985 að undanskildu árinu 1983. Það er því eðlilegt að taka með varúð fyrirheitum á pappír um að framkvæmdir muni á árinu 1986 aukast að raungildi um nær 300 millj. kr. Þessi tortryggni á gildi slíkra fyrirheita er eðlileg ályktun af fyrri ferli hæstv. ríkisstj. í vegamálum.

Það hefur dregið nokkuð úr áhrifum af frávikum frá markmiðum langtímaáætlunar á undanförnum árum að með aukningu útboða hefur náðst fram betri nýting fjármagns. Mér þykir það ekki gera áhuga einstakra þm. á auknum vegaframkvæmdum fyllilega trúverðugan þegar þeir leggjast í raun gegn útboðsstefnu í vegamálum og virðast líta svo á að vegaframkvæmdir eigi öðrum þræði að vera atvinnubótavinna. Það er að mínum dómi ljóst að séu verk unnin fyrir taxtagreiðslu þegar unnt er að fá þau hagkvæmari með útboðum sé mismunur á kostnaði ekki raunveruleg fjárveiting til vegaframkvæmda heldur ætti að færast á einhverja liði hjá félmrn. Ég er á þeirri skoðun að hvenær sem minnsta von er um að útboð leiði til lækkunar framkvæmdakostnaðar í samanburði við að láta vinna verkið skv. taxtagreiðslum, þá beri að bjóða verkið út. Það er á hinn bóginn skiljanlegt sjónarmið að sóst sé eftir því að framkvæmdir séu sem mest í höndum heimamanna í hverju héraði, en það eru neikvæð viðbrögð og engum til hagsbóta að ætla að tryggja heimamönnum verkin með andófi gegn útboðum. Tæknin hefur verið að breytast og jákvæð viðbrögð við þeirri þróun hljóta að felast í auknu samstarfi einstakra verktaka úti á landsbyggðinni til þess að þeir geti staðið öðrum jafnfætis um framkvæmdagetu þegar verk eru boðin út.

Það hefur verið nokkuð algengt viðkvæði þm. dreifbýlisins að allri vegalagningu væri að verða lokið á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjaneskjördæmi öllu. Þetta er að sjálfsögðu hinn mesti misskilningur sem getur átt rætur í því að þau mannvirki, sem fjármagn hefur fengist í, hafa vegna umferðarþunga orðið að verða viðameiri en á þeim stöðum þar sem umferðin er ekki nema brot af því sem hér er og kunna því að vaxa landsbyggðarmönnum í augum. Á höfuðborgarsvæðinu, þ. e. Reykjavík og næstu sveitarfélögum, búa um 53% þjóðarinnar og um 60% búa í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi öllu. Hlutfallstala Reykvíkinga og Reyknesinga í bifreiðafjölda landsmanna mun vera

nánast hin sama, um 60%. Skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins nemur áætlaður akstur landsmanna á þjóðvegum utan höfuðborgarsvæðisins 520 millj. km á ári en á höfuðborgarsvæðinu um 550 millj. km eða ríflega helmingi alls aksturs, þar af um 440 millj. km í Reykjavík. Á hinn bóginn fara á árinu 1985 um 15% þess fjármagns, sem varið er á vegáætlun til nýframkvæmda í landinu öllu, til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og Reykjaneskjördæmi öllu samanlagt. Er þá meðtalin 15% hlutdeild sveitarfélaganna á þessu svæði af því þéttbýlisvegafé sem úthlutað er eftir höfðatölu, en á þessu svæði búa 60% þjóðarinnar og þar eru 60% af bílaeign landsmanna.

Þegar umferðarþunginn er orðinn svo mikill á svo þröngu svæði sem höfuðborgarsvæðinu, einkum í Reykjavík sjálfri, að þar skerast ökuleiðir sem tugþúsundir ökutækja fara um á degi hverjum verða slík umferðarvandamál ekki leyst nema með afar dýrum mannvirkjum. Þar eru mörg slík verkefni óleyst og verður að leysa á næstu árum ef ekki á að stefna í óefni í umferðinni. Þessi vandamál verða ekki leyst með ámóta fjárhæðum og fengist hafa með þeirri skiptingu fjármagns sem ég áðan nefndi og þarf að koma til verulega aukið fjármagn.

Ég er ekki að halda því fram að líta eigi á hvert kjördæmi eða svæði út af fyrir sig og tengja fjárveitingar einungis við íbúatölu viðkomandi svæðis. Það held ég að engum hafi dottið í hug. Vegakerfið þjónar öllum landsmönnum og það er einnig keppikefli þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu að vegakerfið verði bætt um allt land. En þar sem um 53% þjóðarinnar búa á tiltölulega þröngu svæði er meginþungi umferðarinnar þar og svo gífurleg umferð kallar á dýrar lausnir. Hjá því verður ekki komist. Staðreyndin er sú að í kjölfar fjárveitinga á undanförnum árum sjást þess ótvíræð merki að ástand vegamála og umferðar hefur batnað mjög verulega víðast úti á landsbyggðinni. Á sama tíma blasir við að verulega aukið fjármagn þarf til framkvæmda í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu ef ástandið á ekki beinlínis að versna með ári hverju á þessu mesta umferðarsvæði landsins þar sem meira en helmingur alls aksturs í landinu á sér stað.

Þm. Reykn. hafa á undanförnum árum rætt þetta vandamál við yfirmenn Vegagerðar ríkisins og kom Vegagerðin á sérstökum vinnuhópi til að fjalla um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta fundi fjvn. var nm. afhent áfangaskýrsla þessa vinnuhóps. Eins og í skýrslunni segir hefur borgarverkfræðingurinn í Reykjavík og nokkrir starfsmenn hans tekið þátt í þessu samstarfi og einnig bæjarverkfræðingurinn í Kópavogi. Þá hefur verið haft samráð við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu svo og samtök sveitarfélaga á þessu svæði.

Í þessari áfangaskýrslu, sem lögð var fyrir fjvn. og formaður nefndarinnar hefur í ræðu sinni hér áðan getið um, liggur fyrir fyrsta mat á framkvæmdaþörf á næstu 6—8 árum. Í skýrslunni segir að við mat á því hvaða verkefni skyldu tekin með í þessa áætlun hafi verið stuðst við umferðarspá 1990 og miðað við það að ástand í umferðarmálum — þjónustugráða eins og það er orðað — verði yfirleitt ekki verra en það er í dag. Það þætti ekki hátt stefnt í vegaframkvæmdum annars staðar í vegakerfi landsins. Ég vil benda á í þessu sambandi að umferðarspá er miðuð við að fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu verði lítið meiri en landsmeðaltal. Orð formanns fjvn. hér áðan mátti skilja svo að framkvæmdaþörf í áfangaskýrslunni byggðist á stórfelldum fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins en svo er ekki.

Helgi Hallgrímsson forstjóri tæknideildar Vegagerðar ríkisins hefur tekið saman minnisblað um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu og er þar fjallað um niðurstöður þeirrar áfangaskýrslu sem nú hefur verið lögð fram. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta minnisblað því að það gefur skýra mynd af vandamálinu. Það er svohljóðandi:

„Minnisblað. Vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu.

Í meðfylgjandi áfangaskýrslu I er sett fram mat um nauðsynlegar framkvæmdir á vegakerfi höfuðborgarsvæðisins til þess að fullnægja umferðarspá fyrir 1990. Skv. matinu eru niðurstöður þessar á verðlagi 1985, vísitala vegagerðar 1480: Þjóðvegir í Reykjavík 41 millj. (+87 millj. ef tiltekinn valkostur er tekinn með), í Reykjaneskjördæmi 324 millj. eða samtals þjóðvegir í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi 365 millj. (+ 87 millj. ef þessi valkostur er tekinn með). Síðan koma þjóðvegir í þéttbýli í Reykjavík 618 millj. (+ 43 millj. með tilteknum valkosti). Þjóðvegir í þéttbýli í Kópavogi 36 millj., þjóðvegir í þéttbýli í Garðabæ 35 millj., þjóðvegir í þéttbýli í Hafnarfirði 22 millj., þ. e. þjóðvegir í þéttbýli í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi 711 millj. (+ 53 millj. með tilteknum valkostum).

Hér á eftir verða reifaðir möguleikar til fjármögnunar. Verða þá svigatölur, þ. e. þessir sérstöku valkostir, taldar með heildarkostnaði en á móti kemur að miðað er við framkvæmdatíma átta ár, 1985—1992, bæði ár meðaltalin, sbr. fyrirvara í skýrslu um þróun íbúafjölda og umferðar.

1. Þjóðvegir.

A. Í Reykjavík. Í vegáætlun 1984 var í fyrsta skipti veitt fé til þjóðvega í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Í drögum að vegáætlun 1985—1988, sem nú er til meðferðar, er reiknað með framhaldi á þessu. Er miðað við að alls renni um 45 millj. kr. til þessa verkefnis á tímabilinu. Til að ná umræddum áföngum 1992 þyrfti um 80 millj. kr. á árinu 1989—1992 eða 20 millj. kr. á ári.

B. Í Reykjaneskjördæmi. Skv. langtímaáætlun eiga þjóðvegir í þessum hluta Reykjaneskjördæmis að fá um 290 millj. kr. á árunum 1985—1994. Til að ljúka áföngum á tilsettum tíma 1992 þyrfti allt fjármagn þriðja tímabils að koma á fyrri tveimur árum tímabilsins og þó vantar enn rúmlega 30 millj. kr. til viðbótar. Þessi vöntun stafar af því að nokkur verkefni eru hér tekin með sem ekki eru í langtímaáætlun.

2. Þjóðvegir í þéttbýli.

A. Reykjavík. Sé miðað við langtímaáætlun eiga liðlega 1000 millj. kr. að renna til þjóðvega í þéttbýli á árunum 1985—1992. Ætla má að hlutur Reykjavíkur skv. íbúatölu geti orðið um 310 millj. kr. Eðlilegt má telja að Reykjavík njóti framlaga úr 25%-sjóði þó að svo hafi ekki verið hingað til." — Ég skýt því hér inn í að í till. fjvn. um ráðstöfun á 25%-sjóði í ár er gert ráð fyrir því að Reykjavík fái 6 millj. kr. úr sjóðnum en það er í fyrsta skipti sem slíkt er gert. Síðan segir áfram: **„Alls gæti fjármagn 25%-sjóðs á þessum árum numið um 250 millj. kr. Þó að Reykjavík fengi fjórðung þess fjár í sinn hlut, þ. e. um 60 millj. kr., vantar enn um 300**

millj. kr. til þess að ljúka megi umræddum verkefnum 1992. Enn er þess ógetið að hér er ekki reiknað með neinum viðhaldskostnaði á þessum flokki vega í Reykjavík. Skv. upplýsingum Reykjavíkurborgar mun hann nema 25—30 millj. kr. á ári eða liðlega 200 millj. kr. á umræddu árabili.

B. Önnur þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Skv. skýrslunni er talið að þrjú sveitarfélög þurfi að leysa stærri verkefni á þessu tímabili. Kostnaður við þau nemur alls 93 millj. kr. Sé reiknað með eðlilegri þátttöku 25%-sjóðs þegar stærri áfangar eru í framkvæmd má ætla að framlög til þjóðvega í þéttbýli í þessum sveitarfélögum nægi til að ljúka verkefnunum. Ekki er frekar en í Reykjavík reiknað með neinum viðhaldskostnaði í öðrum sveitarfélögum.

Svo sem fram kemur hér á undan vantar nokkurt fjármagn til þjóðvega þó að langtímaáætlun sé höfð til viðmiðunar. Undirstrikar það enn einu sinni hve brýnt er að staðið sé við hana og þá einnig að það óskipta fé, sem m. a. skyldi mæta ófyrirséðum þörfum, verði til ráðstöfunar. Enn meiri vöntun er þó til þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík. Líta verður á það sem sameiginlegt verkefni Alþingis og Reykjavíkurborgar að leysa það mál á næstu árum. Rétt er að leggja áherslu á að þörf fyrir framkvæmdir á vegakerfinu að loknu tímabilinu 1985—1992 verður mikil. Koma þar til dýr gatnamótamannvirki og nýir vegir. Verður því að reikna með mikilli fjárþörf áfram til þessara verkefna. Áætlunargerð um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu verður haldið áfram. Verður unnið að nánari úrvinnslu þeirra tillagna sem fram eru settar í áfangaskýrslunni, röðun framkvæmda og þess háttar. Enn fremur verður litið á vegakerfi höfuðborgarsvæðisins til lengri tíma.

3. maí 1985.
Helgi Hallgrímsson."

Ég minni enn á að í þessum áætlunum er einungis miðað við það að ástand í umferðarmálum, þjónustustig, verði eftir 6—8 ára framkvæmdir yfirleitt ekki verra en það er í dag. Það er því ástæða til að vekja athygli hv. þm. á hinni brýnu þörf sem við blasir á úrbótum í vegakerfinu í höfuðborginni og höfuðborgarsvæðinu öllu og gera verður ráð fyrir að verulega aukið fjármagn þurfi á næstu árum til að uppfylla.

Í áfangaskýrslunni er reynt að meta arðsemi þeirra framkvæmda sem hér um ræðir og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Reiknað á þennan hátt verður árlegur sparnaður að þessum framkvæmdum loknum, fjárfesting 1265 millj. kr., um 35%. Slíkar tölur ber að skoða með varúð en hún sýnir að þær framkvæmdir, sem í þessum drögum eru nefndar og þó fleira væri talið með, eru vafalaust fjárhagslega hagkvæmar fyrir þjóðfélagið."

Sá hluti vegakerfisins, þar sem tæpur helmingur umferðarinnar fer fram, úti á landsbyggðinni, hefur fengið um 85% alls fjármagns til nýframkvæmda, en sá hlutinn, höfuðborgarsvæðið, þar sem ríflega helmingur umferðarinnar á sér stað hefur fengið um 15% fjármagnsins. Hér er þó á ýmislegt að líta. Allar vegaframkvæmdir þjóna landsmönnum öllum og skipta ekki einungis máli fyrir íbúa viðkomandi svæðis. Aðstæður eru ólíkar, annars vegar miklar vegalengdir um fjöll og firnindi, yfir ár og skriður, hins vegar samanþjappað gífurlegt umferðarmagn þar sem akvegir með tugþúsundum ökutækja á dag skerast og engin lausn er önnur en að brúa margra akreina umferðarstrauminn.

Þeir íbúar landsins, sem ætla má að greiði um 53% af öllum vegasköttum, hljóta að eiga rétt á því að Vegasjóður taki meiri þátt í slíkri brúagerð og mannvirkjagerð en með þeim lágu upphæðum einum saman er ætlaðar eru til þjóðvega í þéttbýli. Um það þarf að nást samkomulag með einhverjum hætti.

Sú áfangaskýrsla um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu, sem ég hef hér gert að umræðuefni, staðfestir enn þörfina á því að hv. Alþingi víkist ekki undan því að standa að fullu við þau markmið um framkvæmdamagn sem gert var ráð fyrir í langtímaáætlun um vegagerð. Þessi skýrsla staðfestir að miklu fremur er þörf á að auka þar við í stað þess að draga úr framkvæmdum eins og lagt er til í þeirri till. til þál. um vegáætlun sem hér er verið að afgreiða.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þann dagskrárlið sem hér er nú til umr. Ég get tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns, í fyrri hluta ræðu hans fyrst og fremst. Ég sleppi því að þessu sinni að taka undir það sem kom fram í síðari hluta ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar hér áðan, geymi mér til síðari tíma að gera það að umræðuefni. En ég get tekið undir það sem hann gerði að umræðuefni í fyrri hluta sinnar ræðu og skal ekki hafa fleiri orð þar um.

Eins og hér hefur komið fram skrifar minni hl. fjvn. undir nál. með fyrirvara. Það mun hafa gerst nokkuð lengi að menn færu þannig að. Ástæðan er auðvitað sú að þm. almennt taka þátt í skiptingu þess fjármagns sem meiri hl. hverju sinni ákvarðar að til hlutanna eigi að fara og bera þannig að hluta til ábyrgð á þeirri skiptingu sem hér um ræðir. Mér heyrðist hv. þm. Pálmi Jónsson, formaður fjvn., segja hér áðan að fjvn. stæði öll að þessu áliti. Nú sýnist mér vanta eitt nafn á að þetta standist og mér er spurn: Standa allir hv. fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. að því áliti sem hér er lagt fram? Ég vil gjarnan fá sör við þeirri spurningu. Ég er ekkert að krefjast svara af hv. þm. Pálma Jónssyni. Hv. þm. Egill Jónsson, sem hér á að vera, ætti að sjálfsögðu að geta svarað þessu. En gjarnan vil ég fá að vita hvort einhver brestur hefur komið í stjórnarliðið við afgreiðslu þessa máls.

Eins og hér hefur komið fram fyrr er það auðvitað alveg ljóst að við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árið í ár er um að ræða fráhvarf frá sameiginlegri samþykkt allra þm. á sínum tíma um langtímaáætlun í vegamálum. Það ber auðvitað að harma. Menn hafa um það mismunandi röksemdir vegna hvers slíkt á sér stað og ég skal ekki fara út í að ræða það hér. En það er staðreynd, sem blasir við, að það er fráhvarf frá þeirri stefnu sem mörkuð var hér á sínum tíma. Hins vegar er gert ráð fyrir því að við hana verði staðið bæði á árinu 1986 og 1987 og við skulum vona að það takist. Minn hugur er sá að fremur þurfi þar við að bæta en úr að draga því að ég hef þá skoðun, eins og margoft hefur komið fram, að vegaframkvæmdir séu hinar arðbærustu sem við getum farið í miðað við þær kringumstæður sem við höfum búið við og búum við enn þann dag í dag. Þar á því lítið til að spara til þess að hægt sé af fullum krafti að vinna að framkvæmdum að þessu leytinu til.

Ég geri ráð fyrir því að ýmsir hefðu viljað fá meiri fjármuni en hér er um að ræða til framkvæmda til að

láta í brýrnar og mjög svo nauðsynlegar framkvæmdir á hinum ýmsu svæðum. Ég hygg þó að almennt hafi menn verið nokkuð sammála um þá skiptingu sem hér er um að ræða, þá skiptingu sem hefur átt sér stað milli kjördæma og hefur verið í gildi nokkurn tíma. Það er spurning hversu lengi sú skipting eigi að vara. Það er vel hugsanlegt að henni þurfi að breyta áður en langt um líður. Ég er þó ekki að tala hér á þann veg að henni eigi að breyta verulega í þá átt sem hv. þm. Geir Gunnarsson var að tala um áðan. Mér hefur a. m. k. fundist þann tíma sem ég hef verið á þessu svæði æðimikill munur á að aka hér á þessum „teppalögðu" götum en þeim malarholugötum sem ég hef þurft að aka á í minni heimabyggð. En kannske eru „teppin" farin að bila eitthvað hér á þessu svæði þannig að þau þurfi endurnýjunar við.

Ég vil, herra forseti, að það komi fram að það er vissulega harmsefni að hér hefur verið horfið frá markaðri stefnu. Nauðsyn hefði verið að henni hefði verið haldið. Ég skal ekki hefja hér umr. um það efnislega hvers vegna það er gert. Það liggur fyrir. Það er auðvitað meiri hl. hverju sinni sem ræður ferðinni í þeim efnum. Hann hefur valið þennan kostinn að draga saman seglin í ár en er jafnframt með fyrirheit um að haldið verði við markaða stefnu árin 1986, 1987, þ. e. ef sá meiri hl. fær einhverju um það ráðið, ef ekki verður búið að fallast á skoðun hæstv. iðnrh., efna til kosninga í haust og skipta um meiri hl. En við skulum vona, hverjir sem um stjórnvölinn halda næstu árin, að haldist sú samheldni sem hér myndaðist á þeim tíma sem þm. réttu upp hendi við langtímaáætlun í vegagerð og voru allir sammála um það að verja þeirri prósentu, sem þar um samdist, til vegaframkvæmda — a. m. k. verði ekki úr henni dregið. Meiri þörf er á því að bæta þar við en að minnka.

Ég vil í lokin þakka bæði meðnm. mínum í fjvn., formanni sérstaklega, og vegagerðarmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf eins og venjulega. En ég vænti þess að þessari umr. ljúki ekki áður en hægt er að fá um það svör frá einum af hv. þm. í fjvn. hver afstaða hans er til þessa máls.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þetta nál. sem hér liggur fyrir til umr. Undir það rita ekki alveg allir nm. eins og hér var vakin athygli á og verður sjálfsagt gerð grein fyrir því síðar. En nefndin var yfirleitt vel sammála í störfum sínum að þessum málum þó að nokkrir nm. riti undir álitið með fyrirvara.

Formaður fjvn. og frsm. hefur gert það ítarlega grein fyrir þessum málum öllum í heild að ekki er þörf á að bæta þar miklu við. Vitanlega eru þessi mál sameiginleg áhugamál allra alþm., brennandi áhugamál. Það er reynt að leysa þau með hliðsjón af langtímaáætlun sem hv. alþm. urðu furðu sammála um að standa saman að hér fyrir nokkrum árum.

Ég ætla ekki að ræða skiptingu fjár milli kjördæma þó að þar komi sjálfsagt eitt og annað til greina sem menn eru kannske ekki fyllilega sammála um. Samt verðum við að sjálfsögðu að hafa allt landið í heildarsýn þegar þessu fé er dreift því að markmið okkar er að bæta samgöngur um allt Ísland til að gera landið aðgengilegra og meira aðlaðandi fyrir okkur sem það byggjum svo og gesti okkar og ferðamenn.

Þessi endurskoðun eða þessi umfjöllun, sem farið hefur fram núna á þessum málum, boðar í sjálfu sér fá nýmæli. Það má auðvitað hafa mörg orð um hvert einstakt atriði hennar en við könnumst við þær tölur t. d. frá árinu 1985 og 1986 frá fyrri tímum. Og á þeim verður ekki ýkjamikil breyting í framkvæmd þegar á heildina er litið.

Það mætti tala langt mál um viðfangsefni í samgöngumálum innan hvers kjördæmis fyrir sig. Ég ætla að leyfa mér að minnast örfáum orðum á mitt kjördæmi, Vesturlandskjördæmi. Hver er sjálfum sér næstur í þeim efnum og hygg ég að það sama gildi um alla hv. alþm. Ég vil leyfa mér að minnast fyrst á samgönguleiðina um Hvalfjörð, þáltill. sem fyrir liggur hér, mál nr. 413 í Sþ., og hefur ekki verið rædd enn þá, en þm. Vesturl. standa að. Þessi leið hefur að sjálfsögðu mjög batnað á s. l. árum en stendur þó enn þá til bóta.

Þá vil ég leyfa mér að minnast á Ólafsvíkurveg frá Borgarnesi um Mýrar og hreppana sunnanfjalls um Fróðárheiði til Ólafsvíkur. Það er sérstaklega leiðin frá Borgarnesi og vestur um Mýrar sem er fjölfarin stofnbraut sem þarf að hafa í huga á allra næstu árum og að verður unnið. Enn fremur má nefna meginleiðina yfir Snæfellsnesfjallgarð. Svo nefni ég Heydalsveginn.

Þá má ekki alveg gleyma leiðinni frá Fróðárheiði sunnanverðri, þ. e. frá Heiðarkastinu, framan undir Jökli alla leið inn að Enni, þ. e. hinn svokallaði Útnesvegur. Við getum ekki gert allt sem okkur langar til í einu vetfangi. Þessar framkvæmdir verða að dreifast á mörg ár. En það er nauðsynlegt að hvetja Vegagerðina til þess að undirbúa kostnaðaráætlanir um framtíðarleiðir, þó að þar verði ekki unnið að vegagerð að ráði á allra næstu tímum. Ég leyfi mér í þeim efnum að minnast á leiðina um Stapahraun eða sem sumir kalla um Klifhraun til Arnarstapa, en það er hluti af Útnesvegi.

Það er dálítið áberandi þegar rætt er um vegamál úti á landi að þá er mikið lagt upp úr því að komast sem allra fyrst til Reykjavíkur. Menn ræða um það að hafa sem allra greiðasta, skemmsta og fljótfarnasta leið úr sínu byggðarlagi til Reykjavíkur. En við megum heldur ekki gleyma samgönguleiðum sem tengja saman einstaka byggðarlög innan okkar kjördæma og ekki heldur tengibrautum milli byggðanna og annarra kjördæma. Á þetta verðum við að leggja ríka áherslu en láta ekki ljómann af höfuðborginni villa okkur alveg sýn í öllum tilvikum.

Ég vil sérstaklega nefna eina leið sem við þm. Vestf. leggjum áherslu á að athuguð verði mjög gaumgæfilega á þessu ári, en það er leiðin frá Ólafsvík um Fróðárhrepp, um Eyrarsveit, Grundarfjörð og Helgafellssveit til Stykkishólms. Það þóttu miklir sigrar hér fyrir einum 15—20 árum þegar tókst að leggja veg um Ennið og Búlandshöfða og brúa Mjósund. En sannleikurinn er sá að það þarf að taka þessa vegi alla til nýrrar athugunar. Hefur mönnum þá komið í hug að gera þessa leið mun styttri og greiðari en hún er nú, þ. e. að fara um Mávahlíðarrif í Fróðárhreppi, fyrir framan Búlandshöfða og yfir Kolgrafarfjörð. Velja síðan þegar kemur inn fyrir Mjósundabrú hvaða leið verður farin um Helgafellssveit og hvaða leið valin suður yfir Snæfellsnesfjallgarð. Það er mjög brýnt verkefni að ná samkomulagi um framtíðarvegarstæði á þessum slóðum og ég kvíði því ekki því að yfirleitt hefur samvinna okkar

þm. Vesturl. gengið vel í þessum efnum þó að við marga erfiðleika sé að etja og oft sé erfitt að ákvarða stað fyrir ónógar fjárveitingar.

Það má ekki gleyma því að á Snæfellsnesi eru langir vegir, vegir báðum megin við fjallgarðinn og einnig vegir á nokkrum stöðum yfir fjallgarðinn. Það segja sumir að vegir á Snæfellsnesi séu þeir verstu á landinu öllu. Ég veit ekki hvort allir samþykkja það en eigi að síður er ástæða til þess að huga vandlega að vegagerð á þessum slóðum og að sjálfsögðu verður að tengja og byggja upp áfram Snæfellsnesveg alla leið inn í Miðdali í Dalasýslu. Ég fagna því, eins og ég gerði hér við 1. umr., að það er áætluð nokkur fjárhæð til þess að rannsaka vegagerð yfir Gilsfjörð. Ég lít svo á að rannsókn í þeim efnum verði lokið á næsta ári. Þá ber einnig að fagna því að vonir standa til þess að vegur um Laxárdalsheiði verði fullgerður nú í sumar og einnig að á Vestfjarðavegi um Bröttubrekku verði Bjarnadalsá brúuð sem er einn aðalþröskuldurinn nú, vegartálmi á þessari gömlu samgönguleið milli nágrannabyggða.

Það er ekki ástæða til að þylja upp alla vegi í Vesturlandskjördæmi þó að ég hafi vikið að nokkrum þeirra í fáum orðum. En af því að ég er nú kominn langleiðina með að líta í huganum á nokkra þjóðvegi í því kjördæmi má auðvitað ekki gleyma uppsveitum Borgarfjarðar t. d. um Norðurárdal og Holtavörðuheiði. Það verður ekki annað sagt en að þeim vegi miði allvel áfram og þar verður unnið á þessu ári.

Á þessu ári verður m. a. byggð brú yfir Hvítá á Kljáfossi og er það mikil framkvæmd og góð í augum okkar þm. Vesturl. Að sjálfsögðu þykir okkur hægt miða áfram í þessum málum og gjarnan vildum við sjá stærri fjárhæðir sem veitt yrði til einstakra verkefna. En við verðum þó að sætta okkur við það að þetta tekur allt langan tíma. Land okkar er stórt og erfitt yfirferðar og við megum ekki gleyma því að viðurkenna það sem vel hefur verið gert.

Þar sem ég var síðast staddur við Kljáfossbrú sakar ekki að minna á veginn um Lundarreykjadal, Uxahryggi og Bláskógaheiði, að maður ekki minnist á Kaldadal. En ég ætla ekki að nefna fleiri vegi því að eftir að komið er suður af Uxahryggjum styttist leiðin á Þingvöll og á hina ágætu vegi, teppalögðu sem sumir segja, a. m. k. vandlega lagða bundnu slitlagi, eins og flestir vegir eru orðnir í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Ég vil svo að lokum færa samstarfsmönnum mínum í fjvn. bestu þakkir svo og vegamálastjóra og starfsmönnum hans og hæstv. samgrh.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Við 1. umr. um vegáætlun 26. mars s. l. flutti hæstv. samgrh. ítarlega ræðu. Þar kom margt fram um stöðu og framkvæmd vegagerðar á landinu. Ég vil með leyfi forseta lesa hér stuttar tilvitnanir úr ræðu hæstv. ráðh. Í fyrsta lagi vil ég lesa þetta:

„Ef landið á að haldast í byggð verður að búa íbúum þess félagslegt og athafnalegt öryggi. Það verður ekki gert nema með öruggum samgöngum og ekki síst á landi."

Í öðru lagi vil ég lofa hv. þm. að heyra þessa aðvörun ráðh.: „Ekki verður þó öllu lengur hægt að bjarga langtímaáætlunum með hliðarráðstöfunum. Skv. henni ætti í ár og næstu ár að verja 2.4% þjóðarframleiðslunnar til vegamála, en í ár er sú tala um 1.9%. Því er nauðsynlegt þegar á næsta ári að ná upprunalegu markmiði. Annars fer áætlunin úr böndunum."

Staðreyndin er nefnilega sú að langtímaáætlunin er þegar farin úr böndunum þótt blasi enn augljósar við að svo sé ef svo færi á næstu árum að ekki yrði staðið við upprunalegt markmið langtímaáætlunarinnar um fjármögnun vegaframkvæmda. Það er jafnaugljóst að ef landið á að haldast í byggð verður það ekki gert nema með öruggum samgöngum.

Sú langtímaáætlun, sem nú er byggt á við veganýbyggingu og vegaviðhald, var unnin af nefnd sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og lögð var fram hér á Alþingi vorið 1983. Jafnvel þótt mörgum hafi fundist það vorið 1983 að langtímaáætlun gæfi nokkuð góð fyrirheit lá það í loftinu að reynslan skæri fyrst og fremst úr um ágæti hennar. Tekjumörkun var sterkasta hlið áætlunarinnar, þó með þeim ákveðna ásetningi að um væri að ræða markmið um lágmarksframlag. Aðrir þættir, sem áætlunin byggðist á, voru veikari. Það hefur komið í ljós að ástand vega, umferðarþörf og félagslegar aðstæður voru ekki metnar sem skyldi. Áhrif nýbygginga á umhverfi sitt og kannske ekki síður áhrif þess á framkvæmdir í vegamálum, nýbyggingar og bundið slitlag eru mjög mismunandi eftir landshlutum. Til þessa þáttar verður að taka miklu meira tillit á næstu árum og jafna framkvæmdir milli héraða meira en gert hefur verið.

Þá hefur komið fram mismunun um framkvæmd sérverkefna. Við því mátti búast að eftir stuttan reynslutíma mundi langtímaáætlunin til vegaframkvæmda þurfa endurskoðunar við. Ég tel að að því sé nú þegar komið. Ef litið er til reynslu af framkvæmd langtímaáætlunar á Vesturlandi kemur m. a. eftirfarandi í ljós:

Um sérverkefni er þetta að segja: Meginverkefni á Vesturlandi utan Ó-vegaframkvæmdanna undir Enni hefur verið uppbygging vegar fremst í Norðurárdal og á Holtavörðuheiði. Þetta er svokallað sérverkefni á Vesturlandi. Framkvæmdin kemur íbúum Vesturlands að sáralitlu gagni. Hér er fyrst og fremst verið að byggja upp veg sem þjónar öðrum landshlutum. Vegurinn liggur frá Vesturlandi miðað við samgöngur innan svæðisins.

Hér kemur fram einn ágalli langtímaáætlunarinnar. Það kemur sem sagt í ljós að á sama tíma og stór hluti þess fjármagns, sem ætlaður er Vesturlandi, fer til þess að byggja upp veg til að auðvelda samgöngur annarra landshluta að Vesturlandi hafa framkvæmdir um Reykjaneskjördæmi af Vesturlandi verið látnar sitja á hakanum. Framkvæmdahraði um Hvalfjörð sunnanverðan, sem kemur í hlut Reykjaneskjördæmis, er í öfugu hlutfalli við þann þunga sem haldið hefur verið uppi á Holtavörðuheiði.

Þegar kemur vestur fyrir Borgarnes er ástand vega víða mjög bágborið. Það er skoðun mín að við gerð langtímaáætlunarinnar hafi þessir vegir verið metnir betri en þeir hafa reynst vera og þar með fjárframlag til þeirra áætlað minna en þurft hefði. Það hefur sem sé komið í ljós að til þess að bjarga algerum vandræðastöðum á veginum vestur um frá Borgarnesi svo og á norðanverðu Snæfellsnesi og í uppsveitum Borgarfjarðar hefur þurft að færa til fjármagn, sem skv. vegáætlun og langtímaáætlun hefur verið ákveðið til þeirra staða

sem skv. þessum áætlunum þurfti að byggja upp fyrst og skv. þeim hafa forgang þar eð ástand veganna hefur reynst miklu verra en grundvöllur langtímaáætlunarinnar var byggður á.

Á fundum þm. Vesturl. með vegamálastjóra og hans fólki kom greinilega fram að mikið skorti á að sá rammi, sem langtímaáætlunin setur um vegaframkvæmdir á Vesturlandi, sé til nokkurrar frambúðar. Vegagerð ríkisins þarf því í samráði við þm. kjördæma og sveitarstjórna að huga að endurskoðun og nýrri áætlanagerð. Á meðan slík endurskoðun nær ekki um landið allt þarf að gera áætlanir um sérstök svæði. Þm. Vesturl. hafa lagt til sameiginlega við Vegagerð ríkisins að gerð verði ítarleg könnun á vegarstæði á norðanverðu Snæfellsnesi. Kannaðir verði m. a. þeir möguleikar að fara með veg undir Búlandshöfða og um Mávahlíðarrif, áhrif og bygging brúar yfir Kolgrafarfjörð. Þá verði og kannaðar hugsanlegar nýjar leiðir um veg um Helgafellssveit og vegarlagning úr Kerlingarskarði að Snæfellsnesvegi við Stykkishólm og út á nesið. Þá hefur komið upp hugmynd um nýjan veg um Dufansdal.

Einnig varð samkomulag um að gera fullkomna kostnaðaráætlun um veg frá Sleggjubeinu að Arnarstapa um Klifhraun eða Stapahraun. Vegagerð ríkisins hefur samþykkt þessa þætti báða og áætlanagerð þar að lútandi.

Við afgreiðslu þessarar vegáætlunar fyrir árin 1985–1988 liggur það nokkuð ljóst fyrir að gera þarf nýja langtímaáætlun. Þó þarf fyrst og fremst að tryggja það að sú áætlun, sem nú er farið eftir, fari ekki úr böndunum en að því stefnir. Sú staðreynd að í ár verður innan við 1.9% af þjóðarframleiðslu varið til vegamála í stað 2.4%, eins og upprunalegt markmið var, staðfestir það að farið er að losna um böndin.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég talaði hér við fyrri umr. þessa máls og skal ekki endurtaka um of það sem þá var sagt. Hér vék hv. þm. Geir Gunnarsson að meginatriði þessa máls, hinu mikla og vaxandi fráviki frá markmiðum langtímaáætlunar. Það setur mestan svip á þá vegáætlun sem við erum nú að afgreiða sem raunar er ekki marktæk að mínu viti nema varðandi þetta eina ár, árið í ár, enda viðurkennt af þeim stjórnarliðum í fjvn. með því að svo miklu er óráðstafað næstu árin tvö að þar er greinilega borð fyrir báru til að slá af og víkja frá þegar að efndum er komið.

Þetta er að sjálfsögðu meginmálið sem þegar hafa verið gerð þau skil að ekki þarf um að bæta. Skipting vegafjár hefur ekki verið þjáningarlaus fyrir þm. í einstökum kjördæmum og hér var á það minnt áðan að hún hefði jafnvel verið það þjáningarfull að dæmi væru um það að menn hefðu gengið frá borði og það jafnvel úr skiprúmi ríkisstj. en ekki stjórnarandstöðu. Hv. 11. landsk. þm., sem nú er genginn í salinn, var krafinn sagna af hv. þm. Karvel Pálmasyni um það hvort hann hefði úr skiprúmi gengið hjá ríkisstj. í þessu tilfelli. Ég færi þá spurningu hér yfir vegna þess að nú er hv. þm. viðstaddur. En ég sé á nál. frá fjvn. þessa yfirlætislausu setningu hér í lokin, með leyfi virðulegs forseta: „Egill Jónsson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.“ Ég þykist skilja þessi orð nokkuð rétt. (**EgJ:** Lesa þau rétt.) Ég les þau rétt, já, og ég þykist skilja þau rétt einnig en ég ætla ekki að fara nánar út í það. Ég veit að hann er áreiðanlega maður til þess að lesa úr þessum orðum ef þau eiga að skiljast einhvern veginn á annan veg en þann að hann sé ósáttur við niðurstöðuna.

Ástand vega á Austurlandi er líkt og menn hafa fjallað hér um varðandi ástand vega í sínum kjördæmum. Uppbygging er skammt á veg komin og alls staðar er um knýjandi þarfir og úrbætur að ræða og erfiðleikar ærnir í röðun verkefna og enn örðugra um tilfærslu. Langtímaáætlunin, sem raunar hefur ekki verið staðfest, vísar þar veginn í þeirra orða fyllstu merkingu. Frávik frá henni eins og nú gera skiptinguna enn erfiðari. Með hverju árinu sem líður með slíkum frávikum verður æ ógerlegra að fara eftir meginlínum langtímaáætlunar og það er hart við að búa fyrir þá sem búa við vegi eins og á Austurlandi.

Ég hef áður rætt óánægju mína með okkar hlut, hvernig Ó-vegaverkefnin, svo þörf sem þau annars eru, hafa skekkt þessa mynd fyrst til þeirra var ekki aflað sérstaks fjár. Ég hygg að okkar stærsta skyssa, þm. Austurl., hafi verið sú að fá ekki inn okkar ó-vegaverkefni fyrst svona fór. Næg eru þau sérátök sem vinna þyrfti að þar eystra. Við getum þar eflaust sjálfum okkur um kennt að vera ekki jafnaðgangsharðir og aðrir voru í þessum efnum enda kannske enn meira knýjandi nauðsyn á því að vinna að þeim verkefnum sem þar er verið að vinna að og á að vinna að undir þessum sérstaka lið og geri ég ekki lítið úr því.

Kambanesskriðurnar eystra eru t. d. gleggst dæmi um ó-veg. Hringvegarkafli frá Breiðdal til Héraðs er troðningur einn. Okkur vantar með öllu tengingu Vopnafjarðar og Héraðs með skaplegum hætti og það verkefni þarf raunar að skoða síðar og verður fylgt eftir við endurskoðun af fullum þunga. Það hefur þegar verið ítrekað og áminnt og það hefur þegar verið unnið allgott rannsóknarstarf og mun verða fram haldið. Að þessu þurfum við sannarlega að huga og fá fram eðlilegan hlut í sérátökum af svipuðu tagi og Ó-vegaverkefnin eru, sem ekki hefur verið aflað til sérfjár svo sem ætlunin var.

Um vegamál almennt frá kjördæmasjónarmiði er annars ekki ætlunin að tala hér. En fyrst ég er kominn í ræðustól minni ég á þær framtíðarhugmyndir sem reifaðar hafa verið þar eystra um jarðgangagerð, sem ég minnti raunar á hér í vetur. Hugmyndirnar um jarðgöng milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar þóttu broslegar í fyrstu en tæknin og nánari athugun þessa máls veldur því að nú horfa menn æ meira til þessarar lausnar þó til lengri tíma sé að sjálfsögðu litið.

Ég get heldur ekki stillt mig um að minna á hugmyndir þeirra Fáskrúðsfirðinga um jarðgöng til míns heimastaðar, Reyðarfjarðar, og vísa til skemmtilegrar og rösklega skrifaðrar greinar sveitarstjórans á Fáskrúðsfirði í Morgunblaðinu fyrir viku eða svo sem bar yfirskriftina: „Hlauptu heim og sæktu stóra nafar föður þíns“. Þannig er víða hugað að nýjum möguleikum til betri samgangna enda von til þar sem þær eru svo ríkur þáttur í öllu lífi fólks hvarvetna og skipta sums staðar sköpum um byggð og búsetu. Við eigum að sjálfsögðu í hvívetna að huga vel að nýjum möguleikum í kjölfar betri tækni og nýrra aðferða. Það sem sýnist skýjaborgir í dag getur hæglega orðið að virkileika morgundagsins.

Ég hef þegar rætt hér á Alþingi útboðsstefnuna sem ég vara enn við að sé svo alfarið upp tekin sem mér sýnast öll teikn vera á lofti um. Þar á að fara með fullri

gát og huga að byggðarsjónarmiðum og atvinnuöryggi þess stóra hóps sem hér á hagsmuna að gæta. Um það orðlengi ég ekki frekar en ítreka aðvaranir um að fylgt sé blindri einstefnu í þessum efnum. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði um vegamálin almennt við fyrri umr. svo og til glöggrar ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar hér áðan um það sem máli skiptir, um langtímaáætlunina og hvernig við hana er staðið. Umræðuefnin eru næg í tengslum við þetta, það væri að æra óstöðugan að fara frekar út í þau nú. Hins vegar get ég ekki leynt því að ég bíð spenntur eftir efndunum á glæsitölum áranna 1986 og 1987. Sú viðbót, sem þar fæst, verður víða kærkomin en því skal ekki spáð nú hvernig þar fer þegar þar að kemur.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umr. ýkja mikið en vildi ekki láta hana hjá líða án þess að taka til umræðu fáein atriði.

Hér hefur verið töluvert mikið rætt af þeim hv. ræðumönnum sem á undan hafa talað um það fjármagn sem ætlað er til vegagerðar, um þá prósentu af þjóðarframleiðslu sem ætluð er til þessara mála nú í ár og næstu tvö árin. Ég tek undir það sem hefur verið sagt að vegaframkvæmdir eru mjög arðbærar framkvæmdir, mikilvægur þáttur í okkar framförum og til þeirra þarf að verja eins miklu fé og möguleikar eru á hverju sinni. Hins vegar setja aðstæður okkur þröngar skorður núna og þarf ekkert að rekja það nánar, við höfum orðið að láta ýmis þörf verkefni bíða. Það er búið að ákveða þessa prósentu í ár og viljayfirlýsing um að þessi prósenta verði 2.4% næstu tvö árin og ber að vona að við það verði hægt að standa, því að það er rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. að það verður víða pláss fyrir það fjármagn.

Ég vil koma að nýtingu þessa fjármagns sem til skiptanna er nú í ár og þeirri skiptingu sem er á milli kjördæma. Við þm. Austurl. höfum verið óánægðir með þá skiptingu sem hefur verið undanfarin ár. Samkvæmt útreikingum ber okkur að fá 18% af fjármagni til vegagerðar skv. þeirri skiptiformúlu sem í gildi hefur verið en við höfum ekki náð því undanfarin ár vegna þess að í heildarpakkanum hafa verið sérstök verkefni og Ó-vegir í öðrum kjördæmum sem eru að sjálfsögðu mjög þarfar framkvæmdir og þola ekki bið, en til þeirra hefur ekki verið aflað fjár sérstaklega eins og fram hefur komið.

Við munum leggja mikla áherslu á það þegar þetta hlutfall verður endurskoðað eftir það tímabil sem nú fer í hönd að gerðar verði leiðréttingar á þessu og við fáum skiptiprósentu í hlutfalli við þær þarfir sem fyrir hendi eru á Austurlandi í vegamálum.

Ég ætla ekki að tala langt mál um þarfirnar á Austurlandi. Búið er að nefna hér nokkur verkefni sem eru mjög brýn. Ég vil aðeins benda á hvílík risaverkefni þar eru fyrir hendi. Stærð kjördæmisins er slík að ef farið er þar um frá enda til enda þá er vegalengdin álíka leið og héðan frá Reykjavík og austur í Möðrudal. Menn geta ímyndað sér hvaða verkefni eru í vegamálum á slíku landsvæði þegar það bætist við að þarna eru fjallvegir fleiri og meiri en annars staðar að Vestfjörðum þó undanskildum. Við höfum mjög brýnt verkefni á Austurlandi sem við þurfum að vinna að á næstu árum, þ. e. að tengja Vopnafjörð og Hérað með vegi sem mögulegt væri að halda opnum meiri hluta ársins. Við þurfum að vinna að tengingu Héraðs við Breiðdal um svokallaða Víðigróf en þar er á þjóðvegi nr. 1 hinn versti óvegur sem er hálfófær allt árið fyrir venjuleg farartæki.

Við erum með stór verkefni á Berufjarðarströnd og í Kambanesskriðum eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Við erum með hinn argasta veg á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, sem eru tvö fjölmenn byggðarlög á Austurlandi með mjög vaxandi umferð, og eins Suðurfjarðaveg. Það mætti auðvitað halda upptalningunni áfram miklu lengur því að verkefnin þarna eru óþrjótandi en ég ætla ekki að fara út í þá sálma meira að sinni.

Hér hefur verið rætt um teppalagða vegi og þá vegi sem ekki eru teppalagðir en það er víða þannig ástandið á Austurlandi a. m. k. að það á eftir að byggja vegina upp úr snjó, byggja þá þannig að það sé hægt að fara um þá ferða sinna að það séu ekki ófærir vegaspottar langtímum saman veturna og vorin. Það eru til vegir á Austurlandi sem eru ekki færir nema kannske tvo, þrjá mánuði á sumri svo vel sé en þeir vegir eru nauðsynlegir til þess að fólk geti farið ferða sinna til þess að menn geti sinnt jafn einföldum þörfum og að komast í verslanir á sínum verslunarstað, til þess að koma börnum sínum í skóla og til þess að geta sinnt mannlegum samskiptum eins og að sækja mannfagnaði og þar fram eftir götunum.

Við erum ekki farnir að hugsa svo hátt að byggja nein mannvirki fyrir gífurlega umferð eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykn. Geirs Gunnarssonar að þörf er á hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég er ekki að gera lítið úr þeirri þörf en hins vegar sýnir þetta svo ekki verður um villst hve það er mikil firra þegar því er haldið fram að það sé hagkvæmt að röskun byggðar verði í landinu. Slíkt kallar á gífurlegar framkvæmdir, ekki minni framkvæmdir en þegar verið er að tala um að byggður sé vegarspotti fyrir einn eða tvo bæi og brú fyrir eina kerlingu eins og heyrðist einhvern tíma. Fjölmennið kallar á gífurlegar framkvæmdir í vegamálum eins og hér hefur verið réttilega rakið.

Miklar framfarir hafa orðið á undanförnum árum í gerð varanlegs slitlags og menn hafa náð miklu betri tökum á þeim framkvæmdum en áður og þessum framkvæmdum hefur miðað mjög vel. Það má benda á að reynt hefur verið að leggja einfalt slitlag á þá vegi sem bera ekki mjög mikla umferð. Ég held að eigi að halda áfram á þessari braut og reyna að nýta þetta fjármagn sem allra best þannig því að þar sem þetta hefur verið gert hefur þetta gefið góða raun og verið til mjög mikilla bóta. Þjóðvegir eða stofnbrautir úti um landsbyggðina bera mjög misjafnlega mikla umferð og ef hægt er að nýta það fjármagn, sem varið er til varanlegs slitlags, betur með þessum hætti er sjálfsagt að reyna það.

Ég vil að lokum aðeins koma inn á ummæli hv. 5. þm. Reykn. um útboðin. Ég gæti trúað að við höfum átt þá sneið sem fluttum hér till. að láta fara fram könnun á gildi útboða. Ég vil eindregið mótmæla því að við höfum verið að leggjast gegn þessari stefnu í vegamálum. Ég held að það hafi komið fram í minni ræðu þegar ég talaði við umr. þess máls að það er ekki meiningin heldur verði búið svo um hnútana að ekki verði lögð niður sú þjónusta sem þarf að vera fyrir hendi úti á landsbyggðinni í þessum efnum. Það er grundvallar-

atriði. En ég hef margtekið það fram í þessu sambandi að vörubíla- og vinnuvélaeigendur verða í mörgum tilfellum að skipuleggja sig og sína starfsemi upp á nýtt miðað við þær breyttu aðstæður sem nú eru. Ég vil samt ekki viðurkenna neitt afturhald í þessum efnum heldur eðlilega varfærni og að það sé búið þannig um hnútana að menn geti rekið starfsemi með vörubíla- og vinnuvélar áfram úti um landsbyggðina og veitt þá þjónustu sem nauðsynleg er og verður alltaf að vera fyrir hendi og óþægilegt er að bjóða út hverju sinni.

Það má m. a. geta þess að þegar t. d. verða miklir vatnavextir eða skriðuföll eða eitthvað ófyrirsjáanlegt kemur fyrir er ekki hægt um vik að bjóða út viðgerðir á vegum eða samgöngumannvirkjum. Þá er gott að grípa til þessara aðila sem heima fyrir eru til þess að laga þessa hluti.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Ég við aðeins ítreka það að lokum að við þm. Austurl. munum vinna að því með öllum ráðum að leiðrétta okkar prósentu í skiptingunni. Þegar endurskoðun fer fram fáum við réttlátan hlut. En um skiptinguna í einstök verkefni innan kjördæmisins hefur verið alveg bærileg samstaða. Ég hygg að hv. 11. landsk. þm., sem er í þingmannahópi Austurl., muni gera grein fyrir sinni afstöðu en það hefur verið lýst mjög mikið eftir afstöðu hans hér úr þessum ræðustól. En ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. að hann er áreiðanlega maður til þess að svara fyrir sig í sambandi við sína afstöðu í fjvn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki segja til hvers 11. landsk. þm. er vís, en ég held ég þekki hann þó það vel að hann geti svarað fyrir sig hér, sérstaklega vegna þess að hann þarf ekkert fyrir að svara, nákvæmlega ekki neitt. Og mér er nú nokkuð til efs hvernig þeir hafa farið fram úr rúmum sínum í morgun leikbræðurnir tveir, sá virðulegi sem situr hér í forsetastóli og hv. 2. þm. Vestf. Karvel Pálmason hvítklæddur með rauðan klút í vasa. Spurningin til mín var sú hvort ég hefði gengið úr skipsrúmi hjá núv. ríkisstj. eða hótað því í sambandi við vegáætlun. Þá er því til að svara að ég þekki engan þm. sem er jafndyggur stuðningsmaður núv. ríkisstj. og 11. landsk. þm. er, enda er núv. ríkisstj. að koma fram mjög mikilvægum málum, sérstaklega fyrir landbúnaðinn og sveitirnar sem ég vil álíta að standi mér æði nærri. Sú spurning, sem til mín er beint um það hvort ég hafi verið með einhverjar hótanir gagnvart núv. ríkisstj. um að ganga úr skipsrúmi, á sér sjálfsagt rætur í slæmum draumförum þessara tveggja hv. þm. og í draumi hefur því verið hvíslað í eyru þeirra, það hef ég ekki gert.

Annars fagna ég því að hafa komið hingað í þennan virðulega stól og þá alveg sérstaklega vegna þess að ég mátti hlýða hér á tvær ræður þm. úr Austurlandskjördæmi og báðir höfðu orð um það að hlutur Austurlands væri bágur, báðir höfðu mikil orð um það að hann þyrfti að bæta. Ja, bragð er að þá barnið finnur, verð ég nú að segja. Það er gott að menn skuli reka sig á þetta núna, en það er ekki nýtilkomið að hlutur Austurlands sé svona bágur. Hann var svona gerður við síðustu vegáætlun og síðan hefur hann verið enn meira úr lagi færður eins og við allir vitum. Það hefur verið tekið af Austurlandi hið svokallaða hafísvegafé, einmitt á þeim tíma sem það átti að færast í ríkara mæli úr Norðurlandi eystra yfir til Austurlands, og það hafa verið felldar niður sérstakar fjárveitingar vegna jaðarbyggða sem einnig kom afar þungt niður á Austurlandi. Þetta hélt ég að væri ekki alveg ný uppgötvun og þetta hefðu þm. Austurlands vitað fyrr en á þessum drottins degi. En batnandi mönnum er best að lifa og þess vegna fagna ég því að þessir tveir hv. þm. skuli hafa gefið þessar yfirlýsingar á Alþingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það hefur nú ekki verið venja að ræða einstaka þætti vegáætlunar sérstaklega við síðari umr. það hefur venjulega verið gert við fyrri umr., þar sem menn hafa sérstaklega viljað leggja áherslu á ákveðin atriði, og skal ég þess vegna ekki fara inn á þá braut hér. Ég vil þó minna á að ég tel að með því merkasta sem hér hefur verið samþykkt á Alþingi hafi verið það samkomulag sem náðist hér á breiðum grundvelli um að gera langtímaáætlun og standa þannig að henni að það var fyrir fram vitað að menn úr öllum stjórnmálaflokkum ætluðu að sameinast um að við hana yrði staðið. Þó það hafi orðið nokkur frávik er ljóst að þessu markmiði hefur verið náð, jafnvel umfram það sem væri hægt að gera ráð fyrir miðað við efnahagsástandið hverju sinni. Ég vil einnig segja það, sem var ástæða þess að ég kom hér upp, að ein mikilvægasta ákvörðun sem var tekin jafnhliða langtímaáætlun var ákvörðun um hin svokölluðu Ó-verkefni sem byggist á því að taka sérstaklega til framkvæmda lífshættulegar samgönguæðar milli þéttbýlisstaða sem verður að framkvæma með sérstökum hætti þannig að ekki dragist úr hömlu sú framkvæmd eftir að byrjað er á henni.

Það sem ég vildi svo vekja athygli á hér við þessa umr. er það að mér finnst að það hafi verið helst til fljótt klippt á fjármagn til framkvæmda við Ólafsvíkurenni. Sú framkvæmd er merkilegt átak og myndarlegt í alla staði og tókst vel til í sambandi við það útboð sem þar var gert. Hins vegar er þetta framkvæmd sem liggur út í sjó og ekki fullvitað enn hvernig hún stenst þau átök sem höfuðskepnunar láta dynja á því mannvirki. Þess vegna hefði ég talið ástæðu til að láta meira fjármagn á árinu 1985 og jafnvel fram á árið 1986 í þetta verkefni en raun er á orðin. Ég er alls ekki með þessu að draga úr gildi þess að þessi framkvæmd tókst svona vel og tók svo skamman tíma, þannig að hægt er að snúa sér af meiri krafti á næsta Ó-verkefni, við Óshlíð, heldur finnst mér að þarna sé ekki nógu varlega að staðið því að það getur þurft á þessu fjármagni að halda ef illa tekst til með undirstöður vegarins á öllu svæðinu. Ég vildi vekja athygli á þessu um leið og ég undirstrika mikilvægi þess að sú ákvörðun var tekin á sínum tíma að taka þessa þrjá lífshættulegu Ó-vegi fyrir sérstaklega.

Ég get ekki látið hjá líða, fyrst ég er kominn hingað upp, að minnast á eitt atriði, sem ég tel að Alþingi þurfi að fjalla um ásamt með yfirstjórn vegamála í landinu, og það er í sambandi við þá þróun, sem allir eða flestir eru sammála um, að auka útboð á verkum í sambandi við vegagerð og brúagerð jafnvel einnig, en þar á ég við þá árekstra sem hafa orðið víðs vegar um landið hjá ýmsum aðilum sem hafa byggt á þessu tilveru sína á hinum ýmsu stöðum, svo sem vörubílstjórar og vinnuvélaeigendur. Ég álít að skoða ætti vandlega hvort ekki væri hægt að finna einhverja viðmiðunarreglu sem tryggði að einhverju leyti tilvist þessara aðila í héruðunum. Það er hægt að setja upp hugmyndir um vissa

prósentu eða eitthvað þess háttar sem væri fast verkefni á viðkomandi svæði og tryggði þar með þessum aðilum visst öryggi. Ég tel að þýðingarmikið sé að þetta sé skoðað og beini því til yfirstjórnar vegamála að farið verði að vinna að því að komast að niðurstöðum um þetta mál og átta sig á því hvað væri skynsamlegt í þessu tilfelli.

Í sambandi við það sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Vesturl. heyri ég að við þm. Vesturl. eigum eftir ýmislegt ótalað í sambandi við framkvæmd vegáætlunarinnar. Ég vænti þess að við munum ræða það fljótlega því ég skildi ekki almennilega það sem hér kom fram, a. m. k. ekki það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. Við eigum eftir að ræða þessi mál, þm. Vesturlands.

Ég vil svo að lokum segja það sem mína skoðun að vegamálin, eins og allir eru væntanlega sammála um, eru eitt þýðingarmesta byggðamál hér á landi. Ég leyni því ekki, og ég hef sagt það úr þessum ræðustól áður, að ég hef þá skoðun að við Íslendingar ættum að taka þróunarlán til að gera stórátak í vegagerð á skömmum tíma hér á landi, svo mikil er nauðsyn þess að flýta a. m. k. aðalframkvæmdum í vegagerð í landinu. Ég hef enn þessa skoðun og hef látið hana í ljós víða og held áfram að halda henni fram. Mér finnst að við eigum mikið ógert og að við þurfum að nýta tæknina. Til þess að ljúka við þessar framkvæmdir á styttri tíma *þurfum við augljóslega að leita fanga um fjármagn.* Ég kem ekki auga á hagstæðara fjármagn í stórátak sem þetta en ef við gætum átt kost á þróunarláni að þessu leyti til. Við erum á vissan hátt vanþróaðir í vegagerð hér á landi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir að fá að koma hér upp og að ég skuli vera tekinn trúanlegur um að ég hafi beðið um orðið, en erindi mitt er að lýsa ánægju með þessa vegáætlun og ég vil vísa á bug nöldri, sem hér hefur heyrst frá einstaka stjórnarandstæðingi, um að þessi áætlun væri smá í sniðum. Mér finnst að þetta sé stórhuga vegáætlun og e. t. v. má kannske velta því fyrir sér hvort hún er ekki of stórhuga því að það þarf náttúrlega að gera ýmislegt fleira en að leggja vegi og það þýðir ekki að horfa eingöngu á prósentutölur af þjóðartekjum sem til vegamála er varið.

Við skulum horfa á hvernig vegakerfið batnar. Ég fullyrði það að á þessu ári verða meiri framkvæmdir en nokkurn tíma hafa verið áður. Það er vegna þess að útboðsstefnan hefur sannað gildi sitt.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda sig við langtímaáætlun að því leyti að verkin gangi fyrir sig innan þess tímaramma sem þar er settur. Ef það tekst fyrir minna fé en gert var ráð fyrir er það bara gott. Við þurfum að fá sem flesta km lagða fyrir tiltækt fé.

Ég vil vekja athygli á þætti vegagerðar sem ekki hefur verið mikið ræddur hér í dag og vill oft gleymast. Með nýjum og bættum vegum og með bundnu slitlagi og auknum umferðarhraða er ríðandi mönnum gert nær ómögulegt að ferðast um landið. T. d. er orðið mjög torvelt að ferðast á hesti um Langadal í Austur-Húnavatnssýslu og er það illa farið. Umferð ríðandi manna þarf líka að hafa í huga við hönnun vega og girðingalagnir því að auðvitað eiga hestamenn sinn rétt til umferðar í landinu. Það er óhjákvæmilegt að gera umferð á hestum mögulega þó ekki væri nema af sögulegum rökum af því að hesturinn var einu sinni okkar eina samgöngutæki og fjöldi manna sækir í það heilsubót og yndi að ferðast á hestum. Það er sjálfsagt að koma til móts við það fólk. Sums staðar hagar þannig til að það kostar ekki nema ofurlitla fyrirhyggju að gera ríðandi umferð mögulega og þægilega. Sums staðar þar sem nýr vegur er byggður og vegurinn er fluttur gæti gamli vegurinn e. t. v. hentað vel fyrir umferð hestamanna ef honum væri ekki samstundis lokað með girðingu. Auðvitað kostar þetta eitthvað, en ég held að það séu smámunir í þessu sambandi. Ég er ekki að fara fram á að það verði varið stórfé til vegagerðar handa hestamönnum, en ég er að óska eftir því að þeim sé ekki gleymt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er óhætt eftir ræðu hv. 11. landsk. þm. að koma svona klæddur upp í ræðustól á Alþingi. Mitt aðalerindi var eiginlega að segja örfá orð við hann í áframhaldi af hans ræðu áðan, en ég ætla fyrst að víkja að hv. þm. Páli Péturssyni, fjallkóngi þeirra framsóknarmanna, en hann gengur hér undir því nafni.

Ég heyrði ekki betur en hann teldi allt of mikið fjármagn lagt í vegaframkvæmdir. Ég veit ekki við hvaða tímabil hann miðar, líklega tímabil fyrrv. samgrh., sem er núv. hæstv. forsrh., formaður Framsfl., *sem var tímabil niðurlægingar í vegaframkvæmdum.* Það er það sem hv. þm. Páll Pétursson, þingflokksformaður framsóknarmanna, er nú að lýsa og miða við. (**Félmrh.:** Ég vil mótmæla þessu.) Hæstv. félmrh. er óhætt að mótmæla hverju sem hann vill.

En í framhaldi af þessu er rétt fyrir þá Austfirðinga að fara á fjörur við hv. þm. Pál Pétursson. Ef það er svona mikið til skiptanna ætti hann að geta látið þá Austfirðinga hafa einhvern skerf af sínu þannig að ekki væri vandamál þar. Ég veit að hv. 11. landsk. þm. mundi taka við slíku þannig að ekki væri vandamál að leysa þann hnút ef of stórt er skammtað einhvers staðar.

Þetta er ekkert nöldur í stjórnarandstöðu, hv. þm. Páll Pétursson. Það eru staðreyndir sem hér er verið að tala um. En ég get tekið undir það að ef hv. þm. Páll Pétursson miðar við það sem fyrrv. hæstv. samgrh. stóð að, þá er hér stærra skammtað og betur að verki verið en þá var og er það vel.

Og þá er það blessaður höfðinginn að austan, hv. 11. landsk. þm. Ég heyrði á hans ræðu að hann ætlar sér áfram að reyna að styðja við bakið á stráknum, eins og hann orðaði það á sínum tíma, hæstv. iðnrh., í ríkisstj. Menn voru ekkert að spyrja, a. m. k. ekki ég, hvort hann ætlaði sér að halda áfram að styðja ríkisstj. Ég varð fyrir vonbrigðum með það að hann svaraði engu af því sem spurt var um og var það þó afskaplega skýrt sem um var spurt. Nú skal spurt aftur þannig að menn geti þá svarað já eða nei.

Það kemur fram á þskj. 948 að hv. þm. Egill Jónsson, fjárveitinganefndarmaður, hafi verið fjarstaddur lokaafgreiðslu þessa máls, sem og er rétt. Það er rétt, af hvaða ástæðum sem það var, að hann var fjarstaddur. Ég spurði áðan hvort hægt væri að fá það upplýst hvort þessi hv. þm. sem einn af stjórnarliðsmönnunum í fjvn. stæði að þessari vegáætlun, hvort hann stæði að afgreiðslu þessarar vegáætlunar eins og hún var endanlega

afgreidd frá fjvn. og hvort hann stæði að þessu nál. (**Gripið fram í:** Hvað heldur þú?) Hvað heldur þú? spyr einhver þarna. Það er líklega sá sem ekki var heldur við þegar þetta var afgreitt þó að hann skrifaði undir. Ég ætlaði ekki að leiða getum að því. Ég vil fá svarið frá viðkomandi aðila. Mér finnst að við eigum til þess rétt. Við sem erum að reyna að burðast við að styðja við bakið á stjórnarliðinu hér til ýmissa góðra verka eigum rétt á að fá að vita hvort stjórnarliðarnir sjálfir hafa hlaupið fyrir borð í einhverjum málum eða ekki. Spurningin er þessi: Stendur hv. 11. landsk. þm. að afgreiðslu þessarar vegáætlunar eins og fjvn. leggur hana hér fyrir og því nál. sem hér liggur fyrir frá nefndinni?

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Karvels Pálmasonar á því að það hefur aldrei á einu ári verið lagt meira af bundnu slitlagi á Íslandi en í ár og ég hygg að árið 1985 verði einnig metár í mörgum öðrum þáttum vegagerðar. Þessu ber að fagna og það ber líka að fagna því að það tekst að gera þetta þrátt fyrir að ekki sé varið hærri fjárhæð til vegagerðar en gert er í ár.

Það sem ég gerði að umtalsefni áðan var það að við þurfum auðvitað að gera marga hluti aðra en að leggja vegi. Ég er ekki sammála þeirri stefnu, sem hæstv. félmrh. hefur, að við ættum að steypa okkur í verulegar skuldir erlendis út af vegagerð. Við þurfum auðvitað að vera stórhuga og við þurfum auðvitað að reyna að kappkosta að vinna vel að vegagerðinni og verja til hennar talsverðu fé, en hún má ekki verða úr takt við allar aðrar framkvæmdir í þjóðfélaginu þó góð sé.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera margar aths. við það sem hér hefur verið sagt í þessari umr., en mér heyrðist vera beint til mín einni fsp. sem raunar var svarað þegar í minni framsöguræðu. Hún var frá hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, og á þá leið hversu lengi núverandi skipting fjármagns á milli kjördæma skuli standa. Eins og fram kom í minni framsöguræðu er gert ráð fyrir því að þessi skipting fjármagns á milli kjördæma verði tekin til endurskoðunar við lok fyrsta tímabils langtímaáætlunar, sem er í árslok 1986, og komi þá væntanlega til athugunar við reglulega endurskoðun vegáætlunar veturinn 1986—1987. Eðlilegt er í þessum efnum að það sé kannað við þáttaskil í langtímaáætlun hvernig fjármagn hefur nýst í hverju kjördæmi, hvernig framkvæmdum hefur miðað áfram, miðað við þær skiptireglur sem notaðar hafa verið, og hvort eitt kjördæmi hefur farið betur út úr því en annað. Eftir að slík athugun hefur farið fram ásamt nýrri athugun á ástandi vega er hugsanlegt að upp verði tekin ný skiptiregla á milli kjördæma. Þessar forsendur voru í rauninni kynntar innan fjvn. og vel má vera að ég hafi ekki hlustað nægilega grannt á ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, en mér fannst koma fram í máli hans ástæða til þess að ég rifjaði þetta frekar upp.

Hér hefur verið sagt af nokkrum fulltrúum stjórnarandstöðunnar að langtímaáætlun hafi farið úr böndum og hér hefur verið rakið allrækilega hvaða frávik hafa orðið í prósentutölum á fjármagni til vegagerðar miðað við það sem langtímaáætlun gerir ráð fyrir. Þetta rakti ég raunar einnig að mestu í minni framsöguræðu og greindi frá því hvað skort hefði á, bæði til nýbygginga og viðhalds, að þessum prósentutölum væri fylgt.

Ég greindi einnig frá því að þó að þetta væri svo með fjármagnið væri munurinn minni þegar til framkvæmdanna væri litið og í sumum greinum hefðu framkvæmdir farið fram úr því sem langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Svo er t. a. m. um bundið slitlag á þjóðvegi landsins. Þetta kom enn fremur fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. og ég gerði allrækilega grein fyrir að þó að gott sé að hafa háar tölur hvað fjármagn snertir hefur hitt þó meira að segja að fjármagnið nýtist vel. Það er enn fremur til lofs þeim aðilum sem starfað hafa að vegagerð, Vegagerð ríkisins og þeim starfsmönnum sem hún hefur á að skipa og yfirstjórn vegamála, að þessi mál hafa þokast mjög til hins betri vegar á síðustu árum. Ég tel þess vegna að það sé rangt, sem hér hefur verið sagt, að langtímaáætlun hafi farið úr böndum. Það hefur að vísu ekki verið staðið að fullu við fjármagn, en framkvæmdum hefur verið fylgt eftir þann veg að lítið skortir á að langtímaáætlun hafi verið fylgt. Og verði sú till. til þál. sem hér liggur fyrir samþykkt og henni framfylgt er ekkert vafamál að langtímaáætlun stenst og við megum þar með vel við una.

Ég veit hins vegar ekki hvað hv. alþm. kunna að segja ef svo færi að verk færu að fara langt fram úr langtímaætlun vegna þess að þau mundu reynast ódýrari en gert hafði verið ráð fyrir þegar fjármagn til vegagerðar í heild var ákveðið í þeim hlutföllum sem langtímaáætlun gerir ráð fyrir. En ég skal ekki fara út í þá sálma. Ég vil aðeins ítreka þá staðreynd að vel hefur tekist að nýta það fjármagn sem til ráðstöfunar hefur verið og ég tel það ekki rétt að langtímaáætlunin hafi farið úr böndum.

Ég held að það sé ekki fleira sem er ástæða fyrir mig að taka fram. Ég vil þó segja að það er eðlilegt að hv. alþm. úr ýmsum kjördæmum taki til máls og greini frá því að mörg verk séu óunnin í þeirra landshlutum og byggðarlögum. Þetta horfum við á um allt landið. Við hljótum að viðurkenna að þó mikið hafi verið gert sé enn mikið eftir um allt land. Við stöndum í því stórvirki nú að byggja upp varanlega vegi um allt landið. Við skulum kosta kapps um að standa saman um þau mál þannig að við getum verið fullsæmdir af og verðum ekki eftirbátar þeirra sem á sínum tíma lögðu malarvegi um landið allt við lítil efni.

Ég held svo, herra forseti, að það sé ekki fleira sem mér þykir ástæða til að vekja athygli á af því sem fram hefur komið í þessum umr., en endurtek þakkir mínar fyrir gott samstarf um þessi mál, bæði til nm., starfsmanna Vegagerðar ríkisins og einnig til hæstv. ráðh.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka formanni fjvn. og fjvn. allri fyrir vinnu nefndarinnar og tillögur og sömuleiðis þm. í hinum einstöku kjördæmum sem hafa haft eins og jafnan áður góða samvinnu um skiptingu á því fjármagni sem úr hefur verið að spila og till. gerir ráð fyrir.

Ég get tekið undir það með hv. stjórnarandstæðingum að það hefði verið æskilegra að eiga meira fjármagn til framkvæmda á þessu ári og standa við langtímaáætlun í vegamálum. En við verðum líka að hafa það í huga að það hefur orðið verulegur samdráttur í þjóðfélaginu. Það hafa komið nýir útgjaldaliðir á mörgum sviðum og við þurfum einnig að fjármagna alla þá liði. Því er það

ekki óeðlilegt að nokkurs samdráttar gæti og það kemur í raun og veru engum þm. á óvart því að hér er byggt á forsendum fjárlaga sem afgreidd eru í desembermánuði hvað snertir framkvæmdir í vegamálum á þessu ári.

Hitt skiptir enn meira máli, hvernig þessar framkvæmdir standa. Hefur fjármagnið verið nýtt þannig að við höfum getað staðist þennan samdrátt? Ef við lítum á fyrsta tímabil þessarar svokölluðu langtímaáætlunar standa eftir í árslok 1984 1493 millj. Á þessu ári er fjármagn til almennra framkvæmda 203 millj., til bundinna slitlaga 145 millj., sérstök verkefni 149 millj., Ó-vegir 42 millj. og brýr 12 millj. eða samtals 551 millj. Á árinu 1986 eru almennar verklegar framkvæmdir 230 millj. áætlaðar, bundið slitlag 160 millj., Ó-vegir 27 millj. og brýr 17 millj. eða samtals 609 millj. Þessi vegáætlun gerir því ráð fyrir að greiða af þessum 1493 millj. 1160 millj. Eru þá eftir 333 millj. eða 22%. En þá er því við að bæta að á árinu 1986 er óskipt fjármagn samtals 151 millj. þannig að eftir standa 182 millj. eða 12% af verðtryggðum framkvæmdum.

Þessu hefur verið mætt m. a. með útboðum. Sumir gagnrýna útboð og telja að menn bjóði óvarlega í, fari á hausinn, standi ekki við greiðslur og annað slíkt. En það er ýmislegt fleira sem hefur verið gert til þess að nýta betur fjármagnið. Það var tekið upp haustið 1983 að bjóða út snemma hausts þannig að verktakar gætu fengið betri og lengri vinnu fyrir sín tæki. Afskriftirnar eru þær sömu hvort sem er en nýtingin bæði á mannafla verktaka og tækja var allt önnur. Allt er þetta liður í því að fá meira fyrir peningana.

Ég skil mjög vel áhuga tækjaeigenda víðs vegar af landinu. Það hugsar hver um sig. En Vegagerðin og þeir sem vegagerð stjórna, bæði vegamálastjóri og hans starfsmenn og sömuleiðis samgrn. sem yfirstjórn vegamála, verða fyrst og fremst að hugsa um það að fá sem mesta vinnu fyrir það fjármagn sem úr er að spila hverju sinni. Við höfum haft þá stefnu að draga mjög úr starfsemi Vegagerðarinnar sjálfrar, bæði starfsmannafjölda, draga mjög úr eigin tækjum og fara eftir þeim lögum, sem Alþingi hefur samþykkt, að bjóða sífellt meira út af framkvæmdum. En við erum einnig með það í huga að bjóða aftur meira út í viðhaldi þannig að þeir sem tæki eiga víðast úti um land geti boðið í hin smærri verkefni. Við höfum einnig í huga að móta skýrari og ákveðnari stefnu um lokuð útboð til að koma til móts við þetta fólk. Þetta er allt vandmeðfarið. Við stefnum að því sama og gert hefur verið í okkar nágrannalöndum öllum um langt árabil að auka verktakastarfsemi.

Við verðum líka að hafa í huga að þegar miklar framkvæmdir verða á ákveðnum stöðum í öðrum málaflokkum, eins og virkjunarframkvæmdum, vilja menn gjarnan kaupa mikið af tækjum. Þá verður framboðið miklu meira þegar þeirri framkvæmd er lokið þannig að þau árleg, venjuleg verkefni geta ekki veitt öllum þessum tækjum og fólki vinnu. Þetta hafa menn skilið ákaflega vel þegar menn ræða þessi mál í alvöru og í rólegheitum og skiptast á skoðunum án hleypidóma.

Mér finnst rétt að geta þess hér að á s. l. ári voru útboð um 220 millj. Ef við færum þau til verðlags á þessu ári eru þetta um 280 millj. En á þessu ári eru áætluð útboð — þetta er gróf tala sem ég bið þm. að taka ekki alveg nákvæmlega — um 400 millj. Heildarframkvæmdir verða aftur upp á 560 millj. og þá er álagning 30, landbætur 10, eftirlit og hönnun 40, efni, sem verður einnig útboð, um 80 millj. og svo eigin flokkar 400 millj. Mér finnst rétt að þetta komi hér fram til glöggvunar.

Út af þeim orðum, sem fóru hér fram og komu frá hv. 11. landsk. þm. varðandi Austurland, ætla ég ekki að segja mikið og því síður að blanda mér í umr. þær sem fóru á milli hv. 3. þm. Vestf. og tveggja þm. Austurl. annarra. En ég vil aðeins upplýsa það að lán, sem tekin voru til vegagerðar á árinu 1980, námu 50.3 millj. til bundinna slitlaga, 26.1 til hafísvegar og 22.8 til jaðarbyggðavega. Lán tekin 1981 námu 24.6 millj. Þessar lántökur nema því 123.8 millj. á þessum tveimur árum og hlutfall þeirra eftir kjördæmum þannig að Austurland var hæst með 25.8 millj. og Norðurl. e. kom næst með 22 millj. kr. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram hér til upplýsingar ég ætlast ekki til að menn fari að deila um þessi atriði.

Hv. 5. þm. Reykn. ræddi hér mikið um vegaframkvæmdir í þéttbýli og að þær væru 15% á móti 85% annars staðar af landinu. Vafalaust er þetta mjög nærri sanni. Þó að ég hafi ekki alveg tilteknar tölur treysti ég þessum þm. að fara með rétt mál hvað þetta snertir því að ég þekki hann ekki að öðru. Hins vegar verðum við að taka, eins og hann réttilega tók fram, meira með í reikninginn. Við verðum að taka það með í reikninginn að framkvæmdir víða úti á landi eru nú rétt að byrja hvað snertir varanlegt slitlag sem búið er að vinna hér á þessum stöðum. Ég vil líka minna á það að það er tiltölulega nýlokið breikkun Hafnarfjarðarvegar þannig að nú eru þar tvær akreinar í hvora átt. Við reiknum með að tengja Reykjanesbrautina á árinu 1986 þó að henni verði ekki fyllilega lokið á því ári. Þetta eru gífurlega mikilvægar framkvæmdir fyrir þéttbýlið og ég vil á engan hátt draga úr nauðsyn framkvæmda hér í þéttbýlinu. En víðast hvar annars staðar hefur verið beðið lengi og á enn þá eftir að bíða lengi, eins og við vitum, skv. þeirri langtímaáætlun sem við stefnum að. Langtímaáætlun er fyrst og fremst byggð á umferðarþunga, að tengja þéttbýlisstaði víðast hvar á landinu saman þar sem ekki er hægt að tengja þá á þessu tímabili við aðalakvegakerfi landsins.

Ég er ánægður með framkvæmd þessarar langtímaáætlunar miðað við þær aðstæður sem eru fyrir hendi og ég tel að við förum nokkuð langt fram úr því sem við gerðum ráð fyrir. Þó að við segðum hér áðan að það vantaði ákveðna upphæð til að standa við fyrsta tímabilið verðum við einnig að taka með í reikninginn að lagt hefur verið bundið slitlag á ákveðna kafla sem tilheyra öðru tímabili. Þrátt fyrir samdráttinn á s. l. ári náðist sá árangur að leggja á 163 km. Ég vona að fengnum upplýsingum þeirra vegagerðarmanna að við förum yfir þetta mark á þessu ári. Vitaskuld ræður veðrátta mjög miklu. Ef það verður þurrkasumar og hagstæð tíð til þess að leggja þetta á verður þetta öruggt og veðráttan getur breytt því aftur. Við getum ekki fullyrt það á þessari stundu. En við skulum ekki draga fjöður yfir það að þarna er ekki að öllu leyti um tvöfaldar akreinar að ræða heldur er að hluta til, þar sem umferð leyfir, fjögurra metra breitt slitlag. Þetta tel ég allt vera mjög til góðs og ég vil líka vekja athygli á því að við erum nú að bæta framlög til þess að auka viðhald á vegum sem er ekki síður mikilvægt en annað.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en

ég endurtek þakkir mínar til fjvn. um leið og ég vil segja það að það hefur verið mjög ánægjulegt að eiga jafngott samstarf og samgrn. hefur átt við Vegagerðina. Samstarf hefur verið náið og samstaða góð í sambandi við afgreiðslu þessara mála allra.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vek athygli á því að nú við lokaumr. vegáætlunar hefur ekki tekist þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan að fá um það vitneskju hvort allir fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. standa að þessari afgreiðslu. (**Gripið fram í:** Það er hægt að biðja um nafnakall.) Jú, það eru auðvitað ýmsar leiðir til þess að þrautreyna það hvort menn fást til að tjá sig og ég heyri á hv. formanni fjvn. að hann gerir ráð fyrir því, trúlega að fenginni reynslu, að það verði að grípa til þeirra aðferða ef eigi að fá menn til að tjá sig. En það er — (**Gripið fram í:** Menn geta verið fjarstaddir líka.) Jú, auðvitað. Svo bæta menn við: Það er hægt að vera fjarstaddur líka. En ég vek athygli á þessu vegna þess að mér finnst það skipta nokkru máli hvort stjórnarliðið sjálft stendur að þessari afgreiðslu eða ekki. Ég hélt — það er kannske einfeldni að halda það — að menn gætu tjáð sig um afstöðu, þ. e. ef þeir hafa afstöðu á annað borð. Ég vil bara vekja athygli á þessu nú að við lokaumr. málsins er það ekki ljóst hvort allir stjórnarliðar í fjvn. standa að þeim tillögum sem hér liggja fyrir um afgreiðslu vegáætlunar næstu árin. Enn er lýst eftir afstöðu og enn er tækifæri til að upplýsa þingheim um það hvort samstaða er eða ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskiræktarmál, þáltill. 449. mál (þskj. 764). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú till. til þál. sem ég mæli hér fyrir fjallar um það að skora á ríkisstj. að láta gera breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands og sú breyting feli það í sér að fiskeldi, klak og skyld starfsemi í fiskiræktarstöðvum verði á verksviði sjútvrn. Í gildandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands er ekkert tiltekið um hvar þessi starfsemi eigi heima, undir hvaða stjórnarskrifstofu hún heyri. Í reglugerðinni er tiltekið að „veiði í ám og vötnum svo og önnur veiðimál er eigi ber undir annað rn." séu á verksviði landbrn.

Það er ekki ætlunin með þessari till. að breyta því að veiði í ám og vötnum verði áfram á verksviði landbrn. En hér er hins vegar á ferðinni ný og vaxandi atvinnugrein sem er fiskeldi í sérstökum fiskiræktarstöðvum. Því verður ekki haldið fram að sú atvinnugrein falli undir þá skilgreiningu sem nú er að því er varðar þessa starfsemi og hún sé staðsett í landbrn. Þess vegna skortir í reglugerðina um Stjórnarráð Íslands skilgreiningu á því hvar þessi starfsemi eigi heima í stjórnkerfinu.

Með þeirri þáltill. sem ég hér flyt er gert ráð fyrir að bæta úr því þannig að það sé afdráttarlaust hvar þessi starfsemi eigi heima og enn fremur að hún skuli heyra undir sjútvrn. Ég tel að nauðsynlegt sé að kveðið sé á um hvar þessi atvinnugrein eigi heima. Í annan stað er það skoðun mín og annarra flm. að eðlilegast sé að sjútvrn. fari með þessi mál enda er það vafalaust að fiskeldi í fiskeldisstöðvum á samleið með sjávarútvegi í mörgum atriðum, þ. á m. í markaðsmálum.

Ég held að flestum sé ljóst að það hafi verið uppi einhver reipdráttur í stjórnarskrifstofunum um það hvar þessi mál ættu að eiga heima og sá reipdráttur hafi verið milli landbrn. og sjútvn. Nauðsynlegt er að hér verði úr skorið þannig að það verði afdráttarlaust. Það hafa líka heyrst tillögur um það að skipta fiskeldinu milli landbrn. og sjútvrn. Það hafa heyrst hugmyndir um að sú skipting gæti gerst með þeim hætti að fiskeldi í sjó heyrði undir sjútvrn. en fiskeldi á landi eða í fersku vatni — það hefur ekki verið tiltekið — heyrði þá undir landbrn. Ég held að slík skipting væri ákaflega vafasöm af þeirri einföldu ástæðu að í sömu fiskeldisstöð og allavega innan sömu atvinnugreinar mundi verða um að ræða fiskeldi annars vegar í sjó og hins vegar í fersku vatni eða á landi eftir því hvora skilgreininguna menn velja. Þá mundi sama stöð heyra undir tvö rn. eftir því hvort um væri að ræða uppeldi á klaki eða uppeldi á fiski til slátrunar. Eitt herbergi í stöðinni heyrði undir landbrn., annað herbergið heyrði þá undir sjútvrn. Það tel ég afleita skipan. Þess vegna er till. mín og þeirra flm. sem flytja þessa till. með mér sú að skilgreiningin verði sú að þegar um fiskeldisstöð er að ræða skuli hún heyra undir sjútvrn. en hins vegar sé því í engu breytt að veiði í ám og vötnum, sem við höfum tíðkað hér árum og öldum saman, heyri áfram undir landbrn.

Að þessari till. standa ásamt mér hv. þm. Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir, Ellert B. Schram og Geir Gunnarsson.

Í pósti mínum í dag var bréf frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Þar er einmitt lýst áhyggjum út af þessu máli og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa og vitna til þess hluta bréfsins sem fjallar um þetta mál. Í fyrsta lagi er um að ræða samantekt varðandi fund með forsrh. þar sem skýrt er frá helstu atriðum í viðhorfum landssambandsins. Þetta er dags. 6. maí 1985. Þar segir að því er þetta mál varðar sérstaklega, með leyfi herra forseta:

„Fiskeldi á fleira sameiginlegt með sjávarútvegi og fiskvinnslu en landbúnaði. Í Noregi fellur fiskeldi undir sjútvrn. og er það mál manna þar að sú skipan hafi reynst norsku fiskeldi heilladrjúg. Sú frumvarpssmíð, sem landbrn. hér hefur staðið fyrir nú í tvígang, 1984 og aftur í febrúar 1985, ber það augljóslega með sér að þar sé ekki að finna þann jarðveg sem þessi atvinnugrein þarf á að halda."

Þetta er meginefnið sem fram kemur í þessu bréfi dags. 6. maí 1985 varðandi þetta atriði. Það verður ekki annað séð en það fari saman við þau sjónarmið sem liggja að baki þessari till.

Annað bréf frá sömu aðilum, dags. 9. maí 1985, þremur dögum síðar, var einnig í pósti mínum, og ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna aðeins til þess. Við lestur þess bréfs kemur greinilega í ljós að þeir menn, sem í greininni starfa, hafa áhyggjur af því að hvorki reki né gangi með skipan þessara mála, skipan laxeldis, hafbeitarstöðva og fiskeldis, í stjórnkerfinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hinn 6. maí s. l. átti ég fund með forsrh. og gerði honum grein fyrir viðhorfum Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Þau viðhorf koma fram á meðfylgjandi afriti sem ég hef þegar vitnað til. Forsrh. greindi frá skipan nefndar sem m. a. væri ætlað að gera tillögur

að stjórnskipan fiskeldismála.

Það liggur fyrir að landbrn. og sjútvrn. gera tilkall til fiskeldis ef svo má að orði komast. Ef fram fer sem horfir er líklegast að endirinn verði sá að til skiptingar muni koma milli ráðuneytanna sem er slæmur kostur. Landssambandið leggur áherslu á að fiskeldi sem atvinnugrein verði hvorki innlimað í landbúnaðarkerfið né sjávarútvegskerfið vegna þess að það á einfaldlega á hvorugum staðnum heima. Þetta er ný atvinnugrein með nýjar þarfir sem þarf gott svigrúm til að þroskast. Það má ekki glata því tækifæri sem nú býðst til að koma á fót þeirri atvinnustarfsemi sem er laus við ósveigjanlegt umhverfi, svo sem miðstýringu ríkisvaldsins og úrelt sjóðakerfi með óheilbrigðum gjaldtökum og millifærslum. Tillaga landssambandsins er þessi: Að fiskeldi í heild sinni verði málefni forsrn. fyrst um sinn."

Hér er sem sagt komið í ljós að eftir fund sinn með forsrh. sýnist þeim stefna í óefni vegna þess að ekki sé mörkuð stefna um það í hvaða fagráðuneyti þessi grein eigi best heima, en til þess þarf reglugerðarbreytingu. Þeir gera hér eins konar varatill., þrautatill., um það að fiskeldi í heild verði málefni forsrn. fyrst um sinn. Ég get í sjálfu sér vel fallist á það og önnur till., sem ég er reiðubúinn til að mæla fyrir hér á eftir, gefur vísbendingu um það að skoðun mín sé sú að meðan þessu hafi ekki verið skipað með reglugerð sé eðlilegt að forsrn. fari með þessi mál. En auðvitað er eðlilegast, réttast og best að málunum sé endanlega skipað sem allra fyrst og þá tel ég að það eigi að gera í samræmi við þau sjónarmið sem ég hef hér rakið.

Að lokum einungis þetta: Alþingi getur í rauninni ekki sett lög um þetta með góðu móti, þ. e. lög um það undir hvaða rn. þetta skuli falla, vegna þess að því er skipað með reglugerðum hvaða mál falla undir hvert rn. Þess vegna er hinn eðlilegi máti til þess að þingið komi fram vilja sínum og skoðun sinni á þessu máli að álykta um þetta með þáltill. sem er áskorun á ríkisstj. um það hvernig málunum skuli skipað og jafnframt þá viljayfirlýsing Alþingis.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessu máli verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðgerðir í fiskeldismálum, þáltill. 476. mál (þskj. 828). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Á þskj. 828, 476. mál, er till. til þál. um aðgerðir í fiskeldismálum sem ég mæli hér fyrir fyrir hönd okkar flm. sem eru auk mín hv. þm. Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason og Karvel Pálmason. Þessari þáltill. er ætlað að marka stefnuna að því er varðar fiskeldismál og skipan þeirra að öðru leyti en því sem ég mælti fyrir hér áður varðandi skipan fiskeldismála í stjórnkerfinu, þ. e. undir hvaða rn. þau skuli fella. Hins vegar kemur fram í þessari till. vísbending, eins og ég gat um áðan, um að meðan ekki hefði verið ákveðið að þessi mál heyrðu undir sjútvrn. væru málin á hendi forsrh. Sú vísbending kemur fram í því að forsrh. er ætlað að skipa sérstaka nefnd sem hér er kölluð fiskeldisnefnd til að vera til ráðueytis og ráðgjafar um þennan málaflokk.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það hefur verið mikill áhugi á fiskeldismálum. Stjórnmálamenn úr öllum flokkum hafa lýst yfir trú sinni á greininni og að hún eigi framtíð fyrir sér og gæti orðið vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi. Þeim mun furðulegra er að stefnumörkun hefur verið mjög á reiki og tæplega er hægt að tala um eiginlega stefnumörkun að því er fiskeldi varðar þrátt fyrir margra ára umræður um þessi mál. Eins og ég gat um áðan verður því ekki séð að fiskeldi eigi neins staðar heima í stjórnkerfinu. Það er mjög mörgu ábótavant að því er varðar sjúkdómavarnir og af því höfum við ótal dæmi. Rannsóknarstörf hafa mjög lítt verið stunduð í þessari grein. Hér skýtur skökku við miðað við þann áhuga sem menn hafa sýnt.

Það er vafalaust áhugi á því að skipa mörgu því er varðar fiskeldi með lögum, en ævinlega verður þó að hafa hóf á því að hve miklu leyti menn skipa slíkum málum með lögum. Hitt er þó ekki síður umhugsunarefni að það tekur tíma. Þessari till. er þá m. a. ætlað að brúa bilið þannig að greinin hafi traustari grundvöll til þess að standa á en hún hefur nú og viti hvar hún stendur.

Reyndar hefur mjög litlu verið skipað í lögum um fiskeldismál og tekur því varla að tína það til, en þá frekar með reglugerð um það litla sem gert hefur verið.

Í þessari till. eru níu töluliðir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að sett verði á fót sérstök nefnd, fiskeldisnefnd. Hún á að vera samráðsvettvangur og ráðgjafaraðili í þeim málum sem varða fiskeldi. Verkefni nefndarinnar á auk þess að vera að efla miðlun upplýsinga um fiskeldi og undirbúa og hafa frumkvæði að rannsóknarverkefnum á sviði fiskeldis. Hún á að veita stjórnvöldum og opinberum stofnunum og þeim sem í greininni starfa ráðgjöf og það er ætlast til þess að henni verði veitt bærileg starfsaðstaða og fé verði veitt úr ríkissjóði til þess. Hér er gerð tillaga um að nefndina skipi tveir fulltrúar eftir tilnefningu frá Háskóla Íslands, einn eftir tilnefningu fiskeldisbrautar við búnaðarskólana að Hólum og Hvanneyri, einn eftir tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn eftir tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva og einn fulltrúi frá forsrn., en forsrh. skipi nefndina. Þessari nefnd er þá ætlað allvíðtækt verkefni, eins og af þessu verður séð, og mikið ráðgjafarverkefni meðan hlutum hefur ekki verið komið með öðru móti fyrir,

Í annan stað er tillaga gerð um að þegar á þessu ári verði veitt heimild fyrir tveimur nýjum stöðugildum við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum við rannsóknir í fisksjúkdómum og vörnum gegn fisksjúkdómum og jafnframt verði veitt fé úr ríkissjóði til nauðsynlegra tækjakaupa. Til upplýsingar er rétt að geta þess að við tilraunastöðina að Keldum mun starfa einn vísindamaður og einn aðstoðarmaður að þessum verkefnum, en þau er nauðsynlegt að efla að tvennu leyti sérstaklega: í fyrsta lagi að auka rannsóknir á fisksjúkdómum og hins vegar að setja ákveðnar vinnureglur og leiðbeiningar og hafa eftirlit með þeim.

Í þriðja lagi er hér gerð tillaga um að reglugerð nr. 70 frá 1972, um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum, með síðari breytingum, verði þegar endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu, sem ég þarf ekki til að vitna, og í því skyni að efla reglubundið eftirlit í klak- og eldisstöðvum og setja ströng skilyrði um heilbrigðisvottorð í tengslum við verslun með og flutning á hrognum, seiðum og eldisfiski. Á þetta hefur

skort eins og dæmin sanna.

Í fjórða lagi er hér gert ráð fyrir því að fiskeldisstöð ríkisins í Kollafirði verði breytt í rannsóknastöð í fiskeldi og fé verði veitt þegar á næsta ári til stöðvarinnar með tilliti til þessa nýja verkefnis.

Ég skal ekki fjalla sérstaklega um sjúkdómamálin svo mjög sem þau hafa komið til umræðu hér í þinginu, en mig langar til að fara nokkrum orðum um rannsóknastarfsemi almennt.

Ég held að það sé augljóst að nauðsynlegt sé að við stundum eigin rannsóknir á þessu sviði vegna þess að íslenskar aðstæður eru sérstæðar og því getum við ekki nýtt okkur þekkingu annars staðar að nema að takmörkuðu leyti. Ef við vitnum t. d. til Norðmanna er fyrst til þess að taka að langmestan hluta eldis síns stunda þeir í sjávarkvíum, en okkar eldi mun vafalaust verða að mestum mæli eða í miklum mæli í landkvíum og er þar mikill munur á.

Í öðru lagi er sérstaða okkar fólgin í því að við höfum möguleikana á því að nota varma í langtum ríkara mæli en aðrir. Það er reyndar mjög lítið vitað um hvernig vaxtarhraði eykst með hækkandi hitastigi, en þetta getur vitaskuld haft úrslitaáhrif á það í hve ríkum mæli sé hagkvæmt að kaupa varma til stöðvanna.

Í þriðja lagi eru birtuskilyrði sérstæð á Íslandi, en það er tiltölulega lítið vitað um áhrifin af samspili birtu og varma á vaxtarhraða og kynþroska. Þetta er líka mikilvægt rannsóknarverkefni.

Í fjórða lagi mætti benda á að það er tiltölulega lítið vitað um áhrifin af mismunandi þéttleika fisks í eldiskerjum, hvorki með tilliti til sjúkdóma né heldur með tilliti til vaxtarhraða. Þetta eru vitaskuld áhugaverð rannsóknarverkefni.

Í fimmta lagi er það rannsóknarverkefni hvernig megi kynbæta eldisfisk. Hjá grannþjóðum okkar er slík starfsemi rekin. Hér kemur m. a. til álita, að mínum dómi, að ráða sérfræðinga á sviði erfðafræði til að gera erfðafræðilegar rannsóknir, reyndar bæði á eldisfiski og göngufiski og þá á göngufiski með tilliti til hafbeitar. Það er spennandi að velta því fyrir sér að því er hafbeitina varðar hvort hægt sé að ná árangri í því að greina lax sem t. d. skilar sér betur en aðrir og rækta þær erfðir ef unnt reyndist að festa hendur á þeim.

Nokkrar rannsóknir hafa verið stundaðar að því er varðar fóður, en þar er þó áreiðanlega mikið ógunnið.

Eins og fram kemur í máli mínu hef ég snúið því fyrst og fremst að laxinum, en það má ekki skilja það svo að aðrar eldistegundir séu ekki líka rannsókna verðar, bæði silungur og ýmsar flatfisktegundir, skelfiskur og krabbadýr svo að dæmi séu tekin. Í því sambandi er m. a. áhugavert að vita hversu ræktun krabbadýra eða skelfiska í affallsvatni frá laxakví gæti tekist. Þetta eru einungis nokkur dæmi um þau verkefni sem ég tel nauðsynlegt að menn líti til.

Skv. því sem ég rakti áðan er það hugmyndin skv. þessari þáltill. að fiskeldisnefnd færi með stefnumörkun og frumkvæði að því er rannsóknarverkefni varðar. Það ætti að undirbúa rannsóknaráætlanir og jafnframt tel ég að nefndin ætti að fá fé til að veita til valinna aðkeyptra rannsóknarverkefna.

Að því er Kollafjarðarstöðina varðar er lagt til, eins og ég gat um, að henni verði breytt í rannsóknastöð. Hún ætti þá bæði að geta stundað sjálfstæðar rannsóknir og tekið að sér rannsóknarverkefni fyrir þóknun. Engu að síður er ljóst að til að byrja með yrði að verja fé úr opinberum sjóðum til að gera stöðina hæfa til þessa verkefnis þótt hún gæti síðar staðið undir kostnaði af rannsóknastarfinu með greiðslum frá greininni eftir því sem greininni hefði vaxið fiskur um hrygg.

Fimmta atriðið sem gert er að ályktunarorðum í þessari þáltill. varðar menntun í fiskeldisfræðum og eflingu hennar. Það er gerð tillaga um að hún verði efld m. a. með því að koma á fót kennslu í fiskeldi við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og námsbraut í fiskeldi í Reykjavík eða nágrenni hliðstæðri þeirri sem nú er starfrækt að Hólum. Jafnframt er lögð áhersla á að greitt verði fyrir því að nemendur geti fengið skólavist erlendis, t. d. í Noregi og Skotlandi, vegna náms í greinum sem varða fiskeldi og jafnframt að veitt yrði fé til að kosta erlenda kunnáttumenn til að halda fyrirlestra og námskeið á Íslandi. Ég þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn góðrar menntunar sem undirstöðu þess að vel takist til í hverri atvinnugrein. Ég held reyndar að það hafi oft háð okkur að kostur hafi ekki verið á vel menntuðu starfsliði í nýjum atvinnugreinum sem upp hafa verið teknar. Í fyrstunni verðum við að sjálfsögðu að leita eftir því að nýta okkur þá þekkingu sem upp hefur verið byggð hjá ýmsum grannþjóðum okkar jafnframt því að efla kennslu í þessum greinum á innlendum vettvangi eftir því sem okkur vex fiskur um hrygg.

Í sjötta lagi er lagt til að stuðlað verði að því að þau mál er varða sölu í þessari grein verði að sem mestu leyti í höndum Íslendinga, m. a. með því að viðurkenna útgjöld vegna uppbyggingar sölustarfsemi sem lánshæfan hluta fjárfestingar. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér er það mjög í mun að Íslendingar spreyti sig á sölustarfi í þessari grein og ég tel að við eigum að hafa allar forsendur til þess, en það sé líka eðlilegt og rétt að stuðla þá að því að svo verði.

Í sjöunda lagi er lagt til að Framkvæmdasjóði Íslands verði fyrst um sinn falið að veita fjárfestingarlán til fiskeldisfyrirtækja og jafnframt verði honum falið að veita ábyrgðir sem á kann að vanta til viðbótar veðum í eignum viðkomandi fiskeldisfyrirtækja, sem banki eða lánastofnun þar kann að krefjast, og að ráðstöfunarfé sjóðsins verði ákveðið með tilliti til þess að hann sinni þessu verkefni. Það er nefnilega ekki bara svo að því er stjórnkerfið varðar að greinin eigi hvergi heima, heldur varðar það einnig fjárfestingarlán og fyrirgreiðslu í þeim efnum. Ég vil benda á að meðalstór fiskeldisstöð mun þurfa til fjárfestingar álíka upphæð og gott bátsverð og hinar stærstu stöðvar getum við talið í togaraverði eða tveimur. En fiskeldi á sem sagt hvergi heima í kerfi fjárfestingarlánasjóðanna eins og nú er og það má rekja sögur af því, sem hv. þm. eru sjálfsagt kunnar, hvernig mál hafa þvælst milli banka og stofnana án árangurs og tafið fyrir þróun í þessari grein. Eitt er vitaskuld að útvega fé til þessara verkefna, annað að finna því stað í því kerfi sem slíkar framkvæmdir eru fjármagnaðar með. Það er skoðun okkar flm. að hvorugt megi dragast, en þyki mönnum álitamál hvernig skipa skuli þessum málum til frambúðar er vitaskuld fyrir öllu að ákveða það fyrirkomulag sem gildi þar til annað verður ákveðið. Hér er gert ráð fyrir að þetta verkefni verði falið Framkvæmdasjóði bæði að því er varðar lánveitingar og ábyrgðir fyrir lánum. Þá er auðvitað jafnframt verið að ætla Framkvæmdasjóði

nokkuð mikilvægt verkefni. Hann verður nefnilega að meta þau verkefni sem sótt er um lán eða ábyrgðir vegna og velja umsóknir og hafna á grundvelli slíks mats. Honum yrði þannig falið að hafa nokkra stjórn á þróuninni. Það verður að segjast að þótt greinin sé efnileg er áreiðanlega skynsamlegt að hafa hóf á uppbyggingarhraða þannig að reynsla og þekking nýtist sem best og komið verði þannig í veg fyrir óþarfa áföll. Að mínum dómi er ekki nóg að aðilar geti sett bærilegar tryggingar fyrir lánum, heldur er ekki síður mikils virði að fjárfestingar og rekstraráætlanir séu vel undirbúnar og þær séu metnar og síðast en ekki síst að það sé tryggt að hæfir starfsmenn fáist til að reka stöðina. Skv. þessari till. er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður hefji þetta verkefni. Vitaskuld má finna annan aðila, ef menn geta fundið hann, en aðalatriðið er að skipa þessum málum strax þannig að þau velkist ekki lengur í vafa.

Í áttunda lagi er ályktað um það að stuðlað verði að því að afurða- og rekstrarlán vegna fiskeldis taki sérstakt mið af þörfum þessarar atvinnustarfsemi og verði ekki síðri kjörin sem fram bjóðast en þau sem bjóðast öðrum atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi og landbúnaði.

Í níunda lagi er lagt til að fyrir næsta löggjafarþing verði lagt frv. til l. um skipan fiskeldismála, þ. á m. um að efla og endurskipuleggja fisksjúkdómavarnir, mengunarmál, rannsóknarstarfsemi og rannsóknastöð í fiskeldi, sbr. það sem upp var talið undir 4. tölulið, en jafnframt verði lagt fram frv. til l. um breytingar á gildandi lögum til samræmis við þessa nýskipan, en þær breytingar þurfa reyndar ekki að vera miklar.

Í pósti mínum í dag voru bréf, eins og ég gat um í ræðu minni áðan, dags. 6. maí og 9. maí, frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Þau fjalla að hluta til um þau atriði sem ég hef hér gert að umtalsefni og ég vil leyfa mér að vitna til þeirra, með leyfi forseta.

Í bréfinu frá 6. maí, sem varðar fund með forsrh., kemur fram eftirfarandi:

„Koma þarf á reglum í sambandi við leyfisveitingar og umfram allt endurbótum á fisksjúkdómavörnum. Einnig er nauðsynlegt að skipuleggja rannsóknastarfsemi og menntunarmál. Lánafyrirgreiðslur eru í ólestri sem stendur, bæði að því er varðar framkvæmdir og rekstur. Landssambandið telur að koma eigi á fót nefnd eða ráði skipuðu mönnum með fagþekkingu sem samráðsvettvangi og ráðgjafaraðila. Ráðinu yrði falin forganga í stefnumótun í rannsókna-, heilbrigðis- og menntamálum."

Hér eru slegnir sömu tónar og í þeirri þáltill. sem ég hef hér rakið og ég tel að hér komi fram stuðningur við þau sjónarmið sem í þáltill. eru.

Í bréfinu frá 9. maí er einnig farið fáeinum orðum um þessi atriði og ég vil leyfa mér að vitna til þess, með leyfi forseta. Tillaga Landssambandsins er sú, fyrir utan það að fiskeldi heyri undir forsrn. fyrst um sinn, „að leyfi til byggingar fiskeldisstöðvar verði í höndum viðkomandi sveitarfélaga á sama hátt og raunin er um önnur atvinnufyrirtæki, en þeim sé skylt að leita umsagnar fiskeldisnefndar, sbr. meðfylgjandi, auk þeirra aðila annarra sem með málefni atvinnufyrirtækja fara, svo sem Náttúruverndarráðs, Hollustuverndar ríkisins og skipulagsyfirvalda. Að Framkvæmdasjóði Íslands verði gert kleift að fjármagna uppbyggingu stöðvanna og viðskiptabönkunum að veita afurðalán. Að hlutverk stjórnvalda takmarkist við að sinna þörfum fiskeldisins fyrir menntun, rannsóknir og sjúkdómavarnir og fjármagna þann jarðveg sem nauðsynlegur er til þess að samkeppnisaðstaða sé viðunandi gagnvart erlendum fyrirtækjum í greininni."

Þetta síðasta skírskotar til tolla- og söluskattsfrelsisins á fjárfestingu, niðurfellingar söluskatts og verðjöfnunargjalds á raforku til samræmis við stóriðjumynstur notkunarinnar og tímabundinna skattaívilnana á fyrstu starfsárum hvers fyrirtækis. Þetta eru þau ályktunarorð sem helst varða það sem hér hefur verið gert að umræðuefni.

Herra forseti. Ég hef rakið allítarlega efni þessarar þáltill. En meginatriðið er í rauninni það að stefna sé mörkuð þannig að greinin fái traustari grundvöll til að starfa á þannig að ljóst sé hver stefnan sé og að hér sé reynt að stefna fram á við með farsælum hætti. Ég tel að það sé mikilvægt fyrir greinina að það megi takast. Vafalaust má tína til fleiri atriði en hér hafa verið rakin og sjálfsagt er að taka þar til skoðunar varðandi einstök atriði hvort finna megi betri skipan. En ég legg áherslu á að menn finni nú þegar einhverja skipan og einhverja stefnu sem unnt sé að beita og sem menn vita að gildi a. m. k. þangað til annað hefur verið ákveðið.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til atvmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég get tekið almennt undir efni þeirrar þáltill. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flytur hér ásamt fleiri þm. Alþfl. um aðgerðir í fiskeldismálum. Það eru fleiri hv. þm. sem hreyft hafa þessum málum hér á þingi og ég hygg að mælt hafi verið fyrir till. sem hv. þm. Stefán Valgeirsson ásamt fleirum er flm. að, um fiskeldismál einnig. Þessi tillöguflutningur ber vott um að að þm. geri sér ljóst að úrbóta er þörf í sambandi við stefnumótun á þessu sviði, svo og varðandi fjármögnun, rannsóknir og marga fleiri þætti. Ég beindi fsp. til hæstv. landbrh. og sjútvrh. um þessi mál hér í Sþ. sem þeir svöruðu báðir, líklega í marsmánuði s. l., og í tengslum við það hef ég minnt á að á síðasta þingi, raunar á árinu 1983, þ. e. fyrri hluta síðasta löggjafarþings, þá flutti ég ásamt þremur öðrum þm. Alþb. till. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra. Í þessari till. var tekið á nánast öllum þeim þáttum með einhverjum hætti sem vikið er að í þessari till. og raunar í till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sem áður er fram komin á þessu þingi.

Ég tel ástæðu til þess, án þess að taka mikinn tíma í umr. um þetta mál nú, að rifja upp efni þáltill. sem ég flutti og hver var afgreiðsla hennar af hálfu meiri hl. atvmn. á síðasta þingi. Með leyfi forseta var efnið svofellt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa áætlun um eflingu fiskeldis með það að markmiði að eldi og ræktun sjávar- og vatnadýra geti sem fyrst orðið gildur liður í þjóðarbúskap og atvinnulífi á Íslandi.

Við gerð áætlunarinnar verður m. a. haft samráð við Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknaráð ríkisins og Háskóla Íslands.

Sérstök áhersla verður lögð á þá þætti sem skilað geti arði sem fyrst, svo sem eldi á ungfiski úr sjó, en jafnhliða verði sköpuð aðstaða til víðtækra rannsókna

og tilrauna með aðra þætti, svo sem klak og seiðaeldi við íslenskar aðstæður.

Fyrstu aðgerðir á þessu sviði verði m. a. í því fólgnar:

1. að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi þar sem m. a. verði ákveðin yfirstjórn þessara mála og stuðningur af hálfu hins opinbera,

2. að koma upp tilraunaaðstöðu vegna fiskeldis og klaks á vegum Hafrannsóknastofnunar sem jafnframt geri tilraunir um öflun á ungfiski til eldis svo og með fóðuröflun,

3. að undirbúa fjármögnun til framkvæmda á þessu sviði,

4. að kanna almennar forsendur fyrir fiskeldi hérlendis, m. a. varðandi fisktegundir, markað og arðsemi,

5. að meta gildi jarðvarma og aðrar staðbundnar forsendur fyrir fiskeldi,

6. að draga saman vitneskju um rannsóknir og reynslu hérlendis og erlendis í ræktun vatna- og sjávardýra.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi ásamt frv. til l. um fiskeldi eigi síðar en í þingbyrjun 1984."

Þetta var efni þáltill. sjálfrar og með henni var allítarleg grg. um þessi efni. Ég mælti fyrir þessari þáltill. að ég hygg á fyrsta degi eftir jólahlé Alþingis, þ. e. síðasta þings, og ekki hlaut hún þar miklar undirtektir í umræðum. Ég hygg að enginn hafi séð ástæðu til að ræða málið þá frekar, en till. var vísað til atvmn. og afgreiðsla meiri hl. atvmn. var sú að lagt var til, eftir að leitað hafði verið til m. a. Rannsóknaráðs ríkisins og sjútvrn., að till. yrði vísað til ríkisstj. og sú varð niðurstaðan. Einn af þeim sem að þessu áliti stóð var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi varaformaður Alþfl.

Ég hefði að sjálfsögðu talið eðlilegt að Alþingi hefði ályktað um þetta mál á því þingi, þannig að framkvæmdavaldinu væru falin ákveðin verkefni sem samkomulag gæti tekist um í meðferð þingsins á grundvelli þeirrar till. sem ég ásamt fleirum þarna flutti. En niðurstaðan varð sem sagt sú að till. var vísað til ríkisstj. og þar hvílir hún. Það var m. a. um aðgerðir í ljósi þessarar till. sem ég spurði þá hæstv. ráðh. sjávarútvegs og landbúnaðar nú ekki fyrir löngu. Þá kom það í ljós, sem reyndar hafði heyrst ávæningur af utan þings, að innan ríkisstj. og nefndra rn. hæstv. ráðh. hefur ríkt, nánast síðan ríkisstj. var mynduð eða a. m. k. kom það upp fljótlega á starfstíma hennar, veruleg togstreita um fiskeldis- og fiskiræktarmál og báðir aðilar hafa verið að búa sig í stakk til að semja löggjöf um þessi efni, en ekki tekist um það samstaða í ríkisstj. hverjum yrði falin forusta. Upplýst var í tilefni fsp. að hæstv. forsrh. væri að höggva á þennan hnút milli rn. með því að skipa sérstaka nefnd í þessi verkefni. Það er það sem við síðast höfum heyrt frá framkvæmdavaldinu um þessi mál. Raunar upplýsti hæstv. landbrh. litlu seinna í tengslum við aðra fsp., sem hv. þm. Guðmundur Einarsson bar fram og sem hæstv. landbrh. svaraði, að nær fullbúin væru drög að sérstöku frv. um þessi mál á vegum landbrn., en ráðh. greindi frá því að um þetta hefði ekki tekist full samstaða.

Þetta tel ég eðlilegt að komi hér fram um leið og ég lýsi efnislega stuðningi við þennan tillöguflutning og tel það allt góðra gjalda vert sem hreyft er hér í þinginu um þessi mál. Ég vek hins vegar athygli á þessari afgreiðslu síðasta þings í málinu sem mér þótti ekki skynsamleg niðurstaða í því máli þá svo brýnt sem það sýnist vera að marka þarna ákveðna stefnu og það jafnt varðandi rannsóknir, fjármagn og meðferð innan stjórnkerfisins á þessari þýðingarmiklu grein.

Það var reyndar upplýst í tengslum við meðferð hv. atvmn. á nefndri till. á síðasta þingi af hálfu Rannsóknaráðs að þar væri að koma áætlun um svipaða þætti og óskað var eftir í minni tillögu. Sú áætlun er hins vegar ekki komin enn. Það var sagt að von væri á henni innan fárra vikna og átti það líklega þátt í þeirri niðurstöðu sem meiri hl. atvmn. komst að. Hins vegar hefur verið boðað að þessi áætlun verði kynnt á fundi Rannsóknaráðs ríkisins 7. júní n. k. Það er í rauninni ári eftir að ráðið gerði ráð fyrir að þetta álit mundi liggja fyrir sem varðaði ýmsa þá þætti sem ég hafði flutt till. um.

Ég vona sannarlega að það fáist skjótari og betri og jákvæðari afgreiðsla varðandi þá till. sem hv. Kjartan Jóhannsson hefur hér borið fram því að það er sannarlega þörf á því að ýta á framkvæmdavaldið í þessum efnum og það með skilmerkilegum hætti, eins og mér sýnist vera gerð tilraun til hér með flutningi þessarar till.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka þessar ágætu undirtektir. Mér er vitaskuld ljóst, eins og kom væntanlega að einhverju leyti fram í máli mínu, að aðrir hafa flutt till. um þetta efni. Mér finnst eðlilegt og rétt að menn leitist við að samræma sjónarmiðin í n. og taka mið af öðrum þeim till. sem fram hafa komið og hugsanlega er hægt að sameina eitthvað af þeim sjónarmiðum sem uppi eru í eina till. eða með breytingum á þeirri till. sem hér er.

Það er aðeins eitt sem ég vil leggja áherslu á og það er það að menn taki afstöðu til þess hvernig þeir vilja skipa málum og geri það með þessu ályktunarformi úr því að ekki er annarra úrkosta völ, þannig að menn viti þegar hvernig þeir standa að því er flest þau atriði varðar sem hér eru upp talin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárhagsvandi bænda, þáltill. 414. mál (þskj. 680). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um úttekt á fjárhagsvanda bænda og ráðstafanir í landbúnaði sem er á þskj. 680. Það er till. sem ég er 1. flm. að, en ásamt mér standa að till. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson og Helgi Seljan. Ég leyfi mér að fara yfir efni þessarar þáltill. ef forseti gerir ekki athugasemd við.

„Alþingi ályktar vegna versnandi afkomu í landbúnaði og mikilla fjárhagserfiðleika bænda að fela ríkisstj.:

a. Að beita sér nú þegar fyrir úttekt á fjárhagsstöðu bænda og einstakra búgreina. Athuga skal sérstaklega raunverulegar launatekjur bænda síðustu ár borið saman við viðmiðunarstéttir og horfur varðandi afkomu á næstunni. Einnig verði reynt að meta helstu ástæður fyrir versnandi afkomu, svo sem árferði, markaðsaðstæður og stjórnvaldsaðgerðir, m. a. stefnuna í vaxta-

og lánamálum.

b. Að undirbúa tillögur um ráðstafanir til úrbóta í ljósi niðurstaðna úr úttekt, sbr. a-lið, með það að markmiði að koma í veg fyrir yfirvofandi byggðahrun. Slíkar tillögur skulu m. a. miða að því:

að draga úr greiðslubyrði með almennri lækkun vaxta og lengingu lána,

að jafna aðstöðu meðal bænda, m. a. með breyttri framleiðslustjórn,

að örva sölu á landbúnaðarafurðum með vöruþróun, bættri markaðsstarfsemi og niðurgreiðslum,

að renna styrkum stoðum undir nýjar búgreinar með auknum lánveitingum, betri nýtingu fjármagns, ráðgjöf og góðu skipulagi.

Sérstaklega verði tekið á vanda sauðfjárbænda og þeirra bænda sem lagt hafa í umtalsverðar fjárfestingar á undanförnum fimm árum.

Landbrh. geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum úttektar, skv. a-lið, og tillögum til úrbóta, skv. b-lið, í þingbyrjun haustið 1985.

Kostnaður, sem hlýst af ályktun þessari, greiðist úr ríkissjóði."

Í grg. er farið yfir þau atriði sérstaklega sem valda þrengingum hjá bændum að mati flm. og þær aðgerðir sem gerð er tillaga um að ráðist verði í eða undirbúnar verði nú alveg á næstunni.

Það er kunnara en um þurfi að hafa mörg orð hvernig erfiðleikar hafa magnast upp í landbúnaði undanfarin misseri þó að árferði til landsins hafi yfirleitt verið óvenjuhagstætt. Þetta ástand hefur þróast þannig að víða blasir við búsetuhrun ef ekki verður um að ræða samstillt átak af opinberri hálfu í samvinnu við fólkið í byggðarlögunum til að bregðast við þessum aðstæðum.

Um þetta ástand vitna m. a. margar ályktanir sem borist hafa að undanförnu frá bændafundum, hagsmunasamtökum bænda og raunar einnig Búnaðarþingi og sumar þeirra eru birtar sem fylgiskjöl með þessari þáltill.

Það fer ekki milli mála að efnahagsstefna stjórnvalda hefur leikið bændur grátt, ekki síður en launafólk og aðrar vinnustéttir í þessu landi. Þar nægir að benda á dæmi eins og hávaxtastefnu ofan á verðtryggingu lána og mikinn samdrátt í niðurgreiðslum. Kvótakerfið í landbúnaði hefur mistekist í veigamiklum atriðum og bitnaði harðast á litlum bújörðum sem eru margar og skipta miklu máli í byggðakeðjunni. Tíðar breytingar á fóðurbætisskatti hafa gert bændum erfitt fyrir með skipulag framleiðslunnar og þrátt fyrir skattinn blasir nú við veruleg offramleiðsla mjólkurafurða á nýjan leik eftir tímabundinn samdrátt. Vitna um það m. a. fréttir sem komu frá Ríkisútvarpinu í kvöld um það að ekki væri unnt að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins að tryggja mjólkurbændum fullt verð fyrir framleiddar afurðir. Stjórnvöld draga úr hömlu að taka ákvarðanir varðandi framleiðslumagn, varðandi áburðarverð og annað er lýtur að hagstjórn í búrekstri. Bændur fá greiðslur fyrir framleiddar afurðir seint og illa og endanlegt uppgjör fyrir síðasta verðlagsár (1983—1984) fékkst ekki fyrr en nær hálfu ári eftir að því lauk, kom raunar ekki til sumra bænda fyrr en um mánaðamótin janúar—febrúar á þessu ári. Óvissa ríkir um útflutningsbætur sem kunnugt er og aðra mikilvæga þætti varðandi búskapinn.

Verðlagningarkerfi búvöru er enn einn þáttur sem er meingallaður og vantar mikið á að kostnaðarliðir séu rétt áætlaðir í verðlagsgrundvellinum, að mati samtaka bænda a. m. k.

Allir þessir þættir til samans og fleiri, sem ekki eru hér taldir, hafa leitt til gífurlegrar kjaraskerðingar hjá bændastéttinni sem stóð höllum fæti fyrir vegna óhjákvæmilegra framleiðslutakmarkana. Launaþátturinn í búreikningum hefur rýrnað stig af stigi á meðan tilkostnaðurinn hækkar stöðugt og fram undan er mikil hækkun, og raunar framgengin, á áburðarverði, upp á 40% á þessu vori. Fjölmargir bændur berjast nú í bökkum og skrimta í náð upp á krít hjá kaupfélögum og öðrum afurðasölufélögum. Margir sjá ekki fram úr erfiðleikunum, hvorki varðandi afborganir af lánum, þ. á m. skuldbreytingarlánum sem tekin voru í fyrra, né heldur hvernig greiða á áburð vegna áburðarkaupa á þessu vori.

Ástandið í sveitum landsins hefur aldrei verið jafn alvarlegt í raun síðan á kreppuárunum á fjórða áratug aldarinnar og fjöldi bænda mun engu síður fyrir þá þéttbýlisstaði sem tengjast þeim og byggja í ríkum mæli á úrvinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu við nærliggjandi sveitir.

Það bætir ekki úr skák að stefnumörkun varðandi nýjar búgreinar, svo sem loðdýrarækt og fiskeldi, hefur verið óljós og losaraleg og fyrirgreiðsla og stuðningur af opinberri hálfu ófullnægjandi. — Raunar vorum við hér í dag í Sþ. að ræða fiskeldismálin þar sem farið var yfir það stefnuleysi sem ríkir af hálfu stjórnvalda í sambandi við þennan vaxtarbrodd sem ýmsir hafa bundið vonir við að gæti komið strjálbýlinu að nokkru haldi.

Óhjákvæmilegt er að veita þeim sem ráðast í nýja framleiðslu, eins og loðdýrarækt, aðstoð og aðlögunartíma, m. a. varðandi lánskjör og afborganir af lánum þar sem afurðir fara ekki að skila sér fyrr en tveimur árum eftir að lagt er í fjárfestingu.

Með þessari þáltill., herra forseti, er lagt til að Alþingi feli ríkisstj. að taka nú þegar á þessum málum til að koma í veg fyrir þann ófarnað sem við blasir og létta byrðar þeirra bænda sem verst eru staddir, en hafa að öðru leyti ekki forsendur til að halda áfram búskap.

Við leggjum áherslu á að niðurstöður þeirrar úttektar á fjárhagsvanda bænda, sem gert er ráð fyrir að stjórnvöld beiti sér fyrir, liggi fyrir sem fyrst þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af þeim þegar mótaðar eru tillögur til að rétta hlut bænda.

Í till. er ekki tekin afstaða til þess í einstökum atriðum til hvaða ráða skuli gripið þó að flm. telji raunar augljóst í mörgum tilvikum hvar skórinn kreppir. Þeirri úttekt sem hér er gert ráð fyrir er ætlað að lýsa betur inn í þann vanda sem hér er við að fást.

Meðal atriða sem hljóta að koma til umfjöllunar þegar gerðar eru tillögur um úrbætur og jöfnun á kjörum bænda eru, svo að dæmi séu tekin: fjármagnskostnaður; rekstrarlán, lánshlutfall og uppgjör af hálfu afurðasölufélaga; framleiðslutakmarkanir, þ. á m. svæðakvóti og bústærð; útflutningsuppbætur, m. a. hugsanleg nýting fjármagns til jöfnunar á aðstöðu bænda; niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum sem núverandi ríkisstj. hefur dregið úr í mjög ríkum mæli; jarðræktarstyrkir og breytt tilhögun á þeim; vinnslukostnaðurinn og aðgerðir til lækkunar og hagræðingar, en það hefur komið fram að kostnaður vinnsluaðilanna er nánast ótrúlegur, t. d. er heildsölu- og skrifstofu-

kostnaður jafnhár eða ívið hærri en þau laun sem greidd eru vegna haustslátrunar. Verðmyndunarkerfi landbúnaðarafurða er einnig atriði sem taka verður á. Nefnt hefur verið þegar nýjar búgreinar, stuðningur og skipulag við þær. Síðast en ekki síst skal geta félagslegra aðgerða, m. a. afleysingarþjónustu, viðurkenningar á vinnuframlagi kvenna á búum og fulls fæðingarorlofs fyrir konur í sveitum.

Eftir að þessi þáltill. var lögð fram nálægt páskum hefur hæstv. landbrh. svarað nokkrum fsp. sem fram voru bornar af minni hálfu og raunar frá fleiri þm. og segja svörin nokkuð um þau vandamál sem hér er við að fást og hvernig aðgerðir núverandi ríkisstj. hafa verkað á ýmsa þætti í landbúnaði. Þannig hefur hæstv. ráðh. svarað til um áburðarverð sem ákveðið var seint og um síðir og löngu seinna en reglur bjóða að gert sé. Hann hefur svarað um verðuppgjör til bænda og þann mikla drátt sem þar hefur orðið á. Því miður gat hann ekki fullvissað okkur um að til hliðstæðrar seinkunar gæti ekki komið á verðuppgjöri til bænda vegna yfirstandandi verðlagsárs. Hann hefur einnig svarað skriflega fsp. um breytingu á niðurgreiðslum þar sem m. a. kom í ljós að samdráttur í niðurgreiðslum frá 1982 hefur haft í för með sér að verð á kindakjöti hefur hækkað um 31% og enn þá meira á mjólkurafurðum. Þar er það 43% og á smjöri um nálægt 51% aðeins vegna samdráttar í niðurgreiðslum. Menn geta rétt ímyndað sér hvort slík stórfelld breyting á verði vegna minnkandi niðurgreiðslna hefur ekki haft áhrif á söluna og þar með þann vanda sem við er að fást vegna landbúnaðarframleiðslunnar og bitnar það fyrst og síðast á bændunum sjálfum.

Fram er komið hér á þingi síðan þessi þáltill. var flutt sérstakt frv., ríkisstjórnarfrv., um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og hefur það verið nýlega til umr. í hv. Nd. Ég ætla ekki að gera það frv. að umtalsefni. Um það hefur verið rætt af þm. Alþb., þ. á m. hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hefur gert það að tillögu sinni að ekki verði stætt á því að afgreiða og lögfesta þetta frv. á yfirstandandi þingi, svo sáralítið sem bændum og öðrum hagsmunaaðilum hefur gefist kostur á að fjalla um það á undirbúningsstigi, heldur verði markvisst að því unnið á komandi sumri — væntanlega í von um að Alþingi starfi ekki alveg til hausts og saman renni 107. og 108. löggjafarþing en um það vitum við raunar ekkert enn sem komið er — og sumartíminn verði notaður til þess af þar til kvöddum þm. að kynna málið fyrir bændum, ræða það við fulltrúa bænda og fara yfir einstök atriði, þannig að menn geti tekið á þessum málum með öðrum og betri hætti strax og þing kemur saman að hausti. Ég vek athygli á því að sú till. sem hér er flutt um úttekt á vanda bænda og einstakra framleiðslugreina í landbúnaði getur orðið þýðingarmikið innlegg í þá athugun og þá umræðu sem við erum að gera tillögu um að Alþingi beiti sér fyrir með skipulögðum hætti á komandi sumri í þessum efnum.

Ég held að það hefði verið þörf á því einmitt vegna þessa stjfrv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum að úttekt af því tagi sem hér er lögð til að gerð verði lægi fyrir þannig að þingið gæti haft hana til hliðsjónar. Það verður hægt ef vel verður að staðið af framkvæmdavaldsins hálfu í sambandi við þessa úttekt og hún tengd þeirri umræðu sem Alþb. hefur lagt til að fram fari um þennan stóra lagabálk, frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vænti þess að þótt liðið sé á þing fái þessi till. þinglega meðferð og unnt verði að taka á þeim þáttum á komandi sumri sem þar er lagt til. Ég legg til að till. verði eftir að umr. hefur verið frestað vísað til hv. atvmn. sameinaðs þings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1980, frv. 367. mál (þskj. 587). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samgönguleið um Hvalfjörð, þáltill. 413. mál (þskj. 679). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, þáltill. 439. mál (þskj. 746). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá hér orðið til að mæla fyrir till. til þál. um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu, en hana er að finna á þskj. 746. Ég er 1. flm. þessa máls, en með mér standa að flutningi till. hv. þm. Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon og Helgi Seljan. Þessi þáltill. er ekki löng í orðum talið, en efni hennar þýðingarmikið. Ég vil leyfa mér að fara hér yfir efni hennar, með leyfi hæstv. forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj.:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan fimm ára,

b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987,

c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega."

Í grg. er á það drepið að ör þróun hefur orðið í síma- og fjarskiptatækni á undanförnum árum. Póst- og símamálastofnunin hefur fylgst vel með á þessu sviði og miklar hagsbætur hafa náðst fram fyrir notendur með sjálfvirku sambandi.

Þannig hefur undanfarin ár staðið yfir átak til að koma sveitabæjum í sjálfvirkt samband, það er mikið mannréttindamál, og má heita að því verki verði að fullu lokið á þessu ári. Unnið hefur verið að stækkun símstöðva og samtengingu í greinistöðvum, sem svo eru kallaðar og eru um 20 á landinu, og svæðisstöðinni í Vestmannaeyjum þar að auki. Stefnt hefur verið að því af Pósti og síma að jafna gjöld innan hvers svæðisnúmers, enda verið ýtt á eftir því máli af hálfu Alþingis,

en mikill munur er á gjöldum fyrir innansvæðis- og langlínusamtöl.

Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Skv. mælingum Póst- og símamálastofnunarinnar á símaumferð virðast 75% skrefa á landsbyggðinni vera vegna langlínunotkunar, en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3—3.5 mínútur á langlínu, lætur nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú 10 sinnum meira en í innanbæjarsímtali.

Mikill hluti langlínusamtala fer nú fram þráðlaust um örbylgjusambönd. Fjárfesting vegna símtala milli landshluta er þannig í engu hlutfalli við vegalengdir þótt takmörk séu fyrir því hve langt má vera á milli örbylgjustöðva. Kostnaður vegna langlínusamtala er óháður vegalengd ef á annað borð er talað út fyrir svæði viðkomandi stöðvar. Sá gífurlegi munur, eða nærfellt tífaldur, sem nú er á langlínu- og innanbæjarsímtölum er þannig mjög langt frá því að endurspegla raunkostnað vegna langlínukerfisins.

Ég hef fengið um það upplýsingar að ætla megi að í stað þess að vera tífaldur miðað við kostnað ætti þessi kostnaður, ef miðað væri við fjárfestingu og kostnað Pósts og síma, alls ekki að vera meiri en tvöfaldur.

Tæknilegir möguleikar eru fyrir hendi til að landið allt geti orðið eitt gjaldsvæði þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna, óháð búsetu, og aðeins spurning um pólitískan vilja og stefnumörkun af hálfu Alþingis.

Með þessari þáltill., herra forseti, er gert ráð fyrir að móta slíka stefnu sem feli það í sér að innan fimm ára verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri kleift að ná þessu marki í áföngum.

Póst- og símamálastofnunin hefur að beiðni okkar flm. þessarar till. áætlað kostnaðarauka fyrir símnotendur á höfuðborgarsvæðinu vegna slíkrar jöfnunar og er hann að sjálfsögðu nokkur, en þó er ljóst að jöfnun á gjaldtöku fyrir langlínusamtöl kemur fólki hvar sem er á landinu til góða. Þannig hringja Reykvíkingar allmikið út á land þó hitt sé algengara, sem við vitum, að fólk á landsbyggðinni þurfi að ná til höfuðstaðarins.

Á sama hátt er ljóst að til að koma á þessum breytingum yrði að koma til styrking og endurbygging á langlínukerfinu. Miðað við að umferð um langlínukerfið tvöfaldist, þ. e. samtöl tvöfaldist eða aukist enn meir við slíka jöfnun á símakostnaði áætlar Póstur og sími að verja þyrfti 800—1000 millj. kr. í uppbyggingu kerfisins „ef það á að flytja þessa aukningu á fullnægjandi hátt" skv. áætlunum Pósts og síma.

Að mati okkar flm. þarf að leggja í verulegan hluta þessa kostnaðar hvort sem er vegna núverandi álagstakmarkana og þeirra sem reikna má með óháð gjaldskrárbreytingum eins og hér eru til umræðu skv. þessari till. Á þetta vil ég leggja áherslu. Það vita allir, sem nota símann til langlínusamtala, hversu þröngt er um og erfitt að ná sambandi víða út um landið og gildir það gagnkvæmt til höfuðstaðarins utan af landi. Sýnir það að núverandi kerfi ræður alls ekki við það álag sem oft er um að ræða á vissum tímum dags sérstaklega.

En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að forsendur Pósts og síma standist er fyllilega réttlætanlegt að leggja í þennan kostnað á nokkru árabili eins og gert er ráð fyrir í þessari till.

Skv. c-lið till. er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að umrædd gjaldskrárbreyting verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, en nokkur hluti þess hóps nýtur nú þegar undanþágu frá greiðslu afnotagjalda. Að mati okkar flm. er alveg nauðsynlegt að taka tillit til aðstæðna þessa hóps í sambandi við gjaldskrárbreytingar.

Þá er í b-lið till. gert ráð fyrir að sama gjaldi verði komið á við stjórnsýslustofnanir innan tveggja ára, sama hvaðan hringt er af landinu í slíkar stofnanir. Með svonefndum stafrænum símstöðvum, sem nú eru sem óðum að leysa eldri kerfi af hólmi, er auðvelt að velja úr tiltekið númer þar sem gjaldið yrði það sama fyrir notandann, óháð því hvaðan af landinu er hringt. Þá reiknast einfaldlega fyrir þann sem hringir gjald eins og af innanbæjarsamtali, en kostnaðurinn vegna langlínunnar skráist með sérstökum hætti á viðtökunúmer stjórnsýslustofnunar og safnast þar upp og er gerður upp með einhverjum hætti sem ákvörðun yrði tekin um, hvort sem það yrði viðkomandi stofnun sem bæri kostnaðinn eða Póstur og sími.

Það er gert ráð fyrir því í till. að slíkri jöfnun af gjöldum vegna samtala við stjórnsýslustofnanir verði komið á næstu tveimur árum og hún haldist í hendur við breytingu símstöðva yfir á stafrænt kerfi. Þetta getur létt undir með fólki, ekki síst á landsbyggðinni, sem kostar miklu til í samtöl við opinbera aðila á höfuðborgarsvæðinu, létt af því kostnaði áður en til þeirra breytinga kemur sem lagðar eru til skv. a-lið till.

Því virðist sjálfsagt réttlætismál að koma slíkri jöfnun á strax og það er tæknilega viðráðanlegt án teljandi kostnaðarauka. Það er rétt að benda á það að lokum, herra forseti, að sú jöfnun símakostnaðar sem till. gerir ráð fyrir gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur og atvinnurekstri og er því liður í jöfnun á starfsaðstöðu fyrirtækja um land allt. Þetta gildir ekki síður og ekki síst um tölvuþjónustu og upplýsingamiðlun sem mjög mun færast í vöxt um símakerfi landsins á næstu árum. Það skiptir afarmiklu að í þeim greinum verði ekki mismunað eftir búsetu. Slíkt er spurning um möguleika til atvinnuuppbyggingar og aðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Á það hljótum við að leggja ríka áherslu að þar verði ekki í framtíðinni um mismunun að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að eftir að umr. um þessa till. verður frestað verði henni vísað til þingnefndar þar sem ég vænti að hún fái góðar viðtökur. Mér sýnist eðlilegt að gera tillögu um að till. fari til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bundið slitlag milli Reykjavíkur og Akureyrar, þáltill. 461. mál (þskj. 781). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ferðaþjónusta, þáltill. 468. mál (þskj. 810). — Ein umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Efnahags- og atvinnumál eru einatt að vonum fyrirferðarmesta umræðuefnið í íslenskum stjórnmálum. Undanfarna mánuði og jafnvel ár hefur orðið „nýsköpun" heyrst æ ofan í æ og má segja að það hafi verið notað sem töfraorð sem öllu muni bjarga.

Síst skyldi dregið úr þörf fyrir nýja áður óreynda atvinnukosti, en ekki má heldur láta undir höfuð leggjast að hlúa að því sem fyrir er og byggja upp atvinnugreinar sem þegar hafa haslað sér völl. Um það hefur minna verið rætt.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem að margra áliti hefur alla möguleika sem verulega arðbær atvinnugrein, bæði gjaldeyrisskapandi og vinnuveitandi, ef markvisst og ötullega er unnið að uppbyggingu hennar. Það sannar þróunin að undanförnu, sem sýnir miklu meiri aukningu í þessari grein en ráð var fyrir gert, og sólarmerki gefa tilefni til bjartsýni á framhaldið.

Það gegnir því nokkurri furðu hve hljótt hefur verið um þessa vænlegu atvinnugrein í allri umræðunni um nýsköpun og eflingu atvinnulífsins, nánast ekki á hana minnst þrátt fyrir síendurteknar fréttir af vaxandi áhuga erlendra ferðamanna á Íslandi og vaxandi áhuga Íslendinga sjálfra á að ferðast um eigið land.

Til er faglega unnin skýrsla, sem gerð var að frumkvæði ferðamálaráðs árin 1982—1983, um stöðu ferðamála og líklega þróun þeirra allt til ársins 1992. Er þar gert ráð fyrir 3.5% meðaltalsaukningu erlendra ferðamanna hingað til lands frá 1984—1992. Aukningin á síðasta ári nam hins vegar um 10%, en þá komu hingað 85 290 erlendir ferðamenn. Nú bendir allt til þess að á þessu ári verði aukningin ekki innan við 7—8% og að hingað komi um 92 þús. erlendir ferðamenn. Það er því nauðsynlegt að endurmeta stefnuna í ferðamálum með tilliti til þessara staðreynda.

Til að mæta þessari miklu fjölgun erlendra ferðamanna þarf að leita allra hugsanlegra leiða til að lengja ferðamannatímann og auka nýtingu hótela og annarrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Það er staðreynd að hótelskortur er hemill á þróun þessarar atvinnugreinar, bæði í Reykjavík og úti á landi. Á töluvert löngu tímabili í sumar, þ. e. seinni hlutann í júní, júlí og eitthvað fram eftir ágúst, er fullbókað eða öllu heldur yfirbókað allt hótelrými í Reykjavík og hafa ferðamálafrömuðir af því miklar áhyggjur. Þessi mál þarf að leysa sem fyrst.

Þá þarf að gera ráðstafanir til þess að hægt sé að beina ferðamönnum í ríkari mæli út um landið, en til þess skortir tilfinnanlega aðstöðu víðast hvar utan höfuðborgarinnar og brýnt að bæta úr því hið fyrsta. Við skulum hafa í huga að uppbygging ferðaþjónustu úti á landi hefur auk þess þann mikilvæga kost að skapa atvinnu í dreifbýlinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins sem ekki er vanþörf á einmitt nú. Hluti af uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni hlýtur að flokkast undir eflingu atvinnu í stað heföbundinna búgreina.

Af þessu öllu má ljóst vera að nauðsynlegt er að efla Ferðamálasjóð og gera honum kleift að veita lán með hagstæðum kjörum til uppbyggingar ferðaþjónustu um allt land. Er í hæsta máta eðlilegt að ætla honum skerf af fjármagni Þróunarfélagsins sem verið er að stofna um þessar mundir. Er það þeim mun brýnna þar sem Alþingi er nú í þann veginn að svipta ferðamálaráð og Ferðamálasjóð lögbundnum tekjum sínum af rekstri fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli með samþykkt lánsfjárlaga, en samkv. lögum ber að láta 10% af söluverðmæti fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til ferðamála.

Það er raunar kapítuli út af fyrir sig sem vert væri að hafa um langt mál. Ég veit ekki hvort hv. þm. vita það allir eða muna eftir því að þegar þetta ákvæði var sett í lög, að 10% söluverðmætis fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli rynni í ferðamálaráð og Ferðamálasjóð, þá var allt áfengi og tóbak í fríhöfninni hækkað um 10% til þess að mæta því. En þannig fer því miður oft um markaða tekjustofna og er mál til komið að Alþingi fari að taka á því vandamáli. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að Alþingi brjóti sífellt þau lög sem það setur sjálft.

Til þess að þrýsta á um aðgerðir í þessum málum höfum við þm. Kvennalista ásamt þm. úr Bandalagi jafnaðarmanna, Alþb. og Alþfl. lagt fram eftirfarandi till. til þál. á þskj. 810, með leyfi forseta;

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta kanna fyrir mitt þetta ár hversu mikið fjármagn þarf til að kosta þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að mæta 7–8% fjölgun erlendra ferðamanna á ári sem ferðamálaráð áætlar að muni verða. Enn fremur að leggja fram í tæka tíð fyrir gerð næstu fjárlaga tillögur um aukinn fjárframlög til Ferðamálasjóðs svo að hann geti veitt lán til nauðsynlegra framkvæmda í samræmi við ofangreinda áætlun ferðamálaráðs."

Flm. auk mín, eru hv. þm. Helgi Seljan, Guðrún Agnarsdóttir, Karvel Pálmason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir. Rétt er að geta þess að ég leitaði enn fremur eftir meðflm. í þingflokkum framsóknar og Sjálfstfl. Þeir hv. þm. sem ég leitaði til tóku þessu mjög vel og kváðust styðja þetta, en vegna þess að einmitt næstu daga eftir að þessi þáltill. kom fram var lagt fram stjfrv. um ferðamál fannst þeim ekki rétt að standa að flutningi þessarar till.

Jafnframt því sem brugðist er með skjótum hætti við skyndilegri aukningu ferðamanna, miklu meiri aukningu en ráð var fyrir gert fyrir aðeins þremur árum, þarf að móta stefnuna í framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustu hér á landi með eftirfarandi markmið í huga:

Í fyrsta lagi er þörf átaks og samræmingar í landkynningu og sölustarfsemi á sviði ferðamála. Nú þegar endurskoðun og nýskipan á sér stað í útflutningsmálum okkar er mikilvægt að ferðamálin verði þar ekki út undan. Nú stendur til að stofna útflutningsráð og heyrst hafa áform um fjölgun sendiráða eða a. m. k. einhvers konar útflutningssendiherra og ég legg áherslu á að ferðamálin verði með í þeirri mynd.

Í öðru lagi ber að leggja áherslu á varðveislu þeirra sérístensku þátta sem heilla erlenda ferðamenn mest, þ. e. sérstæða óspillta náttúru, ómengað loft og tært vatn. Þetta er náttúrlega afar mikilvægt atriði sem ekki verður of mikið úr gert. Ég minnist þess að hafa séð úttekt, að vísu óvísindalega úttekt, á skrifum um Ísland í ýmsum erlendum ferðamálablöðum. Þessi úttekt birtist í DV fyrir hálfu öðru ári eða svo. Það fór ekki á milli mála í þessari úttekt hvert var aðdráttarafl lands okkar. Það aðdráttarafl skulum við varðveita með öllum ráðum. Þeir sem alltaf hugsa í krónum og aurum mættu oftar muna að hreina loftið okkar, tæra vatnið og villt náttúran eru ekki síður auðlind, að mínum dómi miklu

dýrmætari auðlind en mengandi iðjuver af ýmsu tagi.

Í þriðja lagi þarf að nýta náttúrlegar aðstæður til uppbyggingar heilsustöðva og stefna að því að selja útlendingum þjónustu á sviði heilsuræktar og lækninga. Á því sviði eru að mínum dómi miklir möguleikar og um það eru mér ýmsir sammála, m. a. hv. þm. Gunnar G. Schram sem ásamt þremur öðrum sjálfstæðismönnum hefur lagt fram till. til þál. um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni. Auk þess þykist ég hafa heyrt það á hv. heilbrmrh. að hann sér möguleika á því að selja útlendingum þekkingu á sviði læknisfræði.

Í fjórða lagi ber að vinna skipulega að því að laða hingað fjölþjóðlegar ráðstefnur sem mest utan aðalferðamannatímans, en slíkar ráðstefnur eru einn arðbærasti þáttur ferðamála þar eð ráðstefnugestir eyða hlutfallslega meiri gjaldeyri að meðaltali en hinn venjulegi ferðamaður. Sumar skýrslur segja alla að fimm sinnum meiri.

Síðast en ekki síst þarf að byggja upp menntunarskilyrði fyrir þá sem að ferðamálum starfa. Þeim þætti hefur verið lítill gaumur gefinn og ekki seinna vænna að taka þar til hendi. Nú stendur til bygging hótel- og veitingaskóla í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi og er sjálfsagt að nota tækifærið og byggja þar upp frá grunni alhliða námsbraut á sviði ferðamála.

Herra forseti. Okkur Íslendingum er brýn nauðsyn að auka gjaldeyristekjur okkar með öllum ráðum til þess að ná okkur upp úr feni erlendra skuld. Einn af vænlegri kostum í þeim efnum er efling ferðaþjónustu. Talið er að ferðaþjónusta hafi skilað rúmlega 2 milljörðum kr. í þjóðarbúið á s. l. ári. Um 1100 millj. voru gjaldeyrir sem ferðamenn skiptu hérlendis, um 930 millj. skiluðu sér um flugfélögin. Þetta nemur um 8% af útflutningsverðmætum þjóðarbúsins og fyrir þessum verðmætum unnu 5—6% af mannafla þjóðarinnar.

Auk þess skal svo minnt á að ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem býður upp á fjölbreytt störf sem flest virðast henta konum vel. Breyttir atvinnuhættir, tækniväðing og aukin sérhæfing hefur bitnað í ríkara mæli á konum en körlum og þær eru oftast í meiri hluta atvinnulausra. Það er staðreynd sem ekki má gleymast við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi.

Herra forseti. Mörgum kann að virðast illmögulegt að vinna slíkt verk, sem hér er lagt til, á svo skömmum tíma sem fyrir mitt ár. Sú ætlan okkar flm. sýnir aðeins hversu knýjandi okkur finnst að bregðast skjótt við. Í þessu máli sem öðrum, gildir orðtakið kunna, „vilji er allt sem þarf". Það kann enn fremur að virðast óhófleg bjartsýni að ætlast til afgreiðslu þessarar till. fyrir þinglok á þessu vori. Ég ætla nú samt að láta þá von í ljós. Okkur þm. er nú þessa dagana ætlað að afgreiða stærri mál en þetta. Yfir okkur er dembt hverju stórmálinu á fætur öðru sem okkur er ætlað að afgreiða fyrir þinglok og hygg ég að stjórnarliðar hafi ekki enn a. m. k. upp á okkur þm. stjórnarandstöðu að klaga hvað það varðar.

Að mínum dómi þarf nefndin, sem fær mál þetta til umfjöllunar, ekki að vefja því mikið fyrir sér. Ég hef þegar fengið ákaflega jákvæð viðbrögð aðila sem vel þekkja til. Ég tel mig ekki brjóta nokkurn trúnað þó ég nefni hér tvo menn, þá Kjartan Lárusson formann ferðamálaráðs og forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins sem hefur lýst stuðningi við þessa till. og Birgi Þorgilsson ferðamálastjóra, en frá honum fékk ég bréf eftir að þessi till. var lögð fram þar sem hann þakkar okkur flm. þetta mjög svo tímabæra frumkvæði eins og hann orðaði það og hann segir hér orðrétt:

„Grg. er bæði rétt og markviss og ætti því að vera auðskiljanleg þeim sem á annað borð vilja skilja þýðingu þess að efla þessa arðbæru atvinnugrein."

Herra forseti. Að lokinni umr. um þessa till. legg ég til að henni verði vísað til hv. atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég er einn flm. þessarar till. og þarf því ekki að segja nema örfá orð til viðbótar þeirri ágætu framsögu sem hér var flutt fyrir þessu nauðsynjamáli.

Ferðaþjónustan er, eins og þar kom fram, orðin býsna mikil einnig. Einn gleðilegan vott þeirrar fjölbreytni sér maður víða út um land með þátttöku sveitafólks sem mjög er til fyrirmyndar og ég veit gjörla að er veruleg búsetutrygging í mörgum sveitum og einstökum bæjum þar. Hins vegar er ljóst að ferðaþjónusta hér á landi, eins og komið var reyndar inn á, hefur að mestu verið bundin við skamman tíma við erlenda ferðamenn. Þessi till. er raunar við þessi meginatriði miðuð og sjálfsagt að vinna þar að sem best.

Ég vil, eins og 1. flm., frsm. gat hér um áðan, sérstaklega leggja áherslu á það, sem stendur í grg., að leggja beri áherslu á varðveislu þeirra sérístensku þátta sem heilla erlenda ferðamenn mest. Á þennan þátt verður aldrei um of minnt, verndun íslenskrar náttúru, verndun landkosta og verndun okkar hreina lofts og holla vatns eða eins og segir í þessari grg.: sérstæða óspillta náttúru, ómengað loft og tært vatn.

Ég kom hér upp til að minna á till. þessu tengda sem snertir heildarmyndina varðandi landið allt. Það er till. sem flutt hefur verið undanfarin þing um átak til aðstoðar þeim gististöðum úti á landsbyggðinni þar sem bráðnauðsynleg þjónusta er innt af hendi allt árið um kring og þarf að inna af hendi, en grundvöllur fyrir rekstri er aðeins og kannske tæplega það, á ferðamannatímanum, að sumrinu til þegar umferð er mest. Við höfum flutt þessa till. nú hér án þess að hún fengi yfirleitt nokkrar undirtektir. Ég held að menn hafi ekki gert sér ljóst hversu mikilvæg þessi þjónusta er á ýmsum tiltölulega einangruðum stöðum úti á landi þar sem gestakomur eru að vísu ekki miklar yfir veturinn en engu að síður þarf að vera þar aðstaða til þess að geta tekið við gestum og gangandi og veitt þeim þokkalegan beina og gistingu. Ég sé ekki, því miður, að á þessu sé tekið í því frv. um skipulag ferðamála sem hv. frsm. minntist einmitt á áðan að hefði verið lagt hér fram af hálfu stjórnvalda.

Ég get ekki stillt mig um það þegar við tölum um ferðaþjónustu að minna á þennan þátt og þá vanrækslu sem hefur átt sér stað af hálfu hins opinbera varðandi þetta atriði. Sveitarfélög hafa víða tekið hér myndarlega á til að tryggja þessum aðilum þennan rekstur og sums staðar hafa menn bundist samtökum til þess að á þessum stöðum væri einhver slík þjónusta fyrir hendi allt árið eins og nauðsyn ber til, en ríkið sjálft hefur komið hér mjög óverulega inn í ef frá eru taldar örfáar fjárveitingar á fjárlögum, mjög knappar þó, til einstakra áningarstaða á hringleiðinni um landið.

Ég vil minna á þetta nú, tel að að þessu þurfi

vissulega að huga um leið og við reynum að átta okkur sem best á umfangi þessara mála í heild sinni og hvernig við getum nýtt þennan atvinnuveg, þessa vaxandi grein, sem allra best til þjóðarheilla og hagsbóta. Inn í þessa mynd hljóta þessir litlu um margt einangruðu staðir að koma. Þeir bjóða margir hverjir upp á mikla möguleika, mikla náttúrufegurð. Ég nefni sem dæmi um það Borgarfjörð eystri þar sem reynt er af veikum mætti að halda uppi þjónustu af þessu tagi, virkilega paradís ferðamanna ef sú aðstaða væri þar til yfir sumartímann sem þyrfti að vera og þannig mætti eflaust fara hringinn í kringum landið og benda á staði sem þyrftu á aðstoð að halda til að halda uppi sem bestri þjónustu yfir sumarið fyrir ferðamenn almennt og einnig og ekki síður lágmarksþjónustu til að veita gestum og gangandi beina og gistingu yfir vetrartímann þegar fáir ferðalangar eru á ferð en kannske þeim mun meiri nauðsyn að hægt sé að hlúa vel að þeim.

Árni Johnsen: Herra forseti. Þrátt fyrir ágæta grg. með þessari þáltill. og ágæta ræðu 1. flm., hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, verð ég að segja að mér finnst tillgr. sjálf flaustursleg og yfirborðskennd. Ég skal útskýra hvers vegna. Það er látið að því liggja að nóg sé til af peningum og loksins hafi komið fram einhver sem datt í hug að það þyrfti að kanna hvað mætti gera og það á að gerast á þrem mánuðum. Og það á að gerast, að því er virðist, samkv. tillgr., eingöngu í gegnum ferðamálaráð á þessum stutta tíma og á þeim gögnum sem ferðamálaráð hlýtur þá að hafa aflað sér því ekki er ætlast til samkv. tillgr. að ferðamálaráð hafi nokkurn tíma til að afla sér slíkra gagna víðs vegar að um landið. Þess vegna er þessi till., því miður, sýndarmennska að mínu mati, sett upp í fljótræði, þrátt fyrir grg. sem er mjög góð.

Það er ljóst, eins og kom fram í máli hv. 1. flm., að það þarf að taka mjög tökum í ferðamálum og ferðaþjónustu á Íslandi, en með þessari tillgr. tel ég að það sé ekki byrjað á réttum enda, þ. e. ekki á byrjuninni. Áður en ferðamálaráð ákveður á nokkrum vikum hvar eigi að setja fjármagn sem Alþingi á þá að tilreiða við gerð fjárlaga næsta haust samkv. tillgr. þarf að gera, að mínu mati, ítarlega könnun á því um allt land hver hugur manna er á hinum ýmsu stöðum landsins, í hinum ýmsu plássum landsins. Það kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Helga Seljan, að margir staðir á landinu byðu upp á mikla möguleika, nefndi Borgarfjörð eystri. Það eru fjölmargir staðir sem eru mikilvægir fyrir framtíð Íslands í ferðamálum, staðir sem ferðamálaráð hefur ekkert kannað og engin gögn fengið um. Og það er annað sem er í ferðamálaþjónustunni í dag, að henni er í rauninni miðstýrt mjög fast og ákveðið frá Reykjavík. Henni er úthlutað frá Reykjavík. Það er augljóst. Ef það á að gera könnun eins og tillgr. segir til um þýðir það þrjú ca. hundrað herbergja hótel á Akureyri, hótel hér og hótel þar. En það eru hinir ýmsu staðir á landinu, sem hafa ekki verið mikið inni í myndinni enn þá, austanlands, á Vestfjörðum og víðar, sem þarf að taka tillit til og verða að vera inni í dæminu ef taka á því taki sem talað er um í þessari þáltill.

Þeir aðilar úti á landsbyggðinni sem stunda ferðamál hafa sumir hverjir, sem hafa verið mjög dugmiklir, náð miklum árangri, jafnvel náð að fullbóka sín hótel fimm mánuði ársins án þess þó að fara í gegnum kerfið í Reykjavík. Þar er vel að verki staðið. Það má taka sem dæmi að á Suðurlandi var gerð könnun fyrir tveimur til þremur árum sem sýndi að ferðamenn skiluðu þar meiri veltu en Mjólkurbú Flóamanna og Mjólkurbú Flóamanna er stórt og mikið fyrirtæki á Suðurlandi, þannig að þarna er vissulega verið að fjalla um mál sem skiptir miklu máli og mun skipta miklu máli í framtíðinni. En að því leyti er það ótryggt að ferðamál og ferðaþjónusta eru eins konar veiðimennska, háð veðri og vindum, háð margs konar ytri aðstæðum sem verður að taka tillit til. Þess vegna er þetta ekki eins einfalt og sjálfsagt og tillgr. segir til um. Þess vegna kalla ég hana sýndarmennsku. Þetta er merkilegt mál, en það er ekki til í landinu stefna í ferðamálum. Í uppbyggingu ferðaþjónustu vítt og breitt um landið eru ákveðnir kjarnar sem sitja í fyrirrúmi þar sem straumurinn er að vísu mestur, en það eru mörg svæði sem hafa orðið út undan. Eins og ég nefndi Austfirði og Vestfirði, þá má alveg eins nefna líka Vesturland og Norðurland vestra, hryggmikil svæði sem bjóða upp á marga möguleika fyrir ferðamenn, en eru aftarlega á merinni í öllu er að því lýtur.

Ég tel ekki skynsamlegt að þetta sé unnið eins og tillgr. gerir ráð fyrir, eftir þeim gögnum sem ferðamálaráð býr yfir. Að sjálfsögðu eru forsvarsmenn ferðamála í landinu hlynntir slíku. Mér finnst óþarfi að vera að geta þess í slíkum ræðum að þeir taki ekki undir svona till. Það er allt jákvætt, en það skiptir miklu að byrja á réttum enda og ná fram þannig möguleikum til þess að byggja upp fast og ákveðið og taka tillit til landsins alls.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka þeim þm. sem hafa tekið til máls hér. Ég átta mig nú ekki alveg á því en ég held að við hv. 3. þm. Suðurl. séum reyndar sammála um að átaks sé þörf í uppbyggingu ferðaþjónustu. Mér fannst þó eins og hann teldi að orð mín hefðu á einhvern hátt beinst gegn uppbyggingu ferðaþjónustu úti á landi. Það er kannske misskilningur, en telji hann að svo sé þá er það vitaskuld ekki raunin. Ef lesin er grg. þá kemur það í ljós. Hvað orð hans varðar um sýndarmennsku og að þessi till. sé flaustursleg og yfirborðskennd þá eru það önnur viðbrögð sem við flm. höfum fengið frá þeim sem best þekkja til ferðamála og ég skil ekki að viðbrögð þeirra séu marklaus á einn eða neinn hátt. Þeir sem best þekkja til í atvinnugreininni hafa einmitt brugðist mjög jákvætt við. Þar sem ég sit í þeirri nefnd sem fjallar um frv. til ferðamála hitti ég síðast í dag menn sem vinna að þessum málum. Þeir komu að máli við mig um þessa till. og fögnuðu henni mjög. Þeir hafa einmitt kvartað undan því að alþm. hafi ekki sýnt þessum málum nægilegan skilning og stuðning og fögnuðu mjög þessari till. og töldu hana jákvæða. Vissulega er hér farið fram á að brugðist sé mjög hart við, en eins og sagt er hér í grg. þá er þegar til faglega unnin skýrsla, sem gerð var að frumkvæði ferðamálaráðs en á vegum rn., svo að ekki er hægt að segja að þetta sé einungis ferðamálaráð, án þess að ég sjái nú hvað er neikvætt við það. Ferðamálaráði var þó einu sinni komið á fót til að fjalla um þessi mál. Á þessari skýrslu er vissulega töluvert hægt að byggja og það eru til mjög miklar upplýsingar um bæði þróun og áform einmitt víðs vegar út um land þar sem áhugi og starfsemi í ferðamálum hefur verið mjög að aukast og hljóta allir að fagna því. Ég held sem sagt að það sé ekki nein gífurleg ofætlan að fara fram á

að þarna verði brugðið mjög skjótt við, svo að tækifærið renni okkur ekki úr greipum, því að þetta er vaxandi atvinnugrein sem getur fært okkur mikla björg í bú ef við bregðumst við á réttan hátt.

Árni Johnsen: Herra forseti. Þegar ég tala um að þessi tillögugrein sé flaustурslega sett fram þá geri ég það einfaldlega í ljósi þess að það er ekki nokkur möguleiki, miðað við það stefnuleysi sem ríkir í ferðamálum á landinu í heild, að framkvæma á þessum tíma það sem tillagan gerir ráð fyrir. Að ætlast til að sú stefna sé mörkuð fyrir gerð næstu fjárlaga, fyrir mitt ár, er óraunhæft.

Ég er líka viss um það að hv. 1. flm., sem er nefndarmaður í fjvn., veit að málið er miklu meira um sig en svo að ástæða sé til að gefa það í skyn að hægt sé að leysa það á svo stuttum tíma. Það má segja að þau séu vaxtarverkir í okkar ferðamálum í landinu. Það eru t. d. ekki nema örfá ár síðan, svo að ég taki aftur dæmi um Suðurland, að fyrsta ferðamálaráðstefnan var haldin þar, þar sem aðilar í ferðamannaþjónustu komu saman. Það fara flestir ferðamenn um Suðurland, 3—400 þús. ferðamenn á ári, flestir um það kjördæmi af öllum kjördæmum landsins, en samt sem áður er svo stutt síðan menn fóru að tala saman og bera saman bækur sínar. Þar er því margt á byrjunarstigi. Margt hefur verið vel gert og vissulega er það aðkallandi að þarna sé tekið vel og myndarlega á. En það verður líka að ætlast til þess, þegar slíkar tillögur eru lagðar fram, að þær séu framkvæmanlegar af einhverri skynsemi og það finnst mér á skorta í tillgr. þó að ég taki undir grg. og málflutning flm. En mér finnst að það þurfi að vera afmarkað og meira á hreinu til hvers er ætlast í þessari könnun. Mér finnst hún ekki ná nógu langt eins og ég gat um áðan.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég get verið alveg sammála því sem hv. ræðumenn hafa sagt hér, að það er vaxandi áhugi á þessari atvinnugrein víða um land. Ég verð var við mikla grósku í greininni, ferðamannaþjónustunni, í minni heimasveit. Ég get þó ekki annað en tekið undir það með hv. þm. Árna Johnsen að mér finnst nokkuð mikil bjartsýni að halda að könnun sem þessi gæti orðið tilbúin á þeim tíma sem gert er ráð fyrir, jafnvel þó að tækist að afgreiða þessa tillögu út úr nefnd og frá þinginu í vor.

Ég skildi hv. þm. Árna Johnsen ekki á neinn hátt þannig að hann teldi landsbyggðina setta á hakann að neinu leyti í till. Ég hjó miklu frekar eftir því og vil reyndar leggja áherslu á það að stundum sé einum of mikið gert að því að hvetja menn til að bíða eftir því að ríkið eða hið opinbera geri einhverja könnun sem þessa. Því betur gerir hið frjálsa framtak ýmislegt, bæði í þessum atvinnuvegi og öðrum, ef menn telja það arðbært. Það hefur enginn hvatt menn hingað til, að ég held, til þess að stofna ferðaskrifstofur eða stofna til auglýsingastarfsemi til að hvetja menn til utanlandsferða. Þar er þó mun meiri gjaldeyriseyðsla, líklega um helmingi meiri gjaldeyriseyðsla en gjaldeyristekjur af ferðamönnum til Íslands og enn þá eru fleiri Íslendingar sem ferðast til útlanda heldur en erlendir sem okkur sækja heim.

Ég tek undir það að þetta er ágætis grg. og málið í sjálfu sér mjög gott. Ég veit ekki hvers má vænta af nýju frv., sem vonandi verður að lögum, sem hér liggur fyrir frá samgrh. Það er í því að mínu viti margt sem horfir til bóta. Sjálfsagt er þar eitthvað sem betur mætti fara, eins og hv. þm. Helgi Seljan gat um. Eitt sem ég hjó eftir í ræðu hv. þm. var að stuttur tími ferðamanna hér á landi gerði mönnum erfiðara fyrir í greininni. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. En er það ekki svo víðast hvar í veröldinni að ferðamannatími er yfirleitt stuttur? Ég segi víðast hvar. Það eru sjálfsagt til staðir sem geta lengt hann nokkuð, en sólarstrandir eru tómar langan tíma ársins og eins skíðastaðir út um heim. Ég veit það að heima í Mývatnssveit eru það nú töluvert á annað hundrað manns sem vinna við það starf eingöngu á sumrin að taka á móti ferðamönnum og þar hafa menn gert þó nokkuð mikið sjálfir, með aðstoð sveitarfélagsins í sumum tilfellum, í sumum tilfellum eingöngu af sjálfsdáðum, til þess að taka á móti ferðamönnum og hafa af því ábata. Og það er það sem mér finnst meginmáli skipta. Þar hafa menn lagt í þó nokkurn auglýsingakostnað. Bændur í Mývatnssveit hafa lagt í auglýsingakostnað út um allan heim og leigja nú herbergi í sínum íbúðarhúsum erlendum ferðamönnum yfir sumartímann.

Ég vil ekki orðlengja þetta meira. Ég vildi aðeins að það kæmi fram að málið er að mínu viti mjög markvert, þ. e. sú atvinnugrein sem kallast hér ferðamannaþjónusta. Ég stend m. a. í því núna að undirbúa stóra ráðstefnu, sem haldin verður hér eftir sex vikur, þar sem væntanlega verða nokkur hundruð erlendir gestir. Það er býsna flókið mál og ég er hræddur um að við séum ekki alls kostar undir það búnir, jafnvel ekki þeir sem telja sig fagmenn í greininni, jafnvel ekki þeir sem reka hér stór hótel og standa fyrir ferðamannaþjónustu, hvað þá svona viðvaningar eins og ég og mínir líkar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að engum blandist hugur um það að ferðamálin eru sá atvinnuvegur sem a. m. k. eins og er hlýtur að eiga mikla framtíð fyrir sér. Eins og menn sjá af þessari till. er ég einn af flm. hennar og tel að hún eigi, eins og hún liggur fyrir, fullan rétt á sér. Hv. 3. þm. Suðurl. og hv. 5. þm. Norðurl. e. telja að hér sé til of mikils ætlast á of stuttum tíma. Mér heyrðist á hv. þm. Árna Johnsen að hann teldi að menn hefðu átt að setja fram í þáltill.-formi niðurstöðu um hvað ætti að gera þannig að það lægi á borðinu strax.

Þessi till. er fyrst og fremst um það að fela samgrh. að láta kanna fyrir mitt þetta ár hversu mikið fjármagn þarf til þess að kosta þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að mæta 7—8% fjölgun erlendra ferðamanna á ári, sem ferðamálaráð áætlar að muni verða. Þetta er byggt á því að fyrir liggur skýrsla sem unnin hefur verið að frumkvæði ferðamálaráðs á árunum 1982 og 1983 um stöðu þessara mála og líklega þróun þeirra allt til ársins 1992. Nú hygg ég að því megi slá föstu að yrði till. sem þessi samþykkt mundi hæstv. samgrh. að sjálfsögðu byggja á þeim gögnum sem fyrir hendi eru og liggja fyrir hjá hálfopinberri stofnun, svo að maður segi nú ekki meira, eins og ferðamálaráði. Ég held því að ekki þurfi að tala um að hér sé sett fram þáltill. sem sé nánast óframkvæmanleg. Það er síður en svo. Ég vil hins vegar taka undir það að við skoðun þessa máls í heild þarf auðvitað að hafa víðari sjóndeildarhring, því að örugglega eru þeir margir staðirnir og þau svæði sem

fyllilega koma til greina við uppbyggingu ferðamannaþjónustu hér á landi. Ég er því þeirrar skoðunar að ekki þurfi ýkja mikla bjartsýni til þess að ætla að slík könnun geti farið fram eins og till. gerir ráð fyrir.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. varpaði því fram hvort ríkið ætti að gera allt. Það er út af fyrir sig rétt að ríkið á ekki að gera allt og það er því miður orðið sjaldgæft að heyra á það minnst í ræðum þeirra hv. þm. Sjálfstfl., en þessi hv. þm. lét þau orð falla að hið frjálsa framtak væri til enn. Það hefur lítið farið fyrir slíku tali í munni hv. þm. flokks hins frjálsa framtaks á umliðnum tíma. En ég er hv. þm. alveg sammála um það að ríkið á ekki að vafstrast í öllu. Það er nóg til af einstaklingum fullum af brennandi áhuga fyrir hinum ýmsu málefnum sem nauðsynlegt er að gefa tækifæri til að fást við. En það er líka full þörf á því, eins og í þessu tilfelli, að mönnum séu opnaðir möguleikar til þessara hluta og í sumum tilfellum verður hið opinbera að hafa visst frumkvæði.

Eins og hér hefur komið fram er nú til meðferðar hér í þinginu frv. til l. um ferðamál. Ýmsum hefur að vísu þótt það vera lengi á leiðinni frá því að það var tilbúið af hálfu þeirrar nefndar sem það samdi þar til það kemur nú fram hér á Alþingi á vordögum og á að vinnast í nefnd á nokkrum dögum og fara hér í gegnum þingið. Ég hugsa að ýmislegt í því frv. sé mjög til hins betra frá því sem nú er. Ég hygg líka að ýmsir hafi sitthvað að athuga við ýmsa þætti þess sem þurfi frekari skoðunar við. En þó að þessi till. gerði ekki annað en að koma af stað umræðum um nauðsyn þess að brugðið sé við í þessum efnum, þá væri hún að mínu viti vissulega búin að ná nokkrum tilgangi, fyrir nú utan hitt að ég tel að eins og hún er fram sett og frá henni gengið sé á engan hátt með réttu hægt að tala um sýndarmennsku í flutningi þessa máls. Hér er einvörðungu gert ráð fyrir því að hæstv. samgrh. verði falið að láta fara fram könnun í þessum efnum og vitandi vits fram tekið að mikil gögn séu fyrir hendi að því er málið varðar. Ef vilji er fyrir höndum hjá stjórnvöldum á annað borð að sinna þessu verkefni hygg ég að það sé framkvæmanlegt og vel það sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Árni Johnsen: Herra forseti. Aðeins til að tryggja það að þessari umr. ljúki ekki með misskilningi hjá hv. síðasta ræðumanni, þá sagði ég ekki að það væri æskilegast að þessi þáltill. væri með niðurstöðu. Ég sagði að hún gengi inn í dæmi mitt, en ekki upphafið, sem er stefnumörkun í ferðamálum, þar sem tekið væri tillit til landsbyggðarinnar allrar. Og þegar ræðumaður heldur því fram að það liggi fyrir mikið af gögnum um ferðamál á landsbyggðinni og landinu öllu, þá er það rangt. Það liggur ekki fyrir mikið af gögnum.

Ég hef kynnt mér ferðamál í öllum byggðum landsins og það er á þeim grunni sem ég byggi mína skoðun sem hér kom fram. Það ríkir stefnuleysi hér í ferðamálum og þess vegna þarf að byrja á því að marka stefnuna en ekki stilla dæminu upp eins og gert er í þessu tilviki, að það eigi að hringja út á land í hin ýmsu pláss og spyrja: Hvað viljið þið og hvað kostar það? Það finnst mér vera hálfgerð fyrirframniðurstaða eins og þáltill. er sett upp. (Gripið fram í.) Ja, það eru fimm vikur til stefnu. Það er ekki hægt að kanna þetta mál nema þá með einhverjum patentlausnum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég fagna þessari till. til þál. á þskj. 468, en ég vil líka láta þá skoðun mína í ljós eftir 10 ára setu sem varaformaður ferðamálaráðs að tímamörkin sem hún setur um þá könnun sem fram á að fara og helst að skila einhverjum hugmyndum svo að hægt verði að taka tillit til þeirra við gerð næstu fjárlaga séu of þröng, það er of stuttur tími. Hitt er annað mál að við skulum ekki gleyma því að ferðamál og ferðamannaþjónusta hafa tekið gríðarlega stór stökk í rétta átt undanfarin 20—30 ár, allt frá því að hér voru fátækleg ferðamannafélög sem nutu þó í upphafi ráðgjafar erlendra aðila. Einn af þeim var franskur skipuleggjari, sem hefur skipulagt mikið fyrir dönsku ferðaþjónustuna og kom hér seinast sem Íslandsvinur og vann hér gott starf í upphafi að stofnun ferðamálaráðs fyrir ekki neitt. Hann gaf hér góð ráð sem komu að góðum notum á fyrstu dögum ferðamálaráðs. Síðan var farið í stærri hugmyndir og hótel fóru að byggjast upp hér í Reykjavík. Þá var kallað til svissneskt fyrirtæki, sem ég benti nú á vegna fyrri reynslu minnar af því, til að koma hér með hugmyndir. Þessir aðilar voru stórtækir. Þeir gerðu frumdrög, eins konar tilboð í að gera hér tillögur. Til að gefa svolitla hugmynd um það að hverju þessir aðilar voru þá að vinna voru þeir þá að færa fjall sem gnæfir yfir Monaco út í haf, út í sjó til að stækka þar undirlendi svo að Monaco gæti tekið á móti fleiri ferðalöngum og byggst frekar en þá var orðið. Og þeir sem koma til Monaco sjá að byggðin er orðin gríðarlega mikil, hótel og íbúðarhús og heilir íþróttavellir sem vekja athygli fyrir sérkennilegan arkitektúr. Síðan fór fram útboð á vinnunni að skipulagningu ferðamála og kom þá fram í ferðamálaráði að alþjóðastofnanir veittu styrki til að gera slíkar úttektir og þessi úttekt var gerð. Ég man nú ekki hvaða ár það var, það eru líklega 15 eða 20 ár síðan. Og eftir þeirri áætlun var unnið. Það væri fróðlegt fyrir þá sem hafa áhuga á ferðamálum að skoða þessar tvær hugmyndir, annars vegar frá svissneska fyrirtækinu og hins vegar frá því alþjóðafyrirtæki sem hingað var fengið á vegum alþjóðastofnunar og kostað af Sameinuðu þjóðunum eða stofnun innan þeirra, bara til að gefa hugmynd um þær tillögur sem voru á lofti.

Það þurfti hótelbyggingar hér, það þurfti vegasamband við allar byggðir landsins, það þurfti hótel á móttökustaði úti um allt land, það þurfti flugsamgöngur á milli þessara staða, það þurfti telexþjónustu á milli allra þessara staða, það þurfti að endurnýja flugflotann og jafnvel skipaflotann líka til þess að geta flutt ferðamenn. En það fór allt eftir því hvernig við vildum ná ferðamönnum og hvaðan, því að á þeim kortum sem fylgdu af heimsbyggðinni var allt í mismunandi stórum hringjum, eftir því í hvaða hring Ísland var sett í ferðamálastrauminn um heiminn, því að ferðamenn eru bornir á milli staða, á milli landa og á milli hótela. Og það er það furðulega, sem mér var alls ekki ljóst og hafði ég eytt þó meiri hluta af minni ævi í að ferðast, að það eru aðrir aðilar en ferðamennirnir sjálfir sem gátu ráðið vegferð straumsins. Og það er þá spurningin hvað mikið við viljum af þessum straumi.

Ein spurningin var: Hverju tekur Ísland við að hámarki af þessum straumi? Svo má spyrja hvað við viljum. Þetta er svo gríðarlega flókin uppbygging og svo feiknamikið verk, sem kostar svo geysilegt fé að það verður ekki gert á skömmum tíma. En það verður gert og þetta er að þróast hjá okkur. Frá því að hafa

afskaplega litlar tekjur af ferðamönnum og tiltölulega lítinn kostnað við ferðalög Íslendinga til útlanda, svona 30—40 ár aftur í tímann, erum við nú komnir inn í þessa hringiðu. Og öll þau gæði sem hv. 7. landsk. þm. gat um, landið sjálft, sérkenni landsins, víðsýni, loftið og ýmislegt annað sem hún taldi upp, þetta er það sem ferðamenn sækjast eftir í æ ríkara mæli. Margir franskir kunningjar mínir sem hafa komið hingað nú í nokkur ár, sumir árlega í ein 13—14 ár, geta ekki hugsað sér lengur að fara til heitari landa og missa þetta góða loft og víðsýni sem hér er og sumarkvöldin fögru sem þeir tala um í hvert skipti sem ég hitti þá. Þetta er söluvara. En þetta þarf að nota á skynsamlegan hátt til þess að við eyðileggjum það ekki.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 7. landsk. þm., og ég vil bara undirstrika það og til þess kom ég í þennan ræðustól, að það eru til mjög skemmtilega unnin gögn um þessi mál. Það þarf að endurskoða þau með ákveðnu millibili og því held ég að þáltill. sem hér liggur fyrir sé tímabær. En ég held að af reynsluleysi okkar allra gerum við okkur ekki grein fyrir því hvað þetta er gríðarlega mikið verk og hvað þarf að vinna þetta af mikilli nákvæmni og þess vegna er tímasetningin í þessari till. að mínu viti ekki nógu rúm. En hugmyndin er að mínu viti rétt og því tek ég undir þessa þáltill.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég fagna þessari ágætu umræðu sem hefur orðið um þessa till. okkar. Ég vil sérstaklega þakka viðurkenningarorð hæstv. fjmrh. og annarra hv. þm. sem hafa farið loflegum orðum um grg. þessarar till.

Hv. 3. þm. Suðurl. og 2. þm. Norðurl. e. og raunar einnig hæstv. fjmrh. telja þó að ekki sé möguleiki að vinna þetta verk á svo skömmum tíma sem lagt er til. Við flm. teljum þetta gerlegt og þessi tímamörk eru að sjálfsögðu við það miðuð að fjárlagatillögur verða að vera komnar fram fyrir mitt ár. Það er nauðsynlegt til þess að tillit sé tekið til þeirra við fjárlagagerðina. Þessi till. var að sjálfsögðu ekki lögð fram í gær. Ég man nú ekki hvenær hún var lögð fram, það er ekki mjög langt síðan, en engu að síður hefur dregist ögn að mæla fyrir henni. Ég vonaðist til að geta það fyrr.

Þeim til hughreystingar sem hafa áhyggjur af því að þetta takist ekki vil ég láta þess getið að það er auðvitað minnsta mál í heimi að lengja þennan frest ofurlítið til þess að minnka þá álagið á símann sem hv. 3. þm. Suðurl. hafði áhyggjur af. En ég tók eftir því að þessi till. kom svolítið við fjárveitingahjartað í hv. 3. þm. Suðurl. Ég skil það mjög vel. Ég þekki þessa tilfinningu, enda taldi ég mér skylt að benda á sjóði sem sækja má í. Ég gleymdi að geta þess þegar ég kom hér upp áðan, vegna þess að þm. minntist á þetta líka í fyrra skiptið sem hann kom hér upp, en ég vil undirstrika það sem segir í grg. að eðlilegt væri að ætla Ferðamálasjóði skerf af fjármagni Þróunarfélagsins sem verið er að stofna um þessar mundir. Ég man ekki betur en við séum að tala um einar 500 millj. þar og það er nú hreint ekki búið að úthluta þeim öllum. **(Gripið fram í:** Það er löngu búið að því.) Er löngu búið að því, já. Stjórnarþingmenn vita það kannske betur. Hér segir einnig: „Enn fremur hlýtur hluti af uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni að flokkast undir eflingu atvinnu í stað hefðbundinna búgreina.“ Í frv. til breytinga á framleiðsluráðslögum er gert ráð fyrir því að draga úr útflutningsuppbótum og einmitt að leggja það fé sem þannig sparast í eflingu atvinnu í stað hefðbundinna búgreina. Ég vil enn minna á að ferðamálaráð og Ferðamálasjóður hafa lögbundinn tekjustofn, þ. e. 10% af söluverðmæti Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, tekjustofn sem því miður hefur stöðugt verið höggvið í.

Ég er reyndar svolítið undrandi á úrtölum hv. 3. þm. Suðurl., sem er maður athafna og framkvæmir gjarnan fljótt það sem honum dettur í hug, svo að ég hefði sannarlega ekki vænst andmæla af hans hálfu við því að skjótt væri brugðist við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Friðarfræðsla, þáltill. 484. mál (þskj. 858). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er 484. mál þessa þings á þskj. 858 og er till. um friðarfræðslu. Flm. auk mín eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Páll Pétursson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistarheimilum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á mikilvægi friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.“

Þessi till. var reyndar flutt á síðasta þingi og þá af þm. allra flokka og samtaka en er nú endurflutt. Ég vil með leyfi forseta lesa nokkuð upp úr grg. og hafa nokkur orð um þessa till.:

Æ fleiri þjóðir hafa tekið upp friðarfræðslu í skólum sínum í anda samþykktar Sameinuðu þjóðanna um friðarfræðslu. Þessi samþykkt var gerð árið 1974 og eiga Íslendingar aðild að henni eins og aðrar Norðurlandaþjóðir. Það er því full ástæða til þess að vekja athygli á því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, styðja það og efla þannig að kennurum sé gert kleift að sinna þessu verkefni svo sem þeim ber skylda til, en á markvissari hátt en áður.

Stöðugt fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir því að sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimsins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, er óviðunandi. Tortímingargeta þeirra vopna, sem herveldin hafa nú yfir að ráða, er svo mikil að þau ógna öllu lífi á jörðinni. Hungur og sjúkdómar hrjá meiri hluta mannkyns meðan gífurlegt fjármagn rennur til vaxandi vígbúnaðar.

Samkeppni og valdbeiting til að tryggja eigin afkomu hefur einkennt hegðun mannanna frá alda öðli. Við skiptumst í þjóðir, stéttir, kynþætti og kyn. Við höfum lært að einstaklingurinn verður að berjast fyrir sjálfan sig, að það er nauðsynlegt að vera persónulega metnaðargjarn og að árásargirni á eigin vegum eða hópsins er nauðsyn til að lifa af. En í lok 20. aldar eru þessar aldagömlu lífsaðferðir orðnar stærsta ógn okkar.

Skilgreining á einstaklingshyggju er m. a. þróun á persónulegum réttindum og frelsi. Slíkt eru auðvitað afar mikilvæg markmið fyrir þroska hverrar manneskju. En ef uppeldið leggur of einhliða áherslu á einstaklings-

hyggju er ólíklegt að deilur milli mannanna minnki og ólíklegt að hæfileikar til samstarfs aukist. Það er nauðsynlegt að viðurkenna réttindi og frelsi einstaklingsins í samhengi við samsvarandi skyldur hans og sérhver einstaklingur, sem hefur réttindi og frelsi, hefur á sama hátt skyldur til að nota frelsi sitt til að vinna fyrir aðra menn og réttindi þeirra á eins víðtækan hátt og frelsi hans leyfir.

Skyldur hljóta að ráða miklu um það hvernig maður getur neytt réttar síns. Okkur er nauðsyn að efla skilning og virðingu fyrir framandi þjóðum og menningu þeirra í stað þess að ala á fordómum og þröngsýni og taka að arfi gamlar venjur og viðhorf, mótuð af löngu liðnum stríðum eða deilum. Þó að eðlilegt sé að gleðja með börnum ást og virðingu fyrir átthögum sínum og ættjörð þá ber að forðast að efla þröngа einangrunarsinnaða þjóðerniskennd eða þjóðarrembu. Okkur er lífsnauðsyn að víkka út og stækka hugtakið „við". Heimili okkar er jörðin og sú staðreynd verður æ raunverulegri með auknum ferðalögum og samskiptum. Við verðum því að vera samábyrg fyrir henni sem einingu. Hún er far okkar á siglingu okkar um tímann og við erum öll í sama báti. Hollusta okkar verður því að beinast að mannkyninu sem heild jafnframt því sem hún eðlilega beinist að þeirri lífheild þar sem við eigum rætur. Við verðum því að meta samhjálp ofar samkeppni, frið ofar ofbeldi. Við verðum að læra að gefa fremur en að taka og við verðum að stunda mannrækt fremur en manndráp.

„Ein vænlegasta leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og atferli þeirra sem erfa löndin og efla hæfileika þeirra til þess að leysa deilur sínar á friðsamlegan hátt. Þar sem stríð eiga upptök sín í hugum manna þá er það í mannshuganum sem við þurfum að treysta varnir friðarins," stendur í formála UNESCO.

Þegar á árinu 1947, í lok síðari heimsstyrjaldarinnar, hafði UNESCO, menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, frumkvæði að alþjóðaráðstefnu til að leggja grundvöll að uppeldi sem aukið gæti skilning á milli þjóða. Ráðstefnan var grundvölluð á hugsjónum Þjóðabandalagsins og viðfangsefni hennar voru tillögur að alþjóðasamvinnu, gerðar af Albert Einstein, Thomas Mann, Marie Curie o. fl. Einn árangur þessarar ráðstefnu var gerð námsefnis fyrir skóla.

Þessar og aðrar seinni hugmyndir og samþykktir um friðaruppeldi fengu aukinn byr eftir aðalfund UNESCO í París 1974 þar sem samþykkt var að mæla með því að aðildarlöndin beittu sér fyrir fræðslu til eflingar skilnings þjóða í milli, samvinnu og friðar, svo og fræðslu um grundvallarmannréttindi. Þessi fræðsla skyldi ná til allra stiga og gerða uppeldis- og fræðslustofnana. Aðalfundinum lauk með svohljóðandi ályktun:

„Stríð og valdbeiting eru útilokuð á okkar tímum. Sérhver einstaklingur verður að læra að taka persónulega ábyrgð til að tryggja frið."

Það er úr þessum jarðvegi sem viðleitni til friðaruppeldis á s. l. áratug er sprottinn. Þann 1. júlí 1983 höfðu 1650 skólar í 81 þjóðlandi tekið þátt í samvinnuverkefni til að efla alþjóðlega samvinnu og frið. Á ensku heitir þetta: Associated Schools' Project in Education for International Cooperation and Peace, skammstafað ASPRO. Þarna er um að ræða skóla allt frá forskóla til háskólastigs sem leggja sérstaka áherslu á fræðslu til að efla skilning og samvinnu við önnur lönd. Allir skólar geta tekið þátt í þessu verkefni. Bæði Bandaríkin og Sovétríkin eru aðilar að þessu samstarfi.

Friðarfræðsla í skólum erlendis, t. d. í þeim löndum sem við höfum mest menningartengsl við, eins og á Norðurlöndunum, í Bretlandi og Bandaríkjunum, er sjaldnast aðskilin námsgrein en er öllu heldur aðlöguð sem ný vídd eða viðurkenning þess að í hverri námsgrein þurfum við stöðugt að standa frammi fyrir málefnum friðar og deilna. Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að friðarfræðsla er ekki endilega hugsuð sem ný námsgrein sem skjóta þurfi inn í námsefnið á kostnað einhverrar annarrar námsgreinar. Markmiðið er miklu fremur að tryggja það að innan almennrar námsstefnu skóla sé skýr stefna um friðarfræðslu.

Segja má að enn sé ekki til nein alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hugtakinu friðarfræðsla. Þær þjóðir, sem hafa tekið upp friðarfræðslu, hafa sjálfar skilgreint hugtakið í samræmi við þær samþykktir Sameinuðu þjóðanna sem þær styðja. Anatole Pikas, dósent í uppeldisfræði við Uppsalaháskóla, sem hefur stjórnað kennslu í friðaruppeldi við þá stofnun, gefur þessa skilgreiningu:

„Friðaruppeldi er að móta gerðir og viðhorf manna í þá veru að þau minnki hættu á stríði. Þessi áhrif mega ekki skerða þjóðernislega eða pólitíska vitund manna eða mannréttindi þeirra. Markmiðum friðaruppeldis er unnt að ná með auknum skilningi milli þjóða sem vígbúast af ótta hver við aðra. Mikilvægasta tæki friðaruppeldis er aukning á þekkingu og hæfni til að leysa deilur með viðræðum deiluaðila á jöfnum grundvelli."

Pikas skýrir skilgreiningu sína nánar:

„Viðleitni til aukinna gagnkvæmra friðarviðræðna milli ríkja og þjóða má ekki stefna pólitískri og þjóðernislegri vitund manna í hættu. Þetta þýðir að friðaruppeldi í einu landi má ekki hafa það að markmiði að breyta þjóðfélagsskipan annars lands."

Stefanie Duckzek hefur skilgreint markmið friðarfræðslu á eftirfarandi hátt:

„Friðarfræðsla leitast við að dýpka vitund, vitneskju og skilning á deilum milli einstaklinga, innan þjóðfélags og milli þjóða. Hún rannsakar deilur og orsakir þess að deilur leiða til átaka eða ofbeldis, en þessar orsakir eru samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakirnar í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins. Friðarfræðsla hvetur til þess að leita annarra leiða sem fela í sér lausnir á deilum án ofbeldis og hvetur jafnframt til þroskunar þeirra hæfileika sem nauðsynlegir eru til að beita slíkum lausnum."

Markmið friðarfræðslu eru því skv. framangreindum skilgreiningum að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileikann til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða; að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum, að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru; að skilja eðli og orsakir deilna og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur; að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun; að rækta skilning á réttlæti og velferð meðal einstaklinga og þjóðfélaga; að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir frelsi einstaklingsins og mannréttindum, menningarlegum fjölbreytileika, umhverfinu, samvinnu, bæði innan

bekkjarins og utan, hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðareiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa; að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingunum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og friðsamleg tengsl við aðra; að þróa kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem áður greinir.

Markmið friðarfræðslu falla mjög vel að þeim markmiðum sem lýst er í aðalnámsskrá grunnskóla. Í aðalnámsskrá grunnskóla í samfélagsfræðum stendur, með leyfi forseta:

„Í samfélagsfræði er m. a. stefnt að því að nemendur
— séu færir um að setja sig í annarra spor og geti þannig gert sér grein fyrir eigin viðhorfum og annarra þótt þau séu ólík,
— geri sér grein fyrir eigin gildismati og annarra,
— viðurkenni ólík sjónarmið og rétt hvers manns til að hafa sjálfstæða skoðun,
— hafi áhuga á að kynnast vandamálum í samskiptum manna og leita lausna á þeim,
— viðurkenni gildi samstarfs og nauðsyn samhjálpar í samskiptum manna,
— öðlist nægilegt sjálfstraust til að geta snurðulaust tekið þátt í gagnkvæmum skoðanakynnum og umborið gagnrýni,
— öðlist það viðhorf að þeir þurfi stöðugt að afla sér nýrrar þekkingar og skoða hana gagnrýnum augum."

Um framkvæmd friðarfræðslu gilda sömu lögmál og um annað nám. Það verður að sníða eftir getu og aldri og vera í samræmi við skilning og þroskastig barnsins eða unglingsins. Meginkennsluaðferð í friðarfræðslu, sem hefur tíðkast hjá yngri börnum, er að beina huga barnsins að því að skilja eigin viðbrögð og samskipti við aðra. Barninu er kennt að kljást við eigin vandamál, eðlileg ágreiningsmál og deilur sem koma upp í nánasta umhverfi. Þegar barnið skilur orsakir og mögulegt ferli sinna eigin deilna við aðra getur það smám saman eftir því sem það eldist yfirfært þennan skilning á nærtækum dæmum yfir á fjarlægari ágreiningsmál, bæði innan eigin þjóðfélags og milli þjóða. Jafnframt er lögð áhersla á að rækta hæfileika barna til að leysa ágreining og deilur sín á milli á friðsamlegan hátt án ofbeldis.

Eftir því sem börnin eldast er auðveldara fyrir þau að takast á við þau vandamál sem óhjákvæmilega mæta þeim er út í lífið kemur. Eins og stendur í grunnskólalögunum er það hlutverk skóla m. a. að búa börn undir þátttöku í því margbreytilega og flókna þjóðfélagi sem bíður þeirra. Því varðar miklu að þeim séu ljósar meginstaðreyndir í meiri háttar málefnum. Enn fremur að þau heyri röksemdir um allar hliðar mála og geti síðan myndað sér skoðanir. Markmiðið hlýtur að vera að tryggja það að nemendur fái yfirvegaða mynd af hverju máli þar sem fyllsta jafnvægis er gætt við kynningu málsins. Um viðkvæm málefni, hvort sem þau eru stjórnmálalegs, félagslegs eða persónulegs eðlis þarf að sjálfsögðu að fjalla af nærgætni.

Vitanlega eru skiptar skoðanir um mörg málefni er varða daglegt líf okkar og framtíð. Oft eru þetta sterkar skoðanir og andstæðar. En röksemdir þeirra þurfa unglingar engu að síður að þekkja ef menntun þeirra á að stuðla að því að þeir geti beitt lýðræðislegum réttindum sínum til að skapa samfélag og veröld án ófriðar.

Um friðarfræðslu í framhaldsskólum má segja að hana má tengja ýmsum námsgreinum. Eitt af tilgreindum markmiðum friðarfræðslu, sem áður kom fram, er að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða. Í sambandi við þetta markmið ætla ég að taka dæmi úr námsefni sem sniðið var fyrir skóla í Nottingham-héraði í Englandi, með leyfi forseta. Þar er spurt:

„1. Fá nemendur tækifæri til að kanna merkingu og hin ýmsu skilyrði þess að friðarástand geti ríkt á mismunandi sviðum samfélagsins?

2. Er skólinn stofnun sem ræktar friðsamlegt samstarf og anda persónulegrar ábyrgðar?

3. Eru nemendur hvattir til að sviðsetja og leika atriði sem skipta máli fyrir friðsamlega sambúð, t. d. ýmsar mögulegar úrlausnir deilna?

Hugsanlegt námsefni til að nálgast þetta markmið gæti verið:

a. Tungumálakennsla, annaðhvort eigið mál eða erlent. Skilgreining hugtaka á því máli, t. d. grundvallarhugtaka eins og friður, ofbeldi, sjálfsagi, frelsi, lýðræði, jafnrétti, þróun, mannréttindi o. s. frv.

b. Athugun á stofnunum sem hafa það verkefni að leita friðar og leysa deilur innan fjölskyldna, í persónulegu lífi einstaklingsins, á vinnumarkaðnum, á þjóðar- og alþjóðamælikvarða.

c. Rannsaka hina ýmsu þætti deilna og leika hlutverk málsaðila, prófa ýmsar lausnir á þessum deilum.

d. Skoða mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna.

e. Gera sögulega athugun á þeirri staðreynd að ekki hefur tekist að varðveita frið í heiminum.

f. Athugun á hlutverki hinna ýmsu trúarbragða heimsins við að leita friðar.

Annað markmið friðarfræðslu er tilgreint: að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum. Í þessu sambandi mætti spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða tækifæri er nemendum boðið upp á til að bera persónulega ábyrgð?

2. Hvaða stefnu tekur skólinn gagnvart árásarhvöt, kúgun og öðrum tegundum ofbeldis eða andfélagslegrar hegðunar?

3. Að hve miklu leyti geta nemendur valið um námsferil sinn?

Viðeigandi námsefni til að ná þessu markmiði gæti verið:

a. Athugun á fjölskyldulífi til að koma auga á ábyrgðarhlutverk og hvernig á að skilgreina þau.

b. Athuga hvaða tækifæri gefast til að stunda lýðræði eða framkvæma lýðræði innan skólans, t. d. stofnun nemendaráðs sem tæki virkan þátt í málefnum skólans.

c. Athugun á friðarsinnum og afdrifum einstakra friðarsinna, þar með talin dæmi úr mannkynssögunni.

d. Athugun á hugmyndum um lagalegan rétt og ábyrgð og siðferðislegan rétt og ábyrgð.

e. Athuga hlutverk og ábyrgð vísindamannsins við þróun nýrra vopnakerfa."

Ég ætla ekki að fara út í fleiri dæmi þó ég gæti tekið þau. Þetta finnst mér varpa nægilega skýru ljósi á það hvernig mögulegt væri að standa að slíkri fræðslu. Þessi dæmi, sem ég tók af ensku námsefni, gefa hugmynd um það hvernig mætti framkvæma friðarfræðslu í framhaldsskólum. Auðvitað mundu kennarar og aðrir þeir sem að námsefnisgerð standa hérlendis sjá um að útbúa

það námsefni sem best þætti henta íslenskum aðstæðum í samræmi við viðurkennd markmið fræðslunnar. Erlendis hefur þessi fræðsla oft verið í nánum tengslum við kirkjur, enda á siðfræði og friðarboðskapur kristinnar trúar samleið með markmiðum og viðleitni friðarfræðslunnar. Foreldrar hafa einnig tengst þessari fræðslu á virkan hátt og er þarna kjörinn vettvangur til þess að auka tengsl fjölskyldu og skóla.

Orðið friðarfræðsla er gildishlaðið og e. t. v. óheppilegt orð þar sem það býður upp á vissa möguleika til misskilnings. Sumir hafa látið í ljósi ótta um að friðarfræðsla verði vettvangur einhliða áróðurs. Nokkrir hafa látið sér detta í hug að nú ætti að fara að kenna stóra sannleik um alþjóðastjórnmál á dagvistarheimilum eða þá að spilla ætti saklausri bernsku með því að fylla börn af ótta. Enn aðrir hafa haldið því fram að skólarnir geti alls ekki kennt um slík mál, til þess séu þau allt of pólitísk.

Ég tel það alveg ljóst af því sem ég hef þegar sagt að ekki er það ætlunin að kenna um alþjóðastjórnmál á dagvistarheimilum né heldur að vekja ótta með litlum börnum gagnvart einhverju sem þau skilja ekki og ráða ekki við. En því má ekki gleyma að hversu vel sem við vildum geta verndað börnin okkar þá kemur óttinn til þeirra úr umhverfinu fyrr en síðar. Sjónvarp, myndbönd og kvikmyndir flytja ofbeldi í auknum mæli að augum og gljúpum hugum barna og unglinga. Það er bæði í fréttum af átökum og styrjöldum sem lýst er á sífellt óvægnari hátt og einnig í leiknum myndum þar sem einstaklingar beita hvor annan grófu ofbeldi í návígi. Og ég vil minna á þegar gerðar voru upptækar fjölmargar ofbeldiskvikmyndir úr myndbandaleigum hér á s. l. vetri.

Vitneskjan um tortímingargetu kjarnorkuvopna skilar sér líka fyrr en síðar og henni fylgir ótti, vonleysi, vanmáttur og reiði gagnvart foreldrum og hinum fullorðnu sem búa barninu svo brothættan og ótryggan heim. Og ég ætla að vitna í mín eigin orð úr umræðu um frystingu kjarnorkuvopna í okt. s. l. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þessi ótti, sem ég minntist áðan á, vonleysi og kvíði sem grefur um sig í huga og sál þeirra barna sem nú eru að alast upp, hann liggur á bak við áhyggjulítið dagfar en mótar viðhorf og val barna og unglinga til framtíðarverkefna."

Og ég vil vitna í grein í breska blaðinu Sunday Times frá 21. okt. s. l., með leyfi forseta. Þar er greint frá könnun sem gerð var meðal 11—15 ára barna í framhaldsskólum í Bristol á Englandi. Þar segir að fjöldi barna sé haldinn kvíða og finnist þau vera hjálparvana andspænis möguleikanum á kjarnorkustyrjöld. 91% barnanna halda að þau muni ekki lifa af slíkan hildarleik og 30% halda að slík styrjöld geti orðið á þeirra æviskeiði. Flest börnin segjast hafa fengið vitneskju um kjarnorkuvopn með því að horfa á sjónvarp og 78% þeirra finnst að það ætti að ræða þessi málefni í skólunum. Að dómi 80% barnanna gera stjórnvöld ekki nægilega mikið til þess að minnka hættuna á kjarnorkustríði. Tólf ára gamalt barn skrifaði t. d.:

„Ég hugsa um kjarnorkustyrjöld á hverjum degi. T. d. þegar hlýtur er úti og himininn heiður og blár þá hugsa ég hve hræðilegt það væri ef kjarnorkustyrjöld brytist út núna."

Og barnið skrifar áfram:

„Hvað viðkemur því að eignast börn þá mundi mig að vissu leyti langa til að sjá nýtt líf vaxa upp. En ef barnið yrði sprengt í loft upp, til hvers væri þá að hafa eignast það?"

Í öðrum löndum þar sem slíkar kannanir hafa verið gerðar meðal barna og þær eru reyndar orðnar allmargar, bæði vestanhafs og eins í Evrópu — þá hafa svipaðar skoðanir og tilfinningar komið í ljós. Og ég spyr: Friður hvers er sá friður sem við teljum okkur hafa núna? Við sem erum fullorðin, við getum ekki firrt okkur ábyrgð, við erum hluti þess samtíma sem er sekur. Og e. t. v. er stærsti óvinurinn í þessum efnum okkar eigið andvaraleysi og afskiptaleysi.

Besta vörnin gegn óttanum er þekkingin og það er einmitt henni sem þarf að miðla í samræmi við þroska og getu barnanna til að skilja. Hvað varðar hættu á einhliða áróðri vil ég benda á að áðurnefnd markmið friðarfræðslu ættu einmitt að koma í veg fyrir að einstaklingar verði einhliða áróðri að bráð. Friðarfræðsla miðar að því að auka víðsýni, umburðarlyndi, skilning og þekkingu. Það er miklu fremur þegar skilningur og þekking á málefni er fyrir hendi að hægt er að draga sjálfstæðar ályktanir og mynda sér skoðanir óháð áróðri.

Sú fullyrðing að skólar geti ekki kennt þetta efni vegna þess að það sé of pólitískt finnst mér lýsa ósanngjörnu mati á kennurum. Að þessari kennslu hlýtur að verða staðið eins og annarri sem við treystum kennurum fyrir að miðla til barna okkar og unglinga. Hvað með þá kennslu í mannkynssögu, hagfræði, stjórnmálasögu, heimspeki og trúarbrögðum sem þegar er stunduð í framhaldsskólum landsins? Þar hlýtur að vera óhjákvæmilegt að fjalla um ágreiningsmál, mál sem eru í eðli sínu pólitísk. Munur er þó talsverður á því hvort slíkt er gert af flokkspólitískri þröngsýni eða hvort gætt er víðsýnis og hlutleysis til að tryggja það að nemendur fái yfirvegaða mynd af hverju máli.

Hitt er annað að það er stórpólitískt mál fyrir nútímamanninn að takast á við sjálfan sig í því einvígi við eðli sitt sem tæknihyggja hans hefur þvingað hann til. Hið sama verða börn framtíðarinnar að gera og það hlýtur að vera öllum foreldrum og uppalendum sameiginlegt að vilja búa börnum sínum sem best veganesti til lífsgöngunnar. Þess vegna getum við ekki stungið höfðinu í sandinn í þeirri von að sá ógnarvandi, sem hlýst af óbreyttri stefnu okkar, fari sjálfkrafa hjá. Skólinn hlýtur ásamt foreldrum og öðrum uppalendum að þurfa að mæta því hlutverki að búa einstaklingana undir lífið, undir það að takast á við þau vandamál sem blasa við og bíða þeirra.

Af þessu má sjá að friðarfræðsla er nánast tvíþætt í framkvæmd sinni. Jafnframt því sem hún stundar mannrækt stuðlar hún að umhverfisvernd. Hjá ungum börnum miðar hún fyrst og fremst að því að vernda, efla og rækta frið í hinu innra umhverfi barnsins. Hjá þeim sem eldri eru leitast hún við að styrkja einstaklinginn til þess að varðveita frið í ytra umhverfi sínu. Friðarhugsunin og friðurinn gerist ekki án fyrirhafnar, sagði einn hv. þm. í umræðum um þetta mál á Alþingi á s. l. ári.

Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða. Þess vegna verðum við að halda áfram á hinni fyrirhafnarsömu leið okkar til friðsamlegra samskipta með öllum tiltækum ráðum og friðarfræðsla er að mínu mati eitt af

vænlegum ráðum til að ná þessu marki.

Að loknum þessum umr. vil ég leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn. Sþ.

Árni Johnsen: Herra forseti. Fullmikið þykir mér nú höfðinu barið við steininn með því að koma með þessa till. hér aftur inn í sali Alþingis. Engin till., sem rædd var í hv. Alþingi á s. l. ári, varð eins umdeild og skapaði eins mikla úlfúð og umrædd friðartillaga, ekki einu sinni kvótamálið, og hefði líklega verið eðlilegra og skynsamlegra af hv. friðelskandi flm. að hægja aðeins ferðina og horfa til átta.

Það er nú svo að þegar um er að ræða heimspekilegar vangaveltur, eins og komu fram í ræðu hv. 1. flm., þá er erfitt að festa tök á hinum fjölmörgu kennisetningum sem fljóta þar hjá í örskoti. Það var talað um að það þyrfti að prófa fólk, reyna fólk, gera tilraunir á fólki eins og hægt væri að komast að einhverri niðurstöðu. Á hinn bóginn má alveg eins segja að hver einasti maður er hljóðfæri sem er engu líkt, þarf sinn eigin stíl, sína eigin möguleika og sinn eigin sveigjanleika. Strax þar strandar þessi kenning um prófunina, skipulagninguna, miðstýringuna, vegna þess að þessi friðarfræðsla, sem talað er um að eigi að vera allt niður í dagvistarstofnanir — það ætti kannske að ganga skrefið til fulls og taka vöggustofurnar með, — á að vera svo yfirveguð, svo skipulögð og miðstýrð að það er ekkert mannlegt sem getur rúmast þar í einni kenningu.

Það kom líka fram hugmynd um það — að vísu bresk, en sagt að hún ætti vel heima hér á Íslandi — að það ætti að gera athugun á friðarsinnum. Það er kannske svolítið forvitnileg tillaga. Ég verð að segja eins og er að ég öfunda hv. þm. Pál Pétursson að vera í hópi friðarsinna ef slíka rannsókn ætti að gera ítarlega. En ég vil leggja áherslu á það að sú friðarfræðsla, sem við þurfum á að halda í okkar landi og gagnvart okkar samherjum á þessum hnetti á meðan dvölin er, rúmast innan þeirrar siðfræði sem kristindómurinn byggir á. Það er ástæðulaust og óeðlilegt í okkar samfélagi að tína upp hér og þar slíkar kenningar sem fram komu í ræðu hv. síðasta ræðumanns en ganga fram hjá því sem heitir kristin fræðsla og rúmar allt það sem þm. talar um.

Það sem við þurfum á að halda er í fyrsta lagi frið við okkar fólk — þá segi ég okkar fólk í okkar landi — frið við okkar land og svo það líf sem snertir okkur utan við þröskuld landsins. Fyrst skulum við sinna þessu áður en við stöndum með allan heiminn í kokinu. Sú friðarfræðsla, sem við þörfnumst og hefur verið ræktuð og skilar sér vel í okkar landi, er sú kristnifræðsla sem er grundvöllur að okkar siðfræði. Það þarf ekkert nýtt gáfnafrauð til þess að tjalda í þeim efnum. Við eigum í skjóli slíkrar kennslu að hlú að mannrækt eins og allir foreldrar og kennarar gera í okkar landi að bestu samvisku með tilliti til hvers einstaklings. Svo einfalt er það mál og má sleppa gáfnafrauðinu.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Það hefur nú heldur hlaupið á snærið hjá hv. 3. þm. Suðurl., krossfara sjálfstæðismanna, sem telur sig eiga heilögu hlutverki að gegna að berja á Kvennalistakonum ef þær bregða sér í ræðustól. (**ÁJ:** Ég hef aldrei barið á Kvennalistakonum.) Það sem mér finnst eftirtektarverðast í málflutningi hans eða réttara sagt það sem kemur mér mest á óvart er að hann skuli vera kennaramenntaður maður. Ég velti því fyrir mér hvort hann hafi í raun lesið grunnskólalögin. Og ég velti því fyrir mér hvernig kennslan var í Kennaraskólanum, um hvað var rætt, eða hvort hv. þm. hefur í raun hlustað á mig þegar ég var að tala. Því hafi hann hlustað á mig og ef hann hefur gengið í gegnum Kennaraskólann og fengið svona venjulega kennaramenntun þá hlýtur þetta bara að vera tilraun til útúrsnúninga, ég get ekki séð annað.

Hann talaði um að höfðinu sé barið við steininn vegna þess að till. er endurflutt og hún hafi fengið talsverða umræðu á síðasta þingi. Nú hef ég orðið vör við það síðan ég kom á þennan vinnustað að hér eru flutt mál sem eiga sér langa sögu, margflutt í ýmsu formi, og gildir það jafnt um stjórnarliða og stjórnarandstöðuþm., enda sveiflast velgengni manna — ef velgengni má telja að vera í stjórn — þá sveiflast staða manna á þinginu til og frá eftir árum. En sömu málin eru flutt ár eftir ár eftir ár og þá er ekki mæld sú umr. sem málin fengu, hvort það sé réttlætanlegt að flytja þau á nýjan leik.

Það að þetta mál hlaut umræðu á síðasta þingi segir mér það eitt að málið var ágreiningsmál og um það voru skiptar skoðanir og margir vildu tjá sig um það. Ég tel málið eiga fullt erindi inn á þetta þing, ekki síður en áður.

Hv. þm. Árni Johnsen talaði um að hér sé verið að tala um að prófa fólk, að reyna fólk, að gera tilraunir á fólki. Ég skil ekki hvað hann á við. Ef hann er að tala um dæmi af námsefni sem ég tók þá var talað um að fólk reyndi að prófa lausnir á vandamálum, að það leitaði fyrir sér, það tæki upp þekkt eða jafnvel tilbúin deiluefni og það æfði sig í því að leysa vandamál. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa misskilið þetta.

Hann talaði einnig um að ég hefði tekið dæmi sem ég teldi að ætti vel heima hér á Íslandi. Það var dæmið um að kanna afdrif friðarsinna. Ég sagði aldrei að þessi dæmi ættu endilega vel heima — ég tók það skýrt fram að það kennsluefni, sem hér yrði e. t. v. notað, yrði að sjálfsögðu bæði útbúið og valið með tilliti til þeirra markmiða sem yrðu skilgreind — (**ÁJ:** Gæti vel átt við hér, það var orðalagið.) Að ég hefði talið að það ætti vel við hér — það sagði ég ekki. Ég sagði einungis að ég tæki dæmi.

Ég vil enn fremur benda hv. þm. á að það kom skýrt fram í máli mínu að víða erlendis hefði friðarfræðsla verið í tengslum við kirkjur enda á siðfræði og friðarboðskapur kristinnar trúar vissulega samleið með markmiðum og viðleitni friðarfræðslunnar.

Þm. talaði einnig um að við ættum að sjálfsögðu að leggja megináherslu á það að eiga frið við okkar eigið fólk í okkar eigin landi en að vera ekki með — ég man ekki hvort hann sagði: heiminn í kokinu, hálfan eða allan heiminn í kokinu. (**ÁJ:** Allan.) Ef þm. hefði hlustað á mig þá hefði hann e. t. v. heyrt að ég talaði einmitt um að friðarfræðsla stuðlaði fyrst og fremst að mannrækt og umhverfisvernd, þ. e. að rækta frið hið innra og einnig í nánasta umhverfi.

Það er orðið áliðið kvölds og fáir í salnum. Ég held satt að segja að ég ætli ekki að eyða fleiri orðum að athugasemdum hv. þm. Árna Johnsen, mér finnst að hann sé fyrst og fremst að reyna að snúa út úr þessu efni en honum gangi ekki til einlægur, málefnalegur áhugi.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það er einkennilegt

þegar hv. síðasti ræðumaður kemur upp og ber mönnum á brýn, sem eru að fjalla um mál sem rætt er um, að ekki sé hlustað, að menntunin sé vond, að skólinn sé vondur — en kannske væri ástæða til þess að impra á því að maðurinn væri vondur. Það er einkennilegt að fletta þannig upp í hlutum og reyna að finna einhverja afsökun fyrir því þegar menn segja meiningu sína hispuslaust. Ég ætla ekki að endurtaka mikið af því sem ég hef sagt og sagði um þetta mál á síðasta þingi en ég tel fulla ástæðu til þess að vernda börn fyrir pólitísku friðarkjaftæði, eins og ég kalla það hikstalaust. Sú friðarfræðsla, sem við þörfnumst, rúmast innan hefðbundinnar kristindómsfræðslu, almennra samskipta sem tíðkast í okkar landi, og það er ástæðulaust að fara að búa til eitthvert nýtt kerfi. Þess vegna tel ég þessa till. út í hött.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heimaöflun í landbúnaði, þáltill. 97. mál (þskj. 101, n. 864). — Síðari umr.

Frsm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. atvmn. um till. til þál. um heimaöflun í landbúnaði.

N. fjallaði um till. og fékk umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og landbrn. Allar umsagnir voru jákvæðar og n. samþykkti að mæla með samþykkt till. Fjarverandi afgreiðslu voru Eggert Haukdal, Jóhanna Sigurðardóttir og Kristín S. Kvaran.

Eins og fram kom í framsögu um þetta mál er þetta fyrst og fremst áróðursmál fyrir því að nýtni og hirðusemi, þær góðu dygðir, hverfi ekki alveg úr íslensku þjóðlífi.

Það er orðið svo að orðið „nýtni" er farið, í máli fræðimanna meira að segja, að fá allt aðra merkingu en áður fyrr. Nú nota menn orðið „nýtni" eins og nýtingu. Ég hjó eftir því í umr. hér fyrr í kvöld að tekjur bænda voru taldar mjög rýrar og ég get borið því vitni að einhver sú altekjulægsta stétt sem ég veit um eru sauðfjárbændur með lítil bú. Það var rætt hér um rýrar tekjur háskólaprófessora í dag, 35 þús. kr. laun á mánuði. Ég fullyrði að fjölmargir sauðfjárbændur á landinu hafa innan við 200 þús. eða höfðu innan við 200 þús. kr. nettótekjur s. l. ár. Þetta er fólk sem bókstaflega engu eyðir og rétt dregur fram lífið, margt eldra fólk sem engu eyðir. Það er ljóst að tilkostnaður við margan búreksturinn er allt of hár miðað við þær tekjur eða afrakstur sem hann gefur og nýbýli eru nánast vonlaus fjárfesting eins og er. Heimaöflun, eins og það hugtak var skýrt í framsögu í vetur, er eitt virkasta og raunhæfasta svarið við því að lækka tilkostnað við landbúnaðarframleiðsluna, þá væntanlega til hagsbóta fyrir alla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppsagnir kennara.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um uppsagnir kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, á þskj. 856, sent þm. 15. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir fastráðnir kennarar í grunnskólum og framhaldsskólum hafa sagt starfi sínu lausu eða sótt um launalaust leyfi frá og með byrjun næsta skólaárs?

Beðið er um sundurliðun eftir fræðsluumdæmum og heildartölu á hvoru skólastigi.

Svar:

Grunnskólar:

Fjöldi uppsagna og beiðna um launalaus leyfi frá og með byrjun næsta skólaárs frá grunnskólakennurum, sem borist hafa menntamálaráðuneytinu 8. maí 1985, eru sem hér segir:

	Beiðnir um lausn	Beiðnir um launalaust leyfi
Reykjavík	4	30
Reykjanesumdæmi	5	1
Vesturlandsumdæmi	1	1
Vestfjarðaumdæmi	0	0
Norðurlandsumdæmi vestra	0	0
Norðurlandsumdæmi eystra	2	0
Austurlandsumdæmi	2	2
Suðurlandsumdæmi	3	4
Alls:	17	38

Fastir kennarar í grunnskólum landsins skólaárið 1984/1985 eru alls 2695.

Framhaldsskólar:

Hinn 14. maí hafa tveir kennarar sagt starfi sínu lausu.

Fimm kennarar hafa beðið um launalaust leyfi næsta skólaár.

Þrír kennarar hafa óskað eftir framlengingu á launalausu leyfi í eitt ár til viðbótar leyfi á síðasta skólaári vegna náms.

Framleiðslukvóti í landbúnaði.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um framleiðslukvóta í landbúnaði, á þskj. 770, sent þm. 20. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver hefur verið heildaraukning framleiðslukvóta á landinu síðan búmarkið tók gildi árið 1980, og hvernig skiptist aukningin á milli svæða?
2. Á hvaða forsendum var þessi aukning leyfð, með hliðsjón af því að tilgangur kvótakerfisins er að vinna gegn offramleiðslu?

3. Hversu miklum viðbótarkvóta hefur verið úthlutað, síðan búmarkið tók gildi, til lögbýla sem höfðu áunnið sér framleiðslukvóta á viðmiðunarárunum 1976, 1977 og 1978:
   a. til mjólkurframleiðslu,
   b. til framleiðslu sauðfjárafurða,
   c. til nautakjötsframleiðslu?
4. Hversu stórum framleiðslukvóta hefur verið úthlutað, síðan búmarkið tók gildi árið 1980, til lögbýla sem enga framleiðslu höfðu á viðmiðunarárunum 1976, 1977 og 1978:
   a. til mjólkurframleiðslu,
   b. til framleiðslu sauðfjárafurða,
   c. til nautakjötsframleiðslu?
5. Hvernig skiptist eignarhald þessara jarða (sbr. 3. og 4. lið) milli ríkis (kirkju), sveitarfélaga og einstaklinga?
6. Hafi verið úthlutað viðbótarkvóta til ríkisbúa utan þeirra framleiðsluréttinda, sem sköpuðust á árunum 1976—78, hversu stór hluti af heildaraukningunni kom þá í hlut ríkisbúa:
   a. til mjólkurframleiðslu,
   b. til framleiðslu sauðfjárafurða,
   c. til nautakjötsframleiðslu?

Svar:

Fyrirvari.

Í svörum þessum er gengið út frá því að þar sem spurt er um framleiðslukvóta sé átt við búmark, þ. e. búmark hverrar jarðar og heildarbúmark á ákveðnu svæði eða á landinu í heild.

Við 1. lið:

Aukningin er 9,72% eða 171 481 ærgildisafurð.

Á móti þessu kemur að framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkurframleiðslu hefur, síðan árið 1976, verið hætt á 548 jörðum með samanlagt búmark 99 281 ærgildisafurð. Búmark þetta fylgir jörðunum en hefur ekki verið fellt út úr heildarbúmarki landsins, enda getur framleiðsla hafist aftur á sumum þessara jarða.

Einnig kemur hér á móti að á 380 bújörðum er nýting búmarksins innan við 50%. Af þessu leiðir að framleiðslukvóti í mjólk hefur verið lægri en búmarkið 1/1—31/8 1980 og framleiðsluárið 1983/1984, en ekki framleiðsluárin 1980/1981—1981/1982 og 1982/1983.

Framleiðslukvóti í sauðfjárafurðum hefur verið lægri en búmarkið framleiðsluárin 1981/1982—1982/1983, en ekki 1983/1984.

Aukning búmarksins skiptist milli svæða samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Skrá um búmark, fjölda og heildarstærð í sýslum landsins 29. apríl 1985 (B80).

	1980					1985:
	Fjöldi	Heildar-stærð ærg.	%	Samþykktar viðbætur ærg.	Leyfðar viðbætur í prósentum	Heildar stærð ærg.
Gullbringusýsla	31	2594	0,15	179	6,90	2773
Kjósarsýsla	76	19978	1,13	2744	13,74	22722
Borgarfjarðarsýsla	221	80235	4,55	6002	7,48	86237
Mýrasýsla	178	65873	3,73	7107	10,79	72980
Snæfellsnessýsla	199	58263	3,30	6984	11,99	65247
Dalasýsla	196	55799	3,16	6931	12,42	62730
A.-Barðastrandarsýsla	66	16838	0,95	2679	15,91	19517
V.-Barðastrandarsýsla	71	18293	1,04	2114	11,56	20407
V.-Ísafjarðarsýsla	67	21083	1,20	2801	13,29	23884
N.-Ísafjarðarsýsla	53	16669	0,94	863	5,18	17532
Strandasýsla	144	42710	2,42	1983	4,64	44693
V.-Húnavatnssýsla	213	77496	4,39	6887	8,89	84383
A.-Húnavatnssýsla	241	95241	5,40	5689	5,97	100930
Skagafjarðarsýsla	402	131433	7,45	18787	14,29	150220
Eyjafjarðarsýsla	324	169658	9,62	12199	7,19	181857
S.-Þingeyjarsýsla	388	143280	8,12	9450	6,60	152730
N.-Þingeyjarsýsla	133	47747	2,71	2735	5,73	50482
N.-Múlasýsla	298	91587	5,19	9030	9,86	100617
S.-Múlasýsla	259	77792	4,41	7631	9,81	85423
A.-Skaftafellssýsla	119	43903	2,49	3147	7,17	47050
V.-Skaftafellssýsla	205	68998	3,91	9640	13,97	78638
Rangárvallasýsla	442	171690	9,73	22821	13,29	194511
Árnessýsla	532	219781	12,46	22680	10,32	242461
Samtals sýslur:	4858	1736941	98,45	171083	9,85	1908024
Kaupst. og Bessast.	101	27271	1,55	398	1,46	27669
Samtals landið:	4959	1764212	100,00	171481	9,72	1935693

Við 2. lið:

Forsendur eru þær að 23. júní 1980 voru gefin út bráðabirgðalög, sem Alþingi staðfesti síðan með litlum breytingum, um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Hin nýju ákvæði er nú að finna í lögum nr. 95/1981, 2. gr. a, 4. efnismálsgr. a-liðar:

„Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvörutegundir eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga sem teknar hafa verið í notkun 1976 og síðar."

Þessi ákvæði eru nánar útfærð í reglugerð nr. 465/1983, fyrri mgr. 6. gr.:

„Heimilt er að auka búmark þeirra framleiðenda, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga á viðkomandi jörð, hafi byggingarnar verið teknar í notkun árið 1976 eða síðar. Jafnframt má stækka búmark lögbýla þegar ábúendaskipti verða, þannig að frumbýlingum verði sköpuð hliðstæð framleiðsluskilyrði samanborið við aðra bændur. Skal í þessum tilvikum höfð hliðsjón af fjármagnskostnaði og útlánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins svo og vinnutekjum við rekstur búsins miðað við laun í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins hverju sinni. Umsókn um rýmkun búmarks skal fylgja lýsing héraðsráðunautar um framleiðslumöguleika jarðarinnar ásamt rökstuddri áætlun um hæfilegt búmark."

Flestir þeir bændur, sem hafa endurbyggt útihús á jörðum sínum og tekið þau í notkun síðan 1976, hafa byggt stærra en áður var á jörðunum og hafa því þurft að fá aukningu á búmarki jarða sinna til að geta staðið undir auknum fjármagnskostnaði.

Sama gildir um marga frumbýlinga, einkum þegar ung hjón taka við búi eða kaupa jörð þar sem aldrað fólk hefur búið lengi.

Við 3. lið:

152 241 ærgildisafurð.

Vegna þess að margir bændur hafa fært framleiðsluréttindi milli búgreina er ekki auðvelt að svara því hvernig þessi aukning skiptist, en í heild hefur þetta þróast þannig síðan 1980 að búmark í mjólk hefur hækkað um 11,75%, í sauðfjárafurðum um 3,83% og í nautakjötsframleiðslu um 34,62%.

Við 4. lið:

19 240 ærgildisafurðir sem skiptast þannig:

Til mjólkurframleiðslu ..... 3 295 ærgildisafurðir.
Til framleiðslu sauðfjárframleiðslu ..... 14 145 ærgildisafurðir.
Til nautakjötsframleiðslu ... 1 800 ærgildisafurðir.

Á árunum 1976—1984 veitti Landnám ríkisins heimild til að stofna 14 nýbýli. Af þeim hafa 9 fengið búmark, samtals 4 030 ærgildisafurðir.

Á þrem nýbýlum hefur ekki verið sótt um búmark og ekki hafin framleiðsla en tvö nýbýli hafa fengið búmark þeirra jarða sem þau voru byggð úr.

Á árunum 1976—1984 hefur Landnám ríkisins veitt heimild til endurbyggingar 70 eyðijarða. Af þeim hafa 42 fengið búmark, samtals 15 210 ærgildisafurðir. 22 hafa ekki fengið búmark, en 6 hafa fengið búmark með tilfærslu frá öðrum jörðum sem voru eign sama aðila.

Ástæða þess að þessi aukning er að meiri hluta í sauðfjárafurðum er sú að landnámsstjórn hefur verið að styrkja byggð á þeim svæðum þar sem byggðin er veikust, en einmitt þar er víða ekki kostur annars en sauðfjárframleiðslu.

Við 5. lið:

Við ákvörðun búmarks er enginn munur gerður milli þeirra sem búa á eignarjörð eða eru leiguliðar, aðeins gengið eftir kaupsamningi eða ábúðarsamningi, og því eru ekki tiltæk gögn um skiptingu þá sem um er beðið.

Við 6. lið:

Engum viðbótarkvóta hefur verið úthlutað til ríkisbúa.

Tvö tilraunabú hafa sótt um aukningu en bæði fengið neitun og eru mál þeirra nú til umfjöllunar hjá yfirnefnd samkv. 2. gr. a laga nr. 95/1981.

Efri deild, 79. fundur.

Miðvikudaginn 22. maí, kl. 2 miðdegis.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 598). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Á þskj. 905 er flutt frv. til l. um breyt. á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Hér er um það að ræða, eins og fram kemur í grg., að til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum veðdeildarinnar er gerð sú breyting að í stað ábyrgðar ríkissjóðs, sem hefur þar verið, kemur ábyrgð Búnaðarbankans. Aðrar tryggingar hjá deildinni eru í fyrsta lagi veðskuldabréf þau sem veðdeildin fær frá lántakendum, í öðru lagi varasjóður deildarinnar og svo hefur það verið svo að í þriðja lagi hefur verið ábyrgð ríkissjóðs. Hér er gerð breyting í samræmi við það sem er hjá öðrum ríkisbönkum, að ábyrgðin verður Búnaðarbankans skv. þessum lögum. Hins vegar liggur ljóst fyrir að Búnaðarbanki Íslands, sem er eign ríkissjóðs, er með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs eins og aðrir ríkisbankar.

Í grg. kemur fram í hverju þetta liggur og hér hefur orðið samkomulag á milli þeirra aðila sem fjalla um þessi mál, en formaður í þeirri nefnd sem vann þessa breytingu m. a. er Stefán Pálsson, bankastjóri Búnaðarbankans.

Ég vísa að öðru leyti til grg. frv. og leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gjöld af tóbaksvörum, frv. 428. mál (þskj. 713, n. 942 og 950, 943). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir hönd meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Ég ætla ekki að ræða mikið efnislega þetta frv. Menn þekkja það allir. Það er um það að ræða að ríkið hætti einkasölu á tóbaksvörum, en í staðinn verði tekið upp gjald af tóbaksvörum til að ríkið haldi áfram þeim tekjum sem það áður hefur haft af tóbakssölu.

Á fundi nefndarinnar þegar um málið var fjallað, sem var raunar á fleiri en einum fundi, komu til viðræðna ýmsir, þ. á m. tóbaksvarnanefnd öll sömul og raunar líka forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Jón Kjartansson, og síðan Ásgeir Friðjónsson í fíkniefnadómstólnum.

Tóbaksvarnanefnd vakti á því athygli að í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því að framlög ríkisins til tóbaksvarna skuli ákveðin af Alþingi við afgreiðslu fjárlaga. Við það vildi nefndin ekki una, heldur að breytt yrði lögum um tóbaksvarnir þannig að þetta gjald yrði fastákveðinn hluti af tekjum ríkisins af tóbakssölu og á það féllst nefndin.

Það kom til umræðu hvort hugsanlegt væri að eitthvað kynni að verða auðveldara um smygl á fíkniefnum ef tóbaksvörur yrðu seldar af innflytjendum beint en ekki gegnum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Af því tilefni töldum við sjálfsagt að kalla á okkar fund dómara í fíkniefnamálum, Ásgeir Friðjónsson, sem kom á fund til okkar og var lengi með okkur og skýrði fyrir okkur þá hörmulegu stöðu sem þau mál öll eru í og sýndi dæmi með myndum af því hvernig unnt væri að smygla þessum vörum til landsins, sem virðist nú gerast í síauknum mæli, en hann tók sérstaklega fram að það væri engin ástæða til að ætla að auðveldara væri að gera það í tóbakspakkningum en á annan hátt. Af þeim sökum væri engin ástæða til að ríkið hefði þessa einkasölu. Á grundvelli allra þessara upplýsinga leggur meiri hl. n. því til að frv. verði samþykkt. Minni hl. leggur hins vegar til að því verði vísað til ríkisstj. og mun sjálfsagt gera grein fyrir sinni afstöðu.

Ég vil geta þess að meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur sérstakt frv., frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Það hefði verið eðlilegt að það hefði verið á dagskrá hér líka núna, því var útbýtt um leið og nál. í máli því sem ég mæli nú fyrir, en af einhverjum mistökum hefur það ekki orðið. Það skiptir þó auðvitað engu máli því að það kemur bara á næsta fundi. En ég geri hér grein fyrir því að 1. gr. fjallar um það að árlega skuli sem svarar 0,5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi verða greidd til tóbaksvarna og að tóbaksvarnanefnd geri tillögur til ráðh. um ráðstöfun fjárins. Það er kannske rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa grg. með þessu frv. úr því að það er ekki núna á dagskránni, en kemur á næstu dagskrá væntanlega, en hún er svohljóðandi:

„Frv. þetta, sem samið er og flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed., er fylgifrv. með stjfrv. um verslun ríkisins með áfengi og stjfrv. um gjöld af tóbaksvörum. Skv. ofangreindum frumvörpum, verði þau að lögum, fellur einkaréttur ríkisins til verslunar með tóbak niður frá og með 1. janúar n. k. Eins og kunnugt er skal skv. 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, verja 2% af brúttótekjum ÁTVR til tóbaksvarnastarfs. Ljóst er að um leið og ríkið missir einkasölurétt sinn á tóbaki verður mörkun fjárframlaga til tóbaksvarna ekki komið við með þessum hætti. Af þessum sökum er í frv. þessu gerð tillaga um að 0.5% af tekjum ríkisins af tóbaksgjaldi, sbr. 1. gr. frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum, verði varið til tóbaksvarna. Miðað við áætlaðar tekjur af tóbaksgjaldi á verðlagi þessa árs næmi árlegt framlag til tóbaksvarna um 2.85 millj. kr. Fjárhæð þessi er sambærileg þeirri fjárhæð sem varið er til tóbaksvarna skv. gildandi lögum. Frv. þessu er m. ö. o. ætlað að tryggja að fjárframlög til tóbaksvarna verði með sama hætti og nú tíðkast þrátt fyrir þá kerfisbreytingu sem í frv. felst."

Með þessum skýringum vænti ég þess að ekki þurfi um þetta mál að hafa fleiri orð.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Hér er í raun og veru um þrjú mál að ræða. Það er í fyrsta lagi málið sem nú er til umr. og er frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum, í öðru lagi er svo frv. til l. um verslun ríkisins með áfengi, en þessi tvö frumvörp eru samtengd eins og kunnugt er, og svo er þriðja frv. á þskj. 941, um tóbaksvarnir, sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur í kjölfar afgreiðslu nefndarinnar nú.

Ég tók til máls við 1. umr. þessa máls og lýsti þá andstöðu minni við þá breytingu sem hér er gerð till. um. Ég flutti þau rök að breytingin væri óþörf, óeðlileg og ótímabær og gerði meira ógagn en gagn. Eftir að fjh.- og viðskn. Ed. tók málið til meðferðar tóku umræðurnar um málið nýja stefnu því að þá kom í forgrunn umræðnanna spurningin um það hvort breytingin sem hér er um að ræða kynni að stuðla að auknum tóbaksreykingum í landinu og að verið væri að brjóta niður það kerfi tóbaksvarna sem byggt hefur verið upp. Við sem skipum minni hl. n., hv. þm. Eiður Guðnason, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og ég, leggjum til að máli þessu verði vísað til ríkisstj. með þeim rökstuðningi fyrst og fremst að málið sé varhugavert frá sjónarmiði tóbaksvarna og við færum fyrir því nákvæmlega hin sömu rök og færð voru fram á fundi nefndarinnar af tóbaksvarnanefnd og flutt voru til okkar með skriflegum umsögnum landlæknisembættisins, læknaráðs Landspítalans og með samþykkt funda starfsmanna heilbr.- og trmrn. og landlæknisembættisins með héraðslæknum.

Lögin um tóbaksvarnir voru samþykkt á seinasta þingi. Sú löggjöf var ákaflega merk og mun áreiðanlega vera vel til þess fallin að draga úr tóbaksnotkun og kynna almenningi skaðsemi reykinga, eins og auðvitað var megintilgangur þessarar lagasetningar. Það er hins vegar mat okkar og mat fjölmargra þeirra sem fjallað hafa um þessi lagafrv., sem nú eru lögð fram af hálfu ríkisstj., að efni þeirra gangi þvert á stefnu og anda laganna um tóbaksvarnir.

Í athugasemdum tóbaksvarnanefndar er á það bent að tóbakstegundum muni hugsanlega fjölga við þá breytingu sem hér er gerð till. um, en nú eru um 50 tegundir hér á markaði og hefur verið unnið að því að

reyna að fækka þeim í áföngum. Í öðru lagi telur nefndin að eftirlit með innflutningi verði erfitt, enda verður heimilt að tollafgreiða tóbak um land allt eftir þá breytingu sem hér er gerð tillaga um. Einnig verður vandasamt að kveða á um hámark skaðlegra efna í tóbaki. Til þess þyrfti þá sérstaka lagabreytingu. Í fjórða lagi verða engar hömlur á innflutningi nýrra tóbaksvara. Og í fimmta lagi er óljóst hvaða reglur eigi að gilda um tóbaksinnflutning ferðamanna og farmanna.

Í umsögn tóbaksvarnanefndar er einnig á það bent að þegar afnuminn er framleiðsluréttur ríkisins á tóbaki, einkaréttur ríkisins, skapist möguleikar á auknum tóbaksiðnaði innanlands sem geti haft varhugaverðar afleiðingar í för með sér. Enn er bent á að hér væri verið að lögleiða þá varhugaverðu verðlagningarstefnu sem gilt hefur í rúmt ár hér á landi og er talin einstök á Norðurlöndum, en þessi stefna hefur að sögn skert tekjur ríkissjóðs um 100 millj. kr. á hverju ári.

Vissulega er hætta á því að frjáls álagning af þessari vörutegund, bæði í heildsölu og smásölu, geti leitt til aukinnar samkeppni og hugsanlega lægra verðs, enda er ekkert sem bannar að boðnar séu fram tóbaksvörur með sérstökum afslætti eða tilboðsverði. Það er almennt sjónarmið nefndarinnar að lágt verð leiði til aukinnar sölu, ekki síst til unglinga, og freisti þeirra sem ekki eru byrjaðir að reykja.

Þar að auki mun verða lögbundinn minni munur á verði sígaretta og annars tóbaks en tíðkast hefur. Afnumin er verðjöfnun á tóbaki eftir landshlutum.

Með þessu nýja sölufyrirkomulagi er talin hætta á því, að dómi nefndarinnar, að auðveldara verði að sniðganga bann við tóbaksauglýsingum. Og nefndin vekur athygli á því að felldar eru úr gildi reglur frá 1965 um bann við stykkjasölu á sígarettum.

Niðurstaða nefndarinnar, eftir að fjöldamörg önnur atriði eru nefnd í umsögn hennar, er þessi:

„Svo margt mælir gegn þessum tveim frumvörpum um afnám einkasölu á tóbaki að fráleitt er að samþykkja þau óbreytt. Frumvörpin varða eitt stærsta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar og allar breytingar á fyrirkomulagi tóbakssölu þarf því að ígrunda rækilega. Það verður ekki gert á fáum vikum."

Ég bendi líka sérstaklega á þá ályktun starfsmanna heilbr.- og trmrn. og landlæknisembættis með héraðslæknum, sem gerð var á fundi þeirra á Hvolsvelli dagana 19. og 20. apríl 1985. Þessi ályktun er ekki löng og er ómaksins vert að lesa hana, en hún er svohljóðandi:

„Undirritaðir starfsmenn heilbrigðisyfirvalda lýsa yfir andstöðu sinni við framkomin frumvörp um gjöld af tóbaksvörum og verslun ríkisins með áfengi sem gera ráð fyrir afnámi einkaréttar ríkisins á sölu tóbaks. Með samþykkt þeirra yrði brotið gegn markmiði og stefnumörkun tóbaksvarnalaga, nr. 74/1984 því að afnám einkasölu mundi torvelda framkvæmd þeirra mjög og draga úr áhrifum ríkisvaldsins á tóbaksneyslu í landinu, einkum hvað varðar verðstýringu, innflutning og eftirlit með auglýsingum.

Jafnframt bendum við á að ekkert samráð hefur verið haft við tóbaksvarnanefnd um málið svo sem skylt er skv. 5. gr. tóbaksvarnalaganna.

Við teljum að fyrirhugaðar lagabreytingar geti stuðlað að samkeppni milli innflytjenda og leitt til lækkunar tóbaksverðs sem mun auka á tóbaksneyslu og stefna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum eftir gildistöku laga um tóbaksvarnir um s. l. áramót.

Við vörum sérstaklega við að felld verði úr gildi 15. gr. tóbaksvarnalaganna um að 2% af brúttósölu tóbaks skuli renna til tóbaksvarna. Með gildistöku þeirrar greinar hefur loks fengist það fé til tóbaksvarnastarfsemi sem fyrirheit voru gefin um árið 1977, en voru að engu orðin fyrir gildistöku nýju tóbaksvarnalaganna. Þannig var fjárframlag Alþingis á s. l. ári aðeins sjöttungur þess sem það er nú."

Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir það nokkuð mikil ósvífni af hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarþm. ef þeir ætla að keyra í gegn á tiltölulega skömmum tíma hér á Alþingi frumvörp sem hafa svo alvarlegar afleiðingar í för með sér að dómi allra þeirra sem best þekkja til, þ. e. bæði tóbaksvarnanefndar og allra helstu yfirmanna heilbrigðismála í landinu, að þeir sjá sérstaka ástæðu til að mótmæla þessum frumvörpum með þeim sterku orðum sem hér hafa verið lesin.

Vissulega ber að geta þess að hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur gengið til móts við þau sjónarmið sem hér koma fram varðandi tekjuöflun til tóbaksvarna með því að flytja sérstakt frv. þar sem gert er ráð fyrir að 0.5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi renni til tóbaksvarnastarfs í staðinn fyrir þau 2% af brúttósölu tóbaks sem áður runnu til tóbaksvarna skv. núgildandi lögum. Ég geri ráð fyrir að þessar upphæðir séu nú sambærilegar og því sé ekki beinlínis hægt að kvarta yfir þessari hlið málsins.

En ég vek athygli á því að tóbaksvarnanefnd mælir mjög sterklega á móti samþykkt þessara frumvarpa og einnig fjölmennur fundur starfsmanna heilbrigðiskerfisins. Ég vil leyfa mér að upplýsa deildarmenn um hverjir stóðu að þessari samþykkt á Hvolsvelli, en þau voru með leyfi forseta: Skúli Johnsen borgarlæknir, Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir, Kristófer Þorleifsson héraðslæknir Vesturlandshéraðs, Pétur Pétursson héraðslæknir Vestfjarðahéraðs, Friðrik Friðriksson héraðslæknir Norðurlandshéraðs vestra, Ólafur Oddsson héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra, Stefán Þórarinsson héraðslæknir Austurlandshéraðs, Ísleifur Halldórsson héraðslæknir Suðurlandshéraðs, Jóhann Sigurðsson héraðslæknir Reykjaneshéraðs, Guðjón Magnússon settur landlæknir, Guðmundur Sigurðsson settur aðstoðarlandlæknir, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn., Jón Ingimarsson skrifstofustjóri heilbr.- og trmrn., Ingibjörg Magnúsdóttir deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., Hrafn Friðriksson yfirlæknir heilbr.- og trmrn. og Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur í heilbr.- og trmrn.

Allur sá hópur sem telur sig bera þyngsta ábyrgð á heilbrigðismálum hér á landi mælir mjög sterklega á móti samþykkt þessa frv. og samt ætla menn að gera það á skömmum tíma og án þess að málið hafi ýkja mikið verið rætt. Ég vek athygli á því að fjölmiðlar hafa alveg steinþagað um þetta mál og þrátt fyrir að vakin sé athygli á alvöru þessa máls virðist ekki nokkur leið að ná til eyrna fjölmiðla, hvorki í útvarpi, sjónvarpi eða blöðum, þrátt fyrir að svo áhrifamikill hópur mæli sterklega gegn lagabreytingum sem Alþingi er um það bil að gera.

Ég vil bæta því við að það er ekki aðeins sá hópur sem ég nú nefndi sem hefur látið málið til sín taka. Það má líka

minna á samþykkt stjórnar læknaráðs Landspítalans, en hún gerði, með leyfi forseta, svohljóðandi samþykkt 6. maí 1985, þ. e. fyrir hálfum mánuði:

„Stjórn læknaráðs Landspítalans varar eindregið við þeim tillögum sem fram hafa komið á Alþingi í 1. frv. til l. um gjöld á tóbaksvörum, 2. frv. til l. um verslun ríkisins með áfengi og fela í sér afnám tóbakseinkasölu á Íslandi. Þessar tillögur eru söluhvetjandi og beinlínis andstæðar tilgangi tóbaksvarnalaganna, að draga úr tóbaksneyslu og heilsutjóni af völdum tóbaks.

Stjórn læknaráðs skorar á þm. að beita sér gegn þessum hugmyndum."

Undir þetta bréf skrifar Magnús Karl Pétursson formaður læknaráðsins og auk hans Árni Björnsson varaformaður, Auðólfur Gunnarsson meðstjórnandi, Jón Sigurðsson meðstjórnandi, Jóhann Heiðar Jóhannsson ritari, Guðmundur Jónmundsson meðstjórnandi, Tómas Zöega meðstjórnandi. Í stjórn læknaráðsins er nákvæmlega sama uppi á teningnum og á fundi starfsmanna heilbrrn. og landlæknisembættis með héraðslæknum. Það er ekki ein einasta rödd í aðra átt. Það eru allir undantekningarlaust sammála um að hér sé hættulegt mál á ferðinni. Samt sem áður ætla menn að vaða áfram með frv. af þessu tagi þvert á allar ráðleggingar þeirra sem best eiga til að þekkja.

Ég vil enn leyfa mér að vitna í ályktun sem nefndinni barst nú fyrir skemmstu, en það var ályktun aðalfundar Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands. Hún er gerð 20. apríl 1985. Í bréfi stjórnar félagsins, sem undirritað er af Kolbrúnu Haraldsdóttur ritara, segir með leyfi forseta:

Stjórn Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands var falið að koma á framfæri við hv. alþm. eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, haldinn 20. apríl 1985, fagnar þeim verulega árangri sem *náðst hefur í tóbaksvörnum að undanförnu.*

Fundurinn varar eindregið við hugmyndum um frjálsan innflutning, sölu og verðlagningu á tóbaki því að sömu lögmál um samkeppni og vöruverð gilda að sjálfsögðu ekki um tóbak eins og aðrar neysluvörur.

Full ástæða er til að minna á að tóbak er hættulegt ávanaefni og þarf að berjast gegn því sem slíku.

Fundurinn lýsir yfir þeirri skoðun sinni að yrði framlagt stjfrv. um afnám einkasölu á tóbaki samþykkt sé í reynd gerður að engu tilgangur nýsamþykktra laga um tóbaksvarnir."

Virðulegi forseti. Það er ekkert smáræði sem t. d. þessi fundur leyfir sér að fullyrða í ályktun sinni. Fundarmenn virðast allir hafa verið sammála um að það stjfrv. sem hér um ræðir geri í reynd að engu tilgang nýsamþykktra laga um tóbaksvarnir og varar mjög eindregið við samþykkt frv.

Það er skemmst frá að segja, eins og ég hef reyndar þegar rakið, að allir þeir aðilar sem fengu mál þessi til umsagnar mæltu mjög eindregið með því að þau yrðu ekki samþykkt. Meiri hl. n. finnst sjálfsagt að samþykkja það eftir sem áður.

Við sem skipum minni hl. n. teljum eðlilegast að *málum þessum verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar*, eins og oft er gert þegar mál eru að dómi manna ekki nægilega grunduð, ekki nægilega vel undirbúin, en ég tek það skýrt fram, a. m. k. hvað mig snertir, að ég mun hiklaust greiða atkv., og við Alþb.-menn, gegn þessum frumvörpum verði tillaga okkar felld.

Ég vil ljúka máli mínu með því að skora mjög eindregið á hv. Ed. að ígrunda þetta mál betur en gert hefur verið fram að þessu, gera sér grein fyrir því að það mæla allir umsagnaraðilar á móti málinu. Allar stofnanir heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvalda, sem um málið hafa fjallað, eru eindregið andvígar því. Er þá ekki augljóst mál að hv. Ed. hlýtur að taka málið til betri yfirvegunar og gjalda varhug við þeirri till. að málið hljóti samþykki?

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta mál.

Hv. síðasti ræðumaður hefur rakið flest rök sem mæla gegn því að þetta frv. verði samþykkt og ég vil taka undir flest af því sem hann sagði. Það er augljóst mál að þessi frv. verða ekki greind í sundur. Þessi frv. brjóta á bak aftur margt af því sem reynt hefur verið að gera í tóbaksvörnum hér á landi, ganga algerlega á snið við lög um reykingavarnir sem samþykkt voru á síðasta ári. Ef að lögum yrðu mundu þau ýta undir verðstríð. Það mundi um leið ýta undir aukna notkun tóbaks. Næsta skrefið er vafalaust að tóbakskaupmenn mundu reka upp ramakvein og fara að gera atlögu að reglum um auglýsingar á tóbaki. Við höfum séð hvernig þessi mál ganga fyrir sig. Við höfum orðið vitni að því á undanförnum árum hvernig krafist hefur verið breytinga á lögum í kjölfar lögbrota og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að tóbaksinnflytjendur muni notfæra sér þá bættu aðstöðu sem þeir fá, ef þessi frv. yrðu að lögum, til þess að koma vöru sinni betur og girnilegar á framfæri.

Hér er verið að brjóta gegn lögunum um tóbaksvarnir. Hér er verið að undirbúa verðstríð á tóbaksmarkaði sem ekki yrði til annars en að auka neyslu tóbaks. Í þriðja lagi ryður þetta brautina fyrir tóbaksauglýsingar. Og í fjórða lagi, og það er kannske ekki minnst um vert, er sá ótrúlegi og mér liggur við að segja ósvífni tvískinnungur sem fram kemur í þessu máli. Það er tekið fram í grg. að það sé ekki hæfilegt fyrir ríkið að annast tóbakssölu þar eð sýnt hafi verið fram á skaðsemi tóbaks. Því í ósköpunum skyldi þá ríkið taka að sér að ýta undir tóbaksnotkun í stað þess að hafa tækifæri, með þeirri einkasölu sem það hefur á tóbaki, til þess að draga úr tóbaksnotkun? Ég held að þessi tvískinnungur, sem er bæði í þessu máli og áfengismálum, og nú síðast í bjórmálinu, sé kannske mesta hættan sem stafar af öllum hugmyndum um að gefa slíka hluti frjálsa.

Ég mun ekki geta greitt þessu frv. atkv. mitt og verði till. hv. minni hl. um að vísa málinu til ríkisstj. felld mun ég greiða atkv. gegn frv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil fyrst fagna ræðu hv. 9. þm. Reykv. og þeim orðum sem hann mælti varðandi þetta frv. Hér hefur reyndar verið gerð góð grein fyrir hinum óyggjandi rökum gegn þessu frv. af hv. 3. þm. Norðurl. v., frsm. minni hl. n., og litlu við það að bæta, enda heyrir maður það ævinlega þegar hugur hv. frsm. meiri hl., hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., er greinilega ekki með máli. Það heyrist ævinlega á hans framsögu. Mér þótti ekki mikill sannfæringarkraftur í henni sannast sagna þó að hann hefði greinilega beitt sér fyrir því að verstu agnúarnir væru þarna af sniðnir með því að flytja frv. til breyt. á lögum um tóbaksvarnir.

Ég reiknaði satt að segja ekki með því að hæstv. fjmrh. væri alvara með því að koma þessu máli í gegn, þó að hann vildi sýna það og kanna hver hugur manna væri til þess, og enn síður að honum tækist að ganga þannig frá málum að velflestir, a. m. k. stjórnarsinnar, væru handjárnaðir í þessu máli eins og manni sýnist nú. Ég segi það kannske — þrátt fyrir að þetta sé alvörumál — frekar í gamni en alvöru að ég hélt að hæstv. fjmrh. hefði e. t. v. samið þetta frv. í skelfingu sinni í sumar þegar vakin var athygli hans á því að nikótín væri eitur og hann varð þar mjög undrandi og lýsti því yfir að ef tilfellið væri að í þessu væri eitur vildi hann ekki vera yfirsölustjóri þess eða eitthvað í þá áttina og ekki standa að slíku og vildi skilja öðrum það eftir. Þessi undrun hæstv. ráðh. minnti á hina sakleysislegu undrun hæstv. forsrh. sem hann er viðkunnur fyrir um öll lönd.

Ég hélt hins vegar ekki að þetta væri alvara, en það er greinilega alvara og ég harma að jafnágætur maður og hæstv. fjmrh. skuli leggja fram frv. af þessu tagi sem fær þau mótmæli og þau mótrök sem hér voru tíunduð áðan af hv. 3. þm. Norðurl. v.

Ég harma það ef niðurstaðan hér verður að einhver bisnesslögmál, sem greinilega eru þarna á ferðinni, eru svo í algleymi að það er ekki einu sinni hlustað á þá sem helst og best vita um þessi mál. Það er kannske í samræmi við ýmislegt annað hér, ég er ekki að segja það, en mikið er það dapurlegt ef svo er komið þessari löggjafarsamkundu að rök hins kalda og harða bisness eru orðin allsráðandi með meiri hluta þm. og menn hlusta ekki á aðvaranir þeirra sem gleggst eiga til að þekkja. Ég segi það því, án þess að vera að lengja umr. hér, að menn taka mikla ábyrgð á sig með samþykkt þessa frv. í ljósi þeirra aðvarana sem menn hafa þegar fengið, og áreiðanlega er ekkert of í lagt þar. Ég hlýt t. d. að beina máli mínu til hæstv. dómsmrh., hvort honum þyki það góð latína sem hér er framreidd, eða hv. 3. þm. Suðurl., formanns í reykingavarnanefnd, hvort hann ætlar einnig að standa hér að, hvort þeir muni verða í þeim hallelújakór sem hreinlega virðist ætla að loka öllum skilningarvitum fyrir skynsamlegum rökum í þessu máli og þeirri þekkingu og þeim rökum sem tilreidd eru í fskj. minni hl. frá ekki ómerkari aðilum en þar eru tilgreindir.

Ég spyr því að lokum: Fyrir hverja er þetta gert? Hvaða þrýstihópur er það sem hefur knúið á hæstv. fjmrh. að koma þessu í gegn? Þau rök að ríkið eigi ekki að hafa yfirstjórn sölunnar á hendi, heldur eigi aðrir að gera það, eru vitanlega engin rök. Maður hlýtur að ígrunda hvort hagsmunir umboðsmanna séu hér æðri öllu. Eru það virkilega þeir sem hér er verið að taka tillit til? Ef þetta er gert fyrir neytendur — við vitum að hæstv. fjmrh. hefur mikinn áhuga á að gera ýmislegt fyrir neytendur þessa lands — væri fróðlegt að heyra rökin fyrir því á hvaða forsendum neytendur eiga að njóta hér góðs af, sérstaklega hollusturökin sem fyrir þessu eru. Hvaða hagsmuni er hér verið að koma til móts við? Einhverjir hagsmunir eru það sem reka hér á eftir og knýja á að þessi mál eru komin inn í þennan undarlega farveg sem ég vona reyndar að hv. Ed. beri gæfu til að hafna í ljósi þeirra óyggjandi raka sem hér hafa verið tíunduð gegn frv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég stíg hér í pontuna til að leiðrétta misskilning og byrja þá kannske á þeim misskilningi hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Helga Seljan, að ég sé ekki eindreginn stuðningsmaður þessa frv. Það er ég. Ég tel sjálfsagt að þetta sé gert.

Rökin eru kannske þau, sem andstæðingar þessa máls sjálfir bera fram, að varan mundi lækka í verði, það yrðu hagstæðari innkaup gerð á þessari vöru, það mundi verða aukin samkeppni o. s. frv., að við mundum nota minni gjaldeyri til að kaupa inn sama magn vöru. Talað er um að varan verði aftur á móti of ódýr í útsölu. Þá þekki ég illa til allra fjmrh., fyrrv., núv. og tilvonandi, ef þeir mundu ekki reyna að rétta það af með því að auka sínar tekjur með aukinni skattlagningu. Ég held að við þurfum ekki að óttast að tóbaksvörur verði gefnar þrátt fyrir þetta. Ríkið fær sínar tekjur og kannske meiri eftir en áður.

Að því er varðar öll rökin og gagnrökin í þessu máli, þá liggur fyrir að öll þessi bréf, allar þessar ályktanir, sem hér hafa verið nefndar af hv. 3. þm. Norðurl. v. t. d., hafa ekki eingöngu verið send fjh.- og viðskn. Þau hafa verið send hverjum einasta þm. að því er ég best veit. Menn hafa haft þetta allt saman undir höndum um langt skeið.

Það er líka mesti misskilningur, og ég skil varla hvernig hann hefur getað komið upp, að af minni hálfu eða nefndarinnar hafi verið reynt að reka þetta mál áfram. Það er síður en svo. Það hafa allir verið kallaðir til viðræðna um þetta mál, sem óskað hefur verið eftir, og margsinnis spurt að því hvort menn væru ekki sammála um að kljúfa nefndina. Það var gert í algeru bróðerni, að hún var klofin, og allir nm. um það sammála að afgreiða málið til deildar og láta hana síðan taka sína ákvörðun. Það hefur ekki borið á óeðlilegum hraða eða verið beitt óeðlilegum vinnuaðferðum í einu eða neinu. Ég spurði t. d. hv. þm. Eið Guðnason að því, þegar við kvöddumst í gegnum síma á sunnudaginn, hvort hann óskaði eftir einhverri frestun á þessu máli, — við töluðum um ýmis mál, útvarpsmál o. fl., — vegna þess að hann er erlendis. Hann sagði nei. Það væri alls ekki. Hann er andstæðingur frv. Hann vill vísa málinu til ríkisstj. Og hann sagði mér að ég þyrfti ekki sín vegna að biðja um neina frestun á þessu máli.

Ég held að þetta hafi fengið alveg fullkomlega eðlilega þinglega meðferð hingað til og fái hana núna í dag. Ég vísa öðru algerlega á bug og það hlýtur að vera byggt á einhverju misminni eða misskilningi hv. 3. þm. Norðurl. v. Því miður er hann ekki hér, en hann samþykkti það eins og allir aðrir að við hefðum þennan hátt á. Við kölluðum fyrir alla þá sem óskað var eftir að hafa til viðræðu. Við höfum allir fengið þessi bréf og lesið þau að sjálfsögðu, vissum um alla málavexti, rökin fram og til baka og við komum okkur saman um að þetta væri mál hvers og eins. Þetta er að vísu stjfrv. og væntanlega greiða stjórnarþm. atkv. með því, a. m. k. hygg ég að svo sé um minn flokk, það sé flokksmál þar. En að öðru leyti mundu menn náttúrlega greiða atkv. með eða móti eftir sinni samvisku.

Ég held að það verði hvorki meira né minna reykt eftir en áður. Það fer eftir ýmsu öðru. Menn vita að ég reyki. Mér finnst ágætt að reykja einstaka sinnum. Ég veit að þetta er eitthvað óhollt kannske, en það er nú svo margt óhollt og yfirleitt flest það sem er eitthvað gott. Það er yfirleitt líka talið óhollt. Ég verð að gera

það upp við mína samvisku hvort ég held áfram að reykja eða ekki. Og ég held að það breytist ekki nokkurn skapaðan hlut hvort varan er flutt inn af Rolf Johansen eða ríkinu, Jóni Kjartanssyni. Ég held að mínar reykingavenjur breytist nákvæmlega ekkert við það og tel þetta mál þess vegna ekkert stórmál að þessu leyti til. En mér finnst bara ríkið ekkert eiga að vera að vasast í þessu. Það er hagstæðara fyrir okkar gjaldeyrissjóð og okkar þjóðarbú að það séu gerð skynsamleg innkaup á þessari vöru, sem aldrei verður í ríkisrekstri, og þess vegna er ég eindreginn stuðningsmaður málsins.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mál sem snertir fyrst og fremst heilbrigðisvandamál sem við búum við í þessu landi. Hér er um að ræða mál sem er ákaflega fjölþætt og ástæða til að skoða ítarlega. Ef það er æskilegt að breyta núverandi löggjöf um einkasölu, sem kemur vel til greina, þarf að skoða alla þætti málsins og hnýta það upp þannig að ekki hljótist slys af. Þegar ég segi að við séum að fjalla um mál sem er heilbrigðisvandamál má nefna að skv. upplýsingum landlæknis verða um það bil 300 dauðsföll á ári af völdum tóbaksreykinga. Það er á bilinu 270—330 þar sem um er að ræða bein dauðsföll. Það er um að ræða 150 utanlandsferðir á ári í æðaaðgerðir sem beinlínis eru taldar eiga rætur að rekja til reykinga. Þessi ferðafjöldi hefur aukist mjög á stuttum tíma. Fyrir tveimur árum voru farnar 50 ferðir.

Það er aukin skattheimta í landinu vegna tóbaksnotkunar og kannske þegar allt kemur til alls álitamál hvort um er að ræða tekjur eða tap í sambandi við tóbakið. Það má nefna að allur sá rúmafjöldi sem bundinn er tóbakssjúklingum eða veiki af völdum tóbaks í heilbrigðiskerfinu er feikilega kostnaðarsamur þáttur í heilbrigðiskerfinu í heild. Það má áætla að um 200 rúm séu bundin á ári í heilbrigðiskerfinu. Það eru heldur fleiri rúm en eru á Borgarspítalanum einum og þar eru 1120 stöðugildi svo að þarna er fljótt að safnast í háar upphæðir þegar málið er skoðað ofan í kjölinn — það má einnig taka Vífilsstaði inn í þessa mynd. Þar að auki fylgja alls kyns smærri sjúkdómar tóbaksnotkun, magabólgur, mæði, fótkuldi, lélegt úthald og getuleysi. (**Gripið fram í:** Getuleysi til hvers?) Til svo margra hluta. Hér er því um að ræða mál sem er flókið og margþætt, eins og ég gat um áður.

Ég held að það sem fyrst og fremst vakir fyrir þeim sem mótmæla því að svo hratt sé unnið við þetta mál sem raun ber vitni sé ótti þeirra við verðlagningarstefnuna sem felst í frv. Það segir t. d. í bréfi frá stjórn læknaráðs Landspítalans, með leyfi forseta, þar sem eindregið er varað við þeim tillögum sem fram hafa komið á Alþingi um þetta mál, að þessar tillögur séu söluhvetjandi og beinlínis andstæðar þeim tilgangi tóbaksvarnalaganna að draga úr tóbaksneyslu og heilsutjóni af völdum tóbaks. Nú er það svo að þetta frv. bindur verðlagninguna á sígarettum miðað við innkaupsverð sem þar af leiðandi leiðir til sölu á léttari sígarettutegundum, hvort sem þær eru skaðlegar eða ekki. Verðlagningin hefur verið í höndum ráðh., en frv. tekur mið af innkaupsverðinu. Það er að vísu svigrúm til þess að leggja á vörugjald frá 30—60%, en samt sem áður yrðu ódýrustu sígarettur á markaðinum í dag á 65 kr. pakkinn þegar aðrar færu upp í 100. Það hefur sýnt sig alls staðar að ódýrara tóbak leiðir til aukinnar notkunar á því.

Nú eru Íslendingar eina þjóðin, a. m. k. á Norðurlöndum, sem er með sveigjanlegt verð á tóbaki. Í Finnlandi er pakkinn seldur á 60—63 kr., í Svíþjóð á 68 kr., í Danmörku á 88—90 kr., í Noregi á 101 kr., en á Íslandi er verðið 53—78 kr., meðalverð 66 kr. Nú er talað hér um tóbaksvarnalög sem eru nýsamin og nýafgreidd frá Alþingi en hafa þó strax skilað árangri. Það má benda á að tóbakssala á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hefur minnkað um tæp 6%. Þar er minnstur samdráttur í sígarettusölu, 4%, þrátt fyrir hlutfallslega hátt verð, því að frönsku sígaretturnar sem komu inn á markaðinn í fyrra hafa dregið til sín viðskiptavini og tekið viðskipti af öðrum tóbaksinnflytjendum. Þar er minnkunin 4%. Í vindlum er minnkunin 5.3%, í reyktóbaki 23.5% og í neftóbaki er minnkunin um 10.3%. Ef við lítum á notkun tóbaks sem heilbrigðisvandamál, sem ég tel að eigi fyrst og fremst að gera, þá er það borðliggjandi að það hlýtur að þurfa að vanda vel til ef það á ekki að stíga skref aftur á bak í þessu efni.

Í sambandi við framkvæmd tóbaksvarnalaganna, í sambandi við merkingar og viðvaranir á umbúðum og framkvæmd laganna, þá hafa íslenskum heilbrigðisyfirvöldum borist bréf víða að utan úr hinum stóra heimi þar sem talsmenn í heilbrigðismálum segja það ákveðið að Íslendingar hafi framkvæmt það í þessum efnum sem aðrar þjóðir vildu hafa gert og Íslendingar séu þannig brautryðjendur í baráttu við mikið heilbrigðisvandamál. Það ber því allt að sama brunni: það er ástæða til að fara mjög varlega.

Það er sagt að á Íslandi sé tóbakseinkasala, en tóbakseinkasalan er í rauninni ekki í gildi á Íslandi. Í rauninni hafa, um skeið a. m. k. verið framin lögbrot í sambandi við tóbakseinkasöluna vegna þess að það mun hafa tíðkast hjá einhverjum tóbaksinnflytjendum að kaupa tóbak hjá Áfengis- og tóbaksversluninni og selja það síðan öðrum aðilum úti í þjóðfélaginu með ýmiss konar lánafyrirkomulagi. Skv. núgildandi lögum er þetta brot á einkasölunni. Þarna er farið í kringum lögin og er ástæða til að vekja athygli á því í þessari umræðu.

Nú eru um það bil 40 tegundir af tóbaki á markaði á Íslandi, en talið er að með breytingu á lögunum muni þær tegundir fara yfir 100. Að vísu er gert ráð fyrir að síðar síist eitthvað út, þeim fækki, en þarna er talið að framboð muni aukast mjög verulega. Samkeppnin eykst verulega. Það er hætta á því að það skapist svigrúm fyrir þá sem eru í tóbakssölu til að auka tóbaksnotkunina með margs konar starfsemi fremur en hitt og umfram það sem lög frá Alþingi s. l. ár hafa gert ráð fyrir og hefur verið unnið markvisst að. Ég held t. d. að það ætti að standa í slíkum lagabálki sem hér um ræðir að það væri háð leyfi heilbrigðisyfirvalda hvort ætti að fjölga tegundum og þó sérstaklega ákvæði um innihald tjöru og nikótíns í tóbaki, þar væri hámark á. Þannig væri hægt að hafa nokkra stjórn á því að ekki færu á markaðinn ódýrar tegundir sem væru hættulegastar heilsu manna. Þetta ákvæði er ekki í lögunum, en ég vona að sú nefnd sem fjallar um málið skoði það fyrir 3. umr. og e. t. v. er þá ástæða til að koma með brtt. í málinu af það hnýtist ekki upp eins og eðlilegt er.

Það má segja að þessi þrjú atriði, verðlagningarstefnan sem er bundin með frv., fjöldi tegunda sem mun

aukast og engar hömlur á innihaldi tóbaksins, séu mestu vankantarnir á frv. og því hefði verið ástæða til að skoða það betur þótt frv. komi alveg til greina í heild. En það eru vankantar á því sem ég tel að þurfi að skoða og rétta af svo að þarna fari ekki úr böndum það sem menn hafa verið að vinna að í langan tíma og borið hefur árangur, sýnilegan árangur, með framkvæmd laga frá Alþingi.

Það má skjóta því hér að, þegar talað er um tekjur af tóbaki, að hlutur ríkisins í verði eins sígarettupakka er, þegar við tölum um t. d. bandarískar sígarettur sem kosta 76,10 kr. í smásölu, 50,20 kr. af 76,10. Þegar við tölum um franskar sígarettur, sem kosta 53,30 í smásöluverði, þá er hlutur ríkisins 39,60. Þess vegna ætti það ekki að vera andstætt hagsmunum ríkisvaldsins, um leið og unnið er að framgangi heilbrigðismála, að hafa hátt sígarettuverð. Þar er um að ræða hærri tekjur. Þar er um að ræða minni freistingar fyrir fólk þessa lands til þess að ánetjast tóbaki. Það ætti þannig að hjálpa til í þessu stóra heilbrigðisvandamáli sem notkun tóbaks er miðað við allar þær upplýsingar sem liggja nú fyrir, upplýsingar sem voru kannske ekki á takteinum fyrir 15—20 árum, en eru staðreynd í dag og munu vonandi verða þess valdandi að ungt fólk byrjar síður að nota þennan vímugjafa.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég bið forseta afsökunar á því að hafa komið of seint vegna anna uppi í rn., málið var komið á dagskrá þegar ég kom, en það sem ég hef heyrt af umr. hér og nú er umtal og ræður um allt annað frv. en hér er á dagskrá. Hér er ekki verið að tala um hollustu eða óhollustu tóbaks. Hér er ekki verið að tala um að selja eða selja ekki tóbak. Hér er ekki verið að tala um að læknar eða læknaráð eigi að taka ákvörðun um hvort svo og svo mikið tjörumagn eigi að vera í tóbaki sem selt er til landsins, hvað tóbak megi gera mikinn skaða þeim Íslendingum sem reykja og hvað tóbak megi deyða marga skv. ummælum landlæknis og hv. formanns tóbaksvarnanefndar. Hér er eingöngu verið að tala um það hvernig sölufyrirkomulag skal vera. Það er ekkert annað sem þetta frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum segir til um. Eru menn að eðlisfari með eða eru menn að eðlisfari á móti öllum breytingum? Vilja menn hafa einkasölu almennt? Ég tel t. d. að það sé brot á lögum sem varða landlækni ef hann bannar ekki þær vörur á neytendamarkaði sem hann sjálfur segir að deyði hundruð manna á ári hverju. Ég væri fyllilega reiðubúinn til að taka þátt í því. En hér er verið að tala um sölufyrirkomulag, ekkert annað. Hér er verið að tala um að ríkissjóður hafi ekki þann kostnað af dreifingu og sölu á tóbaki sem hann hefur hingað til haft, að það verði alfarið á vegum umboðsmanna, eins og aðrar vörutegundir, án þess að ríkissjóður tapi tekjum. Það er ekkert annað sem hér er til umr.

Ég veit að Alþb. er flokkur sem helst vill gæta hagsmuna umboðsaðila og þar á meðal mín líka. Þeir hafa ekki ósjaldan kallað mig umboðsmann og jafnvel umboðsmann þeirra sem síst ætti að taka til fyrirmyndar þrátt fyrir ummæli hv. 2. þm. Austurl. hér áðan. (**HS:** Ég sagði ekki það.) Þú sagðir að ég væri að mörgu leyti til fyrirmyndar, en það hefur ekki alltaf verið sagt úr þessum ræðustóli nema síður sé. Hingað til hef ég í augum Alþb.-manna verið tákn þess sem ekki ætti að taka til fyrirmyndar, en þeir eru að linast í sínum kommúnisma þannig að þeir eru að smáfærast yfir til sjálfstæðis. Ég lít alla vega, eins og ég hef sagt hér áður, svo á að þið í hinum flokkunum séuð í eins konar endurhæfingu og endanlega skiljið þið tilgang lífsins og komið yfir í Sjálfstfl. En að þið mynduð fara svona hratt að taka upp vörn fyrir umboðsaðila og innflytjendur á einhverjum vörutegundum hélt ég að ég ætti ekki eftir að lifa að heyra.

En málið er hvort umboðsmenn eiga að hafa kostnað eða eiga ekki að hafa kostnað af dreifingu þeirrar vöru sem þeir bjóða. Ég hef sjálfur verið umboðsmaður fyrir tóbak og veit nokkurn veginn hvað ég er að tala um. Það er ákaflega þægilegt að geta hringt í eitt símanúmer og spurt hvort það vanti vöru á lager og hvort pöntun sé þá ekki að koma og bíða svo þangað til Áfengisverslunin fær sendinguna og ríkissjóður er búinn að fjármagna það allt saman og dreifikostnaðinn líka. Hér er verið að létta af ríkinu gjöldum og öllum dreifikostnaði og fyrirhöfn af tóbaki, sem er þó nokkur baggi, og leggja það á viðkomandi umboðsmenn.

Það er ekki oft sem okkur greinir á, hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. hæstv. fjmrh., og mig, en okkur greinir á í þessu máli þar sem hann leggur til að málinu sé vísað aftur til ríkisstj. Málið er búið að vera í ríkisstj. Það er búið að vera í stjórnarflokkunum, eins og kom fram hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn., 4. þm. Norðurl. v., þannig að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess.

Mér þykir leitt að heyra að hv. 9. þm. Reykv. telur það af hinu illa að það skuli koma upp samkeppni um verð. Ég held að það geti verið til hins góða. Ég get bent á að án þess að ríkissjóður tapi tekjum, hefur samkeppnin orðið til þess að sú tóbakstegund sem er hvað dýrust á markaðinum hefur lækkað um 20%. (Gripið fram í.) Auðvitað er þægilegt að fá það. En tekjur ríkissjóðs eru markaðar og þær verða þá teknar í tolli. Hitt er svo annað mál að ekki er hægt að banna að verðleggja vöru í samræmi við kostnað, innkaupsverð o. fl. Ég held að Háskólinn ætti að fara að kenna mönnum betri fræði en það að varan skuli vera þeim mun dýrari í útsölu á Íslandi eftir því sem hún er ódýrari í innkaupum frá útlöndum. Það eru ný fræði fyrir mig.

Sagt er að slík lög brytu gegn tóbaksvarnalögum. Þau brjóta ekki gegn neinum tóbaksvarnalögum. Eins og ég sagði er hér verið að tala um fyrirkomulag á sölu. Ef það verður samþykkt, þá verður það að lögum. Það er ekki verið að brjóta nein lög. Þá væri verið að fara eftir nýjum lögum. Ég frábið mér að ég sé að sýna í starfi sem fjmrh. — ég vona að hv. 9. þm. Reykv. heyri til mín — einhverja ósvífni með þessu frv. sem ég skrifaði orðrétt, að vitað sé um skaðsemi tóbaks og í þessu sé einhver tvískinnungsháttur. Tvískinnungsháttur inn liggur í því að tóbaksvarnanefnd eða heilbrigðisnefnd eða landlæknir skuli ekki banna tóbak úr því að þeir fullyrða að fleiri hundruð Íslendingar deyi af tóbaksreykingum á ári. Þetta frv. frá minni hendi er eingöngu um það breytta sölufyrirkomulag, dreififyrirkomulag, sem það getur um, ekkert annað.

Mér er það fullkomin alvara, svo að ég svari hv. 2. þm. Austurl., að leggja niður tóbakseinkasöluna. Helst vildi ég leggja niður allar einkasölur, bæði á inn- og útflutningi. En nikótín er eitur, sagði hv. 2. þm. Austurl., og gat þess að ég vildi ekki standa að sölu þessa eiturs. Það er alveg rétt. Ef Alþingi er reiðubúið

að samþykkja að hætta tóbakssölu á Íslandi, þá er ég reiðubúinn að standa að því, ef Alþingi treystir sér til þess og heldur að fólk fari eftir því. Það kallar bara á smygl og tekjumissi fyrir ríkissjóð. Mér er mjög mikil alvara með flutningi þessa máls.

Ég vil biðja menn um að hafa í huga að hér er ekki verið að breyta öðru en dreifingarkerfi á tóbaksvörum og leggja kostnaðinn við dreifinguna á þá sem hafa af fjárfestingu ríkissjóðs tugi milljóna í tekjur án þess í sumum tilfellum að hafa einu sinni fyrir því að skrifa pantanirnar til fyrirtækjanna hvað þá heldur annað. Ég vona að það teljist vera að hafna skynsamlegum rökum ef menn leggjast gegn þessu frv. (Gripið fram í.) Fyrir hverja er þetta gert? er spurt. Er þetta gert fyrir áhrif þrýstihópa, umboðsaðila? Ég hugsa að engir séu óánægðari með þessa breytingu en einmitt umboðsaðilar sem nú þurfa að fara að vinna fyrir sínum tekjum, sem þeir ekki hafa gert hingað til, og þar tala ég líka af reynslu sem fyrrv. umboðsmaður fyrir tóbak. Þetta er alveg öfugt. Fyrir hvern er verið að tala þegar talað er gegn því að þeir sem hafa tekjur af innflutningnum, umboðsaðilarnir, hafi líka fyrirhöfnina og kostnaðinn af dreifingunni. Eru þeir sem tala svona, eins og hér hefur verið talað, að tala fyrir umboðsmennina sem þrýstihópur? Þeir eru að tala á móti hagsmunum ríkisins því að það stendur ekki til að ríkið tapi á þessari breytingu og það stendur ekki heldur til að tóbaksvarnanefnd missi af þeim tekjum sem hún hefur af innflutningi tóbaks til að standa undir sinni starfsemi.

Við erum ekki að tala um hollustu eða óhollustu tóbaks. Við getum verið sammála um það. Engir af þeim sem hafa gefið neikvæða umsögn um þetta frv. hafa talað um frv. eins og það er, sem breytingu á sölufyrirkomulagi, heldur um hollustuþátt tóbaks eða óhollustu. Tóbaksvarnanefnd og læknar leggja ekki til að banna skaðvaldinn og deila ekki heldur á neitt annað en sölufyrirkomulagið. Sem sagt: þeir vilja hafa einkasölu á tóbaki eins og hún er og hefur verið. Enginn þeirra hefur talað um að sölufyrirkomulagið sem slíkt sé skaðvaldur, ég hef ekki heyrt það, og ekki heldur það sem lagt er til.

Eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl., hv. þm. Árna Johnsen, sem er formaður tóbaksvarnanefndar, telur hann fyrst og fremst að málið sé heilbrigðismál sem er alrangt. Og hann telur að þurfi að búa þannig um málið að ekki hljótist slys af. Það skyldi þó aldrei vera lífsskoðun formanns tóbaksvarnanefndar, félaga míns í Sjálfstfl., að það geti hent sig að allt annað en einkasala gæti orðið til þess að stórslys hendi þjóðina. Ég vona að það sé rangtúlkun hjá mér því að málið snýst ekki um neitt annað en sölufyrirkomulagið. Ég get ekki séð hvaða slys getur hent þjóðina vegna þess arna.

En hv. þm. vitnar mikið í landlækni og nefndi þar, ef ég fer rétt með það eftir minni, að dauðsföll sem hægt er að rekja til tóbaksreykinga séu 300 á ári. Má ég spyrja hér úr ræðustól? Fer ég rétt með? **(Gripið fram í:** Já.) Ef það er rétt, af hverju taka þá ekki heilbrigðisyfirvöld og landlæknir til hendi á annan hátt en ráðast gegn sölufyrirkomulagi? Það liggur ekki í sölufyrirkomulaginu að tóbak er skaðlegt. Það liggur í því að leyft er að reykja það, það er leyft að flytja það inn. *Landlæknir hefur, þrátt fyrir mín ummæli á opinberum* vettvangi sem ráðh., ekki séð sér fært að gera nokkurn skapaðan hlut til að hefta þennan skaðvald sem er líklega mesta orsök fyrir dauðsföllum á Íslandi ár eftir ár eftir þessum upplýsingum að dæma. Því til viðbótar staðhæfa menn að það sé hægt að rekja flestar orsakir til utanfarar vegna krankleika til tóbaksreykinga. Eftir hverju eru heilbrigðisyfirvöld yfirleitt að bíða? Eru þau virkilega að bíða eftir því að þetta verði meira vandamál? M. a. s. undir því fyrirkomulagi sem menn hér tala fyrir, þ. e. einkasölu, hafa 300 menn dáið af því að það er einkasölufyrirtæki hérna sem selur þetta eitur. Ég held að það breytist ekkert þó einstaklingar fari að flytja sjálfir inn sínar vörur og hafa kostnað af dreifingunni.

En ef tóbakið er rót alls þess illa sem hér hefur komið fram, þá er spursmálið: Tóbak eða ekki tóbak. Það er ekki spursmál um einkasölu eða frjálsa dreifingu þeirra sem hafa af því hagnað. Ódýrara tóbak hefur ekkert með það að gera. Hvort Camel-pakki eða önnur tegund verður ódýrari við það að einkaaðilar fara að flytja það inn en það er með einkasölu hefur ekkert með það að gera hvort tóbak er skaðlegt eða ekki skaðlegt. Frönsku sígaretturnar sem hingað eru fluttar inn, sem ég þekki nú ekki því að ég reyki ekki sígarettur eins og þm. hafa orðið varir við, eru á lægra verði en aðrar og fólk vill reykja þær. Hvers konar forsjá er þetta? Eins og hv. talsmaður fjh.- og viðskn. sagði, má fólk ekki njóta þess að fá ódýrari vörur en nú eru á markaðinum ef það er hægt? Er það skylda alþm. að ganga úr skugga um það varanlega og endanlega að vörurnar séu dýrar? Þær eiga bara að vera dýrar. Fólk á ekki að fá að versla ódýrt. Hvaða vörutegund sem það er. Ef það eru 40 sígarettutegundir í dag er giskað á og jafnvel fullyrt, án þess að menn hafi hugmynd um hvað þeir eru að tala um, að þær verði 100 eftir skamman tíma. Þetta er nákvæmlega eins og þegar auglýsingabannið var sett hér á laggirnar. Þá var talað um að það mundi draga úr reykingum, það mundi draga úr tóbakssölu. Það eina sem dró úr var að auglýsingakostnaðurinn sem fyrirtækin höfðu staðið undir hér á landi kom ekki til landsins og fyrirtækin græddu þeim mun meira. En tóbaksreykingar héldu áfram að aukast í sama hlutfalli og áður. Þetta er sama reynsla og Ítalirnir hafa orðið fyrir þau þrjú skipti sem þeir bönnuðu auglýsingar. Auglýsingarnar voru ekki taldar auka á reykingar, heldur á samkeppni milli tegunda í þá átt að fá reykingamenn til að reykja eina tegund annarri fremur. Þetta liggur allt skjalfest fyrir í plöggum Alþingis. Það var útvegað þegar auglýsingarnar voru á dagskrá fyrir nokkuð mörgum árum.

Hér er ekki verið að tala um að heilbrigðisyfirvöld kveði á um hvaða tegundir séu á markaðinum, það er ekki verið að tala um hvort tóbak á að vera á markaðinum eða ekki að vera á markaðinum. Það er ekki verið að tala um tjörumagn. Það hefur ekkert af þessu komið frá heilbrigðisyfirvöldum eða landlækni. *Það er ekki heldur verið að ákveða hvaða eiturmagn má* selja á Íslandi, úr því að við viðurkennum að það sé eitur í sígarettum, né heldur hve mörgum Íslendingum tóbak má spilla eða má ekki spilla. Það er eingöngu verið að tala um sölufyrirkomulagið. Og svo standa Alþb.-menn fremstir í fylkingu. Gaman að sjá þá framarlega í fylkingu einhvers staðar. En þetta er allt annað mál sem hér hefur verið rætt. Það er sölufyrirkomulagið sem er til umræðu en ekki tóbak eða tóbaks-

leysi eða skaðsemi tóbaksreykinga almennt.

Ég legg til að þær tillögur sem koma frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. á þskj. 943 verði samþykktar. Þær verða til að tryggja að tóbaksvarnanefnd hafi sínar tekjur. Að öðru leyti legg ég til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að hafa mörg orð hér um, en það má hæstv. fjmrh. vita að ekki tel ég hann svo alvondan, og ég hélt að hann vissi það fyrir, að ef mér yrði það á að hæla honum hér í ræðustól væri það algert fráhvarf frá lífsstefnu minni. Það er þvert á móti. Ég hæli manninum, hæstv. fjmrh., þegar mér sýnist að hann eigi það skilið. Það er mér hins vegar alveg gersamlega ómögulegt eftir þá ræðu sem hann flutti hér áðan því slíks eðlis voru þeir mörgu hringir sem hann fór í sinni 20 mínútna tölu að það væri að æra óstöðugan að fara ofan í allt það rugl sem þar kom fram.

Hann talaði t. d. um að þetta frv. væri misskilið af þeim sem væru því andvígir hér og það væri misskilið af öllum þeim sem hafa um þetta fjallað, hvort sem það eru starfsmenn heilbr.- og trmrn. og landlæknisembættis með héraðslæknum alls staðar frá, læknaráð Landspítalans, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands eða tóbaksvarnanefnd. Enginn hefur lesið frv. eins og á að lesa það. Hvernig á þá að lesa það? Jú, hæstv. fjmrh. fræddi okkur um það. Frv. er flutt, að hans eigin sögn, til að klekkja á umboðsaðilum. Frv. er flutt til þess að klekkja á umboðsaðilum og láta þá fara að vinna fyrir kaupinu sínu. Það er ástæðan fyrir þessum frumvarpsflutningi, að sögn hæstv. ráðh. (**Fjmrh:** Ekki eina ástæðan.) Ein af ástæðunum — aðalástæðan í raun og veru því að hann margendurtók: Það er sölufyrirkomulagið sem hér er verið um að ræða. Heilbrigðismál og annað þvíumlíkt koma þessu máli ekkert við. — En það vill svo til að þetta er nátengt engu að síður og það er það sem þessir menn sjá, hinir fjölmörgu menn sem hafa lesið þetta frv. og skilið hvaða afleiðingar það getur haft og eru að vara við því.

Ég held að menn hafi ekkert misskilið í þessu, hæstv. fjmrh. En vel kann að vera, og þar mælir hæstv. fjmrh. af reynslu, að umboðsmannakerfið sem slíkt sé hreinn fáránleiki. Þá segi ég við hann og svara með hans eigin orðum: Þá skulum við afnema það. (**Fjmrh.:** Veistu hvað þú ert að tala um?) Já, ég veit að hæstv. fjmrh. fer strax að segja: Aðilarnir úti í heimi vilja ekki sleppa umboðsaðilum sínum hér heima. Ég þykist vita það. (**Fjmrh.:** Skiptir engu máli.) Jú, það er eitt af þeim meginmálum sem hafa verið tíunduð í þessu sambandi. Ég ætla ekki að fara út í frekari umræður um það. En það má heita undarlegt ef þetta er gert til að klekkja á umboðsaðilum varðandi tóbakssölu og þeir hafa ekki látið til sín heyra, mótmælt, heldur eru það allt aðrir aðilar sem mótmæla hér og eru hræddir við afleiðingar af þessu máli. Það er undarlegt.

Frv. er ekki um bann á tóbaksneyslu, segir hæstv. ráðh. Það hefur enginn talað um það hér nema hann. Það sem menn eru að vara við í athugasemdunum sem hér hafa verið gerðar og hafa verið tíundaðar hér, eru afleiðingar þeirrar breytingar á sölufyrirkomulagi — eins og hann sagði: á sölufyrirkomulagi — sem hér er verið að gera og þeim afleiðingum sem koma örugglega í kjölfarið. Ég held að það sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði hér um þetta mál hafi verið ein allsherjar aðvörun gagnvart þessu máli í heild sinni og það færi vel á því einmitt í tengslum við þetta að menn ræði um heilbrigðisþáttinn. Vitanlega þýðir ekki að deila hér, eins og hæstv. fjmrh. gerði, á landlæknisembættið og heilbrigðisyfirvöld af því að þau geri ekkert í þessu. Þessir aðilar hafa vissulega gert margt í þessum efnum og hefur ekki staðið á þeim að framfylgja þeim fyrirmælum sem löggjafinn hefur sett þeim, síður en svo. Og vitanlega er það meginmálið að landlæknir bannar ekki þessa hluti. Það er Alþingi sjálft sem verður þar að taka afstöðu.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði að þetta væri sitt hjartans mál, enda flokksmál. Þá fer flest að verða undarlegt í þessu máli ef flokksmálin eru honum slík hjartans mál eins og hann sagði með hæfilegri túlkun, ef það nægir til stuðnings. (**EKJ:** Það eru önnur mál mér hjartfólgnari en þetta, það er rétt.) Já, það eru önnur mál þér hjartfólgnari, það er víst óhætt að segja.

Hv. 3. þm. Suðurl. sagði að þyrfti að sníða af þessu frv. vankanta til þess að allt færi hér ekki úr böndum. Hann lítur þá reyndar þannig á að þetta frv. þurfi vissulega lagfæringar með, jafnvel þó að það sé orðið að flokksmáli.

Það fer líka vel á því að menn tali um tekjur og gjöld ríkisins í tengslum við þetta mál. Ég held að menn eigi ekki að vera að gantast, eins og mér fannst hæstv. fjmrh. vera að gera, með afleiðingar þessa varðandi dauðsföll. Mér þykir leitt að hann skyldi fara að svara hv. 3. þm. Suðurl. á svo alvörulausan hátt. Hann sagði að 300 menn færu árlega af afleiðingum þess, eins og hann sagði, að einkasala hefur verið á þessu. Þetta er billegt, segir hæstv. ráðh. og er nýbúinn að flytja einhverja billegustu ræðu sem hann hefur flutt hér á Alþingi, en ætlar á eftir að koma mér í allan skilning um umboðsmannakerfið og nauðsyn þess. Og ég hlakka til þeirrar kennslustundar því að ég veit að hann er allra manna fróðastur um þau mál, enda nátengdur því eins og hann margtók fram áðan.

Ég held að ekki sé óeðlilegt, hæstv. fjmrh., að menn ræði einmitt heilbrigðisþáttinn nátengt þessu máli. Og ég vil mótmæla því fyrir hönd allra þeirra fjölmörgu marktæku aðila sem hér hafa gert aths. að þeir séu að fara með tómt rugl, að álit þeirra byggist á eintómum misskilningi, að það sé ekkert að marka hvað þeir segja um þetta, þeir séu alls ekki að tala um það sem málið snýst um og annað þvíumlíkt. Ég mótmæli fyrir þeirra hönd þeim ásökunum sem hæstv. fjmrh. lét falla í þeirra garð hér áðan. Ég mótmæli líka þeim ádeilum hans á heilbrigðisyfirvöld og landlækni að það sé þeirra sök að þannig hefur til tekist um illar afleiðingar af tóbaksneyslu. Þar er fyrst og fremst við löggjafann að sakast, enda kom hann reyndar inn á það annars staðar í sinni ræðu að Alþingi ætti þá að taka þar af skarið. Og ég mótmæli einnig þeim ádeilum og óbeinu árásum á þessa aðila að það sé vegna þess að þeir standi ekki í stykkinu sem ástandið er jafnalvarlegt í þessum málum og raun ber vitni.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Það fór held ég ekki milli mála í þeim fáu orðum sem ég sagði hér áðan að ég væri andvígur þessu frv. vegna þess sölufyrirkomulags sem þar væri stungið upp á, af því að ég tel það sölufyrirkomulag ekki til þess fallið að draga úr tóbaksnotkun, heldur þvert á móti. Ég taldi einnig að verðstríð, þar sem um væri að ræða lækkað verð á vöru,

gæti aukið neyslu. Þetta tel ég skaðlegt. Ég tel að með lögum um tóbaksvarnir hafi verið stigið mjög merkilegt skref til þess að vernda a. m. k. þá sem ekki reykja fyrir reykingum. Það er sannað mál að þær eru skaðlegar, ekki aðeins fyrir þá sem reykja, heldur einnig fyrir þá sem eru innan um reykingafólk. Auknar reykingar fjölga væntanlega sjúkdómstilfellum og út frá því sjónarmiði einu eru þær skaðlegar.

En það er líka fleira í þessu. Ég held að einmitt með því að afnema einkasölu ríkisins sé verið að sleppa þessu máli algerlega lausu. Og því hefur ekki verið svarað. Hæstv. fjmrh. hefur hrist það af sér, þeirri spurningu hefur ekki verið svarað hvort ekki sé líklegt að verðstríði fylgi auglýsingastríð. (**Fjmrh.:** Auglýsingar eru bannaðar.) Þær eru bannaðar, já. Sala bjórs er líka bönnuð á Íslandi en við vitum hvernig því máli var fyrir komið, hvernig það var brotið niður innan frá hægt og rólega og vitandi vits. Núna stöndum við svo gagnvart því að setja löggjöf sem búið er að stuðla að af ákveðnum aðilum árum saman með lögbrotum og með því að víkka reglur stanslaust. Og það er nákvæmlega það sama sem ég óttast í sambandi við breytt sölufyrirkomulag á tóbaki.

Tvískinnungurinn, sem ég talaði um og leyfði mér að kalla ósvífni, hann er ekki aðeins í þessu, heldur í því að ætla sér að koma með einhvers konar syndakvittun með því að auka fjárveitingar til áfengisvarna, til tóbaksvarna, til alls konar varna, sem greitt er af hagnaði af sölu slíkra eiturefna. Það kalla ég tvískinnung. Og ég held að mér sé alveg óhætt að kalla það ósvífni, ekki síst ef það kemur frá hæstv. ríkisstj. Og í sambandi við ummæli hæstv. fjmrh. um landlækni, að hann eigi að stuðla að því að sett verði bann við tóbaksbrúkun, af hverju gerir hæstv. fjmrh. það ekki? Það segir hér í aths. við lagafrv. frá fjmrh.:

„Þá er og bent á það að óviðeigandi sé, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak."

Þarna tekur hæstv. fjmrh. undir röksemdir heilbrigðisyfirvalda og gerir að sínum en snýr þessu algjörlega við og gerir það að rökum fyrir því að afnema einkasölu ríkisins. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. hefur skrifað hér að það sé óviðeigandi, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak. (Gripið fram í.) Það er þá a. m. k. tekið mark á því. Þessi rök eru tekin inn í grg.

En ég ætla ekki að lengja þetta mál. Ég held að ég hafi gert grein fyrir því meginsjónarmiði mínu að ríki og Alþingi beri skylda til einmitt að hafa vit fyrir fólki, eins og það er kallað í hæðnistón af ýmsum, bæði innan þessarar hv. löggjafarsamkomu og utan hennar. Ég held nefnilega að eitt af meginatriðum löggjafar sé að skipa málum á hinn besta hátt fyrir fólkið í landinu. Og meðal þess er einmitt „að hafa vit fyrir fólki".

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Ég ætla nú að byrja á því að létta af áhyggjum hæstv. fjmrh. um mína skoðun á einkasölu. Ég tel að ekkert mæli á móti afnámi einkasölu og í rauninni sé það æskilegt. En ég tel að það þurfi að gera það þannig að sæmilega megi við una. Og ég held að það sé hægt að breyta þessu frv. þannig að það sé viðunandi. En það er ekki víst að það sé hægt á svo stuttum tíma sem til stefnu er og þess vegna hefur verið rætt um að æskilegt væri að fá lengri frest í málinu. Ég mun koma að því aðeins síðar í mínu máli.

Fyrst vil ég aðeins víkja að því sem hæstv. fjmrh. sagði, að verið væri með aðdróttanir um að það væri verið að brjóta lög um tóbaksvarnir. Það er ekki mín skoðun að verið sé að brjóta þau. En þessi löggjöf skarast við það verkefni sem tóbaksvarnalögin kveða á um og tóbaksvarnanefnd hefur unnið að.

Að hér sé eingöngu um að ræða frv. um breytt sölufyrirkomulag, það er önnur hlið málsins. Þó að frv. fjalli um það, þá er þarna um að ræða þætti sem eru svo samtvinnaðir að það verður að horfa til beggja átta í þeim efnum. Það er staðreynd skv. þeim tölum sem birst hafa frá opinberum aðilum á Íslandi að sjötta hvert dauðsfall á landinu fyrir aldur fram er af völdum tóbaksreykinga, það er staðreynd. Og það er hátt hlutfall.

Það var vikið að hinum ódýrari sígarettum. Frönsku sígaretturnar, sem hér hefur verið talað um, voru með 12% af markaðnum í desember s. l. En í mars og apríl voru þessar sígarettur komnar með 45% af markaðnum. Mesta salan á þessum ódýrari tegundum er í nágrenni skólanna, í sjoppum í nágrenni skólanna. Þar hefur orðið veruleg aukning á sölu tóbaks. Þess vegna hafa þeir menn sem hafa verið valdir til þess að vinna að tóbaksvörnum áhyggjur af því að þegar leyft er lægra verð ýti það undir það að fleiri unglingar byrji að reykja. Og allir eru sammála um að æskilegast sé að unglingar byrji aldrei að reykja. Allir eru sammála um það. Enginn mælir hinu bót.

Nú er að koma á markaðinn ný sígarettutegund frá Sviss og hún verður ódýrari en frönsku sígaretturnar. Það má því reikna með að innan ekki langs tíma hafi þessar tvær tegundir lagt undir sig um 90% af markaðnum. Og ef það er staðreynd, eins og allt bendir til og allar staðreyndir leiða í ljós, að lágt verð á sígarettum leiði til aukinna reykinga þá erum við þarna á rangri leið. (**Gripið fram í:** Það breytist.) Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur kallað reykingar farsótt. Það er dálítið stórt orð. Annars vegar ræðum við um frelsi í viðskiptum en á hinn bóginn erum við líka sammála um það, ugglaust bæði við hæstv. fjmrh. og aðrir þm., að eiturefni eigi ekki að vera háð sömu skilyrðum í innflutningi og almennar vörutegundir, enda höfum við sérstaka löggjöf um innflutning eiturefna. Og einmitt á þeim nótum verðum við að mínu mati að taka tillit til þess hvaða vöru við erum að flytja inn í landið með hættulegum efnum í. Þar er tóbak innifalið þó að það flokkist ekki undir hina hefðbundnu eiturefnaupptalningu.

Það er kannske fyrst og fremst verðlagningarþátturinn, að verðið verði ekki of lágt, sem má beita til þess að reyna að fyrirbyggja að krakkarnir og unglingarnir byrji að reykja. Það eru tvö vopn tiltæk gegn notkun tóbaks. Í fyrsta lagi fræðsla, í öðru lagi verðlagning. Og þetta er samtvinnað. Það eru þrjú atriði, ég gat um þau áðan og ég ætla aðeins að endurtaka það, það eru þrjú atriði sem ég tel að þurfi að hnýta betur upp í þessu frv. til þess að hægt sé að tala um það í fullri alvöru:

Í fyrsta lagi, hæstv. fjmrh., að ekki verði 60% þak á vörugjaldinu. Í öðru lagi að tóbaksgjaldið geti verið háð ákvörðun ráðherra án þess að hann sé rígbundinn vísitölunni. Og í þriðja lagi að innflutningur tóbaks sé háður leyfi heilbrrh. eins og innflutningur á öllum eiturefnum, að sótt sé um leyfi fyrir hverri tegund af tóbaki. Og þá gæti það t. d. verið viðmiðun hvert magn

skaðlegra efna er í tóbakinu. Talað hefur verið um að æskilegt væri a. m. k. í byrjun að miða við 15 mg tjöru og 1 mg af nikótíni sem hámark. Svo að ég nefni eina tegund er Winston með 17—18 mg af tjöru og fjölmargar ódýrari tegundir hafa mikið tjöruinnihald. Þarna gæti því verið viðmiðun. En þessi þrjú atriði tel ég grundvallaratriði til þess að hægt sé að hleypa þessari breytingu í gegn, vegna þess að við eigum að líta öðrum augum viðskiptahætti í innflutningi og sölu eiturefna heldur en annarra vörutegunda sem við notum í okkar landi.

ATKVGR.

Till. á þskj. 950, um að vísa frv. til ríkisstj., felld, að viðhöfðu nafnakalli, með 10:5 atkv. og sögðu

já: HÓ, HS, KJóh, RA, SkA.

nei: AG, BD, DA, EgJ, EKJ, JHelg, JK, VI, ÞK, SalÞ.

4 þm. (EG, KSG, SDK, StB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.

2.—9. gr. samþ. með 10:4 atkv.

Brtt. 943,1 (10. gr. falli niður) samþ. með 10:1 atkv.

11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 10:4 atkv.

Brtt. 943,2 samþ. með 10:1 atkv.

12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Sjóðir atvinnuveganna, frv. 505. mál (þskj. 944). — Frh. 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr., en alténd hefur mér þó gefist tími til að lesa þetta frv. S. l. mánudag hélt ég uppi harðorðri gagnrýni á málsmeðferð, en fór ekki í efnisumræðu. Eftir lestur þessa frv. er ég hins vegar alveg jafnnær um tilganginn með þessu frv., nema þá að sýna þurfi frv. til að uppfylla atriði úr sáttmálaleik þeirra hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteins Pálssonar frá sumrinu 1984. Ég hlýt a. m. k. að setja mörg spurningarmerki við raunhæfan og virkan árangur af þessu frv. fyrir þá atvinnuvegi sem þessi væntanlegu lög eiga að þjóna í framtíðinni. Ég held að viðhorfið til atvinnugreinanna, frekari uppbyggingar þeirra og möguleika, skipti hér öllu, hvort menn vilja og ætla að trúa og treysta á efnahagslegan grunn þjóðarbúsins byggðan á þessum þrem einingum að meginhluta. Fátt hefur þar verið um fína drætti í tíð hæstv. ríkisstj. sem nú situr, en máske eiga þeir eftir að hressast áður en lýkur. En það verður vandséð af þessu frv. Ég kem a. m. k. ekki auga á þá viðhorfsbreytingu gagnvart þessum grunngreinum sem vænta hefði mátt í þeim frv. sem hér er verið að leggja fram þessa dagana og eiga að skipta sköpum um þessi mál.

Ég sé að eitt meginatriðið snertir kannske alla þessa sjóði. — Ég mun að sjálfsögðu sérstaklega fjalla um þann sjóð sem ég er kunnugastur, þ. e. Búnaðarsjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins í tengslum við það. Ég sé að sú stefnumörkun hæstv. ríkisstj. að draga úr framlögum og öllum kvöðum ríkisins gagnvart atvinnugreinunum er vandlega innsigluð í þessu frv. því þar er ríkið einmitt losað undan öllum kvöðum gagnvart uppbyggingu og þróun atvinnugreinanna. Alfarið skulu þær sjá um það sjálfar. Það er sjónarmið út af fyrir sig, en ég held að tvímælis geti það orkað, alveg sér í lagi þegar á breytingar er kallað, krefjandi breytingar eins og er um landbúnaðinn og sjávarútveginn að nokkru einnig.

Í sambandi við þetta er ekki hægt að komast hjá því að minna á að oft hefur verið rætt um það hér á Alþingi að ekki hafi verið staðið við lögboðin framlög til atvinnugreina og höfð um það stór orð og ekki skal ég draga úr gagnrýni á að við lög skuli ekki staðið sem skyldi. Varðandi landbúnaðinn og framlög til Stofnlánadeildar hefur þetta komið fram m. a. og alveg sér í lagi hjá talsmönnum stjórnarandstöðu Sjálfstfl. á tíma síðustu ríkisstjórnar. Upprifjun þeirra orða gæti verið býsna skemmtileg. Ég bendi á að undanfarin ár hefur vantað upp á mótframlag ríkisins, jafnháu framleiðenda- og neytendagjaldi, sem hér segir: Árið 1979 vantaði að vísu 812 þús. þar upp á, árið 1980 vantaði 4.7 millj., árið 1981 9.1, árið 1982 13.3. Öll þessi ár gagnrýndi stjórnarandstaða Sjálfstfl. á þessum tíma hvað harðast hvað illa væri farið með Stofnlánadeild landbúnaðarins hvað snertir mótframlagið á móti framleiðenda- og neytendagjaldinu. En 1983 vantar 40 millj. upp á og 1984 vantar tæpar 51 millj. upp á.

Ég bendi á það í tengslum við þetta líka að í ár er engin króna á fjárlögum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, ekkert framlag utan það sem fer til Lífeyrissjóðs bænda. Ég ætla ekki að fara frekar út í það nú, enda er sá aðili sem harðast gagnrýndi þetta á sínum tíma, hv. 11. landsk. þm., ekki viðstaddur þessa umr. (**Gripið fram í:** Hann er rétt ókominn.) Hann er ævinlega rétt ókominn þegar við hann á að tala. Já, ég þekki það.

Nú ætla ég ekki að fara að taka Stofnlánadeild landbúnaðarins í forsvar eða gerðir okkar stjórnarmanna þar. Síður en svo eru þær ákvarðanir og samþykktir, sem þar hafa verið gerðar, yfir gagnrýni hafnar. En ég lít samt í eigin barm og spyr: Hvaða hagkvæmni liggur að baki Búnaðarsjóði umfram það að sameina hjá Stofnlánadeild, eins og hún er nú, aðra þá sjóði sem ætlað er að hverfi inn í Búnaðarsjóð? Ég spyr: Er Stofnlánadeildin máske svo illa rekin, er rekstrarstaða hennar svo veik, lausafjárstaðan svo afleit, að sérstakar ráðstafanir þurfi að gera þess vegna? Ég bendi á nýlegar blaðafregnir um stöðu Iðnlánasjóðs á síðasta ári sem tekinn hefur verið mjög til fyrirmyndar og talinn hefur verið mjög til fyrirmyndar. Hvernig hefur sá sjóður verið rekinn? Ég man ekki betur en að þar hafi verið á rekstrarreikningi nokkurra tuga milljóna króna tap. Það þætti slæm útkoma hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins sem sýndi jákvæða rekstrarútkomu upp á um 61 millj. á s. l. ári. Varla er sú ástæða fyrir þessari uppstokkun að verið sé að rétta þennan sjóð af með þessum hætti.

Eins og hv. 11. landsk. þm. — sem gengur nú rösklega til verks í hv. Ed. eins og venjulega og formyrkvar sitt svið — kom glögglega inn á s. l. mánudag er ástæðan ekki heldur sú að verið sé að breyta megintekjustofnum til þessa lánasjóðs. Hann minnti einmitt á það og þá sérstaklega varðandi Stofnlánadeildargjaldið sjálft. Ég tek undir það sem hann sagði þar, en hann orðaði það einhvern veginn á þann veg að þessi mál sneru á haus fyrir sér. (**EgJ:** Þetta er rétt eftir haft.) Já. Ég er ekkert hissa á þessum orðum. Ekki er nú að furða þó að okkur stjórnarand-

stæðingum, sem vorum rétt að sjá þetta frv., hafi blöskrað málsmeðferðin þegar svo gjörkunnugur maður þessum málaflokki sem hv. 11. landsk. þm. fór að kynna sér einn meginþátt þeirra og það sneri allt á haus. Það er sem sagt hvorki verið að auka né draga úr þeim tekjustofnum, sem helstir eru í dag sem undirstaða Stofnlánadeildar, varðandi þennan nýja Búnaðarsjóð. Eina breytingin sem mér sýnist þarna á er að hlutur ríkisins er þurrkaður út með öllu. Það er eina breytingin, enda tekið fram í aths. með frv. Þarna er því ekki ástæðuna að finna, að verið sé að breyta um tekjustofna þessa nýja sjóðs.

Ég spyr sjálfan mig líka að því hvort til bóta sé að rjúfa tengslin milli fjárfestingarsjóðs landbúnaðarins og Búnaðarbankans, hvort það sé skynsamlegt. Um þetta geta vitanlega verið skiptar skoðanir. Ég bendi á að reynslan hefur sýnt ýmislegt annað. Og ég bendi á, og það er ekki þakkarvert, að Búnaðarbankinn hefur vissulega ærið oft fleytt Stofnlánadeildinni, m. a. á erfiðu árunum eftir 1977, yfir áramót með lánveitingar sem hefur mjög komið bændum til góða þegar þröngt hefur verið í búi hjá Stofnlánadeild og erfitt um lánveitingar fyrir áramótin.

Það væri kannske rétt, þegar við erum að ræða um nýjan Búnaðarsjóð ótengdan Búnaðarbankanum, að rifja upp sögu landbúnaðarsjóðanna annars vegar og Búnaðarbankans hins vegar, en ég bendi aðeins á þá sögulegu staðreynd að Búnaðarbankinn varð til vegna sjóða landbúnaðarins. Þeir eiga sögu, eins og menn þekkja, allt frá síðustu öld, en Búnaðarbankinn varð í raun til vegna sameiningar þessara sjóða og það var 1930 eða nær hálfri öld eftir að þessir sjóðir voru orðnir virkir. Við getum alveg sett dæmið upp þannig, að sjóðir landbúnaðarins urðu því stofn þess banka sem nú er annar stærsti bankinn hér á landi. Og ég fullyrði að bankinn hafi í tímans rás verið viss bakhjarl, viss stoð, fyrir fjárfestingarlánasjóðinn, — um þetta má eflaust deila og menn hafa þarna skiptar skoðanir, en ég hef komið það mikið nálægt þessum málum á undanförnum árum að ég hygg að það sé alveg óhætt að fullyrða það, — hafi m. a. verið stoð í útibúakerfi bankans og einnig má nefna þá stoð sem Stofnlánadeildin hefur haft vissulega í því að Stofnlánadeildin og Búnaðarbankinn hafa verið í það nánum tengslum hvort við annað að unnt hefur verið að leysa mál um áramót, sem annars hefðu trúlega verið óleysanleg með öllu sem snerta lánveitingar til bænda í landinu.

Ég er ekki hlutlaus í þessu máli, en mig grunar þó að sú breyting að rjúfa þessi tengsl verði ekki til bóta. Ég kem stuttlega að því á eftir einnig að hér er ekki algjörlega þannig málum háttað. Og ég skal víkja stuttlega að þeim greinum frv. sem fjalla um stefnumörkun í lánveitingum. Mér sýnist að þar sé margt óljóst, en þó vona ég að peningasjónarmiðið sé ekki svo allsráðandi í raun sem mér sýnist að gæti orðið með þrengstu túlkun í þessum efnum. Að sjálfsögðu á hagkvæmni í lánveitingum ævinlega að vera með í för, en ég vona að meiningin sé ekki sú að lánveitingar ráðist af því einu hvort viðkomandi hafi næg efni og nægt fjármagn að baki sér í byrjun og nægilega góða aðstöðu og þeir einir eigi að sitja að lánum, sbr. bankaábyrgðirnar sem ég skal víkja að síðar. En ég tel, miðað við hvernig bankarnir almennt taka á þessum málum, ástæðu til að benda á þær aths. sem eru um 7. gr. Þar stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Sjóðsstjórn metur það sjálf hvaða lánveitingar séu til þess fallnar að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur."

Þetta eru út af fyrir sig mjög falleg orð, en það gæti vissulega þýtt, sem ég varaði við áðan, þrengstu hagkvæmnisjónarmið. Ég er t. d. hræddur um að ef ýtrustu hagkvæmnikröfur í þrengstu merkingu hefðu verið gerðar til bænda hefðu lánveitingar úr Stofnlándeild verið enn takmarkaðri á undangenginni tíð en þær hafa þó verið vegna þess að lánsfjármagn hefur oft og tíðum skort. Ég set a. m. k. spurningarmerki við þetta þó að ég mæli með eðlilegri hagkvæmni í hvívetna og það sé vitanlega hollt fyrir landbúnaðinn eins og aðrar atvinnugreinar að fullrar hagkvæmni sé gætt.

En enn stærra spurningarmerki set ég þó við það að þau lán sem bændur fá úr Búnaðarsjóði verði ævinlega eða geti orðið samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins á þann veg að þar verði fyrst að fá ábyrgð banka, skilyrði láns geti jafnvel orðið slíkt.

Svo segir í 8. gr. frv.:

„Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana."

Þetta er út af fyrir sig saklaust skilyrði eins og það lítur út. Það gæti hins vegar orðið þannig að skilyrði láns yrði það að bankaábyrgð fengist fyrst, öfugt við það sem nú er, þegar menn komast inn í lánveitingar á eðlilegan hátt í skynsamlegri röð sem bændur eiga að eiga kost á nú, en ef ýtrustu skilyrði verða sett og allt bendir til að þau verði sett, það sé ég líka í aths., þá verði bændur að berjast fyrst við sinn viðskiptabanka og ef viðkomandi banki segir nei við þessa aðila yrði svarið að sjálfsögðu nei hjá sjóðnum einnig.

Viðskiptabankarnir eiga þarna að mínu viti, eða hafa möguleika á því ef stjórn sjóðsins ákveður svo, að ráða of miklu um þetta og ég óttast það og hef af því reynslu að erfiður verði róðurinn hjá æðimörgum bóndanum sem ekki hefur nægt fjármagn í upphafi, en það er engan veginn sá mælikvarði sem er einhlítur um hæfni bónda til að koma með dugnaði, hagsýni og elju upp blómlegu búi og reka það vel. Það veit ég að allir eru sammála um sem þekkja til íslenskrar bændastéttar, og það gera allir meira og minna hér inni, að fjármagnið í upphafi segir ekki til um hæfni bóndans til að reka bú sitt, en það er kannske einmitt það sem bankinn mundi fyrst og fremst líta á. Það skýtur því nokkuð skökku við og er viss þversögn í megintilgangi frv. að rjúfa tengsl sjóða og banka, eins og þar er farið inn á, en gefa svo möguleika á njörvun við bankaábyrgðir, að viðskiptabankar viðkomandi aðila ráði og stýri að miklu leyti hverjir fái lán og hverjir ekki út úr Búnaðarsjóði, en þannig er fullur möguleiki á að framkvæmdin verði. Ég vara við þeirri framkvæmd og geri það að fenginni reynslu gagnvart lánveitingum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Við þessa umr. skal ég ekki koma inn á fleiri atriði þó ég gæti vissulega rætt um breytta skipan stjórnar frá því sem nú er. Einhver gæti nú sagt að þarna væri gamla helmingaskiptareglan þeirra framsóknarmanna og sjálfstæðismanna komin endurnýjuð þó það hljómi út af fyrir sig fallega að Stéttarsambandið og Búnaðarfélagið tilnefni tvo menn hvort í stjórnina. En þetta kann að vera röng og illkvittnisleg hugsun hjá mér, sem er með

öllu tilhæfulaus, því að ekki gruna menn þá um græsku sem setja þetta upp, að þeir hugsi sér gott til glóðarinnar í sambandi við skiptingu á stjórn þessa sjóðs og nokkra tryggingu þess að stjórnarandstaðan komi ekki nálægt því að skipta því fjármagni sem þar er til umráða. Við því er að sjálfsögðu ágætt ráð, sem ég veit að bændur munu taka í sínar hendur, og það er að virkja Stéttarsambandið á annan veg en þann að það sé eins konar tvíbýli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna og það finn ég á bændum núna, m. a. í þeim nýju hreyfingum sem þar eru upp að koma, að það er ekki meiningin að sú tvíbýlisaðstaða, sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa komið sér upp í Búnaðarfélaginu og Stéttarsambandinu, verði þar allsráðandi.

Í lokin vil ég geta þess varðandi það að hér er Búnaðarsjóðurinn fyrst og fremst að taka við hlutverki Stofnlánadeildar landbúnaðarins að árið 1977 blasti við alvarlegt ástand hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það stefndi raunar þá í gjaldþrot. Ég veit að engum er þetta kunnara í raun en hæstv. núv. forsrh. Þá var einmitt sett á laggirnar stjórnskipuð nefnd sem vann að tillögugerð um endurskipulagningu deildarinnar til að forða henni frá hruni og forða henni frá því að hún yrði alls ófær um að aðstoða bændastéttina í landinu. Mér er sú tillögugerð í fersku minni, alveg sérstaklega kannske vegna þess að þá var uppi mikill efi hjá mörgum um að þessi tillögugerð skilaði árangri og gæti bjargað Stofnlánadeildinni. Ég tel rétt að það komi fram hér nú að sá efi hefur reynst ástæðulaus. Allt hefur gengið eftir sem betur fer og aðeins á skort, eins og ég gat um áðan, framlög ríkissjóðs. En þrátt fyrir að þar hafi orðið vanefndir á er hagur deildarinnar nú allur annar og betri og vissulega ber að fagna því. Hitt er svo annað mál, eins og ég kom inn á áðan, að ekki hefur nægilegt lánsfjármagn ævinlega verið fyrir hendi til bæði nýrra greina og endurnýjunar í hefðbundnum greinum. Ég sagði bæði nýrra greina og endurnýjunar því að ég held að menn megi ekki einblína þannig á landbúnaðinn að það sé hægt að einskorða lánveitingar úr t. d. væntanlegum Búnaðarsjóði við nýjar búgreinar eingöngu, en láta hefðbundnu búgreinarnar drabbast niður án þess að fá eðlilega endurnýjun. Því mega menn ekki gleyma.

Vegna þess að ég hef eingöngu fjallað hér um landbúnaðinn, þá vil ég aðeins geta þess út af gagnrýni á málsmeðferð um daginn að að sjálfsögðu taldi ég mér skylt að lesa allt frv., þetta segi ég til þess að hæstv. forsrh. haldi ekki að ég hafi svikist um það í tilefni af þeim orðum sem ég hafði hér um daginn. En við nánari lestur þessa frv. verð ég æ meira efins um bæði þennan þátt þess og þátt þessara sjóða í heild sinni og get því endurtekið, því miður, það sem ég sagði hér s. l. mánudag, að það skyldi nú ekki vera að hér væri um skrautlegar umbúðir að ræða utan um lítið efni og jafnvel að það efni, a. m. k. varðandi landbúnað og bændastétt og þá þjóðarheild um leið, væri ekki af hinu góða.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi herra forseti. Ég skal ekki tefja málið mikið, enda ekki vanur því.

Þetta mál er búið að vera lengi í fæðingu í þinginu í vetur, eins og sjálfsagt allir hafa orðið meira og minna varir við. Málin eru þrjú eins og augljóst er og mismunandi aths. við hvert þeirra.

Andstaða hefur mér virst einna mest gagnvart búnaðarsjóðsgreininni eða hlutanum í þessu frv. Um þá andstöðu hef ég ekki mjög margt að segja. Hún er af mismunandi toga. Þó virðist mér að víða gæti nokkurrar hræðslu við það hvernig fulltrúar veljast í stjórn sjóðsins.

Það er auðvitað umdeilanlegt hvernig menn velja sjóðsstjórnir yfirleitt. Það sem hér hefur orðið fyrir valinu er það að bankafulltrúar eru felldir út, en eingöngu þeir sem borga í sjóðina eru nú teknir gildir sem fulltrúar í stjórnina. Ég reikna frekar með að það sé til bóta. Þó er það ekki víst. Það er ekki víst að það sé til góðs fyrir það annað aðalmarkmið með þessari breytingu á sjóðnum að hætta eyrnamerkingu lána, heldur gera mögulegt að lána í allt sem vænlegt er til arðgjafar í atvinnuvegunum.

Mér leiðist það að nafni Fiskveiðasjóðs skuli breytt. Fiskveiðasjóður er nú einu sinni 80 ára gömul stofnun. Ég sé ekki að það beri neina sérstaka nauðsyn til þess að breyta þessu nafni. Þessi sjóður getur lánað út á hvað sem er og ég skil ekki að hann þurfi endilega að heita Sjávarútvegssjóður neitt frekar en Fiskveiðasjóður.

Enn fremur er það hin sérstaka deild, sbr. 39. gr., sem er að því er mér virðist eins konar leifar af Fiskimálasjóði, sem hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnuvegum. Þessari deild eru ætluð sérstök hlutverk. Án þess að það sé takmarkað í greininni er líklegt að menn miði við það að hið gamla hlutfall milli Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs, hlutföllin voru nánast einn á móti tíu eða einn á móti tuttugu að fjármagni til, gæti orðið til þess að takmarka frekar fjármagn til þeirra atriða sem þarna eru upp talin.

Eitt hefur mér fundist vanta í þessu frv., vera má að það hafi komið fram í umr. og framsögu hæstv. forsrh. um daginn, en það er um réttindi núverandi starfsfólks Fiskveiðasjóðs. Í þeim sjóði þekki ég nokkuð til og reikna ekki með að það verði nein sérstök breyting, en trygging er þar ekki fyrir, að því er ég get fundið í frv. eða grg., réttindum þess starfsfólks.

Til að ljúka þessu tel ég að kostir þessara breytinga, sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi, yfirgnæfi galla og veit þó að þó nokkuð umtal og þó nokkrar deilur standa þar um ýmsa þætti.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til upphafsumræðu og við höfðum lítinn tíma haft til að skoða það fór ég fram á það að umræðu yrði frestað til þess að það gæfist tími til að lesa frv. og átta sig á því hvaða helstu breytingar það væru sem hér væri verið að gera á fyrirkomulagi sjóða atvinnuveganna. Og til þess að hafa sem fæst orð um það þá held ég að við frekari lestur hafi komið í ljós að ekki er um stórvægilegar breytingar að ræða. Einhvern veginn finnst manni frekast að hér hafi menn verið kallaðir til starfa kannske fyrst og fremst til að eyða tímanum, en hér sé ekki að finna áþreifanlegar breytingar í uppbyggingu þessara sjóða.

Eins og ég nefndi hér í upphafi getur hér þó að líta nokkuð merkilega hluti í sambandi við stjórnun sjóðanna. Hv. ræðumaður sem talaði hér á undan mér sagði að til sjóðsstjórnarinnar væru nú kallaðir þeir sem greiddu til sjóðanna, eingöngu þeir sem borga í sjóðina. En þegar betur er gáð er það nú ekki nema hluti þeirra

sem borga í sjóðina. Að vísu er það nú hártoganlegt hverjir það eru sem það gera. Ég vil ítreka það og á þá við Sjávarútvegssjóð, að ég tel óeðlilegt að sjóðsstjórnin sé byggð upp á þann máta sem hér er lagt til, að þar séu fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og fisksölufyrirtækjunum og svo einn fulltrúi frá sjómönnum. Í fyrsta lagi tel ég að fulltrúi Landssambandsins sé alls ekki fulltrúi allra útvegsmanna. Ákveðinn hópur útvegsmanna hefur alls ekki verið vel séður innan þeirra samtaka. Þar á ég við smábátaeigendur. Þeir borga alveg eins í þennan sjóð og aðrir útvegsmenn og á sama máta. Fyrst verið er að hafa hagsmunaaðila sem stjórnendur sjóðsins liggur það beint við að fulltrúar frá fiskvinnslufólki eigi þar fulltrúa. Á sama máta vil ég ítreka það sem ég sagði hér fyrr að ég tel að fulltrúar fiskvinnslufólks og fulltrúar smábátaeigenda auk fulltrúa frjálsra útflytjenda, ef mætti orða það svo, eigi fulltrúa á þeim fundi sem til á að stofna, þ. e. ársfundi Sjávarútvegssjóðsins.

Mér finnst það svolítið merkilegt að frjálshyggjuflokkarnir skuli leggja fram frv. hér á Alþingi nú um uppbyggingu sjóða atvinnuveganna og tilnefna þar fyrst og fremst inn fulltrúa í stjórn frá þeim fyrirtækjum sem útmáluð hafa verið sem einokunarfyrirtæki. En þeir aðilar sem annast verslun eða sölu á afurðum sjávarútvegsins á frjálsum vettvangi eru ekki tilnefndir til stjórnunar þessara sjóða. Ef hinir eru taldir greiðendur í sjóðina eru þessir aðilar að mínu mati jafnt greiðendur sem hinir.

Svo er sá þátturinn að nú eru fulltrúar bankanna ekki lengur aðilar að stjórnun Sjávarútvegssjóðsins eða eins og nú er Fiskveiðasjóðs. Þáttur viðskiptabankanna í ákvarðanatöku Fiskveiðasjóðs um lánaafgreiðslur var m. a. sá að hagdeildir bankanna fóru yfir lánaumsóknir og voru umsagnaraðilar um hæfni lánaumsækjenda. Mér sýnist að við þessa endurskipulagningu, sem hér er lögð til, hljóti þessi sjóður — og hér á ég enn við Sjávarútvegssjóðinn — að verða að koma sér upp einni hagdeildinni enn til þess að yfirfara og meta stöðu þeirra umsókna sem að sjóðnum berast. Hélt maður þó að komið væri nóg af hagdeildum.

Það er ætlast til þess með þessu frv. að Fiskimálasjóður verði lagður undir Sjávarútvegssjóðinn. Mér finnst verkefni Fiskimálasjóðs vera það frábrugðin verkefnum fjárfestingarsjóðs eins og Fiskveiðasjóður hefur verið og reyndar Styrktar- og lánasjóður útvegsmanna líka — að þetta falli ekki saman og það sé ekki eðlilegt að sjóður, sem er fyrst og fremst þróunarsjóður og styrktarsjóður til nýrra verkefna, sé settur undir sömu stjórn og fjárfestingarsjóður. Þar er líka verið að færa ákveðið vald frá Alþingi. Alþingi hefur kosið stjórn Fiskveiðasjóðs og nú er verið að taka þennan þátt frá því og færa hann yfir til sjóðsstjórnar þessa fjárfestingarsjóðs sem hér er lagt til að stofnaður verði.

Ég hefði talið eðlilegt, jafnvel þó að hinar breytingarnar eigi sér stað, að Fiskveiðasjóður og Styrktar- og lánasjóður verði sameinaðir, að Fiskimálasjóður haldi áfram að starfa eins og hann gerir nú.

Ég endurtek svo að mér finnst að hér sé ekki verið að breyta miklu, þetta lagafrv. sem hér er lagt fram sé miklu meira sá pappír og prentsverta sem hér er lögð fram en að hér sé verið að breyta einhverjum stórum hlutum. Það starf, sem hér hefur verið lagt í af mönnum til að undirbúa þetta plagg, breytir a. m. k. ekki miklu í sambandi við uppbyggingu Sjávarútvegssjóðs. Ég vil í því sambandi taka fram að ef maður lítur á það að hætt var að greiða til Fiskveiðasjóðs skv. 3. lið sem hér er nefndur í sambandi við tekjur Fiskveiðasjóðs, þ. e. ríkissjóðsframlag á móti tekjum skv. útflutningsgjöldum þá á sér raunverulega ekki stað breyting þar sem þegar á síðustu fjárlögum var ekki veitt neitt skv. þeim tekjustofni Fiskveiðasjóðs og því raunverulega búið að fella það úr gildi.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um uppstokkun á sjóðakerfinu. Hér er lagt til að settir verði upp þrír aðalatvinnuvegasjóðir. Ég ætla ekki að fjalla um þetta nema lítillega vegna þess að þetta mun koma til þeirrar n. sem ég á sæti í og þar gefst tækifæri til þess að ræða þetta nánar. Búnaðarsjóðnum og því sem honum tilheyrir er ég ekki nógu kunnugur til að fjalla um. Mér sýnist að hægast sé að breyta þessu í sambandi við Iðnaðarsjóðinn þar sem hann er yngstur og hægast að koma öllum breytingum fyrir.

Ég tel ýmis tormerki á Fiskveiðasjóðnum sem ræðumenn hafa hér fjallað nokkuð um núna. Það mál þarf að skoðast vel í þeirri n. sem fjallar um þetta vegna þeirra verulegu breytinga sem þarna eru þó að þær láti ekki mikið yfir sér. Ég er sammála þeim sem hér hafa talað að það er ástæðulaust að vera að breyta um nafn á þessum sjóði. Þetta er okkar elsti atvinnuvegasjóður, ef ég man rétt, sem hefur starfað í gegnum áratugina. Ég tel að hann geti haldið sínu nafni og gegnt sínu hlutverki áfram — sem á nú að vera áfram meginmarkmiðið — þó að hann geti lánað til annarrar starfsemi en áður er greint. Ég legg áherslu á að þessu nafni verði haldið á þessum sjóði þar sem hlutverk Fiskveiðasjóðs í dag er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum og fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Þetta mun einnig verða aðalverkefni hins nýja Sjávarútvegssjóðs. Auk þess á hann að sinna lánum vegna viðhalds og viðgerða á fiskiskipum og nýsmíðum sem nú er bannorð. Ég held því að þessar atvinnugreinar gætu farið halloka í sínum lánamálum, þ. e. þá getur einhvers staðar staðið út af þegar til kemur að á að fara að afgreiða slík mál sem öll sömul eru skyld útgerð og fiskvinnslu.

Ég vil benda á hér að gert er ráð fyrir því í frv., ef að lögum verður, að þau taki gildi 1. september n. k. Nú lít ég svo á að í Fiskveiðasjóði sé fjölmennt starfslið og ég geri ráð fyrir að sama gildi um starfslið Búnaðarsjóðsins, sem er starfsfólk Útvegsbankans. Það fólk sem er í starfsmannafélagi með starfsfólki Útvegsbankans er í sama lífeyrissjóði sem er — það er ekkert launungarmál — illa staddur. Bankinn verður að styðja mjög verulega við þennan lífeyrissjóð svo að hann geti staðið við greiðslur á þeim rétti sem fólkið á að fá. Þarna verður því um verulega röskun að ræða ef á að taka þetta starfslið undan þeirri stjórnun sem þar hefur verið áður eða a. m. k. þessum sameiginlegu sjóðum sem þarna er um að ræða. Lágmarksuppsagnarfrestur hjá fólki hlýtur að vera þrír mánuðir. Þetta yrði þá að ske núna 1. júní ef það ætti að losa um þessi bönd öll, ef lögin tækju þá gildi.

Þetta er mál sem þyrfti að athuga alvarlega áður en gengið er til enda í þessum málum. Ég geri ráð fyrir að þetta sé með svipuðu sniði í hinum sjóðunum. En ég tel þetta vera mikið vandamál sem þarna blasir við núna og að höfundar frv. hafi sennilega ekki farið eins djúpt

ofan í það og þurft hefði þegar þetta er sett hér fram.

Á sama hátt tek ég undir það með hv. 4. þm. Vesturl. að ég tel það mjög hæpið að vera að taka 5% af tekjum Sjávarútvegssjóðsins nýja til að láta í sérstaka deild sem flyst yfir frá fyrrverandi Fiskimálasjóði. Auðvitað er þörf á þeim verkefnum sem þar er um að ræða en þarna er búið að eyrnamerkja sérstakan stofn til þessarar starfsemi sem hefur notið nokkurra sérréttinda áður.

Ég lofaði að hafa hér aðeins fá orð um en vil benda á þetta. Ég ætla ekki að leggja neinn stein í götu þessara frv. heldur vil ég benda á að þó að tíminn sé naumur þarf að fara þarna með gát. Við eigum ekki að vera að breyta breytinganna vegna, við verðum að finna fyrir því ákveðin rök að við stöndum í slíkum breytingum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður en það er eiginlega ókurteisi við þessa hógværu deild ef ég segði ekki nokkur orð að lokum. Ég vil í fyrsta lagi segja að ég óttaðist aldrei að hv. þm. sem var að ganga í salinn, Helgi Seljan, ynni ekki sín heimaverk, hann hefur alltaf gert það og verið samviskusamur að því leyti a. m. k.

En mér þóttu satt að segja rök hans með og móti athyglisverð. Annars vegar að þarna væri raunar um engar breytingar að ræða en hins vegar að í þessu frv. gætu falist mjög alvarlegar breytingar fyrir Búnaðarsjóðinn. Í raun og veru held ég að hv. þm. hafi með þessu hitt naglann á höfuðið. Staðreyndin er nefnilega sú að það er háð stjórn sjóðsins hvaða breytingar verða. Það er einmitt tilgangurinn með þessu að opna lög um sjóðina svo að stjórnir sjóðanna gætu ákveðið hvort breyta skuli ýmsu sem nú er bundið í lögum. Stjórn Búnaðarsjóðsins getur að sjálfsögðu ákveðið að halda áfram sínum viðskiptum við Búnaðarbankann. En vel kann að vera að hún fái betra boð frá Landsbankanum sem lánar íslenska landbúnaðinum álíka mikið og Búnaðarbankinn. Vel kann að vera að bændur fái enn þá betri fyrirgreiðslu ef sjóðurinn flyst yfir til Landsbankans, þó veit ég ekkert um það að sjálfsögðu. En það opnar slíka möguleika fyrir atvinnuveginn sjálfan að ákveða og ég heyri að hv. þm. gerir sér miklar vonir um að komast þarna í gegn til áhrifa eða hans flokkur. Þetta opnar mikla möguleika fyrir viðkomandi atvinnuveg til að ráða málefnum sinna mikilvægu stofnsjóða á þann máta sem fulltrúar atvinnuvegarins dæma bestan. Þetta er einn megintilgangurinn með frv.

Ég ber svo mikið traust til fulltrúa atvinnuveganna og til atvinnuveganna sjálfra að ég vil að þeir ráði sem allra mestu um fyrirkomulag í þessum málum, t. d. við hvaða banka þeir vilja semja eða hvort þeir vilja sjá um þessa hluti sjálfir innan sjóðsins o. s. frv. eins og fram kemur í fjölmörgum greinum, hvaða tryggingа þeir vilja krefjast, hvort þeir vilja krefjast bankatryggingа í einstökum tilfellum, og þannig gæti ég áfram talið. Ég tel að kjarninn sé þessi: Þetta þarf ekki að leiða til mikilla breytinga en það getur leitt til róttækra breytinga ef fulltrúaráð viðkomandi atvinnugreinar, sem kemur saman einu sinni á ári, telur það æskilegt.

Út af því sem hér kom fram um nafnið vil ég taka það fram að það er mér ekkert kappsmál að breyta því og mega sjóðirnir þess vegna heita sínum gömlu nöfnum.

Starfsfólkið hefur einnig verið nefnt. Nú er það svo að sjóðirnir eru í samningi við ákveðinn banka og starfslið sjóðanna er raunar starfslið viðkomandi banka. Þá væri þarna fyrst og fremst um breytingu gagnvart starfsliði að ræða ef stjórn einhvers sjóðs ákveður að flytja sína starfsemi yfir í annan banka.

Ég held samt að ekki sé mikið að óttast í þessu sambandi. Vitanlega stendur hver starfsmaður frammi fyrir því að það getur orðið breyting á starfsvettvangi og ég held að bæði sjóðsstjórnum og viðkomandi bönkum sé fullkomlega treystandi til þess að gæta hagsmuna starfsliðsins. Ég vil a. m. k. treysta því. Ég held að það verði varla girt fyrir það að breytingar geti orðið á svona starfsemi með lögum.

Ég vil svo að lokum þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál. Mér hefur heyrst einnig hjá hæstv. stjórnarandstæðingum að þeir vilji ekki standa í vegi fyrir því að þessi skrautumgjörð, sem þeir nefna svo, fáist samþykkt enda skilst mér á þeim að hún skipti ekki miklu máli. Ég vona því að málið fái skjótan framgang hér í hinni hv. deild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 72. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 2 miðdegis.

Bankaráð ríkisbankanna, frv. 430. mál (þskj. 718). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:4 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 904 (sbr. 616), n. 955). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið til umræðu frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og rætt málið á einum fundi sínum og enn fremur þá breytingu á 4. gr. frv. sem gerð var í Ed.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Undir þetta rita allir félmn.- menn, en fundinn sat hv. þm. Svavar Gestsson í stað hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. 403. mál (þskj. 656, n. 953). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn.



hefur rætt þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins á lokastigi voru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Pálmi Jónsson eins og nánar greinir á þskj. 953.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. 437. mál (þskj. 739, n. 952). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins á lokastigi voru tveir nm. eins og nánar segir á þskj. 952.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 73. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 72. fundi.

Varnir gegn snjóflóðum, frv. 384. mál (þskj. 904 (sbr. 616)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 978).

Meðferð opinberra mála, frv. 403. mál (þskj. 656). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 979).

Almenn hegningarlög, frv. 437. mál (þskj. 739). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 209. mál (þskj. 893 (sbr. 248)). — Ein umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sjútvn. þessarar deildar hefur fjallað um þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Ed. Þær eru fólgnar í því að fjölgað verði í Verðlagsráði frá því að við fjölluðum um það í þessari ágætu deild hér í vetur. Nú er gert ráð fyrir fjölgun um tvo menn, úr 16 í 18, Félag rækju- og hörpudisksframleiðenda komi inn í Verðlagsráð. Meiri hl. sjútvn. er því samþykkur að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Ed. en hv. þm. Garðar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson eru andvígir þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Ed. Það er skylt að taka það fram.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér er verið að afgreiða sama frv. í annað sinn með næstum því sama meiri hl. Hefur miklum meiri hl. hv. sjútvn. tekist að sameinast um það að vera bæði með og á móti sömu greininni á örfáum dögum. Að vísu hef ég grun um — svo vægt sé að orði komist — að hv. nm. hafi ekki haft æði mikla sannfæringu fyrir breytingunni enda nýbúnir að samþykkja að láta þetta vera. Það var gert til að halda friðinn og eiginlega alveg sama hvað í lögunum kemur til með að standa. En friðinn skal halda, það er út af fyrir sig gott.

Þetta frv., sem lagt var fram hér af hæstv. sjútvrh. í haust, var fólgið í því í stuttu máli að fækka nokkuð í stóru og miklu Verðlagsráði til þess að gera það starfhæfara m. a. Ef eitthvað er hefði þurft að fækka miklu meira, en um það náðist ekki samkomulag. Hins vegar náðist samkomulag um nokkra fækkun í ráðinu hjá þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. Í þeirri nefnd voru allir helstu fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi alveg sammála, sumir vildu gera meira, aðrir minna, en þetta var sem sagt niðurstaðan, samkomulag, og það var samþykkt hér einróma í hv. Nd. Svo er frv. tekið fyrir í Ed. og þá bregður svo við að það rísa einhverjir hv. alþm. gegn afgreiðslu úr þessari deild. Í raun og veru er afstaða þeirra fólgin í því að engu megi breyta í þessu kerfi öllu saman. Sú afstaða er ekki afstaða eins stjórnmálaflokks, fylgismenn þessarar breytingar voru bara þessir rótföstu kerfiskarlar sem ekki geta með nokkru móti hugsað sér að breyta einu eða neinu. Jafnvel þó að það sé hagkvæmara og jafnvel þó að það sé ódýrara þurfa þeir að bregðast svona við.

Ég held mig auðvitað fast við þá afstöðu sem ég tók hér fyrr. En út af fyrir sig má segja að þessi breyting sé ekki stórvægileg á neinn máta, þetta eru í raun og veru smámunir og þess vegna er varla ástæða til að hafa um þetta miklu fleiri orð.

Herra forseti. Það er ekkert nál. gefið út nú í seinni meðferð málsins en það er bókað að ég lagðist gegn því

að breyta þessu aftur. Vonandi tekst það næst þegar fjallað verður um verðlagsráðsmálin að breyta þessu aftur og helst mörgu fleiru því að það litla, sem tókst að ná fram í þessari nefnd, var þó heldur í áttina. En þvergirðingarnir mega ekki hugsa til þess að nokkrum hlut sé breytt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég átti sæti í þeirri endurskoðunarnefnd sem fjallaði um lögin og átti þátt í smíði þess frv. sem hér var lagt fram snemma á þinginu. Ég er alfarið á móti þessari breytingu. Þetta gengur þvert á þá hugsun sem kom fram meðal aðila sem endurskoðuðu þetta frv. Mín spá er sú að ef þessi brtt. frá Ed. verður samþykkt þá sé þar með einn nagli rekinn í kistu þessa kerfis og þykir sumum orðið tímabært að svo verði gert. Satt að segja er ég einn þeirra og ég sé enga ástæðu til þess öllu lengur að láta þessa reikningsstofnun ríkisstj. á hverjum tíma vera til staðar til þess að ákveða og búa til verð sem ekki á neinn tilverurétt. Ef við höldum svona áfram vil ég að við fáum næst fulltrúa frá skötuselsveiðimönnum, steinbítsveiðimönnum og öðrum slíkum sem vilja fá sína fulltrúa inn í þetta ráð til þess að fá nokkuð reiknað út sér til hagsbóta eins og hefur verið á liðnum árum í sambandi við Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég mun greiða atkvæði á móti þessari brtt.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem snertir ákaflega mikilvægan þátt í okkar efnahagslífi sem er sjálft verðmyndunarkerfi sjávarútvegsins, verðmyndun á fiski upp úr sjó, sem ræður í fyrsta lagi mjög miklu um afkomu sjómanna, afkomu útgerðar og afkomu fiskverkunarinnar í landinu. Þess vegna er hér um að ræða ákaflega stórt mál í sniðum. Ef hins vegar þetta frv. er borið saman við þau gildandi lög sem eru í landinu um Verðlagsráð sjávarútvegsins kemur í ljós að það hafa verið gerðar, eins og kom fram reyndar í máli hv. 4. þm. Suðurl., ákaflega litlar breytingar á þessum lögum. Hér eru ekki lagðar til mjög veigamiklar breytingar aðrar en þær að í fyrsta lagi var að því stefnt að fækka nokkuð fulltrúum í Verðlagsráði til einföldunar og að því er segir, að mig minnir, í athugasemdum þessa frv. enn fremur til þess að reyna að gera kerfið skilvirkara og betur hæft til að taka sínar ákvarðanir. Í öðru lagi kemur fram breyting, sem ég tel þó nokkuð veigamikla, í 6. gr. þessa frv. en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsráði er heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins, enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu."

Hér er að mínum dómi langveigamesta breytingin á ferðinni, breyting sem felur í sér örlítið skref í þá áttina að færa verðlagsmyndunina á hráefninu úr höndum Verðlagsráðs og í hendur þeirra aðila sem í raun og veru eru um málið að fjalla, þ. e. fiskkaupenda og fiskseljenda eins og þeir birtast á hverjum stað á hverjum tíma. Þetta er veigamesta grundvallarbreytingin í þessum lögum. Ókosturinn við þessa grein er sú að mínum dómi að hún gengur ákaflega skammt. Það eru ákaflega litlar líkur á því að hún geti nokkurn tíma virkað á þann hátt sem að er stefnt því að ég hygg að það verði ekki í mörgum tilvikum þar sem samkomulag verði algert meðal allra aðila um það að gefa verðlagið alveg frjálst. Þarna hefði gjarnan mátt stíga skrefið örlítið stærra og gera ráð fyrir því í þessu frv. að einfaldur meiri hluti í Verðlagsráðinu dygði til þess að gefa verðlagninguna frjálsa. Ég held að það mundi ekkert hættulegt gerast. Nefndinni sem undirbjó þetta plagg hefði vel verið óhætt að stíga þetta skref nokkru stærra.

Á það hefur verið bent að ýmsir annmarkar séu á því að gefa algerlega frjálsa verðlagningu á fiski upp úr sjó. Í fyrsta lagi hefur verið bent á það að það er mikil fjarlægð á milli staða og enn fremur, og það er enn þá þyngra á metunum — tengsl milli veiða og vinnslu, útgerðar og fiskvinnslu eru svo náin að hætt er við að sú markaðsverðmyndun yrði æði brengluð. Þess vegna tel ég að eðlilegast hefði verið að reyna að liðka enn frekar um á þeim vettvangi sem hér er verið að skapa, nýtt Verðlagsráð og stíga sem sagt skrefið öllu lengra.

Það er ástæða til að vekja athygli á því núna að það eru að gerast ákaflega merkilegir hlutir einmitt á þessu sviði í okkar sjávarútvegi. Það mátti lesa um það í blöðum fyrir skömmu að u. þ. b. fimmtungur skuttogaraflotans væri eða væri á leiðinni að verða að frystitogurum. Verðlagning á fiski frá frystitogurum fer fram með allt öðrum hætti en við eigum að venjast af ísfiski. Hún gerist einfaldlega þannig að áhöfn fær sína hlutdeild í endanlegu útflutningsverðmæti vörunnar eftir að búið er að draga frá ákveðna prósentu sem um var samið reyndar núna í síðustu kjarasamningum. Þar með er komið beint samband á milli sjómanna og hins endanlega markaðar sem kaupir vöruna. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel, raunar svo vel að ég hef ekki heyrt nokkrar raddir, hvorki frá sjómönnum né útvegsmönnum, þess efnis að nein ástæða sé til þess að breyta þarna um.

Varðandi þá breytingu, sem átti sér stað á þessu frv. í Ed., mun hún vera til komin vegna þess að það þótti með öllu óeðlilegt að Félag rækju- og skelfisksframleiðenda ætti ekki aðild að verðlagningu á þeim afurðum sem að þeim laut. Það er alveg skiljanleg breyting sem þarna á sér stað miðað við það kerfi sem við búum við og byggist eingöngu á því að hagsmunaaðilar, kaupendur og seljendur á fiski, verðleggi sína vöru. Það er ekkert óeðlilegt varðandi svo sérstæða vöru, sem hörpudiskur og rækja er, að kaupendur og seljendur þessara tilteknu vara, þessa tiltekna fisks, eigi beina aðild að Verðlagsráði. Ég tel það þess vegna mjög eðlilega breytingu sem átti sér stað í Ed. og sjútvn. Nd. mun hafa jafnframt gert till. um í þessari deild.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þeir aðilar, sem komið hafa inn fulltrúum og styrinn stendur um, eru frá rækju- og skelfiskstöðvum. Auðvitað finnst mönnum þetta skrýtið að það skuli vera áhugi hjá aðilum m. a. vestur við Ísafjarðardjúp að hafa einhver áhrif á þessa verðlagningu. Þessir aðilar hafa verið fyrir utan samtökin, Sölumiðstöðina og Sambandið, og þeir hafa viljað fá að vera þarna inni. Þetta með skötuselinn og steinbítinn er náttúrlega mál sem tekið verður til athugunar, hvort það þurfi að hafa sérstakan fulltrúa fyrir skötuselinn og steinbítinn. Mér er ekki kunnugt um að krafa hafi komið frá neinum sérstökum samtökum um slíkt. Hugsanlegt væri að hún ætti eftir að koma fram.

En það hefur ekki farið fram hjá Vestfirðingum í það

minnsta að greiðslur til karfans úr sjóðum sjávarútvegsins hafa verið ákaflega miklar. Það verð sem fæst fyrir karfann hefur ekki bara verið sótt til fiskkaupenda. Þar hafa menn róið á kerfið. Þegar farið er að skoða hvar karfinn sé veiddur, hverjir veiða hann og hverjir vinna hann þá leiðir það hugann að því að það er ekki hægt að komast hjá því að minnast þess að það er talað um sérstakan BÚR-karfa. Það er mikil spurning hvort þarna hefur verið sótt í sameiginlega sjóði sjávarútvegsins til þess að bjarga bæjarútgerð eða borgarútgerð og ærið umhugsunarefni fyrir einkaframtakið í landinu hvort það sé sanngjarnt að skattleggja einkaframtakið á þann veg sem gert hefur verið til að borga með BÚR, gegnum BÚR-karfann.

Menn verða að hugleiða í þessu sambandi að það skiptir máli fyrir hinar einstöku vinnslustöðvar og hin einstöku vinnslusvæði hvaða hækkanir verða á hinum ýmsu fisktegundum. Það er ekki sama aflasamsetning alls staðar. Ef farið er að spila á þetta kerfi innbyrðis vilja menn gjarnan fá að sitja yfir taflinu og fylgjast með. Ég græt það þess vegna ekki þó að fleiri aðilar en sjávarafurðadeildin og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna komi inn í verðlagningu á rækju og skel. Það verða aðrir að bera sorgirnar af slíku.

Það má vel vera að það sé verið að stíga eitthvert merkilegt skref hér í 6. gr. eins og hv. 1. þm. Vestf. komst að orði þar sem gefið er í skyn í 6. gr.: „Verðlagsráði er heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins, enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu.“ Ég treysti mér ekki til að meta það hvort í samþykkt sem þessari er falinn einhver möguleiki á því að verðmyndun verði frjáls á ákveðnum fisktegundum. Mér sýnist það frekar ólíklegt. Mér sýnist það meira upp á punt. Hv. 1. þm. Vestf. var nú eiginlega á því að þetta væri upp á punt, þetta dygði ekki ef menn ætluðu að fara að stíga slík skref.

Það er líka rétt að gera sér grein fyrir því að frjáls verðlagning á fiski gæti kannske einna helst átt sér stað hér á Suðurnesjum með markaði. Eitt og annað, m. a. samgöngur, hefur afgerandi áhrif yfir vetrartímann til að koma í veg fyrir að hún sé gjörleg á stórum svæðum landsins og síðast en ekki síst sú staðreynd að á mörgum stöðum eru það sömu aðilarnir sem eiga skipin og frystihúsið. Hv. 1. þm. Vestf. á nú að vera nokkuð kunnugur slíkum aðstæðum. (Gripið fram í.) Það er því spurning hvernig ætti að standa að samningum við þær kringumstæður. Mér sýnist þess vegna að það sé ekki einfalt mál að komast frá því kerfi sem við erum með í þessum efnum. Ég er ekki búinn að sjá að þetta kerfi hefði haldið velli svona lengi ef það væri alvitlaust eins og sumir vilja gefa í skyn. Hitt er svo hárrétt hjá þeim ágæta manni, 4. þm. Suðurl., að þeim mun verr gefast heimskra manna ráð sem fleiri koma saman. En við verðum bara að vona að þarna sé skynsöm fylking á ferðinni og það komi ekki að sök þó að ráðið búi við það fjölmenni sem hér er lagt til.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ekki treysti ég mér til að eiga orðastað við hv. síðasta ræðumann um Brynjólf eða BÚR-karfa sem ekki virðist þekkjast vestra. En ég held samt sem áður að ýmis fyrirtæki mættu gjarnan taka sér til fyrirmyndar það framtak sem gert var hjá stjórnanda Bæjarútgerðar Reykjavíkur í sambandi við aukna neyslu innanlands á þeirri ágætu vöru, karfanum. Það þarf ekki að nota þau orð í niðrandi merkingu, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði um það framtak, enda læt ég máli mínu við hann lokið að sinni.

Hv. 1. þm. Vestf. talaði lengi vel skynsamlega um þetta mál og benti réttilega á að það hefði verið gerð mikils háttar breyting við 6. gr. sem að mínu viti er meginbreytingin einfaldlega vegna þess að þar er í fyrsta sinn um áratuga skeið snúið að því sem margir aðilar í endurskoðunarnefndinni töldu að ætti að fara frekar inn á, þ. e. frjálsa verðmyndunarleið í sambandi við fiskverðið eða frjálsari en verið hefur, sem hún hefur ekki verið jafnlengi og þetta Verðlagsráð hefur verið ráðandi, við skulum ekki gleyma því. Síðan taldi hann réttilega að það væri mjög erfitt að fá einhliða samstöðu um að fara slíka leið í Verðlagsráðinu en mælir samt sem áður með að fjölga í því aftur sem hlýtur að gera það enn ómögulegra að ná samkomulagi. Ef við ætlum að fara að fjölga vegna þessara tegunda þá spyr ég: Því þá ekki að fjölga enn meir svo hver fisktegund eigi sinn fulltrúa í ráðinu, að það séu ekki bara kaupendur og seljendur heldur séu það fisktegundirnar sem fái ráðið hverjir sitji í þessu ágæta ráði? Þá veit ég að hv. 5. þm. Vestf. ætti þar að vera og hverra hagsmuna hann ætti að gæta, það er allavega ljóst. En ef þessi brtt. verður felld geri ég mér fulla grein fyrir því að gamla frv., gömlu lögin, muni áfram verða við lýði eins og þau eru nú, óbreytt. Ég held að það sé miklu betri aðferð en að vera að þessu. Menn voru búnir að ná samkomulagi um ákveðnar breytingar sem ganga í ákveðna átt. Nú á að hrinda því samkomulagi og snúa til baka og láta þetta verk ógert, eins og það hafi aldrei verið unnið. Þetta segi ég hafandi í huga að kaupendur og útgerðarmenn eru sami aðilinn í þessu máli hjá okkur í dag.

Seljendur hafa ekki beðið um þessa breytingu að mér er kunnugt um. Ég held að það muni enda með því að upp komi háværar kröfur um afnám þessa kerfis og er það í sambandi við önnur kjör á fiskiskipum. Einnig að það verði ekki eingöngu útgerðarmenn sem geta ráðið hvenær flotinn stöðvast í sambandi við kvótaveiðarnar sem við höfum tekið upp, heldur geti líka verið að fulltrúar sjómannastéttarinnar í heild vilji nokkru þar um ráða líka — og þá í sambandi við sín kjör — hvenær flotinn stoppar. Vera má að þetta verði til þess að það verði ein af meginkröfunum á næstunni að leggja þetta verðmyndunarkerfi algjörlega niður. Þá vitum við í hvert stefnir þegar samið verður á hverju krummaskuði landsins um verð á fisktegundum.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Ég fagna því að við hv. 12. þm. Reykv. Pétur Sigurðsson erum í meginatriðum sammála um það, að rétt hefði verið að gera mun róttækari breytingar á þeim verðlagsráðslögum sem verið er að fjalla um en raun ber vitni. En niðurstaða frv. er sú að í meginatriðum verði haldið þeim háttum sem ríkt hafa um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Að vísu er þar nokkuð fækkað fulltrúum, en það breytir náttúrlega litlu um eðli og niðurstöðu málsins. Á meðan þetta kerfi ríkir er alls ekkert óeðlilegt að aðilar eins og þeir sem stunda skelfisk- og rækjuveiðar og vinnslu eigi hlut að máli þegar verið er að ákveða verð á því hráefni sem þeir hafa með að gera.

Þess vegna er það alls ekki óeðlileg krafa og tekið undir hana í brtt. sjútvn. Ed. að þeir eigi þarna hlut að máli. Að mínum dómi væri það fjarstæðukennt að af hálfu kaupenda væru einungis fulltrúar Sambandsins og Sölumiðstöðvarinnar. Og álíka fráleitt væri það að það væri fulltrúi frá saltfiskframleiðendum í landinu sem ætti þarna aðild að verðlagningu á rækju og hörpudiski. Vitaskuld væri þessi háttur alveg fráleitur. Meðan við höfum þetta kerfi verðum við því miður að búa við það, búa við þessa fjölgun í ráðinu. Við það verður ekki ráðið. Annað er alveg fullkomlega óeðlilegt. Sé okkur alvara með að vilja hverfa frá þessu verðum við að taka skrefið stærra sem byrjað er að stíga þarna í 6. gr. Öðruvísi leysum við ekki þetta mál, svo einfalt er það.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég vil nú minna á það að frv. þetta er samið vegna þess að Alþingi samþykkti hér í ákvæði til bráðabirgða í lögum um Olíusjóð fiskiskipa að hefja endurskoðun þessa máls. Alþingi hefur því haft allt frumkvæði í þessu máli. Það var ekki þáv. sjútvrh. sem hafði það frumkvæði heldur Alþingi sjálft. Ég taldi því eðlilegast að sjútvn. þingsins flyttu þetta mál. Það gat því miður ekki orðið og því var það flutt sem ríkisstjórnarfrv.

Ég er fylgjandi því að fækka í Verðlagsráði og get tekið undir það sem hér hefur verið um það sagt. Ég bendi á að í 1. gr. var ákvæði þess efnis að heimilt væri að skipta um fulltrúa í Verðlagsráði eftir því sem rétt þykir til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun komi sem best fram. Hins vegar voru rækjuveiðar og skelveiðar um tíma mjög sérhæfðar og ákveðnar verkunarstöðvar, sérstaklega á Vesturlandi og við Ísafjarðardjúp, eingöngu í þeirri vinnslu og engri annarri og jafnvel ákveðin skip eingöngu í þeim veiðum. Nú hefur það breyst og m. a. þess vegna þótti rétt að gera hér breytingu á. Hins vegar er ég sammála hv. 4. þm. Suðurl. um að sú breyting skiptir ekki sköpum í þessu sambandi, þótt ég telji betri þá skipan mála sem kom frá nefndinni á sínum tíma. En ef þetta verður fellt þá kemst náttúrlega ekkert af þessum breytingum til framkvæmda, sem eru sumar hverjar til mikilla bóta.

Ég vildi aðeins minna á það, af því að hér hefur verið sagt að Verðlagsráði sé heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa, að Verðlagsráð ákveður aðeins lágmarksverð. Það er heimilt að semja um hærra verð. Fiskkaupanda á Vestfjörðum er t. d. heimilt að greiða hærra verð fyrir fiskinn, það er enginn sem bannar það. Það hefur hins vegar gefist vel að safna upplýsingum á einum vettvangi um allar aðstæður á mörkuðum og semja um ákveðið lágmarksverð. Vandræðin byrja hins vegar einkum þegar menn komast ekki að neinu samkomulagi um lágmarksverð vegna mikilla markaðserfiðleika. Eg minni t. d. á þá erfiðleika sem hafa skapast varðandi síldveiðar og markaðsmál frystrar síldar. Þar hefur ekki tekist að finna ákveðið verð og þá hefur þótt skorta heimildir til þess að Verðlagsráð kæmi sér þá saman um það að verðið skyldi verða frjálst. Þessi vandamál eru einkum í því sambandi. En þegar markaðsaðstæður eru mjög góðar, þá koma þessi vandamál ekki í sama mæli upp.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er nú oft svo hér í hv. deild að þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson tekur hér til máls kemur hann víða við og er býsna fræðandi, upplýsandi, enda gamall kennari og vill ekki missa tækifærið að fræða hv. alþm. um hvað eina. Auðvitað gat hann farið að tala um karfa þegar málið snýst um skel og rækju, það er nú ekkert eðlilegra. En ég er ansi hræddur um að það sé ekki beint skynsamlegt af alþm. að vera að gantast með svo alvarlega hluti eins og karfann, karfaverð og möguleika til þess að ná í karfa. Ef við hefðum ekki gripið til þess að styrkja svolítið karfaverðið þá er ég ekki viss um að útgerðin hefði haft getu til þess að sækja í þann fisk. Hann er miklu verðminni, erfitt að sækja hann, mikill olíukostnaður og meiri en við veiðar á öðrum fiski, meira veiðarfæraslit o. s. frv. Um slík mál á auðvitað að ræða undir öðrum dagskrárliðum en þessum, en ég held það verði enginn betri af því að rugla um mál af þessu tagi.

Varðandi það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það væri ekkert sjálfsagðara en hafa sérstaka fulltrúa til þess að verðleggja skel og rækju, er ég raunar alveg viss um að hagsmuna sjómanna og útgerðarmanna og vinnslunnar er alveg jafn vel gætt þó að um það fjalli ekki fulltrúar sem standa í því sjálfir að veiða akkúrat þessi dýr. Í ráðinu eru ævinlega fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna og vinnslu og ég á bágt með að trúa því að þeir geti ekki séð hagsmunum þessara aðila borgið með sæmilegum hætti. Þess vegna er að mínum dómi engin nauðsyn að kalla til sérstaka fulltrúa fyrir hverja fisktegund.

Það er rétt að í 6. gr. er aðeins vísir að frjálsum fiskmarkaði. Sá vísir er auðvitað ákaflega veikur, vegna þess að til þess að grípa megi til þess þurfa allir í ráðinu að vera sammála. Okkur þótti rétt að hafa það þannig til þess að ekki væri hægt að misnota það á einn eða annan hátt. Við vitum að víða um land hagar svo til að aðeins eitt fyrirtæki kaupir fiskinn og enginn annar býður í og sjálfsagt erfitt að koma á frjálsum fiskmarkaði eins og ástandið er hjá okkur og hefur verið. En það væri auðvitað mjög æskilegt að þarna gæti verið samkeppni, mjög æskilegt, því að samkeppnin er í flestum tilfellum af hinu góða, eins og kunnugt er, en við treystum okkur ekki til að samþykkja neitt sem gengi lengra í þessum efnum, vegna þess að ég álít að við séum ekki undir það búnir að stofna til frjáls fiskmarkaðar eins og er.

Hitt er svo annað mál, að ég neita því að þessi ýjun að frjálsum fiskmarkaði í frv. sé aðeins upp á punt. Ég tel það mikilsvert að þetta skuli vera nefnt, án þess að ræða það nánar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég er nokkuð undrandi á þeim ágætu ræðumönnum sem hér hafa talað í þessu máli og allir vilja vel og eru miklir áhugamenn í þessum efnum. Ég tel svo sjálfsagt að samþykkja frv. með þeirri breytingu sem gerð hefur verið í hv. Ed.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. Ég fagna því að sú brtt., sem nú er fram komin, skuli hafa séð dagsins ljós, því að bæði við 1. og 2. umr. málsins í þessari hv. deild var þessu sjónarmiði komið á framfæri. Hv. 5. þm. Vestf. hreyfði þessu strax við 1. umr. málsins og beindi því til hv. nefndar að

skoða það gaumgæfilega hvort ekki væri ástæða til að gera breytingu á frv. í þá átt sem hér er nú lagt til og hefur verið samþykkt í Ed. Ég gerði sams konar athugasemd við 2. umr. þegar ekki var á þetta fallist af hálfu nefndarinnar, en frv. fór hér í gegnum hv. deild óbreytt, en var síðan breytt í Ed.

Ég ætla ekki að vekja hér upp neinar umræður um þetta. Menn getur greint á um það hvort þetta leiðir á verri veginn í þeirri meginstefnu sem menn vildu koma fram í gegnum frv. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Ég bendi á að hér er um að ræða í sambandi við rækju- og hörpudisksveiðar mikið aflamagn og fjölda fólks sem þarna á hagsmuna að gæta, og án þess að ég vilji lýsa neinu vantrausti á fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, LÍÚ og Sambandsins eða einhverra slíkra aðila í Verðlagsráði þá tel ég betur borgið sjónarmiðum og hagsmunum bæði sjómanna og þeirra sem reka þessi fyrirtæki með því að þeir gæti sjálfir hagsmunanna, meðan við búum við þetta fyrirkomulag sem við komum til með að búa við áfram. Ég fagna því þessari breytingu.

Ég tek undir það með hv. 4. þm. Suðurl. sem oft talar gáfulega, ég tala nú ekki um í sambandi við sjávarútvegsmálin, eins og hv. þm. ætti að vera kunnugt um, að þetta er ekki mál til að gantast með, hvorki karfamálið né neitt af því sem um er að ræða í þessu frv. Þetta er miklu stærra og alvarlegra mál en svo að það eigi við að gantast með það. (**HBl:** Hver var að gantast með málið?) Því ætti hv. skrifari vor að hafa fylgst með, hafi hann verið í þingdeildinni eins og hans er von og vísa. En ég ítreka: meðan við búum við þetta hljótum við að vilja að þeir aðilar sem þarna hafa mikilla hagsmuna að gæta, eins og fulltrúar þessa veiðiskapar, geti haft áhrif á verðlagningu þessarar vöru eins og gert er ráð fyrir í þeirri brtt. sem nú liggur fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur orðið einhver smámisskilningur hjá hv. 4. þm. Suðurl. Mér er það ekkert gamanmál hvernig staðið er að millifærslum í sjávarútvegi og fjármunir færðir í gegnum þá sjóði til vissra aðila með verðlagningu á karfa. Mér er það ekkert gamanmál. Þetta er náttúrlega spurningin um það m. a. hvort einkaframtakið í landinu vill nota bæjarútgerðir til að ganga af einkaframtakinu dauðu. Svo einfalt er þetta mál. Ég vil hvetja hv. 4. þm. Suðurl. til að kynna sér það hvaða fjármunir hafa farið þarna í styrktaraðgerðir í prósentum talið. (**Gripið fram í:** Hvað hefur Bæjarútgerð Hafnarfjarðar í tekjuhagnað?) Það er fróðlegt fyrir hv. 12. þm. Reykv. og forstjóra DAS í Hafnarfirði að líta yfir höfnina og fylgjast með því hvaða bátafloti einkaframtaksins kemur þar að landi í dag og hugleiða svo hvort Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafi e. t. v. haft áhrif á þróun mála. Það er fróðlegt. Það er, ef ég man rétt, beint skyggni frá skrifstofunni og út á höfnina. Það er hægt að ræða um verðlagningu á sjávarafla út frá ýmsum forsendum. En það er mjög margt sem bendir til þess að stundum hafi það gerst að þeir aðilar sem sitja í Verðlagsráðinu líti dálítið nálægt sér í ákvarðanatökunni. Og það er af þeirri ástæðu sem Vestfirðingar og sjómenn og fiskverkendur við Breiðafjörð hafa sótt það fast að fá fulltrúa þarna inn þegar verðákvörðun er tekin á rækju og skel.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 980).

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 933, 956). — 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef á þskj. 956 flutt brtt. við frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem hér er tekið til 3. umr. Hljóða brtt. mínar í tveim tölul. þannig, með leyfi forseta — það eru brtt. við þskj. eins og það liggur fyrir prentað eftir 2. umr.:

„1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmrh. heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

2. Við 6. gr. bætist: 99% af fyrrgreindum tekjum skulu renna í Framkvæmdasjóð aldraðra til viðbótar framlögum skv. lögum nr. 91/1982.

Hér er, herra forseti, um að ræða tvær breytingar óskylds eðlis við frv. Hin fyrri er til að tryggja að dómsmrh. hafi ekki heimild til að leyfa framleiðslu eða bruggun sterkra drykkja einkaaðilum eins og gert er ráð fyrir í sambandi við áfengt öl. Eins og 2. gr. kom frá hv. n. á þskj. 933 og var samþykkt hér við 2. umr. er hún þannig — ég ætla að lesa hana hér, til að skýra þetta mál:

„7. gr. laganna orðist svo:

Bannað er án leyfis dómsmrh. að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal ekki heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem óheimilt er að flytja til landsins, skv. 3. gr., nema til útflutnings.“

Samkv. frv. eins og það er þarna eftir 2. umr. hefur dómsmrh. heimild til þess — eða þannig má túlka það — ekki aðeins að heimila bruggun á áfengu öli á Íslandi heldur einnig að leyfa öðrum en Áfengisversluninni að búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft áfengi. Þetta var e. t. v. ekki hugsun þeirrar n. sem um þetta fjallaði og um það vil ég ekkert fullyrða. En ég tel óeðlilegt að slík heimild sé inni í lögunum varðandi annað en áfengt öl og því er þessi brtt. flutt.

Í áfengislögum nr. 82/1969 var þetta ótvírætt orðað og ég hef tekið upp orðalag úr þeim lögum í upphafi þar sem segir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni sé heimilt að framleiða með þeirri undantekningu sem síðar greinir.

Ég vænti þess að þessi breyting hafi stuðning manna almennt þegar menn átta sig á því hvað hér er á ferðinni. Ég hef ekki heyrt í umr. að það væri í rauninni ætlan manna að fara að opna fyrir heimild til dómsmrh. að aðrir en Áfengisverslunin gætu búið til aðra áfenga drykki en áfengt öl. Ég bendi á að þó að deila megi um orðalag hér er vissara að hafa þetta alveg á hreinu. Menn minnast þess þegar heimild var veitt af páv. fjmrh. Sighvati Björgvinssyni síðla árs 1979 um að opna

fyrir innflutning á áfengu öli eða farþegar til landsins, ferðamenn til landsins gætu tekið ákveðið magn af áfengu öli í gegnum toll í Keflavík. Þá var það mjög umdeilt hvort það stangaðist ekki á við áfengislögin og komu tvær túlkanir fram. Það er víti til að varast í þessum efnum að hafa eitthvað óskýrt í þessu máli.

Kem ég þá að brtt. undir tölulið 2. Hún tengist 6. gr. eins og hún liggur hér fyrir, en sú grein kveður á um að árlega skuli verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Það er ekkert kveðið á um hin 99%. En hér er gerð till. um það að þessi 99% af fyrrgreindum skatttekjum ríkissjóðs skuli renna í Framkvæmdasjóð aldraðra til viðbótar framlögum skv. gildandi lögum um málefni aldraðra nr. 91/1982.

Ég tel eðlilegt að Alþingi móti við meðferð þessa máls stefnu um það í hvað söluhagnaði ríkissjóðs af sölu áfengs öls verði ráðstafað. Ég tel að þeim hagnaði sé vel varið til þess að efla Framkvæmdasjóð aldraðra og tryggja þar með að stórt átak sé hægt að gera í þeim málum sem Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að styrkja, sem eru bygging íbúða og dvalarstofnana fyrir aldraða eins og nánar er tilgreint í 17. gr. laga um málefni aldraðra. Þar er, eins og menn vita, um að ræða ýmsa þætti. Það eru íbúðir sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, þjónustuíbúðir og verndaðar þjónustuíbúðir sem svo eru kallaðar. Þar er í öðru lagi um að ræða dvalarheimili ætluð öldruðu fólki sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar er í þriðja lagi um að ræða hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir ætlaðar öldruðum einstaklingum. Þar er í fjórða lagi um að ræða sjúkradeildir hannaðar á sama hátt og spítaladeildir, ætlaðar langlegusjúklingum. Og þar er í fimmta lagi um að ræða stuðning við dagvist fyrir aldraða sem getur verið sjálfstæð eða hluti stofnunar.

Eins og menn vita er mjög langt í land að öldruðum hér á landi hafi verið búin sú aðstaða sem eðlilegt væri og sjálfsagt er að gert verði til þess að þeir geti notið ævikvöldsins við góðar aðstæður. Hvaða augum sem menn líta heimild um sölu á áfengu öli hérlendis ætti menn ekki að þurfa að greina á um það að þeim hagnaði, sem ríkissjóður hefði af sölu áfengs öls, væri vel varið til þess að koma megi þessum málum í gott horf á ekki mjög löngum tíma. Það er síðan að sjálfsögðu hægt fyrir löggjafann að endurskoða þessi efni í sambandi við ráðstöfun þessa hagnaðar eftir að menn telja að málefni aldraðra séu komin í viðunandi horf. En eins og ég gat um sjáum við ekki enn þá tíð upp renna.

Út um allt land er gífurlega mikil þörf fyrir byggingar í þágu aldraðra. Einstök sveitarfélög hafa þegar gert myndarlegt átak á sína vísu til þess að þoka þessum málum til betra horfs, önnur hafa enn ekki hreyft sig en eru kannske með málin á undirbúningsstigi. Vissulega hefur Framkvæmdasjóður aldraðra nú þegar létt undir og sannað gildi sitt og ekki til þess ætlast að hróflað verði við þeim tekjustofnum sem hann hefur að gildandi lögum. En fjárhagur sveitarfélaganna er víða mjög takmarkandi í þessum efnum. Geta til að gera átak í þessum efnum hefur farið minnkandi hjá mjög mörgum sveitarfélögum. Á það ekki síst við um sveitarfélög í sjávarplássum víða um land. Allir vita um aðstæður hér í Reykjavík og grennd í þessum efnum t. d. varðandi B-álmu Borgarspítalans þar sem aðeins hefur verið unnt að veita brot af því fjármagni sem æskilegt hefði verið til þess að þoka þeirri framkvæmd áfram.

Ég tel mig ekki þurfa að fara fleiri orðum um þörfina í þessum efnum. Auðvitað gætu menn nefnt ýmsa fleiri þætti, ýmis önnur svið þar sem fjárskortur stendur í vegi fyrir æskilegum framkvæmdum. En ég tel að þegar yfir málið er litið séu það málefni aldraðra sem ættu að njóta forgangs varðandi þessar tekjur. Þá ætti að vera unnt að sinna öðrum þáttum eins og t. d. málefnum fatlaðra og þroskaheftra með öðrum hætti, en það er málasvið sem eðlilega kemur upp í hugann þegar um er að ræða nýja tekjustofna, eins og hér er gert ráð fyrir, verði frv. þetta að lögum. Ég ætla ekki, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég hef tjáð mig um þessi efni við 1. og 2. umr. málsins og vildi hér aðeins gera grein fyrir þessum brtt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla að hefja mál mitt á því að ræða þá brtt. sem hv. síðasti ræðumaður var hér að tala fyrir. Ég hefði tekið þessari till. fegins hendi ef 1. málsliður hefði aðeins verið, með leyfi forseta: „Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar.“ Þar með búið. Þ. e. að það hefði verið ríkið eitt sem hefði leyfi til þess að framleiða áfengt öl ef það spor verður stigið sem ég vona enn að ekki verði.

Mig langar til að segja nokkur orð til hv. þm. Ellerts Schram út af þeirri ræðu sem hann flutti hér við 2. umr. málsins. Hann sagði að löggjöfin væri ekki góð. Ég get raunar tekið undir það að löggjöfin er ekki góð. En hann heldur áfram: það þýðir ekki að setja boð og bönn. Hvað erum við að gera hér á Alþingi flesta daga? Ef við værum nógu fullkomnir þyrfti engin lög, ef siðferðisvitund okkar væri það sterk. En það er nú þannig að því miður er því ekki þannig varið. Við erum alltaf að setja boð og bönn. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Ellert Schram muni ekki leggja það til t. d. að hér sé frjálst að flytja inn ýmiss konar fíkniefni. En dómgreind manna virðist vera svo brengluð — ég verð að segja það — að átta sig ekki á því að þetta er eitt af þessum eiturefnum sem kannske er það alvarlegasta sem við höfum við að glíma. Ég ætla ekki að ræða meira um þetta atriði því að ég ætla ekki að tala mjög langt mál hér, ég sé enga ástæðu til þess.

Ég óska eftir því að hv. 2. þm. Reykn. verði hér við því að ég ætla aðeins að tala til hans hér á eftir. Það kemur fram í skýrslu að af þeim sem framleiða áfenga drykki hafi verið varið sem svarar 60 milljörðum íslenskra króna á s. l. ári til áróðurs og auglýsinga. Menn geta hugleitt hvort þeir haldi að Islendingum hafi verið boðið eitthvað af þessu til áróðurs eða auglýsinga. Ég er ekki að segja að þeir hafi tekið við því en ég held að það væri afskaplega einkennilegt að slá því föstu að það sé a. m. k. ekki hætt við því að þeir, sem eru að auglýsa og reyna að koma áfenginu á markað, hafi reynt að fá sér umboðsmenn og auðvitað þeir sem hafa umboð fyrir áfengi og ef það er í ríflegra lagi, hvað er það?

Ég sagði það við 2. umr. að eitt það merkilegasta sem fyrir mig hefur komið hér á Alþingi var sú ræða sem formaður nefndarinnar, hv. 2. þm. Reykn. Gunnar Schram, flutti hér. Ef ég hefði ekki verið búinn að lesa nál. og séð með eigin augum að hann skrifaði undir með

fyrirvara hefði ég talið allt til hins síðasta að þarna væri flutt áhrifamikil ræða gegn bjórnum og afleiðingin af þeim flutningi hlyti að vera sú að hann væri á móti þessu frv. Ég ætla að fara ofan í nokkur atriði. Mér finnst nauðsynlegt að ræða þau því að þau eru mjög athyglisverð. Hann segir hér: „Skv. opinberum skýrslum voru seldir 600 þús. lítrar öls í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli árið 1984." Ég efa ekki að þetta er rétt, þetta er sjálfsagt í opinberum skýrslum. Ég ætla að beina orðum mínum fyrst og fremst til forseta sem situr hér í forsetastól. Það var einmitt Sighvatur Björgvinsson fyrrv. alþm. sem kom því í gegn að Íslendingar, sem komu til landsins og raunar allir sem komu í gegnum flugvöllinn, gátu haft með sér áfengt öl inn í landið. Ég vil að þetta liggi alveg á hreinu.

Síðan segir hv. 2. þm. Reykn.: „Í fyrra voru seldir um 600 þús. lítrar til veitingahúsa til gerðar hins svonefnda bjórlíkis. Samtals er hér um að ræða um 8 lítra af áfengu öli á mann 20 ára og eldri." Síðan talar hann um það að með brugginu sé þetta svona og svona mikið. Ég vil draga mjög í efa þessar upplýsingar. Mér sýnist að verið sé að reyna að koma því inn hjá þjóðinni að þessi tala hafi verið svona. Ég fer stundum á samkomuhús og veitingahús. Aldrei kaupi ég annað en bara malt og pilsner o. s. frv. Það er hæpið að fullyrða nokkuð um það sem samkomuhús og veitingahús önnur kaupa og þessar bjórstofur, hvað hefur verið notað í bjórlíki og hvað ekki. En auðvitað er þetta allt það magn sem þessi hús hafa fengið og á að vera afsökun síðar meir fyrir því að svona hafi það nú verið áður, það hafi verið notað svona og svona mikið af áfengu öli, farið út og suður til þess að sýna fram á að aukningin hafi ekki verið mjög mikil. Nú veit ég það að hv. þm. hefur fengið þetta hjá einhverjum, sem mættu hjá nefndinni, og mér dettur ekki í hug, hef enga ástæðu til þess að rengja það út af fyrir sig. En þessar upplýsingar, hvaðan sem þær koma, stangast á við heilbrigða skynsemi blátt áfram, hvorki meira né minna. Ég vil vekja athygli á þessu atriði alveg sérstaklega.

Hv. þm. segir náttúrlega margt um þetta, en ég ætla ekki að fara að lesa hans ræðu alla hér upp þó ég vilji endurtaka það að hún var að mörgu leyti mjög merkileg. Hv. þm. segir að ef af því yrði að slík sala yrði leyfð, þ. e. á áfengu öli eins og frv. og brtt. gerir ráð fyrir, megi búast við nokkurri aukningu á heildarmagni selds áfengis í landinu þrátt fyrir að um allmikla sölu á áfengu öli sé að ræða þegar í dag eins og ég gat um.

Ég vildi leiða hugann að því hvað þetta atriði er mikilvægt í umræðum á næstunni, næstu árum, þangað til þessi mál verða tekin upp ef þetta frv. verður samþykkt. Hv. þm. hefur áhyggjur af því að ef þetta verður að lögum, þá verði nokkur aukning, og leggur til að reynt verði með einhverjum hætti að draga úr neyslu áfengra drykkja yfirleitt. Ég vil taka undir það að það væri nauðsyn, en ég held að það geti ekki verið ráðið til að minnka áfengisneyslu að hafa á boðstólum enn þá meira áfengi heldur en nú er. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því að það er mjög hætt við því að ýmsum þyki bjórinn góður og þeir kaupi hann í kössum, þannig er það annars staðar a. m. k., og síðan hafa þeir hann í kæliskápum þar sem börn og unglingar geta náð þessum áfenga bjór. Og menn geta bara hugleitt hvað af því getur hlotist.

Hv. 2. þm. Reykn. segir okkur frá því í sambandi við þá nefnd sem ríkisstj. skipaði 19. maí 1983 til þess að marka opinbera stefnu í áfengismálum, að honum hefði fundist að það hefði átt að bíða eftir niðurstöðu þeirrar nefndar og hann hafi komið með þá tillögu að beðið yrði eftir niðurstöðu nefndarinnar. Ég vil taka sterklega undir þau rök sem hv. þm. bar hér fram, að það sé ákaflega óeðlilegt að skipa nefnd til þess að marka stefnu í áfengismálum en bíða ekki eftir niðurstöðum hennar. En samt sem áður, þrátt fyrir þau vonbrigði sem við urðum vitni að í ræðu hv. þm., þá verður hans afstaða að fylgja þessu frv.

Hann getur einnig um það sem meiri hl. nefndarinnar gerir, þ. e. brtt. við 2. gr., sem er í raun og veru þess eðlis að dómsmrh. sé heimilað að leyfa innlendum einstaklingum og fyrirtækjum bruggun, framleiðslu hvers konar áfengis nema öls utan styrkleika 4—5%. Hér er um mjög alvarlegan hlut að ræða að mínu mati, sem hefði átt að verka þannig á meiri hl. hv. deildar að ekki kæmi til nokkurra mála að samþykkja þessa brtt. hvað sem er um þennan bjór. Ég ætla ekki að ræða ræðu hv. 2. þm. Reykn., formanns allshn. þessarar deildar, frekar.

Ég sakna þess mjög að 1. flm. þessa frv. skuli ekki vera hér í salnum því að ég á við hann nokkurt erindi. Ég er hér með fyrir framan mig nokkra punkta, sem ég ætla þá að nota tækifærið til að lesa upp á meðan ég bíð eftir hv. flm. þó að ég hafi ekki áður ætlað að gera það.

Í blaði sem templarar gefa út og nefnist Reginn segir svo:

„Um allan heim stendur ofdrykkja og áfengisböl í föstu hlutfalli við almenna áfengisdrykkju. Því almennari áfengisneysla, því meira áfengisböl. Því almennari bindindisstarfsemi, því minna áfengisvandamál. Sterk bindindishreyfing dregur úr hættunni. Það er ekkert einkamál neins hvernig ástatt er um bindindisstarfsemi frekar en aðrar slysavarnir og heilsugæslu. Við vinnum að veröld án vímu. Bindindi þýðir betra þjóðfélag. Áfengið er orsök bæði hins bráða og langvinna drykkjuskapar, því að enginn verður áfengissjúklingur sem ekki neytir áfengis. Áfengið svæfir heilann, deyfir fyrst varkárni, dómgreind og ökuhæfni mannsins. Áfengið er vanabindandi eiturlyf. Það er mikilvægara að koma í veg fyrir sjúkdóminn en að lækna hann." (**Forseti:** Nú gengur hv. 5. þm. Reykv. í salinn.) Já, ég fagna komu hans hingað.

Ég varð fyrir nokkuð merkilegri reynslu undir ræðu hv. þm. við 2. umr. þessa máls. En áður en ég segi frá þeirri reynslu vil ég endurtaka það sem ég sagði þá og hafði eftir einum nm. í allshn. hv. deildar og er náttúrlega athyglisverður dómur um það frv. sem hér er til umr. eins og það var lagt fram. Hann sagði að það eina sem nefndin hefði verið sammála um hefði verið það að frv. væri ónothæft. Ég vil biðja menn að festa sér þetta sérstaklega í minni. Það voru a. m. k. tveir lögfræðingar meðflm. að frv. en þó var þetta sá dómur sem frv. fékk hjá nefndinni.

Þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var að flytja sína ræðu sótti ákaft á huga minn kvæði sem ég lærði fyrir rúmlega 50 árum. Og það vill svo til að það mun vera um öld síðan sá maður fæddist sem gerði þetta kvæði. Ég hélt að ég væri fyrir löngu búinn að gleyma þessu kvæði. Þetta var ort sennilega í kringum 1930 og tilefnið var það að mikið var talað um það að bruggað væri á nokkrum stöðum í mínu nágrenni. Þetta kvæði

varð m. a. til þess að breyta afstöðu margra manna á þeim tíma til áfengis og bruggs. Og það merkilega var að eftir því sem hv. þm. talaði lengur, eftir því komu fleiri vísur upp í huga minn og þó eru orðin 40—45 ár síðan ég hef lesið eða heyrt þetta kvæði. Ekki er ég öruggur um að ég hafi það allt, en að lokum tókst mér að rifja upp níu vísur sem mig minnir að hafi verið svona:

Hann krýpur við hlóðirnar hálfboginn,
hugsandi starir í eldinn.
Hann veit hann er sekur, en verður um sinn
að vaka er líður á kveldin.
Eitrið í katlinum sýður og sogar,
það seytlar um pípur, það logar, það logar.

Bruggarinn hlær þegar blossar og sýður,
af brennandi girnd er sál hans full.
Hann telur dropana er tíminn líður,
hann tælir hið skínandi gull.
Hann veit að eitrið er örlagavaldur,
en ágirndin ræður, því er hann kaldur.

Hann telur á fingrum sér tugi króna
og tendrar hið skínandi bál.
Hann veit að nú eignast hann auðlegð og þjóna
og allt sem girnist hans sál.
Því lætur hann eitrið í flöskurnar flæða
þótt fylgi því harmur, örbirgð og mæða.

Hann veit að þeir koma og kaupa landann
sem kvarta og vantar brauð.
Feður á eitrinu fjörga andann
þótt fjölskyldan líði nauð.
Dansandi æskan um dimmar nætur
fyrir dropana síðasta eyrinn lætur.

Lágnættið kemur og bruggarinn blundar.
Það blikar á flöskurnar allt í kring.
Ofan frá himnunum skínandi skundar
Skuld með dísir á örlagaþing.
Það hafði borist til bjartari heima
bölið sem flöskurnar geyma.

Það hafði borist bænamál
frá börnum og hungruðum konum,
frá góðum mönnum sem glötuðu sál
og grétu yfir brostnum vonum,
frá blíðlyndri móður sem beið í ranni,
barin af vitskertum manni.

Það hafði flogið um byggðir og borg
bruggarans alkunna saga:
um bardaga mannanna, áflog og org,
illindi nætur og daga,
um harmþrungnu meyjanna hinstu stundir
sem hurfu bylgjurnar undir.

Dísirnar hefja sitt harmamál
um heimsku mannanna og syndir.
Það liðu um bruggarans bannfærðu sál
að bólinu óljósar myndir.
Svo heyrðist eitt hljóð úr húmi nætur.
Hann hrekkur skjálfandi á fætur.

Bruggarinn tautar: Flaskan er full.
Að fela er mestur vandinn.
Mig dreymdi víst áðan demanta og gull.
Það er daufur í flöskunni landinn.
Svo læðist hann burtu lúmskur sem refur
um lágnættið, grefur og grefur.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er m. a. undir yfirskini frelsis sem bjórvinir flytja þetta frv. Auðvitað er frelsið okkur öllum mikilvægt, en sannleikurinn er sá að við höfum á mörgum sviðum takmarkað frelsið þegar um er að tefla hluti sem eru skaðlegir þjóðinni. Við heyrðum í útvarpi í gær eða fyrradag útreikning á hvað áfengisdrykkjan sem nú er kosti þjóðina og er enginn vafi á að hann er nærri lagi. Mig minnir að það hafi verið nefnt að áfengisdrykkjan kosti þjóðfélagið einhvers staðar á milli 3500 millj. upp í 5500 millj. kr. Það er gífurlegt fé.

Ef þetta frv. verður nú að lögum er ekkert vissara en það að áfengisneysla vex. Spurningin er hversu mikið. Menn hafa verið að reikna það út að hver Íslendingur 15 ára og eldri komi til með að drekka 40 lítra af áfengu öli á ári. Ég er hins vegar alveg sannfærður um að Íslendingum tekst að læra þetta mjög fljótt, að drekka öl, ekki síður en öðrum þjóðum og þeir verði ekki eftirbátar annarra í þeim efnum ef hægt er að nota það orð. Ég er alveg sannfærður um að áfengisdrykkjan verður ekki aðeins 40 lítrar á hvern haus, heldur 80 í það minnsta og þá vantar mikið á að við náum þeim duglegustu í þessum efnum í Evrópu. Danir t. d. drekka talsvert á annað hundrað lítra á mann á ári. Svo er einnig um Þjóðverja. Og Íslendingar hafa verið ákaflega fljótir að tileinka sér nýjungar á öllum sviðum. Það má nefna sem dæmi nýja tækni og nýja neyslu t. d. í alls konar tækjum, svokölluðum græjum eins og það heitir, hljómflutningstækjum, vídeótækjum og öðru þess konar. Um leið og það er komið til okkar sláum við um leið öll heimsmet. Engir hafa meira af þessum tækjum í veröldinni en við Íslendingar. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstfl. gaukaði að mér þeirri spurningu hvort það væri ófínt. Ég skal út af fyrir sig ekki leggja neinn dóm á það. Hins vegar sýnir þessi staðreynd að Íslendingar eru ekki eftirbátar í þeirri neyslu frekar en annarri.

Íslendingar hafa nýverið tekið upp svokölluð kreditkort. Það var nú talið að í þessu þjóðfélagi, þar sem allir taka allar ávísanir af hverjum manni í landinu, væri ekki þörf á því að koma slíkum nýjum greiðslumáta í gagnið. En hvað skeður? Eftir örskamma stund er næstum hver maður kominn með eitt eða jafnvel fleiri greiðslukort upp á vasann. Og Íslendingar nota meira af þeim nú en flestar ef ekki allar aðrar þjóðir. Svona er þetta á mörgum sviðum. Íslendingar eru næmir á allt slíkt og fljótir að tileinka sér hlutina. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, svo að ég endurtaki, að Íslendingar muni drekka miklu meira en áætlað er. Mér er nær að halda að heildaráfengisneyslan muni tvöfaldast við tilkomu bjórsins.

Menn hafa talað um að áfengisneyslualdurinn muni færast niður. Ég er ekkert viss um það. Íslendingar hafa líka verið ákaflega námfúsir í sambandi við brennivínsdrykkju og gengið ágætlega að tileinka sér hana, jafnvel þó að um sterka drykki sé að ræða. Og það er ekki þess vegna að ég sé að hugsa um ungdóminn. Hann drekkur

sitt brennivín hvort sem það er veikt eða sterkt. En reynsla annarra þjóða sýnir að bjórneyslan bætist við.

Það er talað um það af fróðum mönnum í útlöndum, sem hafa kannað þessi mál lengi, að ef vínneysla tvöfaldast fjórfaldist vandamálin og ef vínneyslan þrefaldast nífaldist vandamálin. Ég trúi því ekki að hv. alþm. hafi ekki orðið varir við vandamálin sem skapast af áfengisneyslu þjóðarinnar. Ég er ekki viss um að það sé nokkurs staðar annars staðar í heiminum eins mikið af sjúkrarúmum sem eru lögð undir áfengissjúklinga og hér.

Áfengi er mikið drukkið á Íslandi. Hér eru mjög margir áfengissjúklingar. Það vandamál kostar, eins og ég sagði fyrr, gífurlega fjármuni. Og ef það verður þannig að við tvöföldum okkar áfengisneyslu og fáum fjórföld vandamál, þá er ekki lengur um 3.5 milljarða tjón að ræða heldur 14 milljarða kr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt um þetta frv. En ég vil hins vegar leyfa mér að benda hv. alþm. á að ef þetta skref verður stigið, að kalla yfir okkur það mikla flóð áfengs öls, þá verður það ekki stigið til baka. Að mínum dómi er hér um að tefla mál sem er miklu alvarlegra en kannske öll önnur mál sem við höfum staðið frammi fyrir að taka afstöðu til í hinu háa Alþingi.

Þjóðin hefur oft kveinkað sér undan því þegar misvitrir stjórnmálamenn og kjarklitlir hafa verið að setja harkalegar efnahagsráðstafanir á þjóðina og margt af því tagi. Það eru yfirleitt tímabundin vandamál sem menn geta krafsað sig út úr með því að ganga aðra leið. En ef við tökum bjórinn inn höfum við hann áfram og ég er viss um að drykkjan fer vaxandi með árunum og mun skapa gífurleg vandamál.

Íslendingar hafa haft þann háttinn á lengst af, þeir sem drekka áfengi á annað borð, að skella í sig brennivíni við hátíðleg tækifæri og skemmta sér, drekka kannske mikið. Svo hætta þeir því bara og gera það ekki fyrr en næst. Og á milli eru Íslendingar edrú. En ef menn fá bjórinn yfir sig breytist þetta frá því að vera svona stök fyllerí yfir í það að vera sífellt með áfengi við höndina. Bjórdrykkjan er þannig að hún er — ég þori kannske ekki að segja dagleg drykkja, en ég er ansi hræddur um að það verði ekki mjög margir ísskápar í landinu sem ekki innihalda bjór á virkum dögum ekki síður en á helgum. Með því að taka bjórinn, þá verða tugir þúsunda Íslendinga, ég vil leyfa mér að segja hátt á annað hundrað þúsund Íslendinga, meira og minna með bjór í skrokknum og þar með áfengi. Það verður auðvitað margfalt, margfalt óhollara en hin gamla aðferð þótt hún hafi ekki verið góð.

Ég held að ég hafi, herra forseti, byrjað þessi fáu orð á því að segja: Þetta er gert undir yfirskini frelsisins á öllum sviðum sem hefur lukkast misjafnlega. Ég tel að þó marga langi í þennan bjór, þá er hægt að gera það þjóðfélagsins vegna að neita sér um þennan vökva því að þó talað sé um nú að bjórinn sé þegar kominn í svokallaðar ölkrár og þar muni nokkrar þúsundir manna drekka það sull þá er það auðvitað ekki bjór. Það kemur eitthvað til landsins af sterku öli frá útlöndum með fragtskipum. Eitthvað er það. Kannske milljón flöskur svo að við reiknum ríflega. Það er nú 2—4 daga skammtur hjá bjórdrykkjuþjóð á mann. Þegar allt kemur saman gætum við kannske sagt að með smygli, með löglegum innflutningi og með bjórkaupum á Keflavíkurflugvelli, sem er greinilega ólöglegt eins og ölkrárnar, drekki 10 þús. manns í landinu einhvern bjór, en ekki eins og gerist í nágrannalöndum samt, ekkert nálægt því. En þegar við fáum bjórinn verða það ekki 5—10 þús. manns sem drekka þetta, heldur a. m. k. 160 þús. manns. Þarna er mikill munur á.

Herra forseti. Ég læt vera að flytja lengri fyrirlestur, en vonast til þess að geta fengið að segja örfá orð í viðbót ef tækifæri gefst til. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það er dálítið erfitt að tala í þessari umr. um bjórinn af þeirri ástæðu að stuðningsmenn hans vilja stöðugt nánast láta að því liggja, ef menn hafa þar eitthvað að segja, að verið sé að halda uppi málþófi.

Ég vil byrja á að geta þess að í fyrravetur var frv. til l. um bjórinn í allshn. Nd. og ég lagði eindregið til að það frv. yrði afgreitt úr n. og kæmi til atkvæða hér í þinginu. Það frv., sem nú er til afgreiðslu hér, hefur haft meiri hl. í allan vetur. Flm. og nm. var því í lófa lagið að koma málinu út úr n. mjög tímanlega ef áhugi hefði verið á því. Í þriðja lagi: Meiri hl. n. var mjög seinn til að skila nál. eftir að n. var búin að afgreiða málið út. Engu að síður er stöðugt látið í það skína, þegar menn taka hér til máls um þetta mál, að verið sé að halda uppi málþófi.

Ég hefði, herra forseti, viljað óska eftir því að hv. 5. þm. Reykv. væri hér viðstaddur. (**Forseti:** Forseti verður við þeim óskum að reyna að hafa samband við hv. þm. en hins vegar neyðir forseti engan þm. til að vera hér í salnum.) Ég vil þakka forseta, bæði fyrir það að vera reiðubúinn að hafa samband og eins hitt að neyða engan þm. til að vera í salnum — ekki síður fyrir það síðarnefnda. Hins vegar getur það verið dálítið erfitt að halda hér áfram umr. án þess að hann sé til staðar.

Ég mun víkja næst að brtt. sem borin hefur verið fram af 5. þm. Austurl. Þessi brtt. er að því leyti sérstæð að flm. hennar telur að vissulega sé auðveldara að verja illt málefni ef tryggt er að tekjurnar sem verði af því fari í gott málefni. Ég sé hv. 5. þm. Austurl. fyrir mér á fundum eystra þegar hann útskýrir það fyrir kjósendum sínum að hann hafi bjargað því sem bjargað varð í þessu blessaða bjórmáli, hann hafi viljað hafa áhrif á það að tekjur rynnu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þarna er verið að spila á tilfinningar manna. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ef ég ætti að meta það hvort hv. 5. þm. Reykn. eða hv. 5. þm. Austurl. ættu að sjá um ráðstöfun á almannafé, þá mundi ég ekki hika við eitt augnablik að mæla fremur með því að það yrði hv. 5. þm. Reykn. Ég tel að það sé ekki viðeigandi að blanda saman hlutum sem þessum.

Ég þori varla að nefna dæmi um hliðstæður því að það er hætt við að menn yrðu þá úthrópaðir sem öfgamenn. Segjum nú að ég og fleiri bærum fram till. um að leyfa innflutning á hassi, það er talið með því meinlausasta sem búið er að smygla inn í landið í þó nokkrum mæli — upplýsingar m. a. Dagblaðið — en legðum til að gróðinn sem kæmi — því að þetta yrði selt með verulegri álagningu í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — færi til öryrkja. Væri þetta heiðarlega að verki staðið? Ég segi: Nei. Þarna eru menn að reyna að blekkja, þarna eru menn að reyna að koma mönnum til að samþykkja hluti sem þeir vita að menn eru á móti

með því að bæta öðru góðu málefni við.

Ég vil aftur á móti vekja athygli á því að ég hygg að fyrri partur þessarar greinar, þar sem hann vill halda inni einkarétti ríkisins til bruggunar á áfengi, sé settur fram af fullum heiðarleika. Ég tel að honum sé þar fúlasta alvara, hann telur að þannig eigi skynsamlega að standa að málum. Þannig hefur þetta verið hér á landi að ríkið hefur eitt séð um bruggun á víni.

Mér finnst að það sé aftur á móti eðlilegt að maður *spyrji hv. 5. þm. Austurl. eins og hann spurði á sínum* tíma hv. 5. þm. Reykv.: Hvaða alvara er honum með þessum tillöguflutningi? Ef þessar brtt., sem hann ber hér fram, eru felldar, ætlar hann eftir sem áður að styðja frv.? Eru þetta þá bara algjör aukaatriði sem hann er að berjast hér fyrir þannig að hann er reiðubúinn eftir sem áður að styðja frv.? Mér finnst að hv. 5. þm. Austurl. geti illa komist undan því að gera grein fyrir því hér í ræðustól hvort honum er alvara, hvort hann ætlar sér að styðja frv. ef þessar breytingar eru felldar. Hann stóð hér í pontunni fyrir nokkrum dögum og spurði hv. 5. þm. Reykv. varðandi útvarpslögin: Er honum alvara, eru þetta skilyrði fyrir stuðningi? Hann hlýtur að verða að gera dæmið upp við sig á nákvæmlega sama hátt. Eru þetta till. sem hann vill standa og falla með varðandi stuðning við málið?

Herra forseti. Ég hafði nú hugsað mér að víkja máli mínu frá hv. 5. þm. Austurl. og hefði gjarnan viljað eiga orðastað við 5. þm. Reykv. og vil nú spyrja forseta hvort hann sé væntanlegur á fundinn. (**Forseti:** Forseti hefur gert rek að því að náð verði til hv. 5. þm. Reykv. en ég hef ekki fengið svar við því endanlega hvort hann verður hér. — Hv. 5. þm. Reykv. er á leiðinni til *þinghússins.*)

Hv. 5. þm. Reykv. hefur mikið verið í sviðsljósinu í vetur. Hann hefur flutt ógrynni af ræðum, hann hefur skrifað mikið í blöð, það hafa verið viðtöl við hann í sjónvarpi og útvarpi. En hann hefur fallið í þá gryfju — (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) — að gleyma því hvað hann hefur sagt á hinum ýmsu stöðum. Það hafa verið dálítið óþægileg augnablik hjá hv. 5. þm. Reykv. þegar hann hefur verið að þræta fyrir það sem hann hefur sagt eða það sem hann hefur skrifað. Eitt af hinum frægu efnum var hin svokallaða Finnlandsering sem hann kom á framfæri og leiddi til þess að jafnaðarmenn í Finnlandi töldu manninn vart hæfan í hópi jafnaðarmanna á Norðurlöndum. Ekki veit ég hvort það átti að bannfæra hann eins og kaþólska kirkjan beitti stundum við menn sem brutu mikið af sér, en þeim fannst dálítið skrýtin kenningin og þeir tóku fram að þeir létu ekki bjóða sér svona hluti. En hv. 5. þm. Reykv. sat fastur í netinu, töluð orð verða ekki aftur tekin.

Hv. 5. þm. Reykv. átti í viðtali við útvarpið kost á því að veita þeim, sem nú stendur hér í ræðustól, vissa aðför vegna orða sem hann hafði látið falla um hugsanlega mútustarfsemi. Og það var ekki verið að skafa utan af hlutunum hvað væri farið fram á. Jú, hann skyldi sko standa við það að draga mennina fram í dagsljósið eða verða minni maður ella. En hvað hafði hent þennan ágæta hv. 5. þm. Reykv.? Hann hafði í viðtali við Helgarpóstinn fimmtudaginn 31. jan. 1985, 5. tbl., með leyfi forseta, komið á framfæri sínum skoðunum varðandi mútur. Með leyfi forseta vil ég lesa upp það sem víkur að þessu efni:

„Jón vék að sölufyrirkomulagi á áfengum drykkjum hérlendis og sagði skipan á sölu í gengum áfengiseinkasölu ríkisins fáránlega í heild sinni. Vitað væri hvernig og hvaða leiðir umboðsmaður áfengis færi til þess að auglýsa sína vöru, koma henni fyrir á réttum stað í hillunum og fá rétta aðila til að veita vörunni hæfilegan forgang. Þetta er m. ö. o. alræmd mútustarfsemi.“ (**Gripið fram í:** Hann er farinn úr salnum.) Það var ekki verið að draga af hlutunum. Það var ekkert „hugsanlegt“ í þeim efnum. Hvar eru vitnin? Það er ekki efnilegt ástand, herra forseti — (**Gripið fram í:** Jón er farinn.) — því sakborningurinn er jafnframt horfinn úr salnum ásamt vitnunum. (**HBl:** Þm. treysta sér ekki til að sitja undir þessu.)

Ég hygg að á flóttanum hér í ræðustól undan útskýringum hafi hv. 5. þm. Reykv. komist rétt að orði þegar hann sagði: Það getur orðið erfitt að leiða fram vitni. Samt er það svo að það er eitt og annað sem tíðkast fyrir augunum á öllum. Eitt af því er það að áfengisumboðin íslensku bjóða starfsfólki Fríhafnarinnar í Keflavík hingað inn í Reykjavík í veislur. Nú vil ég gjarnan spyrja hv. 5. þm. Reykv.: Eru þessi boð til þess að þeir raði rétt í hillurnar þegar þeir mæta til starfa næst í Fríhöfninni?

En það er erfitt að spyrja fjarstaddan mann, herra forseti, og ég verð allra náðarsamlegast að fara fram á það við hæstv. forseta að hann geri enn eina tilraun til að tryggja nærveru 5. þm. Reykv. Ég hef mikla samúð með hæstv. forseta hvað það snertir að þurfa að hafa aga á 5. þm. Reykv. og halda honum í salnum. Ég hef fulla trú á því að hann geri sitt besta í þeim efnum. (**Forseti KP:** Það er rétt að gera hv. þm. grein fyrir því *að núv. forseti hefur ekki áður gert tilraun til þess að* hafa hv. 5. þm. Reykv. í salnum en nú hefur hann gert sína fyrstu tilraun til þess að koma boðum til hv. þm. að hann verði hér viðstaddur.)

Með leyfi forseta vil ég enn vitna til umræddrar greinar Helgarpóstsins og vitna hér í undirfyrirsögn þar sem stendur fullum fetum: „Það tíðkast alræmd mútustarfsemi vegna áfengissölu“. Það hlýtur að vera spurning þegar slík fullyrðing er sett fram í blaði, sem alþjóð veit að er vinveitt hv. 5. þm. Reykv., hvort hann er að blekkja þjóðina með því að koma þessu á framfæri eða hvort hann er að segja meiningu sína. Hvers vegna lesa íslenskir fréttamenn ekki þessar upplýsingar upp í útvarpi til að koma boðskapnum á framfæri við þjóðina? Hvers vegna? Eru þeir kannske hræddir við að það reynist meiri sannleikur í ásökunum 5. þm. Reykv. en svo að þeir hafi áhuga á því að koma því á framfæri?

Herra forseti. Það eru önnur atriði sem fréttamenn hafa talið meira virði þegar þeir hafa talið sig þurfa að kynna bjórfrv. í ríkisfjölmiðlum. Ég hygg að hver sem hlustar á þau orð sem ég læt hér falla og hefur lesið þetta blað geri sér grein fyrir því að hv. 5. þm. Reykv. undanskilur ekki einn einasta Íslending þegar hann talar um mútustarfsemina.

En hitt skyldu menn hugleiða hvaða þjóðfélagshópar það eru sem þarf að múta ef áfengisauðmagnið þarf að koma sínum málum áfram. Eru það mennirnir hjá Dagsbrún? Ætli það? Ætli það ráði úrslitum? Mér er til efs að halda að það ráði stóru. Skyldi það hafa áhrif til *að auðvelda áfengisauðmagninu að koma sínum málum* áfram ef fréttamenn í umfjöllun um þessi mál í ríkisfjölmiðlunum draga aðeins upp bjartari hliðina af þessu

máli og misnota þannig sína aðstöðu?

Hv. 5. þm. Reykv. *er genginn í salinn* og gluggar nú í bláum blöðum, hvort það eru fluttar ræður sem hann er búinn að gleyma eins og var með Finnlandseringuna eða hvort hann er að leita eftir því að það sé eitthvað sem andstæðingar bjórsins hafa sagt hér sem hann gæti notað og komið sér undan að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint, eins og hann gerði seinast. Þá talaði hann um vindhögg. Hvar er vindbelgurinn sem þarf að stinga á, herra forseti?

Ég hygg að það geti farið svo að hv. 5. þm. Reykv. hafi bjórinn sem minnisvarða sinnar hagfræðibaráttu í sölum þingsins stimplaðan í bak og fyrir á stjórnmálaferlinum. Ég hygg að það gæti farið svo að íslensk æska og íslenskur almenningur tengdi saman tvo hluti óaðskiljanlega í minningunni í framtíðinni, hagfræðingurinn, formaður Alþfl., 5. þm. Reykv. og barátta hans hetjuleg á þingi Íslendinga fyrir bjórnum. Spurningin er aðeins þessi: Er komið að þeirri stundu hjá formanni Alþfl. að vinsældirnar séu komnar á toppinn og komið sé að því að nú fari að klofna í sundur það fylgi sem búið er að ná saman? Það er eins og mig minni að sögulega séð hafi það hent hjá Alþfl. áður og kannske er ekki svo langt á milli.

En hitt er ég ekki viss um að þeir bindindismenn sem styðja Alþfl. muni nokkurn tíma fyrirgefa formanni sínum það verk sem hann hefur talið brýnast hér í vetur. Það getur verið að innan Alþfl. rísi sú alda sem honum verði hættulegust í þessum efnum. Hann krafðist hugrekkis í útvarpsviðtalinu, hann krafðist hetjudáða. Hvaða formaður í þessu landi hefur neitað að taka einvígisáskorun við samflokksmann sinn í málefni sem er til umræðu hér í þinginu? Þó munu allir sanngjarnir menn fullyrða að formaður flokksins er vígfimari í ræðustól en sá sem skoraði hann á hólm. Hvað brast? Var það hugrekkið sem skorti? Var það hugrekkið sem ekki var til staðar? En sá sem ekki þorði var hv. 5. þm. Reykv. Hann þorði ekki í kappræðurnar. Hann hætti ekki á það.

En það er ekki víst að á öllum vígstöðvum Alþfl. komist þessi maður undan því að svara fyrir sína stefnu í þessum málum. Hann hefur látið í það skína að það þurfi kjark til að láta ekki undan þrýstihópunum. En hver og einn, sem veit að skoðanakannanir hafa sagt að bjórinn hefði meirihlutastuðning hjá þjóðinni, veit að formaður Alþfl., hv. 5. þm. Reykv., er fyrst og fremst á gruggugum atkvæðaveiðum í voninni um ráðherrastól. Draumurinn blundar og það er barist. Honum er sama hvaða verði hann kaupir stólinn, hvort sem það tvöfaldar drykkju Íslendinga eða ekki, nái hann þeim áfanga að komast í hann. Ég tel að hv. 5. þm. Reykv. sé þegar orðinn alvarlega hræddur um að hann sé búinn að stíga þau feilspor sem tryggi að undanhaldið sé það næsta sem blasi við.

Það er athyglisvert hve margir Alþýðuflokksmenn hafa sagt við mig seinustu dagana: Ég stend með þér í þessu máli. (**GHelg:** Þú ættir að vita um alla Alþýðubandalagsmennina.) Þeim hefur nú farið mjög fækkandi undanfarið. En ekki fjölgar þeim vegna þeirrar baráttu sem háð hefur verið af hendi hv. 10. landsk. þm. í þessu máli.

Ég verð að segja það eins og er að þegar þetta mál var til umr. og hv. 6. þm. Reykv. reyndi eftir mætti að veita lið 5. þm. Reykv., að sá tvíleikur sem þá var notaður og sá stuðningur, sem Dagblaðið veitti í þeim tvíleik, segir dálítið mikið um þau spil sem hv. 5. þm. Reykv. telur sig hafa á hendinni. Það er eins og hann hafi visst öryggi, visst landgönguleyfi inn í Sjálfstfl. eftir ákveðnum línum ef hann hefur þörf fyrir það.

En ræða 6. þm. Reykv. var ömurleg þar sem hann tók það fram sem rök fyrir því að leyfa bjórinn að ekki ætti að stjórna með boðum og bönnum. Bjórinn væri kominn inn í landið og menn neyttu hans o. s. frv. Öll þessi rök geta dugað eftir fimm ár í grg. með frv. þar sem lagt er til að leyft verði að flytja hass inn í landið — og gætu dugað nú þegar. Hafa menn lesið forsíðufréttina hjá Dagblaðinu? Hún fjallar ekki um bjór, hún fjallar um önnur fíkniefni miklu hættulegri, vissulega. Það má vafalaust um það deila, hvaða maður það er sem borið hefur jafnaðarhugsjónina hæst hér í landi og beittast talað fyrir henni. En mér hefur löngum fundist að það hafi gert Þorsteinn Erlingsson. Það er óvíst að hann hafi í annað sinn ort beittara en þegar hann orti kvæðið Skilmálarnir og bað menn „að lesa ekki allt gegnum annarra gler". Hv. 5. þm. Reykv. hefur fallið í þá gryfju að lesa gagnrýnislaust áróður, gleypt við honum hráum og tekið afstöðu í þessu máli á þann veg að það mun seint gleymast.

Hefði það ekki verið eðlilegt, herra forseti, að hagfræðingur og stjórnmálamaður sem er að ryðja sér völl og vill gera góða hluti fyrir land og þjóð sneri sér fyrst og fremst að því að tala um efnahagsmál, legði fram frv. sem tækju á málum eins og viðskiptahalla Íslands eða einhverju slíku? Óneitanlega hefði hann staðið hærra í sögunni, herra forseti, ef eitthvert slíkt mál hefði orðið minnisvarði en ekki bjórdós, hvort sem það nú verður einnota eða bara venjulegt gler sem fer á leiðið.

Það hlýtur að verða að skoða hvern mann í ljósi þess hvað hann setur upp sem sín stóru markmið. Hitt getur aldrei verið atriðið að týna sjálfum sér í smámálunum. Hv. 5. þm. Reykv. ætlar sér stóra hluti. Hann talar meira að segja með fyrirlitningu um þá sem ekki þoli nema litla bita og lítil skref. Með leyfi forseta vil ég lesa hér neðst í greininni:

„Ég er fylgjandi því að bjór verði seldur í verslunum en ég held bara að það yrði of stór biti fyrir þm. að kyngja. Þeir verða alltaf að vera í smáu skrefunum." Það lið, sem virðist ætla að duga hv. 5. þm. Reykv., notar smáu skrefin og það kyngir litlu bitunum. Það er athyglisvert, herra forseti, hversu 1. flm. þessa frv. hæðir miskunnarlaust það lið sem þó virðist ætla að veita málinu brautargengi með stuðningi við frv. Svo logandi háð til að afla fylgis meðal þm. veit ég ekki til að áður hafi verið notað. En kannske er þetta líka hinn nýi stíll í tjáningu. Ég vænti þess að hv. 5. þm. Reykv. svari því tæpitungulaust hér á eftir hvort hann telur að þegar áfengisumboð bjóða starfsmönnum fríhafnarinnar í veislur inn í Reykjavík, hvort þá sé verið að tryggja að rétt sé raðað í hillurnar, hvort það sé það sem hann hafi átt við þegar hann talar um mútustarfsemina og að þurfi að hafa áhrif á þessa hluti.

En ég frábið mér því meðan hv. 5. þm. Reykv. þorir ekki að mæta á kappræðufundi við samflokksmann sinn um þessi mál, að hann vogi sér að tala um kjark annarra. Það þarf að vera eitthvert samræmi á milli þess sem menn eru að segja stundum.

Ég hef hlustað á fréttir að undanförnu í fjölmiðlum

og það hefur vakið athygli mína að stöðugt hafa verið að koma fram nýjar og nýjar fréttir af þeirri erfiðu stöðu sem Íslendingar eru komnir í varðandi fíkniefni og hversu óhugnanlegt það mannfall virðist ætla að verða í röðum æskumanna þessa lands sem fellur fyrir eiturlyfjum.

Það er eins og við sofum í þessum efnum og vöknum af og til við þegar okkur berast nýjar og nýjar fréttir. Samt er það svo að það skiptir máli hvort menn vilja skipa sér í þann hóp að reyna að hafa áhrif til þess að draga úr því böli sem áfengið veldur eða hvort menn ætla að fylkja sér með þeim sem telja að syngjandi fólk og bjórkrúsir sýni söguna alla þegar talað er um áfengi. Þeir menn hafa í það minnsta aldrei lesið kvæðið Einn sit ég yfir drykkju.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 86. fundur.

Fimmtudaginn 23. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. maí 1985.

Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Páll Dagbjartsson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Páll Dagbjartsson hefur áður setið á þessu þingi og ég býð hann velkominn til starfa á ný.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þáltill. 200. mál (þskj. 227, n. 826, 827, 397). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 397 tekin aftur.
Brtt. 827 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 996).

Vegáætlun 1985—1988, þáltill. 365. mál (þskj. 583, n. 948, 635, 940). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 635,1 felld með 23:9 atkv.
Brtt. 940,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 635,2 felld með 24:8 atkv.
Brtt. 940,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 940,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 940,4 samþ. með 39 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 997).

Fjáraukalög 1980, frv. 367. mál (þskj. 587). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 998).

Heimaöflun í landbúnaði, þáltill. 94. mál (þskj. 101, n. 864). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 999).

Fjárhagsvandi bænda, þáltill. 414. mál (þskj. 680). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Samgönguleið um Hvalfjörð, þáltill. 413. mál (þskj. 679). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, þáltill. 439. mál (þskj. 746). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskiræktarmál, þáltill. 449. mál (þskj. 764). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bundið slitlag milli Reykjavíkur og Akureyrar, þáltill. 461. mál (þskj. 781). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ferðaþjónusta, þáltill. 468. mál (þskj. 810). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðgerðir í fiskeldismálum, þáltill. 476. mál (þskj. 828). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Friðarfræðsla, þáltill. 484. mál (þskj. 858). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fullgilding hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, þáltill. 472. mál (þskj. 817, n. 962). — Síðari umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þegar till. til þál. um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna kemur nú til afgreiðslu Alþingis Íslendinga hljóta óhjákvæmilega að vakna ýmsar minningar. Kannske hefur engin þjóð notið jafnmikils afraksturs af störfum hafréttarráðstefnunnar og einmitt við Íslendingar og er þó mikill akur óplægður enn. Við erum raunar aðeins á þröskuldi þeirrar verndunar-, nýtingar- og ræktunarstefnu sem móta mun íslenskt þjóðlíf um aldir. En bæði vegna forsögunnar og legu landsins ber Íslendingum að vera forustuþjóð þeirrar þróunar að löndin við nyrstu höf tengist saman, allt frá Noregsströndum til Kanada, í þeim sjálfgefna tilgangi að vernda mestu auðlegð sína, margfalda hana og nýta í þágu alls mannkyns.

Ræktunarstefnan á höfunum er hafin og þar eru tækifærin enn þá stórfenglegri en á þurrlendi til að breyta auðn í auðlegð.

Oft hefur verið á það bent að Íslendingar hafi verið forustuþjóð í hafréttarmálum, en það má rekja til laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sem sett voru 1948, og síðan baráttu okkar á tveim fyrstu hafréttarráðstefnunum sem haldnar voru í Genf árin 1958 og 1960. Og það er táknrænt að sama árið og þriðja hafréttarráðstefnan hefst, 1973, hefja Íslendingar harða baráttu fyrir því að helga sér 200 sjómílna efnahagslögsögu, sem þá strax hillti undir, og aðeins tveim árum síðar var hún orðin að veruleika. Auðvitað kostaði það harða baráttu, en við höfðum heldur aldrei náð neinum rétti án bardaga. En í styrjöldum okkar höfum við ætíð sigrað með sömu vopnum; rökum, lögum og rétti.

Þriðja hafréttarráðstefnan var einkennileg samkoma. Þar voru saman komnir fulltrúar svo til allra þjóðlanda heims. Þar var fundað í ótal herbergjum smáum og stórum, ys og þys og skvaldur á göngum, í kaffistofum og börum. Sá sem óreyndur kom til starfa á þessari samkundu vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Allt virtist vera í upplausn. En þegar upp var staðið tæpum áratug síðar höfðu margir orð á því að lokið væri merkustu sáttagerð í sögu mannkyns þar sem ráðið hefði verið til lykta yfirráðum ¾ hluta jarðarkringlunnar með samkomulagi og það án þess að nokkru sinni yrði gengið til atkvæða um efnisatriði fyrr en á lokadegi. Öll mál höfðu verið leyst á þann frumlega hátt í bókstaflegum skilningi að menn töluðu saman.

Hafréttarsáttmálann hafa hv. alþm. nú undir höndum. Hann er þess virði að skoða hann náið. Auðvitað er hann umgerð sem fyllt hefur verið upp í með spori eftir spor. Við Íslendingar eigum þau mörg, en megum þó ekki láta staðar numið því að margt er enn óráðið um skýringar og framvindu. Við skulum hafa það hugfast að rétt okkar sækir enginn nema við sjálf. Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær.

Hafréttarsamningurinn er orðinn alþjóðlegur í raun, „de facto". Veigamestu ákvæði hans hafa raunar verið það alllengi og einmitt á því höfum við Íslendingar byggt okkar rétt og heimt hann. Einn skugga bar að vísu á hafréttarráðstefnuna á síðasta degi hennar, þegar nokkur ríki neituðu að samþykkja hann, þ. á m. Bandaríkin og Bretland. Breska ríkisstjórnin tilkynnti síðan 6. des. 1984 að Bretar mundu ekki skrifa undir samninginn, en hins vegar mundu þeir ekki standa gegn því að Efnahagsbandalag Evrópu undirritaði hann. Og það hefur bandalagið þegar gert.

Hér vinnst ekki tími til að fara langt út í lagahlið þessa máls, enda óþarft því að segja má í einu orði að samningurinn sé þegar orðinn alþjóðalög í raun og því fái enginn mannlegur máttur breytt, jafnvel ekki máttur stórþjóða.

Í miðju umróti og upplausn hefur stórvirki verið unnið sem allir hljóta að vona að verði vegvísir við lausn annarra vandamála heimsbyggðarinnar. Fyrir okkur Íslendinga er samningur þessi, hefur verið og mun verða ómetanlegur. Um það er ekkert fleira að segja — nema kannske að ítreka að okkur ber skylda til að hagnýta ákvæði hans í eigin þágu og allra annarra. Lokasókn okkar stendur nú yfir. Strandþjóðirnar eru að heimta hafsbotnsréttindi sín skv. hafréttarsáttmálanum og við Íslendingar erum í þeirra hópi. Skv. 76. gr. sáttmálans eiga strandþjóðirnar sjálfar að ákveða ytri mörk landgrunnsins og það höfum við Íslendingar gert, en ætíð tjáð okkur reiðubúna til viðræðna og hugsanlegra samninga við nágrannana.

Mikill meiri hluti þjóða heims á land að sjó. Þessar þjóðir hafa því mjög ráðið ferðinni í hafréttarmálum og sjálfsagt eru þær færastar um bæði að vernda auðæfi hafsins undan ströndum sínum og eins að nytja þau,

þótt viðurkennt sé að landlukt ríki skuli þar eiga einhvern rétt. Raunar gilda fiskveiðiréttindi þeirra ekki að því er okkur Íslendinga varðar því að „íslenska ákvæðinu“ svonefnda hefur tekist að halda inni í öllum drögum hafréttarsáttmálans og er nú 71. gr. hans og hljóðar þannig:

„Ákvæði 69. og 70. gr. gilda ekki gagnvart strandríki ef efnahagur þess er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu þess.“

69. gr. fjallar um rétt landluktra ríkja er veiða hjá öðrum ríkjum og 70. gr. um rétt landfræðilega afskiptra ríkja svonefndra.

Fleiri þurfa orð þessi í rauninni ekki að vera að öðru leyti en því, herra forseti, að gera stuttlega grein fyrir áliti hv. utanrmn., en það er á þskj. 472.

Nefndin getur þess þar að sjálfsagt hafi verið að samþykkja tillöguna og mæla með að hún verði samþykkt, enda höfum við í áratug sótt rétt okkar til landhelgi, fiskveiða og hafsbotns í þann þjóðarétt sem verið hefur að mótast vegna starfa hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og birtist í hafréttarsamningnum. Og enn er íslenska þjóðin að tryggja sér mikilvæg hafsbotnsréttindi í suðri og út eftir Reykjaneshrygg sem í einu og öllu byggjast á ákvæðum hafréttarsamningsins. Sama er að segja um varðveislu fenginna réttinda og tryggingu sérhvers þess fyllri réttar, sem samningurinn heimilar, um aldur og ævi.

Nefndin er sammála um að rétt sé að gera svohljóðandi fyrirvara:

„Jafnframt því að afhenda fullgildingarskjal varðandi hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna lýsi fastafulltrúi Íslands því yfir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að samkvæmt 298. gr. samningsins er réttur áskilinn til að sérhverri túlkun á 83. gr. skuli vísað til sáttagerðar samkvæmt V. viðauka, 2. kafla, samningsins.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Íslendingar höfðu í Jan Mayen-málinu góða reynslu af sáttameðferð í skiptum við Norðmenn og telur nefndin sjálfsagt að halda opnum öllum leiðum til sáttagerðar við aðrar nágranna- og vinaþjóðir í Hatton-Rockall-málinu og hvenær sem ágreiningur kann að rísa í framtíðinni.“

Þá er þess getið að Guðmundur Einarsson hafi setið fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt og sé því samþykkur.

Herra forseti. Hv. utanrmn. er sammála um þann sjálfsagða hlut að leggja til að tillagan verði samþykkt eins og hún er fram lögð af hæstv. utanrrh., enda geta engar breytingar komið til á hafréttarsamningnum, hann er hér til samþykktar eða synjunar. Þarf víst enginn að efast um að hann verður einróma samþykktur af Alþingi Íslendinga.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það mál, sem nú er hér á dagskrá í Sþ., er tvímælalaust eitt hið merkasta og mikilvægasta sem fyrir þetta Alþingi hefur komið. Það er ekki ofmælt þótt sagt sé að það sé söguleg stund þegar löggjafarsamkoma þjóðarinnar veitir heimild sína til fullgildingar hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með þeirri gjörð er farsæll endir bundinn á erfiða og áhættusama baráttu sem staðið hefur áratugum saman, baráttu um yfirráðarétt íslensku þjóðarinnar yfir fiskimiðunum og auðlindunum þar. Sú barátta átti sér raunar stað bæði á miðunum umhverfis landið en einnig í ráðstefnusölum Sameinuðu þjóðanna víða um heim þar sem fulltrúar Íslands áttu sinn ríka þátt í því að móta hinn nýja þjóðarétt hafsins.

Á báðum vígstöðvum var sótt og varist af djörfung og kunnáttu, hygg ég að megi segja. Í upphafi leiksins var landhelgin aðeins þrjár mílur, árið 1950. En það ár var fært út fyrir Norðurlandi í fyrsta sinn í 4 mílur. En þegar upp var staðið og hafréttarsáttmálinn undirritaður 1982 hafði fengist alþjóðleg viðurkenning á því að við ættum einir fiskimiðin í allri 200 mílna efnahagslögsögunni. Allan þennan tíma var landhelgismálið stærsta utanríkismál þjóðarinnar og því máli fylgdi sú gæfa að um það var þjóðarsátt og eindrægni en ekki þær deilur sem svo mjög setja að öðru leyti mark sitt á íslenska þjóðmálabaráttu,

Hér var líka til mikils að vinna. Með rányrkju fiskistofnanna var lífsgrundvelli þjóðarinnar ógnað og annar hver fiskur samkvæmt hagtölum var veiddur í vörpur erlendra togara. Með útfærslunni í 200 sjómílur árið 1975 var loks endir bundinn á þessa óheillaþróun. Sú útfærsla fiskveiðilögsögunnar, eins og hún var þá nefnd, en ekki efnahagslögsögu, sótti rök sín og réttarmátt ekki síst í starf hafréttarráðstefnunnar sem þá var allvel á veg komið. Fátt sýnir betur hve mikilvægt það skref var en að með 200 sjómílna útfærslunni stækkaði yfirráðasvæði okkar á hafinu umhverfis landið upp í 750 þús. ferkílómetra og er þess vegna nú sjö sinnum stærra en landið sjálft. Það er af þessum sökum sem ótvírætt má fullyrða að sá sáttmáli, sem við ræðum hér í dag, sé mikilvægasti alþjóðasamningurinn sem íslenska þjóðin gerist aðili að og jafnframt sá samningur sem torkleifast var að fá endanlega samþykktan.

Margir lögðu þar hönd á plóginn. Sérstök ástæða er til þess að minnast hér hins mikla og ágæta starfs íslensku sendinefndarinnar á hafréttarráðstefnunni allt frá upphafi árið 1973. Ég átti því láni að fagna að fylgjast með því starfi og þori þess vegna að fullyrða að þau ákvæði sáttmálans, sem mestu máli skipta fyrir okkur Íslendinga, bera að ýmsu leyti svipmót þessa íslenska starfs og þessa íslenska framtaks. Hér á ég fyrst og fremst við fimmta hluta sáttmálans þar sem er að finna ákvæði um efnahagslögsöguna og fiskveiðirétt strandríkja. Eftir mikið þóf varð endirinn sá að innan 200 sjómílna markanna ræður strandríkið þar eitt yfir auðlindum hafsins, ákveður þar sjálft sitt aflamagn, en um það stóð mjög mikil deila, og ræður því að hve miklu leyti það veitir öðrum þjóðum þær fiskveiðiheimildir. Í dag sýnist þetta sjálfsagt mál en var víðs fjarri að svo væri í upphafi.

Í þessu efni mætti nefna nöfn margra góðra manna sem hér lögðu hönd á plóginn. en hér skal aðeins einn maður nefndur sérstaklega, sá maður sem frá upphafi var formaður íslensku sendinefndarinnar á hafréttarráðstefnunni, Hans G. Andersen sendiherra. Leiðsögn hans og giftudrjúg forusta átti ríkan þátt í því að sjónarmið Íslendinga í þessum málum öllum hlutu svo mikið brautargengi á ráðstefnunni sem raun bar vitni.

Ég sagði áðan að þau ákvæði hafréttarsáttmálans sem langmestu máli skipta fyrir okkur Íslendinga væru fiskveiðiákvæði efnahagslögsögunnar. En jafnframt skiptir það miklu máli að allt landgrunnið innan 200 mílnanna fylgir hér með í kaupunum. Við eigum mikið verk að vinna við að kanna auðlindir þess. Ég hef með

sérstakri þáltill. í Sþ. lagt til að rannsóknum á landgrunninu verði hraðað í samvinnu við erlenda rannsóknaraðila svo úr skugga verði gengið um það hvort hér finnist verðmæt jarðefni svo sem gas og olía. Auk þess liggur það ljóst fyrir skv. landgrunnsákvæðum sáttmálans að Íslendingar eiga réttinn til 350 mílna út frá landinu á Reykjaneshrygg. Það hefur enginn dregið í efa og um það þarf engar frekari yfirlýsingar að gefa en þegar hefur verið gert.

Um svæðin í suðurátt er sjálfsagt að eiga friðsamlegar viðræður við nágrannaþjóðir okkar sem þar gera kröfur til hafsbotnsréttinda svo sem kunnugt er. Þar er réttarstaðan hins vegar öll mjög óljós. Alla vega koma þar engin réttindi yfir fiskimiðunum til greina heldur aðeins til botnsvæða sem að mestu eru enn órannsökuð. Því máli er þó sjálfsagt að halda vakandi áfram eins og nú hefur verið nýlega gert með sérstakri reglugerðarútgáfu.

Í nál. utanrmn. er réttilega á það bent að nauðsynlegt sé að gera fyrirvara, þegar sáttmálinn er fullgiltur, um það að öllum deilum, sem upp kunna að koma milli Íslands og annarra landa um hafsbotn og landgrunnsmörk, skuli vísa til sáttagerðar skv. 298. gr. en lúti ekki bindandi dómsúrlausn. Ég vil benda hér á að þessi fyrirvari þarf að vera víðtækari en hér er nefnt, en ég var fjarverandi erlendis þegar þessi fundur nefndarinnar var haldinn. Fyrirvarinn þarf einnig að ná til deilna sem upp kunna að koma um mörk efnahagslögsögunnar milli Íslands og annarra ríkja, sbr. 74. gr. En slíkt er einnig heimilað skv. sáttmálanum. Slíkur fyrirvari er ekki síður mikilvægur og þarf það mál að takast til meðferðar í utanrmn.

Í þessu sambandi má einnig minna á að þegar við höfum fullgilt þennan sáttmála er orðið tímabært að huga að þeirri lagasetningu á grundvelli hans sem enn skortir hér á landi. Um fiskveiðar hafa þegar verið sett fullnægjandi lög. En hins vegar bíður enn það verk að sett verði sérstök löggjöf um íslenska mengunarvarnarlögsögu á grundvelli ákvæða sáttmálans. Á því er augljós nauðsyn að takmarka sóknina í fiskstofnana svo sem við á hverju sinni. En í framtíðinni verður hitt einnig mikilvægt að tryggja að mengun og önnur skaðleg umhverfisáhrif spilli ekki vexti þeirra og viðgangi. Í rauninni leggur hinn nýi hafréttarsáttmáli okkur sem öðrum strandríkjum þær skyldur á herðar að gæta að þessu hvoru tveggja, að vernda auðlindir hafsins jafnframt því að nýta þær á sem skynsamlegastan hátt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta er ánægjudagur og ánægjustund. Með staðfestingu okkar hér í dag erum við að innsigla árangur af áratuga baráttu okkar fyrir þessu máli, fyrir yfirráðarétti strandþjóða yfir auðlindum hafsins, þ. á m. fyrir yfirráðum okkar yfir auðlindum sjávar og landgrunns við Ísland. Í þessari sókn hafa margir og oft lagt sig í hættu, en sú áhætta var þeim áreiðanlega léttbær í samanburði við lífshagsmuni þjóðarinnar sem í veði voru. Okkar fulltrúar á erlendum vettvangi lögðu oft á sig erfitt og langdregið samningaþóf í þessari sókn okkar fyrir efnahagslegri löggjöf fyrir höfin. Ég er sannfærður um að þeir unnu það með ánægju, svo mikils virði sem árangurinn er.

Alþfl. er mikil ánægja að því að standa hér að staðfestingu hafréttarsáttmálans. Fyrir hönd flokksins læt ég í ljós þakklæti til allra þeirra sem hafa skilað okkur að þessari stund og á þennan punkt:

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að sjaldan hafi verið jafnmikil eindrægni í máli eins og á bak við þá þáltill., sem utanrmn. stendur hér að, um staðfestingu á hafréttarsáttmálanum. Þar liggur að baki mikið starf og stórar ákvarðanir teknar á fyrri tíð. Við minnumst þess tíma þegar Íslendingar stóðu einir í eldlínunni að tryggja sér aukin réttindi yfir auðlindum í kringum landið með útfærslu landhelginnar. Ekki síst minnumst við þess þegar skrefið var tekið út í 12 mílur 1958 og síðan út í 50 mílur 1972. Það voru stórar ákvarðanir og mikil áhætta sem þar var tekin. Síðan hefur fylgt mikið starf á ráðstefnum á alþjóðavettvangi þar sem Íslendingar hafa átt verulegan þátt í því að skila þessu máli í höfn út frá sínum hagsmunum og eðlilegum sjónarmiðum til alþjóðaréttar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa verið sögð um þennan merka atburð þegar við staðfestum þann sáttmála sem við Íslendingar höfum e. t. v. mest þjóða barist fyrir að gerður yrði. Ég vil að vísu minna á það að langt er frá því að málið sé komið í land. Margar þjóðir eiga eftir að staðfesta þennan sáttmála og fram hefur komið mjög alvarleg andstaða við sáttmálann hjá nokkrum stórveldum. Við þurfum því vissulega að halda okkar vöku þó að við bætumst nú í hóp þeirra þjóða sem staðfesta sáttmálann. Við megum að sjálfsögðu hvergi láta deigan síga í vörn og sókn í þessu sambandi.

En ég stend fyrst og fremst upp til þess að lýsa ánægju minni og okkar framsóknarmanna með staðfestingu hafréttarsáttmálans.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1001).

Þróunaraðstoð Íslands, þáltill. 507. mál (þskj. 947). — Fyrri umr.

Frsm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Í vetur hafa málefni þróunarsamvinnu og þróunaraðstoðar Íslands verið til umræðu og umfjöllunar í hv. utanrmn. Hafa menn í þeim efnum horft til þess að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarlöndum eru nú langt fyrir neðan eða nær nífalt lægri en það mark sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér í þessum efnum. Á meðan svo er háttað um opinbera þróunaraðstoð einnar af ríkari þjóðum heimsins horfa menn til þess að stór hluti heimsins barna býr við sárustu örbirgð, að fátækt og eymd fer víða vaxandi og að sums staðar hefur skapast neyðarástand eins og á stórum landsvæðum Austur-Afríku. Við vitum einnig að framlög okkar til þróunarmála geta markað skilin milli lífs og dauða, milli örbirgðar og sjálfshjálpar fyrir þá sem í hlut eiga. Því hefur hv.

utanrmn. sameinast um að láta ekki lengur við svo búið standa og lagt fram þá till. til þál. um þróunaraðstoð Íslands sem ég mæli hér fyrir. Að þessari till. standa allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga og má því ljóst vera að með þessari till. er mörkuð stefna Íslendinga í nánustu framtíð hvað varðar opinber framlög til þróunaraðstoðar og einnig, eins og fram kemur í grg. með till., hvernig aðstoðinni skuli hagað sem er ekki síður mikilvægt. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0.7% af þjóðarframleiðslu."

Till. fylgir allítarleg grg. sem ég ætla að fara yfir, með leyfi forseta, því að í henni er að finna þann grundvöll sem hv. utanrmn. hefur orðið sammála um að byggja þessa till. á. Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Það er sem kunnugt er markmið velmegunarríkja að leggja fram 1% þjóðarframleiðslu til þróunarstarfsemi í fátækari ríkjum heims, þ. e. 0.7% af opinberu fé og 0.3% á vegum samtaka og einkaaðila. Árið 1984 voru ríkisframlög Íslands til þróunaraðstoðar rúmar 72 millj. kr. eða 0.107% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Á árinu 1985 lækkar fjárhæðin um 3.2 millj. kr. í 68.9 millj. kr eða í 0.08% af áætlaðri þjóðarframleiðslu nema taldar séu með 8.3 millj. kr. niðurgreiðslur á mjólkurdufti er fór til neyðarhjálpar í Eþíópíu, sem er þó hæpið, en við það mundu heildarframlög opinberrar þróunaraðstoðar á árinu hækka í 77.2 millj. kr. eða 0.087% af þjóðarframleiðslu."

Síðan kemur í grg. með till. hv. utanrmn. tafla sem sýnir það hlutfall af þjóðarframleiðslu sem varið hefur verið til þróunaraðstoðar af Íslands hálfu á tímabilinu 1974—1985. Eins og þar kemur fram hafa framlögin til þróunaraðstoðar lengst af verið innan við 0.1% af þjóðarframleiðslu með tveimur undantekningum. Fyrir árið í ár eru framlögin aðeins 0.8% eins og þarna kemur fram. Síðan segir í grg., með leyfi forseta:

„Þannig eru framlög hins opinbera í heild á þessu ári nær nífalt lægri en 0.7%-markið sem velmegunarríki innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér að ná og það væri samkv. núverandi áætlun um þjóðarframleiðslu nálega 620 millj. kr.

Utanrmn. er eindregið þeirrar skoðunar að Ísland sem velmegunarríki eigi að taka vaxandi þátt í stuðningi við þróunarríki, en framlög Íslands hafa lítið aukist síðustu ár, sbr. framangreint yfirlit, þótt þm. úr röðum allra stjórnmálaflokka hafi lagt áherslu á að hækka framlög verulega.

Mikið skortir á að opinber framlög af Íslands hálfu séu sambærileg við framlög annarra norrænna þjóða. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa fyrir mörgum árum náð áðurnefndu marki og Finnland stefnir að því að ná því á þessum áratug."

Þessu fylgir tafla um framlög þessara ríkja til þróunarmála, en því næst er gerð grein fyrir því í grg. með till. hv. utanrmn. hvernig opinber framlög til þróunarsamvinnu skiptast á milli tvíhliða og fjölþjóðlegrar aðstoðar.

Þá kemur yfirlit yfir framlög landa innan OECD til þróunaraðstoðar og hafa menn þetta væntanlega fyrir framan sig. Síðan segir í grg., með leyfi forseta:

„Þjóðartekjur á íbúa á Íslandi árið 1983 voru 9000 dollarar, en til samanburðar má nefna að árið 1982 voru árlegar þjóðartekjur á mann t. d. á Grænhöfðaeyjum 350 dollarar og í fjölda þróunarríkja svipaðar því.

Síðan fyrstu lög um þróunaraðstoð voru sett hér á landi árð 1971 hefur smám saman skapast traustari grundvöllur undir tvíhliða þróunaraðstoð. Nú gilda á þessu sviði lög nr. 43/1981. Samkvæmt þeim fer þróunarsamvinnustofnun Íslands með framkvæmd íslenskrar þróunarsamvinnu og starfar í tengslum við utanrrn. og er stjórn hennar kjörin af Alþingi. Aðalverkefni stofnunarinnar er þróunaraðstoð við Grænhöfðaeyjar í þeim tilgangi að efla fiskveiðar þar. Ekki hefur verið unnt að ráðast í nein ný verkefni um skeið vegna fjárskorts. Er mjög mikilvægt að Alþingi og ríkisstj. marki stefnu um vöxt þróunarframlaga næstu ár, svo að fyrir fram fáist um það nokkur vitneskja hvers vænta má og eðlilegur tími gefist til undirbúnings fyrir ný verkefni. Þess vegna hefur utanrmn. í kjölfar ítarlegra umræðna um þróunarsamvinnumál orðið ásátt um að leggja fram þáltill. þessa."

Í hv. utanrmn. var nokkuð rætt um tilhögun þeirrar aukningar á framlögum sem hér um ræðir og eru þær hugmyndir sem fram komu þar reifaðar í síðasta kafla grg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að því er varðar tilhögun þeirrar aukningar opinberra fjárframlaga til þróunarsamvinnu, sem hér er fjallað um, hefur einkum verið rætt um tvær aðferðir. Annars vegar að aukningin verði látin nema jafnri fjárhæð ár hvert á umræddu sjö ára tímabili, þ. e. um 77.4 millj. kr. árlega á föstu verðlagi miðað við óbreytta þjóðarframleiðslu. Hins vegar kemur til greina hækkun um jafnt hlutfall árlega sem þá þyrfti að vera 34½ — 35% hækkun ár hvert fram til 1992. Síðari aðferðin felur í sér að hækkunin næmi lægri fjárhæðum fyrstu árin, þ. e. um 27 millj. kr. árið 1986 og rúmlega 36 millj. kr. árið 1987, miðað við núverandi áætlaða þjóðarframleiðslu og fast verðlag, en upphæðirnar færu hækkandi að krónutölu ár frá ári. Ef um alvarlegan samdrátt þjóðarframleiðslu yrði að ræða einhvern tíma á umræddu tímabili væri eðlilegt að taka tillit til þess."

Einnig er í grg. fjallað um meginstefnu varðandi tilhögun aðstoðarinnar og um það segir hér, með leyfi forseta:

„Í sambandi við fyrirhuguð aukin framlög til þróunaraðstoðar þykir rétt að árétta þá meginstefnu að einkum skuli hafa hliðsjón af því þegar framlögum verður ráðstafað hvar neyð er mest og hvar tryggast má telja að aðstoð skili árangri, jafnframt því að aðstoðinni verði ekki dreift um of og kappkostað við framkvæmd aðstoðarverkefna að taka jafnan tillit til aðstæðna íbúa á hverjum stað.

Þá er það skoðun utanrmn. að beina beri auknum framlögum einkum að tvíhliða þróunarsamvinnu eða verkefnum sem Íslendingar geta séð um sjálfir. Sú reynsla, sem fengist hefur af rannsókna- og fiskiskipinu „Feng", sérhönnuðu og smíðuðu hérlendis, á Grænhöfðaeyjum, er ný hvatning í þessa átt. Einnig hafa haslað sér völl íslensk ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki sem ráða nú þegar yfir umtalsverðri þekkingu og reynslu og leita sér nýrra verkefna, en vaxandi fjöldi Íslendinga hefur á síðari árum unnið í þróunarlöndum við margvísleg verkefni, þ. á m. eflingu fiskveiða og nýtingu jarðhita.

Þegar aðstoð er veitt tvíhliða er ríkið, sem hana lætur

í té, miklu virkari aðili að allri framkvæmd. Það ræður því hvaða land skuli njóta aðstoðar, semur sjálft um efni og fyrirkomulag, leggur til mannafla, tækjabúnað og framleiðsluvörur eftir því sem heppilegast þykir o. s. frv. Með þessu móti er, jafnframt því að veita þurfandi þjóðum þróunaraðstoð, hægt að hlynna að eigin atvinnulífi, sérfræði- og ráðgjafarþjónustu og margs konar framleiðslustarfsemi, enda sé gætt þeirra sjónarmiða sem gilda þurfa um þróunarsamvinnu og fullt samráð haft við þá aðila er henni stjórna. Þetta auðveldar löndum oft að láta aðstoð í té og leiðir til þess að aðstoðin getur orðið meiri en ella.

Þá skapar þetta form aðstoðar margs konar grundvöll fyrir gagnkvæm kynni og víðtækara samstarf við þau þróunarríki sem aðstoðar njóta. Er nefndin þeirrar skoðunar að nánari samvinna sé æskileg og geti orðið til góðs á margan hátt."

Herra forseti. Með þessum rökum leggur hv. utanrmn. þessa till. fyrir Alþingi Íslendinga og með þessum rökum leggur hún til að hún verði samþykkt. Verði till. samþykkt og henni framfylgt, sem vitaskuld skiptir öllu máli og sem tryggt verður að skoðast þar sem allir stjórnmálaflokkar á hv. Alþingi standa að henni, er hér um að ræða tímamót í aðstoð Íslendinga við fátækar og hjálparþurfi þjóðir heimsins. Með samþykkt og framkvæmd þessarar till. tækjum við stórt skref fram á við í þessum málum, skref sem orðið gæti þúsundum kvenna, karla og barna til lífsbjargar.

Það fer ekki á milli mála að neyð heimsins barna er mikil og það fer ekki heldur á milli mála að í þeim efnum hafa Íslendingar sínum skyldum að gegna sem þátttakendur í samfélagi þjóðanna. Því er þessi till. hér fram borin og því er hér lagt til að hún verði samþykkt.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka utanrmn. fyrir umfjöllun hennar um þetta mikilvæga mál og sömuleiðis hv. frsm. nefndarinnar fyrir góða grg. fyrir þeirri till. sem hér liggur fyrir. Þessi till. er byggð á samþykkt stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og við umræðu um þá samþykkt í utanrmn. var fjallað ítarlega um ýmsar hliðar þessara mála. Ég taldi það auðvitað skyldu mína að kynna þetta mál í ríkisstj. Þar kom fram sú ábending að e. t. v. væri varlegra að ætla sér 7—10 ár til að ná því marki sem hér er sett og flutti ég þau skilaboð til utanrmn., en hún taldi rétt að halda sér við sjö ára tímabil til að ná þessu markmiði og skal ég síst gera athugasemdir við það. Ég hlýt þó að undirstrika mikilvægi þess að hv. alþm. og Íslendingar almennt geri sér grein fyrir því að til að ná þessu markmiði verða þeir að neita sér um fjárframlög til ýmissa velferðarmála og framkvæmda innanlands og í raun má e. t. v. segja að þróunaraðstoðin sé ekki mikils virði eða mikill hugur fylgi máli ef menn eru ekki reiðubúnir til þess þegar á hólminn er komið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil fagna þeirri till. sem hér er fram komin og samstaða hefur orðið um í hv. utanrmn. Ég sé sérstaka ástæðu til að gleðjast yfir þeirri samstöðu sem þar hefur náðst og hlýtur að gefa vonir um að í krafti þeirrar samstöðu takist hv. Alþingi og ríkisvaldi á komandi árum að standa við þau markmið sem hér eru gefin fyrirheit um. Ég held að það séu skyldur okkar mannanna við hvert annað sem hér eru fyrst og fremst á ferðinni. Það er mín skoðun, herra forseti, að það sé í raun forsenda árangurs, forsenda friðar, stöðugleika og velferðar í heiminum að aukinn jöfnuður náist í kjörum manna hvar sem þeir búa á hnettinum. Því markmiði verður ekki náð nema breyta að verulegu leyti verðmætaskiptingu heimsins og þeim aðferðum sem notaðar hafa verið við að útdeila verðmætum í krafti nýtingar á sameiginlegum auðlindum jarðarbúa.

Slík þróunaraðstoð á að sjálfsögðu fyrst og fremst að stuðla að því að styðja hverja þjóð til sjálfsbjargar á þeim brautum sem hver og ein þjóð kýs sér, en það gefur þó auga leið að menn ná aldrei nema skammt í því efni að jafna kjör jarðarbúa nema að verulegu leyti verði breytt um hugsunarhátt hvað varðar eignarhald á auðlindum jarðarinnar. Allt of stóran hluta mannkynsins skortir í dag þau grundvallarmannréttindi sem ég tel að komi fyrst og hljóti að koma fyrst allra grundvallarmannréttinda, sem sé aðgang að mat, vatni og húsnæði, svo að ekki sé nú minnst á hluti eins og grundvallarmenntun og læknisþjónustu. Þær þjóðir sem búa við velsæld og eru í bókstaflegri merkingu þess orðs að springa af ýmiss konar efnalegri velsæld og jafnvel offramleiðslu á þeim vörum og þeim gæðum sem aðrar þjóðir vantar, hafa engan siðferðislegan rétt til að halda að sér höndum.

Ég heiti því á hv. Alþingi komandi ára og það Alþingi sem hér situr að standa við þau markmið sem hér eru gefin fyrirheit um og hér eru sett. Okkur er engin vorkunn, Íslendingum, að gera það. Við erum í hópi þeirra þjóða sem búa við hvað mesta velsæld, a. m. k. efnislega velsæld hvað sem um lífshamingjuna er nú sagt, en það gefur auga leið, þó að ekki sé nema litið á þá töflu sem birt er á bls. 2 um þau lönd sem hvað best eru talin hafa það, að þar eru þó nokkur lönd með þjóðartekjur á íbúa talsvert fyrir neðan okkur Íslendinga, sem þó hafa náð miklu lengra á þeirri braut að verja tilskildum hluta til þróunaraðstoðar.

Herra forseti. Ég heiti enn og aftur á alþm. að standa við þessi markmið. Það er að vísu alveg rétt að ekki verða borgaðir margir hlutir með sömu krónunni og þeir fjármunir sem renna til þróunaraðstoðar verða ekki beinlínis notaðir í annað, a. m. k. ekki á því hinu sama ári, en klókir menn hafa nú löngum fundið leiðir til að standa þannig að þróunaraðstoð, a. m. k. að verulegum hluta, að hún sé ekki bein útgjöld fyrir viðkomandi land, heldur aðstoð sem þeir geta með ýmsum hætti látið í té án verulegs beins kostnaðar fyrir sig. Ég held að við Íslendingar höfum þar möguleika ekkert síður en aðrir og getum lagt ýmislegt af mörkum á þeim sviðum þar sem við höfum af að miðla án þess að það kosti okkur mikið í beinhörðum peningum.

Herra forseti. Mér er það mikið metnaðarmál að Alþingi nái að standa við þessa samþykkt sem hér verður vonandi gerð. Ég hef áður lýst eftir því á þessu hv. Alþingi og flutt tillögur um það að eitthvað verði reynt í þessa átt og þegar þær gleðifréttir bárust að utanrmn. væri að vinna að þessu og reyna að ná samstöðu, þá settust menn að sjálfsögðu með krosslagðar hendur og biðu þess og væntu þess að samstaða næðist. Hún hefur nú náðst og í trausti þess lít ég björtum augum til þess að eftir sjö ár getum við Íslendingar loksins borið höfuðið hátt í hópi þjóðanna hvað þetta varðar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Afvopnunarmál, þáltill. 496. mál (þskj. 922). — Ein umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ekkert þjóðþing fullvalda lýðræðisríkis sem undir því nafni vill rísa getur hliðrað sér hjá að ræða og taka afstöðu til heimsmálanna og þeirrar ógnar sem að mannkyni steðjar m. a. af eigin völdum, athöfnum og ákvörðunum. Íslendingar eru þar engin undantekning enda hafa utanríkismálin í margvíslegum myndum verið afdrifaríkastur þáttur íslenskrar stjórnmálaumræðu og ákvarðana allt frá því að ljóst varð að hlutleysi veitti okkur enga vernd og við urðum að taka fullt tillit til hrikalegra heimsátaka.

Vart verður lengur um það deilt að við völdum rétta kostinn þegar við skipuðum okkur í sveit frjálsra þjóða til verndar lýðræði, þótt átök yrðu um þá ákvörðun þegar hún var tekin. Allt orkar tvímælis þá gert er, ekki síst með þjóð sem er að móta nýtt ríki við nýjar aðstæður — í gjörbreyttu umhverfi. Mestu varðar að við metum ríkjandi aðstæður á hverjum tíma frá eigin sjónarhóli og hlífumst ekki við að reyna að hafa áhrif á þróun mála. Það megum við auðvitað aldrei gera enda höfum við ekki gert það. Eða hvar værum við á vegi stödd ef við hefðum ekki fylgt eftir rétti okkar á sviði hafréttarins, svo að dæmi sé nefnt?

Ekki var í lítið ráðist þegar allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga ákváðu í fyrravetur að freista þess að nefna til fulltrúa sem könnuðu hvort þess kynni að vera kostur að ná sameiginlegri niðurstöðu um eina ályktunartillögu er varðaði afvopnunar- og kjarnorkumál í stað þess að bitist yrði um þær margar. Þingi lauk þó án þess að þessar tilraunir bæru fullan árangur. Nú á þessu þingi var talið rétt að skipuð yrði undirnefnd til að fjalla um afvopnunarmálin og skilaði hún áliti í tillöguformi til hv. utanrmn. 6. þ. m. Þar hefur tillaga þessi verið samþykkt óbreytt eftir nokkrar umræður, en þó með skýringum sem mér er falið að greina hér frá, svo að forðast megi allan hugsanlegan misskilning.

Allmiklar umræður urðu í utanrmn. um fyrri málslið 6. mgr. ályktunartillögunnar og skilning á honum. Ýmsum hugmyndum var varpað fram um orðalagsbreytingar en á það var fallist að halda orðalagi undirnefndarinnar óbreyttu, en formanni falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar eftirfarandi skýringum er hann mælti fyrir tillögunni:

1. Sá landfræðilegi skilningur væri réttur að Norður-Evrópa næði a. m. k. yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ. e. Norður-Evrópusléttuna, og allt frá Grænlandi til Úralfjalla.
2. Sá skilningur sem fram komi í eftirfarandi hugmynd um breytingu á upphafi 6. mgr. væri réttur:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, sem nái til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því. Samningur þessi verði liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu."

Samkomulag er um það í utanrmn. að með tillögunni sem hér er lögð fram sé lokið afgreiðslu fjögurra tillagna um afvopnunar- og kjarnorkumál, sem fyrir nefndinni hafa legið, en þær tillögur þekkja allir hv. þm.

Mitt mat er það að ályktunartillaga þessi, sem hér er lögð fyrir Sþ., muni er tímar líða verða talin allmerk fyrir margra hluta sakir ef Alþingi sameinast um samþykkt hennar. En algóð er hún auðvitað ekki fremur en önnur mannanna verk enda hefur víst enginn vænst þess að hún leysti lífsgátuna. Raunar er hvarvetna glímt við þessi viðfangsefni og munu tillögur um afvopnunarmál, sem liggja fyrir hjá Sameinuðu þjóðunum, t. d. vera á annað hundrað.

Undirnefndinni sem tillögugreinina samdi ber að þakka þrotlaust starf, unnið í vitund um ábyrgð þá sem á Alþingi hvílir er um mikilvægustu utanríkismál er fjallað. En nefndina skipuðu hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Haraldur Ólafsson, Hjörleifur Guttormsson, Kjartan Jóhannsson og Kristín S. Kvaran.

Ég mun nú víkja nokkuð að einstökum þáttum tillögunnar, en meginstefnuna er að sjálfsögðu að finna í 1. mgr. þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma afvopnun sem tryggð verði með alþjóðlegu eftirliti. Í ljósi þessa raunsæja mats á hugsanlegum árangri verður að skoða tillögugreinina í heild, enda er þetta áréttað síðar í tillögunni, m. a. í 4. mgr. Þar er fjallað um kjarnavopn, bann við framleiðslu þeirra og áskorun um eyðingu, sem framfylgt verði „á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun."

Í 2. mgr. er fjallað um að beina verulegum fjármunum sem nú renna til hernaðar að hjálp við hungraða og þjáða. Á dagskrá þessa fundar er þróunaraðstoð og hefur hún verið rædd. Skal ég því ekki eyða að því fleiri orðum.

3. og 5. mgr. eru stefnuyfirlýsingar sem ekki þarfnast skýringa.

Um fyrri málslið 6. mgr. hefur þegar verið fjallað. Síðari málsliðinn ber auðvitað að skilja í samhengi við hinn fyrri. Enginn ágreiningur hygg ég að geti verið um könnun á „hugsanlegri þátttöku Íslendinga í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum", enda hljóta slíkar umræður meðal þjóða Norðurlandanna að beinast að því hvaða árangri mætti ná bæði í austri og vestri í samræmi við fyrri málsliði.

Því miður kemst ég ekki hjá að harma það að einn nefndarmaður í utanrmn., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, skyldi í útvarpsviðtali jafnvel áður en umræða fer hér fram í Sþ. taka sér fyrir hendur að túlka upphafsorð 6. mgr. Mismunandi skilningur á orðunum „Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn" kom aldrei fram í utanrmn. enda alveg ljóst að orðið „áréttar" getur ekki þýtt neitt annað en undirstrikar — eða eins og segir um orðið „árétta" í Orðabók Menningarsjóðs: ítreka, endurtaka. Ekkert fer því milli mála að í ályktunartillögunni er sú stefna sem íslensk stjórnvöld hafa fylgt í

áratugi að því er varðar staðsetningu kjarnavopna á Íslandi staðfest og ítrekuð. Þessa stefnu hafa íslensk stjórnvöld túlkað fyrr og síðar og má þar t. d. nefna ummæli Hermanns Jónassonar 1957, er hann svaraði Bulganin, forsætisráðherra Sovétríkjanna, og ummæli Guðmundar Í. Guðmundssonar 15. október 1962 á Alþingi.

Enginn æðstu manna Íslands hefur nokkru sinni frá því er fullveldisbaráttan hófst léð máls á því að gefa út yfirlýsingu eða láta nokkur þau orð falla á opinberum vettvangi er skert gætu fullveldisrétt landsins. Þess fyrirvara hefur ætíð verið gætt og verður ætíð að gæta. Þar má t. d. benda á stjórnvisku íslenskra forustumanna í samskiptum við Hitlers-Þýskaland og svör við ásókn af þess hálfu. Heiður þeirra manna sem þar stóðu að verki hefur um síðir orðið lýðum ljós við lestur bókar Þórs Whitehead, Ófriður í aðsigi. En gæfa okkar er sú að þar sem endranær stóðu helstu foringjar þjóðarinnar sameinaðir í festu og raunsæi.

Um tillögu þá sem hér er lögð fram langar mig að segja almennt að hún felur annars vegar í sér viljayfirlýsingu um almenn markmið sem stefnt skuli að á sviði afvopnunarmála og hins vegar skref í átt til frekara samstarfs þeirra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi um mótun sameiginlegrar stefnu í afvopnunarmálum.

Því verður tæplega á móti mælt að ástand alþjóðamála um þessar mundir og undanfarin ár hefur einkennst af versnandi sambúð austurs og vesturs og harðnandi vígbúnaðarkapphlaupi. Orsakir þessarar þróunar má rekja allt aftur til miðbiks áttunda áratugarins en fram að þeim tíma höfðu menn a. m. k. um nokkurra ára skeið gert sér vonir um að takast mætti að koma á samkomulagi um ákveðin grundvallaratriði í samskiptum austurs og vesturs sem mundu stuðla að samdrætti í vígbúnaði og bættri sambúð meðal ríkja. Það felst viss kaldhæðni örlaganna í því að allt frá þeirri stundu er Helsinki-sáttmálinn var undirritaður fór sambúðin versnandi. Óhætt er að fullyrða að endanlega hafi því tímabili sem kennt er við slökun lokið með innrás Sovétríkjanna í Afganistan 1979. Í kjölfar versnandi sambúðar hefur fylgt harðnandi vígbúnaðarkapphlaup og hvers konar viðleitni til samkomulags til að draga úr því hefur reynst árangurslaus.

Íslendingar hafa engu minni hagsmuna að gæta en aðrar þjóðir að sporna við þessari þróun. Samhliða því sem þeir verða að tryggja varnir síns lands þá ber þeim einnig skylda til að treysta alþjóðlegt öryggi með því að stuðla að minnkun spennu í samskiptum austurs og vesturs og gagnkvæmum samdrætti í vígbúnaði. Um leið og vígbúnaður endurspeglar pólitískan og hugmyndafræðilegan ágreining og árekstra getur hann einnig aukið á spennu og tortryggni meðal ríkja og á þann veg haft neikvæð áhrif á að friður haldist. Við hljótum að taka þá afstöðu að koma í veg fyrir að í stað þess að halda vörð um friðinn verði vopnin til að grafa undan honum.

Afvopnun sem er bæði gagnkvæm og þannig að henni staðið að hægt er að hafa eftirlit með samningum getur stuðlað að þessu markmiði og hefur það verið haft að leiðarljósi í þeim samningum sem gerðir hafa verið á alþjóðavettvangi fram til þessa. Samningar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar eru jafnframt nauðsynlegir til að draga úr hinum gífurlegu fjárútlátum þjóða heims til vígbúnaðar sem áætlað er að hafi numið allt að 800 000 millj. Bandaríkjadala á síðasta ári.

Í tillögunni er lögð áhersla á tvö höfuðskilyrði milliríkjasamninga um afvopnun: að hún sé gagnkvæm og undir eftirliti. Um leið og hún hvetur til alhliða afvopnunar er jafnframt lögð á það áhersla að samningar náist um kjarnorkuvopn enda er það tæpast umdeilanlegt að árangur á því sviði mundi stuðla hvað mest að bættri sambúð austurs og vesturs og almennt að auknum stöðugleika í alþjóðamálum.

En afvopnun ein og sér tryggir ekki friðinn. Lausn á pólitískum ágreiningsmálum er ekki síður nauðsynleg og án þess er raunar lítil von til þess að árangur náist í afvopnunarviðræðum. Því er lagt til að leitað verði allra leiða til að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims, einkum stórveldanna. Er það og í fullu samræmi við þá afstöðu sem Íslendingar hafa tekið á alþjóðavettvangi um árabil, hvort sem er í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins eða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Undanfarin ár hafa nokkrar umræður farið fram hér á landi sem og á öðrum Norðurlöndum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu. Hafa verið skiptar skoðanir um gildi þeirrar hugmyndar, m. a. í ljósi þess að á Norðurlöndum eru engin kjarnorkuvopn staðsett. Afstaða stjórnvalda á Norðurlöndum hefur jafnframt verið ólík að ýmsu leyti. Ég mun þó ekki útlista það hér í einstökum atriðum en þó nefna að það hefur verið sameiginlegt íslenskum, norskum, dönskum og sænskum stjórnvöldum að þau hafa talið ófært að ganga til samninga um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum nema sem hluta af víðtækara samkomulagi milli austurs og vesturs um afvopnun.

Í upphafi var að því vikið að fullvalda ríki hlyti að láta þau mál sem hér er fjallað um til sín taka, ræða þau innanlands og utan og taka afstöðu. Við getum ekki á það horft að aðrir ráði til lykta málefnum sem varðað geta örlög íslensku þjóðarinnar ekki síður en annarra þjóða. Þótt við séum fámennir höfum við sama rétt og hinar fjölmennari og öflugri þjóðir til að ráða eigin lífi og reyna að hafa einhver áhrif á afdrif alls mannkyns. Þetta er mönnum nú að verða ljósara en áður. Um það má nefna nokkur dæmi.

Öryggismálanefnd hefur verið komið á laggirnar og þar er safnað upplýsingum sem að gagni koma þegar Íslendingar þurfa að huga að eigin afstöðu og hlutlægt mat er á þær lagt, m. a. með útgáfustarfsemi. Það lá því í augum uppi „að fela öryggismálanefnd í samráði við utanrrh. að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem hafa þýðingu fyrir Ísland með tilliti til legu landsins og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum." En þannig lýkur einmitt till. þessari til þál.

Utanrrh. hefur ákveðið að setja upp sérstaka varnarmálaskrifstofu og bæta mjög aðstöðu til að fylgjast með framvindu mikilvægustu mála sem öryggi Íslendinga varða, þannig að við getum litið til þeirra með eigin augum en þurfum ekki að sætta okkur gagnrýnislaust við álit annarra manna, þjóða eða bandalaga, jafnvel ekki að sætta okkur við sjónarmið bandamanna okkar án þess að leggja á þau sjálfstætt mat, en það er einmitt forsenda þess að gætt verði með reisn og hyggindum

sjálfs fullveldisréttarins í öryggismálum.

Þá er óumdeilt hygg ég að undirbúningur að endurnýjun ratsjárkerfisins var mjög vandaður og allt unnið fyrir opnum tjöldum. Alþingi hafði því í höndum haldgóðar upplýsingar þegar ákvörðunin var tekin. Hitt er annað mál að hver og einn hafði rétt til að meta þær upplýsingar og taka afstöðu eftir því mati eins og lýðræðisreglur bjóða. Umræðan um þessi mál er því orðin opnari en áður var, málefnalegri og byggð á meira raunsæi en oft áður. Því ber að fagna.

En ánægjulegast er — og með því lýk ég máli mínu — að ekkert íslenskt stjórnmálaafl sem því nafni er hægt að nefna mælir með einhliða afvopnun lýðræðisríkja — en allir íslenskir stjórnmálaflokkar vilja leggja sig fram um gagnkvæma afvopnun undir öruggu alþjóðlegu eftirliti.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að það sé að ýmsu leyti merkt að þessi þáltill. skuli liggja hér fyrir þinginu. Það er einstakt að ályktað sé með þessum hætti um utanríkismál. Það hefur ekki gerst áður. Verði þessi till. samþykkt munu menn minnast þessa sem ákveðins áfanga. Efnið er að því leytinu einstakt og samstaðan, ef hún helst, er líka einstök.

Vafalaust er margt ósagt í þessari till. en ég held að það sé ekkert ofsagt og í henni er leitast við að lýsa viðhorfum Íslendinga í megindráttum til þessara atriða. Menn kunna að spyrja hvort það sé eitthvað nýtt eða einhver stefnubreyting sem felist í samþykkt þessarar till. Ég tel að það sem sé nýtt megi telja upp í sjö greinum. Tvennt hef ég áður minnst á, í fyrsta lagi það að Alþingi álykti um utanríkismál með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og í annan stað að allir flokkar standi saman að slíkri ályktun, en allir flokkar standa að flutningi þessarar ályktunartillögu.

Það er líka nýtt að Alþingi árétti með sérstakri samþykkt gildandi stefnu eins og hún hefur birst okkur um það að á Íslandi séu ekki kjarnorkuvopn.

Í fjórða lagi er það nýtt að Alþingi álykti sérstaklega um afvopnunarmál og leggi með þeim hætti sem hér er gert sérstakan þunga á þann málaflokk og áherslu á vilja sinn til þess að að þeim sé unnið.

Í fimmta lagi er það nýtt að Alþingi telji umr. um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum þess eðlis og svo mikilvægar að ástæða sé til að fela utanrmn. að fylgjast sérstaklega með þeim og kanna hugsanlega þátttöku okkar í slíkum umr.

Í sjötta lagi er það nýtt að í þessari till. er gert ráð fyrir því að gerð verði sérstök úttekt á afvopnunarmálum, á þeim hugmyndum sem uppi eru í þeim efnum. Í slíkt hafa Íslendingar aldrei áður ráðist og því er þetta líka nýtt og felur í sér ákveðna stefnubreytingu.

Í sjöunda lagi er það nýtt að varpað er fram hugmynd sem ekki hefur verið til umr. hér áður og lítt hefur borið á, ef hún hefur þá verið rædd á alþjóðlegum vettvangi, um að menn skoði Norður-Evrópu alla, frá Úralfjöllum til Grænlandsstranda, frá norðri til Alpafjalla sem kjarnorkuvopnalaust svæði. Þessari hugmynd er varpað fram í þessum tillögutexta.

Menn kynnu að spyrja hvort þessi till. breyti þá einhverju. Hún breytir því að með samþykkt hennar kemur vilji og skoðun Alþingis fram afdráttarlaust. Hingað til hefur vilji og skoðun Alþingis í utanríkismálum einungis komið fram óbeint. Þetta er verklagsbreyting af hálfu Alþingis. Í samþykkt þessarar till. felst veganesti fyrir utanrrh. Það er að sjálfsögðu ekki tekið af honum vald, vald hans og verksvið er óbreytt, en hann hefur hér veganesti og bakhjarl í störfum sínum og að því ætti honum að geta verið styrkur.

Að því er varðar stefnuna, eins og hún hefur birst í framkvæmd af hálfu ríkisstj., þá er um að ræða í þessari till. ýmis ný áhersluatriði en staðfestingu á gildandi stefnu í öðrum atriðum. Í till. er áréttuð sú stefna, sem núverandi og fyrrv. utanrrh. hafa boðað, að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Með þessu er verið að ítreka það sem áður hefur verið sagt, í fyrsta lagi það að ákvörðun um þetta atriði sé okkar einna að taka og hvorki þessi vopn né annar vopnabúnaður verði hér staðsettur nema með okkar vilja, að okkar ósk eða með okkar samþykki. Stefnan er skýr. Vilji okkar og stefna er sú að á Íslandi verði framhaldið eins og fortíðin, að hér verði ekki kjarnorkuvopn.

Í þessum ályktunarorðum felst því stuðningur Alþingis við þær yfirlýsingar sem áður hafa verið gefnar um þetta atriði. Það gefur vitaskuld þeim yfirlýsingum, sem hafa verið gefnar, aukinn þunga. En það er nýtt að Alþingi lýsi þannig þessari skoðun sinni og það hlýtur að vera hverjum utanrrh. styrkur að fá stuðning allra flokka við stefnuna.

Þessi ályktun fjallar að meginhluta um afvopnunarmál. Þetta mál er ofarlega á baugi og það tengist hugmyndum okkar um það hvernig eigi að tryggja frið í heiminum. Það hefur vissulega ríkt friður í okkar heimshluta en það hefur líka ríkt ógnarjafnvægi, eða, ef menn vilja orða það svo, gagnkvæm fæling. Hvort friður hafi ríkt vegna ógnarjafnvægisins eða af öðrum orsökum verður seint sannað eða afsannað og við skulum ekki afneita því að svo kunni að vera. Svo mikið er víst að jafnvægi er líklegt til að koma í veg fyrir ófrið. Þess vegna eru jafnvægi og gagnkvæmni lykilatriði, grundvallaratriði, sem aldrei mega gleymast og allar gerðir verða að byggjast á. Áhættan, sem fylgir því að kasta þessum atriðum tveim fyrir róða, er of stór til þess að vitrænt sé að gera það. Þess vegna eru líka þessi atriði, um gagnkvæmni og jafnvægi, rauður þráður þessarar ályktunar að því er varðar vígbúnað og átök. Hér er sem sagt öryggið sett í öndvegið.

Í annan stað er ekki gagn í því samkomulagi sem menn geta ekki treyst og trúað á að verði haldið. Þess vegna er í þessari ályktun lögð áhersla á að hvert það samkomulag sem gert er sé undir öruggu eftirliti og þannig frá því gengið að málsaðilar geti unað því og treyst. Hér er enn og aftur öryggið sett í öndvegið.

Eins og áður er þetta gert í ljósi þess að ætíð og ævinlega er markmið aðeins eitt: nefnilega að þessi ógnarvopn verði aldrei notuð — af engum og hvergi. Hin hlið málsins er sú að jafnvel þótt ógnarjafnvæginu megi þakka friðinn er ljóst að að leita verður nýrra leiða. Það sem kann að hafa gilt í hinu liðna þarf ekki endilega að gilda til frambúðar. Í annan stað er áhættan af slysi við þessar aðstæður, slysi sem yrði fyrir mannleg mistök eða tæknileg, misskilning, örvæntingu eða ofstopa eða af hugsanabrenglun. Svo yfirþyrmandi er þessi áhætta að hún ein hlýtur að fela í sér bón um að fundnar séu aðrar leiðir til að tryggja friðinn.

Í þriðja lagi hefur ógnarjafnvægið, hin gagnkvæma fæling, birst okkur sem kapphlaup þar sem hvorugur aðili fær nokkru sinni fylli sína. Þótt eyða megi

mannkyni öllu mörgum sinnum þarf að þeirra dómi sífellt við að bæta í vopnabúrin. Í þetta fara stórkostlegar fjárhæðir ár hvert, sívaxandi, á sama tíma og tugir milljóna manna deyja úr hungri og sjúkdómum. Þessi vítahringur viljum við að rofinn verði. Það felst í þessari ályktun að komið sé meira en nóg og stefnan eigi að vera að draga úr en ekki að auka við. Sá vilji kemur skýrt fram í ályktuninni og jafnframt með hvaða hætti þetta skuli gert. Það kemur fram í fyrstu fjórum mgr. ályktunarinnar.

Undirrót þessa kapphlaups, undirrót þessa ógnarjafnvægis er tortryggnin í heiminum og einkum og sér í lagi tortryggnin milli stórveldanna. Þess vegna er líka, eins og fram kemur í 5. mgr., lögð áhersla á það atriði og nauðsyn þess, að ætíð og hvarvetna leggi Íslendingar því lið að þessari tortryggni verði eytt og þar með undirrótinni sjálfri.

Ég sagði í upphafi að í þessari ályktun, eins og hún liggur hér fyrir, væri jafnframt varpað fram nýrri hugmynd um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu og að kanna eigi grundvöllinn fyrir þeirri hugmynd og leita eftir samstöðu um hana. Þessi hugmynd er ný og hún kann að þykja djörf. En ég tel að hún sé eðlileg miðað við þá umræðu sem átt hefur sér stað um kjarnorkuvopnalaus svæði í Evrópu. Ef undirtektir fengjust væri hér um stórkostlegan áfanga að ræða.

Í umræðum um kjarnorkuvopnalaus svæði hingað til hafa menn rætt annars vegar um rein eða belti frá norðri til suðurs í Evrópu og hins vegar um svæði á Balkanskaga og Norðurlöndum sérstaklega. En hér er tekinn nýr póll í hæðina. Hér er í rauninni á ferðinni hugmynd að nýju tilboði til stórveldanna, tilboði sem felur í sér að slík ákvörðun væri liður í víðtækara samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Um fyrirkomulag að öðru leyti er einsýnt að þau sjónarmið um gagnkvæmni og jafnvægi, sem ég hef áður vikið að, hljóta að ráða þar ferðinni og vera forsenda fyrir gagnlegu samkomulagi.

Með þessa hugmynd í veganesti er einsýnt að hyggja sérstaklega að þeirri umr. sem í gangi er á Norðurlöndum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Það er í framhaldi af þessari hugmynd sem Alþingi felur utanrmn. að kanna í samráði við utanrrh. hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Það er brýnt og það er rétt að það sé gert. Þessi hugmynd mundi vera falin að öðru leyti í hendur utanrrh. til framkvæmdar og umfjöllunar ef þáltill. yrði samþykkt.

Herra forseti. Eftir þá ítarlegu ræðu, sem hv. formaður utanrmn. flutti hér áðan, sé ég ekki ástæðu til þess að fara að öðru leyti nánar ofan í einstakar mgr. þessarar þáltill. En ég læt að lokum í ljós ánægju með þá samstöðu milli flokka sem birtist í sameiginlegum tillöguflutningi af þessu tagi. Ég læt í ljós ánægju með það raunsæi sem birtist í efni till. og með þann einlæga vilja til þess að takmarka framleiðslu kjarnorkuvopna, stuðla að afvopnun og veita fé til fátækari þjóða heims, sem felst í efni till. Ég vona að Alþingi samþykki þessa till. Það hlyti að teljast merkur áfangi við að efla samstöðu milli flokka á Íslandi um málaflokk sem oft hefur verið mikið bitbein en sem nauðsyn er að sem ríkust samstaða sé um, þar sem eru utanríkismál þjóðarinnar.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Á síðasta þingi voru lagðar fram fimm tillögur til þál. um afvopnunarmál. Tillögurnar voru nokkuð mismunandi og tóku á ýmsum ólíkum þáttum þessa yfirgripsmikla málaflokks. Allar endurspegluðu þær þó þá víðtæku og vaxandi umhugsun og umr. sem orðið hefur um þessi mál hérlendis og erlendis. Utanrmn. ákvað að skipa undirnefnd á sínum vegum þar sem fulltrúar allra flokka og samtaka ættu sæti og hefðu það verkefni að reyna að samræma þessar tillögur og taka tillit til meginefnisþátta þeirra þannig að úr yrði ein tillaga. Voru bundnar vonir við það að nefndarmenn mættu þrátt fyrir ólík sjónarmið finna sameiginlegan meðalveg þannig að Alþingi mætti lýsa yfir eindreginni stefnu í afvopnunarmálum. Þrátt fyrir góða viðleitni og drjúgar fundarsetur tókst mönnum ekki að rata á sameiginlega lausn málsins enda tilraun þessi gerð í þinglok og því naumur tími og mikið annríki. Má segja að einungis hafi vantað herslumuninn að samstaða næðist fyrir þinglok.

Á þessu þingi sem nú lifir hafa svo verið lagðar fram fjórar till. til þál. um afvopnunarmál, þ. e. um frystingu kjarnorkuvopna frá þm. Kvennalista, brtt. við þá till. frá þm. Alþb., till. til þál. um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar frá þm. Sjálfstfl. og till. til þál. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum frá þm. allra flokka og síðan till. til þál. um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði frá þm. fjögurra flokka þar sem 1. flm. er Guðrún Helgadóttir.

Þarna er bæði um endurflutning að ræða á áður fluttum tillögum og líka nýjar tillögur. Það varð úr að undirnefnd á vegum utanrmn. tók að sér sama hlutverk og á síðasta þingi, þ. e. að halda áfram að leita samstöðu í þessum efnum. Eftir nokkra fundi, mikla viðleitni og góðan vilja tókst að ná samstöðu um málið og er árangur hennar sú till. til þál., um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum, sem hér er lögð fram til umr. frá hv. utanrmn.

Um leið og ég fagna þessum árangri vil ég þakka samnm. mínum í undirnefnd, þeim Kjartani Jóhannssyni og í forföllum hans Karli Steinari Guðnasyni, Hjörleifi Guttormssyni, Haraldi Ólafssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Kristínu S. Kvaran og í forföllum hennar Guðmundi Einarssyni fyrir gott samstarf. Sá áfangi, sem náðst hefur með flutningi slíkrar sameiginlegrar till., er umtalsverður og mun sannarlega þykja eftirbreytni verður. Till. er að sjálfsögðu málamiðlun og væntanlega ekki óskaniðurstaða neins, en það var auðsætt frá upphafi vega að allir yrðu að láta nokkuð af sínum hlut. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með þann góða vilja sem nm. sýndu í viðleitni sinni til að reyna að ná saman og má með sanni segja að menn hafi teygt sig hver í átt til annars. Það ber að leggja áherslu á það sem sameinar fremur en það sem sundrar.

Það er mönnum vanalega fagnaðarefni að eiga blæbrigðaríkt tungumál. Þó getur slíkt vafist fyrir við samningagerð þar sem túlkun á gildi og þýðingu orða skiptir meginmáli og miklu varðar að velja orðalag sem allir sætta sig við. Það hefur tekist í þetta sinn og því ber að fagna því að orð eru til alls fyrst.

Ég vil ekki eyða tíma fundarins í að reifa efnisatriði þessarar þáltill. því að það hefur þegar verið gert ítarlega af báðum ræðumönnum sem á undan mér hafa

talað. En að sjálfsögðu má búast við því að fulltrúar hinna ýmsu sjónarmiða, sem að till. standa, muni túlka þessa till. nokkuð misjafnlega. En væntanlega sjá menn sóma sinn í því að gæta hófs í þessum efnum og virða það samkomulag sem gert hefur verið.

Þáltill., þó samþykkt verði, er að sjálfsögðu ekki lög. Hins vegar hefur slík þáltill. siðferðilegt gildi og getur þannig orðið þeim utanrrh. og þeim stjórnvöldum sem sitja á hverjum tíma mikill stuðningur og jafnframt aðhald. Það yrði afdrifaríkt skref fyrir annaðhvort utanrrh. eða stjórnvöld að brjóta gegn yfirlýstum vilja Alþingis og þar með Íslendinga, t. d. með því að leyfa staðsetningu kjarnorkuvopna í íslenskri lögsögu.

Sá áfangi, sem hér hefur náðst, ber vitni um það að hugskot manna eru nú opnari en áður og menn eru að verða sér æ meira meðvitaðir um það að velferð okkar allra byggist á því að farsæl lausn fáist sem fyrst í afvopnunarmálum. Þessi áfangi er skref og aðeins skref á leið okkar Íslendinga til þess að sýna að lítil þjóð getur með eindrægni og hugrekki gefið öðrum þjóðum gott fordæmi. Við getum ekki síður en aðrar þjóðir vísað veginn út úr villum vígbúnaðar og hernaðarhyggju. Því á rödd Íslands ævinlega að hljóma í þágu friðar, frelsis og lífs.

Ég vil að lokum hvetja alla hv. þm. til að samþykkja þessa till.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir sem hér hafa talað, þakka hv. utanrmn. fyrir að fram skuli komin sú till. sem hér liggur fyrir á þskj. 922. Ég tel að hér sé brotið blað í sögu og afgreiðslu þessara mála á hinu háa Alþingi og því beri að fagna.

Hv. síðasti ræðumaður hefur þegar getið þeirra tillagna sem hér hafa legið fyrir þinginu í vetur svo að ástæðulaust er að vera að endurtaka það. En sem 1. flm. till. til þál. á þskj. 239, um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, vil ég lýsa því yfir að ég tel að hv. utanrmn. hafi verulega komið til móts við það sem þar er lagt til. Vissulega var meginefni þeirrar till. að ríkisstj. yrði falið að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf um bann við geymslu og notkun á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi. En ég tel að þó að þess sé ekki getið í till., sem hér liggur fyrir, þá sé hún samt sem áður verulegt skref því að verði hún samþykkt er um ótvíræðan vilja hv. Alþingis að ræða.

Ég held að öll umr. um þessi mál hafi tekið miklum framförum á allra síðustu árum og ég er sannfærð um að stofnun öryggismálanefndar á í því verulegan þátt. Ég tel ástæðulaust að árétta það að því meiri upplýsingar sem liggja fyrir hv. þm. um þessi mál, því meiri líkur eru á að þingið geti rætt þau málefnalega og af nokkurri þekkingu, þeirri þekkingu sem við höfum möguleika á að afla okkur, og þar af leiðandi af meiri stillingu og skynsemi en oft hefur átt sér stað áður.

Ekki ber síst að fagna því atriði sem fram kemur í 2. mgr. þeirrar till. sem hér liggur fyrir, um að því gífurlega fjármagni, sem nú fer til hernaðaruppbyggingar, verði fremur varið til þróunaraðstoðar. Sú till. sem hér var samþykkt áðan er frekari ítrekun á því.

Varðandi það atriði í 6. mgr. þeirrar till. sem utanrmn. hefur lagt fram þar sem segir að Alþingi árétti þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn, þá held ég að það hljóti að skiljast á sama hátt og gert er ráð fyrir í till. okkar á þskj. 239, að þar sé átt við: hvorki í friði né ófriði.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja það að þessi till. nái fram að ganga. Ég held að hver einasta hugsandi manneskja geri sér ljóst að framtíð mannkynsins er undir því komin að þm. heimsbyggðarinnar hafi manndóm í sér til þess að ræða þessi mál af skynsemi og viti og geti tekið höndum saman að stöðva þá vitfirringu sem vígbúnaðarkapphlaupið er. Ég tel að Íslendingar hafi með þessari till., sem ég efast ekki um að nái hér samþykki, lagt verulegt lóð á þá vogarskál og ég vil þakka hv. formanni utanrmn. og samnm. hans fyrir afgreiðslu þessa máls.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það er vissulega merkisviðburður að fram skuli koma till. frá fulltrúum allra stjórnmálaflokka um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Ég held að þessi till. marki vissulega tímamót og ekki bara að því leyti að samkomulag náðist milli flokkanna heldur einnig hve mikill vilji var hjá öllum að ná þessu samkomulagi.

Vissulega eru skiptar skoðanir um ýmis atriði. Það er einnig vafalaust hægt að deila um túlkun á einstökum atriðum sem hér koma fyrir. En meginatriðin eru þó skýr og þau markmið, sem stefnt er að, eru hin sömu, þ. e. hvernig Íslendingar geta að sínu leyti stuðlað að friði, stuðlað að afvopnun, stuðlað að betra samkomulagi meðal þjóða.

Það hefur þegar verið gerð svo ítarleg grein fyrir þessari þáltill. að ég ætla ekki að fara að ræða einstök atriði hennar eða hvernig hún varð til. Ég vil einungis þakka meðnm. mínum fyrir ágætt starf, skemmtilegt samstarf og þann bjartsýna vilja til samkomulags sem réði ferðinni.

Hér eru þó atriði sem ég held að við hljótum að verða að byggja talsvert á og ég vil sérstaklega taka undir það sem segir hér um frystingu kjarnavopna og alhliða afvopnun sem fari fram undir traustu eftirliti. Ég held að það sé meginatriði að þjóðir heims takmarki vígbúnað sinn á þann hátt að það sé gert með samkomulagi þar sem einhliða ákvarðanir geta aldrei leitt til þess að jafnvægi haldist. Síst af öllu getum við Íslendingar hvatt einn né neinn til einhliða afvopnunar. Við erum jú vopnlaus þjóð og við höfum engan rétt til að segja annarri þjóð hvernig hún eigi að hegða sér í þeim málum. Við getum einungis hvatt til þess að leitað verði samkomulags milli þjóða og helst þó á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um að dregið verði úr vígbúnaði.

En það er eitt sem við getum gert. Við getum ráðið því hvaða vopnabúnaður er hér á landi. Um það eru ótvíræð ákvæði í varnarsamningi okkar við Bandaríkin. Það dregur enginn í efa að það sé Íslendinga sjálfra að ákveða hver viðbúnaður sé hér á landi í sambandi við varnir landsins og öryggi þess og hvaða búnað herliðið hér hefur. Það er því geysimikilvægt að það sé gert lýðum ljóst að það er vilji Alþingis Íslendinga að hér skuli ekki vera kjarnavopn. Það er ótvírætt yfirlýsing Íslendinga, ef þessi till. verður samþykkt, að hér skuli ekki vera staðsett kjarnavopn. En það efar enginn að utanrrh. hafi með alla framkvæmd varnarsamningsins að gera, en Alþingi hefur lokaorðið.

Eins og fram hefur komið er þál. ekki lög. En þál. er yfirlýsing um vilja þingsins, hún er yfirlýsing um vilja Íslendinga og hún hlýtur því að vera siðferðileg stoð

fyrir ríkisstj. í samskiptum við önnur ríki.

Við viljum einnig með þessari yfirlýsingu vinna að því að samkomulag náist um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu. Það er að vísu kannske í óravíðri framtíð, en markmiðið hlýtur að vera að við af okkar hálfu vinnum að því að kjarnorkuvopnalaus svæði verði sem víðast á hnettinum og við hljótum að byrja í nágrenni okkar. Við byrjum á okkur sjálfum, síðan erum við tilbúnir að taka þátt í hugsanlegum viðræðum um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og látum í ljós þá von að slíkar umr. geti verið liður í enn þá víðtækari umr. um kjarnorkuvopnalaus svæði.

Þessi ályktun ef samþykkt verður er ótvíræð viljayfirlýsing um að Íslendingar skuli vinna að málum á þennan hátt. Ég vil sérstaklega að lokum benda á síðustu mgr. till. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanrrh., að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum."

Hér er beinlínis hvatt til þess að stjórnmálaflokkarnir haldi áfram að leita samkomulags, leitist við að hafa samráð sín í milli um mörkun stefnu. Þetta er merkileg yfirlýsing og ég held að þetta sé ekki hvað síst það sem gerir þessa þáltill. mikilvæga. Það er von mín að Alþingi samþykki þessa till. og gefi þar með ríkisstj. og þjóðinni veganesti í viðræðum við aðrar þjóðir um þessi mál og sé jafnframt boð frá okkur Íslendingum um vilja okkar til afvopnunar, vilja okkar til að stuðla að því að dregið verði úr spennu í okkar heimshluta.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sem fulltrúi í utanrmn. er ég aðili að þeirri till. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem nefndin flytur sameiginlega. Ég hlýt að lýsa yfir ánægju að samkomulag tókst í nefndinni um þennan tillöguflutning. Tilefni ítarlegra umr. í nefndinni og afstöðu Íslendinga til kjarnorkumála voru þær mörgu tillögur sem fyrir nefndinni lágu um þessi efni frá Sameinuðu þingi og fulltrúar úr öllum þingflokkum stóðu að með einum eða öðrum hætti. Nú tókst betur en í fyrra, þegar ekki náðist samstaða í utanrmn. eða undirnefnd á hennar vegum um þessi stóru mál.

Framlagning slíkrar till., sem væntanlega fær víðtækan stuðning hér í Sþ., sætir vissulega tíðindum. Þar er í fyrsta sinn af hálfu Alþingis tekið í ályktunarformi á afvopnunarmálum og hættunni af kjarnorkuvopnum. Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Hvatt er til að kannaður verði grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaus svæði í Norður-Evrópu sem tæki jafnt til láðs, lagar og loftsins. Utanrmn. er falið að kanna þátttöku Íslands í umr. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skila um það áliti til þingsins á þessu ári. Öryggismálanefnd er falið að taka saman skýrslu um hugmyndir sem uppi eru um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar og verði á grundvelli hennar leitað frekari samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Öllum þessum atriðum ber að fagna. Þau eru spor í rétta átt og lýsa vilja Alþingis í örlagaríkum málum. Þau atriði, sem fram koma í till. og snerta afvopnunarmálin í enn víðara samhengi, eru einnig mikilsverð. Meðal þess sem þar kemur fram er áskorun af hálfu Alþingis til ríkisstj. um að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, þ. e. hinni svonefndu frystingu kjarnavopna sem mikið hefur verið til umr., m. a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og jafnframt að hvetja til samninga um að dregið verði úr birgðum kjarnavopna.

Þá er í till. þessari lagt til að Alþingi fagni hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins. Þótt hér sé rætt um gagnkvæmni og samninga fagnar Alþingi Íslendinga skv. texta þessarar till. hverju frumkvæði sem fram kemur til þess að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Mér þótti, herra forseti, leitt að formaður utanrmn., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, skyldi sjá ástæðu til þess að víkja hér sérstaklega að mér í sinni framsögu og það í sambandi við útvarpsviðtal sem fram fór við mig og raunar hæstv. utanrrh. af því tilefni að till. þessi var hér fram lögð. Ég ætla hér ekki að hefja neitt túlkunarstríð við hv. formann utanrmn. um texta þessarar till. En ég sé af þessari ástæðu sem hann hefur hér gefið efni til þess að ég endurtaki þau orð sem fram komu í Ríkisútvarpinu af minni hálfu um þetta efni, staðsetningu kjarnavopna á Íslandi. Þar sagði ég, með leyfi forseta:

„Ég vil nefna þar áréttingu af hálfu Alþingis að á Íslandi séu ekki staðsett kjarnorkuvopn. Þessi mál hafa mikið verið rædd hér í þinginu og það hafa komið fram ýmis sjónarmið í þeim efnum, fyrirvarar, m. a. að það gerðist ekki nema með leyfi stjórnvalda. Hér er ekkert slíkt. Hér er áréttuð afdráttarlaust stefna um það að á Íslandi skuli ekki staðsett kjarnorkuvopn."

Ég nefni það hér að það er engin tilviljun að texti till. er þessi sem hann er. Um það er formanni utanrmn. hv. væntanlega kunnugt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera hér frekar að umræðuefni þau stóru mál sem tekið er á í þessari þáltill. utanrmn. Þar kemur fram það sem samstaða er um meðal allra þingflokka og það er líklega fleira en menn höfðu gert sér vonir um fyrirfram. Um hitt sem menn greinir á um, svo sem aðild Íslands að hernaðarbandalagi og veru erlends herliðs í landinu, ætla ég heldur ekki að fjölyrða.

Með samþykkt þessarar till. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum markar Alþingi stefnu af sinni hálfu og því verður að treysta að þeir, sem með framkvæmdavaldið fara, virði þá stefnumörkun. Við Alþb.-menn munum leggja okkur fram um að vinna áfram að því að leita samstöðu með öðrum flokkum hér á hv. Alþingi í afvopnunarmálum. Við hljótum að styðja alla viðleitni til slökunar í heimsmálum og það sem horfir í friðarátt.

Ég vil að endingu, herra forseti, þakka samstarfið í utanrmn. í þessu máli og öðrum mikilsverðum málum sem nefndin hefur náð samstöðu um og eru á dagskrá hér á þessum fundi Sþ. í dag og hafa sum hver þegar hlotið einróma samþykki. Svo vænti ég að einnig verði um þessa till. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þetta hefur

verið nokkuð óvenjulegur dagur á Alþingi. Hér hafa menn rætt mál sem allt of sjaldan eru hér til umr. — allt of sjaldan vegna þess að þau eru kannske mikilvægari en flest annað sem við eyðum stundum tíma okkar og orku í að fást við að rífast um. Þar á ég við umræður um vígbúnað, fátækt og hungur.

Við lifum í býsna undarlegum heimi. Menn eiga ráð til þess nú að láta myndavélar í amerískum gervitunglum lesa Prövdu í höndum soldáta á Rauða torginu í Moskvu, en menn virðast samt ekki eygja ráð til þess að lesa, a. m. k. ekki svo skýrt að þeir skilji, þjáningu í augum sjúkra og hungraðra eins og hún birtist okkur á skjánum á næstum hverju kvöldi. Menn eiga ráð til þess að útrýma mannkyninu á sekúndubrotum vegna þess að samanlagt er til í heiminum sprengjumagn sem svarar til hundruða kg af TNT á hvert einasta mannsbarn í heiminum, samt virðast þeir ekki eygja ráð til þess að útrýma misrétti, hungri og fátækt og misréttinu milli norðurs og suðurs sem er alvarlegasta málið í heiminum í dag. Það er vitað að menn eiga til þess ráð og hafa leitað sérstaklega til þess ráða að fylla sprengjur með plastflísum sem eru sérstaklega gerðar þannig að þær finnast ekki með röntgentækjum í særðu holdi, en samt eygja þeir engin ráð til þess að verjast fjölda sjúkdóma sem herja á fólk, bæði ríka og fátæka.

Ég hef sagt að menn eygi ekki ráð, en spurningin er hvort þeir eiga ráð og víst eiga þeir ráð vegna þess að menn sem hafa ráð og eiga efni til voðaverkanna sem ég lýsti hérna að framan hafa auðvitað ráð og efni til þeirra líknarverka sem við höfum rætt um hér í dag að séu nauðsynleg og óumflýjanleg ef þessi heimur á að lifa af. En þá er það hugsunarhátturinn sem þarf að breytast og það er hið pólitíska viðfangsefni, ekki bara á Íslandi heldur alls staðar í heiminum.

Sá hugsunarháttur sem þarf að breytast er kannske ekki almennings vegna þess að alls staðar í frjálsum löndum í heiminum streymir fólk út á götur og heimtar frið og afvopnun. Hugsunarhátturinn sem þarf að breytast er ráðamannanna, þeirra ráðamanna sem leggja á ráðin um vígbúnað og hervæðingu. Sá vígbúnaður, sem komið hefur fram í dag á hv. Alþingi að allir eru sammála um að menn þurfa, er vígbúnaður sem beitt er til björgunar og lífs en ekki vígbúnaður sem beitt er til dauða. Það er enginn vafi í mínum huga um að ef menn söfnuðu þeim auð og þekkingu og tækni sem stríðsvélin hefur yfir að ráða til að berjast við hungur, fátækt og vanþróun mundu þessi vandamál, sem ég hef hérna gert að umræðuefni, leysast næstum á svipstundu. Það er hin beiska staðreynd, það er hinn beiski sannleikur sem við verðum að horfast í augu við og þar birtast skyldur okkar og ábyrgð að mínu mati.

Ég hef talað hérna um vígbúnað, hungur og fátækt. Þetta hefur verið viðfangsefni utanrmn. á síðustu vikum og verið verðugt verkefni. Á báðum þessum sviðum hafa gerst þeir mikilvægu atburðir að stefnumarkandi siðferðilegar yfirlýsingar hafa verið samþykktar af utanrmn. og ég vænti þess að þær verði samþykktar af Alþingi. Í þáltill. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum er lögð áhersla á stuðning okkar við hvers konar frumkvæði í átt til afvopnunar og friðar og þar er hvatt til þátttöku okkar í þeirri viðleitni eins og tilefni gefast, hvar sem er og hvenær sem er.

Nú munu vafalaust einhverjir telja svona yfirlýsingu léttvæga og telja sig þá sjálfir líta raunsæjum augum á vígstöðuna og vígbúnaðinn í kring um okkur, en ég tel þvert á móti að þessi sameiginlega niðurstaða nefndarinnar sé raunsætt mat á aðstæðum og sé raunsær skilningur á því að framtíð okkar eigum við svo sannarlega undir því að við byrjum á því að moka ofan í gamlar skotgrafir, koma okkur upp úr þeim og móta saman grundvöll, bæði grundvöll siðferðis og grundvöll þekkingar, til þess að á Íslandi geti risið sterk afvopnunarstefna.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þakka utanrmn. starf hennar og ekki síst formanni hennar sem lagt hefur kapp á að afgreiða þessar tillögur úr nefndinni. Það hafa verið samræmdar fjórar tillögur, soðnar fjórar í eina, og þar sem ég var fyrirsvarsmaður einnar þessara tillagna, sem ég flutti ásamt fulltrúum úr öllum öðrum stjórnmálaflokkum, sé ég ástæðu til að taka hér til máls.

Flest það sem var í okkar till. er komið hér inn í tillgr. Ég hefði reyndar gjarnan viljað sjá öll atriði úr okkar till. endurborin. Eitt þeirra, nokkuð mikilvægt, vantar, en tvö þau mikilvægustu eru hér og þeim ber að fagna.

Ég nefni fyrst könnun á hugsanlegri þátttöku Íslands í umræðum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Utanrmn. tekur að sér að kanna hugsanlega þátttöku okkar í umræðum um þetta kjarnorkuvopnalausa svæði. Í okkar till. var að vísu lagt til að kosin yrði sérstök nefnd, en ég treysti utanrmn. vel til þess að vinna þetta verkefni og ég fagna því að vissu leyti að hún skuli taka þetta að sér. Ég hygg að utanrmn. okkar ætti að taka upp miklu nánara samstarf við utanrmn. hinna Norðurlandanna, hef reyndar hreyft því á a. m. k. tveimur þingum Norðurlandaráðs að svo yrði gert. Utanrmn. Norðurlanda ættu að hafa með sér nánara samstarf en nú er. Skv. samþykktum Norðurlandaráðs ræða menn ekki svo mjög utanríkis- eða varnarmál, enda fylgja þjóðirnar ólíkum stefnum að vissu leyti. Sumar eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu, sumar fylgjandi hlutleysi og búa við ólík skilyrði. En ég hygg að einmitt samvinna utanríkismálanefndanna gæti verið mjög mikilvæg. Og ég er reyndar einnig meðflm. að till. í Norðurlandaráði sem fyrrv. utanrrh. Finnlands, Pär Stenbäck er 1. flm. að og er til meðferðar í Norðurlandaráði núna um að gera úttekt á því hvernig Norðurlönd geti öflugast komið fram gagnvart umheiminum og látið sem best af sér leiða.

Þessi könnun utanrmn. getur verið upphaf að útvíkkun á norrænu samstarfi og því ber að fagna. Raunar hygg ég að aðrar þingnefndir gætu líka ýmislegt af grönnum okkar lært og ættu gjarnan að hafa sjálfstæðara samband við hliðstæðar nefndir í þjóðþingum annarra Norðurlanda.

Ég tel þó mikilvægast í þessari till. að hér er komin formleg áréttting Alþingis á stefnu Íslendinga að hér séu ekki staðsett kjarnorkuvopn. Ég hygg að Alþingi hafi aldrei gert formlega samþykkt um að framfylgja þessari stefnu þó að hún hafi verið opinber stefna stjórnvalda á Íslandi í langan tíma og þess vegna held ég að þetta sé mjög mikilvæg samþykkt og gleðilegt og ánægjulegt spor sem við stígum hér.

Ég er einnig samþykkur öðrum atriðum sem fram koma í till. utanrmn. og ég árétta þakkir mínar til formanns n. og þeirra nm. annarra sem unnu þetta góða verk að koma hér samkomulagstillögu til samþykktar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að lýsa ánægju minni með þá samstöðu sem náðst hefur hér á hinu háa Alþingi um þetta mikilvæga mál. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði áðan, að margir líta svo á að smáþjóð eigi lítið erindi í þá umræðu sem fer fram um afvopnun, en svo er ekki. Smáþjóð á ekki aðeins erindi í þá umræðu, heldur ber jafnvel smæstu þjóð skylda til að leggja sitt af mörkum til þess að horfið verði frá því vígbúnaðarkapphlaupi sem því miður hefur átt sér stað lengi. Mér sýnist þessi till. ákaflega mikilvæg í þeim tilgangi. Með slíka till. og samþykkt að baki eiga fulltrúar Íslendinga, hvar sem þeir tala, hvort sem það er hæstv. utanrrh. eða aðrir á opinberum vettvangi, að geta talað sömu tungu. Þetta skapar okkur grundvöll til þess að hafa þó nokkur áhrif.

Ég get ekki heldur annað en fagnað því að menn eru sammála um að árétta þá stefnu sem hér hefur ríkt í þessum málum og satt að segja finnst mér vera deilt um keisarans skegg þegar um það er rætt, sem forustumenn hafa hygg ég ætíð sagt, að hér verði ekki staðsett kjarnorkuvopn án samþykkis íslenskra stjórnvalda. Ég vona að aldrei komi til þess svo að íslensk stjórnvöld finni sig knúin til að samþykkja slíkt og mér dettur aldrei í hug að íslensk stjórnvöld, hver sem þau eru, mundu samþykkja slíkt án þess að hafa meiri hl. Alþingis tryggan að baki. Þannig hlyti það vitanlega ætíð að koma til kasta Alþingis á einn eða annan máta ef slíka ákvörðun yrði að taka sem ég vona að verði aldrei. Hér er að sjálfsögðu áréttaður sjálfsákvörðunarréttur okkar Íslendinga í þessum málum.

Ég vil einig fagna þeirri nýju hugmynd, sem hér kemur fram, að kjarnorkuvopnalaust svæði verði um Norður-Evrópu. Það er ákaflega merkileg hugmynd og reyndar kannske sú eina sem vit er í þegar menn tala um kjarnorkuvopnalaus svæði. Ég fylgi því sannarlega að kannað sé hvort rétt sé að koma upp kjarnorkuvopnalausu svæði um Norðurlönd, bæði á landi, lofti og í hafi og það er ákaflega mikilvægt að hafið sé með, en í raun og veru þarf slíkt svæði að vera miku stærra. Ef þetta gæti orðið framlag til umræðu um afvopnun höfum við Íslendingar lagt þar töluvert af mörkum. Ég er sammála því, sem í þessu felst, að þetta þyrfti að vera stórum stærra svæði en menn hafa talað um. Reyndar hef ég ætíð sagt að smærri svæði þurfi að vera áfangi að öðru stærra.

En í raun og veru held ég að lykillinn að árangri í þessu öllu felist í þeirri setningu að leitað verði allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða. Ég hygg að þetta sé það sem stendur í vegi fyrir árangri. Mér dettur satt að segja ekki í hug að stórveldi ætli sér að varpa kjarnorkusprengju á annað stórveldi. Ég tel að svo ljóst sé að það mundi leiða til tortímingar. Ég held að það sé fyrst og fremst tortryggnin sem veldur því að árangur næst ekki. Ef við getum stuðlað að því að dragi úr spennu og tortryggni þá er mjög mikilvægt skref stigið.

Ég stóð upp til að lýsa sérstakri ánægju minni með þá samstöðu sem felst í þessar till. í mjög mikilvægu máli, ekki síst fyrir smáþjóð.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi gerðist ég meðflm. að till. til þál. sem fjallaði um afvopnunarmál. Í þeirri tillögu fólst einkum tvennt. Annars vegar það að staðfesta þá stefnu Íslendinga að hér skyldu aldrei staðsett kjarnorkuvopn og hins vegar að Íslendingar könnuðu hvort ekki væri rétt af þeirra hálfu að taka þátt í umræðum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Þessi tillaga var umdeild og mætti nokkurri tortryggni, eins og reyndar ýmsar fleiri tillögur sem gengið hafa ýmist lengra eða skemmra varðandi afvopnunarmál.

Í þeirri tillögu sem hér er lögð fram af hálfu utanrmn. er tekið undir og raunar samþykkt það sem var innihald þeirrar tillögu sem ég gat um áðan og ég var meðflm. að, þ. e. að Alþingi áréttaði þá stefnu Íslendinga að hér skyldu ekki staðsett kjarnorkuvopn og enn fremur að könnuð yrði í samráði við utanrrh. hugsanleg þátttaka Íslands í frekari umræðum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Að þessu leyti hefur hæstv. utanrmn. haft forgöngu um það að staðfesta og taka undir þau sjónarmið sem fram komu í þeirri tillögu sem ég hef verið að skýra frá og fagna ég því að sjálfsögðu. Ég lít svo á að sú tillaga hafi átt þátt í því og stuðlað að því að samkomulag hefur orðið í utanrmn., enda þótt ég ætli mér ekki það hlutverk að hafa ráðið úrslitum í því samkomulagi. Og vitaskuld skiptir minnstu máli hvað mér finnst um það eða hvort mínar hugmyndir eða skoðanir hafi náð fram að ganga eða ekki. Aðalatriðið er auðvitað að Alþingi hefur sameinast um gagnmerka tillögu.

Það er þrennt sem þessi tillaga felur í sér og skiptir máli. Það er í fyrsta lagi að árétta þá stefnu að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Í öðru lagi er undirstrikað að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims geri með sér samning um gagnkvæma alhliða afvopnun. Og í þriðja lagi er lagt til að samþykkt verði að Íslendingar verði þátttakendur í umræðum annarra þjóða um kjarnorkuvopnalaus svæði.

Sannleikurinn er sá að í allt of langan tíma hafa Íslendingar deilt um afstöðuna til afvopnunar og utanríkismála. Það sannast með flutningi þessarar tillögu að það er stutt flokka í milli í ágreiningsmálum þegar allt kemur til alls. Ég hef stundum hér á þinginu í vetur verið að skammast út í þingflokkana fyrir hrossakaup og samtryggingu og baktjaldamakk sem ég hef litið svo á að hefði að mörgu leyti neikvæðar afleiðingar og væri til skaða í pólitíkinni. En ég verð þá um leið að taka það fram núna að samráð milli þingflokka getur stundum leitt til góðs. Þessi tillaga hefur vissulega leitt til samkomulags sem er afar jákvætt í hinni stjórnmálalegu umræðu hér á landi. Ég fagna þeirri niðurstöðu.

Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að þakka utanrmn. og formanni hennar fyrir tillöguna og ég óska þingflokkunum til hamingju með að hafa náð saman í þessu máli. Það getur vel verið að það hafi ekki mikla þýðingu í þróun afvopnunarmála á alþjóðavettvangi hvað Íslendingar segja eða samþykkja, en það hefur vissulega ómetanlega þýðingu að við sjálfir sameinumst um stefnu og skoðanir og leggjum þannig okkar litla lóð á vogarskálarnar til að stuðla að friði og afvopnun í heiminum.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka utanrmn. fyrir meðferð þessa máls. En till. sú til þál. sem hér liggur fyrir til umræðu frá utanrmn. er árangur af starfi nefndarinnar við afgreiðslu á þeim tillögum sem hér

hafa verið fluttar á þingi nú í vetur varðandi þessi efni. Ég þakka líka formanni utanrmn. fyrir ágæta framsögu og greinargóða sem dró saman í stuttu máli helstu atriði þessara mála. Ég ætti þess vegna að geta verið tiltölulega stuttorður en vil þó leyfa mér með nokkrum orðum að fjalla um þessa þáltill. og þau málefni er hún fjallar um.

Það verður auðvitað að hafa í huga þegar þessi þáltill. er skoðuð að hún er í raun og veru afgreiðsla á fimm tillögum um þessi efni.

Í fyrsta lagi till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna. Í öðru lagi, ef ég tek það sem sérstaka tillögu, brtt. við þá till. í tveim töluliðum og einum sjö bókstafsliðum frá fulltrúum Alþb. Í þriðja lagi till. um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar frá þm. Sjálfstfl. Í fjórða lagi till. til þál. um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum. Og í fimmta lagi till. til þál. um bann við geymslu og notkun kjarnavopna á íslensku yfirráðasvæði. Mér finnst nefndinni hafa tekist mjög vel að taka það saman úr þessum till. sem máli skipti og menn geta sameinast um. Ég fagna þessari framkomnu till., ekki síst vegna þess að það er mat mitt á henni að hún feli í sér þau meginsjónarmið sem eftir hefur verið farið í meðferð Íslendinga á alþjóðavettvangi varðandi þessi mál.

Ég leyfi mér að telja þessa till. fela í sér sex meginefnisþætti.

Grundvallarforsenda till. er í 1. málsgrein þar sem undirstrikuð er þýðing þess að um gagnkvæma alhliða afvopnun sé að ræða og hún framkvæmd og tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Hér er um lykilforsendu þess að ræða að afvopnunartilraunir beri árangur, gagnkvæmni og tryggt eftirlit. Það hefur verið meginsjónarmið þegar Íslendingar hafa tekið afstöðu til till. á opinberum vettvangi í afvopnunarmálum að þessum skilyrðum væri fullnægt.

Þá er í öðru lagi skv. þessari till. tekin afstaða til *frystingar kjarnavopna svokallaðra*, þ. e. banns við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna. Slíkt bann er tengt samhliða niðurskurði kjarnavopna, en hvoru tveggja, banninu og gagnkvæmum niðurskurði kjarnavopna, skal framfylgt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samráði við alþjóðlega eftirlitsstofnun. Hér er einnig um að ræða þá viðmiðun sem við höfum haft í afstöðu okkar til slíkra tillagna á alþjóðavettvangi.

Í þriðja lagi er hér um að ræða afstöðu til kjarnavopnalausra svæða. Raunar er ekki svo langt gengið heldur er hér um að ræða samþykkt um að könnuð sé annars vegar samstaða og grundvöllur um kjarnavopnalaus svæði í Norður-Evrópu og hins vegar sé könnuð hugsanleg þátttaka Íslands í frekari umræðu um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum. En þetta tvennt er í till. einnig tengt saman og er það mjög í samræmi við þau ummæli sem ég hef látið falla hér og á fundum okkar utanrrh. Norðurlanda þegar kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum hefur borið á góma.

Ég hef ávallt undirstrikað að við Íslendingar ættum að vera með í þessari umræðu þegar talað er um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum. Um leið hef ég lagt áherslu á að sú umræða tengdist kjarnavopnalausu svæði í stærra samhengi og sem þátt í alhliða afvopnun og samningum milli kjarnavopnaveldanna. Öðruvísi verður ekki gagn að slíku kjarnavopnalausu svæði.

Raunar má draga í efa hvert gildi kjarnavopnalaust svæði hefur ef til kjarnavopnaátaka kæmi. Ég hef áður nefnt það úr þessum ræðustól að hér fyrir nokkru höfðu ýmsir menn í Vesturheimi tröllatrú á því að unnt væri að heyja takmarkað kjarnavopnastríð. Ég hygg að þær hugmyndir og hugleiðingar hafi fljótlega verið taldar fjarstæðukenndar. Slíkt væri óframkvæmanlegt og mundi einungis leiða til allsherjar kjarnavopnastríðs. En ég varpa fram þeirri spurningu hvort hér er ekki um tvær hliðar á sömu myntinni að ræða. Það er í raun svo að eins og takmarkað kjarnavopnastríð er óraunhæft þá eru kjarnavopnalaus svæði þýðingarlítil ef við lendum í *þeim darraðardansi sem kjarnavopnaátök yrðu*.

Engu að síður tel ég sjálfsagt að kanna möguleika á kjarnavopnalausum svæðum ef slíkir samningar milli kjarnavopnaveldanna gætu orðið til þess að um slökun yrði að ræða og afvopnun á gagnkvæmnisgrundvelli undir tryggu eftirliti eins og forsenda þessarar till. er.

Í fjórða lagi hefur hér verið rætt um þá yfirlýsingu sem í till. greinir, þ. e.: „Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn", og er nokkur blæmunur á túlkun manna á þessari yfirlýsingu. Ég hlýt að undirstrika skilning hv. frsm. þar sem hann sagði að við afsölum okkur ekki fullveldi okkar og sömuleiðis það sem forsrh. sagði að við afsölum ekki sjálfsákvörðunarrétti okkar. Það hlýtur að vera á valdi Íslendinga á hverjum tíma, íslenskra stjórnvalda, að segja til um það hvort hér eru kjarnavopn eða ekki.

Það er ákveðin stefna íslenskra stjórnvalda frá því að kjarnavopn komu til sögunnar að hér yrðu ekki staðsett kjarnavopn. Það hafa ekki komið fram nein tilmæli um það að leyfa staðsetningu kjarnavopna á Íslandi og við höfum því síður borið fram tilmæli um að fá kjarnavopn. Ég á ekki von á því í fyrirsjáanlegri framtíð að nokkur breyting verði á þessari stefnu íslenskra *stjórnvalda og Íslendinga almennt. Ég vonast til þess að* til þess komi aldrei en ég hygg að það væri fásinna af okkur Íslendingum að lýsa því yfir um aldur og ævi á hverju sem gengur að við munum afsala okkur að þessu leyti sjálfsákvörðunarrétti eða fullveldi. Þess vegna er hér ekki um þá yfirlýsingu að ræða að hvorki í friði né ófriði verði hér staðsett kjarnavopn. Það hlýtur að vera á valdi íslenskra stjórnvalda hvort svo skuli vera.

Það er óskynsamlegt að gefa einhliða yfirlýsingu er gildi á hverju sem gengur, þó ekki væri nema vegna þess að slík yfirlýsing, ef hún á að koma að gagni, á að eiga sér stað í samráði og í samhengi við aðrar þjóðir í þeim tilgangi að um kjarnavopnalaus svæði og fækkun kjarnavopna verði að ræða meðal annarra þjóða á mun stærra svæði.

Ástæðan til þess að við erum að tala um þýðingu kjarnavopnalausra svæða er einmitt að draga úr líkum á því hvort heldur að slys gæti orðið eða um væri að ræða beitingu kjarnavopna í átökum. Því hljótum við að gera kröfu til annarra þjóða í austri og vestri að þær gefi samsvarandi yfirlýsingu um leið og við gerum það.

Ég vil taka það fram að ég tel það með ólíkindum og ég vona að til þess komi aldrei að við gæfum leyfi til staðsetningu kjarnavopna hér á landi. Engu að síður skulum við ekki loka augunum fyrir því að við getum ekki gert okkur grein fyrir því á þessu stigi málsins hvað kynni að verða ef út í darraðardans er farið. Það sem máli skiptir er að allt sem við gerum sé liður í afvopnun,

þátttaka í tilraunum mannkynsins til að draga úr vígbúnaðarkapphlaupinum. Ég held að gagnkvæmni *skipti þar mestu máli og við Íslendingar getum best* stuðlað að slíkri gagnkvæmni einmitt með því að halda við þá stefnu sem við höfum haft í þessum efnum.

Ég vil svo í fimmta lagi lýsa ánægju minni yfir þeim efnisþætti sem í till. felst að öryggismálanefnd í samráði við utanrrh. er falið að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi.

Ég geri mér vonir um að frekari upplýsingaöflun geti stuðlað að enn raunhæfari samstöðu íslenskra stjórnmálaflokka um stefnu í öryggismálum okkar lands og í afvopnunarmálum almennt.

Í sjötta lagi er sá efnisþáttur í þál. að mikilvægt sé að því gífurlega fjármagni, sem nú rennur til herbúnaðar, verði varið til hjálpar fátækum ríkjum heims. Þessi efnisþáttur er vissulega góðra gjalda verður þótt erfitt kunni að vera að hafa áhrif í þá átt að það fjármagn, sem kynni að sparast, fari um þann farveg sem svo nauðsynlegt er að eigi sér stað ef friðvænlegt á að vera í heiminum. Það sem gæti ógnað friði í heiminum er ekki eingöngu barátta austurs og vesturs heldur og það misræmi sem þjóðir norðurs og suðurs búa við í efnahag og í lífskjörum.

Ég þakka utanrmn. enn á ný fyrir starf hennar og ég hygg að þetta sé áfangi á þeirri leið að samræma sjónarmið okkar Íslendinga í öryggis- og afvopnunarmálum. Þótt við kunnum að hafa túlkað hér nokkur ákvæði þessarar till. með mismunandi hætti skulum við ekki láta það aftra okkur frá að gera frekari tilraunir til þess að samræma sjónarmiðin á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um ástand mála og vígbúnaðar í heiminum. Við verðum auðvitað sem sjálfstæð þjóð að hafa augun opin fyrir því raunverulega ástandi heimsmálanna sem við búum við á hverjum tíma. Eingöngu með þeim hætti getum við verndað sjálfstæði okkar og lagt lóð okkar á vogarskál afvopnunar og friðar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs einvörðungu vegna eins atriðis í sambandi við þá umr. sem hér hefur farið fram og þá sérstaklega af hálfu hæstv. utanrrh. og raunar einnig með vísan til orða hæstv. forsrh. hér áðan, þ. e. það orðalag till. sem hér liggur fyrir þar sem Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Ég greindi frá því í máli mínu hér áðan að það væri engin tilviljun að þetta er orðalag till. og þar er ekki tekið inn í till. neitt orðalag sem áskilur leyfi stjórnvalda þar að lútandi. Ég tel nauðsynlegt, vegna þess sem hér hefur komið fram frá hæstv. utanrrh. að það liggi alveg fyrir að óskum um það að taka slíkt orðalag inn í till. var hafnað. Þess vegna er till. eins og hún liggur hér fyrir og á það var sæst.

Hér er að sjálfsögðu ekki um það að ræða að við afsölum okkur sjálfsákvörðunarrétti, síður en svo. Við hljótum að halda honum til haga í öllum greinum, en hér er það Alþingi sem er að ályktа í mikilvægum málum og hér er það spurning um vilja þingsins. Framkvæmdavaldið verður samkv. okkar stjórnskipan að gera það upp við sig hverju sinni hvort það virði þann vilja. Þingið hlýtur að leggja á það áherslu af sinni hálfu að svo sé og það gildir ekki síst í stórum málum *eins og þeim sem hér eru til umræðu.*

Ég vil ekki trúa því að neinn íslenskur ráðh., neitt íslenskt stjórnvald, gangi nokkru sinni svo langt að fallast á það að til Íslands yrðu flutt kjarnavopn, nema það lægi þá alveg skýrt fyrir áður en ákvörðun væri tekin hver væri vilji Alþingis. Annað væri í ósamræmi við þá till. sem hér liggur fyrir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla að biðja menn að fara ekki að deila í lok þeirrar friðsömu einingarumræðu sem farið hefur fram í dag. Mér finnst að þetta mál liggi nokkuð skýrt fyrir. Í fyrsta lagi eru hér ekki kjarnorkuvopn. Í öðru lagi er það stefna stjórnvalda að hér séu ekki kjarnorkuvopn. Í þriðja lagi áréttar Alþingi þessa stefnu og ákvarðar formlega að hér verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Í fjórða lagi starfar ríkisstjórn Íslands á ábyrgð Alþingis. Og í fimmta lagi, eins og hæstv. forsrh. tók fram rétt áðan, þá hlýtur meirihlutavilja Alþingis að þurfa til að breyta þeirri stefnu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Það liggur ekki fyrir tillaga um að vísa þessu máli til nefndar og það er ekki óeðlilegt þar sem sú nefnd sem hefði átt að fá málið til meðferðar hefur flutt þetta mál. Af þessu leiðir að það rekur ekki nauður til að fresta umræðu þar sem málið gengur ekki til nefndar. Þess vegna er okkur ekkert að vanbúnaði að ganga til atkvæða um till. þegar umræðu er lokið. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið og verður *gengið til atkvæða.*

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1011).

Efri deild, 80. fundur.

Fimmtudaginn 23. maí, að loknum fundi í Sþ.

Sjóðir atvinnuveganna, frv. 505. mál (þskj. 944). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Gjöld af tóbaksvörum, frv. 428. mál (þskj. 987). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 1008, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 15 shlj. atkv.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Brtt., sem ég hef lagt fram, eru þrjár og mun ég draga til baka tvær þær seinni

sem fjalla um 10. gr. og að á eftir 11. gr. komi ákvæði til bráðabirgða. Þetta eru ákvæði sem koma til greina en er kannske eðlilegra að eigi heima í öðrum lögum sem eru til umfjöllunar á Alþingi. Ég legg þá fram brtt. við 8. gr. sem orðist svo:

„Tóbaksgjald skv. 2. mgr. 1. gr. skal vera grunntaxti. Fjmrh. er heimilt með reglugerð að hækka gjald af hverri gjaldskyldri einingu skv. 2. mgr. 1. gr."

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur komið saman til skyndifundar og mælir með að þessi till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 1008,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1008,2—3 teknar aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Tóbaksvarnir, frv. 504. mál (þskj. 941). — 1. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hér er um fylgifrv. að ræða með frv. því sem þegar hefur verið samþykkt hér í Ed. Ég gerði raunar grein fyrir efni þess hér við 2. umr. um það mál. Það er einfaldlega um það að ræða að tekjur til tóbaksvarna verði hinar sömu eftir væntanlega gildistöku þeirra laga sem við vorum að afgreiða og verið hefðu að óbreyttum lögum og tel ég einsýnt að allir séu á einu máli um að samþykkja beri þetta frv. eins og hið fyrra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 798, n. 970, 971). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Mál þetta hefur verið til umfjöllunar í hv. Nd. Samgn. Nd. sendi frv. til umsagnar og eftir því sem segir í nál. samgn. Nd. var málið sent til umsagnar þeirra aðila sem málið varðar. Þeir aðilar, sem fengu málið til umsagnar frá Nd., munu hafa verið Rannsóknaráð ríkisins, verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og einnig kom umsögn frá mælingaverkfræðingum.

Samgn. Nd. gerði á frv. nokkrar breytingar sem öll n. stóð að, en n. náði þó ekki fullnaðarsamkomulagi um frv. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að breyta þyrfti frv. og setja í það ákvæði um stjórn Landmælinga Íslands og flutti brtt. þar að lútandi. Brtt. hlutu ekki samþykki í hv. Nd.

Samgn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum og á fundi n. hafa komið þeir Birgir Guðjónsson, settur forseti Landmælinga Íslands, og Gylfi Már Guðbergsson forstöðumaður jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans. Flestir sem fengu frv. til umsagnar frá samgn. Nd. lögðu áherslu á nauðsyn samráðs og samvinnu þeirra sem vinna að landmælingum og kortagerð. Sama skoðun kom fram hjá viðmælendum okkar í samgn. hv. Ed.

Hér er reyndar um þann þátt að ræða sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að mundi verða í góðu lagi ef landmælingunum yrði sett stjórn. Með samþykkt brtt. sem samgn. flytur á þskj. 971 teljum við að sjálfsögð og eðlileg samvinna og samráð sé tryggt milli þeirra sem að landmælingum og kortagerð vinna og þar með hafi verið farið að ráðum þeirra sem sendu samgn. Nd. umsagnir og viðmælenda okkar. Rétt er að fara nokkrum orðum um hvers vegna þessa samráðs er þörf.

Allmargar verkfræðistofur og opinberar stofnanir, t. d. Landmælingar Íslands og Orkustofnun, Vegagerð, Landsvirkjun, borgarverkfræðingur og ýmsar verkfræðistofur stunda grundvallarmælingar og enn fleiri stofnanir og fyrirtæki fást við kortagerð. Talsvert hefur skort á samræmi í vinnubrögðum, en á þessu sviði er stöðlun og samræming nauðsynleg. Þá nýtist mikiu betur vinnuafl, tæki og fé og kraftar þeirra sem að þessu vinna dreifast ekki eins mikið. Það er óheppilegt og dýrt að fleiri en einn aðili vinni að sams konar eða svipaðri kortagerð af sömu stöðum, eins og dæmi eru um af því að stofnunum hefur verið ókunnugt um áform hverrar annarrar. Kort eru gerð í mismunandi kortvörpunum, kortablaðskipting er breytileg, mælikvarðar mismunandi, kort sem sýna líkt efni, t. d. jarðfræðikort, eru ólík að útliti vegna mismunandi lita, leturs og tákna. Þá er líka nauðsynlegt að stofnanir og fyrirtæki sem gera kort hafi samráð af því að þessi starfsemi hlýtur að verða fjölbreyttari í framtíðinni en verið hefur vegna tæknilegra breytinga, t. d. tilkomu mynda frá gervihnöttum og ýmissa nýrra tækja sem notuð eru til að afla þekkingar og upplýsinga um jörðina, land og sjó og við kortagerð.

Sjálfsagt er að Landmælingar Íslands safni og varðveiti ýmis landfræðileg og stærðfræðileg gögn og mælingagögn, eins og frv. gerir ráð fyrir, og miðli af þeim brunni öllum sem á þurfa að halda vegna kortagerðar og ýmissa rannsókna- og fræðistarfa. Um þetta er óhjákvæmilegt að hafa samráð við þá sem stunda landmælingar, kortagerð og skyld störf. T. d. má nefna örnefni sem sett eru á kort, en stafsetning og staðsetning þeirra er ekki alltaf rétt eða eins á kortum núna.

Dæmi: Fjórðungsblöð Landmælinga Íslands, svokölluð herforingjaráðskort, eru í mælikvarða 1:50000 og í keiluvörpun. Kort sem Bandaríkjaher hefur gert í sama mælikvarða er í annarri vörpun og kortablaðskipting er önnur. Gróðurkort af hálendi landsins eru í mælikvarða 1:40000. Orkustofnun hefur gert mikið af kortum í mælikvarða 1:20000 sem sýna fyrst og fremst landslag, ár og vötn.

Brtt. okkar gerir ráð fyrir að í reglugerð um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands sé kveðið á um að samstarf og samráð í vinnubrögðum og skipulagi verði þannig að tæki, fé og kraftur þeirra, sem að kortagerð og landmælingum vinna, dreifist ekki eins mikið og brögð hafa verið að hingað til. Brtt. hv. samgn. er við 4. gr. frv. eins og það kom frá hv. Nd. Ef ég fer yfir 4. gr. eins og hún var þegar hún kom frá Nd. hljóðar hún þannig:

„Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerðum, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem landmælingar stunda, hafi samráð sín á milli."

Við leggjum til að inn í þessa grein komi á eftir orðunum „sem stunda landmælingar": og kortagerð, og

á eftir orðunum „hafi samráð sín á milli" komi: um samræmi í vinnubrögðum og skipulagi mælinga og kortagerðar.

Settur forstjóri Landmælinga Íslands, Birgir Guðjónsson, samdi grg. að ósk okkar í samgn. Ed. Ég tel rétt að lesa hana hér, með leyfi virðulegs forseta. Grg. er svohljóðandi:

„Landmælingar Íslands. Stutt greinargerð samin skv. beiðni samgn. Ed. Alþingis.

Stórvirki Dana í mælingum og kortagerð á fyrri hluta þessarar aldar ásamt mikilvægu framlagi allt fram á sjöunda áratuginn er sá þekkingargrunnur sem landfræðilegar athuganir landsmanna sem og margar vísindagreinar og flestar verklegar framkvæmdir byggjast á. Þessum stórmerka arfi var skilað í hendur Landmælinga Íslands og hefur það verið verkefni þeirra að varðveita hann, endurskoða og þróa í takt við örar breytingar á landi, landnýtingu sem og tækniframfarir.

Landmælingar Íslands eru ung stofnun sem varð til í ársbyrjun 1956 er landmælingadeild Vegagerðar ríkisins var frá henni skilin og yfir hana settur sérstakur forstjóri og fjárhagur gerður sjálfstæður. Geir Zoëga vegamálastjóri varð fyrsti forstöðumaður hennar, en hann hafði um langan tíma verið trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar í samskiptum við dönsku landmælingastofnunina. Stofnunin hefur síðan þá þróast og bætt við starfsliði eftir því sem gögn og kort fengust frá Dönum, verkefni aukist og nýjar þarfir komið til.

Óskýr stefnumörkun um landmælingastarfsemi þjóðarinnar og uppbyggingu stofnunarinnar hefur lengi verið starfseminni allri fjötur um fót, en nú er von til að úr rætist með samþykkt frv. um Landmælingar Íslands.

Einn helsti ávinningur lagasetningar er að þannig fæst færi á að fastmóta alla aðferðarfræði landmælinganna og með skipulegum hætti sameina alla þekkingu og tækjakost að einu marki, þ. e. nothæfum kortagrunni öllum landsmönnum til hagsbóta.

Ítrekað skal að ekki er stefnt að uppbyggingu fjölmenns ríkisbákns sem leggi kalda einokunarkrumlu á starfsemi fjölmargra hæfra einstaklinga og fyrirtækja á þessu sviði, heldur er kúrsinn tekinn á samvinnu og samstarf þar sem Landmælingar Íslands verki sem hvati í hraðri og markvissri landmælingastarfsemi.

Ekki skal hér farið nánar út í hvernig ná mætti þessu marki, einungis vitnað til ummæla er féllu á fundi með nm. í dag.

Grg. þessari verður ekki lokið án þess að bent sé á að afgreiðsla frv. er þrátt fyrir mikilvægi sitt aðeins hluti af uppbyggingarstarfinu sem þm. gætu fylgt eftir af þrótti.

Landmælingar Íslands eru nú í leiguhúsnæði að Laugavegi 178 og er það um margt illa fallið til slíkrar sérhæfðrar starfsemi sem kortateiknun, framköllun og geymsla viðkvæmra gagna er. Hefur einnig flestum endurbótum verið slegið á frest þar sem lengi hefur verið leitað í kerfinu eftir varanlegri lausn mála. Helsti ágalli húsnæðisins, fyrir utan erfiða uppsetningu hraðvirkra framleiðslulína, er að þar vantar alla hita- og rakastillingu, auk þess sem ryk smýgur um allt og gerir meðferð viðkvæmra mælitækja erfiða. Flest þau gögn sem til verða við starfsemina, svo ekki sé talað um ómetanleg frumgögn frá fyrri tíma, eru þeirrar gerðar að þau tortímast sé rétts hita- og rakastigs ekki gætt. Þá er það líka stórhættulegt að allt þetta safn skuli geymt á einum og sama stað sé litið til eld- og sprengihættu.

Af þeim sökum er bráðnauðsynlegt að sem allra fyrst verði gert myndarlegt átak til endurbóta í allri starfsaðstöðu stofnunarinnar framleiðslunni til framdráttar, en þó einkum hvað varðar geymslu þess þjóðarauðs sem eru hin margvíslegustu landmælingagögn í vörslu hennar."

Hér lýkur grg. Birgis Guðjónssonar. Ég taldi rétt að þessi skýrsla Birgis kæmi hér fram og þar eru ákveðin áhersluatriði sem er eðlilegt að sé tekið tillit til. Það er ánægjulegt að frv. til l. um Landmælingar Íslands skuli nú komið til umfjöllunar á Alþingi og komið til 2. umr. í síðari deild. Allir hv. alþm. eru sammála um að nauðsynlegt er að fá lögfestingu á hlutverki og starfssviði Landmælinga Íslands. Samgn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu er ég hef skýrt frá og er á þskj. 971. Fjarverandi afgreiðslu málsins í n. voru Karl Steinar Guðnason og Jón Kristjánsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 971 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

5.—16. gr. og ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. 437. mál (þskj. 739). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. það til breytinga á almennum hegningarlögum sem hér kemur til hv. Ed. fjallar að meginefni til um úttekt refsingar, en einnig um ýmsa aðra þætti hegningarlaga, svo sem hámark fésekta.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

2. gr. geymir nýmæli sem kveður á um hvernig staðið skuli að handtöku á manni sem á að fara í afplánun refsivistar. Er lagt til að þetta ákvæði verði sett til að taka af tvímæli um handtökuheimildina.

Í 3. gr. eru tvö nýmæli. Lagt er til að rýmkaðar verði heimildir til að senda fanga til vinnu og náms utan fangelsis og einnig er lagt til að heimilað verði að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að hann geti haldið sambandi sínu við fjölskyldu og umhverfi sitt. Er slíkt leyfi ætlað til þess að fanginn eigi auðveldara með að aðlagast samfélaginu að nýju að lokinni úttekt refsingarinnar.

4. gr. fjallar um reglur varðandi reynslulausn úr fangelsi. Eru þar lagðar til nokkrar breytingar á núgildandi reglum. Lagt er til að ekki verði veitt reynslulausn á styttri dómum en tveggja mánaða refsivist og eftirstöðvar verði aldrei skemmri en 30 dagar.

Í 6. gr. er lagt til að orðalag 47. gr. hegningarlaganna verði skýrara um hvaða agaviðurlögum megi beita í fangelsum, án þess að um meginbreytingu sé að ræða.

Í 7. gr. er lagt til að hámark fésektar verði nú hækkað úr 1 millj. kr. í 4 millj. Er óþarft að fjölyrða um nauðsyn þess að sektir fylgi verðlagsþróun.

Ákvæði 8. gr. eru sama eðlis. Lagt er til að fjárhæð varðandi fyrningarákvæði verði breytt vegna verðlagsþróunar.

Í 9. gr. er lagt til að refsilágmark verði fellt niður þannig að unnt sé að dæma í skemmri refsivist en sex mánuði ef fangar sammælast um að strjúka.

Í 10. gr. er lagt til að felld verði úr gildi 180. gr. hegningarlaganna sem geymir ákvæði sem telja verður að ekki samrýmist nútíma þjóðfélagsaðstæðum, en í greininni segir að fangelsa megi þann sem ekki sinnir framfærsluskyldu sinni gagnvart fjölskyldu eða sjálfum sér og neitar vinnu sem honum er vísað á.

Í 11. gr. eru lagðar til tvær breytingar á 2. málsgr. 256. gr. Í fyrsta lagi verði greinin gerð virk með því að hækka viðmiðun úr 30 kr. í 7 þús. kr. og í öðru lagi er lagt til að málshöfðunarreglum greinarinnar verði breytt þannig að almennir hagsmunir ráði um ákæru en ekki krafa þess sem misgert var við.

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. og vænti þess að það fái greiða afgreiðslu, en hv. Nd. hefur þegar afgreitt málið óbreytt eins og það var lagt fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Fimmtudaginn 23. maí, að loknum fundi í Sþ.

Stjórn efnahagsmála, frv. 501. mál (þskj. 929, n. 968). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. mjög ítarlega og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Einn nm., hv. 3. þm. Reykv., skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara.

Í fyrsta lagi er ég ósammála grg. frv. og þeim forsendum sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. er hann mælti fyrir þessu frv.

Í öðru lagi vil ég benda á í sambandi við þetta frv. að þegar það er hér lagt fram er valið á milli þess að í gildi sé áfram vísitölubann eða engin lagaákvæði. Valið hefur aldrei staðið á milli þess að í gildi sé það fyrirkomulag sem hér er gerð till. um eða vísitöluákvæði Ólafslaga.

Í þriðja lagi vil ég leggja á það áherslu af minni hálfu að ég stend að samþykkt þessa frv. í trausti þess að verkalýðshreyfingin í landinu nái rétti sínum til kaupmáttartryggingar í komandi kjarasamningum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 933, 956). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 956,1, fyrri málsliður, samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GJG, GA, GHelg, HG, JS, KP, KJóh, ÓÞÞ, PP, SV, SJS, SvG, ÞS, AS, IG.

nei: FrS, GE, GGS, HÁ, HBl, JBS, KSK, EKG, PD, StG, StH, ÞP, GHG, EH, EBS.

KH, RH, SvH, FÞ greiddu ekki atkv.

4 þm. (GB, MÁM, ÓE, PS) fjarstaddir.

Brtt. 956,1, síðari málsliður, samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, ÞP, GHG, EH, EBS, FrS, GE, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, JBH, KP, KH, KSK, EKG, PD.

nei: SV, SJS, SvG, AS, GSig, GeirG, GJG, GA, KJóh, ÓÞÞ, PP, IG.

RH, StH, SvH, ÞS, FÞ greiddu ekki atkv.

4 þm. (GB, MÁM, ÓE, PS) fjarstaddir.

Brtt. 956,2 felld með 23:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HG, KJóh, KH, SJS, SvG.

nei: FrS, GSig, GE, GJG, GGS, HÁ, HBl, JBH, KSK, EKG, ÓÞÞ, PP, PD, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, EBS, FÞ, IG.

GA, GHelg, JS, KP, RH, SV, GHG greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (GB, MÁM, ÓE, PS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HBl, HG, JS, JBH, KP, KH, KSK, EKG, PD, StG, StH, ÞP, GHG, EH, EBS, FrS, GE, GHelg, GGS.

nei: KJóh, ÓÞÞ, PP, RH, SV, SJS, SvG, SvH, ÞS, AS, FÞ, GSig, GeirG, GJG, GA, IG.

4 þm. (GB, MÁM, ÓE, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel að með samþykkt þessa frv. muni drykkjuskapur aukast, einkum á vinnustöðum. Ég býst við að samþykkt frv. stuðli að aukinni áfengisneyslu unglinga. Ég óttast að samþykkt frv. verði mörgum einstaklingum og fjölskyldum til ógæfu. Og þess vegna segi ég nei.

Frv. vísað til Ed.

Neðri deild, 75. fundur.

Fimmtudaginn 23. maí, að loknum 74. fundi.

Stjórn efnahagsmála, frv. 501. mál (þskj. 929). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 897 flyt ég frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 frá 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár í Fljótum norður.

Með frv. þessu er að því stefnt að gera Rafveitu Siglufjarðar, sem rekur Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, jafnsetta að því er varðar greiðslu opinberra gjalda öðrum orkufyrirtækjum, sbr. 16. gr. laga nr. 42 1983, um Landsvirkjun, 13. gr. laga nr. 66 1976, um Orkubú Vestfjarða, 14. gr. laga nr. 100 frá 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, og 4. gr. laga nr. 26 1977, um virkjun Hvítár í Borgarfirði, Andakílsárvirkjun. Þá er í 4. gr. laga nr. 60 frá 1981, um raforkuver, sambærilegt ákvæði um skattafríðindi orkuvera sem reist verða skv. þeim lögum.

Geta ber þess að Rafmagnsveitur ríkisins njóta enn víðtækari fríðinda í þessu efni en nefndar orkuveitur, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru einnig undanþegnar opinberum gjöldum af húseignum sínum, sbr. 77. gr. orkulaga nr. 58 frá 1967, og orkar það að sjálfsögðu tvímælis að hafa ekki ein lög yfir alla. Telja verður sanngirnis- og réttlætismál að Skeiðsfossvirkjun verði skattlögð með sama hætti og önnur orkufyrirtæki í landinu.

Frv. þetta er flutt að tilmælum Siglufjarðarkaupstaðar sem er eigandi virkjunarinnar.

Rn. hefur leitað umsagna nokkurra þeirra aðila er málið varðar, m. a. þeirra er verða munu fyrir tekjumissi skv. frv., þ. e. fjmrn. vegna ríkissjóðs, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu vegna sýsluvegasjóðs og hreppsnefndar Holtshrepps vegna sveitarsjóðs Holtshrepps. Umsagnir ofangreindra aðila eru fskj. með frv. þessu.

Eins og fram kemur í fskj. með frv. eru fjmrn. og sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu meðmælt efni frv. Hreppsnefnd Holtshrepps er hins vegar að hluta til andvíg efni frv. Hreppsnefndin óskar að fram komi skylda Rafveitu Siglufjarðar til að greiða fasteignaskatta af öllum húseignum, þar með töldu rafstöðvarhúsi. Orðalagið sem lagt er til í frv. er, eins og fyrr greinir, samhljóða 16. gr. laga um Landsvirkjun, um skattskyldu þess fyrirtækis. Umrædd 16. gr. hefur verið skilin á þann veg að stöðvarhúsin eru talin til húseigna og því skattskyld. Skv. því ætti orðalag frv. að koma til móts við sjónarmið hreppsnefndar Holtshrepps.

Herra forseti. Þegar þessari 1. umr. lýkur legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 363. mál (þskj. 870, n. 988). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. Nd. Hér er um að ræða þriggja ára framlengingu á lögum sem gilt hafa. Iðnn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Undir þetta rita Páll Pétursson, Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Agnarsdóttir, Friðrik Sophusson, Ingvar Gíslason og Gunnar G. Schram.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni gamall draugur. Hér er sífellt verið að endurnýja einokunarheimild til handa þessari stofnun, en vilji Alþingis um að hún yrði afnumin kom í rauninni skýrt fram fyrir langa löngu. Samt hafa menn orðið til að framlengja þessa heimild um eitt ár í tvígang a. m. k. og nú er verið að færa sig upp á skaftið og framlengja hana til fleiri ára. Það er fært fram sem rök að það sé ómögulegt að stunda sölustarfsemi til Austur-Evrópuríkja öðruvísi en að þessi einokunarheimild sé fyrir hendi. Ég tel að það sé fráleitt. Hvernig geta þá ýmsir aðrir aðilar, sem ekki hafa ríkiseinokun eða ríkisverndaða einokun á sölustarfi, selt vörur sínar til þessara landa?

Ég er algerlega andvígur þessari framlengingu og legg til að frv. þetta verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, SvG, SvH, ÞS, AS, FrS, GB, GJG, GHelg, HÁ, HBl, PP, IG.

nei: GE, JS, KP, KJóh, ÓÞÞ.

PD, GHG, GSig, JBH greiddu ekki atkv.

17 þm. (PS, RH, StG, SJS, ÞP, EH, EBS, FÞ, GeirG, GA, GGS, HG, KH, KSK, EKG, MÁM, ÓE) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, PS, StG, SV, SvG, SvH, ÞS, AS, FrS, GB, GJG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, IG.

nei: ÓÞÞ, JS, KP, KJóh.

PD, GHG, GSig, JBH greiddu ekki atkv.

15 þm. (RH, StH, SJS, ÞP, EH, EBS, FÞ, GeirG, GE, GA, KH, KSK, EKG, MÁM, ÓE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er athyglisvert hvernig þetta mál er hér afgreitt. Hér er verið að afgreiða framlengingu á lögum um Sölustofnun lagmetis og hæstv. iðnrh. talaði fyrir þessu frv. þrautpíndur fyrir nokkrum dögum, en átti tæplega margra annarra kosta völ þar sem ég býst við að ekki sé tryggt að annar aðili geti annast sölu lagmetis nema með einhverjum undirbúningi. Það er hins vegar athyglisvert að langflestir þm. Sjálfstfl. hér í deildinni hverfa í burtu til þess að þurfa ekki að taka afstöðu til þessa máls og hirða þá lítt um hvað verður um fiskafurðir landsmanna. Vegna þess að ég hef nokkra samúð með hæstv. iðnrh., ef honum er einhver alvara að stjórna þessu málum, þá ætla ég að sýna honum þann drengskap að segja já þó að ég hefði kosið að frá þessum málum hefði öðruvísi verið gengið. En ég vil ekki stefna þessu þýðingar-

mikla afurðasölumáli þjóðarinnar í hreinan voða og því hlýt ég að segja já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Árum saman er það sífelldlega haft til afsökunar að menn hafi ekki unnið þau verk sem þeir hafa heitið að vinna, nefnilega að skipa þessum málum með nýjum hætti, og það er óviðunandi með öllu að þinginu sé þannig stillt upp ár eftir ár og því leyfist ekki að hafa rétta skoðun á málinu. Ég ætla að leyfa mér að hafa rétta skoðun á málinu og segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Iðnþróunarsjóður, frv. 492. mál (þskj. 916, n. 989). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. Nd. sem hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Undir þetta nál. skrifa Páll Pétursson, Guðrún Agnarsdóttir, Ingvar Gíslason, Hjörleifur Guttormsson, Friðrik Sophusson og Gunnar G. Schram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. 467. mál (þskj. 809). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þann voða sem steðjar að þjóðinni vegna síendurtekinna fíkniefnabrota hér á landi og aukins ólöglegs innflutnings á slíkri ólyfjan. Ég hef af þeim sökum flutt hér frv. sem felur það í sér að refsirammi fyrir alvarleg fíkniefnabrot verði færður út þannig að hæsta refsing geti orðið 16 ár eða ævilangt fangelsi í stað 10 ára eins og nú er. Ástæðan fyrir þessum frumvarpsflutningi er sú að refsingar við slíkum brotum hafa verið þyngdar erlendis og er óhjákvæmilegt, að mínum dómi, að breytingar á almennum hegningarlögum séu gerðar til samræmis við þá þróun svo að varnaðaráhrif refsinganna séu hin sömu hér og annars staðar í nálægum löndum.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. 469. mál (þskj. 811). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Samkv. gildandi lögum um almannatryggingar er einungis greiddur ferðakostnaður við för til læknis eða til hjúkrunar eða meðferðar, þegar vegalengdin í ferðinni er meiri en 15 km. Það er hins vegar augljóst að sjúklingur getur orðið fyrir mjög miklum útgjöldum og mjög tilfinnanlegum þótt hver ferð sem hann fer sé skemmri en 15 km ef hann fer mjög margar ferðir.

Nú er það svo að í framþróun læknavísindanna hafa menn tekið til við margs konar meðferðir sem gera það að verkum að menn verða að sækja oft í meðferðina eða til læknisins. Ég kann dæmi af því, reyndar úr heimabyggðarlagi mínu, Hafnarfirði, að sjúklingur fór 2000 km, um 100 ferðir, í meðferð, en gat ekki fengið neinn hluta ferðakostnaðarins greiddan af því að hver einstök ferð var skemmri en nefndir 15 km. Þessi sjúklingur hefði, ef hann hefði notað strætisvagna eingöngu, varið til þess um 10 þús. kr. Það var leitað eftir því ítrekað til Tryggingastofnunar að hún tæki einhvern þátt í þessum ferðakostnaði þar sem hér væri um veruleg útgjöld að ræða og ítrekaðar ferðir, en því var synjað, ekki einu sinni heldur tvisvar, með tilvísun í lög og reglugerðir stofnunarinnar.

Ég tel að þetta sé óhæfa, hér sé um að ræða úrelt ákvæði í lögunum um almannatryggingar og nauðsyn beri til þess að það ríki bærilegt jafnræði í þessum efnum, þannig að þeir aðilar sem verða fyrir því að þurfa að fara svo oft og mjög til meðferðar fái notið þess að hluti ferðakostnaðar sé greiddur þótt hver ferð kunni að vera skemmri en sú 15 km regla, sem menn hafa fundið upp einu sinni í tíðinni, segir til um.

Það dæmi sem ég þekki til varðar hönd sem skarst af í sælgætisgerðarvél. Aðgerðin var fólgin í mörgum skurðaðgerðum og mikilli þjálfun milli skurðaðgerðanna. Sannleikurinn var sá, að ef ekki var farið í þjálfun milli skurðaðgerða var málið ónýtt og næsta skurðaðgerð ekki til neins. Hér var því um það að tefla, ef aðgerðin í heild átti að heppnast, að í þjálfun væri farið reglulega. Það kostaði yfir 100 ferðir, yfir 10 þús. kr. Ég held að hver sanngjarn maður hljóti að sjá að það sé eðlilegt að almannatryggingar taki þátt í þessum tilkostnaði.

Það lagafrumvarp sem ég flyt hér ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Geir Gunnarssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Pétri Sigurðssyni fjallar einmitt um þetta mál. Þar er gert ráð fyrir því að ef farnar séu fleiri ferðir en 30 á 12 mánaða tímabili sé ferðakostnaður með áætlunarbíl greiddur að fullu, eða eftir kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eru ekki fyrir hendi, þegar svo stendur á að sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar, t. d. í endurhæfingu. Þetta er efni frv. og þetta eitt og ég tel mikið réttlætismál að þetta nái fram að ganga.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar, frv. 29. mál (þskj. 29, n. 910 og 913, 911). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. félmn. Nd. á þskj. 913, en fjallað er þar um frv. til l. um endurmenntun vegna

tæknivæðingar í atvinnulífi. N. klofnaði um afstöðu til frv. og meiri hl. hefur skilað sérstöku nál. sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið, fengið umsagnir nokkurra aðila og haldið fundi með Ingvari Ásmundssyni, skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, Halldóri Guðjónssyni, kennslustjóra Háskóla Íslands, Ingjaldi Hannibalssyni, forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands, Hirti Hjartar, hagfræðingi Félags ísl. iðnrekenda, og Láru Júlíusdóttur, lögfræðingi Alþýðusambands Íslands.

Upplýst er að á vegum ríkisstj. hefur verið og er unnið að þeim málum sem frv. fjallar um. Gert er ráð fyrir að skýrsla um endurmenntunarmál verði lögð fram á næsta þingi. Með skírskotun til þess og í því trausti, að haft verði samráð við þá aðila sem um er getið í 2. gr. frv. við frekari framgang málsins, leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Hér lýkur texta nál., en undir það rita auk mín hv. þm. Stefán Valgeirsson, Halldór Blöndal, Eggert Haukdal og Stefán Guðmundsson.

Þeir aðilar sem vísað er til í 2. gr. frv. eru Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Það er gert ráð fyrir því að þessir aðilar hafi aðgang að upplýsingum og fái að fylgjast með því sem er að gerast í þessum málum á vegum ráðuneytanna, einkum og sér í lagi tveggja ráðuneyta, þ. e. menntmrn. og félmrn. Formaður félmn. Nd. hefur haft samband við menntmrh. og fengið þær upplýsingar að skýrsla sem um er getið í nál. geti legið fyrir á næsta þingi.

Það er auðvitað góðra gjalda vert að flytja till. eða frv. á borð við það sem hér er til umr. og vekja þannig athygli á mjög mikilvægu máli. Hins vegar verður að taka tillit til þess að hér er um að ræða mál sem kostar gífurlega miklar fjárhæðir og það er flutt á sama tíma og vitað er að talsverðar fjárhæðir vantar í skólakerfið, í þær námsgreinar sem ríkinu er skylt að kenna til þess að hægt sé að halda uppi lögbundinni góðri kennslu í ýmsum greinum, þ. á m. í greinum sem kenndar eru í iðnskólakerfinu. Það er ljóst að afstaða meiri hl. byggist ekki á andstöðu við þetta frv., heldur telur meiri hl. nefndarinnar eðlilegt að beðið sé eftir skýrslu sem gerir grein fyrir því að hve miklu leyti hefur verið unnið að málinu og hvaða tillögur viðkomandi yfirvöld hafa að gera.

Ég ítreka það, herra forseti, að meiri hl. hv. n. leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. hv. félmn. um frv. til l. um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. En eins og fram hefur komið í nefndarálitum klofnaði nefndin í afstöðu til málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj., en minni hl., sem Guðmundur J. Guðmundsson skipar ásamt mér, leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Ég hlýt, herra forseti, að gera þessu máli nokkur skil hér þegar allar líkur benda til að þessu frv. verði vísað frá með þeim hætti sem meiri hl. leggur til þegar um er að ræða mál sem ekki einasta getur skipt sköpum um atvinnuöryggi fjölda launþega í landinu heldur og haft áhrif á atvinnuuppbygginguna, aukna framleiðni og hagvöxt og í reynd skipt sköpum um hve hratt við tökum tækninýjungar í þjónustu okkar.

Ég verð að segja að ég tel að það gæti mikillar skammsýni í afgreiðslu meiri hl. á þessu máli og að menn geri sér ekki nægjanlega grein fyrir afleiðingum þess að fresta því að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu. Að vísu hefur það margsinnis komið fram hjá stjórnvöldum, ekki síst hæstv. forsrh., að brýn nauðsyn sé á nýsköpun og aukinni tæknivæðingu í atvinnulífinu. Undir það skal vissulega tekið um leið og hjá því verður ekki komist að gagnrýna að minna hefur verið um það bæði í orði og verki að stjórnvöld hefðu af því umtalsverðar áhyggjur eða legðu fram tillögur eða úrbætur um það hvernig skapa ætti starfsmönnum skilyrði til þess að aðlagast tæknivæðingunni, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar. En það hlýtur þó að vera deginum ljósara að undirstaða tæknivæðingar í atvinnulífinu er að við höfum á að skipa starfsfólki sem vald hefur á tækninýjungum og sem hefur verið gert kleift með eftir- og endurmenntun að takast á við breytta atvinnuhætti samfara tækninýjungum.

Ég vil þó geta þess hér að mér fannst, þegar ég mælti fyrir þessu máli við 1. umr., að það kæmi fram verulegur skilningur hjá hæstv. félmrh. á nauðsyn þess að taka á þessu máli sem meiri hl. leggur nú til að vísað verði til ríkisstj. Taldi hæstv. félmrh. þetta mál um margt hið athyglisverðasta og sagði að hér væri um að ræða eitt mikilvægasta málið fyrir framþróun í þessu þjóðfélagi, ekki hvað síst í sambandi við atvinnumálið og framtíð þess. Tók hæstv. félmrh. reyndar svo sterkt til orða að hann sagði að um væri að ræða framtíðarmál þessarar þjóðar. Ég er honum sammála og tel að hér sé síst of fast að orði kveðið.

Hæstv. félmrh. vitnaði í skýrslu starfshóps sem hæstv. ráðh. hefur skipað sem hefur það verkefni að gera könnun sem ætlað er að leiða í ljós, eftir því sem unnt er, líkleg áhrif þeirrar nýju tækni, sem nú ryður sér til rúms, á mannaflaþróun á vinnumarkaði, framleiðni og samkeppni núverandi atvinnugreina, svo og stofnun og viðgang nýrra atvinnugreina. Hæstv. ráðh. vitnaði þar í skýrslu starfshópsins varðandi eftir- og endurmenntun. Bendir starfshópurinn á í skýrslu sinni að aðlögun vinnumarkaðarins að nýrri tækni komi misjafnlega niður á starfsgreinum og störfum. Þess vegna þurfi að tryggja starfsmönnum endurmenntun og þjálfun sem geri mönnum kleift að laga sig að tæknibreytingunni. Slíkum stuðningi þurfi að fylgja skilningur á aðlögunarvanda eldri starfshópa. Bendir starfshópurinn einnig á stöðu kvenna á vinnumarkaðinum í áfangaskýrslunni og telur að sérstök áhersla sé til að hyggja að stöðu þeirra. Þær gegna í ríkari mæli en karlar einhæfum störfum sem líklegri eru til að leggjast af eða breytast.

Hér kemur vissulega fram frá hæstv. ráðh. og í áliti þessa starfshóps skilningur á þessu máli, um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu, en með framlagningu þessa frv. er reynt að knýja á um að stjórnvöld taki á þessu máli og komi því til framkvæmda. En skilningur nægir ekki í þessu efni. Það ber vissulega að harma og vara við afleiðingum þess ef Alþingi lýkur enn einu sinni störfum án þess að á þessu máli sé tekið á raunhæfan hátt.

Nú skal ég vissulega ekki gera meiri hl. hv. félmn. upp þá skoðun að hann hafi ekki skilning á mikilvægi endurmenntunar. Ég verð þó að segja að í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál fannst mér ekki koma fram nein haldbær rök eða efnisleg gagnrýni á frv. og einstakar greinar þess sem hefðu átt að leiða til þeirrar niðurstöðu og afgreiðslu sem málið fékk í nefndinni. Ég tel að miklu fremur sé um að ræða að hversu brýn sem mál eru sem lögð eru fyrir Alþingi og hversu vandlega sem mál hafa verið unnin, þá eru stjórnarflokkarnir ekki eins reiðubúnir að skoða þau með jákvæðu hugarfari eða að þau fái sömu meðferð og umfjöllun í nefndum og að á þeim sé tekið af einhverri alvöru nema um sé að ræða stjfrv.

Þessi vinnubrögð eru vissulega gagnrýnisverð, ekki einasta vegna þess að alþm. ber að vinna hér að málum og undirbúa frv. og setningu löggjafar sem stuðla að framförum og betra mannlífi í þágu þjóðarheildarinnar en ekki að taka afstöðu til mála eftir því hvort það er stjórn eða stjórnarandstaða sem þau flytur, heldur og er þetta gagnrýnisvert vegna þess að þetta slævir vilja og áhuga þm. á að takast á við það meginverkefni sem þeim er ætlað, þ. e. að vinna að undirbúningi lagafrv. og setja landinu lög. Enda er það svo að á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að þm. sjálfir leggja sífellt minni vinnu í undirbúning frv. en þess í stað hefur þáltill. stórlega fjölgað. Það leiðir af sjálfu til þess að allur málatilbúnaður og undirbúningur lagasetningar er í höndum embættismannanna en ekki þm. sjálfra en helsta verkefni þm. virðist vera hér á löggjafarsamkomunni að leggja blessun sína yfir gjörðir embættismannanna.

Væri það vissulega verðugt rannsóknarefni að athuga hve mörg lög, sem hér eru afgreidd frá Alþingi, eru undirbúin og samin af framkvæmdavaldinu og embættismönnunum og hve mörg lög það eru sem koma frá þm. sem raunverulega eru til þess kjörnir. Aðskilnaður löggjafar- og framkvæmdavalds er auðvitað meiri í orði en verki þegar svo er málum háttað að framkvæmdavaldið og embættismennirnir, sem vinna eiga eftir þeim lögum sem Alþingi setur, semja sjálfir lögin og eru hinir eiginlegu lagasmiðir. Ég tel að alþm. ættu að athuga sinn gang þegar embættismannakerfið er orðið svo mótandi í allri lagasmíð sem kemur frá Alþingi eins og raun ber vitni.

Varðandi það frv. sem hér er til umræðu, þá fer væntanlega um það mál eins og mörg önnur að ekki kemur til lagasetningar í því máli fyrr en embættismannakerfið hefur tekið afstöðu til og mótað með hvaða hætti skuli koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Í sjálfu sér, herra forseti, sé ég ekki mikinn tilgang í því að hafa langa framsögu fyrir þessu nál. þegar sýnt er hvert stefnir með þetta mál. Engu að síður er hér um svo stórt mál að ræða að ég tel það skyldu mína að eyða í það nokkrum orðum og vara við þeim afleiðingum sem það getur haft ef stjórnvöld og Alþingi taka ekki þegar á þessu máli.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. fékk nefndin umsagnir átta aðila um þetta mál. Í umsögnum fjögurra þessara aðila var mælt með samþykkt frv. með örfáum brtt. Í sumum þessara fjögurra umsagna og í hinum umsögnunum kemur fram skilningur á mikilvægi málsins og í flestum þeirra lýst yfir stuðningi við meginmarkmið frv. Ég vil með örfáum orðum, herra forseti, drepa á nokkur atriði í þessum umsögnum.

Í umsögn Vinnuveitendasambandsins kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Vinnuveitendasambandið telur að með frv. þessu sé hreyft mjög mikilvægu máli. Líklegt má telja að á komandi árum geri vinnumarkaðurinn almennt meiri kröfur til tækniþekkingar starfsmanna en nú gerist."

Í umsögn Bandalags háskólamanna kemur fram að launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM lýsir yfir fullum stuðningi við markmið frv. Leggja þeir til nokkrar breytingar á frv., m. a. þá að fulltrúi launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM fái fulltrúa í endurmenntunarráð.

Í umsögn Landssambands iðnaðarmanna kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Yfirlýst meginmarkmið lagafrv. er að koma á fót skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa mönnum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni einkum í þeim atvinnugreinum þar sem tæknivæðingin stefnir atvinnuöryggi í hættu. Landssamband iðnaðarmanna hefur löngum bent á og ítrekað ályktað um það á iðnþingum að nauðsynlegt sé að efla starfsþjálfun og endurmenntun á sviði iðnaðar, einkum þar sem tækniþróun er ör. Samkeppnishæfni iðnaðarins og atvinnuveganna almennt byggist á því að fljótt og skipulega sé að þessum þætti staðið. Landssambandið lýsir því stuðningi við meginmarkmið frv."

Síðar í umsögn Landssambands iðnaðarmanna kemur fram að æskilegt sé að einstaka atvinnuvegir og jafnvel einstaka greinar innan höfuðatvinnuveganna móti stefnuna í endurmenntunarmálum greinarinnar og tengist framkvæmdinni í sem ríkustum mæli frekar en að fara þá leið sem frv. gerir ráð fyrir.

Í umsögn Stjórnunarfélags Íslands kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Stjórnunarfélag Íslands er sammála þeirri röksemdafærslu sem færð er fyrir mikilvægi endurmenntunar eins og fram kemur í grg. frv. Þjóðfélagsþróun undanfarinna ára og þær breytingar, sem orðið hafa á milli atvinnugreina með tilliti til vinnuafls og nýrrar tækni og þeirra kerfisbreytinga sem því fylgja, kalla á umfangsmikla endurmenntun svo að starfsfólk geti aðlagað sig nýjum kröfum. Stjórnunarfélag Íslands telur þó að sú stefna, sem mörkuð er með frv., sé röng og að starf endurmenntunarráðs megi auðveldlega fela þeim aðilum sem nú starfa á þessu sviði — og þá er ekki eingöngu átt við Stjórnunarfélag Íslands."

Síðar í umsögn Stjórnunarfélagsins kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Sjónarmið Stjórnunarfélags Íslands er því í fáum orðum að hið opinbera eigi að öllu jöfnu ekki að skipta sér af framkvæmd endurmenntunarmála heldur eigi að örva og efla þá aðila sem nú þegar starfa á þessu sviði og e. t. v. samræma störf þeirra meira en gert er í dag með öflun og dreifingu upplýsinga."

Ég vil benda á, herra forseti, vegna þessara síðustu orða í umsögn Stjórnunarfélags Íslands, að það er meginmarkmið þessa frv. að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu. En á það bendir einmitt Stjórnunarfélagið að hið opinbera eigi e. t. v. að samræma störf þeirra aðila sem að þessum málum vinna meira en nú er gert.

Í umsögn Iðntæknistofnunar Íslands kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur mjög nauðsynlegt að efla til muna endurmenntun vegna breyttra þarfa í atvinnulífinu. Stjórnin fagnar því að leggja eigi aukið fjármagn til slíkrar starfsemi og telur mikilvægt að endurmenntunarsjóður greiði hluta af launum starfsmanna, þegar þeir sækja námskeið. Stjórnin vill hins vegar vara við þeirri tillögu um samsetningu endurmenntunarráðs sem fram kemur í frv.

Stjórn Iðntæknistofnunar telur nauðsynlegt að ákvarðanir ráðsins verði byggðar á faglegum grundvelli og leggur til að Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eigi fulltrúa í endurmenntunarráði. Með því móti ætti að megi tryggja að ráðið taki mið af væntanlegri þróun hinna ýmsu atvinnugreina. Stjórnin beinir því til félmn. Nd. Alþingis að hún óski álits á frv. hjá hagsmunasamtökum atvinnulífsins."

Til viðbótar þessu skal á það bent að Ingjaldur Hannibalsson, forstjóri Iðntæknistofnunar, kom á fund félmn. og kom fram í hans máli að Iðntæknistofnun mælti með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fram komu í umsögn Iðntæknistofnunar.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands kemur fram að Alþýðusambandið fagnar því að mál þetta skuli vera komið til umræðu á Alþingi og væntir þess að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem raktar eru í umsögninni og frv. verði þannig samþykkt sem lög frá Alþingi. Í þeim brtt. sem minni hl. flytur hefur minni hl. tekið að verulegu leyti tillit til þeirra athugasemda og brtt. sem fram komu í umsögn Alþýðusambands Íslands.

Umsagnir bárust einnig frá Kvenréttindafélagi Íslands og Jafnréttisráði sem ég tel ástæðu til að gera sérstaklega skil, einkum vegna þess að Jafnréttisráð og Kvenréttindafélag Íslands hafa sérstaklega látið þessi mál til sín taka, annars vegar Jafnréttisráð með ráðstefnu sem haldin var 17. febrúar 1984 sem það hélt ásamt Skýrslutæknifélagi Íslands um áhrif tæknibreytinga á atvinnulífið með tilliti til jafnréttis kynjanna og hins vegar Kvenréttindafélag Íslands sem hefur látið gera ítarlega úttekt á áhrifum tölvuvæðingar á vinnumarkaðinn og hefur niðurstaða þeirrar úttektar nú verið gefin út í sérstakri skýrslu.

Í umsögn Kvenréttindafélags Íslands um þetta frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn KRFÍ fagnar framkomu þessa frv. sem mun, ef það verður að lögum, hafa mikil áhrif í þá átt að auka starfsmöguleika kvenna í framtíðinni. En eins og fram kemur í grg. með frv. er ástæða til að ætla að með tilkomu örtölvutækninnar muni fækka verulega hinum hefðbundnu kvennastörfum í atvinnulífinu. Sérstök ástæða er til að nefna ákvæði í 4. gr. frv. um greiðslu fullra námskeiðsgjalda úr endurmenntunarsjóði í þeim tilvikum að viðkomandi séu að koma á vinnumarkaðinn og séu ekki í stéttarfélögum, þar sem þetta mun gefa fjölmörgum konum jafnt sem körlum tækifæri til þess að tileinka sér nýja tækni sem annars hefðu ekki til þess fjárhagslegt bolmagn.

Þá telur stjórnin að forsenda þess að lögin nái markmiði sínu sé að tryggja endurmenntunarsjóði nægilega fjárveitingu ár hvert, enda, eins og segir í grg., er endurmenntun starfsfólks ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að nýta sér nýjar tæknibreytingar til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og bættra lífskjara hér á landi. Stjórn KRFÍ mælir með því að frv. verði samþykkt."

Í umsögn Jafnréttisráðs segir svo, með leyfi forseta:

„Jafnréttisráð hefur tekið áhrif tækniværðingar og endurmenntunarmála til umfjöllunar, einkum með tilliti til þeirra áhrifa sem þróunin hefur á störf og stöðu kynja í atvinnulífinu. Jafnréttisráð boðaði til ráðstefnu ásamt Skýrslutæknifélagi Íslands um áhrif tækniværðingar á vinnumarkaðinn með sérstöku tilliti til jafnréttis kynjanna þann 17. febr. s. l. Ráðstefnuna sóttu um 70 manns og 12 erindi voru þar haldin. Umræður manna voru miklar og áhugi manna ótvíræður."

Í grg. með frv. á bls. 9 er vitnað í upplýsingar sem komu fram á ráðstefnunni. Í tilefni ráðstefnunnar samþykkti Jafnréttisráð eftirfarandi:

„1. Á undanförnum árum hafa miklar framfarir orðið á sviði sjálfvirkni og tölvunotkunar. Sú tæknibylting hefur valdið og á eftir að valda miklum breytingum á vinnumarkaðinum hér á landi sem annars staðar. Breytingunum má skipta í þrjá þætti:

1. Störf breytast. 2. Störf leggjast niður. 3. Ný störf verða til.

Þetta veldur röskun á vinnumarkaðinum sem kemur í fyrsta lagi fram í atvinnuleysi vegna horfinna starfa, í öðru lagi vinnuaflsskorti vegna nýrra sérhæfðra starfa. Með tímanum má þó gera ráð fyrir að jafnvægi skapist á ný, en e. t. v. má draga úr byrjunarörðugleikum. Þeir aðilar, sem eðli málsins skv. ættu e. t. v. að hafa frumkvæði í því, eru aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld í landinu. Ófaglært fólk verður fyrst fyrir barðinu á atvinnuleysi þegar störf falla niður eða eru leyst af hólmi með sérhæfðum störfum. Konur er mikill meiri hluti þessa hóps og meiri hluti kvenna á vinnumarkaðinum er í hópi ófaglærðra. Íslenskur vinnumarkaður skiptist enn að miklu leyti í karla- og kvennastörf og eru kvennastörfin í þessu sambandi talin í meiri hættu. Má taka sem dæmi að tölvuvæðing og sérhæfing beinist nú ekki síst að skrifstofu- og viðskiptagreinum þar sem konur vinna almennu störfin að miklum meiri hluta og þau eru um leið stór hluti þeirra starfa sem konur vinna utan heimilis.

Jafnréttisráð telur frv. það sem hér um ræðir jákvætt framlag til þessara mála og löngu sé tímabært að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa skilyrði til að aðlagast tækniframförum, eins og kveðið er á um í markmiðsgrein frv.

Verði frv. að lögum leggur Jafnréttisráð áherslu á að endurmenntunarráð verði skipað konum jafnt sem körlum. Æskilegt væri að Jafnréttisráð fengi að tilnefna fulltrúa í ráðið, t. d. annan þeirra sem félmrh. er ætlað að skipa skv. frv. Í ýmsum löndum hefur atvinnuöryggi kvenna reynst vera í meiri hættu en karla vegna tæknibreytinga.

Tilefni þess að Jafnréttisráð hóf að ræða þessi mál var atvinnumissir allmargra símavarða, kvenna, þar sem starfsmenn og stéttarfélög þeirra höfðu ekki verið nægilega vel á verði. Svipað þessu getur gerst og bitnar bæði á körlum og konum á mörgum öðrum sviðum þar sem tæknibreytingar verða. Nauðsynlegt er því að gripið sé til fyrirbyggjandi aðgerða, m. a. eins og þeirra sem gert er ráð fyrir í frv. Því mælir Jafnréttisráð eindregið með því að frv. verði að lögum."

Herra forseti. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna því með hvaða hætti Kvenréttindafélag Íslands og Jafnréttisráð hafa tekið á þessu máli, því það er deginum ljósara að það er ekki síst atvinnuöryggi kvenna sem er í hættu vegna tæknivæðingarinnar og það er ekki síst hagsmunamál kvenna að stjórnvöld grípi þegar til ráðstafana til að koma á skipulegri starfsþjálfun og endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Því ber að fagna frumkvæði Jafnréttisráðs og Kvenréttindafélagsins í þessu máli. Ekki síst er fengur í þeirri skýrslu sem fram hefur komið hjá Kvenréttindafélagi Íslands um tölvutæknina, sem glögglega sýnir hvert stefnir í þessu máli ef ekkert verður að gert.

Ég held að það sé því miður svo að á Íslandi hafi allt of lítil umræða farið fram um áhrif þeirrar róttæku breytingar sem rafeindatækni og tölvuvæðing munu hafa á vinnumarkaðinn, atvinnulíf og atvinnuhætti í landinu, hvaða möguleika hún muni opna og hvaða hættur hún muni hafa í för með sér ef ekki er á réttan hátt brugðist við í tíma. Af því sem ég hef kynnt mér þessi mál, þá tel ég umræður, rannsókn og könnun á áhrifum tæknivæðingarinnar mun lengra á veg komin á hinum Norðurlöndunum, enda er komið nokkuð gott lag þar á skipulag endurmenntunarmála og að verulegu leyti er þar farið inn á svipaðar brautir og lagt er til með þessu frv.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir að áhrif tölvuvæðingarinnar munu verða að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við. Á það hefur einnig verið bent að þótt tölvubyltingin skapi ný störf sem krefjast endurmenntunar leiðir hún einnig til aukinnar einhæfni og minni krafna og starfsþjálfunar í öðrum störfum sem er varhugavert, bæði vegna hættu á starfsleiða og út frá starfsöryggi og launakjörum. Margt bendir til þess að það sé ekki síst starfsöryggi kvenna sem muni vera í hættu vegna tækniþróunar og er það ekki síst í hinum mörgu hefðbundnu kvennastörfum vegna þess að störf þeirra og menntunarval er einhæfara og því viðkvæmara fyrir tölvuþróuninni. Eins hitt að ýmiss konar tækninám og tæknistörf, sem eru hagnýt í störfum sem viðkoma tölvuvæðingunni, höfða lítt til kvenna og fæstar sækja inn í slíkt nám eða störf.

Áhrifa tölvuvæðingar mun því einkum gæta í störfum þar sem konur eru fjölmennar svo sem í almennum skrifstofu- og þjónustustörfum og störfum ófaglærðra svo sem í iðnaði. Ég sé ástæðu til að benda hv. þm., sem ekki hafa kynnt sér grg. með þessu frv., á þær upplýsingar sem fram koma á bls. 9 í frv. Það eru upplýsingar sem fram komu á ráðstefnu sem haldin var á vegum Jafnréttisráðs um atvinnumál með tilliti til jafnréttis kynjanna. Á þeirri ráðstefnu kom fram í fyrsta lagi að 8% vöxtur sjálfvirkni á tíu ára tímabili mundi gera 20—25% skrifstofustarfa óþörf og að 5 milljónir af 17—18 milljónum skrifstofufólks í Vestur-Evrópu mundu þá missa vinnu sína. Áætlað er einnig að af 5—7 milljónum skrifstofustarfa í Vestur-Þýskalandi sé hægt að staðla 43% og gera 25—30% sjálfvirk.

Í þriðja lagi er bent á í grg. að frönsk skýrsla spáir 30% samdrætti í atvinnu hjá bönkum og tryggingarfélögum á tíu árum. Áætlað er að 82% af 349 þúsund vélriturum í Frakklandi mundu missa vinnu sína vegna tilkomu ritvinnslutækja. Í Bretlandi spá sérfræðingar verkalýðssamtakanna um 20% atvinnuleysi á þessu sviði upp úr 1990 og í Danmörku er reiknað með að á næstu árum hverfi u. þ. b. 75 þúsund skrifstofustörf.

Ég tel, herra forseti, að slíkar upplýsingar ættu að vera nægjanlegt tilefni til þess að stjórnvöld sæju ástæðu til að taka á þessu máli af festu og röggsemi og að gera þegar í stað skipulagðar og samræmdar áætlanir, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, til að tryggja atvinnuöryggi þess starfsfólks sem nú er í hættu sem er ekki síst í almennum skrifstofu- og þjónustustörfum og að verulegu leyti einnig í fiskvinnslunni. Ég bendi á í því sambandi að hæstv. forsrh. hefur einmitt mjög í sínu máli, þegar hann ræðir nýsköpun í atvinnulífinu og tæknivæðinguna, rætt um möguleika á tæknivæðingu í fiskvinnslunni. Hjá því verður ekki komist um leið að minna á að sjaldan ræðir hæstv. forsrh. um það með hvaða hætti eigi þá að tryggja atvinnuöryggi starfsfólks í fiskvinnslunni, ekki síst þess fjölda kvenna sem þar vinnur sem hefur kannske ekki menntun eða aðstöðu til að sækja inn í önnur störf.

Ég vil benda á upplýsingar sem fram komu í riti sem gefið var út á vegum OECD 1981 um áhrif tölvuvæðingar á störf kvenna. Þar er að finna grein þar sem rakin er skipting kynja í einstakar atvinnugreinar í Ástralíu. Þar kemur fram að 83% kvenna, sem gegna launuðum störfum, skiptast á 18 af 61 starfsgrein í landinu. Þessar 18 greinar kallast kvennastarfsgreinar. Í raun skiptast 50% kvenna á vinnumarkaði á einungis fimm starfsgreinar, þ. e. almenn skrifstofustörf, afgreiðslustörf, hraðritun og vélritun, heimilishjálp, eldamennsku, þjónustu- og kennslustörf. Einungis 12% kvenna eru í hefðbundnum karlastörfum.

Eitt af hlutverkum rannsóknarnefndar, sem sett var á laggirnar í Ástralíu, var að greina störf sem væru í hættu á næstu fimm árum vegna hagnýtingar nýrrar tækni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ný tækni hefði meiri áhrif á störf í þjónustugreinum en iðnframleiðslu. Niðurstaðan varð sú að á grundvelli fyrirliggjandi gagna mætti áætla að ný tækni hefði áhrif innan starfsgreina þar sem 50% kvenna á vinnumarkaði vinna og 25% karla. Með tilliti til þessa mundu áhrif nýrrar tækni sérstaklega koma niður á konum.

Það þarf því engan að undra, herra forseti, þó að Kvenréttindafélagið og Jafnréttisráð hafi verulegar áhyggjur af þessari þróun og því að stjórnvöld taki ekki á þessu máli sem skyldi, það þarf engum hv. þm. að koma á óvart þó að ég eyði töluverðu af tíma þingsins í að ræða þetta mál.

Það er mikið rætt um launamisrétti kynjanna. En það er alveg ljóst að verði ekki tekið á þessu máli, ekki síst að konum í hefðbundnum kvennastarfsgreinum verði gefinn kostur á að aðlagast tæknivæðingunni, þá munu konur sigla inn í nýja tegund af launamisrétti ef þær verða undir í þeirri tækniþróun sem nú gengur yfir. Þeir karlmenn sem virðast ráða ferðinni í þessu máli verða að gera sér grein fyrir því að það nægir ekki að bjóða konum í láglaunastéttum, sem flestar hefðbundnar kvennastarfsgreinar eru, upp á tölvunámskeið sem kannske eru bara á kvöldin eða um helgar. Láglaunastéttirnar, ófaglærða fólkið, konurnar, verða að hafa möguleika til þess að sækja slík námskeið í vinnutíma, fá greidd laun meðan á endurmenntun stendur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Það er að vísu ekki svo að engin tölvunámskeið séu í gangi og ekki sé boðið upp á einhverja endurmenntun. En flest þessara námskeiða henta ekki þörfum lág-

launahópanna eða láglaunastéttanna þannig að þessir hópar hafi tækifæri til að sækja slík námskeið. Ég held nefnilega að reyndin sé sú að það séu fremur þeir betur settu, þeir hærra launuðu, þeir sem eru í stjórnunarstörfum, sem þessi námskeið eru sniðin fyrir. Grunlaust er mér ekki um að atvinnureksturinn borgi helst námskeiðsgjöld og greiði laun meðan á endurmenntunarnámi stendur til þeirra sem eru í betur settu störfunum í fyrirtækjunum, til stjórnenda og annarra slíkra. Sú stefna sem hér hefur verið rekin í endurmenntunarmálum er miklu fremur sniðin að þörfum slíkra hópa en ekki aðlöguð að þörfum ófaglærðu hópanna sem ekki síst þurfa á endurmenntun og starfsþjálfun að halda vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Ég vil benda á í þessu sambandi að á árinu 1982 voru 64% allra ársverka í okkar framleiðsluskapandi atvinnugreinum, í fiskvinnslu, í landbúnaði, í sjávarútvegi, í höndum ófaglærðs fólks. Það er einmitt þetta fólk sem við eigum að gefa kost á og skapa skilyrði til að það geti aðlagast tæknivæðingunni með eðlilegum hætti vegna þess að það er ekki síst í þeim greinum sem þetta fólk stundar sem áhrifa tæknivæðingarinnar mun gæta og atvinnuöryggi þessa fólks er helst í hættu vegna tæknivæðingarinnar.

Ég bendi jafnframt á upplýsingar sem fram koma í greinargerð með þessu frv. um hvert stefnir í atvinnumálum og hvernig mannaflinn greinist á einstakar atvinnugreinar og hvaða menntun og þekking er nauðsynleg vegna breyttra atvinnuhátta. Á bls. 7 í frv. kemur fram hvernig hlutur upplýsingastarfsemi og þjónustu hefur aukist í ýmsum löndum á sama tíma og verulegur samdráttur verður í framleiðslugreinum, þó svo að framleiðsluverðmætin hafi aukist vegna framleiðniaukningar. Hlutur mannaflans á Íslandi í upplýsingamiðlun og þjónustustarfsemi er verulega minni en í ýmsum löndum sem þar eru upp talin á sama tíma og hlutur mannaflans í framleiðslugreinum á Íslandi er mun meiri en í þessum löndum sem eru Svíþjóð, Bretland, Vestur-Þýskaland, Frakkland, Japan og Bandaríkin. Þessar tölur, sem fram koma á bls. 6 og 7 í grg., sýna glöggt hvert stefnir og hlýtur að vera umhugsunarefni að störf hér á landi í framleiðslugreinum eru fleiri en hjá þessum þjóðum, en framleiðni, hagvöxtur og lífskjör mun verri hér á landi en í þessum löndum og Ísland láglaunasvæði miðað við flest þessara landa. Þessar tölur sýna okkur ljóslega að Íslendingar eru orðnir verulega á eftir öðrum þjóðum í að tileinka sér nýja tækni.

Þau lönd sem nefnd eru í grg. frv. eru mun lengra komin en Ísland í allri tæknivæðingu og ljóst er að bætt lífskjör í þeim löndum hafa ekki byggst á auknum tækifærum í framleiðslugreinum, í Bandaríkjunum t. a. m. þar sem lífskjör eru einna best, þar sem lægst hlutfall vinnuaflsins er við framleiðslustörf.

Ég nefndi hér áðan að 64% allra ársverka í okkar framleiðsluskapandi atvinnugreinum væru í höndum ófaglærðs fólks: Það er ekki síst atvinnuöryggi þessa fólks sem er í hættu vegna tæknivæðingarinnar. Spurningin er: Hvað ætla stjórnvöld að aðhafast til að tryggja atvinnuöryggi þessa fólks, til þess að tryggja að það geti með eðlilegum hætti aðlagast tæknivæðingunni? En ég fullyrði að það verður ekki gert nema eftir svipuðum leiðum og þetta frv. gerir ráð fyrir að þetta fólk fái möguleika og tækifæri til að fá starfsþjálfun og endurmenntun í vinnutíma og það fái greidd laun fyrir meðan á endurmenntunarnámi stendur.

Ég nefndi hér áðan að það væru sérstaklega störf í hefðbundnu kvennastarfsgreinunum sem væru viðkvæm fyrir þeim róttæku breytingum á vinnu sem verða vegna tölvuvæðingarinnar. Aldraðir og fatlaðir, sem ekki treysta sér eða eru í stakk búnir til að aðlagast tæknivæðingunni, geta einnig orðið hart úti skv. þessari þróun. Ef ekki er brugðist við rétt munu erfiðleikar kvenna, sem sækja á vinnumarkaðinn á nýjan leik eftir barnauppeldi og heimilisstörf, einnig stóraukast. Sérstaklega ber að huga að ráðstöfunum fyrir eldri konur, sem litla menntun hafa, í ýmsum þjónustu- og framleiðslugreinum.

Auk þess má benda á að atvinnuleysi ungs fólks fer vaxandi, sérstaklega í Vestur-Evrópu, og er það einkum hjá stúlkum. Ástæðan fyrir því er einkum talin sú að ráðningum í hefðbundin kvennastörf fari stöðugt fækkandi vegna aukinnar tölvuvæðingar. Í þessu felst dulbúin hætta sem vert er að vera á verði fyrir. Ástæðan er yfirleitt sú að fólki er ekki sagt upp vegna tölvuvæðingar í fyrirtækjum heldur er sú leið farin að ráða ekki aftur í þau störf sem losna. Þegar þessi háttur er hafður á er ástæða til að ætla að þeir sem að jafnréttismálum vinna verði sér þess síður meðvitaðir í tíma hve atvinnuleysi í hefðbundnum kvennastörfum fer vaxandi vegna tölvuvæðingar heldur en ef um væri að ræða uppsagnir í einhverjum mæli sem meira væru áberandi. Mín skoðun er sú að ef ekki er fylgst grannt með þessari þróun og brugðist við í tíma getum við staðið frammi fyrir fjöldaatvinnuleysi kvenna fyrr en varir sem erfiðara verður að ráða við en ef í tíma væri tekið á þessum málum.

Ég hef alltaf litið svo á að þörf væri sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar að því er varðar þá hópa sem mest hætta er búin í atvinnulífinu vegna tölvuvæðingar, þ. e. konur í hefðbundnum kvennastörfum og fólk almennt í einhæfum framleiðslu- og þjónustustörfum svo og vegna aldraðra og fatlaðra. En er það svo að verkalýðshreyfingin telji nauðsynlegar séraðgerðir vegna þessara hópa? Til að svara þeirri spurningu vil ég vitna í athyglisvert erindi sem flutt var á ráðstefnu um atvinnumál kynjanna í Svíþjóð 1980. Í því erindi kemur fram að verkalýðshreyfingin setji ekki fram neinar sérkröfur eða úrræði vegna áhrifa tæknivæðingar á störf kvenna þrátt fyrir að mörg hefðbundin kvennastörf séu í sérstakri hættu vegna tæknivæðingar.

Til þess er vitnað að ekki hafi einu sinni heyrst neitt frá verkalýðshreyfingunni þegar mörg hefðbundin kvennastörf í Noregi hjá Televerkets Telefonformidling voru lögð niður vegna tæknivæðingar og það ekki þrátt fyrir að þessir vinnustaðir voru þýðingarmiklir á mörgum stöðum í Noregi þar sem lítil vinna var til staðar fyrir konur.

Fram kom á þessari ráðstefnu að þó að verkalýðshreyfingin gerði kröfu um meðákvörðunarrétt um að stýra tækniþróuninni og slíkt hefði verið fastsett í samningi milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda þá legði verkalýðshreyfingin höfuðáherslu á jafna þróun og samstöðu í þessu máli sem gildir fyrir alla og það mætir andspyrnu að vera með sérkröfur fyrir einstaka hópa. Ef þetta er niðurstaðan einnig hér á landi, sem ég að vísu veit ekki en óttast — a. m. k. hef

ég ekki orðið vör við neinar sérkröfur frá íslensku verkalýðshreyfingunni vegna áhrifa og afleiðinga tækniþróunar á störf kvenna — þá er framtíðin ískyggilegri í þessum efnum en ég hélt. Ef þetta er rétt þá tel ég að konurnar sjálfar hljóti sérstaklega að gera kröfur um að skoðuð, rannsökuð og könnuð verði áhrif tæknivæðingar á hefðbundin kvennastörf svo og störf aldraðra og fatlaðra og gerðar skipulagðar áætlanir um úrbætur.

Margir hafa einnig af því áhyggjur að tölvuvæðingin muni festa í sessi hlutastörf kvenna á vinnumarkaðinum og hún muni einnig hafa þau áhrif að hún ýti konum í vaxandi mæli inn í heimilið á nýjan leik því að tölvuvæðingin muni bjóða upp á að hægt sé að vinna ýmis störf heima fyrir sem nú eru unnin á vinnumarkaðinum. Með þessu muni hefðbundin skipting kynjanna í atvinnulífinu og á heimilunum enn frekar festast í sessi og einangrun kvenna inni á heimilunum aukast. Áhrif þess hafa ekki mikið verið rædd á Íslandi og hef ég trú á að þessum málum hafi verið meiri gaumur gefinn á hinum Norðurlöndunum og öðrum löndum Vestur-Evrópu. Þessi hlið tölvuvæðingar er vissulega þáttur sem verður að fylgjast vel með hvernig þróast og verður að hafa áhrif á að þróunin verði jákvæð, bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn.

Í bók sem sænsk kona, Monica Elling, hefur skrifað er fjallað einmitt um þennan þátt. Kemur fram að þó að heimavinna sé ekki algeng í Skandinavíu, þá fer hún hraðvaxandi í Englandi og Vestur-Þýskalandi. Í þessari bók kemur fram að í gildi eru í Vestur-Þýskalandi sérstök lög um störf heimavinnandi fólks, en þar er öll heimavinna sem tengist atvinnulífinu skráð. Bendir Monica Elling á að skv. opinberri skráningu árið 1981 hafi ca. 400 þúsund manns verið í launuðum heimavinnandi störfum í Vestur-Þýskalandi, þar af 90% konur. Bendir hún á að verkalýðshreyfingin í Englandi og Vestur-Þýskalandi hafi lítil afskipti haft af þessari þróun. Fram kemur að t. a. m. í Vestur-Þýskalandi finni þeir marga galla á að flytja störfin inn á heimilið. Má þar benda á að þeir telja að þá festist enn frekar í sessi hið hefðbundna kvennahlutverk og bendir verkalýðshreyfingin einnig á að erfitt sé að skipuleggja störf heimavinnandi faglega því þau skapi einangrun hjá fólki og heimavinnandi fólk fari varhluta af ýmsum félagslegum réttindum. Aftur á móti sjái atvinnurekendur og stjórnvöld á þessu marga kosti.

Það er bent á að þetta hafi í för með sér ýmsa hagræðingu fyrir atvinnureksturinn, svo sem minni rekstrarkostnað og sérstaklega nýtist starfskraftar heimavinnandi vel á tímabundnum annatímum í ýmsum atvinnurekstri því að þá þarf ekki að ráða starfsfólk. Fulltrúi Siemens í Vestur-Þýskalandi bendir á að skv. útreikningum hafi ákveðin verkefni, sem reiknuð voru út, verið 30% ódýrari fyrir fyrirtæki að láta vinna í heimavinnu en hjá fyrirtækinu sjálfu.

Í stórum dráttum er niðurstaða Monicu Elling eftir að hafa kynnt sér þessi mál í Svíþjóð, Englandi og Vestur-Þýskalandi eftirfarandi: Hún telur ávinninginn fyrir atvinnureksturinn augljósan en erfiðara sé að gera sér grein fyrir ávinningi þess fyrir starfsfólkið og spurningin sé hvers vegna fleiri og fleiri virðast sækja í heimavinnu. Ekki síst sé erfitt að átta sig á þessu þar sem margir missa í mörgum tilfellum ýmis félagsleg réttindi sem þeir áður höfðu. Heimavinna, sem gjarnan er kölluð á ensku „self-employment", þýði í raun að engar kröfur er hægt að gera á atvinnurekendur að því er varðar orlof eða launatengd gjöld, sjúkradagpeninga eða lífeyrisréttindi og verði því heimavinnandi fólk að sjá um það sjálft. Monica Elling telur eina skýringuna á vaxandi heimavinnu að fólkið hafi ekkert val. Samkeppnin á vinnumarkaðinum verði stöðugt harðari og samfara brýnni vöntun á barnagæslu sé fólk þvingað í heimavinnu þó það óski sér þess ekki. Ljóst er af þessu sem öðru að samkeppnisfærni ófaglærðs fólks og ekki síst kvenna í hefðbundnum kvennastarfsgreinum er undir því komin að því bjóðist endurmenntun og starfsþjálfun til þess að það hafi möguleika á að nýta sér og aðlagast tækniþróuninni.

Ég held, herra forseti, að margt bendi til þess að ekki síst konur og ófaglært fólk geti orðið undir í tæknivæðingunni. Þeirri spurningu getur framtíðin ein svarað hvort konur séu nægilega vel vakandi fyrir þessari þróun og hvort þær sæki sér þá menntun og kunnáttu sem þarf til að tileinka sér tækniþróunina eða hvort konur muni verða undir í tæknibyltingunni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Forsenda þess að svo verði ekki er að farin verði sú leið sem hér er lögð til og konum verði gert kleift að aðlagast tæknivæðingunni með eðlilegum hætti. Sú afgreiðsla, sem frv. þetta virðist ætla að fá hér á hv. Alþingi, örvar ekki til bjartsýni. Mín skoðun er sú að þeir sem raunverulega vilja leggja sitt af mörkum til að jafnrétti kynjanna náist fram í atvinnulífinu verði í auknum mæli að beina kröftum sínum að þeim verkefnum að þrýsta á stjórnvöld, verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur að taka með raunhæfum hætti á þessum málum er snerta endurmenntun og starfsþjálfun vegna tæknivæðingarinnar.

Í ársriti Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní 1984, er nokkuð fjallað um tæknibyltinguna og áhrif tölvuvæðingar á atvinnulífið og starfsöryggi launafólks. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í örfá orð í grein sem skrifuð er af Lilju Ólafsdóttur deildarstjóra. Hún segir:

„Bent er á að þó tölvutæknin hafi í för með sér nokkuð af nýjum störfum þar sem krafist er æðri menntunar leiðir hún jafnframt til minni krafna og starfsþjálfunar í ýmsum vanastörfum. Þannig myndaðist fámenn tæknimenntuð yfirstétt og fjölmenn stétt ómenntaðs verkalýðs.

Í þjónustugreinum gætir áhrifanna einna mest um þessar mundir og því er einnig spáð um nánustu framtíð. Um 51.9% vinnufærra Íslendinga stunduðu þjónustustörf af einhverju tagi árið 1980. Talið er að þessi grein hafi vegna gífurlegs vaxtarhraða á þessari öld tekið við nýju vinnuafli frá öðrum greinum og þess vegna hafi verið komið í veg fyrir atvinnuleysið að mestu.

Eitt aðaleinkenni vinnumarkaðarins í öllum iðnvæddum löndum er kyngreining starfa. Karlar og konur skiptast að mestu leyti í aðskilda hópa og samkeppni á milli þessara tveggja arma vinnumarkaðarins er oft mjög lítil. Oft er einnig talað um skiptingu vinnumarkaðarins í hálauna- og láglaunastörf. Það fer víst ekki fram hjá neinum í hvorum hópnum konur eru fjölmennari. Ef einhver er samt í vafa nægir að minna á nýjustu kannanir hérlendis sem sýna að laun kvenna á besta vinnualdri eru sambærileg við unglingsstráka og karla á ellilífeyrisaldri.

Því er haldið fast fram að það séu einmitt störfin sem

falla undir láglaunaskilgreininguna sem fyrst verða fyrir áhrifum tölvuvæðingarinnar. Það er því fólkið sem vinnur þau störf sem fyrst og fremst missir vinnu sína og það hefur jafnframt minni möguleika á tilfærslu."

Lilja Ólafsdóttir hélt líka erindi á ráðstefnu þeirri sem ég áður nefndi sem Jafnréttisráð boðaði til um áhrif tæknibreytingar á atvinnulífið með tilliti til jafnréttis kynjanna. Þar kom ýmislegt markvert fram sem erindi á í þessa umr. hér um þetta mál á hv. Alþingi, bæði í erindi Lilju Ólafsdóttur o. fl. sem þar töluðu. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna nokkuð í þær umræður. Í erindi Lilju Ólafsdóttur kemur m. a. fram:

„Breski ráðgjafinn Merit Hult, sem var á kvennaáratugsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1980, bendir á að á hinn bóginn geti afleiðingarnar a. m. k. í staðnandi efnahagskerfi orðið hærra atvinnuleysishlutfall þar sem lagðar verði niður heilu starfsgreinarnar án þess að aðrar nýjar verði til. Fram að þessu hafi nýja tæknin boðið upp á mjög fá ný störf og þar sem sjálfvirknin er nú að færast til þjónustugreinanna, sem hingað til hafa tekið við þeim sem misst hafa vinnu í framleiðslugreinum og við byrjendum, mun vinnumarkaðurinn ekki geta tekið við öllum þeim sem atvinnu leita."

Á þessari ráðstefnu talaði einnig hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson og vil ég aðeins fá að vitna til hans orða með leyfi forseta, en hæstv. félmrh. sagði:

„Hins vegar vil ég ljúka máli mínu með því að vekja athygli á kjarna vandamálsins fyrir okkur Íslendinga. Hann er sá að mannaflinn á vinnumarkaðinum eykst um 30 þús. manns næstu 20 árin. Það er ljóst að nokkrar atvinnugreinar geta ekki af ýmsum ástæðum tekið á móti þessu vinnuafli, t. d. landbúnaður. Í öðrum má búast við að ný tækni leiði til fækkunar starfsfólks, t. d. í fiskvinnslu og sjávarútvegi. Skv. áliti sérfræðinga mun iðnaður ekki taka á móti jafnstórum hluta þessarar fjölgunar og áður var talið. Af þessu leiðir að þjónusta og hvers kyns þjónustuiðnaður og nýiðnaður verða þær starfsgreinar sem í síauknum mæli munu taka á móti fjölguninni á vinnumarkaðinum hér á landi og standa undir gjaldeyrisöfluninni. Í þessu sambandi koma til álita rannsóknir, sala tækniþekkingar, t. d. á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu, milliríkjaviðskipti, sala á þjónustu við ferðamenn o. fl."

Hæstv. ráðh. heldur áfram og segir, með leyfi forseta:

„Vel menntað vinnuafl er undirstaða allra þessara starfa og flestir eru sammála um að hún er mikilvægust í þessu máli. Því ber að leggja höfuðáherslu á góða undirstöðumenntun, t. d. móðurmálskennslu, stærðfræði og ensku. Auk þess mikla og almenna tæknimenntun."

Og síðar í erindi sínu segir hæstv. ráðh.:

„Þeir sem hyggjast innleiða nýja tækni í atvinnurekstur sinn verða að gera sér ljósar skyldur sínar við starfsmenn sína, gefa þeim hæfilegan aðlögunartíma og veita þeim tækifæri til starfsþjálfunar eða endurmenntunar ef þörf er á. Einnig þurfa stjórnvöld að endurskoða skipulag eftirmenntunar og endurmenntunar."

Þetta eru sannarlega orð í tíma töluð hjá hæstv. ráðh. og einmitt það sem lagt er til í þessu frv., sem nú er lagt til að verði vísað til ríkisstj., að stjórnvöld taki á þessu máli með skipulögðum hætti.

Fleira fróðlegt kom fram á þessari ráðstefnu og sé ég ástæðu, herra forseti, til þess að vitna nokkuð í orð Jakobs Sigurðssonar, forstöðumanns tölvudeildar Flugleiða, en hann ræddi um áhrif tæknibreytingar hjá einstökum fyrirtækjum. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Á næstu 10—20 árum mun þjóðfélagið breytast meira en nokkru sinni áður á jafnskömmum tíma. Þessar breytingar munu hafa áhrif á svo til öll störf, allt nám, skemmtan og reyndar flest það sem við þekkjum í dag. Orsök þessara breytinga eru þær byltingarkenndu framfarir sem átt hafa sér stað í tölvu-, sjónvarps- og fjarskiptatækni nú á undanförnum árum og þessi þróun mun halda áfram með síst minni hraða en verið hefur nú undanfarin ár."

Síðar í erindi sínu segir Jakob Sigurðsson:

„Það sem valda mun mestri breytingu á öllum sviðum framleiðslu er hin ört vaxandi notkun á svokölluðum „robot" eða vélmennum, en framleiðsla og þróun þessara tækja er nú þegar orðin veruleg og geysilegum fjárhæðum er varið til rannsókna á þessu sviði. Þessi vélmenni munu í vaxandi mæli verða búin því sem kalla mætti „gerviskynsemi" og því verða fær um að leysa af hendi stöðugt flóknari verkefni. Af því leiðir að ekki er nema örskammur tími þar til þessi tæki verða fær um að leysa af hendi langflest af hinum hefðbundnu störfum. Enda er svo komið nú að farið er að tala um það sem á ensku er kallað „Factory Automation" sem við getum nefnt „verksmiðjusjálfvirkni" er byggist að langmestu leyti á þessari tækni og orsakar að ekki verður þörf fyrir nema lítinn hluta þess starfsfólks sem í dag vinnur þessi störf."

Á þessari ráðstefnu, sem ég hef vitnað til, herra forseti, héldu einnig erindi fulltrúar frá heildarsamtökum launafólks, m. a. Hrafnhildur Sigurðardóttir skrifstofustjóri frá Sambandi bankamanna, sem hélt erindi sem nefnist „Staðan og stefnan í tæknivæðingarmálum hjá Sambandi bankamanna." Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Í yfirliti sem Samband ísl. bankamanna hefur tekið saman um skiptingu bankastarfsmanna eftir kynjum kemur í ljós að árið 1929, sem er fyrsta árið sem yfirlitið nær til, voru konur aðeins um 18% af starfsliði bankanna. Þetta hlutfall helst með örlitlum breytileika frá ári til árs allt fram til ársins 1960, að konum fer mjög að fjölga í bönkum. Þannig voru konur orðnar 62% af starfsmönnum bankanna árið 1977, 64% árið 1981 og um síðustu áramót voru um 68% af starfsmönnum bankanna konur en um 32% karlar. Á fyrstu áratugum aldarinnar, þegar sjálfsagt þótti að karlkyns bankamenn gengju með harðkúluhatt, stífan flibba og úrfesti í vestinu, þótti líka sjálfsagt að þær fáu konur, sem innanborðs voru í bönkum, gegndu þar hinum virðingarminni hlutverkum, svo sem að sjá um að heitt væri á könnunni, ræsta bankann og þjónusta karlana með úrfestarnar." — (**Gripið fram í:** Þá var nú gaman að lifa.) — „Og hvernig liti dæmið út árið 1984? Næstum helmingur þeirra kvenna, sem starfa í bönkum, eru ungar konur á þrítugsaldri með litla menntun og í störfum sem greitt er fyrir skv. mið- og lægri flokkum launastigans. Meðallaun kvenna innan bankakerfisins eru 25—30% lægri en karlanna."

Síðar segir Hrafnhildur í sínu erindi:

„Margt bendir til að tækniþróun í bankakerfinu muni í framtíðinni fyrst og fremst bitna á konum. Reynslan og ýmsar athuganir, t. d. hjá öðrum Norðurlandaþjóðum, benda til þess. Sums staðar á Norðurlöndum eykst

stöðugt tilhneiging til þess að ráða starfsfólk í hlutastarf. Þetta er ekki eingöngu unnt að skýra með tilkomu nýrrar tækni heldur verður að heimfæra þetta á samfélagsþróunina í heild. Hin nýja tækni hefur hins vegar örugglega áhrif í þá átt að flýta þessari þróun. T. d. er mun auðveldara nú en áður að láta tvo starfsmenn skipta með sér gjaldkerastöðu og það verður enn auðveldara í framtíðinni. Kassinn er tengdur beint við aðaltölvubúnaðinn og milliuppgjör er því ekkert vandamál. Auk þess hefur það marga kosti í för með sér fyrir atvinnurekandann að ráða starfsfólk í hlutastarf. Starf sem tveir skipta með sér getur þróast upp í að verða óvinnandi fyrir einn ef sömu afköst eru höfð í huga. Þannig getur atvinnurekandi náð meiri afköstum með því að ráða tvo starfsmenn hálfan daginn hvorn heldur en ef hann réði einn allan daginn. Þar að auki nást enn meiri afköst þar sem starfsmenn í hlutastarfi taka sjaldan hádegishlé."

Að lokum segir Hrafnhildur í sínu erindi:

„Fyrr á tímum voru það einkum hefðbundin karlastörf sem urðu fórnardýr nýrrar tækni, t. d. í landbúnaði og iðnaði. Nú er röðin komin að konum. Allt bendir til þess að mestir möguleikar á sjálfvirkni séu á sviði hefðbundinnar skrifstofuvinnu. Sú vinna er einkum unnin af skrifstofufólki og þá oft og tíðum í hlutastarfi. Hvað bankana áhrærir er meginástæðan fyrir því að störfin eru tæknivædd sú að þau krefjast ekki sérstakrar fagþekkingar. Og hverjir vinna þessi störf nú? Konur.

Samband danskra bankamanna hefur gert yfirlit yfir skiptingu starfa í hinum ýmsu störfum í danska bankakerfinu milli karla og kvenna. Í stöðum stjórnenda eru 88% karlar og 12% konur. Í þeim hópi, sem skipaður er af nemum, þ. e. byrjendum í bankastörfum og aðstoðarfólki, er skiptingin jöfn, en af hópum, sem skipaðir eru af aðstoðarmönnum á skrifstofu og fólki í hlutastarfi, er skiptingin annars vegar 82.2% konur og 17.7% karlar og hins vegar 98.5% konur og 1.5% karlar. Þessar tölur bera með sér að það eru einkum og sér í lagi konur sem eru í lægstu launaflokkunum og það eru þær sem sjálfvirknin bitnar á."

Ég sé ástæðu til, herra forseti, að vitna einnig í orð Gylfa Kristinssonar fulltrúa í félmrn., en hann fjallaði einmitt um störf nefndar sem kannar áhrif tölvuvæðingar á atvinnulífið. Í erindi Gylfa Kristinssonar kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og gengur eru fræðimenn sammála um sum atriði og ósammála um önnur. Þannig eru flestir sammála um það að hagnýting nýrrar tækni geti leitt til minnkandi atvinnu um skeið í hlutaðeigandi grein og að vandamálin á vinnumarkaðinum verði illleysanlegri ef notkunin er hindruð á einhvern hátt. Slíkt muni leiða til þess að viðkomandi land verður ekki samkeppnisfært á heimsmarkaðinum og það mun fyrr eða síðar leiða til atvinnuleysis.

Flestir virðast sammála því að menntun mannaflans hafi áhrif á það hvort og hvenær atvinnugreinar taki nýja tækni í þjónustu sína. Hún hafi einnig áhrif á samkeppnisaðstöðuna auk fleiri þátta, svo sem bætt stjórnun og fjárfesting, bætt samkeppnisaðstaða leiði til aukinnar þjóðarframleiðslu og þar með fjölgunar starfa."

Síðar í erindi sínu segir Gylfi Kristinsson, með leyfi forseta: „Eina leiðin til að tryggja óbreytta lífsafkomu er að styrkja fjárhagsstöðu okkar, auka menntun og rannsóknir og stuðla að stöðugum tækniframförum."

Lokaorð hans eru þessi, með leyfi forseta: „Leiðirnar, sem við höfum til að fást við þessi viðfangsefni, eru í aðalatriðum þær sömu og meira eða minna óháðar orsökunum, nefnilega í fyrsta lagi víðara samráð, í öðru lagi meiri fjárfesting í menntun og í þriðja lagi að breyta aukinni framleiðni í einum geira í aukna atvinnu í öðrum."

Á þessari ráðstefnu voru einnig mættir fulltrúar allra stjórnmálaflokka og samtaka og var meginniðurstaða þeirra að leggja áherslu á endurmenntun og starfsþjálfun og vara við þeirri hættu sem störfum ófaglærðra og ekki síst hefðbundnum kvennastörfum væri búin ef því fólki væri ekki gefinn kostur á endurmenntun og starfsþjálfun til að aðlagast tölvuvæðingunni.

Ég sé sérstaka ástæðu til að vitna í orð fulltrúa Framsfl. og Sjálfstfl. á þessari ráðstefnu, ekki síst í ljósi þeirrar afgreiðslu sem þessir flokkar leggja til að þetta mál fái nú hér á hv. Alþingi. Helga Jónsdóttir, aðstoðarmaður forsrh., gerði á þessari ráðstefnu grein fyrir stefnu Framsfl. Hún benti á þáltill. framsóknarmanna sem samþykkt var á Alþingi, sem segir að sérstaklega skuli athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Helga vitnar í sínu erindi í grg. með þáltill. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að mikilla og skjótra aðgerða er þörf ef þjóðfélagið á ekki að verða leiksoppur glundroðakenndrar og tilviljunarkenndrar uppbyggingar. Eitt frumskilyrði þess að rétt verði við brugðist er að almenningur fái glögga hugmynd um tæknina og hið nýja þjóðfélag sem hún mun leiða af sér. Almenn og víðsýn fræðsla um þessi mál virðist því meginnauðsyn."

Aðstoðarmaður forsrh. vitnar einnig í kafla úr bók sem kom út á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf. Ber kaflinn yfirskriftina: „Hvers vegna að óttast örtölvutæknina?" Þar kemur fram að svartsýnisspár um að tölvutækni hafi í för með sér — (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort mikið sé eftir af ræðunni. Það var meiningin að ljúka fundi nú mjög fljótlega.) Það er nokkuð eftir já. (**Forseti:** Þá held ég að það séu naumast skilyrði til að halda þessu áfram. Kl. er sjö og þá var meiningin að —) Á ég þá að fresta ræðu minni? (**Forseti:** Ég held að það sé hyggilegt að við höfum þann háttinn á vegna þess að það verður ekki framhald fundar hér í kvöld og þetta mál verður þá að bíða þar til síðar.)

Umr. frestað.

Efri deild, 81. fundur.

Föstudaginn 24. maí, kl. 2 miðdegis.

Stjórn efnahagsmála, frv. 501. mál (þskj. 929). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Í efnahagsaðgerðum ríkisstj. í maí 1983 var ákveðið sem bannaði verðbætur á laun í tvö ár og hvers konar vísitölutengingu launa. Þetta bann rennur út 31. maí

n. k. Jafnframt er þess getið í stjórnarsáttmála að samráð muni verða haft við aðila vinnumarkaðarins áður en ákvörðun verður tekin um framlengingu þessa banns eða aðra skipan þessara mála. Fundir hafa verið með VSÍ og ASÍ og einnig rætt við formenn BSRB. Niðurstaða af þeim viðræðum varð sú að samkomulag varð um að láta við það sitja að fella úr lögum VIII. kafla laga um efnahagsmál frá 1979, þ. e. greinar 48—52 sem fjalla um verðbætur á laun. Þetta frv. er flutt til þess að standa við það samkomulag. Með því móti er aðilum vinnumarkaðarins frjálst að semja um verðbætur eða verðtengingu launa. Ég vil þó láta það koma fram að stjórnarflokkarnir og ríkisstj. telja að verðtenging launa í því formi sem áður var sé vægast sagt mjög vafasöm og við teljum að við Íslendingar höfum þá reynslu af slíku að ekki sé rétt að slík verðtenging verði tekin upp að nýju.

Hins vegar eru ýmsar aðrar leiðir til, rauð strik o. fl., sem um gegnir allt öðru máli. Ég vil ekki síst með hliðsjón af því samningstilboði, sem nú er komið fram, leggja áherslu á að þetta ákvæði um verðbætur á laun, sem nú er í lögum, verði fellt úr gildi. Samningsaðilar geta þá rætt um einhvers konar lausari viðmiðun ef þeir óska.

Um þetta mál varð samkomulag í hv. Nd. og málið afgreitt þar fljótt. Það er von mín að svo geti einnig orðið hér í hv. Ed. Ég sé svo, virðulegi forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Hér er rætt um frv. sem fjallar um breytingar á lögum um stjórn efnahagsmála, lögum sem á sínum tíma vöktu miklar deilur og voru með ákvæði um vísitölu sem verkalýðssamtök og stjórnvöld lifðu eftir um langan tíma. Ég kom hingað í ræðustól til að taka undir með forsrh. að því leyti til að það sé mjög vafasamt að sú vísitala sem var áður hafi þjónað þeim tilgangi sem menn töldu vera með henni og mjög vafasamt að hún tryggði þann kaupmátt sem ætlast var til að hún tryggði. Og annað sem verra var, að ég tel að hún hafi átt þátt í því að magna verðbólgu sem er af því vonda og verkalýðssamtökin geta ekki stuðlað að.

Hins vegar er það ófært fyrir launþega að lifa við kjarasamninga sem ekki hafa einhverjar tryggingar í för með sér. Það verður að finna nýja leið til að tryggja kaupmáttinn, tryggja að þeir samningar, sem gerðir eru, standist. En sú vísitala sem fyrir var var þannig að allar ríkisstj. sem við hana bjuggu breyttu kjarasamningum. Það er harla lítils virði fyrir verkalýðssamtökin að gera kjarasamninga sem þriðji aðili telur sig alltaf knúinn til að breyta. Þegar ég mæli þessi orð er ég ekki að segja að einn stjórnmálaflokkur fremur öðrum hafi skert vísitöluna, það gerðu þeir allir, sem aftur hlýtur að kalla á þá spurningu hjá verkalýðshreyfingunni hvort ekki sé ástæða til að fara aðra leið.

Nú eru fram undan kjarasamningar og eitt meginverkefnið verður að finna leiðir til að tryggja kaupmáttinn. Menn gera sér það ljóst að fyrri leiðir hafa ekki dugað. Ég vænti þess að menn séu sammála um það að kollsteypur á borð við þær sem hafa viðgengist séu til hins verra fyrir launþega og allra verstar fyrir þá sem minnst mega sín. Þeir kjarasamningar sem gerðir voru á síðasta ári segja okkur að leið kollsteypna er úrelt, fara verður leið kaupmáttar, kaupmáttarleiðina eins og ég hef orðað það á öðrum vettvangi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. 487. mál (þskj. 898, n. 993). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur fjallað um þetta mál og leggur til að frv. þetta verði samþykkt. Einn nm. var fjarstaddur atkvgr. þar sem hann var erlendis þann dag sem málið var afgreitt, þ. e. hv. þm. Stefán Benediktsson.

Þetta frv. fjallar um það að lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð verði breytt þannig að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að semja við hlutafélag sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi forgöngu um að stofnað verði um að það kaupi eða leigi eignir Þörungavinnslunnar hf. Í þessu felst að gert er ráð fyrir að yfirfæra rekstur þörungaverksmiðjunnar til heimaaðila. Sá kostur er talinn álitlegastur nú til þess að mæta þeim vanda sem þörungaverksmiðjan er í. Var rækilega gerð grein fyrir því hér við 1. umr. málsins.

Það er gert ráð fyrir því að aukin ábyrgð heimamanna sé árangursríkust til framkvæmda og það sé besta leiðin til að fylgja eftir þeim breytingum á rekstri fyrirtækisins sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirtækið geti skilað arði. Með þessum hætti er líka gert ráð fyrir að best verði stuðlað að eflingu byggðar í Austur-Barðastrandarsýslu, en einmitt það var eitt af meginmarkmiðum með þátttöku ríkisins í rekstri þörungaverksmiðjunnar frá upphafi.

Þessa dagana eru heimamenn að vinna að undirbúningi að stofnun nýs fyrirtækis. Þeim undirbúningi er það langt komið að auglýstur hefur verið stofnfundur nýs fyrirtækis sem verður haldinn að Reykhólum n. k. mánudag. Það er mikill áhugi hjá heimamönnum um þetta mál. Það lýsir því hve þessi byggð á mikið undir því að tryggður sé rekstur þörungaverksmiðjunnar til frambúðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið en ítreka það sem ég sagði í upphafi að iðnn. leggur til að frv. verði samþykkt.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið rætt allítarlega í hv. iðnn. og menn eru sammála um að samþykkja þetta. Ég hef þó skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og gerði reyndar ekki ráð fyrir því að þetta mál yrði tekið hér til umr. á þessum fundi, hafði ekki búið mig undir það að ræða um þann þátt mála sem ég hefði ætlað mér að benda á, m. a. vegna þess að gögn, sem send voru hingað í þingið, hafa ekki komið enn þá til n. Stjórnarfomaður Þörungavinnslunnar, Vilhjálmur Lúðvíksson, sagði mér að hann hefði sent hingað skýrslu þá er flutt var á aðalfundi fyrirtækisins. Ég hafði hug á því að áður en þetta mál yrði afgreitt hér að fullnustu hefði maður aðstöðu til að líta á hana. Að öðru leyti lýsi ég yfir samþykki mínu við málið, en ég mundi óska eftir því að það yrði ekki

gengið frá því að fullu við þessa umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Eins og þegar hefur komið fram var þetta mál til allnokkurrar umfjöllunar í iðnn. Á okkar fund kom Vilhjálmur Lúðvíksson og veitti okkur ágætar upplýsingar í þessu máli. Það er alveg ljóst að þessi málsmeðferð sem hér er viðhöfð er ekki beinlínis fyrir frumkvæði og á grundvelli frumkvæðisóska heimamanna. Hins vegar er það laukrétt, sem fram hefur komið, að fyrirtækið er í raun gjaldþrota. Til þess að bjarga atvinnumálum heima fyrir með tilliti til þess að þarna vinna milli 20 og 30 manns sjá heimamenn sér þann kost vænstan og raunar óumflýjanlegan að leitast við að halda þessu fyrirtæki gangandi áfram.

Það er alveg ljóst að það verður tap, eftir því sem spár herma, á fyrirtækinu um nokkur næstu ár þrátt fyrir það að ekki þurfi að standa undir endurgjaldi af fjármagni. Ég segi þetta alls ekki vegna þess að ég hræðist svo mjög að heimamenn standi sig ekki í þessum rekstri. Hins vegar kom það fram á fundi iðnn. ekki síst af hálfu formanns stjórnarinnar, þ. e. Vilhjálms Lúðvíkssonar, að hann óttaðist að fyrir hvoru tveggja, vöruþróunar- og markaðsmálum, yrði ekki nógu vendilega séð. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að að þessu verði hugað þegar til samninga kemur. Ekki svo að skilja að ég ætlist til þess að það verði haldið í höndina — ef ég má svo að orði komast — á heimamönnum of lengi varðandi þennan rekstur. Auðvitað koma þeir til fullrar ábyrgðar um hann.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það varð samstaða um þetta mál í iðnn. Rekstur fyrirtækisins hefur gengið vægast sagt mjög illa undanfarin ár. Ég vil að lokum segja þetta: Ég vona satt að segja að heimamönnum takist betur upp en þeim aðilum sem hingað til hafa rekið þessa verksmiðju. Ég ætla að vonast til þess að fyrirtækið verði rekið áfram af myndarskap og þegar tímar líða fari það að skila einhverjum arði.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim sem skrifa undir nál. iðnn. Reyndar geri ég það með fyrirvara. Sá fyrirvari er til kominn vegna þess að ég er ekki alveg viss um að þetta sé rétt leið þó að ég vilji ekki standa í vegi fyrir því að heimamönnum verði seld verksmiðjan eða gefin verksmiðjan ef þeir vilja endilega fá hana. Reyndar kom það fram í umr. í iðnn. að heimamenn áttu ekki annars úrkosti, sú stefnumörkun var gerð af iðnrh. að hætta þessum rekstri eða gefa heimamönnum kost á að kaupa hana. Þeir völdu þann kost og hafa óskað eftir því að fá hana. Mér sýnist á þeim upplýsingum sem við fáum í frv. og reyndar komu fram á nefndarfundi að frekar sé um gjöf en sölu að ræða.

Reyndar er verksmiðjan lítils virði. Hún hefur verið rekin með miklu tapi og hefur miklar skuldir, en ríkið tekur að sér að greiða þessar skuldir. Hvað reksturinn varðar er allt í óvissu og því hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því hvort hér sé um hefndargjöf að ræða, hvort heimamönnum sé gerður nokkur greiði með því að gera þetta og þess vegna eru mínar efasemdir til komnar.

Það kom líka fram á nefndarfundi, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, að sá er mest hafði með þessi mál að gera áður taldi að mjög væru markaðsmálin í óvissu. Það væri hægt að framleiða ansi mikið en vöruþróun og markaðsmál væru í óvissu. Það verður til þess að menn spyrja: Hvert verður framhaldið ef þeim málum verður ekki sinnt? Ég legg á það afar þunga áherslu að heimamönnum verði leiðbeint af rn. um markaðsmál, þeir njóti aðstoðar rn. hvað varðar þau mál alveg eins og til stendur að gert verði gagnvart verktökum í þeim breytingum sem boðaðar eru á lögum um Orkustofnun. Ef þessir aðilar fá ekki slíka aðstoð óttast ég að hér sé um hefndargjöf að ræða.

Ekki efast ég um framtak heimamanna, ekki efast ég um dugnað þeirra, ekki efast ég um vilja þeirra. En það er alþekkt staðreynd hér á Íslandi að menn hugsa meira um það að framleiða en selja, menn hugsa meira um puðið en markaðinn. Því verður að breyta og ég vona að það takist að gera það nú í framhaldi af samþykkt þessara laga gagnvart þessari verksmiðju. Fleira ætla ég ekki að segja um þetta en eftir stendur efasemd hjá mér um það hvort hér sé um hefndargjöf að ræða sem á endanum verði til þess að koma heimamönnum í mikla erfiðleika. Ég vona hins vegar að svo sé ekki og vil ekki standa í vegi fyrir því að þeir fái þetta keypt og að þeir geti af bjartsýni og dugnaði reynt að koma þessum málum til betri vegar.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. 6. landsk. þm. varpaði fram þeirri spurningu hvort hér væri um hefndargjöf að ræða af hendi ríkisins til heimamanna. Við skulum vona að það sé ekki. Ég fullyrði að þetta frv. er ekki fram borið og þessi málsmeðferð er ekki hugsuð í þeim anda. En hitt má vera að það sannist hér, sem stundum er rétt, að sælla er að gefa en þiggja.

Það er ekki rétt að taka svo til orða að heimamenn vilji þetta endilega. Heimamenn hefðu frekast kosið að geta haldið áfram rekstrinum á ábyrgð sama aðila og áður. En heimamenn standa frammi fyrir því að velja um hvort þeir vilja taka til hendi í þessu máli eða að reksturinn falli niður. Málið er svo einfalt og það liggur þannig fyrir. Hvernig heimamönnum tekst þetta er ekki hægt að fullyrða. En ég treysti engum heimamönnum hvar sem er á landinu betur en þessum mönnum til að gera sitt besta í því efni.

Hv. 5. þm. Vesturl. fannst mér hafa einhverja vantrú á heimamönnum. En hann verður að gá að því að þessir heimamenn eru norðan Breiðafjarðar í mínu kjördæmi en ekki sunnan Breiðafjarðar ef hv. þm. tekur mið af því sem hann heldur að kunni að ske þar. Það er algjörlega ástæðulaust að vera með hrakspár í þessu efni. En það eru miklir erfiðleikar þarna. Og það getur enginn fullyrt um, hvorki ég né hv. 5. þm. Vesturl., hvernig þessi tilraun tekst. En við leggjum báðir til að frv. þetta verði samþykkt og við vonum og viljum treysta því að þetta fari bærilega úr hendi.

Það er alveg rétt sem hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 6. landsk. þm. viku að að markaðsöflunin er mikið vandamál í þessu efni. En það vandamál er hvorki meira né minna hvort sem heimamenn stjórna þessum málum eða ekki. Hverjir þeir sem stjórna þessu verða að leita bestu aðferða í markaðsöflun og væntanlega njóta aðstoðar og þjónustu þeirra aðila sem best er treystandi og hafa sérfræðiþekkingu og reynslu í markaðsmálum.

Ég vil ekki að þessi orð mín séu skilin þannig að vandalaust sé að taka við þessu verki, það er síður en svo. Ég tek undir það sem hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 6. landsk. þm. sögðu um þennan vanda sem þarna er á ferðum. En við verðum að óreyndu — svo ég taki svo til orða — að vænta þess að fengist verði við þetta mál af þeim myndarskap sem nauðsynlegt er.

Hv. 4. þm. Vesturl. lét þess getið að honum hefði ekki borist í hendur skýrsla stjórnar þörungaverksmiðjunnar sem flutt var á síðasta aðalfundi. Mér hefur ekki heldur borist þessi skýrsla í hendur og ég hygg að engir af nm. í hv. iðnn. hafi fengið þessa skýrslu. Ég er ekki viss um að þessi skýrsla ráði miklu um það hvaða afstöðu menn endanlega taka í þessu máli. Hins vegar er það ekki óeðlilegt, fyrst okkur hefur verið lofað þessari skýrslu, að við fáum hana í hendur og getum athugað hana áður en málið er endanlega afgreitt úr þessari hv. þingdeild. Ég geri ekki ráð fyrir að hér ljúki í dag nema 2. umr. og við getum skoðað þessa skýrslu milli 2. og 3. umr.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég heyrði á ræðu hv. 4. þm. Vestf. að oft er það svo að kristilegu kærleiksblómin spretta í kringum hitt og þetta. En ég ræddi aðeins um markaðsmálin hér áðan og það vill svo til að hann sannaði það hér í ræðustóli að Reykhólar eru í hans kjördæmi. Þá langar mig til að spyrja hann að því hvort hann muni beita sér fyrir því að þeir sem nú eignast eða taka við Þörungavinnslunni muni fá aðstoð sem þarf til að sinna markaðsmálum fyrirtækisins, fái að njóta þeirrar þekkingar sem nú er einkum til í Háskólanum og hjá öðrum stofnunum sem eru undir ríkinu eða fái aðgang að því fólki sem áður starfaði í þessu og ríkið greiði því þá eða láni þeim það þangað til árangur hefur náðst.

Ég tók það fram hér áðan — svo að það verði enginn misskilningur — að ég skrifaði undir þetta nál. og er þess vegna samþykkur því að þetta verði gert, enda eiga heimamenn ekki annars úrkosti eins og kom fram hér áðan líka. En ég óttast það og skrifa því undir með fyrirvara að þetta verði hefndargjöf ef markaðsmálunum og vöruþróun verður ekki sinnt.

Ég hlustaði á fyrrum forustumann Þörungavinnslunnar greina frá áhyggjum sínum í þessum efnum og þess vegna eru þessar áhyggjur tilkomnar hjá okkur að mér finnst ábyrgðarhluti að afgreiða þetta frv. án þess að ljóst sé að þeir aðilar, sem hér eru dæmdir til að fá þessa verksmiðju, fái einhverja tilsögn.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég geri fremur ráð fyrir því að hv. 4. þm. Vestf. hafi mælt í gamansemi þegar hann vék orðum sínum að þeim sem hér stendur og hélt því jafnvel fram að ég hefði ekki næga tiltrú til íbúa Austur-Barðastrandarsýslu. Það er nú síður en svo, ég hef mikla tiltrú á því ágæta fólki og ekki einkennilegt, enda er sá sem hér stendur ættaður að hluta til úr þessum byggðum, byggðum Breiðafjarðar.

En út af því sem hér hefur komið fram og hv. 6. landsk. þm. vék að að hér væri hugsanlega um hefndaraðgerðir að ræða vil ég sérstaklega taka fram þann skilning minn varðandi þessi ummæli að þetta frv. er að sjálfsögðu alls ekki lagt fram, a. m. k. að mínum dómi, í einhverjum hefndarhug, það er fjarri því. Svo illt hygg ég ekki um hæstv. iðnrh.

En að síðustu, virðulegi forseti, vil ég ekki leggja að jöfnu raunsæi og hrakspár. Ég tel nauðsynlegt að í svona málum reyni menn að velta sem flestum hliðum þeirra upp og sýni af sér lágmarks raunsæi.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. 6. landsk. þm. beindi þeirri spurningu til mín hvort ég mundi vilja aðstoða heimamenn í því að þeir fengju þá aðstoð af opinberri hálfu sem nauðsynleg væri til þess að fara með markaðsmál og vöruþróun þörungaverksmiðju. Ég vil aðeins segja um þetta að ég svara því játandi. Ég mun að sjálfsögðu gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að þessi tilraun takist. Það er auðvitað takmarkað sem einn þm. getur gert í þessu efni. En það er enginn vafi á því að mig skortir ekki vilja í þessu efni.

Hv. 5. þm. Vesturl. vék nokkuð að þeim orðum sem ég beindi til hans hér í fyrri ræðu minni og það sem hann sagði um það var allt rétt til getið. En hv. þm. upplýsti að hann væri ættaður af þessum slóðum úr Breiðafirði. Þá veit ég það að við erum báðir ættaðir af sömu slóðum. Það þýðir að það verður ekkert gert upp á milli okkar um velvilja í garð þörungaverksmiðjunnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899, n. 992). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt. Einn nm., Stefán Benediktsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins þar sem hann var erlendis þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Þetta frv. fjallar um tvennt. Það er annars vegar að gert er ráð fyrir að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar. Á liðnum árum hafa verið skipaðir fyrir stofnunina menn í sérstaka stjórn til tveggja ára í senn og það er talið hafa gefið góða raun. Um þetta hefur ekki verið ákvæði í lögum en nú er gert ráð fyrir að lögfesta þessa skipan.

Hitt atriðið, sem frv. þetta fjallar um, er að ráðh. verði veitt heimild til að stofna hlutafélag er lúti stjórn Orkustofnunar og hafi það hlutverk að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði jarðhitamála, vatnsorkurannsókna og áætlanagerðar í orkumálum.

Hér er um nýjung að ræða. Það er talið að einmitt þetta geti haft verulega þýðingu fyrir okkur til þess að gera að markaðsvöru þá sérþekkingu sem við höfum á orkumálum og hér þarf ekki að fjölyrða um. Við 1. umr. málsins var gerð ítarleg grein fyrir þessum þætti málsins og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar var sagt og hæstv. iðnrh. gerði sérstaklega grein fyrir.

Ég ítreka að hv. iðnn. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 1014 (sbr.798)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 642, n. 985, 986). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti samgn. um frv. til laga um veitinga- og gististaði. Nefndin hefur rætt málið og fengið til viðtals Lúðvík Hjálmtýsson fyrrverandi ferðamálastjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgrn. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem hún flytur á þskj. 986.

Í þessu frv. er þungamiðjan ákvæði um leyfisveitingar til veitinga- og gistihúsarekstrar og flokkun veitinga- og gististaða. Nefndin varð sammála um að leggja til að ráðh. sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða og binda leyfið skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

Hér er einkum átt við menntunarkröfur t. d. matreiðslu- og framreiðslufólks. Nefndin var sammála um að orðið hótel væri skýrara en gistihús um fyrsta flokks gisti- og veitingastað sem veitir alla þjónustu. Orðið hótel er orðið fast í íslensku máli og fellur að öllum beygingum þess og að sögn lögfróðra manna er ekkert því til fyrirstöðu að nota það í lagatexta.

Við 15. gr. flytur nefndin eftirfarandi brtt.: „Fyrri málsgr. orðist svo: Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við skv. lögum."

Hér er sú ein breyting gerð að ráð er fyrir gert að brot á reglugerðum settum með heimild í lögunum varði einnig sektum. Það skal tekið fram að nefndin lítur svo á að ákvæði laga þessara um búnað á gistiheimilum eigi ekki við um gistiheimili sem frágengin voru fyrir gildistöku laga þessara.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar. Nefndin varð sammála um afgreiðslu þess með þeim brtt. sem gerð hefur verið grein fyrir og leggur til að frv. verði samþykkt svo breytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 986,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 986,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 986,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
16. gr. og ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frv. 504. mál (þskj. 941). — 2. umr.

Árni Johnsen: Hæstv. forseti. Ég ætla að kynna hér brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Þær fjalla um að við 16. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 74/1984 bætist tvær nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

„16.2 Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um innflutning tóbaks með hliðsjón af skaðsemi þess.

16.3 Innflutningur nýrra tóbaksvörutegunda er háður leyfi ráðh."

Þetta yrði í ákvæði til bráðabirgða.

Gr. 16.2 og 16.3 öðlist þegar gildi.

Ég tek þessar brtt. aftur til 3. umr. og hef ekki fleiri orð um þær að sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 1013). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég reikna með því að hv. 1. flm. frv. þessa í Nd. hafi ekki óskað eftir því að neinn skoðanabróðir sinn mælti fyrir þessu máli hér heldur færi það sem skjótast til nefndar. Ekki skal ég tefja þann vilja hv. bjórgoða Nd. að það fari hér til nefndar hið skjótasta. Það er ekkert á móti því að það gerist.

Við erum á býsna óvenjulegri tíð að ræða þetta mál hér. Fólkið í landinu er áreiðanlega undrandi þegar það virðir fyrir sér helstu áhugamál Alþingis á þessu yfirstandandi þingi, að ég ekki segi hneykslað. Ég veit ekki um öllu málefnasnauðara þing af hálfu þeirra sem málum stjórna. Þó lýsir hæstv. forsrh. því yfir hér í þessum ræðustól að þyngstu áhyggjur hans séu af þjóðarbúinu sjálfu og afkomu þess, erlendri skuldasöfnun og vaxandi viðskiptahalla. Stjórnarandstaðan lýsir neyð hinna fjölmörgu sem nú eru að sligast undan oki vaxta og verðtryggingar. Aldraðir og öryrkjar í landinu basla við að ná saman endum fyrir brýnustu þörfum sínum. Láglaunafólkið erfiðar án afláts en sér aðeins sortann fram undan í afkomu sinni og öryggi. Landsbyggðarfólk sér fram á yfirvofandi byggðahrun sem þegar sjást ótalin merki um. Grunngreinar okkar berjast í bökkum og þar ymur uppboðshamarinn í eyrum. Vandamálin hrannast upp undir ráðlausri ríkisstj. sem hefur látið frjálshyggjuna um fararstjórn

hjá sér. Hvað hentar þá slíkri stjórn betur en einmitt það að hér á þingi og í fjölmiðlaljósinu úti í þjóðfélaginu líka snúist öll umræðan um frjálst útvarp og frjálsan bjór meðan fólkið í landinu er leitt undir ok frjálshyggjunnar sem færir fjötra fátæktarinnar yfir það á meðan auðsöfnun gróðaaflanna stendur yfir í algleymingi?

Það er hins vegar samræmi í þessu öllu saman því að gróðaöflin eiga að fitna á frjálsu útvarpi ómenningarinnar og ekki síður á ógæfu þeirri sem af auknum áfengisvanda stafar. Þetta er allt í stíl hjá stjórnvöldum. En ömurleg er mynd þessara maídaga af æðstu löggjafarsamkundu þjóðarinnar þegar þessi tvö mál hafa verið gerð að málum málanna m. a. til þess að drepa á dreif þarfamálum þjóðfélagsins, m. a. til þess að snúa huga manna frá vaxandi fátækt æ fleiri þjóðfélagsþegna. Hvílík reisn yfir okkur sem hér erum að störfum eða eigum við að vera það. Hvílíkur skilningur á meginmálum íslensks þjóðfélags sem hverfa í skuggann fyrir óþurftarverkum sem allir eru uppteknir af meira og minna. Þvílík framtíðarmúsík á ári æskunnar sem hljómar úr sölum Alþingis. Var einhvern tíma verið að tala um virðingu þessarar stofnunar? Einhvern veginn minnir mig það.

Þó að ég gæti haldið hér ræðu með ærnum tilvitnunum um þessi mál, áfengismálin í heild sinni, sem ættu að vera hér til umr. í stað þessa eina viðbótarþáttar, ræðu sem tæki nokkra venjulega fundartíma þessarar hv. deildar, þá mun ég ekki láta undan þeirri löngun minni einungis vegna þess hversu mér ofbýður allt þetta ástand, öll þessi umræða þó að virkileiki vandamálanna blasi við — og þó. Hér er verið að ræða mál sem vissulega snertir kviku þjóðlífsins, aðeins með hinum neikvæðu formerkjum, þar sem á að láta skeika að sköpuðu um afleiðingar í ábyrgðarleysi þeirra sem vilja ekki vita af staðreyndum, vilja ekki viðurkenna ógnina sem af getur leitt, æpa aðeins um hið óskilgreinda frelsi um leið og hvarvetna má finna fjötra og þræla Bakkusar. Því hlýt ég að hafa mitt mál í þessari umr. alllangt mót venju þó að ég vildi heldur eyða tíma mínum í jákvæða úrbótaumfjöllun í þjóðmálum almennt þar sem þetta mál í víðustu merkingu skipar vissulega sinn sess.

Mál það sem hér kemur nú til umr. er kannske allrar íhugunar vert þegar það er komið í þennan farveg. Ég hygg að mál þetta beri að skoða í samhengi við fjölmarga þætti okkar þjóðlífs, í samhengi við almenna stefnumörkun okkar í vímuefnamálum í víðustu merkingu. Vissulega hefur hver sína skoðun, sína sannfæringu að byggja á, rök með og móti því að leyfa áfengan bjór hér. Vissulega er rétt að hver reifi þau rök sem efst eru í huga hvers og eins hvaða afstöðu sem fólk hefur. En málið er stórt, vissulega svo alvarlegt að engir útúrsnúningar eða hálfgildings kjafthátturr, hálfkæringur eða blaður hæfir í þessum máli, heldur ekki gífuryrði þó að mönnum sé heitt í hamsi út af málinu sakir staðfastrar sannfæringar.

Af sumum mun sá er hér stendur ekki talinn marktækur í umr. sakir ókunnugleika og reynsluleysis af vímuefnaneyslu auk þess að hafa um langt árabil verið í framvarðarsveit bindindisfólks og draga enga dul á ákveðna afstöðu. Persónuleg skoðun mín er heldur ekki aðalatriðið þó að hún sé bjargföst og byggð á sæmilegri notkun augna og eyrna því að vímuefnavandamálið getur enginn flúið ósjáandi og óheyrandi. Afleiðingar eru alls staðar í augsýn, afleiðingar sem allir viðurkenna þótt deilt sé um orsakir.

Ég hlýt að horfa til þessa máls í ljósi þess hvert ástand ríkir í áfengismálum okkar, hvert meðferðarmagnið af völdum áfengissýki er, hverjar skuggahliðar það geymir hvarvetna. Samviskuspurningin hljóðar einmitt upp á það, hvort hér sé til heilla og bóta horft eða hvort af muni verða aukning þeirrar ógæfu, þeirrar sýki, sem hrjáir allt of marga. Samviskuspurningin nú á ári æskunnar kallar líka á svör um hæfilega gjöf henni til handa, gjöf sem gerir ævibrautina bjartari eða skyggða frekari skuggum. Samviskuspurningin nú er einnig um aðgerðir til að sporna gegn afleiðingum, hún snýr að forvarnarstarfi í þessum þætti heilbrigðismála og hvernig þar er á verði vakað eða hvort sofandi er flotið að feigðarósi.

Þó að ég eigi hér mín svör á mörgu byggð, m. a. á kennslustarfi mínu og náinni umgengni við börn og æskufólk, á áratuga félagsmálavafstri og miklum samskiptum við fólk á öllum aldri við hinar ólíkustu aðstæður, á fjöldamörgum reynslusögum sem ég hef komist í snertingu við og átt virkan hlut í að reyna að leysa úr á einn eða annan veg, þó að ég gæti gefið mín svör og rakið býsna fjölþætta reynslu mína, mér ærið nærtæka og nálæga á stundum, þá vil ég heldur líta til annarra átta til að undirbyggja afstöðu mína og endanlegt nei við þessu máli. Ég leita til hlutlægra aðila með þekkingu og lærdóm samfara reynslu af þeirri kviku mannlífsins sem hér er komið að. Ég vil kanna viðhorf þeirra sem hafa víða yfirsýn, jafnvel til alls heimsins, svo sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hefur veitt álit sitt á þessum efnum um margan vanda, margar hliðar þessara mála, heildarsýnar og álits henni tengdri sem okkur er skylt að horfa til.

Þegar till. hv. þm. Árna Gunnarssonar o. fl. var til umr. hér á Alþingi fyrir nokkru síðan var mjög vitnað til þessarar virtu stofnunar og engin vefenging kom þar fram sem marktæk mætti teljast enda hygg ég að örðugt sé að hafa þar í frammi mótrök sem marktæk séu. Ef draga ætti stutta en hnitmiðaða ályktun af þeirri víðtæku og óvefengjanlegu niðurstöðu, sem gengur þó sem rauður þráður í gegnum allar skýrslur og athuganir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, mætti orða hana svo: Meira framboð, betra aðgengi að áfengi í ýmsum myndum, þess meira er neytt, þeim mun verri eru afleiðingarnar, því fleiri sjúkrarúm bundin þessari vá.

Það er ekki ætlan mín að tefja þessar umr. úr hófi svo að ég ætla ekki að vitna mjög í þessa skýrslu, þessar ályktanir sem okkur er skylt að virða vel fyrir okkur, nema þar af lærdóm hvaða afstöðu sem við annars höfum, en einhvern veginn finnst mér að þessi orð, meira framboð, betra aðgengi = verri vá sem afleiðing, eigi að skoðast vel þegar við erum að ræða mál sem miðar að þessu tvennu umfram allt annað, meira framboði, betra aðgengi í kjölfarið, hversu svo sem menn vilja loka augunum fyrir þróuninni í framtíðinni um aðgengið sem yrði áreiðanlega hvarvetna innan mjög skamms tíma — eða trúa menn því að einangrun við fáar útsölur ÁTVR ráði aðgengi að bjórnum til langs tíma? Látum svo vera. En mikil er trú þeirra þá og meiri en ég hélt að væri til. Það hversu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leggur mikla áherslu á framboðið, fjölbreytnina og auðveldun aðgengis sem

meginhættur, að viðbættri rangri stefnu í verðlagningarmálum ætti að verða til þess að við stöldrum ögn við mitt í þeim öskurkór „frelsissinna" sem glumið hefur hvarvetna nú um nokkurn tíma og verið gælt við af ótrúlegustu aðilum sem eiga að gæta hlutleysis í hvívetna.

Menn tala gjarnan um tvískinnung, skinhelgi, tvöfalt siðgæði og fleira í þeim dúr. Af minni hálfu er þetta einfalt varðandi áfengismálastefnu í heild. Ég vil einfaldlega gera allt til að draga úr og minnka sem allra mest neysluna, beita öllum tiltækum ráðum til þess. Það má vissulega miklu til kosta í fyrirbyggjandi aðgerðum þegar horft er til þess gífurlega fjármunataps sem þjóðfélagið verður fyrir af völdum þessarar neyslu, að öllu því mannlega slepptu sem engin leið er að meta til fjármuna.

Af minni hálfu hefur ævinlega verið lögð á það áhersla að alhliða aðgerðir þyrfti — alvöruaðgerðir — til að fyrirbyggja, komast fyrir orsakirnar, verja fólk í stað þeirrar höfuðáherslu sem lögð hefur verið á lækningu alvarlegra afleiðinga þessa þjóðarböls þó að það sé góðra gjalda vert að milda meinin og græða sárin.

Frumatriði allrar heilsugæslulöggjafar okkar, forvarnarstarfið, á hér við engu síður en annars staðar. Og því ekki? spyr ég. Í því felst tvískinnungur, tvöfalt siðgæði að neita þessu frumatriði í áfengisvörnum en stuðla að slíku starfi í öllum öðrum þáttum heilsugæslu okkar. Svo einfalt er þetta mál því miður ekki að við getum vonað að það leysi vanda í nokkru tilliti. Við getum einfaldlega ekki sagt: Leyfum bjórnum að taka við af brennivíninu, leyfum bjórnum að útrýma smygli, leyfum bjórnum að útrýma brugginu, leyfum bjórnum að bæta drykkjusiðina, hvað þá að við getum borið okkur orð tengd menningu í munn. Einfaldlega er þetta ekki rétt og rökleysurnar hlaðast upp í ljósi þeirrar reynslu sem við megum hvarvetna nema af öðrum þjóðum. Við megum ekki blekkja okkur með þessu. Ekki heldur því að óviðunandi ástand er nú í þessum efnum, m. a. með tilkomu bjórlíkhúsanna. Þá er uppgjöfin ein með í för og menn velja þennan kost í stað þess að snúa sér að vandanum og vinna bug á honum, breyta óviðunandi ástandi í bærilegt horf — eða trúir einhver því í einlægni að bjórinn muni ekki verða aukning, ekki verða viðbót við það sem flestir telja fullnóg af?

Það er talað af fjálgleik um ályktanir Alþingis, eftir þeim skuli farið, og flm. þessa frv. standa þar sumir fremstir í flokki. Hvað um ályktunina um stefnumörkun í áfengismálum? Var hún ekki nógu skýr og afdráttarlaus? Lágu ekki ljós rökin að baki, vandinn sem knúði á löggjafarsamkomuna að finna leið út úr vanda og vá, út úr ótrúlega mikilli neyð allt of margra? Var hún bara upp á punt? Var engin meining að baki? Væri til of mikils mælst að dokað yrði við meðan menn leituðu leiða í anda þeirrar ályktunar? Væri til of mikils mælst að menn reyndu að huga að orsakavöldum í stað þeirrar baráttu sem utan enda er háð við afleiðingarnar? Enginn er sannfærðari en ég um það að erfitt er að finna þær leiðir. En það er skylda okkar að vinna þar að alefli og láta einskis ófreistað.

Ömurlegasta skinhelgin og tvískinnungurinn felast hins vegar í því þegar sömu aðilar og heimta bjór heimta meiri möguleika til neyslu áfengis, aukið frjálsræði í öllum greinum, berja sér á brjóst og fyllast heilagri vandlætingu og fordæmingu á fíkniefnum öðrum en áfengum drykkjum, vilja herða viðurlög, herða eftirlit, heimta löggæslu, boð og bönn sem allra mest til að hindra vá sem allir viðurkenna að er í órofa tengslum við áfengisneyslu, tengist henni án alls efa í ríkum mæli. Ég undirstrika þessa staðreynd sem studd er ríkulega rökum og reynslu og þekkingu þeirra sem hér þurfa að fjalla um frá læknisfræðilegu hliðinni alveg sér í lagi, þeim sem þurfa að kljást við illar afleiðingar vímuefnaneyslu í heild. Órofa tengsl segja þeir að þarna séu á milli og mætti tilfæra hér og tíunda rök þeirra mörgu er greint hafa frá þessum tengslum svo erfitt er sundur að greina hvað er hvað, hvar frumorsökina sé að finna í slíkri neyslu.

Eitt vita allir sem vilja vita. Við erum hér að ræða eina frumorsökina og hvort við eigum að leyfa henni að blómstra hér með hinum sem fyrir eru, hvort við getum verið með því að framkalla fleiri fórnardýr þessarar ofneyslu í ýmsu formi fíkniefna. Um þetta eigum við að hugsa. Okkur er skylt að gera það og hlýða á raddir þess fólks sem gleggst fær að kynnast alvöru afleiðinganna og hefur til þess þekkingu og reynslu að segja okkur til umfram þann öskurapakór sem fær nú sitt bergmál ríkulega inn á Alþingi, svo ríkulega að maður spyr sig stundum að því hverjar hvatir liggja að baki, hversu þau tengsl og tök eru sem virðast hvíla sem álög á fólkinu sem hæst lætur, heimta þetta í nafni frelsis og mannréttinda þó vitað sé að sá sem lýtur í lægra haldi undan ofurþunga vímuefnaneyslu, hann eða hún á ekkert frelsi lengur, mannréttindi eru orðin að algeru spurningarmerki þessa fólks.

Mér ofbýður oft alvöruleysið í kringum öll þessi mál, gyllingu gleðinnar í kringum áfengisneysluna, kröfuna um frelsið fagra, mannréttindin miklu án þess að svo mikið sem auga sé rennt til allra þeirra skuggahliða sem í kjölfarið fylgja, án þess að líta til þess mannlega harmleiks sem er svo allt of víða og þeirra aumkunarverðu leikara sem þar eru í aðalhlutverkum. Hvílík kaldhæðni, hvílík fyrirlitning á mannlegri reisn, hvílíkt meðaumkunarleysi í sjálfelsku þeirra sem halda sig hafa í fullu tré við afleiðingar þessarar neyslu.

Ég skil þá vel sem hafa hér af gróða og góðan arð, sjá í nýrri öldu ótal tækifæri til að græða sem mest á mannlegri eymd, þjóna áfengisauðvaldsins, umboðssala og aðra þá er sópa til sín fúlgum fjár fengna af annarra ógæfu, tárum og blóði. Ég skil þá sem Mammon hafa að æðstum guði og varðar ekki um annað, hafa blindast með glýju gróðans í glyrnum sér, sjáandi ekkert nema rauða málminn sem rennur um greipar þeirra. Ég vorkenni þeim en veit hversu langt gróðafíknin getur leitt annars bestu menn.

Ég skal ekki hafa mínar persónulegu hugleiðingar öllu lengri í bili. Þær bíða 2. umr. og í nefnd fæ ég tækifæri til að fjalla um málið. En áður en ég sný mér að ýmsum tilvitnunum, sem ég vildi gjarnan flytja hér en sé ekki ástæðu til að gera nú við þetta tækifæri, vil ég fara örfáum orðum um málið að öðru leyti.

Bjórinn er kominn í ýmiss konar myndum, segja menn. Því þá ekki að leyfa hann og létta af hömlum? Þetta eru ein rökin, smygl, bruggun, heimildir sæfarenda og ferðalanga og síðast en ekki síst eru bjórlíkhúsin nefnd. Allt er þetta rétt svo langt sem það nær. En halda menn í alvöru að þetta sé nema brot þeirrar

neyslu sem annars yrði ef bjórinn yrði leyfður?

Ég harma sannarlega að ekki skuli hafa verið gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir bjórlíkhúsin, breyta þá lögum ef einhverjir meinbugir voru á því að stöðva þessa óheillaþróun, þennan ófögnuð, þar sem gróðafýsninni er þjónað á lágkúrulegasta hátt. Það hefði átt að stöðva þetta þegar í upphafi því að hér er eingöngu verið að búa til rök fyrir óheftum bjór svo að enn fremur megi græða og gera út á ungmennin alveg sér í lagi, gera þau rækilega háð þessari neyslu. Klær áfengisauðvaldsins gægjast hér hvarvetna fram undan sauðargæru þeirra sem þarna standa að rekstri. En svo illt og óviðunandi sem mönnum þykir ástandið nú hljóta menn að hug að því hvað við tekur ef allar flóðgáttir eru opnaðar í stað róttækra aðgerða gegn ófögnuðinum.

Varðandi smyglið þá er það örugglega eitthvað. En úr því er allt of mikið gert og undraverðar þær gífuryrtu ásakanir í garð sjómanna og farmanna okkar sem bornar eru á borð, jafnvel talað um sérfræðilega sönnun á drykkju af völdum ósannaðs smygls. Hér rekur sig eitt á annars horn og vægast sagt svo langt gengið í fullyrðingum gagnvart ákveðnum stéttum að liggur við hinn versta róg þar sem allir verða fyrir högginu, jafnt sekir sem saklausir. Aðalatriði þessa máls er það að auðvitað verður stórfelld og afdrifarík aukning hvað sem öllu þessu líður sem nú viðgengst. Hér megum við ekki beita sjálf okkur né aðra neinum blekkingum. Þeir sem það á sig taka að leyfa bjórinn óheftan verða að taka afleiðingunum hversu beiskar og bitrar sem þær kunna að verða.

Á þessu stigi málsins ætla ég að minna aðeins á nokkuð af því sem áfengisvarnaráð hefur látið frá sér fara, það ráð sem á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um áfengismál og við höfum sérstaklega kjörið til þess. Það safnar saman hlutlausum upplýsingum víða frá og þær eru vel marktækar og hafa reynst það þegar rífa hefur átt niður álit þessa ráðs áður um ýmis málefni þessu tengd. En ég mun geyma mér það efni til upplestrar á síðari stigum þegar kannske þarf enn frekar að verjast þessari vá en nú í dag.

Einhver virtasti starfsmaður heilbrigðiskerfis okkar fyrr og síðar, Vilmundur heitinn Jónsson landlæknir, hefur sett fram skoðun sína á þessu máli á fræðilegan hátt og ákveðinn. 1932 sat hann á Alþingi þegar fyrsta ölfrv. var flutt. Sú þingræða, sem hann flutti þá, var svo mögnuð og rökviss að talið er að hún hafi gert út af við frv. þá. Ég skal aðeins vitna í lokaorð hans eftir að hann er búinn að flytja mótrök sín, m. a. og alveg sér í lagi vegna reynslu annarra þjóða. Hann segir svo í lokaorðum sínum eftir að hafa rakið þetta nákvæmlega, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég vona að hv. þdm. hafi orðið það ljóst af því sem ég hef nú látið þá heyra að það er engin firra þó að því sé haldið fram að öll undanþágan muni leiða til aukins drykkjuskapar með þjóðinni og þá fyrst og fremst með þeim stéttum og aldursflokkum þjóðfélagsins sem enn eru lausir við áfengið að mestu leyti sem betur fer.

En við Íslendingar höfum einnig okkar eigin reynslu í þessum efnum sem við getum dregið lærdóm af. Við höfum á stuttu tímabili búið við ýmiss konar ástand í áfengismálum. Hér var engin gullöld í þeim efnum áður en bannið kom til sögunnar þó að þeirri fjarstæðu sé stundum á lofti haldið af andbanningum. Með banninu varð á þessu mikil breyting til batnaðar þó að sumir hefðu e. t. v. getað gert sér vonir um enn betri árangur. Við munum allir hvernig farið hefur við hverja tilslökun sem gerð hefur verið. Við munum hve mjög ástandið versnaði með læknabrennivíninu og síðan leyfður var innflutningur á hinum „hollu“ Spánarvínum hefur öllu enn stórum hrakað í þessum efnum. Ég verð því að segja það að þegar verið er að brigsla um blindni í áfengismálunum getur það ekki átt við aðra en þá sem eru svo blindir á þá reynslu, sem við höfum fengið með öllum tilslökunum, að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn.“

Þetta voru lokaorð Vilmundar heitins Jónssonar landlæknis, en vissulega mætti úr þessari ræðu hans tilfæra fjöldamargt sem á beint við daginn í dag.

Í beinu framhaldi hér af vil ég leyfa mér að vitna orðrétt í grein séra Heimis Steinssonar prests og þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum á fyrirbænadegi sunnudaginn 12. maí s. l. Þá hafði biskup Íslands beðið presta landsins að helga þennan dag fyrirbæn fyrir æskufólki, börnum þessa lands. Heimir segir svo í lokin, með leyfi virðulegs forseta:

„Ætla Íslendingar að fagna ári æskunnar með því að lögleiða sterkan bjór? Margt bendir til að svo geti farið jafnvel á næstunni, núna á þessu bjarta vori meðan hrossagaukurinn hneggjar og spóinn vellir sinn graut. Tæpast verður hjá því komist að nefna mál þetta á bænadegi sem helgaður er börnum. Reynsla annarra þjóða bendir til að áfengisneysla barna og unglinga vaxi til muna þegar áfengt öl er innan seilingar. Engin dæmi eru um það að bjórinn stuðli að bindindissemi meðal æskufólks fremur en annarra. Máli þessu er löngum drepið á dreif með orðskrúði um aukaatriði. Hér er í raun aðeins um eitt að ræða: Er tímabært að veita landsmönnum aðgang að fjölbreyttari vímugjöfum en tíðkast hafa, já eða nei?

Önnur efni eru á lofti höfð. Þýðingarlaust er að reyna að stöðva þróunina segja sumir. Krárnar eru komnar, að ógleymdri fríhöfninni, heimabrugginu og smyglinu. Kránum væri unnt að loka með lagasetningu ef ekki vill betur til og fríhöfnin, heimabruggið og smyglið eru smámál í samanburði við þá ölgerð og dreifingu sem nú er á döfinni. Er ekki svo, kæru viti bornu menn? Við biðjum fyrir æsku þessa lands á almennum bænadegi og fyrir þeim er með völdin fara að þeir a. m. k. beri gæfu til að slá þessu fáfengilega óheillamáli á frest og felli það helst með öllu.“

Sá sem þekkir Heimi Steinsson veit að þarna eru ekki öfgar á ferð í þessum málum. Svo vel þekki ég þennan vin minn einnig að ég veit að þessi orð eru mælt af yfirvegun og til umhugsunar öllum. Þetta er honum einmitt efst í huga þegar hann hugsar til fyrirbænar vegna æsku landsins. Skyldi það vera tilviljun? Skyldi hann vera að hugsa um frelsisskerðinguna, mannréttindabrotið mikla? Skyldi hann hafa horft viljandi fram hjá þessum hlutum á fyrirbænadegi fyrir æsku landsins? Eða skyldi það vera einlæg umhyggjusemi hugsandi manns fyrir æsku þeirri sem hann ætlar að biðja fyrir og árna góðra óska í framtíðinni? Hér verður hver og einn að dæma eftir hugarfari og skilningi. Ég læt ykkur eftir að leggja frekar út af þessum orðum séra Heimis Steinssonar sem nú mun hvað virtastur manna í klerkastétt.

Ég gæti vissulega lesið hér í allan dag álit þeirra sem við eigum að hlusta á. Ég nefni það sem dæmi að sveit-

arstjórnir þær, sem um málið hafa fjallað á Austurlandi, hafa skorað á Alþingi að fella þetta frv., sveitarstjórnir Breiðdalshrepps, á Djúpavogi og bæjarstjórn Neskaupstaðar. Síðar gefst tækifæri til að lesa þær, en engin tæpitunga er töluð þar. Kvenfélög og kennarasamtök á þessu svæði hafa gert sínar ákveðnu ályktanir.

Ég hefði gjarnan viljað biðja menn að hugleiða skrif þeirra tveggja manna sem ég met hvað mest í máli þessu vegna þess að þeir fást við afleiðingarnar. Þeir hafa þekkinguna og reynsluna að bakhjarli og hafa báðir nú í febrúar s. l. skrifað skorinorðar greinar í Morgunblaðið. Þetta eru Tómas Helgason prófessor í geðlæknisfræði og forstöðumaður geðdeildar Landspítalans og Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir meðferðardeildar ríkisins fyrir áfengissjúklinga. Ég hitti þessa tvo heiðursmenn á ráðstefnu nýlega og þeir kváðu fast að orði í ræðum sínum þar um það óheillaspor sem þeir óttuðust að Alþingi stigi. Ég skal einnig hér og nú geyma mér tilvitnun í orð þeirra sem hafa verið mönnum aðgengileg. En ég flyt heita hvatningu þessara manna beggja hér inn í þessa deild því að von beggja var bundin því að einmitt hér yrði unnt að stemma stigu við því sem þeir báðir kölluðu skelfileg mistök. Mætti ég biðja um að þessir aðilar væru kallaðir til þingnefndar. Ef nauðsyn krefst mun ég á síðara stigi óspart vitna í orð þeirra hér.

Mál er að linni því langar ræður eru undantekning hjá mér. En efnið í mótrökin eru óþrjótandi og það gefst tækifæri til þess síðar að tíunda það efni ef menn ætla að knýja þetta í gegn. Aðeins bendi ég á það að í Nd. í gær var ólíkt mjórra á munum en við 2. umr. Hvað sem skoðanakannanir segja er ljóst að mikill andbyr hugsandi fólks með reynslu og þekkingu er úti í þjóðfélaginu. Sómi þessarar deildar væri sá að fella þetta frv., vísa fjanda þessum á dyr. Ég hef á því ríka trú að svo verði.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil við 1. umr. þessa máls hér lýsa yfir algjörri andstöðu minni við þetta frv. en skal ekki fara um það mörgum orðum nú. Ég get tekið undir flest af því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði. Vil þó aðeins árétta það, sem við vitum öll, að þetta frv. er ekki frá ríkisstj. komið eins og e. t. v. hefði mátt skilja á upphafsorðum hans heldur er 1. flm. þess einn af oddvitum stjórnarandstöðu. En um þetta mál hafa menn ekki skipst í hv. Nd. eftir stjórn og stjórnarandstöðu heldur eru það önnur viðhorf sem þar ráða.

E. t. v. gildir það sama um mig og hv. 2. þm. Austurl. að ég sé varla talinn fær um að ræða þessi mál vegna reynsluleysis að sumu leyti. En samt verð ég í því starfi sem ég gegni á hverjum degi að fjalla um ýmsar hliðar þess og verða vitni að sárri reynslu vegna slæmra afleiðinga af áfengisneyslu. Ég held að í umr. um þetta mál sé ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd að það hlyti að auka áfengisneyslu ef bjór væri leyfður hér í landi. Allt annað er í svo algjöru ósamræmi við öll rök að því er ekki hægt að halda fram af neinum.

Ég ætla ekki að tíunda mörg atriði í sambandi við það sem ég hef kynnst um þau mál, en langar aðeins að geta um tvennt af því að fyrr á þessum degi var þetta m. a. til umræðu við mig. Annað var það að rætt var um hvernig ætti að gæta eins af okkar fegurstu blettum á landinu fyrir örtröð og átroðningi fólks sem kemur þangað að því er virðist til þess eins að svipta sig ráði og rænu með áfengisneyslu og umgengnin fer þá eftir því. Hitt atriðið er að ég kom til Rannsóknarlögreglu ríkisins og ræddi þar við starfsmenn. Spurði þá m. a. eftir því hvað stór hluti af þeirra starfi væri vegna afleiðinga af áfengisneyslu fólks. Þeir drógu ekki úr því að sá hluti væri stór, mikill meiri hluti væri af þess völdum og ætti það ekki síst við t. d. um unglinga sem lenda þar á villigötum. En þar væri ekki við unglingana að sakast heldur væri það vegna þess umhverfis sem þeir ælust upp í, bæði vegna þess að upplausn ríkti á heimilum og illindi milli foreldra af völdum áfengisneyslu sem oft leiddi til skilnaðar og einnig vegna þess umhverfis sem þjóðfélagið skapar þessum börnum og unglingum á annan hátt.

Rannsóknarlögregla ríkisins er aðeins hluti af löggæslukerfinu um allt land sem glímir við þetta vandamál. En það er ekki aðeins löggæslan sem að miklu leyti er að glíma við afleiðingar áfengis, það gerir einnig heilbrigðisþjónustan. Þar eru nú þegar talin vera um 400 sjúkrarúm fyrir þá sem hafa lotið í lægra haldi fyrir áfengi og reynt er að bjarga eða verða af þeim sökum að dvelja viðvarandi á sjúkrastofnunum. Það segir sig sjálft að þetta er orðinn dýr baggi fyrir þjóðfélagið og miklu dýrari en þjóðfélagið hefur ráð á. En verst er þó það böl sem þetta veldur þessum einstaklingum og ekki verður mælt í krónum og aurum eingöngu. Það er átakanlegt að hitta það fólk sem lýsir sínum óviðráðanlegu erfiðleikum og hefur brotið margar brýr að baki sér til þess að komast áfram í lífinu.

Eitt atriði er það sem veldur mörgum erfiðleikum. Það er missir ökuleyfis vegna þess að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Það fullyrða allir sem þar koma nálægt að bjórdrykkja mundi þar auka við í stórum stíl og er þó þessi hópur nægilega stór fyrir. Þetta minnir okkur á hvað það er andstætt okkar *nútímaþjóðfélagi* að svipta sig ráði og rænu vegna neyslu vímuefna. Í öllum þeim hraða og þeirri tækni sem við búum við þurfum við á fullri skynsemi og meðvitund að halda.

Ég skal ekki tefja tíma þessarar hv. deildar lengur að þessu sinni í umr. um þetta mál. Ég get sagt eins og hv. 2. þm. Austurl. að það mundi ekki endast vanalegur fundartími að telja upp öll þau rök sem mér finnst mæla á móti þessu frv. En það er sjálfsagt árangursríkara að reyna að flytja þau á annan hátt en að standa hér lengi dags. Ég skal því láta máli mínu lokið en ítreka aftur andstöðu mína við þetta frv. vegna þeirra geigvænlegu afleiðinga sem það hefði fyrir okkar þjóðfélag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Aðgerðir í fiskeldismálum (476. mál) 5505, 5597.
Afvopnunarmál (496. mál) 5473, 5607.
Almannatryggingar (469. mál) 5635.
Almenn hegningarlög (437. mál) 5573, 5630.
Almenn hegningarlög (467. mál) 5635.
Atvinnulíf í Mývatnssveit (494. mál) 5473.
Áfengislög (86. mál) 5582, 5632, 5660.
Bankaráð ríkisbankanna (430. mál) 5572.
Bundið slitlag milli Reykjavíkur og Akureyrar (461. mál) 5518, 5597.
Dýralæknar (502. mál) 5378.
Endurmenntun vegna tæknivæðingar (29. mál) 5636.
Ferðaþjónusta (468. mál) 5519, 5597.
Fiskiræktarmál (449. mál) 5503, 5596.
Fjáraukalög 1980 (367. mál) 5516, 5596.
Fjárhagsvandi bænda (414. mál) 5512, 5596.
Flótti háskólamenntaðra manna úr þjónustu ríkisins (459. mál) 5463.
Framleiðslukvóti í landbúnaði (452. mál) 5540.
Friðarfræðsla (484. mál) 5530, 5597.
Fullgilding hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna (472. mál) 5597.
Getraunir Öryrkjabandalags Íslands (503. mál) 5388.
Gjald af innfluttum fóðurblöndum (500. mál) 5377.
Gjöld af tóbaksvörum (428. mál) 5545, 5626.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (200. mál) 5595.
Heimaöflun í landbúnaði (97. mál) 5539, 5596.
Iðnþróunarsjóður (492. mál) 5635.
Kirkjusóknir (99. mál) 5369.
Kísilmálmverksmiðja á Grundartanga (445. mál) 5456.
Lagmetisiðnaður (363. mál) 5633.
Landflutningasjóður (506. mál) 5387.
Landmælingar Íslands (289. mál) 5627, 5659.
Lán Fiskveiðasjóðs Íslands (462. mál) 5460.
Lán opinberra lánasjóða (450. mál) 5458.
Lífeyrissjóður sjómanna (438. mál) 5455.
Meðferð opinberra mála (403. mál) 5572, 5573.
Náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu (497. mál) 5473.
Orkulög (488. mál) 5658.
Ríkisbókhald (499. mál) 5377.
Sama gjald fyrir símaþjónustu (439. mál) 5516, 5596.
Samgönguleið um Hvalfjörð (413. mál) 5516, 5596.
Sjóðir atvinnuveganna (505. mál) 5380, 5563, 5626.
Sparisjóðir (493. mál) 5392.
Stjórn efnahagsmála (498. mál) 5375.
Stjórn efnahagsmála (501. mál) 5408, 5631, 5632, 5652.
Tilhögun þingfunda 5455.
Tóbaksvarnir (504. mál) 5627, 5660.
Uppsagnir kennara (482. mál) 5540.
Varamaður tekur þingsæti 5595.
Varnir gegn snjóflóðum (384. mál) 5572, 5573.
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands (509. mál) 5544.
Vegáætlun 1985—1988 (365. mál) 5473, 5595.
Veitinga- og gististaðir (397. mál) 5659.
Verðlagsráð sjávarútvegsins (209. mál) 5574.
Verslunaratvinna (342. mál) 5391.
Virkjun Fljótaár (486. mál) 5388, 5544, 5633.
Þróunaraðstoð Íslands (507. mál) 5602.
Þörungavinnsla við Breiðafjörð (487. mál) 5654.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5455, 5595, 5626.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 5374, 5446.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 5380, 5386, 5387, 5408, 5415, 5446, 5451, 5465, 5469, 5571, 5602, 5621, 5652.
Félmrh. Alexander Stefánsson 5496.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 5375, 5376, 5377, 5378, 5527, 5555.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 5500.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 5456, 5633.
Landbrh. Jón Helgason 5379, 5388, 5630, 5667.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 5460, 5462, 5463, 5579.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 5605, 5622.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 5391, 5392, 5407, 5458, 5544.
Árni Johnsen 5523, 5525, 5527, 5537, 5538, 5553, 5561, 5626, 5660.
Björn Dagbjartsson 5525, 5539, 5567.
Davíð Aðalsteinsson 5373, 5655, 5657.
Egill Jónsson 5378, 5385, 5495.
Ellert B. Schram 5391, 5621.
Einar Kr. Guðfinnsson 5405, 5433, 5452, 5575, 5578.
Eyjólfur Konráð Jónsson 5371, 5545, 5551, 5597, 5607, 5627.
Friðjón Þórðarson 5487, 5572, 5573, 5580.
Friðrik Sophusson 5572, 5636.
Garðar Sigurðsson 5574, 5580, 5588.
Geir Gunnarsson 5480.
Guðmundur Einarsson 5458, 5459, 5460, 5462, 5463, 5618.
Guðrún Agnarsdóttir 5530, 5537, 5614.
Guðrún Helgadóttir 5423, 5442, 5463, 5467, 5470, 5615, 5634.
Gunnar G. Schram 5466, 5599.
Halldór Blöndal 5424, 5631, 5635.
Haraldur Ólafsson 5372, 5550, 5560, 5616.
Helgi Seljan 5371, 5376, 5382, 5491, 5522, 5550, 5559, 5563, 5660.
Hjörleifur Guttormsson 5450, 5457, 5467, 5510, 5512, 5516, 5582, 5602, 5617, 5625.
Jóhanna Sigurðardóttir 5637.
Jón Baldvin Hannibalsson 5411, 5426.
Jón Kristjánsson 5456, 5457, 5493, 5659.
Karl Steinar Guðnason 5653, 5655, 5657.
Karvel Pálmason 5440, 5468, 5471, 5472, 5486, 5498, 5503, 5526, 5580.
Kjartan Jóhannsson 5503, 5505, 5512, 5601, 5611, 5634, 5635.
Kristín Halldórsdóttir 5422, 5435, 5519, 5524, 5529.
Ólafur Þ. Þórðarson 5402, 5430, 5447, 5576, 5581, 5590.
Páll Pétursson 5497, 5499, 5620, 5626, 5632, 5634, 5635.
Pálmi Jónsson 5473, 5499.
Pétur Sigurðsson 5389, 5455, 5575, 5577.
Ragnar Arnalds 5369, 5546.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 5374, 5472, 5473, 5602.
Skúli Alexandersson 5369, 5384, 5489, 5568, 5627, 5654.
Stefán Guðmundsson 5574.
Stefán Valgeirsson 5584.
Steingrímur J. Sigfússon 5390, 5436, 5454, 5605.
Svavar Gestsson 5401, 5409, 5418, 5430, 5631.
Valdimar Indriðason 5373, 5570.
Þorsteinn Pálsson 5415, 5425.
Þorv. Garðar Kristjánsson 5370, 5372, 5388, 5654, 5656, 5658.

Sameinað þing, 87. fundur.

Þriðjudaginn 28. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 28. maí 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista, Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Kristín Ástgeirsdóttir hefur átt sæti áður á þessu þingi og býð ég hana velkomna til starfa á ný.

Þá liggur fyrir annað bréf svohljóðandi:

„Reykjavík, 28. maí 1985.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðrún Tryggvadóttir meinatæknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Hér fylgir með kjörbréf Guðrúnar Tryggvadóttur. Þar sem Guðrún Tryggvadóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður á þessu kjörtímabili þarf að rannsaka kjörbréf hennar. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að annast það verk að venju og skv. þinglegri skyldu. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fundi er fram haldið í Sþ. Frsm. kjörbréfanefndar, hv. 5. landsk. þm., tekur til máls.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og rannsakað kjörbréf Guðrúnar Tryggvadóttur sem er nú 1. varamaður þm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Guðrún Tryggvadóttir, 1. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Guðrún Tryggvadóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Á dagskrá eru ellefu fsp. En svo er ástatt að ekki er þess kostur að taka fyrir neina þessa fsp. því að annaðhvort eru fyrirspyrjendur fjarstaddir eða ráðherrar sem svara eiga. Sumir sem fjarstaddir eru hafa lögmæt forföll og hafa tilkynnt það, aðrir hafa ekki tilkynnt það. Er þá ekki um annað að gera en að taka öll þessi mál út af dagskrá. Fleira liggur ekki fyrir fundinum, dagskrá er tæmd. Næsti fundur verður settur þegar að loknum þessum fundi, en svo er fyrir að þakka að við höfum nægilegum verkefnum að sinna hér á eftir.

Sameinað þing, 88. fundur.

Þriðjudaginn 28. maí, að loknum 87. fundi.

Þróunaraðstoð Íslands, þáltil. 507. mál (þskj. 947). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1024).

Upplýsingamiðlun um húsnæðismál, þáltill. 383. mál (þskj. 612). — Fyrri umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er 383. mál þingsins og er á þskj. 612. Flm. auk mín eru þeir hv. þm. Eiður Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Sigríður Þorvaldsdóttir, Geir Gunnarsson og Birgir Ísl. Gunnarsson. Þessi þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sjö manna nefnd til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði með eftirtöldum hætti:

1. útgáfu handbóka,
2. námskeiðahaldi,
3. söfnun tölvutækra gagna,
4. öðrum aðferðum við söfnun og miðlun upplýsinga sem hentugar þykja."

Síðan eru gerðar tillögur um hvaðan nm. skuli koma.

Þessi till. er endurflutt frá síðasta þingi. Þá hlaut hún ekki fullnaðarafgreiðslu, en umsagnir bárust hins vegar um hana. Það barst um hana þá umsögn frá Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem mælt var með samþykkt hennar. Það kom umsögn frá Rannsóknaráði ríkisins þar sem sömuleiðis var mælt með samþykkt. Það kom

umsögn frá Landssambandi iðnaðarmanna sem einnig mælti með samþykkt, en benti á að brýnt væri að verkefnið væri skilgreint betur en gert er í till. Það kom umsögn frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sem byrjar svo, með leyfi forseta:

„Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins styður efnislega hugmynd flm. um nefnd til eflingar upplýsingamiðlunar í húsnæðis- og byggingarmálum, enda verði nefndin fjármögnuð og störf hennar skipulögð þannig að þau trufli ekki framvindu í stofnunum byggingarstarfseminnar."

Síðan er í þeirri umsögn fjallað nánar um hvaða starfsemi Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafi þegar með höndum sem sé kannske að sumu leyti skyld, en efnislega alls ekki lagst gegn þessari till.

Ég ætla ekki að hafa langt mál við framsöguna núna, ég ræddi þetta mál í fyrra. Ég tel að það sé mjög brýnt að menn hugi að einu atriði, sem ekki hefur mjög verið umrætt í húsnæðismálum landans að undanförnu, og það er húsnæðiskostnaður. Menn hafa einblínt — og kannske eðlilega — á það að útvega meira fé til húsnæðislána til að fjármagna þær byggingar sem fólk hefur þegar hafið eða hyggst hefja á næstunni, en mér finnst gjarnan gleymast sá liðurinn sem er húsnæðiskostnaðurinn eða byggingarkostnaðurinn sjálfur. Ýmis efnisleg rök hníga að því að byggingarkostnaður sé óhóflega hár á Íslandi og það er mjög mikilvægt að á sama tíma og menn huga að því að afla fjár til þess að gera húsnæðislánamarkaðinn manneskjulegan, sinni menn líka því verkefninu að lækka byggingarkostnaðinn til að minnka þörfina á lánsfé til þessara hluta.

Á undanförnum árum hafa orðið gífurlegar framfarir í byggingaraðferðum, bæði hérlendis og erlendis. Samt sýnist manni allt of víða verið að beita a. m. k. áratuga gömlum aðferðum við byggingar, aðferðum sem við vitum að eru mjög dýrar og í mörgum tilfellum úreltar. Þess vegna er gerð tillaga um það hér að gera að því gangskör að safna saman þeim upplýsingum sem til eru um húsnæðis- og byggingarmál, meta þær til nytsemi og dreifa þeim síðan á virkan hátt til fólks. Það er að mati flm. nauðsynlegt á þessum tímum þegar húsnæðisþröngin er orðin svo mikil sem raun ber vitni.

Hérna er ekki einungis um það að ræða að nýjar hugmyndir hafi komið upp í sambandi við byggingaraðferðir, heldur líka nýjar hugmyndir um gerð húsa sem ráða stórkostlega miklu um reksturskostnað þeirra. Þar er kannske hita- og upphitunarkostnaður mikilvægastur. Hér hafa verið á reiki í nokkur ár hugmyndir um breyttar byggingaraðferðir sem munu spara stórkostlega í reksturskostnaði við upphitun húsa. Þetta eru aðferðir sem ekki hafa verið nægilega kynntar og þeim hefur ekki verið nægilega hampað að mínu mati a. m. k. Ég held að það sé full ástæða til þess að gera gangskör að því að taka á þessum kostnaðarþáttum við byggingu og rekstur húsnæðis.

Við lestur grg. kemur í ljós að lögð er mikil áhersla á að þegar þessum gögnum hefur verið safnað verði þau véltæk eða verði þannig að hægt sé að nálgast upplýsingarnar með tölvum. Það er einmitt einkenni upplýsingabyltingarinnar margumtöluðu. Einkenni upplýsingabyltingarinnar er sem sé ekki aðallega að upplýsingar hafi safnast saman svo mjög á undanförnum árum, heldur eru þær aðgengilegri og það er auðveldara að dreifa þeim en nokkru sinni fyrr. Um það snýst málið að okkar mati.

Að loknum fyrri hl. þessarar umr. mæli ég með að till. verði vísað til atvmn. Sþ.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Niðurfelling söluskatts af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins, þáltill. 393. mál (þskj. 634). — Ein umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir þáltill. á þskj. 634 sem er 393. mál þingsins, en flm. till. er Maríanna Friðjónsdóttir sem hér átti sæti á þinginu fyrr í vetur. Þessi till. hennar, sem hún þá flutti, komst ekki á dagskrá þá og því er fyrir henni mælt nú.

Þessi till. er einföld og skýr. Með leyfi forseta hljóðar hún á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að fella nú þegar niður söluskatt af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins."

Í grg. með þessari till. segir svo að á síðasta ári hafi Ríkisútvarpinu verið gert skylt að greiða alls 46.6 millj. kr. í söluskatt af auglýsingum. Hins vegar ríkir það ástand að dagblöð og velflest tímarit eru undanþegin þessari skattlagningu. Það verður tvímælalaust að teljast óeðlilegt eins og nú er, meðan undanþágur frá söluskatti tíðkast, að gera stofnun á borð við Ríkisútvarpið, menningarstofnun vil ég segja, að greiða skatta sem aðrir aðilar með nánast hliðstæða starfsemi eru undanþegnir.

Það má í þessu sambandi á það benda að ýmis þau blöð og tímarit sem vart geta talist menningarleg tíðindi eða boðberar menningarlegs efnis, jafnvel þótt menn líti á það mjög velviljuðum augum, eru undanþegin söluskatti af auglýsingum.

Eins og ég sagði áðan var Ríkisútvarpinu á síðasta ári gert að greiða 46 millj. kr. til ríkisins í söluskatt af auglýsingum. Þessi upphæð er nánast um ⅕ af öllum auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins. Skv. lögum er Ríkisútvarpinu gert skylt að halda uppi ýmiss konar fræðslu og menningarstarfi og slíkt kostar vissulega mikið fjármagn. Þau skilyrði sem blöð og tímarit þurfa að uppfylla til þess að fá undanþágu frá þessu söluskattsákvæði eru að þau séu ekki gefin út með ágóða í huga. Það er fyllilega réttmætt og réttlætanlegt að benda á að Ríkisútvarpið er svo sem ekki starfrækt með sérstök ágóðasjónarmið í huga, heldur er þeim tekjuafgangi sem þar er á stundum — þó ekki nærri því alltaf — að sjálfsögðu beitt til þess að bæta dagskrárefni, bæta dreifikerfi og bæta dagskrána í heild.

Það er því sjálfsögð réttlætiskrafa að Ríkisútvarpið verði undanþegið söluskatti alveg á sama hátt og dagblöðin eru það nú, ella hlýtur að koma mjög sterklega til álita að söluskattur verði innheimtur af öllum auglýsingum undanþágu- og undantekningarlaust. Nú er í nýju útvarpslagafrv. gert ráð fyrir enn auknum álögum á auglýsingar, ef ég hef skilið það rétt, þar sem er menningarsjóðsgjald svonefnt sem greiða ber af auglýsingum í Ríkisútvarpinu sem öðrum útvarpsstöðvum. Þannig sýnist mér að það sé verið að seilast býsna langt til þess að rýra fjárhagslegt sjálfstæði

þessarar mikilvægu menningarstofnunar.

Það er auðvitað tómt mál um að tala að Ríkisútvarpið geti með eðlilegum hætti keppt við dagblöðin um auglýsingar, meðan annar aðilinn borgar söluskatt og hinn ekki. Þess vegna sýnist mér að þetta sé sjálfsagt réttlætismál, og því hefur raunar verið hreyft hér á hinu háa Alþingi áður, en kjarni þess er að Ríkisútvarpið sitji við sama borð og aðrir fjölmiðlar í þessum efnum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta mál fleiri orð að sinni, en legg til að þessari umr. verði frestað þegar þar að kemur og þessu máli vísað til hv. allshn. Sþ.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil segja hér örfá orð út af þeirri þáltill. á þskj. 634 sem er flutt af virðulegum þm. Maríönnu Friðjónsdóttur og nú hefur verið mælt fyrir.

Söluskattur er ekki krafinn af auglýsingum útgefenda blaða, bóka, tímarita og annarra ritlinga, t. d. leikskráa, myndskráa o. s. frv. Hins vegar ber að skattleggja aðrar auglýsingar eða auglýsingatekjur svo sem auglýsingatekjur Ríkisútvarps, kvikmyndasýninga, vörusýninga og þess háttar. Þessi skipan hefur gilt frá 1960 eins og frá er greint í grg. með þáltill. Eru það umtalsverðar tekjur sem ríkissjóður hefur af söluskatti af auglýsingum.

Ekkert kemur fram í grg. sem bendir til að ástæða sé til þess að lækka auglýsingaverð í hljóðvarpi og sjónvarpi er nemi söluskattinum. Ríkisútvarpið sem slíkt greiðir ekki söluskattinn af sínum tekjum. Ríkisútvarpið innheimtir söluskattinn fyrir ríkissjóð eins og allir aðrir sem innheimta söluskatt fyrir ríkissjóð. Það er ekki hægt að segja að verslun t. d. sé að greiða söluskatt af sínum tekjum. Þessir aðilar, hvort sem það er Ríkisútvarpið eða almennir verslunaraðilar, eru innheimtuaðilar ríkissjóðs á þessu sviði.

Eins og ég gat um í upphafi innheimta ekki aðrir aðilar, eins og dagblöðin, söluskatt fyrir ríkissjóð. Þeir eru undanþegnir þessari kvöð. Ef aftur á móti söluskatturinn er felldur niður af Ríkisútvarpinu þýðir það einfaldlega það að óbreyttum lögum að auglýsingar í Ríkisútvarpinu lækka í verði sem því nemur því hér er ekki verið að taka af tekjum útvarpsins. Svo er það annað mál hvort Alþingi vill fara þá leiðina eða ekki.

Ég er að leiðrétta þann misskilning að hér sé verið að taka tekjur frá Ríkisútvarpinu. Ef ríkissjóður innheimtir ekki söluskattstekjur þær sem Ríkisútvarpið innheimtir fyrir ríkissjóð, erum við bókstaflega að eyrnamerkja þann hluta til Ríkisútvarpsins. Ég efast um að alþm. séu reiðubúnir að gera það.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði áðan, að meðan undanþágur viðgangast frá söluskatti er óeðlilegt að dagblöðin t. d. borgi engan söluskatt af auglýsingum. Ríkisútvarpið er stofnun allrar þjóðarinnar, menningarstofnun sem hefur ákveðnar skyldur gagnvart þjóðinni sem taldar eru upp í lögum. Það er algerlega óeðlilegt að þessir aðilar fái ekki að keppa á jafnréttisgrundvelli. Það er ekki hægt að tala um jafnréttisgrundvöll varðandi auglýsingarnar þegar Ríkisútvarpinu er gert skylt og þeim sem auglýsa þar að greiða söluskatt af þeim auglýsingum, en auglýsi menn hins vegar í dagblöðum borgi menn engan söluskatt.

Ég hef hér langan lista yfir blöð og tímarit sem eru söluskattsfrjáls. Sá listi er mjög ítarlegur og langur. Ég hef vissar efasemdir um að ekki séu mörg af þessum tímaritum, sem hér eru upp talin, gefin út í ágóðaskyni. Ég er sannfærður um að svo er. Önnur eru það ekki, það er alveg ljóst, svo sem fréttabréf ýmissa félagasamtaka. Það mætti nefna hér ýmis — ég ætla ekki að gera það að vísu — blöð og tímarit sem eru undanþegin söluskatti, en sem eru auðvitað gefin út í hagnaðarskyni. Þetta er óeðlilegt fyrirkomulag eins og er.

Ég held að þm. ættu að standa saman um að auka veg og vanda og virðingu Ríkisútvarpsins á þessum misserum þegar verið er að leggja drög að því að gera breytingar á útvarpsrekstri í landinu sem að sumra mati munu höggva býsna nærri fjárhagsgrundvelli Ríkisútvarpsins. Þá held ég að sé nauðsynlegt að gera Ríkisútvarpinu kleift að keppa við aðra fjölmiðla á jafnréttisgrundvelli varðandi auglýsingar. Það er fyrst og fremst tilgangur þessa tillöguflutnings.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að koma hingað upp eins og hv. síðasti ræðumaður og endurtaka það sem ég er þegar búinn að segja eins og hann gerði með því að endurtaka það sem hann sagði í frumræðu sinni.

Dagblöðunum er ekki gert skylt að innheimta söluskatt, þannig að þar er enginn söluskattur til að skila. Ríkisútvarpinu er gert skylt að innheimta söluskatt fyrir ríkissjóð. Þar af leiðandi ber að skila þeim söluskattstekjum. Dagblöðunum er einfaldlega ekki gert að innheimta söluskatt. Það er ekki verið að mismuna þarna á neinn annan hátt.

Ef það er meining hv. þm. að Ríkisútvarpið sitji við sama borð meinar hann að fella eigi niður þá kvöð, sem er á Ríkisútvarpinu, að innheimta söluskatt. Ég hef skilið hans hugsun þannig að það eigi að ætla Ríkisútvarpinu þær söluskattstekjur sem Ríkisútvarpið innheimtir sem viðbótarframlag frá Alþingi til að standa undir frekari rekstri Ríkisútvarpsins. Ég vona að ég hafi ekki misskilið það.

Aftur á móti verð ég að segja sem einn af notendum Ríkisútvarpsins að ég óska ekki eftir því að fá meiri auglýsingar í Ríkisútvarpið. Eftir að Ríkisútvarpið jók starfsemi sína með Rás 2, þar sem eru auglýsingar, sé ég ekki annað en að þær hafi tvöfaldast a. m. k. Það eru auglýsingar á báðum rásum. Þær hafa ekkert minnkað á Rás 1 þó að Rás 2 hafi komið. Auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins eru því verulegar. En ef menn vilja minnka ríkissjóðstekjurnar á þennan hátt þannig að auglýsingar verði ódýrari, þá get ég ekki séð að það sé þjóðinni í hag að þær verði meiri en þær eru í dag á þeirri dagskrá sem Ríkisútvarpið nú kynnir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mér þykir ákaflega fyrir því að hæstv. fjmrh. skuli ekki skilja um hvað þetta mál snýst — eða ekki vilja skilja. En það er auðvitað ekkert við því að gera.

Hann heldur því fram, og sýnir nú glögglega hverri vitneskju hann býr yfir um þessi mál, að með tilkomu Rásar 2 hafi auglýsingar í Ríkisútvarpinu tvöfaldast. Því fer auðvitað víðs fjarri. Um það bil 60—65% af tekjum Ríkisútvarpsins/hljóðvarps koma af auglýsingum. Ef Ríkisútvarpinu væri gert kleift að keppa á jafnréttisgrundvelli við aðra fjölmiðla, þá er það eðli-

legt sanngirnismál og það er það sem hæstv. fjmrh. virðist ekki skilja að er megininntak þessa máls. Hitt er svo það, að ef auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins minnka eru bara tveir kostir til, þ. e. að draga úr dagskránni, minnka hana, kosta minna til hennar eða að hækka afnotagjöldin. Þetta eru tveir kostir sem blasa beint við.

En hæstv. ráðh. virðist telja það fullkomlega eðlilegt að dagblöðin geti keppt án þess að þeir sem greiða auglýsingarnar þurfi að borga söluskatt. Auðvitað segir það til sín í auglýsingamagni hvort menn þurfa að borga tæp 25% ofan á verð auglýsingarinnar eða hvort menn sleppa við það.

En þar sem hæstv. fjmrh. virðist vera gjörsamlega fyrirmunað að skilja um hvað þetta mál snýst, þetta snýst um jafnrétti í samkeppni, ætla ég ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Mér sýnist að það sé alveg borin von að hæstv. ráðh. geti öðlast á þessu réttan skilning.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þáltill. þannig að það fari ekkert milli mála að við séum að tala um sama málið, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að fella nú þegar niður söluskatt af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins."

Sem sagt: Alþingi á á miðju fjárlagaári að taka ákvörðun um að sveifla út úr ríkissjóði tekjum sem nema upp undir 50 millj. skv. grg. sem fylgir þáltill. Það er ekki nokkur leið að gera það á miðju fjárhagsári. Ef Alþingi vill taka um það ákvörðun við gerð næstu fjárlaga og telur sig hafa efni á því að sleppa þessum 50 millj., sem verða kannske eittvað meira á næsta ári, í söluskatti af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins eða öðrum auglýsingatekjum verður Alþingi að taka um það ákvörðun, en ég treysti mér ekki til að mæla með því sem fjmrh. að það verði gert á þessari stundu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39:1 atkv. og umr. frestað.

Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum, þáltill. 417. mál (þskj. 685). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum sem hér er endurflutt af þeim hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og Birgi Ísleifi Gunnarssyni auk mín. Með leyfi hæstv. forseta er texti till. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi og undirbúa útsendingu slíks efnis með dreifikerfi íslenska sjónvarpsins."

Það er orðin alkunna nú og mun betur þekkt en fyrir ári að þegar eru hafnar sendingar á sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum í Evrópu sem unnt er að taka á móti hér á landi með sáralitlum tilkostnaði. Slíkar sendingar munu á næstu árum aukast mjög. Þess vegna er það álit flm. að það sé orðið tímabært að hyggja að því á hvern hátt við Íslendingar getum best notfært okkur þessa nýju tækni og þá miklu möguleika sem í henni felast.

Það er eðlilegt að ríkisstj. hafi forustu um stefnumótun og undirbúning aðgerða á þessu sviði, að svo miklu leyti sem atbeini ríkisstofnana er þar nauðsynlegur.

Fyrir Alþingi hefur legið í vetur frv. til nýrra útvarpslaga og þar er gert ráð fyrir að móttaka efnis frá gervihnöttum verði frjáls félögum sem einstaklingum. Örlög þess frv. eru ekki ráðin. Vonandi nær það fram að ganga í þeirri mynd sem alþm. almennt geta sætt sig við. Þessi till. fjallar ekki um það efni, heldur um þann þátt sem að Ríkisútvarpinu og að ríkinu snýr eins og fram kom í texta till. Það er m. ö. o. efni þessarar þáltill. að vekja athygli á þessari þróun sem hefur átt sér stað og felur í sér það sem kalla má gjörbyltingu í fjarskipta- og sjónvarpsmálum hvað Íslendinga varðar eins og aðrar þjóðir.

Það felst í þessu að flm. telja æskilegt að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis hér á landi þannig að um sem víðtækast val verði að ræða. Þar koma ýmsir kostir til greina, en athygli manna hefur fyrst og fremst beinst að tveimur fjarskiptahnöttum sem sjónvarpsefni er sent um. Báðir starfa þeir á vegum Póst- og símamálasamtaka Evrópu sem Landssími Íslands er aðili að.

Þessir fjarskiptahnettir eru nefndir ECS-1 og ECS-2. Sendingum frá þeim báðum er unnt að ná með tiltölulega litlum tilkostnaði hér á landi. Nú þegar eru sendar út um þessa hnetti sjónvarpsdagskrár frá Bretlandi, Vestur-Þýskalandi, Frakklandi, Svisslandi, Hollandi, Belgíu og Ítalíu. Unnt væri að taka á móti öllu þessu sjónvarpsefni hér á landi. Til þess þarf móttökustöð með u. þ. b. 4 metra loftneti í þvermál. Skv. upplýsingum Pósts og síma mun kostnaður við slíkt móttökuloftnet vera 1—2 millj. kr., þó sennilega nær 2 millj. kr. Að auki yrði nokkur kostnaður vegna fjarskiptasendinganna og þess dagskrárefnis sem á móti væri tekið, þ. e. höfundarkostnaður.

Þar sem þessir fjarskiptahnettir, er ég nefndi, eru frá Póst- og símamálasamtökum Evrópu yrði móttakan að sjálfsögðu að vera á hendi Pósts og síma hér á landi, en dreifa mætti dagskrám þessum, sem valdar yrðu, um dreifikerfi íslenska sjónvarpsins á þeim tíma sem dagskrá þess er ekki send út og einnig með kapalkerfum þar sem þau eru fyrir hendi.

Þess má geta í þessu sambandi að Norðmenn, Finnar, Frakkar, Svisslendingar og Vestur-Þjóðverjar taka við sendingum sjónvarpsefnis frá þessum fjarskiptahnöttum sem ég nefndi, m. a. sameiginlegri menningardagskrá sem Frakkar, Belgar og Svisslendingar standa að. Einnig er sent út að hluta til á ensku. Norðmenn taka t. d. á móti þeirri dagskrá og hefur hún fengið góðar undirtektir þar í landi. Þá eru nú sendar út tvær breskar sjónvarpsdagskrár frá ECS-1 sem nást vel hér á landi og sú þriðja er í undirbúningi. Það eru allt einkastöðvar sem að þessum bresku dagskrám standa. Vegna tungumálsins sýnast þetta m. a. vera áhugaverðir kostir.

Þetta er það sem hér er nærtækast og það sem þessi þáltill. raunverulega fjallar um er könnun varðandi framkvæmd í þessu efni. En í öðru lagi er ekki úr vegi að víkja að því að sjónvarpssendingar beint til notenda hefjast nú á næstunni án þess að nokkrar greiðslur komi fyrir. Hér er um annað kerfi og annað fyrirkomulag að ræða en það sem ég lýsti.

Sendingar á sjónvarpsefni frá þremur slíkum hnöttum munu hefjast á næstu mánuðum og allar þessar sendingar munu nást hér á landi. Til móttökunnar þurfa menn hins vegar allstór móttökuloftnet, allt frá 4 upp í 6 metra í þvermál. Fyrstu sendingarnar munu hefjast í september nú í haust um gervihnöttinn TV-Sat sem er eign vestur-þýska ríkisins. Er ráðgert að tveimur dagskrám verði sjónvarpað beint frá honum. Eins og ég sagði er hér um að ræða sjónvarpssendingar sem notendur munu taka á móti án nokkurs endurgjalds þar sem hér er um auglýsingasjónvarp að ræða.

Í nóvember í haust er ráðgert að sjónvarpssendingar hefjist frá hnetti sem mun verða í eigu franska ríkisins og nefndur er TDF-1. Þrjár rásir fyrir sjónvarpssendingar munu verða í þeim hnetti.

Í ágúst á næsta ári 1986 er síðan ráðgert að sendingar hefjist frá breska sjónvarpshnettinum Unisat, en sá hnöttur er í eigu ýmissa aðila á Bretlandi. Áform eru uppi um að sjónvarpa m. a. dagskrám BBC um þennan hnött, en það mun ekki fullákveðið.

Eins og ég hef þegar sagt, herra forseti, vildu flm. fyrst og fremst vekja athygli á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru að hefja móttöku erlends sjónvarpsefnis hér á landi með litlum tilkostnaði. Þeir möguleikar munu mjög aukast á næstu misserum. Þess vegna er bæði sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að landsmenn geti nýtt þessa möguleika að því leyti sem atbeini stjórnvalda er þar nauðsynlegur. Þar festast augu manna vitanlega fyrst og fremst við Ríkisútvarpið og starfsemi þess og dreifingarkerfi þess. Með þessari þáltill. vilja flm. undirstrika hvílík bylting hefur átt sér stað síðustu misserin í þessum málum og benda á þá kosti sem okkur Íslendingum standa nú þegar til boða í þessum efnum.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að vitanlega þarf að líta á mál þetta allt í ljósi þess sem síðar mun gerast hér á Alþingi að því er varðar frv. til nýrra útvarpslaga. Það er fyrst og fremst að því er varðar frelsi til móttöku og útsendingar sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum. Hins vegar breytir það ekki þeirri staðreynd að Ríkisútvarpið hlýtur að fara í framtíðinni með mikið hlutverk. Það er í sjálfu sér mikið mál hvernig tekst til um val á erlendu sjónvarpsefni sem sent yrði út um dreifikerfi íslenska sjónvarpsins.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er svo sem góðra gjalda vert að vekja athygli á þeirri tæknibyltingu sem átt hefur sér stað að undanförnu að því er varðar sjónvarp um fjarskiptahnetti, hvort sem það er frá stöð til stöðvar eða beint til notenda. Hins vegar sýnist mér að því er þessa till. varðar að þar séu nokkrir gallar á gjöf Njarðar. Eigi eitthvert vit að vera í svona sjónvarpsmóttöku frá sjónarmiði neytenda verða að vera til staðar boðveitur eða kapalkerfi. Skal ég rökstyðja það nokkru nánar hér á eftir.

Í þessari till. er talað um að undirbúa útsendingu erlends efnis um fjarskiptahnetti með dreifikerfi íslenska sjónvarpsins. Dreifikerfi íslenska sjónvarpsins getur ekki sent út nema eina dagskrá í senn og sú íslenska sjónvarpsdagskrá sem þegar er út send gengur þá fyrir. Það er þá hætt við að það yrði lítið, eitthvað þó, afþreyingarefni að degi til sem yrði þarna afgangs. En þá er mér spurn: Hver á að velja frá hvaða hnetti er tekið hverju sinni? Á Ríkisútvarpið að velja það? Þar hafa neytendur ekkert val. Þess vegna þótti mér skjóta svolítið skökku við þegar hv. 1. flm. talaði um dreifingu um kapalkerfi.

Það eru engin ákvæði í íslenskum lögum um kapalkerfi. Við þm. Alþfl. höfum verið að reyna að koma þeim ákvæðum inn í útvarpslög. Það hefur verið fellt. Nú er mér kunnugt um að a. m. k. tvö bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu eru með þessi mál í athugun og hafa áhuga á boðveitum sem er eðlilegt að sveitarfélög reki. Menn segja hér: Þessi ákvæði eiga ekki heima í útvarpslögunum. Þau eiga heima í fjarskiptalögum. Það má færa rök að því, en það má líka færa rök að því að þessi ákvæði eigi alveg jafnvel heima í útvarpslögum og engu síður. Við getum ekki gert ráðstafanir til að nýta hér og nota kapalkerfi meðan engar reglur eru um slík kerfi. Ég segi það aftur og enn: Það verður að setja og má ekki dragast skynsamlegar reglur um notkun á svona boðveitum.

Ég átti þess kost í síðustu viku að heimsækja sænskan bæ, Lund í Suður-Svíþjóð, þar sem stendur yfir umfangsmikil tilraun með svona boðveitukerfi. Eiga íbúar Lundar kost á að velja þar um 13 sjónvarpsdagskrár. Það kostar hverja fjölskyldu 50 kr. sænskar á mánuði og stofngjaldið fyrir lítinn svartan kassa, sem veitir þeim aðgang að þessu kerfi, er 100 kr. sænskar á mánuði. Þeir geta valið um franskt, þýskt og danskt sjónvarp, rússneskt m. a. s., staðarsjónvarp og allt mögulegt.

Forsendan fyrir því að eitthvað gerist af viti í þessum efnum og valkostum almennings fjölgi er sú að svona boðveitukerfi sé komið á fót. Nú er tæknin slík að það þarf ekki að grafa kapla í jörð. Það er hægt að hafa svona lokað boðveitukerfi í ljósvakanum með a. m. k. 8 eða 9 rásum og ég hygg að kostnaður við loftnet t. d. fyrir fjölbýlishús — þetta eru kanadískar tölur, frá Winnipeg, frá fyrirtæki sem er að gera tilraunir með þetta og hefur kynnt sína starfsemi hér — sé u. þ. b. 250 Kanadadalir á fjölbýlishús, þ. e. kostnaðurinn við móttökuloftnet. En á meðan loka menn hér augunum fyrir þessum möguleika og hvað snertir útvarpslagafrv., sem á ýmsan hátt er búið að limlesta og var þó ekki gott í upphafi, er bara hugsað um það eitt að keyra það breytingalaust í gegn. Þar erum við ekki á góðri leið. Það var samþykkt úr hv. Nd. með 16 já-atkvæðum. Hver verður niðurstaðan í Ed.? Það veit enginn. Ætla menn að standa fyrir umfangsmiklum breytingum á þessum lögum þannig að minni hluti Alþingis standi að því? Það væri reginhneyksli.

Við höfum enn tækifæri til að laga þetta mál og reyna að skapa breiða og víðtæka samstöðu um það sem ég held að sé þjóðarnauðsyn, fá frið um það. Það gerum við m. a. með því að skapa möguleika á því að taka á móti margvíslegu erlendu efni frá fjarskiptahnöttum og miðla því efni í boðveitum. Það er tómt mál að tala um að miðla því um dreifingarkerfi íslenska sjónvarpsins eins og það er núna. Þetta verður að gerast á hverjum stað um boðveitukerfi eða kapalkerfi, hvernig sem menn vilja hafa það hvort sem það er grafið í jörð eða leiðir þess liggja á öldum ljósvakans. Þessi mál hafa aldrei verið rædd hér til hlítar, aldrei könnuð gaumgæfilega og mér stendur uggur af því ef á að ana hér áfram fyrirhyggjulaust, en með ákveðnum fordómum. Ég held að það sé verulega hættulegt og öllu þessu máli til hinnar mestu bölvunar og væri glapræði hið

mesta ef gert yrði.

En hugmyndin sem býr að baki þessari till. er góð. Ég lýsi fyllsta stuðningi við hana, en minni á að forsenda þess að þetta sé unnt er sú að boðveitukerfi séu til staðar. Þm. og Alþingi geta ekki lengur lokað augunum fyrir þeirri staðreynd. Það er meginatriði að ákvæði um slík kerfi komist í lög. Það á vel heima í útvarpslögum. Það getur líka átt heima í fjarskiptalögum. Aðalatriðið er að reglur verði settar. Þær eru forsenda þess að almenningur geti notið kosta þessarar nýju tækni.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í þessari þáltill. er hreyft málefni sem menn hafa bundið miklar vonir við og hér hefur verið rætt um allnokkurt skeið. Það hefur verið rætt um það hér á Alþingi líka í vetur að gera ráðstafanir til að nýta dreifikerfi íslenska sjónvarpsins þann tíma sólarhrings sem það er ekki notað til þess að dreifa hugsanlega erlendu sjónvarpsefni frá gervihnöttum.

Þetta mál er nú til athugunar hjá Ríkisútvarpinu. En í janúar s. l. beindi ég því formlega til Ríkisútvarpsins að gera ráðstafanir til að kanna þetta mál sérstaklega, bæði að því er varðar norrænt sjónvarp og eins sjónvarp frá öðrum Evrópulöndum. Þetta hefur verið gert. Niðurstaða þessarar athugunar liggur ekki fyrir, en unnið hefur verið að málinu. Bæði hefur útvarpsstjóri unnið að því í félagi við aðra útvarpsstjóra og einnig Pétur Guðfinnsson framkvæmdastjóri sjónvarps. Ég á von á því að hv. 5. landsk. þm., sem hér talaði, hafi tekið þátt í umræðum um þetta mál í útvarpsráði. Sú hugmynd, sem rætt er um í sjálfri þáltill., er því til athugunar og hefur verið það í nokkra mánuði einmitt með það fyrir augum sem í till. er nefnt.

Hitt er svo annað mál að auðvitað er ljóst að í framtíðinni hlýtur að koma að því, og kannske fyrr en okkur varir, að möguleikar verði til þess að dreifa sjónvarpsefni frá erlendum fjarskiptahnöttum og erlendum sjónvarpshnöttum með öðrum hætti en í gegnum íslenska ríkisútvarpið og þá m. a. með þeim hætti sem hv. 5. landsk. þm. nefndi hér. Það er alveg rétt að vitanlega þarf sú starfsemi sem felst í útvarpi og sjónvarpi um kapalkerfi sem og um annað kerfi að lúta tilteknum lögum og reglum. Það hefur átt sér stað á þó nokkrum stöðum á landinu í mörg ár að kapalkerfi hafi verið starfrækt án slíkra laga. Það er algerlega ljóst að við slíkt getum við ekki búið og þessu verður að breyta. Það er hins vegar hægt að gera það með fleiri aðferðum en þeirri að taka tillögur Alþfl. í heilu lagi og fella þær inn í útvarpslagafrv. Einmitt þetta mál, starfræksla kapalkerfa eða starfræksla boðveitna, er til meðferðar nú hjá samgrn. og hæstv. samgrh. lýsti því yfir í svari við fsp. hér á Alþingi nú í vetur, í febrúar má ég segja, hver hans afstaða væri í slíkum málum. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir, að hann teldi að slík kerfi þyrftu a. m. k. að sinni, að vera í opinberri eigu. Ljóst er, hvernig sem því verður hagað, að gera verður breytingu á fjarskiptalögum til þess. Það er alsiða og hefur oft gerst hér á Alþingi að tilteknum lögum er breytt með bráðabirgðaákvæði í frv. um allt annað efni. Það er hins vegar ekki skynsamleg og heppileg aðferð. Það er ekki aðgengilegt fyrir fólk að fletta upp atriðum við skulum segja um síma í lögum um útvarp. Um fjarskipti eiga að vera ákvæði í lögum um fjarskipti. Ég hef orð hæstv. samgrh. fyrir því að það sé vilji fyrir þessu. Að því er verið að vinna. Ég tel að þar með verði því náð sem menn eru hér að ræða um.

Hitt er svo annað mál að það er spurning um tíma, hve lengi við verðum háð köplunum í þeim skilningi sem við höfum um þá talað til þessa. Öll þessi mál verða æ einfaldari með hverju árinu sem líður.

Ég vildi, herra forseti, einungis gera grein fyrir því að einmitt þetta atriði, sem hér er vikið að, er nú til umfjöllunar og meðferðar. Vinnan að þessu máli er í fullum gangi með hliðsjón af ýmsum þeim atriðum sem nefnd eru í grg. með þáltill. Ég minnist þess að í vetur, þegar spurt var um sams konar hugmynd í sambandi við norskt sjónvarp, komu fram í umr. raddir hv. þm. sem töldu það mikið brot gegn íslenskri menningarpólitík að nýta dreifikerfi íslenska sjónvarpsins í þessu skyni. Það gerði einmitt hv. 5. landsk. þm. sem nú mælir eindregið með þessari till. sem einmitt fjallar um það að nýta dreifikerfi íslenska sjónvarpsins. Að sjálfsögðu er ekki átt við annað með því en að nýta þennan möguleika til þess að gera þessa tilraun, að opna landið fyrir þessum möguleika og gefa um leið íslenska sjónvarpinu tækifæri til að taka t. d. skyndilega við fréttum beint frá evrópskri sjónvarpsstöð. Það gæti óneitanlega verið til tilbreytingar, upplífgandi og fróðlegt í íslenska sjónvarpinu. En það yrði auðvitað aldrei grundvallarstefna. Þetta væri fyrst og fremst til þess að greiða fyrir slíkri tilraun. Slík starfsemi yrði svo að öllum líkindum á vegum annarra er frá liði.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þær umr. sem fram fara um þessi mál verði til þess að opna augu æ fleiri manna fyrir því að það sé skynsamlegt frá öllum sjónarmiðum að leggja af þá einangrunarstefnu sem við höfum haft í menningarefnum, að opna augun fyrir því sem fram fer í kringum okkur, gera kleift að velja á milli jafnframt því sem við eflum og styrkjum íslenska menningarstefnu og stuðlum að því að hún verði sem best rekin í íslensku sjónvarpi og útvarpi, bæði á vegum ríkisins og annarra aðila. Til þess þurfum við að samþykkja sem fyrst þau lög sem væntanlega verða til hér fljótlega þegar hv. Ed. hefur þóknast að samþykkja útvarpslagafrv.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er nú alveg óséð mál hvað hv. Ed. þóknast að gera með það frv. til útvarpslaga sem nú liggur fyrir. Ég hef a. m. k. ýmsar efasemdir um það.

Hæstv. menntmrh. vék að þeim umr. sem urðu hér í vetur um þann hugsanlega möguleika að hér yrði sýnd og send út dagskrá norska sjónvarpsins og segir að ég hafi lagst gegn því í þeim umr., en annað hljóð sé komið í strokkinn nú. Þetta vildi ég mega leiðrétta. Ég tók þannig til orða, og ég hygg að hæstv. menntmrh. geti skoðað það í þingtíðindum, að þetta væri það mikilvægt mál að ég hefði efasemdir um að það væri mál sem tveir ráðherrar, þ. e. menntmrh. Noregs og menntmrh. Íslands, ættu að gera út um. Ég lagði áherslu á að málið fengi umræðu hér á Alþingi og í þjóðfélaginu og uppi væru efasemdir um hversu mikill áhugi væri á nákvæmlega þessari sjónvarpsdagskrá, dagskrá norska sjónvarpsins.

Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. að hæstv. samgrh. hefði gefið hér yfirlýsingu varðandi endurskoðun fjarskiptalaga. Ég man ekki betur en hann hafi orðað það á þann veg að það yrði skipuð nefnd. Ég veit

ekki hvort sú nefnd hefur verið skipuð. Mér er allsendis ókunnugt um hversu langt þessi vinna er komin eða hvernig henni miðar. En hæstv. menntmrh. sagði að um fjarskipti ættu að vera ákvæði í fjarskiptalögum. Það er alveg rétt. En þau ákvæði um boðveitur, sem hér er verið að tala um, eru einmitt um útvarp og sjónvarp og notkun slíkra kerfa, annaðhvort í jörðu eða í lofti, til þess að flytja útvarps- og sjónvarpsefni. Þau ákvæði eiga því skv. þessari röksemdafærslu alveg eins heima í útvarpslögum. En ég skal viðurkenna að það er hægt að rökstyðja þetta á hvorn veginn sem er.

Í framtíðinni, sagði hæstv. menntmrh., verður þetta svona og svona. En ég vildi leyfa mér að taka til orða á svolítið annan hátt. Framtíðin er núna. Við erum ekki að tala um neina óljósa framtíð í þessu efni. Við erum að tala um það sem þegar hefur gerst í löndunum í kringum okkur. Við erum að tala um það sem þegar getur gerst hér, en forsenda þess að þessir hlutir geti gerst hér með skipulegum og skynsamlegum hætti er að um það séu settar reglur og ég heyri að hæstv. menntmrh. er alveg sammála því.

Ég hef sett fram hér á Alþingi hugmyndir um að nýta dreifikerfi íslenska sjónvarpsins með þeim hætti að leigja innlendum aðilum það til þess að senda út sjónvarpsdagskrár sem næðu til landsins alls á fimmtudögum, á morgnana og síðdegis. Ég hef orðið var við það hjá ýmsum aðilum utan þings að þeim þykja þetta athyglisverðar hugmyndir, að nýta þá fjárfestingu sem er í dreifikerfi sjónvarpsins með þessum hætti. Ég hef ekki fengið nein svör við þessum till., ekki einu sinni nein viðbrögð, hvað hæstv. ráðh. eða þm. stjórnarliðsins þyki um þessa till., sem ég held að sé nokkur nýjung, að nýta þessa fjárfestingu til að gera öðrum aðilum en ríkisútvarpinu kleift eftir ákveðnum reglum að senda út sjónvarpsefni. Ég held að þetta væri tilraunarinnar virði.

Annað vil ég að lokum, herra forseti, leiðrétta. Það er engin höfuðkrafa eða meginforsenda af hálfu okkar Alþfl.-manna með þær tillögur sem við höfum lagt fram til breytinga á útvarpslögum að þær séu teknar upp óbreyttar. Við erum til viðræðu og samkomulags um þessa hluti að sjálfsögðu. En efnislega teljum við afar mikilvægt að um þetta séu settar reglur. Ég veit að hjá Reykjavíkurborg og hjá Seltjarnarnesbæ er áhugi á því að kanna þessi boðveitukerfi af hálfu yfirvalda og það er unnið að því á vegum þessara tveggja bæjarfélaga hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef hv. Alþingi ætlar að skella skollaeyrum við áhuga þessara tveggja stóru bæjarfélaga og segja sem svo: Það er verið að athuga þetta mál í nefnd og það verða settar um það reglur einhvern tíma í framtíðinni, þá finnst mér það afar miður. Ég vona bara að bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi og borgarstjórinn í Reykjavík, sem er skeleggur maður og heldur sínum málum vel fram, hafi bein í nefinu til þess að gera sínum flokksbræðrum, sem stjórna og ráða ferðinni í þessum málum á Alþingi, grein fyrir því hvað er hér um að tefla fyrir bæjarfélag eins og Reykjavík. Ég vona það svo sannarlega og treysti borgarstjóranum í Reykjavík til að koma sínu flokksfólki í skilning um hvers eðlis þetta mál er og beina því inn á réttar brautir í málinu. Ég held að það sé algert meginatriði og vona sannarlega að það nái fram að ganga.

En gallinn við núverandi útvarpslagafrv. og þá vinnu sem átt hefur sér stað í sambandi við það fram að þessu er held ég í fáum orðum sá, að það hefur aldrei verið leitað leiða til að skapa samstöðu. Málið hefur bara verið keyrt áfram af einstrengingshætti og óbilgirni. Það hefur aldrei verið leitað raunverulegra leiða til að skapa breiðan samkomulagsgrundvöll, til þess að skapa frið um málið og til þess að koma þessu máli áfram þannig að það megi verða sem flestum til góðs.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu sem hæstv. menntmrh. gaf í umr. áðan Eins og ég gat um var sú þáltill. sem hér er á dagskrá í dag einnig borin fram á síðasta þingi fyrir rúmu ári. Á því þingi hlaut hún ekki endanlega afgreiðslu, kom ekki úr allshn. Nú upplýsir hæstv. menntmrh. hins vegar að í janúar í vetur hafi ráðh. falið útvarpsstjóra, forstjóra og yfirmanni sjónvarps og öðrum yfirvöldum útvarps að vinna að athugun og sérstakri könnun á framkvæmd þeirra hugmynda og ráðagerða sem í þáltill. um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum felast. Það voru mjög ánægjuleg tíðindi að skriður er nú kominn á þetta mál fyrir fjórum mánuðum. Ég vil sérstaklega fagna því. Segja má að þótt þessi till., sem hér liggur fyrir, hafi ekki náð afgreiðslu í Sþ. í fyrra hafi hún borið nokkurn ávöxt.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að gera aths. við þau ummæli hv. 5. landsk. þm. að ekkert hafi verið reynt til að ná samkomulagi um útvarpslagafrv. Þetta er fjarri öllu lagi. Í fyrsta lagi er frv. málamiðlun, ávöxtur samstarfs manna úr öllum stjórnmálaflokkum sem þá áttu sæti á þingi og unnu að frv. Í öðru lagi er búið að vinna að málinu í allan vetur. Hins vegar veit ég að það eru margir sem hafa gjarnan viljað tefja málið af einhverjum ástæðum. E. t. v. hafa þeir viljað hugsa málið betur og það er ágætt, en þegar menn hafa hugsað málið árum saman verða menn að hrökkva eða stökkva. Þetta mál hlýtur að þurfa að fara að fá afgreiðslu. En sú ástæða sem olli því sérstaklega að ég stóð upp var sú að ég tel að nm. menntmn. í Nd., sem unnið hafa að málinu, hafi unnið mjög mikið starf við afgreiðslu þess, þeir hafi unnið mjög mikið starf og þar hefur vissulega verið reynt að samræma sjónarmið manna og þeir eiga sannarlega þakkir skildar fyrir það að frv. er þó komið til hv. Ed.

Mér var tjáð í vetur að reynt væri að ná samkomulagi um samstarf nefnda beggja deilda, eins og stundum er gert til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála og greiða fyrir samkomulagi um mál, en þeim tilmælum mun hafa verið hafnað. Má vel vera að menn hafi þá í Ed.-nefnd verið uppteknir við annað, en óneitanlega hefði það greitt fyrir samkomulagi um málið. Ég vildi einungis taka þetta fram því að ég taldi ósanngjarnt að svara því engu ef sagt væri að nm. hefðu ekki unnið að málinu. Það hafa þeir svo sannarlega gert.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Í fyrsta lagi minntist hæstv. menntmrh. á það að óskað hefði verið eftir því að menntmn. störfuðu saman. Nú er formaður menntmn. Ed. ekki staddur hér. (**Menntmrh.:** Ekki formaður neðrideildarnefndarinnar heldur.) Nei, en ég ræddi þetta mál við formann menntmn. Ed. og hann kannaðist ekki við að sér hefðu borist nein tilmæli frá formanni neðrideildarnefndarinnar um slíkt samstarf. Hins vegar var

haft eftir hv. þm. Halldóri Blöndal. formanni menntmn. Nd., að þm. Eiður Guðnason hefði hafnað slíku samstarfi af hálfu Alþfl. Því er auðvitað við það að bæta að einstakur þm. í menntmn. getur ekki hafnað slíku samstarfi. Það er formanns og nefndarinnar sem heildar að ákveða það. Þeim ummælum hef ég þegar vísað á bug í aths. sem birt hefur verið í blaði.

En aðeins að lokum, herra forseti. Hæstv. menntmrh. gerði mikið úr því að það hefði verið reynt að leita samkomulags og þetta frv. væri málamiðlun og niðurstaða samkomulags. Segir það ekki sína sögu um málamiðlun og samkomulag að aðeins 16 þm. af 40 í Nd. treysta sér til að ljá þessu máli jáyrði — aðeins 16 þm. af 40 treysta sér til að segja já við útvarpslagafrumvarpi? Það sýnir nú ekki að þar hafi verið um mikla málamiðlun að ræða þegar tólf þm. eru á móti og ellefu sitja hjá. Þetta eru sorglegar tölur og það væri til svívirðingar og háðungar fyrir Alþingi ef þetta mál fer hér í gegnum þingið með þeim endemum sem það fór í gegnum hv. Nd.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting jarðhita í heilsubótarskyni, þáltill. 477. mál (þskj. 829). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 829 um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni, en tillögutextinn hljóðar svo:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að láta gera áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Jafnframt verði kannað á hvaða stöðum helst komi til greina að reisa heilsubótarstöðvar er byggi starfsemi sína á jarðhita og hver sé rekstrargrundvöllur slíkra stöðva."

Flm. þessarar þáltill. eru auk mín Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Hér er brotið upp á máli sem að dómi flm. þarfnast athugunar og meiri athygli en því hefur verið sýnd til þessa. Við höfum gefið einum þætti jarðhitans minni gaum en efni standa til. Það er nýting jarðhita, hveravatns og hveraleirs til heilsuræktar og baðlækninga. Víða um heim, eins og menn þekkja, hefur verið komið á fót heilsuræktar- og baðlækningastöðvum sem byggja starfsemi sína á jarðhita og hveravatni auk ölkelduvatns svo sem alkunna er. Hlutaðeigandi þjóðir hafa lengi haft verulegar tekjur af slíkum heilsubótarstöðvum. Má þar minnast m. a. á Þýskaland og Frakkland. Þær hafa átt sinn þátt í að laða að erlenda ferðamenn, enda eru hinir kunnu baðstaðir í Evrópu mjög fjölsóttir og þangað leita gestir úr öllum heimsálfum sér til heilsubótar, hressingar og afþreyingar.

Það fer ekki milli mála að á Íslandi eru miklir möguleikar fyrir hendi á þessu sviði þó svo að fram til þessa hafi þeir verið að miklu leyti ónýttir. Það má þess vegna segja að við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar í þessum efnum. Þó hafa framsýnir menn séð að einboðið væri að nýta auðlindir jarðvarmans og hveravatnsins í miklu meira mæli til heilsubótar en gert hefur verið. Skal þar sérstaklega til sögunnar nefndur Gísli Sigurbjörnsson forsjóri Elliheimilisins Grundar sem byggt hefur hluta af elliheimili sínu í Hveragerði.

Fram til þessa hefur aðeins ein heilsubótarstöð risið á Íslandi sem sérstaklega byggir á nýtingu jarðvarmans, náttúrulækningahælið í Hveragerði, en önnur slík stöð mun vera í byggingu norður á Akureyri.

Að áliti okkar flm. er löngu orðið tímabært að hér á landi verði hafist handa um að nýta þessa miklu möguleika og hefjast handa um byggingu heilsubótarstöðva þar sem nýttur væri jarðvarmi, hveravatn, hveraleir og ölkelduvatn. Þar er um náttúrugæði að ræða sem óvíða er að finna í Evrópulöndum og skapa því hér á landi betri aðstöðu til framkvæmda á þessu sviði en annars staðar. Slíkar heilsubótarstöðvar mundu, eins og reynslan í Hveragerði sýnir, verða sóttar í verulegum mæli af Íslendingum, en eins og menn vita eru jafnan hundruð manna á biðlista í Hveragerði. Það má einnig telja líklegt að útlendingar sæki slíkar stöðvar í miklum mæli ef vel tekst til um uppbyggingu þeirra og framkvæmdina og kynningu á málinu erlendis. Gæti stofnun slíkra heilsuræktarstöðva hérlendis á þann hátt stuðlað mjög að því að ferðamenn sæki hingað til lands í auknum mæli og skapað á þann hátt aukna atvinnu á nýjum vettvangi og auknar gjaldeyristekjur. — Ferðamálin voru einmitt á dagskrá í Sþ. fyrir skömmu. Þetta er einn ekki ómerkur þáttur í því máli.

Í þessu sambandi má spyrja: Hvað hefur verið gert í þessum efnum? Ég hef þegar nefnt hæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, þar sem mjög vel hefur verið að þessum hlutum staðið, en það er líka eina dæmið. Hins vegar hefur verið gerð mjög merkileg úttekt í þessum efnum. Sú úttekt var þáttur í mikilli ferðamálakönnun sem framkvæmd var að beiðni Íslendinga af hálfu Sameinuðu þjóðanna fyrir 15 árum. Til verksins var fengið bandarískt ráðgjafarfyrirtæki, raunar alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki, og einn þáttur í lokaskýrslu þessa fyrirtækis um Ísland sem ferðamannaland í framtíðinni var einmitt möguleikarnir á því að koma hér upp baðlækninga- og heilsubótaraðstöðu sem byggði sérstaklega á heita vatninu, hveraleirnum og ölkelduvatninu.

Tveir Íslendingar tóku þátt í þessu verki með því að semja gagnmerkar skýrslur um málið. Annar þeirra, dr. Gunnar Böðvarsson prófessor í Bandaríkjunum, gerði yfirlit yfir jarðhitastöðvar á Íslandi, en Sigurður R. Guðmundsson efnafræðingur gerði könnun á efnainnihaldi íslenska hveravatnsins og lindarvatnsins.

Síðan var samin sérstök lokaskýrsla um þessi efni af heimsþekktum prófessor á þessu sviði, frönskum. Ég ætla ekki að rekja efni þeirrar skýrslu frekar, en aðeins geta þeirrar gagnmerku niðurstöðu sem hann kemst að eftir að hafa kannað skýrslur þeirra sérfræðinga sem ég nefndi og aðrar heimildir. Niðurstaða varð sú að heilsubótareiginleikar íslenska vatnsins séu jafngóðir a. m. k., bæði lindarvatnsins íslenska og hveravatnsins, og þess vatns sem notað er á helstu og þekktustu heilsubótarbaðstöðum Evrópu. Prófessorinn franski gerði í þessari skýrslu tillögur um að komið verði á fót hér á Íslandi baðlækningastöðvum sem ætla mætti að yrðu sóttar ekki síst frá öðrum löndum. Jafnframt rekur hann læknisfræðileg atriði sem lúta að meðferð við ýmsum sjúkdómum miðað við eiginleika íslenska lindarvatnsins, íslenska hveravatnsins og leirbaða.

Mér er ekki kunnugt um að neinar af þessum tillögum hafi leitt til sérstakra framkvæmda af hálfu hins opinbera eða einkaaðila, en það er ljóst að þar eru dregnar saman mjög gagnlegar rannsóknarniðurstöður um þessi efni sem að notum geta komið í framtíðinni.

Meginefni þessarar till. er að það ætti að vera hlutverk heilbrigðisyfirvalda að hafa forgöngu um að gerð verði áætlun um það, á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði sem best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Hluti þeirrar könnunar ætti að mati flm. að leiða í ljós hvaða staðir á landinu eru vænlegastir í þessu efni. Auk Hveragerðis er ljóst að til greina kæmi að reisa slíka stöð í nágrenni Svartsengis á Reykjanesi þar sem margir hafa sótt böð í Bláa lóninu sér til heilsubótar. Fyrir dyrum stendur nú í sumar sérstök könnun heilbrigðisyfirvalda á lækningamætti jarðsjávarins þar. En ljóst er að ýmsir aðrir staðir á landinu hafa upp á landkosti og náttúrugæði að bjóða sem máli skipta í þessu efni.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að hluti af þessari könnun verði áætlun um rekstrargrundvöll heilsubótarstöðva. Þær upplýsingar verða að liggja fyrir áður en unnt er að leggja drög að framkvæmdum á þessu sviði, hvort sem er af hálfu einstaklinga og áhugafélaga þeirra eða hvort ríkið vill hér að einhverju leyti gerast aðili. Vitanlega er það þó ekkert skilyrði fyrir framgangi þessa máls. Hins vegar er eðlilegt að heilbrigðisyfirvöld annist þessa könnun.

Þegar á þetta mál, herra forseti, er litið í heild má segja að hér tvinnist saman tvær leiðir til nýrrar nýtingar jarðhitans hér á landi, stofnun nýrrar heilsubótaraðstöðu fyrir útlendinga jafnt sem Íslendinga og í öðru lagi efling ferðamannaþjónustunnar hér á landi sem tvímælalaust mundi fylgja hér í kjölfarið.

Við höfum þegar dæmi um það síðarnefnda. Það er Bláa lónið á Reykjanesi. Þangað hefur verið mjög sótt af sjúklingum með ýmsa húðsjúkdóma. Lítið gistihús hefur verið reist á bakka lónsins. Það er að mjög miklu leyti bókað nú í sumar af erlendum ferðamönnum, þ. e. útlendingum sem hingað koma til að leita sér bata við böð í Bláa lóninu. Þetta er lítið dæmi sem eiginlega hefur sprottið af sjálfu sér. Málið hefur ekki verið sérstaklega kynnt erlendis, heldur hafa af því einfaldlega borist fregnir hvað hér væri um að vera og þá koma hingað útlendingar í verulegum mæli til þess að njóta góðs af þeim lækningamætti sem þeir telja að felist í vatninu í Bláa lóninu.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað, herra forseti, til atvmn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er fjallað um till. til þál. um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni. Hv. 1. flm., 2. þm. Reykn., hefur gert glögga grein fyrir málinu. Ég er sammála málsútlistun hans. Ég tel að hér megi taka svo til orða að við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar í þessum efnum.

Í 6. mgr. í grg., neðst á bls., er minnst á jarðvarma, hveravatn, hveraleir og ölkelduvatn.

Fyrir nokkrum árum flutti ég þáltill. um jarðhitaleit á Snæfellsnesi sem samþykkt var einróma hér á Alþingi. Þessari þál. var fagnað af vísindamönnum á sviði jarðfræði og jarðeðlisvísinda svo sem vænta mátti því að svo hefur verið sagt að á Snæfellsnesi sé öll jarðsaga Íslands bundin í eitt bindi. Er það því ærið fróðlegt viðfangsefni vísindamönnum á þessu sviði. Ég minnist þess að þeir fræðimenn sem þá létu frá sér heyra, ræddu um að lítt væri kannað ölkelduvatnið og samband þess við jarðvarmann. Þar er sjálfsagt mikið verk ónunið eins og víðar í þessum fræðum. En það hefur lengi verið vitað á Snæfellsnesi og víðar að ölkelduvatnið er hollt til neyslu, til lækninga. Því fylgir máttur og lífsorka og mætti ég vitna í margan manninn þessum orðum til staðfestingar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, aðeins segja það að ég vildi ekki láta þessa umr. líða hjá svo að ekki væri alveg sérstaklega minnst á ölkelduvatnið og lífsmátt þess.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir efni þessarar till. og þakka flm. fyrir að ýta við þessu máli. Ég hef einmitt lengi haft mikinn áhuga á því, eins og m. a. kemur fram í grg. með till. um eflingu ferðaþjónustu sem birt er á þskj. 810, en þar segir m. a. að eitt af því sem hafa beri í huga við uppbyggingu ferðaþjónustu hér á landi sé nýting náttúrlegra aðstæðna til þess að reisa heilsustöðvar og að stefna beri að því að bjóða útlendingum þjónustu á sviði heilsuræktar og lækninga. Þetta ræddi ég reyndar ögn ítarlegar í umr. um þessa till. mína og fimm annarra þm. fyrir nokkrum dögum. Því miður voru afar fáir þm. viðstaddir þá umr., heldur færri m. a. s. en núna, enda fór hún fram á kvöldfundi, en þeir sem til staðar voru sýndu henni mikinn áhuga. Sex þm. tóku til máls eða mikill meiri hluti þeirra sem viðstaddir voru, þrír stjórnarþm. og þrír stjórnarandstöðu, svo að þar hallaðist nú ekki á. Þeirra viðbrögð voru jákvæð. Mér er kunnugt um að ferðamálafrömuðum er það mikill léttir að rofin hafi verið löng þögn Alþingis um þessa atvinnugrein sem virðist sérlega vænleg og gróskumikil um þessar mundir. Í grg. með þeirri till. sem hér er á dagskrá um nýtingu jarðhita og í máli hv. 1. flm. hér áðan er mjög tekið í sama streng. Ég sé ekki ástæðu til að eyða dýrmætum tíma þingsins í að ræða þetta frekar. Ég kom aðeins hingað upp til að lýsa stuðningi við þessa till. og taka undir meginefni hennar.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kostnaður vegna samninganefndar um stóriðju.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni um kostnað vegna samninganefndar um stóriðju og vegna stóriðjunefndar, á þskj. 625, sent þm. 24. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða kostnaður hefur orðið vegna starfs samninganefndar um stóriðju og vegna stóriðjunefndar sem skipaðar voru 14. júní 1983, sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

a. heildarkostnaður vegna hvorrar nefndar,
b. sundurliðun eftir árum 1983 og 1984,
c. sundurliðun eftir verkefnum,
d. þóknun til einstakra nefndarmanna og starfsmanna nefndanna,

e. þóknun til einstakra ráðunauta (aðkeypt ráðgjöf),
f. ferðakostnaður,
g. annar kostnaður?

Svar:

Allur kostnaður vegna samningaumleitana við Alusuisse og athuganir tengdar álverinu í Straumsvík hefur mörg undanfarin ár verið færður á sérstakan lið 11-298 hjá iðnaðarráðuneytinu og verið greiddur með sérstakri greiðsluheimild sem fjármálaráðherra hefur veitt hverju sinni og tekin hefur verið af álgjaldi óskiptu.

Undir þetta falla samningaumleitanir um málefni álversins, mengunarrannsóknir, öflun ýmissa upplýsinga um áliðnað, kostnaður við sáttanefndir, gerðardóma o. fl.

Árið 1983 var kostnaður við álviðræðunefnd og rannsóknir á hennar vegum færður á fyrri hluta ársins en kostnaður við samninganefnd um stóriðju og rannsóknir á hennar vegum á síðari hluta ársins.

Ýmsir sérfræðingar, sem störfuðu fyrir álviðræðunefnd héldu áfram að veita ráðgjöf fyrir samninganefnd um stóriðju. Miklum annmörkum er því háð að veita upplýsingar um kostnað vegna samninganefndar um stóriðju sérstaklega. Á árinu 1983 voru færðar á þennan lið samtals 9492 þús. kr. Þar af voru a. m. k. 4597 þús. kr. vegna ákvarðana sem teknar voru fyrir júní 1983.

Auk samninga við Alusuisse tók samninganefnd um stóriðju við samningaumleitunum um endurskipulagningu Íslenska járnblendifélagsins og kaup japanska fyrirtækisins Sumitomo á hlut í því. Kostnaður við þessa samninga hefur verið greiddur af sérstakri fjárveitingu.

Beinn kostnaður við stóriðjunefnd hefur verið færður á sérstakt viðfangsefni hjá ráðuneytinu. Frekari sundurliðun á verkefni nefndarinnar liggur ekki fyrir.

1. Samninganefnd um stóriðju (sjá athugasemd í formála).

a. Heildarkostnaður: 27 935 þús. kr.

b. og c. Sundurliðun eftir árum og verkefnum:

	1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
Samningar við Alusuisse	(9 492)	
þar af ákveðið fyrir 1. júní	÷ 4 597	
Samtals:	4 895	21 083
Endurskoðun samninga um Íslenska járnblendifélagið	348	1 609
Samtals:	5 243	22 692

d. Þóknun til einstakra nefndarmanna:

Vegna samninga við Alusuisse.

Nefndarmenn og þóknun:		
Jóhannes Nordal seðlabankastjóri	21 000	36 000
Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur	14 000	24 000
Gunnar G. Schram prófessor	14 000	24 000
Hjörtur Torfason hrl.		24 000
Ritari nefndarinnar:		
Garðar Ingvarsson hagfræðingur	14 000	24 000
Fundi nefndarinnar sat:		
Páll Flygenring ráðuneytisstjóri	14 000	24 000
Greiðslur til starfsmanna:		
Vegna samninga við Alusuisse:		
Garðar Ingvarsson	212 810	392 768
Guðmundur G. Þórarinsson	86 207	345 612
Gunnar G. Schram	86 207	314 257
Jóhannes Nordal	86 207	294 621
Júlíus Sólnes	19 501	
Árni Kolbeinsson		12 000
Halldór J. Kristjánsson		61 000
Hjörtur Torfason		67 364
Vegna samninga við Sumitomo:		
Guðmundur G. Þórarinsson	21 552	140 272
Gunnar G. Schram	21 552	110 387
Jóhannes Nordal	25 144	113 375

e. Þóknun til einstakra ráðunauta (aðkeypt ráðgjöf):

Samningar við Alusuisse	6 807	
þar af ákveðið fyrir 1. júní	4 552	
Samtals:	2 255	14 391

Þóknun til einstakra ráðgjafa:	1983 kr.	1984 kr.
Coopers & Lybrand	1 218 367	3 560 135
Lipton	251 484	1 865 561
Fasken & Calvin		1 400 782
Surrey		1 100 648
Ragnar Aðalsteinsson	341 154	1 095 384
Eiríkur Tómasson	100 913	990 753
Tomas Kaufmann		854 952
Phillips & Vinberg		728 626
Hjörtur Torfason	132 500	679 745
M. F. Enginer	153 030	661 316
Endurskoðunarskrifstofa Sigurðar Stefánssonar		238 000
G. O. Gutman		217 972
Doyle Reporting		193 955
Iðntæknistofnun	248 391	141 302
Resource Strategi		133 480
Royal		111 833
Samuel Moment		97 854
Hringsjá		73 750
Gunnar G. Schram		66 521
Stefán Svavarsson		60 580
Stefán M. Stefánsson		22 000
J. King	50 167	

Aðrir minna en kr. 20 000.

f. Ferðakostnaður:

	1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
Samningar við Alusuisse	1 219	3 985
Endurskoðun samninga um Járnblendifélagið	126	1 030
Samtals:	1 345	5 015

g. Annar kostnaður:

	1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
	1 013	1 084

2. Stóriðjunefnd.

a. Heildarkostnaður: 1884 þús. kr.

b. og c. Sundurliðun eftir árum:

	1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
	208	1 676

d. Þóknun til einstakra nefndarmanna og starfsmanna:

	1983 kr.	1984 kr.
Birgir Ísl. Gunnarsson alþm.	12 600	26 401
Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur	5 000	11 602
Lárus Jónsson alþm.	5 000	8 600
Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur	5 000	8 600
Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri	5 000	11 600
Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri	5 000	10 400
Ritari nefndarinnar:		
Hermann Sveinbjörnsson deildarstjóri	5 000	12 200
Ráðunautur nefndarinnar:		
Garðar Ingvarsson hagfræðingur	5 000	12 200
Greiðslur til starfsmanna:		
Ólafur Ísleifsson		29 744

e. Þóknun til einstakra ráðunauta (aðkeypt ráðgjöf):

1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
4	220

Þóknun til einstakra ráðgjafa:	1984 kr.
Auk hf.	143 232
Ragnar Árnason	16 254
Kísilmálmvinnslan	27 911
Verkfræðistofa Baldurs Líndals	10 453

f. Ferðakostnaður:

1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
46	716

g. Annar kostnaður:

1983 þús. kr.	1984 þús. kr.
74	474

Efri deild, 82. fundur.

Þriðjudaginn 28. maí, að loknum fundi í Sþ.

Sementsverksmiðja ríkisins, frv. 382. mál (þskj. 611, n. 972 og 995, 973). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið frv. þetta til rækilegrar meðferðar. M. a. leitaði iðnn. eftir umsögnum ýmissa aðila um frv. og bárust henni nokkrar umsagnir. Er þar fyrst að telja umsögn frá stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, en þar eru menn ekki sammála um frv. þetta. Fjórir stjórnarmenn mæla gegn samþykkt frv. en einn stjórnarmaður, formaður fyrirtækisins, mælir með samþykkt þess.

Þá barst umsögn frá Starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríkisins. Þar kemur fram að þetta félag fagnar því að Alþingi skuli ætla að setja löggjöf um Sementsverksmiðju ríkisins. En þar er ekki talið að nægileg rök styðji það að breyta fyrirtækinu í hlutafélag.

Frá bæjarstjóranum á Akranesi barst nefndinni bréf og umsögn. Bæjarstjórinn taldi rétt að takmarka umsögn sína við þau ákvæði frv. sem beinlínis snerta bæjarsjóð Akraness og vísaði í því sambandi sérstaklega til 5. gr. frv. þar sem kveðið er á um að fyrirtækið skuli greiða landsútsvar er nemi 1% af aðstöðugjaldsstofni. Telur bæjarstjórinn að í þessu efni sé ekki nægilega gætt hagsmuna bæjarfélagsins.

Þá barst nefndinni og umsögn Sambands byggingarmanna. Niðurstaðan af því sem stendur í bréfi Sambands byggingarmanna er sú að aðrar leiðir séu æskilegri en sala hlutafjár í félagi um sementsverksmiðju án þess að með nokkru móti sé ljóst hvort notendur sements eða varnings sem inniheldur sement hafi áhuga á að gerast hluthafar. Það getur því ekki talist að um meðmæli með samþykkt frv. sé að ræða hjá Sambandi byggingarmanna.

Ég sagði í upphafi að n. hefði rækilega athugað frv. En n. komst ekki að samkomulagi um frv. Meiri hl. n. leggur fram nál. á þskj. 972 þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt. Í meiri hl. n. og að þessu nál. standa Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Björn Dagbjartsson og Stefán Benediktsson.

Ég skal ekki hér fara að ræða ítarlega efni frv., það var rækilega gert við 1. umr. af hæstv. iðnrh. Með frv. þessu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Sementsverksmiðjunnar. Það er talið rökrétt og eðlilegt að velja hlutafélagsformið um atvinnurekstur á vegum ríkisins. Hlutafélagsformið er bæði viðurkennt og vel þekkt félagaform, sem löggjafinn hefur sett ítarlegar reglur um eins og kunnugt er. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þess má og geta að í hlutafélagalögum eru ákvæði er vernda rétt minni hluta eigenda. Þar sem ríkið býður öðrum samstarf er því alveg sérstaklega viðeigandi að nota hlutafélagsformið. Það er þetta sjónarmið hæstv. ríkisstj. sem meiri hl. hv. iðnn. hefur fallist á, en hér er um stjfrv. að ræða.

Meiri hl. hefur gert eina brtt. sem er að finna á þskj. 973. Sú brtt. er við 3. gr. frv. og fjallar um það að á eftir fyrra málslið komi nýr málsliður er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til starfsmanna fyrirtækisins.“

Hér er um að ræða brtt. sem gerð er skv. ábendingu iðnrn. og nánast má líta svo á að það hafi láðst við samningu frv. að hafa þetta ákvæði með í frv. eins og það var lagt fram. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum nú í framsögu fyrir nál. meiri hl. iðnn. um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Nefndin sendi frv. til umsagnar stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins, Starfsmannafélags Sementsverksmiðju ríkisins, bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, Sambands byggingamanna og Félags ísl. iðnrekenda. Allir sendu nefndinni svör nema sá síðast taldi.

Þá komu á fund nefndarinnar framkvæmdastjórar Sementsverksmiðjunnar, þeir dr. Guðmundur Guðmundsson og Gylfi Þórðarson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, Ingimundur Sigurpálsson og forstjóri Kaupþings, Pétur Blöndal, en Kaupþing gerði úttekt á starfsemi verksmiðjunnar 1984.

Að mati minni hl. hefur ekkert komið fram við umfjöllun iðnn. um frv. sem mælir með samþykkt þess. Minni hl. telur fráleitt að breyta eignargrundvelli Sementsverksmiðju ríkisins án þess að til þess liggi gild rök. Minni hl. n. leggur því til að frv. verði fellt.

Að minnihlutaáliti standa auk mín Karl Steinar Guðnason og Davíð Aðalsteinsson.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Hæstv. forseti. Ég het kynnt mér álitsgerð minni hl. iðnn. í máli þessu. Ég minni á það að gefnu tilefni að frumvarpsflutningur þessi er í samræmi við stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. og þótt hann kunni nú að vera óheilagt plagg í ýmissa augum skyldi maður þó halda að einstaka maður leiddi hugann að margsamþykktum stefnuskrám Sjálfstfl. þegar þetta mál ber á góma.

En ég legg megináherslu á að sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst að færa ábyrgð til stjórnenda. Þessi breyting er ekki eðlisbreyting á fyrirtækinu að því leyti að hún verður áfram í yfirgnæfandi eigu ríkisins. Menn eru sammála um það að einokunarfyrirtæki eða fyrirtæki með slíka einokunaraðstöðu verði áfram í eigu ríkisins. Það væri ekki hollt að hún kæmist í hendur óprúttinna viðskiptajöfra, ef svo má að orði komast.

Með þessari breytingu er verið að gera tvennt: Að koma á, ef þess er kostur, atvinnulýðræði sem ég vissi ekki betur til en stjórnmálaflokkar nútímans hefðu lagt mjög mikla áherslu á þar sem fyrirtækin eru opnuð og starfsmönnunum gefinn kostur á því að eignast hlut í fyrirtækinu og öðrum sem kunna að vilja leggja því lið. En fyrst og seinast er verið að færa ábyrgð á hendur stjórnenda fyrirtækisins, færa ábyrgðina nær þeim sem hana eiga að bera og sem gerst eiga að vita um hag og hagsmuni og velferð fyrirtækisins. En hvernig hefur þetta verið? Þegar þetta mál væntanlega færi til Nd., gefst kostur á að hlýða þar líka á umsagnir þeirra sem hafa eigin reynslu að mæla.

Hv. 4. þm. Vesturl. var hér fyrir skemmstu að mæla fyrir minnihlutaáliti sem lagði til að þetta yrði fellt. Hann kann líka úr flokki að tala því að hann hefur setið í stjórn þessa fyrirtækis. Það kemur manni á óvart að þeir menn, sem eru tilbúnir til þess að þiggja svo ábyrgðarmikla stöðu sem þessa úr hendi Alþingis sem bitling, skuli færast undan því að taka ábyrgð sem einhverju nemur á rekstri fyrirtækisins, vexti þess og viðgangi vegna þess að undir núverandi skilyrðum er ábyrgðin eingöngu að nafninu til. Og það hefur enda reyndar aldrei verið eftir henni gengið.

Mig undrar sannarlega á því að flokkar, sem hafa gert það að stefnuskrármarkmiði sínu að auka atvinnulýðræði í landinu, skuli ekki sjá að hér er verið að opna leið til þess. Ég endurtek: Það er tvennt sem þetta felur í sér. Annað er það að gefa verkafólki kost á því að auka atvinnulýðræði með því að eignast hlut í fyrirtækinu og ábyrgð stjórnendanna.

Maður skyldi halda að þeir, sem slá um sig með því að mínar tillögugerðir séu tímaskekkja, hefðu kynnt sér að það eru liðnir áratugir síðan hinir harðmúruðu ríkisrekstrarmenn í Svíþjóð tóku upp á að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækja í hlutafélög. Hvers vegna? Vegna þess að þau eru miklu auðveldari viðfangs og eiga betur við til samræmis við annan rekstur í þjóðfélaginu. Þau eru ekki eins þung í vöfum, það tekur ekki nálægt því eins langan tíma að koma fram endurbótunum, að koma fram hagsmunamálunum, og það gerist í ríkiskerfinu.

Hvaða reynslu ætli Sementsverksmiðja ríkisins hafi af ríkisrekstri hins opinbera? Það mætti áreiðanlega flytja langt mál um það hvernig menn hafa gengið frá Heródesi til Pílatusar, hvernig hið staðnaða embættismannakerfi hefur löngum og löngum dregið lappirnar og orðið hindrun í vegi eðlilegrar starfsemi þessa fyrirtækis. Ég vík kannske að því síðar.

Það vill svo til að ég er nákunnugur rekstri þessarar verksmiðju og alveg sér í lagi á því tímabili þegar menn tóku til höndum við að reisa það við úr þeim rústum sem fyrirtækið var í á árunum. Það voru ungir framkvæmdastjórar sem þar tóku til höndum. En ég, sem stjórnaði peningamálum til að greiða fram úr þeirri flækju, varð lítt eða ekki var við þá sem ella skyldu hafa axlað byrðarnar, sjálfa stjórn verksmiðjunnar.

Svíar hafa fyrir margt löngu tekið upp á þessari breytingu. Fyrir utan það að auka atvinnulýðræði með því að gefa fólkinu sjálfu, starfsfólkinu, kost á að kynnast starfsemi félagsins og fyrirtækisins, þá var ein aðalmeining þeirra að verkalýðsfélögin og samtökin gætu átt kost á að kaupa hlutafé í félögunum, ekki til þess að fara að ráða þeim aðra stjórn og aðra vísu, heldur til þess að kynnast innviðum fyrirtækjanna. Þetta var m. a. gert með orkufyrirtækin sjálf í Svíþjóð.

Þegar ég fyrst kynntist þessu árið 1960 rak ég upp skjáina. Ég undraðist þessa aðferð, þar sem verkalýðssamtök, eins og Samband verslunar- og skrifstofufólks í Svíþjóð, áttu stóra hluti í vatnsaflsstöð. En skýringarnar voru einfaldar. Þetta var til þess gert að þeir ættu kost á því að kynnast innviðunum sjálfum vegna þess að þá fyrst ættu forkólfar verkalýðssamtaka að vera í færum um að móta heilbrigða, skynsamlega stefnu fyrir fyrirtækin og launþegana hvoru tveggja ef þeim gefst kostur á að taka þátt í slíkum rekstri. Þetta eru þær undirstöður sem því valda að hér er þetta frv. borið fram.

Menn eru á eitt sáttir um að hlutafélagalöggjöfin sé hið fullkomnasta form á félagarekstri og fyrirtækjarekstri. Ég held að menn deili ekki um það. Alþingi, hygg ég, fékkst við þessa lagasmíð í nærfellt áratug, endurskoðun hlutafjárlaganna, og það var ekki kastað höndunum til þess. Hver var breytingin m. a. að því er lýtur að skilagreinum fyrir fyrirtækið? Með hvaða hætti er því háttað hjá ríkisreknum fyrirtækjum, alríkisreknum fyrirtækjum? Það er auðvitað enginn aðalfundur haldinn. Það eru gefnir út reikningar sem eru einskorðaðir með einum hætti við það sem tíðkast hjá ríkisbókhaldinu, ekki nýtísku bókhaldi sem á að gefa fyrirtækinu frá degi til dags að kalla nauðsynlegar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins. Það eru engar nýjar hugmyndir sem koma fram á aðalfundum, engar ábendingar, engin gagnrýni. Stjórnendur eru aldrei kallaðir til. Þeir

eru kosnir daufdumbri kosningu á fjögurra ára fresti á hinu háa Alþingi og sitja meðvitundarlitlir í næstu fjögur ár.

Að menn skuli ekki vera hærra á hrygginn reistir en svo að þeir frábiðja sér að taka meiri ábyrgð á fyrirtæki sem menn skyldu halda að þeir hefðu áhuga á að gengi vel og væri skynsamlega rekið, það finnst mér ekki mannboruleg frammistaða. Þeir hefðu átt að fagna því að fá tækifæri til þess að færa ábyrgðina nær sér, að geta sem raunverulegir ráðamenn tekið beinan þátt í rekstri og starfsemi fyrirtækisins. En því er ekki að heilsa vegna þess að þeir tveir hv. þm. sem sæti eiga í stjórn verksmiðjunnar virðast hafa báðir tveir tekið afstöðu gegn þessu og færast undan ábyrgðinni.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara nákvæmlega í þær athugasemdir sem hér eru birtar og eru álitsgerð fjögurra stjórnarmanna úr Sementsverksmiðjunni. Að vísu hafði hv. þm. Friðjón Þórðarson skrifað undir þetta með fyrirvara. Hér segir frá í fyrstu athugasemd frá þessum hinum fjórum stjórnarmönnum, með leyfi virðulegs forseta:

„Við teljum að sú breyting á eignarformi verksmiðjunnar, sem frv. gerir ráð fyrir, þurfi annaðhvort að byggjast á einhverjum vandkvæðum, sem komið hafa upp í rekstrinum á liðnum árum, eða að skilmerkileg rök séu fyrir því að breyting verksmiðjunnar í hlutafélag gefi betri rekstrargrundvöll.

Hvoru tveggja hef ég minnst á hér, drepið á og rakið og fært rök fram fyrir. Það voru stórfelld vandkvæði í rekstri þessarar verksmiðju um langt árabil. Hvernig brá þáv. stjórn verksmiðjunnar við þegar stjórnvöld höguðu sér með þeim hætti að fyrirtækið var á hliðinni og lá við gjaldþroti? Hvar heyrðust þeirra athugasemdir? Hvar var þeirra ábyrgð þá? Ætli það kynni ekki að bera til að þeir tímar gætu runnið aftur að stjórnvöld tækju til slíkra vandræðaráða að falsa vísitölu, að leyfa ekki fyrirtækjunum að selja vöru sína eins og þau þurfa til þess að geta borið sig. Hvernig er komið fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins sem einu sinni var hlutafélag en svo upp á því tekið, sem aldrei skyldi verið hafa, að breyta því í alríkisrekið fyrirtæki? Hvernig er komið högum Áburðarverksmiðju ríkisins og bænda sem við hana þurfa að búa? Menn ættu að kynna sér það. Rekin með bullandi halla frá upphafi að kalla má og amerísk dollaralán slegin á ári hverju til þess að jafna hallann.

Fyrirtæki, sem starfað hefur í 27 eða 28 ár, er á barmi gjaldþrots og væri gjaldþrota ef ríkið stæði ekki á bak við skuldbindingar þess með öllum sínum eigum og þarf að selja áburð sinn við því verði að bændur landsins eru í engu færir um að kaupa hann. Ætli það hefði ekki hagað öðruvísi til ef stjórn, sem bar raunverulega ábyrgð á rekstrinum, hefði verið þarna og haldið um stjórnvölinn? Ætli það kynni ekki að vera að það hefði öðruvísi hagað til? Menn ekki eingöngu frestuðu því til morguns sem þurfti að gera í dag í öllum fyrirtækjum, heldur frestuðu því árum og áratugum saman. Ég hlýt að spyrja að því — hæstv. landbrh. er því miður fjarri: Ætla menn að horfa á áframhaldandi rekstur hjá Áburðarverksmiðju ríkisins með þeim hætti sem dæmin sanna að kalla frá upphafi? Þetta er einn þátturinn í gjaldþrotastefnunni sem fylgt hefur verið og gjaldþrotaástæðum okkar eins og menn þekkja erlenda skuldastöðu okkar.

Það eru engin andmæli eða andrök gegn þessari breytingu þótt nú séu betri tímar hjá Sementsverksmiðju ríkisins en lengst af. Hvernig og af hvaða orsökum er það? Það hefur ekki verið haldið áfram gjaldþrotastefnunni í eins harkalegum mæli og meðan vísitölufölsunin á sér stað, það er rétt. En hv. 4. þm. Vesturl. mætti gjarnan upplýsa okkur um frumástæður þess og orsök að undir þetta fyrirtæki var skotið stoðum á næstliðnum árum. Mér er kunnugt um málið vegna þess að ég átti að heita forstjóri fyrir Framkvæmdasjóð ríkisins um árabil. Það var sá sjóður sem tók þessa verksmiðju greiðsluþrota og á hliðinni upp á arma sína og leysti vandamál hennar. En enginn hafði verið kallaður til ábyrgðar fyrir hversu málum skilaði þar fram og það fann enginn til sín við það nema framkvæmdastjórar þeir nýju sem að henni voru ráðnir. Hafði þó Svavar heitinn Pálsson mjög barist um á hæl og hnakka að rétta hlutina við frá því sem áður var en fékk ekki nægjanlegu framgengt og fékk lítinn sem engan stuðning af þeirri stjórn sem átti að heita í fyrirtækinu.

Þessar breytingar, sem hér hafa átt sér stað varðandi kolakyndingu, ryðhreinsitæki og kísilryk, eru góðar upplýsingar en þær hnekkja ekki þessum rökum sem ég hef hér fært fram um breytingu á yfirstjórn verksmiðjunnar. Skuldastaðan var hörmuleg. Fyrirtækið var greiðsluþrota. Það hefur raknað mjög úr og er vonandi að það haldist. Þetta fyrirtæki hefur alla burði og aðstöðu til þess að verða fyrirmyndarfyrirtæki sem getur borgað skatta sína til þjóðfélagsins. En það er líka rétt að við breytinguna yfir í hlutafélag mundi skattskylda þess aukast töluvert vegna aukaskatta. Og ætli þeim veiti af sem við ættu að taka. Það er ekkert annað eðlilegt en að þessi fyrirtæki í ríkiseign borgi alveg til jafns við aðra skatta af rekstri sínum.

Hér segir í fyrsta lagi, með leyfi virðulegs forseta: „Vita allir sem vilja vita að Sementsverksmiðja ríkisins þarf ekki á neinu björgunarliði að halda til að tryggja góðan rekstur.“ Hvað ætli hefði verið sagt ef svona setning hefði verið sett saman af stjórnarmanni fyrir eins og tíu árum síðan? Menn hefðu haldið lengi um magann af hlátri eða ofboðið slík fullyrðing því að Sementsverksmiðja ríkisins þurfti á mjög sterku björgunarliði að halda. Það björgunarlið birtist í Framkvæmdasjóði ríkisins. Það eru ýmsir hér inni sem áreiðanlega minnast stórkostlegrar fjármagnsfyrirgreiðslu við þetta fyrirtæki árum saman og stærstu fyrirgreiðslu sem Framkvæmdasjóður veitti af því að menn höfðu trú á hinum nýju framkvæmdastjórum sem að málum komu og vildu greiða þeirra veg, aldrei neitt málskot til neins eða neinna frá þeirri stjórn sem raunverulega hefði átt að hafa forystuna og axla ábyrgðina.

Hér segir svo í framhaldi: „Henni“ — sementsverksmiðjunni — „nægja heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir.“ En til þess að hún haldi heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum þarf hin raunverulega stjórn verksmiðjunnar að axla meiri ábyrgð, standa fastar í ístöðunum og láta ekki yfir sig ganga eins og hún gerði árum saman, hafandi það fyrir framan sig að engu máli skipti, ríkið yrði að borga brúsann hvort sem var, gerandi aldrei skil á neinu gagnvart neinum og aldrei beðnir um það.

Hér segir svo, með leyfi virðulegs forseta, en svo að ég stytti nú tilvitnanir mínar í þennan lestur: „Frv. þetta

raskar stöðu starfsmanna sem ekki er hægt að ætlast til að þeir séu ánægðir með. Fram hjá þessu atriði verður ekki gengið," segir í ályktun fjögurra stjórnarmanna. Þeir láta svo sem þeir hafi ekki séð frv. og þá breytingu sem gerð var við til leiðréttingar og hefur verið flutt af meiri hl. iðnn. Ég veit ekki hvaða tilgangi slíkur málflutningur þjónar en það hljóta að vera mögur rök sem hrekja menn til þess að grípa til slíkra óyndisúrræða vegna þess að 3. gr. frv. felur í sér að það verði lögbundin full réttindi þessara starfsmanna og það verði ekki við þeim réttindum hruggað í einu né neinu og tekin af tvímæli með þeirri viðaukatill. sem flutt hefur verið að beiðni iðnrn. við þessa grein til þess að taka af tvímæli. Ef mönnum hefði verið alvara í hug, þá hefði ég ekkert haft á móti því og mig minnir fastlega og ég fullyrði að ég hafi getið þess ef menn væru sérstaklega andstæðir ákvæðunum um skipan stjórnarinnar, þá hefðu menn átt að bregða á það ráð að koma með till. til breytinga í því efni.

Það ætlar enginn að fara að beita neinum ólýðræðislegum vinnubrögðum. Það sem beðið er um er að menn axli ábyrgð og standi skil á þeim verkum sem mönnum eru falin, engum sáábyrgðarverkefnum eins og að stjórna Sementsverksmiðju ríkisins, sem er eitt stærsta fyrirtæki þessa lands. Ég veit ekki hvað ætti að taka til viðmiðunar í stærri þjóðlöndum. Ég efast um að General Motors séu eins stórt fyrirtæki að tiltölu í Bandaríkjunum og Sementsverksmiðjan á Íslandi ef við jöfnum saman fjármálakerfum þessara þjóðlanda.

Það er rétt, ég hef vegna þeirrar framvindu mála á betri veg hjá Sementsverksmiðju ríkisins ekkert sparað lof um þá sem fyrir þeim breytingum hafa staðið. Þetta hef ég tekið fram. Gagnrýni mín er meira almenns eðlis. Þó að ég taki nú — af því að hún er í umræðu — Sementsverksmiðjuna sem dæmi er ég að beina spjótum mínum gegn þessu fyrirkomulagi og stjórnarháttum sem viðgangast í ríkisreknu fyrirtækjunum. Af þeim ástæðum, sem við blasa og mér voru kunnugar frá fyrstu hendi, hef ég gefið þessari þróun mála gott orð og þarf ekkert að taka af því. En þetta breytir ekki neinu í afstöðu minni til þeirra breytinga sem hér eru lagðar til því að þar er verið að skjóta stjórnarstoðum sérstaklega og ábyrgðarstoðum undir þetta fyrirtæki upp á framtíð alveg öfugt við það sem hér segir, að verið sé að „stofna fyrirtæki í tvísýnu sem þjóðinni hefur reynst vel í tæp 30 ár."

Mikið þjóðþrifafyrirtæki en hryggilega rekið lengst af. Hér er, eins og ég segi, alveg öfugt að málafylgjunni og röksemdafærslunni staðið. Það er ekki tímaskekkja að auka atvinnulýðræði í fyrirtækjum. Það er þvert á móti ný stefna, ung stefna, sem þjóðmálaflokkar hafa tekið upp og verkalýðshreyfingin leggur mikla áherslu á sem von er til. Það er ekki tímaskekkja að menn takist á herðar þá ábyrgð sem þeim ella er lögð á herðar þótt hún sé ekki svo í framkvæmdinni. Og að færa valdið nær þeim sem best og gerst þekkja til hlutanna er áreiðanlega ekki tímaskekkja, heldur rétt stefna.

Virðulegur forseti. Ég hef farið kannske fullmörgum orðum um þetta mál. En mér er það afar hugleikið því að nú reynir á hvort menn yfirleitt vilja víkjast undir þessa aðferð sem ég hef sannfærst um, af þeim ástæðum sem ég hef hér fram talið, að er rétt stefna. Þess vegna er mér auðvitað mikið í mun að hún nái fram að ganga því að fleiri fara á eftir.

Ég féllst á, vegna beiðni samstarfsflokksins, Framsfl., að hinkra með framlagningu frv. um breytingu á ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Ég gerði það aðallega með tilliti til þess að þetta fyrirtæki starfar einvörðungu fyrir stjórnarráðið og Alþingi og í raun og veru ætti Alþingi að manna sig upp og kaupa þessa prentsmiðju því að svo mikið á Alþingi undir að hún starfi vel. En ég hef látið taka saman fyrir mig álitsgerð af óvilhöllum aðila um þetta fyrirtæki og öll rök, sem þar eru tínd fram, hníga að því að þetta sé rétt stefna.

Það var lengst af svo að þar var engin stjórn. Þegar menn tala nú um, hv. 4. þm. Vesturl., að menn skuli vara sig á að beita ólýðræðislegum vinnubrögðum eins og þeim að iðnrh. ætlar sér skv. frv. þessu að skipa meiri hl. stjórnarinnar skulu menn hafa í huga að fyrirrennari minn mótaði þá stefnu að skipa einhendis menn t. a. m. í stjórn Orkustofnunar. Ég tók þetta eftir honum varðandi ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og setti henni þriggja manna stjórn. Ég get ekki alveg svarað því hvort þetta stenst alveg stjórnskipulega, en þetta framkvæmdi ég og mundi þá bregða á það ráð að kalla á þá nefnd til að starfa að málefnum ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg ef á þyrfti að halda, en menn hafa ekki fett fingur út í þessa aðgerð.

En það er ýmislegt fróðlegt sem kemur fram, þ. e. um skilagrein alla og um stjórnun á fyrirtækjunum sem er undirstöðuatriðið. En það er líka rétt, þessi fyrirtæki yrðu að borga meiri skatta. Ég get nefnt sem dæmi og til fróðleiks að árið 1984 voru aðstöðugjald, kirkjugarðsgjald og iðnlánasjóðsgjald hjá Gutenberg samtals 466 685 kr. En hefði hér verið um hlutafélag í eigu ríkisins að tefla hefði þetta breyst þannig að gjöld hennar vegna eignarskatta hefðu hækkað um 331 751 kr.

Ég segi: Hvers vegna eiga fyrirtæki, sem sitja nú svo vel að verkefnum eins og ríkisprentsmiðjan Gutenberg sem hefur sem mest að vinna og í fullum höndum að vinna fyrir Stjórnarráð Íslands og Alþingi, ekki að standa skil á sköttum og skyldum eins og önnur fyrirtæki í þjóðfélaginu? Ég hélt að vegna samanburðar og alls annars hlyti það að vera eðlilegt að velja fyrirtækjum í þjóðfélaginu sem líkast form, annað tveggja eins og við höfum gert á hinum frjálsa markaði einstaklinga og félagshyggju, samvinnufélagsfyrirkomulagið, sameignarfélagsfyrirkomulagið, hlutafélagafyrirkomulagið, en ekki að hafa þessa sérstöðu sem hefur því miður ekki reynst vel eins og ríkisfyrirtæki hafa fram að þessu verið upp byggð.

Ég ítreka, virðulegi forseti, mikinn áhuga minn á að mál þetta nái farsællega í höfn. Ég er sannfærður um að þegar menn líta á þetta af rósemi hugans og þær skýringar eru gefnar, bæði gagnvart starfsmönnum og öðrum sem láta sig þessi mál varða, þá muni menn komast að raun um að hér er mál í framfaraátt.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr. Ég heyri það mjög vel hvað það er hæstv. iðnrh. mikið kappsmál að koma þessu máli í gegn. Þegar frv. var lagt fram hér við 1. umr. óskaði ég mjög eindregið eftir því að leitað yrði álits starfsmanna fyrirtækisins og bæjarstjórnar Akraness um það hvernig þeir litu á þessi mál því að það er nú einu sinni svo að um stórt fyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins, sem er okkar elsta stóriðjufyrirtæki

og það fyrsta hér á landi og menn eru búnir að alast upp með í þennan tíma, vilja menn fá að segja hvernig fyrirhuguðum breytingum á rekstri skuli háttað.

Ég hef sagt það við hæstv. iðnrh. og get sagt það hér enn að ég er tilbúinn að líta á ýmsar breytingar í þessu sambandi. En ég tel varhugavert mjög að keyra þetta mál það hart í gegn að ekki sé tími til þess að kynna það réttum aðilum — ég á þar við starfsmenn verksmiðjunnar og bæjaryfirvöld á Akranesi.

Það er ekki jarðvegur fyrir þessari breytingu í dag. Ég hef verið mikið uppi á Akranesi og kynnt mér málin algerlega öfgalaust hjá þessum aðilum og þeir eru ekki tilbúnir til þess að fara inn á þessa braut. Þeir segja nokkuð réttilega og það stendur í manni að skýra það: Það á að selja 20% af þessu ríkisfyrirtæki, enn þá vitum við ekki á hvaða verði. Það liggur ekkert mat fyrir á því hvað við fáum út úr þessu dæmi, þ. e. hvaða breyting verður á fyrirtækinu. Ríkið ætlar sjálft að eiga áfram 80% og tryggja sig þannig sem aðalrekstraraðili að fyrirtækinu og er allt gott um það. En hverju breyta þessi 20% í rekstri fyrirtækisins?

Þá kem ég að því aðalefni sem ég taldi mig neyddan til að fara hér um nokkrum orðum. Ég harma að hæstv. iðnrh. skyldi hafa þau orð hér áðan um núv. og fráfarandi stjórnir þessa merka fyrirtækis að stjórnarmenn séu kosnir daufdumbri kosningu og sitji þar meðvitundarlitlir í fjögur ár. Þetta eru stór orð, hæstv. iðnrh., bæði við þá menn sem nú sitja í stjórn og eins þá sem setið hafa þarna í stjórn en eru nú látnir og hafa látið sig þetta fyrirtæki miklu varða. Þess vegna hlýt ég sem Akurnesingur að mæla á móti þeim orðum sem þarna voru látin falla. Ég ætla ekki að nefna hér nöfn en ég man eftir fyrrv. þm. Jóni heitnum Árnasyni og öðrum slíkum sem lögðu mikið á sig í sambandi við þetta fyrirtæki.

Ég er ekki að vanþakka það sem Framkvæmdastofnun hefur gert fyrir fyrirtækið. Það er allt gott um það og það skal þakkað en það má ekki jafnframt kasta rýrð á þá sem eru gengnir í þessum efnum. Samskipti mín við þetta fyrirtæki sem bæjarfulltrúi á Akranesi og forseti bæjarstjórnar um langan tíma hafa oft verið góð. Auðvitað hefur komið til átaka í þessum málum við stjórnir fyrirtækisins. En ég fullyrði að stjórnirnar hafa reynt að hrinda þar málum áfram eins og mögulegt er. Þeir menn, sem núna sitja í stjórn verksmiðjunnar eða eru framkvæmdastjórar, hafa ekki verið dragbítar á rekstri þessa fyrirtækis. Þess vegna ítreka ég þær óskir mínar að þetta frv. fái örlitla hvíld og betri skoðun áður en það er lagt hér fram til endanlegrar afgreiðslu. Hvort það er líf eða dauði skal ég ekki segja um, en ég legg til að það verði betur skoðað heima í héraði og af stjórnvöldum.

Sem sjálfstæðismaður er ég fylgjandi því að við gerum sem mest að því að hafa frjálsan rekstur. En við verðum alltaf að nema staðar og skoða hvernig staðan er á hverjum tíma. Ég tek það ekki til mín þó að það sé sagt hér að margyfirlýst stefna Sjálfstfl. sé sú að selja öll fyrirtæki í ríkiseign. Það hlýtur að verða að skoðast á hverjum tíma og ég ligg ekki á skoðun minni í því að þessu frv. í þessu formi er ég á móti. Ég sé enga breytingu við það enn þá, að bæjarsjóður Akraness sé leiðréttur með þá tölu sem er í frv. með 1% aðstöðugjaldsstofn sem þar á að greiða. Hann hefur haft 2% fram að þessu. Það á að rýra það. Þetta fyrirtæki á ekki að bera sömu skatta og önnur hlutafélög t. d. til Akranesbæjar þó að það verði hlutafélag.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. endurtók nú mikinn hluta af þeirri ræðu sem hann flutti hér við 1. umr. þessa máls og undirstrikaði þá þætti sem hann teldi mikilsverða til hagsbóta fyrir Sementsverksmiðju ríkisins með samþykkt þess frv. sem hér er til umr. En í upphafi síns máls undirstrikaði hann það að hér væri um að ræða eitt af stefnumálum ríkisstj. og tekið væri fram í stefnuskrá ríkisstj. að að því skyldi vinna að ríkisfyrirtæki skyldu seld og lagði á þennan þátt þunga áherslu.

Í öðru lagi lagði ráðh. áherslu á það að með þessu frv. væri verið að færa ábyrgð til stjórnenda. Hann lagði mikla áherslu á það hvað þeir, sem stjórnað hefðu Sementsverksmiðju ríkisins til þessa dags, hefðu verið lélegir. Hann lýsti því að framkvæmdastjórar fyrirtækisins hefðu í ýmsum tilvikum þurft að koma til lánastofnana og biðja þar um aðstoð við rekstur þessa fyrirtækis og þar hefði lítið til komið stuðningur stjórnar.

Með ýmsum orðum lýsti hann því hvernig fyrrv. forustumenn og fyrrv. og núv. stjórnarmenn Sementsverksmiðju ríkisins hefðu staðið sig illa. Hann átti þar ekki aðeins við Skúla Alexandersson sem stendur hér heldur líka, eins og hér var nefnt áðan, Jón Árnason, Pétur Ottesen og fleiri mæta menn sem setið hafa í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Ég mótmæli þeim áburði sem hér var hafður í frammi við þessa mætu menn. Hæstv. iðnrh. leggur til með þessu frv. að stjórnarmenn verði kjörnir með þeirri aðgerð að þeir verði skipaðir af ráðh. Það er að mínu mati daufdumb kosning og allt annars eðlis en að vera kjörnir af löggjafarsamkomu þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga. Hæstv. iðnrh. fór þannig orðum um þá aðgerð, eins og reyndar 3. þm. Vesturl. minnti á, að það hefði verið með daufdumbri aðferð að kjósa menn til stjórnarstarfa á Alþingi Íslendinga. Slík er virðing hæstv. ráðh. fyrir þessari stofnun.

Hæstv. ráðh. gerði mikið úr því að hann sem forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins hefði bjargað Sementsverksmiðju ríkisins allt að því frá því að fara á hausinn, þetta hefði verið næstum því greiðsluþrota eða gjaldþrota fyrirtæki. Ég mótmæli þessum fullyrðingum líka. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að hæstv. ráðh. hafi við þær aðstæður komið fram sem réttlátur bankastjóri. En hann gerði akkúrat ekkert meira. Hann lánaði þessu fyrirtæki, þessu reksturslega trygga fyrirtæki fjármagn, fjármagn sem til þess var útvegað, ekki bara af ráðh. heldur af þjóðinni.

Sverrir Hermannsson sem forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur aldrei bjargað Sementsverksmiðju ríkisins á þann máta sem hann var að reyna að lýsa hér. Það er mjög langt frá því. Þó að ýmis ár hafi verið þannig í rekstri Sementsverksmiðju ríkisins að þar hafi verið erfitt um vik hefur aldrei legið við neinum greiðsluþrotum eða gjaldþrotum. Það er mjög langt frá því þó að á ýmsum tímum og einmitt fyrir svona 8—10 árum hafi setið frekar lélegar ríkisstjórnir og verið með falsaða vísitölu og gert ýmsa hluti til þess að auka erfiðleika í rekstri fyrirtækisins. Þrátt fyrir það hafa stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fyrirtækisins séð til þess og stjórnað fyrirtækinu á þann máta að þetta fyrirtæki hefur alltaf staðið vel í hlutverki sínu.

Hæstv. ráðh. benti einnig á það að með því að fyrirtækið væri gert að hlutafélagi yrði haldinn aðalfundur, fundur til þess að spjalla um stöðu og málefni fyrirtækisins. Mikið rétt, það er af hinu góða. En það eru engir erfiðleikar, ekkert vandamál að skapa nákvæmlega svipaða stöðu með því að breyta lögum eða gera ný lög um Sementsverksmiðju ríkisins og ákvarða henni aðalfund. Einmitt sá þáttur er í því frv. sem ég ásamt fleiri þm. hef flutt hér í hv. deild. Þar er lagt til að verði aðalfundur skipaður hagsmunaaðilum, starfsmönnum, viðskiptaaðilum, iðnaðarnefndum þingsins, eigendunum. En aðalfundur sem hugsaður er út frá hlutafélaginu er skipaður fulltrúum hugsanlegra eigenda, hugsanlegra hluthafa og svo mönnum sem skipaðir eru af hæstv. iðnrh. hver sem hann verður á hverjum tíma. Mín tilfinning er sú að þessi aðalfundur hlutafélagsins væri ekki æskilegri vettvangur til umr. um starfsemi Sementsverksmiðju ríkisins en sá aðalfundur sem hægt væri að byggja upp með nýjum lögum um Sementsverksmiðju ríkisins. Þannig fer um röksemd þá.

Ég held að þessar tvær röksemdir um ábyrgð stjórnenda og um aðalfund falli algerlega um sjálfar sig. Stjórn sem skipuð er af iðnrh. er að mínu mati mun lengra frá því að vera ábyrg stjórn en stjórn sem kosin er af Alþingi Íslendinga og aðalfundur, sem er skipaður á þann máta sem hæstv. iðnrh. leggur til í frv. sínu, er miklu fjær því að geta fjallað af ábyrgð um verkefni og starfsemi Sementsverksmiðju ríkisins en fundur í slíkri mynd sem við leggjum til í frv. okkar.

Ég sé ekki ástæðu til að elta ólar frekar við það sem hæstv. ráðh. var að fetta fingur út í í áliti meiri hluta stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins. Ég vil þó minnast á 5. liðinn, — en ráðh. gerði mjög lítið úr því að við höfum leyft okkur að setja þar í svohljóðandi klásúlu: „Frv. þetta raskar stöðu starfsmanna sem ekki er hægt að ætlast til að þeir séu ánægðir með. Fram hjá þessu atriði verður ekki gengið.“ Í fyrsta lagi vorum við að fjalla um frv. óbreytt og ekki með þeirri till. sem síðar kom fram. Í öðru lagi, þrátt fyrir þá breytingu raskar samþykkt þessa frv. stöðu starfsmanna að því leyti að þeir eru ekki lengur starfsmenn hjá hreinu ríkisfyrirtæki heldur starfsmenn hjá hlutafélagi. Ráðh. getur gert lítið úr þessari röskun en hún er samt fyrir hendi.

Ég vil svo undirstrika það að ég heyrði ekki enn neitt í ræðu ráðh. sem færði aukin rök að samþykkt þessa frv. Það er að meginhluta til endurtekning á því sem hæstv. ráðh. sagði hér við 1. umr. Jafnvel gefur málflutningur hans og ummæli um fyrrv. og núv. stjórnarmenn enn þá frekar tilefni til þess að þetta frv. verði fellt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þessari frumvarpsnefnu hæstv. iðnrh. má gefa ýmis nöfn. Það mætti t. d. kalla það rökleysufrv. Það hafa engin rök komið fram í umr. á Alþingi né, að því er mér best er kunnugt, í umfjöllun iðnn. um málið sem mæla með þeirri breytingu sem hæstv. iðnrh. leggur til.

Í öðru lagi mætti kannske kalla þetta frv. líka landsfundarfrv. Það kom hér fram rétt fyrir landsfund Sjálfstfl. til þess að hæstv. iðnrh. gæti þar veifað enn einu plagginu um að nú væri hann ýmist að selja, gefa eða láta frá sér með öðrum hætti allar þær eigur ríkisins sem honum var trúað fyrir þegar hann settist í ráðherrastól. En það er sitthvað fleira um þetta frv. að segja.

Hæstv. iðnrh. flutti hér stóryrta ræðu er frsm. nefnda höfðu gert grein fyrir máli sínu. Þótti mér kasta tólfunum þegar ég hlýddi á mál hans. Ég átti satt að segja ekki von á því að hæstv. ráðh. byrjaði á því að snupra stuðningsmenn ríkisstj. sem hafa vogað sér og leyft sér að hafa aðra skoðun á málinu en hæstv. iðnrh., það gerði hann. En hann gekk lengra. Með fullri virðingu fyrir hæstv. iðnrh. þá gekk hann lengra í sínum málflutningi en nokkrum manni er sæmandi hér í ræðustól á Alþingi og það er búið að víkja að því hér nokkrum orðum áður. Ég ber virðingu fyrir hæstv. iðnrh. og met kosti hans á margan hátt en þarna gerðist hann of stórorður og allt of stórorður, í fyrsta lagi þegar sagt er um hv. þm. að þeir kjósi hér daufdumbri kosningu og í öðru lagi um þá einstaklinga, sem kosnir eru til trúnaðarstarfa af hálfu Alþingis til að stjórna ríkisfyrirtækjum, að þeir sitji þar meðvitundarlitlir. Þessu hafa þegar verið gerð skil og það hefur verið minnst á ýmsa ágæta menn sem sæti hafa átt í stjórn þessa fyrirtækis og ég efast ekki um að hafa starfað þar af góðum hug og með hagsmuni fyrirtækisins fyrir augum.

Ég minni á það að einn þeirra manna, sem alllengi áttu sæti í stjórn þessa fyrirtækis, er maður sem nú er búið að kjósa til æðstu trúnaðarstarfa í Háskóla Íslands og gegnir þar rektorsstarfi. Þegar það er sagt hér um hann og ýmsa þá fleiri ágætu menn sem hér hafa verið taldir að þeir hafi setið þarna í stjórn meðvitundarlitlir þá eru það, leyfi ég mér að vona, orð sem hæstv. iðnrh. hafa hrotið hér af tungu án umhugsunar. Ég trúi ekki öðru en að hann komi hér í þennan ræðustól og taki þau orð aftur og biðjist velvirðingar á þessum ummælum sem voru vanhugsuð og sem þeir, sem ummælin voru um höfð, áttu engan veginn skilið. Hæstv. iðnrh. væri sannarlega maður að meiri ef hann gerði það og það vona ég og trúi að hann geri þangað til að annað kemur í ljós.

Það er undarlegt þetta kapp sem lagt er á þetta mál. Fjórir af fimm stjórnarmönnum fyrirtækisins hafa lagst gegn því. Innan bæjarstjórnar Akraness eru uppi raddir um að óska eftir að málinu verði frestað þannig að það geti fengið betri athugun. Ég trúi því ekki að hæstv. iðnrh. ætli að beita valdi sínu með þeim hætti að knýja þetta mál hér fram þrátt fyrir þessa stöðu. Þá gerðist hann sekur um að beita valdi á þann hátt sem í ágætri ævisögu séra Árna Þórarinssonar er kallað ónotavald. Og það er ekki af hinu góða.

Hann hafði um það hér ýmis orð að með frv. væri verið að auka atvinnulýðræði. Þetta er út í hött. Ef menn vilja auka atvinnulýðræði í þessu ríkisfyrirtæki eins og öðrum þá eru til þess óteljandi leiðir aðrar og á þær hefur verið bent hér á Alþingi, þær hafa bara ekki hlotið náð fyrir augum þess meiri hl. sem nú stjórnar landinu.

Hvaða tilgangi þjónar það í þessu rökleysufrv. að selja 20% hluta ríkisins í þessu fyrirtæki, þ. e. að ríkið eigi 80% en einhverjir aðrir aðilar eigi 20%? Ég hef haldið því fram að þarna væri með ákveðnum hætti verið að koma hagsmunaaðilum eins og steypustöðvunum inn í rekstur þessa fyrirtækis. Ég sé enga ástæðu til þess. Ég tel að þetta fyrirtæki sé betur komið í eigu ríkisins alfarið og að þær umbætur, sem menn vilja gera á rekstrinum og á stjórnarfyrirkomulagi, sé hægt að gera með ýmsum öðrum hætti en að selja, gefa eða skenkja

burt 20% af eignarhluta ríkisins í fyrirtækinu. Það eru margar leiðir til þess.

Hæstv. ráðh. ræddi hér nokkuð um prentsmiðju ríkisins Gutenberg, gamalt fyrirtæki á gömlum merg. Það var á honum að skilja að Alþingi ætti að kaupa það fyrirtæki, eiga það og reka. Mér sýnist eitt rekast á annars horn í þessum málflutningi. Ef samræmi á að vera í hlutunum, af hverju er þá ekki þetta fyrirtæki selt eða gefið? Það væri eftir öðru.

Það er ekkert á móti því að ríkið eigi svona fyrirtæki, það á ekki að vera nein meginregla og auðvitað eiga ríkisfyrirtæki að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki, það finnst mér vera meginatriði og það má ræða ýmsar leiðir og ýmsa möguleika í sambandi við stjórn þessara fyrirtækja.

Hæstv. ráðh. sagðist hafa skipað þessu ríkisfyrirtæki, prentsmiðjunni Gutenberg, þriggja manna stjórnarnefnd. Hann sagðist efast um að það stæðist kannske stjórnskipulega, þá mundi hann kalla þetta bara nefnd til að hafa umsjón með þessu fyrirtæki. Mér finnast þetta heldur háskalegar yfirlýsingar og hæpnar hjá hæstv. ráðh. Hann kemur hér og lýsir sínum stjórnarathöfnum þannig að þær kunni að stangast á við reglur um stjórnskipunarrétt. Þetta er ekki gott.

Það hafa komið fram eindregin tilmæli um það að þetta mál fái nánari athugun. Það er ýmislegt hér sem skoða þarf betur. Í staðinn fyrir að snupra þá stuðningsmenn ríkisstj., sem af góðum hug og með gildum rökum leyfa sér að hafa aðrar skoðanir á málinu en ráðh., væri nú sæmst að leyfa þessu máli að doka við, skoða það betur og taka tillit til þeirra eðlilegu andmæla sem fram hafa komið.

Akranesbær á mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við þetta fyrirtæki. Þetta er stærsta fyrirtækið þar í bæ sem hefur verið rekið lengi og það er full ástæða til þess að hlusta á það sem Akurnesingar hafa að segja í þessu máli. Það á ekki að beita ráðherravaldi þannig að þeirra athugasemdir, rök og skoðanir séu fyrir borð borin í þessu máli. Slík vinnubrögð eru ósvinna og ég treysti því og trúi að hæstv. iðnrh. láti það ekki á sig sannast að hann vinni þannig að þessu máli. Hann heldur fullum sóma þó að þetta mál fái enn nánari skoðun. Ég legg það eindregið til og skora á hæstv. ráðh. að falla nú frá að þrýsta þessu máli hér fram með því ónotavaldi sem mér sýnist að hann ætli að beita í því. Ég veit að hann hlustar á rök og hlýðir rökum, þau rök hafa komið fram í þessu máli sem hníga að því að það sé nú látið bíða. Ég held að það sé miklu betra fyrir framgang þessa máls. Ég legg til að hæstv. iðnrh. spari sér nú stóru orðin, menn horfi á þetta mál með skynsemi og rólegri yfirvegun og sá naumi tími sem nú er verði notaður til annars en að þrátta um þetta. Þetta mál má alltaf taka upp á nýju þingi á nýju hausti. Ég legg eindregið til að það verði gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 1018 (sbr. 642)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. 487. mál (þskj. 898). — 3. umr.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 2. umr. þessa frv. um þörungavinnslu við Breiðafjörð varð iðnn. sammála um að mæla með samþykkt frv. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Nú er mikið talað um nýsköpun, um nýjar atvinnugreinar á ýmsum sviðum og útflutning á þekkingu í sambandi við jarðhita og sjávarútveg. Jafnvel íslenskir verktakar ræða í fullri alvöru um að taka að sér verkefni erlendis eins og kom fram á fundum n. í sambandi við það mál sem við vorum að afgreiða hér við 3. umr. rétt áðan.

Í mörg ár, áður en Þörungavinnslan á Reykhólum tók til starfa var einmitt iðulega bent á að um nýja atvinnugrein og áhugaverða gæti verið að ræða með vinnslu þörunga. Þörungaverksmiðjan hefur svo verið starfrækt í rúman áratug, á ýmsu hefur gengið hjá fyrirtækinu. Með starfsemi verksmiðjunnar hefur fengist staðfest að grundvöllur er fyrir vinnslu á þangi og þara til ýmissa nytja, til framleiðslu á marghátta*ðri markaðsvöru. Eftir nokkra byrjunarörðugleika við öflun hráefnis eru þeir erfiðleikar nú að baki og búið að ná fullum tökum á öflun þess. Þá eru að nást tök á hráefnisöflun, þ. e. þara yfir vetrarmánuðina, og vinnslutími verksmiðjunnar þar með aukinn mjög mikið. Unnið hefur verið að þróun nýrra vörutegunda sem aukið geta verðmæti framleiðslunnar. Nauðsynlegt er að tryggja það að fyrirtækið geti á næstu árum haldið áfram því þróunarstarfi sem verið hefur í gangi og einnig að séð verði fyrir því að áfram verði unnið kröftuglega á vegum fyrirtækisins í markaðsleit og markaðsstarfsemi.

Iðnn. deildarinnar fékk til skoðunar skýrslu stjórnar Þörungavinnslunnar fyrir starfsárið 1984. Þar er ítarlega fjallað um stöðu fyrirtækisins. Skýrsla þessi mun vera samin og flutt af Vilhjálmi Lúðvíkssyni stjórnarformanni. Í skýrslunni er bent á nokkur atriði sem hafa ber í huga við þær skipulagsbreytingar sem þetta frv. fjallar um. Þar segir á bls. 5 í skýrslunni, með leyfi virðulegs forseta:

„Enda þótt ýmis batamerki megi sjá á markaðsstöðu og rekstri fyrirtækisins er tímabili rekstrarerfiðleika og áhættu ekki lokið. Ég held að búast þurfi við óvissu og e. t. v. einhverjum taprekstri næstu tvö árin. Nýtt fyrirtæki þarf að þola það.

Þörungavinnslan hf. er fyrirtæki í hörkusamkeppni á alþjóðamarkaði og flytur yfir 90% af framleiðslu sinni út, m. a. til fjarlægra landa á hnettinum. Meðal nýrra eigenda eða meðal nýrra forustumanna í stjórn fyrirtækisins þurfa að verða einhverjir sem bera skynbragð á alþjóðlega markaðsstarfsemi auk sölustjóra og fram-

kvæmdastjóra. Slíka aðila þarf því að fá inn í hið nýja fyrirtæki.

Sá árangur, sem heimamenn líklega helst geta náð til skemmri tíma litið, er lækkun á kostnaðarliðum og aukin afköst. Með hliðsjón af mikilvægi þess að ekki verði áfram beinn hallarekstur legg ég til að meginákersla verði nú lögð á að koma verksmiðjubúnaði í svo gott lag sem auðið er og gera nauðsynlegar endurbætur á tækjabúnaði áður en heimamenn taka við rekstrinum. Ekki er óeðlilegt að heimamenn setji fram kröfu um að það verði gert áður en til afhendingar kemur því að þá eru meiri líkur á að reksturinn gangi eftir að þeir hafa tekið við honum. Í þetta þarf nokkurt fé á þessu ári.

Ég tel ráðlegt að formleg yfirtaka nýs fyrirtækis í höndum heimamanna í rekstri Þörungavinnslunnar fari ekki fram fyrr en um næstu áramót. Rekstur í ár, úr því sem komið er, hlýtur að mótast af stefnu sem ákveðin var fyrr á þessu ári og þeim drætti sem orðið hefur á ákvörðun um framtíð fyrirtækisins. Þann tíma sem eftir er ársins ætti nýtt fyrirtæki heimamanna að nýta sem best til að undirbúa yfirtökuna og móta stefnuna fyrir næsta ár. Næsta stjórn Þörungavinnslunnar mun án efa veita alla þá aðstoð sem hún má í því efni."

Hér eru nefnd veigamikil atriði sem rétt hefði verið að skoða frekar. Ég taldi rétt að þau kæmu hér fram. Með þessu frv. er lagt til að ríkisstj. sé heimilt að semja við heimamenn um kaup eða leigu á eignum félagsins. Í gær var stofnað hlutafélag á Reykhólum til að standa að þessu verkefni. Því verður varla annað gert nú en að óska þess að hinu nýja hlutafélagi auðnist að ná þeim tökum á rekstri Þörungavinnslunnar að vonir manna rætist um traust atvinnu- og framleiðslufyrirtæki sem styrki byggð við innanverðan Breiðafjörð og framleiði góðar, eftirsóttar og verðmiklar vörur og þar með verði rekstur og framtíð Þörungavinnslunnar tryggð.

Ég hef trú á því að þetta rúmlega áratugsgamla nýsköpunarverkefni sanni ágæti sitt ef vel verður að því staðið nú við þá skipulagsbreytingu sem í hönd fer.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 76. fundur.

Þriðjudaginn 28. maí, að loknum fundi í Sþ.

Almenn hegningarlög, frv. 467. mál (þskj. 809). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 469. mál (þskj. 811). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 363. mál (þskj. 370). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, HG, ÓE, PP, RH, SV, SvG, ÞP, ÞS, AS, FÞ, GeirG, GB, GGS, IG.

nei: JS, KJóh, ÓÞÞ, GE.

KP, KH, EKG, PD, GSig, GT greiddu ekki atkv.

14 þm. (JBH, KSK, MÁM, PS, StG, StH, SJS, SvH, GHG, EBS, FrS, GJG, GA, GHelg) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þar sem lög þessi þvinga alla aðila í lagmetisiðnaði til þess að selja sínar afurðir í gegnum viðkomandi aðila ef þeir eiga að hafa nokkurn möguleika á að selja afurðir til landa austantjalds og það er verið að framlengja einokun sem átti að vera aðeins örfá ár segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1027).

Iðnþróunarsjóður, frv. 492. mál (þskj. 916). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Landmælingar Íslands, frv. 289. mál (þskj. 1014 (sbr. 798)). — Ein umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta mál hefur tekið smábreytingu í Ed. frá því að samgn. Nd. gekk frá því. Þessi grein var þannig eftir 2. umr. í Nd.:

„Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem landmælingar stunda, hafi samráð sín á milli."

Eftir breytinguna í Ed. hljóðar hún þannig:

„Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, hafi samráð sín á milli um samræmi í vinnubrögðum og skipulagi mælinga og kortagerðar."

Ég hef rætt við suma nm., sem ég hef náð til, um þetta atriði og sé ég ekki annað en þetta sé allt í lagi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1028).

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 939, n. 977, 981 og 1015). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 frá 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðsins „lausafjármuna" í ákvæði til bráðabirgða komi: myndbanda.

Undir þetta rita á Alþingi 22. maí 1985: Páll Pétursson, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Kjartan Jóhannsson.

Þessi breyting, sem hér er lagt til að gerð verði, er afleiðing af breytingu sem gerð var í hv. Ed. þar sem þessu frv. var talsvert breytt og það einskorðað við myndbönd í staðinn fyrir að í upphaflegu frv. var talað um miklu víðtækari útleigustarfsemi en á myndböndum. Hv. Ed. komst að þeirri niðurstöðu að það væri óþarflega víðtækt og einbeitti sér að myndböndum, en það láðist að setja orðið „myndbönd" í ákvæði til bráðabirgða í stað orðsins „lausafjármuna" og þá breytingu leggjum við sem sagt til að gera hér og nú.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar fjh.- og viðskn. þessarar deildar fór að athuga frv. á þskj. 550 um breytingu á lögum um verslunaratvinnu varð það niðurstaða okkar að í rauninni væri mjög óeðlilegt að setja reglur um myndbandaleigur inn í lögin um verslunaratvinnu. Ég taldi og tel að þessi ákvæði eigi þar ekki heima vegna þess að lögin um verslunaratvinnu fjalla eingöngu um verslun en ekki um leigu lausafjármuna.

Í gildi eru í landinu lög frá 1979 um sölu notaðra lausafjármuna og í gildi eru lög um lausafjárkaup. Engin lagaákvæði eru til um leigu lausafjármuna. Þess vegna hefur það verið þannig, að fyrirtæki sem hafa starfað við að leigja út þjónustu og vörur hafa ekki verið starfrækt á grundvelli neinna laga. Í þeim efnum nefni ég bílaleigur, áhaldaleigur, bátaleigur og nú síðast myndbandaleigur.

Þegar frv. kom frá hæstv. ríkisstj. voru tekin af tvímæli um það í tillögum ríkisstj. að leiga lausafjármuna í atvinnuskyni telst einnig verslun skv. lögum þessum. Frv. frá ríkisstj. var þess vegna mjög víðtækt og náði til hvers konar leigustarfsemi. Þegar Ed. fór að skoða frv. varð það niðurstaða Ed., og ég var sammála þeirri niðurstöðu, að þetta ákvæði væri of víðtækt vegna þess að ef það væri túlkað bókstaflega næði það einnig t. d. til bókasafna, það væri verið að gera kröfu um það að til þess að geta rekið bókasöfn yrði að vera til staðar verslunarleyfi. Þess vegna breytti hv. Ed. frv. á þann veg sem fram kemur á þskj. 919 þar sem segir: „Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda."

Þar með er verið að segja að lögin um verslunaratvinnu eigi einungis að taka til eins þáttar í leigustarfsemi á lausafjármunum, þ. e. til leigu myndbanda. Ég tel að óeðlilegt sé að löggjafinn standi þannig að málum, þetta sé óeðlilegt og passi ekki inn í lögin um verslunaratvinnu. Af þeim ástæðum, herra forseti, hef ég lagt til á þskj. 981 eftirfarandi:

„1. minni hl. n. telur eðlilegra að menntmrh. setji reglur um starfsemi myndbandaleiga."

Ég tel sem sagt að þetta sé málefni sem eigi að heyra undir menntmrh. frekar en viðskrh.

„Þess vegna flytur 1. minni hl. n. nýtt frv. í stað frv. um breyt. á lögum um verslunaratvinnu. Þá leggur 1. minni hl. til að þessu frv. um breyt. á lögum um verslunaratvinnu verði vísað til ríkisstj. en frv. á þskj. 982 um breyt. á lögum um kvikmyndamál verði samþykkt í stað þess.

Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi n., er samþykk nál. þessu."

Af þessum ástæðum höfum við lagt fram á þskj. 982 515. mál þingsins sem er frv. til l. um breyt. á lögum um kvikmyndamál. Flm. þess eru Svavar Gestsson og Guðrún Agnarsdóttir. Frv. er á þessa leið:

„Myndbandaleigur þurfa leyfi til starfsemi sinnar. Menntmrh. ákveður hver skráir leyfin, enda fullnægi leyfishafi a. m. k. skilyrðum laga um verslunaratvinnu nr. 41/1968. Getur ráðh. samið við viðskrh. um að skrá leyfi fyrir myndabandaleigu samhliða skráningu verslunarleyfa.

Gjald fyrir starfsleyfi myndbandaleiga skal vera hið sama og greitt er fyrir verslunarleyfi. Gjaldið rennur í Kvikmyndasjóð.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. þetta er sem sagt flutt í beinu framhaldi af frv. um breyt. á lögum um verslunaratvinnu vegna þess að við viðurkennum að það er eðlilegt að opinberir aðilar hlutist til um skráningu á starfsemi myndbandaleiga og skapi þeim aðhald og forsendur til eftirlits. Það er þess vegna okkar niðurstaða, mín og hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, að leggja til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj., en í staðinn verði samþykkt frv. á þskj. 982.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og jafnframt frv. til l. um breyt. á lögum um kvikmyndamál á þskj. 982 og óskað eftir að það verði litið á þessa ræðu sem framsöguræðu líka fyrir því frv. og að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Þetta mál er nokkuð skondið og segir okkur sitthvað um það hvernig vinnubrögðin við löggjafarstörfin verða stundum þegar hart er róið. Upphafið að þessu virðist vera að það kemur upp óánægja vegna þess að menn telja að á vídeóleigum séu menn að brjóta lög um ofbeldismyndir, höfundarétt og menn telja jafnvel að það sé verið að svíkja undan skatti. Það sem þá er til bjargar er að koma því svo fyrir að þeir sem reka svona fyrirtæki verði að fá til þess leyfi til þess að síðan sé hægt að svipta þá leyfinu. Eins og lýst hefur verið hér fyrr rjúka menn fyrst til og ákveða að flytja um það frv. að setja alla leigu lausafjármuna undir lög um verslunaratvinnu, vegna þess að það ku vera í þeim lögum ákvæði um að menn skuli hafa siðferðisvottorð um að þeir séu góðir og gegnir menn og ekki líklegir til að vera neytendunum neitt til ógnar, hverja sem menn telja svo reynsluna af því að hafa þannig gefið verslunarfólki siðferðisvottorð.

Þá kemur að því að menn sjá að leiga lausafjármuna er afar sundurleitt svið. Þar falla undir hestaleigur og bílaleigur, bókasöfn, áhaldaleigur, myndbandaleigur og þar gætu fallið undir útleigur á búningum eða útleigur á fermingarkyrtlum svo við tækjum dæmi. Það er augljóst

að innan þessa sviðs er hægt að gera afar ólíkar kröfur til siðgæðis. T. d. er ég ekki viss um að kyrtlaleigur og myndbandaleigur ættu að uppfylla sams konar siðgæðiskröfur. Ég veit ekki hvað menn mundu gera í sambandi við hestaleigur og bílaleigur. Þar er á vissan hátt um að ræða farartæki í báðum tilfellum, en afar ólíkar kröfur sem þarf að gera ef menn ætluðu að fara að taka þetta svið sérstaklega undir.

Menn hafa augljóslega komist að niðurstöðu um að þarna sé ekki hægt að búa um með einum hnút. En ég sé samt að það gæti verið fullkomin ástæða fyrir löggjafann að setja lög um hestaleigur. Hvað með hestaleigur sem hvað eftir annað leigir hasta hesta og er þannig hestaleigjendum mjög til trafala? Mér fyndist að það ætti að vera hægt að koma lögum yfir menn sem leigja hasta hesta. Þess vegna er full ástæða til að setja hestaleigur undir lög um verslunaratvinnu ef við tökum áfram þessa röksemdafærslu. (**ÓÞÞ:** Hvað með hrekkjótta hesta?) Jú, hrekkjóttir hestar líka. Það hlyti að koma þarna undir. (**HBl:** En ef menn vilja hasta hesta?)

Ég held að augljóst sé að munir eru leigðir í mjög ólíku skyni ef við berum saman bókasöfn og áhaldaleigur, til siðferðis þarf að gera mjög ólíkar kröfur svo við tökum kyrtlaleigur og myndbandaleigur og svo mætti lengi telja. Við höfum bátaleigur, skipaleigur og alls konar leigur. Ég held að það sé löggjafanum alls ekki samboðið að fara svona á taugum þó að í ljós komi að það þurfi kannske að setja reglur því að það sé eitthvað sem megi betur fara á einhverjum stað. Mér finnast þessi taugaveiklunareinkenni löggjafarsamkundunnar alls óviðeigandi. Þess vegna hef ég lagt til að þetta frv. verði fellt og menn líti á málið frá byrjun aftur og spyrji: Er þörf í fyrsta lagi og er í öðru lagi möguleiki á því að setja lög um leigu lausafjármuna almennt? Þá er ég til í að taka þátt í að smíða löggjöf um þessi mál.

Eins og um þetta mál hefur verið búið finnst mér, eins og ég segi í minnihlutaáliti, alls ekki löggjafarsamkundunni samboðið að fara svona á taugum þó að menn hafi grun um að lög séu brotin einhvers staðar og þess vegna þurfi að veita mönnum leyfi til þess að hægt sé síðan að svipta þá þessu leyfi. Ég held að ríkisstj. ætti að nota til þess þinghlé, ef eitthvert þinghlé verður yfirleitt, að fara ofan í saumana á því hvort setja þurfi allsherjarlöggjöf um leigu lausafjármuna og athuga hvort ekki sé hægt að vinna þetta mál út frá því og taka þá tillit til ólíkra hagsmuna og ólíkra aðstæðna sem eru í hinum ýmsu greinum leigustarfseminnar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég tek undir upphafsorð hv. 4. landsk. þm. um að þetta sé skondið mál. Það eru orð að sönnu. Þetta er afar sérkennilegt mál.

Ég varð ekki vör við annað en að þingheimur væri mjög sammála um það fyrr í vetur, þegar rætt var um myndbönd og eftirlit með starfsemi myndbandaleiga með tilliti til höfundaréttar og reglna um önnur atriði, að setja þyrfti lög um fyrirtæki sem hefðu að atvinnu leigu myndbanda og raunar annarra lausafjármuna. Það skýtur e. t. v. nokkuð skökku við að hér skuli rísa upp hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson og vilji nú helst af öllu skjóta skjólshúsi yfir þá viðskiptavinnu sem fram fer án allra laga og tefja það að lögum verði komið yfir þá atvinnu með því að vísa málinu til ríkisstj. Hv. þm. leggur til í staðinn með flutningi frv. að menntmrh. skuli gefa út leyfi til slíkrar starfsemi. Ég þakka flm. traustið, en mér þykir þetta heldur sérkennilegt. Þetta er eins og við legðum til að landbrh. gæfi út leyfi til að reka verslun með landbúnaðarvörur, kannske nýlenduvöruverslun, að iðnrh. gæfi út leyfi til þess að versla með tilbúinn fatnað, sem er iðnaðarvara, og fleiri vörutegundir mætti til telja.

Það er auðvitað tiltekin tegund verslunar eða viðskipta þegar leigt er til afnota. Menn borga ekki fyrir það að fá hlutinn til eignar í þessum tilvikum, heldur til afnota. Það er tekið fram í frv. að hér sé fjallað um leigu lausafjármuna í atvinnuskyni. Það er því ekki sambærilegt við bókasöfnin sem eru rekin sem almannaþjónusta en ekki í atvinnuskyni.

Það má til sanns vegar færa að einstaklingsfrelsið væri meira ef menn þyrftu ekki leyfi til að reka ýmis viðskiptafyrirtæki. En ég hygg að hörðustu einkaframtaksmenn viðurkenni að slíkt sé skynsamlegt og að viðskiptastarfsemin eigi að fara eftir lögum og reglum, slík fyrirtæki eigi að skrá til þess að öllu verði til skila haldið þar eins og annars staðar. Þess vegna var það sem stóð í aths. með frv. þegar hæstv. viðskrh. lagði það fram að gert væri ráð fyrir að verslunarleyfi þyrfti til leigu lausafjármuna í atvinnuskyni, t. d. myndbanda, áhalda og bíla.

Ég hygg að þrátt fyrir þá breytingu sem nefndin leggur til að gerð verði og veldur því að frv. fjallar aðeins um myndböndin sé það mjög til bóta að samþykkja þetta mál eins og það liggur fyrir en ekki að drepa því á dreif með því að flytja tillögur um að það falli undir önnur rn. Ég hygg að það sé einföldun á málum að fylgja þessu máli eins og það liggur fyrir nú. Ég verð að játa að ég hafði ekki alveg áttað mig á nauðsyn þess að breyta frv. í þetta horf sem hv. n. leggur til, en það má vel vera að til þess liggi rök sem ég hef ekki haft ráðrúm til að átta mig á. Ég hefði einmitt talið að skynsamlegt væri að gera frv. að lögum eins og það var lagt fram. Þar með væri fengin allsherjarlöggjöf eins og hv. þm. lýsa eftir hver af öðrum. Slík allsherjarlöggjöf þarf ekki að vera afskaplega margorð. Hún þarf einfaldlega að taka fram að leiga lausafjármuna í atvinnuskyni teljist einnig verslun skv. þessum lögum og þá gilda lögin sjálfkrafa um slíka starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni.

Ég vildi, hæstv. forseti, vekja máls á þessum atriðum, að ég tel leigu í atvinnuskyni alveg tvímælalaust vera viðskiptafyrirtæki og að þau eigi heima á vegum viðskrn. eins og önnur viðskiptafyrirtæki.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það er rétt að ítreka að fjh.- og viðskn. Ed. lagði til breytingar á þessu frv. Þetta er efrideildarmál og breytingin var raunverulega gerð þar í Ed. Hins vegar færðum við texta ákvæðis til bráðabirgða til samræmis við áður gerðar breytingar í Ed. Við féllumst á þær röksemdir sem efrideildarnefndin lagði til grundvallar, þ. e. að Verslunarráð Íslands sendi umsögn um þetta mál þar sem það taldi að þessi allsherjarlöggjöf væri of víðtæk þannig að mjög torvelt væri að framkvæma hana. Það væru of mörg tilfelli sem væru alveg á mörkum og það væri erfitt að framkvæma þetta út í ystu æsar hvað væri leiga og hvað væri leiga í atvinnuskyni.

Hins vegar er myndbandaleiga orðin umfangsmikil

viðskipti og ég held að menn eigi ekki að þurfa að greina á um að eðlilegt sé að það séu settar reglur um þessi viðskipti. Um bílaleigur er reglugerð og þar þurfa menn að uppfylla ákveðin skilyrði. Það er tiltölulega ný atvinnugrein að leigja út myndbönd og menn hafa ekki þurft nein leyfi, það hefur ekki verið háð neinum reglum. Hins vegar hefur, því miður, komið fyrir að það hafa verið brotnar reglur, t. d. reglur um höfundarétt, önnur lög brotin, ofbeldiskvikmyndir hafa verið í trássi við lög hafðar til útleigu og fleira mætti tína til.

Þess vegna er eðlilegt að það sé bundið leyfum að stunda þessi viðskipti. Þá þegar af þeirri ástæðu að það er hægt að svipta menn, sem ítrekað verða brotlegir í þessum viðskiptum, leyfi til þessara viðskipta og þá mega þeir ekki stunda þessa atvinnu. Það er alls ekki að hér sé verið að ráðast með einum eða neinum hætti að þeirri stétt manna sem leigir út myndbönd eða gera henni torvelt fyrir. Margir af þessum mönnum hafa nú þegar verslunarleyfi og þetta er rekið sem þáttur í annarri verslunarstarfsemi fyrirtækjanna. En þetta mundi verða til þess að efla gott siðferði með þeim sem leigja út myndbönd.

Mér finnst að það sé langsótt samlíking að jafna þessu við hestaleigur eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson orðaði það að hestaleigur kynnu að hafa hrekkjótta hesta til útleigu. Ég hef ekki trú á því að sú hestaleiga mundi þrífast sem hefði hrekkjótta hesta til útleigu vegna þess að viðskiptavinirnir mundu hvekkjast og það mundi koma illt orð á þá hestaleigu. Að sjálfsögðu er framúrskarandi gott siðferði meðal hestanna og þeirra sem stunda útleigu á hestum og engin ástæða til þess að búast við því að þar séu hafðir einhverjir hrekkjajálkar til útleigu.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er greinilega full ástæða til að ræða þetta mál mjög ítarlega og setja hæstv. menntmrh. inn í málið sem ég hélt þó að hefði átt að fylgjast með því dálítið. Þegar við tveir hv. þm. flytjum till. um að þessi málaflokkur verði látinn heyra undir menntmrh. rís hæstv. menntmrh. upp með þeim hætti sem hún gerði áðan og fullyrðir að ég væri með tillögu minni að drepa málinu á dreif, skjóta skjólshúsi yfir lögbrjóta og tefja fyrir að lögum yrði komið yfir þessa aðila. Ég veit eiginlega ekki hvaðan hæstv. ráðh. hefur þessi ósköp. En að gefnu tilefni er kannske ástæða til þess að ræða málið aðeins nánar.

Fyrir nokkrum vikum varð mikil umræða á hv. Alþingi um myndbandaleigur. Þá var bent á að þarna væri jafnvel verið að brjóta lög, einkum og sér í lagi höfundalög. Auðvitað hefði hæstv. menntmrh. þá átt að flytja frv. um breytingu á höfundalögum til að tryggja rétt höfunda í sambandi við starfsemi þessara myndbandaleiga. Það frv. er ekki flutt. Það hefði einnig verið hugsanlegt að flytja frv. til l. um breytingu á lögum um ofbeldiskvikmyndir, en það eru lög sem voru sett hér snemma á árinu 1983. Það frv. er ekki flutt. Í staðinn flytur ríkisstj. frv. um það að hvers konar leigustarfsemi með lausafjármuni verði sett inn í lögin um verslunaratvinnu. Og hvað eru lög um verslunaratvinnu? Lögin um verslunaratvinnu ganga út á það að setja reglur um lágmarksskilyrði sem þeir þurfa að uppfylla sem stunda verslun — ekki leigustarfsemi heldur verslun.

Þegar hv. Ed. fær þetta mál til meðferðar kemst Ed. að þeirri niðurstöðu að þetta sé óeðlilegt, þetta sé allt of víðtækt eins og það kemur frá hæstv. ríkisstj. Eins og ríkisstj. lagði þetta til átti að leyfisbinda hvers konar leigustarfsemi undantekningarlaust. Ed. komst samhljóða að þeirri niðurstöðu að takmarka þetta eingöngu við myndbönd. Tilgangurinn með þessu öllu er auðvitað sá að reyna að koma lögum yfir þessa aðila og tryggja að það megi svipta þá starfsleyfi ef þeir eru, að ætla má, að brjóta reglur.

Þegar þetta mál kemur til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Nd. er það rætt mjög ítarlega á tveimur eða þremur fundum n. Það er m. a. rætt við lögfræðinga eins og Jón Ögmund Þormóðsson deildarstjóra í viðskrn. og við ríkislögmanninn Gunnlaug Claessen. Eftir þá ítarlegu yfirferð verður það niðurstaða hv. þm. Guðmundar Einarssonar, eins nm., að það sé fráleitt að samþykkja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Hann vill fella frv. Hins vegar flytjum við hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir frv. um að þetta mál heyri undir menntmrh., þetta sé mennta- og menningarmál og þess vegna eðlilegt að vista málið í menntmrn. en ekki í viðskrn. Í staðinn fyrir að taka því nú vel þegar það er lagt til að mál fari til menntmrn. eins og hér er lagt til lýsir hæstv. ráðh. því yfir að með þeirri till. okkar séum við að drepa málinu á dreif.

Það er ekki rétt. Það er ekki hér verið að gera tillögu um að drepa málinu á dreif. Það er ekki hér verið að gera tillögu um að skjóta skjólshúsi yfir lögbrjóta. Það er ekki hér verið að gera tillögu um að tefja það að lögum verði komið yfir aðila. Það er einfaldlega verið að leggja til að þessi mál fái meðferð eins og mennta- og menningarmál, rétt eins og kvikmyndamál almennt. Það er það sem verið er að gera tillögur um. — Og ég mótmæli harðlega á síðustu stundu umr. um stjfrv. hér á hv. Alþingi útúrsnúningum af því tagi sem hæstv. menntmrh. fór með hér áðan. Það voru hreinir og beinir útúrsnúningar og ekkert annað.

Ég er þeirrar skoðunar að í þessu efni sé langeðlilegast að málið falli undir menntmrn. með þeim hætti sem hér er lagt til með breytingu á lögunum um kvikmyndamál. Þetta á ekkert skylt við það að landbrh. eigi að gefa út leyfi fyrir verslun með landbúnaðarvörur. Þetta á heldur ekkert skylt við það að iðnrh. gefi út leyfi fyrir verslun með iðnaðarvörur. Hér er verið að tala um mjög ríkan þátt í okkar menningarstarfsemi, sem eru myndbönd og notkun þeirra. Margir mundu segja að það væri ekki allt menningarlegt sem þar kemur fram, en það er ekki okkar hlutverk hér á Alþingi að hafa skoðun á því í hverju einstöku atriði. En við teljum að alveg á sama hátt og leikhús, kvikmyndahús og kvikmyndastarfsemi falla undir menntmrn., bókmenntir og listir hvers konar, þá eigi þessi starfsemi líka að eiga þar heima, auk þess sem við leggjum svo til að tekjur af útgáfu þessara leyfa renni í Kvikmyndasjóð. Það er að vísu ekki há upphæð, en ég hélt að Kvikmyndasjóð munaði um allt. Ég veit ekki betur en að það hafi verið ákveðið við afgreiðslu fjárlaga að skera Kvikmyndasjóð niður í 8 millj. kr. í staðinn fyrir 30. Síðan hafi verið veitt einhver aukafjárveiting. En staðan hjá Kvikmyndasjóði sé mjög bágborin og verulegur hluti af því fjármagni sem Kvikmyndasjóður á fór í að borga halla af myndum sem þegar höfðu verið gerðar.

En í stað þess að taka þessum ábendingum vel snýr

hæstv. menntmrh. út úr máli manna með þeim hætti sem hún gerði hér áðan og ég mótmæli því mjög harðlega.

Ég er andvígur þeirri till., sem hv. þm. Guðmundur Einarsson flytur hér, að fella þetta mál. Ég tel það óeðlilegt. Við atkvgr. um málið mun ég í fyrsta lagi styðja að málinu verði vísað til ríkisstj. og í samræmi við það, ef það yrði samþykkt, ýta á eftir því að frv. um breyt. á lögum um kvikmyndamál verði samþykkt. Verði það hins vegar fellt að vísa málinu til ríkisstj., sem mér heyrist á hæstv. menntmrh. að eigi að gera, mun ég styðja þessa undarlegu breytingu á lögunum um verslunaratvinnu vegna þess að ég vil koma lögum yfir eigendur myndbandaleiga. Þess vegna er ég andvígur þeirri till. hv. þm. Guðmundar Einarssonar, sem hann hér leggur til, að frv. verði fellt.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta mál sé nægilega skýrt af minni hálfu. Hér er ekki verið að skjóta skjólshúsi yfir lögbrjóta, tefja að lögum verði komið yfir aðila né heldur að drepa máli á dreif. Hér er verið að leggja til að málið fái eðlilega meðferð og eðlilegan sess í löggjöf landsins.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það er kannske ekki neinu sérstöku við að bæta umfram það sem þegar hefur komið fram. Þetta er augljóslega óttalegt klúður. Það hefur hálfpartinn komið fram hjá öllum ræðumönnum. Mér sýnist einsýnt að það eigi að taka á þessu þannig að taka fyrir leigu lausafjármuna í heild. Þar er augljóslega um verulega hagsmuni að ræða, bæði hagsmuni neytenda og hagsmuni leigusala. Ég held að það verði að leggja í það vinnu að athuga hvort hægt sé og ástæða til að gera sambærilegan bálk við lögin um verslunaratvinnu á sínum tíma. Ég þekki þetta ekki nógu vel til að meta hvort sú yrði útkoman. En mér finnst alveg ótækt fyrir löggjafarsamkunduna að hafa ekki meiri metnað en að vera að bjarga í horn af því að á einni eða tveimur myndbandaleigum úti í bæ þykist menn hafa um það grun að menn brjóti lög endurtekið. Það hljóta að vera leiðir til að koma lögum yfir menn í þeim tilfellum, hvort sem um er að ræða vegna höfundarréttar, skattamála, ósæmilegra kvikmynda eða ofbeldismynda. Jafnvel þó að menn væru fyrst skrýddir leyfinu og síðan sviptir því er ekki þar með sagt að viðkomandi rekstur mundi hætta. Við vitum að það eru ýmsar leiðir til þess að fara í kringum slíkar lagasetningar. Það gæti vel verið að menn kæmust að því að þetta vídeóleigusvið sé þess eðlis að það þurfi um það sérstaka löggjöf sem nái þá yfir siðgæðið og peningamálin allt undir einum hatti.

Ég endurtek þess vegna að við eigum að setja okkur hærri markmið en að bjarga á þennan hátt í horn, hvort sem það er með því að búa til botnlanga við lögin um verslunaratvinnu eða setja þetta undir menntmrn. á þann hátt sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur talað um. Mér finnst það björgun á línu líka vegna þess að það gæti þá komið að því að hestaleigurnar, ef menn yrðu uppvísir að því að leigja út vonda hesta, hrekkjótta eða hasta, yrðu látnar falla undir landbrh. ef menn ætla að halda áfram þessum skyndilausnum á þessu máli. Ég held að menn ættu að sjá sóma sinn í því að fella þessi frumhlaup, sem ég vil kalla, og reyna að koma á þetta skikk, nota til þess sumarið að athuga hvort ástæða sé til að gera annaðhvort samvirka löggjöf yfir allt leigusviðið eða búa til sérstök lög um vídeóleigur, ef það væri niðurstaðan. Svona björgun á línu held ég hins vegar að sé okkur ekki samboðin.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég er fegin því að heyra að hv. 3. þm. Reykv. ætlar, ef tillögur um annað falla, að standa að því að samþykkja frv. með þeirri breytingu sem gerð var á því í Ed. Ég stend upp út af þeim orðum hv. þm. að ekki hefði verið flutt frv. um höfundarrétt í sambandi við myndbönd. Það er nú einmitt það sem var gert og var frv. samþykkt sem lög fyrir ári. Það er m. a. til að auðvelda framkvæmd þeirra laga sem við stöndum andspænis þessu frv. núna og til þess að flýta fyrir þeirri framkvæmd. Það er orðið mjög aðkallandi að samþykkja frv. eins og það sem við höfum nú í höndum. Það var vissulega rætt á sínum tíma í ríkisstj. hver ætti að flytja slíkt frv. eða með hvaða hætti það gerðist á eðlilegastan veg. Þessi varð niðurstaðan. Ég hygg að það greiði mjög fyrir framkvæmd nýju laganna um höfundarrétt að þetta frv. sé samþykkt. Sama má segja um lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum sem hæstv. núv. forseti Nd. beitti sér fyrir í sinni menntamálaráðherratíð, en það féll í minn hlut að ganga frá reglugerð á grundvelli þeirra laga. Um þetta gildir líka það að samþykkt þessa frv. sem við erum nú að fjalla um er nauðsynleg forsenda fyrir skilvirkri framkvæmd þeirra laga og reglugerða. Þess vegna vil ég hvetja til þess að hv. þm. samþykki þessa breytingu svo langt sem hún nær því að þetta mál er aðkallandi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. En eftir samráð í nefndinni og viðtal við ráðgjafa hennar sem áður voru nefndir fannst mér bæði skynsamlegast og eðlilegast úr því sem komið var að fylgja þeim tillöguflutningi að koma þessu máli undir menntmrn. Það komu ýmsar leiðir til greina í málinu, en mér fannst því best komið hjá hæstv. menntmrh. þar sem þetta væri fyrst og fremst menningarmál þó hún vilji ekki sinna því nú. Það var langt frá því að ætlunin væri að drepa þessu máli á dreif eins og hæstv. ráðh. sagði, þvert á móti. Þetta vil ég leggja áherslu á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 689 (sbr. 154), n. 976, 967). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á nál. á þskj. 976 kemur fram að samgn. hefur rætt þetta frv. á tíu fundum, mörgum þeirra löngum, og gert nokkrar brtt. Þetta frv. er komið frá Ed., en samt sem áður bárust samgn. Nd. ýmsar ábendingar og umsagnir um þetta frv. sem leiddi til breytinga, þ. á m. frá Stýrimannafélagi Íslands. Þá barst umsögn frá Arnljóti Björnssyni prófessor, frá Steingrími Gaut Kristjánssyni og Friðgeiri Björnssyni, sem eru stjórnarmenn í Dómarafélagi Reykjavíkur, og frá Pétri Sigurðssyni alþm. og raunar ýmsum fleirum. Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri kom á fund nefndarinnar. Tryggingafræðingarnir Þórir Bergsson og Björgvin Þórðarson mættu einnig á fundum hjá nefndinni og gáfu henni margvís-

legar upplýsingar. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Jón H. Magnússon, Kristján Ragnarsson, Ingólfur Stefánsson, Halldór Rósmundsson og Guðjón Kristjánsson. Einnig Ragnhildur Hjaltadóttir lögfræðingur í samgrn. og skrifstofustjóri þess Halldór S. Kristjánsson og ráðuneytisstjórinn, Ólafur Steinar Valdimarsson. Páll Sigurðsson dósent, sem var formaður þeirrar nefndar sem samdi frv., sat alla fundi nefndarinnar og veitti henni margvíslegar upplýsingar sem reyndust nefndinni ómetanlegar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fylgja á sérstöku þingskjali. Undir þetta skrifa allir nm., en hv. þm. Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og mun gera grein fyrir þeim fyrirvara hér á eftir.

Brtt., sem eru allmargar, víkja hvergi frá meginstefnu þeirri sem mörkuð er í frv. um einstök atriði. Að frátöldum þessum brtt. getur n. sem sagt fallist á að frv. sé í því formi sem það hefur verið eftir 2. umr. í Ed.

Við 6. gr. er gerð till. um breytt orðalag í 1. mgr. sem miðar að einföldun orðalags og auknum skýrleika. Í 2. mgr. er skv. till. nefndarinnar tekið af skarið um að rannsókn sú sem þar er talað um fari eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum. Í 3. mgr. þykir rétt að nota orðið „mengunarlögsaga“ í stað „landhelgi“ til að taka af öll tvímæli í því efni.

Við 20. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. er óþarfur eftir að 2. mgr. 6. gr. hefur verið breytt svo sem nefndin leggur til því að skv. lögum um eftirlit með skipum getur skip eftir þess háttar skoðun eigi látið úr höfn nema hafa til þess tilskilin leyfi.

Við 26. gr. Upphafi greinarinnar er breytt lítillega til samræmis við orðalag í 1. mgr. 124. gr.

Við 42. gr. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að vara sé merkt skv. hinum alþjóðlegu reglum um flutning á hættulegum varningi.

Við 68., 71., 72., 73. og 102. gr. eru gerðar till. um minni háttar orðalagsbreytingar sem m. a. er ætlað að tryggja að viðkomandi ákvæði séu í fullkomnu samræmi við hina svokölluðu Haag-Grimsby-reglu sem lagt er til að íslenska ríkið fullgildi.

Í 159. gr. er orðalagsbreyting sem ekki þarfnast sérstakrar skýringar.

Í 172. gr. Nefndin telur fulla ástæðu til að lögfesta það samkomulag um orðalag þessarar greinar frv., sem hagsmunaaðilar í sjávarútvegi gerðu með sér hinn 28. febr. s. l. og sem var liður í lausn þáverandi kjaradeilu milli útvegsmanna og sjómanna, svo sem samgn. Ed. lagði einnig til. Nefndin leggur þó til að það frávik verði gert frá því sem lagt var til í samkomulaginu varðandi makabætur einvörðungu að sé eftirlifandi maki 45 ára og eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka vegna sama slyss skuli maki halda mánaðarlegum bótum í sex ár eða í helmingi lengri tíma en ella er gert ráð fyrir í frv. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að í umræddu samkomulagi var það í þessu eina tilviki sem aðilar standa verr að vígi en skv. gildandi lögum. Nefndinni þykir full ástæða til að vernda þannig hagsmuni kvenna sem komnar eru á eða yfir miðjan aldur ef þær missa mann sinn af slysförum sem starfi hans tengjast, enda er allt óvíst um aðstöðu þeirra kvenna á almennum vinnumarkaði. Væri ella hætta á því að aðstaða þeirra yrði skert verulega frá því sem er að núgildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að ekknabætur haldist í átta ár. Sjómannskonur sem komnar eru yfir þennan aldur eru ekki margar þegar á heildina er litið og þarf því ekki mikla iðgjaldaaukningu að leiða af þessari breytingu. Á hinn bóginn leggur nefndin einnig til að ekknabætur gangi ekki í arf, enda ekki brýn þörf á því, og vegur þetta nokkuð á móti hinni fyrrnefndu breytingu. Brtt. við ákvæði greinarinnar um barnabætur er ekki efnisbreyting, heldur einungis smávægileg orðalagsbreyting sem ekki þarfnast sérstakrar skýringar.

Við 187. gr. er gerð till. um orðalagsbreytingu sem miðar að því að fyllsta samræmis sé gætt í greininni.

Við 199. gr. Hér er að mestu byggt á brtt. við þessa grein frv., sem kom frá samgn. Ed., en þó með orðalagsbreytingum sem eru til frekari glöggvunar og fyllingar.

Við 200. gr. er gerð till. um orðalagsbreytingu sem ekki þarfnast sérstakrar skýringar. Óþarfi er að telja upp útgerðarmenn og skipstjóra því að það er gert í 1. mgr. greinarinnar, enda er lagt til að 7. mgr. 126. gr. frv. falli brott.

Við 121. gr. Orðalagsbreyting á upphafi 2. mgr. þarfnast ekki sérstakrar skýringar og þær breytingar í formi viðauka, sem að öðru leyti er lagt til að verði gerðar á 121. gr., skýra sig einnig sjálfar.

Við 222. og 226. gr. Lagt er til að í greinum þessum sé eigi rætt um eftirlitsmenn Siglingamálastofnunar, heldur eingöngu um stofnunina sjálfa. Réttara þykir að hún taki fyrir sitt leyti ákvörðun um hvernig hún bregst við tilkynningu um sjóslys, t. d. hvern hún sendir sem fulltrúa sinn í sjópróf af því tilefni.

Við 230. gr. Hér er mestmegnis um að ræða auðskildar orðalagsbreytingar frá því sem er í frv. Mikilvægt er að sjálfstæði og úrræði sérstakrar rannsóknanefndar sé vel tryggt, en nefndin leggur áherslu á að hér sé ekki um fastanefnd að ræða og ætla verður að nefnd af þessu tagi verði einungis kvödd saman þegar alvarlegar og sérstakar ástæður mæla með því. Í þessu sambandi vill nefndin taka fram að hún telur að æskilegt hefði verið að í XIII. kafla frv., þar sem fjallað er um rannsóknir sjóslysa, hefði jafnframt verið ákvæði um hina föstu rannsóknanefnd sjóslysa sem starfað hefur um allmörg ár og sem ákvæði eru nú um í 45. gr. laga nr. 52 frá 1970, um eftirlit með skipum. Telur nefndin að síst sé ástæða til að raska eða draga úr starfsemi þeirrar nefndar sem sjálfstæðs rannsóknaraðila. Þrátt fyrir tilkomu nýs ákvæðis um sérstakar rannsóknanefndir í einstaka tilfellum hefði þess háttar ákvæði um rannsóknanefnd sjóslysa þá þurft að vera nokkru fyllra en núverandi ákvæði í 45. gr. laga nr. 52 frá 1970 og a. m. k. á þann veg orðað að starfssvið og heimildir þeirrar nefndar væru skýrari og ótvíræðari en nú er í lögum og því betur tryggt en nú er að hún gæti rækt hið mikilvæga starf sitt á sjálfstæðan hátt og þá m. a. kvatt til aðstoðar rannsóknastofnanir, Landhelgisgæslu o. s. frv. í þeim tilvikum er mál lúta ekki sérstakri rannsókn skv. 230. gr. Örðugt þótti þó að semja slík ákvæði nú þar sem svo mjög er liðið á þingtímann og mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, en nefndin leggur á það þunga áherslu að á vegum samgrn. og með samráði við rannsóknanefnd sjóslysa verði hið fyrsta hafist handa um samningu frv. til laga um þetta efni sem bætt verði við hin nýju siglingalög og þá verði 45. gr. laga nr. 52 frá 1970

jafnframt afnumin. Vonast nefndin til þess að frv. í þá átt verði lagt fram á Alþingi á hausti komandi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 976 og raunar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, frsm. n., hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og ég tel rétt að gera með örfáum orðum grein fyrir því hvers vegna ég skrifa undir með fyrirvara. Sá fyrirvari snýr einvörðungu að 19. brtt., þ. e. við 230. gr.

Eins og hv. þdm. er örugglega um kunnugt hefur starfað í nokkurn tíma nefnd sem kölluð hefur verið öryggismálanefnd sjómanna og eitt af þeim málefnum sem þar hafa verið rædd og ekki það síста er spurningin um hvernig bæta megi úr og koma í veg fyrir að sjóslys eigi sér stað og koma rannsóknum á sjóslysum sem verða í sem best horf. Í þeim tilvikum hafa menn borið sig nokkuð saman við hvernig staðið er að rannsóknum þegar flugslys eiga sér stað. Ég vil ekki kalla það ágreining við meðnm. mína þó að ég hafi sérskoðanir. Hér er lagt til, með leyfi forseta:

„Samgrh. er heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t. d. ef sjóslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenjuumfangsmikil."

Eins og allir vita er til rannsóknanefnd sjóslysa sem er ekki rannsóknaraðili í þessu tilviki heldur sá aðili sem fylgist með rannsókninni. Í rannsóknanefnd sjóslysa eru svokallaðir hagsmunaaðilar og á engan hátt vil ég gefa í skyn að þeir mundu í einu eða neinu tilviki misbeita aðstöðu sinni í þeirri nefnd. Ég er hins vegar sannfærður um að nauðsyn er á því að hafa til staðar nefnd sérfræðinga sem eru óháðir öllum hagsmunaaðilum sem að þessu gætu komið. Mín skoðun er sú að þessi sérstaka nefnd kunnáttumanna, sérfræðinga, eigi að vera fastanefnd, eigi að vera til staðar, skipuð, og það þurfi ekki nema eitt símtal af hálfu viðkomandi ráðh. til þess að sú nefnd sé komin af stað ef á annað borð er talið að hún eigi að rannsaka slys. Ég óttast það nefnilega að ef á að fara að skipa þessa nefnd í hvert skipti sem til hennar þyrfti að taka gæti það tekið of langan tíma.

Ég vek athygli á því að þetta sjónarmið hefur komið fram hjá núverandi siglingamálastjóra. Hann hefur lagt á það nokkra áherslu að hann teldi, eins og augljóst má vera, að í flestum tilvikum mætti engan tíma missa og nauðsynlegt sé því að slíkir aðilar geti komið á vettvang sem allra fyrst. Það er af þessu tilefni sem ég tel að eðlilegra hefði verið að gera ráð fyrir að hér væri föst nefnd en starfaði eigi að síður ekki nema því aðeins að ráðh. ákvarðaði slíkt og þá í hvert skipti. Eins og brtt. er núna er ráðh. heimilt að skipa þessa nefnd og mun þá gera það í hverju tilviki sem hann telur þurfa. Breytingin er einvörðungu sú að fastanefndin yrði til og í hana kallað ef ráðh. teldi til þess ástæðu.

Ég veit að í umræðum um öryggismálanefnd sjómanna hafa allir nm. og allir þeir sem komið hafa til viðtals við nefndina um þennan þátt mála lagt á það áherslu að allt verði gert til að tryggja eins og mögulegt er að ítarlegar rannsóknir eigi sér stað á þeim sjóslysum sem verða þannig að allar upplýsingar sem hugsanlegt er að fá geti legið fyrir sem víti til varnaðar í þessu mikilvæga máli. Menn staðnæmdust þá fyrst og fremst við það og sérfræðingar ræddu um það að t. d. þegar flugslys eiga sér stað væri þannig við brugðist sem hvað best hefði tryggt eðlilegar, nauðsynlegar rannsóknir í tilvikum sem þeim.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég ítreka að hér er ekki um neinn meginágreining af minni hálfu að ræða við nm., en ég taldi þó rétt að koma þessu á framfæri í þingdeildinni svo að menn veltu því fyrir sér hvort ekki væri æskilegra að fara hina leiðina. Ég er ekki með brtt., en ég held að þarna eigi ekki, þó svo að það kostaði meira að hafa fastanefnd, að horfa í peninga ef það gæti orðið til þess að tryggja á sem bestan hátt að öll kurl kæmu til grafar í rannsókn, ef um slys er að ræða, sem gæti orðið til þess að forða öðrum frá álíka sem síðar kæmu. Ég tel að það þyrfti ekki að kosta neitt meira, en ég tel að tryggingin sé mjög mikil í því að nefndin sé til staðar, hægt sé í hana að kalla svo að segja á stundinni, ef til þess þyrfti að koma, og það hefði verið réttara að hafa þessa nefnd fastanefnd en að hafa hana nánast lausbeislaða eins og sú till. sem hér liggur fyrir gerir í raun og veru ráð fyrir að verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 894 (sbr. 171), nr. 994, 1020). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til breyt. á lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Frv. þetta var lagt fyrir hv. Ed. og er þaðan komið með þeirri breytingu einni að þar var sett inn svokallað sólarlagsákvæði, þ. e. að allshn. Ed. leit svo á að þessum lögum skyldi marka ákveðið lífshlaup eins og gert var í þeim lögum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir. Ég veit ekki hvort það er til beinnar fyrirmyndar að setja slíkt ákvæði inn í löggjöf almennt, en það ætti þó ekki að saka í þessu tilviki.

Það hefur verið fjallað um þetta mál í allshn. Nd. og virtust allir vera á einu máli um að samþykkja eða leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. Ed., enda rita allir undir nál. án fyrirvara. En hér áðan sá ég að hv. 4. landsk. þm. hefur flutt brtt. við þetta mál sem gefur að líta á þskj. 1020. Það er brtt. sem varðar eitt atriði málsins sem ég tel nú ekki skipta miklu máli satt að segja. Eigi að síður stóð ég í þeirri meiningu að allir nm. væru á einu máli í þessu efni.

Við höfðum sama hátt á og Ed. að við kölluðum á okkar fund eða n. kallaði á sinn fund formann og ritara hinnar svonefndu tölvunefndar, þ. e. Benedikt Sigurjónsson fyrrv. hæstaréttardómara og Hjalta Zóphaníasson deildarstjóra í dóms- og kirkjumrn. Gáfu þeir okkur ýmsar góðar og mikilvægar upplýsingar.

Eins og kunnugt er var tölvunefndin sett á stofn samkv. lögum nr. 63 frá 5. júní 1981. En lög þessi varð, eins og ég sagði, að endurskoða nú til þess að löggjöfin félli ekki niður um næstu áramót. Þeir formaður og ritari nefndarinnar greindu frá því að nefndin hefði að þessu sinni aðeins gert þær breytingar sem tölvunefnd öll varð sammála um og koma heim við þá reynslu sem hún hefur öðlast við starf sitt s. l. þrjú ár. Sá háttur

hefur verið á hafður að formaður tölvunefndar hefur jafnan látið kalla á nefndarfundi bæði aðalmenn og varamenn svo að þessir sexmenningar, sem um málin hafa fjallað, eru orðnir þeim mjög kunnugir. Þeir lögðu til þær breytingar sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Um þessi mál má svo segja eitt og annað almennt. Það er enginn maður einn í heiminum. Enginn maður nú á tímum fær lifað svo að ekkert sé um hann vitað. Margs konar upplýsingar eru skráðar um hvern einstakling sem fylgja honum eins og skugginn allt frá vöggu til grafar. Á hinni miklu tækni- og tölvuöld þegar hægt er að safna öllum hugsanlegum upplýsingum af slíku tagi saman um hvern einstakling og geyma þær von úr viti og framvísa þeim, leggja þær á borðið við ýmis tækifæri, hefur þótt nauðsynlegt í flestum lýðfrjálsum löndum að setja einhverjar reglur um þessi efni, þ. e. að leitast við að vernda einstaklinginn, að hann þurfi ekki að ætla því að standa uppi berskjaldaður og varnarlaus hvar og hvernig sem á stendur gegn upplýsingum sem hampað er og hafðar eru á lofti um hann sjálfan. Í þessu efni má minna á skyld ákvæði, t. d. 237. gr. almennra hegningarlaga þar sem segir svo:

„Ef maður bregður manni brigslum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum þótt hann segi satt."

Margt fleira mætti segja um þetta mál almennt. Að mínum dómi hefur tölvunefndin starfað vel og samviskusamlega að þessum málum. Það varð að ráði, þegar þessi löggjöf var sett, að hafa hana einfalda, mun einfaldari en víða í sumum nágrannalöndum okkar. Það er satt að segja hægt að hafa hana miklu ítarlegri og viðameiri en hún er hér á landi, en þá verður framkvæmdin í samræmi við það. Ber að forðast að hlaða upp óþarfa skjalabunkum í kringum þessi efni. Að mínum dómi er alveg bráðnauðsynlegt að hafa þetta einföld og skýr ákvæði. Framkvæmdin verður þá í samræmi við það.

Þessu hefur tölvunefnd fylgt að minni hyggju. Ég er hérna með í höndunum ársskýrslu tölvunefndar frá 1984 og ég ætla að leyfa mér að lesa upp nokkrar setningar úr formála hennar, með leyfi forseta. Þar segir svo:

„Nefndin sendir nú frá sér þriðju ársskýrslu sína. Nálgast nú lok gildistíma laga nr. 63/1981 og starfsferils þeirra manna sem skipað hafa þessa tölvunefnd frá upphafi. Hér hefur verið um frumraun að ræða og án efa hefur nefndinni misheppnast margt. Þegar það er metið verður að gæta hinnar öru þróunar, sem orðið hefur á þessu sviði, á þessum skamma tíma. Það skal þó endurtekið að samvinna við tölvuþjónustufyrirtæki og skráningaraðila hefur gengið vel og klögumál hins almenna þegns eru mjög fá. Má nefndin una þessu vel."

Undir þessi orð tölvunefndar get ég tekið í einu og öllu. Með hliðsjón af því sem ég hef nú sagt verð ég að lýsa því yfir að ég get ekki stutt brtt. hv. 4. landsk. þm. á þskj. 1020, en legg á hinn bóginn til fyrir hönd nm. að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég stend að þessu nál. ásamt öðrum nm. í hv. allshn. og þannig tek ég eindregið undir meginefni frv., en ég hef flutt brtt. eina sem ég tel að mundi bæta þessi lög, ef samþykkt verða, hnykkja kannske betur á um framkvæmd þeirra.

Upplýsingar hafa alltaf verið til og mikið af þeim upplýsingum sem nú er verið að mynda skjaldborg um til þess að ekki verði einstaklingum til tjóns eru ekki nýjar upplýsingar. Það hafa alltaf verið til upplýsingar um einkahagi manna. Þær hafa verið til í plöggum og alls kyns skrám. En þær verða hvorki til gagns né ógagns fyrr en þeim hefur verið raðað saman í eina mynd, eina heild. Við getum tekið dæmi. Í vísindatímaritum út um allt eru brot af upplýsingum um allt milli himins og jarðar. Sá sem tæki sér fyrir hendur að safna saman upplýsingum sem eru til um t. d. kjarnorkunotkun gæti búið til kjarnorkusprengju. Hann gæti búið til alls konar víg- og varnarkerfi gegn njósnum, gegn því að upplýsingar berist út. Upplýsingarnar eru sem sagt til. Málið er það að tengja þarf þær saman til þess að það verði til gagns eða ógagns. Kúnstin er að safna þeim. Kúnstin er að tengja þær saman og láta staðreyndir og þekkingu þannig vinna saman og frjóvgast. Um það snýst upplýsingabyltingin margumtalaða.

Eins og ég sagði í byrjun hafa ávallt verið til upplýsingar um einkahagi einstaklingsins. Þær hafa í mörgum tilfellum verið illa varðar. Það eru upplýsingar um t. d. skólagöngu, það eru upplýsingar um menn hjá vinnuveitendum þeirra, það eru upplýsingar um menn hjá skattyfirvöldum, það eru upplýsingar um menn í bankastofnunum, það eru upplýsingar hjá lögreglu, upplýsingar á sjúkrahúsum. Í mörgum tilfellum eru þessi gögn ekki vel varin gegn hnýsni utanaðkomandi manna, en vörnin hefur fram að þessu verið fólgin í því að þessi gögn hafa verið á gamla forminu, þ. e. þau hafa verið skrifuð með penna á blað. Það hefur verið vörnin gegn misnotkun upplýsinga gegn einstaklingum. Nú líður að því að allar þessar upplýsingar komist, og eru í mörgum tilfellum komnar, á tölvur, tölvutæk form. Þá gerist það að ef þessar upplýsingar hjá öllum þessum aðilum sem ég nefndi áðan eru merktar sama *númerinu*, t. d. *nafnnúmeri* eða *fæðingarnúmeri* þessa sama einstaklings, alls staðar er merkt með þessu sama númeri, þá er lítill vandi að safna þessum upplýsingum saman í vondum tilgangi. Tölvukerfi eru alls ekki þjófheld frekar en ýmis önnur kerfi, svo sem eins og bankar. Við lesum á hverjum degi um að menn eru að brjótast inn í tölvukerfi, eins og kallað er, oft í vondum tilgangi, en stundum í gríni eins og ég las í fréttum um helgina. Tveir skólastrákar í Noregi „brutust inn í" tölvukerfi dagblaðs og settu inn í blaðið á þann hátt tilkynningu um að kennari þeirra hefði gifst. Málið var að kennarinn var hamingjusamlega giftur einhvers staðar annars staðar og giftur löngu áður. Þetta gerist einfaldlega þannig að í gegnum síma og með tiltekinni vitneskju er hægt að fara svona að.

Þó að hin íslensku tölvukerfi séu kannske ekki stór eru þau undir sömu hættu seld. Þegar upplýsingar um okkur verða tölvutækar í skólum, hjá vinnuveitendum, hjá skattstofnunum, hjá bankastofnunum, hjá lögreglu, hjá sjúkrahúsum og fleiri stofnunum, sem leggja það í vana sinni að safna upplýsingum, jafnvel þó þær þurfi ekkert á þeim að halda, þá bjóðum við alltaf betur og betur heim hættunni á því að einhver notfæri sér í vondum tilgangi vitneskju sína og tækni til þess að „brjótast þarna inn" og safna upplýsingum um okkur á einn stað. Það er það sem við köllum upplýsingabyltingu. Mikil vörn gegn þessu er að sérhver skráningaraðili sem safnar svona upplýsingum merki þær á sérstakan hátt, þ. e. að menn noti ekki fæðingarnúmer, nafnnúmer, nafn eða eitthvert annað auðkenni sem augljóslega er persónubundið, heldur búi hver skrán-

ingaraðili sér til sérstakan lykil sem er trúnaðarmál og merki upplýsingar sínar um fólk og fyrirtæki með þessum sérstaka leyndarlykli. Á þann hátt er mikið unnið til þess að koma í veg fyrir þá skaðlegu samkeyrslu upplýsinga sem ég talaði áðan um að væri möguleg. Þannig lagað yrði þetta fyrirkomulag gífurleg hindrun. Auðvitað er það alls ekki algerlega helt frekar en önnur mannaverk, en það er mikil hindrun gegn misnotkun þessara upplýsingabanka.

Í tilefni af þessu hef ég flutt brtt. við þetta frv. sem ég held að mundi bæta frv. sem að öðru leyti er ágætt eins og lýst var hérna í framsögu áðan. Brtt. er svohljóðandi:

„Sérhver skráningaraðili hefur eigin greiningarlykil fyrir lögpersónur til merkingar annarra upplýsinga en þeirra sem teknar eru úr þjóðskrá. Lykillinn er trúnaðarmál og skal ekki tengjast nafni, nafnnúmeri, fæðingardegi né öðrum slíkum auðkennum."

Á þennan hátt tel ég að við mundum búa okkur undir framtíðina vegna þess að alveg eins og þessi lög voru sett á sínum tíma til þess að búa Íslendinga undir framtíðina í tölvumálum held ég að ákvæði sem þetta mundi búa okkur betur undir framtíð sem rennur upp hér eins og annars staðar, sem sé það að menn fara að nota þetta í vondum tilgangi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli og þann stuðning sem hún veitir því eins og kom fram í máli frsm., hv. 1. þm. Vesturl., sem er manna best kunnugur þessum lögum vegna forgöngu hans að setningu þeirra og áhrifa við að móta framkvæmd þeirra í upphafi.

Ég gat þess hér við 1. umr. og það kom einnig fram í máli frsm. að í Ed. var gerð sú breyting á að setja inn ákvæði um að lög skyldu gilda takmarkaðan tíma og falla þá úr gildi til þess að endurskoðun færi fram fyrir þann tíma. Það var gengið út frá því að þarna væri um sams konar ákvæði að ræða og er í gildandi lögum. En það hefur orðið sú vangá að þarna er aðeins um að ræða þrjú ár eftir till. sem flutt var í Ed., en í gildandi lögum eru það fjögur ár. Nú skiptir þetta kannske ekki miklu máli, hvort um væri að ræða þrjú eða fjögur ár, nema vegna þess að jafnframt er gert ráð fyrir að tölvunefnd verði skipuð til fjögurra ára. Það er óeðlilegt að þarna sé ekki samræmi á milli. Því vildi ég beina því til hv. allshn. að hún athugaði hvort þarna yrði ekki gerð sú lagfæring á að lögin giltu í fjögur ár, til 31. des. 1989, til þess að samræmi yrði milli þessara tveggja ákvæða.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um ágæti og nauðsyn þessa frv. og þeirra laga sem af því leiðir ef að lögum verður og ég tel líka rétta þá ábendingu, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að þrjú ár séu heldur skammur gildistími og það sé ástæða til að lengja hann til fjögurra ára.

En meginerindi mitt í ræðustól var hins vegar að lýsa stuðningi við þá brtt. sem Guðmundur Einarsson hefur hér flutt. Hana tel ég mjög skynsamlega og hún yrði til þess að auka þann trúnað sem nauðsynlegur er við geymslu á tölvutækum upplýsingum. Við vitum að það er mikil hætta á að slíkar upplýsingar séu misnotaðar. Guðmundur Einarsson gerir hér tillögu um aðferð sem mér sýnist að muni geta skilað verulegum árangri í þeim efnum að tryggja frekar en ella að persónuhagir manna fari ekki á dreif og verði ekki misnotaðir. Þess vegna lýsi ég fyllsta stuðningi við þessa till. sem ég tel að sé fyllilega í anda frv. og geri það sterkara og betra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 837, n. 1009, 1010). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með samþykki þess, en en í nál. leggur hún áherslu á að ákvæði 1. töluliðar 1. gr., um að það sé áskilið um þá tónlistarskóla sem fullnægi þeim skilyrðum að njóta fjárhagslegs stuðnings samkv. þessum lögum að slíkir skólar hafi einn fastan kennara auk stundakennara, þeri að skilja rúmt, ekki síst úti um land þar sem erfitt getur orðið að fá stundakennara til tónlistarkennslu tímabundið. Þykir n. einsýnt að slík tilvik megi og eigi ekki að draga úr fjárhagslegum stuðningi ríkisins við tónlistarskóla svo fremi að öðrum skilyrðum 1. málsgr. sé fullnægt. Þetta er raunar í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur á fjárhagslegum stuðningi við tónlistarskóla, en eins og ég sagði taldi nefndin nauðsynlegt að árétta þetta atriði sérstaklega.

Þá er við 3. gr. gerð sú brtt. að sveitarfélög skuli hafa tvo mánuði til að fjalla um hvort þau samþykki tónlistarskóla sem þessi lög taki til í stað eins, eins og í frv. segir, og er það í samræmi við þann tíma sem rn. er áskilinn. Þá er lagt til að ný málsgrein svohljóðandi bætist við 3. gr.:

„Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila, fjallar um málefni skólans og fer með fjárreiður hans. Viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni."

Þessi grein er samhljóða því sem er í gildandi lögum. Mér er ekki ljóst hvaða ástæður ollu því að hún var ekki tekin upp í frv., en þeir aðilar sem komu á fund n. voru sammála um að það væri til bóta að áfram yrði gert ráð fyrir skólanefnd við tónlistarskóla.

Í þriðja lagi er lagt til að niðurlagsorð 6. gr. falli niður. Þar er um það rætt að hafi tónlistarskóli notið styrks en sé hættur störfum skuli sveitarfélag varðveita eignir hans þar til eignarinnar er þörf í rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði. N. þykir að ekki standi rök til þess að sveitarfélag fái undir öllum kringumstæðum slíkar eignir í hendur án endurgjalds og leggur til að setningin „sem þá fá eignirnar í hendur án endurgjalds" falli brott.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði samþykkt.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil einungis þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðsluna á þessu frv. og ég vil taka fram að ég hef kynnt mér brtt. n. og get mjög vel fallist á þær.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs aðallega til að afla upplýsinga. Ef ég man rétt var lagt fram á hv. Alþingi annað frv. um tónlistarskóla. Það var lagt fram af hv. 5. þm. Vestf. Magnúsi Reyni Guðmundssyni sem sat hér sem varamaður hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Nú hygg ég að hv. 5. þm. Vestf. sé í menntmn. Þess vegna spyr ég: Liggur það frv. þar

enn? Á að salta það þar eða var tekið tillit til innihalds þess frv. þegar það mál var afgreitt sem nú er til umræðu? Ég tel fyrir mitt leyti nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvort hér hefur verið um að ræða algjöran forgang þessa máls sem hér er nú til umr. og hvað hefur þá orðið um hitt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá hv. 3. þm. Vestf., að hjá menntmn. liggur frv. um tónlistarskóla sem grípur inn á byggingu húsnæðis. Það frv. sem hér er til umr. fjallar aftur á móti ekki um húsnæði. Húsnæði tónlistarskóla nýtur ekki stuðnings frá ríkinu samkv. þeim lögum sem eru í gildi eða þeim lögum sem yrðu í gildi eftir samþykkt þessa frv. Það náðist ekki samstaða í n. um að taka inn ákvæði um kostnaðarhlutdeild ríkisins í tónlistarskólum. Það urðu nokkrar umræður um þetta og var horft sérstaklega til tveggja staða í því sambandi, annars vegar til Ísafjarðar og hins vegar til Akureyrar, hvernig þessi mál stæðu. Þar kom til staðarþekking nefndarmanna. Má vera að það sé mun víðar sem þessi mál eru í óleystu formi, en víða hafa þó tónlistarskólar fengið inni hjá þeim skólum sem eru á stöðunum. Það má vera að ríkið eigi vannotað húsnæði á ýmsum stöðum sem hugsanlegt væri að taka undir starfsemi tónlistarskóla og hugsanlegt er að taka á þessu máli í tengslum við fjárlög þó að það sé ekki gert í tengslum við það frv. sem hér er afgreitt.

Hvort hitt málið verður saltað í n. eða hvort það verður afgreitt treysti ég mér ekki til að svara á þessari stundu. Ég hef út af fyrir sig verið hlynntur því að málið færi úr nefnd, en ég veit ekki hvort það hefur nægan byr til þess að það sé líklegt til að það bæri árangur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir upplýsingarnar. Það er ljóst að það málið sem fyrr kom fram liggur óafgreitt, en hitt hefur fengið afgreiðslu.

Ég er ekkert hissa á því þó hv. þm. geti ekki gefið yfirlýsingu um það hvort málið verði afgreitt úr n. eða ekki, en forvitnilegt væri að heyra hvort hv. formaður menntmn. Nd., hv. þm. Halldór Blöndal, hefði um það einhverja vitneskju hvort það mál yrði afgreitt úr nefnd og einnig um hinn þáttinn hvaðan fyrirstaða kemur gegn því frv. sem í n. liggur. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að ekki væri samstaða um kostnaðarhlutdeildina af hálfu ríkisins. Gott væri að fá um það vitneskju hverjir það eru sem eru andvígir því frv. sem nú liggur óafgreitt hjá menntmn. en eðli málsins skv. ætti að vera búið að afgreiða vegna þess að það mál er miklu eldra hér í þinginu en það sem nú er verið að ræða um. (**ÓÞÞ:** Formaður Alþfl. hefur ákveðnar skoðanir á því máli.) Það skiptir ekki meginmáli hér og nú, þó að það geri það oft, hvaða skoðanir formaður Alþfl. hefur, en það skiptir miklu máli hvaða skoðanir þeir hafa sem eru að fjalla um málin hverju sinni. Það er um þær skoðanir sem ég er að spyrja og vildi gjarnan fá um það upplýsingar frá hv. formanni menntmn. hvaðan fyrirstaðan kemur.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég held það verði að skoðast í tengslum við gerð fjárlaga hverju sinni hvaða útgjöld menn treysta sér til að leggja á ríkissjóð. Einnig er í þessu sambandi verið að tala um að taka einn mjög þungan útgjaldapóst á ríkissjóð, sem er stuðningur við tónlistarskóla víðs vegar um landið. Ég hef ekki treyst mér til þess að leggja slíkt til. Hins vegar er ég reiðubúinn til þess að þau mál sem í nefndinni eru komi til umfjöllunar í nefndinni. Ég skal vegna þessara aths. reyna að beita mér fyrir því að aðrir nm. fallist á að við afgreiðum málin með einum eða öðrum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 29. maí, kl. 2 miðdegis.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696, n. 1019). — 2. umr.

Frsm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um breytingu á erfðalögum eins og það kom frá Nd. Nefndin lýsir yfir fullum stuðningi við frv. og leggur til að það verði samþykkt í þessu formi.

Frv. í þessum búningi var flutt af allshn. Nd. í framhaldi af frumvarpsflutningi nokkurra hv. þm. með hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem 1. flm. Í upphaflega frv. stóð þetta, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú verður því hjóna, sem á lífi er, ekki veitt heimild til setu í óskiptu búi af ástæðum er greinir í 1., 2. og 3. mgr. þessarar gr., og þrátt fyrir ákvæði 14. og 16. gr. laga þessara skulu skipti þó ekki taka til íbúðarhúsnæðis sem eftirlifandi maki býr í, né til húsmuna hans, nema hann óski sjálfur að búinu sé skipt að öllu leyti, enda uppfylli hann skilyrði 8. gr. og hafi ekki gengið í hjúskap að nýju, sbr. 13. gr. Eftirlifandi maki, sem þannig öðlast umráðarétt yfir íbúðarhúsnæði og húsmunum, hefur ekki eignarráð né ráðstöfunarrétt þeirra eigna eins og um setu í óskiptu búi væri að ræða."

Þessu var síðan breytt þannig í meðferð allshn. Nd. að frvgr. hljóðar nú svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Annað hjóna eða bæði geta þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því."

Viðstaddir nm. vilja lýsa því yfir að þeir hefðu gjarnan viljað standa að samþykkt frv. óbreytts enda fylgjandi þeirri meginhugsun sem þar kemur fram og í senn er sanngjörn og mannleg. En nefndin telur frv. í þessari mynd áfanga í þá átt að þetta réttlætismál nái fram að ganga. Undir nál. skrifa Haraldur Ólafsson, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason og Valdimar Indriðason auk frsm., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Benediktsson. Nefndin mælir sem sagt með samþykkt frv. í því formi sem það nú er þó að hún hefði gjarnan viljað sjá það í sínu upphaflega formi hér í deildinni og getað mælt með því þannig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 464, n. 1023, 1017). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, 284. mál. Sú umfjöllun hefur verið með hefðbundnum hætti, þ. e. að fulltrúar allshn. beggja deilda hafa fjallað um frv. og svo, eins og venja býður, hefur verið fjallað af sömu aðilum um þær umsóknir sem borist hafa réttum aðilum, dómsmrn. og Alþingi, frá því að þetta frv. var samið nokkru fyrr á þessu þingi. Ólafur Ólafsson fulltrúi á skrifstofu Alþingis starfaði með nefndinni að þessari athugun, enda er hann gjörkunnugur því hvernig um þessi mál hefur verið fjallað á umliðnum árum.

Því er skemmst frá að segja að fylgt var sömu meginreglum og gert hefur verið um umliðin ár og þær umsóknir sem fyrir lágu skoðaðar í því ljósi. Ekki fullnægðu þær allar þeim skilyrðum sem til hafa verið sett í þeim efnum. Um nokkra aðila háttar svo til að þeir öðlast þann rétt sem hér um ræðir síðar á þessu ári og var þá farin sú leið að tímaskilyrða veitingu ríkisborgararéttarins í brtt. við frv. eins og oftlega hefur verið gert áður.

Á þskj. 1023 er að finna nál. allshn. þar sem nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 1017. Þar er lagt til að 11 nöfn bætist við greinina. Ég tel ástæðulaust, virðulegi forseti, að lesa þessi nöfn hér upp, þau liggja fyrir á prentuðu þskj. Það er samdóma álit þeirra hv. þm. sem allshn. skipa að leggja til að frv. verði samþykkt með brtt. á þskj. 1017.

ATKVGR.
Brtt. 1017 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Launakjör bankastjóra og ráðherra, frv. 422. mál (þskj. 694). — Frh. 1. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það er kannske dálítið erfitt að ná upp þeim snúning sem var kominn á þessa umr. þegar henni var frestað. En ég tel mér þó skylt alla vega að koma hér upp og gagnrýna þetta frv. út frá þeim atriðum sem ég þegar hafði þó nefnt en verið mótmælt eilítið í ræðum annarra manna.

Það er fyrst og fremst spurningin til hvers raunverulega þetta frv. er fram komið, hvort það er fram komið til að bjarga bankaráðum og þar með stjórnmálaflokkum frá ábyrgð á því óviðfelldna fyrirbæri að ákveða laun manna sem hafa há laun. Það er hlutverk bankaráðanna skv. lögum og eiginlega eitt aðalhlutverk þeirra að standa að þessum málum. Þegar það hlutverk er tekið af bankaráðunum stendur því ekkert ýkjamikið eftir.

Eða er tilgangurinn með framkomu þessa frv. að bankastjórar fái eitthvað sem kallast mundi réttlát laun? Þá verður það náttúrlega matsatriði þess aðila sem á að ákveða þau laun hvort það eigi að hækka þau eða lækka. Það er mat margra manna sem um þetta mál hafa fjallað að það að skjóta þessu máli til Kjaradóms sé ekki endilega nein trygging þess að laun bankastjóra lækki frekar en hækki.

Kjaradómur yrði að taka mjög marga hluti inn í mat sitt á kjörum bankastjóra. T. d. mundi Kjaradómur verða að horfa á það mál að aðstaða bankastjóra er mjög misjöfn milli banka. Það er spurning hvort þeir mundu meta þá aðstöðu í heild og jafna henni út yfir alla bankastjórana eða hvort maður stæði frammi fyrir því að bankastjórar einstakra banka yrðu misjafnlega hátt launaðir innbyrðis. Það er t. d. staðreynd að bankastjórar Landsbanka Íslands hafa að mörgu leyti miklu betri og meiri aðstöðu — og það má hiklaust reikna þá aðstöðu til kjara — en bankastjórar annarra banka.

Hér varð þó nokkuð mikill hávaði út af bílafríðindum bankastjóra fyrir nokkru síðan en það var t. d. ekkert dregin inn í þá umr. sú staðreynd að bankastjórar Landsbankans hafa auk bílafríðinda aðgang að bílaflota til eigin afnota daglega, þ. e. á starfstíma og utan. Að auki hafa þeir aðgang að bílaflota á sumrin til þess að sinna þeim ferðum sem þeir þurfa þá að fara í, aðallega til laxveiða út um land. Þetta eru aðstæður og kjör sem hiklaust yrði að meta ef öll laun, öll kjör yrðu metin til fjár.

Þetta er sem sé mín fyrri athugasemd við þetta frv. Ég tel að menn, sem hafa boðið sig fram til þess að bera pólitíska ábyrgð á hlutum eins og kjörum bankastjóra — þá á ég við þá menn sem taka þátt í kosningu til bankaráða — eigi að vera menn til þess að réttlæta gerðir sínar og standa við þær, að það sé engin ástæða til þess að vera að koma þeim undan þeirri ábyrgð.

Hin gagnrýnin er þessi: Af hverju er það réttlætanlegra að setja hálaunamenn undir Kjaradóm frekar en láglaunamenn? Hvers vegna eru til menn sem eru taldir of góðir til að semja sjálfir um sín kaup og kjör? Og hvers vegna eru til menn sem eru taldir nógu góðir til þess að semja fyrir sjálfa sig um kaup og kjör? Hvers vegna er skilningur manna þannig að menn telja háttsetta opinbera starfsmenn of góða til að semja um laun sín en verkamenn nógu góða til þess?

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það er nokkuð langt um liðið síðan umr. var síðast um þetta mál. 1. umr. stendur raunar enn yfir.

Það sem olli því fyrst og fremst að ég fór hér í ræðustól var það að hv. 4. þm. Vesturl. hélt því fram, hafi ég heyrt rétt hér við umr., að fulltrúar Seðlabankans hefðu riðið á vaðið varðandi bílastyrki ráðh., þ. e. greiðslu bílastyrkja í formi launaauka. Hv. þm. er mér að því leyti kunnur að ég veit að hann vill hafa ekki síður en Ari fróði það sem sannara reynist. En í því efni má jafnframt taka fram að fyrrverandi formaður bankaráðs Landsbankans er sá sem ber ásamt Seðlabankaaðilum höfuðábyrgð á því að þessum ívilnunum bankastjóra var breytt í beinar greiðslur.

Nú geri ég ráð fyrir því að fleiri en færri ætlist til þess að um þessi mál sé rætt fremur í himinhrópandi

vandlætingu. Ég held þó að ég sé ekki í stakk búinn eða stígvélaður til að bæta um betur frá því sem gert hefur verið í þeim efnum, svo stór orð hafa verið viðhöfð í þessum málum. Það hefur margoft komið fram, en sakar ekki að geta um það einu sinni enn, að það hefur verið álitið og túlkað sem svo á grundvelli laga um ríkisbankana að það væri verksvið bankaráðanna að ákveða öll launakjör bankastjóra, ekki einvörðungu laun þeirra heldur öll launakjör.

Frá Magnúsi Jónssyni fjármálaráðherra barst bréf 26. febrúar 1970 þar sem var mælst til þess að bankaráð ríkisbankanna færu eftir reglugerð sem þá hafði nýlega verið sett. Þessi tilmæli þáverandi fjmrh. minna mann á að bankaráðin hafi í sjálfu sér ekki verið skyldug til að fara eftir þessari reglugerð. Því var þáverandi fjmrh. að skrifa bankaráðunum bréf þess efnis að fara að viðkomandi reglugerð? Hitt skal ég ekki dæma um á þessari stundu hvort bankaráðin hafi stigið skrefið lengra en þessi reglugerð, sem fjmrh. mæltist til að væri farið eftir, gerði ráð fyrir, stigið skrefið lengra en eðlilegt var. Ég skal ekkert fullyrða um slíkt. Í þessu efni er það rétt að bréf viðkomandi fjmrh., bréfið sjálft, gefur það ekki beinlínis til kynna. Ekki er minnst á það í bréfinu að fara skuli eftir þeim paragröfum í reglugerðinni þar sem vikið er að kjörum ráðherra í þessu efni. En þeir sem kunnugastir eru kerfinu fullyrða að slík tilmæli hafi með einhverjum hætti verið send og borist til bankaráðanna.

Í sambandi við reglugerðina um bifreiðamál ríkisins hef ég spurningar fram að færa um afstöðu ríkisstj. og þykir mér illt að enginn af hæstv. ráðh. skuli vera hér í salnum. Ég hefði löngun til þess að fá svör við a. m. k. einni eða tveimur spurningum í þessu efni og þá ekki síst frá hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Það er verið að athuga með að fá hæstv. fjmrh. í salinn.) Til þess að spilla ekki tíma hv. deildar er rétt að það komi fram hér í umr. að hæstv. viðskrh. hefur eftir því sem ég veit til sett til starfa Baldur Möller í því skyni að gera athugun á og meta þau starfskjör og það fyrirkomulag sem gilt hefur gagnvart bankastjórum í ríkisbönkunum. En á sama eða líkum tíma er gefin út reglugerð um bifreiðamál ríkisins, reglugerð frá 30. apríl 1985 nr. 190. Nú þætti mér vænt um að heyra um það frá hæstv. fjmrh., sem skrifar að sjálfsögðu undir þessa reglugerð sem hæstv. ráðh., hvort um þessa reglugerð hafi ríkt einhugur innan ríkisstj.

Eins og ég sagði áðan er aðili að störfum fyrir hæstv. viðskrh. að athuga starfskjör og það fyrirkomulag sem gilt hefur gagnvart bankastjórum ríkisbanka. Það má vel vera að þetta sé sönnun þess að það sé einlægur vilji ríkisstj. að bankaráðin hafi áfram óskorað vald til að ákveða öll kjör bankastjóra, þar með bílakjörin. Nú er mér raunar ekki kunnugt um það hvort til þess er ætlast að þessum viðkomandi starfsmanni hæstv. viðskrh., Baldri Möller, sé ætlað að setja fram till. í þessu efni. Þegar ríkisstj. lætur það frá sér fara að öll þessi mál séu til heildarendurskoðunar og ekki síst bílakjaramál bankastjóra ríkisbankanna, þá er dálítið einkennilegt að á sama tíma er gefin út reglugerð þar sem m. a. er vikið að bílakjaramálum ráðherra. Í 10. gr. reglugerðarinnar er gert ráð fyrir 20% fyrningarreglu varðandi kjör ráðh. í þessu sambandi.

Ég hélt satt að segja að það hefði verið fyrirhugað af hálfu stjórnvalda að samræma þessi mál í eitt skipti fyrir öll. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég líti svo á að bankaráðin séu óhæf til þess að ákveða þessi mál, síður en svo.

Það frv. sem hér er til umr., frv. til l. um launakjör bankastjóra og ráðh., ætla ég að vera fáorður um. Ég get þó sagt frá því að minn þingflokkur, þingflokkur framsóknarmanna, samþykkti á sínum tíma að laun bankastjóra yrðu ákveðin af Kjaradómi. Í þeirri umfjöllun, sem átti sér stað innan flokksins á þeim tíma, var raunar ekki tekin afstaða til þess hvort bankastjórar ættu að hafa einhver bílafríðindi. Sú ályktun tók að mínum dómi enga afstöðu til þess. Þetta frv. gerir hins vegar ráð fyrir því að slík fríðindi verði ekki framvegis.

Þetta er frv. af því tagi sem lagt er fram í hita leiksins þegar hálfur þingheimur talar í himinhrópandi vandlætingu um gjörðir sem þingheimur ber að nokkru leyti fulla ábyrgð á. Ég vil gjalda varhug við málum sem koma fram undir slíku hugarfari og undir slíkum þrýstingi.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð en ég hefði löngun til þess að fá það upplýst hjá hæstv. fjmrh. hver er stefna ríkisstj. í málinu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. beindi til mín einni spurningu og hún hljóðar svo:

„Ríkti einhugur um reglugerðarsetninguna um kjör bankastjóra þegar reglugerð um bifreiðamál ríkisins var sett 30. apríl 1985?"

Svar mitt getur verið stutt: Það ríkti einhugur um setningu þessarar reglugerðar og ég hef ekki heyrt ádeilu á hana, hvorki frá ráðherrum né heldur frá öðrum. Þessi reglugerð var sett — ekki vegna þeirrar umræðu sem fram fór á þeim tíma um bílamál bankastjóra heldur vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um langan tíma um bílamál ráðherra. Ég hef ekki annað svar við spurningu fyrirspyrjanda.

En ég vil benda á það — það hefur áður komið fram hjá mér í þessum ræðustól — að ég hef litið á þessi bílafríðindi ráðherra sem eins konar kjaramál ekki síður en bankastjórar líta á sín bílafríðindi og önnur fríðindi sem kjaramál. En mér þótti rétt að setja þessa reglugerð þrátt fyrir það. Ráðherrar eru þá þeir einu í þjóðfélaginu sem hafa tekið á sig kjaraskerðingu og má segja með brosi á vör því ég minnist þess ekki að neinn hafi verið á móti.

Hitt er svo annað mál að við skulum átta okkur á því að ráðherrar eru kosnir til tiltölulega skamms tíma og gegna yfirleitt störfum stuttan tíma, eitt, tvö kjörtímabil, það er undantekning ef það eru einstaklingar sem gegna ráðherrastörfum í mikið lengri tíma. En aftur á móti eru bankastjórar ráðnir til langs tíma og yfirleitt ævilangt. Það er því ekki hægt að bera saman störf þessara tveggja starfshópa.

Ég lít ekki svo á að rn. hafi verið að blanda sér í þau störf sem bankaráðunum ber að sinna. Bankaráðin geta eftir sem áður ákveðið kjör bankastjóra. En bankaráðin tóku þá ákvörðun einhvern tíma — sem ég get nú ekki dagsett — að í bílamálum a. m. k. skyldu kjör bankastjóra vera sambærileg við kjör ráðh. og það hafa þau verið. Ef aftur á móti þessi ákvörðun bankaráðanna á sínum tíma er áfram í gildi þá nær þessi reglugerð yfir bílamál ráðh. líka yfir bílamál bankastjóra. En það

er bankaráðanna að taka þá ákvörðun. Ég segi fyrir mína parta að væri ég bankaráðsformaður enn þá mundi ég halda fast við það að bankaráðin ákveði kjör starfsmanna bankans, hvort sem þeir eru bankastjórar eða aðrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, frv. 495. mál (þskj. 921). — 1. umr.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58 28. maí 1984 um sjúkraliða á þskj. 921, 495. mál Ed. Flm. ásamt mér er hv. þm. Stefán Benediktsson.

Í upphafi áttu sjúkraliðar heimild í lögum. Þá heimild var að finna í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, en þar sagði m. a. að heimilt sé að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun og að um nám þeirra, starfsréttindi og skyldur skuli kveðið á í reglugerð.

Þegar þetta ákvæði var lögfest var nám sjúkraliða starfsnám sem hægt var að stunda við nokkur stærstu sjúkrahús landsins. Síðan hefur margt breyst og nám sjúkraliða stöðugt verið bætt og er nú að mestu stundað við Sjúkraliðaskóla Íslands og í nokkrum fjölbrautaskólum um landið.

Fyrir ári síðan voru sett lög um sjúkraliða nr. 58 frá 28. maí. Þar segir í 5. gr. að sjúkraliðar skuli aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Flm. telja rétt að einskorða ekki starfssvið sjúkraliða við störf undir stjórn hjúkrunarfræðinga eingöngu. Leggja þeir því til að 5. gr. laganna verði breytt svo að sjúkraliðar geti einnig starfað undir stjórn læknis eða ljósmóður. Þetta er aðeins eðlileg breyting varðandi nám sjúkraliða. Það hefur eflst og þeir geta stundað hjúkrunarstörf sem heyra beint undir lækna, þ. e. fari þeir ekki út fyrir sitt starfssvið.

Það er ekki tilgangurinn með þessu frv. að sjúkraliðar fari að taka að sér ábyrgðarmeiri störf en þeir hafa gert hingað til heldur eingöngu að þeir geti starfað á ábyrgð lækna jafnt og hjúkrunarfræðinga. Á fæðingardeildum eða á fæðingarheimilum er ekkert sem mælir gegn því að sjúkraliðar starfi undir stjórn ljósmóður við aðhlynningu sængurkvenna og ungbarna. Einnig má benda á að ljósmæður þurfa að afla sér hjúkrunarfræðimenntunar áður en þær hefja nám við Ljósmæðraskóla Íslands. Það er fráleitt að það skuli brjóta í bága við lög ef læknar fá aðstoð fólks sem telst vera á starfssviði sjúkraliða.

Hjúkrunarfræðingar starfa undir stjórn lækna og það má því telja að stéttaskipting leiði af því að hjúkrunarfræðingar stjórna sjúkraliðum. Ef við héldum rökrétt áfram þá ættu gangastúlkur að vera undir stjórn sjúkraliða og svona koll af kolli. Þetta er eingöngu lagt til til samræmis við aðrar heilbrigðisstéttir sem starfa á ábyrgð sérfræðinga eða annarra heilbrigðisstétta en ekki einskorðast við eina stétt.

Ég tel enga þörf á því að hafa langt mál hér um og tel reyndar að ekki komi mótmæli gegn þessu frv. nema jafnvel frá hjúkrunarfræðingum. Ég hef fengið upphringingar frá sjúkraliðafélögum víðs vegar um land og jafnframt læknum þar sem lögð er mjög mikil áhersla á þetta mál og óskað eftir að þessu verði breytt á þennan hátt. Nú er á döfinni að sjúkraliðar fái viðbótarnám varðandi hjúkrun aldraða. Það leiðir af sjálfu sér að á minni stöðum úti á landi, þar sem öldrunarheimili eru, vantar oft hjúkrunarfræðinga og þurfa því sjúkraliðar að ganga inn í þau störf að annast sjúka og þá undir stjórn lækna. Það mundi því brjóta í bága við lög ef þessu ákvæði yrði ekki breytt.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 29. maí, að loknum 83. fundi.

Erfðalög, frv. 424. mál (þskj. 696). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1049).

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 1048). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stjórn efnahagsmála, frv. 501. mál (þskj. 929, n. 1033). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta mál er einfalt í sniðum og hv. þdm. þekkja það raunar. Það hefur hlotið einróma afgreiðslu í Nd. Alþingis. Í athugasemdum segir að með þessu lagafrv. sé gerð tillaga um að fella úr gildi ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13/1979, um verðbætur á laun. Þessi ákvæði hafa ekki verið virk nú um tveggja ára skeið en þau mundu öðlast nú 1. júní gildi að nýju er

bann við lögum nr. 71/1983 fellur úr gildi.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá í september í fyrra var talað um að framlengja þessu banni en nú er frá því horfið í samkomulagi við launþegasamtök og aðila vinnumarkaðarins þannig að um frjálsræði verði að ræða varðandi verðbætur á laun en ekki bann við verðbótum.

Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur einnig einróma samþykkt að mæla með samþykkt þessa frv. en eins og fram kemur í athugasemdum sem ég las hér upp áðan væri í öllu falli skemmtilegra að lög þessi öðluðust gildi fyrir 1. júní n. k. Þar sem ég veit að allir nm. í hv. fjh.- og viðskn. eru sammála um að greiða fyrir þessu máli legg ég til að reynt verði að afgreiða það sem lög frá Alþingi á nýjum fundi hér á eftir ef allir eru sammála um að veita til þess afbrigði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 429. mál (þskj. 714, n. 949 og 1032). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er fylgifrv. með frv. sem þegar hefur verið afgreitt út úr þessari hv. deild og samþykkt, þ. e. gjald af tóbaksvörum. Það er talið eðlilegt að fá fyrst úr því skorið efnislega hvort deildin væri sammála þeirri breytingu á verslun ríkisins með áfengi og tóbak að tóbaksverslun yrði gefin frjáls. En af því leiðir að þá þarf að breyta lögum um verslun ríkisins með tóbak og áfengi sem verður þá „verslun ríkisins með áfengi", enda heitir frv. það sem hér er til umr., frv. til laga um verslun ríkisins með áfengi.

Efnisleg umr. hefur farið fram um þetta mál en eftir er að afgreiða formlega annað frv. Hv. fjh.- og viðskn. klofnaði um bæði málin, enda fylgdust þau að. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en minni hl. hefur skilað séráliti.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Hér er um tvö frv. að ræða er fylgjast að. Annað frv. var afgreitt héðan úr deildinni fyrir nokkrum dögum síðan. Þá mælti ég fyrir hönd minni hl. fjh.- og viðskn. sem leggur til að báðum þessum frv. verði vísað til ríkisstj. með þeim rökum sem fram koma í áliti tóbaksvarnanefndar og í ályktun fundar starfsmanna heilbrigðisstéttanna og heilbrigðisráðuneytisins. En báðar þessar ályktanir og samþykktir ásamt fleiri ályktunum voru birtar sem fskj. með nál.

Við sem skipum minni hl. n. erum fulltrúi Alþfl. hv. þm. Eiður Guðnason og fulltrúi Kvennalistans Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sem var á þingi þegar nál. var skilað. Við leggjum sem sagt til með þeim rökum, sem við þegar höfum gert grein fyrir, að máli þessu verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 949, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 10:6 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sementsverksmiðja ríkisins, frv. 382. mál (þskj. 611, n. 972 og 995, 973). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StB, ÞK, AG, ÁJ, BD, EgJ, EKJ, JHelg, SalÞ.
nei: RA, KÁ, SkA, VI, DA, EG, HS, JK, KSG.
2 þm. (HÓ, KolJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Þegar þetta mál var lagt fram skorti ýmis veigamikil rök fyrir þeim ráðstöfunum sem frv. felur í sér. Allar upplýsingar, sem fram hafa komið við umfjöllun málsins í iðnn., benda til þess að rekstur sementsverksmiðjunnar hafi stórbatnað síðustu misseri og spáð er að sá bati haldi áfram við ríkjandi stjórnarhætti í fyrirtækinu. Ekki síst í ljósi þessa tel ég þetta frv. vera rökleysu, breytingu breytingarinnar vegna. Ég segi nei.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Í umr. um þetta frv. sem hér liggur fyrir hefur það komið fram að það skortir mikið á að nægileg samstaða sé um það og umsagnir hafa yfir höfuð verið neikvæðar frá þeim aðilum sem hlut eiga að máli. Ég tel óheppilegt að knýja frv. fram nú og segi því nei.

Frv. þar með fallið.

Almenn hegningarlög, frv. 437. mál (þskj. 739, n. 1029). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv., en það er samið í dóms- og kirkjumrn. í samráði við ráðgjafa rn. í hegningarlagamálum, Jónatan Þórmundsson prófessonr, og við samningu frv. var einnig höfð hliðsjón af till. sem fram höfðu komið í hegningarlaganefnd. Í þessu frv. eru lagðar til breytingar á ýmsum greinum hegningarlaganna en einkum varða breytingarnar þó málefni þeirra sem afplána refsivist.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Benediktsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Miðvikudaginn 29. maí, að loknum 84. fundi.

Stjórn efnahagsmála, frv. 501. mál (þskj. 929). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1050).

Neðri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 29. maí, kl. 2 miðdegis.

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 820, n. 1004, 1005). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Samgn. Nd. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og kallaði til sín veðurstofustjóra, Hlyn Sigtryggsson, og ráðuneytisstjórann í samgrn., Ólaf Steinar Valdimarsson.

Á þskj. 1005 eru nokkrar brtt. við þetta frv.

Það er í fyrsta lagi við 1. gr. að í stað orðsins „greina" komi: fræðigreina.

Í 2. gr. er gerð brtt. um að 1. mgr. orðist svo: „Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, hefur á hendi stjórn stofnunarinnar." Þetta er ekki nein efnisbreyting, heldur breytt orðalag.

Við 3. gr. Í staðinn fyrir „takmörkun" í 7. tölul. komi: tilhögun.

8. tölul. 3. gr. orðist svo: „að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum fræðigreinum á starfssviði sínu og vinna að rannsóknum á þeim er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á veðurfari landsins, bæta veðurþjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála og annarra þarfa landsmanna." Þetta er ekki heldur efnisbreyting, heldur skýrara orðalag.

Nefndin er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 1005,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1005,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1005,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 939, n. 977, 981 og 1015). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 981, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 15:7 atkv.
1. gr. samþ. með 25:2 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 977 samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 689 (sbr. 154), n. 976, 967). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 967,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—19. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 967,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
21.—25. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 967,3 (ný 26. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
27.—41. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 967,4 (ný 42. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
43.—67. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 967,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
68. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
69.—70. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 967,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
71. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 967,8 samþ. með 27 shlj. atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
74.—101. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 967,9 samþ. með 27 shlj. atkv.
102. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
103.—119. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
120.—150. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
151.—157. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
158. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,10 (ný 159. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
160.—162. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
163.—170. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
171. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 967,11 samþ. með 26 shlj. atkv.

172. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
173.—183. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
184.—186. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 967,12 samþ. með 26 shlj. atkv.
187. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
188.—196. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
197.—198. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 967,13 samþ. með 26 shlj. atkv.
199. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,14 samþ. með 24 shlj. atkv.
200. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
201.—214. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
215.—218. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
219. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,15 samþ. með 25 shlj. atkv.
220. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,16 samþ. með 25 shlj. atkv.
221. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 967,17 samþ. með 22 shlj. atkv.
222. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
223.—225. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,18 samþ. með 24 shlj. atkv.
226. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
227.—229. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 967,19 (ný 230. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
231. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
232. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
233.—242. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
243. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 894 (sbr. 171), n. 994, 1020). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1020 tekin aftur til 3. umr.
7.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 837, n. 1009, 1010). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1010,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1010,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 1018 (sbr. 642)). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Í fjarveru hæstv. samgrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um veitinga- og gististaði á þskj. 1018. Í ágústmánuði 1983 skipaði hæstv. samgrh. nefnd til að endurskoða gildandi lög um veitingahúsa- og gististaðahald o. fl. Þau eru frá árinu 1963 og eru því orðin 22 ára gömul.

Miðað við þær öru breytingar og þá miklu þróun, sem hefur orðið á þessum málum undanfarna tvo áratugi, var full þörf þessarar endurskoðunar. Raunar er orðið nokkuð langt síðan mönnum var ljóst að lög þurfti um starfsemi þessa. Þannig eru lög frá 1963 byggð á eldri lagabálkum frá árinu 1926.

Í nefndinni, sem samdi frv. sem hér liggur fyrir, áttu sæti Lúðvíg Hjálmtýsson þáv. ferðamálastjóri, sem var formaður nefndarinnar, Hólmfríður Árnadóttir sem var framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa og Kolbrún Harðardóttir heilbrigðisráðunautur.

Frv. er flutt hér að öllu í óbreyttum búningi frá því frv. sem nefndin skilaði því. Aðeins er skotið inn í 2. gr. ákvæði sem til var í lögum nr. 57/1982 og fjallar um það að nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skuli falla að hljóðkerfi og beygingu í íslensku máli. Af hálfu rn. hefur hins vegar verið farið gaumgæfilega yfir efni frv. og lítils háttar breytingar gerðar á framsetningu þess. Þetta nýja frv. er töluvert frábrugðið núgildandi lögum. Þannig er greinum fækkað verulega og felld eru niður ákvæði sem tekin hafa verið inn í önnur lög sem jafnframt ná til veitinga- og gistihúsa. Einnig eru felld úr ákvæði sem ekki eiga heima í lögum um veitingasölu og gististaðahald svo og ákvæði sem vegna breyttra aðstæðna eru orðin úrelt.

Ákvæði þessara laga ná yfir alla sölu á gistingu, hvort heldur er á almennum gististöðum eða einkaheimilum. Einnig ná þau til allrar veitingasölu sem almenningur á aðgang að að undanskildum mötuneytum og stofnunum. Loks ná ákvæðin til leigu á samkomusölum til funda eða skemmtistaðahalds hvort sem er með veitingum eða án þeirra.

Í 8. og 9. gr. er leitast við að flokka þá starfsemi sem undir frv. fellur. Við þessa skiptingu er það fyrst og fremst haft í huga að gesturinn geti gert sér sem gleggsta hugmynd um þá starfsemi og þjónustu sem í boði er og er áréttað að öll sala á veitingum og gistingu, sem almenningur á aðgang að, fellur undir þessi lagaákvæði.

Eins og sjá má á frv. er það frekar einfalt í sniðum enda er gert ráð fyrir því að nánari ákvæði verði sett með reglugerð þar sem reglugerðin er sveigjanlegri og auðveldara um breytingar á henni með breyttum starfsháttum og aðstæðum í þessari atvinnugrein sem er í örri þróun. Sérstaklega er þörf á að ákveða í reglugerð um búnað gististaða og veitingastaða. Ekki er ástæða til að fara fleiri orðum um þetta frv. á þessu stigi máls enda

þarfnast margar af þeim 15 greinum sem frv. hefur að geyma ekki sérstakra skýringa.

Ég vil þó vekja athygli hv. þm. á og ljúka máli mínu með því að frv. þetta var lagt fram í hv. Ed. Alþingis og benda þá á brtt. á þskj. 986 sem skýra sig sjálfar. Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og til samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Gjöld af tóbaksvörum, frv. 428. mál (þskj. 1012 (sbr. 987)). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum eins og það kemur eftir meðferð í hv. Ed. og með þeim breytingum sem þar hafa verið gerðar á því.

Eins og fram hefur komið í framsöguræðu minni með frv. um verslun ríkisins með áfengi og tóbak er talið eðlilegt fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbaksvörum, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þeirra og framleiðslu í stað þess að afla þessara tekna sem einkasöluaðili sem í raun hefur aðeins falist í að annast innflutning, birgðahald og dreifingu fyrir umboðsmenn tóbaksframleiðenda. Þá er og bent á það að óviðeigandi sé, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Með vísan til þessa er í frv. þessu gert ráð fyrir að afla frá og með 1. jan. 1986 þeirra tekna, sem ríkissjóður hefur notið af einkasölugjaldi af tóbaki, með sérstökum gjöldum, tóbaksgjaldi og vörugjaldi, sem leggjast skulu á allt innflutt tóbak svo og innlenda tóbaksframleiðslu sé um hana að ræða. Einkasöluréttur ríkisins á tóbaki fellur hins vegar niður frá og með sama tíma.

Brúttóhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á árinu 1984 nam 401 millj. kr. Tóbaksgjaldið, eins og það er ákvarðað í frv., er jafnhátt því einkasölugjaldi sem innheimt er af tóbaki eftir verðbreytingu þá sem átti sér stað í febr. s. l. Í ár er gert ráð fyrir að tekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins af einkasölugjaldi verði miðað við sömu neyslu um 570 millj. kr. á verðlagi marsmánaðar s. l. Í þessu sambandi má minna á að gert er ráð fyrir að hækka einkasölugjaldið á þessu ári í samræmi við framfærsluvísitölu. Athygli skal vakin á því að neyslumynstrið hefur breyst nokkuð mikið undanfarið í kjölfar hinnar nýju verðstefnu. Neyslan hefur t. d. flust meira yfir í evrópskar vindlingategundir, enda eru þær mun ódýrari en þær amerísku, einkum vegna mjög sterkrar stöðu dollarans. Neyslubreyting af þessu tagi hefur engin áhrif á tekjur af tóbaksgjaldi eins og það er hugsað skv. frv. þessu þar sem það ákvarðast af magni en ekki verði. Hins vegar kann neyslubreyting af þessu tagi að hafa nokkur áhrif á aðrar tekjur ríkisins af tóbakssölu, þ. e. tekjur af álagningu og söluskatti, þar sem salan hefur aukist í ódýrari vindlingategundum á kostnað þeirra dýrari. Mjög erfitt er þó að gera sér grein fyrir hver áhrif þetta kann að hafa á nettótekjur ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er hefur sérregla gilt varðandi söluskattsinnheimtu af öllu tóbaki. Hún felst í því að ÁTVR annast innheimtu og skil hans en ekki smásalar. Ástæðan fyrir þessari sérreglu er sú að þar sem ríkið hefur eitt á sinni hendi alla heildsöludreifingu á tóbaki svo og að tóbak hefur til þessa verið háð verðlagsákvæðum er auðvelt að gera sér grein fyrir skattstofninum og innheimta skattinn með einföldum og tryggum hætti. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki við komið ef einkasöluréttur ríkisins á tóbaki verður afnuminn svo og verðlagshöft. Af þessu leiðir, komi ekki annað til, að söluskattur á tóbaki yrði í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins á tóbaki innheimtur í smásölu með venjulegum hætti.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ýmsar efasemdir eru uppi um áreiðanleika söluskattsskila smásölunnar hérlendis. Í þessu sambandi er rétt að benda á að söluskattsuppgjör matvöruverslana er í sjálfu sér ótryggt vegna hinna mjög svo flóknu reglna sem um það gilda. Þetta stafar fyrst og fremst af því að öll matvara er undanþegin söluskatti. Af þessum sökum hefur þurft að setja flóknar reglur um uppgjör þeirra sem í raun eru ekki mjög öruggar. Í ljósi þessa er í frv. lagt til að eiginlegur söluskattur verði felldur niður af hvers konar tóbaki en í þess stað verði lagt á og innheimt vörugjald er leggjast skal á tollverð tóbaks að viðbættum innflutningsgjöldum. Með þessum hætti á að vera tryggt að a. m. k. svipaðar tekjur skili sér í ríkissjóð í formi vörugjalds af tóbaki og nú á sér stað í formi söluskatts.

Á árinu 1984 námu söluskattstekjur ríkissjóðs af tóbakssölu tæplega 255.2 millj. kr. Að því gefnu að þessi álagningarhlutföll breytist ekki í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins og verðlagshafta er ljóst að vörugjald á tóbaki verður að vera 31% eigi það að skila sömu tekjum og söluskattur gerir nú. Nauðsynlegt þykir engu að síður, einkum í ljósi þeirra breytinga á neysluvenjum sem átt hafa sér stað að undanförnu, svo og að verð á tóbaki verði framvegis ekki háð verðlagsákvæðum, að veita ráðh. nokkurt svigrúm varðandi ákvörðun gjaldsins. Því er lagt til að gjaldið megi lægst vera 30% og hæst 60%. Með þessum hætti verður því hér eftir sem hingað til mögulegt fyrir hið opinbera að hafa bein áhrif á tóbaksverð án þess að til komi sérstök lagasetning þess efnis.

Ég tel ekki þörf á að ræða frv. þetta frekar að svo stöddu og legg til, virðulegi forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar, frv. 29. mál (þskj. 29, n. 910 og 913, 911). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir) (frh.): Herra forseti. Fyrir helgi frestaði ég að ósk forseta framsögu þar sem ég mælti fyrir áliti minni hl. félmn. um frv. til l. um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Var ég þar komin í ræðu minni að gera

grein fyrir sjónarmiðum sem fram komu á ráðstefnu sem haldin var fyrir réttu ári síðan um tæknibreytingar í atvinnulífinu með tilliti til jafnréttis kynjanna. Þegar ég varð að fresta ræðu minni var ég komin að tilvitnun í orð fulltrúa Framsfl. á þessari ráðstefnu, Helgu Jónsdóttur, aðstoðarmanns forsrh.

Aðstoðarmaður forsrh. vitnaði í kafla úr bók sem út kom á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf. Ber kaflinn yfirskriftina: „Hvers vegna að óttast örtölvutæknina?“ Þar kemur fram að svartsýnisspár um að tölvutækni hafi í för með sér stórfellt atvinnuleysi hafi hreint ekki ræst. Hins vegar verði óhjákvæmilega miklar breytingar á störfum. M. a. er mikil eftirspurn eftir fólki til ýmissa rútínustarfa sem kvenfólk hefur að mestu gegnt hingað til. Á það t. d. við um vélritun, hraðritun, bókfærslu og skjalavörslu og viss gjaldkerastörf.

Aðstoðarmaður forsrh. benti á að það væri ekki aðeins á Íslandi sem það tíðkaðist að karlar væru í ábyrgðarmeiri og tekjuhærri störfum en kvenmenn. Samkvæmt nýlegri könnun í Svíþjóð eru 90% yfirmanna í tölvuvinnslu karlkyns en 97% almennu starfanna í tölvumötuninni eru unnin af kvenmönnum. Þessi niðurstaða er skýrð þannig að konur sæki síður ýmiss konar námskeið í starfsþjálfun og nýjum greinum á vegum atvinnurekenda en karlar. Fulltrúi Sjálfstfl. á þessari ráðstefnu, Magnús L. Sveinsson, benti á að aukin notkun örtölvu og háþróaðrar tækni mundi hafa áhrif á hæfni íslensks vinnuafls í framtíðinni. Minni þörf yrði fyrir verkkunnáttu en meiri þörf fyrir hugvit. Þetta mundi hafa mikil áhrif á þjálfun og endurmenntunarþörf í ýmsum greinum atvinnulífsins. Sérstaklega yrði mikil eftirspurn eftir vel þjálfuðu starfsfólki með sérþekkingu á örtölvum og tölvutækni. Orðrétt sagði Magnús L. Sveinsson, fulltrúi Sjálfstfl., í sínu erindi:

„Ljóst er að mjög mikil breyting mun verða í flestum starfsgreinum og munu sumar hefðbundnar starfsgreinar jafnvel leggjast niður með öllu. Nám sem fjöldi manna hefur gengið í gegnum nýtist ekki lengur og fólk verður að ganga í gegnum nýja starfsmenntun og tileinka sér algerlega nýjar starfsaðferðir.“

Hilmar Jónsson talaði á þessari ráðstefnu fyrir hönd Alþýðusambands Íslands. Hann sagði m. a.:

„Í framleiðslunni hafa vélmennin ýmsa kosti umfram mannfólkið. Þau lúta ekki sömu reglum um hættuleg efni, vinnuvernd og vinnutíma. Það er jafnvel í alsjálfvirkum verksmiðjum hægt að láta vélmenni ganga allan sólarhringinn án þess að það þurfi að kveikja ljós yfir nóttina. Auðvitað er gott að geta losað fólk undan óþrifalegum og hættulegum störfum en breyting á starfsfyrirkomulagi, sem leiðir af sér fækkun starfa, leiðir af sér mörg vandamál. Á það skal bent að tölvutækni mun hafa mjög mismunandi áhrif á einstakar greinar framleiðslu- og atvinnulífs. Neikvæðustu áhrifin verða í þjónustugreinum. Þó getur einnig orðið um hlutfallslega mikil áhrif að ræða í frumvinnslugreinum. En þegar haft er í huga að atvinnutækin eru þegar orðin fá í þessum greinum gætir áhrifanna ekki eins mikið.“

Síðar í erindi sínu sagði Hilmar:

„Í dag verða tæknibreytingar í fyrirtækjum víðast þannig að stjórnendur þeirra leita að hagkvæmustu framleiðsluaðferðum á hverjum tíma og telji þeir að athugun lokinni skynsamlegt að innleiða nýja tækni, þá gera þeir það. Það er undir hælinn lagt hvort talað er við starfsfólk fyrr en ef til þess kemur að flytja þurfi það til, þjálfa fyrir ný verkefni eða því er sagt upp.“

Orðrétt sagði síðan Hilmar Jónsson hjá Alþýðusambandi Íslands:

„Það skiptir okkur öllu að sjá fyrir í tíma hvert tækniþróunin stefnir og á hvaða sviði er líklegast að ný tækni muni valda straumhvörfum á næstu árum. Ef vélmenni leysa mannshöndina af hólmi í fiskvinnslu á næstu árum gæti orðið alvarlegt ástand í flestum landshlutum. Hvert fyrirtæki um sig væri þess ef til vill ekki megnugt að stýra þróuninni. Valið fyrir hvert fyrirtæki gæti verið val milli þess að hætta rekstri eða fækka yrði starfsfólki. Það er brýnt að stytta vinnutíma á Íslandi, en sú stytting má ekki vera þannig að upp komi atvinnuleysi í einstökum greinum og landshlutum. Það er mál þjóðarinnar allrar að taka á þeim vandamálum sem tæknibreytingunni fylgja. Stjórnvöld verða að gangast fyrir rannsókn á tölvuþróun og leitast við að stýra henni á heillavænlegan hátt í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Stjórnvöld verða á sama hátt að haga efnahagsstefnunni þannig að hugsanlegum samdrætti í starfsmannafjölda í einni grein verði mætt með þenslu á öðrum sviðum.“

Í lok erindisins sagði Hilmar:

„Þegar litið er til þess hvaða áhrif tölvutæknin komi til með að hafa á störf kvenna á vinnumarkaði má ætla að þau verði einnig í iðnaði og verslun. Tölvustýrð tæki koma til með að leysa af hólmi konur í fataiðnaði og jafnvel fiskiðnaði. Í verslun og skrifstofurekstri minnkar þörf fyrir störf kvenna vegna nýrrar tækni.“

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um þau erindi sem fram komu á þessari ráðstefnu Jafnréttisráðs um áhrif tæknibreytingar á atvinnulífið með tilliti til jafnréttis kynjanna. Ég tel að niðurstaðan af þessari ráðstefnu sé reyndar á einn veg og styðji svo ekki verði um villst að samþykkja beri það frv. sem hér liggur fyrir um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Fulltrúar stjórnmálaflokka og samtaka sem þar töluðu bentu í reynd allir á mikilvægi þess að tryggja atvinnuöryggi starfsfólks, skapa því skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni og að brýn þörf væri á starfsþjálfun og endurmenntun og þá ekki síst að skapa skilyrði fyrir ófaglært fólk að aðlagast tæknivæðingunni.

Herra forseti. Við þetta mál verður ekki skilið nú, þegar í það stefnir hér á hv. Alþingi að fresta að taka ákvörðun í þessu máli og vísa því frá, og er óhjákvæmilegt að gera nokkra grein fyrir þeirri skýrslu sem nýlega er út komin á vegum Kvenréttindafélags Íslands og fjallar um tölvutæknina, hlut kvenna og karla á vinnumarkaðinum. Til að lengja ekki þessar umræður frekar en orðið er vil ég aðeins með örfáum orðum vitna í það athyglisverðasta sem fram kemur í þessari skýrslu, jafnframt því sem ég hvet hv. þm. til að kynna sér þessa merku skýrslu. Í skýrslunni segir m. a.:

Eins og nú er háttað er verksvið kvenna á vinnumarkaðinum þrengra en verksvið karla. Einnig er hlutur kvenna í hinni nýju tæknibyltingu atvinnulífsins lítill sé hann borinn saman við hlut karla. Í sænskri könnun, sem gerð var á kvennaári 1975, kom fram að 80—90% þeirra sem vinna við nýsköpun, þ. e. kerfisritun, áætlanagerð um mötun tölva og stjórnun á tölvu-

sviði voru karlar. Konur voru hins vegar 97% þeirra sem unnu við götun tölvuspjalda og skráningu tölvufræðilegra gagna. Karlar virðast vera brautryðjendur á þessu sviði. Þeir skapa og innleiða hina nýju tækni í atvinnulífinu en konur fylgjast með úr fjarlægð. Í skýrslunni kemur fram að til að athuga stöðu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu sem flytja inn og framleiða tölvubúnað var haft samband við 34 þeirra en könnunin náði til 310 starfsmanna þessara fyrirtækja. Leitað var m. a. upplýsinga um skiptingu kynja á fimm starfssvið innan nefndra fyrirtækja og stofnana. Niðurstaðan varð sú að við sölustörf unnu 85 karlar eða 92% þeirra sem tóku þátt í könnuninni en einungis 7 konur eða 8%. Að þróun hugbúnaðar unnu 92% karlar en einungis 8% konur. Við stjórnun unnu 74 karlar eða 99% þeirra sem spurðir voru og ein kona eða 1%. Ég tel að skýringarinnar sé ekki síst að leita í því að konum er ekki búin viðunandi og eðlileg aðstaða til að aðlagast tæknivæðingunni með endurmenntun og starfsþjálfun. Niðurstaðan er í raun sú að þær konur sem starfa innan þessara fyrirtækja gegna í langflestum tilvikum hinum almennu skrifstofustörfum en karlar gegna nýsköpunar- og stjórnunarstörfum.

Í skýrslunni kemur fram að þegar könnuð var verkaskipting kynja kom í ljós að hlutverk karla í forritunarkerfissetningu er 91% en konur eru þar 9%. Í ritvinnslu, lyklun og skráningu snýst þetta hlutfall við þar sem hlutfall kvenna í þessum störfum er 90% en karla 10%. Í skrifstofustörfum þar sem tölvur eru notaðar eru konur í meiri hluta eða 69% en karlar 31%. Í öðrum störfum innan þeirra fyrirtækja sem þessi könnun tók til og stofnana sem tengjast tölvum beint eða óbeint eru karlar 73% en konur 27%. Stjórnunarstörfin eru nær undantekningarlaust í höndum karla eða 92%.

Í skýrslunni er greint frá því hvaða áhrif það hafði þegar tölvuvæðing var innleidd hjá Gjaldheimtunni. Þar kom fram að síðustu árin áður en innheimta opinberra gjalda var tölvuvædd hafði verið algengt að hver maður ynni 50—100 tíma á mánuði í yfirvinnu. Enn fremur að misjafnlega hefði gengið að fá fólk til að vinna svo mikið. Vinnuaðstaða hefði verið mjög léleg, hávaði í bókhaldsvélum óþolandi og þrengsli mikil. Margir höfðu kvartað yfir höfuðverk og vöðvabólgu, einkum þeir sem unnu í bókhaldsvinnu, en það höfðu alla tíð verið konur. Engum starfsmanni var sagt upp vegna tölvuvæðingar en hins vegar hefur verið áætlað að yfirvinna áður en tölvuvæðingin kom til hafi jafngilt fjórum stöðugildum. Helstu breytingar við tölvuvæðinguna voru þær að yfirvinna hvarf svo til alveg og kom það mest niður á konum, þó einkum þeim sem voru í lægri launaflokkunum. Einnig er á það bent að hjá Sjóvá hafi greinilega orðið vart við fækkun starfsmanna vegna tölvuvæðingarinnar og er talið að áframhald verði á þeirri þróun. Störfum þar hefur fækkað úr u. þ. b. 70 í u. þ. b. 50 á síðustu árum og það væru eingöngu störf sem konur hefðu áður gegnt.

Af þeim kafla í skýrslunni þar sem fjallað er um menntun og menntunarkröfur á vinnumarkaðinum má ráða að konur séu miklu verr undir tölvuvæðinguna búnar en karlar vegna minni menntunar. Af sjálfu leiðir því að þær eru í enn meiri þörf fyrir endurmenntun og starfsþjálfun. Niðurstöður þess kafla eru þær m. a. að konur séu meira í rútínustörfum og í skýrslu frá International Labour Office er því spáð að þau störf muni hverfa fyrst vegna þess að einfaldast er að tölvuvæða þau.

Samkvæmt þessari könnun var fremur jöfn kynskipting á tölvunámskeiðum hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Hjá Æskulýðsráði Reykjavíkur var um fremur ójafna kynskiptingu að ræða. Vorið 1980 var boðið upp á námskeið sem alls 146 nemendur tóku þátt í, 114 piltar og 32 stúlkur. Reiknistofnun Háskólans býður upp á námskeið sem ætlað er sérfræðingum í stofnunum og fyrirtækjum. Í maí og júní 1984 sóttu 50 nemendur námskeið hjá stofnuninni, 37 karlar og 13 konur. Bent er á að síðasta skólaári hafi um 1400 nemendur sótt tölvunámskeið hjá tölvufræðslu Stjórnunarfélags Íslands. Voru hlutföllin þannig milli kynja að karlar voru 52% en konur 48%. En þrátt fyrir fremur jafna skiptingu er þátttaka á námskeiðunum mjög misjöfn eftir kynjum. Karlmenn sækja helst í áætlunargerð, gagnasöfnunarkerfi og forritun. Voru 82% karlmanna t. d. á námskeiðum í áætlunargerð meðan konur sem sóttu námskeið í ritvinnslu voru 90%.

Í skýrslunni er bent á að tölvuvæðing starfa geti gert fólki kleift að stunda a. m. k. hluta vinnu sinnar heima, t. d. með því að staðsetja tölvu á heimili starfsmanna sem síðar verði tengd við tölvunet fyrirtækisins. Það að færa vinnuna heim getur dregið úr aðskilnaði fjölskyldu og atvinnulífs, segir í skýrslunni. Ábyrgð á heimilum hvílir yfirleitt á konum og því gæti heimavinna við tölvu virst vænlegur kostur fyrir þær en jafnframt viðhaldið hinni hefðbundnu verkaskiptingu kynjanna innan heimilisins.

Hin hliðin á þessu er sú að starf sem eingöngu er unnið innan veggja heimilisins getur leitt til félagslegrar einangrunar þess einstaklings sem því sinnir. Störf sem konur taka með sér heim eru oft og tíðum verr launuð en störf úti á vinnumarkaðinum. Ef tölvuvinnsla í heimahúsum fer að færast í aukana er ástæða til að vera á varðbergi gagnvart þeim kjörum sem bjóðast fyrir þá vinnu, segir í þessari skýrslu.

Bent er á að konur séu í miklum meiri hluta þjónustugreina hér á landi eða 64%. Tölvuvæðingin hafi nú þegar haft mikil áhrif á störf í þessum greinum, t. d. í bönkum og tryggingastofnunum. Aukinni hagræðingu gæti m. a. fylgt að störfum fækki og haft þau áhrif á vinnumarkaðinn í heild að atvinnuleysis taki að gæta. Í niðurstöðu þessarar skýrslu, þar sem fjallað er um nýjar leiðir og úrbætur, er ekki síst bent á nauðsyn þess að koma á sérstökum endurmenntunar- og þjálfunarnámskeiðum, m. a. fyrir þá sem missa störf, fyrir eldra fólk og þá sem eru að koma út á vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé og fyrir nýliða. Enn einu sinni bendi ég á að það er einmitt markmið þessa frv., sem nú er lagt til af meiri hl. hv. félmn. að vísa til ríkisstj., að koma á skipulagðri endurmenntun vegna tæknivæðingarinnar.

Enn fremur er bent á það í þessari skýrslu að tæknivæðing og aðlögun að henni haldist í hendur þannig að atvinnugreinar tölvuvæðist með þeim hraða sem þær sjálfar ráða við með tilliti til menntunar og þátttöku starfsfólks.

Ég vil hér í lokin í umfjöllun um þessa skýrslu víkja nokkrum orðum að kaflanum um samantekt og niðurstöður. Þar segir með leyfi forseta:

„Í upphafi var gengið út frá þeirri tilgátu að hlutur kvenna og karla á vinnumarkaðinum eftir tilkomu tölvutækninnar væri fremur ójafn með tilliti til ný-

sköpunar, stjórnunar og áhrifa á þessu sviði. Þessi tilgáta virðist skv. gerðri athugun hafa við rök að styðjast. Margt bendir til þess að hin hefðbundna kynskipting vinnumarkaðarins sé að teygja anga sína inn á svið tölvutækninnar. Erlendar spár varðandi breytingar á atvinnutækifærum vegna tölvuvæðingar sýna að þau störf sem í dag eru hefðbundin kvennastörf, eins og þjónustu- og skrifstofustörf ýmiss konar, koma ýmist til með að hverfa eða gerbreytast.

Krafa um menntun á sviði tölvutækninnar verður æ meiri. Í þessu sambandi má vekja athygli á að konur sem starfa innan tölvuiðnaðarins hafa mun minni menntun en karlar og fá þar af leiðandi ekki sérhæfð störf á þessum vettvangi heldur þau störf þar sem minni menntunar er krafist. Athugun leiddi í ljós að í skólakerfinu og í hinum ýmsu sérskólum sýna konur minni áhuga á tölvutækninni þó að námsárangur þeirra sé ekki lakari en karla í tölvunámi. Talið er að þeir sem eru orðnir tölvuvanir þegar skólaskyldu lýkur hafi forskot fram yfir hina sem verða að byrja á því að kynna sér þessa tækni og yfirvinna tortryggni í hennar garð.

Af framansögðu má það vera ljóst að hér er á ferðinni varhugaverð þróun hvað varðar hlut kvenna í tölvuvæðingu atvinnulífsins. Full ástæða er fyrir konur að fylgjast náið með framvindu þessara mála og sjá til þess að ekki stefni í það óefni sem ýmislegt virðist nú benda til. Á undanförnum árum hefur margt mikilsvert áunnist í jafnréttisbaráttu kvenna, enda þótt langt sé í land á sumum sviðum, t. d. að konur fái sömu laun og karlar fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna hefur stóraukist undanfarin ár og athuganir hafa sýnt að það þarf tvo til þess að framfleyta meðalstóru heimili. Hvort þessi þróun er til góðs eða ills verður ekki metið hér, en ljóst er að ekki verður lengur horft fram hjá mikilvægi vinnuframlags kvenna í þjóðfélaginu.

Áhrif kvenna á þróun atvinnumála almennt hafa þó verið hverfandi lítil og ekki í hlutfalli við fjölda þeirra á vinnumarkaðinum. Enn þá er það sjaldgæft að konur gegni ábyrgðarstörfum eða séu upphafsmenn nýjunga í atvinnulífinu og er hlutdeild þeirra í tölvuvæðingunni lýsandi dæmi um þetta. Samt er því þannig farið að tölvuvæðingin hefur einmitt komið hvað mest inn á þá starfsgrein sem löngum hefur verið álitin sérgrein kvenna, þ. e. skrifstofustörfin. Á þessu sviði hefur tölvutækninni fleygt fram á síðustu árum en án teljandi þátttöku kvenna í nýsköpun hennar. Konur geta sjálfar að vissu marki ráðið bót á þessu með virkri þátttöku í innleiðingu og mótun nýrra starfshátta sem fylgja í kjölfar tölvuvæðingar. Hugarfarsbreytinga er þörf hjá konum jafnt sem körlum svo að áhrif hinna gamalkunnu viðhorfa til skiptingar í kvenna- og karlastörf megi hverfa. Tölvutæknin er einmitt til þess fallin að draga úr hefðbundinni skiptingu starfa þar sem atriði eins og t. d. líkamsburðir skipta engu máli í störfum þar sem henni er beitt. Þetta gerist ekki sjálfkrafa. Konur verða að vakna til vitundar um nauðsyn menntunar og þess að fylgjast náið með nýjungum á þessu sviði sem öðrum.

Herra forseti. Ég hef talið ástæðu til þess að fara jafnítarlega í þetta mál og raun ber vitni til að sýna fram á mikilvægi ákvæðis þessa frv. fyrir konur, en það er ekki síst hagsmunamál þeirra að þeim verði gefið tækifæri til að fá starfsþjálfun og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu þar sem allar kannanir, sem gerðar hafa verið, benda ótvírætt til þess að atvinnuöryggi kvenna er ekki síst í hættu vegna tæknivæðingarinnar. Þegar sú er raunin að konur búa við tvöfalt vinnuálag ef þær eru á vinnumarkaðinum, vinna þar kannske fullan vinnudag og eiga þá heimilisstörfin eftir að afloknum störfum á vinnumarkaðinum, þá gefur það auga leið að þær eru ekki í aðstöðu til þess að sækja námskeið sem nú er boðið upp á í tölvunámi eða námskeið til þess að aðlagast tæknivæðingunni. Það er ekki síst nauðsynlegt að hv. alþingismenn skilji þessa staðreynd og hve það er brýnt að konur jafnt sem aðrir og ekki síst ófaglært verkafólk hafi aðstöðu til þess að sækja námskeið til að aðlagast tæknivæðingunni í sínum vinnutíma og þá á launum.

Ég sé líka ástæðu til þess að vitna í ályktun 34. þings Alþýðusambands Íslands um tölvumál en þar segir: „Að því leyti sem ný tækni krefst nýrrar verkkunnáttu verður að gefa starfsfólki kost á endurmenntun þannig að aldrei verði hægt að segja fólki upp störfum í skjóli þess að það kunni ekki með tækninýjungar að fara.“ Í þeirri ályktun er lögð áhersla á að launþegar fái í vinnutíma sínum tækifæri til að fræðast um möguleika tölvanna og þau takmörk sem þeim eru sett og sambandið milli þess hvernig tölvutækninni er beitt og þess hverjir hafa áhrif á tölvuvæðinguna. Segir þar orðrétt að samfara tæknibreytingunni, sem starfsfólk og verkalýðsfélag þess hefur samþykkt, verði starfsfólki tryggð endurmenntun á fullum launum. Niðurstaða 34. þings Alþýðusambands Íslands er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„34. þing ASÍ leggur ríka áherslu á að með samningum og með lagasetningu verði tryggt að sú tækniþróun, sem tölvubyltingin leiðir af sér, verði notuð til þess að bæta lífskjörin og skapa betra mannlíf. Fái atvinnurekendur hins vegar einir að ráða ferðinni og verði tölvuvæðingin eingöngu notuð til þess að þjóna atvinnurekendum munu afleiðingarnar verða stórfellt atvinnuleysi í nær öllum stéttum, störf verða í auknum mæli einhæf og niðurdrepandi og atvinnuöryggi verður minna en það er í dag.

34. þing ASÍ hvetur til almennrar umræðu um þessi vandamál í verkalýðsfélögunum og skorar á verkafólk að vera vel á verði þannig að hlutur þess verði ekki fyrir borð borinn í þessu máli.“

Af skýrslu, sem ég hef undir höndum og unnin er af Þuríði Magnúsdóttur forstöðumanni Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins vegna kynnisferðar sem hún fór í til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs á árinu 1983, kemur fram að menntun starfsmanna í iðnaði á Norðurlöndum er mun fjölþættari en hér og stuðningur ríkisins við námskeiðahald á því sviði mjög mikill. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því hve ríkisframlag t. a. m. Dana, Norðmanna og Svía er mikið varðandi þessi mál, ekki síst í ljósi þess að ég hef orðið vör við það viðhorf í félmn. sem um þetta frv. hefur fjallað og það kom reyndar einnig fram í framsöguræðu Friðriks Sophussonar, sem talaði fyrir áliti meiri hl., að útilokað sé að standa að samþykkt þessa frv. vegna þess kostnaðar sem það hefur í för með sér. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hefði þó framlagið einungis orðið skv. ákvæðum frv. 70—80 millj. en miðað við fjárlög í fyrra 58 millj.

Ég bendi einnig á að þegar borinn er fyrir sig mikill kostnaður samfara þessu frv. þá verða menn að átta sig

á því að það getur kostað þjóðarbúið enn meira til lengri tíma litið ef ekkert er að gert og ef starfsfólk er ekki, vegna skorts á endurmenntun og starfsþjálfun, fært um að takast á við þær tækninýjungar sem þarf til þess að örva hér framleiðni og hagvöxt. Fram kemur í skýrslu Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, sem ég hér nefndi, að ríkisframlag Dana á árinu 1982 var 941 millj. danskar kr. Ríkisframlag Norðmanna var á árinu 1981 116 millj. norskar kr. og ríkisframlag Svía var á árinu 1981 3891 millj. sænskra króna. En í þessum löndum þiggja þátttakendur á námskeiðum vegna endurmenntunar laun meðan á námi stendur og eru þau að lágmarki jöfn hámarki atvinnuleysisbóta eins og í frv. þessu er gert ráð fyrir. En endurmenntunin hefur þar að sjálfsögðu þau markmið eins og fram kemur í skýrslu hjá Fræðslumiðstöð iðnaðarins að endurmennta fólk sem ekki fær lengur eða getur sinnt störfum sem það hefur reynslu og/eða menntun til að stunda.

Fólk nýtur að meðaltali átta vikna kennslu en þó geta námskeiðin verið allt að átján vikna löng. Fram kemur að frá því 1978 hafi verið lögð áhersla á þjónustu við konur sem koma út á vinnumarkaðinn eftir lengri fjarveru. En einmitt eitt ákvæði þessa frumvarps, sem hér er til umr., fjallar um það efni.

Fram kemur í skýrslu í Danmörku um þróun endurmenntunar á atvinnumarkaði 1971–1981 að á þessu tímabili hafi orðið geysimikill vöxtur í endurmenntun og starfsþjálfun og fjármagnið til endurmenntunar aukist um 170% eða um 34% á ári að jafnaði. Milli áranna 1980/1981 eykst þátttaka í endurmenntun fyrir faglærða um 24% og hlutur endurmenntunar í heild af útgjöldum til menntamála í Danmörku vex á þessu tímabili úr 2.5 í 5%. Fram kemur að í Noregi hafi atvinnumarkaðsmenntunin sem svo er kölluð og styrkir til fyrirtækja til að endurmennta starfsmenn í stað þess að segja þeim upp haft mjög mikla þýðingu.

Í þessari skýrslu kemur fram að í Svíþjóð sé meginmarkmiðið að fyrirbyggja atvinnuleysi með hvers konar endurmenntun og viðbótarmenntun fyrir þá sem eiga á hættu að missa vinnu, fólk sem á erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum o. s. frv. Allir þátttakendur þiggja laun á meðan þeir stunda endurmenntunarnám og er talið að það séu um 1000 kr. íslenskar á dag. Mismun á launum manna og þeim námsstyrkjum sem greiddir eru greiða atvinnurekendur og greiða þeir einnig launatengd gjöld vegna starfsmanna sinna.

Af því sem ég hef hér lýst er ljóst að á hinum Norðurlöndunum er gert mun meira að því að skapa starfsfólki skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni og tryggja atvinnuöryggi þess vegna tækniþróunarinnar en hér á landi.

Sá rökstuðningur, sem er að finna í nál. meiri hl. fyrir að vísa málinu til ríkisstj., finnst mér ansi léttvægur. Vitnað er til þess í nál. að á vegum ríkisstj. hafi verið og sé unnið að þessu máli. Vænti ég þá þess að meiri hl. eigi við þær stjórnskipuðu nefndir sem starfað hafa í þessum málum, önnur á vegum menntmrn. og hin á vegum félmrn. Í annan stað er til þess vitnað í nál. meiri hl. að gert sé ráð fyrir að skýrsla um endurmenntunarmál verði lögð fram á næsta þingi.

Ég vil fyrst segja það varðandi þær tvær stjórnskipuðu nefndir sem starfað hafa á vegum þessara tveggja ráðuneyta, þá er það mitt mat að lítils sé að vænta varðandi endurmenntunarmálin í niðurstöðum þessara nefnda þegar þær liggja fyrir. Á fund félmn. mættu báðir formenn þessara nefnda, þ. e. Ingvar Ásmundsson skólastjóri Iðnskólans, sem er formaður þeirrar nefndar sem starfar á vegum félmrh. og sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn getur aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Í þeirri áfangaskýrslu, sem fram kom í júní 1984, er lítið að finna varðandi endurmenntunarmálin utan þess sem almennum orðum er talað um nauðsyn endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Ég spurði formann þessarar nefndar, Ingvar Ásmundsson skólastjóra, sérstaklega eftir því þegar hann kom á fund félmn. hvort þess væri að vænta að fram kæmu tillögur frá þessari nefnd, sem starfað hefur á vegum félmrn., um endurmenntunarmál. Ingvar Ásmundsson tjáði félmn. að þessi nefnd mundi fljótlega skila af sér, en orðrétt sagði hann að hann ætti ekki von á því að dýpra yrði farið í endurmenntunarmálin en væri í áfangaskýrslunni. Það væri því hans skoðun að ekki væri ástæða til þess að bíða með afgreiðslu þessa frv. þar til niðurstaða og skýrsla nefndarinnar lægi fyrir.

Að því er varðar þá nefnd sem starfar á vegum menntmrn. til að kanna tengsl atvinnulífs og skóla þá mætti á fund félmn. Halldór Guðjónsson kennslustjóri Háskóla Íslands sem er formaður þeirrar nefndar sem starfar á vegum menntmrn. Svipaða sögu var að segja af störfum þessarar nefndar. Halldór Guðjónsson bjóst ekki við því að neinar tillögur yrðu í niðurstöðum eða skýrslum þeirrar nefndar að því er varðar endurmenntunarmál vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Það eina sem fram kom hjá Halldóri Guðjónssyni var að e. t. v. yrði að finna eina eða tvær setningar um endurmenntunarmál vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og nefndi hann mikilvægi þess að horfa á endurmenntunarmál út frá sjónarhóli atvinnulífsins og atvinnurekstrarins. Þetta er nú allt og sumt sem ég tel að vænta sé frá þessum nefndum og ekki komi þær fram með neinar tillögur eða beinar úrlausnir á því hvernig taka eigi á þessum endurmenntunarmálum.

Það er gott og vel að hæstv. menntmrh. eða félmrh. gefi Alþingi skýrslur á næsta þingi um endurmenntunarmálin. En ég tel að við höfum ekki efni á því að bíða eftir neinum skýrslum, ekki síst í ljósi þess að lítilla tillagna er að vænta frá þeim stjórnskipuðu nefndum sem starfað hafa í lengri tíma að þessu máli. Mín skoðun er reyndar sú að sú skýrsla, sem hér er sett fram um endurmenntunarmál og fram á að koma á næsta þingi eins og fram kemur í áliti meiri hl., sé nokkurs konar hálmstrá sem meiri hl. hafi fundið upp í samráði við ráðh. til að komast skammlaust frá afgreiðslu þessa máls og þurfa ekki að fella frv. hér í atkvæðagreiðslu.

Herra forseti. Ég hef talið ástæðu til þess að hafa nokkuð langt mál um það frv. sem hér er til umfjöllunar og nú er lagt til af meiri hl. að vísa til ríkisstj. Ég tel að ákvæði þessa frv., sem að efni til hefur að markmiði að gera starfsfólki og launþegum á vinnumarkaðinum kleift að aðlagast tæknivæðingunni og sérstaklega sé hugað að þeim störfum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna sé í hættu, sé forsenda þess að bæta hér kjörin og koma á þeirri nýsköpun í atvinnulífinu og aukinni tæknivæðingu sem leiði til aukinnar framleiðni og hagvaxtar hér á landi. Það er því að vonum að ég hafi

tekið mér nokkurn tíma hér í ræðustól til að vekja athygli hv. alþm. á því hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér ef enn á að láta reka á reiðanum í þessu efni.

Minni hl. hv. félmn., sem ég skipa ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, leggur til að þetta frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Þessar brtt. skýra sig að mestu sjálfar og eru að efni til byggðar á athugasemdum sem fram komu í umsögn ASÍ við þetta frv.

Ég vil leyfa mér að vænta þess að þm. hafni þeirri afgreiðslu á málinu sem meiri hl. félmn. hefur lagt til enda getur það skipt sköpum um framþróun í atvinnulífinu og kjör og atvinnuöryggi launþega á vinnumarkaðinum í komandi framtíð að á þessu máli verði þegar í stað tekið og ekki verði á því frekari dráttur en orðinn er.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mér þykir ástæða til að fá að leggja nokkur orð í belg vegna þessa frv. sem fjallar um mikilvægt málefni. Í því eru hugmyndir um að veita menntun og sérstaklega endurmenntun vegna nýrrar tækni í atvinnulífinu í alveg sérstakan farveg og að því látið liggja að verði ekki á þetta frv. fallist sé engin ákvörðun í málinu tekin og ekkert að gert. Þetta þykir mér ástæða til að leiðrétta því að eitt af því sem einmitt er lögð höfuðáhersla á núna í menntmrn. er einmitt þetta, bæði í skólastarfinu sjálfu á öllum skólastigum og verkefnum sem skólarnir mundu taka að sér fyrir atvinnulífið í endurmenntunarskyni.

Að því er varðar sérstaklega einstök atriði sem þessu máli tengjast, þá er fyrst til að taka að nýlega er hafin heildarendurskoðun á iðnfræðslulöggjöfinni, ekki síst með það í huga að gagnger breyting hefur orðið á ýmislegri tækni sem tengist iðnstörfum og auk þess er þjóðfélagið á ýmsan veg allt annað nú en var 1966 þegar lögin um iðnfræðslu voru sett.

Í annan stað hefur verið gert sérstakt átak og unnið að framkvæmd í áföngum vegna fræðslu í tölvumálum og tölvuvæðingar skólanna. Það atriði er þess eðlis, eins og svo margt annað sem tengist menntun í tækniefnum, að það verður að gerast í skynsamlegum áföngum til þess að árangur náist. Engin ástæða er til að fylla alla skóla af tækjabúnaði sem menn kunna ekki á. Nauðsynlegt er að byrja á því að sjá til þess að nægilegum mannafla sé á að skipa sem kann að nota tækin og kenna á þau. Þess vegna er það að nú hefur verið sett á laggirnar lektorsembætti í tölvufræðum við Kennaraháskólann. Sérstök áhersla er lögð á endurmenntun í tölvufræðum fyrir kennara og unnið er að undirbúningi þess að víðtæk kennsla verði í tölvufræðum á framhaldsskólastiginu. Gert er ráð fyrir að hún hefjist í stærri stíl á næsta hausti en verið hefur. Auk þess er farið að huga að tölvufræðum og nokkurri kynningu á tölvum í grunnskólanum, en því nefni ég það, þó að það sé ekki endurmenntun, að það atriði tel ég skipta mjög miklu máli vegna menntunar kvenna og atvinnu kvenna á þeim sviðum sem verða tæknivædd í framtíðinni. Það er mikilvægt að bæði drengir og stúlkur komist í kynni við hina nýju tækni sem allra fyrst í skólanum þannig að fræðslan gangi síðan með eðlilegri hætti og bæði drengir og stúlkur telji það jafnsjálfsagt að afla sér fræðslu í tölvumálum og öðru er að nýrri tækni lýtur.

En það er reyndar fleira en tækniþekkingin sjálf sem kemur til greina og þarf sérstaklega að hyggja að vegna nýrrar tækni í atvinnulífi. Það er líka aukin þekking í grunngreinum sem er nauðsynleg af þessum ástæðum. M. a. hefur skólastjóri Iðnskólans þráfaldlega bent á hve nauðsynlegt er að auka þekkingu t. d. þeirra, sem að iðnum starfa, á a. m. k. einu eða tveimur erlendum málum vegna þess að svo örar breytingar eru í tækni- og vélvæðingu að það getur beinlínis verið nauðsynlegt öryggisatriði að kunna glögg skil á erlendri tungu til að átta sig á leiðbeiningum og notkun nýrra tækja sem ört breytast.

Vegna þessa vil ég víkja að auknum og nýjum möguleikum til að veita þjálfun þeim sem ekki hafa átt kost á námi í þessum greinum þegar þeir voru ungir eða á venjulegum skólaaldri. Það sem ég hef í huga er að unnið er að því að gera skólum kleift að nýta aðstöðu sína og mannafla, að hafa námskeið fyrir annaðhvort fyrirtæki eða launþegafélög, verkalýðsfélög t. d., í húsnæði skólans á þeim tíma sem annað skólastarf fer þar ekki fram. Ég held að í þessu geti falist mjög áhugaverðir möguleikar fyrir báða aðila, bæði þá sem slík námskeið mundu sækja og skólana sem nýttu aðstöðu og mannafla til að láta fræðsluna í té. Ég held að með nokkrum hætti sé jafnvel hægt að skapa sveigjanleika í kjörum þeirra kennara, gefa aukinn möguleika til kjarabóta í gegnum slíkt og að skólar sem slíkt létu í té hefðu nýja möguleika til aukatekna með svona starfi. Ég er þeirrar skoðunar og þykist raunar hafa orðið þess vör að það sé vaxandi skilningur og áhugi á starfsemi sem yrði rekin í þá veru sem ég er að nefna. Ég held að slíkur skilningur og áhugi sé bæði fyrir hendi hjá samtökum launþega og samtökum vinnuveitenda. Ég held að ég skilji betur að það sé fyrirtækjum og vinnuveitendum nauðsynlegt að gefa kost á slíku námi, endurmenntun ýmiss konar, til að gera vinnu starfsmanna fjölbreyttari, áhugaverðari og árangursríkari. Þá er verið að auka beggja hag á allan veg. Þessi atriði vildi ég sérstaklega láta koma fram.

Það má vel nefna eitt atriði enn sem ég tel að eigi eftir að komast í framkvæmd þótt það hafi ekki tekist enn, en ég tel að það hljóti að því að reka. Við höfum í landinu allmarga vel búna verkmenntaskóla. Þessir skólar standa auðir og ónotaðir mánuðum saman að sumrinu til. Í þeim er búnaður sem e. t. v. úreldist á skemmri tíma en búnaður bóknámsskólanna gerði. Ég hygg að það geti þjónað mjög jákvæðum tilgangi, bæði vegna endurmenntunar og svo vegna menntunar ungmenna, og það geti leyst á margan veg atvinnuvanda í sumum byggðarlögum að gera starfstíma skólanna miklu sveigjanlegri, að nýta búnað slíkra skóla allt árið. Þetta er atriði sem hefur nokkuð verið fjallað um og undirbúið. Það kallar hins vegar á nokkuð flókin dæmi sem tengjast kjaramálum kennara, en ég hygg að annað eins og flóknara mál hafi verið leyst í þjóðfélagi okkar á ýmsum tímum. Það er mín skoðun að að þessu hljóti að verða horfið. Þótt það yrði ekki gert alls staðar í einu, væri þetta gagnleg tilraun.

Herra forseti. Ég vildi aðeins drepa á nokkur sundurlaus atriði til að sýna fram á að það er verið að vinna markvisst að þeim málum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur hér verið að tala um, sem sé endurmenntun og menntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Það er eitt meginatriðið sem við erum við að fást

núna og höfum verið að fást við á undanförnum mánuðum. Að því verður markvisst unnið áfram og unnið að því að fá til þess nauðsynlegar fjárveitingar. Ég hygg að það væri ekki skynsamleg ráðstöfun að skilja slíka menntun frá fyrir tiltekna hópa í þjóðfélaginu. Ég held að það sé einmitt skynsamlegt að nýta sem allra best búnað og mannafla skólanna, ekki einungis fyrir þá sem eru á venjulegum skólaaldri, heldur líka til þess að halda endurmenntunarnámskeið fyrir þá sem hafa þegar haslað sér völl úti í atvinnulífinu, hafa unnið við ýmis störf í þjóðfélaginu en fá svo áhuga síðar á menntun vegna tækniværðingarinnar. Ég tel að það sé mjög jákvætt og nauðsynlegt, en það eigi ekki að verða öðruvísi en eðlilegur hluti menntunarinnar í landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Miðvikudaginn 29. maí, að loknum 77. fundi.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 1040). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 1041). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 1047). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 1039). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 1048). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 405. mál (þskj. 665). — 1. umr.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa svo mörg orð um þetta frv. sem hér er til umr., svo sjálfsagt sem það nú er. En það fjallar um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Hér er lagt til að tollur á eftirtöldum vörum falli niður: öryggisbelti, barnavagnar og hlutar í þá og öryggissæti í ökutæki fyrir börn. Hér er verið að leggja til að aðflutningsgjöld verði felld niður af þessum vörum.

Það er löngu orðin ljós nauðsyn þess að tollskráin í heild verði endurskoðuð mjög ítarlega og hún samræmd þannig að um verði að ræða réttláta og skynsamlega álagningu þeirrar vöru sem flutt er til landsins. Nú, þegar útséð er um að af endurskoðun þessara laga verði að sinni að því er nýjustu fréttir herma, vegna þess að þá yrði tekjumissir ríkissjóðs svo mikill, er því meiri ástæða til að þetta frv. fái skjóta meðferð hér í þinginu þegar ekki er von til þess að þessi atriði hljóti leiðréttingu gegnum allsherjarendurskoðun tollskrár.

Hér er verið að gera tillögu um að auðvelda foreldrum að fara að þeim áróðri sem beitt hefur verið og nauðsynlegur er fyrir notkun öryggistækja í bíla til þess að koma í veg fyrir stórkostleg slys og örkuml barna. Þessi tæki eru svo dýr að það er nánast ómögulegt fyrir venjulegt fólk með venjulegar tekjur að fjárfesta í þeim þrátt fyrir það öryggi sem þau óneitanlega veita.

Þetta frv. miðar einnig að því að fella niður toll af barnavögnum, en tollur af þeim er nú 50% auk þess sem 24% vörugjald leggst á þá. Þar ofan á leggst svo söluskattur þannig að um er að ræða 100% hækkun frá innkaupsverði. Þetta er auðvitað alveg óviðunandi. Hér er stór útgjaldaliður foreldra sem nauðsynlegt og auðvelt er að fella á brott.

Það er alltaf verið að tala svo fjálglega um það að gera þurfi félagslegar aðstæður þannig úr garði að fólki sé gert það kleift og mögulegt og ekki hvað síst fýsilegt

að eignast börn. Þetta er m. a. eitt af þeim atriðum sem eru þess valdandi ásamt fjölmörgum öðrum að það er ekki fýsileg tilhugsun að setja saman innkaupalista fyrir nýfætt barn. En þar vegur barnavagninn langsamlega mest. Hann er dýrastur af öllu dýru umleikis það að kaupa það sem til þarf þegar barn er væntanlegt í heiminn.

Ég aflaði mér upplýsinga um það í nokkrum verslunum sem selja slíkan útbúnað hvað slíkur kostagripur kostar. Ég reiknaði síðan út meðalverðið og verð að segja að mér hnykkti við útkomunni. Ef við tökum fyrstu útgjöld í sambandi við það að setja saman þennan innkaupalista sem ég minntist á áðan þá eru það lágmark 50 þús. kr. fyrir utan fatnað. Síðan tekur meira við þegar barnið stækkar, svo sem kerra, grind, stærra rúm, stærri sæng o. s. frv. Ég ætla nú að hlífa þd., þó að fáir séu viðstaddir, við nánari útlistun á verði á hverjum einstökum hlut fyrir sig, þeir sem áhuga hafa geta þá sérstaklega fengið þær upplýsingar hjá mér. En ég vil að sjálfsögðu geta þess að þar vegur barnavagninn þyngst, eða um 20 þúsund. Þessu getum við auðveldlega kippt í liðinn og lækkað þessi miklu útgjöld sem þar að auki vega ekki svo mikið í ríkissjóði, síst af öllu þegar á heildina er litið. En tollur og tollafgreiðslugjald og vörugjald af öllum þessum tollskrárnúmerum, sem ég hef talið til hér að framan, vega árið 1983 ekki nema rétt rúmlega 2 millj. kr.

Í upplýsingum, sem ég fékk frá fjmrn., er tekið til að álagning á bílbeltum og öryggissætum hafi verið frjáls undanfarin tvö ár, en samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofnunar mun láta nærri að meðalálagning á þessum vörum sé á bilinu 65—75%. Segir það sig því sjálft að það munar um það fyrir þann sem kaupir að leggja af þann 20% toll sem nú er á þessum vörum. Það þarf í sjálfu sér ekki að orðlengja meira um þetta frv. og legg ég því til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tímabundið vörugjald, frv. 406. mál (þskj. 666). — 1. umr.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa í sjálfu sér nein orð um þetta frv. Ég vísa eingöngu til grg. með því frv. sem ég var að enda við að tala fyrir. Þetta frv. miðar að því að fellt verði niður 24% vörugjald af barnavögnum og hlutum til þeirra. Að öðru leyti vísa ég til grg. sem fylgir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., en það er mál nr. 405 eða það mál sem ég var að enda við að tala fyrir.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kvikmyndamál, frv. 515. mál (þskj. 982). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Elli- og örorkulífeyrir, frv. 448. mál (þskj. 763). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál hefur legið nokkuð hér fyrir þinginu og fjallar um hækkun elli- og örorkulífeyris. Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður um 20% hinn 1. maí s. l., lagagreinin miðast við þessa dagsetningu.

Tilefnið er augljóst. Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hefur fallið mjög á undanförnum árum. Sé t. d. miðað við árið 1978 þá er kaupmáttur hins almenna ellilífeyris einungis 64% af því sem hann var þá, þ. e. innan við ⅔, hann hefur verið skertur um meira en þriðjung. Þessi tala var sú sem gilti í aprílmánuði. Hún hefur lítillega breyst með nýjustu ákvörðun ríkisstj. En verðbólgan heldur áfram og spá mín er sú að áður en mánuður eða tveir eru liðnir verði kaupmáttur hins almenna elli- og örorkulífeyrisþáttar orðinn þessi 64%. En ætli hann hafi ekki hækkað um fáein prósentustig skv. nýjustu ákvörðun ríkisstj.

Af þessu er vitaskuld ljóst að margir elli- og örorkulífeyrisþegar hafa axlað langtum meiri byrði en jafnvel almennir launþegar í landinu. Það kom líka nýlega fram í opinberum fjölmiðli, sjónvarpinu, að stór hópur eldra fólks hafi þjáðst af næringarskorti í skemmri eða lengri tíma. Þetta þarf í sjálfu sér ekki að koma mönnum svo mjög á óvart þegar menn hafa í huga hve bágar þessar lífeyrisgreiðslur eru.

Þegar við tölum um þróun kaupmáttar tala menn gjarnan um að það hafi orðið launaskrið og menn tala um að skattalækkanir hafi komið launþegum til góða og þess vegna skuli menn ekki horfa á kauptaxta. En ekkert launaskrið er hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, ekki heldur njóta þeir góðs af skattalækkunum sem eru á elli- og örorkulífeyri vegna þess að þeir eru yfirleitt ekki með skatta og hafa þá ekki notið skattalækkunar. Þegar menn nota þau meðaltöl sem algeng eru í umr. horfa menn fram hjá þessu. Það er einmitt af þessum sökum m. a. sem elli- og örorkulífeyrisþegar hafa verið að dragast enn þá frekar aftur úr en aðrir hér í þjóðfélaginu. Það er ekki til nema eitt ráð til að bregðast við þessu, þ. e. að hækka lífeyrinn þeim mun meira.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að brúa þetta bil að nokkru leyti, að hækka elli- og örorkulífeyri svo og tekjutryggingu um 20%. Ekki mundum við ná sama kaupmætti og 1978, sem núna er einungis 64% af því sem hann var þá. Að því er tekjutrygginguna varðar þá er það svo að hún þyrfti að hækka um 25% til þess að ná sama kaupmætti og 1978. En með slíkri hækkun, sem hér er gerð till. um, mætti ná svipuðum kaupmætti tekjutryggingar og var að meðaltali árin 1979–1981. En að því er almennan elli- og örorkulífeyri varðar kæmumst við ekki nema helminginn af þessu skrefi en við næðum hugsanlega meðaltali fyrri árshelmings 1983, eða tímanum rétt áður en núverandi ríkisstjórn komst til valda. Engu að síður mundi kaupmáttur hins almenna lífeyris enn vera um 23% lægri en hann var á árinu 1978. Af þessu ættu menn að sjá að það sem hér er gerð till. um er einungis lágmarksleiðrétting.

Ég held að alþm. hljóti að koma á óvart hversu

miklar byrðar hafa verið lagðar á þennan tekjulægsta hóp í þjóðfélaginu, elli- og örorkulífeyrisþega. Ég held að alþm. hljóti að þykja óréttlátt að byrðunum hafi verið dreift með þessum hætti og þeim ætlað að axla meiri byrðar en öðrum, sem þeir hafa gert. Elli- og örorkulífeyrisþegar koma ekki fram sem hávær þrýstihópur, þeir eiga sitt undir því að ráðamenn þjóðarinnar í ríkisstj. eða á Alþingi taki til hendinni og verndi hag þeirra. Það er af þeim sökum sem þetta mál hlýtur að koma til kasta Alþingis og af þeim sökum sem það er flutt.

Ég tók eftir því í umr. um þetta mál fyrir mánuði síðan eða svo að hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði að það gerði ekki mikið til þó hinn almenni ellilífeyrir rýrnaði að kaupmætti, það væru svo margir komnir með greiðslur úr lífeyrissjóðum. En hafa menn hugleitt hvað menn eru að gera jafnvel þó menn séu í lífeyrissjóðum og hafi þaðan greiðslur? Kaupmáttur þessa fólks hefur verið skertur. Ekki hafa greiðslurnar úr lífeyrissjóðunum hækkað nema í samræmi við kauptaxta. Lífeyrissjóðsgreiðslurnar hafa verið skertar að kaupmætti nákvæmlega jafnmikið og kauptaxtarnir. Ekki í þeim efnum heldur njóta elli- og örorkulífeyrisþegar launaskriðs í landinu eða tekjuskattsívilnana sem hér er stundum talað hátt um. En viðbótin, sem var hluti af þeirra tekjum, hluti af þeirra lífsframfæri, hinn almenni ellilífeyrir, hefur verið skertur um meira en ⅓, niður í 64%. Lífskjör þessa fólks hafa því verið skert hörmulega. Þegar menn tala um að það geri heldur ekkert til að þetta gerist að því er varðar þá sem eru í lífeyrissjóðum, ef það bara gerist ekki í sama mæli varðandi þá sem eru með tekjutryggingu, þá eru menn að segja að þeir, sem hafa lagt það á sig að greiða í lífeyrissjóð, lagt til hliðar af tekjum sínum til þess að greiða í lífeyrissjóð, skuli taka sérstaka tekjuskerðingu meðan aðrir, sem ekki greiddu í lífeyrissjóð, ekki lögðu til hliðar í lífeyrissjóð og eru þess vegna á tekjutryggingu, eiga ekki að taka skerðinguna. Hér er þeim hegnt sem hefur sparað með því að leggja í lífeyrissjóð. Sú stefna getur heldur ekki verið rétt.

Ég held að alla Íslendinga hljóti að hrylla við þeirri stefnu sem hér er fylgt, að heyra að stór hópur aldraðra, sem hefur skilað æviverki sínu í þágu lands og þjóðar, búi við krappari kjör og meiri tekjuskerðingu en aðrir hópar í þjóðfélaginu og stórir hópar meðal þessa fólks búi við vannæringu og enn stærri hópur við neyðarkjör. Þannig má þetta ekki vera og þannig á þetta ekki að vera.

Því miður er það skref, sem ríkisstj. steig í lok aprílmánaðar, allt of skammt til þess að það skili neinu. Þess vegna er engu að síður — þó að þar hafi átt sér stað svolítil leiðrétting — þörf á því að þessi mál séu tekin sérstaklega fyrir og Alþingi ákveði sérstaklega að rétta hlut þessa fólks sem hefur verið skertur svo hrikalega sem ég hef hér gert að umtalsefni, og það meira en að ósekju, vegna þess að síst af öllu ætti þetta fólk að bera þyngri byrðar en aðrir.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 89. fundur.

Fimmtudaginn 30. maí, kl. 2 miðdegis.

Ný byggðastefna og valddreifing, þáltill. 517. mál (þskj. 991). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 497. mál (þskj. 925). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu, en að till. þessari standa þm. úr öllum þingflokkum, tveir frá hverjum þingflokki. Ég mæli hér fyrir till. sem 1. flm. hennar. Efni till. er svofellt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hraða, m. a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu. Byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmda verði við það miðuð að unnt verði að opna safnið almenningi á árinu 1989 þegar 100 ár verða liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum.“

Þetta er efni till. Í grg. með till. er veitt nokkurt yfirlit um þróun þessa máls á liðinni tíð og greint frá núverandi stöðu svo og hugmyndum um úrbætur í þessu máli. Það hefur um langt skeið verið draumur áhugamanna um íslenska náttúru, jafnt lærðra og leikra, að takast mætti að koma upp myndarlegu náttúrufræðisafni í höfuðstað landsins eða í grennd við hann. Hið íslenska náttúrufræðifélag, sem vikið er að í tillgr., var stofnað árið 1889 með það að höfuðmarkmiði að koma upp sem fullkomnustu safni náttúrugripa í Reykjavík og var það hugsað sem þjóðarsafn á sínu sviði. Fyrsti vísir að slíku safni myndaðist þegar á fyrsta starfsári félagsins sem hafði veg og vanda af safninu til ársins 1947 þegar það var afhent ríkinu til eignar og umráða.

Náttúrugripasafnið í Reykjavík, eins og það var lengi nefnt, var til húsa í Safnahúsinu við Hverfisgötu á árunum 1908—1960 en þá varð það að víkja vegna þarfa Landsbókasafnsins. Þarna hafði safnið yfir að ráða 140 fermetra sýningarsal en þegar sýning var opnuð á nýjum stað í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 1967 var rýmið aðeins um 100 fermetrar. Þessar tölur tala skýru máli um þann þrönga stakk sem þessu aðalnáttúrugripasafni landsins hefur verið sniðinn og hvað sýningaraðstöðu varðar hefur hann þrengst en ekki víkkað í tímans rás.

Ég hygg að margir þeir, sem eru nálægt miðjum aldri eða eldri, muni eftir sýningu Náttúrugripasafnsins í sýningarsalnum við Hverfisgötu. Þar var safnið allvel sett miðað við staðsetningu hér í hjarta höfuðborgarinnar. En ég hygg að það séu ekki eins margir sem rata á núverandi sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hún liggur ekki miðsvæðis í Reykjavík og er fyrir komið í húseign, sem Náttúrufræðistofnunin hefur yfir að ráða og er raunar eigandi að, að Hverfisgötu 118 eða Laugavegi 105, þar á 3. hæð. Sýningarsalur auglýsir sig

því ekki og er ekki sérstaklega aðgengilegur.

Á sama tíma og þessi hefur orðið þróun hér í Reykjavík varðandi sýningu á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa einstök bæjarfélög utan höfuðstaðarins megnað að koma upp sæmilegum náttúrugripasöfnum, góðum á sína vísu miðað við allar aðstæður og raunar með litlum stuðningi af hálfu ríkisins. Þannig eru komin upp náttúrugripasöfn á allmörgum stöðum á landinu. Næst elst er Náttúrugripasafnið á Akureyri, en um 1970 var stofnað til náttúrugripasafna í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum er raunar allmyndarlegt sædýrasafn eða fiskasafn, safn lifandi fiska, sem er nánast hið eina sinnar tegundar hér í landinu og vel að því staðið af hálfu Vestmannaeyja. Nú hefur nýlega verið opnuð í Kópavogi sérstök Náttúrufræðistofa með sýningu. Er þá raunar engan veginn allt talið því að fleiri náttúrugripasöfn hafa verið opnuð á vegum bæjarfélaga út um landið.

Það getur vissulega ekki talist vansalaust að nú, þegar nálgast aldarafmæli fyrsta náttúrugripasafnsins, skuli það búa við þrengri aðstöðu til sýninga hér í Reykjavík en fyrir þremur aldarfjórðungum.

Náttúra Íslands er sérstök um margt og það varðar miklu að landsmenn átti sig sem best á því hverju hún býr yfir, bæði til hagnýtingar og yndisauka. Góð náttúrufræðisöfn geta opnað augu margra, ekki síst æskufólks, fyrir sérkennum hennar og samhengi. Fyrir ferðamanninn sem sækir Ísland heim er æskilegt að hefja eða geta hafið og lokið ferð um landið á slíku safni. Nútímalegt náttúrufræðisafn í höfuðstað landsins eða næsta nágrenni hans ætti að vera metnaðarmál ekki síður en gott þjóðminjasafn, listasafn og þjóðarbókhlaða. Þetta varðar að sjálfsögðu alla þætti íslenskrar náttúru en ég vil sérstaklega nefna hér jarðfræðina, sem er ekki síst það sem forvitni vekur fyrir ferðamanninn. Það er langt frá því að það sé vansalaust hvernig að þessum málum er staðið, raunar varðandi alla þætti íslenskrar náttúru, en það á ekki síst við um jarðfræðiþáttinn svo sérstakur sem hann er fyrir okkar land.

Með till., sem ég mæli hér fyrir og flutt er af þm. úr öllum flokkum eins og ég gat um, er lögð áhersla á að hraðað verði undirbúningi að byggingu yfir myndarlegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu og sett fram markmið um fjárframlög til framkvæmda svo að unnt verði að opna slíkt safn í nýjum húsakynnum á árinu 1989. Þannig yrði minnst á viðeigandi hátt brautryðjendanna sem hófu verkið með tvær hendur tómar fyrir tæpri öld. Reynt hefur verið af hálfu aðstandenda safnsins að halda þessu merki uppi, en það hins vegar ekki tekist með betri hætti en hér hefur verið rakið.

Forstöðumenn Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa á liðnum árum gert ítrekaðar tilraunir til að koma hreyfingu á byggingamál stofnunarinnar og sýningarsafns, m. a. með því að leita eftir samvinnu við Háskóla Íslands um málið. Það hafa farið ýmis erindi og bréf á milli aðila, nú síðast í byrjun þessa árs, og það skiptir mjög miklu máli að stefna verði mörkuð í þessu safnmáli, m. a. með tilliti til hugsanlegrar samvinnu eða tengsla við Háskólann.

Háskólinn keypti á sínum tíma með framlögum af happdrættisfé húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnunina að Laugavegi 105 þar sem hún er enn og sýningarsalur á 3. hæð. Það var á sínum tíma skilyrði fyrir einkaleyfi Háskólans til happdrættisrekstrar að koma húsi yfir safnið en Háskólinn telur sig hins vegar hafa staðið við þá kvöð með nefndum kaupum.

Þegar á árinu 1942 heimilaði háskólaráð að hús yfir náttúrugripasafn risi á háskólalóðinni. Enn í dag beinast sjónir manna að nálægð og tengslum við Háskólann eins og ég gat um, m. a. hefur verið rætt um að fá lóð undir slíkt safn á svæðinu sunnan við Norræna húsið. Hér í till. er hins vegar engu slegið föstu um staðsetningu enda er það ekki meginmálið í augum flm. heldur það að styðja við þann áhuga sem lengi hefur ríkt um þetta efni og ekki síst nú að undanförnu. Það er að mati flm. sjálfsagt, vegna lagaákvæða og undirbúnings sem fram hefur farið á vegum Náttúrufræðistofnunar að byggingu safnhúss, að náið samráð sé haft við forráðamenn Náttúrufræðistofnunar um undirbúning byggingarmálsins. Á sama hátt virðist eðlilegt að kveðja til fulltrúa frá Háskólanum og Reykjavíkurborg vegna einstakra þátta og stuðnings þessara aðila við málið.

Miðað við að nýrri safnbyggingu verði valinn staður í Reykjavík og vegna gildis slíkrar stofnunar fyrir skóla og almenning væri ekki óeðlilegt að borgin veitti fjármagn til byggingarinnar á móti ríkinu og gerðist e. t. v. beinn aðili að safninu.

Þá er þess að geta að sérstakur hópur áhugamanna um náttúrufræðisafn hefur starfað um nokkurt skeið. Fyrst kom slíkur hópur saman snemma árs 1983. Náttúruverndarfélag Suðvesturlands vann einnig að þessu máli og vakti sérstaka athygli á því í tengslum við fræðsluferðir sem félagið gekkst fyrir sumarið 1983 undir yfirskriftinni: „Náttúrugripasafn undir beru lofti."

Það gerðist síðan á stjórnarfundi Hins íslenska náttúrufræðifélags s. l. haust að ákveðið var að hefjast handa á ný og vinna að því að koma hinu upphaflega meginbaráttumáli félagsins áleiðis og helst í höfn á næstu árum. Hópur áhugamanna á vegum félagsins hefur síðan oft komið saman á liðnum vetri og rætt sérstaklega um hlutverk og uppbyggingu nútímalegs safns á sviði náttúrufræða og er álitsgerð þessa áhugamannahóps og ávarp frá honum varðandi málið dags. 17. apríl s. l. birt sem fylgiskjal með þessari þáltill.

Sérstakur náttúrufræðidagur var haldinn nú fyrir skemmstu. Var hann ekki síst helgaður þessu málefni, að vekja athygli á núverandi aðstæðum náttúrufræðisafns hér í borginni og þörfinni til úrbóta. Reyndar var þátttaka í þessum degi ekki einskorðuð við Reykjavík heldur tóku þátt í henni söfn og stofnanir utan höfuðstaðarins.

Þess ber að geta að talsmenn þessa áhugahóps hafa þegar rætt byggingarmálið við núverandi hæstv. menntmrh., Ragnhildi Helgadóttur, og einnig við Davíð Oddsson borgarstjóra. Bæði hafa þau lýst áhuga á málinu og heitið stuðningi við það og eru undirbúningsviðræður hafnar milli þessara aðila. Stjórnmálaflokkar hafa raunar lýst stuðningi við byggingu fyrir náttúrufræðisafn, það gerðist síðast hjá Sjálfstfl. á landsfundi hans í apríl s. l. að þar var ályktað um málið.

Ef góður hugur og stuðningur af hálfu framkvæmdavaldsins við hugmyndina um nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu kemur til og Alþingi lýsir sig þar að auki fúst til að leggja fram fé til undirbúnings og framkvæmda á næstu árum er þess að vænta að draumur brautryðjendanna verði að veruleika innan fárra ára. Öflugs stuðnings ætti einnig að mega vænta hjá

almenningi um þetta mál eftir að merkið hefur verið reist með myndarlegum hætti.

Aftan við grg. með þessari þáltill. er að finna sérstaka grg. áhugamanna varðandi náttúrufræðisafn auk ávarps sem ég gat um áðan. Ég vek sérstaklega athygli á þeim kafla grg. sem varðar hlutverk slíks safns en þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk íslensks náttúrufræðisafns hlýtur fyrst og fremst að vera að fræða almenning um náttúru Íslands, næstu grannlanda og hafið umhverfis. Enn fremur að veita eftir megni yfirlit um náttúru annarra svæða, almenna náttúrufræði í víðustu merkingu og þau lögmál er ríkja í náttúrunni. Safnið leggur áherslu á vistfræði og náttúruvernd og tengsl mannsins við náttúru landsins. Einnig á nýjungar í rannsóknum, náttúrufræðifræðslu tengda atvinnuvegunum og málefni sem eru á döfinni og tengd starfsemi safnsins. Á þennan hátt er safnið þjónustumiðstöð fyrir hina almennu gesti."

Þetta var tilvitnun í grg. frá hópi áhugamanna. Nú er það vissulega svo að ástæða væri til að taka sérstaklega á málefnum náttúrufræðisafna utan höfuðborgarsvæðisins, og á það er bent í lok grg. með þessari till. að meginsafn á sviði náttúrufræða, eins og það sem hér er um rætt, á að geta orðið til stuðnings hliðstæðum söfnum víða á landinu og nauðsynlegt er að finna samstarfi þessara safna ákveðinn farveg.

Það er hins vegar mál út af fyrir sig hvernig á slíku yrði tekið. Ég get minnt á það hér að þegar á árinu 1972 var að starfi nefnd á vegum menntmrn. sem fjallaði um tengsl náttúrufræðisafna utan höfuðstaðarins við Náttúrufræðistofnun Íslands. Till. þeirrar nefndar liggja einhvers staðar fyrir og gætu verið þess virði að taka þær til skoðunar í sambandi við það sem ég nefndi hér síðast, tengsl náttúrugripa- eða náttúrufræðisafna utan höfuðborgarsvæðisins við meginsafn hér á þessu aðalþéttbýlissvæði landsins.

Ég legg til, herra forseti, að eftir að umr. um till. þessa hefur verið frestað verði till. vísað til hv. allshn. Sþ.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér liggur fyrir till. sem víðtæk samstaða er um meðal þm. úr öllum flokkum. Ég vil sérstaklega taka það fram að það er mikill áhugi á þessu máli í menntmrn. Það var nú á áliðnum vetri sem hópur manna, er áhuga hafa á þessu máli, kom til viðtals í menntmrn. um það, bæði forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar og aðrir áhugamenn og einnig fulltrúar foreldra- og kennarafélaga úr grunnskólum.

Þetta mál er nú í vinnslu í rn. undir forustu Árna Gunnarssonar skrifstofustjóra menntmrn. Það sem unnið er að er þetta: Hvernig er skynsamlegt að standa að fyrstu undirbúningsaðgerðum. Það hafa komið fram afar áhugaverðar till. eða hugmyndir um það hvernig hugsanlegt væri að koma fyrir náttúrufræðisafni á þann veg að það þjónaði þeim víðtæka tilgangi sem vikið er að hér í grg. og fylgiskjali.

Ég vil skýra frá því að ég tel að fyrsti áfanginn sem vinna ætti að væri sá hluti safnsins sem fyrst og fremst þjónaði almenningi, sem yrði til þess að opna augu manna fyrir því sem sérstætt er og merkilegt í íslenskri náttúru á þann veg að það auðveldi bæði ungum og eldri að nálgast hlutina og þekkingu og fræðslu um þá. Það sem ég sé fyrir mér er safn sem auðveldar foreldrum að ræða við börn sín um ýmislegt í náttúrunnar ríki og skýra fyrir þeim það sem fyrir augu ber um leið og rifjað er upp fyrir hinum fullorðnu svo margt sem við höfum ekki fyrir augum daglega eða þá í huga en er vissulega þess vert.

Hér í fskj. er það nefnt að þegar menn tali um safn eða sýningu þá sjái margir fyrir sér þögla rykfallna skápa og borð með sýningargripum í röð. Svona þöglir rykfallnir skápar geta haft alveg stórkostlega þýðingu og þeir segja svo miklu, miklu meira en fyrirferð þeirra og umhverfi á sýningarstað gefur til kynna. Góðar skýringar með innihaldi slíkra skápa, hvort sem þeir eru rykfallnir eða ekki, sýna manni það sem augað sér ekki. Þær skýra fyrir manni hvað það er sem er á bak við hvað eina sem við getum séð í slíku safni. Þegar slíkum skýringum er fylgt eftir með ferðalögum, e. t. v. bara í nánasta nágrenni, undir leiðsögn bæði þeirra sem eru sérfróðir og líka hinna sem nánust tengsl hafa við þá sem ungir eru, þá verða slík efni ungum safngestum alveg ógleymanleg.

Ég geri ráð fyrir að þeir sem slíkt hafa upplifað á ungum aldri, kannske oft og einatt, muni búa að því ævinlega. Þeir sem haft hafa náttúrufræðikennara, er hafa haft vakandi hugsun á því að leiða mönnum fyrir sjónir hvað er í kringum okkur, hvert er eðli hlutanna sem við sjáum daglega og eru hlutir náttúrunnar og hvernig við þurfum að umgangast sérstæða náttúru lands okkar, eru betur settir en ella mundi vera. Við þurfum einmitt að stilla svo til með bættri aðstöðu fyrir slíkar upplýsingar, fyrir slíka fræðslu, að sem flestum gefist kostur á því.

Þessi er einmitt ástæðan fyrir því að ég tel mjög skynsamlegt að tengja foreldrasamtök þessu átaki. Mér er það alveg ljóst að aðstaða til vísindarannsókna í náttúrufræðum og náttúruvísindum yfirleitt getur verið miklu stærra verkefni og kannske erfitt að takmarka það, erfitt að ákvarða hvað af því á heima í náttúrufræðisafni og hvað af því á heima í enn þá beinni tengslum við Háskólann en sumir þættir náttúrugripasafns mundu vera. Þetta er m. a. það sem undirbúningsnefnd þarf að taka afstöðu til. Því nefni ég þetta að Háskóli Íslands hefur fengið tilmæli um það að styðja byggingu slíks safns, kannske í Vatnsmýrinni, af sínu happdrættisfé. En Háskólinn taldi sér ekki skylt eða fært að svo stöddu að standa að því. Það má vel vera að svo megi þó skipta áföngum í þessari stofnun að þetta verði unnt að einhverju leyti en ég tel að það þurfi að koma miklu víðtækari fjárstuðningur við þetta verkefni.

Það hefur verið rætt um samstarf ríkisins og Reykjavíkurborgar sem er mjög af hinu góða. En það má kannske undarlegt heita af mér sem Reykjavíkurþingmanni að nefna það að ég tel að skynsamlegt væri að tengja fleiri sveitarfélög inn í þetta verkefni. Þótt slík stofnun, slíkt höfuðsafn, sé á höfuðborgarsvæðinu þá er það auðvitað sjálfsagður hlutur að þar ættu önnur byggðarlög ekki síður að eiga aðild að. Ég er sammála 1. flm. þessa máls um það að það væri mjög eðlilegt að þar yrði eins konar miðstöð ýmissa annarra safna á landinu sem víða hafa risið upp fyrir einstaka elju og áhuga manna sem ekki hafa upphaflega verið sérfræðingar á þessu sviði, en orðið það smátt og smátt.

Við sjáum víða söfn sem eru í raun og veru eins konar perlur í sínum byggðarlögum. Dæmi er safnið í Vestmannaeyjum. Ég geri ekki ráð fyrir að margir gestir

komi til Vestmannaeyja án þess að gera sér ferð á þetta safn. Það má nefna dæmi um ýmis söfn víða annars staðar. Sums staðar eru þau e. t. v. ekki í alfaraleið eða fólk veit ekki nægilega vel um þau. Það þarf að gera ráðstafanir til þess að opna slík söfn betur fyrir almenningi og kynna fólki betur það sem þar fer fram þannig að möguleikarnir sem felast í því að skoða hluti og fræðast um eðli þeirra og sögu, séu opnir sem flestum og vitað sé um þá. Þegar farið er í ferðir um landið til að sýna ungu fólki sitthvað því til ánægju og skemmta því er fleira sem hefur gildi en ýmis skemmtitæki eða pylsusala og fleira sem ungir borgarar vilja gjarnan staðnæmast við á ferðum sínum. Ef menn hefðu augun betur opin fyrir þessum þáttum held ég að það væru fleiri aðlaðandi áfangastaðir af því tagi sem fræðslu og ánægju veita sem vert væri að staðnæmast við og þeir væru þá eins konar söfn sem sýna mætti ungum og öldnum.

Nú á dögunum, þegar hinn stóri landsfundur Sjálfstfl. var haldinn inni í Laugardalshöll, var gerð ályktun um að vinda þyrfti að því bráðan bug að velja framtíðarnáttúrugripasafni landsins stað og halda áfram áætlunum á þeim grundvelli. Ég veit að það tekur tíma að undirbúa slík mál svo vel sé. Ég veit ekki hvort skynsamlegt er að ákveða í upphafi að allt eigi að verða tilbúið tiltekinn dag á tilteknu ári. Við getum vonast til að svo verði. En við verðum líka að vera raunsæ. Það er ekki mjög skynsamlegt að hefjast handa samtímis um mörg stórverkefni svo að öllu seinki.

Ég tel hins vegar að þegar byggingu Þjóðarbókhlöðu lýkur á þann veg að unnt sé að taka hana í notkun, þá sé þetta verkefni forgangsverkefni. Þá held ég að skynsamlegt sé að hafa lokið ýmiss konar tímafrekum undirbúningsráðstöfunum, teikningum, söfnun hugmynda og áætlunum ýmiss konar sem þurfa að liggja fyrir þannig að við getum unnið markvisst að því að koma áfram slíkum áformum um nýtt náttúrufræðasafn til notkunar.

Herra forseti. Þetta er orðið lengra mál en ég hafði hugsað mér. Ég stóð einungis upp til þess að skýra frá því að unnið væri að þessu máli og allir þeir sem að því eru að vinna bera það mjög fyrir brjósti. Því er það af hinu góða að fram hefur komið till. um það að hraðað verði því verki.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja hér örfá orð í belg. Ég tel að hér sé hreyft hinu merkasta máli. Það er full þörf á því að hugað sé að þessu verkefni, brýn nauðsyn. Þetta mál hefur lengi beðið óleyst. En það er stórt og það er kostnaðarsamt. En það skiptir miklu máli að vilji ráðamanna sé fyrir hendi.

Við ræðum um það, hugsum um það og stefnum að því að gera börn okkar læs sem allra fyrst og það er talið mjög af hinu góða að börn séu læs sem yngst að árum. En ég vil bæta því við að ég tel að eitt af því besta, sem við gætum gert fyrir börn okkar á þessum síðustu tímum, væri það að gera þau læs á „bók náttúrunnar" sem allra fyrst. Það væri einhver besta gjöf sem við gætum gefið börnum okkar og niðjum. Helst að þau yrðu fluglæs eins og bestu náttúruunnendur, náttúruskoðarar og skáld okkar hafa verið. Ég nefni sem dæmi þann fræga mann Jónas Hallgrímsson sem eitt sinn kvað í rúmi sínu á sumardaginn fyrsta 1842, ef ég man rétt. Og ætla ég að hafa það erindi yfir og gera það að lokaorðum, með leyfi forseta:

> Leyfðu nú, Drottinn, enn að una
> eitt sumar mér við náttúruna.
> Kallirðu þá, ég glaður get
> gengið til þín hið dimma fet.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. menntmrh. þann áhuga er hún hefur sýnt þessu máli og fram kom í orðum hennar hér af tilefni þessarar till. Ég er sammála ráðh. um það — og raunar kom að því í minni ræðu hér áðan — að eðlilegt er að reynt sé að samfylkja sveitarfélögum helst í fleirtölu um þetta mál hér á höfuðborgarsvæðinu. Það væri ekki nema í lágmarkssamræmi við þann stuðning sem sveitarfélög úti um land hafa veitt náttúrugripasöfnum á sínum svæðum. Ég held að það sé af hinu góða að látið sé á það reyna strax nú á undirbúningsstigi þessa máls hvort svo geti ekki orðið.

Ég er einnig þeirrar skoðunar — og þar erum við ráðh. sammála — ef við gerum ráð fyrir að þetta safn yrði innan ramma Náttúrufræðistofnunar Íslands, þó vissulega mætti hugsa sér einhverja breytingu á því frá gildandi lögum, þá sé skynsamlegt að andlitið, sem að almenningi snýr, sýningarsafn, verði fyrsti áfangi. Þegar gert er ráð fyrir því í till. að unnt verði að opna slíkt sýningarsafn að tæpum fimm árum liðnum þá er einmitt haft í huga að unnt verði að áfangaskipta slíkri byggingu. Ég vænti þess að samþykkt þessarar till. geti orðið verulegur stuðningur fyrir hæstv. menntmrh., þann er nú situr og þá sem á eftir koma og þurfa að sinna þessu máli. Því treysti ég því að till. fái hraða ferð í gegnum þingið og unnt reynist að samþykkja hana fyrir þinglok þar sem hér er um að ræða samkomulagsmál allra þingflokka eins og sést af þeim sem eru aðstandendur og flm. þessarar till.

Ég vil þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir hvatningarorð í þessu sambandi. Það voru vissulega orð í tíma töluð sem hann sagði um bók náttúrunnar sem þörf væri á að gera Íslendinga læsari á en tekist hefur til þessa. Menn leita oft langt yfir skammt að hugsvölun og dægrastyttingu sem í rauninni er að finna í umhverfinu hið næsta okkur. En til þess að fá notið þess til fullnustu þurfum við að vera læs á bók náttúrunnar eins og hv. þm. Friðjón Þórðarson orðaði það svo vel hér áðan.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Málefni myndlistarmanna, þáltill. 485. mál (þskj. 874). — Ein umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 874 flytjum við till. til þál. um málefni myndlistarmanna. Flm. auk mín eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson og Ragnar Arnalds. Tillgr. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa í samvinnu við Samband íslenskra myndlistarmanna nefnd er vinni að till. um úrbætur í hagsmunamálum myndlistarmanna. Bendir Alþingi á eftirfarandi atriði sem rétt er

að nefndin hafi til hliðsjónar:

1. Að undirbúin verði stofnun Launasjóðs myndlistarmanna með tekjum eins og bent var á í ályktun Myndlistarþings 1985.
2. Að fullgild aðild Íslands að Flórens-sáttmála varðandi flutning listaverka milli landa verði tekin til athugunar og ákveðin á næsta þingi.
3. Að samin verði drög að lagafrv. sem tryggi betur en nú er gert að myndlistarmenn fái notið réttar síns skv. höfundalögum.
4. Að ákveðið verði hvernig ríkið framvegis styður Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
5. Að sveitarfélög taki fullan þátt í átaki til að efla myndlistarstarfsemi.
6. Að Listskreytingasjóður fái það fjármagn sem honum er ætlað skv. lögum.
7. Að farið verði yfir tillögugerð myndlistarmanna frá síðustu árum og þær till. hagnýttar sem nefndin kemur sér saman um.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt að unnt verði að taka álit hennar til meðferðar á næsta löggjafarþingi."

Í grg. er vitnað til ályktunar frá Myndlistarþingi 1985, en það þing bar yfirskriftina „Myndlist sem atvinna". Þar voru samþykktar ályktanir og ábendingar og leyfi ég mér að lesa þær hér upp:

„Myndlistarþing 1985 telur hag myndlistar standa höllum fæti miðað við aðrar listgreinar. Þrátt fyrir einstæðan áhuga almennings á myndlistum eru listasöfn enn í fjársvelti og geta því ekki framfylgt lögum sínum. Hráefni og tæki til myndlista hafa verið tolluð árum saman meðan aðrar listgreinar fá niðurfellingu gjalda. Höfundarréttur er enn ekki virtur sem skyldi og ekki tekið tillit til myndlista í gerðardómi vegna ljósritunar kennsluefnis í skólum. Þörfum fyrir vinnustofur hefur lítið sem ekki verið sinnt.

Myndlistarþing telur þó brýnast mála að stofnaður verði Launasjóður myndlistarmanna til að jafna hag þeirra svo að fleiri geti nýtt menntun sína og kunnáttu að fullu. Nú vinnur þingskipuð nefnd að heildarendurskoðun sjóða vegna lista. Bindur þingið vonir við starf hennar og væntir leiðréttinga fyrir myndlistarmenn.

Vegna kröfu um stofnun Launasjóðs myndlistarmanna vísar þingið til hliðstæðra sjóða í öðrum listgreinum og beitir sömu rökum og voru fyrir stofnun þeirra. Bendir þingið á ýmsar leiðir til fjáröflunar í slíkan sjóð, m. a. söluskatt af endursölu listaverka á uppboðum og söluskatt af efni til listiðju. Öðrum till. til tekjuöflunar í sjóðinn, svo sem ákveðnum hundraðshluta af sölu listaverka á sýningum og greiðslum fyrir höfundarrétt verka í opinberri eigu, vísar þingið til nánari umfjöllunar Sambands ísl. myndlistarmanna.

Myndlistarþing lýsir ánægju sinni vegna stofnunar menningarsjóða sveitarstjórna og fyrirtækja. Jafnframt hvetur þingið þau bæjar- og sveitarfélög, sem bolmagn hafa til, að taka upp þann hátt Reykjavíkurborgar að veita árlega starfslaun listamanns.

Þingið lýsir ánægju sinni yfir starfslaunum Reykjavíkurborgar til myndlistarmanns en mælist til að þeim verði fjölgað og um þau verði farið að lögum, varðandi launatengd gjöld.

Þingið telur að Íslandi beri nú þegar að gerast fullgildur aðili að Flórens-sáttmálanum um tollfrjálsan flutning listaverka milli landa, en tollhömlur hafa skapað mikinn vanda í sýningum íslenskra listamanna erlendis.

Myndlistarþing ítrekar ályktun frá þinginu 1981 að of hægt miði til þess að myndlistarmenn fái notið réttar síns skv. höfundalögum. Enn búa myndlistarmenn við það óréttlæti, einir listamanna, að ekkert fast umsamið endurgjald er fyrir birtingu hugverka þeirra á opinberum vegum. Við slíkt verður ekki unað öllu lengur. Myndlistarþing beinir þeim tilmælum til stjórnar Sambands ísl. myndlistarmanna að könnuð verði réttarstaða myndlistarmanna varðandi greiðslur fyrir ljósritun á hugverkum þeirra í skólum í kjölfar gerðardóms sem féll 4. maí 1984."

Síðan er í ályktunum Myndlistarþings fjallað um söfn og gallerí. Þar er sérstaklega vikið að stofnun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og þar er skorað á stjórnvöld ríkis og borgar að styðja þetta merka framtak afdráttarlaust svo að hús Sigurjóns Ólafssonar fái að standa óhögguð á sínum stað á Laugarnesi með því safni listaverka sem hann skildi eftir sig.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að það má kannske segja að það liggi ekki beint við að í almennri till. um málefni myndlistarmanna séu tekin upp ákvæði um eitt safn eins og hér er gert. Ég kaus þó að taka hér upp safn Sigurjóns Ólafssonar vegna þess að þar er þegar um verulegan vanda að ræða sem erfingjar hans og ábyrgðarmenn á þessu listasafni eiga erfitt með að standa undir án þess að einhver opinber stuðningur komi til. Ég held að hérna sé um að ræða mjög merkilegt safn sem á sér þann sess í Reykjavíkurborg að full ástæða væri til að sýna því fullan sóma af hendi ríkis og borgar. Af þeim ástæðum er þetta safn tekið hér út úr, eins og í viðurkenningarskyni — sem ég vona að Alþingi fallist á — við það mikla framlag sem Sigurjón Ólafsson á til listasögu Íslendinga á þessari öld.

Myndlistarþing fjallaði einnig um listskreytingar og Listskreytingasjóð og ræddi síðan um húsnæðismál myndlistarmanna þar sem vikið er að mörgum almennum og einstökum þáttum í starfsskilyrðum myndlistarmanna.

Ég taldi óhjákvæmilegt, herra forseti, að gefa Alþingi kost á því að ræða og taka afstöðu til þessara mála. Ég geri mér grein fyrir því að það lifir skammur tími eftir af þinghaldinu og þess vegna ekki víst að till. af þessum toga nái afgreiðslu. Ég tel hins vegar að það sé mjög brýnt að Alþingi taki á þessu máli sem snertir myndlistarmenn. Þeir eru að mörgu leyti afskiptari en aðrir listamenn um réttarstöðu og fjármuni og því nauðsynlegt að á þeirra máli verði tekið.

Mér er kunnugt um að það er starfandi á vegum opinberra aðila nefnd sem sinnir heildarendurskoðun sjóða hér á landi sem starfræktir eru vegna lista, bæði myndlistar og annarra listgreina. Myndlistarþing batt vonir við starf þessarar nefndar og væntir þess að það fáist leiðrétting að því er myndlistarmenn varðar. Mér er það ljóst að vandi þessarar nefndar er mikill. Hér verður auðvitað að tryggja fjármuni og það verður líka að tryggja að þeim sé sæmilega réttlátlega skipt og það er kannske ekki auðveldasta verk sem menn komast í að skipta fjármunum réttlátlega þannig að allir aðilar fallist á niðurstöðuna. Orkar þá oft flest tvímælis sem gert er.

Ég held þó að það sé mjög nauðsynlegt að þessi nefnd ljúki störfum og leggi fram hér fyrir Alþingi till. um heildarendurskoðun á þessum sjóðamálum sem

snúa að listamönnum og listastarfsemi hér í landinu. Það væri gott ef formaður nefndarinnar, hv. 2. þm. Norðurl. eystra gæti sagt okkur lítillega frá störfum þessarar nefndar ef hann hefur aðstöðu til í tilefni af þeim tillöguflutningi sem hér er uppi.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði vísað til allshn. þegar þessum hluta umr. er lokið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er auðvitað ekki nema ánægjulegt að fjórir þm. Alþb. hafi tekið upp efni ályktana Myndlistarþings og gert að þáltill. sinni hér í sölum Alþingis, sem gefur tilefni til þess að listamannalaun, almennir styrkir ríkissjóðs til málefna listamanna og listgreina, verði rædd hér á hinu háa Alþingi. Skal ég ekki skorast undan því að taka þátt í þeim umr. eins og tilmæli hafa komið fram um og hefði raunar gert þótt slík tilmæli hefðu ekki borist.

Það er rétt að fyrir tæpu einu og hálfu ári var skipuð nefnd af hæstv. menntmrh. til þess að gera till. um það hvernig unnt yrði að verja betur því fé sem á fjárlögum er varið til styrktar list í landinu og athuga hvort unnt yrði að ná víðtækri samstöðu um það hversu slíkum málum yrði háttað. Þessi nefnd hefur skilað tveim áfangaskýrslum til hæstv. menntmrh. án þess að um beinar till. sé þar að ræða heldur miklu fremur ábendingar og hugleiðingar um þetta viðkvæma mál. Í þeim efnum er nauðsynlegt að hafa fyrst og fremst tvennt í huga, annars vegar eru því að sjálfsögðu takmörk sett hversu miklu fé unnt er að verja til þessa málefnis þótt gott sé og hins vegar stangast á hagsmunir mismunandi listgreina þegar kemur að því að ráðstafa því fé sem Alþingi er reiðubúið að verja til þessa málefnis.

Ég vil fyrst vekja athygli á því að á fjárlögum á þessu ári er varið 2 976 000 kr. til listamannalauna, hinna gömlu listamannalauna, sem veitt eru lögum samkvæmt. Í þeim lögum er kveðið á um að flokkar listamanna eða upphæðir skuli vera tvær, listamönnum skuli skipað upp í tvo flokka og skuli annar flokkurinn fá tvöfaldan styrk hins. Jafnframt er kveðið á um það að þessi listamannalaun skuli veitt án umsókna. Strax eftir að þessi lög voru sett komst sú venja á að þeir listamenn sem lentu í efra flokki skyldu haldast þar uns þeir féllu frá, afþökkuðu launin eða nytu heiðurslauna. Þetta var á þeim tíma að sjálfsögðu umdeild ákvörðun, en sú ákvörðun var tekin og nú á síðustu árum hefur legið í loftinu að listamannalaunin yrðu felld niður og af þeim sökum hefur ekki þótt ástæða til að endurskoða þetta atriði.

Það hefur líka komið fram í skrifum um listamannalaun að fjölmargir listamenn, einkum þeir yngri, telja að þessi skipan mála sé úrelt og vilja leggja listamannalaunin niður. Á hinn bóginn mundi slík ákvörðun vera mjög viðkvæm og skapa sárindi hjá mörgum einstaklingum. Þess vegna hafa ýmsir menn úr röðum listamanna, ýmsir menn í stjórn Bandalags ísl. listamanna, haldið því fram að rétt sé að halda þessum gömlu listamannalaunum nokkuð lengur þannig að ekki er samstaða um það í þeirra hópi að fella þessi gömlu listamannalaun niður. Þó sjá allir að meðan er eins mikil gróska og verið hefur í hinum ýmsu listgreinum á undanförnum árum er ógerningur fyrir nokkurn að fylgjast með öllu því sem gerist og það fé, sem veitt er, er ónógt til að hægt sé að gæta samræmis, sérstaklega í efri flokknum, þar sem menn haldast í honum hvað sem raular og tautar og hvort sem menn eru sammála um það eða ekki að aðrir þeim snjallari hafi komið fram á sjónarsviðið.

Á síðustu árum hefur af hálfu listamanna verið lögð meiri áhersla á það að listamannalaun eigi að vera starfslaun, þau eigi að veita árlega á grundvelli umsókna og er í þessum sjóðum ákveðið að slík starfslaun séu veitt innan tiltekins árs. Ef litið er yfir nöfn þeirra manna sem notið hafa starfslauna, t. d. í Launasjóði rithöfunda, sjáum við fljótt að sömu nöfnin ganga þar aftur og aftur. Starfslaunin hafa því smátt og smátt þróast upp í það að verða að hluta til fastar, árvissar tekjur fyrir lítinn hóp listamanna. Starfslaunin koma því ekki af þeim sökum að haldi þeim ungu mönnum og konum sem eru að láta að sér kveða, stíga sín fyrstu skref, eins og upphaflega hafði þó verið ætlunin.

Þessi þróun á rætur sínar í því að sú krafa og það sjónarmið er mjög ofarlega hjá flestum þeim sem um þessi mál hafa fjallað að rétt sé að miðaldra listamenn og eldri, þeir sem hafa lagt mikið fram til menningar þjóðar sinnar, eigi það inni hjá samfélaginu að fá nokkurn lífeyri árvisst sem þeir geti treyst á og þurfi ekki að sækja um starfslaun eins og hinir yngri listamenn eigi að gera. Þetta er mjög viðkvæmt mál og ef gengið er út frá því að svipað fé renni til þessara mála og verið hefur er engan veginn auðgert að skera úr því hvaða hópur eða hversu stór hópur listamanna eigi að njóta þeirra forréttinda að hafa þannig árvissar tekjur í takt við efri flokk listamannalaunanna gömlu.

Hér í ályktun myndlistarmanna er sett fram ósk um það að stofnaður verði Launasjóður myndlistarmanna og bent á ákveðnar tekjur sem skuli vera þar til grundvallar. Það er einfalt mál í sjálfu sér að stofna sérstakan launasjóð myndlistarmanna, sérstakan launasjóð rithöfunda, sérstakan launasjóð tónskálda og kannske líka almennan starfslaunasjóð og hugsa sér að hver listgrein sé þannig út af fyrir sig og lúti sérlögum að þessu leyti. Eftir sem áður hlýtur sú spurning að vakna með hvaða hætti rétt sé að skipta því fé, sem ríkisvaldið er reiðubúið að láta af höndum til þessara starfslaunasjóða, á milli sjóðanna. Er t. d. rétt að hugsa sér að stjórn Bandalags ísl. listamanna fái árlega ákveðna fjárhæð í hendur frá Alþingi í einhvers konar yfirsjóð og komi sér síðan saman um það hversu því fé skuli skipt milli einstakra listgreina og varpa þannig ábyrgðinni á listamennina sjálfa, að þeir eigi að gera það upp sín á milli hvernig þessu fé skuli skipt annars vegar milli myndlistarmanna, rithöfunda, skálda, tónskálda, dansara, leikara, arkitekta o. s. frv.?

Ég hef bryddað á þessari hugmynd við ýmsa menn úr röðum listamanna og þeir hafa beðið mig að taka þann kaleik frá listamönnunum sjálfum. Þessi aðferð muni ekki og geti ekki gengið upp.

Þá er spurningin: Hvað er þá annað til ráða? Ég hef varpað fram þeirri spurningu hvort rétt sé að stofnaður verði sérstakur yfirsjóður allra starfslaunasjóða sem skipaður sé þingkjörinni stjórn. Síðan fái þessi stjórn í hendur yfirlit um þær umsóknir og þá fjárþörf sem hver listgrein telur sig þurfa að fullnægja þannig að þessi þingkjörna stjórn deili fénu á milli rithöfunda, myndlistarmanna, tónskálda o. s. frv. Þessari hugmynd hefur einnig verið hafnað.

Þá spyr maður: Er það þá vilji listamanna að Alþingi ákveði það út í bláinn hversu mikill hlutur myndlistar-

manna skuli vera og hversu mikill hlutur rithöfunda skuli vera? Eins og ég skil þetta mál virðist sú skoðun ráðandi í samtökum listamanna. Þeir vilja ekki telja að sínir kostir séu bestir, þeir að hver listgrein fyrir sig herji á Alþingi og stjórnmálamenn og reyni að ná sínum málum fram en þessi barátta sé ekki háð í heild. Þannig skil ég þessi mál.

Þegar rætt er um að leggja gömlu listamannalaunin niður kemur undir eins upp í hugann að þótt þær fjárhæðir, sem þar er um að ræða, séu ekki háar liggur fyrir að í hópi aldraðra listamanna eru nokkrir, kannske þó nokkrir, sem munar um þetta fé, fólk sem ekki er í lífeyrissjóði og hefur ekki starfskrafta eins og áður til að afla sér tekna með list sinni.

Það er mismunandi í einstökum listgreinum hversu listamennirnir eru staddir gagnvart eftirlaunum og lífeyrissjóðsréttindum. Ég geri t. d. ráð fyrir því að það sé mjög algengt um flesta tónlistarmenn að þeir hafi kennt um lengri eða skemmri tíma og eigi þess vegna aðild að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Svipaða sögu er að segja um marga rithöfunda. Á hinn bóginn hygg ég að það sé miklu fátíðara að myndlistarmenn njóti slíkra réttinda.

Skv. íslenskum lögum eiga allir menn aðild að lífeyrissjóði og hafa listamenn því fullan rétt á því að greiða til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og hefur það mjög verið rætt í nefndinni og af menntmrh. að sá háttur skuli upp tekinn að í þennan sjóð verði greitt af starfslaunum listamanna eftirleiðis. Hins vegar yrðu listamenn að greiða bæði hlut sinn og hlut vinnuveitandans eins og aðrir sjálfstæðir atvinnurekendur, vil ég segja, að því marki sem þeir afla tekna án þess að starfslaun komi til, sem yrðu þá um 10% af þeim áætluðu tekjum sem þeir mundu gefa upp.

Það er einfalt út af fyrir sig að segja: Nú skulum við gefa listamönnum kost á því og greiða fyrir því að þeir geti greitt í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og við skulum beita okkur fyrir því að með starfslaunin verði farið eins og með önnur laun að þessu leyti. En vandi listamanna er ekki leystur með því vegna þess, eins og ég sagði áðan, að nokkur fjöldi listamanna er þegar kominn á þann aldur að þeir hafa enga slíka tekjutryggingu í sinni elli. Það er þess vegna mikil spurning hvort ekki sé rétt að verja hinum gömlu listamannalaunum til þess að greiða, ég vil segja, tekjuuppbót eða lífeyrisuppbót handa þeim listamönnum öldruðum sem engin slík réttindi hafa. Ég hef því miður engar upplýsingar um það um hversu stóran hóp er að ræða. Ég hef farið fram á það við stjórn Bandalags ísl. listamanna að mér yrðu látnar slíkar upplýsingar í té og mér er sagt að verið sé að vinna að því. Ég hitti í gær tvo menn úr stjórn Bandalagsins og þeir sögðu mér að verið væri að vinna að því að afla þessara upplýsinga.

Inn í þetta mál varðandi myndlistarmenn kemur svo sérstaklega Listskreytingasjóður ríkisins sem stofnaður var fyrir 2—3 árum, en mjög lítil reynsla er enn komin af þeim sjóði. Málefni myndlistarmannanna hljóta að koma til skoðunar sérstaklega í tengslum við þann sjóð og ég geri ráð fyrir því að ekki sé ágreiningur um það milli mín og þeirra.

Í þessari þáltill. er rætt um það að samin verði drög að lagafrv. sem tryggi betur en nú er gert að myndlistarmenn fái notið réttar síns skv. höfundalögum. Er þá haft í huga að rétt sé að myndlistarmenn fái nokkra þóknun fyrir þau listaverk sem séu til sýnis á opinberum vettvangi. Ég get vel tekið undir það að nauðsynlegt sé að athuga þessa hugmynd og vil í því sambandi einnig taka fram að ég tel að skáldum og rithöfundum sé ekki greidd nægileg þóknun vegna þeirrar notkunar sem er á bókum þeirra í almenningsbókasöfnum eða í skólum.

Tökum dæmi af listamönnum sem hafa lagt mikið af mörkum til menningar þjóðar sinnar. Ég vil taka sem dæmi Hannes Pétursson skáld. Ég tel engan vafa á því að slíkur maður eigi að fá þá þóknun fyrir notkun á sínum verkum að um hana muni þegar hann gerir upp sínar árstekjur. Því fer þó víðs fjarri að svo sé ef skoðað er hvaða greiðslur renna úr Rithöfundasjóði Íslands til einstakra listamanna. Ég tel að það mál verði allt að taka til nýrrar endurskoðunar og þá í tengslum við þá hugmynd að myndlistarmenn fái nokkrar tekjur ef verk þeirra eru til sýnis í listasöfnum eða sett upp í opinberum stofnunum. Erlendis munar rithöfunda og myndlistarmenn um þetta þar sem þessi háttur hefur verið upp tekinn og þá er ég auðvitað að tala um þá sem fram úr skara.

Ég vil mjög taka undir það að það er ekki nema sjálfsagt að sýna Sigurjóni Ólafssyni þann sóma sem list hans á skilið. Ég vil líka taka undir með hv. frummælanda að það er ánægjulegt að sveitarfélög skuli í meira mæli en áður verja fé til myndlistarmála, og ekki aðeins myndlistarmála heldur menningarmála yfirleitt. Er sjálfsagt að reyna að örva þá starfsemi. Ég dreg ekki úr því.

Hér er talað um að Listskreytingasjóðurinn fái fjármagn sem honum er ætlað að lögum og loks er minnt hér á tillögugerðir myndlistarmanna á liðnum árum. Í því sambandi vil ég minna á það að fyrir nokkrum árum var samþykkt till., sem við fluttum nokkrir þm. Sjálfstfl., um það að athuga sérstaklega hversu bæta mætti hag myndlistarmanna. Fólst í okkar tillögugerð m. a. að felld yrðu niður aðflutningsgjöld á efni til listsköpunar. Ég man ekki betur en það hafi verið gert að vissu marki í tíð síðustu ríkisstj. en fyrir liggur að ríkisstj. hefur ákveðið — um það liggur fyrir yfirlýsing, bæði frá hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. — að inn í þá endurskoðun á tollalögum, sem nú er í undirbúningi og hugsað var að tæki gildi um næstu áramót, kæmu aðföng til myndlistar og hefur verið ákveðið að fella niður tolla af slíkum aðföngum.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða sé til að fara mörgum orðum um þetta á þessu stigi. Það kemur mjög til álita hvernig hið opinbera getur nýtt og notað margvísleg húsakynni í opinberri eigu víðs vegar úti um landið þannig að þau geti nýst myndlistarmönnum. Við getum líka sagt: öðrum listamönnum eða fræðimönnum. Ég er líka sammála því að ástæða sé til að huga að því hvernig unnt sé að auðvelda myndlistarmönnum að hafa vinnustofur — og þá þannig að þessar vinnustofur gangi frá kynslóð til kynslóðar myndlistarmanna en á það hefur nokkuð skort hér á landi að svo hafi orðið.

Að síðustu vil ég svo aðeins vekja athygli á því að við getum gert meira en gert hefur verið um hríð til að kynna íslenska myndlist erlendis. Það er enginn vafi á því að ef nýtt yrðu þau persónulegu sambönd, sem ýmsir fulltrúar okkar í sendiráðum erlendis hafa, skapaðist möguleiki til þess fyrir íslenska myndlistarmenn að sýna á sýningum erlendis og mundi það geta orðið þeim

mikill styrkur.

Ég vil að síðustu aðeins segja það að um leið og um hægist höfum við ráðgert að hittast að nýju, sú nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði. Við höfum gert ráð fyrir því að hitta þá menn aftur úr stjórn Bandalags ísl. listamanna sem hafa ráðrúm til þess að koma til fundar og gera enn tilraun til þess að leggja fram ákveðnar en gert hefur verið tillögur sem lúta að því að það fé opinbert, sem fer til menningarmála, nýtist betur en verið hefur.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það má segja að ánægjulegt er að fá hér til umr. ályktun Myndlistarþings í formi þáltill. Það gefur tilefni til þess að víkja að einstökum þáttum ályktana Myndlistarþings og reyndar örfáu sem þeim tengist.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur nú gert ítarlega grein fyrir starfi þeirrar nefndar sem nú fjallar um laun listamanna, m. a. þeim þætti sem ég tel mjög mikilvægan einnig og varðar lífeyrisréttindi listamanna, en að baki því verki þarf að liggja ítarleg könnun. Það þarf að afla mikilla upplýsinga til að hægt sé að gera glöggar og skynsamlegar tillögur um það efni. Þó að það sé ljóst að bæði eru málin flókin og svo líka viðkvæm eins og oft er þegar meta þarf og vega að einn hljóti og annar ekki er engu að síður hér um mál að ræða sem við verðum að taka fastari tökum og taka á af meira samræmi en verið hefur.

Þetta Myndlistarþing, sem við höfum rætt hér um, hafði yfirskriftina „Myndlist sem atvinna". Það leiðir hugann að því sem ég tel vera eitt stærsta hagsmunamál myndlistarmanna nú á dögum, þ. e. hvernig á að gera myndlistina að stærri hlut í öllu atvinnulífinu, hvernig á að gera myndlistina að eðlilegum þætti í atvinnulífi þjóðfélagsins og það er einmitt það atriði sem menn hafa e. t. v. betri vitund um nú á síðustu tímum en áður var. Til að taka eitt atriði sem hefur beina þýðingu í þessu sambandi, þá vil ég nefna listhönnun sem verður æ mikilvægari í allri iðnaðarframleiðslu nútímans, hvort heldur er um smáa skrautgripi að ræða, blómavasa og kertastjaka, annars vegar ellegar þá þungavinnuvélar og skip hins vegar. Þetta atriði skiptir ótrúlega miklu máli fyrir verðmætasköpun þjóðfélaganna. Þetta er um myndlistina sem beinan þátt í atvinnulífinu.

Menn hafa líka verið að vakna æ betur til vitundar um það víða um lönd hvernig umbreyting verðmætanna, til þess að menn eigi hægara með að nota þau sér til lífsframfæris, verður auðveldari þegar listinni er teflt fram. Það hljómar kannske einkennilega að það sé auðveldara að selja fisk eða kjöt ef við kynnum list, myndlist, tónlist, leiklist, danslist eða bókmenntir. En sú þjóð, sem nær miklum árangri á menningarsviðinu og listasviðinu, er líka líkleg til að ná miklum árangri almennt í þjóðlífinu og í slíkum löndum er betra að búa en þar sem menn koma ekki auga á verðmætin og lífsnautnina í listinni.

Því nefni ég listhönnunina að hún verður æ mikilvægari þáttur í menntun myndlistarmanna. Gert er ráð fyrir sérstakri deild í hönnun, í listiðnaði, í hinum nýja myndlistarháskóla sem ég von að komist á laggirnar ef Alþingi samþykkir frv. sem fyrir því liggur um myndlistarháskóla. Ég sagði þegar ég mælti fyrir því frv. í hv. Ed. nú í vetur að ég gengi út frá því að hv. alþm. þyrftu tíma til að velta því fyrir sér ef breyta ætti slíkum skóla sem Myndlista- og handíðaskólanum í skóla á háskólastigi. En einmitt þetta atriði er, að því er fjölmargir myndlistarmenn telja, mikið hagsmunamál myndlistarmanna. Það er mál sem horfir til framtíðar og horfir til þess að skapa myndlistinni enn hærri sess í öllu þjóðlífinu en verið hefur og er þó ekki að neinu leyti úr því dregið hverju máli myndlistin hefur skipt í okkar landi.

Ef ég vík að einstökum atriðum beinlínis úr ályktun Myndlistarþingsins hafði hv. 2. þm. Norðurl. e. gert grein fyrir hvernig mál stæðu um fyrsta atriðið, athugun á stofnun launasjóðs og hvaða atriði þyrftu að liggja fyrir til þess að unnt yrði að taka á því máli á raunhæfan hátt. Í öðru lagi hafði hv. þm. gert grein fyrir því hvernig framkvæmd aðildar að Flórens-sáttmála yrði, en við samþykktum, eins og hv. þm. muna, bæði þál. og frv. um það efni í fyrra. Nú er að hlaupa af stokkunum ákvörðun um að stækka hlut tækja til myndlistar í þeim vöruflokkum sem verða tollfrjálsir eftir aðild að Flórens-sáttmála. Það atriði á vafalaust eftir að hafa mjög mikil bein áhrif fyrir myndlistarmenn á þann veg að það dregur úr kostnaði við gerð listaverka þeirra.

Í þriðja lagi er nefnt að samin verði drög að lagafrv. sem tryggi betur en nú er gert að myndlistarmenn fái notið réttar síns skv. höfundalögum. Eins og hv. þm. er sennilega kunnugt starfar á vegum menntmrn. fastanefnd um höfundarétt sem vinnur mjög mikilvægt og vandasamt starf. Þessi nefnd hefur einmitt þetta málefni til meðferðar. Þetta er mjög vandasamt. Það segir sig sjálft þegar e. t. v. þarf að taka afstöðu til — eins og einhverjir hafa nú sagt að nokkru leyti að gamni sínu en því gamni fylgir nokkur alvara — hvernig eigi að haga greiðslum til höfunda listaverka sem standa á torgum við fjölfarin stræti í milljónaborgum. Á að haga höfundaréttargreiðslum öðruvísi en fyrir það að horfa á listaverk sem eru í úthverfum eða þá í fámennari borgum? Af þessu tagi eru þau efni sem þarf m. a. að taka afstöðu til.

Dæmi sem hins vegar er e. t. v. auðveldara að afmarka er einmitt um listaverk sem prentaðar eru myndir af í bókum eða í kvikmyndum eða myndböndum. En allt þetta er þáttur í hinni flóknu þróun höfundaréttar nú á tímum sem einmitt hefur breyst með nokkrum hætti og er í umbreytingu vegna breyttrar tækni. Þetta atriði er mikilvægur þáttur sem einmitt er til athugunar og umfjöllunar í höfundaréttarnefnd.

Í fjórða lagi er nefnt hér að ákveðið verði hvernig ríkið framvegis styður Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Ég vil skýra frá því að nú snemma í vetur var þetta mál sérstaklega rætt í menntmrn. og fyrir lágu allsnemma í vetur drög að samningi um þetta safn. Hugsunin er sú að tryggt verði að safnið verði þar sem bústaður Sigurjóns heitins var og listaverkin verði á sínum stað í Laugarnesi í námunda við þær grágrýtisklappir sem þau eru svo skyld og raunar unnin úr. Hugsunin er að þarna gæti orðið til frambúðar safn eitthvað á svipuðum grundvelli og t. d. Ásgrímssafn, en aðild ríkisins að samningi um safnið í vetur stóð að nokkru leyti á fjárframlagi ríkisins eða ákvörðunum um það. En ég vil skýra frá því að það liggur fyrir nú og er nokkuð síðan að aukafjárveiting hefur einmitt fengist til þess að unnt sé fyrir ríkið að standa að því að tryggja tilvist safns Sigurjóns Ólafssonar. Þetta er mjög mikilvægt og sameiginlegt hagsmunamál ríkis og Reykjavíkurborgar. Heyrt hef ég fleygt hugmyndum um að áhugi sé hjá

sumum listamönnum á því að framtíðarstaður myndlistarháskóla kunni að verða valinn í námunda við þetta safn inni í Laugarnesi. En um það liggur engin ákvörðun fyrir. Þetta er einungis nefnt til að sýna fram á hve mikilvægt menn telja fyrir myndlistina í landinu að safninu sé tryggður frambúðargrundvöllur þar sem það nú er.

Sjötta atriðið er að Listskreytingasjóður fái það fjármagn sem honum er ætlað skv. lögum. Nú er það svo að mjög hefur dregið úr nýframkvæmdum á vegum ríkisins á síðasta ári og framlagið til Listskreytingasjóðs er í hlutfalli við nýbyggingar á vegum ríkisins. Þess vegna er það að framlagið er ekki hærra í ár en raun ber vitni, en það mun ekki vera fjarri lagi að núna sé það í samræmi við það sem vera á eftir lögum og er það kannske meira en mátt hefur segja á stundum áður. Við könnumst við það þegar ákvæði um Listskreytingasjóð hefur verið breytt með t. d. lögum um efnahagsráðstafanir eða í einhverjum af þeim bandormsfrv. sem afgreidd hafa verið á seinustu vikum þings. En núna voru nýframkvæmdirnar ekki meiri en svo að til þessa kom ekki. Að sjálfsögðu er það mjög mikilvægt að þessum sjóði sé einmitt tryggt þetta fjármagn.

Nú vitum við um ýmsar opinberar byggingar sem notfærðu sér lagaákvæðið um prósentustig af byggingarkostnaði til listskreytinga eftir ákvörðun þeirra sem að byggingunum stóðu. Það hefur vissulega haft mikla þýðingu og verið bæði augnayndi þeim sem um þær byggingar ganga og til uppörvunar bæði þeim sem þar starfa svo og listamönnunum. Það atriði dregur alls ekki úr því að skynsamlegt sé að láta Listskreytingasjóð starfa með þeim hætti sem hann gerir, en til þess þarf hann vissulega það fjármagn sem lögin ætlast til.

Þessi atriði, herra forseti, vildi ég nefna. Ég vildi geta þess líka að það hefur verið komið á nokkuð glöggu skipulagi á fyrirkomulag myndlistarsýninga erlendis, þátttöku íslenskra listamanna í ýmsum sýningum erlendis. Vona ég að það geti verið myndlistinni lyftistöng og kynni okkar menningu á þann veg sem okkar landi verður til sóma og framdráttar.

Hér er í grg. rætt um að þörfum fyrir vinnustofur hafi lítið sem ekki verið sinnt. Nú er að koma á laggirnar suður í Hafnarfirði vinnustofa sem gefin er af einstaklingi og er eitt af þeim góðu fordæmum sem einstaklingar gefa oft til eflingar listinni og uppörvunar listamönnum. Slíkar vinnustofur geta þurft opinberan styrk. Það er um norrænar gestavinnustofur að ræða líka sem við Íslendingar tökum þátt í og þátttaka í slíkum vinnustofum hefur verið aukin nú á síðasta og þessu ári en meira mætti þó af því vera. Ég hygg þó að sú viðleitni sem uppi er höfð sé af hinu góða og leiðir vonandi til frekari starfsemi af því tagi.

Herra forseti. Ég vildi láta þetta duga sem nokkrar skýringar á því hvað það er af því sem nefnt er í þessari till. sem þegar er annaðhvort komið í framkvæmd eða unnið að nú á vegum ríkisstj.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil aðeins kveðja mér hljóðs til að þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. menntmrh. og ég vil einnig þakka fyrir þær upplýsingar sem fram hafa komið í ræðum þeirra beggja um stöðu þeirra mála sem hreyft er í þessari þáltill. Mætti margt um það segja sem þau hér ræddu en ég ætla ekki að fara ítarlega út í það efnislega. Ég ætla þó að taka út úr eitt atriði sem mér fannst sérstaklega ánægjulegt, það voru upplýsingar um að í vetur hefði fengist aukafjárveiting vegna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Þannig hefur ríkið í raun og veru þegar tekið ákvörðun um að reyna að hjálpa til við að varðveita þennan stað sem Sigurjón lætur okkur eftir og ég vil fagna þessari yfirlýsingu menntmrh. alveg sérstaklega.

Ég bendi á að þessi till. sem hér er flutt gengur í rauninni út á það að fela ríkisstj. að skipa í samvinnu við Samband ísl. myndlistarmanna nefnd sem vinni að tillögum um úrbætur í hagsmunamálum myndlistarmanna og síðan er nefndinni bent á nokkur atriði. Í sjálfu sér held ég að það gæti vel verið hugsanlegt að Alþingi samþykkti þegar á þessu vori, þótt skammt lifi þings, þessa hugmynd um nefndarskipun í þessu skyni. Það er auðvitað ekki hægt að leysa alla hluti með því að skipa nefndir og þegar allt kemur til alls þá er þetta spurning um fjármuni. En þrátt fyrir allt þá held ég að hér sé um að ræða málaflokk sem vissulega væri réttlætanlegt að Alþingi kysi nefnd til að vinna að. Ég tel að iðulega hafi það gerst — svo ekki sé meira sagt — að Alþingi hafi kosið nefndir af minna tilefni en því sem hér hefur verið rætt.

Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka þakkir fyrir þær góðu undirtektir sem þessi till. hér hefur fengið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Brunarannsóknir.

Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Einarssonar um brunarannsóknir, á þskj. 691, sent þm. 28. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Í hvaða tilvikum hafa rannsóknir tæknimanna leitt til gruns um að íkveikja hafi valdið bruna í atvinnuhúsnæði á undanförnum fimm árum?
2. Í hvaða tilvikum hefur með lögreglurannsókn verið úrskurðað að um íkveikju hafi verið að ræða?
3. Í hvaða tilvikum hafa ákærur verið gefnar út?

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins og sýslumönnum og bæjarfógetum utan starfssvæðis Rannsóknarlögreglunnar, þ. e. utan Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðakaupstaðar, Seltjarnarness og Mosfellssveitar, voru 135 brunar í atvinnuhúsnæði á landinu frá ársbyrjun 1980 þar til í apríl 1985.

Það skal tekið fram að Rannsóknarlögregla ríkisins skilgreindi bruna í atvinnuhúsnæði sem bruna í fyrirtækjum þar sem atvinnustarfsemi fer fram, svo sem tilbúningur, vinnsla eða annars konar framleiðsla, en taldi ekki með bruna í verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhúsnæði. Samkvæmt þessari skilgreiningu voru 39 brunar í atvinnuhúsnæði á starfssvæði Rannsóknarlögreglunnar á áðurgreindu tímabili. Aðrir notuðu mun rýmri skilgreiningu og í framangreindri tölu er t. d. í

nokkrum tilfellum um hlöðubruna að ræða.

Í 112 tilfellum er talið að eldsupptök séu kunn. Í 11 tilfellum er talið sannað að um íkveikju hafi verið að ræða og þar af áttu í 7 tilfellum börn eða vangefið fólk hlut að máli. Þessar niðurstöður byggjast á lögreglurannsóknum, en í sumum tilfellum voru einnig kvaddir til sérfróðir menn vegna rannsóknar málanna.

Í einu tilfelli til viðbótar var það niðurstaða tæknimanna að um íkveikju væri að ræða og var eigandi fyrirtækis ákærður. Dómstóll taldi sannað að orsök brunans væri íkveikja en sýknaði eigandann þar sem ekki var talið nægilega sannað að hann hefði kveikt í.

Í 8 tilfellum, þar sem eldsupptök eru ekki sönnuð, er um grun um íkveikju að ræða. Í 3 tilfellum byggist sú niðurstaða m. a. á rannsókn sérfróðra manna.

Í 4 tilfellum, þar sem um íkveikju var að ræða samkvæmt framansögðu, hafa verið gefnar út ákærur á hendur þeim sem taldir eru eiga sök á brununum.

Sameinað þing, 90. fundur.

Föstudaginn 31. maí, kl. 2 miðdegis.

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði til eins árs frá 3. júní 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 7. gr. laga nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Geir Haarde hagfræðingur (A),
Axel Gíslason framkvæmdastjóri (B),
Theodór Blöndal tæknifræðingur (A),
Sveinn Jónsson verkfræðingur (C),
Hörður Þórhallsson sveitarstjóri (A),
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur (B),
Helgi Hálfdánarson umboðsmaður (D).

Varamenn:
Bogi Nilsson sýslumaður (A),
Aðalsteinn Valdimarsson skipstjóri (B),
Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Inger Linda Jónsdóttir lögfræðingur (C),
Guðmundur A. Auðbjörnsson málari (A),
Þorsteinn Ólafsson framkvæmdastjóri (A),
Sigfús Guðlaugsson rafveitustjóri (D).

Efri deild, 86. fundur.

Föstudaginn 31. maí, að loknum fundi í Sþ.

Iðnþróunarsjóður, frv. 492. mál (þskj. 916). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Hæstv. forseti. Ég þakka forsetanum fyrir það tillit sem hann tekur til beiðni minnar um að fá að mæla fyrir þessu í upphafi fundar, en ég hef sem mest að vinna í neðra við að mæla fyrir frv. þar einnig. En á þskj. 916 á ég frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 frá 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

Með samningi ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, dags. 12. des. 1969, var stofnaður norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Stofnun hans skapaði á sínum tíma ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun.

Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í margvíslegum verkefnum til eflingar íslenskum iðnaði. Meginviðfangsefnið skv. stofnsamningi var að efla útflutningsiðnað og að auðvelda aðlögun að breyttum markaðsaðstæðum á innlendum markaði vegna tollalækkana við aðild Íslands að EFTA.

Ráðstöfunarfé sjóðsins var í upphafi og til ársins 1980 einungis stofnfé hans, sem nam jafnvirði 14 millj. Bandaríkjadala, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánum.

Hinn 29. apríl 1980 var undirritaður viðbótarsamningur við samninginn um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland. Með þeim viðbótarsamningi voru gerðar tvær breytingar á samningnum. Í fyrsta lagi var sjóðnum veitt heimild til að taka lán til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra meiri háttar framkvæmda í iðnaði. Var þetta gert með breytingum á 5. mgr. 2. liðs og 2. mgr. 4. liðs.

Í öðru lagi voru auknar heimildir skv. 4. lið samningsins til að veita styrki og hagstæð lán til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl. er nam 10% af eigin fé sjóðsins í upphafi árs 1980 og við þá upphæð hafa bæst árlega 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi 1980. Var það gert með því að bæta nýjum málslið við 3. málsgr. 4. liðs eins og þar segir.

Með frv. þessu, sem ég flyt nú, er lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að staðfesta af Íslands hálfu nýjan viðbótarsamning við samninginn frá 12. des. 1969, sem felur í sér eftirfarandi þrjár meginbreytingar:

1. Að verksvið sjóðsins verði víkkað. Skv. gildandi samningi er tilgangur sjóðsins að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Þar sem aðlögunartímabili vegna EFTA-aðildar er lokið þykir tímabært að skilgreina hlutverk sjóðsins víðtækar en nú er gert. Megináhersla er þó áfram lögð á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra norrænna landa. Með breytingum á skilgreiningu tilgangs sjóðsins er fyrst og fremst haft í huga að ekki leiki vafi á að sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda sem horfa til nýjunga í atvinnustarfsemi þótt umrædd starfsemi falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld munu leiða af sér.

2. Að möguleikar í lánskjörum verði sveigjanlegri. Skv. gildandi samningi eru almenn lán sjóðsins að fullu gengistryggð miðað við Bandaríkjadollar. Með þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði, mun sjóðurinn hafa möguleika á að taka lán í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadölum og endurlána í sama gjaldmiðli. Einnig verður unnt að lána fé sjóðsins út í íslenskum

krónum með þeim kjörum er stjórn sjóðsins ákveður. Gert er þó ráð fyrir að stofnfé sjóðsins — en það skal endurgreiðast í Bandaríkjadölum — verði lánað út í sama gjaldmiðli.

Í þriðja lagi er höfuðbreytingin sú að auknir verði möguleikar sjóðsins til þátttöku í áhættufjármögnun og það er mikilvægast að mínum dómi. Skv. gildandi samningi starfar sjóðurinn að verkefni sínu með því að veita lán og ábyrgðir. Með breytingu þeirri, sem lagt er til að gerð verði, hefur sjóðurinn möguleika á að kaupa og selja hlutabréf í starfandi hlutafélögum og taka þátt í stofnun nýrra. Ætlunin er að slík hlutafjárkaup komi því aðeins til að ekki hafi reynst unnt að afla nauðsynlegs áhættufjármagns eftir öðrum leiðum og sýnt þyki að álitlegu verkefni verði ekki hrundið í framkvæmd nema þátttaka sjóðsins komi til. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eigi hlutafé mjög tímabundið og hlutabréf séu seld strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir.

Ofangreindar tillögur hafa verið gerðar af nefnd sem skipuð var af mér með bréfi dags. 20. febr. s. l. til að yfirfara lög og samning um Iðnþróunarsjóð. Nefndina skipuðu eftirtaldir menn: Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Bragi Hannesson bankastjóri, Guðmundur Malmquist hdl. og Þorvarður Alfonsson framkvæmdastjóri. Tillögurnar voru kynntar og ræddar ítarlega á fundi stjórnar Iðnþróunarsjóðs 14. mars s. l. og kom fram jákvæð afstaða fulltrúa þeirra landa er fundinn sóttu.

Þar sem breytingarnar fela ekki í sér nýjar fárhagslegar skuldbindingar fyrir hin löndin virðast þær geta komist í kring með erindaskiptum á milli utanríkisráðuneyta landanna. Ríkisstjórnir allra Norðurlanda þurfa að samþykkja tillögurnar og staðfesta viðbótarsamning við samninginn þar að lútandi. Utanrrn. vinnur nú að því að afla samþykkis ríkisstjórna hinna Norðurlandanna við breytingum þessum. Þykir því rétt að afla nú þegar heimildar Alþingis til þessara breytinga og að veita þeim lagagildi hér á landi. En til þess þarf að sjálfsögðu að breyta lögum nr. 9 frá 1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 43 frá 1980, en með þeim lögum var stofnsamningnum og viðbótarsamningnum jafnframt veitt lagagildi á landi hér.

Samningurinn öðlast gildi fimm dögum eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt að uppfylltar hafi verið kröfur sem gerðar eru til gildistöku í hverju landi fyrir sig.

Virðulegi forseti. Að þessari umr. lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn., en ég vek athygli á að ég hygg að ég mæli ekki um of þegar ég segi að um þetta mál sé ríkjandi samkomulag milli allra flokka á hinu háa Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1065). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga eins og það liggur fyrir á þskj. 1065.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er vikið að nauðsyn átaks í húsnæðismálum og segir þar m. a. að áhersla verði lögð á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning er tengd séu kaupum eða byggingu íbúða. Aukinn sparnaður er þjóðarnauðsyn, en sérstök ástæða er til þess að hvetja þá, sem eignast vilja íbúðarhúsnæði, til forsjálni í fjármálum sínum og til að miða að því að eiga sparifé áður en ákvarðanir eru teknar um byggingu eða kaup á húsnæði.

Í byrjun þessa árs var sérstök nefnd skipuð til að fjalla um hvernig taka mætti upp samningsbundin innlán við banka og sparisjóði til að fjármagna lán til íbúðarhúsnæðis. Jafnframt skyldi nefndin athuga með hvaða hætti löggjafinn gæti veitt skattaívilnanir þeim aðilum er tækju upp slíkan samningsbundinn sparnað. Nefnd þessa skipuðu þeir Halldór Blöndal alþm., er var formaður nefndarinnar, Árni Kolbeinsson, er var þá skrifstofustjóri í fjmrn., Eiríkur Guðnason, forstöðumaður hagdeildar Seðlabanka Íslands, Haraldur Ólafsson alþm. og Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Jón Ögmundur Þormóðsson, deildarstjóri í viðskrn., aðstoðaði nefndina í störfum hennar.

Nefndin aflaði ýmissa gagna um lög og reglur varðandi skipan húsnæðismála og fjármögnun þeirra í nágrannalöndum okkar. Sérstakur viðauki fylgir aths. við frv. þetta og er þar að finna yfirlit um þá tilhögun sem við er höfð í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Kanada og Þýskalandi. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nefndinni og starfsmanni hennar vel unnin störf.

Meginefni frv. þessa er að verði það að lögum gefst færi á að njóta mikils skattaafsláttar með því að spara. Hér er ekki aðeins um að ræða sparnað vegna kaupa eða viðhalds á húsnæði, heldur einnig um almennan sparnað. Munur er þó þarna á sem greint verður frá.

Meginreglur frv. eru þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapar rétt til skattaafsláttar er nemi fjórðungi árlegs innleggs. Árlegur sparnaður skal vera minnst 12 þús. kr., en mest 120 þús. kr. og breytast upphæðir í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Sparnaður skal vera reglulegur og varða vanskil ströngum viðurlögum, þ. e. missi skattaafsláttar og hugsanlega missi annarra fríðinda skv. ákvörðun viðkomandi banka eða sparisjóðs. Sparifé má taka út eftir þriggja ára binditíma ef menn afla sér íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða ráðast í meiri háttar endurbætur, en ella er fé bundið í tíu ár, þó aðeins í fimm ár þegar um ellilífeyrisþega og 75% öryrkja er að ræða. Auk hins mikilvæga skattaafsláttar nýtur sparifé bestu ávöxtunarkjara í viðkomandi banka eða sparisjóði og kann að skapa rétt að láni við úttekt sparnaðarins eftir því sem viðkomandi stofnun getur boðið. Þeir sem náð hafa 16 ára aldri geta stofnað til húsnæðissparnaðarreikninga.

Samhliða frv. þessu er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og geymir það frv. nánari ákvæði varðandi skattaafsláttinn.

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er flutt markar tímamót. Í því felst hvatning til að efla fornar dyggðir, hvatning til ungs fólks til að leggja eitthvað til hliðar sem það getur síðar lagt fram til þess að eignast þak yfir

höfuðið og dregur þar með úr lántöku sem ævinlega þýðir fjárstreymi í annarra vasa.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hæstv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér lagt fram frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga. Þessu frv. fylgir annað frv. um hliðstæðar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt í samræmi við efni þessa frv.

Ég vil lýsa því yfir að frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna er það eitt höfuðviðfangsefni íslenskra efnahagsmála að efla innlendan sparnað. Þær skattaívilnanir, sem samþykktar voru á þingi hér í fyrra, höfðu þann mikla ágalla að þær voru fyrst og fremst ívilnanir í þágu þeirra sem fjárfesta í fyrirtækjum og rekstri og því ekki í raun hentugar fyrir allan almenning sem ekki er tengdur atvinnurekstri eða hyggst ekki tengjast atvinnurekstri. Ég lýsti því þá yfir sem skoðun minni að nær væri að taka upp eitthvert það sparnaðarkerfi sem væri í þágu allra þjóðfélagsþegna og allir þegnar ættu jafnan aðgang að og væru líklegir til að taka fullan þátt í og lýsti fylgi mínu við slíkt sparnaðarform. Mér er ánægja að lýsa því yfir hér að ég tel að það frv. sem hér er á ferðinni stefni í þessa átt og ég er því almennt jákvæður gagnvart efni þessa frv.

Síðan frjálsir vextir voru ákveðnir með samkomulagi forustumanna Sjálfstfl. og Framsfl. fyrir rúmu hálfu ári hafa miklar breytingar orðið í vaxta- og lánamálum eins og kunnugt er. Það hefur gengið yfir hálfgert vaxtaæði í þjóðfélaginu, vextir hafa hækkað upp úr öllu valdi, bæði bankavextir og vextir á verðbréfamörkuðum, og auðvitað hefur ríkissjóður ekki getað látið sinn hlut liggja eftir og hefur því orðið að sæta því að selja spariskírteini sín með slíkum kjörum að til hreinna vandræða horfir þegar til lengri tíma er litið. Því miður á það eftir að koma ríkissjóði mjög í koll síðar meir að þurfa að standa undir þeim spariskírteinum sem seld hafa verið með 7 og 8% vöxtum en tvöfalda verðgildi sitt á aðeins tíu árum eða jafnvel skemmri tíma.

Því miður verður að viðurkenna að opinberir aðilar hafa, þrátt fyrir að þeir hafi boðið þessa háu vexti á spariskírteinum, látið undan síga í þessari samkeppni og æ meira af skuldabréfum á markaðnum hefur færst í hendur verðbréfasala utan hins almenna bankakerfis. Þetta er ekki eðlileg þróun, að mínu viti. Hún er á margan hátt mjög hættuleg og hlýtur auðvitað að skerða mjög möguleika opinberra aðila, bæði ríkis og sveitarfélaga, til að fjármagna sameiginlegt verkefni vegna þess að innlend lánsfjáröflun fer öll úr böndum í samkeppni við hina ýmsu aðila sem alltaf geta yfirboðið bæði banka og opinbera aðila með því að bjóða eitthvað betur en gert er af hálfu ríkis og bankakerfis.

En opinberir aðilar — og þá fyrst og fremst ríkið — eiga krók á móti bragði og sá krókur er að bjóða skattaívilnun. Það er einmitt það sem gert er með þessu frv. Það er boðið upp á að þeir sem binda fé sitt til tíu ára í hinu almenna bankakerfi geti notið sérstakra hlunninda í formi skattaívilnunar. Vissulega er óljóst hversu mikil hlunnindi verður hér um að ræða þegar til lengri tíma er litið ef svo fer sem að er stefnt að tekjuskattur verði afnuminn af almennum launatekjum. Það má vera að reikningar af þessu tagi hafi þá ekki það aðdráttarafl sem þeir kynnu að hafa nú. Þó tel ég tvímælalaust rétt að reyna þessa leið og fagna því að þetta frv. er flutt. Það er líka álitamál hversu mikil þessi hlunnindi eiga að vera og hve miklu menn treysta sér til að fórna af fé ríkissjóðs í þessu skyni.

Ég áskil mér að sjálfsögðu allan rétt til að athuga þetta frv. nánar við meðferð málsins í nefnd, þau ýmsu framkvæmdaatriði sem á því eru, en er hlynntur þeirri hugmynd sem í því felst.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa lagt þetta frv. hér fram og þar með hreyft þeirri hugmynd sem þar er fram sett og kannske hefði átt að vera komin til framkvæmda fyrir löngu. Það er ævinlega matsatriði og getur verið deiluefni hvar og hvernig eigi að setja mörk í málum sem þessu, en það gefst tækifæri til að skoða þetta í nefnd, þar sem ég á m. a. sæti, og ég veit að þetta mál mun fá ítarlega athugun og umræðu þar. En hugmyndin er góðra gjalda verð. Ég tel rétt að þetta mál fái, svo sem ég sagði, gaumgæfilega athugun í nefnd. Þetta er vissulega ein af þeim leiðum sem mjög koma til greina til að auðvelda fólki að eignast húsnæði.

Á sínum tíma — og það fyrir nokkuð margt löngu — voru sett hér lög um skyldusparnað ungmenna. Nú hirði ég ekki um að tíunda það hér, sem allir vita, hvernig þau lög hafa reynst í framkvæmdinni. En á því er auðvitað afar einföld skýring. Þessi svokallaði skyldusparnaður, sem nú er í gildi og átti m. a. að auðvelda ungu fólki að eignast húsnæði, er nú orðinn neikvæður í rauninni. Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma var ekki nema tiltölulega lítill hluti af ungu fólki á þeim aldri, sem lögin um skyldusparnað taka til, í skólum. Nú er þjóðfélagið orðið með allt öðrum hætti. Næstum því öll ungmenni á þessum aldri eru við einhvers konar nám. Það er breyting til bóta. Þess vegna er þessi skyldusparnaður í rauninni enginn skyldusparnaður. Þetta er bara millifærsla á fjármunum, sem síðan eru endurgreiddir, og hefur ekkert nema umstang, erfiði og kostnað í för með sér. Hins vegar eru þessi lög enn við lýði og þarf auðvitað að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna.

Þannig háttar til nú, að ungmenni, sem stunda skólanám ákveðinn fjölda mánaða á ári, geta fengið og fá, ef þau þess óska, skyldusparnaðinn endurgreiddan. Þegar endurgreiðsla á sér stað er þetta auðvitað ekki lengur frádráttarbært frá skatti.

Hins vegar er það svo að ungmenni, sem stundar skólanám, á rétt á endurgreiðslu, en notfærir sér það ekki, heldur lætur skyldusparnaðinn standa óhreyfðan í húsnæðislánakerfinu, fær skyldusparnað sinn ekki dreginn frá skatti. Hér er gloppa í gildandi lagareglum sem verður að lagfæra.

Þau ungmenni sem stunda nám í skólum njóta þessa í engu. Þeim er raunar refsað fyrir að láta þennan skyldusparnað sinn liggja inni. Þetta er auðvitað hreint öfugmæli. Þessu vildi ég beina til hæstv. fjmrh. Ég hef einu sinni áður beðið embættismann í ríkiskerfinu að athuga þetta mál sérstaklega en ekki varð neitt úr því, og kannske mér að kenna að hafa ekki haft nægan eftirrekstur í því efni, og ég er svo sem ekkert að sakast við einn eða neinn annan en sjálfan mig um það að hafa ekki rekið á eftir því máli sem skyldi, en þetta er mál sem þarf að leiðrétta, þetta eru kannske ekki mörg

tilvik, en áreiðanlega þó nokkur tilvik. Þeim sem sýna aðhaldssemi er þá beinlínis refsað fyrir það. Ég veit að hæstv. fjmrh. mun taka þetta til athugunar. Ég treysti honum fullkomlega til þess.

En ég vil að endingu lýsa stuðningi að nýju við þá hugmynd sem felst í því frv. sem hér er nú á dagskrá, og þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa fleytt þessu máli inn á Alþingi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka þeim tveim ræðumönnum sem tekið hafa til máls, þeim hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 5. landsk. þm., fyrir þær jákvæðu undirtektir sem þetta frv. til laga um húsnæðissparnaðarreikninga hefur hlotið af þeirra hálfu.

Í tilefni síðustu orða hv. 5. landsk. þm. hvað varðar skattalög þeirra ungmenna sem geyma skyldusparnað sinn hjá því opinbera vil ég lýsa því yfir að ég er fyllilega reiðubúinn til þess ásamt honum að vinna að því að þetta mál verði kannað og mun með ánægju standa að þeim breytingum sem við gætum báðir sætt okkur við á þeim skattalögum áður en næstu fjárlög verða frágengin að fullu ef engir aðrir formlegir gallar á þeirri vinnu koma í ljós.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 523. mál (þskj. 1066). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. til laga um húsnæðissparnaðarreikninga er ég mælti fyrir fyrr á þessum fundi. Hér er um að ræða þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögunum um tekju- og eignarskatt. Gert er ráð fyrir að veittur verði 25% skattaafsláttur af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á húsnæðissparnaðarreikninga í bönkum eða sparisjóðum. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að sparnaður vegna húsnæðisöflunar þarf að vera bundinn samningi við banka eða sparisjóði eigi skattaafsláttur að fást. Verði vanskil á árlegu innleggi samkv. samningi getur skattaafsláttur minnkað eða jafnvel fallið niður. Verði frv. að lögum mun ég gera ráðstafanir til þess að þessi ákvæði verði sérstaklega kynnt þeim sem spara.

Áætlanir um tekjutap ríkissjóðs vegna þessa nýja kerfis hafa ekki verið gerðar, enda nær ógerningur að spá um það atriði fyrr en séð verður hvaða undirtektir þessi skipan fær hjá almenningi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hæstv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frv. 342. mál (þskj. 1040). — Ein umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum nr. 41 frá 2. maí 1968, um verslunaratvinnu, hefur verið til meðferðar í hv. Nd. Deildin hefur gert á frv. eina breytingu. Þessi breyting er lagfæring á orðalagi til samræmis í ákvæði til bráðabirgða. Í frv. var kveðið á um aðila sem stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni, en því var eins og kunnugt er breytt í þá veru að nú tekur frv. aðeins til myndbanda. Þess vegna er breytingin sú í ákvæði til bráðabirgða að í stað orðsins „lausafjármuna" komi: myndbanda.

Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um málið og mælir með að þessi breyting verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj.1075).

Almenn hegningarlög, frv. 437. mál (þskj. 739). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1076).

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 958, n. 1035). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. Ed. um frv. til l. um breytingu á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, en álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 1035.

Eins og fram kom í framsöguræðu fyrir frv. við 1. umr. þess felur það í sér að Búnaðarbankinn taki ábyrgð á skuldbindingum stofnlánadeildar í stað ríkissjóðs og byggist frv. á samkomulagi ríkissjóðs og bankans.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Egill Jónsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins. Þess skal getið að Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessari málsmeðferð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 1047 (sbr. 837)). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Þetta er frv. sem var flutt í hv. Nd. Deildin gerði nokkrar breytingar á frv. sem öll menntmn. var sam-

mála um. Rætt var við þá sem standa að rekstri tónlistarskóla um þessar breytingar, bæði fulltrúa sveitarfélaga, ríkis og einnig einkatónlistarskóla. Og um þessar brtt. var enginn ágreiningur. Þetta vildi ég taka fram til að byrja með.

Að öðru leyti vil ég segja um þetta frv. að það var unnið fyrir þó nokkru í menntmrn. Það var að mestu leyti unnið í tíð hæstv. forseta Nd. þegar hann var menntmrh. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að auðvelda faglegt eftirlit með þessu skólahaldi. Með þessu eru lögin gerð nokkru einfaldari og gleggri en áður var. Hins vegar felur það ekki í sér neinar grundvallarbreytingar eða kerfisbreytingar.

Þetta er frv. sem lætur ósköp lítið yfir sér, en verði það að lögum gerir það starfsemina auðveldari, uppgjörið gleggra og hin faglegu gæði eru betur tryggð. Í raun og veru er það þetta sem þetta mál snýst um. Mér er óhætt að segja að það er á engan veg ágreiningsatriði þeirra sem hlut eiga að þessum málum. Þess vegna vænti ég þess að það geti orðið til þess að styðja við þá mikilvægu starfsemi sem felst í rekstri tónlistarskólanna víða um landið og hefur svo sannarlega verið lyftistöng tónlistarlífi um land allt.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er örstutt aðeins. Það er óhjákvæmilegt að koma upp og fagna þessu frv. sem ég held að sé mjög bættur starfsrammi fyrir tónlistarskólana í landinu almennt og nauðsynlegur, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, til einföldunar og um margt skýrari framsetningar á ýmsum atriðum sem ágreiningur hefur jafnvel verið um.

En um þetta mál ætlaði ég fara almennum orðum af því að tónlistarskólar eru hér á dagskrá.

Tónmennt hefur löngum staðið of höllum fæti í okkar skólakerfi og verið talin til þeirra greina, t. d. á grunnskólastigi, sem gjarnan mætti setja til hliðar, gjarnan mætti jafnvel sleppa. Það var a. m. k. ríkjandi skoðun allt of lengi, því miður. Þar hefur mikil og góð breyting orðið á og nú skipar tónmennt víðast veglegan sess. Ég er máske ekki alveg viss um eða nógu viss um að söngnum sem slíkum séu gerð nægileg skil. Þá á ég við hinn frjálsa almenna söng þar sem allir eða nær allir mega njóta sín. Ég vara nefnilega við því að tónfræði, svo góð sem hún er, og nám í hljóðfæraleik, svo ágætt sem það er einnig, yfirskyggi alveg sönginn, hinn lifandi söng sem þarf að óma sem allra víðast í skólunum. Hér ræðum við að vísu um tónlistarskólana alveg sér í lagi.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og ítreka hana hér að tengja þurfi sem allra best nám í tónmennt við grunnskólann þannig að samstarf sjálfstæðs tónlistarskóla og grunnskóla sé sem allra best. Víða er þetta í lagi, en sums staðar ekki. Mér sýnist sumt í þessu frv. eiginlega knýja á um að eðlilegt samstarf um þetta geti tekist. Ég flutti um þetta till. hér á Alþingi og fékk samþykkta þál. í þá veru þar sem áherslan var reyndar einnig á eflingu tónlistarfræðslu í sérskólum. Nær eins till. kom svo síðar fram frá hv. þáv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og var einnig samþykkt hér. Ég ítreka þessa skoðun mína hér, þegar þessi mál eru enn einu sinni til umfjöllunar, og vitna gjarnan til ýmissa staða á landsbyggðinni þar sem þetta hefur gefið góða raun. Hér hefur um margt verið myndarlega á málum tekið og því ber að fagna.

En ég ítreka verðugan þátt söngsins í þessari heildarmynd og vona að honum verði ekki gleymt. Ég vitna gjarnan til frænda míns, sem er 12 ára, sem leikur þegar á tvö eða þrjú hljóðfæri mjög þokkalega, en söngur er honum víðs fjarri, aukaatriði sem hann hefur ekki sinnt og ekki verið látinn iðka að neinu ráði. Tónlistaráhugi okkar Íslendinga er sagður mikill. Ég efast ekkert um það. Ég amast síður en svo við æðri tónlist, unnendum hennar og njótendum þó að ég segi það enn að hin almenna þátttaka fólks í söng og tónlist almennt skipti hér mestu. „Blindur er bóklaus maður" var sagt. „Sárt er sönglaus maður leikinn" gæti ég sagt sem nokkra hliðstæðu í þessum efnum.

Um efnisatriði þessa frv. ræði ég ekki. En mér er kappsmál að þetta fái hér sem skjótasta afgreiðslu og vænti hins besta af samþykkt þessa frv., svo mjög sem þörf er á einföldun og skýrari framsetningu ýmissa þeirra atriða sem hafa verið ágreiningsatriði og mér sýnist leyst hér úr með skaplegum hætti.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er vafalaust alls ekkert ofmælt á undanförnum 10—15 árum hefur orðið gjörbylting á sviði tónlistarmenntunar hér á landi, sem betur fer. Nú fer fram tónlistarkennsla nánast í hverjum einasta þéttbýlisstað. Tónlistarskólar eru víðast hvar starfræktir og mjög víða eru komnar á laggirnar lúðrasveitir, hljóðfæraflokkar ungs fólks og kórar.

Það má rétt vera, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að söngmenntin verði sums staðar nokkuð út undan. Þó er það afar misjafnt eftir skólum. Við fjölmarga skóla starfrækja vel menntaðir tónmenntakennarar kóra. En rétt má vera að það sé ekki nægilega víða.

En þessu frv. er sjálfsagt að fagna. Það horfir áreiðanlega til bóta um ýmislegt. Það mun væntanlega fá góða athugun í nefnd og skal ekki standa á því að greiða fyrir því að það nái hér fram að ganga.

En mér dettur í hug að minnast á það hér áður en ég lýk máli mínu að einn er sá tónlistarskóli hér í landinu sem gegnir í rauninni hlutverki tónlistarháskóla og annast kennslu á háskólastigi nú þegar í tónlistargreinum. Það er Tónlistarskólinn í Reykjavík. Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að staða hans í kerfinu sé einkar óljós með ýmsum hætti. Hann mun vera sjálfseignarstofnun. Þó er mér ekki fullkunnugt um hvernig það er. Ég er ekki að leggja til að hér verði settur á stofn tónlistarháskóli. Við erum ekki nema 240 þús. manns og erum þegar komin með tvo háskóla. Ég held að okkur dugi það alveg og þær greinar aðrar, eins og myndlist og tónlist geti átt heima undir okkar gamla háskólahatti eins og er í fjölmörgum öðrum skólum. Mér fyndist það nú næsta mikil ofrausn ef við værum hér innan fárra ára, Íslendingar, komnir með eins og fimm eða sex háskóla! Ég held að bæði tónlistarfræðsla á háskólastigi og myndmenntun á háskólastigi eigi vel heima í Háskóla Íslands.

Ég reikna fastlega með því að ítarlegt samráð hafi verið haft við skólastjóra tónlistarskólanna t. d. um

þetta frv., ég á ekki von á neinu öðru, og að um þetta sé gott samkomulag. En ég vildi að þessi ábending kæmi fram varðandi stöðu Tónlistarskólans í Reykjavík sem gegnir hlutverki háskóla á þessu sviði þó hann heiti það ekki.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að fagna þessu frv. og leggja áherslu á það sem hér hefur komið fram um þá þróun sem orðið hefur vítt um land á undanförnum árum í uppbyggingu tónlistarskóla. Fyrir 15—20 árum voru það forréttindi stóru þéttbýlisstaðanna að koma unglingum sínum og börnum í tónlistarskóla, en á síðustu árum hefur þetta breyst á þann máta að nú eru það að miklu leyti orðin forréttindi unglinga eða barna í smærri þéttbýlisstöðum úti um land að stunda eitthvert tónlistarnám. Tónlistarskólar hafa verið stofnaðir, oft og tíðum af áhugafólki, og komið hefur verið á legg nokkurri kennslu við slíka skóla. Nú er svo komið að næstum hvert einasta skólabarn í hinum minni byggðum, sem hefur haft áhuga fyrir því að njóta slíkrar kennslu, hefur átt kost á því. Þetta mun sjálfsagt vera ein af þeim menntagreinum þar sem landsbyggðin stendur betur að vígi en stóru þéttbýlisstaðirnir.

Ég vænti þess og veit það að þetta frv. á greiða leið í gegnum Ed. og fagna því að það er komið svo langt áleiðis.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Það eru stundum eins og sólskinsblettir á annasömum og þungbúnum þingdögum. Svo er einmitt nú þegar fjallað er um mál sem e. t. v. er ekki stórt í sniðum en snertir hið fagra og mikla svið, tónlistina. Það er ánægjulegt að verða þess vör hve einlægan stuðning slík mál eiga meðal þm. sem hafa ólíkar stjórnmálaskoðanir. Raunar varð ég vör við svipaða samstöðu í Sþ. í gær þegar fjallað var um aðrar listgreinar. Þessu er sannarlega ástæða til að fagna. Við vitum þó að það eru til þau tjáningarform sem verða til þess að menn með ólíkar skoðanir finna til samstöðu og skilja hver annan. Á því þurfum við vissulega að halda.

Ég vildi, hæstv. forseti, sérstaklega víkja að Tónlistarskólanum í Reykjavík, sem hv. 5. landsk. þm. vék að og hefur vissulega sérstöðu sem eins konar móðurskóli hinna og hefur í framkvæmd orðið skóli á háskólastigi. Ég vil geta þess að það hefur verið unnið að sérstakri löggjöf um þennan skóla. Ástæðan til þess að frv. hefur ekki enn verið flutt er að herslumun hefur vantað til þess að frv. væri tilbúið og það er einmitt vegna þessa atriðis að skólinn hefur verið rekinn sem sjálfseignarstofnun, en m. a. til þeirrar staðreyndar hefur hann sótt lífskraft sinn í upphafi. Á bak við Tónlistarskólann eru verðmæti sem eru sköpuð af einstaklingum sem unnu tónlistinni framar öðrum listum og vildu leggja sitt af mörkum, sína vinnu og árangur erfiðis síns til þess að standa undir þessum skóla. Ég hef af því vissar áhyggjur ef þessi andi hverfur úr skólanum. Ég vil ganga svo frá frv. um þennan skóla að tengsl við þennan bakhjarl séu áfram tryggð ef þess er nokkur kostur. Ég vona að það takist fljótlega.

Annað atriði, sem menn hafa velt fyrir sér og kann að vera að við séum ekki algjörlega sammála um, hv. 5. landsk. þm. og ég, er það hvort viðurkenna á þá staðreynd í sjálfri löggjöfinni að Tónlistarskólinn er kominn á háskólastig. Ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að viðurkenna þessa staðreynd og leyfa honum að vera að formi til og opinberlega tónlistarháskóli. Hann er það í raun og ég tel að það ætti að viðurkenna það einnig að lögum. Ég hygg að það muni veita nemendum hans betri möguleika í sambandi við framhaldsnám víða um heim. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því þó að t. d. myndlistarháskóli og tónlistarháskóli séu ekki deildir í Háskóla Íslands. Listaháskólarnir eru svo sérstæðs eðlis að ég tel að þeir gætu alveg staðið sem sjálfstæðar stofnanir en verið samt á háskólastigi. Það gefur vissulega þeim nemendum sem háskólanám vilja stunda fjölbreytilegri möguleika. Það er líka í stíl við þann sess sem verkefni þessara skóla eiga að skipa að viðurkennt sé að þeir séu svona settir og að kennarar listaháskólanna með sína menntun og sína snilligáfu njóti kjara á borð við kennara í Háskólanum. Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því. Ég tel það þvert á móti skynsamlegt.

Það er hins vegar hreint stjórnskipunaratriði, má segja, hvort slíkir skólar séu í heild undir hatti Háskóla Íslands. Það má vel vera að það reki að því einhvern tíma, en á þessu stigi sé ég ekki að það atriði skipti höfuðmáli. Ég tel hins vegar skipta meira máli að okkur takist að setja lög um Tónlistarskólann í Reykjavík sem yrði væntanlega Tónlistarskóli Islands eða Tónlistarháskóli Íslands ef Alþingi sýndist svo. Ég vil geta þess nú að ég tel að það væri skynsamlegt og er fús til þess að kalla saman nú einhvern daginn, þegar um hægist, þm. úr menntamálanefndum til að kynna þeim þau drög sem þegar liggja fyrir að frv. um Tónlistarskóla Íslands þannig að þeim gefist kostur á að koma að því máli á undirbúningsstigi því að ég tel að þegar þar að kemur skipti miklu máli að samstaða náist um það.

Ég sá, hæstv. forseti, ástæðu til að víkja að þessu máli og gefa upplýsingar um hvernig það stæði, en ítreka að ég fagna viðtökum þm. við þessu litla frv. sem hér er til umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. fagnaði því að sjá hér eins konar sólskinsblett í heiði þegar menn eru sammála um það sem vel er gert og gott er. En það er nú svo í þessari ágætu deild að hér er yfirleitt samfellt sólskin, að það dregur sjaldan ský fyrir sólu. Það er þá í mesta lagi að það dragi aðeins fyrir, en meira verður það nú ekki.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hún gaf. Mér er alveg fyllilega ljóst að þetta er atriði sem menn deila um. Á að vera tónlistarháskóli, á að vera myndlistarháskóli eða ætti e. t. v. að vera listaháskóli? Þó að ég hafi lýst þeirri skoðun hér að þetta gætu sem best verið deildir í Háskóla Íslands og að mér fyndist fullmikið í lagt að við, ekki fleiri en við erum, værum með marga háskóla, þá eru þetta auðvitað mál sem má ræða og verður að skoða og yfirvega í rólegheitum hvað er hagkvæmast, með íhugun og skynsemi.

Ég veit ekki hvort það breytir svo ýkjamiklu fyrir nemendur sem ljúka brottfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík hvort það kallast vera á háskólastigi eða ekki. Þegar þessir nemendur fara til framhaldsnáms erlendis þreyta þeir jafnan inntökupróf í skóla. Þá er það kunnáttan, þjálfunin og leiknin sem sker úr. Það er nefnilega orðið svo að því er varðar inntöku í ýmsa æðri skóla að vandaðir skólar erlendis hafa, að ég hygg,

tilhneigingu til að taka æ minna mark á prófskírteinum frá skólum sem eru neðar á skólastiginu. Þetta á sér mjög eðlilegar skýringar því að það er orðið svo sums staðar í grannlöndum okkar að stúdentspróf er ekki próf, heldur skírteini. Það er búið að fella niður prófið. Þetta skírteini gefur ákaflega litla vísbendingu um kunnáttu, ástundun eða þekkingarforða þess nemanda sem um ræðir. Það er af þeirri ástæðu sem æ fleiri háskólar hafa tekið upp inntökupróf. Ég held ég fari rétt með að í Noregi sé orðið skilyrði að nemendur taki inntökupróf í nær allar háskólagreinar nema lögfræði og þar mun vera í athugun að taka það upp líka. Ég veit því ekki hversu mikla þýðingu nafngiftin ein hefur. Sjálfsagt er hún í einhverra hugum eitthvert gildi, stöðutákn. En allt þetta þarf að skoða og ég fagna því að hæstv. menntmrh. ætlar að gera þm. sem sæti eiga í menntamálanefndum tækifæri til að kynna sér þetta frv. nú á meðan það er á umræðustigi.

Ég get ekki tekið undir þá röksemd að eitt af því sem valdi því að rök hnígi að því að gera þarna nafnbreytingu sé að það auðveldi að skapa kennurum við tónlistarskóla sömu kjör og háskólakennurum. Ég held að það hljóti að vera unnt að skapa tónlistarkennurum viðunandi kjör án þess að til slíkrar nafnbreytingar komi. Ég þykist nú vita að við séum alveg sammála um það, hæstv. menntmrh., að slíkt á ekki að vera neitt ákvörðunaratriði í þessu máli. — En ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar sem hún greindi frá og boð hennar um að menntmn.-menn fengju að kynna sér þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 429. mál (þskj. 714). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 31. maí, að loknum fundi í Sþ.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil geta þess, og þarf varla á það að minna, að dagskrá þessa fundar er býsna löng. Það eru 17 mál á dagskrá og vafalaust harla margt mála sem þarf ítarlega umfjöllun. Forseti vill nú mælast til þess að hv. þdm. sýni þingstörfunum sérstakan sóma nú er við höldum hér fund á föstudegi og reyni að ljúka sem allra flestum málum. Ætlunin er sú að þingfundir standi frá því um kl. 2 og fram undir kvöldmatarleyti, en að ekki verði kvöldfundur. Ég vil einnig geta þess að ráðgert er að haldnir verði tveir fundir í Nd.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar, frv. 29. mál (þskj. 29, n. 910 og 913, 911). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 913, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, GT, HBl, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PD, PS, RH, StG, ÞP, ÞS, AS, EH, IG.

nei: GeirG, GE, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KJóh, KH, SJS, SvG.

GSig greiddi ekki atkv.

7 þm. (GJG, KP, KSK, SV, StH, SvH, BÍG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Því miður varð ég að falla frá orðinu í lokaumræðu sem fram fór um þetta mál þar sem ég var ekki staddur í bænum og gat því ekki verið á fundi þegar umræðu um það lauk. En þar sem mér gefst hér tækifæri til að segja nokkur orð við atkvgr. vil ég láta það koma fram að yfirlýsing hefur komið frá hæstv. menntmrh. um að að þessum málum sé unnið og á næsta hausti liggi fyrir skýrsla um málið. Af þeim ástæðum tel ég eðlilegt að beðið sé með að setja sérstaka löggjöf um þetta mál og segi því já við fram kominni tillögu.

Tollskrá, o. fl., frv. 405. mál (þskj. 665). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 406. mál (þskj. 666). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Elli- og örorkulífeyrir, frv. 448. mál (þskj. 763). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Kvikmyndamál, frv. 515. mál (þskj. 982). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 894 (sbr. 171), 1020, 1046). — 3. umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég tek til máls vegna brtt. sem ég flyt við það mál sem er hér á dagskrá. Þetta er brtt. sem kom nokkuð seint fram og ekki hefur gefist mikið tóm til að skoða. Ég hef hins vegar orðið var við að það er mjög mikill áhugi hjá þm. úr öllum flokkum á þessu máli og að þeirra mati er fyllsta ástæða til að líta vandlega á þetta. Ég hef því ákveðið að draga þessa till. til baka en lýsi því um leið yfir að ég hyggst flytja hana á þinginu í haust að öllu óbreyttu. Ég tel að þetta mál þurfi að skoða mjög vandlega. Fram hefur komið sú hugmynd að dómsmrn. hugi sérstaklega að málinu nú í sumar, vinni kannske undirbúningsvinnu eða safni gögnum og upplýsingum. Ég tel þá hugmynd mjög góða. Hún má hins vegar ekki verða til þess að málið lendi í útideyðu eins og oft vill verða þegar rn. taka að sér að athuga mál og þau fá síðan ekki framgang í þinginu vegna þess að þau eru í skoðun úti í bæ. Ef af því yrði af hálfu dómsmrn. að kanna þetta mál tel ég hægt að gera það snöfurlega, en ef af því verður ekki mun ég flytja þetta sem sérstaka brtt. á næsta þingi.

ATKVGR.

Brtt. 1020 tekin aftur.
Brtt. 1046 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 890 (sbr. 845), n. 1042, 1043). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál það sem hér er til umr. er komið frá Ed. og hefur þar hlotið mjög ítarlega meðferð. Heilbr.- og trn. Ed. kallaði til sín ýmsa sérmenntaða menn og fékk margar umsagnir, enda ber frv. það með sér að það hefur verið vandlega skoðað sem kom frá þessum sérfróðu mönnum því að margar brtt. voru samþykktar við frv. Ed.

Heilbr.- og trn. Nd. hefur farið ítarlega yfir þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu að þessar breytingar séu allar til bóta utan ein. Formaður nefndarinnar ræddi við þá menn sem komu á fund heilbr.- og trn. Ed. Brtt. komu frá enn einum aðila en nokkuð seint. Ekki þótti ástæða til að taka þær til frekari afgreiðslu. Það sem við í heilbr.- og trn. Nd. höfum fundið að er að horfið er frá upprunalegu orðalagi varðandi erlenda ríkisborgara sem koma til starfa í þessari grein hér á landi. Í upprunalega frv. var ákvæði þess efnis að sé um erlendan ríkisborgara að ræða skuli hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu.

Ed. sá ástæðu til að breyta þessu á þann veg að í frv. stendur núna, með leyfi forseta: „Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslensku máli, mæltu og rituðu.“ Við teljum að með þessu sé algerlega verið að umturna þeirri hugsun sem á bak við þetta ákvæði lá. Við álítum ekki mögulegt að gera þessar kröfur til erlends manns, við skulum segja t. d. frá einhverri Norðurlandaþjóðanna, sem kæmi hingað og ynni að tannlækningum, gæti talað málið og hefði hæfan íslenskan aðstoðarmann eins og krafist er samkvæmt lögum. En ef þessu ákvæði væri strangt eftir fylgt væri þetta útilokað að slíkur maður gæti starfað hér. Við vorum því sammála um það í heilbr.- og trn. að leggja til að fyrra orðalag verði haft varðandi þetta atriði. Með brtt. á þskj. 1043 leggjum við til að þessi málsgrein orðist svo, með leyfi forseta:

„Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu.“ Við mælum með samþykkt frv. með þessari einu breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1043 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. 487. mál (þskj. 898). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 898 flyt ég frv. til laga um breytingu á lögum nr. 107 frá 27. desember 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Með frv. þessu er lagt til að lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð verði breytt þannig að ríkisstj. verði veitt heimild til að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafa haft forgöngu um að stofna annan hvítasunnudag, um að það kaupi eða leigi eignir Þörungavinnslunnar hf. Gert er ráð fyrir að sú kvöð verði á eignunum að þær verði nýttar við þörungavinnslu á Reykhólum. Verði um sölu að ræða er gert ráð fyrir að Þörungavinnslunni hf. verði slitið skv. XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður greiði allar réttmætar kröfur á hendur félaginu aðrar en hlutafé, en yfirtaki jafnframt eignir þess.

Þá er og gert ráð fyrir að heimilt verði að lána kaupendum andvirði eignanna til allt að 15 ára og að lánið megi vera víkjandi, þannig að greiðsluskylda verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Enn fremur er lagt til að heimilt verði að semja svo um að leiga, ef um leigu á eignunum verði að ræða, gangi upp í kaupverð eignanna, þ. e. að gerður verði kaupleigusamningur.

Rekstur Þörungavinnslunnar hefur gengið erfiðlega frá upphafi eins og fram kemur á yfirliti sem merkt er fskj. nr. I, og hefur fjárhagsstaðan farið síversnandi. Á miðju ári 1984 var áætlað að tap fyrirtækisins fyrir það ár yrði um 10 millj. kr. Reikningsskil fyrirtækisins í árslok 1984 leiddu hins vegar í ljós mun verri afkomu en gert hafði verið ráð fyrir.

Með þeirri skuldabyrði sem hér er um að ræða er útilokað að koma fyrirtækinu á réttan kjöl miðað við

núverandi rekstur. Skammtímaskuldir og viðskiptaskuldir eru það miklar að stöðvun fyrirtækisins er fyrirsjáanleg alveg á næstunni verði ekkert að gert. Þess vegna er uppgjör á fyrirtækinu óumflýjanlegt og bráðaðkallandi.

Þörungavinnslan var upphaflega sett á fót fyrir atfylgi margra aðila en með verulegri þátttöku ríkisins. Þegar fyrirtækið hefur lent í erfiðleikum hefur jafnan verið sótt til ríkisins um aðstoð og leiðsögn og nú er svo komið að ríkið á 97% hlutafjár. Ríkið er í ábyrgð fyrir langtímaskuldum fyrirtækisins. Ríkið hefur á undanförnum árum lagt að lánardrottnum að ganga ekki að fyrirtækinu þótt það hafi í raun verið gjaldþrota og verður þannig að teljast í siðferðilegri ábyrgð fyrir viðskiptaskuldum. Nú, þegar staða fyrirtækisins er slík að það er gjaldþrota í öllum venjulegum skilningi þess hugtaks, á ríkið um fjóra meginkosti að velja:

1. Leggja aukið fé í fyrirtækið til þess að halda rekstrinum í óbreyttu formi í þeirri von að hagnaður verði af rekstrinum og fyrirtækið geti greitt áhvílandi skuldir.
2. Láta fyrirtækið verða formlega gjaldþrota og taka á sig öll þau áföll sem því fylgja.
3. Reyna að selja hlutabréf í fyrirtækinu innlendum eða erlendum aðilum án undangengins uppboðs í eigum eða fjárhagslegs uppgjörs.
4. Gera núverandi félag upp og afhenda heimaaðilum eignir fyrirtækisins til rekstrar eða yfirfæra reksturinn til sömu aðila skv. leigusamningi.

Hvað fyrsta kostinn áhrærir, þ. e. að leggja aukið fé inn í fyrirtækið í óbreyttu formi, mundi sá kostur e. t. v. kosta ríkissjóð minni fjárútlát í fyrstu en sá kostur sem lagður er til í frv. þessu. Áframhaldandi fjárframlög úr ríkissjóði til fyrirtækisins í óbreyttu formi mundu viðhalda núverandi ástandi og ekki leysa neinn vanda til frambúðar.

Þrautalendingin fyrir ríkissjóð er að sjálfsögðu sú að hætta öllum tilraunum til þess að halda rekstrinum gangandi og framselja hlutafélagið til gjaldþrotaskipta og láta selja eignir búsins á nauðungaruppboði í samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Ef fyrirtækinu yrði lokað og það missti þá fótfestu á mörkuðum sem það hefur náð getur tekið langan tíma að koma því af stað aftur. Slíkt yrði til mikils tjóns fyrir sjálfan reksturinn svo ekki sé talað um nærliggjandi byggð sem stendur og fellur með áframhaldandi rekstri fyrirtækisins. Þess má og geta að skv. síðustu opinberu tölum, þ. e. fyrir árið 1982, má rekja 24% launa í Austur-Barðastrandarsýslu beint til Þörungavinnslunnar.

Í þriðja lagi bendi ég á að reyna mætti að selja hlutabréf fyrirtækisins innlendum eða erlendum aðilum. Með núverandi skuldabyrði virðist það borin von að hægt sé að ná inn nýju áhættufé í reksturinn. Eignir eru verðlitlar og fyrirsjáanlegt er að ríkið þyrfti á endanum að yfirtaka skuldir fyrirtækisins. Jafnframt mundi þessi kostur ekki samrýmast áformum stjórnvalda um að yfirtaka fyrirtækisins skuli fela í sér kvöð til áframhaldandi þörungavinnslu.

Fjórði kosturinn, sem felst í því að yfirfæra reksturinn til heimaaðila, er sá sem talinn hefur verið álitlegastur. Valið á honum byggir á þeirri trú að aukin ábyrgð heimamanna sé árangursríkust til að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum á rekstri fyrirtækisins sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti skilað arði. Með þessum hætti er jafnframt best stuðlað að eflingu byggðar í Austur-Barðastrandarsýslu, en það var eitt aðalmarkmið með þátttöku ríkisins í rekstrinum í upphafi.

Eins og ég gat um hér að framan er einn kostur ríkisins sá að selja eignirnar án frekari kvaða á þeim. Hafa ber í huga að verulegur hluti eignanna eru lausafjármunir sem selja mætti úr héraði. Það hefur hins vegar afgerandi áhrif á verðmæti eigna fyrirtækisins ef ríkið með tilliti til byggðarlagsins og annarra sjónarmiða afhendir þær nýjum aðilum með kvöð um áframhaldandi þörungavinnslu. Þá skiptir fyrst og fremst máli mat á arðsemi þörungavinnslu á Reykhólum. Sé höfð hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins frá stofnun væru eignirnar trúlega allt að því verðlausar, þ. e. sem arðgefandi fjárfesting.

Eftir yfirfærslu eignanna til heimamanna ætti að vera mögulegt að bæta afkomu verksmiðjunnar með aukinni hagkvæmni í rekstri, sérstöku markaðsátaki, auknu almennu aðhaldi heimaaðila að rekstrinum, lækkun aðstöðugjalds og minni skuldabyrði. Er því ljóst að ríkið verður að gera um það kröfu, þrátt fyrir kvöð um að eignirnar verði nýttar í þágu þörungavinnslu við Breiðafjörð, að greitt verði að hluta fyrir eignirnar skv. bættum rekstrarhorfum, þ. e. í formi víkjandi lána. Í því sambandi yrði höfð hliðsjón af verðmæti eignanna ef þær væru seldar úr héraði kvaðalaust.

Ef gerður yrði leigusamningur um eignirnar mundi hið nýja hlutafélag í raun vera stjórnunarfyrirtæki frá upphafi. Í því tilviki er gert ráð fyrir að Þörungavinnslan hf. yrði áfram sem lögaðili og að leiguandvirði gengi til að greiða af áhvílandi lánum sem ekki yrðu yfirtekin af ríkissjóði í tengslum við samninga um eignayfirfærslu. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluti leigu gæti gengið til greiðslu kaupverðs, kjósi félagið að kaupa eignirnar. Mætti hugsa sér að leigan yrði í tveimur þáttum. Annars vegar að grunngjald yrði ákveðið sem hundraðshluti af einingarverði eða söluverði sem samningar tækjust um. Sá þáttur gengi til greiðslu fastakostnaðar af eignunum og greiðslu hluta núverandi lána. Hins vegar yrði um leiguþátt að ræða er tæki mið af afkomu. Semja mætti um að sá hluti leigunnar komi til frádráttar fyrirfram ákveðnu kaupverði tækjust um það samningar.

Með samningum um yfirtöku heimamanna á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum er nauðsynlegt að ganga svo frá málum að ríkið hætti alfarið þátttöku í rekstrinum og að framvegis verði það undir heimamönnum og/eða öðrum hagsmunaaðilum komið hvort reksturinn haldi áfram. Skiptir þá engu hvort um sölu eða leigu eignanna yrði að ræða.

Hugmyndin um yfirfærslu fyrirtækisins til heimamanna er sprottin af athugunum sem gerðar voru á s. l. ári á vegum iðnrn. og stjórnar fyrirtækisins um stöðu og framtíðarhorfur þess. Slík yfirfærsla mundi byggjast á því að ríkissjóður yfirtaki hluta af áhvílandi skuldum fyrirtækisins en að stofnað yrði nýtt hlutafélag, sem nú hefur orðið, á vegum heimamanna sem yfirtaki helstu eignir Þörungavinnslunnar hf., þ. e. húsnæði, vélar og tæki verksmiðjunnar og hefji rekstur á nýjum grunni. Lögð verði áhersla á að efla samband við erlenda viðskiptaaðila og m. a. kannaðir til hlítar möguleikar á erlendri eignaraðild að fyrirtækinu.

Þörungavinnslan hf. stendur nú á tímamótum. Ef

ekki verður gerð mikil fjárhagsleg uppstokkun á fyrirtækinu blasir við rekstrarstöðvun og greiðsluþrot. Einmitt þess vegna er aðkallandi að færa reksturinn og ábyrgðina í hendur heimaaðila, þ. e. þeirra aðila er mestra hagsmuna hafa að gæta, samhliða endurfjármögnun fyrirtækisins.

Eins og fyrr segir getur yfirfærsla fyrirtækisins til heimamanna gerst með tvennum hætti, með slitum og uppgjöri á núverandi félagi og meðfylgjandi ráðstöfun eigna eða með leigusamningi. Í báðum tilvikum er þó fyrirsjáanlegt að ríkið muni þurfa að yfirtaka verulegan hluta af skuldum fyrirtækisins. Yfirtaka skulda fyrirtækisins mundi kosta ríkissjóð um 41 millj. kr. á þessu ári. Hér er um að ræða mismun skammtímaskulda og veltufjáreignar að meðtalinni afborgun langtímaskulda 1984 og 1985. Eftir árið 1985 munu eftirstöðvar langtímalána vera um 45 millj. kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 1985. Samanlögð útgjöld ríkissjóðs vegna þessa máls munu því nema um 86 millj. kr. á verðlagi síðustu áramóta, þar af eru 65 millj. kr. vegna langtímaskulda sem eru í ábyrgð ríkissjóðs. Frá þessum upphæðum mundi að sjálfsögðu dragast söluandvirði eða leigutekjur.

Grundvallarspurningin, sem heimaaðilar eða aðrir sem vilja bera ábyrgð á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum þurfa að spyrja sjálfa sig að, er sú hvort nokkur von sé til að reksturinn geti borið sig, hvort reksturinn get skilað einhverju upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Ekki er unnt að ætlast til að fólk leggi fé í nýtt hlutafélag nema það hafi trú á að reksturinn geti borið sig.

Eftirfarandi atriði í rekstri verksmiðjunnar hafa lofað góðu um framtíð hennar: Tök hafa náðst á öflun hráefnis sem nóg er af. Næg orka er til staðar og gæði framleiðslunnar eru mikil. Helstu annmarkar eru þessir: Afurðaverð hefur ekki hækkað nægjanlega frá verðfallinu árið 1980, sem var gífurlegt. Óróugleikar hafa orðið við vinnslu þangs á vissum tímum. Kostnaðarbókhaldi hefur ekki verið beitt sem stjórntæki. Starf að markaðsmálum og vöruþróun hefur ekki skilað þeim árangri að fyrirtækið geti borið sig. Gera þarf ýmsar tæknilegar breytingar á verksmiðjunni.

S. l. sumar var gerð úttekt á tæknibúnaði verksmiðjunnar þar sem fram kemur að með því að hrinda í framkvæmd þeim áformum, sem uppi hafa verið í fyrirtækinu um endurbætur á stjórnbúnaði þess, og með ýmsum viðbótaraðgerðum mætti gera vinnsluna mun öruggari en verið hefur. Kostnaðarbókhald má bæta með því að kaupa tiltölulega ódýra smátölvu sem getur reynst mikilvæg stoð til að fá upplýsingar sem þarf til að hafa yfirsýn yfir rekstur verksmiðjunnar. Mikilvægasta breytingin til þess að auka líkurnar á því að þörungavinnslan geti skilað arði er hins vegar aukin áhersla á vöruþróun og markaðsmál. Í þessu efni þarf að koma á beinum tengslum við kaupendur afurðanna. Að því er nú unnið á vegum stjórnar fyrirtækisins. Hinir nýju rekstraraðilar verða að sjálfsögðu að athuga gaumgæfilega hvort ekki sé nauðsynlegt að freista þess að fá hina erlendu kaupendur til að taka beinan þátt í rekstrinum.

Til þess að verksmiðjan geti borið sig þarf reksturinn að skila 6 til 7 millj. kr. á núverandi verðlagi upp í árlegar afskriftir og fjármagnskostnað. Árleg nettógreiðslubyrði af núverandi skuldabyrði fyrirtækisins er ekki undir 15 millj. kr. að meðaltali, en ekkert fékkst á s. l. ári upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Hér þarf tvennt að koma til, bætt rekstrarafkoma og stórlega minnkuð skuldabyrði. Með yfirtöku ríkissjóðs á skuldum verksmiðjunnar verður fjárhagsstaða hennar traust. Tvísýnt er þó um hagnað af rekstrinum á allra næstu árum þrátt fyrir það uppgjör sem hér um ræðir. En að sjálfsögðu verður að horfa lengra fram í tímann þegar ákvörðun er tekin í svo mikilvægu máli sem þessu. Ef litið er til næstu ára virðast vera allraunhæfir rekstrarmöguleikar fyrir verksmiðjuna. Afurðirnar henta sérstaklega í framleiðslu á ýmsum vörum sem nú eru í tísku og virðast verða vinsælli með ári hverju. Tíminn vinnur tvímælalaust með rekstrinum, það gefur vonir um að hann geti skilað arði. En til þess að nýta þessa möguleika verður að vinna markvisst að því að bæta reksturinn.

Ég vil geta þess sérstaklega að ég átti þess kost að sitja fund með heimamönnum og má lesa samþykktir þess fundar í fskj. Eins og ég gat um áðan hafa heimamenn nú stofnað hlutafélag sem mun ganga til samninga við ríkið um kaup eða leigu á fyrirtækinu. Mér kom það þægilega á óvart hversu mikill samhugur og eindrægni ríkti meðal hreppsbúa. Heita mátti að hvert mannsbarn sækti þennan fund og lýsti yfir hug sínum til þess að takast á við þetta mikilvæga verkefni.

Herra forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni með það að þetta frv. til laga um breytingu á lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð skuli hafa litið dagsins ljós. Þar með er eytt þeirri miklu óvissu sem ríkt hefur um framtíð þessa mikilvæga atvinnufyrirtækis í Austur-Barðastrandarsýslu. Eins og kom fram í máli hæstv. iðnrh. blöstu við fjórir meginkostir um framtíð þörungaverksmiðjunnar. Það er í fyrsta lagi einfaldlega að leggja niður þetta fyrirtæki og hætta starfsemi þess þegar. Í öðru lagi að reyna að selja fyrirtækið öðrum aðilum. Í þriðja lagi að halda áfram rekstri. Og í fjórða lagi að afhenda það heimamönnum með einhverjum hætti.

Nú hefur verið tekið af skarið í þessu máli og sú óvissa, sem grúft hefur yfir fyrirtækinu, vonandi úr sögunni. Vestur í Reykhólasveit tala menn um að íslenska þjóðin eigi þrjú börn, þ. e. óskabarnið Eimskip, vandræðabarnið SÍS og olnbogabarnið þörungaverksmiðjuna. Hvort svo sem þessi lýsing er rétt eður ei, er það engu að síður þannig að þörungaverksmiðjan á Reykhólum hefur verið dæmd ærið hart af býsna mörgum. Ég er þeirrar skoðunar að sá dómur hafi oft og tíðum verið ómaklegur, að margt hafi þarna unnist í rekstri verksmiðjunnar sem við munum búa að í framtíðinni. Við höfum fengið í gegnum rekstur á verksmiðjunni ákaflega mikilvæga þekkingu, bæði á markaðsmálum og eins framleiðslumálum þessarar athyglisverðu afurðar.

Hins vegar hafa margs konar áföll riðið yfir þessa verksmiðju sem ekki voru í augsýn þegar hún hóf starfsemi fyrir allmörgum árum. Þá er fyrst til að taka það alvarlega áfall sem varð árið 1980 þegar aðalsöluaðili þörungaverksmiðjunnar rifti sölusamningnum. Afleiðingin varð sú að í fyrsta lagi varð 40% samdráttur í sölu til Alginate Industries Ltd. sem var aðalkaupandi afurðanna. Í öðru lagi stórlækkaði verðið á þeim

afurðum sem fyrirtækið keypti áfram.

Það var þá hugmynd þeirra sem stóðu við stjórnvölinn í þessari verksmiðju að bregðast við með því að hefja framleiðslu á öðrum framleiðsluvörum, þurrka fisk og selja á Nígeríumarkað sem þá var opinn og virtist að mörgu leyti fýsilegur kostur. En þá varð sú hörmung að sá markaður lokaðist enn og þar með var sú útgönguleiðin lokuð.

Þannig hafa ýmiss konar áföll, sem ekki voru fyrirséð í upphafi, dunið yfir þetta fyrirtæki og gert það að verkum að rekstur þess hefur orðið æ erfiðari. Það er margt sem bendir til þess að fyrirtækið geti unnið sig út úr þessum vanda ef þannig verður að málum staðið sem lagt er til í þessu frv. Það er t. d. ljóst að núverandi stjórnendur fyrirtækisins hafa reynt að hefja nýja markaðssókn og þróa nýjar afurðir. Það kemur t. d. fram í ýmsum gögnum sem tengjast þessu máli að nú eru afurðir fyrirtækisins seldar til u. þ. b. 26 aðila í einum 14 löndum. Höfuðkaupandi að afurðum fyrirtækisins, Alginate Industries Ltd., keypti aðeins 30% afurðanna í fyrra en 95% árið 1979. Enn fremur er ljóst að margt hefur verið gert til að auka á fjölbreytni í framleiðslu fyrirtækisins og þannig fjölga þeim stoðum sem fyrirtækið sjálft stendur á.

Hins vegar skulum við ekki ganga þess dulin að ýmis ljón eru í veginum. Þetta fyrirtæki þarf að keppa á mjög erfiðum heimsmarkaði. Það þarf þess vegna að efla þá markaðsþekkingu sem til staðar er í fyrirtækinu, styrkja hana. Enn fremur er ljóst að vinna þarf að margs konar endurbótum, sérstaklega á búnaði verksmiðjunnar, m. a. í þeim tilgangi að hægt sé að lækka tilkostnaðinn í framleiðslunni og gera fyrirtækið þannig betur samkeppnisfært.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að til þess að takast á við þetta séu engir menn líklegri til að ná árangri en einmitt heimamenn í Reykhólasveit. Þeir hafa, eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh., sýnt mikinn samhug í þessu máli. Það kom í ljós ekki síst nú fyrir skemmstu þegar ótrúlega góður árangur náðist við söfnun hlutafjár. Ég tel þess vegna að þó að ýmsar blikur kunni að vera á lofti, jafnvel eftir að þetta frv. er komið fram, þá sé engin ástæða til þess að örvænta. Þau miklu og góðu viðbrögð, sem menn í héraði hafa sýnt varðandi þetta mál, hljóta að efla okkur í voninni um að vel takist til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 899 flyt ég frv. um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, eins og þar greinir. Með frv. þessu er lagt til að orkulögum verði breytt þannig að ráðherra verði veitt heimild til að stofna hlutafélag er lúti stjórn Orkustofnunar og hafi það hlutverk að markaðsfæra — sem er nú heldur slæmt orð en ég hef ekki annað haldbetra í fórum mínum — erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði jarðhitamála, vatnsorkurannsókna og áætlanagerðar í orkumálum.

Á liðnum árum hafa umsvif Orkustofnunar erlendis aukist nokkuð og þykir eðlilegt að sérstakur lögaðili annist þessa starfsemi, sem er að hluta frábrugðin annarri hefðbundinni starfsemi stofnunarinnar. Þar sem um áhætturekstur er að ræða þykir rétt að stofna hlutafélag um reksturinn þannig að ríkið takmarki áhættu sína af rekstrinum við framlagt hlutafé. Þá er í frv. lagt til að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar og að sú stjórn verði jafnframt stjórn hins nýja hlutafélags.

Í bréfi til mín, dags. 28. mars s. l., gerir orkumálastjóri svofellda grein fyrir málefni þessu:

„Hér með leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hæstv. iðnrh. að gerð verði breyting á orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum. Tilefni þessarar tillögu eru verkefni sem Orkustofnun er farin að starfa að erlendis í samvinnu við íslenska verkfræðisamsteypu, Virki hf.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt hefur jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki hf. og með samþykki þess nú um eins árs skeið boðið í rannsóknar- og ráðgjafarverk á sviði jarðhitanýtingar og jarðhitarannsókna í fjórum löndum, Norður-Jemen, Kenýa, Grikklandi og Eþíópíu. Eitt verk í Grikklandi er þegar í gangi og samningar standa yfir um annað. Unnið er nú að gerð tilboðs í þriðja verkefnið í Grikklandi. Svör hafa ekki enn borist frá Norður-Jemen eða Kenýa, en tilboðið í verkefnið í Eþíópíu kom því miður of seint til þess að koma til álita vegna mistaka erlends aðila sem tekið hafði að sér gegn greiðslu að koma því til réttra aðila fyrir tiltekinn tíma."

Í orkulögum er ekki gert ráð fyrir að Orkustofnun geti unnið að verkefnum erlendis. Verði framhald á slíkum verkefnum, sem horfur eru á, verður að teljast eðlilegt að slík starfsemi ríkisstofnunar fari fram á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, ekki síst með tilliti til þess að verkefnaöflun erlendis fylgir viss fjárhagsleg áhætta sem ekki er eðlilegt að borin sé af fjárveitingum til Orkustofnunar eða sértekjum af verkefnum innanlands.

Öll starfsemi Orkustofnunar til þessa, hvort heldur hún er kostuð með framlögum á fjárlögum eða af sértekjum frá íslenskum orkufyrirtækjum, er þjónusta við orkuiðnaðinn á Íslandi og íslenska orkunotendur og greidd af þeim, annaðhvort sem orkunotendum eða skattgreiðendum. Verkefni erlendis eru ekki unnin fyrir þennan hóp og því eðlisóskyld innlendum verkefnum stofnunarinnar. Því ber að halda þessum tveim tegundum verkefna vel aðgreindum fjárhagslega. Því er lagt til að stofnað verði sérstakt hlutafélag til að annast þessi erlendu verkefni Orkustofnunar og að ábyrgð ríkissjóðs á því verði takmörkuð við hlutafjárframlag.

Með tilliti til þess að söluvara þessa hlutafélags er sérþekking og reynsla, sem er í Orkustofnun, er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar fari jafnframt með stjórn þess undir yfirstjórn ráðherra orkumála. Gert er ráð fyrir að samvinna við aðra um þessi erlendu verkefni verði aðalreglan, enda þótt hitt geti líka skeð að stofnunin vinni þau ein. Slík samvinna getur verið ýmist við einn innlendan aðila, við erlendan aðila eða hvort tveggja í senn. Nauðsynlegur er mikill sveigjanleiki í því efni til að geta fljótt gripið tækifæri sem bjóðast og brugðist án tafar við mismunandi stöðu mála. Er því gert ráð fyrir því að hlutafélagið geti, með

leyfi ráðherra, gengið til samvinnu við aðra allt eftir því sem heppilegast þykir hverju sinni.

Herra forseti. Þegar þessari umr. lýkur legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 909, n. 1044, 1000, 1026, 1067). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. hv. deildar um lagafrv., sem komið er frá Ed., um Þroskaþjálfaskóla Íslands. Ljóst er að þetta mál hefur fengið vandaða meðferð hjá Ed. Þar voru gerðar nokkrar breytingar á frv. sem við vorum sammála um í nefnd okkar í Nd. með þeirri undantekningu þó að skiptar skoðanir voru um 5. gr. frv. Við vorum þó öll sammála um það í nefndinni að mæla með samþykkt þess og vinna að því að það næði fram á þinginu. Þrír nm. skrifuðu þó undir með fyrirvara og áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Nú hafa þegar komið fram brtt. frá nokkrum hv. þm., en þeir hafa jafnframt lýst því yfir að þeir dragi þessar brtt. til baka til 3. umr. m. a. með hliðsjón af því að ég hef boðað til fundar í nefndinni n. k. mánudag til þess að freista þess að ná samkomulagi um þær brtt. og samræma skoðanir þeirra sem hafa látið álit sitt í té á þessu máli.

Í athugasemdum við lagafrv. er forsögu þessa máls lýst mjög vel og einnig því af hverju nú er talið nauðsynlegt að flytja þetta frv. Þar kemur m. a. fram að mikið af námsefni og fyrirmyndum að námsháttum er fengið frá Bretlandi og Bandaríkjunum, ekki síst svokallaðri þrepaþjálfun sem þykir í dag nauðsynleg kunnátta þeirra er ætla sér að stunda þroskaþjálfun. En það er einmitt á grundvelli þessa og þeirra krafna, sem lagðar eru fram fyrir væntanlega nemendur um inntöku í skólann, sem skiptar skoðanir hafa verið í nefndinni.

Við erum sammála um það, herra forseti, í heilbr.- og trn. að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir nú við 2. umr. málsins og að vísa því til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1000, 1026 og 1067 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 75, n. 494 og 1051, 1052). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem varðar fyrst og fremst greidd meðlög með börnum á aldrinum 16—18 ára, en lög hafa breyst um það efni. Um þetta mál hafði nefndin áður fjallað og þá mælt með því að frv. yrði samþykkt í óbreyttri mynd eins og það lá fyrir. Síðan fékk nefndin nánari upplýsingar frá ríkisskattstjóra, sem höfðu reyndar misfarist í millitíðinni og þá þótti henni rétt að taka málið til frekari skoðunar.

Í upphaflegri mynd hafði verið gert ráð fyrir því að í undantekningartilvikum, þegar mönnum væri úrskurðað að greiða með börnum sínum allt til tvítugs, væri þar einnig heimild til þess að veita frádrátt vegna slíkra meðlaga, en á því komu fram ýmsir meinbugir í álitsgerð frá ríkisskattstjóra. Þess vegna þótti nefndinni rétt að skoða þetta mál nánar. Við þá athugun og á grundvelli umsagnar ríkisskattstjóra kom í ljós að það var einungis samstaða í nefndinni um að mæla með fyrri mgr. 1. gr. sem fjallar um greidd meðlög fram til 18 ára aldurs. En á hinn bóginn fóru fram ítarlegar umræður og athuganir á vegum nefndarinnar varðandi námskostnaðarfrádrátt sem áður hefur reyndar komið til umfjöllunar og umræðu hér í deildinni. Nefndarmenn töldu að ekki væri nægilega mikið tillit tekið til þess hversu mikinn kostnað menn hefðu í raun af því að hafa börn í námi. En í því máli náðist ekki endanleg niðurstaða. Það var ætlun nefndarinnar að það kæmi þá að hluta til í staðinn fyrir hina síðari mgr. í 1. gr. að leiðrétta þennan námskostnað. En um það varð sem sagt ekki endanleg niðurstaða og nefndinni þótti ekki rétt að láta málið bíða öllu lengur. Því gerði nefndin sérstaka bókun um þetta sem fram kemur í svohljóðandi framhaldsnál.:

„Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu að síðari hluti 1. gr. falli niður. Nefndarmenn telja eðlilegt að námskostnaðarfrádráttur verði athugaður ekki síðar en á næsta þingi."

Nefndarmenn náðu sem sagt saman um þetta á þennan hátt eftir allmiklar umræður og athuganir. Í samræmi við þessi sjónarmið, sem að lokum náðist samstaða um í nefndinni, flytur nefndin brtt. á sérstöku þskj. sem er þess efnis að síðari mgr. 1. gr. falli niður en í annan stað komi skýrt fram að lögin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984. Það er breyting við gildistökuákvæðið sem þýðir að menn munu fá að njóta þessa þegar í sköttum þeim sem þeim verður gert að greiða á yfirstandandi ári, árið 1985.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég er ekki hingað komin til þess að lýsa andstöðu minni við þetta frv. Eins og það er núna er það sjálfsagt, þar sem barnalögin kveða svo á að meðlagsgreiðslan skuli vera til 18 ára aldurs. Ég vil hins vegar vekja á því athygli að það er að mörgu leyti fráleitt að einstakir þm. þurfi að standa í þess háttar leiðréttingu. Þegar lögum er breytt efnislega, eins og hér var um að ræða með barnalögum, þyrftu stjórnvöld að sjá til þess að öðrum lögum sé breytt til samræmis við það. Það ætti ekki að vera verkefni einstakra þm. að stunda þess háttar tiltektir í lagakerfinu. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu. En það er hárrétt að þessu þarf að breyta. Eins og frv. er orðið núna er um þessa litlu leiðréttingu að ræða, að lög um tekjuskatt og eignarskatt séu samhljóma öðrum lögum, í þessu tilviki barnalögum.

En ég vil sem sagt, herra forseti, beina þeim tilmælum til ríkisstjórna að þegar stórum lagabálkum er efnislega breytt sé hugað að því að öðrum lagabálkum sé breytt til samræmis við það.

ATKVGR.
Brtt. 1052,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1052,2 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 844 (sbr. 684), n. 1030, 1031, 1036). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þingskapanefnd, sem fjallað hefur um frv. til l. um þingsköp Alþingis, hefur nú lokið störfum sínum og útbýtt hefur verið nál. þingskapanefndarinnar sem ég mæli hér fyrir. Í þingskapanefndinni áttu sæti níu fulltrúar. Það voru fulltrúar allra flokka í þessari nefnd og allir nm. tóku þátt í störfum nefndarinnar og lokaafgreiðslu þess sem liggur fyrir hér í þessu nál. Meginniðurstaðan er sú að leggja til að gerðar verði breytingar á tveim greinum frv., annars vegar 28. gr. og hins vegar 47. gr. og stendur nefndin öll að þessum brtt.

Ég vil og minna á það, sem reyndar hefur komið hér mjög rækilega fram við umr. áður í hv. þd., að þetta mál hefur hlotið, vil ég meina, mjög góðan undirbúning vegna þess að frv. sjálft er samið af sérstakri mþn. sem Alþingi kaus í desembermánuði 1983. Nefndin vann síðan að þessu máli mjög lengi og hélt marga fundi um þetta mál. Í þeirri mþn. voru og fulltrúar allra flokka, kjörnir af Alþingi.

Eins og hv. þdm. munu vita hefur góð samstaða ríkt um þetta frv. í öllum meginatriðum. Eigi að síður hafa tilteknar athugasemdir verið gerðar við einstakar greinar frv. Það var gert í Ed. og það var að sjálfsögðu gert hér í þessari hv. þd. og einnig í þingskapanefndinni. En niðurstaðan af nokkuð miklum umræðum innan þingskapanefndar, þar sem þessar athugasemdir og aðfinnslur voru teknar til meðferðar og ræddar, varð sú að nefndin sá ekki ástæðu til að flytja aðrar brtt. en þessar sem ég nefndi hér í upphafi og eru við 28. gr. og 47. gr. Ég vil taka það skýrt fram að þó að hér sé ekki á neinn hátt verið að raska meginstefnu frv., eins og það kom frá Ed. og eins og það var búið í hendur þinginu af milliþinganefndinni, þá er hér þó um efnisbreytingar að ræða.

Ég nefni fyrst síðari brtt., við 47. gr., en 47. gr. frv. fjallar um atkvæðagreiðslu. Eins og frv. er núna og eins og það kom frá Ed. og eins og það var búið í hendur þinginu af milliþinganefnd, þá var gert ráð fyrir því að handaupprétting yrði hin venjulega og eina aðferð, má segja, aðalaðferðin við atkvæðagreiðslu. Jafnframt var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að nafnaköll geti farið fram. En það kom mjög greinilega fram í þingskapanefnd þessarar hv. deildar, ég held ég megi segja að mjög margir af þessum níu fulltrúum sem sátu í nefndinni hafi gert sérstaklega að umræðuefni 47. gr. og töldu brýnt að hverfa til þess ráðs sem tíðkast orðið nú í flestum þingum að atkvæðagreiðsla fari fram með sérstökum rafmagnsbúnaði. Það mun þýða að handauppréttingunni gömlu verður hætt. Menn færa ýmis rök fyrir þessu og telja þetta að ýmsu leyti öruggari aðferð.

Líka er á það bent að þessi aðferð, að hafa rafmagnsbúnað við atkvæðagreiðslu, þýði það að nafnaköll verði þá óþörf vegna þess að hver atkvæðagreiðsla, sem fer fram með því að menn styðja á hnapp, sé nafnakall í sjálfu sér. Eftir þeim upplýsingum sem við frekast höfum mun venjan sú að allar atkvæðagreiðslur, sem þannig fara fram hér í þingunum í grennd, eru birtar í þingtíðindum eins og gerist um nafnaköll hjá okkur. Þau rök hafa einnig verið færð fram fyrir gildi þessarar rafmagnsatkvæðagreiðslu, ef svo má til orða taka, að þm. séu yfirleitt fúsari til að vera við atkvæðagreiðslu, einmitt vegna þessarar reglu, að það kemur greinilega fram hvernig þm. greiddu atkvæði í hverju máli. Þetta varð niðurstaðan í nefndinni og átti mikinn hljómgrunn þar og allir tóku undir það að eðlilegt væri að gera þessa breytingu.

Mér þykir jafnframt eðlilegt að skýra frá því að forsetar Alþingis hafa nú í vetur og að undanförnu verið að vinna að því að hönnuð verði húsgögn í þingsalina vegna þess að nú sjáum við fram á það að þm. muni fjölga á næsta kjörtímabili. Þess vegna var það augljóst að hanna yrði búnaðinn upp á nýtt, fá ný borð og nýja stóla til þess að þessi þingsalur fengi rúmað þá fjölgun sem þarna verður.

Í sambandi við þetta hafa forsetar ákveðið að gera skuli tillögur um það af hálfu þeirra sem koma til með að hanna þennan búnað að þar verði rafeindabúnaður fyrir atkvæðagreiðslur. Þetta er því ekki að því leyti til alveg ný hugmynd. Það hefur verið á döfinni hjá forsetum að taka upp með þessum hætti þegar búið er að gera þingsalinn upp að nýju, búa hann nýjum húsgögnum og búa salinn undir þá fjölgun þm. sem hér verður á næsta kjörtímabili. Þetta er sú efnisbreyting sem nefndin flytur við 47. gr. og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Eftir að við höfðum rætt margar athugasemdir sem fram höfðu komið, bæði af hálfu nm. og í umræðunum í þingdeildum urðum við sammála um að eðlilegt væri að taka inn nýtt efnisákvæði í 28. gr. sem yrði þá viðbót við 3. mgr. þeirrar greinar. 28. gr. fjallar um meðferð þáltill. En sú breyting sem milliþinganefndin gerði tillögu um miðað við gildandi þingsköp er talsvert mikil breyting vegna þess að gert er ráð fyrir því að umræðutíminn um þáltill. og reyndar fsp. einnig verði talsvert skertur, þ. e. að hver sá sem flytur þáltill. megi tala fyrir máli sínu í 15 mínútur og þó tvisvar sinnum 15 mínútur og aðrir þm. megi þá tala 8 mínútur og reyndar tvisvar sinnum 8 mínútur. Þetta á við um ráðh. líka, þeir hafa þennan sama tíma. Á þessa breytingu féllst Ed.

Við sem sátum í þingskapanefnd þessarar hv. deildar, sem ég er hér talsmaður fyrir, töldum eðlilegt að fylgja þessu meginsjónarmiði að stytta nokkuð umræður um þáltill. Hins vegar töldum við eftir frekari athugun málsins að þær aðfinnslur væru ekki óeðlilegar, sem fram hefðu komið hér í umræðunni, að hafa þetta algerlega fortakslaust, enda var það mál talsvert mikið rætt í Ed. og síðan hér í Nd. Athugasemdir voru í því fólgnar að menn töldu að e. t. v. væri verið að draga þarna úr rétti stjórnarandstöðunnar til þess að hafa áhrif á mál og meta mikilvægi mála. Það varð því niðurstaðan að við leggjum til að bætt verði inn í greinina á eftir ákvæðinu:

„Við fyrri umræðu hefur flm. allt að fimmtán mínútur til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þm. og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað

atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til 2. umr. og nefndar.“ Síðan kemur sú viðbót sem við leggjum til að komi þarna í greinina og hún hljóðar þannig: „Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.“

Þetta er sú efnislega brtt. sem við gerum við 28. gr. Þá höfum við líka aðeins hnikað til orðalagi í 28. gr. en þar er alls ekki um neina efnisbreytingu að ræða. Við breytum orðinu „þáltill.“ í „ályktunartillaga“ þegar um er að ræða ályktunartillögur sem koma fram í deildum. Það var meining milliþinganefndarinnar og kemur mjög skýrt fram í athugasemdum hennar og skýringum við einstakar greinar að þáltill. skuli eingöngu bera upp í Sþ. og það eitt séu þingsályktanir sem Sþ. ákveður. Af þessum sökum gerum við þessa orðalagsbreytingu. Þarna er eingöngu um að ræða að gera orðalag greinarinnar skýrara fremur en að um nokkra efnisbreytingu sé að ræða.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta sem frsm. Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þessum tveimur breytingum sem er að finna á þskj. 1031, umorðun 28. gr. og svo breytingu á 47. gr. sem ég var að lýsa hér einnig.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil mæla hér fyrir brtt. við frv. til l. um þingsköp Alþingis sem er á þskj. 1036 og er svohljóðandi:

„Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Kosning forseta, varaforseta og skrifara í Sþ. og báðum deildum er fyrir allt það þing. Svo er og um kosningu til Ed. Kosning kjörbréfanefndar skv. 4. gr. er fyrir allt kjörtímabilið.“

Þessi brtt. var flutt í Ed. við umræðu málsins þar af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Meginhugsunin að baki þessari brtt. er sú að skapa sveigjanleika fyrir þingflokkana til að aðlaga sig þeim breytingum sem kunna að verða á kjörtímabilinu og sem kunna að vera ófyrirsjáanlegar í upphafi þess. Sá sveigjanleiki, sem hér um ræðir, er einkum mjög mikilvægur fyrir litla þingflokka sem hafa fáum þm. á að skipa og eiga því meira undir því komið en stórir þingflokkar að hægt sé að hnika til mönnum þannig að þeir nýtist sem best í þingstarfinu á hverjum tíma. Þetta fyrirkomulag var í gildi allt fram til ársins 1972, að kosið var til Ed. í upphafi hvers þings, og það má segja að sama fyrirkomulag hefur gilt og gildir enn um kosningu til nefnda þingsins fyrir hvert þing og það hafa engar tillögur komið fram um það að breyta því fyrirkomulagi.

Ég legg til með þessari brtt. að þarna verði skapað svigrúm og aukinn sveigjanleiki. Það hlýtur ævinlega að vera þingflokkum í sjálfsvald sett hvernig þeir haga þingstörfum sínum á hverjum tíma og ég tel nauðsynlegt að þarna skapist aukið svigrúm.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa till. Þessi hugmynd var nefndinni vel kunn, en hún hafði ekki hljómgrunn þar eftir að nefndin hafði rætt till. allnáið og reynt að kynna sér sögu hennar og aðdraganda. Brtt., sem hér var verið að lýsa, fjallar um það að kjósa skuli árlega til Ed. Það kom fram hér hjá hv. þm. sá misskilningur, sem ég held að hún hafi kannske frá okkur í milliþinganefndinni að nokkru leyti, því að sá misskilningur kom þar fram að 1972 hafi orðið sú breyting að farið var að kjósa til Ed. fyrir allt kjörtímabilið. Þetta er á nokkrum misskilningi byggt. Ég hef athugað þetta nánar og sögulega og þá kom í ljós að þetta ákvæði, að kjósa til Ed. fyrir allt kjörtímabilið, hefur verið í gildi alveg síðan 1915. Stjórnskipunarlögin voru sett þá og ef ég man rétt urðu þá veruleg umskipti á störfum Ed. að því leyti til að konungkjörnir þm. voru þá aflagðir og alveg ný skipan kom á Ed. Það var Sþ. sem kaus til Ed. Þetta hefur gilt alveg síðan 1915 og þetta var svo aftur sett í þingskapalögin við endurskoðunina árið 1936. En það sem gerðist 1972 — þó að þetta sé kannske ekki mikilvægt mál — var það að kjörbréfanefndin, sem hafði verið kosin árlega, skyldi kosin til fjögurra ára í senn eða til alls kjörtímabilsins.

Ég vil gjarnan að þessi villa verði leiðrétt því að e. t. v. á ég ásamt öðrum sem sátu í milliþinganefndinni minn þátt í því að koma þessu inn hjá ýmsum hv. þdm. sem hafa fjallað um þetta. Við höfum sennilega ekki kannað þetta mál nógu vel áður en við héldum fram þessari fullyrðingu.

Efnislega held ég að nefndin treysti sér ekki til að samþykkja þessa tillögu eða leggja það til. Það eru áreiðanlega ýmsir annmarkar á því að hverfa frá því að kjósa efrideildarmenn til alls kjörtímabilsins. Sú röksemd, sem ég aðhyllist langmest, er sú að þetta skapi meiri festu í þinginu en ella væri. Það er reyndar alveg af sömu rót runnið að einnig var lagt til að kjörbréfanefndin yrði kosin til alls kjörtímabilsins. Það er sammæli manna að það skapi meiri festu í þingstörfum að þessar mikilvægu kosningar gildi allt kjörtímabilið en ekki sé verið að breyta til á hverju ári.

Hins vegar er það athyglisvert sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var að segja um þetta og hennar röksemdir. Ég er alls ekki að gera lítið úr þeim. Það kann að vera að í vissum tilfellum kæmi það sér betur, sérstaklega fyrir minni flokka, eins og hún orðaði það, að hafa hinn háttinn á. Það má vel vera að það sé nokkuð til í því. En á þessari stundu er nefndin ekki við því búin að mæla með samþykkt þessarar breytingar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur heyrst á Alþingi Íslendinga af og til að æskilegt sé að þingið starfi í einni málstofu. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til á þingsköpum, benda aftur á móti til þess að það sé ekki æskilegt að þingið starfi í einni málstofu. Þær eru allar á þann veg að það er þrengdur réttur manna til tjáningar í þinginu, en ef þing starfaði í einni málstofu má leiða að því gild rök að það yrði til að lengja umfjöllun þingsins um hin ýmsu mál.

Ég hygg að það sé eitt og annað í þessu frv. sem horfir til bóta en engu að síður vekur það líka ýmsar spurningar. Nú er það svo að ef menn una illa þeim tíma sem fæst til efnislegrar umræðu þá þrýstir það mjög á að þm. biðji um orðið og vilji ræða þingsköp. Mér er ekki ljóst hvort við bætum umræðuna mjög mikið með því að auka þá hættu að menn vilji ræða þingsköp. Ég tel þess vegna að það sé gengið á ystu nöf varðandi það atriði að skerða málfrelsi hér í þinginu og það sé gengið óþarflega langt.

Það er einnig eitt atriði sem mér hefur fundist að skapi þó nokkurn veikleika í öllum störfum þingsins og það er sú staðreynd að þáltill., sem fara til nefnda, eiga í

sumum nefndum jafnframt flesta flm. að viðkomandi þáltill. Það er mikil spurning hvort sú nefnd sé raunverulega hæf til að fjalla um þáltill. þegar flm. eru jafnframt flestir meðlimir í nefndinni. Þeir eru sem sagt umsagnaraðilar um eigin málatilbúnað. Kannske er það líka gallinn við þetta frv. að umsagnaraðilarnir með eigin málatilbúnaði eru e. t. v. sömu mennirnir að mestu leyti og sömdu frv. eða hafa haft veruleg áhrif á samningu þess þó ekki sé meira sagt.

Mér finnst að hugleiðingar um þessi mál hljóti að eiga rétt á sér því að það blasir við að eftir að mál koma úr nefndum og hingað til atkvæðagreiðslu er það meginregla að mæli meiri hl. nefndar með máli þá fer það í gegnum þingið og miklu minna á hitt horft hvort umsagnaraðilarnir eru þeir sömu og voru flutningsaðilar að málinu.

Ég tel að það sé mjög til bóta að taka það upp að það sjáist í hverju tilfelli hvernig menn greiða atkvæði. Það er ekki neitt nýtt í sögu þingræðis að þannig sé að málum staðið. Á þingi Sameinuðu þjóðanna sést það í hverju einstöku máli hvernig fulltrúarnir hafa greitt atkvæði og einnig hverjir hafa verið fjarverandi. Það er einnig að mínu viti skynsamlegt að menn geti gert grein fyrir atkvæði sínu bæði á undan atkvæðagreiðslu og einnig eftir að atkvæðagreiðsla hefur farið fram.

En það sem mér finnst mesti veikleikinn í þessu frv. um þingsköp Alþingis er það að ég tel að gengið sé lengra í skerðingu á málfrelsinu en æskilegt er. Ég vil spyrja frsm., hv. 1. þm. Norðurl. e., hvaða rök séu fyrir því að sá sem flytur mál eigi að hafa helmingi lengri ræðutíma en sá aðili sem snýst gegn málinu og vill fella það. Nú er það svo að sækjandi og verjandi hafa sama rétt í málsmeðferð fyrir dómstólum. Á hvaða forsendum skyldi sá sem sækir mál og vill koma því á framfæri hafa meiri rétt en sá sem vill snúast gegn málinu og fella það? Er ekki rökrétt að gera ráð fyrir því að það geti þurft ekki minni tíma til að útskýra það hvers vegna maður er á móti máli en hvers vegna maður er með máli?

Hitt er svo tvímælalaust rétt og við höfum oft orðið vitni að því að umræður geta dregist úr hófi, orðið óeðlilega langar vegna þess að við höfum haft mjög rúm þingsköp allt til þessa. En spurningin er: Göngum við ekki of langt á hinn veginn eins og þetta hefur nú verið lagt fyrir þingið?

Frsm. (Ingvar Gíslason): Þær athugasemdir, herra forseti, sem nú hafa verið gerðar, koma í sjálfu sér ekkert á óvart. Við höfum heyrt þær áður, bæði í milliþinganefndinni á sinni tíð, síðan í hv. Ed. og hér í umræðum í Nd. og reyndar að hluta í þeirri nefnd sem ég var að tala fyrir. Þessar hugleiðingar snúast um það að e. t. v. sé óæskilegt að ganga til þess verks að stytta umræður um þingmál hér í þinginu. Vegna þess að það hefur kannske ekki komið nógu skýrt fram vil ég benda á að þær einu tillögur um styttingu á ræðutíma, takmörkun á ræðutíma, sem komið hafa fram, varða þáltill. og fsp. en ekki meðferð frv. Það sem fyrst og fremst lá til grundvallar þessu var reynslan hér í hv. Alþingi nú mörg undanfarin ár. Menn voru mjög sammála um það að sjálft löggjafarstarfið, sem fram fer í þingdeildum, væri farið að líða fyrir þessa löngu þingfundi og stríðu sem tíðkast orðið í Sþ. og eru að ýmsu leyti nýtt fyrirbæri hér í þingsölum.

En ég ætla hvorki að hefja langar deilur um þetta né heldur útskýringar, aðeins benda á þetta, sem nauðsynlegt er að menn átti sig á, að það er ekki nein tillaga um að skerða ræðutíma í sambandi við meðferð þeirra mála sem mikilvægust eru á löggjafarþingi, sem sagt umræður um lagafrv.

Um aðrar athugasemdir og jafnvel fsp. til mín um það hvers vegna lagt sé til að talsmaður fyrir þáltill. hafi 15 mínútur en síðan fái aðrir þm. aðeins 8 mínútur tvisvar sinnum, vil ég taka þetta fram: Þetta fer dálítið eftir því hvernig maður tekur á málinu. Það getur vel verið að það verði jafnerfitt fyrir mig að sannfæra hv. 5. þm. Vestf. um að þarna sé rétt staðið að skiptingunni eins og það er ómögulegt fyrir hann að sannfæra mig um að við höfum þarna staðið rangt að. Ég tel persónulega — og um það voru allir nm. sammála — mjög eðlilegt að sá maður sem talar fyrir þáltill. hafi rýmstan tímann í slíkri umræðu vegna þess að þetta er hans mál, þetta er mál sem hann ber fram. En síðan væri alveg sjálfsagt að heimila umræður um mál hans og þá töldum við fullkomlega eðlilegt að slíkar athugasemdir yrðu í styttra máli en framsagan.

Eins og ég segi er dálítið erfitt að ætla sér að sannfæra mann alveg á stundinni um það hvað rétt er í slíku. En ég get fært fram viss rök í þessu, fordæmi frá öðrum þingum sem ég þekki til. Við getum t. d. nefnt danska þingið. Þá má einnig nefna þing sem við ýmsir þm. sækjum af og til, sem er þing Evrópuráðsins. Þar er mjög skýr greinarmunur gerður á talsmönnum nefnda, flm. mála og svo hinum sem taka þátt í almennum umræðum.

Við sem sátum í milliþinganefndinni og höfum kannske fjallað meira um þetta en aðrir erum því alls ekki að finna upp neina nýja kenningu eða nýja aðferð til þess að mismuna mönnum og beita þm. rangindum eða ganga gegn lýðræðislegum og þingræðislegum venjum, eins og ýjað er að stundum þegar menn eru að finna að þessari tilraun okkar til þess að koma meira skikki á ræðuhöld hér í þinginu. Menn tala hér um sviptingu á málfrelsi. Það þykir mér vera miklar öfgar og ég treysti mér satt að segja ekki til að taka lengi þátt í umræðum um það út af fyrir sig. Menn geta haft sína skoðun á því hver fyrir sig en ég fullyrði að í þessu frv. að þingskapalögum er hvergi þrengt að málfrelsi, það er hvergi þrengt að réttindum stjórnarandstöðu, minni hluta eða nokkurs þess aðila sem hér hefur og ber að hafa fullt málfrelsi. Slíkt kemur ekki til greina, um það er alls ekkert að ræða í þessu frv. Þess vegna verð ég, eins og ég gerði við 1. umr., að vísa heim til föðurhúsanna öllum hugmyndum um það að í þessu frv. felist einhvers konar skerðing á lýðræðis- eða þingræðisréttindum eða málfrelsi, sem skiptir okkur svo miklu máli. Þetta er aðeins tilraun til að hafa reglu á þingstörfum. Og til þess eru þingsköpin.

Herra forseti. Ég legg svo til að nýju fyrir hönd nefndarinnar að þetta frv. verði samþykkt með þeim tveimur breytingum sem nefndin var sammála um að flytja.

ATKVGR.

1.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1036 felld með 21 shlj. atkv.
8.—14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

15.—17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
18.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1031,1 (ný 28. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
29.—33. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
34.—46. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1031,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
47. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
48.—51. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
52.—65. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
66.—70. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 31. maí, að loknum 79. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 1080). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 1081). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og endursent Ed.

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 1082). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Frjálsir vöruflutningar á sjó, frv. 520. mál (þskj. 1037). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um frjálsa vöruflutninga á sjó vegna varna Íslands.

Ég held að óþarfi sé að hafa mjög langt mál um þetta frv. Hv. alþm. þekkja forsögu þessa máls sem er fyrst og fremst í því fólgin að Bandaríkjamenn grófu upp lög frá 1904 sem heimila eingöngu bandarískum flutningaskipum að stunda siglingar og flutninga fyrir hönd varnarliðsins á varningi fyrir það til og frá Íslandi.

Þessi lög og framkvæmd á þeim hefur leitt til þess að bandaríska skipafélagið Rainbow Navigation hóf siglingar til Íslands á síðasta ári og hefur síðan haft eitt alla flutninga til og frá Íslandi og til og frá Bandaríkjunum að því er varðar varnarliðið hér á landi. Þrátt fyrir viðræður, tilmæli, þrýsting og margvíslegar röksemdir af okkar hálfu, Íslendinga, hafa engar breytingar náðst fram á þeirri einokun sem Rainbow Navigation hefur á flutningum skv. áðurnefndum lögum.

Nú er ekkert við því að segja þótt aðrir en Íslendingar stundi flutninga til Íslands, enda sé þá um að ræða frjálsa samkeppni og útboð og hagkvæmni sem ráði þar ferðinni, en það er algjörlega óviðunandi fyrir Íslendinga að þurfa að sætta sig við að flutningar til og frá landinu séu verndaðir af erlendum einokunarlögum. Þetta ástand hefur leitt til mikils tjóns fyrir íslensk skipafélög. Við höfum, eins og öllum er kunnugt um, mikil viðskipti við Bandaríkin og flytjum þangað mestan hluta af okkar sjávarafla, þannig að í gegnum árin hefur þróast umfangsmikill atvinnurekstur í sambandi við þessa flutninga, og það er auðvitað verulegt áfall fyrir íslensku skipafélögin þegar sá spónn er tekinn úr aski þeirra að geta notfært sér þessar skipaferðir til flutninga í þágu annarra og þ. á m. fyrir varnarliðið hér á landi. Þetta hefur auðvitað leitt til þess að dregið hefur úr samgöngum, það eru dýrari flutningar á þeirri vöru sem við flytjum sjálfir út og að ýmsu leyti verri þjónusta. Við sjáum það t. d. í dagblöðunum einmitt í dag að þar er upplýst að stór og öflug skipafélög eins og Hafskip og Eimskip hafa tapað tugum milljóna króna vegna þeirrar einokunar sem bandaríska skipafélagið nýtur.

Varnarliðið hér á landi er hér í nafni Atlantshafsbandalagsins og í þágu allra þeirra vestrænu þjóða sem í því bandalagi eru. Varnarliðið á Íslandi er ekki prívat og sérstaklega fyrir Bandaríkin og þar af leiðandi eiga Bandaríkjamenn ekki að hafa neinn einkarétt á almennum flutningum fyrir þetta varnarlið til og frá Íslandi. Þótt gert hafi verið samkomulag og bundist samtökum um að bandarískt varnarlið dvelji í landinu eiga Bandaríkjamenn ekki að njóta forréttinda og enn þá síður eiga þeir að geta haft samskipti og viðskipti í gegnum varnarliðið í skjóli einokunarlaga sem sett eru í Bandaríkjunum fyrir áratugum.

Til þess að forðast allan misskilning tek ég fram að hér er ætlið fjallað um flutninga á vörum öðrum en olíu og hergögnum, enda held ég að menn átti sig á því að þar er um að ræða almenna flutninga, sem ekki krefjast neins sérstaks öryggis, og þar af leiðandi er á færi allra almennra skipafélaga að annast slíka flutninga.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint frá, er þetta frv. flutt. Það felur einfaldlega í sér að gert er ráð fyrir því að flutningar til og frá Íslandi séu frjálsir og sú meginregla gildi að skipaútgerðir annist flutninga í samræmi við siglingatíðni og að því tilskildu að verð, greiðslukjör og þjónusta séu sambærileg. Það er gert ráð fyrir því að utanrrn. hafi eftirlit með þessum lögum með höndum, enda heyrir varnarliðið undir utanrrn.

Ég held, herra forseti, að það sé ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég fagna því hversu fljótt það hefur komist hér á dagskrá. Það greiðir fyrir því að

það geti komist til nefndar. Ég geri mér vonir um að það sé almennt samkomulag um frv. efnislega á þessa leið hér í þinginu, það þurfi ekki að vera um það pólitískur ágreiningur á milli einstakra flokka, þannig að það ætti hugsanlega að geta fengið hraða afgreiðslu frá n. og þar af leiðandi ekki útilokað að þetta frv. geti orðið að lögum nú þegar í vor.

Það hafa staðið yfir viðræður hæstv. utanrrh. og bandarískra yfirvalda um þessi mál. Þau eru sögð vera á viðkvæmu stigi, en lítill árangur náðst í þeim. Ég held að það þurfi að vera Bandaríkjamönnum ljóst að Íslendingar láta ekki traðka á sér með þeim hætti sem raun ber vitni og láta hvorki Bandaríkjamönnum né öðrum líðast að stunda viðskipti og vöruflutninga til og frá Íslandi í skjóli einokunarlaga sem eru svo sannarlega orðin úrelt á okkar tímum.

Ég hvet alþm. til að kynna sér innihald og tilgang þessa frv. og vænti þess að það fái jákvæða afgreiðslu. Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og geri tillögu um samgn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um frjálsa vöruflutninga á sjó vegna varna Íslands. Það fyrsta sem vekur spurningu varðandi þetta frv. er að það er flutt vegna þess að bandarísk lög eru ekki í samræmi við óskir flm. En bandarískum lögum verður varla breytt nema á þingi Bandaríkjanna eða mér er ekki ljóst að samþykktir á Alþingi Íslendinga breyti bandarískum lögum. Verði þetta frv. aftur á móti samþykkt óbreytt má gera ráð fyrir að sú breyting verði á, standi báðar þjóðir fastar á þeim lögum sem væru í gildi, að engin skip frá Bandaríkjunum yrðu tollafgreidd fyrr en eftir 30 daga. Þá má segja að fyrir liggi ákvörðun um það að Íslendingar, í hefndarskyni við hin bandarísku lög, ákveði að skip skuli ekki tollafgreidd hér fyrr en eftir 30 daga.

Nú sýnist mér að það sé vissulega rétt hjá flm. að það sé andstætt hugsunarhætti Íslendinga að starfa í anda þeirra laga, sem eru í gildi í Bandaríkjunum, frá 1904. Það er svo annað mál hvort þetta verður leyst með lagasetningu hér á Alþingi eða hvort þetta er ekki mál sem hlýtur að verða að leysa í gegnum utanrrn. Mér er ekki ljóst hvort frv. sem slíkt, ef samþykkt yrði, yrði til að veita þann þrýsting að Bandaríkjamenn breyttu sínum lögum. Mér er ekki ljóst hvort svo yrði. Mér er ekki heldur ljóst hvort þetta 30 daga stopp, sem þarna er lagt til, hefði nokkur áhrif á framkvæmd flutninganna. Einokunarrétturinn er til staðar eftir sem áður og skipafélagið gæti aðeins óskað eftir því að fá hærri greiðslur fyrir flutningana.

Ég óska því eindregið eftir því að flm. útskýri það fyrir þinginu hver hann telur að verði viðbrögð Bandaríkjamanna við þessari 30 daga seinkun sem hér er lögð til. Gerir hann ráð fyrir því að bandaríska þingið breyti þá lögunum frá 1904 og flutningarnir verði gerðir frjálsir eða gerir hann ráð fyrir því að þeir láti skipin liggja hér í 30 daga? Og hafi það verið ætlun hans að hegna þeim fyrir að láta ekki Íslendinga njóta þessara siglinga, hvers vegna hafði hann þá 30 daga hér en ekki 90 eða 360 daga sem hefði þá trúlega lokað fyrir alla skipaflutninga til landsins með þessu skipafélagi og blessað varnarliðið hefði orðið að nota flugvélar til að koma vörunum á milli?

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að mínu viti fyrst og fremst sá að hafa áhrif á það að bandarískum lögum verði breytt. Vegna þess hlýtur að vera eðlilegt að flm. geri hér grein fyrir því hver hann telur vera líklegust viðbrögð Bandaríkjamanna við því sem hér er lagt fram. En ég ítreka það, sem ég hef sagt hér í máli mínu og sagði hér í upphafi máls míns, að mér er ekki ljóst hvernig hægt er að breyta bandarískum lögum á Alþingi Íslendinga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er hreyft með nýstárlegum hætti máli sem oft hefur borið á góma hér í þinginu en hefur reynst harla erfitt að fá viðunandi niðurstöðu í og þess vegna ekki nema von að menn reyni að leita nýrra leiða í því sambandi. Mig langar af þessu tilefni til að vitna eilítið til greinar sem hefur birst í fréttabréfi frá Eimskipafélaginu, 5. tbl. 6. árg., maí 1985, með leyfi forseta. Þar er það m. a. rifjað upp hverjar forsendurnar hafi verið og séu undir starfsemi Regnbogafyrirtækisins. Þær eru tvíþættar. Svo ég vitni í þetta fréttabréf, þá er það orðað svo í grein sem forstjóri Eimskipafélagsins hefur ritað:

„Forsendur fyrir starfsemi Rainbow í þessum siglingum eru verndarlögin frá 1904 sem veita bandarískum fyrirtækjum forgang að sjóflutningum á vegum varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Það er þó skilyrði að skip þau sem annast þessa flutninga sigli undir bandarískum fána, séu byggð í Bandaríkjunum eða hafi siglt undir bandarískum fána í a. m. k. þrjú ár."

Þetta er að sjálfsögðu kunnugt, en í annan stað er bent á það í þessari grein — og ég vil leyfa mér að vitna í það líka — að tilefni þess að Rainbow hóf siglingar til Íslands á síðasta ári var að bandarísk stjórnvöld buðu fyrirtækinu á leigu með kauprétti skipið Antilla. Skipið var byggt í Bandaríkjunum árið 1979 og styrktu bandarísk stjórnvöld byggingu skipsins. Vegna gjaldþrots þess skipafélags sem áður rak skipið urðu bandarísk stjórnvöld að taka við því aftur og buðu það til leigu eða sölu fyrir rúmu ári. Rainbow leigði skipið og gerði jafnframt kaupsamning um það á mjög lágu verði og er því ljóst að skipið er verulega niðurgreitt til Rainbow af bandarískum stjórnvöldum.

Hér er sem sagt um það að ræða að bæði er notuð sú einokunaraðstaða sem getur verið fólgin í lögunum frá 1904 og í annan stað stuðlað til óeðlilegrar samkeppni með því að skipið er tvíniðurgreitt, bæði í byggingu og eins þegar það er selt til Regnbogafyrirtækisins á sínum tíma.

Enn vil ég leyfa mér að vitna til þessarar greinar þar sem segir að forráðamenn íslensku skipafélaganna hafi margítrekað kröfuna um eðlilega samkeppni í siglingum milli Íslands og Bandaríkjanna. Þegar ljóst var fyrir ári að Rainbow hæfi flutninga á varnarliðsvöru til Íslands lá fyrir að Rainbow hefði forgang að verulegum hluta allra flutninga milli Íslands og Bandaríkjanna. Létu forráðamenn íslensku skipafélaganna í ljós þá skoðun að þar með væri fyrirtækinu tryggð yfirburðasamkeppnisstaða varðandi aðra flutninga til og frá landinu. — Ég endurtek: Varðandi aðra flutninga til og frá landinu. Síðan segir:

„Þessar áhyggjur hafa reynst á rökum reistar. Rainbow hefur þegar notað sér þessa aðstöðu til að ná til sín flutningum fyrir íslenska aðila með undirboðum á markaðinum. Slík „samkeppni" er ójafn leikur sem íslensk skipafélög eiga enga möguleika á að taka þátt í."

Hér er komið að kjarna þessa máls. Vegna þess að skipið og skipafélagið nýtur einokunaraðstöðu, vegna þess að skipið er niðurgreitt í tvígang geta þeir undirboðið önnur skipafélög, hvort sem þau eru íslensk eða af öðrum toga, og náð til sín aukinni hlutdeild í flutningunum milli Íslands og Bandaríkjanna. Þetta hlýtur vitaskuld að bitna á okkar skipafélögum.

Svo ég vitni enn og aftur í þessa grein eftir forstjóra Eimskips, þá segir þar á öðrum stað:

„Rétt er að vekja athygli á að síðustu tólf mánuðina hafa tekjur Íslendinga og íslenskra skipafélaga dregist saman um 8 millj. Bandaríkjadala eða um 300 millj. ísl. kr. vegna siglinga Rainbow. Þessi mikla rýrnun á tekjum íslensku skipafélaganna á þessari siglingaleið hlýtur að þýða versnandi afkomu og þjónustu þeirra nema til komi hækkun flutningsgjalda."

Í mínum huga er hækkun flutningsgjalda líka verri þjónusta en að þau séu lægri. Þannig er augljóst að það sem hér hefur gerst hefur þegar haft þau áhrif að það má ljóst vera að þjónustan versnar.

Og enn heldur höfundur áfram og segir:

„Ef fram heldur sem horfir kann Rainbow í skjóli forréttinda sinna einnig að geta tekið yfir stóran hluta flutninga fyrir Íslendinga til og frá Bandaríkjunum. Ef það gerist mun tekjutap íslenskra skipafélaga enn aukast. Við Íslendingar getum ekki og megum ekki sætta okkur við að bandarísk stjórnvöld veiti þegnum sínum forréttindi með þessum hætti á kostnað okkar. Því megum við aldrei fallast á það að erlend skipafélög hafi forréttindi í siglingum til og frá Íslandi."

Mér þótti rétt, herra forseti, að þessi grein, sem vissulega á erindi í þessu máli, kæmist á framfæri í þessari umr. vegna þess að hér er tekið í tiltölulega stuttu máli á meginatriðum þessa máls.

Ég tel að sú leið sem hv. flm. leggur til að hér verði farin sé allrar athugunar verð og það sé sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að líta á alla þá möguleika sem við höfum til þess að standa vörð um okkar hagsmuni í þessu máli og til þess að tryggja að þjónusta við okkur verði ekki verri vegna þess sem hér hefur gerst og er að gerast. Þess vegna er það ánægjuefni að frv. skyldi koma fram og ég vænti þess að það fái ítarlega umfjöllun í nefnd.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni fyrir jákvæðar undirtektir við flutning þessa máls. Hins vegar þótti mér miður að hlýða á málflutning hv. þm. Ólafs Þórðarsonar og mér þykir einnig miður að þurfa að standa í deilum við hann eða aðra um þetta að mér finnst sjálfsagða réttlætismál. Ég vonast til þess að öllum sé ljóst að hér eru gífurlegir hagsmunir í veði. Þetta er auðvitað angi af sjálfstæðisbaráttu. Þetta er angi af því að Íslendingar standi fast á sínum rétti og séu frjálsir að því að stunda siglingar og stunda flutninga til og frá landinu.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson gefur það í skyn að þetta frv. sé flutt í hefndarskyni. Nú hélt ég að hv. þm. væri fróður maður í Íslandssögunni og hefði kynnt sér m. a. málflutning stjórnmálamanna þeirra tíma þegar þeir stóðu í baráttunni gagnvart Dönum og erlendu valdi. Þá fluttu menn hér margvísleg mál sem sjálfsagt hafa stangast á við dönsk lög og sjálfsagt hefur einhver útlendingurinn móðgast yfir framhleypni og málflutningi Íslendinga í þá daga. En ég átta mig ekki á því hvaða hvatir liggja á bak við að halda því fram að Íslendingar séu að leggja slík mál fram í hefndarskyni, hvorki nú né áður, þegar þeir vilja standa fast á sínum rétti. Það má sjálfsagt halda því fram að hér sé látinn koma krókur á móti bragði.

Þetta mál er flutt vegna þess að mér hefur þótt fullreynt að málstaður okkar og réttur nær ekki fram að ganga með viðræðum utanríkisráðuneyta. Þær hafa farið fram, eftir því sem upplýst er, og ekki borið árangur. Og þó að við séum seinþreyttir til vandræða held ég að nú sé kominn tími til að þessu máli sé hreyft með þeim hætti sem hér er gert.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson spyr hver viðbrögð Bandaríkjamanna verði ef farskip þeirra verði stöðvuð í 30 daga vegna þess að flutningar á þeirra vegum stangist á við þau lög sem frv. gerir ráð fyrir. Vitaskuld er það laukrétt hjá þm. að Íslendingar geta ekki breytt lögum í Bandaríkjunum, enda veit ég ekki til þess að ég hafi verið að gefa það í skyn að Alþingi Íslendinga væri svo máttugt að það gæti breytt lögum í Bandaríkjunum. En við erum hér að setja lög til þess að vernda okkar rétt og okkar hagsmuni, og ef ekki verður farið eftir þessum íslensku lögum og áfram verður haldið vöruflutningum til og frá landinu fyrir varnarliðið á bandarískum flutningaskipum sem starfa í skjóli einokunar, þá kemur auðvitað að því að það verður að stöðva þá flutninga og stöðva skipið í lengri eða skemmri tíma. Hver viðbrögð Bandaríkjamanna við því verða kemur mér ekki skapaðan hlut við og mér er alveg útilokað að geta spáð nokkuð í það. Ég hef ekki þá mikla minnimáttarkennd fyrir þessari stóru og ágætu þjóð að ég hafi nokkrar áhyggjur af því.

Og hverjir tapa á því ef þessir flutningar stöðvast? Fyrir hverja er verið að flytja nema varnarliðið? Það eru almennir flutningar á vegum varnarliðsins. Það er ekki um að ræða hergögn eða olíu. Þetta eru flutningar á matvörum og húsgögnum, byggingarvörum og almennum varningi. Það hlýtur að koma að því að blessað varnarliðið finni fyrir því ef flutningarnir stöðvast og það er rétt að láta á það reyna hver viðbrögðin verða. Bandaríkjamenn hafa grafið upp þessi gömlu lög og eru að halda verndarhendi yfir flutningum til landsins í skjóli þessara einokunarlaga, vísa til þeirra og yppa öxlum þegar Íslendingar benda á að þetta sé hvorki í samræmi við frelsi né réttlæti eða hagsmuni. Hvers vegna getum við þá ekki sjálfir sett lög þar sem við kveðum á um það hvernig með flutninga skuli farið til og frá okkar eigin landi? Eigum við að fara að hlíta því að erlendar þjóðir ákveði hvernig vörur eru fluttar til og frá landinu? Það kemur auðvitað ekki til greina. Mér finnst vera til vanvirðu fyrir Íslendinga að hafa ekki lamið almennilega í borðið miklu fyrr og tekið af skarið um að þetta gengi ekki. Varnarliðið hér, eins og ég sagði áðan, er ekki fyrir Bandaríkjamenn. Það er í þágu okkar og það er í þágu allra hinna vestrænu þjóða. Það getur engin ein þjóð skorið sig úr og sagt: Við höfum einkarétt á að flytja vörur til og frá Íslandi ef okkur sýnist svo skv. einhverjum gömlum lögum.

Ég vonast til að þetta sé hv. þm. ljóst. Eins og ég sagði áðan þykir mér miður að þurfa að standa í deilum og skilja ummæli Ólafs Þórðarsonar þannig að hann sé að agnúast við þetta frv. Ég hafði vænst þess að menn gætu verið nokkuð sammála um frv. hvort sem menn eru með eða móti varnarliði. Hvort sem menn eru

hlynntir Bandaríkjamönnum eða ekki ættu þeir samt að geta staðið vörð um þá hagsmuni sem hér eru í húfi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir hans svör þó að mér hafi fundist óþarflega mikið af ónotum fylgja með. En hvað um það. Hann ítrekaði viss atriði í sínu máli sem eru grundvallaratriði. Við breytum ekki bandarískum lögum á Alþingi Íslendinga. Hann sagði að sér hefði aldrei dottið það í hug. Mér þykir vænt um að heyra það hér. Hins vegar höfum við á ýmsum sviðum aðlagað okkur að bandarískum lögum hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að íslensk skipafélög leysi þetta mál á einum degi ef þau vilja. Svo einfalt er málið. Þau geta stofnað hlutafélag í Bandaríkjunum og leigt til þess hlutafélags íslensk skip, látið þau sigla undir bandarískum fána og náð þessum viðskiptum ef þau vilja. Þannig urðum við að fara að í fisksölumálum. Sölumiðstöðin annars vegar og Iceland Seafood hins vegar eru gott dæmi um það hvernig við höfum aðlagað okkur lögum í því tilfelli í Bandaríkjunum. Það væri kannske orðið tímabært að það reyndi á það hvort íslensk skipafélög geta unnið saman.

Ég hef ekki verið að fjargviðrast út í þetta frv., alls ekki, og hvorki lagt til að það verði samþykkt né fellt. Ég hef verið að leita eftir upplýsingum um málið. En það fer ekki milli mála aftur á móti að íslensk skipafélög geta ef þau vilja náð þessum flutningum. Til þess þurfa þau aftur á móti að stofna dótturfyrirtæki í Bandaríkjunum.

Ég hygg að flm. líti svo á að með þessu frv. sé hann að feta í fótspor þeirra sem börðust fyrir sjálfstæði Íslendinga og hann sé þess vegna verðugur fulltrúi í sjálfstæðisbaráttunni á þessum tímum, en mér fannst það dálítið einhliða túlkun.

Ég vil taka það skýrt fram að mínar fsp. voru ekki settar fram í neinni illkvittni. Ég óskaði eftir upplýsingum um hver hann teldi að yrðu væntanleg viðbrögð. Mér sýnist aftur á móti sú leið, sem ég benti hér á áðan, vera opin, en hún mundi trúlega kalla á það að skipafélögin íslensku standi saman um að mynda dótturfyrirtæki sem keppi um þessa flutninga. Ég sé ekki annað en að slíkt fyrirtæki ætti að hafa yfirburðamöguleika til að ná flutningunum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Ólafur Þórðarson kemur okkur á óvart með frumlegar hugmyndir. Það hafa raunar heyrst áður frumlegar hugmyndir frá hv. þm. Vestf. í dag. M. a. sagði hv. 1. þm. Vestf. í dag að Eimskipafélag Íslands væri óskabarn þjóðarinnar, SÍS væri vandræðabarn þjóðarinnar og Þörungavinnslan olnbogabarn þjóðarinnar. Nú hefur hins vegar olnbogabarnið verið gefið og má til sanns vegar færa að sælla er að gefa en þiggja í því tilfelli. Vandræðabarnið SÍS hefur nú ekki verið borið út enn, og er einkennilegt að menn skuli teygja sig alla leið þangað til þess að rífast í stjórnarliðinu, að velta mönnum upp úr slíku orðbragði. En þá er óskabarnið eftir. Hv. þm. Ólafur Þórðarson leggur það sem sagt til að óskabarn þjóðarinnar flaggi bandarískum fána hér eftir ef það vill flytja inn til landsins hernaðardjönk frá Bandaríkjunum. Það eru að vísu ekki sprengjur. **(Gripið fram í:** Og kjúklinga.) Kjúklinga, sagði hv. gæsaframleiðandi úr Borgarfirði. En hvað svo sem er með kjúklingana þá liggja þau hlið við hlið skip frá Rainbow, eins og það heitir, og íslenskt fiskiskip. Bæði eru að tína draslið sitt í land og það eru kjúklingar sem koma upp úr báðum skipum. Kjúklingarnir frá Ameríku eru fluttir inn þrátt fyrir bann á kjúklingainnflutningi, en þeir fara beint upp á völl og er fagnað þar náttúrlega eins og venja er til. En hvað er gert við kjúklingana sem koma upp úr íslenska fiskiskipinu? Þeir eru hirtir af fógeta og kveikt í þeim. Ekki grillaðir, þeim er hent. Ekki erum við jafnir fyrir lögum, Íslendingar og Bandaríkjamenn. Svona er þetta auðvitað víða og á mörgum sviðum. En orðið sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að væri lausnarorðið í þessum efnum var „aðlögun". Við höfum aðlagað okkur, sagði hv. þm., að ýmsum lögum og fyrirmælum frá Bandaríkjunum. Það er rétt, við höfum bognað því miður heldur mikið við þá aðlögun. Ég verð að segja það að mér finnst sú aðlögun í þá átt vera orðin ærin og það fyrir löngu. Og auðvitað eigum við ekki að láta Ameríkana kúga okkur svona á flutningasviðinu eins og á öllum öðrum. Það er eitt orð sem er sameiginlegt í öllum þessum viðskiptum við hið svokallaða varnarlið sem er stríðsgæsluliið Ameríkana — við erum ekkert á móti Bandaríkjamönnum, Íslendingar, við höfum alltaf verið mjög vinsamlegir við Bandaríkjamenn og raunar öfugt, nema þegar að þessu stríðssambandi kemur — það er orðið „aumingjaskapur" sem manni dettur oftast í hug þegar talað er um þessi samskipti. Við heyrum og hlýðum og aðlögum okkur.

Mér þótti svolítið fyrir því þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gerði minna úr íslenskum lögum en bandarískum. Hann vék að því að um þetta væru lög í Bandaríkjunum, frá 1904 að því er hv. þm. úr Reykjaneskjördæmi upplýsti. Það þótti honum vont að hv. þm. Ellert B. Schram reyndi að koma fram almennilegum lögum á móti þessum lögum, það væri látið á það reyna hvor hefði meiri rétt í flutningum til og frá þessu landi. Ef við berum gæfu til þess að samþykkja þetta frv. umsvifalaust frá hv. þm. Ellert B. Schram, þá stæðu þar lög móti lögum. Og það er rétt að það komi einhvern tíma einhver sem ýtti á móti áganginum, hinum stöðuga ágangi á öllum sviðum í samskiptum við þetta stríðslið. En því miður er sú stefna ekki uppi á Íslandi um þessar mundir. Íslendingar hafa gengið nú um nokkurt skeið fremstir í flokki að auka við hernaðartækni í sínu landi. Fremstir í flokki með því að taka á móti stríðsapparötum Ameríkana í radarstöðvamynd.

Stundum hefur verið talað um það af íslenskum bissnesmönnum, sem er heldur slæmur þjóðflokkur í bland, að Bandaríki Norður-Ameríku séu land viðskiptafrelsis. Þetta er auðvitað alrangt. Í raun og veru hafa Bandaríkin með sinn stóra markað notað hann til þess að kúga þjóðir, milljónaþjóðir. Ef þær eru ekki samstiga þeim í pólitík, þá loka þeir markaðnum. Hvar er viðskiptafrelsið? Þeir geta meira að segja með ánægju horft á þá drepast í fátækt ef þeir leyfa sér að hafa sína skoðun. Við sjáum það ekki aðeins á þeim sviðum heldur öllum að það er síður en svo að þar sé um viðskiptafrelsi að ræða. Ég tel að á margan hátt sé hið aukna frelsi, sem hefur verið að birtast í ýmsum myndum á Íslandi að undanförnu, til góðs. Við höfum reynt mikil höft og talsverð höft og þau hafa reynst illa yfirleitt, þó að ég sé ekki að mæla með óheftu frelsi fjármagnsins í landinu. Það er svolítið önnur saga, ekki

síst vegna sérstöðu íslensks efnahagskerfis. En í þessu efni tel ég að við ættum að hafa sama rétt og Bandaríkjamenn. Og ég tel skynsamlegt að ganga ekki lengra í þessu efni en svo að báðir aðilar geti flutt þetta dót. Hins vegar tel ég að það hefði mátt hafa þetta meira en 30 daga. En það er nú almennur frestur sem er kannske eðlilegt að sé valinn. En ef fresturinn hefði verið lengri væru flutningar þessa fyrirtækis næstum því ómögulegir.

Herra forseti. Ég hirði ekki um að ræða þetta mikið frekar. En ég legg til að frv. verði samþykkt og fái greiðan gang í gegnum þingið þó að mikið liggi fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. talaði hér um að menn bognuðu og aðlöguðu sig bandarískum lögum. Það kom greinilega fram þegar umr. voru hér um hvalveiðar við landið hverjir bognuðu, hverjir þorðu ekki og hverjir létu kúga sig. Ég hygg að hv. 4. þm. Suðurl. væri hollt að minnast þess.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er nokkuð óvenjulegt hvernig hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kemur aftur og aftur hingað í þennan ræðustól og viðhefur brigslyrði um þá menn sem fyrir nokkrum árum tóku eina umdeilda ákvörðun á þessu háa Alþingi. Það er fremur óvenjulegt að menn skuli ekki geta virt það að menn hafa mismunandi skoðanir í málum og að menn hafa mismunandi rök fyrir því að móta sína afstöðu. Engu að síður skeður það aftur og aftur að þessi hv. þm. kemur hér í ræðustól og viðhefur ummæli lík þeim sem hann lét sér um munn fara áðan um þetta tiltekna mál og um afstöðu þm. á þeirri stundu sem þá var. Mér finnst það nokkuð sérkennilegt. Ég mótmæli slíkum brigslyrðum eins þm. í garð annarra og þar með talinna fjarstaddra manna og manna sem ekki eru lengur hér á hinu háa Alþingi og hafa þar af leiðandi ekki tækifæri til að svara fyrir ákvörðun sína á þeim tíma.

Það er til ein einföld lausn á þessu máli. Hún er sú að láta þetta svonefnda varnarlið fara úr landinu og tryggja öryggi íslensku þjóðarinnar með ódýrari og betri og geðfelldari hætti en það getur gert. Þá þarf ekki lengur að deila um það hverjir skuli maka krókinn á þjónustu við þetta varnarlið. Þetta er að sjálfsögðu einfaldasta og nærtækasta lausnin og hana styð ég og skal hjálpa hv. þm. Ellert B. Schram hvar og hvenær sem er til að leysa þetta vandræðamál þeirra á þennan hátt.

En mér dettur það í hug, herra forseti, að hinum látna höfðingja Agli Skallagrímssyni, sem ætlaði að ausa út silfrinu forðum, mundi hlæja hugur í brjósti ef hann væri hér á meðal vor og gæti fylgst með þessari sérkennilegu deilu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (469. mál) 5705.
Almenn hegningarlög (437. mál) 5732, 5778.
Almenn hegningarlög (467. mál) 5705.
Brunarannsóknir (419. mál) 5770.
Drengskaparheit unnið 5669.
Elli- og örorkulífeyrir (448. mál) 5752, 5784.
Endurmenntun vegna tæknivæðingar (29. mál) 5738, 5784.
Erfðalög (424. mál) 5724, 5730.
Frjálsir vöruflutningar á sjó (520. mál) 5801.
Gjöld af tóbaksvörum (428. mál) 5737.
Húsnæðissparnaðarreikningar (522. mál) 5773.
Iðnþróunarsjóður (492. mál) 5706, 5771.
Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni (164. mál) 5718, 5735, 5785.
Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði 5771.
Kostnaður vegna samninganefndar um stóriðju (388. mál) 5686.
Kvikmyndamál (515. mál) 5751, 5784.
Lagmetisiðnaður (363. mál) 5706.
Landmælingar Íslands (289. mál) 5706.
Launakjör bankastjóra og ráðherra (422. mál) 5725.
Málefni myndlistarmanna (485. mál) 5760.
Náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu (497. mál) 5754.
Niðurfelling söluskatts af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins (393. mál) 5672.
Ný byggðastefna og valddreifing (517. mál) 5754.
Nýting jarðhita í heilsubótarskyni (477. mál) 5683.
Orkulög (488. mál) 5704, 5791.
Ríkisborgararéttur (284. mál) 5725, 5730, 5750.
Sementsverksmiðja ríkisins (382. mál) 5691, 5732.
Siglingalög (149. mál) 5714, 5734, 5749.
Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum (417. mál) 5675.
Sjúkraliðar (495. mál) 5729.
Stjórn efnahagsmála (501. mál) 5730, 5733.
Tannlækningar (106. mál) 5785. 5801.
Tekjuskattur og eignarskattur (74. mál) 5793, 5801.
Tekjuskattur og eignarskattur (523. mál) 5777.
Tímabundið vörugjald (406. mál) 5751, 5784.
Tollskrá o. fl. (405. mál) 5750, 5784.
Tónlistarskólar (478. mál) 5722, 5735, 5749, 5778.
Upplýsingamiðlun um húsnæðismál (383. mál) 5670.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs 5669.
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands (509. mál) 5778.
Veðurstofa Íslands (243. mál) 5733, 5750.
Veitinga- og gististaðir (397. mál) 5703, 5736.
Verslun ríkisins með áfengi (429. mál) 5731, 5783.
Verslunaratvinna (342. mál) 5707, 5734, 5749, 5778.
Þingsköp Alþingis (416. mál) 5795, 5801.
Þroskaþjálfaskóli Íslands (470. mál) 5793.
Þróunaraðstoð Íslands (507. mál) 5670.
Þörungavinnsla við Breiðafjörð (487. mál) 5704, 5786.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5669, 5670.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 5783.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 5673, 5674, 5675, 5728, 5736, 5737, 5773, 5777.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 5693, 5771, 5786, 5791.
Landbrh. Jón Helgason 5721.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 5679, 5682, 5709, 5714, 5722, 5747, 5757, 5767, 5778, 5781.
Davíð Aðalsteinsson 5726, 5732.
Eiður Guðnason 5670, 5672, 5673, 5674, 5677, 5680, 5682, 5701, 5725, 5776, 5780, 5782.
Einar Kr. Guðfinnsson 5790.
Ellert B. Schram 5801, 5805.
Eyjólfur Konráð Jónsson 5730, 5731.
Friðjón Þórðarson 5685, 5718, 5759.
Friðrik Sophusson 5784.
Garðar Sigurðsson 5807.
Guðmundur Einarsson 5670, 5708, 5713, 5719, 5785.
Gunnar G. Schram 5675, 5682, 5683.
Guðrún Agnarsdóttir 5714, 5797.
Guðrún Helgadóttir 5794.
Halldór Blöndal 5722, 5723, 5763.
Helgi Seljan 5724, 5779.
Hjörleifur Guttormsson 5754, 5760.
Ingvar Gíslason 5795, 5797, 5799.
Jóhanna Sigurðardóttir 5738.
Jón Kristjánsson 5732, 5778.
Karvel Pálmason 5717, 5722, 5723.
Kjartan Jóhannsson 5721, 5752, 5793, 5804.
Kolbrún Jónsdóttir 5729.
Kristín Halldórsdóttir 5686.
Kristín S. Kvaran 5750, 5751.
Ólafur Þ. Þórðarson 5706, 5723, 5798, 5803, 5807, 5809.
Páll Pétursson 5707, 5710.
Pétur Sigurðsson 5785, 5793.
Ragnar Arnalds 5731, 5775.
Salome Þorkelsdóttir 5732.
Skúli Alexandersson 5692, 5700, 5704, 5781.
Stefán Benediktsson 5725.
Stefán Valgeirsson 5706, 5714, 5733.
Steingrímur J. Sigfússon 5809.
Svavar Gestsson 5707, 5711, 5760, 5769.
Valdimar Indriðason 5698.
Þorv. Garðar Kristjánsson 5691.

Efri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 3. júní, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 416. mál (þskj. 1081 (sbr. 684)). — Ein umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Nd. hefur gert þrjár breytingar á því frv. sem hér er til umr., frv. til laga um þingsköp Alþingis. Tvær breytingar eru við 28. gr. frv. og þriðja breytingin er við 47. gr. frv.

Fyrri brtt. við 28. gr. frv. varðar meðferð þáltill. En með frv. eru gerðar breytingar frá gildandi lögum í þá átt að hraða meðferð þáltill. Frá reglu sem sett er í frv. um þetta efni eru undantekningar einnig gerðar samkvæmt frv. En breyting Nd. er sú að forseti geti ákveðið frávik frá þessari reglu ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Þessi brtt. gengur til móts við það sjónarmið, sem fram kom í þessari deild og raunar líka í Nd., að það þyrfti að hafa allan vara á að ekki yrði um of kreppt að umr. um þáltill.

Hin brtt., sem er við 28. gr. frv., er um það að þar sem segir að þáltill. sem bornar eru upp í þd. lúti í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þáltill. komi orðið ályktunartillögur í upphafi mgr. í staðinn fyrir „þáltill.". Þetta er talið að fari betur vegna þess að það sé ekki í samræmi við venjulega málkennd og eðli málsins að kalla ályktun annarrar deildar þingsins þál. Það má segja að þetta sé til bóta þó að ég telji nú að engin hætta hefði verið á ferðinni í þessu efni þó að frv. hefði verið óbreytt.

Þriðja brtt. er, eins og áður sagði, við 47. gr. frv. Sú brtt. er á þá leið að þegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skuli hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvgr. í 2. málsgr. 47. gr., þ. e. handauppréttingu. Það skal tekið fram að þegar nefnd sú, sem vann að samningu og undirbúningi frv., var að störfum, þá kom þetta mál oftar en einu sinni til athugunar. En menn voru þá á þeirri skoðun að það hastaði ekki að setja ákvæði um þetta. Það væri ekki ástæða að gera slíkt fyrr en tæknibúnaðurinn kæmi. Þá var auðvitað gert ráð fyrir því að þingskapalög, sem sett yrðu núna, yrðu ekki óumbreytanleg um alla framtíð þó vel væri unnið og vel að þeim búið.

Þessar breytingar, sem gerðar voru á frv. í Nd., voru að tillögu þingskapalaganefndar deildarinnar. Þingskapalaganefnd Nd. stóð einhuga að þessum breytingum og þessar breytingar voru ekki ágreiningsmál í Nd. Þingskapalaganefnd þessarar hv. deildar hefur komið saman og rætt og tekið til meðferðar þær breytingar sem Nd. hefur gert á frv. og leggur nefndin einróma til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem Nd. hefur gert.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta frv. til nýrra þingskapalaga er nú komið aftur til okkar í Ed. til einnar umr. og verður væntanlega samþykkt sem lög frá hinu háa Alþingi í dag. Ég vil áður en þessari umr. lýkur aðeins fá að nota tækifærið, og ég veit að mér leyfist að tala þar fyrir hönd nm. bæði í þingskapalaganefnd þessarar hv. deildar svo og í þeirri þingskapalaganefnd sem skipuð var á sínum tíma, til að þakka forseta Sþ., hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, fyrir störf hans og hvernig hann hefur leitt og stýrt þessu starfi að endurskoðun þingskapanna. Það var engan veginn vandalaust vegna þess að þetta er mál sem er þess eðlis að menn greinir á um ýmsa hluti og alls ekki eftir flokkslínum. En í fyrrasumar var unnið mikið starf í þingskapalaganefndinni undir ágætri forystu hans og ég hygg að þetta mál hafi ekki aðeins fengið mjög vandaða heldur mjög ítarlega og gaumgæfilega umfjöllun hér í þinginu síðan við umfjöllun málsins. Í deildum hefur það gerst að upp hafa komið ýmis önnur sjónarmið og menn hafa rætt málin ítarlega og það hefur verið leitað leiða til samkomulags og það hefur jafnan tekist. Ég vil ítreka þakkir til forseta Sþ. fyrir hans starf að þessu. Honum hefur tekist eins og góðum skipstjórnarmanni að sigla jafnan milli skers og báru, en án þess að nokkuð hafi verið slegið af.

Ég vildi aðeins, virðulegi forseti, láta þetta koma fram við lok þessarar umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Frv. um ný þingsköp er komið frá hv. Nd. og hefur hún gert á því örfáar breytingar. Ég er þakklátur fyrir að sjá að það hefur verið gengið nokkuð þar til móts við þau sjónarmið, sem ég setti fram við umr. um málið í Ed., að því leyti að reglan um ræðutíma þegar þáltill. eru til umr. er ekki lengur ófrávíkjanleg og getur forseti ákveðið frávik ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Ég tel að þarna hafi verið skotið inn í frv. mikilvægum öryggisventli þótt ég hafi að vísu aldrei gert ráð fyrir að það yrði oft sem á það reyndi, en það gæti verið þeim mun mikilvægara þegar svo ber undir.

Ég er ekki að segja að ég sé að öllu leyti sáttur við frv. eins og það liggur hér fyrir, en mun þó greiða því atkv. Ég lít svo á að í 32. gr. séu komin ákvæði sem geti brugðið til beggja vona. Kannske er þar um vissa tilraunastarfsemi að ræða. En ég vil þó láta í ljós þá von mína að ákvæði 32. gr. verði túlkuð á þann veg að það sé áfram meginregla að menn geti með samþykki forseta og viðkomandi ráðh. kvatt sér hljóðs utan dagskrár og tekið mál til umræðu án þess að ræðutími sé takmarkaður. Mér hefur líka skilist á hæstv. forseta Sþ. að sá sé einnig hans skilningur.

Ég vil svo að lokum taka undir þakkir þær sem hér voru bornar fram af seinasta ræðumanni til þeirra sem að þessu máli hafa unnið og þá sérstaklega til hæstv. forseta Sþ., 4. þm. Vestf.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég vil þakka báðum síðustu ræðumönnum fyrir hin vinsamlegu orð í minn garð.

Ég vil taka fram í tilefni af því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að ég hygg að það sé ekki neinn ágreiningur milli okkar né ágreiningur við nokkra aðra hv. þm. um að framkvæmd þessara þingskapalaga þarf að vera með þeim hætti að á engan hátt verði skertir möguleikar þm. til að gegna sínum þingmannsskyldum í umræðum á Alþingi. Raunar var þetta sjónarmið alltaf ríkjandi í störfum nefndarinnar sem vann að samningu þessa frv.

Ég vil svo segja í tilefni af því sem hv. 5. landsk. þm. sagði, en hann átti sæti í þeirri nefnd sem vann að undirbúningi málsins og samningu þessa frv., að það

sem var gert er allri nefndinni að þakka, hverjum og einum sem átti sæti í nefndinni. Og ég vil ítreka það, sem ég hef áður sagt um það efni í umr. um þetta frv. og láta það verða mín síðustu orð að þakka þessari þýðingarmiklu nefnd fyrir störfin og fyrir samvinnuna. Og ég vil þakka öllum hv. þm. fyrir þann skilning og þá ábyrgðartilfinningu sem þeir hafa sýnt í þessu mikilsverða máli sem varðar svo mjög starf og virðingu Alþingis.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1094).

Kerfisbundin skráning á upplýsingum er varða einkamálefni, frv. 164. mál (þskj. 1074 (sbr. 171)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1095).

Tannlækningar, frv. 106. mál (þskj. 1082 (sbr. 845)). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Í meðferð Nd. á þessu frv. til laga um tannlækningar hefur verið gerð smávægileg breyting sem varðar 3. gr. frv. Þar er vikið að erlendum ríkisborgurum sem hugsanlega fá leyfi til að stunda tannlækningar hér á landi. Eins og greinin hljóðaði þegar hún var afgreidd héðan frá Ed. var gert ráð fyrir að erlendur ríkisborgari þyrfti að sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslensku máli, mæltu og rituðu. Nd. taldi nægja að erlendur ríkisborgari þyrfti að sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu.

Eftir því sem ég hef komist næst eru hv. nm. í heilbr.- og trn. Ed. sáttir við þessa breytingu, enda þótt hún hafi verið gerð í Nd., og við leggjum til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1096).

Veðurstofa Íslands, frv. 243. mál (þskj. 1039). — Ein umr.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Samgn. hv. Nd. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um Veðurstofu Íslands og gert á frv. breytingar sem eru að vísu ekki stórar í sniðum. Hér er að mestu um orðalagsbreytingar að ræða, en í 7. málsl. 3. gr. er breyting sem segja má að sé áherslubreyting. 7. liðurinn hljóðar þar svo:

„Að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstakri hliðsjón af snjóflóðahættu, og gefa út viðvaranir um hættu á snjóflóðum eftir því sem við verður komið og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvernig standa beri að tilhögun mannvirkjagerðar á hættusvæðum, jafnframt að rannsaka veðurfarsþætti og jarðfræðiþætti er valda skriðuföllum."

Hv. samgn. Nd. leggur til að þarna komi tilhögun í stað takmörkun mannvirkjagerðar sem samgn. Ed. lagði til. Við höfum litið á þessar breytingar og getum fallist á þetta orðalag. Samgn. Ed. leggur til að brtt. Nd. verði samþykktar óbreyttar. Það má geta þess varðandi þetta orðalag í 7. málsl. að formaður samgn. Ed. telur að hv. samgn. Nd. hafi ekki skilið orðalag samgn. Ed. Við leggjum þá til að þetta verði samþykkt óbreytt, en ég legg engan dóm á skilninginn hérna hinum megin við vegginn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1097).

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 958). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 1080). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Mánudaginn 3. júní, kl. 2 miðdegis.

Frjálsir vöruflutningar á sjó, frv. 520. mál (þskj. 1037). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 775, n. 1058, 1063 og 1085, 1053, 1059, 1079). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur skilað nál. á þskj. 1058 um Byggðastofnun. Það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur athugað frv. og klofnaði í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Þorsteinn Pálsson, en þeir sjálfstæðismennirnir skrifa undir nál. með fyrirvara um staðsetningu Byggðastofnunar.

Brtt., sem meiri hl. leggur til að gerðar verði á frv., eru á þskj. 1059.

Í fyrsta lagi ætlumst við til að gerð sé árleg heildarútlánaáætlun.

Við leggjum enn fremur til að veiting lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga skuli byggjast á umsóknum nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Við leggjum enn fremur til að Byggðastofnun sé heimilt að taka þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum og hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

Við leggjum til að forsrh. gefi Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Þar komi fram ársreikningar og skrá yfir lánveitingar og óafturkræf fjárframlög Byggðastofnunar.

Þá leggjum við til að handbært fé Byggðastofnunar skuli geyma á reikningum í bönkum eða sparisjóðum skv. ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar, en ekki, eins og segir í frv., í Seðlabankanum.

Enn fremur leggjum við til að gildistökuákvæði breytist og lögin taki gildi 1. október 1985.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér finnst óeðlilegt að taka fyrir næst álit 2. minni hl. Venjan er sú að taka fyrst fyrir álit 1. minni hl., en það er hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson. Það hlýtur að segja sig þá sjálft að ef hv. þm. er fjarverandi verður ekki hægt að ljúka umr. um málið á þessum fundi. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að hann hlutist til um það að kanna hvort hv. 3. þm. Reykn. er væntanlegur. (**Forseti:** Ég get sagt strax, ef ég má trufla hv. ræðumann, að hv. 3. þm. Reykn. mun hafa óskað eftir fjarvist í dag.) Þá er óeðlilegt að taka málið fyrir, herra forseti, þar sem hv. 3. þm. Reykn. er með minnihlutaálit bæði hvað snertir Byggðastofnun, Framkvæmdasjóð og þróunarfélag. (**Forseti:** Það er víst rétt að það er ákaflega óheppilegt og ekki skv. venju. Hins vegar hefði verið æskilegt ef hv. þm. hefði gert forseta nánari grein fyrir þessu. Þetta veit forseti ekki fyrr en á síðustu stundu.)

Ég mun, herra forseti, gera grein fyrir mínu minnihlutaáliti, en óska eftir því að forsetinn kanni á meðan hvort ekki er hægt að verða við ósk um það að málinu verði frestað eða þá að annar fulltrúi Alþfl. geri grein fyrir sjónarmiði 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Það er auðvitað óeðlilegt að ganga frá málinu óðruvísi en að minni hl. fái að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Á þskj. 1085 hef ég sem 2. minni hl. fjh.- og viðskn. lagt fram nál. um frv. til laga um Byggðastofnun, sem er 456. mál þingsins. Nál. er á þessa leið:

2. minni hl. fjh.- og viðskn. flytur fjórar brtt. við frv. til laga um Byggðastofnun.

1. Lagt er til að stofnunin heyri undir félmrh. í stað forsrh.

Hér er um að ræða brtt. sem er í samræmi við afstöðu sem Alþb. hefur áður látið koma fram af sinni hálfu á fyrri þingum. Ég tel að það sé óeðlilegt að raða stofnunum inn í forsrn. Ég tel að stofnanir og fyrirtæki eigi sem mest að vera í fagráðuneytunum. Þetta sé óheppileg skipan, sem hér er gert ráð fyrir, og þessi till. um að stofnunin heyri undir félmrn. er í samræmi við það sem áður hefur komið fram af hálfu Alþb. og fleiri stjórnarandstöðuflokka, eins og t. d. Alþfl.

Í öðru lagi er lagt til að þóknananefnd ákveði laun stjórnarmanna Byggðastofnunar.

Í þriðja lagi er lagt til að stofnuninni verði ráðinn einn forstöðumaður og ráðning gildi til sex ára í senn, en eins og frv. er orðað virðist það vera svo að stjórnarflokkarnir geri ráð fyrir að ráða að Byggðastofnuninni fleiri en einn forstjóra sem er væntanlega vegna þess að flokkarnir treysti sér ekki til þess að skipta einum manni á milli sín, heldur ætli helmingaskiptaflokkarnir að koma því þannig fyrir að þeir komi hvor að sínum forstjóranum í Byggðastofnuninni. Þá geri ég ráð fyrir því að forstöðumaður stofnunarinnar verði ráðinn til sex ára í senn í samræmi við ákvarðanir sem hafa verið teknar á undanförnum þingum um að forstöðumenn opinberra stofnana séu aðeins ráðnir til takmarkaðs tíma í senn.

Í fjórða lagi geri ég tillögu um nánari tengsl á milli Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna, en stjórnarflokkarnir gera ráð fyrir að það verði algjörlega höggvið á tengsl Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna.

Enn fremur geri ég ráð fyrir því í mínum tillögum að það verði komið á skipulegu samstarfi Byggðastofnunar við landshlutasamtökin um áætlanagerð.

Enn fremur flyt ég ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal till. um að stofnunin hafi heimili og varnarþing á Akureyri. Ég mun óska eftir því við hæstv. forseta að þetta mál verði tekið til afgreiðslu áður en til atkvæða kemur frv. um þróunarfélag vegna þess að verði till. okkar hv. þm. Halldórs Blöndals samþykkt varðandi Byggðastofnun mun það þýða það að við Alþb.-menn munum draga til baka till. okkar um staðsetningu þróunarfélagsins á Akureyri.

„Aðalgallar frv. og málsins í heild eru þessir:

1. Ekki er komið til móts við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram að undanförnu, m. a. í samþykktum Alþb., að aukið vald verði fært til landshlutanna sjálfra. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að byggðastefnunni verði stýrt frá einum stað í Reykjavík og að höggvið verði á þau tengsl sem landshlutasamtökin hafa haft við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þessi aukna miðstýring á sama tíma og krafist er valddreifingar og lýðræðis er versti gallinn á frv. ríkisstj.

2. Þá gerir ríkisstj. ráð fyrir því að þessi stofnun heyri undir forsrh. Undirritaður leggur til að stofnunin heyri undir félmrh. vegna þess að félmrn. fer með málefni sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er því eðlilegt í alla staði að félmrn. fari með byggðamál í heild.

3. Frv. gerir ráð fyrir því að heimilt verði að ráða til stofnunarinnar fleiri en einn forstjóra. Það virðist því vera ætlun stjórnarflokkanna að ráða a. m. k. tvo forstjóra til stofnunarinnar í samræmi við helmingaskiptaregluna. Þá er það athyglisvert að stjórnarflokkarnir skuli ætla forráðamönnum Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar eilífðarráðningu, en það brýtur í bága

við þau almennu viðhorf að forstöðumenn slíkra stofnana eigi að ráða til takmarkaðs tíma í senn.

4. Ekki er nægilega tryggilega gengið frá því að Byggðastofnun fái helming húseignar Framkvæmdastofnunar. Meiri hl. n. hefur lýst því yfir að það verði gert, en engin gögn hafa komið fram því til staðfestingar enn þá.

5. Skv. frv. er dregið úr áherslu á byggðastefnu og byggðajafnvægi. Sama gildir um áætlanagerð hvers konar, en jafnframt er bersýnilega stefnt að því að láta markaðslögmálin ráða meira um framtíð byggðar í landinu en verið hefur.

6. Hvergi er í frv. tekið á þeim stórfelldu vanda sem nú blasir við landsbyggðinni, ekki síst í sjávarútvegi og landbúnaði. Þar fylgir ríkisstj. í raun andbyggðastefnu og sést það m. a. á því að verulegur hluti landbúnaðarhéraðanna er í stórfelldri hættu þannig að auðn blasir við.

2. minni hl. nefndarinnar telur þrátt fyrir þessa galla rétt að stuðla að því að hér á landi starfi Byggðastofnun. Alþb. hefur áður flutt till. um sjálfstæða og öfluga byggðastofnun með traustum tengslum við byggðirnar sjálfar á grundvelli valddreifingar og lýðræðis. Þess vegna er 2. minni hl. andvígur því sjónarmiði Alþfl. og Bandalags jafnaðarmanna sem leggja til að frv. verði fellt.

Nánari grein er gerð fyrir áliti 2. minni hl. í nál. um Framkvæmdasjóð og frv. um þróunarfélag sem rætt hefur verið í fjh.- og viðskn. samhliða afgreiðslu frv. um Byggðastofnun."

Á þskj. 1079 eru þær brtt. sem ég flyt við þetta frv. Þær eru fjórar:

„1. Í stað orðsins „forsætisráðherra" í 2. gr. frv. komi: félagsmálaráðherra.

2. Við 4. gr. bætist nýr málsl. sem orðist svo: Þóknananefnd ákveður þóknun stjórnarinnar.

3. 6. gr. orðist svo:

Stjórn Byggðastofnunar ræður einn forstjóra til sex ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Kjaradómur ákveður laun og starfskjör forstjóra.

4. 9. gr. orðist svo:

Í starfi sínu skal Byggðastofnun hafa samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarstjórnir, þróunarfélög og aðra heimaaðila eftir atvikum. Stofnunin getur gert samstarfssamninga við slíka aðila um áætlanagerð og aðra skipulega starfsemi.

Áætlanir, sem fela í sér tillögur um aðgerðir á sviðum sem heyra undir ýmis ráðuneyti, skulu sendar félmrh. sem gerir ríkisstj. grein fyrir þeim. Viðkomandi rn. skulu síðan fjalla um tillögur Byggðastofnunar.

Byggðastofnun fylgir eftir framkvæmd samþykktra byggðaáætlana. Áætlanir skal endurskoða eftir því sem tilefni eru til."

Herra forseti. Ég mun ekki í frekara máli gera grein fyrir nál. mínu. Ég vil aðeins segja það að lokum að ég mun taka mjög vel eftir því hvaða afstöðu einstakir þm. hafa í þessu máli. Sérstaklega verður það fróðlegt hvaða afstöðu menn taka til till. um betra samstarf við landshlutasamtökin. Landshlutasamtökin sendu fulltrúa sína á fund fjh.- og viðskn. Nd. og mótmæltu því harðlega að höggvið væri á tengsl landshlutasamtakanna við byggðastefnuna. Stjórnarflokkarnir gera ráð fyrir því að höggva algerlega á þessi tengsl, en á undanförnum árum hefur það verið þannig að Byggðasjóður hefur styrkt landshlutasamtökin til ákveðinnar áætlanagerðar fyrir byggðirnar í landinu. Um þær áætlanir má margt segja, en ég tel að það sé háskalegt að höggva á þessi tengsl við landshlutana sjálfa, eins og meiri hl. fjh.- og viðskn. gerir grein fyrir, og ég mun taka glöggt eftir því hvernig menn greiða atkv. í sambandi við 4. brtt. á þskj. 1079 og ég mun koma því rækilega á framfæri hvernig því verður háttað.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það er mikill ágreiningur um þessar mundir í landinu út af málum sem við líklega gætum kallað „byggðastefnu". Það takast á fylkingar. Fólk á landsbyggðinni er óánægt. Það segir: Við stöndum undir framleiðslunni, við sköpum þau verðmæti sem hér eru sköpuð, en síðan berum við ekkert úr býtum. Um leið og eitthvað bjátar á, eins og nú hefur gert, erum það við sem verðum fyrir barðinu á því. — Fólk á landsbyggðinni er óánægt. Það er ekki óánægt vegna eignarhalds húseignar á Rauðarárstíg, það er alls ekki óánægt vegna þess að það séu fyrirhugaðar einhverjar tilfærslur á skrifstofum inni í Framkvæmdastofnun og það er ekki óánægt vegna þess að það eigi að fara að breyta þar nafnspjöldum á hurðum. Málið er að þetta frv. kemur hvergi nærri kjarna málsins. Kjarni málsins er ekki skipulag Byggðastofnunar eða Framkvæmdastofnunar eða hvaða byggðakontór sem um er að ræða. Málið snýst ekkert um það. Fólkið er ekki óánægt vegna þess. Fólkið er óánægt vegna þess að það hefur verið svipt sjálfræði. Það er mergur málsins. Og merkin sjáum við hvert sem við förum og hvert sem við lítum. Fólk hefur nú svo að þúsundum skiptir tekið sig saman í samtök sem nefnast Jafnrétti milli landshluta. Það krefst umfangsmikilla breytinga á stjórnkerfi landsins og það er ekki að einangra þær breytingar við Rauðarárstíg 25. Það er talað um gjörbyltingu á stjórnkerfi Íslands. Þetta fólk ætlar að hittast um næstu helgi í Mývatnssveit og þeir sem ekki trúa þessum orðum ættu að fara þangað. Þeir ættu að spyrja fólkið sem þar verður hvað því finnist um Byggðastofnun. Það mundi segja: Byggðahvað Þetta sama sjónarmið kom fram á fundi í fjh.- og viðskn. þar sem mættir voru framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna. Þeir sögðu: Þið megið hafa þetta frv. eins og þið viljið. Þeir fóru að vísu fram á að ekki yrðu felldar niður greiðslur sem fram að þessum tíma hefðu verið til landshlutasamtakanna og hefðu verið grundvallaðar á ákvæðum í lögunum um Framkvæmdastofnun. Þeir fóru fram á að þessar greiðslur héldust. En að öðru leyti, sögðu þeir, skiptir okkur engu máli hvernig frv. þið skrifið hérna á byggðakontórunum. — Það var önnur sönnunin um það að þetta frv. er algerlega einskis virði. Þetta fjallar nefnilega um aukaatriði. Þetta fjallar um tiltekt. Þetta fjallar um skipulag á Byggðastofnun eða Framkvæmdastofnun eða hvaða nöfnum sem við viljum nefna þetta og kemur ekkert nærri lífi fólksins í landinu. Það sem skiptir máli, og það kom fram hjá framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna, eru stjórnarfarsleg atriði. Hvert er t. d. frumkvæði og hver er réttur heimafólks til eigin ákvarðana Hvaða möguleika hefur það á að marka eigin stefnu í þessum málaflokkum Hvaða möguleika hefur það á því að sjá sjálfu sér farræði en taka ekki við póstsendingum úr Reykjavík Um það snýst þetta mál.

Það er alveg sama hvort við köllum þessa stofnun

Framkvæmdastofnun eða Byggðastofnun eða hvaða nafn sem við veljum þessu. Þessi kontór mun alltaf bera öll hin dæmigerðu einkenni miðstýringarinnar sem er fjarlæg verkefnunum, sem drepur fjölbreytileika, drepur frumkvæði og drepur tilraunastarfsemi. Þetta mun hafa á sér einkenni seinagangsins þannig. Það er næstum haft í flimtingum í þeim héruðum úti á landi sem hafa lent í því að gerðar eru byggðaáætlanir fyrir þau. Menn hafa sagt að á endanum snúist byggðaáætlanir í áætlanir um endurreisn og að lokum í áætlanir um uppgröft svæðanna vegna þess að seinagangurinn sé slíkur að þetta hætti að verða viðfangsefni Framkvæmdastofnunar eða byggðakontórsins og eigi kannske frekar heima hjá Þjóðminjasafni. Það hlýtur að fara svona þegar menn reyna á þennan hátt að hafa forsjá og taka fram í fyrir fólki sem er statt á vettvangi og getur séð fótum sínum forráð, veit hvernig verkefnin eru, veit hvernig á að vinna þau og hefur til þess unnið að fá að sinna því.

Þessir stjórnarhættir verða ævinlega þunglamalegir. Við höfum um það ótal dæmi. Það sem fólk fer nú fram á er að fá opna og lifandi umræðu um hvernig eigi að breyta stjórnkerfinu, hvort sem við köllum það fylkisstjórnir eða héraðsstjórnir, hvort sem við erum að tala um að styrkja starfsaðstöðu og vald og frumkvæði landshlutasamtaka. Menn hafa á þessu ólíkar skoðanir, en allir eru sammála um að við vinnum þessu máli ekki verulegar hagsbætur fyrr en við færum stjórntaumana heim í héruðin til fólksins og gerum því sjálfu kleift að ráða miklu meiru um sína hagi en nú er hægt. Ég held að slík umræða sé brýnasta viðfangsefni í íslenskum stjórnmálum í dag, þ. e. umræðan um hvernig við breytum þessu kerfi þannig að það opnist til valddreifingar og lýðræðis og verkefni séu unnin á heimavelli af fólki sem hefur til þess þekkingu frá fyrstu hendi, stendur nálægt verkefnunum og veit best hvernig þeim er hagað.

Bandalag jafnaðarmanna hefur flutt nokkur þingmál sem snúa að þessu efni. Við höfum flutt till. til þál. um fylkisstjórnir þar sem við gerum ráð fyrir að kjörnar séu heimastjórnir. Við höfum flutt till. til þál. um þróunarstofur landshlutanna þar sem við leggjum áherslu á hinn ríka frumkvæðisrétt heimamanna og að þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og þar verði uppsprettan að hugmyndum, þar verði uppsprettan að framkvæmdum. Síðan má halda um það bókhald í Reykjavík. Við höfum gert ráð fyrir að sú starfsemi, sem nú fer fram í Framkvæmdastofnun og væntanlega fer fram í nýrri Byggðastofnun, verði í deild undir umsjón félmrn. Það verði kannske einkum og sér í lagi gagnasöfnunar- og gagnaúrvinnsludeild. Þangað geti menn af þróunarstofum landshlutanna leitað um upplýsingar, leitað um ráðgjöf o. þ. h. En grundvallaratriði er að frumkvæðið og vinnan fari fram úti í héruðum.

Við höfum enn fremur gefið tóninn um það sem við höldum að hljóti að verða viðfangsefni þessara aðgerða í atvinnumálum. Við teljum að það muni gerast með eflingu smáfyrirtækjarekstrar. Við teljum að það sé kominn tími til að menn hætti á þessu stóriðjufylleríi sem hefur þjáð íslenska embættis- og stjórnmálamenn allt of lengi. Menn virðast kunna því best. Menn virðast ekki sjá annað verðugt verkefni en að borða morgunmat í Montreal og helst vilja þeir síðan borða kvöldverðinn í Timbuktu eða einhvers staðar þar sem einhver auðhringurinn hefur einhverja verksmiðju. Menn eiga að snúa sér heim og huga að hugviti og möguleikum á heimaslóð og menn eiga að vinna það eftir leiðsögn og leiðbeiningum þeirra sem hugmyndirnar hafa og aðstæðurnar þekkja.

Þetta er í grófum dráttum sá rammi sem við teljum að menn eigi að ræða og við skulum svo mála út í hann smáatriðin síðar. Við verðum að leggja um það almenna stefnu og við verðum að taka almenna afstöðu til þess hér á þingi hvernig meginlínur í þessu stjórnkerfi eiga að liggja vegna þess að við heyrum á hverjum einasta degi skilaboðin utan að okkur. Þau koma eins og ég segi frá þeim þúsundum sem skrifa sig á lista hjá samtökunum um jafnrétti milli landshluta. Við fáum þessi skilaboð frá framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna sem koma á fund fjh.- og viðskn., eins og ég sagði áðan, og segja: Strákar mínir, þetta skiptir engu máli. Þið geti haft þessi frumvörp eins og þið viljið. Vandinn er alls ekki leystur með þessari frumvarpssmíð ykkar. Þetta er nú hinn beiski sannleikur þessa máls.

Ég hef skilað nál. og það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þetta frv. er dæmigert fyrir fílabeinsturna íslenska stjórnkerfisins. Þegar fólk um allt land krefst sjálfsvirðingar og sjálfsstjórnar setjast stjórnmála- og embættismenn niður og búa til frv. um að færa til skrifborð og nafnspjöld á Rauðarárstíg 25 í Reykjavík.

Grundvallaratriðið í þessu máli er að tryggja sjálfræði fólksins um eigin hagi. Ef fólk fær að njóta þess sem það aflar og ef svæði og héruð verða sjálfstæð um uppbyggingu atvinnulífs þarf engar aumingjabætur frá byggðakontórum í Reykjavík. Í stað bóta- og styrkjastefnu þarf að gera fólki, fyrirtækjum og héruðum kleift að standa á eigin fótum og tryggja þannig eðlilegan vöxt og viðgang landsbyggðarinnar.

Þetta frv. um Byggðastofnun er ónýtt því að í því er hvergi tekið á þessum atriðum. Um allt land krefst fólk, svo þúsundum skiptir, grundvallarbreytinga á stjórnkerfinu, breytinga sem færa því rétt til sjálfsákvörðunar.

Bandalag jafnaðarmanna hefur flutt till. til þál. um fylkisstjórnir og þróunarstofur landshlutanna. Þar er mörkuð sú stefna valddreifingar og lýðræðis sem óumflýjanlegt er að taka. Þar er gert ráð fyrir almennum kosningum til héraðsstjórna og einnig fyrir frumkvæði heimamanna um mótun atvinnustefnu sinnar og lífshátta.

Nú steðjar hætta að byggðum landsins vegna þess að fólk hefur glatað völdum í hendur sjóðsstjóra og stjórnmálamanna. Ef fólkið fær þessi völd ekki aftur innan skamms verða byggðir landsins ekki verkefni Byggðastofnunar heldur Þjóðminjasafns áður en yfir lýkur.

Undirritaður leggur því til að frv. verði felld."

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var auðheyrt á ræðu hv. síðasta ræðumanns að byggðamálin eru eitt þeirra mála sem allir hafa vit á og fljótlegt er að finna patentlausnir á. Ég hef satt að segja aldrei áttað mig almennilega á því fyrr en ég hlustaði á hann flytja mál sitt hér áðan hversu auðvelt er í hugum sumra að rétta við hag þess fólks sem býr úti á landsbyggðinni. Lausnarorðin eru tvö, þ. e. fylkisstjórnir og þróunarstofur landshlutanna, og síðan er með yfirlæti hafnað

því að færa til nafnspjöld á kontór hér inni við Rauðarárstíg. Þetta gefur til kynna að sá sem talar haldi að vöxtur og viðgangur atvinnulífsins hér fyrir utan Reykjavíkursvæðið sé eitthvert reikningsdæmi inni á kontórum hér í Reykjavík, eitthvert kapphlaup um mælsku eða annað þvílíkt. Það er nú síður en svo. Það er hægt að færa afskaplega glögg rök fyrir því hvernig á því stendur að byggðarlög eru í mismunandi vexti. Stundum hefur hver starfandi hönd svo miklu að sinna að hún verður að vera myrkranna á milli að. Stundum kemur uppihald og hlé. Þetta er komið undir árferði, veðurfari og ýmsu öðru.

Ég hef hér ásamt hv. 3. þm. Reykv. flutt sérstaklega brtt. um að Byggðastofnun hafi heimili og varnarþing á Akureyri. Það er eðlilegt að spurt sé hvernig á því stendur að við skulum leggja þetta til og hvernig skuli standa á því, svo að ég reyni að skilja það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég vilji setja upp nafnspjöld á einhverjar hurðir fyrir norðan ef Byggðastofnun er ekki annað en nafnspjöld. Skýringin er að sjálfsögðu sú og krafan reist á því að stjórnir, höfuðstöðvar allra peningastofnana á landinu eru hér í Reykjavík, allra peningastofnana sem máli skipta. Skiptir þá engu máli hvort talað er um einkabanka, ríkisbanka, sjóði, hvort við tölum um það hvar lífeyrissjóðir stéttafélaga hafi sínar höfuðstöðvar ef þær eru á einhverjum stað. Það skiptir ekki heldur máli hvort við tölum um einstök hagsmunafélög sem ná til landsins alls, landsfélög. Það skiptir ekki máli hvort við spyrjum um hvar Stéttarsamband bænda hafi sínar höfuðstöðvar, sjómannasambandið, útgerðarmenn, ekki heldur Samband ísl. samvinnufélaga. Það er jafnvel svo að höfuðstöðvar tilrauna í landbúnaði eru búsettar í Reykjavík.

Öllu þessu valdi og öllum þessu áhrifum hefur verið dengt hingað á þetta svæði hér við Faxaflóa, hér við Kollafjörð, og ég held að það breyti engu um það þótt við reynum hér á Alþingi að búa til einhvern pappír um fylkisstjórnir og þróunarstofur landshluta. Ekki var nú reisnin meiri hjá síðasta ræðumanni en svo að hann hugsaði sér að landshlutarnir ættu að hafa einhverja þróunarstofu, einhverja stássstofu. Það væri ekki einu sinni heilt hús sem hann hugsaði sér í allri þessari endurreisn landshlutanna. Það varð að vera stofa, stássstofa, puntstofa fyrir stefnuskrána eða eitthvað svoleiðis, þar sem hægt væri að hengja upp plakötin um það að menn hugsuðu út fyrir Reykjavík. En við sem erum eldri í hettunni og höfum starfað jöfnum höndum úti á landi og hér í Reykjavík vitum að það sem mjög miklu máli skiptir um uppgang atvinnulífs hvar sem er er aðgangur að fjármagni.

Þegar ég hugsa um Byggðasjóð og Byggðastofnun geri ég það ævinlega út frá þeirri forsendu að atvinnufyrirtækin geti sótt þangað fyrirgreiðslu til þess sumpart að rétta af eða létta lausafjárstöðu sína ef sérstaklega stendur á, en þó fyrst og fremst, sem er aðalverkefnið, til hins, að fyrirtæki út um landsbyggðina geti fengið stofnlán hjá þessari stofnun, hún geti veitt styrk til þess að halda atvinnulífinu gangandi til þess að byggja upp nýtt, til þess að endurnýja þær vélar sem fyrir eru, til þess að vinna að hagræðingu og rannsóknum á sviði atvinnulífsins.

Það er kannske eðlilegt að menn geti þá spurt á móti: Nægir ekki fyrir þessi fyrirtæki að sækja í stofnlánasjóðina? Eru ekki Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Fiskveiðasjóður fyrir hendi og er það ekki nægilegt fyrir þessi fyrirtæki til þess að þau geti gengið og fái þaðan sömu fyrirgreiðslu og þau fyrirtæki sem staðsett eru t. d. við Faxaflóann, hér við Kollafjörðinn vil ég segja, á stór-Reykjavíkursvæðinu? Og svarið er nei. Ástæðan er einfaldlega sú, að þær fasteignir sem eru úti á landi eru ekki metnar til verðs. Þegar beðið eru um veð fyrir fjárskuldbindingum er ekki miðað við brunabótamat eða byggingarverð húss, heldur er gjarnan miðað við endursöluverð eða fasteignamat. Þetta veldur því að það er nauðsynlegt varðandi uppbygginguna úti á landi að hafa aðrar og nokkuð frjálsari reglur um veð en unnt er hér þar sem fasteignir halda mjög vel verðgildi sínu og hægt er að sjá langt fram í tímann hversu um það verðgildi fer, hvort nokkur hætta sé á því að það hrapi og kannske meiri líkindi til hins, að vel við haldin eign hækki í verði ef hún stendur vel við umferð. Þetta er t. d. mjög áberandi varðandi uppbyggingu í fiskeldi svo að ég taki dæmi.

Þetta er afleiðing af því að íslenskar lánastofnanir hafa of mikið miðað lánveitingar sínar við veðin sem til eru í staðinn fyrir að meta arðsemi þess rekstrar sem í hlut á, arðsemisvonina. Ég vil segja að þá verði margt og mikið breytt þegar sú regla verður upp tekin að arðsemisáætlanir verði uppistaðan í ákvörðunum banka hér á landi til lánveitinga eða stofnfjársjóða til lánaveitinga til stofnlána og þær föstu viðjar, sem slíkar lánveitingar hafa verið í, rofnar. Þetta er ástæðan. Við teljum sem sagt að líka á þeim stöðum þar sem atvinnulíf er í góðu horfi og jafnvel vaxandi sé nauðsynlegt að hafa einhverja stofnun sem lítur öðrum augum á veðin, trygginguna fyrir fénu, en gert er frá hörðu viðskiptabankalegu sjónarmiði. Það er þess vegna sem við leggjum upp úr því að nauðsynlegt sé að hafa traustan og sterkan Byggðasjóð.

Við skulum líka rifja upp hvenær það gerðist að þessi sjóður náði því mikla fjármagni sem síðan hefur í honum verið. Það var á þeim árum þegar samið var um álverið í Straumsvík. Þá var ákveðið að útflutningstekjur ríkissjóðs af álverinu, það hét framleiðslugjald, skyldu renna í atvinnujöfnunarsjóðinn. Það var þannig hugsað að þéttbýlið hér hefði vissulega af því mikinn ávinning að þessi orkufreki iðnaður skyldi rísa í nágrenni Hafnarfjarðar og nauðsynlegt væri, til þess að halda við jöfnuði í byggðinni, að hinum beina afrakstri ríkisins af þessari starfsemi yrði varið til að styrkja undirstöður atvinnulífs utan þessa svæðis og þá voru atvinnufyrirtækin sjálf fyrst og fremst höfð í huga. Ég held að það sé ekki síður ástæða til að hugsa um málið frá þessum grundvelli nú þegar stóriðja hefur risið við Hvalfjörð og nú þegar fyrir liggur að miklar líkur bendi til að helmingsstækkun álversins komi til greina. Og við sjáum að varðandi ýmsa nýsköpun aðra í atvinnurekstri stendur Reykjanesskaginn betur að vígi en fjarlægari byggðir, bæði vegna landkosta af náttúrunnar hendi, en líka vegna nálægðarinnar við eina útflutningsflugvöll landsins, sem getur raunar ráðið úrslitum um það hvort markaðssending flugleiðis beint á markað erlendis með t. d. alifisk er hagkvæm eða ekki, borgar sig eða ekki, eins og t. d. lax. Ég er ekki eins trúaður á álinn eins og laxinn.

Hv. þm. sagði áðan að þeir menn frá landshlutasamtökum sem komu hingað hafi sagt að Byggðastofnun væri pappír og skipti ekki máli. Ég hef að vísu ekki

fundið það hjá þeim mönnum, sem ég hef talað við um þau mál og eru í landshlutasamtökum, að þeim þyki litlu skipta hvernig staðið sé að fjárfestingarlánum til atvinnurekstrarins og hvort þjóðfélagið hafi einhverja tryggingu fyrir því að undir bagga sé hlaupið ef byggðarlög verða fyrir miklu áfalli. Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Ég held líka að það sé mikill misskilningur að halda að sá samdráttur sem verið hefur á síðustu misserum víðs vegar úti um landið sé því að kenna að Byggðastofnun sé við Rauðarárstíg en ekki hinu og málin væru einhvern veginn öðruvísi ef við hefðum komið upp þróunarstofum út um landshlutana, einhverjum þróunarstofum.

Ég held að þróunarstofa við Eyjafjörð hefði engu breytt um það að þorskveiði, sem er uppistaðan þar í botnfiskaflanum, dróst saman um helming frá árinu 1981 til 1983 og minnkaði enn á árinu 1984. Ég held að þróunarstofa hefði ekki dregið neitt úr þessari aflarýrnun. Og ég held að þeir menn sem þar þekkja til viti að auðvitað skiptir það höfuðmáli fyrir veltuna hvort skipin eru gerð út fyrir norðan allt árið eða fara vestur á vertíð eða hvort það kemur einn fiskur úr sjónum í staðinn fyrir tvo á svo miklu landsvæði. Ég held það dyljist heldur engum nú að miklu fjörugra er þar nú, það er miklu meira líf í atvinnulífinu þar nú en áður, og þó hefur engin þróunarstofa verið reist eða opnuð.

Ég held líka að ef við tölum um afkomu landbúnaðarins sé það mikil einföldun á málinu að halda að þróunarstofan auki eitthvað innanlandsneyslu á dilkakjöti eða mjólk. Ég held að hún hafi nákvæmlega ekkert með það að gera. Ég held að þeir erfiðleikar sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir nú og vissulega bitnar á þeim þjónustukjörnum, þeim þorpum og kaupstöðum sem þjónusta landbúnaðinn eigi miklu dýpri rætur en svo að við getum komist fyrir þá með einfaldri lagabreytingu hér á hinu háa Alþingi. Þvert á móti liggur nú fyrir Alþingi mjög ítarlegt frv. um framleiðsluráð, sem mikil vinna hefur verið lögð í, og þar er viðfangsefnið einfaldlega þetta: Hvernig tekst okkur að búa til þá umgjörð um landbúnaðinn að bændur geti vel við unað og haldið sómasamlegum kjörum og takist samt sem áður að aðlaga þá þeim nýju sjónarmiðum og nýju tímum sem við erum að tileinka okkur? Þetta held ég að sé nær kjarna málsins.

Svo er síðast en ekki síst það að eftir því sem nær dregur aldamótum virðist þróunin verða sú, með vaxandi hraða raunar, að æ fleiri fara í þjónustustörf af ýmsu tagi og eðli málsins samkvæmt er minna af þeim störfum þar sem atvinnulíf er einhæfara, fólkið færra. Þetta dregur líka kraft úr þessum byggðum sem allt sitt byggja á frumframleiðslunni.

Ég hjó eftir því líka hjá hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni þegar hann mjög ábúðarfullur lauk sinni ræðu hér áðan og talaði um að hann mundi láta það berast ef sín 4. till. á þskj. 1079 yrði felld. Ég hef nú verið að lesa þessa brtt. yfir og get, með leyfi hæstv. forseta, lesið 2. mgr.:

„Áætlanir, sem fela í sér tillögur um aðgerðir á sviðum sem heyra undir ýmis rn., skulu sendar félmrh. sem gerir ríkisstj. grein fyrir þeim. Viðkomandi rn. skulu síðan fjalla um tillögur Byggðastofnunar.“ Að vísu heyrir Byggðastofnun skv. þessu frv. alls ekki undir félmrh., heldur undir forsrh. (**SvG:** Þetta byggist á 1. till.) Já, ég tók ekki eftir því. Ég bið afsökunar. Það sýnir að það er samræmi að þessu leyti. Eftir sem áður sé ég ekki hvernig þetta mál kemur undir félmrh., enda er þarna sérstaklega talað um að ef áætlanir eru gerðar og fjalla um aðgerðir á öðrum sviðum skuli samt sem áður demba þessu undir félmrh. Ég held að erindi sem berast Byggðasjóði og Byggðastofnun séu afskaplega fá inni á verksviði félmrh. Ég held að hv. þm. verði að gera miklu gleggri grein fyrir sínum skoðunum en fram kom í ræðu hans hér áðan ef unnt eigi að vera að taka þessar brtt. alvarlega vegna þess að starfsemi Byggðastofnunar, eins og hún hefur verið og eins og hugmyndir eru um að hún verði áfram, eru á allt öðrum nótum en þessi hv. þm. gerir ráð fyrir. Ég held því að það sé einungis þeim mönnum til tekna og góðs ef hv. þm. lætur það sem víðast berast hvaða menn greiða atkv. gegn þessari hans till.

Ég vil svo að síðustu aðeins koma inn á landshlutasamtökin. Það eru sumir að gera því skóna að landshlutasamtökin eigi að hafa meiri þýðingu en verið hefur í sambandi við byggðamálin og í sambandi við útdeilingu á fjármagni sem er til ráðstöfunar til lánveitinga fyrir atvinnulífið úti á landi. Ég verð þá að segja á móti að ekki hefur verið mótuð sú löggjöf um landshlutasamtök enn að gefi tilefni til þess að Alþingi ætli þeim mjög mikið hlutverk af sinni hálfu eða vísi miklu af málum þangað sem eru afgerandi varðandi vöxt og viðgang byggða. Ég held að nauðsynlegt sé, eigi svo að fara, að því sé miklu meiri gaumur gefinn en áður hvernig við viljum standa að landshlutasamtökunum, hvernig við viljum byggja þau upp og hvaða sjónarmið eigi að vera ráðandi innan þeirra, hvernig vægið eigi að vera milli einstakra sveitarfélaga í landshlutasamtökunum, hversu mikið tillit eigi t. d. að taka til þess fjölda sem er í hverju sveitarfélagi, þess fjármagns sem einstök sveitarfélög leggja fram til landshlutasamtakanna. Ég held að þetta sé alveg nauðsynlegt að gera ef hugmyndin er að ætla þeim meiri hlut en verið hefur. Reynslan hefur sýnt að í byggðamálum almennt hefur orðið tilhneiging til mikillar skriffinnsku, tilhneiging til mikilla fundarhalda sem ekki hafa verið markviss né gefið þá niðurstöðu að eftir því hafi verið tekið oft og tíðum.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð mikið lengri. Ég vil sem sagt leggja í fyrsta lagi áherslu á að ég tel að tími sé til þess kominn að einhverjar af þeim peningastofnunum sem safnað hefur verið saman, hrúgað upp hér á höfuðborgarsvæðinu, fái að búa um sig annars staðar. Ég hef flutt tillögu um að það verði á Akureyri, auðvitað vegna þess að við Eyjafjörð er langflest fólk saman komið utan Reykjavíkursvæðisins. Eyjafjarðarsvæðið er í stórum dráttum sjálfstæð verslunar- og þjónustuheild. Ég tel að eðlilegt sé að þetta landnám verði hafið þar og að þar muni gleggst reynsla koma á það hversu það muni reynast þessum undirstöðustofnunum okkar um landsbyggðina.

Ég vil í öðru lagi leggja áherslu á að Byggðasjóður eigi fyrst og fremst að vinna á sviði atvinnumála og beina kröftum sínum og athygli að því að treysta undirstöður atvinnulífsins, bæði með beinum lánveitingum en einnig með áætlanagerð þar sem það á við og leiðbeiningum af öðru tagi.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í þskj. hef ég skilað séráliti

um þetta mál. Það er á þskj. 1063.

Ég bendi á það í fyrsta lagi að auðvitað sé ekki hægt að skoða þetta frv. til l. um Byggðastofnun eitt sér, heldur verður að skoða það í samhengi við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands en þessi tvö frv. fela það í sér frekar öðru að skipta Framkvæmdastofnun í tvær stofnanir með sérstjórnum og forstjórum þannig að sú stefna sem fram hefur verið haldið um að minnka báknið virðist hafa eignast það afkvæmi að auka einmitt báknið með því að tvöfalda það sem áður var einfalt. Sannleikurinn er sá að það er nánast engin önnur skipulagsbreyting sem á sér stað skv. þessum tveimur frv. en sú ein að auka báknið með þessum hætti, skipta Framkvæmdastofnuninni í tvær stofnanir og setja sérstaka stjórn og forstjóra yfir hvora um sig.

Það var annars merkilegt í umræðum um þetta mál í nefnd að þeir sem komu til viðræðna við nefndina höfðu orð á því, eins og reyndar sumir nm. aðrir, jafnvel þó að þeir mæli með þessum frv., að það starf sem unnið væri í byggðadeild og í Framkvæmdastofnun væri í heldur lausu lofti. Þar sætu menn við það að semja langar álitsgerðir, stundum „selvfölgeligheder" svo notað sé orðalag eins hv. nm., og það væri ekki séð að hvaða gagni þessi nál. kæmu, enda væri ekki vitað að þessi álit eða þessar álitsgerðir þessarar deildar eða stofnunar hefðu verið notaðar við ákvarðanatöku yfirleitt, heldur væri hlutskipti þessara álitsgerða og áætlana yfirleitt það að rykfalla niðri í skúffu nema þá ef vera skyldi að rykið félli á þær uppi í hillu.

Þetta var eiginlega inntakið í þeirri umræðu sem fór fram um þau verk sem unnin væru í þessari stofnun. Menn höfðu það líka á orði að hér væri verið að framlengja galla þess skipulags sem menn hefðu búið við og menn mættu þá vænta þess í framhaldi af því að skrifaðar yrðu álitsgerðir og grg. og áætlanir sem ekki styddust við raunveruleikann, heldur væru fyrst og fremst gerðar þeim til dundurs sem þetta verk væru að vinna. Afraksturinn af því starfi væri þess vegna nánast enginn. Þetta kom fram í umfjöllun nm. um þetta frv. Þetta kom fram hjá ýmsum þeim aðilum sem komu til heimsóknar við nefndina, svo sem fulltrúum ýmissa landshlutasamtaka eða réttara sagt forstöðumönnum þeirra.

Það sem er gallinn á því skipulagi sem við búum við er nefnilega það að þær álitsgerðir og þær áætlanir sem unnar eru í þessum stað eru ekki í tengslum við raunveruleikann né heldur þá aðila sem ákvarðanirnar eiga að taka og bera ábyrgð á framkvæmdinni. Þær eru ekki í höndum þeirra aðila á hverjum heitast brennur að vinna að byggðajafnvægi eða draga úr byggðaröskun, ekki í höndum þeirra sem ábyrgðina bera í þeim efnum, heldur er þetta starf unnið í lausum tengslum við raunveruleikann og í nánast engum tengslum við þá sem ákvarðanirnar eiga að taka og ábyrgðina bera. Um þetta hafa menn sagt að hér sé verið að framlengja galla þess fyrirkomulags sem við búum við. Sannleikurinn er þá einfaldlega sá að ekki er tekið á því skipulagsvandamáli sem hér er við að stríða. Það eru ekki tengd saman framkvæmdin og vinnan við áætlunargerðina eða skýrslugerðina. Það er þetta sem skortir á. Hér er einhver aðili sem safnar upplýsingum og skrifar álitsgerðir, en ákvörðunaraðilinn er einhvers staðar allt annars staðar og víðs fjarri og þetta tengist ekki saman.

Ég held að það fari ekki milli mála að byggðaþróunarmál og byggðaáætlanir séu einmitt best komnar í höndum þeirra sem bera ábyrgðina á framkvæmdinni og þá jafnframt hjá þeim sem líklegastir eru til þess að þekkja best til. Í samræmi við þetta er eðlilegast að færa þessi verkefni út í héröðin og reyndar þá að mínum dómi til lýðræðislega kjörinna héraðsstjórna eða fylkisstjórna eða hliðstæðra eininga. Ég held að það væri nær að taka á því verkefni að koma málum þannig fyrir en að gera þá skipulagsbreytingu eina, sem hér er lagt til, að gera tvíhöfða yfirstjórn úr einni.

Það er einmitt af þessum sökum og þar sem fyrir liggur að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir valddreifingu og stefnir þess vegna ekki til framfara í þessum efnum sem ég tel að það sé ekki til neins að vera að samþykkja þetta frv. En ég segi líka að samþykkt frv. af þessu tagi verður mönnum til afsökunar, afsökunar fyrir því að takast ekki á við það verkefni sem ég tel að hér þurfi að vinna og hvers ágöllum ég hef reynt að lýsa hér í máli mínu að framan, verkefni sem á að vera fólgið í því að gera raunverulega skipulagsbreytingu og koma á raunverulegri valddreifingu og flytja framkvæmdina, ábyrgðina og áætlunargerðina til sama aðilans þannig að það vinnuafl sem við þetta vinnur nýtist.

Með því að hér er farin sú afsökunarleið, sem ég hef hér gert að umtalsefni, að gera nánast ekkert í þessum málum, og með því að það er líklegt til þess að tefja fyrir því að menn snúi sér að hinum raunverulegu verkefnum í skipulagsmálum, þá legg ég til að þetta frv. verði fellt svo að menn geti snúið sér að því verkefni sem þeir raunverulega eiga að vera að vinna.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. til l. um Byggðastofnun sem hér er komið til 2. umr. sætir ekki tíðindum vegna þess sem í því stendur, hvorki eins og það var lagt fyrir hér upphaflega né að teknu tilliti til brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., heldur miklu fremur vegna þess sem ekki er að finna í þessu frv. Sú þróun sem hefur verið í gangi í byggðamálum undanfarin ár og alveg sérstaklega í tíð núv. ríkisstj. hefði vissulega gefið tilefni til þess að hér væri lagt fyrir af hálfu ríkisstj. frv. sem líklegt væri til að breyta þeim forsendum sem leitt hafa til vaxandi fólksflutninga af landsbyggðinni, fólksflutninga sem aldrei hafa orðið meiri á einu ári en á því síðasta frá því að skráning á tilfærslum fólks hófst 1961. Grg. frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem ég hef fengið, sýna að ekki minna en 1071 maður flutti frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á árinu sem leið og fólksflutningar þangað frá landsbyggðinni hafa farið ört vaxandi undanfarin fjögur ár.

Í þessu frv. er ekki að finna neitt sem vakið geti vonir um það að skv. því verði breytt um áherslur í okkar þjóðarbúskap, sem er þó forsendan fyrir því að eðlileg þróun, vöxtur og viðgangur byggðar verði um land allt. Hitt er miklu líklegra að verði þetta frv. að lögum sjáum við fram á það í enn auknum mæli — út af fyrir sig ekki vegna ákvæða frv. heldur vegna stjórnarstefnunnar sem fylgt hefur verið — að búferlaflutningar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eigi eftir að vaxa ört á næstu árum frá þeirri öfugþróun sem nú er í gangi.

Það frv. til l. um Byggðastofnun sem ríkisstj. hér flytur virðist fyrst og fremst vera til komið vegna þeirra skipulagsbreytinga sem ríkisstj. hefur lengi fjallað um varðandi Framkvæmdastofnun ríkisins, skipulagsbreytinga sem í rauninni skipta mjög litlu máli varðandi

þann vanda sem hér er við að fást. Skv. frv. er verið að klippa á tengslin milli Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs og gera Byggðastofnun að sjálfstæðri stofnun og það er greinilegt að ætlun ríkisstj. er að starfsemi hennar verði áfram hér í Reykjavík. Það eitt út af fyrir sig er mál til þess að ræða og fjalla um. Um það liggja fyrir till. frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Norðurl. e. sem ég út af fyrir sig tek heils hugar undir því að vissulega væri það spor í rétta átt að flytja þessa starfsemi út fyrir höfuðborgarsvæðið og þá gjarnan til Akureyrar eins og lagt er til skv. þessari till.

Önnur atriði er raunar ekki að finna í þessu frv. af hálfu ríkisstj. nema þá það að verið er að draga úr áherslum í sambandi við starfsemi Byggðastofnunar og tengsl hennar við landshlutasamtök sveitarfélaga og frekar er dregið úr viðmiðunum varðandi fjárframlög til Byggðasjóðs frá því sem verið hefur, til veikingar ef nokkuð er. Byggðasjóður hefur vissulega haft nokkurt gildi á liðinni tíð, en hann einn út af fyrir sig hefur ekki skipt neinum sköpum um vöxt og viðgang byggðar í landinu. Þar eru aðrir þættir sem eru ráðandi um ferðina.

Hv. þm. Halldór Blöndal minntist á það hér áðan að Byggðasjóði hefðu verið markaðar tekjur þegar samþykkt voru lögin og samningur gerður um álverið í Straumsvík. Ekki ætla ég að hafa á móti því að eitthvert fé hefur á liðnum árum verið fært til baka frá því fyrirtæki til landsbyggðarinnar. Allt er það góðra gjalda vert. En hvernig ætli dæmið liti út ef reikningar væru upp gerðir og tekið tillit til þess skatts sem landsbyggðin öll — og reyndar landið allt — hefur greitt því erlenda fyrirtæki sem hv. þm. vitnaði þarna til, þá m. a. með sérstakri meðgjöf og greiðslum með raforku sem fyrirtækið hefur fengið skv. samningum á liðinni tíð

Byggðasjóður hefði eflaust getað orðið að meira liði á undanförnum árum ef haldið hefði verið með öðrum hætti á margri þeirri starfsemi sem varðar byggðamálin, þ. á m. í stjórnkerfi landsins varðandi áætlanagerð og hvernig áætlunum er framfylgt. Ég tel mig geta talað um það af nokkurri reynslu að tengsl Framkvæmdastofnunar ríkisins, þar á meðal byggðadeildar, við stjórnvöld í landinu hafa á liðinni tíð verið mjög ófullnægjandi. Ég tel að það hafi verið mistök að setja þessa stofnun undir forsrn. á sínum tíma og ég tel að það sé mjög varhugavert, svo ekki sé meira sagt, eins og hér er lagt til, að halda þeirri skipan áfram. Forsrn. hefur ekki verið þannig upp byggt að það ráði yfir mannafla og getu til þess að taka á þeim málum sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið ætlað að sinna og sem Byggðastofnun skv. þessu frv. er ætlað að sinna. Tengslin milli Framkvæmdastofnunar og hinna einstöku fagráðuneyta, þar sem reynir raunverulega á í sambandi við framkvæmd byggðaáætlana og áherslur í byggðamálum, hafa verið allsendis ófullnægjandi.

Ég lagði mig nokkuð fram um það á sinni tíð, þegar ég starfaði sem ráðh., að leita eftir tengslum við Framkvæmdastofnun og byggðadeild hennar og ég tel mig hafa haft gagn af því og það rn. sem ég veitti forstöðu fyrir nokkrum árum. En af hálfu forsrn. hefur á liðinni tíð, og mér er ekki kunnugt um breyttar áherslur í því efni, verið afar takmörkuð viðleitni til að skapa farvegi fyrir það starf sem Framkvæmdastofnun hefur verið að sinna og er ætlað að sinna í formi Byggðastofnunar að því er byggðamálin varðar skv. þessu frv. Því tel ég að það horfi verulega til bóta sú brtt. sem hv. þm. Svavar Gestsson flytur um það að fela verkefni Byggðastofnunar öðru rn. en forsrn., í þessu tilviki félmrn., sem hann hefur gert tillögu um að Byggðastofnunin falli undir.

Áður en ég hverf frá að ræða sérstaklega málefni Byggðastofnunar, byggðadeildar á liðinni tíð, þá er rétt að gefa því gaum hvernig meðferðin hefur verið á þeim sjóði sem undir stjórn Framkvæmdastofnunar hefur heyrt og nú á að leggja undir stjórn Byggðastofnunar, þ. e. málefni Byggðasjóðs.

Það liggur fyrir, ef litið er á þróun mála hvað þetta varðar á undanförnum árum og tekið dæmi t. d. af árinu 1982, að þá nam ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á verðlagi síðasta árs rúmum 600 millj. kr. Síðan hefur þetta ráðstöfunarfé sjóðsins rýrnað til stórra muna og nemur skv. áætlun byggðadeildar Framkvæmdastofnunar aðeins 276 millj. kr. á yfirstandandi ári. Og nú gerist það í fyrsta sinn síðan 1972 að gert er ráð fyrir að eigið fé Byggðasjóðs verði neikvætt, staðan hjá sjóðnum verði neikvæð, svo nemur 14 millj. skv. þeirri áætlun sem ég hef séð varðandi hag og stöðu sjóðsins.

Beint framlag úr ríkissjóði hefur farið lækkandi stig af stigi á undanförnum árum reiknað á föstu verðlagi. Á árinu 1982 nam það 108 millj. kr., en það hefur nærri því verið helmingað á þeim tíma sem síðan er liðinn og skv. áætlun 1985 er gert ráð fyrir að það verði aðeins 62 millj. kr. Þannig er haldið á málefnum Byggðasjóðs af núv. ríkisstj. á sama tíma og aðrir þættir stjórnarstefnunnar eru stórkostlega veikjandi fyrir stöðu landsbyggðarinnar og hafa orðið þess valdandi að fólk leitar í síauknum mæli til aðalþéttbýlissvæðis landsins hér við Faxaflóa.

Ég ætla þá að víkja aðeins að því sem ég tel vera meginatriði í sambandi við þróun byggðamála hér í landinu. Það er að sjálfsögðu það að þeir sem með stjórn fara sjái til þess að finna fjármagninu í landinu farvegi þannig að líklegt sé að við getum byggt landið allt til frambúðar, að sú starfsemi sem er til staðar eða þarf að koma fótum undir úti um landið hafi þróunar- og vaxtarmöguleika. Hvernig hefur þessu verið háttað í tíð núv. ríkisstj. Um það mætti nefna mörg dæmi og margar tölur. Ég vil hér aðeins rifja upp það sem snýr að sjávarútveginum á undanförnum tveimur árum.

Varðandi málefni hans liggur fyrir að þar hefur farið fram stórfelldasta eignaupptaka sem um getur í sögu lýðveldisins vegna þeirra rekstraraðstæðna sem þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna hafa verið búnar. Skv. tölum frá Seðlabanka Íslands liggur það fyrir að eigið fé fyrirtækja í sjávarútvegi hefur rýrnað sem nemur 6 milljörðum kr. á aðeins tveimur árum. Og þessi þróun er enn í fullum gangi. 6 þús. millj. kr. hafa verið teknar frá fyrirtækjum í sjávarútvegi sem að miklum meiri hluta eru staðsett úti um landið og eru burðarás þéttbýlissvæðanna við sjávarsíðuna. Þessir fjármunir hafa verið fluttir til í þjóðfélaginu og birtast okkur nú m. a. hér í höfuðstað landsins í þeim gífurlegu umsvifum sem milliliðir og þjónustuaðilar hafa hér í krafti þess gróða og þeirrar aðstöðu sem núverandi stjórnarstefna hefur fært þeim í hendur. Byggingarsvæðin sem eru að þjóta upp hér í Reykjavík, nýbyggðasvæðin þar sem um er að ræða fjárfestingu í afleiddum greinum verslunar og þjónustu, eru til komin vegna þessarar stjórnarstefnu sem þannig hefur búið að aðal-

atvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum.

Hið sama er raunar á ferðinni varðandi aðra höfuðstoð í atvinnulífi landsmanna og landsbyggðarinnar, landbúnaðinn. Það er svipuð þróun í gangi þó að við höfum ekki tölu handa á milli til þess að færa henni stað með jafnglöggum hætti og í sjávarútveginum. En þar hefur það m. a. verið að gerast á þessum árum að vinnslustöðvar í landbúnaði hafa verið fluttar frá aðalframleiðslusvæðunum til Reykjavíkur, eins og gerist með stórbyggingu Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík svo dæmi sé tekið.

Þetta er byggðastefnan í reynd. Þetta er sú andbyggðastefna sem núv. ríkisstj. hefur fylgt. Og við hljótum að spyrja um það hér á Alþingi þegar þessi mál eru til umræðu: Eru nokkrar líkur til þess að frv. eins og það sem hér liggur fyrir breyti þessum aðstæðum, breyti þessum forsendum Svarið er því miður nei. Það er ekkert sem fram hefur komið í stefnu eða störfum ríkisstj. nú t. d. af tilefni þess að kjörtímabil hennar er hálfnað og hún hefur nýlega haldið upp á tveggja ára afmæli sitt, sem veiti okkur von um að hér verði breyting á.

Í því frv. sem hér liggur fyrir hefðu þurft að koma fram áherslur sem snéru þessari þróun við og þar hefði átt að taka stefnumarkandi á þeim atriðum sem ekki síst skipta sköpum til lengri tíma litið í sambandi við byggðaþróun í landinu, þ. e. vöxt og viðgang þjónustustarfseminnar í landinu og dreifingu þjónustustarfsemi, hvort sem um er að ræða hina opinberu starfsemi eða starfsemi á vegum einkaaðila.

Í grg. frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem ég hef fengið aðgang að fyrir nokkru, er einmitt vikið að þessum atriðum með mjög skilmerkilegum hætti. Þar er það dregið fram á grundvelli reynslu liðinna ára að fjölgun starfa í frumvinnslugreinum skipti ekki sköpum fyrir þróun byggðar í landinu, heldur er það þjónustustarfsemin. Það liggur þannig fyrir að fyrir hvert eitt nýtt starf í frumvinnslugreinum sem myndast á landsbyggðinni koma níu störf í þjónustustörfum á höfuðborgarsvæðinu — heil níu störf í þjónustustörfum á þessu svæði. Það er á þessu sviði sem vaxtarbroddurinn er í nýjum störfum og á það bæði við um þjónustu á vegum hins opinbera og á vegum einkaaðila. Hér fylgjum við í rauninni svipuðu mynstri og vel þekkt er frá nágrannalöndum okkar í þessum efnum, en ég þori að fullyrða að hvergi, þó að víða sé þar öfugþróun í gangi í byggðamálum, hefur stefnt í slíkt óefni og hérlendis í þessum efnum, enda ekki tilburðir uppi af hálfu núv. ríkisstj. til þess að fá þarna breytingu á.

Ég held að fátt væri mikilvægara í sambandi við byggðamálin og þau atriði sem ríkisvaldið getur haft bein áhrif á en að reyna að tryggja að störf í þjónustugreinum komi fyrst og fremst til á næstunni út um byggðir landsins, að staðið verði að því með skipulegum hætti að dreifa hinni opinberu stjórnsýslu með samvinnu ríkis og sveitarfélaga eða nýs stjórnsýslustigs sem rætt er um að koma upp og margir telja að geti styrkt stöðu landsbyggðarinnar ef til kæmi. Ég held að það megi ekki dragast að slík stefna um dreifingu þjónustustarfseminnar verði mörkuð samhliða því sem frumvinnslugreinunum, undirstöðuatvinnugreinum í landinu verði sköpuð viðunandi rekstrarskilyrði. Það eru í reynd lyklarnir að því að fá hér fram breyttar áherslur í byggðamálum. Það eru þeir lyklar sem máli skipta en sem hvergi er að finna í því frv. sem hér liggur fyrir til umr.

Það hefur verið rætt við þessa umr. nokkuð um þýðingu þess að fá fram breyttar áherslur í sambandi við stöðu landsbyggðarinnar að því er varðar sveitarfélög, samtök sveitarfélaga eða nýtt stjórnsýslustig. Ég er einn af þeim sem taka undir það að við eigum að reyna nýjar leiðir í sambandi við uppbyggingu stjórnsýslunnar í landinu til þess að auka vægi landsbyggðarinnar. En ég vara við því að menn bindi of miklar vonir við slíka breytingu eina saman. Hún getur, ef vel tekst til, skipt miklu, en þó því aðeins að jafnhliða verði tekið á þeim þáttum með allt öðrum hætti sem ég hef gert hér að umtalsefni og mestu varða í sambandi við viðgang byggðarlaganna um land allt. Ég held að eitt af því sem má segja að tengist þessu og sem varðar efni þessa frv. sé spurningin um hverjir fara með það fjármagn sem ráðstafað er sérstaklega til byggðamála. Og ég held að einn þátturinn sem tengist þeim hugmyndum um valddreifingu, sem ég mæli með og hef raunar flutt um sérstaka þáltill. ásamt Steingrími J. Sigfússyni í Sþ., ætti að vera sá að það fjármagn sem hið opinbera ver til byggðamála verði til ráðstöfunar úti í landshlutunum sjálfum á vegum héraðsstjórna sem komið yrði upp með lýðræðislegum hætti. Ég held að slík valddreifing í málefnum landsbyggðarinnar sé mjög þýðingarmikil og það sé eitt af stóru verkefnunum í byggðamálum, sem landsbyggðarmenn alveg sérstaklega hljóti að gefa gaum, að knýja fram breytingu frá því miðstýrða kerfi stjórnsýslu og ráðstöfunar á fjármagni sem við búum hér við og öðru fremur hefur orðið þess valdandi að færa fjármagnið og á eftir því fólkið að meiri hluta til yfir á eitt landshorn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða þessi stóru mál hér frekar. Ég geri ráð fyrir að það verði tilefni til þess að fjalla um þau m. a. í tengslum við þá till. sem ég nefndi hér áðan og ég hef flutt með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Þetta frv., sem hér er til umr., skiptir því miður ekki sköpum. Í það vantar flest það sem við á að éta til þess að löggjafinn marki nýjar leiðir í byggðamálum, leiðir sem séu líklegar til þess að snúa við þeirri öfugþróun sem nú er í fullum gangi.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þessar umr. Það er þá fyrst að ég tel eðlilegra að vista Byggðastofnun undir forræði forsrh. en félmrh. Þessi stofnun þarf að þjóna ríkisstj. í heild eða hafa samstarf við mörg ráðuneyti og er eðlilegt að hún sé vistuð hjá forsrn.

Ég tel það fjarri lagi og vil bera það til baka að þessi skipulagsbreyting, sem hér er verið að gera, brjóti í bága við byggðastefnu. Byggðastefnunni er að mínum dómi betur borgið með öflugri byggðastofnun en með núverandi fyrirkomulagi. Framkvæmdastofnun og byggðadeild Framkvæmdastofnunar hafa margt vel gert á undanförnum árum, en starfsemi þeirra hefur ekki verið fullkomin og ég held að hér sé farið inn á rétta leið og þessi skipulagsbreyting verði einmitt til þess að efla byggðastefnu í landinu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að benda á 3. gr. frv. sem hljóðar þannig:

„Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu.

Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m. a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Hér hefur komið fram gagnrýni á það að landshlutasamtökunum sé ekki nægilega sinnt í þessu frv. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að fyrirsvarsmenn landshlutasamtaka mættu á fundi nefndarinnar og settu þar fram sínar óskir, en ég bendi á 9. gr. frv. sem einmitt gerir ráð fyrir því að við landshlutasamtökin geti verið um samstarf að ræða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin getur jafnframt fjallað um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar, svo sem sveitarstjórnir eða landshlutasamtök, hafa gert og lagt fyrir hana til samþykktar. Heimilt er stjórninni að ákveða að stofnunin skuli taka þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð."

Þetta tel ég að tryggi fullkomlega að samstarf verði haft um skynsamleg verkefni við landshlutasamtökin og sé ekki að það þurfi að negla það betur niður. Ef menn eru hins vegar að líta til þess, sem viðgengist hefur undanfarið, að Byggðasjóður hefur greitt fjárframlög til almennrar starfsemi landshlutasamtakanna, þá tel ég að þeim sé betur fyrir komið á fjárlögum og þá metin þar hverju sinni.

Ég vil taka það fram að ég er mjög andvígur brtt. hv. þm. Halldórs Blöndals og Svavars Gestssonar um staðsetningu þessarar stofnunar á Akureyri. Að sjálfsögðu er það stjórnar stofnunarinnar að ákveða hvar hún er vistuð. Ég bendi á að henni er ætluð fasteign hér í Reykjavík. Og að ýmsu leyti tel ég hana heppilegar þar staðsetta til þess að þjóna landinu en á Akureyri. En ef væntanleg stjórn stofnunarinnar kæmist að annarri niðurstöðu er það alveg í valdi hennar að vista Byggðastofnun einhvers staðar annars staðar.

Ég tel hótanir hv. þm. Svavars Gestssonar ósmekklegar og þær hafa ekki áhrif á mig þó hann muni hér fara að stunda einhverja auglýsingastarfsemi í sambandi við það hvernig menn greiða atkv. um þessa brtt. Það kann að vera að þetta hafi eitthvað virkað á hv. þm. Halldór Blöndal, en það virkar ekki á mig.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það hefur komið í ljós að ýmsir eru sömu skoðunar og ég lýsti áðan að umræður um innviði þessa tiltekna frv. væru víðs fjarri kjarna málsins. Þá á ég við að þetta frv. fjallar alls ekki um kjarna málsins, um byggð í landinu, heldur fjallar það um innanhússarkitektúr á Rauðarárstíg 25. Mér finnst furðu sæta að menn skuli hreinlega vera svo blindu slegnir, eins og straumarnir liggja allt í kring í þessu samfélagi, að þeir komi ekki auga á að leikur að gullum á Rauðarárstíg í Byggðastofnun er alls ekki kjarni málsins. Svo að ég endurtaki það sem ég sagði áðan: Það er fólk svo þúsundum skiptir að skipa sér í sveitir út um allt land og það skrifar upp á hver einasti maður í heilum hreppum, heilum héruðum. Og þetta fólk segir: Við viljum fá völd. Við viljum ekki kjósa einhverja héraðshöfðingja á fjögurra ára fresti sem ríða gandreið suður til Reykjavíkur og stjórna svo öllu þaðan. Og þetta eru ekki bara íslensk sjónarmið. Þetta er að gerast allt í kringum okkur, á öllum Vesturlöndum hvert sem við lítum. Hvort sem það er Bretland og Bandaríkin eða Evrópulönd önnur en Bretland, þá er hið stóra pólitíska viðfangsefni samtímans þetta: Hvernig gerum við fólki kleift að ná völdum.

Stjórnkerfið sem við búum við núna ber merki þess hvernig til þess var stofnað. Það var sett upp á þeim tímum þegar það gat tekið vikur eða jafnvel mánuði að koma mönnum til þings. Þeir voru þá alls ófærir eða illa færir um að hafa náið samband við umbjóðendur sína vegna samgönguleysis og sambandsleysis ýmiss konar. Við sjáum þessi gömlu merki á ýmsan hátt í stjórnarfari okkar. En nú er öðruvísi komið. Þekking, sérþekking, upplýsingar, fagkunnátta, er til út um allt og fólk hefur alla burði til að ráða málum sínum sjálft í miklu meira mæli en menn fyrr á tímum. Þessar eru breytingarnar. Þetta er ekki bara að gerast á Íslandi. Það er að gerast hvar sem er. Athugun sem gerð var fyrir nokkrum misserum í Bandaríkjunum sýndi að stöðugt færri ákvarðanir sem varða miklu fyrir líf fólks eru teknar í Washington. Stöðugt fleiri ákvarðanir færast frá Washington heim í fylki, til fylkisstjórna eða frá fylkisstjórnum og til sveitarstjórna og jafnvel frá sveitarstjórnum og til hverfastjórna eða svæðastjórna. Fólk er farið að taka miklu meiri þátt í allri umfjöllun um sitt umhverfi. Það ákveður t. d. hvort það vill þetta árið sjá um sorphreinsunina sjálft. Okkur finnst það kannske skrýtið. En þetta er samt svo. Menn ákveða e. t. v. þetta árið að þeir vilji taka það á sig að sjá um sorphreinsunina. Þá taka þeir afleiðingunum af því og borga skatta skv. því.

Þessi orð eru mælt hér af þeirri sannfæringu að þetta verði hið pólitíska viðfangsefni næstu tveggja til þriggja ára á Íslandi. Það er eins gott að menn búi sig undir það. Fólk mun nefnilega koma og berja virkisveggina að utan og krefjast valda sinna.

Ýmsir ræðumenn ítrekuðu þau sjónarmið að vandamál byggðar á Íslandi eru ekki skipulagsmál inni á byggðakontórum, heldur skipulagsmál stjórnkerfisins. Það hefur komið fram að til þess eru vilji og möguleikar að umfjöllun um stóra hluti og smáa færist meir heim í héruð en nú er og fólkið fer herför um landið og gerir til þess kröfur. Á það verða menn að horfa.

Mig langar að gera að umtalsefni umræðuna um staðsetningu Byggðastofnunar. Hvort hún er á Rauðarárstíg eða á Helgamagrastræti á Akureyri er aukaatriði. Það er snefilsmunur. Ég held að starfsfólk Byggðastofnunar sem væri á Akureyri væri e. t. v. opnara fyrir ýmsum vandamálum og fyrir þeim kröfum sem fólk úti á landi gerir. Ég held að ef höfundar þessa frv. hefðu dvalið við samningu þess á Akureyri — þá á ég við á síðustu misserum — hefði útkoman orðið öðruvísi. Það er sem sagt snefilsmunur. Það væri líklega skömminni skárra að þessi stofnun yrði á Akureyri. En aðalatriðið er að stofnun af þessu tagi á hvergi að vera. Ég hef rætt það við hv. þm. Stefán Guðmundsson að við gætum slegið margar flugur í einu höggi með því að byggja þessa stofnun í Kolbeinsey. Þá gengi fram sú hugsun þm. að styrkja þennan grunnlínupunkt íslenskrar landhelgi. Við kæmum þessari stofnun um leið þangað sem hún gerði minnst ógagn. Þannig gætu byggðamál í landinu haldið áfram að þróast fyrir frumkvæði fólksins en ekki byggðakontórista.

En mergurinn málsins er að sá hugsunarháttur sem

gerir ráð fyrir því að framfarir í byggðamálum komi út frá einum stað, hvort sem það er í Reykjavík eða Akureyri, er rangur. Þetta er hugsunarháttur hinna gömlu stjórnarhátta sem gera ráð fyrir og gera kröfu til þess að hafa vit fyrir fólki, sem gera ráð fyrir að fólk hafi ekki upplýsingar, hafi ekki kunnáttu og jafnvel ekki vilja til þess að hafa vit fyrir sér. Það sem skiptir fyrst og fremst máli er að menn fari að sjá þetta frá hinu sjónarhorninu, þ. e. að þeir fari að horfa á þessi mál af landsbyggðinni sjálfri. Þó að hv. þm. Halldór Blöndal kysi að fara lítilsvirðandi orðum um hugmyndir um þróunarstofur landshlutanna staðhæfi ég að sá hugsunarháttur sem býr að baki þeirri till., að leggja áherslu á frumkvæði heimamanna, er það sem koma skal í þessum efnum og það er hinn nýi tími. Það er hryggilegt ef þm. er svo blindu sleginn í þessum efnum að hann ætlar að missa sjónar á því.

Varðandi staðsetninguna á Akureyri langar mig að geta þess að ég var þar á fundi nýlega og var að ræða þetta mál. Það var Dalvíkingur á fundinum. Dalvíkingurinn sagði: Akureyringarnir verða ekkert betri en Reykvíkingarnir. — Ég held því að staðsetning einnar stórrar stofnunar skipti ekki máli. Það sem skiptir höfuðmáli er, hvort við skipuleggjum þessi mál með eina stóra stofnun í huga eða segjum: Eflum frumkvæði heimamannanna. Látum þá setja upp stofur eða stofnanir. Við skulum líða þeim að taka völdin í þessum efnum og stofna sínar stofur eða stofnanir. Síðan fylgjast menn með hvað gerist á heimavelli, hjá fólkinu sjálfu.

Það er eitt sem mér finnst afar lýsandi fyrir hugsunarhátt stofnanaveldisins í þessum efnum, þ. e. að oftar en ekki heyri ég talað um að nauðsynlegt sé að vernda byggð, verja byggð eða varðveita byggð og varðveita atvinnulíf og atvinnuhætti fremur en að þróa byggð og aðlaga byggð að nýjum tímum. Það er þessi byggðasafnshugsunarháttur sem kann ekki góðri lukku að stýra í atvinnumálum og atvinnuháttum. Það getur ekki verið stefna stjórnvalda að gera atvinnulíf í landinu að einhverju allsherjar þjóðdansafélagi til þess að geta síðan horft á menn í kúskinnsskóm og vaðmálsbuxum stunda gömlu siðina. Við þurfum ekki að verja eða varðveita. Við þurfum að gera fólki og fyrirtækjum kleift að aðlaga sig og þróast og þá er engin hætta á því að við verðum umheiminum Árbæjarsafn í atvinnumálum og atvinnuháttum.

Ég vildi rekja hérna nokkur dæmi um það sem mér finnst einkenna miðstýringarhugsunarháttinn og þá stjórnarháttu sem munu verða frá Byggðastofnun hvort sem hún er í Reykjavík eða á Akureyri.

Það sem er það versta er að þessi hugsunarháttur neitar heimafólki, neitar þeim sem best þekkja til um aðild og frumkvæði. Sé stjórnað á þennan hátt er fólki neitað um réttmætt vald yfir eigin högum.

Það sem einkennir svona stjórnunarhugsunarhátt líka er fjarlægðin og hið þunga skrifræði sem er svo einkennandi fyrir þetta allt saman. Við þekkjum dæmin um hvernig menn hafa viljað haga þessum hlutum. Við þekkjum Rafmagnsveitur ríkisins, við þekkjum Skógrækt ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins svo að örfá dæmi séu nefnd. Okkur er tamt að hugsa sem svo að ómögulegt sé að haga starfsemi þessara stofnana á annan hátt en þann að rekinn sé gífurlega stór höfuðkontór og þar séu ráðin ráð fólks og fénaðar út um allt landið. Við sjáum þennan hugsunarhátt birtast í annars konar starfsemi, eins og t. d. bankastarfsemi og fjármálastarfsemi. Allri bankastarfsemi í landinu er stýrt frá örfáum kontórum og er það jafnslæmt hvort sem það er á Akureyri eða í Reykjavík. Við værum engu bættari með allt þetta kerfi þó það væri á Akureyri. Gallinn er að við skulum hafa þetta þunga miðstjórnarkerfi. Það þarf að laga. Allar fjármálaákvarðanir sem máli skipta eru teknar í aðalstöðvunum sjálfum. Þessum hugsunarhætti þarf að bylta.

Annað sem gerist við þennan hugsunarhátt miðstýringarinnar er að ríkisstj. og stofnanir hennar kaffæra sig í alls kyns smáverkefnum, verkefnum sem ætti að leysa á heimavelli þar sem menn hafa til þess vit og standa nálægt verkefnunum. Þessi verkefni eru stjórnkerfisins vegna komin í pósthólf þm. eða embættismanna og þvælast þar fram og til baka. Og þá gerist ýmislegt.

Í fyrsta lagi fara menn að taka ákvarðanir um þessi smáu verkefni staddir fjarri vettvangi og það leiðir til þess að ákvarðanirnar hljóta að verða verri.

Í öðru lagi leiðir þetta smáverkefnakraðak til þess að menn hafa ekki tíma til að sinna þeim verkefnum sem alþm. og embættismenn stjórnarráðs fyrir sunnan eiga að sinna. Það er hin almenna stefnumörkun fyrir þjóðina í heild. Það er það sem vantar e. t. v. mest í okkar samfélagi að við leggjum línur, horfum til framtíðar.

Eitt besta dæmið um þetta er t. d. húsnæðismál. Hvað erum við lengi búin að vera að vesenast í skammtímalausnum í húsnæðismálum, redda fólki fyrir horn, kannske nokkra mánuði Aldrei fyrr en rétt á síðustu vikum hafa menn hugað að því að kannske sé eitthvað bogið við það að Íslendingar einir allra þjóða á Vesturlöndum skuli enn þá búa við ómannúðlega húsnæðisstefnu. Hvers vegna hefur íslenskum stjórnvöldum ekki tekist að leysa húsnæðismál eins og gert hefur verið alls staðar annars staðar á vestrænu byggðu bóli Kannske er það vegna þess að þeir hafa verið svo önnum kafnir við að bjarga smámálunum, hinum einstöku verkefnum. Þau geta verið brýn. Ég efast ekki um að forsrh. finnur það á sér brenna þegar til hans er hringt út af erfiðleikum í húsnæðismálum, eins og hann hefur margsinnis lýst opinberlega, og hann bregður við af sínu góða hjarta, hringir í bankastjóra og útvegar lán. Bankastjórinn segir honum um leið að þessa séu mörg fleiri dæmi. Þetta er svo sem ágætt. En væri ekki tíma, orku og viti ráðh. betur til þess varið að reyna að marka heildarstefnu, framtíðarstefnu til þess að það fækkaði þó smáverkefnunum, fækkaði neyðartilvikunum sem menn eru sífellt neyddir til þess að leysa

E. t. v. er þó verst við þessar miðstjórnartilhneigingar að þær drepa fjölbreytileika, frumkvæði og nýjungastarfsemi, tilraunastarfsemi sem er nauðsynleg í öllu atvinnulífi. Þetta er reyndin, ekki bara á Íslandi heldur höfum við um þetta dæmi frá öllum vestrænum löndum. Þetta er hryggilegt og það verðum við að forðast og fram hjá því verðum við að komast.

Þetta voru örfá dæmi um hvernig miðstjórnartilhneigingarnar eru fólki til trafala og leiða beinlínis til neyðar frekar en bjargar.

Ef við lítum í heild á íslenska samfélagið má kannske segja að mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála nú sé að brjóta upp áratuga gamalt stjórnkerfi miðstýringar og hagsmunavörslu. Þá er ég ekki að tala um

byggðastefnu einungis. Ég er að tala um stjórnarhætti í heild. Við verðum að finna skýringar á því að þrátt fyrir einhverja mestu verðmætasköpun á öllum Vesturlöndum eru Íslendingar einna lægstir þegar að því kemur að skrá kaupmátt venjulegra launa. Við verðum að fá svar við þeirri spurningu: Hvað gerist frá því að þjóðin bakar sína margrómuðu þjóðarköku og þangað til hver og einn fær sneiðina sína? Skýringanna er að leita í ónýtu stjórnkerfi og ónýtum stjórnarháttum. Um þetta höfum við dæmin á hverjum einasta degi. Þessir stjórnarhættir virðast beinlínis eyðileggja og sóa afrakstri af vinnu landsmanna. Það er þess vegna sem þjóðarkakan verður svo undarlega lítil til skiptanna þó að hún sé svo stór þegar hún er bökuð. Skýringanna á þessu er að leita, eins og ég segi, í úreltum stjórnarháttum. Þessu stjórnarfari verðum við að breyta. Við þekkjum einkennin. Við könnumst við tilhneiginguna til að stjórna stóru og smáu með einni ákvörðun. Við þekkjum heildarkjarasamningana. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Það er komið yfir þingfundatíma.) Ég á talsvert eftir, því miður. (**Forseti:** Þá verðum við líklega að fresta núna og láta þessu lokið hér í dag.) Já.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 91. fundur.

Þriðjudaginn 4. júní, kl. 2 miðdegis.

Beinar greiðslur til bænda, fsp. 220. mál (þskj. 264). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er nú á dagskrá, á sér alllangan aðdraganda. Svo er mál með vexti að þegar á þinginu 1976 flutti ég till. til þál. um að bændur fengju í hendur þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir í greiðslu afurða- og rekstrarlána. Þessi till. fékk þá ekki afgreiðslu og var síðan flutt ár eftir ár og loks var hún samþykkt árið 1979 með miklum meiri hluta hér á hinu háa Alþingi. En till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir um leið og lánin eru veitt.

Jafnframt láti ríkisstj. fara fram athugun á því hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna þannig að þær nýtist betur."

Á fimm ára afmæli þessarar ályktunar í fyrra, í maímánuði, 22. maí, sendi hæstv. viðskrh. bréf þar sem ítrekað var að bankarnir skyldu sjá um framkvæmd þessarar ályktunar. Bréfið hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Viðskrh. vill með bréfi þessu vekja athygli Seðlabanka Íslands á eftirfarandi ályktun Alþingis frá 22. maí 1979."

Síðan kemur ályktunin og þá segir:

„Framkvæmdavaldinu ber að sjálfsögðu að fara að ákvörðun hins háa Alþingis. Fyrir því er Seðlabanki Íslands beðinn um það hið allra fyrsta að senda rn. tillögur um framkvæmd ályktunarinnar."

Í tilefni af þessu bréfi leyfði ég mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. og landbrh. snemma á þessu þingi og varð samkomulag um að hæstv. viðskrh. svaraði fyrir því að það var eðlilegt, og það gerði hann fyrir skömmu. Þá var sem sagt beint til hans fsp. um hvað liði þessari framkvæmd. Það mun hafa verið fyrir um það bil mánuði sem hann svaraði þeirri spurningu. En nú spyr ég hæstv. landbrh. um þetta sama mál því að það heyrir undir tvo ráðh., annars vegar bankamálaráðh. og hins vegar landbrh. Fsp. eru á þessa leið: „1. Hvernig hafa bændur tekið því nýmæli að fá nú beint í hendur rekstrar- og afurðalán sín „um leið og lánin eru veitt" í samræmi við fyrirmæli Alþingis í þál. 22. maí 1979 og bréf viðskrn. á fimm ára afmæli hennar 22. maí s. l.? Hafa bændasamtök látið í ljós álit sitt á þessu nýmæli?"

Ég gekk að sjálfsögðu út frá því sem vísu, þegar þessar fsp. voru fluttar að bankarnir hefðu farið að fyrirmælum viðskrh. og þetta væri allt komið í kring. Það hefur ekki reynst það enn þá, en mörg teikn eru nú á lofti um að bændur ætli ekki lengur að láta bjóða sér að þeir fái ekki í hendur þá fjármuni sem þeim ber, heldur sé valsað með þá meira og minna í afurðasölu- og verslunarfyrirtækjum, eins og öllum hv. þm. er kunnugt um að gert hefur verið í áratugi. Af því stafar fyrst og fremst sá mikli vandi sem landbúnaðurinn á nú við að etja.

Og í öðru lagi spyr ég nú: „Hafa nokkur brögð verið að því að afurðasölufélög reyndu að sniðganga fyrirmæli Alþingis eða einstakir bankar hliðrað sér hjá að sjá til þess að fyrirskipunum viðskrn. væri hlýtt?"

Raunar liggur nú fyrir í hv. fjh.- og viðskn. Ed. þál. um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda. Í þeim viðræðum sem þar hafa farið fram við forustumenn í bændasamtökum t. d. hefur komið í ljós að bændur fá ekki enn rétt skil frá afurðasölufyrirtækjunum, en vonandi stendur það til bóta með þeirri nýskipun landbúnaðarmálanna sem nú er rædd og verður væntanlega lögfest hér, vonandi í næstu viku, því að þá verða þar mikil umskipti á, og ætti að mega vænta þess að bændur fengju héðan í frá sína fjármuni í hendur, en ekki einhverjir allt aðrir menn eða einhver önnur samtök.

Það bera þessu líka vitni þau sérgreinasamtök sem nú er verið að stofna. Við heyrum nærri því daglega fréttir af að bændur eru að mynda samtök til að gæta réttar síns og hagsmuna og er ekki nema gott eitt um það að segja.

Ég skal ekki hafa þessi inngangsorð fleiri. Ég vænti þess að hv. landbrh. geti svarað spurningum mínum.

Eins og ég gerði grein fyrir áðan er þál. frá 22. maí 1979 tvíþætt, annars vegar um afurðalánin sem viðskrh. hefur nokkuð fjallað um. Þó kemur fram í hans svari hér að málið sé nú enn ekki komið fullkomlega í höfn, en ég vík kannske nánar að því hér á eftir. Hins vegar fjallar till. um það að ríkisstj. láti fara fram athugun á því hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna þannig að þær nýtist betur. En í tengslum við umr. um þessi mál öll sömul fyrir mörgum árum voru uppi tillögur um hvernig með það skyldi fara einmitt að þessir fjármunir gengju beint til bændanna, en yrðu ekki greiddir til afurðasölufélaga og verslunarfélaga og hefðu þar kyrr-

stöðu kannske mánuðum og misserum saman í bullandi verðbólgu sem rýrði auðvitað hag landbúnaðarins og yrðu fjármunir bændanna að litlu sem engu, en engin greið svör fengust um það sem kallað var þá og enn þá má kalla ferðasögu fjármunanna. Þeir stöldruðu æðilengi við á ýmsum stöðum án þess að úr þeirri flækju fengist greitt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 264 hefur hv. 4. þm. Norðurl. v. borið fram til mín fsp. og eins og fram kom í máli hans var hún lögð fram samhliða fsp. á þskj. 263 til hæstv. viðskrh. Þeirri fsp. svaraði hæstv. viðskrh. fyrir skömmu. Í svari hans kemur fram að breytingar á framkvæmd á greiðslum rekstrar- og afurðalána beint til bænda í samræmi við þál. Alþingis frá 22. maí 1979, sem hv. fyrirspyrjandi vitnar til, hafi dregist af ýmsum ástæðum sem tilgreindar voru í svari hæstv. viðskrh. Þess vegna er það að svar hæstv. viðskrh. gefur skýringar að mestu leyti við spurningu nr. 1 og 2 í fsp. á þskj. 264. Hef ég þar litlu við að bæta nema í sambandi við 2. liðinn. Ég held að afurðasölufélög hafi reynt að greiða til bænda eins og þau hafa haft bolmagn til. En það kemur þá kannske frekar inn á fyrri spurningu 3. liðar, hvort sláturhús hafi stuðlað að því að bændur fengju fullt grundvallarverð á síðasta hausti. Ég held að sláturhúsin hafi reynt að gera það sem þeim var kleift í þeim sökum.

Á síðasta hausti var greiðslu afurðalána flýtt meir en oftast hafði verið áður þannig að það gerði sláturhúsunum mögulegt að greiða fyrstu greiðslu miklu fyrr en oftast hafði verið áður, aðeins fáum dögum eða viku eftir afhendingu, og vissulega var það framför til bóta. Hins vegar hækkaði heildarupphæð afurðalánanna ekki á s. l. hausti.

Landbrn. hefur ítrekað gert tillögur um að afurðalánin yrðu hækkuð, en það varð því miður ekki á s. l. hausti. En eftir heildarupphæð afurðalánanna fer greiðslugeta sláturhúsanna ásamt því hvað birgðir seljast ört á meðan lánin eru ekki nægjanleg til þess að greiða haustverðið út. Slíkur aðstöðumunur mun hverfa þegar til framkvæmda koma tillögur nefndar þeirrar sem viðskrh. skipaði á síðasta vetri og hann gat um í svari sínu og hefur það hlutverk að endurskoða reglur um veitingu afurðalána svo að uppgjör haustgrundvallarverðs fari fram í síðasta lagi í desembermánuði ár hvert.

Það er nokkur munur á hversu fljótt sláturhúsin hafa greitt upp í haustgrundvallarverðið á liðnum árum. En það fer nokkuð eftir því hversu ör sala er hjá þeim á birgðunum, hvað mikið þau hafa getað losað þannig af fjármagni fyrir áramót. Mismunurinn mun vera á bilinu frá 75% og allt að 100% fyrir áramót, en þá hefur kannske komið aftur fram mismunur í endanlegu uppgjöri. Þannig er ekki víst að þetta gefi algjörlega rétta mynd af því hversu bændur fá mikið fyrir afurðirnar þar sem vaxtareikningur fer fram frá því um miðjan október skv. fyrirmælum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til sláturleyfishafa.

Egill Jónsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að færa fyrirspyrjanda þakkir fyrir að hafa lagt þessa fsp. fram nú sem áður og raunar fyrir baráttu hans fyrir því að í viðskiptum á milli bænda og þeirra sem við þá versla væri tekinn upp viðskiptamáti sem samrýmdist eðlilegum háttum í þeim efnum. Mér er það vel ljóst að miðað við þá skipan mála sem hefur verið valdi hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson þá einu leið sem var fær með því að ekki var ljóst á haustdögum í raun hvað mikð seldist af búvöruframleiðslunni hverju sinni.

Með nýrri skipan þessara mála, sem nú er lagt til að verði upp tekin með þeim breytingum sem gerðar eru á framleiðsluráðslögunum, opnast nýjar og skilvirkari leiðir í þessum efnum eins og þar er lagt til og vonandi verður rætt innan skamms. Mér finnst hins vegar sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu og þá sérstaklega á því starfi og á þeim áhuga sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur sýnt hér framar öllum öðrum þm. Hann hefur rutt þá leið, sem nú er í augsýn, að bændur njóti sams konar kjara og verði umgengnir með sama hætti í viðskiptum og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Það er alveg rétt að það var kannske ekki efni til að þau yrðu öllu ítarlegri. Það er verið að fjalla um öll þessi mál nú og verða þau væntanlega afgreidd í næstu viku, eins og ég sagði hér áðan.

Þegar þessi barátta hófst fyrir því að tryggja bændum þá fjármuni sem þeim bar og þeim ber var kerfið auðvitað margslungið, eins og ég vék aðeins að áðan, og allir hv. þm. þekkja þessa sögu og hvernig um hnútana var búið. Það var þess vegna varla hægt að krefjast á því stigi fullrar staðgreiðslu við innlegg vara í afurðasölufyrirtækin sem er þó eina rétta aðferðin. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að svo skuli vera í framtíðinni. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. hafi rétt fyrir sér þegar hann segir úr þessum ræðustól að með þessu muni því lokið að bændur fái ekki greiðslu fyrir afurðir sínar eins og aðrir menn fá greitt fyrir sína framleiðslu og sín vinnuafköst og þess vegna þurfi ekki oftar að flytja fsp. af því tagi sem hér eru á dagskrá.

Ég skal ekki fara að efna til deilna um þetta mál. Þetta er meira og minna liðin tíð og við bætum okkur ekkert á því að vera að rífast um það sem búið er. En ég kemst þó ekki hjá að þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir þau orð sem hann mælti áðan.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa spunnist hafa farið út í umræður um fleira en fjármuni. Hv. 11. landsk. þm. taldi að bændur væru ekki umgengnir eins og annað fólk og verður dálítið torskilið hvað liggur á bak við þá fullyrðingu. Mér er ekki ljóst hvort hv. fyrirspyrjanda, 4. þm. Norðurl. v., er nokkur greiði gerður með slíkum málflutningi.

Ég vil minna á að í röðum sjálfstæðismanna hafa verið ýmsir mætir bændafulltrúar í gegnum tíðina, en trúlega ber þó hæst af þeim sem á seinni árum skiptu sér af landbúnaðarmálum fyrrverandi landbrh. Ingólf Jónsson á Hellu. Mér er ekki ljóst hvort þær aðdróttanir sem felast í ummælum bæði hv. 11. landsk. þm. og einnig aðdróttanir sem felast í ummælum fyrirspyrjanda, þar sem hann telur að fjármagnið hafi ekki farið til sinna eigenda, eiga beinlínis að kasta rýrð á störf manna sem unnu að þessum málum, eins og hv. fyrrverandi landbrh. Ingólfs Jónssonar.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vona að þau skiljist fullkomlega, hvað sagt hefur verið.

Atvinnumál í Hafnarfirði, fsp. 434. mál (þskj. 723). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef fyrir allnokkru borið fram fsp. sem er á þskj. 723, 434. mál, varðandi atvinnumál í Hafnarfirði og úrbætur í þeim efnum og beint þessari fsp. til hæstv. forsrh.

Vafalaust er þm. kunnugt um að atvinnuleysi í Hafnarfirði hefur verið mjög tilfinnanlegt á undanförnum misserum og það svo mjög að tala atvinnuleysisdaga í Hafnarfirði frá síðasta ári og fram eftir þessu ári var 50% meiri en landsmeðaltal. Sjálfsagt er hv. þm. líka kunnugt um að í marsmánuði voru 155 skráðir atvinnulausir í Hafnarfirði á sama tíma og 170 voru skráðir atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu. Þetta svarar til þess að atvinnuleysi í Hafnarfirði hafi verið átta til tíu sinnum meira en hér í Reykjavík. Þetta er vitaskuld gjörsamlega óviðunandi. Sem betur fer hefur nokkuð ræst úr í þessum efnum seinustu mánuðina tvo, en allt stendur það völtum fótum og viðbúið að atvinnuleysi geti aukist mjög aftur.

Ég held að það fari ekki milli mála að þetta atvinnuleysi megi fyrst og fremst rekja til þess að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar var meira og minna lokuð á síðasta ári og algjörlega það sem af er þessu ári vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika, a. m. k. að miklu leyti. Nú var það og er kannske enn áform bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að endurreisa það fyrirtæki og vitaskuld er það brýnt miðað við atvinnuástandið almennt í Firðinum og ekki síst með tilliti til þess að það má nánast segja að nú sé einungis eitt atvinnufyrirtæki eftir í Hafnarfirði sem starfar í fiskvinnslu.

Af þessu tilefni og m. a. vegna þess að verkalýðsfélögin í bænum sendu ríkisstj. erindi rétt fyrir miðjan apríl þar sem þessi mál voru reifuð og því beint til ríkisstj. að hún tæki atvinnuástandið í Hafnarfirði til meðferðar, þá hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. sem ég vitnaði til hér áðan, en hún er á þessa leið:

Í fyrsta lagi er spurt: Hefur ríkisstj. tekið til umfjöllunar hið alvarlega atvinnuleysi í Hafnarfirði, sbr. síðustu atvinnuleysistölur í bænum (þ. e. tölurnar í marsmánuði enda er þessi fsp. lögð fram upp úr miðjum apríl) og nýlega ályktun verkalýðsfélaganna þar sem áskorun er beint til ríkisstj. um úrbætur?

Í öðru lagi er spurt: Hafa ríkisstj. eða einstökum ráðh. borist einhverjar málaleitanir frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar varðandi aðgerðir til að bæta atvinnuástand þar og þá einkanlega varðandi stöðu og rekstur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar?

Í þriðja lagi er spurt: Hefur ríkisstj. einhver áform á prjónunum til úrbóta í atvinnumálum í Hafnarfirði?

Þótt aðstæður hafa að ýmsu leyti breyst frá því að fsp. var lögð fram tel ég fyllstu ástæðu til að fá svör við þessum fsp. Ég hefði þá gjarnan óskað þess, þegar hæstv. forsrh. svarar 2. lið fsp., að hann gerði grein fyrir því hvaða málaleitanir hafi borist frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hver viðbrögð ríkisstj. hafi verið við þeim málaleitunum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hefur mikið breyst frá því að þessi fsp. var lögð fram og reyndar allmikið síðan hann var reiðubúinn að reifa hana hér og ég reiðubúinn að svara. Ýmislegt hefur tafið þetta mál.

Það er ákaflega eðlilegt að hv. þm. Reykn. hafi áhyggjur af því ástandi sem hefur skapast. Í fljótu bragði vil ég segja að ríkisstj. hefur fjallað um atvinnuleysi í Hafnarfirði og ég fékk að sjálfsögðu í hendur ályktun verkalýðsfélaganna og sömuleiðis skömmu síðar ályktun fulltrúa verkalýðsfélaganna. Hún er dags. 10. apríl og fékk ég hana mjög fljótlega eftir það. Sömuleiðis fékk ég svar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar sem dagsett er 18. apríl.

Ég átti sérstakan fund með fulltrúum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar fáeinum dögum eftir að ég fékk þetta bréf dagsett 18. apríl. Svar eða rökstuðning fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna dagsett 3. maí fékk ég einnig. Og reyndar í millitíðinni fékk ég bréflega staðfestingu á samtali mínu við fulltrúa bæjarstjórnarinnar, og er það bréf dagsett 26. apríl, þar sem þessi mál eru öll ítarlega rakin. Það yrði allt of langt mál að fara yfir þetta allt saman, en ég skal þó reyna að drepa á fáein meginatriði.

Eins og fram kemur í þessu hefur ríkisstj. haft til umfjöllunar atvinnumál í Hafnarfirði og sérstaklega hafa þau verið á mínu borði. Auk þess hefur sú deild við félmrn. sem um þessi mál fjallar fylgst vandlega með þeim og ég hef fengið upplýsingar frá þeirri stofnun.

Við annarri spurningu er einnig játandi svar. Það hafa málaumleitanir komið til okkar í formi þeirra ályktana sem ég hef nefnt.

Við þriðju spurningunni er það að segja að í bréfi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 26. apríl er farið fram á að ríkisstj. aðstoði við uppgjör hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og hef ég heitið að sú aðstoð verði veitt eins og frekast er unnt.

Ég vil svo til nánari upplýsingar vekja athygli á því að ákaflega mikið ber á milli þess sem fullyrt er í bréfi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði, ályktana sem þar koma fram, bæði ályktun sem beint er til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og til ríkisstj., og svo upplýsinga sem fram koma í bréfi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 18. apríl s. l.

Í bréfi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna er talið að atvinnuleysingjar í Hafnarfirði séu um 200 manns þegar sú ályktun er gerð 10. apríl. Hins vegar kemur fram í bréfi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að það muni vera allt of há tala. Ég lét kanna það hjá skrifstofu þeirri í Hafnarfirði sem hefur með atvinnuleysistalningu að gera og kemur sama fram í þeim upplýsingum.

Ég lét einnig kanna þetta fyrir viku og skv. upplýsingum sem ég fékk frá vinnumáladeild félmrn. voru föstudaginn 24. maí 42 á atvinnuleysisskrá í Hafnarfirði. Það eru 0.7 — 0.8% mannafla sem er raunar nákvæmlega það sama og er yfir landið allt. Þeim hefur þá fækkað frá 30. apríl úr 62 sem voru þá á atvinnuleysisskrá.

Upplýst er að þessir 42 skiptast þannig að 28 voru konur, þar af 17 verkakonur og 10 konur sem unnið hafa verslunarstörf. Karlar voru 14 talsins, þar af 9 verkamenn. Sex úr hópi atvinnulausra, 1 kona og 5 karlar, skiptust á ýmsar greinar. Af 17 atvinnulausum verkakonum höfðu 12 áður unnið hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, en 6 af 9 atvinnulausum verkamönnum.

Hátt á annað hundrað manns voru í vinnu hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og hefur þorri þess fólks fengið vinnu ýmist hjá Sjólastöðinni, Ishúsi Hafnarfjarðar eða Norðurstjörnunni. Með þessu er ég vissulega ekki að gera lítið úr því ástandi sem þarna skapaðist, en þó vil ég leyfa mér að halda því fram að furðu vel hafi tekist að leysa úr atvinnuleysismálum í Hafnarfirði.

Hins vegar þykir mér jafnframt rétt að láta koma fram upplýsingar úr bréfi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 27. apríl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á síðasta ári var tap bæjarútgerðarinnar 112.6 millj. kr. og skuldir útgerðarinnar voru um síðustu áramót áætlaðar 477.7 millj. kr. Þá eru gjaldfallnar afborganir, vextir og dráttarvextir af langtímalánum um 60.4 millj. kr. Langtímaskuldir voru þá að höfuðstól tæpar 290 millj. kr., en afborganir og vextir af þeim á árinu 1985 eru áætlaðar tæpar 70 millj. kr. Um áramótin námu skammtímaskuldir við þjónustuaðila og fleiri a. m. k. 50 millj. kr. Að óbreyttu hefði því orðið greiðsluskylt hjá fyrirtækinu á þessu ári a. m. k. 180 millj. kr., en til samanburðar má nefna að tekjur útgerðarinnar á síðasta ári voru 187.5 millj. kr."

Ég hygg að þessi stutti kafli úr þessu bréfi hljóti að nægja til að lýsa þeirri mjög alvarlegu stöðu sem var orðin hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og hljóti að bera með sér að svo gat ekki fram haldið. Ég er ekki í stöðu til að meta til hvaða ráða bar að grípa og ég veit að það eru skiptar skoðanir um það innan bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, en ég undirstrika aftur að það gat ekki svona áfram haldið.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur tekið sínar ákvarðanir og er það að sjálfsögðu án afskipta stjórnvalda. Það er vissulega von mín að takist að endurreisa Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, en það mun að sjálfsögðu verða mjög kostnaðarsamt fyrir bæjarsjóð.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fer þess á leit í bréfi sínu frá 26. apríl að ríkisstj. veiti aðstoð við þær skuldbreytingar sem óhjákvæmilegar eru og ég hef tjáð bæjarstjórn að ríkisstj. muni reiðubúin til þess. Við höfum hins vegar ekki talið kleift að heimila erlenda lántöku í þessu skyni. Ég hygg að hv. þm. sé ljóst að þar er ekkert borð fyrir báru. Mín skoðun er að fram úr þessu verði að ráða í gegnum opinbera sjóði, gegnum Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð, Fiskveiðasjóð og aðra þar sem skuldirnar fyrst og fremst hvíla. Ég veit að sumir þessara sjóða hafa tekið málaleitun bæjarstjórnarinnar allvel, en hjá öðrum eru þessi mál enn þá til meðferðar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þess má geta að ríkisstj. kemur að málum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Um áramótin 1982—1983 leituðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði t. d. til þáverandi ríkisstj. um aðstoð vegna fjárhagserfiðleika. Þá voru fallnar í gjalddaga um 53 millj. kr. Af hálfu þáverandi ríkisstj. var fengið lán hjá Framkvæmdastofnun ríkisins og sömuleiðis breytti ríkisábyrgðasjóður gjaldföllnum afborgunum hjá sjóðnum vegna Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Sú skuldbreyting nam 12 millj. kr. Ég hygg að svipaða leið verði að fara nú. Hins vegar tel ég að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og ráðstöfun eigna þar, endurreisn bæjarútgerðarinnar í einhverju formi, hljóti að vera á ábyrgð bæjarstjórnarinnar sjálfrar.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Eins og kom fram í máli hans og kom fram í máli mínu hefur a. m. k. ræst heldur úr í bili að því er varðar það ískyggilega atvinnuleysi sem hefur verið viðvarandi í Hafnarfirði misserum saman. En það er ekki lengra síðan en í marsmánuði s. l., sbr. það sem ég sagði hér áðan, að það voru 155 á atvinnuleysisskrá í Hafnarfirði á sama tíma og þeir voru 170 á höfuðborgarsvæðinu. Mig uggir að þó að hér hafi heldur lagast um sinn, án þess að neitt sérstakt hafi verið gert, geti aftur farið til hins verri vegar.

Það var athyglisvert að af þeim sem enn eru atvinnulausir sýndist mér í fljótu bragði að ⅔ þeirra hefðu áður starfað hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Það var líka ágætt að fá upplýst hér í þinginu hversu geigvænlegt tapið hefur verið hjá bæjarútgerðinni undir stjórn þeirra aðila sem ábyrgð bera á stjórn bæjarins og þar með bæjarútgerðarinnar á undanförnu ári. Það var líka ágætt að fá upplýst á þessum stað hversu erfið skuldastaðan er.

Ég innti sérstaklega eftir því hér hvort bæjarstjórnin hefði farið fram á aðstoð í þessu máli, hvort einhverjar málaleitanir hefðu borist frá bæjarstjórninni til ríkisstj. eða einstakra ráðh. Ef ég skildi hæstv. forsrh. rétt var ekki farið fram á neina sérstaka aðstoð, heldur einungis almenna aðstoð. Hann orðaði það svo að það hefði verið farið fram á aðstoð við skuldbreytingar eða uppgjör á skuldum bæjarútgerðarinnar. Hann lýsti því líka yfir að því hefði verið heitið af hans hálfu og ríkisstj. að sú aðstoð skyldi veitt. Nú hefur mér heyrst á meirihlutamönnum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að þeim hafi fundist að þeir hafi fengið heldur tregar undirtektir varðandi þá fyrirgreiðslu sem þeir þyrftu á að halda hjá hinum ýmsu sjóðum. Og spurningin er: Tók ríkisstj. svona dræmt undir þetta? Má ekki treysta því að sú yfirlýsing, sem forsrh. gaf áðan um að ríkisstj. væri tilbúin til að aðstoða í öllum efnum, standi? Hér ber greinilega nokkuð á milli.

Ef ég hef skilið hæstv. forsrh. rétt var ekki farið fram á sérstaka lánafyrirgreiðslu í hinum einstöku sjóðum. Kom ekkert sérstakt erindi um það hversu mikla lánafyrirgreiðslu bæjarstjórn Hafnarfjarðar vildi fá hjá Byggðasjóði, Framkvæmdasjóði eða Fiskveiðasjóði? Var þetta allt laust? Var engin tiltekin tala nefnd? Kom ekki neitt formlegt erindi? Þess hlýt ég að spyrja. Sömuleiðis veit ég að bæjarútgerðin skuldar viðskiptabanka sínum, Útvegsbankanum, verulegar fjárhæðir. Var ekki leitað liðsinnis um það að fá sérstaka skuldbreytingu í þeim banka og atbeina ríkisstj. til þess að það mætti fram ganga?

Ég ítreka spurningu mína til forsrh. um þessi sérstöku atriði, um það hvort málaleitan hafi komið fram um fyrirgreiðslu hjá hinum einstöku sjóðum og hversu mikla aðstoð eða lánalengingu eða ný lán bæjarstjórn Hafnarfjarðar teldi sig þurfa að fá og vildi óska eftir atbeina ríkisstj. við.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrst nánar um atvinnuleysistölur. Í fyrstu upplýsingum sem ég fékk, sem eru dags. 26. apríl 1985, segir:

„Nú eru á atvinnuleysisskrá 62 manns, 27 konur og 35 karlar, sem er 92 manns færra en voru á skrá um síðustu mánaðamót", þ. e. mánaðamótin mars — apríl. Þessum tölum og því sem kemur fram í fulltrúaráði verkalýðsfélaganna ber nokkuð illa saman nema tölurnar séu frá

mismunandi tíma. Athyglisvert er að upplýst er af Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar að af þeim 62 sem voru á atvinnuleysisskrá 26. apríl hafi aðeins 8 konur og 6 karlmenn unnið hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar eða 0.2% af þeim sem eru á vinnumarkaði í Hafnarfirði, eins og hér segir. Þannig virðast hafa verið atvinnulausir um mánaðamótin mars — apríl um 155 manns, en fer síðan ört minnkandi og eru núna 42 á skrá. Það hefur því farið miklu betur en horfði.

Hv. þm. spurði hvers bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði óskað. Mér sýnist rétt, með leyfi forseta, að ég lesi kafla úr því bréfi sem ég fékk 26. apríl s. l. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að tillögu nefndarinnar var nýlega stofnað almenningshlutafélag, Útgerðarfélag Hafnarfjarðar hf., sem ætlað er að kaupa frystihús og togara Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Eignirnar verða greiddar með yfirtöku langtímaskulda, hlutafé og skuldabréfum til tíu ára. Miðað er við að eignir nýja félagsins verði a. m. k. 20% umfram skuldir. Nú stendur yfir almennt hlutafjárútboð.

Einnig er verið að kanna með sölu togarans Júní til annarra aðila. Nokkur hluti núverandi eigna verður áfram hjá bæjarsjóði ásamt töluverðu af skuldum bæjarútgerðarinnar.

Bæjaryfirvöld hafa leitað til kröfuhafa um samning á skuldum sem flytja á til hins nýja hlutafélags og þeim skuldum sem bæjarsjóður mun taka að sér að greiða. Langtímaskuldir bæjarútgerðinnar eru einkum við opinbera sjóði, banka og lífeyrissjóði. Óskað hefur verið eftir því við sjóðina að vanskilum á þessa árs afborgunum verði skuldbreytt og lán lengd a. m. k. til átta ára.

Ríkisábyrgðasjóður hefur samþykkt skuldbreytinguna á vanskilum og lengd lánstíma og Fiskveiðasjóður hefur samþykkt að breyta hluta af skuldum við sjóðinn. Viðræður standa yfir við Útvegsbankann, en Byggðasjóður hefur hafnað erindi bæjaryfirvalda. Þá skuldar Bæjarútgerðin Póstgíróstofunni um 11 millj. kr. Óskað hefur verið eftir því að fá að greiða skuld þessa í áföngum á næstu tólf mánuðum. Einnig hefur viðskiptaaðilum útgerðarinnar öllum verið ritað bréf þar sem þeim er gert tilboð um að bæjarsjóður taki að sér greiðslu skuldar við þá.

Vegna skuldbreytinga og greiðslu viðskiptaskulda þarf á næstunni að greiða og semja um greiðslur á kröfum að fjárhæð um 80 millj. kr. Auk þess þarf að gera við tvo togara útgerðarinnar fyrir a. m. k. 20 millj. kr. áður en þeir verða afhentir hinu nýja hlutafélagi. Bæjarsjóði er nauðsyn að fá lán til að kosta viðgerð skipanna og til skuldaskila vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Þegar hefur verið leitað eftir láni að fjárhæð allt að 40 millj. kr. Síðan mun koma til frekari lántaka vegna skuldbindinga sem bæjarsjóður tekur á sig.

Þess er vænst að ríkisstj. veiti liðsinni sitt til að samningar takist um nauðsynlegar skuldbreytingar við opinbera sjóði og stofnanir og að fjárhagsleg fyrirgreiðsla fáist að fjárhæð allt að 40 millj. kr. vegna viðgerðar á skipunum og til skuldaskila."

Eins og fram kemur í því sem ég hef lesið er, þegar bréfið er skrifað, margt mjög óljóst í þessu máli. Það liggur t. d. ekki fyrir hve mikið hlutafé muni safnast. Það liggur ekki fyrir á hvaða verði unnt reynist að selja togara fyrirtækisins og fleira, eins og hérna hefur komið fram. Það liggja ekki fyrir svör frá ýmsum aðilum sem til hefur verið leitað, eins og t. d. Útvegsbankanum.

Ég gerði ráð fyrir því þegar við áttum þann fund sem ég nefndi áðan með bæjarstjórninni að þeir kæmu til ríkisstj. með nánara erindi þegar ljóst væri hvernig málin stæðu. Síðan hafa atburðir verið að gerast í Hafnarfirði, eins og allir þekkja. M. a. kom nýlegt tilboð annars staðar að af landinu í eignir Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Mér hefur verið tjáð að þessi mál séu enn þá á uppgjörsstigi. En það eina sem við töldum okkur ekki fært að verða við var, eins og ég sagði áðan, að taka inn á lánsfjárlög heimild til erlendrar lántöku vegna Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar.

Stofnun útflutningsráðs o. fl., fsp. 471. mál (þskj. 816). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef flutt hér fsp. til viðskrh. á þskj. 816 um stofnun útflutningsráðs o. fl.

Það er alkunna að engin sjálfstæð Evrópuþjóð er jafnháð útflutningi og við Íslendingar. Stærri hluti þjóðarframleiðslu okkar er fluttur út en hjá nokkurri annarri þjóð álfunnar. Það lætur því að líkum að miklu varðar hvernig til tekst á öllum sviðum útflutningsmála. Það á fyrst og fremst við um fjölbreytni og gæði þeirrar framleiðslu sem við flytjum úr landi, þar hafa fiskafurðir lengst af verið í fyrsta sæti. Jafnframt skiptir það miklu máli að ná til sem fjölbreytilegastra markaða þar sem best verð fæst hverju sinni.

Að undanförnu hefur það mjög verið haft á oddi í allri umræðu hér á landi hver nauðsyn það sé að efla nýjar atvinnugreinar. Það er hverju orði sannara. En hitt er ekki síður mikilvægt að afla markaða fyrir framleiðslu þessara nýju greina þar sem heimamarkaðurinn er hér svo lítill sem raun ber vitni. Ekki síst á þetta við um margs konar iðnaðarvörur sem hafin er framleiðsla á, en þó kannske allra helst greinar þar sem rafeindatæknin hefur verið nýtt á hugvitsamlegan hátt, svo sem í frystiiðnaðinum og víðar í sjávarútvegi. Þar erum við að vissu leyti þegar orðnir brautryðjendur. En lítt stoðar að framleiða góða vöru ef ekki tekst að selja hana. Þá á ég ekki aðeins við nýjar atvinnugreinar heldur ekki síður hefðbundnar atvinnugreinar og þá fyrst og fremst íslenskan iðnað.

Við Íslendingar höfum lengi verið miklir framleiðslumenn, miklir aflamenn ef svo mætti að orði komast, en miklu síður hugsað um söluna og markaðinn. Þó eru þetta ekki síður mikilsverðir þættir, svo sem nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa fyrir löngu uppgötvað. Danmörk er hráefnasnautt land, en auðlind Dana hefur lengi verið hugvitið og sölumennskan. Með því hafa þeir fyrir löngu komist í hóp efnuðustu þjóða heimsins.

Skilningur á mikilvægi markaðsleitar og kynningar á íslenskum afurðum erlendis fer nú vaxandi sem betur fer. Er þar ekki síst að minnast starfs Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sem vel hefur unnið á undanförnum árum þótt á tiltölulega þröngu sviði hafi verið. Hér er hins vegar spurningin um hvort og hvenær eigi að ráðast í að stofna almennt útflutningsráð sem tæki til allra greina íslensks atvinnulífs. Slíkt hefur m. a. verið gert í mörgum nágrannalönum okkar með góðum árangri og er þar kannske Noregur tiltækasta dæmið. Því má varpa

þeirri spurningu hér fram: Er ekki kominn tími til að slík stofnun verði sett á laggirnar hér á landi þar sem allir aðilar sem hlut eiga að máli gætu sameinað krafta sína, bæði hið opinbera og ekki síður samtök framleiðendanna sjálfra?

Af þessu tilefni hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til viðskrh.:

1. Hvað líður undirbúningi að stofnun útflutningsráðs til kynningar og markaðsleitar fyrir íslenskar framleiðsluvörur erlendis?

2. Hvernig er háttað undirbúningi að ári útflutningsins, þ. e. árið 1986, sem helga á útflutningi?

3. Hver er árangur af störfum nefndar um verkefnaútflutning?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. hefur borið upp þrjár fsp. sem hann hefur gert grein fyrir og ég mun svara á þessa leið:

Eins og kunnugt er skipaði ríkisstj. í janúarmánuði s. l. nefnd um útflutningsmál. Til þess að svara 1. tölul. fsp. vil ég taka fram að nefndinni var falið að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag útflutningsmála og þá sérstaklega með hvaða hætti mætti efla samstarf útflytjenda og stjórnvalda á sviði útflutnings. Nefndin var skipuð í framhaldi af samþykkt ríkisstj. þar sem m. a. er fjallað um hvort ekki sé rétt að ein og sama stofnunin, útflutningsmiðstöð, annist aðstoð við útflytjendur þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutnings ættu aðild að ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði, eins og þar segir, með leyfi forseta.

Í rn. hefur verið tjáð af formanni nefndarinnar Ólafi Davíðssyni hagfræðingi að innan nefndarinnar hafi verið einhugur um nauðsyn þess að koma á auknu samstarfi í útflutningsmálum. Þetta samstarf gæti m. a. tekið til sameiginlegrar kynningar á vörum og þjónustu og til landkynningar sem hefur mikið gildi fyrir alla útflutningsstarfsemi. Nefndarmenn hafa verið sammála um að koma þyrfti á samstarfsvettvangi fyrir þessa starfsemi. Á slíkum vettvangi mætti einnig vinna að sameiginlegri markaðsathugun þar sem ástæða þætti til og einnig gæti hún verið farvegur fyrir nýmæli í útflutningi.

Að undanförnu munu umræður innan nefndarinnar einkum hafa snúist um hvernig hentugast verði að koma þessum samstarfsvettvangi á laggirnar og hvaða kostnað það hefði í för með sé. Niðurstaða mun væntanlega liggja fyrir innan skamms.

Hvað snertir undirbúning að ári útflutnings vil ég einungis minna á að hópi manna undir forustu Ragnars Kjartanssonar forstjóra hefur verið falið að annast undirbúninginn. Tillögur liggja ekki fyrir, en rn. hefur verið tjáð bréflega að þær muni liggja fyrir áður en þessi mánuður er liðinn. Á þessu stigi er því ekki tímabært að fjalla opinberlega um þær hugmyndir sem nefndin vinnur nú að.

Um 3. tölul. fsp. skal þetta sagt:

Nefndin um útflutning verkefna og þjónustu var skipuð skömmu eftir síðustu áramót undir forustu Magnúsar Gunnarssonar framkvæmdastjóra. Fyrir nefndina var lagt að greiða fyrir þessari tegund útflutnings, einkum á sviði sjávarútvegs og orkuvinnslu. Á fundum nefndarinnar hefur setið fulltrúi frá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Rn. hefur verið tjáð að starfi nefndarinnar megi í stórum dráttum skipta í þrjá hluta.

Í fyrsta lagi mun nefndin hafa talið það hlutverk sitt að kanna og auka áhuga innlendra aðila á útflutningi verkefna og þjónustu. Þessum hluta verkefnisins má aftur skipta í þrennt. Nefndin hefur staðið fyrir fundahöldum með einstaklingum, fyrirtækjum, hagsmunasamtökum og opinberum stofnunum til að kynnast betur sjónarmiðum þeirra varðandi þessa tegund útflutnings og kanna áhuga þeirra á auknu samstarfi sín á milli. Þá var efnt til kynningarfunda í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fyrir þessa aðila þar sem danskur ráðgjafi flutti fyrirlestur um efnið: Verkefnaútflutningur: skilyrði til þess að ná árangri. Þetta starf hefur nefndin í hyggju að útfæra nánar og eru uppi ýmsar hugmyndir innan nefndarinnar um hvernig að því skuli staðið. Á þessu stigi er ekki tímabært að rekja það nánar, eins og ég vík að síðar.

Í öðru lagi, og með vísan til þess sem þegar hefur komið fram, hefur nefndin að vissu marki verið milligöngumaður um að koma sjónarmiðum og óskum þeirra, er áhuga hafa á útflutningi verkefna og þjónustu, á framfæri við stjórnvöld, bæði rn. og aðrar ríkisstofnanir. Hér má nefna tvennt til: Annars vegar hafði nefndin milligöngu um að iðnrn. veitti verkfræðifyrirtæki skilorðsbundinn fjárstyrk til að kosta forrannsóknir á jarðhitaverkefnum í Tyrklandi í samvinnu við Orkustofnun og danska aðila. Fyrstu athugun er nú lokið og munu íslenskir og danskir aðilar eiga með sér viðræður innan skamms um framhaldið. Hins vegar hefur nefndin komið þeim óskum á framfæri við viðskrn. að athugað verði hvort hagkvæmt geti reynst að Ísland gerist aðili að einhverjum hinna þriggja stóru svæðisþróunarbanka, Ameríkubankans, Afríkubankans eða Asíubankans. Það starf er nú hafið í viðskrn. Starf nefndarinnar sem milligöngumanns hefur einnig verið fólgið í því að koma á framfæri hugmyndum við fyrirtæki. Þ. á m. má nefna að nefndin hefur í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og stjórnarmenn Íslands í Norræna verkefnasjóðnum leitast við að móta tillögur um hvernig verja ætti 7 millj. norskra kr. sem ráðherranefnd Norðurlandaráðs hefur ákveðið að verja til útflutningseflandi ráðstafana á Norðurlöndum árin 1986—1987.

Í þriðja og síðasta lagi hafa á vegum nefndarinnar verið gerðar tillögur sem lagðar verða fyrir viðskrn., um hvernig best verði að því staðið af hálfu stjórnvalda í framtíðinni að greiða fyrir útflutningi verkefna og þjónustu. Það starf tengist störfum nefndarinnar um útflutningsmál sem ég gerði grein fyrir hér að framan.

Eins og áður er sagt er ekki tímabært nú að gera nánari grein fyrir störfum þeirra þriggja nefnda sem fsp. sem hér liggur fyrir lýtur að. Eins og fram hefur komið er tillagna frá þeim að vænta innan skamms og þegar þær hafa verið skoðaðar í viðskrn. verða þær kynntar almenningi. Af því ætti að geta orðið áður en langt um líður.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka viðskrh. fyrir svörin við þessum fsp. Það fer ekki milli mála að eitt mikilvægasta atriðið í íslensku atvinnulífi og atvinnustarfsemi er efling útflutningsmála. Það kom fram nýlega í fjölmiðlum að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hafi fengið danskt ráðgjafarfyrirtæki til að kanna hvernig útflutningsmál stæðu í um það bil tug íslenskra iðnfyrirtækja. Niður-

staða þeirrar könnunar og þeirrar skýrslu var á þá lund að þeir tóku það dæmi að ef um 100 metra spretthlaup væri að ræða þá hefðu hinir erlendu keppinautar 50 metra forskot fram yfir íslensku fyrirtækin. Svo báglega horfir að sumu leyti í íslenskum fyrirtækjum hvað varðar útflutningsstarfsemina.

Því er ekki að leyna að skilningur hefur farið mjög vaxandi á síðustu misserum og síðustu árum á nauðsyn þess að efla útflutning, markaðsleit og markaðskynningu á íslenskum vörum. Þess vegna var ánægjulegt að heyra að að þessum málum er unnið í viðskrn. og í þremur nefndum. Niðurstöðu að því er varðar almennt útflutningsráð fyrir allar atvinnugreinar er að vænta innan skamms.

Í því sambandi er kannske ástæða til að undirstrika tvö atriði.

Í fyrsta lagi höfum við utanríkisþjónustu sem rekur sendiráð í yfir tug landa. Utanríkisþjónustan og sendiráðin hafa sem eitt af hlutverkum sínum að vinna að markaðsleit og markaðskönnunum. En sá þáttur er lítill í störfum utanríkisþjónustunnar og sendiráðanna, mun minni en tíðkast hjá mörgum öðrum þjóðum. Ég held að það sé sérstök ástæða til þess fyrir viðskrn. og þá nefnd, sem við athugun á stofnun almenns útflutningsráðs starfar, að gera könnun á því og koma með tillögur um hvernig má virkja utanrrn. og sendiráðin miklum mun betur en nú er til þess að kynna íslenskar vörur erlendis og afla markaða þó svo að þó nokkur störf hafi þegar verið unnin á því sviði sem ber ekki að vanþakka.

Í öðru lagi er víða pottur brotinn hvað varðar menntun í íslenska skólakerfinu að því er varðar sölumennsku, markaðsleit og útflutningsmál. Það er að vísu á þau efni drepið lítils háttar í viðskiptadeild Háskólans, en í mjög litlum mæli. Hið almenna skólakerfi, þ. e. menntaskólar og fjölbrautaskólar, bjóða upp á sáralitla menntun og fræðslu á þessu sviði. Þetta má undrum sæta þegar litið er til þess, eins og ég gat hér um áðan, að engin þjóð álfunnar byggir afkomu sína að jafnmiklu leyti og Íslendingar á útflutningi afurða. Það er þess vegna tímabært að þessi mál séu tekin til rækilegrar endurskoðunar, eins og frá því í janúar hefur verið unnið að á vegum rn.

Ég vil að lokum lýsa þeirri von minni að það starf megi verða árangursríkt og rn. sjái til þess að allt verði gert sem unnt er á þessu sviði.

Framkvæmd fóstureyðinga, fsp. 489. mál (þskj. 905). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Lagasetning um fóstureyðingu var umdeild á sínum tíma. Ég hef nú lagt fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um framkvæmd fóstureyðinga:

1. Hve margar fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar árlega frá og með árinu 1976 til og með ársins 1984, skv. lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir?
2. Hvernig skiptast fóstureyðingar milli ára:
   a) af félagslegum ástæðum skv. a-, b- og c-lið 1. tl. 9. gr. laganna,
   b) af félagslegum ástæðum skv. d-lið 1. tl. 9. gr. laganna,
   c) af læknisfræðilegum ástæðum skv. 2. tl. 9. gr. laganna?
3. Í hve mörgum tilvikum er um endurteknar fóstureyðingar að ræða árlega framangreint tímabil?
4. Í hve mörgum tilvikum á þessum tíma er um að ræða fóstureyðingar af félagslegum ástæðum eftir lok 12. viku meðgöngu?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Landlæknisembættið, sem hefur umsjón með upplýsingasöfnun um þessi mál, hefur gefið mér eftirfarandi upplýsingar sem svör við þessum fjórum fsp.:

1. Á árunum 1976—1984 voru framkvæmdar 4990 fóstureyðingar á grundvelli laga nr. 25 frá 1975. Á þessu tímabili hefur fóstureyðingum fjölgað frá ári til árs þannig að árið 1976 voru þær 368, árið 1980 523, árið 1982 613 og 1984 735.

2. a. Ekki er unnt að svara þessum lið fsp. fyrir árið 1984 þar sem úrvinnslu er ekki lokið. En á árunum 1976—1983 voru samtals gerðar 610 fóstureyðingar á grundvelli a-, b- og c-liða 1. tl. 9. gr. laganna. Þar er um að ræða í a-lið mörg börn með stuttu millibili og skammt frá síðustu fæðingu, í b-lið bágar heimilisástæður, vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu og í c-lið ásku eða þroskaleysi. Árlegur fjöldi þessara fóstureyðinga var á bilinu 70—90.

b. Á tímabilinu 1976—1983 voru gerðar 2805 fóstureyðingar á grundvelli d-liðar 9. gr., þ. e. vegna annarra félagslegra ástæðna. Fóstureyðingum skv. þessum lið hefur fjölgað jafnt frá ári til árs. Þær voru 161 1976 en 483 1983.

c. Á tímabilinu 1976—1983 voru gerðar 448 fóstureyðingar af læknisfræðilegum ástæðum eingöngu. Fjöldi þessara fóstureyðinga fór vaxandi úr 66 árið 1976 í 104 1979, en síðan minnkandi niður í 33 1983. Ástæður fjölgunar 1978 og 1979 var rauðuhundafaraldur sem þá gekk yfir.

3. Á tímabilinu 1976—1983 voru gerðar 473 fóstureyðingar hjá konum sem áður höfðu gengist undir fóstureyðingu. Af þessum hópi höfðu 422 konur einu sinni áður gengist undir fóstureyðingu, 47 tvisvar og 4 þrisvar.

Á tímabilinu 1976—1983 voru gerðar 59 fóstureyðingar eftir 12. viku meðgöngu af félagslegum ástæðum eingöngu, þ. e. frá 13. til 16. viku. Slíkar fóstureyðingar eru einungis heimilaðar með leyfi úrskurðar- og eftirlitsnefndar sem starfar skv. 28. gr. laganna frá 1975. Á tímabilinu 1976—1983 voru framkvæmdar samtals 141 eftir 12. viku meðgöngutíma. Þar af voru 36 aðgerðir gerðar eftir 16. viku, allar af læknisfræðilegum ástæðum. Af þeim 105 fóstureyðingum sem gerðar voru á 13.—16. viku meðgöngutímans voru forsendur eingöngu læknisfræðilegar í 27 tilvikum, eingöngu félagslegar í 59 tilvikum en bæði félags- og læknisfræðilegar í 16 tilvikum.

Ljóst er að þótt tekið sé verulegt tillit til fjölgunar kvenna á barneignaraldri hefur orðið veruleg fjölgun fóstureyðinga hér á landi frá því að lögin frá 1975 tóku gildi. Sú fjölgun var reyndar byrjuð áður eða upp úr 1970. Samanborið við nágrannalönd okkar, sérstaklega Norðurlöndin, eru fóstureyðingar hér á landi þó með því lægsta sem gerist. Er þá sama hvort miðað er við fjölda kvenna á barneignaraldri eða fjölda fæðinga.

Ef við berum þessar tölur saman við tölur frá árunum áður en þessi lög tóku gildi er þess að gæta að við höfum

ekki fyllilega sambærilegar tölur frá þeim tíma vegna þess að grunur lék á um að ekki hafi allt verið skráð í þeim efnum. Munurinn er því e. t. v. heldur minni í reynd og kæmi það í ljós ef fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir frá þessum tíma áður en lögin tóku gildi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það eru athyglisverðar upplýsingar sem komu hér fram frá hæstv. heilbrrh. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að spurt sé um framkvæmd þeirra laga sem hér voru sett fyrir 10 árum síðan og rýmkuðu mjög verulega, svo að vægt sé til orða tekið, rétt kvenna til þess að láta framkvæma fóstureyðingar.

Ég vil af þessu tilefni að fram komi af minni hálfu að ég tel að um þennan rétt eigi löggjafinn að standa vörð og fremur að hugsa til þess að rýmka hann heldur en þrengja. Réttur móður til þess hvort hún elur barn á að vera ríkur og ótvíræður að mínu mati. Ég tel að upplýsingar hæstv. ráðh. beri það með sér að íslenskar konur hafa kunnað að fara með þann rétt sem lög veita þeim í þessum efnum. Ráðh. vitnaði til þess að Ísland væri með mun færri skráðar fóstureyðingar en nágrannalöndin og það er ekki síst slíkur samanburður sem getur talist eðlilegur og haldbær í þessum efnum.

Þær upplýsingar og sú gagnrýni sem komið hefur fram á framkvæmd lagaákvæða í þessum efnum er að mínu mati óréttmæt og byggð á mjög villandi upplýsingum. Það kom fram í máli hæstv. ráðh., sem raunar allir vita, að fyrir setningu laganna frá 1975 var mikið um ólöglegar fóstureyðingar og raunar mikið af þeim framkvæmt erlendis á þeim konum sem gátu leitað læknisaðstoðar þar. Auðvitað ber að leggja áherslu á að öll framkvæmd þessara mála sé með þeim hætti að líf kvenna sé sem tryggast og gengið þannig frá að aðgerðir séu framkvæmdar við sem bestar læknisfræðilegar aðstæður.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir ítarleg svör við þessari fsp. Mér virðist ljóst að staða þessa máls sé þannig að ástæða sé til að skoða það nánar.

Það kemur í ljós að tíðni fóstureyðinga hefur hækkað allverulega, eða yfir 100%, á árabilinu sem um er að ræða. Það kemur einnig í ljós að fóstureyðingar skv. d-lið, þ. e. af öðrum ástæðum en tíðni fæðinga, bágum ástæðum, heilsuleysi eða aldri eru yfir 50% af umræddum fóstureyðingum. Það finnst mér sýna að ástæða er til að skoða málið á ný, fara yfir það sem hefur átt sér stað og kanna hvort þarna er rétt að búið.

Það kemur einnig í ljós skv. 3. lið fsp. að fóstureyðingar framkvæmdar að því er virðist sem bein getnaðarvörn eru 20% af heildartölunni. Það er einnig alvarlegt að mínu mati að slík þróun skuli eiga sér stað.

Það hefur verið vitnað til þess og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að hér á landi væru skráðar færri fóstureyðingar en í nágrannalöndunum. Einnig hefur komið fram í viðtali við prófessor Gunnlaug Snædal að hér á landi væri notkun getnaðarvarna hjá konum mun almennari en í nágrannalöndum. Hafa verið nefnd 80—90% hér á landi miðað við 50—60% á Norðurlöndum. Þetta sýnir að ekki er raunhæft að taka skráningarfjölgunina til viðmiðunar í þessari niðurstöðu. Þegar um er að ræða 5000 fóstureyðingar á umræddu tímabili og meira en helming þeirra af öðrum ástæðum en brýnastar eru taldar í lögunum tel ég fulla ástæðu til að kanna framkvæmd laganna nánar. Varpa ég því hér með fram. Fóstureyðing fyrir 12. viku virðist framkvæmd hindrunarlaust hér á landi og full ástæða til að kanna hvort rétt hefur verið staðið að framkvæmd laganna.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það er ekki oft sem þessi mál ber á góma á Alþingi og ekki oft sem mál er snerta konur sérstaklega eru til umræðu. En ég vil hefja mál mitt á því að mótmæla því harðlega að íslenskar konur noti fóstureyðingar sem getnaðarvörn. Þær tölur sem komu fram í máli hæstv. ráðh. eru mjög lágar miðað við heildarfjölda þeirra fóstureyðinga sem fram fara hér á landi. Ég held að það sé öllum ljóst, sem þekkja til þessara mála, að fóstureyðing er mjög alvarlegt mál og alvarleg ákvörðun og ég leyfi mér að fullyrða að konur hlaupa ekki í fóstureyðingar nema brýna þörf beri til.

Það er skoðun mín að þau lög sem hér eru í gildi hafi reynst vel og að standa beri vörð um þau. En mér finnst brenna við í umræðum um þessi mál hér á landi að alltaf sé byrjað á vitlausum enda. Ég get vel skilið það fólk. Þetta er mikið tilfinningamál. Fóstureyðing er í margra augum mjög alvarlegt mál og er alvarlegt mál. En það gleymist oft að spyrja: Hvers vegna eiga fóstureyðingar sér stað? Hvers vegna þurfa konur á fóstureyðingum að halda? Það gleymist oft að þeim lögum sem hér voru samþykkt fyrir um það bil 10 árum fylgdu ákvæði um fræðslu. Ég held einmitt að þeir sem finnst fóstureyðingar of margar hér á landi ættu að byrja á réttum enda, byrja á því að bæta félagslega stöðu kvenna og stórefla fræðslu um þessi mál. Það held ég að sé meginatriðið í þessu máli öllu saman.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er mitt álit að lögin frá 1975 hafi reynst vel í þessum efnum. Það má alltaf deila um framkvæmd laga og ekki ætla ég að neita því fyrir fram að eitthvað megi setja út á framkvæmdina. En ef við lítum á nágrannaþjóðirnar og höfum líka í huga að við megum ekki miða við tölur fyrir gildistöku laganna af því að þær eru að verulegu leyti óraunhæfar, eins og kom fram bæði í mínu máli og í máli hv. 5. þm. Austurl. tel ég að lögin og framkvæmd þeirra gefi ekki tilefni til sérstakrar gagnrýni. Hins vegar má segja að óeðlilegt sé hvað fóstureyðingar eru margar bæði hér á landi og eins í nágrannalöndunum miðað við það hvað auðvelt er að koma í veg fyrir getnað og þá þróun sem átt hefur sér stað í getnaðarvörnum. Þetta eru viðkvæm mál og erfið. Menn skiptast gjarnan í tvo hópa í þeim efnum. Annars vegar er fólk sem vill algerlega banna fóstureyðingar. Ég tel það ósanngjarnt. Ég tel að réttur konunnar sé mikill og það megi ekki taka af henni þann rétt. En hins vegar eru ákvæði um eftirlitið. Skv. þessum lögum á það að vera með þeim hætti að það á að koma í veg fyrir að hér séu fóstureyðingar umfram það sem þörf er á og sanngjarnt og eðlilegt getur talist.

Í ýmsum löndum þar sem fósturcyðingar hafa algerlega verið bannaðar er nú verið að breyta nokkuð í frjálsræðishátt, þannig að vilji konunnar ræður þar meiru. Nú síðast á Spáni. Fyrir örfáum dögum var sett þar löggjöf í þessum efnum.

Ég get tekið alveg undir það með hv. fyrirspyrjanda

að nauðsynlegt er að fylgjast með framkvæmd þessarar löggjafar sem annarrar. Ég hef rætt það mál við landlækni og óskað eftir frekari upplýsingum sem yrði þá meira til þess að rn. vissi mjög skilmerkilega hvað gerst hefði og með hvaða hætti hefur verið staðið að framkvæmd þessara mála þó að það verði reynt að gæta þess að vera ekki með neina persónulega hnýsni.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég vil fagna því, sem fram kom hjá hæstv. heilbrrh., að það verði könnuð staða þessa máls. Ég tel ástæðulaust að fella dóm um framkvæmd laganna, en eins og ég gat um í máli mínu fyrr tel ég fulla ástæðu til að skoða það ofan í kjölinn hvernig þetta hefur átt sér stað og rökin fyrir því.

Þegar um er að ræða fóstureyðingar hjá sömu konu tvisvar á einu ári hlýtur að vera hægt að kalla það getnaðarvörn, það verður að nota svo stórt orð í þeim efnum. Það er ótrúlega hátt hlutfall og tíðni í sambandi við það. M. a. af þeim ástæðum, sem ég gat um, að helmingur er af ósundurliðuðum ástæðum, þá finnst mér sérstök ástæða til að skoða málið ofan í kjölinn.

Eftirlitsnefnd um fóstureyðingar, fsp. 490. mál (þskj. 914). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 914 varðandi störf úrskurðar- og eftirlitsnefndar um fóstureyðingar.

Ég vil hafa örlítinn formála að þessum spurningum vegna þess að mér finnst að öll umræða um þessi mál sé afar viðkvæm og það varði miklu að sú umræða geti farið fram án öfga og af þeirri varfærni sem nauðsynleg er.

Mér finnst tímabært nú, tíu árum eftir að þessi lög voru sett og jafnvel þótt fyrr hefði verið, að átta sig á ýmsum staðreyndum varðandi þetta mál og athuga hvort lögunum hefur verið framfylgt í hvívetna. Einnig hvort það geti verið að lögin séu e. t. v. þess eðlis að einhverju leyti að það verði ætíð að meira eða minna leyti mats- eða túlkunaratriði hvort þeim verði framfylgt, en slíkt á auðvitað ekki að geta átt sér stað. Það verður að vera alveg ljóst og menn verða að átta sig á því að þau lög sem hér um ræðir heita lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Það segir sig því sjálft að hér er gert ráð fyrir að það fari fram mjög mikil fræðsla og ráðgjöf um þessi mál. En þar er víða pottur brotinn eins og komið hefur fram. Ég vil þar með segja að heilbrigðis- og skólayfirvöld hafa að verulegu leyti vanrækt þennan þátt laganna, þ. e. að uppfylla ákvæði þeirra um fyrirbyggjandi aðgerðir í formi fræðslu og ráðgjafar.

Áður en lengra er haldið vil ég gjarnan fá að heyra þau svör sem fyrir hendi eru við þeim fimm spurningum sem ég hef lagt fyrir heilbrrh. um störf úrskurðar- og eftirlitsnefndarinnar. Ég tel ekki þörf að lesa upp þessar spurningar því að þær eru á þskj. 914.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og ég tók fram í svörum við fyrri fsp. um líkt efni hefur landlæknisembættið gefið mér svör við þessum fsp.

Svar við fyrstu fsp. er svohljóðandi: Frá árinu 1976 til ársloka 1984 fékk úrskurðar- og eftirlitsnefnd skv. 28. gr. laga nr. 25 frá 1975 samtals 138 erindi vegna ágreinings eða undanþágu um fóstureyðingar. Það er ekki hægt að sundurgreina erindin á fullnægjandi hátt eftir því hvort um ágreining eða undanþágu er að ræða.

Svar við 2. fsp.: Það liggja ekki fyrir nákvæmar tölur fyrir tímabilið 1976—1979, en 1980—1984 voru slík mál átta talsins.

Svar við 3. fsp.: Svarið er tvíþætt og fer eftir lengd meðgöngu. Fyrir 10.—16. viku meðgöngu eru félagslegar ástæður oftar tilgreindar, en eingöngu læknisfræðilegar þegar meðganga er 17 vikur eða meira. Þegar á heildina er litið eru félagslegar ástæður oftar tilgreindar.

Svar við 4. spurningu: Á tímabilinu 1975—1984 var umsóknum um fóstureyðingu, sem nefndinni bárust, synjað í 24 tilvikum.

Svar við 5. og síðustu spurningunni: Einu sinni hefur verið synjað um fóstureyðingu af þessum ástæðum.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin sem voru að mörgu leyti mjög athyglisverð. Mér sýnist ljóst að framkvæmd ýmissa ákvæða laganna skv. þeim upplýsingum sem fram hafa komið hafa að einhverju leyti verið frjálsari en löggjöfinni var ætlað að gefa tilefni til. Enn aðrir þættir laganna hafa þar fyrir utan verið vanræktir svo að til vansa er.

Þegar lögin voru sett á sínum tíma þóttu þau hafa verið eðlileg málamiðlun sem flestir gátu sætt sig við, en undirstöðu- og grundvallaratriði laganna spanna fjóra liði, þ. e. fræðslu og ráðgjöf varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma þótti fræðsluþátturinn verða hvað mest til bóta frá þágildandi lögum. Þess vegna er það að ég vil leggja áherslu á í sambandi við þau svör sem fram hafa komið að það er vissulega þörf stórátaks hvað þennan málaflokk varðar. Það var þörf og það er vissulega þörf stórátaks vegna þess að það hefur nánast ekkert verið gert til að uppfylla þau ákvæði sem varða þennan lið í lögunum. Það hefur sýnt sig af þeim tölum sem við höfum fengið að heyra hér í dag að það er ekki vanþörf á ráðgjöf og fræðslu og það verður að vinda að því bráðan bug svo fljótt sem er auðið að hefja þennan þátt til vegs og virðingar og gera stórátak í skólakerfinu til að framfylgja lögunum.

Að mörgu leyti má segja að lögin, eins og þau voru samþykkt árið 1975, hafi byggst á því að það væri á hreinu að þörf fyrir fræðslu og ráðgjöf væri tvímælalaus og að ljóst væri að fóstureyðingin sjálf eyðir aldrei þeirri félagslegu örbirgð og neyð sem fyrir hendi er í slíkum tilvikum. Þess vegna er alveg út í hött að tala um að taka það ákvæði út úr lögunum að fóstureyðingar séu heimilar af félagslegum ástæðum. Þeir sem enn þá er annt um það ættu að snúa sér alfarið að því að rétta hlut kvenna og búa þeim það hlutskipti sem gerir það að verkum að þær hafi löngun til og félagslega séð getu til þess að eiga sem stærstan barnahópinn sé þeim það á annað borð mögulegt og vilji fyrir hendi.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þegar þetta frv. var til meðferðar á Alþingi 1975 var mikið lagt upp

úr fræðslu og ráðgjöf um kynlíf og getnaðarvarnir. Það er hins vegar e. t. v. vanmetinn þáttur heilbrigðisyfirvalda í þessum efnum hvað snertir fræðslu. Það hafa verið gefnir út þó nokkrir bæklingar sem hefur verið dreift á heilsugæslustöðvum og mjög víða. M. a. s. var lögð fram fsp. á Alþingi á þeim árum sem ég var heilbr.- og trmrh., 1974—1978, og þá lét ég dreifa þessari ráðgjöf á borð allra þm. Það voru spurningar og svör um pilluna, spurningar og svör um lykkjuna og spurningar og svör um smokkinn. Ég man að þetta var komið út þá og einn eða tveir bæklingar komu út eftir þetta. Sumum þm. fannst þetta ástæðulaust, sennilega hafa þeir talið sig það reynda í þessum efnum, en ég taldi að fyrst væri verið að gefa þetta út ætti ekki síður að sýna það hér á löggjafarsamkundunni en annars staðar. Og ég held að þessi fræðslustarfsemi hafi aukist.

Við verðum líka að hafa það í huga að það eru ekki margir áratugir síðan ekki mátti nefna þessi mál nema hvísla. Það þótti dónalegt að tala um það þá. Nú er það liðin tíð. En allt tekur sinn tíma.

Ég vildi aðeins út af orðum hv. fyrirspyrjanda minna þó á þessa fræðslu og ráðgjöf sem þar hefur átt sér stað, án þess að ég sé að segja að það sé fullnægjandi.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það er ástæða til að taka undir orð hv. fyrirspyrjanda að fara skuli herferð fyrir barneignum, að hefja skuli herferð gegn fóstureyðingum í ríkari mæli með aukinni fræðslu og ráðgjöf. Og það er rétt að þótt ýmsum bæklingum hafi verið dreift virðist það ekki hafa skilað sér sem skyldi miðað við þá tíðni sem um er að ræða í fóstureyðingum. Það er röng þróun, að mínu mati, á sama tíma og við þurfum að fjölga Íslendingum. Ég vildi því sérstaklega taka undir þá athugasemd hjá hv. fyrirspyrjanda að það sé mikil ástæða til að auka og efla fræðslu og ráðgjöf í þessum málum.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Eitt sinn var ég spurð að því hvaða eiginleiki væri nauðsynlegastur þm. Ég hafði reyndar aldrei hugleitt eða velt því fyrir mér, en svaraði þá umsvifa- og umhugsunarlaust: að geta sett sig í spor annarra. Ekki veit ég hvort þetta er allra mat, en ég er enn á þessari skoðun. Við erum hér að ræða ákaflega viðkvæmt mál og málflutningur hv. 3. þm. Suðurl. hér áðan orkaði e. t. v. tvímælis, en um leið vil ég fagna skilningi hæstv. heilbrrh. og annarra þm. sem hafa rætt þessi mál hérna í dag.

Ég held að í raun séum við flest sammála í þessum efnum. Við erum andvíg fóstureyðingum nema nauður reki til og við erum flest á þeirri skoðun að svo eigi að búa um hnútana að sem allra, allra fæstar konur finni sig knúnar til að grípa til fóstureyðingar. Hins vegar virðast menn skiptast nokkuð í tvo hópa í afstöðu til þessa máls. Annars vegar eru þeir sem vilja þrengja núverandi heimildarákvæði til fóstureyðinga og hins vegar þeir sem telja slík ákvæði nauðsynleg, en vilja leggja allt kapp á fyrirbyggjandi aðgerðir, fræðslu, varnir og félagslega aðstoð, tryggja svo sem verða má að enginn þurfi að grípa til fóstureyðingar vegna skorts á félagslegri aðstoð. Og ég vil leggja sérstaka áherslu á fræðsluþáttinn sem er í raun og veru grundvöllur fóstureyðingarlöggjafarinnar. Fyrsta þingmálið sem ég átti frumkvæði að hér á hv. Alþingi var einmitt fsp. til hæstv. ráðh. heilbrigðismála og menntamála um það hvað liði framkvæmd I. kafla laga nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og vísaði þar m. a. til tillagna um fræðsluherferð í skólum og meðal almennings sem samstarfshópur 57 kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og mörgum starfsstéttum hafði unnið. Sú umræða var góð og málefnaleg og upplýsandi og vil ég benda á 5. hefti Alþingistíðinda 1983 ef menn vilja kynna sér þær. En þar sem hæstv. heilbrrh. virtist í máli sínu hér áðan nokkuð ánægður með framkvæmd þessara mála vil ég inna hann hér eftir því hvað hafi gerst í þeim málum síðan hann svaraði fsp. minni hér á Alþingi í fyrra því að í þeim umr. kom fram að vissulega væri mikið ógert.

Ég er sem sagt andvíg því að þrengdar verði heimildir til fóstureyðinga. Þetta er neyðarréttur sem við verðum að treysta konum fyrir rétt eins og við treystum þeim til þess að ganga með börnin og ala þau og við skulum fyrir alla muni reyna að búa svo um hnútana að konur þurfi sem sjaldnast að grípa til þessa neyðarréttar.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég byrjaði á því fyrst í máli mínu að segja að öll umræða væri mjög viðkvæm um þessi mál og að nauðsynlegt væri að hún færi fram án öfga og af þeirri varfærni sem nauðsynleg er. Hæstv. ráðh. gat um það að gefnir hefðu verið út bæklingar hér í eina tíð. Það var vissulega virðingarvert framtak, en alls ekki er nóg að gert og er langt um liðið síðan þar var tekið til hendinni. Þar fyrir utan reikna ég með því að þó að hann hafi haft það framtak í frammi þá að dreifa bæklingum á borð þm. reikni hann jafnframt með því að þm. fari á þá staði þar sem þessa bæklinga er að fá. Geri þeir það ekki er vissulega vanbúið að þeim stöðum sem fólk almennt sækir. Þá hljóta að vera mjög margir aðrir sem ekki sækja þá staði þar sem þessa bæklinga er að fá.

Varðandi orð hv. 3. þm. Suðurl. vil ég segja að það voru alls ekki mín orð að fara ætti í herferð gegn fóstureyðingum hér á landi.

Leigubifreiðaakstur, fsp. 447. mál (þskj. 760). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Þannig háttar til að af sérstökum ástæðum hefur staðið nokkur styrr um leigubifreiðaakstur í Reykjavík undanfarið. Eins og mönnum er kunnugt eru í gildi sérstök lög um leigubifreiðaakstur og fjalla þau um heimildir ráðh. til takmörkunar á fjölda leigubifreiða til fólksflutninga, sendibifreiðaaksturs eða vöruflutninga og segir í 2. gr. þessara laga nr. 36 frá 1970, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgmrn. er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til fólksflutninga á félagssvæðinu, ef fjöldi íbúa á svæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr. Þar sem takmörkun er heimiluð skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði.“

Samhljóða eru 4. og 6. gr., en fjalla um sendibifreiðaakstur og vöruflutninga. Þessi lög eru til komin vegna þess að menn töldu sig ekki geta takmarkað fjölda þeirra manna sem þessa atvinnu stunda öðruvísi en með löggjöf og töldu sig þar með vera að fullnægja því

ákvæði 69. gr. í stjórnarskránni sem hljóðar svo:

„Engin bönn má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til."

Þessu lagaboði telja menn sig hafa fullnægt með þeim lögum sem ég vitnaði til.

Nú stendur réttlæting slíks lagaboðs og fellur með skilgreiningunni á hugtakinu „almenningsheill". Þar sem þessi mál eru aftur núna í brennidepli og þar sem ráðuneytið hefur fjallað mjög mikið um þau undanfarið langar mig að vita, og hef ég leyft mér að flytja þá fsp. til samgrh., hvaða almenningsheill liggur að baki lögum um leigubifreiðar, nr. 36 frá 9. maí 1970.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lög um leigubifreiðar voru fyrst sett á Alþingi 16. febr. 1953 og var með þeim ákveðið að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skyldu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefði viðurkenningu bæjarstjórnar. Með þessum lögum var einnig heimilað að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Þessum lögum hefur síðan nokkrum sinnum verið breytt og þau verið endurútgefin og ná nú til fleiri staða en í upphafi, auk þess sem í gildi eru reglugerðir á grundvelli laganna frá 1970 um takmörkun á fjölda vörubifreiða og leigubifreiða til fólksflutninga á allnokkrum stöðum.

Á Alþingi hafa ekki orðið miklar umræður um þessi mál þegar breytingar á lögunum hafa komið þar fram. Við umfjöllun um fyrsta frv. árið 1953 komu hins vegar fram nokkur meginsjónarmið sem ég ætla að eigi við enn.

Þar kemur m. a. fram að atvinnumöguleikar fyrir leigubifreiðar séu mjög takmarkaðir miðað við þann fjölda bifreiða sem notaðar voru. Því sé nauðsynlegt að takmarka fjölda leigubifreiða eigi að vera nokkur möguleiki til að menn, sem stunda leigubifreiðaakstur sem aðalatvinnu, geti haft það sér og sínum til lífsframfæris. Einnig er vísað til þess að með því að binda við þessi störf fleiri menn en nauðsyn krefur á hverjum tíma fari mikið vinnuafl til ónýtis, auk þess að við þessa flutninga eru bundnar miklu fleiri bifreiðar en þörf er á og mun það leiða af sér aukinn innflutning á alls konar rekstrarvörum til bifreiða.

Í framsöguræðu flm. þessa frv., Gunnars heitins Thoroddsens, sagði m. a. að það væri hagsmunamál, ekki aðeins bifreiðastjórastéttarinnar heldur einnig viðkomandi bæjarfélaga og þjóðfélagsins í heild, að ekki fari það margir inn í þessa stétt að þar sé verulegt atvinnuleysi og þar bundið vinnuafl sem æskilegra væri að beina að öðrum starfsgreinum.

Frsm. meiri hl. samgmn. sagði m. a.:

„Sérstaklega taldi meiri hl. nefndarinnar eðlilegt, að atvinnubílstjórar fengju aukna vernd gegn hinum svo kölluðu hörkurum, þ. e. mönnum, sem ekki tilheyra bifreiðastjórastéttinni raunverulega, en stunda bifreiðaakstur í hjáverkum. Það er auðsætt, að í því er ekki fullkomin sanngirni, að menn, sem hafa aðalatvinnu sína af öðrum störfum, geti í hjáverkum sínum gripið inn í þessi störf og rýrt þar með atvinnumöguleika margra þeirra manna, sem hafa bifreiðaakstur að aðalatvinnu".

Eins og ég sagði áður hafa ekki komið fram ný sjónarmið í umr. á Alþingi við breytingar á hinum upphaflegu lögum síðar og verður því að ætla að alþm. hafi talið sömu aðalsjónarmið enn vera í gildi við breytingar sem gerðar hafa verið á þessum lögum. Það er hins vegar augljóst að með breyttum tímum koma breyttar aðstæður í þessum þætti samgöngumála þar sem þróun hefur orðið jafnör og raun ber vitni.

Þessi mál eru nú í mikilli endurskoðun í ráðuneytinu. M. a. hef ég fengið tillögur nefndar að nýrri reglugerð fyrir leiguakstur fólksflutningabifreiða í Reykjavík og raunar tillögur annarrar nefndar um þessi sömu mál í Keflavík. Ljóst er því að þessi mál verða mjög til skoðunar í ráðuneytinu nú í vor og sumar þótt ég sé ekki reiðubúinn á þessu stigi að gefa neinar upplýsingar um þær breytingar sem orðið gætu á reglugerð um þessi efni, en vænti þess að það muni liggja fyrir síðar í sumar.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég held þó að skort hafi á að svarið væri nægjanlega skýrt. Mér sýndist þó af þeim röksemdum, sem hann rifjaði upp fyrir upphaflegri samþykkt laganna sem hér um ræðir, að þar hafi menn að nokkru leyti ekki farið eftir spurningunni um hvað væri almannaheill heldur hvað væri heill þessarar sérstöku starfsstéttar og það hafi frekar verið hennar hagsmunir sem hafðir voru fyrir augum en raunveruleg almannaheill.

Ég tel að þær hugmyndir, sem þar voru notaðar sem röksemdir fyrir flutningi frv. og samþykkt þess um að takmarka fjölda manna í starfi til að tryggja afkomu þeirra, styðji þá fullyrðingu mína að það hafi verið afkoma þessara manna sem réði þarna miklu frekar en spurningin um heildarafkomu stærra samfélags. Að vísu má segja að röksemdin þar sem talað var um fjölda bifreiða í akstri á götum hafi á þeim tíma að einhverju leyti átt við sem spurning um almannaheill, en í dag mætti ætla að fjölgun leigubifreiða í akstri vegna mikillar eftirspurnar eftir almenningssamgöngum mundi endanlega hafa fækkun bifreiða á götum í för með sér.

Ég vildi gjarnan spyrja ráðherra, sérstaklega vegna þess að hann segir að þessi mál séu nú til mikillar umfjöllunar í ráðuneytinu: Er hæstv. ráðh. því sammála, burtséð frá því hvort við erum að tala hér um leigubílstjóra eða einhverja aðra atvinnustétt, að það þjóni almannaheill að menn takmarki fjölda einstaklinga í hvaða atvinnustétt sem er, og ef hann er almennt sammála því, hvers vegna hafa menn þá ekki fyrir löngu tekið af skarið með það hvað margir menn mega vinna í hverri starfsstétt, ef þetta er það lögmál sem þjónar almannaheill í íslensku atvinnulífi?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í flestum löndum og borgum sem ég þekki til er leigubifreiðaakstur leyfisskyldur og er í öllum stærri borgum mjög hert eftirlit með leigubifreiðaakstri þannig að það geti ekki gripið inn í þessi störf alls konar lýður sem enginn getur treyst og jafnvel glæpalýður í stórborgum. Þess vegna er þetta viðhaft. Hér var, áður en þessi lög tóku gildi, mjög mikið ráðandi leynivínsala í bifreiðum. Það hvarf á nokkuð skömmum tíma, að talið er. Ef við gefum þetta allt saman frjálst og menn fara í þessa atvinnu til að stunda ákveðna ólöglega starfsemi, eins og t. d. sölu eiturlyfja svo eitthvað sé nefnt, á sama tíma og við erum að reyna að herða aðald í þeim efnum,

þá held ég að það sé ákaflega slæmt að fara inn á þessar brautir.

Við höfum í margvíslegri löggjöf takmörkun á því hve margir mega stunda þessa atvinnu eða hina. Við erum t. d. með löggjöf um dreifingu og sölu lyfja. Þar er ákveðinn fjöldi lyfjabúða. Margir lyfjafræðingar, sem hafa réttindi, vilja gjarnan reisa lyfjabúð, en löggjöfin hefur sett lög um þau efni og þeim hefur verið framfylgt. Þannig gætum við nefnt til fleiri dæmi.

Ég held að við þurfum að hafa ríkt eftirlit. Hins vegar þætti mér ekki óeðlilegt að sveitarfélögin fengju þetta eftirlit í hendur ef þau vildu. Feginn væri ég sem samgrh. og væntanlega einnig sá sem kæmi á eftir mér ef þessi kaleikur væri tekinn frá ráðuneytinu og réttur sveitarfélögum, Reykjavíkurborg og kaupstöðum og kauptúnum úti á landi, því að þetta er afar vandmeðfarinn málaflokkur.

Við erum með takmarkanir á fleiri sviðum í samgöngum. Við erum með sérleyfi á hinum ýmsu leiðum. Ef við veittum öllum frelsi til að aka á hinum ýmsu sérleyfisleiðum mundu menn fara í þetta yfir sumarið. Það yrðu kannske einhverjir til að stunda þennan akstur yfir vetrartímann þegar minna er um farþega og erfitt er að aka. Við erum með sérleyfi á flugleiðum innanlands og höfum talið það tryggingu fyrir góðum og tryggum samgöngum. Þetta er ein leiðin í því að tryggja að menn stundi þessa atvinnugrein, en verði ekki flæmdir úr henni með því að það komi allt of margir íhlaupamenn inn í hana.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Bara örstutt athugasemd.

Mér þykir leitt, vegna þess að hér fer fram umr. um nokkur grundvallaratriði, að við ráðh. skulum á vissan hátt tala dálítið hvor fram hjá öðrum. Það hefur enginn maður afneitað rétti löggjafans til að setja ákveðin skilyrði fyrir þeim kröfum sem menn verða að uppfylla sem veita ákveðna þjónustu og þær kröfur eigi þar með að tryggja neytandanum ákveðinn lágmarksstaðal þessarar þjónustu; í sambandi við leigubíla t. d. um gjaldmælingu, aðbúnað í bifreiðunum og þar fram eftir götunum. Það er aftur á móti ekki það sama og að takmarka með ítölu fjölda þeirra manna sem þessa atvinnu stunda. Ef menn uppfylla þær kröfur sem settar eru um þessa þjónustu svipað og um lyfjafræðinga og aðra hljóta þeir samkv. almennum mannréttindum og samkv. stjórnarskránni, að mínu mati, að eiga rétt á að fá að veita þessa þjónustu.

Almannafriður, fsp. 458. mál (þskj. 777). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Þetta mál er ekki stórt að vöxtum og að vissu leyti ekki lengur tímabært vegna þess hve langt er um liðið frá páskum og hvítasunnan m. a. s. líka fram hjá okkur farin.

Þannig háttar til að ég komst að því af eigin reynslu að ekki er hægt að fara í kvikmyndahús í Reykjavík og þá væntanlega ekki heldur annars staðar eftir kl. sex laugardaginn fyrir páska og sama gildir víst um hvítasunnu án þess að ég hafi sannreynt það. Þetta mun vera, samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra Reykjavíkur, í samræmi við framkvæmd á lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þar segir í viðauka við 7. gr.:

„Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemmtanir bannaðar eftir miðaftan."

Þann sama dag sem ég ekki átti þess kost að fara í kvikmyndahús, sem er kannske í sjálfu sér ekki neitt stórtjón, var sjónvarpið á ferðinni í húsum okkar mestan hluta þess dags og alveg fram yfir miðnætti. Og mér er spurn: Fellur ekki sjónvarpið undir hugtakið „almennar skemmtanir" eða er nokkur skemmtun almennari á þessu landi en sjónvarpið? Ég sleppi því að fara nánar út í þá dagskrá sem flutt var laugardaginn fyrir páska, en hún var aldeilis ekki í anda þeirra þurrpumpulegheita sem venjulegast ríkja á þessum dögum. En spurningin ætti kannske frekast að orðast þannig: Hvaða ástæða er til þess að framfylgja lögum sem þessum í jafnókristnu landi og Ísland er?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. til mín. Hún er á þessa leið:

„Hvers vegna er 7. gr. laga nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, ekki framfylgt gagnvart starfsemi Ríkisútvarps — sjónvarps með sama hætti og gagnvart starfsemi kvikmyndahúsa?"

Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar takmarka ýmsa starfsemi í þjóðfélaginu, svo sem ýmsa vinnu, kaupsýslu, samkomuhald, mannfundi og skemmtanir.

Í 7. gr. laganna er sérstaklega fjallað um föstudaginn langa, fyrra helgidag stórhátíðanna og aðfangadagskvöld. Er sú starfsemi sem að öðru leyti er takmörkuð af helgidögum þjóðkirkjunnar bönnuð þessa daga. Jafnframt eru almennar skemmtanir bannaðar eftir kl. sex kvöldið fyrir páskadag og hvítasunnudag.

Starfsemi kvikmyndahúsa, þ. e. opinberar kvikmyndasýningar, hefur almennt verið flokkuð undir almennar skemmtanir. Því hafa almennar kvikmyndasýningar ekki verið taldar heimilar þessa tilteknu daga. Þar með er ekki sagt að allar opinberar kvikmyndasýningar séu skemmtun, en það fer þá eftir efni kvikmynda. Starfsemi Ríkisútvarps — hljóðvarps frá upphafi eða sjónvarps, þ. e. útsending efnis, hefur sem slík ekki verið talin almenn skemmtun. Verður að telja að með almennri skemmtun sé átt við það þegar fólk safnast saman til að hlýða eða horfa á flutning efnis eða taka á einhvern hátt þátt í slíkri starfsemi. Því skilyrði verður ekki talið fullnægt við sendingu útvarpsefnis. Notkun útvarpsefnis fer að jafnaði fram á heimilum eða annars staðar, sem eigi mundi talin almenn skemmtun, en hugsanlegt er að sjálfsögðu að flutningur þess við tilteknar aðstæður yrði flokkaður undir það.

Lögin um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar eru frá árinu 1926. Ég tel tímabært að lögin verði endurskoðuð þar sem svo margt hefur breyst í okkar þjóðfélagi á þeim tíma sem síðan er liðinn. Sú endurskoðun er þegar hafin. Ég vænti þess að hægt sé að leggja fram frv. til breytinga á þessum lögum á næsta Alþingi í samræmi við það sem eðlilegt má telja og í samráði við yfirstjórn þjóðkirkjunnar.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Þó það væri ekki annars vegna, herra forseti, en að leiðrétta mis-

mæli sem mér urðu á í framsögu þar sem ég dró í efa réttmæti þess að framfylgja lögum. Ég átti við að viðhalda lögum sem þessum.

Það er ánægjulegt að heyra að endurskoðun þessara laga er í gangi. Væntanlega ræður sú hugsun þar ríkjum að samræma þau að einhverju leyti þeim tíðaranda sem við búum við.

Aðeins örstutt aths.: Þess vegna nefndi ég Ríkisútvarpið — sjónvarp að það er nýlega fallinn í Hæstarétti dómur um útsendingar sjónvarpsins og rétt manna til höfundagreiðslna vegna þeirra þar sem Hæstiréttur mjög skýrt og klárlega lagði sjónvarp að jöfnu við aðrar tegundir kvikmyndasýninga, þ. e. lagði að jöfnu kvikmyndahúsarekstur og sjónvarpsrekstur og réttlætti þar með greiðslur höfundalauna til ákveðins aðila sem þessi málaferli spunnust út af.

Það er vissulega ástæða til að spyrja og þá ekki þeirrar spurningar sem ég spurði áðan og ekki með það sjónarmið í huga að takmarka rekstur sjónvarpsins, heldur einfaldlega það að heimila mönnum kvikmyndasýningar á þeim tímum sem hér um ræðir, þó það þurfi ekki endilega að vera á aðfangadag og páskadag og það kannske af allt öðrum ástæðum, því að sömu daga sem við erum að tala um bannar enginn fólki að halda skemmtanir á veitingahúsum t. d., þó án þess að stíga dans, og trufla þannig almannafrið, ef um einhverja slíka truflun er að ræða, löngu eftir miðnætti þá daga sem hér um ræðir þar sem öllum slíkum hátíðahöldum átti að vera lokið um miðaftan.

Fjölgun vínveitingaleyfa, fsp. 513. mál (þskj. 965). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga í samráði við áfengisvarnaráð á dögunum komu fram hinar merkustu upplýsingar um margt sem snertir stefnu okkar eða stefnuleysi í vímuefnamálum almennt. Tvennt þótti mér þar athyglisverðast: Annars vegar sú staðreynd að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert gert með áfangatillögur stjórnskipaðrar nefndar um stefnumörkun í áfengismálum, í rauninni ekki tekið afstöðu til neinnar þeirrar. Hins vegar sú uggvænlega þróun á fjölgun vínveitingaleyfa sem orðið hefur s. l. tvö ár og nemur um 50%. Munar þar mestu um bjórlíkhúsin svonefndu sem þotið hafa upp eins og gorkúlur og framar öðru skapað grundvöll að kröfunni um áfengan bjór sem frjálsastan, eins og ekki þarf hér að rekja.

Á þessari ráðstefnu var það rifjað upp hvert álit sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna væri á þessum málum sem í hnitmiðaðri framsetningu er svo: Betra aðgengi, meiri fjölbreytni = verri afleiðingar, aukin neysla, fleiri meðferðarsjúklingar, fleiri dauðsföll. Ég hef ekki um þetta fleiri orð því að þau segja allt um þetta mál sem segja þarf, en ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmrh. og biðja hann um skýringu á þessari gífurlega fjölgun, hversu við hefur verið reynt að sporna, hvað veldur þessari aukningu og hvers vegna bjórlíkhúsin fá yfirleitt að blómstra svo sem raun ber vitni. Sömuleiðis hvort hæstv. ráðh. er ekki með á prjónunum einhverjar aðgerðir til að reisa hér við rönd. Vantar máske samstöðu í hæstv. ríkisstj. um að eitthvað skuli aðhafst í þessum efnum, eins og alla samstöðu virðist skorta um að taka á tillögum sem stjórnskipaða nefndin hefur sett fram, nefnd sem kom í kjölfar þál. og hefur svo mikla breidd í sjónarmiðum sem raun ber vitni? En fsp. mín á þskj. 965 hljóðar svo:

„1. Hvaða skýringar eru á 50% fjölgun vínveitingaleyfa s. l. tvö ár?

2. Hefur ráðuneytið í hyggju að draga úr leyfisveitingum eða koma í veg fyrir frekari fjölgun?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur borið fram fsp. um fjölgun vínveitingaleyfa á síðustu tveimur árum.

Í lok maímánaðar 1983 voru alls 56 vínveitingahús á landinu. Þau voru þá 28 í Reykjavík, 16 í öðrum kaupstöðum og 12 utan kaupstaða. Nú eru vínveitingahús á öllu landinu um 91 talsins, þar af 42 í Reykjavík, 29 í öðrum kaupstöðum og 20 í sýslum.

Ástæða fyrir fjölgun er fyrst og fremst mikil fjölgun umsókna eftir leyfum. Árin 1981—1983 hafði vínveitingahúsum fjölgað allmikið og sérstaklega úti á landi. Þar munar sennilega mestu um sumarhótel, en þá var bætt við vínveitingaleyfum til þeirra sem rekin voru aðeins yfir sumarið, t. d. Edduhótelanna. Orðið hefur áframhald á umsóknum fyrir þau. Alþingi lét einnig fyrir skömmu í ljós sína afstöðu með breytingu á lögum þar sem gert var ráð fyrir að vínveitingahús utan kaupstaða mætti hafa allt árið sem áður var takmarkað. Á þeim tveim árum sem liðin eru hefur húsunum fjölgað um 35, en fjögur hafa hætt rekstri og þar af hafa tvö ekki fengið endurnýjunarleyfi. Á sama tíma sem þetta hefur gerst hefur verið synjað um ný leyfi í a. m. k. 13 tilfellum. Þannig hafa ekki allir fengið leyfi sem um hafa sótt.

Í 12. gr. áfengislaga frá 1969 segir að dómsmrh. sé heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga að uppfylltum skilyrðum sem varða það annars vegar að veitingahús hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði og hins vegar að það sé fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu. Um síðara atriðið dæmir sérstök nefnd, matsnefnd vínveitingahúsa, sem í eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af áfengisvarnaráði, einn af Sambandi veitinga- og gistihúsa og formaður skipaður af ráðh.

Enn fremur segir í lagagr. að leita skuli umsagnar viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar áður en leyfi er veitt og er óheimilt að veita leyfi ef þessir aðilar eru leyfisveitingunni mótfallnir.

Skv. framansögðu verður leyfið ekki gefið út gegn umsögn matsnefndar vínveitingahúsa og hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ég hef leitast við að beita nokkru aðhaldi í þessum efnum þó að vissulega megi segja að niðurstaðan af þessum tölum bendi ekki beinlínis til þess. Ég hef beitt mér fyrir því að nú er jafnan leitað til áfengisvarnanefnda um umsóknir um vínveitingaleyfi, bæði í upphafi og við endurnýjun. Í sumum tilfellum a. m. k. lýsa áfengisvarnanefndir ekki yfir andstöðu sinni við veitingu leyfanna eða mæla með. Einnig beitti ég mér fyrir því að leitað er formlega eftir áliti viðkomandi hreppsnefnda sem ekki er lögskylt að leita til. Allt er þetta gert til að tryggja að varnaðarorð heimamanna nái að koma fram.

Hins vegar er því ekki að leyna að sveitarstjórnir og sýslunefndir hafa ekki virst vera mikið á varðbergi,

heldur mælt með útgáfu leyfa og jafnvel beitt þrýstingi. Það er sjálfsagt ýmislegt sem þar hefur áhrif, en við höfum öll orðið vör við að þetta er talið atvinnumál og gjarnan spurt: Af hverju á þetta sveitarfélag ekki að hafa möguleika á að reka sambærilega þjónustu og sveitarfélagið við hliðina og þurfa þá að sækja annað þessa þjónustu sem þegnarnir óska eftir?

Ég hef talið að það væri nauðsynlegt í þessum málum að reyna að hafa samstarf við sveitaryfirvöld sem standa nær íbúunum, en þetta viðhorf hefur mótað afstöðu þeirra. Þess vegna fagnaði ég því mjög að Samband ísl. sveitarfélaga skyldi halda ráðstefnu um þessi mál fyrir stuttu þó að því sé ekki að neita að það kom mér á óvart að ekki skyldi vera haft samband við dómsmrn. um undirbúning hennar því að ég hef reynt nokkuð til þess að leita eftir samstarfi við aðra aðila um að spyrna þarna við fótum og fagna þess vegna hverjum sem þar vill leggja eitthvað af mörkum.

Auk þess sem ég sagði, að nokkuð hefði verið reynt að halda þarna aftur af, hefur einnig verið leitast við að takmarka vínveitingaleyfi sem út hafa verið gefin. Sum leyfi eru takmörkuð vegna þess að það er ekki sótt um fullt leyfi, en um ný leyfi, sem gefin hafa verið út síðustu tvö misserin, er óhætt að segja að þau hafi flest verið takmörkuð af hálfu rn. Þau heimila að jafnaði aðeins vínveitingar til matargesta. Það er vegna atvinnuþáttarins í þessu máli þar sem sá veitingastaður sem ekki hefur vínveitingaleyfi með mat er ekki talinn standa jafnfætis öðrum og geta veitt þá þjónustu sem þeir sem þangað leita óska eftir.

Rn. hefur lagt áherslu á að eftirliti sé haldið uppi gagnvart vínveitingahúsum og rekstri þeirra og að lögreglustjórar geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta ef út af er brugðið. Nýlega hefur rn. óskað sérstaklega eftir grg. viðkomandi lögreglustjóra um rekstur vínveitingahúsa í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri til þess að betur megi átta sig á því hvernig rekstur fer fram og hver bragur þar er.

Ég mun halda áfram að sporna við þannig að þarna sé reynt að vega og meta hvert einstakt tilfelli, en er ríkisstj. markaði þá stefnu sem var minnst á í tillögum nefndar um mörkun áfengismálastefnu lýsti ég því yfir þegar í upphafi að ég mundi hlíta því og fara eftir þeirri ákvörðun.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að ég hljóti að verða að hjálpa hæstv. dómsmrh. í þessu máli. Það er alveg ástæðulaust fyrir hann að vera svo sakbitinn yfir auknum fjölda vínveitingaleyfa. Það kom nefnilega alls ekki fram í hans máli, og er því álíka óáreiðanlegt og ýmsar tölur úr herbúðum áfengisvarnamanna, svokallaðra, hin raunverulega ástæða fyrir auknum fjölda þessara leyfa. Því ætla ég að upplýsa hæstv. ráðh. um það.

Á síðustu árum hefur orðið bylting í íslenskri matargerð og íslenskri veitingahúsamenningu og veitingahúsum hefur einfaldlega fjölgað, sem betur fer. Því fylgir auðvitað að þegar búinn er til sómasamlegur matur í sómasamlegu veitingahúsi fer veitingahúsið fram á að hægt sé að veita vín með matnum. Þetta er hin raunverulega ástæða fyrir þessum fjölda, hæstv. ráðh., og það er ekkert við hann að sakast um það, nema síður sé, að veita þessi leyfi.

Sannleikurinn er sá að það er mikill munur, bæði á Reykjavík og ýmsum öðrum stöðum hér á landi, hvað snertir veitingahúsamenninguna nú og fyrir aðeins örfáum árum. Því ber að fagna. Matargerð er nú til töluverðs sóma víða um land og mörg ágætis veitingahús hér í höfuðborginni hafa gert almenningi kleift að fara út að borða eins og það er kallað. Fyrir örfáum árum var það ekki á færi nema stóreignamanna og peningafursta vegna þess að það var einfaldlega svo dýrt. Áður var ekki hægt að fá hvítvínsglas eða rauðvínsglas með mat nema á Hótel Sögu eða Hótel Borg sem voru þá staðir sem allur þorri manna hafði ekki efni á að sækja. Þessari þróun ber þess vegna alveg hiklaust að fagna og engin ástæða fyrir þá í dómsmrn. til þess að hafa áhyggjur af því.

Ég hef ekki orðið vör við það hér í Reykjavík að þessum litlu notalegu matsölustöðum, sem vissulega hafa vínveitingaleyfi, hafi fylgt neinn sá ósómi sem skaði sé að. Ég vil hins vegar benda hv. þm. á að aðeins hefur borið við að slíkt fylgi hinum svokölluðu bjórstofum, og ég skal líka upplýsa ykkur, hv. þm., af hverju það er. Það er af því að það má ekki drekka bjór. Þar má nefnilega sulla í sig einhverju brennivíni í samsulli við eitthvað annað og fólk hefur á tilfinningunni að það beri að gera af einhverjum subbuskap vegna þess að öll þessi umræða, þessi svokallaða áfengisvarnaumræða, háir vínmenningu almennings og því að Íslendingar bætist í hóp siðmenntaðra þjóða. Syndin skal vofa yfir fólki sem fær sér vínglas.

Nei, hæstv. dómsmrh., þeir eru ekkert til að hafa áhyggjur af, matsölustaðir landsins. Það væri kannske von til að auka vínmenningu Íslendinga enn ef fólk gæti líka fengið sér bjórglas.

Guðrún Tryggvadóttir: Herra forseti. Ég ætla að segja hér nokkur orð vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. Ég er alls ekki komin hér upp til að halda neina bindindisræðu og í sjálfu sér hef ég ekkert á móti víni ef það er notað í hófi. Ég er heldur ekkert á móti vínveitingastöðum, en ég tel að 50% fjölgun þeirra s. l. tvö ár sé of mikið af svo góðu.

Hún kom mér óþægilega á óvart, þessi háa tala, og mér varð fyrir að spyrja: Hvert stefnum við? Ég geri ráð fyrir því að margar ef ekki flestar þeirra umsókna sem afgreiddar hafa verið þessi tvö ár séu vegna þessara svokölluðu kráa eða „pöbba" sem sprottið hafa upp hér mér liggur við að segja sem ný atvinnugrein, fyrst á höfuðborgarsvæðinu og teygir sig nú óðum út á ystu útkjálka landsins. Gott og vel. Boð og bönn eru ekki til neins. Það er löngu sannað mál. En við getum vissulega haft hemil á þessum málum. Við getum t. d. hækkað leyfisgjöld stórlega. Það borgar sig upp á skömmum tíma. Það er enginn vafi á því. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þeim þætti málsins. Ég tel einnig að við ættum að hækka áfengi enn meir en orðið er. Stærstur hluti þess fólks sem sækir vínveitingastaði eru meðal- og hátekjufólk. Þar er ekki láglaunafólkið og þar eru ekki almennu launþegarnir. Þar er ekki aldraða fólkið og þar eru ekki hrjáðir húsbyggjendur (sem eru í raun og veru á hvínandi kúpunni). Nei, þetta er meðal- og hátekjufólk sem þarf ekki að velta fyrir sér hverri einustu krónu. Reyndar sjást sjaldan í röðum viðskiptavina í útsölum ÁTVR almennir launþegar heldur og ekki aldrað fólk og ekki hrjáðir húsbyggjendur og ekki þeir sem eru á hvínandi kúpunni.

Með því að hækka gjaldið fyrir vínveitingaleyfin og áfengisverðið gætum við e. t. v. slegið tvær flugur í einu höggi: dregið úr leyfisveitingum, það mundi koma af sjálfu sér, og sömuleiðis náð til þess fólks sem að sumra mati leggur of lítið í ríkiskassann miðað við lífsstíl.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að þreyta kappræðu við fulltrúa vínmenningarinnar hér, hæstv. fulltrúa vínmenningarinnar, svo sem hún telur sig að vísu, en hún talar býsna gáleysislega um þessi mál hér í ræðustól og eingöngu um þær björtu hliðar sem hún sér á þessum málum. Þykir mér það miður með svo vel hugsandi þm. eins og hv. 10. landsk. þm. er að öðru leyti.

Ég dreg ekki góðan vilja hæstv. dómsmrh. í efa, að hann vilji hér sporna nokkuð á móti. — Ekki matargerðarlist. Ég hef ekki reiknað með því að hann væri eitthvað sérstaklega fjandsamlegur nýrri matargerðarlist, eins og hv. 10. landsk. þm. var að reyna að koma honum í skilning um áðan með góðri kennslustund í þeim fræðum. En það er rétt að hér hefur ekki orðið sú fjölgun sem ég nefndi á vínveitingaleyfum s. l. tvö ár. Hún er ekki 50%, heldur 63% skv. þeim tölum sem hæstv. ráðh. fór með áðan. Og ég held að því miður séu þær ástæður, sem hv. 10. landsk. þm. kom hér inn á, ekki réttar. Ég held að þróun s. l. ára með bjórlíkhúsin sem aðaleinkenni sé sú þróun sem sé neikvæðust alls og það er sú þróun sem hefur knúið á um breytingar í þá átt sem hér er verið að fjalla um á Alþingi og sem hv. 10. landsk. þm. nefndi þó snilldarlega, og það eina góða sem hún sagði eiginlega, að væru krár subbuskaparins.

Í beinum tengslum við alls óviðunandi ástand er ég ekki í neinum vafa um að í þeim málum hafa margir breytt um skoðun einmitt vegna þessarar fjölgunar og sagt: Þetta er komið. Það skyldi nú ekki vera að það hafi gerst jafnvel hér á Alþingi líka að menn hafi skipt um skoðun einmitt vegna þessarar fjölgunar á þessum nýju stöðum.

Ég segi það aðeins í lokin að það er lítið um þessar dapurlegu niðurstöður eða dapurlegu svör að ræða. Fjölgun á vínveitingaleyfum almennt er í litlum takt við aðvaranir þeirrar stofnunar sem við eigum að taka mest mark á í þessum efnum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Hafi einhverjir lagakrókar valdið þessari þróun með bjórlíkhúsin hlyti að hafa verið unnt að hamla þar nauðsynlega á móti og þá hefði nauðsynlega þurft að breyta lögum því að þessi bjórlíkhús eru vitanlega til þess stofnuð að þrýsta á hömlulausa sölu áfengs öls og tilgangurinn hefur vissulega skilað sér ríkulega, auk þess hæpna en eflaust mikla arðs, eins og hv. 1. þm. Austurl. kom réttilega inn á, örugglega mikla arðs, sem þau hafa skilað sínum eigendum. Ég hlýt í sambandi við þau mál sérstaklega að harma þau vinnubrögð og það aðgerðarleysi sem þar hefur ráðið ríkjum.

Sameinað þing, 92. fundur.

Þriðjudaginn 4. júní, að loknum 91. fundi.

Framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum á Höfn, þáltill. 521. mál (þskj. 1045). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum, þáltill. 272. mál (þskj. 450, n. 1002, 1003). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum. Nefndin hefur fjallað um till. og leitað umsagnar um hana. Nefndin flytur brtt. á sérstöku þskj. og mælir með samþykkt till. svo breyttrar. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pétur Sigurðsson og Stefán Benediktsson.

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Eggert Haukdal.

Með leyfi forseta vil ég lesa upp tillgr. eins og allshn. leggur til að hún verði samþykkt:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því að haldin verði fyrir fatlaða námskeið í meðferð og notkun á tölvum, sem félmrn. standi fyrir þeim að kostnaðarlausu, eða fötluðum gert kleift að taka þátt í almennum tölvunámskeiðum til að auðvelda þeim að fá störf á vinnumarkaðnum."

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að vekja athygli á því að þetta verkefni kann að vera of einskorðað við það að fela félmrn. að standa fyrir námskeiðum í tölvufræðum fyrir fatlaða. Ég vil geta þess að ég tel að þetta sé gert að því marki sem tölvufræðslan er á annað borð komin á einhvern rekspöl, m. a. á vegum skólanna og það er auðvitað sjálfsagður hlutur að fatlaðir eiga ekki síður en aðrir aðgang að þeim námskeiðum sem í boði eru í þessum fræðum. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur að fræðsla fyrir fatlaða á að standa til boða engu síður en fyrir annað fólk.

Þessi till. olli því að mér fannst eins og hér væru menn e. t. v. óvart að setja fatlaða í sérhóp, marka þeim of einangraðan bás. Ég geri ekki ráð fyrir að sú hafi verið ætlunin, heldur þvert á móti að gera fötluðum kleift að fylgjast með einmitt þeirri þróun sem er á þessum tæknisviðum sem hér er fjallað um og að gera þeim kleift að taka þátt einmitt í atvinnu sem krefst tölvuþekkingar. Þetta vildi ég einungis taka fram. En það má vel vera að hér sé átt við enn önnur og afmarkaðri námskeið sem eru fyrir utan allt skólakerfi og önnur tölvunámskeið. Það má vera að það sé það sem menn hafa í huga og ef svo er vil ég óska skýringar á því af hálfu hv. nefndar. Ég tel að það sé alveg sjálfsagt að stuðla að námskeiðahaldi í tölvufræðum bæði fyrir fatlaða og aðra og ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim stórkostlegu möguleikum fyrir fatlaða sem felast í því að nota tölvur í sjálfu náminu í öðrum greinum og þar eru alveg nýir möguleikar sem áhersla hefur verið lögð á að kynna mönnum. Það er m. a. einn af þeim kostum sem tölvuþekkingin og notkun tölva í skólum hefur í för með sér. Þess vegna var það sem mér fannst kannske ástæða til að setja spurningarmerki við það hvort ætti að gera tölvufræðslu fyrir fatlaða að einhverri grein sem ætti að vera afmörkuð frá annarri tölvufræðslu. Ég er ekki viss um að svo sé, en hins vegar þarf

að vera vakandi yfir því að gera hinum fötluðu kleift að nota tölvurnar í ýmsu námi í framtíðinni einmitt til þess að þeir geti náð betri árangri og þeirra fötlun standi þeim minna fyrir þrifum í námi en ella mundi vera.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég undrast nokkuð að hæstv. menntmrh. skuli hafa áhyggjur af því hvort hér sé verið að setja fatlaða á einhvern hátt á sérstakan bás. Vitaskuld munu þeir fatlaðir einstaklingar, sem geta sótt aðra skóla, sækja þau námskeið í tölvufræðum sem þar er boðið upp á. Ég er hins vegar ekki eins viss um það og hæstv. ráðh. að það sé unnt í miklum mæli. En þessi till. er auðvitað til þess flutt að þeim sem við alvarlega fötlun búa og eiga erfitt með að sækja skóla og námskeið annars staðar verði séð fyrir slíku námskeiði.

Nú hlýtur hæstv. ráðh. að vita að til er það fatlað fólk sem er svo alvarlega fatlað að mjög sérhæfða kennara þarf til þess að þeim nýtist tölvubúnaður og þarf varla að útskýra það nánar. Við getum hugsað okkur einstaklinga sem ekki hafa neitt vald á handleggjum og aðra slíka og þá verður auðvitað að sjá til þess að þar sé fólk til kennslu sem á slíka fötlun kann.

Í till. er gert ráð fyrir að fötluðum standi til boða að sækja slíkt námskeið sér að kostnaðarlausu. Það gæti þýtt flutningskostnað milli heimilis og kennslustaðar og þar fram eftir götum. Það er auðvitað fullkomlega eðlilegt að félmrn. hafi þetta með höndum þar sem því ber lögum skv. að annast framkvæmd á lögum um málefni fatlaðra, og hvergi eðlilegra en þar að standa fyrir slíku námskeiði.

Þeir aðrir fatlaðir einstaklingar sem geta að miklu eða öllu leyti tekið þátt í lífi og starfi úti á hinum almenna vinnumarkaði þurfa auðvitað ekki á slíkum námskeiðum að halda og er vel ef það er rétt að verulega sé unnið að því að fatlaðir fái kennslu í tölvufræðum í hinu almenna skólakerfi. Og það heyrir að sjálfsögðu undir hæstv. menntmrh. En ég held að það verkefni sem þáltill. gerir ráð fyrir, sem hér um ræðir, eigi hiklaust að framkvæmast á vegum félmrn. og ég treysti því að hv. Alþingi verði jafnsammála og hv. allshn. um að þessari till. beri að fagna og hana beri að samþykkja og ég vænti þess að hún hljóti afgreiðslu hér nú þegar. Ég er viss um að hún verður fagnaðarefni fyrir margt mjög illa fatlað fólk hér í þessu landi.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vona að það sé ljóst að ég er algerlega sammála hv. flm. um tilgang þessarar till. Ég er einungis að ræða um vinnuhagræðingu í kerfinu, ef ég má svo segja. Hér stendur í grg. með till. þessari:

„Félmrn. er yfirstjórnandi þessa málaflokks skv. lögum og hlýtur að vera sá aðili, sem þetta tekur að sér."

Þá er átt við málaflokk fatlaðra. En engu að síður hefur menntmrn. þá skyldu að annast fræðslu fatlaðra eins og annarra í þjóðfélaginu og það hefur einmitt verið talið jafnréttisatriði að svo sé. Þess vegna held ég að það hefði verið betra að niðurlag þessarar till. orðaðist eitthvað í þessa veru: Menntmrn. stendur fyrir þessum námskeiðum í samráði við félmrn. — Þá hygg ég að hlyti að vera náð þeim tilgangi að ná til þeirra einstaklinga sem félmrn. hefði hugmynd um og af einhverjum ástæðum hefðu ekki komið inn í það kerfi sem menntmrn. hefur með höndum eða gefur kost á. Þá held ég að væri nokkuð tryggt að slíkt stæði til boða einmitt fyrir þá einstaklinga sem ég hygg að hér sé verið að hugsa um.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. segir, að þetta er ekki alls staðar komið í fullkomið horf. Hér er um alveg nýja starfsemi að ræða sem er að komast á laggirnar og skiptir miklu máli að farið sé skynsamlega og skipulega í og það sé samræmi í því hvernig tekið er á hlutum eins og tölvufræðslunni.

Ég vil nú bera fram, hæstv. forseti, skriflega brtt. því að ég hygg að till. sé á afgreiðslustigi. Ég tel fyrir mitt leyti mjög skynsamlegt að greiða fyrir því að slík námskeið komist á. En ég held að það eigi að vinna þetta mál með sama hætti og löggjöf um ýmiss konar fræðslu ætlast til, en aftur á móti sé mjög æskilegt að samstarf sé við félmrn. um þetta. Þess vegna legg ég til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því að haldin verði fyrir fatlaða námskeið um meðferð og notkun á tölvum, sem menntmrn. standi fyrir í samráði við félmrn. Námskeiðin verði hinum fötluðu að kostnaðarlausu og þeim gert kleift að taka þátt í almennum tölvunámskeiðum til þess að auðvelda þeim störf á vinnumarkaðinum."

Ef hæstv. forseti umber það að ég ljúki við að skrifa till. nú í sæti mínu mun ég leggja hana fram.

Forseti (Helgi Seljan): Ég hygg, miðað við málsaðstæður og það að nú er búið að óska eftir því mjög eindregið að fundur verði í Nd., að við munum ekki halda þessari umr. lengi áfram. Ég hafði hugsað mér að taka hér stutta umr. — vonandi stutta umr. — um tvö mál og síðan slíta þessum fundi. Ég tek það fram út af því sem hæstv. menntmrh. sagði að ég hef ekki hugsað mér að láta fara fram atkvgr. um málið á þessum fundi. Hæstv. ráðh. gefst því tækifæri til að koma sinni till. á framfæri.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég kem upp í þessum umr., sem ég gat því miður ekki verið að öllu leyti viðstaddur, fyrst og fremst til að reyna að koma að því að við megum alls ekki fara að metast um hver á að standa fyrir eða koma þessu á. Aðalatriðið er að það sé hægt að koma því í framkvæmd. Ég skil till. þannig að fyrst og fremst sé verið að leggja áherslu á nauðsyn þess að gera sem flestum fötluðum mögulegt að komast í störf á vinnumarkaðinum. Það er almennt viðurkennt í dag að einmitt tölvan eða allt sem er í kringum tölvumeðferð nú er vettvangur sem margt fatlað fólk getur tileinkað sér með sérstakri þjálfun sem betur fer.

Það sem ég vil sérstaklega minna á hér er að rn. sem ég stýri hefur haft talsverð afskipti af einum þætti slíks máls. Fyrir frumkvæði Rauða krossins og Öryrkjabandalagsins hefur nokkurs konar skóli fyrir fatlaða starfað um 2—3 ára skeið og félmrn. hefur styrkt þá starfsemi eftir megni. Ég get sagt það hér að ég hefði aldrei getað látið mér detta í hug hve sú litla starfsemi hefur haft mikil áhrif og hve hún hefur getað komið mörgu fötluðu fólki til góða sem getur undir engum kringumstæðum eða a. m. k. flest af því sótt almenna skóla vegna sinnar fötlunar eða hvað það hefur náð gífurlega miklum árangri í gegnum þessi námskeið eða

þennan vísi að skóla sem hefur að miklu leyti verið rekinn af áhugafólki og mikið sjálfboðastarf sem hefur verið lagt af mörkum. Þess vegna veit ég að einmitt svona starfsemi, ekki síst til þess að reyna að koma þessu fólki í störf, getur haft mjög jákvæð áhrif. Ég legg áherslu á að nauðsynlegt er að rn. menntamála og félagsmála vinni saman í þessu máli. Ekki skulum við hafa á móti því ef menntmrh. vill leggja áherslu á að menntmrn. komi inn í þessi mál. Það má ekki vera neinn metingur um þetta. Það er aðalatriðið að geta komið til móts við þetta fólk og stuðlað að því að starfsemi sem þessi geti farið fram.

Ég vildi, herra forseti, leggja áherslu á þetta. Ég vil ekki leggja stein í götu þess, en ég veit að þetta er þýðingarmikið mál. Þetta er ekki fyrirferðarmikið fjárhagslega, en góður vilji og áhugi fyrir málinu, að greiða fyrir þessu á réttan hátt, skilar miklu í þessu máli.

Forseti (Helgi Seljan): Ég hafði nú ekki hugsað mér að halda þessari umræðu mikið lengur áfram eða þessum fundi yfirleitt því að mér virðist svo sem hv. þm. Nd. hafi uppgötvað að þeir eigi fund eftir núna. Þingflokksmenn hafa greinilega ókyrrst og ekki skal ég hafa á móti því að deildarstörf gangi með eðlilegum hætti hér á eftir, en ég hafði hugsað mér að reyna, ef menn gætu orðið nokkuð stuttorðir um 8. og 9. dagskrármálið, að taka þau með. Hv. 5. þm. Vestf. hefur kvatt sér hljóðs um þetta mál.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil taka undir það hjá hæstv. menntmrh. að tölvuþekking og hæfni getur auðveldað fötluðum allt annað nám og kannske undir mörgum kringumstæðum opnað þeim alveg nýja möguleika í störfum í þjóðfélaginu.

Það hvarflaði satt best að segja ekki að okkur allsherjarnefndarmönnum að á því kærleiksheimili sem ríkisstj. er gætu skapast neinar deilur um svo gott mál sem þetta. Við litum aftur á móti svo á að stjórnunarlega séð væri skynsamlegt að sami aðili skipulegði og greiddi. Fyrirsjáanlegt þótti að sum námskeið yrðu að vera sérhæfð vegna fötlunar, þátttakendur gætu ekki stundað nám með öðrum á almennum námskeiðum. Á þessum námskeiðum væri ekki eðlilegt að menntmrn. skipulegði en félmrn. borgaði, heldur væri það sami aðili sem skipulegði og greiddi.

En hvað um það. Þetta getur ekki orðið deiluefni á milli nefndarinnar og ráðh. því að mér er ljóst að góður vilji er á bak við hjá hæstv. ráðherrum í þessu máli. Ég trúi því að hvor niðurstaða sem yrði í þessu máli, hvort sem brtt. yrði samþykkt eða menn láti þáltill. fara í gegn óbreytta, sé það ríkur vilji í ríkisstj. að framkvæmdin yrði í alla staði til sóma.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. formanni allshn. að þessu leyti. Ég tel það mjög til skaða ef till. hæstv. menntmrh. næði fram að ganga. Í fyrsta lagi held ég að það sé ákaflega óheppilegt að tvö rn. séu að vasast í sama málinu og ekki síst máli eins og þessu. Við skulum ekki gleyma því að síðan lögin um málefni fatlaðra voru sett hér á Alþingi hefur verið vel að þeim málum unnið. Það er deild innan félmrn. sem annast framkvæmd þeirra laga og ég tel að þar hafi verið unnið ótrúlega mikið starf á ótrúlega stuttum tíma. Þar liggur inni mikil þekking á málefnum fatlaðra. Þar er unnið að því að gera fatlaða sem sjálfstæðasta og færasta um að lifa eðlilegu lífi í þjóðfélaginu. Þar með er m. a. atvinnuleit og atvinnumiðlun og annað slíkt. Ég tel að félmrn. sé fullfært um að framkvæma þessa litlu till. eins og hún liggur fyrir.

Ég ætla ekki að fara nánar út í önnur dæmi um þann skaða sem hefur leitt af því og leiðir af því að milli menntmrn. og félmrn. hefur í ákveðnum þáttum þessara mála verið strekkingur sem hefur háð eðlilegu starfi, en ég hef mikið á móti því að hleypa þessu máli í það gímald. Ég vil þess vegna eindregið vara menn við að fara að blanda menntmrn. þarna inn. Að sjálfsögðu sér menntmrn. um hið almenna skólakerfi í landinu og vinnur auðvitað skv. landslögum, skv. grunnskólalögum og öðrum landslögum, að því að gera fötluðum kleift að stunda það nám, en til eru þeir sem geta það ómögulega og ég tel að málefni þeirra falli undir framkvæmdina og lögin um málefni fatlaðra. Og ég held að hér sé alveg óþarfa viðkvæmni á ferðinni. Ég efast ekki um að hæstv. ráðh., sem hér sitja, gætu kannske talað fallega saman um þessi mál, en ég treysti ekki starfsmönnum þeirra og ég vara við samþykkt till. hæstv. ráðh.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. lauk máli sínu á að segja að hún treysti ekki starfsmönnum ráðuneytanna. **(GHelg:** Ég þekki þessi mál, ráðh.) Það þekkja þessi mál margir þm., hv. þm., og sérkennsla er mjög mikilvægt verkefni í landinu. Menntun sérkennara og skilningur hefur sem betur fer farið vaxandi á því efni. Það er ekki aðalatriðið hvar þessi mál eru vistuð og ég er ekki að tala á nótum einhverrar viðkvæmni, heldur bara út frá staðreyndum. Staðreyndirnar eru þær að kennsla hinna fötluðu er verkefni sem menntmrn. eru falin. Ef menn telja það betur komið einhvers staðar annars staðar skulu menn breyta þeim reglum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé á þessu málefnasviði eins og annars staðar mikið jafnréttismál og hjálp við fatlaða að gera þá sem allra líkast setta og aðrir borgarar í þjóðfélaginu eru. Þess vegna hefur sú stefna rutt sér til rúms að kennsla þeirra eigi að fara fram við sem líkastar aðstæður og aðrir hafa, en með því að hafa mannafla á að skipa sem getur annast það. Það er alveg rétt, sem hv. 10. landsk. þm. segir, að sumir þurfa enn sérhæfðari kennslu en þeir sem sitja á almennum skólabekk, enda er ég ekki einungis að tala um hinn almenna skóladag, heldur einmitt hina sérhæfðu kennslu og þetta er þáttur í því. Það er ekki einungis sérhæft vegna þess að um fatlað fólk sé að ræða, heldur er tölvufræðslan grein sem er í uppbyggingu og er líka mjög sérhæfð og það skiptir máli að þess sé líka mjög vel gætt. Sérfræðingar eru að vinna í þessu í menntmrn. Það má vel vera að það sé líka verið að skipuleggja tölvufræðslu í öðrum rn., en ég veit ekki til þess og ég hygg að aðrir ráðherrar viti ekki til þess. Þetta eru einungis hagnýtar ástæður og talað út frá staðreyndum. Það eru ástæðurnar fyrir því að ég kom með þessar ábendingar.

Forseti (Helgi Seljan): Ég skildi hv. formann allshn. svo að nefnd hans mundi e. t. v. taka þetta til frekari skoðunar miðað við það sem hann lýsti yfir hér áðan. Þar af leiðandi tel ég ekki rétt að ljúka þessari umr. En framhaldsumr. er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, þáltill. 172. mál (þskj. 183, n. 1006, 1007). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um till. og leitað umsagnar um hana. Nefndin mælir með samþykkt till. með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal og Stefán Benediktsson.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa tillgr. eins og hún orðast í brtt. á þskj. 1007:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna, í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum, hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi.

2. Fyrirsögn till. orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum."

Það kom fram í umsögnum um þetta mál að verulega skortir á að hinir ýmsu skólar, sérstaklega þeir minni, hafi aðgang að þeim kennslutækjum og hjálpargögnum sem hinir stærri skólar hafa. Það er talið að með þessum tillöguflutningi megi spara verulegt fjármagn og jafnframt hraða þeirri þróun að skólar eigi möguleika á þeim kennslutækjum og hjálpargögnum sem æskilegt er að þeir hafi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég fagna því fyrir hönd flm. þessarar till. að hún skuli nú komin úr hv. allshn. Sþ. Að vísu gerir nefndin brtt. bæði um tillgr. sjálfa svo og fyrirsögn. Úr tillgr. hefur það verið numið brott að komið verði á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum, en í staðinn sett að kanna hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum. Á þessu er í reynd talsverður munur, einkum ef sú hugsun felst í brtt. að kennslugagnamiðstöðvum í Reykjavík verði einnig gert að standa undir slíkri miðlun til allrar landsbyggðarinnar. Slíkt væri aldrei gerlegt og auk þess andstætt hugmyndinni um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum. Enn fremur væri það andstætt hugmyndum um aukið sjálfstæði sveitarfélaga sem nýlega hafa verið mikið til umræðu. Það kann þó að vera að slík hugsun búi ekki að baki þessari brtt. og tel ég mikilsvert að viðurkennd séu þau mannréttindi sem tekin eru fram bæði í upphaflegu till. og einnig látin halda sér merkingarlega í brtt. og eru með þessu orðalagi, með leyfi forseta: „að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi." Þetta er í stuttu máli einn af meginhornsteinum fyrir framtíð íslenskrar þjóðar og hann verðum við að hafa vit á að leggja. Ég vona því að þessi till. verði samþykkt þó í breyttu formi sé.

Umr. frestað.

Málefni aldraðra.

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um málefni aldraðra, á þskj. 753, afhent þm. 3. júní.

Fyrirspurnin er í tíu liðum og verður hver liður tekinn fyrir sig og honum svarað.

1. Hvaða hækkun hefur orðið á elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu samanlagt frá 1. júní 1983?

Svar:

Að meðtalinni hækkun þann 1. júní 1983 hafa ellilífeyrir og tekjutrygging hækkað alls níu sinnum úr 6 095 kr. í 11 472 kr. þann 1. maí 1985. Þetta er 88% hækkun.

Þessar upphæðir hafa hækkað mismikið á tímabilinu þannig að tekjutrygging hefur hækkað úr 3285 kr. í 6819 kr., eða um 108%, en grunnlífeyrir úr 2810 kr. í 4653 kr. eða um 66%.

2. Hver hefur orðið hækkun á matvörum í framfærslugrundvelli á sama tíma og á landbúnaðarvörum sérstaklega?

Svar:

Ráðherra telur að hér sé spurt um málefni á verksviði annarra ráðherra og mun því ekki svara þessu frekar.

3. Hvaða hækkun hefur orðið á gjöldum í íbúðum fyrir aldraða á sama tíma, til dæmis hjá Reykjavíkurborg?

Svar:

Samkvæmt upplýsingum, sem ráðuneytið hefur aflað sér hjá Reykjavíkurborg, hafa húsaleigu- og þjónustugjöld í íbúðum fyrir aldraða hækkað um 60% frá 1. júní 1983 til 1. maí 1985.

4. Hver hefur á sama tíma orðið hækkun á:
   a. verði lyfja skv. lyfjaverðskrá I?

Svar:

Með reglugerð nr. 78 frá 22. febr. 1983, um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982, voru greiðslur samlagsmanna, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþega, ákvarðaðar 13 kr. fyrir hverja afgreiðslu og gilti sú greiðsla til 1. okt. 1983. Þá var hún hækkuð í 30 kr. Hinn 1. sept. 1984 hækkaði þessi greiðsla samlagsmanna í 60 kr. en 1. des. sama ár var hún lækkuð í 50 kr. og gildir sú upphæð nú.

Með breytingunni 1. des. 1984 var horfið frá þeirri reglu sem um nokkurt skeið hafði verið í gildi að elli- og örorkulífeyrisþegar greiddu hálft gjald fyrir lyf skv. lyfjaverðskrá I. Nú greiða þeir minna því að greiðslur annarra samlagsmanna eru nú 120 kr.

   b. verði lyfja skv. lyfjaskrá II?

Svar:

Með sömu reglugerð og nefnd er í svari við lið a og á sömu dögum hafa greiðslur samlagsmanna, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþega, hækkað úr 32 kr. í 50 kr. og síðan 120 kr. 1. sept. 1984. Hinn 1. des. 1984 lækkaði þessi greiðsla í 100 kr. og gildir sú upphæð nú.

Greiðslur annarra samlagsmanna eru nú 240 kr. þannig að það hlutfall, sem áður gilti milli samlagsmanna almennt og elli- og örorkulífeyrisþega, breyttist einnig hvað varðar ellilífeyrisþega og greiða þeir nú minna en hálft gjald móti öðrum samlagsmönnum.

Í sambandi við greiðslur fyrir lyf verður að geta þess að fjölmörg lyf eru greidd að fullu af almannatryggingum.

Hinn 1. apríl 1985 voru alls 938 sérlyf á sérlyfjaskrá í alls 2535 mismunandi stærðum af pakkningum, 1252 lyfjaformum og 1515 mismunandi styrkleikum. Þar af voru 213 sérlyf, þ. e. 702 mismunandi stærðir af pakkningum, sem ýmist voru greidd að fullu af almannatryggingum við tilteknum sjúkdómum, skv. reglugerð nr. 246/1982, eða greidd að fullu með samþykki trúnaðarlæknis og skiptast lyfin nokkurn veginn til helminga milli þessara flokka.

Nú gildir sú meginregla að samkvæmt sama lyfseðli má ávísa allt að 120 daga skammti, miðað við fyrirmæli læknis.

c. almennri læknisþjónustu?

Svar:

Greiðslur fyrir almenna læknisþjónustu voru hinn 1. júní 1983 þannig:

Viðtal á stofu 15 kr.
Vitjun 30 kr.
Þessar sömu greiðslur voru hinn 1. maí 1985:
Viðtal á stofu 75 kr.
Vitjun 110 kr.

d. sérfræðilæknishjálp?

Svar:

Greiðslur lífeyrisþega fyrir sérfræðilæknisþjónustu voru hinn 1. júní 1983 32 kr. en hinn 1. maí 1985 100 kr. Aðrir greiddu fyrir þessa þjónustu hinn 1. júní 1983 64 kr. en hinn 1. maí 1985 270 kr.

Frá 1. desember 1984 má aðeins krefja sjúkling um eina greiðslu fyrir hverja komu, hve margar tegundir rannsókna, ásamt viðtali eða aðgerð, sem um er að ræða. Áður greiddu samlagsmenn fyrir viðtal sérstaklega, fyrir röntgentrannsókn sérstaklega eða rannsókn á rannsóknastofu.

Sem dæmi má nefna að hinn 1. júní 1983 greiddi ellilífeyrisþegi 96 kr. fyrir viðtal við sérfræðing, röntgengreiningu og rannsókn á rannsóknastofu; hinn 1. október 1983 150 kr. og hinn 1. júní 1984 405 kr. Nú greiðir hann 100 kr. fyrir þessa þjónustu. Þar að auki greiðir hann aðeins 12 sinnum á ári, þ. e. mest 1200 kr. á ári, en eftir það er sérfræðilæknishjálpin ókeypis fyrir hann á því almanaksári.

Fyrir aðra en ellilífeyrisþega og öryrkja hafa þessar greiðslur breyst þannig: Hinn 1. júní 1983 var greiðslan 192 kr., hinn 1. okt. 1983 300 kr., hinn 1. júní 1984 810 kr. en síðan hinn 1. des. 1984 270 kr. Í reynd hafa því greiðslur allra sjúklinga lækkað fyrir meiri háttar viðtöl við sérfræðinga og rannsóknir sem gerðar eru í beinu framhaldi af þeim.

5. Hve margir aðilar njóta nú heimilishjálpar samkvæmt lögum um málefni aldraðra?

Nákvæmar upplýsingar um þetta atriði liggja ekki fyrir. Skv. upplýsingum Sambands ísl. sveitarfélaga var heimilishjálp rekin í 22 kaupstöðum á árinu 1980, sbr. fylgiskjal 1.

Í heilbrigðisráðuneytinu liggja fyrir upplýsingar um heimilishjálp aldraðra í a. m. k. 38 sveitarfélögum á árinu 1983 og voru notendur rétt rúmlega 2000 sé miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja frá sveitarfélögum, sbr. fylgiskjal II. Upplýsingar þessar eru settar fram með þeim fyrirvara að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

6. Hve margir aldraðir eru á hjúkrunarheimilum?
7. Hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum?

Í fylgiskjali III eru teknar saman tölur um vistrými annars vegar á dvalarheimilum fyrir aldraða og hins vegar á hjúkrunarheimilum. Kemur þar í ljós að 1. júní n. k. verður vistrými á dvalarheimilum fyrir 1289 vistmenn en 1095 á hjúkrunardeildum.

Athyglisvert er að bera þetta saman við þær tölur sem fyrir liggja um vistrými í ársbyrjun 1984. Þá voru vistrými á dvalarheimilum 1319 og á hjúkrunarheimilum 927.

Dvalarheimilisrýmum hefur því fækkað um 30 þó svo að eitt nýtt dvalarheimili hafi tekið til starfa á tímabilinu og plássum fjölgað örlítið á nokkrum hinna eldri. Á sama tíma hefur rýmum á hjúkrunardeildum fjölgað um 168.

Orsakir fjölgunarinnar eru tvíþættar, annars vegar nýjar stofnanir sem hafið hafa rekstur á þessu tímabili og hins vegar breytingar dvalarheimilisrýma í hjúkrunarrými vegna síhækkandi meðalaldurs vistmanna á þessum stofnunum. Jafnframt hafa hin eldri dvalarheimili neyðst til að fækka og breyta tvíbýlisherbergjum í einbýli.

Á árinu 1984 og fram til 1. júní 1985 hefur bæst við hjúkrunarrými á eftirfarandi stöðum: Í B-álmu Borgarspítala hefur ein deild með 26 rúmum bæst við, á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri er að bætast við hjúkrunardeild með 19 rúmum með fækkun á vistinni, á Selfossi hófst á s. l. ári rekstur hjúkrunardeildar með 26 rúmum og nýhafinn er rekstur nýrrar deildar með 20 rúmum við Garðvang í Garði.

Á fylgiskjali IV er tekið saman yfirlit um þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Upplýsingar um þetta hafa ekki legið fyrir áður í heild sinni og kemur á óvart hin geysilega uppbygging sem verið hefur á undanförnum árum í þessari tegund húsnæðis.

Hafa verður í huga við athugun þessara talna að annars vegar er heildarfjöldi íbúa í húsnæði af þessu tagi óviss en tala sú, sem hér er gefin upp, er lágmarkstala. Hins vegar verður að minnast þess að margt af þessu húsnæði er í raun í engu frábrugðið öðru íbúðarhúsnæði þar sem íbúðirnar tengjast engum þjónustukjarna.

8. Hve margir aldraðir eru á biðlistum vegna elli- og hjúkrunarheimila um þessar mundir?

Haft var símasamband við öll dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra í landinu til að afla upplýsinga um biðlista. Verður hér á eftir rakin niðurstaða þeirrar athugunar.

Elliheimilin Grund í Reykjavík og Ás í Hveragerði:

Eftir dvöl á þessum tveimur elliheimilum munu bíða u. þ. b. 290 manns. Biðlistinn hefur ekki verið metinn með hliðsjón af nauðsyn á vistun.

Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík: Á biðlista eru tæplega 500 einstaklingar. Biðlistinn hefur ekki verið metinn með hliðsjón af nauðsyn á vistun.

Droplaugarstaðir, dvalar- og hjúkrunarheimili, Reykjavík: Á biðlista eru 241 einstaklingur og 26 hjón. Af þessum 293 hefur 130 verið raðað í forgangsröð á dvalarheimilið og 94 á hjúkrunardeildina.

B-álma Borgarspítala í Reykjavík: Á biðlista eru samtals 58, þar af 22 í heimahúsum, 20 á öðrum deildum Borgarspítala og 16 á öðrum sjúkrastofnunum. Af þeim 22 í heimahúsum munu 5 vera í brýnni þörf fyrir vistun.

Öldrunarlækningadeildin Hátúni 10B: Á biðlista eru 15 (allir í heimahúsum) sem bíða dvalar á sjúkrahúsi til endurhæfingar, 11 eru á biðlista vegna sumarleyfisinnlagna, á Landspítala eru 8 sem bíða eftir flutningi og 16 bíða eftir endurhæfingu á dagspítala (af þeim eru 12 nú þegar á Landspítalanum).

Dvalarheimilið Höfði á Akranesi: Á biðlista eru u. þ. b. 60 manns. Þjónustuhópur aldraðra telur 25—30 manns úr þessum hópi vera í brýnni þörf fyrir vistun.

Dvalarheimilið Borgarnesi: Á biðlista eru 12. Þörf þeirra fyrir vistun hefur ekki verið metin.

Dvalarheimilið Stykkishólmi: Einn bíður eftir vist.

Öldrunarstofnun Önfirðinga á Flateyri: Á biðlista eru nokkrir úr hreppunum í kring.

Elliheimilið á Ísafirði: Sex manns eru á biðlista. Þörf þeirra fyrir vistun hefur ekki verið metin.

Héraðshæli A-Húnvetninga á Blönduósi: Um 10 manns bíða eftir rými í þeim hluta héraðshælisins sem er dvalarheimili. Þörf fyrir vistun hefur verið metin af lækni.

Sjúkrahúsið á Siglufirði: Biðlisti hefur ekki verið gerður heldur tekið eftir þörfum inn á langlegudeildina.

Dvalarheimilið Dalbær á Dalvík. Á biðlista eru 33. Þörf á vistun hefur ekki verið metin.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekka á Ólafsfirði: Á biðlista eru 22. Talið er af lækni að u. þ. b. helmingur þeirra sem bíða sé í brýnni þörf fyrir að fá inni.

Dvalarheimilin Skjaldarvík og Hlíð, Akureyri: Á biðlista munu vera tæplega 300 manns. Þörf á vistun hefur ekki verið metin.

Hjúkrunardeildin Sel, Akureyri: Biðlista er haldið í lágmarki en samráð höfð við heimahjúkrunina á staðnum um hverja eigi að leggja inn. Vitað er um milli 10 og 15 manns sem þyrftu á hjúkrunarrými að halda.

Hjúkrunarheimilið, Kristnesi: Á biðlista eru tæplega 20.

Dvalarheimilið Hvammur, Húsavík: Á biðlista eru kringum 80. Þörf á vistun hefur ekki formlega verið metin en vitað er að þörf á vistun er mjög misjafnlega brýn.

Hjúkrunarheimilið Sundabúð, Vopnafirði: Biðlisti er ekki haldinn.

Elliheimilið á Eskifirði: Vitað er um einn aðila sem bíður eftir plássi.

Ellideildin í Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað: Biðlisti ekki haldinn.

Elli- og hjúkrunarheimilið Höfn, Hornafirði: Þrír bíða vistunar á hjúkrunardeild. Þörf fyrir vistun hefur ekki verið metin.

Dvalarheimilið Kirkjubæjarklaustri: Á biðlista eru 6 en þörf fyrir vistun hefur ekki verið metin.

Dvalarheimilið Suður-Vík, Vík í Mýrdal: Enginn bíður eftir dvalarheimilisplássi.

Dvalarheimilið Hvolsvelli: Á biðlista eru 25. Þörf á vistun hefur ekki verið metin.

Dvalarheimilið Lundur, Hellu: 6—8 bíða vistar en þörf fyrir vistun hefur ekki verið metin.

Hjúkrunarheimilið Ljósheimar, Selfossi: Á biðlista eru 29 og þörf þeirra allra fyrir vistun hefur verið metin af læknum.

Elli- og hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri: Biðlisti er ekki haldinn.

Dvalarheimilið Hlévangur, Keflavík: Upplýsingar vantar.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Garðvangur, Garði: Á biðlista eru um 20 en þörf á vistun hefur ekki verið metin.

Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hafnarfirði: Á biðlista eru 570 en þörf á vistun hefur ekki verið metin.

Hjúkrunarheimilið Sólvangur: Á biðlista eru 98 og hefur þörf þeirra allra fyrir vistun verið metin af læknum.

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi: Á biðlista eru 55, þar af 11 til langdvalar. Þörf á vistun hefur verið metin.

Í fylgiskjali V hafa upplýsingar þessar verið settar fram í töflu. Skv. því er vitað um rúmlega 2500 einstaklinga sem bíða vistunar annaðhvort á dvalarheimili eða hjúkrunardeild fyrir aldraða.

Við mat á þessum upplýsingum verður að hafa í huga að biðlistar veita lélegar upplýsingar um þörf á vistun nema mat hafi farið fram. Í þeim tilvikum, þar sem mat hefur ekki verið framkvæmt, segir biðlistinn eingöngu til um það hversu margir hafa gefið sig fram og óskað eftir plássi. Í mjög mörgum tilfellum er um tryggingaráðstöfun að ræða.

Jafnframt verður að athuga að á Reykjavíkursvæðinu eru samtals 1617 á biðlista hjá 4 dvalarheimilum. Mjög er líklegt að um sömu einstaklinga sé að ræða í a. m. k. einhverjum tilvikum.

Lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir að enginn skuli vistast á öldrunarstofnun nema að undangengnu mati þjónustuhóps aldraðra. Stjórn stofnunar ræður síðan vistun en lögin gera ráð fyrir að inn á stofnun séu ekki aðrir vistaðir en þeir sem raunverulega þurfa á slíkri vistun að halda.

Þessi ákvæði eru að mjög litlu leyti komin til framkvæmda, m. a. vegna þess að enn hafa ekki verið settar samræmdar reglur um vistunarmat. Má telja að slíkt vistunarmat sé nauðsynleg forsenda þess að þau rými, sem fyrir hendi eru, verði nýtt á sem bestan hátt.

9. Hefur ráðuneytið látið kanna hve margir aldraðir bera merki um næringarskort, sbr. ummæli Þóris Guðbergssonar ellimálafulltrúa í sjónvarpsfréttum 20. apríl?

Svar:

Ummæli Þóris Guðbergssonar ellimálafulltrúa í sjónvarpsfréttum 20. apríl voru á þann veg að margir

aldraðir í Reykjavík bæru merki um næringarskort sem rekja mætti til þess að fjárhagsleg afkoma aldraðra væri lakari nú en áður hefur verið.

Ráðuneytið ritaði landlækni hinn 26. apríl og óskaði eftir að hann kannaði þetta mál ásamt héraðslæknum í Reykjavíkurlæknishéraði og niðurstaða þeirrar athugunar varð eftirfarandi:

1. Á bráðasjúkrahús borgarinnar koma öðru hverju sjúklingar sem þjást af næringarskorti. Hvorki landlækni né borgarlækni er hins vegar kunnugt um að næringarskortur þessara sjúklinga hafi stafað af svelti vegna fátæktar.
   Orsakanna er að leita í:
   a. veikindum, oftast geðrænum eða andlegri hrörnun, minnis- og sinnuleysi einstæðinga,
   b. einhæfu fæði, fákunnáttu í matargerð og þekkingarskorti um næringargildi fæðutegunda,
   c. óreglu.
   Rannsókn, sem gerð var á úrtaki 106 einstaklinga í Reykjavík 80 ára og eldri, á vegum landlæknis og Hjartaverndar af Ársæli Jónssyni lækni og Þórhannesi Axelssyni félagsfræðingi á árunum 1982—1983, benti ekki til þess að aldrað fólk í Reykjavík þjáðist af næringarskorti.

Sérstakar rannsóknir á heilsufari aldraðra með hliðsjón af þessu hafa ekki farið fram.

Þórir Guðbergsson taldi sjálfur nauðsynlegt að gera frekari grein fyrir þeim ummælum hans sem vitnað var til og birtist sú athugasemd í Þjóðviljanum 25. apríl 1985 og er svohljóðandi:

„Um aldraða, næringarskort og vistheimilisgjöld.

Vegna misskilnings í hita og þunga dagsins um næringarskort hjá öldruðum og gjöld á vistheimilum aldraðra langar mig til þess að taka fram eftirfarandi:

1. Á bráðasjúkrahús hefur alltaf komið fólk öðru hverju sem þjáist af næringarskorti. Óhætt er að segja með nokkurri vissu að varla séu þess dæmi að fólk beinlínis svelti vegna fátæktar eða líði næringarskort af þeim orsökum. Ég þekki engin slík dæmi.

Orsakanna er miklu fremur að leita í veikindum, hvers kyns fötlun, sinnuleysi af ýmsu tagi, skorti á upplýsingum og fræðslu um næringargildi fæðutegunda o. s. frv.

Ekki er unnt að benda á eða styðjast við rannsóknir á þessu sviði eða kannanir á neysluvenjum aldraðra og því ómögulegt að fullyrða nokkuð um þessi mál og því síður að láta í það skína að aldraðir þjáist almennt af næringarskorti.

2. Daggjöld á vistheimilum, vistgjöld, eru ákveðin hverju sinni af daggjaldanefnd ríkisins hvort sem um opinber vistheimili er að ræða eða vistheimili sem eru rekin af einkaaðilum.

Hafi vistmaðurinn ekki tök á að greiða þennan kostnað tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í kostnaði að fullu fyrir viðkomandi heimilismann og fær hann þá alla þjónustu, umönnun, fæði, lyf, lækniskostnað o. fl. á vistheimilinu en heldur a. m. k. rúmum tvö þúsund krónum í eigið ráðstöfunarfé.

Verndaðar leiguíbúðir aldraðra og verndaðar þjónustuíbúðir aldraðra eru hins vegar ekki vistheimili og hlíta allt öðrum reglum en þau. Þessar íbúðir eru leigðar af fólkinu sjálfu og greiðir það sína húsaleigu í hverjum mánuði og/eða þjónustugjald og er að öllu jöfnu ekki eins lasburða og þeir sem þurfa á þjónustu og umönnun að halda á vist- og hjúkrunarheimilum."

10. Hvaða áform hefur ráðuneytið um úrbætur í málefnum aldraðra?

Þann 1. janúar 1983 gengu í gildi lög um málefni aldraðra. Var þar lagður grunnur að samræmdri skipulagningu þessa málaflokks og lögð mikil áhersla á samvinnu um félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu. Jafnframt var þar sett fram það markmið að allir aldraðir skyldu geta lifað eðlilegu heimilislífi svo lengi sem þeir geta og vilja en að völ væri á þjónustu á stofnunum þegar hennar væri þörf.

Til skamms tíma hefur minni áhersla verið lögð á vel skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða, þ. e. heimilishjálp og heimahjúkrun.

Uppbygging stofnana sat lengi í fyrirrúmi hér á landi. Þannig jókst rými bæði á hjúkrunardeildum og dvalarheimilum aldraðra kringum 60% á árunum 1974 til 1984. Á sama tíma minnkaði stofnanarými á stofnunum fyrir þennan aldurshóp í grannlöndum okkar.

Lög um málefni aldraðra leggja áherslu á að uppbygging allra þátta þjónustu fyrir aldraða haldist í hendur og myndi eina samfellda heild. Í lögunum er m. a. að finna ákvæði um endurgreiðslu ríkissjóðs vegna reksturs heimilishjálpar í sveitarfélögum. Hefur það endurgreiðsluákvæði án efa orðið ýmsum sveitarfélögum hvati til að taka upp þessa þjónustu. Heimahjúkrun hefur aukist mjög verulega á undanförnum árum og raunar haldist í hendur við uppbyggingu heilsugæslustöðva um allt land.

Heilbrigðisráðuneytið hefur allt frá gildistöku laga um málefni aldraðra unnið ötullega að því að hrinda þeim lögum í framkvæmd í samvinnu við samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Eins og kunnugt er hafa lög þessi að geyma sólarlagsákvæði og munu þau renna sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1987 hafi þau ekki verið endurskoðuð og framlengd fyrir þann tíma.

Tilgangurinn með lagasetningunni var sá að færa þjónustu við aldraða á sama stig og þjónustu við aðra aldurshópa. Allar upplýsingar sem til eru um málefni þessa aldurshóps sýna að mikið er að gerast á þessu sviði. Augljóst virðist þó að til að ná upphaflegu markmiði þurfi að framlengja gildistíma laga um málefni aldraðra. Flest bendir hins vegar til að um eða eftir 1990 muni þjónusta við aldraða hér á landi verða komin á það stig sem best þekkist í heiminum.

FYLGISKJAL I.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Yfirlit yfir kostnað kaupstaðanna árið 1980 vegna rekstrar heimilishjálpar:

Sveitarfélag:	Íbúar pr. ½12 80:	Brúttó gkr.:	Endurgr. gkr.:	Nettó gkr.:	Nettó pr. íb. gkr.:
Reykjavík	83 766	971 628 511	81 264 373	890 364 138	10 629
Kópavogur	13 819	94 197 171	20 267 332	73 929 839	5 350
Seltjarnarnes	3 100	8 805 227	807 176	7 998 051	2 580
Garðabær	4 909	5 236 727	389 978	4 846 749	987
Hafnarfjörður	12 205	62 549 540	10 347 476	52 202 064	4 277
Grindavík	1 929	715 377	244 793	470 584	244
Keflavík	6 622	8 320 919	2 072 980	6 247 939	944
Njarðvík	2 008	3 009 159	—	3 009 159	1 499
Akranes	5 200	2 126 372	—	2 126 372	409
Bolungarvík	1 266	1 050 477	—	1 050 477	830
Ísafjörður	3 352	3 599 493	—	3 599 493	1 074
Sauðárkrókur	2 188	4 974 294	308 402	4 665 892	2 132
Siglufjörður	2 003	510 052	51 660	458 392	229
Ólafsfjörður	1 195	4 274 988	105 165	4 169 823	3 489
Dalvík	1 269	2 198 418	583 082	1 615 336	1 273
Akureyri	13 420	39 469 405	1 207 312	38 262 093	2 851
Húsavík	2 414	6 893 770	231 860	6 661 910	2 760
Seyðisfjörður	998			x)	
Neskaupstaður	1 683	3 700 613	—	3 700 613	2 199
Eskifjörður	1 043			x)	
Vestmannaeyjar	4 727			x)	
Selfoss	3 409	19 045 683	2 045 173	17 000 510	4 987
		1 242 306 196	119 926 762	1 122 379 434	

FYLGISKJAL II.

Heimilishjálp aldraðra 1983.

	1983
Reykjavík	u.þ.b. 1500
Akranes	27
Borgarnes	10-15
Ólafsvík	9
Eyrarsveit	?
Stykkishólmur	4-6
Búðardalur	1-2
Patreksfjörður	13
Bolungarvík	?
Ísafjörður	?
Hvammstangi	a.m.k. 15
Blönduóshreppur	6
Sauðárkrókur	24
Siglufjörður	?
Ólafsfjörður	?
Dalvík	?
Akureyri	u.þ.b. 160
Húsavík	18
Þórshöfn	6
Vopnafjörður	?
Fellahreppur	2
Seyðisfjörður	?
Skriðdalshreppur	3
Neskaupstaður	15-20
Eskifjörður	?
Búðahreppur	9
Höfn, Hornafirði	9
Kirkjubæjarhreppur	12
Vestmannaeyjar	?
Selfoss	66
Stokkseyrarhreppur	5
Kópavogur	175
Seltjarnarnes	?
Garðabær	19
Hafnarfjörður	?
Grindavík	11
Keflavík	u.þ.b. 50
Njarðvík	?
Samtals	a.m.k. 2169

FYLGISKJAL III.

Vistrými fyrir aldraða 1. júní 1985.

Dvalar- og hjúkrunarheimili.	Vist-rými	Hjúkr.-rými
Reykjavík		
B-álma	—	52
Hvítabandið	—	19
Heilsuverndarstöðin	—	30
Hafnarbúðir	—	25
Hátún 10B	—	66
Droplaugarstaðir	36	32
Hrafnista DAS	174	196
Elliheimilið Grund	125	180
Akranes	48	—
Borgarnes	57	—
Stykkishólmur	25	—
Búðardalur (Fellsendi)	—	16
Flateyri	7	—
Ísafjörður	20	—
Blönduós	4	17
Siglufjörður	—	15
Dalvík[1])	45	—
Ólafsfjörður	17	8
Akureyri		
Hjúkrunardeildin Sel	—	20
Kristnesspítali	—	58
Dvalarheimilið Hlíð	90	19
Dvalarheimilið Skjaldarvík	75	—
Húsavík	47	—
Vopnafjörður	—	9
Eskifjörður[2])	7	—
Neskaupstaður	6	6
Höfn, Hornafirði	25	25
Kirkjubæjarklaustur[3])	6	—
Vík í Mýrdal	4	—
Hvolsvöllur[4])	20	—
Hella	24	—
Vestmannaeyjar	44	—
Selfoss	—	26
Stokkseyri	50	24
Hveragerði	190	—
Keflavík	17	—
Garður	22	20
Hafnarfjörður		
Sólvangur	—	106
Hrafnista DAS	104	88
Kópavogur	—	38
Samtals	1289	1095

1) Síðar á árinu mun heimilaður rekstur 14 rúma hjúkrunardeildar á Dalvík. Mun rýmum á vistinni fækka þá sem því nemur.
2) Rekstrarleyfi til bráðabirgða.
3) Rekstrarleyfi til bráðabirgða.
4) Rekstrarleyfi til bráðabirgða.

FYLGISKJAL IV.

Vistrými fyrir aldraða 1. júní 1985.

Íbúðir fyrir aldraða.	Fjöldi íbúða	Fjöldi íbúða
Reykjavík		
Austurbrún 6	40	—
Norðurbrún 1	60	68
Furugerði 1	74	88
Langahlíð 3	32	32
Dalbraut 25-27	64	82
Samtök aldraðra	14	—
Akranes	20	—
Ísafjörður	30	40
Hvammstangi	8	12
Ytri-Torfustaðahreppur	4	—
Blönduós	10	20
Skagaströnd	4	8
Þórshöfn	4	8
Vopnafjörður	14	18
Egilsstaðir	7	—
Neskaupstaður	12	16
Kirkjubæjarklaustur	8	16
Vík í Mýrdal	4	5
Hella	3	6
Biskupstungnahreppur	4	6
Hrunamannahreppur	4	6
Selfoss	16	24
Vestmannaeyjar	6	8
Keflavík	38	60
Garðabær	28	—
Seltjarnarnes	16	—
Mosfellssveit	2	4
Samtals	524	a.m.k. 746

FYLGISKJAL V.

Biðlistar á dvalar- og hjúkrunarheimili jan.-maí 1985.

	Vist-rými	Hjúkr.-rými	Bið-listi	Mat
Reykjavík				
B-álma	—	52	58	+
Hvítabandið	—	19	?	
Heilsuverndarstöðin	—	30	?	
Hafnarbúðir	—	25	?	
Hátún 10B	—	66	50	+
Droplaugarstaðir	36	32	293	+
Hrafnista DAS	174	196	463	÷
Elliheimilið Grund	125	180	291	÷
Akranes	48	—	60	+
Borgarnes	57	—	12	÷
Stykkishólmur	25	—	1	+
Búðardalur (Fellsendi)	—	16	?	
Flateyri	7	—	?	
Ísafjörður	20	—	6	÷
Blönduós	4	17	10	+
Siglufjörður	—	15	÷	
Dalvík	45	—	33	÷
Ólafsfjörður	17	8	22	+
Akureyri				
Hjúkrunardeildin Sel	—	20	10	+
Kristnesspítali	—	58	17	+
Dvalarheimilið Hlíð	90	19	300	÷
Dvalarheimilið Skjaldarvík	75	—		
Húsavík	47	—	80	÷
Vopnafjörður	—	9	1	+
Eskifjörður	7	—	1	+
Neskaupstaður	6	6	÷	
Höfn, Hornafirði	25	25	3	÷
Kirkjubæjarklaustur	6	—	6	÷
Vík í Mýrdal	4	—	0	
Hvolsvöllur	20	—	25	÷
Hella	24	—	8	÷
Vestmannaeyjar	44	—	8	÷
Selfoss	—	26	29	+
Stokkseyri	50	24	÷	
Hveragerði	190	—		
Keflavík	17	—		
Garður	22	20	20	÷
Hafnarfjörður				
Sólvangur	—	106	98	+
Hrafnista DAS	104	88	570	÷
Kópavogur	—	38	55	+
Samtals	1289	1095	2528	

Stefnumörkun í áfengismálum.

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fsp. frá Helga Seljan um störf nefndar um stefnumörkun í áfengismálum, á þskj. 966, sent þm. 3. júní.

Fyrirspurnin er í fimm liðum og verður hverjum lið svarað fyrir sig.

1. Hvað líður starfi stjórnskipaðrar nefndar um stefnumörkun í áfengismálum og hvenær má vænta þess að hún ljúki störfum?

Svar:

Nefnd sú, sem skipuð var af þáverandi ríkisstjórn vorið 1983, hefur skilað tvennum tillögum, annars vegar tillögum um sérstakar ráðstafanir í áfengismálum, sem bárust ríkisstjórninni í nóvember 1983, og hins vegar sérstökum tillögum í vímuefnamálum sem bárust ríkisstjórninni í febrúar 1984.

Þegar nefndin var stofnuð var gert ráð fyrir að hún hefði þrjú ár til starfa og á hún því að ljúka starfi sínu á árinu 1986.

Nefndin vinnur nú í þremur undirnefndum sem fást við tillögugerð um einstaka þætti áfengismálanna.

2. Hefur ríkisstjórnin markað afstöðu til þeirra áfengistillagna sem frá nefndinni hafa borist?

Svar:

Að tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefndu þau ráðuneyti, sem hlut eiga að máli, þ. e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið, menn í nefnd til að draga út úr tillögunum þætti sem ríkisstjórnin gæti sameinast um, en samstaða náðist ekki í þeirri nefnd um afstöðu til málsins.

Ríkisstjórnin hefur því ekki sem heild tekið afstöðu til tillagnanna.

3. Hvaða þættir þessara tillagna eru það sem til þessa hafa hindrað að ríkisstjórnin tæki ákvörðun í þessum málum?

Svar:

Tillögurnar sem heild gera ráð fyrir harðari stefnu hvað snertir aðgengi að áfengi og heimildir til vínveitinga, en svo sem ljóst er af afstöðu sveitarstjórnarmanna og dómsmálaráðuneytis til fjölgunar áfengisútsala og vínveitingaleyfa fellur þetta ekki saman við skoðanir nefndarinnar.

Þá má minna á að fyrir Alþingi hafa legið tillögur um breytingar á áfengismálastefnu. Það var eðlilegt að ríkisstjórnin fylgdist með afstöðu þingmanna til þeirra áður en hún afgreiddi tillögur nefndarinnar og tæki ákvarðanir í þessum málum.

4. Hvaða þáttum tillagnanna hyggst heilbrigðisráðherra beita sér fyrir að hrinda í framkvæmd?

Svar:

Það virðist ljóst að tillögum þeim, sem nefndin sendi frá sér sem bráðabirgðatillögur, verður ekki hrint í framkvæmd og er sennilegast að ríkisstjórnin bíði eftir lokatillögum nefndarinnar. Þá mun heilbrigðisráðherra taka afstöðu til málsins.

5. Er þess að vænta að næsta haust verði lögð fram tillaga um stefnu í áfengismálum eða frumvörp um einstök málefni sem nefndin hefur skilað tillögum um til ríkisstjórnarinnar?

Svar:

Þess er vænst að nefndin geti sent frá sér tillögur á næsta hausti til ráðherra um áfengisvarnir, upplýsingastarfsemi og rannsóknir og um fyrirkomulag meðferðarstofnana.

Það fer eftir því hvaða samstaða næst í ríkisstjórn um þær tillögur hvernig málinu vindur fram á þessu ári.

Neðri deild, 82. fundur.

Þriðjudaginn 4. júní, að loknum fundum í Sþ.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 909, 1000, 1026, 1067, 1106). — 3. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að taka þetta mál fyrir nú sem ég bað hann um af sérstökum ástæðum. En það á ekki að þurfa að kosta langa umr. vegna þess að málið var rætt við 2. umr. Ég mælti þá fyrir áliti n. sem var sammála um að mæla með samþykkt frv., en þrír hv. nm. voru þó með fyrirvara. Þegar 2. umr. fór fram voru komnar fram þrjár brtt. frá fjórum hv. þm. deildarinnar.

Ég skýrði þá frá því og óskaði eftir því við 2. umr. málsins að þessar brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr. og ég mundi leitast við að ná samkomulagi við flm. um að sameinast um brtt. við 5. gr., en allar brtt. vörðuðu 5. gr. frv. Við héldum svo fund í heilbr.- og trn. í gær og þar voru allir nm. mættir utan einn sem var forfallaður. Þar urðum við sammála um að flytja sameiginlega þá brtt. sem kemur fram á þskj. 1106 við 5. gr.

Við fengum á fund okkar stjórnendur úr Félagi þroskaþjálfa og sannast sagna höfðu skoðanir þeirra mikil áhrif á sum okkar sem vildum ekki verða til þess að láta það álit koma upp að við værum á einhvern hátt að gera álit þessa litla félags og þessarar fámennu stéttar minna en vera bæri. Það breytir því ekki að bæði ég persónulega og fleiri nm. erum þeirrar skoðunar að stúdentspróf eigi ekki að vera nein sérstök viðmiðun í sambandi við ýmsar slíkar stéttir sem starfa í þjóðfélaginu. Það er margt annað nám, sem landsmenn eiga nú kost á að stunda, sem er fyllilega frambærilegt til þess að fara slíkar brautir. Ef því er fylgt sem nú er uppi víðs vegar um heim, að fara svokallaða þrepaleið, þá er að sjálfsögðu hægt að feta sig hana áfram lóðrétt, en eins og hér hefur margoft á undanförnum áratugum verið rætt þá er líka hægt að fara lárétta leið á milli slíkra greina.

Ég hef rætt við flm. brtt. sem hér komu og þeir eru sammála um það að draga sínar brtt. til baka og fylkja sér um að samþykkja þá brtt. á d-lið sem kemur fram á þessu umræddu þskj.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þetta mál en vegna þess að mér gafst ekki tækifæri til þess að tjá mig um það, hvorki í 1. né 2. umr., þá vil ég grípa þetta tækifæri til að segja nokkur orð.

Ég fagna því að hv. heilbr.- og trn. hefur fallist á brtt. sem við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir höfum flutt við frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands. Þetta frv. hefur fengið ítarlega umfjöllun, bæði í n. og einnig hafa einstakir nm. kynnt sér málið og rætt það við hagsmunaaðila og aðra. Er það ekki síst vegna þess að þetta frv. grípur á umdeildu grundvallaratriði í menntamálum.

Þroskaþjálfaskólinn heyrir reyndar ekki undir menntmrn. eins og flestir aðrir skólar og væri e. t. v. eðlilegra að hann heyrði þar til. Enn fremur er þessi skóli og reyndar stétt þroskaþjálfa í núverandi mynd mjög ung að árum og hafa því ekki enn haslað sér skýrt afmarkaðan starfsvettvang. Það má segja að í reynd fari hagsmunir þroskaheftra og þroskaþjálfa ótvírætt saman en báðir þessir hópar hafa átt undir högg að sækja. Þroskaþjálfar leggja megináherslu á það að skóli þeirra færist á hærra menntunarstig þannig að þeir sem hafa lokið námi í skólanum eigi rétt á framhaldsnámi í háskóla. Þess vegna er þess krafist að eitt af megininntökuskilyrðum í skólann sé stúdentspróf eða hliðstætt nám. Þessi krafa er til komin vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á námi þroskaþjálfa og eru í samræmi við vaxandi almenna kröfu um aukna menntun. Enn fremur til að standa jafnfætis þeim stéttum sem sækjast eftir að sinna þroskaheftum, þ. e. fóstrum og kennurum. Þar að auki ríkir sú almenna væntíng meðal manna að aukinni menntun fylgi hærri laun og er ekki óeðlilegt að slíkt gæti verið einn orsakaþáttur í þessu máli.

Vil ég nú víkja að því grundvallaratriði sem ég gat um áðan og taldi umdeilt. Sífellt fleiri stéttir sækjast eftir því að þrengja inntökuskilyrði í skóla sína, miða við stúdentspróf og færa þannig menntun sína á hærra stig. Er þarna ekki síst um að ræða ýmsar umönnunarstéttir sem gæta, sinna eða hjúkra lifandi mannverum, bæði heilbrigðum og sjúkum, fullfærum eða fötluðum. Hefur það verið álitin vænleg leið til að reyna að breyta því verðmætamati sem hefur dæmt þessar stéttir til allt of lágra launa og takmarkaðrar virðingar í þjóðfélaginu. Þó er það því miður ekki alltaf erindi sem erfiði og það sem upp er skorið eru allt of oft menntaðar láglaunastéttir.

Það er kannske engin tilviljun að meginþorri þeirra sem þessar stéttir skipa eru konur og þau störf sem um ræðir oft í beinu framhaldi af þeim störfum sem konur hafa sinnt á heimilum sínum í aldanna rás. Eins og margoft hefur komið fram hér á þingi vantar mikið á til þess að vinnuframlag kvenna sé réttilega viðurkennt, hvort heldur sem er inni á heimilunum eða úti á vinnumarkaðnum. Því er það að mínu mati röng stefna og mikil öfugþróun að hver stéttin af annarri skuli finna sig knúna til þess að skella þeirri hurð, sem stúdentsprófið er, á stóran hóp fólks og meina því þannig aðgang að störfum sem það hefði e. t. v. ríka hæfileika til að gegna þótt það hafi ekki stúdentspróf. Að vísu hefur þeim fjölgað sem ljúka stúdentsprófi en það er samt sem áður stór hópur fólks sem ekki tekur slíkt próf — og hvaða menntunar- og starfsþjálfunarbrautir verða þá eftir handa þeim hópi?

Það er að sjálfsögðu réttmæt og eðlileg krafa að biðja um meiri menntun í samræmi við aukna þekkingu og skilning á verkefnum og viðfangsefnum þannig að hinum ýmsu umönnunarstörfum sé sinnt af upplýstu og hæfu fólki. Hins vegar megum við ekki gleyma því að margir þeir eiginleikar, sem einna farsælastir eru í umgengni og samskiptum við manneskjur, einkum þær sem minna mega sín, verða illa mældir til einkunnagjafar.

Þess ber þó að gæta að hér er um að ræða fámenna og tiltölulega unga starfsstétt sem vissulega á undir högg að sækja. Það er því ekki rétt að mínu mati að ætla að snúa við þeirri öfugþróun sem orðin er einungis með því að breyta lögum um þessa einu stétt. Slíkt væri ómaklegt. Mun réttara væri að taka á þessum málum á heildstæðan, samræmdan hátt. Því höfum við flutt þá brtt. sem hér hefur verið gerð að till. n. í því skyni að samræma sjónarmið. Enn fremur leggjum við til lengri starfsreynslutíma því að miklu varðar að þeir sem sinna hinum erfiðu og krefjandi störfum þroskaþjálfa geri sér fulla grein fyrir því að hverju þeir ganga.

Ég vona því að lokum að þetta frv. fái skjóta og góða afgreiðslu hér á þinginu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér eru á dagskrá hv. Nd. 17 mál og hér er nú lokið síðustu umr. í deildinni um frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands, sem er 470. mál Ed. og á væntanlega eftir að fara til þeirrar hv. deildar á ný. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hverju það sætir að ekki eru látin ganga atkvæði um mál þegar umr. er lokið. Hvaða þingflokkur hefur óskað eftir því að atkvæði verði ekki látin ganga eða er það ákvörðun hæstv. forseta að láta ekki ganga atkvæði í þeim málum sem hér lýkur afgreiðslu á? Þetta er nauðsynlegt að fáist upplýst vegna þess að það hefur verið fullyrt, m. a. í nefndum þingsins að undanförnu, að hér væri mikið að starfa, menn þyrftu að sitja hér sem lengst, taka þátt í nefndarstörfum, taka þátt í deildarfundum og fundum í Sþ., mæta vel og greiða fyrir málum. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að hæstv. forseti þessarar deildar upplýsi: Hvaða þingflokkur er það sem kemur í veg fyrir að Nd. Alþingis geti afgreitt mál á þessum fundi?

Forseti (Karvel Pálmason): Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. er forseta ánægja að því að geta upplýst hv. þdm. um það að formaður þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Ólafur G. Einarsson, bað um að atkvæðagreiðslur færu ekki fram á þessum fundi. Þetta er því ekki ákvörðun forseta. En ég tel rétt að verða við slíkri beiðni og hygg að svo muni oftast vera gert ef slík beiðni kemur fram.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil upplýsa að það hefur farið fram talning á viðstöddum neðrideildarmönnum. Þeir eru tuttugu talsins. Ég sé ekki ástæðu til að sitja þennan fund lengur og mun fara af fundi og ég skora á aðra hv. þm. að gera það. Hér er einungis verið að nota stjórnarandstöðuþm. til þess að láta mál verða útrædd, hér er ekki hægt að greiða fyrir neinu máli og þessi fundur er óstarfhæfur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta Nd. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur veitt við fsp. minni. Það er ljóst að það er þingflokkur Sjálfstfl. sem hefur lagt fram ósk um að tefja þingstörfin

með þeim hætti sem hér hefur komið fram. Það er ástæða til að hafa það í huga þegar beiðnir koma núna næstu daga til stjórnarandstöðuflokkanna um að þeir greiði fyrir þinghaldinu að stærsti þingflokkur þingsins skuli með þessum hætti tefja þinghaldið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil taka það fram að skv. síðustu talningu munu vera 24 þdm. úr Nd. staddir hér í húsinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, frv. 250. mál. (þskj. 428, n. 912 og 932). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. félmn. Félmn. hefur ítarlega fjallað um 250. mál á þskj. 428, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla en 1. flm. málsins er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Nefndin fékk til fundar við sig þá Árna Benediktsson, Hjalta Einarsson og Þóri Daníelsson. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og minni hl. hefur skilað séráliti sem hv. Guðmundur J. Guðmundsson mun gera grein fyrir hér á eftir. Það er rétt að taka það fram að fjölmörg verkalýðsfélög og einstaklingar í launþegahreyfingunni hafa sent áskoranir til félmn. um að samþykkja frv. en fulltrúar atvinnurekenda hafa hins vegar lagst gegn samþykkt frv.

Með þessu frv. er lagt til að launalaust starfshlé, sem fyrirtæki eða atvinnurekandi geta ákveðið vegna ófyrirsjáanlegra áfalla, verði stytt verulega frá því sem nú er skv. gildandi lögum. Slíkt mun hafa það í för með sér að greiðsluskyldan færist frá Atvinnuleysistryggingasjóði til atvinnufyrirtækjanna. Í langflestum tilvikum væri þetta á sviði fiskvinnslunnar, en þess ber að geta að í ýmsum greinum hafa verið gerðir samningar sem ganga í átt til þess sem frv. gerir ráð fyrir og að mér skilst m. a. hjá þeim sem vinna við uppskipun. Jafnframt hafa verið gerðir samningar við fiskverkunarfólk um heldur rýmri rétt en gildandi lög gera ráð fyrir.

Sem betur fer hafa orðið breytingar í fiskvinnslunni á undanförnum árum og áratugum reyndar. Hráefnisöflunin er nú miklu jafnari en áður en ljóst er að á sumum sviðum fiskvinnslunnar, t. d. í saltfiski og öðrum greinum en frystingu, er vinna æði stopul og fæst ekki séð að þær breytingar, sem lagt er til að verði samþykktar skv. frv., séu til verulegra hagsbóta fyrir fólk sem vinnur við slík störf.

Þá eru miklar líkur til þess að tilfærsla greiðslubyrðarinnar, sem ég gat um áðan, mundi í raun leiða til uppsagna í meira mæli en nú tíðkast og þar með minnka atvinnuöryggi. Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga að skv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi eru atvinnuleysistryggingabætur oft og einatt hærri en kauptryggingin og er það eitt út af fyrir sig athugunarefni.

Meiri hl. hv. n. gerir sér ljóst að frv. fjallar um vandamál sem er eðlilegt að sé rætt í sölum hv. Alþingis og tekur undir það með flm. að ójöfn framleiðsla í fiskvinnslu og þar af leiðandi öryggisleysi starfsfólks geti leitt til þess að fólk sæki úr þessari mikilvægu atvinnugrein. Tíð mannaskipti af þessum sökum í stærsta og veigamesta atvinnuvegi, útflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar, geta því bitnað á gæðum framleiðslunnar. Í lok nál. segir síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem að framan er rakið er sá vandi, sem frv. vísar til, margþættur þannig að hann verður varla leystur með einföldu lagaboði. Til að treysta atvinnuöryggi í fiskvinnslu þarf víðtækari ráðstafanir sem m. a. lúta að stjórn og samhæfingu veiða og vinnslu auk annarra þátta sem eru á valdi aðila vinnumarkaðarins. Því er brýnt að víðtæk samstaða náist með aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum um úrbætur í þessu efni. M. a. af þeim ástæðum og í trausti þess að samstaða náist um úrbætur telur meiri hl. n. eðlilegt að frv. verði vísað til ríkisstj." Undir þetta rita, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Stefán Guðmundsson, Stefán Valgeirsson, Eggert Haukdal og Halldór Blöndal.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. Þó held ég að ástæða sé til að rifja það upp að þau lög, sem hér er verið að breyta, urðu til sem hluti af efnahagsráðstöfunum sem ákveðnar voru í tengslum við það að helmingur verðbóta var afnuminn með lögum 1. des. 1978 en þá voru tekin af með lögum u. þ. b. 8% af verðbótum, ef ég man rétt. Þessi lög, ásamt lögum um forfalla- og afleysingaþjónustu bænda, voru látin telja sem samsvaraði 3% í kjarabætur til að vega upp á móti kjaraskerðingunni.

Við þetta tækifæri, haustið 1978, var einnig fiktað við aðra hluti sem flestir álíta að teljist til samningsatriða í kjarasamningum og má þar minna t. d. á sjúkrasjóðina. Lagasetningin á sínum tíma var mjög umdeild, en réttlættist, eins og ég hef sagt áður, af því að laun voru skert. Slíkar aðgerðir, eins og sú sem þá átti sér stað, skekkja oft kjarahlutföll því að sumir hópar innan verkalýðshreyfingarinnar hafa náð rétti í samningum sem aðrir fá með þessum hætti með lagaboði. Þetta gerðist reyndar eins og menn muna einnig sumarið 1982 þegar með lögum var lengt orlof en það var hluti af brbl. þeirrar ríkisstj. sem þá sat, sællar minningar.

Það er auðvitað alltaf spurning hvenær löggjafinn á að hafa afskipti af málum sem í eðli sínu eru kjarasamningamál en ég tel að varla sé efni til þess nú, einmitt þegar kjarasamningar eru að hefjast í þjóðfélaginu eins og allir kannast við af blaðaskrifum um það efni og yfirlýsingum bæði frá Vinnuveitendasambandinu og svörum frá ASÍ.

Ástæðan fyrir þessu lagaboði var á árunum 1978 og 1979 bein kjaraskerðing með lögum sem þáv. ríkisstj. stóð að. Þá sat á Alþingi formaður Dagsbrúnar Eðvarð Sigurðsson og var hann framsögumaður n. um þetta mál. Ég man ekki betur en hann orðaði það sérstaklega í sinni framsöguræðu að einmitt á grundvelli þessara laga og í framhaldi af þeim væri eðlilegt að verkalýðshreyfingin og Vinnuveitendasambandið semdu um frekari rétt starfsfólks í framhaldi af lagasetningunni. Það er þess vegna ástæða til þess að varpa fram þeirri spurningu hvort í samningum á undanförnum árum hafi þess verið gætt að hafa uppi kröfugerð um þetta efni, enn fremur hvort ekki sé eðlilegra nú að slík kröfugerð komi fram af hálfu verkalýðssamtakanna við þá kjarasamninga sem nú eru að hefjast og í framhaldi af því hvort ástæða sé til fyrir löggjafann, eins og nú stendur á, að taka fram í fyrir þeim sem fara með samningsmál

fyrir hönd aðila vinnumarkaðarins.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir áliti meiri hl. hv. félmn. sem leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstj., en eins og fram hefur komið í mínu máli ríkir samúð meðal meiri hl. n. með þeim efnisatriðum sem koma fram í frv. til laga á þskj. 428.

Frsm. minni hl. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál sem hér liggur fyrir er nú búið að ræða allítarlega hér á þinginu, bæði undir þessum lið og í öðrum ályktunum og till. sem ég hef komið fram með í sambandi við kjör fiskvinnslufólks. Það er nokkuð athyglisvert að hv. félmn. hefur skilað nál. fyrir röskum þrem vikum og þau ekki verið tekin fyrir þó að þau hafi verið á þskj. á dagskrá sennilega u. þ. b. þrjár vikur. Þó er þetta mál er varðar 11 þúsund manns sem býr við skert réttindi og sérstöðu meðal almenns launafólks. Þetta er það fólk ásamt sjómönnum sem meginhluti allrar útflutningsframleiðslu hvílir á.

Nær öll verkalýðsfélög á landinu — sem er mjög sjaldgæft að þau geri — félög þar sem sjávarútvegur er að einhverju marki, milli 30 og 40 félög, hafa sent áskorun til Alþingis að samþykkja þetta frv. Einnig hefur á nokkrum stöðum, Eskifirði, Akranesi, Hafnarfirði, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum, verið safnað undirskriftum af viðkomandi starfsfólki, trúnaðarmönnum. Á þessum fimm stöðum held ég að það hafi aðeins verið einn sem ekki skrifaði undir og alls staðar í öllum stjórnum viðkomandi félaga hefur áskorun til Alþingis verið samþykkt einróma.

Um hvað er verið að biðja? Það er verið að biðja um það eitt að fiskverkunarfólk hafi sama rétt — og þó er ekki gengið svo langt — og annað verkafólk í landinu. Það hefur ákveðinn uppsagnarfrest en þetta verkafólk nú til dags hefur viku uppsagnarfrest og þessi stutti uppsagnarfrestur er í vaxandi mæli notaður af atvinnurekendum. Það er þó tekið tillit til þess í frv. að það mega falla niður 160 stundir á hverjum 12 mánuðum eða tvisvar sinnum 80 stundir og er þar komið á móti þessum sérstöku hlutum.

Það er rétt að hafa það vel í huga að þegar verið er að ræða um réttindi þessa fólks og því er sagt upp með viku fyrirvara þá er ekkert spurt að því hvort það hafi verið þrjá mánuði eða 30 ár í starfsgreininni. Nei, nei, bara burt. Þetta hafa atvinnurekendur verið að nota í vaxandi mæli og bókstaflega gera út á Atvinnuleysistryggingasjóð. Hér kom fram að eiginlega væru atvinnuleysisbætur hærri en kauptryggingin. Segir nokkuð annað betur um kjör þessa fólks en það að atvinnuleysisbætur séu hærri? Það er röksemdin fyrir því að vísa þessu í líkkistu ríkisstj.

Áður en samningur um kauptryggingu var gerður 1975, ef ég man rétt, var einfaldlega hægt að auglýsa í útvarpi t. d.: „Verkafólk í Ísbirninum, mætið til vinnu á morgun.“ Eða: „Klukkan eitt á morgun.“ Þetta var áður en samningurinn um viku uppsagnarfrest var gerður. Árangurinn varð þó sá að samningurinn hafði strax áhrif til samræmingar á veiðum og vinnslu. Að vísu tók Atvinnuleysistryggingasjóður þátt í hluta af þeim kostnaði sem af því hlaust. Þetta var, held ég, yfir fimm ára tímabil, dó út á fimm árum.

Ég vil aðeins benda á að það er verið að tala um að hér sé verið að færa útgjöld frá Atvinnuleysistryggingasjóði yfir á sjávarútveg. Hvernig er þessi Atvinnuleysistryggingasjóður saman settur? Ríkið borgar 2%, viðkomandi sveitarfélag borgar 1%, atvinnurekandi borgar 1%, um 70% af greiddum atvinnuleysisbótum er í sambandi við fiskiðnað. Sýnir þetta ekki að þarna er verið að gera út á Atvinnuleysistryggingasjóð?

Annað hlutverk þessa sjóðs og kannske meginhlutverk hans er ekki að greiða eingöngu bætur heldur að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Um árabil voru lánaðir tugir og hundruð milljóna. Hér hafa verið byggðar hafnir, hér hefur verið rekinn endahnútur á að byggð væru upp atvinnufyrirtæki, frystihús, vatnsveitur o. s. frv. sem hefur verið ýmsum byggðarlögum ómetanleg hjálparhella. Vitanlega er það mörgum sinnum heilbrigðara að lán sjóðsins fari til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi en að það þurfi að greiða um 200 milljónir tæpar eins og var á síðasta ári í atvinnuleysisbætur og þar af 70% vegna fiskvinnslu. Sannleikurinn er sá að í vaxandi mæli hafa frystihús og fiskverkunarstöðvar sagt upp fólki og notfært sér að það getur farið á þennan Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er einmitt vegna þessara vinnubragða að það er ekki samræming á veiðum og vinnslu, að meginhlutinn af tekjum sjóðsins fer í bætur. Ég held nú að hver sem lítur á þetta hljóti að viðurkenna að þetta sé ekki eðlilegt.

Ég vil líka benda á að til skamms tíma fóru 2% af tekjum sjóðsins til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Sjóðurinn hefur ekki lengur fé til þess og hann hefur hætt að kaupa. Að vísu hafa verið lagðar aðrar byrðar á sjóðinn í sambandi við lífeyri aldraðra, en hann hefur ekkert fé til að kaupa bréf af húsnæðismálastjórn, heldur er það í mörgum tilfellum fyrir hreina óráðsíu fiskverkunarfyrirtækja að þetta fé er greitt svona.

Hver yrðu viðbrögðin ef sagt yrði við bankafólk sem væri búið, svo eitthvert dæmi sé tekið: „Það verður nú lítið að gera í næstu viku, ætli við sendum ekki helminginn af ykkur heim í næstu viku?“ Eða við fólk úr stjórnarráðinu, fólk úr opinberum stofnunum og í hvers konar þjónustustörfum: „Það verður lítið að gera í næstu viku, við ætlum að senda helminginn af ykkur heim.“ Ég veit ekki hvert þetta þjóðfélag stefnir sem lætur það viðgangast — þetta kemur líka stundum fyrir gagnvart sjómönnum — að það fólk, sem vinnur við grunnframleiðslustörf þjóðarinnar, sé rekið út eins og hundar og síðan kennt um erfiðleikum sjávarútvegsins.

Það er líklega best að vera ekki að vitna í neina smákarla. Forstjóri Coldwaters, Magnús Gústafsson, mætur maður og dugandi, sagði: Helsti vandi sölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum er sá að okkur vantar starfsfólk í frystihúsin til þess að vinna dýrari pakkningar og okkur er sagt hér á Íslandi að fólk fáist ekki til þessara starfa. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segir að a. m. k. 1200 manns þurfi til að vinnsla ætti að vera viðunandi. Í hverju frystihúsinu á fætur öðru er flöttinn það mikill úr þessari starfsgrein að fiskur er settur í umbúðir sem hafa hálft verðmæti á móti því sem möguleikar væru að hafa og sá mismunur er meiri en nemur öllum vinnulaunum á viðkomandi tíma. Hvers konar stjórnunarlag er þetta eiginlega? Við þurfum að flytja inn á annað þúsund stúlkur frá Ástralíu, við töpum meira í gjaldeyri en sem nemur vinnulaunum, vegna þess að það er ekki hægt að láta þetta fólk fá almenn réttindi, sem allir aðrir í þjóðfélaginu hafa, vegna erfiðleika sjávarútvegsins. Sannleikurinn er sá að

sjávarútvegurinn mundi stórgræða á því. Þetta fólk hefur sitt stolt. Þegar búið er að reka það fimm sinnum á sama árinu fær það sér aðra vinnu ef það á kost á henni.

Ég skal að vísu viðurkenna að ágætum félögum mínum í félmn., hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og Eggert Haukdal, óaði við að fella þetta og neituðu eiginlega að fella þetta. Það var útlit á því á tíma í félmn. að þetta yrði samþykkt þar til flokkslínurnar komu. Hvað var þá bjargráðið? Bjargráðið var þá þetta, að vísa því til ríkisstj.

Það er búið að tala um það í allan vetur, það var talað um það í allan fyrravetur að við þyrftum að vanda framleiðsluna. Vöndun framleiðslunnar fer fram á þann hátt að stór hluti af þeim fiski, sem unninn er, er unninn í verra ástandi en þyrfti að vera vegna skorts á vinnuafli. Og áfram heldur flóttinn. Farið þið hér allt í kringum landið og þá sjáið þið hálf frystihús en fullar hráefnisgeymslur og síðan sjáið þið að afgangur afla viðkomandi skips er settur í ódýrustu umbúðir. Það er kvartað í sífellu undan háu fiskverði og háu kaupi þessa fiskverkunarfólks en jafnframt er upplýst að það græði á því að fara á atvinnuleysisbætur. Þvílíkt þjóðfélag sem ætlar að fara að rífa sig upp í bættari, vandaðri og meiri framleiðslu og afgreiðir þetta fólk á þennan hátt!

Þetta mál er búið að liggja hér nokkuð lengi. Hv. aðalforseti þessarar deildar, sem er almennt réttsýnn og góður í sinni fundarstjórn — (**Forseti:** Fyrsti.) Já, fyrsti — hefur að mínu mati dregið óhóflega afgreiðslu á þessu máli. En þó það liggi fyrir undirskriftalistar úr heilu byggðarlögunum, þó það liggi fyrir samþykktir frá hverju verkalýðsfélaginu á fætur öðru, þá skiptir það engu máli. Þó að það liggi fyrir að það þyrfti að flytja inn á annað þúsund manns til að vinna í þessari grein, þá skiptir það engu máli heldur þó að hægt sé að sýna fram á að það er fjárhagslegt tap að viðhalda þessu ástandi. Hvað skyldi hæstv. forsrh. og fyrrum sjútvrh. vera búinn að halda margar hátíðarræður um vandaða framleiðslu? Sannið þið til, hann verður einn af þeim hér á eftir eða næstu daga sem vísar þessu í sína líkkistu.

Ef virðulegir þm. halda að svona sé hægt að leika þetta fiskverkunarfólk áfram þá held ég að þeir átti sig ekki á tímans rás. Þetta fólk er sprungið. Það lætur ekki bjóða sér þessa hluti lengur. Vinnuveitendasambandið hefur hér sent tilboð eins og allir vita. Hvar er þar minnst á fiskverkunarfólk? Ekki einu aukateknu orði. Er einhver stefnuyfirlýsing frá ríkisstj. í þessu máli? Ekki aukatekið orð. Þetta fólk skal mæta afgangi og síðan koma hátíðarræðurnar hver á fætur annarri. Þetta heitir á góðu frystihúsamáli að vera „léttgeggjaður" eða kunna ekki að skammast sín.

Ég skal svo ljúka máli mínu. Ég mun óska eftir nafnakalli þegar þetta mál verður hér afgreitt svo að menn geti séð að það eru kaldar kveðjur sem þetta fólk fær með svona afgreiðslu á málum. Það er verið að neita því um réttindi sem annað verkafólk hefur og það er verið að neita þeim staðreyndum að atvinnurekendur hafi misnotað Atvinnuleysistryggingasjóð á síðasta ári og á þessu ári í vaxandi mæli og gert út á hann. Það er verið að lítilsvirða þetta fólk með því að segja því upp nokkrum sinnum á ári. Ég verð að lýsa furðu minni og satt að segja hreinni andstyggð á þessum vinnubrögðum. Hér er ellefu þúsund manns, sem vinna við grunnframleiðslu þjóðarinnar, neitað um einföldustu mannréttindi.

Hátíðarræðurnar eiga eftir að koma á færibandi, það mætti segja mér að þær yrðu mjög átakanlegar 17. júní. Þá verður búið að fella þetta frv. eða vísa því til ríkisstj. sem sennilega er nú sýnu verra en að fella það.

Ég skal svo ljúka máli mínu. En ég verð aðeins að segja það að umsagnir hæfustu manna, eins og forstjóra Coldwaters, eru að engu hafðar, það er að engu haft að okkar fiskur er ekki í þeim gæðaflokki sem hann gæti verið og það er staðreynd að fólk flýr þennan atvinnuveg hver sem betur getur. Ráðið verður eitt, að flytja inn útlendinga í hann og hafna því þjálfaða og reynda fólki sem hér á í hlut. En kveðjur löggjafarsamkomu, ef þessu verður vísað til ríkisstj., eru kaldar. Annað hélt ég að þetta fólk ætti skilið í þessu þjóðfélagi en slíkar kveðjur. En ég býst við að það eigi eftir að svara fyrir sig.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt að stundum skiptast þm. í atkvæðagreiðslu mjög hart eftir flokkslínum. En hitt hefur þó komið fram hér í vetur að stjórnarþingmenn hafa verið ódeigir við að flytja brtt. við mál sem aðrir stjórnarþingmenn voru búnir að ná samstöðu um í n. Mér þykir því ekki nein nýlunda þó að visst áframhald geti orðið á slíkum vinnubrögðum.

Það frv., sem hér er til umr. og fjallar um rétt verkafólks til uppsagnarfrests á störfum, hlýtur að leiða til verulegrar umhugsunar um þá þjóðfélagslegu skipulagningu sem við höfum verið að þróa í landinu. Það er búið að nokkru leyti að skipta þessu landi í þjónustusvæði og framleiðslusvæði, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þegar talað er um þjónustusvæðin virðist sem menn líti á það sem sjálfsagðan hlut að vissar reglur gildi í þjónustugreinum á milli þess sem rekur þá starfsemi og þeirra sem vinna við þá starfsemi og við hikum ekki við að fullyrða að þjóðfélagið sem slíkt hafi efni á því að virða viðkomandi reglur.

Þegar kemur að undirstöðunni, sem allt hvílir á, er eins og það hlaupi hland fyrir hjartað í sumum og þeim finnist alveg fráleitt að sömu reglur geti gilt gagnvart fólki sem starfar við þær greinar, það setji þjóðina á höfuðið, það gangi einfaldlega ekki upp. Menn segja: Það verður þá bara að flytja inn verkafólk erlendis frá til að leysa þessi mál.

Mér sýnist að sú stefna, sem byggir á þeim þjóðfélagslegu viðhorfum að til undirstöðuatvinnugreinar Íslendinga eigi að flytja erlent vinnuafl til þess að einhver úthugsaður aðall eða forréttindahópur geti hegðað sér eins og hann vill í þjónustugreinum, gangi ekki upp. Mér sýnist að sú stefna beri í sér vissan dauða. Kannske þyrfti ég ekki að leggja neitt annað til en það að það væri lagaskylda að hafa hallalaus viðskipti við útlönd. Þá mundi það koma af sjálfu sér að það yrði að greiða mönnum þau laun við útflutningsframleiðslu að hægt væri að ná þeim markmiðum. Svo einfalt er þetta mál.

Ég hef lesið yfir nál. meiri hl. Þar vekja þeir athygli á því, með leyfi forseta, að tíð mannaskipti í þessari stærstu og mikilvægustu útflutningsgrein þjóðarinnar geti bitnað á gæðum framleiðslunnar. Höfum við efni á því að láta tíð mannaskipti bitna á gæðum framleiðslunnar? Auðvitað höfum við ekki efni á því. Það er algjörlega glórulaust að búa svo að atvinnuöryggi þessa stóra hóps sem þarna er um að ræða að það flýi hver

sem betur getur — e. t. v. vegna þeirrar vanvirðu sem mönnum er sýnd með því að segja þeim upp margsinnis — yfir í aðrar atvinnugreinar.

Ég er þess vegna ekki jafnbjartsýnn og meiri hl. félmn. um að samstaða náist um úrbætur í þessu máli. Ég varð ekki var við annað en að frsm. meiri hl. félmn. hefði fullákveðnar meiningar um að þetta væri raunverulega harla gott eins og þetta er. Þegar slíku er haldið að mönnum sér maður kannske ekki að miklar líkur séu til þess að samstaða náist um úrbætur.

Það hefði verið eðlilegt að félmn. hefði tekið efnislega á þessu máli, lagt til breytingar á þessari 3. gr., ef meiri hl. var andvígur till. flm., vegna þess að hér er ekki um flókið mál að ræða. Hér er aftur á móti um grundvallaratriði að ræða.

Ég tel að sú þjóðfélagslega röskun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, m. a. með flótta landsbyggðarinnar til Reykjavíkur, megi að nokkru rekja til þess að atvinnuöryggið í þessari atvinnugrein er minna en í þjónustugreinunum. Halda menn virkilega að það sé aldrei skortur á verkefnum í þjónustugreinunum? Halda menn virkilega að það komi ekki hlé þar? Auðvitað koma þar hlé. Mjög oft er um ofmönnun að ræða, kannske mánuð, tvo mánuði eða lengur hjá ákveðnum stofnunum. Svo koma tarnir þess á milli. Hver kannast ekki við þetta? En þar njóta menn atvinnuöryggis.

Ég hlýt því að lýsa því yfir að meðan sömu eigendur frystihúsa og fiskiskipa stunda þann leik að senda skipin í söluferðir með fiskinn en segja fólkinu upp, þá sé skilningurinn á þörfinni fyrir atvinnuöryggið ekki til staðar. Það er hægt — og er kannske hámark ósvífninnar — að halda því fram að menn fái meira í atvinnuleysisbætur en fyrir að vinna við fiskvinnu. Ef þetta er rétt, sem ég treysti mér ekki til að dæma um, þá erum við á villigötum. (**Gripið fram í:** Það er í nál. frá meiri hl.) Mér er ljóst, hv. 7. þm. Reykv., að þetta er í nál. frá meiri hl. En trúir því nokkur maður að það geti verið hægt að leggja það að jöfnu að vera atvinnulaus og að vinna í fiski, það sé sanngjarnt að þeir beri það sama úr býtum?

Við höfum verið að afgreiða hvert frv. á eftir annað í vetur um aukin starfsréttindi handa hinum og þessum stéttum þjóðfélagsins. Alltaf virðist hafa verið rými fyrir þessi auknu réttindi. En hver borgar? Þjóðin öll. Svo er komið að þessum fjölmenna hópi sem er undirstaðan, þá er allt í einu ekkert rými.

Herra forseti. Miðað við það að ég ber ekki traust til þess að samstaða náist um úrbætur í þessu máli á ég það val eitt að greiða frv. atkvæði eins og það er í upprunalegri mynd.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá mál sem að mínu mati er eitt af stærstu málum þingsins. Það sýnir glöggt áhuga þm. á þeim málaflokki, sem hér um ræðir og snertir ellefu þúsund manns, mestmegnis konur, mestmegnis fólk í dreifbýli, að þegar þetta mál er hér á dagskrá eru býsna fáir viðstaddir til að taka þátt í umr. og skoðanaskiptum um málið. Það er vegna þess að meiri hlutinn hefur ákveðið að fella það, hvaða rök sem kunna að koma fram. Hann er ákveðinn í því að hlusta ekki á þær röksemdir sem fram kunna að koma með þessu máli. Hann er staðráðinn í því að láta það sem vind um eyru þjóta, afgreiða frv. eins og það hér kemur fram.

Nauðsynlegt er að vekja sérstaka athygli á ummælum hv. 2. þm. Reykv., frsm. og form. félmn., sem hefur nú vikið af fundi. Hann sagði nánast efnislega að það væri út af fyrir sig í lagi að þetta fólk missti vinnu í frystihúsunum í landinu vegna þess að atvinnuleysisbæturnar eru hærri en kaupið sem það fær. Það væri í rauninni engin ástæða til þess af þeim ástæðum að vera að verja þetta fólk sérstaklega fyrir uppsögnum. Þessi ummæli hv. 2. þm. Reykv. lýsa ákaflega vel því skilningsleysi sem ég fullyrði að er ríkjandi hjá stórum hluta þm. á kjörum framleiðslustéttanna hér á landi.

Það var kostulegt að heyra ummæli hv. 2. þm. Reykv. þegar hann lauk ræðu sinni nánast klökkur í röddinni. Hjá meiri hl. ríkir samúð, sagði hann, í garð þessa fólks. Mikil huggun má það vera þessu fóki sem verið er að henda út úr frystihúsunum að vita að meiri hl. á Alþingi skuli hafa samúð. Það ríkir samúð hjá meiri hlutanum með þessu fóki. Mikil blessun og mikill léttir hlýtur það að vera fyrir þetta fólk, þegar verið er að henda því á dyr í frystihúsunum með viku fyrirvara eftir 30 ára starf, að frétta af því að hv. 2. þm. Reykv., formaður félmn. Nd., varaformaður Sjálfstfl., lýsir yfir að hjá meiri hl. í félmn. ríki samúð. En hvað það er hjartnæmt fyrir fiskverkunarfólkið að frétta af þessu. Ég vona að málgögn íhaldsins komi rækilega á framfæri þessum upplýsingum um hjartahræringar meiri hl. hér á hv. Alþingi.

Það er alveg rétt sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan. Hér er um að ræða byggðamál. Þetta er eitthvert stærsta byggðamálið sem flutt er á hv. Alþingi í ár og það er athyglisvert, vegna þess að það er stundum verið að nudda okkur þm. Reykv. upp úr því að við sinnum ekki málefnum landsbyggðar, að 1. flm. þessa frv. er einn af þm. Reykjavíkurkjördæmis. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að ein meginástæðan fyrir fólksflóttanum á landsbyggðinni, öryggisleysinu sem þar er um að ræða, er það öryggisleysi sem fólk býr við í frystihúsunum og fiskverkunarstöðvunum í landinu.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að á sama tíma og meiri hl. er að pína fram frv. um breytingar á lögum um Byggðasjóð er verið að hafna máli sem er eitt stærsta byggðamálið sem liggur fyrir þinginu. Það er prófsteinn á það hvort Alþingi skilur raunverulegar forsendur lífs á landsbyggðinni eða ekki. Stjórnarmeirihlutinn, hv. þm. Egill Jónsson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Friðjón Þórðarson, ætlar sér að fella þetta mál vegna þess að þeir hafa ekki tilfinningu og skilning á því að hér er um að ræða mál sem ræður úrslitum um það hvort það er lífvænlegt fyrir fólk sem vinnur við útflutningsframleiðslu úti um landið eða ekki. Ég hefði haldið að þetta fólk ætti annað skilið um þessar mundir. Ég hefði haldið að þetta fólk ætti annað skilið en þessar köldu kveðjur sem verið er að senda því hér af meiri hl. í félmn. hv. Nd.

Þetta er landsbyggðarmál, þetta er byggðamál, en þetta er líka jafnréttismál. Hverjir eru það sem vinna í fiskinum allt í kringum landið? Hverjir eru það sem að yfirgnæfandi meiri hluta til standa undir þessari útflutningsframleiðslu? Það eru konur, 75—80% þeirra 11 þúsunda, sem hv. 7. þm. Reykv. var að tala um áðan og vinna í frystihúsunum og fiskverkunarstöðvunum í landinu, eru konur sem búa við meira öryggisleysi en í nokkurri annarri starfsgrein. Þess vegna er hér á

ferðinni raunsætt jafnréttismál þar sem tekið er á grundvallaratriði sem snertir þær konur sem starfa í fiskvinnslunni í landinu.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvernig þetta þjóðfélag stæði ef einmitt þessar konur í frystihúsunum allt í kringum landið tækju sig saman og sýndu það afl sem í þeim býr, sýndu að þær skapa með vinnu sinni meginhlutann af útflutningsframleiðslu landsmanna. Ætli það færi ekki að hrikta einhvers staðar í? Ætli það færi ekki að opnast skilningsglufa á einhverjum þegar þeir áttuðu sig á því að þarna er sá hópur sem við mest öryggisleysi og lægst laun vinnur fyrir meiri hlutanum af öllu því sem er eytt hér á landi.

Raunar er eitt brýnasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar hér á landi einmitt það sem hv. 7. þm. Reykv., formaður Verkamannasambandsins, hefur lagt áherslu á, þ. e. að knýja fram betri kjör fyrir þetta fólk, fyrir þessar konur. Það þarf að gera þeim grein fyrir því hvaða afl felst í vinnu þeirra. Það þarf að fá þær til að líta upp úr þrældómnum og stritinu, líta upp og átta sig á því að þær eiga afl sem þær geta lagt saman og breytt þjóðfélaginu. Ég er viss um að fáir hópar á Íslandi hafa í rauninni sterkari þjóðfélagslega stöðu en fiskverkunarkonurnar í þessu landi ef þær tækju sig saman og beittu þessu sameiginlega afli sínu.

Í nál. meiri hl. félmn. Nd. er lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. En í meiri hl. ríkir samúð, það skal tekið fram, dags. á Alþingi 14. maí 1985. Þeir sem skrifa undir þetta nál. eru hv. þm. Friðrik Sophusson, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hv. þm. Eggert Haukdal, hv. þm. Stefán Guðmundsson og hv. þm. Halldór Blöndal. Ef þeir væru sjálfum sér samkvæmir, ættu þeir næst að leggja til að opinberum starfsmönnum yrði sagt upp störfum með viku fyrirvara og þeir settir á atvinnuleysisbætur ef ekki væru nægileg verkefni í stjórnarráðinu á hverjum tíma. Ef hv. þm. Stefán Valgeirsson væri sjálfum sér samkvæmur ætti hann að leggja til að bankamönnum yrði sagt upp með viku fyrirvara og þeir settir á atvinnuleysisbætur vegna þess að það væri ekki nóg að gera í bönkunum. Geta hv. þm. nefnt eitt dæmi um hóp launafólks sem lætur bjóða sér annað eins réttindaleysi og þetta?

Hv. þm. Ólafur Þórðarson gat þess áðan að hér í þinginu væri verið að afgreiða svo að segja á færibandi frv. um starfsréttindi hvers konar hópa, meinatækna, endurskoðenda, tannlækna o. s. frv. Þessi ákvörðun um réttindi handa þessum hópum kostar tiltekna fjármuni sem eru greiddir úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. En þegar að þessu kemur heyrist aldrei sú röksemd að um þetta þurfi að takast á í kjarasamningum eða þá sú röksemd að þjóðfélagið hafi ekki efni á þessu fyrirkomulagi. Hún heyrist aldrei nokkurn tíma. Hún heyrist aldrei nema þegar komið er að þessu fólki.

Það mætti vera okkur nokkurt umhugsunarefni þegar við lítum í kringum okkur hér í þingsölum og veltum því fyrir okkur hversu margir hv. þm. hafa verið eða eru í tengslum við þetta fólk, 11 þús. manns sem starfar í fiskvinnslunni í landinu. Þeir eru ekki margir og þeir eru örugglega færri en lögfræðingarnir hér á Alþingi svo að dæmi sé nefnt. 11 þús. manns. Hér er um álíka fjölda að ræða og er samtals í minnstu kjördæmum landsins. Hér er um álíka fjölda fólks að ræða og er samtals á kjörskrá á Vestfjörðum og í Norðurl. v. Það segir sína sögu að þessi byggðarlög hafa hvort um sig fimm menn hið minnsta á Alþingi til að reka mál fyrir sín byggðarlög. En það má líka verða okkur nokkurt umhugsunarefni að þegar kemur að fiskverkunarfólkinu þá er það ekki fjöldi manna sem gengur hér fram í umr. um þessi mál á hv. Alþingi. Það eru menn eins og hv. 7. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vestf. svo að nokkuð sé nefnt. Að öðru leyti er ekki mikið um það að málefni þessa fólks séu tekin hér upp, þó að þetta sé þetta stór hópur og þrátt fyrir það að hann standi að grundvellinum undir öllu okkar efnahagslífi. Það er sama hvort við erum alþm. eða kennarar eða læknar eða hvað við störfum, verðmætin eru sótt til þessa fólks hér á landi og það er það sem fær þessar köldu kveðjur framan í sig frá sama fólki og þessa dagana segist vera að reyna að stuðla að framgangi mála til að efla byggð í landinu. Ég segi, herra forseti: Heyr á endemi.

Nauðsynlegt er að við gerum okkur grein fyrir því að á bak við þetta frv. eru ekki einungis fjórir hv. alþm. sem flytja frv., þ. e. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og Margrét Frímannsdóttir frá Alþb. og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Karvel Pálmason frá Alþfl. Á bak við þetta frv. er miklu stærri fjöldi fólks og þetta fólk hefur látið til sín heyra. Ég er sannfærður um það, herra forseti, að út af engu máli hefur í vetur borist jafnmikið af erindum til þingnefndar og út af þessu máli. Ég er sannfærður um að það er ekki hægt að finna eitt einasta dæmi um þingmál sem hefur vakið eins mikla athygli hjá fiskverkunarfólki og einmitt þetta. Það eru undirskriftalistar frá hundruðum einstaklinga í tugum frystihúsa og byggðarlaga um allt land sem skora á Alþingi að samþykkja þetta mannréttindamál.

Meiri hl. hér á hv. Alþingi undir forustu hæstv. forsrh. ætlar að kasta þessari afgreiðslu framan í þetta fólk eins og blautri tusku sömu dagana og þessi hæstv. forsrh. og meiri hl. hans á Alþingi tala um að stuðla þurfi að samkomulagi á vinnumarkaðinum, sömu dagana og ríkisstj. er að tala um að hún geti hugsanlega beitt sér fyrir því að greiða fyrir að það náist kjarasamningar. Ríkisstj. er með þessari afstöðu að taka afstöðu með öðrum aðilanum, taka menn eftir því? Vita menn ekki að það eru stéttir að takast á hér á Íslandi? Það eru stéttir sem annars vegar birtast í Vinnuveitendasambandi Íslands og hins vegar í verkalýðssamtökunum. Ríkisstj. landsins hefur ákveðið að taka einhliða afstöðu með öðrum aðilanum, atvinnurekendunum, Vinnuveitendasambandi Íslands. Ríkisstj. landsins hefur ákveðið að taka afstöðu á móti verkafólkinu. Svo koma þessir menn heilagir í framan á þjóðhátíðardaginn eða á öðrum dögum og segja: Stuðla að þjóðarsátt, stuðla að samkomulagi.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. úr því að hann er hér: Er hann samþykkur því að kasta þessu frv. út úr þinginu með þeim hætti sem meiri hl. félmn. leggur til? Er þetta framlag hæstv. forsrh. í kjarabaráttunni? Er þetta framlag hæstv. forsrh. og Framsfl. til þess að greiða fyrir niðurstöðum kjarasamninga? Það er ákaflega fróðlegt að fá upplýsingar um það hvaða afstöðu hæstv. forsrh. hefur í þessu efni og það er engin ástæða til þess að hann komist upp með að svara ekki spurningu af því tagi í þessari umr. úr því að hann lætur svo lítið að vera hér við. Það er kafli út af fyrir sig, herra forseti, sem mætti ræða hér í fáeinum orðum. Eru þeir ekki tíu, ráðherrarnir í þessari ríkisstj.? Mér skilst að þeir séu tíu eða þeir voru það a. m. k. þegar gefið var út forseta-

bréf árið 1983. Þeir sjást yfirleitt ekki hér þegar verið er að ræða mál af þessu tagi. Þeim koma ekki við almenn umbótamál af því tagi sem hér er um að ræða.

Hæstv. félmrh., sem á að sjá um framkvæmd laganna um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, er hér hvergi nærri.

Hæstv. heilbr.- og trmrh., sem lét svo lítið að stöðva framlög til könnunar á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa — það var nú reisnin yfir því — hann lætur ekki sjá sig hér. En eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. var það að draga stórkostlega úr framlögum til að rannsaka heilsufarsáhrif ákvæðislaunakerfa bónusvinnunnar í frystihúsunum í landinu. Það var nú samúðin í verki sem ríkir hjá meiri hl. hér á hv. Alþingi og 2. þm. Reykv. lýsti fyrr í dag. Það er alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, að fá um það upplýsingar frá hæstv. forsrh. hvernig hann lítur á það innlegg í kjarasamninga sem kemur frá meiri hl. félmn. á þskj. 932.

Í áliti meiri hl. kemur fram að n. hefur rætt við fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa verkalýðsfélaganna. Fjölmörg verkalýðsfélög hafa sent áskoranir til n. um að samþykkja frv. en fulltrúar atvinnurekenda hafa lagst gegn samþykkt þess. Hvorum aðilanum fylgir stjórnarmeirihlutinn hér? Stjórnarmeirihlutinn tekur hér stéttarlega afstöðu með þeim sem framleiðslutækin eiga, á móti hinum vinnandi manni sem á ekkert til að selja nema vinnuafl sitt. Með þessari afstöðu er núv. stjórn að undirstrika stéttareðli sitt. Hún er hluti af því valdi sem beinist gegn launastéttunum í landinu sem eru þó yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar og framleiða þau verðmæti sem við lifum á.

Í nál. meiri hl. segir svo, með leyfi forseta: „Til að treysta atvinnuöryggi í fiskvinnslu þarf víðtækari ráðstafanir sem m. a. lúta að stjórn og samhæfingu veiða og vinnslu auk annarra þátta sem eru á valdi aðila vinnumarkaðarins. Því er brýnt að víðtæk samstaða náist með aðilum á vinnumarkaði og stjórnvöldum um úrbætur í þessu efni.“

Halda menn að þessi framkoma hér muni greiða fyrir samkomulagi við verkalýðshreyfinguna í landinu? Halda menn að hérna sé verið að auðvelda kjarasamninga þegar ríkisstj. skipar sér einhliða og 100% upp að hliðinni á atvinnurekendavaldinu í landinu?

Það er athyglisvert sem segir hér í áliti meiri hl.: „Tíð mannaskipti í þessari stærstu og mikilvægustu útflutningsgrein þjóðarinnar geta því bitnað á gæðum framleiðslunnar.“ Það skyldi þó ekki vera að núverandi fyrirkomulag bitni á gæðum framleiðslunnar? Það skyldi þó ekki vera að núverandi fyrirkomulag varðandi rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum stuðli að öryggisleysi, tíðum mannaskiptum og minni vöndun á framleiðslunni en ella væri um að ræða. Ég man ekki betur en núv. hæstv. forsrh. hafi á árunum 1982—1983 mikið rætt um nauðsyn þess að bæta gæði í sjávarútvegi. Gæðamálin eru aðalmálið, man ég að hæstv. forsrh. sagði orðrétt oftar en einu sinni því að mér eru orð hans oft mjög í fersku minni eins og menn heyra og ég kann sum utan að. Gæðamálin eru aðalmálið í sambandi við sjávarútveginn. Hvaða máli halda hv. þm. að þetta skipti einmitt varðandi það að stuðla að betri gæðum þess sjávarfangs sem hér er fært að landi þegar verið er að selja það á erlendum mörkuðum? Það er vafalaust rétt sem hv. 7. þm. Reykv. sagði að þær verða margar hátíðarræðurnar sem verða haldnar um gæðin og um þetta fólk en þær verða auðvitað þeim mun slepjulegri sem þær eru oftar haldnar í ljósi þeirrar afstöðu sem kemur fram til frv. eins og þessa hér.

Herra forseti. Hér er í fyrsta lagi um að ræða réttindamál verkafólks. Hér er um það að ræða að þetta fólk fái svipuð réttindi — en þó ekki nærri eins góð — og flestir launþegar eða launamenn í landinu hafa. Hér er um að ræða samræmingu á mannréttindaákvæðum m. ö. o.

Hér er í öðru lagi um að ræða jafnréttismál sem snýr fyrst og fremst að þeim konum sem starfa í útflutningsframleiðslunni. Hér er um að ræða byggðamál sem snýr fyrst og fremst að dreifbýlinu vegna þess að öryggisleysi fiskverkunarfólks er áreiðanlega ein meginástæðan fyrir þeim fólksflótta úr dreifbýlinu sem núna blasir við.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég er því miður ekki vel undirbúin undir þessa umr. og vildi óska að ég hefði verið það, en mig langar að segja nokkur orð til að taka undir það sem hér hefur þegar komið fram hjá þeim hv. þm. sem hafa talað.

Það er rétt sem fram hefur komið að þetta mál er sannarlega jafnréttismál. Það er líka rétt að það er byggðamál og það er enn fremur rétt að hér er um grundvallarmál að ræða sem í raun varðar afkomu allrar þjóðarinnar. Og þegar litið er til þeirra raka sem fram hafa komið í ágætu máli hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, Ólafs Þ. Þórðarsonar og Svavars Gestssonar þá er það með eindæmum að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi skuli leyfa sér að vera svo glámskyggnir að þeir skuli ekki hafa rænu og vit á því að hlúa að þeim undirstöðuatvinnuvegi sem heldur uppi lífsháttum þessarar þjóðar, hlúa að þeim sem þar vinna af réttlæti og með sóma og skynsemi. Vita þessir menn ekki á hverju þessi þjóð lifir? Vita þeir ekki að fiskverkunarfólk getur ekki lifað á samúð? Ég hef samúð með svo skammsýnum mönnum en jafnframt vil ég benda þeim á að þeir eiga ekkert erindi til þess að *stjórna hér málum fyrir íslenska þjóð* ef þeir kippa stoðunum undan grundvallaratvinnuvegi hennar. Við höfum ekki efni á því að sýna þeim annað en samúð, en við höfum vit á því að hafna forustu þeirra.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að taka undir þau orð sem hér hafa komið fram. Þessu máli hafa verið gerð mjög góð skil og þar er ekki efnislega miklu við að bæta. Menn hafa gert hér að umtalsefni orð úr plöggum þar sem talað var um gæði framleiðslu. Ég held að menn verði líka að hugsa þarna um gæði mannlífs. Þetta á ekki að vera spurning um það hversu auðvelt sé að komast á atvinnuleysisbætur ef aflabrestur verður. Menn verða að spyrja sig spurninga um sjálfsvirðingu þess fólks sem í þessari atvinnugrein vinnur og hvort því sé upp á þessi kjör bjóðandi. Aðrar stéttir telja að svo sé alls ekki.

Það er nefnilega svo að það eru mannréttindi að fá að hafa sjálfsvirðingu sína og sífellt atlaga gegn henni, eins og gerð er að mínu mati með þessum uppsagnarreglum sem í gildi eru, er okkur ekki bjóðandi. Það er fyrir neðan samvisku og réttlætiskennd þessa samfélags að bjóða fólki upp á svona.

Það er löngu tímabært að líta vel til þessara gleymdu barna hennar Evu, þ. e. fólksins sem vinnur í þessari

undirstöðugrein, vegna þess að allur aðbúnaður, allt það kerfi, eins og ákvæðislaunakerfið, sem þetta fólk vinnur við, er algerlega óviðunandi. Því er boðið upp á að vinna við aðstæður sem eru í mörgum tilfellum beinlínis einhverjar þær hættulegustu sem um getur á venjulegum vinnumarkaði. Það eru hættuleg tæki og í mörgu atvinnuhúsnæði eru brunagildrur. Þetta er mál sem fyrir löngu hefði átt að taka upp sem forgangsmál í íslenskri pólitík en ekki sem innskotsmál á fundum seint á kvöldum.

Það er þingsins að taka ákvörðun í þessu máli og út frá þessari ákvörðun verða síðan fyrirtæki í greininni að vinna. Ef það þýðir að breyta skipulagi við veiðar og vinnslu þá verða fyrirtækin að vinna út frá því. Þau verða að semja sig að svo eðlilegum hagsmunum, svo eðlilegum réttindum fólksins sem hér um ræðir. Ég lýsi fylgi við þetta mál.

Frsm. minni hl. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Ég bjóst nú við hæstv. forsrh. upp í ræðustól en ekki út úr fundarsal eftir þær fsp. sem beint hefur verið til hans.

Ég vil þakka þeim ræðumönnum sem tekið hafa hér til máls. Það er nokkuð athyglisvert — og skal ég bara segja örfá orð — að í öllum þessum umr. hafa andstæðingar þessa máls aldrei látið til sín heyra. Það var líka athyglisvert í félmn. að raunverulega var meiri hl. n. tilbúinn að samþykkja þetta frv. þar til ákveðnar flokkslínur komu.

Það er stundum talað um 11 þús. manns. Sannleikurinn er sá að það er álitið að 16—17 þús. manns komi einhvern tíma við í þessari atvinnugrein, en þar af séu 6—7 þús. sem vinni við hana að staðaldri. Þeim fækkar sem vinna við hana að staðaldri en þeim fjölgar sem grípa inn í þetta um stundarsakir, þeir tolla ekki í starfinu. Það er út af fyrir sig rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. um atvinnuleysisbætur. Tvö fyrstu árin sem þetta fólk starfar í frystihúsum hefur það 14 075 kr. á mánuði fyrir dagvinnu. Í atvinnuleysisbætur hefur það 15 282 kr. eða röskum 1000 kr. meira á mánuði, en atvinnuleysisbætur eru miðaðar við lægsta taxtann. Það er einmitt lægsti kauptaxti sem hægt er að fá sem fiskvinnslan fellur undir.

Eins og kom fram hjá þm. hér treystir þetta fólk á yfirvinnu, bónusvinnu, sem orðin er ærið krítísk. En það er ekki nóg með það, það er ekki allt upp talið og væri hægt að telja upp endalaust. Stór hluti þessa fólks eru húsmæður. Hluta úr ári vinna þær oft 8, 10 og 12 tíma í bónusvinnu. Stór hluti þessara kvenna er með heimili og börn og þegar þær koma eftir 10, 12 tíma vinnu úr frystihúsi eða fiskverkunarstöð þá eru eftir heimilisstörfin. Þessa vinnu er auðvitað ekki hægt að jafna algerlega frá degi til dags, það koma alltaf einhverjir ákveðnir toppar, en það er hægt að jafna þetta mjög mikið frá því sem nú er. Til þess að ná eðlilegum launum þurfa húsmæður með fjölskyldu að vinna hluta af árinu allt að tólf tíma vinnudag og iðulega um helgar. Ég held að hver maður sem vill líta á þetta af einhverju raunsæi sjái að þetta ástand nær ekki nokkurri átt. Það er verið að níðast þarna á fólki og bjóða því upp á óforsvaranlegan vinnutíma. Um sumartímann hefur „helgarvinna" verið bannorð. Nú er svo komið að t. d. hér í Reykjavík hefur verið samþykkt að vinna á laugardögum, sem ekki var áður, vegna þess að ofan á þetta hafa bónustaxtar lækkað og kjör þessa fólks versnað til viðbótar almennri kjararýrnun.

Ég vil taka undir með 3. þm. Reykv. að ég held að þetta fólk verði nú að átta sig betur á hvaða lykilstöðu það hefur í þjóðfélaginu. Og ég vil taka undir með 5. þm. Vestf. að þetta fólk, sem vinnur grunnframleiðslustörf, er utangarðs og það er hneyksli að mati Vinnuveitendasambandsins ef það á að lagfæra þessa hluti.

Ég vil aðeins ljúka máli mínu á því sem ég sagði í fyrri ræðu minni að það væru kaldar kveðjur sem Alþingi sendi þessu fólki. Nú er komið að þessu fólki að senda Alþingi sínar kveðjur. Ég er sannfærður um að hvað sem líður öllum stjórnmálaskoðunum, hvað sem líður öllum ágreiningi um verðbólgu, kaup o. s. frv., þá verður enginn vinnufriður á þessu sumri að óbreyttu ástandi. Alþm. geta þá bara kennt sjálfum sér um. Þeir neituðu að veita þessu fólki sama rétt og öðru fólki þó að búið væri að níðast á því um árabil. Þeir taka þá afleiðingunum af því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 5. júní, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Stefán Benediktsson): Vegna frétta í dagblöðum í dag vil ég segja eftirfarandi:

Þar er vitnað til orða forsrh. þar sem hann segir:

„Ég vek athygli á því að efri deild Alþingis er ekki með neinn fund í dag" — þá á hann við gærdaginn — „og lauk störfum mjög snemma í gær. Þó er fjöldinn allur af málum í nefndum hjá Ed. Mér sýnist að af því megi merkja að mönnum liggi ekki mikið á að ljúka þingstörfum."

Þessu vil ég andmæla með þeim hætti að ég tel að það hafi ekki staðið neitt á afgreiðslu mála í þessari deild. Ég veit að það er rétt að mörg mál eru í nefndum hjá Ed., en af því tilefni má minna á að mörg þessara mála eru mjög stór mál komin frá ríkisstj. mjög seint og því ekki á neinn hátt óeðlilegt þó að afgreiðslu þeirra sé ekki lokið enn þá. Þó standa vonir til þess að menn reyni allt það sem þeir geta til þess að ljúka þeim málum sem þörf er talin á.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þau orð sem forseti vor mælti hér og gerði að umtalsefni viðtal við forsrh. í Morgunblaðinu í dag. Ég verð að segja að stjórnarandstaðan, hvort sem það er í þessari hv. deild eða Nd., hefur ekki verið að tefja eða þvælast fyrir gangi og afgreiðslu mála hér á þinginu það sem af er. — Ég sé, herra forseti, að hæstv. forsrh. hefur vikið sér úr salnum og ég mun gera hlé á máli mínu þangað til hann kemur hingað aftur. (**Forseti:** Hann bað leyfis að mega fara og ná í gögn viðvíkjandi þessu máli.)

Það er haft eftir hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„...en ég hef sagt það, og stend við það, að ég hef

ekki viljað vera í neinum samningum um það við stjórnarandstöðuna hvaða mál verða afgreidd á þinginu. Það er e. t. v. óvenjuleg afstaða, en ég met það svo að ekki sé ástæða til slíkra samninga."

Nú spyr ég: Á að taka hér upp alveg ný vinnubrögð? Ég hef að vísu ekki langa þingreynslu, þó síðan 1978, og ævinlega hefur verið einhvers konar samstarf, samstaða, samráð. Ég segi ekki að menn hafi verið sammála, en menn hafa rætt um það með hvaða hætti skyldi haga vinnubrögðum í þinginu. Þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. tekur af öll tvímæli um að ríkisstjórnarflokkarnir vilja ekki neitt samstarf eða neina samvinnu við stjórnarandstöðuna um það hvernig vinnubrögðum í þinginu verður háttað.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa ekki rætt það í sinn hóp hvernig brugðist verður við þessu, en þeir munu gera það. Og ég verð að segja að þessi yfirlýsing forsrh. vekur mér afar mikla furðu, vegna þess að ég man ekki og rekur ekki minni til þess að yfirlýsing svipuð þessari hafi áður komið frá oddvita ríkisstjórnar. Ég held að það væri nú vit í því að stjórnarflokkarnir reyndu að koma sér saman um eitthvað í sambandi við landsstjórnina eða í sambandi við þinghaldið því að það liggur fyrir og er augljóst að þar er ekki samstaða um eitt eða neitt. Það er auðvitað skýringin á því að við sitjum hér enn að þingstörfum svo síðla vors að samkomulag er ekkert í ríkisstj. um það hvaða mál eigi að afgreiða. Við höfum rekið okkur á það, t. d. á fundum hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar þar sem hafa verið haldnir tæplega 40 fundir og þar sem sannarlega hefur ekki staðið á því að afgreiða mál, að það er engin samstaða um stóru málin innan stjórnarflokkanna. Það er ekki verið að ljóstra upp neinu leyndarmáli þó að sagt sé að þegar frv. um atvinnuvegasjóðina var til umræðu á nefndarfundi í morgun kom einn af þm. stjórnarliðsins, sem gegnir trúnaðarstöðu í stofnlánadeildinni, og lýsti því yfir að hann mundi aldrei standa að afgreiðslu þess máls með þeim hætti sem til er stofnað og eins og það stendur nú.

Ég verð svo sannarlega að ítreka að ég hygg að þessi yfirlýsing forsrh. sé einsdæmi. Það stendur ekki á okkur, a. m. k. ekki þm. Alþfl., að sitja hér á þingi svo lengi sem þurfa þykir. En ég hika ekki heldur við að fullyrða að ef þetta er afstaða ríkisstj. og stjórnarflokkanna, að það verði ekkert samráð, engin samvinna um þingstörfin núna þessar síðustu vikur, þá er það nú ekki beinlínis fallið til að greiða fyrir framgangi mála. Satt að segja skil ég ekki hvað liggur að baki slíkri yfirlýsingu eins og hér er gefin í Morgunblaðinu í dag og er höfð eftir hæstv. forsrh.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil taka undir þau andmæli sem hér hafa verið borin fram vegna þessarar furðulegu yfirlýsingar hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu. Hann er að bera það á borð fyrir alþjóð að Ed. Alþingis vinni störf sín seint og illa og haldi ekki fundi þegar þörf er á þótt hann viti að það stendur ekkert á þessari deild að afgreiða mál sem fram eru borin til hennar og dagskrá hennar er ekki svo stór eða löng að það valdi neinum vandræðum. Ástæðan fyrir því að ekki voru fundir hér í gær er ósköp einfaldlega sú að það var lítið til að ræða. Það er ósköp einfalt mál. Þetta veit auðvitað hæstv. forsrh. Það er því ekkert annað en blekkingarviðleitni gagnvart þjóðinni að reyna að halda einhverju öðru fram.

Hann hefur enga ástæðu til að kvarta yfir hv. Ed. Alþingis og vinnubrögðum hennar og ég held að hann hafi enga ástæðu til að kvarta yfir okkur stjórnarandstæðingum hér í Ed., að við höfum tafið mál eða valdið því að umr. hafi dregist á langinn. Það hefur svo sannarlega ekki verið. Hitt er allt annað mál að það eru allmörg frv. enn stödd í nefndum. Það vitum við. En hvers vegna er það? Í fyrsta lagi er það vegna þess að frv. eru svo seint fram komin að það hefur ekki gefist nægur tími til að fjalla um þau í nefndum. Í öðru lagi er það staðreynd, eins og vikið var að af seinasta hv. ræðumanni, að mörg þessara frv., sem hafa verið að koma fram frá ríkisstj. undanfarnar vikur, eru alveg einstök hrákasmíð, samin af litlum kunnugleika og í litlu samráði við þá aðila sem gerst mega þekkja viðkomandi málefnasvið eða frv. snerta sérstaklega. Ég nefni sem dæmi mál sem forsrh. hefur verið að ýja að á undanförnum dögum að þyrfti að fá greiðan gang í gegnum þingið, þ. e. frv. um atvinnuvegasjóðina. Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun komu fulltrúar frá þeim sjóðum sem nú eru starfandi á sviði atvinnuveganna og þeir lýstu því allir yfir að það hefði ekkert samráð verið haft við þá um efni frv. og höfðu óteljandi aths. að gera og voru sammála okkur nm. um að frv. væri hin versta hrákasmíð, mjög einkennilegt á pörtum og hangandi í lausu lofti hvað mörgu viðvíkur.

Kannske er það versta við frv. að svo eru þau þar að auki meira eða minni efnislaus, breyta sáralitlu þegar allt kemur til alls, ofan á allt annað. Má að vísu kannske finna jákvæða punkta í frv. um atvinnuvegasjóðina, en líka mjög marga neikvæða og varhugaverða punkta. Ég ítreka t. d. í sambandi við það sem kom fram hjá seinasta ræðumanni, að það liggur fyrir, þó ekki hafi það nú komið fram þegar mælt var fyrir frv., að Búnaðarþing hefur eindregið snúist gegn efni frv. um atvinnuvegasjóðina og Stéttarsamband bænda hefur eindregið óskað eftir því að afgreiðslu þess væri frestað, en formaður Framsfl. virðist leggja á það ofurkapp að við ruslum því af á nógu stuttum tíma án þess að athuga hvaða breytingar þurfi að gera. Þetta eru merkileg tíðindi fyrir bændur í landinu, að formaður Framsfl. vilji halda þannig á málum og skammi svo Ed. fyrir það að hún rusli ekki frá sér málum að óathuguðu máli.

Staðreyndin er sú, eins og kom fram í sjónvarpinu í gærkvöld þegar þinghaldið var þar til umræðu, að á seinustu sex vikum hefur hæstv. ríkisstj. ruslað inn í þingið yfir 30 frv. á þeim tíma þegar þingstörfum á senn að ljúka. Ef einhver efast um þessa tölu getur hann fengið útskrift hjá skjalavörslunni og talið þar hve mörg frv. hafa komið frá ríkisstj. frá lokum páskaleyfis. Þau eru yfir 30 og það sem verra er að mörg þessara frumvarpa eru mikil hrákasmíð. Það hefur greinilega verið reynt að rusla þeim frá til þess að ríkisstj. gæti státað sig af því að hún væri með svo og svo mörg góð mál á ferðinni, en efnið hefur liðið fyrir það.

Ég vil sem sagt segja það að lokum, hæstv. forseti, því að ekki er ástæða til að hafa þessi orð allt of mörg, að það sem að er nú í þinglok er forustuleysi og ráðleysi núv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. Hann hefur í fyrsta lagi ekki verið fáanlegur til að gefa það upp, eins og venja hefur verið, hvenær þingslit væru fyrirhuguð. Hann hefur í öðru lagi verið ófáanlegur til að hafa nokkurt samráð eða samstarf við stjórnarandstöðuna um hvern-

ig þinghaldi skuli hagað og skammast þar að auki meira eða minna út í bláinn yfir störfum þessarar hv. deildar og vegur að henni á mjög ómaklegan hátt.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Skv. upplýsingum sem ég fékk hjá skrifstofu Alþingis í gær, 4. júní, eru 43 mál í nefndum í þessari hv. deild. Ég ætla að fara aðeins yfir það.

Hjá allshn. eru fimm mál, þar af tvö stjfrv. Þau eru þrjú í fyrri deild og tvö í síðari deild. Það fyrsta er lagt fram 29. okt., kom til n. 29. okt. Það síðasta kom 18. febrúar. Það er í fyrri deild.

Hjá fjh.- og viðskn. Ed. eru 18 mál. Þar af eru 17 mál í fyrri deild, eitt mál í síðari deild. Það er rétt, að sjö mál hafa komið til nefndarinnar í maí. Ég viðurkenni það. Það er of seint. En ellefu mál komu til n. í apríl eða fyrr og sum fyrir áramót. **(EKJ:** Það er rétt að forsrh. kynni sér hvaða mál þetta eru.) Já, já. Ég kem að því. Þarna eru vissulega mál sem okkur er ljóst að fara alls ekki í gegn, eins og virðisaukaskattur, og hefur engin áhersla verið lögð á það núna þótt áhersla væri lögð á það fyrr. En þarna eru líka mál eins og þinglýsingalög sem eru búin að vera þarna nokkuð lengi. Það eru eflaust ástæður fyrir því að nefndin hefur ekki treyst sér til að afgreiða þessi mál.

Sérstaklega var minnst á sjóði atvinnuveganna. Ég skal segja hv. þm. hvenær sú nefnd sem að þessu máli vann, og vann mjög ötullega og vel að því að mínu mati, átti viðræður við fulltrúa atvinnuveganna og stjórnir viðkomandi sjóða. Það er undarlegt að heyra svona yfirlýsingu því í skýrslu þeirri sem ég fékk frá nefndinni kemur greinilega fram að hún hefur átt viðræður við þessa menn. Hins vegar er andstaða ekkert undarleg. Það er yfirleitt andstaða gegn því að breyta. Menn vilja ekki breyta. Menn vilja hafa hlutina óbreytta þó þeir tali um annað í hátíðaræðum. Út af ummælum um sjóðina, þá lít ég á það sem mikilvægt í sambandi við sjóðina að viðkomandi atvinnuvegum er gefið frelsi til að ráða málum þar, en ekki allt bundið í lagaramma eins og nú er. Ég tel það ákaflega mikilvægt mál. Ég get upplýst að ég ræddi þetta mál við fulltrúa bænda eftir að það var komið í lokabúning og þá sögðu þeir að þeir sæju ekki ástæðu til þess að málið væri dregið eins og það var þá komið fyrir.

Ég vil líka taka fram að ég tek ekki gott og gilt frá bændum að það megi ekkert breytast á meðan allt stefnir í óefni. **(Gripið fram í:** Gerðu grein fyrir því.) Kemur ekki til mála. Það er hvergi meiri þörf á breytingum en þar og þeir sem vilja hafa allt óbreytt. þó að það komi kannske ekki þessu máli við því, það tek ég undir, þetta ræður ekki sköpum, þeir sem ekki vilja breytingar, þeir vilja enn meiri óefni. Því við ráðum ekki við málin eins og þau þróast núna.

Um er að ræða tilraun til þess að opna sjóðina, m. a. til þess að sjóðirnir megi lána í fiskeldi, til þess að Fiskveiðasjóður megi gera það, megi lána í fiskeldi ef hann óskar. Hann getur það ekki nú. Það þarf lagabreytingu til. Og ég held að það sé margt gott í þessu þó ég efist ekki um að þeir sem ráða þessum sjóðum í dag vilja ekki breytingar. Það er ætlð svo. En þarna eru sem sagt 18 mál. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá formanni nefndarinnar, að talan segir ekki allt og mörg þeirra eiga ekki að fara í gegn, en þetta er töluverður fjöldi mála og þar af 17 í fyrri deild.

Í landbn. eru fjögur mál, tvö stjfrv. Þar kom eitt mál til nefndarinnar 25. maí. Hin komu öll fyrir þann tíma. Og það eru þrjú mál í fyrri deild, eitt í síðari deild.

Í iðnn. eru fjögur mál og þar af eru þrjú í fyrri deild, eitt í síðari deild, þar af tvö stjfrv. Þar kom eitt mál til nefndarinnar í maí. Hin komu fyrir mánaðamótin, fyrir byrjun maí.

Í sjútvn. er eitt frv. sem kom þangað 29. október. Það kann að vera þmfrv. Ég þekki ekki hvernig því er háttað.

Í heilbr.- og trn. eru fjögur mál og þau eru öll í fyrri deild. Hvert einasta þeirra er í fyrri deild. Þrjú af þeim komu til n. rétt eftir áramót. Það er nú skráð hér 17. janúar, en getur varla verið rétt. Var þing þá komið saman? En þau hafa verið nokkuð lengi hjá nefndinni. Eitt hefur komið þangað núna seint í maí sem er þmfrv.

Í félmn. eru tvö mál sem hafa verið þar síðan fyrir áramót og eru bæði þmfrv.

Í menntmn. eru fimm frv., þar af fjögur stjfrv., og þau hafa — það er alveg rétt — komið þangað nokkuð seint, en tvö þeirra eru í síðari deild.

Af þessum málum eru sem sagt 20 stjfrv. af 43 frv. sem liggja í nefndunum. Ég tek það fram að það segir vitanlega alls ekki alla söguna.

Ég áfellist ekki hv. Ed. fyrir að hafa ekki fund því að það voru engin mál í gær til að halda fund um. En ég endurtek að ég tel að ýmislegt af því sem hér er í nefndum mætti hafa komið frá nefndunum til deildarinnar töluvert fyrr. Ég tel það og hef ekki heyrt skýringar á því af hverju svo megi ekki verða.

Ég hef ekki heldur áfellst stjórnarandstæðinga, alls ekki. Það hefur ekkert staðið á stjórnarandstæðingum, við skulum láta það koma hreint fram, alls ekki. Og það er alveg rétt að þrátt fyrir að búið er að ræða um mörg þessi mál í allan vetur á milli stjórnarflokkanna hafa þm. stjórnarflokkanna í mörgum tilfellum tafið fyrir málum fremur en stjórnarandstæðingar. Það er alveg óþarfi fyrir stjórnarandstæðinga að vera að rjúka upp. Ég áfelldist þá ekki einu orði og ætti raunar að þakka þeim fyrir góða samvinnu á þinginu. En ég verð að segja eins og er, það á við bæði um minn flokk og samstarfsflokk, að það kemur mér dálítið undarlega fyrir sjónir, þó að það sé okkar mál út af fyrir sig og komi kannske ekki deildinni við, að þótt búið sé að ræða ýmis mál aftur og aftur á þingflokksfundum í allan vetur og maður haldi að orðið sé samkomulag um málið er það svo að þegar til nefndarinnar kemur stendur oft ekki síst á okkar mönnum. Ég veit að hæstv. fjmrh. getur tekið undir það með mér.

Ég endurtek að ég hef ekki áfellst stjórnarandstæðinga í þessu sambandi og ég hef ekki áfellst Ed. því að þegar málin hafa komið til deildar hafa þau yfirleitt fengið skjóta afgreiðslu. En ég endurtek að mér þykja það ekki rétt vinnubrögð þegar mál sitja vikum og mánuðum saman í nefndum og á að taka þau strax til meðferðar. Síðan verður það að sýna sig hvort menn treysta sér til að afgreiða þau.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa uppi ávirðingar á hendur hæstv. forsrh. fyrir það að tugta okkur þm. svolítið til, segja okkur til syndanna, þ. e. að við vinnum bæði seint og jafnvel illa. Hæstv. forsrh. átti einkum við okkur stjórnarþm., það var greinilegt, því að hann tók það rækilega fram að við

stjórnarandstöðuþm. ætti hann ekkert sökótt í þessum efnum. Við stjórnarþm. hljótum því að sitja eftir.

Það er ekki á hverjum degi sem maður neyðist til að stíga í þennan ræðustól til þess eins að bera af sér sakir. Hæstv. forsrh. gat um heilbr.- og trn. eins og aðrar nefndir sem starfa hér í Ed. Þar eru fjögur mál. Það er rétt. Það er ekkert stjfrv. í þeirri n. Nú hlýtur mér að verða hugsað til þess hvort það er raunverulega fyrirskipun frá hæstv. forsrh. að ég sem nefndarformaður ryðji öllum málum út, láti þau koma hingað til deildar og ljái þeim jafnvel fylgi mitt. Ég hygg að það kæmi svipur á suma ef svo færi um einstök mál sem þar eru og vil ég ekki nefna þau.

Varðandi hina nefndina sem ég er í forsvari fyrir, þ. e. félmn., þá eru þar ekki heldur stjfrv., einvörðungu þmfrv. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég telji þmfrv. lítilsigldari en stjfrv., síður en svo. Hins vegar hlýtur þetta að leiða huga manns að því hvort virkilega á að fara út í að ryðja öllum málum fram. Ég skal viðurkenna að margir þingreyndir menn hafa bent á að það sé eðlilegastur gangur að öll mál komi hér til atkv. Það má vel vera rétt. En ég hygg nú þegar á allt er litið, að hæstv. forsrh. hafi meiri áhuga fyrir stjfrv. en frv. frá almennum þm. Mér finnast orð hans því ekki í takt við það vinnulag sem lengi hefur viðgengist og ég hygg að hann sem almennur þm. fyrr á tíð hafi sjálfur tekið þátt í.

Herra forseti. Ég komst ekki hjá því að leitast við, í vanmætti að sjálfsögðu, að bera af mér þótt ekki væri nema að litlu leyti sakir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég verð að víkja að því að þær tölur sem hæstv. forsrh. las upp úr tölvulistanum eru annaðhvort gamlar eða hann hefur farið línuvillt. Ég sé alls ekki að þær komi heim og saman við þá vitneskju sem nm. búa yfir um stöðu mála í nefndinni. En formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, mun gera grein fyrir þessari stöðu hér á eftir. Ég heyri að hann hefur þegar kvatt sér hljóðs.

Ræða hæstv. forsrh. áðan var afar athyglisverð. Ég held að sjaldgæft sé að forsrh. víki að sínum stuðningsmönnum með þeim hætti sem hann gerði áðan og vék gagnrýni til nefndaformanna. Þeir eru allir úr stuðningsmannahópi stjórnarinnar. Það eru hæg heimatökin hjá ráðherrunum á ríkisstjórnarheimilinu að tugta þá til ef þeir eru ekki nógu starfsamir og gengur ekki nógu greitt undan í nefndum. Ég held nefnilega að það hafi verið mistök hjá þessari ríkisstj. að velja alla nefndaformenn úr hópi stjórnarsinna. Ég hygg að reynslan hafi sýnt að þegar stjórnarandstæðingar gegna formennsku í nefndum ganga mál ekki lakar.

Það sem þó var allra athyglisverðast við yfirlýsingu hæstv. forsrh. í ræðu hans áðan var að ég heyri ekki betur og sé ekki betur en þessu stjórnarsamstarfi sé í rauninni lokið. Hvað sagði hæstv. forsrh. hér? Hann sagði að það væru stjórnarsinnar sem tefðu framgang mála í nefndum. Hann sagði það skýrt og skorinort og margendurtók að hann hefði ekkert við stjórnarandstöðuna að sakast. Þetta stjórnarsamstarf er búið. Því er lokið. Það er ekki samstaða innan ríkisstj. um þau meiri háttar mál sem nú eru á döfinni. Þetta kom afar skýrt fram hjá hæstv. forsrh. Og þetta er auðvitað mjög merkileg yfirlýsing sem sýnir nákvæmlega hvernig staðan er á ríkisstjórnarheimilinu þessa dagana. Það er engin samstaða. Stjórnarsamstarfið er runnið út í sandinn og ríkisstj. situr klossföst í öngstræti úrræðaleysis, eins og ég einhvern tíma komst að orði.

Ég vil að lokum aðeins segja að hæstv. forsrh. vék ekki einu orði að þeirri yfirlýsingu sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni hér áðan og sem höfð var eftir honum í Morgunblaðinu í dag varðandi samstarf um þingstörfin. Ég lýsi því yfir af hálfu míns flokks að að óbreyttu munum við ekki mæta á neinum fundi eða taka þátt í neinum viðræðum við ríkisstj. um framhald þingstarfanna eða það að greiða götu mála hér síðustu vikur þingsins. Meðan þessi yfirlýsing forsrh. stendur óhögguð stendur sú afstaða okkar líka óhögguð.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Mér brá dálítið í brún þegar ég las blöðin í morgun og sá þessar yfirlýsingar, en nú er komin skýring á hvern verið er að tugta til og hvers vegna hæstv. forsrh. kom með þessar ábendingar í blöðunum. Það eru sem sagt stjórnarþm. sem standa sig ekki sem skyldi. Það er ánægjuefni fyrir stjórnarandstöðuna að hafa hæstv. forsrh. sér við hlið til að ýta á eftir málum stjórnarandstöðunnar sem liggja í þingnefndum.

Hann nefndi að eitt mál lægi hjá sjútvn. Ég vil upplýsa hæstv. forsrh. um að það er frv. varðandi verðlagsráð sjávarútvegsins, en brtt. sama efnis var felld hér í hv. Ed. og því ekki von til þess að frv. verði afgreitt úr nefndinni.

Í landbn. eru fjögur mál, eins og hann nefndi. Eitt er nýlega þangað komið. En tvö þeirra, sem ég man eftir í fljótu bragði, eru brbl. sem voru sett í september og eru óafgreidd úr nefndinni. Enn fremur er þar frv. til l. um sölulaun á útfluttar landbúnaðarvörur sem von er til að verði drifið út.

Í hv. heilbr.- og trn. átti að vera fundur í morgun, en af einhverjum orsökum var hann afboðaður á síðustu stundu. Ég hef ekki fengið skýringar á því. En kannske á ég von á að mitt mál verði þar afgreitt í snarhasti og samþykkt hér á þinginu.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það leynir sér ekki að alþm. eru farnir að hugsa til sumarsins þegar vorið er liðið og ekki nema eðlilegt að menn hugi að því hvað þetta virðulega Alþingi kunni að standa lengi. Og það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þótt hæstv. forsrh. hnippi aðeins í okkur, a. m. k. stjórnarþm. Ég á hins vegar von á því að út í frá verði ráðið með öðrum hætti í orð hæstv. forsrh. Af þeirri ástæðu finnst mér vert að láta koma fram hvernig mál standa í þeim nefndum sem ég er í forsvari fyrir.

Í samgn. Ed. hafa öll mál verið afgreidd. Þar hafa verið haldnir margir fundir í vetur. Ég man ekki hvað margir. (Gripið fram í.) Já, það koma hér upplýsingar um að þeir fundir hafi verið 28. Það er líklega næst hæsta fundatala í þeirri nefnd síðan farið var að skrá núverandi gerðabók. Mér finnst mikil ástæða til að taka það sérstaklega fram hér að nm., og þá ekkert síður stjórnarandstöðumenn, hafa unnið frábært starf í vetur. Og það eru mjög vandasöm og viðamikil mál sem samgn. er búin að afgreiða. Mér er vel ljóst að hæstv. samgrh., flokksbróðir minn og vinur, hefur verið óþolinmóður við formann n. vegna þess að mál hafa ekki gengið hraðar fram, en ég endurtek að þar finnst mér að menn hafi unnið frábærlega vel.

Það er rétt, sem kom fram, að í landbn. eru enn skv.

skrá fjögur mál óafgreidd. Þar af eru tvö fullunnin og verða afgreidd á nefndarfundi á morgun. Það er samkomulag um að afgreiða ekki eitt þessara fjögurra mála og í samráði við flm. hefur ekki enn verið afgreitt eitt þeirra. Það stendur því ekkert upp á landbn. Ed. í þessum efnum.

Það er líka vert að það komi hér fram að samkomulag varð um það í landbn. Ed., og það mætti kannske bera þá kveðju niður í Nd., að fara að fjalla um frv. um breytingarnar á framleiðsluráðslögunum. Það hafa nú þegar verið haldnir tveir fundir um það mál þó að það sé í Nd. Það hefur verið gert til þess að það væri með sæmilega líðanlegum og þinglegum hætti og forsvaranlegri framkomu, m. a. gagnvart stjórnarandstöðunni, fjallað um málið í Ed. á þessu Alþingi. Kannske var aðalerindið upp í ræðustólinn að segja frá þessu og mætti þá berast sú kveðja til þeirra í landbn. Nd. að þeir þyrftu að fara að hraða sér.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hélt satt að segja þegar ég sá Morgunblaðið í morgun að hæstv. forsrh. hefði mismælt sig eða blaðamaður tekið rangt eftir hans orðum, en það var víst ekki svo, eftir hans orðum hér og yfirlýsingum áðan að dæma og jafnvel aðdróttunum um að ekki væri vel starfað í nefndum. Ég kemst auðvitað ekki hjá því að gera hreint fyrir mínum dyrum þar sem ég er formaður í n. í þessari hv. deild, fjh.- og viðskn., og skal nú lesa upp hvaða mál eru þar óafgreidd.

Málafjöldinn í nefndinni er, hæstv. forsrh., samtals 39 og hvað er óafgreitt? Það er 8. mál, tekjuskattur og eignarskattur. Það er þmfrv. sem ekki er lögð áhersla á að sé afgreitt. Það er 10. mál, stálvölsunarverksmiðja. Hæstv. fjmrh. ætti að geta upplýst hvort það hefur staðið á mér þar. Það er eftir ósk iðnrh. látið liggja og í samráði við fjmrh. Það er virðisaukaskattur. Forsrh. sagði að vísu áðan að það væri eðlilegt með hann og veit sjálfsagt manna best hvers vegna það er eðlilegt. Það er rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda, þáltill. sem ég sjálfur flyt og skal svo sannarlega reyna að fá afgreidda hér og samþykkta úr því að rekið er eftir því. Það er hagnýting Seðlabankahúss, till. sem ég hef líka flutt og skal sannarlega reyna að fá hana afgreidda hér í Ed. Það er sala Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar, till. sem ég flutti líka og ég skal svo sannarlega reyna að fá hana afgreidda. Þá er það fjárfestingarsjóður launamanna, flutt af hv. þm. Ragnari Arnalds sem ekki hefur lagt áherslu á að afgreiða það, enda er hann sjálfur í n. og það er á hans valdi að afgreiða frv. hvenær sem honum sýnist. Kannske ættum við að reyna það. Það er gjald af innfluttum fóðurblöndum. Hvernig ætli það standi? Og hver eru sjónarmiðin meðal allra sem láta sig málið varða, svínabænda, kjúklingabænda, eggjabænda o. s. frv.? Ef saka á mig fyrir að hafa ekki afgreitt það mál, þá kemur það nú úr hörðustu átt. Síðan er það landflutningasjóður sem er í tengslum við annað mál sem eru sjóðir atvinnuveganna sem forsrh. flytur. Þessi tvö mál eru óafgreidd. Við vorum á þriggja tíma fundi í n. núna samfleytt frá kl. 11 til kl. 2, að ræða þessi mál, hæstv. forsrh. Við vorum á þriggja tíma fundi að ræða sjóðamálin núna, tókum þau fyrir held ég í þriðja sinn, og við fengum forustumenn allra sjóða atvinnuveganna á okkar fund. Ég gat ekki heyrt að neinn þeirra mælti með því að þetta gæti farið í gegn eins og það er. Það er best að ræða það ekki frekar á þessu stigi. En það hefur svo sannarlega verið unnið í því máli. Og hvenær kom það til nefndarinnar? Það kom 23. maí. Hvað var lengi verið að semja frv. og hvað ætli þurfi miklu að breyta?

Þetta eru sem sagt málin. Síðan er frv. um launakjör bankastjóra. Það er þmfrv. sem kom til n. 29. maí. Við vorum að afgreiða núna húsnæðissparnaðarreikninga og mál sem fylgir því, tekjuskatt og eignarskatt. Það kom 31. maí til okkar. Þetta er upptalið, hæstv. forsrh.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér eru rædd vinnubrögð þingsins á þeim dögum sem venjulegt er að Alþingi sé komið í leyfi og menn farnir til síns heima. Ég hlýt að harma mjög að hæstv. forsrh. skuli hafa gefið þá yfirlýsingu sem hann hefur gefið með það tilefnisleysi, sem hann rakti áðan, til þeirrar yfirlýsingar. Ég man nefnilega mætavel hvernig að þessum málum var staðið þegar ég var forseti Ed., hvernig hæstv. þáv. forsrh., Gunnar heitinn Thoroddsen, stóð að málum og átti með forsetum og forsvarsmönnum þingflokka marga og langa fundi um það á hvern hátt væri best að ljúka þingstörfum. Það mætti sjálfsagt rifja upp fyrir núv. hæstv. forsrh. ýmislegt af þeim góðu vinnubrögðum sem þar voru viðhöfð. Þessi vinnubrögð hafa greinilega farið fram hjá núv. hæstv. forsrh.

Hann talar um vinnubrögð í þinginu á sama tíma sem hann upplýsir okkur um það að vinnubrögðin á ríkisstjórnarheimilinu séu þau að þar séu mál rædd í þaula, farið yfir þau aftur og aftur og síðan, þegar þau hafi verið lögð fram í fullu umboði þeirra beggja flokka sem að ríkisstj. standa, fari allt í háaloft og upphefjist argaþras og rifrildi þeirra á milli um hvort eigi að afgreiða mál eða hvernig eigi að afgreiða mál. Það er auðvitað víst og satt. Það er ákveðinn aðili í þjóðfélaginu sem hefur unnið seint og illa. Það er hæstv. ríkisstj. (**EgJ:** Það er nú ofsagt.) Já, ég veit að nú vill hv. 11. landsk. þm. berja í brestina og finnst tími til kominn að skjóta skildi fyrir einkavin sinn, hæstv. forsrh., og skil ég það mætavel. Hann hefur löngum verið iðinn við það upp á síðkastið að skjóta skildi fyrir þá framsóknarmenn og ekkert við því að segja. En það er ljóst að sá aðili sem hér er verið að tala um að illa hafi staðið sig er hæstv. núv. ríkisstj.

Ég heyrði á hæstv. forsrh. áðan að hann hvessti sig mjög og sagðist ekki hlusta á bændur. Það höfum við heyrt áður og að menn sem vildu hugsa um þau mál væru menn sem engu vildu breyta í þeirri löggjöf sem snertir bændur og bændasamtökin. Ekki er ég einn í þeirra hópi sem ekki vilja ýmsu breyta í þeirri löggjöf. En hæstv. forsrh. lætur sér vonandi ekki til hugar koma að allir séu sammála þeim óskapnaði sem hefur verið lagður fram um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem hv. þm. Stefán Valgeirsson telur að þurfi að gera yfir 20 brtt. við áður en það geti orðið að sómasamlegum lögum.

Ég vil svo taka það fram að formenn þeirra nefnda sem ég hef setið í í vetur hafa leitað góðs samráðs við okkur í stjórnarandstöðunni. Við höfum tekið því samráði vel. Ég verð hins vegar að viðurkenna að í sumum nefndunum höfum við haldið uppi fundunum á þann hátt að stjórnarliðar hafa ekki séð ástæðu til þess að mæta á nefndafundum. Nefndaformenn hafa því oft verið í mestu vandræðum. Vísa ég þar t. d. til hv. formanns heilbr.- og trn. sem hefði oft átt í erfiðleikum ef við hv. þm. Björn Dagbjartsson og hv. þm. Kolbrún

Jónsdóttir hefðum ekki setið þar slímusetu, svo að notað sé frægt orðalag hæstv. iðnrh., og komið málum í gegn. Sama er að segja um félmn. Hv. formaður allshn. er ekki hér staddur. Eina málið sem við höfum ekki greitt fyrir þar eru umferðarlögin sem eiga ekki að fara í gegn. Það má alveg rétt vera, sem hæstv. forsrh. var í raun og veru að ögra stjórnarandstöðunni með hér áðan, að við höfum unnið allt of vel varðandi það að greiða fyrir málum ríkisstj. Hann var í raun og veru að ögra okkur með því að við skyldum hætta þessu og taka upp hætti stjórnarsinna sem tefðu fyrir hverju máli. Það er sjálfsagt að verða við þessum tilmælum hæstv. forsrh.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrst vil ég segja að ég efa ekki að vinnubrögð dr. Gunnars heitins Thoroddsens hafi verið til fyrirmyndar, en ég ætla ekki að endurtaka hér það sem hann sagði við mig um sínar tilraunir til að fá þingi lokið. Ég kann ekki við það, það er maður sem ekki er meðal okkar lengur og mér finnst óviðeigandi að vitna í slíkt. Hann var oft ákaflega óþolinmóður yfir því hve seint gekk og það var ekki óeðlilegt.

Sá listi sem ég er með er dagsettur 4. júní af skrifstofunni. Vel kann að vera að nefndaformenn geti leiðrétt hann að einhverju leyti. Þá er þetta rangt hjá skrifstofunni og þarf nauðsynlega að koma leiðréttingu þangað. Hér stendur fjh.- og viðskn. Ed., 18 mál. Ég sagði margsinnis að ýmis þessara mála fara ekki í gegn. Ég nefndi stjfrv. eins og virðisaukaskatt t. d. Mér er líka kunnugt um að umferðarlög, sem eru í fyrri deild, fara ekki í gegn, ekki er lagt kapp á það. Ég verð hins vegar að segja eins og er, og getur hver láð mér það sem vill eða ekki, að öllum var kunnugt um það, hvort sem mönnum líkar málið eða líkar það ekki, að við vildum gjarnan að sjóðir atvinnuveganna færu í gegn. Þeir komu til nefndarinnar 23. maí. Síðan eru liðnir 12—13 dagar. Og það var tekið fyrir fyrsta sinn á alvörufundi, ef ég má orða það svo, í dag og var einu sinni áður nefnt á fundi. Ég verð að segja eins og er og menn geta tekið það illa upp ef þeir vilja að ég kann því illa að mál sem er búið að vera í meðferð hjá stjórnarflokkunum í langan tíma skuli þá a. m. k. ekki vera tekið fyrir strax og þeir kallaðir fyrir sem nefndin kýs að tala við. **(EKJ:** En af hverju ekki að lesa málið yfir?) Ja, það tekur nú varla 12—13 daga, hv. þm., auk þess sem hv. þm. er búinn að lesa þetta margsinnis yfir eflaust í flokknum sínum. Ég efa það ekki.

Út af því sem hér hefur verið sagt og haft er eftir mér í Morgunblaðinu. Fyrirsögnin er ekki mín og ég bið menn heldur að lesa það sem segir fyrir neðan sem er svohljóðandi:

„... ég hef ekki viljað vera í neinum samningum um það við stjórnarandstöðuna hvaða mál verða afgreidd á þinginu. Það er e. t. v. óvenjuleg afstaða, en ég met það svo að ekki sé ástæða til slíkra samninga."

Hvers vegna met ég það svo? M. a. vegna þess að það stendur bara á ýmsum stjórnarsinnum. Væri ekki best að segja það í hreinskilni að það er þá réttara að við gerum upp okkar mál fyrst? Er það ekki rétt? Og svo fyrirsögnin: „Semjum ekki við stjórnarandstöðuna." Það sagði ég ekki. Málin stóðu þannig og hafa staðið þannig.

En svo er það annað mál. Er það einhver algild og eilíf regla að Alþingi eigi að sitja frá 10. október og þangað til í maí? Það held ég ekki. Eitt sinn voru alþm. ekki launaðir á sumarmánuðum, bara þegar þing sat. Því var löngu breytt og það hafa margar raddir heyrst um það að þing ætti að standa lengur. Ég get vel trúað því. Það eru orðin miklu meiri umsvif í þessu þjóðfélagi en voru. Kannske væri réttara hins vegar að breyta því þannig að þing byrjaði fyrr. Það getur vel verið. En ég er á þeirri skoðun að eðlilegt sé að þing sitji lengur en frá 10. október til miðs maí.

Ég skal ekkert um það segja hvenær þingi lýkur. Þetta skýrist eflaust í þessari viku, hve mikið næst fram af málum og hvenær tekst að slíta þingi. Það er farið yfir þessi mál vandlega nú og eflaust verða mörg mál sem ekki fara fram þótt ríkisstj. hefði óskað þess, en það mun skýrast á næstu 2—3 dögum.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 1041 (sbr. 154), n. 1098, 1099). — Ein umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Samgn. Ed. hefur fjallað öðru sinni um frv. til siglingalaga. Nd., undir forustu samgn. þar, gerði á frv. nokkrar breytingar. Tilefni þeirra breytinga voru í meginatriðum að umsögn hafði ekki borist til samgn. Ed. frá Siglingamálastofnun. Samgn. Nd. fór ítarlega yfir ábendingar siglingamálastjóra og breytti frv. nær einvörðungu með tilliti til þeirra aths. sem frá honum komu og snertu ekki afgreiðslu eða tillögugerð samgn. Ed. Alþingis.

Svo sem venjur standa til fór samgn. rækilega yfir frv. og gerði við það fjórar brtt. sem eru lagðar fram á þskj. 1099. Þar er að vísu að verulegu leyti um orðalagsbreytingar að ræða, en samt sem áður eru sumar þeirra mikilvægar. Skal ég nú skýra þær í örfáum orðum.

Varðandi brtt. við 26. gr. er mikilvægt að í upphafi greinarinnar sé notað orðalagið „eðlileg árvekni" sem er í samræmi við orðalag og hugtak í hinum svokölluðu Haag-Visby-reglum, en þar er einmitt lagt til að þær reglur verði fullgiltar af ríkisstj. eftir samþykkt þessa frv.

Við 71. og 220. gr. er fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingar og eins má segja að sé varðandi 221. gr. frv. Þar þykir þó rétt að taka fram að óþarfi sé að nefna Rannsóknarlögreglu ríkisins sérstaklega í því sambandi sökum þess að starfsemi hennar er eðlilegur þáttur í lögregluransóknum hér á landi og verður hún að sjálfsögðu kvödd til rannsóknar sjóslysa ef og þegar ástæða þykir til.

Ég vona nú, herra forseti, að með tilliti til þessarar nákvæmu umfjöllunar fái þetta frv. greiðan aðgang þá leið sem það á eftir að rata í þessari virðulegu deild.

ATKVGR.

Brtt. 1099,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1099,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1099,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1099,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tóbaksvarnir, frv. 504. mál (þskj. 941, 1021). — 3. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 1021 flytur hv. þm. Árni Johnsen brtt. sem hann

hafði áður gert hér grein fyrir. Hún hefur verið lítillega umorðuð, en fjh.- og viðskn. hafði fjallað um hana og mælir með því að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 1021 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisbókhald o. fl., frv. 449. mál (þskj. 927, n. 1100, 1101). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt allítarlega um það mál sem hér er á dagskrá og annað frv. sem flutt var samhliða þessu um breyt. á lögum nr. 13/1979, svokölluðum Ólafslögum. Við skoðun í nefndinni, rækilega skoðun, urðu nm. ásáttir um að nánast væri ógerlegt að samþykkja frv. eins og þau voru fram lögð vegna þess að slík flækja væri þá komin í alla þessa löggjöf, en eins og þeim sem flett hafa lagasafni er kunnugt er búið að dreifa ákvæðum hinna svokölluðu Ólafslaga út um lagasafnið þvert og endilangt, en sú löggjöf var með þeim hætti að meginefni laganna voru ýmiss konar greinargerðir og stefnuyfirlýsingar, aths. ýmiss konar, stofnana og hagvísindamanna, sem ekkert erindi eiga í lög, áttu ekkert erindi þá og því síður að þau séu enn þá í lagasafninu. Þess vegna fengum við til aðstoðar hagsýsluna og fjmrn. í góðu samráði við hæstv. fjmrh. til að reyna að einfalda þetta. Ég vil nota tækifærið til að þakka þeim ágætu mönnum sem að þessu störfuðu, ráðuneytisstjóra, hagsýslustjóra og þeirra mönnum, alla þá aðstoð sem þeir létu okkur í té því að hér var um geysilega flókið og vandasamt mál að ræða.

Það hafa verið þrjú frv. í gangi í þinginu varðandi hin svokölluðu Ólafslög, lög nr. 13/1979. Fyrst flutti ég frv. til l. um að afnema þessi lög í heild sinni, en taka þá einstök ákvæði út úr sem kynnu að þurfa að vera í öðrum lögum og þá sérstaklega í sambandi við verðtryggingu sparifjár. Það var eiginlega eini kaflinn sem mér sýndist að þyrfti að verða áfram í lögum. Nú leggjum við til að úr þeim lögum verði numdir úr gildi III. og IV. kafli í heild sinni, en nokkur ákvæði úr þeim köflum verði sett inn í lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, eins og nánar er greint frá í nál. sem útbýtt var hér í gær og menn hafa vafalaust kynnt sér. Þannig mundu öll þau ákvæði sem fjalla um ríkisfjármálin verða í einni og sömu löggjöfinni eins og vera ber. Síðan hefur verið, með öðru frv. sem samþykkt hefur verið hér í deildinni varðandi verðbætur á laun, afnuminn VIII. kafli laganna og hæstv. forsrh. hefur tjáð mér að hann hafi þegar gert til þess ráðstafanir að það sem eftir stendur af þessari löggjöf verði skoðað nánar á milli þinga og verði lagt fyrir þing í haust að afnema það sem eftir stendur að svo miklu leyti sem það má missa sig úr lagasafninu.

Ég held að ástæðulaust sé að ég fari mjög mörgum orðum enn um þetta. Í sjálfu sér er breytingin frá frv. eins og þau eru lögð fram ekki mikil efnislega, en hins vegar voru það merk frv. að því leyti að þau gera ráð fyrir að setja ríkisreikninginn upp með allt öðrum hætti en áður hefur verið gert. Það var sýnt í fjárlagafrv. í haust hvernig fjárlög hefðu litið út ef gert hefði verið upp eins og reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segja til um. Með þessum frv. er gert ráð fyrir að nálgast slíkt uppgjör þannig að t. d. verði getið um öll þau atriði sem í lánsfjárlögum eru í 1. gr. frv. og þannig að fjárreiður ríkisins verði á einum stað og menn geti þess vegna áttað sig betur á því máli öllu.

Ég verð að segja það eins og er að þegar ég tók við formennsku í hv. fjh.- og viðskn. og fór að vinna í þessu í fyrravetur á þinginu varð mér það fullljóst og er viðurkennt að svo erfitt er að átta sig á ríkisfjármálunum í heild að nánast er óvinnandi vegur með þeim hætti sem nú er þar sem t. d. ýmiss konar heimildir til lántöku og ríkisábyrgðar o. s. frv. eru í fjárlögum sjálfum. Síðan eru óteljandi sérlög, eins og menn þekkja, sem heimila t. d. ríkisábyrgðir og loks koma svo lánsfjárlög. Ég held að allir séu sammála um að þarna þurfi að gera bragarbót, enda skrifa allir nm. í hv. fjh.- og viðskn. upp á þetta nál.

Ég vil geta þess hér, skjóta því inn í, að hér hefur verið dreift nál. um frv. til l. um afnám laganna frá 13. apríl 1979 og verður það væntanlega tekið á dagskrá hér á eftir, en þar er lagt til að því verði vísað til ríkisstj. með þeim skýringum, sem ég áðan gaf, að hæstv. forsrh. hefur þegar gert ráðstafanir til að unnið verði að því að nema þau úr gildi.

En hérna er sem sagt um stóran áfanga að ræða í átt til þess að hverfa frá þeirri ringulreið, held ég maður verði að kalla það, sem mjög lengi hefur gætt við fjárlagagerð og reyna að koma á það heillegri mynd. Þessi hreingerning á áreiðanlega eftir að bera mikinn ávöxt og þó að orð hafi nú verið látin falla um að við gerðum lítið í hv. fjh.- og viðskn. held ég þó að þetta sýni að eitthvað hafi verið þar gert.

En ég skal sem sagt ekki hafa um þetta fleiri orð. Nál. skýrir sig sjálft. Það er verið að gera þarna hreingerningu og koma betra lagi á uppsetningu allra fjárlaganna og lánsfjáráætlunar, þannig að alþm. og þjóðin öll geti betur áttað sig á því hvað raunverulega sé á fjárlögum, t. d. hvað sé staðreynd um greiðsluhalla og hvað sé um rekstrarhalla, að menn hafi þetta allt á einum og sama staðnum, og það er vel.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mig langar til að fara nokkrum orðum um þetta frv. og leggja áherslu á hvaða breytingar er verið að gera með því, en einnig vekja athygli á því hvaða breytingar er ekki verið að gera vegna þess að mér hefur fundist að í umræðum um þessi mál gæti allverulegs misskilnings um það hvað í þessum frumvörpum felst. Þannig var t. d. leiðari birtur í blaðinu DV fyrir nokkrum dögum þar sem fjallað var um efni þessara frv. og greinilegt var að höfundur leiðarans hafði ekki hugmynd um hvað hann var að skrifa um og fór mjög rangt með í flestum greinum, lýsti þessari breytingu og innihaldi hennar með mörgum orðum þótt þær breytingar væru hvergi finnanlegar í lögunum sjálfum.

Það sem verið er að gera með þessu frv. er það sem kemur fram í 6. mgr. nál. sem hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur skilað einróma frá sér. Það er verið að taka almannatryggingakerfið og endurlánareikning ríkissjóðs inn í A-hluta fjárlaganna og það verður ekki gert nema með sérstakri lagabreytingu.

Að taka almannatryggingarnar inn í A-hluta fjárlaga

hefur í för með sér verulega efnislega breytingu á uppsetningu fjárlaga og getur haft veruleg áhrif á niðurstöður ríkisreiknings. Fram að þessu hefur almannatryggingakerfið verið sér á parti og hefur getað tekið lán eða borgað af lánum án þess að það kæmi fram í niðurstöðum ríkisreiknings á A-hluta ríkissjóðs. Þarna er því um verulega efnislega breytingu að ræða.

Hin breytingin, að endurlánareikningurinn er tekinn inn í A-hluta, hefur ekki neinar reikningslegar afleiðingar í för með sér fyrir niðurstöðutölur ríkissjóðs. Sama gildir um það að tekjur af einkasölu ríkisins til ríkissjóðs séu taldar með sköttum. Þar er ekki um neina umtalsverða efnislega breytingu að ræða.

Það er líka verið að sameina hér í einum lögum allt það sem lýtur að ríkisbókhaldi, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tvímælalaust unnið merkt starf við það að stokka frv. upp og reyna að koma þessu öllu fyrir í sömu lögunum. Þetta er það sem verið er að gera og allt er þetta mjög jákvætt og eðlilegt.

En það sem ekki er verið að gera, en margir halda að sé verið að gera, er að færa ríkisreikning og ríkisfjármálin í það horf að þau samræmist reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eins og það er gjarnan orðað. Það er alls ekki verið að gera það með þessari breytingu. Það er hinn mikli misskilningur sem hefur fylgt þessari frumvarpsgerð.

Nú hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að vísu ekki neinar einfaldar skilgreindar reglur um hvernig fjárlög eða ríkisreikningur eiga að líta út. Það er ekki til nein fullkomlega samræmd regla í þeim efnum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hins vegar sett fram samanburð á fjárlagatölum margra landa eftir ákveðinni formúlu án þess að hann geri neina kröfu um hvernig þessu skuli hagað í hverju landi fyrir sig. Þessi uppsetning á reikningum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er í grundvallaratriðum allt önnur en sú sem við höfum búið við því að þessi uppsetning miðast ekki við ríkisreksturinn, þ. e. tekjurnar annars vegar og gjöldin hins vegar og þann mismun sem verður á tekjum og gjöldum og lýsir sér annaðhvort í afgangi eða halla, heldur er ríkisbúskapurinn gerður upp á greiðslugrunni alfarið og þá er ekki niðurstöðutalan halli á ríkisbúskapnum eða afgangur, heldur ósköp einfaldlega fjárþörf ríkissjóðs vegna útlána og vegna útgjalda, en það er allt annað hugtak og á engan hátt sambærilegt við það hugtak sem við höfum notað hér á landi fram til þessa og allt annað hugtak en t. d. fyrirtækin nota í sínum fjármálabúskap.

Ég held að nauðsynlegt sé fyrir ríkissjóð að hafa á hreinu hvort ríkisbúskapurinn er rekinn með afgangi eða halla á hverjum tíma og ég tel að það verði áframhaldandi að gera upp reikning hvers árs út frá rekstrarlegu sjónarmiði, rétt eins og hjá öllum öðrum fyrirtækjum landsins, að það komi fram hver er mismunurinn á tekjum og gjöldum, og þá auðvitað á raunverulegum tekjum og raunverulegum gjöldum, og það þurfi fyrst og fremst að reyna að samræma ríkisbúskapinn sem best þannig að niðurstöðutalan sýni sem sannasta mynd af því hvernig staðan er. Það er verið að gera með því t. d. að flytja almannatryggingarnar inn í A-hlutann. Það má vel vera að það þurfi að flytja fleiri stofnanir inn í A-hlutann, eins og reyndar hefur verið gert á undanförnum árum því að það eru einmitt mörg dæmi þess að fyrirtæki hafi verið flutt inn í A-hluta fjárlaga í þessum tilgangi. Það er allt af hinu góða og gefur sannari mynd af ríkisrekstrinum á hverjum tíma. En ég er ansi hræddur um að ef við hefðum ekki þessa niðurstöðutölu, ef við hefðum einungis þá tölu sem sýndi hvernig greiðsluflæðið hefði komið út á árinu, hver væri fjárþörfin, þá hefðu menn ansi villandi mynd af ríkisrekstrinum á hverjum tíma. Þá kæmi það þannig út að ef eitt árið væru tekin 1000 millj. kr. meiri lán sem endurlánuð væru sveitarfélögum kæmi þar út 1000 millj. kr. lakari niðurstöðutala hjá ríkissjóði það árið. Fjármagnsþörfin hefði aukist um 1000 millj., jafnvel þótt þetta breytti engu um ríkisreksturinn því þetta hefði verið upphæð sem hefði komið inn í ríkissjóð og farið aftur út til sveitarfélaganna. Þannig mundi afkoma ríkissjóðs vera mjög villandi í augum manna og erfitt um allan samanburð. Þess vegna held ég að það sé bráðnauðsynlegt að hafa það sem aðalreglu að gera ríkissjóð upp á rekstrargrundvelli og átta sig sem allra best á því hvort það er afgangur eða halli. Mér skilst líka að það séu ekki uppi nein áform um það í fjmrn. eða hjá Ríkisendurskoðun eða hjá ríkisreikningsnefnd að taka upp annan hátt en þann, sem verið hefur, að gera ríkissjóð upp á rekstrargrundvelli. Ég er feginn því því að ég óttast að hin uppsetningin yrði ákaflega villandi fyrir allan almenning og jafnvel fyrir okkur þm. ekkert síður. Hin uppsetningin er allt annars eðlis. Það getur verið ágætt að hafa hana til hliðsjónar og jafnvel að setja hana fram samhliða þeirri uppsetningu sem byggir fyrst og fremst á tekjum og gjöldum, þ. e. á rekstrargrunni, en ég held við megum ekki yfirgefa rekstrargrunninn með öllu og hætta að átta okkur á því hvort ríkissjóður kemur út með hagnaði eða tapi.

Annað það sem margir hafa ímyndað sér að væri verið að gera með þessari breytingu, en er hinn mesti misskilningur, er að nú verði fjallað um lánsfjárlög og fjárlög af sömu aðilum í þinginu. T. d. heldur ritstjóri Dagblaðsins og Vísis að það sé verið að gera þá breytingu hér í þinginu að þetta verði allt á einni hendi. En þetta er, eins og margt annað sem kom fram hjá honum, hinn mesti misskilningur. Það er fyrst og fremst verið að tryggja að lántökur og lánsfjáráætlun komi skýrt fram í fjárlagafrv. þegar það er lagt fram. Það verður greinargerð þar fyrir lánsfjáráætluninni og lántökum, en eftir sem áður verður að leggja fram sérstakt frv. um lánsfjárlög og það verður að senda það til allt annarrar nefndar en þeirrar sem hefur fjallað um fjárlögin, þ. e. til fjh.- og viðskn. viðkomandi deildar. Það eru þær nefndir sem munu gera tillögur um þær breytingar sem ríkisstj. hyggst gera á lánsfjáráætluninni en þær breytingar munu ekki gerast með atkvgr. við afgreiðslu fjárlaga. Þessu er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þannig að þeir haldi ekki að það sé verið að gera hér eitthvað allt annað en verið er að gera. En það breytir ekki hinu, að sú breyting sem hér er gerð tillaga um er alfarið af hinu góða, hún er til samræmis, einföldunar og til að auka skýrleika í framsetningu á fjármálum ríkissjóðsins.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir vel unnin störf í sambandi við það frv. sem hér er á dagskrá, þ. e. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim.

Ég ætla ekki að fjölyrða um það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. Hann verður sjálfur að hafa áhyggjur af því hvað blaðamenn eða ritstjórar dagblaðanna skrifa um mál sem koma fram á Alþingi og þá þetta mál líka. En ég fagna því að nefndin hafi orðið sammála um að frv. þetta sé til bóta, það gefi nánari og betri upplýsingar um ríkisfjármál og fjárlögin þannig að á einum stað hafi bæði þm. og aðrir landsmenn meiri upplýsingar um fjármál þjóðarinnar þó svo að hugsanlega væri hægt að gera þetta enn þá betur úr garði. En það verður þá að bíða betri tíma að gera þær breytingar.

Ég skal ekkert segja um hvort það er til bóta fyrir okkur Íslendinga eða fyrir aðrar þjóðir að ríkisfjármál og fjárlög fylgi hugmyndum og óskum alþjóðastofnana um uppsetningu, en þó er tvímælalaust til bóta að fara verulega mikið eftir þeim ábendingum sem þaðan hafa komið. Í þessu frv. er sótt um heimild til að telja til tekna opinbera starfsemi til A-hluta ríkissjóðs. Þetta er í áttina að tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þó ekki sé farið alfarið eftir óskum þaðan. En ég vil sem sagt þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir vel unnin störf í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja nokkur orð um annað mál ef ég hef orðið, en það getur vel verið að það sé ágreiningur um það.

Ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð sem fjmrh. um þær umr. sem fóru fram utan dagskrár fyrr á þessum fundi, en svo vildi til að ég var kallaður í símann og umr. var lokið þegar ég kom til baka. Ég hafði hugsað mér að taka þátt í þeim á þann hátt að það kæmi fram að ég vil þakka og undirstrika mjög gott samstarf við fjh.- og viðskn. hv. Ed. Að mínu mati hefur það samstarf verið mjög gott. Það á sérstaklega við félaga minn og flokksbróður, formann nefndarinnar, Eyjólf Konráð Jónsson, sem að mínu mati hefur unnið frábært starf sem formaður nefndarinnar. Ég sem fjmrh. þakka þessa góðu afgreiðslu og vil að það verði skráð í þingtíðindi að nefndin í heild og formaðurinn hafi áunnið sér virðingu mína og þakklæti fyrir þetta góða starf og samstarfið sem ég hef átt við hana.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1101,1 (ný 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1101,2 (ný 5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1101,3—19 (nýjar gr., verða 6.—22. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1065, n. 1103). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga á þskj. 1103. Nefndin hefur farið yfir frv. Eins og fram kom við 1. umr. málsins er ekki um ágreiningsmál að ræða og hv. þm. telja að hér sé um gott mál að ræða. Nefndin er sammála þessu og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég kem ekki í ræðustól til að hafa uppi stórar athugasemdir við þetta frv. Það hefur enn einu sinni sannast hversu hratt og vonandi vel hv. nefndir vinna í þinginu því að skammt er síðan þetta mál kom fyrir Ed. (**RA:** Lokasönnunin.) Já, líklega er það.

Í 2. gr. þessa frv. stendur, með leyfi forseta, í 3. mgr.:

„Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg, en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga."

Mér hefur óneitanlega orðið hugsað til þess af hverju ekki er jafnframt gert ráð fyrir þeim möguleika að auka sparnað og þá ársfjórðungslega eins og hér er tekið fram. Af hverju má einvörðungu semja um lækkun? Ég sé ekki að hækkun mundi fremur raska fyrir fram gerðum áætlunum en lækkun, eins og hér stendur.

Í 2. mgr. 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innistæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn."

Hér er um það að ræða að framvísun kaupsamnings ber vitni um að kaup hafi verið staðfest. En í 3. mgr. 5. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings skv. 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan mánaðar frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, sbr. þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt."

Í þessu efni vaknar sú spurning hvort ekki er um að ræða býsna hörð viðurlög, ef ég má svo að orði komast, og tími of naumur. Ég get tæpast varist þessari hugsun með tilliti til reynslunnar: Aðili, sem hefur með því að sýna kaupsamning fært fram þau gögn sem gefa tilefni til þess að hann má taka út fé af þessum reikningi, hefur hugsanlega reitt fram fé til annars aðila vegna kaupa og á grundvelli kaupsamnings. Eigi að síður fara mál iðulega þannig að kaupum er rift, það verður ekki af kaupum. Hvernig er hægt að ætlast til þess að slíkur aðili, sem lendir vafalaust í meiri eða minni fjárþröng, standi skil á þessu fé með svo skjótum hætti sem hér er gert ráð fyrir?

Herra forseti. Það voru einkum þessi tvö atriði sem ég vildi víkja að, þ. e. það sem ég síðast nefndi og eins hitt: af hverju ekki hækkun á umsömdum sparnaði allt eins og lækkun ársfjórðungslega? Ég efast ekki um að nm. hafa á þessu tiltækar skýringar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Svo sem sagt var þegar ég gekk í ræðustól hljóta skýringar á því sem hér er um að tefla að vera nærtækar hjá ráðh.

Ég vil vekja athygli á þeirri sérkennilegu stöðu sem komin er upp í þinginu og raunar var vikið að og ýjað að í umr. áðan. Hér er verið að ræða stjfrv. sem er búið að þrautræða í báðum þingflokkum stjórnarinnar. Stjórnarandstæðingar í hv. fjh.- og viðskn. hafa lagst á árina í þessu máli og lagt til að þessi tilraun verði gerð. Er ljóst

að vel má vera að ýmis ákvæði þurfi endurskoðunar við í ljósi reynslunnar. En þegar þetta frv. kemur hér til 2. umr. er það hv. 5. þm. Vesturl. sem kveður sér hljóðs til að gera ýmsar aths. við þetta frv. ríkisstj. Ég lét svo ummælt í þessum ræðustól fyrr í dag að þetta stjórnarsamstarf væri búið. Það staðfestist í umr. um hvert málið á fætur öðru hvað hefur gerst innan ríkisstj. Þetta er mál sem hefur verið þrautrætt í báðum þingflokkum stjórnarflokkanna og svo veldur það ágreiningi þegar það kemur hér til umr. Það er ekkert um það að segja. En í þessu tilvikinu kemur ágreiningurinn ekki frá stjórnarandstöðunni. Ég er í rauninni hálfmiður mín yfir því sem hæstv. forsrh. sagði í dag þegar hann hrósaði stjórnarandstöðunni svona óskaplega fyrir sanngirni og lipurð í meðferð mála. Ég fer að óttast um, og endurskoða hug minn, að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi í stjórnarandstöðunni. En það er alveg greinilegt að hluti stjórnarliðsins er kominn í stjórnarandstöðu. Og ég held að það fari ekkert endilega eftir flokkum. Það fer eftir málum. Það er engin samstaða um eitt eða neitt í þessari ráðleysisstjórn sem nú gerir ekkert annað en að rembast við að sitja.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég get ekki sagt annað en hv. 5. landsk. þm. hafi haft nokkuð stór orð um það að ég skyldi standa upp við þessa umr. Við skulum athuga að enda þótt frv. séu þrautrædd innan stjórnarflokkanna er ekki óalgengt að spurningar vakni um ýmis einstök atriði og sem betur fer koma fram við nefndastörf skýringar á ýmsu því sem í þeim frv. stendur sem nefndirnar fjalla um og eru það iðulega sönnur á því að nauðsynlegt er að vanda mjög til verka. Ég segi þetta ekki af því að ég líti svo á að fjh.- og viðskn. hafi unnið sitt verk illa. Þvert á móti á nefndin hrós skilið.

En erindi mitt í ræðustól var alls ekki það að ég fagnaði ekki þessu frv. Það er mesti misskilningur hjá hv. 5. landsk. þm. Ég tel þetta frv. af hinu góða, einmitt vegna þess að hér er stigið eitt skrefið í þá átt að lækka tekjuskattinn. Að vísu eru þeir fjármunir mjög óvissir sem hugsanlega verða í tengslum við þetta frv. Það er alveg ljóst. Það er útilokað að menn hafi á takteinum í hve ríkum mæli einstaklingar muni nýta sér sparnaðarreikninga sem mynda skattahagræði. Ég taldi blásaklaust að leitast við að fá það fram hvort þessi atriði sem ég nefndi — þau eru bara tvö — hefðu verið rædd í fjh.- og viðskn., en um ágreining eða andstöðu af minni hálfu við þetta frv. er ekki að ræða, síður en svo.

Helgi Seljan: Herra forseti. Mér þykir ekkert óeðlilegt við það að hv. 5. þm. Vesturl. komi með spurningar varðandi þetta mál og vilji fá á því nánari skýringar því að við höfum heyrt þá lýsingu frá hæstv. forsrh. hér í dag að mál séu alleinkennilega rædd í stjórnarflokkunum, ýmislegt fari fram hjá mönnum þar og menn viti ekki hvað þeir geri. Þess vegna eigum við í stjórnarandstöðunni að fyrirgefa þeim nánar tiltekið. Ég þekki það vel samviskusemi hv. 5. þm. Vesturl. af nefndastörfum með honum að ég veit að hann er allra manna óhressastur með flaustur og eftirrekstur sumra ráðh., þó að hann hafi unnið vel að sínum málum þar, þegar þeir hafa verið að óska eftir því að menn afgreiddu helst málin án þess að svo mikið sem lesin væru yfir einstök mál.

En það sem vekur athygli mína er að hér kemur einn hv. stjórnarliði upp og biður um skýringar á veigamiklum atriðum í málinu og honum er ekki ansað. Ég skora þess vegna á aðalhöfundinn, hæstv. fjmrh., að skýra það mál og svara hv. 5. þm. Vesturl., sýna þá kurteisi að svara honum varðandi þau atriði sem hann kom inn á, bara honum til sáluhjálpar svo að hann geti verið sáttari við frv. en hann annars er greinilega.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram að þó að menn hafi lesið þetta frv. yfir í stjórnarflokkunum er kannske ekki óeðlilegt þó að menn taki til máls þegar málin eru til umr. í þessari hv. deild. Það þarf ekki að hafa stórpólitíska þýðingu eða tákna að ríkisstj. riði til falls þó að menn spyrji um einstök atriði hér.

Að sjálfsögðu hefur fjh.- og viðskn. fjallað um þessi mál og eins og kom fram í ræðu hv. 5. landsk. þm. áðan var nefndin sammála um að hér væri skref stigið til góðs. Þetta er nýmæli. Nefndin vildi greiða fyrir afgreiðslu þessa máls og að það fengi greiða leið í gegnum þingið.

Eigi að síður hefur hv. 5. þm. Vesturl. beint tveim spurningum um ákveðin atriði til nm. Þessi atriði geta bæði verið álitamál. Fjh.- og viðskn. fannst þó ekki ástæða til breytinga og vildi láta á það reyna hvernig framkvæmdin yrði. Hitt er ekki útilokað að líta á þetta mál milli 2. og 3. umr. ef hv. þm. vilja halda því til streitu að skoða það betur eða flytja brtt.

Hvað fyrir höfundum frv. hefur vakað get ég að sjálfsögðu ekki sagt því að ég tók ekki þátt í samningu þess. En ég vil ítreka að ef óskir koma um það frá þm. þessarar hv. deildar er sjálfsagt að líta frekar á málið.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hef haft gaman af þessum annars ekkert skemmtilega fundi í dag vegna þess að það er endurtekin sú tilraun, sem öðru hverju hefur skotið upp hjá stjórnarandstöðunni, að reka fleyg á milli ráðh. og tala um óánægju í ríkisstj. og samstarfsleysi. Ég get enn þá einu sinni — ég er orðinn svo vanur því — fullvissað ykkur um að tilraun ykkar hefur ekki borið árangur í þetta sinn fremur en áður. (**HS:** Þið sjáið það.) Virðulegur þm., fyrrv. forseti Ed., veit að sá sem er í ræðustól hefur a. m. k. forgang að orðinu í það sinnið. — En það er enginn fleygur í ríkisstj. og það skiptir ekki máli hve oft þessi staða kemur upp. Stjórnarandstaðan heldur að hún sé búin að reka ríkisstjórnarliðið á flótta. Það er ekki. Hitt er annað mál að vel getur verið að það sé of mikið vinnuálag fyrir stjórnarandstöðuna að fá svo mörg frv. rétt í þinglok þó að stjórnarliðið telji sig menn til þess að vinna hratt og lengi. En menn verða misjafnlega fljótt þreyttir. Það er eins og í íþróttum. Menn hafa misjafnlega mikið úthald. Það fer eftir því hvaða æfingu þeir hafa fyrir, hve mikla rækt þeir hafa lagt við starfið fram að átökum. Það verður alltaf að undirbúa sig þannig að á ákveðnu augnabliki séu menn tilbúnir til lokaátaka ef árangur á að nást.

Það þarf ekki stjórnarliða til að manna upp ráðh. til að svara spurningum, hvort sem þær koma frá stjórnarliðinu eða frá stjórnarandstæðingum. Ég varð bara ekki var við neina spurningu frá hv. 5. þm. Vesturl. Hann talaði um nokkrar greinar í frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga eins og það liggur fyrir á þskj. 1065, en það kom engin bein spurning. Fundartíminn var að

líða svo að ég hafði ekkert hugsað mér sérstaklega að standa upp. Hann var að hugleiða það sem hann var að gera upp við sig, en bein spurning kom ekki. Eftir henni beið ég. Ég veit ekki hvort nokkur annar en ráðh. hafi reynt að taka eftir því hver bein spurning væri.

Hann gerði að umræðuefni næst síðustu mgr. í 2. gr. Hún er svona:

„Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg, en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga." — Og af hverju ekki hækkun? spurði hann.

Hér er verið að tala um að spara fyrir fram ákveðna upphæð sem viðkomandi sparandi, væntanlegur húsbyggjandi eða húskaupandi, treystir sér til að leggja fyrir af sínum launum vegna þess að hann þarf ekki þessa upphæð sem lífibrauð. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að skv. þessari mgr. geti viðkomandi ekki hækkað sitt framlag ef hann telur sig hafa meiri afgang ársfjórðunginn á eftir. Það yrði ársfjórðungslega samið. Hér er verið að tala um lækkun. Ef menn fara út í einhverja fjárfestingu hafa menn aðgang að umsaminni lækkun. Það getur komið eitthvað upp sem gerir það að verkum, slys eða veikindi eða eitthvað slíkt, að viðkomandi þurfi nauðsynlega að grípa til þessara peninga. Þá er honum heimilt að semja um að fá til baka eitthvað miðað við að hann hafi full rök fyrir þeirri ósk og án þess að missa af þeim hlunnindum sem fylgja þeirri upphæð sem eftir er.

Varðandi 3. mgr. 5. gr. hafði hv. þm. aðra aths. Svar við henni er í aths. með frv., en þar segir í síðustu mgr. aths. við 5. gr., með leyfi forseta:

„Í 3. mgr. 5. gr. er að finna ströngustu viðurlögin, endurgreiðslu nýtts skattafsláttar allt að sex árum aftur í tímann að viðbættu 25% álagi, og miða þau einkum að því að koma í veg fyrir að reynt sé að ná innistæðum út með því að gera kaupsamninga til málamynda."

Svarið við spurningunni er í aths. Við skulum hafa í huga að ákvæði verða að vera ströng. Við skulum ekki gleyma því að skyldusparnaður unglinga var tekinn út með því að unglingar giftu sig og skildu í þeim tilgangi einum að ná út skyldusparnaði. Af reynslunni hafa menn lært og m. a. liggur svarið í því.

Forseti (Stefán Benediktsson): Áður en gengið verður til atkvgr. vil ég upplýsa menn um framhald þingstarfa í dag. Fyrirhugað er að fresta þessum fundi að lokinni atkvgr. til kl. 18, en þá verður fram haldið fundi. Það hefur ekki enn þá verið tekin ákvörðun um að hafa kvöldfundi, en þingflokksformenn munu væntanlega ræða um það í hléinu sem verður að loknum fundum.

Á morgun er fyrirhugað að hafa fundi eftir hádegið í þingdeildum, en ekki í Sþ., kl. 14 eftir hádegi. (**Gripið fram í:** En á föstudaginn?) Það hefur ekki enn þá verið rætt um það, en reiknað er með því að svo verði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 5. júní, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Karvel Pálmason): Áður en gengið er til dagskrár þykir mér rétt að geta þess varðandi fundarhald í dag að gert er ráð fyrir að fundir standi eins og venjulega frá kl. 2 til kl. 4. Vegna þess að dagskrá er nokkuð löng og mörg stórmál þar á væri mjög æskilegt ef þingflokksformenn og þar með þingflokkar gætu stillt sínum fundatíma í hóf þannig að þeim nægði einn klukkutími, frá kl. 4 til kl. 5. Þannig væri hægt að halda áfram deildarfundi kl. 5.

Líklegt þykir mér, án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða á þessu stigi, að búast megi við kvöldfundi. Ég vildi mjög gjarnan einnig að þingflokkaformenn eða formenn flokka kæmu sér saman um að menn mættu almennt til þess fundar. Þetta vil ég biðja þingflokkaformenn að athuga sem allra fyrst þannig að hægt væri að tilkynna það áður en langur tími af fundi er liðinn hvort af kvöldfundi verður.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 909, 1000, 1026, 1067, 1106). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1000, 1026, 1067 teknar aftur.
Brtt. 1106 samþ. með 24:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, frv. 250. mál (þskj. 428, n. 912 og 932). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 932, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GT, HBl, MB, ÓE, PP, PD, PS, StG, SV.

nei: SJS, SvG, EBS, GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HG, JS, KP, KJóh, KH, KSK, ÓÞÞ.

6 þm. (StH, IG, GGS, JBH, MÁM, RH) fjarstaddir.

9 þm. gerðu eftirfarandi grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um mál sem er í fyrsta lagi jafnréttismál vegna þess að hér er verið að flytja tillögu um tryggari starfsskilyrði þeirra sem starfa við útflutningsframleiðsluna og eru að yfirgnæfandi meiri hluta til konur. Hér er í öðru lagi á ferð byggðamál vegna þess að fiskverkunarfólk sem starfar um landsbyggðina er oft meginhlutinn af þeim íbúum sem búa í hinum ýmsu byggðarlögum landsins. Í þriðja lagi er hér um að ræða mannréttindamál vegna þess að þetta er tillaga um að

láglaunafólk í fiskvinnslu hér á landi njóti sambærilegra réttinda og aðrir hafa fyrir löngu fengið með kjarasamningum eða lögum. Ég tel að með því að vísa þessu máli til ríkisstj. sé stjórnarmeirihlutinn að fella þetta mál, hann sé að sýna sitt stéttareðli, standa við hlið atvinnurekenda gegn samtökum launafólks í þessu landi. Ég tel að Alþingi eigi að samþykkja þetta frv. og ég segi því nei við till. meiri hl. félmn. deildarinnar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég varð því miður að hverfa frá fundi í gær eftir að hafa lokið framsöguræðu minni fyrir meirihlutanefndaráliti en hér er verið að greiða atkv. um þá till. meiri hl. nefndarinnar að vísa þessu *máli* til *ríkisstj.*

Mér hefur verið sagt að út úr ummælum mínum hafi verið snúið í þeim umr. Það hefur verið sagt að ég hafi sagt í minni ræðu að ég hefði samúð með verkalýðnum í landinu, en sú samúð væri lítils virði. Ég leyfi mér þess vegna, herra forseti, að lesa hér úr útskrift úr ræðu minni orðrétt:

„Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir áliti meiri hl. hv. félmn. sem leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstj. En eins og fram hefur komið í *mínu* máli ríkir samúð meðal meiri hl. n. með þeim efnisatriðum sem koma fram í frv. til laga á þskj. 428."

Þetta vil ég að verði staðfest við þessa atkvæðagreiðslu. Jafnframt vísa ég til nál. meiri hl. nefndarinnar sem rökstyður mjög ítarlega að þessi efnisatriði eigi fremur heima í kjarasamningum. Ég vísa til ræðu Eðvarðs Sigurðssonar formanns Dagsbrúnar sem sat á sínum tíma á Alþingi og lýsti því að þegar þessi löggjöf, sem hér er verið að gera tilraun til að breyta, var sett kostaði það verkalýðinn í landinu 3%. Með tilvísan til alls þessa og þar sem þessi atriði eiga heima í kjarasamningum segi ég já við þeirri till. að frv. verði vísað til ríkisstj.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir atkv. mínu. En ég vil vekja athygli á því að það var með fullum vilja og vitund forseta og frsm. minni hl. sem ég varð að hverfa af fundi og ég hef séð mig tilneyddan til að svara ásökunum í minn garð. Ég þakka þolinmæði hæstv. forseta í minn garð.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Örfá orð skulu verða grg. fyrir atkv. mínu.

Þessi till. fjallar efnislega um það að 11000 manns, sem í fiskverkun starfa, fiskiðnaði, fái sömu réttindi og almennt verkafólk í landinu. Ég neita að samþykkja þá svívirðu að Alþingi skjóti sér undan því að tryggja þessu fólki þessi mannréttindi. Samúðin ein dugar þar skammt. Ég lýsi því þess vegna yfir að ég hef ekkert heyrt frá ríkisstj. nema það gagnstæða við að styðja þessa tillögu eða koma henni í framkvæmd. — Og vegna tilvitnaðra orða Eðvarðs heitins Sigurðssonar. Það eru átta ár síðan þau voru mælt og síðan hefur þetta mál sífellt verið til umræðu án árangurs. Ég harma ef það verður hlutskipti Alþingis að neita enn þessu fólki í grunnatvinnuvegi þjóðarinnar um almennustu mannréttindi og segi nei.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Við erum hér að greiða atkv. um réttindamál fiskvinnslufólks, þess fólks sem stendur að miklum hluta undir helstu verðmætasköpun í þessu landi. Það ætti að vera okkur metnaðarmál að búa a. m. k. ekki lakar að því en öðrum landsmönnum. Sú er ekki raunin nú, heldur býr fiskvinnslufólk, að langmestum hluta konur, við lakast atvinnuöryggi allra starfsstétta. Það er með öllu óverjandi og óþolandi. Ég segi nei.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að bæta auknum útgjöldum á atvinnurekstur við sjávarsíðuna. Bæði það fólk sem vinnur við fiskvinnslu og sá atvinnurekstur eiga sameiginlegt að það verður að tryggja betur hag þeirra og taka þar til hendi. Umsvif Alþingis hafa snúist um annað en að rétta hag fiskvinnslufólks og sjávarútvegs, en ég tel að það eigi að gera. Þetta mál þarf að taka til ítarlegrar umfjöllunar í ríkisstj. og síðar á Alþingi. Ég vil fyrir mitt leyti leggja mitt lóð á vogarskálina til að gerðar verði stórfelldar breytingar til hagsbóta fyrir allt þetta fólk. Í trausti þess að þar komi til alvarlegrar og jákvæðrar afgreiðslu sem allra fyrst segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ríkisstj. hefur ærin verkefni að vinna og kemur þeim ekki öllum í lóg. Mér þykir ástæðulaust að bæta á hennar verkefnaskrá jafneinföldu máli og sjálfsögðu og þessu og segi því nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er einn galli við frv. sem verið er að greiða atkv. um. Hann er sá að það eru ekki tekin í þá réttarbót sem er ætlast til að verði með samþykkt þess nokkur þúsund manna sem búa við sömu eða miklu lakari kjör hvað varðar uppsagnarfrest í þessu landi. Við verðum þess greinilega vör að þegar ákveðinn hópur þjóðarinnar fer fram á betri kjör, betri laun, er vitnað til launa á hinum svokallaða frjálsa vinnumarkaði. Það er aldrei minnst á þrjú meginatriði sem fylgja þeim hinum sama markaði. Þau eru vinnuaðstaða, uppsagnarfrestur og lífeyristryggingar. Tvennt af þessu a. m. k. á rót sína að rekja til aðgerða ríkisvalds og löggjafar. Fram til skamms tíma verð ég að segja að ég hef ekki haft mikla trú á því að hæstv. ríkisstj. réði fram úr launa- og kjaramálum nú frekar en áður. En ég hef öðlast nýja trú á síðustu mánuðum á því að þar hafi verið breytt um stefnu. Og í trausti þess að svo verði og þessi atriði verði tekin upp að löggjafarleiðum, einfaldlega vegna þess að það er ekki hægt að gera það öðruvísi, segi ég já.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Hér hefur góðu máli verið hreyft. Í trausti þess að í þeim kjarasamningum sem fyrir dyrum standa verði tekið á málefnum fiskverkunarfólks hef ég skrifað undir nál. meiri hl. félmn. Vegna þess hvernig nú stendur á með kjarasamninga tel ég eðlilegra að sú réttarbót sem hér er sótt eftir verði gerð í frjálsum samningum. Beri aðilar ekki gæfu til að ná fram leiðréttingu í þessu máli á þann hátt tel ég ekki óeðlilegt að málið verði skoðað að nýju á haustdögum. Og með tilliti til þess sem ég hef hér að framan sagt segi ég já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. Ég tel að það sé mikið eðlilegra að þetta sé leyst með kjarasamningum. Og í trausti þess að það verði gert segi ég já.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, frv. 351. mál (þskj. 561, n. 1062, 664). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1062 frá fjh.- og viðskn. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Guðrún Agnarsdóttir stendur að afgreiðslu málsins með fyrirvara. Undir þetta rita Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Friðrik Sophusson, Kjartan Jóhannsson, Þorsteinn Pálsson og Svavar Gestsson.

Þetta mál er þmfrv. og fjallar um það að ef félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á töku fæðingarorlofs, ákveði að hverfa úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti til heimilisstarfa geti hann haldið aðild sinni að lífeyrissjóði á óbreyttum grundvelli í allt að sjö ár, enda greiði hann til sjóðsins bæði launþegahluta og atvinnurekendahluta. Það er mjög mikilvægt að rétta hlut heimavinnandi húsmæðra og eðlilegt að veita þeim möguleika á að sinna börnum og heimili tímabundið án þess að glata lífeyrisrétti.

Ég tel að brtt. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og Kristínar Halldórsdóttur á þskj. 664 sé óraunhæf og, ef samþykkt yrði, til þess að hindra framgang málsins.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 664 við frv. til laga um lífeyrisréttindi húsmæðra eins og fyrr greinir. Flytjandi þessarar brtt. auk mín er hv. þm. Kristín Halldórsdóttir.

Þetta mál er flutt til að leiðrétta um tíma það misrétti sem heimavinnandi húsmæður búa við í lífeyrismálum. Þær eru eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta, „eina starfsstéttin sem ekki nýtur lífeyrisréttinda og er það aðeins eitt dæmi um réttleysi húsmæðranna og hve mikið skortir á að samfélagið meti störf þeirra til jafns við störf annarra". Eru það orð að sönnu. Það skref sem hér er stigið miðar að því að tryggja konu óskerta lífeyrissjóðsaðild ef hún hverfur frá starfi á vinnumarkaðinum til uppeldis og heimilisstarfa vegna barneigna. Ákvæðið gildir að sönnu einnig um þá karla sem uppfylla skilyrði laga nr. 97 frá 1980 um rétt til töku fæðingarorlofs. Reyndin mun þó almennt vera sú að hér sé fyrst og fremst um konur að ræða. Ætlunin er í þessu frv. að konan eða lífeyrissjóðsfélagi greiði iðgjaldahlut atvinnurekenda eða 6% ásamt sínum eigin 4% og heldur þá aðild sinni að sjóðnum í allt að sjö ár.

Á þessu þingi var endurflutt frá næstliðnu þingi frv. um lífeyrisréttindi húsmæðra af hv. þm. Páli Péturssyni. Þar kemur fram svipuð hugsun og í þessu frv., þ. e. að húsmóðirin, launalaus manneskjan, greiði sjálf iðgjald í slíkan sjóð. Það liggur í augum uppi að þá peninga þarf að fá hjá fyrirvinnunni, þ. e. eiginmanninum eða sambýlismanninum. Það er því að sjálfsögðu undir velvilja þess sem peninganna aflar komið hvort greiðsla fæst í lífeyrissjóði. Það lætur nærri að heimilisfaðirinn taki þarna að sér hlutverk atvinnurekandans ef honum er ætlað að greiða þannig launatengd gjöld. Þessi hlutverkaskipan undirstrikar hið fjárhagslega ósjálfstæði heimavinnandi húsmæðra. Það er raunar með eindæmum að þau mikilsverðu og lífsnauðsynlegu störf sem unnin eru inni á heimilum landsins launalaust skuli aldrei viðurkennd sem raunveruleg verðmætasköpun, aldrei talin með í hagskýrslum þegar tíunduð er hagsæld þjóðarinnar. Þær sem vinna þessi störf eru síðan ekki einungis launalausar, heldur líka nær réttindalausar þegar litið er til tryggingabóta og lífeyris. Þó mundu margir segja: En heimilið er jú eining og hjón eiga vanalega sameiginlega eignarhlutdeild í því og hafa gagnkvæma framfærsluskyldu. Það er mikið rétt og sannarlega er í þessu frv. stigið skref til þess að koma til móts við þarfir þeirra heimila þar sem börn eru að alast upp. Það er vel og veitir ekki af.

Hins vegar er sú leið sem hér er valin síst til þess fallin að auka fjárhagslegt sjálfstæði kvenna, en efnahagslegt sjálfstæði er líklega einn mikilsverðasti þátturinn til að tryggja sjálfstæði kvenna til að eiga raunverulegt val um lífsferil sinn og viðfangsefni. Það er á þessum forsendum sem við þm. Kvennalista höfnuðum því að vera meðflm. að þessu frv., en tókum til bragðs að flytja brtt. á þskj. 664 þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin" í niðurlagi fyrri málsl. 1. gr. komi: enda taki ríkissjóður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda en félagsmaður greiði sinn eigin hlut."

Afstaða okkar í þessu máli er því svipuð og gagnvart frv. um lífeyrisréttindi húsmæðra. Hún mótast af því að við teljum að hin launalausa vinna kvenna inni á heimilum landsins hafi sparað ríkinu ómælt fé og því eigi ríkið að leggja fram nokkurn hlut til þess að tryggja réttindi heimavinnandi kvenna. Við vonum að þessi brtt. verði samþykkt og munum að sjálfsögðu ekki standa gegn þessu frv., en munum styðja það.

ATKVGR.

Brtt. 664 felld með 19:6 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 789, n. 1083, 1084). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Ég mæli hér, herra forseti, fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á barnalögum nr. 9 frá 1981.

Allshn. hefur fjallað um þetta frv. á allnokkrum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem n. flytur á sérstöku þskj. Undir þetta nál. rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Páll Dagbjartsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur Einarsson og Stefán Guðmundsson.

Brtt. sú sem n. varð einhuga um að flytja felur ekki í sér miklar efnislegar breytingar. Hana er að finna á þskj. 1084 og er þar um að ræða breytingu fyrst og fremst á síðustu setningu till., en ég les, með leyfi forseta, brtt. Hún er svohljóðandi:

„Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður

endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist."

Með þessari breytingu leggur n. til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 1084 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897, n. 1068). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1068 frá iðnn.

N. hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt. Undir þetta rita Páll Pétursson, Guðrún Agnarsdóttir, Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Ingvar Gíslason og Hjörleifur Guttormsson.

Með þessu frv. er stefnt að því að gera Rafveitu Siglufjarðar, sem rekur Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, jafnt setta að því er varðar greiðslu opinberra gjalda öðrum orkufyrirtækjum, sbr. 16. gr. laga nr. 42 frá 1983, um Landsvirkjun, og 13. gr. laga nr. 66 frá 1976, um Orkubú Vestfjarða, og 14. gr. laga nr. 100 frá 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, og 4. gr. laga nr. 26 frá 1977, um virkjun Hvítár í Borgarfirði, Andakílsárvirkjun. Þetta er sem sagt samkomulagsmál og samræmingarmál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 1048, n. 1077, 1078). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Nd. á þskj. 1077. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, en það mál hefur þegar verið afgreitt frá Ed. N. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með einni breytingu sem n. flytur á sérstöku þskj. Hér er um það að ræða að við bætist eitt nafn, þess er getið á þskj. 1078, Hafdell, Jeanette Ann, kennari í Kópavogi, fædd 29. jan. 1944 í Bandaríkjunum. Undir þetta nál. skrifa Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Páll Dagbjartsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur Einarsson og Stefán Guðmundsson.

ATKVGR.

Brtt. 1078 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frv. 290. mál (þskj. 470, n. 1070, 1071). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1070 um ríkisendurskoðun. Það hljóðar svo og er að sjálfsögðu frá fjh.- og viðskn.:

„Nefndin hefur athugað frv. vandlega og leggur hún til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Það er vilji nefndarinnar að Ríkisendurskoðun verði óháð stofnun undir yfirstjórn Alþingis. Forsetar Alþingis tilnefni forstöðumann Ríkisendurskoðunar og svari fyrir hann á Alþingi. Fjárhagsbeiðnir Ríkisendurskoðunar berist með fjárlagatillögum Alþingis.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi n. og er samþykk þessu áliti."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Halldór Blöndal, Svavar Gestsson og Friðrik Sophusson.

Á þskj. 1071 eru ítarlegar brtt. Meginefnisbreyting er sú að sjálfstæði stofnunarinnar er aukið frá því sem áformað var í frv. og þessi stofnun heyrir beint undir Alþingi. Forsetar Alþingis tilnefna til sex ára í senn forstöðumann stofnunarinnar og ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber eingöngu ábyrgð gagnvart því. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga halda áfram að starfa og þá í líkingu við félagskjörna endurskoðendur.

Breytingar eru einnig frá upprunalegu frv. að Ríkisendurskoðunin fer ekki inn á það svið sem okkur þótti eðlilegra að héldist hjá hagsýslunni, þ. e. við ætlum henni ekki að vinna sérstaklega að undirbúningi fjárlaga, heldur kemur hún til með að fylgjast með framkvæmd fjárlaga.

ATKVGR.

Brtt. 1071,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1071,2 (ný 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1071,3 (ný 3. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1071,4 (ný 4. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1071,5 (ný 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1071,6 (ný 6. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1071,7 (ný 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1071,8 (ný 8. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1071,9 (ný 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1071,10 (ný 10. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 1071,11 (ný 11. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1071,12 (ný 15. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég óska þess að 2. umr. um frv. um Byggðastofnun megi ljúka nú áður en nýr fundur verður settur.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Við því verður ekki orðið því að meiningin er að koma þeim málum sem hér

eru á dagskrá til 3. umr. þannig að þau megi verða tekin fyrir í Ed. En byggðastofnunarfrv. verður 1. mál á næsta fundi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að taka til máls vegna tilmæla sem komu frá hæstv. forseta í fundarbyrjun um þinghaldið í dag. Það hefur ekki farið fram neitt eðlilegt samráð um þetta mál. Að mati talsmanna stjórnarandstöðuþingflokkanna teljum við eðlilegt að þingflokksfundir verði milli 4 og 6 í dag eins og venja er. Oft var þörf en nú er nauðsyn á því að hafa þingflokksfundi á eðlilegum fundartíma. Það er hins vegar fullkomlega í lagi, að okkar mati, að hafa fund milli 6 og 7. Það hefur oft verið gert og við skulum reyna að halda þeim skikk. Hann er ágætur. Um kvöldfund hefur ekkert verið rætt og ekkert samkomulag verið gert. Við leggjum til eðlilegan vinnutíma í þinginu eins og verið hefur. Það er góður gangur á málum hér núna, þau þjóta áfram, og sýnist ekki nein ástæða til að gera neinar sérstakar neyðarráðstafanir. Við því verður að sjálfsögðu orðið, ef ósk er um það að hafa þingflokksfundi milli 4 og 6 eins og venjulega, að halda þeim sið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hittist svo á að ég er bundinn síðari hluta dagsins og verð að óska eftir því að frv. um Byggðastofnun komi ekki frekar á dagskrá í dag ef ekki verður hægt að verða við því að það verði tekið á dagskrá á þessum fundi.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Hér er um að ræða nokkur samkomulagsmál sem ætla má a. m. k. miðað við 2. umr. sem fram fór um þau mál, að taki örstuttan tíma á seinni fundi. Og ég vil nú biðja um skilning hv. dm. á því að þessi mál megi komast til Ed., því að það eru fá mál á dagskrá þar í dag, þannig að Ed. gæti tekið þau til meðferðar nú síðdegis. Ég vænti þess með góðri samvinnu við hv. dm. að það taki ekki langan tíma þannig að frv. um Byggðastofnun komi á dagskrá sem fyrsta mál á næsta fundi eftir örskamman tíma.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég man ekki eftir því, þegar maður er boðaður á fund með utanbæjarmönnum nú kl. 3, að einstakir þm. hafi fengið meðferð sem þessa, að ekki skuli fást tekið á dagskrá mál sem er nærri útrætt á fundi og síðan eigi að halda áfram umr. eftir að nýr fundur verður settur. Ég hlýt að ítreka beiðni mína um að frv. um Byggðastofnun verði ekki tekið á dagskrá í dag úr því að ekki var hægt að ljúka þeim málum nú.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. flytur ásamt mér brtt. við frv. til laga um Byggðastofnun. Ég tel þess vegna að hann sé svo gildur aðili málsins að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til óska hans um að umr. um þetta mál verði frestað. Ég skora á hæstv. forseta að verða við þeirri ósk. Jafnframt vil ég taka fram að ég tek undir sjónarmið hv. 4. landsk. þm. Ég tel óeðlilegt að við tökum nema klukkutíma af þingflokksfundunum og verðum með þingflokksfundi milli 4 og 6, en verðum svo hér að störfum milli 6 og 7. Ég endurtek það einnig, sem hv. 4. landsk. þm. sagði, að það er ekkert samkomulag um þinghaldið yfirleitt og þ. á m. ekki um kvöldfund.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Örstutt. Ég ætla að taka undir óskir hv. þm. Halldórs Blöndals um að það yrði frestað umr. um Byggðastofnun. Ég þarf að eiga orðastað við hann um það mál. Ég er fyrstur á mælendaskrá um Byggðastofnun, trúi ég, og þess vegna þætti mér vænt um að hann yrði viðstaddur þegar sú umr. heldur áfram. Því tek ég undir óskir hans um frestun.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Forseti mun verða við því að fresta þessari umr. um Byggðastofnun hér í dag. Ef önnur mál, sem ræða þarf, ganga fram í dag, þá mun það verða fyrsta mál á kvöldfundi, sem mundi þá hefjast kl. 9, því þess er óskað að málið komi ekki á dagskrá fyrir kvöldmat úr því sem komið er.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég hafði nú kvatt mér hljóðs fyrr í þessari umr. en það féll einhvern veginn niður á milli stóla. Þingflokkur Kvennalista hefur rætt tilmæli hæstv. forseta um klukkustundarlangan þingflokksfund og ég vil láta það koma hér fram að við teljum að við getum ekki orðið við þeim tilmælum. Það eru miklar annir nú í þinginu og þær draga síður en svo úr þörf fyrir tækifæri til samskipta og samráðs innan þingflokks. Og við lítum ekki svo á að við eigum neina aðild að samkomulagi um kvöldfund eða þinghald hér yfirleitt.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Eins og forseti tók fram mun að sjálfsögðu verða orðið við þeirri ósk að þingflokksfundir verði milli 4 og 6 eins og venja er.

Efri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 5. júní, kl. 6 síðdegis.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1115). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögum nr. 79 29. maí 1972. Árið 1979 var þeim lögum breytt með bráðabirgðaákvæði sem miðaði að því að sníða ákvæði laganna að þeirri breytingu á framleiðslustefnu sem þá var mörkuð og skyldu bráðabirgðaákvæðin taka til framkvæmda sem unnar yrðu á árunum 1979—1984 og féllu því úr gildi nú um síðustu áramót. Nokkur undirbúningur hefur farið fram að endurskoðun á jarðræktarlögum. Ég skipaði nefnd á síðasta ári til þess að fjalla um það en einnig tók Búnaðarþing málið til meðferðar og vann að því á s. l. ári. Það var tekið til umr. þar í vetur og komu fram till. að umfangsmiklum breytingum á lögunum. Ekki náðist að afgreiða það á Búnaðarþingi áður en því var slitið. Hefur það átt sinn þátt í því að um heildarendurskoðun laganna hefur ekki enn orðið að ræða. Þegar það var séð var horfið að því ráði að flytja hér frv. um bráðabirgðaákvæði sem gilda á þessu og næsta ári og ganga í sömu átt og bráðabirgða-

ákvæðin frá 1979—1984, þ. e. að takmarka stuðning við þær búgreinar þar sem getur verið um að ræða aukningu á búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem framræslu og grænfóðurrækt, en beina því heldur að því að efla stuðning við heimaafla, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta. Í þriðja lagi er efldur stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt, en til hennar rann stór hluti af því fjármagni sem dregið var af skv. bráðabirgðaákvæðunum frá 1979 en greiddist til Framleiðnisjóðs.

Hér er sem sagt um bráðabirgðaákvæði að ræða sem gilda í þessi tvö ár. Í sambandi við það takmark sem sett er á framlög til jarðræktar hefur verið bent á að það gæti verið æskilegra að hafa það sameiginlegt hámark þessi tvö ár sem gæti þá færst á milli ára. Þessi takmörk eru miðuð við það að þar verði hægt að standa við eðlilega hreinsun og viðhald sem verður að leggja áherslu á til þess að halda túnum í góðri rækt svo að afrakstur þeirra verði sem bestur. Hins vegar er staðan orðin þannig að heyfengur ætti að vera undantekningarlítið nægjanlegur af þeim túnum sem þegar eru til í eðlilegu árferði og er þess vegna horfið að því að beina fjármagninu fremur til þeirra greina þar sem möguleikarnir eru meiri og þörfin meiri fyrir uppbyggingu.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það hefur lítill tími gefist til athugunar þessa frv. enda kom það á borð okkar núna í eftirmiðdaginn. Til þess að gera sér grein fyrir því í hverju breytingarnar felast þarf samanburð við fyrri lög. Ég fæ tækifæri til þess í nefnd og ég veit að höfundar frv., sem einmitt eru hv. formaður landbn., 11. landsk. þm. og hv. 5. þm. Vesturl., munu gefa okkur allar þær upplýsingar um það sem máli skipta.

Þau meginatriði sem tilgreind eru hér eru mér að skapi, þ. e. að „dregið er úr framlögum", eins og hér segir, „sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem framræslu og grænfóðurrækt". Ég tel það eðlilegt markmið miðað við núgildandi aðstæður. Menn eru nýbúnir að samþykkja hér till. um bætta og aukna heimaöflun í landbúnaði. Þar af leiðandi er b-liðurinn um efldan stuðning við heimaafla sjálfsagður og eðlilegur. Síðast en ekki síst er stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar efldur svo sem segir í c-lið þessa frv.

Nú veit ég ekki heldur hvernig þessar umr. hafa farið fram á Búnaðarþingi og hvers vegna þetta mál hefur ekki fengið þar afgreiðslu, eins og hæstv. landbrh. gat um, og hvaða skoðanir hafa verið þar uppi. En um það getum við fengið upplýsingar í nefndinni. Ég sé að heildarendurskoðun jarðræktarlaganna á að halda áfram og ég held að það væri kannske ekki til of mikils mælst við hæstv. landbrh. að hann leyfði stjórnarandstöðunni að fylgjast nokkuð með þeirri endurskoðun. En eins og menn sjá á grg. þessa frv. eru í þessari nefnd nú að vísu valinkunnir menn, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson, Þórarinn Sigurjónsson, svo og Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbrh. sem er formaður nefndarinnar. Þetta er einvalalið, mjög sérvalið. Ég hygg að um þetta þurfi og eigi að nást breið samstaða. Ekki skal a. m. k. standa á okkur í Alþb. að reyna að standa að skynsamlegri heildarendurskoðun þessara laga, að við mættum koma að þessari endurskoðun án þess að ég sé að fara fram á nefndaþóknun í þessu sambandi til handa einhverjum okkar eða sérfræðilega ráðgjöf til handa sjálfum okkur í einhverju tilfelli eða eitthvað því um líkt, ef mönnum skyldi detta eitthvað slíkt í hug, enda veit ég að svo er ekki um þá nm. sem hafa starfað í þessari nefnd.

Það er aðeins ein lítil spurning í sambandi við þetta núna í upphafi sem ég veit að hefur verið tekið tillit til varðandi þær breytingar sem hér eru á gerðar og ég mun skoða í nefndinni. Það er spurningin um það hverju þessi breyting kunni að valda varðandi heildarframlög á fjárlögum næsta árs. Ég geri mér ekki grein fyrir því eftir fljótan yfirlestur hvort hér er um að ræða svipaða upphæð eða skerta upphæð og vildi spyrja hæstv. ráðh. að því hvort hér væri um að ræða nokkuð óbreytt framlag en að vísu í önnur verkefni.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir undirtektir hans við stefnu þessa frv. og mun hugleiða ábendingar hans um áframhaldandi vinnu við endurskoðun jarðræktarlaganna. En varðandi spurninguna um áhrif á fjárlagaupphæð þá er þessi uppsetning miðuð við að þarna sé um sambærilega upphæð að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 523. mál (þskj. 1066, n. 1104, 1105). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og kallað til starfsmenn fjmrn. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með einni breytingu sem till. er flutt um á sérstöku þskj., á þskj. 1105. Brtt. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 4. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984, þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillagna vegna rekstrarársins 1984 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1985. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1985 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi. Bráðabirgðaákvæði þetta skal þrátt fyrir ákvæði 4. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 á tekjur ársins 1984."

Þessi brtt. er m. a. til komin vegna ábendingar frá Félagi löggiltra endurskoðenda þar sem þeir segja að ljóst sé að framtalsskilum verði ekki lokið fyrir 1. júní og telja þeir því eðlilegt að fresta innborgunarskyldunni fram til 1. júlí og forða með því mismunun sem annars er ljóst að verður.

Fjh.- og viðskn. er samþykk því að taka þessar ábendingar til greina og hefur haft um þær samráð við starfsmenn fjmrn. Því leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með áðurnefndu ákvæði til bráðabirgða á þskj. 1105.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er um að ræða fylgifrv. með frv. því um húsnæðissparnaðarreikninga sem hér var til umr. fyrr í dag. Ég sé ástæðu til að segja örfá orð vegna ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan. Mér fannst hann bæta gráu ofan á svart og þá tel ég svart þá ræðu sem hæstv. forsrh. flutti hér fyrr í dag í umr. um þingsköp.

Hæstv. fjmrh. talaði um það að sú iðja stjórnarandstæðinga, sem hann svo nefndi, að reka fleyga í þetta stjórnarsamstarf hefði ekki borið árangur, stjórnarsamstarfið væri gott og heilt og allt vel um það. Ég vil aðeins segja við hæstv. fjmrh.: Stjórnarandstæðingar hafa ekki þurft að reka neina fleyga í þetta stjórnarsamstarf. Stjórnarliðarnir hafa alveg séð um það. Það hefur komið afar glögglega í ljós, einkum í því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan og ég ætla ekki að fara að lengja þessa umr. með því að tíunda það hér að nýju. Hann lýsti stöðunni mjög glöggt og skilmerkilega. Fram kom að erfiðleikarnir, sem ríkisstj. á nú við að etja, eru ekki erfið stjórnarandstaða. (Gripið fram í.) Það er stuðningsliðið stjórnarinnar. Forsrh. er oft einkar lagið að greina skýrt og skilmerkilega frá því sem honum er í hug jafnvel þótt það sé kannske ekki það sem ég teldi að væri æskilegast og ég er honum mjög ósammála. En hann setur sitt mál einkar skýrt og skilmerkilega fram og ég hef ekkert við það að athuga þó að ég hyggi að ef menn lesa í samfellu þær umr., sem farið hafa fram hér í þessari hv. d. í dag, sé það næsta ljóst hver munur var á málflutningi hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. í þessum umr.

En það hefur komið fram áður að fjh.- og viðskn. mun taka sparnaðarreikningafrv. til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. í tilefni þeirra ábendinga sem fram komu hér frá hv. 5. þm. Vesturl. Það er þá eðlilegt að einnig verði litið á þetta frv. sem við erum hér með vegna þess að mér sýnist við nánari athugun að 1. gr. þessa frv. sé með þeim hætti að þar þurfi að lagfæra a. m. k. orðalag og setningaskipan því að hún er ekki mjög aðgengileg og ekki mjög skiljanleg. Hún er raunar ekki á mannamáli, eins og menn stundum taka til orða. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa þessa grein, en hún hljóðar svo:

„3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innistæðu húsnæðissparnaðarreikningsins, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðis, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innistæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað skv. verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr."

Ég er ekki að gera neinn efnislegan ágreining um þetta mál, síður en svo. Rétt er það að skattalög eru orðin mjög flókin og þetta er kannske alveg sígilt dæmi um lagagrein, sem er nokkurn veginn alveg óskiljanleg. Ég held að við verðum að freista þess í nefndinni á morgun á þeim fundi sem formaður hefur boðað, hv. 4. þm. Norðurl. v., að fá þar aðstoð hinna hæfustu manna til að gera þennan lagatexta þó ekki sé nema ögn skýrari og skiljanlegri.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég vildi bara taka það fram af því að mér láðist það í framsöguræðu minni að að sjálfsögðu tökum við þetta frv. til athugunar með frv. um húsnæðissparnaðarreikninga milli 2. og 3. umr. og lítum á það sem betur mætti fara því að lengi má laga og betrumbæta. Ég vil nú undirstrika það hér í þessum ræðustól að þó að menn hafi rætt frumvörpin í stjórnarflokkunum þá eru menn ekki skuldbundnir til þess að þegja hér í ræðustól þegar þau koma til umr. þó að stundum hafi menn heyrt dálítið svæsnar hótanir, mönnum hafi verið hótað að snýta rauðu út af einstökum frv. Ég lít svo á að stjórnarliðum sé ekki bannað að skoða þau atriði sem betur mættu fara jafnvel þó að þeir hafi gefið heimild til þess í sínum þingflokki að leggja frumvörpin fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1105 (ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 1080, n. 1120). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem er komið til okkar frá hv. Nd., þmfrv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti þar. Í nefnd þar voru gerðar nokkrar breytingar á málinu til samkomulags þannig að um það var samstaða.

Fjh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál á fundi sínum í morgun og mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá Nd. Hv. þm. Stefán Benediktsson, sem nú situr í forsetastól, sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Þess skal getið að fram komu efasemdir í nefndinni um það hvort rétt væri að þetta frv. tæki þegar gildi. Ég hef kannað þær athugasemdir sem gerðar voru við gildistöku frv. og fékk þær upplýsingar að það er í fullu samráði við ríkisskattstjóra og embætti hans að þessi háttur er hafður á, að lögin skuli þegar taka gildi. Það er sem sagt ekkert talið í vegi þess að það megi gerast og það var að höfðu fullu samráði við þá embættismenn sem gerst þekkja til málsins. Því leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 1047 (sbr. 837), n. 1119). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði

samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það er okkur andstæðingum þessarar ríkisstj. alveg sérstakt ánægjuefni að geta mælt fyrir og greitt fyrir góðum málum sem þessi ríkisstj. flytur. Þau eru kannske ekki svo mörg en þetta frv. er eitt af þeim og um það er samstaða hér í deildinni.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd. þar sem á því voru gerðar nokkrar breytingar. Hér í nál. er ítrekaður sá skilningur sem fram kemur í áliti menntmn. Nd. og varðar ákvæði l. tölul. 1. gr. frv.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara um þetta fleiri orðum. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 526. mál (þskj. 1110). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, tiltölulega einfalt mál og að nokkru leyti hv. dm. þegar kunnugt. Fyrr á þessu þingi var flutt frv. til l. sem gekk að nokkru í sömu átt, þ. e. að breyta lagareglum um bindingu sparifjár í Seðlabankanum. Þetta frv. gengur þó langtum skemmra en hið fyrra, er því frábrugðið, sem sagt, bindiprósentutalan er önnur en var í því. Skv. gildandi lagaheimildum hefur Seðlabankinn leyfi til að binda allt að 38% af sparifé landsmanna. Fram hefur komið að þessi binding er núna í raun 18% en í hinu fyrra frv. var talað um að lækka hana niður í 10%. Hér er aðeins gert ráð fyrir að bindiskyldan verði lækkuð úr 18% í 15%, þ. e. lækkuð um 3% í raun og síðan komi ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjármagni því, sem losnar úr Seðlabanka með þessari lækkun bindiskyldunnar, skal, í samráði við viðskiptabankana og húsnæðismálastjórn, varið til þess að létta greiðslubyrði húsbyggjenda."

Þetta er tiltölulega einfalt mál og það hefur komið fram opinberlega að í frv. til l. um Seðlabanka Íslands, sem bankamálaráðherra hefur boðað að flutt verði eða sýnt verði á þessu þingi, séu ákvæði um 15% bindiskyldu. Það er hins vegar óljóst hvort það frv. verður samþykkt og raunar ólíklegt að það verði samþykkt á þessu þingi. Því er þetta frv. flutt til að flýta því að þessi ákvæði, sem ríkisstj. virðist hafa náð samkomulagi um, nái fram að ganga. En með því einu að lækka bindiskylduna í Seðlabankanum um þessi 3% mundu losna tæplega 800 millj. kr., nánar tiltekið 780—790 millj. kr. sem bankarnir og innlánsstofnanir gætu þá notað til að lengja lán og létta greiðslubyrði húsbyggjenda. Það er um það sem umr. hér á Alþingi hefur snúist, ef ekki opinskátt þá a. m. k. bak við tjöldin en reyndar líka í hinum opnu umr.

Okkur flm. þessa frv. — en þeir eru ásamt þeim sem þetta mælir hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Ragnar Arnalds og Stefán Benediktsson — þykir einsýnt að lækka þessa bindiskyldu nú þegar í stað og losa þannig fjármagn til að greiða úr erfiðleikum húsbyggjenda án þess að þurfi að koma til nýrrar skattheimtu. Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð en legg til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og ég á von á því að hún þurfi ekki mjög langan tíma til að taka afstöðu til málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, frv. 470. mál (þskj. 1121 (sbr. 909)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands. Í Nd. voru gerðar smávægilegar breytingar á þessu frv. sem varða 5. gr. frv. Þegar málið var til umfjöllunar hér fyrr á þinginu í Ed. voru gerðar breytingar á 5. gr., þ. e. b-lið þeirrar greinar, en þessi grein varðar inntökuskilyrði í Þroskaþjálfaskólann.

Eins og frv. var lagt fram hljóðaði b-liðurinn þannig að inntökuskilyrði í skólann væru stúdentspróf eða hliðstætt nám. Sú breyting var gerð við umfjöllun málsins hér í Ed. að þar var gert ráð fyrir stúdentsprófi eða tveggja ára námi í framhaldsskóla. Þessi breyting var gerð ekki síst með vísan til grg. eða umsagnar um 5. gr. frv., en þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Inntökuskilyrði í skólann skv. reglugerð frá 1977 eru þau að viðkomandi sé orðinn 18 ára og hafi lokið a. m. k. tveggja ára námi í framhaldsskóla í þeim námsgreinum sem skólinn gerir kröfu til eða hliðstæðu námi. Ekki er í reynd lögð til nein efnisbreyting varðandi það sem þegar hefur verið í gildi."

Ég vek athygli á því að hér er vikið að tveggja ára námi í framhaldsskóla og því aðeins og einmitt þess vegna töldum við eðlilegt að taka það orðfæri beint inn í 5. gr. laganna.

En við umfjöllun málsins í Nd. voru enn gerðar breytingar eins og ég gat um áðan. Gerð var till. um að b-liðurinn orðaðist þannig: „Stúdentspróf eða hliðstætt nám; þó skal annað nám viðurkennt ef skólastjórn metur það gilt." Þ. e. inntökuskilyrðin eru ekki eingöngu bundin stúdentsprófi. Það er augljóst að það verður á hverjum tíma, eins og verið hefur, um að ræða mat skólastjórnarinnar hvort einstaklingar verða teknir til náms í Þroskaþjálfaskólanum hafandi annað nám að baki en stúdentspróf.

Í Nd. var jafnframt samþykkt breyting á c-liðnum í frv. Eins og það var lagt fram er eitt af inntökuskilyrðum í skólann að aðili hafi starfað a. m. k. fjóra mánuði á stofnun með fötluðum. Breyting Nd. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„C-liður orðist svo: störf í a. m. k. sex mánuði með fötluðum."

Efnisbreytingin er raunar tvíþætt. Annars vegar það að mánuðirnir verða sex í stað fjögurra og í hinn stað er numið brott orðið „stofnun". Það er m. a. gert vegna þess að það er einsýnt að fatlaðir eru víðar en á stofnunum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þegar þessar brtt. voru til meðferðar á vegum heilbr.- og trn. Nd. voru þær kynntar fyrir a. m. k. sumum hv. nm. í heilbr.- og trn. Ed. Hef ég sem formaður gætt að því að við þessar brtt. er fyrir hendi stuðningur nefndarinnar og fyrir hennar hönd legg ég til að þær verði samþykktar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örstutt. Frv. þetta hefur tekið nokkrum breytingum í Nd. hvað varðar inntöku í Þroskaþjálfaskólann. En eins og hv. 5. þm. Vesturl. hefur réttilega greint hér frá eru þær breytingar ekki stórvægilegar því að í raun er verið að færa úr 6. gr. yfir í 5. gr. endurtekningu á möguleikum á undanþágum til þess að komast inn í skólann þrátt fyrir ákvæðin um stúdentspróf eða hliðstætt nám. Í 6. gr. segir að það skuli verða sett í reglugerð nánari ákvæði svo sem um undanþágu frá skilyrðum um menntun eftir því sem þurfa þykir.

Ég er sannast sagna heldur lítið hrifinn af breytingunni því að sannleikurinn er sá að vel má túlka þessa áherðingu á þann veg að verið sé enn frekar að draga úr námskröfum til inngöngu í þennan mikilvæga skóla. Ég segi það líka varðandi c-liðinn að það sé til bóta að fella orðið stofnun þarna út. Hins vegar næ ég ekki þeirri hugsun sem er á bak við það að í staðinn fyrir fjögurra mánaða störf skuli koma sex mánaða störf með fötluðum. Ég geri ekki lítið úr starfsþjálfun og mæli ekki á móti henni sem slíkri en ég segi það aðeins varðandi þetta mál almennt að það þyrfti þá heldur betur að huga víðar að í okkar menntakerfi ef fyrirfram ætti að kanna hæfni manna til þess starfs sem þeir menntast til. Ég mæli síst á móti því en það þarf þá að vera sem allra best samræmi í því.

Ég er ekki og hef ekki verið talsmaður þess að stúdentsstimpillinn sé svo algengur sem raun hefur orðið á í löggjöf okkar um ýmsa sérskóla því að ég geri mér ljóst að þar er miklu frekar um það að ræða að menn séu að huga að ákveðnum lið í framtíðarkjarabaráttu sinni heldur en beinlínis menntunarkröfurnar. Það verður því bæði hér sem annars staðar svo að það orkar tvímælis hversu gífurleg áhersla er á slík inntökuskilyrði lögð. En ég bendi líka á mikilvægi þessa skóla og þýðingu þessarar menntunar fyrir þá sem sannanlega hafa mest verið vanræktir um árabil en er nú blessunarlega farið að sinna af alúð, m. a. og alveg sér í lagi af þessari stétt sem unnið hefur sérstaklega vel að mínum dómi og breytt lífshögum og þroskamöguleikum þessa hóps mjög rækilega.

Ég felli mig hins vegar við þessar brtt. að því leyti til að ég vil síður en svo stöðva málið. Ég tel að okkur sé sæmst að afgreiða það nú eftir þá miklu umr. sem það hefur fengið í Nd.-nefndinni og reyndar vandlega umfjöllun okkar áður sem hefði átt að nægja þeim í neðra. Síst vildi ég því sjá það í framhaldi af því sem ég hef sagt nú, af þessari breytingu, að ekki veldist inn í þennan skóla nógu vel menntað og nógu hæft fólk. Ég er ekki að gera því skóna að svo verði en síst af öllu varðandi þennan skóla vildi ég sjá þá breytingu og síst skyldi byrja á þessari stétt, svo mikilvæga sem ég tel hana, með tilslökun á undirstöðumenntun og hæfni. En í trausti þess að áfram verði það meginregla að vel menntað og vel andlega búið fólk fái þarna inngöngu með næmi hins opna hugar og vakandi skilningi á högum þroskaheftra yfirleitt get ég fallist á þessa breytingu.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Mér er kunnugt um að þetta mál hefur tekið töluverðan tíma í Nd. og hefur verið lögð mikil vinna í að samræma sjónarmið sem þar komu fram. Er fyrst að nefna að ég er mjög hlynnt því að loka ekki leiðum í menntakerfinu og að ekki sé stöðugt verið að auka inntökuskilyrði í skóla eins og mikið hefur borið á undanfarin ár. Það er verið að krefjast stúdentsprófs inn í æ fleiri skóla. Ég hef frekar verið hlynnt því að opna fólki leiðir og m. a. hefur Háskóli Íslands slakað nokkuð á í þeim efnum, þar er fólki hleypt í nám með undanþágum og það skýtur skökku við að setja strangari inntökuskilyrði í ýmsa aðra skóla. Ég tel það mjög til bóta að opna fólki leið ef það hefur nokkra starfsreynslu og vill afla sér menntunar þó það hafi ekki átt þess kost fyrr á ævinni.

En varðandi þá sex mánuði sem kveðið er á um í brtt. þá hef ég heyrt þá skýringu að það væri mjög algengt að þær stúlkur — þroskaþjálfar eru eindregin kvennastétt — sem vinna með vangefnum börnum og ekki aðeins börnum heldur reyndar fullorðnu fólki líka, kanni málið yfir sumartímann. Þá er mikið líf og fjör og allir úti að leika sér og starfið gengur vel. En þegar kemur að því að fara inn í hús kemur í ljós að starfið er miklu erfiðara en stúlkurnar gerðu sér grein fyrir og skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið eru mikil afföll. Ég veit að þessi sjónarmið eru komin frá þroskaþjálfum sjálfum að gefa því fólki sem er að kynna sér þessi störf kost á að vera lengur til reynslu og gera þá kröfu að þær séu lengur inni á þessum stofnunum til þess að afföllin verði ekki eins mikil.

Þetta mál vekur athygli á því að þörf er á að samræma inntökuskilyrði í skólakerfið. Það er t. d. verið að auka kröfur til hjúkrunarmenntunar og ljósmæður þurfa að hafa hjúkrunarmenntun og fleira stefnir í þessa átt. Mér þykir þetta ekki góð þróun og ég held að það þurfi að horfa á þessi mál í samhengi og samræma eftir skólastigum. Mér er ekki kunnugt um að verið sé að krefjast stúdentsprófs inn í Sjómannaskólann eða Vélstjóraskólann eða við ýmsa aðra skóla sem veita fólki starfsmenntun. Sennilega er nokkur hluti af þessu máli sá að þroskaþjálfar eru uggandi um sinn hag. Það hafa orðið töluverðar breytingar á meðferð þroskaheftra á undanförnum árum. Það er verið að veita þroskaheftum tækifæri til að stunda nám með öðru fólki og vera sem mest innan um þá sem ekki eiga við fötlun að stríða. Þetta gerir að verkum að kennarar og fóstrur taka að sér umönnun og þjálfun þessara barna og þess vegna eru þroskaþjálfar að reyna að bæta sinn hag og tryggja sína stöðu. Það er að sjálfsögðu skiljanlegt. En fyrir mér er það meginatriði að loka engum leiðum til menntunar og því styð ég þær breytingar sem gerðar voru á þessu frv. í Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1132).

Ríkisbókhald o. fl., frv. 499. mál (þskj. 1129). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 5. júní, kl. 3 miðdegis.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, frv. 351. mál (þskj. 561). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Virkjun Fljótaár, frv. 486. mál (þskj. 897). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1124).

Ríkisendurskoðun, frv. 290. mál (þskj. 1125 (sbr. 470)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 1126). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774, n. 1054, 1061, 1091 og 1102, 860, 1055, 1060). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem hún flytur á þskj. 1055. Þar er um að ræða brtt. sem gerir ráð fyrir að inn komi nýtt ákvæði, bráðabirgðaákvæði sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu má vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins skv. hlutafélagalögum."

Með þessu móti er sett inn í lögin heimild til þess að hlutafélag þetta þurfi ekki að samanstanda af a. m. k. fimm aðilum. En það skal tekið skýrt fram að sú nefnd sem samdi þetta frv. gerði ráð fyrir því að hluthafar yrðu miklu fleiri og í raun og veru er vonast til þess að hluthafar aðrir en ríkissjóður, t. d. þeir sem nefndir eru í 3. gr. frv., eigi meiri hluta í þessu hlutafélagi.

Fjh.- og viðskn. klofnaði í afstöðu sinni til frv. Minni hl. skila sérálitum og munu framsögumenn þeirra gera grein fyrir þeim og brtt. minni hlutanna. Ég kemst þó ekki hjá því að gera örlitla athugasemd við nál. annars minni hluta fjh.- og viðskn., en þar segir í 1. tölul. B. orðrétt, með leyfi forseta: „Ríkið á að eiga, svo að segja eitt, nýtt hlutafélag með a. m. k. 200 millj. kr. í hlutafé." Þetta er auðvitað alrangt. Það er gert ráð fyrir því að aðrir en ríkissjóður eigi meiri hluta í þessu félagi eins og ég hef áður sagt.

Ég tel, herra forseti, að ástæðulaust sé að fjölyrða um þetta mál, um það var talsvert rætt við 1. umr. Nefndin hefur fjallað allítarlega um málið. Ljóst er að nokkrar vonir eru bundnar við það að þetta frv. geti orðið til þess að örva það sem kallað hefur verið nýsköpun í atvinnulífinu. Með stofnun félagsins gerist það sem á þarf að halda í íslensku atvinnulífi, að þeir aðilar, sem eru með nýjar ábatasamar hugmyndir og skortir eigið fjármagn, geti fengið það með framlagi félags á borð við þetta. Meiri hluti fjh.- og viðskn. leggur þess vegna til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef hér gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef skilað séráliti á þskj. 1061 og brtt. á þskj. 1060. Skoðun mín er sú að hér sé að ýmsu leyti um athyglisverða till. að ræða. Ég styðst þá m. a. við þá reynslu sem mér sýnist hafa verið ríkjandi, nefnilega þá að í sambandi við fjárhagslega fyrirgreiðslu og þá einkum lánveitingar í atvinnurekstri og vegna fjárfestingar í honum hafi sjálfvirkar reglur tryggt lán til hefðbundinna greina. Gjarnan hafi þá niðurstaðan orðið sú að áfram væri haldið að veita fé til þeirra greina og þeirrar starfsemi sem þegar væri mikið af og

jafnvel of mikið af í landinu þannig að til vandræða horfir.

Í þessu sambandi má minna á sífellda fjárfestingu og viðbótarfjárfestingu í hefðbundnum búgreinum í landbúnaði. Það má minna á mikla fjárfestingu í verslunarhúsnæði sem stundum heitir iðnaðarhúsnæði til að byrja með en er síðan orðið verslunarhúsnæði áður en menn vita af. Það má minna á ævintýrið með stækkun skipastólsins fyrir nokkrum árum síðan. Þetta hefur sem sagt verið reglan að með sjálfvirkum hætti rynni fé til þessara hluta og gjarnan í meira mæli en skynsamlegt gæti talist.

Á hinn bóginn hafa nýjungar í atvinnurekstri hvergi átt heima skv. þessu skipulagi. Menn kunna ýmsar sögur af því þegar menn hafa viljað fitja upp á nýjungum að þeir hafa hvergi átt heima til þess að fá fjárhagslega fyrirgreiðslu skv. því kerfi sem í gildi hefur verið. Í þessu sambandi get ég minnt t. d. á fiskeldisstöðvar. Menn hafa rætt um það í löngu máli hverja nauðsyn bæri til þess að efla fiskirækt í landinu og talað um nauðsyn þess að við bakið á henni yrði stutt. En þegar til stykkisins kemur hefur þeim aðilum, sem hafa viljað spreyta sig á þessu, reynst það mikil píslarganga. Enginn bankinn hefur viljað lána út á þetta sem neinu nemur. Þeir hafa ekki átt heima á neinum stað í sjóðakerfinu.

Það má líka nefna ýmis dæmi úr iðnaðarframleiðslu þar sem menn hafa ekki getað lagt fram fasteignaveð. Þá lendir allt í uppnámi vegna þess að kerfið á Íslandi er þannig að það er yfirleitt ekki lánað út á neitt nema fasteignaveð séu fyrir hendi. Það er ekki lánað út á rekstraráætlanir, það er ekki lánað út á nýjar hugmyndir, heldur fyrst og fremst út á fasteignaveð. Steinsteypan er þannig það sem hefur fengið að gilda sem aðgöngumiði að byggingu, aðgöngumiði að lánafyrirgreiðslu.

Ég tel að þetta kerfi sé mjög staðnað og hafi staðið íslensku atvinnulífi fyrir þrifum með tvíþættum hætti. Annars vegar vegna þess að það hafi veitt fjármagni í of ríkum mæli í greinar og atriði þar sem offjárfesting var fyrir. Í annan stað með því að ekki fengist aðgangur að fjármagni til uppbyggingar í nýjum greinum. Fyrir bragðið höfum við misst af hagvexti og bættum lífskjörum sem hefðu getað staðið okkur til boða.

Ég tel sem sagt að það kerfi, sem er við lýði, sé ekki einungis staðnað heldur stuðli að stöðnun og hindri framþróun og nýjungar. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að úr þessu hefði þurft að bæta og tel að það sé orðið mjög brýnt að það dragist ekki öllu lengur.

Nú geta menn auðvitað deilt um það með hvaða hætti það eigi að gerast. Ég get nefnt eitt atriði til viðbótar sem einkenni á efnahags- og atvinnumálaúrræðum á Íslandi, nefnilega það að menn séu sífellt að leita sér að einhverri verksmiðju. Þannig leituðu menn uppi steinull, salt, sykur, trjákvoðu og kísilmálm og þar fram eftir götunum. Ég held að tilhneigingin til að leysa vandamál sín með slíkum aðgerðum sé ekki heppileg og menn hafi álpast til þess aftur og aftur að ætla sér að leysa atvinnuvandamál með slíkum verksmiðjufyrirtækjum sem ríkið hefur þá verið meira og minna ábyrgt fyrir á sama tíma og menn hafa ekki verið reiðubúnir til þess að setja kannske tiltölulega litla fjármuni í smærri fyrirtæki sem áttu sér vaxtarmöguleika.

Það er ekki auðvelt að tíunda það í fljótu bragði hvers konar fyrirtæki það geti verið og ég held að það sé varasamt að alhæfa í þeim efnum. Mín vegna getur það verið í fatasaumi. Mín vegna getur það verið í framleiðslu á hugbúnaði í sambandi við tölvur. Mín vegna getur það verið eitthvað í elektrónískum iðnaði. Mín vegna getur það verið einhver smáhlutur í blikksmíði sem vel getur fundist erlendur markaður fyrir og sömuleiðis í trésmíði, um það skal ég ekkert fullyrða og ég held að það sé varasamt að alhæfa í þeim efnum.

Það sem mestu máli skiptir er tvennt. Annars vegar það að menn hafi frumkvæði og áræði til þess að brydda upp á nýjungum og í annan stað að menn hafi þrótt og þrek til þess að stunda markaðsfærslu á þessum varningi á erlendum vettvangi. Mín vegna getur það verið ágæt fjárfesting að fjárfesta í sölustarfsemi. Þannig vil ég ekki alhæfa um það að við eigum að sérhæfa okkur í einhverjum tilteknum greinum umfram það sem við höfum gert, heldur langtum frekar að vera opnari fyrir hvers konar hugmyndum og nýjungum og stuðla að því. Þetta er ákaflega mikilvægt. Ég held að það hafi staðið íslensku atvinnulífi og efnahagslífi fyrir þrifum að menn hafi sífellt verið að leita að einhverri analýtískri lausn á því hvað það væri sem menn ættu að vera að framleiða og síðan hafi átt að ganga út einhverjar forsagnir um það. Reyndar held ég að þetta ríði enn húsum.

Ég tók eftir því nýlega í sambandi við áætlanir sölustofnunar þeirrar sem starfar á vegum iðnaðarins að hún hélt blaðamannafund og taldi að nú þyrftu menn að einbeita kröftunum að ákveðnum sviðum. Hún hafði komist að þeirri niðurstöðu að það væri matvælasviðið sem Íslendingar ættu að einbeita kröftum sínum að. Ég efast um að það sé til góðs að menn einhæfi með þessum hætti. Ég efast um að það sé til góðs að menn ætli sér að stýra sölustarfsemi og framleiðslustarfsemi utan frá með þessum hætti og þröngva þjóðfélaginu og framleiðendum til þess að vera sömu skoðunar um það hvað sé gott að framleiða og hvað sé gott að selja.

Í annan stað, að því er valið sjálft varðar, matvælaiðnað, þá er ég ekki alls kostar viss um að þar sé sérstakan vaxtarbrodd að finna í hinu alþjóðlega hagkerfi. Ég held að það sé erfiðast að hafa mikið upp í matvælaiðnaði af öllum þeim greinum sem menn geta fengist við. Ég held að samkeppnin í matvælaiðnaðinum sé harðari en í flestum öðrum greinum. Við vitum að það er offramleiðsla á matvælum á því svæði þar sem við lifum og þar sem menn borga fyrir matvælin þó að það sé hungur annars staðar í heiminum.

Ég rek þetta vegna þess að ég tel að hér sé um að ræða eitt af kjarnavandamálum íslensks efnahagslífs. Hér hefur áður bæði af mér og öðrum verið gerð að umtalsefni nauðsyn sölustarfseminnar. En ég er sem sagt að fletta upp öðrum atriðum líka sem skipta máli, spurningunni um það út á hvað er lánað, út á hvað er veitt fé. Það á ekki að vera út á steinsteypu, það á frekar að vera út á rekstraráætlanir og hugmyndir. Það á ekki að einhæfa þannig að það megi einungis vera í einni grein að mínum dómi og það á heldur ekki að einhæfa að því leytinu að halda að menn geti fundið allsherjarlausnir á atvinnumálum okkar í einhverjum verksmiðjulausnum sem menn velja. Þvert á móti held ég að það sé opnun af því tagi sem ég hef hér leitast við að lýsa sem sé lykilatriðið í þessum efnum.

Ég tel að í þessu frv. sem hér liggur fyrir sé gerð tilraun til þess að mæta þeim sjónarmiðum sem ég hef

hér verið að lýsa, til þess að mæta þörfinni fyrir áhættufé, fjárfestingarfé, rekstrarfé í nýjungum í atvinnurekstrinum, í atvinnugreinar sem hafa orðið útundan í uppbyggingu sjóðakerfisins eins og það er hjá okkur. Þess vegna tel ég að þetta frv. sé af hinu góða. Ég held að ef vel tekst til geti þróunarfélag af því tagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir orðið til þess að örva nýsköpun í atvinnulífi, eins og talinn er tilgangur þess, enda verður maður þá að ætla að hugmyndin sé að félagið beiti sér fyrir nýjungum, fyrir nýstárlegum verkefnum sem styðjast við hugvit og frumkvæði íslenskra aðila þar sem menn bindi sig ekki við það að lána út á steinsteypuna eins og gert hefur verið í hinu liðna og gert er fram á þennan dag, þar sem menn séu opnir fyrir þörfum smærri fyrirtækja og bindi ekki fé í einhverju einu stóru verkefni eða einni stórri verksmiðju heldur nýti það á sem fjölbreytilegastan hátt. Þetta er grundvallarafstaða mín til þess frv. sem hér liggur fyrir.

Hins vegar er í 4. gr. þessa frv. gert ráð fyrir mjög verulegri lántöku. Greinin eins og hún stendur verður ekki skilin öðruvísi en að hugmyndin sé sú að taka þetta fé að láni erlendis. Miðað við þær aðstæður sem við búum við núna í okkar þjóðfélagi tel ég ótækt með öllu að bæta á erlendar lántökur, hvað þá í þeim feiknlega mæli sem hér er gert ráð fyrir, enda er mönnum hollara að fara hægar í sakirnar til að byrja með, telja sig ekki í mörg hundruð milljónum, a. m. k. ekki á því ári sem nú er og er þegar hálfnað eða því sem næst. Aðalatriðið er að þreifa sig áfram með skynsamlegum hætti.

En sú athugasemd sem ég geri og geri jafnframt brtt. um er sú að ég vil ekki auka á erlendar lántökur. Ég vil að þess lánsfjár, sem hér er gert ráð fyrir að afla, verði aflað á innlendum markaði. Ef menn leggja sig fram í þeim efnum og vekja þjóðina til vitundar um nauðsyn þess verkefnis sem hér er verið að fjalla um, vekja hana til vitundar um það að í því að leggja fé í þetta verkefni geti verið fólgin leiðin til bættra lífskjara og fjölbreyttara atvinnulífs, er ég sannfærður um að það á að vera unnt að afla lánsfjár á innlendum markaði.

Við höfum margvísleg dæmi um það úr fortíðinni hvernig til hefur tekist þegar fólk hefur vaknað til vitundar um það að það væri verið að vinna góð verk. Ég minni t. d. á Skeiðarársandinn og vegagerð og brúargerð á þeim slóðum og hversu vel þjóðin brást við að leggja fram lánsfé til þeirra verka á sínum tíma. Við getum reyndar líka horft á þá auglýsingaherferð sem hæstv. fjmrh. hefur staðið fyrir undanfarið þar sem Ísland er innpakkað í silkipappír í fánalitunum með innsiglum í bak og fyrir og ýmislegt annað skoplegt er sýnt til þess að reyna að selja skuldabréf ríkissjóðs. Mér skilst að það leiki enginn vafi á því að með þeim vinnubrögðum hafi tekist að auka kaup á skuldabréfum ríkissjóðs. Þetta er sem sagt spurningin um að vekja þjóðina til vitundar um að hér sé um góð verk að ræða. Erlendar lántökur höfum við hins vegar ekki efni á að auka umfram það sem við höfum þegar gert og til þess að mæta hinum albrýnustu verkefnum og sem ekki er hægt að ætla með neinu móti að unnt sé að afla innlends lánsfjár til.

Í samræmi við þessi sjónarmið legg ég til að þær greinar í 4. gr. frv., sem fjalla um lántökur, verði orðaðar á þann hátt að heimildin nái til þess að afla fjár með innlendri lánsfjáröflun. Það á við í öllum þremur töluliðum 4. gr., hvort heldur varðar það að leggja fram reiðufé af hálfu ríkisins, 100 milljónir, eða aðrar 100 milljónir til þess að stuðla að því að hlutafé verði keypt eða viðbótarheimildirnar sem eru í 3. tölul.

Þetta, herra forseti, er viðhorf mitt til þessa máls og ég legg sem sagt til í nál. mínu að í samræmi við þau sjónarmið sem ég hef hér rakið verði þetta frv. til l. samþykkt með þeim breytingum sem er að finna á þskj. 1060 og fela það í sér að lánsfjáröflunin skuli vera á innlendum lánsfjármarkaði.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er til meðferðar eitt af þremur málum sem ríkisstj. flytur í framhaldi af kröfum landsfundar Sjálfstfl. varðandi Framkvæmdastofnun ríkisins. Hér er Framsfl. að verða við vissum úrslitakröfum íhaldsins í sambandi við stjórnarsamstarfið og eins og fram hefur komið telur forsrh. það aðalefni þingsins þann tíma sem eftir er af því að afgreiða þessi mál.

Þessi frv. eru öll merkt frjálshyggjuofstækinu sem einkennir þessa ríkisstj., tilraun til að troða markaðssjónarmiðunum alls staðar inn, hvort sem það er í atvinnumálum, félagsmálum, heilbrigðismálum eða skólamálum, og tilraun þannig til þess að draga úr hinum félagslegu, lýðræðislegu ákvörðunum og áhrifum þeirra í atvinnu- og efnahagslífinu á Íslandi. Hér er ríkisstj. Framsfl. að ómerkja það sem ríkisstj. Framsfl., Alþb. og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna beitti sér fyrir á árunum 1971—1974. Það er athyglisvert að hugleiða þróun efnahags- og atvinnumála á þessum tíma, velta því fyrir sér hvað hefur verið að gerast, hvernig stjórnmálaflokkarnir hafa breyst í afstöðu sinni og þó einkum Framsfl.

Það var eins og kunnugt er þannig á viðreisnarárum Alþfl. og Sjálfstfl. að þá var það bannorð að opinberir aðilar kæmu neins staðar nálægt atvinnulífinu með frumkvæði og fjármagn þó að sú ríkisstj. gengi ekki svo langt að hún færi út í það að selja með kerfisbundnum hætti við lágu verði eignir almennings, þ. e. ríkisfyrirtækin, eins og núv. ríkisstj. hefur gert. Það urðu þess vegna afdrifamikil kaflaskipti í sögu atvinnumála á Íslandi árið 1971. Þá var horfið frá því að láta markaðinn um allar niðurstöður en í staðinn tekin upp sú stefna að efla atvinnulíf í landinu öllu í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði og einnig í nýjum greinum. Lögð var áhersla á að landsmenn réðu sjálfir auðlindum þjóðarinnar, þ. e. landhelginni, og hefðu úrslitavald þar um.

Vinstri stjórnin 1971—1974, ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, hafnaði þannig þeirri markaðsforsjá á öllum sviðum í atvinnulífinu sem viðreisnarstjórnin hafði beitt sér fyrir. Sú stefna, sem tekin var upp 1971 og skilaði milljörðum og aftur milljörðum króna í þjóðarbúið, stórbættum lífskjörum, bættri félagslegri þjónustu, hækkandi kaupmætti launa og tryggði byggð um allt land, olli kaflaskilum í íslenskum efnahags- og atvinnumálum. Stefna markaðshyggjunnar var í rauninni utangarðs í íslenska stjórnkerfinu á árunum 1971—1983. Þó að áhrifamiklar stofnanir eins og Seðlabankinn færu vissulega sínu fram réðu félagsleg sjónarmið mjög miklu um alla atvinnuþróun og uppbyggingu í efnahagslífinu á þessum tíma.

Núverandi ríkisstj. Steingríms Hermannssonar hæstv. forsrh. hefur hins vegar haldið áfram þar sem viðreisnarstjórnin hvarf frá verkum árið 1971. Þessi stjórn er

pólitískt, efnahagslegt rökrétt framhald af viðreisnarstjórninni. Hún ryður markaðsöflunum til rúms hvarvetna í atvinnulífinu, í efnahags- og atvinnumálum. Hún ýtir til hliðar félagslegum sjónarmiðum. Hún hrekur á burt lýðræðislega hlutdeild Alþingis í stjórn þýðingarmikilla stofnana eins og fjárfestingarsjóða. Þetta kemur mjög glöggt fram í frv. þremur sem hér eru á dagskrá, þskj. 455, 456 og 457.

Varðandi þingmál 455 vil ég taka það fram að við Alþb.-menn höfum verið þeirrar skoðunar að ef Alþingi tekur ákvörðun um að stofna til þess fyrirtækis sem hér er rætt um þá sé að mörgu leyti eðlilegt að því verði valinn staður utan Reykjavíkur. Ég hef hins vegar náð samkomulagi í hv. fjh.- og viðskn. Nd. við hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal um það að flytja við frv. um Byggðastofnun brtt. sem gengur út á það að Byggðastofnunin verði staðsett á Akureyri. Þess vegna vil ég taka það fram, herra forseti, varðandi brtt. á þskj. 806, að ég óska eftir því að atkvæðagreiðsla um frv. um Byggðastofnun fari fram áður en atkvæðagreiðsla fer fram um frv. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi o. s. frv.

Verði till. okkar hv. þm. Halldórs Blöndals um staðsetningu Byggðastofnunar á Akureyri samþykkt munum við Alþb.-menn draga til baka brtt. þá sem við flytjum hér á þskj. 806. Á þskj. 1091 geri ég grein fyrir nál. mínu varðandi frv. á þskj. 774. Í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn., sem ég skrifa undir, segir svo, með leyfi forseta:

„Nál. um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Fyrir Nd. liggja nú þrjú þingmál, mál 455, 456 og 457, sem eru náskyld. Þau fjalla um að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir. Í staðinn fyrir eitt höfuð verða þau nú þrjú. Tilgangur frumvarpanna er að fullnægja kröfum landsfundar markaðshyggjuflokksins um að leggja Framkvæmdastofnunina niður. Hér er því um nafnbreytingu að ræða annars vegar, hins vegar er hér á ferðinni enn ein tilraunin til þess að láta markaðssjónarmiðin fá yfirhöndina á öllum sviðum efnahagslífsins.

2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. hefur þegar skilað álitum um Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun og flutt við þau frv. brtt. Verður nú í þessu nál. farið nokkrum orðum um málið í heild og sérstaklega um 455. mál.

1. Fullyrt er að þessi frv. eigi að stuðla að því að draga úr ríkisafskiptum. Hvað er hæft í því? Í rauninni er að sumu leyti verið að auka miðstýringarvald embættismanna. Rök:

A) Framkvæmdasjóður er settur undir embættismenn á vegum þriggja ráðh. Vald Alþingis, þingræðisins, verður að engu.

B) Ríkið á að eiga, svo að segja eitt, nýtt hlutafélag með a. m. k. 200 millj. kr. í hlutafé.

C) Í lögum um Framkvæmdastofnun er gert ráð fyrir því að hún heyri undir ríkisstj. í heild. Í frv. ríkisstj. nú eiga allar stofnanirnar að heyra undir forsrh. einan. Forsrh. á þannig einn að fara með allt vald ríkisins yfir þróunarfélaginu sem getur þýtt það að hann hafi úrslitavald um ráðstöfun 500—600 millj. kr.

Niðurstaðan er því þessi: Það er verið að styrkja embættismannavaldið, verið að auka vald eins ráðh., hvort tveggja á kostnað Alþingis.

2. Skv. frumvörpunum er beinlínis dregið úr áherslu löggjafans á byggðasjónarmið og í staðinn lögð áhersla á vald markaðarins, fjármagnsins. Þetta gerist á sama tíma og landsbyggðin stendur álíka höllum fæti og á viðreisnarárum Alþfl. og Sjálfstfl. Þannig segir Framsfl. sig frá byggðastefnunni sem er sérstaklega athyglisvert miðað við aðild hans að ríkisstjórn 1971—1974.

3. Í frumvörpunum er hvergi tekið á heildarvandamálum atvinnulífsins en framleiðslugreinarnar búa nú við stórfellda erfiðleika eins og kunnugt er.

4. Í frumvörpunum er ekkert sem tryggir raunverulega nýsköpun í atvinnulífinu. En það er athyglisvert að Framsfl. skuli nú ætla að stela orðinu „nýsköpun“ eftir áratuga baráttu gegn hvers konar nýsköpun í atvinnulífinu, enda er „nýsköpun“ Framsfl. nafnið tómt.

5. Í frumvarpinu er opnað fyrir það að fyrirtæki geti keypt sig inn í þróunarfélagið og þannig keypt sér aðgang að niðurgreiddu fjármagni, m. ö. o. gjafafé úr ríkissjóði. Þó er bersýnilegt að ríkisstj. hefur mjög takmarkaða trú á félaginu því að meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur nú till. um undantekningarákvæði frá hlutafélagalögum þannig að hluthafar í þróunarfélaginu geti verið færri en þar er gert ráð fyrir.

6. Í frv. um þróunarfélag er hvergi um að ræða stefnubreytingu í atvinnumálum sem raunverulega gæti stuðlað að nýsköpun í atvinnulífinu. Þar er ekki minnst á nauðsyn þess að efla smáfyrirtæki né heldur gjaldeyrissparandi fyrirtæki. Frv. er svo opið að það er augljós hætta á því að ríkisfjármunir verði hér notaðir í stórum stíl í fyrirgreiðslupólitík helmingaskiptaflokkanna.

Af þessum ástæðum telur 2. minni hl. fjh.- og viðskn. ekki ástæðu til þess að afgreiða frv. þetta á yfirstandandi þingi.“

Hv. þm. Friðrik Sophusson, frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., taldi ástæðu til að mótmæla einu atriði í nál. 2. minni hl. á þskj. 1091, þ. e. því atriði að ríkið eigi að eiga svo að segja eitt þetta nýja hlutafélag. Það er vafalaust rétt, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði, að þeir sem sömdu frv. þetta hafa gert sér vonir um að fleiri aðilar kæmu til liðs við uppbyggingu í atvinnulífinu en ríkið eitt. Það er vafalaust rétt hjá þeim að þær frómu óskir hafa verið til staðar í þeirra huga. Hins vegar er bersýnilegt að meiri hl. hefur sjálfur vantrú á þessu. Það er þess vegna sem hann flytur brtt. um ákvæði til bráðabirgða varðandi fjölda stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu, að hvort tveggja verði óháð takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

Þessi litla brtt. á þskj. 1055 er brtt. frá meiri hl. sem staðfestir að hann hefur sjálfur enga trú á að áhugi verði á að ganga til liðs við ríkið í verulegum mæli í þessu fyrirtæki. Þessi brtt. er þess vegna staðfesting á því sem ég segi hér í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Þess vegna eru mótmæli hv. 2. þm. Reykv. ekki gild vegna þess að með eigin brtt. gerir hann þau að engu.

Í dagskrá þessa fundar er talað um að á dagskrá sé frv. til l. um nýsköpun í atvinnulífinu. Mig minnir að efnið heiti það í þingdagskrám þessa dagana. Hvaðan er þetta orð, „nýsköpun“, komið í íslenska stjórnmálaumræðu? Það var 1944 að nýsköpunarstjórnin, sem í áttu sæti fulltrúar Sjálfstfl., Sósíalistaflokksins og Alþfl., beitti sér fyrir stórfelldri nýsköpun í atvinnulífinu, uppbyggingu atvinnuveganna um allt land, sem

hafði í för með sér lífskjarabyltingu fyrir fólkið í landinu, skapaði grundvöll fyrir hærra kaup, betri félagslega þjónustu, nýtt almannatryggingakerfi, ný fræðslulög, annars konar heilbrigðisþjónustu og þannig mætti lengi telja.

Á árunum 1944—1946 var einn flokkur í stjórnarandstöðu, Framsfl. Hann lagði ofurkapp á það að berjast gegn nýsköpuninni og hefur í rauninni æ síðan lagt á það mikla áherslu í söguritun Framsfl. — en framsóknarmenn gefa út sagnfræðirit um sjálfa sig af og til — að þessi nýsköpun 1944—1946 hafi verið sóun, hún hafi verð slæm meðferð á almannafé og hafi farið illa með þau tækifæri sem þjóðin átti í stríðslok. Í ævisögu Eysteins Jónssonar, fyrrv. formanns Framsfl., eru ítarlegir kaflar þar sem sérstaklega er fjallað um það hvað nýsköpunin og nýsköpunarstjórnin hafi í rauninni verið fráleit og þar er allt reynt sem hægt er til þess að sverta nýsköpunarstjórnina.

Nú á seinni árum gerist það hins vegar að Alþýðusamband Íslands og BSRB óska eftir því í samþykkt, sem birt var í fjölmiðlum í maí 1983, að gripið verði til ráðstafana til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu. Það er einnig ljóst að það er mikil þörf fyrir það hjá þjóðinni að þannig verði haldið á málum að atvinnulífið verði eflt með raunhæfum aðgerðum. Þá bregða menn gjarnan fyrir sig þeim tíma sem talinn er happadrýgstur í íslenskri atvinnumálasögu á síðari áratugum, þ. e. menn nefna nýsköpunarstjórnina og vilja þannig gjarnan endurtaka það átak sem þar var gripið til.

Þess vegna er nú svo komið að Framsfl. hefur neyðst til þess eftir 40 ára hatramma baráttu gegn nýsköpun í atvinnulífinu að gera þetta orð að yfirskrift á því frv. sem hér liggur fyrir. En því miður, herra forseti, hugur fylgir ekki máli. Tilraunin er í rauninni eins og nýju fötin keisarans. Nafnið stendur eitt og þegar betur er að gáð kemur í ljós að keisarinn er ekki í neinu. Tilraunin er í skötulíki. Það er út af fyrir sig ekki að undra að tilraun Framsfl. til nýsköpunar í atvinnulífinu hafi þennan blæ þegar hann líka flytur þetta mál í tengslum við Sjálfstfl. í núverandi ríkisstj. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði hér fyrir fundarhlé gert grein fyrir afstöðu 2. minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og fjallað nokkrum almennum orðum um þá stefnumótun í atvinnumálum sem hér er um að ræða. Ég ætla þá aðeins að víkja að lokum, herra forseti, að frv. sjálfu til ítrekunar á mínum sjónarmiðum varðandi einstakar efnisgreinar þess.

Hér er verið að gera ráð fyrir því að stofna hlutafélag með allt að 700 millj. kr. að láni og í framlögum frá ríkinu. Eins og ég benti á við 1. umr þessa máls er gert ráð fyrir því að forsrh. fari einn ráðh. með vald yfir þessu gífurlega fjármagni. Ég hygg að það sé fátítt að ráðh. fái heimild frá Alþingi til að sitja yfir fjármunum af því tagi sem hér er gerð till. um upp á mörg hundruð milljóna króna. Það hefur ekkert komið fram í umr. sem bendir til þess að það sé ætlun stjórnarflokkanna að fleiri aðilar komi þarna að en hæstv. forsrh.

Það liggur hérna fyrir í þinginu frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þar er gert ráð fyrir því að landbrh. fái sjóð upp á 250 millj. kr. að ráðskast með á ári hverju án þess að nokkur sérstök stjórn eða nefnd sé þar kölluð til. Þessi ríkisstj. hefur sem sé brotið í blað að því leyti að hún ætlar einstökum ráðh. að ráðskast með fjármuni í stærri stíl en nokkur dæmi eru til um. Það eru engin dæmi til í okkar stjórnkerfi um vald einstakra ráðh. yfir eins miklum fjármunum og þeim sem hér um ræðir.

Það er sérkennilegt ef Alþingi lætur sé lynda, ef Alþingi líður það að afhenda einstökum ráðh. jafnmikil völd yfir fjármunum og hér er gert ráð fyrir. Alþingi fjallar um fjárlög á ári hverju og þar er verið að togast á um upphæðir — oft nokkra tugi þúsunda króna, oft fáeinar milljónir — í brtt. sem eru lagðar hér fram af stjórn eða stjórnarandstöðu. En það er ekki verið að sýta svoleiðis smámuni í þessu plaggi, heldur á að hrúga til eins ráðh. allt að 700 millj. króna.

Í 1. gr. frv. segir: „Ríkisstj. skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutafé félagsins verði a. m. k. 200 millj. króna."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að hlutaféð verði a. m. k. 200 millj. króna sem þetta félag fær svo að segja í tannfé, gjafafé úr ríkissjóði, vegna þess að það er ríkissjóður sem auðvitað borgar allt þetta hlutafé upp á 200 millj. króna. Hlutafé félagsins verði a. m. k. 200 millj. króna. Meðan það liggur ekki fyrir að aðrir aðilar leggi hlutafé í þetta fyrirtæki, þróunarfélagið, er bersýnilega ætlunin að leggja þetta allt á ríkissjóð. Ég held að það væri nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvaða skilyrði ríkissjóður ætti að setja fyrir hlutafjárframlögum í fyrirtæki af þessu tagi.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að viðskiptabönkum, vátryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum verði heimilt að kaupa hlut í þessu fyrirtæki. Í umr. um frv. til l. um viðskiptabanka hef ég lýst því yfir að ég sé andvígur því að viðskiptabönkum verði heimilað að fara inn í aðra óskylda atvinnustarfsemi. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að hvað sem fjárfestingarlánasjóðum líður sé óeðlilegt að viðskiptabankar hafi möguleika á því að kaupa hlutabréf í fyrirtæki af þessu tagi. Það er hættulegt fyrir viðskiptabanka að gauka sér í alls óskylda atvinnu- og þjónustustarfsemi eins og hér er gerð till. um.

Í 4. gr. í þessu frv. er fjallað um framlög og lán í þetta fyrirtæki. Þar segir að ríkisstj. er í fyrsta lagi heimilt að leggja fram í reiðufé 100 millj. kr. sem hlutafé í félagið skv. 1. gr. Síðan segir:

„Ef nauðsynlegt reynist til þess að ná því lágmarkshlutafé sem greinir í 1. gr. skal ríkisstj. heimilt að leggja fram sem hlutafé allt að 100 millj. kr. til viðbótar framangreindu 100 millj. kr. framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstj. skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni."

M. ö. o. er bersýnilega gert ráð fyrir þeim möguleika að ríkið geti lagt þarna fram 100 plús 100 millj. kr., 200 millj. króna, í þetta fyrirtæki. Það er óvenjuleg rausn af ríkissjóði að leggja fram slíkt fé í eitt hlutafélag sem auk þess eru engar líkur á að geti breytt einu eða neinu í atvinnulífi landsmanna. Hérna er verið að taka skattfé almennings, skattfé fólksins í landinu og troða því inn í svokallað þróunarfélag til að fullnægja ýtrustu kröfum landsfundar Sjálfstfl. Ég hygg að sjaldan hafi samþykktir stjórnarflokka verið keyptar jafndýru verði og lagt er til í þessu frv.

Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir því að ríkisstj. verði heimilt að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í þessu félagi. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af

lánsfé, sem ríkisstj. skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.

Hérna er sem sagt opnað fyrir það að ríkissjóður geti lánað þeim aðilum, sem vilja verða hluthafar í þessu fyrirtæki, helminginn af andvirði hlutabréfa þeirra. Hérna er einnig mjög höfðinglega boðið. Þrátt fyrir þetta höfðinglega boð flytur ríkisstj. hér brtt. við frv. um að hluthafar geti verið færri en fimm vegna þess að hún hefur ekki trú á því að margir aðilar komi inn í þetta fyrirtæki þó að hún bjóði helminginn af hlutafénu á gjafverði handa þeim aðilum sem hugsanlega kunna að hafa áhuga á að ganga inn í þetta kompaní.

Í 3. tölul. 4. gr. segir síðan að þessu félagi má ríkisstj. útvega lán að fjárhæð samtals allt að 200 millj. króna og endurlána hlutafélaginu án sérstakra trygginga. Það má endurlána þessu fyrirtæki 200 millj. kr. í viðbót án sérstakra trygginga, auk þess að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

Hér er verið að opna fyrir það að hérna gæti verið um að ræða fjárstreymi úr ríkissjóði af skattpeningum almennings og með erlendum lánum upp á 500—700 millj. króna. Nú gætu menn út af fyrir sig sjálfsagt samþykkt að standa að einhverju slíku ef hér væri á vísan að róa, ef hér væru hugmyndir um stóreflingu atvinnulífs á Íslandi, ef hér væru ábendingar um það að efla mætti atvinnulífið og auka þjóðarframleiðsluna stórkostlega hér á komandi árum með þessum fjármunum. Það er ekki. Það stendur ekki neitt í þessu frv. sem bendir til þess að þessi aðferð, að stofna þróunarfélag, skili nokkrum hlut í okkar atvinnulífi. Það er alveg makalaust að þm. stjórnarflokkanna skuli sitja undir því gagnrýnislaust að taka við öðrum eins fjáraustri út í loftið því að þeir vita ekkert og hafa ekki bent á neitt sem bendir til þess að þetta muni skila einhverjum árangri í atvinnulífi landsmanna.

Það hefur lengi verið þannig og sagan sannar það best að íhaldsöflunum er aldrei treystandi fyrir skattpeningum almennings. Íhaldsöflin fara yfirleitt illa með skattpeninga almennings. Ríkissjóður er illa rekinn á þeirra tímum eins og dæmin sanna. Þeir hika ekki við að sóa hundruðum milljóna króna í fyrirtæki af því tagi sem hér er verið að tala um á sama tíma og þeir neita um örlitlar upphæðir til þeirra einstaklinga sem eru að sligast undir þeirri byrði sem stjórnarstefnan hefur lagt á fólk. Það má vera fróðlegt fyrir hæstv. félmrh. að íhuga að á sama tíma og hann getur ekki úthlutað húsnæðissamvinnufélögum 50 millj. kr. er verið að setja út hálfan milljarð eða meira í þetta gæluverkefni landsfundar Sjálfstfl.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki til dæmi um annan eins fjáraustur út í óvissuna og hér er gerð till. um. Menn vita ekki um og hafa ekki komið fram með neinar upplýsingar um að þessi fjáraustur skili árangri í atvinnu- og efnahagsmálum, þjóðarframleiðslu á Íslandi. Þetta gerist á sama tíma og verið er að skera við nögl framlög til einstaklinga, félaga og félagslegrar þjónustu í landinu.

Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum, þessu sukki með almannafé, sem núv. ríkisstj. er orðin fræg fyrir að endemum. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og ég skora á þm. stjórnarflokkanna að hafa rænu á því, ef þeir einhvern tíma rumska, að átta sig á því hvað hér er á ferðinni. Ég skora á þá að athuga hvað þeir eru hér að gera. Þeir eru með umboð kjósenda sinna til að hafa skoðun á því sem lagt er fram á Alþingi en sitja ekki eins og sofandi sauðir undir frv. sem lögð eru fram til þess að þjóna því ofstæki sem birtist í ályktunum landsfundar Sjálfstæðisflokksins.

Herra forseti. Ég hef farið hér í fáeinum orðum yfir álit 2. minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég á kost á því skv. þingsköpum að kveðja mér á ný hljóðs um þetta mál ef ástæða verður til. En ég vænti þess að ég hafi gert það ljóst að í þessu frv. er hvergi bent á raunverulega nýsköpun í atvinnulífi. Hér er orðið „nýsköpun" notað til að skreyta það sem í rauninni ekkert er, þetta er nýsköpun í skötulíki. Þegar málið er skoðað kemur í ljós að keisarinn er í engu. Það er ekkert á bak við þetta annað en ýtrustu kröfur frjálshyggjuaflanna í Sjálfstfl. sem Framsfl. er hér að þjónusta.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. við 455. mál sem er frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu. Þetta hljómar næstum eins og fyrirsögn að einhverjum Passíusálmanna og innihald þessa ágæta frv. er hálfgerð þjáning. (**ÓÞÞ:** Passíusálmarnir eru gott verk.) Passíusálmarnir eru gott verk, en innihaldið er þjáning. Ef ég fæ frið til að lesa nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn., sem í er undirritaður, þá er það svo, með leyfi forseta:

„Stofnun félags, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, er til einskis ef ekki eru fyrir hendi þær almennu aðstæður sem hvetja til frumkvæðis, áhættu og tilrauna í atvinnulífi. Það er á valdi ríkisstj. að skapa slíkt andrúmsloft með hvetjandi aðgerðum, t. d. í fjármálum, og með fræðslu og áróðri fyrir stofnun og rekstri fyrirtækja. Í þessu tilliti hefur núv. ríkisstj. brugðist. Sú staðreynd að þetta frv. sér loks dagsins ljós á síðustu vikum venjulegs þinghalds, eftir tveggja ára valdatíma ríkisstj., talar sínu máli um áhugann.

Á frv. sjálfu er sá stóri galli að þar er ekki mörkuð stefna um athafnasvið félagsins. Ýmsar nýjar atvinnugreinar, svo sem fiskeldi, eru mjög fjármagnsfrekar og áhættusamar og í vissum skilningi stjóriðja. Aðrar nýjar greinar byggjast meira á einstaklingum, frumkvöðlum með hugmyndir og þor til að ráðast í framkvæmdir ef aðstoð fæst.

Með hliðsjón af því að væntanlegt fjármagn þessa félags verður ekki til skiptanna, ef ráðist er í stóru verkefnin, sýnist undirrituðum nauðsynlegt að marka stefnu í þessum málum í byrjun.

Skorturinn á áhuga, örlæti og hvatningu stjórnvalda á þessum sviðum verður tilfinnanlegri þegar á hverjum degi berast upplýsingar um lífskjör, bruðl og flottræfilsháttstóriðjuhirðarinnar. Kísilmálmæðið kostar nú t. d. 40 millj. kr. án þess að nagli hafi verið rekinn í spýtu af því tilefni á Reyðarfirði.

Nýsköpun í atvinnuháttum þarfnast fjölmargra samverkandi breytinga í innviðum samfélagsins, menntun, rannsóknum og peningamálum svo dæmi séu tekin. Þess háttar stórátak er óumflýjanlegt og hvert misseri,

sem líður án þess, verður okkur dýrt.

Hugmyndin að baki frv. sjálfs er rétt og sú samvinna ríkisvalds og fleiri aðila, sem það gerir ráð fyrir, er af hinu góða. En með tilliti til hins almenna stefnu- og áhugaleysis stjórnvalda um nýjar leiðir er ljóst að samþykkt frv. sjálfs mun ekki styrkja nýsköpun í atvinnulífi. Þess vegna mun undirritaður ekki samþykkja þetta frv."

Í þessu nál. er vikið að nokkrum mikilsverðum atriðum. Í fyrsta lagi er vikið að því að það verður ekki nýsköpun í atvinnulífi af því einu að segja orðið nógu oft, eins og manni hefur stundum virst eina stefna ríkisstj. í þessum málum. Nýsköpun í atvinnulífi verður að verka hvetjandi og skapa andrúmsloft sem hvetur þúsund blóm til að spretta. Það er einmitt það sem vantar og það er ein meginástæðan og ein meginástæðan fyrir þeirri fjárhagslegu stöðu sem ég vil vekja máls á í þessu tilfelli.

Þessi skortur á andrúmslofti, þessi skortur á hvatningu eins og segir í frv. lýsir sér á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi kemur þessi skortur fram í þeirri einföldu staðreynd að þessar aðgerðir voru boðaðar í málefnasamningi ríkisstj. en sjá loksins dagsins ljós eftir tvö ár. Það ber vitni um áhugann. Ríkisstj. virðist raunar vera sér meðvituð um þetta vegna þess að hún setur það öryggisnet undir að það þurfi svo sem engan til þess að taka þátt í stofnuninni nema þá sjálfa. Þeir eiga alls ekki von á því að það sýni þessu nokkur maður áhuga. Það er kannske gleggsta viðurkenningin á að þeir gera sér grein fyrir því að meginforsendan er ekki fyrir hendi, en hún er að hafa virkilega hvatt til þess að svona hlutir gerist í samfélaginu, að hafa ræktað upp og sáð í þann garð sem að lokum getur orðið skjól fyrir nýsköpun. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi gera að umtalsefni og ætla ég nú að víkja nánar að því hvernig skapað er umhverfi í einu landi sem hvetur til slíkra verka.

Tökum dæmi af því sem er kannske best þekkt á Íslandi, þ. e. stóriðja, hvernig skapast hefur umhverfi í kringum stóriðju, hvernig skapast hefur það umhverfi, eins og ég lýsti áðan, að þar renna milljónatugirnir, milljónahundruðin og milljónaþúsundin næstum því eftirlitslaust. Nú er ég alls ekki að segja að það sé af hinu góða. En það segir okkur að það hefur skapast það umhverfi í samfélaginu sem sannfærir alla um að stóriðjan hljóti að vera af hinu góða. Þetta gerist t. d. þannig að mestu áhrifamenn í íslenskum stjórnmálum eru um leið flestir áhrifamenn í stóriðju. Þeir sitja annaðhvort í stóriðjunefndum eða virkjunarnefndum eða þeir sitja í stjórn Landsvirkjunar eða þeir eru í samninganefndum um einhverja orkuprísa eða álverksmiðjur. Þetta eitt út af fyrir sig verður til þess að skapa ákveðið verndandi umhverfi utan um stóriðjuhugmyndirnar. Það sem ég er að biðja um er þó ekki væri nema örlítill vottur eða snefill af þessari alltumvefjandi væntumþykju handa nýsköpun í smærri fyrirtækjum og á allt öðrum grundvelli.

Við gætum tekið ýmis dæmi af því sem ég talaði um áðan, hvernig áhrifamenn í íslenskri pólitík eru um leið áhrifamenn í stóriðjumálum. Það geta verið menn bæði innanþings og utan. Utan þings er oftast nefnt dæmið um seðlabankastjóra sem situr í öllum stólum þar sem ákvarðanir eru teknar um eitthvað í sambandi við orku eða stóriðju. Við höfum einnig dæmi um hv. þm., sem eru t. d. hér í deildinni, sem sitja í iðnn. þingsins og eru líka í samninganefndum um stóriðju eða álver, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Gunnar G. Schram.

Þessi aðstaða og margra ára áróður fyrir stóriðju á Íslandi gerir það að verkum að það verða til ákveðnir innviðir sem þessi hugmyndafræði getur síðan þrifist á og þarna styður hvað annað. Við vitum t. d. hver hin ýmsu áhrif þessarar hugmyndafræði hafa orðið. Það hefur t. d. orðið vöxtur og styrking vissra greina í Háskólanum. Jarðfræðigreinar hafa nærst á stóriðju og virkjunarhugmyndafræði. Ákveðnar greinar verkfræðinnar, ýmiss konar verkkunnátta og ýmiss konar almenn innstilling í samfélaginu hefur orðið til vegna þessarar almennu sannfæringar stjórnmálamanna, embættismanna og fjölmiðla og yfirleitt allra sem hafa áhrif á ákvarðanir eða skoðanir í samfélaginu og allir eru jafnsannfærðir um að stóriðja sé svarið.

Þetta er bæði gott og slæmt, eins og ég sagði. Það sem okkur vantar fyrir nýsköpun og fyrir stuðning við smáfyrirtæki og annars konar iðju fólksins í landinu er vísir af þessu hvetjandi og verndandi umhverfi og þeirri sannfæringu að það sé þetta sem koma skuli. Auðvitað hefur þetta síðan ýmsar slæmar afleiðingar sem við höfum séð dæmi um næstum því á hverjum einasta degi. Þá ætla ég ekki að gera að neinu sérstöku umtalsefni það sem minnst er á í þessu nál., sem eru lífskjör þessarar dýrðar og lífshættir, heldur t. d. það að þegar allur þessi bolti er farinn að rúlla munu líða ár og kannske áratugir áður en það rennur loksins upp fyrir mönnum að þeir hafi verið á rangri braut. Það er það hættulega við það þegar sannfæringin verður svona sterk að þá er þetta eins og stórt olíuskip sem er komið á stað og tekur tugi sjómílna að stöðva. En það er annað mál.

Það sem ég fer fram á og það sem ég ætla að segja ríkisstj. — og það má gjarnan einhver skila því til hennar af því að það eru nú fáir úr henni hérna — er að það gerist ekkert í nýsköpun á Íslandi fyrr en menn huga að þessum almennu atriðum varðandi umhverfið. Það er ekki hægt að hvetja til nýsköpunar með því að stofna félag og skera niður menntakerfið í landinu með hinni hendinni. Menn ættu að heimsækja stofnanir eins og skólana, háskóla, tækniskóla og þær stofnanir þar sem þekkingin verður t. d. til og spyrja menn hvað þeim finnist um nýsköpunarstefnu ríkisstj. Menn segja: Nýsköpunar- hvað?

Menn uppi í Háskóla, sem ættu að vera í fararbroddi og ættu að vera leitandi og hvetjandi í þessum efnum, sitja við og fletta Mogganum og leita sér að vinnu einhvers staðar annars staðar af því að launin eru orðin algerlega óviðunandi. Þannig getur t. d. launastefna opinberra aðila orðið liður í nýsköpun. Á sama tíma og menn fletta einhverju gagnslausu plaggi um félag um þróun og nýsköpun í landinu með annarri hendinni, þá eru þeir að grafa undan undirstöðunni, undan sökklunum, með hinni. Þetta er eitt af því sem hefur gerst.

Það verður nefnilega að marka stefnu, til þess hefði mátt nota tímann í þessi tvö ár, að marka almenna stefnu til þess að byggja upp það umhverfi sem fóstrar og nærir áhugann á nýsköpun. Þá verða menn að huga að því hvar upphafsins er að leita. Er upphafsins að leita í frv. sem dettur allt í einu ofan úr skýjunum þó að aðdragandinn sé svo sem nógu langur? Þar er talað um að stofna þróunarfélag. Eða er upphafið í því að fóstra, í því að hlúa að og í því að hvetja allan landslýð til þess að

sinna þessum efnum?

Ég held að menn ættu að líta í kringum sig úti af þessu. Það þarf ekki að fara langt. Það er alveg sama hvort við förum til Norðurlandanna eða við förum til Bretlands eða Bandaríkjanna, við getum hvert sem við förum séð ljós vitni þess hvernig menn vinna að þessum málum. Við getum t. d. farið í verslun og keypt kassettu sem við getum spilað í bílnum okkar á leiðinni í vinnuna, en á henni eru upplýsingar um hvernig menn t. d. stofna fyrirtæki. Það eru upplýsingar um það hvar hægt sé að fá fjárhagsaðstoð. Það er hægt að fá upplýsingar um það hvar hægt sé að fá sérfræðiaðstoð. Það eru kassettur, það eru spólur með hugmyndum um verkefni í iðnaði og þjónustu eða hverju sem er. Það eru reknir tölvubankar sem menn geta tengst með litlum kostnaði, annaðhvort á sína eigin tölvu eða fengið útskriftir. Þar geta menn fengið margar blaðsíður með hugmyndum, aðstoð og ýmsu sem verður að koma fyrst.

Menn eiga ekkert erindi í neitt þróunarkompaní nema þeir hafi áhuga og hafi hugmyndir og vilji vinna að þessum hlutum. Menn ættu líka að íhuga hvort ekki væri ástæða til þess að setja upp námskeið í framhaldsskólum landsins um atvinnulíf. Hvernig virkar atvinnulíf? Af hverju ekki að kenna öllu þessu fólki sem núna vill útskrifast sem stúdentar í tvo vetur, tvo tíma á viku um möguleika í atvinnulífi, segja því hverjir möguleikarnir eru, hvað þarf að varast, hverjir eru hagir eigendanna, hverjir eru hagir verkamannanna og hvaða möguleikar eru fyrir hendi? Ég held að það komi virkilega til greina að kenna þetta í skólakerfi landsins. Þetta eru menn líka að hugsa um t. d. í útlöndum þar sem menn byrja ekki á því að stofna kompaníið sem á að taka við fólkinu heldur byrja á því að reyna að „mótivera", reyna að hvetja fólkið. Þannig hlýtur þetta að gerast.

Það verður að huga að uppsprettunni. Það hafa verið að gerast nokkuð merkilegir hlutir í þessum efnum, kannske víðast annars staðar en á Íslandi á undanförnum árum eins og ég vék að áðan, þar sem hefur verið virk þjónusta og virk starfsemi af hálfu opinberra aðila í langan tíma í mörgum löndum til að hvetja og upplýsa á þann hátt sem ég lýsti áðan. Við getum séð um það ýmis dæmi. Ég er t. d. hérna með einn lítinn bækling sem er gefinn út af bresku ríkisstjórninni og heitir: A big help to small business. Þetta er bæklingur sem dreift er um landið og lýsir þeirri almennu þjónustu sem fólk getur átt aðgang að. Ég á úti á skrifstofu minni bæklinga um tiltekin verkefni, t. d. upplýsingar um hvert þú getur farið ef þig vantar pening. Ef þú ætlar að sækja um peninga til bankastjóra, hvað þarftu að gera? Hvernig útbýrðu fjárhagsáætlun fyrir bankastjóra eða framkvæmdastofnunarstjórn sem þú ætlast til að trúi því sem þú ert að fara fram á og styrki þig og styðji þig? Hvernig hegðar þú þér ef þú ert kominn með góða hugmynd og vilt fá einkaleyfi á henni? Þú átt að geta gengið að þessum upplýsingum í aðgengilegu formi og fengið aðstoð. Um það snúast þessi mál. Þegar menn hafa gengnið í gegnum allt þetta, þá eru þeir kannske tilbúnir til að leita á náðir hlutafélags til að örva nýsköpun í atvinnulífi, svo að notuð séu orð sem eru hér.

Það sem hefur verið að gerast í þessu í kringum okkur á undanförnum árum er sívaxandi áhersla á frumkvöðla, á einstaklinga, á fólk. Menn hafa sagt: Á þessu byggist þetta allt saman. Þetta er ekki spurning um kompaní, þetta er spurning um fólk. Það er hægt að finna gífurlegt magn af upplýsingum um það hvernig hugmyndir menn hafa um aðstæður sem eiga að hvetja fólk til átaka.

Ég tók hingað með mér að gamni mínu ljósrit úr blaðinu Economist, eintaki sem kom út 16. febrúar s. l. Þar er grein sem einn af ritstjórum ritsins skrifar, Norman Macrae. Þar eru 25 hugmyndir um það hvernig hægt sé að styðja fólk og frumkvæði þeirra á þennan hátt. Það er athyglisvert að inngangurinn að þessari tillögugerð og fyrsta till. varða smáfyrirtæki. Þá kemur að því sem ég kem inn á í nál. mínu, því sem mér finnst vera skortur á, stefnumörkun um hlutverk þessa nýsköpunarkompanís. Á það að stofna þrjú fiskeldisfyrirtæki á ári eða 300 lítil fyrirtæki?

Fyrsta atriðið í upptalningu ritstjórans er um smáfyrirtæki.

Við Bandalagsmenn lögðum hérna inn á þing í vetur till. til þál. um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Nú stendur til að afgreiða þá till. með þeirri rökstuddu dagskrá að í trausti þess að ríkisstj. hafi uppi markvissar aðgerðir til eflingar íslensku atvinnulífi, þ. á m. til stofnunar og rekstrar smáfyrirtækja, þá sjái Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og taki fyrir næsta mál á dagskrá.

Það er mikið vitnað til þess að menn treysti nú á að ríkisstj. geri hitt og þetta. Síðast í dag gengu menn hingað hver á fætur öðrum upp í ræðustól og lýstu skoðunum sínum og greiddu síðan atkvæði án þess að hugur fylgdi máli en gerðu það þó í trausti þess að ríkisstj. ætlaði að halda uppi ákveðnum atriðum. Ég treysti þessari ríkisstj. ekki nokkurn skapaðan hlut til þess að gera þessa góðu hluti. Það hefur tekið þessa ríkisstj. tvö ár að „pródúsera" þetta plagg um þetta þróunarkompaní og það er í fyrsta lagi allt of seint og allt of lítið. Ef hún væri traustsins verð hefði hún notað þessi tvö ár til þess að undirbyggja, til þess að fá fram þann áhuga og þá hvatningu sem er nauðsynleg til þess að einhver nenni að leita í svona þróunarkompaní, eins og ég sagði áðan. En þeir reikna greinilega ekki með því að nokkur hafi áhuga á því vegna þess að þeir hafa lagt til að það þurfi engan til þess að stofna það nema ríkið sjálft og þeir eiga ekki von á neinum aðilum sem sýni þessu máli áhuga.

En í þessari þáltill. er að mínu mati vikið að þeim hlutum sem skipta máli ef menn vilja virkilega hugsa um það að efla atvinnulíf. Það gleður mig að einn af ritstjórum Economist skuli vera okkur Bandalagsmönnum sammála um það. Við verðum að ganga þarna út frá ákveðnum atriðum. Við verðum að koma upp þeirri trú og þeirri sannfæringu að rekstur smáfyrirtækja á Íslandi sé einhvers virði. Við verðum að koma upp því andrúmslofti að jafnvel þó að mönnum líðist ekki allt stóriðjuæðið í nafni smáfyrirtækjarekstrar þá örli samt sem áður á þeirri sannfæringu og menn trúi því alla vega að rétt sé að gefa því umhugsun að það eigi að breyta um stefnu. Við verðum smám saman að byggja upp þá sannfæringu að atvinnukosta sé að leita í öðru en stórverksmiðjum, hvort sem það eru kísilmálmverksmiðjur, álverksmiðjur eða hvað sem er.

Þegar menn velta fyrir sér og skoða t. d. hvað er að gerast í þessum málum í kringum okkur kemur í ljós að

stóriðjurekstur er víða í hinum vestrænu samfélögum, sem við viljum bera okkur við um lífshætti og aðbúnað allan, á útleið. Þetta eru atvinnuhættir gærdagsins, þetta er eins konar Árbæjarsafn. Ef við ætlum að halda áfram á þessu stóriðjufylliríi lengi enn verður sú upplifun miklu sárari þegar að henni kemur að okkur hefur þrátt fyrir allt ekki tekist það, sem við ætluðum okkur og menn eru búnir að tala um í 17. júní-ræðunum í öll þessi ár, að renna nýjum stoðum undir efnahagslífið og veita fleira fólki atvinnu.

Rannsóknir, sem farið hafa fram í vestrænum löndum, sýna svo að ekki verður um villst að það eru smáfyrirtæki sem hafa alls staðar staðið fyrir aukningu atvinnutækifæra og nýrri atvinnusókn. Ég ætla að nefna nokkrar. Það var gerð rannsókn í OECD-löndunum á árunum 1977 og 1978. Hún bendir til þess að smáfyrirtæki hafi lagt til 40—70% af allri atvinnu í iðnaði. Við eigum tölur t. d. frá Bandaríkjunum, frá rannsókn sem gerð var við tækniháskólann í Massachusetts á bandarískum fyrirtækjum fyrir tímabilið 1969—1976. Þessi rannsókn sýndi að næstum ⅔ hlutar allra nýrra starfa mynduðust hjá fyrirtækjum sem höfðu 20 starfsmenn eða færri.

Þriðja rannsóknin, sem ég get vitnað í, er rannsókn sem bandaríska viðskrn. gerði. Þar var bandarískum fyrirtækjum skipt niður í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru gömul rótgróin fyrirtæki. Í öðrum hópnum voru fyrirtæki sem höfðu fylgst vel með tímanum og sýnt góð merki nýsköpunar. Í þriðja hópnum voru ný fyrirtæki í svokölluðum nýtæknigreinum, svo sem rafeindaiðnaði, upplýsingaiðnaði og þess háttar. Vöxtur í sölu og atvinnu á árunum 1969—1974 hjá þessum fyrirtækjum var mældur. Gömlu grónu fyrirtækin sýndu einungis 1% fjölgun á störfum, framsýnu fyrirtækin í öðrum flokki höfðu þó 4.3%, en aukning á störfum í nýtæknifyrirtækjunum, litlu fyrirtækjunum, var upp á 41%. Sölutölur gáfu mjög svipaða niðurstöðu. Gömlu grónu fyrirtækin juku sölu um 11.4%, fyrirtækin í öðrum flokki juku sölu um 13.2%, en nýju smáfyrirtækin sýndu 43% vöxt í sölu.

Það eru svona upplýsingar sem við eigum að taka mark á vegna þess að við erum á sama róli og þetta fólk í kringum okkur. Við búum í sama heimi og það verða með hverju árinu sem líður minni og minni skil, við verðum þeim sífellt háðari og háðari, með auknum samgöngum, með auknum samtengingum af ýmsu tagi. Við eigum að horfa á þessa hluti. Okkur ríður á að verða svo þolinmóð gagnvart smáfyrirtækjarekstri á næstu misserum, segi ég, að við líðum þeim sem að þeirri hvatningu standa jafnvel að tapa 20—30 millj., bara broti af því sem dagpeningarnir, kísilmálmurinn og allt það hefur kostað. Við líðum þeim að tapa þó ekki sé nema broti af því í aðstoð og athuganir og prufukeyrslur á nýjum hlutum fyrir smáfyrirtæki. Við verðum að gefa þeim séns.

Ég hef fylgst með framgangi ákveðinna hluta í sambandi við rannsóknir í líftækni hérna á Íslandi. Það hefur verið alveg grátlegt að horfa upp á að á sama tíma og upplýsingarnar hafa borist um það hvernig peningarnir streyma næstum óaflátanlega inn í Versali stóriðjunnar hafa þessir menn þurft að kreista blóðið undan nöglunum á ráðamönnum t. d. bara til þess að fá peninga til þess að gefa út einn lítinn bækling með upplýsingum um það sem þeir eru að gera. Þeir peningar eru ekki taldir í tugum milljóna. Þeir eru ekki einu sinni taldir í milljónum. Menn spyrja hvort þeir geti ekki fengið einhverja tugi þúsunda.

Ég er ekki að biðja um bruðl í nýsköpun og stofnun nýrra fyrirtækja. Ég er bara að biðja um það að þeim sé gefinn séns. Og meira en það að þeim sé gefinn séns. Ég er að segja: Við eigum að taka upp virka stefnu til hvatningar í þessu. Við eigum helst að hafa það svo öflugt að menn brenni í skinninu að komast í þetta, alveg eins og menn brenna í skinninu víða að komast í stóriðjubransann. Við eigum að reka svo öfluga upplýsinga- og áróðursstarfsemi að það komi bréf frá samböndum sveitarfélaga eða einstökum sýslunefndum eða sveitastjórnum úti á landi, ekki til þess að kvarta yfir því að það sé ekki komið upp stóriðju á staðnum án tillits til hagkvæmni, heldur að þeir leggi áherslu á frumkvæðisskyldu ríkisvaldsins til þess að ýta af stað þessari nýju iðju. Það er það eina sem getur bjargað okkur í þessu.

Það er meira en peningarnir í þessu. Það er líka spurningin hvers konar umhverfi við erum að skapa fyrir framtíðina. Erum við enn þá sömu trúar og Einar Ben. að Íslendingar muni verða hamingjusamir stóriðjuþrælar? Við erum það ekki. Þó að Einar Ben. hafi staðið á bökkum Tínar og talið að verkamennirnir þar væru sælastir í þessum kolabrunnu maskínum og þessum stóru og stórvirku iðnfyrirtækjum þess tíma, þó að hann hafi haldið að það væri upphaf hamingjunnar þá vitum við að það er ekki. Við vitum líka að þess háttar iðja er á leiðinni út. Menn þykjast heppnir ef þeir koma henni fyrir í Nígeríu eða einhvers staðar þar fyrir sunnan. Það fækkar sífellt þeim sem vilja taka við þessum fabrikkum.

Reynslan sýnir að það er í allt annars konar atvinnurekstri, það er í þessum litlu nýfyrirtækjum sem fólk vill vinna. Það er af ýmsum ástæðum. Það er t. d. vegna þess að félagslegar aðstæður á staðnum eru fólki miklu geðþekkari, það myndast allt önnur samskipti meðal starfsfólks og milli starfsfólks og eigenda. Gjarnan eru engin skil á milli starfsfólks og eigenda. Hin nýju rekstrarform, sem sækja á og t. d. er hvatt og stutt við í Bretlandi, ganga út frá því að það eigi þetta allir saman. Það er annað sem gerist, að stjórnun innan slíkra fyrirtækja er líka miklu markvissari og miklu geðþekkari. Það myndast ekki þessi skörpu skil milli yfirmanna og undirmanna. Það eru ekki þessi aðskildu bílastæði þar sem limosínurnar eru öðrum megin og reiðhjólin og smábílarnir hinum megin. Það myndast ekki þessi skil þar sem rjóminn af mannskapnum fer í sérstakan borðsal og borðar þríréttað og skríllinn fær skammtað í blikkdollur og hefur ekki um neitt að velja. Fólk er að hafna þessum gömlu siðum.

Það er annað sem gerist. Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að fólk flytur sig frá stórfyrirtækjunum til smáfyrirtækjanna vegna þess að þar er andrúmsloft þeirrar hvatningar sem ég hef verið að tala um að vantaði hérna. Fólk streymir frá stóru kompaníunum og í hin minni t. d. vegna þess að þar eru launakjör yfirleitt betri. Það kveður meira að segja svo rammt að þessu að fyrirtæki, sem voru orðin stór, eins og Hewlett Packard í Ameríku, og ýmissa aðstæðna vegna eiga ekki auðvelt með að verða smá, fara að kljúfa sig upp innan frá. Þau neyta allra bragða við að mynda lítil fyrirtæki, sjálfstæðar einingar innan hins stóra ramma sem fyrirtækin óumflýjanlega eru. Þetta er hinn nýi siður og þetta er

það andrúmsloft sem býr til fólk sem leitar að þróunarkompaníi eins og ríkisstjórnin er að tala um hérna. En það þýðir ekkert að stökkva fram með þróunarkompaníið og segja: Komið þið, komið þið. Það kemur enginn, eins og ríkisstj. hefur reyndar viðurkennt, vegna þess að það vantar réttar aðstæður, það vantar hvatningu.

Það er til vísir að svona hugmyndafræði hér og það verður að segja að þess vísis er í flestum tilfellum að leita hjá einkaaðilum, þ. e. að það eru félög, eins og t. d. Stjórnunarfélagið og ýmis slík félög og reyndar nú orðið ýmis fyrirtæki, sem bjóða upp á kennslu, upplýsingar og fræðslu í þessum efnum og hafa þannig farið á undan. Það hefur líka verið gert lofsvert framtak á ýmsum stöðum á landinu, t. d. með því að stofna iðnþróunarfélög og með því að koma upp stöðum iðnráðgjafa. En þetta er ekki nema brot af því sem þarf.

Það sem þarf að gera er að það þarf að reka fyrir þessu áróður, sannfæra stjórnmálamenn, embættismenn og almenning allan um þessa nýju siði. Þá er kannske von til þess að eitthvað geti gerst. Þessi fræðsla á að byrja í skólunum. Þar á að kenna krökkunum um það hvernig fyrirtæki eru rekin — **(Gripið fram í:** Á að kenna þeim um það?) Það á að uppfræða þau um rekstur fyrirtækja. Ég veit um slík námskeið, sem hafa verið haldin í skólum, þar sem nemendur hafa það fyrir verkefni einn vetur að reka svona fyrirtæki á tölvu. Þau prenta inn sínar aðgerðir að deginum, síðan er prógramm í gangi sem spilar á móti þeim og lætur verðið á framleiðslunni falla, lætur alls konar hluti gerast. Þau koma sem sagt að nýjum aðstæðum í þessu ímyndaða fyrirtæki sínu morguninn eftir og reyna að reka þetta fyrirtæki eftir því sem þau geta í þessa mánuði sem kúrsinn stendur. Kannske fara þau á hausinn. En það er líka allt í lagi. Það er nefnilega með atvinnurekstur eins og lífið allt að hann gengur ekki allur upp. Maður verður þá líka að sætta sig við að hann fari á hausinn. Það er kannske eitt af því sem menn hafa átt erfiðast með að sætta sig við hérlendis.

Ég sé t. d. í þessum bresku upplýsingum að þar segja menn að það sé bara bærilegt ef þriðjungur af þeim fyrirtækjum, sem stutt er við til að komist á fót, sleppur næstu eitt, tvö árin. Þeir segja líka: Við reiknum ekki með að nema kannske 1% af þessum fyrirtækjum lifi lengur en í þrjú, fjögur ár vegna þess að það sem er kannske galdurinn í sambandi við þennan atvinnurekstur er að koma auga á möguleikana á meðan þeir eru, nýta þá meðan þeir eru en vera síðan ekkert að streitast við heldur loka sjoppunni þegar þessir möguleikar eru úti.

Það kemur kannske yfir landslýðinn að vilja éta sultu í eitt, tvö, þrjú ár. Það á að framleiða sultu fyrir fólkið en það á ekki endilega að þýða að sá sem stofnar fabrikkuna finni sig knúinn af fjölskyldunni til þess að reka sultuverksmiðju allt sitt líf. Hann framleiðir sultu og hann selur sultu á meðan þjóðin vill éta sultu. Svo getur hann þess vegna farið í að selja snjódekk eða eitthvað svoleiðis ef einhver vill kaupa þau.

Það sem ég er að tala um er nýr hugsunarháttur. Það á alls ekki að vera skömm að því að fara á hausinn. Mér finnst að það ætti jafnvel að byrja á því að sæma menn heiðursmerki fyrir það að fara á hausinn. Þá á ég við: Við verðum að losa fólk við þessa hræðilegu skömm, þessa sektarkennd, að fara á hausinn. Það að fara á hausinn eftir rekstur sem hefur kannske staðið í þrjú, fjögur ár er oftast eðlileg afleiðing af því að þær kringumstæður í samfélaginu, sem voru fyrir hendi í upphafi, eru ekki lengur fyrir hendi. Þá eiga menn ekkert að vera að þrjóskast við.

Allt saman eru þetta að mínu mati aðalatriði, þ. e. þessi innstilling. Ég veit ekki af hverju við erum svona aftarlega á merinni í þessu en við þurfum ekki að leita neinna sérstakra heimspekilegra útskýringa á því. Við þurfum bara að átta okkur á því og við þurfum að móta stefnu. Þörf er á fræðandi aðgerðum. Fyrir utan það að gefa þessa almennu innstillingu og vekja þennan almenna áhuga á því að taka þátt í atvinnulífi þarf svo að standa til boða ýmiss konar sérfræðiþjónusta. Þá á ég t. d. við upplýsingar um lögfræðileg atriði sem lúta að stofnun og rekstri smáfyrirtækja. Það eru upplýsingar um fjármál, eins og ég benti á áðan. Það eiga að vera til á einum stað, í einni bók og einu tölvuprógrammi, upplýsingar um það hvert hægt sé að leita til þess að fá þening, hvernig maður eigi að útbúa umsóknir, hvernig menn geri markaðsathuganir og hagkvæmnisathuganir eða hvert menn geti leitað til að fá aðstoð við að gera þær. Allt saman þarf þetta að vera í sambandi við fjármálin.

Það á líka að taka á markaðsmálum og sölumennsku. Það er alveg ótrúlegt að þangað til fyrir um tveimur árum hefur enginn á Íslandi þorað að viðurkenna að hann sé sölumaður. Ég þekki mann sem barðist við að kalla sig verslunarmann en ekki sölumann heila ævi. Það er ekki fyrr en hann komst á eftirlaun og er næstum á áttræðisaldri að hann er að upplifa það að nú er kannske allt í lagi, samfélagið lætur gott heita að hann hafi verið sölumaður. Verslunarmaður skyldi það vera vegna þess að ekki vildi hann gera fólkinu sínu þá skömm að hann væri sölumaður, ómerkilegur kaupahéðinn. Hvað hefur þetta haft í för með sér? Þetta hefur haft það í för með sér að við eigum enga sölumenn, við getum talið þá á fingrum annarrar handar.

Mér fannst góð saga sem Þráinn Þorvaldsson sagði á fundi þar sem ég var um daginn. Hann kom upp í Háskóla þar sem hann var að kenna viðskiptafræðinemum sem höfðu valið sér sérsviðið sölumennsku og spurði þessa nemendur: Hvað ætlið þið að verða þegar þið verðið stórir eða í hvaða grein viðskiptafræðinnar ætlið þið að fara? Þeir sögðu allir: Við ætlum að fara í fjármálastjórn. — Þeir höfðu valið sér sölumennsku sem sérsvið en það ætlaði ekki nokkur maður í það. Það kom ekki nokkrum til hugar að það gæti verið mannsæmandi eða sæmilega virðulegt að vera sölumaður í þessu lífi. Að því þurfum við líka að hyggja. Eins og ég segi er um tvennt að ræða: í fyrsta lagi breytingu á hugsunarhætti, þetta er breyting á innstillingu og svo eru það þessar virku aðgerðir, þessi upplýsingamiðlun sem verður að vera.

Ég get haldið áfram að telja þetta upp. Það eru t. d. upplýsingar í sambandi við vöruþróun. Hvernig á maður að standa að svona hlutum? Það eru t. d. leiðbeiningar við stjórnun. Hvernig á ég að stjórna svona fyrirtæki, eða hvar get ég fengið upplýsingar um hvernig ég á að stjórna svona fyrirtæki? Allar slíkar upplýsingar er hægt að gefa á fjöldamargan máta. Í fyrsta lagi á að búa til fræðsluefni fyrir fjölmiðla. Ég veit t. d. að BBC, breska sjónvarpið, hefur búið til þætti til flutnings í útvarpi og sjónvarpi einmitt um þessi mál. Hvernig verð ég „entrepreneur", hvernig verð ég

frumkvöðull? Hvernig eru frumkvöðlar? Og hvað gera þeir? Íslenskir aðilar ættu hreinlega að leita að svona efni, þetta er til út um allan heim. Þeir eiga að leita að þessu efni og þeir eiga að byrja að sýna þetta hérna. Það er hægt að gefa út handbækur eins og ég hef minnst á hérna.

Svo er það námskeiðahaldið. Það er talsvert haldið af námskeiðum núna og það er gott svo langt sem það nær. Ég veit t. d. að suður í Keflavík er áhugasamur iðnráðgjafi sem hefur tekist að ná í 20 — 30 manns á slík námskeið, alla vega „en gang í mellem". En þetta þarf að vera miklu virkara vegna þess að þegar búið er að hvetja, þegar búið er að örva fólkið á þennan hátt, þá kemur það í þróunarfélagið og segir: Nú er ég hérna með hugmynd, hún er útfærð, ég hef markað, ég hef þetta og þetta og hjálpið þið okkur nú.

Það vantar t. d. einhvers konar tæknismiðju. Ég þekki íslenskan hugvitsmann sem fær ágætar hugmyndir. En í hvert skipti sem hann fær hugmynd verður hann að fara til útlanda. Þetta er hræðileg áþján á hans fjölskyldu vegna þess að ef pabbi fær hugmynd þá fer hann út. Hann fer til Danmerkur. Þar er einhver entrepreneur og þar fær hann inngöngu. Þar getur hann gengið inn og lagt þessar hugmyndir fyrir. Hann fær aðstoð við að teikna og síðan er smíðað eftir teikningunni líkan eða hugmyndin er könnuð. En það að fá góða hugmynd hérna þýðir að þú labbar niður í Flugleiðir og kaupir þér farmiða til útlanda. Þessu hljótum við að þurfa að breyta. Það endar með því að menn óttast það á hverjum einasta degi að þeir fái góða hugmynd þannig að þeir lendi í útlöndum, hvort sem þeir hafa efni á því eða ekki, vegna þess að það er annað sem drífur svona menn og það er fullvissan um að þeir séu að gera góða hluti og þeir láta jafnvel eigin lífshagi og fjölskyldunnar og allt sitja á hakanum til þess að koma þessu áfram.

(**Forseti:** Ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann eigi miklu ólokið af ræðu sinni.) Ég á talsvert miklu ólokið, já. Ég á eftir að fara í ræðu og tillögur Normans Macrae sem eru í Economist, 25 tillögur. (**Forseti:** Þá vildi ég gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki ásáttur með að hætta nú. Enn eru fjórir hv. þm. á mælendaskrá fyrir utan hann, þannig að útséð er að málinu verður ekki lokið.) Jú, ég er fús að taka þetta mál upp aftur og þá vænti ég að þetta verði á fundi á morgun. (**Forseti:** Já, ég hygg að það megi treysta því að það verði á fundi á morgun.)

Umr. frestað.

Efri deild, 90. fundur.

Fimmtudaginn 6. júní, kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 74. mál (þskj. 1080). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1164).

Tónlistarskólar, frv. 478. mál (þskj. 1047 (sbr. 837). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1165).

Stjórn efnahagsmála, frv. 216. mál (þskj. 259, n. 1113). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Við umr. hér í gær drap ég aðeins á þetta mál sem er um hreingerningu á lögum nr. 13/1979, svokölluðum Ólafslögum. Það hefur nú þegar verið ákveðið að mæla með því hér og samþykkt hér í deildinni að afnema VIII. kafla laganna, það var gert með sérstöku frv., og síðan í gær var gengið út frá því við afgreiðslu frv. um fjárlagagerð o. fl. að III. og IV. kafli laganna yrðu numdir úr gildi.

Ég hafði flutt snemma á þinginu till. um að lögin í heild yrðu afnumin, en þau einstöku ákvæði sem þar er að finna og kynnu að þurfa að vera áfram í lögum yrðu felld inn í lög á réttum stöðum. Þetta hefur síðan verið í athugun í nefndinni. Öll þessi þrjú mál um þessi gömlu lög hafa verið þar rædd og niðurstaðan hefur orðið sú að nefndin sameinast um að vísa máli þessu til ríkisstj.

Hæstv. forsrh. hefur tjáð mér að þegar sé ákveðið að undirbúa slíka hreinsun á þessari lagasmíð og hugmyndin sé að leggja það mál fyrir Alþingi á komandi hausti. Hann hafði að vísu talað um það að hugsanlega yrði hann við þessa umr. og mundi þá gefa þessa yfirlýsingu, en ég tel það út af fyrir sig ekki skipta meginmáli úr því að hæstv. ráðh. er ekki hér. Hann hefur sagt þetta við mig og ég efast ekki um að svo sé. Og í trausti þess er nefndin sammála um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1113, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 11 shlj. atkv.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 1126). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, frv. 351. mál (þskj. 561). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Skráning skipa, frv. 527. mál (þskj. 1114). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er lagt fram er um breytingu á lögum um skráningu skipa. Á undanförnum árum hefur mjög færst í vöxt að skipastóll íslensku skipafélaganna hafi verið endurnýjaðar með leigu á skipum, svokallaðri þurrleigu og kaupleigu.

Með svokölluðum þurrleigusamningi er átt við leigu á skipi þar sem leigutaki leigir skip til ákveðins tíma, mannar skipið, greiðir síðan allan rekstrarkostnað og ber ábyrgð á skipinu að öðru leyti, bæði hvað snertir tryggingar, viðhald og annan rekstur. Þessi skip hafa verið leigð með kauprétti en fjárhagsleg skuldbinding leigutaka takmarkast við leiguna á leigutímabilinu.

Skv. lögum um skráningu skipa er óheimilt að skrá skip hér á landi nema það sé í eigu innlends aðila þar sem a. m. k. 3/5 hlutafjár eru í eign íslenskra aðila. Skip sem er í eigu erlendra aðila en í leigu hjá íslenskum útgerðarfélögum skv. samningi eru því skráð erlendis.

Við framlagningu þessa frv. er höfð hliðsjón af ákvæðum laga um loftferðir og skráningu loftfara. Skv. þeim lögum er unnt að skrá hér á landi flugvélar, sem ekki eru í eigu íslenskra aðila, með sérstöku leyfi samgrh.

Skiparekstur er á sama hátt og flugrekstur fjármagnsfrekur og nauðsynlegt að skapa skipafélögunum meiri möguleika varðandi fjármögnun og leigu skipa. Því taldi rn. rétt að leggja þetta frv. fram. Í því felst einnig aukinn réttur fyrir íslenska farmenn. Hins vegar legg ég ekkert kapp á það að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi nema hv. þd. vilji það, því það er svo seint fram komið. En þó svo fari að það verði ekki afgreitt þá hefur það verið lagt fram til þess að sýna það hér og jafnframt hvað að baki því liggur að þetta frv. er flutt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 85. fundur.

Fimmtudaginn 6. júní, kl. 2 miðdegis.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 429. mál (þskj. 714). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um verslun ríkisins með áfengi á þskj. 714 eins og það kemur frá Ed., frá fyrri deild, með þeim breytingum sem kynntar eru á þskj. 1128.

Af frv. því sem ég mæli hér fyrir leiðir að einkaréttur ríkisins til innflutnings og sölu á tóbaki og eldspýtum skv. lögum nr. 63 frá 1969 verður afnuminn hinn 1. janúar 1986 nái það fram að ganga. Nú eru liðin 53 ár síðan ríkið öðlaðist einkarétt til innflutnings og sölu á tóbaki og um 50 ár síðan það öðlaðist þennan sama rétt varðandi eldspýtur. Reyndar hafði ríkið áður einkasölurétt á tóbaki. Það var á árunum 1922—1926. Einkasölumálin voru nokkuð umdeild á sínum tíma. Sést það best á því að einkasölurétturinn var afnuminn strax fjórum árum eftir að ríkið öðlaðist hann í fyrsta sinn, en síðan endurvakinn sex árum síðar, árið 1932.

Sjónarmiðin sem fyrst og fremst bjuggu að baki einkasölufyrirkomulaginu á tóbaki og eldspýtum eru þau að með því væri ríkinu tryggður áreiðanlegur tekjustofn sem gefa ætti af sér allverulegar tekjur í formi einkasölugjalda. Þetta var á kreppuárunum og með þessu var m. a. stefnt að því að skapa nokkurt svigrúm til þess að draga úr hækkun neysluskatta á ýmsar nauðsynjavörur. Þó að tekjuöflunarþátturinn hafi vegið langþyngst í rökstuðningi fyrir einkasöluréttinum kom fleira til, svo sem von var um, hagstæðari innkaup en ella auk þess sem auðveldara var talið með þessu móti að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning.

Telja verður löngu tímabært í ljósi þeirrar viðamiklu breytingar og þróunar sem átt hefur sér stað í innflutningsverslunar- og skattamálum hérlendis s. l. hálfa öld að endurskoða það ákvæði laga er kveður á um einkarétt ríkisins til innflutnings og verslunar með tóbak og eldspýtur.

Fyrst af öllu má í þessu sambandi benda á þá staðreynd að sömu tekna og ríkissjóður hefur nú af einkasölugjöldum af þessum vörum má afla með mun auðveldari og ódýrari hætti en þeim að áskilja ríkinu umræddan einkasölurétt. Tekna þessara má við núverandi aðstæður einfaldlega afla við innflutning með innflutningsgjöldum eða framleiðslugjöldum eigi framleiðsla þessarar vöru sér stað innanlands.

Í annan stað má benda á að óeðlilegt og óæskilegt er að ríkið sé að vasast í rekstri sem augljóst er að einkaaðilar eru fullfærir um að leysa af hendi.

Í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstj. er m. a. að finna fyrirheit um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er þörf. Þetta frv. er dæmi um þá alvöru sem að baki því fyrirheiti býr. Að mínu mati er tóbakseinkasala í raun skýrt dæmi um rekstur sem betur er borgið í höndum einkaaðila í frjálsri samkeppni. Menn verða í þessu sambandi að átta sig á því að ÁTVR hefur ekki umboð fyrir eina einustu tegund tóbaks sem hún flytur inn og selur. Umboðin eru öll í höndum einstaklinga eða fyrirtækja sem fá sín umboðslaun þó svo að þau þurfi tiltölulega litlu til að kosta vegna þeirrar umsýslu.

Þá kannast flestir við þá gagnrýni, sem oft hefur heyrst, hve erfitt sé að koma nýjum tóbakstegundum á markaðinn hérlendis vegna einkasölufyrirkomulagsins. Í þessu efni stangast oftast á hagsmunir viðkomandi umboðsmanns, sem vill koma nýrri tegund tóbaks á markaðinn, og ÁTVR sem hefur augljóslega hagsmuni af því að tegundaúrvalið sé í lágmarki til þess að kostnaður sé sem minnstur.

Margir hafa orðið til þess að benda á hið óeðlilega vald og möguleika sem ÁTVR hefur til að mismuna aðilum í þessum efnum. Síðastur manna mun ég væna

starfsmenn ÁTVR um annarleg sjónarmið í þessu efni. Starf þeirra er mjög vandasamt og allt annað en öfundsvert. Þvert á móti tel ég að miðað við aðstæður hafi þeim tekist að finna málum þessum farsælan farveg. Engu að síður verður því ekki á móti mælt að einkasölufyrirkomulagið verður ætíð mjög auðvelt að gagnrýna að þessu leyti, þ. e. að það bjóði heim hættunni á mismunun milli aðila.

Þá tel ég vert að benda á annað atriði til sönnunar því að reynslan sýni svo ekki verði um villst að opinber rekstur er óhagkvæmari en einkarekstur. Hér á ég við það hvernig staðið var að verðlagningu á tóbaki og reyndar einnig áfengi a. m. k. undanfarna tvo áratugi og e. t. v. lengur. Verðstefna fól það í sér að smásöluverð á tóbaki var á þessum tíma nær ætíð ákvarðað það sama eða mjög svipað á sömu tegundum tóbaks. Við ákvörðun verðsins var m. ö. o. ekki tekið nauðsynlegt tillit til innkaupsverðs á hverri tegund fyrir sig á hverjum tíma og þeirra þátta sem áhrif kunna að hafa, svo sem breytinga á gengi. Hækkanir útsöluverðs á liðnum árum hafa því í langflestum tilvikum átt rætur sínar að rekja til hækkunar einkasölugjalds en ekki jafnframt til breytinga sem átt hafa sér stað á kostnaðarverði vörunnar. Þá var hækkun einkasölugjaldsins oftast nær ákveðin hlutfallslega sú sama á allar tegundir tóbaks. Fyrir gat komið að tóbak sem var tiltölulega ódýrt í innkaupi væri selt á sama eða svipuðu verði og sambærilegt tóbak sem var dýrt í innkaupi. Þetta fyrirkomulag við ákvörðun smásöluverðsins hafði þannig í raun í för með sér að hvorki framleiðendur tóbaks né umboðsmenn þeirra hérlendis sáu sér hag í því að halda innflutningsverðinu sem lægstu, því að lágt innkaupsverð hafði lítil sem engin áhrif á smásöluverð þar sem verðið ákvarðaðist fremur af tegundinni en innkaupsverði. Hátt innkaupsverð leiddi þannig einungis til hærri tekna ríkissjóðs í formi einkasölugjalds en alls ekki til sterkari stöðu markaðanna. Þessi verðstefna tryggði m. ö. o. hag ýmissa framleiðsluaðila sem seldu hingað tóbak á lítt samkeppnisfæru verði á kostnað ríkissjóðs. Í frjálsri samkeppni hefðu dæmi af þessu tagi aldrei komið upp.

Fljótlega eftir að ég tók við embætti fjmrh. beitti ég mér fyrir endurskoðun á þeim reglum sem áður giltu í þessum efnum. Á grundvelli hennar var nýjum verðlagningarreglum hrundið í framkvæmd fyrir rúmu ári síðan. Meginmarkmið hinnar nýju verðlagningarstefnu er, eins og margir hafa e. t. v. rekið sig á, að láta innkaupsverðið endurspeglast að fullu í smásöluverði án þess þó að rýra tekjur ríkissjóðs af einkasölugjaldinu. Hinar nýju reglur hafa þegar leitt til þess að samkeppni ríkir nú a. m. k. meðal framleiðenda og umboðsmanna þeirra sem ríkissjóður nýtur góðs af í verulegum mæli. Þessum reglum er nánar lýst í grg. með frv. því til laga um tóbaksgjöld sem lagt er fram hér á Alþingi samhliða þessu frv.

Að því er varðar eftirlit með innflutningi og sölu þessarar vöru má vekja athygli á því að það verður síst lakara en áður, einkum eftir að ákvæði reglugerðar um viðvörunarmerkingar á tóbaki taka gildi, en það mun eiga sér stað 1. júlí n. k.

Eins og áður segir felur frv. í sér, verði það að lögum, að einkaréttur ríkisins til verslunar með eldspýtur fellur niður frá sama tíma. Rétt er að það komi fram að eiginlegt einkasölugjald er ekki lagt á eldspýtur, heldur hafa tekjurnar fyrst og fremst stafað af 70% tolli og tiltölulega lágri heildsöluálagningu. Telja verður fremur ankannalegt að ríkið skuli hafa einkarétt til verslunar með eldspýtur en t. d. ekki vindlingakveikjara. Hér skortir samræmi í hlutina.

Í frv. til laga um gjöld af tóbaksvörum, sem flutt er samhliða frv. þessu, er gerð grein fyrir því að nettótekjur ríkissjóðs muni ekki rýrna við afnám tóbakseinkasölunnar. Gjöld af tóbaksvörum breytast einungis úr einkasölugjaldi og sölugjaldi í tóbaksgjald og vörugjald sem verða innheimt við tollafgreiðslu eða með sama hætti og vörugjald af innfluttri framleiðslu, verði um hana að ræða. Ekki er talin ástæða til að breyta gjaldtöku af eldspýtum vegna þessara breytinga, en eins og áður segir er nú innheimtur 70% tollur af þeim innflutningi auk þess sem þær eru söluskattsskyldar.

Eins og kunnugt er á sér stað verðjöfnun á tóbaki. Verði frv. þetta að lögum fellur hún niður enda verður ekki séð hvaða sjónarmið réttlæta verðjöfnun á tóbaki umfram aðrar vörur, þ. á m. ýmsar nauðsynjavörur.

Í kjölfar frjálsrar verslunar með tóbak er ljóst að tóbaksdeild ÁTVR verður lögð niður að öðru leyti en því að ekki er fyrirhugað a. m. k. fyrst um sinn að leggja niður neftóbaksframleiðslu hennar. Gera má ráð fyrir a. m. k. átta stöður í tóbaksdeild verði lagðar niður. Þá hlýtur þessi breyting að leiða til fækkunar starfsmanna á aðalskrifstofu, enda á skrifstofukostnaður ÁTVR í verulegum mæli rætur sínar að rekja til tóbakssölunnar. Benda má á í þessu sambandi að dreifingaraðilar tóbaks í smásölu skipta hundruðum andstætt því sem gildir um áfengi.

Þá er rétt að það komi fram hér að áformað er að leggja niður starfsemi iðnaðardeildar ÁTVR að svo miklu leyti sem um er að ræða framleiðslu sem öðrum en ríkinu er ekki beinlínis bannað að stunda. Hér er m. a. um að ræða framleiðslu kökudropa og neftóbaksgerð ef frv. þetta nær fram að ganga. Verið er að kanna hvort mögulegt sé að koma þessari starfsemi fyrir á vernduðum vinnustöðum og hvort þar sé áhugi á því að yfirtaka þessa framleiðslu, enda verði þeim afhent núverandi framleiðslutæki ÁTVR vegna þessarar framleiðslu án endurgjalds.

Verði frv. þetta að lögum er gert ráð fyrir því að umboðsmenn hinna ýmsu tóbakstegunda annist framvegis innflutning, birgðahald og heildsöludreifingu þess með þeim hætti sem þeir telja ákjósanlegast og hagkvæmast. ÁTVR mun hins vegar þurfa nokkurn tíma til að selja sínar birgðir og er gert ráð fyrir því að hún muni gera það í samkeppni við hina nýju dreifingaraðila.

Að því er einstakar greinar frv. varðar er það að segja að frv. er efnislega algjörlega sambærilegt við lög nr. 67 frá 1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, að öðru leyti en því að öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings og dreifingar á tóbaki og eldspýtum eru felld niður.

Eins og kunnugt er var kaflinn um Lyfjaverslun ríkisins felldur niður á sínum tíma með lögum nr. 16/1982 um lyfjadreifingu.

Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um einstakar greinar frv. nema 10. gr. þess er kveður á um að frv., verði það að lögum, skuli taka gildi 1. janúar 1986. Tíminn þangað til er tóbaksumboðsmönnum ætlaður til að undirbúa þær breytingar sem frv. þetta felur í sér.

Að öðru leyti er vísað til frv. um tóbaksgjöld vegna hins nýja fyrirkomulags sem fyrirhugað er að koma á varðandi gjaldtöku af tóbaki.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Af mörgum vitlausum málum hæstv. ríkisstj. held ég að þetta sé eitt það alheimskulegasta, sem hér er til umfjöllunar, þegar stjórnvöld eru með þeim hætti sem hér ber raun vitni um að þjóna heimskulegum áhugamálefnum sínum án þess að styðja það nokkrum gildum rökum og þvert ofan í vilja allra þeirra aðila sem þetta mál varðar hvað mest, þar sem eru heilbrigðisstéttirnar í landinu. Maður hefði haldið að hæstv. ríkisstj. hefði verið rassskellt nægilega með sementinu hérna um daginn. En sennilega er það svo að fleiri hæstv. ráðherra langar til að snýta rauðu með því að leggja fram svona vitlaus og illa rökstudd frv. um sölu út í loftið á ágætum ríkisfyrirtækjum. Það er samhljóða niðurstaða allra þeirra manna úr heilbrigðisstéttum og yfirvalda í heilbrigðismálum í landinu að hér sé stórlega varhugaverður hlutur á ferðinni og heimskulegur og í raun og veru í engu samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið á undanförnum árum í vörnum gegn fíkniefnum.

Ég vil minna á það, herra forseti, að fyrir nokkrum dögum síðan samþykkti þessi hv. þd. brtt. við frv. til áfengislaga frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem gekk einmitt í þveröfuga átt við þetta, þ. e. að tryggja enn þá betur stöðu hins opinbera um framleiðslu og sölu á sterku áfengi. Einnig hefur hv. Alþingi nýlega samþykkt lög um tóbaksvarnir. Það er ljóst og það er mat þeirra sem til þekkja að þetta frv. mundi ganga þvert á þá stefnu sem þar var mörkuð.

Það er ástæða til þess, herra forseti, vegna þess að hér er í raun og veru mál sem snertir fyrst og fremst heilbrigðissviðið, enda hafa menn á því sviði látið þetta mál til sín taka, að óska eftir því að æðsti yfirmaður þeirra mála, hæstv. heilbrrh., láti eitthvað í sér heyra hér um afstöðu sína til þessa máls.

Í fylgiskjölum með nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. er m. a. birt ályktun fundar starfsmanna heilbr.- og trmrn. og landlæknisembættis með héraðslæknum sem var haldinn á Hvolsvelli 19. og 20. apríl s. l. Þar undirrita þessir starfsmenn heilbrigðisyfirvalda allir saman ályktun þar sem þeir lýsa andstöðu sinni við þetta frv., allir með tölu. Ég held ég lesi, herra forseti, upp þessi nöfn til þess að mönnum megi vera það ljóst að hér eru þeir á ferðinni sem mestu ráða um þessi mál og hafa það í sínum höndum og á sinni ábyrgð að framfylgja þessum lögum.

Undir þessa ályktun, sem ég ætla nú ekki að lesa til að spara tímann, rita þeir Skúli Johnsen, borgarlæknir í Reykjavík, Heimir Bjarnason, aðstoðarborgarlæknir í Reykjavík, Kristófer Þorleifsson, héraðslæknir Vesturlandshéraðs, Pétur Pétursson, héraðslæknir Vestfjarðahéraðs, Friðrik Friðriksson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs vestra, Ólafur H. Oddsson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra, Stefán Þórarinsson, héraðslæknir Austurlandshéraðs, Ísleifur Halldórsson, héraðslæknir Suðurlandshéraðs, Jóhann Ág. Sigurðsson, héraðslæknir Reykjaneshéraðs, Guðjón Magnússon, settur landlæknir, Guðmundur Sigurðsson, settur aðstoðarlandlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn., Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri heilbr.- og trmrn., Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri í sama rn., Hrafn V. Friðriksson, yfirlæknir í sama rn., og Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur sama rn.

Eftir allan þennan lestur, herra forseti, tel ég ekki óeðlilegt að æðsti yfirmaður þessara mála, hæstv. heilbrrh. Matthías Bjarnason, komi nú hér upp og láti aðeins í sér heyra um þetta frv. Það skyldi nú aldrei fara svo að hæstv. fjmrh. hafi ekki tryggt sér fulltingi allra sinna flokksbræðra eða allra þm. stjórnarmeirihlutans hér fyrir þessu máli. Nú eru fyrir því fordæmin að menn víla það ekki mikið fyrir sér að fella stjfrv. ef svo býður við að horfa. Það væri fróðlegt að vita hvort hér er á ferðinni enn ein blóðnasagjöfin og lendir í þetta skipti á hæstv. fjmrh.

Það væri hægt að vitna hér í fleiri fylgiskjöl. Öll eru þau á einn veg. Menn leggjast gegn því að þetta frv. nái fram að ganga. Menn telja að það brjóti í bága við þá stefnumörkun sem verið hefur uppi í landinu um varnarstarf gegn fíkniefnum hvers konar og ávanalyfjum. Ég sé í raun og veru engin haldbær rök fyrir því að þetta frv. nái fram að ganga, enda kemur það í ljós að áhugi stjórnvalda eða a. m. k. hæstv. fjmrh. er af einum toga sprottinn, sem sagt þeim að þjóna lund sinni með því að flagga því að verið sé að selja ríkisfyrirtæki eða draga úr ríkisumsvifum. Hversu vitlaust sem það er, þá á að láta það yfir sig ganga til þess að þjóna því heimskulega markmiði sem ríkisstj. var svo óheppin að setja í stefnuskrá sína.

Ég vil enn fremur gera athugasemdir við það sem hæstv. fjmrh. sagði hér um framkvæmd þessara mála, að hún mundi á einhvern hátt batna eða einfaldast við þessa tilhögun. Ég held þvert á móti að ekki sé fyrir því séð að svo verði. Ég vil t. d. spyrja: Getur hæstv. fjmrh. rökstutt það með einhverju móti að fjölbreytni þessarar vöru, ef menn eiga þá yfirleitt að fagna því að slíkt komi til, aukist með þessu nýja fyrirkomulagi?

Ég vil benda á það að með þessu nýja fyrirkomulagi er ætlunin að innflytjendur fjármagni birgðahald og dreifingu á þessum vörum. Mín spá er sú að þetta mundi færast á fáar hendur fjársterkra aðila og fjölbreytni mundi þvert á móti minnka og einn, tveir eða þrír fjársterkir aðilar næðu nánast einokunarstöðu á þessu. Þannig yrði auðvitað farið úr frelsi í átt til ófrelsis með þessu heimskulega fyrirkomulagi eins og gjarnan vill verða raunin á þegar þessir frelsispostular eru að reyna að þjóna lund sinni.

Ég held að þessi mál hafi verið í tiltölulega góðu og skikkanlegu formi eins og þau hafa verið og það sé ekki nein ástæða af þeim sökum til að breyta hér um. Ókostirnir og hætturnar sem þessu eru samfara eru hins vegar fjöldamargar.

Herra forseti. Af sérstökum ástæðum hér í þinghaldinu ætla ég ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég hef vel skap í mér til þess að eiga orðastað við hæstv. fjmrh. og aðra stuðningsmenn þessa frv. þegar betra tóm gefst til þess. En ég ítreka spurnir mínar til hæstv. heilbrrh. og tel það ótækt að þetta mál fari héðan út úr deildinni við þessa umr. nema einhver svör komi frá þessum æðsta yfirmanni heilbrigðismála í landinu við þessu frv.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp er að ég hafði leyft mér að fara þess á leit við hæstv. ráðh. menntamála nú í morgun að hér færi fram umræða utan dagskrár um það alvarlega ástand sem skapast hefur í dagvistarmálum. Hæstv. ráðh. sá sér ekki fært að verða við þessari beiðni minni vegna þess m. a. að þessi mál heyrðu undir sveitarstjórnir og bæjarfélög og að ekki mætti taka tíma þingsins undir þetta mál. Það voru rökin.

Ég vil hins vegar upplýsa ráðh. um það mikilsverða atriði að bygging og rekstur dagvistarheimila er alfarið á ábyrgð menntmrn. og þar með menntmrh. Þetta er mjög svo alvarlegt mál á allan hátt þannig að full ástæða er til þess að taka mikinn tíma þingsins undir umræður um það og þó fyrr hefði verið og þá helst að forgöngu valdhafa.

Í frétt NT í dag, sem er í rauninni upphafið að þessari beiðni minni um utandagskrárumræðu, er svohljóðandi yfirskrift:

„Viljum ekki fleiri dagvistarheimili við óbreytt ástand.“ Hverjir skyldu það nú vera sem ekki vilja fleiri dagvistarheimili? Skyldu það vera einhverjir sem vilja reka konur burtu af vinnumarkaðinum og hætta rekstri dagvistarheimila alfarið? Nei, það eru nefnilega samtök foreldra barna sem dvelja á dagvistarheimilunum og fóstrur sem gefa út þessa yfirlýsingu. Og þá er málið orðið töluvert alvarlegt. Þessi niðurstaða er fengin þegar ljóst er að útilokað er að manna þær dagvistarstofnanir sem fyrir hendi eru, hvað þá heldur ef nýjum er bætt við. Hvað veldur? Jú, það er mikill flótti fóstra úr dagvistarkerfinu, svo vitnað sé áfram í NT, með leyfi hæstv. forseta: „vegna lágra launa og gífurlegs vinnuálags.“

Þetta kom fram, að því er í frétt NT segir, á blaðamannafundi sem Fóstrufélag Íslands og Samtök foreldra á dagvistarheimilum héldu í fyrradag. Afleiðing allra þeirra aðstæðna sem raktar eru í fréttinni eru stórfelld hreyfing á starfsfólki dagvistarheimilanna, eða 62.8% á síðasta ári. Frá áramótum hafa 20% forstöðumanna sagt upp störfum og 50 fóstrur vantar nú til starfa hjá Reykjavíkurborg ef einungis er verið að tala um að halda því lágmarki að hafa aðeins eina fóstru á deild. Ef hins vegar ætti að framfylgja þeim lagaákvæðum sem eru í núgildandi lögum um að það séu fóstrumenntaðir starfsmenn almennt á deildum, þá vantar 250 fóstrur til starfa hjá Reykjavíkurborg. (**Forseti:** Ég vildi nú gjarnan biðja hv. þm., af því að þetta eru umræður um þingsköp, að stytta mál sitt, því þá er ekki um efnislegar umræður að ræða.)

Ég stytti mál mitt mjög mikið, herra forseti. Það sem ég er að gera hér er að ég er að skýra út hvers vegna ég bað um þessa utandagskrárumræðu og verð að fá að skýra þau rök sem liggja þar að baki og því að ég hafði fengið neitun. Það sem er einna alvarlegast í þessu máli er það sem að börnunum snýr. Þetta snýst óneitanlega allt saman fyrst og síðast um þau. Nú er svo komið að á þessu mikilvæga mótunarskeiði sem börnin eru á á þessum aldri, þegar þau eru á dagvistarheimilunum, þurfa þau að gangast undir það að hafa allt að tíu til tólf uppalendur á ári vegna þess að hreyfingin er svo mikil á starfsfólki. Það er auðvitað fáránlegt að nokkrum sé boðið upp á slíkt og allra síst börnum sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þess vegna verðum við að taka það að okkur og vera minnug máltækisins: Lengi býr að fyrstu gerð. En það er eitt atriði sem hæstv. ráðh. ætti alls ekki að vera ókunnugt um og það er það að í fyrsta skipti í sögu hins merka skóla, Fósturskóla Íslands, sem er nú 40 ára, ber nú svo við að það er skortur á umsóknum um skólavist. Venjulega hefur það verið þannig að það hefur þurft að neita fólki um skólavist við þennan skóla. En nú ber svo við að það er skortur á umsækjendum og það segir kannske meira en nokkuð annað.

Forseti (Karvel Pálmason): Ég vil nú í fyllstu vinsemd biðja hv. þdm. að stilla máli sínu í hóf í þessari umr. um þingsköp. (Gripið fram í.) Ég bið þm. enn að halda ró sinni, hér hefur ekkert verið afskráð enn, en bið þá enn og ítreka að hv. þdm. stilli máli sínu í hóf í umr. um þingsköp. Ég bið hv. þm. að gera sér grein fyrir því að hér er verið að biðja um orðið til að ræða um þingsköp, þetta er ekki utandagskrárumræða. Hæstv. menntmrh. hefur kvatt sér hljóðs um þingsköp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það gerist stundum, þegar sérstaklega stendur á, að forseti leyfir umr. utan dagskrár með fyrirspurnum til ráðh. um aðkallandi efni, sérstaklega ef eitthvað hefur komið skyndilega upp og krefst skjótrar úrlausnar. Ég geri mér grein fyrir því að hér er verið að fjalla um vandamál sem er alls ekki nýtt.

Hv. þm. Kristín Kvaran hafði samband við mig og nefndi að hún vildi ræða þessi mál utan dagskrár vegna fregna sem fram hefðu komið í fjölmiðlum. Ég tjáði hv. þm. að þær fregnir sem hún talaði um hefði ég ekki haft nokkurt ráðrúm eða tækifæri til að sjá eða heyra. Ég kom ekki heim frá störfum mínum í gærkvöld fyrr en eftir útvarpsfréttir þar sem mér skilst að á þetta hafi verið minnst og hafði nú ekki lesið NT áður en ég fór til vinnu í morgun, en mér skilst að kveikjan að þessu sé fregn í NT og hana hef ég núna í höndum. Hins vegar hefur engri fsp. verið til mín beint og það er náttúrlega ekki von að það geti legið fyrir samþykki ráðh. að taka þátt í umræðum um efni sem hann nákvæmlega veit ekki um hvað á að verða né heldur um hvað á að spyrja. Slíkt væri ekki verjanleg framkoma gagnvart forseta þingsins né heldur þm. Ég vil nú einungis skýra þetta mál. Og þá þess heldur að hér er um að tala kjör starfsmanna sem eru alls ekki ríkisstarfsmenn. Þeir eru starfsmenn sveitarfélaga í flestum tilfellum en hér er rætt eitt af þeim vandamálum sem skapast vegna kjaramála fyrst og fremst.

Ég vil hins vegar undirstrika eitt af því að hv. þm. benti á að það hefði gerst í fyrsta sinn að of fáar umsóknir væru um inngöngu í Fósturskólann. Það hefur hins vegar gerst í fyrsta sinn að fullbúin er í menntmrn. starfsáætlun fyrir dagvistarstofnanir og það er unnið að því núna á vegum menntmrn. að kynna þá starfsáætlun í allt sumar til þess að þeim starfsmönnum sem við þessar stofnanir starfa gefist kostur á að fjalla um þær sjálfum og fyrir liggi nú í haust ábendingar frá þeim sem við dagvistarstofnanir starfa.

Tilgangurinn með þessari starfsáætlun er að gera vinnuna á dagvistarstofnunum markvissa til gæfu og

aðstoðar þeim ungu borgurum sem á stofnununum eru og til þess að auðvelda starf þeirra sem við stofnanirnar vinna. Þetta skiptir auðvitað miklu máli, en ég vildi einungis, herra forseti, skýra það af hverju ég taldi engin efni til þess að gefa upplýsingar um það mál sem hér er um spurt þar eð ég vissi ekki einu sinni í morgun um hvað ætti að spyrja, það var mér ekki tjáð.

Forseti (Karvel Pálmason): Enn vill forseti ítreka þá beiðni til hv. þdm., af því að hér er verið að ræða um þingsköp, að halda ekki uppi efnislegum umræðum um mál. Og það er rétt að geta þess vegna þess sem fram hefur komið að það er rétt að hv. 1. landsk. þm. hafði samband við mig í morgun og óskaði eftir því að umræður yrðu hér utan dagskrár. Sú hefð hefur skapast hér í þinginu að ég best veit að slíkar umræður fara ekki fram nema því aðeins að samkomulag sé um málið við viðkomandi ráðh. sem ræða á málið við. Að vísu er ég nýgræðingur í þessu en ég hygg að engin ákvæði séu í þingsköpum þeim sem nú gilda um utandagskrárumræður. Vissulega stendur það til bóta eftir það sem gerst hefur nú en enn ítreka ég bón mína til hv. þdm. að taka tillit til þessa. Ég hefði nú talið að eftir að þessir tveir hv. þm. hefðu lokið máli sínu gæti lokið þessum umræðum um þingsköp. En enn eru þrír hv. þm. á mælendaskrá og ég bið enn um það, vegna þess að næg málefni liggja fyrir á dagskrám þingsins, að hv. þdm. stytti mál sitt og hafi hliðsjón af því að hér er um að ræða umræður um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal fara að þeim orðum að halda mig við þingsköp. Ég vil vekja athygli á því að það er ákaflega sjaldgæft, þegar þm. óska eftir umræðum utan dagskrár um mál sem eru mjög brýn í þjóðfélaginu, að því sé hafnað. Ég hygg að það þurfi valdamann úr kvennastétt til að gera það. Ég hef a. m. k. aldrei vitað til þess í minni þingtíð að ráðh. hafi neitað að vera til svara um ástand eins og hér er upp komið í dagvistarstofnunum landsins, og það er sannarlega nýlunda hér að þegar konur hér á Alþingi biðja ráðh. af kvenkyni að svara fyrir slíkt, þá skuli því vera hafnað.

Sú afsökun ráðh., sem á að stjórna þessum málaflokki, að hún hafi ekki haft hugmynd um þetta af því að hún hafi ekki lesið NT er ekki skýring sem hægt er að sætta sig við. Ráðh. veit nákvæmlega ekkert hvað er að gerast í þeim málaflokki sem hún á að stjórna. Ég vil minna á að hér í vetur bar ég fram fsp. um hvernig gengi að framfylgja þeim lögum sem ég fékk hér samþykkt fyrir nokkrum árum um starfsáætlun dagvistarheimila, vegna þess að mér var kunnugt um að nefnd sú sem þar hafði verið að störfum hafði lokið þeim störfum, og við hæstv. ráðh. og ég áttum þó nokkrar viðræður um ástand í dagvistarmálum í þeirri umræðu, og ég fékk satt að segja lítil sem engin svör við því hver væri ætlunin um að framfylgja þessum lögum.

Nú tekur ráðh. hins vegar þessi lög og skýrslu nefndarinnar og flaggar þeim sem einhverjum áfanga í dagvistarmálum. Það var ekki hægt að fá jákvætt svar við því í umræðum hér fyrr í vetur hvort til stæði að setja þessi lög í framkvæmd. Mér finnst þetta satt að segja alvarlegur hlutur, að ráðh. skuli beinlínis hafa neitað því að eiga hér við okkur orðastað um ástand í dagvistarmálum. Ég vil því spyrja hæstv. forseta: Stendur ekki til, úr því að ráðh. er hér kominn og við höfðum óskað eftir þessari umræðu, og þá sérstaklega hv. þm. Kristín S. Kvaran, stendur þá ekki til að leyfa að þessi umræða fari fram? Venjan er sú að konur hér eru stuttorðar. Ég held að við værum allar fullfærar um það að halda þessari umræðu innan við einn klukkutíma og það er ekki of langur tími þegar börn landsins eiga í hlut.

Forseti (Karvel Pálmason): Vegna fsp. hv. þm. vil ég taka fram að það stendur ekkert annað til, enn a. m. k., heldur en að hér er verið að ræða um þingsköp. Ég gerði grein fyrir því áðan að sú venja og hefð hefur þróast hér í þinginu að utandagskrárumræða við hæstv. ráðh. fer yfirleitt ekki fram nema með þeirra samþykki þannig að þeir séu reiðubúnir. Ekkert slíkt hefur komið fram við mig enn.

Nú fer að reyna á þolinmæði forseta og hann fer að efast um að menn haldi sig mjög við umræður um þingsköp. Efnislegar umræður eru meira hér inni í myndinni að mati forseta heldur en þingskapaumræða. Enn bið ég hv. þdm. að stilla nú máli sínu í hóf, slaka á.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að bera af mér sakir. Það er rétt hjá hv. 10. landsk. þm. að konur hér í þingi eru venjulega stuttorðar og þær eru líka venjulega sannorðar. Undantekning var frá því nú í ræðu hv. 10. landsk. þm.

Hv. þm. hélt því fram að engar upplýsingar hefðu verið gefnar um framkvæmd lagaákvæðisins um starfsáætlun dagvistarstofnana hér í umræðum á þingi vegna fsp. hennar nú á dögunum. Hv. þm. getur flett því upp í þingtíðindum að frá því var nákvæmlega skýrt hvernig væri verið að vinna að framkvæmd þessa lagaákvæðis með því að láta vinna úr því í dagvistarstofnunum sjálfum nú í sumar. Valborg Sigurðardóttir fyrrum skólastjóri Fóstruskólans hefur verið ráðin til þess á síðasta ári eða nú í vetur að starfa við þessi mál í menntmrn. Hún hefur m. a. fengið það verkefni að kynna þessa áætlun í stofnunum og ég hef orðið þess vör í viðbrögðum frá fóstrum að einmitt þetta skref er talið vera mjög til góðs og skipta máli í starfi dagvistarstofnana. Þetta tel ég að hafi verið svör við því sem hv. þm. spurði þá um, hvernig ætti að framfylgja þessu lagaákvæði, og því var nákvæmlega lýst hvernig ætti að gera það nú í sumar, hvernig ætti að standa að því að halda málinu áfram. Þetta vildi ég leiðrétta, hæstv. forseti, af því að ég sé að hér er margt fólk á pöllum sem e. t. v. hafði ekki hugmynd um það sem rétt var í þessu máli, en þetta liggur fyrir bæði í skjölum rn. og í þingtíðindum.

Ég legg það svo í vald hæstv. forseta hvort hann telur þessa umræðu eða áframhald hennar heyra undir þingsköp og hvað hann úrskurðar að gert sé í þessu efni. En ef efnislegri spurningu væri til mín beint, sem ekki hefur verið gert, þá er að sjálfsögðu gert það sem hægt er af hálfu míns rn. til þess að afla svara við því, en á þeim tíma að sjálfsögðu sem til þess þarf.

Forseti (Karvel Pálmason): Vegna ummæla hæstv. menntmrh. gagnvart forseta vil ég taka fram að ég hygg nú að ekkert fari á milli mála að forseti hefur margítrekað að hér er um að ræða umræður um þingsköp en ekki

efnislegar umræður eða utan dagskrár. Og enn er það ítrekað að hér er um að ræða umræður um þingsköp en ekki efnislegar umræður um mál. Og ég ítreka enn þá beiðni að þeir hv. þm. sem enn eru á mælendaskrá, og mér heyrist enn bætast við þann lista, taki tillit til þessara óska og verði stuttorðir og gagnorðir og tali einvörðungu um það sem hér er um að ræða, um þingsköp.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég lýsi furðu minni á viðbrögðum hæstv. menntmrh. við þessari sjálfsögðu beiðni hv. þm. Kristínar Kvaran um að þetta mikilvæga mál verði tekið hér til umræðu utan dagskrár. Ég tel það hreina lítilsvirðingu við þetta brýna mál sem dagvistarmálin eru að hæstv. menntmrh., sem fer með þennan málaflokk, fer með yfirstjórn dagvistarmála, skuli ekki telja að það sé þess virði að eyða í það orðum hér á hv. Alþingi þegar við blasir að loka getur þurft dagvistarheimilum sem fyrir eru og útilokað að manna nýjar dagvistarstofnanir. Hæstv. menntmrh. ber það fyrir sig að hún hafi haft lítinn tíma til að kynna sér þessi mál, hún hafi fyrst séð þetta í NT á morgun. Þetta mál var þó í fréttum ríkisfjölmiðlanna í fyrrakvöld þannig að ég tel að hæstv. ráðh. hefði átt að hafa nægan tíma til þess. Hæstv. ráðh. segir að hún viti ekki um hvað fsp. snúist, um hvað sé verið að spyrja. Það er verið að spyrja um þennan vanda hér, hvaða úrlausnir hæstv. ráðh. hafi til þessa að leysa það vandamál sem blasir við á dagvistarheimilum. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, ef hún telur sig hafa haft lítinn tíma til að kynna sér þessi mál, hvort hún sé þá reiðubúin til þess, þegar hún hefur tekið sér þann tíma sem hún þarf til að kynna sér þessi mál, að svara þeirri fsp. utan dagskrár. *Ég tel að hæstv. ráðh. ætti að nægja sá tími að við getum* hafið hér umr. ef ekki síðar í dag, þá á morgun. Það sneyðist um tíma Alþingis og ég tel að það sé of seint að bera fram formlega fsp. um þetta mál, þannig að ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hún sé þá reiðubúin til svara utan dagskrár um dagvistarmálin síðar í dag eða á morgun.

Eins og allir vita, þá eru dagvistarrými langt frá því að vera fullnægjandi. Ef til viðbótar kemur svo að loka þurfi einhverjum af þeim heimilum sem fyrir eru, þá er ekki hægt að jafna því við neitt annað en neyðarástand, enda eru dagvistarheimili forsenda þess að margar *konur geti verið úti á vinnumarkaðinum. Og hvað eiga* þessar konur að gera ef dagvistarheimili lokar? Hefur hæstv. ráðh. virkilega engar áhyggjur af því eða telur að það sé þess virði að ræða þau mál hér á hv. Alþingi? Þessi viðbrögð hæstv. ráðh. við þessari sjálfsögðu málaleitan hv. þm. Kristínar Kvaran eru vægast sagt ámælisverð og ég skora á hæstv. menntmrh. að endurskoða sína afstöðu þannig að við getum tekið þetta mál upp með eðlilegum hætti og til umræðu hér á hv. Alþingi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 1. landsk. þm. Mér eru að vísu ekki kunn orðaskipti þm. og ráðh. en mig undrar að hæstv. ráðh. skyldi ekki taka jákvætt í beiðni hennar um að ræða þetta mál utan dagskrár og ég vil taka undir tilmæli hv. síðasta ræðumanns um að svo verði gert. Hér eru að vísu miklar annir en ég leyfi mér að fullyrða að oft höfum við fórnað dýrmætum tíma okkar í ómerkari mál en þau hvernig við búum að börnunum okkar.

Í tilefni af þessu væri fróðlegt að vita hvort það er algengt að hæstv. ráðherrar neiti að ræða mál utan dagskrár eins og hv. 10. landsk. þm. kom að hér áðan. Ég veit aðeins um eitt annað tilvik á þessu þingi. Það var þegar hæstv. fjmrh. neitaði hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur um að ræða kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins utan dagskrár. Það er vafalaust alger tilviljun að í báðum tilvikum eru það konur sem hafa farið fram á þessa utandagskrárumræðu.

Ég vil svo þakka virðulegum forseta þolinmæði við hv. 1. landsk. þm. og raunar fleiri, sem hér hafa talað, þótt þær færu lítillega út í efnislega umræðu. En ég hygg að þm. geti fallist á þá fullyrðingu að konurnar hér á Alþingi séu ekki stórlega sekar um aðgangshörku við þennan ræðustól. (**Forseti:** Já, ekki veitir af þakklætisorðum til forseta. Hann er orðinn óþolinmóður.)

Svavar Gestsson: Herra forseti. Mér sýnist að hér sé þegar hafin utandagskrárumræða þannig að það sé nokkuð sérkennilegt að halda áfram þessum leik þegar málið er rætt efnislega hér í hverri ræðunni á fætur annarri og sem viðlag heyrist svo ævinlega hjá hæstv. forseta: Hér er um að ræða umræður um þingsköp. Ég teldi hreinlegast fyrir hæstv. forseta að úrskurða hér og nú: Hér eru hafnar utandagskrárumræður og hæstv. menntmrh. hefur, þrátt fyrir neitun sína í morgun, samþykkt að taka þátt í þeim.

Ef hins vegar hæstv. menntmrh. vantar spurningu til að svara, þá hélt ég nú að það lægi svo í augum uppi að það þyrfti ekki að ítreka það í framhaldi af máli hv. þm. Kristínar Kvaran hér áðan. En ég geri tilraun til þess og ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvað hyggst menntmrh. *gera vegna þess vanda sem kominn er* upp á dagvistarstofnunum og fyrirsjáanlegt er að muni fara vaxandi á næstu vikum og mánuðum ef ekki verður gripið í taumana alveg næstu daga?

Ég óska sem sagt eftir því við hæstv. forseta að hann líti svo á að hér sé um utandagskrárumræður að ræða enda hefur nú komið fram spurning sem hæstv. menntmrh. var að auglýsa eftir að vantaði hér í umræðuna áðan. Fallist hæstv. forseti hins vegar ekki á þessa ósk finnst mér eðlilegt að hann gangi frá því við hæstv. menntmrh. að síðar í dag eða á morgun fari fram umræða utan dagskrár um þessi mál eins og hv. 2. landsk. þm. *Jóhanna Sigurðardóttir mæltist til áðan.* Það er auðvitað algerlega óeðlilegt að halda á málum eins og hæstv. menntmrh. hefur gert. Það er verið að stefna þinghaldinu í hnút. Við stöndum frammi fyrir verulega langri dagskrá hér í hv. deild og það er sjaldgæft, að ekki sé meira sagt, að ráðh. leggi sig eins fram og hæstv. menntmrh. hefur gert við að tefja þingstörfin.

Forseti (Karvel Pálmason): Vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns vill forseti enn ítreka það að hér er um að ræða umræður um þingsköp og hann heldur sér við *gamlar hefðir í þinghaldi, að umræður utan* dagskrár um málefni verða því aðeins að um það sé samkomulag við viðkomandi ráðh. Ekkert slíkt liggur fyrir enn og það er vart á valdi forseta að vera milligöngumaður um eða samningaaðili um slíkt. Það verða þeir hv. þdm. að gera sem þess óska.

Ég sé það að hv. þm. eru farnir að slaka á, það eru

aðeins tveir á mælendaskrá, og ég vænti þess að þessu sé hægt að ljúka áður en langt um líður og vildi mjög gjarnan að svo yrði. Það er hugsanlegt. Ekki skal forseti standa í vegi þess að umræður utan dagskrár um málefni eigi sér stað með eðlilegum hætti. Hæstv. menntmrh. hefur kvatt sér hljóðs um þingsköp — enn ítrekað: um þingsköp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er aðeins um þingsköp. Ég ítreka það sem ég sagði í ræðu minni að ég legg það vitanlega í vald hæstv. forseta hvernig hann hagar þessari umr. Það liggur fyrir hvernig málið bar að hjá mér og það liggur fyrir að ég mun afla þeirra upplýsinga sem í mínu valdi stendur að gefa og mitt rn. mun gera það sem í þess valdi stendur, enda er unnið að þessum málum eftir því sem unnt er. En við höfum ekki öll völd og alla aðstöðu þjóðfélagsins í höndunum, það vita menn.

Herra forseti. Það er á valdi hæstv. forseta vitanlega að ákveða hvernig þinghaldinu í dag verður hagað.

Forseti (Karvel Pálmason): Vegna ummæla hæstv. menntmrh. tek ég fram að mér þykir það miður ef hæstv. ráðh. ætlast til þess að forseti brjóti hér áratuga hefðir í þinghaldi. Enn mun forseti halda sér við það að hér er einungis um að ræða umræður um þingsköp. Næst tekur til máls hv. 1. landsk. þm. — um þingsköp.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Mér finnst náttúrlega alveg ljóst núna að það hlýtur að vera hægt að ganga að tilboði hæstv. menntmrh. og hafa hér utandagskrárumræður um þetta mál á morgun, þegar tími hefur gefist til fyrir hæstv. ráðh. að undirbúa sig og afla gagna og upplýsinga í þessu máli. Það þarf ekki að tíunda það meira hér hvers vegna ég taldi fulla þörf á því að hefja hér utandagskrárumræður í dag. Það er allt að komast á heljarþröm hvað þessi mál varðar og það hefur lítið sem ekkert verið aðhafst á vegum rn. til þess að koma í veg fyrir að það neyðarástand sem nú er ríkjandi fari sífellt versnandi. Þess vegna fer ég þess á leit hér úr ræðustól að mér verði svarað um það, þar sem forseti virðist eiga að ráða þessu og hann hefur í höndunum eða réttara sagt hefur væntanlega heyrt það sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að hún þyrfti aðeins að afla gagna og þá væri hún að sjálfsögðu reiðubúin til þess að hefja utandagskrárumræður og svara, þess vegna fer ég þess á leit að ákveðið verði hér og nú að eigi síðar en á morgun verði hafin utandagskrárumræða um þessi mál.

Forseti (Karvel Pálmason): Vegna ummæla hv. 1. landsk. þm. og raunar fleiri þakkar forseti það traust sem hv. þdm. og ráðherrar virðast til hans bera að ákvarða hér um hluti sem ekki hefur áður verið gert nema í samráði við viðkomandi aðila. En þetta vald mun forseti ekki nota, telji hv. þdm. að hann hafi það, og umræður utan dagskrár munu því aðeins verða að samkomulag sé um það við viðkomandi ráðh. og þess sem eftir því óskar.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Eigum við ekki að kalla þessa umræðu umræðu um hag barna landsins? En ég skal halda mig við þingsköp.

Ég hlýt hins vegar að fá að leiðrétta það sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan um að ég væri ósannindamanneskja. Hún hefði svarað því hvernig yrði varið framkvæmd laga um starfsáætlun dagvistarstofnana og vísaði til þess að þetta hlyti hún að segja hér vegna þessa fólks sem hér er nú á pöllum.

Ég vil upplýsa það sama fólk, og ef ég man rétt var eitthvað af því viðstatt þegar þessi umræða fór fram, að ég fékk vissulega þau svör að verið væri að kynna þessa starfsáætlun. En ég spurði: Hvað á að veita miklu fé í að framkvæma hana? Við vitum öll að bætt aðstaða barna og starfsmanna á dagvistarheimilum kostar fé, og það sem ég vildi fá fram var hverjar hugmyndir ráðh. hefði um krónur við gerð næstu fjárlaga. Við því fékk ég engin svör, ekki heldur við því hvort einhverju fé yrði til þess veitt. Þetta er mikilvægt atriði og þess vegna, herra forseti, hafna ég því gersamlega að ég hafi farið með ósannindi.

En ég skal ekki eyða tíma hv. deildar þó að forseti hafi nú talað lengst í þessu máli. Ég vil aðeins taka undir þær hugmyndir, sem hér hafa komið fram, að hæstv. ráðh. fallist á það að hér fari fram umræða utan dagskrár á morgun þar sem skipst verði á skoðunum um hvernig á að bregðast við þessum vanda. Þessi vandi er auðvitað miklu stærri og alvarlegri en svo að hann eigi að verða hér pólitískt bitbein. Hér þarf að ræða hvernig á að bregðast við honum. Ég vil hins vegar minna hæstv. forseta á að honum er svo brátt að fá okkur til að hætta nú vegna þess að hann þarf að koma að áframhaldandi umræðu um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Það verður aldrei nein nýsköpun í atvinnulífinu nema fólkið í þessu landi sé fært um að hugsa á nýjan hátt. Og sú menntun hefst á dagvistarstofnunum. Því betri dagvistarheimili, því betra starfsfólk, því meiri möguleikar á nýjum búskaparháttum á Íslandi. Og þess vegna hefði mér fundist langt frá því fjarri lagi að fella niður umræður um áðurnefnt frv. og tala þess í stað um hvernig við ættum að búa að börnum landsins í framtíðinni.

Forseti (Karvel Pálmason): Umræðu um þingsköp er lokið. En út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um tal forseta, þá er það ekki að ófyrirsynju að forseti hefur haft ástæðu til þess að minna hv. þdm. á hverjar hefðir eru hér í þinginu. Og það er yfirleitt svo að til þess er ætlast, a. m. k. af forsetum, að talað sé um dagskrármál en ekki hlaupið út um víðan völl í öðrum málum.

Og hvað varðar nýsköpun í atvinnulífinu, þá hefði hv. síðasti ræðumaður getað talað um hana undir samnefndum lið sem er hér á dagskrá og hefði ekki þurft að blanda því inn í þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur verið upplýst að forseti hefur talað lengst í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og af því tilefni vil ég beina einni fsp. til forseta. Hann hefur upplýst að sú hefð er mjög gömul að ekki skuli tekin fyrir mál til umræðu utan dagskrár nema ráðh. samþykki. Hann hefur marglýst því yfir að hann hafi ekki áhuga á að brjóta þá hefð. Mín fsp. til forseta er sú: Hefur forseti ákveðið að í staðinn fyrir þá hefð skuli upp tekið að menn hefji hér umræður um þingsköp en ræði efnisleg atriði þeirra mála sem þeim var neitað að taka fyrir í umræðu utan

dagskrár? Verði sú regla tekin upp þarf aldrei að tala við ráðh. eða forseta um það hvort umræður verði leyfðar um eitt eða neitt, heldur ákveða þm. sjálfir hvenær þeir hefja umræður utan dagskrár hér í þinginu.

Forseti (Karvel Pálmason): Vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. þá hélt ég nú að öllum þdm., þar og með skrifara vorum, væri ljóst eftir það sem forseti hefur sagt í dag að hann hefur ekki í hyggju að breyta þessu til þessa háttar. Það mun ljóst vera.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel að þessi umræða um þingsköp hafi skilað þeim árangri að hæstv. menntmrh. hafi fallist á að hafa hér umræðu utan dagskrár um þetta mál, dagvistarmálin og þá hvað hæstv. ráðh. hyggst gera til að leysa þennan vanda. Það hafa a. m. k. tveir eða þrír þm. óskað eftir því að sú umræða geti farið fram ekki síðar en á morgun. Þess vegna vil ég leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta að hann reyni í samráði við forseta þingsins að haga störfum með þeim hætti hér í þinginu á morgun að það finnist tími fyrir slíka utandagskrárumræðu sem ég tel að liggi ljóst fyrir að hæstv. menntmrh. hefur fallist á að fram fari hér. Ég tel einnig að hæstv. menntmrh. ætti að nægja tími til morguns til að kynna sér þessi mál eins og hún hefur óskað eftir. Þess vegna beini ég því til hæstv. forseta að hann í samráði við forseta þingsins hagi störfum með þeim hætti á morgun að hægt sé að finna tíma fyrir þessa utandagskrárumræðu.

Forseti (Karvel Pálmason): Forseti hefur meðtekið þetta en spurningin er hvort núverandi forseti ræður nokkru um það hvernig þinghaldi verður hagað á morgun.

Ríkisbókhald o. fl., frv. 499. mál (þskj. 1129). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31 frá 1982, um breyting á þeim, eins og það var lagt fram í hv. Ed. á þskj. 927.

Í síðasta mánuði mælti ég fyrir tveim frv. í Ed., þ. e. frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og enn fremur frv. um breytingu á lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Báðum þessum frv. var vísað til fjh.- og viðskn. hv. Ed.

Að vel athuguðu máli ákvað n. að sameina þessi tvö frv. í eitt frv. og mæli ég því fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þetta felur ekki í sér neinar efnislegar breytingar heldur er verið að sameina í einu frv. öll þau atriði sem snerta fjárlög, fjárfestingar, lánsfjáráætlun og lánsfjárlög.

Allt frá árinu 1976 hefur svonefnd lánsfjáráætlun verið samin að tilhlutan ríkisstj. og lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar. Lög nr. 13 frá árinu 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., kveða á um efnisþætti fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og ákvæði um framlagningarskyldu ríkisstj. Lánsfjárlög, sem Alþingi samþykkir á ári hverju, eru mikilvægur þáttur í ríkisbúskapnum og því þýðingarmikið að umfjöllun Alþingis og afgreiðsla á lánsfjárlögum sé samhliða afgreiðslu fjárlagafrv. hverju sinni. Hins vegar hefur það oft gerst, þrátt fyrir það að lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga hafi verið lögð fyrir Alþingi áður en fjárlög hafa verið afgreidd, að dregist hefur úr hömlu að afgreiða lánsfjárlög. Afgreiðsla Alþingis á þessum tvennum veigamiklu lögum veldur oft erfiðleikum í framkvæmd ríkisfjármála í upphafi fjárlagaárs. Tel ég nauðsynlegt að kveðið sé á um það í lögum að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé hluti af grg. með fjárlagafrv. hvers árs. Þannig á umfjöllun um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að vera tryggð samtímis umræðu og afgreiðslu fjárlagafrv. hverju sinni. Enn fremur er með frv. þessu lagt til að gerð sé sú breyting á framsetningu í lántökum ríkisaðila að heildarstaða þeirra mála sé skýrari.

Að því hefur verið fundið og það með réttu að fjárlög hverju sinni sýni ekki nægilega heilsteypta mynd af umfangi ríkisfjármála. Þannig er sambandið milli fjárlaga, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga flókið og jafnvel óskýrt og mörgum hefur reynst erfitt að tileinka sér þá heildarsýn yfir þessi mál sem er forsenda skipulegrar umfjöllunar. Tilgangurinn með þessu frv. er fyrst og fremst sá að móta heillega mynd um umfang ríkisfjármálanna þar sem lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila fá fyllri og nánari umfjöllun en hingað til hefur átt sér stað. Þannig gerir frv. ráð fyrir að framvegis verði yfirlit um lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs að finna á einum stað, þ. e. í 1. gr. fjárlaga. Ætti það að auðvelda öllum þeim sem fjalla um ríkisfjármál og um þau vilja fræðast að hafa yfirsýn yfir þennan mikilvæga málaflokk.

Frv. gerir ráð fyrir að framvegis verði fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hluti af grg. fjárlagafrv. hvers árs, þannig að umfjöllun um lántökur og lánveitingar ríkissjóðs og annarra opinberra aðila eigi sér stað um leið og umræður um fjárlagafrv. fara fram hér á Alþingi. Þá gerir frv. ráð fyrir að framvegis verði það fjmrh. sem leggur fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og frv. til lánsfjárlaga fram á Alþingi í stað ríkisstj. eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þessi breyting er í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförnum árum. Enn fremur að það verði fjvn. Alþingis sem fjalli um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og aðra þætti ríkisfjármálanna, þó svo að heimildir til lántökunnar felist í frv. sem lagt verður fram í deild.

Þá er að finna í þessu frv. það nýmæli að framvegis verður það skylda fjmrh. að upplýsa Alþingi um hverjar séu fjárhagslegar skuldbindingar þjóðarinnar út á við og sýna jafnframt áætlaðar greiðslur vaxta og afborgana af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann. Þessum þætti þarf sannarlega að gefa aukinn gaum.

Í frv. er að finna ákvæði sem gerir ráð fyrri því að umfjöllun Alþingis um ábyrgðarveitingar ríkissjóðs verði jafnhliða umræðu um fjárlög og lánsfjárlög og að notkun ábyrgðarheimilda í sérlögum skuli framvegis vera innan þeirra marka sem fjárlög og lánsfjárlög ákvarða á því fjárhagshári sem um er að ræða. Þetta er reyndar í samræmi við þá venju sem komin er á.

Þá fjallar frv. enn fremur um breytta skilgreiningu á A-hluta fjárlaga. Það er í valdi fjmrh. eftir tillögu frá ríkisreikningsnefnd að ákveða þær stofnanir sem teljast skulu til A-hluta og B-hluta fjárlaga. Undantekning er þó að í lögum segir að almannatryggingar og endurlána-

reikning ríkissjóðs skuli færa í B-hluta. Hér er lagt til að þessu ákvæði verði breytt til samræmis við meðferð annarra stofnana A-hluta fjárlaga, þ. e. að framvegis verði almannatryggingar ríkisins og endurlánareikningur ríkissjóðs talinn til A-hluta fjárlaga í stað B-hluta eins og verið hefur. Frv. gerir ráð fyrir að framvegis skuli tekjur ríkissjóðs af fjáröflunareinkasölum ríkisins eins og þær eru áætlaðar í fjárlögum undantekningarlaust teljast með sköttum en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða eins og gert hefur verið í sumum tilfellum.

Þá gerir frv. ráð fyrir að III. og IV. kafli laganna nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., verði felldur úr gildi en þau ákvæði sem þar er að finna og snerta ríkisfjármál, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög verði sett í lög um ríkisbókhald og fjárlög. Í þessum köflum er enn fremur að finna tímabundið ákvæði um markmið í ríkisfjármálum en þær lagagreinar eru að sjálfsögðu ekki teknar inn í þetta frv. þar sem um tímabundin ákvæði var að ræða.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel rétt að það komi fram þegar við 1. umr. málsins hér í deild að þetta mál hefur ekki verið efnislega rætt í þingflokki Framsfl. Við sáum þetta stjfrv. fyrst á borðum okkar hér í þinginu og það tel ég í sjálfu sér ámælisverð vinnubrögð hjá ríkisstj. eða fjmrh., hverjum sem það er nú að kenna. En við höfum sem sagt ekki haft tækifæri til þess að ræða þetta mál á þingflokksfundum áður en það var lagt fram eins og venjan er með stjfrv. Ég er ekki þar með að segja að ég sé ósamþykkur þessu frv., það er áreiðanlega margt í því til bóta. Ég vek athygli á að þarna er um að ræða nokkuð veigamiklar breytingar á sumum þáttum og ég tel að sumt af þessu þurfi nokkuð náinnar skoðunar við.

Ég tel að heppilegt sé náttúrlega að ganga frá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun áður en komið er langt fram á árið og þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þdm. að við erum enn ekki búin að ganga frá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 og er þó kominn 6. júní. Þetta mál hefur verið til meðferðar og er hér á dagskrá í dag og ég vonast til þess að fá tækifæri til að mæla fyrir nál. í dag eða á morgun, nál. fjh.- og viðskn., og það er ekki við fjh.- og viðskn. Nd. að sakast — það vil ég taka fram — að þetta hefur tekið svona langan tíma.

Ég er hins vegar ekki viss um að það fyrirkomulag sé til bóta að færa meðferð lánsfjárlaga og lánsfjáráætlunar yfir til fjvn. frá fjh.- og viðskn. og andstætt þingsköpum. Ég set alveg spurningarmerki við það atriði að svo komnu máli. Það getur vel verið að þetta sé eðlilegt en ég hef ekki sannfæringu fyrir því á þessari stund.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég harma það að frv. það sem ég hef kynnt hér um ríkisfjármál o. fl. skuli ekki hafa verið lagt fram í þingflokki Framsfl. Þetta er stjfrv. og að loknum undirbúningi í rn. var það lagt fram í ríkisstj. eins og öll önnur stjfrv. og síðan ganga þau venjulega til þingflokkanna eins og í þessu tilfelli gerðist í Sjálfstfl., öðrum stjórnarflokknum. Mér er ómögulegt að skilja hvernig á því stendur að sambandið á milli — ja, má segja framsóknarmanna í ríkisstj. og framsóknarmanna í þingflokknum hafi rofnað eða einhver misskilningur hafi orðið þarna á ferðinni. En frv. er lagt fram af fjmrh. á hefðbundinn hátt eftir undirbúning í fjmrn. fyrir ríkisstj. og gekk síðan — eða átti að ganga þaðan til þingflokkanna. Það gerði það, gekk inn í Sjálfstfl. og fékk þar blessun flokksins og þar af leiðandi var það lagt fram sem þskj. og liggur nú hér frammi til afgreiðslu. Ég vona að þrátt fyrir þau mistök sem kunna að hafa orðið á í meðferð á milli ríkisstj. og þingflokks Framsfl. þurfi það ekki að tefja afgreiðslu málsins í hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. 149. mál (þskj. 1130 (sbr. 154)). — Ein umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Fjórar mjög smávægilegar breytingar voru gerðar á þessu frv. í Ed. Samgn. fjallaði um þessar breytingar í morgun og féllst eftir atvikum á að mæla með því að þær yrðu samþykktar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1166).

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 429. mál (þskj. 714). — Frh. 1. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Tilefni þess að ég tók til máls um frv. til l. um verslun ríkisins með áfengi var nú ekki síst það að spyrja hæstv. ráðh. heilbrigðismála ákveðinna spurninga. Reyndar sé ég að ekki væri síður ástæða til að óska eftir áliti hæstv. menntmrh. þar sem lög um tóbaksvarnir, sem tengjast þessu máli óhjákvæmilega nokkuð, falla einnig að hluta til undir hennar verksvið.

Ég lýsti mig andvígan og lýsi mig andvígan því að leggja niður tóbakseinkasölu ríkisins og hef fyrir því fjölda margar ástæður. Ég rakti að hluta til þau rök sem tengjast því forvarnarstarfi sem unnið er og reynt er að vinna í landinu gegn notkun og ofnotkun tóbaks. Nú er ekki lengur deilt um skaðsemi þess að menn neyti þessarar vöru og jafnvel skaðsemi fyrir þá sem eru nærstaddir við slíka iðju og þetta hefur m. a. verið viðurkennt með sérstökum lögum um tóbaksvarnir sem samþykkt voru á síðasta þingi, lögum nr. 74 frá 1984. Sú stefnumörkun sem í þeim lögum felst gerir m. a. ráð fyrir nánu samstarfi tóbaksvarnanefnda og fjmrh. um tilhögun og stefnumörkun í þessum málum og það er óhjákvæmilegt að vekja á því athygli að þessi lög, ekki orðin ársgömul eða svo, virðast beinlínis gera ráð fyrir því að fjmrn. beri sig saman við þessar nefndir um stefnumörkun, um verðlagningu og annað á þessu sviði.

Þessi lög um tóbaksvarnir eru nú nokkuð vel þekkt og það er kannske ekki ástæða til að fara um þau mjög mörgum orðum. Ég minni þó á það að yfirstjórn þeirra mála er í höndum heilbr.- og trmrh., eins og segir í 4. gr. laganna.

Í 5. gr. er fjallað um tóbaksvarnanefndir sem ráðh. skipar til fjögurra ára í senn. Hlutverk þessara tóbaksvarnanefnda er m. a. að vera ríkisstj., heilbrmrh., Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur. Síðan segir í 5. gr. tölul. 3 að fjmrn. skuli hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Leita skal álits nefndarinnar um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Í 6. gr. er fjallað um sölu og auglýsingar á tóbaki og þar eru ýmis ákvæði sem óhjákvæmilega vekja upp spurningar um hvernig eigi að hafa eftirlit með þeim hömlum sem þar eru settar á sölu og auglýsingar á tóbaki til að draga úr skaðsemi af völdum notkunar þessarar vöru.

III. kaflinn er um takmarkanir á tóbaksreykingum. IV. kaflinn er um fræðslustarfsemi og þar er menntmrn. falið í samráði við heilbr.- og trmrn. að sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu. Síðan eru í V. kafla almenn ákvæði, m. a. um að verja skuli 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs, og tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðh. um ráðstöfun þessa fjár.

Það gefur því auga leið, herra forseti, þegar farið hefur verið yfir þessi nýsettu lög um tóbaksvarnir, sem tóku gildi um síðustu áramót, að menn hljóta að spyrja hvort mönnum hafi á einhvern hátt snúist hugur, hvort uppi séu breyttar aðstæður á þeim fáu mánuðum sem liðnir eru af þessu herrans ári sem orsaki það að ástæða sé til að kollsteypa því fyrirkomulagi sem haft hefur verið á um þessi mál og sæmileg sátt hefur verið um í landinu í ein 53 ár, að ég hygg, herra forseti. Þetta mál á sér nefnilega mjög langa sögu. Tóbakseinkasala var upp tekin hér snemma á öldinni. Það má segja að saga laganna um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum sé nokkuð sérstæð. Á vetrarþinginu 1931 urðu talsverðar umr. um þetta mál. Þá var verið að flytja frv. til l. um að taka upp að nýju einkasölu ríkisins á tóbaki. Frsm. fyrir frv. þá, Erlingur Friðjónsson, segir m. a. um sögu þessa máls:

„Þetta mál á sér nokkuð aðra þingsögu en ýmis önnur, eða jafnvel flest önnur mál. Allir flokkar þingsins hafa talið sig stuðningsmenn þess á einhverjum tíma, og talið málið sitt mál. Einkasalan var lögleidd á þinginu 1921. Þá átti hún sterkast fylgi hjá íhaldinu í þinginu," — eins og það hét á þeim tíma og heitir nú reyndar stundum enn í óvönduðum ræðum — „og var það fjmrh. þess, sem þá bar frv. um einkasölu á tóbaki fram til sigurs. Einkasalan stóð svo þar til hún var afnumin á þinginu 1925. Var það Framsfl.," — sem heitir svo enn þann dag í dag — „sem fastast stóð á móti því að lögin væru afnumin. Þá voru það fyrstu feður þessarar hugmyndar, sem fastast stóðu að drápinu."

Það má ályktа svo af þessum lestri, herra forseti, að það hafi gengið einhver frjálshyggjubylgja yfir íhaldið á þessum tímum, þ. e. á árinu 1925, og þeim hafi þarna snúist hugur á ekki lengri tíma en fjórum árum hvað þetta varðar.

En því er ég að rifja þetta upp hér að menn tóku sér allmikinn tíma til að ræða þetta mál á vetrarþinginu árið 1931, en þó varð málið ekki útrætt, þrátt fyrir allítarlega umfjöllun, og kom aftur á dagskrá Alþingis á sumarþinginu sama ár og mun þá hafa verið eitt af þeim málum sem tók upp hvað mestan tíma þingsins. Ég er hér með ljósrit af umr. sem urðu um þetta mál á sumarþinginu 1931. Það eru ekki minna en 100 dálkar sem þar voru undir lagðir, enda hafa þm. sem þátt tóku í umr. gjarnan á orði að hér sé á ferðinni gamall kunningi.

Þegar þetta var til umfjöllunar veltu menn mikið fyrir sér áhrifum þess annars vegar að hafa einkasölu á tóbaki og hins vegar að hafa hana með öðru móti, áhrifum á tekjur ríkisins af þessari starfsemi. Það gengur í gegn hjá öllum þm., hvort sem þeir eru með eða á móti einkasölunni, að tryggja beri að allar tekjur, sem af þessu hljótast, skili sér í ríkissjóð, enda má það ljóst vera að tjónið, sem af notkun þessarar vöru stafar beint og óbeint, bitnar að verulegu leyti á ríkissjóði þegar upp er gert.

Herra forseti. Það væri ákaflega gaman að lesa hér ofurlítið af orðaskiptum hv. þm. frá þeirri tíð, m. a. þm. Ólafs Thors og Héðins Valdimarssonar sem voru á öndverðum meiði í málinu. Reyndar var það svo sérkennilegt að Héðinn Valdimarsson, sem þarna átti nokkurra hagsmuna að gæta, var í þeim hópi sem vildi færa þennan einkarétt til ríkisins til þess að tryggja að í ríkisins vasa færu allar tekjur sem af þessari starfsemi væru og þar með talinn sá heildsöluhagnaður sem hugsanlega væri inni í myndinni. Ólafur Thors vildi hins vegar sem talsmaður einkaframtaksins að Héðinn Valdimarsson og aðrir slíkir héldu áfram að versla frjálsri verslun með tóbak. En þar sem þingið er störfum hlaðið og tíminn kannske allt of naumur til að draga lærdóma af störfum forfeðranna held ég að ég verði að neita mér um þann munað, herra forseti, að fara mikið ítarlegar út í þetta. Það vekur þó athygli mína að menn ætla að fleyta þessu máli í gegnum þingið án sjáanlegra mikilla umræðna, máli sem fyrir hálfri öld tók upp jafnmikinn tíma og var jafnítarlega skoðað og athugað og raun ber vitni.

Tóbakið á sér líka merkilega sögu og reyndar vita sögufróðir menn að það var í upphafi talið vera hið mesta læknislyf og nánast allra meina bót. Til eru skemmtileg bréf þar sem fjallað er um töframátt tóbaksins og hvernig það verki með jákvæðum hætti m. a. á brjóstholið, þurrki þar upp skaðlega vessa og auki mönnum yndi og heilsu með öllu mögulegu móti. Þessu trúðu menn nú í eina tíð og voru alsælir við sína tóbaksnotkun, hvort sem þeir reyktu það, tóku í nefið eða milli tánna eða með hvaða móti sem þeir nú neyttu þess. En nú eru uppi nokkuð breyttir tímar og með aukinni þekkingu hafa menn áttað sig á því að þessi vara, tóbak, er í raun hinn mesti skaðvaldur eða getur a. m. k. verið það og menn hafa fyrir löngu gert það upp við sig, a. m. k. hér á landi, að það beri að reyna að stilla því í hóf að menn noti þessa vöru, menn þurfi að gera sér grein fyrir hvaða hættur séu samfara slíkri notkun og það sé skylda ríkisins að fræða fólk og stuðla að því fyrir sitt leyti að fólk forðist þennan varning.

Menn hafa þó ekki treyst sér til að banna þessa vöru og gera það að lagaboði að menn skyldu ekki neyta

hennar. Sjálfsagt heyrir það undir margnefnt frelsi að menn fái þá að nota þessa vöru, þeir sem það kjósa. En ríkið sér ástæðu til að tryggja að þeir séu sér meðvitaðir um það hvað þarna er á ferðinni. Í þessum anda hafa menn sett þau lög um tóbaksvarnir sem hafa nýlega tekið gildi og farið er að framkvæma. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að geta þess, og ég get ekki látið þetta mál fara fram hjá þessari umr. og látið henni ljúka, herra forseti, nema vekja á því athygli, að allir æðstu menn heilbrigðismála telja að þetta frv., sem hér er til umr., þ. e. frv. um verslun ríkisins með tóbak, brjóti að verulegu leyti í bága við anda tóbaksvarnalaganna. Megintilgangur þeirra er, eins og ég hef rakið, að draga úr tóbaksnotkun og kynna almenningi skaðsemi reykinga og í þessum lögum er svo ráð fyrir gert að ákveðnum hluta af hagnaði ríkisins af tóbaki skuli varið til tóbaksvarna. Allar umsagnir eða nánast allar sem bárust um þetta frv. voru neikvæðar og mæltu gegn samþykkt frv. af þeim ástæðum sem ég hef hér rakið.

Ég las upp lista áðan yfir marga mæta menn sem gegna hver á sínum stað mikilvægum stöðum innan heilbrigðisþjónustunnar og fara þar með völd og bera þar ábyrgð. Mér finnst að það þurfi eitthvað mikið að koma til til þess að menn geti látið skoðanir þessara mætu manna sem vind um eyru þjóta og rennt blint áfram með þetta mál. Ég held að ástæða sé til að staldra aðeins við og skoða þetta nánar. Ég veit eiginlega ekki hvernig andrúmsloftið verður hér í sambandi við framkvæmd heilsugæslu t. d. ef menn geta látið svona eindregnar óskir allra þessara ágætu manna sem vind um eyru þjóta með jafnhæpnum rökum og mér virðast vera færð fyrir nauðsyn þess að breyta sölufyrirkomulagi á tóbaki.

Ég hef enda miklar efasemdir um að með tilliti til framkvæmdarinnar sé það skynsamlegt og gangi á nokkurn hátt betur að taka hér upp nýbreytni. Það hefur komið fram í viðtölum við aðila í heildverslun að það mundi þurfa mikla fjármuni til að fjármagna og halda úti birgðum af tóbaki. Þeir fjármunir eru nú sóttir beint í rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hefur eins og menn vita gífurlega veltu og er sjálf fær um að leggja til þetta fé á hverjum tíma. Ég held því að þau rök að það yrði meiri fjölbreytni í þessum vörum standist ekki ef grannt er skoðað, það sé þvert á móti miklu líklegra að þetta mundi færast á tiltölulega fáar hendur örfárra aðila, sem jafnvel sæju sér þá mestan hag í því að beina neyslunni inn á fáeinar vörutegundir, 1—2 tegundir, sem þeir hefðu umboð fyrir.

Svo er það spurningin um eftirlit með þessum viðskiptum og gjaldtökunni sem þar á að taka. Það er líka spurningin um það að rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar er verulegur tekjustofn hjá hinu opinbera. Hann hefur verið tiltölulega stöðugur og áreiðanlegur og hann hefur verið hægt að reikna út með fyrirvara og treysta nokkurn veginn á hann vegna þess að það opinbera stýrir að sjálfsögðu verðlagningunni og það sýnir sig að neyslan á þessari vöru er ekki mjög sveiflukennd. Ég held að það yrði miklu óábyggilegra að fara með öll þau mál ef þetta nýja fyrirkomulag yrði tekið upp og sé því ekki nein framkvæmdaleg rök hníga að því að breyta þessu. Það er að vísu alveg ljóst hver er hin hugsjónalega ástæða fyrir því að ákveðnir menn vilja endilega breyta þessu. Aths. við lagafrv. þetta hefst á þessum orðum:

„Í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og vegna breyttra aðstæðna er með frv. þessu lagt til að einkaréttur ríkisins til sölu á tóbaki og eldspýtum verði afnuminn."

Ég held að ég þurfi ekki að lesa lengra, herra forseti. Það er alveg ljóst hvað hér er á ferðinni, en mér finnst það nú heldur léttvægt, það verð ég að segja, gegn m. a. rökum þeirra ágætu manna, sem ég hef hér vitnað til, að ætla að renna blint í sjóinn og breyta því fyrirkomulagi sem gefist hefur vel, eins og ég sagði áðan, má ég segja 54 ár og verið hefur sæmileg sátt um allan þann tíma.

Ég bar fram ákveðnar spurningar til hæstv. heilbrrh. og mér þætti vænt um ef hann gæti orðið við því að svara þeim, en ég hefði ekkert haft á móti því þó að hæstv. menntmrh. hefði einnig lagt orð í belg þar sem þetta heyrir að nokkru leyti undir hann. Fleira var það ekki að sinni, herra forseti.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það má segja að þetta mál sé tvíþætt. Annars vegar er hér verið að gera tillögur um breytingu á sölu á tóbaki þannig að í stað þess að einn aðili annist innflutning og dreifingu til smásölu sjái umboðsmenn tóbaksframleiðenda sjálfir um dreifingu innan ramma þeirra laga og reglna sem í gildi eru á hverjum tíma. Hins vegar hefur komið í ljós að fyrirætlun fjmrn. er að tekjur lækki ekki frá því sem er, heldur aukist jafnvel. Ég hygg að þeir sem fari einna lakast út úr þessari breytingu séu umboðsmenn tóbaksframleiðenda sem fram að þessu hafa fengið sín umboðslaun send án mikillar fyrirhafnar. Í stað þess verða þeir nú að sjá sjálfir um fjármögnun á dreifingunni þó að ég efist ekkert um að þeir koma ekki til með að sitja uppi með það að síðustu, heldur lendir það fyrst og fremst á þeim sem eru það ógæfusamir að neyta þessarar vöru.

Ég vil taka það fram að tóbak er nú og hefur verið selt í ríkum mæli og fjölmargar tegundir þannig að engum er meinaður aðgangur að því að kaupa tóbak. Á því verður engin breyting við þessa tilfærslu. En það sem ég hafði á móti þessari breytingu var að hún gekk á svig við þá löggjöf sem Alþingi var það myndarlegt að setja á s. l. ári um tóbaksvarnir og hefur vakið mikla athygli víða um heim. M. a. s. hefur maður fengið úrklippu úr blöðum bæði frá Japan og Kína og fleiri fjarlægum stöðum þar sem lokið er miklu lofsorði á þær breytingar sem hér hafa verið gerðar.

Það voru líka töluverð átök um þær merkingar sem koma eiga á tóbaksvörur. Umboðsmenn fjölmargra tóbaksframleiðenda reyndu að hafa áhrif á okkur. Í fyrsta lagi um það að hafa ekki myndir með á þessum merkingum. Í öðru lagi um að hafa þær ekki á eins áberandi stað og við höfum ákveðið. Við höfum ekki látið okkur í þeim efnum á nokkurn hátt. Ég lagði því ríka áherslu á að við þessa breytingu, ef hún yrði að lögum, mundi ekki verða dregið úr árlegum tekjum til tóbaksvarnastarfs skv. lögum um tóbaksvarnir. Því var sú breyting gerð að árlega á að verja 0.5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi til tóbaksvarnastarfs. Tóbaksvarnanefnd á svo að gera eins og áður tillögur til ráðh. um ráðstöfun fjárins.

Í Ed. var gerð sú breyting á frv. um tóbaksvarnir að heilbrrh. setur með reglugerð ákvæði um innflutning

tóbaks með hliðsjón af skaðsemi þess. Þetta tel ég mjög mikilvæga breytingu sem gerði mig ásáttan með að þessi breyting næði fram að ganga þar sem hvergi er gengið á svig við þá ákvörðun sem Alþingi tók í sambandi við setningu laganna um tóbaksvarnir. Því er það mikill misskilningur, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að fjöldi þeirra sem mótmæltu breytingunni væri fyrst og fremst að mótmæla því að þessi breyting gengi á svig við lögin um tóbaksvarnir. Ég tel að núna sé búið að ná viðunandi samkomulagi og þó sérstaklega með síðustu brtt. sem samþykkt var í Ed. í gær ef ég man rétt og er nú komin inn í frv. Að þessu fengnu get ég staðið að samþykkt þessarar breytingar, en hefði ekki gert það ef dregið hefði verið úr áhrifum tóbaksvarnalaga. Ég er alveg staðráðinn í því að meðan ég skipa þetta embætti verður sett reglugerð um ákvæði um innflutning tóbaks með hliðsjón af skaðsemi þess. Ég hefði talið æskilegast að það hefði verið hægt að draga úr tóbaksnotkun, en með aukinni fræðslu og með samræmdu starfi tóbaksvarnanefndar í anda laga um tóbaksvarnir vonast ég til að hagnaður ríkis og annarra af tóbakssölu verði minni hér eftir en hingað til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 1127). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Fjáröflun vegna húsnæðismála, frv. 525. mál (þskj. 1108). — 1. umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Flm. mynda meiri hl. í fjh.- og viðskn. Nd. og eru auk mín Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Þorsteinn Pálsson. Frv. hljóðar þannig:

„1. gr. Á tímabilinu 1. júlí 1985 til 31. des. 1986 skal leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra skv. þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins."

2. gr. fjallar um það að eignarskattsauki skuli verða lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1985 og 1986 og skal hann vera þannig:

a. 0.25% á eignarskattsstofn manna, sbr. 80.—82. gr. laga nr. 75 frá 1981, umfram 1600 þús. kr. gjaldárið 1985. Gjaldárið 1986 skal skattskylt mark til eignarskattsauka breytast með skattvísitölu, sbr. 121. gr. framangreindra laga. Þó skal ekki leggja eignarskattsauka á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri.

b. 0.25% skal leggja á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75 frá 1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga.

Eignarskattsauki hefur engin áhrif á eignarskattsútreikning skv. 83. og 84. gr. laga nr. 75 frá 1981. Eignarskattsaukinn rennur í ríkissjóð. Skal honum ráðstafað til húsnæðismála.

3. gr. hljóðar þannig að af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála árið 1985 og 60 millj. kr. árið 1986.

Síðan er gildistökuákvæði.

Ríkisstj. hefur sem kunnugt er varið miklum fjármunum til að efla húsnæðislánakerfið. Ráðstafanir þessar verða ekki raktar hér í smáatriðum. Ég leyfi mér að benda á fskj. I.—III. með þessu frv. sem sýna útlán byggingarsjóðanna og framlag ríkissjóðs til þeirra. Þar kemur m. a. fram að útlán byggingarsjóðanna í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hafa aukist stórlega að undanförnu. Á árunum 1980—1982 var þetta hlutfall á bilinu 1.7 til 2%, en 1984 hafði það hækkað í 2.9%. Í ár er áætlað að þetta hlutfall verði 3.6% þannig að útlán opinberu íbúðalánasjóðanna hafa hartnær tvöfaldast í tíð núverandi ríkisstj. Enn fremur hafa margvíslegar ráðstafanir verið gerðar varðandi útlánareglur o. fl. til þess að nýta betur fjármuni sem ráðstafað er til þessa málaflokks.

Þó að stjórnarflokkarnir hafi þannig beitt sér fyrir ýmsum ráðstöfunum í þágu húsbyggjenda og húskaupenda eru mörg viðfangsefni óleyst í húsnæðismálum, ekki síst vegna þess vanda sem skapast hefur vegna misgengis milli launa og lánskjara. Það er hins vegar ógjörningur að auka fjárframlög hins opinbera til þessa málaflokks nema sérstök fjáröflun komi til, bæði vegna halla á ríkissjóði og eins vegna þess að aukinni lántöku erlendis hefur verið hafnað. Til þess að unnt sé að taka á brýnasta vanda húsbyggjenda og húskaupenda er með þessu lagafrv. gerð tillaga um sérstaka fjáröflun til þeirra viðbótarráðstafana sem stjórnarflokkarnir hafa gert og munu beita sér fyrir á þessu ári. Í því efni er einkum um þrennt að ræða:

1. Ráðgjafarþjónustu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem hefur það hlutverk að leiðbeina og aðstoða og lána þeim sem komnir eru í greiðsluerfiðleika. Útlán í tengslum við ráðgjafarþjónustuna eru áætluð um 200 millj.

2. Greiðslujöfnun vegna fasteignaveðlána einstaklinga sem talin eru fela í sér um 100 millj. kr. minni endurgreiðslur lána til byggingarsjóða ríkisins í ár.

3. Aukin áhersla á lán þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Tekin hefur verið ákvörðun um að hækka hámark svonefndra G-lána þannig að það verði komið í 50% af nýbyggingarláni (F-láni) á 1. ársfjórðungi 1986. Í þessu skyni er gert ráð fyrir 70 millj. kr.

Þessi þrjú atriði hafa í för með sér 370 millj. kr. fjárvöntun og til þess að mæta þessari fjárvöntun er lagt til að tekna verði aflað með svofelldum hætti:

Húsnæðisgjaldi sem gefur 250 millj., eignarskattsauka á einstaklinga sem gæfi 20 millj., eignarskattsauka á félög sem gæfi 70 millj. og sérstakri hækkun á áfengis- og tóbaksverði 30 millj. Samtals gerir þetta 370 millj.

Ég vil leggja áherslu á að með þessari auknu fjáröflun verði í ár fyrst og fremst sinnt fjárþörf þeirra sem byggja sína fyrstu íbúð eða gera fokhelt fyrir 1. október. Jafnframt verði flýtt afgreiðslu lána til þeirra sem keyptu sína fyrstu íbúð á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Í sambandi við þessa tekjuáætlun er minnt á að ávallt er erfitt að gera slíkar áætlanir af nákvæmni. Ef eitthvað kann á að skorta að tekjurnar nægi í ár verður sá greiðsluvandi sem af því hlýst leystur með tilfærslu á milli ára.

Í frv. er gert ráð fyrir að þessi gjaldtaka eigi sér einnig stað á næsta ári, enda mörg verkefni fram undan í húsnæðismálum. Áætlaðar tekjur af gjaldtökunni á næsta ári eru 600—700 millj. kr. á verðlagi ársins 1985. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðstöfun fjárins á því ári. Það verður ekki gert fyrr en að höfðu samráði við þá milliþinganefnd í húsnæðismálum sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að koma á fót eftir viðræður við stjórnarandstöðuflokkana.

Ég vil minna á að þessu frv. fylgja ítarleg fskj. Í fyrsta lagi um útlán byggingarsjóða ríkisins 1980—1985. Greiðsluyfirlit Byggingarsjóðs ríkisins er á fskj. II frá 1980—1985. Og í þriðja lagi er áætluð staða verðtryggðra lána fasteignakaupenda í lok hvers árs. Í fjórða lagi fylgir þessu verkefnaskrá ríkisstj. í húsnæðismálum.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er þetta frv. flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. Það er samkomulag um það í fjh.- og viðskn., þar sem málið hefur verið ítarlega til umr., að málið þurfi ekki að ganga til nefndarinnar og því geri ég ekki tillögu um að því verði vísað þangað, heldur að 2. umr. geti farið fram þegar að lokinni þessari.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hv. 2. þm. Norðurl. v. mælti fyrir á sér nokkuð sérkennilegan aðdraganda eins og kunnugt er. Hér er flutt tillaga um skattlagningu til húsnæðismála, tillaga sem hæstv. fjmrh. neitaði að flytja. Niðurstaðan varð því sú að fulltrúar stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. hv. Nd. tóku að sér að flytja frv.

Skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir mun hæstv. fjmrh. beita sér gegn veigamiklu ákvæði í þessu frv. Hann ætlar hins vegar samt sem áður, að sögn, að sitja áfram sem fjmrh. þó að það virðist vera ætlun þingsins, ef marka má þær upplýsingar sem fyrir liggja, að taka fram fyrir hendurnar á honum með þessum hætti og knýja hann til þess að innheimta þá skatta sem hér er gert ráð fyrir.

Það er einnig athyglisvert, herra forseti, varðandi aðdraganda þessa máls að fyrir nokkrum mánuðum tók ríkisstj. ákvörðun um að efna til svokallaðrar ráðgjafarþjónustu fyrir húsbyggjendur og nokkrum mánuðum síðar varð það niðurstaðan eftir viðræður verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. að lagt yrði fram á Alþingi stjfrv. um greiðslujöfnun. Þegar það frv. lá fyrir kom það fram að ríkisstj. hafði ekki gert ráð fyrir neinum peningum til að kosta þau útgjöld sem þetta tvennt hafði í för með sér. Þess vegna var rætt um það á vettvangi stjórnarflokkanna að ef það ætti að standa við þessi fyrirheit yrði að taka til þeirra erlend lán auk þess sem það lá fyrir skv. upplýsingum í fjh.- og viðskn. Nd. frá húsnæðismálastjórn að það vantaði 700—800 millj. kr. í húsnæðislánakerfið.

Það lá einnig fyrir skv. upplýsingum talsmanna svokallaðrar húsnæðishreyfingar, sem héldu blaðamannafund núna fyrir nokkrum vikum, að ríkisstj. taldi sig vera komna á leiðarenda í húsnæðismálum, hún ætlaði ekkert að aðhafast í þeim frekar á yfirstandandi þingi. Í ljósi þeirra yfirlýsinga ákváðu stjórnarandstöðuflokkarnir að snúa sér til stjórnarflokkanna, til ríkisstj. með ósk um viðræður um vanda húsbyggjenda þannig að á þeim málum yrði tekið á þessu vori skarpar, eins og það var orðað af okkur í þessum ræðustól, en ríkisstj. hafði áformað.

Þannig hefur það gerst að allir þingflokkar hér á hv. Alþingi hafa sameinast um að taka á þessum málum án þess að sérstakar viðræður hafi átt sér stað við félmrh. sem fer með húsnæðismálin eða fjmrh. sem fer með skattheimtumálin. Þetta frv. er því eitt það sérkennilegasta að mörgu leyti sem sést hefur hér í þinginu og það er athyglisvert að þegar upplýsingar um samkomulag flokka í húsnæðismálum, þó takmarkað væri, lágu fyrir lýsti aðalmálgagn ríkisstj. því yfir að helsti vandi þingsins í ár væri skortur á ósamkomulagi í veigamiklum málum. Morgunblaðið kvartaði sérstaklega yfir skorti á ósamkomulagi í húsnæðismálum og utanríkismálum. Það væri sérkennilegt hvernig ríkisstj. mistækist að halda utan um mál, en í staðinn virtust hinir almennu þm. hafa tekið að sér að sjá ýmsum málum farborða.

Ég ætla hér, herra forseti, ekki að fara að halda langa ræðu um þetta frv. Ég vildi nokkuð ítreka þennan aðdraganda og ég vildi einnig gera grein fyrir þeim viðræðum sem hafa átt sér stað milli stjórnar og stjórnarandstöðu eins og við lítum á það í stjórnarandstöðuflokkunum.

Það var 19. maí s. l. að stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu fyrir Steingrím Hermannsson forsrh. og Þorstein Pálsson formann Sjálfstfl. umræðugrundvöll fyrir lausn á ríkjandi neyðarástandi í húsnæðismálum. Í þessum umræðugrundvelli stjórnarandstöðunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Þingflokkar í stjórnarandstöðu á Alþingi vilja hér með vara hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta við því að slíta þingi án þess að leysa ríkjandi neyðarástand í húsnæðismálum.

Við viljum minna formenn stjórnarflokkanna á að orsakir þessa neyðarástands eru m. a.:

skert greiðslugeta lántakenda vegna afnáms vísitölubindingar launa en ekki lána sem forsætisráðherra hefur kallað mistök,

hækkun raunvaxta í kjölfar „vaxtafrelsins" sem formaður Sjálfstfl. kallaði „tímamótaákvörðun."

Við teljum að forustumönnum stjórnarflokkanna beri skylda til að beita sér fyrir því að fyrir þessi mistök verði bætt án frekari tafar. Afkoma þeirra fjölmörgu fjölskyldna, sem nú eiga eignir sínar undir uppboðshamrinum, er í húfi.

Þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa náð samkomulagi um brtt. við frv. ríkisstj. um greiðslujöfnun húsnæðislána. Aðalatriði þeirra tillagna er að stjórnvöld viðurkenni undanbragðalaust þann umframreikning sem lántakendum hefur verið gert að greiða vegna misgengis launa og lánskjara og hækkunar raunvaxta umfram verðbólgu.

Í brtt. stjórnarandstöðunnar felst m. a. að auk byggingarsjóða ríkisins nái greiðslujöfnunin einnig til banka og lífeyrissjóða, að réttur lántakenda verði skilgreindur og viðurkenndur án tillits til vanskila eða mats embættismanna, að útreikningur „greiðslumarks" miðist við kauptaxta vísitölu, að vextir verði lækkaðir, að veittur verði sérstakur skattafsláttur skv. nánari reglum (réttur til skattaafsláttar takmarkist við tiltekna skuldlausa eign lántakenda).

Þessar tillögur stjórnarandstöðunnar um lausn á ríkjandi neyðarástandi eru lagðar fram í von um að

samkomulag geti tekist á Alþingi um þessar eða aðrar sambærilegar aðgerðir fyrir þinglausnir.

Um fjáröflun í þessu skyni vill stjórnarandstaðan taka það fram að hún er ekki til viðtals um nýjar erlendar lántökur. Þess í stað vísa stjórnarandstöðuflokkarnir til áður fram lagðra fjáröflunartillagna við afgreiðslu fjárlaga og með sérstökum frumvarpa- og tillöguflutningi á Alþingi. Auk þess lýsa stjórnarandstöðuflokkarnir sig reiðubúna til að leita samkomulags við stjórnarflokkana um aðrar innlendar fjáröflunarleiðir, hvort heldur er með skattlagningu og/eða tilfærslum innan ramma fjárlaga. Aðalatriðið að okkar mati er að Alþingi verði ekki slitið fyrr en lántakendur hafi fyrir því fullnægjandi tryggingu að lausn sé fundin á ríkjandi neyðarástandi."

Undir þetta rita Svavar Gestsson f. h. Alþb., Jón Baldvin Hannibalsson f. h. Alþfl., Guðmundur Einarsson fyrir hönd BJ og Guðrún Agnarsdóttir f. h. SK.

Þær viðræður sem hófust með þessari kröfugerð stjórnarandstöðunnar stóðu í liðlega eina viku og stjórnarandstöðuflokkarnir gerðu grein fyrir niðurstöðum sínum á þriðjudaginn var með greinargerð sem lögð var fyrir formenn stjórnarflokkanna og fjölmiðla þann hinn sama dag. Í þeirri greinargerð segir:

„Stjórnarflokkarnir höfðu fyrir nokkrum vikum lýst því yfir að ekkert yrði frekar aðhafst í húsnæðismálum umfram það sem fram kemur í lánsfjáráætlun. Þó lá fyrir að þúsundir fjölskyldna voru að missa eignir sínar vegna okurlánskjara og kauplækkunar, að mörg hundruð millj. kr. vantaði til óbreyttrar starfsemi húsnæðislánakerfisins, að ekki hafði verið gert ráð fyrir neinum fjármunum til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar né heldur til þess að standa undir kostnaði við greiðslujöfnun húsnæðislána skv. fyrirliggjandi stjfrv. Eina úrræði stjórnarflokkanna virtist vera að taka erlend lán og að auka þannig vanda húsnæðislánakerfisins til frambúðar.

Í ljósi þess ákvað stjórnarandstaðan að krefjast viðræðna við ríkisstj. og talsmenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi lýstu yfir því að þeir væru ekki reiðubúnir til neinna samninga um þinghaldið nema tekið yrði sérstaklega á vanda húsbyggjenda. Enn fremur lá fyrir að verkalýðshreyfingin og hópur áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum gerðu kröfur um að tekið yrði á þessum málum áður en þing færi í sumarleyfi, auk þess sem verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að húsnæðismálunum yrði ekki blandað í gerð kjarasamninga þeirra sem nú standa yfir.

Í upphafi þeirra viðræðna stjórnar og stjórnarandstöðu sem nú hafa staðið yfir í tíu daga lagði stjórnarandstaða áherslu á að vandi almennings stafaði einkum af því að kaupgjaldsvísitalan hefur verið tekin úr sambandi á sama tíma og lánskjaravísitalan hefur hækkað hrikalega; þetta jafngildir stórfelldri eignaupptöku hjá þeim sem hafa verið að byggja íbúðir eða kaupa á liðnum árum, að vextir hafa hækkað verulega, einkum eftir að ríkisstj. hleypti vöxtum lausum á s. l. ári, og eru raunvextir nú hærri hér á landi en nokkru sinni fyrr.

Í ljósi þessa lagði stjórnarandstaðan fram tillögur um stórfellda fjáröflun til húsnæðismála og um breytta útlánastefnu. Tillögur stjórnarandstöðunnar um fjáröflun voru þessar:

1. Eignarskattsviðauki á fyrirtæki og stóreignir.
2. Hagnaður Seðlabankans verði gerður upptækur í byggingarsjóðina.
3. Húsnæðisgjald verði lagt á veltu fyrirtækja í verslun og þjónustu.
4. Áfengi og tóbak verði hækkað sérstaklega vegna húsnæðislánakerfisins.
5. Stofnun sérstakra skattfrjálsra sparnaðarreikninga.

Þá gerðu stjórnarandstöðuflokkarnir eftirfarandi tillögur um breytta útlánastefnu og aðgerðir í húsnæðismálum:

1. Vextir verði lækkaðir og verði aldrei hærri en 3% af húsnæðislánum.
2. Greiðslujöfnun nái ekki aðeins til Húsnæðisstofnunar, heldur og til lífeyrissjóða og banka.
3. Greiðslumark húsnæðislána verði miðað við kaupgjaldsvísitölu, en ekki vísitölu atvinnutekna og kaupgjaldsvísitölu að jöfnu eins og frv. ríkisstj. byggist á.
4. Misgengi vísitalna frá undanförnum árum verði endurgreitt í formi skattaafsláttar sem komi til framkvæmda þegar á þessu ári.
5. Lánshlutfall til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn verði hækkað. Hækkun lána vegna eldra húsnæðis verði bundin skilyrði um útborgunarhlutfall.
6. Skammtímalán vegna húsnæðiskaupa verði lengd í tíu ára lán. Seðlabankinn endurkaupi lánalenginguna af viðskiptabönkunum.
7. Lög um húsnæðissamvinnufélög verði afgreidd á þessu þingi.
8. Skipuð verði milliþinganefnd allra þingflokka sem hafi það hlutverk að endurskoða allt húsnæðislánakerfið, þ. e. lánakerfi opinberra aðila, banka og lífeyrissjóða. Nefndin geri tillögur um nýja húsnæðisstefnu og um húsnæðisáætlun til aldamóta. Áætlunin byggist á þeirri meginforsendu að húsnæði er mannréttindakrafa, en á ekki að vera efni pólitískra átaka á fárra ára fresti.

Tillögur stjórnarandstöðuflokkanna um tekjuöflun náðu til ársins 1985 og út árið 1986. Þeir gerðu ráð fyrir um 1.7 milljörðum kr. til húsnæðislánakerfisins og stjórnarandstaðan byggði á því að hér væri um að ræða viðbótarfjármagn í húsnæðislánakerfið. Gerði stjórnarandstaðan tillögu um að þeim fjármunum yrði varið sem hér segir:

1. 840 millj. kr. til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðarkaupenda, þar af 440 millj. kr. til greiðslujöfnunar hjá bönkum, Húsnæðisstofnun og lífeyrissjóðum og 400 millj. kr. til skattalækkunar sem kæmi til framkvæmda þegar á þessu ári.
2. 550 millj. kr. yrði varið til þess að hækka lánshlutfall þeirra sem byggja og kaupa í fyrsta sinn.
3. 350 millj. kr. yrði varið til félagslegra íbúðabygginga, þ. e. 250 millj. kr. til verkamannabústaða og 100 millj. kr. til húsnæðissamvinnufélaga.

Nú liggur fyrir afstaða ríkisstj. og er niðurstaða þessi:

1. Ríkisstj. fellur frá þeim hugmyndum að taka aukin erlend lán til húsnæðislánakerfisins.
2. Ríkisstj. fellst á tillögur um eignarskattsviðauka, en hafnar hugmyndum um frekari skattlagningu á eignir og fyrirtæki.
3. Ríkisstj. fellst á að skipa milliþinganefnd.
4. Ríkisstj. gefur fyrirheit um sérstakan skattafslátt til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda á næsta ári.
5. Ríkisstj. lýsir því yfir að tekjuöflunin til húsnæðiskerfisins 1985 og 1986 komi til viðbótar þeirri fjáröflun sem þegar er um að ræða til húsnæðislánakerfisins.
6. Þá liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir munu taka upp

greiðslujöfnun til samræmis við húsnæðislánin.

Milli stjórnar og stjórnarandstöðu tókst hins vegar ekki heildarsamkomulag í húsnæðismálum. Ástæðurnar eru þessar:

1. Stjórnarflokkarnir kusu að gera söluskattshækkun að meginuppistöðu í tekjuöflun til húsnæðismála. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru því andvígir og munu greiða atkv. gegn söluskattshækkuninni.

2. Stjórnarflokkarnir höfnuðu tillögum um vaxtalækkun og að greiðslumark húsnæðislána tæki einungis mið af kaupgjaldsvísitölu.

3. Stjórnarflokkarnir voru ekki tilbúnir til þess að tryggja framgang frv. um húsnæðissamvinnufélög, en þar virtist stranda á ágreiningi milli stjórnarflokkanna. Munu stjórnarandstöðuflokkarnir því leggja frv. fram á Alþingi næstu daga.

4. Stjórnarflokkarnir voru ekki tilbúnir til að tryggja endurgreiðslu vegna misgengis vísitalna í formi skattaafsláttar þegar á þessu ári.

5. Stjórnarflokkarnir höfnuðu því að taka hagnað Seðlabankans í byggingarsjóðina.

Með þessari afstöðu komu stjórnarflokkarnir í veg fyrir að heildarsamkomulag tækist í húsnæðismálum.

Stjórnarandstöðuflokkarnir munu áfram beita sér fyrir þeim breytingum sem áður voru skýrðar í þessari grg. Varðandi afstöðu til einstakra mála á næstu dögum vilja stjórnarandstöðuflokkarnir að lokum árétta:

1. Þeir munu greiða atkv. á Alþingi gegn hækkun söluskatts.

2. Þeir munu styðja eignarskattsviðaukann og sérstaka hækkun á áfengi og tóbaki.

3. Þeir leggja áherslu á þátttöku í störfum milliþinganefndarinnar.

Stjórnarandstöðuflokkarnir telja að miðað við aðgerðarleysi ríkisstj. í þessum málum og áform hennar um erlendar lántökur hafi nokkur árangur náðst. Það má reyndar teljast verulegur ávinningur að tekist hefur að knýja fram 1 milljarð kr. til húsnæðismála umfram það sem áður var gert ráð fyrir. Þeim megintekjuöflunarleiðum, sem stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu til, var þó hafnað, en þess í stað valin tekjuöflunarleið sem stjórnarandstaðan getur ekki sætt sig við. Þrátt fyrir talsverðan árangur er niðurstaðan því engu að síður ófullnægjandi. Er það ekki síst vegna þess að ríkisstj. ætlar í litlu að bæta það fjárhagstjón sem húsnæðiskaupendur hafa beðið vegna misgengis vísitalna og enn fremur að ekki er komið til móts við þarfir húsnæðissamvinnufélaga. Þetta eru veigamiklir þættir þess vanda sem við blasir og verður að leysa. Til þess eru stjórnarandstöðuflokkarnir reiðubúnir."

Þetta var greinargerð stjórnarandstöðuflokkanna eftir viðræður stjórnar og stjórnarandstöðu um húsnæðismál.

Ég vík þessu næst, herra forseti, fáeinum orðum að þskj. 1108, sem er það frv. sem hér er á dagskrá. Eins og ég tók fram er afstaða stjórnarandstöðuflokkanna til 1. gr. frv. ljós. Ég vil hins vegar vekja athygli, herra forseti, á lokaorðum 1. gr. og beina varðandi hana spurningum til hæstv. félmrh. Í síðasta málslið segir:

„Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins."

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því: Lítur hann svo á að með þessari ákvörðun verði ekki hægt að verja þeim tekjum, sem 1. gr. gefur af sér, til Byggingarsjóðs verkamanna eða til verkefna á vegum Byggingarsjóðs verkamanna?

Ég fagna því að það skuli hins vegar vera tekið alveg af skarið um að þessi skattheimta eigi öll að renna til húsnæðismála með ótvíræðum hætti, eins og þetta er sett upp hér, og ég minni á að þó að söluskattshækkun sé ógeðfelld hefur söluskattur að mörgu leyti breytt um eðli frá því sem áður var vegna þess að 1% hækkun á söluskatti þýðir 0.4% hækkun á framfærsluvísitölu eftir að matvaran var tekin út úr söluskattinum.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan um 2. og 3. gr. frv. Stjórnarandstöðuflokkarnir munu styðja þær greinar.

Í grg. frv. og í verkefnaáætlun ríkisstj. í húsnæðismálum koma fram ýmis atriði sem ég hlýt að spyrja stjórnarflokkana og hæstv. félmrh. um þegar við þessa umr.:

Í grg. segir svo á bls. 2, með leyfi forseta:

„Þó að stjórnarflokkarnir hafi þannig beitt sér fyrir ýmsum ráðstöfunum í þágu húsbyggjenda og húskaupenda eru mörg viðfangsefni óleyst í húsnæðismálum, ekki síst vegna þess vanda sem skapast hefur vegna misgengis milli launa og lánskjara."

Ég tel að með þessari setningu í grg. sé ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi og í fjh.- og viðskn. Nd. að viðurkenna að þarna er um að ræða stóran vanda sem taka verður á sérstaklega.

Í verkefnaskrá ríkisstj. í húsnæðismálum, sem birt er sem fskj. IV með frv. þessu, segir að stjórnarflokkarnir telji þrjú verkefni brýnust í húsnæðismálum. Þau eru talin upp. Fyrsta verkefnið sem hér er nefnt er þetta:

Að enn frekar verði komið til móts við þá húsbyggjendur og íbúðakaupendur sem hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna efnahagsáfalla síðustu ára.

Ég tel að í þessari áhersluröð, sem hér birtist í verkefnaskránni, sé enn frekar viðurkenndur sá gífurlegi vandi sem fólk á við að etja vegna misgengis launa og lána á síðustu misserum.

Þá vek ég í þessu sambandi athygli á því, herra forseti, að í síðustu mgr. á bls. 5 í fskj. IV segja stjórnarflokkarnir á þessa leið:

„Stjórnarflokkarnir minna á að það er yfirlýst stefna ríkisstj. að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Ákveðið hefur verið að til 600 millj. kr. lækkunar komi á tekjuskattinum á næsta ári í því skyni. Í því sambandi verður að huga að því hvernig skattamálum húsbyggjenda og íbúðarkaupenda verður háttað. Hvað áhrærir skattamál húsbyggjenda og íbúðarkaupenda sérstaklega eru stjórnarflokkarnir sammála um að ekki komi til álita að draga úr því hagræði sem ákvæði gildandi skattalaga veita, hvort heldur verður um áframhaldandi vaxtafrádrátt að ræða og/eða sérstakan skattaafslátt."

Ég er að draga þessi þrjú atriði fram, herra forseti, vegna þess að mér finnst að þau séu skyld. Hér er í fyrsta lagi viðurkenndur sá vandi sem skapast hefur vegna misgengis launa og lánskjara. Hér er í öðru lagi lögð á það áhersla sem höfuðverkefni ríkisstj. í húsnæðismálum að koma til móts við það fólk sem hefur orðið að þola þetta misgengi. Og í þriðja lagi er bent á að leið til þess að koma til móts við þetta fólk gæti verið fólgin í sérstökum skattaafslætti.

Það er á þessum forsendum, herra forseti, sem stjórnarandstaðan byggir niðurstöðu sína í grg. þeirri

sem hún dreifði til fjölmiðla og formanna stjórnarflokkanna í fyrradag, en þar segir:

„Ríkisstj. gefur fyrirheit um sérstakan skattaafslátt til húsbyggjenda og íbúðakaupenda á næsta ári."

Ég vil í framhaldi af þessari upprifjun spyrja hæstv. félmrh. nánar út í þessi atriði og sömu spurningu vil ég beina til hv. 1. þm. Suðurl. sem hefur tekið þátt í þessum viðræðum af hálfu Sjálfstfl.

Þá vil ég, herra forseti, víkja að öðru atriði í niðurstöðum stjórnarandstöðunnar í sambandi við húsnæðismálin. Það var aðallega tvennt sem stjórnarandstaðan lýsti óánægju með. Annað voru ráðstafanir vegna þeirra sem höfðu orðið að þola misgengi launa og lána og hins vegar að ekki hefur verið komið til móts við þarfir eða sjónarmið forustumanna húsnæðissamvinnufélaga. Af þeim ástæðum segir stjórnarandstaðan hér:

„Munu stjórnarandstöðuflokkarnir því leggja frv. fram á Alþingi næstu daga."

Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Eru nokkrar líkur til þess úr því sem komið er að frv. um húsnæðissamvinnufélög verði lagt fram sem stjfrv. næstu daga? Og í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að húsnæðissamvinnufélögin fái fjármuni til sinnar starfsemi á grundvelli þegar gildandi laga. Það er ljóst að með þessum tillögum er verið að tryggja húsnæðislánakerfinu stóraukna fjármuni og þess vegna á að vera mögulegt fyrir hæstv. félmrh. í framhaldi af þessum ákvörðunum að koma til móts við húsnæðissamvinnufélögin, jafnvel á grundvelli gildandi laga. Ég vil inna hæstv. félmrh. eftir því hvernig stendur með frv. og hvort hann hyggst á grundvelli gildandi laga beita sér fyrir því að eitthvað af þeirri aukningu fjármuna, sem hér er gert ráð fyrir í húsnæðiskerfið, komi til húsnæðissamvinnufélaganna.

Í þriðja lagi vil ég benda á það varðandi efnisatriði frv. og grg. sem kemur fram undir kaflafyrirsögninni Lán vegna greiðsluerfiðleika, greiðslujöfnun og skattamál. Þar segir:

„Áfram verður haldið því samstarfi sem tekist hefur við banka og sparisjóði um lengingu lánstíma og aðra fyrirgreiðslu."

Ég vil inna eftir því hvenær viðræður hefjast við bankana um lengingu lánstíma og aðra fyrirgreiðslu. Hvenær er þess að vænta að niðurstaða fáist í þeim efnum?

Ég vil einnig minna á það, herra forseti, að í þessari grg. ríkisstj. um verkefni í húsnæðismálum er því slegið föstu að ráðgjafarþjónusta í húsnæðismálum starfi áfram, þ. e. hún verði ekki aðeins fram á mitt þetta ár eða rúmlega það heldur muni hún starfa áfram á þessu og jafnvel næsta ári. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Hversu miklir fjármunir eru nú þegar áætlaðir til þessarar ráðgjafarþjónustu í Húsnæðisstofnuninni skv. þeim umsóknum og útreikningum sem þegar liggja fyrir? Hve margir eru það sem njóta munu þessarar þjónustu? Er gert ráð fyrir því að 200 millj. kr. vegna ráðgjafarþjónustunnar fari allar út á þessu ári eða er við því að búast að þar standi eitthvað út af og þá verði hluta af þeirri upphæð ráðstafað á árinu 1986, en í frv. ríkisstj. og grg. er byggt á því að hér sé fyrst og fremst verið að afla fjár til húsnæðislánakerfisins til eins og hálfs árs?

Þá vil ég spyrja hæstv. félmrh. um lið 4.3. í grg. ríkisstj. varðandi lækkun útborgunar í fasteignaviðskiptum. Alþb. hefur flutt tillögu í húsnæðismálastjórn um þetta efni. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvernig ríkisstj. hyggist standa að framkvæmd þessa lagaákvæðis umfram þær upplýsingar sem koma fram í grg.

Herra forseti. Þar sem þetta frv. hefur í rauninni þegar fengið allítarlega meðferð í viðræðum stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka get ég fyrir mitt leyti og fyrir hönd stjórnarandstöðunnar fallist á það að frv. fari ekki til nefndar, heldur fari þegar að lokinni þessari umr. til 2. umr. Ég legg á það áherslu fyrir mitt leyti að ég tel eðlilegt að þetta mál fái sem skjótastan framgang hér í þinginu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér eru á dagskrá tvö frv. um húsnæðismál, annað um tekjuöflun og hitt um greiðslujöfnun. Mig langar í upphafi að segja nokkur orð um húsnæðismálin almennt vegna þess að þau hafa verið mikið til umræðu hjá okkur. Það er raunar umhugsunarefni hvers vegna það er svo á Íslandi, en ekki hjá öðrum þjóðum á Vesturlöndum, að ekki hefur tekist að leysa húsnæðismál svo sæmilega viðunandi sé. Við höfum í gegnum árin leyst af hendi ýmiss konar stór verkefni, eins og að byggja upp samgöngur um landið, við höfum skipulagt á viðunandi hátt skólamál, við höfum skipulagt heilbrigðismál og yfirleitt tekist á við öll hin stóru samfélagslegu verkefni eins og aðrar vestrænar þjóðir nema húsnæðismál. Húsnæðismál, einn hinna stóru málaflokka á Íslandi, hafa í raun og veru aldrei verið tekin fyrir svo viðunandi sé. Það er líklega vegna þess að dulin öfl hafa verið þar með í spilinu á undanförnum árum. Það er verðbólgan sem hefur leyst húsnæðismálin á dularfullan hátt, svo dularfullan hátt að heilar kynslóðir skilja enn þá alls ekki hvernig þær fóru að því að koma yfir sig húsi. Heilar kynslóðir benda á einbýlishúsið sitt og segja: Þetta er svolítið sárt fyrst. Þetta tekur svona 2—3 ár, en þá ertu kominn yfir þetta.

Þetta er dæmi um stórkostlegan misskilning og hversu mikil vanþekking ríkir á Íslandi á hver raunverulegur húsnæðiskostnaður er. Ég hef stundum sagt að það muni verða mörgum hið mesta harmsefni að komast að raun um, þegar heilu kynslóðirnar þurfa — kannske fyrstar — loksins að fara að borga raunvirði húsnæðis til baka, að menn munu ekki geta byggt og búið eins og pabbi og mamma gerðu. Hinn raunverulegi húsnæðiskostnaður sem hlutfall af tekjum hefur aldrei komið í ljós. Það hefur aldrei komið í ljós hvað það kostar á heilli ævi að búa í húsnæði eins og við þekkjum nú á Íslandi.

Það kemur stundum upp í huga mér, þegar ég tek þátt í umræðum um húsnæðismál, þegar ég var eitt sinn búsettur erlendis og ætlaði að kaupa mér hús. Þá fór ég til húsnæðissjóðs eða byggingarsjóðs, building society, í Bretlandi og sagði þeim að mig vantaði hús. Þeir spurðu: Hvað hefurðu í laun? Ég sagði þeim hvað ég hefði í laun. Þá tóku þeir launin, margfölduðu þau með einhverri tölu, ég man ekki hvort það voru 2, 3 eða 4, lögðu síðan laun konu minnar við og sögðu: Þetta er lánið sem þú færð. Þetta verður að endast fyrir 95% húsverðsins. 5% færðu örugglega í banka. Þú borgar það á u. þ. b. þremur árum. Þar með ertu búinn að leysa þín húsnæðismál vegna þess að reynsla áranna segir okkur að það fer enginn á hausinn með því að taka á sig þessar skuldbindingar. — Þarna hafði stöðugt

verðlag aldrei falið hinn raunverulega húsnæðiskostnað. Ég held að nú verði Íslendingar að taka húsnæðismálin fyrir og segja: Þetta mál verðum við að leysa eins og við höfum leyst samgöngumál, eins og við höfum leyst almannatryggingamál, skólamál, heilbrigðismál og önnur hin stóru viðfangsefni samfélagsins.

Eins og ævinlega þegar menn taka að velta fyrir sér efni eins og þessum málaflokki kemur í ljós að hann hefur tvær hliðar. Það er í fyrsta lagi hinn bráði vandi. Það er eldur laus í húsnæðismálum þjóðarinnar og hann verður að slökkva með öllum tiltækum ráðum vegna þess að afleiðingarnar, eins og sum okkar hafa orðið vör við á undanförnum misserum, félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar sem við viljum ekki búa við, geta verið alvarlegar. Þá er það framtíðarlausnin eins og ég var að tala um áðan. Við verðum að spyrja: Í hvaða ramma eigum við að setja húsnæðismál á Íslandi þannig að það sé ekki angistarverkefni fimm ár lífs okkar að takast á við þessi mál? Við verðum að finna húsnæðismálum einhvern þann ramma að menn geti leyst þau á tiltölulega fyrirhafnarlítinn máta og síðan gert það annað sem þeir hafa ætlað sér í lífi sínu.

Þá eru uppi tveir möguleikar til að taka á þessum málum. Það má annars vegar reyna að mynda um þennan málaflokk einhvers konar þjóðarsátt, þ. e. að taka þetta mál út fyrir sviga eins og menn hafa að sumu leyti gert t. d. hvað snertir vegáætlun og annað. Menn hafa dregið lík mál út úr hinni brennandi orrahríð pólitíkurinnar á hverjum tíma, gert um þau langtímaáætlun sem síðan er endurskoðuð eftir því sem nauðsyn ber til hverju sinni. Það er spurning hvort hægt er að gera slíka framtíðaráætlun í húsnæðismálum á Íslandi þannig að kynslóðirnar viti nokkurn veginn að hverju þær ganga, þannig að fólk geti gengið að sæmilega öruggum hlut í húsnæðismálum og geti samtímis gert annað það sem það ætlar að gera í lífi sínu.

Hin leiðin er sú að segja bara: Húsnæðismálin eru eins og með gangbrautina. Sá sem keyrir á þig á gangbrautinni á að lækna þig. Það er ekki annarra verk að bæta þar um. Sá sem bregst þér ber ábyrgðina og á hann bendum við. Hann verður að koma með úrlausnirnar.

Ég held að menn verði að horfa á þessa möguleika. Viljum við láta húsnæðismálin á hverjum tíma byggjast á skammtímalausnum? Eigum við að láta fara með húsnæðismálin eins og landbúnað og sjávarútveg á Íslandi, að þar sé uppi neyðarástand á nokkurra missera fresti og þá séu skammtímalausnir notaðar til að bjarga málunum fyrir horn, síðan séu menn sæmilega rólegir í 4—5 mánuði þangað til næsta neyðarbylgja kemur og þá sé hún leyst á sama hátt? Eigum við að hafa þetta svona? Eigum við að taka húsbyggjendur á Íslandi á sömu jötuna og þessar gömlu atvinnugreinar og láta þá búa við skammtíma- eða bráðabirgðareddingarnar eða eigum við að reyna að marka þannig stefnu að börnin okkar og komandi kynslóðir viti nokkurn veginn að hverju þau ganga?

Það er ekki að ástæðulausu að þetta mál er tekið upp á Alþingi núna. Í fyrsta lagi hefur miklu verið lofað. Menn sem lofa miklu og eru í aðstöðu til að efna loforð sín bera mikla ábyrgð. Fyrir síðustu kosningar var lofað býsna miklu. Það voru í framboði stjórnmálaflokkar sem lofuðu t. d. 80% umframfjárþarfar. Hvað merkir það að lofa slíku fyrir kosningar? Með því eru menn að segja: Ef ég kemst til valda ætla ég að geta þetta. Þess vegna fylgir loforðunum ábyrgð.

Þessir stjórnmálaflokkar komust í ríkisstjórn og hafa haft alla möguleika til að láta loforðin rætast. Þess vegna er ábyrgð þeirra stór. Sömuleiðis hafa ráðherrar, sem líka geta ráðið og líka bera ábyrgð, sí og æ komið fram í fjölmiðlum og sagt: Nú erum við að bæta og nú erum við að breyta og nú erum við að hækka. En í hvert einasta skipti sem ráðamaðurinn kemur fram sjást viðbrögðin úti í samfélaginu. Daginn eftir að félmrh. lofar einhverju í sjónvarpi og segir að lánin eigi að hækka, þá selst þakjárn fyrir fleiri hundruð þúsunda vegna þess að fólkið trúir. Þess vegna er ábyrgð ráðamanna mikil. Við sjáum þessi ummerki út um allt.

Þetta mál er líka mikilvægt í umræðunum núna vegna þess að í hönd fara kjarasamningar. Við sáum hvernig ástand í húsnæðismálum kom eiginlega í veg fyrir að hérna gætu farið fram það sem hægt er að kalla með góðri samvisku „frjálsa samninga“ í fyrra. Það er ekki hægt að semja við eitt samningaborð við fólk sem hefur á milli sín gjá gersamlega ólíkra lífskjara eins og húsnæðismálin geta valdið. Hvernig er t. d. hægt í einum og sömu samningunum að semja fyrir iðnverkamann sem byggði og leysti sín húsnæðismál fyrir 25 árum og tvítugan iðnverkamann sem er að byggja núna? Lífskjör þeirra eru svo ólík að þeir eiga ekki samleið í þessum efnum og kjarasamningar ráða ekki við það verkefni að ná fram réttlæti. Þetta er grundvallaratriði. Og það er annað sem menn eiga að horfa á líka og eiga þess vegna að taka húsnæðismálin föstum tökum. Það er ekkert launakerfi í heiminum sem megnar að leysa húsnæðismál fjölskyldna á 5—8 árum á sama tíma og sömu fjölskyldur eru að eignast allt annað sem þarf til framtíðarinnar. Fólk er að koma sér upp heimili. Fólk er jafnvel enn í námi. Fólk er að eignast börn. Það er bundið af þessu. Hvernig í ósköpunum á launakerfi, eins og menn hafa gert kröfur til á Íslandi í gegnum árin, að leysa þetta mál á 5—6 árum? Það er ekki hægt, enda hefur sýnt sig að það er ekki hægt. Af þessum ástæðum er skylda stjórnvalda að taka þessi mál föstum tökum. Af þessum ástæðum er ekki hægt að bjóða upp á að húsnæðismál verði skiptimynt í samningum. Það er ekki hægt að standa frammi fyrir fólki og segja: Ef við framfylgjum réttlæti, eruð þið þá tilbúnir að semja við okkur? Réttlætið getur ekki verið samningsatriði. Þess vegna verður að taka húsnæðismál út fyrir sviga og það verður að gera þannig að þar sé leitað jöfnuðar og réttlætis milli kynslóða og milli stétta. Þá er kannske hægt að fara að tala um að menn geti samið sín á milli í kjarasamningum. Af þessum ástæðum held ég að húsnæðismál séu forgangsmál í íslenskri pólitík. Ég held að ef menn leysa húsnæðismál muni ganga ótal margt á eftir. Ég held t. d. að allir kjarasamningar verði ótrúlega miklu auðveldari. Það er einungis eitt dæmi um hvernig ég ímynda mér að þjóðlífið breytist ef almennilega er á þessum efnum tekið.

Það hefur verið fjallað um þessi mál í nokkrum smáatriðum áður í þessari umræðu. Það hefur verið lýst þeim viðræðum sem farið hafa fram milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég vil hins vegar lýsa því yfir að ég tel að ekki hafi verið leitað nógu sterklega annarra kosta en skattlagningarinnar. Þá á ég við ýmiss konar sparnað og hagræðingu. Það hljóta að vera til í þessu kerfi okkar peningar

sem hægt sé að nýta í húsnæðismál án þess að til skattlagningar komi. Við höfum sífellt fyrir augunum þá staðreynd að við öflum mest allra þjóða. Allir venjulegir hagstuðlar og hagmælar segja: Þið eruð í efstu sætunum þegar við erum að mæla framleiðslu og þess háttar. Þegar hins vegar kemur að því að meta hversu mikið menn bera úr býtum, hvað sneiðin er stór, lendum við hryggilega aftarlega. Það hljóta að vera til peningar. Menn eiga t. d. að spyrja: Hvað hefur íslenska þjóðarbúið glatað miklum peningum á óhagstæðum lántökum? Látum lántökurnar vera, við skulum gefa okkur að þær hafi verið notaðar skynsamlega, en hvað er t. d. hver maður búinn að glata miklu á heimskulegum vaxtakjörum sem íslenska þjóðin hefur búið við? Hvað kostar okkur t. d. allt orkufylleríið, virkjanabrjálæðið og allt það? Þessara spurninga verðum við að spyrja. Við verðum að fá á því skýringu hvers vegna við bökum einhverja stærstu þjóðarköku í heimi og fáum svo einna minnstu sneiðina þegar upp er staðið. Þessara spurninga verðum við að spyrja. Hver mylur þessa köku niður á leiðinni úr bakaríinu yfir á skurðarborðið? Og ég segi: Í mylsnunni liggja þeir peningar sem geta bjargað okkur og skapað okkur sömu lífskjör og annað fólk á Vesturlöndum hefur og þeir geta eytt þeirri angist sem ríkir í húsnæðismálunum. Þess vegna segi ég að í þessum efnum, þ. e. hvað varðar sparnað og gerbreytingu á kerfinu, verðum við að leita peninga. Ef milliþinganefndin fer í þessi mál af einhverju viti verður hún að leggja áherslu á þessi sjónarmið.

Við verðum líka að taka á öðru máli sem menn eru nú farnir að tala meira um en áður. Það er lækkaður byggingarkostnaður. Ég er einn af þeim sem eru að byggja og ég veit hvernig þetta gerist. Ég veit að þó að ég verji miklu fé til hagræðingar, hvort sem það er í sambandi við teikningar eða bættar byggingaraðferðir, skilar sér ekki ein einasta króna af því til mín. Ég læt iðnaðarmönnum í té betri græjur. Ég legg í aukinn kostnað við einhverjar nýjar aðferðir. Það þýðir í sumum tilfellum tugþúsunda aukinn kostnað fyrir mig, en gamli góði uppmælingataxtinn sér um sína og það skilar sér ekki króna til baka. Sem sagt: breyttar aðferðir í húsnæðismálum hækka byggingarkostnað.

Það verður líka að taka til athugunar rekstur húsnæðis. Það er nóg nauðin við að koma húsnæðinu yfir sig. Menn verða líka að spyrja: Hvað kostar að reka þetta húsnæði? Það er líklega komið á annan áratug síðan menn fóru að benda á breyttar byggingaraðferðir á Íslandi sem mundu stórkostlega spara rekstrarkostnað og það er kannske ekki fyrr en á síðustu misserum sem menn hafa loksins tekið mark á því. Þá nefni ég t. d. breyttar aðferðir við einangrun.

Eitt er það enn sem ég tel að menn verði að líta á. Það er innlendur sparnaður. Við verðum að koma upp reikningum sem gefa þeim sem peninga eiga það öryggi sem þeir telja sig hingað til hafa haft í fjárfestingu, a. m. k. það öryggi sem þeir hafa haft í fjárfestingu í byggingu húsnæðis, og síðan eigum við að velta því fyrir okkur hvort við eigum ekki að stíga einu skrefi lengra til hvatningar og beinlínis að bjóða fólki þau kostakjör að það hneigist til þess að spara peninga sem að öðrum kosti hefðu farið í annað. Þannig fengjum við fé sem við gætum veitt þangað sem vandinn er mestur.

Ég ætla mér ekki að lengja þessa umræðu. Það er full ástæða til að hraða þessu máli. En ég ætla að ljúka máli mínu með því að minnast aftur á byggingarkostnaðinn. Ég held nefnilega að menn séu allt of lengi búnir að einblína á að afla meira fjár til húsnæðismála. Menn hafa gleymt því að það er nákvæmlega jafnmikið atriði að lækka byggingarkostnað. Sú króna sem sparast í byggingarkostnaði er þá króna sem ekki þarf að afla með sköttum, erlendum lánum eða einhverjum öðrum aðferðum sem mönnum hafa verið tiltækastar hér.

Ég ætla þá að láta máli mínu lokið um húsnæðismál að sinni. Þau koma aftur á dagskrá hér á eftir og þá mun ég víkja að öðrum atriðum.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það er rétt að það komi fram við þessa umr. að það mál sem hér er fjallað um er í raun og veru sprottið upp úr tveimur málum sem verið hafa til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, þ. e. frv. til lánsfjárlaga fyrir þetta ár og frv. um greiðslujöfnun húsnæðislána. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt og rökrétt að meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. flytji frv. af þessu tagi með hliðsjón af því hvernig það er til komið.

Þegar í ljós kom um mánaðamótin apríl—maí við meðferð lánsfjárlaga í hv. fjh.- og viðskn. að fjármagn skorti til nýrra útlána á þessu ári og enn fremur til þess að standa við ákvarðanir um greiðslujöfnun og fyrirgreiðslu í sambandi við þá ráðgjafarþjónustu sem tekin hafði verið upp var strax hafist handa við að finna lausn á þessum vanda. Ég ætla að taka það fram vegna þeirra ummæla sem fallið hafa í þessari umr. að í fyrsta lagi var alltaf ljóst, a. m. k. af hálfu þingflokks sjálfstæðismanna og ég hygg reyndar beggja stjórnarflokkanna, að þessi þrjú verkefni yrðu leyst og við gefin fyrirheit í þeim efnum yrði staðið. Í annan stað var líka ljóst og kom aldrei til álita af hálfu þingflokks sjálfstæðismanna að erlendar lántökur yrðu auknar í þessu skyni. Það má ljóst vera að í því efni hafa menn gengið feti framar en skynsamlegt og æskilegt er og lengra varð ekki gengið á þeirri braut og því var óhjákvæmilegt að afla tekna í þessu skyni með öðrum hætti. Þetta var frá upphafi ljóst að því er varðar þingflokk sjálfstæðismanna. Það er þess vegna ekki rétt að það hafi komið fram af hálfu stjórnarflokkanna að meira yrði ekki gert eða þessi tilteknu verkefni yrðu ekki leyst á þessu þingi. Hitt er annað mál að það hefur legið fyrir að útilokað væri með öllu að leysa ýtrustu kröfur sem fram hafa komið frá ýmsum aðilum varðandi úrbætur og lausn á þeim viðfangsefnum og vandamálum sem uppi hafa verið í húsnæðismálum.

Þegar stjórnarandstaðan bauðst til viðræðna um húsnæðismálin og tekjuöflun í því skyni urðu stjórnarflokkarnir sammála um að ganga til þeirra viðræðna og freista þess að finna sameiginlega lausn á því verkefni sem við blasti. Að mínu mati voru þær umræður mjög gagnlegar og hafa án nokkurs vafa leitt til þess að meiri friður verður um þessi mál en ella hefði orðið. Þessi umræða á milli stjórnmálaflokkanna styrkir þá niðurstöðu sem hér verður þó að samkomulag hafi ekki orðið í öllum greinum. Aðalágreiningsefnið var í raun og veru að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna vildu ganga lengra í skattheimtu og útgjaldaáformum en fulltrúar stjórnarflokkanna töldu skynsamlegt. Það má segja að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafi lagt fram tillögur um nálægt tvisvar sinnum meiri skattheimtu en fulltrúar

stjórnarflokkanna lögðu til og hér eru áformum. Þetta var meginágreiningurinn sem uppi var. Það er auðvitað við þessar aðstæður á margan hátt erfitt að standa að aukinni tekjuöflun og hækkun skatta. Hitt er ljóst að hér er um svo brýnt viðfangsefni að ræða að óhjákvæmilegt var að taka á því og leysa það. Það er ljóst að það varð ekki gert með lántökum og því var nauðugur einn kostur að afla nýrra tekna. Með öllu hefði verið útilokað að láta mál ganga á þann veg fram að ekki væri nægjanlegt fjármagn til greiðslujöfnunar í samræmi við það frv. sem flutt hefur verið um það efni, til þess að standa undir lánum til ráðgjafarþjónustunnar og til þess að lágmarksfjármagn væri til nýrra útlána á þessu ári.

Þeir skattstofnar sem eru grundvöllur tekjuöflunar í þessu frv. eru að mínu mati þess eðlis að með nokkuð sanngjörnum hætti er verið að leggja byrðar á skattgreiðendur í landinu. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. felur 1% hækkun á söluskattsstofni í sér 0.4% hækkun framfærsluvísitölunnar. Þetta sýnir okkur að söluskatturinn leggst með minni þunga á þær fjölskyldur sem eyða stærri hluta tekna sinna til matvælainnkaupa, þ. e. það fólk sem hefur lægri tekjur í þjóðfélaginu. M. ö. o.: með þessum hætti er verið að afla tekna þannig að þeir sem meiri efni hafa greiða stærri hluta til þessa verkefnis en hinir. Enn fremur er hér lagt til að lagt verði 0.25% gjald á eignarskattsstofn lögaðila og einstaklinga sem eiga skuldlausar eignir yfir ákveðnu marki sem tiltekið er í lögum. Hér er enn fremur verið að jafna byrðunum, að mínu mati, réttlátlega niður. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að fara mjög varlega í eignarskattsinnheimtu og gild rök séu til þess að takmarka hana verulega. Á það er að líta í þessu sambandi að eignarskattshlutfallið hafði verið lækkað vegna minnkandi verðbólgu í því skyni að greiðslubyrði skattgreiðenda héldist óbreytt. Nú hefur verðbólga hækkað nokkuð á nýjan leik og þá er hlutfall eignarskatts hækkað í sama form og það var í áður en verðbólgan lækkaði gagnvart þeim sem eiga eignir yfir því marki sem tilgreint er í lögum. M. ö. o.: það fer aftur upp í 1.2% eins og það var fyrir verðbólgulækkunina. Í heild held ég þess vegna að fullyrða megi að um nokkuð réttláta skattheimtu sé að ræða til fjáröflunar í þessu skyni.

Það kom fram hjá hv. 4. landsk. þm. að hann taldi að það hefði átt að spara fyrir þessum fjármunum sem hér er varið til útgjalda í þágu húsnæðismála. Það hefði sjálfsagt verið á margan hátt æskilegt. Ég hef þó ekki heyrt einn einasta þm. benda á raunhæfar leiðir í þeim efnum. Hv. 4. landsk. þm. var enn fremur tillögumaður að nánast tvöfalt meiri skattheimtu en þetta frv. gerir ráð fyrir til þess að standa undir útgjöldum í þessu skyni.

Það er ráðgert að aukið fjármagn, sem fæst með þessu frv., renni til Byggingarsjóðs ríkisins, eins og fram er tekið í frv., og að því er varðar leigusamvinnufélög eiga þau að sjálfsögðu sama aðgang og aðrir að hinu almenna fjármagni sem Byggingarsjóður ríkisins hefur til útlána og eru þar á sama báti og önnur byggingarsamvinnufélög.

Ég vil, herra forseti, leggja áherslu á það, sem fram hefur komið í þessum umr., að máli þessu verði hraðað sem mest. Hér er um að ræða brýn úrlausnarefni og nauðsynlegt að málið fái sem skjótastan framgang. Vegna fsp. sem fram hafa komið um skattalækkanir og skattafslátt til húsbyggjenda er tekið fram í fskj. IV með frv. í verkefnaskrá ríkisstj. í húsnæðismálum að stjórnarflokkarnir eru sammála um að ekki komi til álita að draga úr því hagræði sem ákvæði gildandi skattalaga veita, hvort heldur verður um áframhald vaxtafrádráttar að ræða og/eða sérstakan skattafslátt. Á þessu stigi máls er ekki annað að segja um þetta efni en að það er til frekari athugunar varðandi framkvæmd á áframhaldandi lækkun tekjuskatts sem ákvarðanir hafa verið teknar um og til framkvæmda eiga að koma á næsta ári.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu lýsa ánægju yfir þessu frv., sem hér er komið fram, og jafnframt taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að mjög mikilvægt er að þetta mál ásamt frv. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga fái greiða afgreiðslu það sem eftir lifir af þessu þingi svo þau frv. verði að lögum.

Vegna ummæla sem komið hafa fram við þessa umr. vil ég aðeins segja að félmrh. hefur að sjálfsögðu verið í stöðugu sambandi við alla aðila um þessi mál, bæði í viðræðum með ríkisstj. við fulltrúa Alþýðusambands Íslands, viðræðum við áhugamannahópa um úrbætur í húsnæðismálum o. s. frv. Ég vil taka fram að allar ákvarðanir í þessu máli eru gerðar með minni vitund og samþykki, enda er lausnin í fullu samræmi við þær tillögur sem ég hef lagt fram í ríkisstj. allt frá því í janúar til mars s. l.

Ég vil geta þess, eins og raunar kemur fram í fskj. með þessu frv., að félmrh. skipaði samstarfshóp stjórnarflokkanna 2. apríl s. l. Samkomulag þessa samstarfshóps birtist með þessu frv. á fskj. IV. Það er verkefnaskrá ríkisstj. í húsnæðismálum sem ég þarf ekki að vitna frekar í. Þar er að finna þau áhersluatriði sem stjórnarflokkarnir og ríkisstj. eru sammála um að vinna að og hrinda fram í sambandi við húsnæðismálin.

Ég vil einnig geta þess að félmrh. hefur skrifað öllum þingflokkum á Alþingi og farið fram á tilnefningu í nend sem er gert ráð fyrir að vinni að þessum málum milli þinga samkv. því samkomulagi sem náðist milli forustumanna stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna. Þar er skýrt tekið fram að nefndin hafi það hlutverk að gera úttekt á og bæta það húsnæðislánakerfi sem við búum við með það að meginmarkmiði — og það kemur inn á ræðu hv. 4. landsk. þm. – að tryggja fólki húsnæði við hóflegu verði án þess að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að leggja á sig varanlegt ok vinnu og skuldaklafa til þess að komast yfir húsnæði umfram það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Ég vona fastlega að þessi nefnd komist að skynsamlegri niðurstöðu um framgang þessara mála. Jafnframt vil ég geta þess að að sjálfsögðu eru að störfum ýmsir starfshópar og nefndir að vinna að þessum málum ásamt húsnæðismálastjórn og margt er þar í farvatninu sem að sjálfsögðu tengist því starfi sem nefnd stjórnmálaflokkanna þarf að huga að.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr., herra forseti, en ég vil aðeins fjalla hér um örfáar spurningar sem til mín var beint af hv. 3. þm. Reykv.

Í fyrsta lagi spyr hann um skilning minn á 1. gr. þessa frv. þar sem tekið er fram að gjaldið renni óskipt til ríkissjóðs og skuli því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Ég tel að þetta sé fullnægjandi. Hins vegar vil ég taka fram varðandi frv. til laga um

greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, sem gert er ráð fyrir að muni rýra innstreymi í byggingarsjóðina, að þar er að sjálfsögðu átt við báða byggingarsjóðina því að þessi greiðslujöfnun kemur einnig til þeirra sem hafa fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna og auðvitað legg ég þann skilning í málið að gert sé ráð fyrir að báðir þessir sjóðir fái í gegnum þessa sérstöku fjáröflun upp bætt það tekjutap sem þeir kunna að verða fyrir að því leyti til. Ég tel ástæðu til að taka þetta fram.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði einnig um það misgengi launa og lánakjara sem vissulega er undirstrikað í grg. frv. Það er atriði sem stjórnarflokkarnir munu hafa áfram til meðferðar og hefur það þegar komið fram eins og hér hefur margoft verið lýst. Ég minni á þær ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar og eru í fullum gangi, þ. e. með viðbótarlánum og ráðgjöf, og grípa á til með því greiðslujöfnunarfrv. sem var getið um og komið er til framkvæmda að hluta.

Hér var rætt um frekari aðgerðir. Þar er átt við skattamál. Það hefur komið hér fram nægjanlega skýrt og í umræðum undanfarið að ríkisstj. hafði til athugunar ýmsar leiðir á þessu sviði, en niðurstaðan varð sú að eðlilegt væri að skoða þetta í samhengi við þá skattalækkun sem gert er ráð fyrir að verði á næsta ári og þá verði ákvæði í núgildandi skattalögum tekin til endurskoðunar, enda er ljóst að þau ákvæði sem varða vaxtaþátt eða vaxtafrádrátt fyrir húsbyggjendur eða húskaupendur í núgildandi skattalögum eru gölluð og hafa ekki komið að þeim notum sem til er ætlast með lögunum. Þess vegna er þetta eitt af þeim atriðum sem verða tekin til meðferðar. Eins og kemur fram í verkefnaskrá ríkisstj. er því lýst yfir að þetta verði tekið til sérstakrar athugunar fyrir næsta skattár. Þar getur alveg eins komið til greina sérstakur skattafsláttur eins og hvað annað. Þetta verður til meðferðar og var til meðferðar í viðræðum við fulltrúa Alþýðusambandsins fyrr í vetur.

Að því er varðar húsnæðissamvinnufélögin spurði hv. 3. þm. Reykv. hvort líkur væru á því að frv. um þau yrði lagt fram á þessu þingi. Ég get ekki svarað því öðruvísi en að ég reikna með að svo verði. Frv. var lagt fram í ríkisstj. síðast í apríl og afhent þingflokkum stjórnarflokkanna. Það hefur enn þá ekki komið lokasvar frá Sjálfstfl. með hvaða hætti það verður gert, en ég hef fyllstu ástæðu til að ætla að hægt verði að sýna frv. á þessu þingi.

Í sambandi við spurninguna um útlán til svokallaðs Búsetafélags er ljóst að þegar gengið var frá húsnæðislöggjöfinni á síðasta ári, sem nú gildir, var sett í c-lið 33. gr. ákvæði um útlánamöguleika til félaga eða stofnana sem hyggjast byggja leiguíbúðir fyrir ákveðna hópa, þ. e. fyrir öryrkja, aldraða og námsmenn. Ég hef áður tilkynnt þann úrskurð minn í sambandi við þetta mál að ef félag eins og Búseti hyggst fullnægja þeim skilyrðum laganna sé ekkert því til fyrirstöðu að það fái lán úr Byggingarsjóði verkamanna ef um fjármagn verður að ræða.

Ég vil taka það fram, bæði í sambandi við þessa fsp. og eins almennt, að húsnæðismálastjórn hefur ekki enn gengið frá útlánaáætlun þessa árs, hvorki fyrir Byggingarsjóð ríkisins né fyrir Byggingarsjóð verkamanna, þar sem stjórnin var sammála ráðh. um að eðlilegast væri að geyma það þangað til lokaafgreiðsla lánsfjárlaga og annarra ráðstafana lægi fyrir til þess að við þá útlánaáætlun sem birt verður verði hægt að standa að öllu leyti.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði einnig um ráðgjafarþjónustuna. Því miður tókst mér ekki að fá nákvæmar tölur frá ráðgjafarþjónustunni vegna þess að þeir sem þær mundu gefa voru farnir úr stofnuninni rétt áðan, en þær upplýsingar sem ég hef eru þær í grófum dráttum að umsóknir til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins eru orðnar rétt yfir 2000 sem er talsvert hærra en leit út fyrir ekki alls fyrir löngu. Það er búið að afgreiða um 940 umsóknir að því ég best veit og senda til fjármálalegrar afgreiðslu rúmlega 100 millj. kr. Þetta er sagt með fyrirvara. Það getur skakkað þarna einhverju til eða frá vegna þess að ég hef ekki nýjustu tölurnar nákvæmlega upp á krónu, en er ekki langt frá þessu.

Ég vil einnig geta þess í sambandi við þetta að þrátt fyrir misjafnar undirtektir banka og sparisjóða hafa viðbrögð þessara stofnana verið að meiri hluta til mjög jákvæð þannig að segja má og fullyrða að í flestum tilfellum hafi þar verið um mjög jákvæðar undirtektir að ræða, enda eru þeir aðilar viðstaddir lokaafgreiðslu hverrar umsóknar fyrir sig og í mörgum tilfellum hefur fyrirgreiðsla frá bankakerfinu verið hærri fjárhæð í raun en sú fjárhæð sem viðbótarlánið segir til um. Í mörgum tilfellum hefur ráðgjafarþjónustan einnig haft áhrif í þá veru að fólk hefur komist hjá uppboðum og þess háttar aðgerðum. Ég legg áherslu á að þessi þjónusta hefur reynst miklu betri en reiknað var með og jafnvel björtustu vonir gerðu ráð fyrir. Hefur verið ákveðið að þessi þáttur í starfsemi Húsnæðisstofnunarinnar verði áfram fastur liður í starfsemi hennar og er verið að ganga frá sérstökum reglum um það einmitt þessa dagana.

Hv. þm. gerði að umtalsefni fskj. IV, sem fylgir hér með, um sérstakar fyrirætlanir í húsnæðismálum, og spurði um lið 4.3., um lækkun útborgunar í fasteignaviðskiptum. Allir þessir liðir, 4.2., 4.3. og 4.4., eru vissulega mikilvægt atriði í þessum málum. Það hefur starfað sérstök nefnd að þessum málum og nefndin hefur þegar skilað sérstöku áliti um fasteignaviðskiptin og gerði ákveðnar tillögur, sem ég hef afhent hæstv. dómsmrh., sem brtt. við lög um fasteigna- og skipasölu. Þar eru settar fram ákveðnar breytingar sem allar miða að því að lækka útborgunarverð fasteigna og gera þessi viðskipti traustari þannig að hægt sé að standa með öðrum hætti að þessum viðskiptum en hingað til hefur verið. Að sjálfsögðu eru þessar tillögur í takt við þá stefnu sem stjórnarflokkarnir fylgja í þessu máli. Er þegar farið að vinna að því á hvern hátt hægt verður að tengja þetta þeirri endurskoðun sem nú fer fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum. Ég vil taka undir það með hv. 4. landsk. þm. varðandi þessi mál almennt að undirbúningur að framtíðinni getur skipt sköpum. Í fyrsta lagi þarf að gera framtíðaráætlun og að því verkefni er Húsnæðisstofnun þegar að vinna. Í öðru lagi, sem er kannske þýðingarmest, þarf að leita leiða til að lækka byggingarkostnaðinn í landinu. Hann er of hár að mínu mati. Það er þess vegna mjög eðlilegt að fullyrða að þessu þurfi sérstaklega að vinna og eitt af stærri málum í sambandi við húsnæðismál almennt sé að lækka húsnæðiskostnaðinn. Ég vona að við séum öll sammála að vinna að því verkefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 86. fundur.

Fimmtudaginn 6. júní, að loknum 85. fundi.

Fjáröflun vegna húsnæðismála, frv. 525. mál (þskj. 1108). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:10 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 854, n. 1111 og 1148, 923, 1112, 1143). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1111. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fengið til viðræðna fulltrúa bæði frá Alþýðusambandi Íslands og Sambandi almennra lífeyrissjóða. Frv. er tilkomið með þeim hætti að fram voru lagðar till. af hálfu ríkisstj. um greiðslujöfnun húsnæðislána. Síðan fóru fram umr. milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands um þetta efni og frv. eins og það var lagt fram er niðurstaða af þeim umr.

Afgreiðslu málsins í n. var frestað meðan viðræður fóru fram milli þingflokkanna um ráðstafanir í húsnæðismálum. Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. en flytur brtt. við ákvæði til bráðabirgða á sérstöku þskj. Minni hl. skilar séráliti og flytur brtt.

Að áliti meiri hl. standa Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal. Brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. er á þskj. 1112 og er við ákvæði til bráðabirgða. Meginbreytingin, sem felst í till., lýtur að því að horfið er frá því skilyrði að afturvirkni greiðslujöfnunar sé bundin við umtalsverða greiðsluerfiðleika. Jafnframt er horfið frá því að lán skv. þessu ákvæði verði háð mati Húsnæðisstofnunar. Þar á móti kemur ákvæði þess efnis að Húsnæðisstofnun skuli kynna nánari reglur og viðmiðanir um skilyrði fyrir frestun ekki síðar en 15. júlí 1985 en umsóknir skuli hafa borist stofnuninni fyrir 1. sept. 1985, eins og segir í upphaflegu ákvæði til bráðabirgða.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Um það leyti sem umfjöllun þessa greiðslujöfnunarmáls var að ljúka í n. hófust viðræður stjórnar og stjórnarandstöðu um þessi mál og síðan hefur birst í fréttum og greinargerðum af þeim fundum ýmislegt um það sem þar kom fram í því sem hönd á festi. Fskj. með þessu nál. eru gögn sem stjórnarandstöðufulltrúarnir lögðu fram. Það er annars vegar umræðugrundvöllur fyrir lausn á ríkjandi neyðarástandi í húsnæðismálum sem lagður var fram í byrjun þessa samráðs og síðan er grg. til stjórnarflokkanna frá stjórnarandstöðunni sem birt var að viðræðunum loknum og dreift til fjölmiðla og til stjórnarflokkanna. Í þessum fskj. eru rakin flestöll efnisatriði þessa máls. Það hefur þegar verið vikið að þeim í umr. hér fyrr í dag um frv. til tekjuöflunar vegna húsnæðismála.

Ég ætla ekki að gera mál mitt langt að þessu sinni. Minni hl. flytur brtt. við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Þetta eru brtt. sem hafa verið viðraðar við meiri hl. n. í viðræðum en ekki hlotið þar mikinn hljómgrunn, en við teljum að þær séu allar mjög til bóta. Þær skýra sig raunar sjálfar. Það er eitt meginatriði í þeim að við teljum að það eigi að innleiða kauptaxtavísitölu sem viðmiðunaratriði við reikning lánanna. Við teljum að það sé sú vísitalan sem sé sanngjarnast að miða við. Það er vísitala sem hönd á festir, vísitala sem reynsla er af að nota og við teljum að hún sé eðlilegri grundvöllur en það sem lagt er til að nota skv. frv. Kauptaxtavísitala mælir réttast hjá þeim sem nauðin er mest hjá. Þeir sem erfiðast eiga í þessum málum eru fólk sem er með lægst launin og yfirleitt á gildandi kauptöxtum, eins og þeir hafa verið auglýstir hverju sinni. Þess vegna teljum við eðlilegast að miða við vísitölu kauptaxtanna.

Í fyrsta lagi er engin reynsla af þeirri nýju vísitölu sem gert er ráð fyrir að verði tekin upp skv. frv., þ. e. vísitölu atvinnutekna. Í öðru lagi hækkar þessi vísitala ef fólk fer að leggja á sig mjög aukna vinnu til þess að hafa upp í greiðslur af þessum húsnæðislánum eða bæta á sig yfirvinnu eða á annan hátt að þrengja að sér til þess að hafa ofan í sig og á. Það er ekki réttlátt.

Við leggum líka til í brtt. að þessi greiðslujöfnun verði látin ná til fleiri aðila en byggingarsjóða, það verði tekið af skarið um það. Það er augljóst að mjög stór hluti þessa vanda er utan byggingarsjóða ríkisins. Við gerum þess vegna að tillögu okkar að það verði kveðið á um að þetta gerist víðar en hjá byggingarsjóðum ríkisins einum. Við leggjum síðan til í 2. gr. brtt. að Seðlabanka Íslands verði skylt að endurkaupa skuldabréf af öðrum aðilum en byggingarsjóðum ríkisins vegna slíkra samninga.

Annað meginatriði er að við leggjum til brtt. við 5. gr. 3. mgr. 5. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta, í frv. sjálfu:

„Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við greiðslumark að því marki sem skuld er á jöfnunarreikningi, en sé jöfnunarreikningur skuldlaus skal gjalddagafjárhæð ráða greiðslu."

Við teljum það míkinn greiða af ýmsum ástæðum að leggja til mikla einföldun á þessari grein. Í fyrsta lagi er þetta slíkur málfarslegur galli á þessu frv. að það er varla vansalaust. Í öðru lagi er okkar brtt. einföldun fyrir það kerfi sem þarf að vinna skv. þessum lögum. Í þriðja lagi teljum við að hér sé um réttlætismál að ræða varðandi afturvirkni þessara mála.

Brtt. okkar við 6. gr. vísar til kauptaxtavísitölunnar. Við gerum einfaldlega ráð fyrir því að kauptaxtavísital-

an verði notuð þarna til viðmiðunar, sem verði reiknuð mánaðarlega af Kjararannsóknarnefnd og verði hin eðlilega viðmiðun í þessum efnum.

Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að gera mál mitt langt að þessu sinni. Ég er búinn að flytja um þessi húsnæðismál ræðu þegar í dag frá eigin brjósti. Ég hef hér útskýrt þessar till. og afstöðu minni hl. og ég vísa síðan til fskj. við þetta nál. þar sem sést hverjar hugmyndir og tillögur og áherslur stjórnarandstöðunnar voru í þessum viðræðum. Við leggjum til að þetta frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem við flytjum sérstaklega á þskj. Guðrún Agnarsdóttir þm. SK var viðstödd fundi n. og er samþykk þessu áliti.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í viðræðum, sem staðið hafa yfir að undanförnu milli stjórnar og stjórnarandstöðu um lausn á vanda húsbyggjenda og íbúðarkaupenda, var það eitt af meginmarkmiðum stjórnarandstöðunnar að reyna að ná samstöðu um að frekar yrði gengið til móts við þá fjölmörgu sem komnir eru í greiðsluþrot vegna misgengis launa og lánskjara á undanförnum árum og að þar yrði gengið lengra en fram kemur í þessu frv. Þær breytingar, sem stjórnarandstaðan lagði áherslu á í því sambandi, voru:

að greiðslujöfnun nái ekki aðeins til Húsnæðisstofnunar heldur og til lífeyrissjóða og banka.

að vextir af húsnæðislánum yrðu lækkaðir og verði aldrei hærri en 3% af húsnæðislánum,

að greiðslumark húsnæðislána verði miðað við kaupgjaldsvísitölu en ekki við vísitölu atvinnutekna og kaupgjalds að jöfnu, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir,

að misgengi vísitalna frá undanförnum árum verði endurgreitt í formi skattaafsláttar sem komi til framkvæmda þegar á þessu ári,

að skammtímalán í bönkum og sparisjóðum vegna húsnæðislána verði lengd í tíu ára lán og að Seðlabankinn endurkaupi lánalenginguna af viðskiptabönkunum,

að réttur lántakenda til greiðslujöfnunar verði skilgreindur og viðurkenndur án tillits til vanskila eða mats embættismanna.

Þó að lítið sé að finna í brtt. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. sem kemur til móts við þessar tillögur stjórnarandstöðunnar þá liggur þó fyrir að nokkurt fjármagn hefur fengist til greiðslujöfnunar og að það fjármagn, sem til þess verður varið, verði ekki tekið af því fjármagni sem í fjárlögum og lánsfjáráætlun var ætlað til útlána úr byggingarsjóðunum á þessu ári og að ekki þarf að koma til frekari erlendra lántaka til að mæta fjárþörf húsnæðiskerfisins. Einnig liggur fyrir skv. upplýsingum stjórnarflokkanna að lífeyrissjóðirnir munu taka upp greiðslujöfnun til samræmis við það sem kveðið er á um í þessu frv. að því er byggingarsjóðina varðar.

Ríkisstj. hefur einnig haft góð orð uppi um það að veita sérstakan skattaafslátt á næsta ári vegna misgengis launa og lánskjara á undanförnum árum. Stjórnarandstaðan lagði aftur á móti áherslu á að slíkur skattaafsláttur kæmi þegar á þessu ári, sem vel hefði verið framkvæmanlegt á síðustu mánuðum ársins, þannig að skattafsláttur gengi upp í skattgreiðslur þessa árs. En vissulega er það virðingarverð viðleitni og spor í rétta átt ef við það verður staðið af hálfu ríkisstj. að bæta húsbyggjendum og íbúðakaupendum upp með skattaafslætti á næsta ári þær umframgreiðslur sem húsbyggjendur og íbúðakaupendur hafa orðið að standa undir á undanförnum árum vegna misgengis launa og lánskjara. En húsbyggjendur og íbúðakaupendur hafa að vísu bara góð orð ríkisstj. um að svo verði gert. Þegar svo miklu hefur verið lofað í húsnæðismálum af þessum stjórnarflokkum án þess að við það allt hafi verið staðið hafa menn vissulega af því umtalsverðar áhyggjur hvort og þá hvernig verði að þessum skattaafslætti staðið á næsta ári.

Það væri t. d. fróðlegt að fá fram hjá hæstv. félmrh. hvort hann treysti á stuðning ríkisstj. í því sambandi og þá að fá upplýst hvort fyrir liggi algjör samstaða innan stjórnarflokkanna um að staðið verði við þessi fyrirheit á næsta ári um sérstakan skattaafslátt vegna misgengis launa og lánskjara á næsta ári. Hæstv. félmrh. hlýtur að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að svo verði, ekki síst þegar til þess er litið að af ummælum hans má marka að honum hefur gengið illa að fá framgengt sínum yfirlýsingum og loforðum í húsnæðismálum hjá ríkisstj. Skv. hans eigin upplýsingum eru sex mánuðir síðan hann reyndi að fá framgengt ýmsum af þeim hugmyndum um tekjuöflun og ráðstöfun fjár í húsnæðiskerfinu sem engin hreyfing komst á fyrr en stjórnarandstaðan kom til liðs við hæstv. félmrh. og blandaði sér með afgerandi hætti í þessi mál.

Ég spyr t. d. hæstv. félmrh. miðað við það sem á undan er gengið: Telur hann ekki tryggara að fá fylgi stjórnarandstöðunnar t. d. við ákvæði til bráðabirgða við þetta frv. um að veittur skuli skattaafsláttur þegar á næsta ári til húsbyggjenda og íbúðakaupenda vegna misgengis launa og lánskjara á næsta ári eða treystir ráðh. fullkomlega á að við þetta verði staðið? Ég tel næsta víst að öll stjórnarandstaðan verði tilbúin til fylgis við hann um slíkt ákvæði. Hann þyrfti því t. d. ekki að byggja á óljósum yfirlýsingum eða loforðum hv. þm. og formanns Sjálfstfl., Þorsteins Pálssonar, í þessu máli.

Ég man t. d. ekki betur en að Sjálfstfl. hafi lofað honum á s. l. þingi ákveðnum hlutum varðandi framgang búseturéttaríbúða á þessu ári. Nú er stutt eftir af þingi og ekki bólar á öðru en að Sjálfstfl. muni aftur beygja húsnæðismálaráðherrann þannig að hann verði aftur á þessu þingi eins og síðasta að kokgleypa öll stóru loforðin við Búseta. Ég spyr því hæstv. ráðh. hvort ekki væri skynsamlegra og rétt af honum að þiggja atbeina stjórnarandstöðunnar við að fá skuldbindandi ákvæði í þetta frv. um að veittur verði skattaafsláttur á næsta ári til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. félmrh. varðandi viðbótarlánveitingar í húsnæðiskerfinu sem veitt er gegnum ráðgjafarþjónustuna. Nú er það svo að frestur til að sækja um viðbótarlán rann út 1. júní s. l. Þá er spurningin sem ég óska eftir að ráðh. svari hér við þessa umr. hvort þessi frestur verði framlengdur og hvort húsbyggjendur og íbúðarkaupendur, sem komnir eru í greiðsluþrot, geti áfram á þessu ári treyst á að fá viðbótarlán í húsnæðiskerfinu og skuldbreytingar á lánum sem þeir eru ekki í nokkurri aðstöðu til að standa undir. Ef þeir hafa ekki sótt um þessi viðbótarlán nú fyrir 1. júní þá er spurningin hvort þessi frestur verði framlengdur þannig að þeir hafi möguleika að sækja um slíkt viðbótarlán.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á að stjórnarandstaðan lagði mikla áherslu á í viðræðum sínum við stjórnarflokkana að fá fram skuldbreytingu á skammtímalánum í bönkum til langs tíma eða a. m. k. tíu ára.

Það er ljóst að það eru einkum þessi skammtímalán, sem fólk hefur orðið að taka í bönkum, sem eru orsök þess að fjöldi heimila er kominn í greiðsluþrot og þarf sífellt að leita á náðir bankastjóranna til að fá einhvern örlítinn frest og lánalengingu í bönkum. Það yrði verulegur ávinningur og mundi létta svo um munaði greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðarkaupenda ef skammtímalánum yrði breytt í langtímalán í bönkum og sparisjóðum, sem yrði að vera til a. m. k. tíu ára hjá innlánsstofnunum ef það ætti að koma að verulegu leyti að notum.

Slíka skuldbreytingu mætti auðvelda bönkum, eins og stjórnarandstaðan hefur lagt til, með því að Seðlabankinn endurkeypti lánalenginguna af viðskiptabönkunum. Ég vil því einnig spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann teldi ekki rétt að skilja ekki við þetta frv. hér á hv. Alþingi öðruvísi en svo að Alþingi samþykkti að bankarnir tækju á sig slíka skuldbreytingu. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að það væri verulegur ávinningur og auðveldaði félmrh. og hæstv. viðskrh. einnig ef í þetta frv. kæmi ákvæði til bráðabirgða um að viðskrh. og félmrh. væri falið að taka upp viðræður við innlánsstofnanir um skuldbreytingar á skammtímalánum í bönkum og hjá sparisjóðum vegna húsnæðislána sem breytt yrði í tíu ára lán. Ég vil láta á það reyna hvort ekki sé stuðningur við slíka brtt. og vil því leyfa mér, hæstv. forseti, að bera hér fram skriflega brtt. sem er of seint fram komin og þarf að leita afbrigða við. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Viðskrh. skal þegar í stað, í samráði við félmrh., beita sér fyrir skuldbreytingu til a. m. k. tíu ára á skammtímalánum í bönkum og sparisjóðum vegna öflunar eigin húsnæðis."

Þegar þetta mál var hér til 1. umr. og til umfjöllunar í hv. fjh.- og viðskn. lagði ég fram brtt. á þskj. 923. Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega í gegnum þessar brtt., þær falla að miklu leyti saman við brtt. sem fluttar eru af minni hl. hv. fjh.- og viðskn. og mun ég að sjálfsögðu, að því er varðar þær brtt. sem falla saman, draga til baka mínar brtt. í því efni. Að sumu leyti ganga mínar brtt. lengra og munu þá þær ganga til atkvæða nú þegar atkvæðagreiðsla fer fram um þetta frv. En ég ítreka þær spurningar sem ég hef hér lagt fyrir hæstv. félmrh.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem hér er til umr. frv. sem hefur þann tilgang skv. 1. gr. að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga tel ég rétt að vekja athygli á einu atriði sem vissulega má heimfæra undir það orðalag. Aðrir hafa sagt það sem ég vildi sagt hafa um þetta frv. almennt, en ég ætla að víkja hér að einum sérstökum þætti, sem mér er til efs að allir geri sér ljóst hvernig háttar til um.

Sannleikurinn er sá að það fólk, sem hefur samið um greiðslu fasteignalána með þeim skilyrðum að greiða skuli hæstu leyfilega fasteignalánavexti verður nú fyrir því hvert á fætur öðru að fá mjög misháar upphæðir innheimtar eftir því í hvaða banka skuldabréfin hafa verið lögð. Hér hef ég í höndunum tvö gjörsamlega samhljóða skuldabréf með fasteignaveði, gefin út sama dag, jafnhá að upphæð, og nú skal greiðandi borga. Annað bréfið er í innheimtu í Samvinnubanka Íslands. Þeir segja að hæstu lögleyfðir fasteignalánavextir séu 25.7%, Landsbankinn segir hins vegar að þeir séu 28.28%. Þetta munar greiðanda 2900 kr. á öðru bréfinu.

Þegar haft er samband við Seðlabankinn segja þeir þar: Lægri upphæðin er rétt. Samvinnubankinn er hér að innheimta rétta vexti. Landsbankinn hefur það eitt um málið að segja að þeir séu ekki sammála því. Þetta er auðvitað gjörsamlega óviðunandi. Ef litið er í Árbók Seðlabankans, sem nýlega var lögð hér á borð okkar þm., ársskýrsla frá 1984, þá segir um þetta atriði svo, með leyfi forseta, á bls. 45:

„Vaxtamálin tóku á sig óvenjulega mynd upp úr miðju ári 1983, þegar verðbólga hjaðnaði snögglega úr því að vera um eða yfir 100% í 12—15%, sem hún var á fyrri hluta árs 1984. Nafnvextir óverðtryggðra skuldbindinga voru lækkaðir á tímabilinu september 1983 til janúar 1984, eftir að verðbólga tók að lækka, t. d. þannig að ávöxtun algengra bankalána lækkaði úr 52.5% í um 22%, en með hjöðnun verðbólgunnar hækkuðu raunvextir verulega."

Síðan segir með leyfi forseta: „Árið 1984 voru stigin skref sem ætla má að færi vexti í áttina að markaðsvöxtum, þ. e. þeim vöxtum sem hér yrðu án beinna opinberra afskipta. Hugmyndir um að vextir ráðist af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir af stjórnvöldum komust m. a. í lög síðla árs 1983 með lögum nr. 79 frá því ári er Alþingi heimilaði fjmrh. að selja ríkisvíxla á uppboði — veitti m. ö. o. undanþágu frá lögum um bann við okri nr. 58/1960. Slíkir víxlar voru boðnir til sölu mánaðarlega í mars—nóv. 1984, 30 millj. í hvert sinn. Stóðu vonir til þess í fyrstu að draga mætti ályktanir um markaðsvexti af tilboðunum. Í mars hefði meðalávöxtun heildarfjárhæðarinnar orðið 26.5%, en það var 4.4% ofan við algenga vexti bankalána (skuldabréfa). Áskilinn réttur til að hafna tilboðum var nýttur þannig að seldir voru víxlar fyrir 19 millj. kr. og nam meðalávöxtun þeirra 25.7%."

Síðan segir nokkru síðar, herra forseti:

„Í ágúst fengu svo innlánsstofnanir mun rýmri heimild, því að skv. henni skyldu þær ákveða sjálfar og hver um sig alla vexti aðra en vexti almennra sparisjóðsbóka, endurseljanlegra afurðalána og vanskilavexti. Seðlabankinn ákvað enn fremur að innlánsstofnanir fengju ekki rétt til að ákveða vexti skuldabréfa, útgefinna fyrir 11. ágúst 1984."

Þetta hlýtur að þýða að innlánsstofnanir hafa nú rétt til að ákveða, eftir því sem ég skil best, vexti skuldabréfa, útgefinna eftir 11. ágúst 1984. Fyrir hinum venjulega greiðanda lítur þetta þannig út að hann á það undir því hvar lánardrottinn hans leggur sín bréf inn til innheimtu hvort hann á að greiða verulegri fjárhæð meira eða minna.

Ég held að það væri ástæða til fyrir stjórnvöld, ef þeim er einhver alvara í huga að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga, að huga að þessu. Þess vegna hef ég eins og menn hafa séð, á þskj. 1024 beint fsp. til hæstv. viðskrh. um mismunandi álagningu vaxta af innheimtum skuldabréfum. Hann hefur tjáð mér að hann muni svara — ég óskaði eftir því að svarið bærist skriflega — hann hefur lofað mér því og ég dreg ekki í efa að hann efnir það að reyna að fá einhvern botn í þessi mál og svara þessum tveim spurningum sem ég hef til hans beint, sem eru þannig, með leyfi forseta:

„1. Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?

2. Hefur ágreiningi milli Seðlabanka Íslands og annarra banka um útreikning vaxta af veðskuldabréfum verið skotið til dómstóla?“

Í viðræðum við Seðlabankann annars vegar og hinar ýmsu innlánsstofnanir hins vegar hefur ýmislegt skrýtið komið í ljós. Seðlabankinn og starfsmenn hans fullyrða að 25.7% vextirnir séu réttir. Landsbankinn telur það vera túlkunaratriði. Ég hlýt að víta það að hann hirði ekki meira um sína viðskiptamenn en svo, eða þá viðskiptamenn sína sem skulda — það er greinilegt að hann ber meira fyrir brjósti þá sem eiga — að hann stefnir ekki slíku máli til dómstóla, jafnvel þó að hér sé um að ræða bréf sem bankinn á ekki sjálfur heldur hefur til innheimtu.

Mér blöskraði sá dauðyflisháttur lögspekinga þessara stofnana sem ég talaði við. Það var ekki að heyra að þeim væri ekki nákvæmlega sama hvort fátækir húsbyggjendur í landinu væru að greiða verulega hærri upphæðir en þeir e. t. v. eiga að greiða — ég segi e. t. v. því að ég skal ekki fullyrða hver verður niðurstaða hæstv. viðskrh. eða dómstóla. Ég vænti þess að hann reyni að knýja fram einhverja jöfnun á þessu því að ég tel það satt að segja til lítils gagns að fá þau svör að þetta sé í lagi svona, það megi hver banki fyrir sig setja þá vexti á innheimtuskuldabréf sem honum sýnist.

Ég vildi koma þessu að hér, herra forseti, vegna þess að ég hef beðið um skriflegt svar og vænti þess að ég eyði ekki tíma þingsins í umr. um það, þar sem ég mun nú hverfa af þingi í næstu viku. Ég vænti þess að menn telji að hér sé um að ræða atriði sem vert sé að athuga í sambandi við jöfnun á greiðslubyrði. Sannleikurinn er sá að það, sem olli því að þessi greiðandi veitti þessum mismun athygli, var að bréfin voru fleiri en eitt. Vitaskuld eru þúsundir manna í landinu sem skulda einum seljanda, borga það sem upp er sett og hafa þar af leiðandi engan samanburð. Ég held að hér sé verkefni fyrir hið háa Alþingi, að endurskoða ákvarðanir sínar um vexti í landinu.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Forseta láðist áður en hann gaf síðasta ræðumanni orðið að leita afbrigða vegna brtt. sem hér hefur verið lögð fram skriflega á fundinum í þessu máli og mun það nú gert.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 1167) samþ. með 26 shlj. atkv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að ég tek undir athugasemdir hv. 10. landsk. þm. Þar er vissulega um alvarlegt mál að ræða sem ég veit að verður skoðað vandlega.

Af því að hér kom fram fsp. frá hv. 2. landsk. þm. vil ég aðeins leitast við að svara henni. Ég leiði hjá mér allt hennar tal um að ekki sé staðið við loforð sem gefin hafa verið o. s. frv. Ég ráðlegg henni að kynna sér upplýsingar um lánveitingar og annað slíkt. Eins er hægt að vitna í Dagblaðið sem birti nýlega nokkuð fróðlegar upplýsingar sem Húsnæðisstofnun hafði látið fara frá sér, að vísu á ráðstefnu úti í Noregi en það gildir það sama.

Ég vil aðeins segja við hv. þm. í sambandi við það að ég geti ekki treyst stjórnarflokkum í sambandi við þessi mál, þá hlýtur mitt svar að vera að auðvitað treysti ég fullkomlega á þá samstöðu sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa gert og gera um þessi mál. Í fskj. með fyrra þingmáli, sem hér er nýafgreitt, er lýst aðgerðum sem stjórnarflokkarnir eru sammála um að vinna að og aðkallandi eru í húsnæðismálum. Þar er eitt af því sem hv. þm. var að tala um í sambandi við væntanlega meðferð á skattamálum eða í sambandi við vaxtafrádrátt o. fl. Það er mál sem er í vinnslu og ég tel ekki neinn vafa á því að stjórnarflokkarnir muni taka á því máli fyrir haustið þannig að það liggi fyrir hvernig þeir vilja leysa eða draga úr vanda húsbyggjenda eða skuldara í sambandi við það mál. Þar liggja fyrir nægjanleg gögn til að vinna úr.

Í sambandi við viðbótarlánveitingar, þ. e. að því er varðar ráðgjöf Húsnæðisstofnunarinnar um sérstök viðbótarlán þá upplýsti ég það hér fyrr í umr. um annað mál að skv. nýjustu upplýsingum sem ég hef hafa þegar borist um 2000 umsóknir til ráðgjafarþjónustunnar. Frestur rann út 1. júní s. l. Það varð að samkomulagi í Húsnæðisstofnuninni að breyta ekki þeirri viðmiðun um sinn meðan væri verið að vinna úr þessum fjölda umsókna sem borist hefði. Hins vegar yrði málið tekið til endurmats fyrir 1. ágúst n. k. og það kannað hvort þörf verður á því að framlengja sérstaklega þennan þátt.

Ég gat þess hér fyrr í dag að það er búið að ákveða að ráðgjafarþjónusta verði fastur þáttur í starfsemi Húsnæðisstofnunarinnar og það er verið að ganga frá því í stjórn stofnunarinnar nú þessa dagana að setja um það ákveðnar reglur sem verða birtar opinberlega. Framvegis eiga því þeir sem standa í húsnæðismálum, hvort sem þeir eru að byrja eða ætla að byrja eða eru komnir í vanda, að geta leitað til Húsnæðisstofnunarinnar um þessi mál. Fyrirbyggjandi aðgerðir til að ráðleggja fólki í þessum málum eru mjög mikilvægar og það verður einn þátturinn í þessari ráðgjöf sem skiptist fyrst og fremst í fjármálalega ráðgjöf og tæknilega ráðgjöf.

Hv. þm. spurði einnig um það ákvæði að skylda banka og sparisjóði til að skuldbreyta. Eins og ég tók fram hefur komið fram áður hér á þinginu í sambandi við þessa ráðgjöf og þessi viðbótarlán að rætt var við bankana, félmrn. og viðskrn. sömdu við bankana um að koma inn í þessi mál. Ég hef lýst því áður og skal ekki tefja tímann hér að þetta hefur tekist með ágætum í flestum tilfellum og orðið ákaflega mikið til styrktar þeim aðgerðum sem ríkisstj. ákvað að gera í þessum málum. Bæði félmrh. og hæstv. viðskrh. munu hafa samráð áfram við bankakerfið um þessi mál. Ég er alveg andvígur því í þessu sambandi að fara nú að setja ákveðið skilyrði í lög, ákveðin ákvæði í lög, um að skylda bankakerfið í þessu máli og lýsi þess vegna andstöðu við þá brtt. sem hv. þm. tilkynnti hér áðan úr ræðustól.

Ég fagna afgreiðslu þessa frv. sem mikil vinna var lögð í, bæði af sérstakri nefnd sem var skipuð í febrúar í þetta mál og eins hafa allar umr. um lausn á þessum greiðsluvanda fólks verið mjög jákvæðar. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt, þótt ekki sé möguleiki á að lögfesta skyldu á allar bankastofnanir í landinu og

peningastofnanir að verða við þessu eða taka upp þessa aðferð, að lífeyrissjóðirnir skuli nú hafa tjáð sig fúsa til að láta þetta gilda einnig um lán lífeyrissjóðanna. Það hefur gífurlega mikil áhrif því að lífeyrissjóðirnir og húsnæðissjóðirnir eru að sjálfsögðu þeir sjóðir sem lána mest í húsnæðismálum þó að hins vegar vandi fólks vegna skammtímalána í ýmsum öðrum peningastofnunum sé gífurlega mikill. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að hægt sé að leita eftir slíkum samningum við allar peningastofnanir og á það vil ég að sjálfsögðu leggja mikla áherslu. Það verður reynt að hafa áhrif á slík viðbrögð hjá þessum stofnunum eins og fram hafa komið hjá lífeyrissjóðunum sem ég endurtek að er ákaflega mikilvægt mál.

Ég legg áherslu á að mjög mikilvægt er að þetta ásamt fyrra frv. verði afgreitt núna frá þessu þingi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Eiginlega þvert um hug mér ætla ég að halda hérna stutta ræðu. Það er komið hér að ákveðnum kaflaskilum í umr. þessa Alþingis hæstv., sem nú situr, um húsnæðismál. Fá mál hafa tekið meira af tíma þingsins en umr. um þennan málaflokk og þetta er orðin nokkuð löng og á sinn hátt lærdómsrík saga sem hér hefur átt sér stað.

Því verður ekki á móti mælt að tillöguflutningur og málafylgja stjórnarandstöðunnar í þessu máli hér á Alþingi í vetur hefur borið árangur og er að skila í höfn verulegum árangri þótt auðvitað megi deila um það hversu langt hann nái og hversu mikið hafi þurft til að sú lausn teldist viðunandi. En um leið og þessi frv. eru hér afgreidd felst í því ákveðin viðurkenning. Það felst í því viðurkenning á því að þetta fólk, sem varð fyrir stjórnarstefnunni, var rangindum beitt og á heimtingu á leiðréttingu. Í þessu felst viðurkenning á mistökum ríkisstj. og það má eiginlega segja, herra forseti, að manni líði ekki ósvipað hér nú í lokakaflanum eins og við minningarguðsþjónustu, það er verið að jarðsyngja stjórnarstefnuna. Það er verið að jarðsyngja þann grunn sem þessi ríkisstj. byggði á með mjög afgerandi hætti, sem sé þeim að rjúfa með lagaboði samhengi kaupgjalds og annarra verðþátta í þjóðfélaginu. Nú hefur ríkisstj. viðurkennt það og hún leggur það fram hér í frumvarpsformi. Þm. hennar segja í grg. að þetta hafi verið mistök og þetta verði að leiðrétta. Þetta er nokkuð söguleg stund, herra forseti, og mér fannst rétt hér í lokunum að vekja athygli á þessu.

Það er hins vegar fróðlegt að skoða síðan bæði hversu stór þessi vandi er og hversu stór hann varð á stuttum tíma, hvar hann liggur og hvers eðlis hann er. Því að hér er í raun og veru einungis tekið á hluta vandans eins og fram hefur komið hjá mörgum ræðumönnum. Verulegur hluti af vanda húsbyggjenda liggur utan húsnæðislánakerfisins sem slíks.

Ég hef undir höndum merkilega úttekt, sem einn af starfsmönnum Húsnæðisstofnunar gerði og við stjórnarmenn og varamenn þar í stjórn fengum í hendur fyrir skömmu, um úttekt á vanda þeirra umsækjenda sem í starfi ráðgjafarþjónustunnar við Húsnæðisstofnun hefur verið unnið úr. Þar eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Án þess að ég sé að leggja dóm á það hversu marktækt það úrtak er, þá er þar um verulegan fjölda umsækjenda að ræða. Ég hygg að um 1200 umsóknir hafi legið fyrir þegar þetta úrtak var unnið, 12—1400 umsóknir, og að um 700 manns hafi verið búin að fá þar umfjöllun og þetta úrtak sé verulegur hluti þess hóps.

Það kemur t. a. m. í ljós að aldursdreifing umsækjenda er í grófum dráttum sú að ¾ þeirra eru á aldrinum 26—40 ára. Og þarf svo sem enginn að láta sér koma það á óvart. Það kemur einnig í ljós að mikill hluti þessa hóps eru stórar fjölskyldur, 4—5 manna fjölskyldur að meira en helmingi til. Enn fremur kemur í ljós að þetta fólk á yfirleitt ekki mjög stórar íbúðir. Það hefur ekki af þeim sökum reist sér gáleysislega hurðarás um öxl, eins og einhvern tíma hafði verið haft við orð í umr. um þessi mál. Um eða yfir helmingur af þessu fólki býr í íbúðum af stærðinni 80—140 fermetrar. Þegar það er haft í huga að hér eru 4—5 manna fjölskyldur að verulegu leyti á ferðinni er ekki hægt að segja að mínu mati að þar sé um mjög gáleysislega íbúðarstærð miðað við aðstæður að ræða.

Það kemur í ljós, sem enginn þarf að vera hissa á, að tekjur þessa fólks eru ekki miklar. Þær eru alla vega ekki miklar miðað við það hvað það kostar að lifa og afla sér húsnæðis á Íslandi í dag. Meðaltekjur í þessum hópi eru rúmar 500 þús. kr. og mín sannfæring er sú að bak við þær tekjur liggur gífurleg vinna og gífurlegt vinnuframlag iðulega af hálfu beggja aðila, tveggja fyrirvinna þeirra fjölskyldna. Skuldabagginn er hins vegar verulegur, ekki síst með tilliti til þessara tekna. Þannig dreifast skuldir þessara aðila jafnt á bilið frá því um 600 þúsund til 1800 þúsund kr. og meðalskuldabyrði er um 1250 þúsund kr. Beri maður það saman við þau laun sem ég áðan nefndi sér maður að hér er borinn ærinn baggi af þessu fólki.

Síðan er það athyglisvert að vandinn dreifist í grófum dráttum þannig að um 25% er skuldabyrði af húsnæðismálastjórnarlánum, önnur 25% eru af lífeyrissjóðslánum og það sem eftir er, eða helmingurinn, liggur annars staðar, fyrir utan þessa tvo höfuðsjóði eða tvo höfuðaðila sem fjármagna húsnæðiskerfið, sem sagt í bönkum, hjá okurlánurum, hjá hverjum þeim öðrum þar sem fé er að hafa í þjóðfélaginu í dag. Þetta eru allathyglisverðar upplýsingar, herra forseti, að mínu mati, m. a. með tilliti til þess að í þessu frv. er einungis tekið á þeim hluta vandans sem með formlegum hætti er innan húsnæðislánakerfisins.

Það er stórlega gagnrýnisvert að þegar það liggur fyrir hvernig þessi vandi dreifist skuli ekki tekið á honum með raunsærri hætti. Það er einnig athyglisvert að stór hluti þessa vanda liggur í skammtímalánum og lengri lán eru ekki nema ⅓ hærri en skammtímalánin sem þessi hópur ber. Segir það sitt um það hvernig ástandið er.

Ég hef einnig undir höndum lauslega útreikninga á því hvað það muni kosta að beita fullri greiðslujöfnun á öll lán sem flokkuð eru og færð undir lán til öflunar íbúðarhúsnæðis. Þar kemur í ljós, m. a. vegna þeirra kjara sem eru á þessum lánum, að langminnstur hluti vandans liggur innan byggingarsjóðanna, eðlilega þar sem vextir eru þar lægri en á lánum annars staðar. Vegna þess misgengis sem orðið hefur milli lánskjara og kaupgjaldsvísitölu er sú upphæð af stærðargráðunni 115 millj. kr. innan byggingarsjóðanna. Þar hefur ekki orðið um hækkun vaxta að ræða umfram það sem samið er um í lánssamningum. Hjá lífeyrissjóðum er þetta misgengi um 180 milljónir, en vegna hækkunar á vöxtum um 150 milljónir. Í bankakerfinu er þetta misgengi eitt um 285 milljónir og vegna hækkunar vaxta

á þeim lánum sem þar eru um 70 milljónir. Þetta gerir samtals um 580 millj. kr. vegna misgengisins á lánum til íbúðarhúsnæðis — og ég er hér að tala um árið 1985 — en 220 millj. vegna hærri vaxta, samtals yfir 800 millj. kr. á árinu 1985 einu saman. Það má ljóst vera af þessum tölum og þeirri úttekt sem ég vitnaði til áðan að einungis lítill hluti þessa vanda liggur innan byggingarsjóðanna og húsnæðislánakerfisins þar sem þó er verið að reyna að taka á með þessu frv.

Herra forseti. Ég lofaði því víst að halda ekki mjög langa ræðu og ég ætla að reyna að standa við það eftir því sem hægt er úr þessu. En ég vil benda hæstv. félmrh. á það, hafi hann ekki áttað sig á því nú þegar, að það er kominn 6. júní og það er ekki víst að það fari að gefast til þess mjög margir heilir þingdagar að ræða þingmál. Ætli hann að koma fram frv. um húsnæðissamvinnufélög og hafa einhverja minnstu von til þess að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi held ég að hann ætti að fara að slá svolítið í drógina. Það er ekki seinna vænna, hæstv. félmrh., ég verð að segja það sem mína skoðun.

Fyrir liggja yfirlýsingar, svardagar og loforð stjórnarliða, alla vega aftan frá síðasta Alþingi, því sem sat næst á undan þessu, um það að þessum málum yrði nú snarlega kippt í liðinn á þessu þingi. Það var gert upp við húsnæðismálin hér á síðasta vori með svardögum um það að á þessum málum yrði nú myndarlega tekið strax í upphafi þessa þings. En nú er kominn 6. júní og enn höfum við ekki séð frv. hæstv. félmrh. Hvað dvelur?

Ég held að hæstv. ráðh. ætti að fara að slá í drógina ef minnsta von á að vera um það að þetta frv. verði hér að lögum. Ég tel það ótækt og ekki fært að fara þannig með ein samtök fólks í landinu, eins og hér ber raun vitni um, að láta þau standa frammi fyrir slíkum endemis vanefndum og það af hálfu ríkisstjórnarmeirihluta og hæstv. ráðh. Þvílík endemi, segi ég nú bara. Þetta fólk er búið að safna félögum, það er búið að leggja á félagsgjöld, það er búið að sækja um lóðir og það er búið að leggja sínar áætlanir fram í tímann. Það hefði getað orðið — ég fullyrði það — myndarlegt afl til þess að leysa þessi húsnæðisvandamál til frambúðar. En hvernig er hæstv. ríkisstj., hvernig er stjórnarmeirihlutinn að leika þetta fólk sem batt miklar vonir við það að þessi nýja hreyfing gæti orðið burðugur aðili til lausnar á húsnæðisvandamálum þjóðarinnar og það á skynsamlegri hátt en margt er hjá okkur í dag?

Það er illa farið með þetta fólk. Það er búið að svíkja þetta fólk illa. Ég vil lýsa því hér yfir úr þessum ræðustóli, herra forseti. Þessar vanefndir eru með endemum. Ég skora á hæstv. félmrh. að sýna nú rögg og myndugleika, það er ekki seinna vænna, drífa þetta frv. fram og láta á það reyna hvort ekki eru hér á Alþingi það margir hv. þm. að það geti orðið að lögum áður en þingi lýkur.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég get þó ekki látið hjá líða að mótmæla fullyrðingum hv. 4. þm. Norðurl. e. um orsakir þess misgengis sem varð um tíma milli launa og lánskjaravísitölu. Það er m. ö. o. rangt að það séu ráðstafanir gegn verðbólgu sem til þessa leiddu. Meginástæðurnar eru tvær. Annars vegar nokkuð langvarandi fall þjóðartekna og í annan stað sú nauðsyn að bregðast gegn þeim vanda sem þá steðjaði að vegna vaxandi viðskiptahalla. Hvort tveggja þetta rýrði óhjákvæmilega lífskjör og kaupmátt í landinu.

Í annan stað er rétt að benda á vegna þeirrar fullyrðingar sem fram kom í ræðu hv. þm., að afnám vísitölubindingar launa hafi leitt til þessa misgengis, að misgengið varð að stærstum hluta á árinu 1982 og fyrri hluta ársins 1983 og reyndar fram eftir því ári. Stærsti hluti misgengisins var m. ö. o. kominn fram meðan gamla vísitölukerfið mældi eftir ákvörðunum sem m. a. þingflokkur hv. þm. stóð að. Þetta taldi ég rétt að kæmi fram, herra forseti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég kem hér upp til að leiðrétta hv. 1. þm. Suðurl. Það liggur fyrir að eftir að núverandi ríkisstj. tók við, á fyrstu sex valdamánuðum hennar, lækkaði kaupmáttur launa um 27%. Það liggur einnig fyrir að meginhlutinn af þeim vanda sem við húsbyggjendum blasir er tvíþættur. Það er í fyrsta lagi að kaupið er svo lágt að fólkið getur hvorki byggt né borgað skuldir og í öðru lagi að vextir hafa verið hækkaðir hér upp úr öllu valdi. Þetta hvort tveggja á rætur að rekja til stjórnarstefnunnar.

ATKVGR.

Brtt. 1143,1 felld með 19:11 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 923,1 tekin aftur.
Brtt. 1143,2 felld með 20:10 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1143,3 felld með 21:10 atkv.
Brtt. 923,2 felld með 21:5 atkv.
4. gr. frv. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 923,3 tekin aftur.
Brtt. 1143,4 felld með 21:10 atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 923,4 tekin aftur.
Brtt. 1143,5 kom ekki til atkv.
6.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 923,5 felld með 22:9 atkv.
Brtt. 1112 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1167 felld með 21:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 87. fundur.

Fimmtudaginn 6. júní, að loknum 86. fundi.

Fjáröflun vegna húsnæðismála, frv. 525. mál (þskj. 1108). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 1168). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 850 (sbr. 151), n. 1086, 1122). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 1086 er nál. frá samgn. um þetta mál sem er svohljóðandi:

„Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um frv. þetta sem er komið frá Ed. Dr. Páll Sigurðsson dósent, formaður nefndar þeirrar sem samdi frv., sat fundi nefndarinnar. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt."

Það skal hér tekið fram að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir kom fram með brtt. sem hún hefur svo flutt ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur á þskj. 1122 þess efnis að 17. gr. orðist svo:

„Ef kona, sem er skipverji, verður barnshafandi, getur hún krafist lausnar úr skiprúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hún þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hún var í skiprúmi.

Ef kona fær lausn úr skiprúmi eftir ákvæðum 1. mgr. skal útgerðarmaður, sé þess nokkur kostur, veita henni annars konar starf á sínum vegum óski konan þess."

Þetta mál reifaði hún á fundinum en það var svolítið öðruvísi texti og ég sem formaður nefndarinnar tók það að mér að athuga hvort það væri líklegt, ef þessi till. væri samþykkt hér í deildinni, að hún næði fram að ganga aftur í Ed., þar sem svipuð till. frá hv. þm. Sigríði Dúnu hefði verið felld þar. Ég fékk leyfi til þess að taka þessa till. inn ef sá flötur væri fyrir hendi að þessi till. yrði samþykkt og ég verð að segja að í samgn. Nd. var mikil samúð með þessu máli. En það kom í ljós að frv. yrði sett í hættu ef þetta væri tekið inn.

Með fyrirvara í sambandi við þetta mál skrifuðu undir nál. hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, Karvel Pálmason og Steingrímur J. Sigfússon.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 1122, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Því miður náðist ekki samstaða í nefndinni um að flytja þessa till. í hennar nafni þótt meðnm. mínir sýndu þessu máli skilning, eins og hv. formaður samgn. og frsm. Stefán Valgeirsson lýsti hér áðan, og ég telji mig geta fullyrt að ýmsir séu í raun fylgjandi henni. En till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef kona, sem er skipverji, verður barnshafandi, getur hún krafist lausnar úr skiprúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hún þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hún var í skiprúminu.

Ef kona fær lausn úr skiprúmi eftir ákvæðum 1. mgr. skal útgerðarmaður, sé þess nokkur kostur, veita henni annars konar starf á sínum vegum óski konan þess."

Fyrri mgr. þessarar greinar er samhljóða frumvarpsgreininni að öðru leyti en því að orðið „barnshafandi" kemur í stað orðsins „vanfær". Hér er aðeins um smekksatriði að ræða og ekki beint stórmál.

Síðari mgr. er samhljóða brtt. sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir flutti þegar frv. til sjómannalaga var til lokameðferðar í Ed. Till. var felld þar en ég hef ástæðu til að ætla að þau úrslit gefi ekki fyllilega rétta mynd af vilja þm. í þeirri hv. deild, a. m. k. að atkvæðamunurinn hefði ekki orðið jafnmikill og raun varð á, hefði gefist meiri tími til umfjöllunar. Kvennalistinn á ekki aðild að samgn. Ed. og þessi till. kom fram við 3. umr. og fékk að einhverju leyti óheppilega kynningu. Ég tel mig einnig mega ætla að þessari till. hefði áunnist fylgi í hv. samgn. Nd. ef meiri tími hefði gefist til að kynna þetta, en þar hefur verið mikið vinnuálag undanfarnar vikur, mörg mál til meðferðar og hart keyrt.

Með þessari síðari mgr. í brtt. okkar er leitast við að tryggja lágmarksatvinnuöryggi þungaðrar konu sem hefur starfað sem skipverji. Hér er í rauninni um afar lítið skref að ræða og hefði ég vissulega kosið að hafa það stærra og leggja til ákvæði um að slík tilfærsla í störfum hefði ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hennar eða réttindum. Með þeirri till. sem hér er borin fram er auðvitað ekkert tryggt. En með þessu ákvæði væri þó fengin ákveðin lagastoð sem gæti reynst hlutaðeigandi betri en ekki og í það minnsta viss áminning.

Við töldum ekki fært að ganga lengra því að í rauninni eru margir útgerðaraðilar sem alls ekki hefðu möguleika til þess að koma til móts við kröfur í þessum efnum, hefðu einfaldlega ekki upp á önnur atvinnutækifæri að bjóða. En Alþingi væri að því sómi ef það samþykkti þessa till. okkar og tryggði með því lágmarksatvinnuöryggi sjókvenna sem verða að hætta sjósókn vegna þess að þær eru með barni. Meðgöngutíminn er einkar viðkvæmt tímabil í lífi viðkomandi einstaklinga, konunnar og barnsins, og það er áríðandi að gera allt sem unnt er til að tryggja sem bestan hag þeirra meðan á því stendur. Ég bið hv. þm. að skoða þessa till. með jákvæðu hugarfari og bera hana m. a. saman við 36. gr. þessa frv. sem tryggir skipverjum allan rétt til óskertra launa ef þeir verða óvinnufærir vegna sjúkdóms eða meiðsla og gildir þá einu hvort slíkt hefur borið að í vinnutíma eða ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tóbaksvarnir, frv. 504. mál (þskj. 1128). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 91. fundur.

Föstudaginn 7. júní, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1065). — 3. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur farið yfir frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga og tekið til athugunar þær ábendingar sem fram komu við 2. umr. málsins og m. a. kallað til viðtals Jón Ögmund Þormóðsson deildarstjóra í viðskrn. sem vann að undirbúningi frv.

Við 2. umr. komu fram aths. við ákvæði í 3. málsl. 2. gr., en sú mgr. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg, en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. gr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga."

Hér var spurt hvers vegna aðeins væri heimilt að semja um lækkun en ekki hækkun umsamins sparnaðar. Ástæðurnar fyrir því eru þær að þarna er reynt að koma í veg fyrir að samið sé um lágmarksgreiðslur fyrri hluta árs, en hækkaðar greiðslur síðari hluta ársins sem mundu e. t. v. koma til innborgunar rétt fyrir áramót. Þannig gæfist mönnum tækifæri til að spila á, ef svo má að orði komast, þær skattalækkanir sem af þessu leiðir.

Fjh.- og viðskn. tók þessar skýringar gildar og gerir ekki brtt. við þennan lið og um það varð fullt samkomulag.

Í 5. gr. var ákvæði sem varðar það ef kaup á húsnæði ganga til baka, en 3. málsl. 5. gr. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings skv. 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan mánaðar frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, sbr. þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt."

Nefndin var sammála um, eftir að hafa rætt nánar um þennan lið, að þessi frestur væri óþarflega knappur og væri ástæða til að flytja hér brtt. Brtt. er flutt á þskj. 1175 og hljóðar þannig:

„Við 5. mgr. Í stað orðanna „innan mánaðar" í 3. mgr. komi: innan þriggja mánaða."

Það varð alger samstaða í nefndinni um þessa afgreiðslu málsins og við leggjum til að það verði samþykkt með eftirfarandi brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1175, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1175 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 523. mál (þskj. 1131). — 3. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir er fylgifrv. frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. samhliða hinu. Menn höfðu þar vissar efasemdir um orðalag 1. gr., en fjh.- og viðskn. hefur ekki séð ástæðu til breytinga og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, frv. 351. mál (þskj. 561, n. 1153, 1154). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en 1. flm. þess var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem sat hér á Alþingi sem varamaður fyrr í vetur. Hv. Nd. hefur þegar fjallað um þetta mál og gerði á því nokkrar breytingar, en efnislega er það þó mikið til óbreytt.

Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. og rætt efni þess og mælir eindregið með samþykkt málsins. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir skrifar að vísu undir með fyrirvara og skal þess getið hér, en að öðru leyti stendur nefndin að því að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur hér fyrir.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Á þskj. 1154 leyfi ég mér að bera fram brtt. við 351. mál, um lífeyrissjóð húsmæðra. Till. er svohljóðandi:

„Í stað orðanna „enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin" í niðurlagi fyrri málsl. 1. gr. komi: enda taki ríkissjóður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda en félagsmaður greiði sinn eigin hlut."

Eins og þm. er sjálfsagt kunnugt skiptast lífeyrisgreiðslur þannig að launþegi greiðir 4% en atvinnurekandi 6%, en með þeim breytingum sem hér eru iagðar til er verið að bæta hlut hóps sem að öllu jöfnu missir sín lífeyrisréttindi. Þar er um að ræða þær konur sem hafa verið úti á vinnumarkaðinum, en kjósa af einhverjum ástæðum að vera heima um skeið, einkum vegna uppeldis barna og heimilisstarfa. Þá missa þær þau lífeyrisréttindi sem þær hafa öðlast eftir ákveðinn tíma. Með þessum breytingum er verið að sjá til þess að þær geti áfram greitt í lífeyrissjóð þannig að þær haldi sínum réttindum ef þær fara út á vinnumarkaðinn aftur. Hins vegar er sá galli á gjöf Njarðar að heimilisstörf eru ólaunuð eins og menn vita og þar af leiðandi er erfitt að sjá hvaðan viðkomandi kona á að fá þá upphæð sem hún á að greiða í lífeyrissjóð, þessi 10%. Hún þarf væntanlega að ganga á fund elskulegs eiginmanns og biðja hann um að leggja fram þessa fjárhæð.

Nú er það svo að yfir 80% giftra kvenna vinna utan heimilis og því er um lítinn hóp að ræða sem verið hefur úti á vinnumarkaðinum en fer heim um lengri eða skemmri tíma. M. a. þess vegna höfum við Kvennalistakonur leyft okkur að bera fram þá brtt. að ríkissjóður komi til móts við þessar konur og greiði þau 6% sem atvinnurekendur greiða að öllu jöfnu. Við teljum að þar með sé tryggara að konum takist að reiða fram þessa upphæð og þar með tryggja að þær haldi þeim réttindum sem hér er verið að tryggja þeim.

ATKVGR.
Brtt. 1154 felld með 7:7 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður, frv. 492. mál (þskj. 916, n. 1134). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur tekið frv. til meðferðar og samþykkir einróma að leggja til að frv. verði samþykkt.

Með frv. þessu er lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að staðfesta af Íslands hálfu nýjan viðbótarsamning við samning frá 12. des. 1969 sem felur í sér eftirfarandi þrjár meginbreytingar: 1. að verksvið Iðnþróunarsjóðs verði víkkað, 2. að möguleikar í lánskjörum verði sveigjanlegri og 3. að auknir verði möguleikar sjóðsins til þátttöku í áhættufjármögnum.

Þetta frv. er einfalt í sniðum, en þýðingarmikið að því leyti að það þykir nauðsynlegt að fá formlega staðfestingu á þessum samningi sem um getur frá 12. des. 1969. Það eru allir sammála um þetta mál í hv. iðnn. þessarar deildar. Það voru allir sammála í hv. iðnn. Nd. um málið. Málið er ágreiningslaust. Allir sem að því hafa komið leggja til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Afréttamálefni, frv. 207. mál (þskj. 793, n. 1139). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum. Hér er um að ræða mikinn og sértækan lagabálk þar sem að sumu leyti er reyndar verið að færa reglugerðarákvæði í lög. Málið er fyrir löngu komið frá Nd., en af vissum ástæðum dróst afgreiðsla þess. Var það einkum vegna bréfs austan úr Breiðdal þar sem búnaðarfélagið þar mótmælti þeim ströngu ákvæðum um sammerkingar innan fjallskilaumdæmis sem nú eru lögfest en hafa raunar áður verið í reglugerð. Í bréfi þessu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Breiðdæla, haldinn að Staðarborg 5.5.1985, mótmælir harðlega ákvæðum í reglugerð um mörk og markaskrár frá 24.11.1978 og samhljóða drögum að frv. sem liggur nú fyrir Alþingi þar sem allar sammerkingar eru bannaðar innan Múlasýslna."

Til skýringar á því er rétt að geta þess að hér er talað eingöngu um fjallaskilaumdæmi, en fjallskilaumdæmi eystra eru einmitt Múlasýslurnar báðar.

Við vildum gjarnan kanna möguleika á að koma til móts við þessar óskir sem um margt eru réttmætar miðað við þetta stóra fjallskilaumdæmi. Hins vegar er ljóst að í kjölfarið hefðu fylgt breytingar um land allt og þó við í nefndinni metum þá Breiðdælinga mikils og vitum að þeir hafa nokkuð til síns máls sáum við ekki útgönguleið til að verða við óskum þeirra.

Annað atriði kom upp í nefndinni, en það var um útgáfu á markaskrám áttunda hvert ár. Á tölvuöld tækninnar þótti okkur sem stytta hefði mátt tímann milli útgáfuára og gefa markaskrár út á fimm ára fresti. Skoðun okkar flestra er sú að það hefði verið eðlilegra, en engum sköpum skiptir það.

Annars er þetta um margt ágætt frv. Skýrari og ákveðnari ákvæði eru sett um margt og m. a. um mörk og hvernig þeim skuli skipt og þeim beitt. Aðeins til glöggvunar er margt býsna skemmtilegt í þessum lagabálki sem hefði kannske verið ástæða fyrir menn að kynna sér betur, þá sem þurfa hér um að fjalla. Ég nefni t. d. í b-liðnum þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á kind er brennimark rétthæst, næst löggilt plötumerki, þá hornamark og síðast eyrnamark."

Ég ætla nú ekki að hafa þetta mál neitt í flimtingum, en vissulega þætti mönnum af hinu góða að mega eyrnamerkja sér sauði sína á þennan hátt, þeim sem í pólitík eru. En þó að fjárglöggir menn væru nú í nefndinni var þar enginn Marka-Leifi svo að vel kann að vera að megi eitthvað að finna.

Við nánari lestur og athugun er ljóst að Nd. hefur gert nokkrar breytingar, aldrei þessu vant til bóta, og viss skynsemi sett mark sitt á t. d. markaþáttinn og ýmis önnur atriði.

Nefndin mælir sem sagt með samþykkt frv. eins og það er komið frá Nd., en fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. S. l. miðvikudag eftir kl. 6 síðdegis var tekið á dagskrá í þessari hv. deild frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, 526. mál á þskj. 110. Þetta mál var tekið á dagskrá með afbrigðum á fundartíma, sem að vísu kemur fyrir að deildin notar, en dagskránni ekki útbýtt eins og venja er til. Þetta mál fjallar um Seðlabanka Íslands sem viðskrn. fer með. Ég óskaði því eftir því við forseta deildarinnar að eftir að l.

flm. og e. t. v. aðrir hv. dm. hefðu tjáð sig yrði umr. frestað þar sem ég hefði ekki aðstöðu til að vera á fundinum vegna persónulegra ástæðna, en ég vildi mjög gjarnan koma fram sjónarmiðum við 1. umr. málsins til að gera þar grein fyrir þeim. Forseti lét þannig eða sagði mér að við því gæti hann orðið og ég gerði þess vegna ráð fyrir að svo yrði. Mér var hins vegar tjáð daginn eftir að þegar forseti gerði grein fyrir því að hann hygðist fresta umr. hefðu hv. þdm. ekki talið ástæðu til þess. Ég hef ekki skoðað það sem þeir þar sögðu og tel ekki neina ástæðu til þess að gera það einfaldlega vegna þess að ég tel að hér sé farið að með eindæmum. Málið er komið á dagskrá með afbrigðum. Ráðh. sá sem fjallar um málefni viðkomandi stofnunar óskar eftir því að því sé frestað um einn sólarhring til þess að hann geti komið að sjónarmiðum áður en sú hv. nefnd sem fær málið til umfjöllunar, fjalli um það.

Ég ætla aðeins að vekja athygli á þessu. Ég kannast ekki við að svo hratt sé unnið að löggjöf hér á Alþingi að það sé ekki orðið við slíku. Ég hef sjálfur hér á Alþingi gegnt störfum forseta, störfum formanns fjh.- og viðskn. og ráðherrastörfum og ég minnist ekki þess að við slíkri beiðni hafi ekki verið orðið.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég er ekki út af fyrir sig að áfellast forseta. Ég met það sem þarna gerðist svo að hann sem varaforseti óvanur forsetastörfum hafi ekki áttað sig á því hvað hér var um að ræða og mætti segja mér að þeir hinir reyndari í forsetastörfum á Alþingi hafi ekki verið til staðar til þess að benda honum á með hvaða hætti eðlilegt er að slíkar beiðnir fái afgreiðslu.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram ef það mætti verða til þess að menn áttuðu sig á því að slík vinnubrögð eru ekki til þess fallin að við búum við betri eða traustari löggjöf. Mér er hins vegar fullkomlega ljóst að hér skyldi hafa mikinn hraða á eins og fram hefur komið því að það var vart liðinn sólarhringur frá umr. þar til nál. hafði verið gefið út. Ég skil hins vegar mjög vel að formaður fjh.- og viðskn., eftir þær umr. sem hér fóru fram, vildi ekki láta upp á sig standa og ganga til afgreiðslu á málinu. Ég vek athygli á þessu einfaldlega vegna þess að beiðni kom fram um frestun og ég hef ekki áður vitað til þess að við slíkri beiðni hefði ekki verið orðið.

Forseti (Stefán Benediktsson): Í tilefni þessara orða hæstv. viðskrh. vil ég benda honum á að þingreynsla getur kannske orðið mönnum eins mikill fjötur um fót og það að hafa litla reynslu á þingi.

Ef menn hafa áhyggjur af því að geta ekki fjallað um þetta frv. má benda hæstv. ráðh. á að það er nákvæmlega í tveimur greinum og skiptir varla ýkjamiklu máli hvort talað er um þær í 1. eða 2. umr.

Annað er það í máli hæstv. ráðh. sem ég á kannske erfiðara um að fjalla vegna þess að þar stendur orð á móti orði og leiðist mér mjög að þurfa að tíunda slíkt úr forsetastól.

Þannig er mál með vexti að ráðherra fór þess á leit við mig að fá að taka til máls í þessu máli þegar það kæmi á dagskrá. Ég kannast ekki við að hann hafi beðið um að málinu yrði frestað vegna þess að hann gæti ekki verið viðstaddur umr. Það var leitað að honum um allt hús. Það var ljós á honum, eins og sagt er hér innanhúss, en hann fannst ekki. Þar með viðhafði ég ekki önnur vinnubrögð hvað þetta snertir en algengt er þegar menn eru ekki í húsinu þó þeir hafi skráð sig á mælendaskrá eða beðið um að fá að taka til máls, enda möguleiki til þess að tala málefnalega um málið þegar það kom til 2. umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil vegna þeirra orða sem hæstv. viðskrh. lét falla hér áðan lýsa yfir fullu trausti og fullum stuðningi við vinnubrögð forseta okkar í þessu máli. Ég vil hins vegar vekja athygli hv. þdm. og hæstv. viðskrh. á því að s. l. þriðjudag atyrti hæstv. forsrh. okkur í þessari hv. deild fyrir að vinna ekki nóg, fyrir að vinna slælega, fyrir að afgreiða ekki mál og halda ekki fundi. Nú kemur hæstv. viðskrh. og atyrðir okkur þdm. fyrir að vinna of hratt, fyrir að vinna of mikið og halda of mikið af fundum.

Hann tíundaði það áðan að veitt hefðu verið afbrigði fyrir þessu máli, því hefði legið mjög á. Það er rétt. Það er ekkert óvenjulegt. Það gerist á hverjum einasta degi þegar fer að draga að þinglokum svo sem virðist vera nú. Hann tíundaði að ekki hefði verið útbýtt dagskrá. Það gerist líka afar oft þegar fundir eru haldnir hver á eftir öðrum til að greiða fyrir málum hér. Hann nefndi það líka að fundurinn hefði verið haldinn á öðrum tíma en venjulegum fundartíma deildarinnar. Það er heldur ekkert nýmæli, hæstv. viðskrh., sem hefur langa þingreynslu. Fundir eru haldnir hér á öllum tímum, m. a. s. stundum á morgnana þegar líður nær þinglokum og síðustu dagana fyrir þingslit og væri betur oftar gert.

Ég er satt að segja hissa á því að hæstv. ráðh. skuli tala um þingsköp vegna þessa máls, m. a. í ljósi þess sem virðulegur forseti okkar sagði áðan, en það kemur líka fleira til. Þetta mál er hæstv. ráðh. ekki allsendis ókunnugt. Nákvæmlega samkynja mál, sem gekk þó heldur lengra, var hér til umræðu fyrir fáeinum vikum. Þá man ég líka að leitað var að hæstv. ráðh. eða umr. frestað vegna þess að hann hafði embættisskyldum að gegna utan hússins sem ég hef ekkert við að athuga og var engin athugasemd gerð við. Þetta var 1. umr. máls sem þegar var búið að ræða efnislega hér að hluta til. Þetta frv. gengur skemmra en hið fyrra. Ég sé nú ekki annað en það hefði mátt vera hæstv. ráðh. að meinalausu þó að þetta mál færi til nefndar. Það hafði skamma viðdvöl í nefnd, enda lá nefndin undir ámæli frá hæstv. forsrh. fyrir að afgreiða ekki mál og hafði snör handtök. Nú er málið komið hingað aftur og hæstv. ráðh. getur tjáð sig við tvær umr. um það. Mér finnast þessar athugasemdir hans því ekki réttmætar í ljósi þess hvernig þetta mál er vaxið. En það held ég að við efrideildarmenn verðum að segja og getum sagt með sanni að það er orðið vandlifað í henni veröld þegar einn hæstv. ráðh. skammar okkur fyrir að vinna ekki nóg og annar hæstv. ráðh. atyrðir okkur fyrir að vinna of hratt og vinna of mikið.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég kannast ekki við að hafa verið að skamma einn eða annan, eins og hv. ræðumaður sagði áðan. Ég kannast ekki við að hafa verið að atyrða þd. fyrir að vinna of hratt, vinna of mikið og halda of marga fundi. Ég sagði nákvæmlega það að hingað væri komið nál. frá fjh.- og viðskn. eftir aðeins hálfan sólarhring á að giska og ég sagði að ég skildi mjög vel formann fjh.- og viðskn. eftir þær umr. sem hér hefðu farið fram. Það var það sem ég

sagði. Ég hafði ekki uppi nokkra gagnrýni í þeim efnum. Ég veit ekki hvar hv. þm. hefur verið ef hann hefur hlustað á mína ræðu og kemur hér upp í ræðustól og talar svo um að menn séu að skammast. Hann hefur þá fyrir fram búist við einhverjum skömmum og ekki áttað sig á því að hann þyrfti að breyta ræðunni ef hann hefur verið kominn með hana fyrirfram samda. (**EG:** Ég skal gefa ráðh. ræðuna.) Ég þarf ekki á ræðunni að halda.

Ég undirstrika að ég var ekki að atyrða neinn eða skammast við einn eða annan. Ég var að vekja athygli á því að ég taldi hér ekki rétt að farið um frestunarbeiðni mína. Hins vegar kemur forseti og segir hvernig hann skildi þau orð sem okkur fóru hér á milli og sé um að ræða misskilning, þá verð ég fyrstur manna til að fallast á að svo geti verið. Ég taldi mig þó hafa sagt að ég vildi mjög gjarnan fá tækifæri til að taka þátt í umr. um þetta mál. Hins vegar væri tíma mínum þannig háttað að ég gæti ekki verið mjög lengi í þinghúsinu. Væri ég farinn taldi ég mig biðja forseta vinsamlega að fresta umr. til morguns. Hafi forseti misskilið þetta, sem ég sagði, skal ég fúslega taka þau orð hans gild og ekki vefengja.

Hitt liggur ljóst fyrir að hér er um að ræða miklu stærra mál en þm. vildi vera láta. Hann vísaði til umr. um frv. sem hér var áður til meðferðar. Það getur hann svo sem gert. En ég ætla ekki í efnisumr. um frv. Ég vildi hins vegar aðeins taka þetta fram og ég veit þá að það sem hér gerðist var vegna misskilnings af hálfu forseta. Ég vænti þess að það verði þá a. m. k. til þess að vekja athygli á því að óski menn eftir frestun á málefni sem þeir fara með sem ráðherrar, þá liggi ekki svo á að ekki sé hægt að bíða hálfan sólarhring til að koma fram réttum sjónarmiðum. Til hvers er 1. umr. um mál? Hún er til þess að fram komi almenn sjónarmið áður en nefnd tekur til starfa og leggur fram nál. sitt.

Þm. segir að hér geti ég tekið þátt í 2. og 3. umr. Það getur vel verið að hér verði 3. umr. Ég veit að 2. umr. verður, en ég veit ekki hvort það verður hér 3. umr. Það má vel vera að þm. sé svo vel að sér í því hvernig málin fari að hann geti sagt það fyrir fram. En hvað sem öðru líður verður hér 2. umr. og þá taka þeir þátt í henni sem telja að rétt sé að gera það. En hafi orðið misskilningur á milli mín og forseta er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að lagfæra það og leiðrétta, enda var þetta ekki sagt til hans í þeim tón, að það væri verið að atyrða forsetann eða skamma, eins og hv. 5. landsk. þm. vildi meina að ég hefði verið að gera.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér einungis hljóðs til að staðfesta að það hlýtur að vera rétt sem hæstv. forseti hér sagði, það gat ekki verið um neinn misskilning þar að ræða. Ég var í ritarastól, aðstoðarritari, í fyrradag þegar málið var til umr. og þá vissi forseti ekki annað en hæstv. viðskrh. væri í húsinu. Hann bað mig að finna hann. Það var ljós á honum. Verðirnir leituðu. Forseti frestaði málinu. Það gat ekki verið að hæstv. viðskrh. hefði tjáð honum að hann yrði ekki í húsinu eða væri svo vant við látinn að hann gæti ekki tekið þátt í umr. Ég tel mér skylt að staðfesta það sem forseti sagði.

Málinu var hins vegar frestað í gær því að hæstv. viðskrh. hafði þá lögmæt forföll, en engu að síður var hann þó kominn í húsið rúmlega þrjú og þá var hægt að taka málið fyrir. Ég held að forseti hafi samt sem áður ekki gert það. Nægur tími hefur því væntanlega verið til umhugsunar. Og ég veit að hæstv. viðskrh. hefur mikið hugsað um mál þetta, einmitt þetta mál, þó að niðurstaða hans sé hins vegar röng. Það er fylgt rangri stefnu að binda sparifé þjóðarinnar. En því getum við komið að síðar. Hans stefna er röng í því. En hann hefur haft nægan tíma í allan vetur til að hugsa um þetta mál þannig að hann þurfti ekkert að biðja um neina frestun í gær.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ég hef litlu við þessa umr. að bæta fyrir utan það, svo að ekki sé hallað máli starfsfólks hér, að sá hiti er ekki kominn í starf Ed. að dagskrám hafi ekki verið útbýtt. Það hefur enn þá tekist að halda alla fundi með útbýttri dagskrá.

Seðlabanki Íslands, frv. 526. mál (þskj. 1110, n. 1142 og 1157). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands. Álit nefndarinnar er sem hér segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess eins og það liggur fyrir. Nefndin hefur áður fjallað um frv. svipaðs efnis, en þó með öðrum talnamörkum varðandi bindiskyldu. Meiri hl. n. hefur ekki skipt um skoðun frá því að sú umfjöllun átti sér stað og telur raunar enn þá brýnna nú en þá að breyta þessum ákvæðum þannig að losa megi fé til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda án þess að grípa þurfi til nýrrar skattheimtu.

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti meiri hl., enda einn af flm. frv."

Undir þetta nál. rita nöfn sín eftirgreindir hv. þm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður nefndarinnar, Eiður Guðnason fundaskrifari, Kristín Ástgeirsdóttir, Ragnar Arnalds og Valdimar Indriðason.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta endilega mikið fleiri orð. Það er öllum ljóst hvern vanda þessu frv. er ætlað að leysa. Það er líka ljóst að frá því hefur verið greint í blöðum, í málgagni hæstv. viðskrh. Morgunblaðinu, að það sé ætlunin að færa bindiskyldu-una í 15%. Hér er því aðeins um að ræða að flýta þessu. Það var frétt um þetta í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum. Hér er aðeins um að ræða að flýta því að þessi ákvæði komist í framkvæmd.

Ég vil gjarnan gera það að mínum síðustu orðum að þetta er mjög brýnt mál. Það hefur þegar beðið meira en hálfan sólarhring, eins og hæstv. viðskrh. tók til orða, og ég sé enga ástæðu til þess að það bíði hér fleiri sólarhringa heldur gangi fram eftir eðlilegum þingskapaleiðum og fái afgreiðslu með þinglegum hætti. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands. Við hv. þm. Egill Jónsson skipum minni hl. n. og höfum skilað nál. á þskj. 1157 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur áður haft til meðferðar mál af þessu tagi og hefur farið fram ítarleg umræða um það, bæði í nefndinni og í þingsölum.

Minni hl. telur sem fyrr að ekki beri að lögfesta hámark bindiskyldu þar sem hún er hluti af peningastefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Minni hl. leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Ég mun ekki fara út í langar efnislegar umr. um þetta mál, enda hefur annað frv. af líku tagi, eins og segir í nál., fengið ítarlega umræðu í þessari hv. deild. Ég vil benda á að nú er til meðferðar í Alþingi frv. um löggjöf í bankamálum og m. a. verið að vinna að undirbúningi að frv. um Seðlabanka Íslands og því liggur fyrir að setja löggjöf um bankastarfsemina í heild í landinu. Við teljum því óeðlilegt að taka einn þátt út úr og setja um hann sérstaka löggjöf án þess að horfa á þessi mál í samhengi.

Það er bent á það hér þessu frv. til framdráttar og það er eitt af því sem notað er til að þrýsta á þetta mál að féð sem losni við það að bindiskyldan sé lækkuð úr 18%, sem hún er nú í raun, niður í 15% verði notað til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda. Ég ætla ekki að gera lítið úr vandamálum þeirra og ég ætla ekki að fara að ræða þau undir þessum lið, en ég vil benda á að það er til umræðu og verður væntanlega til umræðu í hv. Ed. síðar á þessum fundi frv. um tekjuöflun til húsnæðismála sem byggir á samkomulagi stjórnarflokkanna þar um.

Eins og ég sagði áður geri ég alls ekki lítið úr vanda húsbyggjenda og hann þarf að leysa, en ég tel að lausn á þeim vanda eigi ekki að hnýta við frv. um lögfestingu á bindiskyldu Seðlabankans og það verði að horfa á þessi mál í heild sinni.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr. Minni hl. n. leggur til, eins og ég sagði áður, að málinu verði vísað til ríkisstj. í ljósi þess að þessi mál eru þar í athugun og undirbúningi, löggjöf um bankastofnanir, þ. á m. Seðlabanka Íslands.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í sambandi við það frv. sem hér er til umr. er tekið fram í grg., með leyfi forseta:

„Fram hefur komið opinberlega að í frv. til l. um Seðlabanka Íslands, sem bankamálaráðherra hefur boðað að flutt verði, séu ákvæði um 15% bindiskyldu. Bindiskyldan er nú í raun 18%, en með því að lækka hana í 15 mundu losna tæpar 800 millj. kr."

Í fyrsta lagi vildi ég segja að það er blaðaviðtal sem hér er vitnað til og kom það fram í ræðu frsm. meiri hl. Þar er aðeins sögð hálf sagan einfaldlega vegna þess að það geta allir þm. séð og borið saman að 15% bindiskylda er ætluð, en það fylgir þeim texta annar texti, sem ekki er í því frv. sem hér er verið að ræða, þannig að hér er ekki um að ræða sambærilegar hugmyndir og þm. hafa séð og þess vegna geta þeir ekki borið það saman.

Í öðru lagi furða ég mig á því þegar menn tala um að með lækkun bindiskyldu losni svo og svo mörg hundruð millj. kr., eins og að hér sé fjármagn sett inn í skáp, seðlar geymdir og hægt sé að taka þá þar út. Það sé bara vegna þess að það séu vondir menn sem standi að því að í Seðlabanka sé geymdur nokkur varasjóður af því sparifé sem landsmenn hafa safnað saman. Ég er sannfærður um að sá sem fyrstur talaði fyrir bindiskyldu á Alþingi Íslendinga 1961, fyrrv. formaður Alþfl., fyrrv. viðskrh. Gylfi Þ. Gíslason, hefði tekið 1. flm. þessa frv. í læri til að kenna honum og segja honum hvers konar tæki í efnahagsstjórn hér sé um að ræða.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Sjálfsagt hefðum við hæstv. viðskrh. báðir gott af því að fara í læri til prófessors Gylfa Þ. Gíslasonar. Við gætum margt af honum lært. (**Viðskrh.:** Ég var þar.) Ég hef nú raunar verið það líka, hæstv. ráðh. En ætlar hæstv. ráðh. að segja okkur að ef rýmkuð er bindiskyldan og úr henni dregið verði ekki hægara fyrir banka og sparisjóði að veita lánalengingu og endursemja um lán sem húsbyggjendur hafa tekið í bankakerfinu? Er hann að segja okkur að það breyti engu hver bindiskyldan er varðandi þessar peningastofnanir? Auðvitað dettur engum manni í hug að seðlabúnt séu geymd inni í skáp. Ég er satt að segja hissa á hæstv. ráðh. að láta sér svona ummæli um munn fara. En ég vona að hæstv. ráðh. viðurkenni að eftir því sem bindiskyldan er minni eiga þessar fjármálastofnanir hægara um vik. Hann hefur sjálfur komið við sögu í stjórn býsna stórs sparisjóðs og ætti þess vegna að þekkja þessi mál, geri ég ráð fyrir, og hefur vonandi öðlast mikinn lærdóm og reynslu þar í peningamálum. Sjálfur hefur hann reyndar verið fjmrh. auk þess að vera nú bankamálaráðh. En ég held að það gefi auga leið og almenn heilbrigð skynsemi geti sagt manni það að eftir því sem bindiskylda banka og sparisjóða er minni, þeim mun hægara eiga þeir um vik að greiða fyrir lánalengingu og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda og þeirra sem keypt hafa sér íbúðarhúsnæði það sem umræðan snýst um núna í íslensku þjóðfélagi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér er það út af fyrir sig ljúft ef hæstv. viðskrh. vill taka upp almennar umr. um peningapólitík og ekkert óeðlilegt að það sé gert í tilefni af þessu frv. Sannleikurinn er sá að það sem ræður í peningamálum á Íslandi er svokallaður monetarismi, fjármagnskenning hefur það verið þýtt á Íslandi. Kenningin er sú, að ríkisvaldið eigi að sjá til þess að borgararnir hafi sem minnsta peninga undir höndum. Þetta hefur verið reynt víða um lönd. T. d. þegar olíukreppan byrjaði. Þá var byrjað á því að reyna að frysta peninga. Það var talað um að hæfilegt atvinnuleysi þyrfti að vera til ef ekki verðbólga o. s. frv. Árangurinn af þessari stefnu: Nú er Ísland eina ríkið þar sem frystir eru peningar allt upp í marga tugi prósenta. Það veit ég ekki til að þekkist í nokkru vestrænu ríki — ekki í þróuðu lýðræðisríki. Það mun þekkjast í Brasilíu og Suður-Ameríkuríkjum þar sem engir peningar eru í umferð og verðbólgan þar af leiðandi 600—800%.

Ég held að hæstv. viðskrh. hafi mjög gott af að hlusta á þetta. Er ráðh. þarna? (Gripið fram í.) Nei, nei, ég held að hann hefði gott af að hlusta á svolitla kennslustund í peningamálum miðað við þá ræðu sem ráðh. flutti hér áðan. (**Viðskrh.:** Það er nú eins og ráðh. hafi heyrt þetta áður.) Já, en lítið lært af því. Það er kannske kominn tími til að læra eitthvað. En staðreyndir mætti kannske hlusta á. Það væri gaman að heyra hvort hæstv. viðskrh. gæti bent okkur á eitthvert vestrænt land sem ræki álíka peningapólitík og rekin er hér, að frysta nú 18%, það var miklu meira áður eins og menn vita, og hér var samþykkt 10% heimild ofan á allt saman þannig að í lögum stendur nú að Seðlabankinn geti fryst 28% af öllu sparifé þjóðarinnar. Og þá er nú komið að því: Hvað er sparifé þjóðarinnar? Það var fyrir svona tólf

árum eða svo, eitthvað nálægt 40% af þjóðarframleiðslu, sparifé. Það var fyrir nokkrum árum komið niður undir 20%. Það hafði sem sagt helmingurinn horfið í verðbólguflóðinu og í monetarismanum, peningamagnsskömmtuninni. Þá gufaði það allt saman upp. Það fór allt út úr bönkunum að sjálfsögðu. Það voru neikvæðir vextir og peningastjórn ofan á allt saman. Nú segja að vísu bankamenn að þetta hafi aukist á ný, en hvernig hefur það gerst? Ósköp einfaldlega þannig að það eru stanslaust tekin erlend lán. Skv. upplýsingum hæstv. forsrh. eru 55% af öllum útlánum viðskiptabankanna orðin í erlendri mynt. Og nú kom síðast í Morgunblaðinu í morgun frétt af því að lögmætir gjaldeyrisreikningar á Íslandi væru orðnir 40 þúsund talsins. Í þeim stæðu, ef ég man rétt, 1.8 milljarðar kr. sem Íslendingar eiga inni í þessum reikningum. Krónan er sem sagt dauð. Það hefur vísvitandi verið haldið þannig á málum að myntin okkar er ekki lengur við lýði. Hún er horfin. Við ættum kannske þess vegna að takmarka þá mynt í umferð.

En þessi kenning um seðlaprentun í umferð er nú sem betur fer að syngja sitt síðasta vers hvað sem hver segir. Seðlamagn í umferð skiptir orðið sáralitlu máli og því minna máli sem lengra dregur. T. d. er það svo í Bandaríkjunum að menn eru varla með nokkurn eyri í vasanum, kannske einhver sent fyrir strætó. Hitt er allt saman komið í kreditkort og í tölvur, telexsendingar o. s. frv. Allar meiri háttar peningasendingar í þessum þróuðu löndum eru komnar í þessa farvegi þannig að þetta leysist kannske af sjálfu sér.

Það er kannske rétt á þessu stigi að nefna að mér er ekki kunnugt um að nokkurs staðar hafi verið alvarleg verðbólga þar sem nægilegt framboð hefur verið af peningum, en hins vegar alls staðar verðbólga þar sem ofstjórnarbrjálæði hefur verið í peningamálum.

Við skulum bara taka dæmi. Tökum Svissland. Getur einhver sagt mér hve verðbólga hefur verið mikil þar? Þar standa bankastjórarnir á tröppunum og biðja fólk að taka lán á hóflegum vöxtum. Það var töluverð verðbólga orðin í Bandaríkjunum, en með efnahagsaðgerðum, góðum eða illum, hvernig sem menn vilja líta á það, sem Reaganríkisstjórnin gerði, byrjaði fé að streyma til Bandaríkjanna í stórum, stórum stíl og verðbólgan hvarf. Það geta allir fengið lán á einhverjum vöxtum auðvitað. Svo komum við hér. Það verður bankasprenging í fyrra, vaxtasprenging, góðu heilli vil ég segja. En hvernig í ósköpunum er hægt að reka peningapólitík þar sem allir peningar eru lokaðir inni? Það er enginn aðili í þjóðfélaginu sem fæst til þess að ávísa á verðmæti þjóðfélagsins. Peningar eiga ekki að vera neitt annað en ávísanir á verðmæti. Meginskylda Seðlabankans er að sjá til þess að nægilegt fjármagn sé í umferð til að atvinnuvegirnir séu reknir með sem hagstæðustum hætti. Ég held að ég muni þetta orðrétt. Það er aðalstefnumark bankans, en Seðlabankinn hefur verið neyddur til, — ég er ekki að kenna Seðlabankanum eða seðlabankastjórum um þetta, það hafa verið ríkisstjórnir sem hafa neytt bankann til þess, — að bregðast þessu meginhlutverki sínu og enn er verið að gera þetta og harkan er svo mikil og ofstækið að það er varla hægt að fá mál hér rædd. Málið sem var rætt hér fyrr held ég að hæstv. viðskrh. hafi tafið sjálfur um einar fimm vikur með eilífum beiðnum um frestu og annað slíkt. Það fékkst ekki afgreitt með eðlilegum hætti. Og nú er verið að víta forsetann fyrir það þó að ráðh. komist að með þessa snilldarræðu sína einum eða tveim sólarhringum seinna en ella hefði verið!

Nei, þetta eru nefnilega alvörumál. Þarna er röng stjórnarstefna sem fylgt hefur verið í vaxandi mæli á síðustu árum. Ólafslög voru kannske toppurinn á þessu sem rangnefnd voru nú Ólafslög af því að ég veit að þáv. hæstv. forsrh. var ekki mikið hrifinn af þeirri löggjöf. Þetta voru greinargerðir einhverra hagspekinga um hvernig ætti að ráða við verðbólguþróun með því að frysta sífellt meiri og meiri peninga. Það var aðalúrræðið eins og menn vita. Og hvernig fór það? Þegar sú stjórn, sú seinni af þessum tveimur sem fylgdi þessari stefnu, hrökklaðist frá, þá var verðbólgan komin í 130% og allir atvinnuvegir á vonarvöl. Og hvað gerðist allan þennan tíma, t. d. með útgerðina? Það voru engir peningar til í bönkum, alltaf svarað: engir peningar til í rekstrarlán eða annað slíkt. En við skulum taka mið af dollaranum. Útgerðin var öll sett á hausinn með því að það voru tekin dollaralán sem reyndust svo á raunvöxtum kannske 20—30% meðan voru neikvæðir vextir á þessu litla sem lánað var út í Seðlabankanum og gegnum viðskiptabanka og mönnum þar auðvitað hyglað og það fór ekki til meginatvinnuveganna. Það fór í allt aðrar hítir og það sjá allir menn fyrir sér nú.

Íslenska peningamyntin var raunverulega hrunin áður en þessi hæstv. ríkisstj. tók við. Ég er svo sem ekkert að ásaka hana sérstaklega. Menn sáu bara ekki að sér í tíma. En ef menn ætla ekki einu sinni að sjá að sér nú líst mér ekki á blikuna. Þá verðum við að afnema íslensku myntina í eitt skipti fyrir öll og taka t. d. upp þessa SDR-mynt, einhverja millimynt eða einhverja Evrópumynt sem er víst orðin til núna eða þá dollar eða mörk eða eitthvað slíkt, t. d. þýsk mörk. Þá yrði sjálfsagt niðurstaðan sú að við tækjum upp nýja mynt, þegar við hefðum undirbúið það nægilega rækilega, og mundum þá sjálfsagt líka kalla hana mörk og eyri, taka upp fornt íslenskt heiti á því. Við höfum ekkert að gera með krónu á okkar peningum. Það er kannske í lagi að láta krónuna fara þess vegna. Það mætti nota hana sem einseyring eitthvert tímabil til að eyðileggja ekki skiptimyntina og breyta því svo í aura. En auðvitað stefnir þetta í þessa átt ef menn ekki átta sig á því að það verður einhver stofnun í þjóðfélaginu að geta gefið út peninga, ávísanir — ekki endilega seðla en einhvers konar ávísanir. Einhver miðlari verður að vera. Það var reynt í Bretlandi að koma á monetarisma. Margrét Thatcher reyndi það, en auðvitað komst hún ekki upp með þann moðreyk. Þar eru bankarnir nefnilega í einkaeigu, háþróaðir fjármagnsmarkaðir, sem hér skortir. Hér eru mjög litlir fjármagnsmarkaðir. Smáfyrirtæki eru að reyna að selja skuldabréfin, eins og þið þekkið. Vextirnir þar verða auðvitað ógnarháir vegna þess að það er ekkert magn af þessum peningum og þessum skuldabréfum í umferð. Það er lokað inni. Stofnunin sem á að sjá um að gefa þetta út neitar að sjá um það í samráði við ríkisvaldið. Þess vegna búum við við þessar aðstæður.

Ég veit að þið, hv. þm., þekkið þessi rök meira og minna og ég held að svo til allir skilji þessi rök. Það þarf bara að manna sig upp í að láta rökin ráða gerðum sínum og að koma á heilbrigðu peningakerfi. Fyrsta skrefið er að það séu einhverjir peningar í umferð. Ef Seðlabankinn ekki gerir þetta verður ríkissjóður auðvit-

að að gera það að einhverju leyti. Hann er byrjaður á því — a. m. k. með skuldabréfunum. Þau ganga manna á milli. Fólkið er líka byrjað á þessu. Víxlar ganga núna manna á milli. Það eru ekki heilbrigð viðskipti að víxlar sem kannske ganga á milli 6—7—8 aðila eru orðnir að peningum í þessu þjóðfélagi. En það eru að koma peningar. Eins og ég sagði áðan eru peningar bara ávísanir á verðmæti. Auðvitað verður þróunin sú, að ef Seðlabankinn ekki má gera þetta, fæst ekki til að gera það sem honum er boðið, til þess er hann starfræktur að sjá um að það sé peningamagn í umferð. Auðvitað á einhverju verði. Auðvitað verðum við að hafa svipaða vexti og annars staðar eru. En við gerum ekki hvort tveggja að loka peningana inni og hafa vexti frjálsa. Það dæmi gengur hreint ekki upp.

Ég gæti talað hér í allan dag um þetta, en skal ekki vera að því. Ég held að það hljóti að koma að því að það ljós renni upp fyrir mönnum að lengur verður ekki haldið áfram á þessari braut.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1157, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, HÓ, JHelg, JK.
nei: RA, KÁ, VI, EG, EKJ, HS, KSG, KolJ, StB.

SkA greiddi ekki atkv.
1 þm. (SalÞ) fjarstaddur.

1. gr. felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KÁ, VI, EG, EKJ, HS, KSG, KolJ, RA, StB.
nei: ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, HÓ, JHelg, JK.

SkA greiddi ekki atkv.
1 þm. (SalÞ) fjarstaddur.
Frv. þar með fallið.

Dýralæknar, frv. 502. mál (þskj. 936, n. 1144, 1145). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. Ed. Alþingis um frv. til l. um breyt. á lögum um dýralækna og hefur nefndin lagt fram álit sem hún er sammála um.

Málið var sent til umsagnar til yfirdýralæknis, til forstjóra tilraunastöðvarinnar að Keldum, til dýralæknafélagsins og til Sambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Allir þessir aðilar mæltu eindregið með samþykkt frv. Þess var hins vegar getið í umsögnum að það ákvæði í frv. að dýralæknir í fisksjúkdómum skyldi hafa starfsaðstöðu að Keldum væri óeðlilegt þar sem Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum tilheyrir menntmrn. en ekki landbrn. þótt hins vegar hafi farið þar fram og fari fram mikil verkefni sem snerta landbúnaðinn og reyndar æðimiklar tekjur sem sú starfsemi gefur tilraunastöðinni að Keldum. Það kom m. a. fram í samtali sem ég átti við framkvæmdastjórann á Keldum, Guðmund Pétursson, að þessi starfsemi væri orðin svo umfangsmikil að eðlilegt væri að fá henni reglugerð í framtíðinni svo að skýrara væri hvað hverjum tilheyrði í þessum efnum þótt hann tæki skýrt fram að sú starfsemi sem þarna væri unnin, m. a. með tilliti til landbúnaðar, væri mjög kærkomin. Þessi ábending var tekin til **meðferðar** í nefndinni og eins og nál. gefur til kynna er 1. gr. breytt með tilliti til þess þar sem sagt er að þessum umræddu dýralækni skuli sköpuð aðstaða í tengslum við tilraunastöðina á Keldum.

Við fyrri umr. benti ég á meginröksemdir fyrir því að þetta frv. er fram komið og það hefur reyndar sýnt sig í meðförum nefndarinnar og í umr. síðan og raunar komið fram nýjar vísbendingar um nauðsyn þess og væntanlega gagnsemi svo að málið er bæði brýnt og tímabært. M. a. af þeirri ástæðu hefur landbn. lagt til að það fengi hér greiða afgreiðslu.

Mér þykir vert að taka það fram, um leið og ég þakka stuðning við þetta mál í hv. landbn. Ed. Alþingis, að allir nm. hafa ritað nöfn sín undir nál. og er það að sjálfsögðu mikilvægur stuðningur við gott málefni.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hefði svo sem getað látið vera að koma upp í þessari umr. Ég gerði það aðeins til þess að flytja hv. 1. flm. og frumkvöðli að þessu máli þakkir fyrir að hafa riðið á vaðið.

Það er engum blöðum um það að fletta hversu brýnt er að sinna þessum þætti, þ. e. vörnum gegn fisksjúkdómum, í ríkara mæli en gert hefur verið með tilliti til þess að framvegis munu fiskeldi og fiskirækt vonandi fara mjög vaxandi. Ekki síst þess vegna má segja að það heilladrjúga skref sem stigið er með samþykkt þessa frv. sé það minnsta, þrátt fyrir allt, sem hægt er að gera.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta koma fram þakklæti mitt til hv. 11. landsk. þm. fyrir frumkvæði hans í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 1145 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Flutningsjöfnunarsjóður olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 421, n. 1150, 1149). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Olíumálin og verðlag á olíu hafa verið mjög til umræðu og ýmis spjót verið þar á lofti. Það frv. sem við fjöllum hér um var lagt fram í þessari hv. deild síðast í janúar í vetur og fjallað um það í byrjun febrúar. Síðan hefur það verið til skoðunar í fjh.- og viðskn. og reynt að leita þar leiða til að gera bót á þessum málum. Einkum hafa verðjöfnunargjaldið og svokallaður innkaupajöfnunarreikningur legið undir harðri gagnrýni.

S. l. ár má ætla að um 250 millj. hafi verið teknar í verðjöfnunargjald af bensíni og tveimur helstu olíutegundunum, sem sagt gasolíu og svartolíu þannig að það voru teknir 52 aurar af hverjum gasolíulítra sem runnu í þennan sjóð. Þarna er um verulega upphæð að ræða og er eðlilegt að farið verði ítarlega yfir þá þætti sem þetta gjald mynda. Frv. gerir einmitt ráð fyrir því að leggja þennan verðjöfnunarsjóð niður og mynda svokallaðan flutningsjöfnunarsjóð og úr þeim sjóði skal greiða þeim aðilum sem flytja olíuvörur frá næstu innflutningshöfn

til dreifingaraðila. Vonir verður að binda við að þarna verði gætt sem mestrar hagsýni. Slíka flutningataxta verður að samþykkja í Verðlagsráði. Nefndin er sammála þeirri breytingu að breyta í svokallaðan flutningsjöfnunarsjóð. Þó að ekki sé um stóra breytingu að ræða telur nefndin það til bóta samt eða eitt lítið skref.

Svokallaður innkaupareikningur er myndaður þannig, að ákveðið gjald er lagt á hvert innflutt tonn af helstu olíutegundunum miðað við cif-verð vörunnar og var það t. d. á síðasta ári sama greiðsla og í Verðjöfnunarsjóðinn eða 52 aurar af hverjum gasolíulítra sem rann í þennan sjóð, heldur minna af bensíni og heldur meira af svartolíu. Þessi sjóður er myndaður vegna þess að oft getur orðið verulegur verðmunur á milli farma sem fluttir eru til landsins og því nauðsynlegt að hafa slíkt í hendi til þess að geta jafnað út á milli þeirra verðsveiflna sem myndast.

Í dag ríkir engin samkeppni á milli olíufélaganna um útsöluverð á helstu olíutegundunum, eins og ég hef áður sagt. Þau vinna eftir 32 ára gömlum lögum um hámarksverð þessarar vöru á hverjum tíma. Þau eru orðin vön þessari aðferð og ætla má að þau láti sér vel líka eftir atvikum. En óeðlilegt er að ekki skuli þarna vera losað að nokkru um og olíufélögin látin spreyta sig og hafa uppi nokkra samkeppni eins og annar verslunarrekstur í landinu. Þau hafa skákað í því skjóli þegar þessi mál eru rædd og sagt: Við getum ekkert gert í þessum efnum. Við erum njörvaðir niður í innkaupum á olíuvörum til landsins og fyrirskipað af ríkisvaldinu að taka olíu, það voru um það bil 60—70% á s. l. ári, frá einu af okkar viðskiptalöndum, Rússlandi, á ákveðnu verði sem við ráðum engu eða litlu um því það er bundið í viðskiptasamningum milli landanna. Það sem út af stendur getum við keypt á frjálsum olíumarkaði. Ef einhverju félaganna tekst að gera hagkvæm innkaup á slíkum förmum fá þau þess í litlu notið vegna þess að sá mismunur er lagður inn á sérstakan innkaupareikning, eins og ég gat um áður, sem er sameign félaganna, og reynslan er sú, að það félagið sem hagkvæm innkaup gerir fær þess í litlu eða engu notið og getur því ekki boðið þessa vöru sína á lægra verði þrátt fyrir hagstæð innkaup.

Fjh.- og viðskn. velti þessu máli mjög fyrir sér og varð sammála um að leggja til að gerð verði breyting á svokölluðum innkaupajöfnunarreikningi þannig að frá næstu áramótum verði þessi reikningur sérstakur fyrir hvern olíuinnflytjanda. Þetta mál er flutt á sérstöku þskj., 1149. Ætla má að olíuviðskiptin verði þannig á næstunni að um helmingur þeirra verði við Rússland, en hinn helmingurinn á frjálsum markaði. Olíuinnflytjendum gefst því tækifæri til að spreyta sig á sem hagstæðustum olíuinnkaupum á frjálsum markaði að þessum hluta. Þá hafa þeir sína innkaupareikninga sem hvata sem ekki eru eingöngu fyrir félögin heldur gæti viðkomandi félag lækkað verð til neytenda að einhverju leyti og það gilti þá fyrir landið allt, eins og segir í frv. Þarna er aðeins um lítið skref að ræða og ég tek það fram að nefndin er öll sammála um að þarna er aðeins um lítið skref að ræða til að losa um þær hömlur sem verið hafa í þessum efnum.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um nál. og þær brtt. sem hér verður rætt um.

Í nál. segir að „nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og kallað á sinn fund forstjóra allra olíufélaganna, fulltrúa viðskrn. Svein Björnsson og Gunnar Þorsteinsson fulltrúa verðlagsstjóra.

Frv. fjallar um að leggja niður svokallað verðjöfnunargjald á olíuvörum, sem verið hefur í gildi frá árinu 1953, og taka upp flutningsjöfnunarsjóð.

Nefndin telur að þessi breyting sé til bóta því að svokallað verðjöfnunargjald hefur verið mjög gagnrýnt og erfitt að koma þar við æskilegu eftirliti.

Nefndin leggur til að gerð verði sú breyting, eða viðbót, á frv. að það taki einnig til annars þáttar í olíuverðmynduninni hér innanlands, en það er svokallaður innkaupajöfnunarreikningur. Í hann er fært gjald sem tekið er af hverjum olíufarmi sem fluttur er til landsins og reikningurinn látinn jafna sveiflur sem eru á verði bensíns og brennsluolíu.

Nefndin leggur til að stofnaður verði sérstakur innkaupajöfnunarreikningur sem hvert olíufélag eða olíuinnflytjandi skal halda. Nefndin telur slíka breytingu geta orðið hvata til þess að olíufélögin leggi megináherslu á að ná sem hagstæðustum innkaupum á þeim olíuvörum (bensíni og brennsluolíu) sem eru fluttar inn utan sérstakra viðskiptasamninga, en það er helmingur þessara vara."

Brtt., sem við gerum við þetta frv., eru á þskj. 1149. Þar segir að á eftir 5. gr. komi fimm nýjar greinar. Það er þá fyrst a-liður (6. gr.):

„Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía, sem ætluð er til nota í utanlandsflugi, ásamt öðrum olíutegundum sem eru seldar úr landi til erlendra aðila."

Um þessa grein segir í nál.:

„Nú er haldinn sameiginlegur innkaupajöfnunarreikningur olíufélaganna þriggja hjá Verðlagsstofnun yfir bensín, gasolíu og svartolíu. Með sérstökum innkaupajöfnunarreikningi hvers olíuinnflytjanda í hverri olíutegund skapast möguleiki á aukinni samkeppni milli olíuinnflytjenda um hagstæð innkaup og söluverð þó að sama verð gildi um allt land hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans.

Með þessu ættu millifærslur milli innflytjenda að falla niður.

Undanþága frá innkaupajöfnun nær til millilandaflugs og sölu á öðrum olíum til erlendra aðila."

Í b-lið, sem yrði 7. gr. þessa frv., stendur:

„Innflytjandi olíu skal halda aðskilinn reikning yfir innkaupajöfnun hverrar olíutegundar. Hann skal tilkynna Verðlagsstofnun breytingar á jöfnunarverði og gildistöku þess með nánar tilteknum fyrirvara sem stofnunin setur. Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um framkvæmd innkaupajöfnunar á hverjum tíma."

Með innkaupajöfnun er nauðsynlegt að halda hverri olíutegund aðskilinni svo að notendur bensíns greiði ekki niður t. d. gasolíu fyrir notendur hennar eða öfugt.

Tilkynningarskylda Verðlagsstofnunar um breytingu á jöfnunarverði er sett til þess að stofnunin hafi betri möguleika á að fylgjast með verðþróun og grípa inn í verðlagningu olíuvara reynist það nauðsynlegt.

Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um innkaupajöfnun svo að ekki verði mismunur

milli einstakra innflytjenda varðandi t. d. jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga eða eftir því hvort jöfnunarverðið tekur mið af meðalverði birgða eða öðru eftir aðstæðum hverju sinni.

Þarna er sem sagt stórhert það eftirlit sem Verðlagsstofnun hefur haft með þessum málum og hún hefur vald til að grípa þarna inn í og gera breytingar ef hún telur ástæðu til.

8. gr. yrði svona:

„Innkaupajöfnun nær til kostnaðarverðs olíu sem komin er í geyma í innflutningshöfn hjá innflytjanda.

Jöfnunarverð hverrar olíutegundar er kostnaðarverð olíunnar að viðbættum jákvæðum eða neikvæðum mismun sem jafna skal kostnaðarverð milli einstakra farma eða hluta úr förmum. Staða innkaupajöfnunarreiknings er því uppsöfnun á jákvæðum eða neikvæðum mismun á kostnaðarverði og jöfnunarverði olíu á hverjum tíma."

Um þetta má segja að til kostnaðarverðs í greininni, 8. gr., telst cif-verðið, rýrnun við flutning til landsins, tollar og önnur aðflutningsgjöld innheimt við tollmeðferð, vörugjald til innflutningshafna, uppskipunarkostnaður og sérstakur innkaupahvati. Greinin fjallar að öðru leyti um skilgreiningu á jöfnunarverði olíu og innkaupajöfnunarreikningi.

Talað er um rýrnun við flutninga til landsins. Það hefur verið kallað áður „leki í hafi", því fallega nafni. Það er alltaf um einhverja uppgufun að ræða t. d. í bensíni og eitthvað verður eftir í skipum. Um þetta er samið sérstaklega við hverja verðlagningu. Þarna er þetta tekið inn í, en verður þó farið mjög varlega í þá þætti og fylgst mjög vel með.

9. gr.: „Verðlagsráð eða Verðlagsstofnun skal samþykkja sérstakan innkaupahvata í kostnaðarverði hjá þeim innflytjanda sem hagstæð olíuinnkaup gerir á hverjum tíma. Ákveðinn hluti hagstæðra olíuinnkaupa skal þó ávallt renna til neytenda í formi lægra kostnaðarverðs skv. ákvörðun Verðlagsráðs eða Verðlagsstofnunar hverju sinni."

Það hefur verið deilt á verðlagsyfirvöld undanfarið fyrir það að þau skapi ekki nægan hvata til hagstæðra olíuinnkaupa, eins og ég sagði áðan, með ákvörðun um hámarksverð og hámarksálagningu. Hér er gerð tilraun til að hvetja olíuinnflytjendur til hagstæðra innkaupa meðan hámarksverð eða hámarkslálagning eru í gildi gegn ákveðinni umbun, með það í huga að bæði innflytjendur og neytendur fái notið góðs af.

Það sem felst í þessu er að ef olíufélagi tekst að gera hagstæð innkaup fær það sérstaka umbun fyrir það í þessum reikningum. Auk þess kemur það strax fram í þeirra innkaupajöfnunarreikningi þannig að þeim gefst tækifæri til að selja sína vöru ódýrar á landinu en hinum aðilanum. Með þessu er fylgst af Verðlagsráði. Þeir eru bókstaflega knúnir til verðlækkunar, eftir mínum skilningi, ef þeir eru komnir með það hagstæð innkaup og þá er samkeppni komin upp, þó að þetta félag selji sína vöru á sama verði um allt land, því að hin olíufélögin verða að sjá til hvað þeim tekst að ná sínum hlut niður. Þannig yrði þó kominn vottur af samkeppni í þessa grein sem ekki hefur verið til áður.

10. gr.: „Verðlagning á olíuvörum skal að öðru leyti vera skv. lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, lög nr. 52/1982 og lög nr. 33/1984."

Það eru sem sagt áfram á þessu höft, við skulum gera okkur það ljóst, og það veruleg höft, og það verður fylgst með í þessum efnum, en þarna er þó liðkað töluvert mikið til og mun stuðla, að ég vil meina, að hagkvæmni í þessum rekstri, einkum í sambandi við verðjöfnunargjaldið. Dreifingarkostnaðurinn vegur þar hvað þyngst. Spurning er hvort þarf ekki af hendi Verðlagsráðsins að setja þar um nýja taxta eða heimild til þess og fylgjast með á hvaða hátt olíufélögin taka sig til við þá dreifingu. Það verð ættum við að geta séð lægra. Einnig á þessi innkaupajöfnunarreikningur að geta skapað þann hvata að olíufélögin, eins og annar rekstur, fari að spreyta sig á því að selja sína vöru í samkeppni við hvert annað en ekki séu allir með nákvæmlega sama verð á vörunni.

Ég ítreka að nefndin telur þetta vera lítið skref í þá átt sem við viljum öll stefna í þessum efnum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mig langar til að fá tækifæri til þess að árétta örlítið af því sem hv. frsm. hér sagði um þetta mál og raunar að andmæla honum að nokkru leyti því að hann taldi að þetta væri örlítið skref. Ég tel svo ekki vera. Ég tel að það sé allstórt skref sem þarna er stigið. Það getur varla öðruvísi farið en olíufélögin byrji einhverja samkeppni þegar þetta frv. hefur verið samþykkt sem ég á von á að hljóti hér að verða því að það er þó einu sinni svo að um það bil helmingurinn af olíuinnflutningnum er frjáls og það leikur ekki á tveim tungum að við höfum ekki náð hagstæðum innkaupum á þeim olíuvörum. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði liggur það alveg fyrir og er staðfest af forstjórum olíufélaganna að það er enginn hvati hjá olíufélagi að fá hagstæð innkaup. Þó að einhver farmur væri á mjög hagstæðu verði er því jafnað út á milli olíufélaganna allra og síðan ákveða verðlagsyfirvöld hámarksverðið. Þess vegna er það enginn vafi að Íslendingar búa við óhagstæðustu innkaup í olíuvörum sem hugsast getur.

Að því er varðar innkaupin frá Ráðstjórnarríkjunum, þá er það einkennilegur háttur sem þar er á hafður svo að vægt sé að orði kveðið. Annars vegar ræður seljandinn því á hvaða degi hann setur síðasta dropann af olíunni um borð og verð alls farmsins er miðað við það og þá aftur miðað við svonefnt Rotterdam-verð en þar sveiflast einmitt olíuverðið frá degi til dags þannig að seljandinn getur sem sagt ráðið því að við borgum ætíð hæsta verðið sem á hverju tímabili er á Rotterdam-markaði. Hins vegar eru tvíhliða samningar um olíuviðskiptin gerðir áður en farið er að tala um nokkuð annað, þannig að viðsemjanda okkar er beinlínis fengið upp í hendurnar að ráða magni og jafnvel kjörum á þeim fiskafurðum sem við seljum í staðinn. Þetta tvennt er náttúrlega alveg óhafandi og við höfum vakið á þessu athygli í nefndinni.

En hitt er meginmálið að hafa þessa þrjá innkaupajöfnunarsjóði. Þá geta olíufélögin tekið upp og munu vafalaust taka upp viðskipti við sín gömlu sambönd erlendis. Ég hygg að forstjórar olíufélaganna, tveir þeirra a. m. k., kannske allir, hafi verið þeirrar skoðunar í viðræðum nefndarinnar við þá að þeir hlytu að geta náð eitthvað betri kjörum ef þeir hefðu þessi sambönd, þessi sterku félög erlendis sem vildu hjálpa hverju og einstöku af sínum dótturfélögum segi ég. Þó þau séu alíslensk eru þau a. m. k. gömul og gróin viðskiptasambönd. Enginn vafi leikur á því, að þó að

það verði kannske ekki alveg fyrstu mánuðina muni til þess koma að samkeppni hefjist með olíuvörur.

Sama er að segja um breytinguna á flutningsjöfnunarsjóðnum. Þar tek ég undir það sem hv. frsm. sagði. En við skulum ekki líta á þetta sem lítið skref. Við skulum einmitt líta á þetta sem stórt skref, sem byrjunarskref til að brjóta niður kerfi sem óhafandi er. Það kostar alltaf dálitla baráttu að ráða við kerfið. Það getur tekið kannske nokkur ár og kannske áratug af því að kerfi stendur alltaf með kerfi, þar standa allir saman eins og við höfum reynslu af í þessari hv. deild. En það lætur undan um það er lýkur. Þegar almenningsálitið knýr á og þegar allir sjá í gegnum viðskiptamátana, þá hlýtur fólkið auðvitað að knýja á um úrbætur og frjálslyndi og frjálsræði í viðskiptaháttum sem mest, og það er vonandi að sú frjálsræðisalda sem unga kynslóðin ber með sér muni bylta því kerfi sem verið hefur t. d. í olíuinnflutningnum. Við skulum þess vegna fagna því að þessu frv. hefur verið dreift þannig að gagn er í því af því að það var nánast gagnslaust eins og það kom til nefndarinnar.

Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Valdimar Indriðasyni fyrir gífurlegt starf sem hann hefur innt af höndum fyrir okkur öll í nefndinni. Þetta starf hefur mætt langsamlega mest á honum og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum alveg sérstaklega. Og þetta er stórt skref en ekki lítið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til 1. umr. urðu býsna snarpar umræður hér um olíufélögin, starfsemi þeirra, aðstöðu, innkaup, þjónustu og dreifingarkerfið. Menn voru þá sammála um að það þyrfti ýmsu að breyta til betri vegar frá því sem verið hefur og menn tóku kannske nokkuð stórt upp í sig í umræðunum. Það var talað um að bylta þessu kerfi. Síðan hefur þetta mál fengið ítarlega umfjöllun í nefnd, eins og hér hefur verið frá greint, og hafa ýmsir komið til viðræðna við nefndina um málið. Ég hafði ýmsar ábendingar og athugasemdir við málið að gera í nefndinni. Þær hafa verið teknar til greina að langmestu leyti og öllu leyti, að ég hygg. Það er aðeins eitt sem ég hafði og hef enn athugasemdir við, en geri engan ágreining um vegna þess að mér er ljóst að það er allerfitt að breyta því og slíkt gerist kannske ekki í snarhasti, og það er það ákvæði að menn megi ekki selja olíu eða bensín og sleppa sinni álagningu eða umboðsmannsþóknun og selja þannig á lægra verði. En þetta er kannske ekki stórt mál.

Ég hygg að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í nefnd og sú ágæta vinna sem hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðason einkum í það lagði séu til bóta. Þetta er kannske ekki mjög stórt skref sem hér er verið að stíga, en það er þó a. m. k. skref og langtum stærra skref en stjfrv. hæstv. viðskrh. gerði ráð fyrir á sínum tíma vegna þess að það frv. gerði nánast ekki ráð fyrir neinum breytingum. Hér er þó verið að breyta kerfinu og ég held hiklaust að það sé verið að breyta því til bóta. Ég er líka sannfærður um að sú umræða sem átt hefur sér stað um olíufélögin og átti sér stað hér í þessari hv. deild um olíufélögin og þjónustu þeirra hefur haft nokkur áhrif. Það var t. d. gagnrýnt hér harkalega, og ég gerði það meðal annarra, að það skyldi nánast ekki vera hægt í höfuðborg Íslands að kaupa bensín eða olíu eftir kl. 21.15 að kvöldi þegar þjónustan í nágrannabyggðunum er allt önnur og meiri. Þessi umræða, að ég hygg, og blaðaskrif um málið hafa þó m. a. leitt til þess að tvö af olíufélögunum hafa sett upp bensínsjálfsala sem hafa tíðkast í mörg ár ef ekki áratugi í löndunum hér í kringum okkur. Loksins er þessi þjónusta þó komin og nú getur maður seint á kvöldin og á helgidögum séð langar biðraðir við þessa sjálfsala. Að vísu eru þeir þeim annmarka háðir að þeir taka ekki nema 100 kr. seðla, sem er nokkur galli, en því verður væntanlega bætt úr. Þessi félög þurfa auðvitað aðhald og gagnrýni og þar má ekkert slaka á. Þó að þau hafi stigið lítið skref til að bæta þjónustuna þarna þurfa þau að taka stórt stökk í þeim efnum ef þjónusta þeirra við viðskiptavinina á að vera viðunandi.

En þetta frv., eins og því hefur verið breytt í nefndinni, er tvímælalaust til bóta. Mín skoðun er sú að þetta sé fyrsta skrefið á langri ferð sem hafin er með þessu frv. Ég hefði að vísu kosið að það væri hægt að stíga stærri skref í þetta skipti, en það verður ekki allt fengið í einu. Ég sætti mig við það eftir atvikum og greiði því atkv. með þessu frv. eins og það liggur nú hér fyrir þótt vissulega hefði verið æskilegt að geta gengið svolítið lengra.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi ekki láta þessari umr. ljúka án þess að leggja nokkur orð í belg í sambandi við það frv. sem hér um ræðir, um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns. Það urðu í þessari deild allmiklar umræður um frv. og þjónustu olíufélaganna almennt og menn tóku nokkuð upp í sig og kannske hefur það m. a. orðið til þess að þetta frv. hefur verið skoðað mjög vandlega í nefndinni. Það var lögð í það mikil vinna og ég vil taka undir þau orð sem hafa fallið í þessari umr. um það. Ég held að nm. hafi lagt sig í líma við að ná samkomulagi í þessum málum og ná fram breytingum á frv. sem þeir telja að séu til bóta. Ég vil einnig taka undir þau orð, sem hér hafa fallið áður um innkaupajöfnun og innkaupajöfnunarreikning, að rétt sé að skipta honum í þrennt og hvert olíufélag haldi innkaupajöfnunarreikning. Ég tel að það sé til bóta. Ég tel að það auki möguleika olíufélaganna til verðsamkeppni án þess að verðjöfnuninni sé kastað fyrir róða. En það kom skýrt fram í umræðum í nefndinni að ekki er pólitískur vilji fyrir því að fella niður verðjöfnunina og ég er eindregið þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gera, olíu og bensín eigi að selja á sama verði um land allt. Það var reyndar eitt aðalerindi mitt upp í þennan ræðustól nú að undirstrika það. En ég tel að það eigi að auka möguleika olíufélaganna til að heyja verðsamkeppni því að það er rétt að fram kom í umsögnum m. a. forstjóra olíufélaganna, sem allir komu fyrir nefndina, að möguleikarnir eru ekki miklir eins og frv. var úr garði gert.

Ég vildi aðeins taka undir þau orð sem hafa komið hér fram áður og undirstrika þá samstöðu sem var í nefndinni um afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1149,1 (ný 6.—10. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1149,2 (ný 7. gr., verður 12. gr.) samþ. með 13

shlj. atkv.

Brtt. 1149,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1149,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Hagnýting Seðlabankahúss, þáltill. 281. mál (þskj. 461, n. 1155, 1156). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft þáltill. þessa til athugunar og leggur nefndin öll til að hún verði samþykkt með einni smávægilegri breytingu sem sérstök till. er flutt um á þskj. 1156. Hún er sú að 2. mgr. till. orðist svo sem þar segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdir við bygginguna, sem ekki eru þegar samningsbundnar, verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið."

Eins og menn vita hafa allmiklar umræður orðið um þessa veglegu byggingu og hafa menn bent á það, bæði þeir sem forráð hafa yfir henni og aðrir, að þar sé laust húsnæði. Það er talað um að 500—600 fermetrar muni vera lausir miðað við þá starfrækslu sem er í bankanum og hann væntir að verði þar í náinni framtíð. Að vísu hefur verið um það rætt að Þjóðhagsstofnun yrði þarna til húsa, en mér er ókunnugt um að ákvörðun hafi verið um það tekin. Kannske upplýsist það. A. m. k. hef ég ekki vitað til þess að neinn hafi við það kannast að samkomulag hafi orðið um að flytja þá stofnun. Það rýmkast um í framkvæmdastofnunarhúsinu þegar samdráttur verður í störfum annarra stofnana sem til húsa eru þar og þess vegna get ég ekki ímyndað mér að menn muni mæla með því að fara að flytja Þjóðhagsstofnun í stærra og dýrara húsnæði og á eftir að sjá að svo verði, a. m. k. trúi ég því ekki fyrr en ég tek á, því að sú stofnun er áreiðanlega alveg nógu stór.

Þá er hins að gæta líka að Seðlabankinn hefur fyrir eigið frumkvæði unnið að því að færa afurðalán út úr sinni starfsemi og til viðskiptabankanna. Auðvitað hafa mikil störf verið unnin við afurðalánin í Seðlabankanum þannig að það hljóta allmargir menn, ég veit ekki hversu margir tugir það eru, að hætta þeim störfum. Með minnkandi umsvifum þessarar annars ágætu stofnunar hlýtur húsnæðið því að verða allt of rúmt miðað við þá starfsemi sem var þegar þetta hús var skipulagt. En það kemur allt saman á daginn. Forráðamenn Seðlabankans hafa einmitt boðið okkur fulltrúum í fjh.- og viðskn. að koma og skoða húsið og við munum væntanlega fá tækifæri til þess fljótlega.

En þessi till. er ekki um neitt annað en að þetta mál verði allt saman skoðað og þá væntanlega öfgalaust og án þess að menn séu að tala um að á einn eða annan sé verið að ráðast af því tilefni. Það er einvörðungu um að ræða breytingar á starfsemi þessarar stofnunar og það er laust húsnæði þarna skv. upplýsingum stofnunarinnar sjálfrar og það allmikið húsnæði. Einnig hafa komið fram um það hugmyndir frá hæstv. utanrrh. að nauðsynlegt sé að flytja utanrrn. í rúmbetra húsnæði og sameina störf þess og hefur þá verið talað um nýbyggingu einhvers staðar í nálægð Arnarhvols. Mér sýnist liggja nokkuð beint við að athuga hvort ekki mundi einmitt henta að utanrrn. yrði í þessari byggingu ásamt Seðlabankanum. Það færi mjög vel á því fyrir margra hluta sakir. Það þarf t. d. lögregluvörð bæði í seðlabankabyggingu og eins í utanrrn. Hann gæti verið einn og hinn sami. Ýmiss konar sali og aðstöðu mætti auðvitað samnýta. Það væri mjög við hæfi. Þetta er virðuleg stofnun eins og seðlabankar eru hvarvetna og eiga að vera. Það eru ekki stórar stofnanir, en þær eru veigamiklar og þegar þær fá svigrúm til að gegna sínu eiginlega starfi, sem er auðvitað seðlaútgáfa, gengisskráning o. s. frv., eru þetta hinar sjálfsögðustu stofnanir, en þær eiga ekkert að vera neitt stórar. Og það færi mjög vel á því að utanrrn. flytti þarna inn. Það yrði þá líka í næsta nágrenni við önnur ráðuneyti og sérstaklega forsrn. sem ég vona að verði ætíð til húsa þar sem það nú er, í því gamla virðulega húsi, þó að starfsemi þess áður fyrr væri e. t. v. ekki jafnánægjuleg og hún er nú á tímum.

En í öllu falli vænti ég þess að hv. þdm. geti sameinast um samþykkt þessarar till. Það er eins og ég sagði áðan, eingöngu skoðun á því hvernig best sé að hagnýta þetta hús. Og það var ánægjulegt að allir fulltrúar í fjh.- og viðskn. töldu sjálfsagt að till. þessi yrði samþykkt.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og menn rekur minni til og þegar hefur verið getið um urðu allmiklar umræður um þessa till. fyrr í vetur. Í þeim umræðum leitaðist ég við að gera gein fyrir því hvaða not af svokölluðu Seðlabankahúsi væru fyrirhuguð auk þeirrar starfsemi sem yrði á vegum Seðlabankans í sama húsi.

Það má vel vera að þessi bygging sé nokkuð við vöxt. Í því efni vil ég ítreka það, sem fram hefur komið, að fyrirhugað er að taka húsið til fleiri nota en fyrir Seðlabankann. Vegna hugleiðinga hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar um að Þjóðhagsstofnun flytti þar inn get ég þó ekkert fullyrt.

En varðandi húsrýmið er rétt að minna á að núverandi húsrými sem Seðlabankinn hefur til afnota til samanburðar við skrifstofur og fyrirhugaða fundarsali í nýju húsi er um 70% af fyrirhuguðu húsnæði í seðlabankabyggingunni sem er 3605 fermetrar. Nú er satt og rétt að ekki er talin þörf á að nýta allt það skrifstofuhúsnæði fyrir Seðlabankann, enda þótt mér vitanlega sé ekki fastákveðið enn þá til hvers aukahúsrýmið verður notað.

Hér er flutt till. um að framkvæmdir verði stöðvaðar. Að vísu er átt við þær sem ekki eru samningsbundnar. Skal viðurkennt að það er töluverð bót á till. þó hún sé hér um bil jafnandstæð mínum huga og hún var í vetur. En vegna hugleiðinga um hvað hefur verið samið um og hvað ekki vegna byggingarinnar þykir mér rétt að skýra frá því að samið hefur verið um múrverk, pípulagnir, raflagnir og loftræstikerfi sem verður mjög mikið að vöxtum, enda ekki vanþörf á. Það er verið að setja upp lyftur, mér vitanlega, og samið hefur verið um málningarvinnu. Þetta eru allt saman mjög mikilvægir verkþættir í byggingu Seðlabankahússins og verða alls ekki stöðvaðir. Það er útilokað.

Ég segi fyrir mig að mér finnst þessi till. óþörf einfaldlega vegna þess að það er til athugunar nú þegar með hvaða hætti verður mögulegt að nýta húsið að auki

við starfsemi Seðlabankans. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en það sé í himnalagi að halda áfram að byggja þetta hús og jafnvel að fara í innréttingar hið bráðasta því að ég geri fastlega ráð fyrir því og veit raunar að þau not sem verða af húsinu auk þarfa Seðlabankans verða fyrir einhvers konar skrifstofuhald. Það liggur í augum uppi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál um þessa till. En vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. v. um afurðalánin og þann vinnukraft sem hefur verið vegna þeirra, þá hef ég þær upplýsingar að vegna afurðalánanna séu afar fáir starfskraftar og hafi verið, örfáir menn. Eins og kunnugt er voru um síðustu áramót 128 stöðugildi, ef ég man rétt, í Seðlabankanum. Þeim hefur, eins og fram hefur komið, fjölgað mjög lítið á undanförnum árum. (**EKJ:** Fjölgað aðeins, að sjálfsögðu.) Um 9.4% meðan fjölgun starfsfólks í hinu almenna bankakerfi hefur orðið líklega milli 60 og 70%. Auðvitað er rétt að viðskiptabankarnir hafa tekið að sér margvísleg verkefni sem ekki voru innt af hendi af þeirra hálfu fyrr á tíð.

Ég tel, herra forseti, að þessi till. sé óþörf. Það eigi að halda áfram af fullum krafti að byggja þetta hús og taka það til notkunar hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Brtt. 1156 (ný síðari málsgr.) samþ. með 13:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisendurskoðun, frv. 290. mál (þskj. 1125 (sbr. 470)). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa iðulega heyrst raddir hér í þinginu sem hafa talið að ríkisendurskoðun ætti að heyra undir Alþingi og reyndar verið flutt um það frv. Þetta er að ýmsu leyti eðlilegt. Alþingi ákveður fjárveitingar til hins opinbera og því eðlilegt að það hafi með endurskoðun á ráðstöfun hins opinbera á þeim fjármunum að gera. Þessi háttur mun vera víða á hafður erlendis og mér er tjáð að einmitt sums staðar hafi svipaðar breytingar verið gerðar og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Frv. er í eðli sínu ekki margslungið. Fyrst og fremst er með því gert ráð fyrir, eins og ég sagði, að ríkisendurskoðun falli undir Alþingi. Í frv. eins og það var lagt fram var einnig gert ráð fyrir að ríkisendurskoðun væri til aðstoðar við fjvn. við gerð fjárlaga.

Í meðferð hv. fjh.- og viðskn. Nd. á frv. voru gerðar á því ýmsar breytingar og koma þær fram á þskj. 1125, þ. e. eins og frv. varð eftir 2. umr. í Nd. Við þessar breytingar hef ég ekkert að athuga nema eina. Það er breyting sem er að finna í 2. gr.

Gert var ráð fyrir því, eins og frv. var fyrst lagt fram, að stjórn ríkisendurskoðunar skyldi skipuð þeim þremur yfirskoðunarmönnum sem Sameinað þing kýs skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta var við athugun nefndarinnar ekki talið rétt og reyndar gagnrýnt af ýmsum að ríkisendurskoðun væri undir stjórn og lögð áhersla á að ríkisendurskoðandi hefði sem allra mest sjálfsákvörðunarvald í sínum gerðum og yrði ekki skipað fyrir af öðrum. Ég held að þetta sé rétt.

Í 3. gr. sagði: „Stjórn ríkisendurskoðunar ræður forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn. Nefnist hann ríkisendurskoðandi og skal vera löggiltur endurskoðandi."

Þessu er einnig breytt og sameinað í 2. gr. eins og málið stendur nú:

„Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, er skipaður af forseta Íslands, eftir tilnefningu forseta Alþingis, til sex ára í senn."

Eins og ég sagði er fellt niður ákvæðið um stjórn.

Hér segir jafnframt, með leyfi forseta, eins og stendur nú:

„Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsetar Alþingis geta, að fengnu samþykki Sameinaðs þings, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi."

Þessi grein fær ekki staðist eins og stendur því að í 13. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt" — eða m. ö. o.: Forseti Sþ. hefur skv. stjórnarskránni ekki heimild til að biðja forseta lýðveldisins að skipa forstöðumann. Sömuleiðis fær það ekki staðist að manni sem skipaður er af forseta verði sagt upp störfum af forsetum Alþingis. Ég vil benda hv. nefnd á þetta þegar hún fær það til meðferðar. Ég hef látið lögfræðing skoða þetta atriði og með leyfi forseta vil ég lesa úr álitinu nokkur orð:

„Í þessari grein felst að sem framkvæmdavaldshafi verður forsetinn í gerðum sínum að styðjast við einhvern ráðherra og framkvæma hluti á hans ábyrgð. Upphafsákvæði 2. gr. fær því ekki staðist skv. grundvallarhugmyndum 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Í þessu efni mætti hugsa sér tvenns konar skipan a. m. k.: a) Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, er skipaður af forseta Íslands eftir tilnefningu forsrh., en mætti þó vera að fengnum tillögum forseta Alþingis, eða b) Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, skal ráðinn af forsetum Alþingis."

Ég fyrir mitt leyti tel síðari hlutinn eðlilegri og sé ekki ástæðu til þess að forsrh. tilnefni manninn. Ég vek athygli á því að svo er það með skrifstofustjóra Alþingis að forsetar Alþingis ráða hann.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð. Um það náðist samkomulag í Nd. og ég geri mér vonir um að svo geti líka orðið hér í hv. Ed. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 92. fundur.

Föstudaginn 7. júní, að loknum 91. fundi.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 1168). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 480. máli Nd. Þetta frv. hefur fengið meðferð í Nd. og ein breyting var á því gerð í Nd., þ. e. ákvæði til bráðabirgða var breytt. Að öðru leyti er frv. óbreytt eins og Nd. gekk frá því.

Þetta frv. er, eins og það ber með sér, einn þáttur í þeirri viðleitni ríkisstj. að gera ráðstafanir til að létta greiðslubyrði fólks í sambandi við húsnæðismálin, þá erfiðleika sem þar hafa komið upp. Ég vil geta þess að það sem ríkisstj. hefur fyrst og fremst tekið til meðferðar í sambandi við þessi mál eru í fyrsta lagi viðbótarlán með ráðgjöf sem áætlað er að muni nema um 200 millj. kr. Sömuleiðis var í þeirri aðgerð gert samkomulag við banka og sparisjóði um að koma til móts við húsbyggjendur og verður e. t. v. hægt að lýsa því hér á eftir. Ég vil þá geta þess í sambandi við ráðgjafarþjónustuna, af því að það hefur ekki komið fram í hv. Ed., að skv. nýjustu upplýsingum sem komið hafa fram hafa rúmlega 2000 umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika borist ráðgjafarþjónustunni og í dag höfðu um 1010 umsóknir verið afgreiddar til lántöku. Það sýnir umfang þessarar starfsemi, hvað hún er mikilvæg, og einnig að það er alveg ljóst að jafnvel hafa hærri fjárhæðir farið í fyrirgreiðslu hjá bönkum og sparisjóðum.

Ég skal, herra forseti, reyna í örstuttu máli að lýsa aðdragandanum að þessu frv. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Hann var sá að félmrh. lagði fram í ríkisstj. í janúar tillögur um að lánskjaravístala yrði tekin til endurskoðunar með tilliti til vaxandi greiðsluerfiðleika fólks vegna húsnæðislána. Í sambandi við það fól félmrh. sérstakri nefnd, sem hafði það verkefni að kanna fasteignamarkaðinn og fasteignaviðskipti, að gera tillögur til úrbóta á þessu sviði og gera tillögur um leiðir sem fælust aðallega í því að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga. Þessi nefnd skilaði ákveðnum tillögum eða drögum að frv. 22. febrúar og síðan var áfram unnið af sérfróðum mönnum, eins og kemur fram í grg. með þessu frv., og útbúið frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Þetta frv. var síðan lagt fyrir ríkisstj. 7. mars s. l. Í sambandi við viðræður ríkisstj. við Alþýðusamband Íslands, m. a. um húsnæðismál, var skipaður sérstakur samstarfshópur stjórnvalda og Alþýðusambandsins sem vann að ýmsum hugmyndum til lausnar á fjárhagsvanda húsbyggjenda og jafnframt að því að byggja upp frv. samkv. tillögum nefndarinnar. Þessu frv. var svo skilað til ríkisstj. og það er það frv. sem nú er til afgreiðslu á Alþingi.

Það má segja að með þessu frv. sé boðuð ný stefna í verðtryggingu húsnæðislána. Frv. byggir á svonefndri greiðslujöfnun fasteignaveðlána sem felst í því að endurgreiðslur húsnæðislána eru tengdar launabreytingum. Tilgangur frv. er þannig að fyrirbyggja að greiðslubyrði vegna húsnæðislána þyngist ef misgengi skapast milli hækkunar lánskjaravísitölu og hækkunar launa og/eða hækkunar raunvaxta.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða mikið meira um þetta mál. Það hefði að vísu verið æskilegt, eins og fyrsta frv. gerði ráð fyrir, að þetta hefði náð til allra lánastofnana í landinu. Á því var ekki talinn tæknilegur möguleiki af ýmsum ástæðum, ekki síst þar sem eitt af grundvallaratriðum í þessu frv. er afturvirkni, eins og kemur fram í 4. gr., til 1. mars 1982. Það væri ekki hægt að setja lagaskyldu á aðrar peningastofnanir en aðeins á opinbera sjóði. Þess vegna byggir frv. fyrst og fremst á skyldu húsnæðissjóðanna, en heldur opnum möguleikum til samninga við aðra sjóði og peningastofnanir.

Það má geta þess hér, sem er mjög mikilvægt, að lífeyrissjóðirnir hafa samþykkt að taka þessa aðferð upp í sambandi við lán úr lífeyrissjóðum. Það hefur gífurlega mikla þýðingu því að lífeyrissjóðirnir og húsnæðissjóðirnir lána gegnumsneytt 50—70% af öllum venjulegum útlánum til húsnæðislána í landinu.

Ég sé ekki að ástæða sé til að fara fleiri orðum um þetta. Það er samkomulag um að reyna að hraða þessu máli þannig að það verði lögfest fyrir þinglok. Ég treysti því að hv. Ed. geri það sem í hennar valdi stendur til að svo geti orðið. Þetta er þýðingarmikið mál fyrir fjöldann í landinu og ég reikna fastlega með því að frv. hafi mikið gildi þegar grannt er skoðað.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lokinni þessari umr. að mælast til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ed.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Vissulega er það spor í rétta átt að tekin sé upp sú greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en það hefur komið skýrt fram í málflutningi okkar Alþb.-manna og í málflutningi stjórnarandstöðunnar í heild að þessi ákveðna tilhögun, sem hér er gerð tillaga um, er að okkar dómi alls ófullnægjandi.

Við höfum lagt á það áherslu að þessi greiðslujöfnun nái einnig til banka og lífeyrissjóða en ekki aðeins til byggingarsjóða ríkisins. Við höfum lagt á það áherslu að réttur lántakenda verði skilgreindur og viðurkenndur án tillits til vanskila eða einhvers óskilgreinds mats embættismanna. Við höfum lagt á það áherslu að útreikningur greiðslumarksins skv. þessu frv. eigi að miðast við kauptaxtavísitölu. Við höfum lagt á það mjög þunga áherslu að vextir af lánum húsnæðismálastjórnar verði lækkaðir. Og við höfum lagt það til að veittur verði sérstakur skattafsláttur skv. nánari reglum.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að það vandamál sem upp hefur komið hjá húsbyggjendum stafar fyrst og fremst af gerðum núv. ríkisstj. Ég er ekki sammála því, sem ýmsir hafa sagt og þ. á m. ýmsir í stjórnarandstöðu, að vandamál húsbyggjenda megi rekja langt aftur í tímann og sé að kenna mörgum fyrri ríkisstjórnum. Ég held að ef sama fyrirkomulag hefði verið á þessum málum og var hér áður fyrr hefði þessi vandi alls ekki komið upp, ef horfið hefði verið að því ráði, sem við lögðum mjög þunga áherslu á, Alþb.-menn, á árinu 1982—1983, að miðað yrði við kauptaxtavísitölu í staðinn fyrir lánskjaravísitölu, en um þetta efni fluttum við ýmsar tillögur m. a. í ríkisstj. sem við sátum í, tillögur sem voru reyndar samhljóða tillögum sem hv. þm. Alþfl. fluttu hér á Alþingi. Ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga hefði aldrei skapast það misræmi milli vísitalna sem síðar varð. Og ef vextir hefðu ekki verið gefnir frjálsir og það vaxtabrjálæði upphafist sem við höfum horft upp á seinustu tvö árin væri vandi húsbyggjenda sem nú er mjög til umræðu ekki ýkjastór. Það eru þessi tvö atriði sem valda vandanum: annars vegar að leyft er misgengi

tveggja vísitalna og hins vegar að vextirnir eru svona háir. Þetta eru tvær meginástæður þess hvernig komið er. Því er rangt að reyna að kasta ábyrgðinni á aðrar ríkisstjórnir en þá sem nú situr. Ábyrgðin er alfarið hennar. Þessi vandi mundi ekki vera fyrir hendi ef þetta misgengi vísitalna hefði ekki verið látið viðgangast, ef kjaraskerðingin hefði ekki gengið yfir, því að auðvitað er það meginþáttur vandans að kaupgjaldsvísitalan er tekin úr sambandi og að vextir eru gefnir frjálsir.

Sem sagt: við höfum lýst því yfir, við Alþb.-menn líkt og stjórnarandstæðingar allir, að við teljum þetta frv. ganga of skammt, en viðurkennum hins vegar að það stefnir í rétta átt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. sem gjarnan hefði mátt vera til fyrr. Að vísu gengur það ekki eins langt og við í Alþfl. hefðum talið að gera ætti, en það er tvímælalaust til bóta.

Það kom til tals ráðgjafarþjónustan sem tekin hefur verið upp hjá Húsnæðisstofnun og ýmsum er tamt að hnýta í þá stofnun vegna þessa og menn segja að ráðgjafarþjónusta eigi í raun ekki að fara fram. Ég er alveg á öðru máli en þeir sem því halda fram. Ég held að ráðgjafarþjónustan hafi orðið að miklu gagni í því ástandi sem nú er — ástandi sem vissulega er orðið til vegna gerða ríkisstj. og þeirrar sem á undan henni var. Staðreyndir liggja fyrir um að nauð húsbyggjenda er mikil og þess vegna kemur þessi þjónusta að góðu gagni. Það var athyglisvert, sem félmrh. sagði hér áðan, að það hefðu 2000 manns sótt um lán í framhaldi af slíkri ráðgjöf og 1010 verið afgreidd.

Ég nota þetta tækifæri til að segja frá því að svona ráðgjafarþjónusta er orðin til suður í Keflavík fyrir Suðurnesin þar sem tekist hefur samvinna milli Húsnæðisstofnunar og verkalýðsfélaga á Suðurnesjum, í Keflavík, og allra bankanna og lífeyrissjóðsins þar. Við bindum miklar vonir við að það geti orðið húsbyggjendum að miklu gagni og ekki aðeins húsbyggjendum því að það er meiningin að ráðgjafarþjónustan verði viðtækari, gefi mönnum ráð þegar þeir ætla að leggja út í fjárfestingu, kaupa íbúð eða slíkt, geri mönnum grein fyrir því hvort menn geta staðið undir þeim fjárfestingum eða ekki. Ég held að sú ráðgjafarþjónusta sem tíðkast hér í Reykjavík ætti einnig að taka slíkt upp, enda væri það af því góða því að vart fara menn út í fjárfestingar án þess að hafa skoðað dæmið til fulls. Væri oft og tíðum mikil hjálp í því að viðkomandi séu varaðir við því að leggja út í ákveðnar fjárfestingar sem þeir fyrirsjáanlega ráða ekki við.

Það má deila endalaust um hverjum það ástand er að kenna sem er í húsnæðismálunum. Ég held að þeir sem þurfa að þola séu þó á einu máli um að stjórnarstefnan hafi valdið þessu og þau hroðalegu mistök sem urðu þegar lánskjaravísitala og kaupgjaldsvísitala voru teknar úr samhengi — mistök eins og forsrh. hefur orðað svo sem hafi valdið því að jafnvel þúsundir húsbyggjenda og húseigenda standa frammi fyrir gjaldþroti eða feikilegum greiðsluvandræðum.

Ég endurtek að ég tel að þetta frv. gangi í rétta átt. Það er þó ófullnægjandi og ég sætti mig ekki við þær skýringar, sem fram komu hjá hæstv. félmrh., að af tæknilegum ástæðum sé ekki hægt að hafa fleiri inni í þessu en opinbera sjóði og vildi gjarnan fá frekari skýringar á því af hverju er ekki hægt að lögbinda fleiri aðila til að ástunda greiðslujöfnun.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil fyrst segja það í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. að þegar hann talar um vexti af húsnæðislánum er rétt að taka það fram og menn mega ekki gleyma því að vextir í húsnæðissjóðunum eru niðurgreiddir og hafa alltaf verið niðurgreiddir, hafa ekki hækkað í samanburði við aðra vexti. Vextir af almennum lánum eru 3.5% umfram vísitölu, en 1% í Byggingarsjóði verkamanna sem er mjög veruleg niðurgreiðsla miðað við þá vaxtaþróun sem er í landinu.

Hann minntist á skattafslátt og vaxtafrádrátt. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hafa verið til umræðu og hafa komið til álita í umræðum um að leysa þessi mál. Þetta var rætt við fulltrúa Alþýðusambandsins og er áherslupunktur sem er verið að vinna að. Það liggja þegar fyrir ákveðnar hugmyndir um breytingar á núgildandi vaxtafrádrætti í skattalögum, en þau eru ófullnægjandi að því er varðar húsnæðismálin. Menn eru búnir að átta sig á því að það verður að breyta þeim ákvæðum. Það er hins vegar ekki búið að taka ákvörðun um hvernig það verður gert. Það getur komið til greina að hafa þar sérstakan skattaafslátt eins og þegar hefur verið gert frv. um. Þetta er mál sem stjórnarflokkarnir eru með á prjónunum og kemur raunar fram í fskj. með því frv. sem verður hér til umræðu á eftir.

Ég ætla ekki að fara út í umræðu um hverjum eru að kenna þau vandamál sem hafa komið upp hjá mörgum húsbyggjendum eða húskaupendum í landinu, því miður. Það skiptir e. t. v. ekki máli héðan af að fara að rökstyðja það, en ég vil aðeins minna á að þetta misgengi hófst fyrst og fremst 1981 og var fyrirferðarmest á árunum 1982 og 1983. Um þetta er ekki deilt. Ég tel, og það viðurkenna allir, að verðbólgan hafi verið aðalþátturinn, sú mikla verðbólguskriða sem var komin upp í 130%. Það sýnir sig best að sú ákvörðun að reyna að ná niður verðbólgunni skilaði strax árangri hvað þetta varðar á árinu 1984 því að á fyrri hluta árs 1984 og eiginlega fram undir lok ársins var misgengi sáralítið eða ekkert á milli lánskjaravísitölu og launa. Það sýnir því að hverju við þurfum að stefna í framtíðinni um þessi mál.

Í sambandi við það sem hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason sagði vil ég undirstrika að ég verð alltaf sannfærðari og sannfærðari um mikilvægi þeirrar ákvörðunar að taka upp ráðgjafarþjónustu við Húsnæðisstofnunina og það á eftir að koma betur fram í opinberum skýrslum sem verða birtar um þessa starfsemi. Ég vil segja frá því hér að það er þegar búið að ákveða að ráðgjafarþjónustan verði fastur þáttur í starfsemi Húsnæðisstofnunarinnar með nýju sniði sem einmitt snertir það sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason minntist á. Ráðgjöf verður veitt bæði á tæknilega og fjármálalega sviðinu. Það hefur sýnt sig og sannast á þeirri ráðgjafarþjónustu sem fram hefur farið að fjöldi fólks þarf sannarlega á henni að halda. Það eru einmitt fyrirbyggjandi ráðstafanir með slíkri ráðgjöf sem mundu koma í veg fyrir mikið af þeim vandamálum sem fólk á við að stríða.

Ég fagna því mjög að þessi áfangi skyldi nást á Suðurnesjum sem er til fyrirmyndar. Allar peningastofnanir, verkalýðsfélögin og fleiri aðilar hafa tekið höndum saman um að gera þetta algilt á þessu svæði.

Þetta verður mjög mikilvægt fyrir svæðið í heild.

Hv. þm. spurði hvers vegna ekki væri hægt að lögfesta þetta um banka, sparisjóði og aðrar peningastofnanir í landinu. Það var talið ófært af þeim sérfræðingum sem um þetta fjölluðu. Ég vil minna á að fulltrúar Alþýðusambandsins í viðræðunum töldu þetta ekki fært heldur. Þeir vildu heldur að það yrði samkomulagsatriði t. d. við lífeyrissjóðina að nota þessa aðferð frekar en fara að lögþvinga þá til þess. En sem betur fer, eins og ég sagði áðan og vil undirstrika hér, hafa lífeyrissjóðirnir þegar tekið þá ákvörðun að nota greiðslujöfnun á sín lán, sem er ákaflega mikilvægt atriði, og ég hef þá skoðun að bankakerfið muni smátt og smátt gera það einnig. Hér er að vísu opnað fyrir heimild til að ná slíkum samningum og ég held að bankar muni semja um það vegna þess að það verða miklu öruggari og traustari viðskipti fyrir fólk. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu ganga í að reyna að ná samningum fyrir fólk um að þetta verði gert, a. m. k. við aðalviðskiptabanka landsins. Það get ég fullyrt að er þegar búið að ákveða.

Ég hef ekki meira að segja, herra forseti, en vona að þetta mál fái skjóta og greiða leið í gegnum hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Fjáröflun vegna húsnæðismála, frv. 525. mál (þskj. 1108). — 1. umr.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986 sem flutt er af meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. og hefur verið afgreitt frá Nd. og sent þm. í hv. Ed. til meðferðar.

Frv. þetta byggist á samkomulagi þingflokka stjórnarflokkanna um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála vegna þeirra erfiðleika sem húsbyggjendur hafa átt í og þarf ekki að hafa mörg orð um vegna þess að um þau mál hafa verið miklar umræður í vetur, bæði hér í hv. Alþingi og eins úti í þjóðfélaginu. Eigi að síður finnst mér rétt að drepa á þau atriði sem koma fram í frv., en það er tiltölulega einfalt í sniðum.

Það kveður á um fjáröflun til húsnæðismála, og skal í fyrsta lagi leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingu, taka til.

Í 2. gr. er kveðið á um að eignarskattsauki skuli lagður á. Sá eignarskattsauki skal vera 0.25% á eignarskattsstofn manna, sbr. 80.—82. gr. laga nr. 75/1981, umfram 1600 þús. kr. gjaldárið 1985. Eignarskattsaukinn skal vera 0.25% af eignarskattsstofni lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga.

Í 3. gr. er kveðið á um að af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála árið 1985 og 60 millj. 1986.

Í grg. frv. er skýrt hvernig afla skuli þessara tekna og hvernig ráðstafa skuli þessum tekjum.

Í fyrsta lagi skal ráðstafa þeim til ráðgjafarþjónustunnar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem hefur það hlutverk að leiðbeina, aðstoða og lána þeim sem komnir eru í greiðsluerfiðleika. Útlán í tengslum við ráðgjafarþjónustuna eru áætluð um 200 millj. kr.

Í öðru lagi er tekjuöflun þessi vegna greiðslujöfnunar vegna fasteignalána einstaklinga og er ætlunin að verja í þennan málaflokk um 100 millj. kr.

Í þriðja lagi verður nú lögð aukin áhersla á lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Tekin hefur verið ákvörðun um að hækka hámark svonefndra G-lána þannig að það verði komið í 50% af nýbyggingarláni (F-láni) á 1. ársfjórðungi 1986. Í þessu skyni er gert ráð fyrir að ráðstafa 70 millj. kr. Þessi tekjuöflun felur því í sér 370 millj. kr.

Ástæður fyrir því að farið er í þessa fjáröflun til húsnæðismála eru þær að það var ógerningur að auka fjárframlag hins opinbera til þessa málaflokks nema sérstök fjáröflun kæmi til, bæði vegna halla á ríkissjóði og eins vegna þess að aukinni erlendri lántöku til þessara mála hefur verið hafnað vegna þeirrar þröngu stöðu sem við erum í í þeim efnum.

Það kom fram í framsöguræðu formanns fjh.- og viðskn. Nd. þegar hann mælti fyrir þessu frv. að hann lagði áherslu á að með þessari áætlun verði í ár fyrst og fremst sinnt fjárþörf þeirra sem byggja sína fyrstu íbúð eða gera fokhelt fyrir 1. okt. n. k. og jafnframt verði flýtt greiðslu lána til þeirra sem keyptu sína fyrstu íbúð á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Ég vil ekki láta hjá líða að undirstrika þetta um leið og frv. er fylgt úr hlaði.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frv. frekar á þessu stigi og vísa til framsöguræðu formanns fjh.- og viðskn. Nd. sem hann flutti við 1. umr. málsins í Nd. Ég legg til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. Ed. til skoðunar að lokinni þessari umr.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Þá hefur loksins litið dagsins ljós það frv. og þær tillögur sem fluttar eru af sumum þeim sem standa að ríkisstj. Við höfum heyrt að ekki eru allir jafnhrifnir af þeim tillögum sem þar eru á ferð. Þessar ráðstafanir eiga að skila 370 millj. sem auðvitað er allt of lítið en ber þó að fagna og ber að minnast þess að það er fyrst og fremst vegna þeirra miklu umræðna sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu um þessi mál og ekki síst vegna þess þrýstings sem stjórnarandstaðan hefur beitt á undanförnum vikum að þessar tillögur hafa litið dagsins ljós.

Þessar tillögur gera ráð fyrir því að leggja 1% söluskatt ofan á þann söluskatt sem fyrir er, en hann er nú þegar mjög hár. Í þessu felst að það er lagt gjald á alla, en í tillögum stjórnarandstöðunnar var bent á leiðir til að flytja fjármagn frá þeim sem betur mega sín inn í húsnæðiskerfið. Í tillögum stjórnarandstöðunnar var bent á að það dugar skammt að grípa nú til neyðarráðstafana þegar allt er komið í óefni. Það sem þarf að gera er auðvitað að móta heildarstefnu í húsnæðismálum og horfa til lengri tíma. Næstu aldamót hafa verið nefnd og það veit sá sem allt veit að það veitir ekki af að reyna að gera sér grein fyrir því hver þörfin verður á næstu 15 árum, hvernig á að byggja, hvers konar húsnæði er hagkvæmt og hverjir það eru sem þurfa á húsnæði að halda. Að mínum dómi hefur verið rekin hér kolröng stefna í húsnæðismálum og ég fagna því sérstaklega að félmrh. hefur ákveðið að skipa nefnd sem á að móta heildarstefnu til langs tíma og var vissulega tími til kominn.

En ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstj. og þeim flokkum sem að henni standa, þeim sem fyrir síðustu kosningar gáfu fólki fögur loforð um allt að 80% lán til húsnæðiskaupa og bygginga. Ég tel, að þar með hafi fjölda fólks verið fleygt út í kviksyndið þar sem fólk berst um á hæl og hnakka og reynir að bjarga sér sem best það getur. Ég tel að húsnæðismál og það að eiga kost á þaki yfir höfuðið séu mannréttindi, en eigi ekki að vera bitbein og ástæða til loforða sem síðan eru ekki efnd.

Með þeim tillögum sem hér eru á ferð er aðeins tekið á hluta vandans, þ. e. þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég er ekkert viss um að það séu endilega húsbyggjendur og húskaupendur sem eiga við mestan vanda að stríða í þessu þjóðfélagi í húsnæðismálum þó að þeir hafi látið mest í sér heyra. Ég bendi á að t. d. þeir leigjendur sem hafa tekið sig saman, yfir 4 þús. talsins í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta, námsmenn, aldraðir, öryrkjar, að ekki sé talað um einstæða foreldra, allt eru þetta hópar sem eru aðkrepptir í þjóðfélaginu, ekki síst í húsnæðismálum eins og kannanir hafa sýnt og sannað.

Með þessum orðum er ég alls ekki að gera lítið úr erfiðleikum þeirra sem eru að kaupa og byggja húsnæði, en hinir mega ekki gleymast. Ég minni á að þegar ég sat á þingi fyrr í vetur flutti ég till. um að gert yrði sérstakt átak í byggingu leiguhúsnæðis. Ég reikna með að sú till. sofi einhvers staðar vært í nefnd. Ég tel að hér á landi þurfi virkilega að breyta um stefnu og að í stað þeirrar einstefnu sem ráðið hefur ríkjum þurfi að gefa fólki kost á að velja um hvort það vill kaupa, hvort það vill leigja eða nota einhver önnur form. Ég bendi á að á Norðurlöndum hafa samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin í marga áratugi unnið að því að byggja upp húsnæðissamvinnukerfi og staðið fyrir byggingu tugþúsunda leiguréttaríbúða af ýmsum stærðum og gerðum, en hér á landi hafa menn einblínt á þá leið sem er dýrust, óhagkvæmust og erfiðust, bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið, leið sem m. a. hefur gert Ísland að því vinnuþrælkunarþjóðfélagi sem við okkur blasir og hefur leitt til þess að fjáröflun til húsnæðismála er orðin meiri háttar vandamál. Hugsjónir um einkaeign og sjálfstæði eru eitt, en raunveruleiki er annað. Húsnæðisstefnan þarf að taka mið af þjóðfélaginu og samsetningu þess og hún á að stefna að því að uppfylla þær þarfir sem fyrir eru.

Herra forseti. Ég tel að með aðgerðum stjórnarandstöðunnar undanfarnar vikur hafi tekist að þoka máli þessu áleiðis og er það vel þó að skrefið sé hvergi nærri nógu stórt. Ég mun greiða atkv. gegn þeirri tillögu að hækka söluskattinn, en að öðru leyti mun ég ekki standa í vegi fyrir framgangi þessa máls.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Hér eru til umræðu tvö tengd mál sem fjalla um aðgerðir vegna slyss, nokkurs konar umferðarslyss, sem átt hefur sér stað, og það er greinilegt að menn hafa mjög ólíka plástra á sér til að bregðast við og hjálpa bágstöddum úr þessu slysi. Ég verð að viðurkenna að mér eru þeir plástrar sem hér er boðið upp á ekki eins geðþekkir og margir aðrir.

Það er allt gott um það að segja að menn ætli að taka sér tak og móta nýja stefnu í húsnæðislánamálum, en á þessu stigi eru hinir slösuðu engu bættari þó að farið sé í skipulag nýrra vega þegar menn hafa orðið fyrir slysi vegna þess skipulags sem á þessum vegum er í dag.

Mönnum verður hér nokkuð tíðrætt um hver beri sök á því sem orðið er. Ég held að enginn einn geti þar borið hana almennilega af sér, jafnvel ekki þátttakendurnir, þ. e. hinir slösuðu, þar sem þeir sýndu kannske á tíðum nokkuð mikla oftrú á stjórnvöldum og sérstaklega á loforðum þeirra.

En hvað um það. Á árunum 1982—1983 eða öllu heldur árunum 1981—1983 fór af stað hægt og sígandi en svo með sívaxandi hraða verðbólga sem byrjaði raunverulega ekki að mælast í lánskjaravísitölu að neinu ráði fyrr en á árinu 1983. Þá kom til valda ríkisstjórn sem lækkaði hér laun og felldi gengi. Hennar aðgerðir mældust svo ekki fyrr en á síðasta ári, fyrr en á árinu 1984, og fólk hefur verið að líða fyrir þessar athafnir þessara tveggja seinustu ríkisstjórna.

Vel að merkja. Sú ríkisstj. sem situr núna bauð sig náttúrlega fram til betri verka þannig að hún getur mjög illa, tel ég, kennt síðustu ríkisstj. um hvað orðið er vegna þess að ég veit ekki betur — og þeir sem hana kusu vissu ekki betur — en hún ætlaði að gera betur en seinasta ríkisstjórn. (**EgJ:** Hún hefur gert það líka.) Hv. 11. landsk. þm. þykist vita um eitthvað sem þessi ríkisstj. hefur gert betur en sú fyrri. Hann getur væntanlega upplýst okkur um það síðar.

Það verður líka að viðurkenna að þegar talað er um ríkisstjórnir er átt við þær almennt — ekki endilega þá sem situr þessa stundina heldur ríkisvaldið almennt. Mistök þess eru einfaldlega með þeim hætti að syndir feðranna koma niður á börnunum. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi: Mér finnast þær aðgerðir sem verið er að ræða um í frv. til l. á þskj. 1108 í alla staði mjög ógeðfelldar. Vandamál þess fólks sem hér um ræðir, þess afmarkaða hóps sem hér um ræðir, er orðið til vegna þess að það voru teknir af því peningar. Þeim var hreint og beint stolið. Við höfum gagnrýnt þá ríkisstj. sem nú situr. Ekki bara fyrir það hvað hún er dugleg að leggja skatta á fólk. Við höfum gagnrýnt hana hvað mest fyrir það hvað hún fer illa með fjármuni. Ég tel að betra hefði verið í þessu tilviki að leggja enn þá meiri áherslu á að þessi ríkisstj., með breyttri fjármálastjórn, með tilfærslum innan fjárlaga, fyndi fé til að kosta þær aðgerðir sem hér er verið að ræða um. Mér finnst hálft í hvoru að með því að ræða um það í alvöru að afla fjár til þessara verka með aukinni skattlagningu séum við að samþykkja og lögleiða þjófnað. Það er ríkisvaldið sem ber ábyrgð á stöðu þessa fólks. Það eru stjórnvöld sem bera ábyrgð á því. Fólkið sjálft lagði út í það sem það lagði út í í góðri trú um að aðstæður héldust óbreyttar og þegar það brást með tilkomu nýrra stjórnvalda trúði það því að því yrði samt gert kleift að kaupa eða eignast húsnæði með mannsæmandi hætti. Þetta hefur ekki gerst og núna er gerð tilraun til þess að bæta úr, en þá ekki með því að bæta fjármálastjórn í raun og veru heldur er einfaldlega skarað meira að þessari köku með stækkun hennar, með aukinni skattheimtu og síðan á að nota það fé til að hjálpa þessu fólki sem reyndar eins og venjulega er tekið úr þess eigin vasa. Þetta finnst mér vera að þeim hugmyndum sem hérna er verið um að ræða.

Áðan var hér verið að tala um greiðslujöfnunarfrv. og ég er sammála þeim sem það gagnrýndu áðan. Það gengur of skammt í því að skilgreina þann vanda sem hér um ræðir og það gengur og skammt í því að

skuldbinda þá aðila, sem lána fé til þarfa þess fólks sem hér um ræðir, til að vera því innan handar og aðstoðar.

Svo er annað sem hér skyldi horfa á. Það er að þær aðgerðir sem við erum hér að ræða um, sú fjármögnun sem hér er rædd, eru fyrst og fremst fjármögnun á aðgerðum sem þegar eru að nokkru leyti um garð gengnar, aðgerðum sem fjármagnaðar voru af fé sem tekið var af nýbyggingarlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Í raun og veru er bara verið að greiða það fé til baka þannig að hægt sé að standa undir nýbyggingarlánum með sama hætti eða nokkurn veginn þeim sama hætti og fyrirhugað var í upphafi við gerð fjárlaga. Á næsta ári er svo fyrirhuguð áframhaldandi tekjuöflun með sama hætti sem þá verður hið eiginlega umframframlag til þessara mála. Það er kannske líka gallinn við þessa aðgerð í heild að hún skilar sér ekki nógu hratt á þessu ári til þessa fólks þannig að það má horfa fram á að þrengingar þess verða þó nokkuð langar enn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það hefði enginn trúað því þegar kosningabaráttan stóð sem hæst nú síðast að frv. líkt þessu kæmi hér fram. Þá gengu sjálfstæðismenn um hnarreistir og drjúgir og lofuðu mönnum 80% láni eða láni sem næmi 80% af byggingarkostnaði. Þessu trúðu margir. Það voru margir sem trúðu því að þetta yrði að veruleika. Ég lýsi nú eftir því hvenær meiningin er að koma því í framkvæmd. Ég er hræddur um að þeir sem nú eru í nauð vegna aðgerða ríkisstj. sjái nú allt aðra mynd en þeim var heitið á sínum tíma.

Þetta frv. fjallar um skattlagningu til að bjarga því sem bjargað verður, eins og sagt er stundum. Þetta frv. kemur vissulega of seint fram og er of lítið í sniðum, að mínu mati, og það gerir ráð fyrir skattlagningu sem er vond skattlagning, eins og t. d. því að hækka söluskattinn. Það er vond skattlagning. Ég tel að söluskatturinn sé orðinn allt of hár. Eftir því sem hann er hækkaður meira verður freistingin meiri að stela honum undan. Ég er hræddur um að þeir sem hafa aðstöðu til þess verði enn þá grimmari í því að stela honum undan en áður hefur verið.

Það var ljóst fyrir löngu að það varð að leggja á skatta til að sinna þessu verkefni, bjarga þeim sem í erfiðleikum eiga í húsnæðismálum. En ríkisstj. hefur ekki haft kjark til að horfast í augu við að afla varð innlends lánsfjár eða finna innlenda tekjustofna til að leysa þetta mál. Ég hef ekki síður áhyggjur nú þegar við ræðum um skattlagningu af þeirri staðreynd sem kom fram hér í dag hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni þar sem hann lýsti ástandinu í peningamálum og taldi 55% af öllu lánsfjármagni í landinu erlent lánsfé. Þetta eru mjög alvarlegar staðreyndir sem hljóta að leiða til þess að menn skoði málið frá öðrum sjónarhól en áður. Á sama tíma og þetta er staðreynd tala menn um að lækka skatta. Það verður gaman að sjá hvernig þessir boðberar lækkandi skatta fara að því í þessu ástandi.

Hér hefur líka verið rætt mikið um vandamál húsbyggjenda og þeirra sem þurfa á húsnæði að halda eftir öðrum leiðum, en í þessari umræðu er látið hjá líða að minnast á að vandi er ekki síður annars staðar. Ég bý t. d. á svæði þar sem hvert atvinnutækið á fætur öðru fer nú undir hamarinn einmitt vegna svipaðra mála og rætt er um í húsnæðismálunum — vandamála sem hafa orðið til vegna þess að mönnum var fyrirskipað að taka lán í erlendri mynt, þeirri óhagstæðustu sem fannst í Seðlabankanum, þeirri virðulegu stofnun. Það er mjög margt skylt með þeim fyrirtækjum sem í þessum erfiðleikum eiga og húsbyggjendum. Við getum leyst vandamál húsbyggjenda með því að dæla fé í kerfið eftir þessum leiðum, en ég er hræddur um að meira þurfi til varðandi þau atvinnufyrirtæki sem nú eru undir hamrinum.

En ég ítreka að þrátt fyrir að hér sé um viðleitni að ræða til að leysa einhvern hluta af þeim vanda sem nú er hjá húsbyggjendum og húskaupendum, þá tel ég að þetta sé of lítið skref, þetta sé hænufet, það sem gert er hefði mátt koma fyrr og skattlanging hefði mátt vera öðruvísi og tek ég þá sérstaklega til aftur söluskattinn. Ég tel að það sé vond skattlagning. En mig langar til að spyrja þá sjálfstæðismenn sem hér eru og treysta sér til að svara hvenær þeir ætla á kjörtímabilinu að efna það loforð að lánahlutfallið fari upp í 80%. Gaman væri að heyra hvort einhver treystir sér til þess í dag.

En það eru ekki þeir einir sem eru í ríkisstj. Þeir eru með þeim framsóknarmenn og þeir hafa í sameiningu komið þessum málum til fjandans. Þar eru þau og verða sjálfsagt um einhverja hríð.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð, ég skal ekki lengja þessar umr.

Ég vil segja það út frá því sem hér hefur komið fram að það er stór spurning, sem margir velta fyrir sér, hvað menn vilja ganga langt í því að fjármagna vissa þætti í okkar þjóðfélagi með lántökum og skattheimtu. Ég tel að við þurfum að skoða húsnæðismálin með það í huga að brýn nauðsyn er að átta sig á því í okkar fámenna landi hvað við megum ganga langt, hvað við eigum að fjárfesta mikið í íbúðarhúsnæði. Þessi ríkisstj. er að vinna að langtímaáætlun í húsnæðismálunum og eins að taka upp stefnu sem sumir kalla húsnýtingarstefnu í sambandi við húsnæði, þ. e. að gera fólki auðveldara að skipta um húsnæði og bæta þannig nýtingu á því húsnæði sem fyrir er í landinu. Þetta er áreiðanlega mjög þarft verk þjóðhagslega. Ég hef þá skoðun að átak í þessum efnum, með því að hækka t. d. lán til kaupa á eldra húsnæði, sé spor í rétta átt.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að það stæði allt of lítið fjármagn til boða og allt of skammt væri gengið í þessum málum. Ég minni á að í grg. þessa frv. og fskj. *sést hvernig þessi mál hafa þróast á undanförnum árum.* Á árunum 1980—1982 var hlutfallið af þjóðarframleiðslu til byggingarsjóðanna 1.7—2%, en 1984 var það komið upp í 2.9%. Í ár er þetta hlutfall áætlað 3.6%. Hér er því ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Ef við lítum á lánsfjáráætlunina 1985, sem er í lokaafgreiðslu hinum megin við þilið, og þá viðbót, sem við erum að tala um hér, er fjármagn til byggingarsjóðanna í ár komið upp í tæpa 3 milljarða til útlána. Hér er því orðið um gífurlega hátt hlutfall að ræða. Það er þess vegna mjög mikilvægt að nýta þetta vel. Það er alls ekki hægt að fullyrða að fjármagn til bygginga sé ekki fyrir hendi. Ég minni á það hér í hv. Ed. að búið er að afgreiða frá áramótum 3600 lán að fjárhæð 944 millj. kr. Það er að vísu ekki allt farið út, en tilkynningar um lánin hafa verið sendar út og þetta verður greitt út úr veðdeildinni um 10. júlí allt saman. Það er ekki hægt að segja að hér sé um lítið fjármagn að ræða. Hvað snertir þá aðgerð sem við erum að tala um hér, þá sérstöku fjáröflun, var

tekin sú ákvörðun að minni tillögu strax í byrjun þessa árs af ríkisstj. að ganga til móts við erfiðleika fólks með því að ákveða að stofna nýjan lánaflokk og taka af því fjármagni, sem væri ætlað til nýbygginga á árinu til að greiða strax úr þessu vandamáli. Eins og ég sagði fyrr, í umræðum um annað mál, er þegar búið að afgreiða rúmlega 1000 aðila sem hafa átt í slíkum vanda. Það er ánægjulegt við þá afgreiðslu, finnst mér, að banka- og sparisjóðakerfið í landinu, eftir viðræður sem viðskrh. og félmrh. áttu við þessa aðila í vetur, hafa gengið fullkomlega til liðs við þessa fyrirgreiðslu og eiga aðild að þeirri úthlutunarnefnd sem fer yfir umsóknir fólks. Í mörgum tilfellum hefur hlutur bankakerfisins og sparisjóðanna verið hærri en sú upphæð sem fæst með viðbótarláni frá Húsnæðisstofnun. Þetta vil ég undirstrika hér til að sýna fram á að það hefur verið gert stórt átak á þessu ári. Þó að margir hv. þm. segi hér að þessi fyrirgreiðsla hafi komið of seint er það fjármagn sem við erum að tala um þegar komið í umferð að verulegu leyti.

Ég held að ég þurfi ekki að eyða tímanum hér. Ég vil aðeins koma inn á umræður um þessa skatttöku. Það eru að vísu deilur um hvort átt hefði að fara aðrar leiðir. Ríkisstj. hefur haft til meðferðar alveg frá því í janúar hugmyndir um fleiri skattaleiðir. Það er ljóst að ekki var farið aftan að neinum í þjóðfélaginu. Því var lýst yfir strax í upphafi að finna yrði fjármagn til að standa undir þeim aðgerðum sem ákveðið var að gera. Hins vegar vildum við nota tímann til að skoða málið vel og drógum það þangað til lánsfjárlög yrðu til meðferðar með hvaða hætti ætti að þessu að standa, en nota það fjármagn sem fyrir var til þess að tefja ekki fyrir fólki. Á þetta vil ég leggja áherslu.

Ég vil segja það um söluskattinn að auðvitað eru uppi vandamál varðandi hann og hlýtur að bíða hv. þm. að taka ákvörðun um hvort breytt verður kerfinu, hvort við endurbætum söluskattskerfið eða tökum upp virðisaukaskattskerfið sem um er rætt. Það má þó undirstrika að söluskatturinn í þeirri mynd sem hann er í núgildandi lögum kemur þó síst við þá sem eru lægst launaðir í þjóðfélaginu vegna þess að hann leggst ekki á matvörur, hann leggst ekki á helstu nauðsynjar heimilanna. Í vísitölunni vegur söluskatturinn því í raun ekki nema 0.45%. Af þeim orsökum má segja að hann sé ekki versta tegund skattheimtu sem við förum út í. En ég ætla ekki að verja slíkt. Þetta er ákvörðun sem tekin hefur verið. Ég tel að við höfum ekki aðra möguleika á að ná því markmiði sem allir eru sammála um.

Hér hefur komið fram gagnrýni á stefnuna í húsnæðismálum. Húsnæðisstofnun hefur unnið að útfærslu á nýjum lögum sem tóku gildi 1. júlí í fyrra. Þar er ýmislegt nýtt á ferðinni, bæði varðandi nýtingarstefnu og að hverfa frá þessum stóru byggingum sem margir fara út í, setja stærðarmörk, taka ákvörðun um að það séu fyrst og fremst þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn eða annað sinn sem ganga fyrir lánum með ákveðnum skilyrðum, hinir falli út.

Það er verið að athuga eitt merkilegt mál, sem ég legg áherslu á, að reyna að gera útlánakerfið sveigjanlegra með því að búa til sérstakan útlánaflokk fyrir aldraða sem eru að skipta um íbúð. Það eru skammtímalán því að þetta fólk þarf fyrst og fremst aðstoð til að geta skipt um íbúð meðan það er að selja sína eldri íbúð. Þetta tel ég vera mjög merkilegt mál. Húsnæðisstofnun er að ganga frá ákveðinni tillögu um þetta efni.

Eins er með fasteignaviðskiptin. Það hefur nýlega komið út skýrsla með tillögum frá nefnd sem ég skipaði, sem er með þetta verkefni, þær tillögur eiga að geta orðið til þess að lækka útborgun á fasteignamarkaðinum og gera hann virkari. Þar kemur einmitt frv. sem við vorum með áðan, um greiðslujöfnunarþáttinn, verulega inn í með öðrum stjórnunaraðgerðum sem geta orðið til þess að auðvelda fasteignaviðskipti.

Hv. 8. þm. Reykv. var að tala um oftrú á stjórnvöldum o. s. frv. Ég ætla ekki að fara að tala um loforð sem allir flokkar hafa gefið fyrir kosningar. Það var talað um að reyna að ná 80% hlutfallinu í áföngum, miðað við staðalíbúð, á lánum til þeirra sem voru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Þegar við komum að þessu 1983 rákum við okkur undir eins á að ef þetta kerfi yrði tekið upp yrði að leysa vandamál þess fólks sem við erum að tala um núna og byggði á árunum 1981—1983. Það hefði aldeilis farið illa út úr dæminu, ef þessi stefna hefði verið tekin upp 1983. Hins vegar vil ég geta þess að þegar við skoðum málið nánar hefur fjöldi manns byggt það ódýrar íbúðir að raunverulegt lán, sem er til boða, hefur farið allt upp í 60% af byggingarkostnaðinum og jafnvel hærra hjá sumum. Þetta höfum við skýr dæmi um t. d. hjá Byggung í Reykjavík. Það þarf því að skoða málið nánar. Það er ekki hægt að einskorða sig við einhverja 80% tölu. Það kemur margt inn í þessa mynd.

Ég vil svo að lokum segja að eitt þýðingarmesta málið í sambandi við húsnæðismálakerfi okkar Íslendinga er að reyna að ná niður hinum háa byggingarkostnaði hér á landi. Það er alveg ljóst að allt sem gert hefur verið til þessa hefur brugðist að verulegu leyti. Hér er fjöldi framleiðenda einingahúsa sem framleiða verksmiðjuhús á lager allt árið um kring. Allir bundu miklar vonir við að sú framleiðsla mundi lækka gífurlega byggingarkostnað í landinu. Því miður hefur það brugðist. Einingahús eru allt of dýr. Þetta er eitt af þýðingarmestu atriðum sem við þurfum að vinna skipulega að að koma í lag. Við höfum heyrt dæmin um verkamannabústaðina. Löggjöfin um verkamannabústaðina hefur komið miklu góðu til leiðar síðan hún var sett og stuðlað að því að fólk hefur almennt eignast þak yfir höfuðið. En því miður eigum við þarna við sama vanda að glíma því heyrst hefur að slíkar íbúðir kosti 3—4 millj. Ég kom í verkamannabústaði uppi í Ártúnsholti, sem eru mjög til fyrirmyndar, einfaldir en þó myndarlega að þeim staðið. Þar er hægt að fá íbúðir á mjög hæfilegu verði. Við getum því gert þarna ýmislegt ef samtakamætti er beitt og réttum aðferðum. Ég vil ljúka ræðu minni á að undirstrika að við þurfum að vinna sameiginlega að því.

Ég vona að þingflokkar stjórnmálaflokkanna hafi tekið vel erindi um tilnefningu í milliþinganefnd. Aðalhlutverk þessarar nefndar, sem er hægt að draga af ályktunum allra stjórnmálaflokka hér á landi, því að það vilja allir, skal vera að bæta húsnæðislánakerfið með það að markmiði að tryggja fólki húsnæði með hóflegu verði án þess að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að leggja á sig varanlegt ok vinnu og skuldaklafa til að komast yfir húsnæði á verði sem er í samræmi við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Að þessu þurfum við að vinna. Svo vona ég að þetta frv. fái hraða meðferð hér í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, frv. 351. mál (þskj. 561). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1186).

Iðnþróunarsjóður, frv. 492. mál (þskj. 916). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1188).

Afréttamálefni, frv. 207. mál (þskj. 793). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1187).

Dýralæknar, frv. 502. mál (þskj. 936 (sbr. 1145)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 1184). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég gat ekki verið við í dag þegar 2. umr. um þetta mál fór fram. Ég hefði gjarnan viljað fá tækifæri til að þakka Ed., hv. fjhn. og fulltrúum í henni fyrir hvernig að þessu máli hefur verið staðið og unnið. Við minnumst þess að hér urðu allfjörugar umr. þegar 1. umr. þessa máls fór fram og það er því mjög ánægjulegt þegar hægt er að vinna að málum með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Ég vildi ekki láta hjá líða að koma þessu þakklæti mínu á framfæri til deildarinnar, fjhn. og forsetans. Menn koma gjarnan upp og gagnrýna þegar þess er þörf og þá finnst mér ástæða til að þakka fyrir þegar svo vel hefur verið unnið eins og hér ber raun vitni.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um það, og hv. 3. þm. Suðurl. getur staðfest það, að ég leitaði að honum durum og dyngjum þegar 2. umr. fór fram af því að ég átti von á því að hann vildi gjarnan taka til máls í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 88. fundur.

Föstudaginn 7. júní, kl. 2 miðdegis.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 850 (sbr. 151), n. 1086, 1122). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1122 felld með 20:12 atkv.
17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
18.—89. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frv. 504. mál (þskj. 1128). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26:1 atkv.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824, n. 959, 969 og 974, 975). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál á nokkrum

fundum og er meiri hl. sammála um að mæla með samþykki málsins eins og fram kemur í nál. á þskj. 959.

Ég vil aðeins segja varðandi þau sjónarmið, sem fram koma í nál. hv. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., Guðmundar Einarssonar, að það er misskilningur að það hafi sömu verkan að reglur um ríkislögmann séu staðfestar með reglugerð og að bein lagaákvæði séu um þau atriði. Það er ljóst að hæstv. fjmrh., þótt mikill sé fyrir sér, getur ekki bundið aðra ráðh. með reglugerð sem hann setur, heldur er nauðsynlegt, ef ákvæðin um ríkislögmann eiga að gilda almennt um ríkisstj., að ákvæðin verði lögfest.

Ég vil gagnvart þeim tillögum sem hv. 3. þm. Reykv. flytur, brtt. hans á þskj. 975, aðeins segja það að auðvitað orkar tvímælis undir hvaða rn. embætti ríkislögmanns skuli heyra. Þetta er á ýmsa lund í ýmsum löndum. Ef ég man rétt heyrir embætti ríkislögmanns undir dómsmrh. í Noregi en hins vegar undir fjmrh. í Danmörku svo að þetta má hugsa sér með ýmsum hætti. Einnig er auðvitað hugsanlegt að þetta embætti sé undir forsrh. En eins og þetta frv. liggur fyrir er sem sagt gert ráð fyrir því að sá sami háttur verði á hafður og í Danmörku, að ríkislögmaður heyri undir fjmrh.

Varðandi síðari lið í hans tillögum, um að ríkislögmaður skuli skipaður til sex ára í senn, vil ég aðeins segja að ég tel nauðsynlegt að þetta mál verði tekið upp í heild, hvort rétt sé að taka upp þá skipan að embættismenn séu ráðnir til ákveðins árafjölda, og vil mega vænta þess að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því að þau mál verði athuguð í heild á sumri komanda þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til heildarlöggjafar um þau efni á því þingi sem kemur saman í haust.

Ég vil, herra forseti, mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir frá Ed.

Frsm. 1. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég ætla hérna að mæla fyrir nál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er undirritað af Guðmundi Einarssyni. Það hljóðar svo:

„Á síðari árum hefur orðið sú þróun að löglærðir menn í fjmrn. hafa í vaxandi mæli flutt mál fyrir ríki og ríkisstofnanir. Þetta eru venjur sem hafa myndast í samræmi við ríkjandi tíðaranda en þurfa ekki að hafa frambúðargildi. Tilgangur frv. þessa er fyrst og fremst að staðfesta þann sið sem þannig hefur mótast, m. a. með setningu reglugerðar 6. mars 1984 sem kveður á um starfssvið „ríkislögmanns". Skv. grg. virðist reyndar svo sem frv. sé flutt til staðfestingar á reglugerðinni.

Starfshættir stjórnarráðs og ríkisstofnana hljóta að vera í sífelldri endurskoðun og það er nauðsynlegt að tryggja olnbogarými fyrir tilraunir, breytingar og aðlögun í samræmi við þarfir og hugmyndir hvers tíma. Að mati undirritaðs er því rangt að binda í lög starfsskipulag á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Með þessari lagasetningu er verið að leggja grunn að útþenslu ríkiskerfisins og geirnegla starfshætti þess. Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt."

Hér kemur sem sagt fram afstaða mín til þessa máls. Ég held af ýmsum ástæðum að ég hafi hérna nokkuð til míns máls. Í fyrsta lagi vildi ég aðeins segja varðandi málsmeðferð að það snýr nokkuð undarlega við að vera nú í þeim sporum á Alþingi að fjalla um frv. sem flutt er til staðfestingar á reglugerð. Yfirleitt er þetta nú hina leiðina að settar eru reglugerðir í framhaldi af því að Alþingi hefur sett lög. En hérna er sem sagt öðruvísi að þessu staðið.

Ég vil líka segja varðandi starfshætti að það er umhugsunarvert fyrir nefndir þingsins að þær skuli fjalla þannig um mál að fyrst er sett í rn. reglugerð og auglýst í Stjórnartíðindum um að ákveðnu starfi sé komið á fót. Hér er t. d. auglýst í Stjórnartíðindum 6. mars 1984 að forseti Íslands hafi hinn 6. mars skv. till. forsrh. staðfest svohljóðandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969 um Stjórnarráð Íslands. Þar segir:

„1. gr. Við lið 1 í 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tölul. er verði 15. tölul. og orðist svo:

15. Fyrirsvar vegna málsóknar á hendur ríkissjóði og ríkisstofnunum og málsóknar þessara aðila á hendur öðrum þar sem fjárkröfur eru gerðar eða úrslit máls geta að öðru leyti haft fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð. Verkefni skv. þessum tölul. skulu falin sérstökum ríkislögmanni."

Síðan — ef ég er farinn að kunna á kerfið rétt — hefur væntanlega starfandi ríkislögmaður samið frv. til laga um ríkislögmann. Þetta er síðan lagt fram á Alþingi. Síðan mætir starfandi ríkislögmaður á fund hjá fjh.- og viðskn. þegar fjallað er um frv. um ríkislögmann, embætti sem hann þegar situr í og hefur væntanlega samið frv. um. (**Gripið fram í:** Og leggur til að það verði samþykkt.) — Og leggur væntanlega eindregið til að það verði samþykkt. Þetta voru athugasemdir sem ég vildi gera í sambandi við aðdraganda málsins.

Varðandi síðan málið sjálft, þ. e. að færa í lög á þann hátt sem ég hef hérna lýst starfsvenjur hvers tíma, það tel ég að sé mjög rangt. Hérna er um að ræða venju sem hefur myndast í gegnum tíðina. Það hefur sem sagt gerst að lögfræðingar á vegum fjmrn. hafa fjallað um kröfur og rekið mál eða varið mál fyrir hin ýmsu rn. Eins og segir í nál. er þetta venja sem skapast hefur en þarf alls ekki að hafa neitt frambúðargildi. Það getur vel verið að menn vilji hafa á þessu allt annan skikk innan fárra ára. Þess vegna finnst mér alrangt að negla þessa verkaskiptingu niður í lögum á þann hátt sem gert er hér.

Ég held raunar að töfin, sem hefur orðið á þessu máli, sá tími sem hefur liðið frá því að málið var afgreitt úr n., sem er væntanlega í kringum 21. maí, og þangað til núna þegar það er loks rætt, sé sönnun þess sem ég er að segja vegna þess að á þessum tíma hefur komið maður eftir mann úr rn. og bent á að þetta gangi ekki upp vegna þess að þetta rekist á við ýmsa hluti. Ég held að það sé af þessum ástæðum alrangt að festa þessa hluti á þennan hátt sem gert er hér, ekki síst miðað við þær breytingar sem eru nú að verða á starfsháttum, starfsvenjum og starfsaðferðum. Ég held að menn séu bara að búa sér til hindranir sem þeir eigi síðan sífellt eftir að rekast á æ ofan í æ á næstu árum. Þess vegna legg ég eindregið til að þetta frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er frv. til l. um nýja ríkisstofnun, frv. um ríkislögmann. Það er fimmta nýja ríkisstofnunin sem fjallað er um á fundum Nd. í dag. Það eru þrjár sem eru afkvæmi Framkvæmdastofnunar ríkisins, síðan er það ríkisendurskoðun sem er nú kannske komin til Ed. og svo er það ríkislögmaðurinn. Það er ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessu, herra forseti.

Ég flyt við þetta frv. eina brtt. Hún er á þskj. 975 og er annars vegar um það að embætti ríkislögmanns heyri undir dómsmrh. og hins vegar að ríkislögmaður verði aðeins ráðinn til sex ára í senn. Þessi till. varðandi það að embætti ríkislögmanns væri sjálfstæð stofnun sem heyrði undir dómsmrh. var flutt á því stigi málsins þegar ég gerði mér vonir um að meiri hl. n. vildi að einhverju leyti koma til móts við þær almennu gagnrýnisraddir sem heyrst hafa vegna þessa frv. Það hefur nú komið á daginn að meiri hl. n. kýs að halda sig við óbreytt frv. Ég mun þess vegna, herra forseti, draga til baka fyrri málsgr. brtt. á þskj. 975 en held mig við síðari málsgreinina.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að ríkislögmaður fari með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Og í 3. gr. segir að ríkislögmaður geti falið hæstaréttareða héraðsdómslögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

Hér er í raun og veru haldið mjög sérkennilega á hlutunum. Við skulum ímynda okkur að það gerðist að menntmrh. teldi nauðsynlegt að fara í mál við iðnrh. vegna verksmiðjunnar við Mývatn. Skv. orðanna hljóðan í þessu frv. er gert ráð fyrir því að ríkislögmaður flytji málið fyrir báða ráðh., farið bæði með sókn og vörn í sama málinu. Það getur verið að einhverjir lögfræðingar hafi komið að því að semja þetta frv., getur verið að það séu menn sem hafi próf í lögum. En ég hygg þó að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna að hér er óeðlilega á hlutunum haldið. Fyrir liggur umsögn frá Lögmannafélagi Íslands þar sem bent er á hvað þetta er í rauninni fráleitt, að ætla ríkislögmanni og embætti hans að fara með sókn og vörn í sama málinu.

Í annan stað er í þessu undarlega frv. gert ráð fyrir því að ríkislögmaður ákveði hverjir fari með mál fyrir hönd einstakra ráðh. Það er verið að taka mál skv. þessu frv. að nokkru leyti af einstökum fagráðherrum og ríkislögmanni ætlað að úrskurða hver fer með mál fyrir hönd fagráðuneyta. Þetta er auðvitað algjörlega fráleitt. Ég dreg í efa að ráðh. eins og hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh., sem hér eru í salnum, hafi gert sér grein fyrir því að málarekstur sem hugsanlega er nauðsynlegt að standa í á vegum þeirra rn., við skulum segja þegar rn. væru varnaraðilar, sé fluttur yfir til ríkislögmannsins.

Ég hefði haldið og tel eðlilegt að það sé til eitthvað sem heitir ríkislögmaður, það sé sjálfsagður hlutur eins og verið hefur. En hins vegar að ætla þessum sama ríkislögmanni og embætti hans að fara með öll mál, eins og hér er gert ráð fyrir, bæði í sókn og vörn fyrir hönd ríkisins, það kemur ekki til mála. Ég er sannfærður um það, herra forseti, að þegar menn sjá hvað þetta frv. er vitlaust — ef það verður að lögum og það verður gerð tilraun til að framkvæma það í einstökum rn. — þá munu viðkomandi fagráðherrar ráða sína lögmenn eftir hendinni og eftir þörfum þá og þá og eftir því hvernig málin liggja fyrir.

Ég held þess vegna að það hefði verið rétt, herra forseti, að setja hér inn í 2. gr. ákvæði um það að ríkislögmaður fari með þessi mál að jafnaði en það sé ekki fortakslaust í öllum tilvikum. Ég vil inna eftir því: Væri frsm. meiri hl., hv. 2. þm. Norðurl. v., tilbúinn til þess að fallast á þá breytingu að hér væri talað um að ríkislögmaðurinn færi að jafnaði með mál en ekki í öllum tilfellum? Það getur ekki gengið upp.

Ég vil svo sérstaklega endurtaka það sem ég benti á hér áðan að þegar tveimur rn. lýstur saman, menntmrh., skulum við segja, þarf að stefna iðnrh. út af botninum í Mývatni eða eitthvað þviumlíkt, á þá ríkislögmaðurinn að fara með málið báðum megin frá? Það er auðvitað rugl. Ég vona að hæstv. iðnrh. eða aðrir fagráðherrar sem hér eru noti tækifærið meðan málið er til meðferðar enn í þinginu, þetta vitlausa frv., til að segja sig frá þessum vinnubrögðum. Því að ég er alveg sannfærður um að þeir muni ekki hlýða svona fortakslausum ákvæðum, enda stenst það ekki.

Síðan er í 3. gr. þessa frv. — sem er mjög sérkennilegt og alveg óvenjulegt í löggjöf um eina stofnun eða embætti — tekið fram hversu margir sérfræðingar eiga að starfa við stofnunina. Það stendur: „Við embætti ríkislögmanns starfa auk hans allt að þrír lögfræðingar." Það er ákvörðunaratriði Alþingis hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga hversu margir embættismenn starfa hjá hinum einstöku ríkisstofnunum. En hér er því slegið föstu að það skuli við þetta tiltekna embætti starfa þrír lögfræðingar. (Gripið fram í.) Það er verið að tala hér um að það sé tiltekinn fjöldi og auðvitað er venjan sú, hæstv. iðnrh., það getur verið einn. En venjan er sú að við fjárlagaafgreiðslu sé tekin afstaða til svona mála. Það er gert við fjárlagaafgreiðslu. Það stendur t. d. hvergi í lögum að í iðnrn. skuli starfa allt að svo og svo margir menn heldur er það ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Þess vegna tel ég að þetta lagaákvæði sé algjörlega óeðlilegt.

Ég vil hins vegar taka fram að ég sé ekkert á móti því að það séu til lög um starfssvið ríkislögmanns. Ég er þess vegna ekki sammála hv. 4. landsk. þm. í þeim efnum. En mér finnst þetta frv. eins og það lítur út tæknilega illa úr garði gert. Ég held að það væri heppilegt ef hv. þm. og hæstv. ráðh. gerðu sér grein fyrir því hvaða vitleysa er hér á ferðinni þannig að ráðh. fái tök á því að segja sig frá þessum endileysum áður en málið fer í gegnum þingið því að ég er sannfærður um að þetta stenst ekki neinn praxís eins og þetta er fest hér á blað. Menn munu neita að beygja sig undir þetta í einstökum rn.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það var auðheyrt á hv. síðasta ræðumanni að það hefur verið erfitt að koma sér saman jafnvel um hin einstöku mál í þeim ríkisstjórnum sem hann hefur átt sæti í. Ég held að maður verði að búast við því að ríkislögmaður verði við beiðni ráðh. um það að annar lögmaður hafi með höndum sókn eða vörn af hálfu ríkissjóðs eða ríkisstj. ef hugur ráðh. stendur til þess. Ég held satt að segja að engum embættismanni muni detta í hug að standa gegn vilja ráðh. um slíka hluti. Ég hef því ekki áhuga á því efnisatriði og ég hygg að hitt sé miklu algengara að hæstv. ráðh. gangi yfir embættismenn en embættismenn gangi yfir ráðh. í slíkum málum. Ég er því ekki hræddur við þetta ákvæði. Var ég þó um skeið í vafa um réttmæti þess en ég hef íhugað það síðan og komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að hafa frv. afdráttarlaust til þess að embætti ríkislögmanns standi undir nafni og til þess að það þjóni því sem til er ætlast.

Varðandi einstök atriði, sem fram komu í ræðum þeirra þm. sem hér hafa talað, vil ég í fyrsta lagi aðeins segja það að varðandi þær bótakröfur sem hér er talað

um þá er það meginregla hjá ríkissjóði að ríkissjóður eða stofnanir ríkisins vátryggi ekki sínar eignir þannig að undir embætti ríkislögmanns hljóta að falla ýmsar bótakröfur svo sem er hjá öllum þeim málflytjendum eða lögfræðiskrifstofum sem starfa á sviði tryggingaréttar. Umboð ríkislögmanns til þess að semja um bótakröfur er hvorki meira né minna en almennt gerist um málflytjendur, um lögmenn sem semja um slíkar kröfur fyrir tryggingafélögin.

Ég held að sá ótti sé ástæðulaus að halda að ríkislögmaðurinn muni bæði vera í sókn og vörn í sama málinu. Ég skil ekki þennan hugsunarhátt en ég er ekki jafn kunnugur og hv. síðasti ræðumaður í ýmsum þeim löndum sem hafa fullkomnasta stjórnarskrá, svo að ég taki ríkin austan járntjalds sem dæmi. Má vera að þar sé löghelguðum ríkislögmönnum ekki aðeins ætlað að verja ríkið gagnvart sjálfu sér heldur muni sami maðurinn þar vera í sókn og vörn þegar ríkið yfirgengur einstaklingana. En það er mjög fjarri lagi að við séum hér að tala um þá hluti. En ég lít á þetta sem útúrsnúning. Auðvitað var þm. að gera að gamni sínu, auðvitað veit hann að ef tveimur rn. lýstur saman þá muni báðir ráðh. kjósa það og ríkislögmaður einnig að lögmenn utan rn. verði látnir fjalla um það mál ef ráðh. geta ekki komið sér saman. Það er sú venja sem ég hygg að verði tekin upp varðandi það. **(Gripið fram í:** Það væri lögbrot.) Það væri ekki lögbrot. Ég held að hv. þm. ætti að lesa frv.

Því er slegið föstu í 3. gr. að lögfræðingar skuli vera allt að þrír. Þetta er ekki nýtt í löggjöf, það eru áreiðanlega einhvers staðar til hliðstæð ákvæði, þau eru til t. d. varðandi dómstóla. Þar er slegið föstu hversu margir borgardómarar megi vera o. s. frv., hversu margir hæstaréttardómarar megi vera o. s. frv. Ég tel alveg sjálfsagt að binda með þessum hætti hversu margir lögfræðingar skuli starfa við embætti ríkislögmanns. Ég gæti vel hugsað mér að þessi tala væri jafnvel tveir. Ég tel nauðsynlegt að hafa aðhald í þessu efni og að því verði ekki gefið undir fótinn að þarna sé hægt að fjölga lögfræðingum taumlaust heldur sé nauðsynlegt að hafa þarna nokkurt aðhald.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. En ítreka að ég legg til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér fannst hv. 2. þm. Norðurl. e. vera að gera tilraun til að misskilja mig viljandi og mér fannst það hins vegar snjöll samlíking hjá honum þegar hann líkti þessu stjfrv. við hið sovéska kerfi. Ég hygg að fátt geti lýst þessari endaleysu betur þegar gerð er till. um það að sama embættið geti farið með sókn og vörn í sama málinu. Síðan segir hv. þm. og ég vek athygli á því: „Auðvitað hlýtur ríkislögmaður að verða við beiðni ráðh.“ Hann sagði: „beiðni ráðh. um það að aðrir flytji málið.“ Þvílík náð og miskunn að ríkislögmaður verði við beiðni ráðh. um að aðrir flytji málið. Undir hvern er ríkislögmaðurinn settur? Hann er settur undir fjmrh. og lýtur valdboði hans. Það stendur hér skýrum stöfum í þessum texta. Það er því fjmrh. sem ræður úrslitum um það hvaða lögmaður eða lögmenn það eru sem fara með málið í sókn eða vörn. Það er hann sem þarna ræður en ekki einstakir fagráðherrar vegna þess að að hinu leytinu til er ríkislögmaðurinn að troða sér inn á þeirra svið.

Mér er auðvitað sama þó að stjórnarmeirihlutinn vilji samþykkja þetta sovéska kerfi hér, hann um það. En ég er að reyna að benda mönnum á hvað þetta er vitlaust. Ef þeir vilja ana í gegn með þessa vitleysu þá verða þeir að hafa það. En það verður þá ekki sagt að þeim hafi ekki verið bent á hvers lags rugl þetta er hér við umr. í þinginu. Þeir vita hvað þeir gera þegar þeir samþykkja þessa endaleysu. Þess vegna verður ástæðulaust að fyrirgefa þeim þegar þeir fara að brjóta þessi lög sjálfir vegna þess að þeir geta ekki hlýtt þeim, þau eru óframkvæmanleg, þau eru svo vitlaus.

Ég harma það að hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli ekki vilja koma til móts við þau sjónarmið sem hér eru flutt varðandi einstakar lagfæringar á þessu frv., sanngjarnar ábendingar. En ég tók eftir því sem hann sagði um 3. gr. frv., að honum fannst þetta gott ákvæði, þessi nýlunda að það skuli starfa allt að því þrír lögfræðingar við embætti ríkislögmanns. Er ekki rétt þá ef þm. vill vera sjálfum sér samkvæmur að hann flytji frumvarpsbandorm um það hvað eiga að vera margir embættismenn, lögfræðingar, viðskiptafræðingar, verkfræðingar, ritarar o. s. frv. við hvert einstakt embætti ríkisins? Það er ákaflega óvenjulegt að vera inni með ákvæði af þessu tagi og auðvitað á að strika það út. En af einhverjum ástæðum hefur stjórnarmeirihlutanum verið svo mikið niðri fyrir að koma þessu máli fram að hann hefur ekki viljað hlusta á sanngjörnustu leiðbeiningar.

Vita þm. hvernig á því stendur að stjórnarmeirihlutinn vill koma þessu máli í gegn? Vita þm. af hverju það er? Það er verið að auka við báknið. Ekki ætti íhaldið að hafa áhuga á því. Það er verið að auka hér við valdsvið fjmrh. Ekki ættu hinir ráðh. að hafa áhuga á því. Hvaða ástæða skyldi vera á bak við þetta? Eru einhver innanhússvandamál í stjórnkerfinu sem liggja á bak við þetta? Það skyldi þó ekki vera að það sé verið að stofna hérna heilt embætti ríkislögmanns til þess að leysa innanbúðarvandamál í stjórnarráðinu. Það er hetjuskapur eða hitt þó heldur, en lýsir ákaflega vel úrræðaleysi ríkisstj. Þegar hana ber upp á sker með eitthvert vandamál þá er ekki hægt að leysa það heldur er búið til nýtt embætti til þess að leysa vandamálið.

Þingið á auðvitað ekki að láta bjóða sér svona. Enda sést það á öllu að þetta frv. er fætt afturfótafæðingu frá ríkisstj., þetta er hið mesta rugl og ríkisstj. hefur verið bent á það.

Frsm. 1. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég ætla að lesa hérna bréf frá stjórn Lögmannafélags Íslands sem barst fjh.- og viðskn. vegna þessa máls. Það er samþykkt á fundi þar 15. maí. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur tekið til athugunar frv. það til laga um ríkislögmann sem nú liggur fyrir Alþingi. Af því tilefni ályktar stjórnin:

1. Stjórnin telur ekki vera þörf á að komið sé á fót sérstakri stofnun til að annast málflutning fyrir ríkið svo sem frv. ráðgerir. Geta sjálfstætt starfandi lögmenn hæglega annast þennan málflutning. Má jafnvel ætla að það sé heppilegt fyrir ríkið að nota málflutningsmenn sem einnig hafa reynslu af málflutningi fyrir aðra. Og víst er það hollt fyrir sjálfstæða málflytjendur að eiga þess kost að flytja öðru hverju mál fyrir opinbera aðila og kynnast þeirri hlið mála í starfi. Er ekki ólíklegt að

slíkt geti, þegar til lengri tíma er litið, aukið líkur fyrir sáttalausnum í málum einstaklinga gegn ríkinu. Hvað sem þessu líður hljóta menn jafnan að þurfa að huga vel að því hvort þeir vilji fremur setja á stofn sérstakar ríkisstofnanir til að sinna sérfræðistörfum heldur en að nota þá starfskrafta sérfræðinga sem eru til reiðu á almennum markaði.

2. Sé vilji til þess þrátt fyrir framangreind sjónarmið að setja á stofn sérstakt embætti ríkislögmanns, bendir stjórn Lögmannafélags Íslands á þann möguleika að þessi embættismaður hafi fyrst og fremst það verkefni að samræma málflutning af hálfu ríkisins og ráða fyrir þess hönd sjálfstætt starfandi málflutningsmenn til starfa að málflutningi. Að auki flytti hann mál sjálfur eftir því sem tími leyfði. Ef þessari skipan yrði komið á þyrfti að breyta 3. gr. frv. og fella niður heimildina til að ráða lögfræðinga að embættinu. Jafnframt væri þá rétt að segja í texta 3. gr. að ríkislögmaður skuli fela hæstaréttar- eða héraðsdómslögmönnum o. s. frv.

3. Verði komið á fót embætti ríkislögmanns telur stjórn Lögmannafélags Íslands nauðsynlegt að lögð sé sérstök áhersla á sjálfstæði embættisins gagnvart einstökum ráðherrum. Á undanförnum árum hefur vald í íslenskri stjórnsýslu dregist til fjmrn., a. m. k. í þeim málum þar sem reynir á útgjöld ríkissjóðs. Þetta er ekki í samræmi við þá meginreglu í íslenskri stjórnskipan að hver og einn ráðh. fari með æðsta vald og ábyrgð á sínu málasviði og það eins þó að um fjárhagsmuni sé að tefla. Við málflutning eru oft teknar afdrifaríkar ákvarðanir um afstöðu ríkisins í viðkomandi málaflokki. Þessi sjónarmið valda því að mati stjórnar Lögmannafélags Íslands að ríkislögmannsembættið, ef stofnað yrði, ætti ekki að heyra undir fjmrh. eins og ráðgert er í frv., heldur annaðhvort forsrh. eða dómsmrh.

4. Athugasemdir þarf að gera við einstök ákvæði frv.:

1. athugasemd. Í 1. málsgr. 2. gr. er fortakslaust ákveðið að ríkislögmaður fari með uppgjör bótakrafna sem beint sé að ríkissjóði. Til athugunar er hvort slík uppgjör yrðu talin óskuldbindandi ef fram færu án aðildar ríkislögmanns. Í athugasemdum við 2. gr. er svo hugleiðing (að því er virðist) um að atbeini ríkislögmanns að uppgjöri bótakrafna komi ekki til „fyrr en mál eru komin á innheimtustig og dómstólameðferð framundan." Þessi takmörkun er reyndar óljós en þyrfti allt að einu að koma með einhverjum hætti fram í lagatextanum sjálfum.

2. athugasemd. Í athugasemdum við 2. gr. er sagt að rétt þyki að undanskilja „hinar sjálfstæðustu ríkisstofnanir" því málflutningsumboði ríkislögmanns sem felist í lögunum sjálfum, þannig að sérstakt umboð þurfi til að koma hverju sinni. Ekki verður séð að þessi takmörkun *málflutningsumboðs ríkislögmanns komi fram í texta* 2. mgr. 2. gr. Þar er þvert á móti sagt að umboðið taki til mála sem höfðuð séu „á hendur ríkinu" og sem „ríkið" höfði á hendur öðrum.

3. athugasemd. Í athugasemdum við 4. gr. virðist vera ráðagerð um að ríkislögmaður megi taka að sér einhver málflutningsstörf fyrir aðra en ríkið þótt talið sé rétt að setja slíkum störfum mörk í reglugerð. Nauðsynlegt er fyrir alþm. að átta sig vel á því, fyrir utan annað, hvort þeir telji að ríkið eigi að hefja rekstur málflutningsstofu fyrir almenning að einhverju marki. Stjórn Lögmannafélags Íslands telur slíka starfsemi betur komna hjá sjálfstæðum málflytjendum."

Þetta var álit frá Lögmannafélagi Íslands þar sem bæði eru gerðar ýmsar almennar athugasemdir við þetta frv. svo og efnislegar athugasemdir við einstakar greinar.

Í framhaldi af því sem komið hefur fram hér í umr. vildi ég lýsa þeirri skoðun minni að úr því að mönnum þykir ástæða til að stofna embætti ríkislögmanns, sem mér finnst algjörlega ástæðulaust, fyndist mér eðlilegra að það heyrði undir forsrh. Ég tel að það eigi hvorki að heyra undir fjmrh. né dómsmrh. Fjmrh. á það ekki að tilheyra vegna þess að hann hefur augljóslega ákveðinna peningalegra hagsmuna að gæta við rekstur allra mála, en það geta verið fagleg sjónarmið sem varða fagráðuneytin sjálf sem gætu þá setið á hakanum.

Að mínu mati á þetta ekki að heyra undir dómsmrh. vegna þess að dómsmrh. á að hafa með framkvæmd og umsjón dómsstarfs og löggæslustarfs í landinu að gera en ekki innan stjórnarráðsins. Ég sé því engin rök fyrir því að þetta heyri frekar undir dómsmrh. en aðra. Mér finnst eðlilegt að ef á að setja upp einhvers konar sjálfstæðan ríkislögmannskontór þá heyri hann undir forsrh. til þess að leggja áherslu á sjálfstæði kontórsins í þessu kerfi.

Í framhaldi af því sem hv. þm. Halldór Blöndal taldi þegar hann lofaði hina nýju braut sem lagasetningin væri farin að færast inn á með því að í 3. gr. er sett þak á fjölda starfsmanna þá vildi ég spyrja þm. hvort hann telji að yfirleitt ætti að fara inn á þessa braut fyrir hinar ýmsu stofnanir ríkisins, þ. e. hvort það ætti þá að gera breytingar og hvort ríkisstj. hyggist þá flytja breytingar á lögum um þær stofnanir sem þegar eru til og tiltaka bæði heildarfjölda starfsmanna og starfsmanna í hinum ýmsu greinum, hinum ýmsu tegundum starfa sem unnin eru innan viðkomandi stofnunar. Þetta er á vissan hátt athyglisverður punktur sem ég held að menn ættu að velta fyrir sér.

Mér finnst þetta algjört rugl. Mér finnst algjört rugl að vera að setja inn í frv. til laga, þar sem menn þykjast vera að smíða almennan ramma utan um ákveðna faglega stöðu embættis, grein sem segir hversu margir eigi að vinna þar. Þeir ætla kannske að segja frá hvaða kontór eða frá hvaða húsgagnasmiðju á að kaupa innréttingarnar eða hvernig útidyraskrá á að vera á hurðinni. Mér finnst þetta vitleysa. Ég tel að löggjafarstarfið sé að fara inn á algjörlega rangar brautir með þessu, í fyrsta lagi að flytja yfir höfuð svona heimskulegt frv. og í öðru lagi að fara að setja svona þök á starfsmannafjölda. Það á að ákveða á allt öðrum grundvelli og allt öðrum vettvangi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582, n. 1136). — 2. umr.

Frsm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1136 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 53 frá 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Iðnn. hefur fjallað um málið og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita 6. júní 1985 Hjörleifur Guttormsson frsm., Birgir Ísl. Gunnarsson varaformaður, Guðrún Agnarsdóttir

fundaskrifari, Friðrik Sophusson og Gunnar G. Schram.

Ég hef engu við þetta nál. að bæta. Sjónarmið mín í þessu máli komu fram við 1. umr. málsins hér í hv. deild og ég get aðeins sagt að þessi breyting hefði mátt ná fram að ganga þótt fyrr hefði verið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 89. fundur.

Föstudaginn 7. júní, að loknum 88. fundi.

Sjómannalög, frv. 146. mál (þskj. 850 (sbr. 151)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1178).

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. 364. mál (þskj. 582). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1179).

Forseti (Ingvar Gíslason): Eins og boðað var í upphafi þessa fundar er hugmyndin að hér fari fram umr. utan dagskrár. Hv. 1. landsk. þm. hefur óskað eftir því að beina fsp. til hæstv. menntmrh. En það er einlæg von forseta að þessar umr. þurfi ekki að dragast úr hófi. Ég hafði hugsað mér hvort ekki væri möguleiki á að sættast á einn klukkutíma til umræðu um þetta mál.

Umræður utan dagskrár.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég held að það sé vilji allra og var það þegar í gær að stilla máli okkar í hóf, þeirra sem áhuga hafa haft á því að ræða þessi mikilvægu mál hér. Það lá alveg ljóst fyrir hvers vegna ég fór fram á þessa utandagskrárumr. í gær, um það mál lék aldrei á nokkur vafi. Ætla ég ekki að eyða þeim knappa tíma sem skammtaður hefur verið í þessa umr. í að fjölyrða um það hvers vegna ég álít að mér hafi verið neitað um þessa umr. utan dagskrár í gær og hvers vegna hún er leyfð í dag.

En til að fyrirbyggja allan misskilning er nú svo komið að ég lagði fram ákveðnar skriflegar fsp. í gær til hæstv. menntmrh. þar sem fram kom svo ekki fari neitt á milli mála um hvað málið snýst og um hvað efnisleg spurning mín hljóðar. Ég er sem sagt að spyrja um það hvort og hvernig menntmrh. hyggst bregðast við því neyðarástandi sem skapast hefur í dagvistarmálum.

Það sem var að heyra sem aðalröksemd fyrir því að hæstv. menntmrh. þyrfti ekki að taka þátt í þessum utandagskrárumr. í gær, var sitt á hvað en þó aðallega þetta: Fóstrur væru ekki ríkisstarfsmenn. Þetta hefði hæstv. menntmrh. ekki átt að segja. Hjá ríkinu vinna nú fyrir það fyrsta margar fóstrur. Það er eitt hæsta prósentuhlutfall af fóstrum pr. deild og pr. heimili af öllum heimilum á landinu. Þar vinna fleiri fóstrur á deild en um getur annars staðar nema ef vera kynni hjá Kópavogsbæ. En til þess að vera nákvæm þá vinna 33 fóstrur hjá ríkinu, á spítölunum.

Þá var röksemdin sú að ráðh. þyrfti ekki að taka þetta mál upp vegna þess að ríkið væri ekki samningsaðili við fóstrur. En þó svo hefði ekki verið reyndin þá hefði verið full ástæða fyrir ríkisstj. að taka þá stefnu að ganga fram fyrir skjöldu og á undan með góðu fordæmi til að skapa góðar vinnuaðstæður á þessum stöðum og til að bægja þessu vandamáli frá. En þó svo hefði ekki verið, þó ríkið hefði ekki haft neinar fóstrur á sínum vegum, þá hefði samt sem áður verið næg ástæða til að fjalla um þetta mál hér og nú, sem sagt og þó svo hefði verið í gær.

Það verður að koma fram opinber stefna í dagvistarmálum hvort sem hún gildir um heimili sem alfarið eru rekin á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Það verður að vera alveg ljóst að á meðan útgefin dagskipun hæstv. forsrh. hljóðar upp á það, að til þurfi að koma ráðstöfunartekjur beggja hjóna eða aðila í sambúð til þess að halda uppi heimilishaldi, án þess að hann geti um það hvernig einstætt foreldri eða einstætt fólk á að halda sér uppi, þá verða börnin úr þessum samböndum víst einhvers staðar að vera, eða hvað? En hvar? Hjá dagmæðrum kannske? Sá hængur er samt á þeirri ráðstöfun m. a. að þar kostar plássið fyrir barn u. þ. b. 6000 kr. Ef þetta fólk á t. d. tvö eða jafnvel þrjú börn fer að verða lítið eftir af ráðstöfunartekjunum sem nauðsynlegar eru skv. orðum hæstv. forsrh.

Að auki er um að ræða tvísköttun þeirra örfáu sem þess njóta að komast inn með börn sín á dagvistarheimili, ef fólk er jafnframt svo óheppið að vera gift. Þá eru hjónin í gegnum útsvar sitt búin að greiða fyrir uppbyggingu, rekstur og niðurgreiðslu til einstæðra foreldra og þurfa síðan að greiða hækkað gjald þegar til á að taka ef þeirra börn komast að.

Í öðru lagi taldi ráðh. það ekki vera tímabært að taka þetta mál til umr. vegna þess að þetta mál væri ekki nýtt. Ég taldi hins vegar því meiri ástæðu til að ræða þetta mál væri það ekki nýtt af nálinni — sem það er alls ekki, ég er henni sammála um það — vegna þess að þá þyrfti að knýja á um það að tekið væri á þessu máli. Það er þá kominn tími til þess að taka duglega til hendinni, bretta upp ermarnar, þar sem það er orðið að slíku vandamáli að dagvistarmál í landinu eru komin á slíka

heljarþröm.

Í þriðja lagi taldi ráðh. sig ekki geta tekið þetta til umr. vegna þess að henni hefði ekki gefist ráðrúm til þess að lesa NT áður en hún hefði farið til vinnu um morguninn. Auðvelt hefði nú verið í gær að gefa 15 mínútna frest á meðan hæstv. ráðh. gæfist ráðrúm til þess að lesa fréttina því að auðvitað hefur ráðh. haft það í hendi sér að svara til um hvaða stefnu hún ætlaði að taka í þessum málum og hvaða till. hún hefur þar að lútandi.

Eitt var það enn sem kom fram í máli hæstv. ráðh. í gær í þingskapaumr. sem gerði það að verkum að ekki ætti að taka þetta mál til umr. utan dagskrár þá. Þar bæri einungis að taka til umr. mál sem krefðust skjótrar úrlausnar. Hún taldi sem sagt ekki að þetta mál krefðist skjótrar úrlausnar. Ég er ansi hrædd um að það fólk sem að þessu máli stendur, foreldrar, börn, fóstrur og starfsfólk á dagvistarheimilum, sé hæstv. ráðh. langt því frá sammála. Það sem varð þess valdandi upphaflega að ég bað um þessa umr. er eins og fram hefur komið frétt sem var í dagblaðinu NT í gær undir svohljóðandi yfirskrift: „Viljum ekki fleiri dagvistarheimili við óbreytt ástand.“ Ég ræddi það í gær hverjir það skyldu hafa verið sem ekki vildu fleiri dagvistarheimili, hvort það hefðu verið einhverjir þeir sem vildu bara reka konur heim af vinnumarkaðinum og að foreldrar yrðu ekki lengur með börnin sín á slíkum stöðum og að hætt yrði rekstri dagvistarheimila alfarið.

Ég rakti það einnig að það voru samtök foreldra barna sem dveljast á dagvistarheimilum og fóstrur sem höfðu lagt þetta til og þetta var haft eftir þeim. Þessi niðurstaða fæst þegar ljóst er að ekki er hægt að manna þær dagvistarstofnanir sem fyrir hendi eru í dag, hvað þá heldur þegar nýjum er bætt við.

Það sem veldur þessum flótta fóstra og starfsfólks úr dagvistarkerfinu er, svo vitnað sé í NT, með leyfi forseta: „Það er vegna lágra launa og gífurlegs vinnuálags.“ Þetta kom fram að því er segir í frétt NT á blaðamannafundi Fóstrufélagsins og samtaka foreldra á dagvistarheimilum sem þau héldu í fyrradag. Afleiðing allra þeirra aðstæðna sem raktar eru í fréttinni er stórfelld hreyfing á starfsfólki dagvistarheimilanna, eða 62.8% á síðasta ári og þá er einungis talað um Reykjavík.

Ég ætla ekki að rekja nánar það sem ég rakti hér í gær um að ef lögunum væri framfylgt út í ystu æsar þá ættu það að vera fóstrur sem sinntu störfunum alfarið á dagvistarheimilunum og þá vantar um 250 fóstrur í stöður. Ef við segjum: „Lengi býr að fyrstu gerð“, getur það verið að í huga einhvers þurfi að setja spurningarmerki aftan við þetta máltæki? Ég held að svo hljóti að vera farið um okkur flest, að þess þurfi ekki. Flest, segi ég, vegna þess að það virðist leika einhver vafi á því í huga hæstv. ráðh. sem fer með yfirstjórn menntamála í landinu og þar með, með yfirstjórn dagvistarmála í landinu.

Þessi fullyrðing er sett hér fram vegna þess að þessi sami ráðh. gerði sér lítið fyrir að ræða þennan brýna vanda sem skapast hefur í dagvistarmálum í landinu og fer hraðbyri vaxandi. Dagvistarmál eru að komast á heljarþröm og er u. þ. b. að skapast neyðarástand á mörgum dagvistarheimilum. Ég vil kalla það neyðarástand þegar börnin, sem dveljast á dagvistarheimilum, þurfa að gangast undir það erfiða álag sem því fylgir að þurfa að kynnast náið allt að tíu til tólf uppalendum á ári.

Slík er hreyfing starfsfólks úr stöðum á dagvistarheimilum. Það þýðir lítið, eins og gert var í gær, að upphefja sjálfan sig með því að hrósa sér af því, eins og hæstv. menntmrh. gerði hér í gær, að nú hafi það í fyrsta sinn gerst í menntmrn. að komin sé fram starfsáætlun fyrir dagvistarstofnanir og unnið verði að því að kynna þessa áætlun á vegum rn. í allt sumar til þess að þeim starfsmönnum, sem við þessar stofnanir starfi, gefist kostur á að fjalla um þær og að fyrir geti legið ábendingar frá þeim sem þar starfa í haust.

Hið algjöra skilningsleysi ráðh. kemur fram í því að augu hennar hafa ekki opnast fyrir því um hvað þetta mál snýst, hver kjarni þessa máls er. Kjarni þessa máls er sá að ráðh. menntamála þarf að snúa sér að því með öllum þeim dug og kjarki, sem ég efast ekkert um að í henni býr, að koma fram stefnu í þessum málum opinberlega sem færir núverandi ástand til betri vegar þannig að hún opinbera stefna ráðh. í menntamálum fari ekkert á milli mála. Geri ráðh. það hins vegar ekki er hætt við að það verði engir starfskraftar, engar fóstrur eftir við störf á dagvistarheimilum í haust til að vinna eftir þessari ítarlegu og gagnmerku starfsáætlun sem ráðh. sagði eiga að verða til þess „að gera vinnuna á dagvistarstofnunum markvissa, til gæfu og aðstoðar þeim ungu borgurum sem á stofnunum eru og til þess að auðvelda starf þeirra sem við stofnanirnar vinna.“ Svo mörg voru þau orð.

Mig langar hér til að vitna í Þjóðviljann í gær, með leyfi forseta. Þar segir Arna Jónsdóttir fóstra þegar hún afhendir Davíð Oddssyni undirskriftarlista sem safnað hafði verið um það að styðja aðgerðir í þessum málum: „Ég trúi ekki öðru en að eitthvað verði gert í málum okkar. Ef ekkert verður gert þurfum við að taka afstöðu til þess hvort við neyðumst til að loka einhverjum deildum dagvistarheimilanna í haust. Það er engin lausn að byggja ný dagvistarheimili þegar ekki er hægt að manna þau sem fyrir eru.“

Það sem er eitt það alvarlegasta af öllu alvarlegu í sambandi við þessi mál og ég gat um hér í gær, er bein afleiðing af því hvernig á hefur verið haldið hingað til, þ. e. að nú er svo komið í fyrsta skipti í sögu þessa merka skóla, sem Fósturskóli Íslands er, að skortur er á umsækjendum og að framlengja hefur þurft umsóknarfrest. Það bendir ótvírætt til þess að fólki finnist það langt í frá fýsilegt að leggja á sig þriggja ára langt og strangt nám að loknu stúdentsprófi eða sambærilegri menntun til þess síðan að takast á hendur það starf sem, fyrir utan það að vera erfitt og að þar séu gerðar miklar kröfur ásamt því að álag nálgast það að vera ómannúðlegt, er með allægst launuðu störfum í þjóðfélaginu.

Sama máli gegnir um það framhaldsnám sem til margra ára hefur verið keppikefli fóstra að komið verði á fót við Fósturskóla Íslands. Nú er svo komið að eftir að umsóknarfrestur hefur verið framlengdur hafa enn þá ekki nægilega margar fóstrur sótt um til þess að hægt verði að halda því úti. Þetta framhaldsnám hefur verið baráttumál fóstra í áraraðir vegna þess að þær hafa hingað til þurft að sækja slíkt nám erlendis en slíkt nám er mjög nauðsynlegt til áframhaldandi þroska og starfseminni til góðs. Að fóstrur sækja ekki um þetta framhaldsnám nú, segir okkur það eitt að þær treysta sér ekki til þess að leggja út í langt og strangt nám

kauplausar til þess eins að koma svo aftur til starfs sem eftir mikið álag, bæði í námi og starfi, gefur ekki meira í aðra hönd en raun ber vitni.

Ég vil vitna aftur í Þjóðviljann frá því í dag, með leyfi forseta, þar sem Guðrún Antonsdóttir fóstra segir þau sorglegu tíðindi sem því miður eru staðreynd: „Mín laun segja ekkert við framfærslu heimilisins, en ég hef „góða" fyrirvinnu svo að ég get ekki kvartað." Það er mótsagnakennt á 20. öldinni að maður þurfi, ja, við getum orðað það þannig, að „tryggja" sig ef maður hefur áhuga á að starfa við kvennastörf.

Herra forseti. Það er fróðlegt að reyna að leggja það niður fyrir sér hvers vegna er lögð á það áhersla, að því er virðist, að það mikilvæga starf, sem skiptir sköpum um hvernig framtíðarþjóðfélag okkar lítur út, er ekki metið að verðleikum og að sú stefna sé tekin af hálfu yfirvalda að ekki beri nema í orði að hlúa að yngstu kynslóð þessa lands. Það þýðir lítið að tala um að takast verði á við þá tækniöld sem við siglum hraðbyri inn í ef ekki verður tekist á við að hlúa að þessum þjóðfélagsþegnum svo að þeir verði færir um að búa og starfa í þessu framtíðarþjóðfélagi. Þess vegna segi ég að svarið hljóti að vera að þessi stefna yfirvalda sé allt saman hluti af einni samstæðri heild, hluti af atlögu við menntakerfið, sem kom skýrt í ljós í hinni svokölluðu kennaradeilu. Nú er þar komið að vinna það verk, sem reynast á og er í senn létt verk og löðurmannlegt, að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og byrja á börnum þessa lands, sumum hverjum ómálga, á ári æskunnar með því að yfirvöld heykjast á að taka strax á þeim vandamálum sem skapast hafa í dagvistarmálum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mér barst í morgun bréf frá hv. þm. Kristínu Kvaran þar sem lagðar eru fyrir þessar spurningar sem hún óskar að svarað verði nú á fundi eða í upphafi fundar, eins og sagði í bréfinu, í dag. Fyrri spurningin hljóðar svo: „Hyggst ráðh. beita sér fyrir skjótri úrlausn þess neyðarástands sem skapast hefur á dagvistarheimilum og fer vaxandi?" Síðari spurningin hljóðar svo: „Hverjar eru till. ráðh. um lausn á þessu mikla vandamáli?"

Ég vil, herra forseti, flytja nokkrar skýringar á máli mínu. Ég vil byrja á því að vitna til tveggja fyrstu greinanna í lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976. Þær hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra. Gerð verði starfsáætlun á vegum menntmrn. er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna." Þetta var 1. gr. og ég vil taka fram um síðari málsgr. hennar að þetta hefur verið gert, sú áætlun liggur fyrir.

2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Menntmrn. fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili." Síðan er það útlistað í hverju þetta er fólgið og þá segir í fyrri málsgrein: „Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili, skal hljóta samþykki rn. til þess." Og síðari mgr.: „Ríkið skal leggja fram fé til byggingar dagvistarheimila fyrir börn en sveitarfélög til rekstrar þeirra svo sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Síðan er í lögunum rætt um það hverjir það geti verið sem njóti ríkisframlags til byggingar, en hins vegar er svo gert ráð fyrir því að þeir aðilar, sem fá þann ríkisstyrk til byggingar, annist reksturinn. Rekstur dagvistarstofnana á vegum sveitarfélaga fer ekki fram á vegum ríkisins. Þess vegna er það að ég verð að ítreka það um þetta mál, sem er fyrst og fremst kjaramál, að kjör þeirra, sem við dagvistarstofnanir starfa, fara eftir kjarasamningum Fóstrufélagsins og viðsemjenda þess. Núna standa yfir samningaviðræður um heildarkjarasamning BSRB milli þess og ríkisins, en röðun í launaflokka innbyrðis hefur ekki farið fram. Það er auðvitað hagsmunamál fyrir fóstrur hvernig þeim málum verður skipað, en félag þeirra starfar innan BSRB.

Ég veit að það þarf ekki að útlista það fyrir hv. þm. hvernig að þeim samningamálum er staðið. Þegar um er að ræða að starfsmenn sveitarfélaga semja innan vébanda BSRB þá getur menntmrn. ekki gripið inn í það mál. Það hlýtur mönnum að vera ljóst.

Hv. þm. vék að þeirri staðhæfingu minni í gær að fóstrur væru að langmestu leyti starfsmenn sveitarfélaga. Ég mun gera frekari grein fyrir því. Núna eru á launaskrá 46 fóstrur hjá ríkinu en hjá Reykjavíkurborg voru á dagvistarstofnunum á árinu 1984 samtals 3419 börn og á launaskrá 960 starfsmenn. Þá var talið að vantaði 50 fóstrur til starfa þar. Það liggja ekki fyrir núna nákvæmar upplýsingar um heildarþörf fósturmenntaðs fólks í landinu. En rn. mun eftirleiðis sem hingað til reyna að stuðla að því að nægilega margt menntað fólk sé til þeirra starfa í landinu og efla fósturmenntunina eftir föngum.

Það er mikið hagsmunamál að unnt sé að standa svo að kjaramálum þessara opinberu starfsmanna sem og fjölmargra annarra opinberra starfsmanna að mönnum og stofnunum haldist á hæfu fólki. Sem betur fer er mikill fjöldi mjög hæfra starfsmanna sem sinnir starfi sínu ár eftir ár þótt það gangi á ýmsu um það hvernig kjörin eru. Auðvitað vona menn það, þegar ljóst er að kjör opinberra starfsmanna hafa dregist aftur úr, að það lagist, jafnvel þótt í áföngum sé. En þessar samningaviðræður standa sem sé yfir, milli fjmrn. og BSRB.

Það er ljóst að bæði þær umr. sem hér fara fram og þær aðgerðir sem fram fóru í gær og fundir um þessi mál eru í kjarna sínum þáttur í kjarabaráttu. Við hljótum að horfast í augu við það, eins og raunar er hreinskilnislega sagt af þeim sem að þessum málum standa, að hér er um að ræða mótmæli vegna óánægju með kjör, vegna bágra kjara og aðstöðu. Hjá dagvistarstofnunum er ekki sama aðstaða til þess að drýgja tekjur sínar með yfirvinnu t. d. eins og er hjá ýmsum öðrum stofnunum, þannig háttar ekki til í rekstri þeirra stofnana.

Ég heyri á öllu að börnin hafa fengið göngutúr ofan í Alþingi og ég hef af því nokkrar áhyggjur að loftræsting í þessu húsi er kannske ekki svo góð sem skyldi. Það verður oft mjög þungt loft uppi á pöllum í Alþingishúsinu, sérstaklega þegar þar er mjög margt fólk. En það verða auðvitað þeir að meta sem börnunum sinna, hve lengi þau þola við þarna uppi. Ég geri ráð fyrir að það séu e. t. v. foreldrar barnanna sem eru í fylgd með þeim en að þetta sé ekki liður í starfsemi dagvistarstofnana. Vissulega er það litríkt og skemmtilegt að fá svona mannskap hér í húsið í heimsókn öðru hvoru. Mætti það nú vera oftar og kannske á öðrum stöðum í húsinu en uppi á þessum þröngu pöllum þar sem svo lágt er til

lofts. (**Gripið fram í:** Taka við þarna niðri?) Já, það væri kannske ljúfara samkomulag hér oft ef þessi mannskapur tæki við hérna svona dag og dag a. m. k.

Herra forseti. Ég vil taka það fram, þó að hér sé vissulega um áhyggjuefni að ræða, þegar mikil hreyfing er á starfsmönnum dagvistarstofnana, þá er að mati rn. fullfast að orði kveðið þegar sagt er að það sé neyðarástand. Það hefur skapast vandi við að fá fósturmenntað fólk í allar þær stöður dagvistarheimilanna sem æskilegt er að fósturmenntað fólk sinni. En ein ástæðan fyrir þessu er örari uppbygging dagvistarheimila í landinu síðustu árin en sem fjölguninni í fósturmenntuðu stéttinni nemur.

Ríkið tók við rekstri Fósturskólans 1973 og hófst þá handa um að stækka hann. Árin 1975—1985 hefur fjöldi útskrifaðra fóstra árlega verið frá 54—66, oftast um 60. Alls hafa útskrifast 985 fóstrur frá því að skólinn tók til starfa. Umsóknafjöldi hefur undanfarin ár verið á bilinu 90—100 og inn hafa verið teknar um 70 nú síðustu árin. Núna er umsóknarfresturinn ekki liðinn, hann var framlengdur í vor, en komnar eru á milli 40 og 50 umsóknir um skólavist.

Rn. styður viðleitni Fósturskólans til að efla og bæta starfsemi sína og koma á framhaldsnámi. En eins og hv. fyrirspyrjandi sagði mun þurfa tiltekinn fjölda nemenda til þess að hægt sé að halda þeirri fræðslu uppi í framhaldsnáminu.

Þetta er mjög mikilvægur þáttur í því að stuðla að lausn þess vanda sem skapast af fóstruskorti, sem sé að sjá til þess að nægilega margt fólk, sem er menntað á þessu sviði, sé til taks á vinnumarkaðinum. Það er mjög líklegt að launakjörin hafi afgerandi áhrif á aðsókn fóstra í störf á dagvistarheimilum eins og segja má um allar starfsstéttir. En eins og ég hef gert grein fyrir ræður menntmrn. litlu um þau mál, því miður. Lang flestar fóstrurnar starfa hjá sveitarfélögum sem reka dagvistarheimili en aðeins mjög lítill hluti hjá ríki og einkaaðilum.

Eins og kunnugt er þá er rekstrarkostnaður dagvistarheimila uppi borinn að nokkru leyti af daggjöldum foreldra, það eru foreldrar og sveitarfélögin sem skipta rekstrarkostnaðinum á milli sín. Það hafa stundum verið uppi umr. um það í sveitarstjórnum sérstaklega að skynsamlegt gæti verið að skoða þessa skiptingu betur með það fyrir augum að þeir sem gætu og hefðu efni til greiddu meira af hinum raunverulega kostnaði þannig að sveitarfélögin þyrftu ekki að greiða rekstrarkostnaðinn niður í eins ríkum mæli. Það er staðreynd að þeir sem gæta sjálfir barna sinna á heimilum sínum fá ekki niðurgreidda barnagæslu eins og þeir sem hafa börn á dagvistarheimilum sveitarfélaga. Ég held að það séu mörg rök sem mæla með því að hafa þarna nokkurn sveigjanleika. Ég geri mér hins vegar grein fyrir þeirri hættu sem er á því að þetta verði örðugt í framkvæmd hreinlega vegna þess að uppgjörið hefur farið fram á dagvistarstofnununum sjálfum og það er ekkert skemmtilegt fyrir þá sem þar starfa að standa frammi fyrir tekjuflokkun foreldra. Ég tel að það hljóti að þurfa að koma þessu við með öðrum hætti. Hins vegar er niðurgreiðsla sveitarfélaganna á rekstrarkostnaðinum þáttur af hinni félagslegu þjónustu sem látin er í té af sveitarfélögum. Það er ævinlega matsatriði hvernig á að halda á þeim málum, en vel má vera að í aðferðinni sjálfri kunni að liggja einhver lausn á kjaramálum fóstranna.

Þetta er atriði sem ég tel vert að taka fram. Svo er á hitt að líta að mjög eru mismunandi þarfir heimila fyrir dagumönnun barna og mismunandi þarfir þeirra heimila sem hafa börn á dagvistarstofnunum. Það gegnir oft á tíðum allt öðru máli þegar barn er vistað í leikskóla jafnvel fyrst og fremst af félagslegum ástæðum barnsins sjálfs til þess að gefa því tækifæri til samneytis við önnur börn og leikja í öruggu umhverfi. Það gegnir e. t. v. nokkuð öðru máli í þeim tilfellum en þegar einnig er til að dreifa þeirri ástæðu að börnin hafa ekki umönnun á þeim tíma á heimilum sínum vegna útivinnu foreldra.

Ég tel að það mætti vel hugsa sér að eitthvað létti það meðferð þessara mála að hafa meiri sveigjanleika í starfsemi leikskóla. Ég hygg að varðandi þau börn sem sækja leikskóla fyrst og fremst af þessum félagslegu ástæðum en ekki vegna þess að einhver sé ekki heima á heimili þeirra til að annast þau gæti verið mjög mikið gagn í leikskólavist jafnvel aðeins tvisvar eða þrisvar í viku og önnur börn gætu fengið vist hina dagana. Ég veit að þetta getur verið nokkuð vandasamt í framkvæmd en þarf ekki að vera það. Ég hef rætt þetta við fóstrur og ég hygg að menn séu sammála um það að þessi hugmynd geti haft ýmsa kosti. Það er á vissan hátt léttara fyrir lítið barn að vera þannig skemmri tíma að heiman eða skipta honum, en þetta er atriði sem m. a. gæti leyst úr þörf fyrir fleiri börn.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem sveitarfélögin munu vafalaust athuga í sambandi við lausn þessara mála. Þessa vildi ég geta einungis vegna þess að það sem hér er verið að ræða er hluti af því stóra dæmi sem er inntakið og tilgangurinn í starfsemi dagvistarheimila. Tilgangurinn með starfsemi dagvistarheimila er fyrst og fremst að tryggja öryggi og velferð barnanna undir handleiðslu þeirra sem hafa menntað sig sérstaklega til þess. Það er von mín að það takist að koma kjörum fóstra og menntunarmálum fyrir á þann veg að nægilegur fjöldi fólks sæki í fóstrunámið, þaðan útskrifist nægilegur fjöldi hæfs og dugandi fólks sem lætur sér annt um börnin og að það takist að koma kjaramálum þeirra fyrir á þann veg að störfin reynist líka af þeim ástæðum viðunandi fyrir þá sem við slíkt vilja starfa.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi gert grein fyrir viðhorfum mínum til þessara mála. Ég hygg líka að ég hafi gert fyrir því grein á þann veg að það ætti að mega skiljast að menntmrn. hefur alls ekki launamálin með höndum með neinum hætti, það hefur ekki frekari tök á því að grípa inn í þau en hver annar. Það eru hins vegar aðrir þættir þessara mála sem undir menntmrn. heyra og fyrir þeim hef ég gert grein.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði hér einu sinni í þingræðu í vetur — ekki man ég nú af hvaða tilefni — að Framsfl. hefði með einhverju ákveðnu máli hlaupið 300 ár fram í tímann. Ég verð að segja að ég held að hæstv. menntmrh. ætti að taka tilhlaup og reyna að taka sams konar stökk. Ég hefði aldrei ímyndað mér að ég ætti eftir að heyra aðra eins ræðu hér í sölum Alþingis um dagvistarheimili eins og þau eru rekin í dag. Ég veit eiginlega ekki hvar ég á að byrja. Hafi ráðh. haft áhyggjur af börnunum hér uppi á pöllum hefði þessi ræða getað verið styttri.

Hér er um það að ræða að dagvistarheimili landsins

eru u. þ. b. að lokast vegna þess að ekki er hægt að halda þar starfsfólki. Við hér á Alþingi berum auðvitað fulla ábyrgð á þessum málum. Við höfum verið að afgreiða hér fjölmörg mál um ótal atriði sem til bóta eiga að verða í þjóðfélaginu og ekki síst að leysa alls kyns vanda sem upp er kominn. Við erum að fjalla hér um nýjar leiðir í atvinnumálum, við erum að fjalla um útflutning á íslensku hugviti og ég veit ekki hvað og hvað. En á sama tíma blasir nú við flótti allra sérmenntaðra manna úr þjónustu ríkisins á öllum sviðum, ekki síst frá skólunum og frá dagvistarheimilunum sem vitanlega er fyrsti vísir kennslu í landinu, vegna lélegra launa og afleitra vinnuskilyrða.

Að í Reykjavík einni saman skuli vanta 50 fóstrur til þess að ein fóstra sé á deild er auðvitað fjarri öllu lagi. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan að það væri fullmikið í lagt að segja að hér væri neyðarástand. Ég þekki þess dæmi að eitt lítið barn hefur haft sem fóstrur, að vísu ekki sérmenntaðar fóstrur heldur barnfóstrur á dagheimili, 10 konur á einu ári. Það nær ekki nokkurri einustu átt að leggja slíkt á börnin.

Ráðh. talaði hér um dagvistarheimili sem félagslega aðstoð. Þetta segir hæstv. ráðh. í þjóðfélagi þar sem 80% foreldra, sem saman búa, vinna bæði úti. Í landinu eru um sex þúsund börn einstæðra mæðra eða einstæðra foreldra. Það er ekkert um það að ræða að börnin séu á heimilum sínum. Það hefur svo verið um hnútana búið að til þess að reka heimili þarf tvo einstaklinga vegna þess að launin eru svo lág. Ég hef áður talað um það hér á hinu háa Alþingi að með aukinni þátttöku beggja aðila á vinnumarkaðinum gerðist einfaldlega það að launin voru skorin niður um helming þannig að í staðinn fyrir að áður fyrr gat einn aðili unnið fyrir heimili verða tveir að gera það núna. Afkoma einstæðra foreldra hér á landi er engin afkoma. Það er því ekkert um það að ræða að börnin alist upp á heimilum sínum.

Hér áður fyrr náðu börn málþroska, sem er einhver mikilvægasta menntun sérhvers einstaklings, heima hjá sér, frá afa sínum og ömmu, af mömmu sinni sem var heima allan daginn og eldri systkinum. Ég verð að upplýsa hæstv. ráðh.: Þessi tíð er liðin, hæstv. ráðh. Ég átti svona heimili, ég geri ráð fyrir að ráðh. sjálfur hafi átt það líka, en svona heimili finnast varla lengur hjá íslenskum fjölskyldum. Við lifum í öðruvísi þjóðfélagi, í nýju þjóðfélagi, og við verðum að bregðast við því.

Í framhaldi af þessu skal ég upplýsa að barnakennarar landsins ganga ekkert að því gruflandi að málþroska íslenskra barna er orðið óhugnanlega ábótavant, en ein frumskylda dagvistarheimila landsins er að annast t. d. þennan þátt uppeldis.

Nú vill svo til, hæstv. ráðh., að þessi félagslega aðstoð, einkum við einstæða foreldra því að það eru ekki margir aðrir sem fá inni á dagvistarheimilum, er eins og allar tíu ára áætlanir, sem samþykktar hafa verið, kveða á um, þessi félagslega aðstoð svokölluð er einfaldlega bundin í lögum. Alþingi Íslendinga hefur mótað stefnu í þessum málum, t. d. með lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Ráðh. las áðan 1. gr. þeirra laga með seinni breytingum.

Alþingi hefur líka samþykkt grunnskólalög. Í grunnskólann koma börnin jú beint af dagvistarheimilunum, eða ættu að gera, þó að allt of mörg börn verði að leita annarra leiða. Ég skal reyna sem unnt er að stytta mál mitt en ég hlýt að lesa 2. gr. grunnskólalaganna með leyfi forseta:

„Hlutverk grunnskólans er í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið. Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins."

Í lögum, um rekstur og byggingu dagvistarstofnana, segir í 18. gr., með leyfi forseta:

„Forstöðumaður dagvistarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og um velferð hvers einstaks barns. Skylt er rekstraraðila dagvistarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins."

Grunnskólalögin og lög um dagvistarheimili eru mjög í sama anda. Löggjafinn hefur mótað stefnu í þessum málum. Minna má á að í kjarasamningum fyrir nokkrum árum — nú man ég ekki hvenær það var, það skiptir ekki öllu máli — var samið um tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana sem fullnægja skyldu þörfum u. þ. b. 75% íslenskra barna. Það þarf ekki að taka það fram að sú áætlun stenst engan veginn.

Fyrir nokkrum árum var gerð hér í Reykjavík tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana. Sú áætlun er líka orðin langt á eftir áætlun. Þannig fer fyrir þessum málum, hvað sem um þau er samþykkt. Það er eftirtektarvert að barnsfeður hér á Alþingi eru greinilega velflestir í kaffi — (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) Ég var að hugsa um það áðan að nú vill svo til að hv. alþm. eru frjósamt fólk. Ég mundi giska á (**Gripið fram í:** Af báðum kynjum.) — að þm. 60 mundu eiga sjálfir 150—180 börn. Það er myndarlegur hópur og ég þykist vita að fjölmörg þeirra hafi alist upp að verulegu leyti fyrstu árin á dagvistarstofnunum, allavega einhver verulegur hluti þeirra.

Það er undarlegt hvað menn gera sér litla grein fyrir hversu gífurlega þýðingarmikið starf er unnið á þessum stofnunum. Hér fyrir örfáum dögum ræddu menn innfjálgir og áhyggjufullir um aukna eða allavega háa tölu fóstureyðinga. Ég býst við að allir geti verið sammála um það að fóstureyðing sé neyðarráðstöfun hverrar manneskju. En hafa hv. alþm. góða samvisku varðandi það að þjóðfélagið sé þannig úr garði gert að litlu börnin séu velkomin, að þeim sé tryggð velferð? Ég er ansi hrædd um að það skorti mikið á það. Ég fæ ekki séð að það sé fýsilegur kostur t. d. fyrir foreldri, sem verður eitt um uppeldið, að ala barn, það er ekki aðlaðandi hugsun eins og sakir standa nú í þjóðfélaginu. (**ÓÞÞ:** Er búið að rannsaka þetta með frjósemina?) Ég get svarað því seinna, ég vil ekki eyða frekari tíma í það, hv. þm., það hefur reyndar verið gert.

Það væri hægt að ræða margt um þessi mál. Meðan fyrrv. borgarstjórn sat að völdum hér í Reykjavík þóttumst við leysa vanda þroskaheftra barna varðandi aðgang að dagvistarheimilum. Við gerðum það án þess að byggja nokkur aukahús þó að það sé nú einu sinni háttur Íslendinga að halda að öll mál leysist með því að byggja hús. Við fengum einfaldlega fleira starfsfólk inn

á dagvistarheimilin með styrk menntmrn. að sjálfsögðu og þáv. hæstv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar.

Það er tómt mál að tala um að hæstv. menntmrh. hafi ekki neitt með þetta mál að gera vegna þess að þetta sé fyrst og fremst launamál. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh. að við ættum hér að hafa alla ríkisstj. í stólum sínum því að það er ekki við hæstv. menntmrh. einan að sakast, það er aldeilis hárrétt. Allt ástand hér í þjóðfélaginu og allur aðbúnaður að opinberum starfsmönnum er orðinn á þann veg að ekki er annað sýnt en að opinber þjónusta, eins og heilsugæslukerfið, skólakerfið, dagvistarkerfið, leggist meira og minna út af ef svo heldur fram sem horfir. Ég held þess vegna að það væri ástæða til fyrir alla ríkisstj. að setjast niður og huga að því hvernig hún hyggst bregðast við þessum vanda.

Herra forseti. Mér er ljóst að það eru aðrir sem vilja komast að til að ræða þetta mál. Sem betur fer eru hér þó nokkrir þm. sem gera sér grein fyrir hvað hér er á ferðinni. En ég vænti þess að áður en þessari umr. lýkur geti hæstv. ráðh. veitt okkur einhver haldbærari svör en þau sem fram komu hér áðan því að það eru a. m. k. 20 ár síðan að menn hættu að tala um dagvistarheimili landsins sem einhvers konar geymslustaði þar sem börnum gæti verið hlýtt á daginn og þau fengju eitthvað að borða.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir að hefja þessa umr. og hinum fjölmörgu karlkynsþingmönnum sem hafa séð sér fært að hlýða á hana og ráðh. fyrir svörin þótt ég væri nú ekki ánægðari með þau en hv. síðasti ræðumaður.

Árum saman hafa konur barist fyrir því að öll börn eigi kost á því öryggi og uppeldi sem góð dagvistarheimili geta veitt. Stjórnvöld hafa brugðist herfilega í þeim málum og nú er svo komið að ekki er hægt að manna þessi of fáu dagvistarheimili sem þó eru til. Mér virtist hæstv. menntmrh. vilja leggja áherslu á að fóstruskorturinn stafaði af því að það væru einfaldlega ekki nægilega margar menntaðar fóstrur til í landinu. Það er ekki rétt að mínum dómi, fóstrur fást ekki til starfa vegna óviðunandi kjara og vinnuálags og þessi sífellda hreyfing, sem er á starfsfólki, kemur niður á börnunum. Í þessu efni þýðir ekki að segja að mæðurnar eigi einfaldlega að gæta barna sinna sjálfar og ala þau upp — látum liggja á milli hluta að þessu sinni að sjaldnast eru feður nefndir í því sambandi. Hvað sem mönnum finnst um það atriði er staðreyndin sú að fæstar hafa nokkurt val.

Ég hafði ætlað mér að fara meira út í þau mál, en hv. síðasti ræðumaður gerði það með ágætum svo að vegna tímaskortsins mun ég stytta mál mitt mjög. Ég get þó ekki stillt mig um að vitna hérna aðeins í Morgunblaðið frá því í gær. Þar birtist athyglisverð ritsmíð á bls. 6 sem hét „Nefndakakan". Ég ætla að lesa aðeins úr henni — og mér þykir vænt um að hæstv. iðnrh. er hér viðstaddur. Tímans vegna sleppi ég fyrriparti þessarar greinar en les hér lokaorðin undir yfirskriftinni „Hið þjóðhagslega mikilvægi", með leyfi forseta:

„Sverrir Hermannsson iðnrh. gaf í skyn í fyrrgreindu spjalli" — þetta er umsögn um sjónvarpsþátt, Þingsjá, á þriðjudaginn var — „að 8 þús. kr. dagvinnulaun fyrir setur í álviðræðunefnd væru smáaur miðað við „þjóðhagslegt" mikilvægi starfans. Hér er sum sé ákveðið gildismat lagt til grundvallar greiðslunni til nm. Skoðum þetta mál frá öðrum sjónarhól. Fáir neita því að börn þessa lands séu þjóðhagslega mikilvæg og ráðamenn tala fjálglega um að dýrmætasti auður vor sé fólginn í menntun hinnar uppvaxandi kynslóðar. Samt tók það fyrrgreinda nm. innan við tvær og hálfa dagstund að vinna fyrir mánaðarkaupi umsjónarfóstru á fimmtíu barna leikskóla, fóstru er hefur 18 ára starfsferil að baki.

Hér ber þess auðvitað að geta að einn nm. stýrði þjóðbanka samhliða nefndarstörfum og annar sat á hinu háa Alþingi og hinn þriðji rak verkfræðistofu. Framsæknustu þjóðir heims, Vestur-Þjóðverjar, Japanir og Bandaríkjamenn, leggja nú á það þunga áherslu að vísir að skipulegu námsstarfi hefjist þegar í leikskóla, annars eigi hin uppvaxandi kynslóð litla möguleika á að taka við forustuhlutverkinu í sífellt flóknari hátækniheimi. Hér er þveröfugt staðið að málum, þeir sem leggja grunninn að menntun uppvaxandi kynslóða hljóta smánarlaun á sama tíma og „Kremlarherrum" er umbunað með æ feitari bitum af nefndakökunni. En auðvitað er þetta allt saman spurning um „þjóðhagslegt mikilvægi", ekki satt."

Undir þetta ritar Ólafur M. Jóhannesson. Ég hvet menn til að kynna sér ekkert síður fyrri hluta þessarar greinar.

Herra forseti. Þeim sem þetta ritar ofbýður ríkjandi verðmætamat í þessu þjóðfélagi. Og í raun og veru er það þetta verðmætamat sem er kjarninn í þessari umr. sem fer hér fram. Okkur er ofboðið. Hæstv. menntmrh. og aðrir ráðamenn hljóta að deila með okkur þungum áhyggjum af þróun þessara mála og þau geta ekki skotið sér undan ábyrgð því að eins og allir vita rekur ríkið dagvistarheimili og getur markað stefnuna að nokkru leyti.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna því að hér hefur gefist tækifæri til að taka til umræðu það alvarlega ástand sem nú ríkir í dagvistarmálum. Hæstv. menntmrh. hefur hér talað og svarað þeim fsp. sem hv. þm. Kristín Kvaran beindi til hennar. Ég verð að segja að mér fannst harla lítið að græða á svörum hæstv. ráðh. Hún notar mest af sínum tíma í að reyna að ýta því frá sér að hún færi með yfirstjórn mála varðandi dagvistarmálefnin, hlutur menntmrh. í yfirstjórn takmarkaðist bara við byggingu dagvistarheimila, mátti helst skilja af máli hæstv. ráðh.

En ef maður les lögin þá eru þau skýr. Þar segir í 2. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn: „Menntmrn. fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili." Það segir ekkert um það í lögunum að yfirstjórn þessara mála skiptist milli menntmrn. og sveitarfélaganna, eins og mér fannst að lægi í orðum hæstv. menntmrh.

Komu fram hjá hæstv. ráðh. einhverjar tillögur eða lausnir á þessu vandamáli? Harla var það nú lítið. En hæstv. ráðh. virtist þó hafa eina lausn á þessum vanda. Nefndi hún það að hún væri tilbúin til þess að beita sér fyrir því — t. d. í samráði við sveitarfélögin — að bæta kjör og aðbúnað fóstra? Nefndi hún það hvernig haga mætti dagsvistarmálum og uppbyggingu þeirra með þeim hætti að það mundi fullnægja þörf fyrir dagvistarrými? Nei. Hæstv. ráðh. fannst samt að hún hefði dottið ofan á mjög snjalla lausn á þessu máli. Lausnin var sú að skipta vikunni milli tveggja barna. Börnin væru tvö

sem skiptu vikunni á milli sín, annað yrði tvo daga í viku á dagvistarheimilunum og hitt þrjá daga í viku.

Þetta er alveg furðulegt sem fram kemur hjá hæstv. ráðh., að takmarka dagvistun barna um helming. Það er lausnin. Þekkir hæstv. ráðh. ekki stöðu, aðbúnað og kjör kvenna á vinnumarkaðnum? Hvað eiga mæður að gera sem verða að vera á vinnumarkaðnum hvort sem þeim líkar betur eða verr vegna framfærslu heimilanna? Eiga þær líka að skipta á milli sín einu starfi, vera tvo daga á vinnumarkaðnum í viku og heima þrjá daga? Og hvað eiga þær að gera — skipta á milli sín þessum 14 000 kr. launum sem þær hafa og hafa upp úr því 7000 kr. hver sem ekki einu sinni nægir ef konur þurfa að leita með börn sín í einkagæslu sem er yfir 7000 kr.?

Þetta er lausn hæstv. ráðh. En samt liggur fyrir að við óbreyttar aðstæður sé ekki hægt að halda opnum dagvistarheimilunum sem fyrir eru. Það liggur einnig fyrir að á biðlista dagheimila séu milli 1600—1700 börn, en um 3000 börn eru nú á dagvistarheimilum og um 1100 í einkagæslu. Fyrir liggur einnig að hvorki fóstrur né foreldrar barna vilja að öllu óbreyttu að fleiri dagvistarheimilum verði komið á fót. Til þess sé engin aðstaða að óbreyttu og því sé meginkrafan að hægt verði að halda viðunandi ástandi á þeim dagheimilum sem fyrir eru. Svona er nú komið.

Það liggur einnig fyrir að á þriðja þúsund starfsfólks og foreldra barna hafa með undirskriftum krafist úrbóta á þessu ófremdarástandi. Ástæðurnar, sem gefnar eru fyrir þessu ástandi sem skapast hefur á dagvistarheimilum, er mikill flótti fóstra frá dagvistarheimilum vegna lágra launa og gífurlegs vinnuálags. Ástæðurnar eru ekki eingöngu flótti fóstra heldur og Sóknarkvenna sem ekki síður en fóstrurnar hafa haldið dagvistarheimilunum gangandi.

Skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja vantar 50 fóstrur hjá borginni og er þá aðeins miðað við að hafa eina fóstru á deild. Ef framfylgja á lagaákvæðum um að allir starfsmenn sem sinna fóstrustörfum séu fóstrumenntaðir vantar nú 250 fóstrur til starfa. Til marks um hvað hér er alvarlegt vandamál á ferðinni og hve starfsfólk, bæði fóstrur og Sóknarkonur, gefst hreinlega upp og hættir störfum á dagvistarheimilum þá hættu samtals 226 fóstrur og Sóknarkonur á árinu 1984 á dagheimilunum og 136 á leikskólum. Á dagheimilum 1984 voru það 42 fóstrur og hvorki meira né minna en 184 Sóknarkonur og á leikskólum hættu árið 1984 8 forstöðumenn, 42 fóstrur og 86 Sóknarkonur. Samtals hafa því hreinlega gefist upp vegna mikils vinnuálags og lágra launa á dagheimilum og leikskólum á árinu 1984 358 fóstrur og Sóknarkonur, en sumar þeirra eru í hlutastörfum.

Þegar litið er til þess að um 480 stöðugildi eru á dagvistarheimilum sést vel hvað hér er mikið vandamál á ferðinni. Hér er á ferðinni einmitt lýsandi dæmi um hefðbundna kvennastarfsgrein þar sem saman fer mikið vinnuálag og sultarlaun. Við skulum reyna að draga lærdóm af þessu því að ég tel að það, sem er að ganga yfir núna í ýmsum kvennastarfsgreinum, er að konurnar eru búnar að fá nóg, eru að gefast upp á þeim kjörum, aðbúnaði og vinnuþrældómi sem þeim er búinn. Við höfum fyrir okkur að það er flótti úr kennarastéttinni sem ekki er síst skipuð konum. Erfiðlega gengur að fá fólk til starfa í fiskvinnslunni þar sem konurnar eru einnig að gefast upp vegna vinnuþrældóms og lágra launa. Og nú bætast við dagvistarheimilin.

Ég hef oft talað fyrir því hér á hv. Alþingi hve brýnt sé orðið að endurmeta hefðbundin kvennastörf og hef flutt um það till. og frv. ár eftir ár en lítill hljómgrunnur virðist hafa verið fyrir því máli hér á hv. Alþingi. Við sjáum hverjar afleiðingarnar eru. Konurnar eru teknar að flýja hinar hefðbundnu kvennastarfsgreinar og neyðarástand er að skapast í sumum þeirra. Við skulum líka átta okkur á því að það er algjör forsenda fyrir því að konur geti verið á vinnumarkaðnum að dagvistarmálin séu í viðunandi lagi. Það er langt í frá að svo sé, jafnvel áður en til kom sú aðstaða sem nú er uppi á dagvistarheimilum þegar stefnir í að loka þurfi þeim sem fyrir eru. Hér er um að ræða jafnréttismál, eitt af lykilatriðum til að jafnrétti verði náð milli kynja og að konum verði sköpuð skilyrði á við karla til að hasla sér völl í atvinnulífinu eða á stjórnmálavettvangi, svo dæmi sé tekið, og oft og iðulega einnig forsenda fyrir því að konur geti lagt út á menntabrautina og stundað það nám sem hugur þeirra stendur til.

Það er langur vegur frá að dagvistarþörfinni sé fullnægt og það sem bjargað hefur þeim málum eru hinar svokölluðu „dagmömmur" sem nú hafa í gæslu eða á s. l. ári tæp 1100 börn og voru það 300—400 konur sem tóku að sér gæslu barna á sínum heimilum. Þessar konur eiga ekki síst þátt í því að ekki hefur ríkt hreint öngþveiti og neyðarástand í þessum málum. En þó að þessar konur hafi ekki mikið upp úr því að taka börn inn á heimilin til sín í gæslu þá er gífurlegur munur á því gjaldi sem greiða þarf vegna gæslu barna í heimahúsum og á dagvistarheimilum. Nú kostar fyrir heilsdagsgæslu á dagvistarheimilum 2400 kr. en á áttunda þúsund þarf að greiða fyrir börn í einkagæslu, eða um 7300 kr. Þetta er helmingurinn af þeim launum sem Sóknarkonur og aðrar konur í láglaunastéttum í hinum hefðbundnu kvennastarfsgreinum hafa í laun skv. kauptöxtum þeim sem þær þurfa að búa við, enda er ljóst að ástandið í dagvistarmálum, sem nú stefnir í að fari versnandi, kemur hreinlega í veg fyrir að margar konur geti verið á vinnumarkaðnum þegar þær þurfa að greiða helminginn af þeim sultarlaunum, sem þær fá, í gæslu fyrir barn sitt. Þær hafa í raun ekkert upp úr því að vera á vinnumarkaðnum þegar launin ganga að verulegu leyti til þess að hreinlega gera þeim kleift að komast á vinnumarkaðinn. Sé um fleiri en eitt barn að ræða verða þær hreinlega að borga með sér á vinnumarkaðnum ef gæsla fyrir tvö börn í einkagæslu er orðin 14—15 000, eða sama upphæð og algeng er í hinum hefðbundnu kvennastarfsgreinum. Slíkt er ástandið.

Það er engin furða þótt lögð hafi verið hér mikil áhersla á það að fá fram þessa utandagskrárumræðu hér á hv. Alþingi og leita svara við því hjá hæstv. menntmrh., sem fer með yfirstjórn dagvistarmála, hvaða hugmyndir og tillögur eru uppi til að koma þessum málum í viðunandi horf. Í raun og sannleika er það lykilatriði til að leysa þetta vandamál að af alvöru verði tekist á við það, bæði af stjórnvöldum og verkalýðshreyfingunni, að fá fram nýtt verðmætamat á störfum í hefðbundnum kvennastarfsgreinum. Það er ekki bara brýnt að endurmeta störf kennarastéttarinnar, eins og hæstv. menntmrh. hefur talað fyrir að gera þurfi, heldur og í öllum kvennastarfsgreinum.

Ég spyr t. d. hæstv. menntmrh.: Er hæstv. menntmrh. tilbúinn til þess sem lið í lausn á þeim vanda sem við ræðum hér að beita sér fyrir því að endurmat

fari fram á fóstrustörfum? Ég spyr hæstv. ráðh. og vænti svara við því hér við þessa umr. Því fyrr sem menn átta sig á þeirri staðreynd, því fyrr sem tekist verður á við það mál að endurmeta störf í hefðbundnum kvennastarfsgreinum, að vinnuframlag kvenna verði eðlilega metið í þjóðfélaginu og að augu manna opnist fyrir því að það er ekki endalaust hægt að kaupa vinnuframlag kvenna ódýru verði, því fyrr finnum við lausn á þessu máli.

Það er löngu orðið tímabært að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld átti sig á því að vinnuframlag kvenna er forsenda fyrir því að hjól atvinnulífsins snúist eðlilega, að framleiðslugreinarnar gangi og að hægt sé að vænta aukinnar framleiðni og hagvaxtar í þessu þjóðfélagi. Þegar fyrir liggur að atvinnulífið, ekki síst undirstöðuframleiðslugreinarnar, geta ekki gengið nema til komi vinnuframlag kvenna þá er orðið tímabært að menn átti sig á því að til að svo megi verða er það meginforsenda að vel sé búið að dagvistun barna.

Það skulu verða mín lokaorð að ég vænti þess að við þessa umr. komi fram skýrari svör frá hæstv. ráðh. um hennar till. til lausnar á þessum vanda. Það er löngu orðið tímabært að konur sýni það með eftirminnilegum hætti hvers virði vinnuframlag þeirra er þjóðarbúinu og setji í sameiningu fram þá ófrávíkjanlegu kröfu að endurmat fari fram á hefðbundnum kvennastörfum í þjóðfélaginu.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegur forseti er mér væntanlega sammála um það að það sé ekki óeðlilegt að örfá orð heyrist frá karlþjóðinni hér á hinu háa Alþingi um þetta mál því það er nú svo að fyrir utan þessa einu meyfæðingu sem skjalfest er og skráð í sögunni, þá er þetta ekki síður mál okkar karla en kvenna, uppeldi barna. Mér finnst við hæfi að það leggi a. m. k. einn af því kyni leið sína í þennan virðulega ræðustól þegar þessi mál eru hér rædd.

Þetta mál er í sjálfu sér nauðaeinfalt eins og það kemur mér fyrir sjónir og það þarf ekki að flækja það með miklum málalengingum. Það er sú láglaunastefna sem þessi ríkisstj. rekur sem er höfuðmeinsemdin. Og það er ekki bara í þeirri grein sem sérstaklega hefur verið hér til umræðu sem þetta vandamál sýnir sig, þetta er að verða eitt allsherjarvandamál í öllum opinberum rekstri og reyndar víðar í þjóðfélaginu, sú láglaunastefna sem þessi ríkisstj. beitir sér fyrir og er kjarninn í hennar stjórnarstefnu. Það er, eins og hér var réttilega rakið áðan, við svipuð vandamál að glíma á fjölmörgum sviðum. Þannig er fólksflótti úr störfum hjúkrunarfræðinga, úr störfum kennara, fóstra og úr fiskvinnslunni og víðar þar sem hin lágu laun eru greidd.

Sé það svo að hæstv. menntmrh. treysti sér ekki til þess að svara fyrir þetta vandamál og vísi því frá sér, þá er það þetta engin frammistaða af hæstv. ríkisstj. að tilnefna þá ekki þann hæstv. ráðh. sem ber að svara fyrir þennan hlutann í stefnumörkun og störfum hæstv. ríkisstj., sem sagt hæstv. fjmrh. Og hvar er hann, herra forseti? Því situr hann ekki við hlið hæstv. menntmrh.? Ég segi nú ekki að hann þurfi að halda í hendina á henni, en hann getur allavega hjálpað henni við að svara fyrir þann hluta þessara mála sem menntmrh. bersýnilega treystir sér ekki til að verja hér.

Það er viljaleysi og skilningsleysi stjórnvalda sem birtist í þessu máli og framgöngu þeirra og reyndar ekkert síður ýmissa bæjarfélaga. Þannig má nefna Reykjavíkurborg og það má spyrja að því hér hvort hæstv. menntmrh. þyki ekki ástæða til þess að gera sérstaka úttekt á stöðu þessara mála hjá Reykjavíkurborg, m. a. í ljósi síðustu atburða þar, fara bara í alveg sérstaka rannsókn hjá Davíð og kanna það hvernig þessum málum er þar háttað því að þau eru að komast í öngþveiti, það vita allir og bera allir vitni um sem til þessara mála þekkja.

Hér er á ferðinni þróun sem á sér langan aðdraganda og orsakast af þjóðfélagsbreytingum sem eiga ekki að koma neinum manni á óvart. Menn eiga ekki að þurfa að standa hér og gata á því að þjóðfélagshættir hafa verið að breytast á Íslandi á undanförnum áratugum og gamla ættbálkakerfið, ef svo má að orði komast, heyrir til liðinni tíð og kjarnafjölskyldan er meira og minna ein á báti og ein um að leysa sín vandamál. Það er ekki lengur fyrir hendi það fyrirkomulag sem áður viðgekkst að 20—30 manna hópur búi saman og leysi sín vandamál að nánast hver vinnandi hönd í fjölskyldunni, foreldrar og eldri systkini eða hverjir sem það eru, þarf að fara út á vinnumarkaðinn til að draga björg í bú og afla launa til að fjölskyldan geti lifað og veitir ekki af. Þetta fólk á því ekkert val. Það er ósköp einfalt. Það er ekki boðið upp á neitt val fyrir fullvinnandi foreldra sem verða að leggja nánast nótt við dag til að geta lifað og framfleytt sinni fjölskyldu.

Það er hugsanlegt að til séu einhverjar undantekningar á þessu, einhverjir foreldrar sem hafa þá sérstöku aðstöðu að geta unnið fyrir stóriðjunefnd eða einhverja slíka dag og dag á árinu fyrir ráðherralaun. En við erum ekki að tala um það fólk hér. Það eru undantekningar, hitt er almenna reglan. Út frá þeim sjónarhóli verðum við að leita lausnar á þessum málum.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að nánast engin störf í þjóðfélaginu séu mikilvægari en uppeldi og umönnun barna. Meðan þessar þjóðfélagsaðstæður eru á Íslandi — hvað sem menn vilja annars um þær segja, en ekki gefst tími til að fara út í miklar umr. um það hér — verða menn að haga sínum gerðum og sinni stefnumörkun í samræmi við það. Annað er óraunsæi. Stjórnvöld á hverjum tíma verða að sýna skilning á því við hvaða aðstæður almennir þegnar í þjóðfélaginu búa. Ef þau hafa ekki þann skilning til að bera eiga þau ekki að vera að rembast við að stjórna þjóðinni heldur að finna sér eitthvað annað að gera.

Það var sagt í mínu ungdæmi, herra forseti, ef börn og unglingar voru eitthvað sljó til augnanna og eitthvað slöpp og þóttu ekki alveg skila sínu, að þau þyrftu að taka lýsi, það þyrfti að gefa þeim inn lýsi. Mér er ekki grunlaust um að þetta sé stundum sagt enn þá við börn. En ég vil beina því til hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega til hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. að þau taki nú inn lýsi.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég var aðili að samkomulagi um að þessi umr. mundi ekki standa lengur en klukkutíma og mun þess vegna stytta mál mitt mjög. Ég verð að segja að ég hef varla geð í mér til þess að þakka hæstv. ráðh. þessi svör sem gefin voru hér. Ég verð að segja að mér finnst þau ekki bara hneyksli, mér finnst þau hneisa. Það er ekki nóg að áætlanir liggi fyrir ef engir verða til þess að starfa skv. þeim áætlunum.

Þetta var ég að segja hér áðan og það koma engin viðbrögð við því. Það er ekki nóg að leggja fram áætlanir sem á að vinna eftir á dagvistarheimilunum ef þar verða engir lengur til að vinna eftir þeim.

Það var margítrekað hér af ráðh. að þetta væri fyrst og fremst kjaramál. Ég vil segja að þetta er fyrst og fremst hagsmunamál, ekki bara fóstra og barna heldur foreldra og þjóðfélagsins í heild, það verður að undirstrikast hér. Það er ekki nóg að efla menntunina, eins og ráðh. var margítrekað að undirstrika. Þeir sem takast það á hendur að afla sér þessarar menntunar verða fyrst og fremst að geta lifað af henni. Þetta margítrekaði ég hér áðan og það voru engin viðbrögð.

Þegar ég talaði um að neyðarástand ríkti á dagvistarheimilunum var ég ekki að tala um það eins og því var snúið upp, að það væri endilega verið að loka heimilunum núna og að þess vegna væri neyðarástand. Ég var að tala um að það væri neyðarástand þegar börnin þyrftu að hafa allt að tíu til tólf uppalendur á ári. Það er neyðarástand. Þegar svo ör skipti eru á starfsfólki verðum við að taka til hendinni og snúa þróuninni við.

En það kom að vísu fram hér einn hluti af stefnu sem hægt er að kalla stefnu menntmrh. Hún lagði það nánast fram hér að þar sem það fólk sem væri heima hjá sér fengi ekki nein laun eða engar niðurgreiðslur fyrir að hafa börnin sín þar gæti maður í raun tekið þau orð hennar þannig að hægt væri að gefa út þá stefnu að það mætti fara að greiða því fólki laun sem hefur börnin sín heima, e. t. v. í formi hækkaðra barnabóta.

Ég var að lýsa eftir því, svo ég ljúki máli mínu, hvort ráðh. hefði tillögur í þá átt að standa við þá stefnu sem fram kemur í lögunum. Það hafa engin svör komið, hún hefur margítrekað verið spurð, en ég vonast til þess að það heyrist í henni þótt síðar verði.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég skal hafa þetta aðeins stutta athugasemd. En mér finnst erfitt að skilja við þessa umr. svo ekki komi fram frekari hugmyndir eða tillögur frá hæstv. menntmrh. á lausn þessa vandamáls sem við hér ræðum. Ég beindi til hæstv. menntmrh. ákveðinni spurningu og ég kann illa við það að fá ekki svör við þeirri spurningu, sem ég beindi til hennar, áður en þessari umr. lýkur. Ég taldi það vera eitt mikilvægt atriði til lausnar þessum vanda að endurmat færi fram á láglaunastörfunum og þá á störfum fóstra. Ég spurði hæstv. ráðh. að því hvort hún væri tilbúin — eins og hún lýsti yfir að endurmat færi fram á störfum kennaranna — að beita sér fyrir því að endurmat færi fram á fóstrustörfunum. Ég vænti svara við því frá hæstv. ráðh. áður en þessari umr. lýkur. Hæstv. ráðh. þarf aðeins að taka hér eina eða tvær mínútur til þess að svara því og ég vænti að ráðh. svari því nú við þessa umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hér um tiltekið atriði. Það hefur ekki verið hugleitt að undirbúa endurmat á störfum fóstra. Þegar endurmat fór fram á störfum kennara var það eftir eindreginni ósk þeirrar stéttar sjálfrar og um var að ræða starfsfólk í stofnunum menntmrn. Þessi ósk hefur ekki komið fram af hálfu fóstra, a. m. k. ekki gagnvart menntmrn. En eins og ég nefndi áðan starfa þær fyrst og fremst í stofnunum sem eru á vegum allt annarra aðila en menntmrn. Það má því vel vera að slíkt fari fram á vegum sveitarfélaga án þess að mér sé um það kunnugt. En hitt veit ég af fregnum frá borgarstjórnarfundi í gærkvöldi að það mun vera í uppsiglingu á vegum Reykjavíkurborgar nánari úttekt en gerð hefur verið á ástandinu í þessum málum, m. a. á ástæðunum fyrir því að hin mikla hreyfing er á starfsfólki í gegnum dagvistarkerfið.

Árið 1981 var gerð sams konar könnun og orðið hefur tilefni til þessa — m. a. á þessari umr. — en sú könnun leiddi í ljós að hreyfingin í gegnum kerfið þá var einnig mjög mikil, þó nokkru minni en nú. Þá var hún rúmlega 50% en núna rúmlega 60%. Þessi hreyfing stafar ekki öll af því að fólk fari úr störfum við dagvistunarstofnanir heldur flyst það sumt á milli stofnana. Ég hef ekki upplýsingar um að hve miklu leyti hreyfingin stafar af því en það verður kannað, a. m. k. að því er mér er kunnugt um, á vegum Reykjavíkurborgar.

Ég held, herra forseti, að það sé óþarft að ítreka það að inn í samningaviðræður milli fjmrn. og BSRB hefur menntmrn. ekki tök á að grípa fremur en t. d. einhver þeirra þm. sem hér hafa talað og vakið máls á brýnum vanda og krafist tillagna frá þeim sem þessi kjaramál heyra ekki undir en enginn þessara hv. þm. hefur þó komið með eina einustu till. til úrlausnar. Það þykir mér athyglisvert.

Ferðamál, frv. 479. mál (þskj. 848, n. 1137, 1138, 1162). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um skipulag ferðamála. Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og kallað marga til viðræðna, alla helstu forvígismenn í ferðamálum og fulltrúa frá höfuðgreinum ferðamála. Nefndinni hafa borist ýmsar athugasemdir, tillögur og umsagnir sem fjallað hefur verið um eftir föngum. Nm. eru einhuga um að mæla með samþykkt frv. með brtt. sem fluttar eru á sérstökum þskj. Undir þetta hafa allir hv. fulltrúar í samgn. ritað nöfn sín, en einn með fyrirvara, hv. 3. þm. Vestf. Og hefur hann fylgt þeim fyrirvara eftir með því að flytja brtt. á þskj. 1162.

Það er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um aðdraganda þessa frv. eða sögu ferðamála. Þeir sem vilja fræðast nánar um það geta lesið grg. frv. En það er rétt að tæpa aðeins á helstu brtt. sem nefndin gerir við frv. á þskj. 1138. Það eru ekki stórvægilegar breytingar. Uppbygging þessa lagabálks — þessara laga — verður hin sama og verið hefur, en þó eru gerðar nokkrar breytingar sem máli skipta.

Ég ætla aðeins að víkja að því skv. 1. gr. er lögð áhersla á það að ferðamálin eru atvinnugrein sem menn binda vonir við, sem tilheyrir nútíð og framtíð. Og þetta er atvinnugrein sem er í örri þróun. Þess vegna er það að 4. gr. laganna breytist nokkuð. Það er fjölgað fulltrúum í ferðamálaráði. Það sem er þar mest áberandi er það að ferðamálasamtök utan Reykjavíkur,sem stofnuð hafa verið á síðustu árum, eru tekin með.

Þá er brtt. við 8. gr. þar sem kemur fram að fríhöfninni í Keflavík er gert að greiða til ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu eins og verið hefur. En það er tekið fram í brtt. að fríhöfnin skuli greiða gjaldið beint til ferðamálaráðs af sölu hvers

mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Og síðan er tekið fram hvernig þessu fjármagni skuli ráðstafað. Það er skoðun nm. að ef góð skipan kæmist á þessi mál sem fjallað er um í 8. gr., þá væri mikið unnið.

Það verður svo breyting á III. kafla laganna, um Ferðaskrifstofu ríkisins, en um það ætlum við nm. að sé allvíðtækt samkomulag m. a. að starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins verði gefinn kostur á að gerast hluthafar í nýju hlutafélagi sem ráðgert er að stofna um ferðaskrifstofuna. Nú, síðan eru nokkuð breytt V. kafla laganna, um Ferðamálasjóð. Og ýmislegt fleira bar á góma í nefndinni, svo sem t. d. ákvæði í 35. gr. Ýmsir vildu að hæstv. ráðh. legði ríka áherslu á að ákveða íslenska leiðsögumenn í ferðalögum erlendra ferðamanna um landið o. s. frv., o. s. frv.

Loks er það 38. gr. sem breytist á þann veg að frv. þetta, ef að lögum verður, öðlast gildi 1. okt. 1985.

Að síðustu skal tekið fram að í samgn. ríkti að sjálfsögðu hinn ljúfasti samstarfsvilji og einhugur allra nm. sem ber að þakka og virða.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. þó að vissulega hefði margt um þetta mál mátt segja, því að ýmislegt kom fram sem kannske hefði verið ástæða til að ræða í sambandi við þetta. Nú, en eins og fram kom hjá hv. frsm. samgn., þá hefur þetta mál verið fært í betri búning heldur en það var í upphafi. Hefði mátt gera það enn betur ef tími hefði unnist til.

Eins og fram hefur komið einnig skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist á því að ég flyt hér brtt. á þskj. 1162 við 27 gr. frv. Þar segir með leyfi forseta:

„Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstj., að taka allt að 60 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu."

Það ætti ekki að koma neinum hv. þdm. á óvart að Alþfl. hefur mjög varað við hinum gegndarlausu erlendu lántökum og nú hygg ég að allir séu að verða um það sammála að vart sé hægt að ganga lengra á þeirri braut en gert hefur verið. Það mun hafa komið fram í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu að 19% þjóðartekna fari nú í vaxtagreiðslur einar vegna erlendra lána sem tekin hafa verið.

Út af fyrir sig má segja að varðandi þennan atvinnuveg sé ekkert verra að taka erlend lán heldur en til annarra og kannske betra. En einhvers staðar verður að nema staðar. Það verður ekki gengið lengra í því að taka erlend lán heldur en þegar hefur verið gert og þær lántökur eru náttúrlega komnar út í öfgar fyrir löngu.

Ég flyt á þskj. 1162 brtt. við 27. gr. um að orðin „eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt" falli brott. Það er auðvitað ekki nema sjálfsagt að taka þarna lán á innlendum lánamarkaði og trúlega verður það hægt. En að halda miskunnarlaust áfram að veita heimildir til erlendra lántöku, það telur Alþfl. ekki koma til greina. Menn verða að spyrna við fótum og fara að snúa ofan af þessari öfugþróun.

Herra forseti. Mér heyrist á öllu að málið sé brýnt og það þurfi að komast hér fram sem hraðast og ekki skal ég verða fyrstur til að tefja það á nokkurn hátt. En þetta er sú brtt. sem ég flyt og fyrirvari minn byggðist á varðandi undirskrift nál.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þó að mikið handapat sé nú hér í þingstörfum og mikill hraði á málum og á það ýtt að mál gangi hratt fyrir sig, þá ætla ég ekki að neita mér um að segja örfá orð um þetta að mörgu leyti merka frv. sem hér er til umfjöllunar. Það hefði auðvitað verið æskilegt að við hefðum haft hér í hv. Nd. og á Alþingi ærinn tíma fyrir okkur til að ræða þennan merka málaflokk. Ég vil þó sérstaklega taka fram að ég held að samgn. hafi hvergi kastað til höndum og unnið þarft verk og lofsamlegt í því að ná samkomulagi og laga til þetta frv. Og ég segi það hnarreistur héðan úr þessum virðulega ræðustól, herra forseti, þó að ég sé aðili að þeirri nefnd.

Ég vil sérstaklega fagna því samkomulagi sem þarna náðist og þeim brtt. sem samgn. varð sammála um að gera á frv. Ég vil aðeins segja það út af brtt. hv. 3. þm. Vestf. að ég tel ekki rétt eða sanngjarnt að flokka atvinnugreinar niður með þeim hætti sem leiða mundi af samþykkt slíkrar till. sem hann flytur. Við skulum hafa það í huga að hér er einmitt gjaldeyrisaflandi atvinnugrein á ferðinni að verulegu leyti og það hlýtur að þurfa að koma til álita jafnt um ferðaþjónustu og uppbyggingu á því sviði eins og um aðrar atvinnugreinar hvort réttlætanlegt er að taka á því sviði erlent lán fremur en einhvers staðar annars staðar. Þess vegna treysti ég mér ekki til að styðja þá brtt. þó að ég styðji þá hugsun sem ég skil að að baki henni liggi, að draga úr óhóflegum erlendum lántökum og reyna að spyrna þar við fæti.

Ég tel að vel hafi tekist til með breytingar á III. kafla þar sem er eignaraðild starfsfólks Ferðaskrifstofu ríkisins að þeim rekstri. Þar er gott starfsfólk sem hefur unnið merkilegt og mjög þarft starf. Um það er ekki deilt. Það er því ánægjulegt ef orðið getur samstaða um að það eigi aðild að rekstrinum með þessum hætti og ég styð þá tilhögun sem þar er lögð til að verði.

Að síðustu, herra forseti, um VI. kafla og ýmis ákvæði sem þar eru. Ég er í hópi þeirra nefndarmanna sem hefðu kannske kosið að fá þar aðeins ákveðnara orðalag, eins og hv. frsm. rakti í ágætri framsögu sinni að uppi hefðu verið skoðandir um, en ég sætti mig þó fyllilega við það að þetta standi svona og treysti þá á að í framkvæmd takist að hafa þessi mál í öllu fastari skorðum en verið hefur. Hóf er jafnan best í öllu og í ferðamálum erum við Íslendingar ekki hvað síst að selja aðgang að þeirri merkilegu og fágætu auðlind sem er landslag og náttúra Íslands. Þar þarf því að hafa aðgát við og æskilegt væri að yfirvöld ferðamála mörkuðu sér framtíðarstefnu um það hvert er hið heppilega meðalhóf sem við Íslendingar eigum að stefna á hvað varðar aðgang og sölu að þeirri auðlind.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1138,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1138,2 (ný 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1138,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 1138,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1138,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1138,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
17.—24. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1138,7 samþ. með 27 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1162 felld með 17:4 atkv.
27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
28.—37. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1138,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 90. fundur.

Föstudaginn 7. júní, að loknum 89. fundi.

Ferðamál, frv. 479. mál (þskj. 1189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 734, n. 1087 og 1147, 757, 1088, 1146, 1169). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Eins og hér var kynnt kem ég til með að mæla fyrir nál. á þskj. 1087 frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. Henni bárust margháttuð erindi og gögn. Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. mun skila séráliti.

Við afgreiðslu Ed. á frv. var gert ráð fyrir að heildarlántökur næmu alls 9462 millj. kr. Þar af var ráðgert að afla 2393 millj. kr. innanlands og 7069 millj. kr. með erlendum lántökum. Breytingar í meðförum n. leiða til hækkunar á lántökum um 127 millj. kr. og nema því heildarlántökur 9 milljörðum 589 millj.

Þær breytingar, sem lagt er til að samþykktar verði, eru eftirfarandi:

Áformað var að fyrirhuguðu þróunarfélagi yrðu heimiluð 500 milljón kr. lántaka á árinu 1985. Af þessari fjárhæð hefur ríkisstj. ákvarðað að 50 millj. kr. gangi til eflingar rannsóknastarfa í landinu á vegum Rannsóknaráðs og 60 millj. kr. renni til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til eflingar nýrra búgreina. Eftirstöðvum af fyrirhugaðri lántöku þróunarfélagsins er fyrirhugað að ráðstafa á eftirfarandi hátt:

Framkvæmdasjóður vegna sjávarútvegs 50 millj. kr., Framkvæmdasjóður vegna Iðnlánasjóðs 50 millj. kr., Framkvæmdasjóður vegna fiskiræktar 50 millj. kr., útflutningslánasjóður 50 millj. kr. og þróunarfélag 190 millj. kr. Samtals eru þetta 390 millj. kr.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs hækka um 120 millj. Felast þær í eftirfarandi atriðum:

1. Framlag til rannsóknastarfsemi og nýrra atvinnugreina í landbúnaði 110 millj. kr.
2. Til Kvikmyndasjóðs 10 millj. kr.

Heildarlántökur B-hluta ríkissjóðs hækka um 5 millj. kr. og er það til laxeldisstöðvar í Kollafirði vegna endurbóta.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs hækka um 202 millj. kr. og skiptist sú hækkun þannig:

Þróunarfélagið fær 190 millj. kr. og grænfóðurverksmiðjur 12 millj. kr.

Í frv., eins og það kom frá Ed., voru erlendar lántökur til lánastofnana áætlaðar 1562 millj. kr. Í þeirri fjárhæð var gert ráð fyrir 500 millj. kr. erlendri lántöku vegna fyrirhugaðs þróunarfélags. Eins og fram hefur komið tekur A-hluti ríkissjóðs 110 millj. kr. af þeirri fjárhæð og 190 millj. kr. eru ætlaðar þróunarfélaginu sjálfu sem fellur undir fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs.

Til atvinnufyrirtækja var gert ráð fyrir 1500 millj. erlendri lántöku, en nú er lagt til að hækka þessa fjárhæð um 100 millj. kr. sem ganga eiga til skipaviðgerða.

Þá er leitað eftir heimild til handa fjmrh. til að yfirtaka eða veita sjálfskuldarábyrgð á allt að 250 millj. vegna afurðalána sem skreiðarverkendur hafa fengið vegna skreiðarbirgða í árslok 1984. Hér er um að ræða aðstoð við skreiðarframleiðendur í landinu vegna söluerfiðleika á skreið til Nígeríu allt frá árinu 1982.

Þá er þess að geta að Framkvæmdasjóður mun leggja Byggðasjóði 100 millj. til þess að auðvelda þeim byggðarlögum, sem eru að missa eða hafa misst skip vegna greiðsluerfiðleika, að halda þeim í heimabyggð.

Sömuleiðis mun Framkvæmdasjóður lána til loðdýraræktar 50 millj. að fengnum tillögum stofnlánadeildar.

Breytingar á útlánaáætlunum húsbyggingarsjóða ríkisins eru ekki gerðar á lánsfjárlögum þar sem ákveðin hefur verið viðbótarfjáröflun til lausnar á vanda húsbyggjenda og frv. þar að lútandi var afgreitt héðan úr deildinni í gær.

Undir þetta nál. rituðu á Alþingi 31. maí 1985: Páll Pétursson, sem er formaður og frsm. n., Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal.

Þessu nál. fylgja fskj. Í fyrsta lagi heildaryfirlit um erlendar og innlendar lántökur 1985, í öðru lagi lánsfjárþörf opinberra aðila 1985, í þriðja lagi Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985, í fjórða lagi útflutningslánasjóður, í fimmta lagi greiðsluyfirlit Iðnþróunarsjóðs, í sjötta lagi greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985 og í sjöunda lagi tafla um fjármunamyndun 1983—1985.

Það hefði verið ánægjulegra að mæla fyrir nál., herra forseti, til lækkunar á lánsfjárlögum. Skuldir okkar í útlöndum keyra úr hófi og verða á þessu ári 63.6% af vergri þjóðarframleiðslu.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að staldra við og hugleiða hvernig þessar skuldir hafa myndast. Meira en helmingur af þessum skuldum er

myndaður vegna orkumála. Beislun innlendrar orku, sem í sjálfu sér hefur verið mikið forgangsverkefni á undanförnum árum, hefur reynst mjög kostnaðarsöm. Þessi innlenda orka ber erlendan kostnað að mjög verulegu leyti og því miður skilar hún ekki alltaf þeim arði sem til var ætlast í upphafi. Hagkvæmni stærðarinnar hefur verið alls ráðandi og menn hafa í sumum tilfellum verið ansi mikið of stórhuga.

Við búum nú við þær aðstæður að hér eru ónýttar virkjanir, en samt er haldið áfram. Að vísu hefur í meðförum Alþingis verið skorið verulega niður fé til orkumála, þ. e. til Landsvirkjunar, frá upphaflegum óskum, en það er mikil spurning í mínum huga hvort ekki hefði mátt skera meira. Úr orkugeiranum er helst eitthvað hægt að klípa. En á því voru vankantar. Það er búið að bjóða of mikið út. Það er búið að semja um framkvæmdir við verktaka. Ef átt hefði að breyta þeirri áætlun hefði það kostað að taka hefði orðið upp samninga við verktakana um að þeir féllu frá þeim verksamningum eða frestuðu verklokum frá því sem upphaflega var um samið, en vafalítið hefði þurft að greiða þeim skaðabætur fyrir. Þetta er ekki nógu gott skipulag. Fyrirtæki gerir stórhuga áætlanir og gerir síðan stórhuga verksamninga í kjölfarið á hinum stórhuga áætlunum, leggur síðan fram háar beiðnir um lántöku sem ekki er hægt annað en að verða við af því að búið er að semja um verkið. Það verður að vera í samræmi í orkunotkun og orkuöflun. Það verður að láta þetta haldast í hendur og sníða þessu þann stakk sem þjóðfélag okkar þolir.

Virkjunarhraðinn má ekki verða til þess að við neyðumst til þess að selja orkuna á spottprís til erlendra stórnotenda og velta svo hallanum yfir á almenningsnotkun í landinu. Þetta er hættuleg stefna. Það er höfuðnauðsyn að söðla um. Orkumál verða að meðhöndlast af mikilli fyrirhyggju og aðgát því þeir sem meðhöndla þau hafa bókstaflega í höndum fjöregg þjóðarinnar.

Ég nefni það sem dæmi að áætlanir um virkjunarhraða við Blöndu miða að því að virkjunin hefji raforkuframleiðslu 1988, verði ekki af stóriðjusamningum, sem ég tel ósennilegt að af verði og óskynsamlegt að gera nema þá að framleiðslukostnaðarverð fáist fyrir raforkuna. Þessi virkjun, sem nú er áætlað að taki til starfa 1988, þarf ekki að taka til starfa vegna almenns markaðar fyrr en 1991, þ. e. — og ég ítreka — ef ekki verður af nýjum stóriðjusamningum, og Blönduvirkjunarviðbótin dugir til aldamóta án nýrrar stóriðju.

Hæfustu sérfræðingar og starfsmenn og nm. hafa verið á ferð út um veröldina með töluverðum kostnaði til þess að gera samninga og leita að kaupendum, en þeir hafa ekki fundið enn þá kaupendur sem hægt er að festa hönd á og það er ekki horfur á glæsilegum arðvænlegum samningum úr þeirra hendi á næstunni.

Ég tel sem sagt að við ættum að láta okkur hægara í þessari erlendu skuldasöfnun, við getum dregið úr þessum framkvæmdum án þess að þjóðarbúið fyndi verulega fyrir því, og reyna heldur að borga niður þær virkjanir sem þegar eru komnar og koma arðsamari lagi á okkar orkubúskap.

Herra forseti. Það væri sannarlega freistandi að fjalla um þetta í lengra máli. Ein af brtt. sem við leggjum til er sú að taka 10 millj. kr. til láns í útlöndum til þess að búa til kvikmyndir. Það er gott og skynsamlegt að búa til kvikmyndir, en hitt er svo spurning hvort eðlilegt er að taka lán í útlöndum til og gera það mögulegt eða til þess að gera gerð þeirra mögulega. Svona er lengi hægt að telja. En þetta er það sem við leggjum til og eins og Marteinn heitinn Lúter sagði forðum: „Hér stend ég og get ekki annað."

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru lánsfjárlög fyrir árið 1985 sem hér eru á dagskrá. Það er 7. júní í dag. Margir hafa bent á að það hefði verið mikið eðlilegra fyrir ríkisstj. úr því sem komið er að afgreiða þau bara 31. des. því að þá yrðu tölurnar örugglega réttar og þá yrði víst fengin reynsla fyrir því að þær áætlanir eru síður vitlausar sem eru gerðar eftirá.

Ég hygg að þess séu engin dæmi að lánsfjárlög hafi verið tilbúin jafnseint og hér er um að ræða og er það auðvitað enn eitt dæmið um hvernig efnahagsstjórn núv. ríkisstj. er, algerlega í ólestri. Ég hef fylgst með þróun þessara mála hér á hv. Alþingi í vetur og ég hef skráð í dagbækur mínar þróun talna í lánsfjárlagafrv. Ég hygg að ekkert stjfrv. hafi tekið jafnafgerandi breytingum hér á þinginu í vetur og stjfrv. um lánsfjárheimildir fyrir ríkið árið 1985 nema ef vera skyldi frv. um ríkisendurskoðun sem var tekið úr höndum ríkisstj. og breytt í grundvallaratriðum. Ef við tökum hér frv. til lánsfjárlaga, þá hafa tölur í því breyst til þessa fjórum sinnum, það er nú ekki meira, en þá er þess að geta, herra forseti, að það er eftir heil umr. hér á hv. Alþingi í Nd. og auk þess ein umr. í Ed. þannig að sennilega er hægt að breyta þessu svo sem eins og tvisvar í viðbót. Þetta sýnir þá festu eða hitt þó heldur sem er í vinnubrögðum ríkisstj. í efnahagsmálum.

Ef við tökum fyrst erlendar lántökur samkv. 1. gr. frv., þá var fyrst gert ráð fyrir að þær væru 2489 millj. kr., það var lögð á það áhersla að þetta væri nákvæmlega niðurnjörvuð tala og bak við hana lægju hin ýtrustu efnahagsvísindi og hefðu þar komið nærri sérfræðingar Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka og fjárlaga- og hagsýslustofnunar og lagt sig fram um að finna hina einu sönnu tölu fyrir erlendar lántökur samkv. 1. gr. frv. á árinu 1985. En svo merkilega vildi nú til að þessi vísindi dugðu ekki nema í fáeinar vikur. Þá fór fram umr. um málin í Ed. og eftir hana var þessi tala í fyrsta lagi hækkuð og í öðru lagi lækkuð og í þriðja lagi hækkuð aftur. Þá varð hin vísindalega niðurstaða meiri hl. hér á Alþingi sú að erlendar lántökur samkv. 1. gr. þessa frv. ættu ekki að vera 2489 millj. kr., heldur nákvæmlega 2436 millj. kr. Þannig hafði talan á milli 1. og 2. umr. í Ed. lækkað um 53 millj. kr. Og nú héldu flestir að hin endanlegu efnahagsvísindi ríkisstj. væru fundin, þetta væri sú tala sem ætti að miða við. En viti menn. Þegar málið kemur til Nd. er enn þörf á því að breyta þessari tölu og ríkisstj., sem setti sér það mark að skera niður erlendar lántökur um þúsund milljónir og lækka þessa tölu í 1. gr. lánsfjárlaga, skilar inn nýrri upphæð við 2. umr. málsins í Nd. samkv. nál. 5. júní s. l. þar er gert ráð fyrir því að talan sé ekki 2489 og ekki heldur 2436, heldur 2561 millj. kr. Þannig reyndust þessi vísindi, sem Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki höfðu sveist við að koma saman fyrir ríkisstj. í desembermánuði, á sandi byggð og þá varð að breyta tölunni tvisvar sinnum og enn er eftir að breyta henni að einhverju leyti.

Nú, 7. júní hefur þessi tala breyst þrisvar eða fjórum

sinnum frá því að frv. var lagt fram.

Síðan kemur fyrirbæri sem heitir Landsvirkjun. Þaðan hafa menn yfirleitt sent tillögur til fjmrn. á undanförnum árum. Niðurstaðan við 1. umr. fjárlaga var 1200 millj. kr., 1.2 milljarðar, og þeir Landsvirkjunarmenn sögðu að það væri útilokað að komast af með lægri upphæð, alls ekki mætti hugsa sér að lægri tölur væru nefndar í sambandi við erlendar lánsfjárheimildir Landsvirkjunar á árinu 1985. Þá kemur til skjalanna varamaður nokkur í stjórn Landsvirkjunar, sem heitir Finnbogi Jónsson og er þar fulltrúi Alþb., og hann leggur fram grg. um stöðu virkjanamála þar sem það kemur fram að umframorka hér í landinu nemur mörg hundruð gígawattstundum á ári og bendir á að það sé alveg út í hött að keyra framkvæmdahraða áfram eins og stjórn Landsvirkjunar hafði gert grein fyrir. Hæstv. iðnrh. og Landsvirkjunarstjórnin létu sér segjast og niðurstaðan varð sú, eftir miklar vangaveltur og yfirlýsingar ríkisstj. um að ætti að skera niður erlendar lántökur um 1000 milljónir króna, að þessi tala var lækkuð úr 1.2 milljörðum niður í 884 millj. kr. Þá hefðu kannske margir haldið að hin endanlegu vísindi Landsvirkjunar væru fundin og iðnrn., en bíðið við. Þegar málið er til 3. umr. í hv. Ed. koma ný vísindi til sögunnar. Þá er þessi upphæð orðin 1036 millj. kr. og að auki 85 millj. kr. sem má bæta við ef ríkisstj. nær samningum við Swiss Aluminium um stækkun álversins í Straumsvík. Þá er forsjálnin orðin slík að það er farið að gera ráð fyrir því í lánsfjáráætlun að ef ríkisstj. skyldi ná samningum Svisslendinganna megi auka þarna við 82 millj. kr. Þegar þessi mikla forsjálni ríkisstj. var komin fram hefði maður haldið að hinn endanlegi stóri sannleikur Landsvirkjunar og stjórnarliðsins væri loksins fundinn. Þessi tala stendur enn, en eins og ég benti á áðan, herra forseti, eru tvær eða þrjár umr. eftir um málið í þinginu þannig að það er kostur á því að breyta henni tvisvar eða þrisvar sinnum í viðbót. Talan sem í upphafi var 1.2 milljarðar kr. er nú komin í 1118 millj. kr. Þetta var í sambandi við erlendar lántökur skv. 1. gr. og Landsvirkjun. Þar hefur allt verið á fleygiferð. Þessar tölur og breytingar þeirra á milli umræðna sýna að þetta er tóm vitleysa, þetta er tómt rugl. Vísindin, sem menn þykjast hafa á bak við þetta, reynast ekki standast stundinni lengur, stundum ekki einu sinni í hálfan mánuð eins og á milli 2. og 3. umr. um þessi mál í Ed., en 2. umr. fór þar fram 1. apríl og 3. umr. fór fram 17. apríl.

En ekki er allt búið enn af þessari speki ríkisfjármálastjórnarinnar. Því það er undarleg skepna sem hefur gengið hér í gegnum þingsalina að undanförnu og heitir þróunarfélag. Þegar lánsfjárlagafrv. var lagt fram var gert ráð fyrir að þróunarfélagið fengi 500 millj. kr., takk. Það var ekki verið að skera það við nögl. Það var ekki verið að súta tölurnar þá eða fara í saumana á smáaurunum. 500 millj. kr. voru í lánsfjárlagafrv. Síðan hófst einhver bögglingur í stjórnarflokkunum um þetta þróunarfélag og menn voru lengi að velta fyrir sér hvað ætti að gera. Að lokum var félaginu sleppt um skeið í lánsfjárlagafrv. Við 2. og 3. umr. í Ed. var ekkert minnst á þróunarfélagið í lagatextanum. Það var hvergi nefnt. Það var engu líkara en þeirri skepnu hefði verið slátrað eins og þeirri skepnu sem einu sinni hét eignarhaldsfyrirtæki ríkisins og var reyndar einu sinni í þessu frv., en hefur nú verið slátrað að sögn, hver sem hefur slátrað því, hvort sem það var hæstv. iðnrh. eða einhver annar ráðherra. Engu líkara er en að eignarhaldsfyrirtækið sé það eina sem hæstv. iðnrh. hefur látið snýta rauðu í seinni tíð. — En bíðið við. Svo kemur 2. umr. í Nd. og þá koma fram brtt. frá meiri hl. Þá er þróunarfélagið komið af stað aftur. Draugurinn er komin upp úr stakkstæðinu. Það eru 190 millj. kr. sem þessi skepna á nú að fá, en jafnframt liggur fyrir svokallað eignarhaldsfyrirtæki ríkisins er hvergi nefnt á nafn. Það er úr sögunni.

Það má nefna hér fleiri dæmi um hina undarlegu þróunarsögu lánsfjárlagafrv. Það væri kannske rétt fyrir vísindamenn að skrifa um það ritgerðir hvernig vinnubrögðin eru í ríkisfjármálum hér á landi. Þá væri alveg kjörið að fylgja eftir því máli sem hér er á dagskrá og heitir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985, 245. mál. En það er fleira sem hefur þarna breyst aftur og fram. Útflutningslánasjóður hafði ekki neitt þegar frv. var lagt fram í upphafi. Hann er kominn í 70 millj. kr við 2. umr. og er í 70 millj. kr. við 3. umr. í Ed., en er núna komin upp í 120 millj. kr. Þegar frv. var lagt fram voru engar tillögur í því um ábyrgðarheimildir eða yfirtökur lána af hálfu ríkisins. Það var núll. Eftir 2. umr. í Ed. mundu menn skyndilega eftir því að það þurfti að bera ábyrgð á þeim lánum sem 1984 höfðu verið tekin til húsnæðislánakerfisins og þá er ákveði um það sett inn upp á 287 millj. kr. erlend lán til húsnæðislánakerfisins 1984. Síðan eru tekin þarna inn endurlán ríkissjóðs upp á 80 millj. kr. Þannig er upphæðin alveg samfelt frá 1. apríl. Það má heita gott. Hún stendur samfellt óbreytt frá 1. apríl, enda dagsetningin ekki óheppileg miðað við allar aðstæður og til dagsins í dag. 367 millj. kr. í ábyrgðarheimildir fyrir ríkið.

En þá kemur nýr vandi til skjalanna sem ríkisstj. hafði ekki gert sér grein fyrir. Þjóðin hafði að vísu gert sér grein fyrir því fyrir löngu, mörgum árum, sennilega fjölda ára, en ríkisstj. áttaði sig ekki á því hver þessi vandi var og uppgötvaði hann ekki fyrr en 5. júní 1985. Sá vandi er fólginn í því að hér hefur legið um misseraskeið nokkurt magn af skreið. Verður sú saga ekki rakin hér mjög ítarlega þó að efni væri til. Þegar frv. er hér lagt fram gerði ríkisstj. tillögur um að ábyrgjast eða yfirtaka lán vegna skreiðar upp á 250 millj. kr.

Hérna hef ég lauslega, í fáum orðum, herra forseti, rakið þessa undarlegu sögu, hvernig frv. hefur verið að breytast frá því að það var lagt fram í upphafi, í desember trúi ég á árinu 1984. Það mun hafa verið lagt fram á árinu 1984, enda átti það að gilda fyrir árið 1985.

Þeirri skepnu sem heitir þróunarfélag, er ætlað að fá 190 millj. kr., en það er búið að dreifa uppphaflegu upphæðinni á ýmsar aðrar stofnanir og fyrirtæki. Til gölggvunar ætla ég að fara yfir hvert upphaflegu 500 millj. eru farnar. Ég vænti þess að staðgengill hæsv. fjmrh. taki glöggt eftir þessari skiptingu og leiðrétti mig ef eitthvað er rangt með farið í henni.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að verja 50 millj. kr. til Rannsóknaráðs ríkisins. Það er í öðru lagi gert ráð fyrir að 60 millj. kr. fari til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Í þriðja lagi fari um 50 millj. kr. í Sjávarútvegssjóð. Það eru engin lög til um hann. Það er eitthvert frumvarpsslitur uppi í Ed. um þá stofnun, en það eru ekki til lög um hann sem slíkan, enda gert ráð fyrir að þetta fé staldri við í Framkvæmdasjóði. Í fjórða lagi er

um að ræða 50 millj. kr. í Iðnlánasjóð. Í fimmta lagi fari 50 millj. kr. til fiskiræktar, Framkvæmdasjóð trúi ég. Og í sjötta lagi fari 50 millj. kr. til útflutningssjóðs. Í sjöunda lagi fari 190 millj. kr. til þróunarfélgasins. Samtals um hálfur milljarður kr., 500 millj.

Þetta vildi ég rekja hérna, herra forseti, til þess að ég gæti borið tölurnar saman við hæstv. ráðh. sem gegnir þessa stundina fyrir hæstv. fjmrh. á hinu háa Alþingi.

Í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. segir svo, með leyfi forseta:

„Hörmungarsaga frv. til lánsfjárlaga verður ekki rakin hér í nál. Fyrir liggur að frv. til lánsfjárlaga hefur aldrei verið afgreitt jafnseint og nú stendur til að gera. Töfin stafar af því að ríkisstj. hefur ekki komið sér saman um neitt fyrr en á elleftu stundu. Sem dæmi má nefna að hún hefur fjórum sinnum látið breyta tölum um erlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. Þessa ringulreið á grundvallarlöggjöf efnahagsstjórnar á Íslandi endurspeglar ráðleysi stjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Það er ljóst að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir ná ekki saman um neitt þó að allt sé komið í óefni. Kemur hér fram að eina úrræðið, sem þesssir flokkar eru sammála um í efnahagsmálum, er að lækka kaupið. Allt annað er í fullkomnum ólestri.

Stjórn ríkisfjármálanna hefur gersamlega farið úr böndum. Ríkisstj. viðurkenndi eigin uppgjöf í þeim efnum á síðasta þingi með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Síðan er þrónun þessara mála ein samfelld hörmungarsaga.

1. minni hl. mun gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í framsöguræðu auk þess sem brtt., sem fram kunna að koma frá öðrum nm., verða metnar eftir efni þeirra, en brtt., frá meiri hl. n. eru enn ekki allar komnar fram."

Ég vek athygli á þessu atriði að brtt. frá meiri hl. n. eru enn ekki allar komnar fram. Mér skilst að það sé á döfinni hjá meiri hl. n. að flytja eina eða tvær brtt. í viðbót við 3. umr., enda er sjálfsagt að nota hverja umr. til að breyta úr því að þær eru á annað borð til staðar og til þess að halda uppteknum hætti í þeim efnum. Þannig er útilokað fyrir minni hl. að meta þessa hluti í einstökum atriðum fyrr en vitað er hvaða brtt. koma fram.

„Í nefndinni hefur stjórnarandstaðan aftur og aftur rekið á eftir því að þetta mál megi hljóta afgreiðslu á Alþingi. Það hefur strandað á ósamkomulagi í stjórnarflokkunum. Sannast hér enn það, sem forsrh. hefur bent á, að stjórnarmeirihlutinn hefur tafið þingstörfin.

Alþingi, 6. júní 1985.
Guðmundur Einarsson. Svavar Gestsson."

Í nál. á þskj. 1147 birtum við nokkrar upplýsingar á sérstökum fskj. Á fskj. I., sem er frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, eru upplýsingar um hversu miklar verði skuldir þjóðarinnar í lok þessa árs. Það fskj. er á þessa leið:

„Skv. upplýsingum Seðlabanka Íslands er erlend skuldastaða á árinu 1985 áætluð um 63.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum skuldum er áætluð um 21.3% af útflutningstekjum á árinu 1985."

Nú lýsti hæstv. fjmrh. því yfir einu sinni að hann ætlaði að segja af sér ef þetta hlutfall færi fram yfir 60%. Hann hefur hins vegar leiðrétt þessa yfirlýsingu þannig að hún hafi aðeins átt við þá stund þegar hún var mælt þannig að ef hann sæti t. d. sem fjmrh. í fimm eða sex ár í viðbót breytti það í rauninni engu þó að skuldahlutfallið færi upp í 70%. Yfirlýsingin hafi aðeins verið miðuð við árið 1984. Er þetta í rauninni athyglisverð nýjung í yfirlýsingum stjórnmálamanna, að þeir gefi í eitt skipti fyrir öll yfirlýsingu um að það sem þeir eru að segja gildi aðeins fyrir það ár sem þær eru talaðar á. Mundi það óneitanlega einfalda mörgum að taka þátt í stjórnmálastarfsemi miðað við það sem verið hefur. Einkum væri þægilegt fyrir Framsfl., vegna þess að hann er vanur að skipta um stefnu árlega, að hafa svona yfirlýsingar upp á að hlaupa. (**SV:** Það eru nú fleiri.) Það eru fleiri segir hv. þm. Stefán Valgeirsson og gleðst við að hann er ekki einn um það.

Síðan kemur fskj. II sem er skipting erlendra lána eftir uppruna. Það er plagg sem ég fékk frá fjmrn. 29. apríl 1985. Þar eru fróðlegar upplýsingar um það hvaðan erlend lán eru og hvernig þau skiptast eftir myntum. Menn vita að þróun dollarans hefur verið okkur nokkuð óhagstæð á undanförnum árum. Í upplýsingunum kemur fram að af erlendum skuldum þjóðarbúsins í árslok 1984 voru 54.5% í Bandaríkjadollurum, 15.3% í japönskum yenum og aðrar tölur voru mun lægri.

Í þessu fskj. kemur það einnig fram hver ætla má að verði viðskiptahallinn á árinu 1985. Eitt af markmiðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var að draga úr skuldasöfnun við útlönd og koma á viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Þegar stjórnin tók við voru horfur á því að viðskiptahalli það ár gæti orði 2-3%. Skv. upplýsingum frá fjmrn. dags 29. apríl 1985 er þessi tala orðin miklum mun hærri. Þar segir, herra forseti:

„Viðskiptahallinn nam rúmum 4100 millj. kr. skv. bráðabirgðatölum 1984 og er áætlaður um 4500 millj. kr. á árinu 1985.

Þess má geta, að vaxtagreiðslur af erlendum lánum námu 4555 millj. kr. á árinu 1984 og eru áætlaðar um 6000 millj. kr. 1985."

Herra forseti. Lánsfjárlög eru jafnan þannig úr garði gerð að þar er annars vegar um að ræða ábyrgðarheimildir fyrir ríkið, en þar er líka um að ræða heimildir til að skerða framlög til ýmissa sjóða. Á fskj. III í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. kemur fram hver skerðingin er á hinum einstöku sjóðum. Það kemur fram að Félagsheimilasjóður er skertur um 74.1%, Fiskveiðasjóður um 100%, Aflatryggingasjóður um 100%, Byggðasjóður um 85%, Bjargráðasjóður um 100%, veðdeild Búnaðarbanka Íslands um 100%, Byggingarsjóður ríkisins um 3%, Framkvæmdasjóður fatlaðra um 63% og Ferðamálasjóður um 100%.

Varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra er þetta sýnu alvarlegast. Þar er um að ræða skerðingu sem nemur 68 millj. kr. Skv. lögum hefði sjóðurinn átt að fá á þessu ári 108 millj. kr. en fær skv. fjárlögum 40 millj. kr. Nú mun það hins vegar hafa gerst skv. upplýsingum sem mig minnir að ég hafi séð í þingtíðindum frá umr. um þessi mál í Ed. að það hafi verið aukið nokkuð við með aukafjárveitingu í Framkvæmdasjóð fatlaðra, en engu að síður er ljóst að þar er um að ræða skerðingu upp á tugi millj. kr.

Í fskj. IV birtum við greiðsluáætlun Fiskveiðasjóðs fyrir árið 1985. Þar kemur fram að útborganir Fisk-

veiðasjóðs eru samtals 1.7 milljarðar kr. á þessu ári, þ. e. afborganir og vextir af lánum 790 millj., afborganir og vextir af innstæðum lántakenda 900 millj. og kostnaður Fiskveiðasjóðs 35 millj. Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs á þessu ári er talinn vera 440 millj. kr.

Upplýsingar um Byggðasjóð eru á fskj. V. Þar er yfirlit yfir ríkisframlög, eigið fé, og lántökur Byggðasjóðs á verðlagi 1984 miðað við byggingarvísitölu. Þær upplýsingar eru býsna fróðlegar. Þær sýna m. a. að *ríkisframlag hefur farið jafnt og þétt lækkandi um* nokkurra ára skeið og staða Byggðasjóðs er nú í heild veikari en hún hefur nokkurn tíma verið.

Á fskj. VII og fskj. IX koma fram upplýsingar frá Landsvirkjun. Þar kemur fram framkvæmda- og rannsóknaráætlun Landsvirkjunar fyir árið 1985. Þar er gert ráð fyrir að í Blönduvirkjun fari 686.8 millj. kr., í Kvíslaveitu 177 millj. kr. og í Sigöldu-, Hrauneyja- og Sultartangalón 22.3 millj. kr. eða samtals í virkjanaframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar 885.8 millj. kr. Þá eru ýmsar aðrar framkvæmdir í gangi á vegum Landsvirkjunar, þ. e. stjórnbygging upp á 36.1 millj. kr., 66 kv. spennir við Búrfell 16.2 millj. kr., stækkun og ræktun við Hrauneyjafossa 11 millj. kr. og annað upp á 20 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir að verja til virkjanarannsókna á þessu ári 33.3 millj. kr. Í almennar rannsóknir á að verja 38.4 millj. kr. og í háspennulínur 7.3 millj. kr. Samtals er hér um að ræða áætlun hjá Landsvirkjun upp á 1 milljarð 118 millj. kr.

Í framhaldi af þessum upplýsingum skrifaði ég Landsvirkjun bréf og óskaði eftir nánari skýringum á ýmsu því sem kemur fram í þessari áætlun. Halldór Jónatansson forstjóri Landsvirkjunar sendi mér bréf út af þessu, dags. 22. maí 1985, og er það bréf birt í heild í nál. þessu. Þar segir svo á bls. 9, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til símtals okkar í dag varðandi framangreint leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi um tímasetningu Blönduvirkjunar og áætlaðan kostnað við framkvæmdir Landsvirkjunar 1985:

a. Vegna almenns markaðar er áætlað að Blönduvirkjun þurfi að komast í notkun haust 1991."

Vegna almenns markaðar, ef ekki koma inn neinir nýir raforkukaupendur, þá er nóg að Blönduvirkjun komist í notkun á árinu 1991.

„b. Á grundvelli áætlunar um að Blönduvirkjun komist í notkun haustið 1991 er gert ráð fyrir 604.8 millj. kr. kostnaði á árinu 1985 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 206 stig." Ef Blönduvirkjun kæmi ekki í notkun fyrr en 1991 gæti talan sem í Blönduvirkjun er ætluð í frv., 687 millj. kr., lækkað niður í 605 millj. kr. Mismunurinn á þessum tölum er sem sagt liðlega 80 millj. kr. Ef það væri ákvörðun ríkisstj. að Blönduvirkjun kæmi ekki inn fyrr en 1991 vegna þess að engin stór raforkukaupandi er fyrirsjáanlegur á því tímabili enn þá mætti lækka þessa tölu um liðlega 80 millj. kr. Stjórnarmeirihlutinn hefur hins vegar ekki viljað hlusta á þau rök sem fram hafa komið frá Landsvirkjun í þeim efnum, en ég bendi á þetta. Ég hef ekki flutt brtt. um þetta sérstaka efni. Ég bendi á þetta vegna þess að það hlýtur að vera til umhugsunar að hér er verið að taka inn nokkru stærri tölu en þörf krefur ef miðað er við að virkjunin komi ekki inn fyrr en 1991.

„c. Áætlun um hvenær kísilmálmverksmiðja komi inn sem raforkukaupandi liggur ekki fyrir, en raforkusala til slíkrar verksmiðju gæti hafist fyrir árið 1988 ef stefnt verður að gangsetningu Blönduvirkjunar á því ári.

d. Á þessu ári er auk Blönduvirkjunar áætlað að ljúka 4. áfanga Kvíslaveitu og vinna að ýmsum frágangi við fyrri áfanga hennar við Þórisós. Kostnaður vegna þessara framkvæmda er áætlaður 176.7 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 206 stig. Auk þess er ráðgert að vinna á þessu ári við endurbætur á stíflum og lónum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu fyrir um 22.3 millj. kr. Á sama verðlagi áætlast ýmsar framkvæmdir í rekstri í ár alls 83.2 millj. kr."

Að lokum, herra forseti, eru svo fskj. X og XI. Það eru minnispunktar um stöðu innlendrar lánsfjáröflunar. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. eru upplýsingar um innlenda lánsfjáröflun þar sem gert er ráð fyrir að hún verði 780 millj. kr. á þessu ári. Þar af útgáfa spariskírteina 400 millj. kr. Hvernig stendur það? Hvaða horfur eru á að útgáfa spariskírteina gefi 400 millj. kr.? Skv. upplýsingum fjmrn. hafa spariskírteini til þessa selst fyrir 641 millj. kr. eða allmiklu meira en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun, en þar á móti kemur að innheimtufé spariskírteina er 843.6 millj. kr. Þannig er þessi liður, sem átti að gefa 400 millj. kr., neikvæður eins og sakir standa um 200—300 millj. kr. Þetta hlýtur að verða mönnum nokkurt umhugsunarefni frammi fyrir þeirri staðreynd. Það er verið að tala um að draga úr erlendum lántökum og allt það, en svo virðist sem sparnaðarform sem einkamarkaðurinn býður séu enn þá, þrátt fyrir góð kjör sem boðin eru á vegum ríkissjóðs, að þrengja að innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs. Þetta held ég að hljóti að verða mönnum nokkurt umhugsunarefni.

Hér segir í skjali til mín frá fjmrn. 4. júní 1985:

„Minnispunktar frá fjmrn. um stöðu innlendrar lánsfjáröflunar.

Skv. upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs lágu fyrir eftirfarandi upplýsingar um innlenda fjáröflun ríkissjóðs um miðjan maí.

Innstreymi: Sala spariskírteina 713 millj. kr." — Svona stendur það um miðjan maí, en það sem ég var að tala um áðan var til aprílloka.

Innheimtufé spariskírteina er þar talið vera 212 millj. kr.

Útstreymi er svo innlausn eldri spariskírteina upp á 1076 millj. kr.

Ég sé ekki betur en staða innlendrar lánsfjáröflunar sé enn þá neikvæð fyrir ríkissjóð. Það hlýtur að vera ríkisstj. áhyggjuefni þegar staðan er þannig að innlend lánsfjáröflun á almennum markaði ætlar enn að bregðast. Þrátt fyrir þær tilraunir sem ríkisstj. hefur vissulega gert til að ná í sparifé á innlendum markaði hefur ríkisstj. um leið með ákvörðunum sínum hleypt af stað vaxtabrjálæði sem gerir það að verkum að það er eiginlega sama hvað ríkissjóður býður vel. Einkamarkaðurinn kemur alltaf og býður betur á eftir. Ríkissjóður verður síðan að hlaupa á eftir því og bjóða enn betur og þannig koll af kolli með óhugnanlegum afleiðingum fyrir ríkissjóð þegar fram í sækir.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að tefja þessa umr. að einu eða neinu leyti, enda hefur það ekki verið stjórnarandstaðan sem hefur tafið meðferð þessa máls. Ég ætla aðeins að skýra frá því að við þetta frv. er erfitt að flytja nokkrar brtt. eins og það er. Það er varla hægt að koma nálægt pappírum af þessu tagi. Það hefur komið í ljós í vinnubrögðum þingsins að þetta frv. er

þannig löguð vitleysa að það er varla hægt að festa hönd á því á milli umræðna hvað þá heldur meir. Ég hef hins vegar leyft mér að flytja litla brtt. um pólitískt grundvallaratriði. Það er till. á þskj. 1146 þar sem ég legg til að 2. mgr. 3. gr. frv., eins og það kom frá Ed., falli niður. Sú mgr. gerir ráð fyrir að heimilt verði að taka lán upp á 82 millj. kr. ef samningar nást um stækkun álversins í Straumsvík. Ég held að það sé með öllu ósmekklegt og óeðlilegt að tengja lánsfjárlög með þessum hætti við samninga sem kannske nást og kannske ekki. Auk þess er svo langt liðið á árið sem raun ber vitni um. Ég tel þess vegna að óþarfi sé að gera þessa till. Jafnvel þó að menn hafi talið eðlilegt að gera hana snemma á þessu ári verður það úr því sem komið er blátt áfram fráleitt. Þess vegna hef ég leyft mér, herra forseti, að flytja við þetta undarlega frv. þessa einu litlu brtt.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er vitaskuld ákaflega furðulegt að sú umr. sem fer hér fram um lánsfjárlög skuli eiga sér stað að fjmrh. fjarstöddum. Ég get ekki komist hjá að gagnrýna það. Ég tel að það sé í raunlnni lágmark að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umr. um svo veigamikinn þátt í ríkisbúskapnum sem lánsfjárlögin eru.

Ég hef skilað sérstöku áliti og tillögum eins og kemur fram á þskj. Mig langar hins vegar til, herra forseti, að byrja á því að vekja athygli hv. Nd. á nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á bls. 7, þar sem heitir fskj. IV, greiðslujöfnuður við útlönd. Þar eru allhrikalegar tölur eins og meiri hl. hefur gengið frá þessu nál. og eins og búningur lánsfjárlaganna og þeirrar stefnumörkunar sem þeim fylgir virðist nú eiga að vera.

Í fyrsta lagi kemur þar fram að langar lántökur, sem svo eru nefndar, innkomin löng lán alls eiga að vera 7200 millj. kr., en í annan stað er talað um stuttar fjármagnshreyfingar nettó upp á 2900 millj. kr. Þetta gerir samtals heildarlántökur upp á 10 100 millj. kr. í nýjum lánum á árinu 1985.

Talan 7200 er á svipuðu róli að vísu og gert var ráð fyrir þegar lánsfjáráætlun var lögð fram, en talan 2900 er ný af nálinni og þar hafa heldur betur orðið umskipti frá því sem gert var ráð fyrir þegar lánsfjáráætlun var lögð fram. Sé litið á bls. 23 í lánsfjáráætlun þar sem er samsvarandi tafla, þá kemur í ljós að þar hefur verið gert ráð fyrir að stuttar fjármagnshreyfingar nettó yrðu ekki 2900 millj. kr., eins og hér er nú boðað, heldur 1200 millj. kr. Hér skeikar 1700 millj. kr.

En það sem meira er, þessi tala í lánsfjáráætluninni ber sérstakt merki um það að við þessar 1200 millj. kr. hafi menn sérstaka athugasemd að gera sem síðan kemur fram neðanmáls. Og þar stendur varðandi 1200 millj. kr.: „Þetta nettóinnstreymi gæti hæglega orðið minna, en það mundi jafnframt rýra gjaldeyrisstöðuna enn frekar.“ Þegar lánsfjáráætlun var lögð fram var m. ö. o. gert ráð fyrir því að stuttar lántökur nettó yrðu 1200 millj. kr. en þó að líkindum minni. En nú er gert ráð fyrir því að þessi lántaka fari upp í 2900 millj. kr. Ég hlýt að vara alveg sérstaklega við þessu gífurlega stökki í skammtímalánum. Sannleikurinn er sá að þó að við Íslendingar séum skuldugir upp fyrir haus og skuldugasta þjóð veraldar pr. íbúa, þá hefur okkur þó tekist að bjargast nokkurn veginn frá því að lenda í greiðsluvandræðum af því að lán okkar hafa verið til langs tíma. Aðrar þjóðir, sem hafa búið við svipaða skuldastöðu eða jafnvel þó nokkuð miklu skárri en við, hafa lent í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum vegna þess að lán þeirra voru til skamms tíma og þess vegna réðu þær ekki við afborganirnar. Aukning skammtímaskulda er þess vegna vísasti vegurinn til glötunar, vísasti vegurinn til þess að lenda í greiðsluerfiðleikum.

Þessi stefnumörkun kemur hvergi fram í lánsfjárlögunum. Þessi stefnumörkun ríkisstj. er ekki efni í lagasetningu og þess vegna get ég heldur ekki flutt brtt. við þessa tölu. En í þessari sakleysislegu tölu, og þetta er eini staðurinn þar sem þessi tala birtist og ekki stafkrókur um þetta neins staðar annars staðar, þessi tala er mjög varasöm og ég hlýt að vara alveg sérstaklega við henni.

Í starfi fjh.- og viðskn. spurðist ég fyrir um þetta atriði og málið var tekið til umfjöllunar og fengnir fulltrúar frá viðskrn. og Seðlabanka af þessu tilefni. Og þeir voru spurðir: Hvað veldur þessum umskiptum í stjórnarstefnunni, að auka hér skammtímalán í upp undir 3 milljarða kr., sem hvergi hefur verið rætt og hvergi hefur komið fyrir og hvergi hefur birst fyrr en nú? Svörin hjá þessum fulltrúum voru sitt á hvorn veginn. Fulltrúar viðskrn. svara með einum hætti, fulltrúi Seðlabankans með öðrum hætti. En nú vill svo til að yfirmaður þeirra beggja, yfirmaður peningamála, hæstv. viðskrh., er hér staddur þó að hæstv. fjmrh. sé fjarstaddur og þess vegna hlýt ég að beina máli mínu til hans varðandi þetta atriði.

Í máli fulltrúa Seðlabankans kom fram að nauðsynlegt væri að auka þessar skammtímalántökur okkar vegna þess að nú væru afurðalánin að flytjast yfir til bankanna og bankarnir þyrftu að taka erlend lán. Í þessu svari fulltrúa Seðlabankans fólst að við ætluðum sem sagt að auka erlendar lántökur af því að breytt hefði verið afurðalánakerfinu. En vitið þið hvað fulltrúi viðskrn. sagði? Fulltrúi viðskrn. sagði að vitaskuld hefði viðskrh. skrifað bönkunum af þessu tilefni og fengið loforð frá Seðlabankanum, að því er mér skildist, um það að þessi breyting, sem hér væri verið að gera á afurðalánum og heimild viðskiptabankanna til erlendrar lántöku í því sambandi, ætti ekki að verða til þess að auka þenslu innanlands, ætti ekki að verða til þess að auka heildarlántökur íslensku þjóðarinnar erlendis, vegna þess að vitaskuld væri gert ráð fyrir því að þegar viðskiptabankarnir færu yfir í þessa lántöku mundi lántökuþörf Seðlabankans minnka að sama skapi.

Nú hlýt ég að spyrja hæstv. viðskrh.: Er ekki með þessu verið að svíkja það fyrirheit sem viðskrh. var gefið af hálfu Seðlabankans um það að sú breyting sem gerð var á afurðalánunum og heimildin til viðskiptabankanna til þess að taka lán erlendis til þess að mæta því? Er ekki verið að svíkja það fyrirheit að það verði ekki til að auka þenslu hér innanlands? Er ekki verið að svíkja það fyrirheit að það eigi ekki að verða til þess að auka skuldir íslensku þjóðarinnar? Ég get ekki betur séð. Ég get ekki betur séð en að bankavaldið í landinu sé hér að hafa orð og óskir viðskrh. að engu. Og síðan gerist það að á vegum ríkisstj., hugsanlega að hæstv. viðskrh. óvitandi, liggur nú sú stefnumörkun fyrir að auka eigi skammtímalán upp á u. þ. b. 3 milljarða kr. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. geri grein fyrir þessu.

Menn geta haft það til samanburðar að á s. l. ári var

dregið úr skammtímalánum, að vísu ekki mikið, en það var þó viðleitni í þá áttina að hrapa ekki í þá gryfju sem ýmsar aðrar skuldugar þjóðir heims hafa lent í.

Herra forseti. Heildarlántaka á þessu ári upp á 10.1 milljarð kr. er í rauninni til skammar. Það verður ekki annað um það sagt. Hér hefur hver ráðh. á fætur öðrum staðið upp og lýst því yfir að erlendar skuldir megi ekki aukast. Það eru ekki nema fáeinir dagar síðan hæstv. forsrh. sagði að þær mættu ekki, ættu ekki og gætu ekki aukist. En hér liggur tillaga ríkisstj. og stjórnarflokkanna fyrir um nýjar erlendar lántökur upp á 10.1 milljarða kr.; um nettóaukningu langtímalána upp á 2.6 milljarða kr. og um aukningu skammtímalána upp á næstum 3 milljarða kr.

Hæstv. fjmrh. hefur marglýst því yfir að það sé ekki tækt að auka við erlendar skuldir þjóðarinnar. Einu sinni setti hann höfuðið eða réttara sagt stólinn að veði fyrir því að erlendar langtímalántökur færu ekki yfir 60% af vergri þjóðarframleiðslu. En skv. þeim tillögum sem hér liggja fyrir eiga erlendar lántökur í löngum lánum að aukast enn frá u. þ. b. 62% sem það var á s. l. ári og upp í hátt í 64%, eða 63.6% eins og útreikningurinn er talinn vera núna. Maður getur ekki afsakað þessa menn með því að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera. Þeir eru ekki blindir. Þeir hafa gert þetta að umræðuefni. En þeir eru að svíkja sín eigin heit og þeir eru að læðast aftan að þjóðinni með því að halda því fram öllum stundum að það verði að takmarka erlendar lántökur og þeir séu að vinna að því að þeir séu að minnka skuldsetningu þjóðarinnar í útlöndum, en standa svo að hinu þveröfuga, nefnilega því að vera sífellt að auka erlendar skuldir. Þeir eru ekki blindir, þeir hafa ekki það sér til afsökunar, en þetta eru svik á eigin orðum og þetta eru svik við þjóðina.

Á sérstöku fskj. geri ég till. um það að þessar erlendu lántökur verði skornar niður. Ég geri till. um að þær verði skornar niður um 940 millj. kr. Auðvitað er það ekki sársaukalaust. Auðvitað kemur það við marga. En ég tel það nauðsynlegt. Ég geri reyndar líka tvær aðrar till. sem ég mun gera grein fyrir síðar. Önnur varðar ábyrgðarheimild vegna lántöku hjá Norræna fjárfestingalánasjóðnum sem ég tel nauðsynlega. Hin varðar hugmyndir um vegamál og greiðslufyrirkomulag í þeim efnum. Áður en ég vík að því skulum við hins vegar líta á hvað hefur verið að gerast í erlendum lántökum okkar á undanförnum árum.

Í nýlegu hefti sem út er komið frá fjárlaga- og hagsýslustofnun og ber heitið „Yfirlit um erlendar lántökur 1976—1984" eru einkar fróðlegar upplýsingar sem ég vil leyfa mér að vitna til, með leyfi hæstv. forseta. Við skulum líta á hvernig staðan er þegar litið er fram á veginn, hvernig staðan er í fyrsta lagi á árinu 1985, þessu herrans ári, hvað við höfum veðsett okkur mikið, hvað það er stór hluti af okkar útflutningstekjum, hvað það eru háar fjárhæðir sem við erum skuldbundin til að greiða útlendingum. Það eru 4.6 milljarðar kr. sem við eigum að borga í afborganir, en þar að auki ber okkur að greiða 5.4 milljarða kr. í vexti. Þetta eru samtals 10 milljarðar kr. sem við eigum að greiða í afborganir og vexti á árinu 1985. Er þetta þá ekki óvenjulega erfið staða? Mun ekki strax létta á okkur þegar fram í sækir? Nei, ekki aldeilis.

Á árinu 1986 eru skuldbindingar okkar þannig, áður en við tökum ákvarðanir um þau lán sem nú er verið að ákveða, að samtals eigum við að greiða 9.9 milljarða kr. í afborganir og vexti. Þar af á ríkið að greiða 6 milljarða. Ekki léttist það heldur 1987, því að skv. þessu yfirliti mun það enn fara vaxandi á árinu 1987 og vera komið upp í 10.6 milljarða kr. Eru þetta tölur á gengi í árslok 1984, báðar þær tölur sem ég hef hér rakið. Þær eru þess vegna ívið of lágar og skeikar þar sjálfsagt um 400—500 millj. kr. ef við miðum við gengið eins og það er núna og þær tölur sem ég rakti fyrir árið 1985. Og áfram mun þetta vera eins á árinu 1988, u. þ. b. 10 milljarðar, 9.5 milljarðar á gengi í árslok 1984, og þá u. þ. b. 10 milljarðar miðað við gengið eins og það er núna. Og enn á árinu 1989 er upphæðin svipuð.

Í þessum tölum er ekki farið að reikna með þeim lántökum sem eru teknar eða á að taka ákvörðun um að Íslendingar taki á þessu ári. Og allan þennan tíma er það svo, að ⅔ upphæðinnar er vegna opinberra aðila.

Það er fróðlegt að skoða þá þróun sem hefur átt sér stað í erlendum lántökum og samsetningu þeirra á undanförnum árum. Sé litið á hana, og hún kemur einkar glöggt fram í þessu yfirliti líka, þá er ljóst að það eru ekki atvinnuvegirnir sem hafa verið að skuldsetja sig upp fyrir haus, það er opinberi geirinn. Og nú er upp tekin sú stefna að reka ríkissjóð á erlendum lánum. Það er óheillastefna og út úr þeim farvegi verðum við að komast. Þær tölur sem hér eru nefndar eru m. a. ávöxtur af þeirri stefnu. Menn muna kannske eftir því að á s. l. ári voru tekin erlend lán til þess að greiða barnsmeðlög. Svo langt gengu menn á því ári. En sú stefna sem fylgt er varðandi árið 1985 er í rauninni ekkert betri, því við getum alveg eins haldið því fram að við séum að reka skólakerfið og sjúkrahúskerfið á erlendum lánum, þegar íslenska ríkið er gert upp með þeim gífurlega halla sem nú er og því er mætt með erlendum lánum.

Sú var tíð að greiðslubyrði okkar af erlendum lánum í hlutfalli við tekjur af útfluttum vörum og þjónustu var u. þ. b. 10%. Nú er þetta komið yfir 20%. Allar götur fram til 1974 voru þessar tölur í kringum 10%. Á árunum 1975—1979 voru þessar tölur í kringum 13%, u. þ. b. 13% af útflutningstekjum fóru til þess að standa undir greiðslubyrði af erlendum lánum. Á árinu 1981 fer að hrökkva í hágírinn, þá er hrokkið yfir 14%. En það kastar fyrst tólfunum árið 1982, því að þá er þetta hlutfall komið yfir 20%, komið í 21.3%. Og á árinu 1984 var það komið í 24.3%, en seinustu prósentustigin þar, 2—3 a. m. k., voru vegna sérstaklega hárra vaxta á því ári. Það verður okkur þó ekki til afsökunar á árinu 1985 því að vextir hafa lækkað og enn eigum við samt að vera milli 21 og 22% samkv. opinberum útreikningi.

Erlendar skuldir hafa auðvitað vaxið í krónutölu í samræmi við þetta. Í árslok 1984 er talið að þær hafi verið 42.5 milljarðar kr. á árslokagengi þess árs. Ætli þær verði ekki komnar yfir 56 milljarða kr. í árslok 1985 á árslokagengi ársins 1985? Ekki verður annað séð af þeim gögnum sem fram hafa verið lögð.

Það er sama uppi á teningnum ef við gerum samanburð við verga þjóðarframleiðslu. Fyrir 1974 voru erlendar skuldir innan við 25% af vergri þjóðarframleiðslu. Núna eru tölurnar komnar yfir 60% eins og ég hef rakið. Þær sigu upp í 30—35% á árunum 1975—1981, en á árinu 1982 stukku þær upp undir 50% og

síðan yfir í 60% á árinu 1983, árinu sem fjmrh. ætlaði að segja af sér ef erlendar skuldir færu yfir 60% sem hluti af vergri þjóðarframleiðslu. Þetta er hörmuleg mynd. Við þessa þróun getum við ekki unað og það er í þessu ljósi og í ljósi þeirra yfirlýsinga sem menn hafa gefið sem ég hef flutt þær brtt. sem koma fram á þskj. 1172. Núna verður að spyrna við fótum. Það verður ekki hjá því komist að spyrnt verði við fótum. Það verður að snúa þessari þróun við, stöðva aukningu erlendra skulda og síðan á næstu árum að leitast við að lækka þær. Ég tel að við verðum öll sem þjóð að setja okkur þetta markmið og aðrar langanir verði þá að víkja. Við getum ekki skuldsett þjóðina frekar. Við getum ekki forsvarað það fyrir börnum okkar að velta sífellt stærri og þyngri byrðum yfir á þau. Og við getum ekki heldur varið það fyrir forverum okkar, sem unnu þessu landi sjálfstæði, að við skulum með þessum hætti stofna lýðveldi og sjálfstæði okkar í hættu með taumlausri skuldasöfnun.

Niðurskurður af því tagi sem ég geri hér tillögu um þýðir vitaskuld að margir fá ekki það sem þá langar til, að framkvæmdir verði að bíða og það verði að velja og hafna innan þrengri ramma en við höfum tamið okkur á undanförnum árum, en það er þjóðarnauðsyn að hér sé spyrnt við fótum og fyrir þeirri þjóðarnauðsyn verður kröfugerð einstakra aðila eða óskir þeirra hreinlega að víkja. Og það er hlutverk Alþingis að marka stefnuna fyrir hönd þjóðarheildarinnar. Alþingi má ekki leiða þetta verk hjá sér, Alþingi á að marka rammann og síðan að velja og hafna innan þess. En það er einmitt undan þessu viðfangsefni sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa vikið sér, þessu langafdrifaríkasta verki sem Alþingi hefur að vinna. Það stoðar lítt að ráðherrar, bæði forsrh. og fjmrh., svo að dæmi séu tekin, flytji yfirlýsingar um að erlendar skuldir megi ekki aukast en flytji jafnframt tillögur um það að auka hin nýju erlendu lán um 10.1 milljarð kr., þ. e. 7200 millj. til langs tíma og 2900 millj. í formi skammtímalána.

Samkvæmt þessari stefnu, eins og hún birtist nú af *hálfu stjórnarflokkanna, ætla menn að bæta á þjóðina* upp undir 30 millj. á dag í nýjum erlendum lánum, hvern einasta dag allan ársins hring, virkan dag sem helgan. Þannig ætla fulltrúar ríkisstj., fjmrh. og bankavaldið undir umsjá hæstv. viðskrh., að fara til útlanda, sækja til útlanda 28 millj. kr. upp á hvern einasta dag allan ársins hring 1985. Svona hrikalegt er nú þetta dæmi.

Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að þetta megi ekki svo til ganga og það er í samræmi við þessi sjónarmið og með það að markmiði að erlendar lántökur, erlendar langtímaskuldir aukist ekki sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, sem þær brtt. eru fluttar sem ég hef hér vitnað til og sjá má á sérstöku þskj. Þessar brtt. fela það í sér að erlendum lántökum verði skorinn sá stakkur að þær verði tæpum milljarði eða 940 millj. kr. lægri en tillögur stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. gera ráð fyrir. Nettólántökur erlendis yrðu samkvæmt þessum tillögum mínum 1660 millj. kr., en það er 36% lægri tala en í tillögum stjórnarflokkanna.

Vitaskuld hefði maður gjarnan viljað ganga lengra, en með þessu móti verða þó erlendar lántökur næstum því óbeytt hlutfall af þjóðarframleiðslu á árinu 1985 miðað við árið 1984. En svigrúmið til lækkunar er vitaskuld takmarkað af því að það hafa þegar verið afgreidd fjárlög með verulegum halla og þessum halla verður að mæta og þess vegna hlýt ég í þessum tillögum mínum að ganga út frá því að fjárlögin fái að standa. Vitaskuld takmarkar það mjög svigrúmið til þess að draga frekar úr erlendum lántökum sem þó hefði verið mjög æskilegt.

Það markmið að draga úr erlendum lántökum er ekki barasta vegna sjálfstæðis þjóðarinnar, er ekki barasta vegna þess að tölurnar séu orðnar svo háar, er ekki einasta vegna þess að greiðsubyrðin sé svo mikil, því á þessu máli eru margar hliðar. Lánsfjáröflunin, erlenda skuldasöfnunin er ein af lykilstærðunum í efnahagsbúskap okkar, í efnahagslífinu sjálfu. Ef þessar tillögur mínar yrðu samþykktar og sú stefnumörkun sem ég tel að nauðsynleg sé varðandi skammtímalánin, þ. e. að auka þau ekki um 2900 millj. heldur hið mesta um a. m. k. milljarðinum minna, þá mundi viðskiptahallinn ekki verða eins geigvænlegur og hann er hjá ríkisstj., þá mundi viðskiptahallinn verða 500—1000 millj. minni en gert er ráð fyrir í áformum ríkisstj. Í hennar áformum og áætlunum er gert ráð fyrir viðskiptahalla upp á 4500 millj. kr. Það er aukning á viðskiptahalla frá s. l. ári um um það bil 350 millj. ef ég man rétt. Samkvæmt þessum tillögum væri þróuninni líka snúið við í þessu efni og viðskiptahallinn mundi fara minnkandi og verða minni en hann var á árinu 1984 og lægra hlutfall af útflutningstekjum og lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en hann var á árinu 1984 í stað þess að fara vaxandi. Hann mundi ekki verða nema um 4% af vergri þjóðarframleiðslu eða innan við það.

Það er líka önnur hlið á þessu máli sem ég vil vekja athygli á. Hver stjórnmálamaðurinn á fætur öðrum, hver hagfræðingurinn á fætur öðrum stendur upp og fordæmir þá miklu spennu sem sé hér í þjóðfélaginu, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og það misvægi sem sé komið upp í efnahagslífinu. Allir fordæma þessa spennu. En ef þessar tillögur mínar yrðu samþykktar, þá mundi draga úr þessari spennu og það mundi hafa veruleg áhrif til þess að skapa aukið jafnvægi í efnahagslífinu og bæta skilyrði sjávarútvegsins til framleiðslu, sjávarútvegsins sem nú á í margþættum erfiðleikum, m. a. þeim að fá ekki fólk til þess að vinna í dýrustu pakkningar, sem þýðir það að útflutningsframleiðslan verður verðminni heldur en ella og það bitnar síðan á lífskjörum allrar þjóðarinnar og afkomu þjóðarbúsins. Líka af þessum ástæðum er nauðsynlegt að stíga það skref sem hér er gert ráð fyrir í þessum tillögum og hamla gegn og draga úr erlendum lántökum frekar en spenna og eyða eins og stjórnarflokkarnir gera.

Á meðan stjórnarflokkarnir fylgja fram þessari stefnu sem felst í frv., eins og það liggur fyrir og eins og meiri hluti fjh.- og viðskn. vill ganga frá því, þá hafa þeir engan rétt til þess að kvarta undan því að það sé spenna í þjóðfélaginu, vegna þess að þeir hafa það í hendi sér hver þessi spenna er. Þeir hafa ákveðið samkvæmt þessu að hún skuli vera og þá geta þeir ekki undan henni kvartað.

Þessar tillögur mínar gefa líka svigrúm til þess að bæta kjör vinnandi fólks vegna þess að með aðhaldi í fjárfestingu, sem er auðvitað það sem felst í þessum tillögum, eykst vitaskuld svigrúmið til kjarabóta hjá vinnandi fólki. Svigrúmið til þess að bæta við einkaneysluna eykst ef menn svo kjósa. Mig minnir að ýmsir hafi gefið yfirlýsingar um það, ekki bara úr stjórnarand-

stöðunni heldur líka úr stjórnarliðinu, að kjörin væru óbærileg og að það ætti ekki síst við um fólkið í fiskvinnslunni. Og menn hafi lýst vilja sínum til að bæta þessi kjör. Hvernig væri þá að skapa sér svigrúm til þeirra hluta frekar en að spenna hér allt þannig í fjárfestingu að það er allt of þröngt um til þess að bæta kjör fólksins í landinu? Röng fjárfesting hefur vafalaust rýrt lífskjör okkar á undanförnum árum. Það hafa margir tekið undir það að þessi ranga fjárfesting væri eitt af því sem stæði hagvexti á Íslandi fyrir þrifum og þar með kjarabótum.

Nýlega var haldin ráðstefna á vegum landsmálafélagsins Varðar. Hún var haldin í Valhöll hinn 1. des. 1984 og hét „Fjárfestingar á Íslandi". Á þessari ráðstefnu voru haldin ýmis gagnmerk erindi sem í sjálfu sér er ástæða til að benda á. M. a. hélt Ólafur Björnsson prófessor erindi á þessari ráðstefnu. Menn hafa sýnt þann myndarskap að gefa þessi erindi út í hefti sem ég trúi að hafi verið dreift til allra þm. Í þessu erindi prófessors Ólafs Björnssonar, þar sem hann fjallar um afleiðingar fjárfestingarmistaka, koma fram sjónarmið sem ég tel eðlilegt og rétt að vitna hér eilítið til, með leyfi hæstv. forseta. Ólafur Björnsson prófessor segir m. a. í þessu erindi sínu:

„Þegar talað er um mistök í fjárfestingu getur slíkt haft tvenns konar merkingu. Annars vegar þá að skipting þjóðarframleiðslunnar milli neyslu og fjárfestingar sé röng, þannig að of mikið eða of lítið sé fjárfest og neysla þá að sama skapi of lítil eða mikil. Hins vegar getur verið átt við það, að sú fjárfesting sem á sér stað sé ekki svo hagkvæm sem æskilegt væri. Algengast mun að það sé síðari merkingin, sem í það er lögð, þegar talað er um mistök í fjárfestingunni.

Hitt er þó í rauninni ekki síður mikilvægt fyrir efnahagslega velferð þjóðarinnar, að réttar ákvarðanir séu teknar um skiptingu þjóðarframleiðslunnar milli fjárfestingar og neyslu. Ákvarðanir um þetta, hvort heldur þær eru teknar af einstaklingum eða opinberum aðilum, byggjast á mati á því hvort mikilvægari sé fullnæging þarfa líðandi stundar eða framtíðarinnar. Ef gert er ráð fyrir því að öll framleiðsluöfl þjóðfélagsins séu nýtt verður fjárfesting, eða aukning framleiðslutækjanna alltaf á kostnað neyslunnar. Verður þá að meta það hvort sú framleiðsluaukning, sem fjárfestingin skapar skilyrði fyrir, sé verð þeirra fórna sem leiða af minni neyslu meðan á fjárfestingunni stendur. Hvað er vert að fórna miklu í þágu aukins hagvaxtar? Í fljótu bragði virðist e. t. v. sem svo, að því meiri sem fjárfestingin sé, því meiri verði hagvöxturinn og því betra. Ef betur er að gáð ætti þó að vera ljóst að þetta er fjarstæða, því að ef við hugsum okkur að öllum þjóðartekjunum væri ráðstafað til fjárfestingar, þá dæju allir úr hungri og það jafnvel þó eingöngu væri um skynsamlega fjárfestingu að ræða í þeirri merkingu, að hún skapaði skilyrði fyrir aukinni framleiðslu síðar."

Síðan fjallar prófessor Ólafur Björnsson nokkuð um það, sem hann telur vera eðlilega viðmiðun og menn hafi sýnt fram á í þessum efnum og kemst að þeirri niðurstöðu að fjárfesting sé hér miklu meiri en eðlilegt sé að gera ráð fyrir í íslensku þjóðfélagi og reyndar, eins og kunnugt er, meiri að hlutfalli við þjóðarframleiðslu heldur en hjá flestum grannlöndum okkar.

Hann bætir síðan við: „Ein af fleiri skýringum á þeim átökum á vinnumarkaðinum, sem hafa átt sér stað undanfarnar vikur," — þetta segir hann 1. des. s. l. — „er vafalaust sú, að fólk vill ekki bera þær byrðar sem hin mikla fjárfesting leggur því á herðar."

Í framhaldi greinarinnar bendir hann líka á að mistökin séu í því fólgin að fjárfestingin hafi ekki skilað þeim arði sem nauðsynlegt sé. Þannig heldur prófessor Ólafur Björnsson því fram að ekki einasta sé fjárfestingin óeðlilega mikil heldur líka að hún skili ekki þeim arði sem eðlilegt sé.

Að nákvæmlega sömu niðurstöðu kemst Vilhjálmur Egilsson, hagfræðingur Vinnuveitendasambandsins, í erindi sem hann flutti á þessari ráðstefnu og í erindi sem dr. Pétur Blöndal flutti á hinni sömu ráðstefnu er niðurstaðan hin sama, fjárfestingarmistök hafa verið okkur dýr.

Þó það væri vissulega hollt að rekja þessi erindi frekar ætla ég að stilla mig um það að þessu sinni. En það er eitt sem ég hlýt að vekja sérstaka athygli á í sambandi við fjárfestingu og fjármögnun hennar. Það er vaxandi tilhneiging til þess að taka erlend lán í verkefni sem menn treysta sér ekki til að nota skattfé í, sem menn treysta sér ekki til að leggja skatt á borgarana til að greiða. Með þessum hætti læðast fjárfestingarmistökin áfram í íslensku efnahagslífi. Og í þessu efni ber Alþingi ríka ábyrgð.

Ég sagði áðan, herra forseti, að tillögur mínar gerðu ráð fyrir því að erlendar lántökur yrðu 940 millj. kr. lægri en meiri hlutinn gerir ráð fyrir. Í nál. er rakið hvernig þessi frávik eru. Ég ætla hér að rekja þessa lækkun í fáeinum atriðum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að lán ríkissjóðs vegna A- og B-hluta verði 96 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hluta fjh.- og viðskn. Ég geri ráð fyrir því að í það verkefni sem hefur verið kallað vegna rannsóknarverkefna og nýrra atvinnugreina í landbúnaði verði upphæðin 70 millj. kr. lægri en í tillögum meiri hlutans. Það felur í sér að það framlag sem ætlað er til landbúnaðar sérstaklega verði ekki 60 millj. heldur verði það skorið niður og í annan stað að með tilliti til þess hversu langt er liðið á árið láti menn sér nægja 40 millj. til svonefndra rannsóknarverkefna, enda hafa reglurnar um það hvernig þessu fé eigi að verja ekki enn þá séð dagsins ljós.

Ég geri líka ráð fyrir lækkun hjá Byggðasjóði um 26 millj. kr. af þeirri einföldu ástæðu að þegar menn standa frammi fyrir því að vinna það verk sem vinna þarf í því að draga úr erlendri skuldasöfnun þá kemur það auðvitað við alla. Og þeirra á meðal verður Byggðasjóður að vera.

Ég geri jafnframt tillögur um það að hjá fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs verði lántökur lækkaðar um 294 millj. kr. frá því sem er í tillögum meiri hl. Mestu munar þar um Landsvirkjun þar sem ég geri ráð fyrir lækkun upp á 230 millj. kr. frá tillögum meiri hl. Vitaskuld þýðir það að Landsvirkjun verður að gera nýja samninga um þau verkefni sem eru í gangi. En ég tel að á meðan við getum ekki selt orkuna og meðan við höfum mikla umframgetu í raforkuframleiðslu þá sé með öllu ótækt að auka erlendar skuldir með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því verkefni að við getum ekki tekið á okkur svona gífurlega vaxtabyrði og það verður að endursemja um þessar framkvæmdir og draga úr framkvæmdahraðanum.

Menn geta spurt: Stendur hér á einhverjum ákveðnum áfanga hjá Landsvirkjun? Nei, það gerir það ekki. En áramót eru ekkert merkilegri dagur en einhver annar dagur í verktakastarfsemi. Og hér er um það að ræða að draga úr framkvæmdahraða og stilla hann af þannig að þessu markmiði verði náð.

Ef hins vegar hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og nefnd hans skyldi takast að selja raforku, þá tel ég að sé nægilegt svigrúm til þess að auka framkvæmdahraða, því að sú verksmiðja sem þá yrði selt til rís ekki á einni nóttu, hún er mörg ár í byggingu.

Í annan stað geri ég ekki ráð fyrir neinum framlögum til grænfóðurverksmiðja. Þar munar um 24 millj. kr. Menn segja að þessar verksmiðjur hlaði upp birgðum, þær geti ekki selt vörur sínar. Þær verða þá að gera samkomulag sín í milli um verkaskiptingu. En við skulum ekki fara sömu leið með grænfóðurverksmiðjurnar og Áburðarverksmiðjuna. Hún er nánast sett á hausinn og henni stefnt í vandræði með erlendum lánum. Ég geri jafnframt ráð fyrir heldur lægri lántöku til þróunarfélagsins en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. Þar skeikar um 40 millj. Ég geri ráð fyrir 150 millj. á sama tíma og meiri hl. gerir ráð fyrir 190 millj. Á hinn bóginn geri ég ráð fyrir að þessa lánsfjár verði aflað á innlendum markaði, enda tel ég að þegar um svo gott og þarft verk er að ræða sem þetta þróunarfélag er, sem á að verða hér til atvinnusköpunar, þá eigi menn að geta fengið innlent fé til þeirra verka og það eigi að vera innlent fé. Þá er það hlutverk stjórnvalda að vekja þjóðina til vitundar um það að í þetta verkefni verði að afla innlends fjár.

Afgangur tillagna minna varðar sjóðakerfið. Ég geri ráð fyrir heldur lægri framlagi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. Þar skeikar 40 millj. kr. Ég geri ráð fyrir heldur lægra framlagi til Iðnlánasjóðs. Þar skeikar 190 millj. kr. Ég geri ráð fyrir 10 millj. lægra framlagi til Verslunarlánasjóðs og 10 millj. kr. lægra framlagi til Stofnlánadeildar samvinnufélaganna og til Sjávarútvegssjóðs 50 millj. kr. lægra og til Stofnlánadeildar vegna loðdýraræktar 50 millj. kr. lægra.

Þetta er hugmynd að lánaúthlutun Framkvæmdasjóðs sem er 350 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. Engu að síður mun Framkvæmdasjóður skv. þessum tillögum mínum hafa rúmlega 400 millj. kr. meira fé til ráðstöfunar en á lánsfjárlögum 1984 þannig að engu að síður er um að ræða frá árinu 1984 mjög verulega aukningu á framlögum til hinna ýmsu greina sem Framkvæmdasjóður leggur til. Árið 1984 voru þetta 1112 millj. kr. en skv. áætlun minni eru það 1532 millj. kr.

Loks geri ég ráð fyrir að Útflutningslánasjóður láti sér nægja 70 millj. kr. í stað 120 millj. kr., en á síðasta ári var hann með langtum lægri tölu. Hér er um margföldun á framlagi að ræða sem ekki verður séður rökstuðningur fyrir.

Þetta er meginefni tillagnanna. Hafi menn hug á að bera þær saman við frv. eins og það liggur fyrir deildinni, eins og Ed. gekk frá því, þá er slíkan samanburð einnig að finna í nál. mínu á þskj. 1171. Ég skal ekki rekja þann samanburð þó að ég teldi rétt að láta hann fylgja með með tilliti til þess að það er út frá þeirri gerð lánsfjárlánafrv. sem deildin vinnur.

Ég hef í þessum tillögum mínum jafnframt gert ráð fyrir því að sá liður sem venjulega er nefndur Til atvinnufyrirtækja og var 1500 millj., þegar Ed. gekk frá honum, hækki í 1600 millj. Það er sama tillaga og meiri hl. nefndarinnar gerir og þá er tekið mið af nýjum upplýsingum sem varða lántökuáform þessara aðila.

Þessu nál. fylgir jafnframt fskj. I sem sýnir heildaryfirlit yfir lántökur skv. þessum tillögum, sundurliðaðar erlendar og innlendar lántökur. Í fskj. II. er lánsúthlutun til opinberra aðila sundurliðuð með sama hætti og venjulega er gert í lánsfjáráætlun og í þriðja lagi er í fskj. III lánsfjáráætlun Framkvæmdasjóðs skv. þeim tillögum sem ég hef hér rakið.

Ég hef nú, herra forseti, gert allnokkra grein fyrir þeim tillögum sem varða einstakar tölur í þeim lánsfjárlögum sem hér eru til umfjöllunar. Ég hef líka bent á fáein atriði sem fella rök að því að nauðsynlegt sé að það skref verði nú stigið að draga úr lántökum eftir því sem frekast er unnt eða a. m. k. að ná þeim áfanga sem ég geri hér ráð fyrir um það að erlend lán okkar vaxi ekki sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni milli áranna 1984 og 1985. Það er það markmið sem sett hefur verið með þessum breytingum.

En auk þessa, herra forseti, flyt ég tvær aðrar till. sem eru á sérstökum þskj. Á þskj. 1173 flyt ég till. ásamt Svavari Gestssyni. Sú till. gerir ráð fyrir sérstakri nýrri grein sem bætist við lánsfjárlögin. Þessi till. fjallar um það að fjmrh. fái heimild til þess að gefa út á árunum 1985 og 1986 verðtryggð ríkisskuldabréf, en án vaxta, sem nýta megi til þess að flýta verkáföngum sem gert hefur verið ráð fyrir að vinna síðar skv. vegáætlun. Gjalddagi bréfanna yrði á því ári sem verk það, sem fyrir var greitt, skyldi unnið skv. vegáætlun. Notkun þessarar heimildar er bundin því skilyrði að fengnar hafi verið tillögur frá Vegagerð ríkisins og samþykki fjárveitinganefndar. Þessi heimild er um allt að 150 millj. kr. og tekur bæði til áranna 1985 og 1986.

Ég tel að með þessu ákvæði mundu skapast auknir möguleikar til þess að nýta slaka í verktakastarfsemi til þess að vinna að vegagerð. En verktökunum yrði hins vegar einungis greitt fyrir slík verk sem yrði flýtt með þessum skuldabréfum og þau yrðu að bjóða í verkin út frá því. Það má segja að hér sé í rauninni um að ræða nokkra útvíkkun á því fyrirkomulagi sem hefur viðgengist varðandi það að verktakar hafa flýtt verkum milli ára þótt greiðsla ríkissjóðs bærist ekki fyrr en síðar.

Í öðru lagi er till. á þskj. 1174 um heimild til fjmrh. til að veita einfalda ríkisábyrgð vegna lána fiskeldisstöðva hjá Norræna fjárfestingarsjóðnum.

Það er tillaga mín að lánsfjárlögin verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér rakið. Ég tel að með þeim hætti megi ná auknu jafnvægi í efnahagslífinu og stuðla að því að skapa sjávarútveginum þá um leið betri rekstrarstöðu. Við værum þá ekki að hætta efnahagslegu sjálfstæði okkar með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. og við værum að vinna að betri lífskjörum á Íslandi jafnframt því að auka svigrúm til kjarabóta með því að draga úr fjárfestingu. Vitna ég um þetta atriði m. a. til þess erindis sem Ólafuir Björnsson prófessor hélt nýlega og ég rakti hér fyrr.

Ég hef nú, herra forseti, rakið þessar tillögur allar og rökstuðning fyrir þeim. En ég vil að lokum geta þess varðandi tvær hinar síðari tillögur sem ég reifaði hér, varðandi ábyrgðarheimild vegna lántöku hjá Norræna

fjárfestingarsjóðnum vegna lána sem fiskeldisstöðvar geta þar fengið, og eins varðandi heimild til að gefa út ríkisskuldabréf til þess að flýta verkáföngum í vegáætlun, að ég hyggst draga þessar tillögur til baka, eins og sagt er, til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 1018 (sbr. 642), n. 1152, 1151). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 1152 er nál. frá samgn. svohljóðandi:

„Nefndin hefur rætt málið ítarlega og fengið til viðræðu Þórhall Halldórsson frá Hollustuvernd ríkisins, Þóri Hilmarsson brunamálastjóra, Vilhjálm Rafnsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing í samgrn."

Nefndin er sammála um að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum sem eru á sérstöku þskj. Þetta eru að mestu leyti orðalagsbreytingar nema í 3. gr. Þar lögðu þessir gestir okkar, sem komu til nefndarinnar, áherslu á að inn í greinina yrði tekið: að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Brunamálastjóri óskaði eftir því að það yrði breyting á 12. gr., en við ræddum um það við hann að sú breyting, sem hann var að tala um, ætti frekar heima í reglugerð og varð það að samkomulagi að ég mundi minnast á það í framsögu að brunamálastjóra yrði send reglugerðin áður en hún yrði staðfest þannig að hann gæti þá bent á þá breytingu sem hann óskaði eftir.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessar breytingar að öðru leyti þar sem um er að ræða orðalagsbreytingar einar og jafnvel upprðun á greinum. Ég vil að síðustu endurtaka það að samgn. Nd. er sammála um að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem eru á þskj. 1151.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899, n. 1140). — 2. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum. Frv. fjallar um tvö meginatriði. Annars vegar sé Orkustofnun sett stjórn, en um það hafa ekki verið ákvæði í lögum áður, heldur hefur stjórn starfað við Orkustofnun skv. sérstakri ákvörðun ráðh. Hitt meginatriðið er að iðnrh. sé heimilt að stofna hlutafélag til að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir. Eru nánari ákvæði í lagafrv. um hvernig að slíkri hlutafélagastofnun verði staðið.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv., eins og ég sagði áðan, og varð sammála um að leggja til að það verði samþykkt. Undir nál. rita Páll Pétursson, Guðrún Agnarsdóttir, Ingvar Gíslason, Friðrik Sophusson, Gunnar G. Schram, Hjörleifur Guttormsson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Enginn fulltrúi Alþfl. hefur tekið þátt í afgreiðslu þessa máls í nefnd og kannske að vonum. Það er enginn Alþfl.-fulltrúi í þessari nefnd. Ég vil hins vegar lýsa stuðningi Alþfl. við þetta mál. Ég tel að hér sé stigið rétt skref og tímabært og það eigi að geta verið til bóta. Einkum og sér í lagi við að koma, eins og hér er gert ráð fyrir, íslenskri þekkingu á erlendan markað. Þess vegna styðjum við Alþfl.-menn heilshugar það mál sem hér er verið um að fjalla og tökum undir það nál. sem hér hefur verið lýst.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. 487. mál (þskj. 898, n. 1141). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 107 frá 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Iðnn. hefur haft frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt, en samstaða varð um málið í hv. Ed.

Það hefur komið í ljós á síðustu vikum að félagið, sem um getur í 1. gr., þ. e. hlutafélag heimamanna, hefur verið stofnað. Hlutafé hefur verið safnað og sú söfnun stendur enn yfir. Það er ríkjandi áhugi heimamanna á því að halda þessari starfsemi áfram og nýta aðstæður á staðnum til annarrar starfsemi.

Undir þetta rita allir nm. sem viðstaddir voru afgreiðslu málsins. Tveir þeirra hafa fyrirvara. Mér er kunnugt um að fyrirvari Páls Péturssonar, hv. þm. og formanns nefndarinnar, byggist á því að hann óttast að hér sé veikburða byggðarlag að reisa sér hurðarás um öxl. Hann virðist þannig líta í anda hinn vaska flokk vestfirska alþm. þegar þeir koma og krefjast þess að ríkið hlaupi undir bagga með verksmiðjunni. Þá hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson einnig skrifað undir nál. með fyrirvara.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er alltaf gaman þegar heimaaðilar vilja taka að sér atvinnurekstur. En það sem er að hjá þessu fyrirtæki er fyrst og fremst það að markaðsfærsla og stjórnun eru of veikburða. Þetta fyrirtæki mun hvorki rísa undir sér né nafni nema því verði breytt. Það er ekki fyrirsjáanlegt og verður ekki séð, af því sem upplýst er um þetta mál, að sú grundvallarbreyting, sem nauðsynleg er til þess að fyrirtækið fái staðist, muni eiga sér stað með samþykkt þess lagafrv. sem hér er til umr. Þess vegna óttast ég það, herra forseti, að málið sé jafnóleyst og jafnerfitt þó þetta frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 958). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það sem hér er flutt var flutt í Ed. og hefur verið

samþykkt þar. Það fjallar um breytingu á tryggingu vaxtabréfa sem veðdeild Búnaðarbanka Íslands gefur út. Í gildandi lögum er um að ræða þessar tryggingar: veðskuldabréf sem veðdeildin fær frá lántakendum, varasjóð veðdeildarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Þriðja ákvæðinu er breytt úr ábyrgð ríkissjóðs í ábyrgð Búnaðarbankans. Er það sambærilegt við það sem gerist hjá veðdeildum annarra banka.

Þetta frv. er flutt sem samkomulagsfrv., samið og unnið af nefnd sem fjallaði um þessi mál og var undir forustu núverandi bankastjóra Búnaðarbankans Stefáns Pálssonar. Mér er enn fremur kunnugt um ábendingar frá bankastjórninni um aðrar breytingar í sambandi við lögin um veðdeildina. Það er ósk mín að sú nefnd sem fjallar um þessi mál skoði þær þannig að hægt væri að koma þeim breytingum fram við 2. umr. þessa máls sem ég á ekki von á að valdi neinum ágreiningi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 93. fundur.

Mánudaginn 10. júní, kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 789, n. 1170). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981. Málið er komið frá Nd. þar sem samstaða varð um það. Það gildir alveg það sama í þessari hv. deild. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá Nd., um það var enginn ágreiningur í nefndinni. Undir nál. rita Haraldur Ólafsson, Helgi Seljan, Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason og Eiður Guðnason. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. 479. mál (þskj. 1189). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sept. 1983 skipaði ég nefnd til að endurskoða gildandi lög um skipulag ferðamála, sem eru frá árinu 1976, og var nefndinni sérstaklega falið að kanna: 1. Ákvæði 8. gr. um álagningu sérstaks gjalds á vörusölu fríhafnarinnar í Keflavík sem skuli nema 10% af árlegu söluverðmæti og renna til landkynningarverkefna o. fl. 2. Ákvæði III. kafla laganna sem fjalla um Ferðaskrifstofu ríkisins, rekstur hennar og rekstur sumarhótela. 3. Ákvæði IV. kafla laganna sem fjalla um almennar ferðaskrifstofur. 4. Ákvæði laganna um Ferðamálasjóð.

Auk þessara ákvæða, sem nefndinni var sérstaklega falið að kanna samkvæmt framansögðu, gerði hún tillögu um þrjár nokkuð veigamiklar breytingar á gildandi lögum um skipulag ferðamálaráðs svo og ýmsar minni háttar lagfæringar.

Ég taldi nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á frumvarpsdrögum nefndarinnar. Hefur verið gerð sérstök grein fyrir þessum breytingum í almennum athugasemdum um frv. svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær hér.

Málið hefur verið til umræðu og afgreiðslu í samgn. Nd. og gerði samgn. þeirrar deildar átta breytingar á frv. Flestar þessar breytingar eru meira orðalagsbreytingar og málfarsbreytingar, en 2. breytingin, við 4. gr., er einna veigamest. Þar er ákveðin aðild ferðamálasamtaka í öllum kjördæmum landsins að ferðamálaráði sem hefur í för með sér að það fjölgar aðeins í ferðamálaráði frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Þá eru ákvæði 8. gr. varðandi tekjur af fríhöfninni í Keflavík gerð nokkuð ákveðnari en var í frv. og allur vafi tekinn af með því orðalagi sem þar er.

Í 5. brtt. nefndarinnar við d.-lið 9. gr. er gert ráð fyrir að selja 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar. Í sambandi við þá sölu, en þetta er sama og var í frv., eru ákvæði fyllri og nánar skilgreint að eingöngu sé um að ræða sölu til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar þannig að þeir starfsmenn sem nú eru gætu ekki, ef þeir hefðu hætt störfum, verið áfram eigendur eins og hefði verið hægt að túlka frv. eins og það var lagt fyrir.

Enn fremur er breytt orðalagi í sambandi við gildistöku laganna. Vegna þess hve liðið er á þingið var talið í nefndinni að nauðsynlegt væri að hafa gildistöku 1. okt.

Í Nd. náðist mjög góð samstaða um málið. Allir nm. að einum undanskildum skrifuðu undir nál., en ein brtt. var flutt af einum nm. í Nd. sem ekki náði fram að ganga. Að öðru leyti var fullkomin samstaða um málið í deildinni.

Í nær tveggja ára gamalli úttekt sem samgrn. lét gera um ferðamál hér á landi, þjóðhagslega þýðingu þeirra, spá um þróun til 1992 og tillögur um ferðamálastefnu, kemur fram að miðað við árlega fjölgun erlendra ferðamanna um 7% árið 1983 og síðan árlega aukningu um 3.5% yrðu erlendir ferðamenn 106 þús. á árinu 1992, en það er 45% heildaraukning á þessu tíu ára tímabili. Þegar haft er í huga að þessi atvinnugrein skapar þjóðarbúinu verulegar gjaldeyristekjur, auk þess sem 4—5% af vinnuafli landsmanna tengist henni á einn eða annan hátt, verður ekki fram hjá því gengið að aukning þessa atvinnuvegar hefur veruleg áhrif fyrir þjóðarbúið. Eins og fram kemur í þessari skýrslu, sem ég minntist á, er greinin gjaldeyrisskapandi án verulegrar fjárfestingar og hún getur, ef rétt er á haldið, skapað fjölmörg ný atvinnutækifæri á komandi árum. Öll fjárfesting í þessari atvinnugrein kemur auk þess innlendum ferðamönnum sjálfum að notum þar sem aukinn straumur erlendra ferðamanna hingað til lands tryggir enn betur samgöngur okkar við umheiminn en nú er.

Herra forseti. Ég legg á það mjög mikla áherslu, þó að þetta frv. komi seint til þessarar hv. deildar, að það nái fram að ganga og ég vænti þess að hv. þdm. og nm. reyni að gera sitt til þess að málið nái fram að ganga. Hér er um nauðsynlegar og sjálfsagðar breytingar að ræða á skipun ferðamálaráðs með aukinni þátttöku fólks sem úti á landi býr, en það hefur sótt fast að fá fulla aðild að ferðamálaráði.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1115, n. 1180 og 1202, 1181). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, að vísu í mjög skamman tíma, en unnið bæði hratt og vel, eins og nefndum í Ed.

er lagið.

Því miður náðist ekki algjör samstaða um málið, eins og fram kemur í nál., en allmikill meiri hl. myndaðist þó um frv. Eins og herra forseti hefur skýrt þingdeildinni frá er nýlega komið fram nál. frá minni hl., þ. e. hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur.

Meiri hl. nefndarinnar leggur eigi að síður fram brtt. við þetta frv. Þær eru að vísu ekki stórar í sniðum. En þær eru tvær og varða báðar 1. gr. frv. Ég mun gera grein fyrir þeim jafnharðan og ég mun fara yfir frv.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, og sakar ekki að minna á það einu sinni enn, var á Búnaðarþingi 1985 fjallað um frv. til jarðræktarlaga sem samið var af milliþinganefnd Búnaðarþings. Eins og fram hefur komið lauk Búnaðarþing ekki afgreiðslu þess máls. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til með þessu frv., felast einkum í því að sníða jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði og þeirri stefnu sem verið er að marka, m. a. með fram komnu frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frv. þetta felur í sér bráðabirgðabreytingu á 10. og 12. gr. gildandi jarðræktarlaga er nái til áranna 1985 og 1986. En af hverju ekki til lengri tíma? Jú, vonir standa til þess að það takist að ljúka heildarendurskoðun jarðræktarlaganna á þessum tveimur árum.

Það má segja að frv. feli einkum í sér þrjú meginatriði.

Í fyrsta lagi er dregið úr framlögum sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem framræslu og grænfóðurrækt.

Í öðru lagi er efldur stuðningur við heimaafla, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta.

Í þriðja lagi er efldur stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar og þá einkum og sér í lagi loðdýrarækt, enda er uppbygging loðdýraræktar komin, að mínum dómi, allnokkuð á veg þótt að sjálfsögðu mætti betur gera og muni vonandi verða gert.

Það er ekki löng greinargerð sem fylgir frv. Breytingar eru allnokkrar á þeim grunni sem ég nefndi hér. M. a. vegna þess að frv. hefur ekki verið svo lengi, hygg ég, undir höndum annarra en hv. landbn.-manna vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um meginatriði sem varða málið og getið er um í grg. eða athugasemdum með frv.

Úr I. lið 10. gr. gildandi laga er fellt niður ríkisframlag á plægða hagaskurði, handgrafna skurði, kílræsi, önnur ræsi, svo og flóðgarða og fleiri framkvæmdir samkv. g-lið gildandi laga. Sett er hámark á framleiðsluframkvæmdir er framlags geta notið. C-liður er hliðstæður e-lið gildandi laga.

Við 1. gr. I. er gerð sú breyting að 1. málsl. 2. málsgr. b-liðar orðist svo:

„Heildarframlag ríkissjóðs samkv. þessum staflíðum skal að hámarki svara til 7 milljóna rúmmetra skurðgraftar og 1200 km plógræslu á árunum 1985 og 1986."

Þessi breyting er til komin vegna þess einfaldlega að nú þegar hefur verið samið um allverulegar framkvæmdir, þ. e. hvort tveggja, skurðgröft og plógræslu, þannig að allar líkur eru á að þær umsömdu framkvæmdir fari á þessu ári verulega fram úr því hámarki sem getið er um í frv. eins og það liggur fyrir nú. Breytingin felur einvörðungu í sér að hægt er að færa á milli ára eins og augljóst er samkv. brtt., en heildarmörkin miðað við bæði árin hækka ekki.

Í II. lið greinarinnar er gerð sú breyting að framlag til nýræktar er lækkað nokkuð, en endurræktin er lögð að jöfnu við nýrækt. Er það gert í því skyni að styðja fremur við bakið á endurræktun en túnauka.

C-liðurinn er aftur á móti nýmæli, settur í ljósi vaxandi möguleika á kornrækt og frærækt hérlendis, sem getur að dómi margra eflt innlenda fóðurframleiðslu á lögbýlum.

Við 1. gr. II. er lagt til að í stað orðsins „héraðsráðunautur" komi: jarðræktarráðunautur. Það hafa einfaldlega orðið mistök við gerð frv. að þarna stóð ekki jarðræktarráðunautur. Þar er átt við jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.

III. liður greinarinnar er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

IV. liður breytist þannig, að niður fellur framlag til girðinga um heimahaga.

V. liður er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

Nokkrar breytingar eru gerðar á VII. lið. Framlag á votheysgeymslur er hækkað, m. a. með hliðsjón af samþykkt Alþingis um eflingu votheysverkunar og ábendingum Búnaðarþings í sömu átt. Þá er gerð sú breyting að nýjar hlöður njóta því aðeins framlags að í þeim sé súgþurrkunarkerfi. Staflíðir b og c í þessum lið frv. koma í stað a-, e-, f- og g-liðar í VI. lið 10. gr. gildandi laga. Nýmæli er enn fremur heimild til að greiða framlög á kælivélar í garðávaxtageymslum, sem og rafstrengi til þessara nota, svo og súgþurrkunar. Þá er framlag á garðávaxtageymslur hækkað, enda séu þær með viðeigandi loftræstibúnaði.

Áður en lengra er haldið er líklega rétt að hnykkja á því, sem mér raunar láðist varðandi fyrri liði og sem er ein af meginbreytingum sem frv. felur í sér, að styrkir til grænfóðurræktar eru felldir svo að segja niður. Það er að vísu gert ráð fyrir heimildum til að styrkja grænfóðurrækt vegna harðinda, en almennt séð er lagt til að styrkir til þeirrar ræktunar falli niður.

Síðustu þrír liðirnir í frv., þ. e. IX., X. og XI. liður, eru nýmæli. Um þessa liði er í sjálfu sér ekki ástæða til að fjalla. Varðandi X. liðinn, þ. e. til loðdýrabygginga, er það mála sannast að til þessa verkefnis er ætlað verulegt fé, en ég mun koma að því síðar.

Þau stærðarmörk sem hér er um að tefla eru, eftir því sem mér er sagt, fyrir svo sem eins og 100 refalæður hið minnsta og 300 minkalæður hið minnsta. Þessar upplýsingar hef ég nú beint frá Búnaðarfélaginu, þ. e. búnaðarmálastjóra, Jónasi Jónssyni. Sú bústærð, sem hér er vikið að, er u. þ. b. eitt ársverk eftir því sem mér er tjáð.

XI. liðurinn, þar sem vikið er að ræktun skjólbelta, kom aðeins, eins og aðrir liðir, til umræðu í nefndinni og að því var vikið hvort þessi liður stangaðist hugsanlega á við skógræktarlög. Það er álit fróðra manna að svo sé ekki. Í skógræktarlögum er gert ráð fyrir, eins og kunnugt er, framlögum með vissum hætti af hálfu Skógræktarinnar vegna skógræktar. Þar er ekki, að mínu viti, sérstaklega vikið að skjólbeltum eins og hér er.

Ég held að rétt sé í lok þessarar yfirferðar að ég lesi yfir síðustu mgr. tvær, með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt, að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að ákveða stærðarmörk framkvæmda sem

framlags njóta skv. þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf til framkvæmda skv. lögum þessum og gerir tillögur til landbrn. um fjárveitingu á næsta ári, áður en frv. til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðh. heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt árlegrar jarðræktar og húsabóta skuli lokið."

2. gr. frv. varðar verðlagsbætur skv. vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1984 í samræmi við önnur ákvæði 12. gr. jarðræktarlaga nr. 79 29. maí 1972. Inn í þessa grein hefur, að mínum dómi, slæðst villa sem okkur láðist að breyta í landbn. Upphaf bráðabirgðaákvæðisins hljóðar svo:

„Á framlög skv. 1. gr., vegna framkvæmda, sem unnar verði árin 1984 og 1985."

Ef að líkum lætur eiga þessi ártöl að vera 1985 og 1986 því að í öllu frv. er gengið út frá þeim ártölum. 1. mgr. 1. gr. hljóðar svo:

„Í stað ákvæða 10. gr. skulu eftirtalin bráðabirgðaákvæði gilda um framlög til búnaðarframkvæmda sem unnar eru á árunum 1985 og 1986."

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg fleiri orð.

Nefndinni bárust upplýsingar um þá kostnaðarskiptingu sem hugsanlega verður að þessu frv. samþykktu. Það má segja að í meginatriðum sé hún þannig:

1. Hefðbundin viðfangsefni í jarðrækt fara úr 58% heildarframlaga í 43% eða þar um bil.

2. Stuðningur við endurræktun o. fl. verður svipaður. Grænfóðurræktar og votheysgeymslna er áður getið.

3. Ný viðfangsefni hljóta um það bil 15% af heildarframlögum.

Það hefur raunar oft, bæði innan Alþingis og utan, verið minnt á að það fjármagn hafi skilað sér illa sem talið er hafa sparast vegna skerðingarákvæða sem komu inn í jarðræktarlög 1979. Upphafsorð þess ákvæðis til bráðabirgða hljóða svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er landbrh. í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávik frá ákvæðum þessarar greinar á næstu fimm árum."

Á grundvelli þessa hafa átt sér stað allverulegar skerðingar. Menn hafa litið svo á að í því efni hafi sparast fjármagn. Þetta fjármagn hefur hins vegar hvergi nógu vel skilað sér. Veittar hafa verið upplýsingar um það, þótt ekki séu þær nógu nákvæmar, að þar vanti á hartnær 100 millj. kr. Það segir sig sjálft að það munaði allverulegu ef þessar 100 millj. kr. hefðu komið til ráðstöfunar á vegum landbúnaðarins og þá í framkvæmdir á sviðum nývirkja innan þess atvinnuvegar.

Að síðustu læt ég að sjálfsögðu í ljós þá von að það verði staðið við framlög skv. þessu frv., ef að lögum verður, og ætla ég alls ekki að bera brigður á það, en læt í ljós þá einlægu von. Hitt er ljóst að halda verður áfram að endurskoða núgildandi jarðræktarlög. Ég skal ekkert segja um það á þessu stigi hversu umfangsmiklar breytingar kunna að verða gerðar á þeim lagabálki, en eins og þetta frv. ber með sér er gert ráð fyrir allnokkrum fresti að því er varðar endurskoðun. Sá dráttur sem orðið hefur á endurskoðun jarðræktarlaga á sínar skýringar og að hluta til hafa þær komið fram, bæði í grg. með þessu frv. og reyndar hef ég vikið að því. Við sem höfum starfað að endurskoðuninni höfum ekki viljað ganga á snið, ef svo má að orði komast, við Búnaðarþing í þessum efnum. Við höfum viljað leitast við að hafa þá faglegu aðila með okkur í ráðum. Þetta frv., og það skulu vera mín síðustu orð, er að mínum dómi að verulegu leyti sniðið að þeim viðhorfum sem ríktu á Búnaðarþingi til þessa máls.

Um minnihlutaálitið mun ég ekki ræða núna. Ég mun gera það síðar í umr. ef tilefni gefst til.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. hv. landbn. um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1982. Minnihlutanefndarálitið er á þskj. 1202.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. n. hefur þetta frv. verið allskamman tíma í meðförum hjá hv. landbn. og er með ólíkindum hvað það hefur staldrað stutt við. Ég tók mér því tíma nú um helgina og fór betur í gegnum ákvæði þess því hér er verið að styrkja beint, gefa mönnum fjármagn og við tökum skv. því ákvörðun um það á hv. Alþingi hversu háar upphæðir hver og einn fær í sinn vasa sem gjöf frá ríkinu. Ákvæði VI er nýmæli, þ. e. að það má styrkja um allt að 40% af innkaupsverði kælivéla vegna garðávaxtageymslna og rafstrengja sem lagðir eru sérstaklega í þessu skyni, svo og súgþurrkunarblásara með aflvél. Til þess að glöggva mig á þessu hafði ég samband við forsvarsmenn ræktunarmála í nágrenni stór-Reykjavíkursvæðisins, þ. e. á Suðurlandi, og bar undir þá hvort það væri virkilega mikil þörf á því að þeir væru styrktir meira en nú er í því skyni að koma upp varanlegum geymslum með kælivélum til þess að geyma kartöflur. Þeir tjáðu mér að flestallir þeir bændur sem hafa kartöfluræktina sem aðalbúgrein væru nú þegar komnir með kælivélar í sínar geymslur þannig að þetta komi þeim ekki til góða. Þeir voru mjög mikið á móti því að nú væri verið að auka styrki til þessarar búgreinar þegar samkeppnin er orðin allmikil og uppskera nægir innanlandsmarkaði oftar en ekki. Þar af leiðandi væri verið að mismuna mönnum í þeirri samkeppni sem nú á sér stað. Þetta fannst mér reyndar líka bagalegt þegar litið er á þá staðreynd að hv. formaður þeirrar nefndar sem um þetta mál fjallar, hv. 11. landsk. þm. ef ég man rétt, Egill Jónsson bóndi á Seljavöllum, er einn af kartöfluræktendum hér á landi. Hann er bæði höfundur að þessu frv. og formaður þeirrar nefndar sem um þetta frv. fjallar. Þar af leiðandi gæti einhverjum dottið í hug að hér kæmu til eigin hagsmunir. Þó að ég vilji ekki halda því sérstaklega fram er mér þó kunnugt um að hann hefur ekki fram að þessu byggt sér geymslu og gæti því vel fengið aukinn styrk út á þetta lagafrv. verði það að lögum. Ég læt þetta hér með koma fram því að þessu er ég kunnug. (**SkA:** Ætli hann sé að byggja hlöðu kannske?) Já, þar að auki er rétt sú ábending sem hér kom fram, að sá ágæti bóndi mun vera að byggja votheyshlöðu. (**DA:** Turn.) Það er víst sama og hlaða eftir þeirri skilgreiningu sem hér kemur fram.

Til þess að glöggva mig nánar á hversu mikið þetta væri í upphæðum, miðað við þá styrki sem á undanförnum árum hafa gilt eða gilda, get ég tekið dæmi um 400 fermetra geymslu og þar er talað um styrki varðandi geymslu fyrir garðávexti en ekki votheyshlöðurnar. Út á 400 fermetra geymslu mætti fá um 240 þús. í beinan styrk, auk þess sem kælivél mun kosta í kringum 240—250 þús. með rafbúnaði. Þetta er verð frá því fyrr í vetur og hér ríkir verðbólga, þannig að hér er um 80—100

þús. kr. að ræða sem fást í styrk ef fullnýtt eru þau 40% af innkaupsverði sem kveðið er á um í þessari mgr.

Svo er það rafstrengurinn. Það fer náttúrlega eftir fjarlægð frá stofnstreng að kartöflugeymslu hvað sú upphæð gæti orðið há. En ekki er úr vegi að áætla, ef þetta eru um 400—500 metrar og er þá vægt tekið til orða, að kostnaðurinn við sjálfan strenginn sé í kringum 35 þús. kr. og það er beinn styrkur úr ríkissjóði.

Vegna þessa tel ég að hv. landbn. ætti að taka þetta frv. aftur til athugunar og fara náið ofan í hversu mikil þörf er á þessum styrkjum og hvort ekki megi beina því fjármagni, sem ég a. m. k. þori að fullyrða að er ekki þörf fyrir í mörgum tilfellum hér, til nýrra búgreina án þess að hækka þá heildarupphæð sem við erum hér að skipta.

Í þeim kafla sem ég hef verið að fjalla um er áætlað að auka framlög um nær 11 millj. kr. frá því sem áður hefur gilt, bæði frá núgildandi lögum og þeim ákvæðum sem féllu úr gildi við síðustu áramót og þessum lögum er ætlað að taka við af ef samþykkt verða. Það er ansi há upphæð ef litið er til þess hvað miklu fé á að verja til loðdýrabúa, en það eru 18.8 millj. Skjólbeltin fá 400 þús. og gróðurhúsin 1.9 millj. En hækkunin varðandi heygeymslur o. fl., eins og þar stendur, er 11 millj. Þar er heildarupphæðin 35.2 millj.

Ég ætla ekki hér og nú að gera tillögur um í hvaða nýjar greinar ætti að verja þessu fjármagni, enda er ég ekki í stakk búin til þess, en ég tel það til vansa fyrir hv. landbn. að taka ekki frv. þó ekki væri nema til viku meðhöndlunar í nefnd og skoða það betur en hingað til hefur verið gert. Þess vegna legg ég til að málið verði tekið upp á nýjan leik. Að öðrum kosti mun ég ekki styðja þetta frv. og greiða atkv. gegn þeirri hækkun sem þarna kemur fram.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Á síðustu dögum þingsins í fyrra áttum við hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson og sá sem þetta mælir nokkur orðaskipti í þessari hv. deild um kartöflumál og ég átti eiginlega ekki von á því að það yrði mitt hlutskipti síðustu daga þessa þings að koma upp og taka upp hanskann fyrir hv. þm. Egil Jónsson í þeim málum.

Það má vera að þau ummæli, sem hv. 8. landsk. þm. viðhafði í ræðustól áðan, hafi verið fremur sögð í gamni en alvöru. Öllu gamni fylgir þó nokkur alvara. Þegar beinlínis er látið í það skína að þm. í þessari deild, og í þessu tilviki hv. þm. Egill Jónsson, styðji frv. og flytji hér mál vegna þess að hann hafi af því persónulegan hag og hagsmuni, þá get ég ekki orða bundist, einkanlega þar sem umræddur þm. er ekki einu sinni staddur í deildinni og hefur ekki tækifæri til að svara þessum ásökunum sem vera má að hafi frekar verið settar fram í gamni en alvöru. Ég vildi eiginlega mælast til þess að umr. yrði ekki lokið öðruvísi en að hv. þm. Egill Jónsson ætti þess a. m. k. kost að heyra hvað hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir sagði um hann og hans afstöðu til málsins og svara því þá ef hann telur svaravert.

Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og skal gera nokkra grein fyrir því í hverju hann er fólginn. Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir hefur gert grein fyrir þeirri afstöðu sinni að hún leggur til að frv. verði fellt. Ég skal játa að ég get tekið undir eitt og annað í sambandi við þær röksemdir sem liggja að baki því að rétt væri að fella þetta frv., en þá verða menn að gera tillögur um einhverja aðra skipan mála vegna þess að þetta mál er þannig vaxið að verði frv. fellt núna hækka framlögin skv. jarðræktarlögunum mjög verulega frá því sem verið hefur í gildi að undanförnu, þ. e. þá falla öll skerðingarákvæði niður og framlögin hækka, fara í gamla vitlausa farið ef ég má leyfa mér að segja sem svo.

Þetta frv. er engan veginn gott og ég er langt frá því að vera ánægður með það. Það er rétt að koma ætti meira til móts við nýjar búgreinar og það ætti að lækka ræktunarframlög meira en gert er, en við getum sagt að það séu þrír kostir í málinu.

Í fyrsta lagi er hægt að flytja nýtt frv. um enn þá meiri skerðingu. Ég hef enga von til þess að slíkt frv. mundi ná fram að ganga þannig að það er ekki raunhæfur kostur.

Þá er næsti kostur að fella þetta frv. Þá mundu framlögin hækka mjög verulega.

Þriðji kosturinn, sem er engan veginn góður, er að samþykkja þetta frv., samþykkja þær breytingar sem það gerir ráð fyrir sem eru í rétta átt þótt þær nái allt of skammt og séu hvergi nærri nógu róttækar. Með því er a. m. k. nokkurn veginn haldið í horfinu um þetta mál.

Nú eru jarðræktarlögin öll í heildarendurskoðun, það hefur komið hér fram, og ég vil bíða með miklar mótmælaaðgerðir þangað til ég sé þá endurskoðun, í hverju hún er fólgin. Ég vona að henni ljúki sem fyrst. Þá er rétt að gera brtt. og kappkosta að fá fram breytingar. En eins og þetta mál stendur núna mundi það að fella frv., þó að það hljóði eins og öfugmæli að fella frv. um þau framlög sem frv. gerir ráð fyrir, hafa í för með sér hækkun framlaganna. Svo öfugt sem það hljómar, þá er það staðreynd. En með því að samþykkja frv. yrði um að ræða nokkra lækkun.

Ég endurtek að ég er alls ekki sáttur við þetta frv., en af þeim þremur kostum sem ég hef hér lýst og ég tel að séu fyrir hendi í málinu er þessi skömminni skástur eins og málið stendur núna og þess vegna mun ég ekki leggjast gegn afgreiðslu þessa frv., en hvet hæstv. landbrh. til þess að gera nú þær ráðstafanir er duga mega til þess að flýta endurskoðun jarðræktarlaga þannig að endurskoðað frv. um þau efni geti legið fyrir þinginu sem fyrst.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv.

Það er rétt hjá hv. 8. landsk. þm. að við höfum ekki haft þetta mál ýkja lengi til umfjöllunar, en þær upplýsingar, sem við fórum fram á þegar í upphafi að gefnar yrðu um áhrif þessa frv., lágu fyrir samdægurs sem betur fer og er það býsna óvenjulegt um hraða á afgreiðslu þeirra upplýsinga sem við biðjum yfirleitt um. Meginupplýsingarnar um greiðslur skv. jarðræktarlögum, miðað við þetta frv., miðað við lögin frá 1972 og miðað við lögin frá 1979 með skerðingarákvæðinu þá, bárust okkur samdægurs. Það verð ég að láta koma hér fram og þakka um leið að við fengum góða skilgreiningu á þessum breytingum þar sem m. a. kom fram að sá þáttur sem hv. 8. landsk. þm. benti á sérstaklega varðandi heygeymslur og fleira mundi hækka. Það lá alveg ljóst fyrir vegna þess sem þar hefur verið bætt inn í og við sáum þess vegna strax í hverju það lægi. Ég held því að ekkert hafi verið óljóst í okkar huga, eftir að við höfðum fengið þetta frá landbrn., til

hvers þetta frv. mundi leiða og hvaða breytingar það hefði í för með sér.

Ég ætla ekki að fara út í umræður um hverjir séu að semja frv. fyrir hverja í sambandi við þessi mál. Ég vil a. m. k. ekki ætla hv. 11. landsk. þm. það varðandi afstöðu hans til landbúnaðarmála að hann sé að semja frv. til að hafa af því hag eða vegna eigin framkvæmda eða þá í því búi sem þeir búa félagsbúi hann og sonur hans og held að ég taki undir það hjá hv. 5. landsk. þm. að þegar að því er vikið hér svo ákveðið hljóti að vera nauðsynlegt að hv. 11. landsk. þm. fái áður en umr. lýkur að svara til saka og bera af sér sakir ef hann kýs það vegna þessara ummæla. En ég leit á þetta frekar sem nokkurt gaman hjá hv. 8. landsk. þm. Það er alveg rétt.

Sumar af þessum breytingum kunna að vera umdeildar og við höfum ekki fjallað um þær nákvæmlega sem slíkar. En ég segi varðandi þau atriði sem hv. 8. landsk. þm. kom sérstaklega inn á að þar tel ég að séu samt sem áður jákvæðir þættir inni í eins og þeir hvatar sem þarna eru og ég tel nauðsynlega til að bæta heyverkun og ekki síður til að bæta geymslu garðávaxta. Ég held að það sé mikil nauðsyn á því og það hefði mátt koma fyrr, enda lá það reyndar í hennar orðum að þeir sem áður hefðu staðið fyrir framkvæmdum hefðu ekki notið góðs af eins og kannske hefði verið verðugt.

Ég tek undir það með hv. 5. landsk. þm. að hér er um bráðabirgðalausn að ræða á heildarstyrkjamálum landbúnaðarins og ég legg ríka áherslu á að endurskoðunin í heild gangi sem best og skjótast fram. Ég á þar við ræktunarþáttinn sér í lagi, en það er vitað að miðað við hefðbundinn búskap í dag þarf verulega að skoða heildarþörfina á ræktun almennt og hversu þar skuli að staðið.

Það er rétt að 1979 var gerð hér á veruleg breyting, sett á ákveðið skerðingarþak eftir túnstærð. Þá þegar voru menn sammála um að betur þyrfti að standa að styrkjamálum til nýræktar. Enn frekar þarf þess nú í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur, enda bendi ég á að ef við hverfum aftur til laganna sem giltu fyrir 1972 væru jarðræktarstyrkirnir í heild sinni yfir 100 millj. eða 104 millj. nánar tiltekið, en eru skv. frv. núna innan við 60. Það er auðvitað veruleg lækkun og sjálfsögð leið sem þarf sérstaklega að athuga með.

Það kann vel að vera að framkvæmd þessarar skerðingar og lagabreytingarinnar frá 1979 hafi verið ábótavant og hún hafi ekki farið svo úr hendi sem menn þá væntu. En þessi bráðabirgðalausn er m. a. til þess, eins og hv. 5. landsk. þm. kom inn á áðan, að hverfa ekki aftur til þeirra laga sem giltu fyrir 1979 og í ljósi þess ber að skoða hana og meta sem slíka, en ekki síður í ljósi þess að heildarendurskoðun skal lokið sem allra fyrst, enda gert ráð fyrir því að þessi tilskipan gildi aðeins um þetta og næsta ár.

Ég vil svo segja það að styrkjakerfið í landbúnaði er íslenskri bændastétt býsna hættulegt ef það verður ekki tekið til verulegra breytinga og lagfæringar. Reyndar er það mín skoðun að lífskjör bænda þyrftu að vera þau að styrkir af þessu tagi væru óþarfir nema styrkir varðandi búháttabreytingar annars vegar og til nýliða í stéttinni. Þannig þyrftu lífskjör bænda að vera að styrkir af því tagi, sem við erum hér að fjalla um, væru óþarfir nema til verulegra breytinga á búháttum og svo til þeirra sem eru nýir, að hefja búskap eða að reyna algerlega nýjar leiðir. Besta atriði þessa frv. felst einmitt í stuðningi við loðdýraræktina, en þar þarf að mínu viti enn betra skipulag og enn betri heildaryfirsýn að komast á. Það er umhugsunarefni ef landbúnaðurinn og byggðirnar sem slíkar eiga að njóta virkilega þessarar nýju búgreinar.

Ég segi það líka að ég fagna áherslu á votheysverkun sem felst í auknum stuðningi við votheysgeymslur, enda hefur Alþingi áður lýst einróma vilja sínum í kjölfar ályktunar frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni. En endurskoðun heldur áfram og að henni ber sem best að vinna. Ég benti á það við 1. umr. og ítreka það hér að að þessari endurskoðun koma nú stjórnarliðar eingöngu. Það er að vísu hið ágætasta lið, eins og hér hefur þegar komið fram, með hv. 11. landsk. þm. í broddi fylkingar og framkvæmda, en ég ítreka þá ósk mína til hæstv. landbrh. að þegar þessi mikilvægi og þýðingarmikli lagabálkur verður endurskoðaður til þess að bera hér fram heilsteypt jarðræktarlög í heild sinni fái stjórnarandstaðan að koma að því máli.

Forseti (Stefán Benediktsson): Að gefnu tilefni vil ég geta þess að von er á hv. 11. landsk. þm. á hverri stundu. Hann hafði ekki boðað forföll og áleit að hann mundi ná fundi. Það er því okkar að verja brúna þangað til hann kemur.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég hafði að vísu kvatt mér hljóðs áður en hv. 8. landsk. þm. tók til máls, en ég verð að styðja það mjög eindregið að ekki sé skilið svo við þessa umr. að hv. þm. Egill Jónsson fái ekki að svara hér til saka því vissulega voru bornar á hann sakir. Það má náttúrlega ekki við svo búið standa, að hann fái ekki tækifæri til þess, enda grunar mig að til máls hefði hann tekið að aflokinni ræðu hv. 8. landsk. þm.

Ég ætlaði að segja að mér finnst frv. sem hér liggur fyrir vissulega spor í rétta átt. Að mínum dómi er þó e. t. v. ekki gengið jafnlangt og ég hefði vænst með tilliti til svokallaðs samkomulags formanna stjórnarflokkanna frá því í haust. Skv. mínum skilningi á því samkomulagi skyldi stefnt að því, kannske ekki í einu lagi en það skyldi stefnt að því að framleiðsluaukandi aðgerðir yrðu ekki styrktar. Nú má sjálfsagt deila um hvað séu framleiðsluaukandi aðgerðir, en ég vildi spyrja annaðhvort hv. varaformann landbn. eða þá hæstv. landbrh. hvort vitað sé um hve mikla tilfærslu á fjármunum yrði að ræða á þessu ári frá framleiðsluaukandi aðgerðum, — hvað sem það nú er, væntanlega þá jarðræktarstyrkir, styrkir til áburðarkjallara og þess háttar, — til nýrra búgreina, og þá helst í krónum, ekki í prósentum, ef þessi áætlun er til sem ég ekki veit. Vera má að þetta hafi komið fram í umr. einhvers staðar, en ég hef þá misst af því.

Mér finnst líka að fyrst verið var að endurskoða þessar greinar á annað borð þrátt fyrir að eftir sé, eins og upplýst hefur verið, að endurskoða lögin í heild sinni hefði annaðhvort mátt fella niður eða umorða eitthvað fleira í greinunum. Ég vek athygli á lið III í 1. gr. frv.: „Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65 or. m^3." Ég veit nú ekki hvað or. þýðir. og ég veit ekki heldur hvort seljanlegt grjót numið úr ræktanlegu landi er mikið, hvort mikið er selt af grjóti slíku. Vera má að svo sé. Ekki veit ég það.

Um annað vildi ég spyrja, annaðhvort hæstv. ráðh. eða hv. þm. Davíð Aðalsteinsson: Vita þeir hvort mikið er veitt til kölkunar á túnum í dag og hvort þörf sé á sérstakri grein um það í lögum?

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er þá fyrst vegna ræðu hv. 8. landsk. þm. og ummæla um hv. þm. Egil Jónsson, 11. landsk. þm. Ég segi fyrir mitt leyti að ég ætla að leyfa mér að taka orð hv. 8. landsk. þm. í þessari umr. sem grín. Ég hef ekki orðið var við enn sem komið er af hálfu þess hv. þm. ávirðingar á hendur þm. og ég held og ég veit raunar vegna samstarfs okkar í landbn. að það er alls engin ástæða til þess af hálfu hv. þm.

Hér hefur verið að því vikið að hv. 11. landsk. þm. verði að svara fyrir sig. Það getur hver haft sína skoðun á því. Ég tel þessi orð fyrir það fyrsta grín. Í öðru lagi, hafi þau verið mælt af einhverjum alvöruþunga, falla þau dauð og ómerk um sjálf sig. Það er minn dómur.

Mér er kunnugt um að hv. þm. Agli Jónssyni er miklu meira í mun að þetta mál nái fram að ganga en að svara héðan úr ræðustól órökstuddum dylgjum, að mínum dómi, um hann sjálfan. Ég vil að því leyti og fyrir mitt leyti svara fyrir hv. þm. vegna þessara ummæla hv. 8. landsk. þm.

Hv. 8. landsk. þm. leggur til að þetta frv. verði felld. Að vísu er það orðað svo í nál. hv. þm. að hv. þm. muni ekki samþykkja frv. Nokkuð er nú farið í kringum grautinn að mínum dómi, enda ekki óeðlilegt vegna þess að í nál. er tekið fram að það er álit hv. 8. landsk. þm. að með frv. sé þó stigið spor í rétta átt. Með leyfi forseta stendur í nál.:

„Það frv., sem hér um ræðir, er einvörðungu um styrki til uppbyggingar og endurbóta í landbúnaði og markar því stefnu stjórnvalda í þessum atvinnuvegi. Með þessu frv. er aðeins að litlu leyti komið til móts við nýjar búgreinar með því að bæta við styrkjum vegna bygginga loðdýraræktar. Styrkir eru enn fremur hækkaðir sérstaklega til bygginga á votheyshlöðum og geymslum fyrir garðávexti. Að öðru leyti felast þær breytingar, sem lagðar eru til með þessu frv., í því að laga jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði."

Það sem sagt er í nál. og ég las upp er ekki af því tagi að byggja undir núverandi ríkjandi ástand í landbúnaði. Þess vegna er mér óskiljanlegt af hverju hv. þm. getur ekki látið svo lítið og stutt þetta frv. Að mínu viti flokkast þær aðgerðir, sem hv. þm. vék sérstaklega að í sinni ræðu, undir það sem hv. þm. gæti stutt varðandi nýbreytni í stefnu í landbúnaðarmálum einfaldlega vegna þess að hv. þm. nefnir það fyrst, en víkur orðum sínum þannig og segir: „Að öðru leyti felast þær breytingar, sem lagðar eru til með þessu frv., í því að laga jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði." Það er einmitt þetta sem er fyrst og fremst ádeiluefni af þm. hálfu. Ég bið forláts, en mér finnst ekki alveg samhljómur í nál. og í þeim viðhorfum sem fram komu í ræðu hv. þm.

Hv. þm. Helgi Seljan kom aðeins inn á þessi mál. Hann orðaði það eitthvað á þá lund að styrkir væru mjög hæpnir í landbúnaði og gætu þegar stundir liðu jafnvel orðið þrándur í götu bænda sjálfra. Ekki vil ég taka undir þetta nema að því leyti þar sem þm. vék að því að landbúnaðurinn þyrfti í ríkari mæli að standa sjálfur undir eigin fjárfestingu. En þá þarf líka að byrja á réttum enda og að þessu leyti vil ég taka undir orð hv. þm. Auðvitað er æskilegast að allir atvinnuvegir og hinar ýmsu greinar innan atvinnuveganna standi sjálfar undir fjárfestingu, að afrakstur viðkomandi atvinnuvegar og atvinnugreinar sé slíkur að fjárfesting sé möguleg með skaplegum hætti.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. Björn Dagbjartsson vék að því hversu mikil fjármunatilfærsla væri að þessu frv. samþykktu og þá sérstaklega úr hinum hefðbundnu greinum í nýjar, þ. e. og þá ekki síst frá þeim greinum sem hugsanlega auka framleiðslu á hefðbundnum búvörum til annarra þátta landbúnaðar. Þessi tilfærsla er yfir 20 millj. Þegar bornar eru saman fjárhæðirnar við fjárlög nú með skerðingarákvæðinu kemur fram að þar er gert ráð fyrir til undirbúnings ræktunar 43.5 millj., en skv. frv. 23.8 millj., til jarðræktar 43.2 millj., en skv. frv. 35.8 millj. Sú breyting sem hefur mest áhrif í þá átt að draga úr framleiðslu, a. m. k. að mínum dómi, á hefðbundnum búvörum er niðurfelling styrkja til grænfóðurræktar. Sú breyting er gerð ef þetta frv. verður að lögum. Að vísu er það tekið fram að heimilt er að verja fé til grænfóðurræktar í sérstökum tilvikum vegna harðæris.

Hv. þm. beindi annarri spurningu til mín varðandi VIII. liðinn, þ. e. kölkun túna. Þessi fjárhæð er óbreytt, hvort heldur er gerður samanburður með inniföldum skerðingarákvæðum núgildandi laga eða skerðingarákvæðum ekki eða frv. sem við erum að fjalla um núna, en þar er um 800 þús. að tefla í öllum tilvikunum þremur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi. Ég er sannfærður um að hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson lætur sér eins og vind um eyrun þjóta þau orð sem hv. 8. landsk. þm. viðhafði úr ræðustól og svo stóra lund hefur hv. 11. landsk. þm. að hann metur meira framgang góðra mála en svara órökstuddum dylgjum sem fram koma úr þessum ræðustól.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli og þeim sem tekið hafa undir efni þess. Það kom fram í framsöguræðu minni við 1. umr. að þarna væri um tímabundnar ráðstafanir að ræða sem ganga í áttina að því sem hlýtur að verða stefnt að. Þarna er aðeins um áfanga að ræða.

Ég vil leggja áherslu á að ganga þarf þarna lengra og gera mál skýrari. Það er enginn ávinningur fyrir neinn að vera hvattur með slíkum framlögum til framkvæmda sem ekki eru nauðsynlegar því að vissulega fylgir því alltaf einhver kostnaður fyrir viðkomandi aðila og meira en lítill þó að þarna sé um mikilvægan stuðning að ræða. Vissulega má segja að það væri æskilegast fyrir bændastéttina að hún þyrfti alls ekki á neinum slíkum framlögum að halda. En ef grannt er skoðað eru þau ekki eingöngu í þágu bændastéttarinnar heldur þjóðfélagsins í heild. Við vitum að fjárfesting í landbúnaði skilar arði hægt, veltuhraði er hægur í landbúnaði miðað við það sem gerist í öllum öðrum atvinnuvegum. Þar af leiðandi verður fjármagnskostnaður þungur. Og þó að við þurfum að draga saman í bili a. m. k. hefðbundna búvöruframleiðslu þarf vitanlega áfram að framleiða mjólk og kindakjöt hér á landi og þá skiptir

það miklu máli að á þá sem að því starfa séu ekki lagðar allt of þungar fjárfestingarbyrðar. Get ég tekið undir með hv. 2. þm. Austurl. að vissulega er þar hlutur frumbýlinga erfiðastur. En eftir því sem fjárfestingarkostnaðurinn verður hærri þarf stærri liður að koma inn í verðlagningu búvara til þess að standa undir þessum fjárfestingarkostnaði og það hækkar þá búvöruverðið í landinu. Það er þess vegna sem ávinningur er að því að reyna að lækka fjárfestingarkostnað, jafna milli einstaklinga og draga úr aðstöðumun. Þarna þarf því að huga vel að. En ég ítreka það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, að endurskoðun þarf að halda áfram og ég get tekið undir með þeim sem lagt hafa áherslu á að henni ljúki sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Menn tóku aldeilis við sér þegar ég benti á að það gæti orkað tvímælis þegar einn og sami maðurinn væri höfundur að frv., væri formaður þeirrar nefndar sem um frv. fjallaði og gæti auk þess haft hagsmuna að gæta. Ég bar ekki á hann neinar sakir, en sagði að mér væri kunnugt um að hann ætti ekki geymslu eins og hér væri verið að auka styrki til. Það má hver og einn taka það og skilja það eins og hann vill. Ég er ekkert hrædd um að hv. þm. Egill Jónsson mundi ætla mér að ég væri að bera á hann einhverjar sakir. En svo sannarlega má oftar en í þessu tilfelli benda á að einn og sami maðurinn getur ekki og á ekki að geta setið í öllum sætum við ráðstefnuborðið og þyrfti oft og tíðum að hafa spegil til þess að tala við með stólinn auðan á móti sér. Þetta vil ég endilega benda á í þessu samhengi.

Til þess að afla mér frekari upplýsinga varðandi nauðsyn þess að hækka þessa styrki hafði ég samband við þá bændur sem lifa af þessari búgrein. Þeir hafa ekki heyrt á það minnst að hér eigi að fara að auka styrki frá opinberum sjóðum eða frá ríkinu. Það kom mér spánskt fyrir sjónir að enginn af þeim sem ég ræddi við — og hæstv. landbrh. ætti að vera þeim málum kunnugur — hafði hugmynd um hvað hér væri að fara fram og þeir töldu enga þörf á þessari hækkun. Það eru einhverjir hagsmunir sem mér er ekki kunnugt um eða einhver önnur rök fyrir því að þarna þurfi að auka styrki.

Hv. 5. landsk. þm. o. fl. sögðu hér úr ræðustól að ég legði til að frv. yrði fellt. Það er alger misskilningur. Ég tók fram að ég mundi ekki samþykkja frv. Þar af leiðandi mundi ég sitja hjá. En ég tók fram að ég mundi greiða atkv. gegn þessari hækkun í lið VI.

Hv. 5. þm. Vesturl. las upp úr nál. mínu. Það má vel vera að hægt sé að misskilja það, en þar benti ég á að lítillega væri komið til móts við nýjar búgreinar með því að taka upp styrki til bygginga loðdýraræktar. Enn fremur segir: „Styrkir eru enn fremur auknir sérstaklega til bygginga á votheyshlöðum og geymslum fyrir garðávexti.“ Þarna er ég eingöngu að benda á þessi atriði í frv.

Að lokum segi ég:

„Undirrituð telur að ekki sé lögð sú áhersla sem skyldi á stuðning við nýjar búgreinar“ — ég tek það sérstaklega fram og kartöfluræktog votheyshlöður flokkast ekki undir nýjar búgreinar — „ef ríkið er á annað borð að veita styrki til atvinnuvega og mun því ekki samþykkja þetta frv.“

Þarna gæti hann misskilið eitthvað. En þarna legg ég áherslu á nýjar búgreinar. Kartöfluræktog votheysverkun af einhverju tagi flokkast ekki undir nýjar búgreinar þó að verkunin sem slík sé nýmæli á einhverjum bæjum víðs vegar um landið.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja þessa umr. og ef hv. þm. Egill Jónsson hefur eitthvað við orð mín að athuga fær hann vonandi tækifæri til þess við 3. umr. þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 1181,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1181,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Mánudaginn 10. júní, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég, vegna sérstakra anna í þágu Norðurlandaráðs og utanfarar í opinberum erindum, get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Kjartan Ólafsson fyrrv. ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Undir þetta ritar Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.

Kjartan Ólafsson hefur setið áður á þessu þingi og kjörbréf hans verið kannað. Ég býð Kjartan Ólafsson velkominn til starfa á Alþingi.

Um þingsköp.

Páll Dagbjartsson: Herra forseti. Mig langaði til að spyrjast fyrir um hvað liði afgreiðslu frv. til l. um breytingu á lögum um grunnskóla úr menntmn. Fyrsti minni hl. hefur skilað áliti hér á sérstöku þskj. en málið er ekki enn þá komið á dagskrá. Er hægt að fá þetta upplýst?

Forseti (Ingvar Gíslason): Þess er nú beðið að aðrir minni hl. eða meiri hl. menntmn. skili áliti áður en þetta mál verður tekið fyrir, en nú hefur formaður menntmn. kvatt sér hljóðs.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það liggur fyrir að skila nál. varðandi þrjú mál sem til afgreiðslu eru í menntmn. Nd. Ég hygg að eins og þingstörf hafa gengið fyrir sig hafi þetta ekki orðið til að tefja störf þingsins. Miklu fremur hygg ég að nauðsynlegt sé að menn átti sig vel á nál. áður en þeir skila þeim frá sér.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það fór ekki á

milli mála á fundi menntmn. hver væri afstaða minni hl., þ. e. 1. minni hl., í þessu máli. Ef formaður menntmn. segir nú að það sé eins gott að menn átti sig á eðli málsins þætti mér vænt um að fá það upplýst hvort sá 1. minni hl. hefur breytt um skoðun frá því sem túlkað var á fundinum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill taka fram að hann mun strax þegar nál. koma fram setja þetta mál á dagskrá og jafnvel kynni svo að fara að málið sæist á dagskrá ef það dregst úr hófi fram að aðrir skili nál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér sýnist að nægilega mörg mál séu á dagskrá deildarinnar til þess að ástæðulaust sé fyrir hæstv. forseta að viðhafa þau orð að það dragist úr hófi að skila nál. Ég held þvert á móti að menn hafi verið að ræða um efnisatriði þessa frv. Ég hélt að fleiri en 1. minni hl. menntmn. hefðu verið að hugleiða hvernig rétt væri að halda á þessu máli. Á hinn bóginn harma ég það ef það að nál. hefur ekki verið skilað hefur valdið því að kvöldfundir voru ekki haldnir í síðustu viku né heldur á laugardaginn var.

Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 1184). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í hv. Ed. í desembermánuði s. l. Það varðar breytingu á því fyrirkomulagi sem er á flutningsjöfnuði á olíu og bensíni í sambandi við verðmyndun á þessari vöru. Í Ed. var gerð á þessu frv. nokkur breyting en við 1. umr. í deildinni kom skýrt fram að þm. óskuðu eftir því að frekari breytingar yrðu gerðar og ég lýsti mig fúsan til samstarfs um þá hluti. Það hefur nú orðið og á þskj. 1150 er grg. um þær breytingar sem hv. Ed. gerði á frv. Það er sérstaklega gert ráð fyrir því að í stað eins innkaupajöfnunarreiknings, eins og nú er hjá olíufélögunum, verði honum skipt þannig að það verði sérstakur reikningur í sambandi við innkaupajöfnun á olíu hjá olíufélögunum. Þetta er gert til þess að skapast geti nokkur samkeppni í sambandi við verðlagningu á þessari vöru og er það að mínum dómi af hinu góða.

Um þetta mál varð fullt samkomulag í Ed. og vænti ég þess að þegar hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fer yfir frv. og skoðar þær breytingar sem á því hafa verið gerðar þá verði menn þar einnig sammála um að hér hafi verið bætt um betur frá því sem frv. var þegar það var flutt fyrst. Að öðru leyti vísa ég til grg. með frv. eins og það var þá flutt og þeirrar ræðu sem ég flutti með því máli í hv. Ed.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Fulltrúar viðskrn. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að mæta á fundum n. og gefa þær upplýsingar sem þar verður óskað eftir.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vegna þessa frv. sem hér er komið til Nd. vil ég minna á umræður sem fóru fram um verðlagningu á olíuvörum af tilefni þáltill. sem flutt var af hv. 3. þm. Reykn. Kjartani Jóhannssyni. Við þá umræðu var rætt um þann samanburð sem gerður hefur verið á verðlagningu olíuvara, annars vegar hérlendis og hins vegar í nágrannalöndum, ekki síst til fiskiskipa. Hæstv. viðskrh. reiddi fram í þeirri umræðu munnlegar upplýsingar um stöðu þessara mála eins og hann taldi hana vera varðandi samanburð á verði á olíuvörum hérlendis og erlendis. Ég óskaði eftir því af þessu tilefni að þingið fengi skilmerkilega aðgang að þeim upplýsingum sem viðskrn. vissi réttastar í þessum efnum. En sem kunnugt er hefur mikið verið rætt og ritað um verðlagningu á olíuvörum hér. Síðast í desember s. l. og raunar aftur í mars, ef ég man rétt, komu fram upplýsingar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem engan veginn voru samhljóma þeim upplýsingum sem hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir.

Ég vænti þess að hv. þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar fái einnig upplýsingar sem þessa hluti snerta en teldi hins vegar mjög æskilegt að hæstv. viðskrh. kæmi á framfæri við þingið upplýsingum um verðmyndun, verðlagningu og samanburð á verði á olíuvörum hérlendis og í grannlöndum, svo sem Bretlandi, Danmörku og Noregi.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og hv. 5. þm. Austurl. sagði urðu hér umræður um olíuverð varðandi þá till. sem hv. 3. þm. Reykn. flutti. Þær tölur sem ég þar nefndi voru byggðar á gögnum sem lögð voru fyrir Ed., þ. e. fjh.- og viðskn. Ed., þó nokkuð löngu áður en þær upplýsingar sem hv. þm. hafði og kom hér fram með á eftir. Ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að fjh.- og viðskn. og að sjálfsögðu þá þm. allir fái nýjustu upplýsingar í slíkum samanburði, hvort heldur er samanburður sem gerður er af hálfu viðskrn. og olíufélaganna eða, eins og hann hafði, upplýsingar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég mun gera mitt til að stuðla að því að allar þessar upplýsingar komi fram til fjh.- og viðskn. og til þm. þannig að það liggi alveg ljóst fyrir hvernig þessi mál standa nú. En á þessu er ansi mikil hreyfing eins og við vitum frá einum mánuði til annars, einnar árstíðar til annarrar, og þess vegna kannske tölur í júnímánuði ekki sambærilegar til viðmiðunar við tölur sem gefnar voru upp í janúar. Eðlilegast er að þær tölur verði fengnar núna og við verðum með samanburð á verði í þessum mánuði og frá þessum aðilum öllum saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1182). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er vikið að nauðsyn átaks í húsnæðismálum. Segir þar m. a. að áhersla verði lögð á fjölbreytt sparnaðarform fyrir almenning er tengd séu kaupum eða byggingu íbúðar. Aukinn sparnaður er þjóðarnauðsyn en sérstök ástæða er til þess að hvetja þá sem vilja eignast íbúðarhúsnæði til forsjálni í fjármálum sínum og miða að því að eiga sparifé áður en ákvarðanir eru teknar um byggingu eða kaup á húsnæði.

Í byrjun þessa árs var sérstök nefnd skipuð til þess að

fjalla um að taka mætti upp samningsbundin innlán við banka og sparisjóði til þess að fjármagna lán til íbúðarhúsnæðis. Jafnframt skyldi nefndin athuga með hvaða hætti löggjafinn gæti veitt skattívilnanir þeim aðilum er tækju upp slíkan samningsbundinn sparnað. Nefnd þessa skipuðu Halldór Blöndal alþm., formaður nefndarinnar, Árni Kolbeinsson, sem þá var skrifstofustjóri í fjmrn., Eiríkur Guðnason, forstöðumaður hagfræðideildar Seðlabankans, Haraldur Ólafsson alþm. og Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, en Jón Ögmundur Þormóðsson, deildarstjóri í viðskrn., aðstoðaði nefndina í störfum hennar.

Nefndin aflaði ýmissa gagna um lög og reglur varðandi skipan húsnæðismála og fjármögnun þeirra í nágrannalöndum okkar. Sérstakur viðauki fylgir athugasemdum við þetta frv. og er þar að finna yfirlit um þá tilhögun sem við er höfð í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Kanada og Þýskalandi.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nefndinni og starfsmanni hennar fyrir vel unnin störf.

Meginefni þessa frv. er að verði það að lögum gefst færi á að njóta mikils skattafsláttar með sparnaði. Hér er ekki aðeins um að ræða sparnað vegna kaupa eða viðhalds á húsnæði heldur einnig almennan sparnað. Munur er þó þarna á sem greint verður frá.

Meginreglur frv. eru þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapar rétt til skattafsláttar sem nemur fjórðungi árlegs innleggs. Árlegur sparnaður skal vera minnst 12 þús. kr. en mest 120 þús. kr. og breytast upphæðir í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Sparnaður skal vera reglulegur og varða vanskil ströngum viðurlögum, þ. e. missi skattafsláttar og hugsanlega missi annarra fríðinda skv. ákvörðun viðkomandi banka eða sparisjóðs. Sparifé má taka út eftir þriggja ára binditíma ef menn afla sér íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða ráðast í meiri háttar endurbætur en ella er féð bundið í tíu ár, þó aðeins í fimm ár þegar um ellilífeyrisþega og 75% öryrkja er að ræða.

Auk hins mikilvæga skattafsláttar nýtur sparifé bestu ávöxtunarkjara í viðkomandi banka eða sparisjóði og kann að skapa rétt á láni við úttekt sparnaðarins eftir því sem viðkomandi stofnun getur boðið. Þeir sem náð hafa 16 ára aldri geta stofnað til húsnæðissparnaðarreikninga. Samhliða þessu frv. er lagt fram frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og geymir það frv. nánari ákvæði varðandi skattafslátt.

Herra forseti. Frv. það sem hér er flutt markar nokkur tímamót því að í því felst hvatning til að efla fornar dyggðir, hvatning til ungs fólks til að leggja eitthvað til hliðar sem það getur síðar lagt fram til þess að eignast þak yfir höfuðið og dregið þar með úr lántökum sem ævinlega þýða fjárstreymi í annarra vasa.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er ekki hægt að láta það tækifæri fram hjá sér fara, þegar hæstv. ríkisstj. leggur eitthvað það fram til húsnæðismála sem hægt er að vera ánægður með og taka undir, að nota það og koma hér í ræðustól og gera það. Það vil ég gera.

Hér er verið að taka upp í megindráttum svipað kerfi og viðgengst í ýmsum nálægum löndum og hefur þar reynst vel og verið liður í því að koma á skikkanlegu standi í húsnæðismálum þeirra landa. Það er ekkert nema gott og blessað um það að segja að ríkisstj. leiti sér að gáfulegum fordæmum út um heim, hún hefur þau hvort sem er ekki úr eigin ráðasafni. Þó er einn hængur á þessu máli sem má vera öllum ljós sem eitthvað um það hugsa. Hann er sá að þeir sem mesta hafa þörfina hafa minnsta möguleika til að nýta sér kosti þessa frv. Skáldið og grínistinn Piet Hein var fyrir lifandi löngu búinn að uppgötva þessi sannindi þegar hann orti á dönsku, með leyfi forseta: „Det er det gale ved pengene, at pengene tilhører aldrig dem som virkelig trænger dem." Hér er sama vandamálið á ferðinni, það er það sem er að með peningana að þeir eru aldrei í eigu þeirra sem þurfa á þeim að halda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 523. mál (þskj. 1131). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samhliða frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga sem ég mælti fyrir áðan. Hér er um að ræða þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, en gert er ráð fyrir að veittur verði 25% skattafsláttur af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á húsnæðissparnaðarreikninga í bönkum eða sparisjóðum. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að sparnaður vegna húsnæðisöflunar þarf að vera bundinn samningum við banka eða sparisjóði eigi skattafsláttur að fást. Verði vanskil á innleggi fjár skv. samningnum getur skattafsláttur minnkað eða jafnvel fallið niður.

Verði bæði þessi frv. að lögum mun fjmrh. gera ráðstafanir til að þessi ákvæði verði kynnt þeim sem spara sérstaklega. Áætlanir um tekjutap ríkissjóðs vegna þessa nýja kerfis hafa ekki verið gerðar, enda nær ógerningur að spá um það atriði að dómi skattasérfræðinga fyrr en séð verður hvaða undirtektir þessi skipan fær hjá almenningi.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. 502. mál (þskj. 1183). — 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög þarft frv. að ræða. Hér er fjallað um það að skipaður skuli sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Ég held að reynslan af fiskeldinu hér á landi kenni okkur að nauðsynlegt sé að slíkur læknir verði skipaður hið

allra fyrsta. Ég legg því til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. og vænti þess að nefndin muni leggja áherslu á að málið fái afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133, n. 1069 og 1107). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 55/1981, um breytingu á umferðarlögum nr. 40/1968. Ég ætla að lesa álitið, með leyfi forseta:

„Meiri hl. n. telur að varanlegur grunnur að bættri umferðarmenningu og meira öryggi verði ekki lagður með sektarákvæðum. Úrbætur verða að fást með jákvæðri löggæslu, hvatningu og upplýsingum, umferðarkennslu og aðgerðum á sviði gatnaframkvæmda og skipulags, svo að dæmi séu nefnd. Notkun einstaklinga á bílbeltum verður að byggjast á fullvissu þeirra sjálfra um nytsemi hennar en ekki á ótta við lögreglu og dómsvald. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði felld."

Undir þetta skrifa: Guðmundur Einarsson sem er frsm., Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson með fyrirvara.

Það má margt um svona mál ræða. Í þessu nál. er drepið á örfá atriði, þ. e. að menn velti fyrir sér hverjar séu hinar raunverulegu og varanlegu umbætur sem á hverjum tíma sé mögulegt að ná fram í umferð. Þar er augljóst að stefna ber að því að bæta þessi mál með jákvæðum aðgerðum svo sem eins og hvatningu og upplýsingum. Við höfum um það dæmi hérlendis að þegar verulegt átak hefur verið gert í þeim efnum, eins og gert var þegar hægri umferð var tekin upp á landinu, þá breytist umferðarmenning mjög til bóta. Þá gerðist það samtímis að í fyrsta lagi var mjög mikil fræðsla og mikill áróður hafður í frammi um umferðarmál. Til þess var beitt þeim aðferðum sem þá voru tiltækar. Þær voru nýttar mjög vel enda lét árangurinn ekki á sér standa. Sömuleiðis var gert mikið átak í því að bæta og breyta umferðarmannvirkjum þannig að umferð yrði sem auðveldust og það yrði sem ljósast fyrir hvern mann hvernig hann ætti að þessu að standa.

Það er álit mitt og þeirra sem undir þetta nál. skrifa að aðgerðir af þessu tagi hljóti að vera þær sem mest og best áhrif hafa og stefna beri að. Einnig er augljóst að ýmsar aðgerðir til skipulagsbóta, aðgerðir t. d. sem beina umferð frá íbúðarsvæðum og aðgerðir sem miða að því að flytja umferð á sem auðveldastan hátt, eru hinar nytsamlegustu.

Þegar að því kemur síðan að taka afstöðu til þess hvort eigi að skylda fólk til að nota bílbelti og sekta fólk fyrir að nota ekki bílbelti þá koma ýmis sjónarmið til greina. Í fyrsta lagi geta menn velt fyrir sér hvað eigi að ganga langt í þá átt að setja borgaranum á þennan hátt ákveðnar umgengnisreglur og skylda hann til að fara eftir þeim. Um þetta er ekki hægt að setja neina eina algilda reglu, það hlýtur að verða matsatriði hverju sinni sem óskir um slíkt koma upp. En þetta eru erfiðar ákvarðanir vegna þess að öll viljum við reyna að feta hinn gullna meðalveg, við viljum setja þau lög og þær reglur sem tryggja okkur sæmilega vandræðalausa umgengni hvert við annað, en við viljum ekki ganga svo langt í þá átt að hægt sé að segja að við séum með óeðlilegri forsjárhyggju að hafa vit fyrir fólki beinlínis.

Það er hægt að nefna um þetta ýmis dæmi. Við vitum t. d. að menn hafa sagt sem svo: Reykingar eru óhollar fyrir fólk og beinlínis skaðlegar. Engum dettur samt í hug að banna vindlingareikingar með lögum að viðlögðum lögregluaðgerðum eða refsingum. Sumir telja t. d. að það sé óhollt fyrir þjóðina að hafa marga framsóknarmenn en það hefur enginn beinlínis mælt með því að þeir verði bannaðir með lögum heldur. Þannig verða menn að leita sátta og reyna að þræða milliveginn eins og hægt er hverju sinni.

Ég tel ekki rétt að fara inn á þá braut að setja fólki þær skorður sem gert er með löggildingu og sektum vegna þess að nota ekki bílbelti. Það er líka atriði sem vert er að ræða í þessu sambandi hvort menn telja yfirleitt unnt að framfylgja svona lögum. Menn ættu að velta fyrir sér hvert álag slík löggjöf yrði á dómskerfið í landinu og í framhaldi af því hvort menn telji að það yrði almenn hlýðni við svona löggjöf.

Í sambandi við þessi mál hafa menn litið dálítið til útlanda og reynt að taka hliðstæður og dæmi og sagt sem svo að erlendis hafi það sýnt sig að þetta fyrirkomulag, sem lagt er til í þessu frv., hafi leitt til þess að fólk noti bílbelti miklu meira en ella og þar af leiðandi segja menn að slíkt mundi gerast hérlendis. Það er hins vegar alveg óreynt. Það eru ýmsir sem telja sig með nokkrum rétti geta haldið því fram að Íslendingar séu a. m. k. í umferðarmálum alls ekki löghlýðið fólk. Þetta hvarflar stundum að mér þegar ég geng úr Þórshamri og hér út í þinghúsið og þarf að klofa fyrir einn eða tvo bíla sem lagt er ólöglega á gangstéttinni fyrir framan Þórshamar. Síðan liggur kannske við að keyrt sé yfir mann á horninu hérna við Dómkirkjuna og loks standa ráðherrabílarnir hér í röðum fyrir framan þinghúsið þar sem tryggilega er merkt að ekki megi leggja bílum.

Ég held sem sagt að Íslendingar hafi ekki sýnt mikla áráttu til að virða umferðarlög þótt beitt sé sektum. Um það er hægt að nefna ýmis dæmi. Ég hef nefnt nokkur í sambandi við almenna umgengni í umferðinni hér í Reykjavík, við getum nefnt atriði eins og hlýðni við reglur um hámarkshraða o. fl. o. fl. Við vitum líka að þessi atriði sem ég nefndi hér áðan og sektir, lögregluaðgerðir og dómsaðgerðir í sambandi við þau valda miklu álagi á skrifstofum dóms- og lögregluvaldsins og tefja að ýmissa mati framgang stærri mála á þeim sviðum þannig að til baga er. Það er því að mörgu að hyggja.

Það eru ýmsar aðferðir til að ná fram með góðu aukinni notkun bílbelta. Ég er ekki í nokkrum vafa um að notkun bílbelta er af hinu góða en það eru til ýmsar aðferðir sem virka hvetjandi á fólk til þess að gera þetta og þær aðferðir hafa verið reyndar víða erlendis. Það er fróðlegt fyrir þá sem hafa áhuga á þessu máli að lesa grein sem birtist í DV þann 3. apríl árið 1984 eftir Stefán Má Stefánsson lagaprófessor. Hann skrifar þar um bílbeltafrv. Þar eru ýmsar hugmyndir, upplýsingar og vangaveltur um þetta mál. Þar er vísað til reynslu annarra þjóða og það er vissulega þess virði að hyggja

að því sem rætt er í þessari ágætu grein. Það gæti hugsanlega gerst við frekari umræðu þessa máls. Mér fyndist það vel við hæfi að þær hugmyndir sem varpað er fram í þessari grein kæmu hér fyrir eyru þm. og færu í þingtíðindi. En í þetta sinn ætla ég ekki að hafa mál mitt lengra.

Umr. frestað.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824, n. 959, 969 og 974, 975). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 975, fyrri mgr., tekin aftur.
Brtt. 975, síðari mgr., felld með 21:6 atkv.
1. gr. samþ. með 21:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 734, n. 1087, 1147 og 1171, 757, 1088, 1146, 1169, 1172, 1173). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1088,1 samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 1172,1 kom ekki til atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1172,2 felld með 17:4 atkv.
Brtt. 1146 felld með 21:7 atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1088,2 samþ. með 22:4 atkv.
Brtt. 1172,3 kom ekki til atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1088,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 21:6 atkv.
Brtt. 1172,4 kom ekki til atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1172,5 felld með 22:4 atkv.
Brtt. 1088,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1088,5 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 1172,6 kom ekki til atkv.
Brtt. 757 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 1088,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1172,7 kom ekki til atkv.
10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1169 samþ. með 29:1 atkv.
12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
13.—16. gr. (verða 14.—17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, GT, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, IG.

nei: GSig, GeirG, GE, GJG, KÓ, HG, JS, KP, KJóh, KH, KSK, SJS, SvG.

JBH, PD greiddu ekki atkv.
3 þm. (BÍG, GA, AS) fjarstaddir.
18.—27. gr. (verða 19.—28. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1088,7 (ný gr., verður 29. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1173 tekin aftur til 3. umr.
28. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899, n. 1140). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. 487. mál (þskj. 898, n. 1141). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GE, GJG, GGS, GT, HBl, HG, JBH, KP, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PD, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, EH, EBS, FÞ, FrS, IG.

GSig, GeirG, KÓ, JS, KJóh, KH, SJS, SvG greiddu ekki atkv.
3 þm. (GA, AS, BÍG) fjarstaddir.
Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það fyrirtæki sem fjallað er um í þessu frv. hefur átt við býsna mikla rekstrarörðugleika að etja á undanförnum árum og að mínum dómi er enn engan veginn sýnt hvort það getur staðið á eigin fótum. Ég er ekki andvígur því að heimamenn fái tækifæri til að stýra rekstri fyrirtækisins á komandi árum. Hins vegar er það mín skoðun að það sé ekki tímabært meðan svo mikil óvissa ríkir um rekstur fyrirtækisins að ríkisstj. setji í málinu úrslitakosti sem ég tel að mönnum hafi verið settir með þessu frv., þ. e. annaðhvort taki heimamenn við því með þeim skilmálum sem frv. fylgja ellegar fyrirtækinu verði lokað. Ég óttast að það felist of mikil bjartsýni í því að gera ráð fyrir að heimamenn nái að halda fyrirtækinu gangandi án stuðnings frá ríkisvaldinu á næstu árum, en hingað til hefur slíkur árlegur stuðningur komið til í meira eða minna mæli.

Ég vek athygli á því að í byggðarlagi þar sem

íbúafjöldinn er í kringum 200 manns er 60 einstaklingum skv. grg. frv., eða u. þ. b. þriðja hverjum manni að börnum og gamalmennum meðtöldum, ætlað að leggja fram ýmist 20 eða 30 þús. kr. árlega í fimm ár til að þetta geti gengið. Ég vil lýsa ábyrgð á hendur ríkisstj. varðandi þá áhættu sem með þessu er tekin hvað varðar rekstur fyrirtækisins og hvað varðar byggð í Austur-Barðastrandarsýslu sem mjög er því háð að þetta fyrirtæki geti starfað. Ég lýsi ábyrgð á málinu á hendur ríkisstj. og greiði ekki atkv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef skrifað með fyrirvara undir nál. um heimild til ríkisstj. til að selja Þörungavinnsluna hf. hlutafélagi heimamanna í Austur-Barðastrandarsýslu. Ég var bundinn á öðrum fundi þegar 2. umr. málsins fór fram hér í hv. deild s. l. föstudag og vil því að fyrirvari minn komi fram hér við atkvæðagreiðslu.

Ég tel að heimaaðilar standi frammi fyrir gerðum hlut af hálfu stjórnvalda í þessu máli, annaðhvort að fyrirtækið verði lagt niður eða þeir taki við því með þeim skilyrðum sem í frv. felast. Ég tel að eigandi Þörungavinnslunnar hf., ríkissjóður, hefði átt að bregðast við vanda fyrirtækisins með öðrum hætti, þ. e. að hlaupast ekki undan merkjum eins og hér er gert, heldur auka eigið fé sitt í fyrirtækinu ásamt heimamönnum.

Ég óttast að Austur-Barðstrendingum einum reynist um megn að rétta við hag fyrirtækisins. Ég vil hins vegar ekki leggjast gegn því að sú heimild sem felst í frv. verði veitt, fremur en að Þörungavinnslunni verði lokað og segi því já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það vandamál sem þetta fyrirtæki á við að stríða er á sviði markaðsfærslu og stjórnunar. Það vandamál er nákvæmlega jafnóleyst þótt þetta lagafrv. verði samþykkt. Hér er sem sagt verið að svara rangri spurningu svo að segja að því er þetta fyrirtæki varðar, svarið verður jafnfjarri hvort heldur þetta rekstrarfyrirkomulag verður upp tekið eða hið núverandi. Hins vegar er ekki ástæða til að leggja stein í götu þess að menn geti fengið að takast á við vandamálin með þeim hætti sem þeir telja henta, það verður að vona að það takist. Í ljósi þessa greiði ég ekki atkvæði.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist á því að ég óttast að hér sé veikburða byggðarlag að reisa sér hurðarás um öxl. Ég lít í anda hinn vaska flokk vestfirskra alþm. þegar þeir koma og krefjast þess að ríkið hlaupi undir bagga með þessari verksmiðju. Þrátt fyrir þessa framtíðarsýn segi ég já.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 1018 (sbr. 642), n. 1152, 1151). — Frh. 2. umr.

Brtt. 1151,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1151,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1151,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1151,4 (ný 4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1151,5 (ný 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1151,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1151,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1151,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 958). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Með tilliti til þess að tekið var á dagskrá í umr. hér áður frv. til laga um Byggðastofnun svo og fleiri ástæðna, sem ég vænti að forseta séu kunnar, fer ég fram á að það dagskrármál verði tekið til umr. fyrr. (**Forseti:** Það er auðvelt að verða við þeirri ósk.)

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 775, n. 1058, 1063, 1085 og 1092, 1053, 1059, 1079). — Frh. 2. umr.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson) (frh.): Herra forseti. Þar sem réttilega hefur verið úrskurðað að ég sé hér í tæplega miðri ræðu þá ætla ég að halda áfram máli mínu um Byggðastofnun. Þar var komið sögu að leikurinn hafði borist til þess að ræða hið almenna efnahagslega umhverfi sem fólk og fénaður í þessu landi býr við. Því hafði verið lýst í stuttu máli að sá hefði verið skikkur stjórnvalda nú lengi að reyna að hafa stjórn á efnahagslífi með ýmiss konar stórvirkum aðgerðum í efnahagsmálum. Þar má nefna aðgerðir eins og miðstýrða kjarasamninga, samninga sem eru gerðir á einum stað fyrir mikinn fjölda fólks og hafa þýðingu mjög víða í efnahagskerfinu. Þar má einnig nefna fiskverðssamninga sem sömuleiðis eru gerðir fyrir landið svo að segja í heild með aðild ríkisvaldsins. Þar má nefna búvöruverð sem er eitt dæmið enn um þessar algildu stórvirku stjórnunaraðgerðir í efnahagsmálum. Enn má nefna gengi sem er önnur aðferðin sem aftur og enn virkar almennt og víða.

Menn geta hugleitt hver áhrif þessi siður hinnar stórvirku efnahagsstjórnunar hafi á rekstur einstakra eininga. Menn geta t. d. velt fyrir sér hvaða áhrif þetta

efnahagsumhverfi hefur á bóndann og hver hvatning það verður honum til að standa vel að rekstri sínum og framleiðslu. Þættir eins og afurðaverð, áburðarverð, lánskjör, þ. á m. vextir, ýmiss konar styrkir og ýmiss konar aðgerðir eru gersamlega utan áhrifasvæðis hins einstaka bónda. Hann má teljast heppinn ef hann hefur vitneskju um þessar aðgerðir sama árið og framleiðslan fer fram. Sumar þessara ákvarðana eru ekki teknar fyrr en eftir að framleiðslan er löngu komin af stað og eftir að til hefur verið sáð. Þess eru dæmi, trúi ég, að verð á áburði hafi verið ákvarðað eftir að búið var að bera á og menn vita mætavel um afurðaverð og lánskjör og styrki, hversu handahófslega oft er staðið að þessum málum og hversu mjög það gerist úr tengslum við hið daglega rekstrarumhverfi bóndans.

Herra forseti. Mér þætti ekki verra ef forsrh. væri viðstaddur þessa umr. Þetta er líklega eitt af óskabörnum hans sem hér er rætt um. (**Forseti:** Þá skal ég gera ráðstafanir til þess að kanna hvort hæstv. forsrh. er í húsinu.)

Við getum spurt okkur svipaðra spurninga fyrir iðnfyrirtæki í útflutningi. Þar eru laun ákveðin á einhverjum kontórum, ekki í fyrirtækinu sjálfu. Lánskjör, eins og í dæminu um bóndann, eru ákveðin gersamlega einhvers staðar annars staðar. Gengi er ákveðið án tillits til þess hvernig á stendur. Afurðalán og hlutföll einstakra mynta, þ. e. SDR, eru ekki í neinu samhengi við það hvernig framleiðslu viðkomandi er háttað.

Mér er kunnugt um eitt ágætt dæmi um iðnfyrirtæki norðan heiða sem neyddist skv. venjum skrifræðisins til að taka afurðalán í SDR. Gengistapið á afurðalánunum nam um 10% launakostnaðar í fyrirtækinu. M. ö. o., eins og forstjóri þessa fyrirtækis sagði, ef hann hefði fengið að ráða vægi hinna einstöku mynta sem að baki afurðaláninu stóðu hefði hann getað hækkað laun starfsfólksins um 10%. Og eins og hann sagði áfram: Ég er ekki í gengisspekúlasjón, ég er að framleiða hérna ákveðnar vörur og ég vil útrýma gengisáhættunni úr mínum rekstri. — Það er ekki hægt vegna þess að á einhverjum kontór hér í Reykjavík sitja náungar með reiknistokka og reikna út það sem þeim finnst þægileg viðmiðun, að fólk og fyrirtæki um allt land taki afurðalán í SDR, það er svo þægilegt að reikna það.

Þetta er eitt dæmi um efnahagsstjórnun sem er gersamlega úr takt við það sem menn telja að eigi að gerast í dag þar sem áherslur allar eru að beinast frá hinum stórvirku, alhæfu efnahagsstjórnunaraðgerðum til fyrirtækjanna sjálfra. Eins og forstjórinn fyrir norðan segir, ef hann fengi t. d. að ráða erlendum lántökum og fengi að taka lán sjálfur hjá erlendum bönkum þá hefði hann getað hækkað laun starfsfólksins í sínum fyrirtækjum um 10%. Á heimavellinum vita menn hvar skórinn kreppir og auðvitað eiga þeir að fá að ráða þessum málum.

Það má rekja um þetta mörg dæmi. Það sem ég held að menn eigi virkilega að fara að spyrja sig er hvort tímabil hinna stórvirku, alhæfu aðgerða í efnahagsstjórn sé ekki liðið. Ég tel að raunveruleg byggðastefna, eins og ég hef lýst fyrr í þessu máli mínu og gerði þegar umræða fór fram um þetta síðast, verði til á þann hátt að vald og verkefni flytjast heim í héruð. En um leið og slíkri fylkjaskipan yrði komið á er nauðsynlegt að breyta algerlega um stefnu í efnahagsstjórn ríkisins almennt. Þess vegna á að gefa gengisskráningu frjálsa og koma upp gjaldeyrismarkaði. Það eitt út af fyrir sig mundi færa stórkostleg verðmæti á heimavöll þar sem framleiðendur fengju raunverulegt sannvirði þeirrar framleiðslu sem þeir hafa upp á að bjóða. Fyrirtækin ættu sjálf að geta fengið lán í erlendum bönkum og samið um lánskjör í stað þess að eiga nú lánskjörin undir því hvernig misvitrir sjóðsstjórar í Reykjavík semja við erlendar fjármálastofnanir og velta síðan afleiðingunum af óskynsamlegum lántökum yfir á varnarlausan atvinnurekstur í landinu. Dæmi um þetta er það sem ég nefndi áðan um SDR-lánin og stórkostlegasta dæmið eru dollaralánin þar sem óhagstæðri lántöku var beinlínis neytt upp á fólk út um allt land. Atvinnurekstur er víða í stórkostlegum öngum vegna þess núna.

Það þarf að verða gerbreyting á bankastarfsemi í landinu þannig að í landshlutum verði til raunverulegar fjármálastofnanir en ekki svona innheimtukontórar fyrir gíróseðla eins og nú er. Ofan á þennan grundvöll, ofan á þessa gerbreyttu stefnu í efnahagsstjórn, þarf síðan að byggja kerfi valddreifingar, kerfi fylkisstjórna og frumkvæðis í heimahéraði. Þá breytist kannske til batnaðar. Stjórnarskrárbreytingar í átt til fylkjaskipulags verða einskis nýtar ef ríkisvaldið sleppir ekki ofstjórnartaumunum í þessum dæmum sem ég rakti áðan.

Hvaða áhrif hefur það fyrirkomulag sem nú er? Það skapar og byggir upp paradís alls kyns fyrirgreiðslustarfsemi, enda sést það á því að nú kjósa flokkarnir í allar dreifingarstöðvar fjármagnsins í landinu, bankaráðin og alla sjóðina, og þeir kalla það lýðræði. Það er kallað lýðræði að þingflokkar kjósi menn í bankaráð.

Duglegir menn á heimaslóð þurfa síðan milligöngu þingmanns síns til að koma óskum sínum um fjárhagsaðstoð eða hugmyndum sínum í atvinnumálum til skila. Þeir þurfa milligöngu þingmannsins. Hvar stendur í íslenskri stjórnarskrá að þetta sé lýðræði? Þetta er ekkert lýðræði. Það stendur alls ekki í stjórnarskránni að það þurfi að kjósa menn á Alþingi til þess að vera sjóðsstjórar eða bankastjórar. Af hverju eiga t. d. Akureyringar að fara í gegnum póstlúguna hjá hv. þm. Halldóri Blöndal ef þeim dettur eitthvað gott í hug í atvinnumálum? Alls ekki, þeir eiga að geta sótt vald, fé og aðstoð á heimavelli. Þeir þurfa ekkert á stórbankastjórum eins og hv. þm. Halldóri Blöndal og Stefáni Valgeirssyni að halda í þeim efnum enda voru þeir alls ekki kosnir til þeirra erinda. Þeir voru kosnir til að vera löggjafarmenn og setja öllum landslýð almenn lög en ekki bara fólki Norðurlands eystra.

Þetta breytist ekki við það að þetta frv. um Byggðastofnun verði að lögum. Þess vegna m. a. er þetta ónýtt frv. Þetta frv. er þvert á móti að viðhalda tryggð kjósenda við póstlúgur þingmanna sinna. Mætti þess vegna kannske kalla það „Tryggðastofnun" fremur en Byggðastofnun vegna þess að enn þá stendur ósjálfræðið á heimaslóð og enn þá stendur þetta valdarán þeirra sem hafa sest að kjötkötlunum. Þess vegna þarf allt aðra stefnu. Manni virðist reyndar að með þessu frv. um Byggðastofnun séu menn að leita allra annarra leiða en þeirrar einu sem getur gengið, sem er sú að ljá fólkinu sjálfu völd og áhrif.

Ef ég sný mér nú, herra forseti, að frv. sjálfu nánar og ef ég gef mér að þetta frv. um Byggðastofnun verði samþykkt þá vantar algerlega móttökustöðvarnar

heima í héraði. Þetta er eins og að byggja sendistöð fyrir útvarp en það eru engin útvarpsviðtæki til að taka við þessum útsendingum. Það sem menn eru að tala um hérna með Byggðastofnun er að setja upp glæsilegan kontór með djúpum stólum og fínum skrifborðum — sem við skulum þó vona að verði innlend smíð — en það er hvergi einu orði vikið að því hvernig þessari dýrð eigi að koma til skila til fólksins. Það eru engin viðtæki, það eru engin móttökutæki heima í héraði, eins og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna bentu í raun og veru á með þögn sinni um þetta frv. Þeir mættu á fund nefndarinnar og þeir höfðu í raun og veru ekki neitt um þetta frv. að segja almennum orðum. Þeir sögðu ósköp einfaldlega: Okkur þykir miður að það er búið að þurrka út einu greinina sem við gátum byggt raunverulega fjárhagsaðstoð frá Framkvæmdastofnun á. Með ákveðinni grein, sem var í frv., fengu landshlutasamtökin fjárhagsaðstoð frá Framkvæmdastofnun. Nú er búið að taka þá grein út. Þetta var þeirra eina efnislega athugasemd. Þögn þeirra um önnur atriði sagði í raun og veru: Okkur þykir þetta frv. að öðru leyti einskis nýtt og ekki umræðuvert. Þeir sögðu t. d. að ef menn væru að velta fyrir sér raunverulegri byggðastofnun kæmu þeir strax auga á það að það vantar allan lagaramma utan um starfsemi landshlutasamtaka. Sá lagarammi hefur ekki verið settur vegna þess að menn geta ekki komið sér saman um hvort eigi að styðja og styrkja starfsemi landshlutasamtakanna eins og hún er núna eða hvort gera eigi róttækar stjórnkerfisbreytingar eins og að byggja upp héraðsstjórnir eða koma á fylkisstjórnum. Þetta er hið raunverulega viðfangsefni í byggðamálum á Íslandi.

Viðfangsefnið er ekkert uppi á Rauðarárstíg 25, 3. hæð t. v. Það skiptir engu máli hvað menn kalla kontórinn og það skiptir engu máli hvernig þeir snúa skrifborðunum þar. Þetta frv. gengur bara út á innanhússarkitektúr í Framkvæmdastofnun. Það kemur ekki að kjarna málsins sem er valddreifing, sem er sjálfræði og völd fólks á heimaslóð og hvernig viðtæki eigi að setja upp á heimavelli til að taka við útsendingum hinnar dýrlegu Byggðastofnunar þegar þar að kemur.

Þetta er eitt meginatriði í þessu máli. Þegar að því kemur að velta því fyrir sér hvernig þessum málum skuli hagað heima fyrir þá vil ég benda á enn og aftur tillögu BJ um þróunarstofur landshlutanna sem var flutt á þinginu í fyrra og endurflutt á þinginu í vetur, þar sem bent er á raunverulega leið til að koma þessu valdi heim og þar sem fjallað er um hvers kyns frumkvæði — (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi miklu ólokið af ræðu sinni. Ef svo er mundi fundi verða frestað.) Já, ég á þó nokkuð eftir að ræða og ég á líka eftir að eiga orðaskipti við hv. þm. Halldór Blöndal sem ég sé að er ekki hér núna í skrifarasæti sínu. Ég tel að fyrst þessi tími er útrunninn að sinni sé rétt að við hefjum þessa umræðu aftur síðar þegar hann er við. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Nú hefjum við lesturinn þar sem greinir frá þróunarstofum landshlutanna og nú þætti mér vænt um ef hv. þm. Halldór Blöndal væri viðstaddur. (**Forseti:** Forseti gerir reka að því að ná í hv. þm.)

Herra forseti. Ég get svo sem rakið aðdraganda þessa máls. Ég var að ræða um það að ég tel það lykilatriði í sambandi við Byggðastofnun og byggðastefnu að menn taki til þess greinilega afstöðu hvernig frumkvæði og forræði þessara mála eigi að vera á heimaslóð. Það sem ég tel vera stærsta ágalla frv. um Byggðastofnun er að því máli er þar alls ekki sinnt. Eins og kom fram þegar framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna mættu á fund fjh.- og viðskn. er enginn lagarammi til í landinu um það hvernig samstarfi manna á heimaslóð skuli vera háttað. Þetta hefur gengið vandræðalaust, a. m. k. vandræðalítið, fram að þessu þar sem samstarf þessara aðila, sveitarstjórna og sveitarfélaga, hefur ekki tekið til mjög fjárfrekra mála, þ. e. það hefur yfirleitt verið um samstarf að ræða, skrifstofuhald af einhverju tagi, áætlanagerðir og annað þess háttar þar sem ábyrgðir eru ekki stórar og menn greinir ekki á vegna þess að leiðir hagsmuna kunna að skerast. En þegar verkefnin, sem tekin eru heim, verða stærri og fjármunirnir, sem fjallað er um, verða meiri er nauðsynlegt að um það séu settar ákveðnar reglur.

Eins og nú stendur er samstarfið í landshlutunum farið að gjalda þess að ekki eru til raunverulegar reglur um það og virk lög. Ástæðan er sú að menn tvístíga yfir því: Eigum við að lögleiða landshlutasamtökin eða eigum við að fara þá leiðina að gera þar miklar breytingar á í formi héraðsstjórna eða fylkisstjórna? — Nú sé ég að hv. þm. Halldór Blöndal er genginn í salinn og þá ætla ég að víkja máli mínu þangað sem eru þróunarstofur landshlutanna.

Í framsögu minni fyrir nál. mínu minntist ég á það að þróunarstofur landshlutanna væri tillaga BJ um það hvernig þessum málum ætti að vera hagað á heimaslóð. Hv. þm. Halldór Blöndal hafði þau orð um það að þessar stofur væru raunar lítils virði, stássstofur eða puntstofur nokkrar, og virðist halda því fram að Akureyri væri best borgið með honum sjálfum háttvirtum og Byggðastofnun þegar hún yrði þangað komin, eða „Tryggðastofnun“ eins og hún ætti kannske frekar að heita. Mér þótti heldur miður hversu lítilsvirðandi orðum hv. þm. fór um frumkvæði og sjálfstæði heimamanna í þessum efnum.

Það sem tillögur BJ um þróunarstofur landshlutanna leggja áherslu á er einfaldlega það að heimamenn í samtökum sem þeir raða sér í og skipa sér í sjálfir taki ákvörðun um þessi mál og þurfi ekki að fara í gegnum póstlúgu hv. þm. hérna fyrir sunnan. Það er nefnilega lykilatriði þessa máls, að það þarf ekki að gera lítið úr því að settar séu sjálfstæðar stofur í landshlutunum til þess að sinna þessum verkefnum.

Um orðavalið „stofur“ vil ég segja það að ýmsar merkar stofnanir í þessu landi, sem sinna miklum og merkilegum verkefnum, hafa hlotið þetta nafn og eru ekki til stáss heldur sinna mikilvægum og verðugum verkefnum. Ég nefni Reiknistofu Háskólans sem dæmi og verkfræðistofur ýmsar. Orðavalið er því vel við hæfi.

Þar sem um er að ræða samstarfsvettvang þeirra sem heima í héraði fjalla um þessi mál, iðnþróun og skipulag ýmiss konar sem varða landshlutana, og af því að mér heyrðist á hv. þm. að hann hefði ekki lagt vandlega niður fyrir sér þessar hugmyndir BJ vil ég lesa þessa þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til l. um þróunarstofur landshlutanna. Frv. þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.

2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka og vísast þar til hugmynda Bandalagsins um fylkisstjórnir.

3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði um áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegun.

4. Þróunarstofur standi í nánum tengslum við byggða- og áætlunardeild núverandi Framkvæmdastofnunar sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félmrn.

5. Þróunarstofur skulu m. a.:

a) sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana. Sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum, skulu þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir,

b) vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum,

c) varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka og

d) starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja."

Það sem gert er með þessum tillögum er að forma raunverulegan samstarfsvettvang allra þeirra aðila sem að þessum málum vinna heima í héraði og að þeir vinni undir forræði lýðræðislega kjörinna stjórna. Þetta er nefnilega lykill málsins og það er skorturinn á einhverju þessu formi sem gerir það frv. um Byggðastofnun sem liggur hér fyrir algerlega ónýtt.

Eins og ég sagði í umr. fyrr í dag er Byggðastofnun, eins og hún er skv. fyrirliggjandi frv., eins og útvarpsstöð sem sendir út en hefur engin viðtæki til móttöku. Það vantar viðtæki. Það sem þarf að gera er að byggja byggðastefnuna þannig upp að úti í landshlutunum séu sendistöðvarnar og þar geri menn prógrömmin og þar sendi þeir út innan síns svæðis. Síðan þarf að vera í Reykjavík eða einhvers staðar eins og segir í till., byggða- og áætlanadeild, þ. e. að safnað sé saman upplýsingum, gengið sé að því að henda reiður á þeim upplýsingum sem varða miklu á landsvísu og að þessi stofnun sé upplýsingamiðlunarstofnun fyrir orkubú byggðastefnunnar úti í landshlutunum, það er grundvallaratriðið. Slíka lausn á þessum málum verða menn að finna. Annað er algerlega til einskis. Mér finnst ekki við hæfi að tala lítilsvirðandi um stofu sem leggi áherslu á frumkvæði og sjálfstæði heimamanna.

Sumir hafa haft á orði að það sé ekki beinlínis árennilegt að láta heimamenn leysa þessi mál sín vegna þess að þeim komi yfirleitt það illa saman að þeir vilji helst hafa fjarlægt vald til viðureignar. Málið er það að þeir verða einfaldlega að leysa úr þessum málum, þeir verða að finna til þess form og þeir munu finna til þess form og það er leiðin sem á að fara. Þetta var innlegg um þróunarstofur landshlutanna og það er hreint ekkert skoplegt í þessari hugmynd. Þetta er leið sem hefur verið farin víða erlendis þar sem menn hafa sett upp staðbundnar byggðastofur sem þessar og lagt einmitt á það ríka áherslu að þær hafi frelsi og frumkvæði. Byggðastofur sem þessar hafa margar hverjar náð mjög miklum og merkilegum árangri.

Nú vildi ég víkja máli mínu frá þróunarstofum og að tiltekinni grein þessa frv. hér, nánar tiltekið 4. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn Byggðastofnunar skal skipuð sjö mönnum, kosnum hlutfallskosningu í Sþ. að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Forsrh. skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til funda. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Forsrh. ákveður þóknun stjórnarinnar."

Þarna er komið að mjög mikilvægu atriði. Þarna er komið að því að það virðist vera um það nokkuð gott samkomulag hjá hinum gömlu flokkum þingsins að það sé engum efasemdum háð að löggjafarvaldið geti framlengt sig eftir kosningar inn í hinar ýmsu stofnanir samfélagsins. Þar er um að ræða stjórnir ýmissa stofnana og félagssamtaka, stjórnir fyrirtækja eins og sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og fleiri slíkra. Það er aldeilis furðuleg stefna að gera svona sjálfvirkt ráð fyrir því að hlutföll, sem fást í kosningum til löggjafarþings, séu á þennan hátt framlengd inn í hinar ótrúlegustu stofnanir eins og Sementsverksmiðju ríkisins. Hvers vegna á það að birtast í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hvernig atkvæði skipast í almennum kosningum á landinu til löggjafarþings? Sumir munu telja þetta lýðræði og þeir munu segja að það sé skerðing lýðræðis ef þingflokkar á Alþingi fá ekki lengur að kjósa í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Ég segi: Það er rugl. Lýðræði er ekki það að framlengja þessi hlutföll úr alþingiskosningum inn í hinar ólíklegustu stofnanir og inn á hina ólíklegustu kontóra samfélagsins. Lýðræði er það að meiri hlutinn fær að ráða og minni hlutinn hefur til þess formlegar aðstæður að hafa áhrif og hann nýtur ýmiss konar réttinda, fundafrelsis, málfrelsis, prentfrelsis o. fl. til að reyna að verða meiri hluti og reyna að láta það lánast að betur gangi næst. En það þarf ekki að vera lýðræði í þeirri framkvæmd sem gert var ráð fyrir, allavega í árdaga, að það fylgi sjálfkrafa ef menn eru kosnir sem fulltrúar á löggjafarsamkundu þjóðarinnar að umboð þeirra framlengist, angar þessa valds framlengist inn í hina ýmsu kontóra framkvæmdavaldsins. Alþingi framlengir sig á þann eina hátt að það getur af sér ríkisstj. og það er ríkisstj. sem ræður þessum kontórum. Það er ríkisstj. sem skipar stjórn sementsverksmiðjunnar og það er ríkisstj. sem skipar útvarpsráð ef menn á annað borð vilja vera með útvarpsráð. Til þess eru þeir kjörnir, til þess eru þeir settir upp. Þeir eru framkvæmdavaldið. Það sem Alþingi getur síðan gert er að hafa með því þinglegt eftirlit í gegnum nefndir sínar og réttindi til þess að kalla menn fyrir að eftir lögum og reglum sé farið og að engir séu misrétti beittir. En það er misbeiting þessarar aðferðar að kjósa á Alþingi inn á þessa kontóra.

Það sem við þekkjum að gerist er það að þegar búið er á Alþingi að kjósa í þessar stjórnir, hvort sem það er stjórn sementsverksmiðjunnar, bankaráð eða hvað sem er, mynda þessir fulltrúar flokkanna á Alþingi skjaldborg um þessa starfsemi og varna því að eðlilegt eftirlit af hálfu þingsins fari fram vegna þess að fulltrúi tiltekins flokks í tiltekinni stjórn kemur í veg fyrir að flokkssystkini hafi þarna eftirlit, poti þarna í, stingi kannske á einhverjum kýlum. Í stað þess að tryggja opna framkvæmd lýðræðis lokar þessi aðferð virku lýðræði og virku eftirliti. Það er það sem er svo rangt. Það á að leggja á það áherslu að það er ríkisstj., hvort sem hún er til þess nefnd af Alþingi eða kosin í sérstökum kosningum eins og annars staðar tíðkast, sem hefur framkvæmdavaldið og hún hefur fullt umboð til þess að fara með það og hún á að skipa í stjórnirnar og ráðin, eins og ég segi.

Ef við tökum t. d. dæmi af útvarpsráði þá er mér

kunnugt um að t. d. í Bretlandi eru tvær stofnanir. Annars vegar er ráð sem er kannske hliðstætt útvarpsráði hér og hins vegar er nefnd sem er aftur hliðstæð áformaðri útvarpsréttarnefnd hér. Þetta ráð og þessi nefnd eru skipuð af Home Office sem er innanríkisráðuneytið. Já, það er innanríkisráðuneytið sem skipar útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð þeirra. Starfsmenn eða nefndarmenn í viðkomandi nefndum eru ábyrgir gagnvart ráðherra sem síðan er ábyrgur gagnvart þingi. En engar krókaleiðir í gegnum þingflokka á þingi. Þetta er grundvallaratriði. Með þessari framkvæmd er tryggt að aðilar á þingi eiga virkan aðgang til eftirlits með framkvæmd. Þetta er mál sem ástæða er til að vekja athygli á vegna þessarar 4. gr. þar sem enn er farið þá leiðina að láta kjósa á þingi til þessa máls.

Af því að ég var að tala um útvarpsráð eða útvarpsréttarnefnd þeirra Bretanna eða hliðstæðurnar við það sem við höfum hér, þá er mér líka minnisstætt þegar fyrrv. þýskur útvarpsstjóri lýsti göllum kerfisins sem var við tiltekna útvarpsrás þar í Þýskalandi. Ég man nú ekki lengur hvaða rás það var nákvæmlega en hann lýsti því hvernig sama hugmynd og framkvæmd var þar og hérna, þ. e. að pólitískir flokkar á þingi og síðan fulltrúar ýmissa samtaka úti í þjóðfélaginu í þokkabót hjá þeim höfðu hreinlega eyðilagt heilbrigða framkvæmd útvarpsstefnu hjá þeim. Í staðinn fyrir að fylgt væri ákveðinni stefnu á ábyrgð einhvers tiltekins aðila, sem mætti síðan taka á beinið ef mönnum sýndist svo, varð úr þessari framkvæmd vonlaus samsuða, enginn ábyrgur, ekki neinni raunverulegri stefnu fylgt, heldur gutlað við eitt og annað allt eftir því hvernig samkomulagi menn náðu í hrossakaupum í útvarpsráði. Ég held að mjög mikilvægt sé að menn geri sér grein fyrir þessu og hugsi sig vandlega um hvort þessari viðteknu venju hér, að láta Alþingi kjósa inn á kontórana, skuli haldið áfram eða hvort menn séu í raun ekki sannfærðir og sammála um að þetta sé ekki rétt beiting lýðræðis heldur geti miklu frekar orðið hrein misbeiting þess. Framkvæmdavaldið á að hafa með framkvæmd þessarar stefnu að gera og Alþingi á að hafa eftirlit með þessu. Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar en á ekki að dreifast milli fulltrúa hinna einstöku þingflokka sem þarna kunna að eiga setu. Þetta var um 4. gr. og það sem henni tilheyrir.

Herra forseti. Ég læt nú þessum kafla ræðu minnar lokið en mun væntanlega koma hér aftur þegar mér finnst ástæða til vegna þess að það er margt sem þörf er að ræða í sambandi við byggðastefnu og Byggðastofnun. Ég legg áherslu á að þar þarf að huga að heildarskipulagi þessara mála, það þarf að huga að því hvernig að þessu er staðið á heimaslóð. Það þarf að tryggja sjálfræði og frumkvæði heimamanna og það þarf að búa svo um hnútana að stjórn Byggðastofnunar, ef af verður, verði þannig saman sett að Alþingi hafi einhverja möguleika á að hafa eðlilegt aðhald og eftirlit með henni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held næstum að ég hefji ræðu mína á síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns, að að sinni ætla ég ekki að hafa um þetta mjög mörg orð. En ég vil þó eiga ofurlítinn orðastað við hæstv. forsrh. og ekki síður við formann fjh.- og viðskn., frsm. meiri hl., hv. þm. Pál Pétursson, en hann lét hér ákveðin ummæli falla sem ég hefði gjarnan vilja ræða nokkuð við hann. Er hægt að fá úr því skorið, herra forseti, hvort þessir tveir heiðursmenn eru einhvers staðar nálægir? (**Forseti:** Það er upplýst að aðalforseti er eins og útspýtt hundsskinn til þess að reyna að ná í þetta lið.) Ræðumaður sættir sig vel við það ef forseti ætlar að leggja svo mikið á sig til þess að verða við þessum óskum.

En það má annars segja efnislega um þetta frv. að það hefur sínar góðu og miður góðu hliðar. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að menn fjalli um Byggðastofnun. Ég er þeirrar skoðunar að slík stofnun hafi enn sem fyrr og e. t. v. ekki síður nú hlutverki að gegna. Það má e. t. v. deila um uppbyggingu hennar en verkefnið er svo sannarlega fyrir hendi. Um það verður naumast deilt, herra forseti.

Ég hygg að rétt væri að aðlaga þetta frv. meira en gert er þeim nýju sjónarmiðum sem nú eru helst uppi í byggðamálum, svo sem eins og að færa starf þetta meira út til einstakra landsvæða og tryggja það að Byggðastofnun sem slík sé vel uppbyggð og vel í stakk búin til þess að hafa sem nánast og best samstarf við þá aðila sem eru að sinna þessum málum á vettvangi, þ. e. í byggðunum þar sem verkefnin liggja. Það gefur auga leið að það er hið æskilegasta fyrirkomulag að þessum störfum sé sinnt þar eins mikið og kostur er. Ég held þó að á þessu stigi sé naumast rétt að gera því skóna að unnt sé að leggja niður eina miðju-byggðastofnun sem hafi ákveðnu samræmingar- og samstarfshlutverki að gegna. Ég er talsmaður þess að Byggðastofnun verði sett niður úti á landsbyggðinni.

Þessi mál hefur borið þannig að að í tengslum við þau frv. sem hæstv. ríkisstj. flytur um endurskoðun á starfsemi þeirri sem nú fer fram innan veggja Framkvæmdastofnunar ríkisins eru lögð hér fram ekki færri en þrjú frumvörp. Einhvers staðar hefur það verið orðað svo að Framkvæmdastofnun sé að auka kyn sitt með þessum hætti.

Ég lagði á það áherslu í umræðum um svonefnda þróunarstofnun að þessi tækifæri, sem hér gæfust til að sýna í verki viljann til að dreifa ríkisstofnunum og opinberum stofnunum um landið með öðrum hætti en verið hefur hingað til, yrðu ekki látin ónotuð. Enn er ég við það sama heygarðshorn, herra forseti, og það voru sérstaklega ákveðin orð, sem hæstv. forsrh. og hv. þm. Páll Pétursson létu falla í þessu samhengi, sem ég vildi gera hér að umtalsefni.

Hæstv. forsrh. mun hafa látið þau orð falla — reyndar bæði hér á hinu háa Alþingi og eins víðar þar sem hann hefur tekið til máls á undanförnum dögum — að sér væri það ekki mjög á móti skapi að Byggðastofnun væri staðsett á Akureyri, en um það er einmitt flutt brtt. við þetta frv. af tveimur hv. þm., Svavari Gestssyni og Halldóri Blöndal. Þá vil ég inna hæstv. forsrh. aðeins nánar eftir þessum vilja hans og eiga við hann orðaskipti um hann. Mér hefur nefnilega borist það til eyrna, herra forseti, að hæstv. forsrh. telji það óeðlilegt að binda slíkt með lagasetningu. Það sé æskilegt og fremur í verkahring stjórnar að ákveða hvar stofnunin hafi aðsetur.

Þessum málflutningi er ég ákaflega ósammála og tel það reyndar nokkuð mikinn barnaskap að bera það á borð fyrir hv. þm. og aðra sem horft hafa á þessi mál og sjá þau í ljósi reynslu liðinna ára því að þetta er ekki ný hugmynd, að reyna að færa stofnanir út um landið og

stuðla þannig að jafnvægi í byggð landsins. Í ljósi reynslunnar, í ljósi þess hvernig það hefur gengið á undanförnum árum finnst mér það mikill barnaskapur að halda að hægt sé að skjóta sér á bak við það, sleppa þessu tækifæri úr greipum sér og segja: Við skulum láta væntanlega stjórn, hver sem hún verður, sjá um þetta.

Herra forseti. Slíkar viljayfirlýsingar eru algerlega marklausar og gagnslausar. Ég hef satt best að segja ekki nokkra von um það, ef þetta tækifæri gengur okkur úr greipum, að þetta verði að veruleika. Ég hef ekki minnstu ástæðu til að ætla að það gangi betur hér eftir en hingað til nema Alþingi taki af skarið einmitt nú þegar það hefur gott tækifæri til þess. Það er ekki fremur í verkahring nokkurs aðila en einmitt hv. Alþingis að móta stefnuna í þessum efnum. Þar verður að taka af skarið. Hér er stundin og hér er staðurinn til þess að gera það. Það vil ég segja við hæstv. forsrh.

En síðan á að standa að þessu með þeim hætti að gefa þessari stofnun í morgungjöf hálft hús á Rauðarárstíg í Reykjavík. Telja menn það líklegt að þessi nýja væntanlega stjórn láti það tilheyra sínum morgunverkum að pakka draslinu ofan í kassa og flytja það, búin að fá hálft hús að gjöf? Nei, það er hinn mesti barnaskapur, herra forseti. Ljós reynslunnar skín allt í þá veruna að af þessu verði ekki neitt og við stöndum í sömu sporum ef þessi tækifæri ganga okkur úr greipum.

Hér er á ferðinni hinn sígildi aumingjaskapur og andleg leti þeirra manna sem hvorki vilja, geta né nenna að gera þessa hluti upp við sig á þeim stað og á þeirri stundu sem tækifæri er til þess að gera það. Þeir menn sem gefast upp við fyrstu mótbárur í þessum efnum ná aldrei neinum árangri, það er alveg morgunljóst. Mér finnst þessir riddarar Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson og hæstv. forsrh., vera eins og litlir smalastrákar á ferð í þoku. Þeir sjá fram undan sér smáhraundrang og hann verður óðara að tröllkarli fyrir augunum á þeim og þeir renna á rassinn og til baka með öll sín áform og allar sínar skoðanir og þá er hinn góði vilji þeirra einskis nýtur.

Hv. þm. Páll Pétursson talaði hér um hótanir þegar athygli hans og annarra þm. var vakin á því að fylgst væri með þessu máli, það yrði fylgst með því hvaða afgreiðslu þessar tillögur, um að nota þetta tækifæri til að flytja stofnanir út úr höfuðborginni, fengju. Það eru engar hótanir, herra forseti, það er einungis raunsætt mat á þeim mikla áhuga almennings vítt og breitt í byggðum landsins sem er fyrir þessum málum. Það vil ég leyfa mér að fullyrða. Það eru heldur ekki hótanir þó að ég segi það við þessa hv. alþm. — og það þótt þeir séu fjarstaddir — að það verði erfið staða fyrir þá að koma með sinn góða vilja út um landið eftir fimm ár eða eftir tíu ár, ef þessi tækifæri verða látin ónotuð, og standa frammi fyrir því að nákvæmlega ekkert hafi gerst vegna þess að tækifæri gengu mönnum úr greipum. En það er mín bjargföst sannfæring — og því ættu allir að gera sér grein fyrir — að sú verður niðurstaða þessa máls ef ekki verður tekið af skarið um þetta hér á Alþingi.

Ég bið alla þm. hvaðan sem þeir koma af landinu, hvort sem þeir eru kjörnir til starfa af fólki af Norðurlandi eða í höfuðborginni, að hugsa um það augnablik og gera sér grein fyrir því að það er ekki á hverjum degi sem við hér á Alþingi erum með mál sem þessi í höndunum og stöndum frammi fyrir valkostunum, get-

um gert það upp við okkur hvort við viljum gera þetta eða ekki. Meinum við eitthvað með tali okkar um þetta eða ekki? Er byggðastefnan aðeins orðin tóm í hugum okkar? Eru valddreifing og jafnvægi í byggð landsins einungis hátíðaryrði til að nota í sunnudagsræðum eða viljum við nota tækifærin, sem við hér höfum, til að gera þessar hugmyndir að veruleika? Því verða menn að svara hér og nú og það gefst ekki betra tækifæri til þess að gera það.

Það er nöturlegt, herra forseti, þegar fjallað er um frv. til l. um nýja og sjálfstæða byggðastofnun sem á alveg sérstaklega að gegna því hlutverki og því hlutverki einu sem undir það fellur, að þá skuli menn standa frammi fyrir því og hlusta á ræðumenn eins og hv. þm. Pál Pétursson sem telja það alveg sjálfgefið og nánast óhjákvæmilegt að þessi stofnun verði í Reykjavík og hvergi annars staðar. Ein af þeim röksemdum, sem hann færði fram, var sú að þessi stofnun ætti að þjóna öllu landinu. Að heyra á endemi!

Ég hefði spurt þennan ágæta hv. þm., herra forseti, að því ef hann hefði verið hér nærstaddur, hvort hann á sínum fjölmörgu ferðum norður í Húnaþing, á sveitabæ sem heitir Höllustaðir, og til baka aftur frá þessum sama sveitabæ, Höllustöðum, og hingað til Alþingis hefði rekið sig á það að leiðin væri styttri í aðra áttina en í hina. Það er engu líkara, þegar menn bera svona lagað á borð fyrir hv. þm., en að þeir telji að það sé miklu styttra til Reykjavíkur alls staðar að heldur en öfugt. Þetta er nokkuð sérkennilegur málflutningur.

Ég rakti það í umræðum um svonefnt þróunarfélag, herra forseti, að tímarnir hafa mikið breyst hvað þetta varðar. Rök sem áttu rétt á sér fyrir 10—15 árum og mæltu gegn því að heppilegt og framkvæmanlegt væri að dreifa ríkisstofnunum um landið, eiga ekki lengur við, þau eru úrelt. Þar koma til bæði nýir tæknilegir möguleikar á því að miðla efni og boðskap milli manna og landshluta, svo og bættar samgöngur og ýmislegt fleira sem tína mætti til.

Ég hélt satt best að segja að það væri óþarfi, herra forseti, að halda slíkar ræður yfir hv. þm. og enn þá meiri óþarfi ætti það að vera að endurtaka þær. En mér virðist þó af ræðuhöldum ýmissa hv. þm. að ekki veiti af að stafa þetta fyrir þeim aftur lið fyrir lið. Ég rakti það t. d. hvernig hagað er áætlunarflugi til og frá Akureyri allan ársins hring til að menn hafi það þó á hreinu að sá staður er tiltölulega mjög vel í sveit settur hvað samgöngur varðar. Hann er með daglegar flugsamgöngur við flesta höfuðfjórðunga landsins. Staðir eins og Egilsstaðir og Ísafjörður eru í daglegum samgöngum við Akureyri, það eru ágætar samgöngur á landi til austurs og vesturs og um allt Norðurland og fjölmargar flugferðir á hverjum einasta degi milli höfuðstaðarins og Akureyrar. Hér er ég að nefna flugsamgöngurnar einar.

Síðan vita þeir hv. þm. og aðrir, sem eitthvað hafa kynnt sér nýjustu tækni í boðmiðlun efnis, örtölvutækni og myndbönd og aðra fjarskipta- og flutningstækni, hvílíkir gífurlegir möguleikar hafa opnast á allra síðustu árum hvað þetta varðar. Ég vil nefna eitt lítið dæmi sem er tilkoma póstfax-sendinganna hjá Pósti og síma. Það er allt í lagi að segja nokkur falleg orð um þá stofnun einu sinni, það er sennilega ekki of oft sem það er gert hér á hv. Alþingi. En sú þjónusta ein gerir t. d. þm. eins og mér kleift að senda á einni eða tveimur mínútum

hverja vélritaða örk héðan úr Reykjavík og norður á Akureyri og þar birtist hún móttakandanum sem getur beðið eftir henni á pósthúsinu þar, gengið með hana t. a. m. ofan í næstu prentsmiðju og þar getur hún verið orðin að prentuðu máli í dagblaði eða bók eða bæklingi á örfáum mínútum. Þetta er til þess að nefna aðeins einn af þeim fjölmörgu nýju möguleikum sem völ er á í þessum efnum.

Það er því heldur hart að þurfa að hlusta á útúrlumenn og hugleysingja og aumingjahátt vaða upp í þm. þar sem reynt er að bera fyrir sig alls konar erfiðleika af þessu tagi sem eru meira og minna úr sögunni. Fyrir nú utan hugrekkið sem í þessu felst, að ætla að skjóta sér á bak við það að eðlilegra sé að stjórn eða hluthafafundur eða einhverjir slíkir aðilar taki ómakið af hv. Alþingi og taki ákvörðun í þessum efnum. Mér finnst það heldur lítilmannlegt að vísa vandanum þannig frá sér, að þora ekki að standa frammi fyrir því að hér er staðurinn og hér er stundin að taka þessa ákvörðun.

Herra forseti. Það er nú svo og svo að ræða þessi mál að engum hæstv. ráðh. viðstöddum og að formanni og frsm. meiri hl. nál. í þessu máli fjarstöddum einnig. Ég fer fram á það, vegna þess að það hefur ekki borið mikinn árangur að óska eftir því að þessir menn væru viðstaddir, að ég fái að fresta þessari umræðu þangað til úr þessu verði bætt. (**Forseti:** Það er rétt að upplýsa það að bæði hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson, þingflokksformaður þeirra framsóknarmanna, munu vera á fundi ásamt forsetum og þingflokksformönnum til að ræða um áframhald þinghalds. Ef hv. þm. treystir sér ekki til að halda máli sínu áfram án þess að þeir verði viðstaddir mun forseti að sjálfsögðu verða við því að hann fresti máli sínu. Enn eru þrír á mælendaskrá og það er spurning hvort einhver annar hv. þm., sem á mælendaskrá er, treystir sér til að tala án þess að þessir hv. þm. séu til staðar.)

Herra forseti. Þetta eru að vísu fullgildar ástæður sem liggja til fjarveru þessara ágætu manna og skal ég taka þær til greina. En ég vil þó segja að ég tel að þingið og þessi hv. þd. eigi að taka sér þann tíma sem þarf til að fjalla um þessi mál með eðlilegum hætti. Ég fer því fram á það að þessari umr. verði frestað eða ég fái a. m. k. að fresta ræðu minni þangað til úr þessu neyðarástandi, ráðherraskorti og stjórnarliðaskorti, hefur verið bætt. (**Forseti:** Forseti verður að sjálfsögðu við því að gefa hv. þm. kost á því að fresta ræðu sinni nú.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Nú vænkast hagur, þar sem þeir eru báðir mættir, hv. þm. Páll Pétursson sem yljar sér við ofninn og hæstv. forsrh. Ég ætla að eiga við þá ofurlítinn orðastað um þetta frv. til laga um Byggðastofnun, einkum og sér í lagi vegna þess að þessir tveir ágætu hv. þm. Framsfl. hafa gerst helstir útúrlumenn þess að þetta fyrirtæki verði flutt norður á Akureyri. En eins og kunnugt er hefur verið flutt brtt. um að sett verði inn í lögin um þessa stofnun, sem hér á að fara að samþykkja, að heimili hennar og varnarþing skuli vera þar.

Ég tel nú óhjákvæmilegt, herra forseti, að endurtaka nokkuð af því sem ég sagði hér áðan sökum fjarveru þessara hv. þm. Ég vil þá byrja á því að lýsa því að ég tek það engan veginn sem nein rök fyrir því að þessi stofnun þurfi endilega að vera staðsett í Reykjavík að hún eigi að þjóna öllu landinu. En mig rekur minni til þess að ummæli af þeim toga hafi fallið í ræðu hv. þm. Páls Pétursson þegar hann lýsti andstöðu sinni við brtt. þá sem ég hef hér þegar gert að umtalsefni.

Sömuleiðis hef ég heyrt það haft eftir hæstv. forsrh. — og sjálfsagt réttilega — að hann telji eðlilegra að væntanleg stjórn þessarar stofnunar taki um það ákvörðun hvar hún verði niður sett. Þetta finnst mér heldur léttvæg rök. Eðlilegast er að byrja á því að spyrja hæstv. forsrh. hvers vegna hann telji að væntanleg stjórn Byggðastofnunar eigi fremur að ráða þessu en löggjafarsamkoman. Ég vil þá fá einhver önnur og haldbærari svör en: Af því bara. Hvað mælir gegn því að hér á þessum stað verði ákveðið hvar þessi stofnun hafi heimili og varnarþing? Það þarf auðvitað ekki að segja hæstv. forsrh. það, sem sjálfsagt er lagafróður, að það er alsiða í lögum að taka af skarið, að kveða á um það við lagasetninguna hvar væntanlegt fyrirtæki, væntanleg stofnun, skuli eiga heima. Þannig er það t. d. í lögum um nokkrar opinberar stofnanir að þær skuli staðsettar í Reykjavík og stundum er það sett inn í lögin enn fremur að þeim skuli heimilt að setja á fót útibú einhvers staðar annars staðar á Íslandi. Er það eitthvað óeðlilegra að ákveða það í lögum að ein stofnun skuli búa á Akureyri en að ákveða að önnur skuli staðsett í Reykjavík? Mér þætti vænt um að hæstv. forsrh., þm. Vestf. og formaður Framsfl., svaraði þessu.

Ég rakti það hér áðan og reyndar einnig við 1. umr. þessa máls hversu nú væru breyttir tímar hvað það varðar að hafa samband manna á milli og landshlutanna á millum, að koma áleiðis boðum og miðla hvers kyns upplýsingum í krafti þeirrar nýju og fjölbreyttu tækni sem við höfum nú yfir að ráða. Einnig er vert að minnast þess og minna hv. þm. á það — skyldu þeir hafa gleymt því — að samgöngur hafa batnað og fara batnandi ár frá ári sem betur fer. Allt þetta styður það að þær röksemdir, sem útúrlumennirnir báru á borð hér á árum áður, séu nú úreltar og enn þá úreltari orðnar en þær voru þá.

Herra forseti. Mér finnst þessir hv. þm. og hæstv. ráðh. heldur litlir karlar og hugdeigir að treysa sér ekki til að taka af skarið og ákveða það, standi hugur þeirra á annað borð til þess, að þetta verði sett í lög þannig að ekki þurfi frekar um það að binda. Það er nefnilega sannfæring mín að takist það ekki hér og nú við afgreiðslu þessa máls að binda þannig um hnútana að ekki verði undan því flúið, þá verði ekkert af þessu og þá verði frómar og mærðarlegar samúðar- og viljayfirlýsingar harla gagnslitlar. Við getum þess vegna staðið í sömu sporum eftir tíu ár, en þá munu menn auðvitað minnast þess að þetta ágæta tækifæri gekk mönnum úr greipum.

Hv. þm. Páll Pétursson talaði hér um hótanir þegar einn ágætur ræðumaður hélt því fram að eftir þessu máli yrði tekið, menn mundu fylgjast með því víða um landið hvernig atkvæði féllu þegar þessi brtt. yrði tekin til afgreiðslu. Ég vil segja það við hv. þm. Pál Pétursson að þetta eru ekki hótanir, þetta er einungis raunsætt mat á þeim mikla áhuga sem er víða í landinu á að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á því ófremdarástandi sem er og verður ef ekki verður undinn bráður bugur að því að breyta hér til.

Það er svo, herra forseti, eins og þegar hefur verið bent á, sérstaklega nöturlegt ef þessi stofnun, Byggðastofnun, sérstök og sjálfstæð stofnun um byggðamál, verður að sæta þeim dauðadómi sinna eigin verkefna að

hún komi sjálfri sér ekki upp fyrir Elliðaár. Það finnst mér heldur slæmur dómur um stöðu þessara mála.

Mér hefur einnig borist það til eyrna, herra forseti, í gegnum fjölmiðla að hæstv. forsrh. hafi vitnað til mótmæla sem honum hafi borist frá Vestfjörðum við því að Byggðastofnun verði staðsett á Akureyri. Ég vil þá minna á á móti að við það hafa einnig borist stuðningsyfirlýsingar úr öðrum landshlutum. Ég vil segja það við hæstv. forsrh. og hvern þann Vestfirðing annan sem mótmælir því að þessi stofnun verði staðsett t. d. á Akureyri að landsbyggðin nær aldrei langt fram í þessum efnum ef menn halda áfram að troða skóinn niður hver af öðrum með þessu móti. Hitt væri öllu nær og vænlegra til árangurs að menn sameinuðust um að láta á það reyna í eitt skipti hvort hugur fylgir máli hjá þeim mönnum sem eru með munninn fullan í ræðuhöldum á sunnudögum um það að þeir vilji jafnvægi í byggð landsins, þeir vilji dreifa opinberum stofnunum o. s. frv. Hé er staðurinn og hér er stundin til að sýna það í verki að menn meini eitthvað með þessu tali.

Fram hjá því komast menn ekki, ekki heldur með því að vísa til þess að stjórnir þessara stofnana geti ákveðið að þær séu einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. Það er mikið rétt en það er sannfæring mín að þær muni ekki gera það nema um það verði búið í lögum. Ég sé í anda æviráðna starfsmenn í opinberri stofnun, sem búnir eru að koma sér notalega fyrir, taka um það ákvörðun, þegar rétt nýverið er búið að gefa þeim hálft hús hér í Reykjavík, að pakka nú öllu draslinu niður í töskur og fara norður á Akureyri. Finnst hv. þm. Páli Pétursyni það mjög sennilegt að sú verði raunin á? Finnst hæstv. forsrh., sem hefur lýst yfir velvilja sínum, það sennilegt að sú verði raunin á? Ég hlýt að spyrja að þessu því að ég held að reynsla liðinna ára bendi þvert á móti til hins gagnstæða.

Ég hafði nokkuð stór orð uppi um það, herra forseti, að það væri sígildur aumingjaháttur í þessum efnum sem birtist mönnum bak við það að vilja flýja í það að einhver stjórn gæti síðar meir, ef henni sýndist svo, tekið þessa ákvörðun og leyst hv. alþm. og hæstv. ráðh. af hólmi þannig að þeir þyrftu ekki að standa frammi fyrir því hér. Það fer auðvitað hvergi betur á því en einmitt hér á Alþingi að menn brjóti ísinn í þessum efnum og sýni að þetta sé hægt.

Mér finnst þeir hv. þm. Páll Pétursson og hæstv. forsrh. vera ósköp líkir litlum smalastrákum sem ferðast í þoku — ég ætla að endurtaka þessa lýsingu vegna bóndans hv. þm. Páls Pétursonar sem hér situr — og sjá fram undan sér í móskunni svolitla hraunnibbu sem allt í einu verður að ógurlegum tröllkarli fyrir augunum á þeim og þeir renna auðvitað á rassinn og hlaupa heim skælandi: Mamma, ég sá tröll í þokunni. Þetta er ekki hægt. Þeir menn sem gefast alltaf upp fyrir fyrstu mótbárunum sem verða á vegi þeirra, fyrir fyrstu hraunnibbunni sem þeir sjá í þokunni, komast aldrei langt. Þeir ná aldrei mörgum kindum af fjalli, hv. þm. Páll Pétursson.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, herra forseti, að hér er tækifæri, bæði í þessu frv. og við þær brtt. sem hér hafa verið fluttar, einnig í frv. til laga um þróunarfélag og brtt. sem þar hafa verið fluttar, til þess að láta reyna á vilja manna í þessum efnum. Hér er verið að byggja upp að hluta til nýja stofnun og nýja starfsemi og þau tækifæri koma ekki á hverjum degi. Það hlýtur því að verða eftir því tekið hvernig viðleitni manna reiðir af í þessum efnum.

Það er engin hótun, hv. þm. Páll Pétursson, þó að ég lýsi því sem minni skoðun að það verði erfitt fyrir menn eins og hv. þm. að fara út um landið eftir fimm eða átta ár og segja: Já, þetta er slæmt ástand í byggðamálum, þetta er erfitt allt saman. Reykjavíkurvaldið er fyrir hendi og það væri æskilegt að geta flutt einhverjar stofnanir út á land. Það verður erfitt fyrir hann að segja þetta ef hann lætur þetta tækifæri sér úr greipum ganga, treystir á einhverja stjórn sem hann veit ekki hver verður en sem síðan mundi kannske ekki gera neitt. Eftir stæði það að tækifærið fór forgörðum.

Herra forseti. Ég vek nú svona rækilega athygli á þessu fyrir hv. þm. Páli Pétursyni og þeim öðrum sem hér hafa gerst úrtölumenn til þess að það megi e. t. v. renna upp fyrir þeim að þeir eru á sinn hátt að taka hér býsna stóra ákvörðun. Þetta er ekki flokkspólitísk ákvörðun því að Framsfl. á engan einkarétt á byggðastefnu eða öðrum slíkum málum, en þetta er tvímælalaust byggðapólitísk ákvörðun, fram hjá því verður ekki vikist.

Ég vil svo taka undir það að það væri hægt að laga þetta frv. til og er náttúrlega óskynsamlegt að reyna ekki að gera það úr því að það er hér á ferðinni á annað borð og nógur er tíminn eins og allir vita, sumarið og haustið fram undan. Æskilegt væri að kveða nánar á um það hvernig þessi nýja stofnun á að starfa með þeim aðilum á vettvangi sem eru að sinna þessum málum og eiga að sinna þessum málum. Það er heldur óskynsamlegt að gera sér ekki grein fyrir þeirri þróun og þeirri viðleitni sem er í þessum málum m. a. úti í landshlutunum og þeim vilja heimamanna að taka þessi mál í meira mæli í sínar hendur. Ég tel að það ætti að setja inn ákvæði eins og flutt er reyndar brtt. um hér við þetta frv.

Ég vil svo ítreka það að það er jafnlangt frá Akureyri til Reykjavíkur eins og frá Reykjavík til Akureyrar. Og það er jafnlangt frá Reykjavík norður í Höllustaði eins og frá Höllustöðum til Reykjavíkur. **(Gripið fram í:** Ég hef tekið eftir því.) Það er ánægjulegt að hv. þm. hefur á öllum sínum ferðum komist að þessari gáfulegu niðurstöðu, hún er örugglega rétt hjá honum. Þess vegna er það ekkert erfiðara að hafa samskiptin að norðan og suður en að sunnan og norður. Ég hef rakið það tvisvar þegar fyrir þessari hv. þd. hversu ágætar samgöngur Akureyri býr nú við í lofti, á landi og legi fyrir utan alla þessa dásamlegu tækni sem getur sent kort og myndir og vélrituð blöð á milli landshluta á örfáum sekúndum. Allt þetta mælir með því að röksemdir úrtölumannanna eigi nú ekki lengur við. Ég tel reyndar að þær hafi aldrei átt við. Menn eru því að verja hér mál sitt með rökum sem eiga ekki við.

Það er tímaskekkja að halda því fram í dag að eðlileg samskipti stofnana geti ekki farið fram þó þær séu sín í hverjum landshlutanum. Það er jafnréttismál, ekki bara byggðarlaganna heldur og jafnréttismál þess fólks sem byggir hinar dreifðu byggðir, að eitthvað af þeirri sameiginlegu þjónustu sem borguð er með sköttum allra landsmanna komi út um landið. Þess vegna lít ég á þetta, herra forseti, og ég leyni því ekki neitt, sem mikið prófmál. Ég er alls ekki viss um að annað slíkt tækifæri eða önnur slík komi upp í hendurnar á okkur á allra næstu árum. Þess vegna fyndist mér það harður og

vondur dómur á þá viðleitni að snúa við þeirri óheillaþróun, sem alveg sérstaklega hefur vaðið uppi í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., ef menn heykjast nú á þessu máli. Ég á nefnilega ekki von á því að aðrir verði frekar til þess en þó einmitt Alþingi að reyna að spyrna við fótum og snúa þessu við. Ég hef miklu minni tiltrú á æviráðnum starfsmönnum sem eru búnir að koma sér þægilega fyrir hér í íbúðarhúsum á Reykavíkursvæðinu, hafa fest hér rætur. Ég skil vel þeirra aðstæður. Það ættu aðrir að gera og gera sér grein fyrir því að það er miklu ólíklegra að þeir verði til þess að breyta hér eitthvað um en við hv. þm. eða það vil ég a. m. k. vona.

Þegar um nýja starfsemi er að ræða, eins og t. d. væntanlegt þróunarfélag, þá er ekki við þessa erfiðleika að glíma, þ. e. að verið sé að reyna að flytja stofnun sem þegar hefur fest sig niður. Þess vegna hélt ég að mönnum litist e. t. v. vænlegri sá kostur að taka þá stofnun og reisa hana á Akureyri og flutti hér um það brtt. En þá steig í pontu hæstv. forsrh. og taldi það miklu gáfulegra og miklu betra að flytja Byggðastofnun. Þá sagði ég við hæstv. forsrh.: Allt í lagi, við skulum ræða það mál. Ég er alveg til í það. Ef hæstv. forsrh., hæstv. ríkisstj., telur það betra og heppilegra hljótum við að skoða þann möguleika. Hér er nú komin fram brtt. um það og þess vegna hlýt ég nú að inna hæstv. forsrh. eftir því hvað lá á bak við orð hans hér á Alþingi á dögunum þegar hann taldi að frekar ætti að hafa Byggðastofnun norðan heiða en þróunarfélag. Hefur hans afstaða eitthvað breyst? Að síðustu vil ég fyrir fram biðja um dyggilegan röksemdaflutning ef hann ætlar enn og aftur að skjóta sér á bak við það að það sé á einhvern hátt eðlilegra að einhver stjórn, sem einhvern tíma verður sjálfsagt til yfir þessari stofnun, taki þessa ákvörðun. Hefur hann t. a. m. einhver stjórnskipunarleg rök fyrir því að það sé eðlilegra? Ég hefði gaman af að heyra þau. Ég minni enn á að það er alsiða að setja í lög einmitt þetta ákvæði hvar svona stofnun eða annað slíkt fyrirtæki skuli hafa heimili sitt og varnarþing.

Ef hæstv. forsrh. — og það skulu vera mín síðustu orð — er hræddur um að kjósendur hans á Vestfjörðum muni bregðast honum og ekki veita honum brautargengi ef hann hundsar þau mótmæli, sem mér skilst að hann hafi þegar fengið við því að þetta fyrirtæki rísi þar, vil ég heita honum stuðningi mínum öllum í því að leita þá að annarri stofnun eða öðru fyrirtæki sem við getum flutt til Vestfjarða. Ég skal vera vakandi og sofandi tilbúinn til þess með hæstv. forsrh. að leita að því og stuðla að framgangi þess. Ég teldi reyndar heppilegt að það þessara tveggja fyrirtækja sem ekki lendir norðan heiða, ef svo illa tekst til, færi þá í einhvern annan landsfjórðung. Ég er viss um að við getum fundið eitthvert þægilegt og notalegt fyrirtæki eða litla stofnun sem við getum flutt á Norðurl. v. Ég get kannske ekki lofað því að menn treystist til að setja það niður á Höllustöðum en einhvers staðar í nágrenninu, vona ég. Þá ætti hv. þm. Páll Pétursson að vera ánægður og ekki þurfa að vera hræddur við sína kjósendur.

Herra forseti. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þessu lyktar. Fleiri munu eftir því taka en ég. Það eru engar hótanir þó að vakin sé á því athygli að einmitt í tengslum við ástandið í byggðamálum hefur umræða um þennan möguleika, þ. e. að sporna eitthvað við ójafnvæginu og óheillaþróuninni með því að færa til stofnanir og þjónustu hins opinbera, farið vaxandi, hún hefur vaknað upp á ný. Það er ofur eðlilegt. Hv. þm. Páll Pétursson hefur ekki hlustað mikið á umræðu manna úti á landi ef hann veit ekki af þessu, ef hann heldur að þetta séu einhverjar hótanir sem við höfum fundið upp hér, einhverjir vondir þm., til að hræða hann. Það er nú öðru nær.

Herra forseti. Ætli ég endi ekki mína ræðu eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson sem búinn var að flytja hér í fjórum hlutum, að ég held, ágæta ræðu um byggðamál. Henni hafði verið frestað nokkrum sinnum og hann sagði að lokum: Ætli ég hafi það meira að þessu sinni?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til l. um Byggðastofnun. Það á vel við að ræða almennt um stöðu og þróun byggðamála í landinu undir dagskrárlið sem þessum. Hér er um það að ræða að skoða hvernig til hefur tekist með þá stofnun sem hefur átt að sinna þessu hlutverki undangengin ár.

Nú gerir stofnunin út af fyrir sig, nafnið eitt, ekkert í þessum efnum og breytir þar engu um hvort viðkomandi heitir Framkvæmdastofnun ríkisins eða Byggðastofnun eins og hér er lagt til. Spurningin er og verður: Hver er stefnan og hver hefur hún verið?

Varðandi þetta frv. eins og það nú liggur fyrir er að mínu viti ekki um neitt annað að ræða en nafnbreytingu frá því sem nú er. Ég verð ekki til þess að halda því fram að Framkvæmdastofnun og Byggðasjóður hafi ekki gert ýmislegt gott í gegnum árin frá þeim tíma sem þau voru á fót sett. En við skulum skoða hver þróun þessara mála hefur verið t. d. undangengin tvö ár. Nú nálgast tveggja ára afmæli hæstv. ríkisstj. (**Iðnrh.:** Það er liðið.) Það er liðið, fyrirgefið þið, liðið. Ég vissi að hæstv. iðnrh. var klár á því hvenær það var. Það gat vart farið fram hjá jafngætnum og íhugulum hæstv. ráðh. og honum. Tvö ár. Og hvað hefur gerst?

Við vissum að vísu og vitum enn að nokkuð mörg undangengin ár hefur innan vébanda annars stjórnarflokksins, þ. e. Sjálfstfl., verið hópur sem menn hafa gjarnan kallað stuttbuxnadeild Sjálfstfl. og hefur viljað „báknið burt", eins og menn hafa sagt, en hefur stundað það undangengin ár að láta það kjurt. Þetta eru engin ný tíðindi fyrir neinn hér innan dyra, að ég hygg. Eitthvað varð því hinn stjórnarflokkurinn að láta af hendi rakna til þess að ganga til móts að nafninu til við Sjálfstfl. Lokin urðu þau að skipta um nafn á stofnuninni.

Það hafa nokkuð marga undanfarna daga verið hér til umræðu á Alþingi mál sem snerta byggðaþróun í landinu og þau eru mörg málin sem heyra undir það að hafa áhrif á það hver þróun byggðar í landinu verður. Þó að oft hafi litið illa út hygg ég að nokkuð langt sé síðan jafnilla hefur litið út fyrir landsbyggðina og nú horfir í hennar málum. Það hefur gerst þrátt fyrir það að við höfum Framkvæmdastofnun. Það sem auðvitað ræður því hvernig þessi mál þróast er efnahagsstefnan í landinu, það er sú stefna sem stjórnvöld hafa á hverjum tíma að því er varðar efnahagsþróun og efnahagsmálin. Það skiptir engu máli þó að 2—3 slíkar stofnanir, sem hér er um talað og verið hafa eins og Framkvæmdastofnun, væru til staðar ef efnahagsstefnan er öll á þá lund, eins og verið hefur undangengin tvö ár, að draga skóinn niður af landsbyggðinni, að byggja efnahagsþró-

unina og efnahagsstefnuna á því að halda öllu hér á stór-Reykjavíkursvæðinu í spennitreyju og spenna þannig upp t. d. byggingariðnaðinn, verslunina, bankastarfsemina, svo að eitthvað sé nefnt, með erlendum lántökum sem eru á útsölu samanborið við það sem undirstöðuatvinnugreinar hér í landinu þurfa við að búa.

Nú fer það væntanlega ekki fram hjá neinum hv. þm. að það er fyrst og fremst landsbyggðin sem aflar þess gjaldeyris sem allt byggist á. Það er hún sem heldur uppi því kerfi sem við búum við. Það er fyrst og fremst sjávarútvegurinn og fiskvinnslan sem halda uppi þessu kerfi. Hver er staða sjávarútvegsins í dag? Ég hygg a. m. k. að þeim hv. þm. hér innan dyra sem eru frá sjávarútvegssvæðunum, sjávarplássunum, fiskvinnslustöðvum, ætti að vera nokkuð ljóst hver þessi staða er. Það er núna að skapast álíka ástand og var á áratugnum 1950—1960 þegar bátaflotinn var mannaður með útlendingum vegna lélegra kjara og besta fólkið úr fiskvinnslufyrirtækjunum gekk út vegna lélegra kjara og óöryggis í atvinnu. Ég hygg að hæstv. forsrh. sé um það kunnugt að t. d. í hans eigin kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, vantar a. m. k. 300 manns í fiskvinnslufyrirtækin. Talið er að vanti a. m. k. 1500 manns í fiskvinnsluna almennt yfir allt landið. Jafnframt er talið að vegna þess mannaskorts, sem þarna er um að ræða og rekja má til lélegra launakjara og óöryggis í atvinnu, tapi þjóðarbúið a. m. k. einum milljarði árlega vegna þess að ekki er hægt að vinna aflann í þær dýrmætu pakkningar sem við þyrftum á að halda.

Það er þegar brostinn á flótti bestu sjómanna úr sjómannastétt af báta- og togaraflotanum. Um það hygg ég að ekki þurfi að deila. Það er þegar brostinn á flótti besta og hæfasta fiskvinnslufólksins úr fiskvinnslufyrirtækjunum. Þetta ástand er sannarlega móðuharðindi af mannavöldum. Þrátt fyrir þessar staðreyndir gerist það eigi að síður nú fyrir nokkrum dögum hér í hv. deild að stjórnarliðið fellir að rétta hlut fiskvinnslufólks nokkuð í atvinnuöryggi frá því sem nú er. Þeir aðilarnir sem hafa launin sín tryggð, hafa atvinnuna trygga, standa að því hér á Alþingi að fella það að nokkuð sé gengið til móts við fiskvinnslufólk til þess að tryggja atvinnuöryggi þess stóra hóps sem þar er um að ræða. Það er mín skoðun að hv. þm., sem þannig haga sér, vilji annaðhvort ekki sjá það eða þeim sé blátt áfram sama að hverju stefnir í þessum málum.

Er mönnum virkilega ekki ljóst að þegar er brostinn á fólksflótti frá landsbyggðinni hingað á suðvesturhornið, á Reykjavíkursvæðið? Hingað munu nú flykkjast t. d. iðnaðarmenn vegna yfirborgana sem þeir fá hér í sínu starfi en ekki er um að ræða úti á landsbyggðinni og svo mun um fleiri stéttir. Hér er fullur dampur á öllu á sama tíma og gífurleg lægð hefur átt sér stað úti á landi. Þetta vandamál er ekki bara vandamál sjómannanna, fiskvinnslufólksins eða þeirra byggðarlaga sem þarna er um að ræða. Þetta er ekki síður vandamál þeirra einstaklinga sem eru með fyrirtæki í fiskvinnslu og fiskveiðum. Ég hygg t. d. að hæstv. forsrh. sé um það kunnugt að á síðasta ári var tap á fiskvinnslunni bara við Ísafjarðardjúp á annað hundrað milljónir eða sem svarar andvirði eins skuttogara, bara á því tiltölulega litla svæði. Hrein eignaupptaka í þessari atvinnugrein hjá fyrirtækjum nam á annað hundrað millj. kr.

Hér er því um að ræða sameiginlegt vandamál verkafólks og sjómanna, íbúa þessara svæða og forsvarsmanna atvinnurekstrarins í þessari grein. Og hér er aðalbölvaldurinn sú efnahagsstefna sem rekin er af hálfu hæstv. ríkisstj. Það eru fyrst og fremst ráðherrarnir tíu og þeirra fylgdarlið sem hafa orðið þess valdandi með þeirri stefnu sem rekin hefur verið að nú er svo komið sem komið er. Það eru tveggja ára gömlu ráðherrarnir sem eru vandamálið ásamt hinum hlutanum sem þeim fylgir og skipar meiri hluta hér á Alþingi í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Menn eru bjartsýnir.) Já, menn eru bjartsýnir. Það er gott. Jafnvel þeir sem eru búnir að missa niður um sig allt í atkvæðum og ört minnkar hjá, að því er síðustu fregnir herma, fylgi hjá almenningi í landinu. Enn hafa þeir trú á því að þeir verði til þess að vísa tímenningunum frá og skapa betri tíð og blóm í haga.

Við gætum líka farið lengra aftur í tímann. Þó að vandamálið sé vissulega slæmt núna og hefur trúlega sjaldan verið verra, þá var það líka slæmt að þessu leytinu til í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. sem hv. 7. þm. Reykv. studdi og það dyggilega. Hún varð í mörgum tilfellum þess valdandi að byrjað var að halla undan fæti í þessum efnum á þeim tíma sem sú ríkisstj. var við völd. (**KÓ:** En þegar Alþfl. var lengst í ríkisstj.?) Það er gott að hv. 10. landsk. þm. er búinn að fá orðið. Honum er ábyggilega orðið mál eftir allan þann tíma sem hann hefur verið úti. Þetta er rétt hjá hv. þm. Hluta af því tímabili sem Alþfl. var við völd ásamt öðrum flokki var ástandið álíka og það hefur verið. Það skal ekkert utan af því skafið og ekkert borið í bætifláka fyrir það á nokkurn hátt. En það bætir ekki ástandið sem nú er eða það sem var í tíð þeirrar stjórnar sem hv. 10. landsk. þm. studdi dyggilega. Fólk lifir ekki á því núna þótt ástandið sé álíka vont og það var þegar hann sjálfur réði ferðinni. Hér eru menn að karpa um þessa mjög svo alvarlegu hluti eins og strákar. Þú varst ekki betri þegar þú varst.

Það er nauðsynlegt að breyta gersamlega um efnahagsstefnu. Vandinn við að ná því marki er það að þríeykið svokallaða, íhald, framsókn og kommar, hefur komið þessu ástandi á sem við búum við og virðist ætla að verða viðloðandi a. m. k. eitthvað enn um sinn. Það þarf því nr. eitt að losna við áhrifavald þessa þríeykis til þess að hægt sé að brjótast út úr þeim vanda sem í þessu máli er við að etja. (**SJS:** Er þm. kominn með geislabaug?) Ekki væri ég hissa þó að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sæi slíkan geislabaug í kringum þann flokk sem ég tilheyri nú, a. m. k. ef saman er borið við það sem gerist í hans eigin flokki. (**PP:** Samanborið við flokkana sem hann hefur verið í áður.) Var fjallkóngur þeirra framsóknarmanna eitthvað að segja þarna bak við tjöldin? (**PP:** Já, reyndar.) Það er nýtt að sjá hann hér í deildinni þessa dagana. Hann elur manninn yfirleitt annars staðar ef eyða á á hann orði hér í deildinni. En hann er greinilega hér nú, en þó bak við, að baki er hann. Eins og menn vita þarf ekki að nefna mann sem var að baki ákveðnum einstaklingi.

Einn er sá þáttur sem er stór í þessum efnum og hefur líka að verulegu leyti orðið valdur að þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Það er kvótinn. Það er sú rússneska stefna í stjórnun fiskveiða sem einkaframtaksflokkurinn, Sjálfstfl., hefur haft að leiðarljósi undangengin tvö ár við stjórnun fiskveiða hér á landi. Alræðisvald hæstv. sjútvrh., sem Sjálfstfl. hefur nú afhent honum í tvö ár

hér á hinu háa Alþingi til þess að ráðskast með, er einn þátturinn í þeirri óheillaþróun sem hér hefur átt sér stað.

Það er furðulegt ef hæstv. forsrh., sem a. m. k. mælti fyrir þessu hugarfóstri hér í fyrstu, er það ekki ljóst að nú er framið slíkt ranglæti í hans eigin kjördæmi undir handarjaðri flokksbróður hans, hæstv. sjútvrh., að því er varðar stjórnun fiskveiðanna að engu tali tekur. Þm. Vestfjarða hafa nú fengið í hendur undirskriftalista frá smábátamönnum á velflestum stöðum á Vestfjörðum sem núna eru að byrja róðra. Núna er vertíðin að hefjast þar en fiskveiðistefnan skipar svo fyrir að nú skuli þeir liggja í landi vegna þess að bátar annars staðar á landinu eru búnir að veiða þann afla sem hefði verið hægt að leyfa þessum aðilum að veiða. Tugir smábáta, ef ekki hundruð, liggja nú í landi dags daglega á Vestfjörðum vegna þess að stjórnvöld meina þeim að draga fisk úr sjó á handfæri. Hver hefði trúað því, þó ekki hefði verið farið langt aftur í tímann, að flokkur einkaframtaks og frjálshyggju stæði að þeirri löggjöf að það þyrfti sérstakt persónulegt leyfi framsóknarráðherra í ríkisstj. til þess að litlir bátar mættu fara á sjó til að draga fisk úr sjó með handfæri? Hver hefði trúað því að sá flokkur legðist svo lágt? Eigi að síður er þetta staðreyndin í dag. Ég hefði gaman af að spyrja hæstv. forsrh. — hann er að vísu farinn úr salnum — um þetta mál. Vonandi birtist hæstv. forsrh. áður en langt um líður. Meira að segja sá sem að baki var áðan er horfinn líka, hv. þm. Páll Pétursson. Eini ráðh., sem nú situr undir þessum umr., er hæstv. iðnrh. Hvað segir hv. þm.? Jú, honum finnst það tilkomumikið vissulega en það mættu gjarnan vera hér aðrir hæstv. ráðh. sem málið er skyldara en hæstv. iðnrh. þótt hann beri að vissu leyti sína ábyrgð á því.

Ætli hæstv. ráðh. sé það ljóst að nú er um 30% færra starfsfólk í fiskvinnslu en verið hefur undanfarið? Það vantar 30% af besta vinnuaflinu sem skilar mestu verðmætunum í landinu vegna þeirrar stefnu sem rekin hefur verið af hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Er von að vel fari þegar slíkt ástand er látið líðast, og ekki bara látið líðast heldur beinlínis að því er virðist markvisst að því unnið að ástandið verði með þeim hætti?

Þetta frv., sem hér er til umr., bjargar ekki þessum málum. Þetta frv. verður ekki til þess að besti starfskrafturinn í fiskvinnslufyrirtækjunum, bestu sjómennirnir á bátaflotanum eða togurunum, komi aftur til starfa. Það eina sem getur bjargað því er að augu stjórnvalda opnist fyrir því að þarna er breytinga þörf og breytingu verður að gera til þess að skapa þessum aðilum þær aðstæður, þau kjör og þann aðbúnað sem mönnum er sæmandi í nútímaþjóðfélagi.

Herra forseti. Við ríkjandi aðstæður dugar ekki nafnbreyting ein og sér til þess að bæta það ástand sem nú er orðið. Ef ekki verður snúið við af þessari óheillabraut á ástandið enn eftir að versna. Það eru ekki uppörvandi fréttir sem við Vestfjarðaþingmenn fáum úr okkar eigin kjördæmi að því er varðar þessi mál. Tugir íbúðarhúsa eru nú á söluskrá vegna þeirra aðstæðna sem búið er að bjóða þessu fólki upp á í eigin heimabyggð. Það gengur jafnvel svo langt að eigendur íbúðarhúsnæðis fara án þess að geta selt sitt eigið húsnæði, án þess að hafa von um að geta selt það. Hafa menn trú á því þegar slíkt ástand er orðið að til baka verði snúið nema róttækar ráðstafanir verði gerðar til að breyta frá því sem er?

Fyrst og fremst er þetta ástæðan, að stjórnvöld með sinni efnahagsstefnu hlúa fyrst og fremst að þjónustuatvinnugreinum í landinu en vanrækja framleiðsluatvinnugreinarnar. Á sama tíma og þetta er að gerast, verkafólki í fiskvinnslufyrirtækjunum, sjómönnunum á flotanum er neitað um réttarbætur, birtast með fárra daga millibili fregnir af annars konar réttarbótum sem einstaklingum í þessu þjóðfélagi er úthlutað. Er þar átt við bílafríðindi bankastjóra, nefndargreiðslur sumra hv. þdm., ég tala nú ekki um sjálft höfuðið á peningavaldinu í landinu sem virðist fá allnokkrar, svo ekki sé meira sagt, ívilnanir varðandi launagreiðslur á sama tíma og láglaunafóki er settur stóllinn fyrir dyrnar. Meðan slíkt siðgæði ræður ferðinni, annars vegar gagnvart launafólkinu í landinu og hins vegar gagnvart öðrum, er ekki við góðu að búast að því er varðar þróun byggðar í landinu, að því er varðar hina smáu og fáu úti á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað grennslast fyrir um það hvort hæstv. forsrh. sé ekki einhvers staðar hér á næstu grösum, þannig að hægt væri að beina að honum spurningu. (**Forseti:** Það verður athugað hvort hæstv. forsrh. er ekki í húsinu. Hæstv. forsrh. er á leið inn í salinn.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Ég sé að hæstv. forsrh. gengur nú í salinn. Ég vildi gjarnan spyrja hann hér einnar eða tveggja spurninga sem mér finnst að varði stefnuna í byggðamálum og byggðaþróun og málið heyrir undir hæstv. forsrh. Ég sagði hér áðan að nú fengju þm. Vestfjarða undirskriftalista unnvörpum frá trillubátasjómönnum á Vestfjörðum þar sem þeir bæðu um leiðréttingu þess ranglætis sem þeir eru nú beittir og birtist í því að þeim eru meinaðir róðrar vegna þess að aðrir eru búnir að veiða allt það magn, jafnvel meira en það, sem átti að veiða á fyrsta veiðitímabili þess hluta flotans sem ekki tilheyrir beinum kvóta.

Ég hef ekki trú á því að vestfirskir sjómenn uni þessu ástandi, að þeim sé með stjórnvaldsaðgerðum bannað að róa til fiskjar með handfæri og draga fisk úr sjó yfir hábjargræðistímann. Þá mundi ég gjarnan spyrja hæstv. forsrh. sem nú líklega gegnir störfum hæstv. sjútvrh.: Hvernig ætlar hæstv. forsrh., þm. Vestfjarðakjördæmis, að bregðast við þessum eðlilegu óskum vestfirskra trillubátamanna? Ætlar hæstv. ráðh. að einhverju leyti að beita sér fyrir því að hér verði breyting á? Eða ætlar hæstv. ráðh. að halda að sér höndum og gera ekki neitt?

Verði ekkert gert til að leiðrétta þetta mál sem kemur til viðbótar öðrum þeim sem snúa að landsbyggðarfólki þá fullyrði ég að vestfirskir sjómenn muni ekki una því. Þeir munu ekki una því að vera beittir slíku ranglæti. Það er nánast hlálegt að hugsa til þess að skektuhorn, sem kannske einn maður getur verið um borð í, verði að fá leyfi frá stjórnvöldum til þess að mega fara á sjó með handfæri og draga fisk. Þetta er slík ofstjórn og heimska að mínu viti að engu tali tekur. Ég vil gjarnan ítreka spurninguna til hæstv. forsrh.: Hvernig ætlar hann að bregðast við undirskriftalistum vestfirskra trillubátamanna sem ég hygg að hann hafi fengið eins og ég — hann getur fengið ljósrit hafi ekki svo verið? Ætlar hann að beita sér fyrir leiðréttingu? Eða eiga sjómenn vestra að búa við það sem þeir nú búa við, að vera bannað að róa til fiskjar?

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umr. meira að sinni. Vel má vera að eitthvað það komi fram hér í

umr. síðar sem ástæða væri til að segja meira um, raunar full ástæða til þess þó að ekkert sérstakt kæmi fram frekar. En ég skal ekki verða til þess að lengja þessa umr. frekar að sinni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. hefur flutt hér langt mál um þetta frv., sumt hnyttið og kjarnyrt eins og hans er vandi. Og um margt er ég honum og reyndar fleiri ræðumönnum í þessari umræðu sammála. Og þá sérstaklega að stuðla beri að auknum sjálfsákvörðunarrétti fólks í þessu landi. Sú er stefna Kvennalistans og hana styðjum við einlæglega. En ég vil vara við offorsi og stóryrðum þegar þessi mál eru rædd. Það kann engri góðri lukku að stýra að ala á tortryggni og úlfúð milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eins og stundum vill brenna við. Við heyrðum dæmi þess hjá hv. síðasta ræðumanni. Vissulega er engin vanþörf á því að minna höfuðborgarvaldið oft og rækilega á að það mætti sín harla lítils án landsbyggðarinnar. En það er fráleitt að snúa dæminu við og halda því fram að landsbyggðin þurfi eiginlega ekkert á höfuðborginni að halda.

Ég er ekki að segja að hv. 4. landsk. þm. hafi gert sig sekan um það þótt fyrri ræða hans hafi fyrst og fremst orðið kveikja að þessum orðum mínum. En þessi hugsunarháttur er að ryðja sér til rúms og það gæti leitt til ófarnaðar. Við erum engin stórþjóð, Íslendingar, mannfjöldinn ekki meiri en svo að stöku stórfyrirtæki úti í heimi hafa álíka fjölda starfsmanna í þjónustu sinni. Við þurfum öll hvert á öðru að halda, hvert byggðarlag styður annað, hver atvinnugrein styður aðra. Frumvinnslugreinarnar þurfa svo sannarlega á þjónustugreinum að halda og öfugt. Læknirinn læknar sjómanninn, verslunarmaðurinn selur honum veiðarfærin og kennarinn býr börnin hans undir lífsstarfið. Að mínum dómi er enginn öðrum rétthærri í þeim hópi hvar á landinu sem hann býr.

En það er eiginlega alveg makalaust hve illa og seint gengur að koma á nokkrum þeim breytingum sem geti stuðlað að virkara lýðræði og valddreifingu í landinu, valddreifingu sem mundi væntanlega draga úr þessari togstreitu milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Menn virðast mjög sammála um að sveitarfélögin eigi að fá meira sjálfsforræði, fleiri verkefni og að saman fari ábyrgð og framkvæmdir.

Það er ekkert nýtt að talað sé um að rétt sé að flytja ríkisstofnanir út á land. Það hefur hins vegar hvorki gengið né rekið í þeim málum. Það hefur nokkrum sinnum verið reynt og staðið til að flytja ríkisstofnanir eða einhverja slíka starfsemi út á land. En það hefur strandað ýmist á stjórnendum, starfsfólki eða notendum þjónustunnar. Landsbyggðarfólki finnst því í raun-inni ekki greiði gerður með því að dreifa þjónustustofnunum út um landið. Hornfirðingum finnst þægilegra að reka öll sín erindi á einum stað en að þurfa að leita um eitt til Reykjavíkur, annað til Ísafjarðar, þriðja til Akureyrar og fjórða til Egilsstaða o. s. frv. Með aukinni tækni má vitanlega ryðja ýmsum þröskuldum úr vegi.

En mig furðar sérstaklega á því að ýmsar stofnanir landbúnaðarins skuli hrúgast saman í höfuðborginni og sífellt þenjast þar út. Einhvern veginn finnst manni að einmitt þær stofnanir hefðu mátt hafa höfuðstöðvar úti á landi. En á það hefur ekki mátt minnast. Þar finnst mér þeir hafa brugðist sem síst skyldi.

Við frv. það um Byggðastofnun sem hér er til umræðu er brtt. þess efnis að stofnunin eigi heimili og varnarþing á Akureyri. Kvennalistinn mun styðja þá till. og virðist reyndar af öllum sólarmerkjum að dæma ekki ólíklegt að hún verði samþykkt, enda hef ég fyrir satt að starfsmenn byggðadeildar bíði allspenntir eftir niðurstöðu málsins. Það væri þó alltént breyting á fyrirkomulagi þessarar ríkisstofnunar. En í þessum málum gerist áreiðanlega ekkert að marki nema gerðar verði skipulagsbreytingar á stjórnkerfi landsins.

Það er óneitanlega umhugsunarvert hvers vegna svo seint og illa hefur gengið að koma slíkum skipulagsbreytingum á, því að vissulega virðist umtalsvert fylgi við svokallað þriðja stjórnsýslustig eða millistig á milli sveitarstjórna og ríkisstjórnar eða landsstjórnar, hvort sem það millistig heitir landshlutasamtök, fylkisstjórnir, héraðsstjórnir, svæðastjórnir eða eitthvað annað. Hins vegar má ljóst vera að aukin ábyrgð og auknar framkvæmdir á vegum sveitarstjórna og/eða fylkisstjórna kalla á auknar tekjur í þeirra hlut og minn grunur er sá að það sé sá flöskuháls sem þessar skipulagsbreytingar stranda yfirleitt á.

Í þeirri ágætu nefnd sem kallast byggðanefnd þingflokkanna hef ég spurst fyrir um starfsemi nefndar sem er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Sú hefur víst starfað lengi en lítið komið út úr því starfi enda ríkisvaldinu sárt um tekjustofna sína. En þetta mál verður að leysa, að öðrum kosti verður ekkert úr þeirri valddreifingu sem allir þykjast hlynntir. Sveitarfélögin verða að fá aukið sjálfsforræði, ekki bara til framkvæmda heldur einnig til tekjuöflunar. Mín skoðun er sú að þeim sé fyllilega treystandi til þess og ólíklegt að þau gangi nær sínum þegnum en ríkisvaldið sem vitanlega verður að láta eitthvað af sínum tekjustofnum í hendur sveitarfélaganna.

Frv. það til l. um Byggðastofnun sem hér er til umræðu breytir engu í þeim efnum að auka sjálfsforræði fólks úti um landið, frekar hið gagnstæða. Hér er ekki verið að minnka báknið, hér er ekki verið að draga úr miðstýringu höfuðborgarvaldsins, ekki verið að færa völd og ábyrgð út á landsbyggðina.

Byggðastofnun ætti að mínu mati eingöngu að vera þjónustu- og upplýsingastofnun. Sem slík gæti hún gert mikið gagn hvort sem hún ætti heima í Reykjavík, á Akureyri, eða annars staðar á landinu. Hún ætti að vera sú uppspretta gagna og upplýsinga sem hinar ýmsu byggðir landsins byggja áætlanir sínar á. En hún á ekki að stjórna því með lánveitingum hvernig staðið er að uppbyggingu hér og þar um landið.

Við verðum að breyta um vinnulag í þessum efnum, en á því er alls ekki tekið með því þingmáli sem hér er til umr. Það er að vísu rétt sem einhver ræðumanna kom inn á hér fyrr í umr. — ég held að það hafi verið hv. 4. landsk. þm. — að landshlutasamtökunum hefur ekki verið markaður lagalegur rammi sem gerir þau nægilega vel í stakk búin til að taka að sér önnur og meiri verkefni en einhvers konar samráðsfundi og áætlanagerð svo sem verið hefur. En það hlýtur að breytast, ef ekki landshlutasamtökin þá eitthvert annað miðstig stjórnsýslunnar eins og ég nefndi hér áðan, sem flestir virðast orðnir sammála um að til þurfi að koma til þess að valdið geti dreifst í auknum mæli út um landið. Þá á fjármagnið til uppbyggingar að koma í þeirra hlut, ekki

að vera dreift frá einni stofnun. Þeirri kröfu hefur ekki verið ansað og því m. a. borið við að landshlutasamtökin valdi ekki því hlutverki. Þau halda þó uppi skrifstofum og hafa náð að marka sér ákveðna stöðu sem ég tel rétt að efla og það held ég að sé vilji fólksins úti um landið.

Það frv. sem hér er til umræðu er ekki til neinna bóta. Það færir landsbyggðinni hvorki aukinn rétt né völd og ég sé engan tilgang með lagasetningu af þessu tagi. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv. í heild en styð, eins og áður sagði, brtt. á þskj. 1053 í þeirri von að það breyti á sinn hátt starfsemi þessarar stofnunar og verði til eftirbreytni.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um Byggðastofnun sem ætlað er að koma í staðinn fyrir Byggðasjóð. Byggðasjóður var settur á stofn í byrjun áttunda áratugarins, það er liðið nokkuð á annan tug ára síðan, og hefur hann gegnt miklu hlutverki á því tímaskeiði. Ég held að það sé ákaflega margt líkt með ástandi okkar þjóðfélagsmála nú og var um það leyti sem ráðist var í að koma upp Byggðasjóði. Þá, í lok sjöunda áratugarins og byrjun þess áttunda, kringum 1970, hafði um langt skeið verið um að ræða ákaflega mikla flutninga fólks af landsbyggðinni hingað á Reykjavíkursvæðið og atvinnulíf úti um landið víða í niðurníðslu, ekki síst sjávarútvegurinn. Stofnun Byggðasjóðs var ein af ráðstöfunum ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem Alþb. átti aðild að, til þess að vinna gegn þeirri óheillaþróun sem verið hafði á hinum svokölluðu viðreisnarárum og snúa henni við.

Á sjöunda áratugnum munu um sjö þúsund einstaklingar hafa flutt frá kjördæmunum sex úti um landið hingað á suðvesturhornið umfram þá sem fluttu inn í kjördæmin sex úti um land. Það var mikil blóðtaka. En það sem hefur nú gerst er það að á síðasta ári hafa öll fyrri met varðandi þessa mannflutninga verið slegin. Á einu ári eru það á annað þúsund manns sem flytja frá landsbyggðinni og hingað á höfuðborgarsvæðið og er það hæsta tala á öllu því tímaskeiði sem tölur liggja fyrir um í þeim efnum, eða í aldarfjórðung. Þessi tala ein segir mjög mikla sögu. Ég hefði viljað vænta þess að frv., sem flutt er um Byggðastofnun einmitt við þessar aðstæður, bæri þess meiri merki en þetta frv. gerir, að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að hafa uppi alvarlega viðleitni til að snúa þessari þróun við.

Það er ekki aðeins að fólksstraumurinn hafi orðið jafnvel enn meiri en á sjöunda áratugnum heldur er einnig svo komið nú að sjávarútvegurinn, sem ber uppi allt atvinnulíf að heita má í byggðarlögum hringinn í kringum landið, og reyndar allan okkar þjóðarbúskap, er að mörgu leyti að verða jafn illa settur og hann var um það leyti sem Byggðasjóður var settur á stofn í byrjun áttunda áratugarins. Það er að vísu ekki með nákvæmlega sama hætti því að þá höfðu atvinnutækin einfaldlega drabbast niður á löngu valdaskeiði Sjálfstfl. og Alþfl., flotinn hafði ekki verið endurnýjaður og lítil uppbygging átt sér stað í fiskiðnaði. En nú er það hins vegar fyrst og fremst rekstrargrundvöllur þessarar frumatvinnugreinar okkar sem má heita að sé brostinn.

Ég vil vekja athygli á því að ef fólksstraumurinn frá landsbyggðinni á suðvesturhornið verður á næstu árum álíka mikill og hann hefur verið síðustu tvö árin, frá því að núverandi ríkisstj. kom til valda, þá verður komið svo fyrir aldamót, sem eru ekki ýkjalangt undan, að meira en ⅔ af íbúum landsins verða komnir hingað á höfuðborgarsvæðið, þ. e. Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, en innan við þriðjungur búsettur annars staðar á landinu. Ég held að slík framtíðarsýn ætti að vera áhyggjuefni fyrir fólk hvar sem það er búsett á landinu og einnig fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins því að það getur varla verið hagsmunamál eða fagnaðarefni á nokkurn veg að slík þróun verði að veruleika.

Varðandi Byggðasjóð, sem hér er talað um að breyta í Byggðastofnun, horfa mál þannig á þessu ári að í stað þess að honum voru upphaflega tryggðar tekjur af framlagi ríkisins sem námu 2% af ríkisútgjöldum þá er þetta framlag nú komið niður í örlítið brot úr prósenti, örlítinn hluta af því sem vera átti skv. upphaflegum lögum. Allt ráðstöfunarfé Byggðasjóðs að lántökum meðtöldum er langt frá því að ná þessum 2% af útgjöldum fjárlaga.

Í frv. sem hér er til umræðu um Byggðastofnun heitir það að vísu svo að tekjur hennar eigi að nema upphæð sem er sögð svara til u. þ. b. 2% af ríkisútgjöldum. En hætt er við að því sé valt að treysta eins og framkvæmdin í þeim efnum hefur verið og er á þessu ári í höndum hæstv. núverandi ríkisstj.

Það segir einnig í 2. gr. frv. að hlutverk Byggðastofnunar eigi að vera að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. En það segir ekkert um það hvaða skoðun ríkisstj. hafi á því hvað sé þjóðhagslega hagkvæm þróun. Á því eru sjálfsagt mismunandi skoðanir hvað skuli teljast þjóðhagslega hagkvæm þróun byggðar og hvað ekki. Í reynd þá hafa afleiðingarnar af stefnu núverandi ríkisstj. verið þær að beina fólkinu í stórlega vaxandi mæli á höfuðborgarsvæðið. Þar liggja niðurstöðurnar fyrir og varla er hægt annað en gera ráð fyrir því að ríkisstj. sé eftir atvikum sátt við þá þróun svo óheillavænleg sem hún þó er, a. m. k. sjást ekki merki þess að gegn þessari þróun sé unnið af hálfu stjórnvalda.

Ég vil koma hér aðeins inn á brtt. sem fluttar hafa verið við frv. af hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni. Þar er í fyrsta lagi að nefna till. um það að stofnunin skuli staðsett á Akureyri. Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðh. tjá sína skoðun í þeim efnum hér úr ræðustól á Alþingi, en hins vegar séð það haft eftir hæstv. forsrh. í fjölmiðlum að hann teldi að Alþingi ætti ekki að taka af skarið í þessum efnum. Mér finnst sú afstaða hjá forsrh. ekki stórmannleg af hans hálfu.

Hvað sem öðru líður held ég að það sé ekki margt brýnna en að efla samstöðu þeirra þm. sem bera hag byggðarlaganna úti um landið fyrir brjósti, hvort svo sem þeir eru þm. fyrir þetta kjördæmið í landinu eða hitt, samstöðu um það að leitast við að snúa þróuninni við og tryggja vaxandi hlut landsbyggðarinnar m. a. hvað varðar staðsetningu opinberra stofnana. Ég verð að líta svo á að það ætti að vera sjálfsagt mál með stofnun eins og Byggðastofnun að hún sé ekki staðsett hér á höfuðborgarsvæðinu heldur í einhverju kjördæmanna úti um land. Mér finnst ekki óeðlilegt að það sé ákveðið hér að hún fái sinn vettvang á Akureyri sem er fjölmennasti staðurinn utan Reykjavíkursvæðisins. Ég held að þeir sem hér eru fulltrúar fyrir kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness ættu að geta sameinast um slíka afstöðu og það ætti að auðvelda málflutning fyrir

því að færa aðrar stofnanir eða útibú frá öðrum stofnunum eftir atvikum í hin ýmsu önnur byggðarlög vítt og breitt um landið. Ég tel það reyndar mjög virðingarvert af þm. höfuðborgarinnar að flytja þessa till. um staðsetningu Byggðastofnunar á Akureyri og vil gera mér vonir um að till. verði samþykkt.

Ég sé að hér er einnig á þskj. till. frá hv. 3. þm. Reykv., 2. minni hl. fjh.- og viðskn., sem kveður á um það að Byggðastofnun skuli hafa samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarstjórnir, þróunarfélög og aðra heimaaðila eftir atvikum. Ég held að þetta sé ákaflega mikilvæg till. og mjög æskilegt að hún fengi stuðning. Mér er kunnugt um það að landshlutasamtök sveitarfélaganna, sem hafa mörg hver haldið uppi ákaflega gagnlegri rannsóknarstarfsemi fyrir sveitarfélögin í sínum kjördæmum og varðandi þróun byggðar og atvinnulífs, hafa haft nokkurn stuðning frá Byggðasjóði til að standa undir þessum þýðingarmiklu verkefnum.

Mér er einnig kunnugt um að í hópi forsvarsmanna landshlutasamtakanna hafa menn haft miklar áhyggjur út af því að nú kunni þessi stuðningur að falla niður þar sem ekki mun vera ráð fyrir honum gert í frv. hæstv. ríkisstj. um Byggðastofnun sem hér er til umræðu. Brtt. á þskj. 1079 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. ætti hins vegar að tryggja það að þessi stuðningur haldi áfram og er það lágmarkskrafa.

Ég ætla ekki að orðlengja svo mjög um þessi efni hér í kvöld, enda þunnskipað hér á bekkjum. En það hefði vissulega verið full ástæða til að taka hér upp mjög alvarlega umræðu um byggðamálin í heild, ekki eingöngu þennan þátt þeirra sem að vísu er mikilvægur varðandi lagasetningu um Byggðastofnun, heldur þau önnur efni sem þar eru skyldust og tengjast hinni alvarlegu óheillaþróun í byggðamálum sem hér hefur verið komið inn á í umr. í kvöld. Ég held að meginatriði þeirra mála sé að stjórnvöld leitist við að stýra fjármagninu í landinu til þeirra atvinnugreina sem bera þjóðfélagið uppi, til þeirra atvinnugreina sem eru undirstaða mannlífs hringinn í kringum landið, og nefni ég þá sjávarútveginn sem helsta dæmið, en hæstv. núverandi ríkisstj. hefur því miður farið þveröfugt að og beint fjármagninu í meira mæli en nokkru sinni fyrr frá þessum atvinnugreinum, frá þeim sem afla verðmætanna og til hinna sem eyða þeim. Því er nú komið sem komið er.

Hér standa fyrir dyrum kjarasamningar í landinu og menn spyrja: Hvað verður um kjör fiskvinnslufólksins? Mál eru þannig vaxin að talsvert mörg einkafyrirtækjanna í landinu hafa slíkt fjármagn undir höndum, miklu meira en þau hafa haft nokkru sinni áður, að þau hafa bolmagn til að kaupa vinnuaflið upp. Hvergi á þeim vettvangi er spurt um kauptaxtana heldur er fólkið yfirborgað og í mörgum tilvikum kaupið tvöfaldað með yfirborgunum.

En á sama tíma er búið þannig að fyrirtækjum í sjávarútvegi að kjör þeirra sem við fiskvinnsluna starfa fara sífellt versnandi miðað við þá samanburðarhópa sem helst koma til greina. Afleiðingin getur ekki orðið önnur en fólksflótti úr þessum undirstöðuatvinnugreinum. Sá flótti er þegar farinn að koma fram í mjög stórum stíl. Slíkt er auðvitað ekki eingöngu áhyggjuefni fyrir það fólk sem finnur eldinn brenna heitast á sjálfu sér, heldur fyrir alla landsmenn, allan okkar þjóðarbúskap, því að afleiðingin er nú þegar orðin sú að verðmæti framleiðslunnar er mun minna en það gæti orðið ef fyrirtækin væru fullmönnuð. Það eru þessi efni sem hefðu átt heima í frv. af því tagi sem hér er til umræðu um Byggðastofnun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en má vera að tækifæri gefist hér fyrir þinglok til að ræða þessi efni nánar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vakti á því athygli fyrr við þessa umr. að enn eru að bætast við Íslandsmet hjá hæstv. ríkisstj. Þau eru orðin býsna mörg metin sem hún hefur slegið á tveggja ára valdatíma. Hún vann það fyrst að ráðast á kjör launafólksins í landinu með harkalegri og grimmúðlegri hætti en þekkst hefur í sögu lýðveldisins, bannaði samninga um kaup og kjör í landinu eftir einræðisfyrirmyndum, stífði niður launin um hátt í þriðjung hjá launafólki. Það var ekki fyrr en launafólk tók höndum saman að unnt reyndist að hnekkja þeirri stefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að neita samningum um kaup og kjör í landinu. Láglaunastefnunni er hins vegar við haldið af ríkisstj. enn þann dag í dag. Af þeirri braut hefur hún ekki vikið og þess sjást í raun engin merki að hún átti sig á því til hvers ófarnaðar sú stefna leiðir og þá ekki síst í byggðamálum í landinu.

Annað atriði og það sem tengist því máli sem hér er til umræðu er einmitt uppskeran af stjórnarstefnunni varðandi búsetuþróun í landinu. Síðasta ár hefur tölulega flutt fleira fólk frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en gerst hefur frá því skráning hófst á slíkum tilfærslum, þar sem ekki hafa flust færri en 1071 maður umfram aðflutta til landsbyggðarinnar. Landsbyggðin hefur tapað yfir 1000 manns nettó á einu ári. Slíkt hefur ekki gerst síðan árið 1961. Það bendir allt til þess að þessi þróun haldi áfram í enn auknum mæli, að þessi bylgja fólksflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sé rísandi og það býsna bratt.

Eitt af því sem heldur aftur af fólki úti um landið sem hneppt er í viðjar láglaunastefnunnar og þess aðstöðumunar sem ríkisstj. hefur gert enn meiri og bitrari en áður var — því að í rauninni er það ekki vilji manna úti á landi að pakka saman og yfirgefa sína heimabyggð — eru þeir erfiðleikar sem við blasa hvarvetna úti um landið að selja þær eignir sem menn hugsanlega eiga, losna við fasteignir á einhverju því verði sem geti gert mönnum kleift að endurnýja slíkt þar sem meiri umsvif eru í þjóðfélaginu, þar sem safnast saman þeir aðilar sem njóta stjórnarstefnunnar, þangað sem fjármagnið hefur verið flutt af ríkisstjórninni með hennar stefnu.

Vegna þess að formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins hlýðir á þessa umr., hv. þm. Stefán Guðmundsson, vil ég inna hann eftir því hér, þar sem ég var að ræða um tölur varðandi fólksflutninga frá landsbyggðinni til Reykjavíkursvæðisins, hvernig standi á því að þessi mál eru ekki rakin og tíunduð í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hvað veldur því að mörg meginatriði í þeirri vinnu sem starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins unnu í sambandi við byggðamálin fengu ekki rúm í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 1984 sem nýlega var lögð hér á borð þm. og ég hygg að eftir sé að mæla hér fyrir og ræða ásamt öðrum málefnum Framkvæmdastofnunar? Hvaða ástæður voru fyrir því að meiri hluti stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins vildi ekki taka inn í skýrslu stofnunarinnar

þá megindrætti sem liggja fyrir í sambandi við óheillavænlega þróun byggðamála í landinu? Kinokaði stjórnin sér við því að leggja þær niðurstöður á borð þm. og fyrir fjölmiðla? Hvaða nýbreytni er það sem upp er tekin hjá meiri hluta stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins að hafa uppi ritskoðun af þessu tagi og leitast við að fela staðreyndir sem eru ekki aðeins óþægilegar fyrir landsbyggðina, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar á að þjóna, heldur virðist vera svo mikið feimnismál fyrir stjórnarmeirihlutann að því er hafnað að taka slíka þætti inn í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar?

Ég vænti þess að hv. stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar ríkisins, Stefán Guðmundsson, skýri þessi mál af sinni hálfu og greini okkur þá frá því hvort það sé rangt sem ég hér staðhæfi að lagst hafi verið gegn því af stjórn Framkvæmdastofnunar að taka inn í þessa skýrslu þessi yfirlit um fólksflutninga í landinu og það Íslandsmet sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur slegið í þessum efnum að knýja fram þá þjóðflutninga sem nú eru í fullum gangi. Ég efast ekkert um að hv. þm. mun taka þátt í þessari umr. enda held ég að annað sé ekki sæmandi en að sjálfur stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar, sem byggðadeild heyrir undir, láti sig þessi mál varða og greini frá sínum hug í sambandi við þróun þessara mála.

Þegar litið er til þeirra þátta sem ráðandi eru um byggðaþróun á Íslandi er augljóst að þar ræður annað en landkostir, sem réðu búsetu manna hér og bólfestu í árdaga. Þá völdu menn sér búsetu eftir landkostum og landgæðum. Það heyrir því miður orðið sögunni til. Það eru önnur öfl sem þar ráða. Það eru öflin sem bundist hafa böndum í núverandi ríkisstjórn Íslands fastar en nokkru sinni í sögu lýðveldisins og þó lengra sé leitað, fjármagnsöflin í landinu. Þau öfl sem líta númer eitt á fjármagnið, gróðann, hagnaðinn sem áttavita í sambandi við pólitíska stefnu. Svo hefur farið að það er ekki aðeins flokkur einkaframtaksins og sá sem dýrkar gróðann sem meginleiðarljós sem stendur fyrir þessari stefnu, heldur er það flokkur sem eitt sinn var kenndur við félagshyggju, sem eitt sinn átti rætur sínar á landsbyggðinni, sem sótti fylgi sitt þangað, sem stendur fyrir þessari stefnu og er þar í forsæti, þ. e. Framsfl.

Það er fleirum en mér og fleirum en okkur Alþb.-mönnum ráðgáta hvernig það má vera að þessi flokkur, sem taldi sig til þess kvaddan að reisa merki samvinnu og félagshyggju á Íslandi hér fyrr á árum, skuli nú kyssa á vönd gróðaaflanna í þjóðfélaginu aftur og aftur í sambandi við flutning og afgreiðslu mála hér á Alþingi. Andstaða flokksins við markaðshyggju og gróðaöfl birtist okkur hér á Alþingi eingöngu í sýndarsérstöðu einstakra fárra þm. flokksins sem leyfa sér það stöku sinnum til þess að hægt sé að minna á það síðar meir, kannske í orrahríð næstu kosningabaráttu, að ekki hafi allir þm. Framsfl. elt íhaldið í þessu málinu eða hinu. En því er að sjálfsögðu alltaf þannig hagað undir hinni tryggu forustu hæstv. forsrh. og liðsmanna hans, formanns þingflokks Framsfl., bóndans frá Höllustöðum, að aldrei sé nokkur vafi um hvernig meiri hluti falli þegar á reynir í slíkum málum.

Þó að stundum heyrist kvartað undan því í Morgunblaðinu að nokkur dráttur sé á afgreiðslu stöku máls í þingflokki Framsfl. á undirbúningsstigi hygg ég að þau mál heyri nánast til undantekninga miðað við það hvernig Sjálfstfl. hefur haldið á málum, hvaða vilja hann hefur knúið fram í þessu stjórnarsamstarfi í hverju stórmálinu á fætur öðru. Það er vegna efnahagsstefnu ríkisstj. og félagsmálastefnu ríkisstj. sem hún hefur slegið Íslandsmet varðandi fólksflutninga á Íslandi frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins. Þar eiga allir ráðherrarnir hlut að máli, hver einasti og einn, og þar gefa framsóknarráðherrarnir hinum íhaldsráðherrunum ekki nokkurn skapaðan hlut eftir.

Það væri út af fyrir sig ástæða til að rekja það hvernig að þessum málum hefur verið staðið í einstökum ráðuneytum. En auðvitað er hlutur forsrh. sjálfs, þess sem á að fara með efnahagsstefnuna og sem jafnframt er húsbóndi Framkvæmdastofnunar og byggðadeildar hennar, mestur og um leið verstur í þessu máli. Það var hann, forsrh., sem beygði sig á síðasta sumri, sumrinu 1984, fyrir hinum nýja krónprinsi íhaldsins, hv. þm. Þorsteini Pálssyni, með því að gefa ávöxtun fjármagnsins á Íslandi frjálsa, gefa vextina á Íslandi frjálsa og gefa Morgunblaðinu þar með tilefni og tækifæri til að hrópa með stórum fyrirsögnum að brotið hefði verið í blað í sambandi við efnahagsstefnu á Íslandi. Það er þessi okurstefna fjármagnsins sem á nú þegar drýgri þátt en flest annað í þeim fólksflutningum sem ég var að nefna og er undirrót þeirra og á eftir að koma enn frekar fram.

Hvernig halda menn að þróunin hafi verið í bankamálum á Íslandi á þessum tíma sem síðan er liðinn og reyndar í tíð ríkisstj. allrar? Þær tölur sem þar liggja fyrir og þið getið fengið hvern bankastjórann og útibússtjórann á fætur öðrum til að staðfesta sýna svo að ekki verður um villst hvar fjármagnið er, hvar menn eru aflögufærir á Íslandi og hvar menn eru orðnir þurfalingar. Þar standa tölurnar þannig t. d., svo að litið sé til Landsbanka Íslands, að í ársbyrjun 1983 voru 62.5% af heildarinnlánum hjá Landsbankanum úr Reykjavík, 37.5% utan Reykjavíkur. Á árunum 1983 og 1984 hækkaði raunvirði innlána hjá Landsbankanum um 1665 millj. kr. Af þessu nýja innlánsfé var hlutur landsbyggðarinnar hins vegar ekki lengur 37.5% eins og áður heldur aðeins 14.1%. Hlutur Reykjavíkur einnar var hins vegar kominn upp í 85.9% af innlánsaukningunni. Þetta eru tölur sem tala sínu máli.

Þetta var Landsbankinn. Lítum til annarra banka, þ. á m. Búnaðarbankans, sem á mikil viðskipti við landsbyggðina eins og hv. formaður bankaráðs Búnaðarbankans gæti staðfest og greint okkur eflaust frá mörgum tölum þar að lútandi um ötugþróun af sama tagi og ég var að rekja hér í sambandi við Landsbankann. Þar standa málin nefnilega þannig — um það er mér kunnugt af viðtölum við bankastjóra Búnaðarbankans úti um landið — að innlánsaukningin hefur rýrnað í jafnmiklum mæli og eftirspurnin eftir fjármagni hefur vaxið. Þar standa hlutirnir nákvæmlega á haus miðað við það sem áður var, miðað við innlánsaukninguna í Reykjavík og nágrenni annars vegar og hins vegar úti um landið.

Það er ekki fjandskapur við höfuðstað Íslands, Reykjavík, eða nágrenni hans að upplýsa um slíka þætti, að fara með slíkar tölur. Það er langt í frá. Ég el ekki í brjósti neinn fjandskap í garð þessa landshorns enda er ég þeirrar skoðunar að gæfa Íslands á heildina litið til lengri tíma sé ein og óskipt. Ég tel að sú þróun í byggðamálum sem nú á sér stað sé ógæfa höfuðborgar-

innar og nágrennis hennar í reynd, ógæfa Íslands alls, sem á eftir að hefna sín fyrir þjóðarheildina og gerir það raunar nú þegar. Það er því aðeins raunsæi að líta á þá gífurlegu öfugþróun sem á sér stað í sambandi við fjármagnstilfærslur í landinu, aðbúnaðinn að atvinnuvegunum í landinu undir þessari ríkisstj. Það er þess vegna sem ég er að rekja þessa hluti hér. Hvernig er staða þeirra grunngreina sem verið hafa burðarásar atvinnulífs á landsbyggðinni um áratugi og eru ekki aðeins burðarásar atvinnulífs þar heldur undirstaða undir íslenskum þjóðarbúskap í reynd? Hvernig er komið stöðu þeirra burðarása sjávarútvegsins og landbúnaðarins undir forsæti Framsfl.?

Ég rakti það nokkuð tölulega fyrr í þessari umr. hvernig fjármagnið hefur verið flutt frá fyrirtækjum í sjávarútvegi, sama hvort um er að ræða einkafyrirtæki eins og í Bolungarvík, bæjarútgerð eins og á Akureyri, samvinnurekstur eða blandaðan rekstur. Alls staðar hefur verið að fjara undan fyrirtækjum í þessum greinum hringinn í kringum landið. Hvaða upphæðir eru það sem þarna er um að ræða? Jú, það er svo komið að Morgunblaðið er farið að sjá sig tilknúið loksins að nefna slíkar tölur sem hafa nánast verið bannorð í málgögnum stjórnarflokkanna að undanförnu og hv. stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins sér enga ástæðu til að taka inn í skýrslu sína um byggðaþróun í landinu. Þetta eru 6000 millj. kr. í versnandi eiginfjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi á aðeins tveimur árum. Er þetta ekki bara af því að þessum fyrirtækjum er svo illa stjórnað, hv. þm. Stefán Guðmundsson? Er þetta ekki bara slæm stjórn sem nauðsynlegt er að kippa í lið\u00f0inn, að það fjari þannig undan fyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi? Er það ekki bara versnandi afli, utanaðkomandi aðstæður? Er stjórnarstefnunni nokkuð um að kenna?

Hvernig var staðan í ráðherratíð Steingríms Hermannssonar sem sjútvrh., ætlaði þm. að segja. Það er alveg rétt. Ég ræddi þá stöðu sjávarútvegsins í fyrra og hitteðfyrra hér á Alþingi, hvernig haldið var á málum sjávarútvegsins af Steingrími Hermannssyni sem sjútvrh. Það er kannske ekki von að það batni mikið staðan við það að sami hæstv. ráðh., formaður Framsfl., flyst úr sjútvrn. upp í forsrn. og gerist þar oddviti efnahagsstefnunnar á Íslandi. Ég er alveg reiðubúinn að rifja það upp fyrir hv. þm. hvernig haldið var á ýmsum þáttum sjávarútvegsmála á Íslandi þegar hæstv. núv. forsrh. fór með þau mál og hv. þm. Tómas Árnason, sem nú er búinn að koma sér fyrir í Seðlabanka Íslands, fór með viðskiptamál á Íslandi. Þessir tveir ráðherrar hjálpuðust að því í ríkisstjórn undir forsæti dr. Gunnars Thoroddsens að undirbúa þá öfugþróun í íslenskum sjávarútvegi sem keyrt hefur um þverbak nú þegar þeir eru komnir í kompaní við Geirsarm Sjálfstfl. þar sem reyndar allur þingflokkurinn hefur skriðið saman í núv. ríkisstj.

Ég get rifjað það upp fyrir hv. þm. Stefáni Guðmundssyni — því að hann virðist hafa þörf á að fá smávegis upprifjun — hvernig hæstv. sjútvrh. í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens tók á málum sumarið 1982. Þá var málum þannig komið að mati þeirra sem í rekstri sjávarútvegs stóðu á þeim tíma að lá við strandi. Menn töldu það blasa við að það væri alveg vonlaust að halda áfram að gera út á Íslandi við þær rekstraraðstæður sem þá voru ríkjandi og gerðu kröfu um leiðréttingu. Sjútvrh. ætlaði að bregðast skjótt og hart við og hann setti á laggirnar það sem hann kallaði stormsveit. Ég held að það hafi verið í byrjun júlí eða var það í júnímánuði þarna um sumarið? Þessi stormsveit sérfræðinga sjútvrh. kom fram með sínar tillögur um mánaðamótin júlí/ágúst 1982 og sjútvrh. kom með þessar tillögur inn í ríkisstj. Eftir verulegar umræður í ríkisstj. og efasemdir margra samráðherra um að þessar aðgerðir nægðu til að skapa sjávarútveginum viðunandi grundvöll á sumarmánuðum 1982 var þó í meginatriðum á tillögur sjútvrh. fallist. Síðan stóð slagur um skiptin á þessu dæmi, fiskverð og annað slíkt.

En þegar upp var gert og allt átti að vera komið þokkalega á hreint neituðu menn að róa. Ég held að það hafi verið eitt fyrsta stoppið um mjög langan tíma þar sem útgerðarmenn ekki undu við niðurstöðu eftir víðtækar efnahagsaðgerðir sem sjútvrh. eðli máls samkvæmt í ríkisstj. bar meginábyrgð á. Það urðu allir ráðherrar í ríkisstj. að leggjast á eitt á þessum tíma — og það veit ég að hv. þm. og þáv. hæstv. dómsmrh., sem hér hlýðir á, man og getur staðfest — til að leysa þennan hnút sem þá lá fyrir af því að rangt hafði verið spáð í spilin í sambandi við afkomumöguleika og aðstæður í íslenskum sjávarútvegi.

Það mætti rekja fyrir hv. þm. Stefáni Guðmundssyni mörg svipuð dæmi fyrir utan það að nefna hvernig ráðherra sjávarútvegsmála á þeim tíma var alltaf fyrstur manna til að auglýsa nauðsyn gengislækkana með góðum fyrirvara áður en þær skullu á og varð að kalla til viðskrh., félaga hans, trekk í trekk til að lýsa því yfir mjög hátíðlega að þetta kæmi að sjálfsögðu ekki til greina, slíkt væri ekki til umræðu. Ég vísa til áramótanna 1982/1983. Framsfl. er því ekki fyrst að koma að sjávarútvegsmálum á Íslandi í núv. ríkisstj. En það hefur hins vegar syrt mjög alvarlega í álinn eftir að sameinast hafa í forystu ríkisstjórnar fyrrv. hæstv. sjútvrh. og núv. hæstv. sjútvrh., formaður og varaformaður Framsfl. Í þeirra tíð hefur það gerst að fjarað hefur í þessum mæli sem ég gat um undan fyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi, fyrst og fremst undan fyrirtækjum á landsbyggðinni, svo nemur 6 milljörðum kr. á tveimur árum. Ég ætla ekki að fara út í fleiri upprifjanir úr fortíðinni, ég ætla ekki að fara að rífa upp innkaupastefnuna varðandi skip hér á árum áður, hún hefur verið rakin fyrr og sitthvað sem henni tengist.

Það eru ekki aðeins fyrirtækin í sjávarútvegi sem mörg hver eru þannig að komast á vonarvöl, sem er einn alvarlegasti þáttur í byggðaþróun á Íslandi nú, heldur er það svo, eins og hér hefur komið fram við umr., að ekki fæst lengur fólk til starfa í þessum fyrirtækjum vegna þeirrar láglaunastefnu og kreppustefnu gagnvart fólki sem vinnur við undirstöðuatvinnuvegi í landinu, sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Hún er búin að hrekja mikið af hæfu fólki út úr fiskvinnslustöðvum í landinu þannig að þar verður að kalla ýmist í útlendinga eða nýgræðinga til stórkostlegs tjóns fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Þetta er að gerast í kringum allt land og það veit ég að stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar ríkisins þekkir af eigin raun, úr eigin heimabyggð, hvernig sú öfugþróun hefur verið á undanförnum misserum.

Sú láglaunastefna og kjararánsstefna, sem uppi hefur verið gagnvart fólkinu sem vinnur við undirstöðuatvinnuvegi landsmanna og er um leið undirstaða

atvinnulífs úti um landið, er kannske einn allra alvarlegasti þátturinn í stefnu núv. ríkisstj. Hvernig gróðaöflunum hér á Reykjavíkursvæðinu, öflum sem stunda þjónustustarfsemi af marghátt uðu tagi, verslun og viðskipti, er gert kleift með efnahagsstefnu ríkisstj. að kaupa til sín vinnukraft eftir þörfum, yfirbjóða alla launataxta eftir því sem hentar, jafnt á hinum almenna vinnumarkaði sem opinbera starfsmenn, þetta þekkja allir, á sama tíma og fólki við fiskvinnslu og aðrar undirstöðugreinar eru skömmtuð laun sem á engan veg geta nægt til lífsframfæris og það býr við slíkt óöryggi í sambandi við sín störf sem blasir nú m. a. nöturlega við hér í fiskvinnslustöðvum á Reykjavíkursvæðinu og reyndar um allt land á sama tíma og stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi lætur sér sæma að fella frv. Guðmundar J. Guðmundssonar o. fl. sem átti að leiðrétta að nokkru það óöryggi sem þetta fólk, sem hörðum höndum vinnur við undirstöðuna, býr við. Það er í rauninni orðin ósköp lítil von um að Eyjólfur hressist, að menn nái einhverjum áttum í þessari ríkisstj., þegar þeir eru eins heillum horfnir og birtist í síðustu viku þegar þetta réttindamál fólksins við undirstöðuatvinnuveg landsmanna var til atkvgr. hér á Alþingi.

En það er fleira en fiskur úti um landið. Þar er líka unnið að landbúnaði. Og ætli sé ekki sæmilega blómlegt í byggðum þar sem menn fást við landbúnað á Íslandi þessi misseri eftir meiri árgæsku en a. m. k. mjög lengi hefur gengið yfir Ísland, óvenjulega árgæsku hvað veðurguðina snertir? En hljóðið í bændum, framtöl bændastéttarinnar, skuldastaða bændastéttarinnar, staða þeirra fyrirtækja sem bændur skipta aðallega við, afurðasölufyrirtækja bænda, vitna um eitthvað allt, allt annað. Þar hafa komið upp uggvænlegar tölur, m. a. í sambandi við ársreikninga kaupfélaganna, rauðar tölur, taptölur, tölur um skuldastöðu bænda sem eru hrikalegri en sést hafa um áratugi. Það er alveg ljóst að þessari ríkisstj. er ekki aðeins að takast það að flæma fólk úr fiskvinnslustöðvum í landinu í ríkum mæli, heldur er henni að takast að reka bændur upp af búum sínum í meiri mæli en þekkst hefur á Íslandi á skömmum tíma, bændur sem hafa leitast við að koma upp lífvænlegum aðstæðum á jörðum sínum, hafa fjárfest til þess að geta framleitt fyrst og fremst fyrir innanlandsmarkað vörur á því verði sem sæmilegt gæti talist fyrir neytendur, sem sagt að auka framleiðni í landbúnaði, en þeim er refsað með þeim hætti sem raun ber vitni. Skuldir fjölmargra bænda við afurðasölufélög, við kaupfélögin uxu um nærfellt 100% á síðasta ári og mörg dæmi eru um skuldaaukningu hjá þeim langt fram yfir það. Það þarf því engan að undra þó að skammt sé í að þeir menn taki pokann sinn og leiti út í óvissuna. Og hvar er boðið upp á gull og græna skóga? Ekki er það á næstu þéttbýlisstöðum. Nei, það er í borg Davíðs og nágrenni, þar sem umsvifin eru, þar sem húsgrunnarnir eru ekki lengur mældir í hundruðum fermetra heldur í hekturum í verslunarhöllum, eins og má sjá þegar menn aka hér upp Miklubrautina, þar sem einn slíkur húsgrunnur upp á a. m. k. einn hektara blasir við sjónum manna. Þar á að koma fyrir 6000 millj. sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur með efnahagsstefnu sinni verið að flytja frá landsbyggðinni undanfarin tvö ár hingað til borgar Davíðs.

Ég veit að Reykvíkingar margir hverjir, því að hér eins og alls staðar á Íslandi er meiri hluti manna vel hugsandi fólk sem ann hag þjóðarinnar í heild, horfa ekki með neinni gleði upp á þá þróun sem hér er í gangi, byggðasvæðin tíu sem eru að þjóta upp hér undir verndarvæng borgarstjórnaríhaldsins í Reykjavík og ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hæstv. forsrh. Þeir skynja það að hér er verið að byggja upp á röngum forsendum. Undirstaðan sem menn telja sér trú um að þeir séu að leggja hér í húsgrunnunum í Reykjavík er ekki byggð á bjargi, hún er ekki bjarg, hún er í reynd sandur.

Ef þessi ríkisstjórn getur haldið áfram ætlunarverkum sínum, því að hún veit hvað hún er að gera þó að sumir hverjir þori ekki að kannast við það og síst í þessum ræðustól, þá mun ekki lengi standa sú gósentíð sem nú ríkir í Reykjavík og grennd í atvinnulegu tilliti. Þá mun einnig hér á þessu svæði fjara undan og ekki skapast viðfangsefni fyrir það fólk sem nú er verið að reka upp úr heimabyggðum sínum í þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna og af jörðum í sveitum landsins. Það er þessi þróun sem er nauðsynlegt að ræða hér ítarlega þegar verið er að fjalla um frv. til l. um Byggðastofnun sem segir nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut um það að breyta eigi um áherslur í sambandi við stjórnarstefnuna að því er varðar byggðaþróun í landinu. Frv. það sem hér er til umræðu er nánast innihaldslaust með öllu og skiptir í rauninni ekki nokkrum sköpuðum hlut hvort fram gengur hér á Alþingi eða ekki.

Við stjórnarandstæðingar erum með brtt. að reyna að sníða einstaka agnúa af þessu frv. og leggja til svo sjálfsagðan hlut að þessari breytingu á Byggðasjóði og Framkvæmdastofnun og tilkomu svonefndrar Byggðastofnunar fylgi a. m. k. það skref að þessi stofnun verði sett niður utan Reykjavíkur. En þá gerast þau undur og stórmerki að formaður þingflokks Framsfl. sér ástæðu til þess að koma hér upp í þennan ræðustól og gera alveg sérstaka athugasemd við þessa brtt. af hálfu okkar stjórnarandstæðinga við þetta frv. Og eins og rifjað hefur verið upp hér við umr. segir forsrh. náttúrlega, af því að hann vissi að það færi vel í eyrum á fólki norður í Eyjafirði, í gær eða fyrradag: „Jú, ég er alveg sammála þessu, en það má bara ekki setja það í lög. Stjórn þessarar stofnunar væntanleg á að ráða því hvar hún verður sett niður."

Þetta eru í rauninni léttvæg atriði þó að þau séu táknræn. Það sem alvarlegt er í þessu máli er að hér er til umræðu frv. um byggðamál, þegar verr horfir í byggðaþróun á Islandi en nokkru sinni fyrr, sem breytir ekki nokkrum einasta hlut í sambandi við forsendur þeirrar öfugþróunar sem í gangi er, þeirrar þróunar sem ríkisstjórn Verslunarráðsins og annarra þeirra afla sem mæla fyrir óheftum lögmálum markaðarins og gróðans, ríkisstjórn þeirra afla stendur fyrir. Ég held að það vefjist í rauninni ekki fyrir neinum sem virðir fyrir sér tveggja ára sögu þessarar ríkisstj. hver það er sem hefur lagt henni línurnar öllum öðrum fremur utan þings. Sá aðili ber heitið Verslunarráð Íslands. Og það hefur verið svo hreinskilið að ganga mjög hreint til verks og segja ríkisstj. fyrir verkum, flytja henni endurnýjað óskalista strax í byrjun í vöggugjöf og síðan að sjálfsögðu þegar þeir blessaðir formennirnir, Steingrímur og Þorsteinn, fóru að spá í spilin á síðasta ári, þá var að sjálfsögðu farið yfir málin á ný og Verslunarráð Íslands sendi nýja forskrift um næstu skref í efnahagsmálum á

Íslandi í júlí 1984. Þeir gengu ekki frá endurskoðuðum stjórnarsáttmála þeir heiðursmenn hæstv. Þorsteinn Pálsson, ég leyfi mér að kalla hann hæstv. þó hann sé án ráðuneytis, og hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. Ég held að það hafi verið komið fram í september þegar þeir luku því erfiða verki að útfæra nánar sáttmála sinn. En þá kom það líka í ljós að næstu skref Verslunarráðs Íslands í efnahagsmálum höfðu verið tekin nánast í öllum greinum, kannske ekki alltaf með alveg berum orðum eða nákvæmlega eins, inn í þennan nýja og endurskoðaða stjórnarsáttmála. Og það eru nú engir veifiskatar sem ráða ríkjum hjá Verslunarráði Íslands, það þekkja menn. Formaður Verslunarráðsins hefur gengið á fund hæstv. fjmrh. og fært honum ég held styttur og leiðbeiningar og plaköt til að hann gæti komið þessu fyrir á skrifstofu sinni og væri ætíð minnugur heilræða Verslunarráðsins. Ragnar Halldórsson, framkvæmdastjóri stærsta erlenda fyrirtækis á Íslandi, sem veitir Verslunarráði Íslands formennsku, var settur þar til starfa af Sjálfstfl. um það leyti sem deilur voru hvað harðastar í tíð fyrri ríkisstj. í sambandi við það fyrirtæki sem hann veitir forstöðu. En hann kann nú fræðin sín, pilturinn sá, og ætla ég ekki að fara að ræða það frekar hér að honum fjarstöddum, en þau hafa komist vel til skila í sáttmálum núv. ríkisstj. og í gerðum núv. ríkisstj. sem er miklu alvarlegra mál en orðin. Það eru athafnirnar sem á eftir hafa fylgt.

Við hljótum að spyrja okkur þeirrar spurningar hér við umr. um Byggðastofnun: Er það svo að þeir sem fyrir landinu ráða nú séu þeirrar skoðunar að það sé í reynd ekkert púkkandi upp á landsbyggðina á Íslandi, hinar dreifðu byggðir vítt um landið, og það sé best að ýta undir þá þróun, sem nú er í fullum gangi hraðar en nokkru sinni fyrr, að koma þessum sálum sem stöku maður hefur fullyrt, meira að segja í ríkisfjölmiðlana, að best sé að komi sér fyrir hér við Faxaflóann og það fyrr en seinna? Er það svo að það sé í raun niðurstaða þeirra sem nú ráða fyrir stjórn landsins að þetta sé heillavænlegt? Ef litið er til gerða þeirra er ekki hægt að ætla annað. Tæma frystihúsin, reka bændur upp af jörðum, breyta togskipum landsmanna í frystitogara hið fyrsta, þannig að það sé þá hægt að manna þá með Reykvíkingum sem unnt er að fá út á sjó, gera út á miðum hvar sem er í kringum landið og helst náttúrlega að selja veiðileyfi eftir forskrift Verslunarráðsins. Það kemur næst.

Ég held að það sé þörf á því að þessir ráðherrar, sem ég hef hér nefnt, allir með tölu gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum að þessu leyti og hvar það lið stendur sem tryggir þeim meiri hluta hér á Alþingi í þessum efnum. Hvar standa þm. landsbyggðarinnar sem horfa upp á þessa þróun í fullum gangi, hvað veldur þeim firnum að þeir skuli ekki bregðast við og segja ráðherrunum: Hingað og ekki lengra? Þetta gengur ekki, til þessa vorum við ekki kjörnir, að reka fólkið úr okkar kjördæmum suður til Reykjavíkur, út í óvissuna, á þann gadd sem þar mun skapast fyrr en varir þegar búið er að kippa undirstöðunum undan frumvinnslugreinum á Íslandi og menn komast að því að uppspretta auðs í þessu landi er ekki á vídeóleigum eða veitingastöðum hér í Reykjavík.

Það hafa ekki margir talað hér í þessari umr. úr röðum hv. stjórnarliða. En sumarið er eftir á Íslandi að drjúgum hluta og það er alveg ljóst að ríkisstj. er alveg til með það og lítur á það sem nýmæli til að brydda upp á að Alþingi Íslendinga sitji yfir sumarið. Í það er stefnt nú og við sem í stjórnarandstöðu störfum tökum því að sjálfsögðu að eiga orðastað við ríkisstj. hér í allt sumar og hennar stuðningslið. Hins vegar er mönnum það nokkur ráðgáta hvernig á því stendur að ríkisstj. hefur þegar slegið Íslandsmet varðandi þingstörf og ætlar sér að bæta enn um betur í þeim efnum. Getur það hugsast að á bak við leynist hjá ráðherraliðinu sú hugsun að það sé nú ekki vert að hleypa þessum landsbyggðarþingmönnum stjórnarliðsins mikið heim undir í sumar? Þeir gætu kannske fengið orð í eyra og uppgötvað að það væri ekki allt með felldu með ráðsmennskuna hérna við Austurvöll og uppi í stjórnarráði. Það gæti verið að einstaka fyrrverandi stuðningsmaður ríkisstj. úti um landið hefði uppi einhver gagnrýnisorð þannig að þessir hv. þm. sæju ástæðu til þess að endurskoða hug sinn í þessum efnum. Þetta er hugsanleg skýring á þessari nýbreytni að stefna hér að sumarþingi og láta frjósa saman að hausti 107. löggjafarsamkomu og 108. þing, sem venju samkvæmt ætti að hefjast 10. október að hausti.

Ég hef hér, herra forseti, vikið að nokkrum undirstöðuatriðum í sambandi við byggðamál á Íslandi. Ég hef hins vegar ekki komið hér í máli mínu að mörgum þeim atriðum sem ég tel nauðsynleg til að snúa þessari þróun við og það svo um muni. Ég hef hins vegar lagt fram um það þáltill. hér ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. með hvaða ráðum ég tel vænlegt að breyta þróun byggðamála í landinu, þannig að til heilla horfi fyrir landið allt, þar á meðal höfuðborgarsvæðið, sem á eftir að súpa seyðið af þeirri holskeflu fólksflótta sem nú er að skella yfir það í auknum mæli, og ég hefði ástæðu til að gera mörg þessara atriða hér að umræðuefni vegna þess að við erum hér að tala um stærsta mál Íslands í raun, ef frá eru talin sjálfstæðismál þjóðarinnar, en í raun eru þessir þættir allir samtvinnaðir. Við erum hér í raun í umræðum um byggðamálin einnig að ræða efnahagslega undirstöðu Íslands og þar með efnahagslegt sjálfstæði landsmanna.

Menn hafa mátt greina það af máli mínu að ég tel að undir núv. stjórnarstefnu verði þessari þróun ekki snúið við og menn eru nú teknir að bera sig saman um það vítt um landið fram hjá stjórnmálaflokkunum hvað má oss til varnar verða. Um síðustu helgi héldu þing í Skjólbrekku í Mývatnssveit samtök fólks sem ekki hefur verið áberandi á stjórnmálavettvangi, fólks úr öllum landshlutum sem er á sinn hátt að velta því fyrir sér hvernig við getum reynt að koma vitinu fyrir landsstjórnina, þá sem ráða ferðinni á Íslandi, og stöðva þá skelfilegu þróun sem á sér stað í byggðarlögum um allt landið, fólks sem er að reyna að leita svara við þessu og láta til sín heyra. Ég skil vel þetta fólk og það eru reyndar í þessum hópi menn sem hafa setið á Alþingi Íslendinga, sem hafa gerst þar forgöngumenn og hefðu átt að vera stuðningsmenn núv. ríkisstj. ef þeir hefðu haldið tryggð við flokkinn sinn. Það er ekki að undra þó að slíkir menn gefi sig fram og ég er alveg viss um að þeim á eftir að fjölga.

Við höfum rætt um einn þátt hér í sambandi við frv. um Byggðastofnun og ég nefndi það hér, spurninguna um heimilisfang hennar og aðsetur. Ég hef ekki verið mjög bjartsýnn á það að á skömmum tíma væri unnt að rífa upp fjölmennar stofnanir grónar hér á þéttbýlis-

svæðinu og flytja þær út á landið þó að ég vilji gjarnan ljá slíkri viðleitni lið. Ég er þeirrar skoðunar að það beri að stuðla að slíku í allt öðrum mæli en gerst hefur til þessa. En eitt á að vera sjálfgefið og það er að koma þeirri þjónustu sem á heima úti í landshlutunum, þar sem verkefnin liggja fyrir úti í landshlutunum, að koma henni upp á heimaslóð. Það á ekki einu sinni að vera togstreitumál við höfuðborgina, eða það fólk sem starfar í núverandi stjórnsýslu hér, að þannig sé haldið á málum. Og það er lífsnauðsyn að það verði gert jafnframt því sem stoðum verði komið undir þjónustustarfsemi í öllum greinum úti um landið, því að það er öllum ljóst að vöxturinn í störfum á Íslandi, ný tækifæri í störfum verða fólgin í þjónustustarfsemi af einhverju tagi, opinberri starfsemi og þjónustustarfsemi við atvinnulífið í landinu. Það sýna tölur okkur, það sýnir reynsla nágrannaþjóða og því verðum við að tryggja að þessi þjónustustarfsemi nái að dafna úti um landið með allt öðrum hætti en gerst hefur fram til þessa.

Ég vil nefna eitt dæmi úr tíð síðustu ríkisstj., sem ég tel raunar með skárri verkum sem hún kom til leiðar og átti sjálfur nokkurn hlut þar að, ekki mjög stórt í sniðum, en sem hefur orðið til heilla fyrir landsbyggðina á þeim stutta tíma sem síðan er liðinn. Það er að koma upp iðnráðgjafastarfsemi, ráðgjöf í iðnaði úti í landshlutunum. Það var fest í lög með góðu samkomulagi innan ríkisstj. og hér á Alþingi 1981 að ég hygg. Síðan hafa komið til starfa iðnráðgjafar í öllum landshlutum og þessir starfsmenn á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaganna hafa einmitt orðið kveikjan að mjög efldu starfi á þessu sviði og aukinni umhugsun heimamanna um þessi málefni, iðnaðarmálefni og líka uppbyggingu þjónustuiðnaðar og þjónustustarfa í tengslum við iðnað. Ég held að það hafi í rauninni fátt sem hefur kostað jafnlítið orðið til þess að koma slíkri hreyfingu af stað eins og þetta út af fyrir sig litla nýmæli, en nýmæli samt, að koma fótum undir ráðgjafastarfsemi af þessu tagi úti um landið.

Ég heimsótti fyrir tveimur vikum iðnsýningu í mínu heimakjördæmi, Austurlandi, austur á Egilsstöðum þar sem fyrirtæki í iðnaði og þjónustu sýndu framleiðslu sína og starfsemi og kynntu hana. Til þessarar sýningar var stofnað af iðnþróunarfélagi og iðnráðgjafa á svæðinu, en iðnþróunarfélög hafa einmitt vaxið upp á þessum sama tíma úti í landshlutunum. Það er viðleitni af þessu tagi, það er stuðningur við starfsemi með þessum hætti sem þarf að koma til í margfeldum mæli. Það á að vera verkefni okkar hér á Alþingi að ljá slíkri sjálfsbjargarviðleitni landshlutanna og byggðarlaganna um landið allt lið. Af slíku mun gróa.

Ég get nefnt annað dæmi. Fyrir ámóta löngum tíma, ég hygg 1981 eða 1982 á fyrri hluta árs, stofnuðu Eyfirðingar sérstakt iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, félagsskap sem sveitarfélögin við Eyjafjörð, Kaupfélag Eyfirðinga og ýmsir fleiri gerðust aðilar að, til þess að reyna að efla iðnað á sínu svæði og atvinnustarfsemi í víðum skilningi. Ég er kunnugur starfsemi þessa félags, ég reyndi að ljá viðleitni heimamanna lið á sínum tíma með starfi nefndar sem gerði allítarlega úttekt á möguleikum á þessu svæði, og árangurinn af starfi þessa litla félags, Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar, sem veltir sjálft ekki stórum upphæðum, hefur nánast verið undraverður. Þeim hefur tekist á ekki lengri tíma að stofna til nýrra fyrirtækja í flestum þéttbýlisstöðunum við Eyjafjörð, á Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri og hugað hefur verið að því einnig í Grenivík að koma þar nýjum stoðum undir byggðaþróun og ný atvinnutækifæri.

Þetta er viðleitni sem ber að efla. Til þess þarf hins vegar fjármagn að auðvelda slíkt og snúa straumnum við, snúa fólksstraumnum við. Og það mun sannast að þegar tekst að koma þeirri ríkisstj. frá sem nú situr, þegar landsmenn bera gæfu til þess að kjósa til verka hér á Alþingi og í stjórnarráðinu aðila sem horfa til Íslands alls og skilja gangverkið í íslensku þjóðfélagi og hafa vilja til þess að stilla það þannig af að byggðir geti blómstrað um allt land, þá þarf að sjá til þess að fjármagn og annað sem til þarf verði lagt til byggðamála og byggðaþróunar eins og við margir hverjir fulltrúar landsbyggðarinnar hér á Alþingi vildum sjá hana.

Ég hef, herra forseti, ekki rætt hér nema lítið brot af því sem mér er í huga í sambandi við þetta frv. og þau stóru mál sem að baki þess liggja og ættu að standa í frv. en eru þar ekki. Ég hef ekki fjölyrt hér um stóra þætti og mjög afdrifaríka eins og menntamálin í landinu og hvernig á þeim er haldið með tilliti til landsbyggðarinnar. Það eitt væri efni í ámóta ræðu og ég hef þegar haldið, að tíunda það hvernig Sjálfstfl. með forustu menntamála í landinu er að brjóta niður raunar skólastarf á landinu öllu, en brjóta niður þó fyrst af öllu þá viðleitni sem hefur verið til þess að landsbyggðin stæði nokkurn veginn jafnfætis höfuðborgarsvæðinu að þessu leyti. Um það væri þörf að hafa mörg orð, því að menntastefnan tengist þeim hugmyndum sem menn eru hér í orði að gæla við á Alþingi, um þróun í atvinnulífi landsmanna, um nýsköpun í atvinnulífinu. En það er nú ekki svo að hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera á stjórnarheimili hjá hæstv. forsrh. sem ber þetta frv. hér fram. Það sýna og sanna störf Sjálfstfl. að menntamálum í landinu. En það verður kannske efni í næsta þátt í umr. þessa máls og á kannske frekar heima, herra forseti, að ræða það í sambandi við nýsköpun í atvinnulífinu, sem einnig er hér á dagskrá og sjálfsagt er að ræða á þessari björtu sumarnótt eða þegar lengra líður fram á sumarið og þokar fram okkar ánægjulegu störfum hér í þinginu við Austurvöll.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. með eldhúsdagsræðu nú. Það gerum við annað kvöld og ég skal ekki heldur tíunda hér afrek þess hv. þm., sem talaði hér síðast, í fyrrv. ríkisstj. í orkumálum og fleiru. Læt mér vel lynda að mér skilst að ég hafi ráðið hitastigi sjávar og að '76-árgangurinn hvarf og öðru stóru. En ég skal svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Það er rétt haft eftir mér að ég hef sagt að ég gæti vel sætt mig við að Byggðastofnun yrði á Akureyri. Það er einnig rétt eftir haft að ég tel að stjórn stofnunarinnar eigi að ákveða það. Í raun og veru tel ég að staðsetning Byggðastofnunar sé ekki stórt mál. Í mínum huga er aðalmálið að hún þjóni öllu landinu, einnig Suðurnesjum t. d., þar sem atvinnuástandið er kannske einna erfiðast nú, miklir erfiðleikar í sjávarútvegi eins og allir vita.

Ég mundi, ef ég væri í stjórn stofnunarinnar, t. d. kanna hvaða kostnaður fylgir staðsetningu á Akureyri. Kannske er hann enginn sérstakur. En mér finnst skylt að það liggi fyrir og mér finnst ekki rangt að ræða við núverandi starfsmenn Byggðasjóðs eða a. m. k. þá sem

menn gera ráð fyrir að héldu áfram að starfa við Byggðastofnun. Ég hefði einnig fagnað því ef landshlutasamtökin gætu sameinast um það að mæla með staðsetningu Byggðastofnunar á Akureyri. En ég tel með öðrum orðum þetta ekki vera neitt úrslitaatriði í byggðamálum

Hv. þm. Karvel Pálmason ræddi hér nokkuð um sjávarútvegsmál og takmörkun á veiðum færabáta. Ég vek athygli á því að í heildarsamkomulagi sem var gert um kvóta var m. a. samið um heildarkvóta fyrir færabáta. Ég vek athygli á því að þessir samningar allir eru yfirleitt mjög viðkvæmt mál. Nú kom hins vegar í ljós að smábátar náðu öllum sínum kvóta á mjög skömmum tíma, fyrst og fremst vegna þess að netaveiðar á suma þessa báta urðu mjög miklar og í raun og veru átti þá samkv. reglunum að stöðva veiðarnar með öllu. Það gerði sjútvrh. ekki, en kaus að takmarka þær með nokkru móti. Það er rangt að trillukarlar fái ekki að róa. Reglan er sú að þeir mega róa fimm daga af sjö, þ. e. ekki um helgar. Og einnig eru takmarkanir á veiðar um þann tíma sumars þegar erfiðast hefur gengið að fá fólk í frystihúsin. Það er langt frá því að lokað sé á allar veiðar þessara báta.

Hins vegar tel ég eðlilegt að þessi regla verði endurskoðuð. T. d. ætti ekki að taka netaveiðar trillubáta með í þennan kvóta færabátanna. Það hef ég rætt við sjútvrh. Hins vegar vil ég upplýsa að þau mótmæli sem hafa borist munu liggja á borði sjútvrh. þegar hann kemur nú í vikunni og ég mun ræða þau atriði við hann og mun verða kannað hvort einhverjar breytingar er unnt að gera. En ég legg á það áherslu að einmitt vegna þess, sem réttilega hefur hér verið bent á, að víða um land höfðu færaveiðar varla hafist, þá er mjög breytt út af þeim reglum sem áður höfðu verið ákveðnar. Og oft eru það mjög viðkvæm mál þegar um slíkt er að ræða.

Ég skal svo ekki heldur fara út í umræður um önnur byggðamál, þó að það væri út af fyrir sig ákaflega fróðlegt, t. d. um skiptingu landsins í fylki. Ég er því hlynntur að landshlutar fái aukið ákvörðunarvald. Auknu valdi fylgja að sjálfsögðu auknar ábyrgðir, m. a. öflun fjármagns til ýmiss konar framkvæmda. Ég álít að það væri að fara úr öskunni í eldinn fyrir okkar litla land að skipta því í svo og svo mörg meira eða minna sjálfstæð ríki. Ég hygg að það væri eitt mesta glappaskot sem við gætum gert. Ég get svo sem endurtekið aftur það sem einn væntanlegur íbúi Reykjavíkurfylkis sagði við mig. Hann kvaðst mundu fagna þessu mjög því þá gæti hann keypt smjörið sitt á fjórðungi verðs frá Danmörku og þá þyrfti hann ekki lengur að leggja í vegi norður í Húnavatnssýslu. Ég styð ekki þessa hugsun, en ég er ansi hræddur um að ef skipta á landinu um of í mörg fylki þá muni margir hugsa svo. Ég er ekki viss um t. d. að íbúar Norðurlands eystra væru reiðubúnir að ráðstafa fjármagni frá sér til Austfjarða ef Byggðasjóði væri skipt upp í jafnmargar einingar og fylkin. Ég held að þetta mál þurfi allt að skoðast miklu, miklu betur en það er núna rætt sem eins konar móðins fyrirbrigði og allsherjar lausn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ef þetta mál þarf allt að skoðast miklu, miklu betur, hæstv. forsrh., hvers vegna er það þá lagt hér fram? Af hverju er það þá ekki skoðað miklu, miklu betur? (**Forsrh.:** Ég var að tala um skiptingu landsins í fylki.) Ég held að það þurfi einnig að skoða þetta frv. miklu, miklu betur. Hæstv. forsrh. treystist ekki til þess m. a. af því að ekkert liggi fyrir um hugsanlegan kostnaðarauka, segir hann, af því að flytja Byggðastofnun norður á Akureyri og taka afstöðu til þess máls. Hvers vegna er það þá ekki skoðað, því er málið lagt svona illa undirbúið fram, af hverju var það m. a. ekki athugað? Og síðan viðhefur hæstv. forsrh. jafnskýrt orðalag eins og þegar hann er að lýsa afstöðu sinni, að hæstv. ráðh. segir: Það er rétt eftir haft að ég gæti vel sætt mig við það. Ég gæti vel sætt mig við það. Hvað felst í slíku tali? En jafnframt að hann telji að stjórn stofnunarinnar eigi að ákveða það, aðalatriðið sé að hún þjóni öllu landinu. Enn er það fært sem rök í málinu að þessi stofnun eigi að þjóna öllu landinu. Telur hæstv. forsrh. að hún geti ekki þjónað öllu landinu þó hún standi einhvers staðar annars staðar en við Rauðarárstíg?

Ég ítrekaði það, herra forseti, að ég vildi fá rök fyrir því, t. d. hvort einhver stjórnskipunarleg rök mæltu gegn því að Alþingi Íslendinga tæki af skarið og ákvæði þetta í eitt skipti fyrir öll. Það komu engin svör við því. Svar hæstv. forsrh. var í raun og veru eins og krakkarnir í sandkassanum segja: Af því barasta.

Ég vil vitna hér t. d. í lög um Hafrannsóknastofnun. Þetta eru splunkuný lög. Þau voru samþykkt hér á hinu virðulega Alþingi þann merka dag 17. maí árið 1984. Um það leyti sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var að verða eins árs gömul gekk hún frá þessum lögum um Hafrannsóknastofnun. Og hvað er inni í þeim lögum varðandi staðsetningu á ýmissi starfsemi þessarar stofnunar? Það segir í 16. gr.: „Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra" o. s. frv. Hvað er verið að segja þarna í lögum sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur staðið að því að samþykkja hér? Það er verið að segja það að aðalaðsetur Hafrannsóknastofnunar skuli vera í Reykjavík og að hún hafi heimild til að starfrækja útibú úti á landi. Og hvað hefur breyst á þessu eina ári? Hvers vegna er ekki hægt að setja það í lög, í ný lög um Byggðastofnun að hún skuli eiga heima á öðrum stað? Og mér þætti við hæfi að setja það í lög að hún hafi heimild til þess að setja á fót útibú m. a. í Reykjavík. Það teldi ég við hæfi.

Ég hef nú þá trú á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, miðað við hvað henni gengur vel að þenja út báknið, að hún geti komið starfsmönnum fyrrv. byggðadeildar, ef það er það fyrirbrigði sem hæstv. forsrh. ber fyrir brjósti, fyrir einhvers staðar annars staðar á ríkisjötunni hér í Reykjavík ef þeir treystast ekki til þess að flytja með henni norður til Akureyrar. Svo vekur það auðvitað upp spurningar þegar hæstv. forsrh. talar um hagsmuni þess fólks sem þar starfar. Er það kannske svo, eins og hér hefur verið haldið fram, að það eigi ekkert að gera nema skipta um nöfn, færa til nafnspjöld á hurðum? Það sé nú öll kerfisbreytingin sem hér er til umfjöllunar. Það skyldi nú aldrei vera.

Ég held að þessi vandamál séu auðleyst, hæstv. forsrh. Það þarf ekki að taka langan tíma að laga þetta til ef raunverulegur vilji er á því að færa þetta til betri vegar. Ég taldi reyndar í upphafi eðlilegra, og þess vegna flutti ég um það brtt. fyrst, að það yrði væntanlegt þróunarfélag sem menn beindu fyrst og fremst augum sínum að að setja á fót annars staðar en í Reykjavík, m. a. af þeirri ástæðu sem öllum ætti að

vera ljós, að þar eru ekki nein vandamál í sambandi við starfsfólk sem fyrir er í störfum og búið er að festa rætur í einu ákveðnu byggðarlagi. Þá var það, eins og ég hef reyndar þegar rakið hér, hæstv. forsrh. sem kom hér í ræðustól og taldi miklu nær að hafa þetta Byggðastofnun og því erum við nú að ræða það, að segja má að hans eigin ósk, að beina athyglinni frekar að Byggðastofnun í þessu sambandi en að þróunarfélaginu.

Þetta undanhald er náttúrlega allt hið sérkennilegasta, herra forseti, og mætti svo sem hafa mörg orð um það hugleysi sem í því felst að ætla að víkja sér á bak við einhverja stjórn í einhverri stofnun, sem á að verða til ef þetta frv. verður að lögum, um það að taka svona stefnumarkandi ákvörðun sem auðvitað á að útkljá hér. Svo hefði verið gaman, herra forseti, af því að við höfum nógan tíma, sumarið er fram undan, að ræða ofurlítið um þau ummæli sem hæstv. forsrh. lét hér falla um fylki og innflutning á sméri frá Danmörku. Það hefur að vísu komið fram í blöðum undanfarið að hæstv. forsrh. er illa við kýr. Honum er mjög illa við kýr og hann skammaði bændur fyrir það að þeir væru alltaf að setja á kýr, og það er kannske af því hvað honum er illa við kýr, íslenskar kýr a. m. k., að hann vill fara að flytja inn smér frá Danmörku. En ég held að við ættum að geyma það e. t. v. til betri tíma að fara ofan í djúpa umræðu um fylkjafyrirkomulagið og ásetning kúa. Það væri æskilegast að mínu viti að reyna að útkljá þetta mál hér sem fyrst um Byggðastofnun og fá úr því skorið, það fer ekki að verða eftir neinu að bíða með það, fá úr því skorið hver er hinn raunverulegi hugur alþm. til þess að reyna að dreifa opinberri þjónustu og ríkisstofnunum og þjónustustofnunum yfirleitt út um landið. Ég ætla enn og aftur að undirstrika það að hér gefst tækifærið. Ég vona að ég sé búinn að segja það svo oft hér við þessa umr. að það fari varla fram hjá neinum hv. þm., hafi þeir ekki áttað sig á því nú þegar. Það verður spennandi að sjá hver niðurstaðan verður.

En það hafa sem sagt, herra forseti, og það er gott að það komist inn í þingtíðindin, það hafa ekki komið fram nein efnisleg rök af hálfu þeirra úrtölumanna sem hér hafa komist í stól, engin efnisleg rök, einungis „af því barasta" og síðan er reynt að flýja á bak við einhverja ímyndaða stjórn í framtíðinni. Það er alveg nauðsynlegt að þetta liggi ljóst fyrir. Ég tel mig hafa vitnað í það, m. a. með því að lesa hér upp úr nýlega settum lögum, að stjórnarskipunarlega séð eru fyrir því hefðir, langar og ríkar hefðir reyndar, herra forseti, um það vitnar lagasafnið, að um leið og Alþingi setur ákveðinni starfsemi lög tekur það ákvarðanir um hluti eins og staðsetningu viðkomandi fyrirtækja eða viðkomandi starfsemi. Það er engin tilviljun að hin ýmsu ríkisfyrirtæki eru þar sem þau eru. Og þá er það mál afgreitt, sá hluti málsins. Stjórnskipunarlega séð er það m. ö. o. mjög eðlilegt að hv. Alþingi negli þetta niður um leið og það setur önnur slík stefnumarkandi ákvæði inn í lögin.

Það er hins vegar alveg sjálfsagt að væntanleg stjórn í væntanlegri Byggðastofnun færi til nafnspjöld og hún ráði litum á herbergjum og öðru slíku. Það er ekki hlutverk löggjafans, og engin ástæða til að við séum að setja slíkt inn. En byggðapólitískt atriði, stefnumarkandi byggðapólitískt atriði eins og það hvort menn hafa kjark og þor og vit til þess að nota þetta tækifæri og færa þessa stofnun eitthvað upp fyrir Elliðaár, það á að ákvarðast hér og hvergi annars staðar. Það vil ég að verði mín síðustu orð, herra forseti.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða hér löngum tíma. Ég kem hér til að svara tveimur fsp. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beindi til mín. (**SvG:** Er ekki rétt að láta kalla í þm. svo að hann heyri svarið?) Ja, það er svo sem nokkuð sama. Úr því að hv. þm. getur ekki verið við, þá verður hann bara að lesa það, en ég vil að það komi hér fram sem satt er og rétt í þessu máli.

Hv. þm. hafði orð á því að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefði komið í veg fyrir að í ársskýrslu stofnunarinnar, sem er dreift hér á borð allra þm., hefði verið birt samantekt forstjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarna Einarssonar, um þróun byggðar í landinu s. l. 10 ár. Ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með það að þetta var kjarni þess sem hv. þm. spurði um.

Það er matsatriði hverju sinni hvað í ársskýrslu skal vera og hvernig þessar skýrslur eiga að líta út. Hvað því viðkemur að ekki var fjallað um þessa samantekt um byggðaþróun í ársskýrslunni er það að segja að það var mat forstjóra stofnunarinnar að eðlilegra væri að sá mikli fróðleikur sem þm. minntist á væri frekar gefinn út sem sérprentað plagg heldur en að taka hann inn í ársskýrslu stofnunarinnar. Það var ekki mat stjórnar stofnunarinnar. Enga ritskoðun frá hendi stjórnar stofnunarinnar var um að ræða eins og mér fannst liggja í orðum hv. þm. Það var ákvörðun forstjóra stofnunarinnar að svo skyldi vera. Og ég vil að það komi hér greinilega fram að það er ekki stjórnarinnar heldur er það forstjóranna að ákveða það hvernig ársskýrslan lítur út og þannig hefur það verið.

Hin spurningin var þannig: Hvað segir formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins um þetta frv. og hver er hans skoðun á frv.? Ég held að ég hafi nokkurn veginn hripað þetta rétt niður. Um þetta vil ég segja: Ég var einn af þeim sem sömdu þetta frv. um Byggðastofnun og hef þá trú að verði þetta frv. að lögum verði það til velfarnaðar fyrir hinar dreifðu byggðir landsins og reyndar landið allt. Ég vona að þetta nægi. (**Gripið fram í:** Ósköp stutt.) Já, það eru aðrir sem hér eru með málæði og ég læt þeim það eftir.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega mótmæla ósmekklegum aðdróttunum hv. 5. þm. Norðurl. v. í sambandi við þær umr. sem hér hafa farið fram um Byggðastofnun, þar sem hann talar um það að einstakir þm. hafi verið með málæði þó að þeir hafi rætt þetta eitt af mikilvægustu málum þingsins. Ég vona að hv. þm. geri sér grein fyrir því að á bak við þær umr. sem hér hafa farið fram liggur full alvara og ég vil mótmæla þessu, herra forseti.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að hér er á dagskrá 210. mál Nd., þskj. 249, nál. á þskj. 649 og 652 og brtt. á þskj. 653, frh. 2. umr. um selveiðar. Þetta frv. er búið að vera lengi hér á dagskrá og ég man ekki betur en það hafi verið rætt mjög ítarlega, m. a. af hv. 5. þm.

Austurl. og hv. 4. landsk. þm. Ég vil spyrja hverju það sætir að þetta frv. fær ekki framhaldsmeðferð hér í hv. deild. Er kannske hv. 4. landsk. þm. þar um að kenna? Hefur hann gert tilraun til að stöðva þetta mál? Eða er það hæstv. forseti sem hefur lagst á málið? Eða hefur hæstv. ráðh. sem með málið fer, þ. e. forsrh. í fjarveru sjútvrh., ákveðið að leggjast á mál þetta?

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, úr því að það er ætlun hæstv. forseta að halda hér fundum áfram inn í nóttina, að fá um það upplýsingar hvaða mál er meiningin að taka hér fyrir. Er meiningin að taka hér fyrir frv. um selveiðar? Er meiningin að taka hér fyrir frv. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands? Er meiningin að taka hér fyrir frv. um dýralækna, frv. um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns? Frv. um húsnæðissparnaðarreikninga mun hafa verið afgreitt í dag. Hvaða mál eru það yfir höfuð, herra forseti, sem þú ætlar að taka fyrir hér á þessum næturfundi og hversu lengi hyggst stjórnarliðið halda þessum fundi áfram? Ég spyr vegna þess að það liggur fyrir, herra forseti, að þm. eru á launum í allt heila sumar. Það er auðvitað sjálfsagt að ætlast til þess að þeir gegni störfum sínum eftir því sem verkefnin liggja hér fram eftir sumri. Og það er engin ástæða til þess að vera að pína menn á kvöldfundum um mál lengi nætur þegar fyrir liggur að þingið hefur að því er virðist nógan tíma.

Þessar spurningar vil ég leggja fyrir forsetann og þó sérstaklega hverju það sætir að frv. um selveiðar hefur ekki verið tekið enn fyrir á þessum langa fundi. Ég vil spyrja sérstaklega að því hvort það sé hv. 4. landsk. þm. sem hefur beitt sér fyrir því að leggjast á það mál.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég sé mig tilneyddan til að fara hér í stól. Ég hef um skeið fundið anda köldu í minn garð vegna grunsemda um að ég tefji framgang selveiðifrv. Ég uni þessu ekki lengur og ég krefst þess að málið verði tekið á dagskrá. Ég hef ekki beitt aðstöðu minni hér í þinginu, herra forseti, til þess að tefja framgang þessa þarfa máls á meðan hringormurinn veður uppi um allt land og ég tel að það sé þingleg skylda að selveiðimálið komist sem fyrst í framhald 2. umr. Ætli ég sé ekki á mælendaskrá þar, þar sem ég mun skýra mín sjónarmið í þessu máli. Ég uni því ekki lengur að kollegar mínir sýni svona ódulda andúð á framgöngu minni í því máli og fer þess vegna fram á það við forseta að selveiðimálið komist á dagskrá helst nú strax á þessum fundi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta eru kannske fullkomlega eðlilegar óskir, en forseti telur samt réttara að hæstv. sjútvrh., sem nú er erlendis og reyndar gegnir ekki þingstörfum, verði viðstaddur þegar þetta mikilvæga mál verður tekið fyrir.

Hins vegar, vegna fsp. sem kom fram frá hv. 3. þm. Reykv., þá er það ljóst af forseta hálfu að meiningin var að ljúka umr. um 9. dagskrármálið. Sömuleiðis var það meining forseta að taka fyrir 8. dagskrármálið og einnig hið 11. Þetta eru þau mál sem fyrst og fremst var meiningin að ræða hér á þessum kvöldfundi. Þær athugasemdir sem komu frá hv. 4. landsk. þm. um selveiðarnar verða teknar til athugunar, en því miður eru ekki tök á því að taka það mál fyrir nú. En ég vona að við getum haldið áfram umr. um 9. dagskrármálið.

Alþt. 1984. B. (107. löggjafarþing).

Þar er hv. 3. þm. Reykv. enn á mælendaskrá.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er ég einn af þeim sem hef látið mig skipta það mál sem hér er á dagskránni, frv. til l. um selveiðar, og hef haft verulegar áhyggjur af því máli, kannske fremur að þar yrði fram haldið að ráðum ríkisstj. Ég ætla annars ekki að ræða það mál hér efnislega. Ég er alveg sammála hæstv. forseta, ég tel óskynsamlegt að ætla hæstv. formanni Framsfl. og forsrh. fyrir hönd sjútvrh. að flytja þar eitthvað á milli og tel því mjög skynsamlegt af forseta að ákvarða að frv. þetta bíði heimkomu hæstv. sjútvrh., enda sé ég ekki að það liggi neitt á í rauninni að hraða umr. um þetta mál þegar ljóst er að við höfum sumarið fyrir okkur til þingstarfa og getum rætt væntanlega til nokkurrar hlítar þau vandamál sem tengjast selastofnunum við Ísland.

Ég hef orðið var við það að þetta mál leitar á hugi fleiri þm. en okkar hv. 4. landsk. þm. Það eru nokkrir á mælendaskrá að ég veit í þessu mikilsverða máli, sem sitja þennan þingfund og hefðu þess vegna getað tekið þátt í umr., en ég tel óskynsamlegt að ætla hæstv. forsrh. það, ofan á allt það erfiði sem á honum mæðir daglega, að flytja á milli í þessu mjög flókna máli sem selveiðimálin og tengslin við hringorminn eru og allt það samhengi sem hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir.

Ég kvaddi mér hér hljóðs um þingsköp aðallega vegna ummæla hæstv. forseta um kvöldfund. Hæstv. forseti lýsti þeirri ætlan sinni að ræða hér til hlítar það mál sem var og er hér á dagskránni, frv. til l. um Byggðastofnun, en auk þess tvö önnur mál. Ég tók eftir því að hv. 3. þm. Reykv. innti hæstv. forseta eftir því hversu lengi hann hygðist halda fundi fram og við því komu ekki svör að ég heyrði, en aðeins rætt um kvöldfund. Nú lít ég svo til að kominn sé nýr dagur í rauninni. Er það stundum kallað næturfundur. Það er þó tæpast ástæða til að gera of mikið úr því á þessum tíma árs. En í öllu falli er hér hafinn nýr dagur og þá ber ég fram og ítreka þá fsp. sem hv. 3. þm. Reykv. bar fram: Hversu lengi fram á þennan dag nýbyrjaða ætlar hæstv. forseti að halda fram fundi? Það er m. a. með tilliti til þess hvaða næringu menn eiga að taka til sín, enn er kostur á því hér í matstofu þingsins, að æskilegt væri að fá þetta upplýst.

Forseti (Ingvar Gíslason): Eins og upplýst hefur verið þegar var það hugmyndin að tekin yrðu fyrir þau þrjú mál sem skýrt var frá. Það eru 8. og 9. dagskrármál og hið 11. Hversu lengi verður haldið áfram, það verður að ráðast. En ég var að vonast til þess að við gætum haldið áfram að ræða um Byggðastofnun, 9. dagskrármálið, enn um stund. Það er einn hv. þm. þar á mælendaskrá. Svo sjáum við til hverju fram vindur.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég þakka yfirlýstan vilja forseta um að taka selveiðimálið á dagskrá. En vegna þeirra ósvífnu aðdróttana sem hér komu frá hv. 3. þm. Reykv. um að ég tefji framgang þessa máls þætti mér vænt um ef hægt væri að gefa um það yfirlýsingu úr forsetastóli að ég hafi á engan hátt misbeitt valdi mínu hér í þinginu til þess að tefja þetta mál þá tvo mánuði sem það nú hefur hvílt í 2. umr. Ég vil ekki liggja undir grun lengur um að standa að

fjölgun hringormastofnsins við landið, ekki síst þar sem sjór fer hlýnandi og þetta gæti hreinlega orðið plága.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti er fús til þess að hreinsa hv. þm. af öllum grun um það að hann hafi tafið þetta mál.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að ég hef ekki ástæðu til að ítreka grunsemdir mínar í garð hv. 4. landsk. þm. um að hann sé sérstakur vinur hringormsins og vænt um að hæstv. forseti hefur þvegið hann af þeim áburði.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs um þingsköp nú, herra forseti, til þess að benda á: Í fyrsta lagi er ekkert samkomulag fyrirliggjandi um þinghaldið. Í öðru lagi er ekkert samkomulag um það hvenær þingi lýkur. Í þriðja lagi er það meiningin að setja hér fund í dag, þ. e. á þessum sólarhring, kl. 14 og hann á að standa í Sþ. til kl. 16. Í kvöld er síðan ætlunin að hafa útvarpsumræður. Ég mótmæli því mjög harðlega að hæstv. forseti Nd. beiti valdi sínu til þess að halda hér áfram fundum langt inn í nóttina. Ég tel að við höfum nógan tíma til að ræða þessi mikilvægu mál á eðlilegum fundartímum. Ég tel að ekkert kalli á það að þessari umr. verði endilega lokið núna í nótt.

Ég skora þess vegna á hæstv. forseta að sýna sanngirni og beita sér fyrir því að þessum fundi geti lokið innan klukkustundar eða svo, jafnvel þó að eitthvað kunni að verða órætt af þeim mikilvægu málum sem hér eru á dagskrá.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessi athugasemd verður tekin til athugunar. En nú verður haldið áfram að ræða það mál sem við vorum að ræða, 9. dagskrármálið, og til máls tekur hv. 3. þm. Reykv.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 775, n. 1058, 1063, 1085 og 1092, 1053, 1059, 1079). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki átt kost á því að taka þátt í umræðum um þetta mál fyrr en nú fyrir utan það að ég gerði stuttlega grein fyrir nál. mínu og brtt. sem birtast um mál þetta, 456. mál þingsins. Ég tel hins vegar ástæðu til þess, í framhaldi af upplýsingum sem fram hafa komið og umr. um það, að ítreka nokkur aðalatriði í þessum málum sem hér eru á dagskrá eins og þau horfa við af minni hálfu.

Ég vil þá fyrst víkja hér aðeins að brtt. sem flutt er af mér og hv. þm. Halldóri Blöndal á þskj. 1053 við frv. til l. um Byggðastofnun. Till. er á þessa leið:

„Við 1. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Byggðastofnun hefur heimili og varnarþing á Akureyri."

Þessi till. hefur vakið upp hér miklar umr. þar sem þm. Norðurl. e. hafa rætt málið allítarlega og sömuleiðis hefur hæstv. forsrh. komið inn á þetta mál hér í kvöld. Ég verð að segja eins og er að ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum með afstöðu hæstv. forsrh. í þessu efni og get ég þó ekki sagt að ég geri mér yfirleitt háar vonir um þann mann í seinni tíð. En skv. útvarpsfréttum núna nýlega mátti skilja hæstv. forsrh. svo að hann teldi eðlilegt að Byggðastofnun yrði komið fyrir á Akureyri. Þegar svo er gengið á hæstv. ráðh. hér í umr. í Nd. Alþingis og hann spurður í þaula þá kemur í ljós að hann þvælist undan með ótrúlega framsóknarlegu orðalagi. Það er þetta orðalag: „Málið þarf að skoða miklu betur" og „Ég gæti vel sætt mig við það að stofnunin væri á Akureyri." Þetta eru nú sterkar pólitískar yfirlýsingar í lagi, herra forseti, af formanni Framsfl. sem jafnframt er forsrh. þessa lands. Auðvitað er það alveg rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur bent á. Auðvitað á Alþingi að taka um það ákvörðun hvar þessi stofnun verður staðsett. Auðvitað er það okkar hlutverk hér á hv. Alþingi að taka um það ákvörðun. Til þess erum við hér. Það er fáránlegt, að ekki sé meira sagt, að vísa máli af þessu tagi eingöngu á stjórn stofnunarinnar eins og hæstv. forsrh. hefur gert.

Ég held að það væri ráð, herra forseti, þó að ég beri mikið traust til forseta Nd., að fara þess á leit við þm. stjórnarliðsins, einn eða tvo auk forseta, að þeir séu hér viðstaddir þessa umr. Og ég vil fara fram á það að hæstv. forsrh. verði kallaður hér inn í þessa umr. — Þarna er hann mættur, já. Hann er að fylgjast með bjórnum í efri, hann leggur eyru við stórmálin frekar en þessi smámál sem hér eru á dagskrá.

Ég var að spyrja hæstv. forsrh.: Er það ekki hlutverk Alþingis að taka ákvörðun um það hvar stofnun eins og Byggðastofnun verður staðsett? Auðvitað hlýtur það að vera verkefni Alþingis. En ég verð hins vegar að segja það að ég tel að hin þvælulega afstaða hæstv. forsrh. í þessu máli bendi til þess að stjórnarliðið og Framsfl. ætlist til þess að stofnunin verði hér í Reykjavík. Það sé ákvörðun þessara aðila en þeir þori ekki að segja það. Ég fullyrði að það er ætlun þessara aðila að hafa þessa stofnun í Reykjavík. Meðan þeir ekki styðja till. okkar Halldórs Blöndals á þskj. 1053, meðan þeir ekki skammast til að styðja þá till. og taka afgerandi af skarið í því efni, þá er það ætlun þeirra að stjórna byggðastefnunni í landinu áfram frá Rauðarárstígnum í Reykjavík. En þetta verður að liggja fyrir. Okkur duga ekki svona loðnar formúleringar eins og þær, sem við heyrðum hér í kvöld: „Það þarf að skoða málið miklu betur" og „Ég gæti vel sætt mig við það að stofnunin væri á Akureyri." Ja, fyrr mætti nú rota en dauðrota, að forsrh. sætti sig ekki við það að stofnunin væri á Akureyri. Fyrr mætti nú rota en dauðrota.

Ég held að í þessum efnum sé nauðsynlegt líka, herra forseti, að líta hér aðeins yfir víðara svið þessara mála og spyrja þessarar spurningar: Hvað er það sem skapar mestan vanda í hinum dreifðu byggðum landsins um þessar mundir? Hvaða eitt atriði er hægt að nefna sem veldur þeim stórfellda vanda sem við er að glíma um allt land um þessar mundir og alveg sérstaklega í dreifbýlinu? Hvert er efnahagsvandamál á Íslandi nr. eitt um þessar mundir? Efnahagsvandamál á Íslandi nr. eitt um þessar mundir eru lág laun sem eru að keyra niður sjálfsvirðingu fólks í stórum stíl. Efnahagsvandamál nr. tvö á Íslandi um þessar mundir er vaxtaokrið sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kom hér á vegna þess að hún hlýddi frjálshyggjuofstækinu í Sjálfstfl. Stuttbuxnadeildin í Sjálfstfl. er með hæstv. forsrh. í tjóðurbandi, hefur verið allan tímann frá því að þessi stjórn var mynduð og er enn — og nú með hv. þm. Pál Pétursson í bandinu líka.

Þessi staðreynd liggur fyrir og það er þessi vandi sem blasir nú við byggðarlögunum í landinu, við bændum,

við útvegsmönnum og við húsbyggjendum. Staðan er þannig í hinum dreifðu landbúnaðarhéruðum hér á Íslandi að það liggur við landauðn vegna þess að menn eru að gefast upp fyrir vaxtaokrinu, sem ríkisstj. Steingríms Hermannssonar, leiftursóknarríkisstjórnin hefur komið á. Það liggur við landauðn vegna þessarar fjármagnsokurstefnu Framsfl. Það liggur við landauðn vegna þess að Framsfl. hefur látið undan frjálshyggjuliðinu sem hefur heimtað það að niðurskurður yrði verulegur á niðurgreiðslum landbúnaðarafurða. Þær hafa nú hækkað svo í verði að almenningur, láglaunafólkið í landinu treystir sér ekki lengur til að kaupa þessar vörur. Á fyrri hluta ársins 1985, aðeins á örfáum mánuðum er samdrátturinn í sölu landbúnaðarafurða orðinn slíkur að talað er um að það jafngildi ársframleiðslu 200 grundvallarbúa. Stjórnarstefna ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hæstv. forsrh. er m. ö. o. að leggja heilu landbúnaðarhéröðin í rúst. Hvað ætli séu margar bújarðir á Vestfjörðum? Hvað ætli séu margar bújarðir samanlagt í kjördæmi hæstv. forsrh.? Samdrátturinn í sölu búvara jafngildir því að búið sé að leggja í rúst verulegan hluta landbúnaðarins í kjördæmi hæstv. ráðh. Þetta er byggðastefnan sem Framsfl. beitir sér fyrir.

Tökum annað dæmi, herra forseti. Tökum stöðuna hjá útgerðinni. Hvaða vandi er það sem er að sliga útgerðarfyrirtæki um allt land? Hvaða vandi er það sem veldur því að fiskvinnslan telur sig ekki geta borgað hærra kaup? Það eru stórkostlega hækkandi fjármagnskostnaður og sú staðreynd sem liggur fyrir að nú eru greiddir hæstu raunvextir sem hafa verið greiddir á Íslandi nokkurn tíma. Það er þetta sem blasir við og það er þetta sem fólkið er að flýja. Það eru afleiðingar af frjálshyggjuofstækinu í framkvæmd, því það verður engri byggð haldið uppi í landinu á grundvelli markaðsofstækisins. Það er ljóst að markaðsofstækið, sem núv. stjórn er að framkvæma, og félagsleg byggðastefna eru ósamrýmanleg. Og það er ömurlegt að horfa á að þm. Framsfl., sem maður heldur að einn og einn hafi kannske einhvern tíma í fortíðinni haft snert af æru, skuli leggja nafn sitt við þessa andstyggð sem er framkvæmd núv. ríkisstj. á byggðamálum í þessu landi. Ég lýsi ábyrgð á hendur þm. Framsfl., sem ganga hér glottandi um sali, gera sér ekki grein fyrir því að þeir eru að leggja dreifbýlið hér meira og minna í rúst. Það er þetta sem menn skulu athuga. Og það er þetta sem þessir menn skulu svara fyrir frammi fyrir sínum kjósendum þegar tækifæri gefst til.

Herra forseti. Fyrir fáeinum dögum var hér á dagskrá mál sem á heima í þessari umræðu um byggðamál og byggðastofnun. Það var mál sem í rauninni var prófsteinn á vilja meiri hluta Alþingis til þess að stuðla að byggð í landinu, prófsteinn sem er miklu, miklu meira virði og merkilegri en þetta frv. um Byggðastofnun sem hér liggur fyrir. Það var prófsteinn á það hvort stjórnarmeirihlutinn hefði skilning á þeim lífskjörum sem fólkið í landinu býr við, fiskverkunarfólkið sérstaklega. Hverjir eru það sem standa undir meginhluta þeirra verðmæta sem þessi þjóð lifir á? Hverjir eru það sem standa undir meiri hluta þeirra verðmæta sem við lifum á, hvort sem við erum þm., læknar eða kennarar? Það er fólkið í sjávarútveginum sem skapar meginhluta þeirra gjaldeyrisverðmæta sem þjóðin lifir á.

Það var flutt hér lítil till. af hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, formanni Verkamannasambands Íslands, um það að ekki væri hægt að reka þetta fólk með viku fyrirvara úr störfum í fiskverkunarhúsum, jafnvel eftir 30 ára starf. Þessi till. var felld. Hún var felld hér af meiri hl., lögð í líkkistu ríkisstj., eins og hv. 7. þm. Reykv. orðaði það. Vissulega kom það fram að hjá meiri hl. ríkir samúð með þessu fólki. Það kom fram hjá frsm. meiri hl. Og vissulega er það mikil gæfa fyrir fiskverkunarfólkið að vita af hinni ríku samúð sem um er að ræða hjá meiri hl. hér á hv. Alþingi. (**FrS:** Þetta er rangt haft eftir.) Þetta er nákvæmlega rétt haft eftir, hv. þm. (**FrS:** Eins rétt og þm. er vanur að hafa eftir.) Vill hv. þm. ekki bara fletta upp í ræðu sinni og koma með hana hér á eftir? Ég veit að hæstv. forseti er tilbúinn að skrá hann á mælendaskrá úr því að hann óskar eftir að gera grein fyrir máli sínu. (**FrS:** Það hefur þegar verið gert.) Það hefur ekki verið gert með nægilega skýrum hætti. (**FrS:** Ekki fyrir hv. þm.)

Það sem skiptir máli í þessu efni er að stjórnarmeirihlutinn hafnaði þessu máli, sem er byggðamál, sem er jafnréttismál, sem er mannréttindamál. Það er byggðamál vegna þess að meiri hluti fiskvinnslunnar í landinu fer fram úti um hinar dreifðu byggðir landsins, og meginástæðan til fólksflóttans og öryggisleysisins þar er ástandið í sjávarútveginum, þar sem fólk býr við stöðuga óvissu um vinnu sína frá degi til dags, þar sem fólk býr við þær aðstæður um þessar mundir að það eru stöðugt að koma nýjar og nýjar kröfur á prentarann, tölvuprentarann frá þessum söluhringjum í Bandaríkjunum, Long John Silver og öllu því gengi, nýjar og nýjar kröfur til starfsfólksins í frystihúsunum um það að það geri meiri og meiri og meiri kröfur til sjálfs sín um leið og það hefur lægra og lægra og lægra kaup. Og þessu fólki er um leið boðið upp á það að búa ekki við frumstæðustu mannréttindi. Það má henda því út með viku fyrirvara, jafnvel þó það hafi unnið í frystihúsunum eða fiskverkunarstöðvunum í 30 ár. Þetta frv. var fellt, því var hafnað hér af meiri hl. og þar með afhjúpaði hann stéttareðli sitt. Hann gengur við hliðina á Vinnuveitendasambandinu gegn verkafólki í landinu, hann gengur við hliðina á Verslunarráði Íslands, sem auðvitað ræður stefnu þessarar stjórnar þegar allt er skoðað niður í kjölinn.

Herra forseti. Þetta var mannréttindamál og þetta var byggðamál. En þetta var líka jafnréttismál vegna þess að meiri hluti þess fólks sem starfar í sjávarútveginum í landinu, í fiskverkunarhúsunum allt í kringum landið, eru konur. Í þessari afstöðu meiri hl. er sérstök lítilsvirðing sýnd þeim konum sem starfa við sjávarútveginn. Ég hef oft velt fyrir mér, herra forseti, hvað gæti gerst í þessu landi ef einmitt þessar konur tækju sig saman og skynjuðu það afl sem þær hafa þegar þær leggja saman. Það þarf að gerast. Það þarf að skapa aðstæður til þess að þær geti litið upp úr þrældómnum og bónuskúguninni sem þær búa við, litið upp og skynjað að í sameiningu eru þær afl sem getur ráðið þessu landi svo að segja ef þær vilja, vegna þess að þær halda um sjálfa lífæðina, framleiðsluna, útflutningsframleiðsluna sem þjóðin lifir á, útflutningsframleiðsluna sem er seld fyrir gjaldeyri sem heildsalarnir í Verslunarráðinu fá á færibandi þó þeir leggi aðeins inn litlar nótur til bankans. 11 þúsund manns starfa í fiskvinnslunni í landinu. 5500 manns starfa við heildverslunina. Á móti hverjum tveimur í fiskvinnsl-

unni er einn heildsali. Það má segja líka, herra forseti, að á bakinu á hverjum sjómanni á Íslandi sé einn heildsali. Það er þetta þjóðfélag sem núv. ríkisstjórn Verslunarráðsins og leiftursóknarinnar er að byggja hér upp. En þegar kom að þessu máli þá sýndi meiri hl. hér á Alþingi raunverulegan skilning sinn á byggðastefnunni, á byggðavandamálum á Íslandi, því þarna var komið að kvikunni, lífskjörum þess fólks sem lifir í hinum dreifðu byggðum Íslands.

Herra forseti. Ég held að þetta mál hafi kannske verið betri prófsteinn á afstöðu ríkisstj. til byggðamála en flest annað.

Ég leyfi mér þessu næst að rifja það upp, herra forseti, að á þskj. 1079 flyt ég nokkrar brtt. auk þeirrar till. sem ég hef nú rætt um í sambandi við flutning á stofnuninni til Akureyrar. Ég geri till. um það í fyrsta lagi að Byggðastofnun heyri undir félmrh. Og hvaða rök skyldu nú vera fyrir því að stofnunin heyri undir félmrh.? Jú, félmrh. fer samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands með málefni sveitarfélaganna. Hann fer með jöfnunarsjóð sveitarfélaganna og ber þannig ábyrgð á veigamiklum þætti byggðamála í landinu. Ég tel eðlilegt að byggðamálin verði í félmrn. svo að þar fáist yfirsýn yfir byggðamálin öll, en ekki sé verið að slíta þau í sundur á milli rn. eins og gert er með núverandi skipan.

Mér er kunnugt um það að auk þess sem Alþb. hefur lagt á það áherslu í gegnum árin að félmrh. fari með þessi mál, þá hefur Alþfl. flutt frv. á Alþingi þar sem gert hefur verið ráð fyrir því að Byggðastofnun heyri undir félmrh. Og af þeim sökum er það, herra forseti, að ég flyt þessa till. og að einnig í fjórðu brtt. minni á þskj. 1079 er gert ráð fyrir því að félmrh. fari með þessi málefni.

Nú skulum við ímynda okkur, herra forseti, að svo ólíklega færi að fyrsta brtt. mín á þskj. 1079 yrði felld og þá stæði eftir að stofnunin heyrði undir forsrh. Ef svo færi, herra forseti, þá væri eðlilegt að víkja við einu orði í 2. málsgr. 4. brtt. minnar. Ég mundi sem sagt ekki líta svo á að sú till. væri sjálffallin þó að fyrsta till. væri fallin, heldur líta þannig á að þá breyttist sjálfkrafa í fjórðu brtt. orðið „félmrh." í „forsrh."

Önnur brtt. mín gengur út á það að þóknananefnd ákveði kjör stjórnar Byggðastofnunar fyrir nefndarstörf og stjórnarsetur. Það held ég að sé skynsamlegt. Það gæti að vísu þýtt það að laun stjórnarmanna Byggðastofnunar yrðu eitthvað lægri en nú er um að ræða í Framkvæmdastofnun, um það skal ég ekki segja, ég þekki ekki hvaða laun þeir menn eru með sem sitja í stjórn Framkvæmdastofnunar. En það gildir mig einu, ég tel að það væri eðlilegra að þóknananefnd hefði með þessi mál að gera.

Í þriðja lagi legg ég svo til að 6. gr. orðist svo: „Stjórn Byggðastofnunar ræður einn forstjóra til sex ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Kjaradómur ákveður laun og starfskjör forstjóra." Hér er ég með till. um að stjórn Byggðastofnunar ráði bara einn forstjóra, en í frv. eins og það liggur fyrir frá meiri hl. er greinilega opnað fyrir það að forstjórar geti orðið tveir. Það stafar af því að stjórnarflokkarnir ætla að fá hvor sinn forstjóra. Það er þessi fræga helmingaskiptaregla, framsókn fær einn og íhaldið einn. Og þá er ekki verið að spekúlera í því hvort stofnunin er lítil eða stór. Það er sem kunnugt er erfitt að skipta einum manni í tvennt milli íhaldsins og framsóknar, þó að það sé nú margt líkt með skyldum í seinni tíð, og þess vegna er hér gerð till. hjá stjórninni um að stofnunin hafi forstjóra, eða eins og það stendur hér, herra forseti: „Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru m. a. þessi: 1. Að ráða forstjóra." Þetta orð lítur eins út bæði í eintölu og fleirtölu. Á bak við þessa orðmynd leynist sú hugmynd stjórnarflokkanna að hola einum manni hvor inn í Byggðastofnunina.

Ég hef ekki upplýsingar um það, herra forseti, hver það er sem á að fá þennan bitling. En það væri fróðlegt að vita það því að ég geri ráð fyrir því að stjórnarflokkarnir séu fyrir löngu búnir að braska um það. Þeir eru vanir að vera fljótir að semja um svona lagað þó annað vefjist fyrir þeim. Hvaða þm. ætli það séu sem stjórnarflokkarnir þurfa nú að losa sig við á næstunni? Hvaða þm. ætli það séu sem stjórnarflokkarnir þurfa helst að losa sig við? Hvaða þm. eru óþekkastir við stjórnarmeirihlutann af þm. stjórnarliðsins hér á hv. Alþingi? — Það skyldi þó ekki vera að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson eigi að vera annar forstjóri Byggðastofnunarinnar? Eða það skyldi þó ekki vera hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson? Þarna færu tveir góðir saman, eins og hv. 5. þm. Austurl. bendir á, það er rétt hjá honum. Hvaða menn eru það sem stjórnarliðið þyrfti helst að koma af höndum sér núna hið fyrsta? Mér detta helst í hug þessir menn vegna þess að þeir eru stundum uppi með röfl við stjórnarmeirihlutann og eru ekki tilbúnir að samþykkja hvað eina sem stjórnarmeirihlutanum dettur í hug.

En það er bersýnilega ætlunin, herra forseti, að búa hér til tvær góðar stöður, eins og það heitir, til þess að geta komið mönnum fyrir þannig að það fækki á listunum einhvers staðar í næstu kosningum og það auðveldi aðeins prófkjörsslaginn hjá íhaldsflokkunum tveimur. Ég hef enga trú á því að það séu hv. þm. Ólafur G. Einarsson og hv. þm. Páll Pétursson sem ætla sér að verða forstjórar Byggðastofnunar. Það skyldi ekki vera? Það skyldi þó ekki vera að formenn þingflokka stjórnarliðsins ætli sér að fara í þetta? Það er a. m. k. örugglega vissara fyrir framsóknarmenn að reyna að tryggja sér góðar stöður eins og þetta er kallað í stjórnarbraskinu með stöður og bitlinga um þessar mundir.

Ég geri till. um það, herra forseti, að ráðinn verði einn forstjóri því að það er nóg. Og ég geri till. um það að forstjórinn verði ráðinn til sex ára í senn þannig að gert verði ráð fyrir því að það gildi um þennan forstjóra endurnýjunarregla, að ekki verði hægt að ráða mann þarna til eilífðar heldur aðeins til takmarkaðs tíma og miðað við að ráðningartíminn verði sex ár. Ég held að þetta sé í raun og veru ein nauðsynlegasta endurbót á okkar stjórnkerfi sem hægt er að gera, að setja þá allsherjarreglu að forstjórar ríkisstofnana verði ráðnir til eins og sex ára í senn.

Það hefði t. d. verið gott hjá Alþfl. þegar hann réð Jóhannes Nordal á sínum tíma, en Jóhannes var sérstaklega ráðinn af Alþfl. eins og kunnnut er, það hefði verið gott fyrir Alþfl. að ráða þá Jóhannes Nordal til sex ára. Það hefði verið skynsamleg niðurstaða t. d. miðað við yfirlýsingar núv. formanns Alþfl. um að það þurfi að reka Jóhannes sem Gylfi réð á sínum tíma.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar í fullri alvöru, herra forseti, að eitt brýnasta og erfiðasta úrlausnarefni stjórnkerfisins sé þráseta æðstu embættismanna er

skapi stórkostlega erfiðleika við að knýja fram pólitískar breytingar jafnvel þó að sterkur pólitískur vilji sé á bak við, meiri hluti Alþingis. Ég held þess vegna að hér sé skynsamlegt að staldra við og setja þá reglu að forstjóri Byggðastofnunar (eða forstjórar) verði ráðinn til sex ára í senn. Það verði ekki byrjað á eilífðarráðningu eins og nú virðist vera gert ráð fyrir.

Síðan legg ég til að Kjaradómur ákveði laun og starfskjör forstjóra. Það geri ég til þess að þeir ákveði ekki laun og starfskjör hvor hjá öðrum, þessir tveir forstjórar stjórnarflokkanna sem þarna er víst meiningin að setja. Ég treysti þeim ekki til þess. Reynslan af því hvernig þeir skammta sjálfum sér kaup og kjör er ekki þannig að Alþingi geti verið sæmandi að horfa á slíkt gerast.

Í fjórða og síðasta lagi, herra forseti, flyt ég eftirfarandi brtt.:

„Í starfi sínu skal Byggðastofnun hafa samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarstjórnir, þróunarfélög og aðra heimaaðila eftir atvikum. Stofnunin getur gert samstarfssamninga við slíka aðila um áætlanagerð og aðra skipulega starfsemi.

Áætlanir, sem fela í sér tillögur um aðgerðir á sviðum sem heyra undir ýmis rn., skulu sendar félmrh. sem gerir ríkisstj. grein fyrir þeim. Viðkomandi rn. skulu síðan fjalla um tillögur Byggðastofnunar.

Byggðastofnun fylgir eftir framkvæmd samþykktra byggðaáætlana. Áætlanir skal endurskoða eftir því sem tilefni eru til."

Nú vil ég upplýsa, herra forseti, að ástæðan til þess að ég flyt þessa till. er fyrst og fremst sú, að það liggur fyrir sú ákvörðun frá meiri hl. á Alþingi, að óbreyttu frv., að höggva algerlega á samskiptin við landshlutasamtök sveitarfélaga. Það er vísvitandi stefna meiri hl. framsóknar og íhaldsins að höggva alveg á tengslin við landshlutasamtök sveitarfélaganna. Hv. þm. þekkja það að landshlutasamtök sveitarfélaganna hafa haft ákveðinn stuðning frá Byggðasjóði við áætlanagerð, hver í sínu kjördæmi og umdæmi. Nú er það ætlun ríkisstj. að höggva algerlega á þessi tengsl. Ég tel að með þessari afstöðu sinni sé ríkisstj. að ganga á svig við þær viðtæku kröfur sem uppi eru um valddreifingu og lýðræði í þessu landi. Ég gagnrýni harðlega þessa stefnu sem þannig birtist hjá ríkisstj. í því í raun og veru, herra forseti, að þrengja enn starfssvið og valdsvið Byggðastofnunar frá því sem þó hefur verið. Ég skora á hv. þm. stjórnarmeirihlutans að íhuga þessa till. af vinsemd og sanngirni og gera sér grein fyrir því að þetta er í raun og veru aðeins till. um að staðfesta þann hátt sem tíðkast hefur í sambandi við landshlutasamtök og heimaaðila.

Herra forseti. Þetta mál þarfnast auðvitað vandaðrar umræðu og það hefur verið gerð tilraun til hennar hér í kvöld þó að stjórnarþm. eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. hafi kosið að hafa allt á hornum sér hér fyrr í kvöld af litlu tilefni. Það er athyglisvert að á sama tíma og Nd. Alþingis ræðir um þessi mál, þá er verið að fjalla um önnur mál í Ed. Alþingis. Og það er bersýnilegt að áhugi fjölmiðla á því máli sem verið er að fjalla um í Ed., þ. e. bjórmálinu, er meiri en á þeim stóru byggðamálum sem við erum að ræða um hér í Nd. Þetta dæmi frá kvöldinu í kvöld segir mér meira um fréttamenn á Íslandi en um Alþingi Íslendinga, herra forseti.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en ég tel rétt að víkja hér að örfáum atriðum sem fram hafa komið.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að fjölmiðlar virðast hafa meiri áhuga á öðrum málum en því sem hér er nú rætt. En það eru líka fleiri sem virðast hafa meiri áhuga á því máli sem nú er verið að ræða í hv. Ed. heldur en því sem rætt er hér. Mér sýnist stjórnarliðið hafa meiri áhuga á umræðum þar en um það mál sem hér er nú verið að ræða. Ég furða mig á því andvaraleysi, því áhugaleysi, nánast kæruleysi sem hv. stjórnarþingmenn úr sjávarútvegsplássum sýna því máli sem hér er nú til umr. og ættu þeir þó að vera sér þess meðvitandi hvernig ástandið er að því er varðar byggðaþróunina. Ég hygg t. d. að hv. þm. Friðrik Sophussyni, þó þm. Reykv. sé, sé mjög vel kunnugt um það hver staða sjávarútvegs er t. d. á Vestfjörðum. Hv. þm. ætti því ekki að ganga með bundið fyrir bæði augu fram í þessu máli eins og hann gerir nú. Og svo er að sjálfsögðu um miklu fleiri. Hv. þm. Stefáni Guðmundssyni er ábyggilega ljóst hver staða fiskvinnslunnar og fiskveiða er á Norðurlandi vestra, á Norðurlandi eystra og víðar. Þessi hv. þm. ætti því ekki að ganga með bundið fyrir bæði augu fram í þessu máli eins og hann virðist ætla sér að gera. Er hv. þm. stjórnarliðsins hér á Alþingi og hæstv. ráðh. ekki ljóst hvað hefur verið að gerast að því er varðar sjávarútveginn á síðasta ári og er að gerast enn? Líklega eru komnar sendinefndir úr öllum sjávarútvegskjördæmum landsins til viðræðna við þm. úr viðkomandi kjördæmum til þess að bera sig upp undan þeim vandræðum sem sjávarútvegurinn er kominn í.

Ég efast um að það hafi nokkurn tíma gerst fyrr að fulltrúar allra fiskvinnslufyrirtækja á Vestfjörðum hafi komið til Reykjavíkur til viðræðna við þm. um það geigvænlega ástand sem blasir við í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Í þessu kjördæmi, sem á nú tvo hæstv. ráðh. í ríkisstj., liggur við landauðn verði áfram haldið á þeirri braut sem hér er verið að gera. Og mér er spurn: Ætla hæstv. ráðherrar og stjórnarliðar úr þessum sjávarútvegskjördæmum virkilega að láta halda fram sem horfir í þessu máli?

Heldur hv. þm. Stefán Guðmundsson að þetta frv., sem hér er til umr. nú, bjargi sjávarútveginum, fiskvinnslunni og atvinnunni almennt talað í sjávarplássunum úti á landi? Ég fullyrði að þetta frv. breytir engu þar um, af hversu miklum vilja sem menn eru gerðir til þess að svo ætti að vera. Það eina sem dugar til þess að breyta þessu viðhorfi, breyta þeim vandamálum sem nú er við að glíma að því er varðar byggðaþróun í landinu, það er að snúa af vegi þeirrar helstefnu sem ríkisstj. fylgir í efnahagsmálum, stefnu sem bitnar fyrst og fremst á landsbyggðinni og undirstöðuatvinnugreinunum í landinu.

Og það er nánast furðulegt að forustumenn stjórnarmeirihlutans, eins og hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., stingi hér inn höfði bara annað slagið til þess að vita hvort hér sé umræða í gangi. (Gripið fram í.) Getur hv. þm. ekki verið í deildinni ef einhver er að tala? Er nauðsynlegra fyrir hann að hlýða á umræður um bjórinn í hv. Ed.? Það veitir nú víst ekki af við hv. stjórnarliða að hrista upp í kollinum á þeim til þess að þeir verði viðtalshæfir. Nei, ég er viss um það að kjósendur þessara hv. þm. úr sjávarútvegsplássunum yrðu undrandi ef þeir hefðu vitneskju um það að á sama

tíma og verið er að ræða nánast um fjöregg atvinnulífs þjóðarinnar, fjöregg þjóðarinnar í þessum efnum, þá sjást varla þessir hv. þm. í deildinni á meðan málið er til umræðu. Aðeins einn hæstv. ráðh. hefur látið svo lítið að vera hér við umræðuna í kvöld sem nú er búin að standa í hartnær fjórar kulukkustundir. Einn af tíu.

Ég veit ekki hvað hv. stjórnarlið hér ætlast fyrir í áframhaldi af þessu. En ég fullyrði það að sú afstaða og það hugarfar, sem mér virðist koma fram hjá hæstv. ráðherrum og hv. stjórnarliðum hér á Alþingi til þessa grundvallaratvinnuvegar þjóðarinnar er með endemum. Dettur hæstv. forsrh. í hug að hann fái vestfirska sjómenn, vestfirskt fiskvinnslufólk til þess að halda áfram við þau störf ætli hann sér sjálfur að halda sömu stefnunni í þessum efnum og hann hefur gert? Ég trúi því a. m. k. að þessir aðilar vestra, hvort sem um er að ræða sjómenn, fiskvinnslufólk eða atvinnurekendur í sjávarútvegi, þó framsóknarmenn væru, létu hæstv. forsrh. heyra í sér ef þeir næðu til hans, vitandi það hvernig hæstv. ráðh. heldur á málum að því er þessa atvinnugrein varðar.

Ætli það sé nokkur tilviljun að einn flokksbróðir hæstv. forsrh. sagði á opnum fundi vestur á fjörðum í vetur að hann hefði ekki trú á því að honum entist kjörtímabilið til þess að ná hæstv. ráðh. í kjördæmið til þess að tala við hann. Þetta var flokksbróðir hæstv. forsrh. Mér er kunnugt um það að einstaklingar, drífandi atvinnurekendur í sjávarútvegi, eru búnir að gera ýmislegt til þess að reyna að koma hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi í skilning um það til hvers sú helstefna leiðir sem þeir eru nú að leiða yfir íslenskt þjóðfélag, yfir þessa grundvallaratvinnugrein. Eigi að síður halda menn áfram. Og þó að sumir hv. stjórnarliða hafi af því atvinnu part úr sumri að stýra sjávarútvegsfyrirtækjum vestur á fjörðum, þm. Reykjavíkur, og sjái í hendi sér hvernig staðan er, eigi að síður skal þessari helstefnu haldið áfram. Það er alveg furðulegt hvað þessir hv. þm. telja að sér muni líðast í þessum efnum.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta. Sumir telja nóg að gert. Ég tel hins vegar að svo sé ekki. Það hefði verið full ástæða til að eyða lengri tíma í að ræða almennt um þróun byggðamála og til hvers sú stefna, sem fylgt hefur verið, er að leiða í þeim efnum. Það er í mínum huga eitt meginatriði þess sem nú er að gerast í íslensku þjóðfélagi. Íslenskt þjóðfélag verður ekki lengi velferðarþjóðfélag ef áfram á að halda á þeirri braut að kippa stoðunum undan framleiðslugreinunum en hrúga öllu í þjónustugreinarnar hér á höfuðborgarsvæðinu. Það minnkar í buddum Reykvíkinga og Reyknesinga ef áfram verður haldið á þeirri braut. Það er fölsk atvinnustefna og uppbygging, sem nú er haldið uppi á þessu svæði með erlendum lánum, ef áfram á að halda á þeirri braut að rýra undirstöðuna undir framleiðslugreinunum.

Að síðustu. Ég varð fyrir vonbrigðum með svör hæstv. forsrh. við áskorunum vestfirskra trillubátamanna. Ég hygg að við séum sammála um það, ég og hæstv. forsrh., að þessi stétt manna vestra gegnir mikilvægu hlutverki fyrir það landsvæði. Þessi atvinnuvegur er nauðsynlegur þó að sú útgerð sé aðeins stunduð hluta úr ári. Ég var því að vona að hæstv. ráðh. mundi beita sér í þessu máli til að fá á því leiðréttingu. Hann sagði að vísu að málið lægi á borði hæstv. sjútvrh. og hann mundi ræða það við hann þegar hann kæmi heim. Ég vil nú biðja hæstv. forsrh. að gera meira en snakka eitthvað við hæstv. sjútvrh. þegar hann kemur til landsins, því að mín reynsla er sú að við hæstv. sjútvrh. dugi ekki snakk. Þar þurfi menn að beita sér ef þeir ætla að hafa áhrif á að þarna fáist á breyting. Og ég vil í mesta bróðerni biðja hæstv. forsrh. þess lengstra orða, og taka þá með sér hæstv. samgrh. sér til halds og trausts, sem er úr sama kjördæmi, að beita sér fyrir því að leiðrétting fáist á þessu máli, því að ég veit að hæstv. forsrh. er það jafnvel kunnugt og mér að það er mikil ólga vegna þessa fyrir vestan og trúlega fyrir austan líka. Þó ég þekki það ekki eins þykist ég vita að það sé álíka. Ég vil ekki trúa því, fyrr en þá að það blasir við sem staðreynd, að á þeirri eintrjáningsstefnu sem mér finnst vera fylgt að því er varðar framkvæmd kvótakerfis á handfæraveiðum fáist ekki svo eðlileg og sjálfsögð breyting eins og hér er verið að fara fram á. Ég tel hins vegar að það eigi með öllu að afnema kvóta á handfæraveiðum og línuveiðum. Till. þess efnis var felld í desember s. l. af meiri hl. hér á Alþingi, því miður, og trúlega þýðir ekki um það að tala. En lágmark er að leiðrétting fáist nú á sumarvertíð vegna handfærabátanna fyrir vestan. Ég skora enn á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir slíkri breytingu. Verði ekkert farið að gerast í þessu máli eftir miðja þessa viku hygg ég að búast megi við því að hér verði krafist utandagskrárumræðu um það mál. Þetta mál er einn anginn af byggðastefnunni og ekki sá minnsti. Spurningin sem svara verður er sú hvort áfram á að halda á þeirri braut að rýra svo kjör og aðstöðu landsbyggðarfólks að það flýi unnvörpum á þetta svæði hér syðra.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu en vil í þriðja skiptið ítreka áskorun til hæstv. forsrh. um að beita sér virkilega í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 94. fundur.

Mánudaginn 10. júní, kl. 9 síðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 1127, 1225). — Ein umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. Ed. leggur til að sú breyting verði gerð á frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar að við greinina bætist í stafrófsröð Jósep Þorbjörnsson, verkamaður í Keflavík, f. 4. des. 1966 á Spáni.

Nefndin hefur athugað umsóknina og leggur til að þessu nafni verði bætt inn í frv. um veitingu ríkisborgararéttar.

ATKVGR.

Brtt. 1225 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Barnalög, frv. 464. mál (þskj. 789). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1230).

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1220). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stálvölsunarverksmiðja, frv. 236. mál (þskj. 312, n. 1190 og 1214, 1215). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur lengi haft mál þetta til skoðunar og rætt það á mörgum fundum og fengið marga til viðræðu um málið, einkum fyrr á þinginu, en þetta mál hefur legið í biðstöðu alllengi eins og hv. þdm. er kunnugt um og raunar alþjóð allri. Það hafa verið gerðar ýmiss konar breytingar á fyrirhugaðri starfsemi og byggingu þessarar verksmiðju, ef af verður, og þar að auki leitast við að fá aukið hlutafé, aukið eigið fjármagn til þessarar verksmiðju. Enginn veit á þessari stundu hvort af byggingarframkvæmdum verður, en engu að síður hefur það orðið að ráði að leggja til að samþykkt verði heimild til hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að veita ríkisábyrgð, en þó með ströngum fyrirvörum sem gefur að líta í brtt. sem meiri hl. flytur. Það er kannske rétt, af því að hún er svo nýlega fram komin, að ég lesi hana hér upp, með leyfi forseta, en hún er við 1. gr.

„Greinin orðist svo:

Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1.55 millj. Bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða."

Með hliðsjón af því sem ég þegar hef sagt leggjum við fimm nm., auk mín hv. þm. Egill Jónsson, hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Valdimar Indriðason ásamt Eiði Guðnasyni sem ritar undir með fyrirvara, til að frv., verði samþykkt með þeirri breytingu sem hér er lögð fram.

Frsm. minni hl. (Kristín Ástgeirsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 1190 er að finna nál. minni hl. fjh.- og viðskn., en að því áliti stend ég ein. Það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur haft til athugunar frv. til l. sem felur í sér heimild til handa fjmrh. til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán allt að 1.55 millj. Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju við Fögruvík í Vatnsleysustrandarhreppi.

Svo virtist lengi vel sem málið yrði ekki afgreitt úr nefndinni þar sem í ljós kom að fjárhagsgrundvöllur fyrirtækisins væri með hæpnasta móti. Svo gerðist það allt í einu að grænt ljós kviknaði með tilkomu einhvers „huldumanns" sem lofar fyrirtækinu 17—19 millj. kr.

Undirrituð er andvíg því að stuðlað verði að fæðingu þeirrar verksmiðju, sem hér um ræðir, af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi er staðsetning verksmiðjunnar alls óviðunandi. Skv. upplýsingum formanns Náttúruverndarráðs er verksmiðjunni ætlaður staður í nágrenni sérkennilegrar náttúru Látra við Hvassahraun sem komnir eru á náttúruminjaskrá. Við fjöruna er að finna sérkennilegar tjarnir með ísöltu vatni með sérkennilegu dýralífi.

Í öðru lagi verður það síst til fegrunar og álitsauka þegar haugar af brotajárni blasa við ferðamönnum þeim sem fara um Keflavíkurveginn á leið til höfuðborgarinnar eða af landi brott.

Í þriðja lagi fylgir verksmiðjum af þessu tagi óhjákvæmilega mengun bæði í útblæstri (þótt síum sé beitt) og með frárennslisvatni. Upplýsingar frá væntanlegum verksmiðjueigendum um hugsanlega mengun eru alls ófullnægjandi og ómarktækar og ætti auðvitað að fara fram rækileg könnun á hugsanlegum náttúruspjöllum frá verksmiðjum sem þessari, gerð af hlutlausum aðilum.

Þá er þess í fjórða lagi að geta að í heiminum er mikill fjöldi slíkra verksmiðja og hafa margar þeirra farið á hausinn á undanförnum árum, m. a. sú sem ætlunin er að kaupa frá Halmstads Järnverk í Svíþjóð.

Í fimmta lagi er nóg komið af hæpnum fyrirtækjum í íslensku atvinnulífi og nær að leita vænlegri kosta.

Það verður þó að geta þess að verksmiðjan hefur þann kost að hún nýtir innlent brotajárn sem til fellur. Hætt er þó við að fljótlega verði skortur á brotajárni innanlands og verður þá að hefja innflutning. Verksmiðjan er afkastamikil skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja, henni er ætlað að framleiða um 20 þús. tonn á ári. Nú um stundir er verð á steypustyrktarjárni í algjöru lágmarki í heiminum og virðist nánasta framtíð því ekki brosa við þeim stálfélagsmönnum. Allar forsendur eru með hæpnasta móti og legg ég því til að frv. verði fellt."

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Ég hef raunar frá upphafi og frá því að þetta mál kom fyrst til umfjöllunar hér á Alþingi haft megnustu vantrú á þessu fyrirtæki. Það hefur svo sem oltið á ýmsu um þetta mál, yfirlýsingar ráðh. hafa gengið fram og til baka, og það hefur verið ákaflega erfitt að fá sannfærandi rök fyrir því að hér væri um arðbært og gott fyrirtæki að ræða. En síðan

ítarleg umfjöllun átti sér stað í hv. fjh.- og viðskn. Ed. um þetta mál hefur það gerst að fram hefur komið opinberlega að aðstandendur þessa fyrirtækis telja sig eiga von í hlutafjárloforðum eða loforði sem nemur 17—19 millj. kr. og það ber óneitanlega vott um, ef rétt reynist, að einhverjir hafi mikla trú á þessu fyrirtæki, einkanlega ef rétt er að þetta hlutafé muni koma frá einum aðila.

Eins og frv. var þegar það var lagt hér fram var það að mínu mati ekki aðgengilegt og ég hefði ekki treyst mér til að greiða því atkv. eins og það þá lá fyrir. Nú hefur formaður fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson, gert grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á frv. Ég vek athygli á því að í fyrsta lagi er aðeins um að ræða heimild til hæstv. fjmrh. til að veita ríkisábyrgð gegn tryggingum sem hann metur gildar, þ. e. þótt illa kunni að fara, svo illa takist til, á ríkið að vera tryggt þar sem tryggingar eiga að standa að baki þessu láni, en auk skilyrða laganna um ríkisábyrgð eru í frv., eins og það liggur nú fyrir breytt, tekin upp önnur skilyrði sem eru miklum mun strangari en venja er til þegar heimild til ríkisábyrgða er veitt með þeim hætti sem hér er verið að gera. Og hver eru þessi skilyrði?

Þau eru í fyrsta lagi að hlutafé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Í öðru lagi, það sem á hefur skort og ekki hafa fengist upplýsingar um enn sem komið er, að tryggt sé að þetta væntanlega fyrirtæki fái inni í einhverri bankastofnun, þ. e. fái bankaviðskipti sem tryggi fyrirtækinu rekstrarfé. Það kom í ljós í umfjöllun nefndarinnar að ekki hefur tekist enn sem komið er að tryggja slíkt.

Í þriðja lagi er tekið sérstaklega fram hér að gæta skuli náttúruverndarsjónarmiða. Nefndin fékk á sinn fund, eins og fram hefur komið hér, formann Náttúruverndarráðs, Eyþór Einarsson, og ræddi ítarlega við hann um staðsetningu verksmiðjunnar.

Í fjórða og síðasta lagi eru felld út úr frv. síðustu orðin sem stóðu í því upphaflega, þ. e. „við Fögruvík í Vatnsleysustrandarhreppi“, og segir aðeins: stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarheppi.

Ég veit að flestir hv. þm. vita hvar ætlunin er að reisa þessa verksmiðju. Fagravík er það sem flestir þekkja undir nafninu Kúagerði, þar sem Reykjanesbrautin liggur næst sjó og þar sem hálfnaður er vegur frá Reykjavík til Keflavíkur eða þar um bil. Þetta er einn af fallegustu stöðum á leiðinni suður með sjó þótt víða sé fallegt þar, eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason réttilega segir um sína heimabyggð. Ég átti þarna leið um síðast í gærdag. Það er raun að horfa á þennan ljóta steinsteypukumbalda sem risið hefur á hraunbrúninni þarna niður við sjó. Ekki mun það batna þegar þarna verður búið að hrúga upp haugum af hvers kyns brotajárni, ónýtum bílum, ónýtum skipum og hvers konar rusli sem nöfnum tjáir að nefna. Það verður enginn yndisauki á leiðinni milli Reykjavíkur og Suðurnesja. Ekki aðeins mun þetta stinga okkur í augun, sem eigum þarna leið um sem heimamenn, heldur munu þessir ruslahaugar fagna öllum erlendum gestum sem til landsins koma um Keflavíkurflugvöll.

Mér finnst það satt að segja frágangssök að láta sér detta það í hug að reisa þessa verksmiðju á þessum stað og ég vona og bind við það miklar vonir að Náttúruverndarráð láti þetta mál til sín taka. Eins og komið hefur fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv. Kristínar Ástgeirsdóttur eru þarna ýmis merk náttúrufyrirbæri, ekki kannske nákvæmlega þar sem þessari verksmiðju er ætlað að rísa, heldur í næsta nágrenni. Ég hafði jafnvel hugsað mér að flytja brtt. þess efnis að eitt af skilyrðunum væri að verksmiðjan risi ekki við Fögruvík, heldur einhvers staðar annars staðar. Nóg land á Vatnsleysustrandarhreppur þarna og ætti það ekki að standa í vegi fyrir því að verksmiðjuna væri hægt að reisa einhvers staðar annars staðar. Sem ég sagði bind ég vonir við að Náttúruverndarráð láti þetta mál til sín taka með þeim hætti að ekki komi til að verksmiðjan verði þarna reist.

Ég tel að þau skilyrði sem búið er að setja í þeirri brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur séu svo ströng að verjandi sé að greiða atkv. með þessu og sjá hvort starfsemi þessi geti farið af stað. En ef það kemur í ljós að þeir stálfélagsmenn halda fast við þá ætlun sína að reisa verksmiðjuna á þeim stað þar sem steypuskúrinn stendur nú á fjörukambinum mun ég gera allt sem í mínu valdi stendur til að koma í veg fyrir að sú framkvæmd komist á koppinn, ef svo má segja.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en vildi að þessi sjónarmið mín kæmu skýrt fram við 2. umr. málsins.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég er mikill áhugamaður um að þetta mál nái fram að ganga og að ríkissjóður veiti sjálfskuldarábyrgð á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju, en það er algert skilyrði til þess að sú verksmiðja fái það lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum sem hún hefur sótt um til að geta hafið rekstur sinn.

Fyrir mistök hefur nafn mitt fallið niður úr nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., en einmitt þess vegna sé ég sérstaka ástæðu til að láta það koma skýrt fram að ég styð samþykkt þessa frv.

Ég varð mjög undrandi fyrr í vetur þegar hæstv. iðnrh. gaf þá yfirlýsingu í fjölmiðlum að hann gæti ekki stutt byggingu þessarar verksmiðju því að sjónarmið hans og röksemdir stönguðust í veigamiklum atriðum á við þær staðreyndir sem fram væru komnar í málinu.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að nota hvert tækifæri sem býðst til þess að færa út grundvöll íslensks atvinnulífs. Hér er á ferðinni fyrirtæki sem ekki á sinn líka hér á landi, en hefur möguleika að byggja sig hér upp á hráefnum sem aðallega fást úr brotajárni. Þannig getur þetta fyrirtæki orðið til verulegs gjaldeyrissparnaðar þótt ekki verði um ýkjamikinn útflutning að ræða.

Þetta mál var undirbúið í tíð seinustu ríkisstjórnar og átti eindreginn stuðning hennar. Ég taldi það mjög miður þegar svo virtist fyrr í vetur að hæstv. iðnrh. ætlaði að jarða þetta mál. Ég hvatti mjög til þess í fjh.- og viðskn. Ed. að mál þetta yrði afgreitt og ég veit að það er hvorki formanni nefndarinnar né öðrum meðnm. mínum að kenna — eða a. m. k. ekki með vilja gert — að nafn mitt hefur fallið niður úr nál. Þar er áreiðanlega um einföld mistök að ræða.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Hugmyndin að byggingu þessarar verksmiðju er til komin vegna þess að Suðurnesjamenn hafa viljað leita fanga víðar en í sjávarútvegi, einkum vegna þess að atvinna hefur

verið stopul í þeim útvegi og framtíðarsýnin ekki ýkjabjört. Það hefur verið deilt nokkuð um hvort þessi verksmiðja eigi rekstrargrundvöll eða ekki og hlýtur það að byggjast á kaldrifjuðu mati hvort það takist eða ekki. Mér sýnist svo, eftir þeim upplýsingum að dæma sem ég hef undir höndum, að rekstur þessarar verksmiðju ætti að takast og því styð ég að hún verði reist.

En mér þykir það álit sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur fram afar undarlegt þó ekki sé meira sagt. Ekki síst eftir að hafa heyrt ræður þeirra sem að þessu áliti standa. Mér virðist sem það sé skrifað í þeim dúr að það sé alveg tryggt að fjmrh. veiti ekki þá ábyrgð sem þarna er talað um. Ég spyr formann n.: Hvaða skilyrði eru það sem fjmrh. mun setja fyrir þessari ábyrgð? Er það vitað? Er það gert viljandi að geta þess ekki hér?

Það eru ekki aðeins skilyrði sem fjmrh. á að setja, heldur líka ýmis önnur skilyrði sem hér eru tilgreind. Því er fleygt í þingsölum að nú sé alveg tryggt að verksmiðjan verði ekki byggð vegna þess að ráðh. muni aldrei veita þessa ábyrgð. Því spyr ég enn á ný: Er þetta rétt, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson?

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mér er ljúft að svara fsp. hv. síðasta ræðumanns að svo miklu leyti sem það er á mínu valdi eða yfirleitt á nokkurs manns valdi að segja nákvæmlega til um hvaða skilyrði, fyrir utan þau sem tilgreind eru í brtt., sem við hér flytjum, kynnu að verða sett.

Það er ljóst, þegar vitnað er til laga 37/1961, um ríkisábyrgðir, að Ríkisábyrgðasjóði er óheimilt að ábyrgjast meira en 70% af að ég hygg brunabótamati eða einhverju kostnaðarmati viðkomandi framkvæmda. Það skilyrði er algilt og allir fjmrh. verða því að hlíta. Til viðbótar er talað um 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar og þá ekki rekstrarkostnaði, ekki rekstrarfé, 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar skuli vera eigið fé eða hlutafé. Þetta hlutfall má segja að sé ágiskunarhlutfall, en það er þó ekki óalgengt að 30% af stofnkostnaði séu hlutfallið í slíku fyrirtæki. Þar að auki liggur fyrir og hefur komið fram á fundum n. að hlutafjársöfnun stendur enn þá yfir og einhver einstaklingur mun vera reiðubúinn að leggja fram 17—19 millj. í hlutafé til viðbótar því hlutafé sem fyrir er. Þannig ætti að verða unnt að ná þessu hlutfalli.

Hins vegar hefur komið á daginn að enn hefur enginn viðskiptabanki fengist til að taka þetta fyrirtæki í eðlileg bankaviðskipti og veita rekstrarlán. Það er líka upplýst að það sé algjör forsenda þess að aðallánið, lánið frá Norræna fjárfestingarbankanum, fáist að viðskiptabanki fáist til að taka fyrirtækið í viðskipti. Þess vegna held ég að það geri ekki forustumönnum um þessa byggingu skaða heldur gagn að þetta skuli beinlínis vera hér tekið fram vegna þess að það knýr á að fá svar við því hvort fyrirtækið fær hér eðlileg bankaviðskipti. Fái fyrirtækið þau ekki er lánið frá Norræna fjárfestingarbankanum alls ekki á lausu. Þá er allt jafn óljóst eftir sem áður.

Þriðja skilyrðið, um að gætt sé náttúruverndarsjónarmiða, er sjálfsagt, en formaður Náttúruverndarráðs var á fundi hjá okkur og ég gat ekki heyrt að það væri nein óvild af hans hálfu í garð fyrirtækisins. En að sjálfsögðu mun Náttúruverndarráð segja sitt álit á þessu eins og öðrum slíkum framkvæmdum.

Ég vona að þetta svari spurningu hv. þm. Meira get ég ekki sagt. Að öðru leyti er lagt í vald fjmrh. að taka um þetta ákvörðun þegar hann sér alla málavöxtu. En ég vil endurtaka að ég held að fá mál af þessu tagi hafi verið skoðuð meira en einmitt þetta því að við köllum til okkar fjölda sérfræðinga til að ræða þetta mál á sínum tíma og stjórnin kom margsinnis á fund til okkar og við vorum meira og minna daglega í sambandi við hana. En málið tók breytingum. Upphaflega var einungis hugsað um að hér yrði um völsun að ræða, það yrðu fluttir inn málmar í klumpum og járnið eða stálið valsað hér. Nú er hugmyndin sú að um bræðslu verði að ræða líka, eins og var raunar upphaflega áætlunin. Það virðist vera miklu líklegra til að skila árangri að fullvinna brotajárn, bræða það og vinna í steypustyrktarjárn og til einhverra annarra nota kannske líka. En hitt virðist ekki vera mjög arðvænlegur rekstur að flytja inn járn í klumpum til þess eins að valsa þá. Þessar aðstæður eru því breyttar. Þess vegna kom skriður á málið aftur og þess vegna leggjum við sex nm. til að þessi heimild verði veitt.

Ég vil gjarnan taka fram, úr því að ég kom hér í ræðustólinn og kannske hefði ég átt að gera það hvort sem er, að það er eingöngu mín sök að nafn hv. þm. Ragnars Arnalds féll niður af nál. Það eru miklar annir hjá okkur í Ed. í dag og mörg nál. voru samin eftir fund í hv. fjh.- og viðskn. fyrir hádegið. Af einhverjum sökum kom þetta nál. ekki í hendur hv. þm. Það er mér einum að kenna, enda hefur það verið leiðrétt. Hans nafn átti að sjálfsögðu að standa á þessu plaggi.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. En þar sem hæstv. fjmrh. er ekki hér ætla ég að beina spurningu minni til formanns n. og vonast til þess að hann geti gefið mér upplýsingar ef hann hefur þær á takteinum. Mig langar að vita hvað háar fjárupphæðir hafa fallið á ríkissjóð vegna ríkisábyrgða á þessu ári eða ef hann hefði upplýsingar um s. l. ár. Það er nefnilega ætlið verið að taka hér ákvarðanir um væntanlegar verksmiðjur og þær eiga að bera sig, en svo kemur annað í ljós.

Mér þætti vænt um ef þetta gæti komið fram við þessa umr. þannig að hv. þm. gerðu sér grein fyrir því hvaða ákvörðun þeir eru að standa að. Við höfum enga tryggingu fyrir því, þrátt fyrir breytingu á frv., að ekki falli þessar ábyrgðir á ríkissjóð standi verksmiðjan ekki undir sér.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Því miður verð ég að játa að mér er gjörsamlega ókunnugt um hve miklar ábyrgðir kunna að hafa fallið á Ríkisábyrgðasjóð á þessu ári. Ég hef engar upplýsingar um það, en það er vafalaust hægt að afla þeirra. Hvort það tekst utan skrifstofutíma veit ég ekki. Ég verð að segja þetta eins og satt er, enda ekkert meiri ástæða til að ég viti það en aðrir hv. þdm. því að við höfum ekki fengið neina reikninga í fjh.- og viðskn. eða yfirlit um stöðu Ríkisábyrgðasjóðs, reyndar ekki beðið um það. En auðvitað liggur það á lausu ef eftir er gengið og ég skal reyna að afla þeirra upplýsinga. (Gripið fram í.) Já, ef ég get fengið það uppgefið í kvöld. Ég veit það ekki. En ég skal fara í símann núna og vita hvort ég get náð einhverjum upplýsingum.

ATKVGR.
Brtt. 1215 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda, þáltill. 280. mál (þskj. 460, n. 1191 og 1197). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur margsinnis fjallað um þetta mál og m. a. fengið til viðtals þá Gunnar Guðbjartsson framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Inga Tryggvason formann Stéttarsambands bænda sem veittu margháttaðar og nytsamlegar upplýsingar og afhentu plögg sem í vörslu n. eru. forvitnileg plögg að ýmsu leyti en viðamikil og sett upp í kúrfu og mikla dálka. Við vorum að hugsa um það í n. að láta prenta þessar grg. með, en það hefði kostað ansi mikla vinnu og peninga. En ég vil geta þess að þessi gögn eru til í vörslu fjh.- og viðskn. og geta menn haft að þeim aðgang og séð þar ýmislegt fróðlegt.

Raunar er það á allra vitorði að afurðasölufyrirtæki hafa skilað misjafnlega vel verði afurðanna til bænda. Greiðslur hafa dregist hjá sumum, öðrum minna, sumum ekki neitt. Það er allur gangur á því. Um það eru allir nm. sammála að mismunandi sé að þessu staðið og hagur fyrirtækjanna raunar misjafn líka. Það eru allir sjö nm. sammála um það, eins og fram kemur í nál. minni hl., hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Hins vegar hefur hann ekki talið ástæðu til að samþykkja þetta mál og gerir sjálfsagt grein fyrir því á eftir.

Við hinir nm. teljum eðlilegt og sjálfsagt að samþykkja till. og viljum aðeins hafa þann fyrirvara að þar sem um gjafsókn er að ræða er hún hugsuð einungis þannig að hún sé veitt vegna einstakra prófmála eða reynslumála til að fá skorið úr um hver réttur bænda sé í þessu efni.

Þess er að geta að Stefán Benediktsson sat fundi n. og er samþykkur þessu áliti meiri hl.

Frsm. minni hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um till. til þál. um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda. Ég er einn á báti í þessu nál. og vil fara örfáum orðum um ástæður þess, en þó mun ég ekki tala langt mál. Ég skila áliti sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa viðskipti afurðasölufyrirtækja við bændur verið rekin á grundvelli umboðssölu. Afurðafyrirtækin hafa skilað bændum því verði sem fæst við sölu vörunnar að frádregnum vinnslu- og dreifingarkostnaði. Nú á síðustu árum hefur vantað upp á hjá þorra afurðasölufyrirtækja að endanlegt verð til bænda næði grundvallarverði sem ákveðið er af sexmannanefnd. Þó er það ekki einhlítt og sum afurðasölufyrirtæki hafa náð að greiða fullt verð eða yfirverð.

Umboðssölufyrirkomulagið er með fullu samkomulagi bænda og afurðasölufyrirtækja, enda eru bændurnir í flestum tilfellum eigendur þeirra þar sem þorri þeirra er rekinn á samvinnugrundvelli.

Málarekstur af því tagi, sem í þáltill. felst, er því óþarfur og leggur minni hl. til að till. verði felld."

Ég vil taka það fram, láta það koma skýrt fram, að hér á ég við það sem liðið er. Markmiðið að bændur fái greitt fullt verð er í fullu gildi og ég lýsi heils hugar stuðningi mínum við það, enda er ákvæði þess efnis í frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem er í umfjöllun hér í hv. Alþingi. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi mínum við það ákvæði sem kveður á um að bændur fái greitt út fullt verð fyrir sínar afurðir og tel sjálfsagt að breyta því.

Hins vegar verður að tryggja fjármögnun í því sambandi, að tryggja það í gegnum afurðalánakerfið að afurðasölufyrirtækin hafi fjármagn til að greiða vöruna út og er brýnt að ganga svo frá. Í umræðum um þessi mál hefur oft verið gert æðimikið úr því að afurðasölufyrirtækin hafi peninga af bændum og menn hafa ekki dregið fram í dagsljósið þá staðreynd eða viðurkennt hana að umboðssölufyrirkomulag hefur verið í gildi. Ég tel að það eigi að viðurkenna og þessi málarekstur sé því ekki rökréttur, enda eru bændur sem félagar í afurðasölufyrirtækjum, sem rekin eru á samvinnugrundvelli, eru langsamlega flest afurðasölufyrirtæki landsins, eigendur að þeim fyrirtækjum og hafa samþykkt þennan hátt mála á félagslegum grundvelli.

Ég vil að lokum endurtaka að að sjálfsögðu styð ég það heils hugar að þessum málum verði breytt og nú verði tekið upp það fyrirkomulag að greiða bændum út fullt verð fyrir afurðir sínar.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. hefur n. rætt þetta mál ítarlega og fengið til viðtals við sig ýmsa snjalla menn og gáfaða sem hafa veitt ýmsar nytsamlegar upplýsingar.

Ég er því eindregið hlynntur eins og meiri hl. n. að afurðasölufyrirtækin skili bændum fullu verði og geri það fljótt og vel. Þess vegna styð ég efni till. Hins vegar skrifa ég undir með fyrirvara. Ég hefði kannske kosið að gera grein fyrir þeim fyrirvara mínum með skriflegum hætti, en ekki varð þó af því og verð ég því að láta duga að gera grein fyrir fyrirvara mínum munnlega og vonast til að það komist jafnvel til skila fyrir því.

Minn fyrirvari er ósköp einfaldlega sá að ég vænti þess að jafnhliða því sem þessari nýskipan sé komið á sé afurðasölufyrirtækjum og samvinnufyrirtækjum gert kleift með fjármagnsútvegun að standa undir þessari stefnumörkun. Ég hygg nefnilega að að öllu óbreyttu og án frekari fjármagnsfyrirgreiðslu sé ekki unnt að ná þessu markmiði með auðveldum hætti. Mér er t. d. fullljóst að skyld ákvæði í frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins eru þess eðlis að þau verða aldrei annað en nafnið tómt nema til komi aukið rekstrarfjármagn í þessu skyni.

Ég harma að rekstrarfé til landbúnaðarins hefur verið skorið niður á liðnum tveimur árum. Þetta var viðurkennt í svari hæstv. viðskrh. við fsp. sem ég bar fram í desember s. l. og hefur raunar víðar komið fram. Rekstrarfé til landbúnaðarins hefur verið á niðurleið og með sama áframhaldi verður enn vonlausara en áður að ná því sjálfsagða markmiði sem þessi till. gengur út á.

Ég styð efni og markmið þessarar till., finnst sjálfsagt að veita henni brautargengi, en vara við því — og í því er fyrirvari minn fólginn — að án sérstakrar fjárútvegunar, lánsfjárútvegunar, verður efni till. ekki framkvæmt.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umræðu hér í Ed. fyrr á þessu þingi hafði ég uppi efasemdir um það og hef raunar enn. Ég benti á það þá og geri það raunar enn — reyndar hafa aðrir gert það — að fjölmörg afurðasölufyrirtæki eru í eigu bænda og um vörurnar hefur verið fjallað í umboðssölu eins og kunnugt er, þ. e. vörurnar hafa verið eign bænda nánast þangað til þær eru komnar á borð neytandans.

Nú má enginn skilja orð mín svo að ég standi með einum eða öðrum hætti gegn því að bændur fái sínar vörur fyrr greiddar en verið hefur, síður en svo, enda gefa tillögur tilefni til að ætla allt annað sem fram koma í því frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem ég hef átt aðild að semja með fleiri mönnum. Hins vegar snýr þessi till. þannig við mér að málarekstur af því tagi sem hugsanlega leiddi af samþykkt hennar og framkvæmd, yrði í meginatriðum af því tagi að bændur hitti sig sjálfa fyrir í þeim málarekstri. Ég benti á þetta fyrr á þinginu og geri það enn. Þess vegna tel ég að samþykkt þessarar till. sé raunar út í hött.

Hér hafa hv. ræðumenn vikið — eins og ég hef raunar gert sjálfur — að nýju frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Ég held, enda þótt ég hafi minnst á þetta mál, að ekki sé ástæða til að blanda þessari till. saman við það sem þar er gert ráð fyrir. Hér er að mínum dómi fyrst og fremst verið að víkja aftur í tímann. Við eigum fyrst og fremst að horfa fram á við og það gerum við — sem e. t. v. verður — með samþykkt frv. um landbúnaðarmálin.

Hv. 4. þm. Austurl. Jón Kristjánsson er með sérálit í þessu máli. Ég mun fylgja honum að málum og er sú liðveisla mín í takt við þá afstöðu sem ég lét uppi við umr. fyrr á þinginu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það skulu ekki verða mörg orð um þetta þó mikilvæga mál, þ. e. rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Hugur 1. flm. þessarar till. hefur komið fram áður í þinginu og hefur komið fram á þann hátt að hann hefur viljað breyta fyrirkomulaginu á þessu kerfi öllu og fengið m. a. s. um það samþykkta till. á Alþingi sem reyndar hefur ekki verið framkvæmd (**Gripið fram í:** Á sex árum.) á sex árum. Þess vegna veit ég að það fylgir mikill og góður hugur að baki hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni þegar hann flytur till. af þessu tagi.

Nú er það auðvitað rétt að afurðasölufyrirtækin eru misjafnlega í stakk búin til að ganga frá skilum til bænda. Það er hins vegar staðreynd, sem við þekkjum mætavel, að allir sem koma að sölu þessara vara og þjónustu á einhvern hátt hafa allt sitt á þurru. Ég hef ekki heyrt um að neinir þeir aðilar þyrftu að kvarta undan því að þeir fengju ekki fullt verð fyrir sína þjónustu. Það sem á hefur skort hefur alltaf verið látið bitna á bændum sjálfum. Skilin til þeirra, ef ekki hefur tekist að ná fullu grundvallarverði, hafa setið á hakanum, en aðrir aðilar hafa haft allt sitt á hreinu.

Það hefur oft verið talað um að slátrunarkostnaður á haustin hjá sláturhúsunum væri mikill og ylli þar miklu um vöruverð á landbúnaðarvörum, dilkakjötinu. En ég sá það nýlega skjalfest að umboðskostnaður SÍS, heildsölu- og skrifstofukostnaður ýmiss konar, var mun hærri á hvert kg en sá margumtalaði kostnaður sem fer til verkafólksins sem vinnur að því að slátra fénu á haustin. Vitanlega er þetta allt umhugsunarefni og von að menn þreytist á því að sjá svo farið að málum eins og hér hefur verið gert ár eftir ár. Hins vegar er það rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að vitanlega þarf að vera tryggt fjármagn til afurðasölufyrirtækjanna svo að þau geti að þessu staðið, eðlileg lánsfyrirgreiðsla þannig að þau geti staðið við sínar skuldbindingar. Það hefur skort.

Hér hefur verið vitnað til þess að batnandi tíð með blóm í haga sé að renna upp ef menn beri gæfu til að samþykkja það frv. sem enn er í Nd. og enginn veit enn þá um hve margar brtt. fæðast við og verða samþykktar, ef það nær fram að ganga, og það er talað um að þar sé skýrt að orði kveðið á pappírnum um að full skil til bænda séu tryggð á afurðaverðinu. Sannarlega skulum við vona að svo verði. En enn þá veit ég ekki til þess að neinar bindandi yfirlýsingar liggi fyrir um það að svo verði nema þá að ríkisstj. gefi út um það ótvíræða yfirlýsingu að hún ábyrgist þessa hluti að fullu og öllu. Ég veit ekki til að fyrir liggi yfirlýsingar frá bankakerfinu um að þetta sé tryggt. Og enn þá er það mín skoðun að það fyrirkomulag, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. lagði til í till. á árum áður sem hann fékk samþykkta, hefði átt að athuga miklu betur og kanna hvort ekki væri unnt að hrinda því í framkvæmd þannig að bændur fengju örugglega það verð sem þeim er ætlað að lifa af og byggja sína lífsafkomu á, en ekki tryggja að allir aðrir aðilar, sem koma að þessu máli, hafi sitt á þurru.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að hafa langar ræður um þessa till. Hins vegar finnst mér að það gæti nokkurs miskilnings í þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað.

Þessi till. fjallar um að það skuli gera upp við bændur það sem á skortir að þeir hafi fengið það verð sem þeim hefur borið allt aftur til ársins 1947. Um það fjallar þessi till. Hún fjallar ekki um það hvenær átt hefði að greiða þetta eða hvernig þessum málum skuli skipað í framtíðinni. Hún hefur þá þýðingu að kveða skýrt á um þá skoðun Alþingis að þetta hafi bændum borið í öll þessi ár. Menn geta svo velt ýmsu öðru náskyldu fyrir sér í þessum efnum eins og kom fram hjá þeim tveimur hv. Alþb.-mönnum sem töluðu áðan, en þetta er efni till. og um þetta snýst afgreiðsla hennar.

Það fer að verða dálítið þreytandi að heyra menn stöðugt vera að tala um að það hafi gilt umboðssöluskipulag á þessum málum frá árinu 1947. Það er meginmisskilningur. Þá var umboðssalan lögð niður. Þá var byrjað á því að skrá verð eins og varan átti að kosta og auðvitað hefði átt allan þennan tíma að greiða hið skráða verð. Menn gátu hins vegar komið sér saman um hvenær ársins það væri greitt.

Ég hygg að það sé afar létt verk fyrir lögfróða menn eða þá ef meiri tími gæfist hér að sanna þetta. Þannig gekk þetta, með mjög líkum hætti eða kannske alveg sama hætti og í viðskiptum í sjávarútvegi. Ég hygg að það hafi verið dómsúrskurður sem réði þeirri niðurstöðu að greitt skyldi fullt verð til sjómanna og útvegsmanna en ekki skert verð. Bændur hafa legið eftir í þessum efnum.

Það má kannske segja að tímarnir séu breyttir frá því sem var t. d. árið 1947 því að þá var langstærsti hlutinn af kostnaðinum við búvöruframleiðsluna kaup sveita-

fólks sem við þá framleiðslu vann. Þar af leiðandi má kannske segja að það hafi ekki verið svo stórhættulegt fyrir afkomu fólksins þá þótt fullt skilaverð kæmi ekki í þess hlut. En nú er þetta breytt. Ef við lítum á heildsöluverðið sem slíkt er hlutur milliliðanna jafnstór og vinnuliðurinn er í heildsöluverðinu. Mig minnir að árið 1983 hafi launaliðurinn í heildsöluverðinu verið 27%, en sölu- og dreifingarkostnaður hafi þá numið 26.8%. Þegar koma svo skerðingar á þetta, eins og hefur þráfaldlega gerst á undanförnum árum, skilaverðið hefur ekki komið til þeirra sem það áttu að fá, kemur það til frádráttar á þessum fátæklega launalið eins og hann er nú orðinn. Það er einmitt það stórhættulega í þessu máli.

Mér fannst ástæða til að vekja athygli á þessu tvennu í sambandi við þessa umr. Í fyrsta lagi höfum við alls ekki búið við umboðssölu í landbúnaði, ekki gagnvart hinum hefðbundnu búgreinum, síðan framleiðsluráðslögin voru sett. Þá var byrjað að skrá verð sem bóndinn átti að fá. Hins vegar vek ég athygli á að þessi till. fjallar um staðfestingu á þessari skoðun að bændum hafi borið fullt verð öll þessi ár og er hún kannske þess vegna ekki að fullu leyti í takt við aðrar tillögur um rétt skil sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur svo ötullega barist fyrir með þeim árangri að enginn treystir sér nú orðið að mæla því gegn að bændur eigi að fá laun greidd með sama hætti og aðrir þegnar í þessu þjóðfélagi. Má þá segja að þeir blindu hafi fengið sýn í þeim efnum.

Frsm. minni hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið umr. um þetta mál, en árétta ein tvö atriði sem komu reyndar fram í máli mínu áðan.

Ég mun ekki fara í umræður við hv. 11. landsk. þm. um framleiðsluráðslögin almennt. Hins vegar vil ég taka það fram að ég er ekki þeirrar skoðunar að umboðssöluviðskipti hafi verið afnumin með framleiðsluráðslögunum 1947. Mikið má þá langlundargeð bænda vera ef menn hefðu ekki látið á það reyna á öllum þeim tíma.

Sannleikurinn er sá að þarna er um deilumál að ræða, en það breytir því ekki að hér hafa menn unnið að í fullu samkomulagi. Bændur hafa samið við sín afurðasölufyrirtæki um að taka af þeim framleiðsluvörurnar, selja þær í umboðssölu. Yfirleitt hafa afurðasölufyrirtækin skilað fullu verði nema á síðari árum. Ástæðan er, eins og við vitum, að fjármagnskostnaður hefur verið vanmetinn í verðlagsgrundvellinum.

Ég ætla ekki að fara út í umræður um milliliðakostnaðinn eða fara að verja það kerfi. Það má áreiðanlega ýmislegt bæta í þeim sökum. Hér hafa menn ákveðið vissa stefnumörkun, ætla að breyta um og taka upp annað fyrirkomulag. Ég hef lýst því yfir að ég styð það. En þessi till. tekur til fortíðarinnar og hún er órökrétt eins og hún er fram sett.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Nd.

Sala Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar, þáltill. 293. mál (þskj. 474, n. 1192 og 1196, 1193). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 474 hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ásamt þeim hv. þm. Eiði Guðnasyni og Stefáni Benediktssyni flutt till. til þál. sem kveður á um að selja skuli Grænmetisverslun landbúnaðarins og Áburðarverksmiðjuna. Eins og fram kemur á nál. sá nefndin sér ekki fært að leggja til að Áburðarverksmiðjan yrði seld og kannske ekki trúlegt að auðvelt verði að finna kaupendur að henni eins og hennar fjárhag er komið. Afgreiðslan lýtur þannig einvörðungu að sölu á Grænmetisverslun landbúnaðarins.

Hér hefur verið rætt um frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og enn er hægt að vitna til þess þar sem þar er lagt til nákvæmlega það sama og kemur fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Og má kannske segja að afgreiðsla hennar sé til frekari áréttingar á þeim markmiðum sem þar koma fram. Kannske er hún líka góð sönnun þess hversu hugkvæmur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er því að þessa till. var hann búinn að flytja og skýra í Ed. áður en framleiðsluráðslagafrv. sá dagsins ljós og var að sjálfsögðu til þess horft við samningu þess.

Eins og ég hef áður sagt frá liggur nál. fyrir á þskj. 1192 og skýrir sig sjálft til viðbótar því sem ég hef hér frá sagt.

Frsm. minni hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um till. til þál. um sölu Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar og enn er hægt að vitna til frv. um verðmiðlun og sölu á búvörum þar sem gert er ráð fyrir að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði breytt. Ég tel því eða minni hl. n. sem ég skipa einn, eins og í málinu sem var hér á undan til umr., að ekki sé rökrétt að slíta þessa einu ráðstöfun úr tengslum við framkvæmd þess lagafrv. Ég tek í sjálfu sér ekki afstöðu til þess þó það kunni vel að vera að rétt sé að selja þetta hús, en ég legg til að málinu verði vísað til ríkisstj., og fái hún framkvæmdavald í þeim málum vegna þess að þeir ráðherrar sem um málið fjalla fá væntanlega það verkefni að framkvæma þau lög um verðmiðlun og sölu á búvörum sem samþykkt verða hér í hv. Alþingi ef af því verður að þau fái afgreiðslu hér fyrir þinglok sem ég býst við að verði.

Það kom reyndar fram í ræðu frsm. meiri hl. hér áðan, hv. 11. landsk. þm., að meiri hl. n. hefur fallið frá sölu á Áburðarverksmiðjunni vegna þess að þegar menn settust niður við að hugsa málið sáu menn ekki að kaupendur mundu finnast. Það getur nú bent til þess að í þessari sölumennsku allri saman, sem ríður yfir núna og sem er mikið umtöluð og rekur hvert frv. annað um að selja ríkisfyrirtæki og fyrirtæki því tengd, sé gott og hollt einstöku sinnum að hugsa málið aðeins. Því legg ég til að þessu máli verði vísað til ríkisstj. og hún ákveði næsta skref. Auðvitað ber ég fullt traust til ríkisstj. og trúi því ekki að hv. þm. hafi á móti því að fela henni framkvæmd þessa máls, a. m. k. ekki þeir þm. sem styðja hana.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er eitt sölumálið á ferðinni enn, en mér þykir heldur lakara að hv. 11. landsk. þm. skuli ekki vera í sínum skrifarastól.

(**Forseti:** Það er hægt að bjarga því.) Já.

Eitt leikur mér forvitni á að vita við þessa umr. Það er hvort hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson ætlar að fylgja þessari till., eins og hann hefur raunar þegar lýst yfir, eða því frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem hann ásamt mér og fleirum hefur staðið að að semja, en þar er vikið að Grænmetisverslun landbúnaðarins. Ég kemst ekki hjá því að geta um þetta og í því sambandi neyðist ég til að hafa yfir 52. gr. þess frv. þar sem einmitt er vikið að Grænmetisversluninni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal hætt frá og með 1. júní 1986.

Landbrh. er þó heimilt að ákveða að breyting skv. 1. mgr. verði fyrr, enda hafi þá náðst samkomulag við aðila skv. 3. mgr. um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki Grænmetisverslunar landbúnaðarins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá ekki ná til þeirra starfsmanna Grænmetisverslunar landbúnaðarins sem njóta lögkjara skv. þeim lögum."

Síðan segir:

„Heimilt er landbrh. að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Þá er ráðh. heimilt að leigja sömu aðilum núverandi fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti."

Ég hirði ekki um að lesa lengra.

Mér vitanlega er hv. þm. Egill Jónsson á því að þessi ákvæði nefnds frv. nái fram að ganga þar sem ekki er gert ráð fyrir sölu fasteigna heldur leigu á þeim, en sölu á öðrum munum Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Og fyrirgefi hv. þm. mér það að varpa þeirri spurningu til hv. 11. landsk. þm. Egils Jónssonar hvað valdið hafi þessari stefnubreytingu hjá hv. þm. hafandi setið yfir samningu líklega nokkuð merkilegs máls í um það bil tvö ár.

Er kannske von á brtt. við frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum í takt við þá till. sem hér er til umr. og hv. þm. hefur lagt lag sitt við?

Mér finnst einhvern veginn að hv. þm. hafi með afstöðu sinni til þessa máls orðið það sem sumir kalla að vera tvísaga. Ég get ekki að því gert.

Herra forseti. Ég hef engu við þetta að bæta. Ég tek heilshugar undir álit hv. 4. þm. Austurl. Jóns Kristjánssonar um að vísa þessari till. til ríkisstj.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Með því að 52. gr. í nýju frv. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. fer efnislega alveg saman við þáltill. á þskj. 474 mun ég að sjálfsögðu heilshugar styðja þetta þarfa og ágæta mál á báðum stöðum og reyndar víðar ef ég mætti því við koma.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1196, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 11:5 atkv.

Brtt. 1193,1 (ný tillgr.) samþ. með 11:2 atkv.

Brtt. 1193,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 11:3 atkv.

Þáltill., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv. og afgr. til Nd.

Sérstök fjáröflun vegna húsnæðismála, frv. 525. mál (þskj. 1108, n. 1194, 1199 og 1207). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vitna að vísu einungis til nál. á þskj. 1194 þar sem 1. minni hl. gerir grein fyrir því að hann muni greiða atkv. gegn frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

Nefndin þríklofnaði um málið og varð ekki til meiri hl. í henni, en 2. minni hl. n. leggur til, eftir að hafa fjallað um frv. í n. ásamt öðrum nm., að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 3. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það væri synd að segja að menn væru að tefja þingstörf með málþófi. Við 2. umr. þessa máls, sem er býsna stórt mál, hafa menn verið mjög stuttorðir og ég skal svo sem ekki lengja þessa umr. neitt að ráði þó ég hafi kannske um málið nokkuð fleiri orð en þeir tveir hv. þm. sem hafa talað á undan mér.

Þetta frv. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986 var flutt af stjórnarliðum, hv. þm. Páli Péturssyni, Friðrik Sophussyni, Halldóri Blöndal og Þorsteini Pálssyni, í fjh.- og viðskn. hv. Nd. Þar hafa þessi mál hlotið mikla og ítarlega umfjöllun. Sömuleiðis hefur stjórnarandstaðan haft samstöðu í viðræðum við ríkisstj. um að freista þess að lagfæra málefni húsbyggjenda nokkuð frá því sem verið hefur. Þar hefur kannske dálítill árangur náðst, þó ekki sé mikill, hvergi nærri fullnægjandi. Þetta frv. mun hafa verið flutt af þeim fjórmenningum úr fjh.- og viðskn. Nd. þar sem hæstv. fjmrh. treystist ekki til að flytja frv. um hækkun söluskatts enda þótt hann muni síðar hafa á það fallist að styðja málið.

3. minni hl. fjh.- og viðskn. hv. Ed. lýsir sig eindregið andvígan þeirri tekjuöflunarleið sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir og vísar til þeirra tillagna sem stjórnarandstaðan hefur þegar lagt fram um tekjuöflun til húsnæðismála, ítarlegra tillagna. Raunar má vísa til fleiri atriða. Hér var til umræðu fyrir fáum dögum frv. um að lækka bindiskyldu Seðlabankans til að greiða fyrir aðstoð við húsbyggjendur. Ekki var þar um tekjuöflunarleið að ræða að vísu, en það mál var til þess fallið að greiða fyrir aukinni aðstoð bankakerfisins við þá sem berjast nú í bökkum vegna erfiðra lána og mikillar greiðslubyrði vegna þeirrar stefnu sem ríkisstj. hefur fylgt.

Þar sem hv. talsmaður 1. minni hl. í þessu máli var svo hógvær að hann vísaði aðeins til síns nál. langar mig með leyfi forseta, að vitna til hans nál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hækkun söluskatts nú er röng ákvörðun. Gagnstætt þessu ætti að reyna að standa við marggefin fyrirheit um skattalækkanir til að tryggja vinnufrið og kveða verð-

bólguna í kútinn. Lækkun okurtolla og skatta á brýnustu nauðsynjavörur hvers einasta manns er nú sem fyrr vænlegasta úrræðið, enda hefði slík skattalækkun tvíefld áhrif, hún gerði launafólki kleift að una við minni kauphækkanir og hún væri bein aðgerð gegn verðbólgu gagnstætt þessu frv."

Hér er ekki töluð nein tæpitunga. Enn fremur er rakinn vandi húsbyggjenda og segir hér:

„... í stað þess að „loka" viðskiptabönkum og sparisjóðum og færa allt fjármálalíf þjóðarinnar til útlanda, en sprengja upp vexti á „almennum" markaði innanlands því að engum er heimilað að gefa út peninga, starfsfé, ávísanir á mikla auðlegð lands og þjóðar svo að jafnvægi geti myndast á peningamarkaði og mismunun og ranglæti linni. Hér er fylgt tveimur andstæðum stefnum, annars vegar eru vextir frjálsir en hins vegar er hindrað að framboð fjár sé eðlilegt." Þetta er auðvitað hárrétt.

„Að því er söluskattshækkun nú varðar til aðstoðar húsbyggjendum er auk þess um að ræða kaldhæðnislega þversögn," segir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og segir ríkisstj. sína meiningu alveg umbúðalaust. „Skatturinn leggst auðvitað með margföldum þunga á þá sem eru að byggja. Þeir þurfa ekki einungis að borga hækkunina á neysluvörunum eins og aðrir, heldur til viðbótar söluskattshækkun á öllu því sem til íbúðarinnar þarf, einmitt þegar erfiðleikarnir eru mestir. Þess er þá að gæta að gífurlega há aðflutningsgjöld eru lögð á ýmsar byggingarvörur, svo sem á hreinlætistæki og eldhúsbúnað, en ofan á þau og álagningu leggst söluskatturinn með miklum þunga. Og svo má húsbyggjandinn, þegar greiðslubyrði hans er þyngst, eiga von á stórhækkuðum eignarskatti ef honum kynni að auðnast að halda húsinu og flytja inn í það."

Síðan segir hér: „Engin orð er unnt að hafa um það ákvæði að „Af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála ..." af því að ríkissjóður er svo illa haldinn að hann getur ekki greitt upphæðina," segir hv. þm.

Hann segir líka: „...skattheimta þessi er ekki hugsuð til að mæta einhverjum halla eins sjóðs eða annars innan lands eða utan. Hér er einungis um það að ræða að færa fé frá almenningi til ríkisins sem það síðan lánar út með fullri verðtryggingu og vöxtum. Það er með öðrum orðum verið að færa eignarráðin frá fólkinu til ríkisins." Og hv. þm. leggur til að þetta frv. verði felld.

Það er ýmislegt hér fleira sem mætti geta og væri ástæða til því að hv. þm. var allt of hógvær í sinni framsöguræðu. Mér finnst alveg nauðsynlegt að þessi ummæli hans finnist ekki aðeins í skjalahluta Alþingistíðindanna heldur séu þau líka í umræðuhlutanum. Það er margt hér gott og skynsamlega sagt eins og hans er von og vísa.

Hann ræðir um margítrekuð fyrirheit um skattalækkanir og segir að hér sé fylgt fordæmi vinstristjórnar frá 1978 sem hafi kristallast í svokölluðum Ólafslögum þar sem ofstjórnaræðið hafi verið lögfest. Þessi stefna hafi gengið sér til húðar árið 1983 þegar verðbólguhraði var kominn í 130% miðað við eitt ár, erlendar skuldir höfðu hrannast upp í mesta góðæri Íslandssögunnar og gjaldmiðillinn var hruninn. Úrræðin hefðu ætíð verið þau að dengja yfir nýjum sköttum, einkum neysluköttum, í kjölfar gengisfellinga og kjaraskerðingar eða sem fyrirboða slíkra aðgerða. Samhliða hafi verið hindrað að íslenskir peningar mættu vera í umferð til annarra en útvaldra og sjávarútveginum komið á vonarvöl þegar hvergi var starfsfé að fá nema á okurkjörum hjá Aröbum og Ameríkumönnum. Þennan vítahring ætlaði ríkisstj. að rjúfa og tókst framan af margt vel og enn er unnið að umbótamálum, en meginstefnubreytingin í skatta- og peningamálum hefur látið standa á sér.

Þetta er auðvitað hverju orði sannara. Það bólar ekkert á þessari stefnubreytingu.

Hann rekur það enn fremur í sínu ágæta nál. um marga hluti að söluskattur hafi verið hækkaður á síðasta þingi um hálfan af hundraði án þess að sú aðgerð einangruð skipti öðru máli en því að auglýsa fyrir alþjóð að ofsköttunarstefnunni skyldi nú haldið áfram þrátt fyrir gagnstæð loforð.

Allt þetta nál. er auðvitað slíkur áfellisdómur um efnahagsmálastjórn ríkisstj. sem nú situr að ég hygg að lengi megi leita í þskj. til að finna viðlíka dóm sem einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnar kveður upp um efnahagsmálastefnu hennar. Er þetta vissulega athyglisvert.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessa umr. af minni hálfu öllu lengri. Afstaða 3. minni hl. er skýr. Hann er andvígur hækkun söluskattsins, þeirri tekjuöflunarleið, og mun greiða atkv. gegn tillögum um að hækka söluskattinn með þessum hætti.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það væri vissulega, eins og hv. 5. landsk. þm. kom inn á, ástæða til allsherjarumræðna hér um húsnæðismálin. Þar hafa vandamálin vissulega hrannast upp, seinkun lána, óvissa um lán og lánsupphæðir, og lánabyrðin þó þyngst alls sem hefur afdrif hinna ótalmörgu heimila í greip sinni. En okkar ágæti hæstv. félmrh. er fjarverandi og því er óviðeigandi að fara mjög náið út í það mál hér. Ég kann því ekki þegar hæstv. ráðh. er fjarri og er með fjarvistarleyfi. Ég bendi hins vegar á að öll svör hans varðandi vanda fólks hafa verið miklar talnaþulur um prósentuaukningu útlána og fleira í þeim dúr.

Hitt er kannske ekki síður merkilegt, hversu hann hefur borið samráðherrum sínum söguna. Ég hef tekið eftir því að hæstv. félmrh. hefur margítrekað að hann hafi lagt fram fullmótaðar tillögur til að leysa vanda húsbyggjenda, hann hafi lagt fram fullmótað frv. í ríkisstj. um þessi mál. Ég man eftir því að í janúar var í fjölmiðlum ágætis kynning á miklum aðgerðum sem hæstv. félmrh. hugðist þá beita sér fyrir. Ég efast ekki um að hæstv. félmrh. fer þarna með rétt mál, hann hafi lagt þessar tillögur fram í ríkisstj., en hann hafi hreinlega ekki komið þeim í gegn. Einhverjir samráðherrar hans hafi hindrað að þær tillögur, sem hann gjarnan stærir sig af að hafa flutt fullmótaðar, næðu fram að ganga. Þeir hafi komið í veg fyrir það.

En almenn umræða um þessi mál verður ekki hér og nú að honum fjarverandi þó að freistandi væri því það er vösk liðsveit að baki hæstv. félmrh. í þessu máli öllu, nánar tiltekið eru það flokkarnir tveir sem nú standa að stjórn landsins sem í síðustu kosningahríð lofuðu öllum 80% lánum til langs tíma með vægum kjörum og eru einhver gullvægustu ásýndum en jafnframt léttvægustu loforð sem menn hafa kynnst í kosningum og er þá mikið sagt.

Hv. 5. landsk. þm. hefur tekið af mér það ómak að fara í úttekt hv. þm. Eyjólfs Konráðs á þessum þætti mála hjá hæstv. ríkisstj. Uppgjör hans er skýrt og

afdráttarlaust eins og hans er von og vísa. Lýsing hans á vanefndum í meginatriðum stjórnarstefnunnar er vissulega hörð og óvægin. Það kemur manni ekkert á óvart þó að hæstv. forsrh. dæsti hér þunglega á dögunum og kvartaði yfir óþekktaröngunum í þingliði stjórnarflokkanna sem hann þyrfti að glíma við nætur og daga. Eitt er ljóst, að sú glíma verður áreiðanlega örðug ef hann ætlar að leggja hv. 4. þm. Norðurl. v. á klofbragði í þeim efnum eða hvaða bragð sem hann hyggst nú nota til að ná sér niðri á hinum óþekku stjórnarliðum sem gera honum svo erfitt fyrir að ná í gegn þeim málum sem hann vill nú böðla í gegnum þingið.

Það er ástæða til að benda á það við þessa umr. að húsnæðismál okkar öll eru í ógöngum. Við þekkjum þá sögu. En það ber líka að hugleiða í tengslum við þetta mál hvað hefði í raun og veru gerst, hvað væri á borðum okkar þm. ef sameinuð stjórnarandstaða hefði ekki krafist aðgerðar. Ég lít svo til að það frv. sem er hér á borðum okkar einnig núna, um greiðslujöfnuð fasteignaveðlána, hefði verið það eina sem við hefðum haft núna fyrir þinglokin til að fjalla um í þessum málum. Ég veit ekki til þess að án þessarar kröfu hefði sú lausn til handa þúsundum sem stynja undan okurvöxtum og ránskjaravísitölu fengist sem hér er áfangi að, sbr. orð hæstv. félmrh. að það hefði ekkert verið gert þó hann hefði lagt fram í ríkisstj. fyrir löngu fullbúin frv. og fullmótaðar tillögur til lausnar þessa vanda.

Það þarf ekki að rifja það upp hver ástæða er fyrir því að svo er komið málum. Aðgerðir hæstv. ríkisstj. vorið 1983 valda hér auðvitað mestu um. Þá er uppfundin sú mikla lausn á öllum efnahagsvanda þjóðarinnar sem menn þekkja nú reyndar best af orðum hæstv. forsrh. sem segir að þar hafi menn gert gífurlega vitleysu. Það hafði sem sagt einhver platað hæstv. forsrh. eins og löngum áður því það er ekki í fyrsta skipti sem hann hefur verið plataður til að gera vitleysur. — Lausnin var sem sagt fundin með því að taka kaupið úr sambandi á meðan allt annað æddi upp. Misgengið var fullkomnað og vinnustundum fyrir lánsafborgun fjölgaði jafnt og þétt. Þetta er allt rétt að rifja upp, ekki síst með tilliti til þess hvað sagt var fyrir síðustu kosningar um það að við leystum vanda okkar efnahagslífs, okkar þjóðlífs í raun með því að taka kaupgjaldsvísitöluna í burtu. En það fór bara svo að hún var ein tekin úr sambandi. Allt hitt hélt áfram.

Hv. 11. þm. Reykv. Kristín Ástgeirsdóttir fór um þetta frv. nokkrum orðum í 1. umr. og minnti þá á vanda leigjenda ekki síður en vanda húsbyggjenda. Um það skal ég fara örfáum orðum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að áherslan á að menn ættu eigið húsnæði og ættu það sem allra fyrst, að vísu á pappírnum eins og verið hefur nú um stundir, hafi verið óeðlilega mikil og sterk hér. Að vísu er það bein afleiðing af hinum erfiða og um leið takmarkaða leigumarkaði sem verið hefur og sem sums staðar er tæplega til. Það ætti því að leggja eðlilega áherslu á framboð leiguhúsnæðis og aðlögun ungs fólks og undirbúningstíma að því að eignast eigið húsnæði með því að ævinlega væri allgott framboð á viðunandi húsnæði til leigu — ekki með þeim okurkjörum sem eru í dag heldur eðlilegri leigu. Með þetta hafa vissulega verið gerðar tilraunir. Sveitarfélögin voru á sínum tíma með í þeirri tilraun, en ég hygg að flest þeirra hafi gefist upp og selt sínar leiguíbúðir, hafi ekki treyst sér til að reka þær á þann hátt sem hefði þurft. Enn þá er ofuráhersla lögð á eigið húsnæði og ég vil segja oft allt of stórt húsnæði, allt of viðamikið því að okkur hættir til þess, okkur Íslendingum, að vilja hafa rúmt um okkur og er ekkert nema gott um það að segja, en fyrr má nú aldeilis fyrrvera eins og sums staðar er byggt.

Ég hlýt nú að leggja áherslu á, fyrir utan nauðsynlegt framboð á leiguhúsnæði og skipulag þeirra mála, hið félagslega byggingarform sem er eina ráð mjög margra, dugar reyndar ekki í dag. Ég þekki þar til mikils fjölda fólks sem ekki einu sinni treystir sér inn á þann hagstæða lánamarkað sem þó er gagnvart félagslegu byggingunum miðað við almennar byggingar. Einnig held ég að við ættum að reyna að ýta undir, og það er reyndar gert nú og ber að fagna þeirri viðleitni sem þar er á ferðinni, að nýta eldra húsnæði sem allra best.

Ég bendi þar t. d. á að auðvelda þarf mörgu eldra fólki, sem situr í of stóru húsnæði og vill losna og ég þekki mörg dæmi um það, að skipta, geta komist í húsnæði sem er því viðráðanlegra, auðveldara í rekstri. Svo er auðvitað aftur til mikið af fólki sem vill vera í sínum gömlu húsum og við því er heldur ekkert að segja. En heildarkönnun á sem bestri nýtingu eldra húsnæðis þyrfti vitanlega að fara fram og í kjölfar þess aðgerðir til að auðvelda fólki bæði að kaupa það og eins að gera það þannig úr garði að betra væri til íbúðar en oft er um þetta húsnæði.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta mál. Ég fagna þeim árangri sem hér hefur unnist með samstilltu átaki stjórnarandstöðunnar, áfangasigri, þó ótalmargt sé óunnið, en ég ítreka að við verðum að koma okkur upp heildstæðri húsnæðismálastefnu sem kemur til móts við fjöldann með ólík form, ólíka möguleika þar sem hver og einn getur valið það form og þá hætti sem hann helst kýs varðandi sitt húsnæði.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en vegna þeirra ummæla sem ég heyrði hjá hv. ræðumönnum á undan mér langar mig til að benda á örfáar staðreyndir.

Framlög ríkisins til húsnæðismála hækkuðu úr 300 millj., sem voru á fjárlögum fyrir árið 1983, upp í 1200 millj. á þessu ári. Það segir kannske meira en mörg orð um hvað þarna hafi verið gert. En vissulega er vandi margra mikill og eins og þessar tölur sýna margt verið gert þó að hann hafi ekki verið leystur.

Því miður hófst misgengi vísitalnanna ekki við myndun þessarar ríkisstj., heldur í tíð þeirrar ríkisstj. sem við hv. 2. þm. Austurl. studdum báðir því að mestur varð sá mismunur sem hefur orðið á síðustu árum frá miðju ári 1982 og fram til maíloka 1983 þegar núv. ríkisstj. var mynduð. Sá vandi sem er vegna lánabyrði er vitanlega tilkominn vegna þeirrar verðtryggingar lána sem upp var tekin, ekki í tíð þessarar ríkisstj. heldur annarrar ríkisstjórnar sem sat áður og við hv. 2. þm. Austurl. studdum einnig báðir. Ég er viss um að allir telja nú sjálfsagt að sá háttur sé á hafður, ekki sé hægt að hverfa aftur til þess tíma þegar fjárskuldbindingar voru greiddar með allt öðru verðgildi til baka en var þegar þær voru gerðar og það var ávinningur, má segja, að taka lán til hvers sem var þar sem verðbólgan greiddi það allt upp.

Ég vil einnig benda á að núv. hæstv. félmrh. hefur

sett nýjar útlánareglur þar sem stefnt er að betri hagnýtingu húsnæðis og ákveðin stærðarmörk á íbúðir þegar lán eru veitt. Það ætti vissulega að létta undir með mönnum í framtíðinni að standa undir lánum. Það er vissulega hefndargjöf að gefa mönnum kost á lánum sem þeir hafa ekki möguleika til að standa undir eða leggja allt of þungar byrðar á menn. Sumir þeirra, sem nú með réttu kvarta undan erfiðleikum, munu hafa lagt í nokkuð stórar byggingar og bera því þungar byrðar á sínum herðum.

Ég vildi aðeins benda á þessar staðreyndir, sem mér finnst tala sínu máli, án þess að fara frekar út í þær umræður efnislega sem hér hafa farið fram.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er viss tilhneiging hjá þeim ágætu framsóknarmönnum sem studdu síðustu ríkisstj. að telja fram ávirðingar hennar og reyna að koma sökinni af ríkisstj. nú yfir á þá ríkisstj. sem þeir studdu áður. Ég hef ekki orðið var við þetta hjá hæstv. dómsmrh. fyrr, en hann fetar greinilega í fótspor hæstv. forsrh. sem aldrei má svo tala um fyrrv. ríkisstj. að hann telji hana ekki einhverja hina verstu í sögunni og sat hann þó þar sjálfur og var stærsti aðilinn að þeirri ríkisstj. og hans flokkur.

Ég hef ekki neitað því að ýmislegt hafi verið gert í sambandi við framlög til þessara mála. En ég var að benda á að vandi húsbyggjenda var orðinn slíkur að til sérstakra ráða þurfti og átti að grípa og það var ekki sjáanlegt að það ætti að gera það fyrr en stjórnarandstaðan kom hér að og gerði kröfu um það sameiginlega að til einhverra ráða, til einhvers áfanga yrði gripið.

Ég þekki þessar tölur varðandi misgengið sem hefði verið hvað mest frá miðju ári 1982 og til maíloka 1983. Það er handhægt að grípa einmitt til þessa vegna þess að þá er miðað við maílokin eða réttara sagt síðasta daginn áður en umsamdar vísitölubætur á laun áttu að greiðast. Þannig getur fengist út mjög hagstæð prósenta fyrir þá sem vilja prósentutölur í stað staðreynda. Það veit ég að hæstv. félmrh. hefur tíundað rækilega.

Ég tek undir það með hæstv. dómsmrh. að vissulega hefði þurft meiri aðlögun að verðtryggingunni en var, miklu meiri aðlögun að henni og aðgerðir í samræmi við það. Hins vegar bendi ég á að eitt það versta sem hrjáir menn í þessum efnum nú er hrein ríkisstjórnarákvörðun frá síðasta sumri, sem ég hef reyndar furðað mig á að þeir framsóknarmenn skyldu nokkurn tíma samþykkja, en það voru þeir frjálsu okurvextir sem hv. þm. Eyjólfur Konráð bendir svo réttilega á að allt séu að sliga í þessu þjóðfélagi án þess að aðrar viðhlítandi ráðstafanir hafi verið gerðar. Það er kannske þyngsti syndabagginn sem hvílir á hæstv. ríkisstj. gagnvart húsbyggjendum fyrir utan það að fjölga sífellt, með því að taka vísitölu kaupgjalds úr sambandi, vinnustundum fólks til að standa undir sambærilegri lánabyrði og áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:8 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 1168, n. 1198 og 1200, 1201, 1206). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Nál. er á þskj. 1198.

Nefndin hefur rætt málið og farið ítarlega yfir frv., en klofnaði um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd., en þar hefur verið fjallað um það. Minni hl. skilar séráliti. Auk mín skrifa undir álit meiri hl. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason og Egill Jónsson.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Svo sem fram hefur komið varð fjh.- og viðskn. hv. Ed. ekki sammála í afstöðu sinni til þessa máls og ég mæli hér fyrir áliti minni hl., en í nál. segir, með leyfi forseta:

„Um það leyti sem umfjöllun þessa máls var að ljúka í fjh.- og viðskn. Nd. hafði stjórnarandstaðan frumkvæði að viðræðum fulltrúa allra þingflokka um neyðina í húsnæðismálum. Í fréttum og greinargerðum frá þeim fundum hafa þegar birst upplýsingar um hugmyndir sem stjórnarandstaðan hélt þá fram. Þar voru gerðar tillögur um ýmis atriði, m. a. breytingar á þessu frv., sem meiri hl. n. hafnaði.

Umræðugrundvöllur, sem stjórnarandstaðan lagði fram í upphafi viðræðna, og grg., sem birt var að þeim loknum, eru prentuð sem fskj. með nál.

Minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj.“, þ. e. þskj. 1201 og þar eru brtt. í fimm liðum.

Það segir enn fremur í nál. að Stefán Benediktsson, þm. Bandalags jafnaðarmanna, hafi verið viðstaddur fundi nefndarinnar og sé samþykkur þessu áliti.

1. brtt. er við 1. gr. frv. Í stað orðsins „launa“ komi: kauptaxtavísitölu.

Þá er brtt. við 1. mgr. 2. gr. til að taka af tvímæli um til hverra þessi lög taki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til lána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlánsstofnunum [þ. e. þetta sé víðar en hjá byggingarsjóðum ríkisins]. Seðlabanka Íslands skal skylt að endurkaupa skuldabréf af öðrum aðilum en byggingarsjóðum ríkisins vegna samninga um greiðslujöfnun skv. þessum lögum.“

Síðan er hér brtt. við 4. gr. Í stað orðsins „fullverðtryggðum“ komi: verðtryggðum.

Við 5. gr. er sú brtt. gerð að í stað orðsins „launavísitölu“ komi: kauptaxtavísitölu. Enn fremur er þar lagt til að 3. mgr. orðist svo sem hér segir: Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjalddagafjárhæð.“ Sem sagt: lægri upphæðin gildi.

Við 6. gr. er sú brtt. að þar séu ákvæði um að kauptaxtavísitala skv. 1. og 5. gr. skuli reiknuð út mánaðarlega af Kjararannsóknarnefnd.

Þetta er sem sé afstaða minni hl. til málsins. Hann leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

Ég vil þá jafnframt gera grein fyrir brtt. sem ég flyt hér sérstaklega, en hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Viðskrh. skal þegar í stað, í samráði við félmrh., beita sér fyrir skuldbreytingu til a. m. k. tíu ára á skammtímalánum í bönkum og sparisjóðum vegna ölfunar eigin húsnæðis."

Nú hygg ég að þm. öllum muni hafa borist í dag bréf frá hópi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum. Ég ætla að leyfa mér að vitna til þess bréfs í stuttu máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við leggjum sérstaklega áherslu á að þegar á næsta ári komi til framkvæmda þær leiðréttingar aftur í tímann sem nú eru gefin fyrirheit um. Hins vegar stendur vanleystur bráðavandi fjölda fólks sem bíður skjótrar úrlausnar. Þess vegna beinum við þeim eindregnu tilmælum til þín að þú beitir þér fyrir að gefinn verði kostur á almennri skuldbreytingu í bönkum og jafnframt verði framlengdur frestur til að sækja um viðbótarlán hjá Húsnæðisstofnun. Þá verði settar skýrari reglur um þessa lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar sem sætt hefur verulegri gagnrýni."

Þessi till., sem var raunar flutt í Nd. áður en þetta bréf barst, hnígur mjög í sömu átt og hér eru bornar fram óskir um.

Það hefur verið mikið talað um ástandið og erfiðleika húsbyggjenda. Ég hef hér fyrir framan mig dæmi um íbúð sem keypt var árið 1981 og sú íbúð, sem hér um ræðir, er ósköp venjuleg íbúð. Hún er 100 fermetrar að flatarmáli og er í blokk. Dæmið lítur svona út: Kaupverðið var 400 þús. kr. og það var fjármagnað með þeim hætti sem hér segir: G-lán 59 þús., yfirtekið lán 51 þús., lífeyrissjóður 120 þús., og bankalán 50 þús. Eftir fjórðu afborgun 1. júní 1985 er staðan þannig, að af láni A hefur afborgunin verið 17 þús., vextir 6 þús., eftirstöðvar eru 191 þús. Af láni B eru eftirstöðvar 185 þús., af láni C eru eftirstöðvar 471 þús., af láni D sama tala. Heildareftirstöðvarnar eru 1365 þús. 743 kr.

Eftirstöðvarnar af þessum lánum nú eru svipuð upphæð og fæst fyrir þessa íbúð ef hún væri seld núna. Sem sagt: fjögurra ára erfiðleikar og streð þessara einstaklinga, sem eiga þessa fjögurra herbergja blokkaríbúð, hafa ekki aukið eign þeirra um eina einustu krónu. Miðað við upphaflegar forsendur þurfti 4.8 mánaða laun skv. 15. launaflokki BSRB til að greiða ársafborgun og vexti. En hvað þarf núna? 9.2 mánaða laun í sama flokki til að greiða afborganir og vexti.

Það er alveg ljóst að þeir einstaklingar sem hér eiga í hlut, venjulegt launafólk sem hefur keypt fjögurra herbergja íbúð í blokk árið 1981, er að glíma við algerlega vonlaust dæmi. Það er engin leið út úr þessu fyrir þetta fólk. Ef það selur íbúðina núna eru allir þessir fjármunir farnir, glataðir.

Ef reiknað er með 35% hækkun vísitölu og sömu kjörum og í dag verða afborganir á næsta ári 161 þús. kr., en vextirnir 82 þús. kr. Samtals þarf 243 þús. kr. til að borga af þessari einu litlu íbúð. Eftirstöðvarnar verða 1682 þús. kr. Ég held að þessar tölur segi allt sem segja þarf.

Ég hef enga ástæðu til að rengja þetta. Ég held að þetta sé alveg hárrétt reiknað og hef raunar ærna ástæðu til að vita það. Og hver getur sagt að fólk, sem kaupir fjögurra herbergja íbúð í blokk, sé að reisa sér hurðarás um öxl í húsnæðismálum? Það er ekki verið að tala um nein villukaup hér. Það er ekki verið að tala um neinn lúxus. Þarna er venjuleg fjölskylda að fullnægja sínum frumþörfum. Svo þrjóskast menn við og þverskallast þegar bent er á hvernig komið er og bent á raunhæfar leiðir til úrbóta og það er lítið sem ekkert gert!

Það má vel vera að þessar brtt., sem hér hefur verið mælt fyrir, bjargi svo sem ekki öllu í þessum efnum. Mér er það alveg fullljóst. En a. m. k. gera þær málið ögn betra en það var. Auðvitað er staða þessara mála slík nú, eins og allir vita, að það dugar ekkert kák. Það verður að gera uppskurð á kerfinu og gerbreyta því. En það er eins og raddir fólks eins og þess sem keypti 100 fermetra íbúð í blokk hafi bara alls ekki náð eyrum ríkisstjórnarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 1201,1 felld með 10:7 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1201,2 felld með 10:7 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1201,3 felld með 10:7 atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1201,4 felld með 10:7 atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1201,5 felld með 10:7 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1206 felld með 10:7 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 1013, n. 1195 og 1210, 1212). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. hv. allshn. og meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Menn hafa æðimikið rætt um bjór og ekki bjór að undanförnu. Ég hygg ekki að við bætum okkur neitt á langri umræðu hér í kvöld um það mál. Ég býst við því að öll rök bæði með og móti séu þegar komin fram og ég veit að hver einasti hv. alþm. hefur hugsað mikið um þetta mál. Sumum finnst það ekki stórt í sniðum. Sjálfur hef ég ekki tekið neinn þátt opinberlega í umræðum um málið. Ég hef gert það upp við mína eigin samvisku hvernig ég greiði hér atkv. og það veit ég að allir hv. þm. hafa gert.

En sem sagt: mín von er sú og sjálfsagt okkar allra að hvernig sem atkvgr. hér fer, og ég hef ekki hugmynd um hvernig hún muni fara, verði það til gæfu fyrir okkar þjóð. En ég vil leggja á það áherslu að ég er mjög eindregið á móti því að vísa þessu máli frá Alþingi, vísa því til þjóðaratkvgr. Ég tel að okkur beri skylda til að taka afstöðu hér og allir gera það auðvitað eftir bestu vitund og í von um að gott muni leiða af atkv. þeirra.

Þannig vona ég að atkvgr. fari, hvort sem málið verður samþykkt eða fellt verði ákvörðunin rétt.

Frsm. minni hl. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur alllengi velkst í meðförum Alþingis og þykir víst öllum tími til kominn að ganga frá þessu máli, að fá úrslit um það hvort leyfð skuli framleiðsla og sala á áfengu öli hér á landi eða ekki. Það eru, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, flest rök með og móti þegar komin fram í hv. Nd., en í allshn. Ed. fór samt fram allmikil umræða og sérfróðir menn voru til kallaðir og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst þeir sem lögum skv. ber að leita til í slíkum málum, þ. e. áfengisvarnaráð.

Skv. lögum hefur áfengisvarnaráð það hlutverk m. a. að stuðla að bindindissemi og vinna gegn neyslu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstj. og fleiri samtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Það er skemmst frá að segja að áfengisvarnaráð hefur eindregið lagst gegn samþykkt þessa frv. Það hafa einnig gert nær allir þeir sérfræðingar um áfengismál sem til hafa verið kvaddir og sagt álit sitt á þessu máli. Ég vil leyfa mér að vitna til greinar sem dr. Tómas Helgason ritaði í Morgunblaðið 20. febr. s. l., en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Menn tala fjálglega um áfengisvandamál, nauðsyn á meðferð, fyrirbyggjandi aðgerðum, fræðslu og stefnumótun. Jafnframt virðist næstum því kerfisbundið unnið að því að brjóta niður þá áfengisstefnu sem hér hefur ríkt um langt skeið og miðar að því að draga úr áfengisneyslu svo sem kostur er. Hefur Ísland verið forgönguland á því sviði og er Alþjóðaheilbrigðisstofnunin nú að leggja til við aðildarlönd sín að upp verði tekin ýmis af þeim stefnumiðum sem verið hafa í íslenskri áfengislöggjöf í marga áratugi, svo sem að banna auglýsingar á áfengi og gera áfengi eins óaðgengilegt og kostur er með háu verði og fáum útsölustöðum.

Hámarki hefur tvískinnungsháttur inn náð á síðustu árum þegar Alþingi samþykkir að skipa skuli stóra nefnd til þess að móta áfengisstefnu, en um leið lætur ríkisvaldið óátalið skýlaus brot á áfengislögum eins og tollfrjálsan innflutning ferðamanna á áfengu öli. Í takt við þennan tvískinnungsháttur eru síðan hunsaðar fyrstu tillögur nefndarinnar sem sett var eftir samþykkt þáltill."

Það þarf varla að lýsa fyrir þm. hve skipulagsbundið hefur verið unnið að því að brjóta niður þá áfengisstefnu sem hér hefur verið fylgt. Þetta hefur verið gert á þann hátt að slaka smátt og smátt á þeim lögum eða réttara sagt brjóta þau lög sem í gildi eru í landinu, brjóta þau niður næstum því án þess að eftir væri tekið og skapa það ástand sem hefur komið mörgum til þess að ætla að hér verði ekki lengur spyrnt við fótum, að það sé raunverulega sköpuð sú staða í landinu að ekki sé unnt annað en láta undan þessari skipulögðu skemmdarstarfsemi. Ég held að enginn geti velkst í vafa um að hér eru í húfi gífurlegir hagsmunir og það eru fyrst og fremst þessir hagsmunir sem hafa unnið að því að brjóta niður þá áfengisstefnu sem mótuð hefur verið og sem fram hefur komið í samþykktum Alþingis.

Ég vil einnig benda á að áfengismál eru ekki bara félagslegt mál, heldur einnig heilbrigðismál. Það er heilsuverndarmál. Það er spurning um lífsstíl. Það er spurning um gott eða vont mannlíf. Ég leyfi mér að vitna enn í grein dr. Tómasar þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Í þeim löndum þar sem bjórdrykkja er mest verða flestir alkóhólistar af bjórdrykkju. Í Bandaríkjunum er talið að 25–30% alkóhólista hafi orðið alkóhólistar eingöngu af bjórdrykkju."

Þetta er vissulega umhugsunarefni þegar fjallað er um það mál sem hér er til umræðu í kvöld. Áfengi er alltaf áfengi hvort sem það er í svokölluðum sterkum drykkjum eða veikum. — Og eins og dr. Þorkell Jóhannesson hefur sagt, með leyfi forseta: „Áfengur bjór er jafnskaðlegur eða gagnlegur og aðrar áfengistegundir. Ef lögleiða á neyslu áfengs bjórs hér verður það einungis gert vitsmunalega með því að hefta flæði annars áfengis þannig að heildarflæði aukist ekki. Þetta er meginatriði sem stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn og aðrir sem móta vilja skoðanir fólksins í landinu skyldu síst gleyma."

Ég vil einnig benda á að í 1. gr. laga nr. 82/1969, en það er einmitt til breytinga á þeim lögum sem þetta frv. er flutt, segir svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara."

Það hlýtur að vera fyrsta spurningin, sem vaknar í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir, hvort það sé til þess fallið að útrýma böli áfengisnotkunar eða vinna gegn misnotkun áfengis. Samdóma álit þeirra sérfræðinga sem á fund nefndarinnar komu er að svo sé ekki. Hér sé verið að auka flæði áfengis, hér sé verið að auka vandann, hér sé ekki verið að draga úr áfengisnotkun heldur auka hann, það sé verið að auka það magn sem framboð er á og þar með að hvetja til aukinnar áfengisneyslu. Með þetta í huga og jafnframt það að starfandi er nefnd skv. þál. sem á að gera tillögur í áfengismálum höfum við hv. 2. þm. Austurl. leyft okkur að skila svohljóðandi nál., með leyfi forseta:

„Þar sem stjórnskipuð nefnd er að störfum skv. einróma ályktun Alþingis til að fjalla um stefnumörkun í áfengismálum telja undirritaðir nm. allar meiri háttar breytingar á áfengislöggjöf okkar óeðlilegar meðan að þessu starfi er unnið.

Með skírskotun til þessa leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti."

Ég ætla ekki að hafa þetta mál öllu lengra. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hér hefur verið unnið að á þann hátt að einungis verður um bætt með því að hverfa til þeirrar stefnu sem fylgt var áður en sú skemmdarstarfsemi hófst sem hér hefur verið framin undanfarin ár í sambandi við innflutning á nær óheftu magni af bjór og með því að setja upp sífellt nýja vínveitingastaði, bjórkrár o. s. frv. Það er það sem hefur komið mörgum til þess að gefast upp gagnvart þessu vandamáli, en ekki það að menn sjái í sölu og dreifingu áfengs öls á Íslandi einhverja bót á áfengisvandamálinu. Það eru hagsmunir sem hér eru að verki. Það eru hagsmunaöfl sem vinna að þessu en ekki þau

öfl sem vilja vinna í anda 1. gr. þeirra laga sem hér er verið að gera verulega breytingu á.

Vilmundur Jónsson landlæknir skrifaði fyrir hálfri öld merkilega grein um þetta mál og ég held að hvert orð sem þar segir eigi við í dag. En hann sagði líka annað í sambandi við þann áróður sem rekinn var fyrir því að það ætti að kenna fólki að drekka. Hann sagði: „Það á ekki að kenna fólki að drekka. Það á að kenna fólki að drekka ekki."

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Á þskj. 1212 flyt ég brtt. við frv. ásamt hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni, Eiði Guðnasyni og Árna Johnsen. Þessi till. okkar er á þá leið að í staðinn fyrir sjö greinar frv. eins og þær birtast okkur eftir að Nd. hefur afgreitt málið frá sér komi ný grein sem verði 1. gr. Hún segir að ríkisstj. skuli á þessu ári láta fara fram atkvgr. meðal allra kosningabærra manna í landinu um hvort leyfa skuli innflutning og framleiðslu á áfengu öli sem hefur inni að halda vínanda á styrkleikabilinu 4%—5% að rúmmáli. Í till. er síðan gert ráð fyrir að atkvgr. snúist um þá tilhögun málsins sem Nd. samþykkti á sínum tíma.

Ég vil segja það um þetta mál að ég telst ekki í hópi þeirra sem telja að hér sé á ferðinni mikilvægasta mál þessa þings, mál sem sé meiri ástæða til að sjónvarpa frá eða segja frá í fréttum en nokkru öðru máli sem við erum að fjalla um nú. Ég tel að mörg önnur mikilvægari mál séu á ferðinni í þinginu um þessar mundir. Það er ekki þess vegna sem ég tek þátt í að flytja þessa till.

Ég er satt best að segja hvorki neitt sérlega áfjáður stuðningsmaður málsins né ákafur baráttumaður gegn því. Ég hef mína skoðun í þessu máli og hef lengi haft og ég get alveg sagt hana óhikað. Ég hef aldrei fundið nægileg rök fyrir því að meðhöndla áfengt öl á allt annan hátt en annað áfengi og þess vegna styð ég ósköp einfaldlega að þessi vökvi sé seldur með nákvæmlega sömu takmörkunum og aðrir áfengir vökvar sem eru á boðstólum. Hins vegar er mér alveg ljóst að hér er mikið hitamál á ferðinni. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er alveg ljóst að það er meiri áhugi fyrir þessu máli, bæði með og móti, en fyrir flestum öðrum málum sem eru í hinni almennu þjóðamálaumræðu. Þetta reynum við dag hvern, við alþm., því að það er stöðugt verið að spyrja okkur að því hvernig þessu máli líði hérna í þingsölum.

Staðreyndin er sú að afstaða fólks til þessa máls fer ekki eftir flokkum. Þm. voru ekki kjörnir á Alþingi eftir afstöðu sinni til þessa máls. Það er alveg ljóst og það þekki ég af viðræðum mínum við hv. þm. að ef gengið yrði til atkv. hér í Ed. í kvöld um úrslit þessa máls, mundu þau úrslit sennilega ráðast af einu eða tveimur atkv. Ég tel að úrslitin mundu að nokkru leyti ráðast af tilviljun og sú tilviljun réðist af því hverjir væru viðstaddir og hverjir væru fjarstaddir. Það er sem sagt ljóst að það er mjög tvísýnt um útkomuna í þessu máli.

Það vill svo til að fyrir því er gömul hefð að meiri háttar breytingar á áfengismálum eru lagðar undir dóm þjóðarinnar áður en þær eru frágengnar. Það er ekki opnuð svo útsala í neinu héraði landsins á áfengi að það mál sé ekki lagt undir dóm kjósenda. Hvers vegna ættum við þá hér á Alþingi að vera svo þröngsýnir að meina þjóðinni að útkljá þetta deiluefni í almennum sérstökum kosningum úr því að ljóst er að það er enginn afgerandi meiri hl. í þessu máli, að málin standa svo glöggt, sem raun ber vitni, að það er nánast tilviljun hver endirinn verður og úr því að staðreynd er að fyrir því er löng hefð að þjóðin fái að afgreiða stefnumótun af þessu tagi í almennum kosningum?

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst alveg óskiljanlegur sá áróður sem uppi er hafður í blöðum og af hálfu ýmissa þm. að menn séu að skjóta sér undan ábyrgð með því að vilja gefa þjóðinni kost á því að greiða atkv. um þetta mál í þjóðaratkvgr. Við höfum allir okkar skoðun á þessu máli og hún kemur fram í umræðum um þetta mál. Sennilega kemur í þessari deild fyrst til atkvgr. till. um að vísa málinu til ríkisstj. og það kemur fram afstaða okkar til þeirrar till. Ég tel að það sé mjög sérkennilegur hugsunarháttur, einræðiskenndur hugsunarháttur, að það sé eitthvað athugavert eða óeðlilegt við að málum sé skotið undir dóm þjóðarinnar og ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki slíkan þankagang.

Ég vil benda á að í stjórnarskrárnefndinni, sem starfað hefur nú um skeið og skilaði tillögum til Alþingis fyrir tveimur árum, urðu nm. frá öllum stjórnmálaflokkum sammála um að það ætti að taka upp þjóðaratkvgr. í miklu stærri stíl og miklu oftar en gert hefur verið og það ætti að veita minni hluta kjósenda rétt til að krefjast þjóðaratkvgr. um ákveðin mál. Menn voru líka á því að vel kæmi til greina að minni hl. þm. ætti hreinlega rétt á því að krefjast þjóðaratkvgr. um mál — og þegar fyrir liggur að fulltrúar allra stjórnmálaflokka eru þeirrar skoðunar að það eigi mikinn rétt á sér að skjóta málum undir dóm þjóðarinnar, hvers vegna skyldu menn þá telja óeðlilegt að máli sem margsinnis hefur í ýmsum myndum komið til þjóðaratkvæðis skuli nú vera skotið undir dóm þjóðarinnar?

Þess vegna segi ég að í máli eins og þessu, þar sem allir flokkar klofna, þar sem menn byggja ekki afstöðu sína á stefnumótun sem þeir gerðu grein fyrir í seinustu kosningum, þar sem mikill áhugi er meðal almennings á málinu og áreiðanlega mjög víðtækar óskir um að menn megi takast á um málið, er sjálfsagt og eðlilegt að við þeim óskum sé orðið og málið sé sett undir þjóðardóm.

Ég vil gera forseta vorum grein fyrir því að eðlilegra hefði verið að orða upphaf tillögunnar á þá leið að segja: Í stað 1.—7. gr. og ákvæðis til bráðabirgða komi svofelld grein sem verði 1. gr. Mér var bent á þetta rétt áður en ég fór í ræðustólinn og mun óska eftir því að till. verði borin upp með þeim hætti. Ég hygg að það sé eðlilegra að um sé að ræða 1. gr. í frv. frekar en að hún heiti ákvæði til bráðabirgða. (**Forseti:** Má ég biðja þig um að endurtaka þetta.) Já, till. mín er sú, og ég veit að meðflm. mínir að till. hafa ekki við þá formbreytingu að athuga, að orðalagið verði: Í stað 1.—7. gr. og ákvæðis til bráðabirgða komi svofelld grein sem verði 1. gr. Vegna þess að þetta ákvæði kemur alfarið í staðinn fyrir 1.—7. gr. og vegna þess að venjulega eru ákvæði til bráðabirgða ekki sett inn í lög nema sem viðbót við einhverjar greinar hygg ég, eftir að hafa fengið ábendingu um það, að eðlilegra sé að orða þetta þannig að um sérstaka grein sé að ræða sem verður 1. gr., það sé formlega réttara með þeim hætti.

Þetta er lítilfjörleg breyting og auðvitað engin efnisbreyting. Ef enginn mælir því á móti hygg ég að forseti hljóti að geta borið greinina upp með þessum hætti. Auðvitað er þó ekkert því til fyrirstöðu að dreifa þessu

nýja orðalagi á meðal þm.

Ég vil leggja á það áherslu að tillgr. er bara ein. Þetta er ein samhangandi grein og því er ekki um það að ræða að farið verði að bera liðina a., b., c., d., e. og f. upp sérstaklega. Þeir eru hluti af þessari sömu till. Verði till. samþykkt fer frv. með þessum hætti til Nd., en verði till. felld kemur frv. til atkvæða og þá að sjálfsögðu allir þessir liðir, a., b., c., d., e. og f., og þá sem greinar í sjálfu frv., 1.—7. gr.

Þetta þykir mér réttara að komi hér skýrt fram af minni hálfu vegna þess að ég hef orðið var við að menn hafa misskilið till. hvað þetta snertir. Vissulega hefði komið til álita að bæta við 2. gr. Hún gæti hljóðað svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi" og kæmi þá í staðinn fyrir það gildistökuákvæði sem fellt er út með þessari till. En eins og menn vita er ekki þörf á því að slík ákvæði séu ævinlega sett inn í frv. Ef það er ekki gert og frv. ekki samþykkt með slíku ákvæði fer um gildistöku eftir almennum ákvæðum laga og mundi vera svo í þessu tilviki.

Virðulegi forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál sem er eins og ég hef áður getið um flutt af fjórum þm. Ed.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir það með hv. þm. Ragnari Arnalds að þetta er að mínum dómi ekki merkilegasta mál þingsins og raunar búið að eyða í það allt of löngum tíma. Ég ætla þess vegna ekki að fara mörgum orðum yfir rök með og móti. Það er búið að margtyggja þau rök og menn geta lesið sér til hugarhægðar t. d. framsögu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar eða ágæta ræðu hv. 2. þm. Austurl. hér í deildinni.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst þessi málatilbúningur allur saman hálfgerður leikaraskapur. Mér er sama hvað hv. þm. Ragnar Arnalds segir hér. Verði till. hans um þjóðaratkvæði samþykkt hér og málið sent til Nd. er búið að þvæla því út úr þinginu rétt eina ferðina enn. Hann veit það nákvæmlega eins vel og ég að Nd. er búin að fella till. um þjóðaratkvæði. (**RA:** Í öðrum búningi.) Það má hafa hvaða búning á því sem vill, trúðabúning líka. Þeir eru búnir að fella till. um þjóðaratkvæði og þeir fara ekki að samþykkja aðra núna á síðustu dögum þingsins. Það vitum við báðir tveir. Að vísa þessu til ríkisstj., hvort sem er í þessum búningi eða í búningi frávísunartillögunnar, er jafnfráleitt því að ríkisstj. gerir nákvæmlega ekki neitt til þess að breyta því, enda væri það óeðlilegt þegar e. t. v. níu manns hér stæðu að því að svæfa málið, þvæla því út af borðinu. Þá teldi ríkisstj. sig náttúrlega ekkert bundna af því þar sem þó nokkuð stór meiri hluti var fyrir málinu í Nd.

Menn hljóta líka að hafa fulla vissu fyrir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég ætla t. d. að hv. 5. landsk. þm. trúi skoðanakönnunum vel þessa dagana og ég ætla að hann álíti ekki að svo mikill meiri hluti í skoðanakönnun eins og komið hefur fram að er þessu fylgjandi mundi koma mikið öðruvísi út í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Mér finnst það hálfgerð eymd að taka ekki einu sinni á þessu máli og láta það koma til atkvæða í þinginu öllu. Mér finnst einhvern veginn að síðan ég fór að fylgjast með — ja, það eru a. m. k. áratugir síðan að menn byrjuðu að ræða þessi mál — hafi þingið alltaf haft lag á því að skjóta sér undan því. Nú er verið að gera eina tilraun enn til þess að skjóta sér undan því að þingið taki afstöðu, að allir þm. segi annaðhvort já eða nei — eða fari burtu. Ef það tekst ekki núna getur þetta farið nákvæmlega sömu leið næsta ár. Ef þm. álíta í alvöru að mjög slæmt sé fyrir þjóðina að þessi vökvi, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds orðaði það, komi nú til manna segja menn einfaldlega nei og fella þetta, en þvæla því ekki svona út af borðinu einu sinni enn. Það er eymd. Það má ekki láta það spyrjast um Alþingi og alþm. að þeir geti ekki tekið ákvörðun í ekki meira máli en þetta.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Að vandlega íhuguðu máli hef ég tekið þá ákvörðun að greiða atkv. gegn því að bjór verði leyfður hér á landi. Mér er það ljóst að margt mælir með því að áfengt öl fái að streyma í krúsirnar, en í mínum huga vega mótrökin þyngra. Þau rök sem ég ætla hér að færa fram fyrir máli mínu eru sögulegs, þjóðfélagslegs og siðferðilegs eðlis.

Þar er fyrst til máls að taka að mér þykir illt að þurfa að hafa vit fyrir öðrum og að standa í þeim sporum að þurfa að ákveða hvort fólk megi drekka einn drykk öðrum fremur. Hjá því verður þó ekki komist þar sem lög gilda í landinu um áfengi eins og svo margt annað sem snertir daglegt líf fólks.

Í nokkrar aldir hefur innflutningur og neysla víns verið hluti af lífi Íslendinga, einkum þá karlmanna hér áður fyrr. Jafnlengi hefur ofdrykkja verið fylgifiskur vínsins og má minnast þess að þegar Alþingi var lagt niður á Þingvöllum rétt fyrir aldamótin 1800 var það m. a. vegna þess að það var orðið óstarfhæft vegna drykkjuskapar og óláta.

Innflutningur víns náði hámarki um miðja síðustu öld, en þá tók bindindishreyfingin að láta á sér kræla og ýmiss konar þjóðfélagsbreytingar gengu í garð. Bindindishreyfingin óx og dafnaði og þær fjöldahreyfingar aðrar sem slitu barnsskónum upp úr aldamótunum, eins og ungmennafélagshreyfingin, verkalýðshreyfingin, að ekki sé talað um kvenréttindahreyfinguna, settu bindindismál á oddinn. Og það voru einmitt bindindismálin sem gerðu konum í Bandaríkjunum og Evrópu kleift að koma út úr húsum sínum og taka til máls á fundum og ruddu þannig braut baráttu kvenna fyrir mannréttindum.

Hér á landi beittu konur sér mjög gegn drykkjuskap, stofnuðu félög og reistu hæli og stóðu stundum fyrir utan veitingahúsin hér í bænum til að telja menn af því að fara inn að barnum. Konur í þá daga vildu bægja frá böli og bæta hag þeirra fjölmörgu kvenna sem lifðu við fátækt, eymd og ofbeldi vegna drykkjuskapar eiginmannsins.

Í ljósi þess hvern þátt bindindismálin eiga í frelsisbaráttu kvenna finnst mér skjóta skökku við ef kvenréttindakonur nútímans snúa við blaðinu og stuðla að aukinni drykkju, vitandi um áfengisvandann úti í þjóðfélaginu. Mér finnst sem mér renni blóðið til skyldunnar vegna þessara sögulegu hefða.

Þau rök sem vega þó mun þyngra en sagan er það ástand sem blasir við okkur í áfengis- og fíkniefnamálum. Nýlegar kannanir sýna að börn og unglingar byrja æ yngri að drekka og að fíkniefnaneysla fer vaxandi. Æ fleiri rúm á heilbrigðisstofnunum eru upptekin af fólki sem á við áfengisvanda að stríða. Og samkvæmt upplýsingum sem fram komu hjá einum þeirra lækna sem ræddu við allshn. Ed. fer aldur þeirra sem koma til

meðferðar sífellt lækkandi, allt niður í 15 ára gamla unglinga. Þjóðfélagið ber gífurlegan kostnað af þeirri drykkju sem fram fer í þjóðfélaginu, ekki aðeins í heilbrigðiskerfinu, heldur einnig í vinnutapi og alls kyns tjóni, sjáanlegu og ósýnilegu.

Ofdrykkja er þjóðfélagsvandamál og ég tel að það beri að sporna gegn henni með öllum tiltækum ráðum. Fyrir nokkrum árum var sett á laggirnar nefnd sem átti að móta stefnu í áfengismálum. Hún skilaði frá sér skýrslum og tillögum, en þar er skemmst frá að segja að ekki hefur verið farið að tillögum nefndarinnar, heldur var ný nefnd skipuð. Það virðist svo sem menn séu mjög feimnir við hvers konar hömlur, enda hefur þróunin á undanförnum árum verið mjög í þá átt að draga úr þeim. Ég tel að mörgu hafi mátt breyta, en hlýt að spyrja hvar mörkin séu.

Hjá hinum Norðurlandaþjóðunum er drykkja mun meiri en hér á landi og munar þar mest um bjórinn. Skv. markaðslögmálunum ættu aukið framboð og fleiri tegundir að þýða aukna neyslu og er því ekki ólíklegt að eftir nokkur ár verði drykkja hér með svipuðum hætti og hjá frændum vorum og frænkum, verði bjórinn leyfður. Ég hef búið bæði í Danmörku og Svíþjóð og tel að bjórmenningin þar sé síst til fyrirmyndar, einkum hjá fyrrum nýlenduherrum Íslendinga, Dönum. Ég tel réttara að halda óbreyttu ástandi og leyfa þeim sem vilja að gutla í sig bjórferlíkinu, en hvet jafnframt til þess að mörkuð verði stefna í áfengismálum og að tekið verði á þeim félagslegu vandamálum sem gera margt ungmennið að drykkjumönnum. Ég vil heldur draga úr félagslegum vandamálum en að auka þau. Aukin drykkja leiðir óhjákvæmilega af sér aukin vandamál.

Bjór eða ekki bjór er þó fyrst og fremst mórölsk spurning, spurning um það hvort ég sem þm. — að vísu aðeins um skeið — sé tilbúin til þess að opna allar gáttir og hleypa yfir okkur ölflóði sem enginn veit hvaða afleiðingar kann að hafa. Ég tek mikið mark á þeim fjölda ályktana og tilmæla sem borist hafa á undanförnum vikum. Ég vil þar t. d. nefna áskorun Kvenfélagasambands Íslands sem hvetur eindregið til þess að bjórinn verði ekki leyfður. Fólk um allt land horfir nú upp á bæjarfélögin breytast. Þar sem í mesta lagi hafa verið áfengisútsölur rísa nú krár og veitingastaðir sem eru troðfullir á hverju kvöldi.

Hver hagnast á þessu? Ekki konur og börn. Ekki þjóðfélagið. Kannske framleiðendur pilsners og eigendur kránna. Kannske þeir sem gleðjast um sinn. Ef til vill er hér um þróun að ræða sem ekki verður stöðvuð en, herra forseti, samviska mín leyfir ekki annað en að ég beiti mér gegn þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég flutti hér alllangt mál miðað við venju við 1. umr. og ég þarf ekki miklu þar við að bæta. Eg lít á þetta mál sem spurningu um hvort menn vilji snúast til varnar gegn þeirri vá vímuefna af margri gerð sem herjar á okkur eða hvort menn vilja láta skeika að sköpuðu og hætta á að auka enn á vandann, bæta þar við, bera í bakkafullan lækinn sem þegar flæðir yfir bakka sína í raun.

Ég undrast nokkuð þann áhuga og þá athygli sem fjölmiðlar veita þessu máli umfram þau mörgu stóru málefni sem hér eru til umfjöllunar eða eiga að vera. Ekki það að málið sé ekki stórt og alvöruþrungið, en umfjöllunin er því miður ekki á þann veg að reynt sé að draga fram staðreyndir byggðar á þekkingu og reynslu, reynt að brjóta málið til mergjar í samhengi við heildarvandann og hvað mundi ávinnast við þessa breytingu, hvaða árangur yrði af þessu máli, hver yrðu líkleg áhrif á heildarneyslu, hverjir hópar kynnu að verða hart úti, hversu yrði um áhrif á vinnustaði og vinnuafköst, hversu verðuga gjöf væri verið að færa æskulýð okkar á ári æskunnar. Allt þetta og meira til hefði verið ástæða til að greina sem allra best og kalla þá til umræðu sem af hlutlægni þekkingar og reynslu gætu fjallað um og skýrt þetta mál sem allra best.

Persónuleg skoðun hvers og eins skiptir vissulega máli, en mestu skiptir þó að öfgalaust reyni menn að gera sér grein fyrir og draga upp heildarmynd framtíðarinnar í ljósi þess sem líklegast má telja af reynslu annarra og þar sem sérfræðileg þekking á orsökum og afleiðingum væri hleypidómalaust skoðuð.

Ég loka ekki augunum fyrir óviðunandi ástandi þessara mála. Ég hef þvert á móti margsinnis bent á hina ýmsu þætti þess, ölgerðarefnin, lögmæti hins tollfrjálsa innflutnings eða ekki og nú síðast bjórlíkhúsin. Ég nota hins vegar ekki þessa hluti, sem við þarf að snúast, sem röksemdir fyrir því að þess vegna skuli allar flóðgáttir opnaðar. Ég veit að menn aka á ólöglegum hraða, brjóta umferðarreglur, aka ölvaðir, en mér kemur ekki til hugar í framhaldi af því að leggja til afnám allra laga um umferðarmál. Ég held að okkur sé hollast að alhæfa ekkert í þessum málum, heldur meta þetta mál kalt og rólega og því aðeins að við séum örugg um að málið horfi til bóta, að veruleg blessun fylgi því fyrir unga sem aldna, eigum við að ljá því lið.

Ég gæti hér vitnað áfram, svo sem ég gerði við 1. umr., til þeirra sem berjast við afleiðingar vímuefnaneyslu, tíundað rök Jóhannesar Bergsveinssonar yfirlæknis og dr. Tómasar Helgasonar, yfirveguð mótrök þeirra studd staðreyndum sem ekki verður í móti mælt. Ég ætla að láta nægja nú að vitna í ábendingar frá Samtökum áhugamanna um áfengismál, SÁÁ, sem ekki taka beina afstöðu í þessu máli þar sem ólík sjónarmið um sumt eru uppi. En þó eru ábendingar þeirra til þm. allljósar og athygli verðar og ég vil kynna þær hér, með leyfi virðulegs forseta:

„Að fenginni reynslu SÁÁ vill framkvæmdastjórn samtakanna þó vekja athygli á eftirfarandi:

1. Þó að líklegt sé að dragi úr neyslu sterkra drykkja með tilkomu bjórs bendir allt til þess að heildarneysla hreins vínanda muni aukast hér á landi eins og reynslan hefur sýnt annars staðar.

2. Aukin neysla vínanda hefur ætíð leitt til aukinnar tíðni drykkjusýki.

3. Líklegt er að drykkjuvenjur drykkjusjúkra muni að einhverju leyti breytast þannig að vart verði við aukna sídrykkju. Sídrykkja leiðir til verra líkamlegs ástands þessa hóps og er sérstaklega vert að benda á lifrarsjúkdóma.

4. Verði bruggun og sala bjórs leyfð hér á landi er það skoðun framkvæmdastjórnar SÁÁ að jafnframt verði að gera stórátak í fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum gagnvart almenningi, sérstaklega unglingum. Er því enn frekari ástæða til þess að Alþingi geri ráð fyrir stórauknum fjárveitingum til fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerða meðal þjóðarinnar þannig að draga megi úr þeim vandamálum sem fylgja aukinni vínneyslu þjóðarinnar."

Hér tala þeir aðilar sem enginn getur sakað um reynsluleysi og skort á þekkingu á þessum málum, bitra reynslu, dýrkeypta þekkingu. En ég get ekki heldur stillt mig um að benda á ályktanir og aðvaranir sem hafa borist til þingsins og hv. 11. þm. Reykv. kom inn á áðan. Hvað segja æskulýðsleiðtogar? Ábending mætti það vera. Hvað um hin fjölmörgu kvenfélög og nú síðast Kvenfélagasamband Íslands sem hefur sent okkur áskoranir og aðvaranir? Halda menn að þær séu út í bláinn? Halda menn að blint ofstæki sé þar alls staðar á ferð? Álíta þm. í alvöru að þessi ótti um afleiðingarnar sé einhver óskilgreind tegund móðursýki eða hvað?

Og enn bið ég um að staldrað sé við fyrri einróma ályktun Alþingis um að koma á heildarstefnumörkun í öllum vímuefnamálum. Að því starfi er nú unnið af fólki með margs konar sjónarmið og viðhorf og það er móðgun við þetta fólk og óvirðing við ályktun Alþingis um leið um þessi mál að ætla að keyra einn þátt hér í gegn, veigamikla umdeilda breytingu, meðan leitað er fangs á því að skipa málum í heild á skaplegri veg. Því er lögð til af minni hl. n. sú málsmeðferð sem hv. þm. Haraldur Ólafsson gerði grein fyrir áðan.

Því miður virðist svo sem einhverjum liggi á, að einhverjir hagsmunir séu í veði, að arðsvon ótalinna aðila sé í einhverju að baki öllu þessu offorsi og fjölmiðlafári, að prýstihópurinn eða hóparnir séu á ferðinni og verði vel ágengt.

Fjarri sé mér að dylgja um óheiðarleik, enn síður um mútubrigsl, en hvarvetna þar sem fjármagn og arðsvon er í för eru áhrifin augljós, meðvituð sem ómeðvituð. Og áfengisauðmagnið er ekkert frábrugðið öðru auðmagni sem hefur sín völd og virku áhrif í hverju þjóðfélagi.

Vissulega ætla einhverjir að græða gnótt á þessari breytingu, gera sér hana að féþúfu, sem allra arðvænlegasta. En í ljósi þess gróða er skylt að líta á hugsanlegt tjón, aukinn vímuefnavanda, almennari og meiri neyslu þess sem við öll viðurkennum að er of mikil í dag þar sem sjúkrarúmin og meðferðarstofnanirnar segja sína hryggilegu sögu, svo að ekki sé að enn alvarlegri afleiðingum vikið.

Í mínum huga er það eitt efst alls að gera rétt, gera það sem ég held að megi til heilla verða og ef unnt er hefja á öllum sviðum gagnsókn í nafni heilbrigðis og hollra lífshátta. Ég frábið mér allar dylgjur um að ég vilji ekki taka afstöðu, að allir taki afstöðu og axli þá ábyrgð. Ég tek það fram að tafir á þessu máli eða svæfing þess hefur aldrei átt hljómgrunn hjá mér. Á þessum vettvangi, þar sem örlög eru ráðin á ýmsan veg um hin margbreytilegustu efni, er hins vegar skylt að fara að með fullri gát. Engar upphrópanir og svigurmæli, hvaðan sem þau koma, eiga að hrekja okkur frá að taka þá ákvörðun sem samviska, þekking og vit okkar segir okkur að gera.

Ég á hér efni í ræður, rök og vitnaleiðslur sem enst gætu fram eftir sumri. Mín skoðun er hins vegar sú að hér á löggjafarsamkomu okkar eigi þessi rök að vera hverjum og einum tiltæk og að lokinni þeirri skoðun taki hver og einn þm. sína afstöðu. Ég minni enn og aftur á þá virtu stofnun, Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna, og kenningu hennar byggða á traustum grunni vísdóms og reynslu víðs vegar að úr veröld, að betra aðgengi, meira framboð vímuefna skapi verri vá, alvarlegri afleiðingar. Þetta vita þm., en það er vert að ítreka þetta. Ekki síst þess vegna tek ég þá afstöðu sem ég hef haldið fram.

Hver sem niðurstaðan hér verður vona ég að menn gleymi ekki þessum ótvíræðu sannindum sem erfitt er að hrekja. Ljóst er að nú á lokastigi þessa máls er viss óhugur í ýmsum þeim sem jafnvel ætla að gjalda þessu máli jáyrði, viss ótti sem veldur þeim eðlilegu angri. Um afstöðu mína velkist enginn í vafa. Með tilliti til hennar vil ég vísa þessu máli frá á þann hátt sem eðlilegastur er miðað við það hvernig staða þessara mála er í dag þar sem stjórnskipuð nefnd vinnur að öllum þessum málum í heild sinni skv. einróma ályktun Alþingis. En ég vil einnig líta til allra leiða annarra, svo sem mun koma í ljós við afgreiðslu þessa máls ef svo fer fram sem horfir. Hins vegar skal ekki standa á mér í umræðum um málið allt því nægur er efniviðurinn frá þeim mikla fjölda sem hefur gjörhugsað og kannað þessi mál. En það skal þá bíða 3. umr. ef af henni verður.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í upphafi máls langar mig að víkja að því að til þess var vitnað áðan að þegar Alþingi var lagt niður á Þingvöllum hafi það m. a. verið vegna þess að þar voru orðin drykkjuólæti mikil. Og af því að farið var aftur í söguna er kannske ekki úr vegi að víkja stuttlega enn þá lengra aftur í tímann því öl var ekki nýtt á þingi þó kannske hafi keyrt úr hófi þegar færðist nær aldamótunum 1800. En einn Íslendingaþáttur hefst á þessum orðum — og ég skal nú segja hv. dm. að ég ætla ekki að fara að lesa allar Íslendingasögurnar hér, ég ætla að lesa eina mgr. úr Ölkofraþætti:

„Þórhallur hét maður. Hann bjó í Bláskógum á Þórhallsstöðum“ — sem eru þar nálægt sem nú er kallað Ölkofradalur á Þingvöllum, skammt frá Skógarkoti inni í miðju hrauninu. „Hann var vel fjáreigandi og heldur við aldur, er saga sú gerðist. Lítill var hann og ljótur. Enginn var hann íþróttamaður, en þó var hann hagur við járn og tré. Hann hafði þá iðju að gera öl á þingum til fjár sér, en af þessari iðn varð hann brátt málkunnugur öllu stórmenni, því að þeir keyptu mest mungát. Var þá sem oft kann verða, að mungátin eru misjafnt vinsæl og svo þeir, er seldu. Enginn var Þórhallur veifiskati kallaður og heldur sínkur. Honum voru augu þung. Oftlega var það siður hans að hafa kofra á höfði og jafnan á þingum, en af því að hann var maður ekki nafnfrægur, þá gáfu þingmenn honum það nafn, er við hann festist, að þeir kölluðu hann Ölkofra.“

En til dagsins í dag. Það mál sem hér er til umræðu hefur verið blásið upp og umræðan sem átt hefur sér stað um þetta mál og sú athygli sem að því hefur beinst í þjóðfélaginu er ekki í neinu samræmi eða neinu hlutfalli við mikilvægi málsins. Það er næstum því sama, hygg ég að flestir þm. geti tekið undir, hvar maður hefur komið á undanförnum vikum, það er jafnaðarlega ekki spurt um gang annarra mála en bjórmálsins. Það gæti verið áhugavert athugunarefni hvers vegna þetta er, en út í þá sálma skal ég ekki nánar fara hér.

Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, þ. e. álit meiri hl. n. sem mælir með samþykkt frv. Fyrirvari minn er fólginn í því að ég hef áskilið mér rétt til að flytja og fylgja þeirri brtt. sem hv. þm. Ragnar Arnalds gerði hér grein fyrir áðan, þ. e. að fram fari atkvgr. meðal kosningabærra manna um hvort leyfa skuli

innflutning og framleiðslu á áfengu öli. Ég get tekið undir margar af þeim röksemdum sem hann flutti í sínu máli. Í fyrsta lagi er það svo að hefð er fyrir því að ákvarðanir í áfengismálum á borð við þessa, sem á að fara að taka hér, séu ekki teknar af Alþingi einu, heldur fái almenningur að tjá hug sinn til málsins. Það nægir að geta þess að í hvert einasta skipti sem uppi eru áform um að opna áfengisútsölu — það er ekki verið að bæta við einu eða neinu — í einhverjum þéttbýlisstað, þá er það aldrei gert öðruvísi en að undangenginni allsherjar atkvgr. íbúanna á staðnum. Þessu er stundum hafnað og stundum hefur þetta verið samþykkt. Þetta er mál þar sem heitar tilfinningar og ákveðnar skoðanir skipta mönnum í tvo hópa.

Fari svo að ekki verði efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og það samþykkt eins og það liggur fyrir hygg ég að andstæðingar ölsins muni eiga mjög erfitt með að una þeim úrslitum að hér skuli fáir taka ákvörðun í þessu máli en almenningur ekki fá að segja sína skoðun með því að taka þátt í almennri atkvgr. um málið. Ég hygg sem sagt, jafnvel þó að þetta verði samþykkt með miklum meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem ég er næsta viss um að yrði ef sú atkvgr. færi fram, og er næsta viss um það, að samt sem áður mundu andstæðingar málsins una því tapi betur en ef málið væri einfaldlega samþykkt hér og látið koma til framkvæmda. Þar að auki kemur svo sú hefð um ákvarðanir á borð við þessa sem áður er um getið.

Í rauninni er staða þessara mála eins og nú er með þeim hætti að hún er gjörsamlega óþolandi rugl. Í fyrsta lagi starfrækir ríkið verslanir sem selja áfengi allt frá tiltölulega veikum borðvínum og upp í sterkustu drykki. Þetta er allt saman frjálst á boðstólum, létt vín og sterkt vín, í verslunum sem ríkið rekur. Áfengt öl er ekki á boðstólum í þessum verslunum, en það er býsna víða á boðstólum. Öllum ferðamönnum sem til landsins koma stendur til boða að kaupa, ef þeir kjósa, 24 flöskur af áfengu öli og þeir ferðamenn sem koma til landsins á hverjum degi skipta hundruðum. Farmönnum og áhöfnum flugvéla stendur þetta líka til boða í nokkuð minna mæli eða að því er flugáhafnir varðar, en hjá þeim eru ferðir býsna tíðar. Þannig er verulegt magn af áfengum bjór þegar í umferð hér á landi og fróðir menn segja að til sé fast markaðsverð á áfengum bjór sem fluttur er þannig inn.

Þar við bætist, sem öllum er kunnugt, að hér hafa risið, ekki aðeins í Reykjavík, heldur víðs vegar úti um land, svokallaðar bjórkrár sem selja sterkt áfengi sem er þynnt út með bjór. Það er hægt að ganga í ýmsar áttir frá þessu þinghúsi og kaupa slíkan mjöð sem gengur undir nafninu „bjórlíki“ og þykir sumum vera göróttur drykkur sem ekki skal dregið í efa.

Meðan ástandið er slíkt og það verður ekki séð að þar eigi að stíga nein skref til baka, ég hef ekki heyrt raddir um að loka eigi þessum öldurhúsum, ég hef ekki heldur heyrt raddir um að taka eigi fyrir innflutning á áfengu öli hjá sjómönnum, flugliðum eða ferðafólki, þá er þetta mál auðvitað tómt rugl og öll sú staða sem hér er uppi. Fari svo að þessi tillaga um þjóðaratkvgr. nái ekki meiri hluta hér mun ég að sjálfsögðu greiða atkvæði með þessu frv. Það er ekki vegna þess að ég telji það til sérstakra bóta að hér verði seldur í áfengisverslunum áfengur bjór. Ég er næstum því viss um að það mun auka einhverju við áfengisneyslu hér á landi, því miður. Ég er nokkuð sannfærður um það. En það hníga öll rök að því að þetta verði leyft hér eins og í öðrum löndum. En mér finnst að áður en sú breyting er gerð eigi að kanna hug þjóðarinnar til þess máls. Þess vegna styð ég brtt. á þskj. 1212.

Það er auðvitað ákaflega margt í áfengismálum sem hér hefur misfarist og þær reglur, þau höft og þær hömlur sem í gildi hafa verið, hafa gefist misjafnlega, að ekki sé meira sagt. Hins vegar finnst mér að mjög hafi á það skort að hjá hinu opinbera hafi verið til einhver stefna í áfengismálum. Hún hefur aldrei verið til og er ekki til. Það hefur því miður ekki, þrátt fyrir þáltill. sem flutt var hér af okkur Alþfl.-mönnum á sínum tíma um skipan nefndar til að móta stefnu í þessum efnum, tekist enn þá.

Við getum litið til landa sem hafa ákveðna stefnu í þessum efnum þar sem er einkasala á áfengi, eins og t. d. í Svíþjóð. Hvað er auglýst í gluggum áfengisverslana í Svíþjóð? Það eru auglýst óáfeng „vín“. Þar inni í verslunum eru margháttaðar upplýsingar um skaðsemi áfengisneyslu sem standa þeim til boða og er raunar með vissum hætti haldið að þeim sem koma þangað inn til að versla. Hér er engin stefna í þessu máli og hefur aldrei verið. Í bandarísku vikuritinu Time mátti lesa fyrir skömmu mjög athyglisverða grein um viðhorfsbreytingar í áfengismálum sem eru að verða og hafa orðið í Bandaríkjunum. Þar þykir ekki lengur fínt að drekka þrjá kokkteila eða fjóra fyrir hádegismatinn hjá þeim sem eru í viðskiptalífinu. Það þykir orðið fínt að drekka sódavatn. Það er m. a. vegna þess að haldið hefur verið uppi markvissum áróðri um ekki bara skaðsemi áfengis heldur fyrst og fremst heilbrigðari lífshætti. Ég held að til þess að vinna gegn áfengisneyslu hér, misnotkun áfengis og öllu því böli sem því fylgir ætti að taka upp miklu, miklu markvissari stefnu í þeim málum og markvissari áróður. En það hefur ekki verið gert. Það horfir til vandræða stundum í opinberum veislum ef einhverjum verður það á að vilja heldur sódavatn en genever eða eitthvað svoleiðis. Þá þarf að gera ráðstafanir til að sækja það sérstaklega fram í eldhús og þá er venjulegast komið með heiðgult appelsín til þess að það fari ekkert milli mála hvað viðkomandi maður sé að drekka. Þessu væri einfalt að breyta ef vilji væri fyrir hendi og skilningur.

En ég skal nú ekki, herra forseti, lengja þessa umr. mikið meira. Ég hef þegar rakið þau rök sem ég tel að mæli með því að þetta mál verði borið undir þjóðaratkvgr. Þeirri röksemd hefur verið haldið að okkur og var haldið að okkur í n. sem um þetta fjallaði að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin væri andvíg því að mál af þessu tagi væru borin undir atkv. í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það má sjálfsagt finna því einhver rök, en hér er ekki verið að gera neina grundvallarbreytingu þó verið sé að leyfa sölu með takmörkuðum hætti á einni tegund af áfengum vökva til viðbótar við þær fjölmörgu sem ríkið þegar selur þegnum sínum. Það er ekki verið að gera neina stórfellda breytingu þó að þetta hafi þróast upp í það hita- og deilumál sem raun ber vitni. Og vegna þess hvernig málið hefur þróast tel ég rétt að svona verði staðið að því, en ef það væri verið að gera einhverja grundvallarbreytingu eins og að aflétta banni, t. d. eins og hér var gert á sínum tíma, þá get ég ekki heldur fallist á þau rök Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar hvers vegna ekki megi bera slík mál

undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég skal ekki lengja þetta frekar, herra forseti, en ég styð brtt. á þskj. 1212, að almenningur fái að segja hug sinn til þessa máls og að niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu verði ráðgefandi fyrir Alþingi. En fari svo að sú till. hljóti ekki tilskilinn meiri hl. atkv. í þessari hv. deild mun ég greiða atkv. með þessu frv. með þeim rökum sem ég hef þegar rakið.

Árni Johnsen: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að hér komi fram, þar sem ég er meðflm. að till. um skoðanakönnun meðal þjóðarinnar í þessu máli, að það er sú leið sem ég get sætt mig við í málsmeðferð hv. Ed. Ég mundi á hinn bóginn greiða atkv. gegn frv. í beinni atkvgr. í deildinni. Ástæðan fyrir því er sú að ég tel að hér sé um neikvætt mál að ræða.

Það er sérstaklega tvennt sem ég óttast með tilkomu áfengs öls. Það er aukinn drykkjuskapur meðal barna og unglinga og það er aukinn drykkjuskapur á vinnustöðum. Segja má að það sé smekksatriði hvort menn vilja hafa áfengt öl en í ljósi þess að hefð er fyrir því að kosið er í almennum kosningum um opnun á áfengisútsölum finnst mér þetta mál vera svo viðamikið í þeirri áfengisútgerð sem er í landinu að það sé ástæða til að vísa því til skoðanakönnunar meðal þorra landsmanna. Það er rétt, að mínu mati, að menn afgreiði það mál með því móti, hreinsi það út, mál sem hefur lengi verið deilumál meðal þjóðarinnar og kemur upp á borðið æ aftur þótt gætt hafi flóðs og fjöru í því.

Það hefur komið fram hér í umr. að deilt er á fréttamenn fyrir fréttaflutning af þessu máli. Mér rennur blóðið til skyldunnar og þykir ástæða til að mótmæla slíkum ásökunum á fréttamenn. Það er ekki mikilvægi máls sem vekur fréttina. Það er erfitt að vigta hvað frétt er. Það muna ugglaust allir hér inni eftir því að fyrir nokkrum árum fórst lítill drengur í borholu á Ítalíu. Þessi frétt varð stórfrétt um allan hinn vestræna heim. Það var um svipað leyti sem fórust hundruð þúsunda manna í flóðum á Indlandi. Það varð ekki eins stór frétt í hinum vestræna heimi. Þetta er dæmi um að frétt fer ekki eftir því hvað hún er mikilvæg eða skynsöm. Það má segja að góðir fréttamann séu eins og næmir hljóðnemar í þjóðfélaginu. Mér finnst það bera vott um marga góða fréttamenn í okkar landi að þeir fjalla um þau mál sem eru mikið rædd. Það er bjórmálið vissulega. Af þeim ástæðum finnst mér m. a. ástæða til þess að vísa því til þjóðaratkvæðisskoðanakönnunar.

Ég vildi aðeins undirstrika þetta, sem ég hef sagt í máli mínu, í sambandi við þessa till.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni til frv. og skal ekki endurtaka það. En mig langar við þessa umr. að láta í ljós ánægju mína yfir því hvað vaxið hefur áhugi almennings fyrir að berjast gegn frv. og slæmum afleiðingum áfengisneyslu í landinu. Ég vonast til þess að það geti haft varanleg áhrif og að því leyti hafi þessi frumvarpsflutningur haft áhrif til góðs hver sem afgreiðslan verður á Alþingi, en ég mun vissulega ekki greiða því atkv. heldur leggjast á móti.

Það kom hér fram m. a. í máli hv. 5. landsk. þm. að það væri stefnuleysi í áfengismálum. Sú stefna sem ríkisvaldið hlýtur að hafa er gildandi lög um áfengismálin. Í þeim lögum er m. a. ákvæði um að dómsmrn. skuli gefa út leyfi til vínveitinga til þeirra aðila sem uppfylla ákveðin skilyrði. Það mun hafa verið venja áður en ég kom í dómsmrn. að þau væru afgreidd þegar slík skilyrði voru fyrir hendi.

Ég gerði grein fyrir því fyrir stuttu á Alþingi í sambandi við fsp. til mín að ég hefði þar reynt nokkuð að spyrna á móti. En mitt mat er að erfitt sé að framkvæma stefnu í þessum málum sem er mjög andsnúin almenningsáliti. Framkvæmd í slíkum málum þarf helst að styðjast við almenningsálitið. Þess vegna fagna ég þeim áhuga sem ég gat um áðan.

Nú fyrir skömmmu var haldin ráðstefna á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga um áfengismál og þar kom fram að það þyrfti að spyrna þarna við fótum og stemma stigu við fjölgun vínveitingaleyfa. Í framhaldi af því gaf dómsmrn. í dag út fréttatilkynningu um að það mundi vilja leita samstarfs við sveitarstjórnir og aðra aðila sem um þessi mál fjalla. Eins og við vitum eru starfandi í hverju sveitarfélagi áfengisvarnanefndir. Formaður þeirra er skipaður af heilbrigðisráðuneyti, en aðrir nefndarmenn eru valdir af sveitarstjórn úr hópi þeirra manna sem þær treysta best til að fjalla um þessi mál. Í þessari fréttatilkynningu var frá því skýrt að ráðuneytið mundi taka fullt tillit til umsagna þessara sérstöku trúnaðarmanna heilbrigðisráðuneytis og sveitarstjórna í sambandi við afgreiðslu nýrra leyfa. Og með tilliti til þess áhuga, sem ég var að geta um að virðist nú vera, að reyna að berjast gegn aukinni áfengisneyslu, þá vænti ég að þetta samstarf megi verða til góðs.

Ég skal svo ekki tefja tímann lengur. Eins og ég sagði áðan er ég andvígur þessu frv. og mun sýna það við atkvgr. hér í deildinni á eftir eftir því sem tækifæri verður til.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1195, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KÁ, SkA, HÓ, HS, JHelg, KSG.

nei: RA, StB, VI, ÁJ, BD, DA, EgJ, EG, EKJ, JK, KolJ.

ÞK greiddi ekki atkv.

2 þm. (SalÞ, AG) fjarstaddir.

Brtt. 1212 samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, ÁJ, DA, EgJ, EG, HÓ, HS, JHelg, KSG, RA, KÁ, SkA.

nei: VI, BD, EKJ, JK, KolJ, StB.

2 þm. (SalÞ, AG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég tel réttast að þetta frv. verði fellt, en þar sem þessi brtt. kemur til atkv. áður en 1. gr. frv. og verði þessi brtt. samþykkt er það ótvírætt yfirlýsing hv. Ed. um að deildin vill ekki samþykkja frv. það sem hér liggur fyrir um að leyfa hér sölu á áfengum bjór og tekur þar með ótvíræða afstöðu sem er mikils virði. Því segi ég já.

Ragnar Arnalds: Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að samþykkt deildarinnar á þessari brtt. felur ekki í sér efnislega afstöðu til þess hvort leyfa eigi áfengan bjór eða ekki. Ég tel að þessu máli eigi tvímælalaust að vísa til þjóðarinnar undir dóm hennar og segi ég því já.

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Það hefur verið fallist á að hér verði fundur á milli kl. 2 og 4 á morgun. Hér á að fara að ræða eitt af stórmálum þessa þings. Ég geri ráð fyrir að ýmsir þm. þurfi að mæta á nefndarfundi í fyrramálið, sumir sjálfsagt kl. 9, aðrir kl. 8. Ég minni á að í gildi er löggjöf sem Alþingi hefur sett um hvíldartíma. Ég geri ráð fyrir að hún gildi um alþm. eins og aðra starfsmenn. Ég er ekki endilega að færast undan því að þessi umr. fari fram. Ég bendi bara á að þetta er ekki alveg í samræmi við gert samkomulag. Það var talað um kvöldfund og mér skildist á forseta að það yrði haldið hér áfram til miðnættis. Nú er kl. farin að ganga tvö. Ég skil ekki hvaða nauður rekur til þess að halda hér áfram umr., sem áreiðanlega verður löng, um þetta útvarpsmál. Ég sé ekki hvers vegna það má ekki bíða morgundagsins. Þetta eru mjög óvenjuleg vinnubrögð. Ég vek athygli á því.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Heldur þykir mér nú bleik brugðið þegar glæsimennin í hv. Ed. treysta sér ekki til að vaka um stund á bjartri júnínóttu til þess að ræða um áhugamál sín.

Ég legg það auðvitað á vald hæstv. forseta hvernig hann ákveður að fundahaldi skuli hagað, en óneitanlega er ekki hægt að segja að hv. þm. hafi verið þjakaðir með mörgum kvöld- og næturfundum. Margur treystir sér til þess að vinna a. m. k. drjúgan hluta dags og jafnvel allan daginn og næsta kvöld á eftir þegar svo nærri er komið þinglokum og jafnvel þó ekki væri svo.

Það undrar mig auðvitað ekki, herra forseti, að hv. þm. sem er andvígur því frv. sem hér var ætlunin að ræða reyni að fá því sem lengst frestað. Mér finnst það ósköp eðlilegt því að honum þykir auðvitað leitt að þurfa að láta það koma í ljós að hann skuli vera mótfallinn jafnsjálfsögðu og nútímalegu máli. Þess vegna finnst mér ofurskiljanleg sú afstaða að hann vilji reyna að ýta málinu sem allra lengst á undan sér og helst komast hjá því að tala í kvöld. En ég held þó að það væri tilvalið tækifæri fyrir hv. þm. að tala um frv. að næturþeli þegar ýmsir þeir, sem vilja nú hafa sinn átta eða níu tíma svefn og engar refjar, eru farnir heim.

Ég hlaut að láta í ljós undrun á þessu og þá því fremur sem ég veit að hv. 5. landsk. þm., sem og margir þm. þessarar virðulegu deildar, er hinn vaskasti maður. En það eru ýmsir þeir tilbúnir að ræða þetta mál sem þurfa að eiga langan vinnudag, ekki bara á morgun heldur marga aðra daga, en eru reiðubúnir að sitja hér svo lengi sem forseti ákveður að störfum sé haldið áfram, enda var það svo að þessu máli var skipað neðst á lista meðal dagskrármála. Í fyrra dagskrármáli tóku margir þm. til máls og lýstu því yfir að þeir teldu að það væri ekki meðal merkustu mála þingsins. Það má vel vera að margir telji að þetta mál sé það ekki heldur, ekki veit ég það, það kemur vafalaust í ljós, en hins vegar eru margir líka sem telja að svo sé.

Ég mun, herra forseti, auðvitað algjörlega hlíta úrskurði hæstv. forseta um þessa umr., en ég stóðst ekki freistinguna að láta í ljós undrun yfir afstöðu hv. 5. landsk. þm. sem ég veit að er mjög vel heima í þessu máli og hefur raunar haft undanfarin þrjú ár til að kynna sér það, en það eru þrjú ár síðan gengið var frá tillögum að þessu máli.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ég verð að viðurkenna að mér fannst menn svo sprækir áðan í umr. að ég sá ekki annað eðlilegra en að ljúka a. m. k. framsögu vegna nál. og hélt þess vegna dagskránni áfram með tilliti til þess að okkur sem ungu fólki væri ekki föst í hendi ein júnínótt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Spurningin um hvort halda eigi áfram umr. þegar kl. er farin að halla í tvö snýst ekki um hvaða mál er á dagskrá. Það breytir heldur engu þótt úti sé björt nótt. Meginatriði málsins er að venja hefur verið að taka visst tillit til þess ef útvarpsumræða á að fara fram daginn eftir. Þá er ekki venja að halda fundum áfram fram á nótt. Þeir sem eiga að taka þátt í þeirri umr., sem eru allmargir eins og við vitum, þurfa vissulega einhvern undirbúningstíma. Þeir fá hann ekki í fyrramálið. Við höfum gert sérstaka undantekningu varðandi þingfund á morgun milli kl. tvö og fjögur. Það er af þessari ástæðu sem ég mótmæli því mjög harðlega að nú verði farið að halda fundum áfram og taka til umræðu nýtt mál. Eins og ég hef þegar sagt skiptir málið sem slíkt, efni þess og afstaða manna til þess engu máli að þessu leyti, heldur einungis hitt að talað var um að það yrði kvöldfundur og ég ræddi það sérstaklega við forseta að hann stæði væntanlega ekki lengur en til hálftólf eða til tólf. Með sérstöku tilliti til útvarpsumræðnanna á morgun tel ég ekki koma til greina að halda fundarstörfum áfram.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ég vil minna þdm. á, þá sérstaklega þá sem voru á fundi með forsetum í dag, að þar var, án þess að yrði um það samkomulag, talað um að stefnt yrði að þinglokum í þessari viku. Ég fæ ekki séð að það takist öðruvísi en að málum sé fylgt eftir. Ég er manna reiðubúnastur að viðurkenna að allir menn þurfi sína hvíld. Ég er sjálfur þátttakandi í þeirri umr. sem fram fer á morgun, en ég tel samt ekki eftir mér að ljúka þeim skyldustörfum sem hér þarf að sinna.

Eiður Guðnason: Vegna þeirrar afar sérkennilegu ræðu sem hæstv. menntmrh. flutti áðan vil ég að það komi skýrt fram að þetta mál var afgreitt úr nefnd í morgun. Það er hér á dagskrá með afbrigðum. Það hafa allir — og það eru fjórir minni hlutar í málinu — skilað sínum nál. og sínum brtt. og margir búnir að leggja mikla vinnu í það fyrir og um helgina að ganga frá þeim till. Síðan kemur hæstv. menntmrh. hér og brigslar hv. þm. um það, svona nánast, að þeir hafi hvorki dug né kraft til að vinna eins og til sé af þeim ætlast — ég vil segja: eins og hæstv. menntmrh. ætlast til. Það er einkennilegt offors sem rekur á eftir þessu máli og það hefur komið mjög vel fram í menntmn. þar sem um þetta mál hefur verið fjallað og vitna ég til fundar þingflokksformanna og forseta sem virðulegur forseti okkar vitnaði til áðan. Ef það væri samkomulag, ef það væri ljóst að þingi gæti lokið um helgi, þá væri auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að leggja dag við nótt til að ljúka, en það er bara svo, að þó að menn töluðu á þessum forseta- og þingflokksformannafundi þannig að

menn skyldu hafa það í huganum enn þá að þingi gæti lokið um helgina er ekkert víst um það. Það kom mjög vel fram á þessum fundi að hin ýmsu mál, sem ríkisstj. leggur áherslu á að verði afgreidd, eru mörg hver býsna skammt á veg komin og eftir við þau mikil vinna og það voru ýmsir þeirrar skoðunar á þessum fundi í dag að þing mundi standa fram í miðja næstu viku. Það var nefndur fimmtudagur. Ég er viss um að hv. 3. þm. Norðurl. v. getur staðfest hvernig þær umræður voru sem áttu sér stað á þessum fundi. Það liggur því ekkert fyrir á þessari stundu um að þingi geti lokið á föstudag eða laugardag í þessari viku.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. forseta. Ekki hefur mér verið föst í hendi sú júnínótt sem við rímum nú á mót. Ég vil einnig að það komi fram hér að ég tel ekki að málinu verði fylgt eftir með offorsi, eins og síðasti ræðumaður gat um, í menntmn. Ed. Hins vegar hljótum við að horfa til þess að ljúka þingstörfum. Við erum að fjalla um síðasta mál á dagskrá. Ég kann vel þeim sið að ljúka við að landa aflanum þó að það sé ekki endilega gert eftir nákvæmum tímamörkum. Ég hefði vel verið til í það og þótt sjálfsagt að eiga hér umr. um þetta síðasta dagskrármál. En að sjálfsögðu er það í hendi forseta hvert framhald verður.

Hins vegar höfum við eytt allverulegum tíma utan dagskrár í umræður sem ella hefði mátt nýtast í mál sem eru á dagskrá.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur verið vitnað til fundar sem var í dag hjá forsetum með formönnum þingflokka og hefur komið hér fram það sem gerðist á þessum fundi. En til fundarins var boðað vegna þess að það eru ákveðnar útvarpsumræður annað kvöld. Spurningin var hvort það ætti að bregða út af þeim vana, sem hefur verið þegar útvarpsumræður hafa verið að kveldi, að hafa þá ekki þingfundi að degi til samdægurs.

Ég lýsti því yfir að ég teldi ekki rétt að víkja frá venju í þessu efni nema það þýddi að fundur á morgun hefði úrslitaáhrif um það hvort hægt væri að ljúka þinginu fyrir helgi. Það er nokkuð óljóst hvort það muni takast, en þó að svo væri þótti mönnum hyggilegt að hafa þingfund á morgun. En það er gert ráð fyrir því að það verði stuttur fundur í Sþ. og síðan deildafundir og þeir verði ekki nema til kl. 4. Það er vegna tillits til þeirra sem eru í útvarpsumræðunum sem þessi takmörk voru sett og ég vil lýsa því hér yfir að ég held að það hafi engum dottið í hug í dag að það yrði hér næturfundur núna.

Það mál sem hér er rætt um er til 2. umr. í síðari deild. Það er engin hætta á því að það hljóti ekki afgreiðslu á þessu þingi þó að þinginu yrði lokið fyrir helgi. Það getur verið efst á dagskrá og strax til umræðu á morgun. Og með tilliti til þess hvernig mál liggja fyrir legg ég til að þessum fundi verði ekki fram haldið.

Forseti (Stefán Benediktsson): Eins og bent hefur verið á hafa nú þegar farið einar 20 mín. í það að ræða þingsköp. Umræðum um þingsköp er lokið þar eð ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs.

Sameinað þing, 93. fundur.

Þriðjudaginn 11. júní, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. júní 1985.

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Albert Guðmundsson 1. þm. Reykv. er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér samkv. beiðni hans og með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Stefán Benediktsson,
forseti Ed."

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður setið á þessu þingi, og býð ég hann nú á ný velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég trúi því ekki að ég sé einn alþm. um það að hafa áhyggjur af fréttaflutningi fjölmiðla af störfum Alþingis nú upp á síðkastið. Þetta á alveg sérstaklega við um ríkisfjölmiðlana sem að mínu mati hafa sérstöku hlutverki að gegna í upplýsingaskyldu við almenning í landinu. Við höfum veitt því athygli á liðnum vikum og mánuðum að það eru sérstök þingmál sem hafa verið á hægra brjóstinu á fréttamiðlum fjölmiðla og á það einnig við um ríkisfjölmiðlana. Þetta hefur þó raunar keyrt um þverbak nú upp á síðkastið og á síðustu sólarhringum, þegar miklar annir hafa verið á Alþingi og mörg stórmál til umræðu. Enn eru það sömu málin sem vekja athygli fréttamanna, þ. á m. og ekki síst fréttamanna ríkisfjölmiðlanna, og er þar fyrirferðarmest frv. til l. um breyt. á áfengislögum, svokallað „bjórmál."

Við urðum vitni að því hér á síðasta sólarhring að ríkisfjölmiðlarnir og þá sérstaklega sjónvarpið, sem ekki er tíður gestur í sölum Alþingis, — og ég vil raunar taka það fram að ég tel að ríkisfjölmiðlarnir skipti sér allt of lítið af störfum þingsins og greini allt of lítið frá störfum þess, — sá ástæðu til að heimsækja hv. Ed. í gær og hafa þar nokkurra klst. stöðuga vakt á störfum þingdeildarinnar. Síst skal ég hafa á móti því að fjölmiðlar beini sviðsljósum að hv. Ed. og störfum hennar. En tilefnið sem gafst var hið sama og fyrr, bjórfrv. sæla sem þar var til umr. í þinginu. Síðan fengu hlustendur í fréttum sjónvarpsins þegar í gærkveldi frásagnir af þeim viðburðum og tíðindum sem þar höfðu gerst og enn ítarlegri fréttir í morgun. Út af fyrir sig skal ég ekki lasta það, en slíkar fréttir ætti að flytja af öðrum mikilvægum málum, sem eru til meðferðar og af-

greiðslu á Alþingi, þannig að þjóðin fái rétta ímynd af störfum þingsins.

Á sama tíma og frv. um breyt. á áfengislögum var til umr. í Ed. var rætt um byggðamál vegna frv. til l. um Byggðastofnun í Nd. Það var ekki miklar fregnir að hafa af þeirri umr., sem er eitt stærsta mál í landinu um þessar mundir, byggðaþróunina, heldur var hreytt í Nd. og þm. Nd. ónotum í morgunsárið í fjölmiðlum og frá því einu greint að þar hefðu menn farið um víðan völl um þjóðmálin og verið að hita sig upp til eldhúsdagsumræðu. Ég tel fréttaflutning af störfum Alþingis, eins og þann sem ég hef hér lítillega drepið á, vera stórvarasaman fyrir virðingu Alþingis og fyrir þá ímynd sem þjóðin fær af störfum löggjafarsamkomunnar.

Ég óska eftir því vegna margítrekaðra tilefna í rauninni að hæstv. forsetar þingsins geri gangskör að því að hlutast til um það af sinni hálfu að hlutlægt sé skýrt frá störfum þingsins, upplýsandi, ekki með ritskoðunarhugarfari eða fyrirmælum heldur með þeirri eðlilegri kröfu, sem þjóðin á, að fá að frétta sæmilega hlutlægt af því sem er að gerast í sölum Alþingis og að myndin sem alþjóð fær sé ekki skekkt með þeim hætti sem gert hefur verið á liðnum vikum og sólarhringum.

Ég treysti hæstv. forseta Sþ. alveg sérstaklega til þess að taka á máli sem þessu, honum er annt um virðingu þingsins, en ég tel einnig að þetta sé mál sem fulltrúar í útvarpsráði hljóti að láta sig nokkru varða. Ég ítreka að það á ekki að vera um íhlutun að ræða í sambandi við fréttir, heldur er það heildarmyndin af störfum þjóðþingsins sem hér er um að ræða og miklu ítarlegri fregnir af störfum löggjafarsamkomunnar en almennt tíðkast í ríkisfjölmiðlunum. Til þeirra gerum við allt aðrar kröfur en til annarra fjölmiðla í þessum efnum, svo ekki sé minnst á síðdegisblöðin og aðra þá sem eru að framleiða fréttir fréttanna vegna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 5. þm. Austurl. hefur gert hér að umtalsefni fréttaflutning ríkisfjölmiðlanna af Alþingi. Hér er um hið mikilvægasta mál að ræða sem varðar mjög Alþingi og virðingu Alþingis. Öll viljum við halda uppi virðingu Alþingis. Ég vil að það komi hér fram að útvarpsstjóri hefur fyrir nokkru skrifað Alþingi bréf þar sem hann leggur til að það fari fram athugun á fréttaflutningi og kynningu ríkisfjölmiðlanna á Alþingi. Ég hef átt sérstakt viðtal við útvarpsstjóra um þetta efni og forsetar þingsins hafa ákveðið að taka upp gagngerðar viðræður við Ríkisútvarpið um þetta efni. Og þá er haft í huga að við getum betrumbætt hér um þegar Alþingi kemur saman á næsta hausti.

Fiskiðnskóli í Siglufirði, fsp. 519. mál (þskj. 1022). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Fyrir allmörgum árum, eða nánar tiltekið 30. mars 1973, samþykkti Alþingi þáltill. sem flutt var af þm. beggja kjördæma, Norðurl. v. og Norðurl. e. undir forustu þáv. alþm. Gunnars Gíslasonar. Till., sem samþykkt var hér í þinginu 30. mars 1973, var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefja undirbúning að því að settur verði á stofn fiskiðnskóli í Siglufirði."

Það hefur vissulega dregist nokkuð að af þessum ráðagerðum yrði og ekki var mikil hreyfing á þessum málum fyrst eftir að samþykktin var gerð, enda má kannske skýra það að einhverju leyti með því að þá hófst undirbúningur að stofnun fiskiðnskóla í Hafnarfirði og það tók vissulega okkur tíma að koma honum á fót, ýta á eftir því máli. Margir voru orðnir langeygir eftir því að það mál kæmist í höfn og að byggt yrði yfir þann skóla.

Á seinni árum hefur verið ofurlítil hreyfing á þessu máli og nú við afgreiðslu fjárlaga var veitt fjárveiting nokkur til frekari undirbúnings að ákvarðanatöku í þessu máli.

Það þarf ekki að orðlengja það að Siglfirðingar eru orðnir nokkuð langeygir eftir því að sjá þennan skóla komast af stað. Þeir geta vissulega hugsað sér að hann verði með nokkuð öðru sniði en sá skóli sem rekinn er í Hafnarfirði og telja að aðstæður í Siglufirði séu á ýmsan hátt mjög hentugar og heppilegar til að reka skóla af þessu tagi. Vitað er að á s. l. hausti gerði menntmrn. út leiðangur á Siglufjörð til athugunar á þessu máli, en ekki hefur frést um árangur af þeirri ferð.

Við sem berum upp þessa fsp., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og ég, viljum sem sagt leita frétta hjá hæstv. menntmrh. hvað líði þessum áformum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. á þskj. 1022 hljóðar svo:

„Hvað líður áformum um stofnun fiskiðnskóla í Siglufirði, sbr. ályktun Alþingis 30. mars 1973 og framlag í fjárlögum ársins 1985 til athugunar málsins."

Þessi athugun málsins stendur yfir. Það er nokkuð viðurhlutamikið að stofna til nýs skóla á svo sérhæfðu sviði og það er skynsamlegt að standa vel að athugun þess máls áður en ákvörðun er tekin um að hefjast handa.

Frumathugun um aðstæður á Siglufirði var gerð á s. l. hausti. Þessa athugun gerði deildarstjóri í menntmrn. Stefán Ólafur Jónsson. Meginniðurstöður hans voru eftirfarandi:

1. Fyrir Siglufjörð væri það vafalaust ávinningur að þar yrði stofnaður fiskvinnsluskóli. Grundvöllur atvinnulífsins á staðnum eru fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða. Fiskvinnsluskóli ætti að stuðla að nýjungum og endurbótum á vinnslu sjávarafurða og örva fólk til starfa í fiskiðnaði á staðnum.

2. Möguleikar eru á að breyta húsinu Hótel Hvanneyri í skólahúsnæði þar sem koma mætti fyrir bóklegum kennslustofum og heimavist fyrir lítinn skóla sem væri fyrir 30—40 nemendur. Það telst vera lítill skóli. Ég veit ekki hvort þeir sem hugsað hafa um þennan skóla teldu að það væri kostur á svo mörgum nemendum. Þessi hugmynd um nýtingu á umræddu húsnæði er þó háð því að eigendur hússins yrðu samþykkir því. Húsnæði fyrir alla verknámskennslu yrði að útvega annars staðar, leigja eða byggja. Starfandi fyrirtæki í fiskiðnaði mundi ekki geta leyst þessa þörf, en þau mundu nýtast sem þjálfunarstaðir.

3. Rannsóknarstofur fyrirtækja á Siglufirði gætu hugsanlega veitt skóla þar afnot af þeim að einhverju leyti.

4. Skólann yrði að reka að mestu leyti með fastráðnum kennurum þar sem hörgull yrði á sérmenntuðum stundakennurum.

5. Heppilegt yrði, ef skóli verður stofnaður á Siglufirði, að skipuleggja hann með öðrum hætti en fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Till. um þetta liggur fyrir þó að hún sé vitanlega ekki fullunnin.

6. Frekari athugun á grundvelli fiskvinnsluskóla þarf að taka til eftirtalinna atriða:

a) Þörf á nýjum skóla í fiskiðnaði, stærð hans og námstímalengd.

b) Kostir og ókostir við staðsetningu skóla á Siglufirði, m. a. að því er tekur til samgangna.

c) Kostnaður við kaup og breytingar á eldra húsi og/eða nýbyggingu.

d) Rekstrarkostnaður og skipulag.

e) Hlutdeild skólans í endurmenntun fiskvinnslufólks.

f) Samstarf skólans við atvinnulífið á Siglufirði.

Allt þetta eru atriði sem ég geri ráð fyrir að áhugamenn um þetta mál hafi haft í huga og velt fyrir sér en þeir hafa þráfaldlega spurt um þetta mál, nú hv. þm. Ragnar Arnalds í formlegri fsp. ásamt hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni. Ég kann ekki að segja hve oft hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur nefnt þetta mál, bæði í þingflokki okkar sjálfstæðismanna og annars staðar, en hann hefur ýtt mjög á, og þeir báðir, að niðurstaða fáist úr þessari athugun.

Til þess að vinna þetta mál frekar hefur rn. í hyggju að fá frekara samstarf við fulltrúa frá bæjarstjórn Siglufjarðar og væntanlega Fiskifélagi Íslands, en einnig hafa niðurstöður úr þessari athugun verið sendar til nefndar sem nú fjallar um menntun í sjávarútvegsfræðum, í fiskvinnslu og þeim störfum sem sjávarútvegi tengjast, og þá fyrst og fremst um fyrirkomulag Fiskvinnsluskólans, starfsskrá hans og námsskrá í framtíðinni, en æskilegt er að fá álit þeirrar nefndar einnig á þessu atriði, hvernig það tengist við heildaruppbyggingu fiskvinnslumenntunarinnar í landinu.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Það er ekki nema allt gott um það að segja að á þessu máli sé gerð athugun og mér sýnist að hæstv. menntmrh. hafi staðið rétt að því að þessu leyti. Auðvitað var fyrirspyrjanda í lófa lagið í sinni tíð sem menntmrh. að kippa þessu í liðinn ef hann hefði viljað taka til þess afstöðu. Ég man vel eftir þessu máli frá því að ég var í skólanefnd Fiskvinnsluskólans. Það voru ýmsir aðrir staðir en Siglufjörður nefndir. Ísafjörður t. d. Það kom sendinefnd frá Ísafirði sérstaklega til skólanefndar til þess að láta athuga þetta fyrir Ísafjörð. Akureyri var að sjálfsögðu nefnd og fleiri. Það er auðvitað hægt að staðsetja fiskvinnsluskóla nánast hvar sem er svo fremi að hráefni fáist og nægilegt sé framboð af kennurum en þar mun skorta mjög á á Siglufirði.

Ég efast um að það mundu fást nema 2—3 nemendur árlega til að sækja fiskvinnsluskóla á Siglufirði. Aðsóknin hér að skólanum hefur ekki verið meiri en svo að hún gefi það til kynna. Það er svo núorðið að fisktæknanám er nánast dautt, einkum vegna þess að nemendur sækja það ekki, telja það ekki svara kostnaði, þeir bæti ekki það mikið við sig, hvorki tekjulega né menntunarlega. Ég held að okkur væri fremur nær að hyggja að því að búa almennilega að þeim fiskvinnsluskóla sem til er. Það hefði ég viljað styðja nú og hef reyndar gert.

Ýmis fyrirtæki, stofnanir og samtök í sjávarútvegi hafa á að skipa sérhæfðum starfskröftum sem nýtast sérstaklega vel við kennslu í sérhæfðum fiskvinnslugreinum. Það má nefna það að þeir aðilar sem grípa inn í starf skólans hér eru t. d. SÍS, Sölumiðstöðin, Ríkismat sjávarafurða, Síldarútvegsnefnd, Baader-þjónustan, Framleiðni, Rekstrartækni, IBM, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnun og margir fleiri. Það yrði æðidýrt að koma upp loftbrú milli Siglufjarðar og Reykjavíkur til þess að koma þeirri sérhæfðu kennslu á framfæri sem nú virðist þurfa í Fiskvinnsluskólanum. 25% af kennslu í fisktækni eru núna beinlínis háð þessum kennslukröftum og á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fer fram um það bil helmingur af öllu verklegu námi skólans í efna- og gerlafræði.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það ber að fagna því að hér liggur fyrir fsp. um þróun kennslu og mennta í sambandi við sjávarútveg og það er eðlilegt að menn velti vöngum yfir því hvernig og á hvaða brautum þar skuli unnið og einnig því að byggðar skuli nýjar menntastofnanir á þessum vettvangi, jafnvel þó að svo standi enn að sú stofnun sem byrjaði að kenna þau fræði fyrir mörgum árum — ætli það sé ekki hálfur annar áratugur eða svo — sé enn þá húsalaus og vanbúin að öllu leyti til að sinna því starfi sem henni var ætlað. En það dregur ekki heldur neitt úr því að það sé nauðsyn að auka þessa kennslu og koma henni af stað víðar en þegar er.

Mín skoðun er þó sú að bygging fleiri sérskóla fyrir menntun í sjávarútvegsfræðum eða sjómannafræðslu, sjávarútvegsfræðslu og fiskvinnslufræðslu, sé ekki sú leið sem við eigum að fara. Ég er á því að það sé æskilegra að hafist sé handa við að endurbyggja fjölbrautaskólana, byggja þær brautir upp og styrkja sem þegar hafa farið inn á þann vettvang að sinna sjávarútvegsfræðum, bæði stýrimannafræðum, vélstjórafræðum og fiskvinnslufræðum, þó að það hafi verið mjög lítið. Mitt erindi hingað upp er fyrst og fremst að leggja áherslu á að sú nefnd, sem hæstv. ráðh. nefndi, sem nú er að vinna að endurskipulagningu í þessum fræðum, taki það til athugunar hvort ekki er hægt að styrkja menntabrautir í fjölbrautaskólunum og jafnvel allt niður í 9. bekk grunnskóla, þar verði hafist handa um menntun í fiskvinnslu og sjávarútvegsfræðum.

En einn er sá þáttur sem hefur verið til umræðu á síðustu mánuðum og við samþykktum um sérstök lög rétt fyrir jólin. Það var um réttindi skipstjórnar- og

vélstjórnarmanna. Þar var ákveðið að halda skyldi námskeið bæði fyrir stýrimenn og vélstjóra, þá sem hefðu verið á undanþágum og eru enn á undanþágum. Mér hefur verið sagt að það væri alls óvíst að staðið yrði við þennan lagabókstaf, sem var samþykktur hér á haustmánuðum, vegna þess að enn lægi ekki fyrir hvort til væri fjármagn til þessara námskeiða. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh. hvort þeir hlutir séu nú komnir fyrir vindinn.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Hún gaf skýrt og málefnalegt svar við þessari spurningu og mér fannst að af svari hennar mætti ráða að undirbúningur þessa máls væri á réttri braut. Ég get hins vegar ekki þakkað hv. þm. Birni Dagbjartssyni sérstaklega mikið fyrir hans innlegg því að það fannst mér heldur fljótfærnislegt og snautlegt.

Hann þurfti auðvitað endilega að koma að þeirri pillu að vissulega hefði mér verið í lófa lagið að kippa þessu máli í liðinn, eins og hann orðaði það, meðan ég var menntmrh. eitt árið. Auðvitað veit hann eins og ég að á þeim tíma vorum við að koma upp Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði. Ég átti minn þátt í því að styrkja hann og efla í samræmi við þá lagasetningu sem hafði átt sér stað hér á Alþingi. Það hlaut auðvitað að ganga fyrir og var algerlega óraunhæft að stofna annan skóla á nákvæmlega sama tíma.

Ég held að hann hafi hins vegar hitt naglann á höfuðið áðan þegar hann sagði að það mætti vel hugsa sér að staðsetja slíka skóla víðar. Ég held að það sé staðreyndin að við fengjum miklu fleiri nemendur í þessa skóla ef þeir væru staðsettir víðar og það sé fjarlægðin og erfiðleikarnir við að koma sér til náms á fjarlægum stöðum sem veldur því að oft getur verið erfitt að fá æskulýðinn til að sækja slíka skóla. Þótt skóli af þessu tagi, sem staðsettur væri á Siglufirði, byði kannske ekki upp á jafnalhliða menntun og fjölbreytta og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði efast ég ekki um að hægt væri að byggja þar upp námsbrautir sem væru nægilega vel sóttar til þess að hægt væri að halda þeim uppi. Ég vek á því athygli að Bændaskólinn að Hólum var að falli kominn og starfsemin þar. Það voru ekki nema örfáir menn sem sóttu hann, en hann var endurskipulagður og komið þar upp skynsamlegum námsbrautum og síðan hefur allt gengið vel.

Ég efast ekkert um að það verður hægt að fá ungt fólk hér á landi til að sækja fiskvinnsluskóla ef rétt er að því staðið, en til þess þarf, held ég, að dreifa þeim eitthvað meira. Ég held að það sé ekki rétt stefna að hafa aðeins einn slíkan skóla hér á landinu.

Ég held að það sé höfuðatriði í þessu máli að efla menntun í sjávarútvegsfræðum. Það er, held ég, meginatriðið og þegar að því kemur að annar slíkur skóli verði stofnaður hér á landi hlýtur að verða tekið nokkurt tillit til þess að aðstæður á Siglufirði eru á margan hátt prýðilegar. Það er boðin þar fram húsnæðisaðstaða, sem er lítið nýtt sem stendur en gæti einmitt hentað ágætlega fyrir heimavist í þessu sambandi, og þar eru aðstæður á sviði sjávarútvegsins á margan hátt mjög heppilegar sem undirstaða menntunar og kennslu. Ég held sem sagt að þegar röðin kemur að því að tekin verði ákvörðun um nýjan fiskvinnsluskóla hér á landi hljóti að verða hafðar í huga bæði þær aðstæður sem ég hef nefnt og svo hitt, að Alþingi hefur beinlínis samþykkt, þótt allmörg ár séu nú liðin, að hefja undirbúning að því að setja á stofn fiskvinnsluskóla í Siglufirði.

Ég held að sú stefna, sem hæstv. ráðh. lýsti í þessu máli, að fengnir yrðu þrír menn til verksins, þ. e. einn frá menntmrn., annar frá bæjarstjórn Siglufjarðar og sá þriðji frá Fiskifélagi Íslands, til að undirbúa þetta mál frekar, sé eðlileg og rétt stefna og ég vænti þess mjög fastlega að í framhaldi af því sem fram kom áðan í svari ráðh. verði þessu máli fylgt eftir og því hrundið í framkvæmd hið allra fyrsta.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það var einungis til að svara fsp. sem fram kom í máli hv. 4. þm. Vesturl., fsp. sem raunar var ekki hér á dagskrá, en tengist óneitanlega þessu máli, og var um námskeið fyrir skipstjórnarmenn sem starfað hafa á undanþágum og að óvissa væri um að þau yrðu haldin vegna skorts á fjárveitingu. Ég vil upplýsa að fjárveiting hefur fengist fyrir fyrsta námskeiðinu sem nú á að halda mjög fljótlega. Það var tekið sérstaklega fyrir og afgreitt. Ég vonast til þess og hef raunar góða von um að svo fari með fleiri. Það verður haldið áfram að vinna að þessu. (Gripið fram í.) Vélstjóranámskeiðin voru þegar komin í gang skömmu eftir áramótin.

Sameinað þing, 94. fundur.

Þriðjudaginn 11. júní, að loknum 93. fundi.

Úttekt á rekstri Seðlabanka Íslands, þáltill. 524. mál (þskj. 1093). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmd þingsályktana.

Svar forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmd þingsályktana, á þskj. 629, afhent þm. 11. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða afgreiðslu hafa þingsályktanir, bornar fram af einstökum þingmönnum og samþykktar á Alþingi á tímabilinu frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1985, hlotið hjá stjórnvöldum?

Óskað er eftir að fram komi afgreiðsla stjórnvalda á hverri þingsályktun fyrir sig og hve langan tíma hver

álytun var til meðferðar hjá stjórnvöldum áður en til framkvæmda kom.

Skriflegs svars var óskað innan 6 virkra daga, en flutningsmanni var gert ljóst, að sá frestur yrði allt of skammur og féllst hann á það.

Síðan var svohljóðandi bréf sent til allra ráðuneytisstjóra, hagstofustjóra, hagsýslustjóra og ríkisendurskoðanda.

Hér með sendist yður bréf forseta sameinaðs Alþingis til forsætisráðherra dags. 26. mars s. l. ásamt fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktana. Þá fylgja listar frá skrifstofu Alþingis yfir þingsályktanir frá Alþingi frá 1975—1984. Þess er farið á leit að þér kynnið yður framangreinda lista og gerið grein fyrir afgreiðslu þeirra þingsályktana, sem sendar hafa verið ráðuneyti yðar til afgreiðslu.

Svör hafa borist sem hér segir:

FRÁ FORSÆTISRÁÐUNEYTINU:

Eftirtaldar þingsályktanir hafa verið sendar forsætisráðuneytinu til afgreiðslu.

16. maí 1975. Þál. í tilefni af aldarafmæli landnáms Íslendinga í Vesturheimi.

Ályktun send utanríkisráðuneyti til afgreiðslu.

29. apríl 1977. Þál. um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

Ríkisstjórnin fól Agli Sigurgeirssyni og Ólafi Björnssyni að semja álitsgerð á grundvelli þessarar ályktunar. Álitsgerðin var gefin út af ráðuneytinu í apríl 1978.

4. maí 1977. Þál. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Samþykkt tillaga ríkisstjórnar til þingsályktunar um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Stofnfé hans var ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands í þjóðhátíðarmynt í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

6. maí 1978. Þál. um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá o. fl.

Þingflokkum stjórnmálaflokka sem sæti áttu á Alþingi falið 13/10/78 að tilnefna fulltrúa í nefndina. Nefndin hélt sinn fyrsta fund 1/12/78.

6. maí 1978. Þál. um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Framkvæmdastofnun ríkisins falið 12/6/78 verkefnið til úrlausnar. Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins samdi drög að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes sem kom út í nóv. 1980.

14. maí 1979. Þál. um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Framkvæmdastofnun ríkisins falið 31/7/79 að hafa forgöngu um framkvæmd ályktunarinnar. Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins samdi áætlun um eflingu smáiðnaðar í sveitum, sem kom út í maí 1980.

15. maí 1979. Þál. um Suðurnesjaáætlun.

Framkvæmdastofnun ríkisins falið verkefnið til úrlausnar í framhaldi af þingsályktun frá 6/5/78 um könnun á félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins samdi drög að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem kom út í nóv. 1980.

Ákveðið var í samráði við samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum að fjallað yrði um iðnðaruppbyggingu í fyrsta áfanga verksins.

28. apríl 1980. Þál. um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu.

Framkvæmdastofnun ríkisins falið að ganga frá áætlun.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins lauk við áætlun í febr. 1980 sem heitir Borgarfjarðarhreppur byggðaþróunaráætlun 1983—1987.

3. maí 1982. Þál. um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins.

Kosin var á fundi Sameinaðs Alþingis 7. maí 1982 sjö manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga þar sem loðnuvinnsla hefur verið hvað mest.

Nefndin lauk störfum 16/2 1984.

22. febr. 1984. Þál. um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga.

Ályktun send utanríkisráðuneyti til afgreiðslu.

22. maí 1984. Þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Framkvæmdastofnun ríkisins sendi atvinnumálanefnd Sameinaðs Alþingis hinn 15/4 1985 umsögn um ályktunina.

22. maí 1984. Þál. um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Sjá Alþingistíðindi Sþ. 11. apríl 1985.

22. maí 1984. Þál. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga.

Ályktun send dómsmálaráðuneyti til afgreiðslu.

FRÁ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI:

Þingsályktanir 1975—1985 um mennta- og menningarmál.

Þingsályktun um sérkennslumál, Sþ. 14. maí 1975 (784).

Nefnd á vegum Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins tók til starfa í des. 1971.

Nefndin átti að gera tillögur varðandi kennslustofnanir fyrir börn sem ekki eiga samleið með öðrum í námi.

3. sept. 1973 leggur Bragi Jósepsson deildarstjóri til við Magnús Torfa Ólafsson ráðherra „að ráðuneytið geti á viðunandi hátt beitt sér fyrir eðlilegri og sjálfsagðri nýskipan þessara mála innan íslenska skólakerfisins."

Hann leggur til að ráðinn verði nýr fulltrúi í ráðuneytið til að annast þessi mál.

Í áætlun til fjárlaga 1974 er fyrst gert ráð fyrir því að ráðinn verði fulltrúi í þessu skyni. Það náði ekki fram að ganga.

Síðan fæst fjárveiting og sérkennslufulltrúi er ráðinn 1977.

Meðfylgjandi töflur sýna þróun sérkennslu frá 1975.

Athugasemd: Fjölgun nemenda í skólum við Bjarkarás, Kópavogshæli, Sólborg Ak., Sólheima Grímsnesi og Tjaldanesi stafar af því að eftir 1980 er farið að þjóna eldra fólki sem er á viðkomandi stofnunum. Áður var kennslan bundin við framlengdan grunnskólaaldur, þ. e. nemendur hættu í skóla 18 ára.

Minna fé hefur verið veitt til kennslu þessara eldri nemenda, eða milli 1 og 2 vikustundir á nemanda. Þetta kemur því fram sem fleiri nemendur á kennara í þessum skólum en var áður. Þetta þýðir ekki að dregið hafi verið úr fjárveitingum til þessara skóla heldur hitt að hópurinn hefur stækkað mjög síðustu árin.

Á tímabilinu 1968—1984 var starfrækt framhaldsdeild sérkennslu við K. Í. Frá deildinni luku 170 kennarar prófum.

Ákvörðun hefur verið tekin um reglubundið og endurskipulagt nám í sérkennslufræðum og veitt fé til nýrrar lektorsstöðu í greininni.

Sérkennsla fer nú fram í öllum fræðsluumdæmum landsins.

Hæfingarskólar:

Ár	Nemenda-fjöldi	Kennara-stöður	Nem. á kennara
Heyrnleysingjaskólinn.			
'75—'76	57	16	3,56
'79—'80	73	21	3,48
'84—'85	85	25,1	3,4
Öskjuhlíðarskóli.			
'75—'76	117	24	4,88
'79—'80	142	32	4,44
'84—'85	123	43,9	2,8

Þjálfunarskólar:

Bjarkarás, Stjörnugróf:			
'75—'76	8	3,5	2,29
'79—'80	6	3	2
'84—'85	87	8,6	10,2
Kópavogsbraut 5.			
'75—'76	41	0	0
'79—'80	38	7,67	4,95
'84—'85	86	18,2	4,7
Safamýrarskóli.			
'75—'76	58	8,7	7,05
'79—'80	57	12,7	4,31
'84—'85	98	26,5	3,7
Þjálfunarskólinn Akureyri.			
'75—'76	28	3,33	8,41
'79—'80	34	9,83	3,46
'84—'85	58	11,5	5
Skóli við Sólheima í Grímsnesi.			
'75—'76	9	2	4,5
'79—'80	3	2	1,5
'84—'85	20	2	10,0
Skóli við Tjaldanes.			
'75—'76	12	1	12
'79—'80	5	2	2,5
'84—'85	21	2	10,5
Skólinn við Geðdeild Barnaspítala Hringsins.			
'75—'76	10	1,5	6,67
'79—'80	15	5	3
'84—'85	15	10,3	1,5

Þingsályktun um löggjöf um íslenska stafsetningu, Sþ. 16. maí 1975.

Hinn 3. maí 1974 gaf menntamálaráðuneytið út auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu og sama dag auglýsingu nr. 133/1974 um greinarmerkjasetningu. Áður hafði ráðuneytið gefið út auglýsingu nr. 272/1973 um afnám z. Þær reglur voru síðan endurskoðaðar og felldar inn í áðurgreinda auglýsingu frá 3. maí 1974. Loks gaf ráðuneytið út auglýsingu nr. 261/1977 um breytingu á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu. Sú breyting var eingöngu um hvar rita ætti stóran og lítinn staf.

Frumvörp til laga um setningu reglna um íslenska stafsetningu hafa verið borin fram af menntamálaráðherrum, en hafa ekki orðið útrædd.

Þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um Menningarsjóð Norðurlanda, Sþ. 18. maí 1975 (929).

Um Menningarsjóð Norðurlanda hafa verið gerðir tveir milliríkjasamningar. Hinn fyrri tók gildi 1. júlí 1967, en var endurskoðaður og nýr samningur undirritaður í Stokkhólmi 12. júní 1975. (Stjórnartíðindi 1976 C)

Þingsályktun um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna, Sþ. 29. apríl 1977 (607).

Á árinu 1977 var námsstjóra í kristnum fræðum jafnframt falin námsstjórn í bindindisfræðum, en undir þau fellur einnig fræðsla um ávana- og fíkniefni.

Árið áður hafði sú stefna verið mörkuð hjá menntamálaráðuneytinu, skólarannsóknadeild, að stefnt skyldi að því að fræðsla um áfengi, ávana- og fíkniefni yrði eðlilegur hluti námsefnis í þeim greinum sem það á við, svo sem líffræði, samfélagsfræði, siðfræði o. fl. Framkvæmd þessarar ákvörðunar miðar með sama hraða og annarri námsefnisgerð.

Á þessu sama ári (1976) gaf Bindindisfélag íslenskra kennara út Handbók í bindindisfræðum með styrk frá menntamálaráðuneytinu og var hún send öllum skólum án endurgjalds.

Á árinu 1978 var á vegum skólarannsóknadeildar unnið að leiðbeiningum fyrir kennara um bindindisfræðslu í grunnskólum. Þessar leiðbeiningar komu út í febrúar 1979 í bæklingi er nefndist *Um bindindisfræðslu*. Auk leiðbeininganna var í þessum bæklingi skrá yfir kvikmyndir í Fræðslumyndasafni ríkisins er fjalla um bindindisfræðslu. Umræddur leiðbeininga-

bæklingur var sendur í alla grunnskóla landsins án endurgjalds.

Í mars 1982 fóru tveir námsstjórar, þeir Ingvar Sigurgeirsson námsstjóri í samfélagsfræðum og Sigurður Pálsson námsstjóri í bindindisfræðum í náms- og kynnisferð til Bretlands til að kynna sér fræðslu um áfengi, ávana- og fíkniefni. Fór annar þeirra í boði UNESCO en hinn á kostnað menntamálaráðuneytisins. Að ferð lokinni skiluðu þeir skýrslu um ferð sína, sem menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild gaf út í júlí sama ár. Í lok skýrslunnar settu þeir félagar fram tillögur í 5 liðum um brýnustu verkefni á þessu sviði og er vinna þegar hafin við flest þessara atriða. Skýrsla þessi (Fræðsla um áfengi, ávana- og fíkniefni, júlí 1982) var send öllum grunnskólum landsins og hefur auk þess verið rædd og kynnt sérstaklega á fundum með kennurum, skólastjórnendum og æskulýðsleiðtogum.

Frá 1983 hefur, auk námsstjóra, verið maður í hálfu starfi við að setja þessari fræðslu ítarleg markmið sem byggð eru á fyrrgreindum viðhorfum. Enn fremur hefur hann unnið að öflun náms- og kennslugagna sem að gagni mættu koma við gerð fræðsluefnis fyrir grunnskólann.

Þeim tilmælum hefur verið beint til Kennaraháskóla Íslands að hlutur fræðslu um áfengi, ávana- og fíkniefni verði aukinn, bæði í grunnmenntun og endurmenntun kennara. Þess er og vert að geta að þessum þætti kennaramenntunar hefur verið aukinn gaumur gefinn á undanförnum árum við skipulagningu náms í Kennaraháskóla Íslands. Þá hafa fjölmiðlarnir einnig sinnt málinu að því er varðar reykingavarnir, áfengis- og fíkniefnavarnir.

Þingsályktun um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða, Sþ. 29. apríl 1977.

Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki fengið heimild til nýráðninga starfsfólks við þjóðháttadeild og hefur því ekki aukið starfsemi sína á þessu sviði.

Við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi starfar enn sem fyrr einn sérfræðingur sérstaklega á sviði þjóðfræða.

Þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, Sþ. 4. maí 1977 (851).

Hér er um að ræða svonefnda Ramsar-samþykkt, sem tók gildi fyrir Ísland 2. apríl 1978.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu sbr. Stjórnartíðindi 1978 C1.

Þingsályktun um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar, Sþ. 22. mars 1978.

Nefnd hefur málið til meðferðar. Í nefndinni sitja Andrés Valdimarsson sýslumaður, formaður, Ævar Petersen fuglafræðingur og Sólmundur Einarsson fiskifræðingur.

Nefndin hefur ekki enn lokið störfum vegna umfangs verkefnisins og mikilla anna nefndarmanna við skyldustörf.

Þingsályktun um tónmenntarfræðslu í grunnskóla, Sþ. 2. maí 1978.

1. Endurskoðun námsefnis í tónmennt.

Undirbúningur að endurskoðun tónmenntarfræðslu í grunnskólum á vegum skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins hófst haustið 1971 með starfi sex manna nefndar sem skilaði ítarlegri álitsgerð ári síðar. Í nefndarálitinu var meðal annars framkvæmdaáætlun sem síðan hefur verið unnið eftir við samningu og endurskoðun námsefnis í tónmennt. Framkvæmdir hafa takmarkast mjög af því fjármagni sem veitt hefur verið á fjárlögum hverju sinni og hefur útgáfa námsefnis því tekið mun lengri tíma en upphaflega var ráðgert. Nú er komið út námsefni í tilraunaútgáfu fyrir 1.—5. bekk, þar af er lokið endurskoðun á námsefni 1. bekkjar sem komið er út í varanlegri útgáfu og samsvarandi útgáfu fyrir 2. bekk verður lokið á næsta sumri. Um síðastliðin áramót var samning og endurskoðun námsefnis formlega flutt frá skólaþróunardeild til Námsgagnastofnunar og verður hér eftir alfarið þeirrar stofnunar.

2. Staða tónmenntarfræðslu í grunnskólum.

Á undanförnum árum hafa verið teknar saman upplýsingar um stöðu tónmenntarfræðslu í grunnskólum eftir skólahaldsskýrslum og hefur þar komið fram að nokkuð hefur miðað í rétta átt í Reykjavík og fræðsluumdæmum í næsta nágrenni borgarinnar, en í öðrum umdæmum frá Vestfjörðum austur um til Suðurlands hefur fækkað þeim skólum þar sem tónmennt er kennd. Í sumum umdæmum heyrir til undantekninga að tónmennt sé kennd í grunnskólum. Það er ekki einungis í strjálbýlinu sem þessi námsgrein stendur höllum fæti, heldur eru enn þann dag í dag grunnskólar í Reykjavík og víðar í þéttbýlinu þar sem engin tónmenntarfræðsla fer fram. Skortur á sérmenntuðum tónmenntarkennurum er svo mikill, að ekki er enn hægt að framfylgja lögboðinni fræðslu í tónmennt þar sem aðstæður eru hvað bestar eins og í Reykjavík og nágrenni, hvað þá að sérmenntaðir kennarar fáist til að sinna farkennslu eða fræðslu í námskeiðaformi eins og umrædd þingsályktun gerir ráð fyrir.

3. Starf tónlistarfræðslunefndar og námskrárgerð í tónlistargreinum.

Árið 1980 var á vegum skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins hafið umfangsmikið nefndarstarf til að móta framtíðarstefnu um málefni tónlistarfræðslunnar í landinu og undirbúa námskrárgerð í tónlistargreinum. Tónlistarfræðslunefnd skilaði mjög ítarlegri álitsgerð í október 1983 og er nú unnið að framkvæmd þeirra tillagna sem þar voru settar fram, einkum samræmingu á námi og kennslu í tónlistarskólum með útgáfu á námskrám í hinum ýmsu tónlistargreinum og endurskipulagningu á prófum og námsmati. Út eru komnar námskrár fyrir eftirtalin hljóðfæri: orgel, píanó, gítar, blokkflautu, fiðlu og klarínett. Á næstunni koma út námskrár fyrir selló, þverflautu, trompet og einsöng.

Vegna þess sem fram kemur í annarri málsgrein umræddrar þingsályktunar um að tengja starf tónlistarskóla við tónmenntarfræðslu grunnskólanna, skal á það bent, að í nefndaráliti tónlistarfræðslunefndar á bls. 57—69 eru tillögur sérstaks starfshóps sem fjallaði um tengsl milli tónlistarskóla og grunnskóla.

4. Könnun á tónmenntarfræðslu í grunnskólum.

Um þessar mundir er unnið að umfangsmikilli könnum á tónmenntarfræðslu í grunnskólum landsins,

þar sem aflað er ítarlegra upplýsinga um nám, kennslu og aðbúnað í grunnskólum miðað við skólaárið 1984—1985. Auk upplýsinga um tilhögun tónmenntarnáms í þeim grunnskólum þar sem slík fræðsla er til staðar, er í þessari könnun sérstaklega leitað eftir upplýsingum um þá grunnskóla sem ekki geta haldið uppi fræðslu í þessari námsgrein. Einnig er í könnuninni aflað upplýsinga um samstarf grunnskóla við tónlistarskóla.

Könnunargögn eru nú að berast frá grunnskólunum til menntamálaráðuneytisins og tölvuúrvinnsla þeirra gagna hefst innan tíðar. Vonir standa til að niðurstöður leiði til úrbóta, meðal annars um þau atriði sem fram koma í umræddri þingsályktun.

5. Tónmennt sem valgrein í Kennaraháskóla Íslands.

Í síðustu málsgrein umræddrar þingsályktunar er lagt til að tónmennt verði sem valgrein felld inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands. Undirbúningur hófst árið 1978 og fyrstu kennararnir sem luku valnámi í tónmennt útskrifuðust vorið 1982. Nú í ár útskrifast 6 kennarar sem lokið hafa þessu námi.

Þingsályktunartillaga um íslenskukennslu í ríkisútvarpinu, Sþ. 5. maí 1978.

Ráðuneytið sendi útvarpsstjóra og útvarpsráði bréf dags. 22. júní 1978 þar sem farið er fram á að Ríkisútvarpið geri ráðstafanir í samræmi við ályktunina og sendi ráðuneytinu skýrslu um framvindu málsins.

Í svarbréfum útvarpsstjóra frá 21. janúar og 24. mars 1980 gerði hann grein fyrir þeim kennslu- og fræðsluþáttum í Ríkisútvarpinu, sem fluttir væru til eflingar í öllum greinum móðurmálsins. Jafnframt getur hann þeirrar sérstöku fræðslu, sem veitt er því starfsfólki, sem jafnaðarlega talaði í útvarp og sjónvarp.

Þingsályktun um útgáfu kortabókar Íslands Sþ. 5. apríl 1979.

Á grundvelli þessarar þingsályktunar skipaði menntamálaráðherra eftirfarandi menn í nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd málsins: Gylfa Má Guðbergsson dósent, form., Birgi Guðjónsson, deildarstjóra í samgönguráðuneytinu, Hörð Lárusson, deildarstj., skólarannsóknadeild menntamálaráðun., Sigurð Guðmundsson, skipulagsfræðing, Framkvæmdastofnun ríkisins og Svavar Berg Pálsson, kortagerðarmann, Landmælingum Íslands.

Nefndin skilaði átili 5. febrúar 1980. Í álitsgerð nefndarinnar er lagt til að Háskóla Íslands og Landmælingum Íslands verði falin gerð og útgáfa kortabókar Íslands, sem kostuð verði með fjárveitingum úr ríkissjóði, en Háskólinn annist fjárreiður og bókhald. Gert var ráð fyrir að prentuð yrðu 10000 eintök með íslenskum texta og 3000 eintök á ensku. Kostnaður var áætlaður 270 millj.g.kr. miðað við þáverandi verðlag. Undirbúnings- og útgáfutími var fyrirhugaður samtals 5 ár.

Menntamálaráðuneytið gerði tillögu til fjárveitinganefndar Alþingis um fjárveitingu til verksins á fjárlögum 1980, 12 millj. gkr., í samræmi við áætlun kortabókarnefndar, en fé var ekki veitt í þessu skyni.

Þingsályktun um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, Sþ. 23. maí 1979.

Þingsályktun þessi hefur verið hornsteinn í starfi Rannsóknaráðs og var sérstaklega staðfest með samþykkt, sem gerð var af ríkisstjórn 6. ágúst 1980, þar sem nánar er kveðið á um stefnuna á þessu sviði. Var Rannsóknaráði síðan falið að fylgja henni eftir. Hefur það verið gert með eftirgreindum hætti.

Árlegu samráði við fjárveitinganefnd og Hagsýslustofnun um undirbúning fjárveitinga til rannsóknastofnana.

Úttektum á stöðu atvinnugreinanna og þörfum fyrir rannsóknir og tæknilega þjónustu.

Úttekt á völdum tæknisviðum með greiningu á framtíðarmöguleikum í huga.

Endurskoðun á langtímaáætlun fyrir rannsóknir í þágu atvinnuveganna (1982—1987).

Þingsályktun um lækkun og niðurfellingu opinberra gjalda á íþróttavörum, Sþ. 23. maí 1979.

Með bréfi dags. 25. júlí 1979 sendir ráðuneytið fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem vakin er athygli á þingsályktuninni og tjáir sig reiðubúið til samstarfs ef þess kynni að vera óskað. Ráðuneytinu er kunnugt um að þetta hafi gerst í málinu:

1) Með reglugerð nr. 365/1979 (3. gr.) var fellt niður vörugjald af áhöldum, tækjum og útbúnaði til fimleika, aflrauna og annarra íþrótta og útileikja.
   Vörugjaldið hafði verið 18%.
2) Í fjármálaráðuneytinu hefur farið fram gagnger endurskoðun á gildandi tollskrárlögum, og liggur nú fyrir nær fullgert frumvarp til breytinga á þeim lögum.
   Ráðuneytinu er einnig kunnugt um að gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu verulegri lækkun á tollum á íþróttavörum.

Þingsályktunartillaga um launasjóð rithöfunda, Sþ. 7. maí 1981 (757).

Menntamálaráðherra skipaði eftirtalda menn í nefndina 23. sept. 1981:

Véstein Ólason dósent, tiln. af þingflokki Alþýðubandalagsins, Stefán Júlíusson rithöfund, tiln. af þingfl. Alþýðuflokksins, Sigurlaugu Bjarnadóttur menntaskólak., tiln. af þingfl. Sjálfstfl., Tryggva Gíslason, tiln. af þingflokki Framsóknarflokksins og Hauk Ingibergsson fyrrv. skólastjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Hinn 31. mars 1982 tilkynnti formaður nefndarinnar ráðuneytinu í bréfi að nefndin hefði lokið störfum. Bréfinu fylgdi frumvarp til laga um Launasjóð íslenskra rithöfunda og tillögur að reglugerð vegna laganna.

Þingsályktun um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands, Sþ. 19. maí 1981.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd skv. þingsályktuninni í október 1981. Í nefndinni sátu:

Prof. Valdimar K. Jónsson form., Árni Vilhjálmsson prof., skv. tilnefningu H.Í. og dr. Jónas Bjarnason, skv. tilnefningu sjávarútvegsráðuneytisins.

Nefndin skilaði greinargerð um málið 17. nóv. 1983. Greinargerðinni fylgdi einnig tillaga um skipulag kennslunnar.

Þann 19. janúar 1984 var eftirfarandi aðilum send grg. til umsagnar og umfjöllunar: Háskóla Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, Tækniskóla Íslands og Rannsóknaráði ríkisins.

Ráðuneytið og Háskóli Íslands lögðu til að fé yrði veitt til að hefja kennslu 1985, en fjárveiting fékkst ekki.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir málinu að nýju við fjárlagagerð næsta árs.

Þingsályktun um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, Sþ. 19. maí 1981 (953).

Hinn 9. mars 1982 skipaði menntamálaráðuneytið starfshóp sem falið var:

„að gera tillögur um hugsanlegar aðgerðir vegna athugunar á því hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, sbr. þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1981, svo og áætlun um kostnað sem tillögurnar hafa í för með sér."

Í hópnum voru:

Hrólfur Kjartansson námsstjóri, skólarannsóknadeild, form.,

Ólafur Proppé námsmatssérfræðingur, skólarannsóknadeild,

Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, H.Í.,

Þórður Gunnar Valdimarsson lektor, H.Í.,

Bragi Jósepsson lektor, K.H.Í.

Kristín Halla Jónsdóttir lektor, K.H.Í.

Hópurinn skilaði tillögum í júní 1982.

Að frumkvæði menntamálaráðherra vinnur Þórólfur Þórlindsson nú að athugun á skólum og skólastarfi sem tengjast því máli sem þingsályktunin fjallar um.

Þingsályktun um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins, Sþ. 21. maí 1981.

1. Ráðuneytið skipaði starfshóp 13. janúar 1982 til þess að fjalla um tölvuvæðingu og aðra tæknivæðingu í skólum. Formaður starfshópsins var Oddur Benediktsson prófessor, en auk hans voru í starfshópnum:
   Anna Kristjánsdóttir lektor,
   Halla Björg Baldursdóttir kennari,
   Jón Torfi Jónasson lektor,
   Karl Jeppesen deildarstjóri.
2. Vorið 1983 voru skipaðir eftirtaldir starfshópar:
   a) Starfshópur til þess að gera tillögur um kennslu í tölvufræðum á grunn- og framhaldsskólastigi.
   b) Starfshópur til þess að gera tillögur um kennslu í tölvufræðum í iðn- og tækniskólum.
   c) Starfshópur til þess að gera tillögur um menntun kennara á sviði tölvufræða.
3. Fyrri hluta árs 1984 fór fram útboð vegna kaupa á tölvubúnaði fyrir framhaldsskóla. Tekið var tilboði frá Radíóbúðinni hf.
4. Ákveðið hefur verið að efna til útboðs vegna tölvukaupa fyrir grunnskóla.
5. Unnið er að eflingu kennaramenntunar í tölvufræðum eftir því sem fé leyfir.

Þingsályktun um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna, Sþ. 21. maí 1981.

Í samræmi við framangreinda þingsályktun skipaði menntamálaráðherra 2. nóvember sama ár nefnd til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna og áttu sæti í nefndinni:

Einar Hákonarson, skipaður samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðuflokksins,

Edda Óskarsdóttir, skipuð samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðubandalagsins,

Davíð Aðalsteinsson, skipaður samkvæmt tilnefningu þingflokks Framsóknarflokksins,

Halldór Blöndal, skipaður samkvæmt tilnefningu þingflokks Sjálfstæðisflokksins,

Björn Friðfinnsson, skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og

Knútur Hallsson, skipaður formaður án tilnefningar.

Nefndin skilaði álitsgerð 21. nóvember 1982. Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að einskorða tillögur nefndarinnar við þrjú atriði, sem verða mættu til þess að bæta nefnd starfsskilyrði. Þau voru: myndskreyting opinberra bygginga, launasjóður myndlistarmanna, skattlagning á efni til myndsköpunar. Jafnframt samdi meiri hluti nefndarinnar frv. til laga um launasjóð íslenskra myndlistarmanna ásamt greinargerð.

Rétt er að benda á að á Alþingi voru samþykkt lög nr. 34/1982 um Listskreytingarsjóð ríkisins.

Þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum, Sþ. 3. maí 1982 (870).

Eftir að þál. var samþykkt var hún send Ríkisútvarpinu og fleiri aðilum til athugunar og umsagnar m. a. ýmsum samtökum rétthafa að höfundarrétti. Þetta var gert í júní 1982.

Í júlí 1983 var þeim tilmælum beint til útvarpsstjóra að gerð yrði könnun á þeim möguleika að framleiða og fjölfalda hljóðbönd og myndbönd, og þá sérstaklega nefndir barnatímar í útvarpi og sjónvarpi. Könnunin var gerð á framkvæmdaþáttum málsins og leiddi hún m. a. í ljós eftirfarandi:

1. Fjölföldun á myndefni.

Ef gefa ætti öllum notendum kost á myndefninu yrði að fjölfalda það á 3 gerðir snælda VHS og V-2000, þar sem ekki er hægt að nota snældu úr einu kerfi í annað. Þarf sjónvarpið því minnst eitt tæki af hverri gerð til upptöku. Slíkur búnaður mun kosta 500—700 þús. krónur.

2. Fjölföldun á hljóðsnældum.

Stofnkostnaður vegna tækjakaupa yrði á bilinu 300—700 þús. kr., hærri talan er miðuð við að greidd séu aðflutningsgjöld að fullu. Ekki er pláss fyrir vinnslu að Skúlagötu 4, en möguleiki er á samnýtingu úrvinnsluherbergja á Rás 2 í Hvassaleiti 60. Gróft áætlað myndi framleiðslukostnaður verða 86 krónur á hverja snældu.

Ríkisútvarpið hefur hafið viðræður við höfunda og samtök þeirra um samninga, er gætu gert stofnuninni kleift að framleiða í fjöldaframleiðslu efni á snældum.

Þingsályktun um að kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila, Sþ. 3. maí 1982 (883).

Menntamálaráðherra skipaði nefnd 28. maí 1982 til að kanna mál þau er þingsályktunin fjallar um.

Í nefndinni sátu Reynir Karlsson deildarstj., form., Alexander Stefánsson alþingismaður, Halldór Blöndal alþingismaður, Elma Guðmundsdóttir forstöðukona og Sigurður Jóhannsson forstöðumaður, skv. tiln. þingflokkanna.

Nefndarálit og tillögur komu frá ofangreindri nefnd í mars 1983. Lög um félagsheimili hafa ekki verið endurskoðuð, en samþykkt hefur verið breyting á reglum um aðgang ungmenna að almennum sam-

komum.

Þann 6. apríl 1984 samþykkti menntamálaráðherra reglu um stuðning við endurbætur og ákveðna þætti í viðhaldi félagsheimila.

Þingsályktun um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar, Sþ. 3. maí 1982 (887).

Menntamálaráðuneytið skipaði hinn 10. desember 1982 eftirtalda aðila í nefnd í samræmi við þingsályktunina: Hákon Hertvig arkitekt, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, Jónínu Guðnadóttur myndlistarmann, samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra myndlistarmanna, Stefán Snæbjörnsson innanhúsarkitekt, samkvæmt tilnefningu félagsins Listiðn, Þráin Þorvaldsson framkvæmdastjóra, samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda og Torfa Jónsson, skólastjóra Myndlista- og handíðaskóla Íslands, sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur ekki enn lokið störfum. Samkvæmt þingsályktuninni er verkefni hennar talsvert viðamikið og margþætt. Menntamálaráðuneytið hefur nú óskað eftir því við nefndina, að hún skili tillögum sínum ekki síðar en 1. ágúst næst komandi.

Þingsályktun um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, Sþ. 8. mars 1983.

Í þingsályktuninni er vísað til langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins 1982—1987 og staðfest er stefna sú, sem þar er mörkuð. Hefur Rannsóknaráð lagt þá stefnu til grundvallar síðustu tvö árin. Áhersla er lögð á að auka verkefnabundna fjármögnun rannsókna og jafnframt auka þátttöku atvinnulífs í fjármögnun og framkvæmd rannsókna um leið og efld eru tengsl stofnana við atvinnulífið. Árlegt samráð við fjárveitingavaldið um undirbúning fjárveitinga til rannsóknastofnana er mikilvægur þáttur í framkvæmd stefnunnar. Þá hefur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs lagt til að veitt verði fé í rannsóknasjóð er styrki einstök verkefni. Nýlega hefur ríkisstjórnin boðað að veitt verði fé í slíkan sjóð til stuðnings rannsóknum í þágu nýsköpunar í atvinnulífinu.

Þingsályktun um staðfestingu Flórens-sáttmála, Sþ. 15. mars 1984 (456).

Svo unnt væri að staðfesta sáttmálann þurfti að breyta tollalögum í viðunandi horf, enda fjallar sáttmálinn beinlínis um niðurfellingu aðflutningsgjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarstarfsemi.

Lengst af þótti fjármálaráðuneytinu ýmis tormerki á því að breyta tollalögum til samræmis við sáttmálann. Á hausti 1983 var þetta mál tekið upp af hálfu menntamálaráðuneytisins og var þá óskað viðræðna við fjármálaráðuneytið. Féllst það ráðuneyti á að athuga þetta málefni frekar og taka það til meðferðar í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Var það gert í tengslum við endurskoðun á tollalögum.

Flórens-sáttmálinn tekur til geysimargra málaflokka, en í grófum dráttum er um að ræða eftirtalið efni:

Viðauki A: Bækur, ýmis rit og önnur skjöl.

Aðflutningsgjöld eru nú ekki lögð á þessar vörur. Ein undantekning er frá þessu; innfluttar bækur á íslensku eru tollaðar sem er 7%. Til þess að geta framfylgt Flórens-sáttmálanum þarf að leggja niður þennan toll.

Viðauki B: Listaverk og safnmunir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi.

Listaverk, safnmunir og forngripir eru undanþegnir öllum aðflutningsgjöldum.

Viðauki C: Sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni sem hefur menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi.

Engin aðflutningsgjöld eru á kvikmyndum. Hljómplötur, hljóðbönd og myndbönd bera hins vegar toll. Í tollalagafrumvarpinu sem nú er fyrir þingi er gert ráð fyrir að þessar vörur með erlendu efni beri lægri toll eða 20% en tollur af íslensku efni verði 0%. Ef það verður samþykkt mun væntanlega unnt að staðfesta Flórenssáttmálann varðandi viðauka C.

Viðauki D: Vísindatækni og búnaður til notkunar við kennslu eða rannsóknir.

Tollskrárlögum hefur verið breytt í samræmi við þetta ákvæði sáttmálans og fjármálaráðuneytið hefur gefið út auglýsingu um framkvæmd þessa ákvæðis.

Viðauki E: Vörur til afnota fyrir blinda.

Heimild í tollskrárlögum um að fella niður aðflutningsgjöld af þessum vörum hefur verið notuð sbr. bréf Fjármálaráðuneytisins dags. 15. okt. 1982.

Eins og sést af ofangreindu hefur þurft að inna mikla undirbúningsvinnu af hendi vegna staðfestingar Flórens-sáttmálans, og sú undirbúningsvinna er enn í fullum gangi, enda stefnt að því að Flórens-sáttmálinn verði staðfestur svo fljótt sem verða má.

Þingsályktun um uppbyggingu Reykholtsstaðar, Sþ. 22. maí 1984 (1120).

Viðræður hafa farið fram um uppbyggingu Reykholtsstaðar milli menntamálaráðuneytisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins.

Í ráðuneytinu er unnið að málum þessum í framhaldi af ofangreindum viðræðum.

Þingsályktun um framburðarkennslu í íslensku og málvöndun, Sþ. 22. maí 1984 (1120).

Vegna umræddrar þingsályktunar hefur menntamálaráðherra skipað menn í tvær nefndir. Sú fyrri fjallaði um málvöndun og kennslu í framburði íslenskrar tungu í ríkisfjölmiðlum. Í henni sátu Guðmundur B. Kristmundsson námsstjóri, formaður, Árni Böðvarsson málfarsráðunautur og Guðmundur Ingi Kristjánsson dagskrárfulltrúi. Nefndin hóf störf 12. september 1984 og skilaði áliti 16. nóvember sama ár og er unnið að framkvæmd tillagna hennar.

Seinni nefndin var skipuð 21. febrúar 1985 og á að gera tillögur um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum. Í henni eiga sæti Guðmundur B. Kristmundsson námsstjóri, formaður, Baldur Jónsson prófessor, Höskuldur Þráinsson prófessor og Indriði Gíslason dósent. Þess er óskað að nefndin skili stuttri áfangaskýrslu 1. september 1985 og stefni að því að ljúka störfum í árslok 1985.

FRÁ UTANRÍKISRÁÐUNEYTI:

Í skrá skrifstofu Alþingis eru fjölmargar ályktanir sem vísað hefur verið til utanríkisráðuneytisins vegna aðildar Íslands að milliríkjasamningum. Hér er í allflestum tilfellum um ríkisstjórnartillögur að ræða og því fyrirspurninni óviðkomandi, þar sem spurt er um þings-

ályktanir einstakra þingmanna.

Í meðfylgjandi skrá eru því ekki taldar upp eftirfarandi ályktanir sem vísað hefur verið til utanríkisráðuneytisins:

96. þing: nr. 2, 12, 19, 20
97. þing: nr. 1, 9, 10, 11, 12
98. þing: nr. 1, 3, 4, 26
99. þing: nr. 1
100. þing: nr. 5, 6, 9
102. þing: nr. 1, 2, 6, 7
103. þing: nr. 1, 4, 7, 33
104. þing: nr. 2, 6, 8, 14, 30
105. þing: nr. 5, 6
106. þing: nr. 1

Geta má þess að allir samningar sem hér um ræðir hafa verið staðfestir af Íslands hálfu.

Sumum ályktunum á meðfylgjandi skrá hefur einnig verið vísað til annarra ráðuneyta. Um svör vegna þeirra má geta eftirfarandi:

1. 97. þing, nr. 4: samkomulag er við samgönguráðuneytið að það svari.
2. 100. þing, nr. 4: samkomulag er við iðnaðarráðuneytið að það svari.
3. 105. þing, nr. 2: í skránni er sameiginlegt svar utanríkisráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins.
4. 106. þing, nr. 5: í skránni er sameiginlegt svar forsætisráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins.
5. 106. þing, nr. 6: í skránni er sameiginlegt svar fjármálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins með vísun til svars menntamálaráðuneytisins.
6. 106. þing, nr. 11: samkomulag er við sjávarútvegsráðuneytið um að það svari.

Skrá um þingsályktanir sem vísað hefur verið til utanríkisráðuneytisins:

97. þing.

4. Þál. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

(með samgönguráðuneytinu)

100. þing.

4. Þál. um rannsókn landgrunnsins.

(með iðnaðarráðuneytinu)

11. Þál. um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda

Matvæli hafa alloft verið send héðan til neyðarhjálpar í þróunarlöndum.

102. þing.

9. Þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Samkomulagið var staðfest 28. maí 1980.

10. Þál. um hafsbotnsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga.

Ríkisstjórnin hefur undanfarin ár, með hliðsjón af þál. þessari og öðrum sem seinna voru samþykktar unnið að málinu, m. a. með viðræðum við viðkomandi ríki. Með reglugerð nr. 196/1985 var landgrunnið afmarkað.

103. þing.

28. Þál. um kjör þingmannanefndar er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga.

Þingmannanefndin var kjörin 25. maí 1981. Í nefndinni eru Páll Pétursson, Sverrir Hermannsson, Stefán Jónsson og Árni Gunnarsson.

37. Þál. um lausn á vandamálum vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins.

Hafnar eru framkvæmdir við olíubirgðasvæðið í Helguvík sem leysa mun af hólmi núverandi birgðastöð varnarliðsins.

104. þing.

1. Þál. um samúð og stuðning við pólsku þjóðina.

Samúð og stuðningur við pólsku þjóðina hefur komið fram með margvíslegum hætti undanfarin ár í samræmi við þingsályktunina.

105. þing.

2. Þál. um hvalveiðibann.

Samþykkt hvalveiðiráðsins var ekki mótmælt.

11. Þál. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

Sjá 102. þing, þál. nr. 10.

12. Þál. um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg.

Sjá 102. þing, þál. nr. 10.

15. Þál. um laxveiðar Færeyinga í sjó.

Stefnu sem fram kemur í ályktuninni hefur verið fylgt eftir í hlutaðeigandi milliríkjastofnun.

106. þing.

5. Þál. um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga.

Unnið hefur verið að sameiginlegum hagsmunum þjóðanna með viðræðum og gagnkvæmum heimsóknum ráðamanna.

6. Þál. um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Á vegum fjármálaráðuneytisins hefur verið unnið að nauðsynlegum breytingum á tollalöggjöf til þess að geta framfylgt sáttmálanum og var fyrirspurn um málið svarað á Alþingi fyrir stuttu. Einnig vísast til svars menntamálaráðuneytisins.

8. Þál. um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins hafa m. a. verið kannaðir fiskveiðimöguleikar við nokkur lönd Ameríku og Asíu. Samningur hefur verið gerður um fiskveiðar við strendur Bandaríkjanna.

11. Þál. um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar.

(með sjávarútvegsráðuneyti)

FRÁ LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI:

1974—75:

Þál. um stækkun Áburðarverksmiðjunnar.

Eftir könnun á hagkvæmni þess að stækka verksmiðjuna hófust framkvæmdir við stækkun og hófst framleiðsla árið 1983 í hinum nýja hluta verksmiðjunnar.

Þál. um nýtingu á áveitu- og flóðengjum landsins.

Þingsályktuninni var komið á framfæri við rannsókna- og leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði er var falið að framkvæma hana.

1975—76:

Þál. um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins falið til athugunar og framkvæmda að vinna eftir þingsályktuninni. Nýjungar eru sífellt að koma fram á þessu sviði, þannig að áætlanagerð er feli í sér hin endanlegu markmið er ekki hægt að vinna.

1976—77:

Þál. um rannsókn á hvernig best megi vinna verðmæti úr sláturúrgangi.

Þann 25. apríl 1977 var skipuð nefnd til að gera faglega úttekt á verkefninu. Niðurstöðum var komið á framfæri við þá aðila sem hafa á höndum meðferð þessara afurða.

Þál. um votheysverkun.

Árið 1977 voru veittar á fjárlögum 3 millj. kr. til rannsókna á því hvaða heyverkunaraðferðir gæfu best fóður. — Á fjárlögum 1978 voru 3,9 m.kr. til framhaldsrannsókna.

Þál. um lausaskuldir bænda.

Nefnd skipuð sem gerði tillögu um úrlausnir er var lögð til grundvallar við lagasetningu.

1977—78:

Þál. um vísindal. rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugla.

Vorið 1979 gerði RALA athugun á útungun og uppeldi æðarunga. — Áfram haldið rannsóknum 1980. — Landbúnaðarráðherra veitti 2 m. gkr. 1980 úr Framleiðnisjóði til þessara rannsókna.

Þál. um framhald Inndjúpsáætlunar.

Landnám ríkisins hafði með Inndjúpsáætlun að gera til ársins 1974. Þá tóku heimamenn við framkvæmd hennar.

1978—79:

Þál. um meðferð íslenskrar ullar.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins var send til úrvinnslu þingsályktunin og hafa ýmis verkefni verið sett upp í framhaldi af því.

Þál. um könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar.

Á vegum nefndar sem skipuð var fór fram úttekt á mannafla við landbúnað og bráðabirgðaeftirlit á mannafla í úrvinnslugreinum landbúnaðarins og þjónustugreinum við landbúnað.

Þál. um beinar greiðslur til bænda.

Nefnd skipuð til að gera tillögur til ráðuneytisins, sem var komið á framfæri við viðkomandi aðila af ráðuneytinu.

Þál. um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni.

Skúli Pálsson Laxalóni fékk greiddar bætur 1978, kr. 20 millj. gkr.

1979—80:

Þál. um útibú frá veiðimálastofnun.

Útibú sett á fót 1982 á Egilsstöðum. Útibúum hefur verið komið upp á Vesturlandi, Norðurlandi og Austfjörðum.

Þál. um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni.

Skúli Pálsson fékk gr. kr. 737 800 nkr. 1981 í bætur.

1980—81:

Þál. um setningu lagaákvæða um stofnun og rekstur félagsbúa.

Nefnd skipuð til að athuga þetta mál. Nefndin skilaði áliti sem lög og reglur eru í mótun eftir.

1980—81:

Þál. um grasköglaverksmiðju í Borgarfirði.

Ekki hefur enn fundist rekstrargrundvöllur fyrir fleiri grasköglaverksmiðjur en nú eru starfandi og ráðuneytið taldi því hyggilegast að sjá fyrst hvernig rekstur annarra verksm. gengi, áður en ráðist yrði í byggingu verksmiðju í Borgarfirði.

1981—82:

Þál. um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Unnið er að eflingu fiskræktar og fiskeldis, m. a. með framlögum úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins og eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum og lánsfjárlögum.

Þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun.

Nefnd skipuð er gerði tillögu að nýrri landgræðslu- og landverndaráætlun, sem er hafin framkvæmd á. Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinnur að eflingu kornræktarinnar skv. tillögunni.

Þál. um eflingu kalrannsókna.

Ráðherra fékk umsögn frá dr. Einari Siggeirssyni um rannsóknir gerðar á vegum Rannsóknarst. Neðri-Áss.

Þál. um votheysverkun.

Nefnd skipuð til að vinna að eflingu votheysverkunar skv. tillögunni.

1982—83:

Þál. um könnun tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun varðandi landbúnaðinn.

Nefnd skipuð sem vinnur að mótun þessa máls.

Þál. um eflingu rannsókna á laxastofninum.

Sent veiðimálastjóra til athugunar og umsagnar.

1983—84:

Þál. um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa.

Sent SÍS, SS og Framleiðsluráði. Gerðar hafa verið ráðstafanir um skipulega uppbyggingu eða endurnýjun á sláturhúsum í landinu, sem miða að því að vanda til vörumeðferðar og lækka sláturkostnað.

FRÁ SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI:

Með vísan til bréfs forsætisráðuneytisins dags. 2. apríl varðandi framkvæmd þingsályktana vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi: Þær þingsályktanir sem snerta sjávarútvegsráðuneytið fjalla ýmist um auknar rannsóknir á ákveðnum fisktegundum eða veiðisvæðum eða um vinnslu- og markaðsmál. Um þær fyrrnefndu gildir að þær hafa verið sendar Hafrannsóknastofnun til framkvæmdar og hefur stofnunin sinnt þeim eftir því sem geta og aðstæður hafa leyft, um hinar síðarnefndu má segja, að hér sé um mál að ræða, sem er stöðugt unnið að í ráðuneytinu í samstarfi við undirstofnanir þess og hagsmunaaðila.

FRÁ DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI:

1. Þingsályktun um nefndarskipan um áfengismál, samþ. 7. maí 1975, send með bréfi 13. maí 1975.

Efni: Að Alþingi kjósi 5 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til að gera úttekt á stöðu áfengis-

málanna.

2. Þingsályktun um nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka, samþ. 18. maí 1976, send með bréfi 31. maí 1976.

Efni: Að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að undirbúa frumvarp.

3. Þingsályktun um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna, samþ. 29. apríl 1977, send með bréfi 5. maí 1977.

Efni: Um áfengisfræðslu í skólum og fjölmiðlum. Ályktunin var framsend heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sem fer með áfengisvarnir, með bréfi 10. maí 1977.

4. Þingsályktun um fljótvirkari og ódýrari meðferð minniháttar mála fyrir héraðsdómstólum, samþ. 29. apríl 1977, send með bréfi 3. maí 1977.

Efni: Um að samið verði lagafrumvarp og aðrar ráðstafanir gerðar til undirbúnings því að koma á slíkri meðferð mála.

Réttarfarsnefnd, sem vinnur að endurskoðun reglna um málsmeðferð á héraðsdómsstiginu, var falið að taka efni þingsályktunarinnar til sérstakrar meðferðar með bréfi 15. júní 1977. Með bréfi 6. nóvember 1979 var tveimur borgardómurum falið að vinna að undirbúningi löggjafar um þetta efni. Skiluðu þeir tillögum í formi lagafrumvarps 2. apríl 1980, og voru þær tillögur sendar réttarfarsnefnd til athugunar 22. apríl 1980. Eru tillögur réttarfarsnefndar væntanlegar fljótlega.

5. Þingsályktun um byggingu dómhúss, samþ. 29. apríl 1977, send með bréfi 5. maí 1977.

Efni: Að hafinn verði undirbúningur að byggingu dómhúss.

Nefnd til að annast undirbúning að byggingu dómhúss í Reykjavík var skipuð 25. nóvember 1977. Leitað var til borgaryfirvalda um athugun á mögulegu lóðavali 16. janúar 1978 og aftur 18. apríl 1980. Á fjárlögum 1981—1984 hefur verið nokkur byrjunarfjárveiting til byggingar dómhúss í Reykjavík.

6. Þingsályktun um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi, samþ. 29. apríl 1977, send með bréfi 5. maí 1977.

Efni: Um samningu lagafrumvarps um verndun einstaklinga gagnvart söfnun upplýsinga um persónulega hagi.

Nefnd var skipuð 25. nóvember 1976 til að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum, er varða einkahagi manna. Nefndin skilaði frumvarpi til lagą um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, er lagt var fram á Alþingi, fyrst 1978. Lög um efnið voru síðan samþykkt 1981, sbr. lög nr. 63/1981.

7. Þingsályktun um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra, samþ. 3. maí 1977, send með bréfi 17. maí 1977.

Efni: Endurskoðun laga og reglna um launakjör hreppstjóra.

Starfshópur var skipaður 18. nóvember 1980 til að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra. Starfshópurinn skilaði tillögum 17. apríl 1982, þ. á m. frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hreppstjóra, sem lagt var fram á Alþingi í ársbyrjun 1983, sbr. lög nr. 13/1983.

8. Þingsályktun um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá o. fl., samþ. 6. maí 1978, send með bréfi 22. maí 1978.

Efni: Að tilnefndir verði að nýju 9 menn í stjórnarskrárnefnd.

Endurskoðun stjórnarskrár fellur undir forsætisráðuneyti.

9. Þingsályktun um endurskoðun meiðyrðalöggjafar, samþ. 23. maí 1979, send með bréfi 31. maí 1979.

Efni: Endurskoðun löggjafar um ærumeiðingar.

Ekki hefur verið unnið sérstaklega að þessu verkefni, en það athugað í sambandi við almenna endurskoðun hegningarlaga á friðhelgi einkalífs í víðara samhengi. Ekki er lokið úrvinnslu á þeim hugmyndum.

10. Þingsályktun um kaup og sölu á fasteignum, samþ. 29. maí 1980, send með bréfi 10. júní 1980.

Efni: Endurskoðun laga um fasteignasölu, svo og annarra laga og reglna um fasteignaviðskipti.

Prófnefnd fasteignasala var með bréfi 18. nóvember 1981 falið að taka til athugunar fyrri drög frá nefndinni að frumvarpi til laga um fasteigna- og skipasala, einkum með hliðsjón af þingsályktuninni. Lagafrumvarp um fasteigna- og skipasala var lagt fram á Alþingi vorið 1984.

11. Þingsályktun um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, samþ. 17. febrúar 1981, send með bréfi 23. febrúar 1981.

Efni: Könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, skipun nefndar til að gera tillögur um fyrirkomulag þessara réttinda.

Málið hefur verið til athugunar hjá sifjalaganefnd.

12. Þingsályktun um milliþinganefnd um landhelgisgæsluna, samþ. 2. apríl 1981, send með bréfi 10. apríl 1981.

Efni: Að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að kanna á hvern hátt sé nauðsynlegt að efla landhelgisgæsluna.

Nefnd var kosin 25. maí 1981. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

13. Þingsályktun um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi, samþ. 2. apríl 1981, send með bréfi 8. apríl 1981.

Efni: Nefnd verði skipuð til að kanna hvort tímabært sé að setja almenn stjórnsýslulög og semja frumvarp ef ástæða þætti til.

Er til meðferðar hjá stjórnkerfisnefnd á vegum forsætisráðuneytis.

14. Þingsályktun um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands, samþ. 7. maí 1981, send með bréfi 13. maí 1981.

Efni: Að undirbúa setningu nýrrar reglugerðar um ofangreint efni. Reglugerðin verði í samræmi við væntanlegan hafréttarsáttmála.

Er til athugunar í samráði við utanríkisráðuneyti.

15. Þingsályktun um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum, samþ. 7. maí 1981, send með bréfi 13. maí 1981.

Efni: Að undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum.

Nefnd til að vinna að undirbúningi tillagna um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum á grundvelli þingsályktunarinnar var skipuð 19. maí 1983. Nefndin starfar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Nefndin er enn að störfum.

16. Þingsályktun um breytingu á siglingalögum, samþ. 19. maí 1981, send með bréfi 11. júní 1981.

Efni: Endurskoðun ákvæða siglingalaga er varða björgun skipa og skipshafna.

Nefnd til að endurskoða ákvæði siglingalaga um björgun var skipuð af samgönguráðuneyti 16. júlí 1981. Nefndin skilaði tillögum í júní 1982. Þær tillögur hafa verið teknar upp í frumvarp til siglingalaga, sem lagt var fram á Alþingi, fyrst vorið 1984.

17. Þingsályktun um menntun fangavarða, samþ. 19. maí 1981, send með bréfi 11. júní 1981.

Efni: Skipun nefndar er taki til endurskoðunar menntun fangavarða.

Nefnd var skipuð 28. ágúst 1981. Skilaði nefndin skýrslu 12. janúar 1982 með tillögum um menntun fangavarða. Skýrslunni var dreift á Alþingi. Í framhaldi af tillögunum var lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, breytt, sbr. lög nr. 50/1982, og tekinn hefur verið upp rekstur sérstaks skóla fyrir fangaverði.

18. Þingsályktun um flugrekstur ríkisins, samþ. 19. maí 1981, send með bréfi 11. júní 1981.

Efni: Að kanna hagkvæmni þess að sameina allan flugrekstur ríkisins.

Viðræður hafa farið fram af hálfu ráðuneytis og landhelgisgæslu vegna þessa, en ekki hefur verið stofnað til formlegrar athugunar af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem fer með hagsýsluverkefni.

19. Þingsályktun um eflingu almannavarna, samþ. 18. febrúar 1982, send með bréfi 9. mars 1982.

Efni: Að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna.

Alþingi kaus nefnd í þessu skyni 7. maí 1982. Nefndin skilaði skýrslu 16. apríl 1984 með tillögum, þ. á m. tillögum að lagafrumvarpi. Lagafrumvarp var lagt fram á Alþingi í febrúar 1985. Tillögur nefndarinnar eru að öðru leyti til meðferðar, m. a. hjá almannavarnaráði. Úrlausn tillagnanna ræðst m. a. af fjárveitingum.

20. Þingsályktun um fangelsismál, samþ. 20. apríl 1982, send með bréfi 12. maí 1982.

Efni: Að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum.

Alþingi kaus nefnd í þessu skyni 7. maí 1982. Nefndin er enn að störfum.

21. Þingsályktun um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum, samþ. 20. apríl 1982, send með bréfi 12. maí 1982.

Efni: Að skipuð verði nefnd til að gera athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum o. fl.

Ályktunin var framsend forsætisráðuneyti 31. ágúst 1982, en verkefnið fellur eigi undir dómsmálaráðuneytið.

22. Þingsályktun um Kolbeinsey, samþ. 20. apríl 1982, send með bréfi 12. maí 1982.

Efni: Að sjómerki verði sett á Kolbeinsey og að kannað verði hvernig eyjan verði tryggð.

Málefnið fellur undir samgönguráðuneytið.

23. Þingsályktun um ávana- og fíkniefni, samþ. 27. apríl 1982, send með bréfi 12. maí 1982.

Efni: Heildarendurskoðun á því hverjar leiðir séu helst til úrbóta til að hamla frekar gegn ávana- og fíkniefnum.

Þingsályktunin leiddi ekki til sérstakra starfa.

24. Þingsályktun um könnun vélhjólaslysa, samþ. 3. mars 1983, send með bréfi 18. mars 1983.

Efni: Að gerð verði könnun á vélhjólaslysum í umferðinni.

Könnun á vélhjólaslysum í Reykjavík árin 1981 og 1982 var unnin á vegum landlæknisembættisins. Skýrsla lögð fram í ágúst 1984. Tillögur til úrbóta koma fram í frumvarpi til umferðarlaga sem liggur fyrir Alþingi.

25. Þingsályktun um öryggiskröfur til hjólbarða og innflutningsgjöld af hjólbörðum, samþ. 8. mars 1983, send með bréfi 18. mars 1983.

Efni: Að settar verði gæða- og öryggisreglur um hjólbarða og kannað hvort unnt sé að lækka innflutningsgjöld.

Er til meðferðar í sambandi við heildarendurskoðun á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, sem stendur yfir. Innflutningsgjöld varða fjármálaráðuneyti.

26. Þingsályktun um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, samþ. 20. desember 1983, send með bréfi 28. desember 1983.

Efni: Að komið verði á samstarfshópi er samræmi og skipuleggi auknar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, o. fl.

Starfshópur var skipaður 17. janúar 1984 til að gera tillögur um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna í samræmi við þingsályktunina. Starfshópurinn skilaði tillögum 5. mars 1984. Á grundvelli tillagna starfshópsins hefur refsihámark samkvæmt lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 173. gr. a) almennra hegningarlaga verði hækkað, aflað aukins tækjabúnaðar fyrir löggæslu og tollgæslu, fjárveitingar aukist o. fl. Þá var 20. ágúst 1984 komið á fót samstarfshóp er hefur það hlutverk að skipuleggja og samræma aðgerðir lögreglu og tollgæslu á sviði ávana- og fíkniefnamála og vera vettvangur fyrir upplýsingaskipti milli þeirra aðila sem að þessum löggæslustörfum vinna. Samstarfshópinn skipa fulltrúar dómsmálaráðuneytis, ríkissakssóknara, lögreglu- og dómaraembætta og tollgæslu. Samstarfshópurinn hittist a. m. k. mánaðarlega.

27. Þingsályktun um könnun á rannsókn og meðferð

nauðgunarmála, samþ. 22. maí 1984, send með bréfi 12. júní 1984.

Efni: Að skipuð verði 5 manna nefnd til að kanna hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta.

Nefnd var skipuð 12. júlí 1984. Nefndin er enn að störfum.

28. Þingsályktun um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga, samþ. 22. maí 1984, send með bréfi 18. júlí 1984.

Efni: Að leita eftir samstarfi við Lagastofnun Háskólans um framhaldsvinnslu lagasafns o. fl. og að Alþingi kjósi 9 manna nefnd til ráðuneytis.

Viðræður hafa farið fram við Lagastofnun um framhaldsvinnslu lagasafns. Færsla nýrrar löggjafar inn í tölvuskráðan texta lagasafns 1983 er á næsta leiti, en nýlokið er flutningi þess texta til SKÝRR.

FRÁ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI:

20. maí 1975. Þingsályktunartillaga um atvinnumál aldraðra.

Sett hefur verið heildarlöggjöf um málefni aldraðra.

20. maí 1975. Þál. um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Settur var á fót starfshópur á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, sem vann að málinu.

10. apríl 1981. Þál. um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum.

Ítarleg skýrsla samin 21. 12. 1982.

6. júní 1975. Þál. um fullgildingu Félagsmálasáttmála Evrópu.

Sent utanríkisráðuneytinu til fullg. 11. sept. 1975.

6. júní 1975. Þál. um athugun á framfærslukostnaði.

Hagstofa Íslands gerði á árinu 1976 athugun á framfærslukostnað á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Hvolsvelli.

6. júní 1975. Þál. um lækkun á byggingarkostnaði.

Tekið fyrir af nefndum sem ráðuneytið hefur skipað til endurskoðunar á löggjöf um húsnæðismál.

16. maí 1977. Þál. um atvinnumál öryrkja.

Sett hefur verið heildarlöggjöf um þessi málefni og stofnuð deild sem fer með málefni fatlaðra í ráðuneytinu.

22. maí 1978. Þál. um atvinnumöguleika ungs fólks.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur fjallað um málið og aflað um það uppl.

22. maí 1978. Þál. um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins framkvæmdi þessa könnun og samdi drög að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem kom út í nóv. 1980.

15. apríl 1981. Þál. um fullgildingu á alþjóðasamþ. v. samstarfs um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Sent aðilum vinnumarkaðarins 13. júlí 1981. Staðfest m. auglýsingu í Stjórnartíðindum 1982.

11. júní 1981. Þál. um einangrun húsa.

Tekið fyrir af nefndum sem ráðuneytið hefur skipað til endursk. á löggjöf um húsnæðismál.

21. maí 1981. Þál. um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

Sent Húsnæðisstofnun ríkisins 18. 9. Svarað 9. 12.1981. Sent Sambandi ísl. sveitarfélaga.

17. maí 1982. Þál. um orlofsbúðir fyrir almenning.

Alþingi kaus 7 manna nefnd 7. maí 1982. Þál. er staðfesting þess.

24. maí 1982. Þál. um staðfestingu 4ra Norðurlandasamninga.

Sent utanríkisráðuneytinu til fullgildingar 17. maí 1982. Birt í C-deild Stjórnartíðinda 1982.

FRÁ HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI:

1. Þingsályktunartillaga um öryggisþjónustu Landsímans.

Þingsályktunartillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til að Landsíminn geri áætlun um öryggisþjónustu þannig að fullnægt verði ákvæðum 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 56/1973."

Svo sem þingsályktunartillagan ber með sér er hér um að ræða framkvæmdamál stofnunar sem ekki heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, enda þótt framkvæmdaatriðið sé tiltekið í lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið leit því svo á, að því væri send þingsályktunin til kynningar en ekki til framkvæmda.

2. Þingsályktunartillaga um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða, send ráðuneytinu 6. 6. 1975.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að undirbúa hið fyrsta ráðstafanir til að bæta aðstöðu vangefinna og fjölfatlaðra, m. a. með aukningu hjálparstofnana vegna þeirra sem dveljast í heimahúsum og aukningu hjúkrunarrýma fyrir þá sem eiga við þessi vanheilindi á háu stigi að stríða."

Í sambandi við þessa þingsályktun verður að minna á að á árabilinu 1973—74 fór fram könnun á vegum ráðuneytisins í samræmi við þingsályktunartillögu sem samþykkt var í mars 1973, þar sem gert var ráð fyrir að könnuð yrði tala vangefinna í landinu og skipting þeirra eftir landshlutum, könnuð yrði aðstaða til sérhæfingar fyrir það fólk sem tekst á hendur þjónustustörf á vistheimilum fyrir vangefna og að í samráði við Styrktarfélag vangefinna yrði komið upp vistheimilum fyrir vangefna þar sem þeirra væri talin þörf.

Áður en þingsályktunartillagan frá 1975 var samþykkt hafði því farið fram mjög mikið starf á þessu sviði og má þar m. a. minnast á rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 1, 1975, sem kom út í apríl 1975: Könnun á fjölda vangefinna og skipting þeirra eftir landshlutum, sem Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi, tók saman.

Á þessum árum áttu byggingaframkvæmdir vegna vangefinna að fjármagnast úr Styrktarsjóði vangefinna og á árabilinu 1973—1976 höfðu framlög til sjóðsins staðið í stað að krónutölu; voru 31 500 000 árið 1973, en 31 825 000 á fjárlögum ársins 1976.

Á þessum tíma hækkaði byggingavísitala úr 708 stigum hinn 1. mars 1973 í 1986 stig hinn 1. nóvember 1976.

Umsjón með Styrktarsjóði vangefinna hafði félagsmálaráðherra, þannig að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gat aðeins haft óbein áhrif á það, hvernig

þessu fé var varið. Það er því augljóst að ekki var hægt um vik að framkvæma þingsályktunartillöguna hvað það snerti að hraða byggingaframkvæmdum, en í bréfi til félagsmálaráðherra 20. febrúar 1976 lagði heilbrigðisráðherra áherslu á byggingaframkvæmdir við aðalhæli ríkisins í Kópavogi, við Sólborgu á Akureyri og við stofnun sem staðsett yrði á Egilsstöðum fyrir Austurland.

Miðað við það hvað var verið að gera í þessum málaflokki má fremur líta á þingsályktunartillöguna sem áréttingu Alþingis um vilja sinn í þessu efni, án þess þó að Alþingi sýndi fullan vilja með því að veita fé til framkvæmda.

Hvað snertir aðstoð til þeirra sem dveljast í heimahúsum hafði heilbrigðisráðherra hinn 5. júlí 1972 skipað nefnd sem fékk það hlutverk að gera reglugerð um félagslega aðstoð við vanþroska fólk sem ekki dveldist á fávitastofnunum. Nefndin skilaði starfi í júní 1976 og reglugerð um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst á fávitastofnunum var sett hinn 28. febrúar 1977.

3. Þingsályktunartillaga um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma. Send ráðuneytinu 5. maí 1977.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til að gera ítarlega könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hérlendis, svo sem vegna vinnuálags og langs vinnudags, hraða eða sjálfvirkni vinnunnar, umgengni við hættuleg efni, mengað andrúmsloft, hávaða, kulda eða vegna annars sem snertir aðbúnað starfsfólks á vinnustað."

Heilbrigðisráðherra tók þetta mál upp á ríkisstjórnarfundi hinn 20. júní 1977 og fékk þar heimild til að skipa nefndina í samráði við þau ráðuneyti sem málið snertir. Nefndin var svo skipuð í málið hinn 6. október 1977. Skúli Johnsen er formaður nefndarinnar, en í henni eiga sæti auk hans Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur og Oddur Ólafsson fyrrv. alþingismaður.

Nefndin hefur verið starfandi síðan, en starf hefur verið mismikið vegna þess að sum ár hefur nefndin ekki fengið fé á fjárlögum til starfa sinna. Það sem nefndin vinnur að nú eru rannsóknir á starfstengdum sjúkdómum og er það gert í samræmi við nýja skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á atvinnusjúkdómum. Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar nú er gert ráð fyrir að nefndin geti skilað af sér um næstkomandi áramót, verði fé veitt til þeirra verkefna sem hún vinnur að.

4. Þingsályktunartillaga um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

Þessi þingsályktunartillaga er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggjast á þeim grundvallaratriðum:

— að draga úr heildarneyslu vínanda,
— að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál,
— að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál,
— að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana,
— að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t. d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, Áfengisvarnaráð, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengisvarnir, AA-samtökin og fleiri, löggæslu og dómsmálayfirvöld, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamála áfengissjúklinga.

Tillögur þessar og greinargerð skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu."

Svo sem þingsályktunin ber með sér var hér um að ræða mál ríkisstjórnarinnar allrar og gert ráð fyrir að málið félli undir forsætisráðuneyti.

Þingsályktunin var samþykkt á Alþingi 7. maí 1981, en málið var tekið fyrir í ríkisstjórn til ákvörðunar 30. desember 1982, og var þá samþykkt tillaga frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hvernig staðið skyldi að framkvæmd málsins.

Ákveðið var að skipa stóra nefnd sem fjalla ætti um málið og var hún skipuð hinn 19. maí 1983 og áttu eftirtaldir aðilar aðild að nefndinni:

Samvinnunefnd bindindisfélaga,
Alþýðuflokkurinn,
SÁÁ,
Alþýðubandalagið,
Bandalag jafnaðarmanna,
Fjármálaráðuneytið,
Meðferðarstofnanir ríkisins í áfengismálum,
Forsætisráðuneytið,
Framsóknarflokkurinn,
Samtök um kvennalista,
Menntamálaráðuneytið,
Áfengisvarnaráð,
Dómsmálaráðuneytið,
Sjálfstæðisflokkurinn,
Landlæknisembættið.

Heilbrigðisráðherra skipaði síðan formann, varaformann og starfsmann nefndarinnar.

Nefndinni var falið að byggja starf sitt á fyrrgreindri þingsályktun. Henni var einnig falið að gera sértillögur um átak í áfengismálum sérstaklega og öðrum vímuefnamálum sérstaklega og senda þær ríkisstjórninni svo fljótt sem hægt væri. Þegar því væri lokið átti nefndin að gera tillögur um heildstæða og markvissa stefnu og löggjöf um stjórnun áfengismála, þ. e. tilbúning og dreifingu áfengis, áfengisvarnir, meðferð áfengissjúklinga, rekstur meðferðarstofnana og upplýsinga-, rannsókna- og fræðslustarfsemi.

Nefndin skilaði tillögum sínum um áfengismál hinn 1. nóvember 1983 og tillögum sínum í vímuefnamálum hinn 26. febrúar 1984.

Síðan hefur nefndin unnið að verkefni sínu og gerir ráð fyrir að skila fyrsta hluta tillagna sinna fyrir áramót,

en frá upphafi var gert ráð fyrir að nefndin hefði þrjú ár til starfa sinna og ætti því að ljúka starfi vorið 1986.

5. Þingsályktunartillaga um eflingu innlends lyfjaiðnaðar, send ráðuneytinu 31. mars 1981.

Þingsályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er fái það hlutverk að vinna að ítarlegum tillögum um eflingu innlends lyfjaiðnaðar."

Svo sem fyrr segir var þessi þingsályktun send ráðuneytinu 11. júní 1981, en hinn 16. júlí var skipuð samstarfsnefnd um lyfjaframleiðslu og áttu sæti í nefndinni Árni Kristinsson læknir, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Guðmundur Steinsson lyfjafræðingur, Kristján Linnet lyfjafræðingur, Ingolf J. Petersen deildarstjóri, sem var formaður nefndarinnar og Reynir Eyjólfsson lyfjafræðingur, sem var ritari nefndarinnar.

Samstarfsnefndin skilaði fyrsta áliti sínu til heilbrigðisráðherra 11. nóvember sama ár og fjallaði það um framleiðslu fullunninna lyfja með tilliti til sem mestrar markaðshlutdeildar hérlendis og samstarfs lyfjaframleiðenda.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

6. Þingsályktunartillaga um ár aldraðra, samþykkt á Alþingi 10. nóvember 1981, send ráðuneytinu 9. desember 1981.

Þingsályktunartillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra. Alþingi skal kjósa 7 manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og skal hún eiga samvinnu við stjórnskipaða nefnd sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Skulu þessir aðilar marka frambúðarstefnu í þessum málum og meta þá þörf sem er á brýnum úrbótum í einstökum byggðarlögum eða fyrir landið í heild og að vinna að undirbúningi fjáröflunarframkvæmda á þessu sviði. Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka sem láta sig mannúðar- og menningarmál varða. Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd, í samráði við sveitarstjórnir og hagsmunaaðila, koma á fót undirnefndum til starfa innan landshluta, kjördæma, heilsugæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga."

Svo sem þingsályktunin ber með sér kaus Alþingi sjálft nefnd til að sinna þessu máli, en áður hafði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipað nefnd sem vann að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða og varð það strax að ráði að nefndirnar skiptu með sér verkum, þannig að ekki yrði um tvíverknað að ræða.

Þingkjörna nefndin sendi ráðherra skýrslu vegna starfa sinna að loknu ári aldraðra.

7. Þingsályktun um málefni hreyfihamlaðra, send ráðuneytinu 10. 6. 1980.

Vegna þess hvað gerst hafði í málefnum fatlaðra og þroskaheftra á árabilinu á undan og eftir að þessi þingsályktunartillaga er samþykkt, er ekki ástæða til að rekja hvaða áhrif hún hafði sérstaklega, því hún er borin fram og samþykkt á tíma sem fjölmargt var að gerast í þessum málum og mikið hafði verið unnið að þeim um langan tíma.

Þó þykir rétt að rekja hér stuttlega hvernig gangur málsins var í ráðuneytum, því það virðist óljóst mörgum.

Þegar á árinu 1976 lagði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, til að ráðuneyti félags-, heilbrigðis- og menntamála tilnefndu hver sinn mann til að athuga gildandi lagaákvæði um heilbrigðisfræðslu og félagsmál og fleira er varðaði þroskahefta.

Þrír menn voru skipaðir í nefnd til að kanna málið, þeir Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri, Sverrir Bjarnason læknir og Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri. Nefndin skilaði drögum að frumvarpi á árinu 1977.

14. mars 1978 skipaði þáv. heilbrigðisráðherra nefnd til að vinna að nýjum tillögum að frumvarpi til heildarlaga um þroskahefta. Í nefndinni áttu sæti Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur, formaður, tilnefndur af heilbrigðisráðherra, Jón Ólafsson skrifstofustjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti og Jón Sævar Alfonsson skrifstofustjóri, tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálp.

Nefndin skilaði áliti í mars 1979 og lög um málefni þroskaheftra tóku gildi 1. janúar 1980.

Á árinu 1981 og 1982 var unnið að því að samhæfa lög um málefni þroskaheftra og lög um endurhæfingu og í mars 1983 voru samþykkt lög um málefni fatlaðra sem gildi tóku 1. janúar 1984.

8. Þingsályktun um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Þingsályktunin var samþykkt á Alþingi 3. maí 1982 og barst ráðuneytinu 12. maí 1982.

Þingsályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar, að leiði könnun sem nú fer fram á lækningamætti jarðsjávar í Svartsengi til jákvæðrar niðurstöðu, þá verði þegar unnið að því að koma upp sérstakri aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða."

Þegar þessi þingsályktun var samþykkt var ekki í gangi könnun á lækningamætti jarðsjávar. Forsaga málsins var sú að á árinu 1981 hafði psoriasissjúklingur frumkvæði um að kanna á sjálfum sér hvort böð í heitum jarðsjó við Svartsengi hefðu áhrif á sjúkdóm hans. Málið var til umræðu á Alþingi á árinu 1981 og fyrrgreind þingsályktun var samþykkt vorið 1982.

Áður en þingsályktunin var samþykkt hafði ráðuneytið ritað landlækni bréf hinn 15. desember 1981 og óskað eftir að hann annaðist rannsókn á lækningamætti hitaveituvatnsins í lóninu við Svartsengi. Þótt landlæknir hefði áhuga á málinu tókst ekki að koma þeim rannsóknum af stað sem hann taldi marktækar, en með bréfi hans 8. júlí 1983, gerði hann tillögu um rannsókn sem leiða mundi í ljós hvort um lækningu með þessu móti væri að ræða. Hinn 14. júlí 1983 var leitað eftir aukafjárveitingu til þessa verkefnis og með bréfi fjármálaráðuneytisins 11. ágúst 1983 var aukafjárveitingin veitt. Það tókst ekki heldur í þetta sinn að koma á laggirnar rannsókn sem skæri úr um lækningamátt baðanna og var mest um að kenna, að þegar til átti að taka, reyndist erfiðleikum bundið að fá fólk til að taka þátt í rannsókninni, því nauðsynlegt þótti að gera rannsóknina þannig að til samanburðar væri hópur sem nyti baða í venjulegu hitaveituvatni.

Nú er fyrirsjáanlegt að ekki tekst að framkvæma

rannsókn á lækningamætti „Bláa lónsins", eins og til var ætlast, og er nú gert ráð fyrir að gera aðra og einfaldari rannsókn og er þess vænst að um það verði samkomulag við fulltrúa Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga.

Það er ráðgert að þessi rannsókn fari fram í sumar og er áætlað að hún kosti kr. 200 þúsund og ráðuneytið væntir þess að það fái fjárveitingu fyrir könnun.

9. Þingsályktunartillaga um geðheilbrigðismál.

Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt á Alþingi 7. maí 1981 og send ráðuneytinu 9. maí.

Samkvæmt ályktuninni var heilbrigðismálaráðherra falið að skipa nefnd til að gera áætlanir um skipulagningu og úrbætur í geðheilbrigðismálum og skyldi nefndin skila áliti fyrir árslok 1981.

Með bréfi hinn 15. júlí 1981 var nefndin skipuð þannig að formaður var skipaður Ingvar Kristjánsson geðlæknir, ritari, Högni Óskarsson geðlæknir og auk þess skipaðar í nefndina Hulda Guðmundsdóttir yfirfélagsráðgjafi, Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur, Oddur Bjarnason læknir, formaður Geðverndar og Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Þessi nefnd er enn að starfi enda var óraunhæft að hún skilaði áliti fyrir árslok 1981 eins og Alþingi gerði ráð fyrir. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu til ráðuneytisins um bráðamóttöku geðsjúkra og fyrirkomulag réttargeðlækninga og hefur boðað að hún mundi skila á þessu vori áfangaskýrslu um fyrirkomulag geðheilbrigðismála unglinga.

Þær skýrslur sem borist hafa ráðuneytinu hafa ekki leitt til sérstakra tillagna því lausn hafði fengist á bráðamóttökufyrirkomulagi geðsjúkra áður en nefndin skilaði starfi og tillögur nefndarinnar í sambandi við réttargeðlækningar gerðu ráð fyrir frumkvæði dómsmálayfirvalda á því sviði með samvinnu heilbrigðisgeirans.

Óráðið er hve lengi nefndin starfar enn.

10. Þingsályktunartillaga um aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga, send ráðuneytinu 9. mars 1976.

Nú að nærri tíu árum liðnum er tómt mál að tala um hvaða aðgerðir voru uppi vegna þessarar þingsályktunartillögu, en vegna hennar er rétt að geta um hvaða afskipti ráðuneytið hefur haft af tóbaksreykingamálum.

Fyrstu lög sem beinlínis snertu tóbaksreykingar voru samþykkt 1971 og var þar um að ræða bann við auglýsingum á tóbaki. Þessi lög voru endurskoðuð 1977 og með þeim var ákveðið að heilbrigðisráðherra, en ekki fjármálaráðherra, væri ábyrgur fyrir hverskonar varnarstarfi. Lögin frá 1977 voru í gildi þar til núgildandi lög um tóbaksvarnir tóku gildi 1. janúar 1985, en þau lög marka veruleg tímamót í sambandi við tóbaksvarnir hér á landi, ef tekst að framfylgja þeim.

FRÁ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI:

1974—1975:

Nr. 8 þingsályktun um endurskoðun l. nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Af hálfu ráðuneytisins var skipaður starfshópur til að endurskoða lög nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Starfshópurinn skilaði ekki áliti, einkum vegna þess að fjárveitinganefnd Alþingis tók málið fyrir á sama tíma og taldi starfshópurinn því ástæðulaust að vera að vinna samhliða fjárveitinganefnd í þessu máli.

Nr. 14 þingsályktun um skipunartíma opinberra starfsmanna.

Lagt var fyrir Alþingi frumvarp sem gilti í þá átt sem þingsályktunin gerði ráð fyrir en það náði ekki fram að ganga.

Í lögum nr. 38/1954 eru ákvæði um tímabundna ráðningu og hefur þessu ákvæði verið beitt í ríkara mæli á síðustu árum en áður fyrr.

Sett hefur verið í lög ákvæði um tímabundna ráðningu forstöðumanna einstakra stofnana svo sem við Þjóðleikhúsið og Iðntæknistofnun.

1976—1977:

Nr. 9 þingsályktun um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna.

Lögum nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna var breytt með lögum nr. 10/1978 og ákvæði um verðtryggingu þannig færð til samræmis við það sem gerist hjá SAL-sjóðum.

Með lögum nr. 48/1981 var lögum nr. 49/1974 breytt að því er varðar stjórn Lífeyrissjóðsins, þannig að í dag er hún skipuð af hagsmunasamtökum viðkomandi starfsstétta.

Nr. 23 þingsályktun um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Lög nr. 32/1965 voru endurskoðuð með lögum nr. 13/1983 að því er varðar launakjör hreppstjóra.

1978—1979:

Nr. 3 þingsályktun um sparnað í fjármálakerfinu.

Þingsályktun sú sem hér um ræðir virðist hafa verið ályktun þingmanna í neðri deild Alþingis. Þingsályktunin gerði ráð fyrir að þingflokkarnir tilnefndu fimm menn í nefnd er væri ríkisstjórn til aðstoðar í fjármálakerfinu. Ekki verður séð að þingið hafi sinnt þessu, né að til sérstakra ráðstafana hafi verið gripið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þau markmið sem tillagan gerir ráð fyrir að ná t. d. fækkun starfsmanna ríkisbankanna o. fl. hafa verið til umfjöllunar flestra ríkisstjórna á undanförnum áratugum.

Nr. 22 þingsályktun um leiðréttingu söluskatts af leiksýningum áhugaleikfélaga.

Með reglugerð nr. 450/1979 um breyting á reglugerð nr. 167/1979 um söluskatt, var söluskattur felldur niður af aðgangseyri að leiksýningum áhugaleikfélaga.

Nr. 26 þingsályktun um lækkun og niðurfellingu opinberra gjalda á íþróttavörum.

Með reglugerð nr. 365/1979 um breytingu á reglugerð nr. 437/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald sbr. lög nr. 33/1980 var sérstakt tímabundið vörugjald fellt niður af eftirtöldum tollskrárnúmerum:

07.06 Áhöld, tæki og útbúnaður til fimleika, aflrauna og annarra íþrótta og útileikja (þó ekki vörur er teljast til nr. 97.04):
- 01 Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir.
- 02 Skautar (þar með hjólaskautar)
- 09 Annað

1983—1984:

Nr. 10 þingsályktun um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum.

Í júní 1984 voru samþykktar 20 viðbótarstöður skatteftirlitsmanna í skattkerfinu, sem hafa það meginverk-

efni að sinna skatteftirliti, einkum með heimsóknum í fyrirtæki og rannsóknum á skattsvikum.

Nr. 12 þingsályktun um úttekt á umfangi skattsvika.

Skipaður var starfshópur til að gera úttekt á umfangi skattsvika. Líklegt má telja að starfshópurinn skili ekki niðurstöðum fyrr en um mitt sumar 1985 þannig að hægt verður að skila niðurstöðum til Alþingis haustið 1985.

Nr. 25 þingsályktun um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum.

Gert er ráð fyrir, í fjárlögum ársins 1985, að tekjuskattur af almennum launatekjum lækki um 600 mkr. Þetta er um 26% lækkun á tekjuskatti á árinu 1985. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun tekjuskatts á næsta ári.

FRÁ SAMGÖNGURÁÐUNEYTI:

Þingsályktanir um vegáætlanir.

Unnið hefur verið að vegagerð samkvæmt þessum vegáætlunum allt tímabilið sem spurt er um.

Aðrar þingsályktanir á þessu tímabili um vegamál hafa að meira eða minna leyti verið teknar til greina við afgreiðslu vegáætlana.

Þingsályktun um dýpkunarskip.

Eftir að þessi þingsályktun var afgreidd var keypt dýpkunarskipið Grettir, en það er nú sokkið og annað skip hefur ekki verið keypt.

Þingsályktun um stofnanasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

Á grundvelli þessarar þingsályktunar var sett niður nefnd til að semja frumvarp til laga um slíkan stofnanasjóð. Samkomulag varð ekki í nefndinni, en í framhaldi af starfi hennar voru lög um landflutningasjóð afgreidd á Alþingi.

Þingsályktun um aðgerðir til varnar gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa.

Lokið er heildarúttekt þessara mála og gefin út skýrsla um niðurstöðurnar.

Þingsályktun um könnun á notagildi björgunarneta.

Hér mun vera átt við þau net sem Markús heitinn Þorgeirsson fann upp og hannaði. Í undirbúningi er nú að setja ákvæði í reglugerð um skyldu til að nota þessi net.

Þingsályktun um Kolbeinsey.

Á grundvelli þessarar þingsályktunar var gerð kostnaðaráætlun um aðgerðir til að Kolbeinsey eyddist ekki. Þessi áætlun er nú í endurskoðun hjá Hafnarmálastofnun.

Þingsályktun um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og hafskipahafna.

Í framhaldi af þingsályktuninni var nefnd skipuð til þessa verkefnis. Starf hennar hefur legið niðri um hríð sökum fjárskorts, en í undirbúningi er nú að hún hefji störf að nýju og ljúki þeim á þessu ári.

Þingsályktun um hafnargerð við Dyrhólaey.

Slíkar þingsályktanir hafa með nokkurra ára millibili komið fram á Alþingi og hvað eftir annað verið kannað af sérfræðingum hvort slík hafnargerð væri möguleg og hvað hún myndi kosta. Talið er ástæðulaust eftir síðustu áætlun sem gerð var um þetta efni, að taka það mál upp enn á ný.

Þingsályktun um rannsókn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn.

Unnið er sífellt að þessum málum bæði á vegum Hafnarmálastofnunar og Landshafnarstjórnar.

(6.) Þál. um eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega.

Efni:

Alþingi ályktar að samgönguráðhera feli póst- og símamálastofnuninni að framkvæma reglugerð nr. 426/1978 um eftirgjöf á afnotagjaldi síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum á þann veg, að íbúar allra sérbyggðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja njóti umræddrar niðurfellingar afnotagjalda enda uppfylli þeir skilyrði reglugerðarinnar að öðru leyti.

Afgreiðsla:

Við endurskoðun téðrar reglugerðar á árinu 1982 var tekið tillit til ákvæða þessarar þingsályktunar og ný reglugerð gefin út, nr. 256/1982.

Þingsályktun um landmælingastjórn ríkisins.

Efni:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um landmælingastjórn ríkisins.

Til þess að semja frumvarpið skal ríkisstjórnin skipa nefnd fimm manna. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af Dómarafélagi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Verkfræðingafélagi Íslands. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Með samningu frumvarpsins skal m. a. að því stefnt, að undir landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðarmerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðmarkamælingar. Nefndin hraði svo störfum að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Afgreiðsla:

Með bréfi dags. 16. okt. 1976, skipaði samgönguráðherra nefnd í samræmi við framanritaða þingsályktun. Formaður hennar var Jónas Jónsson fyrrverandi aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra en núverandi búnaðarmálastjóri.

Nefndin lauk störfum í maí 1978 með því að skila til ráðherra þremur frumvörpum:

a) Frumvarp til laga um landmælingar.
b) Frumvarp til laga um mælingar lóða og landa í kaupstöðum og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.
c) Frumvarp til laga um breyting á landskiptalögum nr. 46/1941.

Frumvarp til laga um landmælingar var lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978. Eftir umfjöllun samgöngunefndar efri deildar var því vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem í ljós kom að aðilar sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu voru mjög ósammála um frumvarpið.

Frumvarp um Landmælingar Íslands var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi 28. maí 1985.

(15) Þál. um endurnýjun og uppbyggingu strandferðaþjónustunnar.

Samgönguráðherra skipaði 12. júní 1978 nefnd til að gera athugun á endurnýjun og uppbyggingu Skipaútgerðar ríkisins og leita leiða til þess að fjármagna slíka endurnýjun í því skyni að auka og bæta strandferðaþjónustuna við dreifbýli landsins og stuðla að hallalausum rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Formaður hennar var Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Nefndin var í nóvember 1978 jafnframt falið að hafa yfirumsjón með undirbúningi að smíði nýrra strandferðaskipa.

Nefndin skilaði lokaskýrslu um störf sín í maí 1981, en áður eða í ágúst 1979 hafði nefndin skilað áfangaskýrslu sem fjallaði eingöngu um þann þátt í störfum hennar er laut að smíði strandferðaskipa.

Samgönguráðherra hefur að mestu leyti stuðst við tillögur nefndarinnar í uppbyggingu strandferðaþjónustunnar.

96. og 99. löggjafarþing.

Þál. um öryggisbúnað flugvalla.

Þál. um markmið og leiðir í flugöryggismálum.

Í janúar 1976 skipaði samgönguráðherra nefnd til „að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild." Nefndinni var einnig ætlað að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur svo og áætlun um á hve löngum tíma raunhæft væri að stefna að því að ljúka slíkum úrbótum og í hvaða röð.

Nefnd þessi skilaði skýrslu í nóvember 1976, sem dreift var á Alþingi í desember 1976.

Á 99. löggjafarþingi var samþykkt þáltill. um markmið og leiðir í flugöryggismálum. Framangreind skýrsla var lögð fram sem fylgiskjal með henni.

Í samræmi við þál. hefur skýrslan verið höfð til hliðsjónar við gerð fjárlagatillagna Flugmálastjórnar, en ástand efnahagsmála undanfarinna ára hefur orðið til þess að tilgangi tillögunnar hefur ekki verið náð.

97. löggjafarþing.

Þál. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Framkvæmd þingsályktunnar var í höndum utanríkisráðuneytisins en rétt þykir að samgönguráðuneytið veiti upplýsingar um hana.

Vegna þingsályktunarinnar fór fram á vegum samgönguráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins ákveðin gagnasöfnun um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Í framhaldi af henni var skipuð nefnd sem í sátu fulltrúar ráðuneytanna, Flugmálastjórnar, Flugleiða og Flugvirkjafélags Íslands. Nefnd þessi lauk störfum haustið 1978.

Þær umræður um viðhaldsmál sem urðu í framhaldi af framangreindri þingsályktun urðu til þess að við veitingu ríkisábyrgðar til Flugleiða 1980 var m. a. sett skilyrði um skipun nefndar sem kanna skyldi viðhaldsmálefni félagsins.

100. löggjafarþing.

8. Þál. um útgáfu kortabókar Íslands.

Menntamálaráðuneytið sem fékk þál. til framkvæmdar, skipaði nefnd til að gera tillögur um slíka kortaútgáfu.

Í nefndinni átti m. a. sæti fulltrúi samgönguráðuneytis en málið er að öðru leyti í höndum menntamálaráðuneytis.

102. löggjafarþing.

13. Þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Í september 1980 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, nefnd til að fjalla um samgöngumál á Vestfjörðum og fékk hún umrædda þál. til meðferðar. Jafnframt var flugráði og flugmálastjórn falið að gera sérstaka athugun á úrbótum í þessu efni, og hefur verið unnið að þeim eftir því sem unnt hefur verið.

103. löggjafarþing.

32. Þál. um breytingar á siglingalögum.

Hinn 8. september 1981 var skipuð nefnd til endurskoðunar á siglinga- og sjómannalögum. Nefndin skilaði frv. til nýrra siglingalaga sem flutt var upphaflega á 106. þingi en endurflutt á 107. þingi.

105. löggjafarþing.

5. Þál. um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978.

20. maí 1983 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, nefnd til að semja frv. til laga um varnir gegn mengun sjávar.

Nefndin mun brátt ljúka störfum.

FRÁ IÐNAÐARRÁÐUNEYTI:

(Tölur í sviga framan við dags. er númer í yfirliti frá Alþingi. Tölur í sviga aftan við heiti þingsályktunar er númer á þingskjali og tölur fyrir aftan = tákna þau þingskjöl, sem samhljóða eru þingsályktun að meginmáli.)

106. löggjafarþing 5/1983—1984.

1. (7) 2.04.1984 Sent til ríkisstjórnar.

Þingsályktun um könnun á raforkuverði á Íslandi (494).

Svar:

Nefnd var skipuð í október 1984, formaður Júlíus Sólnes, prófessor. Unnið hefur verið að gagnasöfnun, athugun á gjaldskrám rafveitna og raforkusölu fyrirtækja, útreikningum á meðalverði raforku og samanburði á gjaldskrám raforkusölufyrirtækja á Íslandi og á Norðurlöndum, svo og í Þýskalandi og Frakklandi. Áfangaskýrsla verður lögð fram í júní n. k.

2. (15) 8.06.1984 Sent til ríkisstjórnar.

Þingsályktun um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði (1114).

Svar:

Með þingsályktuninni er ríkisstjórninni veitt heimild til að leggja fram hlutafé og taka ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar. Iðnaðarráðherra mun ákveða framhald málsins að fengnum niðurstöðum úr viðræðum við hugsanlega erlenda meðeigendur.

3. (22) 8.06.1984 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um kynningu á líftækni (535).
Svar:
Nefnd skipuð 3. október 1984. Nefndin hefur m. a. haldið námstefnu 23. mars sem um 100 manns sóttu. Útgáfa á fyrirlestrum í undirbúningi o. fl.

105. löggjafarþing 5/1982—1983.

1. (3) 3.05.1983 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum (=70).
Svar:
Ályktunin send Orkustofnun til framkvæmda 25.05.1983. Orkustofnun hefur unnið að verkefninu ásamt British Mining Consultants Limited. Orkustofnun hefur skilað ráðuneytinu skýrslu um málið, þar sem niðurstöður eru neikvæðar á vinnslu surtarbrands hér á landi.

2. (14) 23.03.1983 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um rafvæðingu dreifbýlis (664).
Svar:
Ályktuninni vísað til Orkuráðs til framkvæmda, eftir því sem fjárveiting Alþingis á hverju ári leyfir.

104. löggjafarþing 5/1981—1982.

1. (24) 29.05.1982 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um iðnaðarstefnu (882=768).
Svar:
20. ágúst 1982 var skipuð samstarfsnefnd um iðnaðarstefnu. Framkvæmd iðnaðarstefnu er mörgum atriðum háð. Að framgangi iðnaðar er stöðugt unnið og mótast áherslur í þeim málum m. a. af stjórnarsáttmála.
Unnið hefur verið að því að framkvæma þau atriði er greinir í þingsályktuninni um iðnaðarstefnu. Hefur í því sambandi bæði verið unnið beint að markmiðum sem í þingsályktuninni greinir, en einnig hefur verið unnið eftir hinum ýmsu leiðum sem árangursríkastar þóttu.
Af framkvæmd mála má m. a. nefna tillögugerð um 500 millj. kr. fjárveitingu til nýrra og vaxandi greina, við gengisákvörðun hefur verið tekið tillit til samkeppnisstöðu iðnaðarains, þjónustustofnanir iðnaðarins hafa verið efldar og má þar t. d. benda á sérstök framlög til ITÍ 1985 sem er ætlað til sérstaks framleiðnisátaks, o. fl. o. fl. mætti nefna sem of langt mál yrði að telja upp.

2. (26) 12.05.1982 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um Orkubú Suðurnesja (884=125).
Svar:
Í samræmi við þingsályktunina skipaði ráðuneytið með bréfi, dags. 11. ágúst 1982, nefnd til að semja frumvarp til laga um Orkubú Suðurnesja. Áður en nefndin lyki störfum þótti hins vegar eðlilegt að afla lagaheimildar fyrir Hitaveitu Suðurnesja til að yfirtaka rafveitur sveitarfélaga á svæðinu og kaupa raforkuflutningslínur og dreifikerfi ríkisins frá svæðinu. Með lögum nr. 91 29. maí 1984 um breytingu á lögum nr. 100 31. desember 1974 um Hitaveitu Suðurnesja urðu ofangreindar breytingar að lögum og þar með lagður grundvöllur að sameinuðu orkufyrirtæki á Suðurnesjum. Samningar eru á lokastigi og gert er ráð fyrir að hið endurskipulagða fyrirtæki taki til starfa 1. júlí 1985, um yfirtöku Hitaveitunnar á öllum rafdreifikerfum á Suðurnesjum.

3. (31) 17.05.1982 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað (902).
Svar:
Sent Iðntæknistofnun til umsagnar og athugunar í ágúst 1982.

4. (32) 17.05.1982 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu (903).
Svar:
Framkvæmd þingsályktunarinnar kemur m. a. fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Öllum fyrirtækjum og stofnunum sem heyra undir ráðuneytið voru árið 1984 send tilmæli um að nota ísl. vörur eftir því sem við verður komið.

5. (33) 14.05.1982 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu (936).
Svar:
Ályktunin var send Landsvirkjun árið 1982 sem hefur hagað virkjunarframkvæmdum í samræmi við þingsályktunartillöguna.

6. (34) 17.05.1982 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um íslenska iðnkynningu (937).
Svar:
Framkvæmd þessarar ályktunar kemur inn á mörg svið. Meðal annars hefur Félag ísl. iðnrekenda verið styrkt af ráðuneytinu til þessara verka, árið 1984 og 1985.

103. löggjafarþing 5/1980—1981.

1. (10) 8.04.1981 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum (592=115).
Svar:
1. júní 1982 var samþykkt í ríkisstjórn ríkisstjórnarsamþykkt til stofnana og fyrirtækja ríkisins varðandi innkaupastefnu. Var ríkisstjórnarsamþykktin gerð m. a. með hliðsjón af þingsályktuninni. Hefur ríkisstjórnarsamþykkt um þetta málefni verið ítrekað m. a. 11. janúar 1984.
Í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um opinber innkaup frá 11. janúar 1984 hefur hvert ráðuneyti umsjón með því að fyrirtæki og stofnanir er undir það heyra fylgi markaðri innkaupastefnu.

2. (15) 8.04.1981 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um eflingu iðnaðar á Vesturlandi (597=10).
Svar:
Efni þingsályktunartillögunnar tengist landshlutaáætlun um almenna byggðaþróun sem Framkvæmdastofnun ríkisins var að vinna að á þessum tíma. Meðal annars í tengslum við tillöguna og starf Framkvæmdastofnunar var unnið að iðnþróun á Vesturlandi frá 1981–1984 með samstarfi Iðnaðarráðuneytisins og Framkvæmdastofnunar.
Í framhaldi af því starfi má nefna verkefni s. s.

almenna aðstoð við iðnráðgjafa, smáfyrirtækjaverkefni, ráðstefnur o. fl.

3. (25) 10.06.1981 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um vararaforku (954=192).
Svar:
Iðnaðarráðuneytið skipaði nefnd 1. desember 1981 til að gera tillögur um vararaforku í samræmi við þingsályktunartillöguna. Nefndin skilaði áliti til iðnaðarráðherra 22. júlí 1982.

4. (27) 6.06.1981 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsálytun um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum (956=208).
Svar:
Tengist einungis almennu starfi Framkvæmdastofnunar og einnig samstarfi Framkvæmdastofnunar og iðnaðarráðuneytisins m. a. um iðnþróun í landshlutum.

5. (30) 10.06.1981 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um eflingu innlends lyfjaiðnaðar (959).
Svar:
Þessi þingsályktun fór til heilbrigðismálaráðuneytisins og var afgreidd þaðan.

6. (31) 10.06.1981 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins (960=474).
Svar:
Með bréfi iðnaðarráðuneytisins 14. september 1981 var Orkustofnun falið að gera heildaráætlun um rannsóknir á háhitasvæðum landsins í samræmi við þingsályktunina. Orkustofnun skilaði viðamikilli skýrslu 29. október 1982 um málið.

100. löggjafarþing 5/1978—1979.

1. (14) 18.05.1979 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um iðngarða (751=5).
Svar:
Unnið var að málinu og niðurstöður m. a. þær að breytingar voru gerðar á lögum um Iðnlánasjóð og skyldi starfrækt við sjóðinn sérstök deild er nefnist lánadeild iðngarða sbr. lög nr. 59/1979.

2. (18) 31.05.1979 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um verksmiðjuframleidd hús (837).
Svar:
Ályktunin var til frekari vinnslu og af framkvæmdum má nefna tolla- og jöfnunargjald sem var sett á innflutt hús.

3. (12) 31.05.1979 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um eflingu þjónustu og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.
Svar:
Ráðuneytinu var kunnugt um að málið var til umfjöllunar í Framkvæmdastofnun, að beiðni forsætisráðuneytis enda málið einnig sent þangað. Framkvæmdastofnun sendi sínar niðurstöður aftur til forsætisráðuneytisins.

98. löggjafarþing 6/1976—1977

1. (18) 5.05.1977 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu (613).
Svar:
Verkefni tengd þessu efni hafa verið unnin eftir tilefnum og ástæðum sem upp koma hverju sinni af innlendum og erlendum aðilum.

2. (2) 20.03.1977 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts (615=39).
Svar:
Orkustofnun gerði bráðabirgðaáætlun um virkjun Skaftár og Hverfisfljóts árið 1975. Frekari rannsóknir á möguleikum, sem þeim var falið að gera skv. þingsályktun strönduðu mjög á ónógri kortagerð af svæðinu, sem nú er að verða lokið. Frumáætlun frá 1975 benti ekki til sérstakrar hagkvæmni á virkjun.

3. (992) 16.05.1977 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu (686).
Svar:
Unnið hefur verið að endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, allt frá samþykkt þingsályktunartillögunnar, eftir því sem fé hefur verið veitt til þess af fjárlögum.

4. (24) 16.05.1977 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja (695).
Svar:
Nýr rafstrengur var lagður til Vestmannaeyja 1977—1978.

97. löggjafarþing 5/1975—1976

1. (8) 28.05.1976 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um sykurhreinsunarstöð hér á landi (762).
Svar:
Frumvarp var lagt fram um stofnun sykurhreinsunarstöðva hér á landi á 104. löggjafarþingi 1981—1982. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

96. löggjafarþing 2/1974—1975

1. (11) 25.05.1975 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu (749=52).
Svar:
Gerð var hagkvæmnisáætlun um virkjun Suður-Fossár en niðurstöður sýndu að virkjun þar myndi verða óhagkvæm.

2. (18) 6.06.1975 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar (832=695).
Svar:
Margskonar athuganir allt frá árinu 1975, hafa verið gerðar um byggingu Fljótsdalsvirkjunar, sem leitt hafa til þeirrar virkjunaráætlunar sem nú liggur fyrir.

3. (28) 6.06.1975 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um athugun á byggingu og rekstri fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi (849).
Svar:
Framkvæmdastofnun tók málið til athugunar og umfjöllunar.
Fiskvinnsluverksmiðja hefur nú verið reist á Snæfellsnesi.

4. (29) 6.06.1975 Sent til ríkisstjórnar.
Þingsályktun um endurskoðun laga um iðju og iðnað (850).
Svar:
15. janúar 1976 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að semja frumvarp að iðnaðarlögum. Nefndin skilaði áliti í frumvarpsformi, sem var lagt fyrir 99. löggjafarþing 1977, samþykkt sem lög nr. 42/1978.

FRÁ VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI:

1. Þingsályktun um kaupþing, send ráðuneytinu 20. maí 1975.
Vegna hinnar miklu verðbólgu, sem hér hefur verið, hefur verið erfitt að skipuleggja verðbréfamarkað. Við verðtryggingu fjárskuldbindinga og minnkandi verðbólgu hefur viðhorf breyst.
Á vegum Seðlabankans hefur undanfarna mánuði verið unnið af kappi að undirbúningi að stofnun verðbréfamarkaðs og hefur þar verið stuðst við ákvæði í lögum bankans um, að hann taki forustu í þessu efni. Liggja nú fyrir tillögur um reglur fyrir þennan markað. Gera má ráð fyrir, að starfsemi hefjist á þessu ári.
Nokkrir einkaaðilar hafa í vaxandi mæli stundað verðbréfaviðskipti að undanförnu.

2. Þingsályktun um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingu útflutningsstarfsemi, send ráðuneytinu 20. maí 1975.
Viðskiptaráðuneytið og sendiráð Íslands erlendis hafa jafnan á ýmsan hátt unnið að eflingu útflutningsstarfseminnar.
Þá hefur starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins eflst smám saman á undanförnum árum og árangur af starfi hennar orðið verulegur.
Á vegum viðskiptaráðuneytisins eru nú starfandi nefndir til athugunar á einstökum þáttum útflutningsmála:
a) Nefnd, skipuð 21. nóvember 1984, til þess að greiða fyrir útflutningi verkefna og þjónustu á sviði sjávarútvegs og orkuvinnslu.
b) Í janúar 1985 var skipuð nefnd til að annast heildarendurskoðun á fyrirkomulagi útflutningsmála og athuga með hvaða hætti sé æskilegt að ríkisvaldið standi að þeim málum, og þá sérstaklega, hvernig skuli háttað samstarfi útflytjenda og stjórnvalda til eflingar útflutnings.
c) Í janúar 1985 var skipuð nefnd í því skyni að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á útflutningsmálum. Er nefndinni m. a. ætlað að kanna hugmynd um, að 1986 verði ár útflutningsins og verði því lögð sérstök áhersla á að efla útflutningsstarfsemi.

3. Þingsályktun um fisksölusamstarf við Belgíumenn, send ráðuneytinu 6. júní 1975.
Viðskiptaráðuneytið efndi til fundar með nokkrum aðilum, sem málið var skylt, eftir að tillagan barst. Fulltrúar komu frá Landssambandi ísl. útvegsmanna (Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda), Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samb. ísl. samvinnufélaga og tveir einstaklingar, sem höfðu flutt út fisk með flugvélum. Enn fremur sat fundinn flutningsmaður tillögunnar, Oddur Ólafsson, alþingismaður.
Á fundinum kom fram það álit, að ekki væri ástæða til að leita eftir sérstöku samstarfi við Belgíumenn um þau atriði í heild, sem tillagan fjallaði um, eins og þá var háttað.
Söluhorfur fiskafurða gjörbreyttust í löndum Efnahagsbandalagsins eftir að bókun nr. 6 við samninginn milli Íslands og bandalagsins tók gildi 1. júlí 1976, sem leiddi til afnáms tolla á fiskafurðum.

4. Þingsályktun um könnun á sendingu matvæla til þróunarlandanna, send ráðuneytinu 17. maí 1979.
Matvæli hafa aldrei verið send til þróunarlandanna frá Þróunarsamvinnustofnuninni, enda aldrei verið fjárveiting í þessu skyni í fjárlögum.
Rauði kross Íslands, Hjálparstofnun kirkjunnar og 7. dags aðventistar hafa oft sent matvæli til þróunarlandanna og það í ríkum mæli miðað við höfðatölu þjóðarinnar.

5. Þingsályktun um endurskipulagningu á olíuverslun í landinu, send ráðuneytinu 31. maí 1979.
Á árinu 1979 voru skipaðar tvær nefndir til að kanna olíumálin. Annars vegar nefnd til að rannsaka alla helstu þætti olíuverslunar og olíunotkunar í landinu og hins vegar nefnd til þess að athuga þegar í stað þá viðskiptakosti sem kunna að standa til boða í olíukaupum erlendis frá.
Fyrrtalda nefndin hefur skilað hluta álits með ýmsum fróðleik um olíumálin, en af störfum þeirrar síðarnefndu leiddi m. a. að reynd voru kaup á olíu frá Bretlandi, sem reyndust óhagstæðari en þeir kostir, sem áður voru fyrir hendi.
Þessi mál hefur oft borið á góma á Alþingi m. a. einkasala á olíu, en sú hugmynd virðist ekki hafa hlotið hljómgrunn þar.

6. Þingsályktun um aðild Íslands að Genfar-bókuninni 1978, send ráðuneytinu 2. apríl 1980.
Fullgildingarskjal Íslands að Genfar-bókuninni 1979 við hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT) var afhent hinn 15. apríl 1980. Tók bókunin gildi 15. apríl 1980.

7. Þingsályktun um ný samvinnufélagalög, send ráðuneytinu 2. apríl 1980.
Hinn 22. sept. 1980 skipaði viðskiptaráðherra 5 manna nefnd til þess að undirbúa nýja löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd samkv. ofangreindri ályktun.
Nefndin hefur samið frumvarp til laga um efnið og er það til athugunar í ráðuneytinu.

8. Þingsályktun um ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga, send ráðuneytinu 11. júní 1981.

Með bréfi, dags. 29. desember 1981, voru Alþingi sendar ýmsar upplýsingar um fyrirkomulag styrkja og aðstoð við sjávarútveg hjá helstu samkeppnisþjóðum okkar.

Þessi mál eru stöðugt í athugun og til umræðu, eins og alþingismönnum er kunnugt.

9. Þingsályktun um smærri hlutafélög, send ráðuneytinu 15. mars 1982.

Í ársbyrjun 1984 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög um félög og stofnanir í atvinnurekstri eða með önnur fjárhagsleg markmið. Meðal þeirra laga sem nefndinni var falið að endurskoða voru lög nr. 32/1978 um hlutafélög og sagði í erindisbréfi nefndarinnar um það verkefni að nefndin ætti að koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laganna, einkum hvað snertir smærri hlutafélög. Nefndin hefur nú sent ráðuneytinu tillögur sínar um breytingu á lögum um hlutafélög og verður það frumvarp væntanlega lagt fyrir Alþingi á hausti komanda.

FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS:

Vísað er til bréfs yðar 2. apríl 1985 um afgreiðslu þingsályktana svo og til lista Alþingis um flokkun þingsályktana eftir ráðuneytum.

Athugun þessa lista virðist sýna, að engin þingsályktun hafi verið send Hagstofu Íslands til afgreiðslu á því tímabili, sem um er að ræða.

FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN:

Ríkisendurskoðun hefur engar þingsályktanir haft til afgreiðslu á tilgreindu tímabili.

FRÁ FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN:

Á 96. löggjafarþingi (1974—75) var samþykkt ályktun um endurskoðun laga nr. 63 frá 12. maí 1970 um skipan opinberra framkvæmda.

Endurskoðunin var falin undirnefnd fjárveitinganefndar en engar tillögur hafa borist frá henni.

Útflutningsmál iðnaðarins.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um útflutningsmál iðnaðarins, á þskj. 607, afhent þm. 5. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til frumvarps um útflutningstryggingar sem nefnd skipuð af forsætisráðherra samdi árið 1982?
2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að leggja fram frumvarp um Útflutningstryggingar Íslands á þessu þingi?
3. Hefur ríkisstjórnin gert einhverjar ráðstafanir í framhaldi af tillögum nefndarinnar um eflingu Útflutningslánasjóðs, þannig að starfssvið hans víkki og nái til fleiri greina en það gerir nú, og hins vegar að hann geti veitt hærri lán en til þessa og til lengri tíma?
4. Með hvaða hætti telur ríkisstjórnin að unnt sé að gera Útflutningslánasjóði kleift að bjóða:
   a. samkeppnislán,
   b. útflutningslán,
   með sömu kjörum og sambærilegir sjóðir í samkeppnislöndum Íslands?

Svar:

1. tl.

Ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens fékk í hendur um mitt árið 1982 frv. til laga um Útflutningstryggingar Íslands sem nefnd skipuð af þáverandi forsætisráðherra samdi árið 1982. Um þetta frv. varð ekki samstaða í síðustu ríkisstjórn og varð þá að samkomulagi milli viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra að fjármálaráðuneytið hefði umsjón með frágangi og framlagningu frv. um þetta efni. Nýtt frv. var síðan samið í fjármálaráðuneytinu fyrri hluta árs 1983 og var það enn til umfjöllunar við ríkisstjórnarskipti í maí á því ári. Hið nýja frv. var sent viðskiptaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti til umsagnar og að fengnum þeim umsögnum var enn samið frv. Var sú leið farin í þetta skipti að byggja að meginstefnu til á gildandi lögum um tryggingadeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa enn ekki tekið afstöðu til þessa frv.

2. tl.

Með vísan til þess, sem að ofan greinir, er afar ólíklegt að stjórnarfrv. um Útflutningstryggingar Íslands verði lagt fram á þessu þingi.

3. tl.

Í því frv., sem nú er til athugunar hjá stjórnarflokkunum, er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á núgildandi lögum um tryggingadeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Einkum er um þrjár breytingar að ræða. Í fyrsta lagi er hlutverk deildarinnar aukið verulega frá því sem verið hefur. Í öðru lagi er sjálfstæði deildarinnar aukið og henni sett sérstök stjórn. Í þriðja lagi er svigrúm deildarinnar til veitingar trygginga stóraukið. Er samkvæmt frv. gert ráð fyrir að hámark skuldbindinga hennar hækki úr sem næst 2,6 milljónum bandaríkjadala í 100 milljónir SDR. Er þar um að ræða sama hámark og lagt var til í frv.-drögum nefndarinnar sem skilaði áliti á árinu 1982.

4. tl.

Ríkisstjórnin hefur ekki haft aðstöðu til þess að fjalla um mál þetta enn sem komið er.

Efri deild, 95. fundur.

Þriðjudaginn 11. júní, að loknum fundum í Sþ.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 907, n. 1203, 1209, 1233 og 1227, 1204, 1208, 1224, 1226). — Frh. 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Kristín Ástgeirsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. menntmn., en ég stend ein að álitinu. Álitið er svohljóðandi:

„Allt frá því að verkfall BSRB stóð sem hæst á s. l. hausti og útvarp féll niður að mestu hefur gætt mikillar óþreyju meðal þeirra sem þá vörðu í orðum og gerðum ólöglegar útvarpsstöðvar. Á Alþingi hefur verið reynt með ýmsum ráðum að þrýsta í gegn breytingum á útvarpslögum sem fela í sér óheft „frelsi" fyrir hvern sem er til að útvarpa. Það hefur mikið verið rætt um réttindi en minna um skyldur.

Kvennalistinn lét sínar skoðanir á útvarpsmálum í ljós í vetur með flutningi sérstaks frv. til útvarpslaga (198. mál Ed.) sem byggist á þeirri meginhugmynd að besta leiðin til að bregðast við nýjungum og breytingum sé að gjörbreyta skipulagi Ríkisútvarpsins — gera byltingu innan dyra — opna nýja útvarpsrás fyrir einstaklinga og félagasamtök og heimila íbúum sveitarfélaga að koma á fót staðbundnum útvarpsstöðvum þar sem meiri hluti íbúanna æskir þess. Við teljum að Ríkisútvarpið tryggi best að lýðræðisleg umræða og skoðanamyndun eigi sér stað og að ekki veiti af einhverju mótvægi við þá stóru aðila sem nánast einoka aðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið hefur í meira en hálfa öld eflt og staðið vörð um íslenska menningu og tungu og hefur jafnframt séð um að kynna fólki það besta úr menningu annarra þjóða.

Með því að heimila þeim aðilum, sem leyfi fá til útvarps, að afla tekna með auglýsingum er hætt við að einn af megintekjustofnum Ríkisútvarpsins skerðist verulega, sem væntanlega hefur þá í för með sér minni þjónustu. Í frv. er gert ráð fyrir að leyfishafar eigi sjálfir boðveitukerfi það sem þeir nota, en það er skoðun t. d. borgaryfirvalda í Reykjavík að eðlilegast og fyrirhafnarminnst sé að Reykjavíkurborg eigi boðveitukerfið (þ. e. fyrir kapalsjónvarp) og leigi síðan út rásirnar, annað kostar uppgröft út um allan bæ eða móttökuskjái fyrir gervihnetti á hvert hús. Bæði þessi atriði gera frv. stórgallað. Þá ber að nefna að þar sem slakað hefur verið á reglum um útvarp hefur verið um tilraunir á tilteknu tímabili að ræða og það skýrt tekið fram t. d. á Norðurlöndum. Í frv. er að vísu ákvæði um endurskoðun laganna og eins verða leyfi skv. þeim aðeins veitt til þriggja ára. Miklu eðlilegra væri að gera tilraun þar sem um svo mikilvægan fjölmiðil er að ræða.

Kvennalistinn er mótfallinn þeirri meginhugsun sem felst í frv. um ný útvarpslög og óttast að óbreytt grafi þau undan Ríkisútvarpinu og verði til þess að fjársterkir aðilar fari með sigur af hólmi í frumskógi samkeppninnar sem eflaust mun fylgja í kjölfarið. Reynslan erlendis sýnir að margir eru kallaðir en fáir útvaldir. Það er „frelsi" peninganna sem heldur velli en almenningur stendur eftir sem áður utan garðs án tækifæra til sköpunar og þátttöku í mótun fjölmiðla. Hér á landi hefur Ríkisútvarpið verið mjög „opinn" fjölmiðill miðað við það sem annars staðar gerist og væri miður ef það breyttist til hins verra.

Að baki þeirrar hugmyndafræði, sem fætt hefur af sér þetta frv. til útvarpslaga, virðist liggja sú draumsýn að það, sem gildir í milljónaþjóðfélögum úti í hinni stóru veröld, gangi einnig hér í samfélagi sem telur 240 þús. sálir. Það gefur auga leið að svo lítill markaður, sem Ísland er, getur ekki borið margar útvarpsstöðvar sem reknar verða með afnotagjöldum og auglýsingum og eiga að uppfylla skilyrði um innlenda dagskrárgerð. Þar munu hinir (fjár)sterkari lifa af og það er auðvitað meiningin.

Fregnir frá Bandaríkjunum herma að það séu hvorki kapalstöðvar né gervihnattasendingar sem fólk vill horfa á, heldur það efni sem fólk velur sjálft á myndbandaleigum. Það má því spyrja hvort glýja nýrrar tækni blindi ekki augu þeirra sem þrá svo heitt að heyra stöðvar í anda útvarps DV eða að sjá sjónvarp Ísfilm birtast á skjánum. Kannske verður framtíðin sú að hver og einn velur sjálfur á hvað hann horfir eða hlustar, óháð öllum stöðvum. Ef svo fer er eins gott að Ríkisútvarpið verði ekki horfallið og geti áfram sinnt þeirri öryggisþjónustu og fréttamiðlun sem samfélaginu er nauðsynleg og landsmenn hafa treyst á í 55 ár.

Undirrituð mun því greiða atkv. gegn þessu frv. verði ekki á því verulegar breytingar."

Herra forseti. Í þeim umr., sem fram hafa farið um útvarpsmálin nú vetur, hefur greinilega komið í ljós að verulegur áhugi er á að auka aðgang fólks að útvarpi og því að nýta þá tækni í fjölmiðlum sem nú er sem óðast að ryðja sér til rúms. Menn greinir hins vegar á hvernig að breytingunum skuli staðið. Í mínum huga er hér um mjög alvarlegt mál að ræða og það þarf vart að taka fram, eins og ég hef þegar sagt, að ég er mjög ósátt við þann bræðing sem frv. ríkisstj. er orðið að.

Ríkisútvarpið hefur þróast ört á undanförnum árum og verulega lagt sig í líma við að mæta kröfum tímans með nýrri rás og tilraunum um staðbundna útvarpsstöð á Akureyri. Innan Ríkisútvarpsins ríkir samkeppni, samkeppni milli rása og mismunandi miðla. Ríkisútvarpið hefur alla möguleika á að fjölga rásum, leigja þær út til félaga og einstaklinga. Það getur tekið á móti gervihnattasjónvarpi og það getur stuðlað að því að koma á fót fleiri staðbundnum útvarpsstöðvum um landið í samráði við heimamenn. Með slíkum hætti er tryggt að landsmönnum öllum verði þjónað, að allir sitji við sama borð hvað varðar lýðræðislega umræðu, skoðanamyndun og sköpun.

Með frv. því sem hér er til umr. er að mínum dómi stigið óheillaspor. Frá því að síminn var lagður hefur verið uppi sú stefna að hvers konar fjarskipti skuli vera í eigu almennings og þjóna allri þjóðinni. Með þeirri breytingu á útvarpslögum sem nú er verið að knýja í gegn er vegið að Ríkisútvarpinu með því að öðrum aðilum verði heimilt að útvarpa og afla tekna með auglýsingum. Með þessu frv. eru allar gáttir opnaðar meðan aðrar þjóðir, þar sem þjóðarútvarp er til staðar, heimila tilraunir með útvarp í tiltekinn tíma.

Ég efast ekki um að öllum þm. hv. Ed. sé ljóst hve mikilvægu hlutverki Ríkisútvarpið hefur gegnt í 55 ár sem miðill menningar og upplýsinga. Bestu verk leikbókmenntanna, sögur íslenskra og erlendra rithöfunda hafa verið kynnt, umræður um þjóðmál og alls konar fræðsla hafa farið fram í Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið er eitt mikilvægasta öryggistækið í okkar þjóðfé-

lagi. Það miðlar veðurfregnum, hvers kyns tilkynningum og því má oftast nær treysta að mismunandi sjónarmið fái þar inni. Ég óttast að með því frv. sem hér er til umr., verði það samþykkt, verði grafið undan Ríkisútvarpinu og að verið sé að gera því erfitt að gegna hlutverki sínu.

Eins og ég hef áður sagt óttast ég, og það eru mín aðalrök í þessu máli, að það verði fjársterkir aðilar sem eftir munu standa þegar mesta nýjabrumið er farið af.

Þegar útvarp hófst hér á landi árið 1926, þá í tilraunaskyni, var það í höndum einkaaðila. Mönnum þótti hins vegar rétt að stofna Ríkisútvarp til að tryggja að það næði til allra landsmanna, til þess að stjórn væri höfð á þessari tækni og ekki síst vegna þess að dreifing þess var dýr. Dreifingin er enn dýr. Skoðanamyndandi afl þessarar tegundar fjölmiðla er meira en nokkru sinni fyrr og því ríður á að tryggja að það sitji allir við sama borð.

Það hefur margsinnis komið í ljós að landsmenn eru ánægðir með Ríkisútvarpið og enda þótt ég telji að þar innan dyra þurfi mörgu að breyta vil ég standa vörð um Ríkisútvarpið, útvarp allra landsmanna.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Útvarpslög eru hér enn til umr. og enn eru býsna skiptar skoðanir um afgreiðslu þess máls. Mér virðist það nokkuð dæmigert um þann glundroða og samstöðuleysi sem upp hefur komið í þessu máli vegna ákveðins einstefnuaksturs Sjálfstfl. sem hefur reynt að keyra það áfram með stuðningi einstakra þingflokka til skiptis. Það er greinilegt að hér á að afgreiða frv. frá Alþingi með atkv. minni hl. Alþingis. Eins og ég sagði er það til marks um þann glundroða sem ríkir í þessu máli að það koma fram fjögur nál. Það kemur fram sérálit frá Alþb., annað frá Kvennalistanum, það þriðja frá Alþfl. og svo það fjórða frá Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir flokkar eru samt ekki með sameiginlegar brtt., heldur fyrst og fremst sameiginlegt nál. Skemmst er að minnast þess að þm. Framsfl. í Nd. greiddu ýmist atkv. á móti frv. eða sátu hjá við afgreiðslu málsins úr Nd. Reyndar fékk frv. aðeins 16 atkv. af 40 þegar greidd voru atkv. í Nd.

Ég tel að meðferð þessa máls hér í þinginu sé komin í slíkar ógöngur að sjálfsagt sé og eðlilegt að það verði tekið til endurskoðunar fram að næsta þingi, helst með skipun mþn. til að athuga það nánar. Ég geri það að tillögu minni að málinu sé vísað til ríkisstj., að sjálfsögðu með því fororði að hún beiti sér fyrir aukinni samstöðu um það og horfið verði frá því að reyna að þröngva því hér í gegn með svo litlu þingfylgi sem raun ber vitni. Auðvitað eru útvarpsrekstur og sjónvarpsrekstur í landinu slík meginatriði lýðræðislegra starfshátta hjá þjóðinni að það er grundvallarskilyrði að meginstefnan á því sviði sé mörkuð í samstarfi flokka og manna en ekki með þeim glundroða og minnihlutasjónarmiðum sem hér virðast eiga að ráða ferðinni.

Í Nd. flutti þingflokkur Alþb. allmargar brtt. við frv. Ég hef ekki séð ástæðu til að fara að endurflytja þær hér við afgreiðslu málsins í Ed. vegna þess að þær voru flestallar felldar í Nd. og sýnt að þær ná ekki fram að ganga, en mér þykir hlýða að gera hér grein fyrir meginsjónarmiðum þingflokks Alþb. sem stendur einhuga að þeirri afstöðu.

Í fyrsta lagi leggjum við Alþb.-menn mikla áherslu á það að vel sé búið að Ríkisútvarpinu varðandi alla starfsaðstöðu. Á það reynir enn frekar þegar hafin verður starfræksla svæðisbundinna útvarpsstöðva. Ríkisútvarpið þarf eftir sem áður að vera burðarásinn í útvarpsfjölmiðlun og á það eru lagðar margháttaðar skyldur sem ekki eru gerðar til svæðisstöðva. Þess vegna þarf að tryggja viðunandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og áhrif þeirra á starfrækslu stofnunarinnar. Um þetta efni fluttu Alþb.-menn tillögur við afgreiðslu málsins í Nd. og ég ítreka vilja okkar að þessu leyti.

Ég þarf ekki að taka það fram að við Alþb.-menn munum styðja hverja þá brtt., sem fram kann að koma við meðferð málsins í Ed., sem við teljum að horfi til heilla fyrir Ríkisútvarpið og geri því fært að rækja hlutverk sitt sem öflugasti fjölmiðill í landinu.

Í öðru lagi er rétt að ítreka það sjónarmið, sem reyndar kom skýrt fram í ræðu minni við 1. umr. málsins, að það er síður en svo að við Alþb.-menn höfum tekið þá afstöðu að alls engan annan útvarpsrekstur skuli leyfa en rekstur Ríkisútvarpsins. Við höfum ekki markað þá stefnu. Við höfum verið fylgjandi því að hópum með ólíkan bakgrunn yrði heimilað að spreyta sig á útvarpsrekstri og þá með það að markmiði að auka tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umræðu. En við höfum sett það skilyrði í þessu sambandi að einungis samtök sem sérstaklega eru stofnuð með útvarpsrekstur í huga fái slíka heimild. Við teljum óeðlilegt að fyrirtæki sem stunda annan og óskyldan rekstur geti gerst beinir aðilar að útvarpsrekstri.

Í þriðja lagi leggjum við í þessu sambandi alveg sérstaka áherslu á að útvarpsstöðvar aðrar en Ríkisútvarpið verði án auglýsinga. Við viljum að ráðstöfun útvarpsréttarins sé í höndum almannavaldsins áframhaldandi og að svigrúm til almenns útvarpsrekstrar verði því takmarkað og Alþingi sníði þessari nýju starfsemi ákveðinn stakk. Þess vegna teljum við með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. Við leggjumst gegn því að handhöfum útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í svæðisbundnum útvarpsstöðvum. Við höfum sýnt fram á það í þessari umr. með skýrum rökum hvernig unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Fjölmörg dæmi eru um það erlendis að útvarpsstöðvar séu reknar án auglýsinga. T. d. eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Sem sagt: það er meginsjónarmið okkar að auka eigi tjáningarfrelsi í þessum fjölmiðli og opna mönnum leiðir til að reka útvarp, en það eigi að gera án auglýsinga og það megi gera einungis fyrirtæki sem sérstaklega eru til þess stofnuð.

Ég bendi á í þessu sambandi að enginn flokkur hér á Alþingi gerir tillögur um ótakmarkaðar heimildir til útvarpsrekstrar. Deiluefnið hér í þinginu snýst fyrst og fremst um það með hvaða takmörkunum útvarpsrekstur skuli leyfður. Vissulega viljum við Alþb.-menn ganga þar lengra en ýmsir aðrir, þó ekki allir aðrir því að ég hygg að fulltrúar Kvennalistans hafi nokkuð hliðstæð viðhorf í þessum efnum og við. Við teljum sem sagt nauðsynlegt að tryggja, til þess að varðveita sem best tjáningarfrelsið í landinu og til þess að tryggja sem

best lýðræðislega umræðu, að þessi nýja starfsemi verði ekki undir alræðisvaldi fjármagnsins, fjársterkra aðila í þjóðfélaginu. Við óttumst að ef fjársterkustu aðilar þjóðfélagsins ná því að einoka þessa starfsemi í krafti miklu auðveldari aðgangs að auglýsingum og með bandalagi við forsvarsmenn viðskipta og verslunar í þessu landi sé hert að lýðræðinu í landinu og þessi fjölmiðill nýtist ekki almenningi í landinu með eðlilegum hætti til lýðræðislegrar umræðu.

Eins og fleiri höfum við lagt ríka áherslu á að dreifikerfi til útvarpssendinga, bæði boðveitulagnir í jörð og endurvarpsstöðvar fyrir þráðlaust útvarp, verði í eigu opinberra aðila. Með opinberum aðilum á ég við ríki og/eða sveitarfélög. Við teljum sem sagt ekki að það eigi alfarið að veita sveitarfélögum heimildir af þessu tagi vegna þess að það er ekki víst að sveitarfélögin sjái sér öll fært að hagnýta sér þann rétt eða séu þess megnug. Á ég þar fyrst og fremst við smá sveitarfélög víðs vegar úti á landi. Þess vegna er eðlilegt að þessi einkaréttur sé í höndum ríkis og sveitarfélaga jöfnum höndum. Við teljum þetta nauðsynlegt fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir einokun í skjóli einkaeignar á dreifikerfum. Við bendum á að þetta skilyrði þarf á engan hátt að hindra að handhafar útvarpsheimilda komi sér upp góðum tækjum eftir því sem þeir kjósa. Þessi afstaða er hins vegar m. a. tekin með það í huga að heimildir til útvarpsrekstrar eru veittar til takmarkaðs tíma og það væri með öllu óeðlilegt að rétthafi, sem hefur verið sviptur útvarpsheimild, t. d. fyrir stórfelld brot á útvarpslögum, gæti eftir sem áður verið eigandi að umfangsmiklum dreifikerfum. Einnig má benda á að ákvæði af þessu tagi eru nauðsynleg til að tryggja visst samræmi í sendibúnaði. Útvarpsleyfishafar mundu hins vegar hafa fullt forræði umræddra tækja á meðan þeir væru handhafar leyfis.

Að lokum vil ég leggja áherslu á það sjónarmið okkar Alþb.-manna að tryggt verði með öllum ráðum að aukning verði á innlendu efni í þessum fjölmiðlum. Við Alþb.-menn leggjum sem sagt ríka áherslu á að framfylgt verði þeim markmiðum útvarpslaga að sérstök rækt sé lögð við menningu og tungu þjóðarinnar og gætt hagsmuna allra þjóðfélagshópa. Sérstaklega viljum við vekja athygli á nauðsyn þess að allar stöðvar flytji íslenskt efni að vissu marki og í auknum mæli frá því sem er í Ríkisútvarpinu nú. Við teljum nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að reyna að tryggja að Ríkisútvarpið og aðrar stöðvar verji hreinlega ákveðnum hluta af dagskrárfé sínu til efnis fyrir börn.

Eins og ég hef þegar lýst er þetta mál bersýnilega komið í hinar mestu ógöngur. Sjálfstfl. hefur reynt að skáskjóta þessu máli í gegnum þingið með stuðningi við þennan stjórnmálahópinn í annað skiptið og hinn í hitt skiptið í stað þess að andstæðingar Sjálfstfl. hefðu þá átt að taka höndum saman, úr því að flokkurinn var ekki reiðubúinn til eðlilegs samstarfs við aðra flokka um þetta mál, og hindra framgang frv. með því að fella það og reyna þannig að knýja á að samstarf tækist um þetta mál sem leiddi til þess að ákvörðun í þessu stórkostlega mikilvæga máli yrði tekin af meiri hl. Alþingis en ekki minni hl. Þess vegna teljum við að það verði að endurskoða þetta mál og að það verði best gert með því annaðhvort að fella málið eða vísa því til ríkisstj. til nánari athugunar í sumar þannig að unnt verði að flytja endurskoðað frv. á næsta þingi og þá að sjálfsögðu í trausti þess að ríkisstj. leiti samstarfs við önnur stjórnmálaöfl í landinu um þá stefnumótun í þessu máli sem getur skapað nauðsynlega og viðunandi samstöðu um það.

Ég vil taka það fram að við Alþb.-menn áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til að fylgja eða flytja brtt. við meðferð málsins núna í Ed. Það hafa komið fram nokkrar brtt. sem sjálfsagt er að líta á með jákvæðu hugarfari. Einnig tel ég rétt, ef till. okkar um að vísa málinu til ríkisstj. er felld, að horfið sé að því ráði að fella frv. við lokaafgreiðslu þess hér í deildinni.

Frsm. 3. minni hl. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál er búið að vera hér í þinginu frá fyrstu dögum þess í október s. l. og sýnir það kannske betur en flest annað að ekki hefur skapast breið eining um hvernig skipa skuli útvarpsmálum hér á landi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að er útvarpslaganefnd hófst á sínum tíma handa um endurskoðun útvarpslaganna var allt annað haft í huga en í ljós kom síðar. Það voru önnur sjónarmið sem þar ríktu. Ég tel að meginmistökin, sem gerð voru af þeirri nefnd, hafi verið að ætla sér að búa til ný útvarpslög fyrir allt landið og um langa framtíð án þess að gera ráð fyrir verulegum aðlögunar- og reynslutíma. Einnig gagnrýndi ég, þegar álit útvarpslaganefndar barst mér í hendur á sínum tíma, að Ríkisútvarpið er sett þar í sérstakan kafla á eftir almennum ákvæðum um leyfi til annarra aðila til útvarpsreksturs. Þetta hefur mér alla tíð þótt vera harla undarleg skipan. Mín skoðun er sú að Ríkisútvarpið sé raunverulegt ríkisútvarp og það sé það sem okkur beri að efla og styrkja. Hins vegar sé hægt til ákveðins tíma og þá í reynsluskyni að veita öðrum aðilum leyfi til útvarpsreksturs staðbundið og tímabundið.

Þegar málið var lagt fyrir hið háa Alþingi í þingbyrjun á síðasta hausti voru aðstæður allar mjög óeðlilegar. Það var verkfall. Það höfðu sprottið upp nýjar útvarpsstöðvar með vafasömum rétti, svo ekki sé meira sagt, og allhávær umræða og hávær áróður voru í landinu sem gerðu nær ógerlegt að fjalla um þessi mál af þeirri rósemi og þeirri yfirvegun sem nauðsynleg er þegar fengist er við að setja lög um svo mikilvæg og viðkvæm efni sem útvarpsrekstur.

Málið kom þó loks frá hv. Nd. og hafði þá ekki tekist að ná samkomulagi um verulega þýðingarmikil atriði. Það hefur verið rætt síðan í menntmn. hv. Ed. og eins og fram kemur á þskj. eru mjög skiptar skoðanir enn um þetta mál. Það varð niðurstaðan í hv. Nd. að þm. míns flokks, Framsfl., greiddu annaðhvort atkv. gegn frv. við lokaafgreiðslu þar eða sátu hjá. Nú hef ég freistað þess að flytja nál. á þskj. 1223, og telst það vera frá 3. minni hl. menntmn., ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og Árna Johnsen. Í þessu nál. tek ég fram þau atriði sem ég tel vera skilyrði fyrir stuðningi við þetta frv. og ég vænti þess að heyra frá viðkomandi ráðh. undirtektir undir þau atriði. Ég vil einnig taka fram að ég flyt brtt. við 4. gr. frv. um auglýsingaþáttinn, þann þátt sem einkum og sér í lagi hefur valdið ágreiningi milli stjórnarflokkanna.

Það er álit okkar í 3. minni hl. að rétt sé að boðveitur, er flytji útvarpsefni, séu í eigu Pósts og síma og/eða sveitarfélaga. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði til að efla raunverulegt lýðræði, til þess a. m. k. að koma einhverju nafni á það jafnræði sem með aðilum er

er hyggjast stunda útvarpsrekstur. Einkaeign á slíkum stöðvum hlýtur að draga mjög úr því lýðræðisfyrirkomulagi.

Það kom í ljós í viðtölum við fulltrúa Reykjavíkurborgar að það er hægt að koma upp á tiltölulega ódýran hátt boðveitum, common carriers, fyrir margs konar efni sem ég tel sjálfsagt að verði notaðar til að dreifa sjónvarpsefni og öðru um bæinn. Það er álitamál hvort ákvæði er að þessu lúta eigi að koma í útvarpslög eða fjarskiptalög, en ég vænti þess að fá um það yfirlýsingar frá hæstv. ráðh. hvort ætlunin er að stuðla að slíku, t. d. við endurskoðun fjarskiptalaga.

Í öðru lagi teljum við í 3. minni hl. — og reyndar hefur það komið fram hjá öllum nm. menntmn. — að nauðsynlegt sé að setja reglur í lög um að útsent efni sé á íslensku eða með íslenskum texta og fylgt í höfuðdráttum þeim reglum sem Ríkisútvarpið fylgir um það efni.

Þá er það einnig áhugamál okkar að útvarpsréttarnefnd fái víðtækt umboð til þess að fylgjast með og verði reyndar gert skylt að skila grg. um starfsemina og að þriggja ára reynslutíma loknum falli lög þessi úr gildi og ný lög taki við sem byggð eru á reynslunni.

Varðandi auglýsingamálið er það að segja að skv. hinum nýju lögum eru Ríkisútvarpinu lagðar ýmsar nýjar skyldur á herðar, m. a. þær að koma upp fræðsluútvarpi og að Rás 2 nái um allt land. Að því er reyndar unnið nú, en það kostar fé. Það er einnig rætt um að sjónvarp skuli ná til næstu miða. Það getur hugsanlega verið atriði sem kallar á auknar fjárveitingar. Þá er einnig gert ráð fyrir, og það er ekki lítils um vert, að aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps á vegum Ríkisútvarpsins verði komið upp í öllum kjördæmum landsins.

Þegar hér er svo að staðið hlýtur það að vera meginkrafa að möguleikar Ríkisútvarpsins til tekna séu ekki skertir. Með því að gefa auglýsingar frjálsar í öllum stöðvum, hvort sem unnt er að innheimta afnotagjöld eða ekki, liggur það í augum uppi að verið er að draga úr tekjuöflunarmöguleikum Ríkisútvarpsins. Þar af leiðandi hef ég leyft mér að flytja till. um að í þeim stöðvum og við þau skilyrði að unnt er að innheimta afnotagjöld af útsendu útvarps- eða sjónvarpsefni skuli auglýsingar ekki leyfðar.

Það eru að sjálfsögðu fjölmörg atriði sem mætti ræða í sambandi við þetta frv. og ég efast um að nokkur sé ánægður með það. Það er eitt atriði sem ég vildi þó aðeins nefna, það er menningarsjóðurinn. Hann var hugsaður sem styrkur til innlendrar dagskrárgerðar, þeirrar dagskrárgerðar sem hefði einhvern menningarlegan metnað og kæmu þá 10% af auglýsingatekjum útvarpsstöðva, þar með Ríkisútvarpsins, í þennan menningarsjóð. Af honum yrði fyrst greiddur hlutur Ríkisútvarpsins í rekstri eða kannske eigum við að orða það „halla Sinfóníuhljómsveitarinnar", en sérstök nefnd úthlutaði síðan úr þessum sjóði til innlendrar dagskrárgerðar. Verði farin sú leið að takmarka auglýsingar í þeim útvarpsstöðvum sem sérstakt leyfi fá til útvarpsreksturs er ég reiðubúinn að fallast á lækkun framlaga í þennan menningarsjóð.

Að lokum þetta: Tilgangur útvarpslaga er að mínu mati fyrst og fremst sá að efla Ríkisútvarpið, hið raunverulega þjóðarútvarp á Íslandi. Hins vegar á að gefa öðrum aðilum kost á að reka útvarpsstöðvar, en það má ekki vera á kostnað þess miðils sem hátt á sjötta áratug hefur verið ein merkilegasta, fjölbreytilegasta og kannske þegar allt kemur til alls áhrifaríkasta menningarstofnun landsins.

Ég vil ljúka máli mínu með því að taka skýrt fram að í nál. 3. minni hl. hef ég fyrirvara um auglýsingarnar og tel mig óbundinn að fylgja þeim brtt. sem ég tel að verði til að efla Ríkisútvarpið.

Frsm. 4. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 1227 skilað nál. frá 4. minni hl. menntmn. Ed. og enn fremur á þskj. 1208 og öðru þskj. þar sem er ein tillaga, brtt. við frv. til útvarpslaga sem ég flyt ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni.

Nú vil ég taka fram í upphafi máls míns að ég tel nauðsynlegt að fjalla nokkuð ítarlega um þetta mál við þessa umr. þar sem þetta mál er þannig vaxið og ber þannig að að nauðsynlegt er að það liggi alveg ljóst og skýrt fyrir í þingtíðindum hvernig þetta mál stendur nú, hvernig að því hefur verið unnið og hver afstaða manna er til málsins á þessu stigi. Ég ætla ekki að hafa uppi neina tilburði til að tefja málið, en ég áskil mér rétt til að segja það sem mér býr í brjósti. Ég læt lönd og leið þau fryjunarorð sem hæstv. menntmrh. mælti hér í nótt um að menn treystust ekki til að vinna með eðlilegum hætti, að því er hún taldi, og bendi á að þetta mál kom úr n. í gærmorgun og um kvöldmat eða skömmu eftir kvöldmat lágu fyrir allar brtt. og öll nál. fjögurra minni hl. í málinu. Þeim ásökunum að menn í Ed. vinni ekki sem skyldi vísa ég því algjörlega á bug.

Það hefur lengi verið um það deilt hér hvort leyfa ætti fleirum að leggja stund á útvarps- og sjónvarpsrekstur en Ríkisútvarpinu einu, en þessi mál hafa af tæknilegum ástæðum verið að taka breytingum um langan tíma. Auðvitað er öllum ljóst að einokun ríkisfjölmiðlanna svonefndu, útvarps og sjónvarps, er úr sögunni fyrir löngu og verður ekki upp tekin að nýju. Það er alveg ljóst.

Á sínum tíma var sett nefnd til að endurskoða lög um Ríkisútvarpið. Sú nefnd lauk störfum, að ég hygg, á árinu 1982 og skilaði þá nál. þar sem gert er ráð fyrir að fleiri aðilar en Ríkisútvarpið fái leyfi til að stunda útvarpsrekstur.

Um skeið lá málið í salti. Það var síðan sýnt seint á þinginu í fyrra, ef ég man rétt. Síðan gerðust þeir atburðir á haustdögum, sem öllum eru í fersku minni, er starfsmenn Ríkisútvarpsins hurfu illu heilli á brott frá störfum sínum og gengu út þannig að útvarp og sjónvarp féllu niður. Þá urðu miklar deilur hér uppi og ekki óeðlilegt. Þetta var óskynsamleg og röng ákvörðun hjá starfsfólki Ríkisútvarpsins, tekin í hita augnabliksins þegar menn höfðu ekki fengið launin sín greidd eins og þeir töldu sig eiga rétt á lögum skv., og varð úr mikið deilumál. En það er kannske ekki meginefni þessa máls, heldur varð það til þess að mikill fítonsandi hljóp í ýmsa. Hæstv. menntmrh. flutti hér á Alþingi frv. til nýrra útvarpslaga. Það var líklega um miðjan október á síðasta hausti sem hæstv. ráðh. lagði frv. til nýrra útvarpslaga fram í þinginu og ætlaði þinginu tvær vikur tæpar til að fjalla um og samþykkja ný útvarpslög því að í frv. sem ráðh. lagði fram stóð: „Lög þessi öðlast gildi 1. nóv. 1984."

Ég efast um að nokkru sinni fyrr í þingsögunni hafi verið lagt fram flókið lagafrv. um margþætt mál og þinginu ætlaðar tvær vikur til að hespa málið af. Þetta

eru vinnubrögð sem ekki geta talist til fyrirmyndar. Það vissu auðvitað allir að á tveimur vikum yrði þessi löggjöf ekki samþykkt né færi hún í gegnum þingið. Alþingi hv. starfar með þeim hætti að það þarf lengri tíma til að afgreiða minni mál en þetta. Það var vitað að um þetta mál voru mjög skiptar skoðanir. Og það sem meira var og alvarlegra var það að þetta mál var nánast órætt í þjóðfélaginu. Það er annað uppi núna þegar þó er búið að ræða þetta mál í allan vetur.

En þá kem ég að þeim þætti málsins sem ég tel vera lakastan þó ég vilji ekki endilega segja ámælisverðan. Menntmn. Nd. fær þetta mál til umfjöllunar tiltölulega fljótt. Oft er það svo þegar mál af þessu tagi eru til umræðu í þinginu að nefndir beggja deilda starfa að málunum. Það var ekki gert í þessu tilviki. Formaður menntmn. Nd. sagði í viðtali við Morgunblaðið fyrir fáeinum dögum að Eiður Guðnason hefði komið í veg fyrir að menntmn. deildanna störfuðu saman með því að hafna þeirri tillögu. Ég hef vísað þessari alröngu staðhæfingu á bug. Þetta eru hrein ósannindi. Í fyrsta lagi hafði Eiður Guðnason ekkert neitunarvald um þetta efni. Í öðru lagi var tillagan um að nefndirnar störfuðu saman aldrei borin upp við mig. Í þriðja lagi átti ekki að bera hana upp við mig. Það átti að bera hana upp við formann menntmn. Ed., hv. þm. Harald Ólafsson. Ég skil ekki hvað mönnum gengur til að láta slík hrein ósannindi á þrykk út ganga. Ég leiðrétti þetta þegar mér var bent á þetta í Morgunblaðinu og það hefur engin aths. komið við þá leiðréttingu. En þetta er alveg furðulegt. Æskilegt hefði verið að þetta mál hefði fengið aðra umfjöllun.

Ég veit að hv. þm. muna með mér að það gekk ekki á öðru í nóvember og desember en að þá var málið alltaf að koma úr nefnd. Það voru viðtöl við formann menntmn. í Nd. í fjölmiðlum vikulega, stundum oft í viku, og alltaf var málið að koma úr nefnd. Það vissu allir að þetta var hreint rugl. Málið var ekkert að koma úr nefnd. Það var ekki á leiðinni úr nefnd og það kom ekki úr nefnd fyrr en löngu seinna. Það er ekki fyrr en 12. maí, fyrir tæpum mánuði, sem útvarpslagafrv. kemur frá Nd. til Ed. Þá er það búið að vera í nefndinni í Nd. síðan um miðjan október, frá 20. október. Við skulum segja að málið hafi farið til nefndar 20. október. 20. nóvember er liðinn einn mánuður, 20. desember eru liðnir tveir mánuðir, 20. janúar þrír, 20. febrúar fjórir, 20. mars fimm, 20. apríl sex. Það er komið hátt á sjöunda mánuð, rúmlega hálft ár, sem þetta mál er búið að vera í menntmn. Nd. Síðan er þetta búið að vera tæpan mánuð í umfjöllun hv. menntmn. Ed. og hún hefur nú skilað áliti.

Það hefði verið æskilegt að nefndin hefði getað haft meiri tíma til að fjalla um þetta mál. En það voru engar tilraunir uppi hafðar til að tefja það. Að vísu tafðist málið kannske um fáeina daga því að það var ekki unnið að því í nefnd vegna fjarveru eins nm. í erindum þingsins og fjarveru formanns í erindum þingsins í fáeina daga, en ég held að þeir dagar hafi engu máli skipt í sambandi við afgreiðslu málsins.

Í Nd. var fluttur mikill sægur brtt. við útvarpslagafrv. um hin ólíkustu efni. Atkvgr. voru langar og flóknar. Ég minnist þess að við 2. umr. var tillögugerið slíkt — og við Alþfl.-menn áttum þar margar tillögur — að við athugun sá ég að eina færa leiðin til þess að atkvgr. gæti farið fram með nokkuð vitrænum hætti, eins margar og till. voru, eins líkar og þær voru sumar og sumar gerðu ráð fyrir mjög breyttri uppbyggingu og kaflaskiptingu frv., var sú að ég hafði samband að eigin frumkvæði við forseta Nd. og sagði honum að ég hefði komist að þeirri niðurstöðu að eina leiðin til að greiða atkv. við 2. umr. væri sú að við drægjum okkar tillögur til baka til 3. umr. þannig að það hreinsaðist svolítið borðið og atkvgr. yrði auðveldari í framkvæmd. Þetta var gert. Okkar till. komu svo til atkv. seinna. Þetta er til marks um ágreininginn og hversu óskaplega skiptar skoðanir eru um þetta mál.

Ég held hins vegar, og hef það fyrir mér í því sem ég hef rætt við nm. ýmsa í neðrideildarnefndinni, að aldrei hafi verið gerð raunveruleg tilraun til að ná víðtæku samkomulagi þar í n. vegna þess að á því var ekki áhugi. Það var snemma ljóst að þetta frv. átti að keyra í gegnum þingið eins og stundum er sagt. Það átti að sigla hraðbyri í gegn þrátt fyrir allan ágreining. Þess vegna var aldrei neinn áhugi á öðru en að reyna að ná einhvers konar samstöðu milli stjórnarflokkanna til þess að frv. hefði þó meiri hl. og m. a. s. það tókst ekki. Það segir auðvitað sitthvað um vinnubrögðin í þessari hv. n. sem ég held að hafi verið með alveg fádæmum slök.

Síðan kemur málið til okkar upp í Ed. Ég er næstum því viss um að í ljósi þeirra umr., og það leyfi ég mér að fullyrða, sem áttu sér stað í menntmn. Ed., hefði verið hægt að ná — ég segi ekki algjöru samkomulagi, það brýtur þarna á vissum grundvallarmálum, en það hefði verið hægt að ná mjög víðtæku samkomulagi um ýmis atriði frv. sem mikill ágreiningur var um í Nd. Þetta hefði verið hægt ef ekki hefði komið í ljós það sem ég segi hér í nál.: „Það tókst hins vegar ekki þar sem ekki var unnt að skilja afstöðu fulltrúa Sjálfstfl. á annan veg en svo að engu mætti breyta í frv. Ed. yrði að samþykkja frv. nákvæmlega eins og það kom frá Nd." Nákvæmlega eins. M. a. s. vitleysurnar í frv., rökleysurnar, sem ég mun koma nánar að hér á eftir, meiningarleysurnar og merkingarleysurnar sem fá ekki staðist eigum við að samþykkja óbreytt í Ed. af því að svo lítur út sem Sjálfstfl. hafi gert — eða ég a. m. k. dreg þá ályktun af afstöðu fulltrúa hans í n. — ályktun í sínum þingflokki um að engu megi breyta í málinu, það eigi að samþykkja það með öllum bannsettum vitleysunum sem í því eru. Þá er ég ekki að tala um efnisatriði. Þá er ég að tala um greinar sem eru óskiljanlegar, greinar sem stangast á og sem lögfræðingar segja mér að fái ekki staðist, séu rugl. Ég mun koma að því nánar og rökstyðja það skýrar síðar.

Ég er þeirrar skoðunar að þm. Ed. eigi ekki að láta bjóða sér slík vinnubrögð, að menn skuli vera settir út í horn, upp við vegg eða hvað menn vilja kalla það og sagt: Þú samþykkir þetta óbreytt eða ....! Er þetta lýðræðislegt? Er þetta þingræðislegt? (Gripið fram í.) Til hvers koma mál til umr. í Ed. frá Nd.? Er það til að samþykkja þau óbreytt? Er það ekki til þess að þm. Ed. geti lagfært það sem kann að hafa farið fram hjá mönnum í Nd. Það mætti þá, ef okkar hlutverk er að taka við frv. frá Nd., samþykkja þau og stimpla þau, hversu vitlaus sem þau eru, leggja Ed. niður. Við erum ekki að gegna skyldum okkar nema við grandskoðum málin. (**Gripið fram í:** Það mætti leggja Nd. niður.) Já, þetta er heldur skynsamleg till. hjá hv. þm. En við skulum ekki fara út í þá sálma.

Menn vinna með allt öðrum hætti í Ed. en Nd. og við erum eins og ein sæmilega stór nefnd sem hefur að vísu

sjö undirnefndir sem allir hér eiga sæti í. Og ég segi það: Við sem sitjum í Ed. eigum ekki að láta bjóða okkur svona vinnubrögð. Það er fyrir neðan virðingu þess sem boðlegt er að segja við okkur: Þið samþykkið frv. eins og það er, með öllum þeim vitleysum sem í því eru. Þá er ég ekki að tala um efnisatriði, þá er ég ekki að tala um auglýsingadeiluna, þá er ég ekki að tala um menningarsjóðinn sem slíkan. Ég er bara að tala um ákvæði sem eru í frv. og fá ekki staðist.

Hvað segja menn t. d. um ákvæði eins og er í 3. gr., 7. tölul.?

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði."

Hvað merkir þessi setning? Hvað merkir þetta? Hver er munurinn á almennri dagskrárgerð og einstökum dagskrárliðum? Þetta er merkingarlaust rugl eins og þetta er sett fram hér. Og ætla menn að samþykkja það? 7. tölul. 3. gr. hefur enga merkingu.

Það er auðvitað til vansa ef menn fara að samþykkja málsgreinar í þessum lögum sem eru hreint rugl aftur og enn eins og þetta er lesið. Lög eiga að vera þannig að þau séu auðskilin og skýr. Þetta er alveg óskiljanlegt ákvæði. Ég hef gert brtt. við þetta og kem síðar að henni.

Okkur er ætlað að kokgleypa þetta frv. eins og það kemur frá Nd., en hver var staðan í Nd.? Hvernig og hverjar lyktir hlaut málið þar? Hv. þm. Ragnar Arnalds er búinn að víkja að því hér og það gerir ekkert til þó það sé rifjað upp aftur.

Af 40 þm. sem eiga sæti í Nd., þ. e. 39 sem viðstaddir voru þegar þetta frv. var afgreitt, voru það 16 af 39 þm. sem treystu sér til að segja já þegar frv. var borið undir atkv. 12 sögðu nei og 11 sögðu ekki neitt, sátu hjá. Nú er það alveg ljóst, held ég, að frv. hefur mjög knappan meiri hl. í þessari deild. Sjálfsagt hefur það meiri hl., ég er ekki að gera því skóna að það standi öðruvísi, en við skulum segja að þetta frv. hafi 11—12 atkv. hér í Ed. Ég tel að það sé þó kannske rúmt reiknað. Þá erum við að samþykkja útvarpslög sem 28 þm. hafa treyst sér til að styðja. Er hæstv. menntmrh. ánægður með að samþykkja útvarpslög sem njóta stuðnings minni hl. á Alþingi? (**Gripið fram í:** Minna fylgi en þjóðaratkvgr. um bjórinn.) Það mál á eftir að fara aftur til Nd. og það er ekki útséð um hvert fylgi það hefur á Alþingi, hv. þm., þeir Nd.-menn eiga eftir að greiða atkv. um þá skynsamlegu ákvörðun sem tekin var í gærkveldi í því máli.

Það eru sem sagt allar horfur á að á þessu Alþingi, ef þessu offorsi ekki linnir og þeim ofstopa sem þetta mál er rekið með, verði samþykkt útvarpslög sem njóta stuðnings minni hl. þm. vegna þess að Sjálfstfl. hefur tekið þá ákvörðun að þetta mál eigi að reka með ofstopa í gegnum þingið og offorsi. Sú staðreynd hvernig atkvgr. fór í Nd. lýsir því auðvitað mætavel hve djúpstæður ágreiningur er um þetta mál og hversu miklar efasemdir menn hafa um ágæti þess frv. sem hér er nú til umr.

Nú taldi ég áðan að vinnubrögð í nefnd í Nd. hefðu verið heldur slök eða verkstjórn. Það hef ég sagt áður. Það hef ég sagt í Sþ. og það hefur hv. formaður þeirrar nefndar heyrt. Engu að síður tók þetta frv. allmiklum breytingum í Nd. Það var ekkert óeðlilegt. Þetta var orðið gamalt mál. Það var búið að liggja lengi frá því að útvarpslaganefndin samþykkti það og það gerist margt á skömmum tíma í þessum efnum. Það þurfti þess vegna engum að koma á óvart þó að málinu yrði breytt.

Af hálfu Alþfl. voru fluttar mjög margar brtt. í menntmn. Nd., eins og ég hef raunar áður vikið að. Eitt er það í þessum till. sem er höfuðatriði og það er sá kafli till. sem fjallar um svonefnd boðveitukerfi eða kapalkerfi. Ég held að það hafi runnið upp nýtt ljós fyrir ýmsum nm. í efrideildarnefndinni þegar þessi mál voru nánar skýrð á fundi þar og það var skýrður sá möguleiki að hér á höfuðborgarsvæðinu væri hægt að koma við boðveitukerfi með tiltölulega litlum tilkostnaði sem væri ekki grafið í jörð heldur væri á öldum ljósvakans, en væri samt lokað kerfi. Þetta er ný tækni sem Kanadamenn hafa haft forustu um og frumkvæði og hingað komu í fyrrasumar m. a. menn af íslensku bergi brotnir frá Winnipeg til að kynna þetta.

Reykjavíkurborg er byrjuð að undirbúa þessi mál, Seltjarnarneskaupstaður er byrjaður að undirbúa þessi mál, en það eru engar reglur um málið og Sjálfstfl. stendur þversum gegn því að um þetta mál séu settar reglur. Það er staðreynd sem upp úr stendur. Það skiptir ekki öllu máli hvort þetta er í fjarskiptalögum eða útvarpslögum. Það er ekki meginmálið. Aðalatriðið er að um þetta séu settar reglur þannig að sveitarfélögin geti byrjað, að boðveitukerfin séu í eigu sveitarfélaganna og þau geti byrjað að undirbúa málið. Ég held að það sé mjög mikil trygging fyrir borgarana að kerfi af þessu tagi séu í eigu sveitarfélaganna. Það er trygging fyrir öruggum rekstri, það er trygging fyrir þjónustuöryggi og það er trygging fyrir því að þarna sé vel að verki staðið og þetta sé ekki eitthvert hálfkák eða af vanefnum gert. Ég treysti Reykjavíkurborg og stjórnendum hennar fullkomlega til að koma á fót slíku boðveitukerfi hér af myndarskap og þannig að þar yrði veitt góð þjónusta, en greinilegt er að Sjálfstfl. ber ekki það traust til stjórnenda Reykjavíkur að hann vilji greiða fyrir því að slíkar reglur verði settar.

Það er talað um að gefa einhverjar óljósar yfirlýsingar. Við höfum reynslu af því hversu mikið er að marka óljósar yfirlýsingar ráðh. hér úr ræðustólum, að hitt og þetta skuli gert eða stefnt skuli að einhverju. Það er nákvæmlega einskis virði ef ráðh. kýs að hafa það að engu. Það er alveg greinilegt að fulltrúar Sjálfstfl. ætla sér að standa gegn því að þessi boðveituákvæði komist í lög. — Þar sem flm. þáltill. um móttöku erlends gervihnattarsjónvarps er nú staddur hér í Ed. á leið til sætis síns í Nd. er ekki úr vegi að víkja að því að boðveitukerfi er alger forsenda þess að Íslendingar geti horft á sjónvarp frá gervihnöttum. Það er grundvöllurinn undir því öllu saman. Þó við ættum völ á sex eða sjö sjónvarpsdagskrám frá gervihnöttum er dreifikerfi íslenska sjónvarpsins bara einfalt dreifikerfi og dagskrá íslenska sjónvarpsins er stundum frá kl. 6 á kvöldin og fram úr, stundum frá kl. 8. Það væri þá hægt að sjónvarpa einhverju um miðjan daginn. Ef menn ættu að geta valið á milli, horft á mismunandi rásir, mismunandi stöðvar, sem geta verið okkur tiltækar með gervihnattasjónvarpi, verður að koma upp boðveitukerfi. Ætlar Sjálfstfl. að standa gegn því að Íslendingar geti notfært sér þessa nýju tækni með því að þrjóskast við að taka upp reglurnar um boðveitukerfi í eigu sveitarfélaga eins og Seltirningar vilja koma á, eins og verið er að undirbúa í Reykjavík fyrir forgöngu m. a.

borgarstjórans? Þetta er öldungis með ólíkindum, enda sé ég að hæstv. menntmrh. hefur nú yfirgefið deildina, en henni þykir sjálfsagt ekki gaman að hlusta á þessar staðreyndir því staðreyndir eru þetta, að Sjálfstfl. ætlar að standa gegn því að Íslendingar geti notfært sér kosti þeirrar nýju tækni að horfa á sjónvarp frá gervihnöttum, en boðveitukerfi er forsenda þess. — Ég sé mig knúinn til að endurtaka nokkrar setningar af því sem ég sagði áðan af því að hæstv. menntmrh. var ekki í deildinni. (**Menntmrh.:** Ég heyrði, hv. þm.) Já, það er gott að hæstv. ráðh. heyrir í gegnum holt og hæðir. Það er alger forsenda þess að við getum valið milli sjónvarpsdagskráa frá ólíkum gervihnöttum að hér sé boðveitukerfi. Reykjavíkurborg vill koma þessu á fót, en Sjálfstfl. á Alþingi stendur gegn því að þessi ákvæði geti komist í lög og að sveitarfélögin fái að veita sínum íbúum eðlilega þjónustu. Þetta er umhugsunarefni fyrir ýmsa kjósendur Sjálfstfl. á höfuðborgarsvæðinu. (**Menntmrh.:** Það er rangt, hv. þm., að Sjálfstfl. standi gegn þessu og það er gegn lögum.) Já, við skulum setja þetta í fjarskiptalög, alveg sjálfsagt mál. Aðalatriðið er að reglurnar verði settar. Reglurnar eru tilbúnar, samdar af hæfum lögfræðingum, og það er ekkert því til fyrirstöðu. Það stendur kannske eitthvað í sjálfstæðismönnum að það skuli hafa verið Alþýðuflokksmenn sem lögðu fram þessa till. Það skyldi þó aldrei vera hluti skýringarinnar.

Það mætti hugsa sér slíkt boðveitukerfi hér í Reykjavík þar sem væru a. m. k. átta rásir. Ein væri notuð fyrir íslenska sjónvarpið, tvær væru leigðar innlendum dagskrárgerðarfyrirtækjum sem gætu sent þar um efni, ein rás væri fyrir efni frá gervihnöttum sem senda beint, norrænt, enskt, þýskt, franskt, eina eða tvær rásir mætti hugsa sér fyrir námsefni, fræðsluefni, opinn háskóla, frjálsan háskóla eins og var mjög athyglisverð grein um í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum, Námsflokka Reykjavíkur, margháttað fræðsluútvarp. Síðan gæti verið rás fyrir auglýsingar sem væru eins konar svona smáauglýsingar, fyrirbæri sem sumir hafa kallað skjárita á íslensku. Það heitir videotext eða teletext eða eitthvað slíkt. Það eru mörg nöfn yfir það á erlendum málum. Þar gætu menn leitað upplýsinga. Bílamarkaður, fasteignamarkaður gætu verið á slíkri rás. Það er mjög einfalt að koma því fyrir. Og loks gæti ein rás verið „karlinn í kassanum" þar sem þeir sem vildu gætu komið og haldið ræður um sín hugðarefni, komið skoðunum sínum á framfæri. Þetta gæti orðið mjög athyglisverð tilraun til að efla lýðræði og skoðana- og tjáningarfrelsi og það að menn skiptust á skoðunum.

Þetta þarf ekki að kosta tiltakanlega mikið. Það er alveg ljóst. Og það kemur auðvitað að því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu munu hafa samráð í þessu máli. En Sjálfstfl. ætlar e. t. v. að standa gegn því um langa hríð enn að það séu settar reglur um boðveiturnar. Afstaða flokksins er sú núna að þetta eigi ekki heima í útvarpslögum. Ég segi: Gott og vel, þá skulum við hafa þetta í fjarskiptalögum. En það er verið að athuga málið, það er verið að skoða málið. Við þekkjum öll hvernig það getur gengið fyrir sig. Það er ekki áhugi á þessu máli. Það væri fróðlegt að heyra álit borgarstjórans í Reykjavík á því hvernig flokksbræður hans á Alþingi þvælast fyrir þessu máli og drepa því á dreif.

Till. okkar um boðveiturnar er að finna á þskj. 1208 og þar segir, með leyfi forseta:

„Þar til lokið er endurskoðun þeirra ákvæða fjarskiptalaga, nr. 73/1984, er snerta boðveitur í eigu sveitarfélaga, gilda eftirfarandi ákvæði um uppsetningu og rekstur þeirra."

Það er sem sagt gert ráð fyrir að þarna komi bráðabirgðaákvæði þangað til búið er að endurskoða fjarskiptalög. Getur hæstv. menntmrh. ekki fallist á að það séu ekki óeðlileg vinnubrögð?

Þessar boðveitur skulu vera í eigu sveitarfélaga. Ég hirði ekki um að vera að lengja þessa umr. sérstaklega með því að lesa upp þessa till. í heild. Ég sé enga ástæðu til þess, herra forseti. Það er gert ráð fyrir að boðveitur af þessu tagi verði — og ég neyðist til að nota ensk orð yfir það því mér er ekki ljóst að búið hafi verið til íslenskt nýyrði yfir það sem kallað er common carrier á ensku og notað er um slík boðkerfi — í eigu einhvers ákveðins aðila sem ekki sér um neitt er varðar dagskrárhlið, aðeins um hinn tæknilega rekstur kerfisins, en kerfið er öllum opið sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Í Nd. voru allar till. um þetta felldar. Þá var því lýst yfir af hálfu Alþfl. að þm. hans styddu auglýsingafrelsi í nýjum útvarpsstöðvum að því tilskildu að þetta nauðsynlega ákvæði um boðveiturnar, sem gerir okkur kleift að njóta gervihnattasjónvarpsins, kæmi inn í lög, útvarpslög eða fjarskiptalög, skiptir ekki máli. Þetta var allt fellt og ekki var á það hlustað. Þá var því sömuleiðis komið skilmerkilega á framfæri að ef ekki yrði fallist á ákvæðin um reglur fyrir boðveiturnar mundu þm. Alþfl. endurskoða afstöðu sína til ákvæðisins um auglýsingafrelsi. Þessi yfirlýsing er í fullu gildi enn. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt mál eftir?) Já, herra forseti. Ég hef líklega talað í um hálfa klst. og það telst ekki mjög langur tími í umr. um stórmál. Ég á enn nokkuð eftir af mínu máli. (**Forseti:** Ég spyr vegna þess að samkomulag varð um að bregða út af venju og fundur yrði hér í dag milli 2 og 4 þrátt fyrir þá útvarpsumr. sem fram fer í kvöld og ef ekki hefði verið mikið eftir af máli hv. ræðumanns hefði ég leitast við að ljúka umr. Ef hann telur sig eiga drjúgt eftir tel ég ekki fært að halda þessum fundi áfram lengur.) Ég á, herra forseti, eftir að gera grein fyrir nánast öllum þeim brtt. sem ég flyt við frv. þannig að ég þarf a. m. k. annan eins tíma til þess og ég hef nú talað. Ég geri ekki ráð fyrir að ég tali mikið lengur en eina klst. við þessa umr., en ég á a. m. k. hálfa klst. eftir og mun þá halda áfram máli mínu þegar þessari umr. verður fram haldið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 92. fundur.

Þriðjudaginn 11. júní, að loknum fundum í Sþ.

Hagnýting Seðlabankahúss, þáltill. 281. mál (þskj. 1185). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda, þáltill. 280. mál (þskj. 460). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sala Gullaugans, þáltill. 293. mál (þskj. 1232). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 1222). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkislögmaður, frv. 475. mál (þskj. 824). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1246).

Orkulög, frv. 488. mál (þskj. 899). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1247).

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. 487. mál (þskj. 898). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1248).

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 1221, 757, 1173, 1174). — 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er nú kominn 11. júní og það er verið að afgreiða hér lánsfjárlög fyrir árið 1985 og frv. á eftir að fara til einnar umr. í Ed. vegna breytingar sem meiri hl. lét gera á því hér á dögunum. Allt er þetta frv. með endemum. Tölur í frv., í einstökum greinum þess, hafa ekki staðist stundinni lengur. Þeim hefur verið breytt svo að segja mánaðarlega frá því að frv. var lagt fyrir hér á hv. Alþingi. Vinnubrögðin með þetta frv. lýsa ákaflega vel hvernig staða ríkisfjármálanna er undir forustu núv. ríkisstj. Það stendur ekki steinn yfir steini.

Við umr. og atkvgr. um þetta mál við 2. umr. tókum við þm. Alþb. þá ákvörðun að greiða ekki atkv. um þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég vildi, herra forseti, við 3. umr. málsins koma því sjónarmiði okkar á framfæri að við munum ekki gera það heldur við 3. umr. Stjórnin verður að bera þessa skömm, sem þetta frv. er orðið, og bera ábyrgð á því að fara með það hér í gegnum þingið. Það eru engin dæmi þess frá síðari árum að Alþingi hafi staðið jafnlengi sumars og nú virðist vera ætlunin og það eru engin dæmi þess að lánsfjárlög hafi verið afgreidd með öðrum eins endemum, öðrum eins handabakavinnubrögðum og hér er um að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj.

Það er svo eins og til þess að kóróna sköpunarverkið að þegar lánsfjárlög hæstv. fjmrh. eru til síðustu umr. hér í hv. Nd. og eiga eftir að fara til hv. Ed. til einnar umr., 7. umr. í þinginu, er hæstv. fjmrh. farinn úr þinginu. Það er skiljanlegt út af fyrir sig að hann skuli blygðast sín fyrir að vera nærstaddur við afgreiðslu á þeirri smán sem ferill þessa máls er orðinn, það er eðlilegt og skiljanlegt út af fyrir sig, en slíkur flótti frá verkinu er ekki stórmannlegur.

Herra forseti. Ég hef fjöldamargar aths. að gera við þetta frv. Ég kom þeim ítarlega á framfæri við 2. umr. málsins. Ég lagði þá fram upplýsingar m. a. um innlenda lánsfjáröflun þar sem fram kemur að hana er að bera upp á sker. Allar áætlanir varðandi innlenda lánsfjáröflun 1985 virðast ætla að verða tóm vitleysa. Það er því sama hvar er borið niður. Og hér er enginn maður til andsvara. Hæstv. fjmrh. er flúinn úr landi og þó að hæstv. ráðherrar, Matthíasarnir tveir, ráðherrar viðskipta og heilbrigðis, eigi að svara fyrir verða þau svör í skötulíki. Það veit ég fyrir fram vegna þess að þeir vita ekkert um málið.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég átti tæpast von á því að þetta lagafrv. yrði tekið hér til umr. núna. Eins og forseta er kunnugt lauk 2. umr. síðla föstudags, í kvöldmatnum á föstudegi. Sú umr. fór fram við þær aðstæður að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur. Ég gagnrýndi það mjög, en lét þar við sitja. Ég gagnrýndi það vegna þess að mér finnst að í raun sé hæstv. fjmrh. jafnskylt að vera við umr. um lánsfjárlög og um fjárlögin sjálf. Hér er ekki síður um mjög veigamikinn þátt að ræða í ríkisbúskapnum í raun og sannleika og að ýmsu leyti afdrifaríkan, rétt eins og fjárlögin eru.

Ég segi afdrifaríkan eða afdrifaríkari vegna þess að með þessum lögum er ætlunin að skuldsetja þjóðina um 10.1 milljarð kr. á sama tíma og ráðherrarnir hver á fætur öðrum rísa upp frammi fyrir alþjóð og halda því fram að ekki megi auka erlendar lántökur. Hæstv. fjmrh. hefur t. d. gengið mjög ötullega fram í þeim efnum. Menn minnast þess vafalaust að hann hefur talað um það í þá veru að stóll hans væri í veði ef lántökur ykjust milli ára eða færu yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Nú gerðist það mjög greinilega á s. l. ári, eins og reyndar árið þar áður líka, að það fór fram úr því marki, en fjmrh. tók ekki mark á sjálfum sér frekar en venjulega.

Með frv. sem hér er til umfjöllunar er ætlunin að auka enn á erlendar lántökur þannig að þær fara upp í 63.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Það hefði verið ástæða til þess að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umr. þegar svo afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar.

Í annan stað endaði umr. á föstudaginn án þess að nokkur ráðh. kæmi til andsvara við þeim spurningum sem fram voru lagðar. Ég beindi þá m. a. spurningum til hæstv. viðskrh. sem hann hefur enn ekki svarað. Vitaskuld hefði verið eðlilegast að þessum spurningum og öðrum spurningum hefði verið svarað við lok 2. umr. og algert lágmark að þeim væri svarað strax í upphafi 3. umr., en stjórnarandstæðingum ekki ætlað að koma hér upp öðru sinni án þess að þessum spurningum hafi verið svarað. Nú heyri ég að hæstv. viðskrh. er reiðubúinn að stíga í stólinn og það er vel, en engu að síður er allt útlit fyrir að 3. umr. um þetta frv. eigi líka að fara fram að hæstv. fjmrh. fjarstöddum. Þetta er að mínum dómi fyrir neðan allar hellur.

Það er ekki síst vegna þess að í rauninni má segja að fulltrúar ríkisstj., hæstv. ráðh., séu að reyna að telja þjóðinni trú um að þeir séu að hafa hemil á erlendum lántökum þegar það er svo fjarri sanni sem raun ber vitni. Ég segi að þeir séu að reyna að telja þjóðinni trú um það með tilliti til allra þeirra yfirlýsinga sem þeir hafa gefið og þá í fyrsta lagi sem hæstv. fjmrh. hefur gefið. Ef þjóðin tæki eitthvert mark á hæstv. fjmrh. mundi hún vitaskuld telja að hann hefði haldið sig við það að skuldirnar væru innan við 60% af vergri þjóðarframleiðslu og færu ekki vaxandi úr því að hann situr enn. En í annan stað er þessi ráðh. ekki einn um það að hafa gefið yfirlýsingar. Það er ekki nema vikutími eða svo síðan hæstv. forsrh. kom í sjónvarpið og sagði þjóðinni aðspurður að erlendar lántökur mættu ekki, ættu ekki og gætu ekki vaxið. Samt stöndum við hér líka að hæstv. forsrh. fjarstöddum og ræðum þá tillögu stjórnarflokkanna — (**Gripið fram í:** Sést hann illa?) Hæstv. forsrh.? Ja, það sér illa í hann allavega. — að auka erlendar lántökur með þeim hætti sem ég hef hér greint frá.

Við 2. umr. um frv. til lánsfjárlaga flutti ég nokkrar brtt. sem voru á þá lund að draga úr erlendum lántökum. — Velkominn, forsrh. Já, það er ekki nema von að menn setjist einhvers staðar á bak við hurð til að hlusta á það sem hér er til umfjöllunar. — Þær brtt. náðu því miður ekki fram að ganga. Þær brtt. gengu út á það að erlendar lántökur yrðu 940 millj. kr. lægri upphæð en meiri hl. fjh.- og viðskn., fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., leggja til í sínum till. og lögðu til í þeim till. sem voru samþykktar við 2. umr.

Ég tel mjög miður að menn skuli víkja sér undan þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir með þeim hætti sem hér um ræðir. Sannleikurinn er sá að við getum ekki forsvarað það fyrir börnum okkar að halda þessari skuldsetningu áfram. Við getum ekki heldur forsvarað það fyrir forverum okkar, sem börðust fyrir og náðu sjálfstæði fyrir þessa þjóð, að við stefnum efnahagslegu sjálfstæði okkar í hættu með þeim hætti sem hér er gert með taumlausri skuldasöfnun. Auðvitað er mér ljóst að það kostar ákveðin átök og það þýðir að ekki fá allir allt sem þá langar til og að við verðum að venja okkur við önnur vinnubrögð en menn hafa tamið sér að draga úr erlendum lántökum með þeim hætti sem ég tel nauðsynlegt og hef hér gert till. um. En um þetta verkefni verða menn að sameinast. Það stoðar skammt og er verra en ekki að flytja um það yfirlýsingar á opinberum vettvangi að þetta sé það sem menn vilja, en gera svo ekkert.

Eins og ég sagði, herra forseti, voru þessar till. því miður ekki samþykktar. Þær vörðuðu langtímalántökur. Hins vegar kemur í ljós í þeim gögnum sem fylgja áliti meiri hl. að þar fyrir utan er hugmyndin að auka skammtímalán mjög verulega. Það er hugmyndin að auka skammtímalán um 2900 millj. kr. og eru þó ekki nema fáeinir mánuðir síðan það var tillaga ríkisstj. að hér yrði einungis aukning upp á 1200 millj. kr. eða minna.

Við þekkjum það af reynslu annarra þjóða, sem hafa ámóta eða jafnvel skárri skuldastöðu en við að því er varðar útlönd, að þær hafa lent í verulegum greiðsluerfiðleikum. Við höfum sloppið, kannske ekki síst vegna þess að við höfum tekið lánin til lengri tíma og þess vegna ekki lent í greiðsluerfiðleikum af þessum sökum meðan þessar þjóðir hafa lent í miklum greiðsluerfiðleikum einmitt vegna þess að verulegur hluti skulda þeirra var til skamms tíma. Þess vegna vara ég alveg sérstaklega við í þessu efni. Auk þess tel ég að sú stefnumörkun, sem í þessum lánsfjárlögum og þessari stefnu um aukningu erlendra skammtímalána felst, feli í sér veruleg þensluáhrif, sem allir eru þó að kvarta undan, og aukið ójafnvægi sem m. a. muni bitna á viðskiptahallanum, koma fram í verðbólgu og verða til þess í raun og sannleika að rýra kjör fólksins í landinu jafnframt því að sjávarútvegurinn býr við þeim mun verri rekstrarstöðu sem ójafnvægið og spennan eru meiri.

Ég beindi spurningum, eins og ég gat um hér áðan, til hæstv. viðskrh. af þessu tilefni og ég tel mikilvægt að það fáist svör við þeim.

Auk þess sem ég hef hér rakið, herra forseti, hef ég flutt tvær till. sem ég vil minna á. Annars vegar er till. um að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð skuldbindingar fiskeldisstöðva gagnvart Framkvæmdasjóði vegna lántöku hjá Norræna fjárfestingarlánasjóðnum, allt að 150 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Hér er í raun um hagræðingaratriði að ræða. Lánsloforð liggur fyrir frá þessum sjóði. Menn hafa ekki talað gegn því að þessi lán yrðu tekin. En Norræni fjárfestingarlánasjóðurinn fer í raun fram á það, til þess að veita þessi lán og til hagræðingar, að einn aðili standi gagnvart honum ábyrgur fyrir þessum skuldbindingum. Framkvæmdasjóður er til þess kjörinn og tilvalinn og hann er til þess reiðubúinn, en telur nauðsynlegt að fá bakábyrgð frá ríkinu með þeim hætti sem hér er gerð till. um. Ég tel að úr þessu eigi að leysa með samþykkt þeirrar till. sem ég geri hér og nú að umtalsefni.

Í annan stað flyt ég till. um að fjmrh. sé heimilt á árunum 1985—1986 að gefa út ríkisskuldabréf sem séu verðtryggð en án vaxta og nýta andvirði bréfanna til að flýta verkáföngum frá gildandi vegáætlun að fengnum tillögum Vegagerðar ríkisins og samþykkt fjvn. Gjalddagi bréfanna yrði á því ári sem það verk sem um væri samið og fyrir væri greitt skyldi unnið skv. vegáætlun og þá mundi ríkissjóður greiða nafnverð bréfanna að viðbættum verðbótum.

Ég hef gert ráð fyrir að þessi heimild taki til 150 millj. kr. Yrði af samningum um verk af þessu tagi yrði

greiðslan, sem verktakarnir fengju, eingöngu skuldabréf af þessu tagi sem greiddust á þeim tíma sem menn hefðu gert ráð fyrir að þessi verkefni væru á vegáætlun. Það væri á valdi fjvn. að fengnum tillögum Vegagerðarinnar að nýta þessar heimildir. Það hefur verið talað um að komið gæti upp slaki í verktakastarfsemi og ekki að ástæðulausu um það rætt. Þá getur verið sérstakur möguleiki fyrir ríkissjóð að láta vinna að verkum og fá í þau hagstæðari boð en ella. Þessi heimild er að vísu mjög takmörkuð, en ég tel eðlilegt að hún sé fyrir hendi miðað við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu og miðað við það hvernig ástandið er í verklegum framkvæmdum að ýmsu leyti og af því að slaki geti komið upp á þessu sviði.

Það má í raun líta svo á að hér sé um að ræða nokkra útvíkkun á fyrirkomulagi sem hefur verið tíðkað, nefnilega það að verktakar hafa lánað milli ára í verk sem þeir hafa flýtt miðað við það sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Hérna er þetta mótað og útvíkkað þannig að það er komið í ákveðið form og mögulegt að nýta það í nokkru ríkari mæli. Hér er um tilraun að ræða. Við vitum að ýmsir verktakar hafa haft á orði að þeir teldu eitthvað af þessu tagi fýsilegan kost. Mér finnst eðlilegt að Alþingi svari því með ákveðnum hætti þannig að ekki verði hægt að segja um afgreiðslu þess að Alþingi hafi einungis hrist hausinn. Og ég held að fólkið í landinu eigi erfitt með að skilja að menn séu ekki reiðubúnir að ná sér í eitthvað stærri áfanga ef greiðslubyrðin þarf ekki að lenda á ríkissjóði fyrr en ráð hefur verið fyrir gert. Ég held að Alþingi stæði keikara og betur með því að svara þessum áskorunum og með þeim hætti sem ég hef hér gert ráð fyrir þó í ákaflega takmörkuðum mæli sé, enda er hér vitaskuld um tilraun að ræða og ekki vitað hvort tilboð mundu berast á þessum grundvelli, en hér er þó um ákveðið form að ræða sem virðist að mínum dómi vera nýtanlegt.

Eins og forseta er kunnugt lagði ég þessa brtt. fram þegar við 2. umr. um lánsfjárlögin, en gat þess þá að ég mundi draga þær báðar aftur til 3. umr. þannig að mönnum gæfist kostur á að gaumgæfa málið. Ég gerði það vitaskuld í þeim skilningi að ef menn vildu einhverju til hnika í þessum efnum væri ég til þess reiðubúinn. Það stendur vitaskuld enn og allt fram til þeirrar atkvgr. sem um þessa till. fer væntanlega fram við lok 3. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 2. umr. vék hv. 3. þm. Reykn. að einum lið sérstaklega í sambandi við lánsfjáráætlun, auk þess sem hann ræddi almennt um erlendar lántökur, hversu miklar þær eru orðnar hjá okkur og hvernig staða þeirra væri með tilliti til þjóðarframleiðslu. Ég get tekið undir margt af því sem hann sagði þá og hef reyndar áður undir öðrum kringumstæðum vikið að því og bent á það. En ég held að við þurfum tvímælalaust að skoða þessi mál afarvel og reyna að mynda þá samstöðu sem þarf til þess að við getum stöðvað erlendar lántökur og stefnt að því, sem ég efast ekkert um að mikill meiri hluti Alþingis vill, að takmarka þær eins og mögulegt er. Það gerist þó ekki öðruvísi en menn nái samstöðu þegar fjárlagagerð á sér stað. Kröfur útgjalda hjá ríkissjóði, hvort heldur það er í framkvæmdum eða með lagasetningu varðandi samneyslu, allt hefur þetta áhrif til þess að auka á erlendar lántökur, eins og undanfarin ár best sýna. Það þarf ekki að fara langt aftur til þess að hlutfall af þjóðarframleiðslu í erlendum lánum sé ekki 60%, ekki 50%, heldur komið niður fyrir 40%. Það sem hv. þm. sagði eru aðvaranir sem margir aðrir og þ. á m. ég hafa vakið athygli á.

Hann vék sérstaklega að einu atriði og ræddi um skammtímalán, fjármagnshreyfingar til skamms tíma sem er breytt töluvert frá því að upprunalega áætlunin var lögð fram eða úr 1200 millj., sem þar átti að vera með plúsmerki, í 2900. Það stafar m. a. af því að bankar hafa vegna breytts fyrirkomulags á afurðalánum tekið lán til að fjármagna þau og um er að ræða styttri lánasamning.

Ef þessar töflur eru skoðaðar kemur að sjálfsögðu í ljós að sú breyting sem þarna á sér stað skilar sér í bættri gjaldeyrisstöðu, þ. e. þessar erlendu lántökur bankanna gera það að verkum að gjaldeyrisstaða Seðlabankans verður önnur og betri. Það nemur einmitt sömu upphæð og þó heldur betur, um 300 millj. kr., sem stafar þá af öðrum hreyfingum sem eru í endurmati frá því að upprunalega áætlunin er gerð og þar til nú er verið að ganga frá í lánsfjárlögum. Fjh.- og viðskn. hv. Nd. hefur yfirfarið málið og fengið til sín þá aðila sem veita forustu greiðslujafnaðardeild Seðlabankans sem annast þessi mál. Skýringin er í þessu fólgin.

Þegar staða gjaldeyrissjóðs hjá Seðlabankanum batnar þetta mikið getur það orðið til þess að auka á ásókn til hans um fyrirgreiðslu. Það er auðvitað tilefni til slíks. Ég viðurkenni það fúslega. Það er þá þeirra sem með málin fara að standast það og sýna að þessi breyting, sem gerð var, hefur ekki orðið til þess að auka á þensluna og auka erlendar lántökur, heldur breyta þeim úr lántökum Seðlabankans í lántökur viðskiptabankanna og annað ekki. Þegar þessar lántökur fóru fram var af hálfu viðskrn. tryggilega frá því gengið að þessi skilningur væri fyrir hendi. Ég ætla að vona að spá þm. rætist ekki. Að sjálfsögðu mun reynt að fylgja því fram og veit ég að hans varnaðarorð eru hér sett fram einmitt til þess að reyna að stuðla að því að svo verði ekki.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það hefur verið vikið að því áður í þessari umr. að senn er kominn miður júní og enn eru menn á Alþingi að ræða um lánsfjárlög fyrir árið 1985. Lánsfjárlög eru ein aðalstýring í fjármálum ríkisins. Það er stórkostlegt skipbrot fyrir ríkisstj., sem ætlaði að byggja upp andrúmsloft festu og trausts og ætlaði að leggja línur fyrir fólk og fyrirtæki til langs tíma þannig að hægt væri að stefna að arðsemi og traustum rekstri, að hafa staðið þannig að málum að það er liðið hálft það fjárlagaár sem um er að ræða þegar lánsfjárlög munu loksins skreiðast út úr þinginu ef að líkum lætur.

Slík seinkun veldur ótrúlegum erfiðleikum, ekki bara í opinberum rekstri heldur í rekstri fjölda fyrirtækja í landinu sem illu heilli eru afar háð framlögum frá ríkinu af ýmsu tagi. Sjóðir hafa átt í erfiðleikum með að leggja sínar línur og þar af leiðandi hafa bæði fólk og fyrirtæki orðið fyrir margvíslegum búsifjum vegna þessa sleifarlags ríkisstj. Það hefur leitt til ýmiss konar kostnaðar, vanskila fjármagnskostnaðar af ýmsu tagi og ótaldrar angistar sem sleifarlag af þessu tagi hlýtur óumflýjanlega að leiða til. Því er það að mínu mati stórkostlegt pólitískt hneyksli að svo skuli vera komið.

Það ætti að vera mikið athugunarefni fyrir þá sem standa að ríkisstj. hvort vinnubrögð þeirra, samlyndi eða einhverjir aðrir þættir valdi hér um. Ríkisstj. sem ekki getur nokkurn veginn búið svo um hnútana að svona lagað komi ekki fyrir aftur hlýtur að verða að gera upp við sig hvort hún eigi að stjórna annað ár í viðbót. Þetta eru ekki þau föstu tök í efnahagslífi, þetta eru ekki þau föstu tök á vinnuháttum stjórnarráðs sem verður að krefjast af þeim sem með völdin fara. Þetta veldur slíkri óvissu og þetta veldur slíkri lausung í allri starfsemi ríkisins að það má ekki gerast. Það er algerlega óviðunandi að menn yppti yfir þessu öxlum og segi sem svo að þetta sé vegna þess að gengið hafi illa að koma málinu í gegn í viðkomandi þingflokkum. Það er ekki nokkur afsökun. Ef menn koma sér saman um að standa að ríkisstjórn eru þeir um leið að lofa sambúð og vinnubrögðum sem tryggir að slíkt gerist ekki. Þeir sem ekki geta gert betur eiga ekkert erindi í ríkisstjórn. Málið er svo einfalt. Þeir sem eru að lufsast með lánsfjárlög fram á mitt sumar eiga ekkert erindi í ríkisstjórn. Sá er lærdómurinn sem ríkisstj. á af þessu að draga.

Fyrir utan þessi almennu verklagsatriði, þ. e. ábyrgð þess sem þannig stendur að málum, er hér á ferðinni stórpólitískt mál. Þetta ætti að vera eitthvert mesta áherslumál og mesta umhyggjumál sérhvers fjmrh. Þess vegna er algjörlega óviðunandi að hann hlaupist á brott af landinu. Þetta mál er fylgiböggull fjárlaga, sem menn telja skyldu sína að afgreiða fyrir áramót, og auðvitað á að afgreiða það fyrir áramót og ef það tekst ekki, þá svo snarlega sem hægt er eftir áramót. Hér er tekist á um og hér er rætt um mjög mikilvæg atriði. Hér er t. d. rætt um það sem er kannske eitt af stærstu umræðuefnunum í pólitík í dag, en það eru erlendar skuldir. Það er algjörlega óviðunandi að ráðh. sem um þetta mál fjallar, sá ráðh. sem ber á þessu ábyrgð og sá ráðh. sem hefur útbúið þetta mál í hendur á Alþingi sé ekki viðstaddur.

Ég ætla ekki að rekja efnislega atriði þessa máls vegna þess að þau hafa löngu komið fram. En skömm þeirra sem að þessu standa er stór og þeim ber skylda til að nota nú kvarnirnar og reyna að draga þann lærdóm sem hægt er að draga af svona vinnubrögðum. Þeir eiga að gera upp við sig hvort þjóðin hefur efni á því að setja þá á öllu lengur.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera frv. til lánsfjárlaga að umræðuefni í heild sinni. Afstaða okkar Alþb.-manna til frv. hefur komið skýrt og skilmerkilega fram hjá fulltrúa okkar í fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Reykv., og ég vísa til þeirrar afstöðu sem hann hefur greint frá í sambandi við afstöðu til frv. þessa í heild sinni.

Ég ætla aðeins að gera að umræðuefni brtt., sem ég flutti við frv. þegar við 1. umr. þess hér í Nd., sem er að finna á þskj. 757, og varðar heimild fyrir Framkvæmdasjóð Íslands til að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum.

Till. sama eðlis var flutt af hv. þm. Helga Seljan í Ed. við meðferð frv. til lánsfjárlaga, en hlaut ekki nægilegan stuðning við meðferð málsins þar. En þar sem frv. þetta á eftir að fara aftur til Ed. yrði engin töf að því í viðvarandi meðferð málsins, sem vissulega hefur dregist stórkostlega úr hömlu að afgreitt yrði eins og hér hefur verið rakið, þó að afstaða verði tekin til þessarar till. og það jákvæð afstaða sem ég vissulega vænti að fást megi hér í hv. þingdeild við þessa brtt.

Það sem að baki þessum tillöguflutningi liggur er stórfellt heilbrigðismál og hollustumál sem tengist þeirri gífurlegu mengun sem fiskimjölsverksmiðjur víða um land valda í næsta umhverfi sínu og í heilum byggðarlögum og er að mínu mati stærsta mengunarvandamál á Íslandi nú og snertir fleiri en nokkur önnur mengun í landinu. Hér er ekki aðeins um að ræða loftmengun, sem þó kveður langmest að og er tilfinnanlegust, heldur einnig lagarmengun sem er sérstaklega tilfinnanleg í þröngum fjörðum og á það við um loftmengunina einnig.

Úrbætur í þessum efnum hafa dregist mjög úr hömlu þó að vissulega væri leitast við í tíð síðustu ríkisstj. að taka á þessu máli með hvetjandi aðgerðum og styrkveitingum til fiskimjölsverksmiðja til að ráða hér bót á. Svo hefur hins vegar farið að styrkir í þessu skyni hafa verið afnumdir og er ekki að finna á fjárlögum yfirstandandi árs. Nú má segja að afstaða þingsins til þessa máls efnislega liggi fyrir þar sem hv. atvmn. Sþ. hefur lagt fram álit við sérstaka þáltill. sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Helga Seljan um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum og þrátt fyrir nokkrar breytingar á upphaflegri till. er brtt. atvmn. varðandi þetta efni mjög jákvæð og er tekið eindregið undir nauðsynina á að brugðist sé við þessum mikla vanda sem mengunin frá fiskimjölsverksmiðjum er.

Til þess að ekki liggi aðeins fyrir till. af þessu tagi um frómar óskir höfum við fylgt þessu máli eftir með þeim tillöguflutningi sem hv. þm. Helgi Seljan stóð að í Ed. og ég hér í Nd. um fjármagn til handa Framkvæmdasjóði og Fiskveiðasjóði til þess að geta veitt lán til viðkomandi fyrirtækja. Það liggur einnig fyrir í þessu máli að verulegur sparnaður í formi orkusparnaðar getur orðið við þær úrbætur sem tengjast lausn á mengunarvanda frá þessum fyrirtækjum. Þannig fullyrði ég og tel að fyrir því liggi skýr rök að það fjármagn, sem í þessu skyni er veitt og lánað til fyrirtækjanna, endurheimtist á skömmum tíma með sparnaði í orku og raunar betra hráefni frá fyrirtækjunum.

Ég treysti því að hv. þd. ljái þessu máli stuðning þó að ekki hafi fengist undirtektir við það í hv. fjh.- og viðskn. þegar till. lá þar fyrir. En ég dró till. til baka til 3. umr. til þess að kostur gæfist á því fyrir hv. þd. að líta á þetta mál.

Ég vil inna hæstv. heilbr.- og trmrh., sem jafnframt gegnir nú störfum fjmrh., eftir viðhorfi hans til þessa máls. Virðulegur forseti. Er hæstv. ráðh. í kallfæri þannig að hann heyri mál mitt? (**Forseti:** Hæstv. viðskrh.?) Hæstv. heilbr.- og trmrh. sem gegnir störfum hæstv. fjmrh. um stundarsakir. — Ég vildi inna hæstv. ráðh. eftir efnislegu viðhorfi hans til þeirra tillagna sem fyrir liggja um úrbætur á mengunarvanda í fiskimjölsverksmiðjum og þá tillagna um lánsfé í þessu skyni til fyrirtækjanna til að geta brugðist skjótt við.

Ég væri þess mjög hvetjandi að einhverjir ráðherrar úr hæstv. ríkisstj. aðrir en hæstv. iðnrh., sem þekkir nú þetta vandamál m. a. af Austfjörðum, gerðu sér ferð einhvern góðviðrisdaginn í sumar austur á firði — (**Gripið fram í:** Eskifjörð?) austur á Eskifjörð,

Seyðisfjörð, Norðfjörð — til þess að kynnast af eigin raun ástandinu eins og það er þegar loðnuvinnsla er komin í fullan gang við þær aðstæður sem oft ríkja þar í veðurfari. Það er tekinn af fólkinu á þessum stöðum sá unaður að njóta góðviðrisins, sem þar gefur á stundum, vegna mengunar sem er sýnilega meiri en Austfjarðaþokan þegar hún verður þéttust, svo ekki sé talað um fnykinn sem menguninni fylgir. Á sjávarmengunina hef ég líka minnt.

Ég vænti þess að hæstv. ráðh. taki fyrir sitt leyti jákvætt á þessu máli, einnig með stuðningi af væntanlegri samþykkt þáltill. frá hv. atvmn. um þetta mál. Ég veit að hæstv. ráðh. mun einnig þekkja þetta vandamál úr sínu kjördæmi, Vestfjörðum, þó að ég hyggi að vandinn sé þar ekki eins víða og kannske ekki jafntilfinnanlegur og gerist í fjörðum eystra og raunar víðar um land.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég varð fyrir allmiklum vonbrigðum við framlagningu fjárlagafrv. fyrir þetta ár. Þar voru litlar upphæðir inni í nokkur ár til mengunarvarna, og var þeim skipt af heilbr.- og trmrh., ekki til neinna stórra verkefna, heldur rétt til þess að liðka fyrir nokkrum verksmiðjum sem voru nokkuð langt á veg komnar með mengunarvarnir. Þetta mál er mikilvægt og það er alveg rétt, sem síðasti ræðumaður sagði, að þetta er langmesta vandamálið á Austfjörðum. En fjmrh. og ríkisstj. hafa ekki gert tillögur um að leggja þarna fram háar upphæðir. Það sem stendur í mönnum er að það sé varla hægt að fá meira af innlendu lánsfé en þegar er komið í lánsfjáráætlunina. Því er ekki, því miður, stuðningur við þessa till.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég heyri að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur orðið fyrir vonbrigðum með þá niðurstöðu sem varð við gerð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár þar sem styrkur til mengunarvarna í fiskmjölsverksmiðjum var niður felldur og hér við afgreiðslu lánsfjárlaga liggur ekki fyrir neitt sérmarkað fjármagn til þess að auðvelda fiskmjölsverksmiðjum að taka á þeim gífurlega vanda sem þarna er við að fást. Það verður að segjast að orð nægja ekki í þessum efnum. Það skal meira til. Og eins og aðstæður eru hjá þessum fyrirtækjum í sjávarútvegi, sem velflest fást við annan rekstur en fiskimjölsframleiðslu, er það ekki með þeim hætti að fyrirtækin séu aflögufær án þess að til komi sérstök fjármagnsfyrirgreiðsla, m. a. í lánsfjárformi, til þess að taka á þessu vandamáli. Veit ég þó að hugur margra forstöðumanna þessara fyrirtækja stendur til þess að það sé kleift.

Það er í mínum huga ekki einhlítt að upphæðin í þessu skyni þurfi að vera 100 millj. kr. sem ég hef þó talið að væri eðlilegt að miða við því að það kostar talsvert í stofnbúnaði að koma við þessum mengunarvörnum. Ég væri alveg reiðubúinn að breyta þessari till. eða taka undir till. sem sýndi lægri upphæð en sem væri þó viljayfirlýsing af hálfu þingsins um að hefja bæri aðgerðir og ráðstafa nokkru fjármagni í því skyni. Og ég inni hæstv. ráðh. eftir því, og hér vænti ég að hæstv. heilbr.- og trmrh. fái stuðning frá hæstv. iðnrh. sem þekkir þessar aðstæður í Austfjarðakjördæmi, hvort ráðh. muni nú ekki leggjast á eitt um að tryggja að við afgreiðslu lánsfjárlaga nú fáist eitthvert fjármagn til að framlána fyrirtækjunum til að taka á þessu stóra máli og að við undirbúning næstu fjárlaga, sem nú stendur væntanlega yfir hjá stjórnarráðinu, hjá ráðuneytunum, verði tryggt að óðruvísi verði á málum tekið en á yfirstandandi ári og einnig við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar sem vilji mun vera til að lögð verði fram jafnhliða fjárlagafrv. og afgreidd væntanlega áður en fram kemur á mitt árið 1986. Þetta eru eindregin og vinsamleg tilmæli mín til hæstv. ráðh., sem ég finn að hafa góðan hug til málsins, en hann dugir skammt ef ekki er samstaða um að ráðstafa nokkru fé í þessu skyni og hefjast handa því að þetta verður ekki leyst allt í einu vetfangi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1220). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972. Hv. Ed. hefur afgreitt þetta frv. og gerði á því smávægilega breytingu, en aðalatriði þess eru í þrennu lagi.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að á næstu tveimur árum, árunum 1985 og 1986, sem gildistími ákvæða þessa frv. ná yfir, verði dregið úr framlögum sem stuðlað geti að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem til framræslu og grænfóðurræktar. Það er sérstaklega gert ráð fyrir að framlag til grænfóðurræktar falli niður, nema til að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda, og enn fremur er sett hámark á vélgrafna skurði þessi tvö ár og þá miðað við það fyrst og fremst að unnt sé að hreinsa upp úr skurðum og halda þannig túnunum í góðri rækt sem er aðalatriði fyrir okkur miðað við þær aðstæður sem skapast hafa í landbúnaðinum, fremur en að auka þau.

Í öðru lagi er efldur stuðningur við heimaafla, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta, en það skiptir vitanlega miklu máli að það nýtist sem best sem heima er aflað svo að draga megi úr aðkeyptum aðföngum eins og frekast er kostur.

Í þriðja lagi er efldur stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt, og enn fremur er gert ráð fyrir að veita stuðning við lýsingu í sérstökum uppeldishúsum fyrir garðyrkju þar sem slíkt lengir ræktunartímabil og eykur hagkvæmni í garðyrkju. Enn fremur til ræktunar skjólbelta sem getur orðið til þess að auka uppskeru í garðlöndum og túnum.

Jarðræktarlög hafa verið í endurskoðun að undanförnu og voru tekin fyrir á síðasta búnaðarþingi eftir að nefnd frá búnaðarþingi hafði fjallað um þau. Ekki tókst að ljúka afgreiðslu málsins á búnaðarþingi áður en því var slitið og það hefur m. a. leitt til þess að ekki var unnt á þessu þingi að leggja fram heildarendurskoðun á jarðræktarlögum. Þess vegna er farin þessi leið, en gert ráð fyrir að unnt verði að ljúka heildarendurskoðuninni sem allra fyrst.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 873, n. 1216, 1228). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það liggur hér fyrir frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands sem hefur hlotið samþykki í Ed. og menntmn. hefur rætt á sínum fundum. Hún mælir með því að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Varðandi þær brtt. sem frammi liggja frá hv. 5. þm. Austurl. vil ég segja það um hina fyrstu brtt., þar sem talað er um að þjóðskjalavörður skuli skipaður til fimm ára, að ég ítreka það, sem ég hef áður sagt af svipuðu tilefni, að ég álít nauðsynlegt að löggjafinn taki það til athugunar hvort hann vilji taka þessa reglu upp og tel eðlilegt að ríkisstj. taki það til athugunar á þessu sumri og leggi fram frv. slíkri reglu til staðfestingar á næsta Alþingi ef henni býður svo við að horfa eða þm. að öðrum kosti fylgi þessu máli fram í heild, en ég tel ekki eðlilegt að einstakar stofnanir séu teknar út úr af handahófi eftir því hvort þær beri á góma hér í sölum Alþingis eða ekki.

Brtt. nr. 2 og 3 fjalla báðar um sjálfsagt efni. Þar eru ítrekuð almenn sjónarmið sem liggja til grundvallar safnastarfi. Ég tel að þessar greinar þurfi ekki að vera í lögum, eðlilegra sé að hafa þessi ákvæði í reglugerð og mæli því ekki með samþykkt þeirra.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef í hv. menntmn. tekið undir það álit, sem n. stendur sameinuð að, að eðlilegt sé að mæla með samþykkt frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands. Þetta er mál sem undirbúið hefur verið af sérstakri nefnd og kunnáttumönnum sem ég treysti til að standa þar að verki, og lítils háttar breytingar voru gerðar við málið í meðförum hv. Ed. Þó finnst mér að nokkuð hafi á skort að til væru kvaddir aðilar sem hafa reynslu af starfi sem héraðsskjalaverðir úti um landið.

Í nefndinni sem samdi þetta frv. að stofni til voru dr. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður í Þjóðskjalasafni, dr. Gunnar Karlsson prófessor og Jón E. Böðvarsson. Þessi nefnd sem ég nefndi var skipuð 1980, en 1982 var skipuð önnur nefnd sem í áttu sæti Birgir Thorlacius, þáv. ráðuneytisstjóri, Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri. Það er sú nefnd sem skilaði áliti 1984 og er frv. einkum byggt á starfi þessarar síðartöldu nefndar.

Ég tel það hins vegar miður að þetta mál kom seint til hv. Nd. til skoðunar og meðferðar þannig að menntmn. gat ekki tekið sér þann tíma sem ég hafði talið að æskilegur væri til þess að óska umsagna um þetta frv. allmargra aðila sem málið varðar. Þó var uppi höfð viðleitni af hálfu nefndarinnar og m. a. að minni beiðni til þess að fá fram viðbrögð manna sem starfa við héraðsskjalasöfn á landsbyggðinni. Nefndin fékk í hendur sérstakt álit frá héraðsskjalaverðinum sem veitir forstöðu Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum, Sigurði Óskari Pálssyni, dags. 17. maí, og hluti þeirra brtt. sem ég stend hér að og flyt á sérstöku þskj., 1228, styðst við ábendingar sem fram koma í erindi þessa mæta safnvarðar og fræðimanns sem einnig hafði samráð við Ármann Halldórsson sem um árabil hefur unnið mikið starf við Héraðsskjalasafn Austfirðinga en lét af því starfi vegna aldurs á síðasta ári.

Það hefði sem sagt að mínu mati verið æskilegt að þetta mál fengi ítarlegri skoðun áður en frv. yrði að lögum hér á hv. þingi og vissulega verður þingið að meta hvort það vill taka sér rýmri tíma til að skoða þetta mál eða lögfesta það nú á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja. Hér er verið að sameina tvo lagabálka, annars vegar um Þjóðskjalasafnið, sem sérstök lög hafa gilt um, og lög um héraðsskjalasöfn. Það er verið að steypa þessum lögum, endurskoðuðum báðum, í eina heild og það tel ég út af fyrir sig góðra gjalda vert. Þar er tekið á máli með ekki ósvipuðum hætti og gert er t. d. varðandi þjóðminjalögin sem kveða á um málefni Þjóðminjasafns og byggðasafna í einum lagabálki. Málefni þjóðminjanna eru sér á parti og ætla ég ekki að gera þau hér að umtalsefni að öðru leyti en því að fyrir meira en ári var því heitið af hæstv. menntmrh. að fram kæmi frv., sem löngu er undirbúið, um endurskoðun þjóðminjalaga, löngu tímabæra endurskoðun þjóðminjalaga. Einhverra hluta vegna hefur það frv. ekki séð dagsins ljós á þessu þingi þó gefnar væru vonir um að það kæmi fram fyrir lok síðasta þings. Þetta tel ég ekki til fyrirmyndar í sambandi við mál sem undirbúin hafa verið og enginn stórpólitískur ágreiningur ætti að vera um, einnig með það í huga að þinginu gefist ráðrúm til þess að skoða slík mál og út af fyrir sig ekkert á móti því þó að lagasetningin sjálf drægist milli þinga vegna málsmeðferðar.

Ég ætla hér, herra forseti, að gera grein fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 1228 við frv. til l. um Þjóðskjalasafn, en þær eru svohljóðandi:

Í fyrsta lagi er þar breyting við 1. gr. Lagt er til að 4. mgr. orðist svo:

„Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð til fimm ára skv. tillögu menntmrh., að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Heimilt er að undangenginni auglýsingu að endurskipa sama mann í fimm ár til viðbótar. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir þess hönd út á við."

Í öðru lagi bætist við 5. gr. ný mgr. svohljóðandi:

„Safnið skal leitast við að safna heimildum og frumgögnum varðandi atvinnu- og verslunarsögu þjóðarinnar og hafa samvinnu við héraðsskjalasöfn um varðveislu slíkra gagna."

Þriðja brtt. er við 14. gr., sem snertir héraðsskjalasöfn sérstaklega, og er um það að á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er svo orðist:

„Héraðsskjalasöfn skulu leitast við að komast yfir önnur skjöl en þau sem skilaskyld eru, svo sem skjöl hvers kyns félagasamtaka, einkaskjöl og handrit, örnefnaskrár og ættfræðigögn og annað það er byggðasögu varðar, þannig að þau geti orðið miðstöðvar byggðasöguritunar hvert á sínu svæði. Í því skyni skulu héraðsskjalasöfn skiptast á heimildum er þeim berast hverju af annars svæði."

Þetta eru þær þrjár brtt. sem ég flyt við frv. um Þjóðskjalasafn Íslands. Varðandi fyrstu brtt., um skipunartíma þjóðskjalavarðar, að takmarka hann við fimm ár, er þess að geta að þar er verið að framfylgja hugmynd, sem ég hef látið koma fram í tillöguformi varðandi fleiri lagafrv. og sumpart hefur verið tekin inn í lög nú þegar, þess efnis að takmarka skipunartíma æðstu embættismanna og miða hann við fimm ára starfstíma, þó með endurráðningarheimild að undan-

genginni auglýsingu í önnur fimm ár til viðbótar.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði þau orð um þessa brtt. mína að hún ætti að koma til athugunar í sambandi við heildarskoðun þessa máls. Nú er það út af fyrir sig góðra gjalda vert að mál þessi séu skoðuð í heild sinni og sett um þau samræmd löggjöf. Ég væri þakklátur fyrir að ríkisstj. beitti sér fyrir undirbúningi þess máls fyrir næsta þing og tek alveg undir það að eðlilegt er að sett sé um þetta almenn regla, en það má þá ekki sitja við orðin tóm. Og ég vænti þess að hv. þm., hver sem afdrif þessarar brtt. minnar verða, fylgi því eftir í sínum flokki og við hæstv. viðkomandi ráðh. að unnið verði að mótun frv. um þau efni sem setji almenna reglu um takmarkaðan ráðningartíma æðstu embættismanna.

Ekki er óeðlilegt að ákveðnir þættir sem snerta kjör þeirra komi til sérstakrar skoðunar í tengslum við slíkar breytingar, en ég vísa til þess minni till. til stuðnings að ákvæði sem þetta hefur verið tekið upp m. a. í lögum um Iðntæknistofnun Íslands og raunar verið beitt í reynd í tilviki þeirrar stofnunar og einnig í sambandi við Þjóðleikhúsið. Og ég veit ekki til þess að það hafi orðið nein stórfelld óþægindi af þeirri málsmeðferð á grundvelli þeirra laga og það sé fremur hvatning en hitt til þess að taka þessa reglu upp í lög þegar færi gefst eins og hér þegar verið er að endurskoða lagabálka. Ég held að þessi hugsun eigi vaxandi hljómgrunn í sambandi við starfstíma embættismanna og takmarkist ekki við flokka, enda hygg ég að það hafi t. d. verið Sjálfstfl. sem reið á vaðið með það 1977 eða 1978 í sambandi við lagasetningu um Iðntæknistofnun Íslands að taka þar upp fimm ára skipunartíma, ráðningartíma forstöðumanns þeirrar stofnunar, og færi ekki illa á því að sami flokkur veitti nú þessu máli stuðning í þinginu.

Varðandi hin atriðin, um það að Þjóðskjalasafnið horfi víðar en aðeins til skilaskyldra gagna og gagna frá félögum sem hljóta verulegan ríkisstuðning, þá held ég að það hljóti að vera viðhorf sem menn geta tekið undir og raunar gerði hv. frsm. menntmn. það í sínu máli, en bætti því við að honum fyndust þetta vera atriði sem ættu heima í reglugerð. Ég tel alltaf tryggara að veita slíkum hugmyndum stoð í lögum sem hugmynd er að taka upp í reglugerð á grundvelli viðkomandi laga og þar sem þessi ákvæði eru væntanlega nánast sjálfsögð í hugum margra þm. vænti ég þess að þessi brtt. hljóti stuðning. Það skiptir ekki minna máli þegar verið er að halda til haga gögnum fyrir framtíðina að líta til þátta sem snerta önnur atriði en hið opinbera á Íslandi, verslunar- og atvinnusögu þjóðarinnar, sem er auðvitað undirstaða mannlífs í þessu landi, en þar sem ótrúlega hirðuleysislega hefur verið farið með frumgögn og margt lent í glatkistuna sem betur væri varðveitt þannig að við mættum af því læra, nútímamenn og síðari tíma menn í landinu.

Hið sama gildir um till. um héraðsskjalasöfn. Þar er sama hugsun á ferðinni, að héraðsskjalasöfn á hverju svæði haldi til haga sem fyllstum gögnum þannig að þau geti orðið miðstöð fræðistarfsemi byggðasöguritunar hvert á sínu svæði og þar verði að finna sem heildstæðust gögn sem varða svæðið, atvinnusögu, en líka sögu einstaklinga, framlag manna í rituðu máli, bundnu sem óbundnu, og það sem varðar persónulega hagi og viðkomandi hafa ekki orðið til að farga sjálfir og er þannig betur geymt en glatað.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessar till., sem á engan hátt þurfa að verða til að tefja framgang þessa máls, fái nægilegt fylgi í hv. þd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 95. fundur.

Þriðjudaginn 11. júní, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 15—20 mínútur í þeirri fyrri og 10—15 mínútur í þeirri síðari.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Framsfl., BJ, Alþb., SK, Alþfl., Sjálfstfl. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Framsfl. Alexander Stefánsson félmrh. í fyrri umferð og Steingrímur Hermannsson forsrh. í þeirri síðari. Fyrir BJ Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm., og Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm., í fyrri umferð og Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., í seinni umferð. Fyrir Alþb. tala Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., í fyrri umferð og Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., og Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Ræðumenn SK verða Kristín Ástgeirsdóttir, 11. þm. Reykv., og Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., í fyrri umferð og Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., í þeirri síðari. Fyrir Alþfl. tala Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., og Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., í fyrri umferð og Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., í síðari umferð. Fyrir hönd Sjálfstfl. tala Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og Ragnhildur Helgadóttir menntmrh. í fyrri umferð og Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls Alexander Stefánsson, hæstv. félmrh., og talar af hálfu Framsfl.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Eldhúsdagsumræður frá Alþingi í dag, 11. júní, eru um margt óvenjulegar. Ekki er enn séð fyrir um þinglok enda þótt þing hafi nú staðið lengur en nokkru sinni fyrr. Fjöldi mála er nú meiri en áður og því miður hefur umræða um mál sem hafa ekki afgerandi þýðingu fyrir þjóðfélagið í heild tekið miklu meira af tíma þingsins en æskilegt er og þannig tafið framgang þýðingarmestu mála sem þurfa mikla umfjöllun. Ég tel að samþykkt nýrra þingskapalaga hafi jákvæð áhrif á þinghald og löggjafarstarf hér eftir og fagna þeim áfanga í starfi Alþingis.

Eitt af aðalmarkmiðum ríkisstj. var að vinna að því að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar svo unnt væri að tryggja grundvöll atvinnulífsins, koma í veg fyrir atvinnuleysi. Stjórnarandstaðan fullyrti að þessum markmiðum gæti núv. ríkisstj. aldrei náð. Hér yrði bullandi atvinnuleysi og efnahagshrun. En hver er svo staðreyndin?

Ríkisstj. tók við ástandi þjóðmála þar sem verðbólgan hafði náð 130% árshraða á tímabilinu febrúar til maí 1983 og stöðvun atvinnuveganna blasti við. Í dag er verðbólgan að vísu um 25%, en atvinnuleysi í algeru

lágmarki. Skv. yfirliti um atvinnuástandið í maí s. l. var atvinnuleysi hér á landi aðeins 0.6%. Á sama tíma ganga tugir milljóna manna í aðildarlöndum OECD atvinnulausir, mestmegnis ungt fólk. T. d. var atvinnuleysi í Bretlandi fyrstu mánuði þessa árs 13.2%, Írlandi 18%, Vestur-Þýskalandi 9.7%, Finnlandi 6.4, Danmörku 10.2 og í Bandaríkjunum 8.5%. Við hér á Íslandi höfum sem betur fer algera sérstöðu þar sem hér á landi hefur tekist að halda uppi fullri atvinnu. Það er vissulega tímabært að minna þjóðina á þessa jákvæðu staðreynd, ekki síst nú þegar reynt er að gera alla umræðu neikvæða á sem flestum sviðum þjóðlífsins.

Atvinnuleysi er mesta böl þjóða. Meðan okkur Íslendingum tekst að haga málum svo að allar vinnufúsar hendur hafi nóg að starfa er full ástæða til að gleðjast og viðhalda bjartsýni á lífið og tilveruna. Ég vil minna á að Alþingi hefur nú samþykkt ný lög um vinnumiðlun og ný lög um ríkisábyrgð á laun. Hvor tveggja þessi lög eru mikilvægur hlekkur í málefnum vinnumarkaðarins hér á landi bæði fyrir launþega og atvinnurekendur. Vænti ég að gott samstarf takist um framkvæmd þessara laga. Ég ætla ekki hér og nú að ræða horfur um samkomulag aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör sem fram undan eru. En ég vona einlæglega að allir aðilar átti sig á þeirri brýnu nauðsyn að samkomulag náist á breiðum grundvelli, tryggi raunverulegar kjarabætur án þess að efnahagskerfið fari úr skorðum og óðaverðbólga taki við.

Við erum væntanlega öll sammála því sjálfsagða markmiði að vernda kaupmátt lægstu launa og lífskjör þeirra sem þyngst framfæri hafa og semja þannig að það fólk sem vinnur við aðalframleiðslustörf þjóðfélagsins beri ekki *sífellt* skertan hlut frá borði. Gerum þessi markmið að aðalatriðum í komandi viðræðum og samningum.

Sá málaflokkur félagsmála, sem mest hefur verið fjallað um í fjölmiðlum og hér á hv. Alþingi undanfarin misseri, eru húsnæðismál. Oft hefur sú umræða verið háð meira af kappi en forsjá og reynt að færa hana í neikvæðan farveg. Frá því að núv. ríkisstj. var mynduð hefur þessi málaflokkur haft vissan forgang og verið lögð áhersla á að auka fjármagn og leita leiða til lausnar á vanda húsbyggjenda og kaupenda húsnæðis. Aðkoman að þessum málaflokki var því miður allt annað en glæsileg í maí 1983. Verðbólgan komin í 130%, fjármagn ekki til útlána, hlutfall lána aðeins 13—15% miðað við staðalíbúð. Vegna augljósra vandræða fjölda fólks voru fyrstu viðbrögð okkar í ríkisstj. 1983 að setja brbl. um frestun hluta greiðslu afborgana vaxta og verðbóta sem þýddi í raun lengingu lána. Yfir 3000 aðilar notfærðu sér þessa aðgerð. Ríkisstj. gerði samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um sérstök skuldbreytingalán til húsbyggjenda, allt að 8 ára lán. Þessi skuldbreyting 1983 nam 150—160 millj. kr. Ríkisstj. ákvað að veita sérstök viðbótarlán til að létta vanda húsbyggjenda og húskaupenda afturvirkt 1981—1983 með því að hækka afgreidd lán á þessu tímabili um 50%. Tæplega 5000 lántakendur fengu útborguð þessi 50% viðbótarlán í des. 1983 og jan. 1984, samtals 303 millj. kr. Þetta eru aðgerðir sem ríkisstj. framkvæmdi 1983, sem ekki hafði verið reiknað með að þyrfti að gera í sambandi við fyrstu efnahagsaðgerðir.

Til viðbótar þessu samþykkti ríkisstj. að frá og með 1. jan. 1984 skyldu öll lán frá Byggingarsjóði ríkisins hækka um 50%, nýbyggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn greidd í tveim hlutum, sem þýddi í raun helmings flýtingu lána til þessara aðila, og um leið hækkun lánshlutfalls úr 13—14% miðað við staðalíbúð í 30%.

Ný húsnæðislög voru sett sem tóku gildi 1. júlí 1984. Ýmis mikilvæg nýmæli eru í þessum lögum sem ég lýsi ekki hér. M. a. var lánstími lengdur, gjalddögum fjölgað og fjármögnun verulega bætt þar sem lögin gera ráð fyrir 40% framlagi frá ríkissjóði að samþykktri útlánaáætlun. Hefur framlag ríkissjóðs þegar margfaldast miðað við það sem áður var, t. d. 1980—1982. Á milli áranna 1983 og 1984 tvöfaldaðist fjármagnið að raungildi. 1983 var lánað út 1 milljarður 640 millj., 1984 2 milljarðar 568 millj. Í ár verða til útlána úr byggingarsjóðunum tæpir 3 milljarðar kr.

Vegna hinnar miklu verðbólgu sem náði hámarki 1982—1983 var augljóst að misgengi milli lánskjaravísitölu og launa var orðið gífurlegt vandamál fyrir húsbyggjendur og kaupendur húsnæðis, ekki síst hjá þeim er skulduðu stórar fjárhæðir til stutts tíma með fullri verðtryggingu. Þetta misgengi er fyrst og fremst þeim þungt í skauti er fjárfestu 1981—1983. Þetta misgengi var tiltölulega lítið 1984 þegar aðgerðir ríkisstj. við að ná niður verðbólgunni komu í ljós. Vegna þessa augljósa greiðsluvanda fólks ákvað ríkisstj. að tillögu félmrh. að gera ákveðnar ráðstafanir til að létta vanda þessa fólks.

Stofnaður var nýr útlánaflokkur við Byggingarsjóð ríkisins sem lánar viðbótarlán og var reiknað með að til þessara aðgerða færu 200 millj. kr. Jafnhliða var sett upp ráðgjafarþjónusta við stofnunina sem tæki við *umsóknum og veitti allar upplýsingar og leiðbeiningar*. Samið var við banka og sparisjóði um að taka þátt í þessari aðgerð með aðild að ráðgjafarþjónustunni, sem miðast við að þessir aðilar skuldbreyti þannig að viðkomandi fái fullviðunandi fjármálalega lausn síns vanda.

Ég vil geta þess að þessi ráðgjafarþjónusta og aðgerð hefur tekist miklu betur en við þorðum að vona. Farið var á helstu þéttbýlisstaði landsins á skipulegan hátt. Þann 1. júní s. l. höfðu ráðgjafarþjónustunni borist 2000 umsóknir. Búið er að afgreiða með viðbótarlánum og fyrirgreiðslu viðkomandi banka og sparisjóða tæplega 1000 umsóknir að fjárhæð rúmlega 100 millj. kr. úr Húsnæðisstofnun. Reiknað er með að um miðjan næsta mánuð verði lokið við að afgreiða allar umsóknir. Þessi *ráðgjafarþjónusta hefur sannað þörfina á slíkri þjónustu* við fólk sem ætlar að fjárfesta í húsnæði. Í mörgum tilfellum hefði slík þjónusta komið í veg fyrir vandamál sem fólk á nú við að stríða. Hef ég því ákveðið að slík ráðgjafarþjónusta verði fastur liður í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Er stjórn stofnunarinnar nú að ganga frá skipulagi fyrir þá starfsemi.

Ég vil lýsa ánægju minni með framtak aðila á Suðurnesjum sem stofnað hafa slíka ráðgjafarþjónustu á því svæði með aðild Húsnæðisstofnunar. Hér er um að ræða launþegafélögin á Suðurnesjum, lífeyrissjóði og alla banka og sparisjóði á svæðinu. Þetta er til fyrirmyndar og á áreiðanlega eftir að hafa jákvæð áhrif í þessum mikilvæga málaflokki.

Félmrh. fól sérstakri nefnd, sem hefur það verkefni að kanna fasteignamarkaðinn og fasteignaviðskipti, að gera tillögur um leiðir til að jafna greiðslubyrði af

fasteignaveðlánum einstaklinga. Þessi nefnd skilaði áfangaskýrslu um slíka greiðslujöfnunarleið til ráðherra 22. febr. s. l. og var hún kynnt rækilega í fjölmiðlum. Á grundvelli þessara hugmynda nefndarinnar lét ráðherra semja frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga sem lagt var fyrir ríkisstj. 7. mars s. l. Í viðræðum ríkisstj. við fulltrúa ASÍ var síðan skipaður samstarfshópur sem m. a. féllst á þessa greiðslujöfnunarleið. Hefur þetta frv. nú hlotið afgreiðslu hér sem lög frá Alþingi.

Með frv. þessu er boðuð ný stefna í verðtryggingu húsnæðislána. Frv. byggir á svonefndri greiðslujöfnun fasteignaveðlána sem felst því að endurgreiðslur húsnæðislána eru tengdar launabreytingum. Tilgangur frv. er þannig að fyrirbyggja að greiðslubyrði vegna húsnæðislána þyngist ef misgengi skapast milli hækkunar lánskjaravísitölu og hækkunar launa og/eða vegna hækkunar raunvaxta. Ef laun hækka minna en lánskjaravísitala er hluta endurgreiðslu lánsins frestað þar til laun hækka á ný umfram lánskjaravísitölu. Í ákvæði til bráðabirgða er greiðendum verðtryggðra lána gefinn kostur á að fresta greiðslum afborgana og vaxta, verðbóta á næsta heila ári og gildir þetta um lán sem tekin voru fyrir 1. mars 1982. Umsóknir þurfa að berast Húsnæðisstofnun fyrir 1. sept. 1985, en stofnunin skal auglýsa reglur fyrir 15. júlí n. k. Þessi nýju lög taka aðeins til Byggingarsjóðs ríkisins. Leitað verður samninga við aðrar lánastofnanir. Lífeyrissjóðir hafa þegar samþykkt að veita lántökum þessa fyrirgreiðslu, sem er mjög mikilvægt atriði. Ég trúi því að bankar og sparisjóðir muni láta sínum viðskiptavinum þessa fyrirgreiðslu í té.

Til þess að mæta þeim ráðstöfunum sem ég hef nú lýst var ljóst að það vantaði fjármagn að fjárhæð 300—400 millj. kr. Ríkisstj. var sammála um að afla þessa fjármagns með skatttöku þar sem erlend lántaka kæmi ekki til greina.

Eins og alþjóð veit hafa miklar umræður farið fram um húsnæðismálin. Athyglin hefur fyrst og fremst beinst að aukinni greiðslubyrði fólks. Það er ekki nema gott um það að segja að opin umræða fer fram um þessi mál. Eftir gildistöku nýrra laga um húsnæðismál hefur Húsnæðisstofnun í samráði við félmrn. unnið að reglugerðum og nýjum hugmyndum um framkvæmd laganna, sem nú eru smátt og smátt að koma til framkvæmda. M. a. eru nú komnar í gildi nýjar reglur um stærðarmörk íbúða. Ákveðið er að lán verði eftirleiðis aðeins veitt sama aðila tvisvar og þeir sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn fá forgang að lánsfé. Búið er að ákveða að lán til kaupa á notuðu húsnæði hækki í áföngum. Á fyrsta ársfjórðungi næsta árs verða slík lán 50% af nýbyggingarláni. Þá er verið að móta tillögur um sérstakan lánaflokk til útlána til íbúða aldraðra sem yrði lán til fárra ára.

Við höfum kallað þessa nýju stefnu húsnýtingarstefnu. Jafnframt er unnið að langtímaáætlun um íbúðarhúsnæði til næstu 10—15 ára. Um leið og athugaðar eru ýmsar leiðir til að bæta húsnæðislánakerfið er brýnast að mínu mati að móta aðgerðir til að lækka byggingarkostnað. Hann er of hár hér á landi. Ég tel að ný tækni í byggingariðnaði hafi ekki skilað sér nægjanlega til lækkunar á byggingarkostnaði. Að þessu þarf að huga.

Fyrir næsta þing verður tekin ákvörðun um á hvern hátt ákvæði skattalaga um vaxtafrádrátt vegna húsnæðisöflunar verður breytt. Það er alveg ljóst að þetta ákvæði núgildandi laga nýtist ekki fjölda framteljenda. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram m. a. um sérstakan húsnæðisafslátt, endurgreiðslu á söluskatti til húsbyggjenda og í sambandi við tekjuskattslækkun. Næsta ár verður þetta að liggja ljóst fyrir.

Góðir áheyrendur. Ég hef notað tíma minn að mestu til að ræða húsnæðismálin, ekki til að deila á einn eða neinn heldur til að upplýsa þessi mál. Húsnæðismálin eru einn mikilvægasti málaflokkur í okkar kalda landi. Við verðum að byggja vandað húsnæði. Um 80—90% þjóðarinnar vilja eiga sína íbúð. Hins vegar er alveg ljóst að við þurfum að byggja hentugar leiguíbúðir í meira mæli en hingað til. Þar þurfa til að koma sveitarfélög og samtök ýmiss konar. Við þurfum að vinna markvisst að því að byggja upp fjármagnskerfi húsnæðismála sem gerir öllum Íslendingum kleift að velja það húsnæðisform sem þeir vilja búa við og geta ráðið við á hverjum tíma.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég vekja athygli á málefnum fatlaðra. Alþingi hefur nú tekið ákvörðun um fyrsta skref að Greiningarstöð ríkisins og að hún skuli taka til starfa í Kjarvalshúsi. Undirbúningur í sambandi við þessa ákvörðun er nú hafinn. Þetta er mikilvæg ákvörðun til framgangs málefnum fatlaðra sem ber sérstaklega að fagna.

Þá vil ég einnig vekja athygli á þörf aðgerða til að auðvelda fötluðum, hreyfihömluðum, aðkomu að byggingum í landinu, ekki síst opinberum byggingum. Um þetta eru í gildi sérstök lög og reglugerðir. Ég skora á opinbera aðila, stjórnvöld og almenning að taka hér til hendi, sveitarstjórnir að gera áætlanir um breytingar á húsnæði í þessu skyni. Það er vissulega til vansæmdar fyrir okkur sem þjóð ef við tökum ekki á í þessu máli. Ég heiti á þjóðina að líta í kringum sig og leysa þetta mál.

Í dag eru merkileg tímamót hér á landi. Samband ísl. sveitarfélaga á 40 ára afmæli í dag. Samband sveitarfélaga hefur með starfi sínu haft mikil áhrif og markað djúp spor til heilla og framfara í þjóðfélagi okkar þessi 40 ár. Ég hef oft sagt að sveitarfélögin og samtök þeirra séu best fær um að tryggja framfarir og búsetuöryggi í landi okkar í nútíð og framtíð. Ég flyt Sambandi ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögum í landinu bestu heillaóskir í tilefni þessara tímamóta.

Ég þakka áheyrnina.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hugsum okkur gamalt hús. Það er fúið, það lekur, það er maðksmogið og þar er músagangur. Það gæti hafa verið í gömlu braggahverfi frá stríðsárunum. Hvað gerum við við það núna? Sumir vilja vafalaust vernda það, setja það kannske á minjasafn, byggðasafn. Aðrir vilja vafalaust brjóta það niður og byggja nýtt.

Sama máli gegnir að ýmsu leyti um stjórnkerfið okkar. Það er ættað frá ríkiskontórum í Kaupmannahöfn frá því um aldamót. Stjórnkerfið okkar er lekt eins og húsið. Þjóðin ber inn í það ómæld verðmæti sem virðast verða að litlu. Stjórnkerfið okkar er maðksmogið. Þar eru hagsmunatengsl og þar eru undirheimasambönd sem veikja undirstöður þess. Og það er músagangur í því, en um meindýrin ætla ég ekki að ræða

að sinni.

Hvað gerum við við svona gamalt hús? Eigum við sífellt að reyna að bæta það? Eigum við að reyna að tjasla upp á það? Eigum við að reyna að laga lekann eða eigum við að byggja nýtt? Auðvitað byggjum við nýtt. Og sama á við um stjórnkerfi, sama á við um stjórnarhætti.

En hvað vilja menn gera og hvað er verið að gera og hvað gera gömlu flokkarnir? Tökum dæmi. Eitt af montfrumvörpum ríkisstj. heitir frumvarp til laga um Byggðastofnun. Yfir því hafa þeir legið í tæp tvö ár og það er um það að breyta hinni illræmdu Framkvæmdastofnun í Byggðastofnun til að koma á byggðastefnu. Er hér verið að byggja upp nýtt? Nei. Það er verið að tjasla upp á það gamla. Það er verið að tjasla upp á gamla dótið. Frv. fjallar raunar aðeins um breytingar á innanhússarkitektúr á hinni gömlu Framkvæmdastofnun uppi á Rauðarárstíg 25 og það kemur byggðastefnu ekkert við. Það þarf enga byggðastefnu ef fólkið fær að ráða. Ef svo fer sem horfir og Byggðastofnun fær að ráða þá verður byggð á Íslandi alls ekki viðfangsefni Byggðastofnunar uppi á Rauðarárstíg. Byggð á Íslandi verður verkefni Þjóðminjasafnsins. Þannig hefur verið staðið að þeim hlutum. Svokallaðir styrkir til eflingar byggðar á tilteknum svæðum verða framlög til að stuðla að fornleifauppgreftri á sömu slóðum.

Þetta var eitt lítið dæmi um það að gömlu ráðin eru ætíð þau að reyna að tjasla upp á, reyna að laga, reyna að laga það sem fyrir er, í besta falli treysta menn sér til að breyta nafnspjöldunum á hurðunum.

Bandalag jafnaðarmanna hefur lagt til algerlega nýja stjórnhætti. Og hverjir eru þeir? Þeir byggjast upp á nútímalegum hugmyndum og gerbyltingu þess gamla. Þeir byggjast upp á jöfnun atkvæðisréttar og eflingu sjálfsstjórnar allra landsmanna, valdið heim. Tillögur okkar eru þær í fyrsta lagi að landið verði eitt kjördæmi í alþingiskosningum. Þannig verði atkvæðisréttur jafn og mannréttindi verði ekki til að semja um. Alþm. verði þm. þjóðarinnar allrar en ekki tiltekinna borgarhverfa eða annesja. Þm. eiga nefnilega að setja lög fyrir þjóðina í heild, fyrir alla landsmenn.

Í öðru lagi leggur Bandalag jafnaðarmanna til að oddviti ríkisstj., forsrh., verði kosinn í sérstakri kosningu í tveimur umferðum, ef með þarf, til að ná hreinum meiri hluta. Í Frakklandi og Bandaríkjunum er oddviti framkvæmdavaldsins kosinn beinni kosningu svo að dæmi séu tekin. En hvað þýðir þetta fyrirkomulag? Jú, það þýðir það t. d. að fólk fær að vita um stjórnarstefnu fyrir kosningar en ekki eftir kosningar eins og nú gerist á Íslandi. Stefna ríkisstjórnar á Íslandi verður til í reykfylltum bakherbergjum þingsins í stjórnarmyndunarviðræðum og er víðs fjarri stefnunni sem flokkarnir lýsa í kosningum. Sjálfstfl. lofaði t. d. 80% húsnæðislánum ef hann kæmist til valda. Komst hann ekki til valda? Jú, hann komst til valda. En hvar eru 80% lánin?

Þriðja stórbreytingin sem Bandalag jafnaðarmanna leggur til er fylkjaskipan eins og samþykkt var á landsfundi Bandalagsins 1983. Við leggjum til að landinu verði skipt upp í fylki sem hafi sjálfsstjórn í ákveðnum málaflokkum og sjálfstæða tekjustofna. Þannig verði fólki gert kleift að ná til sín ráðstöfunarrétti yfir eigin aflafé, ná völdum til sín á heimaslóð. Þessi sjálfstjórnarstefna er hin eina sanna byggðastefna. Það þarf engan byggðakontór uppi á Rauðarárstíg til þess að framfylgja svona byggðastefnu.

Undir þessi atriði sem ég hef rakið getur enginn hinna gömlu stjórnmálaflokka skrifað. Það er lykilatriði. Þeir vilja ekki bylta. Þeir þora ekki að rífa þiljurnar utan af kofunum, utan af kumböldunum í íslenska stjórnkerfinu af ótta við að fólk sjái hvað er fyrir innan og finni af því ólyktina. Þeir hafa valið sér hlutverk minjasafnsvarðarins. Þeir ætla að standa vörð um gamla kerfið, gamla innflutta kerfið frá aldamótum.

Nú kann einhver að spyrja: Hvaða erindi eiga þessi atriði í umræður á eldhúsdegi sem eiga að fjalla um þingstörf vetrarins, vera nokkurs konar úttekt á starfinu? Jú, þau eiga nefnilega það erindi að okkur hefur ekkert miðað. Hér eru sömu atriðin tekin fyrir vetur eftir vetur. Menn eru að fást við að reyna að leysa sömu vandamálin, reyna að tjasla upp á sömu hlutina í staðinn fyrir að fást við grundvallaratriði. Við verðum að breyta grundvellinum til að ná tökum á þeim vandamálum sem herja á okkur. Það eru nefnilega til peningar. Það eru t. d. til peningar til að koma í veg fyrir að aldraðir þurfi að kvíða efri árunum. Og það eru til peningar til að koma húsi yfir höfuðið á hverjum einasta Íslendingi án þess að blóðið springi undan nöglunum á honum í angist og kvíða eins og samtökin Lögvernd hafa dregið fram í sviðsljósið að undanförnu. Og það eru líka til peningar til að koma hér á fót nútímalegu atvinnulífi sem fólk getur verið stolt af og rækt af metnaði. Ég segi að þessir peningar séu til af því að ég veit það. Íslenska þjóðin bakar einhverja stærstu þjóðarköku á Vesturlöndum. En áður en fólkið nær að skipta henni á réttlátan og arðbæran hátt er hún mulin á gólfið og meindýrin komast í hana. Það er stolið af henni í heimskulegar offjárfestingar í virkjunum og það er stolið af henni í veislukostnað í versölum stóriðjuhirðarinnar og það er stolið af henni í glórulausa landbúnaðarstefnu sem kostar þjóðina hundruð milljóna. Við verðum að ná yfirráðum yfir þessum peningum. Þannig getum við skapað réttlátt samfélag. Valdaræningarnir eru víða en það verður að sækja að þeim, það verður að steypa undan þeim og fólkið verður að ná völdum. Það er lykilatriði. — Góða nótt.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti og ágætu tilheyrendur. Ekki verður hjá því komist að líta aðeins yfir farinn veg þessarar ríkisstj. þó að heldur sé hann ófagur og ósléttur. Ég kem ekki til með að grafa djúpt í þau fylgsni sem þessi vegur er. Það sem helst hefði átt að vera á veginum hefur ekki verið til staðar og hefur e. t. v. aldrei staðið til að sýndi sig þar. En það sem enginn hefur komist hjá að sjá þar er fyrir það fyrsta sífelld útungun á stefnuskrám, sem hafa innihaldið loforðaflaum sem ekki er efndur. Það hefur verið eilíft tal um kollsteypu og hótanir í því sambandi. Það hefur átt sér stað mikilúðleg og á stundum illkvittin umræða um ráðherrastóla og tal um að leysa hafi þurft þennan vandann eða hinn og að það hafi verið æskilegt að geta orðið þessum eða hinum að liði. En það verður bara ekki neitt úr neinu.

Það vantar ekki að hæstv. forsrh., og reyndar flestir eða allir hinir hæstvirtir þykjast svo sem í einu orðinu gera sér grein fyrir vandanum og að það verði að bæta úr honum, en í hinu orðinu verður bara aldrei neitt úr neinu. Þar af leiðir að það þarf í rauninni ekki að byrja

á því að telja upp allt sem hæstv. ríkisstj. hefur svikið af listanum og allt sem illa hefur tekist til, vegna þess að tíminn leyfir hvort sem er ekki að drepið sé á nema hundraðshluta af öllu góssinu. Í þessu sambandi nægir að minna á hvernig hæstv. ríkisstj. hefur farnast við þá sem erfa eiga landið nú á ári æskunnar.

Það er alltaf verið að veifa nýsköpun af öllum hugsanlegum gerðum og lögunum framan í þjóðina og að það verði að skapa ný atvinnutækifæri. En það verður vitaskuld ekkert skapað af slíku ef ekki verður í heild staðið á annan hátt og betur að menntamálum en nú er gert. Það sama á við um vanda húsbyggjenda og kaupenda og þannig gæti ég haldið áfram nær endalaust.

Þegar litið er til baka er ljóst að ríkisstj. hefur nú nánast alveg lokað loforðapakkanum og er nú um það bil að sýna í einu og öllu sitt rétta andlit. Í ljós kemur að hún er í raun og veru úrræðalaus. Þegar einhver mál eru til umræðu hér í þinginu, þá er þrautalendingin hjá stjórnarliðinu í umræðum nær alltaf hin sama: Já, en stjórnarandstaðan hefur ekki komið með neinar tillögur. Ég spyr: Hver er það sem á að heita ábyrgur fyrir tillögum og úrræðum hér? Ég segi: Það er ríkisstj. á hverjum tíma eða það skyldi maður ætla. En það er alveg augljóst að það stjórnkerfi sem við búum við er alveg gagnslaust og hefur runnið sitt skeið. Það ræður ekki við það að snúa vörn í sókn. Það er alveg greinilegt að með þeim hefðbundnu aðferðum sem hingað til hafa verið notaðar hefur ekki tekist að ráða fram úr vandanum og þess vegna hefur Bandalag jafnaðarmanna tillögur til grundvallarbreytingar á stjórnskipaninni, þannig að takast megi að ráða bót á þessu megingallaða kerfi, kerfi þar sem það eru í raun og sannleika milliliðirnir sem hafa mergsogið þetta þjóðfélag þannig að um fátt er að velja annað en að venda og fá nýjan byr í seglin.

Bandalag jafnaðarmanna leggur til að greint verði á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds og er markmiðið með hinni nýju skipan að styrkja ríkisstjórnir gagnvart hagsmunaöflum og spillingu og efla raunverulegt lýðræði sem aftur eykur áhrif almennings. Þetta samkrull löggjafarvalds og framkvæmdavalds hefur valdið félagslegri og efnahagslegri ógæfu. Og því viljum við snúa til betri vegar með þjóðkjöri forsrh., þar sem við viljum raunverulegt lýðræði í stað þingræðis. Við viljum í raun þjóðræðis- eða lýðræðisstjórn í stað þingræðisstjórnar. Við ætlum okkur ekki að svipta Alþingi einum eða neinum rétti sem þess er, þ. e. að setja lög og að halda uppi virku eftirliti og aðhaldi með störfum framkvæmdavaldsins. Það á Alþingi að sjálfsögðu að gera og snúa sér að því með einurð.

Það sem við viljum færa til fólksins er rétturinn til þess að ráða hvaða ríkisstj. það er sem situr og hvaða stefna er tekin í málefnum þjóðarinnar. Við viljum að það sé þjóðin sem ráði þessu alfarið og beint, án milliliðanna sem ég gat um áðan og eru í þessu tilfelli þingmennirnir. Við viljum afnema að þeir séu milliliðir sem taka að sér fyrir hönd fólksins, sem kaus þá út á ákveðna stefnu, að sjóða saman úr þessari stefnu graut sem síðan er kölluð stefnuskrá viðkomandi ríkisstj.

Milliliðir eru í flestum tilvikum þjóðfélaginu dýrir. Og það eru þeir í þessu tilviki einnig. Milliliðirnir græða yfirleitt á öðrum hvorum aðilanum og í þessu tilviki er áreiðanlega ekki um neina undantekningu að ræða, því að hér eru það flokkshagsmunirnir sem eru látnir ganga fyrir þegar gengið er til samninga um stefnuskrár ríkisstjórna en ekki þjóðarhagsmunir.

Fjórflokkarnir hafa snúist mjög harkalega gegn þessum tillögum Bandalags jafnaðarmanna, en þeir mega leika sér með þetta og vera með hvaða útúrsnúninga sem er, vegna þess að almenningur er mun slyngari og skynsamari en þeir ætla, slyngari og skynugri en svo að hann skynji ekki hvað við er átt þegar við í Bandalagi jafnaðarmanna erum að tala um að það verði þjóðin sem endanlega ráði hvaða og hvernig ríkisstj. það er sem við völd er hverju sinni og hvaða stefna það er sem tekin er í málefnum þjóðarinnar.

Ætli það séu t. d. nema örfáir sem í raun og sannleika vilja viðhalda þeim skrautlega minnisvarða sem Framkvæmdastofnunin er og hefur verið, skrautlegasti minnisvarðinn um þær ógöngur sem ríkisvaldið og hagkerfið er komið út í hvað varðar óarðbæra offjárfestingu, vaxtastefnu þar sem lán verða að styrkjum og almennt aðhaldsleysi í atvinnurekstri sem treystir á ríkisforsjá og ábyrgðarlausa kjarastefnu með aðhaldslausum fjáraustri til atvinnurekstrar.

Allir flokkar hafa tekið þátt í mótun þessa kerfis og viðhaldi þess, einnig og ekki síst þeir sem vara við ríkisafskiptum. Nú beitir ríkisstj. sér fyrir því að skipt verði um heiti á þessari stofnun að mestu leyti. Það sannfærir mig bara mun betur um að sú gagnrýni sem Bandalag jafnaðarmanna hefur haft í frammi varðandi þessa stofnun hefur reynst vera réttmæt. Það virðist að með þessari aðgerð eigi að hylma yfir hvað raunverulega á sér stað innan þessara veggja. Það stendur auðvitað til að halda þessum fjáraustri áfram af því hv. þm. eru áfram skuldbundnir við kjördæmi sín, og af hræðslu við atkvæðamissi skal sukkinu haldið áfram, en þeir þora ekki annað en að breyta um formerki að þessu sinni. Þessu mætti líkja við fjárglæframanninn sem búið var að loka á með viðskipti í öllum bönkum, kominn á svartan lista, eins og það heitir víst. Hann fór bara upp á Hagstofu og breytti um nafnnúmer til þess að geta haldið áfram fjárglæfrastarfsemi sinni.

Í raun og veru er það mjög svo þjóðhagslega óhagkvæmt að hafa stjórnskipanina eins og hún er nú upp byggð. Það sjá jú allir þegar grannt er skoðað. Eru t. d. ekki allir sammála um að það getur ekki verið hagkvæmt fyrir heildina þegar þingmaðurinn gerir allt hvað hann getur fyrir kjördæmið **sitt**? Ef hann ætlaði sér að gera vel mundi hann gera allt hvað hann gæti fyrir þjóðina sem heild, sama hvort hann hefði boðið sig fram hér eða þar. Þess vegna viljum við í Bandalagi jafnaðarmanna líka að landið verði eitt kjördæmi, þar sem hver maður hefur eitt og jafnt atkvæði, hvar á landinu sem hann býr, að vægi atkvæða verði jafnt. Þar með er komið í veg fyrir hið margumrædda og velþekkta kjördæmapot og sérhagsmunavörslu stjórnmálamanna.

Við í Bandalagi jafnaðarmanna höfum líka margsinnis bent á það og flutt tillögur um að því yrði svo fyrir komið að menn hefðu réttindi til þess að semja sín á milli um kaup og kjör og þau verðmæti sem til staðar eru, ásamt því að þeim sé frjálst að semja um verð á afurðum, hvort heldur það eru fiskafurðir eða landbúnaðarafurðir. Ég vil halda því fram og fullyrða að í dag væri örugglega ekki sjómannaverkfall og að hundruð fiskverkunarfólks gengju ekki um götur atvinnulaus ef

þeirra málum væri fyrir komið með þeim hætti sem ég hef lýst.

Það verða að fara að skýrast línur í því hvaða verðmætamat við ætlum að notast við í framtíðinni og hvernig við ætlum að standa að framtíðarþjóðfélaginu. Það hlýtur að vera manngildið sem ræður, en til þess að svo geti orðið verðum við að treysta á manngildið og til þess að svo geti orðið þarf fólk að lifa við sæmilega reisn og þannig að því sé treyst. Við verðum að berjast fyrir því að nýjar leiðir verði farnar og hið fyrsta verði breytt um stjórnkerfishætti og að valdinu verði dreift. Við trúum þessu og þess vegna ætlum við að halda áfram að berjast fyrir nýjum leiðum.

Svavar Gestsson: Gott kvöld, góðir Íslendingar. „Þeir hugsa of mikið um eigið skinn en ekki fjöldann." Þetta er orðrétt tilvitnun í Steingrím Hermannsson þegar hann var að ræða við Morgunblaðið á dögunum. Um hverja var hann að tala? Var hann að tala um Seðlabankann? Nei, auðvitað var hann ekki að tala um Seðlabankann. Var hann að tala um Verslunarráð Íslands? Nei, auðvitað var hann ekki að tala um Verslunarráð Íslands, vegna þess að þaðan tekur ríkisstj. stefnu sína. Voru það kannske bankarnir eða okurlánasjoppurnar sem nú eru í umboði ríkisstj. að fléfletta húsbyggjendur á nauðungaruppboðunum, bændur og útvegsmenn? Nei, auðvitað ekki, því að með því hefði forsrh. hitt sjálfan sig og stefnu sína fyrir.

Nei, vissulega var forsrh. landsins ekki að skamma þessa þröngu sérhagsmunahópa sem ráða Íslandi þessa dagana. Forsrh. og formaður Framsfl. var hins vegar að tala um bændur. Það eru þeir sem hugsa um sína eigin þröngu hagsmuni en ekki um fjöldann. Og það er athyglisvert hvernig Framsfl. hefur fjarlægst uppruna sinn í tíð núv. ríkisstj. Hann lætur allt falt fyrir ráðherrastólana, svo gjörsamlega að þegar formaður Framsfl. loksins byrstir sig, þá ræðst hann gegn bændum og þar með í rauninni öllum þeim sem búa við svipaðar aðstæður vegna stjórnarstefnunnar, húsbyggjendum og framleiðsluatvinnuvegum.

Og það eru fleiri, herra forseti, sem fá kaldar kveðjur frá ríkisstj. þessa dagana. Fellt er frv. Guðmundar J. Guðmundssonar um kauptryggingu verkafólks. Þar með afhjúpaði ríkisstj. stéttareðli sitt. Frv. var þó allt í senn: byggðamál, jafnréttismál og mannréttindamál. Jafnréttismál vegna þess að meginhluti starfsfólks í fiskiðnaði eru konur, mannréttindamál vegna þess að flestir hópar í landinu hafa þegar fyrir löngu tryggt sér lögvarinn eða samningsbundinn rétt andspænis fyrirvaralausum uppsögnum, en byggðamál vegna þess að meiri hluti fiskvinnslunnar fer fram á landsbyggðinni. Öryggisleysið í fiskverkunarhúsunum er ein meginástæða fólksflóttans utan af landi.

Framleiðslan er vissulega undirstaða lífskjaranna og framleiðslan getur aldrei gengið ef verkafólkinu er sýnd fyrirlitning eins og sú sem nú birtist í síðlausum kauptöxtunum. Þessi láglaunastefna hittir fyrir alla þá sem síst skyldi.

Um þessar mundir eru fóstrur að ganga út af dagheimilum Reykjavíkurborgar. Þar eru mannaskipti svo ör að þess eru dæmi að sama barnið hafi haft yfir sér tólf starfsmenn s. l. níu mánuði. Kennarar eru að hverfa frá störfum vegna lágra launa. Þannig er vegið að hvarvetna, framleiðslustéttirnar að gefast upp, húsbyggjendur að missa íbúðarholurnar sínar, bændur að yfirgefa sveitirnar, uppeldis- og menntakerfið í upplausn.

En á sama tíma og þetta gerist vaða afturhaldsöflin yfir landið með hroka og stærilæti sem aldrei fyrr. Stuttbuxnadeildin í Sjálfstfl. æðir hér um þingsali með forsrh. í tjóðurbandi og það ber ekki á minnstu viðleitni framsóknarforustunnar til þess að streitast á móti. Stuttbuxnadeildin beitir sér fyrir tugmilljónagjöfum úr sjóðum borgarbúa í Reykjavík til gæðinga íhaldsins á sama tíma og útsvör í Reykjavík eru hærri en nokkru sinni fyrr og borgarstjórnin ákveður nú að afhenda þekktri íhaldsfjölskyldu Bæjarútgerð Reykjavíkur. Þannig eru dæmin utan endis.

Og spurningin er, góðir hlustendur: Vill þjóðin hafa þetta svona eða er ekkert við þessu að gera? Er það óhjákvæmilegt að launin verði jafnlág til frambúðar og þau eru nú, 25—30% lægri en þegar ríkisstj. tók við? Er það kannske óhjákvæmilegt að vextir séu okurháir áfram, eins og ákveðið var af ríkisstj. í fyrra og nú er allt að drepa?

Ránvaxtastefnan var innleidd að kröfu Alþfl. og það er hún sem er auk lágu launanna stærsta efnahagsvandamálið á Íslandi í dag. Er óhjákvæmilegt, góðir hlustendur, að aldraðir á Íslandi búi við næringarskort? Er óhjákvæmilegt að frystihúsin lokist vegna þess að þar er greitt allt of lágt kaup? Er það óhjákvæmilegt að kennarar, fóstrur og aðrar uppeldisstéttir hafi lág laun og flýi starfsgreinina?

Nei, góður hlustandi, svo er ekki. Ekkert af þessu er óhjákvæmilegt. En það er vísvitandi stefnt að því á Íslandi um þessar mundir af þeim sem ráða að brjóta niður félagslega þjónustu og félagsleg viðhorf til þess að geta komið upp einkaskólum, einkadagheimilum og einkasjúkrahúsum. Það er pólitík sem þessu ræður, trúarofstæki frjálshyggjunnar sem veður hvarvetna uppi í þessu landi um þessar mundir, en einn helsti hugmyndafræðingur hennar lagði til fyrir nokkru að sala á eiturlyfjum yrði gefin frjáls, eins og það var orðað. En frelsi þeirra þýðir áþján fjöldans.

En þá skuluð þið, góðir hlustendur, gera ykkur ljóst að með því að kjósa íhaldið eru menn að kjósa nauðungaruppboðin á íbúðum og skipum, kjósa niðurskurð í skólakerfinu, kjósa lágt kaup, kjósa vaxtaokrið, kjósa byggðaeyðingu. Það er kominn tími til þess að fólk átti sig á samhengi atkvæðis síns og valdsins í landinu. Þeir sem styðja íhaldið eru að kjósa gegn eigin hagsmunum fyrir utan fámenna forustuklíku í Verslunarráðinu.

Eða er það kannske þetta þjóðfélag, sem ég hef hér verið að lýsa, sem fólkið vill? Er það þjóðfélag þar sem húsnæðismálin eru rædd við geðlækna, þar sem valdastéttin greiðir sjálfri sér nefndalaun, ráðgjafarlaun og starfsmannalaun sem eru margföld miðað við kauptaxta? Vill fólkið aukið misrétti, þar sem hinir ríku verða ríkari og hinir fátæku verða fátækari? Ég hef enga trú á því að svo sé og ég bendi á hliðstætt dæmi.

Í verkfalli BSRB stóðu menn hlið við hlið úr öllum stjórnmálaflokkum. Enginn lét sér til hugar koma að bregðast félögum sínum og brjótast af verkfallsvaktinni né fremja verkfallsbrot. En stuðningur við íhaldið er hliðstæður vegna þess að stuðningur við íhaldsöflin jafngildir árás á eigin hagsmuni yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar. Hvaða flokkur ætli það sé sem hefur lagt

sig fram um að berjast gegn stjórnarstefnu leiftursóknarinnar? Ætli það sé Alþfl. sem með glamri og töfrabrögðum hefur dregið að sér athygli að undanförnu? Nei, því miður, vegna þess að stefna formanns Alþfl. er svo lík stefnu íhaldsins að flokkarnir geta fyrirvaralaust runnið saman í ríkisstj. strax eftir næstu kosningar.

Ætli það séu nýju flokkarnir? Hafa þeir breytt einhverju í þágu félagslegra sjónarmiða? Nei, því miður. Þvert á móti bendir allt til þess að sundrung félagshyggjufólks sé ein meginástæðan fyrir stórsókn afturhaldsins á öllum sviðum, m. a. sérstaklega gegn hagsmunamálum kvenna. Staða þeirra hefur vissulega ekki batnað, heldur versnað. Eini stjórnmálaflokkurinn í landinu sem getur myndað mótvægi við íhaldsöflin og framsókn hægri aflanna er Alþb. Það er sama hvort um er að ræða kjaramál, þjóðfrelsismál eða menningarmál, hvað eina sem nefnt er. Alls staðar eru ýtrustu andstæðurnar milli íhaldsins og Alþb. Það er lífsnauðsyn fyrir þjóðfélagið að þetta jafnvægi sé afdráttarlaust og það er kjósenda að gera það upp við sig hvort þeir kjósa nauðungaruppboð leiftursóknarinnar, miðjumoðið eða félagsleg sjónarmið Alþb.

Og við höfum bent á færar leiðir. Við höfum flutt ítarlegar tillögur um efnahagsmál, kaupmáttartryggingu, um húsnæðismál og um hvers konar menningarmál, en þau eru líka hluti af lífskjörum okkar. Við höfum sýnt fram á það að þjóðin þarf ekki að una þeim afarkostum sem stjórnvöld skammta alþýðuheimilunum í landinu. Við neitum því að skorturinn taki öll völd á heimilunum um leið og stjórnarherrarnir vaða svo hér um með hroka. Hefur það gerst iðulega í vetur að þingið hefur verið stjórnljóst vegna innbyrðis deilna stjórnarflokkanna. Þetta kærkomna tækifæri hafa þm. úr öllum flokkum notað til þess að ná samstöðu um veigamikil mál, utanríkismál, húsnæðismál, jafnréttismál, þar sem alls staðar hefur náðst verulegur árangur og alls staðar hefur verið lýst vantrausti á þá ráðh. sem með viðkomandi málaflokka fara.

Hér í þinginu var fellt frv. um sölu á Sementsverksmiðju ríkisins. Þessi mál og málatilbúnaður stjórnarandstöðunnar í vetur og heilleg tillögugerð Alþb. í flestum málaflokkum hafa litla athygli vakið vegna þess að fréttamennirnir hafa aðallega sagt frá bjórumræðum hér á þinginu. Það segir að mínu mati meira um fréttamennina en um þingmennina.

Herra forseti. Nú standa yfir samningar um kaup og kjör verkafólks í landinu. Vinnuveitendasambandið hefur boðið upp á kjarasamninga sem í raun myndu festa láglaunastefnuna í sessi til frambúðar. Það er háskalegt. Samningur án kaupmáttartryggingar er ekki mikils virði eins og dæmin sanna. Þess vegna hefur Alþb. markað þá meginafstöðu sína að kaupmáttartrygging hljóti að vera úrslitaatriði. Núverandi kaupstig er óþolandi og niðurlægjandi um leið og það er efnahagslega fráleitt. Á miðstjórnarfundi Alþb. nýlega sýndu þrír ungir hagfræðingar fram á það að lágu launin eru aðalefnahagsvandamálið á Íslandi því að þau leiða til stöðnunar þegar fram í sækir þegar kaupstig er miklu lægra en í samkeppnislöndum okkar.

Alþb. telur það eitt meginverkefni íslenskra stjórnmála nú að byggja upp sterkt mótvægi við íhaldið, afl sem getur barist við hlið verkalýðshreyfingarinnar, afl sem getur sótt fram til nýrra og betri lífskjara. Við viljum fá fólkið til að líta upp úr bónuskúguninni og vinnuþrældómnum og gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir vaxandi vandamál sem núv. ríkisstj. er um að kenna eru verulegir möguleikar til á flestum sviðum. Við verðum auðvitað að gera okkur ljóst að stórfelld erlend skuldasöfnun má ekki eiga sér stað. Og við verðum líka að koma í veg fyrir að gengið verði á höfuðstól lífrænna auðlinda okkar.

En þrátt fyrir þetta er unnt að benda á möguleika til verulega aukinnar þjóðarframleiðslu. Ég nefni fjögur dæmi:

1. Með því að nýta framleiðslufjármuni betur en nú er gert, hvort sem er í verslun, sjávarútvegi, landbúnaði eða iðnaði, má auka þjóðarframleiðslu um 10—15% að mati færustu hagfræðinga okkar, en það jafngildir 10—12 milljörðum króna á ári.

2. Með því að leggja áherslu á rannsóknir og vöruþróun og hvers kyns nýtækni, sem byggist m. a. á hámenntun, hugviti okkar og reynslu, má tryggja hér stórstígar framfarir. Talið er raunsætt að 18 þúsund störf geti orðið í nýjum iðngreinum hér á landi eftir aðeins 15 ár, þar með talinn svonefndur upplýsingaiðnaður.

3. Með því að fullvinna sjávaraflann betur en nú er gert má gera ráð fyrir því að unnt sé að auka útflutningsverðmæti hans um þriðjung. Samhliða slíkri breytingu þarf að eiga sér stað skipulagsbreyting í sjávarútveginum þar sem fiskverkunarfólkinu eru tryggð mannsæmandi laun, fast mánaðarkaup og atvinnuöryggi og almenn mannréttindi, ekki lakar en tíðkast í öðrum atvinnugreinum.

4. Margt bendir til þess að Íslendingar eigi stórfellda möguleika í fiskeldi. Össur Skarphéðinsson ritstjóri er einn þeirra ungu sérfræðinga sem fjalla um þessi mál. Hann segir í blaði okkar nú um helgina að gera megi ráð fyrir allt að 11 milljörðum króna í útflutningsverðmæti í þessari grein, en það er meira en allt verðmæti þorskafurða.

Hér hafa verið nefnd fjögur dæmi sem sýna að það er unnt að tryggja miklu betri efnahagsleg lífskjör en nú er um að ræða hér á landi. Stjórnvöld landsins þurfa hins vegar að hætta að hlaupa á eftir erlendum stórfyrirtækjum um allar jarðir með orku á útsölu eins og nú er gert. Í staðinn eigum við að einhenda okkar í að hagnýta til fulls nýjar atvinnugreinar sem byggjast á þekkingu og hugviti, reynslu okkar í aldir og hámenntun af hvaða tagi sem er.

Fyrsta skilyrðið er að búa vel að almennri menntun og skólum í landinu sem skapa grunninn að hvers konar vísindastarfi og rannsóknum sem markvisst vinni í þessa átt að raunverulegri nýsköpun verðmæta. Við nýtingu þessara möguleika má ekki láta neinar kreddur ráða, hvorki um rekstrarform né almennar fjármögnunaraðferðir. Við eigum einfaldlega að hagnýta þá möguleika sem bestir bjóðast. Við eigum að verja verulegum fjármunum til að leita að þessum möguleikum og til þess að finna þá.

Núv. ríkisstj. gerir allt sem hægt er til að koma ríkinu út úr atvinnurekstri. Þó er ljóst að meiri háttar átak á þessum sviðum mun ekki eiga sér stað nema með forustu og þátttöku ríkisvaldsins. Það þarf ekki að þýða að ríkið eigi öll fyrirtæki, fjarri fer því. Aðalatriðið er að stjórnvöld nálgist vandamálin opnum huga en ekki á grundvelli kreddusjónarmiða eins og nú er gert og birtist í allsherjarsölu ríkisfyrirtækja og í leit að er-

lendum samstarfsaðilum í stóriðnaði. Það virðist vera það eina sem ríkisstj. hefur til málanna að leggja í þessum efnum.

Lýðræði á vinnustöðum á að vera hornsteinn nýrrar sóknar í atvinnu- og efnahagsmálum og lýðræði í byggðarlögunum sjálfum þar sem sköpuð er ný byggðastefna sem sækir líf sitt til fólksins sjálfs, sjómanna, bænda og verkamanna.

Góðir hlustendur. Ef við hagnýtum okkur nýja tækni hámenntunar og hugvits og kosti lýðræðisins út í æsar getum við gert okkur vonir um að eignast nýtt Ísland, frjálst og fullvalda, þar sem lífskjörin eru ekki einasta sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar, heldur betri. Þannig yrði vinnutíminn styttri hér á landi en nú er, húsnæði ódýrara og hamingjan á heimilunum yrði ekki aðeins í skoðanakönnunum Seðlabankans. Við þurfum að leggjast á eitt. Fyrst er að safna liði og koma ríkisstjórn ríka fólksins frá, en jafnframt að berjast og standa saman um sterkan stjórnmálaflokk eins og Alþb., sem ætlar að beita sér fyrir því sem við hljótum öll að leggja áherslu á og yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar á að geta átt samstöðu um. Það er nýtt Ísland jafnréttis og lýðræðis, þjóðfélag þar sem frelsi allra einstaklinga er í hávegum haft en ekki aðeins þeirra sem eiga fjármagn.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Kristín Ástgeirsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eftir viku verða sjötíu ár liðin frá því að íslenskar konur öðluðust kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Jafnframt er lokaár kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna að verða hálfnað en kjörorð hans er: Jafnrétti, þróun og friður.

Það er því tvöföld ástæða til að velta því fyrir sér hvernig heimurinn og það samfélag sem við lifum í hungur sveltandi fólks, til heilsugæslu og menntunar en stuðlað að jafnrétti þegnanna og bættum hag kvenna, hvernig hefur verið unnið að þróun okkar sjálfra og hins stóra heims og hvað hafa Íslendingar lagt af mörkum til varðveislu friðar í heiminum? Spyrjum fyrst um frið.

Þessa dagana er verið að safna undirskriftum allra kvenna landsins undir ávarp sem afhenda á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Nairobi í Kenýa í sumar. Í ávarpi þessu segir m. a., með leyfi forseta:

„Við viljum undirbúa jarðveg friðarins með því að stuðla að réttlæti, vináttu og auknum samskiptum milli þjóða.

Við viljum að fjármagni sé varið til þess að seðja hungur sveltandi fólks, til heilsugæslu og menntunar en ekki til vígbúnaðar.

Við viljum að Íslendingar leggi lið sérhverri viðleitni á alþjóðavettvangi gegn kjarnorkuvopnum og öðrum vígbúnaði.

Við viljum ekki að Ísland verði vettvangur aukins vígbúnaðar á norðurslóðum og höfnum kjarnorkuvopnum á landi okkar og hafinu umhverfis, hvort sem er á friðar- eða stríðstímum."

Hér er talað tæpitungulaust og þetta ávarp felur í sér hvatningu til íslenskra stjórnvalda um stefnubreytingu. Það er ekki að ástæðulausu að eitt af kjörorðum kvennaáratugarins er friður. Og það er ekki heldur að ástæðulausu að íslenskar konur taka höndum saman til að lýsa andstöðu við kjarnorkuvopnin og aukinn vígbúnað. Á undanförnum árum hefur veröldin horft upp á vopnabúr stórveldanna þenjast út, milljörðum á milljarða ofan er varið til rannsókna á framleiðslu gjöreyðingarvopna, sem allir eru þó sammála um að aldrei megi nota. Tæplega helmingur allra vísindamanna heimsins notar þekkingu sína og hugvit til að upphugsa ný kerfi kafbáta, eldflauga og gervihnatta sem verða æ nákvæmari en um leið óútreiknanlegri.

Þróun vígbúnaðarins stóreykur hættuna á að hann verði notaður. Andstæðingurinn rembist eins og rjúpan við staurinn við að finna svör sem duga og þannig koll af kolli. Það er þegar búið að leggja löndin, höfin og loftið undir stríðsleikinn. Alla daga sveima yfir höfðum okkar orustuvélar og njósnagervihnettir sem greint geta bílnúmer á jörðu niðri. Hafið umhverfis okkur er krökkt af kafbátum, hlustunartæki og radarstöðvar fylgjast með hverri hreyfingu.

Og nú á að teygja sig enn lengra — út í himingeiminn, finna upp ný kerfi svo að stríðsvélin haldi áfram að mala sitt gull. Bandaríkjamenn dreymir suma hverja um að koma upp eins konar „stóra bróður" úti í geimnum sem ætlað er að verja okkur öll og passa upp á að jarðkúlan springi ekki í loft upp. Það á að skjóta langdrægar eldflaugar niður þegar þær fara út úr gufuhvolfi jarðar á leið sinni til annarra heimsálfa. Þetta á að gera með laser-geislatækjum, sem reyndar er ekki búið að smíða enn. Hugsanlega á að nota gríðarstóra spegla til að endurkasta geislunum, en hvernig á að smíða þá og koma þeim fyrir veit enginn enn. Öllu á svo að stýra með tölvukerfi sem ekki verður hægt að stöðva eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að skjóta. Ef af verður hafa menn á jörðu niðri svo sem 5—10 mínútur til að taka allar ákvarðanir.

Yfir jörðina mun rigna geislavirkum leifum eldflauganna með ógnvæglegum afleiðingum og enginn veit hvaða áhrif þessi geimleikur hefði á andrúmsloft jarðar. Enginn veit hvort þetta er í raun framkvæmanlegt. Samt á að verja milljörðum dollara í þessa fullkomnu geggjun vígbúnaðarkapphlaupsins.

Bandaríkjamenn vilja fá bandamenn sína í Nató til að styðja stjörnustríðsáætlunina. En er nema von að mönnum ói við þessum áformum? Íslenski utanrrh. er þó ekki reiðubúinn til að hafna stjörnustríði, enda traust hans á Bandaríkjamönnum óbilandi. Í austri situr svo hitt tröllið og raðar í kringum sig skotpöllum fyrir langdrægar, meðaldrægar og skammdrægar eldflaugar, kjarnorkukafbátum, gervihnöttum, hlustunarkerfum og radarkerfum, öllum þessum tólum sem ógnarjafnvægið hefur fætt af sér og ku eiga að fæla andstæðinginn frá því að gera árás, en er þó aldrei nóg af.

Hópur vísindamanna í Englandi hefur sýnt fram á að það eru um 800 manns sem raunverulega taka allar ákvarðanir um vígbúnað hér vestan megin. Þar eru að verki hergagnaframleiðendur og herforingjar. Er röðin kemur að stjórnmálamönnum standa þeir frammi fyrir gerðum hlut, þegar búið er að eyða miklu fé til rannsókna og tilrauna, og þeir eru neyddir til að samþykkja hverja áætlunina á fætur annarri.

Á meðan þessu fer fram eykst bilið milli norðurs og suðurs, milli velferðarríkjanna svokölluðu og þess hluta veraldarinnar sem býr við hungur, sjúkdóma og hvers kyns neyð. Við höfum hvað eftir annað fengið inn í stofu til okkar myndir af litlum, sveltandi börnum sem

eiga sér enga lífsvon í löndum þar sem þurrkar herja og í ríkjum sem eru grátt leikin af misskiptingu auðsins og óréttlæti. Hvar er ábyrgð þín og mín?

Í mínum huga eru vígbúnaðarkapphlaupið og hungrið í heiminum svo óendanlega mikilvægari og alvarlegri mál en það hvort Íslendingar fái að drekka bjór eða hvort Framkvæmdastofnun verður breytt í þríhöfða þurs. Það er okkur Íslendingum til vansa hversu lítið við höfum látið af mörkum til aðstoðar fátækum ríkjum heims, verandi ein af best settu þjóðum veraldarinnar. Það er okkur til vansa að hafna ekki öllum vígbúnaði á landi okkar og taka ekki skelegga afstöðu gegn vígbúnaði hvar sem er í heiminum. Því ber að fagna að Alþingi hefur samþykkt tillögu um að ekki skuli staðsett kjarnorkuvopn á Íslandi og að ætlunin er að auka smám saman framlag Íslands til þróunaraðstoðar. En betur má ef duga skal.

Herra forseti. Víkjum þá að jafnréttinu. Áður en þessu þingi lýkur verður væntanlega staðfestur sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum. Þessa dagana er einnig verið að fjalla um breytingar á jafnréttislögum. Alþingi vill gjarnan brosa framan í konur í tilefni ársins. En allt eru þetta orð. Ég spyr um gerðir. Ég spyr um áform sem stuðla að bættum kjörum kvenna. Það vita allir, sem ekki loka öllum skilningarvitum fyrir staðreyndum lífsins, að konur búa við verulegt misrétti í þessu þjóðfélagi.

Samfélagið hefur tekið hröðum breytingum á undanförnum árum, en ein sú mesta er stóraukin atvinnuþátttaka kvenna. Nú starfa um 80% kvenna utan heimilisins enda leyfa fjárlög heimilanna ekki annað. Samt virðist svo sem þessi grundvallarbreyting á þjóðfélaginu hafi nánast algjörlega farið fram hjá stjórnvöldum og atvinnurekendum og er rétt eins og þeir ímyndi sér að heima bíði ástríkar eiginkonur með strauboltann á lofti og inniskó eiginmannsins til reiðu, ilmandi steik í ofninum og börnin þæg og góð.

Þetta er kannske það sem margan manninn dreymir um. En í huga flestra kvenna heyrir slíkt fortíðinni til, nútíðin er önnur. Það er litið á konur sem annars flokks vinnuafl og sér þess stað í þeim launakjörum sem konum er boðið upp á. Stjórnvöld neita að koma til móts við þarfir fjölskyldna með því að byggja nægjanlegt dagvistarrými. Skólakerfið býður börnum upp á að þjóta milli heimilis og skóla, jafnvel margsinnis á dag, rétt eins og það sé einhver heima til að sinna þeim.

Það er ekki ætlast til þess að konur eigi börn. Í það minnsta er þeim ekki gefinn kostur á að sinna þeim heima nema í þrjá mánuði eftir fæðingu. Og hvað á svo að gera við þau? Þaðan af síður er gert ráð fyrir því að konur séu einar að ala upp börn sín og þurfi þar af leiðandi hærra kaup og húsnæði til að búa í. Samt eru sumir að tala um að Íslendingum þurfi að fjölga.

Samhjálp og samábyrgð hafa einkennt íslenskt samfélag allt frá því á landnámsöld. Þótt margur hafi hlotið illa meðferð hefur ætíð verið gengið út frá því að okkur beri að gæta hvers annars. Á undanförnum áratugum hefur ríkt sú stefna hér á landi að byggja upp félagslega þjónustu sem tekur mið af öllum landsmönnum. Menntakerfið og heilbrigðiskerfið hafa haft að markmiði að þjóna öllum jafnt.

Undanfarin ár hafa öfl, sem veifa frelsishugtakinu á undarlegan hátt, sett á oddinn þá stefnu að gefa allt frjálst, láta markaðslögmálin ráða ferðinni. Þeir sem verða undir, ja, þeir verða bara undir. Í nafni slíkra hugsjóna hefur verið vegið að heilbrigðiskerfinu. Skólakerfið er allt í upplausn. Ríkisútvarpið, sem þjónað hefur okkur dyggilega í 55 ár, má nú sigla sinn sjó í samkeppnisfrelsinu. Launakerfi ríkisins er í molum. Hinir ríku verða ríkari og hinir fátæku fátækari. Þetta kalla sumir frelsi. En í raun er þessi hugmyndafræði í hróplegu ósamræmi við aldagamlar tilraunir manna til að koma á réttlæti og jafnrétti í mannlegum samskiptum. Í raun skerðir frjálshyggjan, eins og hún birtist í stefnu ríkisstj., frelsi fólks til að lifa mannsæmandi lífi, og hún er ógnun við jafnréttisþjóðfélagið.

Konur sem verja hluta hvers dags í að sinna andlegri og líkamlegri velferð sín og sinna, konur sem frá alda öðli hafa borið ábyrgð á mannlegum verðmætum, konur sem leggja af mörkum gífulega ólaunaða vinnu svo samfélagið megi ganga frá degi til dags hljóta að hafna frjálshyggjunni og þeim frumskógarlögmálum sem henni fylgja.

Konur verða að grípa til sinna ráða eigi að snúa öfugþróun síðustu ára við. Þær eru reyndar löngu byrjaðar á því verki. Þátttaka kvenna í verkfalli BSRB, kennaradeilan, mótmæli fóstra undanfarna daga og sú hörmulega staðreynd að 250 hjúkrunarfræðinga vantar til starfa á sjúkrahúsum meðan rúm standa auð, bera vott um að launamál kvenna eru í algjörum ólestri og að þær una því ekki lengur.

Afleiðingar af launastefnu ríkisstj. birtast í æ fleiri myndum. Snjóboltinn, sem fór af stað fyrir tveimur árum, er nú orðinn að skriðu sem vonandi lýkur ferð sinni með því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hrökklast frá völdum. Það blása kaldir vindar um ríkisstjórnarheimilið. Þar er ekki lengur að finna ástir samlyndra hjóna, hafi nokkurn tíma verið hlýtt þar á milli. Börnin eru meira að segja farin að ókyrrast og hlýða ekki settum reglum. Það er engin guðsblessun yfir þessu hjónabandi og stefnir greinilega í skilnað, enda engum börnum hollt að alast upp við ósætti og ástleysi.

Við Kvennalistakonur höfum á þessu þingi lagt fram frv. um lengingu fæðingarorlofs, frv. um átak í dagvistarmálum, átak í byggingu leiguhúsnæðis auk fjölda annarra mála. En þar er skemmst frá að segja að það þykir of dýrt að sinna börnum, of dýrt að koma á samfelldum skóladegi og of dýrt að foreldrar geti verið hjá börnum sínum fyrstu sex mánuðina eftir fæðingu. Það þykir hins vegar ekki of dýrt að reisa bankahallir, ekki of dýrt að selja Alusuisse orku undir kostnaðarverði, ekki of dýrt að reisa risastóra flugstöð, ekki of dýrt að borga álnefndarmönnum margföld laun fóstra og kennara fyrir nokkurra mánaða starf á vegum ríkisins, margföld árslaun. Þarna skilur á milli. Við Kvennalistakonur viljum að mannleg verðmæti sitji í fyrirrúmi og komi á undan steinsteypu, malbiki og bruðli.

Ég minntist þess í byrjun að hinn 19. júní verða 70 ár liðin frá því að konur hlutu kosningarrétt til Alþingis. Konur hafa nýtt þann rétt vel þótt ekki sjáist þess enn stað í sölum Alþingis eða í sveitarstjórnum landsins. Þær hafa valið aðrar leiðir til að koma áhugamálum sínum í framkvæmd en þá að láta til sín taka í valdastofnunum þjóðfélagsins. Ef samfélagið á að breytast verða konur að komast þangað sem ákvarðanir eru teknar, eigi að takast að tryggja jafnrétti þegnanna, þróun og frið í heiminum.

Hinn 19. júní munu konur um allt land hittast, halda fundi og gróðursetja þúsundir trjáplantna. Sú gróðursetning er táknræn fyrir þann vaxtarbrodd sem finnst í hreyfingum kvenna, táknræn fyrir að konur vilja græða og bæta í stað þess að ógna og eyða. Um leið minnir hver lítil planta okkur á þá gömlu speki að friðarins tré vex af rótum réttlætisins. — Góða nótt.

Kristín Halldórsdóttir: Góðir hlustendur. Nýlega var því haldið fram í þingræðu að réttast væri að heiðra þá sem færu heiðarlega á hausinn. Einhver muldraði þá hér utan úr salnum að þá þyrfti að sæma alla íslensku þjóðina heiðursmerki því að hún væri öll á hausnum. Ég væri til í að umbuna núverandi ríkisstj. á einhvern hátt ef hún viðurkenndi heiðarlega og undanbragðalaust að hún er á hvínandi hausnum með stefnu sína. Til bjargar þeirri stefnu dugir ekkert hlutafélag um nýsköpun með hlutafé sem jafngildir u. þ. b. andvirði eins flugstöðvargróðurhúss á Keflavíkurflugvelli.

Stofnun slíks hlutafélags er eitt þeirra mála sem stjórnarflokkarnir vilja keyra í gegn nú á lokaspretti þingsins í þeirri von að það verði ríkisstj. sú andlitslyfting sem hún þarf nú á að halda. Hugmyndin er í sjálfri sér góð, en því miður verkar málið allt eins og pólitískt vindhögg meðan ekkert er gert til að losa um þá úlfakreppu sem sjávarútveginum, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, hefur verið komið í. Og í sömu andrá er staðið gegn eðlilegri þróun í menntakerfinu og rannsóknarstarfsemi í landinu.

Það er á þeim sviðum sem við þurfum fyrst og fremst á uppbyggingu að halda. Þar á að treysta þann grunn sem öll nýsköpun framtíðarinnar og efling atvinnulífsins hlýtur að hvíla á. Núverandi ríkisstj. er sama marki brennd og flestar aðrar. Það þarf markvissar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum, segja ráðamenn. Og svo er stofnuð ein nefndin af annarri til að gera tillögur um breytingar á stjórnkerfi, uppstokkun sjóðakerfa, nýsköpun og eflingu og hvað það allt heitir. Efnahagsaðgerðir eru alltaf númer eitt, alltaf efstar á lista. Og með efnahagsaðgerðum á þessi ríkisstj. við eflingu og viðreisn fyrirtækjanna. Já, en hvað um okkur? spyr almennt launafólk. Þið verðið að bíða aðeins, ykkar hagur batnar þegar hagur fyrirtækjanna batnar, þegar efnahagslífið er komið á réttan kjöl, er svarið. Launafólkið, einstaklingarnir og hagur þeirra er alltaf númer tvö. Konur þekkja þetta mjög vel. Þær eru stundum með kröfur um eitt og annað, jafnrétti í launum, jafna aðstöðu til náms og starfa, trygga umönnun barna sinna o. s. frv. Já, já, þetta er alveg sjálfsagt og að þessu skulum við vinna, er sagt. En fyrst þarf að bara að gera þetta og hitt, og þetta og hitt, það eru þessar svokallaðar efnahagsaðgerðir.

En menn ganga fram hjá þeirri staðreynd að slíkar aðgerðir eru dæmdar til að mistakast ef mannlegi þátturinn gleymist. Meðan stjórnvöld bardúsa við uppstokkun sjóðakerfa og útfærslu hugmynda um hlutafélög til eflingar atvinnulífinu er þrengt svo að almennu launafólki að einar launatekjur duga ekki til venjulegs heimilishalds. Sú stefna á eftir að hefna sín. Því er alla tíð borið við að atvinnureksturinn geti ekki borið hærri laun. Með alveg sama rétti má halda því fram að atvinnureksturinn, hvort sem um er að ræða framleiðslu eða þjónustu, líði fyrir láglaunastefnu. Fólk sem tæpast hefur til hnífs og skeiðar heldur ekki í miklum mæli uppi framleiðslu og þjónustu í landinu. Við sjáum dæmin allt í kringum okkur núna. Fólk flýr láglaunastörfin í fiskvinnslu og opinberri þjónustu, það leitar í störfin sem útsölufénu er dælt í á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er sú stefna sem núv. ríkisstj. er komin á hausinn með.

Hagur fyrirtækisins er hagur starfsfólksins, heyrist oft sagt. Ég vil færa áhersluna til og segja: Hagur starfsfólksins er hagur fyrirtækisins. Menn kunna að segja að það komi í sama stað niður, en að mínum dómi er það ekki svo. Ef hagur starfsfólksins er hafður í fyrirrúmi ber það sjálft hag fyrirtækisins fyrir brjósti. Enginn má þó skilja orð mín svo að eina lausnin sé sú að greiða nógu há laun og bæta vinnuaðstöðu, þótt það sé efst í forgangsröðinni í mínum huga. Vitanlega þarf að búa atvinnuvegunum lífvænleg skilyrði og við þurfum að bera gæfu til að hlúa að þeim þroskavænlegu jurtum sem vaxa í okkar eigin garði í stað þess að mæna á grasið hinum megin við girðinguna

Ég tek aðeins eitt dæmi. Ein þeirra tillagna sem Kvennalistinn átti frumkvæðið að á þessu þingi er um eflingu ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein sem er líkleg til að eiga verulegan þátt í öflun gjaldeyris á komandi árum ef markvisst er unnið að uppbyggingu hennar. Fjölgun erlendra ferðamanna hefur farið langt fram úr áætlun undanfarin ár og á síðasta ári skilaði ferðaþjónusta rúmlega 2 milljörðum kr. í þjóðarbúið. Hins vegar skortir töluvert á að við séum í stakk búin til að mæta þessari aukningu og er brýnt að byggja upp aðstöðu til móttöku ferðamanna einkanlega úti á landi. Það hefur auk þess þann mikilvæga kost að skapa atvinnu í dreifbýlinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem ekki er vanþörf á einmitt nú. — Ekki er síður mikilvæg sú staðreynd að ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem býður upp á fjölbreytt störf sem flest henta konum vel.

Breyttir atvinnuhættir, aukin tækniváeðing og aukin sérhæfing hefur bitnað í ríkari mæli á konum en körlum og þær eru oftast í meiri hluta atvinnulausra. Það er staðreynd sem ekki má gleymast við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. Ráðamenn hljóta að fara að átta sig á því að helmingur vinnuafls þjóðarinnar eru konur. Auk heimilisstarfanna, sem lofuð eru í orði en einskis metin á borði, bera þær uppi heilar atvinnugreinar eins og fiskvinnslu og margháttuð þjónustustörf. Þær hafa tekið á sig hlutverk fyrirvinnunnar við hlið karla og þjóðfélaginu ber að viðurkenna það og meta. Konur eru nú æ meðvitaðri um þrótt sinn og möguleika. Þær brýna nú raust sína sem hver fyrir sig er kannske veik og mjóróma en saman mynda þær kór sem ekki verður þaggaður niður.

Ég þakka þeim sem hlýddu og óska öllum gleðilegs og gjöfuls sumars.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hver er sú mynd sem blasir við ef skyggnst er út fyrir veggi þessa virðulega húss Alþingis Íslendinga og reynt að draga upp mynd af baráttu fólksins, brauðstritinu á þessum átta mánaða tíma meðan Alþingi hefur setið að störfum? Lítum nánar á annál íslensks þjóðfélags s. l. átta mánuði og gerum síðan upp við okkur, hv. þm., hvort störf Alþingis hafa tekið mið af þeim raunveruleika sem við blasir úti í þjóðfélaginu.

Í upphafi þings langvarandi kjaradeilur, hatrömm

átök á vinnumarkaðinum, mánaðar verkfall opinberra starfsmanna. Vegna hvers? Vegna þess að ríkisstj. hafði gengið of langt og misboðið sjálfsvirðingu og réttlætiskennd launafólks sem þrælar myrkranna á milli og á samt ekki fyrir framfærslu heimilanna. Þetta fólk sá að ríkisstj. var úrræðalaus og því var einu gert að greiða niður herkostnaðinn af verðbólgustríðinu. Það sá líka að til var önnur þjóð í landinu sem engar byrðar þurfti að bera, sem lifði áfram sínu lúxuslífi, jók einkaneyslu sína og greiddi ekki sinn hlut í sameiginlega sjóði landsmanna á sama tíma og þriðja hver króna var hirt úr þeirra launaumslagi.

Fleira bar til tíðinda á vinnumarkaðinum. Hátt á annað þúsund manns í fiskvinnslu vítt og breitt um landið var atvinnulaust svo vikum skipti. Þá kom glögglega í ljós það óþolandi réttindaleysi sem fiskverkunarfólk býr við, þegar nánast með engum fyrirvara er hægt að reka það kauplaust heim af vinnumarkaðinum. Kennarar sögðu upp störfum vegna lélegra kjara og kröfðust endurmats á störfum sínum. Flótti varð úr stétt hjúkrunarfræðinga vegna mikils vinnuálags og lélegra kjara. Neyðarástand blasir nú við á sjúkrahúsum. Þar vantar 250 hjúkrunarfræðinga. Sjómannaverkfall stendur yfir um það leyti sem Alþingi er að ljúka störfum og 1500 manns í fiskvinnslu hefur verið sagt upp störfum. Neyðarástand hefur skapast á dagvistarheimilum þar sem vantar 250 fóstrur til starfa, en 350 fóstrur og Sóknarkonur hættu störfum á s. l. ári á dagvistarheimilum vegna mikils vinnuálags og sultarlauna. Hæstv. menntmrh. datt í hug snjallræði til þess að leysa þann vanda. Skipta bara einu plássi milli tveggja barna, sagði hæstv. menntmrh.

Það sem er athyglisvert við ástandið á vinnumarkaðinum s. l. vetur er sá mikli flótti sem nú er hafinn úr hefðbundnum kvennastarfsgreinum með þeim afleiðingum að neyðarástand er að skapast í sumum þeirra. Konur hafa fengið nóg. Þær hafa risið upp og krafist úrlausnar, krafist þess að augu ráðamanna opnist fyrir því að það er ekki endalaust hægt að kaupa vinnuframlag kvenna ódýru verði. Því er ekki lengur hægt að ganga fram hjá þeirri kröfu að störf kvenna á vinnumarkaðinum verði endurmetin.

En sumir kvörtuðu ekki s. l. vetur yfir kjörum sínum. Það var hin þjóðin, þessi skattlausa, með sporslurnar, kaupaukana, bíla- og skattfríðindin. Þannig var það með huldumanninn sem fregnin kom um í blöðum og var tekjulaus samkvæmt skattskýrslunni en átti eignir upp á 35 millj. kr. og nýttist allur persónuafslátturinn upp í greiðslu eignarskatts. Ekki heyrðist heldur frá þeim þrem tugum einstaklinga sem samkvæmt skattframtölum eiga eignir metnar á 600 millj. kr. Samningamennirnir hans Sverris iðnrh. voru líka ánægðir með sinn hlut. Það gat verið verra. Þreföld mánaðarlaun verkakonunnar á hverjum mánuði fyrir nefndarstörf í aukavinnu og 6 millj. í risnu og ferðalög.

Bankastjórarnir kvörtuðu heldur ekki. Þeir fengu 50 þús. kr. á mánuði rétt si svona í bílastyrk. Bankinn greiddi líka rekstrarkostnað af bílunum og þeir þurftu sjálfir ekki að greiða fyrir lífeyrisréttindi eins og almúginn. Á sama tíma bárust líka fréttir af aldraða verkamanninum og verkakonunni sem alltaf höfðu þurft að greiða fyrir sín lífeyrisréttindi en fengu bara í sinn hlut 1/10 af lífeyriskjörum bankastjóranna. Í fréttum var lýst neyðarástandi hjá öldruðum, margir byggju við öryggisleysi og væru vannærðir. Um 2500 aldraðir biðu eftir vistun á dvalarheimilum, lyfja- og lækniskostnaður hafði hækkað um 200—360% og kaupmáttur elli- og örorkulífeyris var einungis 64% af því sem hann var á árinu 1978.

Sumir höfðu greinilega enga launaauka og sporslu frá Sverri iðnrh. því að fréttir bárust um að fjöldi fólks væri með eigur sínar á uppboði og 18000 beiðnir höfðu borist um nauðungaruppboð.

Stofnaður var félagsskapurinn Lögvernd sem vernda á borgarana gegn okurlánum og aðgangshörðum skuldheimtumönnum og að sögn forsvarsmanna Lögverndar að koma í veg fyrir spillingu í íslensku réttarfari.

Mjög skýrðist hvers vegna launafólk á Íslandi hefur lengstan vinnudag í Evrópu þegar eitt dagblaðanna greindi frá því að íslenski iðnverkamaðurinn væri þrisvar sinnum lengur að vinna fyrir sínum matvælum en hollenski iðnverkamaðurinn og tvisvar sinnum lengur en sá norski og danski.

Áhugamenn um úrbætur í húsnæðismálum létu einnig mjög til sín taka. Á einni viku var risin upp 6000 manna fjöldahreyfing sem krafðist þess að komið yrði í veg fyrir greiðsluþrot heimilanna. Þá viðurkenndi forsrh. mistök ríkisstj. og að leiðrétta hefði átt misgengi sem á undanförnum árum hefði orðið milli launa og lánskjara, eins og Alþfl. lagði til 1980, sem varð vegna gífurlegra kjaraskerðinga og vaxtafrelsis Þorsteins Pálssonar, enda er nú svo komið að meðalskuldabyrði þeirra sem leita fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun vegna greiðsluerfiðleika er 1250 þús. kr.

En fleira bar til tíðinda. Í blöðunum var sú fregn að tæplega þriðjungur ungs fólks á aldrinum 18—22 ára á Íslandi vildi flytjast af landi brott til frambúðar skv. niðurstöðum skoðanakönnunar.

Mikið var skrafað á aðalfundi Seðlabankans um sparnað, aðhald, þrengingar, peningaleysi og arðbærar framkvæmdir og áfram reis Seðlabankahöllin.

Fregnir bárust um laxveiðar toppanna í embættismannakerfinu, þær hefðu numið 700 þús. kr. á síðasta ári. Bílafloti Seðlabankans væri búinn tveim torfærubílum af Range Rover-gerð og veisluhöld og risna bankans hefði numið 200 þús. kr. á mánuði á s. l. ári.

Tímaritið Lúxus hóf göngu sína fyrir lúxusþjóðina um svipað leyti og fréttir bárust um að skattsvikarar gætu andað rólega því að dómsmeðferð skattsvikamála tæki mörg ár.

Þannig var nú myndin af þjóðfélaginu utan við sali Alþingis.

En hver er annáll 107. löggjafarþings Alþingis Íslendinga og ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem ferðinni ræður? Skyldu störf þess og lagasetning ekki hafa endurspeglað það ástand sem ríkti úti fyrir sölum Alþingis? Á það er fróðlegt að líta til samanburðar.

Jú, Alþingi ræddi bjór, útvarpslög og selveiðar milli þess sem samþykkt voru lög um afréttamálefni, sláturafurðir, verslunaratvinnu, löggilta endurskoðendur og sölu jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi og Víðiness í Berufjarðarhreppi, lög um veðurstofuna, alþjóðasamning um gáma, veitinga- og gististaði, mörk Garðabæjar og Kópavogs, tónlistarskóla, frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, framlengingu á tímabundnu vörugjaldi og lög um kirkjusóknir, sem kveða á um hve oft skuli messað í viku hverri í hverjum söfnuði, allt eftir fjölda sóknar-

barna.

Á sama tíma voru flest þingmál stjórnarandstöðunnar kistulögð í nefndum eða vísað frá. Svo fór um frv. sem tryggja átti atvinnuöryggi fiskverkunarfólks, þingmál Alþfl. um endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniværðingar í atvinnulífinu, um sérstaka aðstoð við einstæða foreldra vegna menntunar barna þeirra, um stighækkandi eignarskatt á stóreignir og stórfyrirtæki, skattafslátt til húsbyggjenda, skuldbreytingu á skammtímalánum í bönkum til 10 ára, réttarstöðu heimavinnandi fólks og endurmat á störfum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Einkenni fjárlaga 1985 var mikill samdráttur í félagslegri þjónustu. Framkvæmdaframlög voru skorin niður til hafna, heilsugæslustöðva, skóla, dagvistarmála, sjóða fatlaðra og aldraðra, sem í engu skilaði sér í ríkiskassann til Alberts vegna skattívilnana á sama tíma til fyrirtækja, fjárfestingaraðila, hlutabréfaeigenda og banka.

Felldar voru tillögur Alþfl. um eignarskattsauka á stóreignir og stórfyrirtæki, skatta á banka, skrifstofu- og verslunarhúsnæði og að hagnaður Seðlabankans yrði gerður upptækur í ríkissjóð. Þessar tillögur hefðu gefið um 1.5 milljarð kr., sem Alþfl. lagði til að að verulegu leyti yrði varið til húsnæðismála, svo og til nýsköpunar í atvinnulífinu, aðgerða gegn skattsvikum og til dagvistarheimila og Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Fjárlögin voru síðan afgreidd með miklum halla og vandanum vísað yfir á framtíðina en erlendar lántökur auknar um 10 þús. millj. kr., sem þýðir að hvern einasta dag ársins á að bæta við tæpum 28 millj. kr. í nýjum erlendum lánum. Erlendar lántökur, sem árin 1975—1980 námu 32—35% af þjóðarframleiðslu, eru áætlaðar á árinu 1985 tæp 64% af þjóðarframleiðslu. Þegar fjmrh. er spurður um ummæli sín þess efnis að ríkisstj. ætti að fara frá ef erlendar lántökur færu yfir 60% af þjóðarframleiðslu segir hann bara: Það var í fyrra — og situr sem fastast.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga voru síðan felldar tillögur Alþfl. hér í Nd. um að skera niður erlendar lántökur um 1 milljarð kr. og að engu haft ákvæði í hjónabandssáttmála Steingríms og Þorsteins í græna kverinu um að dregið skuli úr erlendum lántökum. Í hjónabandssáttmálanum stendur líka að róttækrar stefnubreytingar sé þörf. Samt er enga róttæka stefnubreytingu að finna í úrræðum eða tillögum ríkisstj., hvorki í frv. um nýsköpun atvinnulífsins, sem fjármagna á með erlendum lántökum, eða frv. ríkisstj. um Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands sem ætlað er til andlitslyftingar fyrir ríkisstj. Þau fela nánast í sér þá einu breytingu að Framkvæmdastofnun verði tvíhöfða þurs, skipt í tvennt með tveimur stjórnum og forstjórum.

Bullandi ágreiningur er líka hjá stjórnarflokkunum um framleiðsluráðslögin sem þó eru ekkert annað en staðfesting á áframhaldandi ríkisforsjá og óbreyttri landbúnaðarstefnu.

Hæstv. fjmrh. hefur kallað 70 millj. kr. eignarskattsauka á fyrirtæki eignaupptöku. En hann minnist ekki á eignaupptöku hjá húsbyggjendum og íbúðakaupendum. Ég nefni ung hjón hér í borg. Þau standa uppi allslaus, ekki með eina krónu í vasanum ef þau selja íbúð sína. Í fjögur ár hafa þau þó notað margra mánaða laun sín í að greiða niður 400 þús. kr. lán af íbúð sinni. Samt eru eftirstöðvar lánsins 1.4 millj. kr. fjórum árum síðar eða sama upphæð og þau fá fyrir íbúð sína. Þau standa verr að vígi en þegar þau byrjuðu baslið fyrir fjórum árum síðan. En dæmi þessara hjóna endurspeglar ástandið hjá þúsundum húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

Góðir áheyrendur. Þegar tjaldið fellur og 107. löggjafarþing íslensku þjóðarinnar lýkur störfum, þá gætu eftirmæli þess verið þau sömu og um ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar: Þar var alltaf vitlaust gefið. Hinar pólitísku nótur voru aldrei slegnar í takt við veruleikann, aldrei í takt við vilja þjóðarinnar eða þarfir vinnandi fólks í þessu landi.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Líklega hafa hugsandi menn aldrei fyrr verið jafn uggandi um ástand og horfur í íslenskum efnahags- og stjórnmálum. Aldrei hefur stjórnmálaflokkur afhjúpað sig jafn gersamlega og Sjálfstfl. hefur gert það tímabil sem núv. ríkisstj. hefur starfað. Í síðustu kosningabaráttu lagði Sjálfstfl. ofurkapp á að gefa fyrirheit um betri tíð, bætt stjórnarfar. Þeir lofuðu húsbyggjendum 80% láni á íbúð, þeir lofuðu að drepa verðbólguna, þeir hétu launþegum betri lífskjörum, það yrði aðeins að fórna nokkru um stundarsakir fyrir betri framtíð. Síðast en ekki síst var því heitið að Sjálfstfl. tryggði að sjávarútvegur yrði rekinn af þrótti og mikilli reisn.

Nú er komin reynsla á þessi stefnuloforð Sjálfstfl. Nú er landsmönnum ljóst að öll þessi fyrirheit hefur Sjálfstfl. svikið. Húsbyggjendur búa við neyðarástand, verðbólgan er á fullu skriði, launþegar hafa séð 25% launa sinna hverfa úr launaumslögunum og sjávarútvegurinn býr við mikla kreppu.

Hvað sjávarútveginn varðar ríkir ekki einungis algert skilningsleysi og ráðleysi. Sjávarútvegurinn er alger hornreka stjórnvalda. Tekjutap sjávarútvegsins miðað við 1980 er samtals 8 milljarðar kr. Vissulega er það alvarlegt. En í stað þess að bregðast við þessum staðreyndum á þann hátt að allt þjóðfélagið sé látið axla þá byrði er markvisst stefnt að því að koma sjávarútveginum á kné. Sjávarútvegsfólkið, sjómenn, fiskvinnslufólk og útvegsmenn, er hundelt, fólkinu greidd smánarlaun, útvegsmenn hengdir í snöru bankavaldsins. Það eru hins vegar milliliðirnir, þeir sem vart þekkja mun á þorsk og ýsu og hafa allt sitt á þurru, sem maka krókinn. Ábyrgð Sjálfstfl. á kreppu sjávarútvegsins er sú staðreynd að þeir nota framsóknarmenn til að stjórna sjútvrn. Afleiðingin er augljós. Sjávarútvegur á Reykjanesi, sem hér áður fyrr var vaxtarbroddur atvinnulífs á Íslandi, er kominn að fótum fram. Þar blasir við auðn og erfiðleikar. Hvert útgerðarfyrirtækið af öðru fer undir hamarinn. Gjaldþrot, stöðvun, uppsagnir starfsfólks eru helstu tíðindin þar syðra. Það er tímanna tákn að með tilstilli Sjálfstfl. er verið að ganga af einstaklingsframtakinu dauðu um land allt. Það er tímanna tákn að sjávarútvegur á Reykjanesi, sem var stolt Ólafs heitins Thors, er nú að koðna niður. Menn sem áratugum saman hafa lagt nótt við dag við störf að sjávarútvegi sjá nú á eftir fyrirtækjunum í hendur uppboðshaldara. Arftakarnir í Sjálfstfl. stjórna nú ráðuneyti erlendra skulda og okurlána, því ráðuneyti sem einkum er ábyrgt fyrir eignaupptöku í sjávarútvegi.

Það var yfirlýst af ríkisstj. að gera þyrfti tímabundnar ráðstafanir til varnar gegn verðbólgu og erfiðu efna-

hagsástandi, ástandi sem Ketill skrækur íslenskra stjórnmála, Alþb., átti hvað mestan þátt í að skapa, ástandi sem vissulega var óþolandi. Það var tekið til hendi. Niðurstaðan varð hins vegar sú ein að lækka launin, ræna úr umslögum verkafólks og sjómanna. Ekkert var annað gert. Jú, ósanngjarnt væri að geta þess ekki að veðlánarar og fulltrúar þeirra ríku fengu aukið frelsi. Þeir sjálfstæðismenn með framsóknarmenn í farteskinu hafa hrópað: frelsi, frelsi, sem Þorsteinn Pálsson, sporgöngumaður framsóknar, og félagar hafa síðan innleitt í íslenskt þjóðlíf. Þetta er frelsi fyrir suma, frelsi fyrir þá sem nú maka krókinn á kostnað hinna efnaminni, frelsi til að auka tekjumuninn í þjóðfélaginu, frelsi fyrir veðlánara og okurlánara. Verkafólk og sjómenn þekkja ekki þetta frelsi. Launþegar þekkja aðeins frelsið af afspurn. Líka þá sem hafa frelsi til að verðleggja neysluvöru, þá sem hirða íbúðirnar, þá sem bjóða upp fyrirtækin.

Það liggur fyrir að nú næstu vikur mun kaupmáttur launa hrapa enn frekar en áður. Launþegar finna það nú þegar því verðhækkanir lífsnauðsynja dynja yfir. T. d. má taka að sú fjölskylda sem notar 5 lítra af mjólk á dag greiðir 5 þús. kr. fyrir það á mánuði eða 60 þús. á ári. Enn á ný finna menn fyrir því að svo til allir hlutir eru vísitölubundnir nema kaupið. Verkafólk verður að fá kjarabætur. Það verður að fá leiðréttingu launa svo að hin fjölmörgu alþýðuheimili í landinu fái risið undir þungbærum útgjöldum. Það verður líka að sýna sjávarútvegsfólkinu þá sjálfsögðu virðingu að það fái starfsöryggi og mannsæmandi laun.

En hvernig skal þetta gert? Eru gömlu leiðirnar færar? Er það einhvers virði að knýja fram 20—30% kauphækkanir? Alþfl. svarar þessu neitandi. Við viljum kaupmátt en ekki kollsteypu. Við viljum að nú þegar verði gengið til samninga svo kaupmáttarhrapinu verði forðað. Það verður að knýja ríkisstj. til að ábyrgjast þann kaupmátt sem um verður samið. Samningar án tryggingar eru sjónhverfing.

Ríkisstj. hefur hrakist úr hverju víginu á fætur öðru. Heildaryfirsýn skortir og gullin tækifæri til að breyta þjóðfélaginu hafa ekki verið nýtt. Í fyrra þegar Verkamannasamband Íslands lagði fast að ríkisstj. að fara svokallaða skattalækkunarleið í kjarasamningum var því hafnað. Þá var tækifæri til í samráði við verkalýðshreyfinguna að minnka verðbólguna og bæta lífskjörin. Þetta tækifæri glataðist vegna ósamlyndis í þingflokkum sjálfstæðis- og framsóknarmanna sem tvístruðust eins og hænsnahópur þegar þeir stóðu frammi fyrir raunhæfum valkostum sem hefðu rétt þjóðarskútuna af. Þeir höfnuðu leið kaupmáttar og lægri verðbólgu. Þeir völdu kollsteypuna.

Nú eru kjarasamningar aftur lausir í haust. Launþegar sjá fyrir sér að leið kollsteypu dugir ekki. Þeir vita að 23% kauphækkun í fyrrahaust er að engu orðin. Launþegar standa nú verr að vígi en fyrr. Sú uppákoma hefur átt sér stað að Vinnuveitendasambandið er farið að bjóða launahækkanir. Sú staðreynd sýnir að hægt er að bæta kjörin í landinu. Það er líka ástæða til að gefa þeirri hugsun rúm hvers vegna verkalýðshreyfingin hefur misst frumkvæðið í kjarabaráttunni. Er hún sem lifandi framsækin hreyfing að daga uppi? Hvers vegna er ekki á vitrænan hátt reynt nú þegar að forða kaupmáttarhrapi sumarsins? Sú ríkisstj. sem ekki getur í samráði við verkalýðshreyfinguna tryggt kaupmáttinn er ónýt. Á það verður að reyna og á það skal reynt.

Þeir sem ekki vilja leggja sig fram um að forða kaupmáttarhrapinu heldur bíða með hendur í skauti eru andstæðingar hagsmunum verkafólks. Ábyrgð slíkra manna er mikil. Hún er meiri en þeir fá undir risið. Við í Alþfl. viljum afmá þann smánarblett á þjóðfélaginu sem birtist í kauptöxtum Vinnuveitendasambandsins. Við bendum á að heftbundnar leiðir í kjarabaráttunni duga ekki lengur. Okkur vantar pólitískt afl sem hefur vit og vilja til að afnema ranglætið. Og hvernig? er spurt. Með skammtímasamningum strax til að afstýra kaupmáttarhruni sumarsins, með afnámi tekjuskatts á almenn laun og lækkun útsvars strax 1985, með 3.5 milljarða framlagi til húsnæðismála á ári næstu 10 árin, með sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, með hækkun ellilauna og tekjutryggingar strax. Þetta jafnframt hóflegum tryggum kauphækkunum eru kjarabætur án kollsteypu.

En hvert á að sækja peningana? Þurrkum út söluskattssvikin með því að innheimta söluskatt í tolli og skera niður undanþágur. Leggjum eignarskattsauka á skattsvikinn verðbólgugróða stóreignafyrirtækja og stóreignamanna, Stigahlíðarþjóðarinnar, sem við köllum svo. Skilum launaskattinum til húsnæðislánakerfisins. Herðum skattlagningu á banka, innlánsstofnanir og verðbréfamarkaði. Þjóðnýtum Aðalverktaka og leggjum hagnaðinn í ríkissjóð. Þjóðnýtum hagnað Seðlabankans og tökum Seðlabankahöllina undir stjórnarráð. Bjóðum olíuverslunina út og lækkum þannig olíu- og bensínverð. Herðum eftirlit með innkaupsverði heildsalanna og sviptum þá verslunarleyfi sem svindla á löndum sínum. Hættum 600 millj. kr. matargjöfum í formi útflutningsbóta til ríkra útlendinga. Sneiðum fitulagið af ríkisbákninu og afnemum velferðarkerfi fyrirtækjanna.

Góðir hlustendur. Þetta eru nokkrar af tillögum Alþfl. til að jafna eigna- og tekjuskiptinguna og tryggja þjóðfélagslegt réttlæti. Í brjóstum okkar bærist sú tilfinning að ríkisstj. ráði ekki við verkefni sitt. Við skulum leysa hana af hólmi sem allra fyrst. Við skulum þrátt fyrir allt, þrátt fyrir mistök og óstjórn, horfa fram á við. Fortíðin skiptir ekki meginmáli. Við skulum horfa til framtíðar. Stefna Alþfl. er í takt við þær meginhugmyndir sem bærast í brjóstum fólksins í landinu. Hugmyndir Alþfl. eru kall nýrrar tíðar gegn heftbundnum leiðum fyrir framtíðina. Við erum bjartsýn í Alþfl. því við vitum að þetta er hægt. Íslenskt launafólk, gangið til liðs við Alþfl. Verið með í breytingunni.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Um þessar mundir blasa við þrjú meginverkefni í íslenskum atvinnu- og efnahagsmálum. Í fyrsta lagi að hamla gegn óhóflegum erlendum lántökum til rekstrar og neyslu. Í öðru lagi að hefja þá uppbyggingu íslensks atvinnulífs sem verið hefur í deiglunni í því skyni að auka hagvöxt og verðmætasköpun. Og í þriðja lagi blasir við það verkefni að stuðla hér að vinnufriði til þess að unnt verði að verja kaupmátt án verðbólgu. Þessi verkefni eru nú brýnust eigi okkur að takast að vinna okkur út úr þeim erfiðleikum sem við höfum strítt við undangengin ár. Það er ætlun okkar að búa við sambærileg lífskjör og þær þjóðir sem við jöfnum okkur helst til. Og því verðum við að leysa þessi verkefni. Við stöndum á

tímamótum. Að baki er árangur í baráttunni við verðbólguna en líka áföll eftir verðbólgusamninga s. l. haust sem Karl Steinar Guðnason lýsti mætavel í ræðu sinni hér á undan.

Við viljum horfa fram á við. Úrslitum ræður hvort okkur tekst að vinna okkur út úr erfiðleikunum með verðmætasköpun en ekki eyðslu. Um margt hefur okkur miðað fram á við en í öðrum efnum höfum við ekki náð þeim árangri sem nauðsynlegur er, eins og gerist og gengur. Það er gömul árátta í stjórnmálaumræðum að draga upp myndir í hvítum og svörtum litum. En hér hefur aldrei verið og mun væntanlega aldrei verða mynduð ríkisstjórn sem ekki má gagnrýna fyrir það að ná ekki öllu fram sem hugur stendur til. Ástæðulaust er t. a. m. að draga fjöður yfir þá staðreynd að í þessu stjórnarsamstarfi hefur ekki tekist að stöðva gegndarlausan innflutning erlends fjármagns, sem um mörg ár, í tíð margra ríkisstjórna hefur grafið um sig eins og meinsemd í þjóðarlíkamanum. Alvarlegast er þó að erlendar skuldir hafa í auknum mæli farið í neyslu og rekstur en í minna mæli en áður til framkvæmda sem með ótvíræðum hætti skila arði í þjóðarbúið. Ein versta afleiðing skuldasöfnunar er ofþensla í þeim atvinnugreinum sem keppa við sjávarútveginn. Útvegurinn stríðir nú við alvarleg vandamál. Þau eru margslungin og af ólíkum toga spunnin. En augunum verður ekki lokað fyrir því að víða hefur gengið á eignir atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi, enda hefur verðmæti útflutningsins rýrnað um rúma 8 milljarða króna frá árinu 1980. Það hlýtur að segja til sín í afkomu og rekstri fyrirtækjanna og setja mark sitt á afkomu þess fólks sem vinnur við svo mikilvæg störf í sjávarútvegi, við að framleiða þau verðmæti er skila mestum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið.

Í nýlegri ályktun Sambands ísl. fiskframleiðenda segir „að ekki skapist skilningur á mikilvægu hlutverki sjávarútvegsins til öflunar gjaldeyris á meðan fjármagns til fjárfestingar og reksturs er aflað með erlendu lánsfé sem engin verðmæti standa á bak við.“ Það er því einmitt vegna sjávarútvegsins sem mikilvægast er að hefta skuldasöfnunina. Stjórnarflokkarnir gerðu um það efni samkomulag í fyrrahaust sem ríkisstj. tókst ekki að framkvæma af ýmsum ástæðum. En vegna brýnna hagsmuna sjávarútvegsins verður ekki lengur undan því vikist að takast á við þetta verkefni. Stuðningur Sjálfstfl. við núverandi ríkisstj. hlýtur að vera við það bundinn að sá árangur náist í þessum efnum sem að var stefnt með samkomulagi stjórnarflokkanna s. l. haust.

Þinghaldi hefur verið haldið áfram nú í vor lengur en venja stendur til. Þetta hefur verið gert til þess að koma fram ýmsum þeim málum sem áform hafa verið uppi um og stuðla eiga að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Þeim verður ekki skotið á frest. Róttækar breytingar á flóknu og stöðnuðu fjármagnskerfi eru óhjákvæmlegar. Þau mál sem stjórnarflokkarnir hafa einsett sér að koma fram á þessu vori, hvort sem það kallar á lengra þinghald eða skemmra, miða að umbótum á þessu sviði. Þau eru engin allsherjar lausn en mikilvægt skref til framfara. Fyrir því hefur Sjáflstfl. lagt á það áherslu að þinginu yrði haldið áfram þar til þessum málum yrði lokið og þess er að vænta að það muni takast innan skamms.

Guðmundur Einarsson, talsmaður Bandalags jafnaðarmanna vitnaði hér mjög til smádýra í ræðu sinni fyrr í kvöld. Gagnrýni hans minnti óneitanlega á pólitískan músagang. Á þeim bæ má engu breyta ef það er ekki hluti af allsherjar byltingu. Málflutningur af þessu tagi skilar sannarlega seint árangri. En það sem hér er um að ræða er stofnun nýs þróunarfélags, sem ætlunin er að verði í meirihlutaeigu atvinnulífsins og stuðlað geti að arðsamri atvinnuuppbyggingu, og auk þess eru á ferðinni verulegar breytingar á almennum reglum um fjárfestingarsjóði atvinnuveganna og lög um viðskiptabanka.

Eitt mikilvægasta málið í þessu sambandi lýtur að nýrri löggjöf um framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða. Landbúnaðurinn stendur sannarlega á tímamótum og miklu skiptir að þær breytingar sem óumflýjanlegar eru á næstu árum séu varðaðar með skynsamlegri löggjöf er stuðlað geti að sáttum framleiðenda og neytenda. Þó að það frv. sem nú er til meðferðar sé ekki með öllu gallalaust er það ótvírætt mikilvægt framfaraspor í þágu landbúnaðarins og nauðsynlegur þáttur í þeirri viðleitni sem nú á sér stað til alhliða eflingar atvinnulífs um allt land.

Á þessari stundu er þó mikilvægast af öllu að unnt reynist að verja kaupmátt með vinnufriði og án verðbólgu. Stjórnarflokkarnir hafa haft forustu um lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum í því skyni að auðvelda aðilum vinnumarkaðarins að ná þessu markmiði. Fyrsti áfangi þessarar stefnu kemur til framkvæmda á þessu ári og annar áfangi á því næsta. Sérstök ástæða er til að fagna þeirri viðleitni bæði atvinnurekenda og launafólks að freista þess nú með samningum að koma í veg fyrir það kaupmáttarhrap sem fyrirsjáanlegt er á næstu mánuðum og um leið með samningum um kaupmátt án verðbólgu að tryggja vinnufrið til lengri tíma. Engum vafa er undirorpið að mikill meiri hluti þjóðarinnar væntir þess að niðurstöður geti fengist á þessum grundvelli. En það er auðvitað áhyggjuefni að einstaka pólitískir liðsoddar Alþb. leggja nú allt kapp á að kynda undir upplausn og óróleika í þeim tilgangi einum, að því er virðist, að kjarasamningar geti leitt til nýrrar verðbólguholskeflu. Þær gömlu vinnuaðferðir hafa ekki fært launafólki í þessu landi kjarabætur, þvert á móti. Þess vegna er nú þörf á víðtækari samstöðu til þess að fylgja fram hugmyndum um nýjar leiðir út úr þeim vanda sem jafnan fylgir kjaraákvörðun.

Alþb. er í kreppu vegna þess að það segist vera forustuflokkur verkalýðshreyfingarinnar án þess að vera það. Þetta er ekki hnútukast andstæðinga Alþb. og þetta er ekki forustugrein í Morgunblaðinu. Þetta eru ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar formanns framkvæmdastjórnar Alþb. um eigin flokk og þarf þá ekki fleiri orð til að afhjúpa þá skinhelgi sem fram kom í ummælum formanns Alþb. fyrr í þessari umræðu um kjaramál og stéttaeðli sem honum er gjarnt að tala um. Alþb. er auk heldur svo upptekið við stéttastríðshugmyndir gömlu lærifeðranna og svo fjarri því að sýna þeim málum áhuga er horft geta til framfara í landinu, að Ólafur Ragnar Grímsson hefur gagnrýnt flokksforustuna í Þjóðviljanum fyrir að hundsa hinar athyglisverðu og merku hugmyndir sem forseti Alþýðusambandsins kynnti um daginn um nauðsyn nýsköpunar í atvinnumálum. Og Ólafur Ragnar benti á að Morgunblaðið hefði sýnt þessum tillögum forseta Alþýðusambandsins meiri skilning en Þjóðviljinn.

Hér hafa því augljóslega skapast skörp skil í stjórnmálabaráttunni. Annars vegar fer Alþb. í forustu fyrir upplausnaröflum, sem vilja fórna hagsmunum launþega á altari verðbólgubálsins, og Alþfl., sem ekkert hefur fram að færa annað en kröfur um aukna skattheimtu, eins og Jóhanna Sigurðardóttir lýsti með ágætum hér í ræðu sinni í kvöld. Hins vegar fer Sjálfstfl. með þá meginstefnu að skapa hér aðstæður til alhliða uppbyggingar atvinnulífs, til þess að tryggja jafnvægi og verja kaupmátt í samningum til lengri tíma. Löng reynsla sýnir að hatrömm stéttaátök eru ekki leiðin að þessu markmiði. Og formanni Alþb. var vorkunn hér í umræðunum þegar hann þurfti að viðurkenna að málflutningur Alþb. í vetur hefði verið svo mjóróma að hann hefði kafnað í umræðu um jafn lítilsvert mál eins og bjór.

Upp á síðkastið hafa farið fram miklar umræður um málefni húsbyggjenda. Ljóst er að í þeim efnum eru ýmsir enn að glíma við afleiðingar óðaverðbólgunnar sem fyrir tveimur árum var komin yfir 130%. Með margs konar ráðstöfunum hefur verið reynt að auðvelda húsbyggjendum að glíma við þessa erfiðleika. En svo var komið nú í vor að nauðsynlegt var að afla sérstakra fjármuna í þessu skyni og enn fremur til þess að standa undir lágmarki nýrra útlána á þessu ári, sem annars hefðu engin orðið. Þrátt fyrir þessar aðgerðir verður óhjákvæmilega talsverður samdráttur í nýbyggingum enda hníga gild rök að því að við höfum farið fullgeyst í þeim efnum. Að nokkru leyti tókst samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þessar aðgerðir. Sú samstaða var mikils um verð. En leiðir skildu fyrir þá sök að stjórnarandstöðuflokkarnir vildu ganga tvisvar sinnum lengra í skattheimtu en stjórnarflokkarnir töldu skynsamlegt og ráðlegt við þessar aðstæður. Tekjuöflun var ákveðin með þeim hætti að byrðum yrði jafnað sem réttlátast niður þannig að meir kemur á herðar þeirra sem bestar aðstæður hafa í þjóðfélaginu. Með hliðsjón af stefnu sinni í húsnæðismálum og afstöðu til óhóflegrar erlendrar lántöku taldi Sjálfstfl. rétt og skylt að knýja á um aðgerðir af þessu tagi. Útilokað hefði verið fyrir Sjálfstfl. að sitja í ríkisstj. sem ekki hefði verið fús að leysa þetta verkefni.

Á landsfundi Sjálfstfl. var mörkuð sú skýra afstaða að áframhaldandi aðild að ríkisstjórninni væri komin undir málefnalegum ávinningi. Á þeim grundvelli hefur verið unnið með árangri síðustu vikur. Við vitum að það er hægt að lyfta Íslandi upp úr doða sundurlyndis og stöðnunar í atvinnumálum og við ætlum okkur að gera það. En það gerist ekkert í þessu efni í einni sjónhending, allt tekur það sinn tíma. En það verður engin breyting ef menn eru ekki tilbúnir til þess að takast á við þessi verkefni og brjótast fram með nýjungar af bjartsýni og áræði. Við vísum á bug þeirri bölsýni og þeim sundurlyndisfjanda sem einkennir málflutning stjórnarandstöðunnar. Hann færir okkur ekki fram á veginn. Hann færir okkur ekki út úr erfiðleikunum til bættra lífskjara og bjartari framtíðar.

Við höfum lagt áherslu á að auka kaupmáttinn með verðmætasköpun. Hún getur ekki orðið í stöðugum ófriði á vinnumarkaði. Þess vegna ræðst framtíðin af því hvort okkur auðnast að koma fram málum er geta orðið jarðvegur nýrrar uppskeru í atvinnulífinu og grundvöllur bættra lífskjara.

Herra forseti. Sjálfstfl. leggur mikla áherslu á að fylgja fram þeirri stefnu í utanríkis- og öryggismálum sem mikill meiri hluti Íslendinga hefur staðið vörð um í rúma þrjá áratugi. Aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi innan vébanda þess við Bandaríkin er þar kjölfestan. Nýlega sameinaðist Alþingi um ályktun um friðar- og afvopnunarmál. Þar er sú stefna áréttuð að hér séu ekki kjarnorkuvopn án samþykkis íslenskra stjórnvalda. Enn fremur eru hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði tengdar aðild Atlantshafsbandalagsríkjanna að gagnkvæmum samningum um útrýmingu kjarnorkuvopna. Sjálfstfl. stóð að þessari yfirlýsingu á þessum forsendum og mun ekki láta rangtúlkanir forustumanna Alþb. breyta utanríkisstefnu Íslendinga. Íslendingar hafa tekið þátt í því alþjóðlega samstarfi í varnar- og öryggismálum sem best hefur tryggt friðinn. Því munum við halda áfram í samræmi við lýðræðishugsjónir okkar og í ljósi þeirra sanninda að friður án frelsis er ekki til. — Góðar stundir.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Góðir hlustendur.

Þessi ríkisstjórn var mynduð fyrir tveimur árum til þess að afstýra þeim bráða voða sem við blasti í efnahagsmálum og leggja grundvöll að nýrri atvinnuþróun er stæði undir betri lífsskilyrðum og blómlegri menningu. Það er einatt hlutskipti sjálfstæðismanna, er þeir koma í ríkisstjórn, að bæta skaðann af óstjórn og ábyrgðarleysi vinstri flokka í næstu ríkisstjórn á undan. Annaðhvort hafa þá vinstri flokkarnir gefist upp eða kjósendur gefist upp á þeim nema hvort tveggja sé.

Sjálfstfl. og Framsfl. tóku höndum saman um björgun mála. Í þessu verkefni gátum við ekki búist við sífelldu sólskini og sunnanvindi. Við gerðum okkur strax ljóst að verulegt átak þings og þjóðar þyrfti til og þolinmæði þyrfti til þess að árangur næðist. Þetta þýddi að ýtrasta aðhalds varð að gæta í opinberum rekstri og fjárfestingum. Ástandið var slæmt, okkar hlutverk var að gera horfurnar bjartari. Mikilsverðum sparnaði var komið við á mörgum sviðum, einkanlega í orkumálum, svo og með endurskipulagningu og hagræðingu í starfi ýmissa stofnana hins opinbera, flutningi verkefna úr rn. til annarra aðila og sölu fyrirtækja til einstaklinga og samtaka þeirra. Þannig hefur verið unnt að sinna betur ýmsum verkefnum en áður hefur verið gert.

Hávaði þrýstihópa byggist stundum á takmörkuðum upplýsingum og stundum á röngum upplýsingum. Dæmi um þetta eru ályktanir Lánasjóðs ísl. námsmanna, en hann hefur í fyrsta sinn nú nægileg ríkisframlög til að sinna 100% lánsfjárþörf námsmanna frá áramótunum síðustu, og síðasta ár tókst að halda 95% lánsfjárhlutfalli allt árið eins og gert var ráð fyrir. Þetta tókst með skilningi ríkisstjórnar og þings annars vegar en einnig með hagræðingu í rekstri, þ. á m. breytingu á úthlutunarreglum, hins vegar. Ríkisstj. þykir sjálfsagt að með fjármögnun Lánasjóðs ísl. námsmanna og skynsamlegum reglum um hann sé séð til þess að hann geti gegnt mikilvægu hlutverki sínu.

Námsgagnastofnun gegnir lykilhlutverki í skólakerfi landsins. Hún hefur frá upphafi verið í fjársvelti og hafði þess vegna í eftirdragi alllangan slóða skuldbindinga frá fyrri árum er tafði ýmis nauðsynleg verkefni sem hún hafði með höndum. Úttekt lauk á störfum hennar og fjárþörf. Framlög ríkisins voru aukin til

hennar um 77% á fjárlögum þessa árs, eða langt umfram það sem gerðist annars staðar í ríkiskerfinu.

Námsbókagerðin ásamt fjármagni til hennar hefur verið flutt úr rn. til Námsgagnastofnunar, enda er samning bóka ekki stjórnarráðsverkefni í eðli sínu. Þetta var hluti af úttekt og endurskipulagningu sem gerð var á menntmrn. Hafin er gagngerð vísindaleg úttekt á árangri skólakerfisins. Á grundvelli þeirrar athugunar er stefnt að heildarendurskoðun grunnskólalaganna. Síðan má nefna fjölmörg fleiri atriði, ekki síst á sviði menningarmála. Nefna má mikilsverða lagasetningu svo sem um höfundarétt og kvikmyndir og nú eru á lokastigi frv. um Þjóðskjalasafn og afnám ríkiseinokunar á útvarpsrekstri.

Kvikmyndasjóði hefur nú verið tryggt fjármagn til að sinna því verkefni sem nýju lögin gera ráð fyrir. Þau lög munu vonandi verða til þess að efla þessa nýju listgrein, þetta nýja tjáningarform nútímans. Þessi listgrein hefur orðið til þess að vekja athygli á landi okkar, lífi þess og starfi víða um heim. Kvikmyndagerð á Íslandi nýtur vaxandi virðingar meðal annarra þjóða og vissulega einnig hér á landi. Við þessa listgrein þarf að styðja.

Listirnar eru lykillinn að umheiminum. Vakandi áhugi landsmanna, hugmyndir, menntun og hæfileikar listamanna okkar og stuðningur hins opinbera þarf allt að fara saman. Lífið er fleira en efnahagsmál og ríkisfjármál. Til þess að þau hafi gildi þarf meira að koma til. Atvinnuuppbygging þarf að haldast í hendur við uppbyggingu í listum og öflun þekkingar með rannsóknum og skynsamlegu skólakerfi. Enginn þessara þátta kemst af án hinna ef starfsemin á að leiða til fegurra og ánægjulegra lífs.

Það er greinilegt að forusta beggja stjórnarflokkanna hefur á þessu skilning og reynslan sýnir okkur að þær þjóðir heims sem mestri hagsæld hafa náð um þessar mundir hafa á þessu skilning. Með samspili þessara þátta er líklegt að fólki verði tryggð traust og betri kjör í landi okkar í framtíðinni.

Á þessu ári er alþjóðlegt ár æskunnar. Það á að vera æskufólki til hvatningar, efla frumkvæði þess og hlúa að möguleikum þess. Það á að vera okkur til áminningar um að okkur beri að skapa hinu unga fólki skilyrði til þroska og svigrúm til athafna.

Ungu fólki þarf að sýna traust. Einn frægasti æskulýðsleiðtogi heims sagði: „Leggðu ábyrgð á ungar herðar og þú munt sannreyna að undir henni verður staðið.“ Hin trausta forusta Sjálfstfl. hefur fært þeim flokki sanninn heim um þetta. Hin hrausta íslenska æska mun í framtíðinni byggja á þeim grundvelli sem við leggjum. Ríkisstj. mun kappkosta að treysta þennan grundvöll. Það verður hlutskipti okkar á næstu mánuðum og það verður hlutskipti Alþingis að halda áfram að treysta þennan grundvöll. Við skulum vona það öll að þetta verði æskufólki á Íslandi og öllum landsmönnum til gæfu er fram í sækir.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það þing sem senn lýkur hefur, eins og reyndar þjóðfélagið í heild, einkennst af þeirri kollsteypu sem var í efnahagsmálum með verðbólguöldinni um s. l. áramót. Ég ætla þó ekki að eyða mörgum orðum á verðbólguna. Ég trúi ekki öðru en að öllum almenningi a. m. k. muni vera fullkomlega ljóst að slíkt má ekki henda aftur. Verðbólgan eyðir ekki aðeins hverjum þeim kjarabótum sem um kann að vera samið heldur skilur jafnframt atvinnulífið og fjölmarga einstaklinga í þjóðfélaginu eftir í miklum erfiðleikum. Auk þess eru erlendar skuldir þjóðarbúsins það miklar að lítið má út af bera til þess að meiri háttar greiðsluerfiðleikar verði.

Aðgerðir stjórnvalda undanfarna mánuði hafa beinst að því að draga jafnt og þétt úr verðbólgu, leysa erfiðleika ýmissa þjóðfélagshópa, ná jafnvægi í efnahagsmálum og skapa grundvöll fyrir nýja framfarasókn. Um þessi atriði mun ég fyrst og fremst fjalla, þó að ástæða hefði verið til að ræða ýmislegt af því sem fram hefur komið frá stjórnarandstæðingum, eins og t. d. byggðastefnu hv. þm. Guðmundar Einarssonar. Þeir í Bandalagi jafnaðarmanna boða nú að samhjálp skuli hætta, hvert byggðarlag skuli sjá um sig. Í raun og veru boða þeir meiri frjálshyggju en öfgafyllstu markaðshyggjumenn. Umræða um það verður að bíða betri tíma.

Verðbólga hefur hjaðnað ört á ný og stefnir nú óðum í svipað og var s. l. sumar. Þetta er ánægjulegt. Hins vegar eru rústir verðbólguelds undanfarinna ára miklar og vandamálin mörg, þó ég sé alls ekki sammála þeirri svartnættislýsingu sem kom fram hjá Svavari Gestssyni hér áðan. Í raun og veru má rekja marga þessa erfiðleika, ef ekki alla, til 1982 þegar verðbólgan jókst og þjóðarframleiðslan fór minnkandi og ekki náðist samstaða við Alþb. um raunhæfar aðgerðir í efnahagsmálum. Frá þeim tíma eiga margir um sárt að binda, ekki aðeins húsbyggjendur heldur einnig flestir aðrir sem hafa orðið fyrir því að eigið fé hefur brunnið upp í eldi verðbólgunnar. Líklega hefur undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, sem allt byggist raunar á, farið einna verst út úr þessari þróun því aflabrestur undanfarinna þriggja ára hefur að sjálfsögðu orðið sjávarútveginum þungur í skauti. Erfiðleika bænda með miklar verðtryggðar fjárfestingar má rekja til sömu staðreynda, misgengis á milli fjármagnskostnaðar og tekna, eða m. ö. o. verðbólgunnar. En auk þess hefur samdráttur í framleiðslu að sjálfsögðu til viðbótar skert mjög afkomu bænda.

Við slíkum erfiðleikum hafa stjórnvöld snúist af krafti. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að veita húsbyggjendum aðstoð, eins og félmrh. hefur rakið ítarlega hér fyrr í kvöld. Sumir gera lítið úr þessu átaki og krefjast meira. Það sýnist mér ekki sanngjarnt. Mér er ljóst að sumum einstaklingum nægir ekki þessi aðstoð. Á slíkum vandamálum verður að taka sérstaklega ef þau eru þá leysanleg. En það er einnig staðreynd að fjölmörgum öðrum í þjóðfélaginu verður að hjálpa eftir verðbólgueldinn. Húsbyggjendur eru ekki einir.

Þó mikill fjármagnskostnaður og verðbólga hafi leikið sjávarútveginn grátt eins og aðra aðila í þjóðfélaginu hygg ég þó að aflabresturinn ráði úrslitum um afkomu sjávarútvegsins á undanförnum þremur árum. Það munar satt að segja um minna en samdrátt í þorskafla úr 460 þús. lestum árið 1981 í 270 þús. lestir í fyrra. Að sjálfsögðu er það lífsspursmál fyrir þjóðarbúið í heild að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins sé viðunandi. Hins vegar lýsir það ótrúlegum óheilindum þegar stjórnarandstæðingar annars vegar áfellast ríkisstj. fyrir gengisfellinguna s. l. haust og kalla hana árás á kjörin og óþarfa, en krefjast hins vegar í næstu

ræðu að sjávarútveginum sé skapaður rekstrargrundvöllur. Ég skildi Karl Steinar ekki öðruvísi en svo í þeim orðum sem hann lét falla hér áðan, að þjóðin öll ætti að axla erfiðleika sjávarútvegsins, eflaust með enn þá meiri gengisfellingu.

Í rauninni er margt sem bendir til þess að gengisfellingin hefði þurft að vera meiri. Þá hefði sjávarútvegurinn fengið betri rekstrargrundvöll, þá hefði dregið úr innflutningi og viðskiptahalla og hagnaður milliliðanna, sem svo oft er talað um, orðið minni. Ríkisstj. treysti sér þó ekki til að ganga svo langt vegna kaupmáttar almennings. Í stað þess hafa fjölmargar aðrar ráðstafanir verið gerðar til þess að bæta afkomu sjávarútvegsins.

Ég nefni í því sambandi þá víðtækustu skuldbreytingu og lengingu lána sem nokkru sinni hefur verið framkvæmd. Í þessu felst að sjálfsögðu viðamikil fjárhagsleg endurskipulagning útgerðarinnar. Þá minni ég á lækkun vaxta í Fiskveiðasjóði, endurgreiðslu söluskatts, sem mun verða yfir 500 millj. kr. á ársgrundvelli, og endurgreiðslu Seðlabankans á vaxtagreiðslum fiskvinnslunnar, fyrst og fremst, sem nema samtals um 430 millj. kr. Sérstaklega hefur verið leitast við að aðstoða skreiðarframleiðendur sem eiga að sjálfsögðu í miklum erfiðleikum vegna markaðsmála. Samkomulag náðist við Seðlabankann um viðbótarendurgreiðslu til þeirra, sem nemur skv. áætlun bankans yfir 90 millj. kr., og á lánsfjárlögum nú er heimild til þess að skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs eða ríkissjóður yfirtaki afurðalán að upphæð 250 millj. kr. sem á skreiðinni hvíla. Greiðslur og ábyrgðir ríkissjóðs og Seðlabanka vegna sjávarútvegsins nema þannig á rúmu ári yfir 1 milljarð kr. auk skuldbreytinga og vaxtalækkunar Fiskveiðasjóðs.

Þrátt fyrir þessar miklu ráðstafanir er mér fullkomlega ljóst að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins er of slakur. Því veldur fyrst og fremst of lítill botnfiskafli, erfiðleikar á mörkuðum, einkum með sölu skreiðar, og mikill fjármagnskostnaður. Einnig er það ákaflega alvarlegt að víða gengur illa að manna húsin þannig að sá afli sem á land berst verður ekki unninn í verðmætustu umbúðir.

Nú er sjór hlýnandi og afli vaxandi. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt. Engu vil ég spá um skreiðarmarkaðinn þótt enn séu vonir bundnar við það að hann opnist. Ég skal viðurkenna að ég þekki ekki ráð til þess að lækka fjármagnskostnað fiskvinnslunnar. Lánin eru að langmestum hluta erlend og við vexti af því fjármagni ráðum við ekki. Sjálfsagt er þó að leyfa fiskvinnslunni að ráða sjálfri eins og frekast er fært í hvaða gjaldeyri hún vill skulda. Þó er ég ekki viss um að það leysi nokkurn vanda.

Það er mikið áhyggjuefni að víða skortir fólk í fiskvinnsluna. Húsin standa hálftóm og vinna verður aflann í framleiðslu sem gefur lítið. E. t. v. er þetta stærsta vandamál fiskvinnslunnar. Það er mín skoðun að óhjákvæmilegt sé að bæta kjör fiskvinnslufólks. Ef með því tekst að skipa hvert borð hæfum starfsmanni færði það fiskvinnslunni víða um land í tekjum margfaldan þann kostnað sem í launahækkuninni fælist.

Þótt vaxandi sjávarafli sé e. t. v. mikilvægastur í afkomu sjávarútvegsins er nauðsynlegt að vinna áfram að því að bæta afkomuna eftir öðrum leiðum en með því að fella gengið. Ég er reyndar sannfærður um að þær leiðir eru margar, m. a. stóraukin tæknivæðing og betra hráefni.

Óvíða er þó þörfin meiri fyrir bæði aðstoð og víðtæka endurskipulagningu en í landbúnaði. Ekki aðeins hefur fjármagnskostnaður orðið bændum ákaflega þungur í skauti heldur má einnig með sanni segja að útflutningur landbúnaðarafurða sé fyrir allnokkru orðinn óframkvæmanlegur. Þjóð sem er skuldum hlaðin erlendis hefur ekki efni á því að greiða yfir 70% með útflutningi eða styrkja offramleiðslu á annan máta. Að sjálfsögðu auka slík útgjöld sem önnur á erlendar lántökur þjóðarinnar.

Langsamlega mikilvægast fyrir bændur landsins í þeirri stöðu sem nú er og reyndar fyrir þjóðarbúið í heild er að markvisst verði að því unnið að draga úr óarðbærri umframframleiðslu, losna að mestu við útflutningsbætur og vafasama styrki, en vinna hins vegar skipulega á sama tíma að því að byggja upp nýjar búgreinar í sveitum og aðstoða þá bændur sem eiga í mestum erfiðleikum.

Sem betur fer hefur undanfarið verið unnið á þennan máta ötullega að því að koma á fót nýjum búgreinum, einkum loðdýrarækt. Á þessu ári mun að öllum líkindum meira en tvöfaldast fjöldi slíkra búa og verða þau þá orðin hátt í 200. Fóðurstöðvar hafa einnig nú verið skipulega reistar. Í lán og styrki vegna nýrra búgreina verður í ár varið um 200 millj. kr. og er það um það bil þrefalt meira en ráðstafað var til nýrra búgreina á s. l. ári. Ég er sannfærður um mikla möguleika í íslenskum landbúnaði ef rétt er að málum staðið. Það verður að gera skipulega og til þess þarf mikið fjármagn. Í því skyni er mikilvægast að það frv. um framleiðslu landbúnaðarafurða o. fl. sem nú liggur fyrir Alþingi fáist samþykkt. Án þess mun reynast erfitt að taka markvisst á þessum málum eins og að er stefnt.

Vegna útúrsnúninga Svavars Gestssonar hér áðan vil ég gjarnan taka fram að það er svo sannarlega mín skoðun að þeir sem ekki skilja þetta og engar breytingar vilja séu að hugsa um sjálfa sig en ekki fjöldann, m. a. ekki fjölda bænda.

Ég hef farið nokkuð mörgum orðum um viðleitni stjórnvalda til þess að leysa erfiðleika stórra þjóðfélagshópa, því ég tel það ákaflega mikilvægt ef framhaldið á vel að takast. Mér er fullkomlega ljóst að kröfugerðarmenn og stjórnarandstæðingar gera lítið úr þessum ráðstöfunum. Það er ósanngjarnt. Aðgerðirnar eru víðtækar og miklar, eins og ég hef rakið, þótt þær leysi að sjálfsögðu ekki allan vandann. Mér hefur þótt ánægjulegt að verða var við að fjölmargir einstaklingar, sem hafa fengið aðstoð, leggja sig jafnframt ötullega fram við að vinna sig út úr vandanum og gengur það vel. Og að sjálfsögðu er það lykilorðið. Við Íslendingar verðum að vinna okkur út úr vandanum.

Ég kem þá að því sem ég tel langstærsta vandamálið sem við íslenskri þjóð blasir í dag, erlendum skuldum og greiðslubyrði af þeim. Þótt tekist hafi undanfarin tvö ár að draga úr hækkun erlendra skulda hafa þær þó aukist nokkuð og eru nú taldar vera 63% þjóðarframleiðslu eða nálægt 56 milljarðar kr. Vaxtagreiðslur af erlendum skuldum hafa einnig að sjálfsögðu stóraukist. Þær voru á s. l. ári meira en 5 milljarðar eða rúmlega 19% gjaldeyristekna þjóðarinnar. Þessar staðreyndir eru það alvarlegar að varla er nú unnt að taka nokkra ákvörðun í þjóðmálum án þess að vega og meta áhrifin á erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins. Ég er í engum vafa um að við Íslendingar getum einnig unnið okkur út úr þessum

vanda. En því verður hins vegar ekki neitað að með þessu er okkur sniðinn þröngur stakkur.

Í fyrsta lagi er að sjálfsögðu útilokað að halda lengur uppi lífskjörum og kaupmætti með erlendri skuldasöfnun eins og við höfum því miður gert árum saman. Í öðru lagi eru gífurlegar vaxtagreiðslur til útlanda að sjálfsögðu meginþrándur í götu þess að bæta megi kjörin. Þeir 5 milljarðar sem til útlanda greiðast í vexti á ári hverju renna ekki í vasa launafólks hér á landi, það má öllum ljóst vera.

Í þriðja lagi er það brýnasta verkefnið nú að vinna sig út úr þessum vanda. Það getum við Íslendingar gert, eins og ég sagði fyrr, ef við viljum. Af þessum ástæðum hefur ríkisstj. lagt á það höfuðáherslu að skapa grundvöll fyrir nýja framleiðslu bæði í eldri greinum og nýjum. Og ég er sammála Svavari Gestssyni um það að þarna eru óhemjumiklir möguleikar. Ég er hins vegar ósammála honum um það að ríkisvaldið eigi að hafa forustu um framkvæmdirnar sjálfar. Ég treysti betur einstaklingum og samtökum þeirra, einkafyrirtækjum og samvinnufyrirtækjum. Ríkisvaldinu ber hins vegar að skapa nauðsynlegan grundvöll.

Þótt fjármagn sé mjög af skornum skammti hefur þegar, eins og ég hef lauslega minnt á, verulegu fjármagni verið varið til þess að koma á fót nýjum greinum, t. d. í landbúnaði, einkum loðdýrarækt. Fiskeldi er einnig í hröðum vexti og eru miklar vonir við það bundnar. Einna mikilvægast tel ég þó það almenna átak sem verið er að gera með þróunarfélagi á vegum ríkis og einkaaðila, frv. það sem liggur nú fyrir Alþingi og verður samþykkt áður en Alþingi er slitið. Til slíks félags skuldbindur ríkissjóður sig að leggja sem hlutafé 100 millj. og ríkisábyrgð að upphæð samtals 500 millj. kr. Þetta er mikið fjármagn. Því verður að taka þetta að láni erlendis því að innlent fjámagn er ekki fáanlegt. Verkefnið er hins vegar svo nauðsynlegt að í þessu skyni sýnist mér slíkt afsakanlegt. Það er ótrúlegur sóknarhugur í fjölmörgum einstaklingum og samtökum þeirra á ýmsum nýjum sviðum.

Ef okkur tekst að koma í veg fyrir nýja kollsteypu í efnahagsmálum er það sannfæring mín að uppskeran verði mikil þegar til lengri tíma er litið. Það mun hins vegar taka nokkurn tíma, jafnvel ár og krefst vinnufriðar.

Í þessu sambandi legg ég áherslu á að þekkingin er sá grundvöllur sem nýsköpun í atvinnulífi verður að byggjast á. Því hefur verið ákveðið að ráðstafa 50 millj. kr. til rannsókna og tilrauna á slíkum sviðum. Einnig er óhjákvæmilegt að endurskipuleggja kennslukerfið og búa vel að kerfinu.

Afskiptum stjórnvalda af nýsköpun í atvinnulífi er ekki lokið með því stóra átaki sem nú er verið að gera. Stjórnvöld geta og verða að stuðla að slíku með ýmsum beinum og óbeinum aðgerðum áfram. Því skipaði ég í apríl s. l. nefnd til þess að gera tillögur um opinberar aðgerðir sem stuðla að þróun nýrra atvinnugreina. Hún hefur nú skilað fróðlegu áliti með ýmsum athyglisverðum ábendingum sem úr verður unnið í sumar. Því má þó ekki gleyma að eflaust gefa framfarir og tæknivæðing í fiskvinnslunni arð skjótast.

Allt það sem gert er til þess að rétta hlut þeirra aðila í þjóðfélaginu sem í mestum erfiðleikum eru eftir verðbólgueld undanfarinna ára, allt sem gert er til þess að skapa grundvöll fyrir nýsköpun í atvinnulífi og auka þjóðarframleiðslu, öll viðleitni til að draga úr erlendri skuldasöfnun eða koma á jafnvægi í peningamálum er háð því að ekki verði ný kollsteypa í efnahagsmálum. Ný verðbólgualda myndi eyða mestu af því sem áunnist hefur og skilja þjóðfélagið eftir í enn verri stöðu.

Kjarasamningar þeir sem nú er unnið að eru því ákaflega mikilvægir. Því hefur ríkisstj. lýst því yfir að hún sé reiðubúin að taka þátt í slíkum kjarasamningum eins og aðilar vinnumarkaðarins óska og gera sitt besta til að bæta megi kjörin með beinum og óbeinum aðgerðum. Þegar hafa átt sér stað allítarlegar viðræður um húsnæðismál sem tvímælalaust báru verulegan árangur. Ríkisstj. er jafnframt reiðubúin til þess að ræða um hvað það annað sem á hennar valdi er, eins og t. d. lækkun skatta og viðnám gegn verðhækkunum. Ég er sannfærður um að mikill meiri hluti launþega gerir sér fulla grein fyrir þessum staðreyndum. Hins vegar óttast ég að hin háværu upplausnaröfl vilji ráða ferðinni. Það má að sjálfsögðu ekki gerast. Til þess er allt of mikið í húfi.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt: Þessi ríkisstjórn mun ekki horfa aðgerðarlaus á aðra kollsteypu í efnahagsmálum.

Góðir Íslendingar. Okkur framsóknarmönnum hefur ætíð verið ljóst að ekki yrði auðvelt að endurreisa íslenskt atvinnu- og efnahagslíf eftir verðbólgueld og samdrátt þjóðarframleiðslu. Við kusum þó að hafa forustu um það nauðsynlega starf. Frá þeirri ábyrgð munum við ekki hlaupa.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Í þeirri góðu von að Íslendingar séu ekki fyrir löngu sofnaðir undir þessum ræðuhöldum ætla ég að leyfa mér þann munað að taka ekki þátt í þeim kórsöng sem stjórn og stjórnarandstaða stunda hér. Þessi söngur er um gerðir og misgerðir, afl og veikleika stjórnar og stjórnarandstöðu og er sunginn til að reyna að viðhalda þeirri trú fólks að þessir flokkar séu fulltrúar hugmynda og hugsjóna og takist hér á um grundvallaratriði í stjórnmálum og lífsskoðunum.

Ein ástæðan fyrir því að fólk trúir þessu enn er sú, að þess er vandlega gætt af fjórum flokkum að fólk fái ekki nema stöku sinnum að fylgjast milliliðalaust með störfum þingsins. Ég tel þessa athöfn hér í kvöld ekki gefa neina milliliðalausa innsýn í störf þingsins því að hér er sett á svið umræða sem ekkert á skylt við þá umræðu sem fram fer á þingi venjulega. Og þessi umræða kemur fólki að litlu gagni við að mynda sér skoðanir á mönnum og málefnum því að auðvitað ætti að vera stöðugt og beint útvarp frá Alþingi þegar það starfar.

Við störfum hér í umboði kjósenda. Þjóðin hefur ráðið þm. til starfa og þjóðin á rétt á því að geta fylgst stöðugt og milliliðalaust með því hvað við erum að starfa og hvernig við störfum. Meiri hl. þm. er á móti beinu útvarpi frá Alþingi. Ég vil nota þetta tækifæri hér til þess að hvetja samþm. mína til þess að skipta um skoðun í þessum málum því að kjósendur eru löngu búnir að missa trúna á foreldrahlutverk stjórnmálamanna og kjósendur spyrja sig þeirrar spurningar: Hvers vegna vilja starfsmenn okkar, þ. e. þm., ekki að við getum fylgst beint með störfum þeirra? Hvað hafa þeir að fela? Blygðast þeir sín fyrir eitthvað?

Þeir sem ekkert hafa að fela ættu ekki að vera á móti því að útvarpað verði beint frá Alþingi. Ég veit að

mörgum er það feimnismál að fylgst sé með störfum þeirra hér á þingi, feimnismál vegna þess að þeir voru kosnir, þeir voru ráðnir hér til þess að standa vörð um hugsjónir og grundvallaratriði sem þeir bregðast nærri daglega. Auðvitað er það feimnismál fyrir sjálfstæðismenn að standa hér upp í hverju málinu á fætur öðru og verja aukin afskipti og umsvif ríkisins. Auðvitað er það feimnismál þegar rædd er sala ríkisfyrirtækis og fulltrúi verkalýðsins stendur upp, ekki til að verja hagsmuni þjóðnýtingar eða starfsfólks verksmiðjunnar, nei, bara til að bera blak af tveimur löngu látnum sjálfstæðismönnum sem einhvern tíma höfðu setið í stjórn þessa fyrirtækis.

Auðvitað er það feimnismál þessa Alþingis að hér er örsjaldan deilt um grundvallaratriði. Og það er í því sem þverrandi virðing Alþingis er fólgin. Hvers vegna halda menn að áheyrendapallar hafi fyllst hér í gær og allir fjölmiðlar verið á staðnum fram yfir miðnætti? Hvers vegna halda menn að áhuginn á bjórmálinu svokallaða sé jafnmikill og hann er? Það er fyrst og fremst vegna þess að fólk finnur að hér er tekist á um grundvallaratriði, um grundvallarafstöðu manna til bindindis eða áfengisneyslu og um grundvallarafstöðu manna til hlutverks löggjafans í að móta neyslu manna á áfengi. Fólk hefur skoðanir á þessu máli sem og öðru. En það er sárasjaldan sem fólk hefur það á tilfinningunni að stjórnmálamenn hafi skoðanir sem séu þess virði að kynna sér þær og fylgjast með þeim.

Bjórmálið var til umræðu í fyrra, þá sem tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var sýnt að sú tillaga hefði ekki hlotið samþykki þings. Þá töluðu menn hér af vandlætingu um að alþm. ættu ekki að afsala sér skyldu sinni til að taka afstöðu til löggjafar. Þjóðaratkvæðagreiðsla væri yfirlýsing um uppgjöf Alþingis í að takast á við grundvallaratriði. Nú er málflutningnum snúið við og það er ekki lengur hlutverk þm. að taka afstöðu til frumvarpa heldur á þjóðin að taka afstöðu fyrst. Ég er hlynntur því í raun og veru að þjóðin fái að segja álit sitt í sem flestum málum. En ég var kosinn til að taka afstöðu til frv. og tel það skyldu mína gagnvart kjósendum.

Bjórmálið er áhugavert sem dæmisaga af störfum þingsins af fleiri orsökum. Bjórmálið er eitt af örfáum málum sem vekja þm. til vitundar um að við erum ein þjóð en ekki átta. Í fljótri svipan man ég ekki eftir mörgum öðrum málum nema ef vera skyldi fóstureyðingarmálum og útvarpslögum. Ég hef oft óskað þess á síðustu vikum að skoðanir manna á lýðræði væru eins skýrar og fastmótaðar og skoðanir manna á bindindi og drykkju. Það er undravert í raun og skemmtilegt að fylgjast með gangi mála hér á þingi þegar menn losna úr böndum flokksræðis og kjördæmaskiptingar og skipast hér í sveitir í afstöðu sinni allt eftir því hvað þeir telja þjóðarheill eða ekki. Fátt færir manni betur heim sanninn um að því fyrr sem landið verður eitt kjördæmi, því betra fyrir íslenska þjóð.

Lýðræði Íslendinga er ungt, lýðræði Íslendinga er gallað. Það er gallað vegna þess að við fórum öðruvísi að en flestar aðrar lýðræðisþjóðir. Við byltum ekki stjórnkerfinu við skiptinguna frá einræði til lýðræðis heldur skiptum við nánast bara um nafnið. Byltingin er enn eftir. Lýðræði okkar er gallað því að kosningar skila ekki vilja þjóðarinnar í athöfnum stjórnvalda, þ. e. ríkisstjórnir gera ekki það sem þjóðin segir þeim að gera í kosningum. Í stað þess að breyta þessu á þann veg að vilji þjóðarinnar komi skýrt fram hverju sinni sitja fulltrúar gamla flokkakerfisins núna við það að lagfæra kosningalög þannig, að atkvæði kjósenda í næstu kosningum skili þeim sömu skiptingu atkvæða milli flokka og kjördæma, sama valdahlutfalli eins og meðaltöl kosninga síðustu 30 ára hafa skilað þessum flokkum. Í raun og veru er verið að móta reiknireglu sem tryggir að atkvæði hvers og eins og hugsanleg sinnaskipti hans hafi eins lítil áhrif á valdahlutföll milli flokka í dag eins og mögulegt er. Þetta makk fjórflokkanna er fjörbrot gjaldþrota stjórnkerfis. Lengra verður ekki gengið í að lítilsvirða kjósendur. Þetta er fjörbrot þess stjórnkerfis sem heldur enn dauðahaldi í hina föðurlegu ímynd stjórnmálamannsins frá fyrra stríði, sem hlustaði ekki á kvartanir barna sinna heldur sagði þeim hvað þeim væri fyrir bestu. Þessi tegund stjórnmála og stjórnmálamanna er útdauð hvort sem þeim sjálfum líkar betur eða verr. Við getum þrátt fyrir allt horft björtum augum til framtíðar þar sem stjórnmál ráðast af vilja fólks en ekki fárra einstaklinga. Því að stjórnmál eru endanlega of mikilvæg til þess að láta stjórnmálamenn eina um þau. — Góða nótt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þorsteinn Pálsson flutti enn einu sinni sína gömlu ræðu. Hún getur hafa verið síðan í fyrra og alveg eins frá því í hitteðfyrra. Þorsteinn Pálsson er eins og kunnugt er sáróánægður með hlutskipti sitt undir þessari stjórn, en hann lætur ergelsi sitt í ljós með því að skamma Alþb. Þetta er kölluð Albaníuaðferðin eins og flestir þekkja. Þorsteini var ofarlega í huga flokkur í kreppu. Enginn flokkur hefur verið eins lengi í eins alvarlegri kreppu og Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson talaði einnig um minnkandi erlendar skuldir á sama tíma og þær hafa aldrei verið hærri. Það var dálítið fróðlegt að heyra að fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands hefði svo mikinn áhuga á bættum kaupmætti launafólks, en það gerir hann einmitt á þeim tíma þegar hann er lægri en nokkru sinni fyrr.

En þrátt fyrir þetta öfugmælahjal er blómlegt um að litast í sumarsólinni í Reykjavík. Borgarstjórinn kyssir fegurðardrottningar á milli þess sem hann tínir rusl og veiðir lax í Elliðaánum. Reykvíkingar eru byrjaðir að byggja fyrir milljarðinn sem settur var í húsnæðismálin á dögunum, en ekkert er byggt úti á landi. Hér í borginni er ekki hægt að opna augun svo að maður sjái ekki ný stórhýsi innflytjenda og þeirra sem selja. Lóðir nýju markaðanna eru ekki mældar í fermetrum, heldur hekturum. Þar er allt í lukkunnar velstandi.

Viðskrh. úr Hafnarfirði sagði í haust, þegar hann kastaði seinni vaxtasprengjunni um 5% í næstum alfrjálst peningakerfið, að með þeirri aðgerð væri hann að lækka vextina. Þetta var gert á þeim tíma sem þjóðarbúskapurinn og peningamálin þurftu mest á stöðugleika að halda. Eitt versta asnastrik í þessum efnum til lengri tíma og voru þau ærin fyrir. Gífurleg samkeppni hófst um sparifé eins og hlustendur kannast við úr auglýsingum um hvers kyns lukkureikninga sem hækkuðu vexti mjög mikið. Þjónustuaðilar þurftu ekki að hafa áhyggjur af tví- og þríhækkuðum vöxtum. Þá vexti borguðu viðskiptavinirnir. En framleiðsluatvinnuvegírnir þoldu ekki afleiðingar óðaverðbólgu og vaxtaokrið, enda var frelsið ekki brúkað í þann endann, gengið var fast.

Afleiðingar þessarar stefnu hafa kostað sjávarútvegsinn 6000 millj. nú á tveimur árum, enda er svo komið að hvert fyrirtækið af öðru í þessari einu stóriðju Íslendinga er að fara á hausinn. Viðskrh. þarf ekki einu sinni að opna gluggann heima hjá sér til að sjá eitt slíkt og mörg verr á sig komin finnur hann í sínu eigin kjördæmi. Verði þessari frjálshyggjukreddu haldið til streitu verður allur sjávarútvegurinn í rúst að fáum árum liðnum. Gæsin sem verpti gulleggjunum mun liggja dauð.

Sjútvrh. horfir bara á þessa óheillaþróun í stað þess að taka myndarlega á við að hefja þann undirstöðuatvinnuveg sem honum hefur verið trúað fyrir til vegs á ný. Hann er uppgefinn, hann er lagstur í ferðalög og kannar nú ákaft sjávarútvegsmál allt frá Grænlandi um Kanada til Alaska. Áður en hann gafst upp hér heima og fór að leysa vandamálin úti í hinum stóra heimi greip hann til þess ágæta ráðs til að koma í veg fyrir afhroð fiskstofna í ár að banna trillum og áhugasömum mönnum um frístundaskak að renna færi nema dag og dag allt eftir nákvæmu kerfi. Á meðan verslunarráðsliðið og stuttbuxnadeild frjálshyggjumanna grefur undan undirstöðu sjávarútvegsins svo að hún riðar til falls fjasar ráðh. um smámuni sem engu máli skipta. Það er sannarlega aumkunarvert að sjá að sjútvrh. framsóknar skuli hafa gefist upp fyrir þessu liði sem staðið hefur að því að færa 6 milljarðana frá sjávarútveginum til þjónustu og verslunar, frá þeim sem við framleiðslustörfin strita. Kjartan Ólafsson þm. orðar þetta svo í alkunnri grein, með leyfi forseta:

„Þeir sem fyrir þessu standa vilja ekki að sjávarútvegurinn standi á eigin fótum, heldur að þar séu bónbjargamenn reyrðir á skuldaklafa. Þeir sem gert hafa hina fjölþjóðlegu frjálshyggju að sínum pólitísku trúarbrögðum telja að allt okkar basl við sjávarútveg og landbúnað séu aðeins leifar frá liðinni tíð. Þess vegna má eignamyndun aðeins verða í kringum verslunina, þjónustuna og allt viðskiptalífið, en sjávarútvegurinn á hins vegar að sitja uppi með skuldirnar og menn fá að róa svona fyrir náð. Þannig hyggjast postularnir færa sönnur á að trú þeirra á gullkálf fjölþjóðlegrar frjálshyggju sé líka sú eina rétta. Ekkert nema tap á tap ofan í sjávarútveginum, svo að ekki sé nú talað um landbúnað, meðan viðskiptalífið blómstrar." Svo mörg voru þau orð.

Það er greinilegt að útgerð og fiskvinnsla eru ekki á hægra brjóstinu á frjálshyggjuforustu Sjálfstfl. um þessar mundir og raunar furðulegt að nokkur launamaður í útgerð og fiskvinnslu skuli geta kosið höfuðandstæðing sinn, íhaldið, enda ósamrýmanleg þversögn. Hversu oft höfum við ekki heyrt þann söng að sjávarútvegurinn sé byrði á þjóðfélaginu? Hversu oft er ekki tönnlast á þeim ósannindum að sjávarútvegurinn geti ekki tekið við fleira fólki? Hinn augljósi sannleikur er sá, að enn er sjávarútvegurinn okkar eina arðbæra stóriðja sem næstum öll önnur starfsemi í þjóðarbúskapnum byggist á.

Um ¾ alls útflutnings þjóðarinnar eru fiskafurðir. Útflutningstekjur af sjávarafurðum jukust um 75—80% á föstu verðlagi frá byrjun skuttogaratímans, frá 1970 til 1981. Þetta er ómaginn að mati braskaranna. En með aukinni vinnslu og skeleggri markaðssókn má auka verðmæti afurða sjávarútvegsins um gífurlegar upphæðir og bæta við fjölmörgum arðbærum störfum. Til þess að svo megi verða er lykilatriði að borga fólki í fiskvinnslunni miklu hærri laun og tryggja atvinnuöryggi þess. Hvað mundi starfslið Seðlabankans t. d., liðlega 100 manns, segja ef bankastjórar birtust einn daginn og sendu liðið burt án launa í viku eða nokkrar vikur eða mánuði, ef þeim þætti eitthvað dauflegt í stofnuninni, hvað þá ef það væri gert nokkrum sinnum á ári? Um það þarf ekki að spyrja. En við þetta þarf fiskvinnslufólkið að búa, fólkið sem skapar obbann af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þetta er óhæfa. Afturhaldssamir fiskvinnslumenn segja að vinnslan geti ekki greitt hærri laun. En ég segi: Vinnslan hefur miklu síður efni á að borga svona lág laun því það þýðir það að vant fólk hverfur úr vinnslunni og sífellt nýtt og óvant fólk vinnur þessi störf. Raunar fer því fólki fækkandi sem vill vinna við fisk og er það að vonum.

Tveir ungir vel menntaðir menn í fiskvinnslufræðum hafa reiknað út framlegð úr einum togarafarmi annars vegar með óvant fólk við störf og hins vegar þaulvant. Útkoman var sú að í fyrra tilfellinu var framlegðin 40 þús. kr. en í hinu 1.4 millj. kr. Engin ein aðgerð er hagkvæmari fiskvinnslunni en sú að greiða hærri laun. Af því leiðir meiri afköst, betri nýtingu, meiri gæði og unnt að vinna í langtum dýrari pakkningar og ná langtum meiri tekjum fyrir afurðirnar.

Herra forseti. Fólk streymir nú sem aldrei fyrr frá landsbyggðinni til Reykjavíkursvæðisins. Frjálshyggjustefnan, sem nú er orðin kjarnaatriði í pólitík Framsfl., hrekur fólkið suður. Stjórnin hefur engin úrræði í þeim efnum. Sýndartillögur í byggðamálum, sem byggðar eru á þrískiptingu Framkvæmdastofnunar, eru engin lausn. Það er heldur engin lausn að reyna að dusta rykið af byggðastefnunni með nýjum og vitlausum frumvörpum. Eina lausnin fyrir landsbyggðarfólk er að treysta undirstöðuatvinnuvegina í landinu í stað þess að svelta þá. Með því einu getur byggðajafnvægi náðst. — Góða nótt.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það verður ekki undan skaparanum kvartað, veðurguðunum eða náttúruvættunum, þegar erfiðleikar yfirstandandi árs og síðustu missera verða raktir til uppruna síns. Tíðarfar hefur verið gott, jafnvel með eindæmum gott í sumum landshlutum, gæftir eftir því og afrakstur lands og sjávar með hagstæðasta móti. Það skyldi því einhver ætla að þessari bændaþjóð og fiskimanna liði vel. Hér væri uppgangur og velsæld og ekki síst það fólk sem að framleiðslunni stendur lifði velsældartíma. En reyndin er önnur. Kjör þessa fólks sem og alls almenns launafólks hafa stórversnað. Fólksflótti er úr þeim greinum sem standa undir verðmætasköpun þjóðarinnar. Eigið fé í þeim atvinnurekstri er að brenna upp og skollin er á ný holskefla byggðaröskunar. Og allt þetta er að gerast þrátt fyrir það að ýmsar ytri aðstæður séu með hagstæðasta móti eins og áður var rakið.

En féllu ekki þjóðartekjur? spyrja menn. Svarið er nei. Þvert ofan í falsspár um annað jukust þjóðartekjur á síðasta ári um 2.7%.

En varð ekki aflabrestur? spyrja menn. Nei. Þrátt fyrir nokkurn samdrátt í fiskveiðum varð heildarverðmæti sjávarafla með því mesta í sögunni á síðasta ári.

En hverju má það þá sæta, spyrja menn, að mitt í góðæri rambi sjávarútvegur og landbúnaður á barmi gjaldþrots, byggðaröskun sé stórfelld og fólkið flýi úr

störfum í mörgum þeim starfsgreinum sem leggja efnahagslegan og velferðarlegan grunn að samfélagi okkar? Skýringarnar eru nærtækar. Framsóknarfrjálshyggjan með sinni mannfjandsamlegu láglaunastefnu, okurvöxtum og dekri við fjármagnseigendur og gróðapunga er skýringin. Stjórnin þjarmar að framleiðslugreinum, að bændum og sjómönnum, að verkafólki kaupstaðanna, að fiskvinnslufólkinu, að fóstrum o. s. frv. til þess að geta alið betur gæðinga sína, hvort sem þeir vinna fyrir stóriðjunefnd, stunda innflutning á kaffibaunum, byggja bankahallir eða verslanir.

Góðir áheyrendur. Það gefst því miður ekki tími hér til að skamma þessa ríkisstjórn eins og vert væri og skylt. Til þess þyrfti ég þennan eldhúsdag allan að segja það eitt sem ég teldi maklegt um undirlægjuhátt Geirs Hallgrímssonar og þjónustulund við vígbúnaðaröflin. Þeim mun meir sem sómi hans vex í klúbbum afturhaldsins úti í heimi minnkar hann í mínum augum.

Eða þá um loforð, svik og aumingjaskap húsnæðismálaráðherrans og sjálfstæðismanna í húsnæðismálum. Ástandi húsnæðismála verður best lýst með því að fólkið í landinu hefur orðið að stofna samtök til varnar sér gegn stjórnarstefnunni. En örfá orð ætla ég að láta hér falla sérstaklega um framgöngu hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum undir forustu skörungsins hvassbrýnda, Jóns Helgasonar frá Seglbúðum.

Í landbúnaðinum er ástandið þannig að afkoma bænda hefur ekki verið verri um áratugi, ekki síðan í kreppunni miklu. Launaliðir í búrekstri hafa hrapað niður úr öllu valdi og skuldir bænda og reyndar einnig margra sölufyrirtækja þeirra hafa vaxið óhugnanlega. Ríkisstj. hefur jafnt og þétt dregið úr niðurgreiðslum, en það hefur samfara kjaraskerðingunni leitt til minni neyslu, nánast hruns á innanlandsmarkaði. Þannig er vegið í senn að neytendum og bændum. Neytendur þurfa að kaupa dýrari vöru, bændur selja minna af framleiðslu sinni.

Og hvernig bregst ríkisstj. við fjárhagsvanda bænda og skuldaaukningu, yfirvofandi gjaldþroti? Eða við vanda launafólks sem hefur ekki lengur efni á að kaupa þessar hollustu og brýnustu neysluvörur heimilanna? Hún gerir ekkert, ekkert nema að undirbúa á laun nýtt frv. um framleiðslu- og sölumál landbúnaðarins sem bóndinn Jón Helgason leggur svo fram í sauðburðarbyrjun af tillitssemi við bændur. Það vekur óneitanlega athygli að þeir framsóknarmenn hafa ekki pláss fyrir landbrh. í ræðumannahópi sínum. Hann fær ekki einu sinni tvær mínútur til þess að kynna hér málið fyrir þeim sem það varðar. Gallað og illa undirbúið frv. velkist nú hér í þinginu eftir ámælisverða málsmeðferð af hálfu hæstv. ríkisstj. Örlagaríkt mál fyrir bændur og neytendur, fyrir landsbyggð og þéttbýli, fyrir iðnað og þjónustu er olnbogað hér í gegnum þingið án minnstu viðleitni til að leita sátta og skapa jákvæða afstöðu þeirra sem eiga að lifa og starfa og njóta á grundvelli þessara laga. Og landbrh. er í fríi í kvöld.

Þá er rétt að skoða ofurlítið ástandið í byggðamálum þegar Framsfl. á ekki aðeins landbrh. og sjútvrh. í ríkisstj. heldur forsrh. líka. Og hvernig er ástandið? Það er hliðstætt eða verra en það var á svörtustu árum viðreisnar. Stjórnin er úrræðalaus og dettur það helst í hug að skipta um nafn á Framkvæmdastofnun. Við, þm. Alþb., höfum flutt tillögur um róttækar aðgerðir í byggðamálum til að snúa þessari óheillaþróun við. Liður í því er að dreifa þjónustustofnunum út um landið. Við höfum m. a. lagt til að fyrstu skref verði stigin með því að staðsetja Byggðastofnun eða væntanlegt þróunarfélag á Akureyri. Atkvæðagreiðslur um þau mál hér á Alþingi næstu daga verða prófsteinn á raunverulegan vilja stjórnarliða í þessu efni, ekki síst framsóknarmanna, sem eru mikið fyrir hátíðlegt málróf í þessum efnum. Nú gefst þeim tækifæri til aðgerða.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar með sína ellefu ráðherra, tíu sitjandi og einn standandi, talar mikið um þjóðarsátt. En hver er sú sáttargjörð sem hún býður þjóð sinni? Það er sátt um vaxandi launamisrétti. Það er sátt um Singapore-kjör, um vaxtaokur, um byggðaröskun, um gjaldþrot í sjávarútvegi og landbúnaði, um frelsi hinna ríku til að græða en hinna lakar settu til að fórna, um aukinn vígbúnað og útþenslu hernámsins og þjónkun við vitfirringu vígbúnaðarkapphlaupsins, um sjúklingaskatta. Það er t. d. sátt um sjúklingaskatta. Og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar býður þjóð sinni sátt um bílamál bankastjóra og ráðherra og stóriðjunefndarlaun þm. og seðlabankastjórans á sama tíma og þeir segja að þjóðarbúið þoli ekki hækkun á lágmarkslaunum verkafólks. Slíkri sáttargjörð hlýtur og verður íslenska þjóðin að hafna. Í einum flokki og aðeins einum flokki eiga íslenskir vinstri menn og félagshyggjufólk þá brjóstvörn sem eitthvað dugar gegn kjaraskerðingar- og hermangsflokkunum. Þess skulu menn minnast og einmitt nú þegar yfir gengur svæsin óhróðursherferð afturhaldsins gegn Alþb. Þið heyrðuð hvað Þorsteinn Pálsson, hinn stóllausi, talaði um hér áðan. Hann talaði um Alþb. og Þjóðviljann, um Þjóðviljann og Alþb. Afturhaldið veit hvaðan því er mest hætta búin.

Landar mínir góðir. Við skulum ekki fara að hafa þessa forheimskutilraun frjálshyggjuofstækisins með efnahagslega og félagslega velferð íslensku þjóðarinnar öllu lengri. Tvö ár eru reyndar meira en nóg. — Góðar nætur og gleðilegt sumar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eftir ótrúlega mildan vetur og vinalegt vor erum við senn komin að sumarsólstöðum og þingi ekki lokið. Það lengsta í manna minnum. Nú mun þó liðið nær lokaspretti og þingstörf einkennast sannarlega af hitasóttarkenndum afkastaham. Sá telst góður sem heldur þræði og rænu milli funda, mála eða ákvarðana, svo hröð er atburðarásin. Þó er hér tekist á um stóru málin, þau sem helst þyrfti að vanda. Samt virðast ríkja hér þau vinnubrögð sem of lengi hafa ráðið í útflutningsatvinnuvegum okkar. Það er spurt um magn en ekki gæði. Og öll vitum við hve afdrifaríkt slíkt vinnulag hefur reynst. Því er mál að linni og menn láti af metnaði sínum, því að verri eru ólög en engin lög.

Ekki mundi mér mislíka það þótt þm. sætu almennt lengur á þingi en nú er, svo fremi þeir töpuðu ekki tengslum við þjóðlífið. Það skiptir nefnilega meginmáli að hér starfi þeir sem bera skynbragð á þarfir þjóðfélagsins og einstaklinganna sem það byggja. Og ég velti því fyrir mér í annríki dagsins, fulltrúar hverra eru þeir sem hafa mestu ráðið um gang mála á þessu þingi? Getur það verið að meiri hluti þjóðarinnar sætti sig við það verðmætamat sem þar hefur oftast ráðið ferðum? Mér gengur svo dæmalaust illa að trúa því. Er það í raun ríkjandi vilji þjóðarinnar að þeir sem gæta mestra

fjármuna skuli fá fyrir það margföld laun þeirra sem gæta lítilla barna? Er það vilji þjóðarinnar að veita mæðrum ekki lengra fæðingarorlof en þrjá mánuði? Er það vilji þjóðarinnar að tryggja ekki börnum sínum örugga umönnun og samfelldan skóladag meðan foreldrar þeirra verða að vinna fyrir framfærslu heimilanna? Er það vilji þjóðarinnar að til kennarastarfa fáist einungis þeir sem ekki eiga á öðru völ?

Umhverfisverndarmenn og aðrir óttast með réttu um egg og afkomu ránfugla þessa dagana. En það eru fleiri egg í hættu. Hver eru fjöregg þín, íslenska þjóð, og hvernig viltu gæta þeirra á öllum árum hinnar íslensku ætsku?

„Ég á engin börn," sagði einhleypur maður á förnum vegi um daginn. „Hvers vegna á ég að borga til að sjá fyrir annarra manna börnum? Hvað er þetta fólk að hlaða niður börnum og hendir þeim svo frá sér inn á stofnanir? Svo á ég að borga." Hann hafði lagt fyrir fé til ellinnar en það brann upp í verðbólgubálinu. Nú óttast hann öryggisleysi hinna öldruðu því að hann veit í hve fá hús þeir eiga að venda. Hann er heldur ekki alveg heilsuhraustur, með skerta starfsorku og veit að hlutskipti öryrkjans er litlu betra en hins aldraða.

Það hefur löngum verið mönnum gefið að eiga sér draum. Og í annríki dagsins velti ég því fyrir mér hverjir draumar bærast með íslenskri þjóð. Eru það þröngir eiginhagsmunadraumar lítilla sanda og lítilla sæva eða örlátir og metnaðarfullir draumar þar sem okkur er öllum ætlað að vera með og njóta lífsins? Mér finnst ekki nóg að fylgja ríkjandi hefð og skammast endalaust út í ráðherrana og stjórnarmeirihlutann ef þeir eru í raun dyggilega studdir af fólki sem er fyllilega sátt við ráðagerðir þeirra. Fólki sem heldur að kennarar vinni létt starf og löðurmannlegt, slæpist á sumrin og séu líklega ofborgaðir. Fólki sem heldur að enginn vilji leigja húsnæði, það hljóti að vera einhver aumingjaskapur að geta ekki eða vilja ekki kaupa húsnæði. Nú, og þeir sem kaupa verði síðan að yrkja sínar drápur í steypu, fara í gegnum hefðbundnar þrengingar, duga eða drepast eins og forfeður þeirra á undan þeim, alveg án tillits til gerbreyttra efnahagsaðstæðna. Fólk sem man ekki lengur á hverju það lifir og gleymir því að borga mannsæmandi laun fyrir fiskvinnslu og tryggja rekstur þess atvinnuvegar sem ber uppi lífskjör þess. Það er ekki nóg að skammast út í stjórnmálamennina þó að þeim séu mislagðar hendur. Þeir eru hér ekki fyrst og fremst á sínum eigin vegum heldur sem erindrekar þess fólks sem kaus þá.

Ég lít á feril þessarar stjórnar, úrræðaleysi hennar vegna innri togstreitu og ósamkomulags, hversu hart hún hefur gengið að mörgum og þrengt kjör þeirra af óréttlæti, og trúi ekki mínum eigin augum þegar ég les síðan niðurstöður skoðanakannana um fylgi stjórnarinnar. Er það í raun og veru svona sem flestir vilja hafa það? Er raunin sú að flestir hafa það ágætt og þeim er sama hvað verður um hina? Því trúi ég ekki. Er það e. t. v. vænlegast að andæfa ekki ríkjandi skipulagi, vera hlýðinn og taka því sem það réttir manni, hvort sem það eru margföld mánaðarlaun eða réttindalítil láglaunastaða? Nei, reyndin er sú, að það eru æ fleiri sem sætta sig ekki við orðinn hlut, vilja breytingu á þjóðfélaginu og vilja sjálfir eiga beinan þátt í því að framkvæma hana. Treysta ekki lengur hefðbundnum fulltrúum.

Kvennaframboð og Kvennalisti, Bandalag jafnaðarmanna, Flokkur mannsins, Áhugahópur um úrbætur í húsnæðismálum, Búseti og nú síðast Lögvernd eru allt dæmi um ákveðna þróun í þjóðfélaginu, viðleitni einstaklinga og hópa til að fara ótroðnar slóðir til að verða virkari í mótun samfélagsins og verja hagsmuni sína. Þessari þróun er ekki hægt að líta fram hjá. Hún táknar vaxandi óánægju með ríkjandi skipulag, löngun til að leita nýrra leiða við að reka mál sín, því að betri farveg vantar.

Hvers vegna gefa stjórnmálamenn þessa mynd af sér, munnhöggvast reiðir með skömmum og úthúða hver öðrum, finna hver öðrum allt til foráttu? Ekki lætur venjulegt fólk svona í þjóðlífinu þegar það er að reyna að leysa mál sín. Flestir halda auðvitað að þarna séu á ferð hatrammir óvinir, sem varla geti heilsast, þó að í raun sé um að ræða vinnufélaga, sem oftast geta unnið saman, þótt þeir séu á öndverðum meiði. Eru og þurfa stjórnmálamenn að vera skylmingaþrælar til þess að geta af heilindum talist verðugir málsvarar? Ég segi nei. Lýðræðið hlýtur að eiga aðra kosti og þeir hljóta að þjóðast okkur öllum.

Það er ekki bara kvenfrelsisbarátta síðustu ára sem hefur kallað konur út á vinnumarkaðinn. Vaxandi fjöldi kvenna verður að leita sér vinnu, ýmist sem einu fyrirvinnur heimila sinna eða í búskap með öðrum. Reyndar hafa konur löngum verið á vinnumarkaðinum og stóðu að mestu undir þeirri vinnslu vaðmáls og fiskjar sem var aðalútflutningsvara Íslendinga um margra alda skeið. En nú er þjóðfélagið bæði breyttara og fjölbreyttara. Heimilin eru ekki lengur sú félagslega eining sem áður myndaði stoð og athvarf fyrir nokkuð stóran hóp einstaklinga. Fámenn kjarnafjölskyldan þarf að spjara sig upp á eigin spýtur. Starfsval er að vísu meira, en engu að síður byggja heilar atvinnu- og þjónustugreinar á vinnuframlagi kvenna eins og áður.

Hvað yrði t. d. um fiskvinnsluna og heilbrigðisþjónustuna ef allar konur hyrfu þaðan? Konur hafa reynt það að eigin samtakamáttur er sterkasta hreyfiaflið sem dugar til að þoka málum þeirra áleiðis.

„Hvaða jafnréttisraus er þetta," sagði karlinn, „eins og það sé ekki jafnrétti á Íslandi?"

Það kemur ekkert jafnrétti upp úr launaumslögunum þegar karlar fá 53% hærri laun en konur að meðaltali á ársverk. „Ef þið viljið jafnrétti, því eru þá ekki konur í byggingarvinnu og til sjós?" sagði annar karl. Það er einmitt mergurinn málsins, að konan fái að njóta jafnréttis á við karla en fái jafnframt að vera kona með þeim eiginleikum sem því fylgja, með þeirri lífsreynslu og því verðmætamati sem hefðbundin störf kvenna færa. Enn fremur að þau launuð störf sem konur almennt vinna og eru nánast framhald af þeim störfum sem þær vinna launalaust inni á heimilum sínum séu endurmetin og látin njóta sannmælis en ekki tekin sem sjálfsögð þjónusta. Hvers vegna skyldi kona þurfa að fara í byggingarvinnu til að njóta jafnréttis? Að sjálfsögðu ber að gera starfsval fjölbreyttara fyrir bæði kynin og eyða fordómum þannig að hver geti valið það sem hugur stendur til. Hitt er jafnmikilvægt að kynhlutverk, eiginleikar og störf beggja kynja séu metin jafnrétthá.

Konum hefur gengið illa að fá hljómgrunn og brautargengi innan hefðbundinna stjórnmálaflokka eins og hin dræma þátttaka þeirra í stjórnsýslu hefur sýnt. Jafnframt finnst mörgum konum leikreglur og

vinnulag karla framandi og fráhrindandi en njóta sín betur og sækja meira sjálfstraust og tjáningarfrelsi í kvennahreyfingar. Þannig eiga þær oft auðveldara með að verða marktækar á eigin forsendum.

Sú skylmingahefð sem lengi hefur ríkt á vettvangi karla, ýmist í leik eða af alvöru, hefur m. a. sett mark sitt á alþjóðasamskipti. Nú er svo komið að heimsbyggðinni allri er ógnað af vígbúnaði sem hefur stigmagnast að því er virðist óviðráðanlega eins og í martröð án þess að nokkur maður hafi viðurkennt að hann hafi viljað það. Enn ætla menn að sporðreisa hið viðkvæma jafnvægi vígbúnaðarkapphlaupsins með því að sperra ósamkomulag sitt út í geiminn. Hærra, minn guð, til þín. Konur hafa ekki verið með í ráðum til að móta þann heim sem við byggjum og sá kvenleiki sem þeim er eiginlegur en býr í okkur öllum, konum jafnt sem körlum, hefur verið lítils virtur sem mótandi afl. Þeir hæfileikar sem karlar hafa til að sinna svonefndum mjúku gildum eða lífinu hafa almennt verið allt of vanræktir. Dönsk skáldkona hefur sagt að hið nýja mæðraveldi muni leysa vandamál heimsins vegna þess að umhyggjan fyrir einstaklingunum verður þar ráðandi og hið nýja mæðraveldi kemst ekki á fyrr en við öll ræktum þessa hæfileika með okkur, verðum mæður í þeim skilningi að við sýnum þessa umhyggju burtséð frá kynferði okkar og aldri. Konur eru ekki óvinir karla, en þær vilja fá að ráða nútíðinni og framtíðinni til jafns við þá. Þær eiga erindi í stjórnsýslu, ekki einungis til að leita réttar síns heldur einnig vegna þess að þær hafa svo fjarskalega margt verðmætt til málanna að leggja.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir og gleðilegt sumar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er mesti misskilningur hjá þeim hv. þm. sem hér talaði áðan, Steingrími J. Sigfússyni, að núverandi ríkisstj. stafi mest hættan af Alþb. Núverandi ríkisstj. stafar ekki hætta af 10% flokki eins og Alþb. nú er og fer sífellt minnkandi. Núverandi ríkisstj. stafar fyrst og fremst hætta af því sóknarafli og þeim sóknarþunga sem mun skila sér með hinni sterku stöðu Alþfl. eins og hún er nú og mun eflast á næstu vikum og mánuðum. Þar er það afl sem mun skila sér til þess að breyta íslensku stjórnmálalífi og stjórnmálastarfi.

Herra forseti. Hverjir eiga Ísland? Undir þessari yfirskrift hefur Alþfl. og formaður hans fundað með þúsundum Íslendinga undanfarna mánuði víðs vegar um landið. Og þó spurningin virðist við fyrstu sýn sakleysisleg verður hún æ ágengari eftir því sem málið er betur skoðað. Og hver er ástæðan? Jú, hún er sú að búið er að veðsetja erlendum lánardrottnum 64% af árlegri þjóðarframleiðslu Íslendinga. Og enn heldur ríkisstj. áfram á þessari braut. Í ár á að bæta við erlendum lántökum upp á 10 milljarða kr. Þessi stefna ríkisstj. varðandi erlendar lántökur er svo alvarlegur leikur að fjöreggi og sjálfstæði þjóðarinnar að með ólíkindum er að menn sem teljast eiga með fullu viti skuli leyfa sér slíkt. Eða haldið þið, góðir hlustendur, að heimilisfaðir sem búinn væri að festa 60—70% af mánaðartekjum heimilisins vegna skulda héldi áfram að taka lán og veðsetja? Auðvitað ekki. Gerði einhver slíkt væri hann talinn meira en lítið klikkaður á því sviði. Og auðvitað á hið sama við um ríkisstj. og stuðningslið hennar að því er þetta varðar.

Um þessar mundir eiga ráðherrarnir tíu tveggja ára afmæli. Og þó að það séu út af fyrir sig engin sérstök tímamót skulum við skoða ferilinn hjá þeim tímenningum. Milli stjórnarflokkanna og innan hvors þeirra um sig er hver höndin upp á móti annarri og enginn veit hvað ofan á verður á degi hverjum. Þetta sést best á því að stjfrv., sem búið er að ræða svo mánuðum skiptir innan stjórnarflokkanna, verða rifrildismál milli þeirra þegar þau eru komin hér inn í þingið og ásakanir og brigsl ganga á víxl. Ástandið hér í þingsölum undanfarnar vikur ber þessu glöggt vitni. Frá því um miðjan apríl munu hafa verið lögð fram hér á Alþingi um 30 stjfrv. Sum þeirra er stjórnarflokkarnir búnir að ræða í allan vetur. Við skulum taka dæmi. Landbrh. Framsfl. hefur lagt fram stjfrv. um landbúnaðarmál. Þingflokkur Sjálfstfl. krefst þess að það verði samþykkt. Flokksbræður landbrh. hóta að stöðva málið og núna á þessari stundu er þingflokkur Framsfl. einmitt að fjalla um þetta mikilvæga mál.

Svona mætti fleiri dæmi nefna um ástandið á stjórnarheimilinu. Er nema von að almenningi í landinu blöskri það háttalag sem ríkisstj. og hennar lið hér á Alþingi hefur uppi varðandi málatilbúnað?

En vilt þú ekki, hlustandi góður, skyggnast með mér í nokkur atriði af afrekaskrá þessara tveggja ára gömlu ráðherra? Á þessum tveimur árum er búið að taka úr launaumslögum hins vinnandi manns 8—9 milljarða kr. Hundruð láglaunaheimila í landinu búa nú við örvinglan og eygja ekki von út úr þeim ógöngum og vanda sem stjórnarstefnan hefur leitt yfir þau. 20 þúsund nauðungaruppboð á íbúðum á s. l. ári á sama tíma og Stigahlíðarauðurinn vex. Búið er að koma sjávarútvegi og fiskvinnslu, þessari undirstöðuatvinnugrein landsmanna á vonarvöl. 1500 manns vantar nú til að frystihúsin séu eðlilega mönnuð. Þetta kostar a. m. k. einn milljarð kr. í verðmætatapi á ári. 30% færri vinna nú við fiskvinnslu en áður var. Á sama tíma blómstrar hér á Reykjavíkursvæðinu bankastarfsemi, verslunarstarfsemi, byggingarstarfsemi og nánast öll starfsemi sem flokkast undir þjónustu.

Bestu sjómennirnir yfirgefa flotann. Besta fiskvinnslufólkið gengur út úr frystihúsunum vegna lélegra kjara og öryggisleysis í atvinnu. Upp hefur verið tekið nú í tvö ár rússneskt alræðisvald í stjórnun fiskveiða. Sjálfstfl., flokkur einkaframtaks og einstaklingsfrelsis, hefur veitt einum framsóknarráðherra alræðisvald yfir stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu. Var það þetta sem frambjóðendur Sjálfstfl. lofuðu fyrir kosningar? Og nú spyr ég ykkur, vestfirskir trillubátasjómenn, þegar framsóknarráðherrann meinar ykkur að draga fisk úr sjó yfir hábjargræðistímann og beitir ykkur óréttlæti: Var það þetta sem þeir Steingrímur og Matthías lofuðu ykkur fyrir kosningar?

Landið er að sporðreisast. Fólksflóttinn frá landsbyggðinni og úr framleiðslugreinunum á Reykjavíkursvæðið í þjónustugreinarnar er brostinn á. Á það horfa ráðherrarnir tveggja ára ráðalausir, hreyfa ekki hönd né fót til varnar. Var ykkur ekki lofað þessu, góðir tilheyrendur?

Spillingin eykst og óréttlætið hefur vaxið. Má minna á bílapeninga bankastjóra, eða nefndi einhver nefndarþóknun álkarlanna? Er það ekki sambærilegt við það sem Sóknarkonan með 14 þús. kr. mánaðarkaupið fær? Og hefur ekki eitthvað svipað verið rétt að ykkur sem í

fiskinum vinnið eða að ykkur, sjómenn? Munið þið, góðir tilheyrendur, eftir fréttunum í Nútímanum, blaðinu hans Steingríms Hermannssonar, í nóvember s. l. þar sem spurt var: Hver er huldumaðurinn? Hann er tekjulaus en á eignir upp á 35 millj. kr. Ein hjón eiga í sameiningu skuldlausar eignir fyrir 65 millj. kr.

Þetta er afrekaskrá ríkisstj. Var einhver að tala um óréttlæti í þessu þjóðfélagi? Hvað finnst ykkur, góðir launþegar?

Finnst þér, hlustandi góður, í ljósi þess sem við höfum nú skoðað sameiginlega að ráðherrarnir tveggja ára hafi stjórnað réttlátlega, staðið við kosningaloforðin og séu áfram á vetur setjandi sem ráðherrar? Ég á von á því að þitt svar sé svipað og mitt, að sukkið og óréttlætið hafi vaxið. Í þessu landi búa nú tvær þjóðir. Önnur er Stigahlíðarþjóðin og hennar líkar sem sagt hafa sig úr lögum við fjöldann og búa við sín eigin lög. Hin þjóðin eru Sóknarkonur, fiskvinnslufólkið, sjómennirnir og aðrir launþegar sem skapa þjóðarauðinn, þann auð sem hinir lifa á, borgar skattana sem þeir eiga að borga, og hefur borgað fyrir þá eignirnar sem þeir hafa undir höndum. Og svo mætti áfram telja.

Spurningin er: Hvenær er mælirinn fullur? Hvenær lýstur þessum andstæðu fylkingum saman? Hvenær segir hinn kúgaði: Hingað og ekki lengra. Þessari spurningu ættu ráðherrarnir og þeirra lið að veita athygli og velta fyrir sér.

Alþfl. hefur harðlega gagnrýnt þessa stefnu og varað við henni og bent á aðrar og farsælli leiðir og flutt um það ítarleg frv. hér á Alþingi. En þó ríkisstj. skelli skollaeyrum við aðvörunum og málflutningi Alþfl., þá er fólkið í landinu farið að fylkja sér um stefnu og sjónarmið Alþfl. Það sýna skoðanakannanir undanfarið.

Núverandi stjórnarstefna og hið siðspillta spilavíti sem efnahagsstefnan hefur framkallað, þar sem óréttlætið og spillingin hrópar úr hverju horni, þjappar æ fleirum saman um þá róttæku umbóta- og hreinsunarstefnu sem Alþfl. boðar, enda ljóst að það er eina leiðin, eina stefnan sem getur leitt þjóðina út úr þeim ógöngum sem ríkisstjórnir undangenginna ára hafa yfir hana leitt.

Herra forseti. Launa- og kjaramál eru í brennidepli. Manst þú, launþegi góður, að á s. l. hausti var kaupið þitt hækkað með kjarasamningum um 24%? Er þér ljóst að nú er ekkert eftir af þeirri kauphækkun vegna stefnu ríkisstj.? Allar verðhækkanir sumarsins þýða að óbreyttu beina kaupmáttarskerðingu. Spurningin til þín er þessi: Viltu fara eins að nú í samningsgerð, sem þýðir enginn raunhæfur árangur? Viltu bíða og halda að þér höndum til hausts og horfa á kaupmáttinn hrapa enn frekar vegna stjórnarstefnunnar eða viltu hefjast handa strax og ná raunhæfum kjarabótum án kollsteypu?

Mitt svar er í fyrsta lagi: Það má einskis láta ófreistað til að ná samningum strax og koma þannig í veg fyrir frekara kaupmáttarhrap.

Í öðru lagi þarf að tryggja fiskvinnslufólki og þeim sem vinna að sjávarútvegi hærri laun og láglaunafólki frekari uppbætur og tryggja stöðu þeirra atvinnulega séð.

Í þriðja lagi, náist ekki samningar við atvinnurekendur um tryggingu kaupmáttar verður að krefjast þess af ríkisstj. að hún tryggi þann kaupmátt sem um semst. Þetta verður að ske og það sem allra fyrst.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þessari útvarpsumræðu er nú að ljúka. Hún hefur einkennst sem jafnan af hinu dæmalausa lýðskrumi stjórnarandstæðinga, svo ekki sé talað um þá skinhelgi sem svo ríkjandi hefur verið í málflutningi þeirra hin síðustu misseri. Og þar skilja nýju flokkarnir tveir, Bandalag jafnaðarmanna og Kvennalisti, sig ekkert frá hinum, Alþfl. og Alþb.

Í þessari umræðu hefur þó enginn stjórnarandstæðingur glamrað sem hv. þm. Svavar Gestsson. Geðvonskan sem svo mjög hefur hrjáð hann að undanförnu á sér auðvitað þá einföldu skýringu að undir hans stjórn á Alþb. er það að klofna. Samkvæmt síðustu skoðanakönnun fengju þeir nú 6 þm. af 63. Bættur sé skaðinn.

Hv. þm. Svavar Gestsson lét að því liggja í ræðu sinni hér áðan að þeir sem aðhyllast frjálshyggju vilji gefa verslun með fíkniefni og eiturlyf frjálsa. Svona málflutningur er formanni Alþb. til ævarandi skammar.

Hvað höfðu hv. stjórnarandstæðingar fram að færa til lausnar þeim vandamálum sem Íslendingar standa nú frammi fyrir? Ekkert. Nákvæmlega ekkert nema þá það að koma þyrfti þessari ríkisstj. frá. Jú, Kvennalistakonur kveina yfir misréttinu sem þær eru beittar. E. t. v. eru það ekki þær sjálfar heldur einhverjar aðrar. Og svo vilja þær bætta ferðamannaþjónustu af því að sú grein veitir svo mörgum konum atvinnu. Ekki svo slæm tillaga, enda í fullum gangi hjá ríkisstj. Bandalag jafnaðarmanna ætlar að leysa vandann með því að gera landið að einu kjördæmi og kjósa forsrh. beinni kosningu, afnema þingræðið. Þetta eru úrræði nýju flokkanna. Úrræði hinna þekkjum við frá fyrri tíð. Það þykir sjálfsagt ekki við hæfi að ég spyrji hvað ráði þessum málflutningi þar sem ég er hér síðasti ræðumaður. En bæði er það, að ræðuhöldum lýkur ekki á þinginu með þessari umræðu, og svo hitt, að allir vita í raun svarið, sem er einfaldlega það að allt telur stjórnarandstaðan sér leyfilegt sem valdið getur ríkisstj. erfiðleikum. Og ekkert er nefnt af því sem vel hefur verið gert, aðeins nöldrað.

Ekki dettur mér þó í hug að halda því fram að í starfi hæstv. núv. ríkisstj. hafi ekkert mistekist eða þá að allt sé það framkvæmt sem ætlað var við myndun stjórnarinnar. En á því eru skýringar.

Í fyrsta lagi er kjörtímabil aðeins hálfnað og þegar af þeirri ástæðu er ljóst að ekki hefur unnist tími til að koma í framkvæmd þeim umbótum öllum, einkum í efnahagsmálum og stjórnkerfinu, sem að er stefnt.

Í öðru lagi ber að viðurkenna að lengri tími hefur farið í undirbúning og afgreiðslu ýmissa frv., bæði hjá ríkisstj. og stjórnarflokkum, en ætlað var. En margt hefur áunnist á aðeins tveimur árum. Ég nefni örfá atriði.

Beinir skattar hafa lækkað um yfir 1 milljarð kr. Þar er um að ræða tekjuskatt, erfðafjárskatt, sérstaka lækkun skatts til sjómanna og niðurfellingu skatta þegar skattþegn hættir störfum. Þá hefur einnig orðið veruleg lækkun óbeinna skatta, þrátt fyrir nýákveðna hækkun söluskatts um 1% til að mæta vanda húsbyggjenda. Ég er ekki aðdáandi skattahækkana í neinu formi og það er raunar enginn af þm. Sjálfstfl., en þegar slíkan vanda verður að leysa, sem hér hefur orðið, tökum við á því máli með raunhæfum hætti. Um erlendar lántökur er

ekki frekar að ræða. Það er liðin tíð, eins og formaður Sjálfstfl. tók skýrt fram hér í ræðu sinni í kvöld.

En meira um það sem vel hefur verið gert á valdatíma þessarar ríkisstj. Í upphafi voru ýmis fyrirheit gefin um breytingar og nýskipan á sviði viðskiptamála. Margt er þegar komið í höfn. Má þar nefna frjálsa verðmyndun sem nú er komin til framkvæmda á öllum almennum verslunarvörum nema landbúnaðarvörum. Slíkt frjálsræði í verðlagsmálum hefur ekki ríkt hér á landi áður. Hámarksverð gildir þó áfram á tilteknum vörutegundum og þjónustu, þótt ákvæði um hámark álagningar hafi verið felld niður. Hin nýja skipan um frjálsa verðmyndun hefur leitt til þess að verð hefur lækkað á mörgum vörutegundum og þegar á heildina er litið hafa vörur með frjálsri verðmyndun hækkað minna en almennt verðlag. Þetta sýna skýrslur Verðlagsstofnunar svo að ekki verður vefengt. Hömlur á gjaldeyrisviðskiptum hafa verið stórminnkaðar, reglur um notkun greiðslukorta rýmkaðar, útflutningur iðnaðarvara ekki lengur háður leyfum ráðuneytis, reglur um eignayfirfærslu til útlanda rýmkaðar og fleira mætti telja á þessu sviði, svo sem eins og endurskoðun bankalöggjafar sem nú er til lokaafgreiðslu hér á Alþingi.

Á sviði iðnrh. hafa mörg og merkileg verk verið unnin. Samkomulag hefur orðið í deilunni við Alusuisse og hefur það í för með sér stórhækkun raforkuverðs til ÍSALs. Sjóðakerfi iðnaðarins hefur verið einfaldað. Ítarleg úttekt hefur farið fram á rekstri og hagkvæmni ríkisfyrirtækja sem leitt hefur til stórfellds sparnaðar. Endurskipulögð hafa verið ýmis fyrirtæki sem ríkið á eða á hlutdeild í og sum hafa verið seld og færð í hendur einstaklinga og félaga. Orkuspafnaðarátak hefur leitt til jöfnunar húshitunarkostnaðar með tilliti til mismunandi orkunýtingar húsa.

Frá því að ríkisstj. var mynduð hefur þess verið gætt að hækkun ellilífeyris og annarra bóta komi til framkvæmda jafnskjótt og launataxtar hafa hækkað og jafnan hefur hækkun bótanna verið meiri en hækkun launataxta. Hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar hefur verið umfram þær lögboðnu hækkanir sem almannatryggingalög frá 1971 gera ráð fyrir. Samt er í sífbylju tönnlast á því að núv. ríkisstj. sýni öldruðum og öryrkjum sérstakan fjandskap, síðast nú í þessari umræðu af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar hefur verið lækkað úr 55% í 45% og svokallað frítekjumark hækkað verulega. Þetta þýðir að mun fleiri ellilífeyrisþegar fá tekjutryggingu en áður og heildarbætur eru mun hærri en verið hefði að óbreyttum lögum. Núv. ríkisstj. hefur því, auk þess að breyta lögum þannig að verulega fjölgaði þeim lífeyrisþegum sem tekjutryggingar njóta, en tekjutrygging er um það bil tvöfaldur lífeyrir, einnig aukið bætur þeirra verst settu umfram það sem verið hefði ef ríkisstj. hefði ekki haft forgöngu um breytingar á lögum á s. l. ári. Aldrei hefur hærra hlutfall af þjóðartekjum farið til almannatrygginga en nú. Bætur hafa verið hækkaðar níu sinnum frá því að ríkisstj. tók við og ávallt mest fyrir þá verst settu.

Fátt skiptir íbúa þessa lands meira máli en samgöngur. Fjárfesting í vegagerð er í mörgum tilvikum einn arðbærasti kostur sem við eigum völ á. Kemur þar margt til þó hæst beri öryggismál og hagkvæmni flutninga og minna slit á bifreiðum. Auk þess er hér um að ræða eitt mikilvægasta byggðamálið. Því hefur verið lögð á það áhersla að gefa sem minnst eftir á því sviði þrátt fyrir efnahagslegar þrengingar. Meginstefnan hefur verið sú að ná markmiðum um langtímaáætlun í vegagerð. Eins og öllum má vera kunnugt hefur aukin áhersla verið lögð á bundin slitlög síðustu árin og í fyrra náðist að leggja á um 163 km vega og er það lengra en nokkru sinni fyrr.

Herra forseti. Ég sagði fyrr í ræðu minni að ekki hefði allt það verið gert sem ætlað var við myndun ríkisstj. og auðvitað má ýmislegt betur fara. Staða sjávarútvegs veldur t. d. miklum áhyggjum. Á því sviði hefðum við viljað sjá markvissari aðgerðir sem rennt hefðu stoðum undir hinn veika grunn sem útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki standa á. En þar er ekki við stjórnvöld ein að sakast. Fjárfestingar á liðnum árum hafa ekki alltaf orðið af mikilli fyrirhyggju. Þegar af braut hinna reglubundnu gengisfellinga er gengið og menn þurfa að greiða lán sín með jafngildi þeirra peninga er þeir fengu bregður ýmsum við. Aðlögunartíminn verður mörgum þungur í skauti og sumir geta ekki staðið í skilum. En það er vissulega sárt til þess að vita þegar mætir og duglegir menn missa eigur sínar vegna rangrar stjórnarstefnu sem hér hefur verið rekin í tíð fyrri ríkisstjórna. Það er næsta verkefni þessarar ríkisstj. að styrkja grunninn undir sjávarútvegi og fiskiðnaði.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu. Tími gefst ekki til að ræða þá margháttuðu löggjöf sem nú er til meðferðar hér í þinginu og á lokastigi. Ég á þar við frumvörp um Byggðastofnun, Framkvæmdasjóð og þróunarfélag, frumvörp um nýskipan fjárfestingarlánasjóða, frumvörp um viðskiptabanka og sparisjóði, frv. til nýrra útvarpslaga og síðast en ekki síst frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Framtíð þessarar ríkisstj. byggist mjög á því hver afdrif þessara frumvarpa verða. — Góða nótt.

Efri deild, 96. fundur.

Miðvikudaginn 12. júní, kl. 2 miðdegis.

Stálvölsunarverksmiðja, frv. 236. mál (þskj. 1231). — 3. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kom fram fsp. til mín um hvað mundi líða þeim ábyrgðum sem fallið hafa á Ríkisábyrgðasjóð á liðnum árum. Ég hef aflað þessara upplýsinga. Raunar eru þær líka birtar í ársskýrslum Seðlabanka Íslands.

Árið 1984 voru innleystar kröfur af Ríkisábyrgðasjóði upp á 248.1 millj., en endurgreiðslur voru 121.5, þannig að nettó féllu á sjóðinn 126.6 millj., en eins og menn vita heldur Ríkisábyrgðasjóður kröfunum auðvitað áfram á skuldarana þó að greiðslur falli á hann og reynir að innheimta það sem unnt er.

Árið 1983 voru innleystar kröfur af sjóðnum 193.1 millj., en endurgreiðslur 91.1, nettó 102 millj.

1982 eru innleystar kröfur 89.1 og endurgreiðslur 66.6 eða nettó 22.5 millj. kr.

Eins og ég gat um hefur mér ekki tekist að afla upplýsinga fyrir þetta ár. Það er ekki að fullu uppgert.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Nd.

Veitinga- og gististaðir, frv. 397. mál (þskj. 1222). — Ein umr.

Árni Johnsen: Herra forseti. Samgn. hv. Ed. hefur skoðað frv. eftir afgreiðslu í Nd. og þykir reyndar að það sé ekki til sérlegra bóta sem gert hefur verið í breytingum þar, en mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1256).

Sérstök fjáröflun vegna húsnæðismála, frv. 525. mál (þskj. 1108). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1255).

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frv. 480. mál (þskj. 1168). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1257).

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 907, n. 1203, 1209, 1223 og 1227, 1204, 1208, 1224 og 1226). — Frh. 2. umr.

Frsm. 4. minni hl. (Eiður Guðnason) (frh.): Herra forseti. Mér hefði ekki þótt verra ef hæstv. menntmrh. hefði séð sér fært að vera viðstödd hér í Ed. **(Forseti:** Það er verið að gera henni viðvart.) þegar þessi umr. fer fram.

Ég var þar kominn í máli mínu í gær, herra forseti, að ég var að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef, ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni flutt við frv. til útvarpslaga og ég hafði aðeins gert grein fyrir einni till., þeirri fyrstu á þskj. 1208. Hún er við 3. gr., 7. tölulið, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði."

Nú er það svo að þessi setning er algerlega merkingarlaus eins og hún stendur hér í frv. og verður ekki skilin. Hún er merkingarlaus og hún er óskiljanleg. Hvað eru lög? Lög eru samskiptareglur. Lög eru reglur um samskipti þegnanna í þjóðfélaginu. Þess vegna verða lög að vera þannig orðuð, skýrt og skilmerkilega, að það þurfi enginn að velkjast í vafa um hvað þau þýða.

Nú skora ég á hæstv. menntmrh., ég geri ráð fyrir að hún kveðji sér hljóðs við þessa umr., að skýra nákvæmlega hvað í þessari grein felst, 7. tölul., sem hljóðar svo:

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði."

Hver er munurinn á almennri dagskrárgerð og gerð einstakra dagskrárliða? Hvað er þetta? Til þess að gera þetta skýrara og freista þess að fá einhverja merkingu í þetta er sú brtt., sem við höfum flutt, á þessa leið:

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð eða einstaka dagskrárliði. Þetta gildir þó ekki um áður framleitt myndefni, svo sem kvikmyndir, eða fræðslu- og skemmtiefni af myndböndum."

Það er ekkert víst að einhugur sé um efnisatriði þessarar breytingar, en með þessum hætti verður lagagreinin þó a. m. k. skiljanleg og sett er undir það að sjónvarpsstöðvar geti sýnt einstaka dagskrárliði, eins og kvikmyndir eða fræðsluþætti, sem hafa verið kostaðir af öðrum. Við getum tekið t. d. dæmi um fræðsluþátt sem Rauði krossinn lætur gera og kostar. Samkv. þessari brtt. okkar er fullkomlega heimilt og eðlilegt að sýna hann, en eins og greinin er orðuð í frv. er alls ekki ljóst hver er munurinn á almennri dagskrárgerð og einstökum dagskrárliðum. Einn svona þáttur er auðvitað almenn dagskrárgerð. Það fer eftir orðanna hljóðan og liggur í hlutarins eðli.

Þá er hér næst, svo ég haldi áfram að gera grein fyrir brtt. á þskj. 1208, liður b. — Ég hef raunar, herra forseti, kosið að draga þann lið til baka — sem hljóðar svo:

„Að því er varðar dagskrárefni á erlendum tungum skulu útvarpsstöðvar fylgja sömu starfsreglum varðandi þýðingar og textun og fylgt er hjá Ríkisútvarpinu."

Flm. hafa dregið þessa till. til baka og flutt nýja brtt. Það var m. a. vegna þess að í Morgunblaðinu í gær, málgagni menntmrh., segir, með leyfi forseta:

„Íslenskur texti eða tal fylgi erlendu efni.

Menntmrh. hefur fallist á að setja í reglugerð um starfsemi sjónvarpsstöðva" — Ég vek athygli á því að það er þegar byrjað að semja reglugerðir samkv. lögum sem enn hafa ekki verið samþykkt á Alþingi. — „ákvæði um íslenskt tal eða að neðanmálstexti skuli fylgja erlendu sjónvarpsefni.

Ákvæðið hljóðar svo:

„Erlendu sjónvarpsefni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti eftir því sem við á hverju sinni.

Sé um að ræða beina útsendingu á erlendri tungu skal það vera meginregla að þulur kynni eða endursegi það sem um er fjallað nema bein ástæða sé til annars."

Ég hef kosið að flytja brtt. við frv. þannig að þessi texti, sem mér finnst afar skynsamlega saminn, komi inn í þetta lagafrv. eins og hann er birtur í Morgunblaðinu. Ég held að þetta sé í rauninni betra en sú till. sem ég hafði látið prenta á þskj. 1208, án þess að ég hafi um það fleiri orð. Brtt. er raunar óþarfi að lesa upp. Hún er eins og fram kom í fréttaklausu Morgunblaðsins. Og ég ítreka að þetta er betra en sú till. sem er í brtt. á þskj. 1208. Þess vegna hef ég ákveðið að flytja þetta sem sérstaka brtt. og hlýtur hún að eiga stuðning hjá hæstv.

menntmrh.

Þá kem ég að 2. lið sem varðar menningarsjóð útvarpsstöðva. Ég held raunar að það sé enginn ágreiningur um að efla eigi innlenda dagskrárgerð og styðja við bakið á henni í hvívetna og veita auknu fjármagni til innlendrar kvikmyndagerðar og innlendrar dagskrárgerðar í sjónvarpi og útvarpi. En ég er ekkert viss um að þessi leið sé sú besta. Ég held að það komi margt annað til greina þar og ég held að ákvæðið um menningarsjóð útvarpsstöðva, II. kafli í frv., hafi verið sett inn til einhvers konar málamiðlunar og málamiðlunar sem menn séu samt hreint ekkert sáttir við. Og nú skal ég segja hv. þm. hvernig það kæmi út ef ákvæðið um menningarsjóð væri í gildi á þessu ári. Það er að vísu óþekkt stærð í því hvað hinar frjálsu útvarpsstöðvar mundu greiða.

Tekjur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, af auglýsingum eru um 250 millj. kr. eða verða það að öllum líkindum á þessu ári. Það þýðir, ef þessi lög væru í gildi, að Ríkisútvarpið mundi greiða 25 millj. kr. samkv. orðanna hljóðan hér. 10%, 25 millj., væru tekin frá Ríkisútvarpinu. Að vísu á samkv. 11. gr. líka að greiða hlut Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar af þessum 25 millj. Það er áætlað samkv. yfirlýsingum fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, að þessi upphæð verði í kringum 8 millj. kr. á yfirstandandi ári. M. ö. o.: Ríkisútvarpið mundi á þessu ári samkv. þessum ákvæðum, sem ég veit að er mikil andstaða gegn innan Sjálfstfl., greiða 17 millj. kr. í menningarsjóð útvarpsstöðva. Enginn veit hvað hinar nýju útvarpsstöðvar mundu greiða til hans, það er óþekkt stærð, en Ríkisútvarpið mundi láta af hendi rakna 17 millj. (**Menntmrh.:** Ætli það fengi ekki eitthvað af því til baka?) Jú, hárrétt, hæstv. menntmrh. Að líkindum fengi Ríkisútvarpið eitthvað af þessu til baka, en það er engin trygging fyrir því að það fengi það allt til baka. Ég er ekki að segja að Ríkisútvarpið yrði notað til að standa undir innlendri dagskrárgerð útvarpsstöðva í eigu annarra. Það er þó ekkert í frv. sem kemur í veg fyrir það. Auðvitað er hugsanlegt að setja í reglugerð ákvæði um að Ríkisútvarpið skuli aldrei fá minna til baka úr þessum sjóði en það borgar í hann. Um það hefur þó aldrei verið rætt, á það hefur aldrei verið minnst og um það vita menn ekki nokkurn skapaðan hlut.

Þess vegna leggjum við til í brtt. okkar að þessi prósenta verði lækkuð niður í 4%. Þá mun Ríkisútvarpið greiða í þennan sjóð upphæð sem er töluvert meiri en rekstrarkostnaðurinn af Sinfóníunni, en upphæðin sem kemur þá frá útvarpinu í sjóðinn verður langtum lægri. Ég er ekkert að segja að þessi prósentutala, 4%, sé sú eina rétta, það getur verið álitamál, en hún er sett fram til að ákveða einhverjar tölur.

Þá höfum við og flutt brtt. við 4. gr. sem er á sérstöku þskj., 1226. Hún varðar auglýsingamálið. Þar er komið inn á það að þeim sjónvarpsstöðvum sem senda efni um boðveitur í eigu sveitarfélaga sé heimilt að afla sér tekna með auglýsingum. Tilgangurinn með því að setja þessa till. fram með þeim hætti sem þarna er gert er fyrst og fremst að fá alveg skýra afstöðu stjórnarliðsins til boðveitnanna með því að greiða atkv. um brtt. okkar sem mér sýnist ganga lengra en önnur till. sem hér er. Það kemur þá í ljós við þá atkvgr. hver afstaðan er til þessa máls. Við höfum einnig lýst því yfir, Alþfl.-menn, að að þeim ákvæðum föllnum er afstaða okkar til auglýsingamálsins ekki sú sama og áður var. Við áskiljum okkur rétt til að greiða atkv. gegn auglýsingafrelsinu ef ákvæðin um boðveitukerfin verða felld.

Þá er ég kominn að 3. liðnum á þskj. 1208 sem er brtt. við 34. gr. frv. Ég held að till. þeirra sem að meiri hl. stóðu í Nd. sé byggð á einhverjum misskilningi vegna þess að þetta ákvæði er meira og minna út í hött eins og það er í frv. núna og illskiljanlegt. Ákvæðið hljóðar svo:

„Hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkv. lögum þessum, skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu, útsendu efni. Þó er heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar."

Nú leitaði ég skýringa á þessu ákvæði í nál. meiri hl. í Nd. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Talið er eðlilegt að hæfileg skylda sé lögð á útvarpsstöðvar til varðveislu á frumfluttu efni til að þeir sem telja misgert við sig í útsendingu eigi þess kost að fá afrit af hljóðupptöku."

Eins og þetta er orðað í frv. eins og það liggur nú fyrir er talað um að geyma í 18 mánuði hljóðupptökur af öllu frumsömdu útsendu efni. Hvað er frumsamið efni og hvað er ekki frumsamið efni. Nú er það svo í útvarpi, og það þekkja þeir sem starfa að útvarpi og sjónvarpi, að ekki er alltaf talað eftir handriti og þegar talað er um frumsamið efni er venjulega átt við einhvers konar dagskrárefni. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé almennur málskilningur að undir frumsamið efni flokkist t. d. kynningar þó að þær séu með vissum hætti frumsamið efni. En þetta ákvæði er alveg skelfilega klúðurslegt. Það sem átt er við er auðvitað að það á að skylda þessar stöðvar til að gera eins og Ríkisútvarpið gerir nú, þ. e. að taka upp alla útsendinguna frá morgni til miðnættis eða frá upphafi til enda. Þá er þetta tekið upp á afar hæggeng segulbandstæki sem snúast löturhægt allan daginn og taka upp hvert einasta orð sem sagt er í útvarpinu. Þetta er gert í öllum útvarpsstöðvum um víða veröld, eftir því sem ég best veit. Það eru ákvæði um þetta í útvarpslögum á öllum Norðurlöndunum og auðvitað miklu víðar. En að geyma þetta í 18 mánuði er eins og hver önnur vitleysa. Ef einhver telur misgert við sig í útsendingu kemur það venjulega upp næsta fljótt. Alls staðar þar sem ég þekki til eru geymsluákvæði í 3—4 mánuði látin duga. Það er auðvitað hinn eðlilegi tími. Ef engin eftirmál vakna á þeim tíma vakna þau yfirleitt ekki. A. m. k. á Norðurlöndunum eru 3—4 mánuðir látnir duga og hvergi þar sem ég þekki er slíkt geymt lengur en sex mánuði. Þó kann að vera að það sé til. En eins og þessi grein er núna tekur hún ekki af tvímæli um að það eigi að taka upp alla dagskrána frá upphafi til enda, eins og útvarpið gerir og eins og sjónvarpið gerir. Það er geymt, að ég hygg, í þrjá mánuði. Það er tóm vitleysa að vera að skikka þessar stöðvar til að geyma þetta í 1½ ár. Af hverju þá ekki tíu ár? Af hverju er þá ekki farið eftir fyrningarfresti um málshöfðun vegna ærumeiðinga? Þetta ákvæði verður að laga.

Þá kem ég að ákvæðum til bráðabirgða. Þar er þau ákvæði að finna sem brýnast er að laga vegna þess — og nú er hæstv. menntmrh. lögfræðingur — að þar eru ákvæði sem fá ekki staðist. Það verða alltaf slys við lagasmíðina öðru hvoru. Síðasta slysið er að í hv. Nd. er

samþykkt breyting á lögum sem gengur þvert á stjórnarskrá og er stjórnarskrárbrot, eins og hæstv. forsrh. vakti athygli á þegar hann mælti hér fyrir frv. um ríkisendurskoðun. Í frv. um ríkisendurskoðun, eins og það er eftir 2. umr. í Nd., segir með leyfi forseta:

„2. gr. Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, er skipaður af forseta Íslands eftir tilnefningu forseta Alþingis til sex ára í senn."

Þetta samrýmist ekki stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Forseti Íslands getur ekki gert ráðstafanir af þessu tagi nema til komi atbeini ráðh. Forsetar Alþingis og forseti Íslands hafa skv. stjórnarskrá ekki vald til þess að gera það sem Nd. hefur kveðið á um í lögum og þess vegna verður að breyta því ákvæði og frv. mun fara aftur til Nd.

Sams konar mistök hafa orðið í Nd. við útvarpslagafrv., þó ekki brjóti þau í bága við stjórnarskrá, og nú skal ég gera grein fyrir því. Við 39. gr. þessara laga segir: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986." Í ákvæði til bráðabirgða segir: „Útvarpsréttarnefnd skal kjörin fyrsta sinni við gildistöku laga þessara og sitja til ársloka 1989." Allt gott um það. Síðan segir: „Stjórn menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð fyrsta sinni fyrir árslok 1985," þ. e. það á að skipa stjórn sjóðs sem stofna skal skv. lögum sem hafa ekki tekið gildi.

Ég hef borið þetta ákvæði undir þrjá lögfræðinga. Ég bar þetta undir prófessor Sigurð Líndal. Hans niðurstaða varð sú að þetta fengi ekki staðist eins og þetta er orðað. Ég hef borið þetta undir fleiri lögfræðinga, eins og ég sagði tvo aðra, og þeim ber saman um að þetta fái ekki staðist. Þetta er ekki hægt. Ráðh. fær ekki vald skv. útvarpslögum fyrr en 1. janúar 1986. Hann getur auðvitað skipað einhverja nefnd, sem ráðh. kallar stjórn menningarsjóðs útvarpsstöðva, en sú nefnd hefur ekkert vald að lögum vegna þess að lögin hafa ekki tekið gildi. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. er slakari lögfræðingur en ég hélt. Ef hún skipar þessa nefnd á nýársnótt skipar hún hana ekki á árinu 1985 eins og hér stendur. Ég hef gert brtt. um að þessi nefnd skuli skipuð 1. jan. 1986. (**RA:** Þetta verður í áramótaskaupinu.) Það færi vel á því, hv. þm. (**Menntmrh.:** Það er allt í lagi að skipa stjórnina þó að hún taki ekki til starfa fyrr en 1986.) Ráðh. getur ekki skipað stjórn skv. lögum sem hafa ekki tekið gildi. Ef menn hefðu haft rænu á því að orða þetta með þeim hætti: Þrátt fyrir ákvæðið um gildistöku laganna skal skipa stjórn menningarsjóðs á árinu 1985, þá er það sjálfstætt gildistökuákvæði. Nú veit ég að hæstv. menntmrh. er það vel að sér í lögfræði og svo vel að sér að auðvitað veit hún að mismunandi gildistökuákvæði geta mætavel átt heima í lögum, þ. e. mismunandi tími. En það er svo einfalt mál að eins og þetta liggur fyrir í frv. eins og Nd. afgreiddi það frá sér getur Ed. ekki afgreitt málið með þessum hætti. Málið verður að fara aftur til Nd. til að breyta m. a. þessu atriði. Ég tek alveg undir það sem hv. þm. Páll Pétursson, þingflokksformaður Framsfl., sagði í útvarpi í gærkvöldi, þegar þeir ræddust við, hann og hv. þm. Ragnar Arnalds, að auðvitað verðum við hér á Alþingi að vanda okkar vinnubrögð. Við megum ekki láta þennan asa og þrýsting þessa síðustu daga verða til þess að við afgreiðum frá okkur lög sem eru óvönduð, sem eru rökleysa, eins og hér er að finna, eða sem standast ekki, sem stangast á við heilbrigða skynsemi. Þessi gildistökuákvæði fá ekki staðist. Það eru alveg hreinar línur. Það er mjög einfalt mál fyrir okkur hér að koma þessu í skynsamlegra horf og senda málið aftur til Nd. sem vonandi staðfestir þá breytingu. Það er algert meginatriði í þessu máli að þetta gangi upp. Við getum ekki verið þekkt fyrir það hér að láta þetta mál fara frá okkur með þessum hætti. Ég veit að hæstv. menntmrh. er mér alveg sammála um að þannig er ekki rétt að fara að.

Svo er annað í sambandi við ákvæði til bráðabirgða sem ég er ekki sammála og flyt brtt. um. Það stendur hér: „Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra." Nú skal ég segja hv. þm. að nákvæmlega sams konar ákvæði er í lögunum um Kennaraháskóla Íslands sem Alþingi samþykkti 1971, að mig minnir. Ég er ekki með þau við hendina. Þar stendur m. a. s., hæstv. menntmrh: „Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára." Nú veit ég að hæstv. menntmrh. ber ekki ábyrgð á því sem gerst hefur í þessum málum fyrr á árum, en lögin um Kennaraháskóla Íslands hafa aldrei verið endurskoðuð eftir því sem ég best veit. Hæstv. menntmrh. leiðréttir mig þá ef það er rangt. Þetta ákvæði geta menn fundið í lagasafni, í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971: „Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára." Hér eru sams konar ákvæði. Það er alveg marklaust. Þess vegna þarf að ganga frá þessu með öðrum hætti til þess að tryggt sé að þessi lög verði endurskoðuð. Til þess er mjög einföld leið eins og farin var þegar tölvulögin, sem svo eru nefnd, voru samþykkt hér. Þá var einfaldlega sett ákvæði í þau um að lögin féllu úr gildi að ákveðnum tíma liðnum og að viðkomandi ráðh. skyldi leggja fyrir þingið nýtt frv. til tölvulaga ári áður en lögin ættu að falla úr gildi. Þetta var gert hér varðandi tölvulögin. Við erum nýbúin að samþykkja þau endurnýjuð með sams konar ákvæði um að þau falli úr gildi og verði endurnýjuð eftir ákveðinn tíma. Það gildir alveg það sama um þessi útvarpslög. Þetta eru hvort tveggja málasvið þar sem mjög örar tæknibreytingar eiga sér stað. Þess vegna er hæfilegt að setja löggjöf til þriggja ára og setja jafnframt mjög skýr ákvæði um að lögin skuli endurskoðuð þannig að tryggt sé að það verði gert. Þess vegna hljóðar brtt. okkar þannig:

„Lög þessi falla úr gildi 31. des. 1988."

Þau gilda þá nákvæmlega í þrjú ár. Og því næst segir:

„Menntmrh. skal leggja fyrir Alþingi nýtt frv. til útvarpslaga á árinu 1988."

Og síðan kemur 2. mgr. sem er nýmæli:

„Menntmrh. skal árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga."

Ég held, hæstv. menntmrh., ef hún má vera að því að ljá máli mínu eyra um stund, að það sé athyglisvert nýmæli að beinlínis sé kveðið á um það í lögum að árlega sé flutt hér á Alþingi skýrsla um málefni Ríkisútvarpsins og um framkvæmd útvarpslaga. Ég held að þetta sé nýmæli sem er mjög af hinu góða.

Ég var búinn að gera grein fyrir síðari hluta brtt. okkar Karls Steinar Guðnasonar um boðveitukerfi, en eins og ég sagði í ræðu minni í gær eru þau alger forsenda þess að unnt sé að horfa hér á og nota kosti hinnar nýju tækni. Menn horfa ekki á sjónvarp hér frá gervihnöttum nema í mjög takmörkuðum mæli og utan þess tíma sem dagskrá íslenska sjónvarpsins er í gangi öðruvísi en að hér verði komið upp boðveitukerfi. Það er forsenda þess. Og það er hlálegt að Sjálfstfl. skuli

standa gegn þessu. Það kom að vísu fram í gær að hæstv. menntmrh. sagði að þetta væri allt í góðri athugun hjá hæstv. samgrh. Ég hef ekki séð hann í þinginu í dag. Ég ætlaði að óska eftir að hann gæfi þá einhverja yfirlýsingu um málið þannig að hægt væri að meta hana og heyra hvernig hún hljóðaði. En ég hef ekki séð hann. Það má vera að hann sé hér.

Í nál. Haralds Ólafssonar, Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Árna Johnsen segir:

„Það er álit 3. minni hl. n. að rétt sé að boðveitur, er flytji útvarpsefni, séu í eigu Pósts og síma og sveitarfélaga og hann treystir því að ákvæði þar að lútandi komi innan skamms í fjarskiptalög."

Mikið er traust þessara ágætu manna. En ég verð að vekja athygli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Árna Johnsen á samþykkt sem landsfundur Sjálfstfl. gerði. Ég veit að þetta er misskilningur hjá þeim og þeir munu taka þau orð til baka þar sem verið er að prédika að Póstur og sími eigi að eiga alla skapaða hluti. Á landsfundi Sjálfstfl. var samþykkt ályktun þar sem fjallað er um þessi mál: „Áherslan verði lögð á frelsi til útvarpsrekstrar án íhlutunarréttar hins opinbera um dagskrárgerð eða fjárhagsmálefni. Prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að það feli ótvírætt í sér frelsi til tjáningar án tillits til tjáningarforms. Einkaréttur Pósts og síma á breiðbandskerfum verði afnuminn."

Landsfundur Sjálfstfl. vill ekkert hafa Póst og síma inni í þessu máli, en af því að við þm. Alþfl. erum að tala um að sveitarfélögin eigi slík kerfi, sem mér finnst fullkomlega eðlilegt og hið eina rétta, þá er farið að snúa sig út úr málinu með einhverri yfirlýsingu um að hæstv. samgrh. sé að láta athuga þetta allt saman og að það sé í athugun að Póstur og sími eigi þetta. Mín skoðun er sú að Póstur og sími eigi auðvitað að samþykkja þær tæknilegu kröfur sem þarna er um að ræða, en Póstur og sími á bara ekkert að hafa með reksturinn á þessu að gera. Ég veit að við hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson getum verið alveg sammála um það þrátt fyrir það sem stendur hérna. Ég veit við getum verið alveg sammála um það. (**EKJ:** No comment.) Nei, það er nefnilega það. Það segir mér allt.

Ég þykist hér hafa fært töluverð rök að því að ekki er hægt að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir og ég get talið upp ótal, ótal mörg fleiri atriði sem ég hafði ekki nennu til að vera að skrifa brtt. um. Það stendur t. d. hér:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Þröngt skýrt á Ríkisútvarpið að sjónvarpa alla daga. Það er ekkert undanskilið með fimmtudaga. Það segir: sjónvarpa skal árið um kring. Það væri ástæða til að þetta yrði ljósara.

Það segir hérna líka: „Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp" — Gott og vel. Ekki hef ég á móti því. — „í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum." Þetta er heldur óvenjulegt orðalag í lögum. Það segir nú oftar a. m. k.: þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Og vera má að það sé þó algengt eða þess sjái víðar dæmi að svo sé tekið til orða. En ég vil benda á að algerlega er óskilgreint í lögunum hvernig þetta fræðsluútvarp á að vera. Það er ekkert um það, ekki eitt einasta orð. Þetta er góðra gjalda vert. Það er ýmislegt að gerast í þessum efnum sem við verðum að bera okkur eftir að fylgjast með og sjálfsagt er að gera og ég er ekki að hafa á móti þessu ákvæði. Ég bara bendi á að þarna þarf ítarlegri umfjöllun.

Það er ýmislegt fleira sem hér mætti til taka. T. d. þetta með breiðbandskerfin sem eru sama og kapalkerfi, aðeins fullkomnasta útgáfa af þeim. Ég ítreka að það er ekki nokkur ástæða til að Póstur og sími eigi slík kerfi. Tvímælalaust eiga sveitarfélögin að eiga þau.

Ég þykist hafa leitt hér rök að því að ekki er hægt að samþykkja þetta frv. eins og það er. Ef hv. Ed. samþykkir frv. eins og það liggur fyrir væri það meiri háttar hneisa að láta slíka löggjöf frá sér fara eins og hún er orðuð. En hvaða valkostum stöndum við þá andspænis núna?

Fyrsti valkosturinn er sjálfsagt að breyta þessu frv., sníða af því verstu annmarkana, láta það annars laxera, reyna að gera það þannig úr garði að það sé okkur ekki til skammar og háðungar eins og nú er vegna þeirra annmarka sem ég hef þegar um getið. En þetta er ekki góður kostur vegna þess að þetta mál er illa unnið í alla staði og þetta frv., eins og það liggur fyrir, er óttalegt klastur, bastarður hafa sumir sagt, og það er ekki gott.

Annar kostur er sá að setja nefnd í þetta mál í sumar. Það mætti vel hugsa sér að setja níu manna nefnd í það með fulltrúum allra þingflokka þar sem stjórnarflokkarnir hefðu hreinan meiri hluta. Ég gæti vel hugsað mér að formaður slíkrar nefndar væri forseti Sþ. sem ég veit ekki í hvað mörg ár, 15—20 ár, átti sæti í útvarpsráði og gjörþekkir málefni Ríkisútvarpsins. Slík nefnd gæti starfað í sumar og hún gæti komið lagi á þetta frv. Það væri hægt að leggja það fyrir í haust og hægt væri að láta gildistímann halda sér alveg óbreyttan. Það þyrfti ekkert að breyta neinu með það. Ég er alveg sannfærður um að það væri hægt að ná samkomulagi um þetta mál í sumar. Ég held að þetta væri mjög skynsamlegur kostur.

Í þriðja lagi er sá kostur að leggja þetta vitlausa frv., eins og það nú er, alveg til hliðar í bili, en bæta þess í stað bráðabirgðaákvæðum aftan við núverandi útvarpslög. Það var þessi leið sem skoðanabróðir og starfsbróðir hæstv. menntmrh., Lars Roar Langslet menntmrh. í Noregi, fór varðandi norsku útvarpslögin. Sem sagt: það voru sett bráðabirgðaákvæði sem áttu að gilda í þrjú ár eða eitthvað þar um bil hjá þeim, ég skal nú ekki alveg fullyrða um tímann, meðan menn væru að þreifa sig áfram með tilraunir á sviði nýrra útvarpsstöðva og nýrra sjónvarpsstöðva og endurskoða gildandi útvarpslög. Menn tóku sér þennan umþóttunartíma, þrjú ár. Það er mjög skynsamleg ráðstöfun. Þetta væri skynsamlegt að gera hér. Ég er með slíkar tillögur tilbúnar og gæti lagt þær hér fram og geri það kannske til að kynna þessa hugmynd. Ég hef enga von um að hún verði samþykkt. En ég held að það sé langtum skynsamlegri kostur að setja slík bráðabirgðaákvæði aftan við gildandi útvarpslög meðan við erum að ná áttum í þessu máli og í ljósi reynslunnar yrðu lögð fram ný útvarpslög. En það er enginn grundvöllur fyrir neinum skynsamlegum viðræðum við þá sjálfstæðismenn í þessu. Þeir eru búnir að ríghinda sig þannig að það má engu breyta. Þessi deild er sett í þá stöðu að hún á bara að samþykkja frv. með öllum vitleysunum eins og þær koma frá Nd. Ég segi fyrir mig: Ég læt ekki bjóða mér slík vinnubrögð.

Þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1986. Hvað liggur á? Af hverju má ekki samþykkja þau í skynsamlegra formi í haust? Undir hvaða þrýstingi er fólkið? Ég verð ekki var við þennan þrýsting. Það er mjög hávær minnihlutahópur, sem hefur tök á fjölmiðlum og sem á þar greiðan aðgang, sem hefur hátt í þessu máli. En er þetta mál sem fólk úti um hinar dreifðu byggðir landsins telur skipta meginmáli, vera stórmál? Ég hef efasemdir um það. Ég er fylgjandi því að réttur til að útvarpa verði rýmkaður, en það verður að gerast með skynsamlegum hætti. Það verður að gerast með löggjöf sem er þannig að við getum a. m. k. horft framan í fólk eftir að hafa samþykkt þau. Það getum við ekki eins og þetta er núna. Hvers vegna má ekki vanda þessi vinnubrögð, hæstv. menntmrh.? Ég bara spyr. Þetta er tómt flaustur og kák.

Ég lét þau orð falla í ræðu minni í gær að ég mundi ekki tala miklu lengur svo að ég skal nú fara að stytta mál mitt, forseti. Það væri vissulega freistandi að gera hér grein fyrir ýmsu sem fram kemur í skýrslu frá Evrópuráðinu frá því í september s. l. haust þar sem fjallað er um þessi mál. Það væri vissulega freistandi, en þá yrði þetta of langt mál að sinni. Ég áskil mér rétt til þess. Það er mjög ítarleg úttekt þar á því sem verið hefur að gerast í útvarps- og sjónvarpsmálum í Evrópu, þessu aukna frelsi, smástöðvunum, hinum nýju stöðvum. Það er fjallað um þetta frá ýmsum sjónarhornum varðandi tjáningarfrelsi, auglýsingar, rekstrarform og ýmislegt. Þetta er feiknafróðleg skýrsla. En hvað hefur verið gert hér af hálfu menntmrn. t. d. til að kanna þá þróun sem orðið hefur í Evrópu? Hefur eitthvað verið gefið út? Hefur eitthvað verið látið á þrykk út ganga um það hvað hefur verið að gerast? Ekki neitt. Þessum málum hefur ekkert verið sinnt þannig að gefnar hafi verið út skýrslur eða greinargerðir eins og gert er alls staðar í löndunum í kringum okkur þar sem sérstakar nefndir fylgjast með þessu. Frá því að útvarpslaganefndin lauk störfum undir formennsku Markúsar Á. Einarssonar og þau fskj. prentuð sem eru með áliti hennar veit ég ekki til þess að frá rn. eða opinberum aðilum hafi komið einn einasti skrifaður stafur um þróun þessara mála í Evrópu. Ég spyr: Hvaða skýrslur hefur rn. samið eða gefið út og hvað hefur fólk hér fengið að vita um hvernig þessi mál hafa þróast í grannlöndum okkar? Ekki nokkurn skapaðan hlut.

Fyrir skömmu, í síðasta mánuði eða nánar tiltekið í maí 1985, var haldin í Árósum í Danmörku ráðstefna sem hét „Nær-radio í Norden". Þessa ráðstefnu sóttu tveir fulltrúar Ríkisútvarpsins. Ég hef lesið skýrslu sem annar þeirra skrifaði. Ég hef ekki leyfi til að vitna í hana hér vegna þess að ég hef ekki óskað eftir leyfi hans til þess og mun ekki gera það, en það veit ég að umræðurnar á þessari ráðstefnu komu fulltrúum Ríkisútvarpsins og útvarpsráðs ákaflega mikið á óvart vegna þess að þar var verið að tala um allt aðra hluti. Þar er verið að tala um smástöðvaútvarp þar sem er tjáningarfrelsi, sem er öllum opið. Það er ekki verið að tala um það sem við sjáum í einu dagblaðanna í dag, nánar tiltekið í DV. Þar er verið að tala um að voldugasti auðhringur Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga, hrökklist nú út úr Ísfilmfyrirtækinu, þar sem hann hefur hreiðrað um sig með Reykjavíkurborg, Morgunblaðinu og fleiri góðum fyrirtækjum, og stofni sitt eigið fjölmiðlunarfyrirtæki. Til að gera hvað? Reisa keðju útvarpsstöðva hringinn í kringum landið. Ef menn halda að slíkt sé í bígerð á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu er það misskilningur. Ég sé að ég hef ekki tekið þessa úrklippu með mér, en þetta er allt saman á baksíðu DV í dag og er slegið upp þar rækilega. Sjálfsagt óttast þeir DV-menn að þeir séu að fá þar keppinaut. Ég veit ekki hvort það er þetta sem menn telja að tryggi aukið tjáningarfrelsi hér á landi. Ég er ekkert viss um að tjáningarfrelsi almennings á Íslandi mundi aukast þó að Samband ísl. samvinnufélaga reisti eins og 100 útvarpsstöðvar á Íslandi. Hvað halda þm. um það? Hvað heldur hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem er mikill áhugamaður um útvarpsmál og árum saman flutti hér frv. um þau? Heldur hann að það sé mikil bót fyrir tjáningarfrelsi hins almenna borgara á Íslandi ef SÍS reisir eins og 100 útvarpsstöðvar eða ef Verslunarráðið reisti kannske aðrar 100? Ég er ekki viss um að almenningur á Íslandi ætti greiðan aðgang að þessum stöðvum. (**Gripið fram í:** Þær yrðu svo leiðinlegar að það mundi enginn hlusta á þær.) Já, það gæti farið svo. En hins vegar hafa þessir aðilar fullt af peningum og þeir gætu vel keypt til sín fólk með því að borga fjórum sinnum hærra kaup en Ríkisútvarpið greiðir nú og kannske gert nokkuð skemmtilega dagskrá. Það er aldrei að vita.

Ég skal fara að stytta mál mitt, herra forseti. Ég er í grundvallaratriðum þeirrar skoðunar að búið sé að gera þetta mál mjög slæmt. Útvarpslagafrv. var ekki gott þegar það kom frá nefnd á sínum tíma, en það er langtum verra núna. Ég veit að hæstv. menntmrh. er réttsýn kona og henni hljóta að vera mætavel ljósir þeir annmarkar sem ég hef bent á. Ég ætla ekki að fara að nafngreina menn eða vitna í einkasamtöl en mér er alveg ljóst að mjög margir viðurkenna að þau sjónarmið sem ég hef hér talað fyrir og ábendingar sem ég hef flutt séu rétt. Ég hef fengið þann hljómgrunn. Hins vegar fæ ég jafnan þau svör, að hér sé allt geirneglt og niðurnjörvað og það sé engu hægt að breyta.

Ég neita, herra forseti, að lúta þeim vinnubrögðum og lögmálum hér að Ed. beri að samþykkja þær vitleysur sem menn slysast til að samþykkja í Nd. Ég neita að fallast á það. Ég minni aftur á þá breytingu sem menn slysuðust til að samþykkja í Nd. og stangast á við stjórnarskrá landsins. Auðvitað verður að leiðrétta hana. (**Menntmrh.:** Ekki í þessu máli.) Nei, það er í öðru máli. Ég tók það skýrt fram áðan, hæstv. ráðh. Það er í málinu sem varðar ríkisendurskoðun. En í þessu máli hefur Nd. samþykkt ákvæði til bráðabirgða sem fá ekki staðist. Mér þætti ákaflega gaman ef hæstv. menntmrh. gæti leitt fram eitthvert lögbært vitni sem tæki undir það að þessi ákvæði stæðust. Það er ekki hægt að fela ráðh. vald skv. lögum sem ekki hafa tekið gildi. Þá fyrst öðlast ráðh. vald skv. lögum þegar þau hafa tekið gildi og skv. þessu frv. er það 1. jan. 1986. Fyrr getur ráðh. ekkert gert skv. lögunum. Hann getur auðvitað skipað allar þær nefndir sem honum dettur í hug, en þær eru bara marklausar, hafa engin völd skv. þessum lögum fyrr en þau taka gildi. Ef menn hefðu haft ráð og rænu á því að orða þetta með þeim hætti að þrátt fyrir ákvæði um gildistöku laganna skyldi á árinu 1985 skipa stjórn menningarsjóðs útvarpsstöðva, þá væri komið sjálfstætt gildistökuákvæði og fullkomlega í lagi. Þetta gerðu menn ekki og þess vegna verður annaðhvort að samþykkja að þessi nefnd skuli ekki

skipuð fyrr en sama dag og lögin taka gildi eða að setja sérstakt gildistökuákvæði um skipun þessarar nefndar. Það er óhjákvæmilegt. Eins og orðanna hljóðan er í frv. getur hæstv. menntmrh. skipað þessa nefnd daginn eftir að lögin eru samþykkt. Og ótrúlegt er það að í Nd. komu þær skýringar fram að það mætti skipa nefndina eina mínútu fyrir miðnætti 1985. Hvort klukkuna vantar eina mínútu í miðnætti 1985 eða hvort það er 1. júní eða janúar 1985 má einu gilda. Það er samt árið 1985 þegar klukkuna vantar eina mínútu í tólf á gamlárskvöld eins og alla aðra tíma ársins. Það er árið 1985 og því verður ekkert breytt. Þess vegna er það aldeilis með ólíkindum að menn skuli hafa haft uppi þau rök að hægt væri að skipa nefndina á miðnætti.

Ég ætla ekki að sinni, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en það er langt frá því að ég sé búinn að segja hug minn allan í þessu máli. Ég á margt ósagt enn, en læt þó máli mínu lokið að sinni.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég ætla að segja hér örfá orð og ekki að lengja umr. Það munu vera liðin um átta ár síðan fyrst var hreyft við því í formi frv. til laga að afnema bæri einkarétt Ríkisútvarpsins á útsendingum útvarps- og sjónvarpsefnis. Á sínum tíma fékk sú hugmynd frekar litlar undirtektir, en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og skilningur manna á mikilvægi aukins frelsis á sviði fjölmiðlunar tekið miklum stakkaskiptum. Núverandi hæstv. menntmrh. hefur haft frumkvæði um að koma því frelsi í framkvæmd sem það frv. felur í sér sem hér er til afgreiðslu. Ég fagna því merka framtaki. Með samþykkt þessa frv. verður stigið mjög merkilegt, ég vil segja sögulegt, skref inn í hina svonefndu upplýsingaöld. Það mun ráða úrslitum í framfarasókn þjóðarinnar í menningar-, félags- og efnahagsmálum, svo nokkuð sé nefnt, hvernig Íslendingar hagnýta sér hið nýja frelsi á sviði fjölmiðlunar.

Ég efast ekki um að einstaklingarnir munu notfæra sér hina nýju möguleika sjálfum sér og þjóðinni til heilla. Það er í samræmi við fyrri viðbrögð Íslendinga þegar þeim hafa staðið til boða nýir möguleikar, ný tækifæri til átaka í þágu lands og þjóðar. Samþykkt þessa frv. sem laga frá Alþingi er tímamótaákvörðun, ákvörðun sem losar um fornaldarlegt fyrirkomulag þessara mála og gerir Íslendinga frjálsari. Ég treysti því að hv. Ed. sameinist um það að samþykkja frv.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það eru fjögur atriði sem ég ætla aðeins að víkja að í sambandi við þetta frv.

Í fyrsta lagi hefur verið rætt um hvernig framtíðarþróun í sambandi við boðveitur og aðra tækni komi inn í slíkt frv. sem hér um ræðir. Ég tel að breytingar í þeim efnum eigi heima í fjarskiptalögum. Nú hefur nefnd, sem skipuð var til að semja drög að reglugerð um fjarskiptalögin, sem tóku í gildi 28. maí á síðasta ári, nýlega skilað áliti og það hefur komið fram í ræðu hjá hæstv. samgrh. að hann hyggst skipa nýja nefnd til að endurskoða þessi lög m. a. með tilliti til þess hvernig boðveitur geti komið inn og þá mögulega með því að t. d. sveitarfélög geti verið eignaraðilar í lengri eða skemmri tíma að slíkum boðveitum, jafnt ríkisvaldinu. Þetta vildi ég láta koma fram. Það er verið að vinna að þessu og það skiptir miklu máli.

Í menntmn. hv. deildar voru nokkur atriði sem má segja að hafi staðið sérstaklega út af í umræðum varðandi í fyrsta lagi auglýsingar, í öðru lagi íslenskan texta með erlendu efni í sjónvarpsstöðvum og svo árin þrjú sem reiknað er með að séu eins konar tilraunaár, þ. e. að lögin séu endurskoðuð og reynslan nýtt á þeim tíma til að kanna málið.

Það kom fram í hv. nefnd að ástæða væri til þess, eins og reyndar sjálfsagt er, að semja reglugerð um fyrirkomulag auglýsinga og það kom jafnframt fram þar hjá flestum nm. að ástæða væri til þess að slík reglugerð væri mjög í samræmi við þær reglur sem gilda um Ríkisútvarpið í dag. Ráðh. hefur lýst sig samþykkan þeim sjónarmiðum og sendi nefndinni drög að slíkri reglugerð sem staðfesta þetta.

Þá vil ég aðeins víkja að hugmynd að tillögu sem ég lagði fram í menntmn. um íslenskan texta í íslenskum sjónvarpsstöðvum sem væru þá að sýna erlent efni. Það kom fram í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar að honum líkaði vel sú till. sem hann gat um og vitnaði í og birtist í Morgunblaðinu. Það er ekkert undarlegt því að hann átti sjálfur hlut að máli við samningu þess texta. Því er ekki undarlegt þó að honum hafi líkað smíðin. Þar unnu menn saman að því að umorða og setja á blað texta sem gæti tryggt það sjónarmið sem kom fram um nauðsyn þess að setja reglur um textun.

Hæstv. menntmrh. hefur lýst sig samþykkan þeim texta sem varð til í menntmn. og hljóðar svo:

„Erlendu sjónvarpsefni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti eftir því sem við á hverju sinni. Sé um að ræða beina útsendingu á erlendri tungu skal það vera meginregla að þulur kynni eða endursegi það sem um er fjallað nema bein ástæða sé til annars."

Nú hefur hv. þm. Eiður Guðnason tekið þennan texta upp sem brtt., en ég tel ástæðulaust að flytja um það sérstaka brtt. því að þetta getur auðveldlega verið reglugerðarákvæði, enda hefur ráðh. lýst sig samþykkan því og á því að vera tryggt að þetta sjónarmið nm. er í höfn.

Varðandi endurskoðun á þessum lögum á þriggja ára tímabili, þá mætti óska eftir því að það verði nánar kveðið á um í nefndarskipun að gengið skuli eftir slíkri endurskoðun og hún framkvæmd á markvissan hátt, hvort sem það er með starfi útvarpsréttarnefndar eða í annarri nefnd sem gæti komið til greina í þeim efnum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Á þskj. 1224 hef ég ásamt meðþm. mínum 8. landsk. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur flutt brtt. við þetta frv. til útvarpslaga sem eru að mestu leyti þær sömu og fluttar voru við frv. í Nd. með þeim undantekningum að tekið hefur verið tillit til þeirra breytinga sem á frv. urðu í meðferð þeirrar deildar.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Reykv. að þetta frv. losar sannarlega um fornaldarlegt fyrirkomulag fjölmiðlunar hér á landi. Aftur á móti hef ég það að þessu frumvarpi að finna nú sem endranær að það losar um þetta fyrirkomulag innan ramma fornaldarlegs fyrirkomulags pólitískrar forsjár. Það er það sem ég hef einna helst að frv. að finna. Þess vegna höfum við gert þá brtt. við 2. málsgr. frv. að leyfi til útvarpsrekstrar sé nánast óskilyrtur réttur hvers og eins, að menntmrh. veiti slík leyfi einfaldlega samkv. 3.—6. gr. laganna og að það sé menntmrh. að fylgjast með að þeim ákvæðum sé fylgt, leyfið skuli vera tímabundið til þriggja ára hverju

sinni og að farið sé með það með svipuðum hætti og gert er um mörg önnur opinber málefni, að umsókn viðkomandi aðila sé auglýst opinberlega og leitað eftir athugasemdum og þær skoðaðar og teknar til greina ef menn telja það eðlilegt, en að öðru leyti séu menn ekki háðir leyfum og samþykki pólitískra aðila.

Í þessari deild sitja ædimargir fulltrúar Sjálfstfl. og ég verð að viðurkenna að mér er ekki að öllu leyti ljóst hvernig þessi fulltrúar Sjálfstfl. geta þjónað tveim herrum með þeim hætti sem ég hef grun um að þeir ætli sér að gera. Ég hafði ekki lagt mig eftir því að kynna mér landsfundarsamþykkt Sjálfstfl., áleit hana ekki það áhugavert plagg, því að reynslunni samkvæmt veit maður að það vill oft verða að þar er sagt eitt þó að gert sé annað. En ég get ekki betur séð en að í 9. gr. þessarar samþykktar, sem vitnað var til áðan, sé með afgerandi hætti tekið undir þau sjónarmið sem ég er hér að túlka í sambandi við skilyrðingu útvarpsréttar. Þar er sagt: „Áhersla verði lögð á frelsi til útvarpsrekstrar án íhlutunarréttar hins opinbera um dagskrárgerð eða fjárhagsmálefni.“

Þess vegna get ég ekki skilið, og ég býst við að það eigi margir aðrir líka erfitt með að skilja það, hvernig þm. Sjálfstfl. geta rétt hér upp hönd og samþykkt hverja greinina á fætur annarri í þessu frv. þar sem útvarpsréttarnefnd, pólitískum forsjáraðila, er falið það skömmtunarvald sem þau ákvæði þessara laga sem að því lúta veita þessari útvarpsréttarnefnd.

Við leggjum til að ábyrgðin á framkvæmd þessara laga sé í höndum menntmrh. og að menntmrh. sé þar með sem framkvæmdavaldshafi ábyrgur gagnvart löggjafanum sem fylgist með því að lögunum sé framfylgt og rétti einstaklinga og félaga sé borgið, en ekki að ábyrgðinni sé — hvað eigum við að segja — dreift með þeim loðna hætti sem gerist með tilkomu nefndar eins og útvarpsréttarnefndarinnar þannig að aldrei er hægt að draga nokkurn einn aðila til ábyrgðar fyrir það sem þar gerist af því þar gilda lögmál samtryggingarinnar þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka — að vísu ekki BJ — sitja í þeirri nefnd. Þess vegna leggjum við til í c-lið 1. brtt. að hvarvetna þar sem stendur „útvarpsréttarnefnd“ í frv. komi: menntmrh.

Í 2. brtt. er aðaláhersla okkar á seinustu setningunni, þ. e. að settar séu reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræður, almennt í útvarpi og sjónvarpi. Þetta er gífurlega mikilvægt atriði og þetta er ákvæði sem er að finna í löggjöf eða reglugerðum flestallra landa sem annars búa við mjög mikið frelsi í útvarpsmálum, eins og t. d. Bandaríkjamenn.

Við höfum haft, að því er virðist, nokkra sérstöðu í auglýsingamálum útvarpsstöðva að því leyti að við höfum nánast verið eini aðilinn sem bent hefur á þá mjög svo augljósu staðreynd að vegna fæðar Íslendinga er í raun og veru óhugsandi að menn geti rekið útvarpsstöð hér á áskrifendagrundvelli. Reynsla Norðmanna segir okkur það. Þeir hafa átt þar í mjög miklum erfiðleikum með slíkt og eru þó nokkru stærri þjóð en Íslendingar. Þess vegna teljum við eðlilegt að mönnum sé heimilt að afla sér tekna með auglýsingum til þess að auðvelda þeim aðilum sem annars ættu í mjög miklum erfiðleikum með það að halda úti rekstri sem þessum. Við erum á móti því að útvarpsréttarnefnd hafi nokkuð með það að gera hvert verðlag er á þessum auglýsingum því þar með erum við komin með pólitíska stýringu á þeim þætti og íhlutun ríkisvaldsins getur þannig mjög auðveldlega breytt og lagað samkeppnisaðstöðu aðila í hendi sér að sínum vilja.

Í 4. brtt. eru brtt. við 5. gr. laganna um að sveitarstjórnir hafi einkarétt á uppsetningu kapalkerfa, en heimilt skal sveitarstjórn að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum. Hv. 5. landsk. þm. hefur bent mér á að kapalkerfi hljóta að koma í kjölfar þess að við öðlumst möguleika á því að nota sjónvarpsefni frá öðrum löndum og að nauðsynlegt er að strax frá upphafi sé haldið nokkuð skipulega á þessum málum með svipuðum hætti og veitukerfi sveitarfélaga eru skipulögð og yfirleitt á hendi og í eigu sveitarfélaganna sjálfra. Ég tel eðlilegt að eins sé með það veitukerfi sem hér um ræðir. Aftur á móti tryggi önnur ákvæði þessara laga að aðilar eigi aðgang að þessum kapalkerfum samkv. þeim rétti sem þeim er gefinn í öðrum greinum laganna.

Ég legg mjög mikla áherslu á seinni setninguna í brtt. sem er um að á eftir 7. gr. komi ný grein, sem verði 8. gr., um eignarhald á útvarpsstöðum. Það er um það að ræða að setja þau ákvæði inn í þessi lög sem útiloka hringamyndun í þessum rekstri, hringamyndun sem við upplifum í öðrum rekstrargreinum hér á landi, mjög sterklega, og mikil hætta er á að vaxi beint inn í þessa nýju rekstrargrein. Þar er um það að ræða að einstaklingum, sem eigi hlut í fyrirtæki í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum, sé óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri og að þetta ákvæði eigi einnig við um fyrirtæki. Þá stendur hér — á það legg ég mikla áherslu — að sami aðili megi ekki reka fleiri en tvær stöðvar.

Hv. 5. landsk. þm. minntist áðan á SÍS. Hann gat um frétt í DV, sem ég veit ekki hversu mikill fótur er fyrir, um að SÍS sé að draga sig út úr því fyrirtæki sem það stofnaði með fleiri aðilum hér á s. l. ári, og ætli sér sjálft að fara út í útvarpsrekstur um landið vítt og breitt þar sem SÍS mun þá reka stöðvarnar þar sem þær verða settar upp. Þarna erum við komnir með mjög hreint og skýrt dæmi hringamyndunar í þessari rekstrargrein. Ég tel að hvaða hug svo sem menn bera til samvinnuhugsjónar megi ekki rugla samvinnuhugsjóninni svo saman við aðra hluti að maður telji það eðlilegt að auðhringur eins og SÍS standi að útvarpsrekstri með þeim hætti sem gefið er í skyn að væntanlegt sé.

Einnig leggjum við til nýja grein, sem verði 9. gr., um nefnd sem kosin verði til að fylgjast með framkvæmd þessara laga og þróun fjölmiðlunar og lagasetningar, bæði hér og annars staðar, og að sú nefnd skili Alþingi skýrslu árlega þar til endurskoðun laganna er lokið. Það er mjög nauðsynlegt að fylgjast náið með þeirri þróun sem verður, bæði hér og annars staðar, á næstu árum í þessum málum og þess vegna er þessi tillaga fram komin. Það er sorglegt að menn skuli ekki hafa áhuga á að fylgjast með þessum málum með þessum hætti sem hér er lagt til því að þegar gildistíma þessara laga er lokið þurfum við að taka á ný afstöðu til þeirra og þá er nauðsynlegt að það sé gert á grundvelli bestu gagna sem hægt er að afla sér. Þess vegna er lagt til að hér starfi stöðugt í þrjú ár nefnd sem vinni slíkt.

Till. í tölul. 6.—11. á þskj. 1224 lúta að þeim kafla sem snertir Ríkisútvarpið og þær ganga í raun allar út á eitt og sama atriðið, þ. e. að taka útvarpsráð, hið pólitíska forsjárvald, út úr starfsemi Ríkisútvarpsins og

setja í stað þess ósköp venjulega fyrirtækisstjórn sem er ábyrg gagnvart rn. og rn. síðan ábyrgt gagnvart Alþingi, þannig að völd og ábyrgð aðila í rekstri þessa fyrirtækis séu hreinni og skýrari en nú er og gagnrýni og hugsanlega hrós hvað þessu fyrirtæki viðkemur rati á réttan stað. Setja skal í stað orðsins „útvarpsráð" alls staðar: stjórn Ríkisútvarpsins. Forseti Íslands skipi útvarpsstjóra til fimm ára í senn og annist hann rekstur Ríkisútvarpsins o. s. frv. 19. gr. breytist þannig að stjórn Ríkisútvarpsins sé skilgreind, en hana skipi sjö menn, þ. e. útvarpsstjóri, þrír framkvæmdastjórar Ríkisútvarpsins, tveir fulltrúar rn. og einn fulltrúi starfsmanna. Menntmrh. efni til ráðstefnu árlega um málefni Ríkisútvarpsins.

Það er þannig að hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum fer yfirleitt fram árlega, annaðhvort innan þings eða utan, umræða um málefni ríkisútvarpsins í viðkomandi landi. Þar er gerð allsherjar úttekt á því hvernig mönnum finnst hafa til tekist. Þetta er vissulega bæði gott aðhald að þessu fyrirtæki og þar taka menn gagnrýni þá sem fram kemur til greina að svo miklu leyti sem þeir telja hana sanngjarna og þeir geta líka staðið og varið gerðir sínar, hafa til þess vettvang utan fyrirtækisins.

11. liður þessara brtt. er að mínu mati mjög mikilvægur. Hann er mjög mikilvægur vegna þess að þegar þessi lög hafa tekið gildi, í hvaða mynd sem það verður, er Ríkisútvarpið komið í samkeppni við aðra aðila um dagskrárgerð. Ríkisútvarpið er eini aðilinn sem hefur nánast menntað og alið upp ákveðinn hóp sérhæfðra manna til þeirra starfa sem hér um ræðir og það er enginn vafi á því að það verður mjög mikil eftirspurn eftir þessum mönnum og að ný fyrirtæki munu sjálfsagt leitast við að ná starfsmönnum til sín, reyndum starfsmönnum, með tilboðum um betri laun og betri kjör. Þá stöndum við frammi fyrir því að þessir menn þiggja laun eftir launasamningum starfsmanna ríkisins og enginn hefur neitt umboð til að bæta þar um betur. Útvarpið hefur ekki tök á því að bjóða þessum mönnum eftir löglegum leiðum betri kjör ef um það er að ræða að halda í þá. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að útvarpsstjóri fái það umboð að gera beint kjarasamninga við starfsmenn Ríkisútvarpsins þannig að Ríkisútvarpið, sjónvarp eða hljóðvarp, eigi þess kost að bjóða mönnum betri kjör ef um það er að ræða að menn vilji starfa hjá útvarpinu, en geti það einfaldlega ekki vegna þess að þeim standi betri kjör til boða.

Ég veit að það er sjálfsagt mjög erfitt að sætta sig við það á síðustu dögum þinghaldsins að gerðar verði brtt. við þetta frv. sem þýði að það fari aftur til Nd. og orsaki þar svipaðan jarðskjálfta og það gerði þegar það kom þar inn í fyrstu, en ég held samt sem áður að okkur sé sómi að því að breyta frv. þannig að við getum frekar samþykkt það hvað samvisku okkar snertir, sætt okkur við það og leiðrétt líka mjög augljósa galla. Þá á ég ekki bara við tæknilega galla. Ég á við hugmyndafræðilega galla sem eru á þessu frv. og ekki er mjög auðvelt að leiðrétta eftir á þegar skapast hefur ákveðin hefð fyrir framkvæmd þessara laga. Þá er ég enn og aftur að vitna til landsfundarsamþykktar Sjálfstfl. þar sem í 9. gr. var lögð áhersla á frelsi til útvarpsrekstrar án íhlutunarréttar hins opinbera um dagskrárgerð og fjárhagsmálefni. Ég álít að 2., 3. og 4. gr. frv. sem hér liggur fyrir geti ekki á nokkurn hátt samrýmst þessari samþykkt sem ég vænti að allir þm. Sjálfstfl. sem hér sitja inni hafi samþykkt á landsfundinum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er gömul saga að ekki sé alltaf tekið út með sældinni að brjóta mönnum leið til aukins frelsis. Það er ljóst að margir þröskuldar eru á veginum, en spurningin er þessi: Vilja menn sameinast um að yfirstíga þá?

Í samningu þessa frv. hefur sú tilraun verið gerð. Ég þykist vita að svo fari að hv. þm. sameinist um nú að lokum að veita þessari tilraun brautargengi.

Auðvitað er ljóst, eins og tekið var fram í upphafi þegar mælt var fyrir þessu frv., að hér er um málamiðlun að ræða. Þetta er frv. þar sem enginn einn hefur allt sitt fram. Það er eðli þess sem gerist þegar breytingum þarf að koma á er snerta ýmsar grundvallarhugmyndir manna. Í kjarna sínum snýst þetta mál um þetta: Vilja menn aukið frelsi í útvarpsmálum eða vilja menn það ekki?

Ég held að svo mikið hafi verið unnið að því í langan tíma að ná á blað tillögum er sem flestir gætu sameinast um að verkið sé komið á það stig að nú sé ekki annað eftir fyrir Alþingi í bili en ákvörðun, með öllum þeim fyrirvörum þó sem segir í þessu frv. um endurskoðun og gildistíma leyfisveitinga með nokkrum hætti til bráðabirgða, ekki lengur en til þriggja ára. Það er því ekki hægt að segja annað en að þetta skref sé mjög varlega stigið skyldu menn halda að þarna væri um einhverja stórhættu að ræða. Ég er þó persónulega ekki þeirrar skoðunar að svo sé. Hins vegar er það bæði mín skoðun og minna flokkssystkina að þetta mál beri að samþykkja, það beri að stíga þetta skref þó að við höfum ekki fengið öllu því framgengt sem við framast vildum. Það gerum við okkur mætavel ljóst.

Margt var það í máli hv. þm. Stefáns Benediktssonar sem gekk lengra í þá átt sem margir sjálfstæðismenn hefðu viljað. Hefði ég getað tekið undir það ef mér væri ekki ljóst að málinu væri stefnt í hættu ef slíkar breytingar væru á því gerðar sem þar voru lagðar til því að við höfum tekið það tillit til samstarfsflokks okkar í ríkisstj. og annarra flokka að við höfum ekki gengið eins langt í þessu efni og við vildum. Hins vegar voru önnur atriði í máli bæði þessa hv. þm. og annarra sem ég var minna sammála.

Í þessari umr. hefur greinilega komið fram, sem reyndar kom einnig fram í Nd., að það sem virðist vera meginágreiningsefnið er e. t. v. ekki svo stórt atriði ef grannt er skoðað, ef við lítum burt frá því að til eru þeir menn sem eru andvígir afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins á útvarpi, eins og t. d. þm. Kvennalistans og að ég held flestir Alþb.-menn. En að því frátöldu eru meginatriðin og þau sem mestan tíma hafa tekið í umræðunni í raun og veru ekki afskaplega stór.

Menn hafa talið það til meginatriða að ekki beri að leyfa, eins og lagt er til núna í frv., auglýsingar í nýjum útvarpsstöðvum, þ. e. ekki í þeim þeirra sem notast við kapal sem tæknibúnað. M. ö. o.: það sem í þessu sjónarmiði felst, ef það væri framkvæmt, er að útvarpsstöðvum er mismunað á kostnað litlu kapalstöðvanna. Þeim væri bannað að hafa auglýsingar í sínum dagskrám gegn gjaldi.

Ég efast ekkert um að það geti verið notadrjúg þjónusta í þeim byggðarlögum þar sem litlu kapalstöðvarnar eru reknar að þær mættu auglýsa. Það eru margar

auglýsingar þess eðlis að þær eiga fyrst og fremst erindi við það umhverfi þar sem kapalstöðin er rekin eða við tiltekið sveitarfélag og nánasta umhverfi þess. Slík þjónusta gæti því þjónað tvennum tilgangi, annars vegar verið upplýsingaþjónusta og öryggisþjónusta fyrir það byggðarlag um leið og það væri fjáröflun fyrir viðkomandi stöð sem alla jafna hefur einungis lítinn hlustendahóp. Það mundi gefa þeim stöðvum betra tækifæri til að hafa fjölbreyttara efni og samið efni.

Ég fæ þess vegna ekki annað séð en að í þessum hugmyndum felist ranglæti gagnvart þessum stöðvum úti um landið sem menn hafa rekið í nokkur ár, bæði án laga og án leyfa, en látið sér samt vel líka. Þetta atriði tel ég að væri illviðunandi ranglæti. Ég tel að það væri skynsamleg ráðstöfun í fyrsta lagi að gera þessar stöðvar löglegar með því að samþykkja þetta frv. eins og það er og í öðru lagi að gefa þeim heimild til að afla tekna með auglýsingum og hafa fjölbreyttara efni með því að veita þá upplýsingaþjónustu sem í slíku getur oft falist.

Ég veit raunar ekki af hverju þessi hræðsla er til komin hér á landi við auglýsingar. Hér hafa risið upp hv. þm. og vitnað til þess að þetta geti verið varhugavert því að ekki hafi menn haft auglýsingar í Noregi og Svíþjóð t. a. m. Það er auðvitað alveg ljóst og það er ekki af því að þeir hafi reynslu af auglýsingum í útvarpi. Í þeim löndum hefur aldrei — ekki í ríkisútvarpinu einu sinni — verið auglýsingaþjónusta. Það hefur hins vegar verið hér á Íslandi og af Norðurlöndum erum það við og Finnar sem höfum reynslu af slíku fyrirkomulagi. Þess vegna vitum við út í hvað við erum að fara. Og við gerum okkur líka grein fyrir því að slík starfsemi þarf vitanlega að hlíta glöggum reglum, bæði hinum almennu lögum landsins og auk þess ýmsum ákvæðum sem setja yrði í reglugerð. Vegna þess hve þenkjandi hv. þm. hafa verið út af þessu og hve hræddir menn hafa verið við frelsið í þessu efni þótti mér rétt að skýra hv. menntmn. Ed. frá því á hvaða grundvallarhugmyndum ég byggði þegar ég hafði í huga þennan vanda, hvernig ætti að setja reglur eða semja reglugerð um auglýsingar. Og ég skýrði hv. þm. frá því að það væri einsýnt að taka mið af þeim reglum um auglýsingar sem gilda í Ríkisútvarpinu annars vegar og svo einnig af siðareglum Alþjóðasambands auglýsingastofa eða þeirra samtaka sem starfa á alþjóðlegum vettvangi og eiga að sjá til þess með reglum sínum að bæði sé fullnægt lagalegum, siðrænum og faglegum kröfum. Þessi atriði tel ég að skipti meginmáli og að slíkum skilyrðum fullnægðum er mér alveg fyrirmunað að skilja hvers vegna menn vilja mismuna sjónvarpsstöðvum á kostnað litlu kapalstöðvanna. Mér þykir það alveg óskiljanlegt og ég tel það andstætt þeirri byggðastefnu sem á sér marga og skelegga talsmenn hér á Alþingi.

Hv. 3. þm. Suðurl. skýrði frá því að m. a. væri það ásetningur minn að mæla svo fyrir í reglugerð að auglýsingar, sem væru erlendar eða að einhverju leyti erlendar, væru ekki sendar út í íslenskum stöðvum nema með íslensku tali eða texta. Þetta eru svipaðar reglur og gilda í Ríkisútvarpinu. Ég hef velt því fyrir mér hvort hægt væri að setja einhverjar frekari takmarkanir á erlendar auglýsingar. Ég tel það eða taldi að það gæti verið hagsmunamál fyrir íslenska starfsemi, bæði þeirra sem starfa við auglýsingagerð og eins þeirra fyrirtækja, framleiðslu og iðnaðar sem hafa hagsmuni af auglýsingum og ætti þá e. t. v. í samkeppni við aðra. Ég velti því fyrir mér hvort hugsanlegt væri að leggja sérstakt gjald á erlendu auglýsingarnar, en hef komist að þeirri niðurstöðu að vegna alþjóðaviðskiptasamninga er það ekki hægt. Það er hins vegar svo, að í Bretlandi hafi stöðvarnar gert sérstakan samning við stéttarfélög um tiltekið gjald til þeirra í hlutfalli við magn hinna erlendu auglýsinga sem sendar eru út.

Annað atriði, sem umdeilt hefur verið og þá einkanlega á milli hv. þm. Alþfl. og annarra, varðar eignarhald á boðveitum. Í fyrsta lagi held ég að hv. þm. séu nú allir sammála um að ákvæði um boðveitur eigi í eðli sínu heima í fjarskiptalögum. Ég tel að við verðum að virða hina stjórnskipulegu verkaskiptingu milli rn. og þess vegna tel ég að það sé sjálfsagt að fela þetta verkefni samgrh. Við höfum æskt þess, sjálfstæðismenn, við hann að hin nýja nefnd sem vinnur að endurskoðun nýju fjarskiptalaganna taki þetta efni sérstaklega til meðferðar. (**EG:** Hefur sú nefnd verið skipuð?) Það má ég segja að hæstv. ráðh., sem því miður fór utan í morgun, hefur margítrekað, bæði á flokksfundum og ég veit í viðtölum við hv. nm. og raunar í svari við fsp. fyrr í vetur, hver hans meginskoðun er á eignarhaldi þessara fjarskipta. Hann telur að boðveitur eigi að vera í eigu opinberra aðila. Það er hans skoðun að þær eigi að vera helst í eigu ríkisins, en það geti aftur framselt eða leigt sveitarfélögum eða jafnvel öðrum aðilum, fyrst og fremst þó sveitarfélögum, í lengri eða skemmri tíma. Þessi hugsun byggist á því að með þessu yrðu hinar tæknilegu kröfur tryggðar. Svo mikið er víst að þetta atriði verður sérstaklega falið þeirri nefnd sem mun starfa í sumar og verður þá væntanlega hægt að koma við breytingu á fjarskiptalögunum í haust eitthvað í þá veru sem menn hafa rætt um. Hins vegar liggur ekki fyrir það viðhorf, hvorki samgrh. né nein samþykkt Sjálfstfl. um það, að boðveitur ættu alfarið að vera í eigu sveitarfélaga.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta getur verið hluti af skipulagsmálum sveitarfélaga, sérstaklega þegar kaplar eru grafnir í jörðu og það sé gert ráð fyrir slíku við skipulag hverfa í sveitarfélögum, þannig að það eru mörg rök fyrir þessu. En ég er ósammála Alþfl.-mönnum um að þetta sé grundvallaratriði sem ráði viðhorfi manna til þess hvort frelsi eigi að ríkja í útvarpsmálum eða ekki. Frá mínu sjónarmiði er þetta leið Alþfl.-manna út úr þessu máli þó að þeir hafi stundum verið allfrjálslyndir á þessu sviði eða svo hafi virst, t. d. þegar núv. formaður Alþfl. flutti að mestu óbreytt, að ég held, það frv. til útvarpslaga sem þeir höfðu unnið að hv. þm. Guðmundur Garðarsson, sem hérna situr, og hv. þm. Friðrik Sophusson. Frv. núv. formanns Alþfl., Jóns Baldvins Hannibalssonar, var flutt fyrir tveimur árum, má ég segja, og gekk miklu lengra í frelsisátt en nokkurn tíma það sem hér er á borðinu, en nú vilja hv. þm. Alþfl. tryggja að það sé opinber stjórn á öllu saman. Ég sé ekki betur en þetta sé í hnotskurn það að Alþfl. er einfaldlega á móti frjálsu útvarpi. Alþfl. er nefnilega þrátt fyrir fyrri frumvarpsflutning auðvitað ekki síst sósíalistaflokkur og það kemur fram í þessu viðhorfi. Alþfl. er ekki eins langt frá Alþb. í slíku grundvallarviðhorfi og stundum hefur virst. Þetta er nefnilega spurning um hugmyndafræði, það er alveg rétt. Þetta er spurning um hugsjónir. Þetta er spurning um hvort við trúum fólki fyrir eigin tjáningarfrelsi.

Mörg atriði þessa frv. skipta miklu máli í því sambandi: Í fyrsta lagi afnám einkaréttar ríkisins á útvarpsrekstri og í öðru lagi auglýsingafrelsið. Það skiptir líka máli í sambandi við tjáningarfrelsi. Mér er alveg ljóst að þetta er þó miklum takmörkunum háð með öllum þeim fyrirvörum sem í frv. eru. En það er söguleg staðreynd að skref í átt til mannréttinda þarf stundum að taka mörg til að marki sé náð.

Áfangasigrar hafa jafnan verið í mannréttindabaráttu. Á því sviði er skynsamlegra að taka skref í áttina en varpa tilraunum fyrir róða og segja: Við viljum annaðhvort allt eða ekkert. Þess vegna tel ég að það skipti höfuðmáli að Alþingi samþykki það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil, herra forseti, nefna eitt atriði enn sem nokkur ágreiningur hefur orðið um og það var reyndar atriði sem tengdist auglýsingunum. Það voru ákvæðin um menningarsjóð sem ætlað er að verði til af tekjum af auglýsingum. Ég er sammála þeim sjónarmiðum hv. þm. Eiðs Guðnasonar að e. t. v. hefði hlutfallið ekki þurft að vera jafnhátt og hér er gert ráð fyrir, en þetta var mikið kappsmál samstarfsflokki okkar sjálfstæðismanna í ríkisstj. og raunar hugmynd hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég skil rökin að með þessu sé tryggt að séð verði fyrir fé til innlendrar dagskrárgerðar sem horfi til menningarauka. Það segir sig auðvitað sjálft að það kemur Ríkisútvarpinu til góða rétt eins og öðrum stöðvum. Ég held að Ríkisútvarpið hefði síst á móti þessu. Ríkisútvarpið hefur gert ýmsar ráðstafanir einmitt til að stofna sjóði til að veita úr öðrum en þeim sem þar starfa. Dæmi um það er Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins. Ég held að hugmyndin um menningarsjóð sé bæði framkvæmanleg og geti orðið af henni mjög jákvæður árangur og þetta sé skynsamlegt á upphafsárum nýs fyrirkomulags í útvarpinu.

Herra forseti. Mig langar til þess að andmæla því að þetta fyrirkomulag, sem við höfum mælt með, stuðli að alræðisvaldi fjármagnsins. Ég held einmitt að möguleikinn til fjármögnunar með auglýsingum auðveldi þeim sem ekki hafa mjög mikið fjármagn undir höndum að reka útvarpsstöðvar.

Ég vil svara nokkrum spurningum hv. þm. Eiðs Guðnasonar og nokkrum aths. hans. Hv. þm. fór um það allsterkum orðum að það væru mjög torskildar sumar greinar í frv. Ég held nú að margt fari torskildara frá Alþingi en þetta. Það sem hv. þm. skildi ekki var þetta, að aðrir aðilar en sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti almenna dagskrárgerð. Ég skal skýra þetta fyrir hv. þm. Þetta er einfaldlega það að þeir sem leyfi fá til útvarpsrekstrar kosti sjálfir dagskrárgerðina í stöðinni. Ef það væri við skulum segja Jón Jónsson sem sækti um leyfi til útvarpsrekstrar, en svo væri það bara Sigurður Sigurðsson og Jóna Jónsdóttir kona hans sem sæju um alla dagskrá stöðvarinnar, þá er verið að sækja um leyfið á fölskum forsendum undir fölsku nafni, þá liggja ekki fyrir þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir þegar leyfið er veitt. Það er ljóst að þetta verður að komast allt til skila strax þegar veittar eru upplýsingar sem útvarpsnefnd þarf að fjalla um.

Hv. þm. talar um að það að útvarpa árið um kring hljóti að þýða útvarp líka á fimmtudögum. Ég held að það þurfi ekki að eyða tíma í þetta. Ég held að það skilji allir nema hv. þm. Það gæti verið árið um kring þó að það væri bara á sunnudögum. (**EG:** Ég var að tala um sjónvarpið.) Hvort sem það er sjónvarp, útvarp eða hvað það er. Það gæti eins verið árið um kring á sunnudögum þess vegna. (**EG:** Þá er að taka það sérstaklega fram.) Nei, það væri of lítið frelsi m. a. fyrir Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið útvarpar núna árið um kring, það sjónvarpar árið um kring. (Gripið fram í.) Það sjónvarpar samt árið um kring þó að það sleppi einhverjum dögum, ekki alla daga og ekki allan daginn. Þetta er náttúrlega eins og hver annar orðhengilsháttur og útúrsnúningur hjá hv. þm. (**EG:** Það er engin brtt. við þetta atriði, hæstv. ráðh.) Þetta var athugasemd við frv. og hann óskaði viðhorfa menntmrh. m. a. til þessa.

Og það er ekki einungis í þessu sem reynt er að koma til móts við ábendingar hv. þm. Það hefur verið gengið mjög langt til þess að reyna að ná samkomulagi einmitt í þessu máli. Hv. þm. telur að það væri til samkomulags að setja málið í nefnd í sumar því að þetta sé illa unnið klastur. Við skulum líta á hverjir það eru sem hv. þm. gefur þessa einkunn. Það eru allir þeir sem voru í útvarpslaganefndinni sem samdi hið upphaflega frv. (**EG:** Þetta er allt annað frv.) Það eru allir hv. þm. sem eru í menntmn. Nd., sem hafa unnið að þessu máli í allan vetur eða þangað til fyrir mánuði, og síðan nm. í menntmn. Ed. Það eru þrír lögfræðingar í menntmrn. og m. a. ábendingar frá útvarpsráði þar sem hv. þm. á sæti sjálfur. Þetta er því fullyrðing út í loftið. Og það var til þrautar reynt að ná þessu samkomulagi. (Gripið fram í.) Hv. þm. var einmitt að leggja til að það væri fjallað um það utan Alþingis með því að setja það í nefnd í sumar. Núna er tækifærið til að fjalla um það. Hér er staðurinn og hér er stundin til þess.

Herra forseti. Það voru nokkur atriði sem hv. þm. óskaði eftir að ég fjallaði um frekar. Eina brtt. vil ég nefna.

Það var um skýrslu til Alþingis um framkvæmd laganna. Ég tel að það sé skynsamlegt að taka þann hátt upp. Ég tel hins vegar óþarft að binda það í lögum.

Um skipun stjórnar menningarsjóðs útvarpsstöðva og gildistökuákvæðið. Tilurð ákvæðisins skýrir þetta mætavel. Viðlíka ákvæði eru í mörgum lögum. Á lokastigi máls kemur oft ákvæði sem frestar gildistöku. Þá segir það sig sjálft að önnur ákvæði laganna koma til framkvæmda þegar gildistökudagurinn rennur upp. Þetta þýðir að hin formlega skipun stjórnar menningarsjóðs færi fram strax eftir gildistöku. Það mundi þýða í framkvæmd að formlega yrði það svo.

Ég held, herra forseti, að ég hafi nefnt meginatriðin sem um hefur verið deilt í þessu frv. og ég vonast til þess að hin mikla vinna sem þm. úr öllum flokkum hafa lagt í þetta mál skili sér í því að menn sameinist um þá málmiðlun sem hér liggur fyrir og leggi þar með sitt af mörkum til þess að stuðla að meira frelsi í þjóðfélaginu, grundvallarmannréttindum, fjölbreyttara og opnara þjóðfélagi og umburðarlyndara þjóðfélagi.

Frsm. 3. minni hl. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Ég vil áður en þessari umr. lýkur vekja athygli á nokkrum atriðum sem ég tel mikilvæg í sambandi við þetta frv. og afgreiðslu þess.

Í fyrsta lagi, eins og ég tók fram í ræðu minni í gær, tel ég að þetta sé frv. sem enginn er ánægður með í raun og veru. Þetta er frv. sem hefði þurft að vinna miklu betur og á annan hátt. Öll umræðan um það í vetur virðist hafa fjallað um allt annað en það meginatriði sem ég tel

að hefði átt að vera ríkjandi í sambandi við frágang og endanlega niðurstöðu þessa frv. Mér virðist sem allt of mikil áhersla hafi verið lögð á að ræða um þetta sem málefni fyrirtækja. Það er verið að ræða um rekstrargrundvöll útvarpsstöðva o. s. frv. miklu fremur en að ræða um það hlutverk sem svokölluðum frjálsum stöðvum væri ætlað.

Það er þannig að Ríkisútvarpið er hið raunverulega þjóðarútvarp og þrátt fyrir mikið tal um einokun og skort á frelsi efast ég um að önnur skipan útvarpsmála hafi veitt fleiri aðilum tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugsunum á framfæri en Ríkisútvarpið og eins að vel hafi verið séð fyrir að greina frá í fréttum og umræðuþáttum öllum helstu hræringum þjóðlífsins. Ég held því að fjölgun útvarpsstöðva muni ekki verða til þess að auka tjáningarfrelsi, a. m. k. ekki að neinu ráði, og allra síst með því fyrirkomulagi sem mér virðist að mjög sterk öfl í samfélaginu, a. m. k. hávær öfl, hafi haldið fram.

Ég vil taka fram í sambandi við auglýsingar og ekki auglýsingar að þar er ekki spurning um frelsi eða ekki frelsi. Það er spurning um fjárhagsgrundvöll Ríkisútvarpsins. Það er sú ástæða og sú ástæða ein sem hefur ráðið afstöðu Framsfl. til þess máls. Við teljum að með þeim skyldum sem Ríkisútvarpinu eru lagðar á herðar verði að tryggja framgang þess með því að koma í veg fyrir að auglýsingatekjur þess skerðist að ráði. Ef svo fer að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins skerðast verulega hlýtur að verða að koma til mjög mikilla fjárveitinga úr ríkissjóði til þess að Ríkisútvarpið geti staðið við þær skyldur sem því bera að inna af hendi.

Í sambandi við önnur almenn atriði tel ég að tvennt, auk auglýsingamálsins, hefði átt að koma inn í þetta frv. Það er í fyrsta lagi í sambandi við boðveitur. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt atriði og kannske mikilvægasta atriðið ef við í einhverri alvöru erum að tala um að auka tjáningarfrelsi, auka möguleika þjóðarinnar, fólksins í landinu til að nýta þessa tækni. Það hlýtur að vera framtíðin og ég hefði talið að það ætti að koma nú þegar sú skipan að boðveitur væru í eigu hins opinbera sem síðan leigði þær út og gæfi þannig mörgum aðilum tækifæri til að ná til mjög margra. Þar sem með slíkum sendistöðvum er unnt að takmarka móttöku við þá sem hafa til þess sérstakan útbúnað, sérstök tæki, þá er í lófa lagið að taka afnotagjöld við slík skilyrði og þar af leiðandi ætti það að koma upp í kostnað við eða a. m. k. að vera verulegur styrkur við slíkar útsendingar.

Hitt atriðið sem ég vildi minnast á er að smástöðvarnar út um allt land eru verulega mikilvægar, og það má kannske segja að það sé í beinu framhaldi af þessu, mikilvægar til þess að veita mörgum aðilum tækifæri til að koma sínu efni eða sínum skoðunum á framfæri. Ég held að ákvæðin í frv. um að Ríkisútvarpið skuli efna til dagskrárgerðar og hafa aðstöðu til upptöku í öllum kjördæmum landsins sé að sínu leyti skylda sem er lögð Ríkisútvarpinu á herðar til þess að reka svæðisútvarp. Reynslan af starfseminni á Akureyri er með þeim hætti að það vekur vonir um að þar hafi Ríkisútvarpinu einmitt tekist að auka gífurlega starfsemi sína, auka hana á þann hátt sem ég tel æskilegan og raunar eftirbreytnisverðan. Ég tel að útvarpið eigi að ganga miklu lengra og auka þá starfsemi verulega. En til þess þarf fjármagn og það er einmitt það fjármagn sem við erum að reyna að standa vörð um með því að takmarka auglýsingaútvarp.

Þessi atriði vil ég að komi skýrt og greinilega fram. Ég tel einnig að hér hefði átt að standa að með þeim hætti að það væri tilraunastarfsemi til 3—4 ára og á grundvelli þeirra tilrauna ætti að setja ný útvarpslög.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umr. Það er auðvitað fjölmargt sem hefði mátt ræða í þessu sambandi. Ég er ekki viss um að orðalag eins og að Ríkisútvarpið hafi haft einokun sé heppilegt. Í raun og veru hefur ekki verið um neina einokun að ræða. Það hefur verið um samstarf allrar þjóðarinnar að ræða um merkilegan fjölmiðil, merkilega menningarstofnun. Það mætti þá alveg eins tala um einokun skóla til að útskrifa fólk, einokun Háskólans til að útskrifa lögfræðinga, guðfræðinga o. s. frv., en það mundi væntanlega engum detta í hug. Það er einmitt þetta atriði sem ég held að skipti meginmáli, þ. e. að gera Ríkisútvarpið enn þá betra en það er, en veita jafnframt öðrum aðilum tækifæri til útvarpsstarfsemi án þess að það skaði Ríkisútvarpið.

Frsm. 4. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það eru ýmis atriði úr ræðu hæstv. menntmrh. sem mig langar að víkja að, en sá er hængur á að kl. 17.15 hefur forseti Sþ. boðað þingflokksmenn og forseta til fundar um skipulag þinghaldsins í dag og geri ég ráð fyrir að forseti muni þá fresta fundi hér um skamma hríð. Mitt mál verður ekki langt nú, en þó treysti ég mér ekki til að ljúka því á þremur mínútum.

Hæstv. ráðh. sagði að frv. það sem hér væri um að ræða væri málamiðlunarfrv. sem lengi hefði verið fjallað um og sem flestir ættu að geta sameinast um. Þetta er rangt, hæstv. ráðherra. Þegar þetta frv. var borið undir atkv. í Nd. voru það bara 16 af 39 þm. í hv. Nd. sem treystu sér til að greiða atkv. með málinu. Það get ég ekki kallað málamiðlunarfrv. Það eru tólf þm. á móti því og ellefu þm. velja þann kostinn að sitja hjá. Þess vegna er alveg útilokað að segja að þetta sé málamiðlunarfrv.

Ég hafði líka uppi þau orð að þetta frv. væri klastur. Með því er ekkert verið að segja um þá nefnd sem samdi fyrir þremur árum upphaflega útvarpslagafrv. Það er allt annað frv. sem liggur nú fyrir. Það er heldur ekkert verið að segja um lögfræðinga menntmrn., ekki nokkurn skapaðan hlut. Það eru hv. þm. í Nd. sem bera ábyrgð á því hvernig þetta frv. lítur út núna.

Hæstv. menntmrh. minntist á ábendingar útvarpsráðs. Ég taldi ekki viðeigandi, þó að ég eigi sæti í útvarpsráði, að ég væri að fjalla um frv. til útvarpslaga þar. Minn vettvangur til þess að fjalla um það mál er hér á hinu háa Alþingi. Ég kom ekki nálægt umfjöllun málsins í útvarpsráði. Minn varamaður mætti stundum á þeim fundum, en álitsgerð eða sérálit frá mér var þar ekki.

Síðan ræddum við hér um eignarhald á boðveitum. Ég verð að segja alveg hreint eins og er að mér kemur afskaplega mikið á óvart og spánskt fyrir sjónir afstaða talsmanna Sjálfstfl., þ. á m. hæstv. samgrh. sem því miður er ekki á þinginu í dag. Mér var sagt að hann hefði farið til útlanda í morgun. Hann hlýtur að hafa átt þangað mjög brýn erindi að þurfa að víkja af þingi síðustu daga þess. Ég dreg ekkert úr því og geri ekkert lítið úr því að ráðh. hafi átt brýn erindi til

útlanda og þurft að fara. Það hlýtur að vera svo, þegar menn víkja af þingi síðustu daga þess, að það sé eitthvað mjög brýnt sem kallar á og skal ég svo sem ekki gera neinar aths. við það. Ráðherrar hafa sínum embættisskyldum að gegna, en það hljóta að hafa verið einhver afar aðkallandi verkefni sem kölluðu hæstv. samgrh. burt úr þinginu núna. (**Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann að gera hlé á máli sínu.) Já, að sjálfsögðu. (**Forseti:** Ég hafði upphaflega frekar reiknað með því að hafa fund hér í kvöld. En það hefur ekki náðst fyllilega um það samkomulag. Þess vegna hefur verið boðað til fundar núna með forseta Sþ. og þingflokksformönnum til að ræða framhald þinghaldsins í dag og mun ég því fresta fundi núna í 15 mínútur, til hálfsex.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni, sem ég sífellt þarf að gera hlé á ýmissa orsaka vegna, að ég var að ræða um boðveitukerfin og eignarhald á þeim og lýsa furðu minni á þeirri skoðun helstu forvígismanna Sjálfstfl. að boðveitukerfin eigi að einhverju leyti að vera í eigu Pósts og síma. Ég hafði áður á það bent að það gengur þvert á samþykkt síðasta landsfundar Sjálfstfl. og er furðulegt að heyra talsmenn flokksins halda fram skoðunum sem ganga þvert á landsfundarsamþykkt. Það er a. m. k. næsta óeðlilegt og ég harma það mjög að hæstv. samgrh. skuli í krafti síns embættis hafa þurft að halda til annarra landa og ekki vera hér því að ég hefði gjarnan viljað fá álit hans á þessu og ég áskil mér rétt til að fá það álit hans við 3. umr. málsins.

Í öðru lagi er talað um nefnd til að endurskoða ákvæði fjarskiptalaga. Að vísu fullyrti hæstv. menntmrh. ekki að búið væri að skipa slíka nefnd, en á henni var að skilja að hún vissi ekki betur en slík nefnd hefði verið skipuð. Ég hef kannað þetta mál í samgrn. og þar hefur mér ekki tekist að fá staðfestingu á því að slík nefnd hafi verið skipuð eða hafi hafið störf. Ég leyfi mér því að draga það í efa að slík nefnd hafi verið skipuð. Ég skal þó ekkert fullyrða. Mér tókst ekki að ná í ráðuneytisstjórann. Ráðh. fór til útlanda í morgun, ráðuneytisstjórinn er í sumarfríi og sá fulltrúi í rn. sem mest hefur með þessi mál að gera var á samningafundi, en í samgrn. kannast menn ekki við að slík nefnd hafi verið skipuð. Þó má það vel vera og kemur það væntanlega í ljós. Ég skal ekki heldur fullyrða neitt í þessu efni, til þess hef ég einfaldlega ekki nógu traustar upplýsingar, en ég hef efasemdir um það að þessi nefnd sé komin á laggirnar.

Ég lofaðist til þess að tala hér ekki lengi og ég skal standa við það. Ég spurði hæstv. menntmrh. um það ákvæði 7. tölul. 3. gr. að þeir aðilar aðrir en þeir sem leyfi hafa fengið til útvarpsrekstrar megi ekki kosta almenna dagskrárgerð og þó gildi það ekki um einstaka dagskrárliði. Ég er búinn að segja það hér áður að mér finnst þetta ákvæði merkingarlaust. Ég hef flutt brtt. við það til að koma merkingu í það. En ég verð að segja það alveg eins og er að eftir að hæstv. menntmrh. gerði tilraun til að skýra þetta ákvæði áðan skil ég enn þá minna, þá er mér enn þá síður ljóst hvað felst í ákvæðinu. Með leyfi forseta ætla ég — ég hef fengið útskrift af því sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan — að lesa hér orð ráðh.:

„Það sem hv. þm. skildi ekki var þetta, að aðrir aðilar en sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti almenna dagskrárgerð. Ég skal skýra þetta fyrir hv. þm. Þetta er einfaldlega það, að þeir sem leyfi fá til útvarpsrekstrar kosti sjálfir dagskrárgerðina í stöðinni. Ef það væri við skulum segja Jón Jónsson sem sækti um leyfi til útvarpsrekstrar, en svo væri það bara Sigurður Sigurðsson og Jóna Jónsdóttir kona hans sem sæju um alla dagskrá stöðvarinnar, þá er verið að sækja um leyfið á fölskum forsendum."

Þetta skil ég. Sem sagt: ef aðili B sækir um leyfi til útvarpsrekstrar, en aðili A tekur að sér reksturinn á stöðinni. En ég hef hugboð um að það sé ekki hægt að skilja þessa grein með þessum hætti. Ég fæ ekki séð hvernig menn geta tengt saman þennan skilning hæstv. ráðh. og það sem stendur í greininni. Lög eiga að vera skýr. Það er engin leið að skilja 7. tölul. 3. gr. með þessum hætti. Það er ekki heldur neinn vegur að skilja hann yfirleitt eins og nú er og ég segi það aftur og enn: þessum lið verður að breyta. Hann er óskiljanlegur eins og hann er. Hann þýðir ekki þetta skv. orðanna hljóðan í frv. eins og það nú liggur fyrir.

Ég hef fengið allt aðrar skýringar hjá þeim sem sátu í menntmn. Nd. á hvað þetta þýðir og það var raunar til að koma þeim skýringum, a. m. k. sumum hverjum, í orð sem ég flyt mína brtt.

Herra forseti. Það er nýlunda að menn sitji að snæðingi inni í hv. þd. (**ÁJ:** Hver situr að snæðingi?) Ég sé hvar hv. þm. hefur verið að dreifa sölvum sem eru sjálfsagt hinn ágætasti matur en á ekki heima inni í hv. þd., leyfi ég mér að segja. Það er a. m. k. nýlunda sem ekki hefur borið við áður. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**Forseti:** Í þingsköpum eru engin ákvæði varðandi neyslu eins og annars, hvorki vökva né fastrar fæðu, þannig að ég sé mér ekki fært að skipta mér af slíku fyrr en það gengur út yfir almennt velsæmi.) Það verður hver að hafa sína siði — og borðsiði þá líklega líka.

Það er enginn vegur að skilja þessa grein þeim skilningi sem hæstv. menntmrh. vildi vera láta í sínum skýringum áðan. Þegar ég leitaði skýringa á þessari grein var svo að skilja að þarna væri verið að setja undir þann leka að ekki væri leyfilegt að sýna t. d. kvikmyndir sem aðrir aðilar hefðu kostað.

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það afskaplega óviðkunnanlegt að menn skuli sitja að snæðingi í hv. þd. þegar verið er að flytja ræður. Það er nýmæli. Þó ekki standi neitt um það í þingsköpum finnst mér það ganga þvert á góða reglu í þd. Það verður að segjast alveg eins og er. (**Forseti:** Hv. 5. landsk. þm. Í tilefni þessara orða verð ég að taka undir það að mér finnst þetta heldur ekki mjög smekklegt, en það er staðreynd að menn bryðja hér eitt eða annað, hálspillur og hvaðeina, til að viðhalda rödd og glöðu geði, þannig að þó að þessi óvanalega fæða sé komin á borð held ég að ég geti ekki aðhafst neitt í því máli.) Ef hv. þm. sem hér á í hlut telur það nauðsynlegt geðheilsu sinni að sitja hér að snæðingi skal ég svo sem ekki gera neinar sérstakar frekari athugasemdir við það, en mér finnst þetta nýmæli sem ekki sé nein ástæða til að endurtaka hér í Ed.

Herra forseti. Ég hef talað viðlíka lengi og ég sagði hæstv. menntmrh. að ég mundi tala hér. Ég hef ítarlega lýst efasemdum mínum um þetta frv. Ég hef bent á fáein þau atriði sem breyta þarf. Ég hef líka sagt að á frv. séu þeir annmarkar að ekki sé hægt að samþykkja það óbreytt og hef þess vegna flutt brtt. Mér finnst

eiginlega liggja við sómi deildarinnar að frv. verði ekki látið fara héðan með þeim alvarlegu annmörkum sem á því eru.

Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan um þá athugasemd sem ég gerði varðandi gildistíma og kosningu nefndar að stundum væru ákvæðin um gildistöku sett inn í seinna um annan tíma. Það er sjálfsagt alveg rétt, en það breytir ekki því að ákvæðin geta ekki staðið eins og þau standa í frv. eins og það kemur til okkar eftir 3. umr. frá Nd. Það gengur einfaldlega í bága við skynsemi og skilning flestra manna, held ég, ef Alþingi lætur frá sér fara lög með þeim hætti sem frv. nú er.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1209, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 12:4 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1224,1 felld með 13:2 atkv.
2. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 1224,2. a. felld með 10:5 atkv.
Brtt. 1224,2. b. felld með 12:2 atkv.
Brtt. 1208,1. a. felld með 7:4 atkv.
Brtt. 1249 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KSG, KolJ, RA, KÁ, EG, HS, StB.
nei: VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ.
SkA, HÓ, JHelg greiddu ekki atkv.
2 þm. (SalÞ, JK) fjarstaddir.
Brtt. 1208,1. b. tekin aftur.
3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1224,3 felld með 13:2 atkv.
Brtt. 1226 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EG, HS, KSG, RA, KÁ.
nei: EgJ, EKJ, KolJ, VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, StB.
DA, HÓ, JHelg, SkA greiddu ekki atkv.
2 þm. (JK, SalÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í þessari brtt. eru m. a. ákvæði þar sem vikið er að sjónvarpsstöðvum sem senda efni um boðveitur í eigu sveitarfélaga þannig að með afstöðu sinni til þessarar till. eru menn líka að taka afstöðu til þess máls. Við höfum lýst því yfir áður, Alþfl.-menn, að við teljum þetta slíkt lykilatriði í öllu þessu máli að sú afstaða okkar að styðja auglýsingafrelsi í stöðvunum komi til endurskoðunar að þessu felldu. Boðveituákvæðin hafa það í för með sér að Íslendingum gæti orðið kleift að fylgjast með sjónvarpi frá erlendum gervihnöttum og dreifa því með eðlilegum hætti þannig að fólk gæti átt margra kosta völ. Það er ekki hægt eftir því frv. sem hér er verið að greiða atkv. um og það er ekki hægt eftir þeim reglum sem nú eru í gildi. Þess vegna er þetta tilraun til að koma heilbrigðri skynsemi inn í þetta frv. Það er of lítið af henni þar. Við höfum lýst því yfir að afstaða okkar til auglýsingafrelsisins skuli skoðast í ljósi þess hvernig atkvgr. fer um þetta mál. Ég segi já.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við Alþb.-menn erum andvígir því að styrkur og áhrif einkasjónvarpsstöðva ákvarðist af því hversu auðveldan og greiðan aðgang þær eiga að auglýsingum og þess vegna erum við andvígir því að einkastöðvarnar megi selja auglýsingar. En með hliðsjón af því að þessi till. Alþfl. gengur þó þrátt fyrir allt skemur en frv. gerir í núverandi búningi segi ég já.

Brtt. 1204 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KSG, RA, KÁ, DA, EG, HÓ, HS, JHelg.
nei: KolJ, VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, EgJ, EKJ, StB.
3 þm. (JK, SkA, SalÞ) fjarstaddir.
4. gr. samþ. með 9:7 atkv.
Brtt. 1224,4. a. felld með 7:6 atkv.
Brtt. 1224,4. b. felld með 9:2 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1224,5. a. felld með 7:7 atkv.
Brtt. 1224,5. b. felld með 7:7 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1208,2 felld með 11:4 atkv.
11. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1224,6 felld með 12:2 atkv.
12.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg.
KolJ, RA, KÁ, EG, HS, KSG, StB greiddu ekki atkv.
3 þm. (SkA, SalÞ, JK) fjarstaddir.
14.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1224,7 felld með 10:5 atkv.
18. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1224,8 felld með 9:2 atkv.
19. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 1224,9 felld með 9:5 atkv.
20. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1224,10. a. felld með 10:4 atkv.
Brtt. 1224,10. b. felld með 12:2 atkv.
21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1224,11 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HS, KolJ, RA, StB.
nei: VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg.
EG, KSG, KÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (SalÞ, JK, SkA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frá sjónarmiði Ríkisútvarpsins og sjónarmiði starfsmanna Ríkisútvarpsins væri mjög æskilegt að þetta gæti verið með þeim hætti eins og þessi brtt. fjallar um. En eins og þetta ákvæði er gengur þetta þvert á ýmis önnur lög og það eru engin ákvæði um það þarna að breyta þeim. Þess vegna er ekki hægt að samþykkja þetta eins og það stendur í brtt., enda þótt ég geti lýst stuðningi við þá hugsun sem í þessu felst og það beri að byrja að vinna að því að þetta geti orðið svona. Þess vegna greiði ég ekki atkv. um þessa brtt.

22.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1208,3 felld með 10:3 atkv.
34.—39. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1208,4. a. felld með 8:5 atkv.
Brtt. 1208,4. b. felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu

nafnakalli, og sögðu
já: KÁ, EG, HS, KSG, KolJ, RA, StB.
nei: VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, JHelg.
HÓ greiddi ekki atkv.
3 þm. (SkA, SalÞ, JK) fjarstaddir.
Brtt. 1208,4. c. felld með 7:5 atkv.
Brtt. 1208,4. d. felld með 7:6 atkv.
Brtt. 1208,5 felld með 7:5 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11:6 atkv.. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EKJ, HÓ, JHelg, KolJ, VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, DA, EgJ.
nei: HS, KSG, RA, KÁ, EG, StB.
3 þm. (JK, SkA, SalÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það verða sjálfsagt stoltir og hnarreistir þm. stjórnarliðsins sem ganga út í sólskinið á eftir þegar þessari umr. og atkvgr. er lokið. Ákvæði til lagfæringar á ákvæðinu til bráðabirgða hafa öll verið felld enn sem komið er. Heilbrigð skynsemi hefur beðið ósigur í þessari hv. deild og það er ákaflega miður að sjá fram á að Alþingi ætlar nú að samþykkja útvarpslög sem njóta stuðnings minni hl. þm. Þessa dags verður ekki minnst sem eins af rismestu dögunum í þingsögunni. Ég, herra forseti, segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:5 atkv.

Efri deild, 97. fundur.

Miðvikudaginn 12. júní, að loknum 96. fundi.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Nú er nýlokið, herra forseti, 2. umr. um útvarpslagafrv. Síðan virðist, skv. þeirri dagskrá sem hér hefur verið dreift, vera ætlunin að 3. umr. um það mál fari fram hér strax í beinu framhaldi af 2. umr. Ég hef þegar óskað eftir því við forseta að 3. umr. um málið fari ekki fram fyrr en á morgun. Ég mun flytja nýjar brtt. við 3. umr. til að freista þess enn einu sinni að laga þó ekki væri nema einhverja af þeim agnúum sem eru á þessu frv. og þess vegna leyfi ég mér að ítreka þá ósk hér í umr. um þingsköp að 3. umr. um 5. mál Nd. fari ekki fram fyrr en á morgun, eins og raunar á að gera skv. réttum þingsköpum.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að ekki verður það sagt um okkur dm. að við höfum verið sérlega langorðir um þetta mál eða haldið uppi neinu málþófi. Ég vil sérstaklega nefna t. d. okkur Alþb.-menn sem höfum sennilega ekki rætt þetta við 2. umr. málsins öllu lengur en einar 20 mínútur eða svo. Ég held að það sé auðvitað sjálfsögð krafa, þegar jafnmikið stórmál er á ferðinni og þetta, að menn fái að átta sig á því hvernig staðan er að lokinni 2. umr. og undirbúa brtt. fyrir 3. umr. og þar sem svo skammt er nú liðið frá 2. umr. þykir mér einsýnt að allir hljóti að styðja þá kröfu sem fram er komin frá hv. þm. Eiði Guðnasyni um að þessi umr. fari ekki fram fyrr en á morgun. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega vekja athygli á þeirri ágætu meginreglu þingskapa að ef minni hl. andmælir því að umr. fari fram — ég hygg að það þurfi ekki að vera öllu stærri minni hl. en sem nemur ¼ — ber að verða við þeirri kröfu.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ég vil upplýsa þdm. um að frá þingflokksformanni Framsfl. er komin fram sú krafa að 3. umr. um útvarpslög fari ekki fram fyrr en á morgun. Ég verð því að álykta sem svo að sú hugmynd að leyfa þessa umr. núna njóti ekki stuðnings og verði þar með ekki borin undir deildina.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 1221). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og mun hún þá taka það fyrir á fundi í fyrramálið, væntanlega kl. 11. Menn ráða því kannske hvenær þeir vilja ræða málið, það er ekki mitt að dæma um það, a. m. k. verði málið tekið fyrir í nefnd í fyrramálið.

Umr. frestað.

Áfengislög, frv. 86. mál (þskj. 1233, 1234). — 3. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Við sem fluttum till. við 2. umr. málsins um að þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram um þetta mál höfum flutt við þessa umr. brtt. um að lögin öðlist þegar gildi. Það vantaði inn í frv. eins og það hafði verið afgreitt við 2. umr. vegna þess að í gamla frv. hafði verið bráðabirgðaákvæði sem bersýnilega gat ekki átt við. Till. skýrir sig því sjálf.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Mér finnst það megi varla minna vera en við þökkum þessum ágætu flm. till. fyrir að hafa losað okkur við þá ábyrgð að greiða atkv. um sjálft málið. Ég vona að við munum í framtíðinni halda áfram að njóta þess bjórlíkis sem alls staðar er á boðstólum og hæstv. dómsmrh. haldi áfram að fjölga þeim húsum sem mest. Ég hef orðið var við það undanfarna daga að það kunna margir að meta meðferð hæstv. deildar á þessu máli og vildi gjarnan koma því á framfæri.

Guðmundur H. Garðarsson: Ég segi herra forseti. Það verður víst erfitt að nota orðið „virðulegur" í hv. Ed. eftir þá meðferð sem frv. til l. sem Nd. var búin að samþykkja hefur fengið í hv. deild. Það vill svo einkennilega til að ég er núna varamaður fyrir hæstv. fjmrh. sem á sæti í Ed. Fyrir skömmu átti ég sæti sem varamaður í Nd. Þar var ég búinn að greiða atkv. með því að alþm. hefðu þor og kjark til að taka afstöðu til þess að setja lög um að heimila sölu á áfengu öli. Nú hefur orðið sú breyting á að hv. Ed. hefur samþykkt að þetta skuli fara fram með atkvgr. meðal allra kosningabærra manna.

Á s. l. ári tók ég þátt í umr. sem varaþm. í Nd. um

þetta mál. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá, enda man ég það ekki svo gjörla. Hins vegar get ég ekki tekið undir þær þakkir sem hv. þm. Björn Dagbjartsson færði deildinni eða þeim mönnum sem lögðu til að breyta þessu frv. til laga með þeim hætti sem hér var samþykkt í 2. umr. því að ég tel ekki þakkarvert að losa þingmenn við að taka ábyrgð á lögum sem hér eru samþykkt á Alþingi. Ég held að það sé fyrsta skylda alþm. að taka afstöðu til laga og þora að gera það meðan hann hefur það umboð. Þetta frv. sem hér er um að ræða og Ed. hefur samþykkt, um allsherjaratkvgr. meðal kosningabærra manna, er þess eðlis að gert er ráð fyrir því að atkvgr. skuli vera ráðgefandi. Hv. Alþingi kemst því ekki undan þeirri ábyrgð að taka fyrr eða síðar afstöðu til þessa máls.

Ég vildi láta þessa skoðun mína koma hér fram og ég vil einnig endurtaka það að mér finnst ekki þakkarvert hvernig hefur verið haldið á þessu máli hér í Ed. Ég mun greiða atkv. gegn því sem samþykkt var hér við 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1234 samþ. með 10:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv. og endursent Nd.

Virðisaukaskattur, frv. 213. mál (þskj. 252, n. 1239). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur lengi haft til athugunar frv. til l. um virðisaukaskatt sem raunar er gamall kunningi bæði hér í þingsölum og úti í þjóðfélaginu og mikið hefur verið um rætt. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ljóst sé af rökum, sem færð eru fram í nál., að frekari undirbúning þurfi og athugun á máli þessu og leggur því til að því verði vísað til ríkisstj.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en vek athygli á því að það eru mjög merkilegar upplýsingar í þessu nál., sem nýlega hafa borist til n., um virðisaukaskatt í ýmsum Evrópuríkjum. Þar kemur á daginn, það sem mönnum hefur líklega ekki verið almennt ljóst hér, að í flestöllum löndum öðrum en Norðurlöndunum, er mismunandi hár virðisaukaskattur og kannske mjög lágur eða enginn á brýnustu nauðsynjar, en aftur hækkaður á lúxusvörum. Þetta hafa menn talið að væri mjög illt og erfitt að framkvæma, en ljóst er að það tekst þó að gera það í fjölmörgum löndum. Ekki síst af þeirri ástæðu telja nm. að þetta mál þurfi að skoða betur.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að hér er mikið stórmál á ferðinni sem miklu mundi breyta, en því miður ekki til hins betra. Ljóst er að ef frv. þetta yrði samþykkt mundi vöruverð í landinu stórhækka og þeir sem til þekkja telja að skriffinnska við innheimtu skattsins mundi verða margfalt meiri en við innheimtu söluskatts. Ég er innilega sammála þeirri ákvörðun stjórnarliða að vísa þessu frv. til ríkisstj. af þeirri ástæðu að málið sé vanhugsað og þarfnist nánari skoðunar. Satt best að segja held ég að þetta gæti átt við æði mörg önnur stjfrv. sem flutt hafa verið seinustu dagana og mundi mjög vera því fylgjandi að eitthvað af þeim málum, sem standa í vegi fyrir því að þingi ljúki, fengi sömu afgreiðslu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1239, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Miðvikudaginn 12. júní, kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 1221, 757, 1173, 1174). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 757 felld með 23:10 atkv.

Brtt. 1173 felld með 20:13 atkv.

Brtt. 1174 felld með 24:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GE, GJG, KÓ, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, SJS, SvG, GeirG.

nei: GGS, GT, HBl, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PD, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, IG.

3 þm. (GA, MB, GSig) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem eftir er að marka stefnu í þessum málum og ég tel að það sé mjög varhugavert að byggja upp stórar fiskeldisstöðvar, þá kæmi samt til greina að veita ríkisábyrgð af takmarkaðri stærð. Áhættan er svo mikil með þær stöðvar sem hér er verið að ræða um. Þess vegna segi ég nei.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þótt ég sé þeirrar skoðunar að mjög sé nauðsynlegt að takmarka heimildir til ríkisábyrgðar lít ég svo á að um fiskeldi kunni svo að vera að óhjákvæmilegt sé að ríkið veiti ábyrgðir. Ég hef því látið fara fram sérstaka athugun á þörf ríkisábyrgða vegna fiskeldis og hef nú fengið á mitt borð tillögur um lausn á því máli. Þar er lagt til að ríkisábyrgð verði bundin ákveðnum skilyrðum eins og auknu eigin fé viðkomandi fyrirtækja og verði sömuleiðis takmörkuð að heildarupphæð. Þetta er nú til athugunar í ríkisstj. og ég geri ráð fyrir því að ríkisstj. muni afgreiða það mál fljótlega.

Ég held að sú till. sem hér liggur fyrir, þótt hún sé um margt góðra gjalda verð, fullnægi ekki þörfinni og verði þetta mál því að afgreiðast á breiðara grundvelli eins og ég hef lýst og ríkisstj. hefur nú til meðferðar. Ég segi því nei.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þar sem ég álít Alþingi breiðari grundvöll en ríkisstj., svo að ég vitni til hæstv. forsrh., þá segi ég já.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem

starfandi fjmrh. segi ég nei í dag.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 873, n. 1216, 1228). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1228,1 felld með 19:9 atkv.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1228,2 felld með 20:9 atkv.
5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
6.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1228,3 felld með 14:3 atkv.
14. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1220). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 775, n. 1058, 1063, 1085, 1092, 1053, 1059, 1079). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1079,1 felld með 19:6 atkv.
Brtt. 1053 felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GB, KÓ, HBl, HG, JS, JBH, KP, KH, PD, SV, SJS, SvG, IG.
nei: EBS, FÞ, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PS, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH.
FrS, GSig, GE, GGS, GT, KSK greiddu ekki atkv.
3 þm. (GJG, GA, MB) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Alþfl. hefur talið þessa stofnun óþarfa og stofnun sem ekki þarf að vera til þarf hvergi að eiga sér heimili eða varnarþing. Þess vegna segi ég nei.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel óeðlilegt að binda það í lög hvar Byggðastofnun skuli vera staðsett. Miðað við að frv. það um Byggðastofnun sem hér er til umræðu verði samþykkt tel ég eðlilegt að stjórn hinnar nýju Byggðastofnunar taki um það ákvörðun í samráði við ríkisstj. hvar hún skuli staðsett. Því segi ég nei við till. á þskj. 1053.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tel eðlilegt að stjórn stofnunarinnar kanni hvar rétt er að staðsetja Byggðastofnun og leiti eftir samkomulagi um það. Ég tel hins vegar óeðlilegt að binda slíkt í lögum og þess eru heldur fá dæmi að það sé gert. Ef stjórn stofnunarinnar ákveður að staðsetja Byggðastofnun einhvers staðar á landsbyggðinni, á Akureyri eða annars staðar, mun ekki standa á samþykki mínu. Ég segi því nei við þessari till.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég tel það eðlilegt að ákveða það í lögum hvar stofnun af þessu tagi sé staðsett. Hér er á ferðinni byggðapólitískt mál og það er löggjafans og einskis annars en hans að ákveða hvar þessi stofnun skuli staðsett. Það er sannfæring mín að ef sú breyting sem hér er lögð til nær ekki fram að ganga hér á löggjafarsamkomunni, þá verði ekki af henni. Þess vegna segi ég já.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Með vísun til greinargerðar hæstv. forsrh. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 20:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 1079,2 felld með 21:6 atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1079,3 felld með 20:5 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1059,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1079,4 felld með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KH, SJS, SvG, GSig, KÓ, HG.
nei: MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PD, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GGS, GT, HBl, IG.
KSK, EBS, JS greiddu ekki atkv.
8 þm. (KP, KJóh, MB, GE, GJG, GA, JBH) fjarstaddir.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1059,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1059,3 (11. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1059,4 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1059,5 (ný 13. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1059,6 (ný 18. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1059,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. 284. mál (þskj. 1229). — Ein umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Allshn. hefur komið saman til fundar og kynnt sér og rætt þá brtt. sem komin er til Nd. frá Ed. og birt er á þskj. 1225. Þar er um það að ræða að á ferðinni er allsíðbúin

umsókn um ríkisborgararétt. Ed. hefur þegar afgreitt málið á jákvæðan hátt. Niðurstaða allshn. Nd. er á sömu lund. Nefndin mælir einróma með því að þessi umsókn verði samþykkt hér í Nd. og bætist við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar sem prentað er á þskj. 1229.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1261).

Dýralæknar, frv. 502. mál (þskj. 1183, n. 1243). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 1243 er svohljóðandi nál. frá allshn.:

„Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins."

Þetta mál er tímabært og mjög aðkallandi. Það er um það að ráða dýralækni vegna fisksjúkdóma sem hafa komið hér upp.

Nefndin var algerlega sammála um að mæla með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774, n. 1054, 1061, 1091 og 1102, 806, 1055, 1060, 1164). — Frh. 2. umr.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Þar var komið í þessu máli að ég hafði gert að umræðuefni það sem mér fannst vanta á um stefnumörkun í sambandi við hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra til þátttöku í félaginu. Ég hafði lýst því yfir að mér sýndist á máli þessu að nauðsynlegt væri þegar á þessum degi afgreiðslunnar að taka til þess afstöðu á hvaða sviði þetta félag ætti sérstaklega að beita sér. Ég hafði lýst þeirri skoðun minni að það væri ekki nóg að tala um nýsköpun í atvinnulífi og að beina kröftum félagsins að því vegna þess að hinir ýmsu möguleikar til nýsköpunar í atvinnulífi eru afar mismunandi. Sumir eru mjög fjárfrekir, aðrir ekki. Sumir eiga í ýmsa sjóði að venda en aðrir ekki.

Það er ekki endilega víst að t. d. fiskeldi og rafeindaiðnaður eigi samleið þarna. Þó að í báðum tilfellunum sé um að ræða nýsköpun í atvinnulífi, þá er samt sem áður um það að ræða að þessar greinar eru mjög misfrekar til fjármagnsins. Það væri auðveldlega hægt að setja upp heilt fiskeldisbú fyrir alla þá peninga sem fyrirsjáanlegt er að þetta ágæta félag hafi til umráða. Þess vegna tel ég að það þýði ekki að setja fram svona hugarfóstur án þess að marka því miklu ákveðnari stefnu, án þess að menn hafi fastmótaðar hugmyndir um að hvers kyns verkefnum það eigi að snúa sér.

Ég tel líka að það sé í raun og veru verið að koma upp barnaherberginu, uppeldisstofnuninni, áður en nokkrar líkur eru á því að getnaður verði, að því leyti að það er ekki ljóst að það hafi neinn áhuga á að sinna þeim verkefnum sem þarna ræðir um. Það sem skiptir nefnilega mestu máli í þessu sambandi er að hafa uppi þær aðgerðir til örvunar og hvatningar sem leiða til þess að fólk kemur og vill taka þátt í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og þar fram eftir götunum. En þetta vantar algerlega. Ég gagnrýni enn og aftur þá staðreynd að yfirsmiðir þessa máls hafa hengslast yfir því í tæp tvö ár. Ríkisstj. hefði getað notað tímann til þess að hrinda þegar af stað nauðsynlegum undirbúningsframkvæmdum, þ. e. að koma af stað aðgerðum til hvatningar, til örvunar, til þess að vekja áhuga á þátttöku í svona apparati. Það þarf nefnilega að yrkja jörðina, það þarf að undirbúa hana og það þarf að sá mjög vandlega áður en menn geta vænst þess að þar verði mikil uppskera.

Mér virðist ríkisstj. eða fulltrúar hennar í hv. fjh.- og viðskn. í raun og veru viðurkenna þennan skort á áhuga og þennan skort á hvatningu, vegna þess að þeir flytja brtt., sem er nauðsynleg til þess að gera þeim kleift að koma á þessu hlutafélagi, í félagi við aðra án þess að nokkrir aðrir komi til en ríkisstj. ein. Ríkisstj. hefur líklega komið auga á það, hún hefur upplifað það einhvers staðar á sínu róli, að fólk beinlínis bíður ekki eftir þessu í löngum röðum. Þess vegna tel ég að hér sé verið að ganga rangt að hlutunum. Það vantar það almenna umhverfi hvatningar og driftar sem gerir svona félag nauðsynlegt.

Ég ræddi um það nokkuð í síðustu ræðu minni, eins og ég sagði reyndar í upphafi þessarar ræðu, að menn ættu að marka þarna mjög ákveðna stefnu og ákveðinn bás. Og sú stefna og sá bás á að vera á sviði smáfyrirtækjarekstrar. Ég lýsti því nokkuð í ræðu minni að fram hefðu farið rannsóknir erlendis á því að það væru smáfyrirtæki sem væru vaxtarbroddurinn í verðmætasköpun og atvinnusköpun alls staðar í heiminum. Og ég vitnaði til rannsókna sem höfðu verið gerðar bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum. Síðan hafa mér borist nýrri upplýsingar.

Ég vil t. d. vekja athygli á nýlegri grein í tímaritinu International Business Week, 27. maí 1985. Það er helgað, getum við sagt, þessari pólitík. Það fjallar um vöxt lítilla fyrirtækja í Bandaríkjunum. Þar er birtur listi yfir 100 fyrirtæki sem hraðast hafa vaxið þar á undanförnum misserum. Þau eru öll þessu markinu brennd. Þau eru öll lítil. Þau eru öll, má segja, í nýjum og óvenjulegum atvinnugreinum. Þau bera öll með sér ákveðin merki driftar og hvatningar og nýrra stjórnunarhátta. Og þau eru öll ávöxtur starfs sem hefur tekið mörg ár að byggja upp. Menn hlaupa nefnilega ekkert til og grípa fenginn. Nýsköpun dettur ekki ofan úr skýjunum.

Ég ætla nú ekki að gera langt mál úr þessari grein, en ég vil endilega benda mönnum á að kynna sér efni hennar. Eins og ég segi er þar lýst ýmsum almennum einkennum vaxtarins í atvinnulífi í Bandaríkjunum. Þar eru tekin út nokkur fyrirtæki og lýst séreinkennum

þeirra og síðan er listi yfir 100 fyrirtæki sem hraðast hafa vaxið og mesta grósku hafa sýnt. Þau eru af þessari gerðinni. Það er hægt að hafa um þetta mörg fleiri orð, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni vegna þess að ég lýsti skoðunum mínum í þessum málum svo nákvæmlega í síðustu ræðu. En ég vil eindregið hvetja ríkisstj. til að taka upp markvissar aðgerðir til þess að hvetja fólk til þátttöku í atvinnulífi á þennan hátt sem ég hef lýst.

Ég harma að sjá í þskj. að það hefur orðið niðurstaða hv. atvmn. Sþ. að vísa þáltill. okkar Bandalagsmanna um eflingu og stuðning við rekstur og stofnun smáfyrirtækja til ríkisstj. á þeim forsendum að ríkisstj. sé nú þegar að vinna að þeim málum. Ég harma þessa niðurstöðu meiri hl. n. vegna þess að ríkisstj. er ekkert að vinna að þeim málum, ekki á þann hátt sem er nauðsynlegur.

Ég sagði í síðustu ræðu minni að það sem þyrfti að gerast væri að það myndaðist öflug skjaldborg um smáfyrirtækjarekstur, um hina nýju kosti atvinnulífsins, skjaldborg sem á sinn hátt væri jafn örlát eins og sú skjaldborg sem hefur myndast utan um stóriðjubransann hér á landi, þótt ég vonist til þess og fari fram á að ýmsir fylgikvillar stóriðjuæðisins, svo sem lífshættir þeir sem því tengjast og offjárfestingar sem þar hefur verið farið út í, nái ekki að hreiðra um sig í þessari nýju grein eða í hinni nýju stefnu smáfyrirtækjaiðnaðarins.

En nauðsynlegt er að það verði til jafn greinileg stefnumörkun af hálfu opinberra aðila í þessum atvinnuháttum eins og hefur orðið í stóriðju, þar sem menn á öllum sviðum finni til hvatningarinnar, þar sem örvunin nær út um allt þjóðlífið, þar sem hennar verður vart í skólunum, þar sem hennar verður vart á ríkiskontórunum, þar sem hennar verður vart á Alþingi, og þannig eignist hún baráttumenn um allt samfélagið. Og þetta gerist hraðast með því að þar taki ríkisvaldið forustu og beiti þeim ráðum sem það ræður yfir. Þetta held ég að ráði mestu um það hvort okkur tekst að gera það sem menn kalla í ræðunum sínum 17. júní að renna fleiri stoðum undir, eða að auka fjölbreytni í eða að brydda upp á nýjungunum í, eða að fjölga burðarásum í atvinnulífi á Íslandi.

Við verðum að marka þarna miklu, miklu markvissari og miklu harðari stefnu í atvinnumálum heldur en þessari ríkisstj. hefur auðnast. Það kemur manni kannske ekkert á óvart þegar dæmin berast okkur á hverjum degi um það hvernig verkstjórn og búskaparháttum er hagað á þeim bæ. Og þeim mun meiri ástæða er til að harma afgreiðslu hv. atvinnumálanefndar á þessari till. vegna þess að annars hefði kannske verið von til þess að þingið sæi ástæðu til þess að taka undir þá kröfu um stefnumörkun sem gerð er í till., en lufsist ekki á þann hátt sem lagt er til við að vísa henni til ríkisstj.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held að það sé ekki fjarri lagi að lýsa megi ástandinu á Íslandi í dag, hvað varðar möguleika á nýsköpun í atvinnulífi og aðstöðu okkar til þess að sækja þar fram, með fjórum orðum: miklir möguleikar — litlir peningar. Og það má segja að nokkru leyti um það frv. sem hér er til umfjöllunar einnig. Það fjallar um mikla möguleika en gerir í raun ráð fyrir litlum peningum. Það hefur vakið athygli mína að það sem af er þessari umræðu um hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi hafa menn lítið staldrað við þann augljósa sannleik: hversu litla peninga á að leggja af mörkum í þessu margauglýsta og mikla átaki sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera til nýsköpunar í atvinnulífi. Þvert á móti hef ég grun um að mörgum finnist þetta vera allmyndarleg upphæð, séu svona nokkuð hreyknir af því að það eigi að stofna hlutafélag, eitt allsherjar þróunarfélag sem hafi hvorki meira né minna en 200 millj. kr. hlutafé. En þetta er auðvitað það sem heitir á alþýðumáli skítur á priki, herra forseti, þetta er dropi í hafið. Og mér finnst þetta sérstaklega litlar tölur með tilliti til þess hvaða tegund atvinnurekstrar það er sem hæstv. ríkisstj. hefur helst beint sjónum sínum að og bindur helst vonir sínar við að verði landi og þjóð til blessunar, þ. e. stóriðja. Það vita auðvitað allir og sjálfsagt hæstv. iðnrh., sem hér skrafar á bak við mig, manna best, að í stóriðjuuppbyggingu eru miklir peningar á ferðinni. Og hæstv. iðnrh. hefur verið með stórkostlegar áætlanir um uppbyggingu samtengdra orku- og iðjuvera, kannske álvers af stærðinni 100—150—180 þús. tonn og tilheyrandi orkuver fyrir það. Hvað láta menn sér detta í hug að þetta sé mikil fjárfesting, svona gróft reiknað? Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að það sé á bilinu 14—20 milljarðar króna sem þyrfti til þess að koma upp einu svona batterii, við skulum segja svona 15—18 milljarðar. Og svo er hæstv. ríkisstj. að miklast af hlutafélaginu sem á að hafa 200 millj. kr. til ráðstöfunar, það er að segja af sínu eigin fé.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, herra forseti, að hér er í raun um mjög litlar fjárhæðir að ræða. Það er að vísu þannig að ef þetta átak dreifðist til nokkurra smærri fyrirtækja þá dugar það eðli málsins samkvæmt betur heldur en ella, en það er þó alveg ljóst að það verða engar stórar rósir gerðar með því fé sem liggur að baki stofnunar þessa fyrirtækis.

Það er auðvitað athyglisvert enn fremur að hæstv. ríkisstj., þessi ríkisstjórn einkaframtaksins, dyggilega studd af ungliðunum í Sjálfstfl. sem kenna sig nú við brjóstvörn einkaframtaksins í landinu, hún setur allt sitt traust á ríkið. Hún hefur enga von um það, þessi hæstv. ríkisstj., að nýsköpun í atvinnulífi á Íslandi verði fyrir forgöngu annarra en ríkisins. Og ég er ekki frá því að ég sé henni sammála. Ég hef að vísu meiri trú á ýmsum samtökum fólksins og þátttöku sveitarfélaga og einstaklinga heldur en hæstv. ríkisstj. En það er engu að síður mín skoðun að nauðsynlegt sé og eðlilegt að ríkið eigi þarna hlut að máli, og það verði tæplega ætlast til þess, a. m. k. ekki eins og einkafjármagninu er dreift í landinu í dag, að það verði gert með öðru móti. Því miður eru þeim fyrirtækjum sem ég hefði best treyst til að ná árangri á þessu sviði ekki búin þau rekstrarskilyrði að þau geti mikið.

Ég er hér t. d. að tala um fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi og fyrirtæki sem þjónusta þennan atvinnuveg í heimabyggðum. Ég er alveg viss um að þar er jarðvegur og þar eru möguleikar fyrir mikla nýsköpun í atvinnulífi, bæði úrvinnslu afurða þessara fyrirtækja og uppbyggingu ýmiss konar þjónustuiðnaðar sem við þau og í tengslum við þau starfa. Og það er nú svo merkilegt að þegar farið er yfir sviðið og athugað hvaða greinar íslensks iðnaðar hafa þó staðið sig best á undanförnum árum, þá standa í mínum huga tvær nokkuð upp úr. Það er annars vegar úrvinnsluiðnaður landbúnaðarvaranna, ullar- og skinnaiðnaðurinn, sem hefur bætt við sig langmestum mannafla allra íslenskra iðngreina, og hins vegar er það ýmis iðnaður í tengslum við og sem þjónar

sjávarútveginum. Það hefur sprottið upp þó nokkuð myndarlegur útflutningsiðnaður sem byggir að hluta til á þeirri stöðu sem innanlandsmarkaðurinn gefur í þessum efnum og á þeirri reynslu og því verkviti sem við Íslendingar búum enn þá yfir í sjávarútvegi.

Ég get nefnt sem dæmi útflutning á veiðarfærum, fiskikössum og öðru slíku. Svo má nefna tölvuvogir, rafeindaiðnað sem tengist sjávarútveginum. Ég hygg að það séu ekki mörg dæmi um íslenskan iðnað sem á allra síðustu árum hefur unnið jafnmikið að vöruþróun og staðið sig álíka vel og þessar greinar.

Þess vegna er ég að tala um þetta, herra forseti, að í þessu nýsköpunartali manna finnst mér stundum að menn gleymi því hvar við stöndum, hvar við Íslendingar kunnum til verka, hvar við Íslendingar höfum stóran heimamarkað. Það er m. a. í sjávarútvegi. Allur búnaður í fiskvinnslustöðvar og í skipin og öll þau tæki sem notuð eru í þessari eiginlegu stóriðju okkar Íslendinga eru mjög umfangsmikil. Það er því alveg augljóst að þau fyrirtæki sem hasla sér völl á þessu sviði hafa verulegan markað hér innanlands til að styrkja sig með og auðvelda sér leiðina til útflutnings. Þetta sanna dæmin frá liðnum árum um þau fyrirtæki sem sprottið hafa upp og til að byrja með e. t. v. eingöngu framleitt fyrir innanlandsmarkað en síðan náð að færa út kvíarnar.

Ég held að nýsköpun í íslensku atvinnulífi megi ekki verða svo háfleyg að hún gleymi því sem fyrir er og gleymi þeim möguleikum sem okkar hefðbundna atvinnustarfsemi býður upp á. Mér finnst menn stundum tala ofurlítið um þetta í rósrauðri framtíð einhverra splunkunýrra atvinnugreina sem við höfum frétt af einhvers staðar utan úr heimi. Nú er ég ekki að lasta það að menn fylgist vel með, séu með á nótunum á sem allra flestum sviðum. En ég er að benda á það, herra forseti, að hollur er heimafenginn baggi og ætti sá sem hér stendur eitthvert fjármagn aflögu til þess að leggja í nýsköpun í atvinnulífi, þá held ég nú að mér yrði það fyrst fyrir að skoða þær greinar sem við Íslendingar höfum stundað um aldir og þar sem við kunnum til verka og sjá hvort þar væru ekki einhverjir þeir möguleikar sem nýta mætti betur en gert er.

Og þrátt fyrir allt tal um erlendar skuldir og bága stöðu þjóðarbúsins er staða þessarar stóriðju okkar Íslendinga, sem í raun framleiðir yfirgnæfandi meiri hlutann af þeim vörum sem afla okkur gjaldeyristekna og miklu meiri tekna en henni eru yfirleitt reiknaðar, býsna sterk, vegna þess að inn í tölur um gjaldeyrisframleiðslu er stóriðjuframleiðsla reiknuð en hún er einnig einn stærsti aðilinn í gjaldeyriseyðslunni, þannig að þegar nettógjaldeyrisframlegð atvinnugreina á Íslandi er reiknuð út hygg ég að staða sjávarútvegsins sé jafnvel enn sterkari en menn telja. Þrátt fyrir þetta ber sjávarútvegurinn af sínum fjárfestingum einungis um 16% af öllum erlendum skuldum þjóðarinnar. Og það er auðvitað merkilega lágt hlutfall, herra forseti, þegar tillit er tekið til þess hversu stór þessi atvinnugrein er bæði í landsframleiðslunni og útflutningsframleiðslunni. Sýnir það hversu afkastamikil og arðbær þessi stóriðja er í raun fyrir þjóðarbúið, að hún skuli skapa öll þessi verðmæti án þess að hafa þurft að taka meira fé að láni til að byggja sig upp.

Til hliðar við þetta skoðar maður svo dæmið um orkugeirann sem ber um helming af öllum erlendum skuldum þjóðarbúsins. Og það er óhjákvæmilegt að maður staldri ofurlítið við þennan samanburð, herra forseti, ekki síst með tilliti til þess að hér er á ferðinni frv. ríkisstj. sem mænir helbláum augum til stóriðjunnar og stóriðjunnar einnar.

Ég var að rifja það upp hér áðan, áður en hæstv. iðnrh. gekk úr salnum, hvað það kostaði að byggja upp eitt svona batterí sem hann er með í hug sínum og reyndar mörg, svona stóriðjubatterí, orkuver og iðjuver sem skapar kannske störf handa 4—500 manns í besta falli, þó fer sú tala lækkandi ár frá ári vegna aukinnar sjálfvirkni í þessum greinum, en kostar 15—18—20 milljarða króna að byggja upp.

Ef við Íslendingar tækjum nú þá ákvörðun að í staðinn fyrir að byggja upp eitt svona stóriðjubatterí, hvort sem það ætti nú að standa við Eyjafjörð eða einhvers staðar annars staðar, ætluðum við á svipuðum tíma og það tekur að byggja slíka virkjun og slíkt iðjuver, á 5—8 árum skulum við segja, að verja hliðstæðri fjárhæð til nýsköpunar og uppbyggingar á öðrum sviðum í atvinnulífi, við merktum okkur m. ö. o. 18 milljarða króna, hliðstæða tölu við þá sem færi í stóriðjubatteríið, við merktum okkur hana til þess að gera átak á öðrum sviðum, í smærri fyrirtækjum, í endurskipulagningu og úrvinnslu í þeim greinum sem fyrir eru, þá er ég ekki frá því, herra forseti, að ýmsum þætti vænkast sinn hagur ef til reiðu væru slíkir fjármunir í þessi verkefni. Þeir sjóðir sem eiga að stuðla að uppbyggingu og nýsköpun í þessum greinum á Íslandi í dag hafa yfir að ráða nokkrum tugum eða nokkrum hundruðum milljóna og verða að neita fjöldanum öllum af umsóknum árlega. Það hlýtur því að vera mikil spurning hvort það er réttlætanleg og skynsamleg stefna að draga jafnmikið fé í jafndýrar fjárfestingar sem skapa jafnfá störf.

Þá vakna einnig efasemdir um þjóðhagslegt mat, þjóðhagslegan arð af því að haga málunum þannig. Iðnþróunarfélög þau sem að störfum eru um allt land setja sér strangari skilyrði fyrir arðsemi í þeim fyrirtækjum sem þau stuðla að að komið verði á fót heldur en menn gera um stóriðjuna og munar þar gjarnan nokkrum prósentum. Þannig hefur t. d. Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, þrátt fyrir ströng skilyrði hvað þetta varðar, komið á fót þó nokkrum fyrirtækjum, sem nú skapa störf um byggðir Eyjafjarðar, fyrir svo örlítið brot af þeim fjárfestingartölum sem um er að ræða í stóriðju að enn hlýtur sá samanburður að vekja mann til umhugsunar.

Það er lítið talað um íslenskan landbúnað, herra forseti, þegar rætt er um nýsköpun í atvinnulífi á Íslandi. Og reyndar heyrist því oft slegið fram að okkar hefðbundnu greinar séu komnar að endimörkum og þar verði engin framþróun lengur og ekkert fólk muni bætast við í störf þar í besta falli, jafnvel verði frekar um samdrátt að ræða. Menn halda kannske að ræðumaðurinn sem hér stendur sé orðinn vitlaus að fara að tala um íslenskan landbúnað og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. En það verður þá að hafa það. Ég skal standa undir því.

Ég er þeirrar skoðunar að í íslenskum landbúnaði, rétt eins og í íslenskum sjávarútvegi, felist miklir möguleikar sem ónýttir séu og þegar menn ræða nýsköpun í atvinnulífi á Íslandi eigi menn ekki að gleyma þessum elsta og stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar lengst af. Ég á hér auðvitað ekki bara við búskapinn

sjálfan og framleiðslu á vörunum þar, heldur einnig við ýmsar afleiddar greinar, ekki síst iðnaðinn sem, eins og ég rakti hér áðan, hefur staðið sig á síðasta áratug best allra íslenskra iðngreina að mínu viti, bæði hvað varðar að bæta við sig mannafla og auka hlutdeild sína í útflutningi. Láta mun nærri að á síðasta ári hafi verðmæti útflutnings sem rekur sig til hráefna frá íslenskum landbúnaði verið um 2 milljarðar kr. og fólk sem er beint í störfum á þessu sviði er á milli 2 og 3 þúsund. Þetta er ekki lítil upphæð og þetta er ekki ólaglegur árangur þegar haft er í huga hvað tiltölulega stutt saga liggur hér að baki.

Staðan er þannig nú í skinnaiðnaði að fullnýtt eru öll þau skinn sem falla til á Íslandi og rúmlega það. Iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga hefur hafið innflutning á skinnum til vinnslu frá nálægum löndum, Færeyjum og Grænlandi, en þar gefast skinn einna líkust þeim sem við höfum hér og eru talin þau bestu í heimi, enda verðlögð sem slík. Engu að síður ætla menn nú að fara að skera þennan atvinnuveg niður við trog, sérstaklega sauðfjárbúskapinn sem leggur til þessi verðmætu hráefni. Það hlýtur að flokkast undir nýsköpun í íslensku atvinnulífi, eða hvað?

Þessi mál, nýtt frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á landbúnaðarafurðum og nýja þróunarfélagið, eru nánast samferða hér í þinginu, lögð fram af hæstv. ríkisstj. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það eigi að athuga þá möguleika sem felast m. a. í þessum afleiddu greinum landbúnaðarins, og auðvitað þyrfti og ætti að skoða það áður en menn taka ákvörðun um að skera þessa atvinnugrein niður við trog, því að fyrir utan þann iðnað sem byggir á þessum hráefnum er það auðvitað fjölda, fjölda margt annað sem landbúnaðinn varðar sem hér ætti að gaumgæfa, t. d. að hve miklu leyti er hægt að gera landbúnað á Íslandi óháðan erlendum aðföngum, þannig að þjóðhagsleg hagkvæmni og gjaldeyrissparnaður sem í því felst að stunda hér landbúnað aukist. Ég hygg að á því sviði séu einnig miklir möguleikar, rétt eins og hefur verið að gerast allra síðustu árin í sjávarútveginum, að iðnaður í tengslum við hann og iðnaður sem þjónustar hann hefur lagt til meira af tækjum og búnaði til þessarar atvinnugreinar en áður gerðist. Væri það einnig hægt í landbúnaðinum, að framleiða á Íslandi meira af ýmsum þeim tækjum og vörum sem flokkast undir aðföng þessarar atvinnugreinar.

Þessu fylgir svo, ef menn ráðast í þetta verkefni, alkunn hringrás sem þm. sjálfsagt kannast við. Hún er sú að nýjum iðngreinum, sem hasla sér völl á nýju sviði og taka upp nýja framleiðslu, fylgir aukning í öðrum iðngreinum, t. d. þeim sem framleiða tæki og búnað fyrir þær iðngreinar sem verið er að koma á fót. Þannig getur slík hringrás orðið víxlverkandi eða keðjuverkandi og leitt til þess að þessi vöxtur breiðist út og dreifist út um allt þjóðlífið og einkum og sérstaklega innan iðnaðargeirans.

Við frv. þetta sem hér er til umræðu, herra forseti, og er mál nr. 455 er brtt. flutt af nokkrum þm. Alþb., auk mín hv. þm. Geir Gunnarssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni. Brtt. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. gr. komi ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:

Heimili og varnarþing hlutafélagsins er á Akureyri."

Nú kann einhver að segja að það leiði ekki af sér nýsköpun í íslensku atvinnulífi hvar stofnun eins og þessi er staðsett. En vissulega má flokka það undir nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Ég hef hér talað nokkuð um iðnað og á Akureyri er ein ríkasta iðnaðarhefð í öllum bæjum á Íslandi. Þar er aðsetur iðnaðardeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga sem er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á landinu og veitir hátt í þúsund manns atvinnu við ýmiss konar verksmiðjuiðnað í stöðvum sínum á Akureyri.

Einn af forustumönnum þessarar iðnaðardeildar tjáði mér það fyrir nokkrum dögum að þau áhrif hefðu verið hreint lygileg sem það hafði á bæjarlífið á Akureyri þegar iðnaðardeildin flutti höfuðstöðvar sínar norður, þ. e. skrifstofudeildir og aðra þjónustu sem rekstri iðnaðardeildarinnar fylgdi. Þetta mun hafa verið hér suður í Reykjavík, herra forseti, um langa hríð, sennilega við Sölvhólsgötu. En vegna þess hve umfangsmikill iðnreksturinn var orðinn á Akureyri ákvað þetta merka fyrirtæki, Samband ísl. samvinnufélaga, að flytja höfuðstöðvar iðnaðardeildar sinnar norður. Og það hafði ótrúleg áhrif að sögn þessa fróða manns, þar bættust við ný störf o. s. frv.

Sú ákvörðun Sambandsins mætti verða gott fordæmi þess að byggja upp þetta nýja hlutafélag á Akureyri og sjá hvort ekki leiddi svipað af því eins og þegar iðnaðardeildin flutti sína starfsemi norður. Nú mun þetta hlutafélag sem slíkt að líkindum ekki ætla að standa fyrir umtalsverðum atvinnurekstri heldur eiga hlutdeild að því að koma honum á fót og örva o. s. frv., eins og hér er sagt í heiti frv. Þess vegna er það ekkert sjálfgefið að það verði óskaplega mikið að umfangi, láti sig e. t. v. fyrst og fremst fjármálahliðina og þróunar- og upplýsingahliðina varða. Ég tel að einmitt þetta ætti að auðvelda það fremur en hitt að staðsetja svona fyrirtæki einhvers staðar annars staðar en endilega hér í Reykjavík. Menn skulu líka huga að því að það er ekkert víst að niðurstaðan af starfi þessa þróunarfélags verði endilega fyrst og fremst iðnaður í Reykjavík. Eða er það? Er það e. t. v. þess vegna sem menn sjá á því tormerki að hafa þetta fyrirtæki annars staðar? Er það e. t. v. vísbending um það sem koma skal? Er það vísbending um það að aðstandendur frv. sjái framtíðina þannig fyrir sér fyrst og fremst að verkefni þess liggi hér á höfuðborgarsvæðinu? Það er óhjákvæmilegt að spyrja að þessu, herra forseti.

Við höfum rétt nýverið afgreitt frá okkur annað frv., einhvers konar systurfrv. eða litla bróður þessa frv. sem hér er til umræðu. Góðir menn höfðu einnig hugmyndir uppi um það að færa Byggðastofnun norður á Akureyri. Verður tæpast um það deilt að verkefni þeirrar stofnunar liggur þó fyrst og fremst á landsbyggðinni. Minni hluti, að vísu, þm. í þessari hv. deild felldi þessa till. hér rétt áðan. Þar með er sá kostur úr sögunni í bili að við skulum ætla. Því tækifæri hefur a. m. k. verið hafnað að ganga frá því hér og nú að Byggðastofnun verði staðsett á Akureyri. En enn gefst mönnum kostur til að skoða hug sinn og þá um það hvort ekki sé vænlegt að byggja upp þetta þróunarfélag, nýtt fyrirtæki, á þessum margnefnda stað, nú eða einhvers staðar annars staðar. Næðist um það samstaða hér með öllum flokkum, öllum hv. þm. þessarar deildar, að hafa þetta fyrirtæki t. d. á Egilsstöðum þá skal ekki standa á mér að styðja það. Það sem fyrst og fremst vakir fyrir mér er sú

stefnumarkandi ákvörðun, sú viljayfirlýsing sem í slíkri samþykkt mundi felast, um það að menn vildu dreifa starfsemi og þjónustu hins opinbera meira um landið. En betur að þessu síðar, herra forseti.

Vegna þess sem ég rakti hér áðan möguleikana í íslenskum sjávarútvegi og íslenskum landbúnaði og ýmsum greinum tengdum þessum tveimur, þá teldi ég það einmitt mjög heppilegt að þetta fyrirtæki starfaði einhvers staðar í blómlegu héraði úti á landi. Og aðstæður eru líka þannig í okkar þjóðfélagi hvað byggðamál varðar að þörfin fyrir átak, fyrir nýsköpun er margfalt meiri á landsbyggðinni en hér í Reykjavík. Um það verður naumast deilt. Ég bið þá hæstv. forsrh. að lýsa því hafi hann aðra skoðun. Er hæstv. forsrh., sem mun vera yfirmaður Framkvæmdastofnunar ríkisins sem nokkuð fæst við að skoða þessi mál, mér ekki sammála um það að þörfin fyrir átak í atvinnulífi, fyrir nýsköpun sé í raun miklu meiri úti á landsbyggðinni ef við ætlum að halda einhverju sem kallast getur jafnvægi í byggð landsins?

Nú er það þannig að rétt rúm 40% íbúa landsins búa utan stór-Reykjavíkursvæðisins sem svo er nefnt, tæp 60% innan þess. Engu að síður er stærð þeirra árganga sem eru að koma á vinnumarkaðinn úti á landi 48% á móti 52% hér og valda þessu ýmsir ágætir eiginleikar okkar landsbyggðarmanna, svo sem meiri frjósemi og hef ég ekki fleiri orð um það. En þetta ætti að gera mönnum ljóst að hlutfallslega, miðað við íbúatölu, er þörfin fyrir ný störf úti á landi miklu meiri á næstu árum heldur en hér á stór-Reykjavíkursvæðinu. Þetta ættu menn að hafa í huga. Þannig þykist ég, herra forseti, hafa sýnt fram á það að bæði þörfin fyrir og möguleikarnir á nýsköpun í atvinnulífi séu í raun fremur fyrir hendi úti á landi, það sé vænlegra að hasla sér völl í þeim greinum þar sem við Íslendingar kunnum til verka og stöndum framarlega. Sá atvinnurekstur, einkum og sér í lagi sjávarútvegurinn, er dreifður hringinn í kringum landið og einungis í tiltölulega litlum mæli hér á höfuðborgarsvæðinu, a. m. k. að tiltölu við íbúafjölda.

Auðvitað er hægt að hugsa sér, herra forseti, að þjónustan sem slík leysi þessi mál. En það gengur nú svona og svona að fá skilning á því að flytja þurfi þjónustustofnanir og dreifa þurfi þeim öðruvísi um landið en gert hefur verið. Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að það gæti verið stór liður í því að leysa þessi mál. En menn lifa náttúrlega aldrei á því eingöngu að þjónusta hverjir aðra. Og þessi þjóð mun aldrei ná langt og verða feit af því að við verslum hver við annan. Ég held að það endi með ósköpum þó að flest bendi nú til þess um þessar mundir að menn stefni á þá framtíð.

Nei, ég held að allir eigi að gera sér það ljóst að við þurfum að styrkja undirstöður okkar atvinnulífs, þær greinar sem verðmætin leggja til í upphafi, þær greinar sem framleiða afurðir sem síðan geta orðið öðrum að hráefni og að viðfangsefni við úrvinnslu og í þjónustu. Þessar greinar eru sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður fyrst og fremst og af þessum þremur eru tvær að yfirgnæfandi meiri hluta til á landsbyggðinni og sú þriðja, iðnaðurinn, er þar reyndar í þó nokkuð miklum mæli, t. d. á Akureyri þar sem verulegur útflutningsiðnaður er staðsettur sem byggir á aðföngum frá landbúnaði.

Ég held, herra forseti, að það sé einnig skynsamlegt að ræða ofurlítið skólamál í tengslum við nýsköpun í atvinnulífi. Það er nefnileg þannig að mennt er máttur og mennt er fjárfesting, fyrir utan það að vera hugsjón og göfugt viðfangsefni, og það verður aldrei mikil nýsköpun í íslensku atvinnulífi ef við vanrækjum menntun þjóðarinnar, ekki síst verkmenntunina. Íslendingar eru miklir bókamenn eins og allir vita. Voru hér á árum áður einnig miklir latínumenn. Það þótti göfugra öðrum námsgreinum að vera vel að sér í latínu, sögu og íslensku og ýmsum slíkum greinum. Ég hygg að þetta hafi býsna lengi loðað við og er ég ekki að lasta það út af fyrir sig. Það er falleg hugsun að vilja vera vel að sér í þessum göfugu greinum. En þjóð eins og Íslendingar sem á jafnmikið undir framleiðslustörfum, byggir á framleiðslu matvæla fyrst og fremst eins og við gerum, hún má heldur ekki vanrækja sína verkmenntun.

Ég hygg að þeim málum hafi ekki verið sinnt sem skyldi, herra forseti. Átak til að örva nýsköpun í atvinnulífi ætti fyrst og fremst, og í raun og veru í upphafi, að vera átak í menntun. Það ætti að vera átak til þess að mennta og þjálfa hæft starfsfólk til þess að standa síðan fyrir og taka þátt í slíkri nýsköpun.

Ég vil nefna einn skóla sem mér og virðulegum forseta er vel kunnugur. Það er Verkmenntaskólinn á Akureyri. Það er í fyrsta sinn sem verkmenntastofnun er skírð svona göfugu nafni, *nafni svo göfugrar ættar*, menntaskóli. Yfir slíku nafni hefur lengi verið ljómi í hugum Íslendinga. Það hefur þótt virðing að geta kallað sig stúdent. Ég vona, herra forseti, að þetta sé boðberi nýrra tíma, að það boði bjartari framtíð í þessum efnum að þarna er risinn verkmenntaskóli. Þetta sé viðurkenning yfirvalda á því að verkmennt er jafngöfug og ekki síður en önnur mennt. Hún er jafnþörf og hún á jafnmikinn rétt á sér.

Það er verið að byggja upp þennan skóla norður á Akureyri, þennan verkmenntaskóla, og það gengur að sumum finnst heldur rólega. Við vitum það þm. úr þessu kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, hvar Akureyri er staðsett, að margir þar vildu sjá stærri fjárhæðir renna til þess að byggja upp þennan vonarstein verkmenntunar á Norðurlandi. En þess vegna er ég að minnast á það, herra forseti, að ég teldi skynsamlegt að verja einhverju af því fé sem menn ætla að láta ganga til nýsköpunar í atvinnulífi til þess að byggja upp menntastofnanir og þá ekki síst verkmenntastofnanir. Það kann að vera að það mundi ekki skila á allra næstu árum þeim sama árangri í verðmætasköpun fyrir þjóðina að leggja t. d. af þeim milljónum sem þetta fyrirtæki á að fá, við skulum segja 30—50 millj. á allra næstu árum, til þess að byggja upp Verkmenntaskólann á Akureyri. Einhver mun sjálfsagt segja: Já, en góði maður, fyrir þessar 50 millj. er hægt að stofna tvö fyrirtæki, annað í fóðuriðju og hitt í gúmmíframleiðslu, svo ég nefni dæmi, og þau gætu veitt 8 til 10 manns störf. Og eftir nokkur ár gætu þessi fyrirtæki verið farin að skila svo og svo miklum arði. — Þetta er sjálfsagt alveg rétt. En til lengri tíma litið er það sannfæring mín, herra forseti, að nokkur hundruð vel menntaðir stúdentar úr verknámi frá Akureyri væru betri fjárfesting og mundu skila meiru í framtíðinni heldur en það þó við tækjum nokkrar milljónir og kæmum þeim fyrir í einu eða tveimur litlum fyrirtækjum, vegna þess að undirstaða framfara á þessu sviði er, eins og ég áðan sagði,

vel menntað og vel þjálfað fólk til þess að taka þátt í og vera aðilar að þessu nýsköpunarátaki í atvinnulífinu.

Stöðu Háskóla Íslands ætti einnig að ræða í tengslum við þetta frv. til laga um að örva nýsköpun í atvinnulífi. Ég held að sú þjóð sem ekki á góðar menntastofnanir, og þá sérstaklega og ekki síst háskóla, verði undir í framtíðinni í þeirri samkeppni sem yfir stendur og fyrir dyrum er áreiðanlega um hlutdeild á hinum alþjóðlegu mörkuðum. Menn hafa rætt ofurlítið um háskóladeild á Akureyri, herra forseti. Það er allt í lagi að ræða hana aðeins í tengslum við umræður um verkmenntaskóla á sama stað og í tengslum við umræður um Háskóla Íslands. Nú kann einhver að segja: En hvaða erindi á umræða um háskóladeild á Akureyri inn í umræður um nýsköpun í atvinnulífi? — Ég vil segja það við þann góða mann, ef einhver skyldi vera sem segði sem svo, að fátt held ég að yrði Akureyri mikilvægara, þegar til lengri tíma er litið, en að sett yrði á fót menntastofnun á borð við háskóla þar. Ef sú stofnun næði að vaxa og dafna, ráða til sín vel menntað fólk, fólk með þá bestu menntun sem fáanleg er í landinu til þess að stunda þar kennslustörf, til að annast þar rannsóknir og til þess að taka þar þátt í atvinnulífinu að einhverju leyti, herra forseti, þá gæti slíkt orðið uppspretta meiri verðmæta en mörg þúsund tonn af steinsteypu.

Það er nefnilega þannig að ein góð hugmynd, ein góð aðferð í framleiðslu getur verið meira virði en margar stofnanir og margir rúmmetrar af steinsteypu. Auðvitað fá ýmsir góðar hugmyndir og menn þurfa ekki endilega að vera háskólalærðir til þess að láta sér detta eitthvað sniðugt í hug. En svona almennt séð held ég þó að þeim mun betur menntaðir, þeim mun lærðari sem menn eru, þeim mun líklegra sé að menn geti lagt eitthvað gagnlegt til málanna á þessu sviði eins og reyndar svo mörgum öðrum. Þess vegna fyndist mér það mjög gleðilegt og mjög eðlilegt, herra forseti, að á sama tíma og verið væri að byggja upp þessa stofnun, þetta hlutafélag um þróun atvinnulífs á Akureyri, þá yrði þar einnig sett á fót háskóladeild sem ekki síst legði áherslu á ýmsar tækni- og verkmenntunargeinar. Ef þetta tvennt yrði gert og færi hönd í hönd þá yrði þar kannske jarðvegur og andrúmsloft sem mundi örva menn til dáða á þessu sviði. Þá yrðu þar kannske til hugmyndir. Jafnvel þó að ekki nema ein snjöll hugmynd yrði þar til gæti það skilað meiri verðmætum heldur en tíu ára strit þessa fyrirtækis sem hér er verið að ræða um eitt og sér.

Ég held, herra forseti, að það þurfi að ræða þetta allt í samhengi. Það er nefnilega ekki til neinn „hókus pókus“ í þessum efnum, það er mikli misskilningurinn. Og þetta er ekki auðvelt. Þetta er þvert á móti erfitt, herra forseti. Það er ekki talið óeðlilegt úti í hinum stóra heimi að af hverjum tíu kostum sem skoðaðir eru vandlega í þessum efnum reynist e. t. v. ekki nema þrír sæmilega framkvæmanlegir og að tíu árum liðnum sé ekki nema einn þeirra enn þá við lýði eða enn þá starfandi. Svo erfið og vandrötuð er þessi gata. herra forseti. Það er meira en bara að stofna hlutafélag og segja „hókus pókus“. Menn verða að vita hvaða forsendur þarf til að slíkt starf geti skilað árangri. Og menn verða að gera sér grein fyrir því að þetta átak þarf að gera á mörgum sviðum.

Það er auðvitað virðingarvert og ágætt að hæstv. ríkisstj. stofni hlutafélag eða beiti sér fyrir stofnun hlutafélags. En ég þykist hafa sýnt fram á það, herra forseti, að það eitt og sér er ekki gulltrygging þess að Íslendingar verði orðnir hámenntuð iðnaðarþjóð í fararbroddi í nýsköpun atvinnulífs eftir örfá ár. Það þarf meira til.

Ég teldi ekki óeðlilegt, herra forseti, að þegar næst verður tekið til við að ræða fjárlög hér á hinu háa Alþingi eftir ekki ýkja marga mánuði, það er komið fram á sumar, þá látum við einhverjir þm. á það reyna hvort átaki til nýsköpunar atvinnulífs fylgi sá hugur af hálfu hæstv. ríkisstj. að hún sé t. d. reiðubúin að leggja aukið fé í uppbyggingu Verkmenntaskólans á Akureyri. Ég teldi mjög eðlilegt að láta á það reyna. Það gæti verið æskilegur prófsteinn á þann hug og þann skilning sem hæstv. ríkisstj. hefur í þessum málum.

Það er auðvitað lofsvert að hluta af þessu fjármagni á að veita til rannsókna, að mér skilst, og ýmissa annarra hluta. Við eigum ágæta og hæfa rannsóknarmenn sem við ákaflega erfiðar aðstæður hafa skilað merkilega miklu hlutverki og eru jafnvel á sumum sviðum í fararbroddi í veröldinni. En það verða ekki þessir rannsóknarmenn og það verða ekki háskólakennararnir sem starfa í nýju verksmiðjunum, sem starfa í nýju fyrirtækjunum. Það verður fólkið sem núna er í grunnskólunum og gagnfræðaskólunum og kannske í Verkmenntaskólanum á Akureyri þegar það sest niður til náms næsta haust. Það verða þeir, herra forseti, sem annaðhvort eru nýkomnir eða eru á leiðinni út á atvinnumarkaðinn sem munu, ef af verður, starfa í nýju fyrirtækjunum og nýju fabrikkunum sem leiðir af samþykkt þessa frv. Og það er þetta fólk ekki síst sem ég er að tala um þegar ég er að tala um Verkmenntaskólann á Akureyri og aðrar slíkar stofnanir, fjölbrautaskólana vítt og breitt um land og Háskóla Íslands.

Ég veit að það þarf auðvitað ekki að segja hæstv. forsrh., sem er verkfræðingur að mér er sagt, meira að segja rafmagnsverkfræðingur, og meira að segja lærður í Ameríku að mér er sagt, frá þessu. Hann skilur þetta og veit. Engu að síður þótti mér rétt að rifja þetta upp og boða það, herra forseti, að þegar við næst tökum til við að ræða fjárveitingar hér á hinu háa Alþingi, þá tel ég eðlilegt að á það verði látið reyna hvaða skilningur og hvaða hugur fylgir máli hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum.

En það reynir miklu fyrr á það, herra forseti, hvort þessi virðulega þingdeild er tilbúin til þess að staðsetja þetta nýja hlutafélag á Akureyri. Og ég bíð mjög spenntur eftir þeirri atkvæðagreiðslu sem væntanlega verður um brtt. sem ég og nokkrir hv. þm. aðrir hafa flutt. Ég býst við að einhverjir verði til þess að skríða í skotgrafirnar eins og venjulega og segja að þetta sé nú óráðlegt og þetta sé nú erfitt og það sé nú eðlilegra að stjórnin ákveði þetta, það sé nú ekki rétti staðurinn hér á Alþingi. Sem sagt vísi málinu frá sér, treysti sér ekki til að taka ákvörðunina.

En mér finnst það þeim mun alvarlegra, herra forseti, að viðhafa slíkan málflutning nú og í þessu tilfelli, heldur en það var í tilfellinu áðan, þ. e. um Byggðastofnun. Hér erum við að tala um eitt kjörið tækifæri til að gera eitthvað í þessum efnum og láta einhverja drauma rætast í þessum efnum, vegna þess að hér á að fara að byggja upp nýja stofnun, nýtt hlutafélag á að verða til. Það er enginn einasti maður í störfum hjá þessu hlutafélagi í dag. Það er ekki nokkur manneskja á launaskrá hjá Þróunarfélaginu í dag. Það býr enginn

maður í Reykjavík, í húsi úti á Seltjarnarnesi eða inni við Laugalæk sem er í starfi hjá Þróunarfélaginu. Þess vegna þarf enginn maður að pakka ofan í kassa og enginn maður að flytja norður á Akureyri þó að ákvörðun verði tekin um það að setja þetta fyrirtæki á stofn þar.

Þetta er nokkur munur, að því er mér skilst, frá því er var um Byggðastofnunina, þá við ræddum hana áðan. Einhverjir menn vinna á svokallaðri byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og hafa sennilega hugsað sér að starfa áfram við þessa væntanlegu Byggðastofnun. Og ef þessir menn hefðu ætlað að fylgja þessari stofnun undir hinu nýja nafni þá hefðu þeir auðvitað orðið að flytjast með henni norður til Akureyrar, gaf auga leið, herra forseti. Mér er ekki alveg grunlaust um að einhverjir hv. þm., sem hér sögðu ákveðið nei áðan, hafi sett þetta fyrir sig, hafi notað þetta sem viðbáru til þess að skjóta sér undan að taka ákveðna ákvörðun. Þessi ástæða, þessar viðbárur eiga ekki við hvað þetta varðar. Ég held reyndar að þær hafi verið léttvægar í fyrra tilfellinu. Það hafi verið heybrókarháttur að þora ekki að líta fram hjá þeim. En hér geta menn engu slíku skotið fyrir sig. Það er enginn maður á launaskrá hjá Þróunarfélaginu í dag.

Svo mætir Þróunarfélaginu, ef það kæmi norður, herra forseti, sannarlega góður hugur. Það er vitað. Bæjarstjórn Akureyrar hefur boðið það sérstaklega velkomið. Og þeirri ósk bæjarstjórnar Akureyrar að fá að hýsa þetta fyrirtæki, fá að reyna að styðja við bakið á því, hefur verið vel tekið víða. Hún hefur verið studd af fólki frá öðrum stöðum á landsbyggðinni. Það er vandi vel boðnu að neita, herra forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst menn þurfa að færa einhverjar gildar ástæður fyrir því að neita svona góðu heimboði. Það er eiginlega hálfgerður dónaskapur að þiggja ekki heimboð sem boðið er af svona góðum hug.

Ég er á því, herra forseti, að staður eins og Akureyri, með fjölbreytt atvinnulíf, með öfluga útgerð, með blómleg landbúnaðarhéruð á bak við sig, með mikinn iðnað, með ríka iðnaðarhefð, með menntaskóla, með verkmenntaskóla, og vonandi einnig með háskóladeildir eftir örfá ár, sé aldeilis ákjósanlegur staður fyrir fyrirtæki af þessu tagi. Aldeilis ákjósanlegur staður. Það eru góðar samgöngur til og frá Akureyri í allar áttir, út og suður. Það eru meira að segja ágætis samgöngur hingað til Reykjavíkur ef þetta fyrirtæki skyldi þurfa að taka að sér einhver verkefni þar. Ég held að Akureyri sé mjög vel í sveit sett hvað varðar þjónustu við landið, Austfirði og Vestfirði þar með talda, Suðurland einnig. Sumir eru að tala um að malbika Sprengisand. Hvað sem úr því verður er það ljóst að frá Akureyri má að mínu viti starfrækja þetta fyrirtæki með alveg jafnmiklum árangri og jafnvel enn frekar en einhvers staðar annars staðar frá. Stærð bæjarfélagsins er einnig heppileg að mínu viti. Þar skapast að líkindum nánari tengsl mannlífs, atvinnulífs og skóla heldur en gerist í miklu stærri byggðarlögum eins og því sem við erum staddir í nú, herra forseti. Ég held því að það mæli margt með því en fátt gegn því að þetta fyrirtæki verði staðsett þar.

Sérstaklega vil ég biðja menn að hugleiða augnablik hvar þörfin er, hvar þeir telja að átak til nýsköpunar í atvinnulífi eigi fyrst og fremst að fara fram á næstu árum og áratugum. Staðsetning fyrirtækis hér í Reykjavík, sem fyrst og fremst á að starfa úti á landi, er að mínu viti tímaskekkja og röng hugsun, það er ekki rökrétt, herra forseti. Fyrirtæki sem á að beita sér sérstaklega fyrir nýsköpun í tengslum við okkar sjávarútveg, á að beita sér fyrir því að setja á fót fyrirtæki sem framleiða vinnsluvélar, framleiða búnað fyrir fiskvinnsluna, það er mjög vel sett á Akureyri. Við Eyjafjörðinn er öflug útgerð togara og báta. Þar er unninn bolfiskur, flatfiskur, rækja o. s. frv. Þar er stærsta niðursuðufyrirtæki landsins í sjávarútvegi með mörg hundruð manns á launaskrá og mikinn tækjakost, fyrirtæki sem gengur vel og stækkar við sig. Þar er þessi öflugi iðnaður í tengslum við sjávarútveg. Þar og í nágrenninu er farið að framleiða bæði úr plasti og járni og ýmsum öðrum vörum ýmiss konar varning sem notaður er í skipunum og fiskvinnsluhúsunum og meira að segja farið að flytja hann út. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Það var hugmyndin að gera hlé á fundi þar til kl. 5.) Þó að ég vildi gjarnan hjálpa forseta þá hafði ég ætlað mér að fjalla hér um fáein mál til viðbótar. (**Forseti:** Þá gerum við hlé á þessum fundi þar til kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það getur nú sett óvana og lítt þjálfaða þm. eins og þann sem hér stendur nokkuð út af laginu að þurfa að kljúfa ræður sínar í tvennt eða jafnvel í fleiri parta, eins og borið hefur við í umræðum hér einstöku sinnum á undanförnum dögum. En við virðulegan forseta er að sjálfsögðu ekki að sakast þó að þingtíma vorum sé skipt í nokkra parta jafnvel á einum og sama deginum. Þetta getur jafnvel orðið til þess að menn rifji óvart upp eitthvað af því sem þeir áður höfðu sagt, muni jafnvel ekki alveg hvar þeir voru staddir í ræðu sinni. Þetta leiðir jafnvel til þess að ræður verði eitthvað lengri en ella.

Ég var nokkuð að ræða ýmsar hliðargreinar þessa máls, þessa frv. til laga um að stofna nýtt þróunarfélag, er ég taldi eðlilegt og nauðsynlegt að ræða hér í samhengi við stofnun þessa fyrirtækis. Og einn efnisþáttur, sem ég man fyrir víst, herra forseti, að ég átti eftir að fjalla um að verulegu leyti, var að ræða þetta frv. í tengslum við launastefnu ríkisstj. Launin er mjög stór liður í öllum atvinnurekstri. Auðvitað er það misjafnt en þó er ekki óalgengt að laun séu helmingur, þriðjungur og allt upp í 70% eða meira af útgjöldum einstakra atvinnufyrirtækja og launin sem hlutfall af þjóðartekjum eru gjarnan í þessum hærri kanti. Nú var það ein fyrsta og nánast einasta aðgerð þessarar ríkisstj. í efnahagsmálum, fyrir utan það að innleiða vaxtaokur, sem svo hét áður en heita nú bara háir vextir eða raunvextir, að lækka launin í landinu. Þessi ríkisstj. beitti sér fyrir því að lækka launin í landinu. Menn geta sjálfsagt deilt um það hve mikið hún lækkaði þau en enginn ber á móti því að kaupmáttur launa rýrnaði, laun lækkuðu í landinu við tilkomu þessarar ríkisstj. Og hvaða áhrif hafa aðgerðir sem þessar, aðgerðir eins og launalækkun, á atvinnulífið? Jú, ýmsir töldu, og réttlættu m. a. þessa aðgerð með því, að launalækkunin væri nauðsynleg til þess að atvinnulífið gæti hreinlega gengið. Menn sögðu: Auðvitað vænkast hagur atvinnufyrirtækjanna eftir því sem launin lækka vegna þess að þá verður meira eftir til annarra hluta. En er þetta nú endilega svo? Er jafnan svona einföld?

Herra forseti. Er ekki nóg að hafa einn fund í gangi í einu? Þetta er ekki sagt vegna neinnar andúðar á Ed.-

mönnum. En ég tel eðlilegra að þeir haldi sína fundi í Ed. og við fundi okkar hér í Nd.

Svona er þetta sem sagt með launin, herra forseti, að þau verða varla skilin frá umræðum um atvinnumál og stöðu atvinnuveganna og nýsköpun og þróun í atvinnulífi. Í einföldustu mynd sinni segja sumir að 10% launalækkun þýði 10% bættan hag atvinnufyrirtækjanna eða sem því svari, að þetta færist þarna ósköp einfaldlega á milli. En við skulum aðeins skoða þá jöfnu nánar. Nú er það svo að flestöll fyrirtæki inna af höndum einhverja þá starfsemi sem eitthvað er greitt fyrir, framleiða vöru sem einhver á að kaupa o. s. frv., bjóða upp á þjónustu sem einhver á að greiða fyrir o. s. frv. En til þess að kaupa þessa vöru þarf fólkið auðvitað að hafa laun, hafa peninga handa á milli. Ef launin eru lækkuð hjá fólkinu í landinu hefur það minni peninga handa á milli til þess að borga vöru, til þess að kaupa þjónustu o. s. frv. Þannig upphefst ein mikil hringrás og keðjuverkun sem ekki sér strax fyrir endann á.

Nú er af tæknilegum og þingskapalegum ástæðum, herra forseti, ekki hægt að bregða hér upp glærum eða litskyggnum og öðrum slíkum hjálpartækjum sem mjög væri gagnlegt að hafa til að útskýra fyrir hv. þd. hversu flókið og margbreytilegt þetta samspil getur verið. En þetta nær síðan auðvitað enn þá lengra, einkum og sér í lagi ef ákveðið launastig verður viðvarandi, þ. e. varir um margra ára bil. Segjum nú sem svo að einhver þjóð í heiminum sé svo óheppin að fá yfir sig ríkisstjórn sem lækki laun fólksins um 30%. Ég ætla ekki að nafngreina neina sérstaka þjóð. Við skulum bara setja upp dæmi, að einhvers staðar takist nú svo illa til að til valda komi ríkisstjórn sem láti það verða eitt af sínum fyrstu verkum að lækka launin í landinu um 30% og síðan festist það launastig í sessi og verður viðvarandi. Hvaða áhrif er það líklegt til að hafa á atvinnulífið? Jú, fyrir utan öll þessi augljósu áhrif sem varða minni veltu fjármuna í þjóðfélaginu, eins og ég benti á hér áðan, þá hefst ákveðin aðlögun. Jafnt og þétt og hægt og rólega hefst ákveðin aðlögun að því launastigi sem viðgengst í þjóðfélaginu á hverjum tíma, þ. e. atvinnulífið og ýmsar aðrar stærðir í efnahagslífinu, magn vöru og þjónustu o. s. frv. tekur að aðlaga sig að þessu launastigi og þessum kaupmætti sem boðið er upp á. Og reynslan sýnir því miður, herra forseti, að á tiltölulega stuttum tíma aðlagast atvinnureksturinn að þessu lága eða þessu nýja eða breytta launastigi. Og ég held því miður, herra forseti, að það sé það sem er að gerast á Íslandi í dag.

Íslenskt atvinnulíf er í stórum dráttum að aðlaga sig að láglaunastefnu þessarar ríkisstj. og þannig er það smátt og smátt að verða ófært um að greiða hærri laun, eins og það kannske gerði áður, og það gæti því tekið jafnvel áratugi að koma hjólum atvinnulífsins og hringrás fjármuna í þjóðfélaginu, fjármuna af vöru og þjónustu, á það stig sem áður var. Þetta er nokkuð alvarlegur hlutur, herra forseti, þessi víxlverkun og þessi aðlögun sem á sér stað þegar einni stærð í efnahagslífinu eins og launununum er raskað með þessum hætti.

Við höfum fyrir okkur ýmis nokkuð hláleg dæmi, og þó ekki hláleg, þau eru eiginlega sorgleg, t. d. dæmið um Singapore, af því að hæstv. iðnrh. var að þramma hér um salinn. Það hefur verið talað um að nú væri boðið upp á Singapore-kjör á Íslandi. Og hvað þýðir það? Það þýðir það að atvinnurekstur sem ekki er fær um að keppa um laun, keppa að því að greiða laun eins og best gerast á Vesturlöndum, hann getur borgað þau laun sem viðgangast á Íslandi. Við getum kannske talað um 1. flokks og 2. flokks atvinnurekstur hvað þetta varðar. Þá er í 1. flokknum sú tegund atvinnurekstrar sem er það ábatasöm, það vel tæknivædd og það arðgæf að hún getur greitt sínu starfsfólki mjög góð laun, við skulum segja meðallaun eins og þau gerast á Vesturlöndum. Síðan er 2. flokkur, sem ræður ekki við þetta, sem er ekki nógu arðgæfur, sem er ekki það tæknivæddur, sem ræður ekki yfir þeirri markaðsþekkingu og alhliða kunnáttu að ábatinn af starfsemi hans standi undir slíkum launagreiðslum. Þetta er 2. flokkurinn og hann er að finna eðli málsins samkvæmt á þeim stöðum þar sem launin eru lág, vegna þess að hann haslar sér þar völl. Hann fær ekki þrifist á hinum stöðunum. Og hvað er ég með þessu að segja? Ég er að segja það að með því að lækka launin á Íslandi og ætla íslensku launafólki að vinna fyrir kannske 30% lægri launum að raungildi en það gerði fyrir tveimur árum erum við kannske allt í einu að gera ýmiss konar atvinnurekstri það mögulegt að festa hér rætur, atvinnurekstri sem er í raun 2. flokks, sem ræður ekki við að bjóða sínu starfsfólki þau launakjör sem við viljum hér hafa.

Hæstv. iðnrh. varð einna fyrstur til þess að viðurkenna í verki þessi áhrif af launastefnu ríkisstj. Ég hygg að stjórnin hafi ekki verið orðin mjög margra mánaða gömul þegar hæstv. iðnrh. var farinn að auglýsa Ísland sérstaklega úti í heimi. Og hver var beitan, herra forseti? Jú, það voru lág laun. Vegna þess að á Íslandi væru borguð miklu lægri laun en í nálægum löndum, þeim löndum sem eru á okkar markaðssvæði, þá væri það hagstætt fyrir ýmiss konar atvinnurekstur að setja sig hér niður. Hér gæti jafnvel þrifist ýmiss konar atvinnurekstur, vegna hinna lágu launa, sem ekki fengi staðist og ekki gæti verið með starfsemi sína í gangi í nálægum löndum. Og iðnrh. ákvað af skarpskyggni sinni að nota sér þessa möguleika og setti í gang auglýsingaherferð úti í heimi um hin lágu laun á Íslandi.

Ég get nefnt annað dálítið hlálegt dæmi, herra forseti. Það sagði við mig ágætur maður hér um daginn að nú væri svo komið að sennnilega væri mögulegt að flytja út kjúklinga frá Íslandi. Ég sagði: Ertu vitlaus, maður? Heldur þú að það sé hægt að flytja út kjúklinga frá Íslandi, atvinnugrein sem byggir alfarið á innfluttu fóðri? Hvernig á það að geta staðist að við getum borið flutningskostnað á fóðri til landsins og kjúklingum út aftur og keppt við nálægar þjóðir á þessu sviði?

Jú, það er vegna hinna lágu launa á Íslandi, sagði hann. Jafnvel þó að laun séu ekki mjög stór liður í kjúklingarækt, að mér skilst, þá var það þó þannig í reikningsdæmi þessa ágæta manns að vegna þess hvað launin voru miklu lægri en í nálægum löndum, þá væri jafnvel möguleiki að flytja inn fóður frá Danmörku, ala hér kjúklinga og flytja þá aftur út til að keppa á markaðinum í Danmörku. Ég er nú einungis að nefna þetta dæmi, herra forseti, vegna þess fáránleika sem ég tel að það í raun endurspegli, hvílík hneisa það getur orðið íslenskri þjóð að ætla hér í þessum hópi þjóðanna á Vesturlöndum að bjóða upp á þessi Singapore-kjör.

Því er ég svo að nefna þetta í tengslum við þetta frv.

um þróunarfélög að auðvitað skiptir það launastig sem hér er og stjórnvöld stefna að í landinu miklu máli þegar verið er að ræða nýsköpun í atvinnulífi. Þau ríki sem kannske hvað hæst laun greiða, Bandaríkin, Svíþjóð, Sviss, Japan o. s. frv., ganga að því sem gefnu að til þess að einhver atvinnurekstur sé þar arðbær, fái þar þrifist, verði hann að vera fær um að greiða þau laun sem þar tíðkast. Þau hafna því þeim kostum í atvinnuuppbyggingu sem ekki standast þessa hörðu kröfu. Þar er þeim kostum hafnað sem ekki geta greitt allt að því þrefalt hærri laun en greidd eru á Íslandi nú. Þeir eru dæmdir úr leik. Þeir standast ekki þær ströngu kröfur sem þessar þjóðir setja þeim atvinnurekstri sem þær vilja byggja upp í sínu landi. En hvernig eru kröfurnar hér hjá hæstv. ríkisstj.? Það eru láglaunakröfur sem hér eru reistar fyrir atvinnuvegina. Það er því óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja aðstendendur þessa frv. hvaða markmið þeir vilji setja þeim fyrirtækjum hvað þetta varðar sem þeir ætla að stuðla að með þessu nýja þróunarfyrirtæki. Vilja þeir setja nýjum atvinnurekstri á Íslandi einhver önnur og svolítið háleitari markmið heldur en þau að borga þau lúsarlaun sem viðgangast nú á Íslandi? Eða ætla þeir að nota þau sem breytu í þessu nýja reikningsdæmi, launin eins og þau eru á Íslandi? Á t. d. að sætta sig við það að hvert það fyrirtæki í nýjum iðnaði sem skilað getur 10% afkastavöxtum miðað við launin eins og þau eru nú á Íslandi teljist bærilegur kostur? Eða ætla menn e. t. v. að hafa þessa hlutfallstölu eitthvað hærri vegna þess að þeir vilja keppa að hærri launum og betri lífskjörum hér í framtíðinni?

Það hefði verið fróðlegt að heyra álit hæstv. forsrh. sem er víst með á launum hjá sér 25 manna sérfræðinganefnd eða þar um bil til að spá í framtíðina. Hvað hefur sérfræðinganefndin sagt hæstv. forsrh. í þessum efnum? Hefur hún einhver markmið fyrir þetta Ísland framtíðarinnar sem hæstv. forsrh. er að reyna að búa til m. a. með störfum þessarar nefndar? Ég held, herra forseti, að það eigi ekki að sleppa hæstv. ríkisstj. við það að ræða ofurlítið þennan þátt atvinnulífsins um leið og þessi frv. fara hér í gegnum þingið. Hún á auðvitað að svara fyrir það ekki aðeins hér á hinu háa Alþingi heldur á hún einnig að svara íslensku þjóðinni því hvaða lífskjör hún hyggst bjóða henni í framtíðinni fái hún að ráða, hvaða markmið hún vill setja þessari starfsemi sinni um nýsköpun í atvinnulífi.

Herra forseti. Vegna þess að þm. eru svo upplýstir og greindir menn þá veit ég að ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta samhengi launanna og annarra þátta, annarra breytustærða í atvinnurekstrinum og efnahagslífinu. En ég held að menn ættu að hugleiða þetta aðeins ekki síst þegar menn ræða markmiðssetningu í tengslum við þetta mál. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hæstv. ríkisstj. leggi fram svona frv. og leggi til þess fjármuni án þess að hafa sett sér einhver markmið um útkomu úr því átaki til nýsköpunar sem hún er hér að hrinda af stað.

Ég vil vitna, herra forseti, í mjög fróðlega skýrslu um atvinnumál frá forseta Alþýðusambands Íslands. Hún er nefnilega til víðar en á Morgunblaðinu. Ég er með hana hér í möppu hjá mér og hef oft lesið í henni og reynt að læra af því sem þar er sett fram. Þar er t. d. talað um stefnumótun og markmið og að hverju eigi að stefna. Forseti Alþýðusambands Íslands telur fjögur atriði öðrum þýðingarmeiri í þessum efnum. Þau er atvinnuöryggi, traustur kaupmáttur, réttlát skipting og félagslegt öryggi og áhrif. Þessi fjögur kjarnaatriði telur forseti Alþýðusambandsins að eðlilegt sé að hafa til hliðsjónar þegar talað er um stefnumörkun í atvinnuuppbyggingu.

Síðan er ýmislegt fleira í þessari fróðlegu skýrslu, herra forseti, sem gagnlegt væri að vitna hér til. Það er lofsvert að mínu viti þegar samtök launafólks láta sig þessi mál varða með beinum hætti eins og Alþýðusamband Íslands hefur hér gert. Reynsla liðinna ára sýnir líka að ekki veitir af. Að mínu viti er auðvitað enginn betur til þess fallinn en einmitt samtök vinnandi fólks í landinu að reyna að stýra þessari þróun. Það væri einnig fróðlegt að fá fram í tengslum við þessa umr., ekki síst ef hæstv. forsrh. með sína miklu þróunarnefnd á bak við sig vildi svara einhverju til um það, hvaða hlutföll hinna mismunandi atvinnugreina hann telur eðlilegt að verði hér í framtíðinni á landinu. Telur hann t. d. eðlilegt að bankastarfsemi og tryggingarþjónusta vaxi með sama hraða á næstu árum og áratugum eins og verið hefur undanfarið? Árið 1963 störfuðu við bankastarfsemi aðeins 1.8% vinnandi fólks í landinu. En hvað heldur virðulegur forseti að margir hafi gegnt slíkum störfum tæpum 20 árum síðar, 1981? Það voru 6.6%. Þetta er dálagleg aukning, herra forseti. Telur hæstv. forsrh. og þróunarsérfræðingar hans það eðlilegt að bankastarfsemi og tryggingarumsvif vaxi hlutfallslega jafnört á næstu 20 árum og þau gerðu á síðustu 20 árum? Þá verða 12—14% vinnandi fólks í landinu starfandi í þessum stofnunum. Það þarf ekki að rekja fyrir þm. hversu mjög ýmiss konar þjónustuumsvif hafa vaxið. Væntanlega gæti átak til nýsköpunar í atvinnulífi beint störfum aftur inn á framleiðslubrautir eins og ég m. a. rakti hér áðan. En þá þurfa menn líka að hafa sjónir á því og setja því einhver markmið að fjárfestingin á þessu sviði beinist inn á þær brautir.

Þá er ég komin að öðrum efnisþætti, herra forseti, sem ég ætlaði að fara hér örfáum orðum um. Það eru fjárfestingarnar sjálfar og áhrif þeirra á lífskjörin og atvinnuuppbygginguna og hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að standa að þeim málum.

Nú er til félagsskapur í landinu, herra forseti, sem heitir Landsmálafélagið Vörður. Ég er ekki mjög kunnugur högum þess félagsskapar og get nú ekki sagt að það valdi mér miklu hugarangri. En bók fékk ég senda eða bækling frá þessu félagi hér um daginn. Félagið hefur greinilega haldið ráðstefnu í húsi sem heitir Valhöll 1. desember 1984. Það hefur haldið ráðstefnu um fjárfestingar á Íslandi. Þetta er verðugt viðfangsefni. Ég hefði að vísu kosið, ef ég hefði stýrt þessari ráðstefnu, að þar yrði lagt út af ákveðnum öðrum grundvallarsjónarmiðum. En hvað um það, herra forseti. Hér er ýmis fróðleikur sem ég tel ekki óeðlilegt að vitna til í þessu sambandi. Þannig heita t. d. erindin sem flutt voru á ráðstefnunni nokkuð fróðlegum nöfnum.

Pétur H. Blöndal tryggingasérfræðingur fjallaði um orsakir fjárfestingarmistaka. Árni Árnason framkvæmdastjóri fjallaði um efnið: Á að ríkja opinber stjórnun fjárfestingarmála á Íslandi? Þetta er mjög góð spurning. Á að ríkja einhver opinber stefna, einhver stjórnun í fjárfestingarmálum á Íslandi eða á að sleppa þessu lausu? Hvað hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér í þessum efnum? Hún segir hér í grg. með þessu frv. að

ríkið eigi aðeins að vera einn hluthafi í þróunarfélaginu og reynir nú að gera heldur lítið úr hlut ríkisins að mér finnst, ekki síst vegna þess að framar í frv. er það alveg morgunljóst að ríkið á að leggja til allt fjármagn. Ætlar ríkisvaldið í gegnum aðild sína að þessu fyrirtæki að stýra fjárfestingum á Íslandi með einhverjum hætti, nýfjárfestingum þá væntanlega, eða ætlar það að sleppa þeim lausum? Svo er hér gamall kunningi okkar, herra forseti, Lárus Jónsson bankastjóri. Hann fjallar um fjárfestingu á Íslandi og ábyrgð stjórnmálamanna. Þá erum við kannske komnir að þeim kjarna sem við erum að ræða hér, eða ég er að reyna að ræða, hver ábyrgð stjórnmálamannanna eigi að vera í sambandi við fjárfestingar.

Ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir því að setja ákveðin ákvæði inn í stofnsamning væntanlegs hlutafélags, svo sem eins og þau að félaginu skuli m. a. heimilt að taka þátt í gerð og fjármögnun forkannana og hagkvæmnisathugana, að félagið eigi frumkvæði að og/eða taki þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja o. s. frv. Þessum ákvæðum ætlar ríkisvaldið í krafti síns hlutafjár í þessu fyrirtæki að koma inn í stofnsamning þróunarfélagsins. Þar með er að nokkru leyti svarað spurningunni sem ég bar upp hér áðan. Ríkisvaldið ætlar að vera með puttana í þessu og stýra þessu í gegnum þennan stofnsamning og gegnum þetta félag. Og þar með eru stjórnmálamennirnir að taka ábyrgð á fjárfestingunni.

Svo á hér gamall þulur, Ólafur Björnsson prófessor, erindi sem heitir „Hverjar eru afleiðingar fjárfestingarmistaka fyrir lífskjör á Íslandi?" Það er líka nokkuð merkileg spurning því að það er auðvitað alveg ljóst, m. a. af því samhengi sem ég rakti hér áðan um víxlverkun launa og annarra stærða í efnahagslífinu að stýring fjárfestinganna, hvort þær beinast í arðbær fyrirtæki eða ekki, hefur afgerandi áhrif á lífskjör síðar meir eins og það hefur afgerandi áhrif á lífskjörin hvort við stefnum í framtíðinni að því að byggja hér upp arðbæran og nýtískulegan atvinnurekstur sem getur borgað há laun, eða við sættum okkur við einhvers konar Singapore-fyrirtæki sem borga þriðja heims laun, þ. e. lág laun, hvort við reynum að laða til okkar og koma á fót fyrirtækjum af 1. eða 2. flokki, hvort við förum leið hæstv. iðnrh. og auglýsum úti í heimi eftir fyrirtækjum sem séu á höttunum eftir lágum launum, eða hvort við reynum sjálfir að byggja hér upp arðbæran atvinnurekstur sem getur staðist þær kröfur sem við setjum okkur í þessum efnum.

Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðingur fjallaði um orsakir fjárfestingarmistaka og fann þær helst í sjávarútvegi, taldi að minnka mætti núverandi fiskiskipaflota nokkuð án þess að afli flotans minnkaði við það. Hann fann þær enn fremur í landbúnaði: Hefur verið og er enn í gangi gegndarlaus fjárfesting í traktorum og öðrum tækjum, hlöðum, og öðrum útihúsum o. s. frv., sagði tryggingastærðfræðingurinn. Hann fann offjárfestingu í íbúðarhúsnæði, reyndar alveg sérstaklega hér á suðvesturhorninu. Síðan fann hann nokkur sérstök dæmi, eins og Kröflu, Krýsuvíkurskólann, Þörungavinnsluna, byggðalínur o. s. frv.

Þessi listi vakti athygli mína, herra forseti, ekki vegna þess sem þarna er talið því að það er gamalkunn staðhæfing og röng að verulegu leyti eins og við vitum báðir. T. d. er fjárfesting í sjávarútvegi ótrúlega lítið hlutfall af erlendum skuldum þjóðarinnar miðað við umsvif þess atvinnurekstrar í verðmætasköpun. En það vakti athygli mína að á lista tryggingafræðingsins vantar hluti eins og banka. Þessi ágæti tryggingastærðfræðingur fann ekki banka á listanum yfir þá aðila sem hafi offjárfest í íslensku þjóðfélagi á liðnum árum. Hann fann ekki verslunina á þessum lista og þó held ég að þessi maður búi í Reykjavík og hafi daglega fyrir augunum stórmarkaðina og hallirnar sem hér eru að þjóta upp eða þegar komnar upp. Samt fann hann ekki verslunina á þessum lista.

Hann nefndi ekki heldur orkumannvirki, hann nefndi ekki orkugeirann sem þó hefur um helming af erlendum skuldum þjóðarinnar á sínu syndaregistri. Hann nefndi ekki olíufélögin, þessi tryggingafræðingur eða stærðfræðingur. Hann mundi ekki eftir olíufélögunum þegar hann var að tala um offjárfestingu á Íslandi, o. s. frv. o. s. frv. Þetta er nokkuð athyglisvert, herra forseti.

Niðurstaðan af þessari umfjöllun minni um fjárfestingar á Íslandi er m. a. sú, að þrátt fyrir miklar fjárfestingar undanfarna áratugi, sem eru óumdeilanlega mjög miklar, þá höfum við ekki sett okkar atvinnurekstri nógu skýr mörk, ekki nógu skýr markmið um þau afköst sem við ætlum honum, a. m. k. ekki á öllum sviðum, og því hefur farið sem farið hefur. Og sérstaklega hallast nú á merinni síðustu tvö árin, eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar innleiddi sína láglaunastefnu og íslenskur atvinnuvegur hóf að aðlaga sig þeim lágu launum.

Fjárfestingar í hlutfalli af landsframleiðslu eru stærð sem er mikið notuð í samanburði milli þjóða í þessum efnum, þ. e. hversu miklu hlutfalli af sinni landsframleiðslu þjóðirnar verja á hverju ári til beinna fjárfestinga. Ísland er í hópi þeirra þjóða sem á síðustu 20 árum eða svo hafa varið hvað hæstum hundraðshluta sinnar landsframleiðslu til fjárfestingar. Nánast öll þessi ár hefur íslenska þjóðin verið í hópi þeirra þjóða sem mestu hafa varið til fjárfestinga af sinni landsframleiðslu. Það hljóta því að vakna, herra forseti, spurningar sem þessar: Var þessi fjárfesting nógu arðbær? Var henni nógu vel stýrt? Eða var henni kannske ofstýrt? Þá er einnig fróðlegt að gera sér grein fyrir því að landsframleiðslan hefur vaxið á Íslandi allan þennan tíma allmyndarlega. M. ö. o., við erum að tala hér um hátt hlutfall af vaxandi landsframleiðslu.

Herra forseti. Er virðulegum forseta kunnugt um hvar hæstv. forsrh. er staddur? Er hann hér í húsi? (**Forseti:** Forseti hyggur að hæstv. forsrh. sé á fundi með þingflokksformönnum og forsetum deilda og Sþ.) Ég geri að sjálfsögðu ekki kröfu til þess að hæstv. forsrh. sitji hér þindarlaust undir ræðuhöldum og ekkert er við það að athuga þó að menn skjóti sér á braut héðan úr þingsalnum svona stund og stund. Það getur verið af fullkomlega eðlilegum ástæðum sem menn þurfa að bregða sér hér fram fyrir. Mér þykir hins vegar óeðlilegt að við höldum þessari umr. mjög lengi áfram án þess að hæstv. forsrh., guðfaðir þessa frv. og reyndar allra króganna þriggja sem hér eru ræddir, sé hér einhvers staðar nálægur. Ég mun nú halda áfram máli mínu örstutta stund, en fari ekki að hilla undir hæstv. forsrh. fljótlega mundi ég verða að fara fram á það að fá frestun á þessari umr. og eiga við hann orðastað síðar því að ég hef hér ákveðnar spurningar sem ég hafði hugsað mér að leggja fyrir hæstv. forsrh.

undir lok máls míns. (**Forseti:** Það er skiljanlegt að hv. þm. vilji hafa hæstv. forsrh. nærri. En hæstv. iðnrh., sem er nú mjög skynugur, er hér nærstaddur og gæti kannske leyst úr einhverjum vanda þar til hæstv. forsrh. birtist þá.) Herra forseti. Ég dreg ekki í efa að það sé rétt mat hjá virðulegum forseta að hæstv. iðnrh. sé skynugur og það jafnvel skynugur mjög og vissulega er hann myndugur fulltrúi ráðherraliðsins. Ég mun því fyllilega sætta mig við það að halda áfram máli mínu nú enn um stund án viðveru hæstv. forsrh. og ekki síst með tilliti til þess að viðstaddur er mjög skynugur hæstv. iðnrh.

Ég held að þessi atriði öll þrjú, sem ég hef hér sérstaklega gert að umræðuefni nú í stuttu máli, herra forseti, þ. e. launin og launastefnan, fjárfestingarnar og markmiðin og skilyrðin sem menn setja fyrir atvinnurekstrinum, þau eigi öll að ræðast saman og í tengslum við þetta mál. Annað sé óeðlilegt því að sá veldur miklu sem upphafinu veldur og það er alveg ljóst að þegar ýtt er úr vör átaki eins og því sem hæstv. ríkisstj. hér telur sig vera að gera, þá þurfa menn að sjá fyrir því hvernig þeir ætla að stýra hlutunum, hvaða markmiðum þeir ætla að ná fram. Er það t. d. ekki jafnvel verr farið en heima setið, herra forseti, að koma á lappirnar einhverjum þeim tegundum atvinnurekstrar sem ekki standast þær kröfur sem gerðar eru til atvinnurekstrar í nálægum löndum? Eigum við Íslendingar yfirleitt að undirgangast slíkt? Eigum við að láta slíkt gerast hér á 9. áratug þessarar aldar?

Ég held ekki, herra forseti. Hvað sem menn segja um misskiptingu auðs í heiminum erum við hér hluti af hinum vestræna heimi, við erum ein Norðurlandaþjóðanna og við höfum mest samskipti og berum okkur helst saman við þjóðir í Evrópu og Norður-Ameríku eðli málsins samkvæmt. Það er því óeðlilegt og óheppilegt að lífskjör hér á Íslandi séu mun lakari en þau gerast meðal þessara þjóða. Ég segi þetta sérstaklega vegna þess, herra forseti, að auðvitað erum við Íslendingar mjög vel settir miðað við allan þorra jarðarbúa hvað lífskjör varðar og skilyrði öll til mannlífs. En fram hjá hinu verður ekki litið að á meðan skipting jarðargæðanna er eins og hún er og lífskjörin eru jafngóð, samanborið við ríki þriðja heimsins, og þau eru hér í nálægum löndum, þá verðum við í þessum samanburði, og það stendur upp á okkur með það, að reyna að hafa lífskjör og aðstæður almennings svipaðar og þær eru í nálægum löndum. Við höfum reynsluna af því, t. d. frá tíð viðreisnarstjórnarinnar, hvaða afleiðingar það hefur, hvernig það endar ef lífskjörin og atvinnuástandið á Íslandi er mun lakara en í nálægum löndum. Þá þrýtur þolinmæði fólksins fyrr eða síðar og það fer að hverfa úr landi. Enginn okkar hygg ég vilji sjá það fara að gerast á nýjan leik í verulegum mæli.

Herra forseti. Það hefði verið gaman að lesa hér erindi Lárusar Jónssonar bankastjóra og fyrrv. alþm. um fjárfestingu á Íslandi og ábyrgð stjórnmálamanna. (**Iðnrh.:** Lát heyra.) Sá skynugi, hæstv. iðnrh., vill fá að heyra erindið og ég hef svo sem ekkert á móti því að lesa það fyrir hann. Ég veit að vísu að hann á innangengt í Valhöll og gæti sjálfsagt náð sér í þetta erindi sem Landsmálafélagið Vörður lét prenta í bók sem það gaf út eftir þessa ráðstefnu. (**Iðnrh.:** Ég hef lesið það.) Nú, hann hefur m. a. s. lesið það. En það er aldrei að vita nema það sé hollt og þarft fyrir hæstv. iðnrh., þó aldrei nema minnugur sé og skynugur, að eitthvað af þessu væri rifjað upp fyrir honum. Lárus Jónsson var, eins og menn vita hér, í eina tíð virðulegur alþm., formaður fjvn. og búinn að starfa í þeirri nefnd mjög lengi. Hann má því gerst vita hvaða ábyrgð stjórnmálamenn hafa og taka á fjárfestingum í landinu, sem starfsmaður, formaður og varaformaður með meiru í fjvn. Alþingis um langa tíð. Þessi ágæti bankastjóri og fyrrv. þm. segir einmitt hér á einum stað í sínu erindi, með leyfi forseta:

„Þegar menn velta þessari spurningu fyrir sér“ — hann varpar fyrst fram spurningunni hvort íslenskir stjórnmálamenn beri meiri eða minni ábyrgð á ákvörðunum um fjárfestingu eða fjárfestingarmistök en starfsbræður þeirra erlendis og síðan segir hann: „Þegar menn velta þessari spurningu fyrir sér verður fyrst fyrir að minna á að fjárfesting er meiri á Íslandi en í flestum nágrannalöndum.“ — Ég endurtek: fjárfesting er meiri á Íslandi en í flestum nágrannalöndum. — „Við þetta bætist að opinber fjárfesting er einnig hlutfallslega meiri á Íslandi og pólitísk sjónarmið í úthlutun lána úr fjárfestingarsjóðum eru önnur og meiri en yfirleitt annars staðar. Af þessu ætti að vera óhætt að draga þá ályktun að íslenskir stjórnmálamenn beri snöggtum meiri ábyrgð á stefnunni í fjárfestingarmálum en starfsbræður þeirra í öðrum vestrænum löndum.“

Svo mörg voru þau orð fyrrv. þm. og virðulegs bankastjóra Lárusar Jónssonar. Þetta eru athyglisverðar fullyrðingar af hálfu reynds stjórnmálamanns, manns úr fjvn. og manns sem nú situr á valdastóli í bankakerfinu. Það vekur okkur til umhugsunar um það, hv. þm., sem hér ræðum frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi, að ábyrgð okkar er mikil bæði hvað varðar það að afgreiða frv. eins og þetta sem lög frá Alþingi og einnig mikil hvað varðar þá miklu stýringu sem að því er virðist er á fjármagni til fjárfestinga af hálfu stjórnmálamanna á Íslandi.

Herra forseti. Nú hef ég senn haldið fram ræðu minni í þrjá stundarfjórðunga og nú er nokkuð um liðið síðan hæstv. forsrh. gekk úr salnum. Mundi vera hægt að grennslast fyrir um það, á meðan ég vík örlítið að öðru atriði, hvort styttist í það, að hæstv. forsrh. geti heiðrað okkur með nærveru sinni hér við þessa umr. (**Forseti:** Það skal gert.)

Ég þykist hafa fært að því rök, herra forseti, að það sé ekki sama sem gefið að allur nýr atvinnurekstur sé af hinu góða og sé æskilegur. Ég þykist hafa fært fyrir því rök, herra forseti, að séu menn ekki nægilega kröfuharðir um skilyrðin, um markmiðin sem menn setja, þá geti jafnvel verið verr af stað farið en heima setið og það sé ekki hyggilegt fyrir okkur Íslendinga, sem búum hér í miðjum hinum vestræna heimi með mikil samskipti við nálæg lönd, að stefna að atvinnulífi, reisa hér fyrirtæki sem ekki standist fyllilega samanburð við þann sem bestur gerist í nálægum löndum. Því mundu óhjákvæmilega fylgja mikil og margvísleg vandamál sem við eigum að reyna að forðast eftir því sem kostur er, í öllu falli ekki leita eftir því sérstaklega að slíkur atvinnurekstur komist hér á fót, eins og hæstv. iðnrh., sá mjög skynugi maður, hefur gert með auglýsingum sínum út um heim um lágu launin á Íslandi og kosti þess fyrir erlent fjármagn að setja hér niður fætur sína vegna þess að það þurfi ekki að borga mörlandanum eins hátt

kaup og þegnum annarra nálægra þjóða.

Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv. og varaformanni Togo-deildarinnar að hér séu selamál til umræðu. (**FrS:** Hver er formaður Togo-deildarinnar?) Það var rætt hér í gærkvöld eða fyrrakvöld, síðla nokkuð, um selamál undir liðnum þingsköp. En hér er til umfjöllunar frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Þetta er 455. mál, lagt fram í Nd., þskj. 774, svo að hv. 2. þm. Reykv. hafi það nú alveg á hreinu.

Það væri síðan mjög eðlilegt og nauðsynlegt, herra forseti, að ræða nokkuð um erlendar skuldir, skuldastöðu þjóðarbúsins og þann stakk sem miklar erlendar skuldir sníða okkur í þessum efnum. Það má ljóst vera, herra forseti, að aðstaða íslensku þjóðarinnar er önnur nú en hún til að mynda var í lok stríðsáranna síðari þegar Íslendingar áttu inni á erlendum bankareikningum verulegar upphæðir í beinhörðum peningum, verulegar upphæðir í beinhörðum gjaldeyri. Þá voru líka mikil átök og miklar sviptingar í íslensku þjóðlífi um það hvernig ætti að ráðstafa fjármununum. Þá voru það innistæður en nú er það frekar ráðstöfun á skuldum. Sem betur fer og til heilla fyrir íslenska þjóð voru framsóknarmenn beygðir í því máli og til valda kom ríkisstjórn sem ákvað að ráðstafa innistæðum til myndarlegrar uppbyggingar í atvinnulífi, svonefnd nýsköpun. (**ÓÞÞ:** Og mesta skömmtun sem nokkurn tíma hefur verið á Íslandi kom á eftir.) Bíðum nú við. (**ÓÞÞ:** Stærstu skömmtunarseðlar sem gefnir hafa verið út.) Hvort mun þetta vera virðulegur skrifari vor? (**Forseti:** Já, það skal staðfest að þetta er virðulegur skrifari vor og hann er beðinn um að sitja á strák sínum með frammíköll.) (**ÓÞÞ:** Það skal gert.) Ég er ekki að reyna að hafa áhrif á röggsama og mynduga fundarstjórn, herra forseti, en ég þoli það vel að hv. skrifari skjóti inn orði og orði á meðan ég flyt mál mitt. (**Gripið fram í:** Er þoka í Dimmuborgum nú?) Þannig var þetta, herra forseti, í þessa tíð, sem er að vísu nokkuð fyrir mitt minni sem eðlilegt er því að ég er ekki maður mjög aldraður, þegar Íslendingar hófu að ráðstafa innistæðum sínum í stríðslok og eftir stríð, að þau sjónarmið urðu ofan á að verja þeim til kaupa á framleiðslutækjum og til fjárfestingar í framleiðsluatvinnugreinum og þannig áfram eins og kunnugt er.

Nú eru erlendar skuldir þjóðarinnar 63%. Ég hef þetta eftir ekki ómerkari manni en hæstv. forsrh., sem í útvarpsumræðunum í gær sagði nokkurn veginn orðrétt að erlendar skuldir væru nálægt 63%. (Gripið fram í.) Virðulegur skrifari er einnig forvitinn eða hnýsinn eins og það hét í minni sveit. Sennilega er það fróðleiksþorsti skrifarans sem veldur því að hann vill fá að vita hvaða skilaboð gangi hér á milli manna í deildinni. En ætli það verði nú ekki að vera millum þeirra sem þau eiga, herra forseti?

En hér er mættur hæstv. forsrh. okkur öllum til mikillar ánægju og ég vildi þá beina til hans ákveðnum spurningum, beinum spurningum. Ég hef reyndar sett talsverðan hluta af máli mínu fram í spurnarformi, en það hafa ekki verið tölusettar spurningar, ekki númeraðar 1, 2, 3 o. s. frv. Mjög margt af því sem ég hef hér rætt, um áhrif launastefnu á atvinnulífið, um fjárfestingar og áhrif fjárfestinga á lífskjör, um markmið, um skilyrði, um þau markmið sem menn setja atvinnurekstri, ættu auðvitað erindi til hæstv. forsrh. sem beinar spurningar. En ég veit ekki hversu hann treystist til að taka þátt í umr. og svara þeim eða lýsa skoðunum sínum á þeim. Við vitum þó að hann lumar á ýmsum fróðleik, m. a. upplýsingum frá sérfræðingahópi sínum, sem ásamt með hæstv. forsrh. er að reyna að rýna inn í framtíðina, hina íslensku framtíð. Og hér er vissulega verið að fjalla um íslenska framtíð, þ. e. nýsköpun og þróun atvinnulífs á Íslandi framtíðarinnar.

Fyrsta spurningin sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. forsrh. varðar í raun þá brtt. sem ég hef flutt ásamt fjórum öðrum hv. þm. um það að ákveða við sjálfa lagasetninguna hvar þetta fyrirtæki eigi heimili og varnarþing. Spurninguna í tengslum við það vil ég orða svo til hæstv. forsrh.: Er hann hlynntur breyttri dreifingu á ríkisstofnunum, opinberum stofnunum og þjónustustofnunum um landið frá því sem nú er? Telur hann það eðlilegt markmið, telur hann að að því eigi að keppa að reyna að dreifa þessari þjónustustarfsemi öðruvísi um landið, þ. e. hafa meira af henni utan Reykjavíkursvæðisins en nú er? Þetta er í sjálfu sér einföld spurning um grundvallarafstöðu í þessu efni og ég þarf að sjálfsögðu ekki að spyrja hæstv. forsrh. frekar ef svar hans við þessu væri nei. En ég vil gjarnan gefa mér það að svo sé ekki, m. a. vegna þess að ég hef grun um að hann sé formaður Framsfl., þessi hæstv. ráðh., telji hann ekki óeðlilegt að þessi dreifing verði með nokkuð öðrum hætti en nú er. Því vil ég spyrja hann, og það varðar beint verkefni þessa frv. eða nýja hlutafélags, ef af verður og þetta er spurning nr. 2: Hvar telur hæstv. forsrh., og þá á ég við landfræðilega hvar, að verkefnin fyrir þetta nýja hlutafélag muni fyrst og fremst liggja? Telur hann að verkefnin og möguleikarnir og þörfin liggi fyrst og fremst í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu eða telur hann að verkefnin og þörfin og möguleikarnir liggi ekki síður úti um landið, í borg og í bæ, og í sveitum út um allt land? Því að það hlýtur að ráða nokkru um afstöðu manna til þess að þetta fyrirtæki verði staðsett fremur á einum stað en öðrum ef menn telja að öll verkefni þess liggi á einum og sama staðnum.

Ég er auðvitað alveg sammála hæstv. forsrh. um það, og um það er varla nokkur ágreiningur, að ef öll verkefni þessa fyrirtækis verða hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu, þá er alveg rétt að hafa það staðsett hér. Þá er einmitt rétt að undirstrika það með því að ákveða að það verði staðsett hér. Og ef menn eru þessarar skoðunar teldi ég eðlilegast að menn hreinlega flyttu um það frv., settu um það lög að hér skuli fyrirtækið standa vegna þess að hér ætli þeir því starfsvettvang.

Ég vil hins vegar vona að áfram verði hæstv. forsrh. mér sammála um það að verkefni, möguleikar og þörf fyrir nýsköpun í atvinnulífi liggi ekki síður úti á landi en hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu. Ég rakti það áðan að ég teldi möguleikana ekki síst liggja í tengslum við okkar grundvallaratvinnuvegi og þá möguleika sem þar eru til framsóknar. Séum við enn sammála, ég og hæstv. forsrh., vil ég spyrja hann 3. spurningar og 3. spurning er þessi: Telur hæstv. forsrh., að því nú gerðu að 17 þm. hér í Nd. hafa greitt atkv. gegn því að Byggðastofnun starfi á Akureyri, telur hæstv. forsrh. þá eðlilegt með tilvísan til þess að hann hafi svarað 1. og 2. spurningu játandi, að þróunarfélagið væntanlega verði staðsett á Akureyri? Telur hann þá eðlilegt úr því að

menn treystust ekki til að velja hinu fyrirtækinu þar stað eins og hann hafði sjálfur stungið upp á og talið eðlilegra? Ég vek á því sérstaka athygli að það voru orð hæstv. forsrh. íslenska lýðveldisins, Steingríms Hermannssonar, sem urðu fyrst og fremst til þess að hér var flutt brtt. um það að Byggðastofnun yrði á Akureyri, þegar hann í umræðum um þetta þróunarfélag lýsti því sem sinni skoðun að eðlilegra væri að af þessum tveim stofnunum yrði frekar Byggðastofnunin á Akureyri. Nú hefur þessi skoðun, þessi uppástunga hæstv. forsrh. ekki náð hér fram að ganga. Brtt. þessa efnis við frv. til laga um Byggðastofnun var felld. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Breytir þetta afstöðu hæstv. forsrh.? Er hann þá tilbúinn til þess að stuðla að því með lagasetningu hér að þróunarfélagið væntanlega, sem ég kýs að kalla svo, verði á Akureyri? Ef hæstv. forsrh. ætlar að skríða ofan í þá skotgröf, en það hefur hann stundum gert, að óeðlilegt sé að ákveða þetta í lögum, þannig reyndi hæstv. forsrh. að verja sig hér í gærkvöld, þá vil ég spyrja hann: Telur hann eitthvað því til fyrirstöðu að setja inn í grg. þessa frv. þau ákvæði sem ríkisvaldið hyggst beita sér fyrir að verði í stofnsamningi hins nýja hlutafélags? Telur hæstv. forsrh. þá eitthvað því til fyrirstöðu að ríkið, í krafti síns hlutafjár, beiti sér fyrir því að inn í stofnsamning hins nýja hlutafélags komi ákvæði um staðsetningu fyrirtækisins? Sjái hæstv. forsrh. einhverja lögformlega galla á því, einhverja stjórnskipunarlega galla á því að setja þetta inn í sjálf lögin, sér hann þá einhverja galla og einhverja meinbugi á því að setja þetta inn í þau ákvæði, hafa þetta eitt af þeim ákvæðum sem ríkið ætlar að ná fram í stofnsamningi hlutafélagsins? Ég vil fá alveg hrein og skýr svör við þessu. Það eru þessir tveir möguleikar að mínu viti fyrst og fremst sem við höfum hér í höndunum við afgreiðslu þessa frv. Það er þegar komin fram brtt. um hið fyrra, sem mér finnst hreinlegast og eðlilegast, þ. e. að löggjafinn ákveði það hér og nú að þetta fyrirtæki verði staðsett á þessum nefnda stað. Hinn möguleikinn bíður og er fyrir hendi og auðvelt að flytja um það brtt. ef menn ná að sameinast um það.

Ég vek á því athygli að ríkisvaldið ætlar sér, í krafti síns hlutafjár, að setja þessu nýja hlutafélagi ýmis skilyrði. Við getum kallað það eins og það heitir á máli stærðfræðinnar eða verkfræðinnar „randskilyrði" til þess að það sé alveg öruggt að hæstv. forsrh. skilji hvað ég er að fara. Ákveðin randskilyrði verða sett fyrir starfsemi fyrirtækisins og innan þeirra hreyfir það sig síðan. Þessu fyrirtæki er t. d. ætlað að kaupa hlutabréf og/eða skuldabréf atvinnufyrirtækja, að útvega eða veita áhættulán og ábyrgðir vegna stofnunar, rekstrar og þróunar fyrirtækja, að taka þátt í og/eða styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra o. s. frv. Þessir liðir eru ekki færri en sjö sem ríkisvaldið ætlar að beita sér fyrir að verði settir inn í stofnsamning fyrirtækisins.

Það er sérstaklega tekið fram að ríkisvaldið ætli ekki að skíra fyrirtækið með lögunum. Það eigi væntanlega hluthafafundur að gera, að ráða atriðum eins og þeim hvað á barnið að heita og væntanlega ýmsum öðrum framkvæmdalegum atriðum málsins. En staðsetning hlutafélagsins er ekki eitt af þessum framkvæmdalegum atriðum. Ákvörðun um staðsetningu þessa fyrirtækis og reyndar annarra slíkra er stefnumarkandi, er byggðapólitískt ákvörðunaratriði eins og ég hef margítrekað bent á í umræðum um þessi mál, herra forseti. Það er byggðapólitískt mál hvort það nær fram að ganga nú í tengslum við endurskoðun Framkvæmdastofnunar ríkisins að eitthvað af þeirri starfsemi sem þar á að stokka upp eða koma á fót komist út á land. Og fram hjá því verður ekki gengið að með því að skjóta sér bak við einhverjar væntanlegar stjórnir eða væntanlegan hluthafafund eru alþm. að afsala sér tækifæri til að taka þessa byggðapólitísku ákvörðun.

Ég hygg, herra forseti, að það muni liggja ljóst fyrir og ég geri mér m. a. s. vonir um það að verulegur hluti íslensku þjóðarinnar átti sig á því að nú þessa dagana standa þm. á Alþingi frammi fyrir möguleikanum á því að taka slíka byggðapólitíska ákvörðun. Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, vegna þess að ég hef fylgst nokkuð með þessum málum undanfarin ár, að mér er til efs að þm. hafi á allra síðustu árum staðið frammi fyrir jafnafgerandi ákvörðunaratriðum í þessum efnum, þar sem línurnar eru jafnhreinar og klárar. Annaðhvort meina menn eitthvað og vilja menn eitthvað í þessum efnum eða ekki, það er alveg ljóst.

Herra forseti. Ég nenni nú varla að rökræða enn við hæstv. forsrh. um það hvort stjórnskipunarlega eða lögfræðilega sé eitthvað athugavert við það að löggjafarvaldið ákveði með lögum staðsetningu slíkra stofnana eða fyrirtækja. Ég vitnaði í lagasafnið máli mínu til stuðnings hér í fyrrakvöld og benti á að það er í lögum um fjölmargar stofnanir sagt til um hvar þær eru staðsettar. Stundum er það auðséð af lögunum og öðrum ákvæðum laganna að gengið er út frá staðsetningu á ákveðnum stað. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. enn með vísan til laga um Hafrannsóknastofnun: Hvernig mundi hann túlka ákvæði í þessum lögum á þá leið að sagt væri í nýrri grein: Heimilt er hinu nýja hlutafélagi að setja á fót útibú í Reykjavík. — Ef við settum ekkert annað inn í lögin hvað þetta staðsetningaratriði varðaði heldur en þetta: Heimilt er hinu nýja hlutafélagi — eða þróunarfélagi eða hvað það nú væri — að setja á fót útibú í Reykajvík — þá væri á ferðinni algerlega hliðstætt ákvæði og sett var inn í lög um Hafrannsóknastofnun ríkisins á síðasta ári. En þar snéri þetta öfugt og sagt var: Heimilt er Hafrannsóknastofnun að setja á fót útibú utan Reykjavíkur.

Ég mundi, herra forseti, sætta mig við ákvæði af þessu tagi sem tæki af öll tvímæli um vilja löggjafans til þess að leita eftir staðsetningu fyrir þetta fyrirtæki utan Reykjavíkur. Ég hef flutt till. um að það verði á Akureyri en nái menn samstöðu um að finna þessu fyrirtæki stað annars staðar, á Ísafirði, eða á Egilsstöðum, á Blönduósi, á Sauðárkróki eða einhvers staðar annars staðar, herra forseti, þá mundi ég að sjálfsögðu standa að slíku samkomulagi væri það í boði vegna þess — og ég undirstrika það — að í mínum huga er hér fyrst og fremst baráttan og slagurinn um það að ná því byggðapólitíska atriði fram að við viljum stefna að dreifingu opinberra stofnana um landið, að dreifingu þessara þjónustuþátta sem borgaðir eru úr sameiginlegum vasa allra landsmanna, því að dreifing þessara þátta er óeðlileg í dag.

Ég tala hér ekki sem andstæðingur Reykjavíkur þó að ég taki svo til orða að ég muni sætta mig við ákvæði eins og þau að tryggt væri að stofnunin yrði einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. En það er bara einfald-

lega, herra forseti, sá veruleiki sem við búum við að þessar stofnanir og þessi þjónusta hefur hrúgast hér upp langtum meira en eðlilegt getur talist að mínu viti, í mjög skekktum hlutföllum miðað við búsetudreifinguna í landinu og í skekktum hlutföllum miðað við það hvaðan skattpeningar þegnanna koma. Þannig leggur að sjálfsögðu fólkið við Eyjafjörð, í þeirri fjölmennu byggð, stærsta þéttbýlissvæði utan Reykjavíkur, sitt af mörkum til sameiginlegra útgjalda þjóðarbúsins og á þess vegna eðlilega kröfu ekkert síður en aðrir á því að þjónusta og umsvif hins opinbera komi því til góða í eðlilegum mæli. Þetta mætti þá, herra forseti, verða fjórða spurning mín til hæstv. forsrh., hvort hann gæti þá lögformlega sætt sig við að inn í lögin yrði tekið slíkt ákvæði. Og þá má segja að möguleikarnir séu orðnir þrír sem við höfum til þess að láta Alþingi lýsa yfir þeim vilja sínum að stefna að dreifingu opinberra stofnana um landið: Sá fyrsti, nærtækasti og eðlilegasti er að við ákveðum það hreinlega í lögunum hvar þessi stofnun stendur. Annar er sá að ríkið verði látið beita sér fyrir því að inn í stofnsamning hlutafélagsins verði tekið slíkt ákvæði og í þriðja lagi þessi óbeina aðferð, að setja það inn í lög að aðalstöðvar fyrirtækisins skuli vera einhvers staðar annars staðar en hér í Reykjavík eða á suðvesturhorni landsins. Með því að segja að fyrirtækinu sé heimilt að starfrækja útibú eða sel eða deild eða hvað það nú héti hér á þessu svæði eru menn auðvitað að segja að höfuðstöðvarnar verði einhvers staðar annars staðar.

Herra forseti. Þessari ríkisstj. verður ekki hælt fyrir það að vera sérstaklega vönd að vinnubrögðum. Nú mun vera 12. júní og ekki sér enn fyrir endann á því hvenær þessu Alþingi ljúki. Ég er ekki að setja út á það þó þm. séu hér að störfum eins og þeir eru kjörnir til og fá kaup fyrir. En sú hefur verið venja hér í þinghaldi að því væri löngu lokið um þetta leyti og margir þm. munu hafa gert ráð fyrir því, a. m. k. framan af vetri að svo yrði einnig nú. En hæstv. ríkisstj. hefur kosið að haga málum þannig — og það er nú einu sinni hún sem mestu ræður um þetta og hefur þingrofsréttinn — að hún leggur nú mjög seint á þinginu fram fjöldann allan af frv. sem eru misjafnlega vel — ég vil jafnvel segja í sumum tilfellum: illa unnin frv. Hér er um verulega stór mál að ræða að ýmsu leyti, ýmiss konar uppstokkun á stjórnkerfi og ýmiss konar breytingar, og þingheimi er ætlað að afgreiða þessi mál að því er best verður séð á mjög naumum tíma. Mörg þessi frv. koma svo seint fram að það gefst ekki tími til að senda þau út til umsagnar eins og almenn og góð þingvenja er í nefndarstörfum. Því er hafnað aftur og aftur af hálfu nefndarformanna meiri hlutans að senda út mál til umsagnar eins og eðlilegt hlýtur þó að teljast og hin góða þingvenja mælir fyrir um. Þess í stað eru málin olnboguð hér í gegn á stuttum tíma með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, herra forseti, því að enginn veit í raun hversu vönduð þau eru nema hafa skoðað þau sæmilega fyrst. Ég er ekki endilega að segja að af þessu verði miklir skellir og hér sé á ferðinni eitthvað sem muni hafa hroðalegar afleiðingar í för með sér. Ég er einfaldlega að segja, herra forseti, að það er erfitt að vera þess fullviss að hlutirnir séu í lagi nema þeir séu skoðaðir fyrst og það sæmilega vandlega. Og það á auðvitað ekki að kasta til höndum í löggjafarstarfi, af hvaða toga sem það er, og allra síst þegar menn taka sér það fyrir hendur vegna þess að þeir settu inn í einhvern stjórnarsáttmála einhver ákvæði um að umbylta og umsnúa ýmsum hlutum í hinu opinbera stjórnkerfi.

Þess vegna segi ég þetta, herra forseti, að hér eru t. d. þessi þrjú frv. á ferðinni saman í gegnum þingið. Svo fréttir maður — ýmist er það utan úr bæ eða þá í Ed. eða einhvers staðar annars staðar — að á ferðinni eru sjóðafrumvörp og endurskoðun á þessu og hinu og allt hlýtur þetta auðvitað að tengjast. Þetta er spurning um stefnumörkun meira og minna á hinum ýmsu sviðum. En myndin er ekki á nokkurn hátt heildstæð, herra forseti. Það er verið að raða brotunum saman og það er erfitt fyrir þm., ekki síst þegar tíminn er jafnnaumur og raun ber vitni, að gera sér heildstæða mynd af því hvaða breytingar eru hér í raun og veru á ferðinni, vegna þess að þetta er í mörgum frv., dreift út um hvippinn og hvappinn, sum þeirra eru jafnvel ekki komin fram enn að því er sagt er. Nú er sem sagt 12. júní. Þess vegna held ég, herra forseti, að það sé óþarfi að hæla þessari ríkisstj. fyrir skipuleg og vönduð vinnubrögð.

Við ræddum hér nokkuð, herra forseti, fyrir fáeinum dögum um þingsköp. Og í tengslum við umræður um þingsköp var rætt um virðingu Alþingis. Ég held að þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. auki ekki virðingu Alþingis. Ég óttast að það sé af öðrum ástæðum sem hæstv. ríkisstj. knýr svo mjög á um það að ýmis mál, illa skoðuð og lítt grunduð, fái hraðferð í gegnum þingið. Mér finnst það í raun ekki eðlilegar áherslur sem hæstv. ríkisstj. leggur í þessum störfum sínum. Því að auðvitað er það ríkisstjórnarinnar, vegna þess mikla valds og þeirra miklu áhrifa sem hún hefur á störf þingsins, að halda utan um og verja og viðhalda virðingu Alþingis. Það er í raun og veru einskis annars manns hlutverk fremur — fyrir þá utan virðulegan forseta þingsins — en hæstv. forsrh. að stuðla að þessu markmiði. Ég hef skilið það svo, herra forseti, að hæstv. forsrh. sé oddviti meiri hluta á þingi hverju sinni. Í þingbundnu skipulagi er það svo, að mér skilst, þannig að ábyrgðin er að verulegu leyti hans.

Ég hefði kosið, herra forseti, að við hefðum tíma til að ræða þessi mál miklu ítarlegar og skoða þau í betra samhengi en við bersýnilega getum nú. Þó vil ég spyrja herra forseta tveggja spurninga áður en ég held lengur áfram máli mínu. Í fyrsta lagi er ræðumaður í þeim vanda staddur að hann er ekki alveg viss um hvort hann er að halda hér ræðu í fyrsta eða annað sinn í þessari umr. um þetta mál og það stafar af því að hér urðu samferða nokkur mál. (**Forseti:** Það er í fyrsta.) Já, nú upplýsir virðulegur forseti að ég sé að halda mína fyrstu ræðu í þessari umr. um málið eins og ég taldi reyndar vera og þakka ég forseta það. Þá er ljóst, herra forseti, að ég get skotist hér aftur í ræðustól ef það skyldi vera eitthvað fleira sem ég vildi láta í mér heyra um þetta mál eða eitthvað sem ég hefði gleymt. Ef svo færi hugsanlega að mér líkuðu ekki alls kostar svör hæstv. forsrh. eða ég vildi inna hann eftir einhverju frekar, þá á ég sem sagt þann möguleika.

Hitt sem ég vildi spyrja herra forseta að núna, vegna þess að það gæti ráðið nokkru um það hvort ég fer að lengja mál mitt mikið úr þessu, er það hvort honum hafi borist til eyrna eitthvað um það hversu langan tíma við munum nú hafa eftir til þingstarfa, þ. e. verðum við að fara að flýta okkur og verða menn að reyna að stytta

mál sitt hér sökum þess að búið sé að ákveða eða stefnt sé að að ljúka þingi á einhverjum ákveðnum tilsettum tíma? Ef svo er ekki, herra forseti, þá vil ég auðvitað nota þinglegan rétt minn til að spyrja og ræða þetta mál eins ítarlega og ég tel þarft og skylt. Ég mundi hins vegar verða við óskum, ef hafðar væru uppi, um það að reyna að stytta mál mitt, t. d. ef ákveðið hefði nú verið að ljúka þinginu fyrir einhvern tilskilinn tíma. (**Forseti:** Ég get að vísu upplýst eitthvað um þetta og þá það helst að því markmiði sem margir hafa sett sér, að þessu þingi lyki nú um helgina, verður ekki náð. Lengra sé ég ekki á þessari stundu. Hins vegar er það mín persónulega skoðun að þetta þing muni naumast standa lengur en eitthvað fram í næstu viku.)

Ég þakka virðulegum forseta svörin. Þau eru alveg fullnægjandi. Það var einmitt þetta atriði sem ég vildi nú fá fram. Það gleður mig, vil ég segja, að ákveðið hefur verið að þingið taki sér þann tíma sem það telur sig þurfa til að ræða þessi mál. Ég er alveg sammála því mati að það væri óráð hið mesta að ætla sér að reyna að ljúka öllu því sem hér liggur í þinginu fyrir þjóðhátíð. Ég er fullkomlega sammála því mati að eigi Alþingi að vera vant að virðingu sinni og skila þessum málum frá sér eins og nauðsynlegt og þarft er, þá þurfi það meiri tíma heldur en lifir nú fram að þjóðhátíð, ekki bara til að ganga skikkanlega frá þeim málum sem hér eru til umræðu og þessu dagskrármáli, heldur og þeim fjölmörgu málum sem eru á dagskrá, m. a. ýmsum ágætum tillögum og málum stjórnarandstöðunnar sem hafa hreyfst óvenjulítið í gegnum þingið núna síðustu dagana. (**Gripið fram í:** Svo er selveiðin.) Síðan eru óræddd hér þingmál um selveiðar auðvitað sem af ákveðnum persónulegum ástæðum ónefnds þm. mega ómögulega daga hér uppi, herra forseti.

En ég hef lagt, herra forseti, fjórar beinar spurningar fyrir hæstv. forsrh. og ég vona að hann sjái sér fært, áður en þingfundi lýkur í kvöld og kappleikur hefst að svara því einhverju, eða þá síðar í umr. ef svo ber undir. Ég hefði einnig haft mjög gaman af því ef hæstv. forsrh. hefði viljað, þó ekki nema í örfáum orðum væri, lýsa sinni afstöðu og sínum viðhorfum til atriða sem ég gerði hér að umtalsefni, eins og t. d. hvaða áhrif launastefna hefur á þróun og afkomu í atvinnulífinu, um tengsl einnar ákveðinnar launastefnu við þessa þætti, hvaða viðhorf og afstöðu hæstv. forsrh. hefur varðandi fjárfestingar og áhrif fjárfestinga á lífskjörin, stöðu þeirra mála á Íslandi og eðlilega stýringu fjárfestinga. Og í síðasta lagi hefði ég mjög gjarnan, vegna þess að ég tel það vera eitt af grundvallaratriðum þessa máls, viljað heyra frá hæstv. forsrh. hver hann telji eðileg markmið nýs atvinnurekstrar á Íslandi, hvaða kröfur eigi að setja nýjum atvinnurekstri hvað varðar arðsemi og hvað varðar getu til að borga laun. Er hæstv. forsrh. sáttur við það launastig sem er á Íslandi í dag og telur hann eðlilegt að taka inn í arðsemisútreikninga nýrra fyrirtækja launastigið eins og það er hér nú í samanburði við nálæg lönd eða telur hann að þar eigi að setja markið eitthvað hærra? Ef t. d. nýtt fyrirtæki, sem verið er að kanna, er talið geta skilað 10% afkastavöxtum miðað við launin eins og þau eru í dag telur hann það nógu gott eða ekki nógu gott?

Það er reyndar ýmislegt fleira í minni ræðu, herra forseti, sem ég setti fram í spurnarformi og hefði þess vegna verið gaman að fá ákveðna umfjöllun um. En ég held að ég láti þetta duga að sinni. Ég hef nú rætt þetta mál nokkra stund, þó ekki lengur en ég tel fulla ástæðu til, og gæti jafnvel hugsað mér að velta upp enn fleiri hliðum á þessu máli í tengslum við þetta átak sem ég gleðst yfir að hæstv. ríkisstj. er af veikum burðum að reyna að hrinda af stað. Það hefur aldrei í mínum huga komist að annað en ánægja með það að hæstv. ríkisstj. er að reyna að sinna þessum málum. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, herra forseti, að vissulega fagna ég því að ríkisstj. áttar sig á því að þessum málum þarf að sinna einnig, að hún áttar sig á því að það eru tæplega aðrir líklegri til þess að sinna þeim en ríkisvaldið sjálft og það er einfaldlega raunsætt mat að þátttaka ríkisins skuli þarna koma til ef eitthvað eigi að verða úr þessu.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að einkagróðinn, sem margir tala nú um, finnst oft ekki þegar á að fara að nota hann eitthvað, þá er hann bara gufaður upp, hann skilar sér ekki, hann kemur ekki inn í atvinnulífið, hann stuðlar ekki að aukinni fjárfestingu. Reynslan frá Bandaríkjunum og þeim hagvexti sem þar hefur orðið núna síðustu mánuðina er órækast vitni um þetta. Þar hafa efnahagssérfræðingar orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að sá aukni hagvöxtur og bætt afkoma hefur ekki skilað sér, hvorki í meiri atvinnu né þeim fjárfestingum sem menn í kjölfar þess hefðu vænst. Ég held því miður að sá einkagróði sem er að myndast á Íslandi í dag sé sömu náttúru að verulegu leyti. Það sé t. d. valt að treysta því að þeir aðilar á Íslandi sem nú eru að græða leggi sína fjármuni í sjávarútveginn, því miður. Því miður gengur vídeóleigugróðinn, ef einhver er, ekki upp í taprekstur inn á togurunum eða uppbyggingu í frystihúsunum. Þess vegna er ég sammála hæstv. ríkisstj. um það að óhjákvæmilegt og eðlilegt sé að ríkisvaldið sé gerandi og þátttakandi í þessum málum með einhverjum hætti.

Herra forseti. Þá ætla ég ekki að hafa orð mín fleiri í þessari fyrstu ræðu minni við þessa umr. málsins eða fyrri ræðu. Ég vonast til þess að þessi umr. megi verða okkur gagnleg og skýra þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að ríkisstj. skýri betur en gert er með grg. frv. markmið sín og vilja sinn og væntingar í tengslum við þetta mál og ég teldi gagnlegt að þingtíðindin geymdu meiri upplýsingar um afstöðu hæstv. ríkisstj. og skoðanir einstakra þm. á þessu máli þegar það fer hér í gegn, eigi svo að fara, sem við skulum vona, að það verði barn í brók og standi í stykkinu og nái að einhverju leyti að þjóna sínum tilgangi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Allt s. l. sumar þóttust foringjar stjórnarflokkanna vinna að endurskoðun samstarfssamnings og mótun tillagna eða verkefnalista sem frekara samstarf byggðist á. Að vísu gekk eitthvað illa að finna samráðsfundum stað og stund. Foringjarnir voru til skiptis í útlöndum og eitthvað skorti á að boðveitukerfin innan flokkanna verkuðu eins og til var ætlast. En loksins fæddust tillögurnar, tímamótatillögur, eins og formenn stjórnarflokkanna kölluðu þær á fundi með fréttamönnum í byrjun september s. l.

Við erum nú svo jákvæðar í Kvennalistanum að við eyddum töluverðum tíma í að reyna að finna eitthvað gott og raunhæft í þessum tillögum. Það reyndist því miður erfitt, enda bersýnilegt að þær voru reistar á

óskhyggju fremur en raunsæi. Ein skrautfjöðrin var Þróunarfélagið hf. og sú hugmynd er nú komin hér í frv.-formi. Tók það afrek 7—8 mánuði og er enn eitt dæmið um óviðunandi vinnubrögð stjórnarflokkanna á þessu þingi. Hugmyndin er í sjálfu sér góð og tilgangurinn göfugur, eða eins og segir orðrétt í 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutafé félagsins verði a. m. k. 200 millj. kr."

Nú hefur reyndar verið talað um að þetta hlutafélag hafi miklu meira fé til umráða, enda dugir þetta skammt til þess að þjóna þeim tilgangi sem boðaður er eða markaður er hér í 1. gr. Sem sagt, tilgangurinn er göfugur, en spurningin er hvort honum verði náð með þeirri leið sem hér er lögð til.

Sannleikurinn er sá að hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi verkar einfaldlega eins og pólitískt vindhögg meðan sjávarútvegurinn er látinn berjast í bökkum og í sömu andrá er staðið gegn eðlilegri þróun í menntakerfinu og rannsóknarstarfsemi í landinu. Það er á þeim sviðum sem við þurfum fyrst og fremst á uppbyggingu að halda. Þar er grunnurinn undir framtíð þessa þjóðfélags.

Nú er auðvitað hugsanlegt að t. d. rannsóknarstarfsemi hljóti einhverja náð væntanlegrar forustu þessa hlutafélags sem hér er lagt til, eins og reyndar ýjað er að í grg., en úr því getur reynslan ein skorið. Við rennum í rauninni algerlega blint í sjóinn og getum engan veginn fest hendur á hvaða gagn megi verða af þessu félagi. Ríkið verður aðeins hluthafi, getur aðeins reynt að hafa áhrif á stefnuna. Í rauninni er ekkert sem tryggir að hér verði um að ræða nýsköpun og eflingu atvinnulífsins.

Engin stefna er mörkuð um athafnasvið félagsins en slíkt er að mínu mati nauðsynlegt ef menn eiga að geta gert sér grein fyrir áhrifum þess í samræmi við tilganginn sem tilgreindur er í 1. gr. Auk þess er hér um furðu litla upphæð að ræða. Heyrst hafa tölurnar 500—700 millj. kr., þar af um 200 millj. sem ríkið legði fram. Þetta er auðvitað ekki há upphæð miðað við yfirlýstan tilgang frv. Ég benti á það í útvarpsumræðum hér í gærkvöld að hér er verið að tala um heildarráðstöfunarfé sem nemur ekki nema um það bil andvirði flugstöðvarinnar sem verið er að reisa á Keflavíkurflugvelli.

Herra forseti. Ég sé raunar ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frv. Að athuguðu máli tel ég réttast að reynt verði til þrautar að gera það betur úr garði og styð að því verði vísað til ríkisstj.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umræðu mikilvægt málefni, þar sem er nýsköpun í atvinnulífi, komið til 2. umr. í fyrri deild. Ég hef ekki rætt þetta mál hér áður í þinginu en þar sem ég hef áhuga á atvinnumálum og hef lengi haft sé ég ástæðu til að taka þetta mál til nokkurrar umræðu af minni hálfu og inna hæstv. forsrh. m. a. eftir vissum þáttum sem snerta þetta mál.

Það hefur verið bent á það með réttu að hér eru þrjú þingmál á dagskránni, sem tengjast nokkuð saman, a. m. k. hvað undirbúning snertir af hálfu hæstv. ríkisstj., þar sem er frv. um Byggðastofnun, frv. um Framkvæmdasjóð Íslands og þetta frv. sem hér er til umr. um nýsköpun í atvinnulífi.

Auk þess hefur ríkisstj. lagt fram frv. um endurskipulagningu á sjóðum atvinnuveganna sem segja má að tengist nokkuð þessum málum.

Ég veiti því athygli að þessi mál, sem komu fram 23. apríl s. l. hér í þinginu, hafa verið undirbúin af hálfu ríkisstj. af sérstakri þingnefnd, sem hefur unnið að þeim öllum, að mér virðist, sömu aðilar, nefnd sem hæstv. ríkisstj. skipaði þann 24. okt. 1984 til að hafa yfirumsjón, eins og það er kallað í grg. eða athugasemdum við þetta lagafrv., með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í þessari nefnd áttu sæti Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþm., Stefán Guðmundsson alþm. og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni störfuðu, að því er greint er frá í athugasemdum með frv., þeir Baldur Guðlaugsson lögmaður, Eiríkur Tómasson lögmaður og Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar. Hins vegar munu hinir fyrrtöldu fjórir hafa haft yfirumsjón með undirbúningi tillagna eins og hér er greint frá.

Nú hefur það komið fram að formaður nefndarinnar sem hefur undirbúið öll þessi frv., var mjög störfum hlaðinn og mikilvirkur í störfum fyrir ríkisstj. á s. l. ári og reyndar lengur þar sem hann á sæti í sérstakri viðræðunefnd um stóriðju, sem skipuð var í júnímánuði 1983 til þess m. a. að hafa með höndum samningaumleitanir við stórfyrirtækið eða auðhringinn Alusuisse, og mun enn þá vera bundinn í þeim störfum þar sem þeim samningaumleitunum er hvergi nærri lokið af hálfu ríkisstj. þótt ríkisstj. hafi séð ástæðu til þess að marka þar ákveðinn áfanga með samkomulagi þann 5. nóvember s. l. sem staðfest var hér á Alþingi í nóvemberlok s. l. vetur.

En hv. verkfræðingur og formaður fyrir þessu nefndarstarfi og undirbúningi þessara frv. á einnig sæti í svokallaðri stóriðjunefnd ríkisstj., sem hefur staðið fyrir mjög umfangsmikilli leit á vegum hæstv. iðnrh. að hugsanlegum samstarfsaðilum Íslendinga í uppbyggingu á orkufrekum iðnaði samkvæmt stefnumörkun — ég held ég verði að segja ríkisstj. þó að sumt í þeim störfum virðist stangast allverulega á við flokkssamþykktir Framsfl. eins og ég man þær hér gerðar fyrir nokkrum árum á landsfundum flokksins eða aðalfundum Framsfl. En það er nú ekki mál sem snertir það sem hér er til umræðu sérstaklega, heldur hitt að hv. formaður nefndarinnar, Guðmundur G. Þórarinsson, hefur einnig verið í sérstakri undirnefnd vegna leitar að erlendum samstarfsaðilum til þátttöku í kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði samkvæmt sérstöku boði hæstv. iðnrh. Í þeim hópi eiga sæti auk tilkvaddra fulltrúa úr stóriðjunefnd og tveggja fulltrúa, að ég hygg, úr stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. en annars hefur stjórn hennar ekki að þessu máli komið sérstaklega. Þar hefur sem sagt Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur verið að störfum.

Það hefur verið upplýst hér á Alþingi nýlega að þeir sem hafa verið í vinnu hjá hæstv. iðnrh. að nefndum verkefnum á undanförnum tveimur árum hafa fengið nokkra umbun síns erfiðis. Þannig liggur það fyrir að Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur hefur hlotið þóknun sem nemur á sjöunda hundrað þúsunda kr. á árinu 1984 fyrir störf á vegum samninganefndar um

stóriðju og stóriðjunefndar. Þetta svarar til nálægt 55 þús. kr. á mánuði sem hann hefur fengið í þóknun og hæstv. forsrh. lét það út ganga í fjölmiðlum, ég held að það hafi verið í DV, að hann hefði tekið þetta mál sérstaklega fyrir á ríkisstjórnarfundi og gert athugasemdir við þessar greiðslur til starfsmanna þessarar nefndar, þ. á m. til Jóhannesar Nordal seðlabankastjóra og hv. þm. Gunnars G. Schram sem á sæti í annarri þessara nefnda á vegum hæstv. iðnrh. Ég hef ekki heyrt fara neinum sögum af því hvað síðan hefur gerst í þessu máli sem hæstv. forsrh. gerði athugasemdir við á ríkisstjórnarfundi að hæstv. iðnrh. fjarverandi. Mér þykir vænt um að hæstv. iðnrh. er hér við umræðuna og ég vildi biðja hæstv. forseta að koma þeim boðum til hæstv. iðnrh. að ég óska eftir viðveru hans hér vegna tiltekinna atriða sem ég ætla að víkja hér að síðar í minni ræðu.

Já, virðulegur forseti, ég held áfram máli mínu í trausti þess að hæstv. iðnrh. komi hér í þingsal. Það hefur sem sagt ekki komið fram hvaða lyktir hafa orðið innan ríkisstj. í sambandi við þetta mál en hæstv. forsrh. greindi frá því að hann teldi nauðsynlegt að reglur yrðu samræmdar um greiðslur vegna starfa í nefndum á vegum ríkisins. Nú vill svo til að sami maður og þarna var að verki og fékk greiðslur sem hér hafa verið nefndar, milli 600 og 700 þús. kr. á síðasta ári, hefur einnig verið formaður í nefnd á vegum hæstv. forsrh. við undirbúning þessara þriggja eða fjögurra lagafrv. sem ég nefndi hér, því að ég hygg að hann hafi einnig komið að samningu frv. til laga um sjóðina. Og nú vil ég inna hæstv. forsrh. eftir því hvernig hafi verið háttað þóknun og greiðslum til þeirra vösku manna sem stóðu að samningu þessara frv. (**Forseti:** Ég verð aðeins að trufla hv. ræðumann. En hæstv. iðnrh. mun ekki vera lengur í húsinu.)

Virðulegur forseti, það þykir mér leitt að heyra. Hann hefur horfið allskjótlega á braut að því er virðist. Væri ekki hugsanlegt að það yrði athugað hvort hæstv. iðnrh. gæti ekki verið hér viðstaddur þessa umr., hann fékk hér ágætiseinkunn. (**Forsrh.:** Ef það er nóg, þá skal ég bera hæstv. iðnrh. skilaboð.) Já, hæstv. forsrh. Það er vel boðið út af fyrir sig. En hitt teldi ég nú æskilegt að hæstv. iðnrh. gæti verið hér viðstaddur vegna þess að ég á ýmis erindi við hann. (**Forseti:** Forseti mun gera sitt til þess að hæstv. iðnrh. fái þessi boð. Trúlega er hann á leið heim til sín.) Ég þakka fyrir það.

En ég ítreka sem sagt það sem ég var að óska eftir áðan af hálfu hæstv. forsrh., að hann vegna þessa máls og þeirra athugasemda sem hann hefur sérstaklega gert við málsmeðferð og greiðslur af hálfu iðnrn., á ábyrgð iðnrh., greini frá hvernig hagað hafi verið þóknun og greiðslum til þeirra manna sem unnu það mikla starf sem ég trúi að liggi að baki samningu þessara frv. Þá á ég þar bæði við þóknun samkvæmt úrskurði þóknunarnefndar, að svo miklu leyti sem hann er fallinn, svo og greiðslur sem inntar hafa verið af hendi eða reikningar liggja fyrir um. Mér finnst eðlilegt að eftir þessu sé leitað hér í ljósi þess sem nýlega hefur verið til umræðu um þessi efni og svo vill til að hér eru sumpart sömu menn að störfum sem hafa verið í stórum verkum fyrir ríkisstj.

Ég á ekki von á því að það sé neitt óeðlilegt sem liggur fyrir í þessum efnum. Ég spyr eingöngu vegna þess að hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess að gera athugasemdir við greiðslur og þóknanir á vegum hæstv. iðnrh. fyrir nefndir og störf sem þar voru unnin.

Ég ætla þá að víkja að því frv. sem hér liggur fyrir og segja það fyrst að mér þykir leitt hversu seint þetta frv. er fram komið eins og önnur þau frv. sem varða skyld efni, þ. e. Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem ríkisstj. var eins árs og 11 mánaða nokkurn veginn nákvæmlega þegar þessi mál voru lögð hér fram í þinginu þann 23. apríl s. l. Það var uppi haft af hálfu ríkisstj. fljótlega eftir að hún tók við völdum að hún ætlaði sér mikinn hlut í sambandi við atvinnulíf í landinu. Inn í stjórnarsáttmálann, það er að segja upphaflegan stjórnarsáttmála ríkisstj. eða stefnuyfirlýsingu frá 26. maí 1983, voru tekin upp ýmis ákvæði sem snertu atvinnuvegina en sem hins vegar hafa í mjög litlum mæli komið til framkvæmda enn sem komið er.

Það sem er þó lakara og meira áhyggjuefni en það að ekki hefur tekist að koma áfram hugmyndum um öfluga nýsköpun í atvinnulífi, nýjungum, er það hvernig fjarað hefur undan þeim atvinnurekstri mörgum hverjum sem fyrir er í landinu. Á ég þar alveg sérstaklega við frumvinnslugreinarnar, undirstöðugreinarnar í okkar atvinnulífi, því að það segir sig sjálft að möguleiki þess atvinnulífs sem fyrir er í landinu til þróunar og nýsköpunar er mun minni þegar rekstrarafkoman er með þeim hætti sem raun ber vitni og tölur liggja fyrir um úr þjóðhagsyfirlitum og ársreikningum margra fyrirtækja á þessu tímabili.

Þar hefur ekki gengið eftir margt af því sem sett var á blað í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Til dæmis segir þar, með leyfi forseta, varðandi sjávarútveginn og það er sett á blað 26. maí 1983:

„Ráðstafanir verða gerðar án tafar til þess að mæta rekstrarvanda sjávarútvegsins. Jafnframt verður gerð ítarleg athugun á því hvað gera má til þess að auka hagkvæmni í útgerð og vinnslu."

Hvernig skyldi hafa verið staðið við það ákvæði sem hér um ræðir? Hvernig ætli hafi verið staðið að þeim ráðstöfunum til að mæta rekstrarvanda sjávarútvegsins sem ríkisstj. einsetti sér í upphafi? Ég ræddi það nokkuð þegar ég talaði hér um frv. til laga um Byggðastofnun og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér í umræðu um þetta frv. En ég held að öllum geti borið saman um það, sem þekkja til aðstæðna í sjávarútvegi nú, að þar hefur ekki verið mikið aflögu til þess að fyrirtækin gætu stundað þróunarstarfsemi og lagt til fjármagn og kraft í nýsköpun í þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna.

Það er þó svo að skjótastrar uppskeru ætti að mega vænta einmitt úr þeim greinum sem fyrir eru í landinu, með margháttuðum endurbótum á rekstri og með því að bæta gæði og með því að leggja út í nýjar greinar í úrvinnslu. En þarna hefur verið staðið að verki með þeim hætti að sjávarútvegurinn, veiðar og vinnsla, hefur verið mjög lítt aflögufær á þessu tímabili svo ekki sé meira sagt.

Við heyrðum það í svonefndum eldhúsdagsumræðum í gærkveldi í Sþ., sem útvarpað var, að það eru jafnvel uppi áhyggjur hjá valdamönnum í stjórnarflokkunum út af þessu ástandi. Þeir eru loksins farnir að rumska yfir því ástandi sem ríkir í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna. Það endurómaði m. a. í ræðu formanns Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteins Pálssonar, að það er farið að örla á því að hann átti sig á því hvernig ástatt er í

sjávarútveginum. Hann sá ástæðu til þess að víkja að því nokkrum orðum í ræðu hér í gærkveldi. Það er raunar undrunarefni að það skuli vera eftir að ríkisstj. hefur haldið upp á tveggja ára afmæli sitt að formaður stærri stjórnarflokksins, hvað þingstyrk snertir, skuli loks vera farinn að átta sig á því hvernig ástatt er í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. sagði m. a. um landbúnað:

„Nýjar búgreinar, svo sem loðdýrarækt, fiskeldi o. fl. verði efldar og stærri hluti fjárveitinga til landbúnaðar renni til þeirra."

Ég verð að segja það að eins og ég þekki til þessara mála, þá hefur ekki verið haldið á málefnum þessara svokölluðu nýju búgreina með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. Það á bæði við um loðdýraræktina og fiskeldið sem þarna eru nefnd sérstaklega. Skipulag varðandi uppbyggingu loðdýraeldis hefur verið mjög í brotum og alveg vantað stefnumótun af hálfu ríkisstj. um það hvernig standa ætti að uppbyggingu á þessum væntanlega vaxtarbroddi sem m. a. á að koma í staðinn fyrir hefðbundnar greinar í sveitum landsins. Það liggur fyrir að allsendis ónóg fjármagnsfyrirgreiðsla er veitt þeim bændum sem leggja vilja út í loðdýrarækt og því hefur mun minna gerst á þessu sviði en þörf hefði verið á. Ég held að þessi mál séu enn í reynd í hinum mesta ólestri og allsendis ófullnægjandi hvað varðar fjármögnun, fjármögnunarmöguleika til handa þeim sem vísað er á þessar nýju búgreinar í dreifbýlinu.

Varðandi fiskeldið er þó staðan í rauninni miklu alvarlegri og enn lakari en að því er snertir loðdýraræktina. Það hefur komið fram hér ítrekað við umræðu í þinginu, sem enn stendur yfir, að innan ríkisstj. hefur ríkt mjög ógæfusamleg togstreita í sambandi við skipulag fiskeldismála. Það hefur verið togast á um það hvaða rn. ætti að sinna þessum málum og svo undarlega ber við að það eru tveir hæstv. ráðherrar úr sama flokki, Framsfl., sem þar hafa verið í reipdrætti, hæstv. landbrh. og hæstv. sjútvrh. Svo rammt hefur kveðið að þessari togstreitu þeirra í milli um undirbúning löggjafar og skipulag grundvallarþátta í sambandi við fiskeldi að hæstv. forsrh. sá sig loks nú undir vorið tilknúinn til þess að reyna að höggva á hnútinn og skipa sérstaka nefnd, nýja nefnd til þess að hefja það starf, sem hefði þurft að vera komið í gang fyrir löngu síðan og m. a. var hvatt til af minni hálfu og fleiri þm. sem fluttu á árinu 1983 sérstaka þáltill. í Sþ. um átak í fiskeldi og fiskirækt, einnig varðandi rannsóknir og fjármögnun, skipulagða fjármögnun til fiskeldismála.

Ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hverjir eiga sæti í þeirri nefnd sem þeir tveir nefndir hæstv. ráðherrar boðuðu að forsrh. væri að skipa í aprílmánuði s. l. Ég inni hæstv. forsrh. eftir því hverjir eiga sæti í nefndinni og hvenær þess sé að vænta að þessi nefnd, sem á að marka opinbera stefnu í fiskeldismálum sem ekki er seinna vænna að gert verði, skili áliti.

Það er veruleg hætta á því, vegna þess hversu dregist hefur úr hömlu að taka á þessum málum, að ýmislegt af þeim fjárfestingum sem lagðar hafa verið til fyrirtækja í fiskeldi hér á landi að undanförnu skili sér ekki með þeim hætti sem ella hefði getað orðið. Ég vil ekki hafa uppi neinar sérstakar svartsýnisspár í þeim efnum. Það eru nokkur fyrirtæki á byrjunarstigi sem komin eru af stað með fiskeldi, en það er álit ýmissa þeirra sem vel eiga að þekkja til í þessum málum að þarna sé tekin veruleg áhætta, svo að ekki sé meira sagt.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá maí 1983 sagði einnig um landbúnaðinn, með leyfi forseta:

„Með þessum og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum verði unnið gegn byggðaröskun og hagur bændastéttarinnar tryggður."

Þetta er lokagreinin um landbúnaðinn í stefnuyfirlýsingunni við myndun ríkisstj. Og það er eðlilegt að spurt sé nú þegar ríkisstj. hefur haldið upp á tveggja ára afmæli sitt: Hvernig hefur verið staðið við þetta fyrirheit um að vinna gegn byggðaröskun og tryggja hag bændastéttarinnar? Það er nærtækast að spyrja bændur sjálfa og forsvarsmenn þeirra. Þeir hafa raunar margir hverjir greint frá sínu mati á stöðu og horfum í landbúnaði í hefðbundnum búgreinum og ályktað um þá hluti og þær ályktanir bera ekki vott um það að þróunin hafi gengið í þá átt sem fyrirheit ríkisstj. í upphafi vöktu vonir um.

Um byggðaröskunina hef ég rætt sérstaklega í tengslum við frv. um Byggðastofnun. Þar var Íslandsmet slegið á síðasta ári í fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, á annað þúsund manns. Landsbyggðin tapaði nettó á annað þúsund manns og það er í fyrsta sinn síðan 1961 að yfirlit liggur fyrir um slíka fólksflutninga að þessi tala hefur farið yfir 1000 manns.

Vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur ekki enn komið hér til fundar ætla ég ekki sérstaklega að gera í bili að umræðuefni þætti sem snerta iðnaðarmálefnin og hvernig þar hefur til tekist og hvernig horfur eru í sambandi við nýsköpunarþrótt þess iðnaðar sem fyrir er í landinu og uppbyggingu þeirra greina sem gert var ráð fyrir við upphaf stjórnarsamstarfsins að yrðu verulegur vaxtarbroddur í sambandi við iðnþróun í landinu á starfstíma ríkisstj. En ég vænti þess að hæstv. ráðh. komi hér í þingsal áður en ég lýk máli mínu svo að ég geti beint til hans fsp. um þau efni, því að það er sannarlega full ástæða til þess að fá ýmislegt fram um stöðu mála sem snerta iðnaðinn og þar á meðal stóriðjuna sem hæstv. ráðh. hefur þegar kostað allmiklu til, erfiði, fyrirhöfn og fjármunum, til þess að reyna að koma fótum undir með þeim hætti sem hann telur vænlegast.

Hér er í frv. því sem til umræðu er um nýsköpun í atvinnulífinu gert ráð fyrir því að ríkisvaldið gerist forgönguaðili til þess að örva slíka nýsköpun. Með frv. er leitað heimilda til þess að ríkið leggi verulegt fjármagn fram í þessu skyni, eitt eða með öðrum, því að frv. gerir ráð fyrir því að ríkið hugsanlega sitji uppi sem eini hluthafi í því hlutafélagi sem frv. gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar. Að vísu er gert ráð fyrir því skv. frv. að allverulega verði í það lagt að fá einkaaðila, innlenda og raunar einnig erlenda, til samvinnu um málefni þessa fyrirtækis, en bjartsýnin í þeim efnum er ekki meiri en svo að meiri hl. fjh.- og viðskn., sem fjallað hefur um frv., hefur flutt sérstakar brtt. við upphaflegt frv. vegna hugsanlegra takmarkana á hluthöfum. Það er því ekki mikil bjartsýni sem kemur fram hjá þeim stjórnarliðum sem fjallað hafa um frv. í nefnd að þessu leyti. Ég ætla hins vegar ekki að hafa uppi neinar sérstakar hrakspár um það að takast megi að laða til þátttöku með ríkinu ýmsa þá aðila sem gert er ráð fyrir skv. frv. að komi til samstarfs um stofnun þess hlutafélags sem hér er um að ræða.

En hér eru verulegar upphæðir á ferðinni, a. m. k. 500 millj. kr., 200 millj. að lágmarki sem hlutafé félagsins og auk þess 300 millj. hið minnsta til ráðstöfunar fyrir þetta hlutafélag og jafnvel gert ráð fyrir því að ríkið eitt reiði það fé af höndum með beinum hætti, eða sem lán til þeirra aðila sem kæmu til samstarfs og þátttöku í þessu félagi.

Það er vissulega mjög margt óljóst og flest óljóst sem snertir þetta mál. Það er sáralítið vikið að því hvaða hugmyndir eru á kreiki hjá hæstv. ríkisstj. og aðilum á hennar vegum varðandi einstakar greinar eða áherslu-þætti í nýsköpun í atvinnulífinu þó að vissulega sé vikið í nokkrum tölusettum liðum í grg. að tilgangi félagsins og hvað félaginu sé heimilt að gera í sambandi við sína starfsemi.

Eitt af því sem þar er tekið fram er að taka þátt í og styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra. Þetta er mjög eðlilegt að hugsa sér til þess að lagt sé í slíkar rannsóknir og slíkan undirbúning, því að það skiptir vissulega miklu að þar sé vandað til. Og það er einmitt eitt af því sem illa hefur til tekist hjá ríkisstj. til þessa, að stuðla að rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem tengist atvinnulífinu í landinu. Þar hefur verið dregið úr í sambandi við fjárveitingar frá áður markaðri stefnu á undanförnum tveimur árum og enn hefur lítið sprottið af þeim loforðum sem fram komu á síðasta vetri um viðbótarfjármagn að upphæð 50 millj. kr. til tiltekinna verkefna í rannsóknar- og þróunarstarfi.

Þetta kom mjög skýrt fram á aðalfundi Rannsóknaráðs ríkisins sem haldinn var 8. og 9. febrúar s. l. Þar komu einmitt fram mjög margar gagnlegar ábendingar varðandi þennan grundvallarþátt, þ. e. rannsóknar- og þróunarstarfsemina tengda atvinnulífinu og raunar grundvallarrannsóknir einnig. Þar fluttu ýmsir mætir menn erindi, m. a. framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, sem vék sérstaklega að þeim þætti sem hér um ræðir og vakti athygli á því m. a. að mjög hefur skort á það að fyrirtækin sjálf í landinu legðu fram fjármagn til rannsóknar- og þróunarstarfsemi og nýsköpunarvinnu á sínum vegum, m. a. í samanburði við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Það liggur fyrir að Ísland er þarna langt á eftir því sem gerist á öðrum Norðurlöndum og ríkið hefur á undanförnum árum orðið að axla verulega meiri byrðar hlutfallslega í fjármögnun slíkrar starfsemi heldur en gerist í grannlöndum okkar. Þetta er eitt af því sem þarf að breytast því að það liggur líka fyrir að hin dreifðu fyrirtæki víða á landinu hafa ekki hagnýtt sér niðurstöður þeirrar rannsóknarstarfsemi sem fram hefur farið í stofnunum hins opinbera í þeim mæli sem áreiðanlega hefði verið kleift. Ástæðan er trúlega að nokkru leyti sú, að þau hafa ekki tekið stefnu á slíka vinnu á sínum vegum og því ekki haft augun opin sem skyldi fyrir þeim möguleikum til hagnýtingar á niðurstöðum rannsókna í rannsóknarstofnunum atvinnuveganna sem þar liggja fyrir og eru sumar búnar að liggja fyrir um býsna langt skeið án þess að aðilar hafi komið fram til þess að hagnýta sér slíkar niðurstöður.

Það liggur líka fyrir í sambandi við þennan undirstöðuþátt, rannsóknar- og þróunarstarfsemina, að hér er fjármunum einkum varið í frumvinnslugreinar, og gildir það um liðinn tíma, í fiskveiðar, við skulum segja atriði tengd útgerð, í landbúnað og í orkuvinnslu. Hins vegar er mjög lágu hlutfalli varið til rannsóknar- og þróunarstarfsemi á þágu úrvinnslu, í þágu almenns iðnaðar, byggingariðnaðar og fiskiðnaðar. Ég held að það sé öllum ljóst sem líta á þessi mál að það eru ekki réttar áherslur sem hér eru á ferðinni. Það hefði þurft að leggja mun ríkari áherslu á rannsóknarstarfsemi í úrvinnslugreinunum. Og það er vissulega reynt af hálfu m. a. Rannsóknaráðs ríkisins að hvetja fyrirtæki til þess að leggja þar meira af mörkum af sinni hálfu.

Ég hef hins vegar bent á það þegar í mínu máli að það er ekki mikil von til þess að fyrirtæki í sjávarútvegi hafi bolmagn eða þrótt til þess að hefja þar það nýsköpunarstarf sem þyrfti í fyrirtækjunum, leggja þar til hliðar fjármagn og vinnu á vegum forustumanna fyrirtækjanna, sem margir hverjir sjá ekki út úr augum vegna rekstrarerfiðleika, fjármagnsskorts og skuldauppsöfnunar, sem eru afleiðingar af efnahagsstefnu ríkisstj. í að minnsta kosti mjög mörgum tilvikum.

Það liggur þannig fyrir og var upplýst á nefndum aðalfundi Rannsóknaráðs að til fiskiðnaðar var á árinu 1981 aðeins varið 3.5% af fjármagni sem til ráðstöfunar var í rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Hvað segja menn um áherslur af þessu tagi? Hitt liggur á sama tíma fyrir að möguleikar einmitt til nýjunga í sjávarútveginum, í úrvinnslu úr hráefnum úr sjó, eru mjög miklir. Fram á það hefur verið sýnt af aðilum sem tekið hafa á þessum málum. Mun ég geta um dæmi þar að lútandi, sem ástæða er til að vekja athygli þingheims á, þar sem er starfsemi á vegum fyrirtækisins Lýsis hf. sem gæti verið hvatning fyrir önnur fyrirtæki að auka verulega áherslu í sambandi við rannsóknar- og þróunarstarf.

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs benti á marga fleiri þætti í sínu máli. Ég vil, með leyfi forseta, leyfa mér að vitna hér aðeins í framsögu hans á þessum aðalfundi Rannsóknaráðs. Þar sagði dr. Vilhjálmur Lúðvíksson m. a.:

„Annað atriði í starfsháttum okkar og rannsóknarkerfi sem er áhyggjuefni eru vandkvæðin á því að móta og framkvæma stefnu til lengri tíma.

Fyrir tveim árum kynnti Rannsóknaráð ríkisins langtímaáætlun fyrir rannsóknir í þágu atvinnuveganna og lagði þar til að rannsóknarstarfsemin yrði efld með hliðsjón af þjóðhagslegum markmiðum og þeim aðstæðum sem blasa við í megingreinum atvinnulífsins og skilgreindar voru í athugunum á vegum ráðsins. Í heildina var gert ráð fyrir 5% aukningu á umsvifum rannsóknarstarfseminnar milli ára á tímabilinu en hins vegar töluverðum mun á vexti einstakra stofnana með sérstaka áherslu á rannsóknir í þágu úrvinnslugreina.

Rannsóknaráð lagði langtímaáætlun þessa fyrir stjórnvöld með ályktun þar sem í meginatriðum er hvatt til þess að:

Mótuð verði starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina sem hvetji til nýjunga og umbóta í atvinnulífinu.

Rannsóknastofnanir afli eigin tekna í auknum mæli með verkefnum sem viðskiptavinir greiði fyrir.

Rannsóknastofnanir fái aukið sjálfstæði og ábyrgð í rekstrarlegum efnum, m. a. við ráðningu starfsliðs.

Aukið verði framlag til sjóða sem styrkja rannsóknir, vöru- og aðferðaþróun á vegum fyrirtækja og stofnana.

Jafnframt vakti ráðið athygli á því að knýjandi nauðsyn væri að leggja grundvöll að nýjum vaxtarsvið-

um fyrir atvinnu- og efnahagsframfarir og aðlaga eldri atvinnugreinar breyttum skilyrðum.

Áætlun þessari var vel tekið af ríkisstj. og lagði hún till. til þál. fyrir Alþingi sem hlaut einróma samþykki vorið 1983. Þar er ályktað að áætlun Rannsóknaráðs skuli lögð til grundvallar langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarsemi. Eftir þessari áætlun hafa rannsóknastofnanir atvinnuveganna í megindráttum farið í tillögugerð sinni og starfsáætlunum undanfarin þrjú ár. En því miður hefur þróunin í reynd nánast orðið gagnstæð við það sem áætlunin gerði ráð fyrir að því er varðar heildarumsvif rannsóknarstarfseminnar í þágu atvinnuveganna." Ég vek athygli á þessum ummælum sérstaklega: „Því miður hefur þróunin í reynd nánast orðið gagnstæð við það sem áætlunin gerði ráð fyrir að því er varðar heildarumsvif rannsóknarstarfseminnar í þágu atvinnuveganna."

Og í framhaldi af þessu segir dr. Vilhjálmur:

„Gagnstætt tillögum Rannsóknaráðs um að rannsóknarstarfseminni yrði veittur aukinn stuðningur þótt samdráttur yrði á næstunni í þjóðarbúskapnum hefur rannsóknarstarfsemin verið sett undir sömu takmarkanir og önnur starfsemi á vegum ríkisins og hin almenna stefna fjárlagagerðarinnar á því tímabili um að engir nýir menn skuli ráðnir og engin ný verkefni tekin upp hefur sagt til sín. Að vísu er ekki um eins mikinn raunverulegan samdrátt að ræða eins og myndin sýnir (sem hann vitnaði þar til og sýndi) þar sem raungildi launa hefur dregist verulega saman og laun eru stór þáttur í heildarkostnaði rannsóknastofnananna. Í besta tilfelli hefur starfsemi þó staðið í stað."

Þetta eru ummæli framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, byggð á tölulegum upplýsingum, þar sem fram kemur að í mörgum tilvikum hafi rannsóknar- og þróunarstarfsemi dregist saman, þrátt fyrir einróma samþykkt, að ég hygg, hér á Alþingi um hið gagnstæða á árinu 1983. Það er full ástæða til að rifja þetta upp hér þegar ríkisstj. loks er að mynda sig til þess að gera átak til að renna stoðum undir nýsköpun í atvinnulífi landsmanna.

Í framhaldi af þessu segir dr. Vilhjálmur í sínu innleggi á aðalfundi Rannsóknaráðs í febrúar s. l.:

„Þó að þannig hafi fremur dregið mátt úr rannsóknarstarfseminni um skeið er mikið talað um nauðsyn nýsköpunar í atvinnuvegunum og nefndar háar tölur um fjármagn sem eigi að fara til þeirra hluta. Því miður er það svo að þau atvinnutækifæri sem menn tala mest um, t. d. á sviði líftækni og fiskeldis, eru að miklu leyti enn þá óundirbyggð að því er rannsóknir varðar og hafa þegar orðið af því stórfelld skakkaföll. Ég óttast," segir hann enn fremur, „að á næsta leiti sé alda fjárfestinga í fiskeldi sem að miklu leyti verði byggð á sandi. Því þeir þættir sem arðsamt matfiskeldi þarf að byggjast á hér á landi eru enn að miklu leyti órannsakaðir og hvergi hefur enn þá verið sýnt fram á hvernig reka eigi fiskeldi í heild, frá klaki til markaðar, þannig að rekstraröryggi verði tryggt. Sú stýring á vaxtarferli laxins með aðstoð jarðhita sem hér er reiknað með er flókið og mjög vandasamt mál. Svipuðu máli gegnir um líftæknina. Rannsóknir á því sviði eru nú rétt að byrja þó mikið sé um hana talað.

Nýlega var lögð fyrir fjárveitinganefnd samhæfð áætlun fjögurra rannsóknastofnana um átak á þessu sviði sem kosta mundi 16.5 millj. kr. á þessu ári og væri fyrsta alvöruskrefið í þessu efni. Þessi samstarfsáætlun er merkilegt nýmæli í starfsháttum íslenskra stofnana en beiðnum var þó ekki sinnt við afgreiðslu fjárlaga, en vísað á það fjármagn sem ætlað er að fari til nýsköpunar í atvinnulífi og á að afla að fenginni heimild í lánsfjárlögum."

Ég læt hér nægja þessa tilvitnun úr erindi dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar þó að fleira sé í hans máli sem fyllsta ástæða væri til að víkja að í tengslum við það frv. sem hér er til umræðu og e. t. v. kem ég því á framfæri síðar. En ég vil inna hæstv. forsrh. eftir einu þegar nú loks hillir undir það að frv. til lánsfjárlaga verði að lögum. Við höfum, stjórnarandstæðingar, reynt að greiða fyrir því að svo mætti verða, m. a. í sambandi við 2. umr. málsins í hv. Nd., og ég vænti þess að ekki líði á löngu þangað til ríkisstj. loks kemur þessu máli í höfn sem varðar svo miklu fyrir margháttaða starfsemi í landinu. Þar á meðal eru margnefndar og marglofaðar 50 millj. kr. til þess að bæta úr þeirri öfugþróun að nokkru sem orðið hefur í fjárveitingu til rannsóknar- og þróunarstarfsemi á valdaskeiði þessarar ríkisstj.

Ég inni hæstv. forsrh. eftir því í hvaða þætti hefur verið ákveðið að verja nefndu fjármagni, af þessum umræddu 50 millj. kr. Ég hygg að afstaða hafi verið tekin til þess máls, að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins og menntmrn. sem fer með málefni þess, og væri æskilegt að fá það upplýst einmitt í tengslum við umræður um þetta frv.

Ég minntist hér á það áðan að á fundi Rannsóknaráðs 7. des. s. l. hafi komið fram ýmis gagnmerk atriði um möguleikana á nýsköpun í sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem tekið væri á þessum málum af framsýni, atorku og dugnaði. Á fundinum flutti erindi m. a. Steinar Berg, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Lýsis hf. Í þessu erindi sýndi hann fram á það í mjög skilmerkilegu máli með sterkum líkum hvernig unnt er að margfalda einingarverð og hvað afrakstur snertir verðmæti hráefnis sem á land er dregið og sem nú aflast með því að hagnýta með skipulögðum hætti þá þekkingu sem fyrir er í landinu. Ég sé ástæðu til þess að nefna hér þau dæmi sem Steinar Berg rakti í þessum efnum, aðeins sem sýnishorn af þeim stórfelldu möguleikum sem liggja fyrir í okkar hefðbundnu atvinnugreinum ef þar er beitt nýtískulegum vinnubrögðum og lagðar réttar áherslur. Þannig greindi Steinar Berg frá því í fyrsta lagi varðandi fiskimjöl að fiskimjöl er nú selt á 365 dollara pr. tonn hér á landi, en með því að framleiða gæðamjöl úr sama hráefni til notkunar í fiskafóður mætti fá 500 dollara á tonn.

Í öðru lagi tók hann þorskalýsi sem dæmi. Auka má framleiðsluverðmæti úr hverju tonni af lýsi sem hér segir: Óunnið lýsi. Fyrir það fást 600 dollarar á tonn. Fullunnið lýsi í tunnum gæfi 1028 dollara á tonn. 220 gramma neytendapakkningar skiluðu úr sama hráefnismagni 3425 dollurum á tonn og lýsisfernur, sem ég hygg reyndar að hv. þm. hafi gefist kostur á að bragða á, fengið sendar hér í pósthólf sín, úrvinnsla á umræddu lysismagni mundi margfalda verðmætið frá ósunnu lýsi á 600 dollara tonnið í 18820 dollara á tonn. Og svonefnt EPA DHA-fitusýruþykkni gæfi hvorki meira né minna, ef framleitt væri og seldist á þeim forsendum sem forstjórinn lagði þarna fyrir, en 160 þús. dollara á tonn.

Í þriðja lagi tók Steinar Berg dæmi af fitudregnu

fiskimjöli sem hann kallar svo. Úr 160 tonnum af fiskimjöli, sem seldist á 420 dollara tonnið, má framleiða fitudregið fiskimjöl, sem selst á 2200 dollara tonnið, og vítamíntöflur fyrir gæludýr, hunda og ketti, sem seljast á 2500 dollara tonnið. Hvort tveggja mætti fá úr þessu. Úr 160 tonnum af fiskimjöli, sem seljast á 67200 dollara, má þannig fá söluverðmæti sem nemur 10 millj. dollara. Framleiðslukostnaður yrði um 1 millj. en söluverðmæti um 10 millj. dollara.

Í fjórða lagi nefndi hann þangvökvann. Hann greindi frá því að sameiginleg athugun Lýsis hf. og Þörungavinnslunnar hf. hafi leitt í ljós að úr einu tonni af þörungamjöli, sem selst á 240 dollara, má framleiða þangvökva sem selst á 5916 dollara tonnið.

Og í fimmta og síðasta lagi tók hann dæmi af nýtingu beinhákarlslifrar og greindi frá því að úr 400 beinhákörlum má fá 252 tonn af hákarlalýsi að verðmæti 327 þús. dollarar, en með því að vinna úr því squalene, sem svo er kallað, er verðmætið 763500 dollarar.

Steinar Berg taldi þessi dæmi, sem öll eru úr sama fyrirtæki, sanna það að af nógu væri að taka í sambandi við úrvinnslu sjávarafurða. Þekking væri fyrir hendi á mörgum sviðum, en fyrst og fremst skorti frumkvæði fyrirtækja til að nýta þá þekkingu sem til er á rannsóknastofnunum hins opinbera og taldi hann að markaðsaukningu þróaðra neytendavara hefði ekki verið sinnt sem skyldi á erlendum vettvangi. Frá þessu er greint í fundargerðum frá þessum fundi þannig að ég tel að hér sé að öllu leyti rétt hermt og tekin meginatriði úr erindi sem raunar er aðgengilegt fyrir þá sem vilja kynna sér þessi efni betur.

Það var mjög athyglisvert í sambandi við umræðu sem varð um mál forstjórans að menn spurðu: Hvað veldur því að einmitt þetta fyrirtæki hefur gert athuganir og lagt verulegt fjármagn af mörkum, óvenjulega mikið fjármagn af mörkum til þess að kanna slíka nýja möguleika í úrvinnslu úr sjávarfangi? Og það var upplýst að ein ástæðan væri sú að starfsmenn og forustumenn í þessu fyrirtæki hafa starfað á fyrri stigum hjá hinu opinbera, í opinberum stofnunum og gerðu sér ljóst að þar væri að finna undirbúningsvinnu sem fyrirtæki ættu aðgang að og unnt væri að hagnýta. Og það hefur sem sagt þetta fyrirtæki gert. Þess er óskandi að þau verði fleiri sem feta þar í fótsporin og vonandi getur eitthvað af því fjármagni sem fyrirhugað er að ráðstafa í nýsköpun í atvinnulífinu orðið til þess einmitt að örva með þessum hætti fyrirtæki til að nýta þekkingu sem raunverulega liggur fyrir og rannsóknaniðurstöður sem aflað hefur verið eða byggja má á frekari framhaldsrannsóknir.

En Steinar Berg nefndi annað atriði í sínu máli sem ekki er síður ástæða til að vekja hér athygli á öðrum til uppörvunar. Hann benti á að það væri ekki nóg að verja fé til rannsókna og vöruþróunar, heldur þyrfti að fara fram öflug og skipuleg markaðsstarfsemi, því að án slíkrar starfsemi skilar fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi sér að sjálfsögðu aldrei. Hann benti á þá athyglisverðu staðreynd að um það bil 6000 manns ynnu við innflutningsverslun í landinu, um það bil 6000 manns eru bundnir við það að draga vörur inn í landið en aðeins um 250—300 manns við útflutningsstarfsemi. Og það er einmitt útflutningsstarfsemi sem hefur engan veginn verið sýndur sá sómi — það eru mín orð — sem skyldi á liðnum árum. Um það vitna m. a. rýrnandi framlög til ýmissa þátta útflutningsstarfseminnar af opinberri hálfu, þar á meðal til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins á undanförnum árum. Og ég minni einnig á þá fyrirstöðu og þann seinagang sem orðið hefur í sambandi við það að setja lög og reglur um útflutningslánasjóð og útflutningstryggingar. En þar erum við haltrandi langt á eftir því sem nauðsyn krefur og því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Ég minni á það að hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson innti einmitt eftir því hér á yfirstandandi þingi hvernig mál stæðu í sambandi við þessi efni sem undirbúin hafa verið í tíð fyrri ríkisstj. og reidd voru fram skrifleg svör nú alveg nýlega sem ég hef raunar ekki haft aðstæður til að fara yfir til þess að draga af því dóma og ályktunarorð hér í mínu máli að þessu sinni. En þar var vakin athygli einmitt á einum þætti sem snertir útflutningsstarfsemina, atriði sem dregist hefur mjög úr hömlu að sett væri lagastoð undir og önnur stefnumótun af opinberri hálfu hefur ekki farið fram á grundvelli undirbúnings. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Virðulegi forseti. Ég verð víst að staðhæfa að ég á allmikið mál óflutt. (**Forseti:** Það er áformað að ljúka þessum fundi núna kl. hálfátta. Ég bið því hv. ræðumann að gera nú hlé á ræðu sinni. Hann tekur þá til við að flytja ræðu sína á næsta fundi.) Já, ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að verða við þeim óskum forseta og vænti þess að á þeim fundi gefist okkur kostur á að hlýða á hæstv. forsrh. einnig, ef tími leyfir, til þess að svara þeim fsp. sem ég hef þegar flutt og á eftir að bæta allnokkrum við í mínu máli.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 13. júní.

Framkvæmd grunnskólalaga.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Braga Michaelssonar um framkvæmd grunnskólalaga, á þskj. 855, sent þm. 12. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Að hve miklu leyti hafa grunnskólalögin, nr. 63/1974, nú komið til framkvæmda, sbr. ákvæði 88. gr. laganna um að þau skuli koma til framkvæmda eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku?
2. Hvaða möguleika telur menntamálaráðherra á að koma öllum ákvæðum laganna í framkvæmd á fullnægjandi hátt?
3. Við hve marga grunnskóla er nú viðunandi aðstaða til kennslu í eftirfarandi greinum:
   a) heimilisfræðslu,
   b) íþróttakennslu,
   c) sundkennslu?
   Svör við ofangreindum atriðum óskast sundurliðuð eftir fræðsluumdæmum.
4. Að hve miklu leyti hefur menntamálaráðuneytið falið fræðsluskrifstofum verkefni er þeim voru ætluð í grunnskólalögum?
5. Á hve mörgum stöðum eru nú í byggingu íþrótta- og sundmannvirki? Hve margar beiðnir um ný slík mannvirki hafa borist menntamálaráðuneytinu og fjárveitinganefnd?

Svar við 1. lið.

Grunnskólalögin eru að mestu leyti komin til framkvæmda þar sem aðstæður leyfa.

Meginmarkmið grunnskólalaga er að veita öllum nemendum kennslu við sitt hæfi. Til þess að svo megi verða þurfa skólarnir að hafa þá aðstöðu, starfslið og sérfræðilegu þjónustu sem lögin gera ráð fyrir.

Í mörgum skólahverfum skortir enn skólahúsnæði og ýmsa aðstöðu til kennslu, en unnið er að úrbótum eftir því sem fjármagn leyfir.

Víða hefur gengið erfiðlega að fá kennara til starfa, einkum í ýmsum þeim greinum þar sem sérmenntunar er krafist.

Unnið er að því að koma á þeirri sérfræðiþjónustu við skólana sem lög gera ráð fyrir að fræðsluskrifstofurnar veiti. Uppbyggingu þessarar þjónustu er haldið áfram eins hratt og fjármagn leyfir og sérfræðingar fást til starfa.

Svar við 2. lið.

Eins og fram kemur af 1. lið er ekkert því til fyrirstöðu að þetta megi takast fáist nægilegt fjármagn.

Svar við 3. lið a.

Sem svar við þessum lið fyrirspurnarinnar er hér birt greinargerð Bryndísar Steinþórsdóttur námsstjóra, dags. 30. maí 1985:

Upplýsingar um aðstöðu til kennslu í heimilisfræði í grunnskólum 1985.

Samantekt úr könnun sem unnið er að um þróun heimilisfræði í grunnskólum 1978—1985.

Fræðsluumdæmi:	Fjöldi skóla	Aðstaða til kennslu: Kennslu-eldhús	Önnur aðstaða til kennslu
Reykjavík	22	17	5
Reykjanesumdæmi	27	8	9
Vesturlandsumdæmi	17	5	8
Vestfjarðaumdæmi	25	4	10
Norðurlandsumdæmi vestra	20	5	9
Norðurlandsumdæmi eystra	36	6	16
Austurlandsumdæmi	28	5	(11[x]) 6
Suðurlandsumdæmi	33	7	12

[x]11 skólar á Austurlandi senda nemendur sína (aðallega 7. bekk) á námskeið sem haldin eru í hússtjórnarskólanum á Hallormsstað.

Önnur aðstaða til kennslu er t. d. lausar innréttingar í venjulegri kennslustofu, eldhúskrókar (aðallega ætlaðir 1.—6. bekk), eldhús félagsheimila og mötuneyta og heimiliseldhús, eða kennsla fer fram í öðrum eldhúsum, skólaeldhúsum.

Nánari upplýsingar liggja fyrir fljótlega að úrvinnslu lokinni.

Samanburðarkönnun á stöðu heimilisfræði í grunnskólum 1978—1985.

Maí 1985. Fyrstu drög.

Fræðsluumdæmi:	Fjöldi skóla 1978	Fjöldi skóla 1985	Aldurshópar sem fá kennslu 1978: Kennsla í 1.—6. bekk	Kennsla í 7. og/eða 8. b.	Kennt samkv viðmiðunarstundaskrá	Námskeið	Valnám	Aldurshópur sem fá kennslu 1985: Kennsla í 1.—6. bekk	Kennsla í 7. og/eða 8. b.	Kennt samkv. viðmiðunarstundaskrá	Námskeið	Valnám
Reykjavík	22	22	1	13	9	1	8	18*	16	12		11
Reykjanesumdæmi	27	27		6			5	5*+1	11	4		7
Vesturlandsumdæmi	16	17		5	2	1	2	7*+1	8	1		2
Vestfjarðaumdæmi	29	25		1		2	2	14*	8	3	1	2
Norðurlandsumdæmi vestra	21	20		4	2	2	2	9*+1	9	5		2
Norðurlandsumdæmi eystra	35	36		9	1	3	5	11*+1	14	11		9
Austurlandsumdæmi	30	28		9(7**)		7	1	7*	11**+8	4	13	1
Suðurlandsumdæmi	33	33		4		1	2	11*+	11	4		3

*Skert.

**Námskeið á Hallormsstað.

Samanburðarkönnun á stöðu heimilisfræði í grunnskólum 1978—1985.
Maí 1985. Fyrstu drög.

	Fjöldi skóla		Aðstaða til kennslu 1978		Aðstaða til kennslu 1985		Menntun 1978		Kennara 1985	
			Kennslu-eldhús	Önnur aðstaða til kennslu	Kennslu eldhús	Önnur aðstaða til kennslu	Kennari með réttindi	Kennari án réttinda	Kennari *með réttindi*	Kennari án réttinda
	1978	1985								
Reykjavík	22	22	10	4	17	5	15		25	
Reykjanesumdæmi	27	27	5	2	8	9	8		15	2
Vesturlandsumdæmi	16	17	3	1	5	8	3	1	3	3*+3
Vestfjarðaumdæmi	29	25	2	2	4	10	1	2	4	3*+4
Norðurlandsumdæmi vestra	21	20	2	3	5	9	4	2	7	5
Norðurlandsumdæmi eystra	35	36	4	6	6	16	4	4	9	6*+8
Austurlandsumdæmi	30	28		9	5	11**+6	3	1	6	1*+5
Suðurlandsumdæmi	33	33	3	1	7	12	4		12	1*+3

*Almennt kennarapróf.
**Hallormsstaður.

Verið er að kanna hve stór hluti nemenda fær enga kennslu eða skerta kennslu, enn fremur hve marga kennara vantar og hvaða leiðir séu til úrbóta, ásamt ýmsum öðrum atriðum sem ekki er unnt á þessu stigi málsins að gera nánari grein fyrir.

Svar við 3. lið b og c.

Ef gera á grein fyrir því hvar viðunandi aðstaða sé í grunnskólum til íþróttakennslu þarf fyrst að athuga í hve mörgum þessara skóla er kenndur tilskilinn tímafjöldi samkvæmt reglugerð.

	Fjöldi skóla	Íþróttir		Sund	
		Kenndur tilskilinn tíma-fjöldi	Vantar uppá tilskilinn tímafjölda	Kenndur tilskilinn tíma-fjöldi	Vantar uppá tilskilinn tímafjölda
Reykjavík	21	12	9	12	9
Reykjanes	27	15	12	12	15
Vesturland	17	10	7	9	8
Vestfirðir	28	9	19	21	7
Norðurland vestra	20	11	9	18	2
Norðurland eystra	36	19	17	26	10
Austfirðir	28	14	14	17	11
Suðurland	33	13	20	30	3
	210	103	107	145	65

Sé aftur á móti litið á aðstöðu skólanna til að veita þá kennslu sem til er ætlast virðast möguleikar til þess betri en framanskráðar tölur sýna.

Hér á eftir eru grunnskólar í hverju umdæmi skráðir og merktir eftir því hvort þeir, vegna aðstöðu, geta veitt þá kennslu sem til er ætlast. Með „aðstöðu“ er átt við íþróttasal eða fjölnýtisal sem nægir til íþróttakennslu eða sal í félagsheimili.

Hér er íþróttaaðstöðu skipt í þrennt: 1) íþrótta- eða fjölnýtisalur, 2) félagsheimili, 3) engin aðstaða fyrir íþróttakennslu.

Aðstöðu til sundkennslu er skipt í tvennt: sundlaug í nánd við skóla þar sem hægt er að kenna nemendum á skólatíma eða þeim er kennt á námskeiðum eftir skóla, eða um það bil sem skóla lýkur.

	Íþróttir				Sund	
	Fjöldi skóla	Íþróttasalir, fjölnýtisalir	Salur í félagsheimili	Engin aðstaða	Sundnám á skólatíma	Sundnám á námskeiðum að vori
Reykjavík	21	21	0	0	21	0
Reykjanes	27	23	4	0	27	0
Vesturland	17	14	2	1	17	0
Vestfirðir	28	11	5	12	17	11
Norðurland vestra	20	8	7	5	15	5
Norðurland eystra	36	18	8	10	31	5
Austurland	28	14	6	8	8	20
Suðurland	33	12	14	7	31	2
	210	121	46	43	167	43

Íþróttasalir, sem grunnskólar hafa not af, eru 104 og sundlaugar, sem þeir hafa afnot af til sundkennslu, eru 113. Skiptast salir og laugar þannig milli fræðsluumdæma:

	Íþróttasalir	Sundlaugar
Reykjavík	32	12
Reykjanes	18	14
Vesturland	8	16
Vestfirðir	6	11
Norðurland vestra	7	14
Norðurland eystra	15	20
Austfirðir	10	10
Suðurland	8	16
	104	113

Nokkur mismunur kemur fram á milli fjölda skóla sem hafa *afnot* af íþróttasölum og sundlaugum og tölu sala og lauga, en það er mjög eðlilegt þar sem fleiri skólar nota sama sal og/eða laug.

Svar við 4. lið.

Fræðslustjórar eiga lögum samkvæmt að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga, hver í sínu umdæmi. Menntamálaráðuneytið hefur falið fræðsluskrifstofunum flest þau verkefni sem grunnskólalög gera ráð fyrir að þær annist.

Við allar skrifstofurnar hefur verið komið upp sérkennsluþjónustu og sálfræðiþjónustu. Við stærstu skrifstofurnar hefur einnig verið komið upp vísi að kennslufræðilegri þjónustu (í Reykjavík, í Reykjanesumdæmi og í Norðurlandsumdæmi eystra).

Ýmislegt af því sem fræðsluskrifstofur eiga að annast er ekki komið nema að litlu leyti til framkvæmda, svo sem ákvæðin um almenna námstjórn, kennslufræðilega þjónustu og sérfræðilega aðstoð við uppbyggingu skólasafna.

Ástæður fyrir því eru aðallega tvær:

Í fyrsta lagi tekur nokkurn tíma að byggja upp þá þjónustu sem hér um ræðir.

Í öðru lagi vantar nokkuð á að fræðsluskrifstofurnar hafi fengið það fjármagn sem þær þurfa til starfsemi sinnar.

Samkvæmt lögum á kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofa að greiðast af ríkissjóði, landshlutasamtökum sveitarfélaga og af sveitarfélögum. Ríkissjóður hefur lagt fram að sínum hluta það fjármagn til almenns rekstrar fræðsluskrifstofa sem lög gera ráð fyrir. Hins vegar vantar nokkuð á að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi greitt sitt framlag samkvæmt lögum.

Sérfræðiþjónusta fræðsluskrifstofa er fjármögnuð með þeim hætti að ríkissjóður greiðir helming kostnaðar á móti sveitarfélögunum. Umfang þjónustunnar miðast við það fjármagn sem veitt er til hennar á fjárlögum. Sveitarfélögin hafa greitt að fullu sinn hluta í þessari þjónustu.

Svar við 5. lið.

Samkvæmt því yfirliti er íþrótta- og æskulýðsmáladeild menntamálaráðuneytisins hefur gert yfir íþróttamannvirki hér á landi mun fjöldi íþróttahúsa og sundlauga vera sem hér segir:

Íþróttahús:

Í notkun eru	113
Í byggingu	14
Samþykkt að hefja undirbúning	13

Íþróttir eru jafnframt kenndar í 52 félagsheimilum og 15 leikstofum og skólagöngum.

Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru fjárveitingar til 48 íþróttahúsa. Munu 14 vera nýbyggingar, 13 á undirbúningsstigi og 21 þar sem um nýja áfanga eða endurbætur er að ræða.

Sundlaugar:

Í notkun	131
Í byggingu	7
Samþykkt að hefja undirbúning	9

Kostnaður við tannlækningar.

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kostnað við tannlækningar, á þskj. 964, afhent þm. 12. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver var kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga vegna tannlækninga á tímabilinu 1. janúar 1982 til 1. maí 1985 borinn saman við annan lækniskostnað á sama tíma?
   Óskað er eftir að kostnaður og samanburður sé sýndur fyrir hvert ár um sig.
2. Hverjar voru heildargreiðslur hvers sjúkrasamlags um sig vegna tannlækningakostnaðar á árinu 1984 og til hve margra tannlækna gengu þessar greiðslur í hverju tilviki?

Svar við 1. lið.

A. Kostnaður sjúkrasamlaganna vegna tannlækninga í hlutfalli við lækniskostnað.[1])

	Ár	Lækniskostnaður	Tannlækningakostnaður	%
	1982	108 000 585	58 591 973	54,25%
	1983	174 400 764	102 761 102	58,92%
	1984	193 299 802	124 649 602	64,49%
1.1—1.5.	1985	60 940 045	50 793 982	83,35%

B. Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannlækninga.

1) Sjúkratryggingadeild (39. gr.)

	Ár	Tannlækningakostnaður
	1982	2 193 477
	1983	4 162 233
	1984	6 821 131
1.1.—1.5.	1985	2 757 240

2) Slysatryggingadeild (32. gr.)

	Ár	Lækniskostnaður[2])	Tannlækningakostnaður[3])
	1982	224 211	1 178 807
	1983	252 446	2 633 231
	1984	222 128	2 423 497
1.1.—1.5.	1985	333 884	1 171 882

Aths:

1) Yfirlit vegna 1982—1984 er skv. ársreikningum sjúkrasamlaganna.
   Tölur vegna 1985 miðast við skilagreinar aprílmánaðar.
2) Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna endurgreiðslu á hluta sjúklings til hins slasaða. Tölurnar eru því ekki sambærilegar við dálkinn lækniskostnaður í A þar sem sýndar eru greiðslur samlaga til lækna.
3) Viðgerðir eingöngu. Kostnaður vegna gervitanna er ekki innifalinn.

Svar við 2. lið.
Heildargreiðslur sjúkrasamlaga vegna tannlækningakostnaðar á árinu 1984 og fjöldi tannlækna í hverju tilviki.

Sjúkrasamlag	Kr.[4])	Fjöldi tannlækna[5])
Akraness	4 277 038	53
Akureyrar	7 670 345	55
Árnessýslu	4 717 634	125
A-Barðastrandarsýslu	99 530	25
A-Húnavatnssýslu	1 221 141	40
A-Skaftafellssýslu	907 664	45
Bolungarvík	1 151 394	25
Dalasýslu	394 118	46
Dalvíkur	972 602	22
Eyjafjarðarsýslu	1 523 429	29
Garðabæjar	3 077 575	112
Grindavíkur	1 268 011	72
Gullbringusýslu	1 513 310	82
Hafnarfjarðar	6 960 714	132
Húsavíkur	1 316 685	21
Ísafjarðar	1 790 439	52
Ísafjarðarsýslu	988 859	75
Keflavíkur	3 877 058	84
Kjósarsýslu	2 785 732	119
Kópavogs	7 539 259	152
Mýra- og Borg.sýslu	2 345 096	77
Neskaupstaðar	908 873	34
Njarðvíkur	1 417 477	59
N-Múlasýslu	623 153	37
Ólafsfjarðar	707 899	10
Rangárvallasýslu	1 227 011	67
Reykjavíkur	44 467 255	179
Sauðárkróks	1 131 934	19
Seyðisfjarðar	612 076	23
Seltjarnarness	2 072 234	108
Siglufjarðar	903 221	52
Skagafjarðarsýslu	1 026 540	48
Snæfellsnessýslu	3 026 125	96
Strandasýslu	929 722	60
S-Múlasýslu	2 195 448	75
Vestmannaeyjum	2 752 324	49
V-Barðastrandarsýslu	892 476	49
V-Húnavatnssýslu	830 645	29
V-Skaftafellssýslu	496 046	34
Þingeyjarsýslu	2 031 510	55
Samtals:	124 649 602	

Aths:
4) Skv. ársreikningum sjúkrasamlaga.
5) Upplýsingar samlaga, veittar símleiðis. Miðað er við launauppgjör hvers samlags.

Sameinað þing, 95. fundur.

Fimmtudaginn 13. júní, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 11. júní 1985.

Jón Kristjánsson, 4. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðrún Tryggvadóttir meinatæknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Stefán Benediktsson,
forseti Ed."

Guðrún Tryggvadóttir hefur áður setið á þessu þingi og býð ég hana velkomna til áframhaldandi starfa á Alþingi.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. júní 1985.

Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Níels Árni Lund æskulýðsfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Afnám misréttis gagnvart konum, þáltill. 353. mál (þskj. 563, n. 983). — Síðari umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Utanrmn. skilar svofelldu nál. um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum:

„Nefndin hefur fjallað um till. og er sammála um að mæla með því að hún verði samþykkt."

Það væri ástæða til að hafa nokkurt mál um þessa till. og þennan samning sem verður að teljast merkilegt skref í þá átt að tryggja raunverulegt jafnrétti manna, ekki aðeins útrýmingu misréttis heldur einnig skref í áttina til jafnréttis. Þetta mun vera flutt að frumkvæði hæstv. utanrrh. og félmrh. og hefur hæstv. félmrh. þegar látið gera breytingar á íslenskum lögum svo þau samrýmist þessum samningi.

Það verður varla sagt að afnám misréttis sé langt komið í veröldinni. Það eru vafalítið næsta fá ríkin sem fullnægja skilyrðum um það. Þar kemur til venja og hefðir sem eru oft og tíðum langtum sterkari en löggjöf. Það er hugsunarhátturinn sem mestu máli skiptir.

Ég held að við getum verið sammála um að Íslendingar standi framarlega í þessum málum þó margt standi þar til bóta. En alþjóðasamningar eru lítils virði nema þeim sé framfylgt. Þó geta þeir verið hvati og grundvöllur aðgerða. Það er hin mikla þýðing sem þeir hafa. Ég vil hvetja til þess að hið háa Alþingi samþykki þessa þáltill. og samningurinn verði staðfestur og megi það verða til þess að bæta hér mannlíf, auka hér jöfnuð og jafnrétti og breyta hugsunarhætti, rífa okkur úr viðjum vana og hefðar til þess að takast á við nýja tíma.

Ég vil geta þess að hv. þm. Guðmundur Einarsson sat fundi utanrmn. og er sammála því að mæla með samþykkt till.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Stutt athugasemd sem varðar þýðingu. Ég vil beina þeirri fsp. til nefndarinnar hvort það hafi nokkuð borið á góma þar hvort orðið „misrétti" sé hið rétta orð sem þarna á að standa, hvort eigi ekki að standa „mismunun". Ég hef grun um að á ensku sé notað orðið „discrimination" og ég hygg að réttari og nákvæmari þýðing sé „mismunun". Á þetta benti mér raunar hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem er nú utan þings vegna annarra starfa. Ég vil bara koma þessari ábendingu hér á framfæri.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. skal upplýst að þetta kom ekki til athugunar eða umræðu hjá hv. utanrmn. Mér var bent á fyrir nokkrum dögum að líklega væri þýðingin ekki nákvæm. Ég held að þetta sé rétt ábending hjá hv. síðasta ræðumanni. Þar sem ég held að allir nm. í hv. utanrmn. séu hér inni og ef þeir hafa ekki við það að athuga mun ég geta fallist á það fyrir hönd nefndarinnar að leggja til að þessu orðalagi verði breytt og mismunun standi í stað misréttis. Ég held að þetta sé rétt ábending. Ef enginn er annarrar skoðunar lít ég svo á það hljóti að vera hægt að leiðrétta þessa þýðingu núna við atkvæðagreiðsluna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur komið í ljós að það hefur þurft að leiðrétta þýðingu þannig að í staðinn fyrir orðið „misrétti" standi mismunun. Ef enginn hefur við það að athuga að þetta sé leiðrétt með þessari ábendingu verður till. borin undir atkvæði með þessari leiðréttingu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1270).

Umsvif erlendra sendiráða, þáltill. 474. mál (þskj. 819). — Ein umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur æðioft á liðnum vetri fjallað um umsvif erlendra sendiráða og raunar aflað sér mikilla upplýsinga um hvernig málum er háttað meðal ýmissa annarra þjóða í samskiptum milli ríkja. Að vísu eru þær upplýsingar sem við fengum í nefndinni einungis munnlega fluttar af okkur þar sem um trúnaðarmál er að

ræða gagnvart þeim ríkisstjórnum og þjóðum sem hafa látið okkur þessar upplýsingar í té. Málið hefur sem sagt verið mikið rætt og skoðað og tilefnið var m. a. tillöguflutningur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þetta efni sem menn kannast við.

En utanrmn. varð sammála um að flytja sjálfstæða till. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðh. að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum."

Þetta er vandmeðfarið mál. Ég skal aðeins geta um þau lagafyrirmæli sem vitnað er til í tillgr.

Með aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasambönd, sem var gerður í Vín 18. apríl 1961, og lögum nr. 16/1971, sem heimiluðu aðildina og gáfu samningnum lagagildi hér á Íslandi, var skapaður formlegur grundvöllur til afskipta íslenska ríkisins m. a. af stærð sendiráða hér á landi. Í 11. gr. samningsins er annars vegar gengið út frá því að gerður sé sérstakur samningur um stærð sendiráða eða eins og segir: „Getur móttökuríkið krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk," eins og komist er að orði í greininni, en takmörkin skulu þó samkvæmt greininni vera þau er móttökuríkið „telur hæfilegt og eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs."

Stærð sendiráða hér á landi hefur verið með þeim hætti að yfirleitt hefur ekki verið talið að þau færu fram úr þeirri viðmiðun sem hérna er nefnd. Það er þó einungis að því er varðar sendiráð það sem er fjölmennast, þ. e. sovéska sendiráðið, að frá árinu 1981 hefur verið miðað við að það fjölgaði starfsmönnum ekki. Við útgáfu nýrra persónuskilríkja hefur verið sannreynt að um væri að ræða starfsmenn sem kæmu í stað annarra sem væru farnir eða á förum. Með þessu er ekki endilega lagt á það mat hvort núverandi starfsmannafjöldi sé nauðsynlegur.

Að því er varðar aftur á móti húsnæði sendiráða kveður Vínarsamningurinn, í 21. gr., á um það að móttökuríkið skuli auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess fasteigna eða húsakynna og hefur íslenska utanríkisþjónustan uppfyllt það skilyrði. Sendiráðin hér, að tveimur undanskildum, eru í eigin húsnæði.

Um húsnæðið er fjallað í lögum þeim sem vitnað er til í tillgr., þ. e. lögum nr. 30/1980. Þá var breytt eldri lögunum um eignar- og afnotarétt fasteigna og sett sú regla varðandi fasteignakaup sendiráða að kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum skyldi leggja fyrir dómsmrn. og öðlist gerningurinn ekki gildi fyrr en rn. hefur samþykkt hann með áritun sinni. Að því er snertir framkvæmd þessa ákvæðis hefur dómsmrn. markað þá afstöðu að það telji „að túlka beri hin nýju lagaákvæði, sem að framan getur, þannig að ætlast sé til þess að reynt sé að gæta hæfilegs samræmis um húsnæðiskaup milli erlendra sendiráða, svo og verður að hafa í huga að skyldur til nokkurrar öryggisgæslu aukast með aukinni húseign sendiráða."

Jafnframt hefur dómsmrn. tekið fram, þegar fjallað hefur verið um kaup fimmtu húseignar sovéska sendiráðsins, að í þessu sambandi verði að geta þess „að svo virðist sem að allmiklu misvægi stefni að því er umsvif sendiráðs Sovétríkjanna varðar og telur rn. nauðsynlegt að hafa þær aðstæður í huga framvegis."

Ég held að ekki sé ástæða til að ég fari öllu lengra út í þetta mál. En það kom til umræðu, bæði opinberlega og í nefndinni, og getur ekki verið neitt launungarmál, hvort einhvers konar gagnkvæmni kynni að ríkja. T. d. vita menn að það er takmarkað nokkuð ferðafrelsi íslenskra sendimanna a. m. k. í einu ríki. Til þess var ekki tekin bein afstaða hvort eitthvað slíkt kæmi til greina af okkar hálfu, en tillgr. held ég að segi það sem segja þarf í þessu efni.

Bæði þessi lagafyrirmæli, sem ég hef frá greint, og væntanleg samþykkt Alþingis hér í dag munu auðvelda aðhald og gera utanrrn. og dómsmrn., að svo miklu leyti sem það kemur til kasta þess, auðveldara um aðhald í þessu efni.

Þar sem ég geri ráð fyrir að þetta sé síðasta mál sem ég tala fyrir fyrir hönd hv. utanrmn. á þessu þingi, en nefndin afgreiddi fyrir nokkrum vikum öll þau mál sem til hennar hafa komið, langar mig að þakka sérstaklega meðnefndarmönnum og einkum og sér í lagi þó hæstv. utanrrh. og ráðuneytisstjóra utanrrn., Ingva Ingvarssyni, og skrifstofustjóra Ólafi Egilssyni sem hafa unnið gífurlega mikið starf á vegum nefndarinnar. Fundir hafa verið tíðir og margir í utanrmn. T. d. voru þeir í fyrrasumar einir níu, að ég hygg, og þá ekki síst fjallað um réttargæslu á Jan Mayen-svæðinu. En þá gerðu Efnahagsbandalagsþjóðir í annað skipti tilraun til að ráðast inn á íslenskt yfirráðasvæði og það þurfti að halda vel á spöðunum til þess að það yrði ekki hefð að unnt væri að brjóta Jan Mayen-samkomulagið, en nm. létu sig ekkert muna um það að koma að sumarlagi til einna níu funda, sem sumir hverjir voru langir og strangir, og utanrrn. vann mjög dyggilega að málum, það vita allir menn í utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hv. utanrmn., samnefndarmönnum mínum þar, fyrir umfjöllun á till. minni um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða og fyrir þá till. sem nefndin stendur hér sameiginlega að á grundvelli hennar. Þar sem ég á sæti í utanrmn. stend ég að sjálfsögðu að þessari afgreiðslu af hálfu nefndarinnar og tel að með till., eins og hún liggur hér fyrir, sé meginatriðum í upphaflegri till. haldið til haga. Ég hefði að vísu kosið að enn ríkari áhersla væri lögð á gagnkvæmnisjónarmið varðandi umsvif erlendra sendiráða hérlendis og starfsemi íslenskra sendiráða í viðkomandi ríkjum.

Ég tel mjög eðlilegt að hliðstæðar reglur gildi um umsvif og aðbúnað erlendra sendimanna hérlendis og gagnkvæmt hjá íslenskum sendimönnum í viðkomandi ríkjum. Sá er raunar andi ákvæða Vínarsamningsins um stjórnmálasamband og fullveldisjafnrétti ríkja sem Ísland er aðili að og vísað er til í till. Þetta á að mínu mati einnig að endurspeglast í fjölda erlendra sendimanna í samanburði við fjölda íslenskra sendimanna hjá viðkomandi ríkjum.

Í till. utanrmn. er sérstaklega til þess vísað að sé talin þörf á ráðstöfunum til að takmarka umsvif erlendra sendiráða hérlendis skuli höfð sérstök hliðsjón af íslenskum aðstæðum og hlýtur m. a. að falla undir það

fámenni þjóðar okkar og takmörkuð geta til að halda uppi öflugri utanríkisþjónustu.

Í utanrmn. komu fram fróðlegar upplýsingar um takmörkun á umsvifum sendiráða hjá öðrum þjóðum. Eins og hv. formaður nefndarinnar gat um hér áðan voru þær upplýsingar framreiddar sem trúnaðarmál innan nefndarinnar af hálfu utanrrn. Nefna má að till. svipaðs eðlis og sú sem hér er til umr. kom fram á s. l. vetri í sænska þinginu, en um afgreiðslu hennar er mér ekki kunnugt.

Samskipti við erlend ríki eru mikilsverð og geta verið viðkvæm, m. a. aðhald að sendiráðum. Ég er þó þeirrar skoðunar að á því sviði þurfi ekki síst smáþjóð eins og Íslendingar að vera vel á verði og ganga fram með sanngirni og festu. Ég treysti því að samþykkt þessarar till. leiði til eðlilegs aðhalds stjórnvalda í þessum efnum, en vísa að öðru leyti til grg. og framsögu með þeirri till. sem ég hef tvívegis flutt um þetta efni og sem nú hefur hlotið jákvæða meðferð í hv. utanrmn.

Ég vil við þetta tækifæri þakka samnefndarmönnum mínum í utanrmn., utanrrh. og starfsmönnum utanrrn. fyrir góða samvinnu um fjölmörg mál í nefndinni í vetur. Það ber vissulega að ljúka lofsorði á formann nefndarinnar fyrir að hafa beitt sér fyrir afgreiðslu mála út úr nefndinni með þeim hætti sem hér hefur ítrekað gerst og komið til atkvæða margar þær till., ef ekki allar, og hlotið samhljóða samþykki hér í Sþ. Það væri betur að slíkt gerðist hjá fleiri nefndum, að svo yrði unnt að halda á málum.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða þessa till. efnislega, um hana var eins og fram hefur komið samstaða í utanrmn., en mér þykir hlýða, þar sem hér hafa þakkarávörp verið flutt, að þakka af minni hálfu samstarf við utanrmn. og lýsa ánægju minni yfir starfi nefndarinnar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ekki till. um að þessari þáltill. sé vísað til nefndar. Það er ekki óeðlilegt vegna þess að ef svo væri hefði till. verið vísað til þeirrar nefndar sem ber till. fram. Þess vegna rekur ekki nauður til að fresta þessari umr. og okkur er ekkert að vanbúnaði að ganga strax til atkv. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1271).

Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum, þáltill. 272. mál (þskj. 450, n. 1002, 1003). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1272).

Kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, þáltill. 172. mál (þskj. 183, n. 1006, 1007). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð því að framsögu var lokið.

Í máli hv. 3. landsk. þm. örlaði á kvíða vegna þess að nefndin sló því ekki föstu hvern veg bæri að standa að uppbyggingu þeirrar þjónustu sem er aðalinntak þáltill. Þegar ákveðið er að fara út í könnun er eðlilegt að binda það ekki jafnframt hvað sé gert að könnuninni lokinni, en það er álit þeirra sem í nefndinni eru að allt bendi til að sú verði niðurstaðan að eðlilegt sé að reisa kennslugagnamiðstöðvar. Hins vegar þótti ekki rétt að binda slíkt í ljósi þess að könnunin er sett fram sem aðalatriðið og í framkvæmd hennar, að henni lokinni, yrði það metið af sveitarfélögum og menntmrn. hvað bæri að gera.

ATKVGR.

Brtt. 1007,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 1007,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1273).

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. 268. mál (þskj. 446, n. 1116, 117). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þessa till. og fengið fjölmargar umsagnir, alls 25, að mestu frá heilbrigðisnefndum, sveitarstjórnum og náttúruverndarnefndum sveitarfélaga. Allar þessar umsagnir voru jákvæðar, enda vart við öðru að búast, að vísu notuð mismunandi sterk lýsingarorð.

Það er ljóst að hér er um mjög mikið fjárhagsmál að ræða sem ekki verður afgreitt með einfaldri þáltill. Það eru mjög mismunandi aðstæður, eins og menn vita, þar sem fiskimjölsverksmiðjur eru staðsettar. Því var lýst t. d. í bréfi frá Raufarhöfn að hár skorsteinn hefði þar bjargað mjög miklu og raunar tekið fyrir kvartanir um mengun frá verksmiðju staðarins. Annars staðar í djúpum fjörðum Austurlands eru mjög veruleg brögð að mengun frá loðnubræðslum og fiskimjölsverksmiðjum. Það er einnig kunnugt um að mælingar á brennisteinstvíildi á fyrirhuguðum stað fyrir kísilmálmverksmiðju hafa sýnt mjög greinilegt útslag þegar brædd er loðna á Reyðarfirði eða Eskifirði. Hvort það er yfir hættumörkum er mér ekki kunnugt um.

Kostnaður vegna fyrirbyggingar loftmengunar og einnig til orkusparnaðar skiptir tugum milljóna á verksmiðju, það er ljóst, og það er ljóst að það yrði harðsótt að ná því fé inn hjá verksmiðjunum sjálfum eða gera þær kröfur að þær legðu það fé fram. Jafnframt hefur það reynst nokkuð harðsótt að ná inn á lánsfjárlögum hvers árs fé sem hægt væri að verja í þessar aðgerðir.

Því var lýst í umsögn frá heilbrigðisnefnd Akureyrar að þær aðgerðir sem framkvæmdar voru við verksmiðjuna á Krossanesi hefðu gjörbreytt ástandinu í mengunarmálum þar. Þá hefur það einnig komið fram í blaðafréttum að 8 millj. kr. ágóði varð af rekstri verksmiðjunnar á Krossanesi þrátt fyrir verulegar yfir-

borganir sem ljóst var að sú verksmiðja hafði í frammi vegna loðnu á s. l. vertíð. Þessi hagnaður, um 4%, er hægt að sýna fram á að getur stafað hreinlega af orkusparnaði sem þeirri verksmiðju hefur tekist að ná með þeim aðgerðum sem þar hafa verið framkvæmdar.

Nefndin flutti brtt. á sérstöku þskj. þar sem hún taldi rétt að það yrði gerð í það minnsta áætlun um varanlegar úrbætur sem síðar mætti nota til frekari ákvörðunar. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þá brtt. og læt máli mínu lokið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar till. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, en ásamt mér stóð að till. hv. þm. Helgi Seljan, þakka hv. atvmn. fyrir jákvæða meðferð þessa máls og brtt. af hálfu n. sem hér liggur fyrir sem í öllum aðalatriðum kemur til móts við þau sjónarmið sem við mæltum fyrir í upphaflegri till. Það sem helst munar á þessum till. er sá tímarammi sem við hefðum kosið að settur yrði varðandi úrbætur á þessu mikla vandamáli, en ég hygg að við höfum gert þar till. um tveggja ára átak til að ráða bót á þessu hjá fiskimjölsverksmiðjunum. Því miður hefur ekki fengist stuðningur hér við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga við sérstakt fjármagn í þessu skyni á yfirstandandi ári, en af hálfu hæstv. heilbrrh. hefur komið fram jákvætt viðhorf og skilningur á þeim mikla vanda sem hér er við að fást og við hljótum að vera margir þm. sem treystum því að á næstunni verði tekið á þessum málum og haldið til haga sérstöku fjármagni til fiskimjölsverksmiðja þannig að það verði þeim viðráðanlegt að bæta úr þeim vanda sem hér er við að fást og veldur miklu angri fyrir fjölda fólks þar sem slíkar verksmiðjur eru starfræktar.

Ég ítreka þakkir mínar til hv. atvmn. og hv. frsm. nefndarinnar sem hefur sýnt þessu máli áhuga frá því að tillögur fyrst voru fluttar um þetta og ásamt öðrum stuðlað að því að þessi till. er fram komin til afgreiðslu í Sþ.

ATKVGR.

Brtt. 1117 samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1274).

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja, þáltill. 222. mál (þskj. 269, n. 1034 og 1038). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. fjallaði um till. þá sem hér um ræðir, þ. e. till. til þál. um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Nefndin fékk umsagnir frá allmörgum aðilum en varð hins vegar ekki sammála um afgreiðslu þessarar till. Meiri hl. nefndarinnar tekur undir það meginsjónarmið, sem fram kemur í till., að efla þurfi atvinnulíf með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Almenn rekstrarskilyrði atvinnuveganna skipta miklu máli fyrir möguleika samtaka og einstaklinga til að reka fyrirtæki. Ýmis óbein aðstoð af hálfu hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, getur og stuðlað að stofnun og rekstri fyrirtækja. Ýmis slík aðstoð hefur verið veitt með skipulegum hætti. Þetta kemur fram í nál. meiri hl. nefndarinnar.

Í umsögnum ýmissa aðila kemur fram ýmislegt sem gert hefur verið af hálfu bæði opinberra stofnana og samtaka atvinnuveganna til að stuðla að rekstri smáfyrirtækja, en hins vegar var það mat okkar að þessi till., eins og hún lítur út, fæli ekki í sér neitt sem skipt gæti sköpum í þessu efni og leggur því meiri hl. n. til að till. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá.

Okkur fannst satt að segja að í þessari till. væri ansi mikill keimur af því að ríkisvaldið ætti að taka stofnun og jafnvel rekstur smáfyrirtækja alveg á brjóst sér sem ég held að sé ekki rétt. Í 2. tölul. þessarar till. er t. d. ráð fyrir því gert að ríkið veiti tímabundna, ódýra sérfræðiþjónustu á ýmsum sviðum, ódýra rekstrarráðgjöf, ódýra bókhaldsaðstoð, ódýrar markaðskannanir, ódýra lögfræðiþjónustu og ódýra aðstoð við vöruþróun, eins og fram kemur í þessari till. Það er álit okkar að það þurfi aðrar aðgerðir til að koma til að stuðla að rekstri og stofnun smáfyrirtækja á Íslandi. Við leggjum því til að till. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá sem er svohljóðandi:

„Í trausti þess að ríkisstj. hafi uppi markvissar aðgerðir til eflingar íslensku atvinnulífi, þ. á m. til stofnunar og rekstrar smáfyrirtækja, sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. minni hl. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1034 frá minni hl. atvmn.

Eins og fram kemur í áliti meiri hl. n. er þar tekið undir það meginsjónarmið flm. till. að efla þurfi atvinnulíf með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Þá vil ég vitna í nál. sem að vísu var að hluta til lesið upp áðan:

„Almenn rekstrarskilyrði atvinnuveganna skipta miklu fyrir möguleika samtaka og einstaklinga til að reka fyrirtæki. Ýmis óbein aðstoð af hálfu hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, getur og stuðlað að stofnun og rekstri fyrirtækja."

Svo mörg voru þau orð.

Enn fremur er í rökstuddri dagskrá tekið undir þetta mál áfram með því að þar er í raun og veru skorað á ríkisstj. að hafa uppi markvissar aðgerðir til eflingar íslensku atvinnulífi. Það er þess vegna augljós nauðsyn á skipulegu átaki og markvissri heildarstefnu.

Hér er um að ræða till. sem gengur í þá átt að bæta lífskjör á Íslandi með því að nauðsynlegt er að efla nýjan atvinnurekstur. En til að svara síðasta ræðumanni, sem talaði um að það væri keimur af því að það ætti að fara að leggja þetta allt á brjóst ríkisins, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson orðaði það hér áðan, þá vil ég leyfa mér að vitna í grg. með till. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Einhver algengasta ræða íslenskra stjórnmálamanna er um nauðsyn þess að fjölga atvinnugreinum. Þetta er kallað ýmsum nöfnum, svo sem að renna fleiri stoðum undir, að auka fjölbreytni, að brydda á nýjungum, að fjölga burðarásum o. s. frv. Þrátt fyrir óþrjótandi hugkvæmni við nafngiftirnar hefur árangurinn látið á sér standa. Enn þá er íslenskt atvinnulíf einhæft. Enn þá býðum við fjölbreytileikans."

Það er einmitt það sem þessari till. er ætlað að gera og með þessari till. er verið að leggja til að ríkisstj. gangist fyrir slíku frumkvæði í eflingu atvinnulífs af þessu tagi og leggur minni hl. n. því til að hún verði samþykkt.

Undir þetta rita Kristín S. Kvaran og Jóhanna Sigurðardóttir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér kemur fram að álit meiri hl. hv. atvmn. er að till. feli ekki í sér neitt nýtt sem geti skipt sköpum. Það nýja við till. og sem skiptir sköpum að mati mínu er að í henni felst átak, stefnumörkun, frumkvæði, hvatning, sams konar hvatning og liggur að baki öðrum meiri háttar átökum sem hafa orðið í íslensku efnahags- og atvinnulífi, eins og í sjávarútvegi, eins og í stóriðju. Það er verið að skapa nýtt andrúmsloft. Fólk á að brenna í skinninu af löngun eftir að leita nýrra leiða. Það er það sem þessi till. felur í sér og það er það sem skiptir sköpum. Það er upphafið að herferð sem hvetur til nýjunga.

Í nál. meiri hl. er einnig sagt „í trausti þess að ríkisstj. hafi uppi markvissar aðgerðir...“ Ég verð að segja að ekki ber ég það traust til þessarar ríkisstj., miðað við það sem sést hefur af verkum hennar innan þings og utan og verkstjórn hennar á sínu fólki og öðrum, að hún muni sinna þessu máli svo að fullnægjandi sé. Þvert á móti tel ég að ástæða hefði verið til að Alþingi ræki á eftir því með samþykkt þessarar till. og færi fram á það að ríkisstj. sinnti þessu máli.

Í máli frsm. meiri hl. kom fram að hann teldi að hér væri á ferðinni till. um að koma einhverju á brjóstið á ríkisvaldinu. Það kemur fram í till. að lagt er til að tímabundin, ódýr þjónusta sé veitt. Hún er tímabundin, ég legg á það mikla áherslu. Það kemur líka fram í grg. að það er jafnmikilvægt atriði og að koma þessum rekstri af stað að gera hann færan um að standa á eigin fótum. Það kemur mjög greinilega fram í grg. með till. Þar er lögð á það áhersla að fyrirtækjum sé leyft að bera arð og að þeim séu að öðru leyti sköpuð þau skilyrði að þau geti verið bæði sér og öðrum til sóma.

Þessi stjórnmálamaður hafði af því áhyggjur að ríkisvaldið tæki frumkvæði í þessum efnum. Það vill nú þannig til að mjög margar ríkisstjórnir hafa ekki haft af því samviskubit að taka til hendinni í þessum efnum. Hér er t. d. bók sem heitir „The small firm“, litla fyrirtækið, og er nýlega komin út. Þar er skýrt frá markvissum aðgerðum í líklega einum tíu, tólf löndum, þ. á m. Bretlandi, Norðurlöndunum, Bandaríkjunum, þar sem sett var á fót sérstök stofnun til að sinna málefnum smáfyrirtækja fyrir líklega tveimur áratugum. Þetta hefur víða verið forgangsmál í pólitík. Ég nefni Bretland þar sem Thatcher-stjórnin, sem ekki hefur nú beinlínis verið orðuð við það að taka á brjóst sér einn eða neinn til eldis, hefur gert þetta að sérstöku baráttumáli. Hún hefur sett á fót ýmiss konar þjónustu, ódýra, tímabundna þjónustu. Þó að það standi í forsvarsmönnum þessarar stjórnar hefur hún komið þessari þjónustu á fót og þykist sjá af því mikinn árangur og mun halda áfram slíkri þjónustu og beinum fjárhagsstuðningi sem hún telur sig alls ekki þurfa að skammast sín fyrir. Ef það er mat íslensku ríkisstjórnarinnar að ríkisvaldið eigi ekki að taka frumkvæði af þessu tagi skýtur það mjög skökku við það sem gerist í öðrum þjóðlöndum þar sem það hefur þvert á móti verið forgangsverkefni að sinna þessu á þennan hátt.

Ritstjóri tímaritsins Economist, það stendur í grein 16. febrúar, hefur ekki heldur af því neitt samviskubit að sinna þessum málum sérstaklega. Þar skrifar aðstoðarritstjórinn, Norman Macrae, grein þar sem hann nefnir 25 atriði sem hann vill beina til stjórnmálamanna og fólks í viðskiptalífinu. Þetta eru 25 atriði um hvað gera megi til að styðja við rekstur smáfyrirtækja. Þessi Norman Macrae hefur ekki heldur verið þekktur fyrir að mæla því sérstaklega bót að taka einn eða neinn og leggja á brjóst ríkisvaldsins. Hér er hins vegar um það að ræða að menn viðurkenni það hlutverk ríkisvaldsins að hafa frumkvæði um tímabundnar aðgerðir, að hafa frumkvæði um að móta umhverfið og hvetja til reksturs af þessu tagi. Það væri fróðlegt að lesa upp úr grein Norman Macrae þar sem eru 25 uppástungur um hvað ríkisvald og aðrir geti gert til að styðja við stofnun og rekstur smáfyrirtækja.

Að lokum gæti ég vitnað til greinar í International Business Week, sem kom út 27. maí s. l., fyrir rúmum hálfum mánuði, þar sem er fjallað sérstaklega um árangur Bandaríkjanna í þessum efnum. Þar er sérstök úttekt gerð á rekstri smáfyrirtækja í Bandaríkjunum, birt um það grein sem lýsir þessu bæði almennt og einnig í ýmsum smærri atriðum, tekur fyrir ákveðin dæmi og birtir síðan lista yfir hundrað lítil fyrirtæki sem talið er að séu dæmigerð um hinn nýja vöxt atvinnulífsins.

Ég ætla ekki að gera þetta mál lengra að sinni, þetta hefur komið inn í umræður að undanförnu og þess vegna ástæðulaust að lengja umræður í Sþ. vegna þess, en þetta eru dæmi um að stjórnvöld um öll Vesturlönd telja sig alls ekki þurfa að skammast sín fyrir að taka upp ódýra tímabundna sérfræðiþjónustu og fjárhagslegar aðgerðir til að styðja við þessi fyrirtæki. Ég held að komið sé að því að Íslendingar líti sérstaklega á þennan þátt efnahagslífsins af sömu ákefðinni og þeir hafa horft á stóriðjurekstur inn að undanförnu. Það er ýmislegt sem bendir til þess að það sé einmitt rekstur af þessu tagi sem sé að taka við af stóriðjunni. Ef stóriðjuglýjan færðist af augum ýmissa þeirra sem hafa orð fyrir ríkisstj. í þessum efnum gæti kannske verið að menn sæju sólina.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég sé varla ástæðu til að ræða þessa till. efnislega af ýmsum ástæðum. Kannske er það vegna þess að það sem stendur í till., svo ég tali nú ekki um í grg., er ekki í neinu samræmi við málflutning hv. þm. Guðmundar Einarssonar hér áðan. Ég sé það hvergi og heyri og get ekki skilið af því plaggi sem hv. þm. úr BJ hafa lagt fram að það sé nokkur sérstök herferð eða átak og hreyfing sem fólk brenni í skinninu að taka þátt í. Ég sé það hvergi í plagginu. Það hefur hvergi komið fram í því sem maður hefur lesið þarna.

Margt er einkennilegt í þeim lestri sem hv. þm. Guðmundur Einarsson stóð að áðan, að vitna í erlend tímarit og mann sem heitir Macrae í útlöndum og að hann sé með 25 uppástungur, eins og hæstv. forsrh. með 25 punktana, og hvorugt fengum við að heyra. Mig langar svo sem ekkert að heyra það, en ef menn ósköp einfaldlega lesa tillgr. sjálfa er þetta eitt almennt snakkið í viðbót en ekki ákall um herferð og átak.

Herra forseti. Það er ýmislegt í þessu dálítið sérstakt,

og m. a. s. feitletrað, t. d. miðað við staðreyndir síðustu vikna í þjóðfélaginu, að það skuli vera feitletrað í plagginu minnst á ódýra sérfræðiþjónustu. Þó ekki væri nema af þessum ástæðum gæti ég ekki hrópað húrra fyrir þessari till.

Það er út af fyrir sig ekki svo vitlaust að flytja till. af þessu tagi ef menn hefðu sleppt einhverju af grg. Þarna er vitnað í marga merka menn og þ. á m. Jón Kennedy, en það vekur furðu mína þar sem talað er um stjórn aðgerða að þar er meira og minna vitnað í byggðadeild og áætlanadeild Framkvæmdastofnunar og í fleira og fleira af því tagi, þróunarstöð. Þessi hv. þm. hefur hvað eftir annað talað á móti þeim fyrirbærum öllum.

Erindi mitt upp í ræðustól að þessu sinni var aðeins það að mitt nafn hefur fallið niður á nál. á þskj. 1038 af einhverjum ástæðum og ég óska eftir því að það verði leiðrétt, herra forseti, þar sem ég skrifa undir nál. meiri hl.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að nál. verður leiðrétt svo sem hv. 4. þm. Suðurl. fór fram á.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mér þykir leitt ef hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur lesið þáltill. án þess að gera sér grein fyrir því að verið sé að tala um átak. Það má vel vera að við þm. BJ hefðum þurft að bæta inn einhverjum hástigslýsingarorðum í þáltill. sjálfa til þess að opna augu hans fyrir því að þar er verið að tala um hluti sem skipta miklu máli. Af grg. sjálfri, bæði upplýsingum um hvern sess þessi mál skipi erlendis, upplýsingum um hvaða möguleikar séu og að nýir tímar séu að renna upp í þessum efnum, en upplýsingar um þetta eru í grg., ætti fólki að vera ljóst að hér er verið að tala um hluti sem gætu skipt miklu máli, en hástigslýsingarorðin eru ekki í tillgr. sjálfri og má vera að það hafi orðið til þess að ekki kviknaði á þræðinum hjá hv. þm.

Hv. þm. vék að ódýrri sérfræðiþjónustu og átti það bersýnilega að vera sneið vegna upplýsinga sem hafa borist um sérfræðiþjónustu úr stóriðjubransanum að undanförnu. Ég hef vikið að því í máli mínu áður þar sem smáfyrirtæki hefur borið á góma að ég óska þess að það myndist svipuð skjaldborg og áhugi um rekstur smáfyrirtækja og myndast hefur um stóriðju í landinu án þess að því fylgi það Versala-líferni stóriðjuhirðarinnar sem manni hefur virst vera í ýmsu. Ég biðst undan því. Ég er þess fullviss að hægt er að aðstoða fólk hvar sem er á þessu landi án þess að því þurfi að fylgja þeir reikningar sem gerðir hafa verið að umtalsefni hér áður.

Að lokum ætlaði ég að minnast á það sem hv. þm. hafði að segja um stjórn aðgerða. Í kaflanum um stjórn aðgerða í grg. er lögð meginhersla á frumkvæði heimafólks og vísað til hugmynda okkar um þróunarstofur landshlutanna. Það kemur heim og saman við það að það litla sem hefur gerst í þessum efnum af hálfu ríkisvalds á undanförnum árum hefur verið fyrir frumkvæði heimamanna þar sem eru iðnþróunarráðgjafar og iðnþróunarfélög. Það er veikur vísir, en alls ekki það átak sem þarf að verða í þessum efnum. Við erum að biðja um átak, frumkvæði og stuðning frá ríkisvaldinu.

Ég var reyndar að vona, þegar ég sá meirihlutaálitið, að hv. 4. þm. Suðurl. hefði séð sóma sinn í að vera ekki á því. Nú hefur hann leiðrétt það. Þar með hefur hann slegist í hóp þeirra sem ekkert sjá annað en stóriðjuna sem úrlausn í íslenskum efnahagsmálum þrátt fyrir það að á hverjum degi, svo að segja, berist okkur fregnir um hörmungarástandið á þeim bæ.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en ég kem hingað í stólinn fyrst og fremst til að mótmæla þeirri fullyrðingu, sem hv. 4. landsk. þm. kom með í lok sinnar ræðu, að við sem stæðum að meirihlutaáliti því sem hér er til umr. sæjum ekkert nema stóriðju og beindi hann því sérstaklega til hv. 4. þm. Suðurl. Þetta er auðvitað alrangt. Ég hef hins vegar ekki stundað þann málflutning, sem þessi hv. þm. gerir hér í þinginu, að taka út úr einstakar atvinnugreinar og hafa uppi þann málflutning að við eigum að gera þetta en ekki hitt.

Ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að nota alla þá möguleika sem við höfum í landinu til atvinnureksturs. Við eigum að nota það sem náttúra þessa lands gefur okkur, bæði til sjávar og sveita, og þá orku sem felst í fallvötnum landsins. Við eigum að nota það hugvit sem Íslendingar búa yfir og þá þekkingu og að þessu öllu eigum við að vinna jöfnum höndum og sameiginlega. En við eigum ekki að stunda þann málflutning, eins og þessi hv. þm. gerir, að við eigum að byggja allt upp á smáfyrirtækjum en ekki stórfyrirtækjum, við eigum að forðast orkufrekan iðnað, eins og hann prédikar, en byggja allt upp á smáfyrirtækjum á Íslandi. Sannleikurinn er sá að Ísland er eitt allsherjar smáfyrirtæki. Það er ekkert fyrirtæki svo stórt hér á Íslandi, jafnvel ekki Samband ísl. samvinnufélaga, að það teldist ekki til smáfyrirtækja með hinum stóru þjóðum heims. Þess vegna er þessi málflutningur, eins og hér er hafður uppi, alveg út í hött.

Ég mótmæli því alfarið að hægt sé að leggja þann skilning í minn málflutning eða nál. meiri hl. að við viljum eingöngu byggja á stóriðju. Orkufrekur iðnaður er einn þáttur í okkar atvinnumöguleikum sem við eigum að rækja og rækta og kanna hvernig við getum notað, en ekki að leggja annað til hliðar þó stóriðjan sé könnuð til hlítar. (**Gripið fram í:** Það er nú dýrt að kanna það.) Það gefur líka miklar tekjur, hv. þm. Ég veit ekki hvort hv. þm. áttar sig á því t. d. að hreinar gjaldeyristekjur af álverinu í Straumsvík á síðasta ári voru um 1600 millj. ísl. kr., hreinar gjaldeyristekjur sem ekki hefðu verið í landinu ef þessi starfsemi hefði ekki verið til staðar. (**Gripið fram í:** Veistu hvað það kostaði í niðurgreiðslum?) Það er enga niðurgreiðslu um að ræða, en ég skal ekki fara út í þá sálma nú í þessum ræðustól.

Ég vil að lokum geta um eitt enn. Það er að við megum ekki vera allt of ákafir í að taka upp hráar hugmyndir frá útlöndum. Ég hef að vísu ekki séð þá bók sem stjórn Thatchers gaf út um "The small firm" eða "The small company" sem hv. þm. var hér með. Ég hef hins vegar séð bækur sem gefnar hafa verið út í Skandinavíu, á Norðurlöndum, um smáfyrirtæki. Og ekki nóg með það. Meðan ég sat í borgarstjórn Reykjavíkur tók ég þátt í einum fjórum höfuðborgarráðstefnum sem haldnar voru í Stokkhólmi, eða í menningarmiðstöð höfuðborganna í Hässelby, þar sem rætt var um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Ég verð að segja

það alveg eins og er að annað eins dómadagskjaftæði og fram fór á þessum ráðstefnum, en niðurstaða þeirra átti að vera að kenna fólki að stofna og reka smáfyrirtæki, — annað eins dómadagskjaftæði um sjálfsagða hluti hef ég ekki heyrt á ævi minni og þar fór fram, og verð ég að viðurkenna að þeim peningum var ekki vel varið sem fóru í að sækja þær ráðstefnur.

Við lifum nefnilega í litlu þjóðfélagi og á því verðum við að átta okkur. Í hinum stóru þjóðfélögum vita menn ekki einföldustu hluti, eins og t. d. hvert á að fara til að sækja um lóð. Það voru langir kaflar í þessum bæklingum um það við hverja á að tala ef menn ætla að fara og sækja um lóð. (**Gripið fram í:** Þeir eiga engan Davíð.) Það kann að vera að menn eigi engan Davíð þar, en hér eiga menn sinn Davíð og vita hvert þeir eiga að fara til að sækja um lóð. Það var rætt um hvernig á að tala við bankastjóra, hvert á að fara til að tala við bankastjóra. Þetta eru einföld sannindi sem Íslendingar þekkja mætavel. Þá voru kaflar um við hverja á að tala til að fá lagt kalt vatn í verksmiðjuhús og allt þar fram eftir götunum. Þarna var rætt um sjálfsagða hluti sem flestir eða allir Íslendingar vita vegna þess að við lifum í smáfyrirtækjum. Næstum því öll íslensk fyrirtæki með tölu eru smáfyrirtæki. Þess vegna eigum við ekki að vera að gera okkur upp einhverjar deilur um hvort smáfyrirtæki eigi að þrífast á Íslandi eða ekki. Það er skoðun okkar og stefna að svo eigi að vera. Hér eiga að vera smáfyrirtæki og Ísland á að vera öflugt land smáfyrirtækja á öllum sviðum, en við eigum ekki að vera að gera okkur upp einhvern skoðanamun um hvernig eigi að fara að því að efla rekstur slíkra fyrirtækja.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. talaði um dómadagskjaftæði sem menn hefðu staðið í á Norðurlöndum um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Ég skal ekki svara fyrir það hvaða domadagskjaftæði hann hefur tekið þátt í, en ég held að hann horfi algjörlega fram hjá ákveðnum staðreyndum. Hann horfir fram hjá því að laun í þessu landi eru margfalt lægri en í nágrannalöndum okkar og að verðlag er hærra en í nágrannalöndum okkar og miklu hærra er það ef horft er á það í samanburði við laun. Ef menn reyna ekki einu sinni að leita orsaka þessa og ef menn ekki sýna einhvern vilja til að reyna að vinna sig út úr þeim vanda með átaki eins og því sem hér er verið að tala um er engin von til þess að ástandið batni. Ef menn telja að allir aðrir séu með tómt helvítis kjaftæði og allt sem þeir sjálfir séu að gera sé það besta og það eina rétta sem hægt sé að gera verður aldrei nokkur breyting. En ég trúi því ekki að hv. 4. þm. Reykv. sé í raun og veru að tala um það.

Ef hann telur að hér sé ekki þörf á að kenna einum eða neinum eitt eða neitt, þá verð ég að andmæla því mjög harðlega. Það er ekki um það eitt að ræða að kenna einhverjum manni úti í bæ hvernig hann á að stofna fyrirtæki. Það er líka verið að tala um að þessu fylgi á vissan hátt, hvað eigum við að segja, sameiginlegur vilji allra þeirra sem þátt taka. Ég gæti leitt hér t. d., ef hér mættu tala, til vitnis menn sem eiga sitt undir fyrirgreiðslu hins opinbera, þurfa að sækja fyrirgreiðslu til hins opinbera. Ég tek sem dæmi mann sem þarf að fá lán erlendis vegna þess að hann er að kaupa það einhvern búnað. Hvað þarf hann að bíða lengi þangað til að langlánanefnd og viðskrn. eru búin að afgreiða þá umsókn? Ég á við að þegar menn eru t. d. búnir að bíða í sex mánuði og borga 30% kostnað, þ. e. vexti og verðbætur af lánum sem þeir hafa orðið að hanga með allan tímann á meðan, er ekki hægt að tala um að stjórnvöld sýni raunverulega einhvern vilja til að aðstoða menn að jöfnu við aðra starfsemi. Þetta eru örlög og aðbúnaður smáfyrirtækja hér á Íslandi. Þar er sex mánaða biðtími eftir fyrirgreiðslu af þessu tagi alls ekki undantekning heldur regla.

Til þess að forða misskilningi vegna orða hv. 4. þm. Suðurl., því að það er leiðinlegt þegar þm. eru illa upplýstir, vil ég geta þess að þm. BJ hafa lagt til að sjóðadeild, þ. e. framkvæmdasjóður Framkvæmdastofnunar, verði lögð niður. Við höfum aldrei lagt til að byggða- og áætlanadeild verði lagðar niður. Það er allt annars konar starfsemi sem þar fer fram en útlánastarfsemin úr Framkvæmdastofnun. Það er starfsemi sem við höfum þörf fyrir og er mikið gagn að í upplýsingaskyni. Ég vildi að þetta kæmi fram svo að þm. gengju ekki gruflandi að því að hv. 4. þm. Suðurl. hafði þarna rangt fyrir sér.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég get því miður ekki talað eins og ég gjarnan vildi um þetta mál vegna þess að ég er búinn að tala tvisvar, eins og kom fram hjá hæstv. forseta. En það var hugguleg sending sem hv. þm. Birgir Ísleifur sendi Háskólanum sem nýlega hélt mjög fjölsótta og mjög merkilega ráðstefnu um þessi mál. Þar komust að 150, en 500 sóttu um. Þessir 500 töldu sig greinilega þurfa upplýsingar og áttu ekki von á því dómadagskjaftæði sem hv. þm. segist hafa setið undir erlendis. Af þeim 150 sem gengu af þeirri ráðstefnu talaði enginn um dómadagskjaftæði og óþarfa. Þeir spurðu allir: Hvenær á að halda næstu ráðstefnu? Og hvað verður áframhaldið?

Í þessum æsingi opinberaðist hugur þm. til smáfyrirtækjarekstrarins þannig að ekki þarf að fara í grafgötur um það. Hins vegar fundust mér — og ætli ég ljúki ekki með því — nokkuð skondin lok ræðunnar þar sem talað var um að Ísland væri eitt smáfyrirtæki og öll íslensk fyrirtæki væru smáfyrirtæki. Þarna er atvinnulífshöfuðpaur Sjálfstfl. greinilega búinn að skilgreina Sambandið upp á nýtt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér þótti hv. þm. Birgir Ísleifur Gunnarsson taka nokkuð sterkt til orða áðan, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að ég er sannfærður um að einn af veikustu hlekkjunum í íslensku atvinnulífi er að fyrirtækjunum er ekki nægilega vel stjórnað. Það ásamt því að kunna ekki nógu mikið fyrir sér í sölumálum tel ég þá þættina í atvinnulífsmynd okkar sem hafi því miður orðið út undan. Mér fannst ekki koma nægilega ríkur skilningur á því í máli hv. þm. Birgis Ísleifs.

Þó að menn viti kannske hvar þeir eigi að fá heitt og kalt vatn í Reykjavík og hvar þeir eiga að sækja um lóð, þá er það nú reyndar svo að hér eru í gildi alls konar reglugerðir og lagabálkar sem Alþingi hefur staðið að að samþykkja. Á þessu þurfa þeir sem atvinnurekstur stunda að kunna skil til þess að vita hvernig þeir eiga að feta sig rétta braut með tilliti til laga og reglugerða sem í gildi eru. Við þm. verðum æði oft varir við að ýmsir þeir sem í atvinnurekstri standa eða vilja

stofna til atvinnurekstrar þekkja þetta ekki og þeir þekkja ekki kerfið í landinu. Þeir óska eftir aðstoð í því sambandi. Ýmsir eru því aðstoðar þurfi.

Þegar litið er á þessi atriði held ég að það sé ljóst að þörf sé fyrir fræðslu um þessi mál. 1. liður þeirrar till. sem hér hefur verið flutt fjallar einmitt um fræðslu af þessu tagi. 2. liðurinn fjallar um það að veita mönnum aðgang að sérfræðiþjónustu með hagkvæmum hætti. Ég er ekki heldur í neinum vafa um að það getur verið mörgum stjórnendum fyrirtækja hollt. Í þriðja lagi er í till. minnst á hinn fjárhagslega grundvöll í sambandi við stofnun smáfyrirtækja. Eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, og ég er ekki í neinum vafa um að hv. þm. Birgir Ísleifur Gunnarsson veit það, eru í mörgum löndum sérstakir sjóðir, sérstakar stofnanir sem hafa það verkefni með höndum. Það má kannske halda því fram að úr því öll fyrirtæki eru smá á Íslandi, þar með talið ÍSAL, hafi þessu verkefni verið sinnt eftir því sem unnt er, en ég er ekki sannfærður um að það hafi verið gert með skipulegum hætti eða ekki geti verið þörf á því að hyggja að því frekar. En hin tvö atriðin, sem fram eru talin, varðandi fræðslu og sérfræðiþjónustu eiga áreiðanlega rétt á sér. Þess vegna finnst mér þessi till. góð og ástæðulaust annað en að samþykkja hana. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa verið flutt um það efni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er ánægjulegt að þrátt fyrir hinar miklu annir sem eru nú á Alþingi og þrátt fyrir að komið sé fram á sumar skuli hæstv. forseti gefa Sþ. tóm til að fjalla um atvinnumálin almennt og er sjálfsagt að taka þátt í þeim umr. Það er alveg laukrétt að Alþingi þarf að gefa sér meiri tíma til slíkra umræðna og ég tel nauðsynlegt líka, til þess að eyða misskilningi sem fram hefur komið, að leggja þar nokkur orð í belg.

Ég vil í fyrsta lagi segja að mér finnst sú árátta hvimleið sem sumir þm. hafa, eins og m. a. kom skýrt fram í máli hv. 4. landsk. þm. áðan, að gera öðrum mönnum upp skoðanir þótt þeir séu ekki sammála í öllum atriðum. Það liggur ljóst fyrir, það sannar málflutningur sjálfstæðismanna fyrr og síðar, stefna Sjálfstfl., saga hans, að sá jarðvegur sem Sjálfstfl. spratt upp úr var jarðvegur þeirra manna í þessu þjóðfélagi sem hafa trú á því að þá vegni þjóðarheildinni best þegar einstaklingarnir hafa sem mest svigrúm til athafna. Við þykjumst geta bent á að velgengni þjóðarinnar hafi verið mest þegar frelsið var mest, þegar losað var um verslunarhöftin, þegar menn gátu spreytt sig á þeim verkefnum sem hugur þeirra stóð til. Það sem gerir Sjálfstfl. eins sterkan í þessu landi og raun ber vitni er sú staðreynd að hugsjónir sjálfstæðisstefnunnar fara saman við sögu þjóðarinnar, hugsjónir þjóðarinnar eins og þeim er best lýst í íslenskum skáldskap allt frá öndverðu og má vel tala um ýmsar vísur í Hávamálum þessu til stuðnings.

Auðvitað er það rangt, sem hv. 4. landsk. þm. segir, að sjálfstæðismenn hafi þá oftrú á stóriðju að þeir vilji ekki af þeim sökum ýta undir að smáfyrirtæki geti dafnað. Auðvitað veit hv. þm. að þetta er algerlega rangt. Hann veit að það var síður en svo afleiðingin af álverinu við Straumsvík að smáfyrirtækin í Hafnarfirði legðu upp laupana. Ég held að enginn maður geti komið með þau rök á borðið að dregið hafi úr atvinnustarfsemi í Hafnarfirði vegna þess að álverið kom þar fyrir sunnan. Þetta er útúrsnúningur. Þvert á móti varð þetta álver til þess að nýr kraftur færðist í þá byggð og fjárhagur bæjarins styrktist, bæði bæjarsjóðs og þeirra fyrirtækja sem þar eru og fólksins sem á þeim stað býr.

Við getum líka talað um það t. d. að Kísiliðjan við Mývatnssveit sé stóriðja í þeim skilningi að sá rekstur sker sig mjög úr miðað við annan rekstur norður þar og vegna þess að þar er um útflutningsframleiðslu að ræða í stórum stíl. Þetta fyrirtæki hefur, bæði í Mývatnssveit og eins á Húsavík, mjög treyst undirstöður atvinnulífsins og bætt hag smáfyrirtækjanna.

Við getum bent á fleiri staði. Það vita þeir sem kunnugir eru t. d. við Eyjafjörð að sá mikli samdráttur sem varð í þorskveiðum eftir 1981 og 1982 olli því að helmingi færri þorskar voru dregnir þar á land á s. l. ári en tveim árum áður. Þetta hafði mjög afdrifarík áhrif á stöðu smáfyrirtækjanna við fjörðinn, að þessi sem sumir vilja kalla mestu stóriðju okkar, fiskveiðarnar, fiskverkunin, skyldi dragast svo saman. Og þeir menn sem þarna standa fyrir rekstri, standa fyrir smáfyrirtækjunum, skilja það betur en flestir aðrir hvílík lyftistöng það yrði fyrir Akureyri, fyrir þessi fyrirtæki ef samningar tækjust um að stóriðja risi við Eyjafjörð. Þetta er mergurinn málsins. Ég er mjög ánægður yfir því að ég sé að hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, hefur kvatt sér hljóðs. Ég þykist vita að hann hafi gert það einmitt til þess að undirstrika þau sjónarmið sem ég hef hér sett fram. Við höfum unnið vel að mörgum málum fyrir Norðlendinga og ég efast ekki um að við getum einnig unnið vel að því að treysta undirstöður norðlenskrar byggðar. Ég vil vekja athygli á því, sem er raunar mjög fátítt, að um þetta atriði, uppbyggingu stóriðjunnar, eru sammála helstu talsmenn einkaframtaksins og helstu talsmenn Kaupfélags Eyfirðinga. Milli þessara aðila er ekki tortryggni hvað þetta snertir.

Ef litið er nokkur ár aftur í tímann, ef farið er 10–15 ár aftur í tímann eða lengra, ef rifjaðir eru upp þeir tímar þegar álverið reis í Straumsvík á árunum fyrir 1970 er þess að minnast að það voru mjög skiptar skoðanir milli ýmissa þeirra sem stóðu fyrir fyrirtækjum norður við Eyjafjörð um hvort stórrekstur á borð við álver mundi verka til örvunar þessum atvinnurekstri eða drepa fyrirtækin í samkeppninni um vinnuaflið. Menn óttuðust m. ö. o. að sá atvinnurekstur sem þar var fyrir gæti ekki keppt við stóriðjuna um vinnuaflið. Ástæðurnar fyrir þessu voru þær að það hefur komið í ljós í þeim stóriðjufyrirtækjum sem hér eru að þau greiða hærri laun en allar aðrar starfsgreinar í landinu, allur annar rekstur í landinu, nema þá sjávarútvegurinn, fiskveiðarnar, þegar best lætur. Auðvitað þýða þessar auknu atvinnutekjur, þessi bætti efnahagur fólksins meiri hraða í viðskiptum, meiri veltu, meiri peninga og kemur þannig beint smáfyrirtækjunum til góða, hvort sem þessi smáfyrirtæki eru á sviði verslunar, almennrar þjónustu eða í iðnaði einhvers konar.

Það er sem sagt orðin hugarfarsbreyting. Menn sem standa fyrir atvinnurekstrinum norður þar eru ekki lengur smeykir um að stóriðjuver mundi draga vinnuaflið frá þessum rekstri eins og áður og líta miklu fremur til hins, að slíkur rekstur muni styðja undirstöðu byggðarinnar. Þetta vil ég að fram komi. Ég tel nauðsynlegt að undirstrika þau sjónarmið að auðvitað

kemur ekki til greina fyrir vítt sjáandi mann, sem hefur víðan sjóndeildarhring, að útiloka af sérvisku einhvern atvinnurekstur, taka einn atvinnurekstur fram yfir annan af sérvisku, heldur eigum við á hverjum tíma að reyna að haga okkar málum svo að við nýtum hver þau atvinnutækifæri sem við höfum, sem við höldum hverju sinni að skili þjóðarbúinu mestum arði. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að fram komi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það mátti skilja af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. að tíma þingsins væri ekki of vel varið til þeirrar umr. sem hér fer fram í dag. Hér höfum við tekið til meðferðar mál sem hafa komið úr nefndum. Fyrir þingið hafa verið lagðar milli 130 og 140 þáltill. Það hafa komið úr nefndum um 20 þáltill. Flestar þessar till. eru bornar fram af þm. í stjórnarandstöðunni.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. talar um mikið annríki hér og það er hverju orði sannara. Það er fyrst og fremst vegna stjfrv. En forseti þingsins telur að það verði að gera það sem hægt er til þess að fullnaðarafgreiðslu fái þau mál úr þingnefndum sem fram hafa komið og það eru örfá mál. Þess var vænst að við gætum jafnvel lokið þessum málum í dag með þeim hætti að hafa fundinn stuttan, en það hefur verið gert ráð fyrir að þessum fundi lyki ekki síðar en kl. 4. En það fer allt eftir því hvað mönnum sýnist um það að tala mikið í slíkum umr. sem þessum. Ef menn tala mjög mikið getur brugðið til beggja vona um það að við getum á þessu þingi afgreitt allar till. sem hafa komið úr nefndum nema þingið haldi áfram fram yfir Jónsmessu. Þetta vil ég að gefnu tilefni að hér komi fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ég hafi verið að draga úr nauðsyn þess að þessi mál væru rædd, þvert á móti. Ég lét í ljós ánægju yfir því að okkur skuli gefast þetta tækifæri — líka í ljósi þess að það er ákveðið að kvöldfundir verði í deildum. Ég er einmitt mjög ánægður yfir því að okkur þm. skuli vera gefinn kostur á því að vinna vel hér í þinginu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er enginn ágreiningur milli forseta og hv. 2. þm. Norðurl. e. um að við viljum að öllum sé gefinn kostur á því að vinna vel í þinginu og ég veit að allir hv. þm. eru sammála um það. En það sem hér var sagt áður af hálfu forseta var sagt að gefnu tilefni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að kveðja mér hljóðs í sambandi við þessa till., en svo er hægt að tala hér að menn neyðist til að biðja um orðið til að vekja athygli á þeirri sérvisku sem sumir hv. þm. er haldnir.

Það var áðan talað um oftrú á stóriðju. Hvað hefur komið fram, t. d. hjá síðasta ræðumanni, annað en oftrú á stóriðju? Var það eitthvað annað sem hann talaði um í sambandi við atvinnumál en stóriðju? Ég skil þá ekki orðið mælt mál ef þetta er ekki oftrú.

Átta menn sig ekki á því að ein af auðlegðum þessa lands er hreint land og hreint loft, hreint vatn? Það er m. a. s. orðið útflutningur. Það eru gjaldeyristekjur af þessu. Ég held að menn ættu að hugleiða hvað þeir eru að fjalla um.

Svo eru menn að tala um að hér séu ekki stórfyrirtæki. Halda menn að hér séu kannske stórfyrirtæki eins og hjá tugmilljónaþjóðum? Þegar þeir tala er eins og þeir geri ráð fyrir því. Þeir eru líklega búnir að vera það mikið erlendis að þeim finnst að hér hljóti að verða að stofna fyrirtæki eins og eru hjá milljónaþjóðum. Svona eiga menn ekki að tala og ekki að hugsa.

Og menn þurfa að athuga vel og vandlega að gera ekkert það sem spillt getur lofti eða vatni eða landi og hugleiða það fremur en allt annað. Eru menn hættir að fylgjast með því hvað er að gerast í Evrópu? Vita menn ekki að í fyrra var sagt að þriðjungurinn af skógunum væri að deyja vegna mengunar? Í ár er sagt að helmingurinn sé að deyja.

Vitið þið hvað ferðamennirnir eru að sækja til Íslands? Haldið þið að þeir séu að koma til þess að skoða stórrekstur? Þeir koma hingað til þess að sjá heiðskíran himin, til þess að sjá ósnortna náttúru, til þess að njóta þess að vera í ómenguðu landi. Við höfum mikil tækifæri einmitt vegna þess að við höfum haldið þannig á málum fram að þessu að við höfum ekki spillt náttúrunni, ekki mengað landið nema lítillega. Menn ættu að hugsa um það. Okkar möguleikar eru í því að framleiða matvöru vegna þess að hér er ómengað land enn þá og ég vona að hamingjan komi í veg fyrir að þar verði breyting á.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að ég hafi einhverja oftrú á stóriðju og hafi ekki minnst á nokkuð annað í minni ræðu áðan. Þvert á móti talaði ég ítarlega um þá erfiðleika sem sjávarútvegurinn hefur átt í og kom inn á hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi til að fyrirtækjum og fólki vegnaði vel. Ég var hins vegar ekki haldinn sömu villu og hv. þm. að vilja fórna góðum lífskjörum í landinu fyrir erlenda ferðamenn.

Nú er það svo, eins og við vitum, að hv. þm. sem mest talaði um hreint vatn áðan er einhver mesti samvinnumaður sem til er á þingi. Við vitum líka að mesti mengunarvaldur norður þar um langa hríð er rekstur Sambandsins. Vitum við báðir að Glerá skipti lengi litum eftir því hvað var verið að hafast að í sútunarverksmiðjum SÍS. Og af því tilefni var þessi vísa ort:

Hver er þessi eina á
sem aldrei frýs,
gul og rauð og græn og blá
og gerð af SÍS?

Mengunin er því svona og svona. Auðvitað erum við allir á móti mengun, en á hinn bóginn verðum við að búa við það þó einhver mengun komi nú með SÍS-verksmiðjunum í Pollinn vegna þess að fólkið þarf atvinnu og það verður að lifa í þessu landi.

Hins vegar er það mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að stóriðjuver séu endilega mestu mengunarvaldarnir. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á það í skýrslu sem gerð hefur verið vegna álversins við Eyjafjörð að hægt er að hefja þar rekstur án þess að hætt sé við nokkurri þeirri mengun sem geti torveldað að menn geti framleitt matvæli norður þar eins og hingað til.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. var að tala áðan um kjaftæði. Ég veit ekki hvað er meira kjaftæði en það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Hvar liggur það fyrir að búið sé að

rannsaka að það sé engin mengunarhætta af álveri við Eyjafjörð? Það er álrangt, mistúlkun manna sem hugsa um ekkert annað í atvinnurekstri en stóriðju.

Ég ætla ekki að eyða tímanum, forseti, í umr. af þessu tagi nú, en ég er tilbúinn að gera það hvenær sem er ef tilefni gefst til.

ATKVGR.

Till. um rökstudda dagskrá á þskj. 1028 samþ. með 20:11 atkv.

Efri deild, 98. fundur.

Fimmtudaginn 13. júní, að loknum fundi í Sþ.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 1221). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Útvarpslög, frv. 5. mál (þskj. 907). — 3. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt hefur algert frelsi varðandi auglýsingar verið mjög viðkvæmur þáttur í öllu þessu máli, þ. e. varðandi frv. til útvarpslaga. Ég ætla ekki að fara að vitna mjög til umr. í þessu efni, en vil leyfa mér að vitna til þeirra nál. sem fram komu fyrir 2. umr. þessa máls í hv. Ed.

Það er þá fyrst til að taka að í nál. hv. þm. Eiðs Guðnasonar stendur, með leyfi forseta:

„Af hálfu Alþfl. voru í Nd. fluttar fjölmargar brtt. við útvarpslagafrv. M. a. voru fluttar tillögur um að svonefnd boðveitukerfi ættu að vera í eigu sveitarfélaga og vera það sem á ensku hefur verið nefnt „common carrier", þ. e. að vera öllum opin sem uppfylla ákveðin skilyrði. Allar tillögur um þetta efni voru felldar. Því var lýst yfir af hálfu Alþfl. að þm. hans styddu auglýsingafrelsi í nýjum útvarpsstöðvum að því tilskildu að sett yrðu ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga. Ef ekki yrði fallist á ákvæðin um boðveitur yrði afstaðan til auglýsingafrelsis endurskoðuð. Nú verður enn látið á þetta reyna í Ed. og yfirlýsingin um afstöðu til auglýsingafrelsis, verði ekki fallist á ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga, stendur óhögguð."

Enn fremur vil ég leyfa mér að vitna til nál. hv. þm. Ragnars Arnalds. Það stendur, með leyfi forseta, og er það 3. liður í nál.:

„Útvarpsstöðvar án auglýsinga.

Þingflokkur Alþb. bendir á að ráðstöfun útvarpsréttar er í höndum almannavaldsins og hlýtur að verða það áfram. Svigrúm til almennrar útvarpsstarfsemi er í raun takmarkað og því hlýtur Alþingi að sníða henni stakk með nýjum útvarpslögum. Vegna þessara takmarkana telur Alþb. með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gefin að markaðsvöru í gróðaskyni. Því leggst flokkurinn ákveðið gegn því að handhöfum útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í sveðisbundnum útvarpsstöðvum. Sýnt hefur verið fram á með skýrum rökum hvernig unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Fjölmörg dæmi eru um það erlendis að útvarpsstöðvar séu reknar án auglýsinga. T. d. eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku."

Í nál. 1. minni hl. menntmn. þessarar hv. deildar, sem undirritað er af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem situr raunar ekki lengur á þingi, aðalmaður er kominn inn, hefur tekið sitt sæti, stendur, með leyfi forseta:

„Með því að heimila þeim aðilum, sem leyfi fá til útvarps, að afla tekna með auglýsingum er hætt við að einn af megintekjustofnum Ríkisútvarpsins skerðist verulega, sem væntanlega hefur þá í för með sér minni þjónustu."

Enn fremur stendur í nál. hv. þm.:

„Kvennalistinn er mótfallinn þeirri meginhugsun sem felst í frv. um ný útvarpslög og óttast að óbreytt grafi þau undan Ríkisútvarpinu og verði til þess að fjársterkir aðilar fari með sigur af hólmi í frumskógi samkeppninnar sem eflaust mun fylgja í kjölfarið."

Ég vil leyfa mér að vitna til Bandalags jafnaðarmanna og brtt. sem fluttar voru af þeirra hálfu við 2. umr. Það komu fram brtt. við 3. gr. frv. svo og margar aðrar greinar þess eins og kunnugt er. Að vísu má segja að stefna Bandalags jafnaðarmanna sé öndverð við aðra í þessum málum. Hins vegar er vikið að stjórnmálaumr. í þeirra brtt. Þar er að vísu gert ráð fyrir því að menntmrh. setji reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræðu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég undrast nokkuð þá stefnu Bandalags jafnaðarmanna að auka, að mínum dómi, miðstýringu í þessum málum. Eftir því sem ég hef hlerað orðræðu þm. Bandalags jafnaðarmanna vilja þeir fremur draga úr en auka miðstýringu yfirleitt, auka fremur ábyrgð fjöldans en treysta fámennisvald.

Í nál. 3. minni hl. menntmn., sem er undirritað af hv. þm. Haraldi Ólafssyni, Eyjólfi K. Jónssyni og Árna Johnsen, er vikið að þessum málum almennt. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Þeir, sem að þessu nál. standa, eru sammála um að ný útvarpslög eigi að stuðla að eflingu Ríkisútvarpsins, enda eru því lagðar ýmsar nýjar skyldur á herðar í hinu nýja frv., ef að lögum verður. Þeir eru þó ekki sammála um hve víðtækan rétt útvarpsstöðvar skuli hafa til að flytja auglýsingar. Haraldur Ólafsson flytur brtt. um þann lið og er auk þess óbundinn að fylgja brtt. er fram kunna að koma."

Í niðurlagi nál. stendur, með leyfi forseta:

„Ætla verður að fyrirhuguð útvarpsréttarnefnd fái víðtækt umboð skv. reglugerð til þess að fylgjast með framkvæmd frv., ef að lögum verður, og leggi fram innan þriggja ára hugmyndir að nýjum útvarpslögum þar sem tekið verður tillit til fenginnar reynslu af rýmkaðri útvarpsstarfsemi."

Í framhaldi af þessu hlýt ég að minna á brtt. hv. þm. Haralds Ólafssonar og þá að sjálfsögðu 2. mgr. 4. gr. eins og hann lagði til að hún hljóðaði, þ. e.:

„Sé útsendingum þannig háttað að einungis notendur með sérstakan útbúnað ná þeim er slíkum útvarpsstöðv-

um óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá."

Þessi till., eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, fékkst ekki samþykkt.

Eins og margoft hefur komið fram er vald útvarpsréttarnefndar allvíðtækt nú þegar í þessu frv. Ég vil leyfa mér að kynna hér brtt. sem víkur að því sem þegar hefur komið fram í minni ræðu. Brtt. hljóðar um það að við 3. gr. frv. bætist nýr liður sem yrði 9. liður og hljóðar svo:

„Útvarpsréttarnefnd er heimilt að ákveða hlutfall auglýsinga í dagskrá.

Hún skal ganga frá samningum við Póst- og símamálastofnun eða sveitarfélög um boðveitukerfi, sem kunna að verða sett upp, er tryggi að þau séu öllum opin að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Útvarpsréttarnefnd setur reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræðu og pólitíska kynningarstarfsemi."

Að mínum dómi skýrir þessi brtt. sig sjálf, ekki síst að teknu tilliti til þess hversu hv. þm. eru vel inni í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Um samstöðuna í þinginu um þetta mál ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Afgreiðsla hv. Ed. og umræðurnar við 2. umr. eru öllum í fersku minni. Vegna umfjöllunarinnar um málið í Nd. væri ekki úr vegi að vitna til nál. hv. þm. Eiðs Guðnasonar þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi er rétt að benda á að málið var afgreitt frá Nd. með þeim hætti að það hafði ekki meirihlutafylgi í deildinni. Aðeins 16 af 40 þm., sem sæti eiga í Nd., treystu sér til að greiða atkv. með frv. Tólf greiddu atkv. gegn því. Ellefu sátu hjá. Einn var fjarstaddur. Þessar staðreyndir lýsa því auðvitað í fyrsta lagi hversu mikið ágreiningsmál hér er um að ræða og í öðru lagi hve miklar efasemdir menn hafa um ágæti frv. eins og það nú liggur fyrir."

Herra forseti. Samþykkt brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir, enda þótt hún taki aðeins að hluta á þeim deiluefnum sem uppi eru varðandi þetta frv., gæti að mínum dómi fært okkur nær þjóðarsátt í þessu mikilvæga máli.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hugmyndir og skoðanir Kvennalistans í útvarpsmálum hafa verið ítarlega reifaðar á því þingi sem nú situr og þetta mál, sem hér er nú til umr., almennt fengið ítarlega umfjöllun héðan úr þessum ræðustól. Ég skal því vera stuttorð við 3. umr. þessa máls hér í þessari hv. deild.

En áður en þetta frv., eða það samsafn ósamstæðra lagagreina sem hér er á ferðinni, kemur til atkv. í heild sinni hér á eftir, þá vil ég árétta ástæður þess að ég er mótfallin þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

Ég er mótfallin þessu frv. vegna þess að það tekur ekki tillit til þess að útvarp er þjónusta við landsmenn, mjög mikilvæg þjónusta, en ekki fjárfestingar- og viðskiptavettvangur eins og frv. gengur út á. Ég er einnig mótfallin þessu frv. vegna þess að það tekur eingöngu mið af því hver megi standa fyrir útvarpi hér á landi en ekki hvernig útvarpi við viljum stuðla að landsmönnum til gagns og gleði. Ég er þessu frv. mótfallin vegna þess að meðan það leggur Ríkisútvarpinu ótæpilegar skyldur á herðar, eins og sjálfsagt er, leggur það engar svipaðar skyldur á þá einkaaðila sem útvarpsrekstur vilja stunda. Á meðan þetta frv. tryggir ekki fjárhag Ríkisútvarpsins sér það til þess að þeim einkaaðilum sem nægilegt stofnfé hafa og sem eru stórir og sterkir í peningamálum þurfi ekki að vera fjár vant til útvarpsrekstrar.

Ég er einnig mótfallin þessu frv. vegna þess að það tekur ekki mið af því að við erum fámenn þjóð í stóru landi og að nauðsynlegt er að gæta jafnaðar á milli manna og milli landshluta og jafnan að tryggja rétt þeirra sem minni hluta skipa á hvaða sviði sem er. Slíkan rétt tryggir þetta frv. ekki. Það gengur að mínu viti í grundvallaratriðum þvert á frelsishugsjón jafnræðis- og jafnréttismanna. Af þessum ástæðum er ég mótfallin þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

En jafnvel þótt ég hefði ekki allar þessar ástæður fyrir því að vera mótfallin þessu frv. mundi ég aldrei greiða atkv. mitt öðrum eins samsetningi og jafndæmalausu fimbulfambi og þetta frv. er nú orðið. Þess vegna mun ég styðja þær brtt. sem hér hafa fram komið við 3. umr. þessa máls í þeirri von að það megi verða til þess að þetta mál fái skynsamlegri skoðun og umfjöllun en það hefur fengið fram til þessa. Fari hins vegar svo að þetta frv. verði samþykkt hér á eftir óbreytt með innan við helmingi atkv. í hv. Ed. hafa hér orðið atburðir sem eru hvorki hv. Alþingi til sóma né munu þeir verða íslenskri þjóð til farsældar.

Frsm. 4. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Þetta mál skýrist nánar eftir því sem á líður. Mér sýnist að nú sé orðið býsna ljóst að á æðstu stöðum innan stjórnarflokkanna hefur þetta mál verið njörvað nokkuð fast niður, að það skuli fram ganga á hverju sem gengur. Það er svo sem ekkert óvenjuleg ákvörðun á milli stjórnarflokka, en það sem er óvenjulegt við þessa ákvörðun er þó það að frv. virðist alls ekki njóta meirihlutastuðnings í þinginu.

Ég hef í morgun flutt frv. til l. um breyt. á útvarpslögum á þskj. 1265 sem væntanlega verður tekið hér á dagskrá þegar þar að kemur. Mér er mætavel ljóst að útvarpslagafrv., sem við erum með í meðförum núna, er það langt komið og það skammt lifir nú þingtímans að það er næsta lítil von að frv. mitt, sem áður getur, komist yfirleitt á dagskrá. En það er fyrst og fremst flutt til að sýna fram á að með því að breyta núgildandi útvarpslögum, þ. e. gömlu lögunum frá 1971, er afar einfalt að skapa það aukna frelsi sem menn vilja að ríki í þessum efnum og ná ýmsum þeim markmiðum sem menn vilja keppa að. Þetta er ein af mörgum leiðum sem hefðu verið miklu æskilegri en sú leið sem við erum að fara núna. Það hefur legið fyrir lengi að unnt væri að gera þetta svona, en á því hefur ekki verið neinn áhugi hjá hæstv. menntmrh. eða sjálfstæðismönnum sem ráða ferðinni í þessu efni. Þar hefur einstrengingshátturinn, offorsið og mér liggur við að segja ofstopinn ráðið ríkjum, að keyra þetta frv. óbreytt í gegn eins og það kom frá Nd. við 3. umr. hinn 12. eða 13. maí. Þessi ákvæði til bráðabirgða, sem ég mun á sínum tíma gera grein fyrir, ef þetta kemst á dagskrá hér, á morgun eða svo, eru tiltölulega einföld og í rauninni miklu ákjósanlegri kostur en það sem við erum að gera núna.

En ég skal, herra forseti, ekki ræða frekar um þetta mál nú. Til þess gefst tækifæri síðar og raunar, ef ný útvarpslög yrðu samþykkt hér í dag, þyrfti að breyta frv. mínu þannig að formlega væri það rétt og gert væri þá ráð fyrir því sem þyrfti að breyta.

En það er rétt að víkja að því að hér kom fram við umr. áðan brtt. frá hv. 5. þm. Vesturl., Davíð Aðalsteinssyni. Ég lýsi stuðningi við þá brtt. þar sem segir að útvarpsréttarnefnd sé heimilt að ákveða hlutfall auglýsinga í dagskrá og þar sem segir í öðru lagi að nefndin skuli ganga frá samningum við Póst- og símamálastofnun eða sveitarfélög um boðveitukerfi, sem kunna að verða sett upp, er tryggja að þau séu öllum opin að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ég held að þetta sé mjög til bóta og enn fremur það atriði, sem fjallað er um í síðustu mgr. þessarar till., þ. e. að útvarpsréttarnefnd skuli setja reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræðu og pólitíska kynningarstarfsemi. Ég held að þetta sé mjög gott ákvæði. Þetta er þekkt starfsregla, t. d. í Bandaríkjunum, í útvarpi og sjónvarpi. Það sem á ensku hefur verið kallað reglan um „equal time", jafnan tíma, hefur verið iðkað mjög lengi. Þegar forsetinn er búinn að gefa einhverja yfirlýsingu í sjónvarpi eiga andstæðingar hans á þingi rétt á jafnlöngum tíma til svars. Ég held að betra sé að þetta sé í höndum útvarpsréttarnefndar en menntmrh., eins og gert var ráð fyrir í tillögum Bandalags jafnaðarmanna, vegna þess að ég held að slíkt vald og ákvörðun af þessu tagi eigi að vera hjá nefnd frekar en hjá einum manni hver sem hann er. Mér finnst liggja í hlutarins eðli að það sé skynsamlegra.

Ég greindi frá því í gær, herra forseti, að ég mundi flytja nokkrar brtt. við þetta frv. og mun ég nú senn koma að þeim, en fyrst segja fáein orð almennt um þetta mál. Það er, held ég, alveg ljóst að ef frv. verður samþykkt óbreytt eins og það nú liggur fyrir mun það koma afar fljótt í ljós að þeir sem eiga að vinna eftir þessu frv., þ. e. þeir sem ætla að stofna útvarps- og sjónvarpsstöðvar og reka þær, munu reka sig á þau ákvæði sem ég hef bent á í frv. sem ýmist eru óskiljanleg eða allt að því óframkvæmanleg. Þá mun auðvitað vaxa þrýstingur frá þeim um að þessi ákvæði verði endurskoðuð. Það er satt að segja trúa mín að áður en þessi lög taka gildi, 1. jan. 1986, muni menn verða búnir að komast að raun um að lögin geta ekki staðið eins og þau eru og það verði að endurskoða ýmis ákvæði þeirra. Ég er næstum því sannfærður um að þetta mun koma í ljós.

Ég nefni enn einu sinni merkingarlausa og meiningarlausa ákvæðið í 3. gr. 7. tölul. þar sem segir:

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði."

Þegar menn eiga að fara að skýra þetta ákvæði og vinna eftir því í framkvæmd er ég ansi hræddur um að menn reki í strand og þeir viti ekkert hvar þeir standa af því að ákvæðið er bannsett rugl og á venjulegri íslensku óskiljanlegt og ég er næsta viss um að þetta mál mun aftur koma til kasta Alþingis áður en lögin koma til framkvæmda 1. jan. 1986. Tíminn mun einfaldlega leiða í ljós að það verður að breyta þessum lögum áður en þau koma til framkvæmda. Og hver er skýringin? Hvers vegna? Hér er verið að fjalla um býsna sérhæfð mál. T. d. er greinin sem ég flutti brtt. við í gær, þ. e. um að hver sá sem heimild hefur til rekstrar útvarps skv. lögum þessum skuli varðveita í a. m. k. 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þessi grein, eins og hún stendur hér, sýnir og sannar svo að ekki verður um villst að þeir sem sömdu þetta höfðu enga þekkingu á útvarpsrekstri, á dagskrárgerð. Og hún sannar meira. Þeir höfðu ekki einu sinni vit, ráð og rænu á því að afla sér sérfræðiupplýsinga og aðstoðar þar sem þá brast þekkingu. Það er ástæða til að hugleiða þetta. Ef á að fara eftir þessari grein eins og hún stendur hérna, þá verða útvarpsstöðvarnar, greinin er þannig orðuð að hægt er að skilja hana á ýmsan veg og skilja hana ekki, að taka upp allt dagskrárefni og geyma allt að 18 mánaða dagskrá aftur í tímann. Hvað halda menn að það kosti? Ef á að fara eftir orðanna hljóðan skal varðveita í 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Það þýðir að það verður alltaf að vera einhver starfsmaður til staðar til að setja segulband í gang í hvert skipti sem einhver byrjar að tala í útvarpið. Það má slökkva á því þegar tónlist er í gangi, en það verður alltaf að setja í gang segulbandið þegar einhver byrjar að tala. Brtt. sem við lögðum hér fram fjallar um efnisgeymd í aðeins þrjá mánuði eins og er víðast hvar. Það er ekki mikið mál að geyma á spólum, það er tekið upp á hæggengt band, dagskrárefni í þrjá mánuði. Þrír mánuðir eru raunar hámarkstími. Ef rísa einhver eftirmál út af útsendingu koma þau venjulega í ljós býsna fljótt eftir að útsending hefur átt sér stað. Ég er alveg sannfærður um að þeir sem ætla að standa í þessum rekstri munu reka sig illilega á þessa vitlausu lagagrein sem er alveg óskiljanlegt hvernig menn hafa komið þarna inn. Hvílíkt klúður!

Ég boðaði í gær að ég mundi flytja brtt. eins og ég sagði. Það hefur hins vegar ósköp lítinn tilgang, ég geri mér alveg grein fyrir því. Svo niðurnjörvað er þetta mál og fyrir fram ákveðið að ekki er von til þess að koma neinu vitrænu inn í höfuð þeirra sem ráða ferðinni. En það er kannske ekki úr vegi, herra forseti, að fara stuttlega yfir þær tillögur sem meiri hl. sá sóma sinn í að fella hér í gær og gera sér grein fyrir hverjar þær eru.

Það var í fyrsta lagi till. um að koma greininni um almenna dagskrárgerð — og þó gildir það ekki um einstaka dagskrárliði — yfir á mannamál. Það var fellt að gera hana skiljanlega þannig að yfirleitt væri hægt að botna upp eða niður í henni og væri a. m. k. hægt að fara eftir henni. Lög eru vinnureglur og samskiptareglur í mannlegu samfélagi og til þess að hægt sé að fara eftir þeim verða þau að vera skiljanleg.

Í öðru lagi var felld till. sem hljóðar svo:

„Að því er varðar dagskrárefni á erlendum tungum skulu útvarpsstöðvar fylgja sömu starfsreglum varðandi þýðingar og textun og fylgt er hjá Ríkisútvarpinu."

Þetta er nú reyndar ekki alveg rétt hjá mér. Þetta var till. mín sem ég dró til baka vegna þess að fram kom betur orðuð till. um að texta skuli erlent efni. Ég þekki nokkuð til hvernig sú till. varð til þó ég læsi það svo í Morgunblaðinu daginn eftir og kom mér svolítið á óvart. En till. um að texta og þýða erlent efni í sjónvarpi var felld.

Þá var fellt þetta ákvæði: „Um varðveislu á myndum, plötum og hljómböndum skal haft samráð við þjóðskjalavörð." Það var fellt. Skv. lögunum um Þjóðskjalasafn, sem eru í þann veginn að komast í gegnum Nd., eru ákvæði um að Ríkisútvarpið skuli hafa samráð við þjóðskjalavörð um varðveislu efnis af þessu tagi. Þau ákvæði gilda ekki um aðrar útvarpsstöðvar þannig að þarna eru lagðar meiri skyldur á Ríkisútvarpið en aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar.

Það var fellt að menntmrh. skuli leggja nýtt frv. til útvarpslaga fyrir Alþingi á árinu 1988.

Það var fellt að gildistími þessara laga skyldi vera takmarkaður, bundinn við þrjú ár.

Svo kemur kannske rúsínan í pylsuendanum og það er ákvæðið, sem ég hef áður minnst hér á, um að þessi lög taki gildi 1. jan. 1986, en á árinu 1985 á menntmrh. að gera ráðstafanir skv. lögum sem ekki eru komin í gildi. Nú skal ég segja hv. dm. alveg eins og er að lögfróðir menn um land allt hlæja að okkur alþm. fyrir að samþykkja svona ákvæði. Þeir segja, það hefur þegar verið sagt við mig: Hvað er að ykkur? Hafið þið ekki menn sem geta bent ykkur á meinlokur og vitleysur af þessu tagi? Hefur Alþingi enga aðstoð? Hverjir semja svona lagatexta? Svarið við því er ekkert annað en að það eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. með menntmrh. í broddi fylkingar sem standa að því að samþykkja svona vitlausan texta. Ég segi alveg skýrt og óhikað: Það er Alþingi til ævarandi minnkunar að samþykkja lög með þessum hætti. Þó engu öðru væri breytt í þessu frv. en að laga þessi dæmalausu ákvæði, sem fá ekki staðist, sem þola ekki rökrænan lestur, sem þola ekki skoðun, þó engu öðru væri breytt, þá væri það samt til bóta. Og satt að segja trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því og búið er að samþykkja þetta mál við 3. umr. að virtir lögfræðingar, sem hér eiga sæti, láti þetta mál svona fram ganga. Það er satt best að segja aldeilis með ólíkindum að menn skuli hér láta sig hafa það að samþykkja lög sem þeir vita að eru vitlaus, sem þeir vita að eru meingölluð, sem þeir vita að eru samansett af ákvæðum sem fá ekki staðist. Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti í sögunni sem það gerist hér og mér þykir miður að það skuli gerast í Ed. Það hefur raunar þegar gerst í Nd., en að það skuli líka vera yfirvofandi hér þykir mér sýnu verra.

Ég hef verið að velta því fyrir mér hver væri skýringin á samkomulagi stjórnarflokkanna um þetta einstaklega vitlausa frv. — (**Gripið fram í:** Hvaða samkomulag er það?) Það er samkomulag, hv. þm., sem hefur verið gert — og þeirri þingflokkssamþykkt sem mér sýnist að Sjálfstfl. hafi gert um að fella allar brtt. við frv. Það skyldi nú aldrei vera að einhvers staðar á æðstu stöðum hefði verið minnst á það að lífi þessarar ríkisstj. kynni að verða býsna hætt ef framsóknarmenn brygðu eitthvað út af og voguðu sér að greiða atkv. gegn þessu máli, eins og hugur þeirra margra stendur sjálfsagt til. Ég yrði ekki hissa. En menn eru ekkert að opinbera þannig samkomulag. En menn skilja fyrr en skellur í tönnum hér á hinu háa Alþingi. Skýringuna á þessu er sjálfsagt að finna í Dagblaðinu í gær: „Aðalfundur SÍS á Bifröst á morgun.“ — Þeir eru alltaf málsnjallir menn þarna á DV. Ég hélt það væri málvenja að segja í Bifröst. — „Ræða keðju útvarpsstöðva víða um land — dregur SÍS sig út úr Ísfilm?“ Þetta skýrir nú kannske sitthvað í málinu, fjárhagsáhyggjurnar út af NT og allt það. Með leyfi forseta segir hér:

„Að því er heimildir DV herma eru uppi öflugar hugmyndir innan SÍS um að komið verði á fót keðju útvarpsstöðva víða um land. Eiga nokkur kaupfélög að stofna stöðvarnar hvert á sínu svæði með aðstoð SÍS... Í grófum dráttum hefur verið rætt um Vesturland, Ísafjörð, Akureyri, Egilsstaði, Suðurland, Reykjavík og hugsanlega eina stöð á Sauðárkróki.“

Til viðbótar við útvarpskeðjuna er síðan gert ráð fyrir að samstarf Nútímans við hin ýmsu landshlutablöð, svo sem Dag á Akureyri, verði aukið til mikilla muna. Þeir fylgjast auðvitað vel með þessu, þeir DV-menn. Þeir eru á sömu buxunum nema hvað þeir eru bara að hugsa um Reykjavíkursvæðið. Þeir hafa engan áhuga á landsbyggðinni. Þar er enginn „business“. En þetta skýrir auðvitað málið að miklum hluta. Það er skemmtilegt fyrir þá sjálfstæðismenn að vera nú að greiða fyrir fjölmiðlakeðju Sambandsins svo kært sem þar er á milli öllum stundum. Það hlýtur að vera afskaplega ánægjuleg tilhugsun þegar þeir rétta upp höndina hérna við 3. umr. eða segja þetta já sem við sjálfsagt fáum að heyra hér. (**Gripið fram í:** Segja SÍS.) Ja, þeir hugsa SÍS, það er nokkuð ljóst.

En gildistökuákvæði þessa frv., sem ég minntist á áðan og fá ekki staðist, eru hreint rugl og er að finna annars vegar í 39. gr. eða öllu heldur í ákvæðinu til bráðabirgða. Ég vil leyfa mér hér, herra forseti, að mæla fyrir skrifl. brtt. og ég hef satt að segja ekki nennu til að vera að láta fella fyrir mér allar þær tillögur að nýju í endurskrifuðu formi eins og þær yrðu að vera, þó efnislega væri hægt að bera þær hér aftur upp, vegna þess að ég veit að breytingar munu ná fram að ganga fyrr eða síðar á 34. gr., um geymsluskylduna, og á þessu makalaust vitlausa ákvæði í 7. tölul. 3. gr. Þessu verður breytt, það eru alveg hreinar línur, vegna þess að þetta getur ekki staðið svona. Það er alveg útilokað. Ég bíð þá rólegur. Það kemur að því að þessar tillögur ná fram að ganga. En meðan offorsið og ofstopinn ráða ferðinni eru menn ekki til viðtals um neitt í þessum efnum. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, ég sagði ofstopi. Við höfum fundið þann ofstopavind blása hér í þingsölunum alveg frá því í október þegar þetta mál var lagt fram á þinginu. (Gripið fram í.) Hæstv. menntmrh. lagði það fram um miðjan október og í frv. voru ákvæði um að lögin ættu að taka gildi eftir hálfan mánuð.

Hæstv. menntmrh. er ekki hér viðstödd í dag. Hún er í embættiserindum annars staðar. Ég ætla svo sem ekki að víkja neitt sérstaklega að henni. Skelfing fannst mér þó óviðfelldið að lesa í Morgunblaðinu þau ummæli hennar að Alþfl. væri á móti frelsi í útvarpsmálum af því að þetta væri sósíalistaflokkur sem væri á móti frelsinu. Satt best að segja rak mig eiginlega í rogastans að sjá svona ummæli höfð eftir hæstv. menntmrh. Eftir þær mörgu yfirlýsingar sem við erum búnir að gefa hér um þetta mál og afstöðu okkar til útvarpsrekstrs og þær brtt. sem við höfum flutt við útvarpslagafrv. er það alveg makalaust. Ég ætla ekki að gera þetta frekar að umtalsefni hér vegna þess að hæstv. menntmrh. er ekki hér, en ég mun taka upp þráðinn í þessu máli seinna og minna hana á þessi ummæli sem mér finnast algerlega með ólíkindum og til þess eins fallin að skapa rangar hugmyndir hjá almenningi um afstöðu okkar Alþfl.-manna. Mér þótti fyrir því að hæstv. menntmrh. skyldi láta hafa þetta eftir sér.

Þær skriflegu brtt., herra forseti, sem ég leyfi mér að flytja við þessa umr. málsins eru í þremur liðum og þær eru allar við ákvæði til bráðabirgða og til þess hugsaðar að við getum látið bráðabirgðaákvæðið frá þinginu fara þannig að það standist. Það stenst ekki eins og það er skrifað hér.

Í fyrsta lagi legg ég til nýmæli sem ekki hefur verið komið hér inn á áður. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða hljóðar svo nú:

„Útvarpsréttarnefnd skal kjörin fyrsta sinni við gild-

istöku laga þessara og sitja til ársloka 1989."

Mín till. er að 2. mgr. orðist sem hér segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal útvarpsréttarnefnd kjörin fyrsta sinni fyrir 15. nóv. 1985 og sitja til ársloka 1989."

Það sem vakir fyrir mér með þessu ákvæði er að ef útvarpsréttarnefnd tekur ekki til starfa fyrr en 1. janúar um leið og lögin taka gildi líða auðvitað einhverjar vikur eða jafnvel mánuðir þangað til hún hefur sitt starf og getur farið að leyfa mönnum að starfa skv. lögunum. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að þessi nefnd verði skipuð hálfum öðrum mánuði áður en lögin taka gildi, en til þess þarf sjálfstætt gildistökuákvæði. „Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal útvarpsréttarnefnd kjörin fyrsta sinni fyrir 15. nóv. 1985 og sitja til ársloka 1989." Þetta er 1. brtt.

2. brtt. er við 3. mgr. Hún er sama eðlis.

„Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal stjórn menningarsjóðs útvarpsstöðva skipuð fyrsta sinni fyrir árslok 1985."

Þetta er með öðru orðalagi. Þetta er gert til að taka af tvímæli um að þetta sé hægt að gera þó að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar.

Þá er það till. mín að 5. mgr. orðist svo sem hér segir:

„Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára og skal frv. til nýrra útvarpslaga lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1988."

Þarna tek ég upp ákvæði sem skyldar viðkomandi ráðh. til að leggja frv. til nýrra útvarpslaga fyrir Alþingi eigi síðar en þann dag sem hér er tiltekinn. Eins og þetta endurskoðunarákvæði er í frv. núna er það gersamlega marklaust. Það hvílir engin skylda á ráðh. að láta endurskoða þessi lög. Og ég minni á það, sem ég sagði hér í gær, að í lögunum um Kennaraháskóla Íslands segir að þau lög skuli endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku. Það var 1971. Nú er 1985 og þau lög hafa aldrei verið endurskoðuð, að ég best veit. Þetta stendur a. m. k. í lagasafni, en þau hafa aldrei verið endurskoðuð. Þess vegna er þetta eins og þetta er núna marklaust með öllu.

Ég held að það sé ástæðulaust, herra forseti, að ég hafi um þetta fleiri orð að sinni. Ég hef margrakið og bent á þá galla og annmarka sem eru á þessu frv. eins og það kom frá Nd. Það er okkur til vansa ef við samþykkjum það óbreytt og ég mun að óbreyttu greiða atkv. gegn þessu frv. vegna þess að samviska mín segir mér að ég eigi ekki að rétta upp höndina og segja já við lögum sem ég veit að hafa að geyma svo vitlaus ákvæði að þau fá ekki staðist og sem hafa að geyma ákvæði sem stangast á og eru ekki framkvæmanleg. Ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. nema því aðeins, og þá mundi ég skoða hug minn, ef það kæmi fram yfirlýsing t. d. frá forsrh. um að hann væri reiðubúinn að beita sér fyrir því að fyrir áramót yrðu sett lög þar sem væru ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga í samvinnu við Póst og síma um tæknilegan búnað og annað og að menn reyndu með einhverjum hætti að skapa aukna samstöðu um útvarpsmál áður en þessi lög taka gildi. Ég er raunar sannfærður um að það verður að breyta þeim áður en þau koma í gildi. Ef slík yfirlýsing, ótvíræð og skýr, lægi fyrir héðan úr þessum ræðustól mundi ég skoða hug minn um hvort ég sæti hjá við þessa afgreiðslu. En ég sé engar horfur á því að nein yfirlýsing af slíku tagi fáist vegna þess að það virðist sem mönnum sé sama um þetta, þeir gera sér ekki grein fyrir því hvernig er verið að leika virðingu Alþingis með því að samþykkja lög með þessum hætti. Það skulu verða mín lokaorð við þessa umr. að fari þetta frv. óbreytt í gegn er það okkur, og einkum þeim sem ljá því jáyrði sitt í þessari mynd, til ævarandi minnkunar, því miður. Þá er ég ekki að tala um það aukna frelsi sem lögin veita, en það er óhappaverk að samþykkja lög sem þola ekki að horft sé á þau með augum heilbrigðrar skynsemi og þá á ég við þessi ákvæði. Það fer kannske ekkert illa á því að þau lög séu afgreidd héðan á 13. degi mánaðarins.

Frsm. 3. minni hl. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef nú þegar gert grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég tel að æskilegt væri að ganga frá því atriði sem ég tel vera lykilatriði í sambandi við þetta þegar auglýsingum sleppir, en það er í sambandi við boðveitukerfin. Með samþykkt á brtt. frá hv. 5. þm. Vesturl. væri það komið í lög að útvarpsréttarnefnd skuli ganga frá samningum við Póst- og símamálastofnun eða sveitarfélög um boðveitukerfi, sem kunna að verða sett upp, en slík kerfi eru einmitt trygging fyrir því að fleiri aðilar en ella geti notað það tjáningarfrelsi sem felst í því að rýmka rétt til útvarpsstarfsemi. Ég tel nefnilega að aukið tjáningarfrelsi sé ekki bara það að veita fjármagninu frelsi, heldur að gera sem flestum kleift að taka þátt í útvarpsrekstri, og ég tel það einmitt eitt af því mikilvægasta sem Ríkisútvarpið hefur gert á 55 ára ferli sínum að það hefur verið raunverulegt þjóðarútvarp, raunverulegur vettvangur fyrir skoðanir karla og kvenna til sjávar og sveita, ungra og aldinna. Ég sé hins vegar fram á að ef fjármagnið á að ráða er það ekki fólkið í landinu fyrst og fremst sem verður kallað til að flytja skoðanir sínar eða sitt efni. Það eru allt önnur sjónarmið og allt aðrir hagsmunir sem þar eru í veði.

Till. mín um auglýsingar var felld hér í hv. deild og við því er ekkert að segja. Með því að fela útvarpsréttarnefnd að ákveða hlutfall auglýsinga í dagskrá er þó hægt að koma til móts við það sjónarmið að reynt skuli að hamla gegn því að tekjur útvarpsins verði verulega skertar vegna auglýsingasamkeppni.

Þriðja atriðið í brtt. á þskj. 1268 er að reglur skuli settar um jafnan tíma er gildi við stjórnmálaumræðu og pólitíska kynningarstarfsemi. Ég held að þetta ákvæði sé einnig til bóta og það komi í veg fyrir hugsanlega misnotkun á þessum miðlum.

Enda þótt ég sé langt frá því að vera ánægður með frv. og telji reyndar næsta furðulegt að ekki skyldi vera hægt að ná samkomulagi um viss atriði sem virtust liggja í augum uppi tel ég að með þessum ákvæðum sé komið til móts við þau sjónarmið að reynt skuli að hamla gegn því að tekjur Ríkisútvarpsins verði skertar og eins að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þessara tækja. Það er kannske íhugunarefni að frv. fór í gegnum Nd. með stuðningi stjórnarandstöðunnar. Það lýsir því e. t. v. betur en annað að hér er ekki um samstöðufrv. að ræða. Hér er miklu fremur um að ræða frv. sem hefur fengið á sig annan svip en ætlað var í upphafi. Að þessum skilyrðum uppfylltum hlýt ég þó að telja að nokkuð hafi áunnist. Ég er hins vegar sammála hv. 5. landsk. þm. um að þetta frv. verði endurskoðað mjög fljótt. Ég held að það hljóti að vera keppikefli að vinna að því í ljósi reynslunnar að sníða af því hugsanlega vankanta, en fyrst og fremst þó að útbúa innan þriggja ára nýtt frv. þar sem tekið verði tillit til bæði reynslu og

þess hvernig þetta frv. verkar.

Að svo mæltu vil ég ítreka að það kom skýrt og greinilega fram hjá hæstv. menntmrh. að ætlunin er að setja inn í reglugerð ákvæði um að því erlendu sjónvarpsefni sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum skuli fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti og eins að sé um beina útsendingu á erlendri tungu að ræða skuli það vera meginregla að þulur kynni eða endursegi það sem um er fjallað. Ég hefði kosið að þetta væri í frv., en hinar skýlausu yfirlýsingar hæstv. menntmrh. verða þá að koma í staðinn fyrir lagatexta og ég treysti því að þetta komi inn í reglugerð væntanlegrar útvarpsréttarnefndar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt allítarlega í hv. Ed. og væri eflaust ástæða til að ræða það enn ítarlegar. Nógur er tíminn hjá okkur í Ed. til umfjöllunar um þessi mál á meðan stjórnarliðið sér svo um að mál komist ekkert áfram í Nd. á þann veg að vilja ekki gera samkomulag við stjórnarandstöðuna um hvernig verkstjórn og vinnutilhögun skuli vera á Alþingi þessa vonandi síðustu daga sem það situr. En þar er nóg að gera og í mörgu að snúast til þess að hægt sé að halda friðinn á stjórnarheimilinu sem öllu máli skiptir því að þar ganga hótanir greinilega á víxl um það hvaða mál eigi að ná fram að ganga og hver ekki.

Við fengum af því fréttir í hádeginu að hæstv. ríkisstj. hefði samþykkt það, hvort sem það er rétt eða ekki, að þing skyldi standa svo lengi sem ríkisstj. þóknaðist gagnvart öllum þeim málum sem ríkisstj. vildi að hér næðu fram að ganga. Ég hef heyrt að hér sé eitthvað málum blandið og vona að ekki sé rétt að hæstv. ríkisstj. hafi viljað með þeim hætti gefa Alþingi og forsetum þess, verkstjórum Alþingis, svo ótvíræða forsögn sem Ríkisútvarpið greindi okkur þó frá tvívegis í hádeginu að hún hefði gert. Ég sé að hæstv. iðnrh. hlustar grannt eftir þessu, en hann er fyrrv. verkstjóri hér á Alþingi og ég þykist vita að honum hefði þótt heldur kalt að fá slíkar kveðjur frá þáv. ríkisstj. um það hvernig hann skyldi haga málatilbúnaði í lokin varðandi verkstjórn þingsins.

Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur gert grein fyrir okkar meginsjónarmiðum í sambandi við þetta frv. og er fáu þar við að bæta. Hins vegar hafa þessar umr. leitt ýmislegt skemmtilegt í ljós og m. a. það, að hversu vitlaus ákvæði sem hér eru inni nú, hversu sem þau standast illa lög, þá skulu þau inni vegna þess að engu skal breyta, engu má breyta. Satt að segja undrast ég það, miðað við þann tíma sem við höfum nú enn þá eftir skv. yfirlýsingum hæstv. ríkisstj., hvers vegna í ósköpunum má ekki laga jafneinföld atriði og færa þau til réttts vegar sem hv. 5. landsk. þm. hefur hér bent á vegna þess að þá færi málið til Nd. Nd. hlýtur að taka fagnandi slíkri leiðréttingu og afgreiða málið frá sér að sjálfsögðu í þeim búningi sem þar væri á kominn og er miklu skaplegri.

Menn hafa réttilega sagt að hér væri óskapnaður á ferð. Auðvitað hlýtur svo að vera þegar hugsjónin á bak við allt þetta er í raun og veru sú að þjóna ákveðnum hagsmunaaðilum sem hv. 9. þm. Reykv. kom reyndar ræðilega inn á áðan og var varla hægt að fá dapurlegri lýsingu á tilefni þess hvers vegna þetta mál væri þannig inn komið en hann flutti hér áðan. Það á sem sagt að þjóna ákveðnum hagsmunaaðilum sem hyggjast græða á þessu. Það á að taka fjármagnið, eins og hv. 9. þm. Reykv. benti réttilega á, í þjónustu sína og með þeim hætti að bæta enn við möguleikum þess til skoðanamyndunar hér í landinu í skjóli þess fjármagns sem frjálshyggjuöflin í þjóðfélaginu ætla enn frekar að taka í sína þjónustu. Frv. er vitanlega ekki í þágu almenns tjáningarfrelsis og ég held að það sé enn síður í þágu einhverrar óskilgreindrar „menningar", sem ég vil hafa innan gæsalappa í þessu efni, því að til þess eru nefnilega næg tækifæri með eflingu okkar um margt ágæta Ríkisútvarps og með aukinni fjölbreytni þar. Málamiðlun er þetta ekki heldur, það hefur verið upplýst hér í hv. Ed. rækilega og atkvgr. um málið sannar það svo að ekki verður um villst, því að hér er allt svo galopnað eftir að auglýsingafrelsinu hefur verið gefinn svo laus taumurinn, sem hér hefur verið bent á m. a. af hv. 9. þm. Reykv.

Ég ætla ekki að fara út í hlálega sögu þessa máls sem hefur verið rakin hér áður. En ég man ekki eftir því frá minni þingsögu að ráðh. hafi lagt fram frv. með gildistökuákvæði eftir hálfan mánuð í upphafi. Ef menn kalla það ekki offors og ákafa þá veit ég ekki hverjum nöfnum á að nefna slíkt. Ekki ætla ég að gera hæstv. menntmrh. upp þá hugsjón að það eitt hafi legið að baki að lögleiða sjóræningjastöðvarnar svokölluðu sem allra fyrst þannig að þær gætu tekið gildi um mánaðamót október og nóvember. Ég ætla a. m. k. að vona að svo sé ekki. Hæstv. ráðh. er ekki hér til að svara fyrir það, en óneitanlega dettur manni helst í hug að til þess hafi leikurinn verið gerður.

Sagan af þessu máli í Nd.-nefndinni er líka, eins og hér var nefnt í gær, ærið tilefni áramótaskaups. Þegar kallað var á hv. formann menntmn. þar, Halldór Blöndal, í sjónvarp og útvarp í tíma og ótíma var hann alltaf rétt að ganga frá nál., það var alveg að fæðast hjá honum. Síðan liðu vikurnar, síðan liðu mánuðirnir. Þetta er, miðað við það sem hann gaf til kynna, vægast sagt langur og þrautafullur meðgöngutími hjá hv. nefnd í Nd. Ég nefni sem dæmi um þessa hrákasmíð, sem hér er á, og ítreka það sem hv. 5. landsk. þm. benti á varðandi t. d. stjórn menningarsjóðs útvarpsstöðva sem skal skipuð í fyrsta sinni fyrir árslok 1985 skv. lögum sem eiga að taka gildi 1. janúar 1986. Ég held að slíkt sé algerlega, sem betur fer, óþekkt í löggjöf og mig undrar ef jafnágætir lögfræðingar og hér eru inni, þeir eru nokkrir, ætla að kyngja þessu og taka sem eðlilega og sjálfsagða lagasmíð.

Hér hefur verið gerð till. af hálfu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar sem er til bóta og verður vonandi samþykkt hér, en fari svo að mót von manns verði hún ekki samþykkt hlýtur meginspurningin hér á eftir og það sem menn í raun bíða eftir að fá svar við að vera endanleg afstaða Framsfl. til frv. Mér heyrðist reyndar á hv. 9. þm. Reykv. að hann væri þegar búinn að taka ákvörðun og hans flokkssystkin hér inni um það að þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir hitt, sem hann lýsti nú ekki fagurlega reyndar, ætluðu framsóknarmenn samt að styðja frv. endanlega. Meira að segja eftir að sú ágæta brtt. sem hann flutti hér í gær, hv. 9. þm. Reykv., ágæta og sjálfsagða brtt., hefði verið felld. Hún var felld hér í gær. En eftir því er vitanlega beðið hver verður afstaða Framsfl. nú að felldri till. hv. þm. Haralds Ólafssonar og máske einnig að felldri till. hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar.

Ég skal svo ítreka mína meginskoðun. Efling Ríkisútvarpsins, aukið fjármagn til þess, auknir möguleikar þess til að sinna sinni starfsemi, efling fjölbreytninnar þar sem allra mestrar og þó alveg sérstaklega á því sviði sem tekur til mennta, menningar og beinnar fræðslustarfsemi, er okkur nærtækast verkefna í stað þess að vera að samþykkja þennan óskapnað sem hefur í raun réttri þann eina megintilgang að opna þetta fyrir fjármagnsöflunum í landinu, þjóna undir þau frjálshyggjuöfl sem finnst þau ekki hafa nógu greiðan aðgang í Morgunblaðinu og DV og þurfa viðbótartæki til að innleiða sínar kenningar og fá nú til þess stuðning hér á Alþingi úr ótrúlegustu áttum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1268 og 1275, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 1268,1 felld með 9:9 atkv.

Brtt. 1268,2 felld með 9:9 atkv.

Brtt. 1268,3 felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DA, EG, HÓ, HS, JHelg, GT, KSG, RA, SDK.

nei: VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, EgJ, EKJ, KolJ, StB.

2 þm. (SkA, SalÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Þm. Bandalags jafnaðarmanna lögðu fram brtt. þar sem menntmrh. var gert skylt að setja reglur sem gilda skulu um stjórnmálaviðræður. Sú brtt. var felld í gær. Jafnframt hafa Bandalagsþm. lagt fram brtt. þar sem útvarpsréttarnefnd yrði felld út úr frv. og sú nefnd yrði ekki skipuð. Þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til að auka valdsvið þessarar pólitískt kjörnu nefndar og segi því nei.

Brtt. 1275,a felld með 7:6 atkv.

Brtt. 1275,b felld með 7:5 atkv.

Brtt. 1275,c felld með 7:5 atkv.

Frv. samþ. með 13:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, GT, KolJ, VI, ÞK, GHG, ÁJ, BD, StB.

nei: EG, HS, KSG, RA, SDK.

2 þm. (SkA, SalÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hugsa að vinnubrögðin í kringum allt þetta mál verði lengi í minnum höfð. Í fyrsta lagi tel ég að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í nefnd í Nd. muni verða í minnum höfð um það hvernig eigi ekki að starfa að málum eða hvernig eigi að starfa að málum til að skapa sem mestan glundroða í kringum þau. Nú er nærfellt víst að þetta mál verður afgreitt frá Alþingi, það horfir a. m. k. í það, með minni hl. atkv. þannig að þessi útvarpðslög, sem á að fara að samþykkja, njóti ekki stuðnings meiri hl. þingsins. Mér sýnist allt stefna í það. Það er afar óheppilegt og það er afar slæmt. Ég er fylgjandi því frelsi sem þessi lög gera ráð fyrir að verði aukið frá því sem var þegar ríkisútvarp og sjónvarp hafði eitt rétt til að útvarpa og sjónvarpa. Ég er fylgjandi því að þannig skuli að því staðið. En þessi lög, sem nú er verið að samþykkja, eru þannig úr garði gerð, ég hef áður bent á það hér, að mörg ákvæði þeirra eða sum fá ekki staðist. Gildistökuákvæðin eru út í hött og rugl. Þess vegna er ekki hægt að segja já. Samviska manns segir að ef Alþingi lætur lög þessi fara frá sér með þeim hætti sem nú gerist sé það því til ævarandi háðungar. Þess vegna, herra forseti, ekki vegna þess að ég sé á móti því frelsi, síður en svo, sem lögin gera ráð fyrir, heldur vegna þess hvernig þessi lög eru tæknilega úr garði gerð, þá segi ég nei.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Í trausti þess að ríkisstj. muni á næsta þingi leggja fram frv. til breytinga á fjarskiptalögum, sem kveði á um að boðveitur fyrir útsendingu útvarpsefnis verði í eigu Póst- og símamálastofnunar og/eða sveitarstjórna og að í reglugerð komi ákvæði um textun á erlendu efni í sjónvarpsstöðvum og að tryggilega verði frá því gengið að endurskoðun laganna verði innan þriggja ára, segi ég já.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Alþb. er því hlynnt að útvarpslöggjöf sé breytt og að aukið sé frelsi aðila til að koma upp sjálfstæðum útvarpsrekstri. En saga þessa máls er aldeilis makalaus og þá sérstaklega sá þáttur hennar hvernig Sjálfstfl. hefur tekist að skáskjóta stórgölluðu frv. í gegnum þingið, ýmist með stuðningi Alþfl., Framsfl. og BJ. Ég tel að það sé hið mesta óbermi, sem út úr þessu öllu hefur komið, og segi hiklaust nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1278).

Neðri deild, 94. fundur.

Fimmtudaginn 13. júní, að loknum fundi í Sþ.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1182, n. 1235, 1236). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1235 frá fjh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem till. er flutt um á sérstöku þskj. Undir þetta nál. skrifa allir nm. nema Halldór Blöndal sem var fjarstaddur.

Brtt. sem við flytjum varðar 7. gr. frv., en eins og hún er á þskj. 1182 er í henni þversögn. Við lagfærum sem sagt greinina þannig að hún stenst eins og til var ætlast við samningu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 1236 (ný 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 523. mál (þskj. 1131, n. 1237, 1238). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 1237. Þar segir að nefndin hafi fjallað um frv. og leggi til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. og hljóðar þannig með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:

Meðan ákvæði laga um eignarskattsauka eru í gildi skal með hann fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts skattafsláttar, sbr. 1. og 3. málslið 2. efnismgr. 3. gr. þessara laga (68. gr. laga nr. 75/1981).“

Hér er um það að ræða að ákvæði skattalaga um eignarskatt nái jafnframt til eignarskattsaukans en það hefur þá þýðingu að hægt er að nýta skattafsláttinn með sama hætti og gerist um eignarskattsálagningu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1238 samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 95. fundur.

Fimmtudaginn 13. júní, að loknum 94. fundi.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1276). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 523. mál (þskj. 1277). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Getraunir Öryrkjabandalags Íslands, 503. mál (þskj. 937, n. 1176 og 1213, 1177). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. allshn. Nd. á þskj. 1176 um frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands. Nefndin ræddi frv. á fimm fundum en hér er um stjfrv. að ræða. Til viðræðna við allshn. um efni frv. komu fulltrúar Öryrkjabandalagsins, Íþróttabandalags Íslands og Getrauna íþróttahreyfingarinnar og auk þess fulltrúar Háskóla Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún ber fram á sérstöku þskj.

Tveir nm., Friðjón Þórðarson og Ólafur Þ. Þórðarson, áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja þeim brtt. sem fram kunna að koma. Undir þetta nál. skrifa Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Guðmundur Einarsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Brtt. þær sem meiri hl. allshn. leggur til við frv. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands eru ekki stórvægilegar. Hér er um tvær breytingar að ræða sem dreift hefur verið á þskj. 1177. Í fyrsta lagi við 5. gr., þar sem segir að ágóða af getraunastarfseminni sem frv. gerir ráð fyrir skuli varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands, er lagt til að við bætist: á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu. Nm. þótti ástæða til að það yrði tekið sérstaklega fram í frv. að ekki yrði aðeins haldið áfram framkvæmdum við húsnæði og íbúðir Öryrkjabandalagsins hér í Reykjavík og í Kópavogi, á Reykjavíkursvæðinu, heldur einnig, og sú mun vera stefna Öryrkjabandalagsins, að hafa einnig slíkar framkvæmdir með höndum er fram líða stundir úti á landi.

Í öðru lagi, og það er aðeins til samræmis, er lagt til að 6. gr. orðist svo: „Dómsmrh. setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna og efni 5. gr.“ — Þar er fjallað um byggingar á Reykjavíkursvæðinu og einnig úti á landi. — „að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.“

Þetta, herra forseti, eru þær smávægilegu breytingar sem meiri hl. allshn. leggur til að gerðar verði á frv. og að því búnu að það verði samþykkt hér í Nd. og sent Ed. til fyrirgreiðslu. Í aths. þessa lagafrv. kemur fram hvers vegna þetta frv. hefur verið lagt fram af ríkisstj. og er komið hér inn í þingsali. Öryrkjabandalagið fer fram á að fá leyfi til þessa happdrættis sem fram fari eftir sérstökum reglum. Hér er um að ræða það happdrætti, það peningahappdrætti, sem erlendis gengur undir nafninu „lottó“ og menn þekkja ýmsir frá erlendum þjóðum, en hefur ekki tíðkast hér á landi til þessa. Slík happdrætti eru óheimil án lagaheimildar, peningahappdrætti eins og þetta, og því þarf dómsmrh. á grundvelli laga að veita Öryrkjabandalaginu leyfi til að reka slíka starfsemi til að afla fjár til að greiða stofnkostnað við íbúðir fyrir öryrkja.

Hér liggur því ljóst fyrir, og það er sérstaklega fram tekið í 5. gr., að tilgangur frv. er að afla á þann máta fjár til þess að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalagsins. Hér væri t. d. ekki heimilt að verja ágóðanum af slíku happdrætti til reksturs Öryrkjabandalagsins eða íbúða þess. Það er greinilega takmarkað hvernig á að nota þann hagnað sem af þessu happdrætti kynni að verða. Það á að verja honum til að halda áfram að byggja íbúðir fyrir öryrkja þessa lands.

Hér erum við komnir að kjarna málsins, hvers vegna

þetta frv. er fram komið. Það er einfaldlega til þess að unnt verði að halda áfram því mikla og merka starfi sem Öryrkjabandalagið hóf fyrir alllöngu — að koma upp íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Og af hverju ber brýna nauðsyn til þess? Einfaldlega vegna þess að öryrkjar eru þannig í stakk búnir að mjög margir þeirra eru á engan hátt fullgildir á vinnumarkaðnum og hafa þess vegna ekki átt þess kost á nokkurn hátt að koma yfir sig eigin húsnæði.

Þá geta menn spurt: Því í ósköpunum þarf að vera að byggja íbúðir fyrir öryrkja þessa lands? Af hverju fara þeir ekki og leigja sér íbúð? Það þarf varla að skýra það fyrir hv. þm. hvers vegna fæstir þeirra hafa efni á því. Menn vita hver leiga fyrir íbúðarhúsnæði er, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þannig að hún er öryrkjum yfirleitt gjörsamlega ofvaxin. Og þar við bætist að öryrkjar eru tekjulægsta stéttin og er nú oft talað um marga tekjulága. En það fer ekki milli mála að tekjulægsta stéttin eru öryrkjar. Þeir geta ekki keppt á hinum almenna leigumarkaði um íbúðarhúsnæði vegna þess að þeir hafa einfaldlega ekki efni á því. Hér hefur þess vegna Oryrkjabandalagið sett það á sína stefnuskrá sem algjört forgangsverkefni ásamt hinum vernduðu vinnustöðum að koma upp íbúðarhúsnæði þar sem öryrkjar geta fengið skjólshús fyrir tiltölulega mjög væga leigu. Það er einmitt í þessu efni sem þörfin hefur verið brýnust og það hefur stjórn Öryrkjabandalagsins fyrir löngu séð.

Það var ákveðið fyrir meira en 15 árum að hefjast handa um byggingar hér í Reykjavík á lóð sem Öryrkjabandalaginu hafði verið úthlutað við Hátún nr. 10. Þær framkvæmdir þekkja þm. ugglaust. Þeir vita hvaða starfsemi þar fer fram. Þar hefur Öryrkjabandalagið nú byggt 250 leiguíbúðir sem allar eru fullsetnar og miklu meira en það. Biðlistinn til þess að komast að í þessum íbúðum er hvorki meira né minna en 300—400 manns eða næstum því jafnlangur og allir íbúarnir. En við það má bæta að fyrir löngu er hætt að taka við umsóknum á þessa lista. Það er búið að loka þeim vegna þess að ásóknin var svo gífurlega mikil. Þessi staðreynd sýnir þá miklu nauðsyn sem hér er um að ræða, en auk þessa hefur Öryrkjabandalagið byggt í Kópavogi.

Það má spyrja: Hvað kemur til að fram er komið frv. um að leyfa Öryrkjabandalaginu að fá leyfi til happdrættis með nýstárlegum hætti? Ég held að ég hafi lýst því hér með nokkrum orðum. En þá geta menn spurt: Hvað er þetta Öryrkjabandalag? Er ástæða til þess að vera að veita því sérstakt happdrættisleyfi? Og þá skulum við rétt líta á af hvaða aðilum Öryrkjabandalagið samanstendur, eins og það mætti orða. Þrettán öryrkjafélög og styrktarfélög öryrkja eru meðlimir í Öryrkjabandalagi Íslands. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hvaða félög það eru.

Öryrkjabandalag Íslands var stofnað í ágúst 1961 og félögin eru þessi: Það er Blindrafélagið, Blindravinafélagið, Félag heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Geðhjálp, Geðverndarfélag Íslands, Gigtarfélag Íslands, Heyrnarhjálp, SÍBS, Sjálfsbjörg, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna og MS-félagið.

Markmið bandalagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum öryrkja, svo sem húsnæðismálum, atvinnumálum og almennum félagsmálum, en enn fremur að koma fram fyrir hönd öryrkjahópanna gagnvart stjórnvöldum. Og það er einmitt það sem hér er í raun að gerast þar sem Öryrkjabandalagið fer fram á þetta leyfi til happdrættis.

Öryrkjabandalagið er bandalag þar sem þorrinn af öryrkjum á Íslandi hefur raðað sér saman í eina þétta sveit. Skömmu áður en bandalagið var stofnað hafði verið gerð könnun á húsnæðisaðstöðu öryrkja á Reykjavíkursvæðinu. Sú könnun leiddi í ljós að öryrkjar bjuggu gjarnan í lélegasta húsnæðinu, svo sem í kjöllurum, bröggum og rakaíbúðum, sem þeir er meiri fjárráð höfðu vildu ekki búa í. Það var með þetta í huga og á þessum bakgrunni sem stjórn Öryrkjabandalagsins hóf hinar miklu byggingarframkvæmdir í Hátúni 10 sem ég lýsti áðan þar sem 250 leiguíbúðir hafa verið byggðar.

Ég nefndi hina miklu biðlista sem löngu hefur verið lokað þar sem hundruð manna hafa látið skrá sig fyrir margt löngu. Þetta er ástæðan til þess að Öryrkjabandalagið telur að það sé sérlega brýnt verkefni að halda áfram þessum framkvæmdum, þessari starfsemi sem er í Hátúni 10. Vitanlega á þó ekki að miða að því að öryrkjar þessa lands þurfi að koma hingað suður til Reykjavíkur eða á höfuðborgarsvæðið til að njóta þessarar þjónustu. Reynslan sýnir að aðeins 8—10 íbúðir losna árlega, en Öryrkjabandalagið stefnir að því að útvega 40—50 íbúðir á ári um land allt. Sú fjárþörf, sem reikna má með að fylgi slíkri áætlun, er talið að samsvari 40—45 millj. kr. á ári. Þetta fé hefur Öryrkjabandalagið ekki handbært. Öryrkjabandalagið hefur í rauninni ekki neina banka eða nein hús í að venda til þess að afla þessa fjár. Þess vegna er óskin um nýtt peningahappdrætti fram komin.

Á þessu ári hefur Öryrkjabandalagið úr að spila 7 millj. kr. úr sjóði fatlaðra, það er allt og sumt, og menn sjá í hendi sér að það er ekki fjármagn sem stendur undir stofnkostnaði af nýjum framkvæmdum. Og vitanlega fer fram margvísleg önnur starfsemi á vegum Öryrkjabandalagsins en ég hef nefnt hér, svo sem hinir vernduðu vinnustaðir. Þetta framlag — og það ber ekki að lasta heldur að þakka — var veitt til að ljúka ákveðinni framkvæmd en tekið fram um leið að allt væri óvíst um áframhaldandi fjármögnun. Hér er því um það að ræða fyrir Öryrkjabandalagið að koma sér upp föstum tekjustofni til þessara framkvæmda.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að í rauninni er mál þetta tvíþætt. Það varðar ekki einungis öryrkja þessa lands, heldur einnig annan hóp manna sem síst hefur setið við nægtaborð í þesssu þjóðfélagi og er raunar á þeim vettvangi um að ræða félagslega einn mesta vandann sem nú er uppi með þjóðinni. Þar á ég við málefni aldraðra. Í sjálfu sér mundi fjármögnun sem þessi á grundvelli nýs peningahappdrættis ekki aðeins leysa úr bráðum vanda öryrkja, heldur einnig gera mikið í því efni að létta öldruðum róðurinn. Staðreyndin er nefnilega sú, ef við lítum á íbúðirnar 250 við Hátún, að þar eru 3/5 íbúanna aldraðir öryrkjar. Og það eru líkur til að áfram verði stór hluti íbúanna aldraðir þar sem allir fá að búa í sínum íbúðum eins lengi og kostur er. Því er meira en helmingur íbúanna í Hátúni aldrað fólk sem ekki hefur átt kost á öðrum íbúðum. Við vitum hvert vandamál það er, byggingar fyrir aldraða. Við vitum að fjármögnun Framkvæmdasjóðs aldraðra er takmörkuð, en hér er um leið og stutt er við bakið á öryrkjum verið að koma til móts við aldraða og verið að leysa úr þeirra vanda á þennan hátt. Að vísu

leysir það engan heildarvanda. Hér er um takmarkaða lausn að ræða, en vissa lausn engu að síður. Þess vegna er sjálfsagt að undirstrika þetta atriði þegar við erum að ræða hér á Alþingi um frv. sem heimilar getraunir, happdrætti Öryrkjabandalags Íslands.

Ég hygg að ég hafi hér í stuttu máli gert grein fyrir nauðsyn þess að Öryrkjabandalagið, sem samanstendur af þeim 13 öryrkjafélögum sem ég nefndi, fái fastan tekjustofn sem það geti nýtt sér, ekki með framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum, heldur að það fái heimild til þess að reka sitt eigið fjáröflunarfyrirtæki. Það mun vitanlega kosta mikla vinnu og mikla fyrirhöfn fyrir Öryrkjabandalagið að koma á laggirnar slíku happdrætti, standa að því og reka það. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt. En á móti kemur að þarna er von um ágóða til þess að bera uppi og fjármagna þá brýnu starfsemi sem ég gat um áðan.

Hér er farið inn á nýja braut í happdrættum á Íslandi. Lottó, eins og það er nefnt á erlendum málum, hefur ekki tíðkast hér á landi til þessa. Ég sagði: hefur ekki tíðkast hér á landi til þessa. Það er reyndar kannske ofmælt. Ég er hér með í höndunum kynningarbækling. Baksíða þess kynningarbæklings ber mynd af getraunaseðli eða happdrættisseðli, svokölluðum lottóseðli, sem þeir sem hafa dvalist á Norðurlöndum, í Þýskalandi og víðar eru vel kunnir. Það er einmitt þannig happdrætti sem Öryrkjabandalagið fer fram á að fá að stofna. Boðsbréf þetta ber fyrirsögnina „Engar fjárhagsáhyggjur framar.“ Er það mögulegt? er spurt. Og svarið er: „Já, við höfum svarið!“

Hér er um að ræða bréf sem barst frá Svíþjóð á íslensku, boðs- og kynningarbréf frá sænsku happdrætti sem er að bjóða Íslendingum að kaupa sænska lottóseðla. Það kemur fram í bréfinu að þeir hafa haft samband við marga Íslendinga, sent mörgum þetta boðsbréf og árangur hafi verið góður. Þeir segja:

„En loksins fengum við í lið við okkur íslenska stúdenta, sem eru við nám í Svíþjóð, til þess að hjálpa okkur við þetta. Þegar því verki var lokið völdum við úr 500 Íslendinga sem við tókum af handahófi úr símaskránni og buðum þessum Íslendingum þjónustu okkar á sérstaklega góðu verði til þess að sjá viðbrögðin. En sá árangur sem kom út úr því var svo langt fyrir ofan það sem við áttum von á að við vorum orðlausir.“

Af hverju er ég að vekja athygli á þessu sænska fyrirtæki? Ekki höfum við þm. neinna hagsmuna að gæta í þessu sambandi og síst skyldum við vera að auglýsa hér söluvöru erlendra fyrirtækja þegar til stendur að íslensk fyrirtæki fari að hasla sér völl á þessum sama vettvangi. Nei, það er ekki þess vegna, heldur vegna hins að ég er hér að vekja athygli á þessari starfsemi sænska happdrættisfyrirtækisins hér á landi sem dómsmrn. telur löglega. Með því er ég að benda á að þó slíkt peningahappdrætti hafi ekki farið af stað af hálfu íslenskra félagasamtaka er það þó hér með okkur í þjóðfélaginu í dag. Og það er ekki aðeins þetta sænska fyrirtæki sem hér selur mikið af miðum sínum, heldur einnig vesturþýskt peningahappdrætti, sem er með áþekk happdrættisboð, sem allmikið er einnig keypt hér og einnig er talið löglegt. Þess vegna er það svo að þó að íslensk fyrirtæki hafi ekki byrjað starfsemi á þessum vettvangi hafa útlendingarnir að vissu leyti fleytt hér rjómann til þessa. Ég held að það sé mál að slíkt gerist ekki lengur, heldur hefjist þessi starfsemi og verði þá í höndum íslenskra aðila.

Nú má vera að alþm. sé kunnugt um að íþróttahreyfingin hefur lengi haft lögformlega heimild til að byrja þessa tegund peningahappdrættis eða allt frá árinu 1972 þegar Alþingi setti sérstök lög sem veittu íþróttahreyfingunni einkaleyfi á því að stofna peningaspil, peningahappdrætti með þessum hætti. Af ýmsum ástæðum hefur íþróttahreyfingin í landinu ekki séð sér hag í því að nota þetta leyfi, að hefja þessa happdrættisstarfsemi til þessa. Það mun vera vegna þess — og ég byggi hér á upplýsingum sem fram komu á fundum allshn. — að íþróttahreyfingin hefur staðið að knattspyrnugetraununum og haft af þeim allverulegar tekjur. Hún hefur e. t. v. talið að nýtt peningahappdrætti yrði aðeins samkeppni við getraunirnar. Óhagstætt væri þess vegna að leggja út á þá braut, a. m. k. á undanförnum 12 árum eða 13 sem hreyfingin hefur haft leyfið. En nú munu vera uppi áform hjá íþróttahreyfingunni að nýta sér þessa heimild frá 1972 og hefja slíkt peningahappdrætti, sem leyfi er fyrir, nú í haust eða á næsta vetri.

Það er eðlilegt að menn athugi þessi atriði, þ. e. leyfi íþróttahreyfingarinnar, Íþróttasambands Íslands, þegar á borð þm. kemur frv. um heimild til happdrættis eða getrauna fyrir Öryrkjabandalag Íslands. Og þá hljóta þm. að spyrja þessarar spurningar: Þó svo að íþróttahreyfingin hafi ekki í 13 ár notfært sér sína lagaheimild, er þá ástæða til þess að vera að leyfa öðrum að koma inn á þennan sama keppnisvöll, sérstaklega þegar upplýst er að íþróttahreyfingin ætlar að fara að hugsa sér til hreyfings á þessu sviði?

Það er eðlilegt að svo sé spurt vegna þess að íþróttahreyfingin vinnur þjóðnýtt starf. Spurningin er einfaldlega þessi: Er hætta á því að um mikinn tekjumissi verði að ræða fyrir íþróttahreyfinguna ef Öryrkjabandalagi Íslands verður einnig heimilað að fara út í áþekkt peningahappdrætti?

Svar meiri hl. allshn. er ljóst og skýrt í þeim efnum. Nefndin telur að á slíku sé ekki hætta. Nefndin telur að það sé rúm fyrir tvö peningahappdrætti af þessari tegund hér á landi. Markaðurinn fyrir þessa nýju tegund happdrætta sé það mikill og stór þó svo að með fullri vissu geti enginn vitanlega um það sagt. En happdrættisáhugi Íslendinga er mikill. Það vitum við af öllum þeim fjölda happdrætta sem þegar eru starfandi í landinu, bæði peningahappdrætti eins og Happdrætti Háskólans og vöruhappdrætti. Þar starfa þau mjög hlið við hlið og má segja að mörgu leyti að þau styðji hvert annað. Hér skyti því skökku við að heimila, hvað þessa tegund happdrættis snertir, aðeins einum aðila athafnir, veita einum aðila þar einkaleyfi þegar við lítum til annarra happdrætta. Við teljum ekki óeðlilegt að sömu reglur gildi á þessu sviði þó svo hér yrði aðeins um það að ræða að tvö félagssamtök hefðu leyfið, þ. e. Íþróttasamband Íslands og Öryrkjabandalag Íslands. Ég held að það væri hæfilegur fjöldi, a. m. k. til að byrja með, meðan verið er að fara af stað og reyna markaðinn. Það er skoðun flm. að bæði þessi sambönd komist fyrir á markaðnum og muni hafa af þessu allnokkrar tekjur.

Niðurstaða þessara hugleiðinga, herra forseti, er því sú að þó svo íþróttahreyfingin hafi í 12 ár haft heimild til svipaðs peningahappdrættis, sé alls góðs makleg og vinni m. a. að því þjóðnýta hlutverki að koma í veg fyrir að Íslendingar verði öryrkjar, þá er hér þó rúm fyrir fleiri. Það neitar því enginn að Öryrkjabandalag Íslands

hefur enga tekjustofna og hefur engar getraunir í dag. Hins vegar eru verkefnin ærin og raunar mjög brýn. Það er mikil nauðsyn á að þetta mál, sem hér er nú í þingsölum, nái fram að ganga svo að Öryrkjabandalag Íslands og þau fjölmörgu félög sem þar eru innanborðs fái á þann hátt fjármagn til að halda áfram því þjóðþrifastarfi sem bandalagið hefur unnið á undanförnum árum í Hátúni 10 og hyggst nú víkka út um land allt. Með því að eiga góða samvinnu er ég viss um að á þessum nýja happdrættismarkaði, sem mun skapast, geta bæði þessi félagasamtök haft allvænan ágóða. Vel má vera að best væri að þau sameinuðust um eitt happdrætti og deildu því með sér. Það verður tíminn að leiða í ljós, en mér er kunnugt um að forustumenn Öryrkjabandalags Íslands hafa ekkert á móti slíkri samvinnu. En til þess að af henni geti orðið þurfa vitanlega báðir aðilarnir að hafa lögformlegt leyfi. Það verður ekki veitt öðruvísi en með lögum hér frá Alþingi og síðan er það í hendi dómsmrh. að veita leyfi.

Á þessum grundvelli telur meiri hl. nefndarinnar rétt og sjálfsagt að mæla með samþykkt þessa frv. sem hér liggur fyrir og að Öryrkjabandalagi Íslands verði veitt þessi heimild.

Frsm. minni hl. (Páll Dagbjartsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. allshn., en að því standa Páll Dagbjartsson og Stefán Guðmundsson. Þetta er skráð á þskj. 1213. Nál. er svohljóðandi.

„Nefndin tók þetta mál fyrst á dagskrá 22. maí, en frv. var þó ekki rætt þá. Þann 29. maí komu fulltrúar frá ÍSÍ á fund n., þeir Sveinn Björnsson, Valdimar Örnólfsson og Jón Ármann Héðinsson. Háskólarektor, Guðmundur Magnússon, kom einnig á þennan fund, svo og fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands, þeir Oddur Ólafsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Við endurskoðun laga um getraunir árið 1972 var komið inn í 2. gr. laganna viðbótarákvæði um talnagetraunir. Þar segir m. a. að með getraunum sé átt við að „á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt (þ. e. Íslenskar getraunir) hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir)."

Í nágrannalöndum hefur þetta getraunaform hlotið nafnið Lottó.

Í nokkur ár hefur þetta kerfi verið til ítarlegrar athugunar hjá íþróttahreyfingunnni og með bréfi dags. 21. okt. 1983 til dómsmrn. er skýrt frá því að Íslenskar getraunir hafi ákveðið að hefja starfrækslu talnagetrauna skv. ákvæði í 2. gr. laga um getraunir, nr. 50 frá 29. maí 1972. Síðan þetta bréf var ritað hafa fulltrúar frá ÍSÍ kynnt sér þessa starfsemi í Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Íþróttahreyfingin hefur nú tryggt sér tækjabúnað til þessarar starfsemi og áætlað er að starfsemin geti hafist síðar á þessu ári.

Stefnt er að því að rekstur íþróttahreyfingarinnar muni á þessu ári kosta um 250 millj. kr. Íþróttahreyfingin hefur hingað til fjármagnað sína starfsemi að mestu með eigin fjáröflun og sjálfboðavinnu og verður að telja ákjósanlegt að slíkt geti haldið áfram.

Þetta frv., ef samþykkt verður, getur haft veruleg áhrif á fjáröflunarmöguleika íþróttahreyfingarinnar og annarra sem hafa tekjur af rekstri happaspila. Það er álit minni hl. n. að mál þetta þarfnist frekari athugunar og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Eins og hér kemur fram voru uppi efasemdir í nefndinni um hvort það ætti að gefa frjálsa alla starfsemi til reksturs peningahappdrætta. Ef þetta frv. verður samþykkt er í raun búið að brjóta ísinn hvað það varðar að ýmis félagasamtök geta komið á eftir og óskað eftir sams konar leyfi og hér er farið fram á. Auðvitað er þörfin brýn hjá Öryrkjabandalagi Íslands til að fjármagna húsnæði fyrir sína umbjóðendur og ýmis önnur verkefni. Það er okkur fyllilega ljóst. Hins vegar viljum við vekja athygli á því, eins og fram kemur í nál., að íþróttahreyfingin hefur á undanförnum árum unnið ómetanlegt starf í fyrirbyggjandi aðgerðum fyrir æsku þessa lands. Það ber að hafa í huga þegar menn taka um það ákvörðun hvort þetta mál verður stutt eður ei.

Það liggur fyrir að margir fleiri aðilar mundu óska eftir slíku leyfi. Það kom fram í máli háskólarektors, Guðmundar Magnússonar, er hann kom á fund nefndarinnar, að Happdrætti Háskólans hefur haft til athugunar að fara út í rekstur á svona lottói. Það gæti verið sama að segja um Rauða kross Íslands eða Slysavarnafélagið. Svona væri hægt að telja upp fleiri félög sem öll þurfa á peningum að halda til sinnar starfsemi.

Það má svo að lokum benda á það líka og ítreka að það er þegar búið að gefa íþróttahreyfingunni einkaleyfi á að reka slíkt happdrætti sem þetta og er að áliti margra ekki mikill munur á því hvort um er að ræða tölustafi eða bókstafi með orðum, táknum. Þetta er spurningin um hvort þarna er um verulegan mismun að ræða.

Ég held að komið hafi fram hjá mér þau atriði sem urðu til þess að við treystum okkur ekki til að svo komnu máli að styðja þetta frv. og töldum að það þyrfti frekari skoðun. Tími var ákaflega naumur og það hefði þurft að senda það út til umsagnar t. d. til hinna ýmsu svæðisstjórna út um allt land.

Umr. frestað.

Stálvölsunarverksmiðja, frv. 236. mál (þskj. 1231). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju, eins og það var lagt fram á þskj. 512.

Á fundi ríkisstj. 23. ágúst 1984 var ákveðið að fjmrh. undirbyggi frv. til l. um heimild til ríkisábyrgðar á erlendu láni, er Stálfélagið hygðist taka, að upphæð 1.55 millj. dollara. Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed. og hefur þar hlotið eðlilega meðferð. Á þskj. 1231 er frv. fram sett eins og það lítur út eftir meðferð í Ed. Mæli ég með því að hv. Nd. samþykki það þannig breytt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 48, n. 1159, 1160, 1219). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndin hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins. Hún flytur reyndar brtt. ásamt tveimur þm. sem ekki eiga sæti í n. Þessar brtt. eru á þskj. 1160.

Mál þetta var lagt fram snemma í haust á þinginu og var reyndar lagt fram á síðasta þingi jafnframt. Þess skal getið að fundina um þetta mál sátu auk nm. hv. þm. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., sem sat fundina í stað Guðmundar J. Guðmundssonar, og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, en hún er flm. að brtt. á þskj. 1160 ásamt hv. þm. Kristínu Kvaran og öllum nm. í félmn.

Nefndin kallaði til sín tvo aðila, fulltrúa jafnréttisráðs, Guðríði Þorsteinsdóttur, og formann Kvenréttindafélags Íslands, Esther Guðmundsdóttur, og jafnframt var farið ítarlega í frv. og auk þess frv. sem nokkrir hv. þm. hafa flutt um sama efni. Það frv. er orðrétt eins og nefnd skilaði því til félmrn. á sínum tíma, en sú nefnd starfaði allt frá því að hún var skipuð af þáv. félmrh., hv. þm. Svavari Gestssyni, undir forustu Vilborgar Harðardóttur.

Mér finnst, herra forseti, ástæða til að geta þess að í nefndinni komu fram ótal tillögur til breytinga á frv., en að lokum reyndist mögulegt að sætta nm. og reyndar fulltrúa allra þingflokka á að standa eingöngu að þeim brtt. sem lýst er á þskj. sem ég áður nefndi.

Í fyrsta lagi er tekin inn í 3. gr. nánast ný mgr. eða það bætist við fyrri mgr. að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, gangi ekki gegn lögunum eins og þau verða ef þetta frv. nær fram að ganga. Í þessu felst auðvitað veigamikil breyting og frá því er skýrt í nál. í hverju hún er fólgin. Það þýðir að verði brtt. samþykkt er viðurkennt í lagatexta að slíkar aðgerðir, sem grundvallast á sérstökum ákvörðunum, séu ekki brot á lögunum, en sumir lögfræðingar hafa haldið því fram að reyndar sé slíkt mögulegt skv. gildandi lögum.

Það skal tekið fram sérstaklega að sumir þeir sem standa að þessari brtt. eru gegn þeirri stefnu að beita slíkum aðgerðum, en telja þó að ástæða sé til að hafa slíkt ákvæði í lögunum ef upp skyldu koma atvik sem leiddu til þess að heppilegt gæti talist að beita ákvæði á borð við þetta. Má segja að hugmynd þessara flm. sé svipuð og kom fram í máli hæstv. utanrrh. þegar rætt var hér á hv. Alþingi um alþjóðasamning um afnám mismununar gagnvart konum en fyrr í dag samþykkti Sþ. einmitt heimild fyrir ríkisstj. að fullgilda þann samning sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna 18. des. 1979.

Það skal tekið fram að ákvæði á borð við þetta eru nú í lögum annars staðar á Norðurlöndum, þar sem sérstök löggjöf hefur verið sett um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, eða í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Þá er 2. brtt. á þskj. 1160 og hún rýmkar málshöfðunarrétt jafnréttisráðs. Skv. brtt. fær jafnréttisráð heimild til málshöfðunar í samráði við aðila, en í frv. segir að ráðið þurfi umboð aðilans til þess að geta höfðað mál ef viðkomandi aðili telur sig hafa verið órétti beittan. Þetta orðalag þýðir að jafnréttisráð getur haft samband við viðkomandi aðila, en verður að virða neitun hans. Ákvæði eins og þetta eru í lögum annars staðar á Norðurlöndum og þar er reyndar skýrt tekið fram að það verði að viðurkenna neitun viðkomandi aðila þannig að jafnréttisráð hefur ekki fullt frjálsræði til að taka þau mál til meðhöndlunar á þennan hátt eins og því sýnist og verður að virða forræði sakar þess sem telur sig hafa verið órétti beittan.

3. brtt. er hins vegar um framkvæmdaáætlun. Það er lagt til að jafnréttisráð geri tillögu í þessum málaflokki. Síðan er ætlunin að félmrh. leggi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn fyrir ríkisstj. Þessi áætlun verði send jafnréttisnefndum sveitarfélaga þar sem þær starfa og síðan lögð fram á Alþingi til umr., en þess á milli eða annað hvert ár fái Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Hér er um að ræða nýmæli og breyting frá gildandi lögum, breyting sem við teljum að hafi verulega þýðingu því það er öllum ljóst að einmitt í þessu máli á það sérstaklega við að umr. á hinu háa Alþingi og reyndar í þjóðfélaginu öllu hljóta að vera best til þess fallnar að ýta á að fullt jafnrétti verði milli karla og kvenna og að mismunun hverfi sem öllum er ljóst að er í raun þótt lög segi annað.

Ég vil enn fremur, herra forseti, taka það fram þótt ekki sé getið um það sérstaklega í frv. að það nái ekki til einkalífs telja nm. að það liggi í hlutarins eðli. Slíkt orðalag er reyndar í norsku lögunum, en ástæðulaust þótti að setja ákvæði í þessi lög jafnfráleitt og það er að lögin gildi um einkalíf fólks, enda er það lögverndað af stjórnarskrá.

Það er von nm. að sú samstaða sem hefur náðst í þessum mikilvægu málum geti verið gott fordæmi. Hér er um það að ræða að þm. úr öllum flokkum standa að frv. á því ári sem kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna lýkur. Við teljum að slíkt sé mikilvægt og sýni að á hinu háa Alþingi ríki skilningur á því að gera þurfi enn átak til þess að mismunun hverfi á rétti karla og kvenna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja í löngu máli þær brtt., sem komu fram í nefndinni, sem voru allmargar og sjást kannske best á þeim mun sem er á frumvörpunum sem voru til umræðu í nefndinni, þ. e. frv. á þskj. 48 og þmfrv. á þskj. 109. Það er verulegur munur í vissum atriðum, en í öðrum einungis sá að í grg. stjfrv. er tekinn texti sem er í þmfrv., en þmfrv. byggir á niðurstöðu nefndarinnar sem vann að samningu þessa máls og ég gat um áður.

Ég vil taka fram sérstaklega að í nefndinni gerði ég tilraun til þess að fá samþykkt ákvæði um að jafnréttisráð væri kosið af Alþingi. Það yrði skipað sjö mönnum, sex kjörnum af Alþingi, en einum skipuðum skv. tilnefningu Hæstaréttar. Þessi till., ásamt ýmsum fleirum sem fram komu í nefndinni, fékk ekki nægan stuðning, en ég kýs að nefna hana hér því að hún hefur ekki komið fram opinberlega áður.

Ég vil svo að lokum þakka meðnm. mínum og þeim flm. utan nefndarinnar sem standa að brtt. á þskj. 1160 og vænti þess að með þessu, ef samþykkt verður, séum við að leggja okkar lóð á vogarskálina til þess að misrétti í þeim efnum, sem frv. tekur til, verði eytt sem allra fyrst.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og frsm. félmn., hv. 2. þm. Reykv., tók fram komu nokkuð margar tillögur fram í nefndinni sem sýndu að það voru skiptar skoðanir um hvernig ætti að taka á þessu máli.

Ég vonaðist til þess, þegar kvennaáratugnum er að ljúka, að Alþingi Íslendinga gæti tekið stórt skref í þá átt að nálgast það mark að hér á landi ríkti jafnrétti á sem flestum sviðum. Ég lagði m. a. fram nokkrar tillögur sem ég ætla að fara yfir nú.

Mér var hins vegar ljóst að það varð að nást samkomulag í nefndinni til þess að frv. ætti möguleika á að verða að lögum og við vorum sammála um að langtum betra væri að stíga það skref, sem næðist með því samkomulagi sem varð, en hver og einn færi að flytja brtt. og málið mundi þar með stöðvast í þinginu.

Ég segi það að ég er tiltölulega ánægður með að sumt af till. sem ég flutti var tekið inn í þær brtt. sem hér eru á þskj. 1160, þ. e. brtt. mín við 1. gr. er að miklu leyti komin inn í 3. gr. og brtt. um 17. og 22. gr. fara í sömu átt. En ég kom með þá till. að 4. gr. orðaðist svo:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Enn fremur skulu hefðbundin kvennastörf endurmetin til launa með tilliti til menntunar, starfsþjálfunar, ábyrgðar og álags. Með „kjörum“ í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs-, veikindaréttindi, yfirborganir og hvers konar önnur samningsréttindi.“

10. gr. (sem var ekki í þessum frumvörpum):

„Nú er talið að atvinnurekandi hafi gerst brotlegur við eitthvert ákvæði II. kafla þessara laga og skal hann þá sýna fram á með haldbærum rökum að ekki hafi verið um að ræða mismunun eftir kynferði.“

12. gr. er eins og hún var í upphaflegu frv. frá þeirri nefnd sem samdi frv. um jafnrétti og þar af leiðandi ætla ég ekki að lesa það hér upp.

13. gr. orðist svo:

„Í kaupstöðum og sveitarfélögum, sem hafa yfir 300 íbúa, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags. Leitast skal við að skipa aðila sem hafa þekkingu á jafnréttismálum.“

Og 19. gr. Greinin orðist svo:

„Brot á lögum þessum skal varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu. Höfði ríkissaksóknari ekki opinbert refsimál vegna ætlaðra brota á lögum þessum er jafnréttisráði heimilt að höfða refsimál. Fer um þau mál eftir reglum laga um meðferð einkamála eftir því sem við á.“

Jafnréttismál eru meðal þeirra mála sem mest er deilt um í þjóðfélaginu og eins og ég sagði í upphafi hefði verið ánægjulegt ef Íslendingar hefðu getað sameinast um að stíga spor á þessu ári til að ná jafnrétti á undan öllum öðrum þjóðum í veröldinni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Þetta mál var til umr. snemma á þessu þingi, eins og númer þess ber með sér, og reyndar einnig á síðasta þingi og þar sem langt er um liðið frá þeim umr. þykir mér rétt að ítreka í örfáum orðum hver afstaða Kvennalistans er og hefur verið, ef menn kynnu að vera búnir að gleyma því.

Okkar mat er að slík lagasetning sem þessi breyti í raun og veru engu eða í besta falli harla litlu. Til þess að ná fram jafnrétti kynjanna þarf fyrst og fremst hugarfarsbreytingu og um slíka hugarfarsbreytingu setjum við engin lög. Að því vinnum við með ýmsum öðrum hætti sem hér er ekki tími né aðstæður til að ræða. Okkur þykir vænlegra að vinna að bættum hag kvenna með því að taka á hinum ýmsum þáttum hverjum fyrir sig. Ég vil nefna fæðingarorlof, dagvistarmál, endurmat á störfum kvenna, heimilisstörf metin sem starfsreynsla þegar komið er út á vinnumarkaðinn, sjúkratryggingar, lífeyrissjóðsmál, barnabætur, samfelldan skóladag, fræðslu um kynlíf og barneignir, fræðslu um stöðu kynjanna o. fl. o. fl. En meginatriðið er vitanlega að efla efnahagslegt sjálfstæði kvenna, bæta hag þeirra á vinnumarkaðinum og tryggja þeim sómasamleg launakjör, en þar skortir mikið á eins og við öll vitum. Við lýstum því hins vegar yfir þegar í upphafi að við mundum á engan hátt vinna gegn eða beita okkur gegn þeirri lagasetningu sem hér er nú til umræðu.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur setið fundi félmn. sem áheyrnaraðili og flytur brtt. þær sem hér var lýst áðan ásamt þm. annarra þingflokka. Þær breytingar eru allar heldur til bóta þótt þær breyti ekki á neinn hátt afstöðu okkar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi, en bendi á að ég held t. d. að mönnum hljóti að vera ljóst að jafnréttisráð er févana og valdalaus stofnun sem gæti gert miklu meira gagn og haft miklu meiri áhrif ef betur væri að henni búið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Eins og hv. þm. vita hafa legið fyrir þinginu í vetur tvö frumvörp um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, annars vegar stjfrv. og hins vegar þmfrv. flutt af þm. úr þremur flokkum. Það frv. er samhljóða frv. sem samið var af stjórnskipaðri nefnd sem skipuð var í apríl 1981. Hæstv. félmrh. treysti sér ekki til þess að leggja fram það frv. og lagði fram frv. sem var verulega breytt frá því sem þessi stjórnskipaða nefnd lagði til. Þess vegna var það að þm. úr þremur flokkum töldu ástæðu til að leggja fram frv., sem finna má á þskj. 109, sem gengur mun lengra en stjfrv. í þá átt að stuðla að því að jafnrétti kynjanna náist fram.

Þessi frv. hafa bæði verið til meðferðar í hv. félmn. og voru tekin þar fyrir á nokkrum fundum. Hv. þm. Svavar Gestsson og ég lögðum fram nokkrar brtt. í nefndinni við þetta stjfrv., sem voru níu að tölu, og voru þar tekin upp ýmis ákvæði sem voru í þmfrv. Hv. frsm. nefndarinnar hefur lýst þeirri niðurstöðu sem varð á afgreiðslu þessa máls í nefndinni. Nefndin öll stendur sameiginlega að nál. og flytur þrjár brtt.

Nú er ég fyrir mitt leyti alls ekki sátt við það frv. og þær brtt. sem hér liggja fyrir. Ég hefði viljað ganga mun lengra, en lengra varð ekki komist með málið í nefndinni ef samkomulag átti að nást fram. Ég tel þó að þær brtt., sem samstaða náðist um í nefndinni, séu til verulegra bóta og bæti mikið það stjfrv. sem lagt var fram. Ég nefni þar sérstaklega brtt. sem kemur fram í 1. tölul., en þar segir, með leyfi forseta:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum.“

Ég tel þessa brtt. það mikinn ávinning að ég fyrir mitt leyti féllst á að standa að þessu sameiginlega nál. Það varð að samkomulagi í nefndinni að ekki yrðu þá fluttar aðrar brtt. við þetta frv. ef samkomulag átti að nást um málið.

Ég tel líka þá brtt. sem kemur fram í 3. tölul., sem nefndin flytur sameiginlega á þskj. 1160, mikils virði, en þar er í senn kveðið á um að sú framkvæmdaáætlun, sem kveðið er á um í frv., skuli tekin til umr. á hv. Alþingi og einnig, sem er mjög mikilvægt, að félmrh. skuli á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Ég tel að á hv. Alþingi sé allt of lítil umræða um þetta mikilvæga mál, jafnréttismálin, og ég tel að slík skýrsla muni stuðla að því að meiri umræða fari fram á hv. Alþingi um þetta mál.

Þó að þær níu brtt., sem hv. þm. Svavar Gestsson og ég lögðum fram í nefndinni, séu ekki allar teknar til greina er ljóst að þrjár þeirra ná með þessu fram að ganga. Ég tel að sérstaklega í tveimur af þeim brtt. sem ekki náðist samkomulag um í nefndinni sé veruleg eftirsjá, því að þær hafa ekki náð fram að ganga. En um þær stóð valið að ná samkomulagi um þessar þrjár brtt. eða nefndin klofnaði í afstöðu til málsins og þá voru allar líkur á því að brtt. þær sem við hv. þm. Svavar Gestsson og ég lögðum til yrðu felldar. Ég vil geta tveggja þeirra brtt. sem við lögðum áherslu á en ekki náðist samkomulag um.

Ég taldi það mikils virði að fá fram í 4. gr., eins og er í þmfrv. en ekki stjfrv., skýrari ákvæði um hvað átt væri við með launum. Í þmfrv. stendur:

„Með launum í lögum þessum er átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu, og vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans."

Þessa setningu, sem ég hef hér lesið, er að finna í aths. með 4. gr. í stjfrv., en ekki í lagagreininni sjálfri. Ég tel mjög mikilvægt að þetta sé í lagagr. vegna þess að allar kannanir staðfesta það að því er varðar launamismun kynjanna að ástæður hans er kannske helst að finna í ýmiss konar kaupaukum, yfirborgunum og duldum greiðslum á vinnumarkaðinum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að hafa þetta inni í 4. gr. sjálfri, inni í lagagr. En það náðist ekki fram að þessu sinni.

Það sem við hv. þm. Svavar Gestsson og ég lögðum líka mikla áherslu á er að fá inn í 12. gr. stjfrv. það sem er í þmfrv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Þegar beðið er um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal nefna karl og konu. Sé það ekki gert skal veita jafnréttisráði skriflega rökstudda greinargerð um ástæður þess. Við skipun skal þess síðan gætt, að hlutfall kynjanna verði sem jafnast."

Ég tel að þetta ákvæði sé mjög mikilvægt og hefði verið nauðsynlegt að fá það fram og bendi á að slíkt ákvæði er að finna í jafnréttislögum t. d. á Norðurlöndum og þetta ákvæði hefur einmitt gefist mjög vel og stuðlað að því að konum hefur fjölgað verulega einmitt í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna er veruleg eftirsjá að því að þetta ákvæði nái ekki fram að ganga.

Þegar þetta mál var hér til 1. umr. sagði ég að þó að ég stæði að þmfrv. fyndist mér það ekki ganga nógu langt og boðaði brtt. sem flutt yrði sem ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef sú staða kemur upp að karl og kona sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein."

Hér er um að ræða túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur dósents á núgildandi jafnréttislögum. Ég taldi mjög mikilvægt að fá þetta inn í þetta frv. sem ákvæði til bráðabirgða. Hér yrði um að ræða tímabundið ákvæði sem væri e. t. v. hægt að kalla jákvæða mismunun.

En ég mun standa að því samkomulagi sem gert var í nefndinni og standa við það samkomulag og því ekki flytja þá brtt. sem ég boðaði við 1. umr. því eins og ég sagði áðan, herra forseti, tel ég það sem hefur þó náðst fram í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál, sérstaklega að því er varðar þá jákvæðu mismunun sem finna má í 1. tölul., það mikinn ávinning og spor í rétta átt að ég tel rétt að sinni að falla frá þeirri brtt. sem ég boðaði við 1. umr.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson lýsti áðan brtt., sem hann hafði flutt í hv. félmn., sem hann á sæti í, þegar fjallað var um þetta frv. Þær brtt. sem hv. þm. Stefán Valgeirsson lýsti áðan voru aldrei formlega lagðar fram í nefndinni, heldur las hv. þm. Stefán Valgeirsson þær upp fyrir nm. rétt eins og hann gerði úr ræðustól áðan. Ég verð að segja að sumar af þeim brtt., sem hv. þm. Stefán Valgeirsson kynnti í nefndinni og áðan, komu mér verulega á óvart. Nefni ég þá sérstaklega þá till., sem hann lagði til í nefndinni, að hefðbundin kvennastörf skuli endurmetin til launa og tekið tillit til menntunar, starfsþjálfunar og ábyrgðar. Ég segi að mér hafi komið þetta á óvart vegna þess að bæði á s. l. þingi og á yfirstandandi þingi hef ég ásamt nokkrum öðrum þm. flutt frv. um að endurmat fari fram á störfum láglaunahópa, en í því frv. er lögð sérstök áhersla á að endurmetin verði hefðbundin kvennastörf. Það frv. náði ekki fram að ganga á síðasta þingi og nær vafalítið ekki fram að ganga á þessu þingi því umræður meiri hl. í nefndinni um afgreiðslu þess máls voru á þann veg að vísa ætti því máli til ríkisstj. Ég varð ekki vör við, hvorki á síðasta þingi né núna, stuðning frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni við það frv. Þess vegna kom mér það á óvart og vitaskuld fagna ég því ef breyting hefur orðið á afstöðu hv. þm. til þessa mikilvæga máls, að hefðbundin kvennastörf skuli endurmetin. En ég er þó þeirrar skoðunar að það sé mjög vafasamt að slíkt ákvæði eigi heima í jafnréttislögum. Miklu fremur ætti að að fara eins og lagt er til í því frv. sem ég hef flutt í tvígang hér á hv. Alþingi um að skipa skuli sérstaka láglaunanefnd sem skoði það mál.

Þetta vildi ég láta koma fram hér, herra forseti, við þessa umr. og lýsa því sérstaklega hvers vegna ég flyt ekki neinar brtt. við þetta frv. Ég mun standa við það samkomulag sem gert var í nefndinni þó að ég sé langt frá því að vera sátt við þá niðurstöðu sem fékkst í nefndinni, en telji hana þó spor í rétta átt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tók þátt í starfi félmn. fyrir hönd Alþb. að frv. sem hér er á dagskrá og einnig var í nefndinni fjallað um þmfrv. um jafnréttismál, en flm. voru þm. úr öllum stjórnarandstöðuflokkunum nema frá Samtökum um kvennalista. Niðurstaða nefndarinnar liggur hér fyrir með því að allir flokkar flytja sameiginlega brtt. við stjfrv. Hv.

þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Stefán Valgeirsson hafa einnig greint frá þeim till. sem fram komu í nefndinni og m. a. þeim tillögum sem ég þar flutti. Ég hef því engu þar við að bæta.

Ég vil aðeins segja það að þegar frá löggjöf er gengið eru ekki aðeins samþykkt ákveðin atriði, heldur eru iðulega líka felld út ákveðin sjónarmið og tillögur. Hefði verið felld á þinginu hugmyndin um jákvæða mismunun, hefði ég talið það í raun mjög alvarlegan viðburð. Þess vegna taldi ég sjálfsagt, úr því að í boði var slíkt heildarsamkomulag, að standa að 1. brtt. þar sem segir:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum."

Ég tel að þetta sé talsvert spor í áttina og ég fagna því alveg sérstaklega að samkomulag skuli hafa náðst varðandi þessa grein. Ég tel einnig mikilvægar þær brtt. sem eru gerðar við 17. og 22. gr. frv.

Auðvitað tryggja jafnréttislög ekki endanlegt jafnrétti, en þau skapa lagaramma og leiðbeinandi reglur fyrir framkvæmdavaldið og samfélagið í heild. Það skiptir þó e. t. v. meira máli að jafnrétti er ekki síður hvernig búið er að fólki í þessu þjóðfélagi og þá sérstaklega konum að því er varðar þann málaflokk sem hér er á dagskrá. Ég bendi á að það var fellt hér mikið jafnréttismál á dögunum sem var frv. um kauptryggingu fiskverkafólks. Það hafa verið lækkuð framlög til dagvistarheimila. Það liggur einnig fyrir að laun eru orðin það léleg á dagheimilum og í skólum að fólk flýr þessar stofnanir. Það hefur í för með sér að þær sinna ekki hlutverki sínu sem skyldi. Hætt er við því, miðað við hina hefðbundnu verkaskiptingu sem er víðast hvar enn þá, að þetta komi sérstaklega niður á konum. Engu að síður skiptir löggjöf eins og sú sem við erum hér að gera tillögur um verulegu máli.

Ég tel ástæðu til að þakka formanni félmn. Nd., hv. þm. Friðrik Sophussyni, fyrir það mikla starf sem hann lagði á sig til að tryggja samstöðu allra flokka um þetta mál. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þeir flokkar sem ekki eiga fulltrúa í félmn., Samtök um kvennalista og Bandalag jafnaðarmanna, skuli hafa fengið kost á því að starfa með nefndinni að þessu máli og taka þátt í tillögugerðinni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vona að það teljist ekki brot á því samkomulagi sem gert var í nefndinni þótt við skrifarar deildarinnar, ég og hv. 5. þm. Vestf., flytjum smábrtt. við 19. gr. Eins og hún er orðuð í þessu frv. og raunar í þmfrv. einnig ber að greiða þeim mönnum fésektir sem brjóta lögin. Nú búumst við ekki við því að sú hafi verið hugsun þeirra sem sömdu frv. og leggjum þess vegna til að orðalagi verði breytt á þann veg að þeir sem brjóti af sér greiði sektirnar, en ekki gagnstætt. Að þessu lýtur brtt. á þskj. 1219.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn í umr. og lýsa yfir sérstakri ánægju yfir því hvernig þróun þetta mál hefur tekið hér á hv. Alþingi og ég vil sérstaklega flytja félmn. þakkir fyrir afgreiðslu á þessu máli og ekki síst formanni félmn. sem ég veit að hefur lagt sig fram um að reyna að ná þeirri samstöðu sem hér hefur myndast. Ég vil segja hér að þetta eru í raun og veru merk tímamót þó að menn greini kannske á um hvort skrefin séu stutt eða löng. Hér fyrr í dag samþykkti Alþingi einróma að fullgilda sáttmála Sameinuðu þjóðanna að því er varðar réttindi fólks. Nú eru menn sammála um að afgreiða hér breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á þann hátt, sem verðugt er, að allir vilja hafa fullt samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Ég vona fastlega að hv. Ed. taki þetta mál sömu tökum þannig að hægt verði að afgreiða frv. áður en þinglok verða.

Ég sem sagt endurtek að ég þakka félmn. og þm. öllum fyrir afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1160, 1 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1160, 2 (ný 17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1219 samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1160,3 (ný 22. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggja fyrir allmörg mál, en mjög misjafnlega snemma komin á dagskrá og frá nefndum. Hér er t. d. 14. dagskrármálið, grunnskólar, sem er komið út úr nefnd fyrir alllöngu og má undarlegt heita ef ekki fer að verða tímabært að taka það til umr., en efnislega fjallar það um það málefni hvort skólaskylda eða fræðsluskylda skuli vera í 9. bekk grunnskóla. Ég vænti þess að forseti sjái sér fært að keyra ekki svo hratt áfram nýja og nýja fundi að málin liggi eftir sem e. t. v. eiga hér greiða leið í gegnum þingið fengjust þau tekin fyrir til umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi einnig vekja athygli á því að við vorum áðan að ræða 503. mál, getraunir Öryrkjabandalags Íslands, og vorum í miðjum umræðum þegar forseti frestaði umræðu. Nú hefur hann upplýst að hann hyggist taka út af dagskrá þau mál sem óræddd eru og setja nýjan fund. Ég vil þá spyrja: Hvers á þetta mál að gjalda? Því er það ekki tekið aftur á dagskrá og umræðu um það lokið áður en hann slítur umræðu um það í sundur með nýjum fundi?

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur ákveðið að halda nýjan fund og hefur aðeins kannað það mál að það mun vera vilji fyrir því að koma 12. dagskrármálinu, jöfn staða og jafn réttur, áfram til Ed. sem er verklítil. En út af þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram vill forseti taka það fram að hann mun taka á dagskrá áfram þau mál sem hér hafa verið gerðar athugasemdir um. En vandi forseta er þó nokkur þegar 20 mál eru á dagskrá. Ég vænti þess nú að hv. þdm.

treysti forseta til að raða málunum og taka þau fyrir eftir því sem forseta finnst eðlilegt, en það er enginn metnaður hjá forseta að láta neitt mál verða út undan. (Gripið fram í.) Sumum hefur kannske verið frestað helst til lengi. En nú fer svo að þessum fundi lýkur og boðað verður til næsta fundar nú þegar að afloknum þessum fundi og þá verða, sýnist mér, tekin á dagskrá öll þau mál sem á dagskrá eru. (**HBl:** Nema stálvölsunarverksmiðjan.) Nema stálvölsunarverksmiðjan þannig að þetta verða alls 19 mál.

Neðri deild, 96. fundur.

Fimmtudaginn 13. júní, að loknum 95. fundi.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 1280). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp til að inna hæstv. forseta eftir því hvort hann geti upplýst okkur hér í hv. þd. um hvað fyrirhugað er um þingstörf á laugardaginn kemur, hvort gert er ráð fyrir að hér verði þingfundir á laugardag. Ástæðan fyrir því að ég spyr um þetta er sú að fram undan er það sem menn kalla „löng helgi" þar sem þjóðhátíðardagur er á mánudaginn kemur og ég geri ráð fyrir því að það séu fleiri en ég sem hyggjast halda til síns heima um helgina og þurfa þá að gera ráðstafanir í sambandi við slík ferðalög. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti gæti nú eða síðar á þessum fundi upplýst um hvort gert sé ráð fyrir þingfundum á laugardaginn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessari fsp. verður forseti að viðurkenna að ekki er fullráðið hvort fundur verður á laugardaginn. Hins vegar var það meining mín að reyna að ganga úr skugga um það í kvöld eða í fyrramálið hvort eðlilegt mun teljast að halda fund hér á laugardag sem reyndar er mjög óvenjulegt. Á þessari stundu treysti ég mér ekki til að gefa alveg ákveðið svar þar um, en ég skal verða við því að gefa það svar eins fljótt og auðið er.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Úr því að verið er að ræða um þingsköp er rétt að vekja athygli á því að í dag er 13. júní. Þetta mun vera lengsta þing sem nokkurn tíma hefur verið haldið, ég hygg að það séu engin dæmi um jafnlangt þing og þetta, og samt hefur ríkisstj. ekki enn þá reynt að semja um lok þingsins. Mér þætti fróðlegt að vita hvort ríkisstj. gerir ráð fyrir að þessi mánuður líði allur og annar til, því það er nóg um að tala og nóg að fara yfir í nefndum, áður en henni þóknast að stíga af stalli sínum til að reyna að semja um þingslitin. Til viðbótar heyri ég að hæstv. forsrh. hafi látið hafa það eftir sér í hádegisfréttum, eins og til að hnykkja á og bæta samkomulagið í þinginu, að stjórnin ætli sér að afgreiða allt. Þessa tilkynningu fáum við svipað og Morgunblaðstilkynninguna um daginn eins og til að auðvelda þingstörfin. Ég vil sem sagt inna hæstv. forsrh. eftir því í fyrsta lagi: Hvenær ætlar hann sér að reyna að ganga í það að semja um þinghaldið? Og í öðru lagi: Er það rétt eftir honum haft að hann ætli alls ekkert að semja og hann ætli að keyra allan vitlausa málalistann í gegn eins og hann leggur sig? Það er gert til þess að þóknast íhaldinu fyrst og fremst vegna þess að landsfundur Sjálfstfl. gerði samþykktir í ýmsum málum og framsókn er núna á handahlaupum að afgreiða vitleysuna fyrir íhaldið. Það er alveg sama hvað íhaldinu dettur í hug, hvort það er auglýsingaútvarp eða hvað það er. Framsókn hneigir sig og þakkar og samþykkir og afgreiðir. Ég var að velta því fyrir mér hvort framsókn mundi samþykkja það ef Sjálfstfl. krefðist þess að Framsfl. yrði lagður niður og gengi í Sjálfstfl. Það er komið að því að spyrja spurningar eins og þessarar í fullri alvöru eins og Framsfl. er á sig kominn þessa dagana.

Ég hef lagt tvær spurningar, herra forseti, fyrir hæstv. forsrh.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi var ekkert haft eftir mér í hádegisútvarpinu. Hins vegar frétti ég að þar hefði birst frétt frá ríkisstjórnarfundi sem var ekki rétt og ég leiðrétti hana í útvarpinu og leiðrétting sú kom í útvarpinu áðan. Auk þess vil ég upplýsa að ég hef átt tvo fundi með stjórnarandstöðunni og þar hefur verið rætt um málsmeðferð. Á fyrri fundinum var rætt um þá málsmeðferð sem gæti orðið til þess að þingi lyki í lok þessarar viku. En það tókst ekki eins og menn vita því að þingmenn hafa talið nauðsynlegt að hafa fleiri orð um ýmis þau mál sem ríkisstj. leggur áherslu á að afgreiða. Annar fundur var haldinn í gær og þar virtust menn nokkuð sammála um að skynsamlegra væri að stefna að þinglokum upp úr miðri næstu viku eða í lok næstu viku.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að ég hef aldrei verið hrifinn af því þegar ríkisstj. er að ákveða þingslitadag og síðan er unnið dag og nótt og menn fá ákaflega lítinn tíma til að ræða mörg mikilvæg mál. Ég tel t. d. að ítarlegar ræður, sem hér voru fluttar í gær og fyrr um mjög mikilvæg mál sem eru fyrir þinginu, séu að mörgu leyti til fyrirmyndar og auki virðingu þingsins. Það sýnir sig að menn vilja fjalla um þessi mikilvægu mál og menn eiga að fá tíma til þess. Svo ég tel hitt alrangt að vera að þröngva fram þingslitum og alveg rétt að vitanlega verður t. d. hv. Ed. að hafa sinn tíma og því lengur sem tekur að koma málum héðan til Ed., því lengur hlýtur að dragast að slíta þinginu.

Þetta er mín skoðun. Ég hef tekið þátt í samningum beint og óbeint áður og mér hafa ekki þótt þeir vera til fyrirmyndar eins og þeir hafa þá verið ákveðnir.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Öllu má nú nafn gefa. Og m. a. því að hæstv. forsrh. hafi haft samráð við stjórnarandstöðuna um það hvernig háttað yrði þing-

lokunum og hvenær þau yrðu í grófum dráttum.

Á þessum fundum, sem hæstv. forsrh. hefur haldið með stjórnarandstöðunni, hefur ekkert komið fram annað en það að hann ætli sér að láta þingið afgreiða svo að segja öll mál. Það er hægt að tilkynna mönnum það með ýmsum hætti og það er hægt að kalla það samráð og samvinnu ef menn vilja, en það er ekki sú tegund af samráði og samvinnu sem hér hefur tíðkast.

Hér liggja fyrir þinginu enn þá óafgreidd og hafa aldrei t. d. komið til Ed. ein stærstu mál þingsins, þ. e. Framkvæmdasjóður, Byggðastofnun, þróunarfélag, viðskiptabankar sem stjórnarlið heimtar núna að verði hespaðir í gegn þó að grunnlöggjöfin, seðlabankafrv., hafi ekki einu sinni sést enn þá, og sparisjóðir. Það er hægt að nefna enn fleiri mál sem sýna að þingið á bersýnilega verulega mikið starf eftir vegna þess hvað ríkisstj. var sein, kom hlutunum seint frá sér. Auðvitað mætti hugsa sér það, herra forseti, ef stjórnin hefði trú á því að hún lifði lengur en til haustsins, að við eitthvað af þessum frv. yrði hafist handa á haustþingi að nýju vegna þess að þau eiga mörg hver ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 1986. En í þessu kemur m. a. fram trúleysi stjórnarliðsins á að stjórnin tóri. Þeir vilja hafa það á hreinu að sem mest hafi verið afgreitt vegna þess að þeir gera ráð fyrir því, a. m. k. ýmsir þm. Sjálfstfl., að það sé allsendis óvíst að þessi stjórn lifi út árið.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum stjórnarinnar varðandi þinghaldið og ég mótmæli því, herra forseti, að forsetar þingsins skuli ekki taka ríkisstj. til bæna í þessum málum. Það er ekki gott fyrir forseta þingsins, Nd., Ed. og Sþ., að bera ábyrgð á þinghaldi fram eftir öllu sumri, mikið lengur en nokkurn tímann hefur tíðkast. Forsetum þingsins er annt um virðingu Alþingis. Ég fæ ekki séð að það komi fram í verki miðað við þau vinnubrögð sem tíðkuð eru núna.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 1253, 1254, 1258). — 3. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við brtt. sem flutt er af Halldóri Blöndal og Svavari Gestssyni. Í þeirri brtt. frá þeim hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Reykv. er lagt til, með leyfi forseta:

„Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að ákveða að heimili og varnarþing stofnunarinnar verði á Akureyri."

Með hliðsjón af því að mér finnst að nokkuð stór landsvæði séu útilokuð frá þeim möguleika að Byggðastofnun eigi þar jafnan rétt til staðsetningar og vísa í því sambandi til ríkis Haukdæla og ríkis Sturlunga, svo að eitthvað sé nefnt, og ætla einnig að Ásbirningaveldi sé gjaldgengt í því sambandi, þykir mér rétt að flytja þá brtt. að í stað orðanna „á Akureyri" komi: utan Reykjavíkur. og tel að þá sé ekki einum stað öðrum fremur hampað fyrir fram, heldur fari fram á því hlutlaust mat.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að mönnum gefist á nýjan leik kostur á að greiða atkv. um hvort Byggðastofnun skuli hafa aðsetur í höfuðborginni eða utan Reykjavíkur. Ég lýsti yfir stuðningi við 2. umr. við till. um að stofnunin yrði staðsett á Akureyri, en að sjálfsögðu er að þeirri till. felldri ekki nema gott um það að segja að á það fái að reyna á nýjan leik hvort meiri hl. hv. þm. Nd. kýs að halda fast við að stofnunin skuli vera í Reykjavík og hvergi annars staðar, þó Byggðastofnun sé, eða ganga þannig frá málum að henni sé ætlað að starfa í einhverju þeirra byggðarlaga sem hún á að þjóna.

En það eru ýmis önnur mál sem ég vildi minnast á í þessari umr. um lagasetningu um Byggðastofnun. Ég verð að leggja á það ærið þunga áherslu að miðað við það alvarlega ástand sem uppi er í flestum byggðarlögum vítt og breitt um landið utan höfuðborgarsvæðisins hvað varðar atvinnumál, afkomu ekki aðeins fólksins sem vinnur fyrir sínum launum dag hvern, heldur einnig fyrirtækjanna flestra hverra, þá er það ákaflega rýr niðurstaða af hálfu ríkisstj. að ætla sér að ganga frá málum með því einu að hnika starfsemi Byggðasjóðs, sem verið hefur, yfir í það form sem gert er ráð fyrir með Byggðastofnun. Sú breyting er veigalítil og því miður er ekki að finna í þessu frv. neitt það sem getur talist líklegt til að snúa við þeirri óheillavænlegu þróun í byggðamálum sem hér hefur átt sér stað á undanförnum árum og þá alveg sérstaklega síðustu tvö ár sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Þetta væri sök sér ef jafnhliða væru á ferðinni önnur mál, önnur frv. af hálfu ríkisstj. sem þarna kynnu að marka dýpri og heillavænlegri spor, en því miður er því ekki að heilsa.

Ég hygg að flestum hv. þm. séu ofarlega í huga þeir miklu fjármagnsflutningar og fólksflutningar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem átt hafa sér stað þessi síðustu ár. Ég er sannfærður um það að þar er um að ræða áhyggjuefni ekki aðeins hjá þm. stjórnarandstöðunnar, heldur einnig margra þm. stjórnarflokkanna. Það efast ég ekki um og ég efast ekki heldur um að það fyrirfinnist einhver vilji til þess að leitast við að snúa þessari óheillaþróun við, en því miður virðist sá vilji ekki ná að koma á marktækan hátt fram í verki.

Ég held að þó við leitum aftur í tímann að dæmum sem kynnu að vera sambærileg varðandi fólksflutninga og fjármagnsflutninga milli landshluta séu þau ekki finnanleg þótt farið sé allmarga áratugi aftur í tímann. Hér hefur við 2. umr., sem ég átti kost á að taka þátt í, verið rætt um brottflutning fólks á síðasta ári frá kjördæmum úti um landið og hingað á höfuðborgarsvæðið sem var meiri en nokkurt ár í 25 síðustu ár. Það eitt segir mikla sögu. Samt hygg ég að fjármagnsflutningarnir séu jafnvel enn þá meira lýsandi um það sem þarna er að gerast. Við þekkjum það öll, sem sæti eigum í þessari virðulegu þingdeild nú, að undirstaða atvinnulífsins í byggðarlögum flestum hverjum, þéttbýlisstöðunum hringinn í kringum landið er sjávarútvegurinn. Og það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá neinum hv. þm. hvað þar hefur verið að gerast, þar sem þau fyrirtæki sem stóðu illa fyrir hafa mörg hver komist á heljarþröm með nauðungaruppboð yfirvofandi þar sem verst er ástatt og fleiri eru á sömu braut. Og þeir sem einhvern vilja hafa haft til að kynna sér þetta alvarlega ástand hafa ekki heldur komist hjá því að sjá og heyra og fá upplýst hver þróunin hefur verið hjá þeim fyrirtækjum í sjávarútvegi sem stóðu sum hver tiltölulega vel fyrir fáum árum, höfðu góða eiginfjárstöðu, en þar sem eignir hafa verið að étast upp í stórum stíl þessi síðustu ár og verða að engu. Ég ætla ekki að fara út í neina ítarlega upplýsingamiðlun í þeim efnum í

þessari ræðu þó að það væri vissulega hægt, en minnast hér svolítið nánar á aðrar hliðar þessa máls, byggðaþróunarinnar, til að draga fram hvernig þau verkefni horfa við sem væntanlegri Byggðastofnun hlýtur við hlið annarra stjórnarstofnana að verða ætlað að sinna. Ég aflaði í dag upplýsinga um það frá Húsnæðisstofnun ríkisins hvað byrjað hafi verið á mörgum nýjum íbúðum í kjördæmunum sex utan Reykjavíkur og Reykjaness á árunum 1983 og 1984. Ég hygg að það geti verið fróðlegt fyrir alþm. sem eru í þann veginn að ganga frá lagasetningu um Byggðastofnun að fá að heyra hvernig þau mál standa.

Upplýsingar Húsnæðisstofnunar eru þær, að á árinu 1983 var í kjördæmunum sex utan Reykjavíkur og Reykjaness byrjað á 416 nýjum íbúðum. Á árinu 1984 var þessi tala komin niður í 387 íbúðir. Einar sér segja þessar tölur kannske ekki mjög mikið, en þegar við höfum samanburðinn, og í þeim efnum er ég hér einnig með tölur frá Húsnæðisstofnun ríkisins, þá segja þær mikið. Og hver skyldi sá samanburður vera? Ef við tökum til samanburðar næstu fimm ár á undan, þ. e. árin 1978—1982, var til jafnaðar á ári byrjað á 804 nýjum íbúðum í þessum sex kjördæmum eða helmingi fleiri en verið hefur að jafnaði síðustu tvö ár. Það hefur orðið helmings samdráttur í þessum efnum. Þessar tölur mættu menn gjarnan hafa í huga og horfa á. Og það væri hægt að fara lengra aftur í tímann ef menn héldu að þarna hefði verið hvað íbúðarbyggingar varðar alveg sérstakt blómaskeið 1978—1982, en séu tekin næstu fimm ár á undan er talan reyndar hærri, þá er hún um það bil 1000, liðlega 1000 íbúðir sem byrjað var á að jafnaði í kjördæmunum sex. Þróunin er sem sagt sú að frá því að hafa áður verið 1000 íbúðir á ári á síðasta áratug fer talan niður í 801 á árunum 1978—1982. Það var kannske ekki svo stóralvarlegt, en síðan heldur hún áfram að falla og það er ekkert lítið heldur um fullan helming. Það er hin dauða hönd ríkisstjórnarstefnunnar, frjálshyggjunnar sem er undirstaða ríkisstjórnarstefnunnar, sem þarna veldur mestu um og er að sjálfsögðu ekki annað en eitt merkið um það hrun sem yfir landsbyggðinni vofir ef svo heldur áfram sem verið hefur. Þessari landeyðingarstefnu þarf að snúa við.

Það er annar samanburður sem vert er að líta á einnig varðandi þennan þátt áður en lengra er haldið. Skyldi hafa átt sér stað samdráttur í íbúðarbyggingum hér á höfuðborgarsvæðinu með eitthvað svipuðum hætti og úti á landsbyggðinni? Við vitum öll, sem sæti eigum hér í þessari virðulegu stofnun, að mikill fjöldi fólks á höfuðborgarsvæðinu hefur svo sannarlega átt í miklum erfiðleikum vegna húsnæðismála, vegna bygginga eða kaupa sem ráðist hefur verið í til að leysa þessar frumþarfir. En það er líka mikill fjöldi fólks á höfuðborgarsvæðinu sem þessir erfiðleikar hafa ekki snert, sem hefur fullar hendur fjár og meira en það og sem byggir stærra húsnæði en nokkru sinni fyrr. Tölurnar líta þannig út að á sama tíma og íbúðarbyggingar hrynja niður úti um landið er byrjað á fleiri íbúðum í Reykjavík á síðasta ári en verið hefur um mjög mörg undanfarin ár, 807 íbúðum, en það er hæsta talan frá 1978. Allt eru þetta upplýsingar frá Húsnæðisstofnun.

Þá er ekki óeðlilegt að einhver spyrji: Fyrst svona miklum fjármunum er varið til fjárfestinga í íbúðarhúsnæði í einum hluta landsins, en svona litlu í öðrum hluta landsins, skyldi þá ekki það fólk sem litlum fjármunum hefur varið til íbúðarbygginga hafa lagt þeim mun meiri peninga inn á verðtryggða reikninga í bönkunum og verið að tryggja sig með þeim hætti? Ef allt hefði verið eðlilegt um ástand í byggðamálum og kjaramálum milli þessara tveggja hluta landsins, höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar, þá hefði slíkt vissulega getað verið hugsanlegt. Ég sá ástæðu til þess, eftir að hafa hlýtt á 2. umr. um Byggðastofnun, að kanna þetta mál svolítið líka. Og það eru satt að segja ekki fallegar niðurstöður sem þar koma í ljós fyrir þá sem hafa borið ábyrgð á stjórn landsins síðustu tvö ár og telja sig hafa verið að vinna í þágu landsbyggðarinnar. Þeir eru vissulega til í stjórnarliðinu sem hafa þann vilja, en getan hefur ekki verið meiri en þetta vegna þess að aðrir hafa ráðið stjórnarstefnunni í raun.

Eins og við öll þekkjum var á dögum síðustu hæstv. ríkisstj. undir forsæti Gunnars Thoroddsens ýmsu breytt varðandi bankamál, vaxtamál og slíka hluti, og það var m. a. opnað fyrir það að menn gætu lagt inn peninga á verðtryggða reikninga í bönkum sem áður höfðu lengi brunnið upp í verðbólgu á óverðtryggðum reikningum þannig að hver sá sem hylltist til að leggja inn peninga í banka gat eins kveikt í peningunum áður eða a. m. k. verulegum hluta af þeim. Þessi breyting, sem gerð var í tíð síðustu ríkisstj., hlaut að leiða til þess að raunvirði innstæðna hjá bönkum og sparisjóðum færi vaxandi. Það gat ekki öðruvísi verið. Þessi þróun var nokkuð hæg lengi, en þarna er að sjálfsögðu nú orðið um umtalsverðan mun að ræða frá því sem áður var.

Núv. ríkisstj. hefur stundum við hátíðleg tækifæri og hæstv. ráðh. hælt sér af því að þarna væri þó töluverður ávinningur, að við værum nú að koma upp meira sparifé í landinu og þyrftum þá kannske einhvern tíma að taka minna af erlendum lánum fyrir bragðið. Og gott væri að sú þróun héldi áfram vissulega. En hvar skyldu nú þessar auknu innstæður koma fram? Skyldi það vera hjá fólkinu úti um landsbyggðina, þessu fólki sem ekki hefur varið fjármunum í húsbyggingar, eða skyldi það vera fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem líka er verið að byggja svona mikið? Mál standa þannig skv. upplýsingum sem ég hef aflað frá bankaeftirliti Seðlabankans og hef undir höndum að raunvirði innstæðna í bönkum og sparisjóðum yfir landið í heild hefur á árunum 1983 og 1984 hækkað um 3.8 milljarða kr. Þetta eru miklir peningar og ef þessi tala ein segði alla söguna væri full ástæða til að fagna yfir þessum árangri.

Þegar ég nefni þessa tölu er ég ekki að telja með þá krónutölufjölgun sem þurfti að verða á hverjum einstökum reikningi til þess að hann héldi gildi sínu, til þess að hann héldi sama raunvirði. Það hef ég tekið þarna út úr sem sjálfsagt er. En þegar þær hafa verið teknar frá, verðbólgukrónurnar sem fóru bara til að tryggja að ekki lækkaði raungildið á hverjum reikningi, standa eftir hjá bankakerfinu í heild, bönkum og sparisjóðum, 3.8 milljarðar kr. í aukningu á tveimur árum, 1983 og 1984.

Og þá er það næst spurningin: Hvernig ætli skiptingin hafi verið á þessum 3.8 milljörðum? Svo að við höfum þetta alveg nákvæmt er rétt að taka fram að sú tvískipting, sem ég hef á blaði fyrir framan mig frá bankaeftirliti Seðlabankans, er á þann veg að byggðirnar sunnan Hafnarfjarðar í Reykjaneskjördæmi, þ. e. Suðurnesin, eru taldar með landsbyggðinni, en höfuð-

borgarsvæðið, Reykjavík til Hafnarfjarðar og upp í Mosfellssveit, er talið sér. Þannig er þessi tvískipting. Þá skulum við fyrst hafa í huga að á öðru svæðinu, þ. e. höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík og þessum hluta Reykjaneskjördæmis upp í Mosfellssveit og suður í Hafnarfjörð, munu búa um 54% landsmanna, 53.4 var það 1. des. 1983 og er sjálfsagt komið yfir 54% núna, en á Suðurnesjum og í kjördæmunum sex utan Reykjavíkur og Reykjaness búa aftur á móti um 46% landsmanna. Þá skulum við skoða fyrst hvernig innstæður í bönkum og sparisjóðum í ársbyrjun 1983 skiptust milli þessara tveggja svæða. Skiptingin var á þann veg að höfuðborgarsvæðið, sem hafði þá um 54% íbúanna, var með 61.9% af bankainnstæðunum, en landsbyggðin, sem hafði 46.5% íbúanna, var með 38.1% af innstæðunum. Ég hygg að enginn sé hissa á þessum tölum, þær hafi ekki verið neitt fjarri því sem menn gátu gert sér í hugarlund, að þetta væri nokkru hærra í Reykjavík á hvert nef. Það er reyndar oft sagt og að nokkru með réttu að hið svokallaða sparifé sé fyrst og fremst peningur hins almenna manns, sem einn af hæstv. ráðh. talar stundum um sem litla manninn, reyndar hæstv. fjmrh., en engu að síður er það svo að með tilliti til þess að hér á höfuðborgarsvæðinu er mikið fjármagn í umferð, þá er kannske ekki að undra þótt höfuðborgarsvæðið sé miðað við hvert nef eitthvað heldur hærra en landsbyggðin. Maður er ekki hissa á því þó að maður vildi gjarnan að það væri á hinn veginn. En svo koma þessir tæplega 4 milljarðar sem bættust við á árunum 1983 og 1984 í bankana, í sparisjóðina. Og hvernig halda menn nú að skiptingin þar hafi verið? Nú skal ég koma að því.

Hún var þannig, að í stað þess að höfuðborgarsvæðið hafði í upphafi þessa tímabils 61.9% af heildarinnstæðunum hækkaði súlan hjá höfuðborgarsvæðinu upp í 77.8% sé litið á skiptingu þeirra 3.8 milljarða er við bættust á síðustu tveim árum. Hinn parturinn af landinu, þeir hérna suður með sjó fyrir sunnan Hafnarfjörð og fólkið í öllum kjördæmunum sex út um allt land, fólkið sem ekki hefur treyst sér til að ráðstafa fjármunum í húsbyggingar upp á síðkastið, hefur ekki heldur séð sér fært að ráðstafa miklum fjármunum inn á þessa verðtryggðu sparnaðarreikninga vegna þess að það hefur ekki haft peningana til. Og í stað þess að þess hlutur í innlánum var við upphaf árs 1983 38.1% er hlutur þessara byggðarlaga aðeins 22.2% í heildaraukningu síðustu tveggja ára. Hvar halda menn að þetta endi ef þessi þróun heldur áfram? Ég held að allir hefðu gott af að skoða þetta, bæði á línuritum og súluritum, og það væri hægt að fá góða menn til að taka hæstv. ráðh. á námskeið svo að þeir áttuðu sig á því hvað þarna er í raun og veru að gerast. Og vitneskja um það mætti gjarnan hafa nokkur áhrif á löggjöf sem varðar Byggðastofnun, á löggjöf sem er ætlað að draga nokkuð í sambandi við byggðaþróunina í landinu. Hér á höfuðborgarsvæðinu varð sú þróun á þessum tveimur árum, 1983 og 1984, að raunvirði innstæðna í bönkum og sparisjóðum hækkaði um 22.3% sem þýðir í peningum nær 3 milljarða kr., 2950 millj. nákvæmlega til tekið. Ef aukningin hefði átt að vera sú sama hjá Suðurnesjamönnum, hjá Austfirðingum, Vestfirðingum, Norðlendingum og þeim á Vesturlandi og á Suðurlandi, þá hefði átt að koma inn í bankana og sparisjóðina þar líka 22.3% aukning sem hefði þýtt 1812 millj. kr. — og þá er ég alltaf að tala um það sem kom inn í þessar innlánsstofnanir umfram verðbólgukrónurnar sem gengu til þess að halda reikningunum við. Ég er að tala um raunaukningu. En það komu ekki 1812 millj. kr. Það komu aðeins 844 millj. Það er um það bil milljarður, um það bil 1000 millj. kr. sem þarna vantar, bara á þessum eina lið, bankainnstæðunum, rétt tæplega milljarður kr. Hvað skyldi vanta á öðrum liðum? Hvað skyldi vanta upp á að eignir fólks í íbúðarhúsnæði til dæmis að taka hafi haldið verðgildi sínu til jafns við hliðstæðar eignir á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma? Það væri gaman að reikna það dæmi út. Ég vona að einhver annar hv. þm. gæti orðið til þess, jafnvel fyrir þinglokin þótt dæmið sé máske dálítið flókið.

Ég sagði áðan, herra forseti, að það hefði vantað rétt tæpan milljarð upp á það að inn í innlánsstofnanir úti um landið kæmi hlutfallslega jafnhá upphæð og gerðist á höfuðborgarsvæðinu. Bara til að halda óbreyttum hlut vantaði tæpan milljarð. Það komu 844 millj., en það áttu að koma yfir 1800. Þetta þýðir það að hvert einasta gamalmenni í kjördæmunum sex út um landið eða hér suður með sjó, sem kannske kom með 1000 kr. á mánuði og lagði inn á sinn sparireikning, hefði þurft að koma með 2000 kr. í hvert einasta skipti og reyndar gott betur til að halda í við höfuðborgarsvæðið. Hver einasti einstaklingur á vinnualdri, sem eitthvað gat sparað við sig og lagt inn á verðtryggða reikninga og kom kannske með 20 þús. eftir árið skulum við segja, hefði þurft að koma með 40 þús., helmingi hærri upphæð og rúmlega það, til að halda í við höfuðborgarsvæðið í þessum efnum, hver einasti einn, alltaf helmingi hærra og gott betur. Mér finnst, með þessar staðreyndir allar í huga, að það sé allt of lítið um það að menn láti verða vart við það hér á hv. Alþingi, svo að ég tali nú ekki um úti í fjölmiðlunum og vítt og breitt út um þjóðfélagið, hvað þarna sé í raun og veru að gerast, hvaða landeyðingarstefna sé í gangi, hvaða kjarnavandamál sé uppi í íslenskum þjóðmálum sem er að ég hygg ekki ofsagt hjá hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni við 2. umr. þessa máls að sé stærra mál í íslenskum þjóðmálum en öll önnur ef okkar sjálfstæðismál séu undanskilin. Það sem ég vil undirstrika hér ekki síst er einmitt það hvernig mönnum tekst til í glímunni við þá óheillaþróun, sem ég hef varpað hér svolitlu ljósi á einn angann af. Hvernig til tekst í glímunni í þeim efnum er sennilega til lengri tíma litið stærra sjálfstæðismál en nokkurt annað sem til umfjöllunar hefur verið hér á hv. Alþingi í vetur.

Mér fannst ástæða til að hafa orð á þessu áður en frv. það um Byggðastofnun sem hér er til 3. umr. fengi sína lokaafgreiðslu, ekki vegna þess að ég eigi von á því að jafnvel með einhverjum hugsanlegum breytingum, sem enn væri hægt að gera á því frv., verði miklu breytt hvað þessi stóru mál varðar, þar þarf margt fleira að koma til, en ég er ekki síst að koma þessum upplýsingum á framfæri hér vegna þess að þrátt fyrir allt hef ég allgóða trú á því að mjög margir í hópi hv. stuðningsmanna núv. ríkisstj., og ég vil ekki undanskilja einstaka ráðh. í þeim efnum, vildu í rauninni gera betur hvað þetta varðar en verkin sýna. Og það er von mín, hvað sem kann að líða langlífi eða skammlífi núv. ríkisstj., að menn reyni, ég vil segja sameiginlega, hvaða stjórnmálaflokki sem menn hafa kosið að skipa sér í, á næstu vikum og mánuðum að kryfja þennan vanda til mergjar í fullri alvöru og

svara spurningunni: Ætla menn eitthvað að gera eða ætla menn að láta þetta ganga svona til? Og ég vil segja það sem mína skoðun að ef það lögmál, sem sumir kalla frelsi fjármagnsins í landinu og telja æðra en frelsi á ýmsum öðrum sviðum, sumir hverjir, á eitt að ráða þarna, þá er ekki von á góðu. Og ég tala nú ekki um ef þetta frelsi fjármagnsins á að birtast á þann veg að allir þeir sem hafa eitthvað að falbjóða á sviði þjónustu eða viðskipta innanlands og eru þá að langstærstum hluta til á höfuðborgarsvæðinu eiga áfram að njóta þessa frelsis á svipaðan hátt og orðið hefur í vaxandi mæli nú hin síðustu ár, en hinir, sem sinna framleiðsluatvinnuvegunum í landinu og þá ekki síst útflutningsframleiðslunni, hafa ekkert sambærilegt frelsi. Gagnvart þeim er þetta frelsistal ekkert annað en innantóm orð. Þeir geta ekki verðlagt sína vöru eins og sá sem stofnar vídeóleigu eða tekur okurlán til að byggja hús og selja hér á höfuðborgarsvæðinu. Þarna er reginmunur á. Og það er ekki spurningin um hvernig eigi að skipta afrakstrinum af undirstöðuframleiðslunni milli eigenda fyrirtækisins og fólksins sem við viðkomandi fyrirtæki vinnur. Einhvern tíma hefði það verið talin ærin deila, ærið deiluefni í einu miðlungsbyggðarlagi fyrir vestan, norðan eða austan. Slíkt er hégómamál eins og nú er komið, miðað við það hvernig verið er að þrengja að bæði launafólkinu og þeim sem hafa lagt sinn metnað í að reka þjóðhagslega nauðsynleg fyrirtæki í sjávarútvegi til að standa undir öllu mannlífi í þessu landi. Það er verið að setja þessa aðila sameiginlega upp að vegg og þrengja þeirra kosti vegna þess að fjármagninu er öllu beint hingað í þjónustugreinarnar, sumar lítt eða ekki nauðsynlegar, sem gefa þjóðarbúinu ekki nokkurn skapaðan hlut. Og ég held að þeir ágætu hv. þm. í Sjálfstfl., — ég segi Sjálfstfl. vegna þess að ég er alveg sannfærður um að það eru margir í þeim flokki sem þarna bera ekkert síður en ég þungar áhyggjur — svo ég ekki tali um í Framsfl. sem á nú allt sitt fylgi eins og það hefur verið í þessum byggðarlögum úti um landið, ættu að skoða hlutina svolítið út frá veruleikanum en láta ekki einhverja draumóramenn, sem hafa tekið trú á að allt sé hægt að leysa með því að gefa fjármagninu nóg frelsi, ráða þessu öllu. Fái postular fjármagnsfrelsisins einir að ráða stefnir í voða.

Ef stjórnvöld telja það ekki sitt verkefni að stýra fjármununum í landinu frá þeim greinum þar sem fyrst og fremst er verið að efla þjóðfélagslega ónauðsynlega eða lítt nauðsynlega þætti, efla eyðsluna og þjóðfélagslega sóun, og til þeirra atvinnugreina sem bera þjóðfélagið allt uppi, ef stjórnvöld telja þetta ekki sitt verkefni, þá eiga þau að fara frá því þetta gerist ekki af sjálfu sér. Þvert á móti er kerfi peningafrelsisins þannig að ef það fær að leika lausum hala og setja sinn svip á alla þróun í landinu, þá virkar það einfaldlega eins og skilvinda, það mokar rjómanum til þeirra sem hugsa um það eitt að ná bara í skjótfenginn gróða, en þeir sem eru að berjast við þann vanda að halda gangandi fyrirtækjum í sjávarútvegi, halda uppi landbúnaði og treysta byggðina fá ekki nokkurn skapaðan hlut nema eitthvert brot af undanrennunni og það lélega undanrennu. Þannig hefur þetta verið, herra forseti, síðustu tvö ár.

Ég held að ég láti þetta duga í bili. Mitt aðalerindi var að koma þeim upplýsingum um nýbyggingar og bankainnstæður, sem ég aflaði mér í gær og í dag, á framfæri við hv. Nd. ef það mætti verða til nokkurrar umhugsunar í þingstörfum þó ekki yrði fyrr en síðar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég á skapnaðar-erindi við flm. á brtt. á þskj. 1254 og væri hæstv. forseta þakklátur ef ég mætti nema þá nefi, sérstaklega fyrri flm., hv. 2. þm. Norðurl. e. **(Forseti:** Þess verður freistað að finna þá hv. þm.) Ég sá honum bregða hér fyrir, þeim hv. þm., fyrir augnabliki. **(Forseti:** Þingverðir eru sem óðast að leita að þessum tveimur hv. þm.) Já, takk fyrir. Já, þar kemur fyrri flm., hv. 2. þm. Norðurl. e., og ég vildi fara örfáum orðum um brtt., sem hann er flm. að ásamt 3. þm. Reykv., að stjórn Byggðastofnunar skuli heimilt að ákveða að heimili og varnarþing stofnunarinnar verði á Akureyri.

Í fyrsta lagi er þessi till. óþingleg og þó er það ekki aðalatriði. Þeir sem vilja stunda vandleg þingstörf vega ekki í sama knérunn, enda þótt hér sé um verulegan áherslumun að tefla frá þeim till. að Byggðastofnun skyldi rísa á Akureyri.

Í öðru lagi er þessi till. óþörf með öllu. Vegna þess að við afgreiðslu á till. hv. þm. við 2. umr. málsins var því lýst yfir af tveimur ráðh., sínum úr hvorum stjórnarflokki, að ef stjórn stofnunarinnar tæki ákvörðun um að reisa Byggðastofnun á Akureyri skyldi ekki standa á þeim að vinna því máli brautargengi. Í lagafrv. eru engin ákvæði sem hindra slíka ákvörðun af hálfu stjórnar stofnunarinnar.

Í þriðja og alvarlegasta lagi er till. heimskuleg og sérstaklega hættuleg ef áhugi er fyrir hendi um að framkvæma þetta verk, sem ég að mínu leyti hef nokkurn áhuga á vegna valddreifingar sem í því felst, þótt ég hafi ekki gengið á bak þeirri samþykkt sem í ríkisstj. var gerð um innihald frv. Hún er heimskuleg og hættuleg að því leyti að fall þessarar till., sem fullkomin hætta er á að verði, mundi verða túlkað með þeim hætti að byndi hendur stofnunarinnar um að bregða á þetta ráð.

Þetta eru augljós rök og ég bið þess vegna að hv. flm. skoði hug sinn og kalli aftur þessa tillögugerð.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Við höfum enn einu sinni orðið vitni að því þegar sjálfkjörinn yfirforseti Nd., hæstv. iðnrh., setur ofan í við okkur hina og þar með talið virðulegan forseta fyrir að kunna ekki með það að fara hvaða mál eru þingleg og hver ekki. Ég er á því að þessi till. sé fullkomlega þingleg. Það er verulegur merkingarmunur á þessari till. og þeirri brtt. sem felld var við 2. umr. En auðvitað er gott að hafa slíkan sjálfkjörinn forseta til aðstoðar í þd. og greiðir það sjálfsagt fyrir þingstörfum þegar menn af fúsum og frjálsum vilja og miklum áhuga leggja sitt óbeðnir af mörkum svo iðulega sem raun ber vitni með hæstv. iðnrh.

Reyndar er ég að nokkru leyti sammála hæstv. iðnrh. um að það orki tvímælis að kveða sérstaklega á um að heimilt sé að staðsetja eina stofnun. Sérstaklega orkar það tvímælis, að mínu mati, að haga þessu eins og brtt. á þskj. 1258 kveður á um, þ. e. tekin verði inn í lögin sérstök heimild til að staðsetja þessa stofnun utan Reykjavíkur. M. ö. o. má skilja það svo að sé ekki í lögunum sérstök heimild til þess skuli hún vera í Reykjavík. Hvers vegna eru menn þá að flytja um þetta

ákveðna brtt.? Ég tel að það gegni öðru máli þegar nefndur er sérstakur staður vegna þess að með samþykkt slíkrar brtt. lýsir Alþingi ákveðnum vilja um þann sérstaka stað. Í því felst þessi munur.

Ég verð að benda hæstv. iðnrh. á að þau rök, sem voru notuð af ekki ómerkari mönnum en hæstv. forsrh. gegn brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar og Halldórs Blöndals við 2. umr., voru þau að eðlilegra væri að fela stjórninni að taka þessa ákvörðun. Í framhaldi af því má segja að eðlilegt sé að þessir hv. þm., að vísu nú í annarri röð, flytji brtt. um að stjórninni sé heimilt að gera þetta sama. Út af fyrir sig get ég því vel sætt mig við brtt. þeirra þm. Halldórs Blöndals og Svavars Gestssonar og fyrst og fremst á þeirri forsendu að þar er lýst yfir ákveðnum vilja, að mínu mati, um að stjórn stofnunarinnar skoði þennan kost.

Hitt er svo umhugsunarefni ef menn eru komnir í þau spor hér á Alþingi að þeir sjái ástæðu til að setja það sérstaklega inn í lög, sem að öðru leyti geyma engin ákvæði um staðsetningu viðkomandi stofnunar, að heimilt sé að hafa hana einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. Það er verulegt umhugsunarefni ef menn eru komnir í þau spor að þeir telji það nauðsynlegt að setja inn sérstök heimildarákvæði í þessum efnum. Er þar með verið að segja, eins og ég sagði áðan, að í raun og veru gangi öll frv. um stjórnarstofnanir, sem ekki geyma önnur ákvæði, út frá því að stofnanirnar séu staðsettar í Reykjavík? Er það í raun og veru í hugum manna þegar svona er komið?

Það voru hér á Alþingi árið 1972, herra forseti, samþykkt lög um Tækniskóla Íslands. Þá voru menn ekki á ólíkum buxum að skoða hug sinn um hvað væri hægt að gera til valddreifingar og til dreifingar stofnana um þjóðfélagið. Formaður menntmn. Ed. sem þá var, þm. sem hét og heitir enn hv. þm. Ragnar Arnalds, mun þá ásamt fleirum hafa beitt sér fyrir því að inn í lög um Tækniskóla Íslands, sem eru lög nr. 66 og samþykkt voru 29. maí árið 1972, var sett ákvæði til bráðabirgða. Þetta ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntmrh. skal beita sér fyrir því að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar hvort ráðlegt sé að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðh. skal jafnframt láta rannsaka ítarlega hvort ekki sé tiltækilegt að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og þetta var árið 1972. Það má segja að hér hafi verið á ferðinni ákvæði ekki ósvipað því sem þeir hv. þm. Halldór Blöndal og Svavar Gestsson flytja brtt. um, þ. e. að einum ákveðnum aðila í stjórnkerfinu sé heimilt að athuga að flytja viðkomandi stofnun til Akureyrar. Það er svo merkilegt að sami staðurinn er nefndur í bæði skiptin.

Nú vitum við það báðir, virðulegi forseti, að ekki er risinn tækniháskóli á Akureyri og hillir lítt undir það þannig að ekki er það alltaf gefin veiði, fremur sýnd, að setja slík heimildar- eða bráðabirgðaákvæði inn í lög. Því höfum við reynsluna af. Ég lýsti því reyndar við 2. umr., herra forseti, að ég hefði ekki nokkra trú á því að þessi draumur yrði að veruleika ef frá því yrði ekki gengið á hinu háa Alþingi, a. m. k. tiltölulega litla von um að það yrði, og sú skoðun mín stendur óhögguð.

Það breytir ekki því að ég teldi frekar ávinning en hitt, þrátt fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslu í 2. umr., að fá inn ákvæði eins og það sem brtt. þeirra hv. þm. Halldórs Blöndals og Svavars Gestssonar fjallar um. En það er þó umhugsunarefni hvort það er rétt, ef menn á annað borð hafa einhvern áhuga og einhvern vilja í þessum efnum, að setja slík óljós og opin ákvæði. Í ljósi reynslunnar virðast þau ákaflega haldlítil og ekki skipta öllu máli hvort menn setja eitthvað slíkt inn í lög eða ekki. Reynslan sýnir okkur það.

Það getur vel verið að það sé rétt, og það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hæstv. iðnrh., að stjórnskipulega séð og lagalega séð sé óþarft að taka sérstök ákvæði um slíkt inn í lög. Þannig vil ég a. m. k. skilja það. En spurningin er: Eru menn einu hænufeti nær þessu markmiði með því að nefna þetta sérstaklega, þó það sé einungis um heimildarákvæði að ræða, eða ekki? Ég hallast frekar að hinu síðara, að það sé af tvennu illu skárra en ekki neitt að hafa slíkt ákvæði en að hafa frv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Það var nokkuð merkileg umræða sem hér fór fram um þetta frv. við 2. umr., en hún hefur orðið enn merkilegri við m. a. ágæta ræðu hv. næstsíðasta ræðumanns þar sem dregnar voru fram ýmsar alvarlegar staðreyndir í þessu máli og ýmsar dökkar tölur sem þýðir víst lítið fyrir menn að neita. Þó þær standi reyndar ekki allar í síðustu ársskýrslu Framkvæmdastofnunar eru þetta engu að síður opinberar tölur sem tala sínu máli. Ég er alveg sammála hv. þm. Kjartani Ólafssyni um að það þarf meira til en samþykkja frv. á borð við þetta. Af sjálfu sér leiðir ekki að við náum að jafna reikningana hvað byggðaröskunina varðar. Og það að færa til einhver nafnspjöld í stofnun við Rauðarárstíg er eitt og sér ekki trygging fyir því að eitthvað miði í þessu efnum. Auðvitað er það hin opinbera stefnumörkun og það t. d. hversu miklu fé menn vilja ráðstafa til að tryggja ákveðin markmið sem úr sker. Því verður að játa að undanfarin ár hafa verið slæm hvað þetta varðar. Stjórnvöld hafa fallið á prófinu. Og þeim markmiðum sem byggðastefnunni, eins og svo var kölluð, voru sett á öndverðum síðasta áratug hafa menn í raun fært fjær síðustu árin hvað varðar það að verja ákveðnum hluta af þjóðartekjum eða af fjárlagaupphæð til þessa verkefnis. Nú vantar mikið á að Byggðasjóður t. d. fái það fjármagn sem hann hefði samkvæmt þeirri stefnumörkun.

Það væri reyndar ánægjulegt, forseti, að rekja hvernig ákveðnar hugmyndir í byggðamálunum urðu til og hvernig t. d. stofnun sem hét Félag ungra framsóknarmanna átti sinn þátt í því á þeim tíma að hrinda þeim úr vör sem og stefnumörkun vinstristjórnarinnar svonefndu sem sat á fundunum 1971—1974 og það átak sem hún gerði og afleiðingar þess átaks á byggðaþróunina í landinu. Auðvitað urðu mikil kaflaskil við áratugaskiptin frá 1960 til 1970 og margt má af sögunni læra frá og með þeim tíma og til þessa dags og e. t. v. óþarft og ástæðulaust að fara mikið lengra aftur til að skoða þann samanburð sem við höfum af þessum 15 árum eða svo.

Það er t. d. umhugsunarefni hvers vegna það jafnvægistímabil í byggð landsins, sem tókst að skapa um miðjan síðasta áratug, varð jafnskammvinnt og raun ber vitni. Þannig tókst í fyrsta sinn á árinu 1975 að snúa

við áratuga langri þróun fólksfækkunar í dreifbýli og á landsbyggð og ná jöfnuði sem hélst nokkurn veginn í fimm ár. En þá fór að halla á ógæfuhliðina aftur og það tiltölulega hratt. Ég hygg að menn hafi í bjartsýni sinni á árunum 1975—1979—1980 slegið því föstu að sú gífurlega uppbygging sem orðið hafði í atvinnulífi landsbyggðarinnar með endurnýjun togaraflotans og uppbyggingu í frystihúsunum sem og ákveðnu átaki í samgöngumálum og uppbyggingu í landbúnaði o. s. frv. væri upphaf nýrra tíma í þessum efnum og þetta mundi allt hlaða utan á sig, það yrði tilsvarandi vöxtur í þjónustu og ýmsum öðrum störfum sem mundu flytjast út til landsbyggðarinnar í kjölfarið á þessu átaki í framleiðslugreinunum og nú væri í raun fyrir þessu séð um langa framtíð. A. m. k. heyrðust slíkar bjartsýnisraddir á þessum árum. Það er mér minnisstætt. Það getur verið að þær hafi verið blandnar nokkurri óskhyggju og einhverju óraunsæi, en þetta voru menn a. m. k. að leyfa sér að vona.

Það þarf ekki að rekja það frekar að slíkar óskir hafa ekki ræst og menn horfa nú, þvert á móti, framan í einhverja hrikalegustu byggðaröskun sem orðið hefur síðan teknar voru upp skipulegar talningar á búferlaflutningum í þessum efnum og það einungis á örfáum árum, eins og ég rakti, eftir að þetta var í sæmilegu jafnvægi um árabil.

Ég held að skýringarnar á þessu séu margar. Þær liggja m. a. í hinum miklu fjármagnstilflutningum í þjóðfélaginu, eins og hér hefur réttilega verið rakið, en ég held að þær liggi einnig og ekkert síður í hinu, sem er auðvitað tengt, að það sem menn gáfu sér í eina tíð, að þjónustan og ýmsar afleiddar greinar frá framleiðslugreinunum mundu fylgja í kjölfarið og byggjast upp, gerðist ekki. Í stórum dráttum séð gerðist það ekki því að á sama tíma og störf bættust nær eingöngu við í fiskveiðum og fiskvinnslu úti á landsbyggðinni og héldu þannig uppi fólksfjölgun þar bættist við ótrúlegur fjöldi starfa í þjónustugreinum á höfuðborgarsvæðinu og svo merkilega vill til að sú þróun heldur áfram þrátt fyrir að dregið hafi úr fjárfestingunni og hún nánast stöðvast í sjávarútveginum og uppbygging frystihúsa sé nú nánast stöðvuð, eitt eða tvö hús í byggingu úti á landi og þá helst ekki nema að verði að endurnýja það sem brunnið hefur eða svo, þá heldur þetta þjónustuhjól, ef svo má að orði komast, áfram að snúast á Reykjavíkursvæðinu. Það er mönnum auðvitað umhugsunarefni. T. d. bættust á síðasta áratug um 10—11 þús. störf við í þjónustugreinum á stór-Reykjavíkursvæðinu á sama tíma og þau voru rúmlega þúsund úti á landi. Þetta eru auðvitað svakaleg hlutföll, herra forseti.

Ég er að nefna þetta hér vegna þeirra umræðna og þeirra átaka sem hér hafa orðið um þann möguleika að færa Byggðastofnun út fyrir höfuðborgarsvæðið. Menn eins og þ. á m. sá sem hér talar hafa iðulega sagt sem svo: Ef ekki tekst á allra næstu árum og helst strax á morgun að spyrna við fótum og brjóta ísinn í þessum efnum er þetta nánast tapað stríð. Og ég er þeirrar skoðunar t. d. í tengslum við endurskoðun á Framkvæmdastofnun ríkisins og nýjar stofnanir sem út af henni spretta að náist enginn árangur í þessum efnum, allt hjakki í sama farinu, menn skjóti sér á bak við þetta og hitt og komi sér hjá því að taka á þessum málum verði ekki mikil von til þess að árangur náist á næstu árum þegar tækifærin ganga mönnum úr greipum á þann hátt.

Það hallar reyndar það hratt á ógæfuhliðina hvað þetta varðar að enn þá erfiðara verður að snúa þessu við ef það tekst ekki á allra næstu árum. Ég verð að segja það eins og er að ef ekki tekst núna t. d. að gera eitthvað í þessa veru á Eyjafjarðarsvæðinu, sem er þó langstærsta þéttbýlissvæði landsins fyrir utan Reykjavík, er ekki mikil von til þess að það takist annars staðar eða í annan tíma. Nú er veruleg fólksfækkun á Norðurlandi eystra. Ég bið menn að athuga það. Virðulegur forseti og hæstv. forsrh. ættu báðir að hugsa um það augnablik að Norðurland eystra tapaði á fimmta hundrað manns, það fór meira en einn maður á hverjum einasta degi í burtu frá Norðurlandi eystra, á síðasta ári. Þannig er þetta sterkasta svæði utan höfuðborgarinnar og stærsti þéttbýliskjarni utan stór-Reykjavíkursvæðisins statt og þar er svo illa komið: fækkun upp á 1.2% á þessu svæði á sama tíma og fjölgun er upp á 0.7% í Reykjavík. Hún bendir auðvitað ekki til þess, hæstv. forseti, að það verði mikið auðveldara að gera þetta eftir 10 ár eða 15 ár því þá verða hlutföllin sennilega orðin enn þá óhagstæðari.

Ég get ekki leynt því, herra forseti, að atkvgr. í gær varð mér gífurleg vonbrigði. Ég hafði vonast til þess að skilningur á því að hér þyrfti að taka á og spyrna við fótum væri meiri og ég hafði vonast til þess að meira stæði á bak við ræður ýmissa manna og stefnumörkun, jafnvel heilla stjórnmálaflokka, sem auðvelt væri að vitna í í þessum efnum, en svo að svona tækifæri gengi mönnum úr greipum, þrátt fyrir að ýmsir væru með yfirlýsingar um að þeim væri sú athöfn í sjálfu sér ekki óþekk að flytja þessa stofnun norður til Akureyrar.

En það er á dagskrá þingsins annað mál sem er náskylt þessu. Það er ýmist talað um þríburana eða þrílembingana, herra forseti, þar sem eru afkvæmi Framkvæmdastofnunar, þessi æxlun sem á að verða í Framkvæmdastofnun ríkisins, hvort sem hún er með rótarskotum eða kynjuð, þar sem stofnunin skiptist upp í þrennt, og þessari virðulegu þd. gefst væntanlega tækifæri til þess innan skamms að greiða öðru sinni atkv. um skylda hugmynd, sem sé þá að setja á fót væntanlegt þróunarfélag norður á Akureyri.

Ég held ég þurfi ekki, herra forseti, ég hef gert það áður í ræðum mínum, bæði um þetta mál og annað, að tíunda vænlega kosti þess að gera það. Ég hafði ímyndað mér að menn væru þannig sinnaðir, þannig skapi farnir þegar þeir væru að fjalla um Byggðastofnun að þeir væru öllu fúsari en ella til að hugleiða þessi mál. Það verður auðvitað ekki annað sagt en það er einna nöturlegast af öllu að það skuli vera stofnun sem heitir þessu nafni sem fær þessa útreið. En það þýðir víst ekki að fást um það úr því sem komið er.

Það segir í athugasemdum við þetta lagafrv. að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. séu ákvæði um endurskoðun laga Framkvæmdastofnunar ríkisins o. s. frv. og í samþykkt ríkisstj. frá því í september í haust í öðru fskj. með öðru frv. er þetta og hitt. Þetta er að verða klisjan hér, herra forseti, að við stöndum frammi fyrir hverju stóru frv. á fætur öðru. Vegna þess að þetta og hitt var einhvern tíma ákveðið stendur þing fram á sumar og menn halda langa og mikla fundi, þurfa að afgreiða mál sem ekki eru mjög vel úr garði gerð og ekki mjög vel ígrunduð vegna þess að þar eru ákveðin „prinsip" á ferðinni. Ég verð að segja alveg eins og er,

herra forseti, að ég hef stundum svolitlar efasemdir um hversu mikið Framsfl. eigi í þessum „prinsippum" og stefnumörkunum og hversu mikið af þessum frv. sé sérstaklega flutt með tilliti til stefnu Framsfl. og hvers vegna málin ganga fyrir sig þessa síðustu daga eins og þau gera, hvort það sé vegna þess öðru fremur að Framsfl. er aðili að þessari ríkisstj. Mér finnst bragðið af flestum þessum málum, sem við erum hér að ræða, vera þesslegt að þar sé fremur um að ræða ákveðnar frjálshyggjuhugmyndir, jafnvel ofstækishugmyndir, sem ég hélt satt best að segja að Framsfl. væri ekkert sérstaklega hallur undir. Framsfl. hefur löngum skreytt sig fjöðrum í sambandi við byggðastefnuna og jafnvel þóst eiga þó nokkuð í þeirri stefnu. Samt er hann aðili að ríkisstj. sem stendur að þessum málum með þeim hætti sem raun ber vitni, t. d. að þeirri miklu skerðingu á framlögum til Byggðasjóðs sem liggur fyrir. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðunni.) Ræðumaður á nokkuð eftir af ræðu sinni, en með tilliti til þess að ég er í fyrri ræðu minni í þessari umr. er ég fús til að ljúka nú máli mínu og taka frekar til máls síðar. — [Fundarhlé.]

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er svo margt hægt að segja um það efni sem er hér á dagskrá að það er best að segja sem minnst. Þó langar mig að láta nokkur orð falla.

Það er eðlilegt að byggðamál séu hv. þm. hugstæð og þeir leggi sig alla fram til þess að skipa þeim sem best í framtíðinni. Og fyrst horfið var að því ráði að breyta nokkuð um hætti í þessum efnum, þ. e. frá Byggðasjóði yfir í Byggðastofnun, er eðlilegt að menn vilji hugleiða það efni nokkuð.

Hér við 3. umr. liggja fyrir tvær brtt. Önnur þeirra er frá 2. þm. Norðurl. e. og 3. þm. Reykv. Ég er sammála hæstv. iðnrh. í því að ef sú till. á þskj. 1253 yrði felld ofan á það sem gerðist við 2. umr. við nafnakall um till. næstum að segja sama efnis mundi ekki horfa vel fyrir höfuðstað Norðurlands. Um hina till. er það að segja að hún er frá hv. 5. þm. Vestf. um að í stað orðanna „á Akureyri" komi: utan Reykjavíkur. Yrði sú till. samþykkt, og raunar hvort sem er, má ætla að til þess kunni að koma í framtíðinni að stjórn Byggðastofnunar hugleiði hvar hún ætli að velja sér samastað til frambúðar. Og þá koma vitaskuld margir staðir til greina. Þetta er í samræmi við það, sem hæstv. forsrh. sagði hér í dag, að ef stjórn Byggðastofnunar kæmi sér saman um heimili og varnarþing, án þess að það væri bundið í lögum, mundi verða á það fallist. Ég er sammála því að binda þessi efni ekki í lögum. En þó verð ég að segja að till. hv. 5. þm. Vestf. er mun aðgengilegri þó að hennar sé kannske ekki beinlínis þörf.

Af þessu tilefni og án þess að fara að halda uppi nokkru málþófi eða rökræða þetta mál efnislega ætla ég að til þess geti komið í framtíðinni, eins og ég sagði, að stjórn Byggðastofnunar hugleiði hvar hún eigi að velja sér framtíðarbústað. Og þá koma vitanlega margir staðir til greinaa því að margt er um fallega staði í okkar ágæta landi. Og ég vil leyfa mér að nefna einn þeirra því að það er gott að stjórnin fái hugmyndir til að velta fyrir sér. Ég vil leyfa mér að nefna Borgarnes. Það er fallegur staður í fögru héraði, blómlegu héraði, vaxandi byggð. Það er staðreynd að staðsetningin er frábær við Borgarfjörð, við Borgarfjarðarbrúna sem eitt sinn var sennilega umdeildasti hluti hringvegarins og er það máske enn þá. Þar er aðsetur landshlutasamtaka Vesturlands eða Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem ég ætla að hafi starfað af einna mestum þrótti miðað við samtök af því tagi. Ég ætla að leyfa mér að varpa þessari hugmynd fram. Ég ætla að koma henni hér á framfæri. Henni er hér með skotið til stjórnar Byggðastofnunar þegar og ef hún hugsar sér til hreyfings með að flytja aðalbækistöðvar sínar burt frá höfuðstað landsins í framtíðinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vildi við 3. umr. þessa máls bæta nokkuð við það sem áður hefur komið fram af minni hálfu varðandi byggðamálin og það frv. sem hér liggur fyrir um Byggðastofnun.

Það hefur verið dregið fram í þessari umr. af talsmönnum Alþb. og fleirum að langmesta áhyggjuefni í byggðamálum um þessar mundir er staða atvinnuvegaanna út um landið annars vegar og hins vegar sú þensla sem ríkir á Reykjavíkursvæðinu. Þetta er í rauninni byggðamálið í dag eins og það blasir við í sinni nöturlegu mynd með tilheyrandi fólksflótta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins með stöðnun í þeim atvinnugreinum sem landsbyggðin byggir á, með stöðnun í framkvæmdum jafnt á vegum einstaklinga sem atvinnufyrirtækja þar eð þessir aðilar hafa lítið sem ekkert bolmagn til að standa fyrir uppbyggingu og halda áfram að byggja fyrir framtíðina, t. d. með viðlíka hætti og þó var kleift á síðasta áratug. Þetta gildir einnig um sveitarfélögin út um landið, en umsvif á þeirra vegum eru til muna minni en verið hefur um langt skeið og mörg þeirra eiga í verulegum rekstrarerfiðleikum og safna skuldum.

Þetta er myndin sem við blasir gagnvart landsbyggðinni annars vegar, en hér á Reykjavíkursvæðinu, þangað sem fjármagninu er beint vegna ríkisstjórnarstefnunnar, er allt annað upp á teningnum. Hér blómstra atvinnugreinar, fyrst og fremst á sviði verslunar og þjónustu, í áður óþekktri mynd og hingað safnast fólkið utan af landi í æ auknum mæli.

Það kom fram í máli hv. 10. landsk. þm. Kjartans Ólafssonar áðan að íbúðarhúsabyggingar hafa aukist á Reykjavíkursvæðinu þrátt fyrir þá miklu erfiðleika sem allir húsbyggjendur eiga við að stríða og að þessi þróun hefur verið í gangi um nokkurra ára skeið á sama tíma og þveröfug mynd blasir við úti á landi þar sem samdrátturinn er það sem er ríkjandi og þessi mál hafa snúist við frá því sem áður var. Hv. þm. Kjartan Ólafsson dró upp enn skýrari mynd af því en ég gerði við 2. umr. þessa máls hvernig fjármagnið, hvernig sparifjármyndunin hefur þróast í landinu í tíð þessarar ríkisstj. annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar hjá bankastofnunum í Reykjavík og grennd. Þetta eru hin stóru áhyggjuefni. Þetta eru megindrættirnir í byggðastefnu eins og hún hefur þróast að undanförnu. Því hlýtur það að vera krafa okkar, sem hugsum um hag Íslands alls og þá landsbyggðarinnar í þessu samhengi sérstaklega, að hér verði breytt um stefnu, að atvinnuvegirnir, frumvinnslugreinarnar fái eðlilegar rekstraraðstæður og hætt verði að blóðmjólka þær með þeim hætti sem gert hefur verið í tíð núverandi ríkisstj. með ákvörðunum stjórnvalda fyrst og fremst.

En vissulega er eðlilegt að hugsað sé til fleiri þátta þegar verið er að fjalla um byggðastefnu til lengri tíma

litið. Af þeim ástæðum m. a. hefur dregist inn í þessa umræðu spurningin um hvar eigi að velja Byggðastofnun aðsetur, þeirri stofnun sem frv. gerir ráð fyrir að taki við af Byggðasjóði. En það er aðeins einn angi á stórum meiði, einn hluti af mjög stórum þætti sem eðlilegt er að rætt sé um í sambandi við byggðamálin. Þ. e.: hvernig getur hið opinbera haft áhrif á búsetuþróun í landinu og velgengni byggðarlaganna með því að dreifa stjórnsýslu og þjónustu á vegum hins opinbera um landið eftir því sem skynsamlegt getur talist og viðráðanlegt?

Hér var í byrjun síðasta áratugar fjallað mikið um þessi mál og gerðar á vegum stjórnvalda þá mjög umfangsmiklar tillögur um tilfærslur ríkisstofnana, heilla stofnana, frá Reykjavík út í landshlutana. Þessar tillögur hlutu ekki náð fyrir augum stjórnvalda og eflaust má segja um sumar þær hugmyndir, sem þar komu fram, að þær hafi verið of stórhuga miðað við þær aðstæður sem þá ríktu og menn hafi kannske af þeim sökum ekki gefið þessum málum þann gaum sem skyldi í framhaldi af þessari tillögugerð.

Ég nefndi það fyrr við umr. þessa máls að ég legði megináhersluna á það í sambandi við þjónustu á vegum hins opinbera að koma ákveðnum verkefnum, sem nú eru á vegum ríkisins, til sveitarfélaga og til héraðsstjórna sem hugsanlegs þriðja stjórnsýslustigs í landinu. Jafnframt því verði ákveðnum þjónustuþáttum á vegum ríkisins beint út í landshlutana, þáttum sem skynsamlegt þykir að ríkið standi fyrir áfram, og þeim þáttum verði komið fyrir þar sem verkefnin liggja úti í landshlutunum sjálfum. Þetta hefur stundum verið kölluð útibúastefnan og má benda á ákveðin dæmi fyrir slíkri stefnu sem allvel hafa gefist, eins og t. d. sú þróun sem orðið hefur á vegum Rafmagnsveitna ríkisins svo dæmi sé tekið þar sem um hefur verið að ræða fjórðungsvæði með nokkuð sjálfstæðri uppbyggingu og ábyrgð á viðkomandi rekstrarsvæði. Austurland og Austurlandsveita sem hluti af Rafmagnsveitum ríkisins er dæmi um slíkt.

Ég hef minnst á iðnráðgjafarstarfsemina þar sem ríkið veitir samtökum sveitarfélaga ákveðinn stuðning í ráðgjafarstarfsemi sem er bundin við landshluta eða kjördæmi. Ég held að mönnum beri saman um að af þeirri viðleitni sem upp var tekin með lögum um iðnráðgjafa hafi veruleg hreyfing sprottið í sambandi við iðnþróun út um landið og umhugsun um nýsköpun í atvinnulífi.

Þetta eru aðeins fá dæmi. Það má einnig benda á viðleitni til þess hjá vissum rannsóknastofnunum atvinnuveganna, eins og Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, að flytja hluta af starfsemi sinni út á land. Allt hefur þetta gefist nokkuð vel, að mínu mati, en á þessu sviði þyrfti að taka miklu betur á en verið hefur, færa slíka þætti út hvort sem ríkið stendur að þeim kostnaðarlega séð áfram sem ekki þarf að vera ef menn tryggja tekjustofna fyrir sveitarfélög eða héruð, fylki eða hvað menn vilja kalla hugsanlegt þriðja stjórnsýslustig sem væri þess megnugt að taka við verkefnum af ríkisvaldinu.

Ég hef í till. sem liggur fyrir hv. Sþ. gert grein fyrir hugmyndum mínum um þessi efni. Ég held að hér sé í rauninni miklu stærra mál á ferðinni en halda mætti miðað við þær takmörkuðu undirtektir sem fengist hafa við þessari stefnu af stjórnvalda hálfu og í umr. á hv. Alþingi upp á síðkastið. Það eru ekki aðeins verkefnin sem um er að ræða, heldur fólkið sem starfar við þau, menntað fólk sem mikill fengur er að að fá út í byggðarlögin, og að sjálfsögðu þær tekjur sem fylgja fyrir sveitarfélög og byggðarlög af aukinni starfsemi og auknum umsvifum. Ég legg því afar mikla áherslu á að þannig verði tekið á byggðamálum í framtíðinni að um þetta verði mótuð mun skýrari stefna og stigin skref með skipulögðum hætti frá ári til árs til að dreifa þannig verkefnum út um landið.

Það er í hugmyndum sem ég hef lagt fyrir að finna dæmi um verkefni sem ég tel að eðlilegt væri að koma út í landshlutana hið allra fyrsta, koma þar upp útibúum eða fela verkefnin nýju stjórnsýslustigi, héraðsstjórnum, ef samkomulag getur orðið um slíka skipan sem ég teldi raunar mjög æskilegt að yrði. Meðal málaflokka sem ég bendi á í þessu sambandi eru t. d. húsnæðismálin. Ég tel að þau verkefni sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur með höndum gætu mörg hver átt mun betur heima úti í landshlutunum á sérstökum útibúum eða í tengslum við aðra starfsemi sem þar yrði byggð upp, miklu frekar en hið stóra bákn Húsnæðisstofnunar í höfuðborginni, þó að vissulega sé þar á margan hátt vel unnið.

Húsnæðismálin eru verkefni á hverju svæði, tækniráðgjöf varðandi þau, fjárhagsleg ráðgjöf og hvað eina sem snertir húsbyggingar. Hvers vegna erum við að halda þessum verkefnum hér í höfuðborginni í stað þess að færa þau nær fólkinu út í byggðirnar?

Almannatryggingar eru annað slíkt svið sem eðlilegt er að færi verði út í héruðin og vel mætti hugsa sér að héraðsstjórnir tækju við slíkri starfsemi að verulegu leyti þótt ákveðna samræmingu á skipulagi megi hugsa sér og að tengsl séu við meginstofnun í þessum málum sem áfram gæti haft aðsetur í höfuðstað landsins.

Þriðji þátturinn sem ég nefni hér eru skipulagsmálin. Viss vísir er að því á vegum samtaka sveitarfélaga í nokkrum landshlutum að taka í sínar hendur skipulagsmálin, bæði varðandi skipulag þéttbýlis, en eins víðtækari skipulagsverkefni sem sem betur fer er svolítið farið að huga að þótt það sé í mjög litlum og allsendis ófullnægjandi mæli. Þarna er um að ræða sjálfsagt verkefni til þess að færa út í héruðin og margt getur tengst slíku, ekki aðeins starfsemi arkitekta, sem eru þeir sem sinna með beinum hætti skipulagsmálunum, heldur margs konar undirbúningsvinna og áætlanagerð sem þarf að vera undanfari skilmerkilegs skipulags.

Fjórði þátturinn sem ég nefni hér eru sjálf byggðamálin. Þá kem ég að atriði sem gengur í nokkuð aðra átt en er í þessu frv. og þeim brtt. sem fluttar hafa verið við það, en ég vil a. m. k. koma á framfæri í orðum. Mér er mjög til efs að þau verkefni sem Byggðastofnun þessari eru ætluð, þ. e. að taka við verkefni Byggðasjóðs og áætlunargerð á hans vegum, eigi að vera í einni sérgreindri stofnun. Ég get að vísu vel hugsað mér að ein stuðningsstofnun sé til staðar við þessi mál sem má gjarnan heita Byggðastofnun mín vegna, en ég tel að verkefnum, þróunarverkefnum og áætlunargerð, sem tengjast byggðamálunum á hverju svæði, svo og útdeiling fjármagns, sem hingað til hefur verið innan Byggðasjóðs og gert er ráð fyrir að verði undir stjórn þeirrar byggðastofnunar sem frv. gerir ráð fyrir, verði deilt upp og þau verði í rauninni afhent landshlutunum, samtökum sveitarfélaga eða héraðsstjórnum sem nýju stjórnsýslustigi. Ég held að það séu miklu meiri líkur á því að undirbúningur slíkra verkefna fari fram innan

svæðanna sjálfra og því fjármagni, sem þarna yrði til ráðstöfunar til stuðnings margháttaðri starfsemi sem verið er að koma á fót og reyna að fá til að skjóta rótum í landshlutunum, verði deilt út af fólki á svæðunum sjálfum, útdeilingin verði á þess vegum og þess ábyrgð. Ég hef miklu meiri trú á því en að deila slíku fjármagni út af hálfu stjórnar einnar byggðastofnunar, hvort sem hún á aðsetur við Rauðarárstíg eða norður á Akureyri.

Hitt styð ég svo heils hugar, og hef gert það með atkvæði mínu hér, að verði frv. þetta lögfest verði Byggðastofnuninni ætlað að rísa eða verða byggð upp á Akureyri eins og tillögur hafa verið gerðar um. Það er í rauninni ákveðin táknræn ákvörðun, ákveðið lágmark af hálfu Alþingis sem skref til að sýna vilja þingsins til að koma slíkri starfsemi út af höfuðborgarsvæðinu.

Fimmta atriðið sem ég nefni hér og tel að unnt væri að taka á með allt öðrum hætti en nú er, með mun skilmerkilegri hætti en nú er, eru fræðslumálin, skólamálin, menntamálin, hvað menn vilja kalla þau. Vissulega er vísir að slíku með fræðsluskrifstofum í einstökum landshlutum. Þær hafa að mínu mati þegar sannað gildi sitt og verið mjög til heilla fyrir mótun fræðslustarfs í viðkomandi umdæmum. En þarna þarf að gera mun betur og fela heimaaðilum, nýju stjórnsýslustigi, lýðræðislega kjörnum stjórnum, verulega sjálfsstjórn í menntamálunum á sínu svæði, verulega stjórn, og einnig þá útdeilingu fjármagns í því skyni innan svæðanna sjálfra.

Ég nefni enn málefni sem tengist þessu, það má segja að það tilheyri menningarmálunum, og það eru málefni safna sem farið er að gefa gaum í mun ríkari mæli en verið hefur úti um landið. Við höfum ekki fengið, því miður, inn í þingið nýtt frv. um Þjóðminjasafn Íslands eða réttara sagt nýtt frv. til þjóðminjalaga eins og ég hygg að það hafi átt að heita, en ég veit að í því frv., sem búið er að liggja í skúffum hæstv. menntmrh. í eitt og hálft ár, að ég hygg, og er afrakstur af starfi nefndar sem fyrrv. hæstv. menntmrh. skipaði, er að finna mjög athyglisverðar tillögur um ákveðna sjálfsstjórn þessara mála úti í landshlutunum í tengslum þó við Þjóðminjasafn Íslands sem stuðnings- og samræmingaraðila.

Á Austurlandi hefur verið komið upp ákveðnum vísi að slíkri samræmdri starfsemi með stuðningi Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi þar sem er hin svokallaða Safnastofnun Austurlands. Henni er kjörin stjórn á hverjum ársfundi Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og hún fær til ráðstöfunar ákveðið fjármagn, ákveðinn styrk frá þessum samtökum. Þetta er eins konar yfirstjórn safnamála þar í fjórðungnum og menn hafa sammælst þar um ákveðið skipulag þessara mála eftir að þessi safnastofnun tók til starfa. Hún ræður ekki yfir neinu einu safni, heldur er hún samræmingar- og stjórnunaraðili og ráðgjafaraðili sem á að hafa bolmagn til að hafa menntaðan sérfræðikraft í sinni þjónustu til að liðsinna hinum litlu safneiningum víða um fjórðunginn. Þetta er dæmi um menningarþátt sem á að hlúa að og á að fá sína sjálfsstjórn úti í landshlutunum. Og svo má lengi telja upp einstaka þætti á sviði menningarmála þar sem heimamenn geta tekið til hendi og eiga að fá hluta af því fjármagni til sjálfstæðrar ráðstöfunar sem nú er veitt til miðstöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Ég nefni enn eina stofnunina. Ég vil ekki nota orðið „bákn", því að það hefur oft óþarflega neikvæða merkingu þegar menn tala um bákn, þótt viðkomandi stofnun sé allstór. Það er Hollustueftirlit ríkisins og margt sem því tengist. Mikið af þeirri starfsemi getur átt heima úti í landshlutunum með ákveðnari hætti en verið hefur þó að vissulega hafi með nýjum lögum þar að lútandi verið ætlast til þess að sveitarfélög sameinuðust um heilbrigðisfulltrúa skv. ákveðnu skipulagi. Ég held að ýmsir þættir heilbrigðis- og hollustueftirlits og annað opinbert eftirlit, öryggiseftirlit þ. á m., eigi heima úti í landshlutunum sjálfum, úti í héruðunum, og það fjármagn sem þar er um að ræða. Rafmagnseftirlit ríkisins er enn ein slík stofnun sem mjög eðlilegt væri að hefði meira sjálfræði úti í landshlutunum og meira af þeirri starfsemi sem nú fer fram í Reykjavík mætti flytjast þangað.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að málstök af því tagi sem ég er að mæla fyrir yrðu byggðaþróun í landinu mjög til heilla og ég vil stuðla að því að Alþingi ráðstafi fjármagni, sem ríkið nú útdeilir og fjvn. Alþingis deilir út í smáatriðum og við einstakir þm. kjördæma eigum hlut að að skipta niður, til samtaka fólksins, til lýðræðislega kjörinna stjórna úti í landshlutunum sem taki á sig það vald, þá ábyrgð og þá vegsemd að deila fjármagninu út. Þetta fjármagn getur komið með beinum hætti úr ríkissjóði skv. ákvörðun af hálfu Alþingis, af hálfu og að fengnum tillögum fjvn., en það má einnig hugsa sér, og það tel ég raunar ekki síður æskilegt, að héraðsstjórnir, að héruðin fái með sjálfsstjórn sinni ákveðna sjálfstæða tekjustofna í sínar hendur og taki um það ákvörðun á sínum vegum hvernig þeim sé varið.

Ég sækist ekki eftir því sem alþm. að vera að deila niður fjármagni t. d. til skóla í mínu kjördæmi. Ég tel að lýðræðislega kjörin samkoma heimaaðila sé í rauninni mikilu eðlilegri og vænlegri aðili til að standa að slíku en við hér suður á Alþingi þó svo að við gerum það eftir bestu getu og bestu samvisku. Ég hef vissulega heyrt um það áhyggjur í sambandi við umræður um þessi mál og hugmyndir, eins og ég hef viðrað þær hér, að allt eins megi búast við því að t. d. héraðsstjórnir, sem kannske spönnuðu svæði allt að einu kjördæmi eins og þau nú líta út, hugsuðu ekki sem skyldi um veikustu svæðin, um þau svæði sem sérstaklega þurfi að gæta að. Ég óttast þetta ekki svo mjög. Ég held að réttlætiskennd fólksins úti um landið sé það rík að þeir sem til væru kvaddir gætu tekið á þessum málum af ekki minna réttlæti en reynt er af hv. þm. á Alþingi. Vafalaust tekur slík endurskipulagning stjórnsýslunnar í landinu vissan tíma. Slík ný tök stjórnsýslunnar þurfa sinn aðlögunartíma, má kalla það, og málin þurfa að leita nýs jafnvægis ef valdið er fært út til nýrra eininga, eins og ég hef sett fram hugmyndir um.

En ég óttast sem sagt ekki að slík valddreifing verði ófarsæl fyrir landsbyggðina og byggðaþróun. Ég er miklu fremur þeirrar skoðunar að hún efli menn til sjálfsbjargar, til dáða úti um landið og verði til þess að skapa eðlilegt mótvægi við þá starfsemi sem fram fer í höfuðstað Íslands.

Enginn taki orð mín svo að ég sé andstæðingur Reykjavíkur sem höfuðstaðar í landinu og líti þá starfsemi sem hér fer fram, hvort sem það er á menningarsviði eða á öðrum sviðum, öfundarauga vegna þess að hún fari hér fram eða vegna þess fólks sem við hana vinnur hér. Svo eru málin ekki. En ég tel

þessa þróun, sem nú er í gangi og við blasir eins og málin nú þegar liggja, óheillavænlega fyrir Ísland allt, einnig fyrir höfuðstaðinn og nágrenni hans og það fólk sem hér býr. Því er ég þeirrar skoðunar að taka hefði þurft með allt öðrum stefnumótandi hætti á byggðamálum en gert er í því frv. sem hér liggur fyrir um Byggðastofnun. Það virðist satt að segja sem afskaplega *lítil hugsun hafi verið lögð í þetta mál*, a. m. k. ekki neinir nýir ferskir vindar hafi leikið um hugi þeirra manna sem um þetta hafa fjallað eða þeirra sem lögðu mat á tillögur þeirra. Því miður, verð ég að segja. Hér er fyrst og fremst verið að kippa einum þætti út úr Framkvæmdastofnun, marka hann af, með nánast sama hætti og áður lá fyrir. Og það felst engin stefnumörkun í þessu frv. sem geti vakið vonir um að tekið verði með öðrum hætti eða auknum þrótti á þessum málum, eins og svo sannarlega væri þó ástæða til. Því miður, verð ég að segja.

Það er ekki heldur hægt að sjá að þeir sem mótuðu þetta mál og hæstv. forsrh. sem ber það fram hér hafi haft mikið auga á þeim heitstrengingum og samþykktum sem allir formenn stjórnmálaflokka stóðu þó að í sérstakri samþykkt sem gerð var fyrir nokkru í tengslum við stjórnarskrárbreytingu og fylgdi sem sérstök ábending með frv. um breytingu á stjórnarskrá sem lá fyrir 105. löggjafarþinginu. Þar sagði, með leyfi forseta, svo ég aðeins rifji þá samþykkt upp, en hún er ekki löng:

„Þingflokkar ... sem að frv. þessu standa hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

...2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Það er a. m. k. komið á annað árið síðan þessi samþykkt var gerð og sú nefnd sem hæstv. forsrh. hafði frumkvæði að að skipuð væri í framhaldi af þessari samþykkt formanna þingflokkanna, hin svokallaða byggðanefnd þingflokkanna, hefur ekki orkað, undir formennsku fyrrv. alþm. Lárusar Jónssonar, að setja fram neinar stefnumarkandi tillögur sem skipti einhverju *máli í sambandi við þá stöðu sem ég hef verið* hér að ræða og varðar svo mjög byggðamálin í landinu.

Þið hafið, hv. þm., tekið eftir orðalaginu að jafnframt muni þingflokkarnir „beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst." Það væri langt mál að fara að rekja hvernig þau mál standa. Þau hafa ekki þróast í tíð núv. ríkisstj. til jöfnunar. Það eru fá atriðin a. m. k. sem hægt er að benda á í þeim efnum, ef einhver. Ég get nefnt sem dæmi þróun raforkuverðsins sem svo mjög var umtalað fyrir nokkrum misserum og reyndar árvisst til umræðu á hv. Alþingi. Hefur verið dregið úr mismunun á raforkuverði á milli einstakra veitusvæða, t. d. milli höfuðborgarsvæðisins og orkuveitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða? Nei, það hefur ekki gerst. Hér voru teknar ákvarðanir af stjórnarliðinu á liðnum vetri í tengslum við afgreiðslu á frv. um verðjöfnunargjald af raforku m. a. og síðan af hæstv. iðnrh. í tengslum við gjaldskrárákvarðanir. Þó að hann vilji sem minnst nærri þeim koma þá heyra þó allténd Rafmagnsveitur ríkisins undir iðnrn. Þar voru teknar ákvarðanir sem juku verðmun á raforku til almennings frá því sem verið hefur.

Ég hef flutt hér á Alþingi sérstaka tillögu um jöfnun símkostnaðar í landinu sem er einn af þeim þáttum sem eru mjög íþyngjandi fyrir fólkið úti um landsbyggðina. Það þarf, m. a. vegna samþjöppunar stjórnsýslunnar á höfuðborgarsvæðinu, að eyða miklu fleiri krónum í símtöl en fólkið á þessu stóra svæði sem hefur þjónustuna nærri sér, bæði hina opinberu og reyndar marghátt-aða aðra þjónustu, verslun og viðskipti á þessu stóra svæði. Það er algjör óhæfa að það skuli vera lagður skattur á landsbyggðina með þeim hætti sem gert er af Pósti og síma í sambandi við gjaldsetningu vegna langlínusímtala. Þar er um að ræða tífaldan mun miðað við samtalseiningu, miðað við tímaeiningu. Ætli menn segi ekki að það sé vegna þess að það sé miklu dýrara kerfi sem standi að baki og eru þeir þá of góðir að standa undir því að einhverju verulegu leyti sem ekki hafa flutt hingað til höfuðborgarsvæðisins?

En svo eru málin ekki. Í reynd er það svo, að ef litið væri á tilkostnaðinn hjá Pósti og síma við kerfið í sambandi við landssímann gætu menn ekki fundið út meira en tvöfaldan mun, en ekki tífaldan eins og nú er. Þetta er mál sem unnt væri að kippa í liðinn á Alþingi ef hugur væri til að taka á þessum misréttismálum. Hér liggja fyrir tillögur um það, en þær hreyfast ekki út úr nefnd, á þeim er ekki tekið. Eftir hverju er verið að bíða? Það hlýtur að vera að viljann vanti til að taka á þessum málum.

Þetta er því miður allt í skötulíki, hvort sem litið er til frv. eða málsmeðferðar varðandi einstaka þætti byggðamálanna, af hálfu núv. hæstv. ríkisstj. og þeirri viðleitni, sem var hér um skeið markvisst haldið uppi til jöfnunar á ýmsum sviðum, hefur ekki verið fram haldið, því miður.

Hæstv. félmrh., sem hlýðir einn ráðh. að ég fæ greint á umr. nú, hugsar e. t. v. til frv. til l. um sveitarstjórnarmál sem hann mælti fyrir í þinginu á fámennum kvöldfundi og hlaut litla umræðu við 1. umr. máls, en málinu síðan vísað til nefndar. Ég neita því ekki að það eru ákveðin atriði í því frv. til sveitarstjórnarlaga, ýmsir kaflar, sem ég gæti alveg tekið undir og eru til bóta frá *núverandi horfi, enda verið að lagfæra þar ýmis atriði* að breyttum aðstæðum og sem víðtæk samstaða er um, en á öðrum þáttum, sem í rauninni skipta einhverju teljandi máli, sem gætu hreyft eitthvað í byggðamálunum, er ekki tekið þar svo nokkur mynd sé á. T. d. nefni ég samstarf sveitarfélaga í svonefndum héraðsstjórnum sem eru nánast valdalausir eða valdalitlir aðilar án sérstaks fjármagns til ráðstöfunar. Það er þó fráleitast að til þeirra stjórna er ekki kosið með lýðræðislegum hætti. Slíkt er að mínu mati aldeilis útilokað, að ætla að fara að setja upp slíkar stjórnir úti um landið þar sem mismunað er gróflega milli sveitarfélaga sem eiga þar að eiga aðild að. Ekki það að ég vilji ekki sjá hlut strjálbýlustu svæðanna þokkalega tryggðan, það þarf vissulega að gera, en það er ekki gert með því kerfi sem þarna er sett upp. Fyrir nú utan þau landfræðilegu mörk, afskræmismörk, sem sums staðar eru dregin upp sem rammi um þessi héruð. Verður mér þá eðlilega litið næst heimahögunum, til skiptingarinnar eins og hún er ætluð skv. tillögum í sveitarstjórnarlögunum varðandi

Norður- og Suður-Múlasýslur. Hvernig lítur það út að ætla að fara að festa í sessi með víðtækari umsvifum en nú tilheyra sýslunum, sem hafa ekki mjög mikið umleikis, skipan mála sem deilir Fljótsdalshéraði í tvennt, svo dæmi sé tekið? Fjórir hreppar skulu vera í Suður-Múlasýslu og hinir í Norður-Múlasýslu. Hvaða vit er í slíkri skipan mála? Og það er verið að reyna að brúa þetta bil með möguleikum og heimildum í frv. til l. um sveitarstjórnarmálefni, með sveigjanlegu samstarfi þvert á slíkar einingar. Menn eiga ekki að vera að setja upp kerfi sem lítil sem engin von er til að virki í reynd og það þarf að taka með allt öðrum og skilmerkilegri hætti á þessum málum.

Ég endurtek, virðulegur forseti, að stóra áhyggjan varðandi byggðamálin liggur utan við ramma þessa frv., liggur utan við það form sem verið er að fjalla um í frv. Það er efnahagsstefna stjórnvalda. Það er sú skelfilega mynd sem við blasir í meginburðarásum atvinnulífs úti um landið vegna stjórnarstefnunnar. En þau mál ætla ég að ræða nánar undir öðrum lið sem er á dagskránni og var reyndar í miðjum klíðum í gær, hygg ég hafi verið, þegar umr. um það var frestað. Ég læt því nægja að þessu sinni af minni hálfu þetta innlegg í umræðuna um byggðamálin og tel mig hafa skýrt nánar ýmis sjónarmið af minni hálfu, sjónarmið sem ekki hafa komið fram áður við þessa umræðu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hélt ég hefði áður verið búinn að mæla nógu skýrt fyrir því hvers vegna eðlilegt væri að Byggðastofnun risi á Akureyri og væri þar staðsett. Það var satt að segja hálfaumkunarvert að hlusta á hæstv. iðnrh. áðan tala gegn þessari till., sem hann fylgir í hjarta sínu, og má segja að málflutningurinn var eftir því, þegar hann var í fyrsta lagi að reyna að halda því fram að ekki væri þinglegt að Alþingi ákvæði hvar opinber stofnun yrði, hefði sitt lögheimili og fasta aðsetur. Ég veit ekki betur en sumir hafi jafnvel talið þinglegt að hér á Alþingi yrði ákveðið hvar hlutafélag reisti verksmiðju. Það getur vel verið að heimskulegt sé að halda því fram að Byggðastofnun eigi að vera á Akureyri, mesta þéttbýlissvæði utan Reykjavíkur, en liggur það ekki ljóst fyrir að við getum ekki byggt upp strjálbýlið, við getum ekki haldið í við Reykjavíkursvæðið nema ef við færum þjónustuna út fyrir, burt af þessu svæði hér? Það liggur alveg ljóst fyrir.

Hitt fannst mér fróðlegt og skemmtilegt að heyra hv. 1. þm. Vesturl. tala áðan á þeim nótum sem hann gerði. Ég veit að hann meinti það að hans hugur stendur ekki til þess að efla Eyjafjörð eða eyfirskar byggðir ef hann á þess nokkurn kost að ná þaðan mola. Ég skildi því það sem hann sagði fullvel út frá hans sjónarmiðum. En staðreyndin er sú að Alþingi hefur haft lítinn sóma af því hvernig staðið hefur verið að því að tengja saman tvo mestu þéttbýlisstaði landsins og hvernig Alþingi hefur staðið að því að efla þjónustu, þá þjónustu sem er norðanlands, á Akureyri. Það er ekki enn farið að leggja varanlegt slitlag á veginn fyrir Hvalfjörð. Það er ekki einu sinni komið varanlegt slitlag upp á Akranes. Við þurfum ekki að orðlengja það þrátt fyrir að Alþingi hafi fyrir kannske 10 árum samþykkt ályktun um að láta varanlega vegagerð til Akureyrar sitja fyrir. Okkur þótti sjálfsagt að vinna að hringveginum, það var fyrsta skrefið, og á þeim tíma var almennur skilningur fyrir því að næsta skref yrði að leggja veg norður undir eins og búið væri að koma varanlegum vegi austur fyrir fjall. Við þetta hefur ekki verið staðið.

Ég hef hins vegar heyrt það og finn að það eru ýmsir þm. hér sem vilja spilla því að opinberar stofnanir fari út fyrir þetta þrönga svæði hér. Það er komið stóriðjuver við Hvalfjörð. Þar er herstöð. Þar er sementsverksmiðja. Þeir tóku til sín brúna og hefði þó verið hægt að byggja upp allan veginn norður til Akureyrar og leggja varanlegt slitlag á allan þann veg og láta brúna bíða. Þeir reka með bullandi tapi og halla skipaferju upp á Akranes. Ef við mundum selja hana og nota hallann væri fyrir löngu búið að leggja þennan sama veg norður. **(Gripið fram í:** Við notum ekki hallann.) Ég á við nota þá peninga sem í það fóru. Það er rétt. Ég þakka fyrir þessa leiðbeiningu. — Og annað eftir þessu. Þeir sátu fyrir um Ó-vegina. En það er ekki nóg. Það skal alltaf heimta meira og meira. Og svo sjá þeir ofsjónum yfir því þó einhver ein stofnun fái að koma norður á Akureyri!

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég átti auðvitað ekki von á því að hv. 2. þm. Norðurl. e. tæki neinum sönsum. Þá hefði mær brugðið vana sínum. Ég var aðeins að benda honum á að í fyrsta lagi jaðraði till. við að vera óþingleg, í öðru lagi væri hún óþörf og í þriðja lagi heimskuleg. En þetta nægir honum ekki.

Má ég minna á það, af því að hann minntist á bundið slitlag til Akureyrar, að sá sem vaskast hefur barist fyrir því heitir Sverrir Hermannsson og ágreiningur okkar Halldórs E. Sigurðssonar á sínum tíma vegna Borgarfjarðarbrúar var ekki vegna nauðsynjar á Borgarfjarðarbrú, heldur vegna þess að ég vildi byrja á því að leggja bundið slitlag norður til Akureyrar af því að það stóðst nokkurn veginn á kostnaður við brúna og þetta bundna slitlag.

Ég er ekki að leggja stein í götu þess að stofnanir flytji til Akureyrar. En þessi hv. þm., sem lengi er búinn að eiga sæti í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, hvað hefur hann lagt af mörkum þar og hvaða tilraun hefur hann gert til þess að flytja stofnunina norður? Væntanlega hefur hann eitthvað búið í haginn fyrir þá starfsemi sína í öll þessi ár, en ætlar ekki að vinna málið í tilhlaupi með hv. 3. þm. Reykv. á síðustu stundu afgreiðslu þessa máls.

Ég vil gjarnan leggja þessu máli lið. Ég hefði áhuga á stofnanadreifingu og það væri vissulega ánægjulegt ef af þessu gæti orðið. Ég benti hins vegar á að ég teldi mig hafa verið bundinn, af því sem ég er flm. þessa frv. um Byggðastofnun þar sem ekki er tekið fram hvar hún skuli rísa, og fyrir því er það að ég hlaut að greiða atkv. eins og ég gerði þótt ég hefði að sínu leyti áhuga á því að þessi till. næði fram að ganga. En ég bendi enn fremur á að hér hafa ráðh., einn úr hvorum stjórnarflokki, lýst því yfir að ef stjórn í byggðastofnuninni nýju tæki ákvörðun um að hún skyldi rísa á Akureyri skyldi ekki standa á þeim að styðja framgang þess máls. Ég hef ekkert á móti tillögugerðinni annað en það að hún getur stórspillt fyrir framgangi þessa máls, vegna þess að verði till. felld, eins og ég tel mikla hættu á með vísan til afgreiðslu fyrri till., þá er þegar búið að leggja stein í götu þessa framfaramáls. Það er áreiðanlega ekki það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. ætlar sér.

En annars vil ég, herra forseti, með einni setningu segja að það tekur nokkuð í hnúkana að hlusta á málflutning hv. Alþb.-manna hér í hv. deild og það á

þessu kvöldi. Klukkan hálfníu byrjar hv. 5. þm. Austurl. sár og ákaflega móður að kvarta yfir því að nú þurfi hann að fá upplýsingar um það hvort hann komist heim til sín 17. júní. Á eftir honum kemur hv. 3. þm. Reykv. og kvartar yfir allri málsmeðferð og aðallega því að ekki skuli vera samið við stjórnarandstöðu um hvaða mál gangi hér fram. Það vill svo til að ég var þar nær um allmörg ár þar sem samningar fóru fram um lok Alþingis, bæði frestun fyrir áramót og eins lok Alþingis, og mér er fullkunnugt um hvernig þau kaup gerðust og á hvaða eyri. Það er mikill misskilningur ef menn halda að Gunnar heitinn Thoroddsen, fyrir hönd hv. 3. þm. Reykv. og 5. þm. Austurl., hafi samið um það við stjórnarandstöðuna hvaða mál skyldu ganga fram. Ekkert slíkt var tekið í mál, enda beinlínis gegn þingræðinu að meiri hl. þurfi og eigi að beygja sig fyrir minni hl. að því leyti.

Nú alla þessa viku bregður svo við að haldið er uppi linnulausu málþófi og hann var ekki fyrr búinn að láta sig langa heim til sín, hv. 5. þm. Austurl., en hann byrjaði eina maraþonræðuna við 3. umr. um byggðastofnunarlagafrv. Ég á alveg eins von á því að þessu haldi áfram og þá er að taka því vegna þess að höfuðmál ríkisstj. ganga fyrir um afgreiðslu en ekki hvað þeim þóknast, þessum herrum, að halda uppi marklausu og löngu málþófi. Þetta vil ég að komi fram og skora svo á hv. 2. þm. Norðurl. e. að taka ekki þátt í málþófinu með vitlausum tillöguflutningi hér.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Samkv. þingsköpum hafa ráðh. möguleika og leyfi til að troða sér inn í mælendaskrá þar sem þeim dettur í hug og það hefur hæstv. iðnrh. nú gert. Hann hefur aukin heldur verið svo smekklegur í ræðu sinni að ráðast sérstaklega að þm. fyrir umræður þeirra um þau stóru mál sem hér eru á dagskrá. Ég hygg að það sé fágætt að ráðh. hagi sér með þessum hætti og geri þannig það sem hann getur til að efna til úlfúðar og vandræða í þinghaldinu. Ég verð hins vegar að vísa til orða hæstv. forsrh. áðan, sem lýsti því yfir að þessar umr. væru allar hinar gagnlegustu, ykju á virðingu þingsins og stuðluðu að því að málsmeðferð yrði vandaðri í hvívetna en ella væri, og tel að í þessu efni sé fremur að marka orð hæstv. forsrh. en hæstv. iðnrh., en þau mat ég einskis.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er hægt að taka undir með hv. 3. þm. Reykv. að það er undarlegur sá háttur sem hæstv. iðnrh. hefur á í þessu máli í tengslum við þetta frv. um Byggðastofnun. Hann finnur að því sérstaklega að þessi mál séu tekin hér til ítarlegrar umræðu. Ég undrast mjög hvað hæstv. ráðh. gengur til að amast við því, nema það sé eitthvað sem rekst þar á við samvisku hans, að hér sé kannske ekki öllu til haga haldið sem skyldi í þessum málum og í málatilbúnaði af hálfu ríkisstj. í málum sem þessu tengjast.

Það er líka heldur hart fyrir okkur þm., sem höfum búsetu úti á landi og erum þingmenn fyrir landsbyggðina, að finna að því þó að okkur komi til hugar að inna eftir því hvort hægt sé að fá upplýst hvað fyrirhugað sé um þinghald í kringum komandi helgi. Ég skil það vel að hæstv. iðnrh., þm. Austurl. sem búsettur er hér í Reykjavík, hafi ekki miklar áhyggjur af þessu, hann þarf ekki annað en að setjast upp í bílinn sinn fyrir utan og er kominn, með annan mann undir stýri, fyrr en varir til síns heima, en mér er ekki alveg sama um þetta og þess vegna leyfi ég mér að spyrja. Og ég veit ekki nema það liggi svolítið meira á bak við bæði ummælin um umr. um byggðamálin og búsetuna hjá þessum hæstv. ráðh. og kannske forsrh. sjálfum þó hann taki allt öðruvísi á máli í sambandi við þessa umr., eins og hér var vitnað til. Ég held að það skipti dálitlu máli hvort menn eru búsettir í Arnarnesinu eða í Skjólunum, eða hvar það nú er sem menn hafa komið sér fyrir innan höfuðborgarinnar eða í nágrenni hennar, eða eru með búsetu úti á landsbyggðinni og þurfa þó a. m. k. að leggja nokkuð á sig til að skjótast heim til sín öðru hvoru.

Ég veit að hæstv. forseti hefur skilning á þessu. Hann er einn af þeim sem eru búsettir utan Reykjavíkur, að ég best veit, og þannig háttar til um fleiri þm. Það skyldi nú ekki vera að hv. þm. Stefán Guðmundsson hefði áhuga á því að skjótast norður í Skagafjörð um komandi helgi og á þjóðhátíð t. d. og hefði ekkert á móti því að hæstv. forsetar og ríkisstj. kvæðu upp úr um það hvort hugmyndin væri að halda þingfundi á komandi laugardegi. Ég var alls ekkert að andmæla því í mínu máli að slíkir fundir yrðu haldnir, aðeins að fara fram á að það lægi fyrir með einhverjum fyrirvara þar sem menn þurfa að tryggja sér far til síns heima.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef ekki átt þess kost fyrr að koma inn í 3. umr. um þetta mál, en ég skilaði og gerði grein fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. í stuttri ræðu sem ég flutti við 2. umr. málsins.

Ég fagna því sérstaklega, herra forseti, að Nd. skuli taka sér tíma til að ræða þetta mál og ég bendi á að ef ætlunin er að gefa Ed. eðlilegan tíma til að fjalla um þetta eru líkur til þess að þinghaldið standi hérna mun lengur en ætlað hafði verið. Við því er þá ekkert að segja, en menn verða að vita um það með fyrirvara. Þm. eru á kaupi allt sumarið, eins og sumir hafa verið að segja, og geta tekið tímann í að ræða um þessi mál. En mér sýnist að staðan verði þannig þegar líður á næstu viku að hv. Nd. muni hafa mjög lítið af málum fyrir sig að leggja, en þeim mun meira verði að vinna í Ed. og staðan geti þá orðið þannig, miðað við þann tíma sem mál taka hér og eðlilegt er, að eðlilegt verði að fresta Nd., en láta Ed. starfa í sumar að þessu máli, enda á hún það kannske skilið eftir þær sendingar sem hún hefur sent okkur síðustu daga í málum sem við höfum velkst með mánuðum saman.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, herra forseti, að hér er verið að leggja til að leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins og skipta henni upp í tvær stofnanir, Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun, auk þess sem svokölluðu þróunarfélagi verða ætluð nokkur þau verkefni sem gert er ráð fyrir í lögunum að Framkvæmdastofnunin vinni. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að fara yfir hvað Framkvæmdastofnunin hefur verið að gera. Ég hygg að eftir þá yfirferð komist fleiri hv. þm. að sömu niðurstöðu og ég. Þá komi í ljós að í þeim frv. sem hér liggja fyrir er ekki búið eins að verkefnum og þrátt fyrir allt er gert í Framkvæmdastofnuninni í dag og muni þá sannast hið fornkveðna að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. M. ö. o. að það sé svo illa á málum

haldið varðandi undirbúning þeirra þriggja frv. sem hér er um að ræða að hætta sé á því að veigamiklir þættir í starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins detti niður og hverfi út úr okkar stjórnkerfi.

Það sem ég á við í þessu efni er sérstaklega áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Nú hefur margt verið um það sagt að áætlanadeildin hafi starfað illa. Það hygg ég að sé ósanngjarnt. Ég hygg að áætlanadeildin hafi út af fyrir sig oft og tíðum starfað allvel. Staðreyndin er hins vegar sú að hún hefur ekki fengið til þess aðstæður að fylgja sínum áætlunum eftir út í stjórnkerfið og ég hygg að einstakir ráðh. úr ýmsum flokkum hafi oft og tíðum verið ákaflega tregir til að eiga samstarf við áætlanadeildina og menn hafi frekar viljað láta vinna þessi mál innan sinna rn. en að láta áætlanadeildina taka að sér verkefni sem geta náð yfir öll rn.

Á árinu 1984, næstliðnu ári, sinnti áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins mjög mikilvægum verkefnum. — Ég er að telja þetta hér upp, herra forseti, vegna þess að ég er að benda á að í frv. eins og þau líta út núna er hvergi gert ráð fyrir verkefnum af þessu tagi á vegum þeirra stofnana sem þar um ræðir. Það er ekkert áætlanastarf. Það er markvisst þannig staðið að frv. um Byggðasjóð og Byggðastofnun að þar eru áætlunarverkefni strikuð út svo að segja alveg og allt sem heitir samvinna við landshlutasamtök um áætlanagerð er fellt niður. — Á árinu 1984 vann áætlanadeild Framkvæmdastofnunar að tólf meiri háttar verkefnum. Ég býst við að eitthvað af þessu hafi kannske farið fram hjá hv. þm. og þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því hvaða þjóðþrifaverk var verið að reyna að vinna í þessari áætlanadeild. Það þýðir ekki að kenna almennu starfsliði áætlunardeildarinnar um það þó að hún hafi kannske nýst illa. Forstjórarnir hafa verið á þingi langtímum saman og ekki sinnt störfum sem forstjórar nema að fjórðungi eða svo af þeim sökum. Þannig hefur forusta stofnunarinnar verið mjög veik og slöpp að þessu leytinu til og ekki tryggt eðlileg vinnubrögð hjá áætlanadeildinni. Ég veit að hæstv. iðnrh. kannast við að hann hafi lítið sinnt því að koma þessari áætlanadeild til verka á þeirri tíð þegar hann hafði með Framkvæmdastofnun að gera.

Ég ætla þá að rifja þessi verkefni upp:

Á árinu 1984 vann áætlanadeildin í fyrsta lagi að margvíslegum athugunum í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Þar voru gerðar athuganir á uppbyggingu frystihúsanna til að auka rekstrarhagkvæmni og nýtingu á afkastagetu m. a. með bættri framleiðslutækni og vöruþróun. Áætlanadeildin gerði t. d. könnun á meðalnýtingu afkastagetunnar í frystihúsunum á árinu 1983. Þar kom í ljós að meðalnýting afkastagetu frystihúsanna í landinu var 47% á árinu 1983. Hún var langsamlega lægst á Reykjanesi, en langhæst á Suðurlandi. Meðalnýting afkastagetunnar á Suðurlandi var 59% 1983, í Reykjavík 45%, á Reykjanesi aðeins 36%. Við skulum hugsa aðeins um hvað þessi tala segir okkur. Þarna er um að ræða gífurlegt magn ónotaðra eða lítið notaðra framleiðslufjármuna sem nýtast ekki til verðmætasköpunar samkv. þessum tölum. Á Vesturlandi var meðalnýting afkastagetu frystihúsanna 39%, í lægri kanti eða það næstlægsta á landinu. Á Vestfjörðum var meðalnýtingin 48%, á Norðurlandi vestra um 50%, á Norðurlandi eystra um 58% og á Austurlandi aðeins um 45%.

Þetta eru býsna fróðlegar upplýsingar. Þetta eru upplýsingar sem eiga að geta komið alþm. og ríkisstj. að gagni við stefnumótun og í umr. um atvinnumál og segja okkur margt, m. a. um að hér á landi er um að ræða talsverða fjárfestingu, talsvert af vélum og tækjum, í sjávarútveginum líka, sem nýtist illa. Þetta hlýtur að leiða hugann að því hvort með betri nýtingu á þessum afköstum er ekki unnt að tryggja betri afkomu þessarar greinar en nú er og þar með að skapa grundvöll fyrir hærra kaup en nú er greitt í fiskvinnslunni í landinu. Það var eitt verkefnið sem þessi áætlanadeild hefur verið að vinna að, könnun á fiskvinnslunni á árinu 1983, ítarleg könnun fyrir landshluta. Það er mjög athyglisvert sem þarna kemur fram. (**HBl:** Frá verstöð til verstöðvar.) Og frá verstöð til verstöðvar, segir meðflm. minn, hv. 2. þm. Norðurl. e., en við erum eins og kunnugt er bandamenn við að reyna að koma Byggðastofnuninni út á land.

Í öðru lagi gerði áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins sérstaka athugun á meltuvinnslu. Eins og kunnugt er er árlega fleygt fyrir borð miklu magni af slógi og úrgangsfiski og er það áætlað um 1000 — 1300 tonn frá hverjum skuttogara á ári. Þetta hráefni má nýta til meltuvinnslu með góðum árangri. Víða um land eru fiskimjölsverksmiðjur sem nota má til meltuframleiðslu þar sem vélar og tæki eru fyrir hendi og tæknilegi þátturinn er tiltölulega auðleystur og krefst lítillar viðbótarfjárfestingar. Sýnt hefur verið fram á að meltuvinnsla getur skilað góðum arði. Búnaður til söfnunar á lifur og slógi hefur nú verið komið fyrir í tveim skuttogurum og einum báti. Verið er að setja slíkan búnað í tvo skuttogara til viðbótar um þessar mundir. Áætlað hefur verið að þessi fjárfesting skili sér tiltölulega mjög fljótt aftur.

Árið 1984 nam melta unnin um borð í fiskiskipum 955 tonnum. Þetta hefur verið athugað rækilega á vegum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og í athuguninni er einnig lýst aðstöðu og staðsetningu einstakra fyrirtækja í meltuvinnslu, en alls voru níu fyrirtæki með starfrækslu í þessari grein með misjafnlega umfangsmikla framleiðslu og breytilegt vinnslustig og eru þar meðtaldar útgerðir fyrrnefndra skipa. Var framleiðslan alls um 4870 tonn árið 1984. Markaðir virðast nægjanlegir, það er aðalniðurstaða áætlanadeildarinnar við rannsóknir á þessari framleiðsluvöru á árinu 1984, hvort sem um er að ræða hér heima eða erlendis.

Á þekkja hv. þm. þær tilraunir sem hafa verið gerðar með blöndun meltu við annað fóður, en þær tilraunir hafa gefist mjög vel. Þegar lögin yrðu samþykkt um Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð og þróunarfélag er þessi starfsemi ekki lengur til á vegum slíks opinbers aðila og hún dettur niður á milli. Auðvitað er hugsanlegt að annars staðar í stjórnkerfinu megi fara af stað með rannsóknir svipaðar og á meltuvinnslunni, en það verður þá að sjá til þess að það verði gert. Ég tel ástæðu til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað ætlunin sé að gera með starfsemi áætlunardeildarinnar þegar þessi nýju frv. verða að lögum.

Í þriðja lagi, án þess að ég fari að tala um öll verkefni áætlunardeildarinnar, ætla ég að nefna hér eitt eða tvö enn og þá fyrst sérstaka úttekt á skipulagi samgangna og flutningaþjónustu á Austurlandi. Áætlanadeild Framkvæmdastofnunar vann að þessu máli með

samgrn. og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Þarna var unnin mjög ítarleg úttekt á fólks- og vöruflutningum á landi, í lofti og á sjó. Fjallað var um nýtingu samgöngukerfisins, sérstaklega póstflutninga og akstur skólabifreiða ásamt almennum farþegaflutningum í dreifbýli utan núverandi sérleyfisleiðakerfis, og reifaðar hugmyndir um flutningamiðstöðvar. Hvar á að vinna svona verkefni þegar Framkvæmdastofnun hefur verið lögð niður, hönnun á samgöngumálum á Vesturlandi eða Austurlandi eins og í þessu tilviki? Það getur vel verið, eins og ég sagði hér áðan um fiskvinnsluna, að það megi hugsa sér að þessar rannsóknir fari fram einhvers staðar annars staðar í kerfinu, það getur vel verið, en það er auðvitað ábyrgðarlaust af ríkisstj. að leggja Framkvæmdastofnun og áætlanadeildina niður öðruvísi en að tryggja að þessi vinna fari þá fram einhvers staðar annars staðar um leið.

Ég vil nefna í þessu sambandi, herra forseti, það starf sem unnið hefur verið í sambandi við gatnagerð í þéttbýli á vegum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þar var á árinu 1984 lokið við að tölvusetja upplýsingar um allt gatnakerfi og bundið slitlag ásamt framkvæmdakostnaði og opinberum lánum svo og framlögum 1976—1983. Hér hefur mikið verk verið unnið og ég spyr: Hver er það sem heldur þessu verki áfram? Áætlanadeild verður lögð niður, Framkvæmdastofnunin verður lögð niður, en hverjir eru það þá sem munu taka við því verkefni að sinna þessum sérstaka þætti áætlanagerðar varðandi gatnagerð í þéttbýli? Auðvitað er hugsanlegt að koma þessu fyrir annars staðar, eins og ég sagði um hin verkefnin, en það verður að ákveða það og það verður að vera ljóst hvert þau eiga að fara.

Þá hygg ég að hv. þm. þekki allvel fjórða verkefni áætlanadeildarinnar frá árinu 1984, sem ég ætla hér að tæpa á, en það er útgáfustarfsemi skýrslna um mannfjölda, mannafla og tekjur. Áætlanadeild gaf út slíka skýrslu á árinu 1984, mjög fróðlega skýrslu þar sem eru ýmsar upplýsingar um þróun mannfjölda, mannafla og tekna á Íslandi. Segja má að þar sé í stórum dráttum gerð grein fyrir mannfjöldaþróuninni 1703—1983 og væri kannske ástæða til að drepa á nokkur helstu ártöl á þessu skeiði, 1703—1983, en ég óttast að ekki endist sem skyldi ræðutími til þess þannig að ég sleppi því. Í þessari fróðlegu skýrslu eru einnig birt yfirlit um þróunina á milli landshluta, innan landshluta, sýslna, kaupstaða og kauptúna og þar eru auk þess ítarlegar upplýsingar um þá þætti sem ráða framvindu mannfjölgunar, svo sem frjósemi, dánartíðni og flutninga ásamt áætlunum um framreikning mannfjöldans fyrir tímabilið 1984—2024. Auðvitað er hugsanlegt að einhver annar aðili taki að sér þessa útgáfustarfsemi, en í Framkvæmdastofnuninni eða áætlanadeild er ákveðin þekking til staðar sem þarf að tryggja að nýtist við áframhaldandi vinnu af þessu tagi.

Í sambandi við útgáfustarfsemi Framkvæmdastofnunar og áætlanadeildar vil ég alveg sérstaklega minna á það þarfa rit „Vinnumarkaðurinn" sem hefur komið út undanfarin þrjú ár. Þar eru upplýsingar um helstu niðurstöður varðandi laun og launaframtöl og er þetta í rauninni hið gagnlegasta rit. Þarf að sjá til þess að áætlanadeildin og þeir sem þar hafa starfað geti áfram unnið að svipuðu verki, útgáfustarfsemi um vinnumarkaðinn sem nýtist aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum.

Ég vil í þessu sambandi benda á, herra forseti, að skv. lögum nr. 13/1979, sem heita Ólafslög, voru kölluð það hér og eru kölluð enn, er gert ráð fyrir ákveðinni samstarfsnefnd félmrn. um að fylgjast sérstaklega með vinnumarkaðinum og þróun á honum. Í samstarfsnefndinni eru fulltrúar frá Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, Kjararannsóknarnefnd og aðilum vinnumarkaðarins. Og ég spyr: Hvaða aðili er það sem fer inn í þetta samstarf þegar áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins verður lögð niður? Ekki er það Framkvæmdasjóður. Það væri óeðlilegt. Ekki er það Byggðasjóður eða Byggðastofnun. Það væri óeðlilegt. Og enn þá óeðlilegra væri að það væri þróunarfélagið. Það dettur væntanlega engum manni í hug. En allt um það. Tryggja þarf að þetta mikilvæga verk, upplýsingastarfsemi og skráning upplýsinga um vinnumarkaðinn á Íslandi, verði unnið.

Ég vil einnig minna á að áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur átt aðild að svokallaðri orkuspárnefnd þar sem ýmsir aðilar hafa lagt það fyrir sig að fara yfir raforkuspár miðað við komandi ár. Ég hygg að áætlanadeildin hafi verið gildur aðili að þessu samstarfi í orkuspárnefnd. Þá þarf að huga að því nú hvaða aðili kemur þarna inn í staðinn fyrir áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Áætlanadeildin vann þegar árið 1980 mjög ítarlega skýrslu, að vísu bráðabirgðaskýrslu, um stöðu fiskeldis og þróunarhorfur í fiskeldi á Íslandi. Ég geri ráð fyrir, því að nú er mikið um fiskeldi og þá möguleika sem þar eru, að menn hljóti að viðurkenna að þessi vinna áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins var gagnleg grunnvinna.

Ljóst er af þessum dæmum, sem ég hef nefnt, að aftur og aftur hefur verið leitað til áætlanadeildarinnar varðandi einstök verkefni á hinum óskyldustu sviðum. Það er ómaklegt — ég endurtek það: það er ómaklegt þegar jafnvel þm. eru að veitast að þessari áætlanadeild fyrir að hún hafi unnið illa og áætlanir hafi ekki verið framkvæmdar. Það er auðvitað vegna þess að það hafa verið heldur slök tök á verkstjórn í Framkvæmdastofnuninni. Hún hefur verið léleg. Forstjórarnir hafa mest verið niðri í þingi og ekki fengist til að sinna starfi sínu við Framkvæmdastofnunina eins og þeir hefðu þó átt að hafa möguleika til eða a. m. k. sæmilegt kaup fyrir og alla aðstöðu, að maður hefur heyrt, og verður ekki farið nánar út í það hér, en væri þó kannske full ástæða til (**Gripið fram í:** Gott eldhús.) og einkum og sér í lagi eldhúsið, sem mætti ræða hér í nokkru máli, og verður fróðlegt að vita hver fær eldhúsið þarna inn frá, hvort það verður Byggðastofnun eða Framkvæmdasjóður.

Í sambandi við Framkvæmdastofnunina er líka rétt að benda á að byggðadeildin hefur ekki bara verið byggðasjóður, heldur hefur hún líka og fyrst og fremst fylgst með ástandi og þróun atvinnumála og annarra málefna í einstökum landshlutum. T. d. birtast reglulega í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins ítarlegar upplýsingar um íbúaþróun í einstökum landshlutum á næstliðnum árum. Það kemur fram í síðustu skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins t. d. að orðið hefur fólksfækkun á síðasta ári í flestum fjórðungum, m. a. á Vesturlandi, svo að ég grípi þar fyrst niður í skýrsluna, um 0.8%. Það er mesta fækkun á Vesturlandi í marga áratugi, stendur í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins. Á Vestfjörð-

um er einnig um að ræða nokkra fækkun á árinu 1984 og hið sama er að segja um aðra fjórðunga. Á Suðurlandi er þetta verulega tilfinnanlegt. Mönnum kann að finnast að þetta séu þannig mál að ekki sé ástæða til að vera að liggja mikið yfir þeim og ekki ástæða til að vera að ræða mikið hér í þinginu hvernig starfsemi eins og þessari, þ. e. skráningu upplýsinga um byggðaþróun, verður hagað. Og menn kunna að segja að þetta séu smámál miðað við að þingið er allt á handahlaupum núna við að framkvæma kröfu landsfunda Sjálfstfl. um allt milli himins og jarðar undir forustu Framsfl. En það er samt mikilvægt mál að upplýsingar um byggðaþróun í landinu liggi fyrir og séu greinargóðar og aðgengilegar, m. a. fyrir alþm.

Ég minni einnig á að þarna hefur verið starfrækt svokölluð lánadeild. Framkvæmdastofnunin hefur auðvitað verið til alveg sérstakrar fyrirmyndar að einu leyti. Það er að Framkvæmdastofnunin birtir reglulega upplýsingar um alla styrki, öll útlán og annað sem frá stofnuninni fer af fjármunum. Ég verð að segja það, herra forseti, að ánægjulegt væri ef aðrar stofnanir tækju upp slík vinnubrögð og opnuðu starfsemi sína fyrir almenningi. Í þessu sambandi bendi ég á að ég hef lagt fram brtt. við frv. til l. um viðskiptabanka sem gerir ráð fyrir að viðskiptabönkum verði gert skylt að birta opinberlega lista yfir þá lántakendur sem fá á einu ári yfir 10 millj. kr. og sem í árslok hvers árs skulda yfir 40 millj. kr. Ríkisbankarnir eru þjóðareign. Almenningur á að fá að vita allt sem þar gerist. Það getur ekki verið neitt á móti því að slíkar upplýsingar birtist frá ríkisbönkunum. Það er eðlilegt að nefna þetta þegar við ræðum um frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en ég hygg að eitt merkasta nýmæli í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins 1971 hafi einmitt verið þessi birtingarskylda. Ég fullyrði að öðrum ólöstuðum, sem fjölluðu um samningu laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins, hafi hv. þm. Ragnar Arnalds, fyrsti stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar ríkisins átt verulegan hlut að þessu. Þetta var ekki einfalt að knýja fram. Ég man eftir þó nokkrum þrætum í nokkra mánuði um hvort slíkan lánalista ætti að birta. Það finnst okkur kostulegt í dag. Þetta dæmi nefni ég vegna þess að það sýnir að það er ekki allt 100% vont við þessa stofnun. En henni hefur verið illa stjórnað af pólitískum kommissörum íhaldsins og framsóknar. Það er annað mál. Auðvitað mátti vel skipta um þá og setja þarna almennilega stjórnendur, sérstaklega eftir að búið var að koma öðrum þeirra í ráðherrastól og hinum niður í Seðlabanka. Yfirleitt er fyrst hugsað um hvar á að koma viðkomandi mönnum fyrir áður en er hugsað um það hvernig á að koma stofnuninni sæmilega fyrir þannig að hún gæti staðið sig og sinnt sínum verkum með skikkanlegum hætti.

Þetta voru fáein orð um þrjár deildir Framkvæmdastofnunar ríkisins, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Ég ætla þá, herra forseti, að víkja nokkuð að því að byggðamál eru mál allra landsmanna og líka Reykvíkinga. Við Reykvíkingar þurfum á því að halda að efla verulega framleiðsluatvinnuvegi, þ. e. iðnað og sjávarútveg. Við þurfum að hafa stærri hluta atvinnulífsins í Reykjavík, iðnað og slíka starfsemi, og í þeim efnum er auðvitað sérstaklega ískyggileg sú þróun sem núna virðist vera að ganga yfir á þessu svæði. Það er út af fyrir sig ekki slæmt að lifa af þjónustu, það er eðlilegt og þeim fjölgar auðvitað stöðugt sem starfa við hvers konar þjónustu, en það er óhollt fyrir Reykjavík sem höfuðstað landsins að vera ekki með í grófum dráttum þverskurð af því atvinnulífi sem um er að ræða í landinu. Þess vegna er það mikið áhyggjuefni, sem núna er að gerast í þessu kjördæmi, að borgarstjórinn í Reykjavík hefur haft frumkvæði að því að bjóða öðru fyrirtæki, Ísbirninum hf., upp á eitthvert bandalag um Bæjarútgerð Reykjavíkur. Ég segi áhyggjuefni vegna þess að ég er sannfærður um að hugmyndin á bak við þetta er sú að draga saman fiskvinnslu og útgerð í Reykjavík. Ég held að við Reykvíkingar þurfum að átta okkur vel á því að byggðamál eru ekki bara mál sem snerta menn í öðrum kjördæmum. Það er líka okkar mál og mál allra Íslendinga að atvinnulíf í höfuðstað landsins sé sem eðlilegast þversnið í grófum dráttum af því sem gerist í landi okkar í heild.

Það er einnig á annan hátt sem byggðamál snerta okkur Reykvíkinga alveg sérstaklega. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur rakið það í ræðu sinni og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon einnig hvernig fólksstraumurinn hefur legið til þéttbýlisins að undanförnu. Þetta kemur auðvitað við Reykjavík. Þetta breytir Reykjavík. Þetta eykur ásóknina í leiguhúsnæði, hækkar verð á því, skapar erfiðleika við að sinna sérstökum húsnæðisvandamálum fólks á þessu svæði og voru þeir þó ærnir fyrir. Við hljótum að spyrja að því, hv. alþm.: Lengi tekur sjórinn við, en taka sjoppurnar og vídeóleigurnar endalaust við?

Fólk sem núna starfar í fiskvinnslunni eða við aðra slíka vinnu flytur til Reykjavíkur og fer í þessi þjónustubrögð. Það hljóta að vera takmörk fyrir því hversu miklu er hægt að bæta við þar þó að mannskepnan sé sem betur fer býsna uppáfinningasöm og finni sér eitt og annað þarflegt að dútla þegar annað brestur. En það hlýtur að verða okkur umhugsunar- og áhyggjuefni að velta því fyrir okkur hvernig vinnumarkaðurinn í Reykjavík og Reykjavík sem samfélag bregðast við þessu. Reykjavík hefur t. d. sem betur fer haft aðstæður til að taka mjög vel við öldruðum. Aldraðir eru stærra hlutfall íbúa í þessu kjördæmi en í nokkru öðru kjördæmi landsins og Reykjavík hefur sett upp þjónustustofnanir fyrir aldraða og hefur skipulagt heimilishjálp fyrir aldraða langt umfram öll önnur sveitarfélög. En þessi þjónusta, félagsleg þjónusta, bæði í heilbrigðis- og félagsmálum, sem borgin hefur veitt, verður að taka mið af umhverfinu, m. a. þá byggðastefnunni líka. Þess vegna er byggðastefna hagsmunamál okkar Reykvíkinga. Ég skil byggðastefnu þannig að hún fjalli um hvernig við viljum byggja landið í heild. Höfuðstaðurinn er nákvæmlega jafn mikilvægur og önnur byggðarlög, að ekki sé meira sagt, og þess vegna á ekki að horfa á byggðamál eins og eitthvert sérviðfangsefni dreifbýlisins eins.

Ég vil hins vegar í sambandi við byggðastefnu almennt vekja athygli á að mér hefur fundist að áherslurnar í byggðamálum og byggðastefnu hafi verið of einhliða lagðar á þéttbýlisstaðina. Ég er þeirrar skoðunar að byggðastefna fái ekki risið undir nafni nema hún glími við það verkefni að reyna að komast að niðurstöðu um það hvernig dreifbýlið verði byggt til frambúðar og þá í grófum dráttum svipað og nú er þó að það breytist auðvitað eitthvað. Ég er að tala um sveitahéruð, þar sem búa bændur yfirleitt og oft og tíðum, t. d. á

Vestfjörðum, svo að ég nefni dæmi, heldur fátækt fólk. Þessir aðilar búa við þannig viðurgerning nú af hendi stjórnarstefnunnar að héruð eru að fara í eyði. Þegar Barðaströnd er farin í eyði, þegar Austur-Barðastrandarsýsla, öll nema Reykhólar, er farin í eyði, svo að ég nefni dæmi, eða verulegur hluti Dalasýslu eða allir þrír vesturhreppar Mýrasýslu, svo að ég nefni dæmi, þá er Ísland orðið annað en það land sem við eigum í dag og viljum væntanlega eiga vegna þess að við viljum að landið sé í grófum dráttum byggt. Mér finnst að við eigum þess vegna að íhuga mjög vandlega hvort byggðastefnan hefur ekki of mikið beinst að þéttbýlinu, þéttbýliskjörnum, en of lítið að sjálfu dreifbýlinu, sveitarbyggðunum í landinu.

En fleira skiptir þarna máli, herra forseti, eins og hv. 5. þm. Austurl. rakti mjög skilmerkilega áðan og ég vil bæta nokkrum þáttum við það, sem hann kom inn á áðan, sem ég tel að hafi gerbreytt stöðunni úti á landi. Á síðustu árum, 1980—1983, voru sett lög annars vegar um sérstaka þjónustu við fatlaða og hins vegar lög um þjónustu við aldraða. Þessi lög byggðu á ákveðnum tekjustofnum, annars vegar skatti sem rennur í Framkvæmdasjóð aldraða og hins vegar beinu framlagi úr ríkissjóði sem rennur í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur byggt upp á fimm árum aðstöðu fyrir fatlaða og þroskahefta einstaklinga í öllum fjórðungum landsins. Það er liðin tíð að það þurfi endilega að flytja fatlaðan eða þroskaheftan einstakling utan af landi til Reykjavíkur til að hann fái þar einhverja þjónustu, greiningu og meðferð. Það kemur að vísu fyrir í ýmsum tilvikum, sérstaklega vegna þess að greiningaraðstaða við frumgreiningu er hvergi til nema hér og verður sennilega seint í góðu lagi nema hér.

Víkjum að málefnum fatlaðra. Ég bið hv. þm. að hugsa um það augnablik hvert stórvirki hefur verið unnið með Framkvæmdasjóði aldraðra á undanförnum árum. Núna þarf ekki lengur að flytja aldrað fólk til höfuðstaðarins vegna þess að ekki hefur verið kostur á eðlilegri hjúkrunarþjónustu í dreifbýlinu. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur byggt upp og tryggt fjármagn til dvalarheimila og hjúkrunarheimila aldraðra um allt land. Ég veit að hv. þm. gera sér grein fyrir því hvað þessir tveir þættir, annars vegar málaflokkurinn sem snýr að fötluðum og hins vegar öldruðum, hafa gerbreytt ekki aðeins þjónustu við þetta fólk heldur líka því að það verður til margvísleg þjónusta í kringum þessa staði. Starfsfólk býr á stöðunum með sínum fjölskyldum og þannig eykst hlutdeild viðkomandi svæða í þjónustustarfseminni í landinu, m. a. opinberu þjónustunni. Það er skynsamlegt að halda þannig á málum.

Ég vil nefna eitt dæmi enn frá síðustu árum sem er innlegg í raunverulega byggðastefnu og það er Vinnueftirlit ríkisins. Vinnueftirlit ríkisins er með vinnueftirlitsmenn um allt land. Þetta er þáttur í því, sem aðrar stofnanir gætu tekið upp, að dreifa starfsmönnum um landið til þess að gera stofnanirnar betri. Hollustuvernd ríkisins er dæmi um þetta, sem hv. 5. þm. Austurl. nefndi áðan. Ég er sannfærður um að það er margt í starfsemi Hollustuverndar ríkisins sem mættti fara út um landið ef vilji væri til þess hjá ráðamönnum og m. a. stjórn þeirrar stofnunar.

Hér hef ég nefnt nokkur dæmi sem skipta miklu um byggðastefnu og kannske miklu meiru eða a. m. k. ekki minna en frv. um byggðastofnun. Þetta eru alhliða þættir félagslegrar þjónustu, alhliða þættir í því að byggja upp manneskjulegt samfélag. Ég tel þess vegna, herra forseti, að umræður um þessi mál eigi ákaflega vel heima í umfjöllun um frv. til l. um Byggðastofnun.

Eitt af þeim vandamálum sem standa í vegi fyrir skaplegri þróun byggðar í þessu landi er að mínu mati hvað sveitarfélögin eru misjöfn og mörg þeirra máttlítil. Þá velta margir fyrir sér að þess vegna sé rétt að leggja hreppana niður með lagaboði, eins og oft hafa sést tillögur um. Ég held að mikið farsælli leið sé að marka hreppunum verkefni og tekjustofna í samræmi við þau, en síðan yrði farið inn á þá braut sem hv. 5. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. leggja til á þskj. 991 í till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Ég viðurkenni hins vegar að þetta er mjög flókið mál. Sjálfstæði byggðarlaganna er ekki einfalt mál. Það er nokkuð til í því, sem hæstv. forsrh. benti á á dögunum, að í þeim efnum er hægt að ganga of langt og sjálfsagt auðvelt að eyðileggja þessa hugmynd. En ég held að við eigum að glíma við hugsunina. Ég held að við eigum að glíma við hvernig við getum byggt upp stjórnsýslustig, kannske svokallað þriðja stórnsýslustig, sem fær tekjustofna og framlög úr hinum sameiginlega almenna sjóði. Þetta þriðja stig dreifi síðan fjármunum til verkefna á viðkomandi svæðum. Þm. kjördæma eru þá ekki lengur í því.

Herra forseti. Ég er að vísu svo gæfusamur að vera þm. fyrir Reykjavík og hafa aldrei þurft að koma nærri vegáætlun, sem kjördæmisþm., en ég er ekki alveg viss um að sú aðferð að láta kjördæmisþm. úthluta fjármunum til vega, vegarkafla og brúa sé skynsamlegasta aðferðin. Ég held að hin aðferðin væri betri að ætla þessu þriðja stjórnsýslustigi, fjórðungsstjórn eða hvað við köllum það, að fjalla um þessi mál. Þá er auðvitað skilyrði, ég tek það fram, að þetta verður að vera lýðræðisleg stofnun. Landshlutasamtökin eru ónýt í þeim efnum. Landshlutasamtökin eru meiri hluti meiri hlutanna í raun og veru. Þau eru samtök meiri hlutanna í viðkomandi hreppum og héruðum og þess vegna ólýðræðislega uppbyggð. Ef nýtt stjórnsýslustig yrði tekið upp ætti auðvitað að kjósa til þess með beinni kosningu þannig að beint og milliliðalaust lýðræði kæmi þar fram.

Herra forseti. Ég vil að síðustu endurtaka spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. forsrh. áðan, hann hafði þá brugðið sér frá, en hún er þessi: Hvað er ætlunin að gera við starfsemi þá sem fram hefur farið í áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins? Ég er að tala um verkefnin fyrst og fremst frekar en starfsmennina út af fyrir sig sem náttúrlega skiptir þó máli að sé komið manneskjulega fram við. Ég er að hugsa um verkefnin. Hver mun vinna að þeim verkefnum, sem mörg hver eru mikilvæg, sem áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur unnið við þó að það hafi orðið lítið úr þessum verkefnum vegna þess að forstjórar stofnunarinnar hafa aldrei verið að sinna sínum verkum og hafa yfirleitt setið hér á Alþingi? Ég vil sem sagt spyrja hæstv. forsrh. um þetta atriði og þætti vænt um ef hann gæti svarað þeirri spurningu áður en málið fer út úr þessari virðulegu deild.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, mótmæla því alveg

sérstaklega, sem fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. áðan að hér séu menn með málþóf. Málþóf er það þegar menn eru farnir að tala í þrjá, fjóra og fimm tíma, eins og t. d. einn núv. ráðh. gerði einu sinni. Hann heitir Sverrir Hermannsson. Hann talaði víst í eina fjóra eða fimm tíma og hefði viljað talað lengur en hraktist niður úr stólnum af óviðráðanlegum ástæðum. Slíkt er málþóf. En ræðuhöld eins og þau sem við höfum verið með í kvöld, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, talað í klukkutíma hvor eða ekki það, heitir ekki málþóf. Ef ráðherrarnir vilja málþóf væri kannske leið að efna til þess. En ég fullyrði að ekki er auðvelt að verða við því í stjórnarandstöðuflokkunum, ekki eins auðvelt og í stjórnarflokkum því að einu málþófsmennirnir í þinginu, sem hafa verulega þjálfun í því að standa í ræðustólnum mjög lengi, eru hv. þm. Halldór Blöndal og hæstv. iðnrh. Það mátti kannske sjá vísi að því málþófi, sýnikennslu í málþófi, hjá þeim áðan þegar þeir deildu um staðsetningu Byggðastofnunar, hvort hún ætti að vera á Akureyri eða hvort ætti að setja það inn í lög eða ekki. Ég vil þess vegna mótmæla mjög harðlega svona aðdróttunum, herra forseti, og ég vænti þess að hæstv. forseti fallist á það sjónarmið mitt og skilning að hér hefur ekki verið um það að ræða sem kallað er málþóf og skilið er venjulega sem málþóf á Alþingi. Það mun hafa verið málþóf þegar voru ákveðin kaupstaðarréttindi fyrir Kópavog hér fyrir 30—35 árum. Þá höfðu menn talað í 4—6 tíma og byrjuðu á jarðsögunni. Það er ekkert slíkt uppi á teningnum hjá okkur. Þvert á móti reynum við að fara yfir aðalatriðin. Auðvitað vill slíkur ræðuflutningur lengjast nokkuð vegna þess að við erum svo önnum kafin við störf í nefndum og annars staðar að við höfum ekki tíma til að semja ræður og gera textana eins hnitmiðaða og við vildum, en málþóf er hér ekki á ferðinni, herra forseti.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ef menn óska þess að ég rifji upp fyrir þeim jarðsögu Íslands er mér það ekki nema ljúft og skylt því að ég nam það fag í Háskóla Íslands um tveggja ára skeið sem hluta af námi mínu í jarðfræði og mætti vel vera að ég kynni að geta rifjað upp það helsta, a. m. k. helstu drættina í jarðsögu Íslands þau 16—20 milljón ár sem hún nær aftur og er reyndar vel sloppið því að Ísland er eitt af yngstu löndum heimsins hvað þetta varðar og fá lönd eiga sér jafnstutta jarðsögu og Ísland. Það er því ekki mikið mál fyrir okkur Íslendinga að rekja okkar jarðsögu borið saman við ýmsa aðra sem þurfa 2—3—4 milljarða ára aftur í tímann.

Ég lauk fyrri ræðu minni eða fyrstu ræðu minni við þessa umr. í samráði við virðulegan forseta fyrir fundarhlé, eins og forseta eflaust rekur minni til, en tók þá jafnframt fram að svo kynni að fara að ég þyrfti að ítreka eitthvað frekar í þessari umr. sem ég átti þá eftir að gera. Það mun ég nú gera, herra forseti, og víkja nokkuð að ýmsum þáttum byggðamála sem ég tel að eigi erindi hingað inn í umr. um frv. til l. um nýja byggðastofnun.

Það má segja að staðfesting á mikilvægi byggðamálanna felist vissulega í því að menn sjá ástæðu til að setja á fót stjórnskipulega sjálfstæða Byggðastofnun sem hafi það verkefni og það verkefni eitt að fara með þessi mál. Menn hafa ekki fram að þessu séð ástæðu til að haga hlutunum svo, eins og menn vita, og byggðamál hafa verið til meðferðar í sérstakri deild í Framkvæmdastofnun. En nú skal sem sagt tekin upp önnur tilhögun og við þau tímamót hljóta auðvitað að verða eðli máls skv. nokkrar umræður hér um byggðamál. Ég teldi óeðlilegt, og alveg sérstaklega með tilliti til þeirrar stöðu sem þessi mál nú eru í, ef ekki yrðu hér einhverjar umræður um byggðamál. Ég mundi þá telja illa komið þeim málaflokki ef þm. á Alþingi Íslendinga sæju ekki ástæðu til að fara ofurlítið ofan í þennan málaflokk og taka sólarhæð, ef svo má að orði komast, í þessum efnum þegar hér er verið að afgreiða frv. til l. um nýja og sjálfstæða byggðastofnun.

Nú er horfinn úr þingsalnum hv. 1. þm. Vesturl., herra forseti. Ég ætlaði að votta honum stuðning minn á vissan hátt í sambandi við till. sem hann lagði inn í umr. fyrr í kvöld um það að Borgarnes væri fullt eins góður staður og hver annar fyrir Byggðastofnun. Ég er honum út af fyrir sig alveg sammála. Ég held að Borgarnes sé að mörgu leyti vel í sveit sett og verðskuldaði fyllilega að fá til sín Byggðastofnun eða einhverja aðra slíka opinbera stofnun sem hefur þjónustuhlutverki að gegna um allt land. Ég sagði það reyndar og hef sagt áður í umr. á Alþingi um þessi mál að ég væri alveg tilbúinn að ræða við hverja þá þm. sem leita vilja samstöðu um einhvern slíkan kost. Væri það t. d. svo að það kæmi í ljós að hv. 1. þm. Vesturl. hefði við það stuðning á hinu háa Alþingi eða í Nd. að flytja Byggðastofnun upp í Borgarnes, þá mundi ég ekki láta það stranda á mér. Að sjálfsögðu ekki. Ég mundi styðja það, herra forseti, ef fyrir lægi að um slíkt næðist samstaða. Ég segi þetta vitandi það að auðvitað yrðu það t. a. m. Akureyringum vonbrigði ef þessi stofnun eða t. d. væntanlegt þróunarfélag, sem þeir hafa horft til, lenti uppi í Borgarnesi. Það ylli ugglaust einhverjum vonbrigðum norðan heiða. En ég mundi segja við það ágæta fólk: Landsbyggðin sem slík nær aldrei langt í þessum efnum ef einn stígur skóinn niður af öðrum og ef menn ná aldrei að sameinast um einhverja kosti í þessum efnum. Þess vegna urðu mér óskapleg vonbrigði, herra forseti, og ég get ekkert leynt því, þær atkvgr. sem hér gengu í þessu máli áður þar sem landsbyggðarþm., eins og ég vil að orði komast, náðu ekki saman um þetta efni. Reyndar hefði mátt vonast til þess að þm., hvaðan sem þeir eru til kjörnir, sæju nauðsyn þess að breyta hér um og skildu þýðingu þess að reyna að ná samstöðu um þetta mál.

Ég hef stundum nefnt langtímaáætlun um vegagerð, herra forseti, sem dæmi um hvað hægt er að gera í þessum efnum ef menn ná saman, þar sem þm. allra kjördæma náðu samstöðu um að setja upp ákveðna verkefnaáætlun sem tæki til alls landsins og til ákveðins tíma og yrði síðan framkvæmd. Ef menn næðu í byggðamálunum, t. d. í þeim hluta byggðamálanna sem snýr að valddreifingu og dreifingu opinberrar þjónustu, slíkri samstöðu, settu niður slíka langtímaáætlun og tækju til við að framkvæma hana, þá væri ólíku saman að jafna. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort till. um að staðsetja Byggðastofnun á Akureyri hefði fengið sömu örlög ef í einni og sömu till. hefði það verið flutt að setja niður við skulum segja fimm opinberar stofnanir úti á landi, eina í Norðurl. e., eina á Norðurl. v., eina á Vestfjörðum og eina e. t. v. á Suðurlandi eða Reykjanesi. Ef þetta hefði allt verið í einni og sömu till., menn hefðu staðið frammi fyrir slíkri samræmdri

áætlun, hvernig hefðu menn brugðist við þá?

Mér þykir leitt að hv. 1. þm. Vesturl. er ekki hér til að hlusta á þessa samstöðujátningu mína, en hún berst honum e. t. v. til eyrna eða hann les um hana í þingtíðindum því að ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir að ég er til viðræðu um hvern slíkan kost sem býðst að ná hér um samstöðu. Ég er það fyrst og fremst vegna þess, herra forseti, að mér finnst hér vera um ákveðna grundvallarspurningu að ræða, ákveðið „prinsip" eins og stundum er sagt. Ég er nánast tilbúinn að leggja hvað sem er á mig til að fá þessa grundvallarhugsun samþykkta og fá á henni einhvern skilning, að það verði að taka til hendinni í þessum efnum. Þess vegna vildi ég að hv. 1. þm. Vesturl. velktist ekki í vafa um að út af fyrir sig var hans uppástunga jafngóð og hver önnur og ég er jafntilbúinn til að styðja hana og hverja aðra í þessum efnum.

Herra forseti. Það má öllum ljóst vera, sem eitthvað hafa fylgst með þróun þessara mála á Íslandi á undanförnum áratugum, að þetta kemur ekki af sjálfu sér. Byggðaþróun og byggðamunstur í einu landi verða ekki endilega skynsamleg og ekki endilega eins og við viljum ef menn ætla að láta guð og lukkuna og einhver æðri lögmál stýra þessu, ég tala nú ekki um ef menn eru svo barnalegir að ætla að láta einhver frjálshyggju- eða gróðasjónarmið ein og sér ráða. Það er auðvitað, eins og málum er háttað og eins og kjörum er deilt í þessu þjóðfélagi, vísasti vegurinn til ófarnaðar eins og dæmin sýna.

Það hefur mikil vinna verið lögð í þá hugsun að einn þáttur byggðastefnu sé sá að dreifa opinberri þjónustu um landið. Ég vil í þessu sambandi vitna til starfa sem rekja sig alllangt aftur, til að mynda til nefndar sem sett var á fót í tíð ríkisstjórnar sem sat á öndverðum síðasta áratug og skilaði merku áliti. Þessi nefnd var sett á fót til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hvaða breytingar kæmu helst til greina í því efni. Við erum einmitt að fjalla um eina slíka ríkisstofnun nú og ég tel því ekki óeðlilegt að menn rifji að nokkru upp þann fróðleik sem safnað var saman á þeim tíma, þ. e. á árunum 1972—1974, í þessum efnum og er enn að flestu leyti í gildi vegna þess að þær stofnanir sem þá voru til umfjöllunar eru allar til í dag, að ég best veit, og eru allar á sama stað og þær voru þá.

Þessari nefnd, herra forseti, var, eins og ég áður sagði, falið það verkefni að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hvaða breytingar kæmu þar helst til greina. Nefndin skilaði allmikilli skýrslu eða áliti 28. okt. 1975 og undir það rita nm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem var formaður, Bjarni Einarsson, núverandi forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar, Helgi Seljan alþm., Jón Baldvin Hannibalsson alþm., Magnús E. Guðjónsson, Sigfinnur Sigurðarson og Magnús Gíslason. Í nál. ætla ég að vitna ofurlítið, herra forseti, en með tilliti til tímans, sem við höfum hér til að fjalla um þessi mál og er ekki ótakmarkaður þó að hann sé vonandi nægur, ætla ég einungis að vitna lítillega í útdrátt úr nál., með leyfi forseta:

„Fyrsti hluti nefndarálitsins er sögulegt yfirlit yfir þróun íslenska stjórnkerfisins, hvernig og á hve margslunginn hátt Reykjavík varð miðstöð þess. Auk Alþingis, embættiskerfis dómstóla og fáeinna menntastofnana, sem komu til sögunnar á síðustu öld, býr nú í borginni fjölþætt samsafn stjórnarstofnana, banka og annarra fjármálastofnana, höfuðstöðva hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokka, fjölmiðla, mennta- og menningarstofnana; auk þess hefur þjóðhöfðingi þar skrifstofu. Allir höfuðþættir nútímastjórnkerfis eru fyrst og fremst tengdir Reykjavík. Lokaskeið sjálfstæðisstjórnmálanna og þjóðfélagsþróunin, sem í senn hefur verið orsök og afleiðing stéttastjórnmálanna, fela í sér meginörlagavalda þessarar skipunar," segir þar. „Almenn lýsing á sögulegri þróun og núverandi gerð stjórnkerfisins leiðir í ljós að nokkrir mikilvægir miðstöðvarþættir eru utan hins formlega ríkiskerfis. Miðstöðvarsess Reykjavíkur er grundvallaður á fleiru en aðsetri opinberra stofnana. Hagsmunasamtökin, stjórnmálaflokkarnir, nokkur hluti fjölmiðla og fjármálastofnana eru utan hins formlega ríkiskerfis. Þótt hér sé um að ræða mikilvæga þætti í stjórnkerfi landsins hefur ríkisvaldið ekki rétt til að ákveða aðsetur þeirra. Aðeins sá hluti stjórnkerfisins sem er innan hins eiginlega valdsviðs ríkisins — Alþingi, stjórnarráð og stjórnstofnanir, þjóðhöfðingi, dómstólar, menntastofnanir, menningarstofnanir, opinberir fjölmiðlar og fjármálastofnanir — telst til viðfangsefnis nefndarinnar. Það er hins vegar nauðsynlegt að leggja áherslu á að flutningur ríkisstofnana getur aðeins haft takmörkuð áhrif á miðstýringu stjórnkerfisins, ef þeir þættir sem eru utan valdsviðs ríkisins eru áfram jafnbundnir Reykjavík. Um leið og nefndin birtir tillögur um staðarval opinberra stofnana er vakin sérstök athygli á þætti stjórnmálaflokka, hagsmunasamtaka, fjölmiðla og fjármálastofnana í miðstöðvaruppbyggingu Reykjavíkur. Eigi að draga verulega úr miðstýringu íslenska stjórnkerfisins verða þessir aðilar einnig að koma til sögunnar með breyttum starfsháttum og nýju skipulagi."

Þetta var mjög fróðlegur inngangur, herra forseti, því að þarna er það verkefni nokkuð rækilega skýrgreint hvað er innan hins opinbera stjórnkerfis, hvað er á valdsviði þess að fjalla um og hvað ekki. Það er alveg laukrétt að það er ekki nema hluti af því sem gerir Reykjavík að þeirri miðstöð sem hún er, sem er á valdi og undir verksviði hins opinbera. Réttilega er hér bent á að ýmsir aðilar, eins og hagsmunasamtök, stjórnmálaflokkar og nokkur hluti fjölmiðla og fjármálastofnana, eru utan hins formlega ríkiskerfis og það er ekki á okkar valdi sem hér á Alþingi sitjum né ríkisstj. eða annarra stjórnvalda að ákveða neitt um hvar slíkir aðilar velja sér aðsetur.

Ég minnti t. d. á það í umr. fyrr á þessu þingi um byggðamál að Samband ísl. samvinnufélaga, sem er félagsskapur sem er okkur báðum, mér og virðulegum forseta kunnur, hafði tekið þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að flytja höfuðstöðvar iðnaðardeildar sinnar norður á Akureyri og má segja að þar hafi þessi ágætu samtök stuðlað að því fyrir sitt leyti að ástunda nokkra valddreifingu og nokkurn stofnanaflutning frá höfuðborgarsvæðinu út á land.

Nefndin vann síðan gífurlega mikið starf, þessi stofnananefnd, ef ég má nefna hana svo, sem starfaði á árunum 1972—1975, og athugaði einkum þrenns konar möguleika á flutningi ríkisstofnana:

1. Heildarflutning, þ. e. að stofnunin öll sé flutt á einn stað.

2. Deildarflutning, þ. e. að einstakir hlutar eða deildir stofnunar, sem hafa vel afmarkað verksvið, eru

fluttir til annarra staða.

3. Útibúastofnun. Stofnuninni er ætlað að veita landsmönnum staðbundna þjónustu og verður því að starfrækja sams konar útibú í öllum landshlutum.

Í sumum tilfellum er ljóst að aðeins ein tegund flutnings kemur til greina, en í öðrum getur verið um tvær eða jafnvel allar þrjár að ræða. Þetta er einnig, að mínu viti, herra forseti, nokkuð góð skýrgreining á þeim möguleikum sem við höfum í þessum efnum.

Síðan vildi ég gjarnan bæta við þetta fjórða kostinum sem við stöndum frammi fyrir hvað varðar þróunarfélag, þ. e. að upppbygging nýrra stofnana getur átt sér stað einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík.

Ég ætla ekki að rekja tillögur stofnananefndarinnar nánar, ekki lið fyrir lið, herra forseti, vegna þess að það tæki allnokkurn tíma, af tillitssemi við þingstörf og afgreiðslu mála vil ég spara okkur þann tíma sem í það færi, en ég vil þó nefna að sáralítið, nánast ekkert af þeim tillögum sem nefndin gerði að sínum árið 1975 hefur náð fram að ganga. Eitthvað hefur þó verið um að opinberar stofnanir eða opinber fyrirtæki hafi stofnað útibú eða sett á fót deildir utan höfuðborgarsvæðisins, en mér er nær að halda að engin stofnun af þeim fjölmörgu, einar 25 hygg ég að þær hafi verið, hafi verið flutt burt úr höfuðborginni. Nefndin lagði til að ekki færri en 25 stofnanir yrðu fluttar í heild frá höfuðborgarsvæðinu. Ef ég renni yfir þann lista þætti mér fróðlegt að vita ef einhver hv. þdm. kannast við það að einhver þessara stofnana sé í dag staðsett annars staðar en í Reykjavík. Þær eru: Búnaðarfélag Íslands, Búreikningastofa landbúnaðarins, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landnám ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sauðfjárveikivarnir, Veiðimálastofnunin, veiðistjóraembættið, Orkustofnun ásamt Jarðborunum ríkisins, Jarðvarmaveitum ríkisins og Gufuborunum ríkisins og Reykjavíkurborgar, Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Kennaraháskóli Íslands ásamt Æfinga- og tilraunaskólanum, Húsmæðrakennaraskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, Fiskvinnsluskólinn, biskupsembættið ásamt Hjálparstofnun kirkjunnar, Landhelgisgæslan, Landmælingar Íslands, Skógrækt ríkisins og skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þetta voru þær stofnanir, 25 að tölu, sem nefndin lagði til að yrðu í heild sinni fluttar út úr höfuðborginni til annarra staða. Þær eru allar, að því er ég best veit, hér í Reykjavík.

Þá lagði nefndin til, herra forseti, að eftirtaldar stofnanir yrðu fluttar frá höfuðborgarsvæðinu þótt aðalstöðvar þeirra yrðu þar áfram: Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Raunvísindastofnun háskólans, guðfræðideild að hluta. Stofnun Árna Magnússonar, svif- og botndýradeild Hafrannsóknastofnunar, grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands, hluti málmiðnaðardeildar, skipasmíðadeild og vefjariðnaðardeild Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Strandferðadeild Skipaútgerðar ríkisins verði skipt í Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild.

Þá er enn lengri listi, herra forseti, um 36 stofnanir sem nefndin lagði til að settu á stofn sérstök útibú utan höfuðborgarsvæðisins. Ég held ég vísi í heimildir og sleppi því að lesa þann lista af því að hann er sá lengsti af þeim þremur sem nefndin gerði tillögur um.

Þarna var sem sagt unnin mikil vinna. Það var kannað hvaða stofnanir það væru sem vænlegt væri og eðlilegt vegna þeirra verkefna sem þær hafa með höndum að flytja út á land. Menn hafa sjálfsagt tekið eftir því að þetta eru allt stofnanir sem hafa miklu landshlutverki að gegna og sumar reyndar sérstaklega í þjónustu við landsbyggðina, eins og stofnanir landbúnaðarins, stofnanir sjávarútvegsins o. s. frv. Þarna voru lagðar fram beinar tillögur. Þarna var mönnum bent á hvað væri hægt að gera og mönnum stillt upp frammi fyrir kostum. Síðan hafa þessar tillögur legið fyrir alla tíð.

Nú eru að verða liðin tíu ár síðan þessu merka áliti var skilað. Og nefndin gerði meira en það. Hún gerði uppkast að frv. til laga sem hægt hefði verið að leggja fram og starfa á grundvelli þess. Þetta var frv. um flutningsráð ríkisstofnana og var liður í áliti nefndarinnar. Hún skilaði inn tillögunum og lagði til aðferð. Flutningsráð ríkisstofnana hefur að mínu mati aldrei verið stofnað, herra forseti. Næsta ríkisstjórn sem fékk nál. upp í hendurnar, þ. e. ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, fjallaði um það, en lengra komst málið ekki, að ég best veit, í hennar tíð og við það situr, herra forseti.

Ég held að ágætt sé að menn muni eftir því merka starfi sem þarna var unnið þegar menn eru að ræða þessi mál nú og þegar mönnum vex það svo óskaplega í augum að reyna að koma einni einustu eða tveimur af öllum þessum mikla fjölda opinberra stofnana út fyrir höfuðborgina. (**HBl:** Það er betra að rökstyðja þetta svolítið vel.)

Ég var með í höndunum úti á skrifstofu minni fyrr í kvöld, herra forseti, þykka bók. Það var listi yfir alla opinbera starfsmenn. Og ég var með aðra þykka bók þar sem voru nefndir, ráð og stofnanir á vegum ríkisins. Ég fór að velta því fyrir mér hvað mikið af þessum þykku bunkum snerti Reykjavík og hvað mikið aðra staði. Ég hef grun um að það hefðu ekki verið ýkjamörg blöð og ekki þykkur bunki sem ég hefði þurft að hafa með mér í ræðustól ef ég hefði ætlað að taka þá sneið út úr þessum þykku bókum sem tilheyrir landsbyggðinni. Staðreyndin er sú, að obbinn af þessu er hér og verður hér ef ekkert verður að gert. Það er morgunljóst.

Herra forseti. Það er kannske fullseint þegar þessi umr. er þetta langt á veg komin að fara að skilgreina hér hvað byggðamál eru. (Gripið fram í.) Nei, það er mjög þarft að fá það fram ef það hefur ekki komið fram nú þegar. Ég vil þá varpa fram minni skilgreiningu á því hvað byggðamál séu. Byggðamál eru nefnilega mjög mikið og merkilegt hugtak. Ég held að spurningin um byggðamál sé ósköp einfaldlega um það þjóðfélagsmunstur sem við viljum hafa. Byggðamálin eru í stærstu mynd sinni það Ísland sem við viljum byggja upp og viljum hafa. Þá eiga menn að svara því: Hvernig Ísland, hvernig byggð? Viljum við hafa hér borgríki, eins og vissulega eru til, eða viljum við hafa hér fjölbreytt þjóðríki með fjölbreytilegu mynstri, allt frá dreifbýli, sveitum, þorpum, smákaupstöðum, kaupstöðum og borgum? Þetta er sú spurning sem við verðum að svara. Ef meiri hluti Íslendinga og stjórnvöld vilja mynda borgríki á tiltölulega stuttum tíma höfum við það. Ég geri ekki ráð fyrir því að þeir sem þó vildu enn þá búa einhvers staðar annars staðar en í borgríki yrðu neyddir til að flytja þangað, en stjórnvaldið með sínum völdum og sínum ítökum getur að sjálfsögðu haft afgerandi áhrif á hvernig byggðin þróast og mundi þá sjálfsagt stýra því með þeim hætti sem það kysi. Ég ímynda mér að það væri tiltölulega

auðvelt að mynda borgríki á Íslandi á 10—20 árum, 25 árum kannske, ¼ úr öld. En hitt er líka hægt, það er sannfæring mín og til þess er ég að tala hér í kvöld, herra forseti, að varðveita og verja það fjölbreytta byggðamynstur sem við búum við í dag. Ég álít að það sé skylda mín að standa hér og verja það, m. a. vegna þess að ég er til þess kosinn af fólki sem enn þá býr í slíkum byggðum, enn þá byggir hinar dreifðu byggðir. Ég hef nákvæmlega ekkert hér á Alþingi að gera, herra forseti, ef ég reyni ekki að standa í ístaðinu fyrir þetta fólk. Svo einfalt er það nú.

Við þurfum ekki að fara langt út fyrir landsteinana, herra forseti, til að sjá þjóðir sem hafa kosið að fara leið byggðastefnunnar, hafa kosið að fara þá leið að verja sitt fjölbreytta byggðamynstur. Ég vitna þá fyrst til frænda okkar Norðmanna sem hafa með margvíslegum aðgerðum reynt að tryggja að þeir ættu áfram sinn Noreg eins og hann hefur verið um aldir, með borgum, bæjum, þorpum og sveitum. Þeir verja til þess miklu fé árlega t. d. að styrkja byggðina í Norður-Noregi með hinum margvíslegustu aðgerðum. Ég get nefnt eitt lítið dæmi. Iðnþróunarsjóður þeirra Norðmanna eða iðnlánasjóður eða hvað það nú heitir starfar á þeim grundvelli, sérstakur iðnlánasjóður byggðanna, að Noregur er flokkaður niður í ákveðin svæði eftir því hversu mikla aðstoð iðnaðurinn er talinn þurfa og þau svæði sem mest fá fá allt að 40% af framlögunum sem eru óafturkræf, en á höfuðborgarsvæðinu eða þeim svæðum sem sterkast standa er ekki um nein framlög að ræða, einungis lán. Svo langt hafa þeir gengið. Þeir hafa einnig kosið að verja sinn landbúnað eins og hann er með sínum smáu búum. Það þykir bærilegt bú, og er vel hægt að komast af í Noregi með það að hafa 8—10 kýr og 100 kindur, herra forseti. Það er bústærð sem er löngu orðin ólífvænleg á Íslandi, herra forseti.

Mér dettur einnig í hug annað land sem ég þekki nokkuð vel til. Það er Nýja-Sjáland, herra forseti. Ég held að það sé ekki úr vegi að ég rifji ofurlítið upp hér hvernig byggðastefnu er háttað á Nýja-Sjálandi. Það er ekki víst að allir hv. þm. séu mjög kunnugir högum þar. Það er eins og menn vita hinum megin á hnettinum. Þar búa nánast andfætlingar okkar Íslendinga og það er margt merkilegt hjá þeim eins og reyndar hjá fleiri þjóðum. En þeir hafa einnig kosið sér sína byggðastefnu og sitt byggðamynstur. Reyndar er þetta enn þá merkilegra hjá þeim Nýsjálendingum vegna þess að þeir hafa byggt upp sitt land gróflega talið á einum 100 árum. Búseta var dreifð og þar voru einungis 100—200 þús. frumbyggjar á þeim tíma sem hvítir menn hófu að flytja til Nýja-Sjálands að ráði upp úr miðri 19. öld, en nú býr þar þjóð sem telur um 3.5 millj. manna. Og hafa þeir byggt upp borgríki eða hafa þeir staðið einhvern veginn öðruvísi að þessu? Þeir hafa t. d. kosið, herra forseti, að láta ekki stærstu borgina vera höfuðborg. Langstærsta og langöflugasta borgin, mesta iðnaðarborgin og mesta stjórnsýsluborgin er ekki höfuðborgin í Nýja-Sjálandi. Það er miklu minni borg sem er betur í sveit sett og er miðsvæðis á eyjunum og heitir Wellington. Auckland, stærsta borgin, er hins vegar hin viðskiptalega miðstöð og þaðan eru mestar samgöngur til útlanda o. s. frv. Þeir hafa dreift flestum sínum stjórnsýslustofnunum um fjórar borgir. Það eru í megindráttum fjórar borgir, Auckland, Wellington, Christchurch og Dunedin, sem hýsa opinberar stjórnsýslustofnanir. Það þykir alveg sjálfsagt mál að ein stofnun sé hér og önnur þar. Þó er Nýja-Sjáland mörg þúsund mílur á lengd og það er drjúgur spölur frá norðurodda Nýja-Sjálands og suður á suðurodda Stewart-eyju. Þessar miklu vegalengdir hafa ekki hindrað þá í því að dreifa sínum stjórnsýslustofnunum, sínum háskólum o. s. frv. út um allt landið. Ég hygg að við Íslendingar gætum enn í dag kosið okkur þessa leið ef við förum að gera það innan tíðar, en það er hins vegar alveg ljóst, herra forseti, að ef menn horfa aðgerðarlaust á svipaða þróun og hefur verið síðasta árið og hefur verið meira og minna alla síðustu öld verður ekki glæsilegt um að litast í þessum efnum innan tíðar.

Ég held einnig, herra forseti, að menn gætu reynt að setja sér ákveðin markmið. 350 þús. íbúar verða væntanlega á Íslandi á fyrri áratugum næstu aldar, stuttu eftir að árið 2000 gengur í garð. Við skulum segja að ef frjósemin heldur sér sæmilega með þjóðinni verði það um 2020 sem hér verða 350 þús. manns. Við gætum sett okkur þau markmið, að mínu viti, að þessi 350 þús. skiptust þannig að 170—180 þúsund byggju á Reykjavíkursvæðinu og hinn helmingurinn u. þ. b. byggi annars staðar. Ég hefði talið það heppilega dreifingu. Það þýðir að við þurfum að breyta þessu nokkuð frá því sem nú er landsbyggðinni í hag. Það lætur nærri að hlutföllin séu nú 60 á móti 40.

Ég spyr líka menn að því hvort þeir telji nokkuð æskilegt að Reykjavík eða Reykjavíkursvæðið verði að stærri borg en eins og 150—180 þúsund manns. Vill hv. þm. Ellert Schram búa í stærri borg en 150 þúsund manna borg? Er hann ekki ánægður með Reykjavíkina sína eins og hún er? (**EBS:** Hvers vegna ertu að spyrja mig að því?) Ég er m. a. að spyrja að því vegna þess að þegar menn ræða þessi mál væri það, held ég, hollt og þarft að menn settu sér ákveðið markmið, spyrðu: Hvernig Ísland viljum við hafa í framtíðinni og hversu stóra Reykjavík? Er æskilegt að kakka öllum Íslendingum hingað á einn reit og er það ekki miklu fallegri framtíð að sýna að við stefnum að því að t. d. árið 2020 búi 170—180 þús. manns á þessu svæði og annað eins vítt og breitt um landið, í borgum, bæjum og sveitum? Þessi mál verða að meira og minna leyti stefnulaus ef við ekki setjum okkur einhver slík markmið. Það er alveg ljóst, herra forseti.

Ég vil einnig minna á að ég held að byggðaröskunin sem slík, eins og hún hefur verið undanfarna áratugi og er enn þann dag í dag, sé ekki sérstaklega í þágu Reykvíkinga og síður en svo nokkur guðsblessun fyrir þá. Mér dettur í hug að vitna í nýlega látinn höfðingja, Gunnar heitinn Thoroddsen fyrrv. forsrh. Íslands og fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík með meiru. Hann ól mestan sinn aldur, að ég best veit, í Reykjavík eða hér í nágrenninu, var reyndar sendiherra með erlendum þjóðum í einhver ár, en annars mun hann mestan sinn tíma hafa dvalið hér og búið hér. (**Gripið fram í:** Þingmaður Snæfellinga.) Jú að vísu, en ætli hann hafi ekki búið lengst af í Reykjavík engu að síður. (Gripið fram í.)

Þessi ágæti maður hafði hins vegar á því fullan skilning, þrátt fyrir það og kannske einmitt vegna þess, að hann var lengi borgarstjóri í Reykjavík, að það væri ekki endilega í þágu Reykvíkinga né sérstaklega æskilegt fyrir þetta byggðarlag eða byggðirnar hér við Faxaflóann að þessi mál æxluðust svona. Honum var

ekki að detta þetta í hug á síðustu árum ævi sinnar, honum datt þetta ekki í hug á meðan viðreisnin var og hét og mest var nú byggðaröskunin þá. Nei, honum var orðið þetta ljóst þegar á árinu 1949, því að þá hélt hann gagnmerkt ávarp á afmælisdegi Reykjavíkur, ekki ómerkari degi, sem er 18. ágúst eins og menn eflaust vita. Árið 1949 flutti hann ávarp í Ríkisútvarpið um þróun bæjarins og byggðamál í víðara samhengi. Þetta ávarp, herra forseti, er birt í bók sem nýlega kom út og hefur að geyma margar af perlum orðsins sem eftir þennan ágæta mann liggja.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa þetta stutta ávarp og þá byrja ég á þeim inngangi sem að því er hafður í bókinni:

„Á afmælisdegi Reykjavíkur 18. ágúst 1949 flutti Gunnar ávarp í Ríkisútvarpið um þróun bæjarins og byggðamál í víðara samhengi.

Um þessar mundir var mikið aðstreymi fólks til Reykjavíkur úr ýmsum byggðarlögum úti á landi." — Kannast nokkur við setningu eins og þessa? — „Þetta átti sinn þátt í því að rígur skapaðist gagnvart höfuðstaðarvaldinu, sem svo var nefnt, og var mjög alið á honum af þm. og öðrum talsmönnum dreifbýlisins. Gekk umræðan svo langt í dagblöðum og á þingi að sumir vildu takmarka fólksflutningana með valdboði." — Og þar hafið þið það.

„Þótt Gunnar sé fæddur og uppalinn í Reykjavík hafa erindrekstur hans um landið fyrir Sjálfstfl. og þingmennska fyrir Mýramenn og Snæfellinga væntanlega haft áhrif í þá átt að hann einblíndi ekki á Reykjavík og vildi taka tillit til hagsmuna fólksins í strjálbýlinu.

Gunnar hafði setið í borgarstjóraembætti höfuðstaðarins í tvö og hálft ár og var enn þm. Snæfellinga sumarið 1949. Hann ræddi í útvarpinu opinskátt um byggðaröskunina sem hann taldi sameiginlegt vandamál Reykjavíkur og landsbyggðarinnar. Þótti mörgum þarna varpað nýju ljósi á málið." — Og hefst svo ávarpið:

„18. ágúst er afmælisdagur Reykjavíkurkaupstaðar. Þann dag fyrir 163 árum fékk Reykjavík kaupstaðarréttindi.

Reykjavík á sér eldri sögu." Þetta er ekki mjög langt, virðulegur forsrh. (**Forsrh.:** Nei, ég var bara að gá hvar þetta væri. Ég tók ekki eftir því. Þetta er mjög fróðlegt.) Já, „Fyrsti landnámsmaðurinn á Íslandi, Ingólfur Arnarson, byggði suður í Reykjavík, segir Ari fróði í Íslendingabók. Hún var því fyrsta landnámsjörð á Íslandi. Eftir daga Ingólfs kemur jörðin Reykjavík lítið við sögu um margar aldir.

Árið 1752 hefst hún aftur til vegs, þegar Skúla landfógeta Magnússyni var seld í hendur jörðin vegna þeirrar iðnaðarstarfsemi, er innréttingar voru nefndar. Hófst þá saga Reykjavíkur sem verksmiðjubæjar. 34 árum síðar, 1786, varð Reykjavík kaupstaður.

Á þessum 163 árum hefur gerbreyting orðið á högum Íslendinga. Erlend áþján og einvaldsstjórn hefur vikið fyrir lýðveldi og sjálfsstjórn. Örbirgð og fátækt, sultur og seyra, hafa þokað fyrir þeim lífskjörum almennings sem framar standa því sem flestar þjóðir Evrópu búa við. Verslun og viðskipti, sem áður voru einokuð í höndum útlendra manna, eru nú á vegum Íslendinga sjálfra. Í stað þess að þorri landsmanna lifði á landbúnaði starfar nú meiri hluti þjóðarinnar á útvegi, iðnaði og verslun.

Þó er sú breyting hvað mest er Reykjavík varðar. Þegar Reykjavík varð kaupstaður voru hér 302 íbúar af 38 þús. landsmanna eða um 8 af þúsundi." — Um 8 af þúsundi, herra forseti. — „Nú búa hér 55 þús. af 134 þús. landsmanna eða rúmir 40 af hundraði.

Og á þessu tímabili hefur kaupstaðurinn Reykjavík numið vítt land og fagurt. Bæjarstæði Reykjavíkur hefur breyst. Reykjavík er ekki lengur, eins og við lærðum í barnaskóla, kvos milli tveggja hæða." — Það má nú segja. — „Reykjavík hefur vaxið og mun vaxa út fyrir kvosina, yfir hæðirnar tvær, út á aðrar hæðir, yfir mýrar og móa, yfir ása og nes. Kvosin geymir sögulegar minjar, allt frá landnámstíð, minjar sem verður að vernda og alltaf skulu í heiðri hafðar.

Bær Ingólfs og „innréttingar" Skúla fógeta stóðu við Aðalstræti sem nú er. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að Aðalstræti skuli vera breiðust þeirra gatna sem enn hafa ákveðnar verið í Reykjavík, enda má nefna þann stað vöggu Reykjavíkur. En í fullri lotningu fyrir liðnum tímum lyftum við okkur upp úr kvosinni milli tveggja hæða. Við horfumst í augu við höfuðborg framtíðarinnar, byggjum ný hverfi, nýjar miðstöðvar, stórbyggingar og mannvirki, í hinu víðlenda landnámi Ingólfs.

Á fjórum áratugum, síðan er hinn fyrsti borgarstjóri var kjörinn, hefur Reykjavík verið stórvirk um framkvæmdir og umbætur. Þess bera vottinn vatnsveita, gasstöð, hafnarmannvirki, virkjun Elliðaánna, Sogsvirkjun, hitaveita, skólabyggingar, íbúðarbyggingar og margt fleira. Það 40 ára tímabil, sem þeir hafa stýrt bænum, Páll Einarsson, Knud Zimsen, Jón Þorlaksson, Pétur Halldórsson og Bjarni Benediktsson, hefur markað stærri spor framfara og umbóta í sögu Reykjavíkur en næstu 1000 ár á undan.

Borgarar bæjarins hafa lagt fram höfuðskerfinn til þessarar þróunar. Þeir hafa sjálfir, með þróttmiklu framtaki, skapað útveg, iðnað og verslun, og reykvískar hendur hafa ræktað hrjóstrugar lendur og breytt þeim í gróðurlönd. Borgarar bæjarins hafa með hug og hendi stuðlað að velmegun Reykjavíkur og fegrun hennar. En í fegrunarstarfinu eru fyrst og fremst reykvískar húsfreyjur að verki.

Á hinum síðustu árum hefur mikill áhugi vaknað fyrir trjágróðri og blómarækt, hreinlæti, þrifnaði og hvers konar fegrun borgarinnar. Fyrir rúmu ári var stofnað hér í bæ félag til þess að hvetja bæjarbúa og bæjaryfirvöld til meiri skilnings og skarpari átaka um þrifnað, hirðu og fegrun húsa og lóða. Fegrunarfélag Reykjavíkur hefur, með samþykki bæjarráðs, valið 18. ágúst til fjársöfnunar- og kynningardags fyrir starfsemi sína.

Hinn mikli vöxtur Reykjavíkur að íbúatölu er ekki að óskum okkar Reykvíkinga. Við finnum glöggt þá örðugleika sem hið óeðlilega aðstreymi leggur okkur á herðar. Það skapar okkur gífurlegan kostnað. Við þurfum þess vegna að leggja fleiri götur, byggja fleiri skóla, fleiri íbúðir. Mannvirki okkar, vatnsveita, raforkuver, hitaveita, höfn, verða of lítil fyrr en varða mundi ef fjölgunin væri róleg og eðlileg. Þjóðfélagslega er þessi þróun ekki æskileg. Eðlileg hlutföll raskast milli höfuðborgar og landsins í heild.

En þótt þessi mikla fólksfjölgun í Reykjavík sé ekki eftir óskum okkar eru hún að því leyti fyrir atbeina okkar að höfuðborgin lokkar með auknum atvinnurekstri og lífsþægindum. Allir menn vilja helst þar búa sem best er.

Að sjálfsögðu bjóðum við þá velkomna sem hér eru löglega búsettir og með okkur vilja vinna að uppbyggingu borgarinnar. En við hljótum fyrst og fremst að óska jafnvægis í þjóðfélaginu. Jafnvægið verður best tryggt með því að önnur byggðarlög bjóði jafngóð afkomuskilyrði og jafnmikil lífsþægindi og höfuðborgin. Sum byggðarlög stynja undan útstreymi fólksins, íbúðir, skólahús og önnur mannvirki eru ekki að fullu notuð. Reykjavík stynur undan þunga þeirra fjárfreku framkvæmda sem hinn öri fólksstraumur útheimtir. Hér fara saman hagsmunir Reykjavíkur og landsins alls. Byggðirnar eiga samleið með okkur um að leita jafnvægis.

Við Reykvíkingar höfum sýnt í verki og viljum sýna að hugur fylgir máli. Ég vil nefna eitt dæmi. Sogsvirkjun, sem Reykjavík hefur komið á fót, skapar Reykvíkingum rafmagn til lýsingar, eldunar og iðnaðar. En hún hefur einnig veitt ljósi og yl til margra byggðarlaga utan Reykjavíkur. Sú mikla aukning Sogsvirkjunar sem nú er að hefjast miðar að þrennu: 1) Að fullnægja rafmagnsþörf Reykjavíkur, 2) að útvega rafmagn til sveita og sjávarþorpa á Suðurlandi og 3) að skapa grundvöll fyrir áburðarverksmiðju sem verður lyftistöng fyrir íslenskan landbúnað."

Þessu merka ávarpi Gunnars Thoroddsens lýkur á þessum orðum, herra forseti:

„Það er ósk mín og einlæg von að samstarf og skilningur vaxi og eflist milli Reykjavíkur og annarra byggðarlaga. Og Reykvíkingum öllum vil ég óska þess á afmælisdegi borgarinnar að farsæld og fegurð krýni þennan stað sem öndvegissúlur Ingólfs kusu að tilvísan æðri máttarvalda."

Og lýk ég þá við að lesa þetta ávarp sem Gunnar Thoroddsen flutti í Ríkisútvarpið á afmælisdegi Reykjavíkur 18. ágúst 1949.

Herra forseti. Það kann einhver að vera hissa á því að ég kýs að lesa þetta ávarp sem flutt var fyrir þetta löngu. En ég var þeirrar skoðunar, eftir að hafa lesið það og reyndar oftar en einu sinni, að þau orð sem þarna voru mælt af svo mikilli speki og á svo fallegu máli ættu fullt erindi til okkar enn þann dag í dag og ættu reyndar, því miður, óvenjulega vel við þar sem aðstreymi fólks af landsbyggðinni til Reykjavíkur er nú í hlutföllum eitthvað svipað og það var á þeim árum sem Gunnar Thoroddsen gerði að umtalsefni.

Ég er sammála Gunnari Thoroddsen um að það væri okkur öllum í hag að snúa þessari þróun við. Ég held að hún sé engum til góðs og Reykjavík ekkert fremur en landsbyggðinni sjálfri. Þess vegna fari saman hagsmunir okkar allra í því að reyna að spyrna þarna við fótum. Til þess erum við nú að ræða byggðamál, herra forseti, að eitthvað miði okkur áfram í þá átt.

Ég er þeirrar skoðunar að almennt séð sé óheppilegt og óskynsamlegt að ætla sér að fjarstýra byggðamálum og ataki til uppbyggingar atvinnulífs og öðrum þeim málum, sem undir þetta falla, héðan á einum stað úr Reykjavík. Ég teldi æskilegra að menn breyttu því fyrirkomulagi, sem viðgengist hefur og taka á nú við, a þann veg að hin miðstýrða stofnun, hin eiginlega byggðastofnun yrði minni að umfangi en meira af starfinu dreifðist út til þess fólks sem er á vettvangi á hverjum stað. Þess vegna er það miður, að mínu viti, að menn skuli ekki breyta þessu frv. í þá veru að Byggðastofnun hafi meira verkefni hvað varðar samstarf og samvinnu við einstök samtök úti í hinum dreifðu byggðum landsins sem starfa á þessu sviði.

Það er einnig mikið talað í dag um valddreifingu, herra forseti. Það er nánast orðið eins og tískuorð, valddreifing, og allir ganga út frá því sem gefnu að slíkt sé af hinu góða að mér skilst. Samt er það svo, að þessum málum sem og reyndar mörgum fleirum í okkar stjórnskipan hefur verið skipað af ótrúlega mikilli miðstýringu á undanförnum árum. Það er ekki heldur sjáanlegt að sú ríkisstj. sem nú ræður ríkjum á Íslandi hyggist breyta miklu þar um. Þetta er að mínu viti miður.

Herra forseti. Ég held að það sé einnig óhjákvæmilegt að við gerum okkur grein fyrir því, þegar við ræðum þessi mál eins og staða þeirra er nú og ég tel ekki nema eðlilegt og skylt að við gerum það í nokkru máli, hvert ástandið er núna á því herrans ári 1985 og hvað hefur gerst á þeim 1—2 síðustu árum sem við höfum upplýsingar um til að skoða. Það hlýtur að ráðast af því, verkefnið og tilgangur þess að stofna sérstaka Byggðastofnun, hvernig málin horfa í þessum efnum. Ég geri ekki ráð fyrir að menn sæju ástæðu til að setja lög um sérstaka Byggðastofnun ef þeir teldu byggðahorfurnar vera eins og þeir vilja hafa þær. Ég ætla þá að vitna ofurlítið til ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, reyndar ekki þeirrar nýjustu sem er frá 1984, heldur skýrslu sem kom út árið 1983 og er að mínu viti á sinn hátt miklu merkara plagg en það sem næst kom á eftir því að þar er, í kaflanum um byggðadeild, ágætlega skilgreindur sá vandi sem við er að glíma í byggðamálunum, vandi byggðaþróunar, og vikið að því hvað helst mætti til varnar verða vorum sóma í þeim efnum. Ég mun þá lesa þann hluta kaflans um byggðadeild Framkvæmdastofnunar sem fjallar um og heitir vandamál byggðaþróunar. Hefst þá lesturinn, með leyfi forseta:

„Eftir áratuga byggðaröskun náðist loks jafnvægi í fólksflutningum á milli landsbyggðar annars vegar og Suðvesturlands hins vegar um miðjan síðasta áratug. Þetta jafnvægistímabil var stutt eða fimm ár. Á árunum 1975—1979 fluttust samtals 21 411 manns til landsbyggðarinnar sem er svæðið frá Hvalfjarðarbotni hringinn um landið að Hellisheiði syðra, en samtals 21 405 fluttu af landsbyggðarsvæðinu til Suðvesturlands.

Á árinu 1980 má segja að þessu örstutta jafnvægistímabili lyki og síðan hafa fólksflutningar frá landsbyggð til Suðvesturlands aukist ár frá ári eins og tölurnar hér á eftir sýna:

Flutningar frá Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi til Suðvesturlands, nettó.

1980 127 manns, 1981 621 manns, 1982 722 manns og árið 1983 949 manns.

Landsbyggðin hefur þannig tapað 2419 manns til Suðvesturlands á fjórum árum og ekki verður betur séð en að flutningar þessir séu í vexti." — Og reyndust orð að sönnu, herra forseti, er þetta var mælt á árinu 1984, þegar skýrslan fyrir árið 1983 kom út, því að á því heila ári sem síðan er liðið bættust við á annað þúsund manns í þennan hóp. — „Í árslok 1979 voru íbúar landsbyggðarsvæðisins 93 163. Þessi brottflutningstala svarar til 2.9% þess fjölda.

Á áratugnum 1971—1980 var öflug atvinnuuppbygging víðs vegar á landsbyggðinni í kjölfar útfærslu landhelginnar. Munaði þar mest um tilkomu skuttogara og

eflingu hraðfrystiiðnaðarins. Á þessum áratug, 1971—1980, fjölgaði til dæmis ársverkum í fiskiðnaðinum um 952 á Suðvesturlandi, en um 2577 á landsbyggðinni. Einnig fjölgaði störfum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð meira úti á landi en suðvestanlands eða um 1583 ársverk á landsbyggðinni, en 430 á Suðvesturlandi. Í almennum iðnaði fjölgaði ársverkum hins vegar mið meira suðvestanlands eða um 2391 en 1651 á landsbyggðinni. Í þjónustugreinum var munurinn hins vegar mikill Suðvesturlandi í hag. Þar fjölgaði um 11 079 ársverk í þjónustugreinum, en um 4815 úti á landi. En þetta mynstur atvinnuþróunar dugði skammt til þess að *búa til þetta stutta jafnvægistímabil í fólksflutningum* og þar með í byggðaþróun í landinu.

Ástæður þess að nú hallar undan fæti má annars vegar rekja til þess hversu „miðsækin" öll þjónustustarfsemi er til allsherjarþjónustumiðstöðvar landsmanna, höfuðborgarsvæðisins, og vaxandi byggingarstarsemi. Þjónustustarfsemi úti á landi er yfirleitt það lítil og á það erfitt uppdráttar að á móti grunngreinum koma einungis 1—2 störf í þjónustugreinum úti á landi. Þjónustumargföldun á höfuðborgarsvæðinu vegna tilkomu starfa í grunngreinum úti á landi er mun meiri. Hve miklu meiri er erfitt að fullyrða nákvæmlega því þessi margföldun er misjöfn eftir því hvaða viðmiðunarár eru valin. Við þetta bætist svo veruleg fækkun í einni af grunngreinum landsbyggðarinnar, landbúnaði.

Tölurnar hér á eftir sýna fjölgun starfa í öllum atvinnugreinum á árunum 1980, 1981 og 1982. Tölurnar fyrir 1980 eru reiknaðar út frá tryggðum vinnuvikum þar sem atvinnustarfsemi fer fram, en tölurnar fyrir 1981 og 1982 eftir launamiðum skráðum á lögheimili starfsmanna."

Fjölgun ársverka.

Suðvesturland: árið 1980 1835, árið 1981 2283, árið 1982 2374. Fyrir sömu ár eru þessar tölur á landsbyggðinni: fyrir árið 1980 1560, fyrir árið 1981 1383 og fyrir árið 1982 er þetta komið ofan í 434. Hlutföllin eru þá þau, herra forseti, að árið 1980 skiptist fjölgun ársverka þannig að 54% koma á Suðvesturland en 46% á landsbyggðina, árið 1981 komu 62% á Suðvesturland en 38% á landsbyggðina og árið 1982 komu 85% á Suðvesturland en 15% á landsbyggðina. Einungis 15% nýrra starfa komu í hlut þeirra 40% íbúanna sem á landsbyggðinni búa.

Síðan segir: „Það sem lesið verður út úr þessum tölum er minnkandi atvinnuuppbygging úti á landi, sérstaklega í byggingum og mannvirkjagerð annars vegar og í þjónustugreinum hins vegar. Landsbyggðin hefur enn betur í fiskveiðum og fiskvinnslu, en 70% nýrra starfa í verslun urðu til á Suðvesturlandi, 78% í bönkum, tryggingastarfsemi o. fl., 65% í iðnaði og veitum, en hvorki meira né minna en 97% í byggingum og mannvirkjagerð." — 3% af nýjum störfum í byggingum og mannvirkjagerð komu í hlut landsbyggðarinnar á þessum þremur árum.

„Sú þróunarstefna sem lesa má úr þessum tölum er uggvænleg. Haldi svo áfram virðist ný flóðbylgja flutninga af landsbyggðinni til Suðvesturlands vera að rísa í líkingu við þá sem skall á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum á sjötta áratugnum. Slíkt er hvorugs hagur, Suðvesturlands né landsbyggðar, og er síst af öllu hagkvæmt fyrir þjóðarheildina" — og getur sá sem hér talar tekið undir það. „Slík þróun getur komið upp vítahring sem erfitt getur verið að rjúfa og kann að leiða til þess að sífellt verði erfiðara að manna hinar þýðingarmiklu fiskvinnslustöðvar úti á landi og öllu mannlífi á landsbyggðinni hraki.

Hins vegar leiðir slík þróun til vaxandi þenslu suðvestanlands og aukins tilkostnaðar á fjölmörgum sviðum. Líklegt er að mikil byggðaröskun dragi verulega úr hagvexti. Á Suðvesturlandi búa nú yfir 142 þús. manns sem eru tæp 60% þjóðarinnar. Hagkvæmast er fyrir þetta fólk að búa nokkurn veginn við eigin fólksfjölgun. Hin ýmsu kerfi, svo sem skólakerfi, umferðarkerfi o. s. frv., geta þá þróast átakalaust og á hagkvæman hátt. *Flóðbylgja innflytjenda af landsbyggðinni mun* raska þessari uppbyggingu jafnframt því sem nýting dýrra mannvirkja á landsbyggðinni minnkar.

Í inngangskaflanum hér að framan voru líkur leiddar að því að gera yrði verulegt átak til að tryggja nægilega öra hagþróun í landinu á allra næstu árum. Það ástand sem hér hefur verið lýst bendir eindregið til þess að þetta átak verði að mjög verulegu leyti að fara fram á landsbyggðinni" — *að mjög verulegu leyti að fara fram* á landsbyggðinni, ég endurtek, herra forseti.

„Eftirfarandi tafla sýnir á einfaldan hátt horfur á íbúa- og mannaflaþróun Suðvesturlands og landsbyggðarinnar á árabilinu 1982—1992 ef fólksflutningar verða engir og þá um leið hve mikið atvinnulíf þessara svæða þarf að vaxa, án tillits til framleiðniþróunar, eigi full atvinna að haldast á báðum svæðunum."

Og síðan kemur taflan:

Íbúa- og mannfjöldaþróun 1982—1992 skv. framreikningi. Þá eru tvær spár, annars vegar lægri spá fyrir minni fólksfjölgun upp á 0.90% á Suðvesturlandi og 0.92% á landsbyggð og hærri spá upp á 1.08% á Suðvesturlandi og 1.11% á landsbyggð. Þannig yrði aukning mannaflans, miðað við þessar hlutfallstölur, 8688 manns á Suðvesturlandi og 8136 manns á landsbyggðinni *og meðalaukning mannafla þannig í prósentum* 1.22% fyrir Suðvesturland og 1.71% fyrir landsbyggð. Þetta þýðir það, herra forseti, miðað við þau hlutföll íbúa sem eru á þessum tveimur landsvæðum, að nettóvaxtarþörf atvinnu á árunum 1982—1992 þyrfti að vera 12.9% fyrir Suðvesturland, en 18.5% fyrir landsbyggð. En nettóvaxtarþörf iðnaðar og þjónustu, ef öll atvinnuaukning kemur fram í þeim greinum, sem reyndar er af ýmsum talið líklegt að verði a. m. k. að mestu eða verulegu leyti, að vera 14.6% á Suðvesturlandi en 29.9% á landsbyggðinni eða rétt tæp 30%, þ. e. tvöfalt meiri en á Suðvesturlandi.

Þessar tölur, herra forseti, segja að mínu viti meira en flestar þær tölur aðrar sem ég hef séð settar fram um það átak sem þarf að gera á næstu árum ef menn eiga ekki endanlega að missa tökin í þessum efnum því að flestar spár sérfræðinga gera ráð fyrir að það verði fyrst og fremst störf í iðnaði og þjónustu sem bætist við á næstu árum. Meira að segja hefur æðsti páfi iðnaðarins, dr. Ingjaldur Hannibalsson, nýlega sent frá sér fullyrðingar um að jafnvel iðnaðurinn verði ekki sá bógur í þessum efnum sem menn hafa hingað til haldið, ósköp einfaldlega vegna þess að framleiðniaukning muni verða slík í iðnaði á næstu árum að þar muni tiltölulega fá ný störf bætast við. Og hvað segir það okkur, herra forseti? Eftir er þjónustan, ein af þeim greinum sem menn spá að bæti verulega við sig mannafla á næstu árum. Hún þarf þá að aukast um 30% á sama tíma og

14.6% mundu nægja Suðvesturlandinu. Skýringarnar á þessu liggja einkum í tvennu. Annars vegar að þjónustunni er misjafnt dreift um landið eins og hún er fyrir, en hins vegar að aldursskipting er þannig að fæðingartala verður aðeins hærri á landsbyggðinni en á Suðvesturlandi. En vegna mismunar á aldursskiptingu eru þeir árgangar sem eru á leið inn á atvinnumarkaðinn hlutfallslega enn stærri úti á landi en á Suðvesturlandi — og nú koma mjög athyglisverðar tölur, herra forseti. Landsbyggðin hefur 48% þess væntanlega mannafla, en um 40% íbúanna. Sem sagt: 48% af þeim sem koma inn á vinnumarkaðinn á næstu 10 árum eru á landsbyggðinni, en einungis 40% íbúanna. Þetta eru tölur sem menn eiga að hafa í huga þegar þeir ræða þessi mál. (**Gripið fram í:** Ekki er þetta þó í ársskýrslunni?) Ýmislegt fróðlegt er í ársskýrslunni, virðulegur þm. Ég nota tölur og upplýsingar úr ágætri ársskýrslu Framkvæmdastofnunar, fyrir árið 1983 vel að merkja, til að skýra mál mitt. Ég vék að því að mér þætti kaflinn um byggðadeild Framkvæmdastofnunar í þessari skýrslu fyrir árið 1983 sýnu merkari en í skýrslunni sem á eftir kom.

Enn fremur segir í þessari skýrslu, herra forseti:

„Þess vegna þarf atvinnulífið sem heild einnig að vaxa hlutfallslega meira úti á landi en á suðvesturhorninu“ — og má það ljóst vera af þeim tölum sem ég rakti áðan. „*En sé þar að auki tekið tillit til þess að í landbúnaði*, fiskveiðum og fiskiðnaði eru samtals 47% ársverka á landsbyggðinni, en einungis 8% suðvestanlands verður dæmið enn erfiðara viðfangs. Fáir búast við að þessar þrjár greinar til samans geti tekið til sín verulegan viðbótarmannafla í framtíðinni ef nokkurn. Sé gert ráð fyrir að allur vöxtur atvinnulífs verði í iðnaðar- og þjónustugreinum þurfa þær til samans að vaxa um tæp 15% suðvestanlands en um tæp 30% úti á landi.“ Mér þykir vænt um að hv. 2. þm. Reykv. stendur hér við hliðina á mér og fær að heyra þessar tölur. Vonandi festast þær honum í minni. — En það gerir, eins og segir í skýrslunni, dæmið enn erfiðara viðfangs en ella.

„Nú skal tekið fram að hér er einungis tekið tillit til beinnar fjölgunar fólks á vinnumarkaði miðað við óbreytta atvinnuþátttöku eftir kynjum og aldurshópum frá 1982. Ekki er tekið tillit til framleiðniaukningar sem hlýtur að verða töluverð ef ekki mikil á þessu tímabili í þeim atvinnurekstri sem fyrir er. Framleiðniaukning kemur að hluta til fram sem framleiðsluaukning óbreytts mannafla, en einnig að hluta sem fækkun starfa samfara lítt breyttri framleiðslu. Heildarfjöldi ársverka á landsbyggðinni 1982 var 46 213, en á Suðvesturlandi 64 955. Ef menn hugsuðu sér að 1% starfa hyrfi á ári hverju vegna framleiðsluaukningar, til að byrja með 462 störf á landsbyggðinni en 650 á Suðvesturlandi, eykst vaxtarþörf atvinnulífsins að sama skapi.

Í hluta byggðadeildar í ársskýrslu s. l. árs var „auglýst“ eftir nýrri byggðastefnu.“Ég endurtek, herra forseti: „Í hluta byggðadeildar í ársskýrslu s. l. árs var „auglýst“ eftir nýrri byggðastefnu. Deildin hefur unnið kappsamlega á árinu 1983 við að undirbúa slíka stefnumótun. Með starfsáætlun deildarinnar fyrir 1984 verða lagðar fram tillögur um hvernig staðið skuli að gerð og framkvæmd byggðaþróunaráætlana og tengdri starfsemi á næstu árum og hvernig hagkvæmast sé að efla *starfsemina*.“

Þetta, herra forseti, lýsir að mínu mati nokkuð vel þeim vanda sem við er að eiga í byggðamálum á Íslandi. Þau hlutföll, sem ég hef hér gert að umtalsefni, sem eru í dreifingu starfa í landinu, hið háa hlutfall þjónustu og iðnaðar hér á suðvesturhorninu og hið hlutfallslega háa hlutfall starfa í framleiðslugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, úti á landi og gerir það viðfangsefni, sem er umræðuefni okkar hér í kvöld, þ. e. byggðamálin, snúnara viðfangs en ella.

Og nú er tími til kominn að nefna það sem mér finnst kannske hvað alvarlegast í umræðunum um þetta mál og í öllu þessu máli. Það er að frv. þetta brýtur ekki í blað á nokkurn hátt í þessum efnum. Það er ekki vorboði nýrra tíma, nýrra átaka í byggðamálum að mínu viti, þetta frv., herra forseti, um nýja Byggðastofnun, því miður, nema síður sé. — Hv. 2. þm. Reykv. er mér innan handar, herra forseti, um ýmislegt, enda ekki óeðlilegt. Við erum nágrannar og okkur er ágætlega til vina. Ég hef nú fengið hér í hendur íslenska orðabók Menningarsjóðs og mun hafa hana mér til halds og trausts ef mér skyldi verða það á að þurfa að vitna til hennar síðar í umr. (**FrS:** Þér verður ekki orða vant.) Þakka ég hv. 2. þm. Reykv. þessa óvenjulegu hugulsemi við mig.

En herra forseti. Ekki hefði mér þótt það verra, þó að ég sé nú ekki að lasta ágæta fundarstjórn virðulegs forseta og 3. þm. Vestf., að í forsetastóli hefði verið ágætur 1. þm. Norðurl. e. þegar ég hefði komið að næsta hluta ræðu minnar. Þar ætlaði ég að fjalla örlítið um ástandið sérstaklega í þessum málum á Norðurl. e. vegna þess m. a. að hér hefur verið nokkuð til umræðu sú hugmynd að flytja Byggðastofnun í þennan téða landshluta. (**ÓÞÞ:** Er verið að reka forseta úr forsetastól?) Ég tók sérstaklega fram, virðulegur þm., að ég hefði síður en svo á móti því að hafa þennan ágæta forseta mér til halds og trausts og una við hans ágætu fundarstjórn, en ég nefndi þetta vegna þess að 1. þm. þess kjördæmis sem ég ætlaði að gera sérstaklega að umtalsefni er einmitt forseti Nd. og er sömuleiðis ágætur fundarstjóri og alls góðs maklegur.

En ég ætlaði að víkja örlítið nánar að ástandinu í einum sérstökum landshluta, í Norðurl. e., eins og það er nú og var síðasta ár, því að þar er við sérstaklega erfið vandamál að glíma, eins og ég hef reyndar áður nefnt í þessari umr. Það er ekki nema von að menn líti ofurlítið til þess hvernig málunum er þar háttað vegna þess, eins og ég áður sagði, að menn hafa rætt hér nokkuð þann möguleika að flytja Byggðastofnun einmitt í þennan landshluta. Því er sem sagt þannig komið þarna á Norðurl. e., sem hýsir stærsta þéttbýlissvæði utan Reykjavíkur, Akureyri og Eyjafjörðinn, að þaðan fluttist meira en einn maður á hverjum einasta degi s. l. ár og má þá segja að bleik sé brugðið því að lengst af var það þó svo að Akureyri og Eyjafjörðurinn héldu best sínum hlut gagnvart höfuðborgarsvæðinu, hvort heldur eru röskunartímabil fyrr á öldinni eða það röskunartímabil sem yfir gekk í tíð viðreisnarstjórnarinnar sálugu.

Ég mun nú grípa ofan í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1984 sem hefur nýlega borist mér í hendur (**Gripið fram í:** Ekki er hún á dagskrá?) og lýsir ágætlega ástandinu við Eyjafjörðinn sem er á dagskrá í

umr. um nýja Byggðastofnun, hv. þm. Með leyfi forseta segir:

„Norðurland eystra með Eyjafjörð og Akureyri hefur löngum verið höfuðvígi landsbyggðarinnar.“ (**StG:** Og Framsfl.) Ég kem ekki auga á það. Þó að þessi ársskýrsla sé unnin undir forustu þess ágæta þm. sem hér greip fram í kem ég ekki auga á að þar standi: og Framsfl. (**StG:** Það ætti þm. samt að vita.) Enda hefði trúlega einhverjum þótt nokkuð langt gengið með stjórnun þessa ágæta þm. á stofnuninni ef honum hefði tekist að lauma þarna inn í skýrsluna ákveðnum setningum um Framsfl. sem ég tel ekki eiga beint erindi inn í þennan ágæta kafla um byggðamál. — „Frá 1971 hefur meðaltalsfjölgun íbúa verið 1.1%, en fyrir neðan þá tölu frá 1980. Norðurland eystra endurspeglar þá heildarmynd sem hér hefur verið lýst af byggðaþróun í landinu“ — og er þar vitnað til umfjöllunar framar í skýrslunni — „enda vegur þessi landshluti þungt í íbúafjölda í þeirri mynd. Dregið hefur úr fólksfjölgun á Norðurlandi eystra á hverju ári síðan 1980, en ekki fækkaði þó fyrr en á árinu 1984 (**StG:** Var það þegar þm. fór á þing?) og þá um 0.7% sem verður að teljast verulegt áfall. (**Forseti:** Mætti ég biðja hv. 5. þm. Norðurl. v. að stilla máli sínu í hóf utan ræðustóls.) Ég vil nú segja, herra forseti, af þessu tilefni að ég hef síður en svo á móti því að hv. 5. þm. Norðurl. v. grípi hér inn í, alveg sérstaklega ekki ef hann er hnyttinn og skemmtilegur eins og hann getur stundum verið. En ég held þá áfram máli mínu, herra forseti:

Dregið hefur úr fólksfjölgun á Norðurlandi eystra á hverju ári síðan 1980, en ekki fækkaði þó fyrr en á árinu 1984 og þá um 0.7%. Það er svo merkilegt að fleira gerðist en að sá sem hér talar kæmist á þing um þetta leyti, sem var reyndar á árinu 1983, því það kom nefnilega ný ríkisstjórn yfir landið einmitt um svipað leyti. Sá sem hér talar hafði ekki verið þm. nema í rétt rúman mánuð þegar ný ríkisstj. tók við völdum á Íslandi. Það er einmitt á því ári sem nefnd ríkisstjórn tók við og næsta heila árið sem hún stjórnaði landinu sem þau ótíðindi gerðust í fyrsta sinn um langan tíma að fólki fækkaði á Norðurlandi eystra.

„Akureyri hefur löngum verið mestur vaxtarkjarni landsbyggðarinnar, bæði af eigin fjölgun og sem aðflutningskjarni stórs landshluta. Árið 1983 gerðist það að þar fækkaði fólki sem ekki hafði gerst nema einu sinni áður. Á árinu 1984 fækkaði íbúum Akureyrar svo annað árið í röð og það hefur aldrei gerst áður. Sömu söguna er að segja af öðrum þéttbýlisstöðum. Á Húsavík fækkaði íbúum um 1% og á Ólafsfirði um 3.4%. Þar eru nú jafnmargir íbúar og árið 1977. Á Dalvík fækkaði íbúum um 0.5%, en á Raufarhöfn um 3.4%. Þar eru íbúar nú jafnmargir og árið 1972. Á Þórshöfn fækkaði íbúum um 6.1% og eru þeir nú einnig jafnmargir og árið 1972. Þessi óheillaþróun stendur framförum í landshlutanum að sjálfsögðu fyrir þrifum.

Landshlutinn [þ. e. Norðurl. e.] hefur tapað nær 800 manns í innanlandsflutningum frá 1980 og stóru þéttbýlisstaðirnir tapa einnig, enda þótt þeir hafi á undanförnum árum tekið á móti verulegum fjölda aðfluttra úr sveitum. Nú hefur dregið mjög úr aðflutningi til þéttbýlisstaðanna nema Akureyrar. Brottflutningur hefur aukist sérstaklega frá Akureyri.“

Og því næst segir í þessari ágætu skýrslu, herra forseti:

„Ekki þarf að tína til fleiri atriði til að sýna hversu alvarlegt ástandið á Norðurlandi eystra er og hvernig s. l. ár er greinilegt spor í öfuga átt. Í landshlutanum er þó að finna töluverða viðleitni til þess að snúa þessu við, enda þótt greinilegt sé að hún hafi ekki enn skilað árangri.“

Mér finnast þessar upplýsingar, herra forseti, eiga fullt erindi inn í umr. um nýja byggðastofnun og um þann möguleika að staðsetja hana á Akureyri. Þess vegna hef ég kosið að vitna til þeirra. Mér þykir einnig vænt um að hér situr þó a. m. k. einn annar þm. úr þessu ágæta kjördæmi sem ég veit að er mér örugglega sammála um að þær tölur og þær upplýsingar, sem ég hef hér vitnað í, ljúga engu til um hversu alvarlegt í raun er ástandið á þessu landsvæði. Menn ættu að hugleiða augnablik, herra forseti, að hér erum við þó að tala um langstærsta og öflugasta byggðakjarnann á allri landsbyggðinni. Akureyri hefur á slíkum samdráttartímabilum borið höfuð og herðar yfir aðra staði á landsbyggðinni, þótt með örfáum undantekningum sé, að halda sínum hlut gagnvart fólksfjölgun hér á suðvesturhorninu. Það ætti að verða mönnum nokkurt umhugsunarefni að þessi öflugi byggðakjarni með þessum stóra kaupstað, Akureyri, skuli nú svo grátt leikinn af þessari óheillaþróun.

Ég hafði því kannske einmitt vegna þessa vænst þess, herra forseti, að meiri skilning væri að finna í hópi hv. þm. á því að Akureyri væri ekki óeðlilegur staður til að byrja á, ef menn á annað borð ætla sér eitthvað til verka í því að flytja og dreifa nokkuð ríkisstofnunum um landið.

Ég gæti, herra forseti, vitnað bæði meira í hvernig ástandið er í byggðamálunum á Akureyri og ég gæti einnig vitnað meira í það hvaða möguleika ég tel tiltæka til að snúa þessari þróun eitthvað við. Ég hef t. d. undir höndum álit nefndar sem páv. menntmrh. skipaði 27. maí 1982 til að gera tillögur um hvernig vinna megi að því að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Það var allmerkilegt starf sem þar fór fram, herra forseti, og gerð góð úttekt, ekki bara á Akureyri sem samfélagi og þeim möguleikum sem í því felst heldur einnig á því hvaða stjórnvaldsaðgerðir gætu komið til greina við það verk að efla Akureyri sérstaklega sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Ég var að hugsa um að spara tímann, herra forseti, með því að fara ekki mjög ítarlega ofan í þessa skýrslu af því að það yrði alllangt mál ef ég færi að vitna í hana eins og vert væri og þarft, en ég vil þó ræða þann kost, sem margir hafa velt upp í umræðu um byggðamál, að efla einn eða fáa staði sérstaklega til mótvægis við Reykjavík eða suðvesturhornið og gjarnan hafa menn þá nefnt Akureyri. Ég vil segja það, og ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir, að þó að ég taki mér oft þennan ágæta stað, Akureyri, í munn er þetta ekki sú byggðastefna sem ég hef helst viljað sjá fyrir mér. Ég er þeirrar skoðunar að það muni ekki þurfa að hafa miklar áhyggjur af stöðum eins og Akureyri og Borgarnesi og öðrum slíkum ef sú byggð, sem að baki þeim liggur, stendur með sæmilegum blóma. Það er sannfæring mín að þjónustumiðstöðvarnar muni að verulegu leyti sjá um sig sjálfar og eflast af sjálfu sér ef undirstöður mannlífsins og byggðarinnar í hinum dreifðu byggðum eru traustar. En það sem kannske er að í dag er einmitt

að svo er ekki. Með því er ég ekki að segja, enda ætti mönnum að vera það ljóst af máli mínu, að ég vilji ekki líta til þeirra möguleika sem í Akureyri sjálfri felast eða öðrum slíkum stöðum. Mín byggðastefna er hins vegar sú, eins og hv. 3. þm. Reykv. reyndar minntist á, að við lítum til allrar byggðarinnar í landinu í þessum efnum og við gleymum hvorki sveitunum né sjávarplássunum þegar við fjöllum um þessi mál. Ég vil hafa Ísland nokkurn veginn eins og það er með því byggðamynstri sem þar er fyrir. Það er ekki mín byggðastefna að þjappa fólkinu á landsbyggðinni saman í örfáa stóra kjarna til einhvers mótvægis við Reykjavíkursvæðið. Það er ekki byggðastefna í mínum huga, herra forseti. Mín byggðastefna er sú að gera fólkinu kleift að búa og starfa og hafa sæmilega afkomu í þeim samfélögum sem það býr í nú og að þannig treystum við byggðina og höldum landinu í byggð. Reyndar er það svo, m. a. vegna öfugþróunarinnar undangengin ár, að ýmis byggðarlög eru mjög hætt komin og nánast ekki bjarglegar einingar í þeirri mynd sem þar blasir við nú. Ég held þess vegna að það þurfi inn í nýja byggðastefnu að taka sérstaka áætlun um að styrkja þær byggðir sem veikast standa og koma þjónustukjörnum í byggðarlögum upp í einhverja ákveðna stærð sem nú eru ekki færir um stærðar sinnar vegna að sinna því þjónustuhlutverki sem þjónustukjarni í einu byggðarlagi þarf að geta gert. Ég hefði því talið að það ætti að vera liður í nýrri byggðastefnu að menn settu sér ákveðin markmið í þessum efnum, menn spyrðu þeirrar spurningar: Hversu stór þarf þjónustukjarni í einu byggðarlagi að vera til að hann geti sinnt því hlutverki sem hann þarf að geta sinnt til að þar sé hægt að bjóða upp á þá þjónustu, skóla- og heilbrigðisþjónustu t. d., sem fólk í hverju byggðarlagi í einni samgöngulegri heild á heimtingu á að hafa? Ég yrði ekki frá því, herra forseti, að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að einn slíkur þjónustukjarni, ein slík samgönguheild þyrfti að telja 800—1000—1500 manns til þess að það væri vænlegt og líklegt að sú þjónusta og það mannlíf gæti blómgast sem menn gera eðlilega og eðli máls samkvæmt kröfu til nú. Eins og allir vita, sem kunnugir eru um landið, yrðu nokkur byggðarlög þarna út undan. Þar er þessi fólksfjöldi ekki fyrir hendi og ekki horfur á því að svo verði á allra næstu árum nema eitthvað nýtt komi til. Þá eiga menn og verða menn að svara þeirri spurningu: Eru menn tilbúnir að kosta því til sem þarf að koma þessum byggðarlögum og styðja þessi byggðarlög upp í þá lífvænlegu stærð sem við stefnum að? Ég er þeirrar skoðunar að sérhver byggð á Íslandi, sérhvert hérað sem í byggð er eigi rétt á sér og eigi að stefna að því að reyna að halda sér í byggð. Ég tel óskynsamlegt og óheppilegt að eyðurnar á byggðalandakortinu okkar verði stærri en þær þegar eru. Og ég spyr líka: Hver ætlar að taka ákvörðun um að eitthvert byggðarlag á Íslandi eigi ekki tilverurétt, eigi ekki rétt á sér og fólkið þar sem þar hefur búið og barist í þeirri trú að það byggi í lífvænlegu umhverfi? Hver ætlar að fella þann Salómonsdóm að það sé á misskilningi byggt og þetta fólk eigi sér ekki tilveruforsendur í viðkomandi byggðarlagi? Ég held að það geti enginn maður gert. Þess vegna verðum við að taka þessi byggðarlög og skoða aðstæður þar og möguleika þeirra og gera það sem til þess þarf að þar geti orðið bjargleg og blómleg byggð sem standi fyrir sínu, skili sér og sínu fólki þeim lífsskilyrðum og lífskjörum sem allir Íslendingar gera kröfu til.

Herra forseti. Nú nálgast miðnættið óðum og ég hafði ekki hugsað mér að halda áfram öllu lengur en til miðnættis, en það vill svo vel til að hæstv. forsrh. er í salnum og hlýðir á umr. sem lofsvert er. Af því tilefni ætlaði ég að spyrja hann tveggja efnislegra spurninga. Nú eru komnar fram við þetta frv. tvær brtt., önnur er flutt af þeim hv. þm. Halldóri Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og Svavari Gestssyni, 3. þm. Reykv., og hin mun flutt af hv. 5. þm. Vestf. Þær ganga báðar út á það, þó hvor með sínum hættinum, að setja inn ákveðin ákvæði þess efnis að heimilt sé að staðsetja Byggðastofnun annars staðar en í Reykjavík. Önnur kveður svo á um að það skuli þá vera á Akureyri, en hin að það skuli vera utan Reykjavíkur. Ég gæti sagt ýmislegt um þessar brtt. og um þann kost að vera yfirleitt að setja einhver ákvæði í frv. eða væntanleg lög ef menn ekki hafa þau þá afdráttarlaus. Ég lýsti því áður í umr. að ég teldi þó jákvætt og jafnvel betra en ekki að nefna þann möguleika t. d. að Akureyri yrði fyrir valinu eða að heimilt væri að Akureyri yrði fyrir valinu. Vegna þess að hæstv. forsrh. hefur, bæði úr þessum virðulega ræðustól og reyndar víðar að mér skilst, lýst því yfir í heyranda hljóði að hann væri ekki mótfallinn því, efnislega mun hann hafa orðað þetta eitthvað í þá veru að hann væri ekki mjög mótfallinn því að Byggðastofnun yrði staðsett á Akureyri, vil ég spyrja hann beint:

Er hann þá sáttur við þá brtt. sem hv. þm. Halldór Blöndal og Svavar Gestsson hafa hér flutt við 3. umr., getur hann sætt sig við hana og mun hann greiða henni atkv. sitt? Er hann jafnvel tilbúinn að lýsa því yfir af hálfu ríkisstj. að hún sætti sig við till. sem þarna er flutt? Ekki er óeðlilegt að svo sé spurt þar sem a. m. k. annar af þessum hv. þm. er talinn stuðningsmaður ríkisstj., en mjög óvíst með hinn.

Þá vil ég svo í öðru lagi spyrja: Ef hæstv. forsrh. vill ekki eða treystist ekki til að styðja brtt. þeirra hv. þm. Halldórs Blöndals og Svavars Geststssonar mundi hann þá fást fremur til að ljá fylgi sitt brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, 5. þm. Vestf.? Ég teldi mjög gott ef afstaða hæstv. forsrh. gæti legið fyrir og hann vildi lýsa hug sínum til þessa fyrirkomulags. Við höfum áður átt í umr. um þetta mál nokkur orðaskipti um þann kost að flytja þessa stofnun út fyrir höfuðborgina og hann lýsti þá einmitt ákveðnum skoðunum í þessu efni og taldi ekki óeðlilegt, ef ég man rétt, að stjórn stofnunarinnar hefði það á sinni könnu að taka um þetta ákvörðun. Það gefur nokkrar vonir um að hæstv. forsrh. treysti sér e. t. v. til að styðja aðra hvora þessa brtt.

Herra forseti. Þetta mun vera síðari ræða mín, af fullri lengd a. m. k., við 3. umr. um Byggðastofnun og ég tel mig hafa komið til skila að verulegu leyti því sem ég vildi um þetta mál sagt hafa. Þó er það þannig að lengi má við bæta og auðvitað er margt órætt þó að nokkuð hafi verið rætt af því sem heyrir undir byggðamál á Íslandi. Þetta er kannske sá málaflokkur sem okkur þm., sem m. a. erum kosnir til þessara starfa af fólki úr hinum dreifðu byggðum, er oft og tíðum mjög hugleikinn og samskipti okkar við fólk á landsbyggðinni snúast yfirleitt öll eða flest um mál sem þessu tengjast. Það er því ekki nema að vonum að þm. úr kjördæmum sem hafa slíkar byggðir, sem standa völtum fótum og þar sem lífsbaráttan og tilveran er nokkuð hörð, verði

nokkuð skrafdrjúgt þegar þessi mál koma hér til umræðu. Mér fellur illa ef menn telja það af einhverjum annarlegum og illum hvötum sprottið að menn vilji ræða þessi mál allrækilega. Satt að segja lýsir það best þeim mönnum sem slík ummæli viðhafa. Og ég hlýt að spyrja í lokin: Telja menn það eitthvað óeðlilegt þó að hér standi dálítil umr. um byggðamál þegar á annað þúsund manns hurfu af landsbyggðinni á síðasta ári til Reykjavíkur? Finnst mönnum skrýtið að það skuli standa ofurlítið í þm. eins og þeim sem hér talar að úr hans kjördæmi flutti meira en einn maður á hverjum einasta degi ársins? Það er ekki mjög glæsileg þróun. Það er ekki sú framtíðarsýn sem ég hef fyrir mitt kjördæmi að sjá það smátt og smátt tæmast af fólki. Mér er Norðurland eystra ákaflega lítils virði ef allt fólkið er þaðan flutt. Það gæti auðvitað verið gaman fyrir einhverja náttúruskoðendur að taka sér þar gönguferð. En það Norðurland eystra sem ég þekki og er hingað kominn til þess m. a. að vinna fyrir er Norðurland blómlegra byggða. Það er Norðurland með nokkra tugi þúsunda manna. Ég tel það vera mitt hlutverk að vinna fyrir það Norðurland, en ekki fyrir eitthvert Norðurland sem í framtíðinni verður án íbúa. Ég vil láta þessi orð falla í lokin að gefnu tilefni því að til eru menn sem hafa hissast á því, eins og stundum var sagt í minu ungdæmi, að sögð væru um byggðamál nokkur orð þegar þau loksins eru til umfjöllunar í Nd. Alþingis á árinu 1985.

Mun ég þá ekki hafa þessi orð mín fleiri og sleppa því að vitna í íslenska orðabók Menningarsjóðs, eins og hv. 2. þm. Reykv. ráðlagði mér að gera.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi spurði hv. 3. þm. Reykv. um áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar og hvað henni væri ætlað þegar Framkvæmdastofnun er lögð niður í núverandi mynd. Hv. þm. komst alveg réttilega að orði þegar hann lýsti starfsemi deildarinnar. Það er rétt að það hefur ekki orðið sá árangur af starfsemi deildarinnar sem menn vonuðu. Ég hygg að það sé hárrétt að það er fyrst og fremst vegna þess að ýmsir ráðherrar og rn. hafa ekki kosið að nota þjónustu áætlanadeildarinnar eins og vonir voru í upphafi bundnar við. Og hv. þm. rakti þau verkefni sem deildin var með 1984. Athyglisvert er, ég leyfi mér að benda á það, að þau verkefni voru fyrst og fremst á sviði sjávarútvegs- og samgöngumála, að vísu mannfjöldaspá og nokkur önnur, en ég hygg að stærstu verkefnin hafi verið á þessum tveimur sviðum. Það er því kannske ekki alveg ástæðulaust að ég kaus, þegar ég fór með þessa tvo málaflokka, að leita nokkuð til áætlanadeildar um verkefni einmitt á þessum tveimur sviðum, þ. e. á sviði sjávarútvegsmála og samgöngumála, þó að að sjálfsögðu hefði verið unnt að vinna þessi verkefni í t. d. samgrn. Samgrn. er heldur fámennt og það hefði þá orðið að fjölga þar mönnum eða leita annað. Þarna held ég að sé nokkur skýring á því hvernig þessi deild hefur þróast.

En ætlunin er að Þjóðhagsstofnun taki við sumum verkefnum, eins og mannfjöldaspá og þess háttar, sem áætlunardeildin hefur verið með. Gert er ráð fyrir að einstök rn. hafi veg og vanda af áætlanagerð í hinum ýmsu atvinnugreinum. Ég vona að þetta svari hv. þm.

Hann tók það reyndar fram að hann væri ekki að spyrja um framtíð starfsfólks. Ég vil leggja áherslu á að þess verður að sjálfsögðu vandlega gætt að það ágæta starfsfólk sem þarna er hafi forgang að störfum hjá hinum nýju stofnunum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði mig um þær nýju tillögur sem liggja fyrir. Mín skoðun er að vísu óbreytt frá því sem áður var. Ég tel þessar tillögur algerlega óþarfar og fullkomlega á valdi stofnunarinnar að kjósa henni heimili og varnarþing. Ég get endurtekið að ef ég hef eitthvað með þau mál að gera þegar það gerist mun ekki standa á mér að samþykkja að stofnunin fari á góðan stað á landsbyggðinni.

Ég get vel hugsað mér að fylgja till. Ólafs Þ. Þórðarsonar og ef hún er samþykkt sem brtt. við fyrri brtt. finnst mér sjálfsagt að fylgja þeirri till. Þetta er mín persónulega skoðun. Ég tala að sjálfsögðu ekki fyrir ríkisstj. Ég hef ætíð verið fylgjandi því að stofnanir verði staðsettar á landsbyggðinni þegar það sýnist vera hagkvæmara og fært af ýmsum ástæðum sem ég þarf ekki að rekja hér. Ég vil alls ekki að atkv. mitt megi túlka svo að þessa stofnun megi ekki staðsetja á landsbyggðinni sem ég lít á að mætti gera ef ég greiddi atkv. gegn þeirri till. þannig breyttri. En ég álít að stjórnin hafi heimild til að staðsetja stofnunina annars staðar ef hún kýs en á Akureyri, kannske á Selfossi eða Borgarnesi.

Ég vil svo þakka þessar ágætu og fróðlegu ræður og ég tek undir það með hv. þm. sem sagði í lok sinnar ræðu að það væri vissulega ekki ástæðulaust að menn sem bera byggðir þessa lands fyrir brjósti töluðu ítarlega um þau mál. Mér þótti alveg sérstaklega fróðlegt að heyra lýsingu sama hv. þm. frá Nýja-Sjálandi. Mér sýnist að við gætum mikið af þeim lært og væri fróðlegt ef við gætum fengið ítarlegri upplýsingar á þinginu um það sem þar hefur gerst. Ég hef aldrei ferðast svo langt, en ég veit að hv. þm. hefur dvalist þar í eitt ár eða meira svo að hann er áreiðanlega okkar fróðastur um það athyglisverða land. Það er áreiðanlega hægt að koma inn ræðum um það land, hygg ég, jafnvel á þessu þingi.

En ég vil svo segja að ég ber hag dreifbýlisins ekki síður fyrir brjósti en hv. þm. og vona að það verði aldrei svo að hann þurfi að ganga einn sér til dægrastyttingar um Norðurland eystra. Það væri illa farið, því er ég honum sammála, ef þetta land er ekki byggt, ef það er ekki nokkurn veginn allt vel byggt, en ég er miklu bjartsýnni hins vegar að því leyti til. Ég held að þegar snúist verður við þeim erfiðleikum sem eru í landbúnaði með öflugri uppbyggingu nýrra búgreina, sem reyndar er nú unnið að, og hún fer að bera góðan árangur, þá snúist sú þróun sem í landbúnaðinum hefur verið við. Þó hygg ég að það langsamlega mikilvægasta sé öflugur sjávarútvegur. Það er athyglisvert að þegar áður hefur verið slíkur samdráttur í sjávarútvegi sem nú hefur ætíð hallað undan fæti fyrir dreifbýlið. Þess vegna held ég að langhraðvirkasta leiðin til að efla dreifbýlið sé að efla sjávarútveginn og það felst vitanlega í þeirri nýsköpun og öllu því sem við erum að tala um og tölum væntanlega áfram um í nótt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það var vissulega ánægjulegt að heyra þann bjartsýnistón sem kom fram í máli hæstv. forsrh. í sambandi við hag og horfur á

landsbyggðinni og ég er honum sammála að því leyti að mikið er undir því komið að breyting verði á stöðu þeirra atvinnugreina sem hann nefndi í sínu máli, sjávarútvegsins ekki síst, en einnig landbúnaðarins, þó að fleira þurfi sannarlega að koma til til að breyta þeirri þróun sem nú er í fullum gangi undir forustu hæstv. ríkisstj. a. m. k. að hluta til, þó ég ætli ekki að kenna henni um allt sem aflaga fer því mannlegur máttur fær ekki alltaf ráðið við í þessu landi fremur en annars staðar. En það er alveg ljóst að það eru aðgerðir ríkisstj. hæstv. forsrh. sem valda mestu um þá öfugþróun sem hér hefur verið í gangi. Það væri því mjög fróðlegt að fá fram við umr. vegna orða hæstv. forsrh. hér áðan hvaða atriði það eru sem snerta þróun þeirra atvinnugreina sem hann nefndi sem hann telur að geti breyst nú á næstunni þannig að þær nái að rétta af og skapa íbúum í hinum dreifðu byggðum um landið og í sveitum hagsæld á nýjan leik í staðinn fyrir þann skuldaklafa sem menn nú eru hnepptir í margir hverjir og mikla erfiðleika. En segja má að þetta efni tengist kannske fremur öðru dagskrármáli á þessum fundi, þ. e. frv. til l. um nýsköpun í atvinnulífi, og því ætla ég ekki að fara langt út í þessa sálma því ég þarf að ræða það mál frekar þegar það verður tekið á dagskrá. En ég vil aðeins minna á atriði sem fram komu í því dagblaði sem stundum er a. m. k. kallað málgagn hæstv. forsrh. eða málgagn Framsfl., NT, í dag í grein eftir Guðmund Stefánsson landbúnaðarhagfræðing. Ég vík kannske frekar að því síðar í umr. um annað dagskrárefni sem þar kemur fram, en mér sýnist það ekki styðja þá bjartsýni sem heyra mátti hjá hæstv. forsrh. t. d. í sambandi við hag og horfur í landbúnaði.

Ég ætlaði hins vegar hér við 3. umr. þessa máls um Byggðastofnun að ræða frekar einstaka þætti sem snerta málið og frv. beinlínis, þ. á m. hvernig menn hyggjast ganga til verka í sambandi við þessa væntanlegu stofnun. Þar er, eins og ég hef áður nefnt, ekki horft til mikilla breytinga frá fyrra vinnulagi að vísu og þess vegna tel ég að við getum fjallað um þessar till. í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af störfum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar að verulegu leyti.

Eitt af verkefnum stjórnar stofnunarinnar er að fjalla um byggðaáætlanir sem gerðar er á vegum hennar eða lagðar fyrir stjórnina til samþykktar, en um þessar byggðaáætlanir er kveðið á í 9. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta, m. a.:

„Stjórn Byggðastofnunar fjallar um byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Stjórnin getur jafnframt fjallað um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar, svo sem sveitarstjórnir eða landshlutasamtök, hafa gert og lagt fyrir hana til samþykktar. Heimilt er stjórninni að ákveða að stofnunin skuli taka þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð.

Byggðaáætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsrh. og gerir hann ríkisstj. og Alþingi grein fyrir þeim.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra byggðaáætlana sem samþykktar hafa verið af stjórn stofnunarinnar. Áætlanir til lengri tíma en eins árs, sem gerðar hafa verið á vegum stofnunarinnar, skal endurskoða eftir því sem tilefni gefast."

Þetta segir um byggðaáætlanir. Nú er það mín skoðun að svo miklu leyti sem ég þekki til þessara mála, og ég hef fylgst með þeim um a. m. k. einn áratug af athygli, að byggðaþróunaráætlanir sem unnar hafa verið á vegum Framkvæmdastofnunar hafi ekki skilað þeim árangri í mörgum greinum sem vænst hefur verið og til hefur verið ætlast a. m. k. af þeim byggðarlögum sem í hlut eiga og þeim aðilum sem óskað hafa eftir því að þetta áætlunarstarf yrði unnið.

Það eru raunar tiltölulega fáar þær byggðaþróunaráætlanir sem lagðar hafa verið fyrir eða sem fengist hafa staðfestar af stjórn stofnunarinnar. Það hefur verið fengist við áætlanir varðandi ýmis svæði á landinu, sveitarfélög og byggðarlög sem kalla má, þ. e. fleiri en eitt sveitarfélag, og dregið að ýmislegt efni varðandi hagþróun, varðandi mannfjöldaþróun á liðinni tíð og horfur og ráð til úrbóta, en þær eru sem sagt teljandi þær áætlanir sem hafa komist það langt vinnslulega að stjórn nái að staðfesta þær.

Ég hef einar þrjár sérstaklega í huga sem ég man eftir að hafi komist alla leið í gegnum kerfið eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um Framkvæmdastofnun og byggðadeild hennar. Þær eru, ef ég man rétt, áætlun um byggðaþróun í Skeggjastaðahreppi, Dalabyggðaráætlun sem svo er kölluð og byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp eystri. Ég man eftir þessum þremur, en þeim kann að hafa fjölgað eitthvað síðan ég fór frá störfum í stjórnarráði, en eitt síðasta verk fyrri ríkisstj. var einmitt að staðfesta byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp. Hins vegar hefur, eins og ég sagði, á liðinni tíð verið unnið í fjölmörgum fleiri áætlunum og er verið að vinna í mörgum slíkum. En kerfið hefur sem sagt verið mjög seinvirkt. Það kann að vera að mannafla hafi skort hjá Framkvæmdastofnun til að sinna þessum málum. Jafnvel þó að byggðaþróunaráætlanir hafi verið komnar á lokastig hafa ríkisstjórnir eða þeir sem yfir Framkvæmdastofnun ráða, stjórn og æðri stjórnvöld, ekki náð að koma þeim málum í höfn sem viljayfirlýsingum.

Nú er það svo að þessar byggðaþróunaráætlanir eru ekki staðfestar sem lög, þær hafa ekkert lagagildi. Þær eiga hins vegar að vera stefnumarkandi fyrir viðkomandi stjórnvöld, þ. á m. einstök fagráðuneyti. Nú vil ég ekki draga í efa að í vissum greinum hafi verið farið eftir þessum áætlunum og reynt að hrinda ákveðnum hugmyndum í framkvæmd, en mjög hefur það þó verið misjafnt og engan veginn tekist að nota þessar áætlanir, þær fáu sem staðfestar hafa verið, sem grundvöll til víðtæks þróunarátaks fyrir viðkomandi byggðarlög. Það hefur engan veginn tekist í öllum greinum og raunar aðeins fá byggðarlög sem hafa notið þess að fá slíkar áætlanir staðfestar af stjórn stofnunarinnar og af ríkisstj. sem ég hygg að venjan hafi verið að hafi einnig fengið þær til umsagnar og staðfestingar.

Hér er gert sem sagt ráð fyrir svipuðu kerfi og í fyrri lögum. Ég hygg að þarna sé lítil breyting á. Hv. þm. Stefán Guðmundsson gæti eflaust upplýst okkur um það þar sem hann hefur góða yfirsýn yfir þetta sem stjórnarformaður stofnunarinnar og auk þess unnið að undirbúningi þessa máls. (Gripið fram í.) Já, það hefur verið samkvæmt gildandi lögum. (**StG:** Og er gert.) Og hefur verið gert, segir hv. þm. Hins vegar er það nokkuð á reiki, að mér skilst, hvort þeim stuðningi, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum, verði fram haldið. Ein af þeim brtt. sem fluttar voru við þetta frv. laut einmitt að stuðningi við landshlutasamtök sveitarfélaga sérstak-

lega. Þar mun vera dregið úr þeim kvöðum sem gildandi lög gera ráð fyrir í sambandi við stuðning við þau.

Ég held að þetta atriði, þróunaráætlanir fyrir einstök svæði, þurfi endurskoðunar við. Lagatextinn einn skiptir kannske ekki öllu máli í því sambandi, heldur vinnulagið, hvernig að þessum málum er staðið. Og þá kem ég einmitt að því, sem ég tel skipta allmiklu máli í þessu, og það er sú uppbygging í stjórnun stofnunarinnar sem setur hana lögum samkvæmt undir forsrh.

Það má segja að kannske sé ekki óeðlilegt að forsrn. sé ætlað þarna hlutverk eins og þetta mál er uppbyggt þar sem mörg rn. eiga í hlut. En ég held að reynslan hafi sýnt okkur að forsrn. á erfitt með að sinna þessu hlutverki, a. m. k. eins og það hefur verið mannað á liðinni tíð. Ég hygg að þessi reynsla hafi ráðið mestu um að hv. 3. þm. Reykv. flutti brtt. við 2. umr. þessa máls og lagði til að Byggðastofnun yrði lögð undir félmrn. Það hefði ég talið horfa til bóta miðað við þá reynslu sem við höfum af þessu starfi á liðnum tíma.

Þetta vildi ég nefna sérstaklega í sambandi við byggðaþróunaráætlanirnar. Ég held einnig að það þurfi að taka þessi áætlunarmál öll miklu fastari tökum þannig að ekki þurfi endilega að koma til þær formlegu samþykktir sem gert er ráð fyrir til þess að væntanleg byggðastofnun taki á þróunarmálum landsbyggðarinnar. Hlutverk hennar er samkv. 2. gr. að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu og það ætti vissulega að gefa grunn til þess að stofnunin fjallaði um þróunarhorfur og gerði áætlanir. Framkvæmdastofnun, og ég hygg að byggðadeild hafi komið þar að máli þó að eflaust hafi áætlanadeild lagt þar meira af mörkum, fjallaði á sinni tíð um uppbyggingu hraðfrystihúsa í landinu og það var áætlun sem skipti, má segja, sköpum fyrir aðstöðu landsbyggðarinnar því að henni var að verulegu leyti hrundið í framkvæmd á árunum upp úr 1970 og raunar á öllum síðasta áratug sem að þessu máli var unnið. Það var átak sem var mjög til heilla og þannig held ég að þurfi að taka á málefnum landsbyggðarinnar að líta nokkuð heildstætt yfir stór svið þó að hitt geti verið góðra gjalda vert að gera serstakar þróunaráætlanir, ekki síst fyrir svæði sem eiga í vök að verjast og þar sem sérstakir erfiðleikar steðja að og byggðin stendur höllum fæti.

Það eru vissulega allmörg sveitarfélög í landinu orðin mjög fámenn og ráða illa við sín verkefni. Frv. til laga um sveitarstjórnir reynir að taka á þessu máli með því að kveða svo á um að sameina skuli sveitarfélag öðru sveitarfélagi ef íbúafjöldi þess hefur orðið lægri en 50 manns í þrjú ár samfleytt. Þetta er í rauninni eina lögformlega kvöðin sem sett er samkv. frv. til sveitarstjórnarlaga, sem hæstv. félmrh. lagði fyrir þessa þingdeild fyrr á þinginu, sem gerir það að lagaskyldu að sameina sveitarfélög og þar er ekki tekin sú stefna að stækka sveitarfélögin að öðru leyti með lögboði þó að á vinnslustigi a. m. k. hafi verið gert ráð fyrir því að um komandi aldamót eða eftir um 15 ár verði reynt að ná því marki að sveitarfélög verði ekki fámennari en 400 manns.

Nú er ég þeirrar skoðunar að ekki sé skynsamlegt að lögbjóða stækkun sveitarfélaganna. Ég held að menn verði að leita að öðru vinnulagi og þó að allt of lítið hafi miðað í sameiningu sveitarfélaga á undanförnum árum, eins og reynslan sýnir, hef ég þá trú að ef rétt er á málum haldið og leitað að hvetjandi þáttum fyrir sveitarfélögin til sameiningar megi ná þarna lengra á komandi tíð og það þyrfti að vera fyrr en seinna til þess að sveitarfélögin stækki, fámennustu sveitarfélögin taki sig saman og sameinist, og þarna verði verulegum árangri náð fyrr en seinna. Það skiptir miklu máli í sambandi við byggðamálin að styrkja slíkar einingar.

Ég hef velt því talsvert fyrir mér með hvaða hætti þetta gæti gerst, hvernig hægt væri að greiða fyrir því að fólk í fámennustu sveitarfélögunum finni hjá sér hvöt og þörf til að taka höndum saman við grannsveitarfélög og til stækkunar. Ég hef bent á það í umræðum um þessi mál og gert um það tillögur til þingsins að það verði reynd sú leið, jafnhliða því sem hvatt verði til sameiningar, m. a. með fjárhagslegum aðgerðum, aðgerðum sem virka hvetjandi fjárhagslega séð, að afnema ekki með öllu sjálfræði hreppanna, þeirra fámennustu, sem sameinast kynnu til dæmis aðliggjandi þéttbýli eða öðrum hreppsfélögum sem nú eru. Ég held að það mundi greiða fyrir þessu máli ef íbúar í núverandi hreppum, sem eru sveitarfélög, fengju að halda ákveðnu sjálfræði í eigin málum áfram þó svo að þau yrðu hluti af stærra sveitarfélagi.

Ég sé enga ástæðu til þess að verið sé að svipta þessar einingar, sem hafa ríka hefð á að byggja og þar sem menn hafa ákveðnar tilfinningar til síns samfélags sem eðlilegt er, þeim verkefnum sem ekki varða aðra, sem ekki snerta stærra svæði og því sé eðlilegt að hugsa til þess að halda sérstökum kjörnum ráðum innan hreppanna. Ég hef kallað þau hreppsráð. Þau hefðu ekki formlega stöðu sveitarstjórnar, en þau væru kosin samhliða sveitarstjórnarkosningum og færu með málefni sem væru eingöngu sérmálefni viðkomandi sveitarfélags, viðkomandi hreppsfélags. Undir þetta falla verkefni sem nú eru verkefni hreppsnefndanna, þ. á m. fjallskil í sveitum og einnig má nefna, sem víða er, smábarnaskóla eða svokölluð skólasel sem eru víða starfandi í minnstu sveitarfélögunum sem einingar sem eru eins konar hluti af stærri heild grunnskóla. Það er ekkert sem knýr á um það að taka þessi verkefni frá þessum svæðum. Ég er nokkuð sannfærður um að ef farin væri þessi leið og menn hefðu það á tilfinningunni í minnstu sveitarfélögunum að það ætti ekki að taka öll verkefni frá þeim og flytja þau burt til stærri heildar þróaðist þar önnur tilfinning til þessara mála og ríkari vilji til sameiningar. En það var því miður ekki komið fram og liggja ekki fyrir neinar formlegar tillögur um þessi efni og þetta er ekki að finna í frv. til sveitarstjórnarlaga sem liggur fyrir þinginu. Það er hins vegar stórt mál í tengslum við byggðaþróunina að finna kerfi sem tryggi eðlileg tök á verkefnum og að viðkomandi einingar fái ráðið við þau verkefni sem þarna eiga í hlut. Ég get tekið dæmi, sem ég þekki allvel, til að skýra þetta ögn nánar.

Lítum á svæði eins og Fljótsdalshérað á Austurlandi. Þar eru nú tíu hreppsfélög starfandi, eitt þéttbýlishreppsfélag sem hægt er að kalla, en að vísu vísir að tveimur eða þremur öðrum þéttbýlisstöðum. Ég hef þarna í huga Egilsstaðakauptún sem aðalþéttbýli og svo þéttbýlisvísi að Hlöðum handan Fljóts örskammt frá Egilsstaðakauptúni og vísi að þéttbýli á Hallormsstað og Eiðum. Að öðru leyti eru þetta sveitarhreppar sem þarna er um að ræða, í rauninni átta til níu sveitarhreppar í þeim skilningi og eitt þéttbýlissveitarfélag. Þarna

hefur að vísu þróast visst samstarf með sveitarfélögum í formi oddvitafunda sem haldnir eru nokkuð reglubundið einu sinni á ári a. m. k. og oftar ef sérstök tilefni eru til, en þeim málum fer fjölgandi sem ástæða er til og sem skilningur er á að þurfi að taka á sameiginlega af þessum sveitarfélögum. Hér erum við í rauninni með landfræðilega heild sem mér finnst allt mæla með að starfi sem eitt sveitarfélag. Íbúatölu Fljótsdalshéraðs alls hef ég ekki nákvæmlega hér, en ég hygg að það séu 2500—3000 manns sem eru þar innan fjallahrings og væru þá í þessu sveitarfélagi sem væri þá orðið allöflugt. Ég held að leiðin til þess að ná slíku marki, sem margir taka undir að æskilegt væri, sé einmitt sú að halda ákveðnu sjálfræði í núverandi hreppsfélögum, vera ekki að flytja til sveitarstjórnarinnar í slíku stóru sveitarfélagi verkefni eins og fjallskil og eins og afskipti af skólamálum eða málefnum félagsheimila sem víða hafa risið í þessum litlu hreppum. Hafi fólkið í hreppunum í sveitunum það á tilfinningunni og vissu fyrir því að menn ætluðu ekki að taka þetta frá þeim held ég að gatan yrði greiðari til sameiningar sveitarfélaga.

Tekjuhliðin er síðan mál út af fyrir sig, þ. e. að tryggja sveitarfélögunum eðlilega lágmarkstekjustofna. Þar þurfa til að koma breytt tök mála, það held ég að sé flestra hugur, þeirra sem kynna sér þessi mál, þar eð ástandið er sannarlega bágborið hjá mörgum sveitarfélögum þó að misjafnlega sé ástatt fyrir þeim. Staðan hefur vissulega þróast í þá átt nú hin síðustu ár, eins og aðrir þættir í okkar byggðamálum, að sveitarfélögin á landsbyggðinni eiga almennt í vök að verjast fjárhagslega. Afkoma þeirra er önnur og miklu lakari en sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Ég tala nú ekki um nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur, hinna svokölluðu svefnbæja, sem stundum eru svo kallaðir, sem hafa takmarkaðar skyldur en alldrjúga gjaldendur.

Það þarf að marka tillögur og stíga ákveðin skref í framhaldi af því til að rýmka tekjustofna sveitarfélaga, fá sveitarfélögunum nýja tekjustofna samhliða nýjum verkefnum. Um þetta fjallaði ekki alls fyrir löngu sérstök nefnd á vegum félmrn. Þá nefnd skipaði raunar fyrrv. félmrh. Svavar Gestsson sumarið 1982 til að vinna að tillögum og samningum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi nefnd starfaði allmikið, en náði því hins vegar ekki að skila af sér á þeim tíma sem henni var upphaflega ætlaður til starfa, sem mun hafa verið fyrir árslok 1982, þannig að hún hafði ekki fyllilega lokið störfum þegar ný ríkisstjórn tók við. En hún lauk sínu verkefni og skilaði áliti til núv. hæstv. félmrh. um það verkefni sem henni upphaflega var ætlað, skýrslu sem ber heitið „Skýrsla samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga" og er dagsett í ágústmánuði 1983. Þar er gerð grein fyrir störfum þessarar nefndar og niðurstöðum sem samkomulag hafði tekist um í henni, en að nefndinni stóðu menn frá ólíkum sveitarfélögum sem þekkja ólíkar aðstæður. Það var reynt af nefndinni að meta með hliðsjón af útgjöldum fyrri ára hver kostnaðarskipting yrði milli ríkis og sveitarfélaga ef tillögur hennar kæmu til framkvæmda, en hins vegar var þar ekki tekið tillit til hugsanlegra áhrifa af breyttri stjórnun eða ráðstöfun á viðkomandi málaflokkum. Það voru ein meginrök í tillögum þessarar nefndar að fjárhagsleg ábyrgð og stjórnun ættu að fara saman og ef þeirri grundvallarforsendu væri ekki fullnægt væru allar breytingar á hennar vegum heldur tilgangslitlar. Í skýrslu nefndarinnar er ekki tekið á því hvernig staðið skuli að því að koma í framkvæmd því sem þar er mælt með, en bent á lög hins vegar sem í gildi eru og sem breytinga þyrftu við í þessu samhengi.

Þessi málefni, verkefni og verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, snerta náið það mál, sem hér er til umræðu, málefni byggðaþróunar og þar með Byggðastofnunar sem ætlað er að sinna þeim málum. Ég leyfi mér hér, herra forseti, að rekja nokkur meginatriði úr niðurstöðum þeirrar samninganefndar sem þarna starfaði á vegum félmrn. Og það kemur mér í hug einmitt þegar nefnt er félmrn. hvað málefni byggðanna eru nátengd verkefnum þess rn. og af þeim sökum mjög skiljanleg og skynsamleg sú till., sem hv. 3. þm. Reykv. lagði til, að setja þessa stofnun undir félmrn.

Það var bent á það sem eina af niðurstöðum þessarar samninganefndar varðandi gatnagerð í þéttbýli í sveitarfélögum að nefndin lagði til að á næstu 4—6 árum verði stefnt að því að 85—95% af heildarlengd gatnakerfis í þéttbýlissveitarfélögum verði lögð bundnu slitlagi og næsta nágrenni við opinberar byggingar, svo sem skóla, kirkjur og félagsheimili. Þessu marki má ná, segir í greinargerð nefndarinnar, verði umræddum sveitarfélögum gert kleift að leggja bundið slitlag á 10—15 km til viðbótar á ári frá því sem nú er. Kostnaður vegna 10 km viðbótar á ári er um 36.6 millj. kr., miðað við verðlag í ágúst 1982, eða um 21 millj. miðað við verðlag í ársbyrjun 1981. Þessi þáttur, gatnagerð í þéttbýlissveitarfélögum, er eitt af því þar sem úrbóta er mjög þörf og er eitt stærsta þrifnaðarmálið þar sem ekki hefur tekist að ljúka gatnagerð. Þau þéttbýlissveitarfélög úti um landið eru því miður ekki mörg sem hafa náð að ljúka þessu verkefni. Það er því mjög brýnt byggðamál að þarna verði ráðin bót á og sveitarfélögunum tryggt fjármagn til þess fyrr en seinna að lagfæra það ástand sem þarna ríkir. Breytinguna við varanlega gatnagerð þekkja þeir sem hvort tveggja hafa reynt, að búa við malargötuna og hins vegar við frágang götu með bundnu slitlagi.

Annar þáttur í tillögum þessarar nefndar varðaði heilbrigðisþjónustuna. Hún lagði til að heilbrigðisþjónustan verði að öllu leyti í umsjá ríkisins og aðild sveitarfélaga að byggingu og rekstri sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva verði afnumin. Í kjölfar þessara breytinga verði allar sjúkrastofnanir fjármagnaðar með fjárveitingum á fjárlögum í stað daggjalda og sjúkrasamlög lögð niður. Breytingar þessar hafa í för með sér verulega aukningu útgjalda fyrir ríkissjóð. Áætlað er að heildarrekstrarútgjöld sveitarfélaganna til heilbrigðismála hafi verið um 140 millj. kr. árið 1981, sem hefðu þá komið í hlut ríkisins ef breytingarnar hefðu verið komnar á, auk 15—20 millj. kr. sem eru áætluð útgjöld sveitarfélaganna til stofnkostnaðar og búnaðar sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva svo og viðhalds. Þetta eru meginefni varðandi heilbrigðisþjónustu. Ég vil ekki taka undir allt það sem hér kemur fram um þessi efni. Ég held að það hljóti að vera verulegt álitamál hvort fara eigi að þeim tillögum, sem þarna koma fram, að heilbrigðisþjónustan verði að öllu leyti í umsjá ríkisins, en þó má vel vera að þessar tillögur, útfærðar að betur athuguðu máli, horfi til bóta.

Ég vek hins vegar athygli á því að í þessum þætti mála, heilbrigðisþjónustunni, er veruleg þörf ákveðins aðhalds og ég held að það hafi talsvert skort á það á

liðinni tíð að gerðar hafi verið nógu skilmerkilegar áætlanir um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, þ. á m. fjárfestingu í sjúkrastofnunum og þar hafi menn að vissu marki lent út í ákveðna ófæru, jafnvel byggt of stórt og lent síðan í erfiðleikum með rekstur viðkomandi stofnana.

Í tillögum nefndarinnar er einnig fjallað um dagvistarstofnanir fyrir börn, sem er mál sem varðar allt landið og þ. á m. ekki síst höfuðborgarsvæðið en um það segir þarna:

„Nefndin leggur til að sveitarfélögin taki að sér byggingar og rekstur dagvistarheimila fyrir börn og taki að öllu leyti við skuldbindingum ríkissjóðs gagnvart Alþýðusambandi Íslands sem gerðar voru við lausn kjarasamninga í október 1980. Árleg meðalútgjöld sveitarfélaganna næstu sjö ár yrðu um 24.5 millj. kr. vegna umsamdra framkvæmda og er þá miðað við verðlag ársins 1981."

Þessi till., sem þarna liggur fyrir í þessu stóra máli, dagvistarstofnunum, er mjög eðlileg að mínu mati, að það séu sveitarfélögin sem annist rekstur þeirra og taki að öllu leyti við skuldbindingum varðandi dagvistarstofnanir. Hins vegar þarf að gera þeim kleift að ráðast í verkefnin og leysa verkefnin á þessu sviði, en hér er um að ræða svið sem mjög hefur verið vanrækt, ekki síst hin allra síðustu ár, þar sem dregið hefur verið verulega úr fjárveitingum hins opinbera til dagvistarstofnana. Þar er um að ræða mál sem snertir ekki síst réttindi kvenna og möguleika kvenna til að stunda störf utan heimilis, hvort sem um er að ræða launuð störf eða störf að félagsmálum og öðrum hugðarefnum. Hér stöndum við Íslendingar mjög höllum fæti. Ástandið er vissulega ekkert betra hér í höfuðstaðnum en víða úti um landið.

Varðandi félagsheimili leggur samninganefndin til að bygging og rekstur félagsheimila verði eingöngu verkefni sveitarfélaga og samtaka innan þeirra. Tekjustofn Félagsheimilasjóðs, skemmtanaskatturinn, verði þá annaðhvort lagður niður eða honum verði varið til annarra verkefna ríkisins. Framlög Félagsheimilasjóðs til einstaklinga og samtaka innan þeirra voru um 3 millj. kr. árið 1981. Þetta er vissulega till. sem hægt er að taka alveg undir. Þetta er eðlilegt verkefni sveitarfélaganna og verkefni sem hinar minnstu einingar eru vel færar um að rækja, enda hafa minnstu sveitarfélögin mörg hver komið upp býsna myndarlegum félagsheimilum sem hafa verulegt gildi fyrir viðkomandi samfélag.

Í æskulýðs- og íþróttamálum, sem eðlilegt er að nefna hér á ári æskunnar ekki síst, leggur nefndin til að æskulýðsmálin og íþróttamálin svo og bygging og rekstur íþróttamannvirkja verði nær eingöngu verkefni sveitarfélaga. Fjárveiting Alþingis til æskulýðsmála árið 1981 var um 1.2 millj. kr., til íþróttamála var ráðstafað um 2.7 millj. kr. og til íþróttasjóðs 7.5 millj. kr. þannig að þarna er um að ræða nokkrar fjárveitingar frá ríkinu. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að sveitarfélögin sjái um þessi verkefni fyrst og fremst.

Varðandi skólakostnað, sem mikið hefur nú verið rætt um og skiptir afskaplega miklu í fjárhagsdæmi sveitarfélaganna, samþykkir nefndin að leggja til við menntmrh. að knýja á um afgreiðslu á frv. til laga um skólakostnað, en það þýðir skv. meðfylgjandi rekstrarathugun í grg. nefndarinnar að kostnaðarauki ríkisins yrði á verðlagi ársins 1981 um 13 millj. kr. Það verður hins vegar að segja að uppgjör þessa máls af hálfu löggjafans hefur dregist mjög úr hömlu og gildir það raunar einnig um fleiri þætti menntamála sem snerta landsbyggðina afar miklu. Þar hefur ekki verið mörkuð stefna svo sem nauðsynlegt væri og þar er margt í miklu ósamræmi. Nægir þar að nefna stöðuna á framhaldsskólastiginu þar sem annars vegar eru menntaskólarnir fjármagnaðir 100% af ríkinu og hins vegar fjölbrautaskólarnir þar sem ríkisþátttakan er aðeins 60%. Ég tel raunar að í þessum efnum þurfi að draga mun skýrari mörk fyrr en seinna og eðlilegt sé að ætla sveitarfélögunum, og þó einkum héruðum sem nýju stjórnsýslustigi, ábyrgð og miklu meiri hlut í málefnum grunnskóla. Ég tel einnig koma mjög til álita að slíkar einingar, ef samstaða tekst um þær, héraðsstjórnir, taki einnig að verulegu leyti á sig ábyrgð, veg og vanda af verkefnum framhaldsskólastigs á sínu svæði. En þá þurfa auðvitað að koma til fjárveitingar sem geri þeim kleift að standa undir slíkum verkefnum.

Í þessum tillögum er einnig fjallað um gjaldskrármálefni. Þar er lagt til að sveitarfélög ákveði sjálf gjaldskrár fyrir sína þjónustu, svo sem rafmagn og hita, og að söluskatti af snjómokstri verði annaðhvort aflétt eða hann endurgreiddur sveitarfélögum. Það mál hefur verið til sérstakrar umræðu hér í þinginu eins og menn kannast við.

Einnig var í þessari nefnd rætt um útsvarsálagningu sveitarfélaga. Þar komu fram hugmyndir um að hún yrði gefin frjáls, en slík tillaga var ekki fullgerð þegar stjórnarskipti urðu.

Þessi efni, gjaldskrármálin, en þó enn frekar álagning útsvars sem aðaltekjustofns sveitarfélaga, varða byggðarlögin miklu og þar með byggðaþróunina. Ég er í hópi þeirra sem telja að þarna eigi sveitarfélögin að hafa verulegt frjálsræði, þau þurfi að geta ráðið meira um sína tekjuöflun en hingað til hefur verið og hins vegar þurfi í gegnum jöfnunarsjóð að tryggja að aðstöðumunur verði ekki allt of mikill.

Varðandi gjaldskrármálin, þá háttar mjög misjafnlega hjá sveitarfélögum hvort þau reka t. d. veitufyrirtæki, rafveitur og hitaveitur, en þar hefur af mörgum verið hvatt til þess að gæta ákveðins samræmis. Ég er í hópi þeirra sem telja að eðlilegt sé að leitast við að halda gjaldtöku fyrir þessar nauðþurftir eins og orkuna til heimilisnota innan ákveðinna hóflegra marka þannig að munurinn verði ekki ýkjamikill. Þar er hins vegar gífurlegur munur enn í dag í þeim efnum og fátt sem veldur jafnmikilli mismunun á milli höfuðborgarsvæðisins og stórs hluta af landsbyggðinni og mismunur í orkukostnaði, alveg sérstaklega í upphitun húsa. Sá þáttur, eins og við þekkjum, er einn af þeim sem veldur gífurlegum aðstöðumun fólks á landsbyggðinni og hins vegar hér á þéttbýlissvæðinu og á vafalaust hlut í þeirri þróun fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins sem mjög hefur verið gerð að umræðuefni við þessar umr.

Ég hef hér vikið að nokkrum þáttum í tillögum þessarar nefndar, sem ekki hafa komið til framkvæmda nema þá að mjög litlu leyti, og vildi að það kæmi fram við þessa umr. hverjar væru helstu hugmyndir sem hún setti fram í annars miklu ítarlegri grg. Hún segir undir lok samandregins álits síns að æskilegt væri að sveitarfélögin tækju á sínar herðar fleiri verkefni en nefndin hefur lagt til. Henni vannst hins vegar ekki tími til að leggja fram tillögur um fleiri þætti en þarna voru nefndir. Nm. voru sammála um þessi efni og staðfestu það í þessari

skýrslu. Þeir gengu út frá ríkjandi skiptingu landsins í sveitarfélög og nefndin leit svo á að það væri utan hennar verksviðs að fjalla um breytingu þar á. Þar væri um grundvallarmatsatriði að ræða sem ekki væri á verksviði hennar og henni var raunar ekki ætlað að taka á. Hins vegar voru nm. sammála um að skipting landsins í eins mörg og fámenn sveitarfélög og nú er kæmi beinlínis í veg fyrir yfirlýst markmið með starfi nefndarinnar, þ. e. flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Því taldi nefndin, með réttu að mínu mati, að tillögur hennar væru ekki annað en lítill áfangi í mikilvægu máli, en að raunverulegur árangur náist ekki án þess að fyrst verði gerðar breytingar sem geri sveitarfélögum landsins kleift að fást við fleiri og stærri verkefni.

Herra forseti. Þetta voru nokkrir þættir sem ég taldi rétt að kæmu fram við 3. umr. þessa máls og ekkert hefur verið um fjallað af minni hálfu hér við umr., en snerta svo náið það frv. sem hér er til umr. að sjálfsagt er að þeim sé gaumur gefinn þegar fjallað er um þá lagasetningu sem hér er á dagskrá.

Einn er sá þáttur í þessu frv. sem ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við, en það eru tekjur Byggðastofnunar eða til byggðamálanna. Eins og það er lagt hér fyrir er gert ráð fyrir eignum Byggðasjóðs skv. lögum frá 1976, framlagi úr ríkissjóði eins og ákveðið er á fjárlögum hverju sinni og fjármagnstekjum. Hér er í rauninni dregið úr þeim viðmiðunum sem áður voru og eru reyndar enn í gildandi lögum í sambandi við tekjur til Byggðasjóðs og það er kannske vegna þess að ekki hefur verið staðið við þau markmið sem þar voru sett um tekjur til sjóðsins, þ. e. að hann hefði til ráðstöfunar 2% af útgjaldahlið fjárlaga sem hefur verið sú viðmiðun sem lengi vel var reynt að miða við, en ekki hefur alltaf tekist. M. a. er langt frá því að á yfirstandandi ári sé staðið við það markmið. Og nú er fjárhagsstöðu Byggðasjóðs svo háttað skv. áætlun sjóðsins fyrir árið 1985 að í fyrsta sinn í sögu hans horfir svo að eigið fé, sem svo er kallað, verði neikvætt og það upp á einar 14 millj. kr. þannig að ekki er nú staðan sterk við þessi þáttaskil í málefnum Byggðasjóðs og þeirrar Byggðastofnunar sem við honum á að taka.

Framlag ríkissjóðs til sjóðsins hefur líka farið rýrnandi ár frá ári þannig að ef menn ætluðu sér að taka þarna verulega á og breyta til frá þeirri öfugþróun sem hefur verið í gangi er ljóst að ríkissjóður þyrfti að leggja sjóðnum til allt aðrar fjárhæðir en verið hefur. Ég hef minnt á það við þessa umr. hvernig framlög ríkissjóðs hafa rýrnað stórkostlega í rauninni á undanförnum árum, minnkað að raungildi um meira en helming á stuttum tíma. Því er alveg ljóst að tekjur Byggðastofnunar verða heldur magrar nema ríkissjóður sjái sér fært að leggja sjóðnum til verulega aukinn hlut og jafnframt að bæta þá úr eigin stöðu sjóðsins. Vissulega er skv. 16. gr. þessa frv. ákveðin heimild fyrir sjóðinn til að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, en þeim lántökum hljóta þó að vera ákveðin takmörk sett og sjóður sem þessi þarf að sjálfsögðu að hafa úr ákveðnu eigin fjármagni að spila.

Það er eðlilegt, herra forseti, að þegar verið er að meta árangur af byggðastefnu horfi menn ekki síst til fólksfjöldaþróunarinnar og tilfærslu á fólki. Það er búið að rifja það svo skilmerkilega upp við þessar umr. hvert horfir í þeim efnum að ekki er ástæða til að bæta þar miklu við. Ég vil þó segja það undir lok míns máls við 3. umr. um Byggðastofnun að ég tel það á engan hátt viðunandi framtíðarsýn að aðeins verði haldið í horfinu miðað við núverandi stöðu þessara mála og landsbyggðin héldi t. d. því vaxtarhlutfalli varðandi fólksfjölda sem gildir sem meðaltal yfir landið í heild. Auðvitað væri það mikil bót frá þeirri stöðu sem nú er í þessum efnum þar sem landsbyggðin er að tapa sínu fólki og er með neikvæða þróun mála, beinlínis neikvæða eins og hér hefur komið fram, en ég tel að ekki sé um að ræða viðunandi markmið í byggðamálum, aðeins að halda í horfinu eða halda landsmeðaltali, heldur þurfum við, það sé þjóðhagslega skynsamlegt, að stefna að því að hlutfallslega fleiri séu búsettir og taki sér búsetu utan höfuðstaðarsvæðisins en þeir sem þar búa og bætast við, sem sagt: það verði um að ræða jákvæða nettótilfærslu fólks frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta. Það tel ég vera markmið sem setja ætti þegar verið er að tala um átak í þessum málum sem því miður kemur afar lítið fram svo að ekki sé meira sagt í því frv. um Byggðastofnun sem hér er á lokastigi umræðna í þessari hv. deild.

Ég vona sannarlega, herra forseti, að reyndin verði betri í þessum málum en nú horfir og ástæða er til að ætla miðað við ríkjandi stefnu í þessum málum. Það væri satt að segja hörmulegt ef svo færi, eins og útlit er fyrir, að enn sigi á ógæfuhlið í þessum málum, bæði efnahagslega og hvað snertir fólksflutninga frá landsbyggðinni til aðalþéttbýlissvæðis landsins. Til þess hins vegar að spornað verði við þeirri þróun þarf eitthvað allt annað að gerast en fram hefur komið af hálfu stjórnarliða við umr. þessa máls, svo að ekki sé talað um það sem lesa má út úr þessu frv. sem segir nákvæmlega ekki neitt um eðlileg markmið eða ný markmið í byggðamálum.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér kom hæstv. forsrh. áðan og svaraði þeirri spurningu sem ég beindi til hans varðandi áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, en ég hafði bent á það í ræðu minni fyrr að öll þau verkefni sem henni eru ætluð lægju meira og minna í lausu lofti ef lagafrv. sem hér liggja fyrir verða samþykkt óbreytt. Ég flutti brtt. við 2. umr. um að herða nokkuð á í sambandi við áætlunarverkefni Byggðastofnunar, sem væru þá áætlanir sem væru unnar í tengslum við heimaaðila og landshlutasamtök, en sú brtt. var því miður felld. Mér finnst að í þessu frv. sé bersýnilega sterk tilhneiging til að strika út allt sem heitir áætlunarvinna og að það beri keim af því að ætlunin sé að markaðssjónarmið ráði meiru en verið hefur í rekstri stofnunar eins og Byggðastofnunar.

Hæstv. forsrh. svaraði því til að ráðuneytin fengju áætlunarverkefni, ráðuneytin ættu að sinna þessu í stað áætlunardeildarinnar. Út af fyrir sig getur það verið góðra gjalda vert að ráðuneytin geri slíkar áætlanir, en í fyrsta lagi dreg ég mjög í efa að ráðuneytin muni sinna þeim málum nema í undantekningartilfellum. Ég minnist þess t. d. að í tíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í iðnrn. var unnið verulega að vissum áætlunarverkefnum og var reynt að skyggnast inn í framtíðina með býsna athyglisverðum hætti. Ég óttast að ef þetta fer fram í ráðuneytunum hverju fyrir sig geti komið lítið út úr því og það sem kæmi út úr vinnunni væri kannske misvísandi og gengi ekki upp, myndaði ekki rökræna

eða samfellda heild. Það var einmitt hugsunin með Framkvæmdastofnuninni að hún gæti unnið að samræmingu á slíkum heildaráætlunum þó að kannske megi segja að það hafi aldrei tekist að hrinda því í framkvæmd.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, og ég held að það verði óhjákvæmilegt fyrir Alþingi, ef þessi frv. fara í gegn, að taka á þessum áætlunarmálum ríkisins með sérstökum ákvæðum í löggjöf, hvort sem það eru sérlög eða þá frv. sem hefur að geyma ákvæði um verkefni ráðuneyta, banka og annarra slíkra stofnana.

Það var í orðum hæstv. forsrh. vikið nokkuð að till. okkar Halldórs Blöndals um að Byggðastofnun yrði á Akureyri og hæstv. ráðh. kvaðst mundu samþykkja till. Ólafs Þ. Þórðarsonar um að þessi stofnun gæti verið utan Reykjavíkur. Hins vegar kom það fram hjá honum að hann teldi till. okkar Halldórs Blöndals ekki mjög heppilega í þessu efni og mundi ekki samþykkja hana, heldur brtt. hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Ég minni á að till. okkar hv. þm. Halldórs Blöndals er þannig að það er varla hægt að fella hana. Það er raunar alveg fráleitt að fella hana vegna þess að hún kveður aðeins á um heimild til þess að þessi stofnun geti verið á Akureyri ef stjórn stofnunarinnar ákveður það. Þar er þessi staður tekinn út úr og ákveðinn, sem ég tel rétt að gera, en þetta er fyrst og fremst heimild. Það er alveg rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði fyrr í kvöld, að það væri mikill skaði ef þessi till. yrði felld. Samt sagðist ráðh. ætla að greiða atkvæði á móti henni og láta skaðann eiga sér stað. Mér fannst að þessi skoðun hæstv. iðnrh. á brtt. væri harla skrýtin og mætti kannske nota um hana sömu orð og hann notaði um till. okkar hv. þm. Halldórs Blöndals að skoðunin væri — ég segi ekki óþingleg vegna þess að menn geta auðvitað haft hvaða skoðun sem þeim sýnist hér, en hún væri ekki ákaflega gáfuleg, svo ekki sé fastar að orði kveðið, enda þótt viðkomandi ráðh. hafi verið kallaður skynugur hér á dögunum.

Hér hefur farið fram ítarleg umr. um byggðamál og þm. Alþb. hafa gert grein fyrir sjónarmiðum flokks okkar í þessum umr. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að þar hefur komið fram mjög mikið af upplýsingum. Ég hygg að óvíða verði að finna jafnítarlegar upplýsingar um byggðamál og í því hefti af þingtíðindum sem geymir þá umr. sem hér fer fram í kvöld. Þar var komið víða við eins og vera ber, allt aftur í landnám, og menn brugðu sér líka út fyrir landsteinana. Eins og forsrh. benti á þá var margt fróðlegt af því sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. um þessi mál, erlendis ekki síður en hérlendis.

Ég vil að lokum draga saman það sem ég tel að sé vandamál byggðanna á Íslandi. Vandamálið er tvíþætt. Annars vegar hefur afli minnkað og það kemur niður á framleiðslubyggðarlögunum allt í kringum landið. Það er nokkuð sem menn ráða ekki við og við verðum að taka því eins og það kemur fyrir. Hitt vandamálið er hins vegar mannanna verk og það er stjórnarstefnan. Sú stefna sem hefur fjármunina til vegs með þeim hætti sem ríkisstj. gerir er andstæð byggðastefnu og byggðasjónarmiðum. Það er ekki hægt að láta markaðinn um mótun byggðar í landinu. Markaðsöflin byggja upp atvinnufyrirtæki á þeim stöðum þar sem þau skila mestum gróða handa eiganda viðkomandi fyrirtækis. Það er þá ekki spurt um það sem heitir þjóðhagslegt arðsemismat.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að í grannlöndum okkar tíðkast það mjög núorðið þegar fyrirtæki eru metin að ekki er aðeins spurt um niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings viðkomandi fyrirtækis, heldur er lagt á fyrirtækin svokallað þjóðhagslegt arðsemismat, þ. e. að öll efnahagsáhrif, margfeldisáhrif af fyrirtækinu úti í hagkerfinu eru metin eftir alveg ákveðnum reglum. Það eru til viðurkenndar aðferðir við þetta þjóðhagslega arðsemismat sem hefur verið beitt í mörg ár í löndum eins og í Kanada og í Vestur-Þýskalandi. Ég held að við þurfum að átta okkur á því að stjórnarstefna sem hefur afkomu einstaks fyrirtækis að leiðarljósi dæmir byggðirnar í eyði.

Það er vafalaust hægt að sýna fram á að útgerð og fiskvinnsla hafi á undanförnum árum iðulega verið með talsverðum halla og það er nokkuð til í því. Þessi fyrirtæki hafa verið að tapa eigin fé í stórum stíl síðustu misserin, eins og hv. 10. landsk. þm. hefur bent á betur en aðrir menn. En þrátt fyrir það mundu þessi fyrirtæki vera talin skynsamleg á mælikvarða þjóðhagslegrar arðsemi. Ég held að við þurfum að temja okkur að horfa á fyrirtækin í heildar efnahagslegu samhengi meira en gert hefur verið.

Ég tel sem sagt að vandi byggðanna í landinu sé tvíþættur, það sé annars vegar framleiðslusamdrátturinn og svo hins vegar stjórnarstefnan sjálf, þ. e. vaxtaokrið og láglaunastefnan, sem kemur mjög niður á dreifbýlinu. Vaxtaokrið kemur þar niður vegna þess að dreifbýlið er með fjármagnsfreka atvinnuvegi og láglaunastefnan kemur þar niður vegna þess að fólk flýr þessa grundvallaratvinnuvegi meðan launin eru svo lág þar. Það verður ekki hægt að vinna t. d. fisk í dýrustu pakkningar vegna þess að fólk fæst ekki til að vinna í frystihúsunum og þar af leiðandi er beint tap fyrir þjóðarbúið af þessari láglaunastefnu. Það má sýna fram á það með nokkuð gildum rökum að ef kaupið væri hækkað í frystihúsunum væri hægt að auka tekjur frystihúsanna verulega um leið.

Við höfum, Íslendingar, verið að byggja upp á síðustu áratugum sjávarútveginn. Síðustu 40 árin eða svo höfum við verið að byggja þessa grein upp í þróaðan iðnað á flestum sviðum. Þessi grein er þannig gerð að hún auðveldar framkvæmd byggðastefnu vegna þess að fyrirtækjunum er dreift allt í kringum landið, miðað við það hvernig þau verða best staðsett með tilliti til miða og afla.

Ég óttast það, herra forseti, að frv. um Byggðastofnun muni heldur verða til bölvunar ef eitthvað er í sambandi við byggð í landinu. Það er dregið úr félagslegum áherslum. Þess vegna held ég að byggðastefna hefði verið betur komin með Framkvæmdastofnuninni. Þó að hún sé vond og léleg eins og hún hefur verið sé hún skárri en þessi Byggðastofnun. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi hér að menn mundu spá því að einhver saknaði Framkvæmdastofnunarinnar, en ég óttast að það sé svo hraklega og illa að þessu staðið af hendi hæstv. ríkisstj. að menn muni jafnvel sakna Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg, og er þá langt gengið verð ég að segja.

Ég vænti þess að hv. Ed. fái tækifæri til að fjalla ítarlega um þessi byggðamál, en minni á, herra forseti, að hér eru á dagskrá til 2. umr. tvö samkynja mál. Það eru frv. um þróunarfélag og frv. um Framkvæmdasjóð. Það er útilokað fyrir Ed. að fjalla um þessi mál öðruvísi

en hún hafi þau öll í einu. Það er enginn bragur á því að deildin fari að taka byggðastofnunarmálið fyrir án þess að hin fylgi þar með. Það er alveg ljóst að Ed. fær ekki frv. um þróunarfélag og Framkvæmdasjóð eins snemma og frv. um Byggðastofnunina. Í rauninni liggur því ekkert á að afgreiða málið hér og ljúka 3. umr. fyrr en umr. er búin um Framkvæmdasjóð og þróunarfélag líka og best að láta málin verða samferða til Ed. Mér sýnist þó að það sé heldur ólíklegt að það geti orðið vegna þess að þó að við séum búin, einhver okkar, að ræða nokkuð ítarlega um Byggðastofnun eru enn talsverðar umr. eftir um þau mál sem fylgja því frv., þ. e. varðandi Framkvæmdasjóð og varðandi þróunarfélag, sem þýðir það að ólíklegt er að okkur endist morgundagurinn til að ljúka þeim málum ásamt umr. um frv. um landbúnaðinn sem á að byrja að ræða kl. 2 á morgun. Það er alveg út í hött að vera að halda mönnum hérna fram eftir allri nóttu. Það er ekki búið að ákveða nein þingslit þannig að það er ástæðulaust að vera hérna mikið lengur en hálftíma eða svo í viðbót.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774, n. 1054, 1061, 1091 og 1102, 806, 1055, 1060, 1164). — Frh. 2. umr.

Hjörleifur Guttormsson (frh.): Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu mjög þakklátur fyrir það að fá hér orðið til að halda áfram ræðu minni, þó að svo standi á að nokkuð er komið fram á nýjan dag hér á Alþingi, því að björt er nóttin og í rauninni tæpast mikill munur dags og nætur.

Þannig var að ég hafði óskað eftir því í umr. að hæstv. iðnrh. yrði viðstaddur framhald málsins og beðið hæstv. forseta um að hlutast til um að svo gæti orðið. Ég treysti því að því hafi verið komið til skila og að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur umr. og vildi biðja virðulegan forseta um að hlutast til um að svo geti orðið þar sem ég ætla að leggja fyrir hann ákveðnar fsp. sem tengjast náið því máli sem hér er til umr. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur fjarvistarleyfi á þessum fundi. Hæstv. forsrh. er viðstaddur umr., enda hefur hann lagt þetta mál fram, og hann er vafalaust reiðubúinn til að svara öllum þeim spurningum sem snerta það mál sem hér er á dagskrá.) Er það svo, herra forseti, að ekki séu tök á því að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur umr.? (**Forseti:** Ekki þennan hluta umr. Hann hefur fjarvistarleyfi á þessum fundi.) Það kemur mér allnokkuð á óvart að svo skuli vera, fyrst að málið er þó tekið á dagskrá, því ég hafði beðið hæstv. forseta Ingvar Gíslason um það sérstaklega að tryggja að hæstv. ráðh. yrði viðstaddur framhald umr. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur ekki lagt þetta mál fyrir þessa hv. deild. Hæstv. forsrh. er viðstaddur og hann mun svara öllum þeim spurningum sem við koma þessu máli.) Þarna er nokkuð óvanalega á máli haldið varðandi mál sem vissulega er lagt fram af forsrh., en snertir alla ráðh. atvinnumála í reynd. Þess vegna hefði verið ástæða til þess að hæstv. landbrh. væri einnig við umr., en ég hafði ekki farið fram á það sérstaklega. Mér finnst þá ekkert óeðlilegt að ég óski eftir því að umr. yrði frestað hér um þetta mál þangað til hæstv. iðnrh. gæti verið hér viðstaddur. (**Forseti:** Forseti getur ekki orðið við því. Hæstv. forsrh. er viðstaddur til að svara fyrir það mál sem hér er á dagskrá. Ef einhverjar sérstakar spurningar um þetta mál varða hæstv. iðnrh. er hægt að beina þeim fsp. til hans við 3. umr. þessa máls. Þetta er 2. umr. málsins. Þessari umr. verður fram haldið.)

Herra forseti. Ég uni að sjálfsögðu úrskurði hæstv. forseta um þetta efni þó að mér finnist vera mjög óeðlilegt í rauninni að standa þannig að máli eftir að fram hefur komið af minni hálfu fyrr við þessa umr. að óskað væri viðveru tiltekins annars ráðh. hér. Raunar hafði ég leitað eftir því að hann gæti verið viðstaddur þegar eftir að ég hóf mál mitt við þessa umr. en svo var ekki. Hann hafði þá farið af þingfundi og ég treysti því að hæstv. forseti hlutaðist til um það að við framhald umr. mætti haga svo til að hæstv. iðnrh. yrði viðstaddur. Mér finnst því vera vægast sagt heldur sérkennilega á máli haldið af hálfu hæstv. forseta, en ég uni að sjálfsögðu hans úrskurði. Það má vera að hægt sé að bæta úr með því að beina fsp. til hæstv. forsrh. um vissa þætti, en þó eru hér atriði sem snerta verksvið hæstv. iðnrh. og ég hefði miklu fremur kosið að geta átt við hann orðastað um einmitt við þessa umr. málsins.

Ég var, herra forseti, þar kominn í ræðu minni að ræða sérstaklega möguleika á nýsköpun í sjávarútvegi, sem er aðalatvinnuvegur landsmanna, og hafði rakið nokkur dæmi, tekin eftir forstjóra fyrirtækisins Lýsis hf., um þá mörgu möguleika sem eru til aukinnar verðmætasköpunar í sjávarútvegi í úrvinnslu á sjávarfangi. Þar kom fram í tilteknum fimm dæmum, sem þetta fyrirtæki, Lýsi hf., hefur staðið fyrir, að um gæti verið að ræða margföldun á verðmæti og í rauninni mjög háar upphæðir miðað við þær athuganir sem fram hafa farið á vegum þessa fyrirtækis, Lýsis hf. Viðkomandi forstjóri, sem gerði grein fyrir þessum málum á fundi Rannsóknaráðs ríkisins þann 7. des. s. l., benti á það í sínu máli, og ég vil ítreka það hér vegna þess að það voru mjög athyglisverðar tölur, að á meðan u. þ. b. sex þúsund manns vinna við innflutningsverslun í landinu eru það aðeins um 250—300 manns sem starfa að útflutningsstarfsemi. Hann benti á að niðurskurður á fjárveitingum til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, sem orðið hefur á síðustu tveimur árum, bæri vitni um vanmat manna á gildi þessarar starfsemi meðal ráðamanna. Hann benti einnig á að það væru engar töfralausnir til í sambandi við nýsköpun atvinnulífsins þó að menn bindi vonir við atvinnustarfsemi og nýjungar á sviði loðdýraræktar, fiskiræktar og lífefnatækni. Þessir atvinnuvegir fara hins vegar ekki að skila arði fyrr en eftir margra ára skipulagt þróunar- og uppbyggingarstarf og með því að nýta á kerfisbundinn hátt alla tæknilega, stjórnunarlega og markaðslega þekkingu sem við höfum yfir að ráða. Til skemmri tíma væri raunhæfast að breyta fyrirliggjandi þekkingu í söluhæfa vöru og einbeita sér að verkefnum sem við ráðum við og bæta við þá þekkingu og reynslu sem þegar er fyrir hendi.

Þetta og margt fleira mjög athyglisvert kom fram í erindi forstjórans, en ég ætla hér ekki að rekja það frekar. Ég tel hins vegar að mjög margir gætu tekið sér dæmi af því starfi sem innan þessa fyrirtækis hefur verið unnið, svo lýsandi sem þeir möguleikar eru sem þar er vikið að.

Í sambandi við horfurnar í atvinnuvegunum sem eru burðarásinn í atvinnustarfsemi okkar Íslendinga hefur

ekki þróunin orðið sem skyldi, eins og ég hef rakið í mínu máli. Núna í dag komu einmitt fram upplýsingar sem ég vil fá leyfi hæstv. forseta til þess að nálgast á borði mínu vegna þess að ég hef ekki tekið þær með í ræðustól.

Varðandi horfur í frumvinnslugreinum okkar, sjávarútvegi og í landbúnaði, liggur fyrir, og má segja að það sé vonum seinna, að a. m. k. annar ríkisstjórnarflokkurinn er hina síðustu daga farinn að viðurkenna þá bágu stöðu sem sjávarútvegur okkar býr við. Það hefur verið á það bent af hálfu stjórnarandstöðunnar nú um langt skeið að rekstraraðstaðan í þessari undirstöðuatvinnugrein okkar er mjög alvarleg og raunar eitt alvarlegasta byggðamálið í landinu og jafnframt er sú staða síst til þess fallin að gera þessum atvinnuvegi kleift að standa fyrir því átaki í nýsköpun, sem svo er kölluð, og rannsóknar- og þróunarstarfi, sem er undirstaða hennar eins og þyrfti að vera.

Í Morgunblaðinu, ég hygg að það hafi verið s. l. sunnudag, er vikið að þessu máli eftir langa þögn og dregin fram dæmi sem við Alþb.-menn höfum rakið og fært fram tölur um í sambandi við eiginfjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi og hversu hún hefur rýrnað á undanförnum tveimur árum og raunar til lengri tíma litið því að ákveðin öfugþróun var hafin þar fyrir myndun núv. ríkisstj. svo öllu sé til haga haldið. Í leiðara Morgunblaðsins í dag er að þessu vikið og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna aðeins til þess sem þar kemur fram, en þar segir:

„Flest sjávarútvegsfyrirtæki eiga í miklum erfiðleikum vegna slæmra rekstrarskilyrða og skuldasöfnunar gengin mörg ár. Aflatakmarkanir, innlendur kostnaðarauki umfram verðþróun á sjávarvörumörkuðum, offjárfesting og óhagstæð gengisþróun hafa gert fyrirtækjum í sjávarútvegi að ganga á eignir og safna skuldum. Skuldir sjávarútvegs, sem námu 42% af eignum í ársbyrjun 1981, voru komnar í 55% um s. l. áramót. Undirstöðuatvinnuvegur, sem gefur þrjár af hverjum fjórum krónum í útflutningstekjum og þjóðin reisir velmegun sína að meginhluta á, sætir rekstrarlegum afarkostum," segir hér í leiðara Morgunblaðsins.

Og ég vil bæta því við að þegar þessar prósentur eru hér fram reiddar eru skammtímaskuldir, að ég hygg, ekki með taldar skv. þeim upplýsingum sem fram komu í Morgunblaðinu næstsíðasta sunnudag.

Síðan er í þessum leiðara sérstaklega fjallað um stöðuna að öðru leyti og segir m. a.:

„Ekki er ofsagt þótt staðhæft sé að erfið rekstrarskilyrði í sjávarútvegi hafi leikið þær verr" — þ. e. bæjarútgerðir — „en einkarekstur, enda felur rekstrarformið ekki í sér sömu hvata til árvekni og árangurs."

Í framhaldi af þessu er í leiðara Morgunblaðsins rætt um stöðu bæjarútgerðar, m. a. í Hafnarfirði, en þar hafa staðið sem kunnugt er yfir miklar sviptingar vegna stöðu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, og sem ekki þurfti að koma á óvart leggst höfundur leiðara Morgunblaðsins ekki á sveif með hinu félagslega rekstrarformi en lýsir sérstökum áhyggjum yfir bágri stöðu einkafyrirtækja í sjávarútvegi. Það má segja að það sé vonum seinna að þetta málgagn einkaframtaksins í landinu, aðalstuðningsblað einkaframtaksins í landinu að maður skyldi halda, skuli fyrst nú hinar síðustu vikur hafa uppgötvað hvernig þróunin hefur verið og hvernig komið er í rauninni fyrir fyrirtækjum í sjávarútvegi og þarf ekki bæjarútgerðir til til þess að sýna fram á erfiða og mjög alvarlega rekstrarstöðu hjá fyrirtækjum, oft og tíðum gömlum og grónum fyrirtækjum sem byggð hafa verið upp á áratugum en nú eru að tapa sínu eiginfé að verulegu leyti.

Þetta er í sambandi við stöðu sjávarútvegsins þó að það séu margir þættir þar sem ástæða er til að ræða betur við þessa umr. og kem ég þá frekar að því síðar.

Varðandi landbúnaðinn, en ég hef ítrekað lýst yfir áhyggjum mínum yfir þeirri stöðu sem þar ríkir, koma í dagblaðinu NT í dag fram upplýsingar sem ekki vekja bjartsýni. Ég skal ekki leggja mat á þær í einstökum atriðum, en ég gat um þær aðeins í umræðum um annað mál. Þar er um að ræða grein eftir Guðmund Stefánsson landbúnaðarhagfræðing þar sem hann dregur upp þýðingu landbúnaðarins í okkar þjóðarbúskap og útlitið í sambandi við stöðu hefðbundinna greina. Hann segir þar, með leyfi forseta, að útlit sé fyrir 13% sölusamdrátt í kindakjötssölu, sem er millifyrirsögn í hans grein, og um það segir síðan:

„Hvað varðar sauðfjárræktina, þá er útlitið mun dekkra þar. Á árinu 1984 dróst kindakjötssalan mjög saman eða sem nemur nærri 1100 tonnum. Þetta er 10% sölusamdráttur og á þessu ári er helst útlit fyrir enn meiri samdrátt eða 11—13%. Ef svo færi yrði heildarsalan nálægt 8500 tn. eða aðeins 35 kíló per íbúa. Sá sölusamdráttur sem hér um ræðir er nálægt því að svara til framleiðslu 350—400 sauðfjárbænda.

Sala annarra kjöttegunda hefur gengið sæmilega og sala svínakjöts hefur aukist verulega undanfarin ár.

Sá sölusamdráttur," segir Guðmundur Stefánsson, „sem við stöndum nú frammi fyrir þarf ekki endilega að vera varanlegur, en ýmislegt styður þó að varanlegar breytingar á neysluvenjum séu að verða. Að því styðja hlutir eins og sú mikla lækkun niðurgreiðslna sem orðið hefur undanfarin tvö ár og valdið hefur því að þær vörur sem niðurgreiddar hafa verið hafa hækkað í verði til neytenda langt umfram aðrar vörur.

Þá má nefna rýrnun kaupmáttar, sem óhjákvæmilega hefur áhrif á sölu búvara, samsetning þjóðarinnar hefur breyst og hlutfallsleg aukning orðið í eldri aldursflokkum. Einnig má nefna að framboð á vörum sem keppa við landbúnaðarvörur hefur stóraukist um leið og samkeppnisstaða búvara hefur veikst.

Það er því ekki ólíklegt að úr neyslu búvara dragi og hugsanlegt er að sú þróun sem orðið hefur undanfarin tvö ár sé aðeins fyrirboði þess sem koma skal."

Ég vek athygli á því sem hér er sagt. Þetta eru vissulega dökkar horfur.

Enn fremur segir hann og víkur þá að því frv. sem er boðað, frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara:

„Miðað við þær breytingar sem boðaðar eru í frv. þarf kúm að fækka nálægt 2700 og er þá miðað við að ekki verði samdráttur í neyslunni. Þetta þýðir ca. 160 meðalframleiðendur en fyrir hverja milljón lítra sem salan dregst saman um þarf kúm að fækka um tæp 300 og bændum um nær 20.

Ef 3% samdráttur yrði í sölu mjólkurafurða þyrftu því samtals um 220 framleiðendur að hætta, en síðan er ljóst að kynbætur munu auka nyt kúnna og það mun síðar leiða til enn frekari fækkunar.

Eins og málum er nú háttað," segir Guðmundur enn fremur í grein sinni, „má gera ráð fyrir að innan

skamms verði að takmarka framleiðslu kindakjöts við 9000—9500 tn. Til að framleiða þetta magn við núverandi aðstæður þarf ca. 435 þús. fjár, en með fækkun fjár má gera ráð fyrir að afurðir aukist og fjárfjöldinn þyrfti þá ekki að vera nema rétt um 400 þús. — jafnvel minni."

Ég hef hér ekki nákvæmar tölur um núverandi fjölda búfjár í landinu, en ég hygg að hann liggi ekki fjarri 800 þús. ef hann er ekki þaðan af meiri, þannig að hér er í raun um gífurlega fækkun að ræða. — Hann segir síðan um þetta:

„Við stöndum því innan tíðar frammi fyrir þeirri staðreynd að innan tiltölulega fárra ára muni bændum við hefðbundinn búskap fækka um mörg hundruð og verða e. t. v. 2000—2500, jafnvel enn færri. Þetta eru tölur sem við verðum að taka alvarlega og þetta er ekki spádómur, heldur framreikningur á stærðum sem nánast liggja fyrir. Ég hygg að fæstir hafi í raun gert sér grein fyrir hve þessi vandi, sem við er að etja í landbúnaðinum, er stór og hversu víðtæk áhrif samdrátturinn í landbúnaðinum mun hafa. Það er hætt við að ýmsir neyðist til að ganga frá eignum sínum og ekki er vafi á að heilar byggðir muni hreinlega fara í eyði. Menn eru eðlilega uppteknir og áhyggjufullir vegna þess vanda sem við er að glíma í dag. Ég er þó því miður hræddur um að vandi morgundagsins sé enn meiri — miklu meiri. Hvað er þá til bjargar? Eru einhverjar nýjar leiðir út úr vandanum?"

Og um þetta, sem snertir einmitt það mál sem hér er sérstaklega til umr., segir þessi landbúnaðarhagfræðingur m. a.:

„Ég held að við Íslendingar ættum að staldra við og líta í eigin garð. Hvað kunnum við? Er það nýtækni eins og rafeinda- og líftækni? Nei, það sem við kunnum er fyrst og fremst á sviði frumframleiðslu. Þar höfum við þekkingu og reynslu og nýsköpun atvinnulífsins á fyrst og fremst að beinast að þessum greinum. Við keppum ekki við stjórþjóðirnar á almennum grundvelli í líftækni og rafeindatækni, nema þá helst í tengslum við okkar frumframleiðslu.

Undanfarin misseri hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að efla atvinnulíf sveitanna og hefja þar nýsköpun atvinnutækifæra. Ljóst er að ýmissa kosta er völ, en ég held að engum blandist hugur um að sú uppbygging sem orðið hefur í loðdýrarækt, fiskirækt o. fl. er engan veginn fullnægjandi þegar litið er á þann samdrátt sem orðinn er og fyrirsjáanlegur er í hinum hefðbundna búskap."

Síðan fjallar hann um það að mjög skorti á um pólitíska stefnumótun í landbúnaði og raunar einnig í öðrum atvinnugreinum og það megi leiða rök að því að menn hefðu þurft að búa sig fyrr í stakk til þess að mæta þeim aðstæðum sem hér blasa við. Hann dregur ekkert úr möguleikum eða gildi loðdýraræktar og fiskeldis en telur hins vegar að þessar greinar og þá sérstaklega fiskeldið komi því miður ekki til að gagnast mönnum í dreifbýli eða bændum með þeim hætti sem ýmsir hafa kannske bundið vonir við.

Það er því heldur dökk mynd sem dregin er upp í þessari grein af þessum fræðimanni sem hefur ritað talsvert um landbúnaðarmálefni á undanförnum misserum, að ég hef tekið eftir, og ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hvað hann segi um þær horfur sem hér eru upp dregnar, hvort hann telji að þetta sé raunsæ mynd sem þarna kemur fram og með hvaða hætti hann telji að bregðast eigi við þessum aðstæðum, hvaða ráð það eru sem ríkisstj. hefur á döfinni til þess að draga úr þeim gífurlega skelli sem hér virðist vera fram undan ef marka má forspár þessa sérfræðings sem ég vitnaði hér til og sem eru aðstæður sem bætast við annars mjög alvarlegt ástand í sveitum landsins, í hinum hefðbundnu búgreinum. Þær aðstæður eru tilkomnar, eins og í sjávarútvegi, ekki síst vegna stjórnarstefnunnar, þ. á m. stefnunnar í vaxtamálum, sem veldur því að alveg sérstaklega þrengir að þeim bændum sem eitthvað hafa þurft að leggja í fjárfestingar á liðnum árum og eiga því við mjög mikla erfiðleika að etja sem á marga lund eru hliðstæðir því sem er hjá húsbyggjendum.

Ég hef hér, herra forseti, gert grein fyrir því hvert horfa virðist í sambandi við okkar hefðbundnu greinar og ég hef líka fyrr í máli mínu rætt um hvernig á ófullnægjandi hátt hefur verið tekið á rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu. Ég innti hæstv. forsrh. eftir því fyrr við umr. sérstaklega hvernig ríkisstj. hygðist verja því fjármagni, um 50 millj. kr., sem aflað hefur verið heimildar til með lánsfjárlögum, og mörgum hlýtur að leika forvitni á að vita með hvaða hætti er gert ráð fyrir að nýta þessa peninga. Það hefur engan veginn verið staðið við þau markmið sem sett voru með samþykkt sérstakrar þáltill. á Alþingi í sambandi við rannsóknar- og þróunarmálefni og það er því ekki seinna vænna af hálfu stjórnvalda að reyna að bæta þar eitthvað úr.

En það er annar atvinnuvegur sem margir hafa bundið miklar vonir við og það fjölþættur atvinnuvegur, þar sem er iðnaðurinn, og að málefnum hans og horfum og ákveðnum atriðum, sem snerta stefnu núv. ríkisstj., ætla ég að víkja sérstaklega næst í máli mínu.

Það fór ekkert á milli mála við aðdraganda þessarar ríkisstj. og í tíð hinnar fyrri stjórnar að Sjálfstfl. alveg sérstaklega batt miklar vonir við að hægt væri að brjóta í blað hér í sambandi við uppbyggingu iðnaðar og þá alveg sérstaklega orkufreks iðnaðar. Þær voru ófáar ræðurnar sem haldnar voru um það hér á hv. Alþingi og utan þings einnig að ónóg væri að gert í sambandi við undirbúning á þessu sviði og gagnrýnd mjög harðlega sú stefna sem ég stóð fyrir sem iðnrh. á sínum tíma í sambandi við athugun á orkunýtingu hérlendis, en þar var farið yfir sviðið mjög vandlega og kannaðir möguleikar og þróunarhorfur í hinum einstöku greinum orkunýtingar og hvað væri hugsanlega á færi okkar Íslendinga sjálfra að ráðast í í þeim efnum, a. m. k. með þeim hætti að við hefðum þar forræði mála fjárhagslega og eins varðandi rekstur fyrirtækjanna.

Ég minnist þess að hafa verið sakaður um það á þessum árum að hafa lagst á mikla kosti sem talsmenn Sjálfstfl. töldu að hægt væri að ná út úr orkufrekum iðnaði alveg sérstaklega, virkjunum og iðnfyrirtækjum sem reistar yrðu í krafti þeirra með erlendu fjármagni samkv. stefnu meiri hl. Sjálfstfl. Nú hefur Sjálfstfl. farið með þessi mál, iðnaðarmálin, í tvö ár samfleytt og að því var látið liggja þegar fyrir kosningar að ekki mundi líða langur tími frá því að sjálfstæðismenn fengju áhrif í ríkisstj., hvað þá að þeir fengju sjálft iðnrn., uns brotið yrði í blað í þessum efnum og hlutirnir færu heldur betur að hreyfast. Þannig var það varðandi fyrirtæki sem undirbúið hafði verið og lög voru sett um í tíð fyrri ríkisstj., kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, að því var

haldið fram af núv. hæstv. iðnrh. að ekki mundu liða nema þrír mánuðir eða svo frá því að Sjálfstfl. fengi áhrif á stjórn landsins að framkvæmdir yrðu hafnar við þetta fyrirtæki. Honum þótti það heldur seint ganga hjá fyrrv. ríkisstj. sem aflaði lagaheimildar fyrir þessu fyrirtæki á vordögum 1982, en þau lög voru fyrir tilverknað sjálfstæðismanna á Alþingi og raunar framsóknarmanna skilin í sambandi við frekari athuganir og heimildir af hálfu Alþingis áður en ráðist yrði í þetta fyrirtæki. Nú, tveimur árum eftir að ríkisstj. var mynduð, standa mál þannig að enn hefur ekki verið ráðist í neinar framkvæmdir við þetta fyrirtæki og engar ákvarðanir hafa verið teknar, að því er upplýst hefur verið, um hvenær ráðist verði þar í framkvæmdir eða með hvaða hætti. Það hefur beinlínis komið fram að fullkomin óvissa ríki um hvenær til framkvæmda komi og jafnvel verið látið í veðri vaka að óvissa geti ríkt um að ráðist verði í fyrirtækið því það hefur verið margítrekað af núv. hæstv. iðnrh. að slíkt verði ekki gert nema til þátttöku fáist erlendir samstarfsaðilar og það helst aðilar sem vilji taka við rekstri fyrirtækisins alls sem eignar- og ábyrgðaraðilar.

Í mikla fyrirhöfn hefur verið lagt og mikil leit hefur farið fram til að laða erlenda aðila til samstarfs um kísilmálmverksmiðju og ég veit að hæstv. forseti sem hér situr í stóli nú þekkir það mál betur en flestir aðrir, en fram hefur komið ítrekað, þegar leitað hefur verið frétta um þetta mál, að ekki hafi tekist að laða fram á þeim skilmálum sem núverandi stjórnvöld hafa sett aðila til þátttöku í þessu fyrirtæki. Það var raunar tekið inn í stjórnarsamninginn upphaflega, núv. ríkisstj., í sambandi við þetta mál að nýjum aðilum skyldi verða gefinn kostur á eignaraðild í kísilmálmvinnslunni og lögin sjálf kveða raunar á um að íslenska ríkið skuli eiga 51%. Það er skilyrði samkv. gildandi lögum, en að öðru leyti gert ráð fyrir þeim möguleika að aðrir aðilar geti orðið meðeigendur í fyrirtækinu. Allur undirbúningur þessa máls var við það miðaður að Íslendingar ættu þetta fyrirtæki. Það var metið svo í minni tíð sem ráðh. og ég hef ekki breyt um skoðun á því, hvað snertir fjárfestingu og einnig hvernig háttað er öflun hráefna og markaðsfærslu, að það sé fyllilega á færi Íslendinga einna að veita því forstöðu og forustu alla, ekki stærra fyrirtæki en þetta, þar sé ekki tekin of mikil áhætta þó að ég hljóti að viðurkenna að það er auðvitað alltaf matsatriði í sambandi við stórfyrirtæki hvaða áhættu beri að taka af ekki stærri þjóð en okkur Íslendingum.

En því ræði ég um málefni þessa fyrirtækis að undirbúningur allur lá fyrir við stjórnarmyndunina. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var allur undirbúningur fyrirliggjandi og búið að ganga frá og undirbúa mjög hagstæða bindandi samninga um kaup á vélbúnaði og öðrum búnaði fyrir þetta fyrirtæki og halda þeir samningar raunar gildi sínu til loka þessa árs.

Þetta fyrirtæki, býsna stórt á íslenska vísu, hefði getað orðið verulegur búhnykkur fyrir okkur Íslendinga miðað við að þær forsendur standi sem menn hafa lagt í sambandi við áætlanir þar að lútandi. Það er því mjög miður, að mínu mati, að ekki hefur orðið úr framkvæmdum á grundvelli gildandi laga um fyrirtækið. Þetta varðar íslenskan þjóðarbúskap í heild sinni, en þetta varðar auðvitað alveg sérstaklega þann landshluta þar sem ráðgert var að stofna til þessa fyrirtækis og raunar lögfest, þ. e. á Reyðarfirði. Þannig var líka á málum haldið á undirbúningsstigi varðandi kísilmálmverksmiðju að sérstaklega var til þess hugsað að unnt væri að nýta þá verulegu fjárfestingu sem þarna er á ferðinni til þróunar í öðrum greinum iðnaðar, þ. e. að við Íslendingar gætum orðið þátttakendur í uppbyggingu fyrirtækisins í eins ríkum mæli og frekast væri unnt og réttlætanlegt væri út frá kostnaðarlegum sjónarmiðum. Það var lögð í það veruleg vinna á árunum 1980—1983 og alveg sérstaklega 1981—1982 að fara ofan í saumana á þessum möguleikum, bæði gagnvart fyrirtækjum á landinu öllu, en einnig varðandi hugsanlega þátttöku manna sem nálægt fyrirhugaðri verksmiðju búa í uppbyggingu hennar.

Því nefni ég þetta að ég tel að fjárfestingar af þessu tagi og stór verkefni af þessu tagi, sem aldrei geta orðið mörg á stuttum tíma miðað við smæð íslensks þjóðarbúskapar, séu kannske ekki síst réttlætanleg ef þess er gætt að slík fjárfesting verði lyftistöng fyrir annan iðnað í landinu, að aðrar greinar iðnaðar, í þessu tilviki málmiðnaður og rafiðnaður, geti orðið þátttakendur í slíkri uppbyggingu og byggt sig upp samfara henni til átaka á öðrum sviðum. Ég nefni í þessu sambandi sem ágætt fordæmi þau tök sem Norðmenn hafa tekið á sínum málum í tengslum við olíuiðnaðinn þar sem þeir hafa með mjög skipulegum hætti náð meiri hluta af fjárfestingunni inn í eigið land sem verkefni fyrir innlendar eða þarlendar iðngreinar. Síðast þegar ég vissi var staðan sú að um 60% af fjárfestingu í olíuiðnaði voru heimafengin hjá Norðmönnum, en þannig var það ekki í byrjun. Og þetta hefur ekki gerst fyrir neina tilviljun, heldur í krafti markvissrar stefnu sem við getum vel flokkað undir nýsköpun, heyrir undir það hugtak og þá hugsun sem talað er fyrir í sambandi við það frv. sem hér er til umr.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. eftir því í fjarveru iðnrh. hvort hann geti upplýst nokkuð hvað snertir málefni þessa fyrirtækis, Kísilmálmvinnslunnar hf., kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, hvort það sé nokkrar nýjar fregnir að færa í sambandi við væntanlegar framkvæmdir við það fyrirtæki og alveg sérstaklega spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann sé fylgjandi því að ráðist verði í þetta fyrirtæki hugsanlega af útlendingum sem meirihlutaeigendum.

Ég hef satt að segja verið mjög undrandi á því að ekki skuli hafa komið fram af hálfu þingflokks og framsóknarmanna í ríkisstj. fyrirvarar við þær hugmyndir, sem hæstv. iðnrh. hefur haldið mjög á loft, að reynt yrði að koma þessu fyrirtæki alfarið í hendur útlendinga. Ég hafði litið svo til að slíkt samræmdist ekki stefnu hins stjórnarflokksins og þess hefur hæstv. iðnrh. raunar stöku sinnum getið þegar hann hefur rætt þessi mál, en engu að síður hefur hæstv. iðnrh. margoft lýst þeirri stefnu sinni að vilja koma þessu fyrirtæki helst alfarið í hendur útlendinga. Því spyr ég hæstv. forsrh. þeirrar spurningar hvort hann mundi fallast á slíkt ef í boði væri og erlendir aðilar fyndust sem vildu taka við þessu fyrirtæki. Ég hef litið svo til að það samrýmdist ekki samþykktum Framsfl. í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu, sem nú er raunar mun minna talað um en gert var á árum áður, og það hefur vissulega dregið úr umtali um orkufrekan iðnað og erlenda stóriðju einnig af hálfu Sjálfstfl. vegna þess að þær óskir og sá málflutningur sem þeir héldu uppi í þessum efnum hafa í reynd ekki gengið eftir.

Það hefur í raun ekkert gerst á þessu sviði iðnaðar í

landinu frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum. Það hefur ekki verið um að ræða neina nýja fjárfestingu og ekki vitað til þess að neinum stoðum hafi verið rennt undir ný fyrirtæki þar umfram það sem undirbúið hafði verið og ákveðið í tíð fyrri ríkisstj. Þeir sem hafa efasemdir uppi um möguleika í þessum greinum, og það oft með réttu, geta út af fyrir sig fagnað því að ekki hefur verið gengið geystar fram í þessum efnum en raun ber vitni, að í rauninni hefur þar ekkert gerst af hálfu stjórnvalda, og alveg sérstaklega getum við Alþb.-menn fagnað þeirri stöðu miðað við þá stefnu sem hæstv. iðnrh. hefur haft í sambandi við erlenda stóriðju. Þó hefur hann ekki vantað viljann í þeim efnum því mikið hefur verið á sig lagt til að ná þarna fram ákvörðunum í gegnum og í samvinnu við erlend stórfyrirtæki, þá fremst í flokki Alusuisse í sambandi við þá ósk ríkisstj., sem raunar var fram komin á vegum Sjálfstfl. áður en ríkisstj. var mynduð, að ráðist yrði í verulega stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík, raunar talað þar um tvöföldun á því fyrirtæki.

Það hefur hins vegar, sem betur fer, ekki gengið eftir því að ég tel að fátt væri óráðlegra miðað við allar aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap en að ætla að hleypa af stað þeirri stækkun sem gert var ráð fyrir samkv. bráðabirgðasamkomulagi sem ríkisstj. gerði við Alusuisse í septembermánuði 1983. Það hefur hins vegar ekki vantað viljann, eins og ég gat um, af hálfu hæstv. iðnrh. í þessu efni og lengi vel var reynt að láta líta svo út sem þessi ósk, þessi draumsýn um stækkun álversins í Straumsvík um 50% til að byrja með og síðan um 100% væri nánast að verða að veruleika. Þegar um þessi efni var spurt nú ekki alls fyrir löngu hér á Alþingi varð hins vegar minna um svör af hálfu hæstv. iðnrh. en margir hefðu líklega búist við. Í rauninni gerði hann þó ráð fyrir þar samkvæmt því sem stendur í þingtíðindum að gera mætti ráð fyrir því að fyrsti raunverulegi samningafundurinn um stækkun álversins gæti hafist „í lok þessa mánaðar". Þar var um að ræða maímánuð sem nú er liðinn því svar hæstv. ráðh. var gefið þann 14. maí s. l. Ég hef hins vegar ekki heyrt neitt af slíkum samningafundi um stækkun álversins í Straumsvík og hefur þó yfirleitt ekki verið legið á því að greina frá vonum og horfum í því efni.

Það hefur greinilega dofnað mjög verulega yfir þessu máli frá því í aprílmánuði að Morgunblaðið hafði það eftir hæstv. iðnrh. að hann gerði ráð fyrir að unnt væri að ganga frá samningum um 50% stækkun álversins fyrir mitt þetta ár og ríkisstj. sá sérstaka ástæðu til að taka upp í frv. til lánsfjárlaga sérstaka viðbótarheimild fyrir Landsvirkjun upp á 82 millj. kr. til að heimila slíka stækkun og herða á virkjunarframkvæmdum í þágu hennar á seinni hluta þessa árs. Hæstv. iðnrh. upplýsti það sérstaklega í þessu samhengi að um væri að ræða sérstakt fjölskyldurennilásafyrirtæki í Japan sem gert væri ráð fyrir að yrði þátttakandi í þessari stækkun með Alusuisse, en sem kunnugt er er verið að leita að þriðja aðila sem þátttakanda í þessari stækkun, þ. e. þriðja aðila til viðbótar við Alusuisse og Íslendinga. Þriðji aðilinn hefur hins vegar, að því er fram hefur komið, aðeins fundist á pappírnum og í yfirlýsingum hæstv. iðnrh. því ekkert hefur enn gengið eftir í þessum efnum og ekki er vitað til þess að neinar raunverulegar samningaviðræður séu hafnar af hálfu Alusuisse við væntanlegan þriðja aðila um þessa stækkun.

Horfurnar eru því í þessu efni allt aðrar en ríkisstj. hafði ætlað sér samkv. því samkomulagi sem hún stóð að þegar haustið 1983 og sem enn var ítrekað með sérstöku bréfi og bókun í sambandi við samninga sem undirritaðir voru 5. nóvember s. l. og lögfestir síðan í lok nóvembermánaðar s. l. Það fylgdi því þeirri samningsgjörð, sem haldið var á með þeim hætti, að í stað þess að gera málin upp í heild sinni við Alusuisse var aðeins tekið á hluta af dæminu sem kunnugt er, samið um hækkun á raforkuverði til fyrirtækisins upp í 12.5 mill að lágmarki og slakað til í skattamálum gagnvart fyrirtækinu í fjölmörgum greinum til stórfellds tjóns fyrir íslenska hagsmuni, en skilinn eftir einn stór þáttur í deilumálum við fyrirtækið, þ. e. breyting á fyrirkomulagi skattlagningar ÍSALs sem var þó eitt af þeim atriðum sem ákveðið var með bráðabirgðasamkomulagi frá 23. sept. 1983 að gengið skyldi frá í einum pakka. Áformin voru þau að ganga frá þessum málum öllum í einum pakka. En hinum slynga mótaðila íslensku ríkisstjórnarinnar, Alusuisse, tókst á miðju síðasta sumri að gerbreyta afstöðunni sér í vil í þessu stóra máli og fá íslenska samningamenn og síðan íslensk stjórnvöld til að skipta pakkanum og skilja eftir skattamálin, spurninguna um breyttar skattareglur, sem ákveðið hafði verið að taka fyrir, og einnig stækkunina á álverinu.

Þessi niðurstaða, sem innsigluð var í nóvember með samningunum sem samþykktir voru af meiri hl. á Alþingi, voru auðvitað mikil ótíðindi fyrir okkur Íslendinga og hefur sýnt sig í framhaldinu að ekkert hefur gengið eftir af því sem um var talað að ætti að rætast á næstu mánuðum á milli aðila. Þannig var það bókað sérstaklega að gert væri ráð fyrir því að ljúka samningum varðandi skattamálefni fyrir 1. júní á þessu sumri, 1. júní sem nú er liðinn án þess að nokkur samningafundur hafi átt sér stað um þau efni, en aðeins sérfræðingar hist til þess að bera saman bækur sínar.

Stækkunin er sem sagt úti í vindinum. Það er ekki farið að hilla undir hana við sjóndeildarhring, ekki einu sinni samningslega, og guð láti á gott vita, stendur þar. Sannarlega harma ég ekki þá stöðu sem þar er uppi. En því er ég að rekja þessi efni hér og ræða að hér er um einhver stórfelldustu áform að ræða í sambandi við fjárfestingar í tengslum við íslenskan þjóðarbúskap sem uppi eru meðal stjórnvalda, langsamlega stórfelldustu áform og áform sem vega þungt inni í íslenskan þjóðarbúskap því að þó að fjármagnið í stækkun verksmiðjunnar yrði erlent að öllu leyti verða áhrifin samt að koma inn í íslenskan þjóðarbúskap, þensluáhrif sem slíkum fjárfestingum fylgja, og að sjálfsögðu hinn hluti dæmisins, fjárfestingin í virkjunum sem til þarf, og þar er áhættan sannarlega ekki minni en í iðnaðinum eins og dæmin sanna í módelinu Straumsvík/Búrfell á liðinni tíð þar sem Íslendingar hafa farið halloka varðandi viðskipti svo að skiptir stórfelldum upphæðum og dæmið er jafnað með því að sækja það sem á vantar í vasa íslensks almennings og íslenskra atvinnurekenda í mun hærra og síhækkandi orkuverði sem við gefum með þessu fyrirtæki. Það er því ástæða til að vara enn sterklega við þessum áformum í fyrirætlunum ríkisstj., áformum sem hún að líkindum flokkar undir nýsköpun í atvinnulífi.

Það mætti sannarlega margt um þau efni segja. Það er t. d. vert að rekja það aðeins í tengslum við þetta mál

hvernig þróunin á þeim fáu mánuðum sem liðnir eru frá því að endurskoðaðir samningar við Alusuisse voru ræddir hér á Alþingi í nóvember s. l., hvernig forsendurnar sem þar voru lagðar fram hafa breyst eða réttara sagt ekki gengið eftir varðandi þann þátt sem menn töldu af hálfu ríkisstj. helstu réttlætingu þessara samninga um hækkun raforkuverðsins. Þar var því haldið fram að gera mætti ráð fyrir að raforkuverð til álversins hækkaði í nær 14 mill á þessu ári. Í áætlunum Landsvirkjunar fyrir þetta ár var gert ráð fyrir því að meðalverð, sem álverið greiddi á árinu 1983, yrði 13.8 mill. Þeir höfðu nú dregið úr þessu þegar kom fram í aprílmánuð, meðan verðið stóð enn í 12.5 mill, dregið úr því svo og breytt áætlunum og miðað við að meðalverðið á árinu yrði aðeins 13.2 mill eða réttara sagt að verðið yrði fyrst undir árslok komið upp í 13.2 mill, eftir því sem ég hef skrifað hjá mér á ársfundi Landsvirkjunar þann 18. apríl 1985. Það verður sannarlega fróðlegt að fylgjast með því hvernig þróunin verður hvað snertir þá þætti sem settir voru fram sem aðalréttlæting þess að þessir samningar voru gerðir og voru réttlættir og sumir stjórnarliðar dregnir að því er virtist sárnauðugir til fylgilags við þessa samningsgerð. Slík áform, sem uppi eru um að tvöfalda umsvif Alusuisse hér á landi og annarra auðhringa sem þeim tækist að lokka til samstarfs með sér um stækkun álversins, sem enn eru ekki komnir fram í dagsljósið, eru svo viðsjárverð, miðað við aðra þróunarmöguleika í íslenskri atvinnuuppbyggingu, að um það væri hægt að hafa hin sterkustu orð.

Hvað halda menn að það þýddi ef þessar óskir ráðamanna gengju eftir og nú væri t. d. að hefjast stækkun álversins í Straumsvík um 50%? Hvaða áhrif skyldi það nú hafa á aðrar atvinnugreinar í landinu, á viðhorf fólks sem er að leitast við að halda það út í láglaunastörfum í frumvinnslugreinum vítt um landið, í fiskiðnaði þar sem menn hafa tæplega til lífsframfæris þó að lögð sé nótt við dag, svo lágt er kaupið í þessum greinum? Hvaða áhrif skyldi það hafa á bændurna sem eru nú margir hverjir að leita eftir tækifæri til þess að komast frá jörðum sínum eftir að búið er með stjórnarstefnunni að halda þannig á málum hinna hefðbundnu greina í landbúnaði að við mörgum blasir ekkert annað en gjaldþrotið eitt? Það er hætt við því að umsvif fjárfestingar í Straumsvík við 50% stækkun álbræðslunnar yrðu til þess að ýta undir þessa aðila að stíga nú skrefið og koma hérna suður, reyna að koma undir sig fótum á nýjum slóðum þar sem betra væri í boði. Er það þetta sem aðstæður á Íslandi kalla á? Eru það umsvif í atvinnulífi af þessu tagi hér við Faxaflóa?

Við höfum einmitt verið að ræða hér byggðamál, málefni Byggðastofnunar, og þar hafa komið fram áhyggjur okkar út af stöðu mála. Það voru ekki dregnir inn í þá umræðu sem vert hefði verið þeir þættir sem ég er nú að nefna, þær stórframkvæmdir sem þarna eru til umræðu. Og þrátt fyrir þetta er einnig bætt við umræðum sem nú standa yfir við Elkem um möguleika á því að það gerist meðeigandi í kísilmálmvinnslu, ekki á Reyðarfirði heldur hér við Faxaflóa, þ. e. að koma fótum undir slíkan rekstur, standa að slíkum rekstri sem viðbót við verksmiðjuna á Grundartanga. Þetta eru atriði sem virðast vera rædd af alvöru hjá núv. ríkisstj. og maður spyr: Er mönnum sjálfrátt sem þannig standa að málum?

Morgunblaðið lætur af því að hina síðustu daga ríki gott andrúmsloft á fundum Íslendinga og Alusuisse þó að ekki megi ráða hvort þar sé stækkunin á ferðinni nema í litlu sé. En ekki sér þó fyrir endann þar á neinni samningsgerð, ekki heldur í sambandi við skattamálin margumræddu. Nei, það er sannarlega ekki nýsköpunarstefna sem felst í aukinni erlendri stóriðju á Íslandi. Það ætti reynslan af álverinu í Straumsvík að vera búin að sanna mönnum. Þar var því haldið fram í upphafi að margt mundi upp spretta í tengslum við þetta stórfyrirtæki, nýjar greinar, úrvinnsla, aukin tækni og þróun í öðrum greinum iðnaðar. Nánast ekkert hefur gengið eftir í þessum efnum. Og það er nákvæmlega sama gatan í iðnþróun sem hæstv. iðnrh. vill feta með þeirri stefnu sem hann mælir fyrir, aukinni erlendri stóriðju hérlendis. Það er ekki minnsta viðleitni svo að vitað sé af hálfu íslenskra stofnana á vegum iðnrn. eða annarra til þess einu sinni að gera íslenskan iðnað hlutgengan eða þátttakanda í þessari uppbyggingu erlendrar stóriðju og með því þá nánast bitið höfuðið af skömminni.

Það er langt frá því að þeir sem með málefni iðnaðar fara og það sem honum tengist hafi haldið þannig á málum í tíð núv. ríkisstj. að það veki von um að í iðnaðinum komi sú nýsköpun sem þyrfti til þess að sjá þeim fjölmörgu ungu Íslendingum fyrir störfum sem koma inn á vinnumarkaðinn á næstu árum, enda er það svo að það er ekki ástæða til að gæla við þá hugsun lengi að það verði stóriðjan sem leysi þann vanda. Það eru lítt sjáandi menn sem hafa horft til hennar á liðnum árum sem lausnarorðsins, hins helsta lausnarorðs í íslenskri atvinnuuppbyggingu, en sá var lengi málflutningur talsmanna Sjálfstfl., alveg fram á síðustu ár. Hæstv. iðnrh. situr nú með sárt ennið, það sárt að hann er hættur að hafa yfir lestur af því tagi sem heyra mátti hér fyrir fáum misserum. Hann er þó farinn að átta sig á því að ekki er allt sem sýnist í þessum efnum og ekki munu allar óskirnar rætast. Þó að hann hafi lofað Eyfirðingum fyrir einu ári og þrem mánuðum betur einu stykki álveri innan tíðar til þess að leysa þeirra vanda er flestum orðið ljóst að þar var um að ræða hókus pókusmálflutning sem ekkert lá að baki í rauninni og síst er til þess fallinn að beina mönnum inn á úrlausn annars brýnna vandamála í atvinnumálum byggða við Eyjafjörð.

Það er á allt öðrum sviðum iðnaðar sem þess er að vænta að okkur reynist unnt að fjölga atvinnufærum á komandi árum. Það er fyrst og fremst í uppbyggingu smáfyrirtækja í iðnaði, smáfyrirtækja a. m. k. á alþjóðlegan mælikvarða og jafnvel á íslenskan mælikvarða, og vissulega er það slík atvinnuuppbygging sem fellur mun betur að byggðamynstri en uppbygging stórfyrirtækjanna. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að það væri réttlætanlegt fyrir okkur Íslendinga að gera ráð fyrir fjölþættri iðnþróun, gera ráð fyrir uppbyggingu nokkurra en ekki margra stórfyrirtækja sem væri á okkar eigin færi að reisa og standa fyrir, en þess yrði þá jafnframt gætt að slík fyrirtæki tengdust öðrum iðnaði í landinu og staðsetningu þeirra yrði þannig háttað að þau yrðu liður í skynsamlegri byggðaþróun í landinu, þ. e. að þau risu ekki á aðalþéttbýlissvæði landsins við Faxaflóa nema þá í undantekningartilvikum. Slík fjárfesting yrði notuð sem liður í byggðaþróun. Sama var uppi á teningnum í tíð síðustu ríkisstj. þegar farið var yfir þessi mál varðandi virkjanir og þar sem það tókst í fyrsta sinni í rauninni að ná landi í sambandi við

ákvörðun um uppbyggingu allstórrar virkjunar utan Suðurlands. Að baki þeirri stefnu var bæði öryggissjónarmið, vissulega öryggissjónarmið í sambandi við orkuöflun, en einnig sú hugsun að dreifa slíkum virkjunum á einstaka landshluta til að tryggja orkuafhendingu utan Suður- og Suðvesturlands þar sem flestar virkjanirnar voru fyrir.

Ég vitnaði fyrr í máli mínu, herra forseti, til orða Vilhjálms Lúðvíkssonar sem hann viðhafði á aðalfundi eða ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins 8. og 9. febrúar s. l. Vilhjálmur ræddi þar einmitt þau efni sem ég hef verið hér að gera að umtalsefni og dró þau saman með skilmerkilegum hætti og ég vildi, með leyfi forseta, fá að vitna hér til nokkurra þátta úr máli hans þar sem hann dregur saman svör við spurningunni „Hvað er fram undan?"

„Í því samfélagi smáfyrirtækja og smástofnana sem hér ríkir," segir Vilhjálmur, „og vegna hinna fjölmörgu verkefna sem sjálfstætt þjóðfélag þarf að fást við er brýnni nauðsyn hjá okkur en flestum öðrum að leita okkar eigin aðferða til að samhæfa kraftana og ná a. m. k. hluta af þeim styrk sem aðrir fá af stærð sinni. Ég vísa aftur til þess sem ég sagði hér á undan um forsendur samkeppnishæfni í nútíma tækniþjóðfélagi þar sem álit færustu manna er að hinn mannlegi þáttur, hæfileiki til aðlögunar, góð menntun og framar öllu öðru góð stjórnun á flóknu samspili tækni, fjármagns og markaðar verði ráðandi. Í þessu sambandi vil ég nefna nokkur atriði sem ég held að skipti miklu í þróun okkar samfélags á komandi árum.

1. Koma þarf á nýrri tegund samskipta milli samtaka atvinnulífsins, launþega og atvinnurekenda og þess opinbera um markvissa sókn eftir aukinni framleiðslu og framleiðni í þjóðfélaginu. Slík samvinna getur aðeins grundvallast á samkomulagi um réttláta skiptingu þess afraksturs sem verða kann af aukinni framleiðni og framleiðslu. Það er mál til komið að hætt verði að rífast um skiptingu á minnkandi köku og að atorka manna fari í það að auka það sem til skiptanna er," segir Vilhjálmur Lúðvíksson.

„2. Breyta þarf tímaviðmiðun ákvarðana í þjóðfélagi okkar þannig að horft sé fram á við, sett skýr og skiljanleg markmið og kraftarnir sameinaðir að því að vinna að slíkum markmiðum."

(**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég gæti, virðulegi forseti, reiknað með að vera vel hálfnaður með mitt mál eða svo. (**Forseti:** Það er ætlun forseta að ljúka þessum fundi nú. Við höfum verið á fundi núna í Nd. í ellefu klukkustundir og samtals hefur þingið verið að störfum tólf og hálfa stund, virðist mér. Það er ætlun forseta að þessum fundi ljúki nú.) Já, virðulegi forseti. Alls ekki hef ég á móti því þó ég gæti vissulega haldið áfram máli mínu. Ég verð fúslega við þeim tilmælum forseta. Mér finnst það skynsamlegt út af fyrir sig, miðað við að ljóst er að menn ætla að halda þinghaldi áfram í sumar, að dreifa störfum með skynsamlegum hætti milli daga og get látið máli mínu lokið í bili.

Umr. frestað.

Efri deild, 99. fundur.

Föstudaginn 14. júní, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 522. mál (þskj. 1276). — Ein umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál í morgun og glöggvaði sig á breytingu sem gerð var í Nd. Sú breyting var gerð við 7. gr. frv. þar sem getið er um grunnfjárhæðir og breytingar á þeim með tilliti til byggingarvísitölu. Í 7. gr. frv., eins og það var lagt fram, stendur, með leyfi forseta:

„Skulu þær (grunnfjárhæðirnar) breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu frá upphafi til loka árs, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31.12.1984 til 31.12.1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar."

Breytingin sem gerð var í Nd. er sú að felld eru niður orðin „frá upphafi til loka árs". Við fyrstu sýn virtist þetta vera gert beinlínis til þess að ekki væri neinn misskilningur á ferðinni, að árið hæfist 1. janúar. En líklega er nú breytingin ekki til þess gerð heldur einfaldlega til þess að koma í veg fyrir þversögn í orðalagi. Hins vegar hefði að mínum dómi allt eins mátt breyta um dagsetningu og segja 1.1. 1985 til 31. 12. 1985 í stað 31. 12. 1984 til 31. 12. 1985. Niðurstaðan varð nú samt þessi í Nd. að nema brott orðin „frá upphafi til loka árs". Mér er sagt að þessar breytingar séu gerðar í fullu samráði við ríkisskattstjóra. Ég gerði tilraun til þess að ná til hans nú rétt fyrir hádegi en það tókst ekki. Hins vegar hef ég fengið nokkuð greinargóða lýsingu á því sem gerðist í Nd. í þessu máli hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. Nd.

Að þessum orðum sögðum legg ég til fyrir hönd fjh.- og viðskn. að þessi breyting verði samþykkt í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1292).

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 1280). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og hefur verið hér í meðförum Alþingis frá því í byrjun þessa þings. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mikla framsögu fyrir þessu máli, það hefur verið mikið í umræðu.

Það má víst segja að þessa dagana séu nokkurs konar tímamót í jafnréttismálum. Í fyrsta lagi hefur Alþingi nú staðfest sáttmála Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál og er það vissulega tímanna tákn, ekki síst núna í lok kvennaáratugarins. Í öðru lagi skeði það í meðferð þessa máls að allir stjórnmálaflokkar hér á Alþingi eða fulltrúar þeirra í félmn. Nd., ásamt öðrum aðilum sem ekki áttu aðild að félmn. tóku sér fyrir hendur að koma

þessu máli í gegnum Nd. með því að flytja sameiginlega brtt. við frv. Er það vissulega mjög mikilvægt atriði til að ná samstöðu í þessu máli.

Þær brtt. sem samþykktar voru samhljóða í Nd. í gær eru á þskj. 1160. Það var í fyrsta lagi að bæta við 3. gr. frv. samhljóða ákvæði eins og er í þeim sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Alþingi hefur staðfest, þ. e. eins og þar stendur: „Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum.“ Það var að allra mati mjög mikilvægt atriði að fá þetta inn í lagafrv. enda er það, eins og ég sagði áður, í fullu samræmi við það sem stendur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Enn fremur var hér gengið til móts við ýmsa aðila í sambandi við 17. gr. frv. Þar er bætt við: „Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins (þ. e. jafnréttisráðs) skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.“ Þetta var af jafnréttisráði og ýmsum fleiri aðilum talið mjög mikilvægt og var við því orðið.

Sömuleiðis var sú breyting gerð á 22. gr. að hún orðist svo: „Félmrh. skal leggja fyrir ríkisstj. framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn.“ Þessa áætlun er gert ráð fyrir að ráðh. leggi fyrir Alþingi til umræðu og á tveggja ára fresti á enn fremur að leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Skv. þessu ákvæði á því að vera hægt að leiða þessi mál hér inn á Alþingi með reglubundnum hætti og ræða stöðu þeirra á viðunandi hátt.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja mjög mikla áherslu á að einnig hér í hv. Ed. náist sú samstaða sem náðist meðal allra þm. í Nd. Þar sem örstutt er væntanlega til þingloka eru það eindregin tilmæli mín og ósk til hv. alþm. í Ed. að þessari samstöðu verði fylgt eftir hér einnig með því að afgreiða hratt þetta frv. svo að það geti orðið að lögum. Eins og ég sagði áðan eru nú viss tímamót í þessum málum ef Alþingi samþykkir einnig þessi lög sem verða örugglega til styrktar því sjálfsagða réttlætismáli að jafna stöðu og rétt kvenna og karla á sem flestum sviðum.

Ég vonast sem sagt til að þetta mál fái greiða afgreiðslu og óska eftir að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 523. mál (þskj. 1277). — Ein umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Eins og hv. þdm. rekur minni til þá var flutt brtt. við þetta frv. hér í Ed. þegar það var hér til umræðu. Hún varðaði fjárfestingarsjóðina og þarf ekki að skýra það frekar, það er öllum svo í fersku minni. Í Nd. var gerð breyting við ákvæði til brb. sem varðar ráðstöfun ónýtts skattafsláttar, þ. e. að meðan ákvæði laga um eignarskattsauka er í gildi skal með hann fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts skattafsláttar. Þessi till. skýrir sig að mínum dómi sjálf.

Fjh.- og viðskn. Ed. hefur ekkert við þessa till. að athuga, síður en svo, og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1293).

Útvarpslög, frv. 532. mál (þskj. 1265). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Aldrei er góð vísa of oft kveðin og aldrei of oft minnt á að við eigum að vera vönd að virðingu okkar hér á hinu háa Alþingi og samþykkja ekki aðra löggjöf en þá sem fær staðist og er rökrétt. Því var því miður ekki fyrir að fara með þau útvarpslög sem hér voru samþykkt í gær, minnihlutalögin sem ég vil svo nefna, lög sem ekki njóta stuðnings meiri hluta þeirra manna sem sæti eiga á Alþingi.

Ég flutti þetta frv. í gær áður en útvarpslögin voru samþykkt. Þetta er frv. til l. um breytingu á útvarpslögum nr. 19/1971. Efni þessa frv. er að við gildandi útvarpslög bætist ákvæði til brb. sem er svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er ráðh. heimilt að veita öðrum aðilum heimild til staðbundins útvarpsrekstrar á tilraunatímabili er hefst 1. janúar 1986 og lýkur 31. desember 1988.“

Síðan er hér fjallað um það hverjum skilyrðum þessi heimild skuli bundin. Í fyrsta lagi skal kjósa útvarpsréttarnefnd og geti leyfishafar sent þetta tilraunaútvarp út með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi með því að leigja dreifikerfi Ríkisútvarpsins á þeim tíma sem Ríkisútvarpið nýtir það ekki og nota það til útsendinga. Í öðru lagi með því að leigja rásir í boðveitukerfum sveitarfélaga. Í þriðja lagi með eigin senditækjum sem póst- og símamálastjórnin viðurkennir. Gert er ráð fyrir að leyfishafar geti aflað sér tekna til að standa undir útvarpsrekstri með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með afnotagjöldum og í öðru lagi auglýsingum sem miðist við verslun og þjónustu á starfssvæði leyfishafa, enda fari hlutfall auglýsinga af útsendri dagskrá eftir nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar.

Þetta frv. var flutt hér í gær, áður en minnihlutalögin voru samþykkt, og það er raunar aðeins skynsamleg ábending um það með hverjum hætti hefði verið æskilegt að leysa þetta mál ef Sjálfstfl. hefði ekki rekið málið af slíku offorsi, mér liggur við að segja ofbeldi, eins og gert var þar sem hafnað var að fallast á till. til að koma lögunum í skynsamlegt horf. Verður sú afstaða, hygg ég, lengi í minnum höfð. Það verður náttúrlega líka lengi í minnum haft hvernig, við skulum segja Framsfl. og þriðji stjórnarflokkurinn, sem BJ virðist vera að verða, brugðust við í afstöðu til brtt. þar sem um var að ræða eins konar samspil um að gæta þess nákvæmlega að engin till. yrði samþykkt og fengi meirihlutastuðning þannig að málið þyrfti að fara aftur til Nd. BJ sá til þess með mjög eftirminnilegum hætti. Það er raunar skemmtilegt og skondið að flokkurinn sem talar í sífellu um að valdið eigi að færa til fólksins vill ekki sjö manna útvarpsréttarnefnd. Heldur vill hann

fela ráðh. einum allt vald um framkvæmd laganna. Það er undarleg lógikk; það eru undarleg rök. En ástæðulaust er að hafa fleiri orð um það.

Í þessu frv. sem hér er til umræðu nú er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd starfi. Það er eðlilegt, en þetta mál mun fara til menntmn. og verður sjálfsagt afgreitt þar. Nefndir þessarar hv. deildar eru mjög afkastamiklar í afgreiðslu mála nú og stendur hvergi á. Ólíkt höfumst við að í neðra og efra, eins og þar stendur, en ljóst er að eftir samþykkt útvarpslagafrumvarpsins í gær, minnihlutafrumvarpsins, þarf að gera breytingar á þessu frv. eins og það er núna vegna þess að auðvitað þarf að fella þau lög úr gildi og þetta bráðabirgðaákvæði sem kemur aftan við nýju útvarpslögin. Þó er kannske ekki víst að þurfi að fella lögin úr gildi núna vegna þess að þau öðlast ekki gildi fyrr en 1. janúar 1986, enda þótt menntmrh. sé nú ætlað að skipa ráð og nefnd samkv. lögunum hið fyrsta. En það kemur sem sagt tæknilega til athugunar í nefnd hvort þurfi að breyta þessu. Ólíkt væri það nú skemmtilegra og skynsamlegra að afgreiða málið með þessum hætti þannig að þessi heimild væri veitt í núgildandi útvarpslögum og þau stæðu síðan óhögguð meðan við værum að koma okkur upp bærilegum útvarpslögum, tækjum okkur til þess tíma og reyndum að ná um það samstöðu þannig að a. m. k. sæmilegur friður gæti verið um þetta mál.

Ég ítreka það sem ég sagði hér fyrir tveimur dögum að ég er sannfærður um að ef Sjálfstfl. hefði ekki þverskallast í þessu máli og tekið þessa óskiljanlegu afstöðu, hefði verið hægt hér í Ed. að ná mun víðtækara samkomulagi um þetta mál en raun bar vitni. Ýmsir hv. nm. úr stjórnarflokkunum sýndu málinu fullan skilning og höfðu á því áhuga að samkomulag yrði á breiðari grundvelli en tekist hefur til þessa, og ég er alveg sannfærður um að okkur hefði tekist að búa til frv. sem hefði haft allnokkuð meiri stuðning og meiri hluta á Alþingi heldur en það frv., sem við vorum að fjalla um, þar sem engu mátti breyta. Þessi vinnubrögð eru auðvitað fyrir neðan allar hellur og mikil vanvirða við Alþingi og þessa deild að fara þannig að að læsa málinu með því að samþykkja frv. með öllum vitleysunum. Það var rækilega bent á ágallana en menn létu það bara sem vind um eyru þjóta.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hefja hér upp nýja umræðu um þessi mál. Ég geri ráð fyrir að mönnum þyki útvarpslagamálið fullrætt. Hér er bara um að ræða leið til að leysa þetta mál með skynsamlegri hætti en ákveðið var í gær.

Ég legg til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. hér áðan í sambandi við spurninguna um nefnd eða ráðherra. Áður en ég sný mér að því að reyna að svara þeim get ég að vissu leyti tekið undir þá hugmynd sem í raun og veru býr að baki frumvarpsflutningi hv. 5. landsk. þm. Ég held að ef svona frv. hefði komið fram fyrr hefði verið mjög eðlilegt að taka með einhverjum slíkum hætti á þessu máli vegna þess að það frv. sem við samþykktum var mjög langt frá því að vera fullkomið. Ef menn á annað borð höfðu áhuga á að ýta þessum málum til þeirrar áttar í fyrsta lagi að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins og hins vegar að heimila öðrum, og þá sem flestum sem það vildu, að reka eigin útvarpsstöðvar, þá mátti alveg eins fara þessa leið. Það er í raun og veru ergilegt, ef svo má taka til orða, að þetta frv. skuli ekki hafa komið fram fyrr eða eitthvað annað því svipað.

Aftur á móti í sambandi við spurninguna um nefnd eða ráðherra verður kannske að grípa til einhverra líkinga til þess að skýra það mál örlítið nánar. Og án þess að vera að gera nokkrum eitt eða annað upp, til þess eins að menn skilji nógu skýrt hvað hér er á ferðinni, lít ég svo á að kjósendur séu nokkurs konar dómstóll um gerðir þeirra manna sem þeir hafa kosið og í því sé vald kjósendanna fólgið. Þeir framselja þetta vald til hinna kjörnu fulltrúa. Nú hefur það orðið venja hér á Íslandi, sem er alls ekki algild venja í þingræðislöndum samt sem áður, að niðurstöður kosninga eru framlengdar með þeim hætti að kjörnar eru nefndir af hálfu þingsins til alls kyns starfa á sviði framkvæmdavaldsins. Mörgum finnst þetta mjög eðlilegt og sjá í því að raunverulega sé verið að framlengja vilja kjósenda eða vilja fólksins. En ef við hugsum þetta dæmi upp aftur og reynum að ímynda okkur hvernig kjósendur eigi að gera upp hug sinn til starfa þessara nefnda í kosningum, þegar þeir hafa horft á störf þeirra og vinnu, hljóta allir að skilja hversu erfitt það er fyrir kjósandann að gera sér grein fyrir hvern hann á að draga til ábyrgðar þegar hann metur störf nefnda sem þessara. Þá er ég að tala um nefndir eins og útvarpsráð eða útvarpsréttarnefnd og ég er að tala um allar þær nefndir, stjórnir og ráð sem kosnar eru með þessum hætti hér á þingi.

Tökum annað dæmi til skýringar, þ. e. að maður fremur glæp. Ef einn maður fremur glæp fer það ekkert á milli mála hvern á að draga til ábyrgðar fyrir þann glæp frammi fyrir dómstólum. Ef fimm menn fremja hann saman eru þeir allir samsekir. Ég held að í þessari einföldu uppsetningu á dæminu hljóti skynsamir menn að átta sig á því hvaða munur er á því að fela einstaklingi ábyrgð á verki eða fela nefnd ábyrgð á verki. Kjósandinn hefur ákveðna möguleika til að draga einstaklinginn, ráðherrann, sem fulltrúa einhvers stjórnmálaafls til ábyrgðar fyrir gerðir sínar í kosningu. Alþingi hefur möguleika á að draga þennan einstakling til ábyrgðar fyrir gerðir sínar í umboði kjósenda. En Alþingi er samsett af mörgum stjórnmálaflokkum sem síðan kjósa hver um sig fulltrúa í slíkar nefndir. Þeir hafa í raun og veru enga möguleika til að draga þessar nefndir til ábyrgðar. Þeir hafa það ekki nema valdaumboðið sé hreinna og skýrara en það er í dag.

Ég held ég láti þessi orð nægja til þess að reyna rétt eina ferðina enn að skýra þau sjónarmið sem lúta að því að við í Bandalagi jafnaðarmanna berjumst fyrir öðruvísi stjórnskipan en við núna búum við. Menn tala af mikilli hneykslun um það að menn skuli vilja afnema þingræðið rétt eins og þingræðið sé eitthvað sem við höfum fengið í gjöf frá guði. Allir vita að þingræðið er í raun og veru bara ákveðið þróunarstig í sögu lýðræðisins. Þingræðið er þannig til komið á flestum stöðum að fyrstu lýðræðislega kjörnu þingin störfuðu til hliðar við framkvæmdavald sem skipað var að mestu leyti mönnum af aðalstign og úr erfðastéttum þjóðfélagsins, þeim stéttum sem höfðu þegið valdið frá guði, og þingræðið var bara ákveðin leið til að leysa þann vanda

sem fólst í samskiptum lýðræðislega kjörinna þinga og sjálfskipaðs og spillts framkvæmdavalds aðalsmanna. Við vitum að til eru margar aðrar leiðir til að framlengja vald fólks, kjósenda og einstaklinga, en þær sem farnar eru í dag og að það stig sem við erum stödd á núna í sögu lýðræðisins, sem ekki er nú ýkja gömul, er auðvitað langt frá því að vera eitthvert endanlegt stig á því hvernig vilji fólks kemur fram við stjórn samfélaga, hvort sem um er að ræða sveitarfélög eða þjóðir. Og það held ég að blandist ekki nokkrum manni hugur um að því beinna sem lýðræðið er, því réttlátara er það í þeim skilningi að vilji meiri hlutans kemur fram í öllum aðgerðum stjórnvalda.

Það er annað líka sem beint lýðræði býður upp á og það er að hafi kjósandinn beinan eða sem beinastan umfjöllunarrétt eða umfjöllunaraðild að löggjöf losnar stjórnmálamaðurinn með því á vissan hátt undan þeim þvingunum sem fólgnar eru í samskiptum hans við hagsmunasamtök í þjóðfélaginu, svokallaða þrýstihópa. Það væri óskandi að maður ætti eftir að sjá fram á þá tíð hér á Íslandi, að stjórnmálamenn gætu orðið sem mest óháðir þeim sterku þrýstihópum sem núna hafa hvað mest áhrif á stjórn í þessu landi, þrýstihópum sem ekki eru bornir uppi af lýðræðislegum kosningum þjóðarinnar heldur eru til komnir með allt, allt öðrum hætti og eiga þar af leiðandi í raun og veru engan rétt, hafa ekkert umboð til þess að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnmálamanna. Ég er að tala um það að sú aðferð að stjórna stofnunum ríkisins sem hér hefur verið valin margsinnis og seinast í gær, að réttur manna sé mældur, veginn og metinn í nefndum, sem tilkomnar eru og kjörnar með þeim hætti að niðurstöður kosninga eru framlengdar inn í framkvæmdavaldið, þá á ég við útvarpsréttarnefnd sem var verið að lögleiða hér í gær, þær eru valdatæki sem kjósandinn hefur ekki nokkrum möguleika á að draga til ábyrgðar fyrir gerðir sínar. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt. En ég gerði það bæði í gær og áður að skýra það út hvers vegna ég vildi þó frekar ná fram þessum lögum eins og þau voru gölluð heldur en engum. Og ég hafnaði því að taka þátt í þeim skollaleik sem hér átti að fara fram í gær með till., sem sett var hér fram, undarlegri samsuðu úr öllum áttum, þar sem gerð var tilraun til þess að reyna að fiska atkvæði sem flestra bara í þeim eina tilgangi að stöðva framgang þessa frv., ekki vegna þess að menn væru að deila um grundvallaratriði, hugmyndafræðilegan ágreining í afstöðu sinni til þessara laga, heldur vegna þess að í valdatafli stjórnarflokkanna þóknaðist öðrum flokknum að reyna að bregða fæti fyrir þessa löggjöf til þess að halda sinni stöðu á samningaborðinu.

Virðulegi forseti. Ég sé að þessi umræða fer mjög í taugarnar á sumum þm. hérna og ég sé ekki heldur neina ástæðu til þess að vera að tala yfir mönnum sem láta í ljós í raun og veru vanvirðu sína á umræðu sem þessari, enda hefur það náttúrlega oftast orðið reynslan hér að þegar hefur átt að fara að tala um grundvallaratriði í stjórnskipan landsins missa eiginlega flestallir þm. áhugann og finnst við vera komnir út í eitthvað sem þeir hafa enga ástæðu til þess að fjalla um. Mönnum lætur hér miklu betur að fjalla um ýmiss konar tæknileg atriði, smáatriði sem eru hluti af þeim stjórnmálaleik sem menn hafa vanist hér á þessu þingi.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Undir tvíhjóladan vagn ríkisstj. er nú komið þriðja hjólið og kemur sér ekki illa þar sem eiginlega má segja að sprungið sé á öðru og orðið lint í hinu ef miðað er við hvernig stjórnarflokkarnir koma almenningi fyrir augu núna. En hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna eiga alla mína samúð óskipta. Það versta sem hægt er að gera þeim er að biðja þá að reyna að skýra út stjórnkerfishugmyndir sínar. Ég bað reyndar ekki um þá skýringu. Hún kom óumbeðið af öðru tilefni. Það er nefnilega með ýmsar hugmyndir þessa ágæta flokks sem hann hefur sett á oddinn eins og ágætur maður eitt sinn sagði þegar honum var bent á að tilteknar tillögur væru ekki framkvæmanlegar: Ég veit það, en þetta hljómar vel.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum 1983 voru fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna beðnir að skýra hugmyndir sínar um frjálst fiskverð. Það var ekki hægt. Það kom ekki nein skýring. Stjórnkerfishugmyndirnar eru byggðar á misskilningi á franska stjórnkerfinu. Það er heldur ekki hægt, a. m. k. ekki með skaplegum hætti, að skýra þetta. Þetta er allt saman einn misskilningur frá upphafi til enda. Það er leiðinlegt til þess að vita að menn skuli halda uppi löngu málrófi um tillögur sem fá ekki staðist þegar þær eru skoðaðar ofan í kjölinn. En það verður hver að eiga um það við sig og sína samvisku.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Það er vissulega full ástæða til þess að halda uppi umræðu um stjórnskipan og stjórnkerfi íslenska ríkisins eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði. Ég held að ekkert hafi skort á það fyrir seinustu kosningar að þau mál hafi verið rædd. Þau komu upp á fjölmörgum fundum, enda var þá Bandalag jafnaðarmanna að kynna þær hugmyndir sínar, sem ekki hlutu mikinn hljómgrunn, enda næsta óskiljanlegt hvernig þeim dettur í hug að afnema þingræðisskipan sem hér hefur verið um alllangt skeið og tíðkast í öllum nágrannalöndum okkar nema Bandaríkjum Norður-Ameríku og Frakklandi.

Í Frakklandi er málum þannig komið að menn hafa miklar áhyggjur af þeirri stjórnarskrá sem þar er í gildi enda var hún samin við alveg sérstakar aðstæður og nánast handa einum manni. Það liggur nefnilega fyrir að þar geti farið eins og hefur gerst í Bandaríkjum Norður-Ameríku að framkvæmdavaldið styðjist ekki við þingmeirihluta og þá er kominn upp vandi. Það vandamál hafa Bandaríkin leyst m. a. með mjög sterkum hagsmunasamtökum, einmitt því sem hv. 8. þm. Reykv. telur af hinu illa og sé eitt af því sem valdi miklum glundroða og sé til mikils skaða í íslenska stjórnkerfinu og íslensku þjóðfélagi.

Fulltrúaþingin voru ekki eitthvað út í bláinn. Fulltrúaþingin voru til komin vegna þess að ekki var lengur hægt að stjórna eftir þeirri fornu skipan að ákveðnar stéttir réðu, að konungsvald og framkvæmdavald væri allsráðandi og löggjafarvaldið, þ. e. fjárveitingavaldið væri í höndum stéttanna. Fulltrúaþingin voru hin mikla framför frá stéttaþingunum. Fulltrúaþingin voru svar hinna nýju ríkja, iðnríkja, þar sem mannfjölgun var mikil, þar sem taka þurfti tillit til fjölmargra aðstæðna í þjóðfélaginu, þar sem sjálf samfélagsgerðin krafðist þessa kerfis og svo er það enn í dag.

Lýðræði og þingræði þarf ekki endilega að fara

saman. En þingræðið er að mínu mati mjög veigamikill þáttur lýðræðisins því að lýðræðisskipanin er ekki einungis í því fólgin að meiri hlutinn ráði, heldur að sinnt sé þörfum og vilja og óskum hinna mörgu minni hluta sem byggja upp nútíma samfélag. Það er því næsta furðulegt að leggjast gegn því að Alþingi kjósi stjórnir og ráð ýmissa ríkisstofnana, þar sem þau ráð og þær stjórnir eru í fyrsta lagi spegilmynd af vilja þeirra mörgu minni hluta sem skipa þingið og í öðru lagi eru þessar nefndir og þessi ráð á ábyrgð þingsins og þingið getur vikið þeim frá eftir vild. Að færa slíkt yfir á ráðherra einan, að hann sé hinn eini aðili sem fólkið í landinu geti snúið sér beint til og hann beri ábyrgð gagnvart fólkinu, er ekki rétt því það er gagnvart Alþingi sem ráðherra ber ábyrgð og það er einungis Alþingi, sá sami aðili sem skipar og setur af nefndir og ráð ríkisstofnana, sem einnig samþykkir og setur af ráðherra. Ég held að þau rök að skilja að framkvæmdavald og ríkisvald geti ekki talist jákvæð í nútíma samfélagi, heldur bjóði það miklu fremur upp á óþarfa átök, hagsmunabaráttu, lobbyisma, sem ekki hefur orðið til þess að styrkja það lýðræði sem fulltrúalýðræðið vissulega gerir.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Auðvitað er það afsakanlegt að menn tali í dæmum. En það er samt sem áður að gera öðrum mönnum upp skoðanir og hugsanir að fullyrða ákveðna hluti og ganga síðan út frá þeim eins og gefnum staðreyndum, þó að menn hafi bent á að til séu aðrar leiðir til þess að framkvæma lýðræði heldur en sú sem við förum hér á landi. Þó að þær leiðir séu m. a. farnar í þeim tveim löndum þar sem lýðræðið á sér hvað lengsta sögu, Frakklandi og Bandaríkjunum, hefur því jafnan verið haldið fram að það væri ekki neitt sérstakt markmið okkar eða annarra að taka upp sömu stjórnskipan og þar er viðhöfð. Ég geri mér alveg ljósar þær staðreyndir, sem hv. 9. þm. Reykv. benti hér á, að sá aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds, framkvæmdur með þeim hætti sem á sér stað í Frakklandi, er ákveðið stjórnkerfi sem var nokkurn veginn skraddarasaumað fyrir mann sem hét de Gaulle og þess vegna engin ástæða til þess að gleypa það hrátt hér á Íslandi.

Ég geri mér líka grein fyrir því að sá aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds og þær aðferðir sem notaðar eru til þess að kjósa fulltrúaþing Bandaríkjanna hafa leitt af sér mjög harðan og víðtækan lobbyisma enda engin ástæða til þess að taka slíkar aðferðir beint upp hér. Þvert á móti ættum við einmitt að stefna að því að sníða okkur það stjórnkerfi sem útilokar sem mest þá ágalla sem eru á stjórnkerfum annarra landa, m. a. lobbyisma. Það er til mjög ákveðin og afskaplega einföld leið til þess að losna við lobbyisma, að svo miklu leyti sem það er hugsanlegt, og hún er sú að láta þjóðina í sem flestum málum taka endanlega afstöðu til löggjafar. (Gripið fram í.) Þjóðaratkvæðagreiðsla. (Gripið fram í.) Já, ef menn hafa áhuga á því að fara að ræða þau ósköp, var ég búinn að lýsa vergangi mínum í þeim málum þegar ég var að berjast hér í fyrra fyrir því að leitað yrði álits þjóðarinnar á því hvort hún vildi drekka og framleiða bjór eða ekki. Þá komu menn hér hver um annan þveran í ræðustól í Sþ. og höfðu aldrei heyrt aðra eins fásinnu eins og ætla að fara að taka þá ábyrgð frá Alþingi að setja lög í þessu landi, spurðu hvort við værum slíkir aumingjar, þm., að geta ekki sjálfir tekið jafneinfalda ákvörðun eins og þá hvort menn ættu að fá að drekka bjór eða ekki. (Gripið fram í.) Já, það reyndist síðan að nokkru leyti sá sami hópur sem nú flutti ýmist eða greiddi atkvæði þeirri till. að vísa frv. um það efni til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði hér áðan um dásemd fulltrúalýðræðisins sem birtist í því að með því að framlengja niðurstöður kosninga inn í stjórnir, nefndir og ráð framkvæmdavaldsins væri tryggður aðgangur minni hluta og réttur. Þá vil ég einfaldlega spyrja hann einnar samviskuspurningar: Telur hann virkilega að hlutfallskosningar á þingi í stjórnir, ráð og nefndir þingsins tryggi jafnan aðgang minnihlutahópa að þjónustu framkvæmdavaldsins? Og ef svo er, ef þetta er í raun og veru gulltrygging hins litla manns, til hvers í ósköpunum erum við þá að setja lög? Er þetta þá ekki það svokallaða „non plus ultra" í okkar lífi að stjórna öllu þjóðlífi með þessum hætti?

Það er kannske ofgert í þessari umr., þar sem við erum að ræða um útvarpslagafrumvarp flutt hér í kjölfarið á útvarpslagafrumvarpi ríkisstj. sem búið er að samþykkja, að taka hér til við umræðu um þingræði og lýðræði og hvort menn vilja fulltrúalýðræði eða beint lýðræði. En ég held samt sem áður að ég verði, og það skulu þá vera lokaorð mín hér, að benda á þá staðreynd að þegar hér var komið á lýðveldi gerðum við Íslendingar nánast ekkert annað en að skipta um nafn á stjórn þessa fyrirtækis. Við eignuðum okkur þá stjórnarskrá sem okkur hafði verið rétt af kónginum ekkert löngu áður og gerðum lítið meira en einfaldlega stroka kónginn út úr stjórnarskránni gagnstætt því sem önnur ríki, t. d. Bandaríkin, fóru að þegar þau voru stofnuð að þau hentu í raun og veru fyrir borð öllu því sem hægt var að henda og minnti á fyrri stjórnskipan og byrjuðu gjörsamlega frá grunni. Við Íslendingar eigum enn þá tækifæri til þess að henda burt þeim gamla grunni sem við stöndum á, sem óneitanlega er grunnur erfðaeinveldisins. Þannig séð er íslenskt þingræði eins og víða annars staðar beinn arftaki erfðaeinveldis af einhverju tagi. Það hlýtur að vera hægt og það hlýtur að vera kappsmál þeim mönnum sem bera fyrir brjósti hag þess hugtaks og þeirra hugsjóna sem lýðræðið er, það hlýtur að vera þeim keppikefli að koma á hér, og þá hugsanlega annars staðar líka, þeirri tegund lýðræðis eða því stigi lýðræðis sem er eins fjarri hugmyndum erfðaeinveldisins og mögulegt er. Og til þess hljótum við að standa hér, þeir aðilar sem boðið hafa sig fram til þess að vinna að viðgangi og hagsmunum lýðræðisins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ekki vill forseti hefta málfrelsi hv. þm., en nú þykir honum umræðan vera komin nokkuð langt til hliðar við dagskrármálið sem var útvarpslagafrv. og vill því beina því til hv. þm. að hafa það í huga að halda sig sem mest við hvert dagskrárefni. En þessari umr. er nú frestað og fundinum jafnframt til kl. 4. Þá liggur væntanlega ljósar fyrir hvað verður um fundarstörfin áfram í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Föstudaginn 14. júní, að loknum 99. fundi.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 1253). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Með lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins frá 1971 var sett á fót byggðadeild við þá stofnun, eða Byggðasjóður. Má segja að þá hafi verið brotið í blað í afskiptum hins opinbera af byggðaþróun í landinu. Á þeim fimmtán árum sem liðin eru hafa Framkvæmdastofnun og Byggðasjóður sinnt þessu hlutverki á margan hátt með ágætum og vafalaust er að Byggðasjóður hefur með sínu átaki þegar um einstök byggðavandamál hefur verið að ræða ráðið sköpum um þróun byggðar á viðkomandi stöðum. Má nefna mörg dæmi um það að tekist hefur að endurreisa atvinnulíf og þar hefur risið að nýju blómleg byggð og blómlegt athafnalíf.

Engu að síður hefur verið af ýmsum fundið nokkuð að starfsemi Byggðasjóðs. Ýmsir hafa talið Byggðasjóð vera of mikinn viðbótarlánasjóð eins og sagt er. Og því verður ekki neitað að í mjög mörgum tilfellum hefur Byggðasjóður starfað skv. þeim reglum að lána ákveðinn hundraðshluta til viðbótar við lán sem koma frá stofnlánasjóðum. Hafa þau lán þá ekki orðið svo markvisst til byggðaeflingar eins og æskilegt mætti teljast.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð var ákveðið að taka lög um Framkvæmdastofnun ríkisins til endurskoðunar, m. a. vegna þess að ríkisstj. vill leggja stóraukna áherslu á það hlutverk Framkvæmdastofnunar, sem má segja að sé algert aukahlutverk nú orðið, að vinna að þróun og eflingu nýrra atvinnugreina með styrkjum og áhættufé. Ekki þótti samrýmanlegt að Byggðasjóður yrði deild innan slíkrar stofnunar. Var því ákveðið að flytja frv. um sérstaka byggðastofnun sem yrði sjálfstæð og óháð öðrum. Hins vegar er jafnframt í Nd. til meðferðar frv. um þróunarfélag eða heimild ríkisstj. til að taka þátt í hlutafélagi til nýsköpunar í atvinnulífi. Af þessum ástæðum er frv. flutt, þ. e. að talið var nauðsynlegt að byggðastarfsemin yrði enn þá markvissari en hún hefur verið og í öðru lagi á Byggðastofnun ekki heima með því fyrirtæki sem ég hef lauslega nefnt.

Verkefni Byggðastofnunar eru um margt lík verkefnum Byggðasjóðs. Gert er ráð fyrir því að Byggðastofnun verði kosin stjórn á Alþingi, það þykir eðlilegast. Alþm. eru einna kunnugastir byggðavanda vítt og breitt um landið og í slíkum tilfellum sýnist mér æskilegt að þeir komi að slíkum málum í framkvæmd en ekki aðeins sem löggjafar.

Byggðastofnun eru ætluð hlutverk sem talin eru upp í II. kafla laganna. Henni er ætlað að fylgjast með byggðaþróun og hafa áhrif á opinberar aðgerðir. Henni er m. ö. o. ætlað að hafa frumkvæði í byggðamálum þar sem virðist halla undan fæti og benda á það sem gera þarf til að koma í veg fyrir slíkt. Þá er Byggðastofnun ætlað að gera byggðaáætlanir og stjórn stofnunarinnar ætlað að fjalla um þær og staðfesta þær. Sömuleiðis er Byggðastofnun ætlað að starfa með þeim öðrum aðilum sem að slíkum málum vinna, m. a. sveitarstjórnum og landshlutasamtökum. Samkvæmt 9. gr. er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð. Mér þykir ástæða til að minna sérstaklega á það því að landshlutasamtökin hafa talið að með þessu frv. væri horfið frá þeirri aðstoð sem Framkvæmdastofnun hefur veitt landshlutasamtökunum. Ég lít alls ekki svo á. Þvert á móti er með þessu ákvæði, sem ég hef nefnt, beinlínis vakið máls á því að Byggðastofnun geti tekið þátt í starfsemi landshlutasamtakanna. En það er hins vegar stjórn stofnunarinnar sem hlýtur að ákveða slíkt. Og Byggðastofnun er ætlað að fylgjast með framkvæmd áætlana sem gerðar eru um byggð og stuðla að því að þær standist og því sé náð sem að er stefnt. Byggðastofnun er heimilt að lána úr sínum sjóði til byggðaframkvæmda en einnig er henni heimilt að veita ábyrgðir og óafturkræf framlög skv. sérstökum umsóknum sem um það berast. Sérstaklega er gert ráð fyrir í því sambandi að um neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum sé að ræða. Byggðastofnun er einnig heimilt að taka þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum og er með því stefnt að því að Byggðastofnun vinni að nýsköpun í atvinnulífinu um land allt og geti gert það, ef landshlutasamtök eða sveitarfélög kjósa að gera það, með t. d. þátttöku í fjárfestingar- eða þróunarfélögum sem reyndar eru sums staðar þegar komin á fót.

Tekjur Byggðastofnunar eru skv. 15. gr. eignir Byggðasjóðs skv. lögum frá 1976, framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni og fjármagnstekjur. Skv. 16. gr. er Byggðastofnun heimilað innan ramma lánsfjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis. Gert er ráð fyrir því að Byggðastofnun geti haft a. m. k. 0.5% þjóðarframleiðslu til ráðstöfunar, eða eins og nú er um 400 millj. kr. á ári hverju. Sýnist mér það vera umtalsvert fjármagn. Byggðasjóður lánaði á s. l. ári, ef ég man rétt, um 330 millj. kr.

Ég vil geta þess að gert er ráð fyrir að Byggðastofnun taki við hálfri húseign Framkvæmdasjóðs á Rauðarárstíg. Um það er samkomulag og mun verða frá því máli gengið í núverandi Framkvæmdastofnun. Reyndist því ekki þörf á að setja það í frv. Auk þess tekur Byggðastofnun við eignum Byggðasjóðs eins og ég gat um. Í skýrslu frá Framkvæmdasjóði sem liggur á borðum þingmanna kemur fram að þær eignir eru umtalsverðar og skipta nokkrum hundruðum milljóna króna.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil aðeins segja að lokum að byggðamálin eru að sjálfsögðu ein þau mikilvægari sem Alþingi fjallar um. Við viljum byggja þetta land vel og til þess þurfum við að byggja það nokkurn veginn eins og það er nú. Með því er ég þó alls ekki að segja að ekki megi verða breytingar á byggð. Breytingar hljóta að verða á byggð þegar breytingar verða á þeim kröfum sem fólkið gerir og við því er að sjálfsögðu ekkert að segja. Byggðastofnun er ætlað að stuðla að því að allar slíkar breytingar verði jákvæðar, efli í raun og veru byggð þessa lands þótt byggðin breytist frá einum tíma til annars.

Ég held þess vegna að Byggðastofnun verði, eins og Byggðasjóður var, ein af mikilvægari stofnunum í

ríkiskerfinu. Ég er líka þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé að til sé miðstöð byggðastarfsemi í landinu. Sumir álíta réttara að fela hverjum landshluta að sjá um byggðastarfsemi fyrir sig. Það er góðra gjalda vert og ég er að mörgu leyti hlynntur því að landshlutasamtökin fái aukið ákvörðunarvald. Ég held hins vegar að samhjálp, sem felst í miðstöð byggðamála, sé óhjákvæmileg því að í mörgum tilfellum verður að flytja fjármagn frá einum landshluta til annars til þess að ná tilætluðum árangri þegar stórátak er nauðsynlegt.

Um þetta mál urðu miklar og ítarlegar umræður í Nd. og gerðar voru á því fáeinar breytingar sem ekki eru þó viðamiklar. Það er einlæg von mín að þessi hv. deild sjái sér fært að afgreiða þetta mál þótt skammur tími sé til stefnu svo að þessi stofnun geti hafið starfsemi sína eins og *nú er gert ráð fyrir 1. október 1985.*

Að þessu mæltu og að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa hér uppi langt mál, enda ekki siður okkar hér í Ed. að vera langorðir, jafnvel þó að þýðingarmikil mál séu á ferðinni sem ástæða væri til að fjalla ítarlega um. En á okkar borð er nú kominn einn þeirra þríbura svonefndu sem fæddust í vetur hjá stjórnarliðinu og baksað er nú við að koma til nokkurs vits og þroska hér í þinginu. En afturfótafæðing þessara frv. allra lofaði náttúrlega engu góðu.

Hér er í raun og veru um eitt af afkvæmum þeim að ræða sem urðu til hjá formönnum núverandi stjórnarflokka í sáttmálaleiknum svokallaða á sumrinu 1984, sem að meginhluta til átti að vera til að róa stuttbuxnadeild Sjálfstfl., sem hrópað hefur hæst um báknið burt og ekki hvað síst hefur beinst að Framkvæmdastofnun ríkisins sem því bergtröllí sem þyrfti að hverfa. En hafi þetta bergtröll átt að hverfa eða gufa upp, þá varð niðurstaðan sá þríhöfða þurs sem hér hefur verið nefndur áður í umr. og liggur nú fyrir hér til meðferðar og afgreiðslu, þ. e. einn hluti hans. Hinir þríburarnir munu sennilega sjá dagsins ljós hér hjá okkur uppi í Ed. síðar í dag ef svo fer sem horfir. Og að sjálfsögðu á báknið ekki að minnka. Í hillingum sjá menn fleiri forstjórastóla, kátari kommissara. En betra bákn skal það víst vera og einn þríburinn er meira að segja á frjálshyggjubrautinni, ef vel dafnar, þar sem ríkið á eins og venjulega að leggja fram undirstöðuna en einstaklingar og fyrirtæki eiga svo að hirða sinn hlut, eins og eitt af þessum frv. er glöggt dæmi um. Hitt er svo rétt að þessi margnefnda stuttbuxnadeild hefur fengið sína dúsu og tottar hana í velþóknan og það er trúlega það sem máli skiptir í þessu efni.

Hér væri hins vegar vissulega ástæða til langrar umfjöllunar um byggðamál, um þróun í atvinnulífi okkar, um þá möguleika sem enn eru ótaldir tengdir *þeim greinum sem við höfum byggt á*, auk þess nýja sem við eigum að sjálfsögðu að horfa til og hagnýta okkur sem allra best. Eftir tveggja ára valdaferil þessarar stjórnar væri hins vegar forvitnilegt að virða fyrir sér þó ekki væri nema það eina verkefni sem hvoru tveggja tengist hinni margnefndu stóriðju, sem oft hefur verið rætt um sem þann vaxtarbrodd sem ætti að treysta á, og reyndar byggðastefnu í sama tilfellinu, þ. e. kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði sem hafði verið undirbúin rækilega sem hvort tveggja í senn: innlent stóriðjuverkefni og byggðaverkefni um leið.

Enn eru þar settir upp loftkastalar, enn byggðar skýjaborgir, enn gefnar tálvonir. En hingað til hefur allt hrunið og eina örugga atriðið nú er óvissan. Og sú óvissa er orðin löng fyrir þá sem hafa beðið eftir því að eitthvað gerðist í þessu máli. Saga þessa máls um innlent stóriðjufyrirtæki segir meira en allt annað um raunveruleg átök til eflingar byggðar og atvinnutækifæra því að það verður stækkun álversins í Straumsvík ein sem blasir við, sá óskadraumur fær að rætast fljótt og vel hjá þessari hæstv. ríkisstj.

Þessi dapurlega saga kísilmálmverksmiðjunnar í kjölfar stórra yfirlýsinga og glæstra gylliloforða verður rakin síðar, en hún er talandi tákn um uppgjöf og aðgerðarleysi, lýsandi dæmi um vantrú á möguleikum okkar sjálfra til að takast á við verkefnin og leysa þau án þess að gerast taglhnýtingar erlends auðmagns. Byggðavandinn í dag í allri sinni ógn virðist ekki halda tiltakanlega vöku fyrir þeim sem málum stjórna. Frelsi fjármagnsins og allar áherslur því tengdar valda því að á meðan viðskipti og þjónusta hvers konar blómstra hér á suðvesturhorninu eru grunngreinar byggðanna sveltar enda hinn auðtekni bissnessgróði ekki þar til staðar.

Það er í raun og veru grátlegt að vera að fjalla hér um formbreytingu breytingarinnar vegna á meðan byggðaröskunin er í algleymingi og ekkert er gert til að spyrna þar við fótum. Ég dreg ekkert úr því að allt það mál er erfitt og yfirgripsmikið og á byggðavandanum eru engar skjótar patentlausnir. Hins vegar bendi ég á það að stýring fjármagnsins í þjóðfélaginu og efnahagslegar aðgerðir til þess að styrkja undirstöðuna skipta hér mestu. Sú stýring hefur nú um sinn verið „hart í bak" fyrir höfuðatvinnuvegi okkar á meðan fjármagnið hefur flætt inn í óarðbærar greinar milliliða og gerviþjónustu ýmiss konar. Glöggur maður orðaði það svo fyrir skömmu að eðlilegur grundvöllur útgerðar og fiskvinnslu væri forsenda byggðar og forsenda aukinnar þjónustu um leið. Árin upp úr 1970 staðfesta þetta vel. En nú er önnur öld og önnur sjónarmið á oddinn sett. Vaxtafrelsið og fjármagnsfrelsið hafa sett sitt dauðamark á höfuðgreinar okkar til lands og sjávar. Þetta er ekki náttúrulögmál, ekki eitthvað sem hefur fallið af himnum ofan, heldur markviss stefna mótuð af stjórnvöldum. Um þessi mál er því fjallað á Alþingi í dag án minnsta hljómgrunns frá landsbyggðinni, án minnsta bergmáls frá þeim mörgu sem þar þrauka nú í óvissu og öryggisleysi um framtíð byggðarlaga sinna.

Líti menn til upphafs Framkvæmdastofnunar ríkisins og þeirra markmiða sem þar voru sett og framkvæmd rösklega fyrstu árin og beri hér saman er ófagur samanburðurinn fyrir hinn þríhöfða þurs aukins bákns, fleiri forstjóra, sem hér er á ferð. Þá var fjármagni beint til uppbyggingar undirstöðuatvinnugreina okkar með ríkulegum árangri, aukinni almennri velferð þó fyrst og síðast, samfara blómlegri byggð, betri þjónustu, fjölbreyttari tækifærum en þar höfðu áður verið um landsbyggð alla.

Það er augljóst og verður ekki hrakið að margt var vel unnið í þessari annars umdeildu stofnun sem því miður hefur í áranna rás breyst í björgunarmiðstöð í stað uppbyggingarstarfs og aðhlynningar í þeim byggðum sem mest þurfa á aðstoð að halda til sjálfsbjargar. Í Nd. Alþingis hafa þm. Alþb. vakið athygli á höfuðatriðum byggðavandans, á lýsandi tölum um þróun og

flutninga fólks af landsbyggðinni, flutninga sem voru það stórfelldir á síðastliðnu ári að rétt þótti að sleppa þeim þætti úr skýrslu Framkvæmdastofnunar sem mestu skiptir og sýnir þetta gleggst. Í byggðanefnd þingflokkanna fengum við hins vegar ekki aðeins þessar tölur frá byggðadeild heldur ítarlega og glögga greinargerð, þar sem hættumerkin voru í hverri línu og ekki dregið af, þar sem voðinn var rækilega tíundaður. Ekki aðeins fyrir landsbyggðina er þetta mikil vá heldur og fyrir þjóðarheildina sem slíka. Slík röskun getur aldrei orðið til frambúðarblessunar fyrir þéttbýlissvæðið hér heldur. Hér þurfa og eiga hagsmunir að fara saman, alveg sér í lagi hins vinnandi fjölda hvar sem er á landinu. Þröng skipting milli landsbyggðar og þéttbýlis sem andstæðra fylkinga í baráttuham þjónar aðeins fjármagnseigendum og bröskurum sem kynda sundurlyndiseldana. Þegar landsbyggðarfólk heimtar sinn rétt, sín jafnréttismál, sína auknu þjónustu, sín atvinnutækifæri sem fjölbreyttust, þá er það fólk ekki í styrjöld við vinnandi fólk þéttbýlisins sem það veit að hefur einnig sín vandamál af ýmsum öðrum toga, býr við sömu launakjör m. a. í þeim greinum sem minnst eru metnar á mælivog frjálshyggjunnar. Þetta er skylt að hafa í huga. Í Nd. var einnig tíunduð þróunin í húsbyggingum á landsbyggðinni á síðasta ári t. d. þar sem kyrrstaða og auðn er víðast aðaleinkennið. En þær hrópandi tölur segja líka mikla sögu. Það er ástæðulaust nú við 1. umr. þessa máls að tíunda aftur þær tölur. En þær segja mikið. Og þau frv. sem hér er verið að hrófa upp hafa því miður ekkert upp á að bjóða sem breytt gæti þessum ömurleika. Svo einfalt er það mál.

Ég sagði í upphafi að ekki yrði gerð nein tilraun til þess hér í Ed. varðandi þetta mál frekar en önnur að tefja það hið minnsta. Það er sjálfsagt að þessir þríburar hljóti blessun þeirra sem þá fæddu af sér hér í þinglok, svo að í ljós komi hvað af leiðir, eða réttara sagt það aðgerðarleysi sem hlýtur að fylgja í kjölfarið. Því að hér er því miður ekki tekið á neinn veg á þeim brýna vanda sem blasir við. Hér er á ferð breyting breytinganna vegna og báknið er á sínum stað, þrykkt betur niður í þrískiptingu þess sem allt hefði getað verið á einum stað undir einum hatti. Vorhreingerning ríkisstj. hefur í þessu sem öðru orðið kattarþvottur einn. Á meðan sá þvottur fer fram hér í þingsölum ymur uppboðshamar við eyrum þeirra sem verðmætin skapa, við undirleik þeirra vaxtaverkja sem frjálshyggjan heimtar handa bröskurum, og byggðarlögin vítt um landsbyggð alla sitja á hakanum sem áður. Þar horfir hnípið fólk erfiðisins á eftir arði þess erfiðis í óseðjandi hít þeirra „gróðapunga“ sem hæstv. samgrh. nefndi svo. Stefnubreyting, viðhorfsbreyting er það eina sem dugar. Eftir henni má ekki of lengi bíða. Íslensk byggð og íslensk þjóðarheild má ekki við þeirri bið.

Ég sé að fram er komin á þskj. 1294 brtt. við frv. til l. um Byggðastofnun. Ég styð þá till. að sjálfsögðu. Það er viðleitni, viðleitni í rétta átt, og sjálfsagt að veita henni hér brautargengi þó að það yrði þá kannske eini ljósgeislinn í afgreiðslu þessa ömurlega máls að öðru leyti.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Um það frv. sjálft sem hér liggur fyrir er það að segja að það er skoðun mín að hér sé á ferðinni endurbót á gildandi fyrirkomulagi. Ég verð að viðurkenna það að ég hef stundum verið nokkuð efins um ágæti Framkvæmdastofnunar og talið að koma mætti þeim verkefnum sem þar eru leyst betur fyrir annars staðar eða með öðrum hætti. Allt um það álít ég þó að hér sé stigið skref í rétta átt. Það hefur verið mikið um þetta fjallað í allan vetur og menn hafa svo sem ekki verið á eitt sáttir. Ég býst við að það hafi ekki farið algerlega fram hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar hvað hér var í fæðingu þó að sumir telji að það hafi komið þeim mjög á óvart og í opna skjöldu nú síðast.

Á þskj. 1294 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds að bera fram till. um það að heimilt sé að Byggðastofnun skuli staðsett á Akureyri. Svipuð till. en ákveðnari, það eru nánast fyrirmæli, var felld í Nd. nýskeð. En við höfum nú sýnt það í þessari hv. deild að við erum algerlega óháðir því sem þeir gera í neðra, enda miklu sjálfstæðari menn að sjálfsögðu. Ef svo ólíklega færi að þessi till. yrði felld hér, þá get ég alltaf síðar flutt brtt. um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um staðsetningu Byggðastofnunar. Þannig væri hægt að komast hjá því að taka óvinsæla afstöðu þó menn langaði gjarnan til þess. Sérstaklega býst ég við að það eigi við um landsbyggðarþingmenn og stuðningsmenn ríkisstj.

Það virðist vera hafður uppi töluverður áróður um að allt efnahagslíf leggist í rúst ef þessi starfsemi fer af Rauðarárstígnum. Ég er aftur á móti sannfærður um það að þessi ófriður um Byggðastofnun verður hvað best kveðinn niður með því að staðsetja stofnunina utan Reykjavíkur. Sennilega væri þó best að hún væri á frekar afskekktum stað til þess að starfsmenn fengju starfsfrið. En hvað um það, allir hljóta að sjá að stofnun sem hefur það hlutverk fyrst og fremst að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu hlýtur að vera betur staðsett utan Reykjavíkur, á stað þar sem auðvelt er að greina byggðavandamál jafnt strjálbýlis og þéttbýlis. Einmitt slíkur staður er Akureyri. Allir landsbyggðarþingmenn hljóta að styðja það að Byggðastofnun hverfi af Rauðarárstígnum og út á land. Ég mun reyna að skýra það hér á eftir hvaða kosti Akureyri hefur umfram aðra staði úti á landi.

Það er þá fyrst að samgöngulega séð er Akureyri með beinu flugi til Ísafjarðar, Egilsstaða og Reykjavíkur auðvitað þægilegasti staðurinn og ég treysti því að þeir hv. þm. utan af landi, sem ekki eru svo heppnir að vera fulltrúar Norðurlands eystra, geti samþykkt þessi rök og stutt till. þess vegna. Þeir munu ekki sjá eftir því. Margir hv. þm. þéttbýlis af suðvesturhorninu hafa lengi haft horn í síðu Framkvæmdastofnunar og þeirrar starfsemi sem þar fer fram og viljað þá starfsemi feiga. Þessir sömu hv. þm. hljóta að vera hlynntir því að sá blóraböggull, sem þeir hafa séð í starfsemi þeirri sem fram fer í Framkvæmdastofnun, sé a. m. k. ekki daglega fyrir augunum á þeim. Sömuleiðis geta þeir þm. sem af hugsjónaástæðum vilja peningastofnunina Byggðasjóð feiga en áframhald áætlunarstarfseminnar, ekki haft neitt á móti því að sú starfsemi fari fram annars staðar. Það eru meira að segja vissar líkur til þess að þingkjörin stjórn væntanlegrar Byggðastofnunar yrði síður háð pólitísku valdi, þ. e. óháðari pólitískum ríkisstjórnum. Það gæti t. d. orðið minna eftirsótt eða eftirsóknarvert fyrir þm. að sitja í stjórn Byggðastofnunar ef hún er staðsett fyrir norðan. Það er sem sagt mjög margt sem mælir með því, séð frá mörgum

sjónarhólum, að Byggðastofnun sé utan Reykjavíkur og að öllum stöðum ólöstuðum hlýtur Akureyri að vera ákjósanlegasti staðurinn.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara mörgum orðum um öll þau meðmæli ytri aðstæðna, umhverfis og þess háttar, sem Akureyri hefur með sér fyrir reyndar hvaða stofnun sem er. Fyrir þá sem sjá ofsjónum yfir velgengni Akureyrar umfram aðra staði á landsbyggðinni er rétt að hyggja að því að jafnvægi í byggð landsins verður hvað best tryggt með því að efla mótvægi við segulpólinn Reykjavík. Milli tveggja segulpóla myndast jafnan segulsvið krafta sem eru í jafnvægi hvor við annan. Tveir segulpólar á Íslandi sjálfu mundu skapa slíkt kraftajafnvægi innanlands. Pólar eru alltaf tveir og svo gæti farið, og vera má að þess gæti nú þegar, að póllinn til mótvægis við Reykjavík lægi erlendis og kraftarnir toguðu jafnt þangað.

Eins og sást í hv. Nd. þá er þetta mál ekki flokkspólitískt. Þar að auki er hér aðeins um að ræða heimild fyrir stjórn stofnunarinnar að setja sig niður utan Rauðarárstígs. Hæstv. forsrh. virtist mér á köflum, á vissum tímum a. m. k., vera málinu meðmæltur, en að mér skildist greiddi hann þó atkvæði gegn því þegar það kom til atkvæðagreiðslu. Það er sem sagt engin sérstök hætta fyrir hv. stjórnarþingmenn að styðja þetta mál.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hér hefur verið mælt fyrir brtt. um að flytja þá stofnun, sem hér um ræðir, til Akureyrar. Ég fæ nú ekki séð að umræða um flutning Framkvæmdastofnunar þurfi að vera bundin við Akureyri. Þó að sá ágæti bær sé alls góðs maklegur — hversu gott og maklegt það er að senda þeim þessa stofnun, svo misjafns álits sem hún nýtur veit ég reyndar ekki — finnst mér að íhuga beri að auðvitað koma margir aðrir staðir úti á landsbyggðinni til greina. Hv. 5. þm. Norðurl. e. sló því hér fram, sjálfsagt meir í gamni en í alvöru, hvort ekki væri rétt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvar þessi stofnun ætti að vera. Ég gæti alveg fallist á að rétt væri að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort ekki ætti bara að leggja þessa stofnun niður eins og hún er. Ég held að það kæmi alveg til athugunar.

En einu sinni voru ungir menn í stórum flokki sem sögðu: Báknið burt! Og þetta heróp þeirra ungu mannanna bergmálaði á síðum Morgunblaðsins og var aðalslagorð Sjálfstfl. Nú eru þessir ungu menn ekki alveg eins ungir og þeir voru þá. En nú eru þeir hins vegar komnir í þær valdastöður að þeir ráða ferð flokksins og ráða málum hér á þingi meðan þessi flokkur er í stjórnaraðstöðu. En þá segja þessir ungu menn: Báknið kjurrt!

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þessa umr. Ég held við séum nú sammála um það í þessari hv. deild að vera ekkert að drepa málum á dreif og munum koma þessu til nefndar. En þetta frv. er auðvitað skoðað í samhengi við fleiri, við annan af þessum þríburum sem svo hafa verið kallaðir, þ. e. frv. til laga um Framkvæmdasjóð, en þessi frv. fela það eitt í sér í rauninni að Framkvæmdastofnun verði skipt í tvennt, tvær stjórnir, tveir forstjórar. Það er skemmst frá að segja að önnur skipulagsbreyting er nánast engin samkvæmt þessum frv. Ágallar þess kerfis sem við búum nú við eru því aðeins framlengdir og báknið á að fá að vaxa og aukast enn frá því sem er. Við Alþfl.-menn erum þeirrar skoðunar að byggðaþróunarmál og byggðaáætlanir séu best komin í höndum þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmdinni og gerst þekkja til. Þess vegna er eðlilegt að færa þessi verkefni út í héruðin þar sem lýðræðislega kjörnar fylkisstjórnir, eða hvað menn vilja kalla slíkar stjórnsýslueiningar, hefðu með þessi mál að gera. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinni slíkri valddreifingu og það stefnir ekki til neinna framfara. Ef menn samþykkja það þá er það einungis afsökun fyrir því að takast ekki á við þau verkefni sem vinna verður og varða raunverulegar skipulagsbreytingar og valddreifingu. Þess vegna leggjum við Alþfl.-menn til að þetta frv. verði fellt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hér er búið að mæla fyrir frv. til laga um Byggðastofnun. Það er hluti af frumvarpapakka sem hæstv. ríkisstj. flytur á þessu þingi og er látið að því liggja í athugasemdum við frv. að hér sé á ferðinni málatilbúnaður sem hafi orðið að fara fram vegna samkomulags milli stjórnarflokkanna. Er þar vitnað í hluta samkomulags frá s. l. hausti þar sem sagt er: „Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins."

Þegar stjórnvöldum hefur mistekist í nokkra áratugi að stuðla að varanlegu jafnvægi í byggð landsins, þá kemur ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og finnur upp hjólið, þ. e. byggðastofnun sem eigi að vera sjálfstæð og öflug og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er rétt eins og þessir menn hafi ekki verið í pólitík sumir hverjir um áratugaskeið. Það er eins og þeir átti sig ekki á því að það sem fyrst og fremst hefur áhrif á byggðastefnu og jafnvægi í byggð landsins eru almennar aðgerðir ríkisvalds. Og ekki bara almennar aðgerðir ríkisvalds heldur aðgerðir stórra hópa, félagasamtaka. Þar á ég við atvinnurekendur og launafólk. Aðgerðir þessara hópa, ásamt með aðgerðum ríkisvalds, hafa miklu, miklu meiri áhrif á jafnvægi í byggð landsins heldur en einhver stofnun inni við Rauðarárstíg getur nokkurn tíma haft. Sannast sagna tek ég alveg undir það sjónarmið sem að nokkru leyti kom fram í máli hv. 5. landsk. þm. Hér erum við fyrst og fremst að tala um einhvers konar nafnabreytingu, skiltaflutning inni á Rauðarárstíg sem ekki kemur til með að hafa mikil áhrif raunverulega á afkomu fólks í landinu, aðstöðu þess eða það sem kallast jafnvægi í byggð landsins, heldur er hér nánast örvæntingarfull tilraun á ferðinni um einhvers konar samkomulag innan stjórnarinnar, sem endar í því til þess að allir verði sáttir að núverandi bákni er skipt upp milli valdaherranna þannig að nógu margar stöður skapist. Það er í raun og veru alveg tómt mál að tala um sértæka eða altæka byggðastefnu þegar þessum málefnum er stjórnað með þeim hætti, og miklu stórvirkari hætti af ríkisstj. heldur en stofnun eins og þessi getur nokkurn tíma, hvort sem maður hugsar sér að unnið væri á móti aðgerðum stjórnvalda með þeim hætti að aðstaða fólks úti á landsbyggðinni, eða þá í Reykjavík, verði bættari.

Þegar athugaðir eru eiginleikar þessarar stofnunar eins og frv. lýsir þeim þarf ekki lengi að lesa til þess að átta sig á því að það eina sem hefur raunverulega breyst er það að Byggðasjóður er kominn undir sömu stjórn og byggða- og áætlunardeild Byggðastofnunar og að komið verður upp sjö manna stjórnunarapparati þar, sem þó var látið nægja áður fyrir Framkvæmdastofnun

alla. Og meðferð Byggðastofnunar þessarar nýju á Byggðasjóði verður nákvæmlega með sama hætti og var áður þegar hann var í höndum Framkvæmdastofnunar.

Hér segir í 11. gr. frv.: „Því aðeins er Byggðastofnun heimilt að veita óafturkræf framlög að þau séu ætluð til rannsókna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar...“

Ef menn hefðu nú sett punkt þarna á eftir hefði verið hægt að samþykkja allavega þetta sem hlutverk þessa sjóðs í höndum byggða- og áætlunardeildar því að þá hefði það þó samræmst þeim almenna hugsunarhætti að lána- eða styrkjastarfsemi stofnunar af því tagi sem hér er verið að ræða um á náttúrlega að vera óaðskiljanlegur hluti af áætlanagerð. Það ættu aldrei að renna nokkur framlög úr sjóðum stofnunar sem þessarar öðruvísi en að það væri óaðskiljanlegur hluti af áætlanagerð. Og þá er ég að tala um að sú áætlanagerð sé þannig frá gengin að þeir aðilar sem kosnir hafa verið til að bera ábyrgð á þessari stofnun, það væri þá sú sjö manna stjórn sem hér er talað um, hefðu fjallað um og samþykkt þessa áætlun og í krafti þeirrar samþykktar væri þá hægt að lána eða styrkja starfsemi á sviði rannsókna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmdust þannig hlutverki þessarar stofnunar. Þá bæru þeir óafturkallanlega ábyrgð á þessari lánastarfsemi og þessum áætlunum og ef þær mistækjust væri hægt að draga menn til ábyrgðar fyrir það, en ef þær heppnuðust væri hægt að verðlauna þá fyrir það með þeim hætti sem gerist í pólitík. En það var ekki settur punktur þarna, heldur er haldið áfram og kemur þá sá óheppilegi hluti setningarinnar sem opnar þetta mál svo gersamlega upp á gátt að nákvæmlega enginn þröskuldur er lengur fyrir hendi í því hvernig með fjármuni þessa sjóðs verður farið. Þar segir nefnilega, með leyfi virðulegs forseta: „Því aðeins er Byggðastofnun heimilt að veita óafturkræf framlög að þau séu ætluð til rannsókna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar eða til að koma í veg fyrir neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum.“

Þar með er í raun og veru búið að sleppa þessum sjóði og stjórnendum hans lausum á atvinnumál Íslendinga. Og þá fara að gerast jafnskringilegir hlutir eins og þeir sem eru að gerast uppi í Framkvæmdastofnun nánast alla daga, sem eru sumir hverjir svo fyndnir að þeir væru efni í áramótaskaup, eins og það þegar þm. sem er formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar, viðriðinn stjórn fyrirtækis úti á landi, stjórn fyrirtækis sem aldrei hefur nokkurn tíma haft nokkurn rekstrargrundvöll, þar á ég við steinullarverksmiðjuna, sækir um lán. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki stálvölsunarverksmiðjunni.) Hv. þm. getur gengið þess fullviss til svefns á hverri nóttu að ég gleymi heldur ekki stálvölsunarverksmiðjunni.

Þarna er á ferðinni fyrirtæki sem farið er af stað að byggja með heimild Alþingis. Til þess eru veittir fjármunir frá Alþingi og sú fjárveiting er náttúrlega samþykkt af þessum sama einstaklingi sem annars vegar situr í stjórn fyrirtækis og hins vegar í stjórn Framkvæmdastofnunar. Eins og ég sagði áður er þetta fyrirtæki dauðadæmt frá upphafi því að það getur því aðeins borið sig að Íslendingar hætti að einangra með nokkru öðru efni en steinull. Það þýðir það að þá færu á hausinn u. þ. b. 30—40 fyrirtæki í einangrunarframleiðslu á öllu landinu, þ. e. framleiðslu annars konar einangrunar en steinullar. Til þess að þetta fyrirtæki komi yfir höfuð frá sér afurðum sínum, sem eru mjög fyrirferðarmiklar í flutningi, hefur það gert samning við annað jafnilla statt fyrirtæki sem heitir Ríkisskip. Ríkisskip þarf að auka skipakost sinn um u. þ. b. 75%, líklega að auka við sig tveim til þremur skipum til að sinna þessum flutningum og flytur síðan farminn á afsláttarverði, langt undir helmingi kostnaðarverðs.

Þetta fyrirtæki er þannig statt núna að það vantar hlutafé. Stjórn fyrirtækisins fer þá fram á lán frá Framkvæmdastofnun, líklega upp á einar 10 milljónir, til þess að borga inn hlutaféð. Og næsti leikur í þessu máli verður náttúrlega sá, þegar kemur að gjalddaga þessa láns, að sama fyrirtæki fer fram á annað lán til þess að skuldbreyta því láni sem fyrst var fengið og þannig koll af kolli. Þannig er og verður farið með það ákvæði í þessum lögum sem svipað er því ákvæði sem fyrir hendi er í lögum um Framkvæmdastofnun, að Byggðastofnun sé heimilt að veita lán eða ábyrgðir eða óafturkræf framlög þegar verið er að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum. Því að það má nánast flokka hvað sem er undir neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum.

Í raun og veru ætti alls ekki að vera þörf fyrir Byggðasjóð. Ef ríkið ætti einhverju hlutverki að gegna á þessu sviði þá væri því eðlilegast þannig fyrir komið að til væri ábyrgðasjóður ríkisins og hann hefði það einfalda hlutverk að ábyrgjast lántökur manna í eigin heimabönkum, bönkum síns eigin sveitarfélags eða héraðs. Hann ábyrgðist lán sem tekin væru til endurnýjunar, til fjárfestingar eða rekstrar í atvinnulífi, hann ábyrgðist þau að hálfu leyti eða svo, drægi úr áhættu bankans og jyki þannig áhuga bankans á því að taka þátt í áhættuverkefnum heima fyrir. En að ríkissjóður tæki ekki þessa ábyrgð alla á sig heldur aðeins að hálfu leyti, þannig að bankinn sem um væri að ræða tæki sína ákvörðun í þessu máli alltaf með tilliti til þess að viss hluti ábyrgðarinnar félli á hann ef ekki væri rétt að málum staðið. Þannig væri í raun og veru búið að fá tryggingu fyrir arðseminni því að bankinn, hver svo sem hann er, sem er ábyrgur gagnvart sínum sparifjáreigendum mundi náttúrlega vega og meta sína áhættu í ljósi þess að hann yrði hugsanlega að bera 50% af áhættunni.

Menn verða nefnilega að horfast í augu við það að hversu göfug sem þessi hugmynd um Byggðastofnun er, og ég held reyndar að mönnum hafi upphaflega gengið gott eitt til og talið sig hafa komist þarna að mjög hagkvæmri lausn þessara mála, þá hefur það miklu meiri áhrif á líf fólks hvar sem er í landinu hver stefna viðkomandi stjórnvalda er í húsnæðismálum, hver stefna viðkomandi stjórnvalda er í menntamálum, hver raunveruleg stefna stjórnvalda er í atvinnumálum og hvaða peningamálastefnu er fylgt, það hefur miklu meiri áhrif hvaða orkuverð er hverju sinni og á hvaða stað, heldur en það að veita einhver lán eða styrki úr Byggðasjóði. Byggðasjóður getur bjargað einu fyrirtæki og hefur oftsinnis gert það. En það er ekki atvinnustefna. Það er ekki byggðastefna og það hefur afskaplega lítið að gera með jafnvægi í byggð landsins.

Það eru stjórnvöld sjálf fyrst og fremst sem þurfa að hafa byggðastefnu, reka einhverja þá pólitík sem viðheldur jafnvægi í byggð landsins, ef það er vilji stjórnvalda. Þess vegna eru það, eins og ég sagði áðan,

allt önnur atriði sem hafa áhrif á líf fólks í landinu heldur en einhver byggðapólitík eða byggðastefna sem rekin er eða fundin upp inni við Rauðarárstíg. Ég held að áður en menn setja hér á langar tölur um það hvaða hlutverki Byggðastofnun eigi að skila og Byggðasjóður og hvernig ætlunin sé að búa til hverja stofnunina á fætur annarri til þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins eigi þeir miklu frekar að líta til hinna almennu og stórvirku aðgerða stjórnvalda. Ein gengisskráning, rétt eða röng, hefur miklu stórtækari áhrif á líf fólks úti á landi en nokkur skrifstofumaður inni við Rauðarárstíg getur nokkurn tíma haft, hversu vel sem hann vill vinna og hversu fús sem hann er til að sinna vandamálum fólks hinna dreifðu byggða. Ef menn hafa virkilegan áhuga á því að fólk geti lifað mannsæmandi lífi nánast hvar sem er á þessu landi, þá þurfa þeir að huga að aðgerðum sem miða að því að þetta fólk þurfi ekki að lifa nánast í gegnum póstlúgur miðstýringarinnar hér í Reykjavík.

Og þá erum við komnir að allt öðru máli sem aðeins hefur reyndar verið drepið á hér í umr., sérstaklega af hv. 2. þm. Austurl., hugsanlegri gerbreytingu á skipulagi stjórnkerfis byggða hér á landi. Þá er ég að tala um þá frægu byggðanefnd sem nú er að störfum og á að skila tillögum um aukið lýðræði og valddreifingu. Þar er komið mjög gjögglega í ljós að almennt eru menn nokkuð sammála um að þess gerist orðið þörf að skipta framkvæmdavaldi með þeim hætti að færa hluta þess út til hinna dreifðu byggða. Og þá erum við komnir að tillögu og hugmynd hv. 5. þm. Norðurl. e. um að þessi stofnun sitji ekki inni við Rauðarárstíg heldur á Akureyri. Ég get tekið undir þessa hugmynd. Til þess liggja tvær ástæður. Fyrri ástæðan er kannske því miður dálítið óskammfeilin, allavega að láta hana uppi. Ég hef ekki neina oftrú á þessu fyrirtæki, eins og fram hefur komið í máli mínu, og álít að það gæti verið ágætis aðferð til að fela stofnunina að flytja hana til Akureyrar. Þar með væri hún komin úr augsýn og maður þyrfti ekki að skammast sín eins mikið fyrir hana. Þá er það hin ástæðan. Ef við gerðum ráð fyrir því að mál gætu skipast þannig í þessari stofnun að starfsemi hennar væri með einhverju viti, þá á ég við að dregið yrði úr fjárveitingarvaldi hennar sem mest en hlutverk hennar í áætlanagerð aukið og sú áætlanagerð síðan hugsanlega tengd fjárlagagerð með þeim hætti að stjórnin fjallaði um og samþykkti þær áætlanir sem gerðar væru, og það væri síðan stjórnar þessarar stofnunar að bera ábyrgð á því gagnvart þeim sem áætlanagerðin fjallar um að fá fjárveitingar til hennar á fjárlögum og þá rynnu þessar fjárveitingar til þess verkefnis sem skýrt væri og afmarkað í áætluninni, ef við gengjum út frá því að þetta væri verkefni og yfirbragð þessarar stofnunar, þá held ég að ég geti líka tekið undir þá hugmynd hv. 5. þm. Norðurl. e. að flytja þessa stofnun af Rauðarárstígnum til Akureyrar, vegna þess að það mundi óneitanlega hjálpa til að toga í miðstýringuna hér í Reykjavík með þeim hætti sem hann lýsti. Hv. þm. notaði reyndar samlíkingu úr annars konar starfsemi en þeirri sem hér fer fram. Hann notaði nokkuð myndræna lýsingu úr eðlisfræðinni eða aflfræðinni til að skýra þessa hugmynd sína fyrir okkur og ég get alveg tekið undir hana, enda mun nú þegar og sérstaklega í þjóðfélagi framtíðarinnar, sem við horfum á, skipta afskaplega litlu máli samskiptalega hvar stofnanir sem þessar eru settar niður.

Svo er annað mál sem ég held að gæti líka orðið til þess að hvetja mann til að samþykkja þessa till. hv. 5. þm. Norðurl. e. Það tengist reyndar loðinni umræðu sem fór hér fram á fyrra fundi um þingræði og lýðræði. Ef við hugsuðum okkur að búið væri að taka allar stofnanir og flytja þær út á land, ekki endilega allar til Akureyrar heldur dreifa þeim víðs vegar um landið, þá drægi mjög mikið úr raunverulegri þörf þeirra þm. sem hvað nánast tengjast miðstýringu til þess að dvelja hér. Það drægi kannske svo mikið úr áhuga þeirra að það endaði með því að þeir fengju áhuga á því að koma upp einhvers konar öðruvísi stjórnskipulagi en við búum við nú. Þá er ég kannske frekar að hugsa til þeirrar útfærslu framkvæmdavaldsins sem ég minntist á áðan í sambandi við vinnu byggðanefndarinnar þar sem mjög greinilegt er að menn tala í fullri alvöru um það að leggja til með einhverjum hætti að koma á þriðja stjórnsýslustiginu milli sveitarstjórna og ríkisvalds.

Auðvitað er hægt að leggja fram frv. eins og þetta sem hér er fjallað um. Ég tel mig engan spámann þó að ég fullyrði að þetta frv. á ekki eftir að breyta nokkru, a. m. k. til betri vegar, um jafnvægi í byggð landsins né um þróun eða framgang atvinnulífs, ekki frekar en sannast hefur enn með neinum hætti, þó að gerðar hafi verið ítrekaðar og vísindalegar tilraunir til þess, samhengið milli starfsemi Byggðastofnunar, eða Framkvæmdastofnunar sem nú heitir, og þróunar í íslensku atvinnulífi. Það hefur ekki tekist að finna neitt samhengi nema á einu sviði: þar sem farið hefur fram ákveðin áætlanagerð og ráðgjöf á sviði iðnaðar og þá aðallega af hendi byggða- og áætlanadeildar. Ekki ýkjamikil fjárframlög. Fjárframlögin hafa aðallega runnið til annarra atvinnugreina. En séu skoðuð útlán og styrkir Framkvæmdastofnunar og þróun þessara atvinnugreina, aðallega landbúnaðar og sjávarútvegs, þá er ekki hægt að sanna með vísindalegum hætti — og þó hefur það verið reynt — neitt samhengi þar á milli. Og ég spái því að eins verði um þessa byggðastofnun að þegar menn standa upp að tíu árum liðnum eða svo og meta áhrif hennar og þessa frv. muni þeir komast að sömu niðurstöðu og menn hafa komist í dag, að það var ekki þessi stofnun sem hafði áhrif á jafnvægi í byggð landsins. Það voru stjórnvaldsgerðir eins og ég nefndi áðan. Ein gengisskráning, röng eða rétt, hefur miklu, miklu meiri áhrif í á það hvernig er að búa á Vestfjörðum heldur en öll þau lán eða styrkir sem koma úr þessari stofnun.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég hef ekki ætlað mér að fjalla efnislega um þetta mál, hvorki hlutverk og skipulag né starfsemi Byggðastofnunar. En eins og fram hefur komið hefur mönnum orðið nokkuð tíðrætt um staðsetningu Byggðastofnunar, hvort eðlilegt er að hún sé staðsett hér í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, og fram hafa komið tillögur í því efni.

Í hv. Nd. voru fluttar tvær brtt. um staðsetningu stofnunarinnar. Önnur var frá hv. þm. Halldóri Blöndal og Svavari Gestssyni. Síðan kom fram brtt. við þá brtt. frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Brtt. hin fyrri varðaði staðsetningu stofnunarinnar á Akureyri og skyldi stjórn Byggðastofnunar heimilt að ákveða að heimili og varnarþing Byggðastofnunar skyldi verða þar. Hin brtt., við þessa brtt., fjallar um að stofnunin verði

staðsett utan Akureyrar, þ. e. stjórn stofnunarinnar sé heimilt að koma hlutum svo fyrir.

Í þessari hv. deild hafa verið fluttar brtt. sem eru í svipuðum dúr. Fyrir annarri brtt. hefur þegar verið mælt. Hún er frá hv. þm. Birni Dagbjartssyni og Ragnari Arnalds og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að ákveða að aðsetur stofnunarinnar skuli vera á Akureyri og skal stjórnin láta fara fram ítarlega athugun á því máli."

Nú hlýtur sú spurning að vakna hvað liggi því til grundvallar að menn segja: Það er mjög hagfellt að staðsetja stofnunina á Akureyri. Ítarleg athugun hefur ekki enn þá farið fram á því hvar hentugast sé að staðsetja þessa stofnun. Þarna er mönnum því nokkuð þröngur stakkur skorinn. Og einmitt þess vegna teljum við, flm. brtt. 1296 að þetta þurfi að vera nokkuð valkvætt með tilliti til niðurstöðu hinnar ítarlegu athugunar á því hvar eðlilegast kunni að vera að staðsetja Byggðastofnun. Við leggjum því til að í stað orðanna „á Akureyri" komi: utan Reykjavíkur. Við teljum þetta eðlilegri málsmeðferð á þessu stigi.

Oft og iðulega hefur verið fjallað um staðsetningu opinberra stofnana utan Reykjavíkur og hagræði fyrir landsbyggðina af slíkri staðsetningu. Hins vegar hafa menn iðulega bent á hversu örðugt getur verið í mörgum tilfellum að koma við eðlilegri þjónustu við alla landsmenn, ekki síst með tilliti til þess að leiðin liggur æði oft hingað til Reykjavíkur vegna þess einfaldlega að öll opinber þjónusta á æðstu stöðum er staðsett hér. En einhvern tíma þarf að brjóta þennan ís að mínum dómi og því ekki að hefja það brot með því að staðsetja Byggðastofnun utan Reykjavíkur?

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. en tel mig hafa mælt fyrir þeirri brtt. sem sá flytur sem hér stendur ásamt hv. þm. Valdimar Indriðasyni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er rétt að upplýsa að skv. þingsköpum eru þessar brtt. ekki formlega á dagskrá eða til umræðu. Það gerist ekki fyrr en málið kemur úr nefnd og til 2. umr. Þær fá því ekki formlega afgreiðslu við 1. umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar mál sem virðist hafa valdið nokkrum deilum. Löng umræða varð um það í hv. Nd. og að sjálfsögðu hér líka. Það virðist svo sem hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa rætt um þetta mál, telji það til lítilla bóta þó að hér sé kveðið fastar að og sett markvissari stefna að mínu mati til að styðja við byggðir á landinu. Það er ekki nóg að segja að sjálfstæðismenn hafi hrópað: „Báknið burt" og tala um „stuttbuxnadeild" o. s. frv., eins og heyra mátti hjá einum hv. þm., því að frá þeim koma ekki neinar hugmyndir um það hvernig bregðast skuli við þeim mikla vanda sem er víðast hvar við að etja á landsbyggðinni.

Ég tek það fram að landsbyggðin er ekki að biðja um að gefa sér eitt eða neitt. Hún vill aðeins fá sinn skerf úr þeirri köku sem hún skaffar á þjóðarborðið. Sú kaka virðist vera stærst skömmtuð hér á Reykjavíkursvæðinu í gegnum þjónustugreinarnar. Þess vegna er það viss vörn fyrir landsbyggðina að hafa stofnun eins og hér er lagt til að endurskipulögð verði, nefnd Byggðastofnun í staðinn fyrir Byggðasjóður, til þess að taka fastar á þessum málum en gert hefur verið.

Ég skal taka undir það að oft hefur verið ástæða til að gagnrýna margar ráðstafanir sem Byggðasjóður sem slíkur hefur gert. Hann hefur ekki unnið undir svo þröngum lögum eða reglugerðum að honum hafi ekki verið heimilt að gera ýmislegt sem við höfum talið gagnrýnivert. Þessu er ég ekki að óska eftir. Ég sé ekki betur en í þessu frv. sé kveðið allfast að orði og stefnan mörkuð í því að hlúa að, ekki í formi gjafa heldur með lánum, þeirri starfsemi sem þarf á því að halda víða á landsbyggðinni svo að snúið verði við þeim flótta sem þegar er brostinn á það lið sem þar er. Þar ætla ég engum um að kenna, það hafa orðið miklar breytingar í okkar þjóðfélagi nú síðustu árin.

Það kom mikill fjörkippur í alla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni þegar togararnir komu til landsins upp úr 1972 og á því hefur landsbyggðin lifað fram undir tvö síðustu ár á meðan hún var að koma sér fyrir við þessa nýju atvinnutækni. Nú hefur þetta stöðvast, þessi bylgja er um garð gengin og það var kannske farið of geyst um tíma að koma ýmsu í framkvæmd. Nú hefur komið í ljós að það er brostinn á flótti frá landsbyggðinni og hann verðum við öll að sameinast um að reyna að stöðva. Ég held að það hljóti að vera einn sterkur hlekkur í þeirri stöðvun að haldið sé uppi stofnun sem er til þess að þjóna fyrst og fremst hinum dreifðu byggðum, ég er ekki að tala um með gjöfum eða styrkjum, að efla það atvinnulíf sem þau sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli eru ekki í stakk búin til að sinna.

Ég vil svo aðeins minnast á það sem hv. síðasti ræðumaður, 8. þm. Reykv., talaði um. Hann var mjög að fílósófera um það hvort ekki væri hægt að láta sparisjóða- og bankakerfið á þessum landsvæðum útvega þar meiri peninga, að mér skildist með ábyrgð viðkomandi sveitarsjóða. Það er óhætt að fullvissa hv. þm. um það strax að því miður eru flestir sveitarsjóðir á landsbyggðinni, sem hafa verið að berjast við að halda sínum atvinnumálum uppi, krossveðsettir vegna hinna ýmsu lána sem þeir hafa orðið að ábyrgjast til sinna byggðarlaga til þess að halda þar uppi atvinnu. T. d. í sjávarútvegssveitarfélögunum vitum við að sveitarsjóðirnir hafa verið gjörsamlega á kúpunni vegna þess að atvinnufyrirtækin, hvort sem þau hafa verið í eigu hreppsfélaganna sjálfra eða einstaklinga, hafa ekki getað staðið skil á þeim gjöldum sem þau hafa átt að greiða skv. öllum lögum og reglum. Þetta óttast ég mjög. Ef slík þróun heldur áfram kemur uppgjöf í fólkið og það flýr þessa staði, kannske í þennan fjarlæga ljóma hér á suðvesturhorninu sem laðar fólk til sín. Og ég lái því það ekki þó það hugsi sér til hreyfings ef það hefur ekki eitthvað sem stuðlar að því að það festi verulega rætur á þessum stöðum. Þess vegna mæli ég mjög með því að við eflum stofnun eins og Byggðastofnun á eðlilegan og hagkvæman hátt, þetta sé lánasjóður sem á að fara vel með, ég tek það fram, til þess að menn geti leitað til hans til þess að fjármagna frekari uppbyggingu úti á landsbyggðinni. Því miður höfum við víðast úti á landsbyggðinni ekki þá aðstöðu að geta fengið þar það fyrirkomulag á lánagreiðslum í litlum lánastofnunum, sparisjóðum og útibúum bankanna, sem við þyrftum á að halda.

Ég er líka sammála hv. 8. þm. Reykv. um að það er óskemmtilegt fyrir fólk úti á landsbyggðinni að þurfa að bíða eftir póstinum og taka á móti peningum frá einhverju miðstýringarvaldi hér í Reykjavík svo það

geti verið kyrrt á sínum stað. Að þessu lét hann liggja hér í orðum sínum áðan. En án þess að orðlengja um þetta vildi ég aðeins benda hv. þm. á það að ég held að hann hafi ekki kynnt sér þá breytingu sem gerð var á frv. við 2. umr. í Nd. Hann lagði nokkra áherslu á 11. gr. í framlögðu frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Því aðeins er Byggðastofnun heimilt að veita óafturkræf framlög að þau séu ætluð til rannsókna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar eða til að koma í veg fyrir neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum."

Þessari grein var breytt við 2. umr. í Nd. á þennan veg, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar."

Ég vildi aðeins benda á að þarna er orðin reginbreyting á. Það er ekki talað um sérstaka styrkjapólitík þarna í 11. gr., eins og hv. þm. vildi láta að liggja, heldur er greinin orðin afdráttarlaus eins og hún er nú eftir breytingarnar í Nd.

Í 12. gr. er einnig gerð breyting frá upphaflega frv. Í frv. segir, með leyfi forseta, í 12. gr.:

„Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar."

Eftir breytinguna hljóðar greinin svo, með leyfi forseta:

„Með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. þessara laga, er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í fjárfestingar- eða þróunarfélögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar."

Þessa grein tel ég góða því að á hinum minni stöðum vantar iðulega aflið til þess að hrinda af stað ákveðnum verkefnum sem oft eru ekki mjög þung til framkvæmda. En þessir minni aðilar hafa ekki bolmagn eða fjármagn til þess að koma slíku af stað nema með vissri fyrirgreiðslu frá stofnun sem þeirri er mér finnst Byggðastofnun gefa fyrirheit um.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í 1. umr. um þetta mál hér í hv. deild en eftir að hafa hlýtt á útskýringar hv. 3. þm. Vesturl. á því af hverju þetta frv. væri raunverulega borið fram og af hverju væri verið að gera þessar breytingar á Framkvæmdastofnun og Byggðastofnun, sem sagt að nú þyrfti ný lög og stórkostlegar aðgerðir til þess að hefta þann flótta sem nú væri af landsbyggðinni sé ég ástæðu til að leggja orð í belg. Ég hélt að við ættum ekki von á þessari lýsingu frá stuðningsmönnum hv. ríkisstj. Ég átti ekki von á því að við fengjum hér upp þm. hv. ríkisstj. sem lýsti því að á síðustu tveimur árum hefði sú breyting átt sér stað. Hv. þm. nefndi það að á síðustu tveimur árum hefði orðið flótti frá landsbyggðinni til þéttbýlisstaðanna hér við sunnanverðan Faxaflóa. En af hverju skyldi sá flótti stafa? Vitaskuld af því, sem hv. þm. nefndi, að það hefur ekki átt sér stað nein uppbygging eða endurnýjun á þeim atvinnutækjum sem við höfum byggt okkar framleiðslu á á undanförnum árum. Ég held að það hefði ekki þurft neitt frv. í þeirri mynd sem þetta frv. er til að snúa þessum flótta við. Fyrst og fremst þarf að breyta rekstrargrundvelli undir þeim atvinnuvegum sem við búum við úti á landsbyggðinni til að snúa þessum flótta við.

En það er ekki verið að huga mikið að því. Ég hef ekki séð neitt frv. hér á hv. Alþingi til þess að breyta þeirri þróun sem þar á sér stað. Þróunin er á þann veg að bankainnstæður á landsbyggðinni þyrftu að vera tvöfaldar til þrefaldar, innlegg landsbyggðarfólks, aðeins til þess að halda í við verðlagsþróun. Íbúðarbyggingar á landsbyggðinni eru ekki nema brot af því sem þær ættu að vera miðað við þær íbúðarbyggingar sem eiga sér stað hér við Faxaflóa. Allt er á sömu bókina lært. Og þessi þróun breytist ekki á einn eða neinn máta þó að við samþykkjum þetta frv. og þessar tillögur ríkisstj. um breytingu á Byggðastofnun eða Framkvæmdasjóði verði samþykktar hér á hv. Alþingi.

Núv. ríkisstj. boðaði það um leið og hún tók við völdum hér fyrir rúmum tveimur árum að nú skyldi breyta rekstrargrundvelli sjávarútvegsins og snúið skyldi við til betri vegar frá því sem áður hefði verið í þessum málum. (**Gripið fram í:** Það hefur nú aldeilis gerst.) Það hefur sko aldeilis ekki gerst. Það hefur allt farið á öfugan veg, á þann veg sem hv. 3. þm. Vesturl. var að lýsa hér áðan. Það hefur orðið alger stöðvun í uppbyggingu sjávarútvegs og í uppbyggingu annarra þátta á landsbyggðinni.

Hv. þm. nefndi það að fyrir nokkrum árum hefðum við haldið uppi blómlegri atvinnu úti um landið og það hefði byggst á því að við hefðum verið með ný atvinnutæki, nýja togara. Eftir að áhrif þeirrar uppbyggingar rénuðu hefði þessi staða komið upp. Vitaskuld er þetta alveg rétt. En það hefur ekkert verið hugað að því að leita að öðrum leiðum né heldur að tryggja rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja sem voru byggð upp fyrir nokkrum árum. Þetta er allt á þann veg að eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi, jafnt sjálfsagt hér við Faxaflóann og úti um landið og þó áberandi meira úti um land, er minnkandi. Það er stöðugur hallarekstur á þessum fyrirtækjum. Það er stöðugur hallarekstur vegna þess að það er verið að millifæra í þjóðfélaginu frá undirstöðuatvinnuvegunum og yfir í eyðslugreinarnar.

Þessi staðreynd breytist ekkert með því frv. sem hér er til umræðu, ekki nokkurn skapaðan hlut. Frv. er á engan veg byggt upp á annan máta en þann að í því eru ágætar og frómar óskir en ekkert sem leggur raunverulega grundvöll að því að um breytingu verði að ræða á atvinnuþróun á landsbyggðinni, ekki nokkur skapaður hlutur. Það eru gefin viss fyrirheit um að Byggðastofnun skuli stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja. Jú, jú, það er gott og blessað. En til hvers eigum við að stofna ný fyrirtæki ef rekstrargrundvöllur er enginn fyrir hendi? Það er tilgangslítið. Og þess vegna er tilgangslítið að samþykkja slíkt plagg sem þetta.

Í þeirri grein sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi að væri mjög góð og ég ætti nú kannske að lesa, 12. gr., eins og hún kemur frá hv. Nd. segir:

„Með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. þessara laga, er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í fjárfestingar- eða þróunarfélögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki

hennar."

Allt eru þetta góð fyrirheit en það er ekkert bundið um hvað skuli gera. Eins og ég sagði og skal endurtaka: þó svo að góð fyrirheit séu gefin um ákveðna þætti, um ákveðna uppbyggingu í þessum lögum þá gerist ekki neitt ef rekstrargrundvöllur frumatvinnuveganna verður ekki tryggður. Og það er sá þáttur sem ég held að við ættum að leggja meiri áherslu á og hæstv. ríkisstj. ætti að leggja meiri áherslu á heldur en að koma með einhverjar lagabreytingar um þær stofnanir sem þegar eru fyrir hendi, þær lagabreytingar sem breyta litlu frá því sem fyrir er. En ég vil aðeins undirstrika það að ég fagna því að stuðningsmenn ríkisstj. skuli á jafn afdráttarlausan hátt og hv. 3. þm. Vesturl. lýsa því yfir hvernig staðan er og benda honum á að því miður breytist óskaplega lítið í þeirri stöðu eins og hún er á landsbyggðinni hjá okkur þó við samþykkjum það frv. sem hér er til umræðu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Til þess að hv. 3. þm. Vesturl. og sá sem hér stendur séu ekki að tala hvor fram hjá öðrum þá þakka ég fyrir ábendinguna um breytingarnar sem orðnar eru á þessu frv. og verð reyndar að fagna því að styrkjahlutverki þessarar stofnunar séu að einhverju leyti skorður settar. Aftur á móti er náttúrlega lánahlutverk hennar enn þá jafn galopið í 10. gr. eins og áður gat.

Þegar ég talaði um ábyrgðarsjóði talaði ég reyndar ekki um sveitarsjóði. Ég átti við sjóði sem hefðu framlög frá hinu opinbera, þ. e. frá ríki. Með svipuðum hætti og ríkið tekur ábyrgð á lántökum aðila erlendis gætu þeir alveg eins tekið ábyrgð á lántökum aðila hér innanlands en þá kannske ekki endilega með þeim hætti að ábyrgjast þær lántökur sífellt að fullu.

Í sambandi við þetta frv. og þá fullyrðingu mína að það eigi litlu eftir að breyta vil ég benda á eitt atriði til að byrja með. Byggðasjóður, hinn upprunalegi, átti að vinna skv. áætlun, það var gert ráð fyrir því. Hann hefur aldrei gert það. Það hefur aldrei verið unnin til loka nokkur áætlun sem Byggðasjóður hefur unnið eftir. En það var þó hinn upprunalegi tilgangur og hið upprunalega markmið. Það var einu sinni gerð áætlun sem unnið var eftir. Það var áður en Byggðasjóður varð til. Það var Vestfjarðaáætlun. En árangurinn af því starfi var að nokkru leyti trúlega upphafið — eða síðasta stigið í þróuninni eða í afskiptum ríkisvalds af jafnvægi í byggð landsins áður en Byggðastofnun og Framkvæmdastofnun urðu til.

Með tilliti til þessa frv. vildi ég bara benda hv. 3. þm. Vesturl. á að hugleiða það hvort önnur ákvörðun, einfalt atriði í sjálfu sér en þó þungvægt, mundi ekki verða miklu, miklu afdrifaríkari fyrir jafnvægi í byggð landsins. Að í stað þess að samþykkja frv. til l. um Byggðastofnun yrði samþykkt frv. til laga um frjálsa gjaldeyrisverslun í landinu þannig að þeir sem afla gjaldeyrisins gætu selt hann hæstbjóðanda. Og ég tala nú ekki um það, sem mér hefur oft dottið í hug þegar ég hef ferðast um byggðir þessa lands, að líklega væri langeinfaldast að flytja frv. til l. um að heimila erlendum bönkum að reka útibú í helstu sjávarplássum landsins. Þannig væri búið að koma sjávarútveginum undan afskiptum stjórnmálamanna á þessu landi og sérstaklega valdhafa. Ég held að slíkar aðgerðir hefðu miklu, miklu meira að segja fyrir afkomu fólks í landinu, þær hefðu miklu, miklu meira að segja hvað viðkemur jafnvægi í byggð landsins heldur en nokkurn tíma þetta frv. til l. um Byggðastofnun.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það virtist koma hv. 4. þm. Vesturl. nokkuð á óvart að ég skyldi viðurkenna að það væru fólksflutningar frá dreifbýlinu hingað á suðvesturhornið. Hann hefur aldrei heyrt mig bera á móti því að svo hafi verið undanfarin ár, hvort það eru tvö, þrjú eða hvað það er, við skulum ekki deila um það. Ég tel alveg ástæðulaust að leyna slíku þó það sé í ræðustól á hv. Alþingi. Ég sé ekki hverju það ætti að þjóna. Ég hélt að við værum sammála um það að snúast til varnar gegn því að þessi flótti héldi áfram utan af landsbyggðinni. En hver er ástæðan? Það vitum við báðir mætavel og ég skal ekki fara að rekja það langt aftur. Við þekkjum ósköp vel hvernig komið er fyrir íslenskum sjávarútvegi. Og það var ekki að ske á síðustu tveim árum, því miður. Þó að mikil aflatakmörkun hafi átt sér stað er þar um að ræða samansafn margra ára vegna vitlausrar gengisskráningar, segi ég, einkum á árunum 1981 og 1982. Þegar hér voru bestu aflaárin og markaðir hvað bestir gleymdi sjávarútvegurinn sér í því og þá var allt flutt hér á þéttbýlissvæðin. Sú uppbygging sem hér hefur farið fram er að stærstum hluta til orðin fyrir þann gjaldeyri sem þá var myndaður og honum hefur ekki verið skilað aftur. Ég vona að við getum verið sammála um þetta og ég ligg ekki á þessum skoðunum mínum.

Þess vegna vil ég styðja þetta frv. um Byggðastofnun sem ég hef trú á að geti, ef rétt er á málum haldið, maður getur ekki sagt meira á þessu stigi málsins, orðið hvati til þess að renna nýjum stoðum undir atvinnulíf í hinum dreifðu byggðum. Og það á að vera hennar verkefni, ég veit að við hv. þm. erum sammála um það, en ég kann ekki við að fá slíkar kveðjur hér að ég sé eitthvað að brjóta af mér með því að viðurkenna að svona sé málum komið. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess.

Hvað varðar frjálsan gjaldeyri, sem hv. 8. þm. Reykv. gat um áðan, er það vissulega umhugsunarefni. Ég held að það gæti hrikt nokkuð víða í stoðum ef íslenskur sjávarútvegur úti á landsbyggðinni þakkaði fyrir sig og tæki sinn gjaldeyri og léti Reykjavík hringja í sig á föstudögum og spyrja: Hvað kostar hann í dag? Þetta væri kannske athugandi. Ég er þó ekki tilbúinn að samþykkja þá ráðstöfun hér, það þyrfti að breyta ýmsu í stjórnkerfinu áður. En þetta er auðvitað ein leiðin til þess að gera slíka hluti. Og þá mundi einhverjum bregða við einhvers staðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 97. fundur.

Föstudaginn 14. júní, kl. 2 miðdegis.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 1253, 1254,

1258). — Frh. 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og brtt. 1254 ber með sér veldur hún því að þessar tvær brtt. verða bornar upp í annarri röð en rétt þætti skv. þingsköpum ef þær kæmu fram sem einstakar brtt. við frv. sem fyrir liggur. Hér er því verið að fara aftan að hlutunum. Af þeim sökum dreg ég mína till. til baka og eru þá báðar tillögurnar til baka dregnar.

Brtt. 1254 tekin aftur.
Brtt. 1258 tekin aftur.
Frv. samþ. með 21:3 atkv. og afgr. til Ed.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 248. mál (þskj. 873). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1290).

Dýralæknar, frv. 502. mál (þskj. 1183). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1291).

Framleiðsla og sala á búvörum, frv. 491. mál (þskj. 915, n. 1240 og 1260, 1242, 1262, 1264). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Nál. við þetta frv. er á þskj. 1260 frá meiri hl. landbn., en hann skipa auk mín hv. þm. Halldór Blöndal, Þórarinn Sigurjónsson, Eggert Haukdal og Páll Dagbjartsson.

Nefndin hélt ellefu fundi um þetta mál, marga mjög langa. Það voru mjög margir sem komu til nefndarinnar til að tjá sig um þetta frv., m. a. fulltrúar frá Framleiðsluráði, frá Stéttarsambandi bænda, frá nefnd sex manna sem kosnir voru á aukafundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var að mig minnir 17. apríl, og frá Sambandinu, frá Iðnaðardeild Sambandsins. Fulltrúar komu frá Sláturfélagi Suðurlands, frá Alþýðusambandi Íslands, frá BSRB, frá Neytendasamtökunum, Verslunarráði og Kaupmannasambandi Íslands. Einnig frá búnaðarsamböndum á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Einnig komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá öllum sérgreinasamböndunum, loðdýra-, svína-, kjúklinga-, kartöflu- og garðávaxta og eggjaframleiðenda. Þá komu á fundinn bankastjórar frá Landsbankanum, Búnaðarbankanum og Samvinnubankanum. Að síðustu komu svo formaður Stéttarsambands bænda, framkvæmdastjóri þess og einn stjórnarmaður í Stéttarsambandinu.

Nefndin klofnaði um málið og hafa þeir skilað sérálitum, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Baldvin Hannibalsson. Þeir sem skipa meiri hl. hafa lagt fram brtt. við frv. sem eru á þskj. 1262 og eru 16 að tölu.

Í 1. gr. frv. segir:

„Tilgangur þessara laga er:

a) að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.“ Í þessum 1. staflið 1. gr. kemur fram hver tilgangur laga þessara er.

Á meðan frv. var í vinnslu kom aukafundur Stéttarsambands bænda saman til að athuga frv. og segja álit sitt á einstökum greinum þess. Stéttarsambandsfundurinn samþykkti fjölmargar brtt. við frv. og kaus, eins og áður segir, sex manna nefnd til að fylgja þessum brtt. fram.

Það má segja að í því samkomulagi sem formenn stjórnarflokkanna gerðu og er dags. 6. sept. 1984 sé að finna þann grundvöll sem frv. er svo byggt á. Þetta samkomulag er birt með nál. meiri hl. Frv. felur í sér heimildir til að stjórna öllum búgreinum, allri búvöruframleiðslu í landinu ef þær heimildir, sem notaðar eru, eru notaðar til fulls skv. VII. kafla frv.

Í VI. kaflanum eru ákvæði um hvernig háttað skuli greiðslum skv. frv. á framleiðsluvörum bænda.

Í 28. gr. segir:

„Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðenda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim.“

Í samkomulagi formannanna, gr. 8.6., sem er hér með á fskj., segir með leyfi forseta:

„Framleiðendur fái fulla greiðslu fyrir afurðir sínar sem næst við afhendingu, enda verði vinnslustöðvum með afurðalánum gert það kleift.“

Í samþykkt ríkisstj. í marsmánuði s. l. stendur m. a., með leyfi forseta, til frekari áréttingar þessu atriði:

„Jafnframt ákveður ríkisstj. að viðskrh. skipi nefnd til að gera tillögur um framkvæmd samþykktar stjórnarflokkanna frá 6. sept. þannig að bændur geti frá 1. maí n. k. fengið innlagða mjólk greidda að fullu innan mánaðar og sláturafurðir um áramót. Markmiði þessu sé náð með endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána, tímasetningu í niðurgreiðslum úr ríkissjóði og reglum um lágmarksfjármögnun birgða af eigin fé stöðvanna.“

Ég er hér með afrit af bréfi sem hæstv. viðskrh. skrifaði nefnd sem skipuð var til að gera tillögur um framkvæmd á þessu atriði. Bréf þetta er þannig, með leyfi forseta:

„Í samræmi við samþykkt ríkisstj. frá 21. fyrra mánaðar hefur verið ákveðið að skipa nefnd á vegum viðskrh. til þess að gera tillögur um framkvæmd á því ákvæði samkomulags stjórnarflokkanna frá 6. sept. 1984 er gerir ráð fyrir að bændur geti svo fljótt sem við verður komið fengið fullnaðargreiðslur fyrir afurðir sínar. Markmiði þessu skal nefndin ná með endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána, tímasetningu á niðurgreiðslum úr ríkissjóði og reglum um lágmarksfjármögnun birgða af eigin fé vinnslustöðva. Jafnframt skal á það bent að endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins er að ljúka og þykir rétt að höfð sé hliðsjón af þeim markmiðum sem þar koma

fram um nánara fyrirkomulag þessara mála. Hér með eruð þér skipaður formaður þessarar nefndar. Ásamt yður í nefndinni eru Helgi Bachmann, Ketill Hannesson, Ingi Tryggvason, Stefán Pálsson."

Þetta bréf fer til seðlabankastjóra, Davíðs Ólafssonar.

Nú stendur þannig á gagnvart vinnslustöðvunum eins og hjá ýmsum öðrum fyrirtækjum í okkar þjóðfélagi að þar er ekki að finna fjármagn sem vinnslustöðvarnar geta tekið til greiðslu afurðalána bænda umfram það sem nú er. Því verður að koma annað og meira til.

Í viðtölum við þá sem komu til að ræða við nefndina um þetta frv. heyrðist á æðimörgum að þeir óttuðust að það mundu verða miklir örðugleikar á að fá fjármuni til þess að hægt væri að standa við það greiðslufyrirkomulag sem í frv. felst. Af þessu tilefni vil ég beina því til hæstv. viðskrh. að hann komi upp í ræðustól að loknu máli mínu og staðfesti í hv. Nd. að hann muni ásamt ríkisstj. gera þær ráðstafanir sem til þurfi að gera til þess að hægt verði að fara eftir því greiðslufyrirkomulagi sem í frv. þessu felst.

Í frv. kemur orðið „sláturleyfishafi" víða fyrir sem samheiti fyrir þá sem reka sláturhús og eru aðilar að ýmsum ákvörðunum bundnum við þann hóp. Eins og orðið „sláturleyfishafi" er skýrt í 7. mgr. 2. gr. frv. á það aðeins við þau sláturhús sem hafa löggildingu til slátrunar skv. lögum nr. 30 frá 1936, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, en ekki þau sláturhús sem fá undanþágu skv. 2. mgr. 2. gr. laganna þar sem þau fullnægja ekki þeim skilyrðum sem sett eru um gerð og búnað sláturhúsa. Það er hins vegar ekki ætlunin með frv. að gera mun á þessum sláturhúsum. Sláturhúsin eru sameiginlega í þessu frv. kölluð „sláturhús" til að verka gegn ákvæðum þessa frv.

Með 2. brtt. er bætt úr þessu. Með brtt. er ákvæði 1. mgr. 4. gr. frv. um hlutverk Stéttarsambands bænda við framkvæmd laganna orðað með ótvíræðum hætti. Skv. till. er Stéttarsamband bænda að lögum sá aðili sem kemur fram fyrir hönd framleiðenda búvara við framkvæmd laganna nema öðruvísi sé kveðið á um í lögunum. Dæmi um frávik frá þessari reglu er t. d. heimildin í 2. mgr. 4. gr. til að viðurkenna einstök landssambönd framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein.

Nefndinni hafa borist um það tilmæli að hámarksverðmiðlunargjald skv. 19. gr. verði hækkað úr 3% af heildsöluverði eins og lagt er til í hinu upphaflega frv. Ástæða þessarar beiðni er að einstökum tegundum búvara hefur reynst nauðsynlegt að hafa þessa gjaldtöku verulega hærri en 3% og hefur þar m. a. komið til mismunandi vinnslukostnaður og verðtilfærsla milli einstakra framleiðsluvara umfram þá verðtilfærslu sem Sexmannanefnd hefur ákveðið. Það ber auðvitað að hafa í huga að hér er um að ræða hámarksheimild sem óvíst er hvort notuð verði að fullu, en þessi hámarksheimild er skv. brtt. 5.5%.

4. brtt. Við nánari athugun telja menn rétt að binda hámark þeirrar tilfærslu sem gera eigi á útborgunarverði mjólkur skv. 22. gr. við 15% af grundvallarverði í stað 30 eins og stóð í frv. Telja bændasamtökin að slík tilfærsla milli sumarmjólkur og vetrar sé nægileg til að ná þeirri stjórn á mjólkurframleiðslunni sem að er stefnt með þessu ákvæði, þ. e. að greiðsla til framleiðenda yfir sumarið sé allt að 15% lægri.

Með 5. brtt. skv. 2. mgr. 24. gr. frv. skulu gögn um innheimtu og álagningu, svo og reikningar þeirra gjalda sem innheimt eru skv. verðmiðlunarkafla frv., endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda er Framleiðsluráð tilnefnir og landbrh. Bændasamtökin óskuðu eftir að þessu ákvæði yrði breytt á þann veg að Framleiðsluráð hefði óbundnar hendur um val á endurskoðanda af sinni hálfu, en landbrh. tilnefndi aftur á móti löggiltan endurskoðanda. Í þeirri brtt. sem hér er lögð fram er lagt til að báðir endurskoðendurnir verði valdir úr hópi löggiltra endurskoðenda og verður að telja slíkt eðlilegt með tilliti til umfangs þess verks sem þessum endurskoðendum er falið.

Í 6. brtt. í 1. tölul. 29. gr. frv. er lagt til að svonefnd frumgreiðsla vegna sauðfjárinnleggs að hausti fari fram í síðasta lagi 31. okt. eftir reglum sem Framleiðsluráð setur. Nú er vitað að ýmsir sláturleyfishafar hafa greitt slíkar uppígreiðslur fyrr og auðvitað er ekkert í ákvæðinu sem bannar þeim að gera það eftirleiðis. Hins vegar telja menn hættu á að þetta ákvæði eins og það er í frv. leiði til þess að eftirstöðvar afurðaverðs verði vaxtafærðar síðar en nú er, en það er 15. október.

Með 6. brtt. er lagt til að umrædd frumgreiðsla fari fram í síðasta lagi 15. október og hjá þeim sem slátra eftir þann tíma fari frumgreiðslan fram eigi síðar en tíu dögum eftir innlagsdag. Það verður áfram verkefni Framleiðsluráðs að setja nánari reglur um þessi efni, en þær reglur, sem hér er fjallað um, markast fyrst og fremst af greiðslum afurðalána og fjármagnsútvegun að öðru leyti á hverjum tíma.

7. brtt. Þær brtt. sem lagðar eru fram við 30. gr. fela ekki í sér efnisbreytingar ef undan er skilinn b-liður tillagnanna. Með b-lið tillagnanna er undirstrikaður sá vilji þeirra sem að þessari lagasetningu standa að samningar skv. a-lið 30. gr. milli ríkisins og Stéttarsambands bænda um magn mjólkur og sauðfjárafurða verði gerðir. Hér er því lagt til að landbrh. verði ekki einungis heimilt að gera slíka samninga, heldur sé honum rétt að leita eftir slíkum samningum. Ekki er hægt að útiloka að slíkir samningar náist ekki og þá koma m. a. til ákvæði 4. mgr. 36. gr. eins og lagt er til að hún verði skv. 9. brtt., en hér er gerð sú mikilvæga breyting að landbrh. er skylt að eiga frumkvæði að slíkum samningsumleitunum og slíkri skyldu fylgir auðvitað að ríkisvaldið þarf að gera bændum grein fyrir hvert það vilji stefna með slíkum samningum.

Um 8. brtt. Á síðustu árum hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitt töluvert fé til nýrra búgreina og breyttra búskaparhátta. Með 37. gr. frv. fær sjóðurinn frekari fjármuni til þessa verkefnis með tilliti til þess að þeirri aðstoð er m. a. ætlað að styðja við nýjar búgreinar sem komi í stað sauðfjár- og mjólkurframleiðslunnar vegna aðstoðar sem Framleiðnisjóður lætur þeim í té. Hér gæti t. d. verið um að ræða bónda sem hefur búmark til framleiðslu á sauðfjárafurðum, en fær stuðning til uppbyggingar á loðdýrabúi. Þá gæti verið eðlilegt að skerða það búmark þegar hin nýja framleiðsla er farin að gefa af sér tekjur.

Með a-lið 9. brtt. er lagt til að eftir 1990 og þar til endurskoðun skv. 38. gr. hefur farið fram skuli útflutningsbætur árlega nema 4% af heildarverðmæti búvöruframleiðslu.

Ákvæði IX. kafla frv. miða að því að aðstoða landbúnaðinn með aðlögun að breyttum markaðsað-

stæðum. Við vitum ekki hver verður árangur þeirrar aðlögunar að fjórum árum liðnum. Í 38. gr. frv. er í samræmi við þetta ákvæði um að þessi ákvæði skuli tekin til endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku laganna með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingar nýrra búgreina. Með umræddri brtt. er tryggt að réttur bænda til útflutningsbóta verði ekki með öllu felldur niður nema til komi frekari umfjöllun Alþingis þar sem metið verður hvernig til hefur tekist með árangur af þessari lagasetningu. Þessi endurskoðun á fyrst og fremst, að mínum dómi, að vera til að meta hvernig hefur til tekist að ná því markmiði sem lögin fela í sér og yfirlýsingar ríkisstj. sem hafa hvað eftir annað verið endurteknar, þ. e. að byggja upp annan atvinnurekstur til þess að mæta því tekjutapi sem verður vegna þeirrar framleiðsluminnkunar í hefðbundnum búgreinum sem er talin nauðsynleg a. m. k. við þær aðstæður í markaðsmálum sem nú blasa við.

Ég hef þá trú að eftir fjögur ár verði staðan sú að það verði langt frá því að það mark hafi náðst að byggja upp atvinnurekstur í strjálbýli sem komi í veg fyrir þá fækkun, þá framleiðsluminnkun sem manni sýnist nú blasa við. Við skulum vona að það verði breyting í þessum málum þannig að slík minnkun þurfi ekki til að koma. Þessi endurskoðun á því að mínu mati fyrst og fremst að byggjast á því hvort þurfi að herða róðurinn til að ná þessu marki, þ. e. að það fólk sem býr í strjálbýli hafi tekjumöguleika sem eru í einhverju samræmi við tekjur annarra stétta og að fjárhagsaðstoðinni sem felst í 37. gr. og á að fara til þessarar uppbyggingar, verði ekki hætt, heldur miklu frekar að ef of skammt hefur verið gengið verði hún aukin þar til við náum því marki sem ríkisstj. hefur sett sér bæði í málefnasamningnum sem gerður var þegar ríkisstj. var mynduð og í yfirlýsingum um að reyna að halda landinu í svipaðri byggð og nú er.

Það hefur jafnan verið ætlunin með frv. að náist ekki samningar milli ríkisins og Stéttarsambands bænda skv. a-lið 30. gr. eigi bændur rétt á þeim útflutningsbótum sem tilteknar eru í 36. gr. Til þess að taka af allan vafa um þetta ákvæði er í b-lið 9. brtt. lagt til að bætt verði við 36. gr. nýrri mgr. um þetta efni.

Í 10. brtt., þ. e. 1. mgr. 40. gr. frv., er sett fram sú stefnuyfirlýsing að byggingu og staðsetningu afurðastöðva skuli haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreina. Ekki er í frv. hins vegar gert ráð fyrir sérstökum leyfum til byggingar og reksturs afurðastöðva utan þær kvaðir sem kunna að verða lagðar á þessi fyrirtæki með samningum eða úrskurði ráðh. skv. 48. og 51. gr. frv. Bændasamtökin hafa í umfjöllun sinni um frv. lagt mikla áherslu á að í lögum verði heimild til að hafa stjórn á uppbyggingu afurðastöðva þannig að tryggð verði heppileg nýting þeirrar fjárfestingar sem bundin er í þessari atvinnugrein, enda er það grundvöllurinn fyrir því að þau markmið, sem frv. felur í sér, náist. Hér er því lagt til að við löggildingu afurðastöðva, sérstaklega þó sláturhúsa, skv. lögum nr. 30 frá 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturhúsum, með síðari breytingum, skuli gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. Skv. lögum nr. 30 frá 1966 er það landbrh. sem löggildir sláturhús að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum búnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum. Með þessari brtt., sem hér er fjallað um, er bætt við því viðbótarskilyrði við löggildingu sláturhúsa að ráðh. þarf að taka afstöðu til þess hvort bygging og staðsetning viðkomandi sláturhúss sé hagkvæm fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar. Þarna er því ráðh. gerður ábyrgur fyrir framkvæmd þeirrar stefnu sem sett er fram í 1. mgr. 11. gr.

Með 11. brtt. eru tekin af öll tvímæli um að til innflutnings á sveppum þurfi leyfi landbrh., en deilt hefur verið um hvort sveppir falli undir grænmeti eða ekki. Það hafa haft samband við mig ýmsir þeir sem framleiða alls konar grænmeti og kvarta mjög yfir því að það hafi verið flutt inn grænmeti eftir að íslenskt grænmeti kom á markað á þessu vori. Þeir segja mér t. d. að komið hafi íslenskt salat á markað upp úr 20. mars og þeir telja að innflutningur hafi verið það mikill að orðið hafi að henda verulegum hluta af framleiðslu þeirra. Þessir bændur eru fyrst og fremst í Árnessýslu, Borgarfirði og e. t. v. víðar. Þeir báðu mig að minnast á það hér að setja þurfi í reglugerð um þetta efni að um innflutning á grænmeti verði að gefa skýrslu til rn. eða Framleiðsluráðs og það verði að ganga frá þeim málum þannig að ekki þrengi að íslenskri framleiðslu á þann veg sem þeir telja að hafi verið gert á s. l. vori. Þeir sem flytja inn grænmeti verði að gera glögga grein fyrir þeim innflutningi.

Þar sem afgreiðsla frv. hefur dregist er nauðsynlegt að færa gildistöku þess aftur til 1. júlí 1985, en ákvæði til bráðabirgða eru ýmist frávik frá gildistökuákvæði 60. gr. eða vegna aðstæðna ýmissa á þessu ári.

Um 13. brtt. Ákvæði til bráðabirgða þarf að breyta þar sem ákvarðanir um verð búvara 1. júní hafa þegar verið teknar. Einnig er gerð sú breyting á greininni að tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru þar til landbrh. ákveður verðmiðlunargjöld skv. hinum nýju lögum, skuli ráðstafað í samræmi við 40. gr. laga nr. 95 frá 1981, en skv. þeirri grein annast Framleiðsluráð það verkefni.

14. brtt. Vegna gildistöku laganna er nauðsynlegt á árinu 1985 að kveða á um breytingar á ýmsum frestum sem þar eru ákveðnir.

Þá er bráðabirgðaákvæði stafliðar H svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði í 5. gr. skal Framleiðsluráð landbúnaðarins, það sem nú situr skv. lögum nr. 95/1981, fara með verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. lögum þessum þar til fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hefur kosið fulltrúa sína í ráðið skv. 5. gr., þó ekki lengur en til 15. sept. 1985."

Ég vil taka það fram að aðalfundur Stéttarsambands bænda er alltaf um mánaðamótin ágúst—september.

Við 52. gr. var einnig gerð sú breyting, það er 12. brtt., að í staðinn fyrir að upphaf greinarinnar var þannig: „Rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal hætt frá 1. júní 1968" komi: Framleiðsluráð landbúnaðarins hættir rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986.

Í sambandi við þetta kom fram hjá fulltrúum bæði kartöflubænda og þeirra sem framleiða annað grænmeti að þeir höfðu mikinn hug á að stofna með sér samvinnu um heildsölu á grænmeti og kartöflum og vildu láta setja inn í frv. að þeir skyldu taka við Grænmetisverslun landbúnaðarins á þeim tíma sem Framleiðsluráð hætti þar rekstri. Um það yrði auðvitað að semja og liggur

ekki fyrir nein samstaða hjá þessum aðilum. Verður að sjá hverju fram vindur í því efni.

Skv. 7. gr. frv. var gert ráð fyrir að í Sexmannanefnd mundu af hálfu neytenda tilnefna stjórn Alþýðusambands Íslands tvo fulltrúa, en stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja einn fulltrúa. Nefndinni barst bréf frá Alþýðusambandinu um að það ætlaði ekki að tilnefna menn, hvorki í Sexmannanefnd eða í fimmmannanefnd skv. 13. gr. Fulltrúi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja tilkynnti nefndinni, þegar hann kom á fund hennar, að bandalagið mundi ekki heldur tilnefna menn í þessar nefndir. Það varð úr að þessum greinum var ekki breytt þrátt fyrir að þessar staðreyndir blöstu við í von um að þó þetta sé afstaða þessara samtaka nú muni afstaða þeirra breytast innan skamms.

Það komu fram óskir um að inn í 47. gr. kæmi ný setning. Þar er verið að ræða um sölusvæði fyrir mjólk skv. 45. gr. og hljóðar það þannig: „...og skulu þá framleiðendur mjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því svæði.“ Óskað var eftir að því næst kæmi: Þar með talin verðjöfnun milli samlaga innan svæðis. — Það varð niðurstaðan í þessu máli að allar heimildir til þess fælust í 19. gr., en niðurlag 19. gr. frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m. a. varið þannig:

a) til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna,

b) til þess að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,

c) til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað,

d) til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á sérstökum afurðum, sbr. 49. gr.“

Annars staðar í frv. stendur að það skuli allir framleiðendur fá sama verð fyrir sömu vöru. Eftir að búið er að hækka verðmiðlunargjaldið úr 3% í 5.5% teljum við að það ætti að nást að fullnægja því ákvæði í frv. að allir sitji við sama borð og skipti þá ekki máli hvort það er innan svæðis eða á milli svæða.

Þegar framleiðendur grænmetis og kartaflna komu á fund nefndarinnar kom fram ósk um að inn í 25. gr. laganna yrði sett heimild um að ef til væri landssamband hverrar búgreinar mætti leggja á 1% af bruttóverði framleiðslu þeirra til að standa undir félagslegri starfsemi búgreinarinnar, þ. e. ef aðalfundur þeirrar búgreinar samþykkti það, en að sjálfsögðu yrði landbrh. að samþykkja það einnig. Enn fremur kom fram að Stéttarsamband bænda vildi einnig fá heimild til að leggja á framleiðendagjald sem var talið að þyrfti að vera allt að 0.25%, en það var bundið því skilyrði að slíkt gjald yrði lagt á að aðalfundur Stéttarsambands bænda samþykkti að slík gjaldtaka skyldi verða leyfð.

Það fóru fram miklar umræður um þetta efni í nefndinni og í stjórnarflokkunum varð niðurstaðan sú að eðlilegra væri að verða við þessari beiðni þannig að setja slík ákvæði inn í lögin um Búnaðarsjóð. Ég vil því hvetja þá aðila, bæði Stéttarsamband bænda og þær búgreinar sem vilja óska eftir því að fá þessa heimild inn í lög, að taka afstöðu til þess á sínum næsta aðalfundi og koma þeirri ósk á framfæri við hæstv. landbrh. Landbn. Nd. mun líka reyna að vinna að þeim málum ef slík beiðni kemur. Þá þarf að breyta lögunum um Búnaðarsjóð í þá átt sem ég hef hér greint frá. Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. landbrh. staðfesti hér og nú að það sé vilji hans að verða við þessari beiðni ef hún kemur fram og hefur verið samþykkt á aðalfundi þessara búgreina og eins stéttarsambandsfundi bænda.

Í d-lið 30. gr. er heimilað að innheimta eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og hráefnum til þess: Grunngjald sem má nema allt að 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru. Sérstakt fóðurgjald sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru. Fóðurgjöld skv. þessari grein mega vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu fóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði þess. Heimilt er að ákveða fóðurgjöldin mishá eftir fóðurtegundum.

Það komu fram miklar athugasemdir við að fyrri liðurinn, þ. e. grunngjald af tollverði, skuli vera 50%. Þeir sem nota mikið eða jafnvel einvörðungu fóðurmjöl til framleiðslu sinnar töldu að þetta mundi koma mjög hart niður á búgreinum sem slíkt mjöl nota. Þeir lögðu þó enn þá ríkari áherslu á að það yrði með einhverju móti tryggt að þeir fengju nokkurra mánaða gjaldfrest til að inna þessi gjöld af hendi. Það er kannske sérstaklega vegna þess að þeir hafa búið við það fyrirkomulag að hafa gjaldfrest. Ef þeir þyrftu að borga upp á skömmum tíma, en yrðu að taka upp staðgreiðslu á þessum gjöldum og fob-verðinu, mundi það verða mörgum þeirra um megn.

Í sambandi við fóðurvöruinnflutning og það gjald sem hefur verið tekið af fóðurvörum til þessa hefur, eins og ég sagði áðan, verið, að ég hygg, allt upp undir sex mánaða gjaldfrestur. Ef nú yrði breyting á, eins og ég hef sagt, mundi verða erfitt fyrir marga að lifa við slíkt. Þess vegna verð ég að endurtaka að það verður að skoða það mjög vel hvernig hægt er að ganga þannig frá málum að þessir framleiðendur fái áfram svipaðan gjaldfrest og verið hefur.

Það kom sú ósk frá framleiðendum kartaflna að það bættist við 44. gr. að ekki mætti selja kartöflur og gulrófur nema í þeim stöðvum sem hafa samþykki landbrh. til að versla með þessar vörur í heildsölu. Það kom fram hjá þessum mönnum að það höfðu verið gerðar athuganir á ástandi þessarar vöru í verslunum í Reykjavík og hefði komið í ljós að þær geymslur sem eru notaðar fyrir þessar vörur í verslununum væru með þeim hætti að í mörgum tilvikum hefði ekki verið á boðstólum hæf söluvara. Okkur nm. var sýnt hvernig þetta mat hefði komið út.

Það varð ekki samstaða um að verða við þessari ósk framleiðenda. Hins vegar verður að benda framleiðendum á að eina leiðin fyrir þá í þessu efni er að þeir stofni sjálfir sín samtök, um að öll þessi framleiðsla verði seld frá einhverjum dreifingarstöðvum sem hafa fullkomnar geymslur og framleiðendur þessarar framleiðslu sitji allir við sama borð, en ekki, eins og nú hefur verið, að sumir eru kannske búnir að selja alla sína framleiðslu frá því í fyrra, en aðrir eiga mjög mikinn hluta af henni óseldan. Bændur ættu að vera búnir að læra það á liðnum árum að þeir verða að stjórna þessum málum sjálfir, styrkja sín samtök og láta eitt yfir alla framleiðendur ganga í hverri framleiðslugrein. Það er sígilt að sameinaðir stöndum vér, en sundraðir föllum

vér.

Í samkomulagi formanna stjórnarflokkanna, sem áður er getið og er fskj. með nál., segir í 8.4. lið:

„Samtök bænda skipti framleiðslunni á framleiðslusvæði og/eða einstaka framleiðendur."

Það kom fram í nefndinni að líklega væri illmögulegt að halda uppi byggð í ýmsum héruðum landsins öðruvísi en skipta landinu í framleiðslusvæði og ákveða hverju svæði ákveðið búmark.

Í 30. gr. er leyfi fyrir sérstökum svæðakvóta og er mikilvægt að athugað sé vel hvort ekki beri að nota slíka heimild til að styrkja þau svæði sem standa höllum fæti um þessar mundir. Það kom fram í nefndinni og var lögð áhersla á það af einstökum nm. að slíkur svæðakvóti kæmist í framkvæmd hið allra fyrsta.

Nefndinni barst svohljóðandi bréf frá stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins sem hélt aðalfund sinn 10. júní s. l.:

„Bókað var eftirfarandi", eins og segir í bréfi þessu:

„Stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins mótmælir eindregið þeim ákvæðum í nýju frv. um framleiðslu, sölu og verðlagningu á landbúnaðarvörum að fyrirtækið og eignir þess séu ríkiseign. Hjálagt fylgir ljósrit af bréfi kjörinna endurskoðenda um þetta efni dagsett í dag. Stjórnin áskilur sér allan rétt til að mótmæla m. a. með lögsókn ef þetta ákvæði frv. verður samþykkt."

Undir þetta skrifa Ingi Tryggvason, Magnús G. Friðgeirsson, Magnús H. Sigurðsson, Eiríkur Sigfússon, Gísli Andrésson, Skarphéðinn J. Larsen og Páll I. Guðbrandsson.

Hér vil ég líka lesa upp fskj. sem er dags. 10. júní 1985:

„Til stjórnar Grænmetisverslunar landbúnaðarins: Vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins og enn fremur vegna ákvæða varðandi Grænmetisverslun í frv. sem nú liggur fyrir Alþingi um Framleiðsluráð landbúnaðarins viljum við kjörnir endurskoðendur taka fram eftirfarandi:

Grænmetisverslun landbúnaðarins tók til starfa 1. sept. 1956. Tók þá við Grænmetisverslun ríkisins og kaupir eignir hennar, áhöld og bifreiðar fyrir 151 þús. 720 kr., en greiðir leigu fyrir húsnæði við Sölvhólsgötu. Framleiðsluráð lánar 50 þús. kr. í byrjun starfstímans til þess að hægt sé að greiða nauðsynlegustu hluti. Þetta fé var síðan endurgreitt Framleiðsluráði á árinu 1957.

Byggingarsjóður Grænmetisverslunarinnar var stofnaður 1958 með framlögum frá framleiðendum og af rekstrartekjum fyrirtækisins. Lagt var í þennan sjóð í þrjú ár, en framleiðendum síðan endurgreitt árið 1965.

Það liggur því ljóst fyrir, að fyrirtækið er byggt upp af eigin tekjum og með stuðningi frá framleiðendum, en á engan hátt af ríkisframlögum. Það er staðfest í stjórnarfundargerð frá 15. apríl 1958 að Sveinbjörn Jónsson hrl. hefur gert álitsgerð um skattalega og eignarréttarlega stöðu fyrirtækisins. Hann telur að verslunin sé sjálfseignarstofnun, er sé rekin af framleiðendum þeirra vara er hún selur.

Með tilvísun til framanritaðs teljum við að sú hugsun, sem liggur að baki ákvæði frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, að Grænmetisverslun landbúnaðarins sé ríkiseign, standist ekki og sé í andstöðu við þá hugsun sem gilt hefur um eignarrétt og að þessum ákvæðum beri að mótmæla. Jafnframt teljum við að nauðsynlegt sé að skera endanlega úr um eignarréttarlega stöðu fyrirtækisins og leita til dómstóla ef með þarf."

Undir þetta skrifa Sigurður E. Líndal og Guðmundur Sigþórsson.

Af þessu tilefni, þó að þessu ákvæði í lögunum hafi ekki verið breytt, vil ég undirstrika að ég tel orka mjög tvímælis hvort rétt sé að eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins séu eign ríkisins. Þess vegna vil ég hafa allan fyrirvara á um þetta ákvæði í frv. og tel æskilegt að það séu tilnefndir menn til að kanna hver sé eigandi að þessu fyrirtæki. Best væri ef það væri hægt að leiða það til lykta án dómsúrskurðar.

Ég vil taka það fram að við hv. þm. Halldór Blöndal skrifuðum þremur lögmönnum og lögðum fyrir þá spurningar um ýmis atriði í þessu frv. Eitt af því var þetta. Það er nú búið að svara spurningum okkar nema þessu eina. Þessir lögfræðingar voru þeir Benedikt Blöndal, Gaukur Jörundsson og Jón Þorsteinsson. En við eigum von á að þeir kanni þetta mál til hlítar og við fáum svar við þessari spurningu síðar. Ég vil beina mínu máli til hæstv. landbrh. og æskja þess að þetta verði kannað og þó að þetta sé í frv. hef ég, og ég hygg aðrir nm., allan fyrirvara á varðandi þetta atriði.

Ég vil svo að síðustu segja að það samkomulag sem stjórnarflokkarnir eða fulltrúar þeirra í landbn. Nd. hafa gert er auðvitað málamiðlun. Við hefðum margir hverjir viljað hafa þetta frv. á annan veg. En samkomulag er samkomulag. Sé það gert verður að standa við það. Ég held líka að þó að ýmis ákvæði þessa frv. hefðu að mati hinna einstöku nm. þurft að vera öðruvísi hafi verið gerðar á frv. mikilvægar breytingar sem ég tel að séu allar til mikilla bóta. Þær brtt. sem leitað var eftir en ekki fengust samþykktar eru flestar ekki eins mikilvægar og sumar af þeim brtt. sem samkomulag varð um. En það er framkvæmd laganna sem líka skiptir miklu máli hvernig tekst til með. Í reynd verður það framkvæmdin sem dómurinn um þetta frv. mun fyrst og fremst byggjast á þegar fram líða stundir.

Landbúnaðurinn er nú í miklum öldudal og margir bændur búa við mjög þröngan kost. Ég vona að með því að byggja upp nýjan atvinnurekstur í sveitum verði þessu snúið við og bændur fái aftur von um betri tíma fram undan. Það skiptir einnig miklu máli hvernig reglugerðin verður sem sett verður við þetta frv. Ég veit að hæstv. landbrh., sem hana setur, hefur fullan skilning á því að það skiptir ekki litlu máli hvernig reglugerðin verður við þetta frv.

Meiri hl. landbn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér lýst.

Frsm. 1. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. landbn. sem er eitt af þremur nál. sem liggja fyrir hér um þetta frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Meiri hl. leggur til, eins og við höfum hér heyrt, að þetta frv. verði samþykkt með ákveðnum brtt. 1. minni hl. leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj. og henni falið að skipa nefnd til að vinna að endurskoðun frv. og kynna málið meðal hagsmunaaðila og leggja fyrir næsta starfandi Alþingi nýtt frv. til l. í þessum efnum. Í áliti 2. minni hl. er lagt til að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ég mun áður en ég geri nánar grein fyrir nál. mínu,

herra forseti, víkja nokkrum orðum almennt að þessu frv. svo og að brtt. meiri hl. og frv. eins og það liti út ef þær yrðu samþykktar.

Ég hef í fyrsta lagi, herra forseti, gagnrýnt málsmeðferðina. Það er liður í þeirri afstöðu minni að ekki sé tímabært og ekki skynsamlegt að samþykkja þetta frv. eins og það liggur nú fyrir, m. a. og sérstaklega með tilliti til þeirrar málsmeðferðar sem ég hef áður gert að umtalsefni í umr. um þetta mál. Það er nánast óþarft að rekja fyrir hv. þd. hvernig að þessu hefur verið staðið og í sjálfu sér ekki mitt hlutverk að hafa um það mjög mörg orð. Það liggur nú fyrir að stjórnarflokkarnir ætla að keyra þetta mál í gegn þrátt fyrir þann andbyr sem það hefur mætt víða í þjóðfélaginu, þrátt fyrir þau mótmæli sem borist hafa gegn því að frv. verði afgreitt og þrátt fyrir þá erfiðleika sem urðu hjá hv. stjórnarliðum við að ná samstöðu um breytingar á þessu frv.

Ég vil segja þó, herra forseti, að flestar af þeim brtt. sem meiri hl. hefur náð saman um ganga í átt til nokkurrar lagfæringar á frv. Það er mér ekkert launungarmál. Sumar eru þó nokkuð broslegar með tilliti til þess að þar er í raun litlu breytt, en höfð um það nokkur orð. Aðrar eru beinlínis furðulegar. Ég vil sérstaklega vekja athygli forseta og hæstv. landbrh., einnig frsm. meiri hl., á 7. brtt. við 30. gr., vilji menn vera svo góðir að fletta upp á textanum á 9. bls. frv. Ég skil a-lið 7. brtt. við 30. gr. þannig, að brott skuli falla úr síðari hluta 1. mgr. orðin „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir." Ætla ég að lesa, herra forseti, 1. mgr. eins og hún er orðin ef brott féllu orðin „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir." Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara er landbrh."

Ég fæ ekki betur séð en að með því að fella brott síðasta hluta setningarinnar, þessi orð: „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir", sé þessi setning þar með orðin lokleysa og er kannske dæmigerð um þau vinnubrögð sem við hv. þm. höfum neyðst til að viðhafa vegna þeirrar stjórnunar sem hæstv. ríkisstj. hefur ástundað á síðustu dögum. Ég tek það fram og vil að það sé alveg ljóst að ég er ekki að gagnrýna formann landbn. Nd. sem hefur unnið ótrúlega mikið starf við þröng skilyrði hér á þinginu s. l. daga við að koma þessu máli fram, hvað sem um vilja hans að öðru leyti mætti segja.

Þetta er þá sem sagt þannig, herra forseti, að meiri hl. landbn. leggur til að landbrh. sjái til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara, ef maður snýr við orðaröð fyrstu setningarinnar, og er það þá orðið nokkuð sérkennilegt hlutskipti sem hæstv. landbrh. er ætlað, ef ég hef skilið þessa brtt. rétt og leyfi mér að umorða ofurlítið 1. mgr. eins og hún væri þá orðin. Ég beini því til meiri hl. og til forseta að athugað verði hvort hér sé á ferðinni fullkomlega þinglegt orðalag. Ég geri þetta með góðum hug að sjálfsögðu, herra forseti, því að mér er umhugað um að hlutverk landbrh. Íslands verði eitthvað annað og meira en bara að „vera" í þessum efnum. En það er alkunna og þarf ekki að rekja það fyrir málhögum þm. hvað sögnin „að vera" í ákveðnum hætti merkir í fornu máli íslensku.

Þetta er sú sem mér finnst broslegust af þessum brtt. Önnur er sú sem gerð er við 40. gr. og mætti hafa um nokkurt mál. Það er alkunna að uppi var um það ágreiningur hvort leyfisbinda skyldi starfsleyfi afurðasölustöðva og sláturhúsa. Ég er í þeim hópi sem tel skynsamlegt og nauðsynlegt að hafa þarna á nokkra stjórnun. Ég óttast að ef menn opni algerlega fyrir starfsemi af þessu tagi skelli hér á bylgja nýrrar og óþarfrar fjárfestingar, en það er vitað og það liggur fyrir að afkastageta sláturhúsa og vinnslustöðva í landinu er langt umfram það magn sem nú er framleitt þannig að það er með öllu ástæðulaust og óþarft að opna fyrir nýja fjárfestingarbylgju sem skollið gæti á í þessum efnum. Þennan ágreining hafa stjórnarliðar leyst á þann snilldarlega hátt, sem ber vott um mikla hugkvæmni að ég tel, að þeir bæta við 40. gr., sem áður var tvær mgr., nýrri mgr., þeirri þriðju, sem vitnar í 1. mgr. M. ö. o.: Það er búin til ný mgr., 3. mgr. 40. gr., svohljóðandi:

„Við löggildingu sláturhúsa skv. lögum nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, skal gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar."

Sem sagt: menn fara í einn lítinn hring og setja inn nýja setningu um að það skuli tekið tillit til þess sem stendur fyrr í sömu lagagr., þ. e. í 1. mgr. Þarna finnst mér nokkuð vel að verki verið og má mikið vera ef hv. 2. þm. Norðurl. e., sá lögfróði maður hefur ekki lagt hönd á plóginn og skapað þessa snyrtilegu fléttu sem í mínum huga er gersamlega marklaus, breytir ekki á nokkurn hátt merkingu greinarinnar og er með þeim sérkennilega lagahætti að vísað er í önnur og alls óskyld lög sem fjalla um allt annað, þ. e. heilbrigðisskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum sem koma þessu máli ekki við. (**HBl:** Þetta verður lagastafur ef samþykkt er.) Verður lagastafur, segir hv. 2. þm. Norðurl. e., greinilega hróðugur af þessari fléttu sinni og hann um það. En ég er einungis að vekja athygli á þessum tveimur atriðum, herra forseti. Þau eru e. t. v. nokkuð dæmigerð fyrir þann gang mála sem hv. þm. hafa neyðst til að viðhafa á síðustu dögum til að reyna að koma þessu máli fram í samræmi við vilja landsfundar Sjálfstfl., að ég skil.

Ég ætla ekki að fara efnislega í aðrar brtt. meiri hl. Ég sagði áðan að ég tel margar þeirra vera til bóta og hv. frsm. meiri hl. gerði ágætlega grein fyrir því hverju þær breyta efnislega. En ég ætla að renna örlítið yfir þetta frv. með hliðsjón af helstu gagnrýnisatriðum sem komið hafa frá ýmsum aðilum og einkum og sér í lagi sex manna nefnd sem kosin var á aukafundi Stéttarsambands bænda því það má öllum ljóst vera sem eitthvað þekkja til málsmeðferðarinnar að afgreiðsla Stéttarsambands bænda, þessa aukafundar, var í raun og veru bundin því að sú sex manna nefnd næði fram þeim leiðréttingum á þessu frv. sem hún teldi nauðsynlegt. Stuðningur Stéttarsambandsins var bundinn því, að ég skil. Um það má segja að á fundum sem við áttum með sex manna nefndinni og fulltrúum Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs var farið yfir frv., reyndar oftar en einu sinni, og það athugað hvað af ábendingum og aths. hefði þar komist inn. Ég hef merkt við þann lista og hann er þannig að mér sýnist að um ⅓ af þeim efnislegu aths. sem gerðar voru af hálfu sex manna nefndarinnar hafi verið tekinn fyllilega til greina, annar þriðjungur e. t. v. að nokkru leyti og þriðjungur til liggi algerlega úti. Auðvitað segja tölur ekki mikið í þessum efnum því að þessi atriði vega misjafnlega þungt, en þó

er alveg ljóst að ýmis veigamikil efnisleg atriði, sem fulltrúar Stéttarsambands bænda og sex manna nefnd kosin á aukafundi lagði þunga áherslu á, hafa ekki náð fram að ganga. Ég nefni sem dæmi það hlutverk sem Stéttarsamband bænda og sex manna nefndin töldu eðlilegt að Framleiðsluráð landbúnaðarins hefði á höndum í sambandi við skipulag og verkaskiptingu vinnslustöðva fyrir búvörur og eftirlit með þeirri starfsemi.

Herra forseti. Það kom einnig fram í máli frsm. meiri hl. að það skipulag, sem þetta frv. byggir á varðandi verðlagningarkerfi búvara, IV. kafli, um verðskráningu á búvörum, er að verulegu leyti andvana fætt eins og það er hugsað og lagt upp í þessu frv. vegna þess að það liggur þegar fyrir að fulltrúar neytenda, sem skipa á af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, munu ekki taka sæti í þeim nefndum sem frv. gerir ráð fyrir að þeir eigi sæti í. Þessar yfirlýsingar lágu fyrir þegar í meðförum málsins í landbn. Engu að síður er lagt til að þetta frv. byggi að óbreyttu á þessum grunni. Ég tel það mjög miður, herra forseti, að svo skuli hafa tekist til við heildarendurskoðun á framleiðslu- og verðlagningarmálum landbúnaðarins að þegar frá upphafi sé ljóst að fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja treysti sér ekki til að ganga inn í þær verðlagningarnefndir sem hér eru lagðar upp. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. landbrh. að því: Hefur ríkisstj. eða landbrh. rætt við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og BSRB? Ég er þá að spyrja um hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. sjálfa fyrir utan það sem landbn. gerði hvað þetta atriði varðar. Og liggur eitthvað fyrir um hvernig þyrfti að breyta þessu frv. og þessum verðlagningarákvæðum til þess að þessir aðilar vildu skoða um það hug sinn að taka þátt í þessu samstarfi?

Ég segi þetta vegna þess, herra forseti, að það er mín skoðun að skylt sé að reyna þegar slík endurskoðun er gerð að leita sátta milli þeirra sjónarmiða framleiðenda og neytenda sem tekist hafa á í þessum málum á undanförnum árum. Nú er ég ekki að segja það og ekki að halda því fram, herra forseti, að það sé auðvelt verk og það er eflaust hægara um að ræða en úr að bæta í þessum efnum. En ég vil segja það og það er mín sannfæring að það sé gersamlega skylt að gera hvað hægt er til að leiða þessa aðila saman og reyna að sætta þessi sjónarmið. Auðvitað eiga hagsmunir þessara aðila að fara saman í bráð og í lengd og það verður fátt gert íslenskum landbúnaði meir til bölvunar en að ala enn á og viðhalda þeirri tortryggni og sundrung sem í þessum efnum hefur verið og hefur ríkt. Íslenskur landbúnaður á að sjálfsögðu allt sitt undir því að samkomulag og samstarf framleiðendanna við neytendur í landinu sé sem best og að þar ríki sem gagnkvæmast traust og sem gagnkvæmastur skilningur á högum hvers annars.

Nú hef ég, herra forseti, fyrst og fremst nálgast landbúnaðinn og haft kynni af honum frá sjónarhóli framleiðendanna og ég leyni því ekki að ég tel í sjálfu sér, eins og staðan er og með tilliti til þess hvernig ástandið er í hefðbundnum búgreinum, að koma þurfi til veruleg utanaðkomandi aðstoð til þess að hægt sé að sætta þessi sjónarmið og ná þeim saman. En sú aðstoð endurspeglar einungis þann veruleika sem við búum við m. a. hvað varðar búsetu í landinu og fjárfestingu í hefðbundnum greinum. Það verður að mínu viti ekki fram hjá því horft að til þess að hagsmunir beggja þessara aðila geti farið að fullu saman í framtíðinni og einhver von sé um að sætt takist þurfi að koma til ákveðið átak, ákveðin aðstoð utanaðkomandi aðila sem vara þurfi um ákveðið tímabil á meðan þeim aðstæðum sem við búum við verður að einhverju leyti breytt.

Herra forseti. Ég þykist hafa sýnt fram á það, og gæti gert það í ítarlegra máli ef eftir því væri óskað, að margar veigamiklar tillögur sem bárust frá samtökum framleiðenda landbúnaðarvara hafi ekki náð inn í þetta frv. Nú er ég ekki að segja að það sé endilega óhjákvæmilegt að verða við öllum óskum þaðan, en með tilliti til þeirrar málsmeðferðar sem hér hefur verið viðhöfð vil ég að það liggi alveg ljóst fyrir hvernig staða þeirra hluta er og með tilliti til þess skamma tíma sem bændur og aðrir hagsmunaaðilar málsins hafa haft til þess að koma sínum athugasemdum á framfæri er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að hve miklu leyti slíkar athugasemdir hafa verið teknar til greina og að hve miklu leyti ekki. Ég ætla að vitna hér, með leyfi forseta, í örfáar af þeim fjölmörgu umsögnum og athugasemdum sem landbn. hafa borist í starfi sínu til þess að rökstyðja þá fullyrðingu, sem ég setti fram hér áðan, að þessu máli hafi mætt mikill andbyr víða úti í þjóðfélaginu.

Ég er hér með í höndum nokkuð þykka bók, herra forseti. Þetta er einungis hluti af þeim gögnum sem landbn. bárust í vinnu hennar að þessu frv. og hefur að geyma fjöldamargar athugasemdir og ábendingar og mótmæli ýmissa aðila sem tengjast þessu máli frá ýmsum mismunandi sjónarhornum. Þar eru aðilar eins og verkalýðshreyfingin, Neytendasamtökin, Verslunarráð Íslands, Kaupmannasamtökin, samtök framleiðenda, samtök vinnslustöðva, o. s. frv.

Alþýðusamband Íslands sendi landbn. Nd. 30. maí s. l. svohljóðandi bréf vegna þessa frv. til laga um verðlagningu og sölu á búvörum, með leyfi forseta:

„1. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur fjallað um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Frv. þetta er æði viðamikið. Hér verður því engin tæmandi grein gerð fyrir afstöðu ASÍ til frv., heldur einungis þeim athugasemdum sem veigamestar teljast. Við þær aðstæður sem ríkjandi eru í búvöruframleiðslu og á mörkuðum fyrir afurðirnar er ljóst að ákvarðanir varðandi framleiðslumagn og skipulag framleiðslunnar skipta meginmáli um það verð sem neytendur verða að greiða fyrir búvörur. Það er álit miðstjórnar að tryggja verði neytendum eðlileg áhrif á stefnumótun að því er þessa þætti varðar.

2. Miðstjórn ASÍ telur með öllu óviðunandi að samningum um verð búvara sé með lögum settur fastmótaður rammi eins og gert er í IV. kafla frv. Það er nánast þversögn að tala um samningana og búa jafnframt í hendur neytendum reikningseyðublað þar sem einstakir þættir samninganna eru tíundaðir. Miðstjórnin ítrekar þá skoðun að aðild neytenda að heildarsamningum af því tagi sem mælt er fyrir um í VII. kafla frv. sé nauðsynleg og reyndar sjálfsögð. Ef vilji er til þess af hálfu ríkisvaldsins að fara eitt með slíka samningagerð verður einnig að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau axli alla ábyrgð á verðlagningu afurða. Eins og frv. er úr garði gert er samhengisins vegna eðlilegt að ríkisstj. eða fulltrúar hennar fari með samninga um verðlagningu afurða til framleiðenda og gagnvart vinnslustöðvum."

Ég les ekki meira af bréfi Alþýðusambands Íslands, en ég hygg að hér sé skýrð sú ákvörðun Alþýðusambandsins að eiga ekki aðild að verðlagningarhlið málanna. Það kemur þar fram að Alþýðusamband Íslands telur eðlilegra að ríkið fylgi málinu eftir alla leið og gangi sjálft frá verðlagningu á landbúnaðarvörum til framleiðenda og á vinnslustigi.

Verslunarráð Íslands eru samtök sem hafa látið sig landbúnaðarmálin mikið varða og skrifað fjöldamörg bréf, sem ræðumaður hefur naumast tölu á, til landbn. í tengslum við þetta mál. Kennir þar ýmissa grasa, en þó má segja að sameiginlegt sé það fjöldamörgum öðrum umsögnum og Verslunarráði Íslands að það telur vafasamt og ótímabært að samþykkja frv. á þessu stigi málsins. Þessu fylgir gífurlega mikil greinargerð frá Verslunarráðinu upp á tugi blaðsíðna, eða a. m. k. alllöng greinargerð, þar sem afstaða Verslunarráðsins til þessa máls er tíunduð. Fulltrúar Verslunarráðsins voru einnig í hópi fjölmargra aðila sem gengu fyrir hv. landbn.

Neytendasamtökin senda landbn. bréf 24. maí 1985 og þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna erindis þessa", þ. e. beiðni um að Neytendasamtökin segi álit sitt á þessu frv., „telja Neytendasamtökin rétt að benda á eftirfarandi atriði:

Málatilbúnaður frv. er að mörgu leyti slæmur. Neytendasamtökin heyrðu fyrst um tilvist þess fyrir um það bil mánuði þegar samtök bænda voru að fjalla um það á margra daga fundi. Samtökin fengu í hendur eintak af drögum um frv. eftir að hafa sent sérstakt umkvörtunarbréf til landbrh. og krafist þess að fá eintak. Samtökin sendu landbrh. sérstakt bréf sem fyrstu viðbrögð við drögunum og þar sem almenn sjónarmið neytenda í landbúnaðarmálum voru ítrekuð. Síðan fá samtökin engar fréttir af gangi málsins og hafa ekki enn þá fengið sjálft frv. Samt er hringt til formanns Neytendasamtakanna skömmu fyrir kl. 19 í gær, þann 23. maí, þar sem beðið var um að samtökin sendu fulltrúa á fund landbn. kl. 9.30 daginn eftir", þ. e. í dag, 24. maí, sama dag og þetta bréf var skrifað.

„Neytendasamtökin hafa haft frumvarpsdrögin til athugunar undanfarnar þrjár vikur. Sá tími dugar vart til að gefa um þau nógu viðamikið svar. Formaður landbúnaðarnefndar samtakanna er nú erlendis. Neytendasamtökin eru því ekki í neinni stöðu til að gefa álit sitt á frv. umfram það sem kemur fram í þessu bréfi og fyrrnefndu bréfi til landbrh.

Full ástæða er," segir enn fremur, „til þess að hvetja hv. Alþingi til þess að flýta sér hægt í þessu máli og gefa hagsmunaaðilum rýmri tíma til að fjalla um það en hingað til hefur verið gert."

Bréf Neytendasamtakanna er allmiklu lengra. Landbn. bárust að auki enn frekari mótmæli Neytendasamtakanna og sömuleiðis ályktun samþykkt á fundi Neytendasamtakanna, sem haldinn var um þetta leyti, þar sem því var mótmælt að þetta frv. yrði gert að lögum á yfirstandandi þingi.

Neytendasamtökin lýstu sig jafnframt í sömu ályktun reiðubúin til samstarfs og til þátttöku í samstarfi um að endurskoða þessa löggjöf í betra tómi.

Þá hafa, herra forseti, borist fjölmörg bréf frá ýmsum búnaðarsamböndum og ætla ég ekki að lesa þau öll. Þannig mælir t. d. Búnaðarsamband Eyjafjarðar með því að þetta frv. verði gert að lögum náist þær leiðréttingar fram sem Stéttarsamband bænda og sex manna nefnd þess hafi gert kröfu um. Fundur stjórna búnaðarsambanda í Vestfjarðakjördæmi er öllu harðorðari. Í bréfi frá þeim samtökum segir, með leyfi forseta:

„Fundurinn tekur sterklega undir ábendingar stjórnar Stéttarsambands bænda til landbn. Nd. Alþingis frá 20. þ. m. og skorar á Alþingi að taka þær til greina, en fresta að öðrum kosti afgreiðslu málsins svo betra tóm gefist til umfjöllunar. Fundurinn lýsir sérstaklega alvarlegum áhyggjum af þeirri stefnu, sem kemur fram í frv., að dregið sé úr höndum samtaka bænda vald til að hafa áhrif á vinnsluskipulag búvara. Beinir fundurinn því til Stéttarsambands bænda að það beiti öllum ráðum til að hindra lögfestingu frv. fáist ekki viðunandi leiðrétting."

Á fund landbn. komu einnig fulltrúar stjórnar búnaðarsambanda og stjórnar samvinnufélaga á öllu Norðurlandi vestra og í Strandasýslu. Þessir aðilar héldu með sér fund á Blönduósi þann 3. maí 1985 og var nokkuð til hans vitnað í 1. umr. þessa máls. Fundur þessi gerði ályktun og var henni komið á framfæri við landbn. og mættu fulltrúar fundarins hjá nefndinni til að kynna þessa ályktun og afstöðu sína að öðru leyti. Ályktunin var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Fundurinn mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið af hálfu stjórnarflokkanna varðandi endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og átelur að þessi endurskoðun skuli hafa verið gerð án samráðs við bændasamtökin.

2. Fundurinn mótmælir eindregið þeirri valdatilfærslu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til landbrh. sem frv. gerir ráð fyrir og telur að með því sé ákveðið stefnt að því að veikja stöðu bændastéttarinnar, bæði efnalega og félagslega.

3. Fundurinn telur þann samdrátt sem frv. gerir ráð fyrir varðandi greiðslur útflutningsuppbóta algerlega óraunhæfan meðan þeim samdrætti sem þegar hefur átt sér stað í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu hefur ekki verið mætt með annarri atvinnuuppbyggingu.

4. Fundurinn krefst þess að tekin verði upp framleiðslustjórnun varðandi alla kjötframleiðslu.

5. Fundurinn telur að frv. stefni ákveðið að því að brjóta niður núverandi sölukerfi á búvörum svo og vinnslustöðvarnar.

6. Fundurinn tekur að öðru leyti undir brtt. sex manna nefndar og aukafundar Stéttarsambands bænda og leggur áherslu á að þær verði teknar til greina við lokagerð frv.

7. Fundurinn mótmælir því harðlega að frv. verði lögfest á yfirstandandi Alþingi og telur að það þurfi enn frekari umfjöllun hjá bændastéttinni."

Ályktunin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Þetta var á fundi með stjórnum búnaðarsambanda og stjórnum samvinnufélaga á Norðurlandi vestra og í Strandasýslu sem haldinn var á Blönduósi 3. maí 1985.

Búnaðarsamband Vesturlands gerir ýmsar athugasemdir við þetta frv. og kom þeim á framfæri við nefndina.

Þá vil ég vitna til samþykktar sem gerð var á fundi Neytendasamtakanna á síðara stigi umfjöllunar þessa máls. Þann 30. maí s. l. gerði fundur stjórnar Neytendasamtakanna samþykkt í tilefni af umfjöllun þessa frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Neytendasamtakanna hefur í bréfum til

landbrh. og Nd. Alþingis varað við samþykkt ýmissa atriða í frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Stjórnin ítrekar fyrri sjónarmið sín í máli þessu, en þau eru m. a. andstaða við útvíkkun búvöruhugtaksins frá því sem nú gildir, þ. e. að undir framleiðslustjórn verði teknar afurðir svína og alifugla, nytjajurta, loðdýra og hlunninda, og í öðru lagi verðmiðlun milli búgreina, m. a. í formi fóðurgjalds. Einnig mótmælir stjórn Neytendasamtakanna málsmeðferðinni á frv., en Neytendasamtökunum var fyrst kynnt frv. þegar það var fullbúið til flutnings á Alþingi. Neytendasamtökin skora því á Alþingi að samþykkja ekki frv. í núverandi mynd. Eðlilegt er að frv. verði tekið til frekari athugunar í nefnd hagsmunaaðila fyrir næsta Alþingi. Neytendasamtökin lýsa sig reiðubúin til þátttöku í slíkri nefnd."

Undir þetta ritar Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Meðan málið var í vinnslu hjá landbn. kom Framleiðsluráð landbúnaðarins sérstaklega á framfæri sínum athugasemdum, en þær eru að verulegu leyti samhljóða athugasemdum og tillögum sex manna nefndarinnar og Stéttarsambands bænda og ég ætla því ekki að rekja þær hér efnislega. En sama má um það segja. Þær hafa ekki nema að hluta til og að sumu leyti alls ekki verið teknar til greina, herra forseti.

Ég ætla að leyfa mér að lesa a. m. k. enn eina samþykkt sem gerð hefur verið af tilefni þessa máls, en það er samþykkt sem Búnaðarfélag Bólstaðarhlíðarhrepps gerði á fundi þann 25. apríl í tilefni af þessu máli og var send Stéttarsambandi bænda og hefur borist landbn. í hendur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps, haldinn í Húnaveri 24. apríl 1985, lýsir vantrausti á landbrh. vegna málsmeðferðar við kynningu á framkomnu stjfrv. til veigamikilla breytinga á framleiðsluráðslögum landbúnaðarins."

Ég held að það sé rétt, herra forseti, með tilliti til þess hve hér er sterkt kveðið að orði, að ég lesi þetta aftur hægt og rólega:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps, haldinn í Húnaveri 24. apríl 1985, lýsir vantrausti á landbrh. vegna málsmeðferðar við kynningu á framkomnu stjfrv. til veigamikilla breytinga á framleiðsluráðslögum landbúnaðarins.

Fundurinn átelur harðlega þátttöku fulltrúa frammámanna bænda í þeim skrípaleik og krefst þess að afgreiðsla málsins verði stöðvuð þar til bændur hafa fengið frumvarpsdrögin í hendur til umfjöllunar á lýðræðislegan hátt."

Og svo segir: „Ályktun þessi skal send landbrh. þeim er vantraustinu er lýst á, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda." — Svo mörg voru þau orð.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, haldinn 21. apríl 1985, mótmælir því harðlega að þetta frv. verði afgreitt nú og telur að það sé með öllu óforsvaranlegt að afgreiða frv. hjá Alþingi eða hjá Stéttarsambandi bænda án þess að það hafi verið rækilega kynnt bændum, eins og segir í ályktun frá aðalfundi Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga.

Sláturfélag Suðurlands hélt með sér fund 30. apríl 1985 og mótmælti þá harðlega að þetta frv. yrði lögfest fyrr en bændur og framleiðslufélögin hefðu fengið ráðrúm til að kynna sér það ítarlega og koma á framfæri tillögum til breytinga á þeim greinum frv. sem þeir telja að betur megi fara.

Sama má segja um ályktanir frá ýmsum öðrum aðilum, sem ég ætla tímans vegna ekki að lesa hér, en ég nefni Mjólkursamsöluna, Osta- og smjörsöluna, Kaupfélag Borgfirðinga og fjöldamarga fleiri aðila mætti til nefna sem sent hafa frá sér erindi til landbn. og/eða gert samþykktir eða ályktanir á opnum fundum um sama efni.

Ég þykist nú, herra forseti, með þessum lestri, og skal ekki hafa hann lengri, hafa rökstutt þá fullyrðingu mína sæmilega að talsverður andbyr hafi mætt þessu frv. úti í þjóðfélaginu þegar menn fengu af því spurnir og ég tala nú ekki um eftir að frv. barst mönnum í hendur, en það var einmitt síðustu dagana sem það var til umfjöllunar í hv. landbn.

Ég hef svo, fyrir mína hönd sérstaklega, ýmsar athugasemdir við þetta frv. að gera og gæti auðvitað tekið hverja einustu grein þess til umfjöllunar og haft ýmislegt um þær að segja sumar sem ég tel til bóta og aðrar miður góðar. Ég ætla tímans vegna enn að spara það, en vísa til þess nál. sem ég hef lagt fram og mun ljúka máli mínu á að lesa. Ég vil þó gera nokkur atriði, sem ég tel hvað veigamest í þessu sambandi, að sérstöku umtalsefni og þá fyrst það að útflutningsuppbætur eru skv. 36. gr. þessa frv. lækkaðar í áföngum niður í 4% af heildarverðmæti þess stofns búvöruframleiðslu sem notaður er þar til viðmiðunar. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að hér sé farið of geyst. Ég miða við það fjármagn sem leggja á fram skv. 37. gr. til uppbyggingar í öðrum greinum og ég tel að verið hefði skynsamlegt að hafa þennan stiga ekki svona brattan á meðan menn sæju hvernig gengi að koma störfum til og koma uppbyggingu í öðrum greinum eitthvað á rekspöl. Ég vek á því athygli að skv. 37. gr. er hlutfallið sem varið er til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs lægst fyrstu árin eða 2% árið 1986 og fer síðan hækkandi. Í raun má segja að þörfin sé þarna í öfugum hlutföllum og eðlilegast hefði verið að þeir fjármunir sem þarna eru látnir í té hefðu verið mestir í upphafi og farið síðan minnkandi. Það má öllum ljóst vera að eigi nýjar búgreinar og þessi endurskipulagning að bera árangur og skila sér með sæmilegum hraða þarf auðvitað að gera myndarlegt átak og það strax.

Það má síðan velta fyrir sér því fyrirkomulagi, sem í raun er ætlunin að beita með þessu frv., að ein atvinnugrein fjármagni, svo að segja út úr launalið sínum, uppbyggingu í nýrri atvinnustarfsemi eins og hér er gerð tillaga um. Það er í raun það sem er að gerast. Menn skyldu athuga að að verulegu leyti kemur þetta fé út úr þeim launalið sem íslenskir bændur hafa haft á undanförnum árum í hefðbundnum búgreinum og það rennur til hinnar nýju uppbyggingar. Ég hefði talið nauðsynlegt og í samræmi við þann vilja sem ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún vilji gera átak til atvinnuuppbyggingar og átak í nýjum búgreinum, að útvegað hefði verið sérstakt fjármagn í upphafi til að gera þetta átak myndarlegt fyrstu árin og það hefði síðan fremur verið haft lækkandi en hækkandi, en það tel ég vera, eins og ég hef áður rakið, í öfugu hlutfalli við þörfina.

Ég hef átalið það áður og látið það koma fram að þetta frv. er í raun á vissan hátt slitið úr tengslum við

ástandið í atvinnugreinum eins og það er þar sem ljóst má vera að þetta frv. um framleiðslu, sölu og verðlagningu á búvörum tekur ekki á nokkurn hátt á þeim gífurlega fjárhagsvanda íslenskra bænda sem er staðreynd í dag. Til þess hefðu þurft að koma aðrar og víðtækari ráðstafanir. Ég hefði talið eðlilegt að hæstv. ríkisstj. hefði látið þær verða samferða þessu máli sínu í gegnum Alþingi ef hún vill á annað borð eitthvað á sig leggja í þeim efnum.

Ég hef sérstaklega gagnrýnt, herra forseti, að engin stefna er mörkuð í tengslum við þetta frv. um niðurgreiðslur eða niðurgreiðslustig búvara. Ég tel það fásinnu og raunar með ólíkindum að menn skuli treysta sér til að marka framtíðarstefnu um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum í landinu án þess að minnast einu einasta orði á hvaða stefnu þeir ætli að viðhafa á næstu árum varðandi niðurgreiðslur. Það má öllum ljóst vera að niðurgreiðslustigið og það verð sem þar með er á landbúnaðarvörunum verða ekki slitin úr samhengi við framleiðslu- og sölumálin í heild sinni. Það er óhjákvæmilegt að lýsa eftir því við þessa umræðu hvaða stefnu hæstv. landbrh. hefur í þessum efnum. Hyggst ríkisstj. láta halda svo sem horfir, að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum hverfi á 1—2 árum frá því sem verið hefur? Það er öllum ljóst að haldi svo sem horft hefur í tíð þessarar ríkisstj., að niðurgreiðslur hafa lækkað að raungildi um helming, verða þær horfnar út úr dæminu eftir svo sem önnur tvö ár. Ég hefði talið eðlilegt, úr því að hæstv. ríkisstj. hefur ekki um það einhverjar tillögur hér, að í það minnsta hæstv. landbrh. sýndi þessari deild þá virðingu að lýsa sinni persónulegu skoðun í þessum efnum. Ég skal taka hana fyrir síðar vegna þess að ég býst ekki við því að hæst. landbrh. sé í aðstöðu til þess í hæstv. ríkisstj. að segja meira en sína persónulegu skoðun. Það er reyndar venja hér, þegar hæstv. ráðherrar Framsfl. svara manni einhverju, að sé um einhver viðkvæm mál að ræða flýja þeir bak við sína persónulegu skoðun í því efni og er hæstv. forsrh. einmitt frægastur fyrir þá tilhögun.

Ég hef einnig gagnrýnt það og vil gera enn, herra forseti, að menn skuli treysta sér til að leggja til með einu lítt hugsuðu frv., sem afgreitt er á nokkrum vikum, jafnviðamiklar þjóðfélagsbreytingar og ég tel að gætu orðið afleiðing þessa frv. án þess að gera á því nokkrar þjóðhagslegar athuganir hvaða afleiðingar slíkt gæti haft fyrir hið flókna samhengi efnahagslífs og mannlífs á landsbyggðinni einkum og sér í lagi. Ég óttast að samþykkt þessa frv. muni leiða af sér verulegar breytingar, einkum og sér í lagi í hinum héðbundnu búgreinum og þá fyrst og fremst sauðfjárframleiðslunni, með aldeilis ófyrirséðum afleiðingum fyrir búsetu og allt mannlíf í þeim héruðum og þeim byggðarlögum sem einkum byggja á þessari starfsemi. Ég óttast þetta vegna þess að ég tel, því miður, engan veginn tryggt að þau fögru fyrirheit, sem menn hafa hér um nýsköpun í öðrum búgreinum, nái fram að ganga. Auk þess er afstaða byggðanna mjög mismunandi hvað þetta varðar. Það eru til sauðfjárræktarhéruð sem hafa litla sem enga möguleika á því að fara yfir í loðdýrarækt einfaldlega vegna þess að í þeim byggðum liggur ekki fyrir hráefni til fóðurgerðar. Í öðrum eru þeir möguleikar takmarkaðir o. s. frv. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. landbrh. hafi t. d. látið Þjóðhagsstofnun með öllum sínum sérfræðingaher skoða það eitthvað hverjar væru mögulegar afleiðingar af samþykkt þessa frv. á tekjur í einstökum byggðarlögum, á afkomumöguleika einstakra þjónustustaða. Hvað telur t. d. hæstv. ráðh. að þetta muni þýða fyrir Kópasker, Núpasveit og Öxarfjörð þar sem sauðfjárrækt er nánast einasta atvinnugreinin og þar sem Kópasker byggir nánast á þjónustu við þessa grein og hefur sáralítið annað til að grípa til? Ég held að skynsamlegt væri að taka fyrir einhver slík byggðarlög með sérstakar aðstæður og reyna að skoða það, ef samdráttur verður svo mikill sem vænta má í sauðfjárframleiðslunni, hvernig þessar byggðir standa þá. Á að láta þær bera hlutfallslega sinn skerf af þessum samdrætti burtséð frá því hvaða möguleika þær hafa til að nýta sér átak í öðrum greinum sem hér er um talað eða verður eitthvað til þess litið hvernig einstök héruð standa þar að vígi?

Herra forseti. Ég ætla svo að gera alveg sérstaklega að umtalsefni einn þátt þessa máls. Ég tel vera langalvarlegast og langámælisverðast hvernig að því hefur verið staðið af hálfu stjórnarmeirihlutans. Það eru þau fölsku fyrirheit sem að mínu mati eru gefin í þessu frv. um greiðslu á afurðaverði til framleiðenda. Það er öllum kunnugt, sem með þessu máli hafa fylgst, að það er sá hluti þessa frv. sem mest hefur verið notaður af hálfu hv. stjórnarliða til að selja bændum, ef ég má nota það orðalag, þetta frv., til að fá bændur til að sætta sig við þær þrengingar sem með ýmsu móti eru á þá lagðar. Í öðrum greinum frv. hefur því mjög verið hampað að nú muni bændur nánast fá staðgreiddar sínar afurðir verði þetta frv. að lögum. Ekki neita ég því að vissulega væri það mikill ávinningur fyrir bændur væri þetta rétt og næði þetta fram að ganga. En mér þykja heldur illa bundnir hnútarnir hvað það varðar að hæstv. ríkisstj. tryggi að þetta markmið hennar nái fram að ganga. Ég vil víkja aðeins að því hvers vegna ég segi að hér sé ekki nægilega tryggilega frá þessu gengið.

Það er þm. eflaust kunnugt að eitt af afrekum hæstv. ríkisstj. í peningamálum var að flytja afurðalán til viðskiptabanka. Það var því að vonum að einstakir þm. í landbn. hefðu uppi spurningar í sambandi við það hvernig viðskiptabönkunum mundi ganga að fjármagna þau auknu útgjöld sem hér þurfa tvímælalaust að koma til ef þessi kafli frv., um greiðslu afurðaverðs, á að verða eitthvað annað en dauður bókstafur. Reyndar höfðu fleiri spurningar og efasemdir uppi um þetta en þm. í landbn. Nd. Þegar t. d. ekki ófrægari maður en stjórnarformaður Sambands ísl. samvinnufélaga, Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri á Akureyri, kom til landbn. hóf hann mál sitt á því að gera athugasemdir við þennan kafla. Hann sagði að í sínum huga þýddi ekki að setja lög um að borga út afurðir ef ekki væri tryggt til þess fjármagn. Slíkur lagabókstafur yrði dæmdur til þess að verða dauður bókstafur ef fyrir fjármagninu yrði ekki séð. Hann lýsti síðan möguleikum samvinnufélaganna eins og hann taldi þá vera til að fjármagna þetta fyrir sitt leyti og taldi það ekki koma til greina yrði ekki fyrir fjármagninu séð með öðrum hætti. Ég fór því fram á það, herra forseti, að fyrir landbn. yrðu kallaðir bankastjórar þeirra viðskiptabanka sem mest hafa á sinni könnu af afurðalánaviðskiptum og við því var orðið eins og öðrum óskum sem ég bar fram í hv. landbn. og ber að þakka það.

Fyrir nefndina komu bankastjórarnir Helgi Bergs, Stefán Pálsson og Geir Magnússon og voru þeir spurðir

þeirrar spurningar, sem ég hef hér rakið, hvort þeir teldu þessa viðskiptabanka, sem til samans hafa nær öll afurðalán til landbúnaðarins á sinni könnu, eiga möguleika til að fjármagna þessi auknu útgjöld. Svarið var ósköp einfalt: Enga. Það er engin von til þess að viðskiptabankarnir auki afurðalánahlutdeild sína til landbúnaðarins, sagði bankastjórinn Helgi Bergs. Og hann tilgreindi ýmsar ástæður. M. a. þær að bönkunum hefði nýverið verið fyrirskipað af æðsta valdinu, sjálfum Seðlabanka Íslands, að draga saman sín útlán og laga eiginfjárstöðu sína. Halda menn að það standi þá sérstaklega vel á fyrir viðskiptabönkunum að taka á sig aukin útgjöld hvað þetta varðar þegar sjálfur æðsti presturinn, Jóhannes Nordal, hefur nýverið skipað þeim að draga saman útlán og laga sína eiginfjárstöðu? Bankastjórarnir bentu enn fremur á að það væru einungis nokkrir mánuðir síðan þessum bönkum hefði verið fyrirskipað að fjármagna afurðalán án endursölu og það væri ljóst að á næstu sex árum mundi þetta hlutverk íþyngja bönkunum í vaxandi mæli. Enn fremur bentu þessir bankastjórar á að ríkisstj. hygðist enn sem fyrr halda niðri vöxtunum á þessum lánum með því að ákvarða þá sjálf og þetta mundi draga enn úr möguleikum og áhuga bankanna á að sinna þessu hlutverki. Þá bentu bankastjórarnir enn fremur á að þetta lögboðna hlutverk bankanna mundi rýra samkeppnisstöðu þeirra gagnvart öðrum bönkum, sem ekki hefðu slíkt hlutverk, og draga þannig beinlínis úr áhuga þeirra á því að sinna þessum verkum og það segði sig sjálft að bankarnir mundu reyna að koma sínum hlutverkum af sér eftir því sem þeir hefðu möguleika til.

Það gekk erfiðlega, herra forseti, að fá upplýsingar um hve mikill útgjaldaauki væri hér á ferðinni, hve þessi flýting greiðslna til bænda mundi fela í sér mikinn útgjaldaauka, en þó er ljóst að þetta þýðir í sveitabúskapnum einum nokkur hundruð millj. kr., sennilega á núgildi á bilinu 400—550 millj. kr.

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að eftir þessi svör bankastjóranna bjóst ég satt að segja ekki við því að við fengjum þennan kafla, um greiðslu afurðaverðs til bænda, óbreyttan inn í þingið. Ég hélt að hæstv. ríkisstj. hefði meiri metnað en þann að hún mundi, að þessum svörum bankastjóranna gefnum, senda þetta frá sér óbreytt nema þá að tryggja með einhverju öðru móti að þetta næði fram að ganga og það lægi þá fyrir við afgreiðslu málsins. Ég hlýt að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann sé hæstánægður með þessa stöðu mála. Það væri gaman, ef einhvern tíma skeði sá atburður að hv. þm. stjórnarliðsins tækju til máls hér, að þeir létu þá aðeins á sér heyra hvort þeir væru allir sáttir og ánægðir við þetta. Er t. d. hv. þm. og samnm. minn Eggert Haukdal fullkomlega ánægður með þennan kafla eins og hann er nú og þau svör sem þessir bankastjórar gáfu? Mér þætti fróðlegt að heyra mál þm. ef hann gæfi sér tíma til að skeiða í ræðustólinn þó ekki væri nema í eina mínútu til að svara þessu. (**HBl:** Það virðist nú ekki vera mikið pláss þar.) Það er það ekki sem stendur, herra skrifari, en það verður innan tíðar pláss fyrir þig og aðra hv. þm. til að koma í þennan ræðustól. Þið megið vera þar báðir í einu, þú og hv. þm. Eggert Haukdal, ef ykkur sýnist svo mín vegna. Hins vegar kann það að vera að forseti geri við það athugasemd, en það er ekki mitt mál.

Herra forseti. Ég tel að hér sé einhver alvarlegasti bresturinn í þessu frv. og það liggi nú fyrir að hér verði um dauðan lagabókstaf að ræða. Það liggi þar með fyrir að bændum hafa verið gefnar tálvonir með þeim hrossabrestum sem stjórnarmeirihlutinn hefur viðhaft hvað þetta varðar. Ég óttast mjög að þegar næsta haust sýni það sig að erfiðlega gangi að koma þessum málum fram. Þá skulu menn minnast þess að þetta lá hér fyrir og bankastjórar viðskiptabankanna höfðu sagt skoðun sína á því hvernig þetta mundi ganga til.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem væri hægt að gera athugasemdir við, en eins og ég hef áður sagt er það auðvitað kvöl stjórnarliða að bera ábyrgð á frv. Þeir kusu þá málsmeðferð að hafa þetta einir í sínum höndum í helmingaskiptum, eins og er viðtekin vinnuregla þegar þeir sitja saman í stjórn, Sjálfstfl. og Framsfl. Þá skipta þeir til helminga og leyfa helst ekki öðrum að komast þar að. Það skal þá vera þeirra kvöl að hafa staðið svona að málum og hvorki látið bændur, neytendur né önnur hagsmunasamtök komast mikið inn í helmingafélag sitt. Það er sennilega vegna þess að þeim líður svo vel saman, þessum ágætu stjórnarliðum, þegar þeir komast í helmingaskiptanefndir að þeir vilja helst ekki spilla kompaníinu með því að draga neina utanaðkomandi aðila þangað inn og þarf ég svo sem ekki að segja meira um það. (**HBl:** Og hefur reynst farsælt.) Það voru ekki mín orð, virðulegur skrifari.

Mér finnst í þessu frv. ekki fara mikið fyrir því að hv. stjórnarmeirihluti hafi peningavit. Það er nokkuð einkennilegt þegar þjóðin á allar þessar stofnanir og alla þessa sérfræðinga, Þjóðhagsstofnun og hvað þær nú heita allar, að ekki skuli reynt að líta til þess hvaða fjárhagslegar stærðir eru á ferðinni, það skuli einstakir nm. þurfa að toga það upp úr mönnum utan úr bæ hve margra hundraða milljóna útgjaldaauka sé verið að tala um hér eða þar og að það skuli t. d. ekki vera á einu einasta blaði upplýsingar um fjárfestingar í hefðbundnum búgreinum og hvaða fjárfestingum er verið að kasta fyrir róða með samdrætti t. d. í sauðfjárbúskapnum. Þetta þarf að liggja fyrir. Ég er ekki endilega að segja að hægt sé að búa þar við óbreytt ástand, en það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að við búum við ákveðnar staðreyndir sem þýðir ekkert að horfa fram hjá. Það er þá spurningin hvernig best verður unnið úr þeirri stöðu sem fyrir liggur. Menn geta haft um það langar ræður hvers vegna málum er komið eins og þeim er komið, hvers vegna innanlandsmarkaðurinn er að hrynja o. s. frv., en það er engu að síður staðreynd að fyrir er í landinu framleiðslugeta og fjárfesting til að sinna ákveðinni framleiðslu og út frá þeirri staðreynd eiga menn að ganga. Það mun koma víðar við en í sveitunum og það mun sýna sig að víðar hefur verið fjárfest í tengslum við ákveðna framleiðslu og ákveðið munstur en bara í sveitunum. Skyldu ekki jafnvel hér á Reykjavíkursvæðinu sjást þess merki að landbúnaðurinn hefur staðið undir mikilli fjárfestingu og að byggst hefur upp utan um þá framleiðslu mikil þjónusta og mikil fjárfesting? Þetta hefðu menn átt að hugsa um þegar þeir taka ákvörðun á borð við þessa og leggja fram frv. sem getur haft í för með sér jafnviðamiklar breytingar og ég hef nefnt.

Eins og ég áður sagði finnst mér ekki tekið tillit til þeirra raunverulegu aðstæðna sem við er að búa víða í sveitum þegar menn starfa að lagasmíð um átak í nýjum búgreinum og samdrátt í framleiðslunni. Það hefði

einnig verið gaman ef stjórnarmeirihlutinn hefði haft meira vit á íslenskum iðnaði og hefði gert sér grein fyrir því að ein blómlegasta grein íslensks iðnaðar byggir á hráefnum frá landbúnaðinum. Staðan er þannig t. d. í skinnaiðnaðinum að öll skinn sem til falla á Íslandi eru fullunnin og meira en það. Iðnaðardeild Sambandsins hefur hafið innflutning á skinnum til sinna iðnaðarþarfa. Þess vegna er það síður en svo að það standi landbúnaðinum fyrir þrifum að hann geti ekki losnað við þann hluta framleiðslu sinnar. Reyndar er þar eftirspurn meiri en framboð.

Það er ákaflega merkileg stund þegar Framsfl. leggur það til, herra forseti, að fara að draga úr og næstum því falla frá útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir. Ég er ekki að segja að það hefði verið hægt að búa þar við óbreytt ástand, en ég hefði reynt að hafa þennan stiga ekki svona brattan. Ég hlýt að minnast þess þegar Framsfl. hljóp út um landið árið 1982 og sakaði Alþb. um svik. Nú ætlaði Alþb. að svíkja landbúnaðinn, fara að skera niður útflutningsuppbæturnar. Það voru haldnar um þetta ræður norður í landi og víðar. Þetta væru nú meiri kónarnir, þessir Alþb.-þingmenn. Þeir ætluðu að svíkja landbúnaðinn, draga úr útflutningsuppbótunum. Ég vek á þessu athygli, herra forseti, vegna þess sem er að gerast þessa dagana á þinginu og hef ekki um það fleiri orð.

Herra forseti. Ég gæti ýmislegt fleira um þetta sagt, en þarf held ég ekki að hafa orð mín öllu fleiri. Ég ætla að enda á því að lesa það nál. sem ég hef lagt fram við þessa umr. um frv. þar sem koma fram nokkrar meginröksemdir mínar fyrir því að vísa þessu máli til ríkisstj. Með leyfi forseta er nál. 1. minni hl. svohljóðandi:

„Nefndin hefur á allmörgum fundum fengið talsmenn ýmissa hagsmunaaðila til viðræðna um frv. Of langt mál yrði að vitna til alls sem þar hefur komið fram, en í fáum orðum sagt hafa flestir, sem fyrir nefndina hafa komið, lagst gegn því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Þá hefur málsmeðferðin ekki síður verið gagnrýnd en frv. sjálft og það talinn slæmur kostur að samþykkja svo mikilsvert mál sem þetta án þess að hagsmunaaðilum gefist betra tóm til að kynna sér málið og koma athugasemdum sínum á framfæri. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að bændum, sem þó eiga að lifa og starfa og nánast eiga allt sitt undir þessari löggjöf, er nú fyrst að berast frv. í hendur um það leyti sem stjórnarliðar vilja taka málið til afgreiðslu. Hið sama á auðvitað við um ýmsa hagsmunaaðila, ekki síst neytendur, því að hér er einnig mikið í húfi fyrir þá.

Meiri hl. nefndarinnar hafnaði óskum um að senda málið til umsagnar og var borið við tímaskorti. Það er því ljóst að þrátt fyrir góða viðleitni nefndarinnar er ýmislegt enn óljóst um innihald frv. og áhrif af samþykkt þess.

Af fjölmörgum atriðum, sem þar koma til, skulu hér aðeins nefnd eftirfarandi:

1. Að því er best verður séð hefur fjármagn engan veginn verið tryggt með fullnægjandi hætti til þess að ákvæði VI. kafla um greiðslu afurðaverðs fái staðist. Frá upphafi virðist því hætta á að þau ákvæði verði dauður bókstafur auk þess — sem er öllu alvarlegra — að þær vonir, sem þau gætu vakið hjá bændum, yrðu falsvonir.

Á síðasta fundi nefndarinnar, þar sem málið var til umfjöllunar, komu bankastjórar þeirra þriggja viðskiptabanka sem mest afurðalánaviðskipti hafa við landbúnaðinn og bar þeim öllum saman um að bankarnir hefðu enga möguleika til að taka á sig útgjöld til að flýta greiðslum afurðaverðs til bænda eins og frv. gerir ráð fyrir.

2. Með samþykkt þessa frv. tekst ekki, nema síður sé, að koma á þeirri sátt milli framleiðenda og neytenda sem nauðsynlegt og skylt er að leita eftir við lagasetningu sem þessa.

3. Engir þjóðhagslegir útreikningar hafa farið fram á áhrifum af samþykkt frv. og þeim miklu breytingum sem það gæti að líkindum haft í för með sér. Hér er sérstaklega átt við þann mikla samdrátt sem frv. virðist gera ráð fyrir að verði í sauðfjárbúskapnum og þau margvíslegu áhrif á allt mannlíf og athafnalíf út um landið sem slíkt mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.

4. Frv. þessu fylgir engin stefnumörkun um niðurgreiðslur, eða niðurgreiðslustig, búvara sem þó verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stefnumörkun í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins.

5. Fjölmörg ákvæði frv. eru óljós og lítt eða ekki skýrð. Nefna má ákvæði um verðlagningarkerfi búvara, verðábyrgð, framleiðslustjórn, samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. fl.

6. Ekkert samkomulag lá fyrir í nefndinni um frv. eða brtt. við það og enginn meiri hl. hafði myndast þegar frv., að ósk stjórnarþingmanns, var afgreitt úr nefndinni.

Með vísan til ofanritaðs er undirritaður andvígur því að frv. þetta verði nú samþykkt, en leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj. og henni falið að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölumál landbúnaðarins verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.“

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til rökstuddrar dagskrár í þessu máli, frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með eftirfarandi rökum:

Þar sem

— frv. þetta er að meiri hluta til samið af alþm. sem hafa beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta af lögfestingu þess,

— það hefur ekki fengið þinglega meðferð, er m. a. órætt í landbn. og fékkst ekki sent til umsagnar aðila sem geta beðið alvarlegt fjárhagslegt tjón af lögfestingu þess,

— byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,

— byggir á úreltum stjórnsýsluhugmyndum frá 18. öld um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhögg við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,

— lokar síðustu smugum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,

— útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðlar þannig að

rekstrarlegu ábyrgðarleysi og offjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðila,

— felur í sér hóflausa skattlagningu á búgreinar, sem miðstjórnarkerfinu eru vanþóknanlegar, og mismunar þannig einstaklingum fyrir lögum.

— tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna, en mun að öllum líkindum hækka verulega allan tilkostnað við framleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótaþörf" á næstu árum,

— slær á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru, óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og milliliðakerfi í landbúnaði sem hefur neytendur jafnt sem bændur að féþúfu,

— mun kosta þjóðina að óþörfu marga milljarða kr. á ári hverju verði það að lögum,

legg ég til að Alþingi vísi þessu máli frá, enda tel ég það vera Alþingi til vansa, bændum, neytendum, skattgreiðendum, ríkissjóði og þjóðarbúinu til skaða og legg til að Alþingi taki fyrir næsta mál á dagskrá.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Það kom fram í máli frsm. meiri hl. nefndarinnar að þar hefur verið unnið mikið starf. Það hafa verið kallaðir til viðræðu allir þeir sem komið hefur fram ósk um að fá til viðræðna af hálfu nefndarinnar og jafnframt tekið á móti þeim sem óskað hafa eftir að koma skoðunum sínum á framfæri. Jafnframt hefur nefndin fengið fjölda umsagna. Þarna virðist þess því hafa verið gætt vel að öll sjónarmið gætu komið fram.

Ég vil reyna í örfáum orðum að víkja að þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Ég tel sjálfsagt að athuga óskir um breytingu á gjaldi til Búnaðarmálasjóðs ef óskir koma fram um það frá Stéttarsambandi bænda og öðrum samtökum búvöruframleiðenda, en þarna er um vandasamt mál að ræða þar sem afstaða búgreinanna er nokkuð misjöfn og til þess hlýtur að þurfa að taka tillit við breytingu á því ákvæði.

Ég tel mjög gott að landbn. skyldi leita álits færra lögfræðinga á mörgum spurningum sem nefndin beindi til þeirra. Skýr svör fengust við öllum nema einni, um eignarrétt á Grænmetisverslun landbúnaðarins. En það kom fram hjá frsm. meiri hl. nefndarinnar að einnig er væntanlegt svar við þeirri spurningu. Ég tel sjálfsagt, þegar það liggur fyrir, að ræða það mál við Framleiðsluráð landbúnaðarins og reyna þá að komast að niðurstöðu um hvernig rétt sé að halda á því máli áfram til þess að það þurfi ekki að vera deilumál lengur.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. bar fram allmargar spurningar sem vissulega voru eðlilegar margar hverjar. Það var m. a. spurt um samráð sem haft hefði verið við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og þá möguleika að fá þessi samtök til að taka þátt í verðlagningu eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég átti viðræður við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands fyrir um það bil ári um möguleika á slíku, og enn fremur var haft samband við þá á s. l. vetri þegar drög voru að myndast að þessu frv. Þeir lýstu því yfir að þeir mundu þá skoða þetta mál og taka afstöðu í ljósi þess hvernig þeim litist á. Ég hafði vænst þess að þeir mundu treysta sér til að vera aðilar að þessu vegna þess að í frv. er á ýmsan hátt komið til móts við þau viðhorf sem komu fram í frv., sem þeir áttu aðild að, um ný framleiðsluráðslög árið 1979, en eins og í ljós hefur komið á bréfi sem barst frá Alþýðusambandi Íslands mun það ekki tilnefna menn til að taka þátt í verðlagningu og telur rökréttara að ríkisstj. eigi þar hlut að máli. Ég tel samt sem áður eðlilegt að þessum ákvæðum sé ekki breytt og þau verði að lögum því að — ég vil þá taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e. — það sé mikilvægt að um þessi mál geti tekist sem víðtækust samstaða.

Það kom fram í máli hv. frsm. meiri hl., 3. þm. Norðurl. e., að framkvæmd laganna skiptir vitanlega miklu máli. Ég býst við að sú tortryggni, sem kemur fram í svörum margra aðila og athugasemdum við frv., sé vegna þess að menn geri sér ekki að fullu ljóst hvernig það muni reynast í framkvæmd. Það er von mín að reynslan verði sú að frv. verði öllum til hagsbóta, jafnt framleiðendum og neytendum, þjóðfélaginu í heild, og þegar sú reynsla liggur fyrir muni viðhorfin breytast og því sé æskilegt að hafa þennan möguleika inni í lögunum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat um athugasemdir frá mörgum aðilum og jafnframt kom fram hjá honum, og ég býst við enn þá betur í umsögnunum sjálfum, að sjónarmiðin eru ákaflega mismunandi. Það er augljóst að það væri alveg sama hve lengi væri setið yfir þessu máli, það væri aldrei hægt að samræma þau öll því að sum þeirra stangast gersamlega á. Því tel ég að það hefði takmarkaða þýðingu að sitja lengur yfir frv. Hitt skiptir þó meira máli í mínum huga hvað brýnt er að afgreiða frv. sem fyrst vegna þeirrar stöðu sem nú er í landbúnaðinum. Ég tel að frv. muni ekki hafa neikvæðar afleiðingar fyrir íslenskan landbúnað, eins og hægt var að skilja á máli hv. 4. þm. Norðurl. e., heldur muni frv. þvert á móti stuðla að því að hjálpa okkur að komast fram úr þeim erfiðleikum sem við búum við núna. Það eru einmitt núverandi aðstæður sem eru íslenskum landbúnaði erfiðar en ekki þessi lagasetning nema síður sé. Það þýðir ekki annað en að viðurkenna þær staðreyndir sem við blasa og það verður að reyna að snúast þar til varnar, en fyrst og fremst þó til sóknar til að bæta úr.

Ég hygg að það hafi komið í ljós hjá bændum að þegar þeir fóru að kynna sér betur frv., hafi viðhorfin nokkuð breyst.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vitnaði m. a. í fundarsamþykkt frá Blönduósi 3. maí s. l., en í Eyjafirði var fyrir fáum dögum haldinn fundur fulltrúa af öllu Norðurlandi og þar virtist álitið vera orðið nokkuð annað á frv. Hann las einnig upp samþykkt frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Það er vissulega rétt að erfitt er að fullyrða hvernig tekst að byggja upp fleiri atvinnumöguleika í byggðum landsins. Þess vegna var m. a. sett inn það ákvæði að eðlilegt væri að breyta framleiðslurétti í samræmi við það hvernig til tækist að gera það og færa til miðað við hvernig það gengi í einstökum byggðarlögum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. benti sérstaklega á Kópasker, Núpasveit og Öxarfjörð sem munu vera í hópi bestu sauðfjárhéraða landsins. Vissulega sýnist eðlilegt að þar verði reynt að halda uppi sauðfjárræktinni. Það á þá að rýmka fyrir þeim ef hægt er að byggja upp og láta koma í staðinn annan atvinnurekstur í öðrum héruðum. Hins vegar vil ég benda hv. þm. á að í sama byggðarlagi að kalla er hafið öflugt fiskeldi sem þegar hefur haft áhrif

fyrir byggðarlagið og áform eru um meiri framkvæmdir þar. Vitanlega hefur slíkt áhrif á allt héraðið. Sem betur fer eru einhverjir slíkir möguleikar mjög víða.

Ég reikna með að hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. muni gefa yfirlýsingar í sambandi við fjármagnið til greiðslu á afurðaverði til bænda og tel því ekki ástæðu til að ræða það að öðru leyti en því að ríkisstj. hefur unnið að undirbúningi þessa máls og tekið ákvörðun um að fjármagnið verði tryggt.

Ég held ég hafi vikið að flestum þeim spurningum sem til mín var beint. Ég vil endurtaka þakklæti mitt til hv. landbn. fyrir það ágæta starf sem hún hefur hér leyst af hendi og lýsi yfir stuðningi mínum við þær brtt. sem meiri hl. hefur borið fram.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að mæla í örstuttu máli fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 1242 og er um að þeim sem annast sölu á útfluttum landbúnaðarvörum sé ekki heimilt að taka meira í sölulaun en sem nemur 2% af söluverðmæti þeirra.

Eins og þetta hefur verið að undanförnu hafa þeir sem selja landbúnaðarvörur tekið söluprósentu sína af verðmæti vörunnar með útflutningsbótum. Mér finnst það brjóta í bága við almennt siðferði í þessum efnum og virka alls ekki hvetjandi af hálfu söluaðila til að ná sem hæstu söluverði erlendis. Það skiptir í raun og veru ekki nokkru máli fyrir þá hvaða verði þeir ná. Aðalatriðið fyrir þá verður að koma sem mestu af vörunni úr landi, jafnvel á sem lægstu verði. Um þetta vitna lýsingar íslenskra viðskiptamanna og ferðalanga sem hafa rekist á íslenskar landbúnaðarvörur á afsláttarprísum og útsöluprísum erlendis, verði sem er langt fyrir neðan verð á sambærilegum vörum í verslunum þar. Mér sýnist þetta raunar liggja í augum uppi og ástæðulaust vera að hafa um það mjög mörg orð. Það mundi verka mjög hvetjandi til að ná sem bestu verði væru sölulaunin einungis reiknuð af söluverðmæti en ekki því verðmæti sem varan tekur á sig með útflutningsbótum. Þess vegna ætla ég ekki að gera þetta að löngu máli.

Um þetta mál, þ. e. frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vildi ég hins vegar segja að það hlýtur að vera meira en lítið að í atvinnugrein sem þarf lagaform upp á fleiri tugi greina til þess eins að koma framleiðsluvörunni frá sér. Ég held að menn verði að skoða þessi mál mjög fljótlega aftur og frá öðrum sjónarhólum.

Eins og stendur blasir það við íslenskum ferðamönnum þegar þeir eru á ferð erlendis að verð landbúnaðarvara víðast hvar er verulega mikið lægra en hér. Það er erfiður sannleikur að kyngja að menn sitji jafnvel uppi með þá niðurstöðu að það skerði lífskjör þeirra að þurfa að kaupa afurðir íslensks landbúnaðar sé málinu velt fyrir sér út frá þessum forsendum. Það er augljóst m. a. af brtt. sem ég var að mæla fyrir áðan, að afar lítið hefur verið gert í málefnum íslensks landbúnaðar til að hvetja fólk til úrbóta, hvetja til meiri framleiðni, hvetja til meiri hagkvæmni í framleiðslunni allri. Mér er minnistæð lýsing frænda míns, sem er bóndi austur á landi, þegar hann lýsti heimsóknunum frá ráðunautunum, eins og hann kallaði það nú gjarnan. Hann sagði: Eitt árið komu þeir og sögðu: Lítil bú, lítil bú. Nú eiga allir að hafa lítil bú. Annað árið, kannske tveimur árum seinna, komu þeir og sögðu: Stækka búin strákar, stækka búin. Eitt árið komu þeir og sögðu: Blönduð bú, blönduð bú. Nú eiga allir að hafa blönduð bú. Það er augljóst að blönduð bú bera sig. Annað árið komu sömu ráðunautar og sögðu: Einbeitið ykkur að ákveðnum greinum landbúnaðarins, strákar. Annars fer þetta allt á hausinn. Eitt árið sagði hann að menn hefðu komið og sagt: Það borgar sig ekki lengur að safna neinum húsdýraáburði og ef þið getið mæli ég með að menn leiði bæjarlækinn í fjósið og skoli honum út. Árið eftir kom nákvæm skýrsla sem sagði að húsdýraáburðurinn væri hagkvæmasti áburður og besti sem landbúnaðurinn gæti fengið. Svona hefur verið sú leiðsögn og sú aðstoð sem menn hafa fengið til að reyna að ná aukinni hagkvæmni í sínum búnaði.

Það má líka spyrja hvernig þetta almenna umhverfi hafi verið þegar bóndi sem byrjaður er að slá grasið, sem hann sáði til eða bar á um vorið, veit ekki hvað áburðurinn kostaði fyrr en kannske undir haust, eins og stundum hefur komið fyrir. Svo slátrar hann lömbunum sínum um haustið og veit ekki fyrr en næsta vor eða næsta haust hvað hann fær mikið fyrir lömbin. Svo er það ýmsum höppum háð hvort hann færi girðingastyrki eða skurðastyrki eða nýræktarstyrki eða hvers konar styrki. Stundum fást þeir og stundum ekki. Hvernig er hægt að ætlast til að menn byggi upp hagkvæman rekstur við þessi skilyrði?

Þetta á við ýmislegt fleira, eins og við höfum lýst áður í umr. um nýsköpun í atvinnuháttum og við höfum líka talað um í sambandi við byggðastefnu. Þetta á svo sem við aðrar atvinnugreinar á landinu þar sem menn eru sífellt að reyna að hafa vit fyrir fólki. Menn eru að reyna að stýra bónda og búsmala út frá stórvirkum, alhæfðum stjórnvaldsaðgerðum í stað þess að hugsa sem svo, að ábyrgðin og frumkvæðið verði að koma frá einstaklingnum sjálfum. Það er bóndinn sem sér hvernig grær og það er bóndinn sem á að meta búið sitt, en afkoma þess á ekki að birtast honum í pósti mörgum mánuðum eftir að hann sáði og mörgum mánuðum eftir að hann slátraði. Hann á að hafa aðstöðu til að meta þetta nákvæmlega jafnóðum, eins og gerðar eru kröfur um í öllum venjulegum rekstri þar sem „tölvubyltingin" hefur komið að gagni fyrir allan venjulegan rekstur í landinu. Menn geta á augnabliki framkallað allar upplýsingar um stöðu fyrirtækisins og séð hvernig gengur og hvert stefnir. Hvernig haldið þið að hægt sé að gera það í atvinnugrein sem er fjarstýrt úr Bændahöllinni á Melunum? Það er ekki nokkur leið.

Þetta eru þær almennu hugleiðingar sem ég vildi hafa um þetta ágæta mál. Það vill þannig til að á síðustu vikum þessa þings erum við að fjalla um stærstu mál þess og þau tengjast öll meira eða minna. Við höfum verið að tala um Byggðastofnun, við höfum verið að tala um nýsköpun í atvinnuháttum og nú erum við að tala um landbúnaðarmál. Mjög margt af því sem hefur verið sagt um Byggðastofnun, byggðastefnu, atvinnuhætti og atvinnulíf á við hérna.

Ég held að það sem menn eigi að spyrja um í sambandi við landbúnaðarmálin sé einfaldlega þetta: Hvað eiga að líða mörg ár þangað til við gerum þær kröfur til íslensks landbúnaðar að hann standist samkeppni við innfluttar landbúnaðarvörur? Þangað til það gerist munu menn sífellt spyrja: Hvernig getur á því staðið og er það réttlátt og er það verjandi að tiltekin landbúnaðarvara kosti 3—4 sinnum meira hérlendis en hún kostar erlendis? Það er eðlilegt að fólk taki mið af

kostnaðinum erlendis vegna þess að við erum sífellt að miða lífskjör okkar við annað fólk og önnur lönd. Við gerum sömu kröfur til lífsins hér og gerðar eru annars staðar. Þá verðum við að leita skýringa á þessum hlutum. Ég held að þeim sem unna íslenskum landbúnaði og þeim sem vilja íslenskan landbúnað eigi að vera kappsmál að hann geti haft málsvörn sína á hverjum tíma sem besta, ef hann er spurður slíkra spurninga, og hann geti bent á að á hverjum tíma sé leitað hagkvæmni og það sé leitað nýrra leiða og það sé virkilegur þrýstingur á mönnum að framleiða vel og framleiða af hagkvæmni þannig að þeir geti staðið stoltir og með fullum sóma frammi fyrir hverjum sem er og sagt að þeir séu ekki á neinn hátt að ofbjóða fólki með verðlagningu á vöru sinni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram kom m. a. í ræðu hv. síðasta ræðumanns líta menn mjög misjöfnum augum til landbúnaðarins og þýðingar hans fyrir íslenskt þjóðfélag, fyrir uppbyggingu okkar atvinnulífs. Ég verð að segja að í mínum huga blandast inn í þær umræður hvaða augum maður lítur á landið sjálft, gögn þess og gæði og spurningin um í hvernig þjóðfélagi maður eigi og vilji búa.

Ég vil í upphafi víkja örfáum orðum að því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan um þetta mál og er athyglisvert að sjónarmið hans skuli aðeins falla saman við sjónarmið hv. 5. þm. Reykv., Jóns Baldvins Hannibalssonar, því að báðir þessir hv. þm. vilja málið feigt, vilja að Alþingi taki ekki afstöðu til þess á þessu þingi. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gerir það með þeim rökum að ekki hafi náðst samkomulag um ýmis þau atriði sem eru í frv. milli Neytendasamtaka og bændastéttar og svo var að heyra á honum, a. m. k. um skeið, í hans ræðu að hann teldi að til þess væru nokkur líkindi að til sameiginlegrar niðurstöðu gæti komið, að þessir tveir aðilar gætu sameinast í afstöðu sinni til þess hvernig búa ætti að innlendum landbúnaði.

Í nál. hans kemur fram að ekki hafi unnist tími til að senda frv. til umsagnar. Ég hygg þó að sannmæli sé að um fá mál hafi borist fleiri umsagnir en þetta. Sjálfur hafði hann með sér hingað í ræðustól bók eina og fjölmargar umsagnir aðrar bárust nefndinni, ábendingar, tillögur og leiðbeiningar þannig að það er ekki undan því að kvarta að menn hafi ekki verið reiðubúnir að gera athugasemdir eða láta í ljós skoðanir sínar um efnisatriði þessa frv. og er þm. því engin vorkunn að átta sig á málsgögnum og móta skoðun á því máli sem hér liggur fyrir.

Ég vil sérstaklega, vegna þeirrar áherslu sem hv. þm. lagði á Neytendasamtökin, vekja athygli á því áliti sem fram kemur í umsögn Neytendasamtakanna frá 6. maí 1985, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Neytendasamtökin benda á að þau geta með engu móti sætt sig við tvö af þeim atriðum sem sett eru fram sem tilgangur laganna, nánar tiltekið e- og f-lið."

E- og f-liður hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„e) að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu.

f) að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað."

Þessi tvö atriði eru einmitt þau atriði sem bændastéttin hefur lagt hvað þyngsta áherslu á þannig að ég held að sumarið muni ekki duga til þess að þessir aðilar geti þar náð samstöðu. Ég held líka að Alþingi geti ekki fallist á þau sjónarmið, sem fram hafa komið hjá Neytendasamtökunum beinlínis og ýjað er að í áliti Alþýðusambands Íslands, að rétt sé að fella niður alla markaðsstýringu hvað varðar t. d. kjúklingakjöt og svínakjöt.

Meiri hluti Alþingis er ekki þessarar skoðunar. Þvert á móti hefur meiri hl. Alþingis, og ég veit að þessi hv. þm. hefur það líka, áhyggjur af þeirri miklu breytingu sem hér er að verða í búskaparháttum vegna neysluvenjubreytingar þjóðarinnar. Frv. sem hér liggur fyrir er einmitt til þess að auðvelda bændum að bregðast við þessari miklu breytingu og það felur í sér mikilsverð atriði til þess að því marki megi ná. Ég vil þar fyrst benda á 37. gr., en þar eru ákvæði um að mjög verulegu fé, sem verður að telja í ekki aðeins hundruðum milljóna kr., heldur væri nær að miða við milljarð þegar við tölum um það fé, verði ráðstafað til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búrekstrar í sveitum. Með hliðsjón af þessum skýru ákvæðum get ég í fyrsta lagi ekki tekið undir þau orð að menn reyni ekki að gera sér grein fyrir hvaða fjárfestingum sé verið að kasta fyrir róða út um sveitir landsins. Þvert á móti er hér beinlínis um það rætt að verja til þess fé og reyna að stuðla að því að þessar byggingar megi nýtast til annars konar búrekstrar, eins og loðdýraræktar. Ég get ekki heldur undir það tekið að ekki sé með þessu frv. komið til móts við bændur í þeirri erfiðu stöðu sem þeir nú eiga í. Ég held þvert á móti að umsagnir um frv., blaðaskrif og fundasamþykktir sem gengið hafa sýni að engin breið samstaða getur á þessu stigi málsins náðst annars vegar á milli bændastéttarinnar og hins vegar á milli verkalýðshreyfingarinnar, hvað þá milli Neytendasamtakanna eins og þau eru upp byggð og bændastéttarinnar. Alþingi verður að höggva á þennan hnút og ég held að það sé best að höggva á þennan hnút strax og draga ekki bændur á því hvernig að málefnum landbúnaðarins verður staðið.

Hv. þm. talaði um 7. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að stjórn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tilnefni menn í verðlagsnefnd búvara. Það er rétt hjá hv. þm. að báðar þessar stjórnir hafa lýst því yfir að þær vilji ekki að svo stöddu skipa menn í verðlagsnefndina og gefa raunar enga von um að þeirra afstaða breytist á meðan landbúnaðurinn er í þeim erfiðleikum sem hann er í nú, en ég held á hinn bóginn að nauðsynlegt sé að hafa þetta ákvæði inni í lögunum til þess að Alþýðusambandið eða Bandalag starfsmanna ríkis og bæja geti á síðara stigi sett menn inn í verðlagsnefndina ef þeir telja það þjóna sínum hagsmunum. Von mín stendur til þess að þegar þessi lög fara að verka muni þessir aðilar sjá að hagsmuna þeirra umbjóðenda er betur gætt með því að taka þátt í verðlagningunni og hafa þannig áhrif á þróun búvöruframleiðslunnar hér á landi.

Hv. þm. hafði um það mörg orð að ekki væri nógu vel frá því gengið að staðgreiðsla afurðaverðs gæti átt sér stað og vitnaði mjög til bankamanna í því sambandi. En við vitum náttúrlega allir þm. að bankastjórar eru síðustu menn sem líklegir eru til að taka undir það að bankarnir geti veitt landbúnaðinum betri fyrirgreiðslu um lán en verið hefur um hríð. Þeir eru þess vegna

kannske ekki réttu mennirnir til að leggja dóm á það. Það sem öllu varðar og öllu skiptir er að sú ríkisstj. sem nú situr hefur lýst því yfir að hún vilji koma þessu kerfi á. Ég vil því til staðfestingar lesa, með leyfi hæstv. forseta, yfirlýsingu, bréf hæstv. viðskrh. til Davíðs Ólafssonar bankastjóra Seðlabankans, dags. hinn 2. apríl s. l.:

„Í samræmi við samþykkt ríkisstj. frá 21. fyrra mánaðar hefur verið ákveðið að skipa nefnd á vegum viðskrn. til þess að gera tillögur um framkvæmd á því ákvæði samkomulags stjórnarflokkanna frá 6. sept. 1984 er gerir ráð fyrir því að bændur geti svo fljótt sem við verður komið fengið fullnaðargreiðslu fyrir afurðir sínar. Markmiði þessu skal nefndin ná með endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána, tímasetningu á niðurgreiðslum úr ríkissjóði og reglum um lágmarksfjármögnun birgða af eigin fé vinnslustöðva. Jafnframt skal á það bent að endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins er að ljúka og þykir rétt að höfð sé hliðsjón af þeim markmiðum sem þar koma fram um nánara fyrirkomulag þessara mála. Hér með eruð þér skipaður formaður þessarar nefndar. Ásamt yður í nefndinni eru Helgi Bachmann, Ketill Hannesson, Ingi Tryggvason og Stefán Pálsson."

Hér er þessari nefnd m. ö. o. falið að vinna á grundvelli þeirra laga sem við stefnum að að sett verði í lok þessa þings og hefur nefndinni verið falið að finna lausn á þessu máli. Hitt segir sig sjálft, og það vita allir þm., að vitaskuld mun landbrh. ekki gera bindandi samning við bændasamtökin á grundvelli a-liðs 30. gr. um staðgreiðsluna nema þá liggi fyrir hvernig að þeirri staðgreiðslu verði staðið. Það er auðvitað alveg útilokað fyrir nokkurn landbrh. að gera slíkan samning nema áður liggi fyrir að hægt verði við hann að standa. Þetta gera allir menn sér ljóst og menn vita að ríkisstj. hefur það í hendi sér, sem ég hygg að ekki komi til og er fullviss um að ekki komi til, að bregðast í þeim málum.

Það urðu mér raunar nokkur vonbrigði að þessi hv. þm., sem er einmitt manna skilningsbestur á hag landbúnaðarins, skyldi ekki vera harðari af sér í kröfunni um staðgreiðsluna en ræða hans bar vitni um og ég skyldi finna í máli hans að hann væri eftirgefanlegur á þessum punkti.

Þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því, og svara með því ræðu hv. síðasta ræðumanns þegar hann talaði um nauðsyn þess að bændur gætu gert sér grein fyrir því hvar þeir stæðu í sambandi við sínar afurðir, að það er einmitt kjarni þessa frv. að gerður verði sérstakur búvörusamningur um sölu á magni mjólkur- og sauðfjárafurða og er heimilt að gera þann samning til lengri tíma en eins árs í senn. Það er einmitt þessi samningur, sem verður byggður á búmarki jarðanna, sem verður sá grunnur sem bændur geta byggt framleiðslu sína á og miðað rekstur bús síns við. Þetta er sú mikla breyting sem orðin er og ef rétt verður á haldið, sem ég leyfi mér að vona, mun Stéttarsambandinu og landbrh. takast að komast að þeim samningum á þessu sumri sem eiga að geta leitt til þess að landbúnaður verði rekinn með minni tilkostnaði, miðað við afurðir og fyrirhöfn, kostnað, en verið hefur um sinn.

Ég vek athygli á því að í þessu frv. er gengið út frá því næstu fimm ár að 9% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skuli annars vegar varið til útflutningsbóta og hins vegar til þess, eins og ég sagði áðan, að auðvelda bændum endurskipulagningu síns búrekstrar og til sérstakrar markaðsöflunar erlendis og til eflingar búvara. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði í þessu frv. og ég ætla að hér sé myndarlega að verki staðið. Ég held að aðrar ríkisstjórnir hafi ekki tekið myndarlegar á þessum málum en sú ríkisstjórn sem nú situr. (**Gripið fram í:** Hvað er svo um húsnæðismálin?) Ég skal ræða húsnæðismálin við hv. þm. síðar, en ekki við þetta tækifæri nú og skorast ekki undan því.

Síðast en ekki síst felast í þessu frv. víðtækar heimildir til framleiðslustjórnunar þar sem gert er ráð fyrir að bændasamtökin, bæði heildarsamtök bænda og sérgreinasambönd, geti haft mikla stjórn á afurðamálum sínum, sölumálum sínum. Ég skírskota til reynslu sjávarútvegsins af kvótakerfinu í því sambandi. Ég held einmitt að það sé rétt staðið að málum þegar bændum eru gefnar víðtækar heimildir í þessu sambandi þannig að þeir geti sjálfir unnið að því að koma sínum framleiðslumálum í það horf sem þeir helst kjósa og að áhrif þeirra verði sem mest á stjórn búvöruframleiðslunnar.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi áður en þessari umr. lýkur leggja nokkur orð í belg varðandi þetta frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er rétt að byrja á að taka það fram að þau atriði eru allmörg í frv. sem ég tel að horfi til bóta og hægt væri að samþykkja án frekari tafa, en engu að síður sýnist mér að frv. hafi einnig að geyma býsna mörg atriði sem ástæða sé til að skoða betur og ekki horfi til heilla að samþykkt verði óbreytt. Ég held að menn ættu að hugsa sig a. m. k. tvisvar um áður en gengið yrði af hálfu þingsins til afgreiðslu á þessu frv. óbreyttu.

Ég þarf ekki að eyða tíma í það hér að minna á mjög alvarlegar athugasemdir fjölmargra aðila utan Alþingis við frv. og þá ekki síst Stéttarsambands bænda og búnaðarfélaga og búnaðarsamtaka vítt um landið. Mér sýnist að séu bornar saman óskir bændasamtakanna um breytingar á frv. og þær brtt. sem hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði hér fyrir vanti býsna mikið upp á að tekið hafi verið það sem ég vil kalla eðlilegt tillit til ábendinga og óska bændasamtakanna.

Það er nú einu sinni svo að óhætt mun að fullyrða að engin atvinnustétt í landinu hafi orðið fyrir þyngri búsifjum af völdum þeirrar efnahagsstefnu, sem hér hefur ríkt síðustu tvö ár, en einmitt bændur. Víða um land má ákaflega litlu muna að menn gefist upp í sveitum landsins og byggðir leggist í auðn af þeim ástæðum. Það er ekki ýkjalangt síðan ég las það í Morgunblaðinu, sem ýmsir taka nú kannske meira mark á hversdagslega en ég en oft hefur þó nokkuð til síns máls, að skuldir bænda hafi á síðasta ári hækkað að raungildi um hvorki meira né minna en 48% á einu ári. Ég hef þetta reyndar hér fyrir framan mig, herra forseti, úr Morgunblaðinu 17. apríl 1985. Mér brá svolítið við þegar ég sá þessa tölu og þess vegna er ég með þetta blað á þessum stað. Það segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í yfirliti sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur tekið saman um skuldir bænda við sjóði landbúnaðarins og vitnað er til hér í upphafi kemur fram að heildarskuldir bænda við þessa sjóði eru 1.6 milljarðar kr. og hafa þær hækkað að raungildi um 48% á árinu 1984."

Þetta er óhugnanleg tala. Nú gætu kannske einhverjir sagt sem svo að hér væri ekki mikið alvörumál á ferð ef eignir bænda hefðu verið að aukast að sama skapi. Engu að síður hefði það verið nokkurt alvörumál líka vegna þess að öll vitum við að markaðurinn tekur ekki við þeirri framleiðslu sem vænta mætti ef fastafjármunir í landbúnaði hefðu aukist um 48% á einu ári þannig að það hefði út af fyrir sig ekki verið gæfulegt. En ég hygg að ekki þurfi að draga í efa að á móti þessari miklu skuldasöfnun hafi komið mjög lítil eignamyndun því framkvæmdir hafa ekki verið ýkjamiklar í sveitum á árinu 1984 og ekki neitt í námunda við það að þeir fjármunir sem þar eru bundnir hafi aukist að raungildi um heil 48%. Þessi tala segir okkur ákaflega mikla sögu.

Í því frv. sem hér er verið að ræða er mörgum efnisatriðum til að dreifa. Eitt meginatriðið er að draga verulega úr útflutningsbótum á fárra ára bili. Ég held að út af fyrir sig hefði það ekki þurft að vera með öllu fráleitt að semja með þeim hætti um þessi mál að eitthvað drægi úr útflutningsbótum á móti því að bændum væri tryggt uppgjör fyrir sínar afurðir, sauðfjárafurðir, litlu eftir að þær kæmu til innleggs í sláturhúsunum. Það er verið að tala nokkuð um þau efni í frv., en ég hef ekki enn séð að þar sé í rauninni um neinar tryggingar að ræða. Það er algerlega skýrt að útflutningsbæturnar eiga að falla úr þeirri ábyrgð upp á allt að 10%, sem verið hefur um langt skeið, niður í 4% á örfáum árum, um meira en helming, en hitt virðist vera mjög óljóst hvort bændur geti treyst því að þeir fái á móti það uppgjör sem verið er að tala um. Það liggur fyrir að vinnslustöðvarnar treysta sér ekki og telja sig ugglaust með réttu ekki geta greitt þetta fé með þessum hætti. Það kemur fram í nál. minni hl. landbn. að bankastjórar þeirra banka sem þar koma helst til greina hafa svarað á fundi nefndarinnar að af þeirra hálfu væri ekki á neitt að treysta í þessum efnum. Ég heyrði að hv. 3. þm. Norðurl. e. hafði á orði í sinni ræðu áðan að hann vildi vænta yfirlýsingar frá hæstv. viðskrh. um þessi mál. Máske hefur hún komið fram meðan ég brá mér frá, en ég á þó varla von á að svo hafi verið. Það verður fróðlegt að heyra hvað hann segir um málið. Ég vildi gjarnan, ef hæstv. viðskrh. á eftir að koma hér í ræðustól, inna hann eftir því í fyrsta lagi hvað þarna er um mikla fjármuni að ræða. Ég er þó ekki að biðja um einhverja alveg nákvæma tölu, en lágmark er að menn hafi a. m. k. í grófum dráttum hvaða upphæðir þetta séu. Og ef ætlunin er að standa við það að greiða þetta út með þeim hætti sem frv. gerir reyndar ráð fyrir vil ég inna eftir því hvaðan þessir peningar eiga að koma. Hvernig á að afla þeirra? Ef vinnslustöðvarnar geta ekki greitt þetta, ef bankarnir geta ekki staðið undir þessu, er þá meiningin að það verði ríkissjóður sem standi undir þessum greiðslum? Þetta væri allt mjög fróðlegt að heyra um frá hæstv. viðskrh. Ef meiningin er að ríkissjóður beri verulegan hluta af þeim kostnaði sem þarna er um að ræða sé ég ekki annað en það sé verið að færa peninga úr einum vasanum yfir í annan, hét útflutningsbætur í gær og eitthvað annað á morgun.

Ég vil endurtaka það að ég tel að alger frumforsenda fyrir því að hugsanlegt sé að styðja frv. sem þetta sé að þarna sé um fullgilda tryggingu að ræða og tek fram að reyndar dygði það eitt ekki til af minni hálfu. Það þyrfti fleira að koma til. Það munu vera nokkur ár síðan Alþingi samþykkti þáltill. um að vinnslustöðvarnar skyldu standa skil á greiðslum til bænda fyrir sauðfjárafurðir án nokkurs verulegs dráttar. Þessi þáltill., sem fól í sér viljayfirlýsingu frá Alþingi, hefur þó ekki komið til framkvæmda. Ég vil taka það fram að ég hafði ekki trú á því á sínum tíma að þessi till., sem flutt var af hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, kæmi í raun að miklum notum í þessum efnum vegna þess að þar var ekki bent á neinar leiðir til að tryggja fjármagn í þessu skyni, enda hefur sú orðið reyndin á að till. hefur ekki haft þau áhrif sem henni var ætlað þótt skýr viljayfirlýsing stæði þar að baki frá Alþingi. Við skulum vissulega vona að yfirlýsing frá hæstv. ráðh., ef hún á eftir að koma hér fram, hafi meira gildi, en á þessu stigi mála eru það vonir einar sem menn geta gert sér um það, en tryggingar eru engar.

Það er eitt sem ég held að væri ósköp hollt fyrir hv. þdm. að hugleiða þegar þessi mál eru rædd. Það er talað mjög oft og af mörgum um nauðsyn þess að draga saman framleiðslu í landbúnaðinum. Allmargir virðast líta á það sem eitt helsta þjóðfélagsmein okkar að það skuli vera framleitt hér jafnmikið af þessum ágætu matvælum. En menn gleyma því oft og tíðum að hér er búið að gera mjög stórt átak í þessum efnum, átak sem bændur hafa gengist fyrir sjálfir að langmestu leyti, og margt í þeim efnum verið til fyrirmyndar. Auðvitað þýðir ekki að framleiða endalaust, auka framleiðsluna stöðugt, ef ekki er hægt að selja vöruna þannig að hún skili einhverju til baka af kostnaðinum sem í það fór, það skal ég gjarnan taka undir með mönnum. Í þeim efnum verður að vera ákveðin skynsamleg stjórnun. Það eru ýmsir þættir í frv. sem ég tel jákvæða að því leyti. En þarna er mikill vandi á höndum. Við skulum hafa í huga að frá 1978—1983 fækkaði ásettu sauðfé um hvorki meira né minna en 20%. Það er ekkert lítið. En þetta virðist ekki ætla að duga. Það er beðið um meira og meira. Af hverju? M. a. vegna þess að innanlandsneyslan hefur fallið býsna alvarlega, bæði á sauðfjárafurðum og mjólkurafurðum. Ég óttast mjög að ef svo fer fram sem horfir, að landbúnaðarafurðirnar séu látnar hækka með því m. a. að afnema niðurgreiðslur nær alveg og látnar hækka um meira en flestar aðrar almennar vörutegundir, eigi þessi samdráttur enn eftir að aukast. Og svo eru þau áhrif sem sá mikli áróður hefur sem hér er rekinn af fjölmiðlum ýmsum og áhrifaaðilum og gengur í raun og veru út á það að við eigum að hverfa frá sem allra flestu af því sem hér hefur verið í landinu með nokkuð öðrum hætti en gerist einhvers staðar annars staðar og þurrka slík sérkenni öll sem mest út. Við höfum að sjálfsögðu öldum saman haft landbúnaðarafurðir sem okkar meginfæðu, en það er ósköp hætt við því, eins og þróunin er á ýmsan veg í okkar landi, að sumum hverjum og kannske vaxandi hópi finnist betur við hæfi nú og í framtíðinni að leggja sér eitthvað annað til munns. Það hefur líka sín áhrif.

Sannleikurinn er sá að þegar maður lítur á upplýsingar eins og þær sem ég hef hér fyrir framan mig um 20% fækkun sauðfjár á aðeins fimm árum og svo hins vegar upplýsingar um að á síðasta ári, 1984, aðeins einu ári, hafi sala á kindakjöti innanlands dregist saman um 10%, þá er myndin ekki björt. Þá er ekki víst að það dugi, ef svo heldur áfram, að skera niður sauðfjárstofninn um kannske önnur 20%. Það getur orðið of margt fé samt fyrir markaðinn og því er það að gegn þessari

þróun þurfa menn að snúast. Þessar staðreyndir þurfa stjórnvöld að hafa í huga þegar þau ákveða niðurgreiðslustigið, svo að maður taki það eitt, því það er ekki nokkur vafi á því, ekki síst þegar að þrengir á mörgum alþýðuheimilum í landinu eins og nú hefur verið, að verðlagið á landbúnaðarvörum hefur mikil áhrif á það hve mikið er keypt af þeim. Í þeim efnum hefur ríkisstj. farið þannig að að það er ekki aðeins að verið sé að skera niður útflutningsbæturnar, heldur eru niðurgreiðslurnar minni en þær hafa nokkru sinni áður verið. Í þeim efnum komu fram hér á Alþingi skýrar upplýsingar fyrir 1—2 mánuðum í skriflegu svari landbrh. við fsp. frá hv. 5. þm. Austurl. Svarið er dags. 23. apríl 1985 og með leyfi forseta vil ég minna á örfá atriði sem þar koma fram í sambandi við niðurgreiðslurnar.

Ef litið er á dálkinn yfir kindakjöt í 1. flokki kemur t. d. fram að á árinu 1982, fyrir þremur árum, námu niðurgreiðslurnar 40—60%, nokkuð breytilegt yfir árið, af verðinu. Núna er þetta hlutfall komið niður í 10.88%, þann 1. mars s. l. Sömu sögu er að segja um mjólk. Þar eru niðurgreiðslurnar komnar niður í 9.09%, en voru 40—60% á árinu 1982. Í þessu skriflega svari kemur einnig fram að ef niðurgreiðslustigið væri hið sama og það var 1982 væri verðið á einu kg af 1. fl. kindakjöti 135 kr. 30 aurar, en það hefur verið þegar svarið var gefið 177 kr. Þarna munar þá milli 30 og 40% í verðinu til neytenda.

Ég held að ef menn hefðu í alvöru ætlað sér að vinna bug á því vandamáli sem stafað hefur af framleiðslu þeirra landbúnaðarvara sem erfiðlega hefur gengið að selja og gera það að einhverjum hluta með því að rýra kosti framleiðendanna, bændanna, þá hefði það átt að vera lágmarkskrafa að það væru a. m. k. jafnframt gerðar tilraunir til að reyna að ýta undir neysluna innanlands. En það vottar ekki fyrir neinu slíku í þessu frv.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á fáeinar staðreyndir sem fram koma í býsna athyglisverðu nál. frá sjö manna nefnd sem hæstv. landbrh. skipaði vorið 1984 og skilaði áliti í september s. l. og var nefndinni ætlað að benda á ráð til að bæta skipulag á framleiðslu landbúnaðarafurða. Það má segja að þetta nál. sé að nokkru undanfari þess frv. sem hér er til umræðu þó að ýmislegt hafi við frumvarpsgerðina farið á nokkurn annan veg en nefndin gerði ráð fyrir, en mikið af ábendingum sem í nál. er að finna kemur einnig fram í frv. Það eru ýmsar upplýsingar sem þetta nál. hefur að geyma. Menn tala stundum, bæði hér á hinu háa Alþingi og einnig vítt og breitt út um þjóðfélagið, eins og við Íslendingar höfum á síðari árum skorið okkur alveg úr í hópi þjóðanna hvað varðar stuðning við landbúnaðinn, við höfum verið í einhverjum alveg sérflokki með útflutningsuppbætur, með styrki til landbúnaðarins, niðurgreiðslur o. s. frv. Það hefur sjálfsagt ekki verið mjög mikið verk að kynna sér þessi mál, hvernig þau standa í nálægum löndum. Það hefur sú nefnd, sem ég minntist hér á áðan, gert góðu heilli og hefur um það ýmislegt ákaflega fróðlegt að segja. Nú vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, fara stuttlega yfir þennan kafla í nefndaráliti þessarar sjö manna nefndar sem starfaði skipuð af hæstv. landbrh. á síðasta ári. Þar segir:

„Í vestrænum löndum ríkir það grundvallarsjónarmið að nýta framleiðslugetu landsins fyrir heimamarkað og fullnægja innlendri búvöruþörf. Til þess að torvelda samkeppni við framleiðslu heimalands er beitt víðtækum stuðningsaðgerðum, framlögum og viðskiptahöftum. Árin 1977—1981 var stuðningur Bandaríkja Norður-Ameríku úr ríkissjóði sem svarar 60 þús. kr. á hvert ársverk í landbúnaði. Árið 1983 var þessi stuðningur 194 þús. kr. á ársverk." —194 þús. á ársverk, endurtek ég, og það eru Bandaríkin. Ég held áfram: „Í löndum Efnahagsbandalagsins voru árið 1982 greiddar úr sameiginlegum sjóðum 148 þús. kr. á hvert ársverk í aðildarlöndunum. Þar að auki komu framlög af fjárlögum viðkomandi lands" — og hér er vísað niður að fyrir þessu séu norskar heimildir. „Hérlendis má áætla að framlög úr ríkissjóði til landbúnaðar hafi verið um 60 þús. kr. á ársverk árið 1983. Er þá reiknað með að ársverk í landbúnaði hafi verið um 6300 og talin eru framlög skv. jarðræktar- og búfjárræktarlögum, framlög til afleysinga- og forfallaþjónustu, til Stofnlánadeildar svo og útflutningsuppbætur. Öll Norðurlöndin stefna að því að vera a. m. k. sjálfbjarga um helstu búvörur. Varðandi skipulag landbúnaðarins er þar sóst eftir því að búvöruframleiðslan dreifist á margar en fremur smáar framleiðslueiningar. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi styður ríkisvaldið sérstaklega við landbúnað í hinum afskekktari héruðum í því skyni að hamla gegn óeðlilegri byggðaröskun."

Ég hygg að okkar hæstv. ráðherrar og aðrir þeir sem mesta ábyrgð bera í þessum efnum hefðu gott af því að taka nokkurt mið af því sem fram kemur í þeim upplýsingum sem ég var hér að minna á og allir hafa aðgang að. Ég sé ekki að í þessu frv. sé á nokkurn hátt verið að stuðla að því að tryggja sérstaklega að landbúnaður geti haldið áfram í afskekktari héruðum svo að dæmi sé tekið, eins og hér er upplýst að reynt sé á öðrum Norðurlöndum. Þarna kemur fram með skýrum hætti að á sama tíma og hér hafa gengið til landbúnaðarins af opinberu fé sem svarar 60 þús. kr. á ársverk fyrir tveimur árum að útflutningsbótunum meðtöldum, þá hefur þrefalt hærri upphæð á ársverk verið greidd til landbúnaðar í Bandaríkjunum og tvö til þrefalt hærri upphæð á ársverk verið greidd til landbúnaðarins í löndum Efnahagsbandalagsins.

Það er rétt að taka það fram að auðvitað skiptir það miklu máli hvernig þessum fjármunum er varið hjá okkur. Það er ekki mín kenning að það sé sjálfsagt mál að moka fjármunum í þessa atvinnugrein til jafns við það sem gerist á meginlandi Evrópu eða í Bandaríkjunum án þess að velta því fyrir sér hvað um peningana verði. Það vil ég taka alveg skýrt fram. Auðvitað er ekki nema sjálfsagt mál að stjórnvöld reyni að hafa þar nokkur áhrif á, m. a. í þá veru að styðja við bakið á nýjum búgreinum sem að einhverju leyti gætu komið í staðinn fyrir hefðbundna landbúnaðarframleiðslu. En mér sýnist hins vegar að frv. sem við erum hér að fjalla um nægi engan veginn í þessum efnum.

Það er nú svo, herra forseti, að það er býsna margt sem hægt væri að fjalla hér um þó að ég tíni ekki til nema fátt eitt af því. Hér stóð fundur í þd. til kl. 2 eða 3 í nótt og mun ekki vera meiningin að hafa kvöldfund nú og ég vil í sjálfu sér ekki tefja fyrir því að á það fái að reyna hvaða stuðning þetta frv. hefur. Mér er hins vegar ekki fyllilega ljóst hvers vegna menn geta ekki fallist á að geyma þau atriði þessa frv. sem umdeildust

eru til næsta þings, eins og farið hefur verið fram á af ýmsum aðilum, bændasamtökum og öðrum utan Alþingis. Það er í rauninni alls ekki boðlegt, þegar um er að ræða mál sem snertir hag fjölda manna svo mjög sem þetta frv. hlýtur að gera, að frá því sé gengið hér í skyndingu án þess að menn hafi haft tækifæri til að ræða það ítarlega í sinn hóp og skoða hvert atriði fyrir sig og koma með sínar ábendingar. Auðvitað er það ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að meiri hluti Alþingis taki lokaákvörðun um hvernig málum skuli hagað. Því verður að sjálfsögðu að hlíta og skal ekki kvartað yfir því. En hitt ætti líka að vera réttur manna, hvaða atvinnustétt sem í hlut á, að þegar ganga á frá löggjöf sem í þetta miklum mæli varðar hag hvers einasta manns í viðkomandi atvinnustétt gefist tóm í fáeinar vikur fyrir menn til að ræða um þau efni í sínum samtökum. Ég verð að lýsa furðu minni á því að hæstv. landbrh., sem ég man ekki betur en hafi lengi verið í stjórn og líklega varaformaður Stéttarsambands bænda, skuli ekki sýna bændasamtökunum meiri virðingu en þetta. Og skal ég þá láta mínu máli lokið, herra forseti, að sinni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Vegna þess sem hér hefur verið sagt um 29. gr. frv. og það ákvæði hennar að bændur skuli fá fulla greiðslu sem næst við afhendingu vil ég taka það fram að þetta er byggt á samkomulagi stjórnarflokkanna frá 6. september s. l. og er þar undirstrikað, eins og þar segir, að enda verði vinnslustöðvum gert slíkt kleift með hækkun afurðalána. Ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til að þetta verði, eins og fram hefur komið í því bréfi sem hér hefur verið hygg ég tvílesið og ég skal ekki endurtaka, enda er ljóst að ef það yrði ekki er þetta marklaust. En þetta verður gert og er nú í lokaundirbúningi í nefnd sem hæstv. viðskrh. hefur skipað. Ég þarf ekki að taka það fram að ég styð þetta að sjálfsögðu í þeirri fullvissu að staðið verði við útvegun fjármagnsins.

Frsm. 1. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls við þessa umr., taldi mig hafa komið á framfæri flestum þeim athugasemdum og ábendingum sem ég vildi gera við þetta frv. að þessu sinni, en þá kvaddi sér hljóðs hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og veittist að mér og þeirri ræðu sem ég hafði áður flutt við umr. með þeim hætti að ég tel óhjákvæmilegt að svara því nokkrum orðum. Þessi hv. stjórnarþm. er ugglaust að greiða fyrir þingstörfum með því að snúa út úr orðum annarra ræðumanna og gera það þannig óhjákvæmilegt að menn lengi orðræður hér meira en ella þyrfti. Ég hafði aftur á móti hugsað mér að taka tillit til þess að mér skilst að hæstv. stjórn sé mjög í mun að koma þessu máli áfram í dag og ég hagaði orðum mínum að sjálfsögðu í samræmi við það.

Ég ætla ekki að elta ólar í smáatriðum við þann útúrsnúning sem hv. þm. Halldór Blöndal viðhafði áðan. Hann taldi mig vera heldur lakan málsvara bænda að vilja ekki fagna því og taka undir það staðgreiðsluákvæði sem væri í þessu frv. Þetta er mikill misskilningur á minni afstöðu í þessum efnum, hv. þm. Ég gagnrýndi einmitt ákvæðið frá þeirri hlið að ekki væri nógu tryggt að við það yrði staðið og það kalla ég að lýsi sæmilega afstöðu minni í þessum efnum. Auðvitað vil ég það og tel að það sé til bóta að bændur fái hraðari greiðslur fyrir sínar afurðir en verið hefur hingað til. Ég gagnrýndi það hins vegar hvers vegna hæstv. ríkisstj. bindur þá ekki þannig um hnúta í frv. að það sé alveg ljóst að afurðasölustöðvunum verði gert kleift og mögulegt að greiða út afurðaverðið. Það kom hugmynd um það frá Framleiðsluráði og Stéttarsambandi að setja ósköp einfaldlega ákvæði inn í lögin, þ. e. inn í 29. gr., eitthvað í þá veru að þar sem fjallað hefur verið um greiðslu afurðaverðs til bænda kæmi ný setning svohljóðandi: „Enda verði þeim gert það kleift að standa við ákvæði þessarar greinar.“ Þetta hefði að sjálfsögðu verið ósköp einfalt og hefði þar með bundið hendur framkvæmdavaldsins til þess að standa við sínar skyldur í þessum efnum. Það vekur athygli mína að meiri hl. hefur ekki tekið slíkt ákvæði inn í frv. þetta. Ég hlýt því að spyrja: Hvers vegna ekki?

Ég tel einnig óhjákvæmilegt vegna þeirra umræðna sem orðið hafa um þennan kafla svo og um 30. gr. frv. að vekja athygli á því, af því að mér er ekki grunlaust um að einstöku þm. hafi e. t. v. ekki áttað sig á því til fulls, að í raun og veru tekur ríkisvaldið skv. þessu frv. einungis verðábyrgð á þeim hluta framleiðslunnar sem er til útflutnings. Það er alveg ljóst að ábyrgðin á því að standa við greiðslur til bænda hvað innanlandsframleiðsluna varðar er hjá afurðasölufélögunum, þeim stöðvum sem skylt er að kaupa þessa framleiðslu af bændum. Ef menn velkjast í vafa um að þetta sé svo vil ég biðja menn að fletta upp á 28. bls. frv. þar sem í skýringum við einstakar greinar er sagt svo um 30. gr., a-lið:

„Gert er ráð fyrir að ríkisstj. semji við Stéttarsamband bænda um það magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem fullt grundvallarverð mun ábyrgst fyrir. Gengið er út frá því að innlendi markaðurinn skili fullu verði fyrir mjólk og kindakjöt til framleiðenda svo að hér verði um verðábyrgð á tilteknu afurðamagni til útflutnings að ræða.“

Ég spyr: Hvers vegna er þetta þá orðað svona ef ríkisvaldið ætlar að ábyrgjast fullt verð til bænda fyrir allan pakkann? Hvers vegna kjósa höfundar frv. þá að taka það sérstaklega fram að hér sé um verðábyrgð ríkisvaldsins á sérstöku magni til útflutnings að ræða, en ekki á öllum hinum umsamda pakka? Ég vil vekja athygli á þessu m. a. vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið um þennan hluta frv.

Ég hefði talið eðlilegra, til þess m. a. að hv. 2. þm. Norðurl. e. velktist ekki í vafa um minn vilja í þessum efnum, að inn í 29. gr. kæmi beinlínis ákvæði þar sem ríkisvaldið tæki á því ábyrgð, rétt eins og það gerir á beinu samningunum um ákveðið magn framleiðslu, að verðinu yrði skilað að fullu til bænda á öllum þessum pakka. Þá væru óþarfar setningar í greinargerð um að hér væri einungis um einhverja verðábyrgð á sérstökum hluta framleiðslunnar að ræða. Sömuleiðis hefðu menn þá getað hætt að ræða um afurðalán vegna þess að þar með væri ríkið orðið skuldbundið til þess að standa við allan samninginn eins og hann leggur sig.

Það mætti enn fremur út frá þessum umræðum velta svolítið fyrir sér samningsstöðu bænda þegar kemur að því að nýta sér þann rétt sem þeir hafa til samninga við ríkisvaldið skv. þessu frv. Eru menn trúaðir á að samningsstaða bænda verði sérstaklega sterk ef innan-

landsmarkaðurinn heldur áfram að þróast eins og hann hefur gert allra síðustu árin? Ég held því miður að hún verði það ekki. Það vekur einnig athygli að meiri hl. hefur ekki tekið inn í þetta frv. ábendingar Framleiðsluráðs og Stéttarsambands um að miða umsamið magn við undanfarandi neyslu ákveðið tiltekið árabil. Menn hafa ekki kosið að fara þá leið sem hefði auðvitað virkað til ákveðinnar jöfnunar og til ákveðins stöðugleika í þessum efnum.

Hv. þm. Halldór Blöndal taldi að ég vildi með minni afstöðu málið feigt og það væri nú heldur lítilmannleg afstaða. Ég flyt beinlínis um það tillögu að þetta verk verði unnið, en það verði unnið á skynsamlegan og skikkanlegan máta, hv. þm., í stað þess að hnoða því í gegn með þeim bolabrögðum og olnbogahætti sem raun ber vitni. Ég geri það að tillögu að það verði sett niður nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka í landinu með samráði við hagsmunaaðila sem hér eiga hagsmuna að gæta og síðan verði þetta mál þannig unnið að eins fljótt og kostur er á næsta þingi liggi hér fyrir nýtt og betra frv. sem vonandi væri þá betra andrúmsloft í kringum en raun ber vitni um þetta.

Ég er ekkert sérstaklega trúaður á það frekar en hv. þm. Halldór Blöndal að það sé auðvelt og létt verk að ná fullum sáttum sjónarmiða hinna ýmsu aðila sem hér eiga hagsmuna að gæta. Ég tók það beinlínis fram í minni ræðu að ég teldi að svo væri ekki. Mér þykir það nokkuð sérkennilegur útúrsnúningur á mínu máli þegar ég hef beinlínis tekið þetta fram að tala svo um að ég tali eins og ég geri því skóna að það sé nánast handavinna að sætta öll þessi ólíku sjónarmið. Þvert á móti lýsti ég því að auðvitað eru uppi mjög deildar meiningar í þessum efnum. Það er þó engu að síður, hvaða trú sem menn hafa á því að slíkt samkomulag næðist, skylt að reyna, hv. þm., og ég er á því að það sé yfirleitt til góðs að menn ræði saman og beri saman bækur sínar og greini það þá a. m. k. í hverju þeir eru ósammála og slíkt sé yfirleitt vænlegra til árangurs og vænlegt til meiri skilnings en ella ríkir um þetta mál þó að menn nái ekki fullum sáttum. Auðvitað færi þá aldrei nema svo að löggjafinn yrði við slíka lagasetningu að höggva á ákveðna hnúta. Það er alveg morgunljóst. En ég vil spyrja þá menn sem halda að það sé einhver sérstök andúð við bændur að telja að það eigi að ræða við neytendur og við verkalýðshreyfinguna og við aðra slíka aðila: Halda menn að það sé landbúnaðinum í hag og halda menn að það hafi unnið með landbúnaði á Íslandi undanfarin ár hvernig andrúmsloftið hefur verið í garð hans meðal þessara aðila? Ættu menn ekki að líta í eigin barm, m. a. forsvarsmenn bændastéttarinnar á undanförunum áratugum, og hugsa um hvort þeir hafi alltaf haldið rétt á málum í þessum efnum? Væri það ekki hugsanlegt að landbúnaður á Íslandi væri betur staddur og byggi við meiri skilning en hann gerir ef öðruvísi hefði verið að þessu unnið? Það er á þessum forsendum sem ég segi: Það er skylt að skoða að hvaða leyti er hægt að sætta þessi sjónarmið og menn geri sér þá grein fyrir því í hverju óhjákvæmilegur ágreiningur liggur. Það hefur ekki verið gert við vinnu þessa frv. Ég fullyrði það.

Ég vil taka það skýrt fram að lokum að við í Alþb. erum þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka framleiðslu- og sölumál landbúnaðar til endurskoðunar. Við höfum lýst því bæði fyrr og nú að svo þurfi að gera. En við viljum raunar standa að því með ákveðnum hætti og við það miðast okkar málflutningur.

Ég vil svo taka það fram, herra forseti, að ef hv. þm. Halldór Blöndal sér sér óhjákvæmilegt að koma enn í ræðustól og snúa út úr orðum mínum eins og hann gerði hér áðan áskil ég mér fullan rétt til þess við 3. umr. þessa máls að segja við hann nokkur vel valin orð. Ég er þó ekkert viss um að ég geti komið þeim frá mér á eins stuttum tíma og ég hef nú reynt að gera af tillitssemi við það að ríkisstj. vill hnoða þessu máli í gegn.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í framsöguræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., formanns landbn., hér í dag vék hann að þeirri samþykkt sem ríkisstj. gerði varðandi fullar greiðslur til bænda fyrir framleiðslu þeirra. Ég get tekið undir það sem hæstv. forsrh. hefur sagt um þetta og vil undirstrika að sú nefnd sem skipuð var 2. apríl til að gera tillögur í þessum efnum fékk einmitt það vegarnesti að taka tillit til þess frv. sem þá var í samningu og hér er nú til umr. Ég vek athygli á því að þau atriði sem sérstaklega var bent á í þessum efnum voru endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána, breyting á tímasetningu á niðurgreiðslum úr ríkissjóði og svo reglum um lágmarksfjármögnun birgða af eigin fé vinnslustöðva. Ég trúi ekki að það sé vafi í huga nokkurs, sem um þetta fjallar eða um þetta vill ræða, að hér sé ekki alveg skýrt hvað við sé átt.

Þegar hv. 10. landsk. þm. spurði áðan hversu mikið fjármagn væri um að ræða og með hvaða hætti menn hygðust útvega það held ég að menn geri sér kannske ekki fullljósa grein fyrir því hver er staða þessara mála um hver áramót og hvað þá vantar upp á til þess að fullar greiðslur séu komnar til framleiðenda og ekki heldur hvaða þýðingu það hefur ef niðurgreiðslur sem eru á síðasta stigi eru færðar til og fluttar fram og framleiðendum greitt fyrr en við sölu þessara afurða. Þegar við getum virt fyrir okkur að bændur hafa fengið um hver áramót milli 80 og 85% af verðmæti sinnar framleiðslu og niðurgreiðslutilfærslan á sér stað er hér ekki um að ræða ýkjaháar upphæðir sem til þyrftu að koma til að ná þessu markmiði. 12 þús. tonna framleiðsla á kjöti er að verðmæti 1.5 milljarðar eða þar um bil og 85% af því koma til greiðslu. Þetta geta menn reiknað út, en nákvæmar tölur varðandi þessi mál hef ég ekki, enda geri ég ráð fyrir að áður en mjög langt um líður liggi fyrir tillaga þeirrar nefndar sem ég skipaði skv. samþykkt ríkisstj. sem var í samræmi við það samkomulag sem stjórnarflokkarnir gerðu sín í milli í september á síðasta ári.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir ítarlega framsögu í þessu máli af hálfu meiri hl. n.

Ríkisstj. setti sér það markmið að endurskoða framleiðsluráðslögin og niðurstaðan er frv. sem hér liggur fyrir. Í því er m. a. kveðið á um staðgreiðslu og um beina samninga við bændur og því hafa stéttarsamtökin óskað eftir sérstökum lögum um beina samninga. Undirbúningur þessa máls tók langan tíma, allt of langan, og fór raunar fram um of fyrir luktum dyrum og kom of seint fram á þessu þingi. Það var til of mikils mælst að ætlast til þess að frv. yrði í engu breytt, það væri svo fullkomið eins og sumir héldu fram. Þótt margt

sé gott í þessu frv. þurfti breytingar og sumt af því hefur náðst fram. Árangur þess samkomulags sem hefur náðst liggur hér fyrir. Hann hefði mátt vera betri, en ég stend að því samkomulagi.

Það var útilokað að útflutningsuppbótum væri lokið 1990 eins og frv. kvað á um. Raunar get ég tekið undir að það er um of mikla lækkun að ræða á útflutningsuppbótum á svo stuttum tíma. Það sem sparast í útflutningsuppbótum á að renna til landbúnaðarins að öðru leyti. Það þarf að standa. Fyrir nokkrum árum var svo kveðið á um í jarðræktarlögum að sparnaðarfé vegna skerðingar á framlögum ætti að renna til landbúnaðarins með öðrum hætti. Þrjár, fjórar ríkisstjórnir hafa ekki staðið við þau fyrirheit. Það má ekki henda þessa ríkisstj. og næstu ríkisstjórnir að standa ekki við þau fyrirheit sem er kveðið á um í þessu frv., að það fé sem sparast í útflutningsuppbótum fari til landbúnaðarins að öðru leyti.

Niðurgreiðslur hafa farið hraðminnkandi á undanförnum þrem árum. Þær voru um 1800 millj., en eru nú komnar ofan í 700. Áróðurinn gegn landbúnaðinum hefur haft áhrif á ríkisstjórnir á þessum tíma að draga úr niðurgreiðslum. Þær mega ekki minnka frá því sem nú er. Frekar þyrfti að auka niðurgreiðslustigið á nýjan leik. Ég vænti þess að þessi ríkisstj. og næstu ríkisstjórnir bregðist ekki í þeim efnum. Ef útflutningsuppbæturnar eiga senn að hverfa og niðurgreiðslurnar líka á sama tíma, þá verður illa komið eftir stuttan tíma í héðbundnum landbúnaði. Vonandi kemur ekki til þess.

Þá hefur tekist í brtt. að takmarka heimildir til bygginga afurðastöðva frá því sem kveðið var á um í upphaflegu frv., en það er ekki til góðs að stórauka þær á sama tíma og verulega er að draga úr framleiðslunni. Raunar hefur frelsi í þessum efnum verið of mikið og við sjáum þess mörg dæmi að það hefur verið byggt allt of stórt til stórtjóns fyrir neytendur og framleiðendur þar sem kostnaði við byggingu vinnslustöðva hefur verið um of á þá velt. Við höfum dæmi fyrir okkur hér uppi á Bitruhálsi þar sem byggt var allt of stórt. Eðlilegt var að byggja þar dreifingarstöð, en alls ekki nýja mjólkurstöð. Hana vantaði ekki.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson vakti athygli landbrh. á því að grænmeti hefði verið flutt til landsins í vor eftir að fá mátti íslenskt grænmeti. Það er meginmál að landbrn. sjái svo um að innflutningur fari ekki þannig fram að hann verði til tjóns íslenskri framleiðslu. Í þessu sambandi vil ég varpa fram til hæstv. ráðh. þeirri spurningu hvort ekki sé hægt í kartöflumálum að gera nokkra bragarbót.

Svo sem kunnugt er klúðraði „Grænmetið" með innflutningi á finnskum kartöflum málum til stjórtjóns fyrir framleiðendur og neytendur. Síðan hafa sölumál þeirra verið í ólestri. Þeir sem fyrst og fremst lifa af og starfa við kartöflframleiðslu hafa borið skarðan hlut frá borði í sölu sinna afurða, en ýmsir aðrir komið sínum varningi um of á framfæri. Það hlýtur að vera hægt að fullnægja og framfylgja því að ómetnar kartöflur séu fjarlægðar úr búðum ekki síður en þar má ekki selja óstimplað kjöt. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. framfylgi lögum um þetta efni, en að sjálfsögðu tek ég svo undir með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að kartöfluframleiðendur þurfa að mynda með sér samtök og tryggja sína afkomu með því að standa saman um þessi mál.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Hvernig tekst til um framgang þessa frv. fer fyrst og fremst eftir framkvæmdinni, hvernig tekst að útvega það fjármagn sem þar er kveðið á um. Þess er að vænta að ríkisstj. og öðrum takist að standa við þau fyrirheit laganna.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka ráðherrunum fyrir þær yfirlýsingar sem þeir gáfu um að þeir mundu sjá um að ekki yrðu pappírsgagn eitt þau staðgreiðsluákvæði sem eru í frv. Ég held að hver einasti maður sem kom til nefndarinnar sem hefur með þessi mál að gera, bæði bændur og menn frá vinnslustöðvunum, hafi lagt áherslu á að þetta ákvæði yrði tryggt. En ég vil benda hæstv. viðskrh. á að þess er ekki að vænta eins og nú er að vinnslustöðvarnar geti af eigin fjármagni bætt við þær greiðslur. Þær hafa borgað út eins og þær hafa getað umfram það sem afurðalánin hafa numið. Þess vegna vil ég taka það sérstaklega fram að þess er ekki að vænta, nema þá í einstaka tilvikum, ég skal ekki fullyrða það, að þær geti bætt við afurðagreiðslurnar eins og nú standa sakir. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að útvega þurfi þetta fjármagn eins og nú er að öllu leyti, mismuninn á því sem hefur verið greitt út fram að þessu og á fullri staðgreiðslu.

Ég vil segja við hv. 4. þm. Norðurl. e. að ég skil allt öðruvísi ákvæðið um ábyrgðina á magni þrátt fyrir það sem hann las upp úr greinargerðinni. Ég tel að ríkisstj. beri ábyrgð á því að skila bændum öllu verði fyrir það magn sem hún kann að semja um á hverjum tíma. Ég vil undirstrika þetta hér þannig að það sé ekki um það nokkur misskilningur. Það er mín túlkun þrátt fyrir grg. og ég vil að menn standi ekki í neinum vafa í því efni.

Ég sé að hv. þm. Guðmundur Einarsson er víst ekki hér staddur, en ég ætlaði að benda honum á að það mátti skilja það á orðum hans að hann teldi að landbúnaður væri styrktur meira hér en annars staðar. Það er langt í frá. Flestar þjóðir í kringum okkur styrkja sinn landbúnað með ýmsu móti langtum meira en gert er hér á landi. T. d. eru í Noregi, að ég held, yfir 30 alls konar framlög til landbúnaðar og mismunandi eftir héruðum. Það er meira þar sem er harðbýlt til að halda byggðinni við.

Þegar menn eru að tala um að flytja inn landbúnaðarvörur og framleiðsla hér þurfi að vera þannig að hún geti keppt við það verð finnst mér það alveg út í hött á meðan aðrar þjóðir greiða eins mikið niður sína framleiðslu og gert er í dag. Það verða menn að vita. Svíar tóku upp á því á tímabili að ætla að minnka sína framleiðslu og flytja inn samsvarandi, allt upp í 20%, en ekki liðu nú mörg ár þangað til þeir breyttu um stefnu og miðuðu við að hafa framleiðsluna innanlands þannig að hún væri fram yfir það sem þjóðin notar til að tryggja að hún geti lifað fyrst og fremst á sænskum landbúnaðarvörum.

Ég vil þakka fyrir hóflegar umræður. Það hefur verið ýmislegt sagt hér sem ég er auðvitað alls ekki sammála, en ég ætla ekki að eltast við að þessu sinni. Ég tók það fram í minni fyrri ræðu að þetta frv. væri samkomulag á milli ólíkra sjónarmiða. Ég vil þakka Eggert Haukdal fyrir það sem hann sagði áðan vegna þess að hann hefur kannske túlkað þau sjónarmið sem við bændur yfirleitt höfum í þessum málum hvar í flokki sem við stöndum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ekki hægt að ljúka þessari umr. án þess að yfirlýsingar ríkisstj. um greiðslu á afurðum séu skýrari en fram hefur komið. Það liggur fyrir að því var lofað að flýta greiðslum mjög verulega og það sér það hver maður að það hlýtur að kosta peninga og þá verður að ákveða hver á að borga.

Bankarnir segja: Ekki ég. Því er lýst yfir í fjh.- og viðskn. Nd. og landbn. Nd. Bankarnir hafa enga peninga til að borga þessa flýtingu. Það er alveg ljóst. Þeir segja sem svo: Ef við verðum skyldaðir til þess verðum við að taka í það erlend lán. Við höfum ekki peninga.

Vinnslustöðvarnar segja einnig: Ekki ég. Við höfum ekki peninga í þessar greiðslur.

Þá kemur hæstv. viðskrh. og gefur yfirlýsingu sem er í rauninni mjög óskýr vegna þess að hann gefur í skyn að það eigi að taka af niðurgreiðslufé í þessa flýtingu á afurðagreiðslunum. Þýðir það að ríkisstj. sé með þessu að segja að hún ætli að nota þessa yfirlýsingu sem skálkaskjól til að lækka niðurgreiðslur enn frekar? Er það það? Eða eru menn að tala um að greiða viðbót úr ríkissjóði upp á 100—200 millj. kr.? Ég giska á að þetta kosti eins og 200 millj. kr. Ætla menn að greiða viðbót úr ríkissjóði upp á kannske 200 millj. kr. til að ná því markmiði sem þarna er sett í frv. til þess að það gerist að þetta ákvæði verði framkvæmt, en þetta sé ekki aðeins ómerkilegt loforð eins og það stendur hér á pappírnum?

Ég hef reyndar grun um að stjórnarmeirihlutinn hafi ekki enn þá gert það upp við sig hvaðan þessir peningar eigi að koma. Ég skora á formann landbn. Nd., hv. þm. Stefán Valgeirsson, að ganga nú í það með mér að fá fram frá ríkisstj. afdráttarlausar yfirlýsingar í þessum efnum. Ætlar ríkissjóður að borga þessa peninga upp á kannske 200 millj. kr. með aukafjárveitingum á árinu 1985 eða á þetta að gerast þannig að niðurgreiðslur verði enn skornar niður til að ná þessu marki? Þetta þarf að vera alveg skýrt vegna þess, hæstv. viðskrh., að það gengur ekki að menn reyni að telja þm. trú um það, ekki einu sinni hæstv. ráðh., að hægt sé að nota sömu peningana tvisvar. Það verður bara gert einu sinni. Mér fannst tilhneiging til þess í yfirlýsingu ríkisstj. að reyna að plata þm. inn á það að þetta væru fullnægjandi yfirlýsingar með því að gefa í skyn að það væri hægt að nota sömu peningana tvisvar, bæði til þess að flýta afurðalánum og til að greiða niður vöruverð á þeirri framleiðslu sem er á markaðinum á þeim tíma sem þessi ákvörðun tekur gildi.

Ég óska eftir því, herra forseti, að áður en þessari umr. lýkur verði yfirlýsing viðskrh. og forsrh. í þessum efnum algerlega afdráttarlaus. Það er ekki sæmandi að málið fari út úr deildinni óðruvísi en þetta sé skýrt. Herra forseti. Ég bar hér fram alveg ákveðnar kröfur til viðskrh. og forsrh. Ég óska eftir því að þeir verði við þeim kröfum. Það eru sérkennileg vinnubrögð ef ráðherrar ætla að neita að svara fsp. frá þm. Það er örugglega ekki til þess að auðvelda afgreiðslu mála á þessu þingi. (**Viðskrh.:** 3. umr. er eftir.)

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég held að ekki sé rétt að ljúka þessari umr. um þetta frv. án þess að láta það koma öllu skýrar fram en gerst hefur í dag að þetta frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er ekki einungis hagsmunamál landbúnaðarins og bænda landsins né varðar það þá eina, það er raunar ekki síður hagsmunamál neytenda og mál sem varðar þá í verulega miklum mæli.

Það hefur verið á það bent að við erum að ræða hér samkomulagsfrv. sem séð hefur dagsins ljós eftir mikla og langa samningafundi. Því er ekki að neita að það ber þess einnig merki að hér er um samkomulag að ræða þó svo að stjórnarflokkarnir standi að baki frv. og hafi áður gert við það ýmsar athugasemdir sem sumar hafa verið teknar til greina og aðrar ekki.

Það er e. t. v. stærsti ljóðurinn á ráði þessa frv. frá sjónarhóli neytenda að ekki hefur verið stigið til fulls það skref að afnema útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum. Skv. frv. er gert ráð fyrir að þær verði enn við lýði og þær verði lægstar 4% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar. Það hefðu margir búist við því að hér yrði gengið skrefi lengra í að hætta að greiða niður íslenska matvöru ofan í útlendinga, eins og það hefur stundum verið orðað. Útflutningsuppbæturnar á síðasta ári námu 430 millj. kr. Það fé er vitanlega tekið úr vösum neytenda, úr vösum skattborgara þessa lands til að jafna þarna metin.

Ég vil einnig benda á þá staðreynd vegna ummæla sem féllu í umr. í dag um niðurgreiðslur að þær eru vitanlega af öðrum toga spunnar eins og allir vita. Þær námu á síðasta ári 950 millj. kr. En það er fé sem einnig kemur úr vösum skattborgara þessa lands og er mikil upphæð.

Samtals eru þessir tveir liðir að því er landbúnaðinn varðar komnir upp í tæplega 1.5 milljarða. Það er á þessari stundu, þegar við erum að afgreiða þetta frv. við 2. umr., nokkurt umhugsunarefni.

Í því sambandi má einnig minnast á þá staðreynd að á síðasta ári voru einnig veitt framlög úr ríkissjóði til jarðræktar sem námu um það bil 120 millj. kr.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna greinar sem birtist í Tímanum í gær og er eftir Guðmund Stefánsson landbúnaðarhagfræðing bændasamtakanna þar sem hann ræðir á raunsæjan hátt vandamál landbúnaðarins. Hann bendir á að landbúnaðurinn á Íslandi hefur glatað, eins og hann orðar það, tíma og tækifærum á liðnum árum til að aðlaga sig greinilegum og óhjákvæmilegum samdrætti í hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu. Hann bendir á að sennilegt sé að innan nokkurra ára verði ekki nema 2000—2500 bændur hér í landi að hans mati. Það er allt upp undir helmings fækkun. Það er sú þróun sem hann telur að eigi eftir að verða á þessu sviði. Hún er að sumu leyti fjarri því að vera ánægjuefni. Markmiðið ætti að vera það sem fram kemur í inngangi þessa frv. Hér er hann að tala um það sem hann telur staðreyndir í þessari atvinnugrein, en á sama tíma er engu að síður verulegu fé á fjárlögum varið til nýrrar jarðræktar og til aukningar m. a. í hefðbundnum búskap.

Ég ætla ekki að fjölyrða sérstaklega við lok þessarar umr. um önnur atriði frv., en vil þó nefna að einnig veldur það nokkrum vonbrigðum hvernig málum er hagað varðandi innflutning. Enn eru hömlur á innflutningi á grænmeti og garðávöxtum þó að augljóst sé að vitanlega verður að veita íslenskri framleiðslu þá vernd sem nauðsynlegt er meðan hún er á boðstólum.

Það hefur einnig verið á það minnst í umr. að það hefur skort á samvinnu og skilning milli bændastéttar þessa lands og neytenda í kaupstöðum og öðru þéttbýli.

Það er hverju orði sannara. Það er kannske einna skýrasta dæmið um þá gjá sem hér hefur myndast að fulltrúar Alþýðusambands Íslands og BSRB drógu sig út úr sexmannanefndinni, verðlagningarnefndinni, og hafa ekki stigið fæti sínum þar inn aftur. Ég vil lýsa þeirri von minni að lokum að þetta frv. verði þó skref í átt til að bæta samvinnu neytenda og bænda. Þó svo að ýmis ljóður sé á ráði þessa frv. er það skref í rétta átt. Í mínum huga eru þó eftir, þrátt fyrir samþykkt þess, ýmis atriði sem krefjast endurskoðunar, eins og raunar fleiri hafa bent á í þessum umr., en til þess mun gefast tími og tækifæri síðar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna spurningar hv. 3. þm. Reykv. vil ég segja þetta:

Ég hygg að mönnum muni vera ljóst að það eru ekki vandræði með fullar greiðslur í sambandi við mjólkurafurðir sem greiðast mánaðarlega. Þar er um það að ræða að lán þarf út á birgðasöfnun á ostum sem eru ekki nema lítill hluti af mjólkurafurðum. Í þeirri vinnu sem unnin hefur verið hafa ekki verið talin nein vandkvæði á fullum greiðslum fyrir mjólkurafurðirnar. Það er hins vegar meiri vandi með sauðfjárafurðir en gert er ráð fyrir að bændur fái þær greiðslur að fullu fyrir áramótin.

Í þeirri athugun sem nú er unnin er gert ráð fyrir að flytja niðurgreiðslur sem nú eru greiddar á smásölustigi yfir á kjöt á frumstigi, þ. e. greiða niður strax og kjötið kemur frá bændum. Það er misskilningur hjá hv. þm. að verið sé að nota sömu peningana tvisvar. Það kemur vitanlega neytendum jafnt til góða hvort greitt er strax eða síðar.

Niðurgreiðslur á kjöt munu vera um það bil 200 millj. kr. Heildarframleiðsla á kindakjöti er rúmlega 12 þús. tonn. Ég skal viðurkenna að ég hef þessar tölur ekki nákvæmar, en ég hygg að verðmætið muni vera í kringum 1.5 milljarðar. Núna eru veitt 75% afurðalán út á þetta verðmæti. Þá eru það um það bil 350—400 millj. kr. sem þarna ber á milli til að um full lán út á kjötframleiðsluna verði að ræða. Nota má niðurgreiðslurnar upp í u. þ. b. helminginn af þessu með því að færa þær fram fyrir áramótin og þá þarf Seðlabankinn að gera viðskiptabönkunum kleift að standa skil á því sem eftir er, eins og reyndar var um samið við Seðlabankann þegar afurðalánin voru færð til viðskiptabankanna. Það munu vera um það bil 200 millj. kr. Á þetta reynir í haust. Við hæstv. viðskrh. höfum lýst þeirri samþykkt ríkisstj., sem nú er unnið að framkvæmd á, að þetta verði gert. Ef einhver efast um það hefur hann til þess leyfi. En ég endurtek: Þetta verður gert. Gengið hefur verið fullkomlega frá því á fundum ríkisstj. og Seðlabankinn er að kanna á hvern máta það verður best gert.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði áðan, að eigið fé hjá afurðastöðvunum er lítið sem ekkert. Þær þurfa að eiga eigið fé og að því þarf að stefna að þær geti, eins og frystihúsin, átt nokkurt eigið fé í birgðum. En til þess verður þá að taka tillit í verðlagningu landbúnaðarafurða og það tekur nokkurn tíma að eigin fé skapist. Meðan það er ekki til verður að brúa það með fyrirgreiðslu úr Seðlabankanum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin sem mér skilst að séu fyrir hönd viðskrh. og ríkisstj. í heild. Það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. var þetta:

Í fyrsta lagi verður niðurgreiðslufé flutt yfir á frumstig af smásölustiginu og flýtt greiðslum á því fé þannig að það komi út fyrir áramótin sem ella hefði verið borgað eftir áramót.

Í öðru lagi er meiningin að viðskiptabankarnir sjái um afganginn og Seðlabankinn hefur verið beðinn um að sjá fyrir þeim fjármunum.

Svona skildi ég svörin. Og hæstv. forsrh. sagði: Þetta verður gert. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem liggur fyrir um að þetta verði gert. En hver borgar? Þetta eru erlendar lántökur, annaðhvort í gegnum Seðlabankann eða þá fyrir ríkissjóð. Þannig stendur þetta dæmi. Þannig er ætlunin að fjármagna með erlendum lánum flýtingu á greiðslu afurðanna. Það er það sem núna liggur fyrir, herra forseti.

ATKVGR.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 1264 felld með 22:4 atkv.

Till. á þskj. 1240, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 20:8 atkv.

1. gr. samþ. með 19:5 atkv.

Brtt. 1262,1 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PD, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, NL, GGS, HÁ, HBl, IG.

JBH, KP, KJóh, PP, SJS, SvG, EBS, GeirG, KÓ, HG, JS greiddu ekki atkv.

9 þm. (KH, KSK, MB, RH, ÞS, GSig, GE, GJG, GA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þetta frv. er moðsuða. Ég tek ekki þátt í afgreiðslu þess og greiði því ekki atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 1262,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

5.—18. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 1262,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

20.—21. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 1262,4 samþ. með 20:1 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

23. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 1262,5 samþ. með 20:1 atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, NL, GGS, HÁ, HBl, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PD, PS, StG, SV, StH, IG.

SJS, SvG, EBS, GeirG, KÓ, HG, JS, JBH, KP, KJóh, PP greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÞS, GSig, GE, GJG, GA, KH, KSK, MB, RH) fjarstaddir.

25.—28. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 1262,6 samþ. með 21 shlj. atkv.

29. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vakti á því athygli við umr. áðan að mér sýndist að með 7. brtt., við 30. gr., staflið a, ætti að standa að setningu lagatexta með nokkuð sérkennilegum hætti á hinu háa Alþingi. Ég hafði e. t. v. vænst þess að flm. tillögunnar skoðuðu þetta mál aðeins nánar og þeim gæfist kostur á að kalla brtt. til baka og lagfæra þetta við 3. umr.. en ég sé að svo á ekki að gera og að hér á að bera undir atkvæði brtt. sem að mínu viti gerir 1. mgr. 30. gr. að hreinni lokleysu. Ég segi mig frá slíkum vinnubrögðum. Ég óska eftir sérstakri atkvgr. um a-staflið 30. gr. og nafnakalli þannig að ég geti greitt atkv. gegn slíkri endemis vitleysu sem hér á að fara fram, herra forseti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ef þessar brtt. verða samþykktar hljóðar 1. mgr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara telur landbrh.: Rétt að leita eftir samningum“ o. s. frv.

Það er hvergi lagt til í brtt. að þessum tvípunkti, sem þarna stendur, verði breytt í punkt.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hygg að hér fari hv. 2. þm. Norðurl. e. ekki alveg rétt með textann því að b-stafliður breytir a-lið 1. mgr. þess liðar og þar koma í staðinn fyrir orðin „að semja“ orðin: rétt að leita eftir samningum. Ég vek athygli á því, herra forseti, að b-stafliður breytir engu í 1. mgr. 30. gr., heldur breytir hann 1. staflið 30. gr., þ. e. a-staflið, og þar koma orðin „rétt að leita eftir samningum“ í staðinn fyrir orðin „að semja“. Verði hins vegar a-stafliður 30. gr. samþykktur hljómar sú setning svona, herra forseti, og ég les: „Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara er landbrh.“ Slíka setningu stend ég ekki við að samþykkja á hinu háa Alþingi, herra forseti. (**HBl:** Þetta verður miklu betra svona.) (**ÓÞÞ:** Verði mótatkvæði er hún betri.)

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að hér sé um mjög algengan lagatexta að ræða. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að byrja hvern staflið undir a, b, c, d á orðunum „landbrh. er rétt að semja“, „landbrh. er heimilt að ákveða“ o. s. frv., en ég held að altítt sé, bæði í lagatexta og yfirleitt í íslensku máli, að komast svo að orði. Sambærilegur texti er m. a., að vísu ekki eins glöggur, í frávísunartillögu formanns Alþfl. um þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég veit ekki hversu hægt og rólega ég á að fara yfir þetta með fyrrv. kennara, hv. þm. Halldóri Blöndal, til að hann skilji að ef þessi grein verður uppbyggð eins og brtt. meiri hl. gera ráð fyrir mundi t. d. samlestur á 1. mgr. og stafliðunum hljóma svo: Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara er landbrh.: Að semja, að ákveða, að, að, að. Þarna fellur út það orð sem áður var fyrirhugað að hafa við, þ. e. „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir“. Þannig er uppbygging þessarar greinar rökrétt. Hún er það ekki eins og hér á að standa. Ég sé mér ekki annað fært, og skal ekki hafa þau orð fleiri, en að ítreka ósk mína um nafnakall við 1. staflið 30. gr., þ. e. a-lið, og ég legg til að menn felli þá till. þannig að 1. mgr. standi óbreytt eins og hún var í upphaflegri gerð frv. Þannig er 30. gr. merkingarlega rökrétt, herra forseti. (**Forseti:** Ég mundi vilja fara fram á það við tillögumenn að þessi till. yrði tekin aftur til 3. umr. og fá tækifæri til að leiðrétta og lesa þetta í rólegheitum yfir.) (**HBl:** Það er sjálfsagt að draga till. aftur til 3. umr. og fara yfir hana með þm.) (**Forseti:** Já, við förum yfir þetta á milli umræðna og ef þarna er um að ræða einhverja skekkju er sjálfsagt að leiðrétta það. Ég held að meiningarmunurinn þurfi ekki að vera neinn í þessu í sjálfu sér, ekki efnismunur.)

Brtt. 1262,7 tekin aftur til 3. umr.
30.—34. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 1262,8 samþ. með 20:1 atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 1262,9 samþ. með 20:1 atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 1262,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1262,11 samþ. með 21 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
43.—51. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1262,12 samþ. með 21 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
53.—57. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1242 felld með 18:3 atkv.
58.—59. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1262,13 samþ. með 21 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða A—B samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1262,14 samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða C, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða D—F samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1262,15—16 (ný ákv. til brb. G—H) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 98. fundur.

Föstudaginn 14. júní, að loknum 97. fundi.

Framleiðsla og sala á búvörum, frv. 491. mál (þskj. 1307 (sbr. 915), 1262,7). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 1262,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv. og afgr. til Ed.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 774, n. 1054, 1061, 1091 og 1102, 806, 1055, 1060, 1164. — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1091, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 22:5 atkv.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 806 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, SV, SJS, SvG, SvH, GeirG, NL, KÓ, HBl, HG, JBH, KP, KJóh, IG.

nei: ÓE, PP, StG, StH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, HÁ, MÁM, GGS.

PD, PS greiddu ekki atkv.

9 þm. (RH, GSig, GE, GJG, GA, JS, KH, KSK, MB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 1060,a.—b. felld með 22:2 atkv.

Brtt. 1164 samþ. með 21:2 atkv.

Brtt. 1060,c. felld með 23:2 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.

5.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 1055 (ákv. til brb.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 776, n. 1056, 1064, 1072, 1089 og 1102, 1057, 1073, 1090). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1056. Nefndin hefur athugað málið vandlega og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal.

Þessar brtt. eru ekki mjög stórvægilegar. Í fyrsta lagi orðast 2. gr. svo sem þar segir, að Framkvæmdasjóður annist lántökur innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántöku fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska.

Við leggjum enn fremur til að forsrh. skipi sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn. Við tökum þarna til tímamörk.

Síðan tökum við ákvæði út úr frv. sem varðaði húseignina að Rauðarárstíg 25. Stjórn Framkvæmdastofnunar hefur það á valdi sínu að láta þessa eignayfirfærslu fara fram án beinna fyrirmæla í lagagrein. Það er vilji meiri hl. nefndarinnar að sú yfirfærsla fari fram og í fullvissu þess að það verði gert leggjum við þetta til.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að við höfum flutt brtt. á þskj. 1295 sem varðar gildistökuákvæði þessa frv., þ. e. að lögin öðlist ekki gildi fyrir en 1. okt. 1985. Þessi till. er skrifleg og of seint fram borin og þarfnast afbrigða.

Umr. frestað.

Neðri deild, 99. fundur.

Föstudaginn 14. júní, að loknum 98. fundi.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 1309). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, NL, GGS, HBl, MÁM, ÓE, PP, PD, StG, IG.

nei: ÓÞÞ.

SJS, SvG, GeirG, KÓ, HG, JBH, KJóh, PS greiddu ekki atkv.

12 þm. (EBS, GSig, GE, GJG, GA, HÁ, JS, KP, KH, KSK, MB, RH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér finnst mjög óeðlilegt að hlutafélag verði látið útdeila opinberu fé og segi því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Efri deild, 101. fundur.

Föstudaginn 14. júní, kl. 8.30 síðdegis.

Almannatryggingar, frv. 57. mál (þskj. 57, n. 1266, 1267). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta frv. til meðferðar alllengi. Þetta er 57. mál þingsins.

Ekki var það þó vegna þess að áhuga skorti fyrir málefninu, fremur hitt að við þurftum þennan tíma svo að segja allan til þess að komast að endanlegri niðurstöðu um afgreiðslu þess. Við sendum málið til Tryggingastofnunar ríkisins og ég vil leyfa mér að vitna til

þess sem segja má að séu aðfaraorð umsagnar Tryggingastofnunar:

„Í stuttu máli er það skoðun Tryggingastofnunar ríkisins að vakin hafi verið athygli á þörfu málefni með flutningi fyrrnefnds frv. Hins vegar er nauðsynlegt að málefnið verði kannað frekar þar sem samþykkt frv. óbreytts mundi leiða til mismununar. Er því lagt til að grundvöllur sjúkradagpeningagreiðslna til heimavinnandi verði endurskoðaður, sbr. meðfylgjandi grg."

Ég hirði ekki um að fara yfir þá grg. eins og hún liggur hér fyrir, en eins og frv. var í upphaflegri mynd gerir það ráð fyrir því að dagpeningar vegna starfa við eigin heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skuli nema hámarksupphæð hverju sinni. Skv. kostnaðarmati Tryggingastofnunar ríkisins hefði kostnaðarauki numið allt að 21 millj. kr. ef frv. yrði að lögum óbreytt. Okkur nm. þykir það að vísu nokkuð í efri kantinum en ef eingöngu dagpeningar vegna starfa við eigið heimili hefðu hækkað að fullu hefði það haft í för með sér 7—9 millj. kr. kostnaðarauka.

Heilbr.- og trn. flytur brtt. við frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum hálfum hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp hálfan dag í viku, allt að fullum dagpeningum."

Sú breyting sem þarna er um að ræða er að þar sem stóð „fjórðungi" setjum við „helmingi".

Með vísan til þess sem ég gat um fyrr um kostnaðarauka gæti þetta frv. haft í för með sér, ef að lögum verður, kostnaðarauka að hámarki að okkar dómi 3 milljónir. Það eru ekki stórar fjárhæðir með vísan til þess að dagpeningagreiðslur af því tagi sem hér um ræðir eru nánast ölmusumál og enda þótt skammt sé gengið af hálfu heilbr.- og trn. er það þó aðeins í áttina að færa þessar greiðslur af ölmusustigi.

Ég vil leyfa mér að síðustu að vitna til nál. heilbr.- og trn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Upplýst hefur verið að fyrirkomulag á greiðslum sjúkradagpeninga er til endurskoðunar. Nefndin leggur áherslu á að við þá endurskoðun verði tryggt að allir sitji við sama borð hvað varðar slíkar greiðslur.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem hún flytur till. um á sérstöku þskj."

Ég hef þegar gert grein fyrir þessari brtt. og nál. er undirritað af hv. heilbr.- og trn.-mönnum.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég þakka samnm. mínum í heilbr.- og trn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Hér er um mikilvægan áfanga að ræða í réttlætisátt þar sem þó er um tvöföldun þeirra réttinda að ræða sem núgildandi lög segja til um, þó ekki sé náð því lokamarki sem við sjálfsagt öll viljum sjá varðandi réttindi húsmæðra í þessum efnum, og þá um leið réttindi annarra þeirra sem enn njóta skertra sjúkradagpeninga, en það eru þeir sem vinna aðeins úti hlutastarf, þeir hafa ekki fullan rétt heldur.

Ég þakka formanni heilbr.- og trn. sérstaklega fyrir að hafa beitt sér fyrir því að svo mætti fara um afgreiðslu málsins. Mál af þessu tagi eru býsna viðkvæm þegar þau snerta nokkrar fjárupphæðir. Ég er sammála honum í því að mér þykir Tryggingastofnun hafa heldur of í lagt þegar hún reiknar út kostnað af þessu frv. eins og það var í upphafi. En um það ætla ég ekki að deila. Ég ætla aðeins að vona að þessi áfangi, þó ekki sé hann stór, mikilvægur þó, náist fram, ekki bara hér í þessari hv. deild, sem auðvitað er full vissa fyrir, heldur einnig að Nd. taki þessu máli vel og afgreiði það fljótt frá sér.

Ég veit um þá mismunun sem er í þessu kerfi í heild sinni, sem þarf leiðréttingar við, og ég fagna því alveg sérstaklega að samróma álit nefndarinnar kemur fram um það að við endurskoðun skuli tryggt að allir sitji við sama borð. Að því hljótum við að stefna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það ber nú svo við að hv. heilbr.- og trn. hefur afgreitt þetta mikla réttlætismál frá sér og vil ég fagna því hér. Eins og síðasti ræðumaður gat um og frsm. nefndarinnar einnig hefur nefndin orðið ásátt um að afgreiða málið á þann veg að um er að ræða tvöföldun réttinda frá því sem nú er. Þetta er spor í rétta átt. En enn er töluvert eftir í land og hefði ég svo sannarlega kosið að sjá málið afgreitt eins og það var upphaflega lagt fram. En ég fagna því að þetta skref er þó tekið og lýsi stuðningi mínum við þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 1267 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frv. 491. mál (þskj. 1308 (sbr. 915)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem lagt var fram í hv. Nd. og hefur verið afgreitt þaðan.

Öllum hér er kunnugt um þær miklu breytingar sem orðið hafa á aðstæðum í íslenskum landbúnaði síðan lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru sett 1947. Á þessu tímabili hafa nokkrar breytingar verið gerðar, þær veigamestu 1960 með ákvæðum um útflutningsbótaábyrgð ríkissjóðs og síðan aftur 1979 þegar heimildir til framleiðslustjórnunar voru lögfestar, en þá hafði verið unnið að endurskoðun laganna um Framleiðsluráð um nokkurt skeið fyrir 1979 og nefndir settar til þess en samstaða ekki orðið um veigamiklar breytingar fyrr en með þessum ákvæðum um framleiðslustjórnunina.

Forustumenn bænda sáu hvert stefndi er dró úr markaði fyrir innlendar búvörur. Á tímabili var allhagkvæmt að flytja þær út þannig að lítið vantaði á að innanlandsverðið næðist með útflutningi, en á síðasta áratug seig á ógæfuhliðina þannig að sú 10% ábyrgð sem ríkið veitti miðað við heildarverðmæti framleiðslunnar nægði fyrir æ minna magn. Það var þess vegna sem bændasamtökin fóru fram á að lögfestar yrðu heimildir til framleiðslustjórnunar. Ákvæðunum frá 1979 hefur síðan verið beitt og vissulega haft áhrif til

að aðlaga framleiðsluna markaðsaðstæðum þó nokkuð vanti enn á að þar sé viðunandi útkoma.

Með þessu frv. er ætlunin að leggja grundvöll að því að snúa vörn í sókn. Í 1. gr. frv. er skilgreindur tilgangur laganna:

1) að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,

2) að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,

3) að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,

4) að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,

5) að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,

6) að stuðla að jöfnuði milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á fimmta atriðinu þar sem áhersla er lögð á þær búgreinar sem fyrst og fremst nýta innlend aðföng við framleiðsluna. Það atriði tel ég vera eitt af grundvallarskilyrðunum til þess að íslenskur landbúnaður dafni í framtíðinni.

Í II. kafla frv. er fjallað um samtök framleiðenda þar sem Stéttarsambandi bænda er veitt aukin lagaleg heimild og kveðið á um að það skuli koma fram fyrir hönd bænda við framkvæmd laga þessara nema sérstaklega sé kveðið á um í frv. að því skuli hagað á annan hátt.

Í III. kafla er fjallað um skipan og verkefni Framleiðsluráðs. Þar er gert ráð fyrir breyttri skipan og farið algjörlega eftir tillögum nefndar sem síðasti aðalfundur Stéttarsambands bænda skipaði til að gera tillögur um breytingar á samþykktum Stéttarsambandsins. Þessi nefnd skilaði áliti í vetur nokkru áður en gengið var frá samningu þessa frv. og er farið eftir þeim tillögum sem nefndin lagði fram til stjórnar Stéttarsambandsins, enda þótt ekki hafi verið fjallað um þær á aðalfundi þess enn þá. Þar er gerð sú breyting á að fjölgað er í ráðinu. Inn í það koma fulltrúar frá sérbúgreinasamtökum, sem viðurkenningu fá sem landssamtök, auk þess sem fulltrúi frá landbrn. á þar sæti, en jafnframt er gert ráð fyrir að fækka fulltrúum vinnslustöðva og þeir tveir sem eftir sitja verði úr hópi bænda.

Í III. kaflanum er enn fremur skilgreining á verkefnum Framleiðsluráðs.

Í VI. kafla er fjallað um verðskráningu á búvörum. Þar er gert ráð fyrir nokkuð breyttri skipan frá því sem nú er.

Um verðlagningu búvara til bænda er þó nokkuð svipaður háttur hafður á. Gert er ráð fyrir að þar starfi sexmannanefnd, tilnefnd annars vegar af þremur fulltrúum frá Stéttarsambandi bænda og hins vegar tveimur fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og einum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Ég vil taka það strax fram að fulltrúar frá þessum samtökum launþega komu á fund landbn. Nd. og lýstu því þar yfir að þau mundu ekki að svo stöddu tilnefna menn í þessa nefnd. Ég átti viðræður við fulltrúa frá Alþýðusambandinu á síðasta ári, þar sem ég taldi mjög mikilvægt að ná sem víðtækastri samstöðu um þessi mál, til að vita hvort þeir mundu vilja standa að verðákvörðun og féllust þeir á að athuga það mál og sérstaklega þegar fyrir lægi í hvernig búningi þetta frv. mundi verða. Ég vonaðist til þess að það mundi leiða til jákvæðrar niðurstöðu þar sem í þessu frv. er á ýmsan hátt komið til móts við þær hugmyndir sem komu fram í frv. sem fulltrúar þeirra lögðu fram 1979, en í bréfi til landbn. Nd. kemur fram að þeir telji að þar vanti enn eitthvað á og það sé þá rökréttara að ríkið annist þetta, eins og reyndar er gert ráð fyrir í frv. ef þeir ekki tilnefna fulltrúa þar sem ríkið á að semja um afurðamagn.

Mér finnst samt sem áður eðlilegt að þetta ákvæði sé óbreytt inni þar sem ég vona að við framkvæmd þessara laga komi í ljós að þau eru til ávinnings og hagsbóta bæði fyrir framleiðendur og neytendur og þá muni væntanlega breytast afstaða þessara samtaka.

Ef ekki verður samkomulag í verðlagsnefnd búvara er hægt að skjóta ágreiningi til yfirnefndar á sama hátt og verið hefur.

Heildsöluverð búvara skal hins vegar ákveðið af nefnd fimm manna er í eiga sæti undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur. Fulltrúar neytenda skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna fulltrúa neytenda í Verðlagsráð. Vilji neytendur ekki nota þar sinn rétt skal viðskrh. skipa menn í þeirra stað.

Um smásöluverð skal hins vegar fara eftir sömu ákvæðum og gilda um annað smásöluverð, þ. e. að um það fjallar Verðlagsráð, en það virðist sjálfsagt að hámarksverð sé á þeim vörum sem greiddar eru niður úr ríkissjóði þannig að verðlagsákvæði haldist á þeim þó að Verðlagsráð fjalli um það mál.

Í V. kafla frv. er ítarlega fjallað um verðmiðlun og tilgangur þess kafla kemur fram í fyrstu setningu 19. gr.:

„Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur."

Eru í þessum kafla margvísleg ákvæði sem eiga að tryggja þetta.

Í Nd. var gerð sú breyting að heimild til að leggja á verðjöfnunargjald til að standa straum af þessu var hækkuð úr 3% af verði í 5½%.

Enn fremur var sú breyting gerð á í Nd. að lækkuð var gjaldprósenta sem kveðið er á um að heimilt sé að leggja á til þess að hafa mismunandi verð á mjólk til framleiðenda eftir árstíðum, eins og verið hefur undanfarið, þannig að mjólk sem framleidd er að sumrinu verði greidd á lægra verði, en síðan bætt upp að vetrinum. Þetta er gert til að stuðla að jafnari framleiðslu allt árið miðað við þarfir markaðarins.

Í VI. kafla frv. er fjallað um greiðslu afurðaverðs og er það nokkurt nýmæli. Í 18. gr. er að vísu sagt að enginn megi kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkv. ákvæðum þessara laga. Hins vegar er í VI. kaflanum fjallað um það á hvern hátt þessum greiðslum skuli hagað. Fyrir mjólk skal greitt skv. því verði sem ákveðið er 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð, en greiðslum fyrir sauðfjárafurðir verður vitanlega að haga á annan hátt, þ. e. að frumgreiðsla komi í síðasta lagi 15. október, eins og því var breytt í Nd., en það sem ekki hefur þá verið lagt inn verði greitt í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Síðan komi fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs, sem ákveðið er 1. september, eigi síðar en

15. desember, en jafnframt er kveðið skýrt á um að verðhækkanir, sem verða ársfjórðungslega við breytingu verðlagsgrundvallar skuli leggjast ofan á birgðir og koma til bænda. Þær greiðslur skulu koma 15. næsta mánaðar eftir hvert verðlagstímabil.

Ákvörðun um að flýta svo greiðslum til bænda byggist á samkomulagi stjórnarflokkanna frá 6. september s. l. þar sem ákveðið var að þannig skyldi á málum haldið framvegis. Það var síðan staðfest með samþykkt ríkisstj. í marsmánuði s. l. Við 2. umr. um frv. í Nd. kom enn fremur fram frá hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. að nefnd sem hæstv. viðskrh. skipaði er að gera tillögur um hvernig þessu verði best fyrir komið. Þær munu væntanlega liggja fyrir innan fárra vikna þannig að þetta ákvæði verði tryggt. Samkomulag stjórnarflokkanna byggðist á því að afurðastöðvunum yrði gert þetta fært með hækkun afurðalána eða á einhvern annan hátt þar sem augljóst er að að öðrum kosti hafa þær ekki fjármagn til að standa straum af þessari greiðslu.

Í VII. kafla eru ákvæði um stjórn búvöruframleiðslunnar. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að landbrh. sé heimilt að semja fyrir hönd ríkisstj. við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verði ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum. Þarna er um að ræða nýmæli og kemur í stað þeirra útflutningsbóta sem ákvæði eru um í núgildandi lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Með þessu móti á það að liggja ljóst fyrir í upphafi hvers verðlagsárs hversu mikið magn það er sem bændur fá fullt verð fyrir á samningstímanum og geta þá miðað sína framleiðslu við það og þá jafnframt að framleiðslan verði sem hagkvæmust, þ. e. að tilkostnaður verði sem allra minnstur, þannig að sem stærstur hluti af andvirði framleiðslunnar renni sem laun til bóndans. Til hliðsjónar við þessa samninga er sala á innanlandsmarkaðinum og til viðbótar þær upphæðir sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður verji í því skyni að bæta við vegna útflutnings á næstu fimm árum, árunum 1986—1990, eins og nánar er fjallað um í VIII. kafla frv.

Í b-lið 30. gr. er ákvæði um að skipta þessu framleiðslumagni milli einstakra framleiðenda og er það sambærilegt við ákvæði núgildandi laga.

Í c-liðnum er landbrh. hins vegar veitt heimild til að skipta framleiðslunni eftir héruðum eða ákveðnum svæðum þannig að hvert svæði viti hvað mikið magn með fullri verðtryggingu fellur í þess hlut. Ætti þá að vera auðveldara fyrir framleiðendur innan þess svæðis að færa til framleiðslu á sem hagkvæmastan hátt. Enn fremur var í Nd. bætt inn ákvæði í 35. gr. þar sem heimilt er að taka tillit til þeirrar auknu framleiðslu sem yrði í nýjum búgreinum með stuðningi eða framlögum úr Framleiðnisjóði og gæti það komið í staðinn fyrir það sem saman drægist í hinum hefðbundnu búgreinum.

Í d-lið 30. gr. er ákvæði um fóðurgjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það. Er það tvenns konar:

1. Grunngjald sem má nema allt af 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru. Er þetta vitanlega fyrst og fremst gert til að jafna aðstöðu þeirra framleiðslugreina sem byggja eingöngu á innfluttu fóðri og þeirra sem byggja á innlendu fóðri. Erlent fóður er nú mjög mikið greitt niður erlendis svo að verð á því þar er óeðlilega lágt og ekki í neinu samræmi við raunverulegan framleiðslukostnað. Það má t. d. benda á að alveg nýlega voru hækkaðar niðurgreiðslur á fóðurblöndur erlendis um 45 þýsk mörk til viðbótar við það sem áður hafði verið og er margfalt hærri upphæð. Það stefnir allt í þessa átt, að verðið lækki erlendis. Framleiðslan er svo gífurleg að reynt er að losna við umframmagnið á einhverju verði, jafnvel þó að það sé langt undir framleiðslukostnaðarverði. Allar þjóðir reyna að verja sinn landbúnað fyrir innflutningi á slíku fóðri og leggja mjög mikið kapp á að landbúnaðurinn í hverju landi byggi á innlendum aðföngum, eins og ég sagði áður að er eitt af grundvallaratriðum þessa frv.

2. Gert er ráð fyrir sérstöku fóðurgjaldi sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru. Ráðh. setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu og er þar heimilt að undanskilja einstakar tegundir fóðurs gjaldskyldu. Enn fremur er heimilt að endurgreiða framleiðendum búvara hið sérstaka fóðurgjald eða hluta þess og skal miða endurgreiðslur við framleiðslumagn sem ákveðið er eftir þörf markaðarins fyrir viðkomandi búvöru eða ákveðið skv. b- og c-lið þessarar greinar.

Þessu gjaldi er ætlað að stýra framleiðslunni þannig að framleiðslan verði í samræmi við þarfir markaðarins, en hvorki verði skortur á framleiðsluvörum né heldur allt of mikil framleiðsla, þannig að fjárfesting nýtist sem best. Það er allt of dýrt fyrir þjóðfélagið og þó fyrst og fremst fyrir viðkomandi einstaklinga að leggja í fjárfestingu sem annaðhvort er ekki hægt að nýta til framleiðslu eða verður til þess að einhver annar, sem hefur skapað sér slíka aðstöðu og lagt í þá fjárfestingu, verður að hætta við.

Í VIII. kafla er fjallað um aðlögun búvöruframleiðslunnar. Þar er gert ráð fyrir að á árunum 1986—1990 verði greitt samtals úr ríkissjóði 9% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, en það skiptist í tvennt: annars vegar til að greiða halla af útflutningi vegna þess magns sem ábyrgð er tekin á fullu verði fyrir, en hins vegar, og er það eitt af aðalatriðum þessa frv., er hluta af því varið til uppbyggingar á nýjum atvinnugreinum í landbúnaðinum þar sem markaðsaðstæður eru betri og gefa svigrúm til slíks. Á árunum 1986—1990 lækkar það sem varið er til útflutningsbóta úr 7% niður í 4%, en þó eru ákvæði um að jafnan skuli tryggt að staðið verði við þá samninga sem gerðir eru af ríkisins hálfu við Stéttarsamband bænda. Hins vegar hækka að sama skapi framlög til uppbyggingar á nýjum búgreinum og nýjum atvinnurekstri.

Það hefur verið bent á að þetta væri að nokkru leyti öfugt þannig að það væri meiri þörf fyrir fjármagn til þeirra hluta nú í upphafi vegna þess mikla samdráttar sem varð á árunum 1980—1983 í búvöruframleiðslunni og veldur vissulega mörgum bændum erfiðleikum nú þar sem það hefur dregið nokkuð úr tekjumöguleikum. En á þessu ári er varið mjög miklu fjármagni til eflingar nýrra greina, sérstaklega til stuðnings loðdýraræktinni sem hefur verið unnið að að byggja upp á skipulegan hátt og gefur góðar vonir. Árangurinn hefur orðið það góður hjá þeim sem þar hafa náð tökum á að góðir sauðfjárbændur með miklar afurðir segja tvímælalaust að þeir hafi betri afkomu af loðdýraræktinni en góðum sauðfjárbúskap. Er það vissulega mikils virði að hafa möguleika til að byggja slíkt upp við þær markaðsað-

stæður sem við búum við í hinum hefðbundnu búgreinum. En vissulega er nauðsynlegt að horfa til fleiri átta og nýta alla möguleika. Við vitum enn heldur lítið um hvernig haganlegast er að koma fyrir fiskeldi, það þarf meiri rannsóknir og tilraunir þar, en vissulega vonast menn til að unnt verði að finna þar möguleika og ýmislegt er verið að reyna. Ég vil sérstaklega benda á að nú í sumar er gerð mjög merk tilraun hjá Laxeldisstöðinni í Kollafirði þar sem hraðalin voru seiði. Nú í vor, rúmlega ársgömul, voru þau komin upp í 5—700 g þyngd og verða síðan sett í nót út í fjörðinn og reynt að ná þeim upp í sláturstærð fyrir áramót þannig að þeim stafi ekki hætta þar af vetrarkulda. Ef slíkt væri hægt að gera víða í kringum landið er það aðferð sem ekki krefst mikilla fjárfestinga, eins og menn óttast eða horfur eru á að verði við sumar aðrar leiðir sem menn telja vænlegar í fiskeldi.

Í Nd. var gerð breyting á 36. gr. þar sem kveðið var á um að ef ekki takast samningar um endurskoðun ákvæða um aðlögun búvöruframleiðslunnar að fjórum árum liðnum, eins og gert er ráð fyrir í 38. gr., skulu þau 4% sem gert er ráð fyrir árið 1990 haldast þangað til slík endurskoðun hefur tekið gildi.

Í IX. kafla frv. er fjallað um vinnslu og sölu búvara og þar eru nokkrar breytingar frá núgildandi lögum um Framleiðsluráð þó að sömu stefnunni sé haldið. Þar er lögð áhersla á að hafa sem hagkvæmast skipulag til þess að tilkostnaði verði haldið í lágmarki. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þegar búvöruframleiðslan dregst saman, en vissulega skapar það ýmsum vinnslustöðvum nokkurn vanda þar sem þær hafa verið miðaðar við að taka á móti meiri framleiðslu en verður. Við slíkar aðstæður er vitanlega enn þá brýnna að reyna að koma á hagkvæmari verkaskiptingu. Það er lagt meira í vald samtaka vinnslustöðvanna sjálfra í þessum kafla en í núgildandi lögum þar sem Framleiðsluráð sá að mestu eða öllu leyti um þá hlið. Vissulega virðist eðlilegt að vinnslustöðvarnar komi þar inn í þar sem þær hljóta að vera þar öllum hnútum best kunnugar.

Í 1. mgr. 40. gr. er mörkuð sú stefna að byggingu og staðsetningu afurðastöðva skuli haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar. Þetta er sú stefnumörkun sem allir verða að hlíta og til þess að leggja meiri áherslu á þetta var í Nd. bætt aftan við þessa málsgr. að til þessarar stefnumörkunar skyldi tekið tillit við veitingu leyfa samkv. lögum um slátrun og mat sláturafurða nr. 30/1966.

Í 52. gr. er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð landbúnaðarins hætti rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986, en hins vegar gert ráð fyrir að Samtökum kartöflu- og grænmetisframleiðenda verði gefinn kostur á að yfirtaka rekstur þess fyrirtækis og hafa þeir sýnt áhuga á því. Það hefur gefist vel í öðrum búgreinum að það séu framleiðendur sjálfir sem standa að rekstri vinnslustöðvanna og þess vegna virðist eðlilegt að þessi háttur verði á hafður, enda er það mjög undir samtökum bændanna sjálfra komið hvernig til tekst með verslun og dreifingu á þessum afurðum.

Í X. kafla eru ýmis ákvæði þar sem kveðið er m. a. á um að settar skuli reglugerðir til að segja nánar til um framkvæmd á einstökum þáttum þessara laga. Í Nd. var gildistökuákvæði frv. frestað til 1. júlí þar sem nú er komið fram yfir 1. júní. Enn fremur var bætt þar inn bráðabirgðaákvæðum um breytingar á öðrum dagsetningum af sömu ástæðum og jafnframt að það Framleiðsluráð sem nú situr skuli halda stöðu sinni þangað til nýtt verður kosið á næsta aðalfundi Stéttarsambands bænda.

Ég hef gert grein fyrir nokkrum aðalatriðum þessa frv. Komið hefur fram að það séu nokkuð skiptar skoðanir um frv. og þarf engan að undra það þar sem hér er um að ræða málaflokk sem kannske eru ólíkastar skoðanir um af öllum hér a. m. k. ef taka á mið af þeim umræðum sem farið hafa fram í þjóðfélaginu á undanförnum árum. En hér hefur verið reynt að fara þá leið sem væri hagkvæmust fyrir framleiðendur, neytendur og þjóðarbúið í heild.

Eins og ég sagði áðan hefur Stéttarsamband bænda gert margvíslegar samþykktir um breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og á síðasta ári skipaði ég nefnd til að marka stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. Þessi nefnd var skipuð þremur fulltrúum Stéttarsambandsins og þremur frá Búnaðarfélagi Íslands og ráðuneytisstjórinn í landbrn. var formaður nefndarinnar. Þessi nefnd skilaði tillögum sem fjallað var um á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda og hann gerði ályktun sem að mestu leyti var byggð á þeirri stefnumörkun sem í þeim kom fram.

Þessi stefnumörkun og ýmsar aðrar samþykktir hafa fyrst og fremst verið lagðar til grundvallar við þá endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð sem fram kemur í þessu frv., en vissulega eru svo skiptar skoðanir um einstök önnur atriði þó menn séu sammála um meginstefnuna.

Þegar drög höfðu verið samin að þessu frv. voru þau þegar lögð fyrir aukafund Stéttarsambands bænda sem fjallaði nokkuð um þau og kaus síðan nefnd til að halda áfram frekari athugun. Hún átti viðræður við þá sem höfðu unnið að samningu frv. áður en það var fært í endanlegan búning og margvíslegar ábendingar sem komu frá nefndinni voru teknar inn í frv. áður en það var lagt fram.

Eftir að það kom til hv. landbn. Nd. hefur sú nefnd unnið mjög mikið að athugun frv. og fengið til viðræðu þá aðila sem óskað var eftir og óskuðu eftir viðræðum, og m. a. nefndina frá Stéttarsambandi bænda. Í Nd. lagði meiri hl. landbn. fram 15 eða 16 brtt. sem fyrst og fremst miðuðu að því að ganga til móts við þær tillögur sem komu frá Stéttarsambandinu. Ég tel því óhætt að fullyrða að í veigamestu atriðunum hafi verið komið þar til móts við það sem Stéttarsambandið setti fram.

Ég vil að lokum láta í ljós þá ósk og vissu að þetta frv. megi verða til að hjálpa okkur að komast fram úr þeim erfiðleikum sem íslenskur landbúnaður tvímælalaust er nú í vegna þeirra aðstæðna sem hér hafa skapast. Ég tel að mjög mikilvægt sé að ekki dragist lengur að reyna að bregðast við þeim á besta hátt sem við getum. Það hefur sigið á ógæfuhliðina hvað varðar markaðsaðstæður á síðustu árum og verður ekki lengur dregið að gera þar öflugt átak og gera sér fyllilega grein fyrir þeim staðreyndum sem við blasa.

Ég vænti þess að ég hafi drepið hér á helstu atriðin sem þetta frv. fjallar um þó vissulega væri hægt að halda lengi áfram ef allt ætti að tíunda. En ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn. og 2. umr. og vænti þess að landbn. Ed. komist að þeirri niðurstöðu að hér sé um tvímælalausan ávinning fyrir íslenskan landbúnað að ræða.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Síðustu orð hæstv. landbrh. voru um það að hann vonaðist til þess að hv. landbn. Ed. kæmist að svipaðri niðurstöðu og nefndin í Nd. um að þetta frv. væri til bóta. Það eina sem hæstv. landbrh. átti eftir að segja var: og gæfi sér ekki styttri tíma til þess en Nd.-nefndin að komast að þeirri niðurstöðu. Þá hefðu menn setið hér fram eftir sumri við að skoða þetta mál. Það sem hæstv. forsrh. meinti einhvern tíma með þjóðhátíð og menn reiknuðu með að væri 17. júní varðandi þingslit hefði þá verið þjóðhátíð Vestmannaeyja.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mikla efnislega umræðu. Ég efa ekki góðan vilja hæstv. ráðh. í þessu efni. Ég efast ekki um að hann vilji vel bæði í landbúnaði í þessu landi, bændastéttinni sömuleiðis, neytendum og öðrum þeim sem hér eiga hagsmuna að gæta. Ég vil taka það fram strax. Hér er hins vegar um að ræða vinnulöggjöf bændastéttarinnar sem skiptir sköpum fyrir bændur í öllum undirstöðugreinum þeirra og hefur auk þess mikla þýðingu fyrir neytendur. Því er von að menn staldri við þegar þetta mál er komið á dagskrá á síðustu dögum þingsins hér í Ed. og leiti svara við spurningunni: Hvað liggur eiginlega á?

Ég hef lesið frv. yfir. Ég segi það strax að margt í því er til bóta, á mörgu er tekið sem þörf er á að taka. Jafnmargt er hins vegar vafasamt í þessu frv. og orkar tvímælis. Það sem ég undrast mest er það hvað í ósköpunum liggur á að koma þessu máli í gegn nú. Því má það ekki bíða skoðunar þeirra sem gleggst eiga hér um að fjalla og verða afgreitt hér með skikkanlegum hætti á haustmánuðum? Ég er líka sannfærður um að mikill hluti þingmanna er á þeirri skoðun, eins og ég, að þetta mál hefði gjarnan mátt bíða haustdaganna og fá öðruvísi og betri athugun.

Mér þykja það líka nokkur tíðindi að formaður þess þingflokks sem hæstv. landbrh. er í, hv. þm. Páll Pétursson, treystir sér ekki til að styðja frv. Það eru býsna mikil tíðindi þegar þingflokksformaður situr hjá um svo veigamikla afgreiðslu sem hér er á ferðum.

Ég ætla ekki að ræða frv. efnislega að neinu marki vegna þess að það kemur til mín í nefnd og þar fæ ég tækifæri til þess, að vísu takmörkuð og stutt tækifæri undir leiðsögn hv. 11. landsk. þm., sem nú mun vera að reisa margfrægan votheysturn austur á Seljavöllum, en leiðsögn hans mun áreiðanlega duga okkur nokkuð vel landbn.-mönnum til þess að fá a. m. k. allar upplýsingar þær sem við viljum fá frá höfundum frv. því hann er einmitt einn af höfundum þessa frv. og hefur reyndar orðað það svo að hann væri aðalhöfundur þess.

Vinnubrögðin við samningu frv. eru auðvitað svipuð og með önnur stjfrv. nú. Það komu aðeins stjórnarþm. að þessari frumvarpssamningu og er svo sem ekkert við því að segja þó að ég átelji þau vinnubrögð, hvort sem ég á hlut að stjórn eða ekki. Ég hygg t. d. að þegar við vorum að endurskoða heilbrigðislöggjöfina á sínum tíma, viðkvæma löggjöf um margt, á tímum síðustu ríkisstjórnar hefðu það þótt undarleg vinnubrögð af heilbr.- og trmrh. þá ef hann hefði ekki kallað til fulltrúa allra þeirra flokka sem þá áttu sæti á Alþingi. En það gerði hann og um það varð mjög víðtækt samkomulag sem m. a. virðulegur forseti þessarar deildar átti aðild að og sem greiddi gang þess máls tvímælalaust í gegnum þingið.

Ég ætla ekki heldur að fara út í það á þessu stigi hversu undarleg kynning þessa máls var á aukafundi Stéttarsambands bænda þar sem menn voru þá fyrst að sjá frv. og áttu að hafa frá morgni til sólarlags myndað sér skoðun á þeim atriðum sem skiptu máli í þessu viðamikla frv., enda leist þeim ekki meira en svo á og settu á fót sex manna eftirlitsnefnd með hæstv. ráðh. og hv. landbn. Nd. til að reyna að forða því að allt of mikil slys yrðu.

Ég efast ekki um að sú nefnd hafi komið ýmsum ábendingum á framfæri og ýmsar þeirrar verið teknar til athugunar. Fáar held ég þó að hafi verið teknar beinlínis til greina því við fljótan yfirlestur á þeim brtt. sem gerðar voru í Nd. sýnist mér þær vera orðalagsbreytingar og segja ósköp lítið, en vera eins konar smyrsl á sárin hjá hv. formanni Nd.-nefndarinnar, hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, og reynt að fjölga brtt. eins mikið og hægt er með því að segja „heimilt er að ákveða," „heimilt er að leita eftir" í staðinn fyrir að „leita eftir" og annað eftir því til þess að hann geti þó a. m. k. sagt að u. þ. b. helmingur af brtt.-fjöldanum sem hann var búinn að boða hefði þó farið í gegnum Nd. þótt fátt af þeim brtt. sem hann var með tilbúnar á eldhúsborðinu heima hjá sér hafi náð fram að ganga. Hvernig hefur hann skipt um skoðun í þessu máli á svo skömmum tíma er svo sérmál sem ég ræði ekki hér.

Ég veit að hv. samþm. hans vill gjarnan vita það, en hann hefur það góðan aðgang að stjórnarherbúðunum að hann veit eflaust hvaða ráðum þar er beitt og hvaða meðul eru þar viðhöfð.

Það sem ég geri auðvitað fyrst og fremst athugasemd við er það hversu kynningin meðal bænda sjálfra hefur verið lítil á þessu máli. Það vita allir að á meðan Nd. hefur verið að fjalla um þetta mál hefur staðið yfir háannatími bænda og þeir hafa lítinn tíma haft til lestrar og athugunar þessa frv. Það er hins vegar greinilegt að það er mikil og almenn óánægja meðal bænda með frv. Ég nefni af handahófi orð eins og þau sem sögð voru í Morgunblaðinu fyrir skömmu, í NT fyrir skömmu og í NT í dag þar sem þessu frv. eru valin orð eins og þessi: „gæti orðið banabiti bændastéttarinnar", „fátt til góðs, fleira vafasamt" og svo að lokum bændahöfðinginn Björn Pálsson sem segir í NT í dag „stórhættulegt frv." Einhvern tíma hefðu þeir framsóknarmenn hlustað á Björn Pálsson og hlítt í einhverju ráðum hans, ekki síst þar sem um landbúnaðarmál er verið að fjalla.

Ég efast ekki um að margt hafi verið borið undir Stéttarsamband bænda í þessum efnum. Ég ætla hins vegar ekki að segja að það sé eini aðilinn sem eigi að veita okkur alþm. leiðsögn í þessu máli. Það eru vitanlega miklu fleiri sem þar þurfa að koma, ekki síst neytendur. En ég hef undir höndum bréf frá Stéttarsambandi bænda, dags. 12. júní, sem er stílað á formann landbn. Ed. Alþingis, hv. þm. Egil Jónsson, þar sem greinilegt er, án þess að ég ætli að fara að rekja efni þess hér, að menn eru síður en svo sáttir við frv. þrátt fyrir að þeir telji brtt. meiri hl. landbn. horfa til réttrar áttar svo langt sem þær ná, en vísa að öðru leyti til bókunar þar sem mikil óánægja kemur fram. Þetta verður rætt í landbn. síðar og skal ég ekki orðlengja það.

Það er svo sérmál hvernig þetta mál var afgreitt úr landbn. Nd. Þar var fundum slitið á þann veg að ekkert

samkomulag varð í nefndinni um afgreiðslu málsins. Síðasti fundur nefndarinnar mun hafa verið bókaður eitthvað á þá leið. Síðan töluðu menn sig saman utan funda og eitthvað var gert, einhverjar þumalskrúfur voru hertar og málið gekk upp allt í einu og óvænt og allir voru sáttir að því er virðist. Ég hef ekki skoðað brtt. nákvæmlega, sem fluttar voru í Nd., en skelfing eru þær veigalitlar að mínu viti og lítt til þess fallnar að lagfæra þetta frv. eða þá ágalla sem ég tel vera á því.

Ég ætla rétt aðeins að fara í það hér, sem hæstv. landbrh. kom reyndar inn á og við erum ábyggilega sammála um, að staða þessarar atvinnugreinar er mjög erfið um þessar mundir. Ég segi þess vegna: Vegna hinnar erfiðu stöðu var enn meiri nauðsyn vandaðs málatilbúnaðar í þessu efni og enn meiri nauðsyn á því að tryggja víðtæka sátt um þetta mál, og m. a. að tengja hagsmuni bændanna og neytenda saman sem allra best, brúa það bil sem vitandi vits er reynt að gleikka af ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu til að skapa þar andstæður á milli vegna þess að vitanlega eiga þessir aðilar miklu fleiri sameiginlega hagsmuni en það sem á að sundra þeim. Nauðsyn á því hefði verið þeim mun meiri. Og því spyr ég enn: Hvað í ósköpunum liggur á? Er það óttinn við stjórnarslitin í haust? Eru það raddir, sem heyrst hafa frá bændum, að þeir skuli ekki vera að múðra vegna þess að næst komi ríkisstjórn, og hún sé kannske alveg á næstu grösum, sjálfstæðismanna og Jóns Baldvins — það er ekki talað um Alþfl. í þessu tilfelli frekar en venjulega heldur bara Jón Baldvin — og þá viti bændur í þess orðs fyllstu merkingu hvar „Davíð keypti ölið.“ Á ég þá ekki við hv. þm. sem er einn af höfundum frv., hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, því að ég er ekki einu sinni viss um brennandi áhuga hans á þessu máli þó að hann sé einn af höfundum og hafi áreiðanlega lagt þar gott til mála, ef ég þekki hann rétt úr öðru nefndarstarfi hér í þinginu, og reynt að hamla gegn ýmsum af þeim vitleysum sem hefur verið reynt að þröngva inn í þetta frv. Máske það sé þessi ótti sem á að ráða afstöðu bænda, óttinn við frjálshyggjuna með þessa tvo fulltrúa, annars vegar sjálfstæðismenn þar sem hún tröllríður nú húsum og svo hins vegar hv. þm. Jón Baldvin sem vissulega tekur undir þá frjálshyggju í veigamestu atriðum, sem á að tryggja að þetta mál komist í gegn og verði hespað af.

Vitanlega þarf að tryggja lífskjör bændastéttarinnar. Það þarf m. a. að gera með því að tryggja bændastéttinni betri lánakjör, þannig að fjárfestingarkostnaður sé eins lítill og mögulegt er og tryggja þannig aukna hagkvæmni og lægra vöruverð. Vaxtaokrið sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir og kaupránið sem vitanlega hefur skollið á bændum ekki síður en öðrum hefur verið þeim þungt í skauti.

Ég held að við eigum að skoða landbúnað okkar í heild, ekki bara með tilliti til þeirrar stéttar sem vinnur að frumvinnslunni heldur til allra þeirra sem hafa hag af honum. Það eru ekki aðeins þeir sem hér framleiða hollustufæðu, líklega einhverja þá bestu í heiminum, það eru ekki aðeins þeir sem senda frá sér það hráefni í iðnaðarvörur okkar sem er hvað best, heldur einnig allir þeir sem lifa af landbúnaði á margan veg, í verslun, í þjónustu og ég tala nú ekki um í iðnaði tengdum landbúnaðarframleiðslunni. Til allra þessara þátta á vissulega að líta.

Menn hafa sagt æ ofan í æ og endurtekið hver eftir öðrum að útilokað væri að koma þessari úrvalsvöru okkar á markað þannig að nokkurt verð fengist fyrir hana. Ég trúi enn Sveini heitnum Jónssyni, stórbónda á Egilsstöðum, sem sagði að við ættum að nýta markaðsmöguleikana sem fyrir væru, gera átak í því sérstaklega að koma þessari vöru okkar á framfæri, ekki í grisjupokum, sem víst eru að víkja fyrir plasti nú, sem send er í heilum skrokkum til útlanda, heldur með sérvinnslu þessara vara og séráróðri fyrir því hversu sérstök og ágæt þessi vara væri og í höndum þeirra manna sem virkilega kunna til verka í að leita markaða fyrir slíkar vörur. Ef það yrði gert óttast ég ekki að við getum ekki komið þessari úrvalsvöru okkar á þokkanlegan markað. Það þarf mikið til þess, það viðurkenni ég, en við þurfum að gera það í öllum greinum okkar ef við eigum að lifa sjálfstæðu lífi í þessu landi og því ekki í landbúnaðinum alveg eins og í öðrum greinum ef við viljum hasla okkur völl á erlendum vettvangi með okkar góðu vörur.

Ég tek ekki undir það að við höfum verið að ofvernda landbúnað okkar miðað við það sem aðrar þjóðir gera. Framlög til landbúnaðar hér eru hverfandi miðað við það sem aðrar þjóðir leggja sínum landbúnaði til. Ég tala nú ekki um þegar við hugsum til þeirrar þýðingar sem landbúnaðurinn hefur. Ég tek ekki undir þann söng. Hins vegar veit ég að í þeim málum má margt betur gera og vinna þannig að með markvissri markaðssókn í þessum málum getum við fengið meira verð fyrir þessa vöru og þurfum ekki þær útflutningsbætur sem nú eru greiddar og eru mönnum hvað mestur þyrnir í augum. Þegar ég tala um útflutningsbætur er ég eingöngu að tala um þær, en ekki þá undarlegu skoðun, sem skýtur upp kollinum í fjölmiðlum æ ofan í æ, að niðurgreiðslur séu með í þessum pakka og þær séu teknar þar með, niðurgreiðslur sem eru hagstjórnartæki hverrar ríkisstjórnar til að greiða niður vöruverð í landinu.

Ég geri mér líka grein fyrir því að þýðing byggðar hér í landi, nýting landkosta er einn af þeim þáttum sem við eigum að leggja hvað mesta og besta rækt við. Það verður ekki gert nema með því að viðhalda hér blómlegum landbúnaði, viðhalda honum sem víðast í skikkanlegum farvegi, ekki þeim verksmiðjubúskap sem menn hafa verið að stinga upp á að jafnvel yrði rekinn á hafnarbakkanum í Reykjavík.

Vissulega þarf að stýra framleiðslunni á eðlilegan hátt. Það er ekki nema eðlilegt og um margt er tekið á því í þessu frv. En það þarf enn frekar að gera í þeim efnum. Það þarf að vera viss hvati að því að menn vinni enn frekar saman í þessum efnum, félagsbúskapurinn öðlist sinn réttmæta sess í landbúnaði enn frekar en verið hefur, að menn hyggi að heimaöflun í landbúnaði, eins og nýlega hefur verið samþykkt hér á Alþingi, og ýmsu öðru sem til heilla getur horft fyrir þessa atvinnugrein. Það er rétt að staða hefðbundinna búgreina er mjög erfið og tölur úr Morgunblaðinu fyrir skömmu voru ekki til þess fallnar að auka bjartsýni. Þar var bent á hríðminnkandi sölu landbúnaðarafurða á fyrstu mánuðum þessa árs. En við þurfum í raun og veru ekki að vera neitt hissa. Og við getum ekki með nokkru móti sagt: Þetta er vegna þess hvernig landbúnaðurinn er stundaður hér, hvernig búskapur er rekinn í landinu. Það eru allt aðrar ástæður fyrir þessu. Í fyrsta lagi vitanlega minni kaupgeta fólks. Auðvitað segir það til

sín varðandi þessar afurðir þegar menn þurfa að spara við sig jafnvel í brýnustu nauðsynjum. Og í svari hæstv. landbrh. við fsp. Hjörleifs Guttormssonar í vetur um breytingu á niðurgreiðslum frá árinu 1982 og til dagsins í dag kemur líka í ljós skýring á því hversu sala landbúnaðarvara hefur hrapað niður. Ef verðið á dilkakjötinu væri í dag með niðurgreiðslum 1982 væri það 135,30 á kg. En hvað er það? 177. Það munar um minna fyrir fjölskyldu, sem lítið hefur til ráðstöfunar, en þær 42 kr. sem þarna skeikar. Mjólkurlítrinn kostaði með niðurgreiðslunum eins og þær voru 1982 20,05 kr. En hvað er verðið núna? 28,60 kr. Þá á ég vitanlega við þann tíma sem fsp. var borin fram. Ég hef ekki tölurnar eins og þær eru núna. Þær hafa vitanlega breyst og auðvitað hækkað þrátt fyrir að ríkisstj. hafi að hluta til aukið niðurgreiðslur með sérstakri ákvörðun við verðlagninguna 1. júní. Ég veit ekki hvernig það kemur út. En það munar um minna fyrir barnmargar fjölskyldur en þær 8 kr. og 55 aura sem skeikar á mjólkurlítranum frá 18. apríl.

Auðvitað kosta niðurgreiðslur fé. Og menn segja gjarnan: Hvaðan á að taka það fé? En niðurgreiðslur eru nú einu sinni það tæki sem hefur verið nýtt til þess annars vegar að greiða fyrir efnalitlu fólki að kaupa ákveðnar vörutegundir og hins vegar til að greiða fyrir sölu á þeim afurðum sem við annars þyrftum að selja til útlanda á spottprís.

Skipulag nýrra búgreina er mikið í umræðunni núna. Ég geri mér grein fyrir því að þar höfum við mikla möguleika og ég dreg ekki úr þeim. Ég verð hins vegar að segja að aðlögun þessara búháttabreytinga hlýtur að taka nokkurn tíma. Og ég legg áherslu á að þessar greinar nýtist þeim sem þegar stunda landbúnaðinn, komi í staðinn fyrir hinar hefðbundnu búgreinar, ekki sem viðbót til einhverra nýrra aðila í þessu, jafnvel þeirra sem ætla að ryðjast inn á þennan markað í stórum stíl og eyðileggja þannig þann ávinnig sem landbúnaðurinn og íslensk bændastétt gæti af þessu haft.

Ég gæti haldið áfram í allt kvöld að ræða um landbúnaðarmál almennt og þetta frv. alveg sérstaklega. Ég ætla að stilla mig um það og halda ekki hv. þd. fyrir mína parta of lengi við þessa umr. þó að þess væri vissulega full þörf.

Ég ætla að láta mér nægja í lokin að minna á það sem segir í nál. 1. minni hl. landbn. í Nd., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þar sem hann er að benda á ýmis þau atriði sem honum þykir sem ekki sé nógu vel frá gengið, séu óljós eða þurfi betur frá að ganga. Í fyrsta lagi segir hv. þm., með leyfi virðulegs forseta:

„Að því er best verður séð hefur fjármagn engan veginn verið tryggt með fullnægjandi hætti til þess að ákvæði í VI. kafla um greiðslu afurðaverðs fái staðist. Frá upphafi virðist því hætta á að þau ákvæði verði dauður bókstafur auk þess — sem er öllu alvarlegra — að þær vonir, sem þau gætu vakið hjá bændum, yrðu falsvonir.

Á síðasta fundi nefndarinnar, þar sem málið var til umfjöllunar, komu bankastjórar þeirra þriggja viðskiptabanka sem mest afurðalánaviðskipti hafa við landbúnaðinn og bar þeim öllum saman um að bankarnir hefðu enga möguleika til að taka á sig útgjöld til að flýta greiðslum afurðaverðs til bænda eins og frv. gerir ráð fyrir."

Menn vita að höfuðgylling þessa frv. sem snýr að bændum er sú að nú muni þeir fá afurðaverðið sitt greitt fljótt og vel. Ég efast ekki um að það sé tilgangur þeirra sem hafa samið þetta frv. Þá efa ég ekki að hæstv. landbrh. vill að svo fari. En ég mun ganga eftir því í landbn. Ed. að það sé alveg öruggt hvernig eigi að framkvæma þessa hluti. Ætlar ríkisstj. að ganga í bakábyrgð hér? Ætlar hún að gera það? Er það alveg öruggt? Ég veit hversu skammt þetta mál er komið hjá þeim viðskiptabönkum sem hér eiga helst um að véla og ég hef enga ástæðu til að ætla það að þar verði skjót breyting á til batnaðar. Það hlýtur þá að eiga að gerast með ákveðnum stjórnarathöfnum, ákveðinni bakábyrgð ríkisstj. Sú ábyrgð verður þá að vera skýr og klár. Ég efast ekkert um að hún hljóti að verða það við lokaafgreiðslu málsins, því að það er kannske eina atriðið sem ég tel að réttlæti að þetta frv. þurfi að fá afgreiðslu sem allra fljótast að í haust og strax í sumar fá mjólkurbændurnir peningana rennandi til sín þegar er þeir hafa skilað mjólkinni í vinnslustöð og í haust verða bændurnir ekki fyrr búnir að slátra en féð verður komið í vasa þeirra allt og óskipt. Það er vissulega blómatíð miðað við það sem verið hefur og ég hlakka til að sjá bændur svo vel setta sem þeim er lofað í þessu frv. — lofað án allrar tryggingar enn sem komið er.

Í öðru lagi segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, með leyfi virðulegs forseta:

„Með samþykkt þessa frv. tekst ekki, nema síður sé, að koma á þeirri sátt milli framleiðenda og neytenda sem nauðsynlegt er og skylt er að leita eftir við lagasetningu sem þessa."

Hér er að einu höfuðatriðinu komið og ég hef þegar komið að því hér. Það er vissulega nauðsyn á því að brúa það bil og þann mikið tilbúna ágreining sem milli framleiðenda og neytenda er í þessum efnum og sem vissir aðilar í þjóðfélaginu virðast gera sér að leik að breikka eins mikið og mögulegt er.

Í þriðja lagi, með leyfi virðulegs forseta:

„Engir þjóðhagslegir útreikningar hafa farið fram á áhrifum af samþykkt frv. og þeim miklu breytingum sem það gæti að líkindum haft í för með sér. Hér er sérstaklega átt við þann mikla samdrátt sem frv. virðist gera ráð fyrir að verði í sauðfjárbúskapnum og þau margvíslegu áhrif á allt mannlíf og athafnalíf út um landið sem slíkt mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.

4. Frv. þessu fylgir engin stefnumörkun um niðurgreiðslur, eða niðurgreiðslustig, búvara sem þó verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stefnumörkun í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins.

5. Fjölmörg ákvæði frv. eru óljós og lítt eða ekki skýrð. Nefna má ákvæði um verðlagningarkerfi búvara, verðábyrgð, framleiðslustjórn, samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. fl."

Í lok þessa nál. lagði hv. þm. til að þessu máli yrði vísað til ríkisstj. og henni falið að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölumál landbúnaðarins verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Hér er skynsamlega að máli staðið og gerð skynsamleg tillaga sem hæstv. ríkisstj. hefði vissulega átt að taka til greina og reyna þá til hins ýtrasta að ná fullri sátt við alla þá óánægðu aðila sem í þjóðfélaginu eru

með þetta frv. Enginn reiknar með að hægt sé að gera alla ánægða, en fyrr má nú vera en að jafnvel hinir merkustu menn í bændastétt telji að frv. sé stórhættulegt og geti jafnvel orðið banabiti bændastéttarinnar. Við skulum vona að svo verði ekki, en öll vinnubrögðin í kringum þetta mál eru með þeim endemum að vel mætti segja mér að afturfótafæðing þess hér á Alþingi boðaði ekkert gott, hvorki fyrir bændur né neytendur.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það má um þetta mál tala lengi, en ég veit svo sem ekki hverjum tilgangi það þjónar að teygja lopann mjög lengi hér á kvöldfundi. Ég mun þess vegna heldur stytta mál mitt.

Þetta frv., sem nú er komið til okkar eftir umfjöllun í Nd., er mikið að vöxtum og ekki einfalt mál fyrir þá sem ekki eru innvígðir í alla leyndardóma landbúnaðarkerfisins að setja sig inn í þá í snarheitum. Framtakssemi hv. 11. landsk. þm., sem er formaður í landbn. hv. Ed., var slík að byrjað var að ræða þetta lítillega í landbn. og voru engar athugasemdir gerðar við það þó málið væri ekki komið til nefndar með formlegum hætti. Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbrh. kom á fund hjá landbn. og skýrði megindrætti frv. og fór yfir þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er öllum ljóst að það kerfi sem unnið er eftir í landbúnaðinum er meingallað á margan hátt og því þarf að breyta. Það hefur komið býsna skýrt í ljós á mjög mörgum sviðum. Meðal bænda er megn óánægja með kerfið. Hún er meðal neytenda líka. Óánægja bænda hefur m. a. verið að brjótast fram í stofnun sérgreinasambanda, sauðfjárbænda, kúabænda o. s. frv., þannig að það eru verulegar líkur á að skipulag bændasamtakanna sé kannske ekki að riðlast — ég vil ekki nota það orð — en a. m. k. að breytast, það er alveg ljóst.

Það hafa verið miklar deilur um skipulag í landbúnaðarmálum, ádeilur á þetta kerfi, og hefur þar margt verið til nefnt. Við Alþfl.-menn höfum í áratugi, er mér óhætt að segja, þeir Alþfl.-menn meðtaldir sem sátu á þingi á undan okkur sem nú erum hér, bent á hversu bjagað þetta kerfi væri að ýmsu leyti. Það var fyrir margt löngu að dr. Gylfi Gíslason benti á að það yrði að takmarka búvöruframleiðsluna, ekki væri hægt að halda áfram þessari óheftu framleiðslustefnu. Hann benti á þetta og studdi þessa sína ábendingu gildum rökum. Hvernig var brugðist við? Jú, allt hét þetta fjandskapur við bændur.

Þegar ég var að stíga mín fyrstu skref í stjórnmálum minnist ég framboðsfundar sem haldinn var að Logalandi í Borgarfirði, það er heldur óskemmtileg mynd í minningunni, þar sem ég gerði grein fyrir gagnrýni á stefnuna í landbúnaði. Því var mætt með hrópum, frammíköllum, stappi. Þetta var skipulagt af pólitískum andstæðingum. Ég man að Guðmundur heitinn Hagalín rithöfundur var á þessum fundi og tók þannig til orða eftir fundinn að sárt væri til þess að vita ef það væri blómi borgfirskrar bændamenningar sem þannig hefði svarað gagnrýni. En það var auðvitað ekki.

En allri gagnrýni okkar á þetta kerfi hefur verið svarað þannig: Alþfl. fjandskapast við bændur. — Það er auðvitað reginmisskilningur. Þetta kerfi hefur komið illa við bændur og komið betur og betur í ljós með hverju árinu hve illa þetta kerfi kemur við bændastéttina. Ég hygg t. d. að það sé alveg staðreynd, þó að ég hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum, að fjárhagsstaða bænda sé lakari nú en kannske nokkurn tíma áður, skuldir þeirra við lánastofnanir, reikningsstaða þeirra við kaupfélögin. Ég held að þetta sé lakara en áður. En á sama tíma og hagur bænda hefur hríðversnað er eins og millilíðafyrirtækin, vinnslustöðvarnar, blómstri betur en nokkru sinni fyrr. Sjáum Mjólkursamsöluna í Reykjavík sem er að byggja stórhýsi fyrir mörg hundruð milljónir króna og hefur ekkert fé tekið að láni — eða hafði ekki síðast þegar ég vissi. Hér við Hótel Sögu, eign bændasamtakanna, rís mikil viðbygging. Manni sýnist ekki að seðlaskortur standi þar framkvæmdum neitt fyrir þrifum. Nú skal ekkert haft á móti því að byggð séu hótel hér í borginni. Á því er þörf og á því er m. a. s. nauðsyn nú í sumar. Mér er sagt að ferðamenn fái ekki inni í Reykjavík fleiri en þegar hafa beðist gistingar. En annars vegar sígur á ógæfuhliðina fyrir bændum og búaaliði, hins vegar eru fyrirtækin, sem sögð eru eign bænda, að springa úr þenslu og virðast hafa fúlgur fjár úr að spila.

Það er sjálfsagt ýmislegt í þessu frv. sem horfir til nokkurra bóta. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki lesið það frá orði til orðs allt saman, eins og auðvitað ætti að gera. Við höfum verið uppteknir við önnur mál í hv. Ed. að undanförnu. En ég mun auðvitað gera það. Ég sé hér t. d. að að draga á úr útflutningsbótunum skv. 36. gr. í áföngum á ákveðnu tímabili. Þetta er tillaga sem við Alþfl.-menn höfum flutt hér árum saman, ekki endilega þessar tölur og ártöl heldur sú hugmynd að dregið sé úr útflutningsbótunum í þrepum þannig að við hættum að greiða með mat ofan í útlendinga.

En ekki fæ ég skilið hvers vegna ekki er breytt reglum í sambandi við útreikning á heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar. Hér segir að það skuli miðað við afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína og alifugla, svo og garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og afurðir hlunninda. — Afurðir hlunninda. Hvað þýðir þetta? Ef leitað er skýringa í skýrslum við frv. þýðir þetta að til búvöruframleiðslunnar telst rekaviður sem nýttur er og berst hér á land frá Síberíu eða guð má vita hvaðan. Og þetta þýðir að laxveiðileyfi eru tekin þarna með. Slíkt kemur málinu ekkert við. Æðardúnn kemur þessu máli ekkert við. Það á auðvitað að miða við framleiðslu þeirra afurða sem fluttar eru út. Það er einföld og augljós reikniregla.

Hins vegar kemur fram í skýringum við 36. gr. sömuleiðis að ekki er gert ráð fyrir að afurðir „alifiska", eins og hér er orðað, þ. e. framleiðsla fiskeldisstöðva, séu teknar með við útreikning útflutningsbóta, gagnstætt tekjum af veiddum vatnafiski og veiðileyfum. Hver er munurinn? Hvers vegna er þessi greinarmunur gerður á? Þetta eru heldur vitlausar reglur, sýnist mér. En í heild er lækkun á útflutningsbótunum góðra gjalda verð. Þetta er það sem við Alþfl.-menn höfum flutt tillögur um ár eftir ár. En reikningsgrundvöllurinn er út í hött, að ekki sé meira sagt.

Í sambandi við útflutningsbæturnar og útflutninginn er það auðvitað sorgleg staðreynd hversu slaklega, að mínum dómi, hefur verið unnið að því að kynna íslenskt lambakjöt erlendis, skapa því sess sem lostæti, eins og það er. Það er raunar ákaflega lítið gert fyrir þessa vöru á innanlandsmarkaði líka til að fá fólk til að neyta aukins kjöts, en ég er sannfærður um að það er mikil nauðsyn núna vegna þess að ég held það hljóti að hlaðast upp miklar birgðir af lambakjöti. Ég fer stund-

um í kjötbúðir og kaupi þar í matinn. Verðhlutföllin milli kjúklinga, nautakjöts, svínakjöts og lambakjöts eru orðin lambakjötinu mjög í óhag. Það segir sig sjálft að það hlýtur að koma niður á sölunni. Úti í verslun í Austurstræti var í dag nautakjöt selt fyrir 198 kr. kg. Ég sá ekki betur en lambakjöt væri á boðstólum í sama kjötborði sem kostaði 398 kr. kg. Ég man ekki lengur hvað það var, en það voru dýrari partarnir af skepnunni. En þarna munar 200 kr. á kílói. Auðvitað hefur þetta áhrif á innkaupin. Kjúklingar eru ódýrari en lambakjöt og ég hef grun um að svínakjöt sé kannske á viðlíka verði nú.

En hér er ekkert gert eða ákaflega lítið til að auka söluna á lambakjötinu. Mér er kunnugt um að t. d. kjúklingabændur fóru þá leið til að auka söluna á sinni framleiðslu að þeir keyptu ofna til að steikja kjúklinga, fóru með þá í kjötverslanir og komu þeim þar fyrir í samráði við kaupmenn. Þetta hefur aukið söluna mjög verulega, sagði mér kjúklingabóndi einn fyrir fáeinum dögum.

Varðandi lambakjötið eru menn vanir því að þeir fá allt borgað. Það skiptir engu máli. Ríkið er ábyrgt fyrir öllu saman alveg eins og varðandi útflutninginn. Ég sé að hv. þm. Stefán Benediktsson hefur flutt brtt. samhljóða tillögu Guðmundar Einarssonar í Nd. um að þeim sem annast sölu á útfluttum landbúnaðarvörum sé ekki heimilt að taka meiri sölulaun en 2% af söluverðmæti. Ég mun styðja þessa tillögu. Ég hef að vísu einhverjar efasemdir um að það eigi að miða við 2%, en þessi hugmynd er rétt.

Við fengum upplýsingar í vetur um útflutning á niðurgreiddum búvörum. Það kom í ljós að það hefur ekki verið gætt ýtrustu hagkvæmni að öllu leyti kannske að því er varðar útboð á flutningunum. Ég ætla ekki að fara að rifja þá sögu upp né þá döpru staðreynd að hæstv. landbrh. höfðu verið gefnar rangar upplýsingar af þeim aðilum sem annast hafa þennan útflutning. Ég veit að honum gekk það ekki til að segja annað en það sem satt er og rétt, en þeir sem hann óskaði svara hjá gáfu honum einfaldlega rangar upplýsingar um að útboð á þessum flutningum hefðu átt sér stað. Þegar nánar var eftir leitað kom í ljós að þessi útboð höfðu aldrei átt sér stað, enda er það ekki háttur einokunarfyrirtækja að leita fyrir sér um hagstæð kjör með þeim hætti. Yfir öllu landbúnaðarkerfinu situr Samband ísl. samvinnufélaga með sína mörgu arma í allar áttir og hefur alls staðar tök — og það sem meira er: hefur tögl og hagldir í kerfinu.

Í gær var ég að tala um það í þessum ræðustól og vitna í blaðafregnir um að hugsanlega færi Sambandið út í rekstur útvarpsstöðva. Ég veit ekki hvort þm. hlustuðu á fréttir útvarps og sjónvarps í kvöld. Það var samþykkt á aðalfundi SÍS að gera það, í samráði við fleiri samtök hugsanlega. Það hefur þá verið nákvæmlega rétt, sem mér rataðist á munn í þessum ræðustól í gær, að þegar þm. Framsfl. sögðu já við atkvgr. um útvarpslagafrv. hugsuðu þeir: SÍS. Það sannast í dag að þetta, sem ég sagði í gær og var ekki viss um að væri rétt, er rétt. Það var ekki staðfest í gær að Samband ísl. samvinnufélaga hygðist reisa keðju útvarpsstöðva um land allt. Hins vegar liggur ljóst fyrir núna að þeir munu ætla sér að gera það. Ég vona þeirra vegna að það verði enginn framsóknarsvipur á því útvarpi, að það verði svolítið skemmtilegt útvarp. Það getur kannske orðið.

En ég held að þarna hafi menn ekki sinnt kynningu eða — ég veigra mér hálfpartinn við að taka mér það orð í munn sem notað hefur verið í löggjöf í vetur — „markaðsfærslu". — Það er eitthvert skelfilegasta orð sem ég hef lengi séð. Ég veit ekki hvert á að færa markaðinn. — Þessu hefur ekki verið sinnt. Það er leynt og ljóst komið í veg fyrir að einstaklingar geti stundað útflutning á lambakjöti vegna þess að hagsmunir Sambandsins bjóða að þetta sé eins og það er, "status quo", óbreytt kerfi. En ef duglegir einstaklingar fengju þarna að spreyta sig og væri ekki sagt að það væri ekki til kjöt í landinu þegar þeir ætla að fara að flytja út held ég að þarna mundi verða breyting á.

Ég sagði, virðulegi forseti, að ég ætlaði ekki að tala mjög lengi. Ég sé að það teygist úr þessu, en ég tel ástæðulaust að við séum að ræða þetta mál fram á nótt. Þó á ég nokkur orð ósögð enn.

Nú á að setja kjúklingaframleiðslu og svínakjötsframleiðslu og allt þetta undir Framleiðsluráð. Sem sagt: þar sem hin frjálsa samkeppni ríkir enn á að uppræta hana. Það væri nær, held ég, að auka eitthvað frekar frelsið. Það er alveg ljóst að neytendur hafa notið hags af því að kjúklingakjöt, svínakjöt og egg eru ekki undir landbúnaðarkerfinu. Ég er alveg sannfærður um að verðið á öllum þessum vörum væri miklum mun hærra í dag ef þetta væri undir alræðiskápu kerfisins. En þetta gefst auðvitað tækifæri til að athuga þegar málið kemur til nefndar.

Við þm. Vesturl. höfum fengið ýmsar athugasemdir við þetta frv. Það er ljóst að það er mikill ágreiningur um málið. Bændur setja sig á móti mjög mörgum atriðum í frv. Ég tek ekki undir allar þær athugasemdir sem hafa komið frá bændum. Ég er ósammála mörgum þeirra. Hins vegar kann að vera, og ég tel mjög líklegt, ég hef ekki haft tækifæri til að fara svo gaumgæfilega ofan í saumana á þessu máli, að sumar þeirra athugasemda eigi nokkurn rétt á sér.

Þm. Vesturl. hafa fengið bréf frá aðalfundi Búnaðarsambands Dalamanna, sem haldinn var 6. maí, þar sem er skorað á þm. Vesturl. að fylgja eftir brtt. Stéttarsambands bænda við frv. *að framleiðsluráðslögum er málið* kemur til afgreiðslu á þingi, með leyfi forseta, „svo tryggt sé að sjónarmið Stéttarsambandsins nái fram að ganga við afgreiðslu málsins." Ég er ekkert viss um að öll sjónarmið Stéttarsambandsins eigi að ná fram að ganga í þessu máli.

Við höfum líka, þm. Vesturl., fengið langan lista frá formanni Búnaðarsambands Vesturlands. Eftir viðræður við landbn. Nd. 30. maí höfum við fengið lista frá Guðbjarti Gunnarssyni með tíu atriðum sem þeir gera athugasemdir við. Ég er ekki sammála öllu þessu, en mér finnst hins vegar sjálfsagt að það sé skoðað og hlustað á þeirra rök. Mér dettur samt ekki í hug að segja að það eigi að taka tillit til allra þessara athugasemda og ganga að þeim orðalaust. Ég get alls ekki tekið undir það.

Í hv. Nd. lagði formaður Alþfl. til meðan þetta mál var til umræðu að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Ég get vel hugsað mér að hafa sama háttinn á í hv. Ed. þegar kemur að afgreiðslu málsins, en mun kannske gera það með öðru orðalagi en segir í þessari rökstuddu dagskrá. Ég áskil mér a. m. k. rétt til að breyta því.

Í nál. meiri hl. landbn. Nd., sem ég hef lesið með

mikilli athygli, kemur í rauninni ákaflega lítið fram og mér finnst billega sloppið hjá nefndinni, ef nota má það orðalag, að segja hér, með leyfi forseta:

„Nefndin fjallaði um málið vítt og breitt og komu fram skiptar skoðanir, bæði frá gestum nefndarinnar og eins nm."

Það hefði kannske verið áhugavert fyrir okkur, sem ætlað er að afgreiða þetta á mjög skömmum tíma, að fá eitthvað aðeins meira að vita um þennan ágreining.

Ég hef í kvöld verið að skoða brtt. sem hv. 2. þm. Austurl. vék að áðan. Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. landbrh., sem hlýtur að verða fyrir svörum þar sem ég get ekki átt orðastað við formann landbn. Nd. í Ed., að ég sé ekki hvaða tilgangi sumar þessar brtt. þjóna. Ég skoðaði sérstaklega og áttaði mig ekki alveg á við hvaða rök brtt. við 30. gr. styðjast. Í inngangsmgr. þessarar greinar stendur: „er landbrh. heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir", en í brtt. eru felld niður orðin „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir". Ég fór að athuga þetta vegna þess að mér sýndist setningin ekki geta staðið þannig. Þá kemur í ljós að þessi heimildarmeining, sem er hér, er flutt í greinarnar hverja fyrir sig. Að vísu er þarna blæbrigðamunur; „rétt að leita eftir samningum", „heimilt að ákveða" eða „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir". Ég sé ekki annað en að þetta sé gjörsamlega marklaus og tilgangslaus breyting og kannske verið sett á blað til þess eins að geta gert dálítið áberandi margar brtt., haft þær 16 eins og hér er. Ég sé ekki að þetta skipti nokkru sköpuðu máli í sambandi við þetta frv.

Fleiri brtt. eru hér. Ég sé að sveppir eru felldir inn í leyfakerfið varðandi innflutning. Það er sjálfsagt gert til að vernda íslenska svepparæktendur.

Þá eru hér ákvæði um að Framleiðsluráð landbúnaðarins hætti rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986. Í þessari hv. deild urðu töluvert miklar umræður um það fyrirtæki fyrir 13 mánuðum eða svo. Þetta er hálfgert huldufyrirtæki að mér hefur fundist. Það virðist óljóst hver á það og því virðist ekki gert að greiða sams konar opinber gjöld og öðrum fyrirtækjum sem stunda slíka sölu. En það verður að segjast samt eins og er að í 52. gr. er einungis talað um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki kost á sambærilegum störfum o. s. frv. Hver selur hverjum? Hvert fer söluverðmætið ef selt verður Gullaugað fræga sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skýrði þetta hús á sínum tíma í Morgunblaðinu og nafnið hefur enst býsna vel? Hver selur hverjum? Fer söluhagnaðurinn í ríkissjóð? Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er hér í deildinni, en ég hugsa að hann yrði kampakátur ef þessi söluhagnaður rynni til hans. Ég held að nauðsynlegt sé að fá frekari skýringar á þessu. En allar eru þessar brtt. afskaplega ómerkilegar og lítilvægar, sýnist mér.

Ég held ég fari að stytta mál mitt, virðulegi forseti. Ég áskil mér rétt til að koma inn í þessa umr. aftur þegar málið kemur úr nefnd. Ég á raunar sæti í hv. landbn. Ed. og hef þar tækifæri til að fylgjast með málinu. Formaður hefur boðað fund í þeirri nefnd á þriðjudagsmorgun.

Hins vegar er það til helberrar háðungar að okkur skuli ætlaður svo skammur tími til að fjalla um svo flókið og mikið mál. Málið kemur til okkar á kvöldfundi 14. júní og ég sé ekki betur en, ef það verður ofan á sem menn eru að tala um þinglok, að okkur sé þá ætlað að afgreiða þetta mál á miðvikudaginn. Það verður að viðurkenna að þetta mál fær þá nánast enga athugun í hv. Ed. hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Lagt er ofurkapp á það af hálfu ríkisstj. að þetta mál verði afgreitt. Þeir hafa sagt það mjög skýrum orðum, forsrh. og formaður Sjálfstfl., í samtölum þingflokksformanna og forseta í samningaviðræðum okkar við forsrh. um lok þinghaldsins að þetta mál verði að afgreiða. Mér væri hugnanlegra að við sætum hérna heldur lengur þannig að Ed. gerði meira en að stimpla frv. eins og það kemur frá Nd. og afgreiða það nánast án allrar skoðunar. Það var ekki skemmtilegt í gær þegar verið var að afgreiða útvarpslögin með öllum þeim göllum sem á þeim eru. Það er kannske í dag að menn fást til að viðurkenna, eftir að spennunni og offorsinu linnir, að líklega verði nauðsynlegt að endurskoða lögin á haustdögum áður en þau taka gildi. Mér heyrist það ekki vera fjarri huga sumra manna, enda er augljóst að þau fá ekki staðist. Þetta er rugllöggjöf. Það eru ruglákvæði í mörgum greinum þarna sem eru hvorki skiljanleg né fá staðist. Ég er ekki að segja að það gildi um þetta frv., en ég held að landbn. og Ed. verði að fá að taka þann tíma til umfjöllunar þessa máls sem þm. telja sig þurfa, fá umsagnir, heyra sjónarmið. Það er alveg ljóst að það eru gífurlega skiptar skoðanir um þetta. Hæstv. forsrh. kom inn á það í ræðu einhvern tíma um daginn og vildi lítið hlusta á bændur í þeim efnum. Það er sjálfsagt rétt hjá honum og ég get tekið undir það að sumar þær kröfur sem bændur gera í sambandi við frv. eiga ekki rétt á sér og eru ekki skynsamlegar. En hvað sem öllu líður held ég að þetta mál verði ekki afgreitt á einum fundi hjá landbn. Það held ég að væri alger ofætlun að ætlast til þess og í rauninni mun ég ekki taka neinn þátt í afgreiðslu þessa máls vegna þess að ég tel að það beri að með þeim hætti að það verði að fá meiri athugun en tími er til núna. Ég sé ekki að það séu hundrað í hættunni þó að málið bíði til haustsins og þá yrði reynt að skapa meiri frið um það. Mér heyrist að það sé bannsettur ófriður um þetta mál hjá öllum sem málið snertir. Það er aldrei til góðs. Það er til bölvunar og gott ef hægt er að komast hjá slíku. Auðvitað verða menn aldrei á eitt sáttir um allt í þessum efnum frekar en öðrum. Ég legg áherslu á að skynsamlegast væri að láta þetta mál bíða og sjá hvort ekki er hægt að sætta menn betur í málinu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tala lengi. Ég hef eins og aðrir hvorki haft geð í mér né allt of mikinn tíma til að kynna mér efni frv. og hef því sannast sagna ekki mikið að segja í þessari umr. a. m. k. um frv. í einstökum liðum, enda ekki sá hluti umr. hér í gangi.

Mér finnst reyndar nokkuð táknrænt að eitt þeirra þskj. sem fylgir þessu frv. hingað til Ed. ber töluna 1262. Þá gengu Íslendingar Noregskonungi á hönd. Ég held nefnilega að höfuðgalli þessa frv. liggi ekki endilega beint í þessu frv. heldur í sögu og þróun þessara mála. Með brbl. og lagasamþykktinni 1934 afsöluðu bændur sér frjálsum samningsrétti sem þegnar þessa lands og afkoma þeirra varð að ákvörðun opinberra aðila, auðvitað með íhlutun og þátttöku samtaka bænda, en bændasamtökin hafa síðan ekki haft og

reyndar ekki viljað hafa þann rétt að knýja sín hagsmunamál í gegn með öðrum hætti en með stuðningi ríkisstj. og stjórnmálaflokka og löggjöf. Og hvernig er svo málefnum bænda komið í dag? Hv. 5. landsk. þm. lýsti því nokkuð áðan, og ég held að hann fari ekki mjög langt frá sannleikanum, að þó að framfarir hafi orðið í landbúnaði og þó að auðvitað horfi allt öðruvísi við á býlum en fyrir kannske 50 árum er fjárhagsleg staða bænda mjög slæm. Ég held að það felist í því að þeir eru sumpart í góðri trú og sumpart kannske hjálparlausir vegna þess að ég álít að Stéttarsamband bænda og Búnaðarþing séu ekki til þess bær að halda gersamlega á hagsmunum bænda þeim til heilla. Ég held að þau samtök horfi oft til annarra átta en eingöngu til bænda. Því er staða bænda orðin þannig að þeir skrimta og þeir fá að skrimta, en aðallega fá þeir þó að skrimta til að halda úti ákveðnum aðilum í þessari keðju framleiðslunnar sem hafa allt sitt á þurru, eins og sagt hefur verið. Þar á ég við afurðasölu og úrvinnslugreinar þessa iðnaðar. Ég skil að því leyti allar þær athugasemdir sem komið hafa fram frá samtökum bænda í þessu máli. Þegar enn einu sinni er verið að breyta framleiðsluráðslögunum verða þeir — eðlilega — hræddir um sinn hag rétt eina ferðina og geta kannske lítið að gert vegna þess, eins og ég sagði, að þetta er orðið svo innmúrað skipulag, sem þeir búa orðið við, þetta afsal samningsréttar, að þeir treysta sér ekki að breyta því í höfuðatriðum heldur reyna að klóra í bakkann. Til að mynda geta menn skemmt sér við — það er þó kannske einum of djúpt í árinni tekið að segja „skemmt sér við" því frv. er ekki neinn skemmtilestur — að lesa 19. gr. frv. um verðmiðlun.

„Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur."

Þetta er afskaplega sakleysisleg setning. Síðan skal innheimta verðmiðlunargjald af þeim búvörum og þar fram eftir götunum.

Í c-lið sömu greinar segir, með leyfi virðulegs forseta, að þetta sé allt saman gert „til þess að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað," þ. e. að staðsetning þessara stöðva á ekki að skipta neinu máli fyrir rekstur þeirra.

Þá segir í d-lið: „Til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum atriðum."

„Ég álít að sá hugsunarháttur sem fram kemur t. d. í 19. gr. stangist gersamlega á við þann hugsunarhátt sem gefið er í skyn að þetta frv. eigi að stuðla að. Þetta frv. á að stuðla að rosalega miklu. Þar segir í 40. gr.:

„Byggingu og staðsetningu afurðastöðva skal haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreina," þ. e. með skipulagi því sem þessu frv. er fyrirhugað að fullnægja eiga afurðastöðvar að vera staðsettar þannig að þær séu sem hagkvæmastar fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreina, en síðan á að bæta úr þeim slysum sem verða við þetta ágæta og hagkvæma heildarskipulag með því að með 19. gr. verður hagkvæmni staðsetningarinnar að aukaatriði vegna þess að þeir fá óhagkvæmnina bætta skv. þessum lögum.

Ég tel að þetta eina atriði, sem ég gríp niður í, sé mjög táknrænt fyrir stöðu bænda annars vegar og neytenda hins vegar sem einnig hefur verið minnst á í umr. og þess vegna óþarft að fara að gera mikið mál úr því. Þeirra sjónarmið og þar með hagsmunir voru lítið skoðuð bæði við samningu þessa frv. og afgreiðslu þess, en þó má ítreka þá spurningu, sem fram hefur komið í sambandi við breytingar á greiðslum til bænda, þ. e. í VI. kaflanum, hvernig eigi að standa skil á þessu og hvað kostar ríkið að uppfylla ákvæði 28. og 29. gr. Eins er í 36. og 37. gr. gert ráð fyrir ákveðnum lækkandi framlögum til útflutningsbóta annars vegar og hins vegar framlögum til að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða. Það væri gott að fá upplýst — ég á á ekki sæti í landbn. — hvaða upphæðir menn áætla að hér sé um að ræða á árinu 1986 þar sem annars vegar er gert ráð fyrir hámarki útflutningsbóta um 7% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar og 2% framlagi til að mæta áhrifum samdráttar af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar.

Eftir að hafa lesið lögin yfir þá kemur maður á bls. 17 að grg. Þar segir:

„Grundvöllinn að starfi hópsins," það er hópurinn sem samdi þessi lög, „er m. a. að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 26. maí 1983, en þar segir svo um stefnumörkun varðandi landbúnað."

Ég hirði ekki um að lesa allt það sem þar segir, viðulegi forseti, en með leyfi forseta vil ég lesa hér tölulið 1, 2 og 3 í grein 3.2.:

„Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði endurskoðuð meðal annars með tilliti til eftirfarandi atriða:

1) Skipulagningar búvöruframleiðslunnar eftir héruðum eða framleiðslusvæðum, þar sem tekið er tillit til framleiðsluskilyrða, markaða, landgæða og hóflegrar landnýtingar."

Þegar ég las þetta á sínum tíma í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. hélt ég að hér væri verið að höfða til hugsunar sem skotið hefur öðru hvoru upp kollinum m. a. hjá byggða- og áætlunardeild Framkvæmdastofnunar og þar komist held ég m. a. s. á þrykk, um að menn gerðu á vissan hátt upp á milli svæða á þessu landi í þeim skilningi hvort eitt landsvæði hentaði betur til sauðfjárframleiðslu en annað og annað landsvæði betur til mjólkurframleiðslu en hitt og að hér ætti að skoða og skipuleggja búvöruframleiðslu með tilliti til þessara atriða. Ég sé ekki að það komi fram í þessu frv. Nú kann vel að vera að þessi minn skilningur byggist á misskilningi og þá bið ég um að hann sé leiðréttur.

„2. Breytinga á verðlagningarkerfinu." — Það verður reyndar ekki annað sagt en að breytingar hafi verið gerðar á verðlagningarkerfinu í ýmislegum framkvæmdaatriðum, en ég held að þær breytingar nái ekki til neinna grundvallarbreytinga á verðlagningarkerfinu, heldur má frekar kalla þetta úrbætur.

„3. Meiri hagkvæmni í verslun með garðávexti." — Það kann að vera að menn telji að það felist í því að hætta rekstri Grænmetisverslunar ríkisins.

Þá er liður 3.3.: „Lögð verði áhersla á nýjungar í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði.

3.4. Nýjar búgreinar, svo sem loðdýrarækt, fiskeldi o. fl. verði efldar og stærri hluti fjárveitinga til landbúnaðar renni til þeirra.

3.5. Með þessum og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum verði unnið gegn byggðaröskun og hagur bænda-

stéttarinnar tryggður." Svo stór voru þau orð.

Ég verð að viðurkenna að eftir að hafa lesið þessi markmið fæ ég ekki séð að frv. skili þessum markmiðum að öðru leyti en því að það er minnst á þessa hluti hérna, en ég fæ ekki séð á samanburði frv. við það gamla, núgildandi, þá gífurlegu áherslubreytingu sem mætti ætla að ætti að vera að finna eftir þá markmiðasetningu sem segir frá í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 26. maí 1983. Þannig held ég að þetta frv. fullnægi ekki heldur tilsettum upphaflegum markmiðum.

Ég mætti kannske, með leyfi virðulegs forseta, kynna brtt. sem hér hefur verið dreift, en reyndar er ekki búið að taka formlega á dagskrá. Hún er við þetta frv. Hún var upphaflega flutt á síðasta þingi og var þá við 12. gr. þágildandi laga. Með því að í frv. er ekki gert ráð fyrir sömu afskiptum Framleiðsluráðs af öllum þáttum þessarar starfsemi átti ég sannast sagna í nokkrum vanda með tillgr., en sá það ráð einna best að skjóta henni inn á eftir 57. gr. Þar komi þá ný grein er orðist svo:

„Þeim, sem annast sölu á útfluttum landbúnaðarvörum, er ekki heimilt að taka meira í sölulaun en sem nemur 2% af söluverðmæti þeirra."

Mönnum er kunnugt að hingað til hafa menn tekið sölulaun sín af svokölluðu útflutningsverðmæti, sem er söluverðmæti plús uppbætur, en í þannig fyrirkomulagi felst engin hvatning til söluaðila að reyna að ná sem hagstæðu verði erlendis, þar sem hann fær alltaf sinn skerf hvað sem á dynur. Ég er ekki alveg sammála hv. 5. landsk. þm. um að þetta eigi hugsanlega að vera hærri prósenta. Með því að halda þessari prósentu þetta lágri og þá í samræmi við algenga þóknunarprósentu við sölu fjármuna sé ég í því felast ákveðna hvatningu til söluaðila að reyna að ná sem allra hagstæðustu verði erlendis fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Þar sem ég á ekki sæti í hv. landbn., sem þetta mál fær til meðferðar, vildi ég með örfáum orðum láta mína skoðun í ljós á þessu mjög svo veigamikla máli, vandasama máli eins og hér hefur komið fram.

Þetta mál er vissulega búið að vera í brennidepli alllengi og raunar vissu menn miklu lengur hvað til stóð. Ég álít að það sé alger fyrirsláttur að þetta hafi komið mönnum alveg í opna skjöldu og að undirbúningur hafi ekki verið sem bestur að því leyti. Ég læt það ekki mikið á mig fá þó ýmsir telji að hafi verið fram hjá sér gengið við samningu þessa frv. Kynning á slíku máli er mjög vandasöm og stundum ekki til góðs fyrir framgang mála þar sem mjög auðvelt er að misskilja og snúa út úr. Og að sjálfsögðu eiga bændur ekki einir um að véla.

Í hinu svokallaða septembersamkomulagi formanna stjórnarflokkanna voru lagðar línur sem endurspeglast í frv. sem hér er til meðferðar. Auðvitað ber frv. merki málamiðlunar, en ég verð að segja að mér finnst það furðu gott miðað við aðstæður. Sú nefnd sem það samdi eða sá hópur manna hefur unnið gott starf og náð furðulega góðu samkomulagi og sanngjörnu.

Það er ekki hægt að fara nákvæmlega út í frv., en það má segja frá mínum sjónarhóli að helstu stefnumótandi atriði séu af þrennum toga.

Það er þá í fyrsta lagi að afurðarstöðvar, mjólkurbú, sláturhús og þess háttar, skulu kaupa og því sem næst staðgreiða afurðir af bændum á grundvallarverði sem ákveðið er í samræmi við tilkostnað. Skipting landsins í sölusvæði verður að nokkru leyti lögð niður og búvöruverð til neytenda háð almennum verðlagsákvæðum.

Í öðru lagi verður útflutningsbótum hagað þannig að árið 1990 verða þær ekki nema sem svarar 4% heildarframleiðslunnar. Það fé sem hingað til hefur verið notað til útflutningsbóta verður veitt til eflingar nýrra búgreina fyrst og fremst.

Það er ýmsum vissulega mikill þyrnir í augum að það skuli ekki eiga að afnema útflutningsbætur með öllu. En sé málið skoðað öfgalaust þýða þessi 4% í rauninni ekki annað en að ætíð séu til í landinu mjólkurafurðir og kjöt sem svara til ca. þriggja vikna neyslu okkar sjálfra. Nær finnst mér varla hægt að komast því markmiði að þessar afurðir svari til innanlandsneyslu. Þess má geta að ört vaxandi ferðamannastraumur gæti líka leitt til þess að búvöruframleiðslan yrði komin í jafnvægi fyrr en ætlað er. Við skulum venja ferðamennina á dæmigert íslenskt góðgæti, þ. e. lambakjöt og skyr og fisk náttúrlega, en það er öruggt að þeir fá bæði betri kjúklinga, betra svínakjöt og betri pakkasúpur heima hjá sér.

Þriðja atriðið, sem mér finnst markverðast í þessu frv., er það skref sem stigið er til að losa um innflutning á landbúnaðarvörum og einkaréttur Grænmetisverslunar landbúnaðarins er afnuminn. Að vísu verður búvöruflutningur enn þá háður leyfum og því að innlend framleiðsla fullnægi ekki neyslupörfinni. Auðvitað hefðu sumir ýtrustu frjálshyggjumenn viljað ganga enn lengra, en ég tel að þetta sé nóg í bili, enda er verslun með landbúnaðarvöru víðast hvar í heiminum háð þessum skilyrðum.

Það er auðvitað margt fleira markvert í þessu frv. og mér finnst það allt í frjálsræðisátt. Það er vissulega dregin burst úr nefi Framleiðsluráðs landbúnaðarins og völdin færð samtökum bænda undir yfirstjórn ráðh. Um það voru nokkur átök eins og menn hafa orðið varir við, en ég tel að það mál sé komið í örugga höfn.

Ég get tekið undir það, og mér er nær að halda að það sé rétt, að sauðfjárbændur séu tekjulægsta stétt landsins. Sauðfjárbændur með lítil bú hafa ekki nálægt því verkamannalaun til að lifa af. Hér er í flestum tilfellum um að ræða eldra fólk sem gerir bókstaflega engar kröfur og eyðir engu. Þessum búum hlýtur að fækka á næstu árum. Ég minnist þess að Halldór heitinn Pálsson sagi einhvern tíma að bændum hefði fækkað um tvo á viku allan þann tíma síðan hann fór að fylgjast með. Það er einfaldlega vegna þess að meðalaldur bænda er orðinn nokkuð hár og það að byggja nýbýli nú með öllum byggingum og bústofni er einfaldlega orðið allt of dýrt. Það getur ekki með nokkru móti borið sig. Ég veit dæmi um nýbýli þar sem skuldirnar eru nú um 30 millj. kr., en árstekjur brúttó voru um 3 milljónir. Það dæmi getur aldrei gengið upp. Það sjá allir.

Ef þessi þróun, sem Halldór heitinn Pálsson hafði fylgst með, gengur eftir er hætt við að byggðaröskun gæti orðið óæskilega mikil. Það má svo sem segja að í ýmsum harðbýlum og afskekktum byggðarlögum hljóti fyrr eða síðar að verða að hætta búskap, en ef við teljum skynsamlegt að halda byggð í einhverju jafnvægi og nýta landið allt hljótum við að vilja hafa hönd í bagga með þeirri byggðaþróun.

Ég var að lesa um daginn samþykktir landsfundar

Sjálfstfl. frá 1948. Þar er lýst miklum áhyggjum af fólksflótta úr sveitunum og samdrætti í landbúnaði og margt af því sem þar var sagt árið 1948 gæti verið úr ræðum manna við þessar umr. Þá var bölsýni og þar voru útfararstef bændastéttarinnar kveðin. Þessar 37 ára gömlu samþykktir bera með sér svipaðan ugg og hér hefur verið látinn í ljós um að samdráttur í landbúnaði mundi leiða til hins versta ófagnaðar. Við þekkjum nú allir, sem fylgst höfum með síðan, hvað gerst hefur. Það er hætt við því að þeir sem stóðu að samþykkt árið 1948 hefðu ekki viljað hugsa þá hugsun til enda ef þeir hefðu hugsað sér þann bændafjölda sem nú sér okkur fyrir öllum landbúnaðarafurðum sem við þurfum á að halda og meira til.

Ég sagði áðan að byggðaþróun gæti orðið óæskileg eða stjórnlaus, skipulagslaus og óhagkvæm og að því leyti dýr. Meðal þeirra stjórntækja sem við eigum völ á til að hafa stjórn á byggðaþróun eru efling nýrra búgreina eins og loðdýraræktar og aðstoð við unga menn sem vilja taka við góðum jörðum með húsum og fénaði sem eru vel í sveit settar. Það er synd ef slík fjárfesting nýtist ekki. Það er miklu hagkvæmara og skynsamlegra að halda slíkum jörðum í byggð en ýmsum afdalakotum og harðbýlum jörðum sem nú er haldið við.

Ég skal ekki orðlengja þetta mikið meir. Ég hef, þvert við ýmsa að mér skilst sem talað hafa á undan, marglesið þetta frv. og ég hef rætt við mjög marga bændur. Ég fullyrði að nú, eftir að menn hafa lesið frv. og velt því fyrir sér hvað margar þessar frvgr. þýða, er mjög mikill meiri hl. fylgjandi því að málið nái fram að ganga. Það eru auðvitað ekki allir á eitt sáttir og auðvitað þarf að hyggja að breytingum þegar menn sjá hvernig verður að starfa eftir þessum lögum, en það er sannfæring mín að þetta sé tiltölulega skynsamlegt frv. og þær breytingar sem orðið hafa á því eru ekki til bölvunar.

Landbrh. (Jón Helgason): Virðulegi forseti. Ég þakka þær málefnalegu umr. sem hér hafa farið fram. Það var beint til mín nokkrum spurningum, en ég veit ekki hvort ástæða er til að eyða tíma í að svara þegar hv. fyrirspyrjendur eru ekki staddir í salnum.

Fyrsta spurning sem hv. 2. þm. Austurl. lagði fram var þessi: Hvað liggur á? Hann talaði um að það væru kröfur flokkaformanna eða einhverra annarra sem þar lægju á bak við. Í mínum huga er það aðeins eitt sem knýr á. Það er staðan í þessum málum í dag. Ég tel, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að það hafi dregist of lengi að viðurkenna þær staðreyndir sem við okkur blasa og hefði þurft að snúast við fyrr, það megi alls ekki dragast lengur að snúa vörn í sókn.

Það er að mínu mati mikilvægt að niðurgreiðslur séu eins miklar og kostur er. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum fyrir rúmu ári þegar sú krafa kom fram frá aðilum vinnumarkaðarins í sambandi við launasamninga sem þá voru gerðir að draga stórlega úr útflutningsbótum og niðurgreiðslum til ávinnings fyrir aðra. Ég held að það sé þvert á móti hagur þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu að reyna að halda verði á landbúnaðarvörum niðri. En þarna gerðu aðilar vinnumarkaðarins kröfu um að dregið yrði úr útflutningsbótum og niðurgreiðslum um 300 millj. kr. til að auka framlög Tryggingastofnunar. Að vísu var ekki orðið við þessu að fullu. Það var að vísu aukið við framlögin, en niðurgreiðslur lækkaðar um hálfa þessa upphæð. Ég tel að þetta viðhorf, sem virðist vera ríkjandi í þjóðfélaginu, sé rangt og mun leggja áherslu á að þar verði spyrnt við fótum. Það hefur nú verið aukið við niðurgreiðslur frá því sem ákveðið var samkv. fjárlögum. Þar má nefna 40 millj. kr. niðurgreiðslu sem var ákveðin fyrir skömmu og einnig var áburðarverð greitt niður um nokkuð á annað hundrað milljónir sem kemur í veg fyrir hækkun nú og vissulega nýtist öllum neytendum.

Ég vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði, að það fjármagn sem varið er til nýrra búgreina þarf að renna fyrst og fremst til bænda þeirra sem búa í dreifðum byggðum. Vitanlega reynir þá fyrst og fremst á Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem sér um þessar lánveitingar, og ég treysti því og veit það að hún mun hafa þetta atriði í huga.

Hins vegar gegnir öðru máli um þennan atvinnuveg en aðrar búgreinar því að það kemur ekki að sök hvað markaði snertir þó að einhverjir fleiri bætist í hópinn ef þeir hafa sjálfir fjármagn til leita á erlendan markað með afurðirnar.

Hv. 5. landsk. þm. varpaði fram ýmsum spurningum og gagnrýndi þann hátt sem hafður er á verðmætaútreikningi landbúnaðarins, en í frv. er gert ráð fyrir að hann sé algerlega óbreyttur frá því sem viðreisnarstjórnin, Alþfl. og Sjálfstfl., ákvað árið 1960 þegar þessi háttur var upp tekinn.

Ég vil taka undir hans lokaorð um að vissulega er aldrei til góðs að hafa ófrið. En ég vænti þess, eins og kom fram í orðum hv. síðasta ræðumanns, að þegar menn íhuga þetta betur muni þeir verða sáttari við frv. og skilja hver þörf er að það verði að lögum sem fyrst. Ég hef orðið var við það í hópi trúnaðarmanna bændastéttarinnar, og sem hafa kynnt sér málið, að þeir leggja áherslu á að svo verði.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði um heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, hvaða upphæðir það væru sem yrði varið á næstu árum til greiðslu með útflutningi og til stuðnings við nýjar búgreinar. Á þessu verðlagsári er gert ráð fyrir að heildarverðmætið, sem þarna er lagt til grundvallar, verði um 6 milljarðar kr. 9% af þeirri upphæð eru 540 millj.

Ég skal svo ekki tefja tímann lengur. Ég hef minnst á þau atriði sem helst var vikið að og tel ekki ástæðu til að fara meira út í það þar sem fáir eru viðstaddir, en vil endurtaka þakkir mínar fyrir málefnalegar umr. og þann áhuga sem hér hefur komið fram á að þetta frv. verði sem best úr garði gert og öllum til góðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 1309). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Eins og ég sagði þegar ég mælti í dag fyrir frv. um

Byggðastofnun var ákveðið að leysa núverandi Framkvæmdastofnun ríkisins upp, m. a. í þeim tilgangi að leggja meiri áherslu en gert er í gildandi lögum á aðstoð við þróun nýrra atvinnugreina. Í lögum um Framkvæmdastofnun er heimild til þess að styrkja slíkt og að sjálfsögðu að lána til slíks en segja má að það hafi verið þar eins konar aukaatriði.

Þetta frv. er flutt til þess að setja á fót félag sem örvi nýsköpun í atvinnulífi. Gert er ráð fyrir því jafnframt að einkaaðilar geti gerst hlutahafar í þessu félagi. Við undirbúning málsins var töluvert um það rætt hvort réttara væri að setja á fót sjóð eða félag eins og það sem hér er lagt til að heimilað verði að setja á fót. Í þeim löndum sem lagt hafa mikla áherslu á nýsköpun í atvinnulífinu hafa báðar leiðir verið farnar. Í Skotlandi er t. d. öflugur sjóður, Scottish Development Agency, sem vinnur þar að því að hvetja til stofnunar fyrirtækja á ýmsum sviðum atvinnulífs. En annars staðar hafa félög sem þessi, stundum nefnd áhættufélög, verið sett á fót. Síðari leiðin var hér valin í þeirri von að aðrir aðilar en hið opinbera kysu að gerast þátttakendur í slíku hlutafélagi og legðu því til fjármagn.

Skv. frv. er ríkinu heimilað að gangast fyrir stofnun slíks hlutafélags. Ákveðið er að hlutafé félagsins skuli vera 200 millj. kr. og hefur þegar verið ákveðið með fjárlögum að ríkið leggi fram á þessu ári 50 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ríkissjóður leggi a. m. k. fram aðrar 50 millj. kr. á næsta ári en 100 millj. kr. verði til ráðstöfunar fyrir þá aðila aðra sem kjósa að gerast hluthafar í félaginu.

Jafnframt er gert ráð fyrir heimild til ríkissjóðs til að lána þeim aðilum, sem vilja gerast hluthafar, helming af hlutafjárframlagi sínu til fjögurra ára og eins og tekið er fram í greininni skal það gert með fullum tryggingum og vöxtum, þ. e. með venjulegum vöxtum, eins og þar er sagt.

Einnig er heimild fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast fjármagn til félagsins, samtals að upphæð 500 millj. kr. og það er að sjálfsögðu lánsfé sem ríkissjóður bakábyrgist sem félagið getur þá ráðstafað til þeirrar nýsköpunar í atvinnulífinu sem það kýs að stuðla að.

Eins og kemur fram í grg. með frv. eða athugasemdum er gert ráð fyrir því að félagið stuðli að nýsköpun í atvinnulífinu á ýmsan máta:

1. Með því að láta gera og fjármagna eða taka þátt í gerð og fjármögnun hagkvæmnisathugana og forkannana.
2. Með því að eiga frumkvæði að og/eða taka þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja.
3. Með því að kaupa hlutabréf og/eða skuldabréf atvinnufyrirtækja.
4. Með því að útvega eða veita áhættulán eða ábyrgðir vegna stofnunar, rekstrar og þróunar fyrirtækja.
5. Með því að taka þátt í og/eða styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Með því að hafa frumkvæði að samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja í markaðsmálum, vöruþróun og á tæknisviði.
7. Með því að taka lán til eigin þarfa og til endurlána.

Hér er ekkert sagt um að þetta fyrirtæki skuli leggja áherslu á eitt svið fremur en annað, enda er því ætlað að vinna að slíkri nýsköpun hvar sem hún er líkleg til að bera árangur. Ég vil leggja áherslu á að að sjálfsögðu á það ekki síður við hinar eldri atvinnugreinar en nýjar og raunar er ekki ólíklegt að ná megi mestum árangri skjótast með því að stuðla að nýsköpun í þeim atvinnugreinum sem þegar eiga djúpar rætur í íslensku atvinnulífi, t. d. með því að stuðla að stofnun fyrirtækja sem vinna að tæknivæðingu í sjávarútvegi. Trú mín er sú að þótt íslenskur sjávarútvegur sé nokkuð tæknivæddur þá sé þar enn mjög mikið að vinna. Ég er ekki einn um þá skoðun. Margir telja að stórlega megi auka framleiðni í íslenskri fiskvinnslu. Reyndar sá ég mér til undrunar fyrir tveimur dögum skýrslu þar sem fullyrt er að íslensk fiskvinnslufyrirtæki séu a. m. k. einu stigi á eftir dönskum að þessu leyti. Skal ég ekkert um það fullyrða. Einnig hef ég heyrt íslenska fiskvinnslumenn fullyrða að unnt væri að auka svo tæknivæðingu í fiskvinnslu að fækka mætti þar starfsliði um þriðjung og hækka laun að sama skapi. Ekki skal ég heldur um það fullyrða. En ég efast ekki um að með nýjustu rafeindatækni og rafeindavísindum er hægt að gera þar stóra hluti.

Í landbúnaði er út af fyrir sig þegar hafin nýsköpun með nýjum búgreinum og varið til þess verulegu fjármagni, samtals um 200 millj. kr. á þessu ári. Ber þar refaræktina hæst. Hygg ég að í lok þessa árs verði búið að veita um 200 leyfi fyrir nýjum refabúum.

En okkur Íslendingum er einnig brýn nauðsyn að hasla okkur völl á sviðum þar sem framleiðni á hverja einingu, bæði vinnu og fjármagns, er sem allra mest. Og sem betur fer er slík þróun hafin. Hér hafa verið sett á fót rafeindafyrirtæki er hafa náð undraverðum árangri þrátt fyrir erfiðar aðstæður að ýmsu leyti. Má nefna fyrirtæki eins og Pólinn á Ísafirði sem er talið með þeim fremstu jafnvel í heimi á sviði tæknivæðingar og rafeindaþróunar fyrir fiskvinnslu.

Við þurfum einnig að hasla okkur völl á ýmsum sviðum tölvuiðnaðar og hugbúnaðar eða m. ö. o. því sem gjarnan er nefnt hátækni. Þar eru vitanlega ýmsir erfiðleikar í vegi. Íslenskur markaður er ákaflega lítill og því þurfa fyrirtæki á þessu sviði í flestum tilfellum að leita skjótt á erlendan markað með sína framleiðslu. Það er þá helst þar sem atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn stendur að baki að íslensk fyrirtæki geta þróað sína framleiðslu á innlendum vettvangi.

En þótt ég sé vissulega þeirrar skoðunar að sjávarútvegur og fiskvinnsla muni um langan aldur verða meginstoðir íslensks atvinnulífs, þá hygg ég að okkur sé brýn nauðsyn að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og við hljótum að hasla okkur völl á slíkum hátæknisviðum. Þessi svið eru mörg áhættusöm. Athuganir erlendis hafa leitt í ljós að af hverjum tíu hugmyndum sem fæðast um slíka framleiðslu eigi aðeins þrjú að meðaltali líklega lífdaga og jafnvel aðeins eitt af þeim tíu sem í upphafi eru hugleidd í slíku skyni. Þessu fylgir að sjálfsögðu veruleg áhætta þótt hún sé mismunandi eftir því hvar á þróunarstiginu fyrirtækin lognast út af. En engu að síður er gífurlega mikill ávinningur að þeim fyrirtækjum sem á fót komast og eru þau nú vaxtarbroddur hagþróunar á Vesturlöndum og reyndar miklu víðar, ekki síst í Japan sem er leiðandi að þessu leyti.

Ég átti þess nýlega kost að sitja mjög fróðlega ráðstefnu um slíkan hátækniiðnað og nýsköpun í atvinnulífinu. Þar voru færð fram mjög sannfærandi rök fyrir því að það sé slíkur hátækniiðnaður sem að baki

mikils hagvaxtar í þessum löndum stendur. T. d. var upplýst að í Japan hefur hagþróun á fjórum árum numið 25%, í Bandaríkjunum 15%, en í Evrópulöndunum aðeins 8% og hér á landi hefur hún reyndar engin verið á þessu tímabili vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Öll rök voru fyrir því færð, eins og ég sagði áðan, að allt hafi þetta byggst á ýmsum slíkum iðnaði sem að mörgu leyti var svar við orkukreppunni upp úr 1973 og hefur síðan þróast langtum hraðar en menn óraði þá fyrir.

Það er til mikils að vinna að skapa grundvöll fyrir slíkar atvinnugreinar hér og til þess er þetta frv. flutt. Sumir munu segja að átakið sé ekki stórt. Ég viðurkenni að það mætti vera stærra. En þó er hér gert ráð fyrir að ráðstafa 100 millj. kr. af ríkisfé sem hlutafé og einnig ábyrgðum af hálfu ríkisins að upphæð 500 millj. kr. Það er í raun æðimikið fjármagn í þessu landi sem er fátækt að fjármagni og þarf því miður að sækja það mest á erlenda fjármagnsmarkaði.

Virðulegur forseti. Um þessa nýsköpun í atvinnulífi mætti hafa mörg orð en ég kýs að stytta mál mitt. Ég held að hér sé mjög góður grundvöllur fyrir slíka nýsköpun. Það sýna þau fjölmörgu smáu fyrirtæki sem hafa verið sett á fót. Það sýnir viðleitni fjölmargra einstaklinga sem vinna að slíkum greinum, ekki aðeins í fyrirtækjum í tengslum við sjávarútveginn, sem ég hef nefnt, heldur einnig á sviði hugbúnaðar og er jafnvel hafinn útflutningur þó í smáum stíl sé. Að mínu mati á ríkisvaldið að skapa hinn nauðsynlegasta grundvöll, taka þátt í áhættunni á meðan þessi fyrirtæki eru að komast yfir byrjunarerfiðleikana, draga sig síðan út úr slíkum fyrirtækjum og velta fjármagninu áfram í önnur fyrirtæki.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það væri í sjálfu sér innihaldslaus ræða að fara að gagnrýna þetta frv. og tilgang þess á þessu stigi, því að enn er vitanlega ekki fullreynt hver árangur þessa máls verður. En kannske er ástæða til að lýsa ákveðnum áhyggjum ef það mætti þá skoðast sem varnaðarorð, hvort sem þau hafa áhrif á framvindu málsins eða ekki.

Mér finnst afgreiðsla í Sþ. í gær á tillögum BJ um aðstoð við stofnun smáfyrirtækja ekki benda til þess að sá hugur fylgi máli sem hér er í raun að nokkrum hluta lýst í grg. með þessu frv. og ræðu hæstv. forsrh. Ég leyfi mér því að hafa ákveðnar áhyggjur af því að þetta átak eigi ekki eftir að verða sá stuðningur við smáfyrirtæki sem hæstv. forsrh. virðist vonast til. Ég óttast það, vegna þess hvernig þessi skipan er, að þessu fyrirtæki yrði beint að stærri verkefnum og að þau verkefni gætu jafnvel orðið að fjárfestingarslysum eins og t. d. steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki og fleiri góðum dæmum. (**RA:** Heldur þú að það sé slys?) Það er alveg víst, hv. 3. þm. Norðurl. v. og verður ekki á móti mælt, a. m. k. ekki með rökum.

Ég held að með tilliti til pólitískra aðstæðna á Íslandi, án þess að ég sé að lýsa mig fullkomlega samþykkan þeim, að í þessu tilviki hefði e. t. v. verið skynsamlegra og vænlegra til árangurs að deila þessu framlagi annaðhvort á kjördæmi landsins eða þá á ákveðnar þungamiðjur, ákveðna staði þar sem menn sjá mesta nauðsyn þess að örva atvinnulíf, þá með tilliti til byggðastefnunnar, og halda uppi ákveðinni samkeppni innbyrðis milli héraða eða landshluta við nýtingu þessa fjármagns í þeirri von að eitthvað af þessu fé yrði hugsanlega að arðbærum fjárfestingum, og draga úr hættunni af stórum fjárfestingarslysum sem hugsanlega geta hlotist af jafnmiðstýrðu apparati eins og þessu. Því að þó að hér sé um hlutafélag að ræða, þá er allt féð á einni hendi og því gert að þjóna öllu landinu í einu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég tel það helstan ágalla á þessu frv. að það komi ekki að því marki sem unnt hefði verið til móts við sjónarmið minni samfélaga eða hópa hér á landi og samtaka einstaklinga, heldur muni það endanlega þjóna annaðhvort, og það vona ég að verði alls ekki, hagsmunum þeirra stjórnmálamanna sem við völd sitja hverju sinni eða þá hagsmunum stærri aðila og sterkari sem þar með hafa greiðari aðgang að þessu fjármagni heldur en minni aðilar og veikari.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál við 1. umr. þegar svo er áliðið kvölds, enda verð ég að játa að einhvern tíma hef ég nú haldið ræðu fyrir áheyrendur sem áfjáðari hafa verið að hlusta en þeir sem hér eru staddir, ekki fleiri en þeir eru.

Hér er um að ræða að gera upp dánarbú Framkvæmdastofnunar ríkisins. Stjórnarflokkarnir hafa legið yfir því í bráðum tvö ár hvernig það uppgjör eigi að fara fram og hvernig arfahlutirnir skuli út deilast. Niðurstaðan hefur orðið sú að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir. Þegar slík breyting er gerð, með öllu því brauki og bramli sem því fylgir, þremur frv. í gegnum sex umræður hér á Alþingi og mikilli vinnu embættismanna við að koma þessari nýskipan í framkvæmd, þá finnst manni að það þurfi að hanga eitthvað nýtt á spýtunni. En það er nú einmitt meginkjarni þessa máls að við þessa uppskiptingu á Framkvæmdastofnun ríkisins í þrjá staði gerist í raun og veru ekkert nýtt. Þessir þrír aðilar sem verða til þegar Framkvæmdastofnunin eykur kyn sitt, eins og kallað hefur verið, gegna nákvæmlega sama hlutverki og samsvarandi stofnanir gegndu innan Framkvæmdastofnunar. Það bætast ekki nein hlutverk við né efnahagsleg eða fjárhagsleg tæki. Að vísu bætist þarna við talsvert fé sem lagt er stofnuninni til, í þessu tilviki þróunarfélaginu, en manni virðist að í raun og veru hefði þetta allt getað gerst innan ramma núverandi Framkvæmdastofnunar. Byggðastofnunin tekur bara við þeim þáttum Framkvæmdastofnunar sem fjallað hafa um byggðamálin. Yfir henni verður sérstök kjörin stjórn. Framkvæmdasjóður starfar áfram eins og hann hefur gert og verður áfram sjóður sjóðanna að svo miklu leyti sem menn telja ástæðu til að nota sér þann vettvang í því skyni. Svo kemur þróunarfélagið og er að uppbyggingu og meginhugsun nákvæmlega sama fyrirbrigðið og Framkvæmdasjóður var. Ég hygg að Framkvæmdasjóður í núgildandi lögum hafi allar sömu heimildir og þetta nýja þróunarfélag hefur og í lögunum um Framkvæmdastofnun eru nákvæmlega sömu áformin um að Framkvæmdasjóður geti lagt fram hlutafé í fyrirtækjum, stuðlað að nýsköpun í atvinnulífi, o. s. frv., o. s. frv. Það hefur að vísu lítið verið gert af því, lítið verið notað, lítið verið farið inn á þá braut í

Framkvæmdasjóði. En að það þurfi að hafa svo mikið við að stokka þetta upp og stofna nýtt félag í þessu skyni, það á maður erfitt með að koma auga á.

Greinilegt er að það sem gerist er fyrst og fremst það að við fáum stóraukna skriffinnsku, því að stofnanirnar verða þrjár í staðinn fyrir eina áður. Við fáum stóraukinn kostnað við alla þessa starfsemi sem skiptist í fleiri staði en áður, og við fáum verulega miklu meiri miðstýringu en áður var, meira forræði stjórnvalda, meira einræði. Allt verður þetta nokkrum stórum skrefum fjær lýðræðishugmyndum nútímamanna en var þó í Framkvæmdastofnuninni, því að meginmunurinn á þessu nýja þróunarfélagi annars vegar og Framkvæmdastofnuninni hins vegar er sá að í staðinn fyrir að kosnir hafa verið sjö menn lýðræðislegri kosningu á Alþingi til að stjórna þessari stofnun, þá á forsrh. — væntanlega í umboði sinnar ríkisstj. — að ráða því hverjir sitji í stjórn þessa fyrirtækis. Þar með hefur þeim lukkast það sem væntanlega hefur til staðið í þessu sambandi, stjórnarflokkunum tveimur, að gera þetta að sínu helmingaskiptafélagi. Ég geri ráð fyrir að það verði álíka margir frá hvorum flokki í þessari stjórn. Þeir hafa þá útilokað stjórnarandstöðuflokkana, stjórnarandstöðuna yfirleitt, frá því að koma nokkurs staðar nærri þessu félagi. Það má segja að það sé kannske markmið í sjálfu sér hjá þeim þótt ekki sé það nú sérlega lýðræðislegt. En það er aðalbreytingin.

Hitt allt var fyrir hendi hjá Framkvæmdasjóði. Hann hafði allar þessar sömu heimildir og þetta nýja félag hefur og ekkert því til fyrirstöðu að reka hann með þeim hætti sem ætlunin er að gera hvað snertir þetta félag. Að mestu leyti er þetta því nafnbreyting en að öðru leyti stóraukin miðstýring og umbreyting í ólýðræðislegra form en áður var með alræðisvaldi ríkisstj. yfir félaginu og þeirri margfrægu helmingaskiptareglu sem er svo vinsæl hjá stjórnarflokkunum.

Mönnum finnast þetta kannske hörð orð. En ég vil benda á að þessi stjórn hefur verið alveg sérlega iðin við það umfram aðrar ríkisstjórnir að útiloka stjórnarandstöðuflokka frá lýðræðislegum áhrifum á nefndir sem hafa verið skipaðar til undirbúnings málum. Mætti nefna mörg dæmi um það. Aðalreglan hjá þessum flokkum er sú að þeir skipa nefndir sínum fulltrúum til helminga og aðrir flokkar koma þar hvergi nærri. Þess vegna hefur það gerst að hér kemur inn í þing hvert málið af öðru sem er alfarið undirbúið af stjórnarsinnum án þess að stjórnarandstæðingar hafi svo mikið sem haft spurnir af því hvað fram hafi farið við undirbúning málsins og eru fyrst að lesa frv. þegar þau koma hér inn í þingið.

En þetta var nú útúrdúr. Það gefst betra tækifæri til að ræða þetta mál á síðara stigi þegar nál. er skilað við 2. umr. En ég ítreka það hér að meginatriði málsins er að þetta er eitt allsherjar sjónarspil. Það er verið að gera þeim mönnum til góða sem lengi höfðu haft illan bifur á Framkvæmdastofnun og vildu að hún væri stokkuð upp en þó treystir stjórnin sér ekki til annars en að láta hina gömlu Framkvæmdastofnun lifa áfram í afkomendum sínum, þessum þremur stofnunum sem virðast vera alger spegilmynd af gömlu stofnuninni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 100. fundur.

Laugardaginn 15. júní, kl. 10 árdegis.

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 776, n. 1056, 1064, 1072, 1089 og 1102, 1057, 1073, 1090, 1295). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í fyrrinótt beitti hæstv. forseti Nd. sér fyrir því að samkomulag gæti tekist á milli flokkanna í þinginu um meðferð mála, m. a. á þá leið að frv. til l. um framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða færi hér í gegnum deildina þó að mörgum væri það óljúft að því máli yrði haldið áfram með þeim hætti sem gerðist. En ég tek það fram að það var m. a. fyrir orð hv. formanns landbn. Nd. sem við beittum okkur fyrir því að samkomulag gæti tekist um að þetta mál færi til meðferðar í Ed.

Jafnframt var um það rætt að tvö frv. færu til Ed., þ. e. frv. til l. um þróunarfélag og frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands. Niðurstaðan varð sú, aðallega fyrir handvömm í stjórnarliðinu, aulahátt í vinnubrögðum og innbyrðis sundurlyndi, að til Ed. fór frv. til l. um þróunarfélag, en frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands er hér til meðferðar, enda er það vel, herra forseti, að svo fór. Í þetta skipti ber að þakka fyrir það að ríkisstj. skuli hafa haldið á málum eins og hún gerði í gær með handvömm, klaufaskap og skipulagsleysi vegna þess að hæstv. forsrh. taldi sig knúinn til þess í gærkvöldi að halda áfram þeirri umr. sem hófst um þessi mál í fjölmiðlum. Hann gerði það með þeim hætti að hann kom athugasemd á framfæri við fjölmiðla vegna þeirrar umr. sem hér hafði farið fram með einstaklega lúalegum hætti og sagði þannig frá öllu samkomulagi um þinghaldið. Þess vegna er óhjákvæmilegt að þetta mál verði rætt hér, herra forseti.

Ég fagna því alveg sérstaklega að frv. um Framkvæmdasjóð Íslands skuli vera hér á dagskrá. Við lýsum ánægju okkar með það, Alþb.-menn, að geta hér í Nd. rætt við hæstv. forsrh. um hans vinnubrögð og það sem fram hefur komið af hans hálfu við fjölmiðla.

Ég mun ekki fara út í einstök atriði í þeim efnum heldur halda mig í ræðu minni við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands og fylgifrv. þess sem nú eru komin til Ed. Ég vil hins vegar segja, þannig að af verði tekin öll tvímæli um það: Það voru hæstv. forseti Nd. og hv. formaður landbn. sem beittu sér fyrir því að reyna að ná einhverju samkomulagi um þinghaldið. Þar var ekki um að ræða hæstv. forsrh., sem sýndi í rauninni engan lit í þeim efnum, heldur voru það þessir tveir hv. þm. Framsfl. sem gegna trúnaðarstörfum hér í Nd., sem beittu sér fyrir þessu samkomulagi. Það ber að harma að hæstv. forsrh. skuli hafa tekist að eyðileggja þessa tilraun samflokksmanna sinna um leið og við Alþb.-menn fögnum því að fá tækifæri til að ræða ítarlega um þessi mál.

Frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, herra forseti, er 457. mál Nd. og gerir ráð fyrir að búa til enn eina

ríkisstofnun úr Framkvæmdastofnuninni. Við meðferð málsins hér við 1. umr. gerði ég grein fyrir athugasemdum mínum við þetta frv. og ég hef í samræmi við þær athugasemdir flutt brtt. við þetta frv. á sérstökum þskj. Þær athugasemdir sem ég gerði við frv. voru einkum þessar, herra forseti:

Í fyrsta lagi gerði ég athugasemd við 3. gr. frv., en þar segir:

„Forsrh. skipar sjóðnum stjórn þriggja manna, einn skv. tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn skv. tilnefningu fjmrh. og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar."

Ég benti á það við 1. umr. málsins að hér væri verið að auka embættismannavaldið og auka miðstýringu í höndum ráðh., hér væri verið að víkja Alþingi, hinni lýðræðislega kjörnu stofnun, til hliðar þannig að þingið fengi ekki að hafa hönd í bagga með stjórn þessa sjóðs eins og er nú um að ræða skv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég tel að hérna sé um að ræða mjög háskalega tilraun til að setja þennan mikilvæga sjóð undir embættismenn og miðstýringu eins ráðh.

Með því að hér er jafnframt gert ráð fyrir að stjórnin verði skipuð þannig að einn stjórnarmanna verði skipaður af Seðlabanka Íslands og einn skv. tilnefningu fjmrh. er bersýnilega verið að reyna að ná samkomulagi með þessari grein innan ríkisstj., þar sem heiftarlegur ágreiningur var um hver ætti að stjórna þessum stofnunum. Forsrh. fékk undir sig þróunarfélagið, sem hefur með að gera 500—700 millj. kr., og síðan fær hann einnig undir sig Byggðastofnun með þeim hætti sem hér hefur þegar verið rætt um. Íhaldsmönnum blöskraði að láta hann líka hafa Framkvæmdasjóðinn 100% og lögðu til að sjóðurinn yrði settur undir fjmrh. Ég verð að taka það fram að ég tel að það hefði að mörgu leyti verið mjög eðlilegt. En í staðinn fyrir að setja þennan sjóð undir fjmrh. er reynt að búa til hér eins konar fjölskipað stjórnvald yfir þessum sjóði með tilnefningu fulltrúa frá forsrn., fjmrn. og í rauninni viðskrn. líka.

Aðalatriðið er þó ekki það, heldur hitt að Alþingi er algjörlega ýtt til hliðar. Á þeim forsendum, herra forseti, hef ég flutt 1. brtt. mína sem gerir ráð fyrir að Alþingi kjósi þriggja manna stjórn þessa sjóðs, eða eins og segir á þskj. 1073 í brtt. frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn.:

„3. gr. orðist svo:

Alþingi kýs þrjá menn í stjórn sjóðsins, og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn. Forsrh. skipar formann sjóðsstjórnarinnar."

Um þetta mál er einnig fjallað í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1072 og kem ég nánar að því síðar.

Annað atriði sem ég gerði athugasemdir við í frv. á þskj. 776 var að ríkisstj. gerði ráð fyrir að setja inn í lögin ákvæði um að eignarhaldsfyrirtæki ríkisins tæki við stjórn þessa sjóðs frá 1. jan. 1986 eða eins og hér stendur í 3. mgr. 4. gr. í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 1. jan. 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum."

Hér mun vera á ferðinni skepna sem ríkisstj. hefur verið að reyna að koma á lappirnar undanfarna mánuði, eignarhaldsfyrirtæki ríkisins. Það hefur gengið til með þeim hætti að nú mun hafa verið ákveðið í ríkisstj., a. m. k. í bili, að slátra þessari skepnu. Mér skilst að það hafi jafnvel verið hæstv. iðnrh. sem hafi stöðvað þessa hugmynd ásamt hæstv. fjmrh. Þess vegna var þessi undarlega vitleysa í frv. um Framkvæmdasjóð ríkisins, að eignarhaldsfyrirtæki ríkisins tæki við honum um áramót, felld niður.

Þessi till. er auðvitað ein af mörgum til marks um að þessi frv. voru öll tæknilega mjög illa úr garði gerð. Starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins og Framkvæmdasjóðs komu á fund n. og gerðu fjölmargar tæknilegar athugasemdir við þessi frv. vegna þess að þeir töldu að þau væru svo illa úr garði gerð, beinlínis frá tæknilegu sjónarmiði, að þau væru með öllu óbrúkleg sem löggjöf. Til sannindamerkis um það var m. a. þetta endemisákvæði á þskj. 776:

„Hinn 1. jan. 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum."

Núna er búið að lóga þessari skepnu sem hét eignarhaldsfyrirtæki ríkisins. Það mun hafa verið gert núna á vordögum. Þar með er það fallið út. En ekki er allt búið enn því að í greininni eru fleiri en ein mgr. Þær eru þrjár. Og 2. mgr. er svona:

„Nú verður sett á stofn Byggðastofnun í eigu íslenska ríkisins og skal Byggðastofnun þá eignast helming af fasteign Framkvæmdasjóðs, Rauðarárstíg 25, Reykjavík. Skal fasteignin eftir það vera óskipt sameign Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar. Þó skal þessum aðilum heimilt að skipta með sér nefndri fasteign með eignaskiptasamningi."

M. ö. o. var hér greinilega gert ráð fyrir því af ríkisstj. að Byggðastofnun fengi hálfa fasteignina að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík sem tannfé í upphafi starfsferils síns. Þegar málið kom svo til meðferðar í fjh.- og viðskn. Nd. töldu forráðamenn Framkvæmdasjóðs ríkisins að hérna væri um óeðlilegt lagaákvæði að ræða vegna þess að með því væri verið að skerða sjóðsstöðu Framkvæmdasjóðs Íslands og þar með að breyta stöðu hans gagnvart lánardrottnum og öðrum viðskiptaaðilum. Þess vegna fór það svo að ríkisstj. ákvað líka að slátra 2. mgr. Hún slátraði fyrst þeirri 3. og síðan 2. mgr. og eftir stendur þá að lokum ein mgr. af þremur.

Því hefur verið lýst yfir að Byggðastofnun muni fá hálfa fasteignina að Rauðarárstíg 25 og frá því hafi verið gengið að hún muni fá þessa fasteign. Ég vil því inna hæstv. forsrh., ef hann er hér í salnum, eftir því hvernig ríkisstj. hyggst ganga frá því að Byggðastofnun fái þá hálfu eign tafarlaust og undanbragðalaust og ekki verði gerð tilraun til að selja Byggðastofnun þessa hálfu fasteign á neinum okurkjörum. Það er bersýnilega og var bersýnilega ætlun ríkisstj. að Byggðastofnun fengi þennan hálfa húshluta án endurgjalds sem er auðvitað eðlilegt vegna þess að byggðadeild og Byggðasjóður hafa verið helmingurinn af Framkvæmdastofnun ríkisins. Þess vegna væri auðvitað óeðlilegt með öllu að Byggðastofnun neyddist til að kaupa helminginn af þessari fasteign af Framkvæmdasjóði þó að Framkvæmdasjóður hafi verið skráður fyrir fasteigninni eins og um hefur verið að ræða.

Ég tel þess vegna ástæðu til að mótmæla þeim vinnubrögðum sem höfð eru varðandi Byggðastofnun að þessu leyti til. Og ég vil ganga eftir því og fá að vita undanbragðalaust hver er ætlun ríkisstj. varðandi þessa hálfu húseign Framkvæmdastofnunar Íslands að

Rauðarárstíg 25. Menn geta auðvitað sagt sem svo að þetta skipti varla öllu máli, en staðreyndin er sú og ég er sannfærður um það að ef ekki verður gengið hreinlega frá þessu nú þegar, við meðferð málsins á Alþingi, er hætta á að Byggðastofnun verði af Framkvæmdasjóði Íslands látin sæta afarkostum í þessu efni. Þess vegna óska ég eftir því að þetta mál verði hér hreinsað upp.

Það er ástæða til að spyrja: Hvar er formaður Framkvæmdastofnunar Íslands? Er hann hér á fundinum? Ef hann er það ekki óska ég eftir því að hann verði kallaður hingað á þennan fund, þannig að hægt verði að gera grein fyrir þessu máli og að hann komi þá inn í þá umr. með skilmerkilegum hætti. (**Forseti:** Má ég aðeins gera athugasemd við ræðu hv. þm. Þannig stendur á að hv. þm. Stefán Guðmundsson óskaði eftir því við mig að fá að vera fjarverandi á þessum fundi. Hann mun vera staddur á Sauðárkróki í dag.) Þá ræðum við þetta bara við hv. þm. við framhaldsumræðu málsins á þriðjudaginn eða miðvikudag.

Þá vík ég að 1. mgr. 4. gr., en þar segir:

„Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs skv. lögum nr. 97/1976, sbr. þó 2. og 3. mgr., svo og skuldbindingum þeirra."

Ég innti talsmann Framkvæmdastofnunar eftir því: Hvar er Mótvirðissjóður? Hvernig er með bókhald Mótvirðissjóðs? Er hægt að fá einhverjar upplýsingar um það? Starfsmaður Framkvæmdastofnunarinnar tjáði mér að þær greiðslur sem Mótvirðissjóður fengi af lánum sem hann hefði veitt gengju sjálfkrafa inn í Framkvæmdasjóð og þess vegna væri ekki hægt að greina þar á milli í bókhaldi.

Þá spurði ég starfsmann Framkvæmdasjóðs að því hvernig á því stæði að Mótvirðissjóður væri ekki einfaldlega lagður niður og tekin um það ákvörðun að eignir hans gengju inn í Framkvæmdasjóð Íslands. Og þá kom mjög athyglisvert svar frá starfsmanni stofnunarinnar. Hann sagði: Nei, það er ekki hægt að leggja Mótvirðissjóð niður nema að tala við þá fyrir vestan. Það voru ekki menn vestur á fjörðum, til að fyrirbyggja allan misskilning og af því að ég sé hv. skrifara Ólaf Þ. Þórðarson, heldur voru það menn lengra í vestri. (**ÓÞÞ:** Hvaðan er fjármagnið komið?) Það mun vera komið af Marshall-fé, svo ég upplýsi þennan hv. þm. um það. Það er bersýnilega ekki gert ráð fyrir að Íslendingar ráði yfir þessu að einu eða neinu leyti. Ekki má taka ákvörðun um að færa til þetta apparat öðruvísi en að biðja um leyfi í Bandaríkjunum hjá Bandaríkjastjórn. Það var það sem þarna kom fram.

Það er þetta sem ég vil vekja athygli á, herra forseti, að starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins, og þá meiri hluti Alþingis væntanlega líka, telja að Bandaríkjastjórn eigi að ráða yfir þessum hluta Framkvæmdasjóðs Íslands. Þannig er staðan. Það er ekki hægt að hreinsa þennan sjóð upp vegna þess að eftir er að tala við yfirvöld í Bandaríkjunum.

Þá hef ég, herra forseti, farið yfir 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. Þannig er nú að málum staðið.

Þetta er allt í tómri vitleysu eins og þessi mál koma frá ríkisstj. og þingflokkum stjórnarinnar sem voru að veltast með þetta mál í fleiri mánuði. Svo þegar þessi mál eru loksins lögð fyrir þingið eru þingflokkar stjórnarinnar þannig á sig komnir að þeir geta ekki afgreitt þau vegna þess að það er bullandi ósamkomulag um málin. Þannig er það í hverju málinu á fætur öðru. Stjfrv. eru lögð fram sem reynast svo ekki vera stjfrv. Þm. stjórnarflokkanna koma í nefndum þingsins og segja: Ég samþykki ekki þetta, ég er á móti þessu, ég vil breyta þessu og hinu ákvæðinu. Þetta eru nefnilega ekki raunveruleg stjfrv. Þetta eru pappírar sem koma frá einstökum ráðh. án þess að á bak við þá sé neinn pólitískur vilji. Það er þess vegna sem þinghaldið hefur tafist hér fram eftir öllu sumri. Verkstjórnarleysið í núv. ríkisstj. er svo yfirgengilegt að ekki er gengið frá nokkru einasta máli fyrr en allt er orðið um seinan. Það eru tafirnar í þingstörfunum sem eru notaðar til að koma málum í gegn. Það er vegna tímaleysis en ekki vegna þess að menn taki ákvörðun og afstöðu með eðlilegum hætti sem málum er þröngvað áfram. Ég fullyrði, herra forseti, að aldrei hefur nokkur ríkisstj. staðið að stjfrv. með öðrum eins handarbakavinnubrögðum og núverandi stjórn hefur gert. Það kemur fram í þessu frv. og fleiri frv. sem hér hafa legið fyrir.

Gleggsta dæmið um það er auðvitað lánsfjárlögin. (**Gripið fram í:** Voru þau afgreidd í Ed. í gærkvöld?) *Í gærkvöld, 14. júní 1985, og voru búin að velkjast hér frá því í desember vegna þess að ekki varð samkomulag um eitt eða neitt í stjórnarflokkunum.* Þegar málin komu inn í nefndir þingsins sögðu þm. stjórnarliðsins: Ég samþykki ekki þetta. Ég vil láta breyta þessu. Svo þegar samið er um að reynt verði að láta mál ganga í gegnum deildir þingsins, eins og landbúnaðarfrv. í gær, kemur það fram að formaður þingflokks annars stjórnarflokksins stendur ekki einu sinni að því samkomulagi sem gert hefur verið á milli stjórnarflokkanna. Þannig eru vinnubrögðin og óheilindin á milli manna í þessum efnum svo ótrúleg að ég hef ekki orðið vitni að öðru eins á hv. Alþingi þann tíma sem ég þekki til.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja nokkuð að 6. gr. frv., en þar segir:

„Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk."

Ég geri tillögu um að forstöðumaður þessi verði ráðinn til sex ára í senn og þannig miðað við þá reglu sem tekin er upp í frv. til laga um viðskiptabanka sem er hér á dagskrá og ætlunin var að ræða hér eins og frv. um sparisjóði, en það verður sjálfsagt snúið að koma þeim málum verulega áleiðis á þessum fundi, eins og að málum er staðið af ríkisstj.

Ég vil í þessu sambandi benda sérstaklega á frv. um Byggðastofnun sem er farið hér í gegn. Þar er gert ráð fyrir að ráðinn verði forstjóri og gefið í skyn í orðalagi að alveg eins geti verið tveir forstjórar Byggðastofnunar. Ég spurði fyrir nokkru: Er þetta ekki vegna þess að stjórnarflokkarnir vilja koma þarna inn hvor sínum manninum, þeir vilja tryggja að báðir helmingaskiptaflokkarnir fái mann í stjórn Byggðastofnunarinnar? Ég spurði: Hvaða þm. í stjórnarliðinu eru það sem ríkisstj. vill losna við og koma þarna fyrir og „parkera" í Byggðastofnun? Eru það hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson eða hvaða menn eru það sem eiga að fá þessa bitlinga?

Ég er sannfærður um að einhver vildi koma hæstv. fjmrh. þangað, en ég er jafnviss um að enginn í hans flokki — eða fáir — mundi treysta honum fyrir því að fara í Byggðastofnun eins og ástandið er þar. Ég er hins vegar sannfærður um að margir gætu hugsað sér að koma honum í einhverja stofnun eins og staðan er núna.

Þannig er staðan og þess vegna hef ég lagt til að þessi forstöðumaður Framkvæmdasjóðs verði ráðinn til sex ára í senn, tekin yrði upp sú regla að menn væru aðeins ráðnir í þessa stofnun til takmarkaðs tíma.

Herra forseti. Það frv. sem hér er um að ræða er aðeins tólf greinar og í sjálfu sér er meginhlutinn af þeim greinum tæknilegs eðlis. En ég hef gert hér athugasemdir við allar helstu efnisgreinar frv. og ég hygg að það sjáist af þeim athugasemdum hvað þetta frv. og önnur stjfrv. í vetur eru illa undirbúin og illa á þeim haldið af þeim ráðh. sem flytja þau, í þessu tilfelli hæstv. forsrh.

Herra forseti. Á þskj. 1072 er álit 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur á mörgum fundum fjallað ítarlega um frumvörpin þrjú sem gerðu ráð fyrir því að breyta Framkvæmdastofnun í þrjár stofnanir. Frumvörpin eru öll illa undirbúin frá tæknilegu sjónarmiði. Sést það best á því að meiri hl. n. neyðist til þess að flytja sjálfur margar brtt. við frumvörpin. Í nál. um frv. til l. um Byggðastofnun gerir 2. minni hl. grein fyrir áliti sínu á frumvörpunum í heild. Hér verður því ekki um ítarlega efnisumfjöllun að ræða í þessu nál. enda eru frumvörpin í raun til meðferðar samtímis.

Frv. um Framkvæmdasjóð gerir ráð fyrir því að sjóðurinn starfi áfram með sjálfstæðum hætti. Hér er því ekki verið að leggja niður starfsemi ríkisstofnunar eða að draga úr henni á nokkurn hátt eins og talsmenn ríkisstj. hafa látið í veðri vaka.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir aukinni miðstýringu embættismannavaldsins. Þar segir að embættismenn eigi að annast alla stjórn sjóðsins, þ. e. sérlegir fulltrúar fjmrh., forsrh. og Seðlabankans. Þessu ákvæði mótmælir 2. minni hl. sérstaklega. Þess vegna flytur hann brtt. um að sjóðnum verði kosin stjórn á Alþingi.

Þá bendir 2. minni hl. á að eðlilegt sé að ráða forstöðumann Framkvæmdasjóðs til takmarkaðs tíma í samræmi við önnur lagaákvæði sem hafa verið afgreidd á síðustu þingum um forstöðumenn ríkisstofnana (sbr. nú frv. til l. um viðskiptabanka sem mun vera til 2. umr. einhvern tíma síðar á þessu þingi).

Fluttar verða brtt. um þetta efni af undirrituðum. Fallist meiri hl. þingsins hins vegar ekki á þessar brtt. mun 2. minni hl. ekki taka þátt í atkvæðagreiðslum um frv. þetta.

Meiri hl. hefur lagt fram nokkrar brtt. M. a. gerir hann ráð fyrir því að felld verði niður úr frv. 2. mgr. 4. gr. sem fjallar um húseign Framkvæmdastofnunar ríkisins. Meiri hl. n. hefur fullyrt að ríkisstj. hafi viljað og vilji ganga svo frá hnútunum að Byggðastofnun fái örugglega helming húseignar Framkvæmdastofnunar. Gengur minni hl. út frá því að það sé tryggt eftir yfirlýsingar formanns n."

Herra forseti. Ég spurði hér áðan um hv. þm. Stefán Guðmundsson sem er formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég vil inna eftir því hvort formaður fjh.- og viðskn. hv. Nd. er viðstaddur þessa umr. þannig að við getum átt nokkur orðaskipti um mál sem lúta að Byggðastofnun. (**Forseti:** Það gildir víst sama um þann hv. þm. Báðir eru þeir staddir norður í landi, annar í Húnaþingi og hinn í Skagafirði. Þetta tilkynntu þeir forseta í gær.) Mér þykir vænt um að hæstv. forseti getur greint okkur frá því nokkuð nákvæmlega hvar þeir eru þó að það komi ekki fram hvor er í Húnaþingi og hvor í Skagafirði. En þó er ljóst að umr. um þessi mál hlýtur að fara fram einhvern tíma seinna, í næstu viku, ef þeir skyldu koma aftur til löggjafarstarfa, þessir tveir hv. þm. Ég innti eftir þessu til þess að fram kæmi hvernig staðan væri varðandi þetta mál. Reyndar sýnist mér að ef þm. stjórnarliðsins eru flestallir fjarverandi á þessum morgunfundi sé engin ástæða til eða möguleiki að afgreiða nokkurt einasta mál og bersýnilegt sé að ekki hefur verið nein alvara með þessum morgunfundi af hálfu stjórnarliðsins. Þeir hafa aðeins ætlað að nudda örlítið áfram einhverjum málum í umr. Það er greinilega ekki nokkur vegur að koma einu einasta máli áfram á milli umr., hvað þá á milli deilda, vegna þess að heilu hlekkirnir í þingmannahópi Framsfl. eru fjarverandi, láta ekki sjá sig hér, láta ekki svo lítið að vera viðstaddir þegar verið er að afgreiða mál eins og þau sem hér er um að ræða og snerta þó báða þessa þm. með mjög ákveðnum hætti þar sem annar er formaður fjh.- og viðskn. og hinn formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Síðar segir hér í nál 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1072:

„Þá gerir meiri hl. ráð fyrir því að 3. mgr. 4. gr. falli niður, en þar segir svo:

„Hinn 1. jan. 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum."

Skv. upplýsingum frá stjórnarliðinu virðist ríkisstj. nú hafa fallið frá öllum hugmyndum um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins. Er þetta undarlega frumvarpsákvæði því fellt niður.

Loks skal þess getið að spurt var um eignir Mótvirðissjóðs í n. Engar upplýsingar komu fram um heildarstöðu sjóðs þessa sem upphaflega var stofnaður með Marshall-fé. En hins vegar greindi starfsmaður Framkvæmdastofnunar frá því að sjóðinn væri ekki hægt að leggja niður né heldur að sameina hann Framkvæmdasjóði nema spyrja Bandaríkjamenn leyfis. Hlýtur þetta að vera mál sem Alþingi verður að taka til sérstakrar athugunar."

Ég hef hér lokið, herra forseti, að gera grein fyrir áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands á þskj. 776, 457. mál þingsins. Ég bendi á að nefndin klofnaði í fjóra hluta. Það á eftir að gera grein fyrir þeirri afstöðu sem 1. og 3. minni hl. taka, en hv. þm. Kjartan Jóhannsson leggur til að frv. verði felld og hv. þm. Guðmundur Einarsson gerir ráð fyrir að þessi sjóður verði eins konar deild í fjmrn. Þess vegna er bersýnilegt að margt er að ræða í þessu máli, víða er komið við. Þetta tengist líka tveimur stórum málum sem reyndar eru þegar komin til Ed., en sem betur fer er kostur á því hér í hv. Nd. að ræða nokkuð ítarlega um þetta mál.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands er eins og kunnugt er hluti af svonefndum þríburum, eða

þeim þríhöfða þurs sem var niðurstaða af miklu samningamakki innan stjórnarflokkanna út frá þeirri forsendu að Framkvæmdastofnun Íslands ætti að leggja niður. En í stað þess að hún yrði lögð niður reis hún upp í þreföldu veldi. Þess vegna er það svo að frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands verður ekki skoðað öðruvísi en í samhengi við hin frv. og þó einkum og sér í lagi það frv. sem varðar Byggðastofnun. Þegar á það er litið er ljóst að hér er ekki um neina raunverulega skipulagsbreytingu að ræða aðra en þá, sem felst í því sem ég minntist á áðan, að auka á yfirstjórn og bákn með því að gera þrennt úr einu, þrefalda stjórn, þrefaldan framkvæmdastjóra og þar fram eftir götunum.

Hlutverk þessa sjóðs hefur, að því er sagt er, verið að hafa milligöngu um lánsfjáröflun fyrst og fremst til annarra sjóða. Þetta hlutverk breytist ekki neitt þótt það frv. sem hér liggur fyrir verði samþykkt og það breytist ekki heldur á þann veg að hlutverk sjóðsins aukist ef svonefnd sjóðafrv. yrðu samþykkt. Frekar yrði það á hinn bóginn að hlutverkið mundi minnka. Þegar af þeim sökum er vitaskuld ástæðulaust að hlaða undir sjóðinn eins og hér er gert ráð fyrir, að auka honum sjálfstæði, stjórn, skrifstofubákn og býrókratí. Hér er því greinilega um spor aftur á bak að ræða. Þessi sjóður er einfaldlega af því tagi að vilji menn hafa hann getur hann sem best verið deild í fjmrn. Á þetta bendi ég í nál. mínu.

Ef menn treystust hins vegar ekki til að gera þennan sjóð að deild í fjmrn. er til önnur stofnun þar sem nóg húspláss er. Þar mætti líka hýsa þennan sjóð og væri ekkert því til fyrirstöðu að hann gæti verið deild þar ef of þröngt væri í fjmrn. Sú stofnun sem ég á við er vitaskuld Seðlabanki Íslands.

Þannig er það að frv. sem hér liggur fyrir er greinilega spor aftur á bak og horfir ekki til einföldunar. Það gerir hlutina flóknari á sama tíma og það liggur ljóst fyrir að hinar einfaldari lausnir eru mjög fýsilegar svo framarlega sem menn telja að þessi sjóður eigi að vera fyrir hendi. Hinar einföldu lausnir eru þær að þessi sjóður sé vistaður annaðhvort í fjmrn. eða Seðlabanka og hallast ég þó frekar að því að hann eigi að vera í fjmrn. Ég sagði: ef menn treystast ekki til að leggja þennan sjóð niður. Sjóðurinn hefur að sjálfsögðu ýmsar skuldbindingar sem hann hefur undirgengist og þess vegna er ekki eins einfalt og að segja það að leggja sjóðinn niður. Á hinn bóginn gætu menn hugsað sér að hann hætti lántökum. En þá kom fram það sjónarmið að sjóðurinn ætti svo mikinn goodwill eins og sagt er, ætti svo mikið lánstraust í útlöndum að það gæti verið nauðsynlegt að halda því til haga og slíkt lánstraust gæti verið Íslendingum brúklegt. Ég er ekki viss um að lánstraust Íslendinga í útlöndum sé orðið þeim brúklegt lengur. Ég held að á undanförnum árum hafi Íslendingar misnotað þetta lánstraust sitt þannig að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar hafi verið stefnt í voða. Í raun hefði okkur verið hollara að hafa ekki notið eins mikils lánstrausts og ekki verið eins lánaglaðir og raun ber vitni.

Ég gerði þessa skuldasöfnun að nokkru umtalsefni við umr. um lánsfjárlög og varaði mjög við henni. Ég vil benda mönnum á að nú berast viðvaranir frá ýmsum alþjóðastofnunum um það hversu tæpt við stöndum, og í hvert óefni stefnir. Nægir í því sambandi að minna á síðustu skýrslu frá OECD þar sem mjög er varað við í þessum efnum. Bent er á að vaxtabyrðin af hinum erlendu skuldum okkar sé orðin svo þung að það muni standa í vegi fyrir hagvexti og batnandi lífskjörum á komandi árum. Vaxtabyrðin er orðin hærri í prósentum af þjóðarframleiðslu en við getum gert ráð fyrir að hagvöxtur verði á næstu árum. Það þýðir vitaskuld að hagvextinum verður ekki varið til bættra lífskjara. Hann verður að fara í það að standa undir vaxtabyrðinni.

Ég nefni þetta vegna þess að það hefur verið talið þessu frv. til gildis að við skyldum halda til haga lánstrausti sem við hugsanlega ættum í gegnum þennan sjóð. Það virðist nú orðið harla varasamt fyrir Íslendinga að njóta þessa lánstrausts eins og þeir hafa misnotað það.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að taka á málefnum Framkvæmdastofnunar Íslands og endurskoða frá grunni hvernig menn haga sjóðakerfinu annars vegar og hins vegar með hvaða hætti menn rækju hér byggðastefnu sem ætti að mínum dómi að einkennast af því að stutt væri við lífvænlega byggð þar sem mögulegt væri og með markvissum hætti. Jafnframt væri mönnum hjálpað til að grisja byggð þar sem það væri óumflýjanlegt. Þetta þyrfti að gera með markvissum hætti.

Þær stofnanir sem uppi hafa verið hafa ekki gert það. *Í þeim hefur verið rekin tilviljunarkennd fyrirgreiðslupólitík annars vegar og hins vegar hafa menn setið við skýrsluskriftir og álitsgerðir sem engum hafa verið til gagns og hafa rykfallið uppi á hillum eða niðri í skúffum. Eina gagnið sem menn hafa haft af þeim hefur verið að hafa þær sér til skemmtunar þegar menn hafa sett á blað „selvfølgeligheder" sem mönnum fannst þeir* geta gert að aðhlátursefni.

Fyrirkomulagið sem uppi hefur verið hefur að mínum dómi staðið í vegi fyrir skynsamlegri hagþróun á Íslandi og bættum lífskjörum. Það fyrirkomulag sem við höfum haft á um lántökur erlendis er beinlínis að spilla lífskjörum okkar. Þess vegna er veruleg þörf á uppskurði á þessu öllu saman.

Það sem nú er verið að gera virðast menn telja sér trú um að sé einhvers virði í þeim efnum. En það er rangt. Það er einskis virði. Þetta er yfirklór sem engum árangri skilar. Það versta er þó ekki að menn skuli fara til verka sem litlu breyta og ekkert bæta, heldur hitt að vegna þess að þeir standa í þessu streði með þessar breytingar telja þeir sjálfum sér trú um að þeir hafi unnið eitthvert verk og þeir standa þannig í vegi fyrir því að gengið verði til þeirra verka sem nauðsynleg eru. Það yfirklór sem menn nú standa í verður mönnum afsökun. Menn segjast vera búnir að stokka þetta upp, breyta og bæta þegar það er í raun og sannleika rangt. Þess vegna mun samþykkt þessara frv., þ. á m. þess frv. sem hér er verið að fjalla um, verða til þess að tefja fyrir því að menn framkvæmi þá endurskipulagningu sem nauðsynleg er.

Með tilvísan til þessa, herra forseti, tel ég að fella eigi þetta frv. Það álit kemur fram í mjög stuttu máli í nál. á þskj. 1064. Ég skal ekki rekja það nál. öðruvísi en að lesa niðurlag þess, en það er svona:

„Samþykkt þessa frv. nú tefur vafalaust fyrir því að nauðsynleg skref verði stigin til einföldunar eins og að framan hefur verið lýst.

Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt."

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minu, sem er á þskj. 1089, um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að mati undirritaðs eiga fyrirtæki og aðrir, sem á lánsfé þurfa að halda, að semja um lántökur erlendis sjálfir, beint eða með milligöngu viðskiptabanka. Að þessu leyti er því Framkvæmdasjóður Íslands orðinn óþarfur og mætti fella lagaákvæði um hann úr gildi.

Í grg. með frv. er hins vegar greint frá því að sjóðurinn hafi stofnað til mikilla skuldbindinga erlendis með löngum lánum og ef sjóðurinn yrði formlega lagður niður gæti það valdið óróa hjá lánveitendum sem e. t. v. teldu sér heimilt að gjaldfella lánin nú þegar.

Þótt það sé reyndar skoðun undirritaðs að takmarkalaus rósemi erlendra lánardrottna kunni að reynast Íslendingum dýrkeypt fellst hann á röksemdir í grg. vegna eldri skuldbindinga. Hins vegar telur hann enga ástæðu til að framlengja lántökuhlutverk sjóðsins.

Í brtt. á sérstöku þskj. leggur undirritaður til að sjóðurinn verði færður undir stjórn fjmrn. og gætt verði þeirra skuldbindinga sem þegar hafa verið gerðar en látið af frekari lántökum."

Herra forseti. Þarna kemur fram meginefni álits míns í þessu máli. Þær brtt. sem ég flyt, eins og ég kem að í nál., eru á þskj. 1090. Aðalatriði þeirra eru:

Í fyrsta lagi legg ég til að Framkvæmdasjóðurinn verði færður undir fjmrh., verði nokkurs konar deild í fjmrn.

Í öðru lagi legg ég megináherslu á að hlutverk Framkvæmdasjóðsins verði héðan í frá einungis að gæta þeirra skuldbindinga sem þegar hafa verið gerðar fyrir hönd sjóðsins. Skv. þeim upplýsingum sem fram komu í nefndinni eru lánin umtalsverð og mörg löng og mörg þeirra á góðum kjörum. Þess vegna er óþarfi að rugga bátnum svo rækilega að órólegir lánveitendur erlendis kynnu að sjá ástæðu til að segja þessum lánum upp og þau yrði þá að endurnýja á öðrum og verri kjörum. Þess vegna leggur undirritaður til að sjóðurinn fái að starfa áfram sem nokkurs konar umsjónarkontór með þeim lánasamningum og lánum sem þegar hafa verið tekin, en að endir sé bundinn á lántökuhlutverk hans. Mér sýnist framganga Íslendinga í lántökum vera þess eðlis að ekki þurfi sérstaklega að óttast að okkur bresti lántökugetu til góðra verka í framtíðinni þó að einn sjóðurinn hérlendis sé sviptur réttindum til þeirra starfa.

Eins og fram kemur framar í nál. tel ég rétt að vinna við lántökur og samningar um þær færist á hendur þeirra sem hafa þar sambönd og væntanlega sérþekkingu, en það ættu að verða viðskiptabankarnir ef þeir hafa þá þekkingu ekki nú þegar. Því legg ég til að Framkvæmdasjóður Íslands verði héðan í frá einungis gæsluaðili fyrir þær skuldbindingar sem þegar hafa verið gerðar og að hann fái skrifborðshorn hjá hæstv. fjmrh. til að sinna þeirri gæslu uns yfir lýkur. Legg ég þar með til að þegar greitt hefur verið af síðasta láninu í vörslu þessa sjóðs hætti hann starfsemi sinni.

Ég held að það sé óþarfi og óráðlegt að gera ráð fyrir lántökuhlutverki sjóðsins áfram eins og gert er í þessu stjórnarfrv., vegna þess að það þýðir að við framlengjum tilvist hans í það óendanlega þar sem hann getur þess vegna haldið áfram að taka lán og þá þarf hann síðan að vera til því einhver þarf að gæta þessara lána. Ég held þess vegna að rétt sé að fara þá leið sem ég hef lagt til í brtt. mínum.

Ég ætla að láta mér nægja í þessari umferð að gera á þennan hátt almenna grein fyrir brtt., en mun síðan taka þátt í frekari umr. um þetta mál þegar fleiri sjónarmið — þá á ég við sjónarmið ráðh. og aðstandenda frv. — hafa komið fram.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hv. 3. þm. Reykv. yrði sóttur. (**Forseti:** Það verður gerður reki að því að hv. 3. þm. Reykv. verði viðstaddur.) Ég held að hann hafi sest niður í kaffistofu. (**Forseti:** Þess er óskað að hv. þm. Svavar Gestsson verði viðstaddur umr. og gangi í þingsalinn.)

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. átaldi mig fyrir að hafa látið fjölmiðlum í té upplýsingar um greiðslur úr ríkissjóði fyrir aðkeypta þjónustu. Mér þykir það undarlegt, satt að segja. Ég tel að slíkar upplýsingar eigi að liggja á lausu fyrir fjölmiðla. En ég skal upplýsa nánar um það mál allt.

Eftir að umr. urðu verulegar um greiðslur fyrir störf að svonefndum álsamningi tók ég það mál upp í ríkisstj. og var það síðan rætt þar í tvígang og að ósk minni var ákveðið að öll rn. tækju saman greiðslur fyrir aðkeypta þjónustu fjögur til fimm ár aftur í tímann. Ég vil fullvissa hv. þm. um það að þær upplýsingar verða ekki faldar, enda er ekki nokkur ástæða til slíks.

Jafnframt vil ég nefna það, sem þm. er að sjálfsögðu kunnugt, ég hygg að það hafi verið 12. þessa mánaðar í umræðu, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beindi spurningum til mín um greiðslur til þeirrar nefndar sem unnið hefur svonefnd sjóðafrumvörp. Ég taldi sjálfsagt að verða við því og lét taka þær upplýsingar saman. Hann beindi einnig ýmsum tilmælum um upplýsingar til iðnrh. sem ég kom á framfæri við hann. Þetta var að sjálfsögðu allt saman tilbúið, en ekki vannst tími til að koma þeim hér á framfæri. Fréttamenn hafa hins vegar spurt um þær daglega og reyndar um slíkar þóknanir í rn. eftir að umræða varð um það.

Þegar ég var að yfirgefa þinghúsið í gær kom til mín fréttamaður sjónvarpsins, Ólafur Sigurðsson, og tjáði mér að Morgunblaðið væri búið að fá þessar upplýsingar og óskaði eindregið eftir því að fá þær einnig. Ég afhenti honum þá ljósrit af þeim gögnum sem ég var með um þetta. Í fyrsta lagi var um að ræða minnisblað til mín frá aðstoðarmanni mínum, Helgu Jónsdóttur, og sömuleiðis það sem ég hafði fengið frá iðnrn., en það er eina rn. sem er búið að taka saman slíkar upplýsingar, að nokkru a. m. k., frá árinu 1981 og til dagsins í dag.

Ég vil taka það fram að það sem kemur fram í Morgunblaðinu er ekki frá mér komið. Þar eru upplýsingar sem ég afhenti ekki, m. a. bréf sem hæstv. fyrrv. iðnrh. er sagður hafa ritað. Ég afhenti fjölmiðlum það ekki. Það var eflaust ákvörðun iðnrh. að það yrði afhent, enda hefur eins og ég segi verið mjög eftir því gengið og engin ástæða til að fela slíkt.

Í því minnisblaði sem til mín var ritað um greiðslur vegna þeirrar nefndar sem vann þessi frv. segir m. a.:

„Til forsrh. frá Helgu Jónsdóttur.

Efni: Greiðslur vegna nefndar til endurskoðunar sjóðakerfisins.

Nefndin var skipuð hinn 24. október 1984 og í henni áttu sæti Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur,

formaður, Friðrik Sophusson alþm., Stefán Guðmundsson alþm. og Valur Valsson bankastjóri, ritari nefndarinnar. Starfsmaður var Gunnlaugur M. Sigmundsson forstjóri.

Við formann nefndarinnar var gert sérstakt samkomulag um þóknun á verkfræðingstaxta fyrir þann tíma sem hann þurfti að taka frá stofu sinni. Námu heildargreiðslur til hans 173 945 kr. Ég vil taka það fram að áður en ég samþykkti það kynnti ég mér hvernig hefði verið háttað slíkum greiðslum fyrir menn sem ekki eru í fastri vinnu og mér var tjáð að a. m. k. í allmörg ár hefði sá verið siðurinn. Ég samdi hins vegar um það við Guðmund að ekki yrði reiknað sérstaklega þótt vinna væri t. d. utan dagvinnutíma eða þess háttar.

Þóknunarnefnd ákvað hins vegar þóknun til annarra nefndarmanna og starfsmanns og var sú þóknun ákveðin 25 000 kr. til hvers.

Þess má geta að skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið hélt nefndin alls 40 bókaða fundi sem stóðu alls í 140 klst. og segir hér að skipst hafi nokkurn veginn til helminga að unnir voru í dagvinnu og utan dagvinnu og þá mest um helgar, hygg ég. Auk þess voru haldnir fjölmargir óformlegir fundir með hagsmunaaðilum og mikil vinna lögð í gagnaöflun milli funda.

Að auki réð nefndin sér lögfræðinga til ráðgjafar og samningar lagafrv. Fengu þeir greitt skv. taxta eins og tíðkast hefur í rn. og ég lýsti fyrr. Baldur Guðlaugsson fékk 305 525 kr., Eiríkur Tómasson 222 925 kr. og Heimir Hannesson 22 500 kr. Ég vil taka undir það, sem fram hefur komið, að greiðslur úr ríkissjóði fyrir aðkeypta þjónustu eru mikið umhugsunarefni. Staðreyndin er sú, eins og ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson getur mjög vel borið af sinni reynslu, að starfskraftar eru takmarkaðir í ráðuneytunum og því hafa rn. orðið að ráða færa menn sem utan rn. eru starfandi. Í þeim tilfellum hefur, eins og fram hefur komið í upplýsingum frá iðnrn. og birst hafa í Morgunblaðinu, þeim mönnum verið greitt skv. þeim taxta sem gildir á hverjum tíma.

Ég tel hins vegar að allt þetta þurfi að endurskoða og athuga hvort ríkisvaldið getur ekki náð viðunandi samningum um slíkt, enda má líka segja að það er gífurlega mikið misræmi í því sem þóknunarnefnd ákveður og kom fram í því sem ég sagði áðan og töxtum hinna, þ. e. ráðgefandi manna utan ríkiskerfisins. Þess vegna hef ég ákveðið að óska eftir því að öll rn. taki saman slíkar upplýsingar og reyndar liggja þegar fyrir frá iðnrn. meiri upplýsingar um þessi mál sem iðnrh. ákveður að sjálfsögðu hvernig hann fer með. En ég endurtek að þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir mun hvert rn. ákveða hvort þær verða lagðar fram fyrir almenning, en það tel ég sjálfsagt því að það er ekkert að fela í þessu og fjölmiðlar spyrja um þetta daglega nú. Þeir munu fá þær upplýsingar eins og viðkomandi ráðh. telja rétt. Iðnrh. taldi rétt að ekki væri legið á þeim upplýsingum sem hann hafði látið taka saman, enda höfðu þegar verið birtar upplýsingar um tvö síðustu árin og því full ástæða til að birta upplýsingar lengra aftur í tímann.

Hv. þm. ræddi það frv. sem hér liggur fyrir. Hann óskaði upplýsinga frá mér um 4. gr. frv., fyrst og fremst um það hvort tryggt væri að Byggðastofnun fengi hálft það hús sem Framkvæmdasjóður á nú við Rauðarárstíg. Það er rétt hjá hv. þm. að í meðferð málsins var ákveðið að hafa annan hátt á en fyrst var gert ráð fyrir vegna þess að samkomulag varð um að stjórn Framkvæmdastofnunar gengi frá því máli alveg á næstunni. Ég get fullyrt að það verður gert á þann máta að húseignin verður ekki seld á háu verði til Byggðasjóðs. Byggðasjóður mun fá helming af húsinu til fullra afnota með mjög góðum kjörum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umr. þýðingarmikið mál, frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, lagt fram af hæstv. forsrh. sem á að fara með stjórn þessa sjóðs sem ábyrgðaraðili, skipa honum stjórn til þriggja ára, gefa árlega skýrslu til Alþingis um starfsemi hans og eins og segir í 10. gr.:

„Forsrh. staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum."

Hér hefur a. m. k. af hálfu eins talsmanns minni hl., hv. 4. landsk. þm., verið lagt til að Framkvæmdasjóður og meðferð hans verði falið öðrum ráðh. til forsjár. Ekki skal ég segja um rökin fyrir því eða gera þau hér að sérstöku umtalsefni. En það hlýtur að vera mjög traustvekjandi fyrir menn að horfa til þess að sjálfur hæstv. forsrh., ekki síst sá núverandi, skuli vera sá sem fari með reikningshald þessa sjóðs.

Það var í umr. um 2. mál, sem hefur verið kennt við Framkvæmdastofnun sem nú er hugmyndin að leggja niður, frv. til l. um sérstakt þróunarfélag, að ég tók til máls og beindi nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. — sem ég kynni betur við að væri í þingsal við umr., virðulegur forseti. (**Forseti:** Þess er óskað að hæstv. forsrh. sé í þingsal meðan hv. þm. flytur ræðu sína.) Einnig óskaði ég eftir því við fyrri hluta míns máls við þá umr. að hæstv. iðnrh. væri viðstaddur. (**Forseti:** Ef forseti má aðeins grípa inn í ræðu, þá hef ég skv. sérstakri beiðni þess hv. þm. sem nú er í ræðustól kannað hvort iðnrh. sé hér. Hann er ekki í húsinu. Hann mun vera utanbæjar ef ekki erlendis. Það er því ekki kostur á því fyrir forseta að knýja þennan ráðh. til setu á fundi í dag.) Virðulegur forseti. Hefur hæstv. iðnrh. fjarvistarleyfi frá fundum? (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur ekki óskað eftir fjarvistarleyfi við forseta.) (**SvG:** Hvað ætli sé eftir af stjórnarliðinu hér?)

Ég vil halda áfram máli mínu að þessum upplýsingum fengnum. Ég hafði sem sagt óskað eftir því við fyrri hluta ræðu minnar um þróunarfélag að hæstv. iðnrh. yrði viðstaddur, en hann strunsaði úr þinghúsi um það bil sem ég hóf mál mitt og var ekki fáanlegur til fundar. Umr. um þetta mál var síðan fram haldið á öðrum fundi hv. Nd., tekið til umr. kl. 01.30 í gær, og þá óskaði ég eftir því jafnframt, sem fram hafði komið áður, að hæstv. iðnrh. yrði viðstaddur umr. Því var harðneitað af hæstv. þáv. forseta, Birgi Ísl. Gunnarssyni, að eftir því yrði leitað og hann til kvaddur og raunar upplýst að hann væri fjarverandi af þessum fundi, og yrði ekki sóttur, enda hæstv. forsrh. viðlátinn, sem bæri mál þetta fram.

Nú kemur hér annað mál þessu skylt fram og ég hefði talið eðlilegt, vegna þess að hluti af því máli sem nú er til umr. varðar hæstv. iðnrh., að hann yrði viðstaddur þessa umr. málsins, enda sýnist mér að hann hafi ekki tilkynnt forföll og reyndar hefur hæstv. forseti upplýst það. (**Forseti:** Mætti forseti aðeins grípa inn í ræðu hv. þm.? Hæstv. viðskrh. kom að borði forseta og tilkynnti

að hann gegndi störfum iðnrh. um stundarsakir.) Virðulegur forseti. Ekki vantreysti ég hæstv. viðskrh. til að vera staðgengill hæstv. iðnrh., en nokkuð er það sérkennilegt ef það fer svo dult þegar skipti verða á ábyrgðarstörfum hjá ráðh. að það liggur ekki fyrir um fjarvistir viðkomandi ráðh. af fundum og þar með ekki um slík verkefnaskipti. En ég mun láta mér það lynda á þessum fundi að hæstv. viðskrh. taki við þeim erindum sem ég á vantalað við um hæstv. iðnrh., en þau eru í rauninni mun færri en þau sem ég á við hæstv. forsrh. sem er sá ráðh. sem leggur hér mál fyrir og ég mun fyrst og fremst beina máli mínu til. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt að hæstv. iðnrh. fylgdist hér með vegna vissra þátta málsins, sem ég mun víkja að í tengslum við þessa umr. í ræðu minni nú eða síðar.

Það var í fyrrinótt, bjartri fyrrinótt kl. rúmlega hálfþrjú, að hæstv. forseti þessarar deildar óskaði eftir því að ég gerði hlé á máli mínu í ræðu um þróunarfélagið. Ég varð að sjálfsögðu við því og mér var í framhaldi af því greint frá því að fram hefðu farið þá um nóttina undir minni ræðu viðræður milli talsmanna þingflokka hér í hv. Nd. um möguleika á því að ósk ríkisstj. eða talsmanna ríkisstj. að greiða hér fyrir framgangi mála. Eins og mér var greint frá þessu samkomulagi var það í því fólgið að reynt yrði að stefna að þinglausnum seinni hluta næstu viku, og til þess að það gæti orðið mundi stjórnarandstaðan, og Alþb. að sínu leyti, stuðla að því að á fundi hv. Nd. í gær gætu fram gengið frv. til l. um framleiðslu á landbúnaðarafurðum o. fl. út úr deildinni til Ed. og einnig þau frv. sem deildin var búin að greiða atkv. um eða ekki voru útrædd varðandi Framkvæmdastofnun og þau lagafrv. þrjú er því tengdust. Við tókum undir þetta og hétum því að standa að því fyrir okkar leyti að svo gæti orðið og það fylgdi að þingfundi lyki um kvöldmatarleytið eða gert var ráð fyrir að ljúka umr. milli kl. 7 og 8 í gærkvöld.

Nú vita hv. þdm. það og ég þarf ekki að rekja það hvernig þingstörfum var háttað í gær. Mér höfðu verið gefnar vonir um að geta rætt um þróunarfélagið og fengið svör frá ráðh. á allrúmum tíma eftir kl. hálfsex eða sex þannig að hægt væri að taka á því máli og ég gæti lokið minni ræðu. En af ýmsum ástæðum, sem ég ætla ekki að rekja hér í einstökum atriðum, gekk þetta ekki fram og um kl. hálfátta í gærkvöld lauk fyrst atkvgr. hér um framleiðsluráðsfrv. svokallaða. Það var því alveg ljóst að ef átti að halda það samkomulag sem gert hafði verið um þinghaldið nóttina áður var ekki svigrúm til frekari umræðna um þróunarfélagið, en ég hafði ætlað mér að bera fram og bæta þar við fsp. til hæstv. ráðh., þ. á m. til hæstv. iðnrh. sem var á þessum fundi. Til þess að greiða fyrir þingstörfum og þessu samkomulagi ákvað ég í þessari stöðu að falla frá því að halda ræðu minni áfram og málið fór til atkvgr.

Ég hélt af þingfundi til míns heima og opnaði fyrir sjónvarpið, sem hafði nýlega hafið fréttalestur, og þar voru fluttar fréttir frá Alþingi og ekki frá Alþingi. Aðalfrétt sjónvarpsins í gærkvöld var um fréttir sem ekki höfðu komið fram á Alþingi og ég held að það sé rétt upp á samhengi þessa máls að ég lesi hér til að halda því til haga í þingtíðindum frásögn sem fréttamaður sjónvarps, Ólafur Sigurðsson, flutti landsmönnum, en hún var svofelld, með leyfi forseta:

„Á Alþingi í dag var haldið áfram afgreiðslu mála og var fundur enn fyrir fáum mínútum. M. a. var frv. um Framleiðsluráð afgreitt til Ed. og höfðu framsóknarmenn fallið frá flestum af brtt. sínum. En það sem var fréttnæmast á Alþingi í dag kom ekki fram á fundi.

Á öðrum fundi Nd. lá fyrir fsp. Hjörleifs Guttormssonar um þau laun sem Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og nefnd sem hann stjórnaði hefðu haft fyrir að endurskoða sjóðakerfið. Þar sem Hjörleifur Guttormsson féll frá orðinu í umr. kom ekki til að forsrh. svaraði. Hann sagði hins vegar aðspurður að þessi nefnd hefði haldið 40 fundi í 140 klukkustundir og starfað að hálfu í dagvinnu, en að hálfu í helgidaga- og næturvinnu. Samið var við Guðmund G. Þórarinsson á sama grundvelli og gert hefur verið í iðnrn. undanfarin ár og fékk hann í þóknun 173 þús. kr. Aðrir nm. eru í fullu starfi, þeir Friðrik Sophusson og Stefán Guðmundsson alþm. og Valur Valsson bankastjóri, og fengu í þóknun 25 þús. kr. að ákvörðun þóknananefndar. En til að gera samanburð á þessum greiðslum og þeim sem áður hafa tíðkast fékk forsrh. samantekt frá iðnrn. um kostnað við verk á þess vegum. Greiðslur til samningamanna í stóriðjunefnd hafa vakið mikla athygli, en þeir hlutu í þóknun í fyrra mest á fimmta hundrað þús. kr. Þessi athugun leiddi hins vegar í ljós að greiðslur til starfsmanna fyrrv. iðnrh. voru mun hærri og fékk t. d. Ingi R. Helgason 156 þús. kr. 1981 eða sem nemur 718 þús. kr. á núvirði. Árið 1982 voru hæstu greiðslur til Ragnars Aðalsteinssonar 1300 þús. á núverandi verðlagi, en mun minni til annarra. Þessar greiðslur eru ákveðnar skv. bréfi Hjörleifs Guttormssonar iðnrh. frá 17. maí 1983, fáum dögum áður en hann lét af embætti. Það er því ekki nýtt að embættismönnum og öðrum starfsmönnum séu greidd laun fyrir nefndarstörf sem okkur almenningi þykja himinhá."

Hann greinir frá því, hv. fréttamaður, sem við þekkjum um árabil af störfum við sjónvarpið, að fundur hafi staðið hér á Alþingi fyrir fáum mínútum. En hann afrekaði það á stuttum tíma að komast með þá frétt sem hann hafði fengið frá hæstv. forsrh. upp í sjónvarpið og koma henni þar á framfæri við alþjóð sem aðalfrétt dagsins og lagði ekki mikið á sig til að greina frá þeim sérstöku umr. sem hér fóru fram um málefni landbúnaðarins og atkvgr. þar að lútandi. T. d. fór það algjörlega fram hjá viðkomandi fréttamanni að formaður þingflokks Framsfl. tók ekki þátt í atkvgr. nema við nafnakall og greiddi þá ekki atkv. Það var að sjálfsögðu ekki nein frétt.

Þetta voru þær kveðjur sem ég fékk frá hæstv. forsrh. út úr sjónvarpinu í gærkvöldi. Ég fékk að sjálfsögðu í framhaldi af því upphringingar frá fjölmiðlum. Þar á meðal hringdi til mín blaðamaður frá NT og innti mig eftir áliti á þeim fréttum sem komið höfðu fram í sjónvarpi og hann hafði reyndar fengið í hendur frá hæstv. forsrh. Hann sagði, og ég tel rétt að hafa það eftir þótt í einkasamtali hafi verið, að sú túlkun hefði komið hér fram hjá ákveðnum þm. á Alþingi undir lok fundarins í gær að ég hefði fallið frá orðinu á Alþingi í umr. um þróunarfélagið til að koma í veg fyrir að forsrh. kveddi sér hér hljóðs til að svara fsp. af minni hendi. Ég nefni þetta hér vegna þess að þetta eru mál sem ástæðulaust er að liggi í þagnargildi þegar stjórnarliðið stendur þannig að samkomulagi að sínu leyti.

Hæstv. forsrh. verður að sjálfsögðu að meta það hverju sinni hvernig hann stendur að málum og það má

segja um hann eins og aðra að lengi má manninn reyna. Ég tel það út af fyrir sig ánægjuefni að hæstv. forsrh. skuli gefa tilefni til þess og telja það vera á dagskrá að ræða um störf á vegum iðnrn. á árunum 1981—1983 sérstaklega og kannske lengra aftur í tímann og þau störf sem m. a. tengjast hinu svokallaða álmáli sem þá var á dagskrá og hefur verið á dagskrá síðan. Það er velkomið af minni hálfu að ræða þau mál hér á hv. Alþingi og ég hefði talið það farsælla fyrir hæstv. forsrh. að hann hefði séð ástæðu til þess, af því að honum var svo brátt í brók að koma upplýsingum um þetta tímabil á framfæri, að kveðja sér hljóðs undir þeim dagskrárlið sem ég hafði borið upp fsp. við hann undir, en hæstv. ráðh. sá ekki ástæðu til þess. Hann hafði tilbúin fjölrituð gögn til útbýtingar til fréttamanna hér, kom þeim á framfæri en ekki við fyrirspyrjanda. Þetta gagn fékk ég í hendur boðsent frá hæstv. forsrh. undir kl. 11 í gærkvöld og það er svar við spurningu HG „afhent fréttamönnum sem eftir því gengu", undirritað af hæstv. forsrh. Virðulegur forsrh. taldi ekki ástæðu til að koma þessum svörum, sem svo mikið lá á að koma út í ljósvakann, á framfæri við þann þm. sem hafði að hans mati gefið tilefni til þess og hluti af svörum hans varðaði fsp. sem ég kom hér á framfæri á sínum tíma. Þetta er rétt að fyrir liggi og svo meta menn hvort þeir telja þetta eðlileg vinnubrögð, þingleg vinnubrögð eða ekki.

Ég vil að það komi fram hér strax að ég er afar ánægður yfir því að hér skuli vera af ríkisstj. hálfu og af hálfu hæstv. forsrh. talin ástæða til að ræða þessi mál á sumarþinginu sem hér stendur yfir og það skal ekkert standa á mér að taka þátt í þeim umr. og eiga orðastað við hæstv. forsrh. um þetta tímabil og fyrri tíma og afskipti hans af þessum málum því að svo vill til að hæstv. forsrh. á lengri sögu en nokkur annar þm., ég vil nú ekki segja núlifandi Íslendingur, en nokkur annar þm., í sambandi við álmálið. Það er hin merkasta saga sem þar liggur fyrir varðandi hlut hæstv. forsrh. í þessu máli.

Vegna þess að hæstv. ráðh. upplýsir það nú að hann sé að óska eftir því við einstök rn. að þau dragi fram reikningshald sitt varðandi þóknanir til nefnda og sérráðinna starfsmanna hinna rn. fjögur til fimm ár aftur í tímann, finnst mér það nú dálítið skammt leitað hjá hæstv. forsrh. Ég held að það væri þörf á því að fara miklu lengra aftur í tímann og ekki skemmra en 20 ár og ég hefði óskað eftir því við hæstv. forsrh. að hann færi og léti sín rn. nú á meðan sumarþingið stendur yfir fara yfir reikninga rn. að þessu leyti 20 ár aftur í tímann og framreikna allar þóknanir og greiðslur til manna á þeirra vegum, framreiknað á lánskjaravísitölu eins og gert hefur verið af hæstv. iðnrh. á þeim gögnum sem forsrh. dreifði til fjölmiðla í gær. Það er allt framreiknað á þeirri vísitölu sem hæstv. forsrh. telur eðlilegt að miða laun við og launasamanburð, þ. e. lánskjaravísitölu.

Ég tel einnig eðlilegt að hæstv. forsrh. láti ekki aðeins staðar numið við reikninga hjá rn. sjálfum, heldur finnst mér eðlilegt að hann láti einnig fara yfir sambærilega hluti hjá einstökum stofnunum sem undir rn. heyra. Ég tel t. d. vegna þáttar hæstv. forsrh. í þessum málum sjálfsagt að hann færi yfir stofnun eins og t. d. Iðntæknistofnun Íslands, svo að dæmi sé tekið, svo að maður taki eitthvað af vettvangi iðnaðarmála, og að hann léti fara yfir stofnanir í heilbrigðiskerfinu. Hann gæti jafnvel litið á, óskað eftir að taka, ef um úrtak væri að ræða, eitthvað sem heyrir undir menntmrn., eins og t. d. Rannsóknaráð ríkisins, og draga fram reikninga og gögn frá því á árinu 1965 og til þessa dags sem snerta Rannsóknaráð ríkisins. Hæstv. forsrh. var framkvæmdastjóri þeirrar stofnunar um tíma og það er ekki óeðlilegt, finnst mér, að hæstv. ráðh. sýni mönnum í reynd hvernig hann hefur staðið að málum í sambandi við bókhald, greiðslur og reikningsfærslu. (**ÓÞÞ:** Hvaða mál er á dagskrá, forseti?) Það mál sem er á dagskrá — ég skal svara hv. þm. (**ÓÞÞ:** Forseti væri nú fær um það.) f. h. forseta — er Framkvæmdasjóður Íslands. Það er gert ráð fyrir að forsrh. fari með málefni hans, þar á meðal reikningsfærslur allar og áriti reikninga.

Tilefni þess að ég innti hæstv. forsrh. eftir því um daginn hvernig hagað hefði verið greiðslum til þeirra manna sem unnu að þeim frumvörpum sem hér hafa verið til umr. að undanförnu var sú og ég greindi frá því við upphaf umr. að hæstv. forsrh. hafði séð ástæðu til að snupra hæstv. iðnrh. sérstaklega opinberlega í fjölmiðlum fyrir meðferð hans og greiðslur til svonefndrar viðræðunefndar um stóriðju og stóriðjunefndar. Eftir hæstv. forsrh. er þannig haft í DV þann 31. maí á forsíðu undir fyrirsögninni „Áltekjurnar: Steingrímur heimtar skýringar":

„Ég tók þetta mál upp á ríkisstjórnarfundi í morgun og óskaði eftir skýringum, jafnframt að samræmis gætti frá einni nefnd til annarrar að það yrði einföld regla í þessum málum," sagði Steingrímur Hermannsson forsrh. í gær.

Hann var þá spurður um kostnað vegna samninganefndar um stóriðju sem greint hefur verið frá í fjölmiðlum. Upphæðirnar hafa komið fólki á óvart. Fólki hefur blöskrað.

Í skýrslu iðnrh. var ekkert minnst á viðræður vegna Kísilmálmverksmiðjunnar. Vegna þeirra hækka t. d. laun Guðmundar G. Þórarinssonar um 115 þús. kr., í um 630 þús. kr."

Þetta snertir nú ekki málið, en á bls. 2 í sama blaði er nánari tilvitnun í mál hæstv. forsrh.:

„Steingrímur sagði að á sínum tíma hefði hann verið formaður stjóriðjunefndar. „Það kom fyrir að einstaka menn væru kannske beðnir um að vinna ákveðin verk gegn þóknun, en slíkt var óvenjulegt.""

Þarna er hann að vitna til liðins tíma, sem ég er hér að óska eftir frekari upplýsingum um, frá 1965 a. m. k.

Það voru þessar opinberu snuprur af hálfu hæstv. forsrh. sem voru tilefni þess að ég óskaði eftir þessum upplýsingum um þóknanir og laun til manna sem undirbúið hefðu þessi frv., þar sem hæstv. forsrh. er að tala um nauðsyn samræmingar, og þá var ekki óeðlilegt að fram kæmi af hans hálfu hvernig hann héldi á málum fyrir sitt leyti hvað þetta snertir. Það varð tilefni þess að ég bað hæstv. forsrh. um þær upplýsingar sem hann hefur þegar fram reitt um þessa nefnd sérstaklega.

Þegar litið er á málsmeðferð hæstv. forsrh. er kannske rétt að víkja að þeim gögnum sem hann dreifði til fréttamanna. Þar er að finna í fyrsta lagi yfirlit um þóknanir til sjóðanefndarinnar svokölluðu, samtals upp á eitthvað á níunda hundrað þús., sem hefur verið greitt vegna þess máls. Síðan fylgir yfirlit eða grg. til iðnrh. tekin saman af embættismanni í iðnrn., dags. 8. 12. 1983, yfir kostnað við álmálið, mengunarrannsóknir í Straumsvík og samninga við Alusuisse árin 1981—1983.

Þetta er fært og skipt milli áranna 1981—1982 og 1983 og raunar er árinu 1983 skipt í tvö tímabil, annars vegar til loka maímánaðar og hins vegar frá byrjun júní til loka októbermánaðar. — Þessu heildaryfirliti sem ég sé að Morgunblaðið hefur lagt saman og reiknar í heild þessar upphæðir frá þessum árum upp á eitthvað um 34 millj. kr., ég hef það ekki fyrir framan mig þessa stundina, en það var eitthvað nálægt því, vegna álmálsins og mengunarrannsóknanna við álverið. Það fylgir síðan yfirlit um almennan kostnað, skrifstofukostnað og launatengd gjöld og risnu sem þessu tengist, sérfræðiþjónusta innlend, tilgreindar stofnanir og einstaklingar og greiðslur til þeirra, sérfræðiþjónusta erlend til ýmissa aðila, ferðakostnaður og akstur og síðan heildarkostnaður. Þetta er sundurliðað frá ári til árs og árinu 1983 skipt í tvennt með þeim hætti sem ég hér rakti. En það eru ekki aðeins þær upphæðir sem greiddar voru sem hér er að finna, heldur hefur hæstv. iðnrh. nýverið, væntanlega að ósk hæstv. forsrh., látið framreikna þessar tölur. Og hvernig er staðið að þeim framreikningi? Hvaða vísitala er nú notuð í þeim framreikningi? Jú, það er sú vísitala sem greinilegt er að hæstv. iðnrh. og forsrh. telja að eigi að ráða kaupum og kjörum í landinu. Það er lánskjaravísitalan, 1144 stig í júnímánuði 1985. Ég er alveg viss um það að þessi framreikningur hæstv. forsrh. og iðnrh. gæti orðið tilefni í frétt dagsins. Það væru nú ekki lítil fagnaðartíðindi fyrir launafólk í þessu landi eftir að það liggur fyrir að þessir hæstv. ráðh. telja eðlilegt að framreikna kaup og kjör manna í landinu frá árunum 1981, 1982 og fyrri hluta árs 1983 með lánskjaravísitölu. Ég er viss um að þessi yfirlýsing frá hæstv. forsrh. gæti greitt fyrir samningum á vinnumarkaði ef hann útfærði hana svolítið víðar en á því yfirliti sem ég hef hér undir höndum og hann hefur veitt fréttamönnum aðgang að.

Nú er ég síst að lasta það að slíkur samanburður sé gerður, en hitt hlýtur að skipta máli á hvaða grundvelli það er gert. Og hér kemur fram vilji virðulegs forsrh. sjálfs í þessum efnum og iðnrh. í gögnum sem hann hefur afhent forsrh.

Í þriðja lagi er að finna í þessu yfirliti minnisblað um greiðslur iðnrn. til Rafteikningar, sem svo er kölluð, fyrirtækisins Rafteikningar, svo til eingöngu fyrir störf Tryggva Sigurbjarnarsonar fyrir rn., eins og segir í þessu bréfi. Þær greiðslur eru þar tíundaðar árið 1981 og 1982 og segir, með leyfi forseta:

„Störf Tryggva voru reiknuð skv. gjaldskrá Félags ráðgjafarverkfræðinga að frádregnum 10% magnafslætti."

Þær upphæðir sem þarna eru tíundaðar, sem ekki hafa komið fram, a. m. k. ekki í sjónvarpinu, eru: Árið 1981 greitt til Rafteikningar 292 697. Framreiknað á verðlagi í dag, eins og hér segir, væntanlega er það lánskjaravísitala, 1 millj. 340 þús. kr. Árið 1982. stendur hér einnig, voru greiddar til Rafteikningar 195 597 þús. kr. eða á verðlagi í dag 601 000 kr.

Þetta eru þau gögn sem hæstv. forsrh. afhenti fréttamönnum sem eftir því gengu.

Nú má ýmislegt segja um þær upplýsingar sem hér liggja fyrir. Ég ætla ekki að gera það í löngu máli að þessu sinni né taka almennt til umræðu svo sem vert er aðstöðu Stjórnarráðs Íslands til starfa, starfsaðstöðu þess og ráðningu manna til sérverkefna, störf á vegum nefnda og þóknanir til þeirra. En ég tel skylt, vegna einstaklinga sem hér eiga í hlut og hæstv. forsrh. hefur séð ástæðu til að draga inn í umr., að fram komi leiðréttingar á þeim tölum sem hæstv. iðnrh. hefur látið forsrh. í té og varðar það fyrst og fremst tölur sem snerta greiðslur til Inga R. Helgasonar lögmanns og nú forstjóra Brunabótafélags Íslands. Ég hef fengið frá honum upplýsingar skv. reikningum sem hann framvísaði og fékk greidda af hálfu iðnrn. á árinu 1981 sem sérstaklega var gert að umtalsefni sem hæsta greiðsla vegna álmálsins til einstaklings á þessu ári. Þar er skv. upplýsingum hæstv. iðnrh. og forsrh. nefnd talan 156 372 kr. eða framreiknað miðað við lánskjaravísitölu 1144 718 432. Þetta eiga að vera störf sem tengjast álmálinu.

Ingi R. Helgason hefur greint mér frá eftirfarandi: Störf hans á vegum iðnrn. 1981 voru:

1. Lögfræðistörf og ráðgjöf sem tengjast öðru fremur álmálinu. Vegna súrálsmálsins eingöngu: 73 877. Vegna súrálsmáls og annarra verkefna, ósundurliðað: 41 425.

Samtals 115 302 í staðinn fyrir 156 372 sem kemur fram í yfirliti hæstv. iðnrh.

2. Fyrir nefndarstörf fékk Ingi R. Helgason greitt vegna starfa í þágu jarðhitamála, m. a. undirbúningur að frv. um eignarhald á jarðhita, 4 362 kr.

3. Vegna svokallaðrar „Hafnarfjarðarnefndar" sem starfaði á vegum fjmrn. og tengdist skiptingu á framleiðslugjaldi ÍSALs m. a. og er gamalt deilumál sem hæstv. núv. viðskrh. kannast vel við, virðulegur hæstv. þm. og ráðh. Matthías Á. Mathiesen. Þar var greiðslan um 5 400 kr.

Samtals fyrir slík nefndarstörf 9762 kr., en í heildargreiðslur, heildarlaun þetta ár 125 064 í staðinn fyrir 156 372 sem tíundaðar eru í yfirliti frá iðnrn.

Það sem kann að valda þessum mismun, mismunandi færslum er reikningur, sem varðar árið 1980 og snerti ferð Inga R. Helgasonar til Ástralíu það ár og vinnu sem henni tengdist, upp á 42 500 kr. og kom til greiðslu á árinu 1981. Skv. vísitölu kauptaxta, ef notuð væri vísitala kauptaxta en ekki lánskjaravísitala, næmu þessar heildargreiðslur vegna ársins 1981 til Inga R. Helgasonar 574 043, þar af vegna álmálsins 409 959.

Á reikningum frá nefndum lögmanni er alltaf tilgreindur vinnustundafjöldi og hver stund verðlögð á 175 kr. allt árið 1981, en meðaltaxti verkfræðinga á því ári var 250 kr. á tímann.

Í öðru lagi var ferðadagafjöldi tíundaður og hver dagur verðlagður á 1500 kr. allt árið 1981 og reiknað með átta stunda vinnutíma á ferðalögum. Þetta tel ég skylt að hér komi fram vegna viðkomandi einstaklings þar sem þær upplýsingar sem fram hafa verið framreiddar eru ekki réttar.

Ég get nefnt það vegna annars aðila sem upplýsingar eru fram reiddar af hæstv. forsrh. um, þ. e. Rafteikningar sf., vegna starfa Tryggva Sigurbjarnarsonar aðallega, að þar er meðaltal útseldrar vinnu á árinu 1981 250 kr. og meðaltal útseldrar vinnu árið 1982 372 kr. Þetta er rétt að fram komi varðandi þessar upplýsingar sem þarna hafa verið afhentar fjölmiðlum og hér eru til umræðu.

Ég tel líka rétt vegna Ragnars Aðalsteinssonar lögmanns að taka það fram sérstaklega að ég hef ekkert rætt við hann um þær greiðslur sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, en ég veit að hann vann störf fyrir iðnrn. sem lögfræðingur og á taxta lögfræðinga á

sínum tíma og ég held að enginn þurfi að kvarta undan vinnu þessa hv. lögmanns, enda hefur það út af fyrir sig ekki verið gert að umtalsefni. Hann reyndist a. m. k. á þeim tíma sem hann starfaði í mína þágu, og mér er ekki kunnugt um að þar hafi orðið breyting á, afar traustur starfsmaður og ég tel að þær þóknanir sem til hans gengu, miðað við taxta lögmanna, hafi vel staðið fyrir sínu, sú vinna sem þar var lögð fram.

Sjónvarpið gerði í frétt sinni í gær með einhverjum hætti, lítt skiljanlegum, að umtali sérstakt bréf sem ég hefði undirritað 17. maí 1983 og tengir það bréf þeim greiðslum sem greint var frá í fréttum sjónvarpsins. Ég næ ekki endum saman í þessum efnum hvað þennan fréttaflutning varðar og þetta bréf er ekki heldur að finna í þeim gögnum sem hæstv. forsrh. afhenti og ég fékk í hendur um ellefuleytið í gærkvöld. Bréf þetta, sem ég hef ekki heldur undir höndum en minnist vel að hafa undirritað og gengið frá í maímánuði 1983, var samningur við Ragnar Aðalsteinsson lögmann sem væntanlegan aðalmálafærslumann Íslands í þeim réttarhöldum sem fram undan voru að kröfu Alusuisse fyrir Alþjóðastofnuninni um lausn fjárfestingardeilna í New York. Alusuisse hafði þá tekið um það ákvörðun, í lok aprílmánaðar eða byrjun maí 1983, að vísa innheimtukröfu íslenska ríkisins um 10 milljón dala viðbótargreiðslu á framleiðslugjaldi vegna vantalins hagnaðar ÍSALs á nokkru árabili, upphæð sem er nokkuð á fimmta hundrað millj. kr. skv. núverandi gengi, fyrir þessa stofnun. Fjmrn. og iðnrn. höfðu fyrir sitt leyti á það fallist og voru að undirbúa þessa málsmeðferð fyrir ICSID-gerðardómnum, Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum í New York, á þessum vikum. Liður í því var að ráða málafærslumann af Íslands hálfu. Það var niðurstaða mín að höfðu samráði við ýmsa aðila að fela Ragnari Aðalsteinssyni það verkefni. Því fylgdi að sjálfsögðu að ganga frá kaupum og kjörum honum til handa í sambandi við það væntanlega starf. Og að athuguðu máli var það tillaga embættismanna sem ég féllst á, einnig að athuguðu máli, að Ragnari Aðalsteinssyni yrðu ætluð hliðstæð kjör þá daga sem hann flytti mál fyrir ICSID-gerðardómnum og öðrum málafærslumönnum þar væru ætluð eða 600 Special Drawing Rights á dag, þ. e. sú mynt sem þannig er er framreiknuð og skammstöfuð SDR, að hann hlyti sem sagt sömu þóknun þá daga sem málarekstur færi fram fyrir gerðardómnum.

Hins vegar var undanskilið — og ég bið menn að taka eftir því — að hann fengi nokkra þóknun á ferðalögum nema greiðslur fyrir ferðareikninga frá Íslandi til New York og ekki gert ráð fyrir neinni þóknun þá daga sem færu í ferðalög. Þá daga sem lögmaðurinn hins vegar ynni að undirbúningi mála hér heima fengi hann greiðslur sem næmu ⅔ af nefndri upphæð, 600 SDR, þ. e. 400 SDR.

Ég lét sannfærast um það, eftir að embættismenn höfðu skýrt þessi mál fyrir mér, að ekki væri óeðlilegt, miðað við umfang málsins og stærð og ábyrgð, að ganga frá samningi við Ragnar Aðalsteinsson að þessu leyti hvað þetta snerti og m. a. í ljósi þess að þessir taxtar hjá ICSID-gerðardómnum, sem um 100 ríkisstjórnir eru aðilar að og það að verulegu leyti þróunarlönd, fátæk þróunarríki, eru taxtar lögmanna í lægri kanti að mér er tjáð, og það margfalt lægri en það sem almennt mun vera greitt við lögfræðistörf í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið. Þannig hygg ég að sá lögmaður sem í gerðardómsnefnd var settur af núv. hæstv. viðskrh., Surrey heitinn, því að hann mun hafa látist áður en sáttargerð lauk, hafi fengið umsamdar greiðslur eins og gagnaðili frá Alusuisse, eitthvað á bilinu 1500—1800 Special Drawing Rights á dag, svo menn hafi þetta til hliðsjónar og samanburðar þegar verið er að vega og meta mál af þessu tagi.

Hins vegar gerðist það eftir að núv. ríkisstj. tók við að hæstv. iðnrh. sá ástæðu til þess að fallast á kröfur Alusuisse um það að breyta málsmeðferðinni, brjóta upp þann gerðardóm sem málið var að festast í skv. aðalsamningi milli íslensku ríkisstjórnarinnar og ÍSAL frá 1966 og skipta því niður á þrjá „panela" sem svo eru kallaðir á ensku eða gerðardómsnefndir, búa til þrjá hópa lögmanna sem hver færi með sinn þátt málsins. Ég veit ekki með hvaða hætti gengið var frá samningum að þessu leyti, en þó hygg ég vera að mál hafi verið endurskoðað varðandi greiðslur og þóknanir í ljósi þess að þarna var málið sett í allt annan farveg en gerðardóminn.

Nú fóru með þetta mál t. d. fyrir gerðardómsnefnd í New York, en ekki umræddum ICSID-gerðardómi, þrír lögmenn tilkvaddir af iðnrn. og íslenskum stjórnvöldum, þeir Ragnar Aðalsteinsson, sem áfram hélt starfi í þágu iðnrn. skv. ákvörðun núv. hæstv. iðnrh., Eiríkur Tómasson og Halldór J. Kristjánsson. Þessir þrír lögmenn fylgdu eftir aðaldeiluefninu um vantalinn hagnað ÍSALs og skattkröfu íslenska ríkisins upp á á fimmta hundrað millj. kr. fyrir þessari gerðardómsnefnd. Þar var það mál til meðferðar þangað til á liðnu ári að ríkisstj. sá ástæðu til að fallast á kröfur Alusuisse um sérstaka svonefnda sáttargerð í þessu máli og þiggja úr hendi auðhringsins 3 millj. dala sem ótilgreinda sáttargerðargreiðslu vegna krafna íslenskra stjórnvalda í stað kröfu upp á 10 millj. bandaríkjadala. Þetta var ákvörðun íslenskra stjórnvalda þrátt fyrir það að íslensku lögmennirnir, sem störfuðu fyrir gerðardómnum í New York, höfðu haldið þannig á máli Íslands og málstaður Íslands reynst með þeim hætti fyrir þessum gerðardómi að Alusuisse var þar sannað að sök fyrir stórfellt yfirverð, engu minna en það sem hafði komið af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi hækkun í hafi hvað súrálið snerti í flutningi frá Ástralíu til Íslands. Það er á miðju síðasta sumri, í júlímánuði s. l., þegar staðan í gerðardómnum í New York er þannig að Alusuisse stendur uppi berstrípað fyrir gerðardómnum, að íslensk stjórnvöld sjá ástæðu til þess að fallast á upptöku málsins eftir óskum auðhringsins, fallast á sérstaka sáttargerð og þ. á m. að skipta málinu upp í frumparta, eins og raun reyndist verða þegar mál lágu hér fyrir í nóvember s. l., og semja við auðhringinn um einn þáttinn, raforkuverð, upp á 12.5 mill þegar framleiðslukostnaðarverð raforku út úr íslenska raforkukerfinu er a. m. k. 50% hærra, að falla jafnframt frá mikilvægum skattkröfum, að breyta svo mikilvægum skattaákvæðum í gildandi samningi milli aðilanna sem færði auðhringnum til baka stórar fjárfúlgur þá þegar og þar var fallist á allar óskir auðhringsins um breytingar á skattareglum sér í hag. Skv. mati Ríkisendurskoðunar, sem kom fram í iðnn. Alþingis um þetta efni, munuðu greiðslurnar miðað við árið 1980, breytingarnar sem gerðar voru á afskriftarreglum og fleiri þáttum, um 80 millj. kr. á því eina ári. En hitt var ekki reiknað

til tekna, sem hæstv. iðnrh. lét hafa sig í að gera, að láta auðhringinn beygja sig aðfaranótt 5. nóv. s. l., stilla sér uppi fyrir úrslitakröfum um það að út úr samningum aðila yrðu tekin ákvæði, svokölluð „bestukjaraákvæði", sem voru ein skársta trygging íslenskra stjórnvalda í sambandi við skattkröfur og skattgreiðslur af hálfu álversins í Straumsvík. Þarna munar ekki um aurana þegar Alusuisse á í hlut og spurningin er um að bjarga þessum viðskiptavini núverandi stjórnvalda, og mjög kærum viðskiptavini núverandi stjórnvalda, frá því að hljóta opinberlega dóma fyrir svik sín og yfirtroðslur gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Þá er hlaupið upp til handa og fóta, þá er ekkert of dýru verði keypt og vinnu þeirra starfsmanna, lögmanna og annarra, sem unnu að þessu máli, allir með ágætum að ég tel vera, kastað að verulegu leyti út í vindinn, bæði þeirra sem störfuðu 1980—1983 í minni tíð sem iðnrh. og í framhaldi af því.

Það er ástæða til að ræða þessa þætti miklu nánar, virðulegur forseti, og ég mun gera það eftir því sem tilefni gefast til síðar við þessa umr. Ég tel þó rétt að það komi fram sem ráð var fyrir gert í sáttargerðarsamningnum milli ríkisstj. og Alusuisse — ætli það hafi ekki verið 9. liður í fskj. V. við breytingarnar á aðalsamningi:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Það var rifjað upp hér við umræðu í nóvember hvernig ÍSAL og Alusuisse hefðu fyrir sitt leyti staðið við þetta ákvæði. Hæstv. iðnrh. lýsti því nú svo yfir í þeirri kastþröng sem hann var í þá að þetta atriði væri bara markleysa og gilti ekki lengur, hann mundi ekki láta tjóðra sig með þessum hætti og þetta skyldu ekki vera lög á Íslandi þó að hann væri búinn að undirrita það og stjórnarliðið allt rétti upp hendina án breytinga á þessu ákvæði.

En hvernig skyldi Alusuisse túlka viðskipti við núv. hæstv. ríkisstj. í sínum frásögnum, t. d. á aðalfundi auðhringsins suður í Zürich í aprílmánuði s. l., ef marka má það sem kallað hefur verið virtasta borgarblað Svisslands, og það er málgagn sem Morgunblaðið helst vill líkjast þegar það vill reisa merkið hátt, Neue Züricher Zeitung, sem ver heilli síðu undir frásögn af aðalfundi Alusuisse þann 4. apríl s. l. undir fyrirsögninni „Auftauchen der Alusuisse aus ihrem rotem Meer," sem gæti útlagst á íslensku: „Alusuisse er að koma upp úr kafi rauðu talnanna"? — Það er betri afkoman, það er hagnaðurinn sem verið er að greina þar frá í fyrirsögn.

Þar er síðan greint frá því í frasögn blaðsins eftir talsmönnum Alusuisse á aðalfundi að lokið væri nú óskemmtilegum málarekstri við íslensk stjórnvöld og sitthvað um það sagt. Þar segir að „hlutlausir, alþjóðlegir gerðardómar" hafi í millitíðinni staðfest „Haltlosigkeit", segir á þýskunni, staðfest rökleysu eða haldleysi þessara ásakaka. Það eru ásakanir þess sem hér stendur og er nafngreindur í þessari grein sérstaklega sem hinn fyrrverandi hatursfulli — það stendur nú ekki í blaðinu — andstæðingur Alusuisse hér uppi á Íslandi. En alþjóðlegir gerðardómar hefðu staðfest haldleysi þessara ásakana.

Síðan segir — og það er best að sletta einu sinni þýsku úr þessum ræðustól, það er oftar að enskan heyrist, af því að ég hef ekki löggilta skjalaþýðingu:

„Die isländische Regierung hat ausdrücklich davon Kenntnisse genommen was nach diplomatischen Geflogenheiten einer Entschuldigung nahekommt."

Íslenska ríkisstjórnin hefur ákveið — ausdrücklich — hefur ákveðið tekið tillit til þessa sem skv. diplómatískum venjum nálgast afsökun.

Þetta er túlkunin frá Alusuisse á úrslitum viðskiptanna við núv. ríkisstj. og þeim samningum sem gerðir voru á Alþingi í nóvember s. l. Ég tel rétt að hv. alþm. geri sér ljóst hvernig sá gjörningur er túlkaður, þrátt fyrir ákvæði fskj. V. tölul. 9., um að aðilar skuli ekki gefa út neina fréttatilkynningu eða svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans. — Kannske hefur það samþykki verið gefið. Ég á hins vegar ekki von á því sérstaklega að eftir því hafi verið leitað.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geti tekið þátt í frekari umr. í dag og ég ætla að stuðla að því að svo geti orðið með því að gera senn hlé á minni ræðu hér. Ég vil aðeins nefna það hér í lok hennar að þegar ég horfði á sjónvarpið í gær heima hjá mér kom mér í hug ekki alveg ósvipaður atburður sem gerðist fyrir tveimur og hálfu ári. Þá skaust ég heim í kvöldmat og horfði á sjónvarpið og fékk þar sérstök skilaboð frá Framsfl. í sambandi við álmálið. Þau voru flutt, þessi skilaboð, í samtali Ólafs Sigurðssonar fréttamanns og Guðmundar G. Þórarinssonar sem verið hafði þá fulltrúi Framsfl. í álviðræðunefnd sem svo var kölluð. Hv. þáv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson valdi þá sjónvarpið sem vettvang til að segja sig úr álviðræðunefnd og lýsa sérstöku vantrausti á mig sem ráðh. í sambandi við þau mál. Hlutur fréttamannsins af þessu tilefni var út af fyrir sig nokkuð sérstakur og gæti orðið tilefni til upprifjana. Ég ætla ekki að nefna margt, ekki annað en orðalag eins og það sem þessi fréttamaður Ríkisútvarpsins þá viðhafði í nóv. 1982: „Barst hins vegar mjög jákvætt bréf frá Alusuisse þar sem boðið er upp á samningaviðræður sem m. a. fjalli um nýtt orkuverð" og fleira kemur þar fram. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Nei. (**Forseti:** Þessum fundartíma er nú lokið. Það var ekki ætlunin að halda fundi áfram lengur en til tólf í dag. Nú verður þetta mál tekið út af dagskrá og því frestað og öll önnur dagskrármál. Ég vænti þess að hv. þm. geti haldið áfram ræðu sinni þegar málið kemur aftur fyrir.)

Umr. frestað.

Efnisskrá.

Afnám misréttis gagnvart konum (353. mál) 6431.
Almannatryggingar (57. mál) 6636.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður) 6298.
Áfengislög (86. mál) 6206, 6374.
Barnalög (464. mál) 6109, 6185.
Byggðastofnun (456. mál) 6132, 6175, 6377, 6481, 6569, 6586.
Dýralæknar (502. mál) 6126, 6379, 6587.
Ferðamál (479. mál) 6109.
Fiskiðnskóli í Siglufirði (519. mál) 6225.
Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns (247. mál) 6123.
Framkvæmd grunnskólalaga (481. mál) 6420.
Framkvæmd þingsályktana (391. mál) 6230.
Framkvæmdasjóður Íslands (457. mál) 6635, 6668.
Framleiðsla og sala á búvörum (491. mál) 6587, 6634, 6638.
Getraunir Öryrkjabandalags Íslands (503. mál) 6463.
Greiðslujöfnun fasteignaveðlána (480. mál) 6204, 6347.
Hagnýting Seðlabankahúss (281. mál) 6284.
Húsnæðissparnaðarreikningar (522. mál) 6124, 6462, 6463, 6560.
Jarðræktarlög (528. mál) 6110, 6185, 6294, 6377.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (48. mál) 6471, 6479, 6560.
Kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum (172. mál) 6436.
Lánsfjárlög 1985 (245. mál) 6129, 6285, 6374, 6376, 6449.
Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum (268. mál) 6436.
Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum (272. mál) 6435.
Nýsköpun í atvinnulífi (455. mál) 6379, 6547, 6635, 6636, 6662.
Orkulög (488. mál) 6130, 6285.
Rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda (280. mál) 6191, 6285.
Ríkisborgararéttur (284. mál) 6184, 6378.
Ríkislögmaður (475. mál) 6129, 6285.
Sala Gullaugans [og Áburðarverksmiðjunnar] (293. mál) 6195, 6285.
Sérstök fjáröflun vegna húsnæðismála (525. mál) 6198, 6347.
Stálvölsunarverksmiðja (236. mál) 6185, 6346, 6470.
Stofnun og rekstur smáfyrirtækja (222. mál) 6437.
Tekjuskattur og eignarskattur (523. mál) 6126, 6463, 6561.
Um þingsköp 6122, 6132, 6172, 6221, 6224, 6373, 6478, 6479.
Umferðarlög (129. mál) 6127.
Umsvif erlendra sendiráða (474. mál) 6432.
Útflutningsmál iðnaðarins (379. mál) 6269.
Úttekt á rekstri Seðlabanka Íslands (524. mál) 6230.
Útvarpslög (5. mál) 6271, 6347, 6449.
Útvarpslög (532. mál) 6562.
Varamenn taka þingsæti 6122, 6224, 6431.
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands (509. mál) 6132.
Veitinga- og gististaðir (397. mál) 6131, 6285, 6347.
Virðisaukaskattur (213. mál) 6375.
Þjóðskjalasafn Íslands (248. mál) 6295, 6377, 6587.
Þörungavinnsla við Breiðafjörð (487. mál) 6130, 6285.

Sameinað þing, 97. fundur.

Þriðjudaginn 18. júní, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 18. júní 1985.

Varaformaður þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Sverrir Hermannsson 3. þm. Austurl. er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk að fara fram á samkv. 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir, sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Karvel Pálmason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir svohljóðandi símskeyti:

„Friðrik Ólafsson,
skrifstofustjóri, Alþingi.

Vegna anna get ég ekki tekið sæti mitt sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi.

Tryggvi Gunnarsson."

Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hana á ný velkomna til starfa á Alþingi.

Íslandssiglingar skipafélagsins Rainbow Navigation, fsp. 508. mál (þskj. 951). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 951 leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. utanrrh.:

„1. Hvernig standa viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um siglingar bandarískra skipafélagsins Rainbow Navigation til Íslands?

2. Er lausn deilunnar í sjónmáli þannig að eðlilegir og réttmætir hagsmunir íslensku skipafélaganna séu tryggðir?

3. Hvaða ráðstöfunum hyggst utanrrh. beita sér fyrir til að tryggja réttmæta hagsmuni og siglingaöryggi íslensku þjóðarinnar í þessu máli?"

Svo sem alkunna er eru í gildi í Bandaríkjunum einokunarlög sem tryggja bandarískum skipafélögum forgangsrétt. Þetta eru lög frá árinu 1904 ef ég man rétt sem tryggja bandarískum skipafélögum einkarétt á að sigla með varning sem varðar Bandaríkjaher til annarra landa. Bandarískir kaupsýslumenn hafa stofnað útgerðarfyrirtæki til að ná þessum flutningum undir sig og þetta fyrirtæki situr nú að öllum flutningum varnarliðsins til og frá Íslandi.

Lengst af tók þetta skipafélag aðeins varning í einni höfn og lét íslenskum eftir aðra flutninga á vegum varnarliðsins. Það tók varning í Norfolk, en lét íslenskum skipafélögum eftir að flytja vörur frá New York og New Jersey, en nú er það svo að þetta fyrirtæki, Rainbow Navigation, flytur nánast allar vörur sem fara til varnarliðsins og hefur þar að auki verið að seilast í aðrar vörur og mun t. d. hafa undirboðið flutninga á tóbaki frá Bandaríkjunum til Íslands og sjálfsagt notað til þess hagnað af öðrum flutningum.

Hér er um býsna alvarlegt mál að ræða, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum að undanförnu. Það er rúmt ár, 13 mánuðir, síðan þessir flutningar hófust og hefur verið mikið um það fjallað og íslensku skipafélögin, sem hafa verulega byggt á þessum flutningum, hafa orðið fyrir umtalsverðum skakkaföllum í rekstri sem hefur náttúrlega áhrif á siglingaöryggi okkar og tíðni ferða með íslenskum skipum til Bandaríkjanna. Þessi fsp. er lögð fram og henni beint til utanrrh. til að fá nánari upplýsingar um stöðu þessa máls.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur greint frá fyrirspurnum er hann ber fram og skýrt ástæðuna fyrir því. Ég ætla í örstuttu máli að leitast við að svara þessum fsp. þótt málið sé á því stigi að eigi sé um fullnaðargrg. að ræða.

Á fundi með utanrrh. Bandaríkjanna, George Shultz, í Lissabon í tengslum við utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins kom fram að utanrrh. Bandaríkjanna lofaði að gera mér grein fyrir því fyrir mánaðarlok hvernig bandarísk stjórnvöld hygðust leggja mál þetta fyrir Bandaríkjaþing til að tryggja viðunandi lausn málsins. Í því felst að málið kemur til kasta Bandaríkjaþings, en það er talið nauðsynlegt af ríkisstjórn Bandaríkjanna þar sem um lagaboð er að ræða, er hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, sem tryggir bandarískum skipafélögum einkarétt á flutningum vegna Bandaríkjahers.

Í svari utanrrh. Bandaríkjanna á ég von á að fram komi enn fremur einhverjar vísbendingar um hve langan tíma það taki að fá afgreiðslu Bandaríkjaþings á tillögum Bandaríkjastjórnar þótt þar sé e. t. v. ekki um öruggar eða tæmandi upplýsingar að ræða.

Ég vil taka það fram að ég gerði utanrrh. Bandaríkjanna grein fyrir því að við Íslendingar gætum ekki lengur horft aðgerðarlausir á stöðu mála eins og hún væri um þessar mundir og hefði verið á liðnu ári. Þar væri um að ræða að í skjóli einokunarlaga væri hagsmunum Íslendinga stórlega misboðið og skipaferðum milli Norður-Ameríku og Íslands stofnað í verulega hættu sem væri í senn varasamt bæði frá sjónarmiði íslenskra og bandarískra hagsmuna.

Í utanrrn. hefur mál þetta verið til meðferðar og m. a. kannaðir ýmsir möguleikar varðandi einhliða aðgerðir Íslendinga í máli þessu ef við fáum ekki viðunandi afgreiðslu málsins af hálfu Bandaríkjamanna.

Ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins, meðan mál þetta er á úrslitastigi hjá gagnaðila, að tíunda þær leiðir sem eru nú til athugunar þótt ég hafi að sjálfsögðu gert gagnaðila grein fyrir því að við áskiljum okkur allan rétt til leiðréttinga í máli þessu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir að bera fram þessa fsp. Hér er mikið hagsmunamál í húfi og eins og hann segir býsna

alvarlegt mál á ferðinni.

Undanfarna mánuði og misseri hefur sú staða komið upp að bandarískt skipafélag situr nánast eitt að flutningum milli Íslands og Bandaríkjanna, ekki aðeins flutningum fyrir varnarliðið heldur líka almennum vöruflutningum. Þessir flutningar fara fram í skjóli einokunarlaga sem sett eru í Bandaríkjunum. Það er auðvitað allsendis óviðunandi fyrir okkur Íslendinga að þurfa að sætta okkur við að erlendar þjóðir skuli geta sett okkur slíka afarkosti, ákveðið og leitt í lög slíka einokun, sem við verðum að hlíta, á almennum skipaferðum til og frá Íslandi.

Ég vek athygli á að á þessu þingi hef ég leyft mér að flytja frv. til laga sem fjallar um þetta mál, en þar er gert ráð fyrir að farmflutningar til og frá Íslandi séu frjálsir og ef skipafélög sigli í skjóli einokunar verði slíkar skipaferðir stöðvaðar. Ég efa ekki að hæstv. utanrrh. hefur beitt ýtrustu ráðum til að leysa þetta viðkvæma og alvarlega mál eftir diplómatískum leiðum, en ég held að það sé sjálfsagt mál fyrir okkur Íslendinga að halda vel á okkar hagsmunum og okkar rétti og það sé ekki úr vegi að Alþingi noti þá daga sem eftir eru þings á þessu vori til að samþykkja áður nefnt frv. Ég lít svo á að það geti orðið til styrktar og stuðnings fyrir utanrrh. um leið og það sýnir náttúrlega Bandaríkjamönnum svart á hvítu að Íslendingar ætla að standa fast á sínum rétti og þeir geta sett lög alveg eins og Bandaríkjamenn vestra.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans í þessu máli. Að vísu náðu þau ekki mjög langt, en ég geri mér grein fyrir að þetta hefur verið honum og hans rn. mjög erfitt mál og ég skal svo sem ekkert áfellast það að árangur skuli ekki hafa orðið meiri en raun ber vitni.

Ég þakka honum sem sagt svörin og hvet hann eindregið til að standa fast á því sem hlýtur að vera réttur okkar í þessu máli. Það getur vel verið að við náum ekki rétti okkar nema með því að setja þessum bandamönnum okkar, sem þannig leika okkur nú, býsna harða kosti og láta þá standa andspænis þeim. Það hlýtur að koma fyllilega til greina.

Ég hvet til þess að áfram verði unnið að þessu máli þannig að eðlilegir íslenskir hagsmunir séu tryggðir. Það hefur komið fram, t. d. í fagtímaritinu Sea Trade núna í maí 1985, að 15 nm. úr þeirri nefnd bandaríska þingsins sem fjallar um málefni kaupskipaflotans og fiskveiðimál hafa skrifað bandarískum rn., utanrrn., samgrn. og varnarmrn., og látið í ljós áhyggjur vegna þess að þeir telja að bandarísk stjórnvöld séu í þann veginn að láta undan þrýstingi frá íslensku ríkisstjórninni varðandi flutninga til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þannig er unnið gegn okkur af fullum krafti innan bandaríska þingsins í þessu máli.

Hingað kom í fyrra 15 manna sendinefnd frá stjórnvöldum í Washington til að ræða við yfirvöld og skipafélög og virðist næsta lítill árangur hafa orðið af þeirri heimsókn. Meðan þetta mál dregst tryggir þetta erlenda skipafélag sig í sessi á þessari flutningaleið sem gerir málið auðvitað ekki neitt einfaldara. Hér eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir íslensku skipafélögin.

Hv. þm. Ellert B. Schram vék að frv. því sem hann hefur flutt á þessu þingi um þetta mál. Ég tel heldur ólíklegt að samstaða muni nást um að samþykkja það, en ég fagna því að hann skuli hafa lagt fram og samið sjálfur frv. um þetta mál. Því ber auðvitað að fagna þegar menn taka slíka afstöðu, en mig minnir einhvern veginn að fyrir tæpu ári hafi það blað sem hann ritstýrir haft allt aðra skoðun á þessu máli. Ég hef að vísu ekki þá forustugrein við hendina, en mig minnir að fljótlega eftir að þetta mál varð umræðuefni í fyrravor hafi DV tekið afstöðu í þá veru að íslensku skipafélögin yrðu að una samkeppni. Nú hefur þetta blað lýst annarri skoðun í forustugrein og því ber að fagna að það skuli hafa séð hverjir eru hagsmunir Íslendinga í þessu máli.

En ég hvet hæstv. utanrrh. til að leita allra leiða til að leysa þetta mál og tryggja réttmæta íslenska hagsmuni og hygg ég þar mælt a. m. k. fyrir hönd okkar þm. Alþfl. því að við munum veita honum þann atbeina sem okkur er unnt í því máli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka fyrir fsp. sem hér hefur verið flutt og læt í ljós þá skoðun mína að ég tel að hæstv. utanrrh. hafi í alla staði staðið rétt að þessu máli og farið þar þá leið sem ein er skynsamleg og fær. Ég vænti þess að hann fylgi málinu eftir og vona að það verði árangur af þeirri vinnu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við erum að ræða um mikið hagsmunamál, íslenskt hagsmunamál andspænis erlendum öflum. Ég skildi fsp. líka á þann veg að það væri verið að vekja máls á þessu til að leggja áherslu á að Íslendingar fylgdust vel með málinu og stæðu fast á sínum rétti. Þess vegna finnst mér það stangast nokkuð á við tilgang þessarar fsp. að draga skrif í Dagblaðinu Vísi inn í þær umr.

Að gefnu tilefni skal ég upplýsa hv. 5. landsk. þm. um að ég ber ekki ábyrgð á öllu því sem stendur í Dagblaðinu Vísi, enda er það stórt blað. Hins vegar er frá því að segja að því er varðar forustugreinar og skrif sem eru á ábyrgð ritstjórnar að Dagblaðið Vísir hefur ekki mælt með því að bandarískt skipafélag nyti einokunar á farmflutningum milli Íslands og Bandaríkjanna. Dagblaðið Vísir hefur ávallt lagt áherslu á að í skipaflutningum til Íslands ætti að ríkja frjáls samkeppni, bæði að því er varðar flutninga fyrir varnarliðið sem og fyrir aðra. Reyndar tók hv. 5. landsk. þm. fram í sinni ræðu að lögð hefði verið áhersla á að íslensku skipafélögin ættu að hlíta samkeppni. Það er meginefni þess frv. sem ég var að skírskota til áðan og sem ég hef í huga þegar ég tek til máls nú og legg áherslu á að þá leið skuli fara að samkeppni ríki, en ekki verði að sætta sig við einokun af hálfu bandarískra stjórnvalda.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég á von á að allir Íslendingar standi fast að baki utanrrh. í tilraunum hans til að fá einokunarrétt Bandaríkjamanna afnuminn, einokunarrétt til að flytja vörur hingað fyrir varnarliðið.

Suður á Suðurnesjum var það svo að menn höfðu lengi barist fyrir því að skipafélögin sem fluttu varning fyrir varnarliðið notuðu hafnirnar á Suðurnesjum, einkum í Njarðvík. Íslensku skipafélögin neituðu því alfarið alltaf, en þegar þetta erlenda skip hóf siglingar notaði það höfnina í Njarðvík. Sú gjörð skapar ágæta atvinnu þar syðra. Ég vænti þess, verði af því að Íslendingar fái þessa flutninga aftur í sínar hendur, að íslensku skipafé-

lögin noti þá höfn sem næst er vettvangi. Ég spyr hæstv. utanrrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn að beita sér fyrir því að svo verði, vinnist sigur í þessum málum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umr. mál af tilefni fsp. sem varðar spurninguna um skiptingu á herstöðvagróðanum sem svo hefur verið kallaður, spurninguna um hver eigi að hafa tekjurnar sem tengjast dvöl bandaríska herliðsins á Íslandi. Það hefur verið áhyggjuefni þeirra sem eru andvígir dvöl bandaríska herliðsins hér að hann verði þáttur í íslensku efnahagslífi og þá vaxandi þáttur.

Sú starfsemi sem hér um ræðir er eitt dæmi um þetta. Það er sannarlega áhyggjuefni þegar svo er litið til að starfsemi í þágu erlends setuliðs í landinu sé svo þýðingarmikil fyrir íslensk fyrirtæki að þau nánast standi eða falli með því hvort þau fái greiðslur vegna starfa í þágu hins erlenda varnarliðs. Þetta tel ég eðlilegt að fram komi við þessa umr. Ég tel að lausn þessa máls, hin farsælasta, væri sú að við losuðum okkur við þetta erlenda herlið og ítök þess í íslensku þjóðlífi og þar á meðal íslensku efnahagslífi.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið rekið af hálfu íslenskra stjórnvalda á þeim grundvelli að í þessum samskiptum og viðskiptum þjóðanna ætti fullt jafnrétti að ríkja og þar af leiðandi frjáls samkeppni.

Varðandi fsp. hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar vil ég taka það fram að ef sá háttur er á hafður hlýtur nálægð hafnar þar sem uppskipun fer fram við þann stað þar sem flutningurinn er notaður að hafa mikið að segja. En umfram það get ég litlu við bætt.

Ég tel að hér sé um lögvarða hagsmuni að ræða af hálfu Íslendinga og í þeim felist ekki að Íslendingar séu háðir dvöl varnarliðsins hér á landi fjárhagslega. Hins vegar hlýtur það að vera eðlilegt skilyrði og krafa okkar, þegar meiri hluti Íslendinga er þeirrar skoðunar að öryggi landsins sé best borgið með varnarsamvinnu við Bandaríkin og vestræn ríki, að slíkt varnarfyrirkomulag raski ekki heldur eðlilegri efnahagsstarfsemi á Íslandi eins og hætta er á að sé um að ræða þegar varnarliðsflutningarnir eru einokaðir og viðkomandi skipafélag geti í skjóli þeirrar einokunar undirboðið almenna flutninga til landsins.

En hér er hvorki staður né stund til að ræða skoðanaágreining okkar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, hvað þjóni varnar- og öryggishagsmunamálum Íslendinga best.

Sameinað þing, 98. fundur.

Þriðjudaginn 18. júní, að loknum 97. fundi.

Skýrsla fjmrh. um heildarendurskoðun lífeyrismála (þskj. 957).

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 77 er að finna beiðni um skýrslu frá fjmrh. um heildarendurskoðun lífeyrismála. Af hálfu þeirra er báðu um skýrslu þessa er þess sérstaklega óskað að vita hvaða áform séu helst uppi til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febr. 1976, en þau voru þessi:

— að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna,

— að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma,

— að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta,

— að lífeyrisaldur geti, innan vissra marka, verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega,

— að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Einnig er óskað eftirfarandi upplýsinga:

a. Hver er fjárhagsstaða lífeyrissjóðanna og hversu vel eru þeir búnir undir að standa við skuldbindingar sínar?

b. Hvaða áhrif mun breytt aldursskipting hafa á skuldbindingar sjóðanna á komandi árum:

(i) 1984—1989,

(ii) 1990—1994,

(iii) 1995—2000?

c. Hvernig hefur tekist að samræma lífeyrisrétt og bótaákvæði í reglum sjóðanna?

d. Hver eru áhrif fullrar sjóðssöfnunar annars vegar og hins vegar gegnumstreymiskerfis á viðgang sjóðanna og iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga?

e. Hvaða áform eru uppi til að tryggja lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks?

f. Hvenær má gera ráð fyrir að upplýsingastreymi frá lífeyrissjóðunum verði með þeim hætti að sérhver sjóðfélagi fái árlega yfirlit sent yfir áunnin réttindi?

Hér hafa verið rifjuð upp markmið sem sett voru fyrir nær áratug. Ég ætla ekki að ræða þessi markmið sérstaklega, enda tel ég þetta ekki stund til sérstakra yfirlýsinga um áform eða stefnu í málum sem tengjast lífeyrissjóðunum.

Sérstök nefnd var skipuð árið 1976 til að fjalla um atriði þau sem ég hef rætt hér að framan. Sú hefur verið kölluð endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis og þó oftar sautján manna nefndin. Reyndar hefur önnur nefnd starfað innan sautján manna nefndar, skipuð átta mönnum, og hefur fjallað sérstaklega um málefni lífeyrisþega á samningssviði ASÍ og VSÍ, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Formaður endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, hefur sent fjmrh. skýrslu um starfsemi nefndarinnar. Í sérprentaðri útgáfu hennar, sem dreift hefur verið til þm., er að finna svör við þeim fsp. sem fram eru bornar á þskj. 77 að svo miklu leyti sem hægt er að svara þeim á þessu stigi málsins.

Ég vil þó vekja athygli á því sem segir á bls. 4 í þskj. 957 um drög að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem samin hafa verið á vegum nefndarinnar. Í skýrslunni segir:

„Eitt meginverkefni endurskoðunarnefndarinnar hefur verið að láta gera drög að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða og leita samstöðu aðila um slíkt frv.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda er það eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt að sett verði

löggjöf er kveði á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, m. a. varðandi myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda. Enn fremur vantar í lög öll ákvæði um skipulag, reikningshald og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða sem nú eru orðnir veigamikill þáttur í fjármálakerfi landsins.

Settur var á laggirnar sérstakur starfshópur til þess að vinna að samningu lagafrv. um þessi efni og voru fyrstu frumvarpsdrögin dagsett í apríl 1981. Voru þessi drög tekin til umfjöllunar í endurskoðunarnefndinni og í ljósi þeirra sjónarmiða sem þar komu fram voru drögin endurskoðuð af starfshópnum og var síðasta gerð þeirra dagsett 12. apríl 1983. Fylgja þau hér með sem fskj. 3.

Í frumvarpsdrögunum er kveðið á um skilyrði sem lífeyrissjóðir verða að uppfylla til þess að með iðgjaldagreiðslum til þeirra verði innt af hendi sú kvöð um skyldutryggingu sem felst í lögum nr. 55/1980. Jafnframt þeim sjóðum sem hér um ræðir og nefndir eru skyldusjóðir er gert ráð fyrir heimild til starfrækslu svonefndra frjálsra sjóða sem einungis yrði ætlað það hlutverk að veita viðbótarréttindi við hið tvíþætta skyldukerfi lífeyristrygginga, almannatryggingar og skyldulífeyrissjóði.

Auk ákvæða um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, starfsleyfi, stjórn, gerð ársreikninga o. fl. er í frumvarpsdrögunum lagt til að lágmarksiðgjald til skyldusjóða verði tiltekinn hundraðshluti af heildaratvinnutekjum. Þá eru og ákvæði um verðtryggingu lífeyris, lágmark elli- og örorkulífeyris og réttindi þeirra sem hætta iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, en láta iðgjöld sín standa inni.

Í aths. með frumvarpsdrögunum er gerð grein fyrir þeim ávöxtunarforsendum sem miða þarf við ef hið tilgreinda lágmarksiðgjald á að geta staðið undir þeim lágmarksréttindum sem kveðið er á um.

Í umræðum um þessi drög í endurskoðunarnefndinni kom fram að þeir hagsmunaaðilar sem aðild eiga að nefndinni töldu sig þurfa verulegan tíma til þess að taka afstöðu til þeirra og er ljóst að enn mun nokkur tími líða þar til afstaða aðila liggur fyrir. Einkum er um tvö mál að ræða sem fjalla verður nánar um áður en von er til þess að allir geti tekið afstöðu til málsins.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða þau ákvæði frumvarpsdraganna sem fjalla um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóðanna og iðgjaldagreiðslur til þeirra. Hafa flestir fulltrúar aðila í nefndinni talið nauðsynlegt að skýr ákvæði væru um þessi efni í frumvarpsdrögunum, en jafnframt lagt áherslu á að um slík mál væri nauðsynlegt að fjalla í samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

Í öðru lagi þarf samhliða lagasetningu af þessu tagi að vera fyrir hendi greinargerð fyrir því hvaða áhrif almenn löggjöf um lífeyrissjóði hefur á starfsemi þeirra lífeyrissjóða sem stofnaðir hafa verið með sérstökum lögum.

Stjórn BSRB svo og átta manna nefndin hafa lagt fram athugasemdir og greinargerðir um afstöðu sína til og sjónarmið gagnvart frumvarpsdrögunum. Engir fulltrúar annarra aðila endurskoðunarnefndarinnar hafa hins vegar gert henni grein fyrir afstöðu sinni og sjónarmiðum."

Í skýrslunni er greint frá reiknilíkani sem gert hefur verið og gefa á mönnum kost á að meta þróun þess lífeyriskerfis, er við búum við, í framtíðinni. Sömuleiðis hefur verið reynt að meta gildi gegnumstreymiskerfis. Niðurstöður þessara athugana er að finna á bls. 8 á þskj. 957 og segir þar, með leyfi forseta:

„Þessar athuganir sýna tvímælalaust að framtíðarhorfur núverandi lífeyrissjóðakerfis eru verri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Jafnframt er ljóst að heildarstaða lífeyrissjóðanna í dag gagnvart skuldbindingum, sem þegar hefur verið stofnað til, er miklu lakari en margir höfðu áttað sig á.

Í greinargerð átta manna nefndarinnar á fskj. 6 er borið saman iðgjald í söfnunarkerfi fyrir allan mannfjöldann annars vegar og fyrir einn árgang hins vegar. Niðurstöður þess samanburðar gefa vísbendingu um kostnað vegna ónógra eigna í dag og hversu iðgjald þeirra, sem lifa í dag, þyrfti að hækka ef þeir ættu einir að greiða. Endanleg niðurstaða um kostnað vegna fyrri skuldbindinga hlýtur hins vegar að byggjast á uppgjöri hvers sjóðs fyrir sig.

Í útreikningunum kemur mjög skýrt fram að vegna þróunar mannfjöldans og breytingar á aldursskiptingu þjóðarinnar munu lífeyrisgreiðslur aukast verulega á næstu áratugum og mun aukningin verða sérstaklega ör milli 2010 og 2030. Upp frá því mun hægja mjög á aukningunni, enda tekur þá að gæta áhrifa minnkandi frjósemi undanfarinna áratuga.

Miðað við óskerta frjósemi á árunum 1981 og 1982 ætti aldursskipting þjóðarinnar að verða nokkuð stöðug upp úr 2030. Gegnumstreymiskerfi nær því jafnvægi upp úr 2030. Miðað við 70 ára ellilífeyrisaldur og reglur SAL-sjóðanna yrði nauðsynlegt iðgjald þá um 17%. Við 65 ára ellilífeyrisaldur þyrfti iðgjald að vera 23% þegar jafnvægi kæmist á, en 30% við 60 ára ellilífeyrisaldur. Til samanburðar má nefna að í þessum forsendum þyrfti nauðsynlegt iðgjald skv. réttindakerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (65 ára ellilífeyrisaldur) að vera rúmlega 29% þegar jafnvægi næðist.

Frjósemi íslenskra kvenna hefur minnkað verulega undanfarna áratugi og bendir m. a. alþjóðleg reynsla til að enn muni draga úr frjóseminni á næstu árum. Í reikningunum hefur verið gert ráð fyrir að frjósemin muni minnka um annars vegar 2% árlega næstu 20 árin og hins vegar um 1.5% árlega. Afleiðing þess er... að iðgjald þyrfti því að vera enn hærra. Skv. réttindakerfi SAL og miðað við 70 ára ellilífeyrisaldur færi iðgjald upp í 26% í jafnvægi sem yrði vart fyrr en upp úr 2070 ef frjósemi lækkaði um 1.5% árlega. Við árlega lækkun frjóseminnar færi iðgjald upp í 31%."

Í lok skýrslunnar segir svo:

„Enn er mikið verk óunnið til þess að lokið verði þeirri endurskoðun lífeyriskerfisins sem endurskoðunarnefndinni var falið að vinna að árið 1976.

Meginverkefnið er að ljúka og ná sæmilegri samstöðu um frv. til l. um starfsemi lífeyrissjóða. Nokkrir nm. telja frv. þegar nógu vel unnið til þess að það geti orðið grundvöllur ákvörðunar um lagasetningu um starfsemi lífeyrissjóða, enda þótt í þeim séu aðeins takmörkuð ákvæði um iðgjald og réttindi. Hins vegar er það skoðun flestra fulltrúa hagsmunasamtaka í endurskoðunarnefndinni að nauðsynlegt sé að hafa í þeim lögum skýr ákvæði um iðgjöld og samræmd lágmarksréttindi. Til undirbúnings samningum og ákvörðunum um þessi efni hafa að undanförnu verið gerðar veigamiklar fjárhagslegar athuganir á framtíðarþróun í lífeyriskerf-

inu sem ætlað er að verði grundvöllur slíkra ákvarðana. Nauðsynlegt er að halda þessari vinnu áfram svo og að kynna niðurstöður hennar sem best fyrir almenningi í landinu. Slík kynning og umræða er þegar hafin í stærstu hagsmunasamtökunum sem aðild eiga að nefndinni. Síðan mun að því koma að afstaða verður tekin til þess, bæði með samningum milli hagsmunaaðila og á vettvangi stjórnmála, hvaða lágmarksréttindum skuli stefna að á komandi tímum og hvernig undir þeim skuli standa með greiðslu iðgjalda og ávöxtun myndaðs sjóðs. Þeir reikningar sem þegar hafa verið gerðir sýna ótvírætt að í þessum efnum eru fram undan stærri vandamál en menn hugðu þar sem ekki verður komist hjá verulegri hækkun iðgjalda í framtíðinni ef halda á þeim réttindum sem þegar hafa verið ákveðin, ýmist með samningum eða með lögum."

Herra forseti. Ég vona að skýrsla þessi skýri stöðu mála nokkuð. Hún verður send til allra lífeyrissjóða og berst væntanlega öllum stjórnarmönnum sjóðanna.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í byrjun þings eða 16. okt. s. l. lögðu þm. Alþfl. og BJ fram beiðni um skýrslu frá fjmrh. um heildarendurskoðun lífeyrismála. Sérstaklega var óskað eftir því að fjmrh. flytti Alþingi skýrslu um störf stjórnskipaðrar nefndar sem með erindisbréfi fjmrh., dags. 20. júlí 1976, var falið að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Var óskað eftir því að fram kæmi hvaða áform væru uppi til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um lífeyrismál 28. febr. 1976, en þau markmið voru: að samfellt lífeyriskerfi tæki til allra landsmanna; að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma; að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta; að lífeyrir geti, innan vissra marka, verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega; að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Í beiðni þessari um skýrslu var einnig óskað eftir upplýsingum frá fjmrh. um eftirfarandi atriði:

a. Hver væri fjárhagsstaða lífeyrissjóðanna og hversu vel þeir væru búnir undir að standa við skuldbindingar sínar.

b. Hvaða áhrif mundi breytt aldursskipting hafa á skuldbindingar sjóðanna á komandi árum. Spurt var sérstaklega um tímabilin 1984—1989, 1990—1994, 1995—2000.

c. Hvernig tekist hafi að samræma lífeyrisrétt og bótaákvæði í reglum sjóðanna.

d. Hver væru áhrif fullrar sjóðssöfnunar annars vegar og hins vegar gegnumstreymiskerfis á viðgang sjóðanna og iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga.

e. Hvaða áform væru uppi til að tryggja lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

f. Hvenær mætti gera ráð fyrir að upplýsingastreymi frá lífeyrissjóðunum yrði með þeim hætti að sérhver sjóðfélagi fengi árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi.

Það er ljóst, herra forseti, að allnokkurn tíma hefur tekið að fá fram lagða þessa skýrslu sem um var beðið, en sjö mánuðir eru nú liðnir frá því að þessi beiðni var lögð fram á hv. Alþingi. Að sumu leyti er skiljanlegt að þetta hafi tekið nokkurn tíma vegna þess að hér er um umfangsmikla skýrslu að ræða. Það veldur þó vonbrigðum hvernig skýrsla þessi er fram sett þar sem á þskj. 957 er ekki að finna bein svör við þeim spurningum sem fram eru bornar á þskj. 77 og ég hef hér áður lýst, heldur verður að leita uppi svörin í fskj. sem fram koma í sérstakri bók og fylgja svari fjmrh. á þskj. 957, sem er skýrsla til fjmrh. frá formanni endurskoðunarnefndar lífeyriskerfisins er óskað var eftir af fjmrn. með bréfi dags. 15. jan. 1985, eins og fram kemur á þskj. 957.

Í þessari skýrslu, sem er á annað hundrað blaðsíður, er ekki heldur að finna svör við öllum þeim spurningum sem fram eru bornar á þskj. 77, en engu að síður er hér um fróðlega samantekt að ræða á starfi endurskoðunarnefndar og vissulega handhægt að hafa í einni bók sem þessari allt sem gert hefur verið og unnið að í lífeyrismálum á undanförnum tíu árum.

Hæstv. fjmrh. hefur nú gert Alþingi grein fyrir þessari skýrslu. Hæstv. ráðh. las einungis örfáa kafla sem fram koma á þskj. 957 sem er í raun skýrsla formanns endurskoðunarnefndar til hæstv. fjmrh. Ég verð að segja að það veldur mér vonbrigðum að hæstv. fjmrh. skyldi ekki sjá ástæðu til að láta í ljós álit sitt á þessari skýrslu, sem er um margt svört skýrsla varðandi þróun lífeyrismála hér á landi, en skyldi einungis láta sér nægja að vitna í örfáa kafla í bréfi formanns endurskoðunarnefndarinnar til fjmrh. sem hann fékk fyrir nokkru.

Í þessari skýrslu kemur vissulega mjög margt athyglisvert fram og óhætt er að segja að í þessari skýrslu er dregin upp nokkuð dökk mynd af framtíðarhorfum í lífeyrismálum þjóðarinnar.

Fram kemur í skýrslunni að eitt meginverkefni endurskoðunarnefndarinnar á allra síðustu árum hafi verið að vinna að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða og leita samstöðu aðila um slíkt frv. Er þess því að vænta að framlagning slíks frv. á Alþingi verði næsta skrefið sem stigið verði í lífeyrissjóðsmálum þótt greinilega komi fram í þessari skýrslu að ekki hefur tekist samstaða um það frv. og að átta manna lífeyrissjóðsnefndin svokallaða, sem starfað hefur einnig frá 1977, eða lífeyrisnefnd ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, hafi gert veigamiklar athugasemdir við þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir.

Í þessu frv. um starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um réttindi og lágmarksskyldu lífeyrissjóða, m. a. varðandi myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða, vörslu trygginga og ávöxtun iðgjalda. Þótt vissulega sé brýnt að setja samræmdar reglur, m. a. um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða eins og gert er ráð fyrir í þessum frumvarpsdrögum er engu að síður ljóst að horfið er frá því markmiði, sem oft hefur verið nefnt, að koma á einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Þess í stað er hugmyndin sú að leggja fram frv. sem kveður á um lágmarksskyldu sem lífeyrissjóðir þurfi að uppfylla varðandi lífeyrisréttindi, iðgjöld o. fl. Í því efni, eins og fram kemur í þeirri skýrslu sem hér er til umr., liggur ljóst fyrir að þó að endurskoðunarnefndin hafi starfað í níu ár og hafi það að meginverkefni að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins liggja þó ekki fyrir eftir allan þennan tíma tillögur um heildarskipan lífeyrismála þó að vissulega beri ekki að vanmeta að sú vinna sem unnin hefur verið sé mjög gagnleg og auðveldi ákvarðanatöku í því hvaða stefnu fylgja eigi í lífeyrismálum í framtíðinni. Þó vissulega skuli það ekki vanmetið að

ýmsir áfangar hafi náðst í lífeyrismálum á undanförnum árum harma ég að ekki skuli liggja fyrir neinar tillögur um framtíðarskipan lífeyrismála eftir að endurskoðunarnefndin hefur setið á rökstólum um þessi mál í allan þennan tíma eða í níu ár. Að því leyti til veldur þessi skýrsla mér vonbrigðum, en ég er þeirrar skoðunar að það muni frekar stuðla að jöfnuði í lífeyrisgreiðslum ef framtíðarskipan þess yrði með þeim hætti að byggt yrði á einu samræmdu lífeyrisréttindakerfi og helst af öllu einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn í staðinn fyrir að yfir 90 lífeyrissjóðir starfi eins og nú er.

Það er líka svo að þó að markmiðið með frv. um starfsemi lífeyrissjóða sé að kveða á um lágmarksskyldu lífeyrissjóða, til að mynda að því er varðar lífeyrisréttindi, tel ég að þau ákvæði sem er að finna í frumvarpsdrögunum muni engan veginn stuðla að þeim aukna jöfnuði í lífeyrisgreiðslum sem að hefur verið stefnt og að mikill mismunur verði áfram á lífeyrisréttindum sem mikið hefur verið gagnrýnt.

Það virðist einnig vera skoðun átta manna nefndarinnar að mikið vanti upp á að réttindaákvæðin séu samræmd með þessu frv. og vil ég, með leyfi forseta, vitna í skýrsluna á þskj. 957, en þar kemur fram:

„Eitt meginsjónarmið átta manna nefndarinnar í þessu máli hefur frá upphafi verið að ófrávíkjanlegt væri að í löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða yrðu ákvæði um samræmd lágmarksréttindi og iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða. Það hefur jafnframt verið krafa nefndarinnar að slík ákvæði tækju með sama hætti til allra lífeyrissjóða, hvort sem þeir starfa skv. sérlögum eða á grundvelli almennra reglugerða. Að baki þessu býr að nefndin og samtökin sem að henni standa telja óhjákvæmilegt að lífeyrisréttindi allra starfandi manna verði jöfnuð og samræmd. Þannig er þess krafist að greiðsla sama lífeyrisiðgjalds af sambærilegum tekjum leiði til sömu lífeyrisréttinda. Er þá gert ráð fyrir að skilyrði þess að lífeyrissjóðir fái að starfa verði að iðgjöld og réttindi standist á og sjóðir standi jafnan undir sér. Í þessu felst m. a. að hætt verði að halda uppi, m. a. með almannafé, ýmsum sérréttindum einstakra hópa í lífeyrismálum sem koma nú fram í mun hærri lífeyrisgreiðslum en svarar til iðgjaldagreiðslna, lægri lífeyrisaldri, takmörkun á iðgjaldagreiðslum o. fl.

Þau ákvæði um lífeyrisréttindi og iðgjöld, sem nú eru í drögum að frv. til l. um starfsemi lífeyrissjóða, eru ófullnægjandi að mati átta manna nefndarinnar. Ástæðurnar eru þær að þessi ákvæði tryggja ekki þá jöfnun og samræmingu réttinda iðgjalda og iðgjaldastofns sem nefndin telur óhjákvæmilega."

Það kemur því glögglega fram í þessari skýrslu að átta manna lífeyrisnefndin er þeirrar skoðunar að ekki sé tímabært að setja lög um starfsemi lífeyrissjóða fyrr en mótuð hafa verið viðunandi ákvæði um lífeyrisréttindi og lífeyrisiðgjöld svo og að gerð hafi verið, eins og fram kemur líka í þessari skýrslu, fjárhagsleg úttekt á stöðu sjóðanna miðað við ákvæði frv.

Kem ég þá að því ákvæði í þessari skýrslu sem varðar það atriði hvernig lífeyrissjóðirnir eru fjárhagslega í stakk búnir til að sinna þeim skuldbindingum sínum og má segja að sú niðurstaða hljóti að valda töluverðum áhyggjum. Ég tel að sú niðurstaða, sem þar komi fram, sýni glöggt að nauðsynlegt hafi verið að fá þessa skýrslu hér inn í þingsali til að þm. geti kynnt sér hvert stefni í þessu máli og að sú niðurstaða sýni svo að ekki verði um villst að ekki verður lengur beðið með að taka ákvörðun um framtíðarskipan lífeyrismála. Ég tel að þessar upplýsingar séu það athyglisverðasta sem fram kemur í þessari skýrslu auk þeirra tillagna sem fram koma hjá átta manna lífeyrisnefndinni um breytingar á lífeyrisréttindum.

Í þessari skýrslu, þar sem raktar eru framtíðarhorfur núverandi lífeyriskerfis, verður að segjast eins og er að þar er um mjög dökkar horfur að ræða eins og glöggt kemur fram í þessari skýrslu. Í útreikningum nefndarinnar kemur fram að 10% iðgjöld eins og nú er standa alls ekki undir lífeyrisskuldbindingum. Þar eru tekin dæmi um mismunandi raunávöxtun sjóðanna og í þeim öllum kemur fram að 10% iðgjald hrekkur ekki til að mæta lífeyrisloforðum, jafnvel ekki með 2% ávöxtun fjár umfram kauphækkanir. Miðað við 2% raunvexti þarf raunverulegt iðgjald að vera 18.9% og er í þeim útreikningum í skýrslunni miðað við reglur SAL-sjóðanna. Hér er því um að ræða 8% viðbótariðgjald, sem þarf vegna þeirra skuldbindinga sem sjóðirnir hafa nú tekið á sig.

Í þessari skýrslu var kannað hver lífeyriseign landsmanna þyrfti að vera í dag til þess að staðið væri undir þeim lífeyrisskuldbindingum sem stofnað hefur verið til. Þetta var gert með því að athuga hve upphafseign sjóðanna þyrfti að vera mikil til þess að iðgjald fyrir allan mannfjöldann í dag yrði hið sama og verið hefur. Niðurstaðan varð sú að við 2% raunvexti þyrfti upphafseign að vera sem næst fimmfalt hærri en hún er nú eða 59 milljarðar í stað 12 milljarða sem hún var í ársbyrjun 1984. Við 1% raunvexti þyrfti lífeyriseignin að vera sexfalt hærri en hún er nú eða 74 milljarðar og við 0% raunvexti 92 milljarðar.

Ástæðu þess að lífeyriseign hrekkur ekki til að mæta skuldbindingum sem þegar hefur verið stofnað til segir í skýrslunni að rekja megi til þriggja þátta: 1. Iðgjald til lífeyrissjóða hefur verið óbreytt um áratuga skeið, en ævilíkur hafa gerbreyst á þeim tíma. 2. Mikil verðbólga og verulega neikvæðir raunvextir hafa rýrt mjög eignir lífeyrissjóðanna. 3. Flestir lífeyrissjóðanna hafa á síðustu árum tekið á sig auknar skuldbindingar, einkum verðtryggingu lífeyris án þess að iðgjald hafi verið hækkað.

Á bls. 8 í þskj. 957 er einmitt bent á hvernig iðgjaldahlutfallið ræðst af því hvernig tekst að ávaxta iðgjaldasjóði. Kemur þar fram að miðað við réttindakerfi SAL-sjóðanna og 70 ára ellilífeyrisaldur þyrfti iðgjald að vera 23% ef iðgjaldasjóðurinn er ávaxtaður í takt við launabreytingar. Ef ávöxtunin er 1% umfram launabreytingar næðist jafnvægi við 16.6% iðgjald, en við 2% ávöxtun nægði 12% iðgjald. Væri hins vegar 67 ára ellilífeyrisaldur mundi iðgjald þurfa að vera 26% með enga ávöxtun umfram launabreytingar, 18.9% við 1% ávöxtun og 13.4% við 2% ávöxtun.

Ég tel að hér sé um mjög athyglisverðar upplýsingar að ræða því að um er að ræða að iðgjaldagreiðslur þyrftu í raun allt að því að tvöfaldast frá því sem nú er, eftir því við hvaða ávöxtun eða ellilífeyrisaldur er miðað, ef sjóðirnir eiga að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Það kemur glöggt fram í þessari skýrslu að það hefur veruleg áhrif á iðgjaldaþörfina hvenær taka lífeyrisgreiðslunnar hefst. Miðað við 70 ára ellilífeyrisaldur og reglur SAL-sjóðanna er nauðsynlegt iðgjald um 17%,

við 65 ára ellilífeyrisaldur þyrfti iðgjald að vera 23%, en 30% við 60 ára ellilífeyrisaldur. Ef dæmi er tekið um réttindakerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem veitir nú meiri réttindi en SAL-sjóðirnir, sýna útreikningar að mun hærra iðgjald þarf en hjá SAL-sjóðunum og þarf það að vera nálægt 30% til að tryggja lífeyrisréttindi þeirra í framtíðinni. Framtíðarhorfur í lífeyrismálum eru því vissulega ekki glæstar og vissulega orðið tímabært að menn geri sér grein fyrir því hvert stefnir í því mikilvæga máli sem lífeyrismálin eru.

Í skýrslunni kemur fram að lífeyrisréttindi hjá SAL-sjóðunum verða hæst 72% af grundvallarlaunum, en meðallífeyrishlutfall er nokkru lægra. Í útreikningum sem nefndin byggir á eru meðalréttindi 61.4% af grundvallartekjum. Í spá um þróun lífeyrissjóðanna kemur fram að tekjur af 10% iðgjaldi mundu einungis nægja til að standa undir 26.9% meðallífeyrishlutfalls og ef litið er til þess hvað 10% iðgjald getur staðið undir miklu af lífeyrisskuldbindingum er það tæpur helmingur eða 43.8%. Á þessu sést hve geysilega mikið vandamál er hér á ferðinni, sem nauðsynlegt er að taka á í tíma áður en í óefni er komið, og ljóst er að þegar hefur dregist allt of lengi að taka á þessu máli og móta tillögur og stefnu í þessum málum sem allt í senn tryggir traustan fjárhagsgrundvöll sjóðanna, jöfnuð í lífeyrisréttindum og viðunandi lífeyri sem nái til allra landsmanna.

Ég sé ástæðu til að vekja athygli á þeim viðhorfum sem eru uppi í lífeyrisnefndinni að því er varðar gegnumstreymiskerfið, en hugmyndir hafa verið uppi um að taka upp svokallað gegnumstreymiskerfi í stað uppsöfnunar eins og nú er. Í gegnumstreymiskerfi felst, eins og menn þekkja, að iðgjöld sem starfandi fólk greiðir eru jafnharðan notuð til lífeyrisgreiðslna til lífeyrisþega en þar með myndast engin uppsöfnun í lífeyriskerfinu. Þetta mundi þýða að í fyrstu væri hægt að lækka iðgjöldin verulega, segir í skýrslunni, en iðgjöld þyrftu að hækka til mikilla muna þegar fram í sækti. Ástæða þess, eins og segir í skýrslunni, er að lífeyrisþegum fer mjög fjölgandi á næstu áratugum, jafnframt því sem allt bendir til að á næstunni muni draga verulega úr fólksfjölgun. Í þessu felst mikil fjölgun fólks á lífeyrisaldri í hlutfalli við starfandi fólk. Í skýrslunni segir að ætla megi að í dag séu 8.3 einstaklingar á aldrinum 20—69 ára á móti hverjum einum 70 ára eða eldri, en eftir 50 ár bendi spár til að þá verði aðeins 4.5 einstaklingar 20—69 ára á móti hverjum einum 70 ára eða eldri eða m. ö. o. færri verði til þess að standa undir gegnumstreymi lífeyrisgreiðslna.

Í skýrslunni kemur það fram sem skoðun lífeyrisnefndarinnar að með upptöku gegnumstreymiskerfis sé verið að velta vandanum á undan sér. Að auki er bent á þjóðhagslega þýðingu sparnaðar í lífeyriskerfinu með söfnun. Það virðist því vera nokkuð ljóst að endurskoðunarnefndin mun ekki mæla með gegnumstreymiskerfi, heldur að viðhaldið verði núverandi kerfi, þ. e. uppsöfnun í sjóðunum.

Í skýrslunni kemur fram að auk þess meginverkefnis nefndarinnar að undirbúa gerð tillagna um nýskipan lífeyriskerfisins hefur nefndin haft afskipti af og á ýmsan hátt frumkvæði að lagasetningum þeim sem átt hafa sér stað hin síðari ár eða frá því nefndin var sett á laggirnar og eru þar rakin nokkur lög sem sett hafa verið frá því að endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins var sett á stofn. Hér skal ekkert úr því dregið að öll þessi lög, sem sett hafa verið, hafa vissulega verið til bóta, en hinu er þó ekki að leyna að það veldur mér miklum vonbrigðum í þessari skýrslu að ekki skuli koma fram neinar tillögur frá sautján manna lífeyrisnefndinni um hvernig framtíðarskipan lífeyriskerfisins skuli háttað nema þau frumvarpsdrög sem unnið hefur verið að á allra síðustu árum um starfsemi lífeyrissjóða sem mjög eru gölluð eins og ég hef áður rakið. Tel ég að sá tími sem nefndin hefur haft, eða níu ár, hefði átt meira en að duga og tillögur hefðu átt að liggja fyrir fyrir löngu um nýskipan lífeyrismála.

Engu að síður, þó ekki liggi fyrir hugmyndir eða tillögur sautján manna nefndarinnar, koma fram í þessari skýrslu ákveðnar hugmyndir um lífeyrisréttindi og iðgjöld sem settar eru fram í sérstakri grg. í fskj. 5, sem átta manna nefndin hefur lagt fyrir sautján manna nefndina og samtök þau sem sæti eiga í nefndinni, og ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um þær hugmyndir í lokin.

Fram kemur að átta manna nefndin telur að örðugt sé að komast hjá því að iðgjöld verði hækkuð eitthvað, en til að draga úr hækkun leggur nefndin til að verulegar breytingar verði gerðar á nokkrum lífeyrisbótum. Fram kemur að miklar breytingar hafa orðið á undanförnum áratugum á vinnuframlagi hjóna, en í skýrslunni segir að nú sé talið að um 70% kvenna stundi launaða vinnu utan heimilis. Ég tel að þessi tala sé ekki alls kostar rétt vegna þess að í úttekt sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna hefur látið gera um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum kemur fram að árið 1982 voru um 80% kvenna 16 ára og eldri með einhverjar atvinnutekjur. Fram kemur að það sé mat átta manna nefndarinnar að þessi breyting kalli á breytingar á ákvæðum um makalífeyri. Jafnframt er lagt til að barnalífeyrir verði stórhækkaður og að lífeyrisréttindum verði skipt milli hjóna. Hér er um að ræða grundvallarbreytingar á lífeyrisréttindum sem nokkuð víst er að skiptar skoðanir verði um.

Ég tel að fengur sé í því að fá fram skoðanir átta manna lífeyrisnefndarinnar í þessu máli, ekki síst að því er varðar skoðun hennar á því hvernig rétti heimavinnandi fólks til lífeyris skuli háttað. Um það hefur orðið nokkur umræða á undanförnum árum, bæði hér á Alþingi sem og annars staðar, að tryggja beri heimavinnandi fólki lífeyri og fleiri hafa orðið til að viðurkenna að óviðunandi sé með öllu að heimavinnandi fólk sé án lífeyrisréttinda. Sú krafa er því orðin mjög hávær að úr þessu verði bætt.

Hér á Alþingi hafa komið fram a. m. k. tvær till. í þessu efni. Það var þegar á árinu 1980, þegar Alþfl. lagði fram till. um framtíðarskipan lífeyrismála, sett fram sú till. að lífeyrisréttindum yrði skipt milli hjóna. Á Alþingi 1983—1984 var enn sett fram till. til þál. frá þm. Alþfl. um rétt heimavinnandi til lífeyris sem fól í sér að áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks yrðu lögð saman og skipt til helminga á sérreikning þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir eða m. ö. o. að lífeyrisréttindum yrði skipt milli hjóna. Aðrar hugmyndir hafa einnig verið uppi um sérstakan lífeyrissjóð fyrir heimavinnandi fólk.

Þær tillögur sem hafa komið fram hér á hv. Alþingi um að tryggja lífeyrisrétt heimavinnandi fólks hafa ekki hlotið afgreiðslu hér á Alþingi og ávallt til þess vísað að

starfandi sé endurskoðunarnefnd sem leggja eigi fram till. um framtíðarskipan lífeyrismála. Það er mín skoðun að ekki sé hægt og ekki sé stætt á því að bíða lengur með ákvarðanatöku í því efni hvaða leið eigi að fara til að tryggja heimavinnandi fólki lífeyri. Ég tel því að þó enn verði bið á því að taka afstöðu til framtíðarskipanar lífeyrismála, sem að mínu mati er raunar ekki stætt á miðað við framtíðarhorfur og stöðu sjóðanna, sé engu að síður, ef bið verður þar á, nauðsynlegt að taka sérstaklega fyrir till. um hvernig tryggja eigi heimavinnandi fólki lífeyri.

Ég vil spyrja um afstöðu hæstv. fjmrh. til þess máls og þá hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að á þessu sérstaka máli verði þegar tekið og þar sem lagabreytingar þarf til verði slíkt lagt fyrir í upphafi næsta þings. M. ö. o. að tekið verði á þessu sérstaka máli, sem varðar lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, en ekki verði beðið lengur með það að fyrir liggi tillögur nefndarinnar um framtíðarskipan lífeyrismála, en ég dreg þá ályktun af skýrslu þeirri sem nú liggur fyrir að enn geti orðið nokkur bið þar á.

En meginforsenda hugmynda átta manna nefndarinnar er sú að lífeyristryggingar almannatrygginga muni starfa áfram með svipuðum hætti og nú er. Í þessu felst einkum að núverandi elli- og örorkulífeyri verði viðhaldið og hann greiddur án tillits til ævitekna lífeyrisþega. Hann yrði því áfram grunnlífeyrir í nýju lífeyriskerfi. Úr lífeyrissjóðunum yrði hins vegar greiddur tekjutengdur ellilífeyrir og ráðist lífeyrisréttur af greiðslu iðgjalda af tekjum á starfsævinni. Í hugmyndum nefndarinnar er tekin ákveðin afstaða til ellilífeyrisréttar heimavinnandi maka. Eins og áður er sagt er gengið út frá því, eins og segir í skýrslunni, að í hjónabandi felist sameiginlegt fjárfélag hjónanna og þær eignir sem myndaðar eru af tekjum sem aflað er meðan hjónaband varir séu sameign hjónanna. Af þessu er ályktað að ellilífeyrisréttur sem stofnast með greiðslum iðgjalda af atvinnutekjum sé sameign hjónanna. Nefndin leggur því til að ellilífeyrisréttindi skiptist milli hjóna við slit hjónabands, hvort heldur er af völdum skilnaðar eða dauða.

Nefndin leggur til að makalífeyrir í sinni núverandi mynd verði ekki í nýju réttindakerfi. Benda þeir á að í núgildandi ákvæði flestra lífeyrissjóða varðandi makalífeyri er tekið mið af því að eiginkonan væri fullkomlega háð eiginmanni sínum fjárhagslega og væri jafnframt á framfæri hans. Við andlát eiginmanns hefði konunni því verið greiddur framfærslulífeyrir, þ. e. makalífeyrir. Bent er á í skýrslunni að geysilegar breytingar hafa átt sér stað, varðandi launaða vinnu eiginkvenna utan heimilis á undanförnum tveimur áratugum og því séu þær forsendur sem lágu að baki makalífeyris að verulegu leyti brostnar. Í stað makalífeyris er því lagt til að ellilífeyrisréttindum hjóna verði skipt svo að við fráfall maka verði greiddur tímabundinn fjölskyldulífeyrir sem miðast við framfærslubyrði. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. hvort þess sé að vænta að bráðlega verði lokið ræðunni?) Ég á svona þrjár, fjórar mínútur eftir. (**Forseti:** Það er spurt vegna þess að við erum knappir með tíma og það er komið langt umfram þann tíma sem við ætluðum í þessa umr., en það er opin leið að fresta umr. En við höldum umr. áfram þar sem eru ekki eftir nema 2—3 mínútur.)

Í stað makalífeyris er því lagt til að ellilífeyrisréttindum hjóna verði skipt svo að við fráfall maka verði greiddur tímabundinn fjölskyldulífeyrir sem miðist við framfærslubyrði. Er hér annars vegar um að ræða makabætur sem greiddar yrðu 1—2 ár eftir fráfall maka. Hins vegar er um að ræða barnalífeyri. Leggur nefndin áherslu á að hann yrði stóraukinn og greiddur framfæranda barna látins sjóðfélaga til 19 ára aldurs. Þessari till. nefndarinnar um stórhækkaðan barnalífeyri og að hann verði greiddur til barna látins sjóðfélaga til 19 ára aldurs ber sérstaklega að fagna.

Till. nefndarinnar eru því í stórum dráttum þær að skipta ellilífeyrisréttindum hjóna, taka upp tímabundnar makabætur í stað makalífeyris og stórhækka barnalífeyri. Segir í skýrslu nefndarinnar að niðurfelling makalífeyris sé aðlögun að breyttum þjóðfélagsháttum, en frameikningur á makalífeyri leiði einnig í ljós að hann muni verða æ dýrari þegar fram í sækir.

Nefndin leggur til veigamiklar breytingar að því er varðar iðgjaldagreiðslur. Leggur nefndin til að iðgjaldastofni verði breytt þannig að í stað þess að iðgjald sé eingöngu greitt af dagvinnulaunum skuli það greiðast af heildaratvinnutekjum, en um leið yrði tekjutengdur lífeyrir miðaður við heildaratvinnutekjur.

Ég skal ekki, herra forseti, þar sem þess er óskað, taka mikið lengri tíma í að ræða þetta mál þó vissulega sé ástæða til og mörg ómerkari mál en lífeyrismálin fái hér meiri umfjöllun en það mál sem er til umræðu. En um leið og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa skýrslu, sem ég tel mikinn feng að og hljóti að verða stjórnvöldum tilefni til að taka á þessu máli af fullri einurð, þá ítreka ég spurningu mína til hæstv. fjmrh. um það hvort hann sé tilbúinn, ef dráttur verður á að koma á þeirri nýskipan lífeyrismála sem að er stefnt, að beita sér fyrir því að sérstaklega verði tryggt að þeir sem eru heimavinnandi búi við sambærileg lífeyrisréttindi og aðrir landsmenn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Mér finnst hv. síðasti ræðumaður setja mig upp að vegg með því að óska eftir yfirlýsingum í þessu stóra máli sem um er rætt. Ég er ekki tilbúinn að gefa neinar yfirlýsingar sem ég treysti mér kannske illa til að standa við á þessu stigi málsins. Þegar ég hef kynnt mér málið betur skal ég gefa þær yfirlýsingar sem ég treysti mér til að gefa.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár hv. 10. landsk. þm.

Það er augljóst, af ástæðum sem ekki þarf að rekja hér, að þingið er ekki aflögufært um mikinn tíma til utandagskrárumræðu nú. Þess vegna er utandagskrárumræða leyfð á þeirri forsendu að hún fari ekki fram úr einni klst. Þetta á að vera hægt vegna þess að hv. 10. landsk. þm. hefur tjáð mér að hann muni stilla máli sínu í hóf og það er ekki gert ráð fyrir að viðkomandi ráðh. þurfi að tala lengur en hv. málshefjandi. Því er treyst að aðrir ræðumenn, sem kunna að vera, stilli máli sínu svo í hóf að það megi takast að halda umr. innan þess ramma sem hér hefur verið ákveðinn.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum forseta, eins og aðstæðum

háttar hér, að stytta mál sitt, en ég leyfði mér í síðustu viku að bera fram þá ósk til hæstv. forsrh., sem þá gegndi störfum sjútvrh., að tóm gæfist til þess áður en þingi lyki að ræða lítillega þann mikla vanda sem uppi er í fiskvinnslufyrirtækjunum um allt land vegna manneklu og þar af leiðandi erfiðleika á því að tryggja sem verðmætasta framleiðslu.

Fyrirspurn mín til hæstv. sjútvrh. er því á þessa leið: Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera á næstunni til að hamla gegn manneklu hjá fiskvinnslufyrirtækjum í því skyni að tryggja lágmarksforsendur eðlilegrar verðmætasköpunar í íslenskum sjávarútvegi?

Ég hygg að áhyggjur af því ástandi sem ríkjandi er séu ekki bundnar við einn stjórnmálaflokk frekar en annan og ekki fremur við verkafólk en stjórnendur fyrirtækjanna. Þar er um að ræða sameiginlegan vanda okkar höfuðatvinnuvegar, sjávarútvegsins. Ég hef leyft mér að kanna hjá forráðamönnum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna nú í síðustu viku hvað talið væri að margt fólk vantaði í frystihúsin. Svör Sölumiðstöðvarinnar eru þau að í hús á hennar vegum vanti a. m. k. 1000 manns og þá er þess að gæta að frystihús tengd Sambandi ísl. samvinnufélaga munu vera með um 37% af sameiginlegri heildarframleiðslu allra frystihúsa í landinu. Ég leyfi mér því að gera ráð fyrir að skorturinn á mannafla sé álíka mikill þar sem þýðir að í frystihúsin í heild vantar á milli 15 og 16 hundruð.

Það er staðfest af þeim sem best þekkja til að þetta ástand fari sífellt versnandi, hafi aldrei verið verra en nú. Næsta spurning sem hlýtur að koma upp í hugann er sú: Hvað mikil eru þau verðmæti fyrir þjóðarbúið sem fara í súginn vegna þess að fólk fæst ekki í þessi störf? Það er erfitt að hafa hér uppi neinar nákvæmar tölur í þeim efnum, en þeir sem ég hef rætt það mál við, m. a. hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, staðfesta og staðhæfa að það hlaupi a. m. k. á mörgum hundruðum milljóna króna.

Ég vil leyfa mér í þessum efnum, máli mínu til staðfestingar að vitna til ummæla framkvæmdastjóra eins helsta frystihúss í landinu, Norðurtangans á Ísafirði, sem er Jón Páll Halldórsson, en hann segir í Morgunblaðinu í viðtali í síðasta mánuði, þann 9. maí, með leyfi forseta:

„Jón Páll Halldórsson framkvæmdastjóri Norðurtanga á Ísafirði sagði í samtali við Morgunblaðið að ástæða þessa", þ. e. manneklunnar, „væri fyrst og fremst sú að fiskvinnslan hefði orðið undir í samkeppninni við þjónustugreinarnar um starfsfólkið. Eins og búið væri að fiskvinnslunni gæti hún ekki greitt nægileg laun. Því fengi hún ekki nægilega mikið af hæfu starfsfólki til vinnu. Skortur á hæfu starfsfólki drægi síðan úr möguleikanum á framleiðslu í verðmestu pakkningarnar og rýrði þannig tekjumöguleika frystihúsanna. Þetta væri því orðinn vítahringur."

Ég hygg að þessi skilgreining sé rétt, að þarna sé einmitt að myndast mjög alvarlegur vítahringur sem stjórnvöld þyrftu hið allra fyrsta að gera alvarlega tilraun til að rjúfa ef ekki á illa að fara.

Ég vil vitna í annað dæmi frá aðila vel kunnugum störfum í hraðfrystiiðnaðinum, dæmi sem fram hefur komið í fjölmiðlum á síðustu vikum og mánuðum. Ungur maður, sem annast verkstjórn í hraðfrystihúsinu í Hnífsdal við Ísafjarðardjúp, Einar Hjaltason, hélt fyrir stuttu erindi, er vakti mikla athygli, á námsstefnu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins. Hann tók þar dæmi af einum vænum togarafarmi upp á 150 tonn og komst að þeirri niðurstöðu eftir vandaða athugun og úttekt að væri slíkur afli unninn í hinar fljótvirkustu pakkningar, sem eru þá jafnframt þær sem gefa minnst af sér, væri framleiðsluverðmætið um 3.5 millj. kr. eða álíka upphæð og vinnslukostnaðurinn þannig að ekkert væri afgangs umfram vinnslukostnað. En væri hins vegar nægu fólki á að skipa og hægt að vinna þennan sama afla í verðmætustu pakkningar fyrir Bandaríkjamarkað, þar sem markaðurinn er nú opinn og tekur vel við, væri hægt að auka framleiðsluverðmætið um hvorki meira né minna en 60%. Slík dæmi mætti taka mörg fleiri, en því sleppi ég tímans vegna hér.

Nú hafa staðið yfir, eins og okkur er öllum kunnugt hér á hinu háa Alþingi, kjarasamningar undanfarna daga og er þeim nú lokið. Það voru uppi í þessum kjarasamningum ákveðnar kröfur fyrir fiskvinnslufólkið sérstaklega. Það voru ekki stórvægilegar kröfur, en ég vil harma að það skuli ekki hafa verið orðið við þeim í samningunum, að þær hafa ekki náð fram að ganga í samningunum, þessar sérkröfur fiskvinnslufólksins, því það voru svo sannarlega lágmarkskröfur. Gefið mun hafa verið út loforð eða yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um að á þau mál yrði litið sérstaklega á þeim mánuðum sem eftir eru af þessu ári, en ég held að slík yfirlýsing sé heldur léttvæg í vasa meðan ekki kemur fram hvað ríkisstj. hugsar sér að gera í þessum efnum. En það gæti e. t. v. skýrst nokkuð í þessum umr. Það er mín von.

Það hefur mikið verið um það rætt hvernig eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur hrunið niður á hinum síðustu árum. Tölur í þeim efnum hafa verið nokkuð á reiki, en allt sem fram kemur bendir til hins sama, að um stórkostlegt eignahrun sé að ræða, enda þótt mælitækin séu kannske engin alveg hárnákvæm. Ég aflaði upplýsinga um þessi efni hjá hagfræðideild Seðlabankans í febrúarmánuði s. l. Ég hef nú í morgun einnig rætt við staðgengil aðstoðarbankastjóra Seðlabankans, þann mann sem mun helst hafa unnið í þessum útreikningum hjá þeirri virðulegu stofnun, og hann hefur látið mér í té hinar nýjustu tölur sem hann telur sig nú vera með, en tekur þó fram að það sé gert á sína ábyrgð, en ekki stofnunarinnar. Þessar nýjustu tölur eru á þá leið að á móti því að eigið fé hafi í upphafi árs 1981 verið 56.7% af heildareignum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, en skuldirnar þá um 43.3%, þá hafi þetta breyst á þann veg fram til síðustu áramóta að eiginfjárstaðan sé fallin úr 56.7% niður í 41% á þessum fjórum árum og verulegur meiri hluti af þessu falli hafi átt sér stað á síðustu tveimur árum, 1983 og 1984.

Nú mun láta nærri samkv. upplýsingum sama aðila að heildareignir á sjávarútveginum séu á núverandi verðlagi ekki langt frá 40 milljörðum kr. Ég hef að vísu ekki skoðað það nákvæmlega hvernig heildareignirnar hafa breyst á þessum fjórum árum, en ég á varla von á því, með tilliti til lítillar uppbyggingar og lítillar hreyfingar í sjávarútvegi, a. m. k. hin síðustu tvö ár, að heildareignirnar séu meiri nú en þær voru fyrir fjórum árum. Á því skal ég þó hafa fyrirvara þar sem ég hef ekki kannað það alveg til hlítar.

En ef við gerum ráð fyrir að þær hafi verið álíka miklar fyrir fjórum árum og þær voru um síðustu áramót eða á núverandi verðlagi í kringum 40 milljarðar kr. nemur þetta fall eiginfjárstöðunnar liðlega 6

milljörðum sem hafa verið færðir til í þjóðfélaginu frá sjávarútveginum til annarra aðila á þessum tíma. Og miðað við að eiginfjárstaðan hafi í ársbyrjun 1981 verið um 56.7% af heildarfjármununum eða um 22.7 milljarðar samsvarar þetta 6 milljarða fall því að af þeim fjármunum sem fyrirtækin áttu sjálf í sínum rekstri hafi milli 25 og 30% verið gerð upptæk. Það er eignaupptaka upp á 25—30% hjá sjávarútveginum.

Ég á ekki von á að þeir séu margir á hinu háa Alþingi sem í rauninni hafi ætlað sér þetta, sem í rauninni hafi talið æskilegt að þannig færi. Mér þætti a. m. k. ákaflega fróðlegt að sjá framan í slíkan herramann í þessari stofnun. En þetta eru nú engu að síður þær staðreyndir sem við blasa og stjórnarstefnan hefur óneitanlega átt verulegan þátt í að kalla fram.

Það getur enginn haldið því fram með réttu að ástæðan fyrir þessari eignaupptöku sjávarútvegsfyrirtækjanna sé of hátt kaup hjá sjómönnum eða fiskvinnslufólki. Ég held að það væri undarlegur maður innan þings eða utan sem slíku héldi fram. Það er ekki heldur hægt að halda því fram að ástæðan sé aflabrestur eða erfiðleikar á mörkuðum þó að þeir hafi verið nokkrir í sambandi við eina framleiðslugrein, skreiðina. Við skulum hafa í huga að á síðasta ári, 1984, er framleiðsluverðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar prentuðum og útgefnum, sem þm. hafa fengið á sín borð, jafnmikið og það var að jafnaði á árunum 1978—1982. En á þessum viðmiðunarárum er einmitt m. a. að finna hæstu aflaárin í allri sögunni þegar framleiðslan varð mest, mælt á föstu verðlagi, — ekki bara tonnatala upp úr sjó heldur er ég að tala um sjávarafurðaframleiðsluna mælda á föstu verðlagi. Á síðasta ári, 1984, þegar fyrirtækin í sjávarútvegi og fólkið sem þar starfar verður fyrir hvað mestum efnahagslegum áföllum er framleiðsluverðmætið jafnmikið og það var að jafnaði á þessum fimm viðmiðunarárum. Árið 1984 var þriðja mesta framleiðsluár í allri sögunni. Búast má við, sem betur fer, að framleiðslan verði enn meiri nú á þessu ári, sbr. allar tölur fyrir fyrstu mánuði ársins sem ég ætla ekki að rekja hér nánar.

Samt sem áður er hag fyrirtækjanna og fólksins í sjávarútveginum svona komið og við þurfum að leita skýringa. Ég gæti hér, ef ég hefði ekki samið við hæstv. forseta um fáar mínútur, rakið mörg dæmi um hvað um þessa peninga hafi orðið. Þeir hafa hvorki gufað upp né lent í vösum almenns launafólks í landinu. Ég vil minna á hvaða gífurleg áhrif þessi þróun í sjávarútveginum hefur haft og mun hafa á byggðarlögin úti um allt land. Við vitum að það liggur fyrir að fólksflutningar hafa orðið meiri á síðasta ári en nokkru sinni fyrr í a. m. k. 25 ár frá kjördæmunum sex utan Reykjavíkur og Reykjaness. Ég leyfi mér einnig í þessu samhengi að minna á að ég upplýsti við umr. um frv. um Byggðastofnun í síðustu viku að fólkið í byggðarlögunum úti um land, þar sem byggt er á sjávarútveginum, og menn hafa að yfirgnæfandi flestir sína atvinnu beint af honum, er nú dæmt til þess að vera hálfdrættingar í okkar þjóðfélagi. Það liggur fyrir að íbúðabyggingar sem byrjað var á á síðasta ári urðu meiri í Reykjavík á árinu sem leið en um fjöldamörg ár næst á undan. Það var nýtt met í þeim efnum. Ég upplýsti með tölum frá Húsnæðisstofnun ríkisins að úti á landi var þetta þveröfugt og menn byrjuðu ekki nema á innan við 400 íbúðum á síðasta ári sem var innan við helmingur þess sem byrjað hafði verið á að jafnaði á árunum 1978—1982. Þannig hefur þetta snúist við og það var alveg sama útkoma þegar kom að annarri spurningu: Hvað hafði fólkið haft mikla fjármuni í höndum til að leggja inn á verðtryggða reikninga og aðra reikninga í innlánsstofnunum? Samkv. upplýsingum frá sjálfu bankaeftirliti Seðlabankans kom í ljós að ef menn úti um landið hefðu átt að halda í við höfuðborgarsvæðið í þeim efnum hefðu þeir þurft að leggja inn, þegar í báðum tilvikum var fyrst búið að leggja inn það sem þurfti til að halda óbreyttu verðgildi bankainnstæðnanna — þá þurftu menn í kjördæmum úti um land og að Suðurnesjunum meðtöldum að leggja inn helmingi meira en þeir gerðu til að halda í við höfuðborgarsvæðið, 2000 kr. fyrir hverjar 1000 kr., 200 þús. fyrir hverjar 100 þús. o. s. frv. Svona er þetta að þróast og það er meira áhyggjuefni en flest annað. 7.5% launahækkun nú dugar ekki fyrir þetta fólk í fiskvinnslufyrirtækjunum og ekki heldur fyrir fólkið í fiskvinnslufyrirtækjunum hér á höfðuborgarsvæðinu sem að sjálfsögðu er engu betur sett en hitt sem vinnur við fiskinn úti um landið. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. sjútvrh.: Hefur verið fjallað alvarlega um það á fundum hæstv. ríkisstj. hvernig meiningin sé að bregðast við? Von mín er sú, vegna þess að ég er sannfærður um að þar til ber brýna nauðsyn, að menn treysti sér til að stíga stór skref í þeim efnum að bæta svo að eftir verði tekið og um muni kjör fiskvinnslufólksins. Fyrirtækin í sjávarútveginum geta það ekki óstudd eins og farið hefur verið með þau. Það verður að koma til annað tveggja; bættur rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækin í sjávarútvegi og það stórlega bættur þannig að þau geti hækkað þetta lága kaup, ellegar með öðrum hætti, skattalega eða á annan veg beinn stuðningur frá ríkisvaldinu. Annaðhvort verður að koma til ef ekki hvort tveggja.

Ég sé að ég hef talað lítið yfir stundarfjórðung og þó að margt sé ósagt vil ég standa við mitt loforð við hæstv. forseta og læt mínu máli lokið.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Mér þykir ólíklegt að ég geti svarað svo umfangsmiklu máli sem þessu á einum stundarfjórðungi, en mun hins vegar reyna að taka í það eins stuttan tíma og mér er nokkur kostur.

Það er út af fyrir sig ánægjulegt að þessi málefni skuli koma hér til umr. Það er vissulega nauðsynlegt. Það á ekki að koma neinum á óvart að íslenskur sjávarútvegur á í miklum erfiðleikum. Það lá fyrir þegar núv. ríkisstj. var mynduð, og var kannske aðalástæðan fyrir því hversu brýnt menn töldu að ljúka því verki á sínum tíma, að atvinnulífið stæði þá frammi fyrir hruni og það væri mjög óábyrg afstaða stjórnmálaaflanna í landinu ef ekki væri tekist á við þau vandamál.

Núverandi stjórnarflokkar gerðu það með ýmsum ráðstöfunum. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að Alþb. skuli viðurkenna að það hafi verið mikil ástæða til að grípa til róttækra aðgerða á sínum tíma og gengur jafnvel miklu lengra og telur að alls ekki hafi verið nóg að gert, þá sérstaklega í upphafi stjórnartímabilsins.

Það þarf ekki frá því að segja að fyrir tveimur árum geisaði hér óðaverðbólga, 130—140%. Það var komið á nýrri efnahagsstefnu, sem ég skal ekki rekja neitt frekar, sem skipti að sjálfsögðu sköpum fyrir sjávarút-

veginn í þröngri stöðu. Ég kemst ekki hjá því að rifja í stuttu máli upp hvað einkum hefur verið gert til þess að bregðast við þeim mikla vanda sem við horfðum þá framan í.

Í fyrsta lagi hefur verið farið í verulega fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsins. Það hefur tekið langan tíma og allt of langan tíma. Það hefur gerst með því að bætur úr Aflatryggingasjóði hafa verið verulega auknar, Fiskveiðasjóður Íslands hefur veitt mjög mikinn vaxtaafslátt og með þeirri skuldbreytingu, sem hefur átt sér stað í opinberum sjóðum, og vaxtaafslætti hefur greiðslubyrðin í Fiskveiðasjóði lækkað á árunum 1984 og 1985 úr 3500 millj. í u. þ. b. 1500 millj. Þá hefur átt sér stað mjög veruleg skuldbreyting á lausaskuldum sjávarútvegsfyrirtækja sem nú er nánast lokið. Þá hefur einnig verið ákveðið að endurgreiða sjávarútveginum uppsafnaðan söluskatt að upphæð 540 millj. kr. Allt eru þetta mikilvæg mál sem urðu þess valdandi að ekki fór verr en á horfði.

Í öðru lagi hefur verið tekist á við skipulagsvanda sjávarútvegsins og stjórnun fiskveiðanna. Það hefur oft komið til tals hér á Alþingi og ég skal ekki hafa um það mörg orð. Markmiðið með þeirri skipulagsbreytingu var að takmarka veiðar á mikilvægustu fiskistofnum við ákveðin hámörk til að vernda þá og skapa svigrúm til að byggja upp fyrir framtíðina. Það hefur að miklu leyti tekist. Það hefur tekist að standa við þau mörk, sem sett hafa verið, að langmestu leyti. Auðvitað væri freistandi að veiða enn meira og það væri áreiðanlega hægt að selja meira á okkar mörkuðum eins og nú standa sakir, en það er nú e. t. v. það sem skiptir meginmáli fyrir framtíð íslensks þjóðarbús að við stöndumst þær freistingar að ganga um of á fiskistofnana. Ég get ekki mælt með slíkum aðgerðum. Þá held ég að hljóti að vera betra að takast á við erfiðleikana innan skynsamlegra aflamarka.

Það var reynt að jafna þeim aflasamdrætti sem varð og það er engin ástæða til að gera lítið úr þeim aflasamdrætti eins og mér fannst að hv. fyrirspyrjandi gerði hér. Það er vissulega rétt að loðnuveiðin hefur komið upp aftur og komið í veg fyrir gjaldþrot loðnuflotans og vinnslustöðva loðnunnar, þ. e. fiskimjölsverksmiðjanna, en aflasamdrátturinn er mjög verulegur hjá botnfiskflotanum og þeim fiskvinnslustöðvum sem vinna úr þeim afla. Það var reynt að jafna þessum afla réttlátlega niður á bæði byggðarlög og skip til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og það hefur sem betur fer að mestu leyti tekist.

Það kerfi sem upp var tekið átti að hvetja sjómenn og annað starfsfólk í sjávarútvegi til að auka gæði og verðmæti þess afla sem veiða má hverju sinni og draga úr tilkostnaði við öflun hans. Það liggur fyrir að verulegur árangur hefur náðst í þessum efnum, en þó alls ekki nægilegur.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson tók eitt dæmi, vitnaði í erindi ungs manns, sem var ágætt dæmi um hvernig ekki á að standa að þessum hlutum. Hann nefndi dæmi um að togari kom að landi með 150 tonna afla og ekki réðist neitt við að vinna hann í viðkomandi frystihúsi. Þetta er alveg rétt og ber að harma að slíkt skuli koma fyrir. Hitt er svo annað mál að opinber stjórnvöld á hverjum tíma geta ekki ráðskast í einu og öllu með vinnubrögð manna úti um land. Þeir verða að finna sjálfir með hvaða hætti þeim hentar best að vinna úr þeim afla sem þeim er fenginn í hendur og fara með sinn kvóta.

Það verður ætlast til þess að hver og einn reyni að samræma veiðar og vinnslu þannig að sem mest verðmæti verði úr fiskinum. Það kom því miður allt of oft fyrir á s. l. sumri, og þá kannske ekki síst á Vestfjörðum og að nokkru leyti á Norðurlandi og Austurlandi, að togarar komu með allt of mikinn afla að landi. Það er ein aðalástæðan fyrir því hversu illa fór með afkomu frystihúsanna á þessu svæði á s. l. sumri. Það er vonandi að menn hafi lært af þeirri reynslu og slíkt muni ekki koma fyrir aftur. Þá verður að sjálfsögðu að geta náðst um það samkomulag á milli aðila, að takmarka afla í hlutfalli við afkastagetuna í landi. Hitt er svo annað mál að þetta er ekkert einfalt mál úrlausnar og betra um að tala en í að komast. Með þessum orðum er ég á engan hátt að leggja dóm á einstök tilvik í þessu sambandi, en bendi hins vegar á að það er enn meiri ástæða til að fara varlega í sumar, miðað við þann vinnuaflsskort sem fyrir hendi er, því ef það er ekki gert má gera ráð fyrir að það fólk sem við þessi störf vinnur hafi ekki afla á haustmánuðum til að vinna úr. Þetta hlýtur að verða viðkomandi vinnslustöðvum hvatning til þess að gera sem mest verðmæti úr þeim afla sem til ráðstöfunar er.

Það var einnig ákveðið að stemma stigu við frekari stækkun fiskiskipaflotans og hvetja útgerðarmenn til að beina skipum sínum í veiðar á vannýttum fiskistofnum og sjávardýrum. Þetta hefur að miklu leyti tekist. Það hefur orðið veruleg aukning á rækjuveiði. Og það hefur ekki verið heimilað að byggja ný skip. Hins vegar hefur verið reynt að beina fjármagni til orkusparandi aðgerða og ýmissa tæknibreytinga á flotanum og hefur verið gefin út reglugerð hjá Fiskveiðasjóði sem hvetur til slíkra fjárfestinga en því miður eru jafnvel nýjustu skip flotans ekki nægilega vel útbúin miðað við þær kröfur sem verður að gera.

Ekki meira um það sem gert hefur verið þó að þar sé af mörgu að taka.

Ég vildi fara nokkrum orðum um þær fullyrðingar hv. þm. að orðið hafi stórkostlegt eignahrun í sjávarútveginum og það sé mikið áhyggjuefni. Ég vil ekki draga úr því að eigið fé í sjávarútveginum er allt of lítið og eigið fé hefur hlutfallslega farið minnkandi. Það eru uppi tvær stefnur um hvernig fjármagna skuli fyrirtæki. Í fyrsta lagi að það skuli gera sem mest með lánsfé og í öðru lagi að það skuli gera sem mest með eigin fé. Ef við tölum t. d. við ekta kapítalista á bandarískum fjármagnsmarkaði þykir þeim óeðlilegt að eigið fé sé undir 60% og telja að það sé miklu mikilvægara að koma eiginfjárhlutfallinu upp í það áður en ráðist er í frekari fjárfestingar. Þeir hætta oft við fjárfestingar af þeim sökum. Þetta gera þeir til að halda uppi verðgildi hlutabréfa sinna. Þau skilyrði hafa ekki verið á Íslandi. Hér hefur verið tiltölulega lokaður hlutabréfamarkaður og fyrirtæki hafa að mjög miklu leyti þurft að byggja uppbyggingu sína á lánsfé. Hér hefur nú orðið nokkur breyting á þannig að það er vaxandi áhugi fyrir því að auka eigiðfjármagn fyrirtækja. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þessar tvær stefnur, en hins vegar get ég sagt það sem mína skoðun að ég tel almennt mun heilbrigðara að byggja fyrirtæki upp með sem mestu eigin fjármagni.

Hv. þm. tók það fram hér að sjávarútvegurinn hefði

verið rændur. Það stóð a. m. k. í grein sem hann ritaði í febrúar s. l. Ég held að hann hafi ekki endurtekið það nú, en ég held að þessa grein hafi hann skrifað í blað á Vestfjörðum þar sem hann segir að sjávarútvegurinn hafi verið rændur 6000 millj. kr. á tveimur árum og hefur það allt frá Seðlabanka Íslands.

Nú sagði ég það áðan að sjávarútvegurinn hefur misst hluta af sínu eigin fé. Ég hef hins vegar verulegar athugasemdir fram að færa við þá útreikninga sem hér eru gerðir og kom þeim athugasemdum á framfæri við Seðlabanka Íslands, bað um að starfsmenn bankans lykju sínum athugunum áður en þeir færu að birta upplýsingar úr þeirri athugun sem fram fer á þeirra vegum. Ég tel að þeir séu alls ekki búnir að gera það upp sem þeir ætla sér að gera og þær tölur, sem þegar hafa verið birtar, gefi villandi mynd. Það er verið að vinna að því í Seðlabankanum og ég hef rætt það við þá og vonandi verður næsta skýrsla lokaskýrsla, en ekki verði meira um að birtar séu ófullkomnar upplýsingar um mikilvæg verkefni sem verið er að vinna að.

Ég vil í því sambandi segja: Það er mjög vafasamt að semja uppgjör sem ekki er í neinu bókhaldslegu samhengi og það er þetta uppgjör Seðlabankans ekki. Það er ekki sambærilegt mat á eignum og skuldum. Þeir miða við eitthvað sem þeir kalla þjóðarauðsmat, sem er út af fyrir sig ágætt að hafa til hliðsjónar, en hins vegar er til margs konar annað mat og þar af leiðandi eru þessar upplýsingar, sem þegar hafa komið, ekki mjög nákvæmar.

Það skiptir t. d. mjög miklu máli hver tímasetningin er í slíku uppgjöri. Þeir velja tímann rétt eftir gengisbreytinguna síðast, færa sem sagt upp allar skuldirnar á réttu gengi, en hins vegar er ekki framkvæmt sambærilegt mat á eignunum. Seðlabankinn gaf síðan eftir um 500 millj. af þeim skuldum sem hjá honum var og það kemur ekki heldur fram í þessu.

Það er vissulega rétt að eigiðfjárhlutfallið hefur minnkað, en það eru ekki aðalskýringarnar að um svo stórkostlegt tap hafi verið að ræða í fiskvinnslunni. Við getum tekið eitt dæmi. Ágætis fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum kann að hafa átt eignir upp á 100 millj. 1981 og fjármagnað það eingöngu með eigin fé. Svo má vera, eins og oft vill verða, að komið hafi upp mikil bjartsýni í þessu fyrirtæki og það ákveðið að fjárfesta fyrir 400 millj. en ekki ein einasta króna hafi verið til í byggðarlaginu til að gera það og það fjármagn hafi þurft að taka allt að láni. Eigiðfjárhlutfall þessa fyrirtækis fer allt í einu úr 100% í 20%. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka slíkt inn í útreikninga sem þessa.

Ég ætla ekki að fara með ákveðnar tölur um þær breytingar sem þarna hafa átt sér stað, þær eru nokkrar, en þær eru ekki í samræmi við þá útreikninga sem hv. þm. hér viðhafði, byggða á lauslegum upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, sem hann túlkar sem ákveðna niðurstöðu bankans. Það er rangt. Bankinn hefur ekki komist að neinni ákveðinni niðurstöðu. Þar að auki gefur hann sér beinar forsendur um lausaskuldir fyrirtækjanna. Það er alveg rétt að opinberar skuldir hafa mjög aukist sem m. a. stafar af því að átt hafa sér stað verulegar skuldbreytingar, ekki bara núna heldur á undanförnum árum, sem hafa fært skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna við einkafyrirtæki og ýmsa aðila í þjóðfélaginu yfir á opinbera sjóði. Það þýðir lítt að gefa sér ákveðnar forsendur í þeim efnum. Ég er afar lítið hrifinn af bókhaldi sem þessu, hvort sem það er komið frá Seðlabanka Íslands eða öðrum, og ég leyfi mér að átelja að svo mikilvægar niðurstöður skuli vera dregnar af jafnléttvægum gögnum. En ekki meira um það.

Ég vil ekki með þessu draga úr því að eiginfjárstaða fyrirtækjanna er mjög rýr og mjög slæm. Það hefur hins vegar verið unnið þannig að málum að skuldir fyrirtækjanna eru í mun meira mæli í skilum en áður var. Nú er aðalatriðið að sjávarútvegurinn verði þess umkominn að hagnast það mikið að hann geti staðið undir þessum skuldum og staðið undir þeim erfiðleikum sem hann hefur þurft að safna á sig á mörgum undanförnum árum. Það er ánægjulegt ef það er skoðun allra hér á hv. Alþingi, eins og hv. þm. taldi nánast öruggt, að menn telji eðlilegt að sjávarútvegurinn hafi slíkan hagnað á næstu árum. Ég fagna slíkri skoðun, en það er vissulega nokkuð nýtt fyrir mér. Ég hef ekki fundið hingað til að talið væri sjálfgefið að sjávarútvegsfyrirtækin hefðu eiginlega nokkurn verulegan hagnað, hvað þá hagnað til að standa undir þessum skuldbindingum. En það er vissulega forsenda þess að svo geti tekist.

Þá vildi ég koma að þeim miklu erfiðleikum sem fiskvinnslan stendur frammi fyrir og ástæðum þess hvað illa gengur að halda starfsfólki í fiskvinnslunni. Það er allt saman rétt og er mikið áhyggjuefni hvernig þau mál standa.

Ég bað Þjóðhagsstofnun í morgun að gefa mér upplýsingar um hvernig meðalkaup hafi breyst á þessu tímabili og hvaða ástæður kynnu að vera fyrir þessari þróun. Ef við lítum á hlutfall af meðalkaupi allra verkamanna á 4. ársfjórðungi 1984 var meðaltímakaup verkamanna í fiskvinnslu sem hlutfall af meðalkaupi allra verkamanna á 4. ársfjórðungi 1981 99.6% af meðaltímalaunum, en á 4. ársfjórðungi 1984 105.7. Hins vegar var hreint tímakaup fiskvinnslufólks, þ. e. verkamanna í fiskvinnslu, 90% 1981, en 92.5% á 4. ársfjórðungi 1984. Í sjálfu sér er þetta ekki nægileg skýring. Hér er hins vegar aðeins um samanburð innan verkamannastéttarinnar að ræða, en ekki samanburð við aðrar stéttir.

Ef við lítum á fiskvinnslu eða verkakonur er þetta hlutfall þannig að meðaltímakaup var 109.5% á 4. ársfjórðungi 1981, en 111.3 á 4. ársfjórðungi 1984. Ef við miðum hins vegar við hreint tímakaup var það 97.3% 1981 á 4. ársfjórðungi og 94.7% 1984 í sambandi við hreint tímakaup. Það er sama hér: Eingöngu er um samanburð að ræða innan verkamannastéttarinnar.

Ég tek undir það með hv. þm. að áreiðanlega má rekja þessa þróun að nokkrum hluta til spennu á ýmsum öðrum sviðum þjóðlífsins, spennu í þjónustustarfsemi og annarri atvinnustarfsemi sem hefur dregið óeðlilega til sín, en enginn getur hins vegar að lokum staðið undir nema sjávarútvegurinn sjálfur.

Nú er ég ekki að fara með þessar tölur til að halda því fram að ekki þurfi að bæta kjör fiskvinnslufólks. Það er ekki mín skoðun því að ég er þeirrar skoðunar að svo þurfi að verða.

Við í sjútvrn. höfum rætt þessi mál allnokkuð við forustumenn Verkamannasambands Íslands. Ég átti með þeim í upphafi árs 1984 mjög góðan fund þar sem rætt var um þessi vandamál af mikilli hógværð og menn reyndu að líta á hvernig ætti að bregðast við þeim vandamálum sem þá voru komin upp. Sá fundur leiddi til þess að ákveðið var að skipa starfshóp sem skyldi

undirbúa frekari verkmenntun fólks í fiskvinnslunni með það í huga að það fólk sem færi í gegnum slík námskeið, slíka verkmenntun, næði meiri réttindum en aðrir og þeirra þjálfun og þeirra þekking væru metin einhvers í launum.

Ég get ekki farið að rekja það sem gert hefur verið. Vissulega hefði það mátt taka skemmri tíma eins og oft vill verða. Það hefur þó verið unnið verulegt starf í þessu sambandi í ágætu samstarfi rn. og hagsmunaaðila og þá ekki síst í samstarfi við Verkamannasamband Íslands. Það var haldið fyrst tilraunanámskeið 18. og 19. febrúar s. l. Það námskeið sóttu 30 manns frá 20 frystihúsum í landinu. Það var samdóma álit þeirra, sem þar komu, að mikil þörf væri á fræðslu sem þessari. Nú hafa verið gerðar breytingar á þessu námskeiði með tilliti til reynslunnar á fyrsta tilraunanámskeiðinu og var ákveðið að standa fyrir grunnnámskeiðum í sumar í tvo til þrjá daga. Það er markmið slíkra námskeiða að kynna starfsfólki fiskvinnslustöðvanna mikilvægi sjávarútvegsins fyrir íslenskt þjóðarbú og hversu mikilvægt er að afurðir séu ávallt í hæsta gæðaflokki. Á þessum námskeiðum mun fyrst og fremst vera lögð áhersla á eftirfarandi: Sjávarútveginn og þjóðarbúið eins og ég sagði áðan, hráefnið, fiskgæði, hráefnisgeymslur, ferskfiskmat, vélavinnu við fisk, snyrtingu, vigtun og pökkun á fiski, gæðaeftirlit innan frystihúsanna, gæðaeftirlit sölusamtakanna, frystitækni, gerlastarfsemi, fiskmarkaði og starfsemi sölufyrirtækjanna erlendis.

Það hefur þegar verið ákveðið að halda slík námskeið á Ísafirði, í Stykkishólmi, á Sauðárkróki, Dalvík, Hafnarfirði, Egilsstöðum, Húsavík, Vestmannaeyjum og Hafnarfirði. Í framhaldi af því er þess vænst að hægt verði að koma upp sérnámskeiðum, sem er ætlað að vera bæði verkleg og bókleg námskeið, í einstökum greinum fiskvinnslunnar. Námskeiðin verði 10—15 daga löng og haldin á þeim stöðum þar sem aðstaða er fyrir hendi. Þegar fram líða stundir verður að teljast eðlilegt að grunnnámskeiðin séu aðfararnám að öðrum sérnámskeiðum. Á báðum þessum námskeiðum er ætlast til að þátttakendur hafi reynslu af starfi í fiskvinnslustöð þegar þeir koma á námskeiðin.

Ég er ekki að rekja þetta, þó ástæða væri til að rekja gang þessara mála í miklu fleiri orðum, til að halda því fram að hér sé nóg að gert, en það er enginn vafi á að bæta þarf aðstöðu þess fólks sem vinnur við fiskvinnslu allt árið um kring og hefur hlotið þar gífurlega þjálfun og sérþekkingu. Og þetta fólk á rétt á hærri launum en það fólk sem aðeins stundar slík störf um stundarsakir. Það er orðið því miður allt of algengt, eins og fram hefur komið, að fólk vilji sækja til annarra starfa en ekki hafa þessi störf að langtímastörfum.

Það er því miður svo líka að farið hefur vaxandi ákveðið virðingarleysi fyrir fiski og fiskvinnslu í þessu þjóðfélagi og hefur oft og tíðum verið rekinn heldur óskemmtilegur áróður gagnvart þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarbúsins. Við skulum vona að það snúist við og menn sjái að það sem skiptir máli er að þessari atvinnugrein farnist vel.

Að því er lýtur að framtíðinni er á margt hægt að benda í sambandi við það sem gera þarf og verður unnið að. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að ég tel nauðsynlegt að halda áfram svipaðri stefnu í fiskveiðistjórnun og þar með skapa möguleika fyrir samræmingu á vinnslu og aflabrögðum. Við erum búnir að ganga í gegnum eitt ár, þ. e. árið 1984, sem lofar nokkuð góðu og ég tel fulla ástæðu til að ætla að árið í ár verði hagstæðara í þessu sambandi. Við þurfum að halda áfram að tæknivæða bæði skipin og fiskvinnsluna. Það hefur verið reynt innan sjávarútvegsins að beina fjármagni sem þar er til ráðstöfunar fyrst og fremst í þá átt, en reynt að sneiða hjá nýfjárfestingu. Þar má vissulega miklu meira gera, en þar er takmarkað fjármagn fyrir hendi og ég tek undir það með hv. þm. að það skiptir náttúrlega meginmáli að sjávarútvegurinn hafi góða afkomu þannig að hann geti fjárfest fyrir eigið fé að allverulegu leyti.

Það er alveg nýtt fyrir mér að heyra þær raddir að gott sé að sjávarútvegsfyrirtæki hagnist. Það er allt að því að slegið hafi verið upp stórfyrirsögnum í blöðum ef það hefur komið fyrir að eitthvert sjávarútvegsfyrirtæki hefur grætt og menn segja: Þetta gengur bara ekki. En það er að sjálfsögðu nauðsynlegt og mjög mikilvægt að slík umræða eigi sér stað. Hv. þm. Kjartan Ólafsson á þakkir skilið fyrir það að benda á þessa sjálfsögðu staðreynd.

Þá skiptir einnig mjög miklu máli hver verður framtíðin á íslenskum mörkuðum. Það liggur t. d. ljóst fyrir að eftir síðustu fiskverðssamninga var áætlað að hagnaður fiskvinnslunnar væri, miðað við 6% ávöxtunarkröfu, um það bil 1.7%, ég held að ég fari rétt með það, en ef miðað er við aðeins 3% ávöxtunarkröfu er hagnaðarprósentan 2.6%. Miðað við þá kjarasamninga sem nú hafa verið undirritaðir má telja fullvíst að þessi prósenta verði um það bil 0. Þ. e. ef miðað er við 6% vexti í ársgreiðslu verði hagnaður fiskvinnslunnar um það bil 0.

Það er einnig rétt að taka það fram að gert er ráð fyrir enn allmiklu tapi á flotanum. Eftir fiskverðsákvörðun var gert ráð fyrir 5% tapi á bátaflota á loðnu, 1.4% tapi á eldri togurum sem eru skráðir fyrir 1977, en 11.6% á yngri togurum skráðum eftir 1977. Þeir kjarasamningar sem leiddu til lausnar á sjómannaverkfallinu höfðu að sjálfsögðu í för með sér verri afkomu fyrir flotann. Það má gera ráð fyrir að það nemi um 3% á bátaflotanum og um það bil 1.4% á eldri togurunum og þá yngri togurunum líka. Ef slíkir kjarasamningar hefðu ekki verið gerðir má gera ráð fyrir að afkoma þeirra skipa hefði verið á núlli. Hins vegar er það óraunhæfur samanburður því ef ekki hefðu verið gerðir þessir kjarasamningar hefðu skipin væntanlega ekki farið af stað.

Það sem mun skipta sköpum í þessari stöðu er hvað gerast mun á okkar mörkuðum erlendis. Vissulega er of snemmt að spá um það. Það benda þó allar líkur til þess að fiskneysla muni fara vaxandi í Bandaríkjunum og jafnvel geti orðið verðhækkun á blokk þar einhvern tíma á næstunni, án þess að ég geti neitt um það fullyrt. Það liggur fyrir að þær mikilvægu upplýsingar, sem hafa komið frá rannsóknastofnunum og birst í læknatímaritum um mikilvægi þess að borða fisk og er jafnvel talið að fiskneysla tvisvar í viku geti komið í veg fyrir alvarlega hjartasjúkdóma og jafnvel aðra sjúkdóma, munu verða fiskneyslunni mikil lyftistöng ef rétt verður á haldið. Vonandi sjáum við þessa þróun einhvern tíma á næstu mánuðum. Ég legg áherslu á að ef svo mundi verða og það kæmi einhver hækkun á fiskverði fram þarf sjávarútvegurinn á því að halda. Hann getur ekki starfað lengi við þau skilyrði að hafa engan hagnað.

Vonandi fellur einhver slík guðsgjöf okkur í skaut þannig að við getum bærilega réttir staðið upp frá þessu borði.

Auðvitað skiptir þarna máli margt annað. T. d. sá gífurlegi kostnaður og það vandamál sem við stöndum nú frammi fyrir varðandi orm í holdi, sem hefur skert stöðu sjávarútvegsins verulega, og margt mætti til telja. Það er mikilvægt að menn leggist á eina ár um að bæta það ástand.

Það er margt annað, herra forseti, sem ég vildi sagt hafa varðandi fsp. hv. þm. Kjartans Ólafssonar, en ég áskil mér rétt til að koma upp aftur til að koma að viðbótarupplýsingum ef hann vill spyrja mig einhvers frekar um þetta mál eða vill fá nánari útlistanir á því sem ég hef í huga eða hef sagt. Ég viðurkenni fúslega að það mætti verða mun ítarlegra, en til þess að verða við tilmælum hæstv. forseta læt ég ræðu minni lokið.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í framhaldi af svari sjútvrh. þykir mér rétt að koma á framfæri nokkrum upplýsingum í þessu mjög mikilvæga máli. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað stjórnvöld hafi gert til að tryggja að starfsfólk fáist til fiskvinnslunnar. Hæstv. sjútvrh. hefur rakið það allítarlega og ég hygg að engum dyljist að allmikið hefur verið gert. En fleira þarf ef duga skal og sömuleiðis er rétt að spyrja hvað fiskvinnslan sjálf geri til þess að fólk fáist þar til starfa.

Á fundi sem ég sat nýlega með öðrum Vestfjarðaþm. og ýmsum fiskvinnslumönnum af Vestfjörðum komu fram ákaflega fróðlegar upplýsingar sem mér þykir rétt að koma á framfæri.

Á Flateyri var gerð nákvæm mæling á nýtingu í hlutfalli við ormafjölda. Í ljós kom að í marsmánuði var nýtingin yfirleitt á bilinu 50% og rétt rúmlega það þegar ormafjöldi var 2—3 í kg af flaki. En togari þeirra á Flateyri fór nokkrar ferðir í þorsk, sem gekk út úr Breiðafirði, og þá jókst ormafjöldi upp í 8.5 í kg af flaki og allt upp í rúmlega 12 og þá féll nýtingin niður í um það bil 44% þegar ormafjöldi var mestur. Það sýnir sig, án þess að ég lengi umræðurnar með því að telja upp þær mörgu tölur sem eru hér á blaðinu, að svo virðist sem nýtingin sé í beinu hlutfalli við ormafjölda. Þó fellur hún mjög hratt eftir að ormafjöldinn fer yfir 3 og, eins og ég sagði áðan, lækkar um um það bil 11% þegar ormafjöldi er kominn yfir 8—9 orma í kg af flaki. 11% fall í nýtingu er að sjálfsögðu svo mikil blóðtaka fyrir fiskvinnsluna að fiskvinnslumaðurinn sagði að ljóst hefði verið að í raun og veru borgaði sig alls ekki að vinna þennan fisk. Vafalaust er hér um mjög mikið vandamál að ræða.

Samanburður er gerður í skýrslu sem við fengum á þessum fundi við Danmörku og ætla ég aðeins að koma inn á þær tölur. M. a. kemur fram í henni að ormur er ákaflega fátíður í fiski þar og eins og ég mun skýra frá síðar er öll nýting og afkoma frystihúsa í Danmörku stórum betri en hér. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta er í beinum tengslum við selafjöldann. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga og ég held flestra vísindamanna. Og það er t. d. athyglisvert að mjög lítið er af sel á þeim slóðum sem danskur fiskur kemur frá. Athyglisvert er t. d. að Færeyingar, sem hafa lent í miklu minni vandræðum með orm, hafa kerfisbundið haldið selnum í skefjum. Það er í mínum huga tvímælalaus skylda stjórnvalda að halda selafjölda í skefjum á íslenskum fiskimiðum og við strendur landsins. Því má segja að þarna sé um að ræða eitt verkefni sem að stjórnvöldum snýr.

Í skýrslu þeirra Vestfirðinganna er bent á nokkur önnur atriði, t. d. á fiskverð og að verðmun á slægðum og óslægðum fiski sem að þeirra mati á að vera meiri en nú er. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðmunur á slægðum fiski og óslægðum verði aukinn. Ljóst er að þegar fiskur er átumikill og hrognafullur er fiskvinnslan að kaupa slóg, innyfli og hrogn á verði stórþorsks."

Nokkur fiskvinnsluhús, a. m. k. tvö, sem ég þekki á Vestfjörðum, hafa hætt að taka óslægðan línufisk og segja mér að það hafi gerbreytt afkomu í vinnslu á þessum línufiski sem liggur held ég í hlutarins eðli.

Hér segir einnig að meiri munur þurfi að vera á verði smærri fiskjar og stærri og strangari kröfur þurfi að gera til ormafiskjar. Að vísu á að verðfella hann, en því miður er það alls ekki gert í þeim mæli sem ætti að vera á ýmsum stöðum um landið og gæti ég nefnt um það mörg dæmi.

Í þessari skýrslu er, eins og ég sagði áðan, gerður samanburður við dönsk frystihús, sem sjútvrn. hefur gengist fyrir. Kemur í ljós að launakostnaður við hverja unna klukkustund er um það bil 70% hærri í Danmörku en hér á landi. Er hann talinn vera um 4.3 dollarar hér á landi á móti 7.5 dollurum í Danmörku. Jafnframt kemur í ljós að t. d. hjá Dansk Findus eru afköst í 5 punda pakkningar um 20 kg á manntíma en hér 11.4 kg. Reyndar segir í þessari skýrslu að heyrst hafi, ekki er tekið ákveðnar til orða en svo, að í sérhæfðu húsi á Borgundarhólmi séu afköstin 30—35 kg á hvern manntíma í 5 punda pakkningar. Hér eru raktar ýmsar ástæður fyrir þessum gífurlega mun og sú fyrsta er, sem kom mér á óvart, að vélvæðing, sjálfvirkni og skipulag Dana sé a. m. k. einu stigi ef ekki fleiri framar en hjá okkur.

Ég vek athygli á því að um s. l. áramót fól ég Framkvæmdastofnun ríkisins að hefja undirbúning að átaki á þessu sviði í fiskvinnslunni, þ. e. tæknivæðingu með nýjustu tækni o. s. frv. Það er hafið, en það verður að segjast eins og er, a. m. k. er mér tjáð það, að þetta hefur fengið heldur lítinn hljómgrunn hjá fiskvinnslunni sem ekki hefur talið mikla þörf á þessu. Í þeim mjög lauslega útdrætti sem fylgir á þessari athugun hjá Dönum er þó bent á ýmis atriði sem eru langtum lengra komin að þessu leyti en hjá okkur, t. d. flutningskerfi inn í frystiklefa o. s. frv. svo að eitthvað sé nefnt.

Þá segir hér einnig að í Danmörku sé miklu meiri fjöldi aðstoðarfólks við eftirlit og skráningu en hér tíðkast. Þar er meira af þjálfuðu starfsliði sem væntanlega verður ráðin bót á að einhverju leyti með þeim námskeiðum sem nú eru hafin. En, segja þeir, stærsta atriðið er að þar er ákaflega lítill ormur í fiski. Hér segir reyndar: „Ormur í fiskholdi er svo til óþekktur í Danmörku."

Herra forseti. Mér þótti rétt, án þess að lengja umræður um of um þetta mjög stóra og mikilvæga málefni, að koma þessum upplýsingum á framfæri, sem ég tel ákaflega athyglisverðar og gefa mjög til kynna að ekki aðeins með því að fella gengið er unnt að bæta afkomu fiskvinnslunnar og kannske er það lakasta leiðin. Þegar erlendar skuldir sjávarútvegsins eru orðnar svo miklar eins og við þekkjum, líklega um 85%

skulda sjávarútvegsins í heild, og erlendar skuldir þjóðarinnar svo miklar eins og allir þekkja, þá er gengisfelling mjög skammgóður vermir þó að þurfi að gæta þess að gengið sé skynsamlega skráð. Mér sýnist að þær upplýsingar, sem koma m. a. fram í þessu og komu fram hjá hæstv. sjútvrh., gefi til kynna að stærsta átakið sem framundan er í tækniværðingu og nýsköpun hljóti að vera hjá þessum grundvallaratvinnuvegi okkar og með því megi mjög bæta afkomuna.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þessi umr. hefur nú þegar staðið í ríflega klukkutíma. Ég sé að hér eru á mælendaskrá átta hv. þm. Ég treysti á góða samvinnu við hv. þm. að þessum umr. megi ljúka sem fyrst og þeir stytti mál sitt svo að sem allra flest sjónarmið megi þannig koma hér fram þar sem svo margir eru á mælendaskrá.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal verða við þeirri beiðni að hafa ekki langt mál uppi, aðeins örfá orð út af því sem hæstv. forsrh. var að segja áðan um orminn og selinn.

Það er ekki að sjá að menn hafi miklar áhyggjur af þeim efnum í þessari hv. stofnun. Hér er búið að vera á dagskrá í marga mánuði frv. um selveiðar, 210. mál ef ég man rétt, sem er nú ekki merkilegra en það að spurningin er, ef ég man þetta rétt, hvort á að flytja selveiðarnar undan hæstv. landbrh. og undir hæstv. sjútvrh. eða ekki. Þetta mál hefur legið hér svo mánuðum skiptir og hefur ekki verið tekið til umræðu. Á sama tíma er upplýst að það kostar fiskvinnsluna í landinu um 500 millj. árlega að tína þennan orm. Svo eru menn uppi á hv. Alþingi sem halda hlífiskildi yfir þessu óargadýri, sem selurinn er í þessum efnum, og mega ekki vatni halda ef á það er minnst að fækka þessum kvikindum að einhverju leyti. Það er ekki að sjá að hér hafi menn miklar áhyggjur í þessum efnum. Svo ég skal ekki tala meira um það.

Það er alveg rétt á réttum stað, og Alþingi hlýtur að gefa sér tíma til þess, að ræða um stöðu fiskveiða og fiskvinnslu. Auðvitað hefur Alþingi gert það í vetur. Það hafa verið umræður um þessi mál með nokkuð stuttu millibili undir ýmsum dagskrármálum sem hér hafa verið rædd. Það er ekki nema eðlilegt að menn hafi af því áhyggjur hvernig nú er komið fyrir fiskveiðum og fiskvinnslu, þessari undirstöðuatvinnugrein. Þetta er ekki bara spurningin um hvernig þetta verkar á viðkomandi fyrirtæki eða fólk sem í fiskvinnslufyrirtækjum vinnur eða þau byggðarlög sem þarna eiga hlut að máli. Þetta er miklu stærra vandamál en það. Það er spurning um afkomu þjóðarinnar sem heildar hvernig úr þessu verður greitt. Og þetta er ekki að gerast fyrst núna þó að keyrt hafi um þverbak í tíð hæstv. ríkisstj. Auðvitað var farið að bera á þessu í tíð fyrrv. ríkisstj. Þá var verulega farið að halla undan fæti að því er varðar fiskvinnsluna. Ég held að menn hljóti að hafa af því áhyggjur að það liggur núna fyrir og hefur komið fram í umræðum áður hér í þinginu, síðast í síðustu viku, að það vantar um 1500 manns til að manna fiskvinnslufyrirtækin, frystihúsin. Það vantar 1500 starfskrafta, þá starfskrafta sem eru hvað bestir og skila hvað mestum auði ef þeir fengjust til að vinna í þessari atvinnugrein. Það er nákvæmlega sama uppi á teningnum að því er varðar flotann. Við erum að komast á það stig sem var milli 1950 og 1960 þegar fluttir voru inn útlendingar til að manna flotann vegna lélegra kjara sjómanna. Þetta er sú mynd sem við blasir og ég vil ekki trúa öðru en stjórnvöld hljóti að gera sér grein fyrir því að hér verður að breyta um stefnu í þessum málum.

Eins og hæstv. forsrh. kom inn á áðan, þó að ég ætli ekki að fara að rekja ýmislegt af því sem við Vestfjarðaþm. höfum fengið í hendur af upplýsingum, er ýmislegt hægt er að gera annað en að fella gengið sífellt. Gengisfelling er kannske orðið aðallausnarorðið núna, miðað við það sem margir hafa talið hana vera allt til þessa kannske. Það eru ýmsir aðrir möguleikar. Aðalástæðan fyrir þessu er sú, eins og hæstv. sjútvrh. vék að áðan, að spennan er í þjónustustarfseminni. Hér á þessu svæði er spennan öll í þjónustustarfseminni og undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar, þær sem allt báknið byggir á, eru látnar grotna niður.

Það var minnst á kjarasamninga áðan og það harmað að kröfur fiskvinnslufólks, sem fram voru settar, skyldu ekki ná fram að ganga nú. Auðvitað tek ég undir að slíkt skyldi ekki geta gerst, en ég hygg þó að engum hafi dottið í hug að vandamál þessa fólks hefðu orðið leyst á þeim tíma sem menn höfðu til umráða til þess annaðhvort að semja eða semja ekki. Ég hygg að það þurfi lengri tíma til að skoða og ganga frá málum fiskvinnslufólks, bæði að því er varðar atvinnuöryggi og kaupið sem slíkt, en menn höfðu þarna til umráða til að frá því yrði gengið. A. m. k. vona ég það og hef ekki ástæðu til annars en vona það að sá tími sem nú gefst verði nýttur til hins ýtrasta til þess einmitt og fyrst og fremst að leysa vandamál þessa fólks. Þar getur hæstv. ríkisstj. ekki hvað síst lagt sitt af mörkum. Það hefði t. d. verið gott innlegg hefðu stjórnarliðar á hv. Alþingi samþykkt frv. um frekari leiðréttingar þessu fólki til handa hvað snertir atvinnuöryggi sem hér var fellt ekki alls fyrir löngu. Það gat verið innlegg til þess að stuðla að því að þetta fólk, sem nú er að ganga út úr frystihúsunum og þegar gengið út, staldraði kannske við ef það eygði einhverja möguleika á því að það ætti að gera eitthvað sem gæti orðið til þess að rétta hlut þess. Ég vona það a. m. k. og ég trúi ekki öðru en aðilar leggist á eitt um að nýta þann tíma vel sem nú gefst til að ganga frá árangursríkri aðgerð til að tryggja þennan starfskraft í framleiðslugreininni.

En aðalástæðan fyrir því, herra forseti, að ég kvaddi mér hljóðs var ekki endilega þessi þó að þessi mál séu mér auðvitað hugleikin. Aðalástæðan var sú að í tengslum við það sem hér er verið að tala um er annað mál, mál sem ég vakti athygli á við umr. fyrir rúmri viku og þá við hæstv. forsrh. undir dagskrárliðnum Byggðastofnun. Það er hægt að fara út um víðan völl í umræðum um Byggðastofnun og byggðamál. Svo samhangandi eru þau mál öllsömul að það er hægt að ræða slíkt undir næstum hvaða dagskrárlið sem er. Í þessari umr. vék ég í örfáum orðum að því ástandi sem hefur skapast t. d. á Vestfjörðum vegna þeirrar breyttu reglugerðar sem gefin var út af sjútvrn. að því er varðar smábátana sem eru undir tíu smálestir og eru með heildarkvóta. Við Vestfjarðaþm. höfum a. m. k. fengið margar undirskriftir frá velflestum sjávarútvegsplássum á Vestfjörðum þar sem þessu er harðlega mótmælt. Ég bað hæstv. forsrh. að ganga á fund hæstv. sjútvrh. og taka þetta mál upp við hann. Ég held að ég hafi orðað það svo, að við hæstv. sjútvrh. þyddi ekkert snakk, við

hann yrði að tala á skiljanlegu máli. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Og nú er spurningin til hæstv. forsrh.: Hefur hann gert þetta? Hefur hann tekið þetta mál upp við hæstv. sjútvrh. og rætt það í botn? (**Gripið fram í:** Viltu ekki spyrja sjútvrh. að þessu?) Jú, jú, ekkert hef ég á móti því að spyrja hæstv. sjútvhr. ef hann vill endilega að ég spyrji hann. En ég bað hæstv. forsrh. að gera þetta og eðli málsins skv. er nokkuð augljóst að ég geng eftir því hvort hann hafi gert það. (**Forsrh.:** Hv. þm. Ég er búinn að því alveg í botn.) Alveg í botn, já. Það væri þá gott að fá upplýst hér á eftir hver árangurinn hefur orðið af því. (**Forsrh.:** Já, það gerir sjútvrh.) Það getur hann, já. Verkaskiptingin er sú? (**Forsrh.:** Já.) Já, þá kemur vonandi að því á eftir. Og þá er spurningin: Er hæstv. forsrh. ánægður með niðurstöðuna sem hæstv. sjútvrh. mun greina frá á eftir? Það væri gott að fá vitneskju um það frá hæstv. ráðh. af því að hann er nú þm. kjördæmisins líka.

En ég vil, með leyfi forseta, til að það verði skráð í þingtíðindi, leyfa mér að lesa örstutt bréf. Við höfum fengið þau mörg og efnislega eru þau nánast eins þannig að það nægir að lesa eitt. Þetta bréf er stílað á hæstv. sjútvrh. og þm. Vestfjarða er afhent afrit af því. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Undirritaðir trillubátaeigendur á Ísafirði mótmæla harðlega þeim veiðitakmörkunum sem nú gilda á handfæraveiðum og felast í helgarveiðibanni frá kl. 24 á föstudegi til kl. 24 á sunnudegi.

Í fyrsta lagi er slíkt bann algerlega óþarft þar sem handfæraveiðar trillubáta yfir blíðasta og besta sumartíma geta ekki skipt sköpum í þeirri viðleitni stjórnvalda að hindra ofveiði á fiskistofnum landsmanna.

Í öðru lagi hindrar helgarveiðibann sjósókn viðkomandi báta í mun meira mæli en sem nemur þessum tveim dögum þar sem fæstir eða engir bátar, er róa frá Ísafirði, landa daglega vegna fjarlægðar á miðin. Vegna þessa nást ekki nema í mesta lagi fjórir veiðidagar í viku hverri. Við mótmælum því að hömlulaus veiði smábáta við Suðurland á vetrarvertíð skuli látin bitna á Vestfirðingum og öðrum þeim sem ekki hafa möguleika á að stunda veiðar á smábátum yfir vetrarmánuðina.

Það er álit okkar að slík stjórnun fiskveiða sem nú er viðhöfð sé hrein svívirða við Vestfirðinga og aðra sem á fiskveiðum lifa. Þegar ekki er hægt að fara fram á trilluhorni og draga sér fisk á handfæri án þess að þurfa að hlíta boðum og bönnum stjórnvalda er fokið í flest skjól.

Við skorum á hæstv. sjútvrh. og þm. okkar að ráða nú þegar bót á þessu hróplega óréttlæti með endurskoðun á núgildandi reglugerð."

Nú spyr ég hæstv. forsrh.: Hefur hann beitt sér fyrir því við hæstv. sjútvrh. að þessari reglugerð verði breytt? Er hæstv. forsrh. þeirrar skoðunar að réttlætanlegt sé eins og málum er nú háttað að stjórna með þeim hætti sem gert er eða hvað annað hefur komið út úr viðræðum þeirra hæstv. forsrh. og sjútvrh.? Eftir þessu verður gengið í þessum umr. að fá við því skýr svör hvað þarna hefur gerst.

Ég vil svo að síðustu harma mjög þau orð sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan, að hann teldi að halda ætti svipaðri stefnu í stjórnun fiskveiða næstu árin og hefur verið gert núna í tvö ár, þ. e. alræðisvald eins ráðh. yfir fiskveiðum og fiskvinnslu í landinu.

Mig hryllir við slíkri stefnu ef hún á að halda áfram — ekki vegna þess að ég haldi endilega að núverandi hæstv. sjútvrh. verði verri en einhver annar, heldur vegna þess að ég tel að þarna sé einum einstaklingi falið allt of mikið vald og Alþingi afsali sér þarna allt of miklu valdi til eins aðila í kerfinu.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er kannske rétt að ég svari fsp. hv. 3. þm. Vestf. þótt mér fyndist að hann hefði meiri áhuga fyrir þessu máli sem kjördæmismáli en að líta á málið í heild sinni sem virðist ekki vera góð afstaða.

Ég hef fengið þessi bréf, hv. þm., og ég hef fengið líka bréf úr mínu kjördæmi. Þau eru ekkert betur orðuð en það bréf sem hér var lesið og skrifað var á Ísafirði. Ef menn geta ekki komið málum sínum á framfæri með öðrum hætti en að tala um að viðhöfð sé hrein svívirða við Vestfirðinga og aðra er af fiskveiðum lifa o. s. frv. er rétt að lesa bréf einnig frá Austurlandi. Þar er lýst yfir hörðum mótmælum „gegn þeim ósanngjörnu og fáránlegu reglum sem opinberir aðilar hafa sett um fiskveiðar smábáta undir tíu rúmlestum. Landsaflakvóti allra slíkra báta á landinu er fráleitur og getur valdið óþolandi misrétti milli einstakra veiðisvæða og landshluta þar sem góð fiskveiði á einum stað getur stórlega dregið úr eðlilegri veiði á öðrum. Þá mótmælir fundurinn einstökum veiðistöðvunum trillubáta um hásumarið og nú síðast þeim barnalegu reglum að banna smábátum fiskveiðar um helgar. Fundurinn telur allar hömlur á fiskveiðum smábáta, sem að jafnaði geta ekki stundað veiðar nema fimm til sex mánuði á ári, gjörsamlega gagnslausar til verndar fiskistofnum, auk þess sem þær eru frekleg árás á atvinnufrelsi manna og í engu samræmi við það frjálsræði og frelsistal sem frá stjórnvöldum heyrist."

Það má vel vera að svona bréfaskriftir þyki vera góðar bréfaskriftir hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Mér finnst þetta vera léleg aðferð til að koma skoðunum sínum á framfæri og væri nær fyrir hv. þm. áður en hann grípur til allra sinna fullyrðinga að ég fái að upplýsa hann um hvernig þessi mál standa.

Lítum á árið 1984. Þá veiða trillubátar á Suður- og Suðvesturlandi 5780 tonn. 34.7% veiðinnar voru í janúar til maí, 50% í júní til september og 15.3% í október til desember. Ef við lítum á Vestfirði veiddu sams konar smábátar 3041 lest. 11.9% voru veidd í janúar til maí, 79% í júní til september og 9.1% í október til desember. Á Norðurlandi voru veidd 6093 tonn eða 22.2% í janúar til maí, 68% í júní til september og 9.8% í október til desember. Á Austurlandi voru veidd 3213 tonn eða 12.6% í janúar til maí, 67.5% í júní til september og 19.9% í október til desember.

Lítum á þá veiði sem hefur átt sér stað á Suðurlandi, í öllum landsfjórðungum, í janúar til maí bæði árið 1984 og árið 1985. Veidd voru 2009 tonn á Suður- og Suðvesturlandi á tímabilinu í fyrra frá janúar til maí 1984 eða 48.5% af heildarveiðinni á þessu tímabili. Á Vestfjörðum voru veiddar 363 lestir eða 8.7% af heildarveiðinni þarna í janúar til maí 1984. Á Norðurlandi voru veidd 1357 tonn eða 32.8%, en á Austfjörðum 406 tonn eða 9.8%. Lítum svo á árið 1985. Þá voru veiddar á Suður- og Suðvesturlandi af smábátum 4568 lestir eða 51.3% af heildarveiðinni, þ. e. heildarveiði þeirra hefur hækkað úr 48.5% í 51.3%. Á Vestfjörðum voru veidd 765 tonn, hækkaði úr 363 lestum í 765, og

Vestfirðir halda sama hlutfalli eða 8.7% á þessu tímabili. Á Norðurlandi hafa hins vegar verið veidd 862 tonn eða 20.9%, en voru á sama tíma í fyrra veiddar 1357 lestir þannig að hlutfall Norðurlands fer úr 32.8% í 20.9%. Austfirðir fara hins vegar úr 406 lestum í 1700 eða úr 9.8% í 19.1%. Það sem hér hefur gerst er fyrst og fremst það að afli á Norðurlandi hefur verið hlutfallslega lakari, en aftur á móti hefur afli á Austurlandi verið hvað bestur.

Nú má vissulega um það deila hvernig stjórna ber þessum veiðum og hvort einhverjar takmarkanir skuli vera á þessum bátum sem öðrum. Það hefur oft verið rætt hér að það er mjög erfitt að vera með takmarkanir á bátum rétt yfir tíu lestum en engar á bátum undir tíu lestum. Það stendur ekkert til, eins og kemur fram í þessum bréfum, að láta Vestfirðinga, Austfirðinga eða Norðlendinga gjalda fyrir það að einhverjir hafi veitt heldur meira en venjulega á Suðurlandi og Vesturlandi. Það hefur enginn sagt það og stendur ekki til. Það liggur hins vegar fyrir að það þarf að vera takmörkun á veiðunum á þessum tímabilum. Ég sé ekki betur en veiðar þessara aðila séu mun betri en mörg undanfarin ár. Þar af leiðandi hlýtur afkoma þessarar útgerðar að hafa lagfærst verulega.

Það er vissulega erfitt að þurfa að búa við að það séu takmarkanir á fiskveiðum. Ég veit að hv. 3. þm. Vestf. vill ekki takmarka neinar fiskveiðar. Hann vill hafa þetta allt saman laust í reipunum og menn veiði bara hver sem getur veitt. Það er skoðun út af fyrir sig. Það er sjálfsagt af hv. þm. að halda því fram, eins og hann gerði í vetur og kom berlega fram hjá honum, að engin ástæða sé til að takmarka fiskveiðar. Ég er hins vegar annarrar skoðunar og tel að okkur beri skylda til að vernda fiskistofnana en ekki veiða þá alla upp til að leggja á altari lífsgæðakapphlaups núverandi kynslóðar. Það ber að geyma eitthvað til komandi kynslóða. Það má þó hafa á því aðra skoðun eins og hv. 3. þm. Vestf. Ef hins vegar þurfa að eiga sér stað takmarkanir á annað borð verður að vera samræmi í þeim takmörkunum og það verður að ganga réttlátlega yfir alla en ekki einstaka útgerðaraðila og einstaka staði á landinu.

Árni Johnsen: Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur tekið hér upp allmyndarlega hanskann fyrir atvinnurekendur í sjávarútvegi og er það vel því ekki veitir af að menn leggist á eitt með að opna augu landsmanna fyrir bágri stöðu í sjávarútvegi í heild í landinu í dag, stöðu sem hefur orðið með þeim hætti á löngum tíma, löngu árabili, enda lagði hæstv. sjútvrh. áherslu á hve mikilvægt væri að þarna horfðu menn til allra átta og tækju á eins markvisst og unnt væri.

Mér finnst við hæfi í þessari umr. að taka upp hanskann fyrir fiskverkafólk landsins. Ég hygg að það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði um fiskvinnslu, stöðuna almennt, sé flest satt og rétt þó sumt hafi verið byggt á hæpnum forsendum. En ég vil í stuttu máli víkja að stöðu fiskvinnslufólksins sem vinnur við framleiðsluna.

Það eru u. þ. b. 11 þúsund starfsmenn í fiskvinnslu á Íslandi. Þar af eru 70—75% konur. Meðallaun í fiski hjá heilsdagsstarfsmönnum liggja í u. þ. b. 20 000 kr. á mánuði yfir s. l. ár og er þá meðtalin næturvinna, bónus og annað sem til fellur með þeim hætti. Þarna er að vísu miðað við að það varð nokkurt stopp á s. l. ári vegna ýmissa ástæðna, en munar ekki miklu í launum. Tímakaupið hjá fiskvinnslufólki í dag er 81.20 kr. Það svarar til 3¼ konfektmola svissneskra. Það segir sína sögu.

Það er, eins og kom fram, mikill fjöldi kvenna í fiskvinnslunni. Það sem hefur kannske helst þótt bæta launin er bónusfyrirkomulagið. Það er talið að bónusfyrirkomulagið í fiskvinnslu hækki laun um 25%—30%. Það er að mínu mati að koma í ljós æ betur að bónusfyrirkomulagið í fiskvinnslu gengur ekki til lengdar. Það gengur ekki vegna þess að vinnan í fiskvinnslunni er svo erfið og svo krefjandi fyrir þá starfsmenn sem þar vinna og bónuskerfið skapar svo mikla pressu og þrýsting á starfsmenn að það er ekki mannsæmandi að mínu mati.

Ég hygg að það fari stöðugt fjölgandi þeim starfskonum í fiskvinnslu sem vilja leggja af bónuskerfið, jafnvel þó þær lækki í launum. Hitt er annað að þetta starfsfólk hefur þjálfað með sér mjög markviss og ákveðin vinnubrögð. Ég held að það hljóti að koma að því að bónusgreiðslurnar reiknist inn í tímakaupið án þess að bónusfyrirkomulagið haldi velli eins og það er í dag.

Starfsfólk í fiskvinnslu er yfir höfuð traust og gott starfsfólk og hlynnt fyrirtækjunum sem það vinnur hjá, enda fara þar hagsmunir saman. Ég held að það komi að því að það verði meira almenn verkstýring fremur en bónusfyrirkomulag sem ræður vinnuhraða í fiskvinnsluhúsunum. Ég held að það sé mannréttindamál og ég held að það sé einnig mikilvægt til þess að við getum byggt áfram upp fiskvinnslu okkar lands sem er kjölfestan í þjóðartekjum okkar.

Á móti er auðvelt að segja að þeim sem ekki standa sig í þeirri vinnu megi víkja úr vinnu. En það fjölmarga dugnaðarfólk sem vinnur í fiskvinnslunni er ekki hægt að keyra til lengdar með slíkum þrýstingi. Það er feikilegt álag sem kemur oft upp í fiskvinnslunni. Sumt óafvitað, þ. e. veiðimennskan gerir ekki alltaf boð á undan sér hvað aflinn er mikill.

Ég vil nefna sem dæmi að fyrir þessa löngu helgi, sem er nýliðin, fékk Íshúsfélag Ísfirðinga 300 tonna afla. Það var ekki skortur á fiski í húsinu. Það var ekki hægt að vinna þennan afla þessa daga og það var kallað að það hefði verið bjargað um 70 tonnum með því að koma þeim í gáma. Þetta er auðvitað mjög slæm staða, en slíkt er alltaf að koma upp. Þetta bætir ekki hráefnið sem er komið á land. Það skapar vandamál fyrir frystihúsið og álag fyrir fiskverkafólkið þegar þarf að sinna svo miklum afla.

Rétt er að vekja í stuttu máli máls á þeim atriðum sem um er að ræða í baráttu fiskverkunarfólks fyrir betri launum.

Í fyrsta lagi er fiskverkafólk í landinu eina starfsfólkið sem hefur óbundinn uppsagnarfrest, þ. e. skv. lögum er eins til þriggja mánaða uppsagnarfrestur miðað við tveggja til fimm ára vinnu, eftir þrjú ár er tveggja mánaða uppsagnarfrestur og eftir fimm ár þrír mánuðir. Að öðru jöfnu, ef fólk kemur ekki til vinnu aftur í frystihúsi, eru þessir mánuðir greiddir. Að öðrum kosti er með viku fyrirvara hægt að senda fólk heim kauplaust. Það má kalla það „til geymslu". Þetta er eina verkafólkið í landinu sem býr við þessa stöðu nú og það gengur ekki. Síðastir voru hafnarverkamenn að fá lausn á þessum málum. Þetta verða menn að horfast í augu við þegar verið er að fjalla um stöðu sjávarútvegsins í

landinu í heild.

Ég get nefnt sem dæmi að þrisvar sinnum á sjö mánaða tímabili á síðasta ári og fram í janúar á þessu ári var verkafólki sagt upp í Vestmannaeyjum af ýmsum ástæðum, vinnustöðvunum og fleiri ástæðum. Þessu fylgir auðvitað slíkt óöryggi að ekki er hægt að mæla því bót á neinn hátt. Það þarf að koma málum svo fyrir, eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að sjávarútvegurinn, fiskvinnslan, útgerðin og aðrir aðilar, geti með góðu móti boðið fólki upp á annað en slíkt óöryggi sem þessu fylgir.

Það er fjallað um aðstöðuna í fiskverkunarhúsunum í kröfum og stöðubaráttu fiskverkafólks. Víst er aðstaðan mjög mismunandi, en í heildina er hún margfalt verri en í opinbera geiranum, gamaldags og úrelt og ekki boðleg. Það hefur þó lagast mikið á undanförnum árum. Nefna má sem dæmi að aðstaða er til fyrirmyndar í frystihúsum á Akureyri, Ísafirði og ég nefni sem dæmi Hrísey þar sem er sérlega glæsileg aðstaða og til mikillar fyrirmyndar. En þarna er mismunun á milli hins almenna verkafólks í fiskvinnslu sérstaklega og svo í opinberum stofnunum um allt land.

Eitt af því sem fiskverkafólk talar um í sínum kjaramálum er niðurfelling eftirvinnu. Í dag er dagvinna til kl. 5 og eftirvinna á milli 5 og 7 nema á föstudögum, en þá er næturvinna eftir kl. 5. Eftirvinnulaunin eru 40% ofan á dagvinnutaxta og næturvinnulaunin eru 80% ofan á dagvinnutaxta. Það er ein af kröfum þessa fólks að annaðhvort verði um að ræða dagvinnu eða næturvinnu, eftirvinnan falli út. Ég tel það sanngjarnt og hljóti að koma að því. Það er eitt af því sem verður að taka til höndum við og kveða á um til þess *hreinlega að ekki fari allt frekar úr böndum í* fiskvinnslunni en orðið er.

Það er einnig mikið baráttumál þess mikla fjölda kvenna, um 7 til 8000 kvenna sem eru í fiskvinnslunni, að þær fái að nota nokkra daga af sínum veikindadagarétti til að sinna veikum börnum sínum. Þetta hefur náðst fram í opinberum samningum, m. a. í sveitarfélögum ýmsum. Þetta verður að horfast í augu við því að það verður að vera í takt við rétt annarra launþega. Það er ekki hægt að skilja fiskverkafólk eða verkafólk í verksmiðjum o. s. frv. út undan. Þetta hefur náðst hjá verkafólki á sjúkrahúsum og það er vel.

Í stuttu máli má segja að staðan gagnvart sjávarútveginum sé tilræði við atvinnugreinina. Um leið er hún tilræði við framfarir og möguleika í þessu landi.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson spurði hvernig ætti að bregðast við, sagði að taka yrði stór spor, menn yrðu að þora það. Hann talaði um hækkuð laun, skattaívilnanir. Þetta er auðvelt að leggja á borðið að þurfi að ske. En það þarf að vera samræmi í því og það þarf að nást árangur með samtaka átaki. Ég minni á þáltill. sem ég og fleiri þm. höfum flutt á þessu þingi um menntun fiskvinnslufólks sem reyndar er byrjuð á vegum sjútvrn. En ég tel að þurfi að taka mun fastar á og tengja slíka menntun við skólakerfi landsins til þess hreinlega að efla samúð með fiskvinnslunni í skólakerfi landsins. Þá höfum við flutt þáltill. um átak í markaðsmálum sem er eitt af stærstu málum okkar framtíðar.

Ég held að staða sjávarútvegsins í heild, fiskvinnslu, útgerðar og fiskverkafólks ekki síst, sé þannig að þar sé um að ræða stærsta vandamál þjóðfélagsins, það vandamál sem menn verða að horfast í augu við og taka á sameiginlega. En ástæðan fyrir því að menn veigra sér við að taka fast og ákveðið á í þeim efnum er í stuttu máli sú, að það mun hrikta í þjóðfélaginu, í þjónustugreinunum og öðru, þegar þessi undirstöðuatvinnuvegur, undirstöðuþáttur í okkar þjóðfélagi, þarf að fá það sem honum ber.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þessi umr., sem nú stendur yfir, er um hið mikilvægasta mál og undir venjulegum kringumstæðum hefði ekki hvarflað að okkur annað en taka okkur nægjan tíma og tíma sem þarf til þess að ræða þetta mál.

Hins vegar er það að við erum vanda bundnir vegna þess að það er haft í huga að næstu daga verði þessu þingi lokið. Og ef svo má verða er greinilegt að það eru mjög mikil takmörk fyrir því hvað við getum haldið þessari umr. lengi áfram.

Það var gert ráð fyrir því að þessi umr. væri einn klukkutíma, en hún er búin að standa núna í nálega einn klukkutíma og þrjú korter og sex eru enn á mælendaskrá. Það er nauðsynlegt að slíta þessum fundi þannig að deildarfundir geti hafist fyrir kvöldmat og það sé búið að vinna nokkurt verk fyrir kvöldmat. Nú vil ég mælast til með tilliti til þessa að þeir sem eftir eiga að tala og eru á mælendaskrá stilli nú máli sínu svo í hóf að það verði naumast um annað að ræða en athugasemdir. Þessi von er sett fram vegna þess að augljóst er að það færi miklu betur á því að ljúka umr. núna en fresta henni. En ef okkur tekst ekki að ljúka umr. á skömmum tíma eigum við ekkert ráð annað til en að fresta henni.

Stefán Benediktsson: *Herra forseti. Hér er til umr.* staða fiskvinnslunnar og þá sérstaklega sú nöturlega staðreynd að fólk mætir þar ekki lengur til vinnu vegna þess að launin eru lág. Hér er verið að ræða þá spurningu hvort það borgar sig og þá fyrir hvern að borga fiskverkunarfólki 16 þús kr. í laun á mánuði. Þessi staða, sem er upp komin, er í raun afleiðing þeirrar láglaunastefnu sem hefur verið rekin hér á landi, ekki bara af afturhaldsstjórninni sem nú situr og hefur í raun ekki orðið sammála um neitt annað en að lækka laun, heldur einnig af atvinnurekendum og því miður að því er virðist líka af verkalýðsforustunni, meðvitað eða ómeðvitað.

Þessi staða er einnig dæmigerð fyrir þá þjóðfélagslegu óhagkvæmni sem er fylgifiskur lágra launa. Það segir miklu meira en mörg orð, og mörg orð hafa hér verið töluð, um kjör þessa fólks á ofanverðri tuttugustu öld að það skuli vera hinar ytri aðstæður sem segja stopp, hingað og ekki lengra. Það er ekki verkalýðsforustan, heldur ytri aðstæður fólksins sjálfs.

Fiskvinnslan kallar á efnahagsaðgerðir. Sumir þeir sem lengst eru til hægri í stjórnmálum segja að of mikil félagsleg aðstoð sé óholl þar eð hún dragi úr sjálfsbjargarvitund fólks. Efnahagsaðgerðirnar 1983 voru félagsleg aðstoð fyrir atvinnuvegina, voru félagsleg aðstoð fyrir hina ríku og nú er í raun verið að biðja um meira. Forsendur hinnar heföbundnu og pólitísku kjarabaráttu launafólks hafa í gegnum tíðina fyrst og fremst verið siðferðilegar forsendur. Menn hafa orðið ásáttir um að láta ekki hinar ytri aðstæður einar um að stjórna lífskjörum fólks. En nú bregður svo við hér á vordögum 1985 að hin vélrænu markaðsöfl, markaðslögmálið

svokallaða, sem ekki spyr um líf og tilfinningar, tekur ráðin af hinum svokölluðu ráðamönnum. Þetta segir allt um þá, en ekkert um markaðslögmálið nema þá helst að það kemur hér að góðu gagni og neyðir menn til alvarlegrar umhugsunar um það samfélag sem við búum í.

Heimspekingar hafa lengi reynt að smíða einhverjar siðlegar kenningar um mannlegt samfélag, sem það eigi eða megi lúta. Einn þeirra hefur nýlega verið kynntur hérlendis. Sá er bandarískur háskólakennarinn John Rawls. Hann hefur sagt að kjaramunur í samfélagi eigi ekki að vera meiri en hagkvæmt geti talist fyrir samfélagið í heild. Ef við kyngjum þessu sem réttlátu lögmáli er launamunurinn á Íslandi nú ekki bara ósiðlegur, heldur er hann einnig farinn að stríða gegn öllum hagkvæmnissjónarmiðum.

Herra forseti. Það er forkastanlegt að ræða það hér í þessari virðulegu stofnun hvort það borgi sig eða borgi sig ekki að greiða lifandi fólki 16 þús. kr. í mánaðarlaun. Ég ætla mér ekki að taka frekari þátt í þeirri umræðu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla að hefja mál mitt, sem skal vera stutt, á því að þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir hans góða innlegg í þessar umr. og undirtektir við kröfur fiskvinnslufólks.

Hér hef ég í vetur flutt hverja ræðuna á fætur annarri um hið hörmulega ástand sem ríkir í fiskvinnslunni, bæði hjá fiskvinnslufólki og þeim sem reka fiskvinnslu. Ég hef flutt hér frv. og þáltill. um þessi mál. Það hefur verið án nokkurs árangurs. Það sem ekki hefur verið svæft hefur verið vísað frá. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þær ræður eða þær lýsingar sem komu fram hjá ýmsum ræðumönnum. Ég vil einungis minna á að fiskvinnsluna flýr hver sem betur getur og sökum fólksfæðar í þessari grein er ekki hægt að fullnægja markaðnum með dýrari og mannfrekari vinnsluumbúðum á þeim mörkuðum sem þýðingarmestir eru, hagkvæmastir og verðið best. Eftir hverjum hef ég þetta? Er þetta ekki bull, stóryrði, úr mér? Efnislegur heimildarmaður er Magnús Gústafsson, forstjóri Coldwater. Menn verða þá að deila við hann ef þeir eru þessu ósammála.

Ég skal draga mál mitt saman, eins og forseti hefur farið fram á. Ég vil þó minna á að frystihús hafa yfir sumarmánuðina yfirleitt verið rekin með skólafólki að verulegu leyti, en nú er svo komið að skólafólk fæst treglega í þessi störf. Ég kannast ekki við þær 16 þús. kr. sem hv. 8. þm. Reykv. talar um fyrir dagvinnu fyrir fiskvinnslufólk. Það er þá þegar þessir samningar hafa verið samþykktir sem það fyrst er.

Á aðalfundi SÍS komu forstöðumenn frystihúsa og kaupfélagsstjórar upp á ræðustólinn hver á fætur öðrum og lýstu þessu ófremdarástandi. Þar kom upp nokkuð sem menn vissu nú reyndar. Og hvað kom upp? Jú, þeir höfðu ákveðna „agenta“ í London og borguðu þeim 50 pund fyrir hverja stúlku sem þeir gætu útvegað til Íslands í fiskvinnslu. Ef „agentarnir“ dygðu ekki nógu vel úti sendu þeir stundum ástralskar eða nýsjálenskar stúlkur, hvort þær þekktu ekki einhverjar vinkonur í London. Kannske verður næsta ráðið í málefnum fiskvinnslufólks að hækka þessa þóknun upp í 75 pund meðan vana íslenska fólkið streymir úr greininni. Ja, því ekki að hækka fyrir „agentana“ og fyrir hverja stúlku sem þær gætu útvegað fengju þeir 75 pund? Þau hafa ekki verið nema 50. Kannske býður ríkisstj. þetta sem aðstoð við sjávarútveginn. Það væri í stíl við annað.

Ég skal taka undir með hæstv. sjútvrh. og staðfesta það, sem hann minntist á, að menntun fiskverkunarfólks er af hinu góða. Það er rétt hjá honum að þetta hefur gengið seint og er þar við fleiri en einn að sakast. En þetta er gott mál og að mínu viti hefur hæstv. sjútvrh. góðan hug og vilja til þess. En það er tímanna tákn í samningum, án þess að ég ætli að fara að þylja þá og þær umræður allar, að þegar kemur að fiskverkunarfólki, og það er þjóðhagslega brennandi nauðsyn á að stöðvaður verði flóttinn úr frystihúsunum eins og allir vita, þá var samningum slitið. Þá var hægt að slíta þeim. Ekkert minnst á það þó að ágætir menn, eins og iðnaðarmenn, uppmælingamenn, hefðu fengið tveggja flokka hækkun í vetur. Ekki til í málinu þó þessir vesalings menn fengju tveggja flokka hækkun að færa það yfir á forríkt fólk, fólkið í fiskvinnslunni. Sýnir þetta ekki það hugarfar og þann skilning sem þarna ríkir?

Hæstv. sjútvrh. kom réttilega inn á það að hugarfarið og tískan í landinu væru ekki sjávarútveginum eða fiskvinnslunni hagstæð. Þetta eru orð að sönnu og mætti utan enda ræða um það. Mér kemur til hugar að núna á vordögum var einhver starfskynning hér í Reykjavík og þar kom kennari og gekk með sín skólabörn í gegnum frystihúsið, skoðaði fiskinn og slorið og próf voru fram undan. Þá beitti hann einni ægilegustu hótun sem hægt er að hóta einu barni: Hann sagði: „Hér lendið þið ef þið standið ykkur ekki vel á prófum.“ Það er sannarlega rétt sem hæstv. sjútvrh. var að segja.

Það er ekki tími til að fara út í fleiri mál. Það væri freistandi að ræða um Danmörku. Verkamannasambandið hefur sent tvo fulltrúa til Danmerkur. Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði því að þeirra umsögn var efnislega sú sama, að við værum komnir aftur úr Dönum í tækni. Hann nefndi ormatínslu og það vandamál sem hún er og ég geri ekki lítið úr því. En ég segi aðeins: Í þessari skýrslu kom fram að sjávarútvegurinn í Danmörku er ekki ríkisstyrktur og rétt er að geta þess að hluti af honum er seldur til Coldwater á Ameríkumarkað undir íslenskum merkjum. Og hvað kom út úr því? Beint tímakaup er um 205 kr. og með bónus og öðrum greiðslum umreiknað í íslenskar krónur er tímakaup um 260 kr. í dönskum frystihúsum ef reiknað er meðalkaup, þetta eru að vísu mars- og apríl-laun. Ef reiknað er með töxtum í íslenskum frystihúsum og bónus og næturvinnu er meðaltímakaupið 126 á móti 260. Skilja menn nú ekki kennarann sem vildi fræða börnin fyrir prófið? Hér lendið þið ef þið standið ykkur ekki. Skilja menn kannske atvinnurekendur sem slíta samningum vegna þess að það átti að lagfæra fyrir þetta fólk? En grunnatvinnuvegi þjóðarinnar blæðir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Þessar umræður hafa farið út um víðan völl, en grunntónninn er þó það vandamál að fiskverkunarfólk hefur ekki almenn mannréttindi í landinu, að fiskverkunarfólk er sú stétt ein sem ekki nýtur eðlilegs uppsagnarfrests og hefur ekki þau kjör sem eðlilegt væri að það hefði.

Ástandið er vissulega misjafnt eftir landshlutum. Sums staðar fæst ekki fólk, annars staðar skortir atvinnu. Vissulega er það tímabundið. Uppsagnarfrest-

inn er fólkið að biðja um þar sem atvinnu skortir. Það þarf að una við það viku eftir viku, jafnvel mánuðum saman, að hafa ekki atvinnu og það sem verra er, því er kastað út í kuldann án nokkurs fyrirvara, kastað út í myrkrið til geymslu eins og einhver sagði hér áðan. Ég hygg að hver einasti skyni borinn maður sjái að íslenskt þjóðfélag verður ekki rekið á þennan hátt, á þann hátt að þeir sem vinna að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar búi við þau kjör sem fiskvinnslufólk þarf að búa við.

Verkakonan og verkamaðurinn hrópa nú með vaxandi þunga: úrbætur. Í þeim kjarasamningum sem nú eru nýgerðir, heyrðust þær kröfur vissulega. Verkalýðshreyfingin krafðist úrbóta en eins og hv. síðasti ræðumaður gat um var samningaviðræðum slitið vegna þess. En það var ákveðið að vinna að þessum málum á samningstímabilinu, sem vissulega er ekki langt, og gert var samkomulag þess efnis að nefnd, sem skipuð verði fimm mönnum frá hvorum aðila, skuli leita leiða til að gera störf í fiskvinnslu eftirsóknarverð og bæta kjör fiskvinnslufólks. Skal hún vinna að því m. a. með *eftirgreindum hætti:*

1. Semja tillögur sem hafi það að markmiði að auka atvinnuöryggi fiskvinnslufólks og stuðla að samfelldri og jafnari vinnslu sjávarafla.
2. Vinna tillögur um verkþjálfun og fræðslu fiskvinnslufólks, svo og framgang þessa.
3. Skilgreina starfsheitið sérþjálfað fiskvinnslufólk.
4. Meta gildi verkþjálfunar og fræðslu til launa.

Ætlunin er að tillögunum verði skilað fyrir 1. des. n. k.

Þar á ofan hefur forsrh. heitið því að beita sér fyrir því á vettvangi ríkisstj. að þeim markmiðum sem lýst er í þessu samkomulagi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um málefni fiskvinnslufólks verði náð m. a. með tilstyrk Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Og ef ríkisstj. stendur ekki að því að þessi markmið verði að veruleika, í samstarfi við Vinnuveitendasambandið og Verkamannasambandið, þá segi ég: Guð hjálpi þeim. Þá er friðurinn úti. Það verður ekki þolað lengur að farið sé með fiskvinnslufólk eins og gert hefur verið. Hægt væri að halda langar ræður um það hvernig viðhorf almennings hefur breyst á síðustu árum gagnvart fiskvinnu, hversu gert er í því að fara niðurlægjandi orðum um það fólk sem þar vinnur, hversu sú reisn sem var áður yfir þessari starfsgrein hefur gersamlega horfið. Ég ætla þó ekki að hafa mörg orð um þetta nú vegna tilmæla forseta. En ég segi enn á ný: Taki þeir aðilar sem við þurfum að sækja til ekki til hendi og geri sitt til að bæta úr þeim erfiðu málum sem hér liggja fyrir er friðurinn úti. Það verður ekki staðið upp fyrr en þessi fyrirheit eru orðin að veruleika.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég harma *það að hér gefst ekki tími til að ræða ítarlega um* jafnmikilvægt mál og hér er til umræðu en ég skal verða við tilmælum forseta og reyna að stytta mál mitt.

Hv. 3. þm. Suðurl. Árni Johnsen sagði í ræðu sinni áðan að verið væri að fjalla um mesta vandamál *þjóðarinnar. Ég get tekið undir það.* Þess vegna vil ég ítreka að það er slæmt að við skulum ekki geta rætt þetta betur. Og satt að segja verð ég að lýsa undrun minni yfir því hvernig sumir hv. þm. tala um þetta mál. Ég spyr suma þeirra, þeir taka það til sín sem eiga: Hvað hafa hv. þm. verið að gera undanfarin 2—3 ár? Eru þeir allt í einu að átta sig á því að íslensk þjóð lifir fyrst og fremst á sjávarútvegi og fiskiðnaði?

Til þess að undirstrika þetta betur í einföldu máli má geta þess að þrátt fyrir allt okkar tal og viðleitni í þá átt að byggja upp aðra útflutningsatvinnuvegi er það staðreynd að ef álútflutningur er dreginn frá og málmblendi hefur lítil breyting orðið á útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar s. l. 15—20 ár. Enn þá er það sjávarútvegur, og þá einkum fiskiðnaður sem er megingrundvöllurinn í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Þetta er óhrekjanleg staðreynd. Og ef menn hafa þessa einföldu staðreynd í huga, ættu þeir að eyða meiri tíma í að fjalla um það hvernig eigi að laga þau vandkvæði sem allir hv. þm. virðast nú vera sammála um að þurfi að lagfæra.

Áður en ég sný mér að meginefni þessa máls vil ég víkja nokkuð að ræðu hv. 7. þm. Reykv. Guðmundar J. Guðmundssonar. Mér finnst það ekki sæmandi eða frambærilegt á hv. Alþingi að formaður Verkamannasambands Íslands og hv. þm. skuli einfalda svo mál sitt með samanburði tímakaups í dönskum frystihúsum annars vegar og í frystihúsum hér á Íslandi hins vegar. Því miður hef ég ekki þá þekkingu á þessum samanburði sem hann virðist hafa, eftir för tveggja virðulegra verkalýðsleiðtoga til Danmerkur, en auðvitað munu menn kynna sér það mál. *Hins vegar er það ekki* sæmilegt að bera það fram fyrir þjóðina í jafnviðkvæmu máli að tímakaup í dönsku frystihúsi sé 260 kr. á tímann á sama tíma og það sé ekki nema 126 kr. á Íslandi án þess að skoða betur þjóðfélagsgerðina og það sem um ræðir, bæði í hinum stóru stærðum og einnig þrengra.

Alveg eins mætti spyrja: Hvert er kaup Íslendinga almennt samanborið við kaup sambærilegra stétta erlendis? Ég nefni sem dæmi kaup lækna, flugmanna, verkfræðinga, iðnverkafólks, verslunarfólks, ekki bara í Danmörku, heldur Vestur-Þýskalandi, Bretlandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og jafnvel Sovétríkjunum. Með þessu er ég ekki, hv. þm., að draga úr nauðsyn þess að það fólk sem starfar að íslenskum fiskiðnaði fái hærri laun og betri kjör. Það er þjóðarnauðsyn, við þurfum ekki að deila um það. En mér finnst ekki sæmilegt að koma með slíkan samanburð án þess að frekari rök séu færð fyrir því hvernig þetta er byggt upp.

Ég vil aðeins segja þetta: Undanfarið hafa verið fundir hjá öllum helstu samtökum fiskiðnaðarins. Hefur m. a. verið vísað til fundar sem sjávarafurðadeild SÍS hélt núna í vor og vitnað í ýmsa ráðamenn. Einnig hafa verið fundir hjá aðilum eins og saltfiskframleiðendum og frystihúsamönnum í Sölumiðstöðinni. Því miður hefur niðurstaðan verið sú sama hjá öllum þessum mönnum og þar er enginn dreginn í dilka með tilliti til stjórnmála eða þess hvort viðkomandi starfar í samvinnufélagi, bæjarútgerð eða einkafyrirtæki. Því miður hafa allir þessir aðilar kveðið upp þann dóm á sínum aðalfundum að staða sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi sé satt að segja vonlaus. Í fyrsta lagi er um algeran taprekstur að ræða. Í öðru lagi er gengið á eigið fjármagn fyrirtækjanna. Í þriðja lagi er það undirstrikað af þessum aðilum, sem eru jafnframt flestallir í forustusveit vinnuveitenda á Íslandi hvort sem það er í samvinnurekstri eða einkarekstri, að vinnulaun séu í þvílíku lágmarki að ekki sé lengur sæmandi að reka fyrirtækin eða bjóða fólki upp á þau kjör sem þar viðgangast.

Um stjórnunarkostnaðinn er varla rætt lengur. Einsdæmi mun vera á Íslandi hversu stjórnunarkostnaður er lítill, í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Ég leyfði mér á sínum tíma að segja í ræðu á hv. Alþingi í desember 1983, þegar verið var að ákveða fiskveiðistefnuna, svokallaða fiskveiðikvótastefnu að með kvótanum væri verið að fara inn á leiðir sem mundu breyta eignarhaldi í sjávarútvegi og fiskiðnaði á Íslandi til frambúðar. Ástæðan fyrir því að ég sagði þetta er sú að þá þegar lá fyrir að íslenskur sjávarútvegur var rekinn með miklu tapi. En það lá ekki fyrir þegar fiskveiðistefnan og kvótarnir voru teknir upp í ársbyrjun 1984 hver ætti að vera rekstrargrundvöllur útgerðarinnar. Við erum að súpa seyðið af því nú að það skyldi ekki vera gert þegar kvótafyrirkomulagið var tekið upp vegna knýjandi og breyttrar nauðsynjar í sambandi við fiskveiðarnar. Það var ekki rætt um það þá á hv. Alþingi né hjá hæstv. ríkisstj. að leggja grundvöll fyrir sjávarútveg og fiskiðnað við breyttar forsendur. Og afleiðingarnar eru þær, sem við stöndum núna frammi fyrir að eigið fé er að verða uppurið í sjávarútvegi og fiskverkunarfólk býr við lökustu lífskjör sem þekkst hafa á Íslandi í áratugi. Ég leyfði mér einnig að fullyrða þá, og ég verð því miður að endurtaka það nú, að með þessari stefnu, eins og að henni var staðið, væri verið að færa eignarhald í sjávarútvegi úr höndum einkarekstursmanna yfir í félagsrekstur. Þetta stendur í þingtíðindum.

Það er augljóst hverjum manni að einkaaðilar geta ekki og hafa ekki bolmagn til að reka fyrirtæki í sjávarútvegi ár eftir ár og áratug eftir áratug með sífelldu tapi. Þeir eru gerðir upp þegar eignirnar eru uppurnar. En á meðan á því stendur kemur það niður á starfsfólkinu. Það þolir ekki þennan umþóttunartíma, þegar verið er að færa eignarhaldið frá einkarekstri í þessum grundvallaratvinnuvegi yfir í svokallaðan félagsrekstur. Og þá er spurningin: Getur félagsrekstur nokkuð frekar en einkarekstur haldið áfram taprekstri?

Ég sagði þá og segi nú að fyrirtækjasamsteypa, ég ætla ekki að nefna hana, það vita allir hv. þm. við hvað ég á, hefur ýmsar leiðir til að brauka þar til einkafyrirtækjunum hefur verið komið fyrir kattarnef. Þetta er að gerast núna því miður. Út á það gengur þessi þróun illu heilli og kemur ekki hvað síst niður á starfsfólkinu. En í þessu felst að sjálfsögðu engin lausn til frambúðar. Vandamálið er eftir sem áður fyrir hendi. Ef Ísland á að halda áfram að vera til sem sjálfstætt ríki, ef fólk á að geta lifað hér sæmilegu lífi, þá verður auðvitað að endurnýja framleiðslutækin í sjávarútvegi. Sá reikningur kemur síðar en verður þungur.

Hæstv. forseti hefur óskað eftir að menn flyttu hér ekki langar ræður. En vegna þess að hér er um svo veigamikið mál að ræða vil ég þó, með leyfi forseta, vitna hér í ályktun aðalfundar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 24. maí 1985. Á vegum hennar eru um 65% af allri framleiðslu í frystiiðnaði auk þess sem þar koma við sögu margir í öðrum greinum. Í ályktuninni segir svo:

„Aðalfundur SH, haldinn í Reykjavík 24. maí 1985, varar við því alvarlega ástandi sem skapast hefur í þjóðfélaginu að undanförnu vegna misgengis í afkomu atvinnuveganna. Þetta ástand hefur leitt til fjármagnstilfærslu frá framleiðslugreinum til þjónustugreina. Á fjögurra ára tímabili, 1981—1984, versnaði staða sjávarútvegs stöðugt, þar sem erlent lánsfé hefur streymt inn í hagkerfið og veikt stöðu hans í samkeppni við aðrar atvinnugreinar sem notið hafa góðs af þenslunni í þjóðfélaginu en auka enn á vanda útflutningsatvinnuveganna. Sjávarútveginum er nú haldið gangandi frá degi til dags með skuldbreytingum sem forða greiðsluþroti tímabundið, en eru þó í sjálfu sér aðeins frestur á lausn vandans nema því aðeins að rekstrarskilyrði verði bætt til muna. Á árinu 1984 jókst enn sá vandi sem atvinnugreinin á við að stríða og ljóst er að ástandið fer enn versnandi.

Á s. l. fjórum árum hefur eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfyrirtækja rýrnað stöðugt. Í ársbyrjun 1981 námu skuldir þeirra í opinberum lánastofnunum og bönkum 41% af eignum en í árslok 1984 var þetta hlutfall komið í 55%. Slæm rekstrarskilyrði valda mestu um þessa þróun. Benda má á að sjávarútvegurinn skuldar einungis 16% af erlendum lánum Íslendinga en aflar 70% af útflutningstekjum. Sjávarútvegurinn er því síður en svo orsök efnahagsvandans. Í ársbyrjun 1981 námu erlendar skuldir 31.6% af þjóðarframleiðslu en í byrjun þessa árs 63% og hafa því tvöfaldast og viðskiptahallinn við útlönd er orðinn viðvarandi. Þetta hefur m. a. leitt til þess að íslenskur sjávarútvegur er kominn í sjálfheldu og verður ekki séð hvernig íslenskt efnahagslíf fær staðist til lengdar verði þessari þróun ekki snúið við nú þegar. Hér er ekki um einkamál sjávarútvegsins að ræða heldur hagsmuni allrar þjóðarinnar."

Ég segi við ykkur, hv. þm.: Að baki þessari ályktun eru þeir menn sem mest mæðir á í íslenskum sjávarútvegi. Þetta eru ekki menn sem lifa á því að naga blýanta í þægindum skrifstofuveldisins hér á Reykjavíkursvæðinu. Þetta eru menn sem verða að standa í skilum í sínum fyrirtækum. Þetta eru menn sem standa frammi fyrir fólki sem býr við léleg lífskjör, sem er fiskverkafólk.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu en vil segja þetta að lokum: Léleg afkoma sjávarútvegs þýðir í fyrsta lagi upptaka eigna, í öðru lagi léleg afkoma starfsfólks á sjó og landi, í þriðja lagi lífskjaraskerðing fyrir íslensku þjóðina í bráð og lengd. Niðurstaðan verður hrun í atvinnugreininni og þar með efnahagslegt hrun á Íslandi. Það er skylda stjórnvalda á hverjum tíma að setja leikreglur er tryggja rekstursgrundvöll grundvallaratvinnugreina þjóðarinnar sem sjávarútvegurinn er. Patentlausnir eða kennisetningar fengnar að láni erlendis duga ekki við lausn þessara mála. Raunveruleikinn segir okkur í fyrsta lagi að ef Íslendingum á að vegna vel verður sjávarútvegurinn að fá sinn eðlilega skerf af þjóðartekjunum. Í öðru lagi: Með því að íslenskur sjávarútvegur fær sinn eðlilega skerf munum við lyfta kjörum fiskverkafólks en fyrr ekki. Og í þriðja og síðasta lagi: Með því að tryggja rekstrargrundvöll sjávarútvegs tryggjum við einnig að nauðsynleg endurnýjun verði í framleiðslutækjum.

Það á ekki að þurfa að minna hv. þm. á að það sem við erum raunverulega að tala um er hvort við ætlum í framtíðinni að standa sem frjáls og sjálfstæð þjóð á grundvelli okkar eigin atvinnuvega og þar er íslenskur sjávarútvegur hornsteinn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er ófögur lýsing á ástandinu í sjávarútveginum sem við fáum hér að heyra. Því veldur taprekstur, greinin á hausnum, eignirnar eru uppétnar á fáeinum árum, það eru léleg

laun, sums staðar er vinnuaflsflótti, annars staðar hrynja fyrirtækin t. d. á Suðvesturlandi, og meira að segja eru sum sem starfað hafa í félagslegu rekstrarformi næstum því gefin, sbr. dæmið úr Hafnarfirði. En því miður er þessi ástandslýsing rétt. Og vinnuaflsflóttinn hefur það m. a. í för með sér að afkoman í greininni mun enn fara versnandi, vegna þess að menn hafa ekki vinnuafl til þess að vinna gæðavöru, sem gefi hátt verð, og búa sér þannig til enn lélegri afkomu.

Það hefur líka legið ljóst fyrir á undanförnum árum að sá taprekstur sem hefur verið í greininni gæti ekki getið af sér neitt annað en enn frekari taprekstur og erfiðleika. Því miður er svona komið. En þegar kemur að því að leita að orsökunum nefna menn ýmislegt til. Ég verð var við það að talsmenn ríkisstj. tala um spennuna í landinu. Þeir hefðu gjarnan mátt uppgötva það fyrr. Og mér er spurn: Hver bjó til þessa spennu? Hver ber ábyrgð á henni? Hvers vegna hefur hún orðið til? Hún hefur orðið til fyrir stjórnarstefnuna. Þeir menn sem undan henni kvarta hafa framfylgt þessari stefnu á undanförnum árum. Og það sem meira er, þeir eru enn að framfylgja sömu stefnu.

Talsmenn ríkisstj. tala líka um erlendu skuldirnar. Þær hafa tvöfaldast sem hlutfall af þjóðartekjum á fáeinum árum. Það er næstum því eins og menn séu að gera því skóna, þessir talsmenn stjórnarflokkanna, að þessi skuldasöfnun sé fólkinu í landinu að kenna. En það er hér á þessum stað sem ákvarðanirnar hafa verið teknar um það. Það eruð þið, ágætu þm., það eruð þið, stuðningsmenn núv. og fyrrv. ríkisstj., sem hafið safnað upp þessum skuldum, hafið haft forgöngu um það og alveg fram á þennan dag með þeirri lánsfjáráætlun og þeim lánsfjárlögum sem nú er verið að samþykkja, með 10 milljarða viðbót í nýjum lánum, sem eykur spennuna, sem eykur skuldasöfnunina, sem eykur afborgunarbyrðina og þýðir það að hér verður ekki hægt að halda uppi þeim lífskjörum sem annars væri mögulegt. Mér finnst til vansæmdar þegar menn láta í það skína að það sem er þeim sjálfum að kenna sé fólkinu í landinu að kenna sem ekkert hefur haft með þetta að gera. Og menn tala gáleysislega um það að halda uppi lífskjörum með erlendum lánum á sama tíma og menn eru í raun og sannleika að rýra lífskjörin með erlendum lánum, ekki bara í bráð heldur í lengd, því að afborgunarbyrðin fer sívaxandi á komandi árum og bara vextirnir eru orðnir hærri prósentutala af þjóðartekjum heldur en hagvöxturinn er líklegur til að verða næstu fimm árin. Það hefði verið nær fyrir þá sem tala um erlendu skuldasöfnunina að gera nú eitthvað í málinu og taka til hendinni. Og það hefði líka orðið að gagni fyrir sjávarútveginn vegna þess að það hefði dregið úr spennunni.

Hæstv. forsrh. las hér upp úr skýrslu áðan, ættaðri af Vestfjörðum með samanburði við Danmörku og hann kom af fjöllum um það að við stæðum ekki fremstir tæknilega að því er fiskvinnsluna varðar. Hann kom af fjöllum um það, hann var alveg gáttaður á því að svo skyldi vera. Þetta mátti hann þó vita. Sannleikurinn er sá að við hröktumst af réttri leið um leið og núv. forsrh. varð sjútvrh. því að þá var búið að marka þá stefnu að þeir fjármunir, sem við hefðum á milli handanna í sjávarútveginum, skyldu fara í tæknilega uppbyggingu í fiskvinnslunni og til þess að bæta aðbúnað sjómanna á fiskiskipunum. En hvað fengum við í hans tíð? Við fengum áframhaldandi innflutning á skipum, viðbót við fiskiskipastólinn, sem dró þróttinn úr þeirri tæknilegu uppbyggingu sem þá þegar, 1979, var ljóst að þyrfti að eiga sér stað í fiskvinnslunni. Það sem hæstv. forsrh. kemur nú af fjöllum með eru afleiðingar hans eigin stefnu í sjávarútvegsmálum meðan hann var sjútvrh. Sannleikurinn er sá að við munum ekki ná góðum árangri í því að laða hæft fólk að fiskvinnslunni og ná góðri afkomu í greininni, í sjávarútvegsgreininni, nema við tileinkum okkur nýjustu tækni og séum ævinlega í fararbroddi. Þess vegna er sorglegt til þess að vita hvernig við hröktumst af leið í sjávarútvegsráðherratíð núv. forsrh.

En ég skal bæta því við að sem betur fer virðist núv. sjútvrh. hafa meiri og betri skilning á þessu. En það eru okkar eigin verk fyrst og fremst, þeirra verk sem ábyrgð hafa borið á landsstjórninni, hvernig komið er. Spennan sem menn eru að kvarta undan, skuldasöfnunin, afkoman í sjávarútveginum, vantæknivæðingin, aðbúnaðurinn á vinnustöðunum og um borð í fiskiskipunum, það er allt fyrir ranga stefnu og hún er þeim mun sorglegri af því að við einmitt hröktumst af braut. Í stað þess að ræða þetta lengur eða skemur held ég að sómi Alþingis væri fólginn í því að taka til hendinni í þessum efnum, bæði að því er varðar stefnumörkun í sjávarútvegsmálum og einkum og sér í lagi að því er fjárfestinguna varðar og afkomuna í greininni og hins vegar að því er skuldasöfnunina varðar og þá spennu sem af því leiðir. Þá mundum við sjá raunverulegan og góðan árangur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann hér gaf. Ég heyri það á þeim svörum að hann ætlar sér að halda óbreyttri stefnu að því er varðar þann þátt sem ég ræddi um. (**Sjútvrh.:** Rétt.) Það er rétt skilið, já. Og hann telur það vera réttláta skiptingu á gæðunum, ef ég hef skilið rétt, að Austurland t. d. hækki úr 9.8% í 19.1 af þeim afla sem um er að ræða. Það er hin réttláta stefna að mati hæstv. sjútvrh. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. forsrh., ef hann væri við, hvort hann sé sammála þessari réttlátu stefnu gagnvart þeim aðilum sem líka eiga fullan rétt á því að lifa og eru í skapandi atvinnugrein. Það er fólk svo hundruðum skiptir sem lifir bókstaflega á þessari atvinnugrein, heldur uppi atvinnulífi, þannig að það eru ekki neinir smámunir sem hér er um að ræða.

En vegna þess sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði meiri áhuga á málum míns eigin kjördæmis en þessu máli í heild bið ég hæstv. sjútvrh. um frekari skýringu. Að vísu verður að virða honum það til vorkunnar að undangenginn tíma hefur hann ekki verið hér til staðar, en um þessi mál hefur einmitt verið rætt hér í heild í nokkurn tíma, m. a. af mér. Menn geta auðvitað ekki fylgst með því sem hér er að gerast víðs fjarri leikvelli og vettvangi, en menn eiga heldur ekki að dæma og fullyrða án þess þá að þeir viti hvað þeir eru um að tala. Ég vísa því þess vegna heim til föðurhúsa að ég hafi hér sérstaklega í umræðum um fiskveiðar og fiskvinnslu verið að tala um mitt kjördæmi. Það hefur verið almennt um þá stefnu sem núv. ríkisstj., undir handleiðslu hæstv. sjútvrh., hefur fylgt og er að leiða til glötunar. Það liggur fyrir að fiskvinnslufyrirtækin, útgerðin, muni stöðvast á næstu dögum eða vikum verði ekkert að gert. Og það er undir handarjaðri hæstv.

ráðh. sem þetta gerist. Það er stjórnarstefnan sem er að ganga af þessari atvinnugrein dauðri og allir vita hvað það kemur til með að þýða.

Það er líka rangt hjá hæstv. ráðh. sem hann sagði hér áðan að ég væri á móti allri stjórnun á fiskveiðum. Það er alrangt líka. Ég hygg að hæstv. ráðh. ætti að muna það að þær tillögur sem ég stóð að að flytja ásamt fleirum hér voru um það að undanskilja handfæraveiðar t. d. og línuveiðar undan kvótanum. Og ég hygg að flestum sem til þekkja sé það ljóst að þessar atvinnugreinar tvær, þ. e. handfæri, og línuveiði, verða ekki til þess að ógna fiskistofnunum við landið þó að þær væru ekki settar undir kvóta eða alræðisvald eins ráðh. eins og nú er um allar fiskveiðar og fiskvinnslu nánast í landinu.

Nei, þetta er auðvitað miklu alvarlegra og stærra mál en svo að það snúi bara að einu kjördæmi. Og það snýr ekki bara að fiskvinnslufólkinu né heldur bara að sjómönnunum. Það snýr ekki heldur bara að þeim sem reka umrædd fyrirtæki. Þetta snýr að þjóðinni allri. Verði haldið áfram á þeirri braut sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað og virðist ætla að halda sér á, þá verður ekki langt þangað til við stöndum á rústum þessarar atvinnugreinar. Og kannske er það það sem menn ætla sér. Það er engu líkara en augu þessara hæstv. ráðamanna hafi ekki opnast og muni ekki opnast fyrr en þá að menn sjá allt hrunið undan sér, þegar þeir standa á þeim rústum sem fyrst og fremst koma til með að verða til þess að við búum ekki lengur í sjálfstæðu þjóðfélagi. Ég held að þeir sem ráða ferðinni ættu að gera sér grein fyrir því að þetta er kannske nær en margur hyggur ef fram heldur sem horfir.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umr. þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann bar hér fram í dag við fsp. minni. Ég hefði að vísu gjarnan kosið að þau svör hefðu verið efnismeiri og falið í sér stærri boðskap varðandi það hvað fram undan væri til lausnar á vanda okkar sjávarútvegs, svo alvarlegur sem hann er.

Ég fagna því að þessi umr. hér í dag hefur í rauninni orðið til að staðfesta það að þeir sem sitja hér á hinu háa Alþingi virðast í rauninni allir vera sammála um það að fram undan sé hreinn þjóðarvoði ef svo heldur áfram sem verið hefur varðandi þróunina í íslenskum sjávarútvegi, og þannig er það líka. Þess vegna getur það ekki dugað að leita uppi einhverjar smáskammtalækningar í þessum efnum. Hér þarf að taka á þeim stóra og það mjög myndarlega.

Ég held ég taki mér í munn orð úr aldinni bók, sem ég vitna nú ekki oft í, en þar segir: „Ef saltið dofnar, með hverju á þá að selta það?“ og hefur orðið orðtak. Ég segi hér: Ef íslenskur sjávarútvegur fellur og stendur ekki lengur, á hverju ætlar þá þessi þjóð að lifa?

Aðeins nokkur orð í sambandi við fáein atriði sem fram komu hjá hæstv. ráðh. Hann taldi upp ýmsar ráðstafanir sem ríkisstj. hefði gert á þeim tveimur árum sem hún hefur farið hér með völd. Ýmsar þessar ráðstafanir hafa út af fyrir sig verið jákvæðar svo langt sem þær ná, ekki skal ég neita því. En þarna hefur eingöngu verið um það að ræða að gefa eitthvað svolítið til baka af því sem tekið hefur verið með hinni hendinni af sjávarútveginum vegna þess að rekstrarskilyrðin sjálf, sem stjórnvöld bera ábyrgð á, hafa verið með þeim hætti að enda þótt hæstv. sjútvrh. hafi gengist fyrir því að rétta sjávarútveginum kannske litla fingurinn í dag á vinstri hendi og litla fingur á hægri hendi í fyrradag, þá hefur þetta ekkert dugað til að bæta upp það tjón sem atvinnugreinin hefur orðið fyrir vegna óhæfra rekstrarskilyrða. Við skulum taka dæmi af skuldbreytingunum.

Auðvitað er það betra en ekki neitt að fá þó einhverja skuldbreytingu. Það bætir aðeins greiðslustöðuna í bili en slíkt bætir ekki skuldastöðuna. Eftir sem áður er hengingarólin þar sem hún er og skuldirnar hafa haldið áfram að hlaðast upp í stórum stíl og það eigið fé, sem í fyrirtækjunum var fyrir hendi, orðið minna og minna. Hæstv. ráðh. talar um að það séu uppi tvær stefnur í þessum efnum hjá þeim sem reki fyrirtæki og vitnar í þeim efnum í Bandaríkin. Hvaða stefna ætti það að vera hér á Íslandi, eins og lánsfjármálum og vaxtamálum er nú háttað, að koma og segja: Við skulum nú ekkert vera að leggja upp úr þessari eiginfjárstöðu. Við skulum reka þetta sem mest á skuldum. Dettur nokkrum heilvita manni það í hug eins og vextirnir eru? Það gat verið stefna hér fyrir 10 árum og var stefna hjá mörgum, meðan vextirnir voru öfugir, voru neikvæðir og menn voru í rauninni að fá styrki með því að fá að taka lán. Þannig er þetta ekki lengur. Það að reka fyrirtæki á dýrum lánum þýðir eignaupptöku og ekkert annað.

Það hefur verið farið nokkrum orðum um það af hæstv. ráðh. að Seðlabankinn hafi ekki átt að láta mig eða aðra aðila hafa þær tölur sem starfsmenn bankans létu í té um þessi efni í vetur. Það kann vel að vera að þessi háa stofnun, Seðlabankinn, sé ámælisverð af þeim ástæðum. En ég segi fyrir mig: Ef fengnar eru upplýsingar hjá Seðlabanka eða Þjóðhagsstofnun, þá hljóta menn að verða að treysta á að þar sé nokkurn veginn rétt með farið. Hitt er svo annað mál að ef menn átta sig á villu í þeim efnum, þó um slíka stofnun sé að ræða eins og Seðlabanka, þá er auðvitað skylt að leiðrétta það. Og ég tek það fram að þær tölur sem ég fór með í minni frumræðu hér eru fengnar í Seðlabankanum nú í morgun, það eru leiðréttar tölur eins og þær eru nýjastar á borði Seðlabankans nú. Og ég get ekki, með allri virðingu fyrir hæstv. ráðh. sem ég met á margan hátt mjög mikils, gert ráð fyrir því að hann sé með neitt nákvæmari útreikninga á þessu heldur en sérfræðingar Seðlabankans, enda hafa engin rökstudd andmæli komið fram gegn tölulegum upplýsingum sérfræðinga Seðlabankans.

Ég vil einnig segja að það sem hefur verið að gerast í þessum efnum er í fyrsta lagi það, að áður en breytingin mikla varð á vaxtamálum og öllum bankaviðskiptum, þá gat sjávarútvegurinn verið að mynda eignir enda þótt reksturinn væri bókhaldslega undir núlli ár eftir ár. Hann fékk hagnaðinn í gegnum bankaviðskiptin, og voru það oft nægar skaðabætur á móti tapinu og mynduðust þannig eignir þó það héti rekstrarlegt tap. Þetta kerfi var út af fyrir sig ekki til fyrirmyndar, en þannig var það. Og það má segja að á þeim árum hafi sjávarútvegurinn, eins og aðrir þeir sem byggðu upp eignir út á skuldasöfnun, í rauninni verið með vissum hætti ríkisstyrktur. Sjávarútvegurinn hefði á þeim árum ekki heldur þolað það að vera ár eftir ár með reksturinn langt undir núlli nema vegna þess að hann naut þessarar þjónustu á móti. Síðan var þetta tekið af honum. Menn

segja: Gott. Menn eiga að borga sínar krónur til baka í jafngildum krónum. Mikið rétt. En þegar þessi þjónusta eða styrkur eða hvað sem menn vilja kalla það var tekið af, þá þurfti auðvitað eitthvað annað að koma í staðinn. Þá er ekki hægt að halda áfram að viðhalda eignum eða auka eignir út á bullandi tap eftir sem áður.

Árið 1982 verður allverulegt fall í fjárhagsstöðu fyrirtækjanna í sjávarútvegi. Það voru auk annars á því þær skýringar að mjög mikill samdráttur verður á því ári, yfir 12% á föstu verðlagi, í framleiðslu sjávarafurða og það hefði kannske mátt skoða það sem nokkra skýringu á því að þá hallaði undan hjá sjávarútvegi. En þegar kom að árinu á eftir og síðan árinu 1984 með 11% framleiðsluaukningu og línan heldur engu að síður áfram að falla, eignirnar að étast upp og skuldirnar að vaxa að sama skapi, þegar svona vel árar, þá er málið orðið ískyggilegt.

Menn hafa kannske verið í góðri trú í sambandi við ráðstafanir ríkisstj. Menn héldu að með því að skerða kaupið svo mjög sem gert var á fyrstu vikum valdatíma þessarar ríkisstj. eða fyrstu dögum, þá væru menn að draga úr erlendri skuldasöfnun, minnka viðskiptahallann. Kaupgetan í landinu væri svo mikil að hana yrði að lækka og þar með mundi viðskiptahallinn lækka. Þetta hefur allt reynst rangt. Það hlýtur hver maður að sjá í dag. Og vegna hvers? Vegna þess að enda þótt kaupgetan hafi minnkað hjá fólkinu í fiskvinnslunni og öðru almennu launafólki, og enda þótt kaupgetan hafi minnkað hjá fyrirtækjunum í sjávarútveginum, sem hefðu þurft að geta greitt eitthvað af sínum skuldum og haft tekjur til þess, þá hefur hún, kaupgetan, aukist að sama skapi hjá öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Hún hefur ekki minnkað í heild. Fjármunirnir hafa einfaldlega verið færðir til úr einum geiranum í annan. Við sjáum þetta m. a. á því að þó að sjávarútvegurinn standi sig svo frábærlega vel að auka útflutningsverðmæti á föstu verðlagi um 11% á síðasta ári, við á ýmsan hátt erfiðar aðstæður, fólkið sem við sjávarútveginn vinnur, bæði verkafólk og stjórnendur, nái sameiginlega að skila 11% framleiðsluaukningu, þá fær sjávarútvegurinn ekki að halda neinu eftir. Og hvað verður um þetta? Innflutningurinn til landsins, almenni innflutningurinn til landsins, fyrir utan skip og flugvélar og olíu og þessar sérstöku vörur, sem dregnar eru frá hjá Þjóðhagsstofnun, hann vex bara á síðasta ári um 12% ofan á öll ósköpin sem áður voru flutt hér inn af varningi sem við að hluta til höfum ekki nokkurn skapaðan hlut með að gera. Og það er þetta sem ég hygg að hv. þm. sem nú gengur í salinn, 1. þm. Reykv., hafi sennilega haft í huga í sinni ágætu ræðu hér áðan þegar hann vakti athygli okkar hv. þm. allra á því að hér dugar ekki að fara eftir einhverjum innfluttum kennisetningum utan úr heimi. Okkar þjóðfélag er sérstakt og lýtur sérstökum lögmálum.

Ég skal stytta mál mitt, herra forseti, en ég get eiginlega ekki látið hjá líða að bæta örlitlu við vegna þess sem hæstv. ráðh. var að minnast á töluleg efni varðandi launamál fiskvinnslufólks og samanburð í þeim efnum. Ég spurði tvo aðila nú í morgun vegna þessarar umr. um vissa hluti í sambandi við þróun launamálanna. Ég spurði Kjararannsóknarnefnd hvað kaupið hjá fiskvinnslufólkinu hefði hækkað í krónum talið frá því núv. ríkisstj. kom til valda, þ. e. frá júní 1983. Svarið var: Fyrir kjarasamningana 40.7%, eftir kjarasamningana 51.3%. Við höfum ýmsa samanburðaraðila í þjóðfélaginu. Sumir þeirra hafa flutt fram margvísleg rök fyrir sínum rétti til að fá hærri laun. Eitthvað af þeim rökum er sjálfsagt réttmætt, annað umdeilanlegt.

Ég spurði launadeild fjmrn.: Hvað hefur kaupið hækkað hjá Bandalagi háskólamanna á sama tíma? 62.9% var svarið. Nú ætla ég ekki að halda því fram að háskólamenn séu almennt ofhaldnir af sínum launum þó einhverjir þeirra kunni að vera bærilega settir. En menn mega gjarnan horfa á þessar tölur til samanburðar, sérstaklega þegar fólk fer nú að sækja málin úr ýmsum áttum eftir á og segja: Fyrst fiskvinnslufólkið fékk nú þessi 7.5%, þá þurfa hinir allir auðvitað að fá a. m. k. sömu hækkun, fyrst verkafólkið innan Alþýðusambandsins fékk þetta.

Ég spurði um kaup hv. alþm. hjá launadeild fjmrn. Skyldi það eiga að hækka núna í samræmi við það að Alþýðusambandið hefur samið um þessi um það bil 7.5% 1. júní? Þingfararkaupið hafði hækkað frá júní 1983 til dagsins í dag um töluvert meira en taxtar fiskverkunarfólksins, eða um 54.5%. Aðalatriði málsins er þó það, að með þeirri almennu kaupmáttarskerðingu sem orðið hefur í landinu fyrir aðgerðir núv. ríkisstj., hennar fyrstu aðgerðir og þær sem síðan fylgdu, þá er svo komið að almenn laun þyrftu að hækka um 30—40% til að ná fyrri kaupmætti. En fiskverkunarfólkið fékk 7.5%. Svo kemur verðbólgan til að éta það enn upp.

Herra forseti. Ég get látið þessi orð duga. Ég þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umr. og ráðh. báðum, hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh., og þó að við séum auðvitað á margan veg ósammála um ástæðurnar fyrir því hvernig komið er í þessum efnum, þá vil ég ljúka mínu máli með því að segja: Við skulum ekki gera rifrildi um það að aðalatriði. Þar er kannske enginn saklaus. En menn þyrftu að leggja sig fram um það að sameinast um stórar úrbætur þarna. Það má ekki bíða þangað til kannske vantar 3000 manns í fiskvinnsluna. Hjá Sölumiðstöðinni voru fyrir fáum vikum um 5000 manns í störfum. Það vantar 1500 í fiskvinnsluna nú. Við megum ekki bíða eftir að það vanti kannske 3000.

Það getur orðið of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Og það skulu vera mín lokaorð að ég segi: Það er þjóðarnauðsyn að stefnan sé sett á það að fólk, sem starfar í þessum undirstöðuatvinnuvegi, fiskvinnslunni, hafi hér kaup á borð við hæstu iðnaðarmenn í landinu. Það er þjóðarnauðsyn. Slíkt tekst sjálfsagt ekki í einum áfanga. Það er ekki óeðlilegt að gerð sé krafa um það að menn taki námskeið o. s. frv. og sýni hæfni í starfi. En þegar menn hafa gengið í gegnum slík námskeið, og ég fagna yfirlýsingu ráðh. um ráðagerðir í þeim efnum, þegar menn hafa útskrifast af slíkum námskeiðum, þá á að koma á móti réttur til launa vegna mikilvægis atvinnugreinarinnar, launa á borð við hæstlaunuðu iðnaðarmann í okkar landi.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þetta hafa um margt verið gagnlegar umræður og ég get tekið undir margt af því sem hér hefur komið fram. Ég fagna því að menn skuli almennt hafa þann metnað fyrir hönd íslensks sjávarútvegs sem hér hefur komið fram.

Hitt er svo annað mál að okkar þjóðfélagsgerð er afar

flókin og stoðar lítt að halda því fram að staða sjávarútvegs sé undir því einu komin hvað stjórnvöld gera á hverjum tíma. Við búum hér í lýðræðisþjóðfélagi þar sem hagsmunaaðilar takast á um þær tekjur sem til skipta eru í þjóðfélaginu. Ég get verið sammála mönnum um það að ég hefði gjarnan viljað sjá þá sem vinna í sjávarútveginum fá í sinn hlut miklu meira af þeim tekjum. En að sjálfsögðu verða hv. þm. að gera sér grein fyrir því að þegar verið er að gera tillögur um aukin útgjöld til hinna ýmsu málefna þjóðfélagsins, svo sem heilbrigðismála, raforkumála, vegamála og ýmissa annarra góðra mála, þá er í reynd verið að minnka möguleika sjávarútvegsins til að komast vel af. Í fyrsta lagi taka þessir málaflokkar erlent fjármagn. Í öðru lagi taka þeir innlent fjármagn sem annars væri hægt að beina til sjávarútvegsins. Þessa yfirsýn vantar oft hér í störfum Alþingis og þá yfirsýn vantar einnig í kjarasamningum.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson lét þau orð falla að aðilar vinnumarkaðarins hefðu séð meiri ástæðu til þess að afgreiða launamál annarra en fiskvinnslunnar. Það liggur alveg ljóst fyrir að eftir því sem laun annarra stétta í þjóðfélaginu eru hærri, opinberra starfsmanna, iðnaðarmanna og fleiri, þeim mun minni möguleikar eru til þess að auka laun fiskvinnslufólks. Þessa yfirsýn skortir einnig í kjarasamningum og það þýðir lítt fyrir aðila vinnumarkaðarins að koma og segja eftir á: Ja, við gátum ekkert komist hjá þessu. Nú verður eitthvað nýtt að koma til til að bæta kjör fiskvinnslufólks.

Það er stundum erfitt að benda á hvaðan þetta fjármagn eigi að koma, hvar eigi að taka það. Það er því út af fyrir sig ánægjulegt að menn skuli reyna að ræða þessi mál af nokkurri yfirsýn hér í þessum umræðum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni að innflutningur hefur aukist mun meira en eðlilegt er. En hver er þessi innflutningur? Hann er fyrst og fremst neysluvörur almennings að langmestu leyti. (**KÓ:** Ekki þeirra sem hafa 16 þús. á mánuði.) Nei, það er alveg rétt, hv. þm. En það eru ýmsir aðrir sem hafa meiri tekjur. En ef við erum að tala um þetta í heild sinni, sem er einnig nauðsynlegt, en ekki bara um ákveðna þjóðfélagshópa, þá er þessi innflutningur fyrst og fremst neysluvörur almennings. Og það þýðir ekkert að horfa fram hjá því að kaupmátturinn hefur oft og tíðum byggst á því að við höfum tekið lán erlendis til neyslu.

Ég ætla ekki að fara mikið nánar út í þessi mál. Það hefði þó vissulega verið ástæða til þess. Þó vildi ég aðeins taka það fram varðandi það sem hér er sagt um sjávarútveg Dana að það er alveg rétt að þeir eru að sumu leyti komnir lengra í tæknivæðingunni, við að öðru leyti. Ég get t. d. lesið hér upp úr skýrslu frá Ríkismati sjávarafurða um athugun á málum þar. Það er býsna fróðlegt. Þar er eftirfarandi lýsing á einu fyrirtækinu:

„Hjá fyrirtækinu var hvolft úr kössum eftir snyrtingu og skráningu í kör úr ryðfríu stáli, polýfosfatupplausn blandað saman við körin, síðan tæmd í loftþétt ílát og fiskinum velt þar undir loftþrýstingi. Við þetta fer ca. 16—17% vigtaraukning. Ekki sást þessi útbúnaður annars staðar enda þótt einhverjir aðrir noti fosfatblöndu einnig."

Það er mjög líklegt að ástæðan fyrir því að Danir ná meiri afköstum sé að einhverju leyti aðferðir sem þessi og að nokkru leyti sú að ormur er ekki í eins miklum mæli í þeirra fiski. Ég tel því ekki réttmætt að eingöngu sé kennt hér um mismun á afköstum verkafólks í Danmörku og á Íslandi. Við getum náttúrlega ekki heldur borið saman að óathuguðu máli tímalaun hjá Dönum og hér. Þar eru skattar hærri, þar eru neysluskattar á öll matvæli og svo mætti áfram telja. Hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir okkur að bera þarna saman. En við megum alls ekki nota aðferðir sem þessar.

Ég átti mjög ánægjulegar viðræður við forustumenn fyrirtækis í Bandaríkjunum sem heitir Long John Silver. Það var skemmtilegt að heyra það að þeir töldu íslenska fiskinn standa allháu þrepi ofar en annan fisk og velgengni þess fyrirtækis hefur m. a. byggst á því að hafa þennan fisk til sölu. Þeir hafa unnið athyglisvert útbreiðslustarf með þennan fisk á Bandaríkjamarkaði, kynnt hann þar sem gæðavöru. Það kemur skýrt fram hjá þeim að þeir þurfa að eyða meiri vinnu og meiri mannafla til að selja kanadískan fisk en íslenskan fisk. Þar af leiðandi geta þeir greitt allmiklu hærra verð fyrir okkar fisk.

Við megum ekki hvika frá þessari stefnu. Það skipast oft skjótt veður í lofti eins og hér hefur komið fram. Það er ekki mjög langt síðan offramboð var á þessum gæðafiski á Bandaríkjamarkaði og það söfnuðust birgðir og okkur gekk illa að losna við þann fisk. Það var ekki vegna þess að það vantaði fólk til að vinna hann. Það var vegna þess að markaðirnir tóku ekki við honum. Nú hefur hins vegar sú ánægjulega þróun orðið að eftirspurn hefur aukist eftir þessum fiski.

Ég minni á það að þegar rætt var hér um kvótamálið s. l. haust var það mesta áhyggjuefni þm. að það yrði atvinnuleysi í fiskvinnslustöðvunum í ár. Ég man að hv. þm. Karvel Pálmasyni var þetta afar ofarlega í huga. Ég vona að ég hafi það rétt eftir um afstöðu hans, það er eftir mínu besta minni. En nú er svo komið að við getum selt meira af þessum gæðafiski og þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að hægt sé að framleiða hann.

En menn mega ekki eingöngu líta til stjórnvalda í þessum efnum. Það verður að líta til þeirra sem annast þessi mál, sem vinna á markaði, skipuleggja framleiðsluna. Það verður t. d. að gera þær kröfur til forsvarsmanna frystihúsanna á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum að þeir láti það ekki koma fyrir, sem kom fyrir í fyrrasumar og var þeim náttúrlega til háborinnar skammar, að fiski sé mokað á land án þess að ráða neitt við neitt. Ég geri þær kröfur til þessara aðila. Þeir geta ekki komið til stjórnvalda og sagt: Þið stóðuð ykkur ekki í þessari stjórnun. Þeir verða að gera svo vel að passa upp á það sjálfir að það komi ekki fyrir sem ungi maðurinn í Hnífsdal sagði réttilega frá í blaðaviðtali.

Herra forseti. Ég hefði þurft að taka hér ýmislegt annað fram. En ég skal láta það bíða. Ég vænti þess að okkur muni auðnast að ná bærilegri samstöðu um íslensk sjávarútvegsmál. Ég minni á að það eru ekki nema tvö ár síðan allir voru sammála um það að fyrirtæki stæðu frammi fyrir lokun. Það er ekki létt verk að vinna íslenskan sjávarútveg upp úr þeirri lægð sem hann var kominn í og er í. Það er mikið þolinmæðisverk. Það mun ekki gerast á skömmum tíma. Það er allt of mikil bjartsýni að mínu mati að ætla að það muni gerast á einu eða tveimur árum. Það mun taka mörg ár

og það mun reyna á þolinmæði þjóðfélagsins og yfirsýn manna bæði hér á Alþingi og aðila vinnumarkaðarins til þess að svo megi takast.

Efri deild, 102. fundur.

Þriðjudaginn 18. júní, að loknum fundi í Sþ.

Lánsfjárlög 1985, frv. 245. mál (þskj. 1221, 1297, 1298, 1300). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985 sem borist hefur þessari hv. deild að nýju frá hv. Nd. eftir nokkrar breytingar sem þar voru gerðar. Meiri hl. n. í þessari hv. deild leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Nd. Brtt. þekkja menn, þær hafa legið hér frammi í nokkurn tíma, svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta mál er komið hér til okkar að nýju eftir breytingar í Nd. Ég talaði alllangt mál við umr. málsins hér á sínum tíma og skal ekki lengja þessa umr. neitt sérstaklega. Af hálfu Alþfl. voru í Nd. lagðar fram og rökstuddar ítarlega sundurliðaðar tillögur til lækkunar á lánsfjáráætluninni og breytingar til lækkunar á lánsfjárlögum. Við teljum að það verði að spyrna á móti sívaxandi erlendri lántöku. Við höfum raunar gengið allt of langt í þeim efnum því að nú á að auka löng erlend lán úr 62% af þjóðarframleiðslu í 63.6%.

Það hefði verið æskilegt, virðulegi forseti, að geta rætt þessi mál í góðu tómi við hæstv. fjmrh. En ég veit að hann er að gegna mikilvægum störfum annars staðar og gat þess vegna ekki setið þennan fund núna. Því mun ég ekki gera þetta að umtalsefni í löngu máli. En við leggjum til að lántökurnar verði verulega lækkaðar og það kemur auðvitað einhvers staðar við. Það er nú það sem fylgir því að draga saman seglin á þessu sviði að það kemur kannske býsna hart við ýmsa.

En ég vildi gera hér grein fyrir þeim breytingum sem ég legg til á þskj. 1300. Þskj. á þessu þingi eru komin upp í hærri tölu en á nokkru þingi áður. Breytingarnar eru í sex liðum, við 1., 3., 4., 6., 8. og 10. gr. og eru breytingar á upphæðum til samræmis við þá lækkun sem við leggjum til. Ég hirði ekki um að ræða hvern einstakan lið í smáatriðum. Ég held að það hafi enga praktíska þýðingu á þessari stundu. En þessar till. eru fluttar hér til að láta á það reyna hvort unnt er að ná fram einhverjum breytingum á þessu.

Í öðru lagi mæli ég fyrir brtt. á þskj. 1297 um að á eftir 27. gr. komi ný gr. sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð skuldbindingar fiskeldisstöðva gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands vegna lántöku hjá Norræna fjárfestingalánasjóðnum, allt að 150 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt."

Þetta er bara fyrirkomulagsatriði þannig að það sé einn aðili sem er ábyrgur gagnvart Norræna fjárfestingalánasjóðnum. Það er heldur til einföldunar en mjög lítið mál í rauninni. En þetta hlaut nú ekki náð fyrir augum stjórnarliða í Nd.

Í þriðja lagi er á þskj. 1298 brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni um að á eftir 27. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

„Fjmrh. er heimilt á árunum 1985 og 1986 að gefa út ríkisskuldabréf, er séu verðtryggð en án vaxta, og nýta andvirði bréfanna til að flýta verkáföngum frá gildandi vegáætlun, að fengnum tillögum Vegagerðar ríkisins og samþykki fjvn.

Gjalddagi bréfanna er á því ári sem verk það, sem fyrir var greitt, skyldi unnið skv. vegáætlun og greiðir ríkissjóður þá nafnverð bréfanna að viðbættum verðbótum.

Ríkissjóði er heimil lántaka skv. þessari grein allt að 150 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu 1144 stig. Nánari ákvæði um lántöku þessa og gjalddaga skulu sett með reglugerð."

Þessi till. skýrir sig raunar sjálf. Ef slaki myndast í framkvæmdum geti Vegagerðin með þessum hætti flýtt framkvæmdum og fjármagnað þær með þeim hætti sem hér greinir. Þetta eru í rauninni verktaka- og vinnuvélalán sem hafa verið tíðkuð alllengi en ekki gilt um þau neinar fastar reglur. Till. er sett fram til að greiða fyrir því að Vegagerðin geti notfært sér slík lán til að flýta framkvæmdum þar sem slíkt þykir hagkvæmt og er áskilið samþykki fjvn.

Ég tel ástæðulaust, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Þessar till. munu ganga hér til atkvæða. Ég held að það sé góður vilji og skilningur á því í þessari hv. deild að það er nauðsynlegt að afgreiða frv. til lánsfjárlaga sem allra fyrst. Ekki mun ég standa gegn því.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Í tíð seinustu ríkisstj. kom það fyrir að afgreiðsla lánsfjáráætlunar dróst nokkuð fram á veturinn. Þá var það fastur siður hjá stjórnarandstæðingum, einkum þm. úr Sjálfstfl., að kveðja sér hljóðs utan dagskrár og hafa uppi hin harðorðustu mótmæli yfir því að lánsfjárætlun skyldi ekki vera afgreidd fljótlega upp úr nýári. Ég minnist þess að á seinustu þingum fyrrv. ríkisstj. voru slíkar umræður nánast vikulegur viðburður og þetta var eitt helsta árásartilefni þáv. stjórnarandstæðinga á ríkisstj. Það hefur sannarlega dregist að þessu sinni að lánsfjárætlun yrði afgreidd. Ég minnist þess að í marsmánuði töluðu menn um það að líklega væri ástandið svo svart að ekki væri víst að lánsfjárætlun yrði afgreidd fyrr en rétt fyrir páska.

Menn höfðu af þessu miklar áhyggjur vegna þess að vitað er að stofnlánasjóðir geta ekki afgreitt lánsfjárloforð frá sér nema að fyrir liggi hvað sjóðirnir eiga í vændum. En frá páskum eru nú liðnir meira en tveir mánuðir og enn er ekki búið að afgreiða lánsfjárætlun. Mér er kunnugt um að bændur víða um land, sem hyggja á framkvæmdir á komandi sumri, hafa ekki getað fengið nein lánsloforð frá Stofnlánadeild landbúnaðarins vegna þess að stjórnendur stofnlánadeildarinnar hafa ekki talið sig geta gefið út neinar yfirlýsingar um væntanleg lán þar sem ekki væri búið að afgreiða lánsfjárætlun.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvílíkt vandræðaástand hefur skapast um allt land af þessum ástæðum. Nú er komið fram í seinni hluta júnímánuðar

og menn, sem hyggjast standa í framkvæmdum á jörðum sínum og fá til þess lán frá stofnlánadeild, hafa ekki getað ákveðið sig, ekki getað ráðið menn til vinnu hjá sér síðar í sumar, engar áætlanir getað gert enn vegna þess hversu lengi hefur dregist að afgreiða þetta mál hér í þinginu.

Við Alþb.-menn greiddum ekki atkv. með þessu frv. þegar það var afgreitt frá Ed. fyrr í vetur, enda þótt við vildum gjarnan greiða fyrir sem hraðastri afgreiðslu málsins á sínum tíma. Við töldum frv. óábyrgt í ýmsum efnum, gert væri ráð fyrir allt of miklum orkuframkvæmdum, allt of miklum erlendum lántökum í þágu orkumála og yfirleitt allt of ört hækkandi skuldasöfnun erlendis. Við töldum að stinga bæri við fótum.

Eins og kunnugt er var það eitt fyrsta pólitíska lífsmarkið sem núv. ríkisstj. gaf frá sér á þessu ári þegar hún í janúarmánuði gaf þá yfirlýsingu að lánsfjáráætlun yrði lækkuð um 1000 millj. kr. Síðan sú yfirlýsing var gefin hefur lánsfjárætlun hækkað jafnt og þétt. Er ekki fjarri lagi að segja að lánsfjárætlun hafi hækkað um u. þ. b. 200 millj. kr. á mánuði hverjum síðan yfirlýsingin um væntanlega lækkun var gefin. Enn fáum við hér í hv. Ed. lánsfjáráætlun til umfjöllunar og enn er lánsfjáráætlunin að hækka. Þess er því ekki að vænta að við greiðum þessu frv. atkv. okkar því afstaða okkar er að sjálfsögðu óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 1300 felldar með 10:3 atkv.
Brtt. 1297 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1298 felld með 10:3 atkv.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1325).

Breytt nýting útvarpshúss, frv. 533. mál (þskj. 1284). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Almannatryggingar, frv. 57. mál (þskj. 1312). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 101. fundur.

Þriðjudaginn 18. júní, að loknum fundum í Sþ.

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 776, n. 1056, 1064, 1072, 1089 og 1102, 1057, 1073, 1090, 1295). — Frh. 2. umr.

Hjörleifur Guttormsson (frh.): Herra forseti. Ég varð við tilmælum forseta hér um hádegi á laugardag að gera hlé á ræðu minni og hafði þá látið þess getið að ég ætti ekki langt mál eftir óflutt í þennan umgang a. m. k., en varð að sjálfsögðu við beiðni virðulegs forseta að hætta, þar sem ósk kom fram um það. Ég hafði áhuga á því að heyra í hæstv. forsrh. um vissa þætti málsins og þar sem hann er nú við umr., þá vænti ég að það geti orðið áður en gert er kvöldmatarhlé á þessum fundi virðulegrar deildar, en vegna samhengis málsins þætti mér vænt um að starfandi iðnrh. væri hér viðstaddur eins og við umr. fyrir hádegi á laugardag, þar sem málið sem ég er að ræða snertir hann að nokkru leyti og hans starfssvið. (**Forseti:** Forseti verður víst að segja sem er að það horfir ekki vel með starfandi iðnrh. því að hann kom að máli við forseta rétt í þessu og sagðist þurfa að gegna sérstökum ráðherraskyldum nú einmitt á þessum tíma.) Já, það þykir mér lakara, virðulegur forseti, ef svo er. Þetta er enn svo, að hæstv. iðnrh. er ekki viðstaddur þrátt fyrir mjög ítrekuð tilmæli mín um að hann sé við umr. En ég ætla ekki að láta það hafa áhrif hér á mitt mál í bili, á meðan kannað er hvort hann gæti ekki verið hér á fundi, og þó að það væri innan ekki langs tíma, sem sagt áður en ég lyki máli mínu og þætti mér það betra, en virðulegur forsrh. gæti e. t. v. einnig leyst úr einhverjum þáttum sem ég ætlaði að hnykkja á hér í mínu máli.

Ég vil í framhaldi af því sem ég ræddi síðast þegar umr. var frestað víkja hér að misskilningi, sem uppi hefur verið í sambandi við tilkostnað vegna álmálsins, sem drósthér inn í umræður um Framkvæmdasjóð Íslands og er ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs. Ég vil þó segja það fyrst af öllu að ég er afar ánægður yfir því, eins og kom áður fram í mínu máli, að þessi mál hafa komið hér til umræðu og að fram hafa komið upplýsingar bæði varðandi tilkostnað á fyrri stigum og einnig nú upp á síðkastið í sambandi við þetta mál. Hins vegar hef ég þegar gert athugasemdir við þann talnalega samanburð, þó svo hann út af fyrir sig skipti ekki öllu máli í þessu máli, heldur sú málsmeðferð sem orðið hefur í tíð núv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál.

Með eitthvað undarlegum hætti hefur verið dregið inn í þetta mál bréf sem ég undirritaði ásamt ráðuneytisstjóra iðnrn. 17. maí 1983. Frá því er greint í frétt Morgunblaðsins, án nokkurra skýrra tenginga samt við upplýsingar þar, s. l. laugardag, sem hafðar eru eftir gögnum sem hæstv. forsrh. afhenti, en sama bréf verður tilefni sérstakrar forsíðufyrirsagnar í NT þar sem segir, með leyfi forseta, í fyrirsögn: „Þóknanir vegna álsamninga skv. töxtum Hjörleifs“ og síðan segir feitletrað: „Greiðslur til Guðmundur G. Þórarinssonar og lögfræðilegra ráðunauta vegna álsamninganna voru gerðar skv. ákvörðunum um launagreiðslur sem teknar voru af Hjörleifi Guttormssyni níu dögum áður en hann lét af embætti iðnrh. árið 1983. Eftir þessum töxtum Hjörleifs hefur verið farið við greiðslur til ráðunauta við samningsgerðina.“

Hér er verið að setja mál fram með þeim hætti sem ég tel nú ekki sæmandi vera, síst af öllu ef viðkomandi fréttamenn hafa haft það bréf undir höndum sem hér er verið að vitna til og bæði þessi blöð virðast byggja á. Nú tel ég það ekki vera skynsamlegt endilega að vera að lesa upp embættisbréf, sem varða einstaklinga, hér á Alþingi nema sérstakt tilefni sé til, en vegna þess að þessu bréfi hefur verið dreift til fréttamanna tel ég

ástæðu til að það komi hér fram. Þar mun vera um að ræða bréf, sem ég rita 17. maí 1983 Ragnari Aðalsteinssyni hrl., og þann sama dag var gengið frá ýmsum bréfum sem vörðuðu sama efni, þ. e. að ganga frá því að deilan um skattsvik álversins í Straumsvík mörg undanfarin ár skyldi skv. ósk Alusuisse ganga fyrir Alþjóðastofnunina til lausnar fjárfestingardeilum (ICSID). En Alusuisse hafði gert um það kröfu, sem það átti rétt til skv. aðalsamningi, að svo skyldi gert og ráðuneytinu var skylt að svara til um það og síðan að ganga frá því með hvaða hætti þetta mál skyldi ganga til þessa gerðardóms.

Og ég bið menn að hafa í huga að í þennan gerðardóm fór málið aldrei fyrir tilverknað núv. ríkisstj. Núv. ríkisstj. hélt einmitt þannig á málinu að það var að kröfu Alusuisse tekið út úr þessum gerðardómi, út úr þessum skýrt afmarkaða farvegi sem álsamningurinn gerði ráð fyrir, og sett inn í flókinn þriggja nefnda farveg. Og það var þriggja mánaða umþóttunartími frá því að málið fór eða ósk um það eða viðurkenning kom frá íslenskum stjórnvöldum að þau höfðu ekkert við það að athuga að þetta færi í dóm. Bráðabirgðasamkomulagið fræga var gert í september 1983 til þess að málið festist ekki í þessum gerðardómi, en færi í þann farveg þriggja nefnda sem Alusuisse hafði gert tillögu um og sem endaði með sáttargerðinni frægu um greiðslu á 3 millj. dollara upp í ótilteknar kröfur íslenskra stjórnvalda í staðinn fyrir 10 millj. dollara kröfu um viðbótargreiðslu á framleiðslugjaldi sem var ákvörðuð af fjmrn. í aprílmánuði 1983.

En bréfið sem ég vitna til og varðaði sem sagt þá lögfræðinga sem skyldu fara með málið, Ragnar Aðalsteinsson sem aðalmálafærslumann og ráðgjafa til aðstoðar, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið vísar til starfs yðar sem lögfræðilegs ráðunauts iðnrn. í málefnum er varða Swiss Aluminium Ltd., allt frá árinu 1980 og starfa yðar sem lögfræðilegur ráðunautur viðræðunefndar íslensku ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. frá júlí 1981 til desember 1982.

Ráðuneytið vísar enn fremur til lögfræðilegrar ráðgjafar yðar við rannsókn og endurskoðun á skattamálum Íslenska álfélagsins hf., sem fram fór á þessu tímabili, m. a. í samstarfi við breska endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrandt.

Ráðuneytið skipar yður hér með til að vera lögmaður ríkisstjórnar Íslands í máli því sem Swiss Aluminium Ltd. hefur höfðað fyrir gerðardómi skv. 47. gr. aðalsamnings millli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 28. mars 1966, með síðari breytingum og á grundvelli alþjóðasamnings um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Hjálagt fylgja í afriti telexskeyti Swiss Aluminium Ltd., dags. 29. apríl 1983, og svarbréf iðnrh. dags. 9. maí 1983, þar sem fallist er á að deila um yfirverð á aðföngum og um endurálagningu framleiðslugjalds á Íslenska álfélagið hf. verði lögð fyrir gerðardóm sem starfi á vegum Alþjóðastofnunar til lausnar fjárfestingardeilum (ICSID) á grundvelli ofangreinds alþjóðasamnings.

Málflutningsumboð yðar nær til að koma fram fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands með fullt umboð í málinu og gefa þar nauðsynlegar málflutningsyfirlýsingar.

Yður er jafnframt heimilað að stofna til þess kostnaðar sem telja verður eðlilegan vegna reksturs málsins, þar á meðal til að kaupa nauðsynlega sérfræðiaðstoð.

Eftirtaldir aðilar hafa verið tilnefndir til að vera yður til aðstoðar við málareksturinn: Halldór J. Kristjánsson deildarstjóri, iðnrn., Árni Kolbeinsson deildarstjóri, fjmrn. og Charles J. Lipton lögmaður, New York.

Ráðuneytið hefur með bréfum dags. í dag með vísun í 18. gr. reglugerðar gerðardómsins (ICSID Arbitration rules) tilkynnt Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum og Swiss Aluminium Ltd. skipun yðar og tilnefningu aðstoðarmanna yðar og fylgja ljósrit af greindum bréfum rn. bréfi þessu.

Með hliðsjón af umfangi og eðli málarekstursins hefur rn. ákveðið að þóknun fyrir málflutninginn verði sem hér segir:

1) Fyrir unninn dag utan Íslands sama gjald og greitt er gerðardómsmönnum skv. reglum Alþjóðastofnunarinnar til lausnar fjárfestingardeilum.

2) Fyrir unninn dag í Reykjavík ⅔ af þóknun í lið 1.

3) Útlagður kostnaður verði greiddur eftir framlögðum reikningum.

4) Dagpeningar á ferðalögum utan Íslands eins og tíðkast vegna ferða opinberra embættismanna."

Ég vænti, herra forseti, að menn átti sig á því að skv. bréfi þessu er hvorki verið að ákvarða eitthvað um greiðslu eða þóknanir til baka aftur í tímann né verið að ákvarða eitt eða annað um þóknanir til annarra en þess sem ákveðinn hefur verið sem lögmaður ríkisstjórnar Íslands í þessu gerðardómsmáli fyrir tiltekinni umræddri stofnun í New York. Það er því gersamlega úr lausu lofti gripið að vera að tengja ákvörðun um þetta atriði þóknunum sem eftirfarandi ríkisstj. hefur ákvarðað og hæstv. núv. iðnrh. ákvarðað til sinna manna, þ. e. þeirra manna sem hann dró inn í málið eftir að það var tekið út úr gerðardómi og stofnaðar þar nefndir sem störfuðu um skeið, en sléttað var yfir allar saman og alla þeirra vinnu, um það gerð sátt gegn 3 millj. dollara greiðslum og samningur gerður sem hv. alþm. þekkja frá nóv. s. l., þar sem Alusuisse tókst það ætlunarverk sitt að kljúfa þetta mál, átökin um leiðréttingu á álsamningnum og greiðslur vegna brota á samningi á fyrra skeiði, kljúfa það mál upp þannig að ríkisstjórn Íslands stendur nú ekki með hálfkarað verk heldur réttara að segja hálfunnið verk, fyrri hlutann með þeim hætti sem alþm. þekkja, raforkuverð langt, langt undir framleiðslukostnaði til álversins, eftirgjöf frá gildandi skattareglum og ólokið endurskoðun á breyttu skattkerfi við álverið og svo hið mikla áhugamál ríkisstj., samninga um stækkun álversins, sem eru einhvers staðar úti í buskanum, nema hæstv. starfandi iðnrh. geti sannfært okkur hér um annað. Væntanlega heyrir hann mál mitt og getur þá greint frá því hvort þar sé að finna einhverjar nýjar upplýsingar um þann þátt mála að því er varðar samning um stækkun álversins, sem hæstv. iðnrh. gerði ráð fyrir að yrði lokið fyrir mitt þetta ár skv. frásögnum í blöðum ekki alls fyrir löngu, en þær hafa reyndar gengið mjög á misvíxl.

Ég ætla svo alls ekki að fara út í neinn meting um þann tilkostnað sem varð á tíma fyrri ríkisstj. í sambandi við þetta mál, þá miklu vinnu sem í það var lögð að draga fram í dagsljósið þær yfirtroðslur sem átt höfðu sér stað um árabil af hálfu þessa samningsaðila, Alusuisse, við íslensku ríkisstj., og hins vegar þann tilkostnað sem þegar hefur orðið vegna málsmeðferðar núv.

ríkisstj. Þær tölur geta menn virt fyrir sér og menn greinir eflaust á um hvers virði þau störf hafi verið sem unnin hafa verið á fyrri tíð og aftur í tíð núv. stjórnar. Ég ætla ekki að gerast neinn salómonsdómari í því máli, það verða menn að meta að athuguðu máli hver fyrir sig, hvers virði þau störf og verk voru og hvernig menn meta þá stöðu sem málið nú er í. En ég vakti athygli á því í máli mínu á laugardag að sá sérkennilegi eða athyglisverði háttur er á hafður við framreikning á kostnaði, launagreiðslum og þóknunum, af hálfu ráðh. í núv. ríkisstj. að nota lánskjaravísitölu til framreiknings. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Telur hann þetta eðlilega viðmiðun í þeim gögnum sem hann afhenti og vill hann hlutast til um að slík viðmiðun verði tekin upp um kaup og kjör fyrr en seinna í samningum við launafólk á Íslandi?

Ég vil líka taka það fram, vegna þess að þessi samanburður er fram reiddur og verið er að búa til tölur og fyrirsagnir um þessi efni, að ef sömu aðferð yrði beitt á svar sem hæstv. iðnrh. reiddi hér fram vegna fsp. frá Geir Gunnarssyni, í síðasta mánuði að ég hygg, ég hef það reyndar hér, það er lagt fram 24. maí, ef beitt er þannig framreikningsaðferðum, þá er tilkostnaður vegna þeirra nefnda sem þar var verið að svara til um ekki innan við 30 millj. kr., 29—30 millj. kr. heldur vel yfir 40 millj. kr., ef menn vilja viðhafa slíkan samanburð, sem ég vísa á bug, með framreikningi skv. lánskjaravísitölu nema hún verði upp tekin í sambandi við greiðslur á launum og þóknunum í landinu af núv. stjórnvöldum. Ég fæ það út með yfirferð skv. lánskjaravísitöluformúlunni að til samninganefndar um stóriðju hafi verið greiddar 38 millj. kr. af núv. ríkisstj. frá 1. júní 1983 til ársloka 1984, ég held að ekkert sé tiltekið um tilkostnað á árinu 1985, en hann er hér hvergi inni í myndinni, og vegna stóriðjunefndar að auki 2.5 millj. kr. eða samtals 40.5 millj. Þá er ekkert meðtalið af þeim tilkostnaði sem orðið hefur vegna leitar að útlendum samstarfsaðilum í Kísilmálmvinnslunni hf. sem svör komu um við fsp. frá hv. þm. Guðmundi Einarssyni hér fyrr á þinginu, þar sem hann innti eftir kostnaði vegna þeirra mála, og þar er sérstaklega færður undir eignaraðildarviðræður tilkostnaður sem svarar skv. sömu vísitöluviðmiðunum 2.4 millj. kr. Þetta eru því tæplega 43 millj. vegna þessarar erlendu stjóriðjustefnu ríkisstj. og viðræðnanna við Alusuisse skv. þeirra eigin viðmiðunum, tæpar 43 millj. kr. En eins og ég segi, þetta er ekki meginatriði málsins.

Meginatriðið í sambandi við álmálið er hvernig farið var með þau gögn og upplýsingar og þá stöðu sem byggð var upp í tíð fyrri ríkisstj., hvernig á því máli hefur verið haldið af núv. ríkisstj. Þar hefur ekki verið haldið til haga þeirri stöðu Íslands sem fyrir lá að mínu mati og allrar stjórnarandstöðunnar, nema kannske Bandalags jafnaðarmanna, eins og atkvæði féllu hér um álsamningana endurskoðaða í nóvember síðla á liðnum vetri.

Þetta, virðulegur forseti, ætla ég að láta nægja í sambandi við þetta efni þó að mörgu mætti þar við bæta. Ég sé ekki ástæðu til þess hér að etja kappi við hæstv. forsrh. eða hæstv. starfandi iðnrh. um aðra þætti málsins þó að full ástæða væri vissulega til þess. En ég vil vekja athygli á því að hæstv. forsrh., sem gaf tilefni til umr. um þessi efni undir þessum dagskrárlið hér, svaraði ekki ýmsum spurningum sem ég beindi til hans í umr. um þróunarfélag. Ég vil leyfa mér að rifja það upp og ég vænti að hæstv. forsrh. hafi gefið þeim spurningum gaum ekki síður en öðrum, spurningum eins og þessari um skiptingu á rannsóknar- og þróunarfjármagni upp á 50 millj. kr. sem ríkisstj. gerði ráð fyrir og hét til rannsóknar- og þróunarstarfsemi á þessu ári. Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. skrifaði niður þá fsp. hér í umr. um fyrra dagskrármál um þróunarfélag, en svör hef ég engin fengið.

Ég innti hæstv. ráðh. einnig þar eftir hvenær hefði verið skipuð nefnd varðandi fiskeldismálin sem sjútvrn. og landbrn. hafa verið að togast á um í tvö ár. Hæstv. sjútvrh. greindi frá því hér í umr. í apríl að forsrh. væri að skipa nefnd í þau mál. Ég bað hæstv. ráðh. um að upplýsa hverjir sætu í þeirri nefnd og hvenær hún hefði verið skipuð.

Ég spurði hæstv. ráðh. líka um það í þessari umr. hver væri afstaða Framsfl. til hinnar erlendu stóriðjustefnu núv. hæstv. iðnrh., hver væri afstaða hans til þeirra óska Sjálfstfl., ef marka má hæstv. iðnrh. sem talsmann flokksins, að koma helst kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði alfarið í hendur útlendinga. Ætlar Framsfl. að taka undir það? Ætlar hann að taka undir það að þetta fyrirtæki verði að meirihlutaeign í höndum útlendinga, ef það einhvern tíma kemst á laggirnar, sem litlar horfur hafa verið á til þessa undir forustu núv. hæstv. ríkisstj.

Ég vil svo bæta hér við að lokum máli sem snertir það sem hér er verið að ræða og fyrri dagskrármál, þar sem lagt er til í frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands að mál þetta heyri undir forsrh. eins og þríburafrv. öll sömul. Ég hef þegar gert það að umtalsefni að ég telji það ekki skynsamlega ráðið, en væntanlega telur núv. hæstv. ríkisstj. það óhjákvæmilegt og rétt, að halda þannig á máli. En inn í stjórnarsáttmála og endurskoðaðan stjórnarsáttmála var, ef ég man rétt, tekið ákvæði um það að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands. Ég tók þátt í því fyrir hönd míns þingflokks að fara yfir drög að frv. til l. um Stjórnarráð Íslands, skýrslu þar að lútandi frá sérstakri nefnd á vegum hæstv. ríkisstj., sem enginn stjórnarandstæðingur var skipaður í, en til kvaddir fulltrúar frá stjórnarandstöðuflokkunum á síðasta sumri til að fara yfir tillögur þar að lútandi, upphaflega skilað til hæstv. forsrh. frá svonefndri stjórnkerfisnefnd 15. nóvember 1983, og síðan ýmsar tillögur og hugmyndir í framhaldi af því. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvar er þetta mál statt? Hefur ríkisstj. gefist upp við þetta verk? Ég tel að þetta mál sé mjög mikilsvert, að reyna að koma betri skipan á málefni stjórnarráðsins, þar sé verulega mikil þörf uppstokkunar, breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta og samstarfi ráðuneyta og samsetningu málaflokka í höndum einstakra ráðh. Ég gat tekið undir ákveðnar hugmyndir, þó engan veginn allar, í þeim drögum sem kynnt voru stjórnarandstöðunni í ágúst á s. l. sumri. Hvar er þetta mál statt? Hefur því ekkert miðað, hæstv. forsrh.?

Ég ætla ekki hér að taka tímann til að ræða æskilegar breytingar, sem ég gæti haft um talsvert mál, varðandi Stjórnarráð Íslands. En ég tek það líka fram að fyrir utan breytingar á Stjórnarráði Íslands til eflingar stjórnarráðsins í margri grein, sem ég tel nauðsynlegar, er hitt þó ekki síður nauðsynlegt, að efla aðstöðu Alþingis til starfa, efla möguleika alþm. til verka hér á Alþingi og í tengslum við löggjafarstörfin. Það væri mál

út af fyrir sig, en það geri ég ekki hér að umræðuefni.

Ég spyr svo að lokum undir lok míns máls, virðulegur forseti, hæstv. starfandi iðnrh.:

1. Hvað getur hann hér upplýst um samninga vegna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem mjög hefur verið til umræðu um langt skeið, og hugsanlegar framkvæmdir við það fyrirtæki? Fyrst hæstv. iðnrh. sjálfur er nú floginn út í heim og er hér ekki til svara, þá getur sá sem á málum heldur e. t. v. eitthvað um þetta upplýst.

2. Hvað getur hæstv. starfandi iðnrh. upplýst um samninga varðandi skattareglur, en þeim átti að ljúka 1. júní s. l. skv. samkomulaginu við Alusuisse sem knúið var upp á Alþingi og alþm. létu sig hafa að samþykkja hér í nóvember s. l.?

3. Hvað líður samningaumleitunum um stækkun álversins í Straumsvík, sem ekki er mitt áhugamál en hefur verið draumsýn núv. hæstv. ríkisstj. um langan tíma? Þann 14. maí s. l. sagði hæstv. iðnrh. um það efni að hann gerði ráð fyrir sérstökum formlegum samningafundi um það mál fyrir lok maímánaðar s. l. Hefur sá fundur átt sér stað? Hver er staðan í því máli?

Herra forseti. Það gæti verið ástæða af minni hálfu til mun ítarlegri umræðu um þessi efni, en ég hef fyrir mér dagskrá þessa fundar upp á 16 mál, upp á 16 mál í höndum Nd. en Ed. með 5 mál. Stjórnarandstaðan hefur ekki beitt sér fyrir því sumarþingi sem hér stendur fyrir. Það er annarra verk að við sitjum hér 18. júní frammi fyrir löngum málalista um stórmál sem enn eru óafgreidd af hálfu Alþingis. Ég vænti þess að vinnubrögðin af hálfu hæstv. ríkisstj. geti farið eitthvað batnandi því að þótt ég sé reiðubúinn til þess að sitja hér sumarið allt á þingi, ef ríkisstj. telur það nauðsynlegt, þá tel ég það ekki til fyrirmyndar fyrir Alþingi að lengja starfstíma þess með þeim hætti sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Ég vek nefnilega athygli á því að verkefni alþm. liggja víðar en í fundarsetu hér innan löggjafarsamkomunnar þó hún sé líka mikilsverð. Verkefni alþm. eru líka að þreifa stöku sinnum á slagæðum þjóðlífsins utan veggja Alþingis og þar er um nokkuð langan veg að fara fyrir suma okkar sem erum þm. fyrir þau kjördæmi sem fjærst liggja Reykjavík.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna spurninga hv. þm. vil ég í fyrsta lagi taka fram að það bréf sem hann nefndi hér og Morgunblaðið vísar til m. a. var ekki afhent af mér. Ég var ekki með það hér s. l. föstudag, en hef fengið það í hendur nú.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, sem ég hafði áður reyndar nefnt, að ég afhenti þessi gögn aðeins eftir að ég var fullvissaður um að eitt dagblaðið væri þegar búið að fá þessi gögn og þá sá ég ekki ástæðu til að neita öðrum um þau.

Í þriðja lagi vil ég taka það fram að ég er hv. þm. sammála um það að samanburður á grundvelli lánskjaravísitölu er ekki eðlilegur. Ég tel hins vegar eðlilegt í þeirri vinnu sem ráðuneytin eru nú að láta vinna að þetta sé framreiknað á einhverjum eðlilegum grundvelli. Ég skal ekki segja hver hann á að vera.

Ég hef aðeins reynt að gera mér grein fyrir því hvort einhver annar samanburður væri eðlilegur og hef að vísu engar óyggjandi upplýsingar um það, en mér er sagt að hann sé erfiður t. d. á taxta lögfræðinga sem miði yfirleitt taxta sinn við hagsmuni þeirra aðila sem þeir starfa fyrir. Mér er þó sagt að til sé einn taxti og það er sá tímataxti sem þeir nota þegar þeir flytja mál fyrir Hæstarétti. Það er út af fyrir sig fróðlegt að sá taxti var 1. júní 1981 311 kr. á klukkutímann en er nú 1380, eða hefur hækkað um 443% eða 1 á móti 4.43, en lánskjaravísitalan 1 á móti 4.59 svo að það er bitamunur en ekki fjár á lánskjaravísitölunni og þessum taxta, sem sagt klukkutíma taxta hæstaréttarlögmanna. En ég endurtek að ég er alls ekki viss um að það sé heldur eðlilegur samanburður.

Út af þeim öðrum spurningum sem hv. þm. nefndi vil ég svo segja það um fiskeldisnefndina að ég ákvað að bíða með hana þar til sú vinna, sem Rannsóknaráð hefur verið að vinna, lægi fyrir, þ. e. skýrslan lægi fyrir. Ástæðan var sú að ég átti síðla vetrar og núna í vor viðtal við marga aðila, sem að þessum fiskeldismálum koma, og mér varð ljóst að það eru mjög skiptar skoðanir um alla skipan þeirra mála.

Ég kynnti mér einnig starf Rannsóknaráðs og eftir að mér var ljóst að þar var mikil vinna í gangi ákvað ég að bíða eftir skýrslunni sem ég hef nú fengið á mitt borð. Ég gat því miður ekki sótt fund sem um hana átti að vera og var haldinn eftir því sem ég best veit. En ég geri ráð fyrir því að unnt verði að skipa þessa nefnd nú mjög fljótlega.

Hins vegar vil ég taka fram út af þessu máli að mér varð ljóst, bæði eftir þessi viðtöl og reyndar fyrr, að það er ekkert í lögum sem hindrar að fiskeldisstöðvar séu settar á fót. Það gilda um þær reglur skv. svokölluðum veiðilögum, þ. e. lögum um veiði vatnafiska. Slíkar stöðvar þurfa að fá samþykki veiðimálastjóra og það hefur ekki staðið á því þegar ákveðnum skilyrðum, sem fisksjúkdómanefnd setur, er fullnægt. Ég er fullviss um að það er í raun og veru ekkert í gildandi lögum sem stendur í vegi fyrir framkvæmd þessara mála.

Hins vegar er ljóst að það eru önnur atriði sem hindra. Þau eru kannske fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis. Mjög mikils fjármagns er þörf til þessara mála og það var af þeirri ástæðu m. a. sem ég bað Seðlabanka, Jóhannes Nordal að athuga sérstaklega þessi mál og fékk frá honum greinargerð í síðustu viku.

Um 50 millj. kr. til rannsókna. Þegar lánsfjárlög verða nú samþykkt, sem ég geri ráð fyrir í Ed. í kvöld, þá eru þessar 50 millj. til ráðstöfunar og ég vil taka það fram, að fyrir liggur tillaga frá Rannsóknaráði ríkisins um skipan sérfræðinefndar til að meta umsóknir o. s. frv. Þetta var lagt fyrir ríkisstj. í vetur, ég held ég megi segja í febrúarmánuði, og engar athugasemdir gerðar við þessar hugmyndir og hefur framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, eftir því sem ég best veit, verið tjáð að ekkert væri til fyrirstöðu af ríkisstj. hálfu að þetta verði framkvæmt eins og þar var lagt til. Það er hins vegar menntmrh. að ákveða hvenær auglýst verður eftir umsóknum. Ég lýsi minni persónulegu skoðun, að ég hef ekkert talið því til fyrirstöðu að gera það jafnvel fyrir nokkru þótt fjármagnið sé ekki til ráðstöfunar fyrr en lánsfjárlög hafa verið samþykkt. Og í frv. til lánsfjárlaga nú er gert ráð fyrir því að ríkissjóður taki þetta 50 millj. kr. lán og veiti Rannsóknaráði það í þessu skyni.

Ég vil taka það fram að ég lít svo á að í framtíðinni sé óhjákvæmilegt að koma á fót rannsóknasjóði, eins og reyndar hefur æðilengi verið talað um, hjá Rannsóknaráði þannig að sá sjóður geti tekið formlega

við fjármagni. Þetta er ætlað til rannsókna, til nýsköpunar í atvinnulífi eins og menn þekkja.

Frv. um stjórnarráðið er tilbúið á mínu borði, en sú ákvörðun var tekin að leggja það ekki fram á þessu þingi því að áliðið var orðið þings og næg verkefni fyrir þinginu. Ég geri fastlega ráð fyrir því að það verði lagt fram í haust. Mikið hefur verið í því unnið en því miður ekki náðst samstaða verð ég að segja um ýmsar breytingar, sem ég taldi æskilegar í stjórnarráðinu, þótt mikilvægar breytingar séu í þessu frv.

Um álsamningana, bæði um skattamálin og stækkunina, ef ég leyfi mér að svara því því að ég hygg að ég sé eins inni í því eins og hæstv. viðskrh., er það að segja að þeir samningar hafa verið í fullum gangi en þó miðað seint. Ég hygg að þeir sem hafa komið nálægt slíkum viðræðum þekki það að þær eru tímafrekar og því miður hefur ekki náðst niðurstaða eins og gert var ráð fyrir að yrði um mitt þetta ár. Hún liggur ekki fyrir í dag.

Um afstöðu Framsfl. til stjóriðjumála, þá er hún óbreytt. Framsfl. leggur áherslu á að við Íslendingar höfum virk yfirráð yfir stóriðju og leggjum á það áherslu að þegar um er að ræða stóriðju af stærð eins og t. d. kísilmálmfyrirtækið er, þá eigi Íslendingar að hafa meiri hluta þegar í upphafi. Við teljum koma til greina í einstökum tilfellum að þannig sé gengið frá málum að Íslendingar eignist öruggan meiri hluta á ákveðnum tíma. Þetta er óbreytt okkar stefna eins og hún hefur verið undanfarin ár. Og mér er ekki kunnugt um það út af fyrir sig að neinn ágreiningur sé um þetta innan ríkisstj. þó að einstakir ráðherrar kunni að hafa lýst öðrum persónulegum skoðunum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða efnislega um þetta frv., heldur ætla ég að minnast hér á frétt sem kom í sjónvarpinu s. l. föstudag í framhaldi af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi um hér á laugardagsmorgun. Í frétt frá sjónvarpinu á föstudagskvöldið síðasta kom þessi frétt, með leyfi forseta: „Meðal annars var frv. um Framleiðsluráð afgreitt til Ed. og höfðu framsóknarmenn fallið frá flestum brtt. sínum."

Ég reyndi á laugardaginn að ná í Ólaf Sigurðsson, sem flutti þessa frétt, og eftir mikla fyrirhöfn tókst mér loks að ná í hann og óskaði eftir því að þessi frétt yrði leiðrétt þar sem fyrir henni væri enginn fótur. Ég spurði hann hvort hann hefði ekki kynnt sér þau skjöl sem fram hefðu komið hér á Alþingi í sambandi við þessa afgreiðslu. Nei, hann hafði ekki gert það. Ég spurði hann hvernig stæði þá á því að hann hefði flutt þessa frétt. Trúverðugur maður sagði mér, var svarið. Ég spurði hann hvort hann vildi gefa mér upp nafnið á þessum trúverðuga manni. Nei, hann vildi það ekki. Ég endurtók ósk mína um að hann leiðrétti þetta. Hann sagði að það væri svo mikið af fréttum á laugardagskvöldið út af samningunum að hann gæti ekki komið því við. Ég sagði við hann að mér sýndist að væri hægt að gera þetta með tveimur setningum.

Nú eru liðin þrjú kvöld frá þessu atviki og sjónvarpið hefur ekki enn þá séð ástæðu til að verða við þessari beiðni. Ég verð að víta svona vinnubrögð, víta fréttaflutning sem er settur fram á þennan hátt og síðan er þverskallast við að leiðrétta fréttina. Það getur öllum orðið á. En þeir eiga að leiðrétta og biðja afsökunar á svona fréttaflutningi. Það eru að vísu fleiri dæmi um slíkan fréttaflutning t. d. í sjónvarpi. Ég ætla þó ekki að fara frekar út í þau mál hér, en er tilbúinn að ræða þau síðar og hef fyrir mér sérstakar fréttir af tveimur málum sem eru á þann veg að það er afskaplega erfitt að liggja undir slíkum fréttaflutningi.

Ég ætla ekki að hafa þetta meira. En ég vonast til þess að Ríkisútvarpið, hljóðvarpið og sjónvarpið, sem á að vera hlutlaust í sínum fréttaflutningi vandi sínar fréttir betur en það virðist stundum gera og reyni að virða það hlutleysi sem því ber að ástunda.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. forsrh. fyrir svör við þeim fsp. sem ég rifjaði hér upp og hann hafði ekki séð ástæðu til að svara áður í umr. m. a. um þróunarfélag. Ég hefði fagnað því ef hann hefði haft sama hátt á varðandi það mál sem hér hefur borið á góma sérstaklega, í sambandi við og í tengslum við álmálið sem svo er kallað. Ég hef margítrekað það að ég er ánægður með að upplýsingar komu fram um öll þau efni sem einhverju varða innan stjórnkerfisins. Ég tel að þær eigi að vera sem aðgengilegastar og reyndi fyrir mitt leyti sem ráðh. að koma upplýsingum á framfæri bæði við alþm. og fjölmiðla um þau verk sem verið var að vinna innan iðnrn., og var raunar talsvert undan því kvartað sums staðar að það bærist allmikið á borð manna af upplýsingum. En það tel ég raunar vera eina af skyldum framkvæmdavaldsins að tryggja það að löggjafarsamkoman hafi sem gleggstar upplýsingar um það sem er að gerast þar á bæ, þó að vissulega hljóti það að vera matsatriði hverju sinni varðandi stöðu mála hversu hratt slík upplýsingamiðlun fer fram.

Talsvert vantar á það í okkar stjórnkerfi að til séu ákveðnar reglur um það t. d. hvenær skjöl séu aðgengileg öllum. Um það þyrftu að vera mun ákveðnari reglur. Raunar eru engar reglur mér vitanlega um það hvenær skjöl eru aðgengileg og birt varðandi alla þætti mála, einnig það sem á hverjum tíma er flokkað undir ríkisleyndarmál. Menn gætu tekið sér til nokkurrar fyrirmyndar t. d. bandaríska löggjöf og venjur að því leyti, þar sem sitthvað sem varðar utanríkisstefnu og utanríkismál Íslands hefur loksins verið dregið fram í dagsljósið vegna upplýsingaskyldu og reglna þarlendis í sambandi við birtingu á gögnum eftir ákveðinn tíma. Mig minnir að aðalreglan sé 25 ár.

Hér kom af hálfu hæstv. forsrh. fram ákveðið það sjónarmið að lánskjaravísitala væri ekki eðlileg viðmiðun í framreikningi eins og haldið hefur verið á málum af núv. hæstv. ríkisstj. Var það út af fyrir sig athyglisverð játning. Það kom líka fram varðandi fiskeldisnefnd, sem ég hélt að væri að störfum, að sú nefnd hefur aldrei verið skipuð. Engin slík nefnd er að störfum til að móta opinbera stefnu í fiskeldismálum. Þá vitum við það. En margt er þar að gerast sem hefði átt að vera stjórnvöldum hvatning til þess að taka fast og ákveðið á málum af sinni hálfu í sambandi við þennan umrædda vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi, þar sem verulegum upphæðum er ráðstafað til uppbyggingar á fyrirtækjum. Sama gildir um rannsóknarfé, 50 millj. Það er greinilega ekki einu sinni farið að auglýsa, þó komið sé bráðum fram á mitt ár, eftir umsóknum í þetta fjármagn, sem ríkisstj. hefur heitið til rannsóknar- og þróunarstarfa. Það ásamt fleiru sýnir okkur hversu illa er á málum haldið í rauninni af stjórn sem á síðasta

sumri blés í herlúðra í sambandi við nýsköpun í atvinnulífinu, að við skulum hér í júnímánuði vera enn þá að fjalla um frv. sem eiga að vera undirstaða aðgerða á þessu ári.

ATKVGR.

Brtt. 1090,1 felld með 22:5 atkv.
1. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 1090,2 kom ekki til atkv.
Brtt. 1057,1 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1073,1 felld með 22:5 atkv.
Brtt. 1090,3—7 felldar með 20:1 atkv.
Brtt. 1057,2 (ný 3. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 1057,3 (ný 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1073,2 felld með 21:6 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1295 samþ. með 21 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 695, n. 1283 og 1288, 773, 990, 1259, 1289, 1299, 1311). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1288, um frv. til l. um viðskiptabanka. Nefndin hefur fjallað um þetta mál á fundum sínum og fengið til fundar við sig fulltrúa viðskrn., bankaeftirlits Seðlabankans og fulltrúa viðskiptabanka, bæði ríkisbanka og hlutafélagabanka, svo og fulltrúa frá Sambandi íslenskra bankamanna.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. að samþykktum breytingum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Að meirihlutaálitinu standa Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Kjartan Jóhannsson með fyrirvara, en hann flytur brtt. á sérstöku þingskjali. Minni hl. skilar séráliti og flytur einnig brtt.

Með þessu frv. er verið að steypa í einn lagabálk lagaákvæðum um viðskiptabanka og samræma reglur sem um viðskiptabankastarfsemi gilda, og hverfa frá þeirri skipan að einstakir bankar starfi fyrst og fremst í þágu ákveðinnar atvinnugreinar. Það er álit meiri hl. nefndarinnar að með þessu móti verði bankarnir hæfari til þess að sinna þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Helstu breytingar sem hér er um að ræða eru þær sem ég hef hér getið um, að bankarnir eru ekki lengur bundnir við ákveðna atvinnugrein og viðskiptabankar starfa nú eftir almennum reglum. Það þarf ekki lengur sérstaka löggjöf til þess að stofnsetja banka, en þeim eru sett ný skilyrði t. a. m. varðandi greiðslu hlutafjár sem skv. lögunum á að vera 100 millj. kr.

Bankarnir sem nú eru starfandi fá fimm ára aðlögunartíma til að fullnægja þessum skilyrðum. Ljóst er að hlutafélagabankar þurfa að auka hlutafé sitt til þess að þessum skilyrðum verði fullnægt. Að því er varðar bankaútibú þá eru þau ekki lengur háð leyfum ráðh. eins og verið hefur, en á hinn bóginn er kveðið svo á að bókfært verð þeirra fasteigna sem viðskiptabankinn notar undir starfsemi sína megi ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar 65% af eigin fé bankans. Eins og aðstæður eru í dag hefur þetta í för með sér, þrátt fyrir ákvæði um frelsi til stofnunar útibúa, að aðeins einn viðskiptabanki hefur svigrúm til þess að stofna útibú. Aðrir bankar hafa hærra hlutfall af eigin fé bundið í fastafjármunum til starfsemi sinnar og þurfa því að þessum lögum samþykktum að losa um eignir eða auka eigið fé til þess að fullnægja þessum ákvæðum. Aðeins einn banki hefur svigrúm, og það mjög takmarkað, til stofnunar nýrra útibúa.

Heimildir bankastjóra viðskiptabanka til að sitja í stjórnum annarra stofnana eða atvinnufyrirtækja eru verulega takmarkaðar. Með þessu frv. er einnig staðfest sú skipan sem nú gildir varðandi nokkurn sjálfsákvörðunarrétt viðskiptabanka við ákvarðanir vaxta og þjónustugjalda. Viðskiptabankar hafa rétt til þess að versla með erlendan gjaldeyri. Í reynd hefur sú skipan orðið á að bankarnir hafa fengið leyfi til að versla með gjaldeyri og það er ekki lengur bundið við ákveðnar bankastofnanir eins og áður var.

Þá er það merka nýmæli hér að finna að viðskiptabönkum er heimilt að kaupa hlut í almenningshlutafélögum. Hér er um nýja heimild að ræða sem auðveldar bönkunum þjónustu við atvinnulífið og þátttöku í uppbyggingu þess. Þess er krafist með lögunum að eigið fé viðskiptabanka nemi 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings skv. nánari reglum sem um getur í lagafrv. Hér er um nýmæli að ræða sem á að stuðla að því að almennar reglur gildi um bankana og auknar kröfur eru gerðar um styrkleika þeirra. Þetta frv. miðar því að því að tryggja að hér starfi einungis bankar sem hafa raunverulegan grundvöll til þess. Með þessu er einnig verið að auka öryggi innistæðueigenda. Eins og mál standa í dag munu allir starfandi viðskiptabankar fullnægja þessu skilyrði.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir því að styrkja endurskoðun bankanna, bæði innri endurskoðun og enn fremur er gerð sú krafa að ráðh. skipi sérstakan löggiltan endurskoðanda sem skoðunarmann fyrir hvern ríkisbanka.

Þetta eru helstu breytingar sem um getur í frv. Í meðförum nefndarinnar komu ýmsir fleiri þættir til umfjöllunar m. a. sá sem lýtur að hagsmunum innistæðueigenda. Það varð niðurstaða meiri hl. nefndarinnar að þrátt fyrir ákvæði um nýjar eiginfjárkröfur væri rétt að tryggja hagsmuni innistæðueigenda enn frekar með stofnun sérstaks tryggingarsjóðs viðskiptabanka, og eru fluttar um það brtt. á sérstöku þingskjali.

Þá komu í nefndinni einnig til umræðu heimildir banka til erlendrar lántöku og skilgreining á 2. málsgr. 2. gr. frv. þar sem segir: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eigum þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni.“ Í álitsgerð sem dr. Ármann Snævarr fyrrverandi hæstaréttardómari ritaði um lagaheimildir ríkisbanka til lántöku erlendis skýrir hann þetta ákvæði sem verið hefur í lögum. Niðurstaða hans er sú að ákvæðið feli í sér takmörkun á ábyrgð ríkissjóðs að því er varðar lántökur ríkisviðskiptabanka erlendis þegar lagaheimild til lántöku liggur ekki fyrir og lán eru tekin án þess að hlutaðeigandi banki veiti tryggingu í sjálfs sín eigu. Nefndin tekur undir þessa skýringu og telur jafnframt

að erlendar lántökur ríkisviðskiptabanka séu háðar ákvæðum 12. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. þó 10. gr. sömu laga. Rétt er að taka það fram að bæði minni hl. og meiri hl. nefndarinnar voru á einu máli um þessa skýringu á 2. málsgr. 2. gr. laganna. Það kemur fram í nál. meiri hl.

Einnig var fjallað sérstaklega um starfsmannaráð. Meiri hl. telur að stofnsetnig ráða af því tagi eigi ekki að ráðast af lagafyrirmælum heldur í samningum við bankastarfsmenn. Um þetta atriði hefur þó Kjartan Jóhannsson sérstakan fyrirvara.

Þá ræddi nefndin það álitaefni að starfsemi viðskiptabanka kæmi til umræðu á Alþingi árlega með sérstakri skýrslugjöf. Meiri hl. n. telur að við meðferð Alþingis á frv. til l. um Seðlabanka Íslands komi til álita með hvaða hætti skuli setja ákvæði sem kveði svo á að ársskýrsla Seðlabankans, er hafi m. a. að geyma upplýsingar um starfsemi viðskiptabanka, sé lögð fyrir hvert reglulegt Alþingi. Hér er m. ö. o. lagt til að þessu álitaefni verði vísað til meðferðar seðlabankalaga þegar þau verða lögð fyrir Alþingi og afgreidd, en ekki talið rétt af meiri hl. hálfu að taka ákvæði um þetta inn í lög um viðskiptabankana.

Ég ætla þá að gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. flytur á þskj. 1289. Þar er í fyrsta lagi um að ræða viðbót við 5. gr. frv., að aftan við 3. málsgr. bætist:

„Ráðh. skal breyta lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. þessari grein í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur a. m. k. 20% frá því breyting var síðast gerð. Lágmarksfjárhæðin skal jafnan standa á heilu hundraði þúsunda kr. og taka gildi við upphaf árs.“ Hér er m. ö. o. verið að tryggja að sú lágmarkskrafa sem gerð er til hlutafjár breytist í hátt við almennar verðlagsbreytingar þó að ráðh. ákveði þær breytingar. Ekki var talið rétt að láta breytingar af þessu tagi taka gildi eftir fyrir fram ákveðnum vísitölureglum.

Í öðru lagi er um að ræða breytingu við 8. gr., að 1. málsl. 2. málsgr. orðist svo: „Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög gilda um þær umboðsskrifstofur sem settar eru á stofn skv. 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðh. nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þ. á m. sem skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur.“ Hér er fyrst og fremst um það efnisatriði að ræða að möguleiki er ótvíræður til þess að afturkalla starfsleyfi umboðsskrifstofu ef aðstæður eru þær að ástæða sé til skv. þeim lagareglum sem umboðsskrifstofurnar starfa eftir.

Í þriðja lagi er brtt. við 21. gr. 4. málsgr. Lagt er til að málsgreinin orðist svo: „Bankaráð mótar stefnu bankans í vaxtamálum og setur að fenginni umsögn bankastjórnar og bankaeftirlits almennar reglur um lánveitingar bankans.“ Hér er um það efnisatriði að ræða að bankaráð mótar skv. þessu stefnu bankans, en ekki almenna stefnu eins og kveðið er á um í frv. Enn fremur er hér um þá viðbót að ræða, sem frv. gerði ekki ráð fyrir, að setja eigi ákveðnar reglur um lánveitingar bankans. Í nefndinni urðu allmiklar umræður um það efni. Uppi voru hugmyndir um að setja ákveðnar og fastmótaðar reglur um lánveitingar þannig að einstakir bankar mættu ekki lána einstökum viðskiptamönnum umfram ákveðið mark með einhverri viðmiðun, annað hvort við eiginfjárstöðu eða aðra viðmiðun. Þegar nánar var að gætt kom í ljós að mjög erfitt er um vik að setja í lög fastmótaðar reglur af þessu tagi bæði vegna þess að sú aðstaða er uppi að fyrirtæki eru af ólíkri stærð og ljóst að það gæti valdið verulegum erfiðleikum og eins vegna hins að aðstaða einstakra banka er mjög ólík í þessu efni.

Það kom fram í meðferð málsins að a. m. k. tveir af hlutafélagabönkunum hafa sett sjálfum sér reglur af þessu tagi. En það þótti rétt eigi að síður að gera þá breytingu á frv. að bankaráð skyldi setja almennar reglur um lánveitingar og sníða þær þá við þær aðstæður sem mögulegar og raunhæfar eru í hverju falli. Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að bankaráð setji þessar reglur að fenginni umsókn bankastjórnar og bankaeftirlits. Hæstv. viðskrh. hefur flutt á þskj. 1320 brtt. sem gerir ráð fyrir því að bankaráð setji þessar reglur, að fenginni umsögn bankastjórnar, en sendi þær síðan til bankaeftirlits. Á bak við þennan tillöguflutning liggur það sjónarmið að ekki sé rétt að gera bankaeftirlitinu skylt að veita umsögn um reglur af þessu tagi fyrir fram, áður en þær eru settar, sem það þarf síðan að hafa eftirlit með. Það er auðvitað álitaefni en í raun og veru er ekki neinn grundvallarmunur á tillögu nefndarinnar að þessu leyti og þeirri brtt. sem hæstv. viðskrh. hefur flutt og fullkomið athugunarefni að þannig sé gengið frá málinu að ekki komi til hagsmunaáreksturs á milli tvenns konar hlutverks bankaeftirlitsins, þ. e. almenns leiðbeiningarhlutverks og svo hins hlutverksins: að hafa nákvæmt eftirlit með starfsemi bankanna.

Í fjórða lagi er gerð till. um breytingu á 26. gr. frv. Lagt er til að í 2. mgr. falli út orðin: „að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti“ og greinin orðist þá svo: „Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.“

Í fimmta lagi er breyting við 28. gr. sem felst í því að fella niður tilvísun til 30. gr. frv., en það er 6. brtt. nefndarinnar að efnisákvæði 30. gr. falli niður og í staðinn komi ný 30. gr. sem hljóði svo: „Viðskiptabanki getur starfrækt veðdeild innan bankans.“ Að vísu eru engin þau ákvæði í frv. sem mæla gegn því að banki stofnsetji eða starfræki sérstaka veðdeild innan bankans, en með þessu ákvæði er með ótvíræðum hætti tekið fram að þær heimildir eru fyrir hendi. Nefndinni þótti rétt að þessar heimildir kæmu með ótvíræðum hætti fram í frv.

Í sjöunda lagi er svo breyting við 36. gr. sem leiðir af því að efnisatriði 30. greinar falla niður, en þar er ekki um að ræða aðra efnisbreytingu.

Í áttunda lagi er breyting á 42. gr. sem gerir ráð fyrir að 2. mgr. þeirrar greinar falli niður.

Þá er í samræmi við það sem ég hef áður greint frá till. um að nýr kafli komi inn í frv., IX. kafli, um tryggingarsjóð viðskiptabanka. Ákvæði um hann eru svohljóðandi:

„Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag og hefur það markmið að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 47. gr. Stefnt skal að því að heildareign tryggingarsjóðs nái 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til trygging-

arsjóðs er nemi allt að 0.15% af heildarinnlánum skv. nánari ákvörðun ráðh.

Yfirstjórn tryggingarsjóðs er í höndum viðskrh. og skal hann setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð, s. s. skipan stjórnar og verksvið hennar, ávöxtun á fé sjóðsins og tilhögun greiðslna úr sjóðnum er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn."

Síðan er till. um viðbót við ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: „Innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal viðskrh. setja reglugerð um tryggingarsjóð viðskiptabanka. Ráðh. er heimilt að fela Seðlabanka Íslands vörslu sjóðsins."

Þá er loks till. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. á sérstöku þskj., 1299, þar sem gert er ráð fyrir því að við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður er orðist svo: „Innan fimm ára frá gildistöku laga þessara skulu hluthafar í hlutafélagsbönkum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, fullnægja skilyrðum 2. mgr. 5. gr."

Hér er um það að ræða að í 2. mgr. 5. gr. eru tæmandi taldir þeir aðilar sem gerst geta og geta verið hluthafar í bönkum. Nú hagar svo til að í einhverjum bankanna sem nú starfa er eignaraðild með þeim hætti að þar eru félög aðilar að hlutafélögunum sem ekki eru taldir upp í þessari mgr. Með þessu ákvæði til bráðabirgða er ráð fyrir því gert að þessi félög fái frest til þess í fimm ár að laga hlutafjáreign sína að nýju lögunum, þannig að þau fullnægi skilyrðum 2. mgr. 5. gr. Hér kemur auðvitað til álita að hafa annan hátt á því að það er ekki markmið með flutningi frv. að takmarka á neinn hátt eignaraðild þeirra félaga sem nú eru aðilar að hlutafélagabönkum við framtíðarskipan skv. nýjum lögum. Ef mönnum þykir nauðsynlegt að skipa þessum málum með öðrum hætti, þannig að með ótvíræðum hætti verði tryggt að þessi félög geti haldið áfram eignaraðild sinni, þá kemur það fyllilega til álita af hálfu meiri hl. n.

Ég hef þá lokið, herra forseti, að gera grein fyrir nál. og þeim brtt. sem meiri hl. flytur.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og fram kemur af þskj. hef ég undirritað með fyrirvara það nál. sem hv. 1. þm. Suðurl. var einmitt að gera grein fyrir. Ég má kannske rifja það upp að við 1. umr. um þetta mál gat ég þess að ég teldi þetta frv., eins og það lá þá fyrir, til verulegra bóta, teldi það framfaraspor. Ég gerði þó ýmsar athugasemdir, að mig minnir í um 20 liðum, við skipan bankamála og bankamálalöggjafar hjá okkur, bæði að því er varðaði viðskiptabankana og aðra þætti, ekki síst það sem veit að Seðlabanka Íslands.

Í samræmi við þessi sjónarmið lagði ég síðar fram brtt. Bæði í þeim brtt. og því sem ég sagði við 1. umr. málsins lagði ég mjög þunga áherslu á eitt atriði, tryggingu innlánsfjár. Það var kannske veigamesta atriðið í þeim flokki athugasemda minna sem fjallaði um viðskiptabankana. Þessar brtt. mínar varðandi frv. til laga um viðskiptabanka hafa nú verið til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. og það ánægjulega hefur gerst að ýmsar þeirra hafa hlotið hljómgrunn í nefndinni. Meiri hl. nefndarinnar stendur að ýmsum brtt. sem einmitt eru í samhljóðan við þær brtt. sem ég hafði flutt og ég hef ástæðu til að ætla að sumar þeirra séu þess eðlis að nefndin öll styðji þær í reynd.

En áður en ég vík að þeim brtt. sem nú hefur verið gengið frá vil ég rifja upp stuttlega hverjar þær brtt. voru sem ég flutti sérstaklega. Það var í fyrsta lagi að herða nokkuð ákvæðin að því er varðaði leyfisveitingu þegar settar væru á stofn umboðsskrifstofur. Um þetta atriði hefur tekist fullt samkomulag í nefndinni, hún hefur tekið þessa brtt. ef svo má segja, upp á sína arma. Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að draga til baka þessa brtt. á þskj. 773, það er fyrsti liður, (**Forseti:** Fyrsta tillagan?) fyrsta tillagan, já, þar sem brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. kemur í stað þessarar till., enda nær samhljóða.

Í öðru lagi gerði ég tillögu um að bankaráð ákvæðu innlána- og útlánaflokka þá sem í gildi væru hjá bankanum og hvaða reglur og ákvæði skyldu gilda um þá. Ég vil rifja upp í þessu sambandi að skv. fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir því að innleiða aukið frjálsræði hjá viðskiptabönkunum til þess að ákveða kjör, þ. á m. vexti á innlánum og útlánum sínum. Í þessu sambandi þótti mér eðlilegt að það væri þá hlutverk bankaráðsins að ákveða hvaða kjör væru í boði og það lægi þannig opinberlega fyrir af hálfu bankaráðsins hvað hér væri um að tefla. Ætti það að gilda bæði að því er varðar innlán og útlán.

Ég er enn sömu skoðunar og þegar ég lagði fram þessa tillögu. Ég tel að í þessu felist ákveðið aðhald þegar við erum að stíga það frjálsræðisspor sem frv. gerir ráð fyrir að þessu leyti eins og það liggur nú fyrir. Þessi tillaga hefur ekki verið tekin upp í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. og stendur hún því óhögguð frá minni hálfu.

Í annan stað gerði ég ráð fyrir því að við 4. mgr. 21. gr. bætist ný mgr. á þá lund að þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. skuli ráðh. heimilt að fresta stofnsetningu allra nýrra útibúa um eins árs skeið ef hann telji nauðsyn þar til bera. Hér er um það að ræða að skv. þessu frv., ef að lögum verður, verður það á valdi bankaráðanna að ákveða hvar skuli stofnsett eða rekin útibú. Fram undir þetta og enn í dag er það ekki á valdi bankanna heldur er sótt um það. Hér fer fram leyfisveiting af hálfu Seðlabankans með blessun viðskrh. — eða öfugt um það hvort menn geti fengið að stofnsetja eða reka útibú. Skv. þessu frv. á að innleiða frjálsræði.

Af minni hálfu var þetta ákvæði hugsað sem öryggisatriði, um leið og menn væru að stíga það skref til frjálsræðis sem hér um ræðir, nefnilega að ef sérstakar aðstæður kæmu upp væri heimild til handa þeim ráðh. sem fer með bankamál að frysta, ef ég má svo segja, ástandið eins og það væri á ákveðnum tíma, að fresta stofnsetningu allra nýrra útibúa. Ég ætla ekki að fara út í útlistun á því hvaða aðstæður gætu leitt til þess að talið væri eðlilegt eða rétt að gera það en ég taldi skynsamlegt að ákvæði af þessu tagi væri í lögum og yrði þá eitt yfir alla að ganga. Ráðh. gæti ekki valið úr einstök útibú heldur yrði beinlínis um frystingu á ástandinu að ræða, um eins árs skeið hið mesta, meðan menn væru að átta sig á hlutunum. Þessi tillaga hefur sem sagt ekki verið tekin upp í álit meiri hl. fjh.- og viðskn. og stendur því óhögguð og ég óska eftir að hún gangi til atkvæða, herra forseti.

Í þriðja lagi flutti ég tillögu um starfsmannaráð. Hv. 1. þm. Suðurl., frsm. nefndarinnar, gat þess að meiri hl. hefði ekki talið ástæðu til þess að binda það í lögum, þó að hann væri að ýmsu leyti hlynntur því að starfsmanna-

ráð gætu verið starfandi í bönkunum. Hér er ekki um víðtæk ákvæði að ræða, sem ég geri tillögu um að fari inn í lögin, aðeins eina grein stuttlega orðaða sem tryggir það að starfsmannaráð séu hvarvetna starfandi. Síðan geta menn ákveðið frekari verkaskiptingu að eigin vild. Ég er enn þeirrar skoðunar að eðlilegt sé og rétt að í lögum séu ákvæði af þessu tagi. Þessi tillaga stendur því óhögguð af minni hálfu.

Ég minni á í þessu sambandi að í ýmsum bönkum í grannlöndum okkar er það meira að segja svo að starfsmenn hafa æði víðtæk áhrif að því er þetta varðar og víða er það svo að menn setja upp starfsmannaráð. Ég held að í svo stórum stofnunum sem bankarnir eru sé nauðsynlegt að það sé fyrir hendi.

Í fjórða lagi lýsti ég þeirri skoðun minni við 1. umr., og það kemur fram í 4. tillöguliðnum í brtt. mínum, að ég teldi að viðskiptabankar ættu ekki að fá heimild til þess að kaupa hlutabréf í hlutafélögum sem ekki tengdust bankastarfsemi. Rökin voru ákaflega einföld. Í fyrsta lagi virtist mér augljóst að þá gæti komið upp hagsmunaárekstur innan bankastjórnarinnar milli þeirra fyrirtækja sem bankinn ætti hlut í og þeirra sem hann ætti ekki hlut í. Í annan stað eru þessi ákvæði af því tagi að einungis er heimilt að kaupa hlutabréf í stórum fyrirtækjum, svokölluðum almenningshlutafélögum, og þar er greinilega verið að mismuna milli stórra og lítilla fyrirtækja. Þessi tillaga stendur því óhögguð.

Fimmti töluliðurinn varðaði það að ársreikningi skyldi fylgja sundurliðað yfirlit yfir launagreiðslur, bifreiðakostnað, risnukostnað o. fl. Um þetta gilda nýsamþykkt lög frá Alþingi, líklega tveggja frekar en þriggja ára gömul, en skv. frv. eins og það liggur nú fyrir er gert ráð fyrir að nema þetta úr lögum. Að vísu hafa verið gefnar yfirlýsingar um að eitthvað hliðstætt yrði sett í reglugerðir, en með því að lögin hafa svo nýlega verið sett og hér er í raun um almannaaðhald að ræða, þá tel ég eðlilegt að þetta haldist í lögum eins og það nú er.

Sjötti liðurinn varðaði það að í hlutafélagabanka skyldi ráðh. skipa einn skoðunarmann rétt eins og hann gerir í ríkisviðskiptabanka. Í grannlöndum okkar ýmsum er það svo að ríkisstj. eða ráðh. sá sem fer með bankamál tilnefnir í stjórnir bankanna einn fulltrúa alveg án tillits til þess hver eigandinn er. Það er hluti af almannaaðhaldinu, það er hluti af því aðhaldi sem hið opinbera telur nauðsynlegt, og ég vitna m. a. til Noregs í þessum efnum. Ég vildi ekki ganga svo langt en ég taldi að það gæti verið eðlilegt og ekkert því til fyrirstöðu að einn af endurskoðendum allra banka væri tilnefndur af ráðh., en ekki einungis að því er ríkisviðskiptabankana varðar. Ég er enn sömu skoðunar og þessi tillaga stendur því óhögguð.

Í sjöunda lagi koma allmargar tillögugreinar sem varða tryggingarsjóð hlutafélagsbanka. Það eru tillögur um að bæta við allmörgum greinum um þennan tryggingarsjóð. Eru það nýjar 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58., 59. og 60. gr. í þetta frv. eins og það liggur hér fyrir.

Nú hefur það ánægjulega gerst eftir umræður í nefndinni, sem er þó reyndar allt of óvenjulegt, að skynsemin hefur orðið ofan á, þannig að þessi hugmynd hefur verið tekin upp í till. meiri hl. fjh.- og viðskn. í styttra formi, og ekki hef ég á móti því að formið sé styttra. Fyrir því hefur 1. þm. Suðurl., frsm. meiri hl., gert grein. Þetta ákvæði er mjög einfalt. Það er beinlínis um það að tryggingarsjóður af þessu tagi skuli vera starfandi, hvaða greiðslur skuli til hans renna og hvaða hlutverk hann hafi, nefnilega það markmið að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að vegna þess að hann sé gjaldþrota, og jafnframt að setja skuli reglur til að tryggja sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar þetta ber upp á. Ég vil nú vona að það að þetta skref skuli verða stigið verði til þess að til þess þurfi aldrei að grípa að nota þennan sjóð. Öryggi innlánsþega og traust þeirra á innlánsstofnunum muni vaxa svo mjög að til þess þurfi ekki að koma.

En þess vegna, herra forseti, dreg ég til baka allar þær tillögur sem eru undir þessum 7. lið a, og fjalla um 51.—60. gr. (**Forseti:** Brtt. 773,7?) Brtt. 7. a er sú sem ég hef verið að lýsa, já. En jafnframt hefur þá verið gert ráð fyrir ákvæði til bráðabirgða um það að viðskrh. skuli setja reglugerð um þennan tryggingarsjóð innan eins mánaðar frá gildistöku laganna. Ég tel satt best að segja að hér hafi mjög mikið áunnist sem ástæða sé til að fagna alveg sérstaklega.

Í 7. lið b gerði ég ráð fyrir nýrri grein, 61. gr., um að ríkisviðskiptabankarnir greiði sérstaka þóknun til ríkissjóðs vegna þess að tryggingarsjóðurinn, eins og ég hafði sett hann upp, sneri einungis að hlutafélagabönkunum en þóknunin til ríkissjóðs væri vegna ríkisábyrgðar þeirrar sem ríkisviðskiptabankarnir njóta. Þessi grein er þá líka óþörf, herra forseti, og b-liðurinn jafnframt dreginn til baka.

Þá gerði ég ráð fyrir XI. kafla sem varðaði endurskoðun fjárhæða. Þetta efnisatriði hefur líka verið tekið upp í tillögur meiri hl. fjh.- og viðskn., reyndar í 1. tölulið þeirra tillagna. Það varðar heimild og skyldur ráðh. til þess að endurskoða fjárhæðir í samræmi við almennar verðlagsbreytingar í landinu. Hér er fyrst og fremst um að ræða þá fjárhæð sem ætlast er til að gildi sem lágmarkshlutafé ef stofnsetja skal banka. Þessi tillaga er þess vegna líka dregin til baka, c-liður undir 7. tölulið, ný 62. gr.

Í áttunda lagi gerði ég tillögu um það að Alþingi skyldi skera úr um það að Útvegsbanki og Búnaðarbanki yrðu sameinaðir í einn banka. Það hefur oft verið um þetta rætt. Ég tel að ekki sé hægt að leysa úr því öðruvísi en með samþykkt Alþingis. Sú tillaga stendur, herra forseti. Hins vegar er 9. liðurinn, varðandi ákvæði til bráðabirgða um aðild að tryggingarsjóði, dreginn til baka þar sem ég tel að það form sem nú sé að komast á geri þá tillögugrein jafnframt úrelta.

Í þessu máli flutti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tvær brtt. Önnur varðandi 19. gr., um að þar bættust við orðin „að fengnu samþykki ráðh.“ Þetta varðar launakjör bankastjóra. Má vera að það geti verið til bóta og var þetta þó ekki ítarlega rætt í nefndinni.

Í öðru lagi flutti Jóhanna brtt. um að á eftir 27. gr. kæmi ný grein á þá lund að heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka mættu ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé bankans og sama skyldi gilda um heildarskuldbindingar skyldra aðila. Hér er um að ræða málefni sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði mjög að umræðuefni hér áðan og sagði að rætt hefði verið ítarlega í fjh.- og viðskn. Það var reyndar rætt mjög ítarlega líka í bankamálanefnd á sínum tíma, en hvorki í bankamálanefndinni né heldur í fjh.- og viðskn.

gátu menn sameinast um það að finna hinar réttu prósentutölur eða treystu sér til að binda þetta svo fast sem þarna er ráð fyrir gert við ákveðna prósentutölu þó að það væri að ýmsu leyti mjög æskilegt til þess að fá skýrar línur.

Þess vegna var leitað annarra leiða til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og það atriði kemur fram í 3. tölul. brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1289. Þar er gert ráð fyrir því að bankaráð móti stefnu bankans í vaxtamálum og setji að fenginni umsögn bankastjórnar og bankaeftirlits almennar reglur um lánveitingar bankans. Hér er bankaráði fengið það hlutverk og eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl. þá hafa ýmsir bankar hér gert þetta. Þetta mun líka vera viðtekið víða erlendis eftir því sem ég best veit. Þessar reglur yrðu síðan að mótast í tímans rás og til þess að móta þær mundu fara fram skoðanaskipti milli bankanna, sparisjóðanna reyndar líka, og bankaeftirlitsins. Aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu bönkum og á hinum ýmsu þéttbýlisstöðum en ég er sannfærður um það að menn munu finna góða lausn á þessu máli. Og að því leyti er með þessari tillögugrein, eins og hún stendur hér frá meiri hl. fjh.- og viðskn., komið til móts við þau sjónarmið sem birtast í brtt. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þó að ekki sé hér eins fast að orði kveðið og í tillögum Jóhönnu þá er þó komið til móts við það sjónarmið, og ekki bara hennar sjónarmið að því er þetta varðar, heldur sjónarmið sem hafa verið uppi í bankamálum um langa hríð, sjónarmið sem hafa verið rædd mjög í sambandi við bankalöggjöf og bankastarfsemi.

Hæstv. viðskrh. hefur svo aftur flutt tillögu um annað orðalag á þessari grein sem ég tel alls ekki eins farsælt og það sem meiri hl. n. hefur gert tillögu um. Hæstv. viðskrh. gerir ráð fyrir því að ekki skuli fengin umsögn bankaeftirlitsins, heldur skuli ákvarðanir bankaráðsins sendar bankaeftirlitinu eftir að þær hafa verið teknar.

Eins og tillögugreinin er nú orðuð af hálfu fjh.- og viðskn. eru bankaráðin vitanlega að öllu leyti ábyrg fyrir því hvaða reglur þau setja. Þau eiga að fá umsagnir m. a. frá bankaeftirlitinu, leiðsögn, skulum við segja, en þau bera hina endanlegu ábyrgð. Að því leyti eru þessar tillögur samhljóða. En ég tel nauðsynlegt, ekki síst með tilliti til reynsluleysis okkar í þessum efnum og þess að bankaráðin hafa mörg hver ekki vanist því að setja sér slíkar reglur, að þau fái að njóta þess að bankaeftirlitið láti í té umsögn áður en frá málunum er gengið, að þau njóti leiðsagnar. Ég vil einmitt leggja til að bankaeftirlitinu sé skylt að veita slíka umsögn um þær hugmyndir sem uppi eru af hálfu bankaráðsins um það hverjar reglurnar skuli vera. Ég vil ekki að bankaeftirlitið sé gjörsamlega stikkfrí og geti svo komið á eftir og sagt: Þetta var allt saman ómögulegt hjá ykkur. Það finnst mér að liggi í tillöguflutningi hæstv. viðskrh. þar sem í hans tillögu felst að bankaeftirlitinu sé ekki skylt að veita umsögn. Ég tel að hér sé ekki um neinn árekstur að ræða milli leiðbeiningar- og eftirlitshlutverks þess sem bankaeftirlitið hlýtur að eiga að hafa.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta á þessu stigi, en eins og meiri hl. gekk frá þessari tillögu tel ég að hún sé til verulegra bóta og muni verða til þess að hér komist á góðar reglur í þessu efni og menn muni vinna sig fram úr því. Og ég legg áherslu á það að ábyrgðin hvílir á bankaráðinu en bankaeftirlitinu er ætlað skv. þessum tillögum að láta bankaráðin vita hvar þau í rauninni standa, veita þeim leiðbeiningu, og að bankaráðin þurfi ekki að óttast þann dóm að þeim reglum, sem þau samþykkja, verði meira og minna hafnað af bankaeftirlitinu eftir á. Þannig á ekki að vinna.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir málinu af mínum sjónarhóli. Eins og fram kemur í nál. og eins og fram hefur komið væntalega í máli mínu hér eru ýmis atriði í þessu frv. sem ég vildi hafa nokkuð á aðra lund en gert er ráð fyrir af hálfu meiri hl. fjh.-og viðskn. Ég tel samt að náðst hafi mjög ánægjulegir áfangar og verulegar umbætur sem ég met mikils í ýmsum þáttum. Veigamest í þeim efnum er það að upp skuli vera tekin trygging á innlánsfé eins og gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. eins og þær liggja fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. um frv. til l. um viðskiptabanka sem er 423. mál þingsins. Þetta frv. hefur verið um skeið til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. og hefur hlotið þar allnokkra meðferð, þó að ekki verði sagt, herra forseti, að sú meðferð sé ítarleg miðað við stærð þessa máls. Hér er verið að flytja frv. um starfsemi allra viðskiptabankanna í landinu, frv. um að samræma löggjöf þeirra í heild. Hefði því auðvitað verið fullkomlega eðlilegt að frv. af þessu tagi hefði fengið að vera til meðferðar á tveimur þingum eða svo, þannig að ekki hefði þurft að hraða sér eins við afgreiðslu málsins og nauðsynlegt reynist nú.

Ég harma þessi vinnubrögð ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Ég gagnrýni það hversu seint á ferðinni hún var með frv. Viðskrn. lá með frv. langtímum saman, þinglokkar stjórnarliðsins lágu með frv. langtímum saman og það er aðeins núna á örfáum vikum sem öðrum þinglokkum hefur gefist kostur á því að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti.

Um leið og þetta ber að gagnrýna er hitt ljóst að ýmis ákvæði í frv. þessu eru til bóta frá gildandi lögum. M. a. er það til bóta að samræma bankalöggjöfina eins og hér er gerð tillaga um. Um leið og hér er gerð tillaga um að samræma bankalöggjöfina eru hins vegar hér á ferðinni frá ríkisstj. tillögur um að troða inn í bankalöggjöfina alls konar sjónarmiðum markaðshyggju og frjálshyggju sem eiga þar auðvitað engan veginn heima. Því mótmæli ég mjög harðlega og flyt sérstakar brtt. varðandi þau atriði.

Ég mun ekki, herra forseti, með tilliti til þess hvernig stendur á þinghaldi, flytja hér langa ræðu, heldur fyrst og fremst fara hér yfir einstök atriði miðað við þær brtt. sem ég flyt.

Þá eru það í fyrsta lagi þær brtt. sem ég flyt á þskj. 1259. Fyrsta brtt. mín á því þskj. er um að 1. gr. frv. hljóði svo:

„Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar, og viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar eða samvinnufélagsbankar.

Einungis hlutafélögum og samvinnufélögum er heimilt að reka aðra viðskiptabanka en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka

og ákvæði laga um samvinnufélög um samvinnufélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum."

Breytingin sem þessi till. hefur í för með sér, herra forseti, er sú að ég legg hér til að samvinnufélögum verði heimilað að reka viðskiptabanka eins og hlutafélögum. Ég sé enga ástæðu til þess að útiloka samvinnufélög í þessu efni og ég hef lagt fram fsp. bæði í nefndinni og við hæstv. viðskrh. og víðar um það hverju það sæti að samvinnufélög séu útilokuð þarna. Ég hef engin svör fengið við þeim fsp. Mér þykir það skjóta mjög skökku við í ríkisstjórn sem er undir forustu Framsfl. að samvinnufélög séu útilokuð með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. Þar sem ég átti von á að í hópi þm. Framsfl. gætu enn þá verið einhverjir samvinnumenn, þó fáir séu, taldi ég eðlilegt að gefa þeim kost á því að samþykkja þessa skynsamlegu tillögu á þskj. 1259.

Í öðru lagi flyt ég á þskj. 1259 svohljóðandi brtt., með leyfi forseta:

„Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskipabanka. Skuldbindingar ríkisviðskiptabanka erlendis mega aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar eigin fé bankans, sbr. 36. gr. Til þess að taka lán erlendis, sem er umfram eigið fé bankans, þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild."

Þessi brtt. mín er flutt í samræmi við álitsgerð Ármanns Snævars sem hér var vitnað til fyrr í kvöld varðandi heimildir ríkisviðskiptabanka til þess að taka lán erlendis. Hv. frsm. fjh.- og viðskn. Nd. lýsti því yfir að nefndin væri sömu skoðunar og Ármann Snævarr að þessu leyti, að ríkisviðskiptabanki hefði ekki heimild til að taka lán erlendis sem næmi hærri fjárhæð en sem svarar eigin fé bankans. Til þess að taka lán erlendis, sem er umfram eigið fé bankans, verði ríkisviðskiptabankinn að fá sérstaka lagaheimild.

Hvernig háttar þessu til í dag? Ég hygg að erlend lán allra ríkisviðskiptabankanna séu, eftir þær breytingar sem voru gerðar á afurðalánakerfinu, langt umfram eigið fé bankanna. Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort það sé ekki rétt og hvort hann taki undir þau sjónarmið sem fram koma í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og hv. 1. þm. Suðurl. mælti hér fyrir áðan. Ég hefði talið eðlilegt að staðfesta þann skilning sem fram kemur hjá meiri hl. nefndarinnar og minni hl. féllst á í lagatexta. Ég teldi mjög mikilsvert ef hæstv. viðskrh. staðfesti þennan skilning nefndarinnar og ég mundi þá fremur falla frá brtt. minni á þskj. 1259 en að bera hana undir atkvæði þannig að hún yrði felld. Ég teldi það mjög slæmt ef löggjafinn tjáði sig þannig að hann felldi þessa till. Þess vegna skiptir svar hæstv. viðskrh. við þessari fsp. minni varðandi 2. brtt. á þskj. 1259 mjög miklu máli.

Ég flyt svo í þriðja lagi, herra forseti, brtt. við 6. gr. frv. Sú grein fjallar um það að engar hömlur megi leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka og í samþykktum sé óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi o. s. frv. Þessa brtt. á þskj. 1259 flyt ég til þess að taka af tvímæli um það að þeir aðilar, sem nú eru aðilar að hlutafélagsbönkum, geti áfram verið aðilar að þeim bönkum án þess að breyta aðild sinni.

Eftir að ég flutti þessa brtt., sem er 3. brtt. á þskj. 1259, höfum við hv. 1. þm. Suðurl. náð samkomulagi um það að flytja brtt. við frv. á þá leið að 2. mgr. 5. gr. falli brott, en þar stendur:

„Hluthafar geta verið íslenskir ríkisborgarar búsettir hér á landi, íslenska ríkið og stofnanir þess, sýslu- og sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, skráð sameignarfélög, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti."

Við gerum ráð fyrir því að þessi mgr. falli niður vegna þess að við teljum að hún geti í rauninni aldrei sagt það sem segja þarf í þessu efni, hún geti ekki verið tæmandi og því sé óeðlilegt að hafa slíka upptalningu í lögum. Þess vegna leggjum við til að 3. mgr. 5. gr. verði 2. mgr. og orðist svo:

„Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a. m. k. 50 hluti, nema minnst 100 millj. kr. og allt vera í íslenskri eigu. Allt hlutafé skal vera greitt áður en bankinn er skráður í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur."

Þetta þýðir það m. ö. o. að þeir aðilar, sem hafa gerst stofnaðilar eða með öðrum hætti aðilar að hlutafélagabönkum á undanförnum árum, þurfa ekki, þrátt fyrir ákvæði laganna, að breyta aðild sinni. Og þetta þýðir það líka að þeir geta aukið hlut sinn í viðkomandi bönkum án þess að breyta aðild sinni að hlutafélögunum. Ég vil fara fram á það við hæstv. viðskrh. að hann tjái álit sitt á þessari brtt. svo og því, hvort það er ekki alveg afdráttarlaust að með samþykkt frv., eins og hér er gerð tillaga um að það verði, sé opnað fyrir það að þeir aðilar, sem hafa orðið aðilar að hlutafélögum, geti verið það áfram og aukið hlut sinn. Þetta er skriflega flutt brtt. sem ég legg hér fram til forseta.

Þetta var varðandi 5. og 6. gr. frv., herra forseti.

Þá flyt ég hér brtt. við 9. gr., en ég kem áður að 8. gr. Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að heimilt verði að reka umboðsskrifstofur erlendra banka á Íslandi. Ég legg til að þessi tillaga ríkisstj. verði felld og mun greiða atkv. á móti henni. Rökin í þeim efnum eru einfaldlega þau að með þessari tillögu er verið að opna fyrir erlenda bankastarfsemi á Íslandi. Við teljum það óeðlilegt og munum leggjast gegn þessari tillögu við afgreiðslu málsins eftir 2. umr.

Þá flytjum við hér brtt. um að við 9. gr. bætist ný mgr. er orðist svo, með leyfi forseta:

„Bankaráð skal leggja fram árlega skýrslu um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Skýrslan skal send viðskrn. sem kynnir efni skýrslna um viðskiptabanka ríkisins á Alþingi er hann gefur þinginu skýrslu um heildarþróun peningamála á næstliðnu ári og horfur í þeim efnum."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir þeirri lagaskyldu að bankaráðin verði árlega sjálf að leggja fram og bera ábyrgð á skýrslum um starfsemi bankanna og jafnframt að þessar skýrslur verði sendar viðskrh. og að hann kynni síðan skýrslur um starfsemi allra bankanna fyrir Alþingi um leið og hann gefur þinginu skýrslu um heildarþróun peningamála á næstliðnu ári og um horfur í þeim efnum. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fram fari á Alþingi reglulega ítarleg umræða um stöðu peningamála. Ég held að fáir málaflokkar í efnahagsmálum séu mikilvægari og ég held að fáir málaflokkar séu í raun og veru vanræktari í umræðum hér á hv. Alþingi en þróun peningamála. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Hún leggur þá lagaskyldu á bankaráðin að þau geri þinginu grein fyrir starfsemi bankanna. Bankaráðin eru kosin af Alþingi eins og kunnugt er og því er eðlilegt að þau standi Alþingi reikningsskil gerða sinna

og viðkomandi banka.

Þá flyt ég hér í fimmta lagi, herra forseti, brtt. við 10. gr. Í frv. hljóðar 10. gr. svo:

„Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans."

Út af fyrir sig má segja að það liggi í augum uppi að þetta geti ráðherra gert hvenær sem honum sýnist. Hins vegar tel ég það til bóta að setja þetta ákvæði í lög svo að réttur ráðh. í þessu efni sé ótvíræður. En ég bæti hér við orðunum „og Alþingi" og segi: „Ráðherra og Alþingi geta hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans." Þetta stuðlar að því að Alþingi hafi betra aðhald að bönkunum heldur en nú er kostur á skv. gildandi lögum og skv. því frv. sem hér liggur fyrir frá ríkisstj.

Þá vík ég næst að 12. gr. frv. sem oft hefur komið til umræðu hér á hv. Alþingi á undanförnum mánuðum. Hún lýtur að kjörum bankastjóra. Í samræmi við tillögur Alþb. áður í þeim efnum leggjum við til að Kjaradómur ákveði laun og önnur starfskjör bankastjóra. Að öðru leyti skulu laun bankamanna ákveðin í kjarasamningum Sambands ísl. bankamanna. Við erum sem sagt andvíg því að fjöldi starfsmanna sé tekinn út fyrir samningssvið Sambands ísl. bankamanna eins og m. a. er gert ráð fyrir í þessu frv. Það er umhugsunarefni að Samband ísl. bankamanna er í raun og veru hvergi nefnt á nafn í þessu frv. um starfsemi viðskiptabankanna, jafn mikilvægur aðili og Samband ísl. bankamanna hlýtur að vera varðandi alla bankastarfsemi í landinu.

Þá kem ég hér, herra forseti, næst að 21. gr., en þar er gert ráð fyrir því að innleiða hér það sem kallað er vaxtafrelsi. Eins og kunnugt er þá eru ákvæði í lögum um Seðlabanka Íslands um að hann eigi að fjalla um vexti og hann hafi úrslitavald í raun og veru í þeim efnum ásamt ríkisstjórninni. Seðlabankinn og ríkisstj. ákváðu á árinu 1984 að framselja þetta vald til viðskiptabanka án þess að nein breyting væri gerð á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég tel að þessi ákvörðun Seðlabankans og ríkisstj. hafi orkað tvímælis vegna þess að það sé engan veginn ljóst að Seðlabankinn hafi heimild skv. gildandi lögum til þess að afhenda viðskiptabönkunum þetta vald. Ég held að þarna hafi menn farið offari og að skynsamlegra hefði verið fyrir þá, sem á annað borð vildu fara út í þetta fen, að breyta seðlabankalögunum áður. Það var ekki gert og það ber að gagnrýna. En í þessum frv., bæði um viðskiptabanka og sparisjóði, er gert ráð fyrir því að þessar peningamálastofnanir ákveði vextina sjálfar í raun og veru, herra forseti, þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um Seðlabanka Íslands. Það er auðvitað sérstakt umhugsunarefni að lagt skuli vera allt kapp á það að drífa hér í gegnum þingið tvö stór frv. um viðskiptabanka og sparisjóði án þess að seðlabankafrv. liggi fyrir þinginu. Seðlabankalög eru stofnlög banka hér á landi að mörgu leyti, ákvarða starfskjör bankanna að verulegu leyti. Þess vegna er það að mínu mati fullkomlega óeðlilegt að standa að málum eins og ríkisstj. gerir, að þvæla þessum stóru frumvörpum um viðskiptabanka og sparisjóði í gegn án þess að seðlabankafrv. liggi svo mikið sem fyrir. Það liggur ekki hér á borðum þm. þó að því hafi verið dreift í þingflokka. Það er auðvitað allt annað mál. En formlegt þskj. liggur ekki fyrir og það gagnrýni ég mjög harðlega.

Í 21. gr. er gert ráð fyrir því að þetta vaxtafrelsi viðskiptabankanna verði innleitt alveg út í hörgul, eins og sjá má í næstsíðustu mgr. 21. gr., og sams konar ákvæði er um sparisjóði í sparisjóðafrv. Ég er í rauninni algerlega andvígur þessu. Ég tel að ríkisstj. eigi að ákveða almenna stefnu í vaxtamálum, að fengnum tillögum t. d. bankaeftirlitsins, og síðan geti bankaráðin ákveðið heildarkjör á einstökum flokkum útlána og innlána skv. tillögum bankastjórnar. Þannig hljóðar sú tillaga sem ég flyt um þetta efni. Þegar 21. gr. kemur til atkv. verður sú brtt. væntanlega borin upp. Fari svo að hún verði felld, sem líklegt má telja, mun ég greiða atkv. gegn 21. gr. vegna þess að þar er verið að innleiða svo að segja algert frelsi hvers viðskiptabanka fyrir sig til að ákveða sína vexti og þjónustugjöld, sbr. 22. gr. Hér er verið að troða inn þessu frjálshyggjuofstæki eins og víða er hjá hæstv. ríkisstj. og framsókn gleypir auðvitað og gleypir og gleypir, það er ekki að spyrja að því. Það er alveg sama hvað er matreitt ofan í hana um þessar mundir. Hérna er verið að reyna að lögfesta kreddur, efnahagskreddur og hæstv. sjútvrh. og þeir framsóknarmenn virðast með glöðu geði sumir, a. m. k. hann, brosandi allavega, og ætla sér að fallast á þetta. (**Sjútvrh.:** Viltu ekki láta kreddurnar ráða? Þú hefur viljað það hingað til.) Ég vil ekki láta kreddurnar ráða, hæstv. sjútvrh. Hvaða hljóð var nú þetta? (Gripið fram í.) Þetta var hæstv. sjútvrh. að greiða fyrir framgangi þingmála. Hann þoldi þetta greinilega ekki. (Gripið fram í.) Já, þrýstinginn. Svona er það oft veikt sem kemur nálægt Framsfl. að það hrekkur í parta. Það er greinilega ekki orðið óhætt að ávarpa ráðh. því að ef stóllinn fer svona líka, þá gerist margt sögulegt á þessu kvöldi. Hann er undrandi á því að við skulum ekki vilja láta kreddurnar ráða. En hitt get ég bent hæstv. ráðh. á, að á þessari stundu mundi vera einfaldast að láta þær kreddur ráða að tína saman glerbrotin á borðum hæstv. ráðh.

Varðandi 21. gr. munum við greiða atkv. gegn þeirri grein að felldri till. á þskj. 1259, 7. brtt. á því þskj.

Í áttunda lagi, herra forseti, flyt ég brtt. við 23. gr. um að við bætist mgr. þar sem segir: „Heimilt er ráðh. að setja reglur um hámark lánveitinga til einstakra viðskiptamanna bankanna. Bankaeftirlitið gerir tillögur til ráðh. um takmörkun þessa."

Það er mikið vandamál hvernig á að setja reglur um takmörkun lánveitinga til einstakra viðskiptamanna. Í Iðnaðarbankanum munu vera um það ákveðnar starfsreglur og það kann að vera í fleiri bönkum þó að ég þekki ekki til þess. En það kom ekki fram í starfi nefndarinnar nema um Iðnaðarbankann sérstaklega. Ég teldi eðlilegt að slíkar reglur séu settar. En það er erfitt að finna þeim almenna viðmiðun. Þarna verður að taka mið af lífinu og aðstæðum á hverjum tíma en ekki kreddunum. Þess vegna er hér lagt til að ráðh. verði einfaldlega heimilt að setja reglur um hámark lánveitinga til einstakra viðskiptamanna bankanna. Ég held að sums staðar geti það hafa stofnað starfsemi ákveðinna banka og sparisjóða í hættu að hafa þetta allt opið. Ég minni á staði þar sem starfrækt eru lítil bankaútibú en tiltölulega stór fyrirtæki á vegum eins aðila, t. d. kaupfélags. Þess munu vera dæmi að kaupfélög séu mjög stór viðskiptaaðili einstaks banka. Ég held að slíkt geti stofnað eðlilegri starfsemi viðkomandi bankaútibús í hættu. Þess vegna þurfi þarna að

setja reglur sem taka auðvitað tillit til allra aðstæðna og geti ekki verið eins fyrir öll byggðarlög og allar stærðir banka og bankaútibúa. Þess vegna er ég hér með almenna heimildartillögu í þessu efni og mér finnst nú satt að segja að vel mætti fara fram á það og væri ekki nema eins og til tilbreytingar að meiri hl. tæki það til athugunar hvort hann getur ekki fallist á þessa till., 8. till. á þskj.

Þá flyt ég hér í níunda lagi tillögu um upplýsingaskyldu bankanna. Ég legg til að á eftir 25. gr. komi ný grein sem verði 26. gr. og orðist svo:

„Bankarnir skulu birta opinberlega lista yfir öll útlán sem veitt hafa verið sama aðila á liðnu ári er nema hærri fjárhæð en 20 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 40 millj. í viðkomandi stofnun: Upphæðum þeim, er að framan greinir, skal breyta árlega með reglugerð sem ráðh. setur í samræmi við breytingar á verðlagi."

Þessi tillaga skýrir sig í raun og veru sjálf. Þarna er verið að opna fyrir almannaaðhald að bönkunum þannig að hægt sé að fylgjast með því hverjir það eru sem mestrar náðar njóta. Ég tel eðlilegt að svona ákvæði verði samþykkt en minni á að það var mjög hliðstætt brtt. sem var felld hér með 17:16 atkv. á Alþingi 1979. Hún var flutt af Kjartani Ólafssyni og Vilmundi Gylfasyni og þar sem svo litlu munaði tel ég sjálfsagt að láta reyna á það hvort þingið er nú tilbúið til að fallast á sjónarmið af þessum toga.

Ég legg til, herra forseti, að 2. og 3. mgr. 28. gr. falli niður. Í þeim mgr. er opnað fyrir það að viðskiptabankar geti átt hlut í öðrum óskyldum atvinnurekstri, þó með vissum takmörkunum. Ég tel þetta óþarfa og að óeðlilegt sé að bankarnir séu að grauta í óskyldri starfsemi og legg því til að báðar þessar mgr. 28. gr. verði felldar niður.

Í 36. gr. frv. er ákvæði um eigið fé bankanna og hvernig það skuli reiknað. Ég tel þetta ákvæði til bóta og ég tel það að mörgu leyti tiltölulega skýrt miðað við allar aðstæður og miðað við aðrar tillögur sem ég hef séð um útreikning á eigin fé bankanna. Ég legg hins vegar til að við 36. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo:

„Þó er óheimilt að stofna ný bankaútibú nema með samþykki ráðh. að fengnum tillögum bankaeftirlitsins."

Þessi grein á að takmarka möguleika viðskiptabanka til að stofna útibú. Skv. fyrirliggjandi upplýsingum um eigið fé bankanna hefur aðeins einn banki í dag heimild til að stofna útibú miðað við ákvæði þessa frv. Það er Landsbankinn. Aðrir bankar eru langt yfir þessum mörkum. Ég tel þessa viðmiðun að mörgu leyti skynsamlega en ég bendi á að það kann að vera nokkuð erfitt að túlka eftirfarandi ákvæði í síðustu mgr. 36. gr.: „Bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, má eigi vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans. Skv. grg. frv. er hér ekki aðeins átt við það húsnæði sem bankinn á, heldur líka það húsnæði og þá aðstöðu sem bankinn kann að hafa á leigu. Ég verð að segja alveg eins og er að það vefst nokkuð fyrir mér að sjá þetta ákvæði framkvæmt til fulls þegar um er að ræða leiguhúsnæði, eða tæki eða aðstöðu sem eru tekin á leigu.

Ég skil út af fyrir sig vel hvað hæstv. ríkisstj. er að fara í þessu máli. Hún er að reyna að girða fyrir það að menn opni útibú í leiguhúsnæði í stórum stíl og komist þannig undan þessum eiginfjárákvæðum. En ég hygg að framkvæmdin á þessu ákvæði geti verið nokkuð snúin og ég vildi inna hæstv. viðskrh. eftir því, þegar hann kemur hér í ræðustól á eftir, hvort einhverjar frekari upplýsingar liggi fyrir um það hvernig viðskrh. ætlar sér að framkvæma þetta ákvæði, ekki varðandi eignina heldur í sambandi við það húsnæði og aðstöðu sem viðkomandi hafa á leigu.

Þá hef ég farið yfir þessar brtt. mínar, herra forseti, og hef í sjálfu sér ekki neinu við að bæta. Ég vil þó taka fram varðandi aðrar brtt. að ég tel að brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1289 séu flestar til bóta, að svo miklu leyti sem hægt er að bæta þessa skepnu eins og hún lítur út hér, þær eru flestar heldur til bóta og til þess að skýra málin og glöggva þau. Sérstaklega fagna ég auðvitað IX. kaflanum um tryggingarsjóð viðskiptabanka.

Ég mundi líta svo á að brtt. á þskj. 1299 yrði dregin til baka um leið og till. á þskj. 1330 hefur verið lögð fram.

Þá vil ég aðeins fara hér yfir önnur atriði, sérstaklega 4. brtt. á þskj. 1311 frá hv. þm. Guðmundi Einarssyni. Brtt. gerir ráð fyrir því að Alþingi kjósi fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkum í hlutafélagsbanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagsbanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. jan. 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á. Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5% hlutafjár.

Ég ætla mér að taka það fram hér að ég er á móti þessari till. og ég vona að ég fái aðstöðu til að greiða atkv. á móti henni hér á hv. Alþingi svo það fari ekkert á milli mála hver afstaða mín er í þeim efnum. Ég teldi miklu frekar ástæðu til þess að þjóðin ætti alla bankana heldur en farið verði að afhenda einkaaðilum ríkisviðskiptabankana, en ríkið í þessum efnum er auðvitað þjóðin og þingið í umboði hennar. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það að ég lýsi fullri andstöðu við tillöguflutning af þessu tagi. Ég sé ekki hvernig það samrýmist lýðræðislegum sjónarmiðum að taka þessi fyrirtæki úr höndum þingsins og þjóðarinnar og ríkisins og afhenda einkaaðilum. Ég sé ekki á hvern hátt slík vinnubrögð samrýmast lýðræðislegum sjónarmiðum.

Þó að það sé ekki alvanalegt að ég veitist sérstaklega að tillögum hv. þm. Guðmundar Einarssonar taldi ég nauðsynlegt, vegna þess að hér er um grundvallaratriði að ræða, að gera grein fyrir afstöðu minni til þessarar tillögu, herra forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1330, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn., sem er undirritaður, um viðskiptabanka á þskj.

1313. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„2. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara saman með framkvæmdavaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Fornu flokkarnir á Alþingi hafa tileinkað sér þann undarlega skilning á þessari grein að löggjafarvaldið skuli kjósa stjórnir og ráð fyrirtækja framkvæmdavaldsins þótt þau heyri beint undir einstaka ráðherra skv. lögum. Þannig brýtur hagsmunagæslan grundvallarreglur stjórnskipunarinnar um aðgreiningu valdþáttanna. Hlutföll í kosningum til löggjafarsamkomunnar hafa verið teygð inn á umráðasvæði framkvæmdavaldsins, s. s. í stjórn sementsverksmiðju og kísilmálmverksmiðju og í bankaráð ríkisbanka. Með þessu lagi hefur það orðið hlutskipti banka- og lánastofnana hér á landi að verða leikvangur þingflokka og alþm., — sem þó eru kjörnir til að setja landsmönnum öllum lög.

Að mati 2. minni hl. á ríkisvaldið að hætta rekstri viðskiptabanka. Þess vegna flytur hann till. á þskj. 1311 um að ríkisbönkunum verði breytt í hlutafélög og hlutabréfin seld á almennum markaði. Einnig eru á þskj. tillögur um að þangað til gengið hefur verið frá þeirri breytingu skuli viðskrh. skipa bankaráð ríkisbankanna og að honum verði óheimilt að færa alþm. þann kaleik.

2. minni hl. styður frv. með brtt. á þskj. 1311."

Fyrsta brtt. er við 3. gr. Lagt er til að 3. gr. hljóði svo:

„Um heimili og varnarþing viðskiptabanka fer eftir samþykktum þeirra. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara."

Breytingin sem lögð er til er sú að ekki sé sjálfsagt að heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka sé í Reykjavík. Það er að mati flm. alger óþarfi að binda það í lögum. Það hlýtur að mega verða ákvörðun bankaráðs jafnt um ríkisbankana eins og það er um aðra banka.

Við 9. gr. flyt ég einnig brtt. Hún er um að 2. mgr. hljóði svo:

„Viðskrh. skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmargra til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þessara manna."

Það er kannske ástæða til þess að gera þetta ofurlítið að umtalsefni. Ég hef vikið að þessu máli á ýmsan hátt áður í ræðum hérna í vetur og hef gagnrýnt það að Alþingi, löggjafarvaldið, skuli kjósa stjórnir, ráð og nefndir til ýmissa starfa innan framkvæmdavaldsins. Ég tel að hlutföll sem fást í kosningum til löggjafarþings, þ. e. í alþingiskosningum, eigi ekki að framlengjast inn á hin ýmsu svið ríkisstarfseminnar, svo sem í stjórn sementsverksmiðju eða stjórn kísilmálmverksmiðju. Manni er spurn: Hvers vegna þarf að gæta einhverra flokkspólitískra sjónarmiða eða flokkspólitískra hagsmuna í stjórn einnar „fabrikku" eins og sementsverksmiðju? Sementsverksmiðjustjórn á bara að reka sementsverksmiðju og hún þarf enga leiðsögn frá þingflokkum. Hún þarf alls ekki að vera skipuð frá þingflokkum. Hún þarf alls ekki að vera skipuð í einhverju sérstöku hlutfalli við það hvernig fólk velur þm. á Alþingi til þess að setja landinu lög. Þetta er að mínum dómi algerlega fáranlegt, auk þess sem það að mínum dómi, eins og ég hef lýst áður, brýtur í bága við grundvallarreglu stjórnarfarsins um aðgreiningu valdþáttanna. Þess vegna hefur Alþingi ekkert með það að gera að kjósa fólk til starfa í þessum stjórnum. Þessi starfsemi er á ábyrgð og í umsjón framkvæmdavaldsins.

Að hverri ríkisstjórn stendur meiri hluti löggjafarsamkundunnar. Það er eðli þessa þingræðislega fyrirkomulags og við verðum að treysta ríkisstj. og ráðherrum til þess að fara með stjórn þessara fyrirtækja á viðunandi hátt. Ef iðnrh. er ekki treystandi til þess að fara með stjórn sementsverksmiðjunnar á hann ekkert erindi í stól iðnrh. Og ef viðskrh. er ekki treystandi til þess að fara með stjórn ríkisviðskiptabankanna og skipa þar menn í bankaráð á hann ekkert erindi í stól viðskrh. Málið er svo einfalt. Þetta er hlutverk framkvæmdavaldsins og þetta er á ábyrgð þess. Alþm. eiga síðan að hafa eftirlit með þessari starfsemi og sækja þar á, eftir því sem almenn landslög segja fyrir, en ekki með því að sitja inni á ríkisviðskiptabankaráðherrafundum.

Að auki tel ég að þetta fyrirkomulag sé skaðlegt. Ég held að með því að þingflokkarnir kjósa sína fulltrúa inn á þessar stofnanir komi þeir í veg fyrir eðlilegt eftirlit frá starfssystkinum sínum á Alþingi vegna þess að þeir sem þannig eru kosnir sem fulltrúar í bankaráð mynda skjaldborg og verjast utanaðkomandi eftirliti frekar en að þeir opni bankaráðin á eðlilegan hátt í upplýsingaskyni. Um þetta höfum við dæmi héðan í vetur því að það voru ekki bankaráðsmenn sem sögðu frá því hvaða reglur giltu um bílafríðindi og það voru ekki bankaráðsmenn sem sögðu frá ýmsu því sem upp um þá komst þá, heldur voru það utanaðkomandi aðilar. Skjaldborgin er m. ö. o. vondur fylgifiskur þessa fyrirkomulags.

Sama tel ég að gildi um það að á þennan hátt verður ekki til nein ábyrgð. Ábyrgðin eyðist. Menn axla saman ábyrgðina sem kallað er. Það er eins og einhver sagði í vetur, menn taka það sem illa gengur, taka axarsköftin og henda þeim aftur fyrir sig í staðinn fyrir að kalla þá sem ábyrgir eru til ábyrgðar á því sem miður fer á þennan hátt. Þess vegna tel ég að þessar þingflokkasendingar inn í bankaráðin séu vondar. Ég tel að ítök og völd stjórnmálaflokkanna eigi ekki erindi á þennan formlega hátt inn í bankaráðin. Það getur enginn að því gert þótt einhver bankaráðsmaður, sem viðskrh. mundi skipa á þennan hátt, hafi pólitískar skoðanir. Og það er óumflýjanlegt að sá sem viðskrh. mundi skipa með þessu fyrirkomulagi hefði einhverjar pólitískar skoðanir. En hann á ekki að vera formlegur fulltrúi eins þingflokks eða annars, það er lykilatriði. Þetta var um þessa grein.

Svo keyrir náttúrlega alveg um þverbak þegar þessir sömu þingflokkar fara að kjósa sjálfa sig í þessi sömu bankaráð, kjósa alþm. til þess að fara þangað inn. Þess vegna er 3. brtt. mín um það að á eftir 9. gr. komi ný grein er hljóði svo:

„Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþm. í bankaráð ríkisviðskiptabankanna."

Með því að þingflokkarnir kjósi alþm. beint inn í þessi bankaráð verða alþm. holdi klædd sú gerð sem ég lýsti hér áðan þar sem ég álít að þingflokkarnir eigi ekki að kjósa fulltrúa þarna inn. (**ÓÞÞ:** Við erum nú holdi klæddir fyrir.)

Maður getur spurt: Til hvers eru þessir alþm. þarna? Eru þeir til þess að gæta hagsmuna eigenda bankanna, sem eru þá væntanlega þjóðin í þessu tilfelli? Og menn geta spurt: Hvernig gekk það t. d. í olíumalarmálinu?

Hvað vel gættu þessir fulltrúar þjóðarinnar hagsmuna skattgreiðenda þar? Eitthvað las maður í blöðum nýlega um gjaldþrot sem Landsbankinn var að fást við hjá fyrirtæki sem heitir Tækniþjónustan. Á þennan hátt er hægt að rekja ýmis dæmi. Málið er það nefnilega að alþm. eiga að hafa eftirlit með þessum stofnunum héðan úr Alþingi en ekki að sitja sjálfir í bankaráðum. Alþm. eiga að hafa eftirlit með þeim sem eru kjörnir í þessi bankaráð frekar en að kjósa sig þangað sjálfir.

Oft og tíðum geta þessi mál tekið á sig virkilega undarlegar myndir. Ég held að undarlegust sé nú myndin frá árinu 1983 þegar alþm. var formaður bankaráðs Útvegsbankans og jafnframt stjórnarformaður eins stærsta viðskiptavinar bankans. Á ég þar við núv. fjmrh. Albert Guðmundsson, þáv. alþm., sem var formaður bankaráðs Útvegsbankans og stjórnarformaður Hafskips.

Segjum sem svo að illa hefði farið. Segjum sem svo að fyrirtækið Hafskip hefði lent í verulegum kröggum og menn hefðu þurft að fara að velta því fyrir sér hvort það væri borgunarmaður fyrir skuldum sínum. Hvar hefði alþm. Albert Guðmundsson átt að stilla sér upp þá? Var hann fulltrúi Hafskips? Hefði hann átt að gæta hagsmuna Hafskips? Átti hann að gæta hagsmuna Útvegsbankans? Eða átti hann að rækja sínar skyldur sem eftirlitsmaður hér frá Alþingi? Þetta eru vond dæmi um það hvernig svona rugl getur tekið á sig hinar verstu myndir. Og þrátt fyrir beina aðild alþm. að þessum peningastofnunum getur maður velt því fyrir sér hvernig eftirliti sé í raun og veru háttað með þessum hlutum og hversu ófluglega sé gætt hagsmuna eigendanna, skattgreiðendanna. Sú hugsun leitar á mann að það geti verið ótrúlega erfitt þegar leiðir skerast í hagsmunagæslunni eins og ég talaði um áðan.

Ég bar fram fsp. á Alþingi í vetur til hæstv. viðskrh. sem tengist þessu efni. Þar spurði ég hvort hann sæi ástæðu til að láta fara fram athugun á því hvernig veðum væri háttað fyrir skuldum við lánasjóði og íslenska ríkisbanka. Ég kem nú að því aftur. Þetta rifjaðist upp fyrir mér núna um daginn þegar ég sá ársskýrslu Hafskips sem hélt nýlega aðalfund sinn. Þá rekur maður sig einmitt á svona hluti. Ég held að það sé lærdómsríkt að drepa á þetta í þessari umræðu. Í þessari ársskýrslu er áritun endurskoðenda. Með leyfi forseta segir svo í þessari áritun:

„Framsetning skulda miðast við að afborganir fari fram á umsömdum gjalddögum. Komi til vanskila á umsömdum skuldum getur það leitt til gjaldfellingar þeirra og jafnframt haft veruleg áhrif á söluverð eigna félagsins."

Þarna er endurskoðandinn að gefa til kynna, vægast sagt, að staðan sé erfið. Mér er sagt af kunnugum mönnum að það sé algert einsdæmi í ársreikningum fyrirtækis að endurskoðandi sjái sig knúinn til þess að setja inn svona yfirlýsingar. Síðar segir, með leyfi forseta:

„Það er álit mitt að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og félagssamþykktir og með þeim fyrirvara, sem leiðir af framangreindum atriðum, gefi hann glögga mynd af rekstri samstæðunnar á árinu 1984.

Sem sagt, endurskoðandinn setur í raun og veru fyrirvara um það að félagið standi undir skuldbindingum. Að lesnum þessum áritunum fer náttúrlega ekki hjá því að menn hugsi sem svo: Hvers vegna sér endurskoðandi ástæðu til þess að setja slík ummæli inn í ársskýrslu til hlutafjáreigenda í viðkomandi fyrirtæki? Það kemur líka í ljós, ef maður lítur t. d. á efnahagsreikning, að munur á veltufjármunum og skammtímaskuldum er neikvæður upp á einar 20 millj., en það gefur til kynna að fjármagnsstaða fyrirtækisins sé afar erfið eða fjármagnsrennslið mjög erfitt, svo að vægt sé til orða tekið.

Ef litið er á varanlega rekstrarfjármuni, þ. e. eignir sem hugsanlega stæðu undir einhverjum skuldum, ef maður tekur varanlega rekstrarfjármuni og erlendar langtímaskuldir, þá kemur í ljós að þar er neikvæður mismunur upp á 156 millj. Ef höfð er hliðsjón af því sem segir í áritun endurskoðandans, að sala á eignum félagsins mundi hugsanlega skila minni peningum en bókfært verð þeirra nemur skv. þessum ársreikningi, og svo nýlegum upplýsingum sem ég hef aflað mér um verðmæti skipastóls, þá er ekki ólíklegt að þarna sé kannske um að ræða 200 millj. Og 200 millj. eru næstum því hálft söluskattsstig, svo að notuð sé viðmiðun sem menn hafa nýlega notað hér í sambandi við fjáröflun til húsnæðislána. Þá er augljóst og það er fullkomin ástæða til þess að spyrja hvernig hagsmunir skattborgara séu varðir í þessum tilvikum í ríkisbönkunum vegna þess að við erum að tala um gífurlega mikla peninga.

Það er full ástæða til þess að draga lærdóm af þessu. Við eigum að spyrja hvernig hagsmuna skattborgaranna sé gætt, hvernig þeir séu tryggðir, ekki síst með tilliti til flokkspólitískra tengsla. Ef við rekjum þetta dæmi áfram ættum við að taka t. d. með í reikninginn að fjmrh. sjálfur var fundarstjóri á aðalfundi fyrirtækisins þar sem þessi erfiða staða var kynnt. Fjmrh. var fundarstjóri á aðalfundi þessa sama fyrirtækis við þessar aðstæður.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í ársskýrslu fyrirtækisins bar ég upp fsp. til hæstv. viðskrh. þann 11. júní s. l. Þar lýsti ég því að nokkru fyrr, í maí, hefði ég borið upp fsp. um það hvernig veðum væri háttað við opinbera lánasjóði og ríkisbanka og í svari ráðh. þá kom fram að ekki hefðu borist til rn. neinar athugasemdir um útlán ríkisbanka sem gætu verið tilefni til fyrirspurna bankaeftirlits um hag eða rekstur bankanna. Síðan lýsti ég þessum upplýsingum, sem ég hefði lesið í ársskýrslu þessa tiltekna fyrirtækis, og sagði svo, með leyfi forseta:

„Hér vakna því spurningar, ekki síst með hliðsjón af erfiðum rekstri fyrirtækisins í heild. Hér vakna því spurningar um aðild ríkisbanka, tryggingar fyrir lánum og áhættu ríkissjóðs og skattborgara. Með tilliti til þess er ráðh. spurður hvort hann sjái ástæðu til aðgerða opinberra aðila, svo sem bankaeftirlits, af þessu tilefni og hvort hann muni beita sér fyrir þeim."

Þetta er lagt fram til ráðh. þann 11. júní. Væntanlega mun hann svara þessum spurningum hér á eftir. En ég vil leggja áherslu á að ég tel að umræða um þessa hluti eigi hér beint erindi, virkilega skírskotun. Við erum að fjalla um stærstu peningastofnanir landsins. Við erum að fjalla um stofnanir sem eru undir flokkspólitískri stjórn og við höfum vítin til að varast þau. Á ára- og áratugalöngum ferli er okkur fullkomlega kunnugt um fjöldamörg dæmi þar sem veð hafa ekki reynst næg. Við verðum að minnast þess á hverjum tíma að við erum að

tala um peninga fólksins í landinu og þó að 200 millj. séu kannske ekki stór upphæð í veltu fyrirtækja eins og Hafskips eða Eimskips, sem veltir kannske einhvers staðar á bilinu frá hálfum milljarði upp í einn milljarð, þá erum við samt sem áður að tala um peninga sem í skattheimtu geta verið á bilinu ½—1 söluskattsstig. Og við munum hvað gekk á um daginn þegar þurfti að afla ámóta peninga.

Það er full ástæða til að gæta þessara peninga vel, ef við á annað borð eigum þá, eins og þjóðin á í hirslum í ríkisbönkunum. Þess vegna tel ég að það verði að fylgja mjög vel eftir opinberri aðgæslu með þessa hluti og menn eigi að bregðast hart og skjótt við þegar svona upplýsingar koma fram. Þetta minnir okkur að mínu mati á það ómögulega kerfi að banka- og lánastarfsemi í landinu lúti meira og minna flokkspólitískri stjórn. Og þetta er kannske ágætisformáli að því sem ég ætla þá að láta verða endinn á þessari ræðu þar sem ég ætla þá að gera grein fyrir 4. brtt. minni. Hún er um það að inn komi nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

„Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagabanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagabanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. jan. 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5% hlutafjár.

Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. des. 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.

Viðskrh. fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi."

Það þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um þetta nú eftir það sem ég hef sagt hér að framan. Ég held að það væri einhver mesta hreingerning sem hægt væri að gera í íslenskum stjórnmálum að taka banka- og lánastarfsemi þjóðarinnar þar út af fyrir sviga. Ég held að þessi gamli skikkur, að hafa þessar stofnanir undir beinni flokkspólitískri stjórn, hafi gert kannske allra hluta mest ógagn af þeim einstöku einkennum á íslensku samfélagi og íslensku stjórnkerfi sem við höfum fyrir augum í dag. Eins og ég hef sagt áður verðum við sífellt að leita skýringa á því að við bökum einhverja stærstu þjóðarköku í heimi, en þegar fólkið fær sneiðina sína situr það uppi með einhverja minnstu þjóðarkökusneið á Vesturlöndum. Og kannske er þetta ein skýringin. Kannske er ein af stóru skýringunum á því hvernig þetta mylst niður sú, að við glutrum þessu niður, töpum þessu t. d. í afleitu fyrirkomulagi í bankakerfinu vegna þess að þar eru milljónahundruðin fljót að fara ef áföllin verða stór.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við lok 2. umr. þessa máls vil ég leyfa mér að færa hv. fjh.- og viðskn. Nd. þakkir fyrir störf hennar við afgreiðslu á þessu máli. Það hvarflaði ekki að mér að hér yrði afgreiðslan samhljóða. Hins vegar liggur það ljóst fyrir að að þessu máli hefur verið unnið með því hugarfari að koma fram sjónarmiðum nm., samræma þau eftir því sem mögulegt væri og reyna þannig að ná fram þeirri bestu afgreiðslu á málinu sem mögulegt væri.

Ég er ekki reiðubúinn að taka undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um undirbúning málsins. Ég vísa til þess að í ein fjögur ár hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls af nefnd sem skipuð var af páv. viðskrh. og áður höfðu viðskrh., eða nefndir á þeirra vegum, unnið að þessum málum og fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka sem setu áttu á Alþingi haft tækifæri til þess að fylgjast með því að þeir tilnefndu fulltrúa í þessa nefnd. Ég hef auk þess reynt að tryggja að fulltrúar annarra flokka, sem á þingi eiga sæti nú, fengju tækifæri til þess að fylgjast með gangi málsins eftir að það tók á sig þá mynd sem það nú endanlega var lagt fram í hér á hv. Alþingi. En þetta er nú ekki til þess að deila hér um við meðferð málsins á síðasta stigi. Ég nefni það aðeins til þess að láta ummælum hv. þm. ekki ómótmælt.

Hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur brtt. á þskj. 1289. Ég get fyrir mitt leyti fallist á þær brtt. sem þar eru fluttar, þó að 3. brtt. undanskilinni. Ég hef flutt brtt. við þá brtt. á þskj. 1320. Í till. meiri hl. er gert ráð fyrir því að bankaráðin setji, að fenginni umsögn bankastjórnar og bankaeftirlits, almennar reglur um lánveitingar bankanna. Ég er ekki andvígur því að bankaráðin setji þessar almennu reglur að fenginni umsögn bankastjóranna, þeirra sem framkvæma eiga reglurnar. Hins vegar tel ég það ekki eðlilegt að til eftirlitsaðilans sé leitað, þ. e. þess aðila sem á að fylgjast með framkvæmd starfa þessara aðila, og hans umsögn fengin við mótun þessara reglna. Hér er um að ræða að mínum dómi að fela bankaeftirlitinu stefnumótun eða leiðsögn við útlánareglur. Ég met störf bankaeftirlitsins með þeim hætti að því beri að fylgjast með að yfirstjórnir bankanna starfi skv. þeim lögum og reglum sem þeim eru settar, hvort heldur það er Alþingi, stjórnarráðið eða þá bankaráð sem setur bankastjórum reglur. Mér finnst hins vegar eðlilegt að þær almennu reglur, sem bankaráðið setur í sambandi við lánveitingar, séu látnar bankaeftirlitinu í té, sendar því, og bankaeftirlitið meti hvort það gerir í upphafi athugasemdir eða ekki, og það hefur reglurnar til að styðjast við þegar það fylgist með starfsemi viðkomandi stofnunar, með hvaða hætti starfsemi hennar fer fram og hvort farið sé að þeim lögum og reglum sem settar hafa verið.

Ég tel þess vegna skynsamlegra að orða þetta eins og ég legg til á þskj. 1320. Ég geri mér ljóst að fyrir flm. vakir fyrst og fremst að tryggja eftirlit það sem bankaeftirlitið fer með, en ekki það að fela því einhver stjórnunarstörf í bönkunum, og ég tel að það sem fyrir þeim vakir sé fullkomlega tryggt í sambandi við þá brtt. sem ég flyt á þskj. 1320.

Á þskj. 1259 flytur hv. 3. þm. Reykv. 11 brtt. sem hann gerði hér grein fyrir áðan. Hann lagði fram fsp. til mín varðandi sér í lagi 2. brtt., varðandi erlendar skuldir banka og hvort það væri ekki rétt, sem hann héldi, að þær væru meiri en eiginfjáreign bankanna. Hér held ég að viðkomandi geri sér ekki nægjanlega vel grein fyrir því að þau erlendu lán sem bankarnir taka eru endurlánuð að langmestu leyti og það sem út af stendur er miklu, miklu lægri upphæð heldur en eigið fé viðkomandi peningastofnana. Það er óraunhæft að kanna hver erlenda lántakan er og gera samanburð á henni og eiginfjárstöðunni án þess að gera sér grein

fyrir því að hér er í flestum tilfellum um að ræða erlenda lántöku sem er endurlánuð til aðila hér á landi.

Þá gerði hv. 3. þm. Reykv. grein fyrir brtt. sem hann flytur ásamt hv. 1. þm. Suðurl., frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi 5. gr. frv. Eins og fram kom í hans ræðu munu aðrir fjh.- og viðskn.-menn standa að baki þeirri till. Hann lagði þá spurningu fyrir mig hvort ég væri þeirri till. sammála og ég get mjög vel á hana fallist. Mér er ljóst hvað hér liggur að baki og ég get fyrir mitt leyti staðfest að þeir aðilar sem nú eru eigendur að bönkum geta aukið sitt hlutafé. Það er minn skilningur í sambandi við þetta.

Hv. þm. kom hér inn á bankaútibúin og vék að þeim ákvæðum sem í þessu frv. eru. Það er ljóst að þær reglur sem um þetta hafa gilt hafa gengið sér til húðar. Hér er verið að móta reglu sem að sjálfsögðu er ný og þess vegna liggur ekki nákvæmlega fyrir með hvaða hætti útfærsla þeirrar reglu yrði, en þegar talað er um fasteignir og annan búnað, þá er átt við það sem oft er nefnt varanlegir rekstrarfjármunir. Ég geri mér grein fyrir því að þetta þarf að athuga mjög vel, en það er fyrst og fremst sett hér ákvæði um að það húsnæði sem þessar stofnanir hafa á leigu skuli líka teljast með í þessu tilfelli til þess að fram hjá ákvæðinu verði ekki smogið með því að peningastofnanirnar eigi ekki fasteignir, sem þær starfa í, heldur leigi þær.

Þegar hv. 4. landsk. þm. gerði grein fyrir brtt. sínum hér áðan, sem sumar hverjar eru með þeim hætti að ég gæti fyrir mitt leyti á þær fallist þó að þær njóti ekki enn svo mikils stuðnings á Alþingi að meiri hluti næðist um þær, ræddi hann frá sínu sjónarmiði um fyrirkomulag á stjórnum opinberra stofnana. Af því að hann vék hér að einu ákveðnu fyrirtæki og einum ákveðnum banka og að þar hefði verið alþm. vil ég taka fram að ráðh. hefði að sjálfsögðu getað skipað formann fyrirtækisins formann í bankaráði og þá hefði Alþingi ekkert haft með málið að gera þó að í þessu tilviki hafi það verið alþm.

Hv. þm. vék að reikningum þessa ákveðna fyrirtækis og las út úr reikningunum ákveðna niðurstöðu sem ég skal ekki dæma um. En þar verðum við að gera greinarmun á útkomu fyrirtækisins annars vegar og svo þeim tryggingum sem bankinn hefur hins vegar. Nú hafa bankastjórar þessa banka opinberlega gert grein fyrir því að bankinn hafi tryggingu fyrir þeim lánum, sem hann hefur veitt, í eignum fyrirtækisins og eignum hluthafanna, þannig að reikningar fyrirtækisins þurfa ekki að sýna og sýna ekki skv. þessu þær tryggingar sem bankinn hefur fyrir þeim skuldum sem fyrirtækið er í.

Varðandi fsp. sem er framhald af fsp. frá því fyrr í vetur þá hafa, að ég best veit, þeir aðilar sem fara með eftirlit undir þessum kringumstæðum ekki talið ástæðu til að gera sérstaka athugun á því tilviki sem hér var að vikið.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri við þessa umr. Ég hef gert grein fyrir stuðningi við þær tillögur sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur flutt, þó með þeirri breytingu sem ég hef lagt til á sérstöku þskj., en hv. 1. þm. Suðurl., frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., gerði grein fyrir till. meiri hl. í framsöguræðu sinni áðan.

Ég endurtek þakklæti mitt til fjh.- og viðskn.-manna fyrir störf þeirra í sambandi við þetta frv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að segja mörg orð um þetta frv. Ég hefði viljað hafa ýmislegt á annan veg en það er en ætla ekki að ræða það nema lítillega.

Ég vil þó segja það í sambandi við leyfisveitingar eða möguleika fyrir bankana að stofna útibú, að fara skuli eftir eign bankanna og fastafjármunum, að það er athyglisvert að staðreyndin skuli vera sú að það sé bara einn banki sem hefur möguleika á því, ef frv. verður að lögum óbreytt, að stofna nýtt útibú. Þó að í öðru orðinu sé verið að tala um aukið frjálsræði þá sjáum við að verið er að herða í raun og veru mjög möguleikana á því að stofna útibú. Þannig getur háttað til á ýmsum stöðum á landinu að atvinnulífið þurfi á því að halda að slíkt útibú sé stofnað. Samkvæmt þessum lögum er ekki möguleiki nema fyrir einn banka að gera það. Ég hefði fellt mig miklu betur við að það væri hæstv. bankamálarh. sem gæfi út slíkt leyfi svo að reynt væri að hafa meiri stjórn á því en verið hefur nú um sinn.

Um þá ræðu sem hv. 4. landsk. þm. flutti hér áðan verð ég að segja að mér virtist hún bera það með sér að öll þessi mál væru í mikilli þoku fyrir honum. Hann talaði um að Alþingi ætti ekki að hafa neina menn í bankaráðum en samt sem áður átti Alþingi að vera eftirlitsaðili með bönkunum. Hvernig á það eftirlit þá að vera ef alþm. hafa ekki aðstöðu til þess að fylgjast þar með málum og krefja t. d. bankastjóra sagna, upplýsinga um hin ýmsu atriði? Mín reynsla er sú að bankaráðin séu í sjálfu sér fyrst og fremst eftirlitsaðili í bönkunum. Ég held að ýmislegt sem bæði fjölmiðlar hafa birt og ýmsir þm. hafa látið orð falla um hér á Alþingi varðandi bankana sé byggt á misskilningi vegna ókunnugleika á þessum málum.

En ég ætla ekki að ræða það frekar. Mitt erindi að þessu sinni upp í ræðustól var fyrst og fremst það að lýsa fylgi mínu við till. hæstv. viðskrh. því að ég sé ekki að það sé í verkahring bankaeftirlitsins að koma með tillögur um hvaða stefnu bankarnir taka í sambandi við sín útlán og aðra starfsemi. Það er eftirlitsaðili og á ekki að vera annað. Ég vil bara benda hv. þm. á það að þessi till. er, a. m. k. að mínum dómi, til verulegra bóta og ég styð hana heils hugar.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður né fara mörgum orðum um þær brtt. sem fluttar hafa verið af fulltrúum minni hl. fjh.- og viðskn. Ég vil þó taka fram um það efni, vegna till. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. og vegna þeirra ummæla sem hv. 4. landsk. þm. viðhafði af því tilefni, að fulltrúar Sjálfstfl. í bankamálanefnd lögðu til að ríkisbönkunum yrði breytt í hlutafélög. Um það varð ekki samstaða í nefndinni og, eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh., ekki meirihlutasamstaða á Alþingi. Það er hins vegar skoðun Sjálfstfl. að þetta væri eðlileg skipan. Það er ljóst að ríkisbankar verða ekki seldir í einu vetfangi en það væri frá mínum bæjardyrum séð æskilegt að gera þá að hlutafélögum. Um þetta hefur hins vegar ekki orðið samstaða. Það var að tillögu bankamálanefndar sem viðskrh. setti á fót sérstaka nefnd sérfróðra manna til þess að gera tillögur um uppstokkun og samruna í bankakerfinu. Meðan sú nefnd hefur ekki lokið störfum tel ég óþarft að gera frekari samþykktir í þessu efni, en ítreka eigi að síður stefnu Sjálfstfl. í þessu efni sem fram kom í bankamálanefndinni.

Varðandi tillöguna frá fjh.- og viðskn. á þskj. 1299,

sem ég gerði grein fyrir hér í upphafi, vil ég taka fram að hún miðaði að því, eins og hún var fram sett, að gefa þeim aðilum sem nú eiga hlutafé í viðskiptabönkum fimm ára frest til þess að laga sig að ákvæðum 2. málsgr. 5. gr. þar sem tæmandi er upp talið hvaða aðilar geti verið hluthafar í bönkum. Það hefur hins vegar orðið að samkomulagi að finna lausn á þessu vandamáli með öðrum hætti og ég tók það fram í framsöguræðu fyrir áliti meiri hl. að hann væri fús til þess að stuðla að lausn á þessum vanda með öðrum hætti, ef hugmyndir kæmu fram þar um, og sú hefur orðið raunin með þeirri brtt. sem flutt er á þskj. 1330 af okkur hv. þm. Svavari Gestssyni og hann hefur þegar gert grein fyrir. Hún felur það í sér að efnisákvæði 2. mgr. 5. gr., þar sem upp eru taldir þeir aðilar sem gerst geta hluthafar, eru felld niður. Þar með eru engar hömlur á því að þeir aðilar, sem utan þessarar skilgreiningar falla en eiga hlutabréf í núverandi bönkum, geti haldið því áfram og geti aukið hlutafjáreign sína í þeim bönkum eða öðrum, eftir því sem þróun mála segir til um.

Í stað þessa hefur verið skotið inn ákvæði í núverandi 3. mgr. þar sem kveðið er á um að allt hlutaféð skuli vera í íslenskri eigu, en megintilgangur 3. mgr. var sá að tryggja það sjónarmið, sem hefur verið ríkjandi, að bankarnir skyldu vera í eigu íslenskra aðila. Þetta er einfaldlega tekið fram berum orðum í brtt. þeirri sem flutt er á þskj. 1330 og með því tryggt það sjónarmið og enn fremur hagsmunir þeirra aðila sem utan garðs féllu.

Ég ítreka það að meiri hl. fjh.- og viðskn. stendur að þessari till. á þskj. 1330 og um leið er dregin til baka till. meiri hl. á þskj. 1299.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég lét mig hafa það að biðja um orðið undir ræðu hv. 4. landsk. þm. Ég hef ekki hugsað mér að ræða hér málefni Hafskips og hef enga heimild til þess, enda kannske óþarft að öðru leyti en því að mér fannst alger óþarfi að draga óþverramálflutning Helgarpóstsins inn í umræður á hinu háa Alþingi. Það sem var mest áberandi í þeirri grein, fyrir utan illkvittni og sóðaskap, var að birt var stór mynd af sökkvandi skipi með nafni og númeri. Það lýsir innræti viðkomandi ritstjóra betur en nokkur orð.

Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvers vegna þetta frv. er flutt vegna þess að það sem maður hefði helst viljað sjá í slíku frv. vantar í það. Ég ætla hins vegar ekki að fara yfir frv., aðeins nefna örfá atriði og brtt. sem hafa komið fram. Það er mín skoðun að vaxtaákvarðanir eigi ekki að vera teknar af bankaráðunum eins og gert er ráð fyrir í 21. gr. Það er mín skoðun að ríkisstj. eigi að marka ákveðna vaxtastefnu í þjóðfélaginu. Vextir eru ákaflega stór þáttur í efnahagslífinu og peningamálunum. Það finnst mér að ríkisstj. eigi að gera í samráði við Seðlabanka eins og er í núgildandi lögum. Það frelsi sem hefur verið í þessum efnum að undanförnu hefur ekki reynst til góðs, heldur þvert á móti. Hin gífurlega samkeppni um sparifé hefur orðið til þess að vaxtastigið hefur hækkað mjög. Ég vil einnig taka fram að mér finnst engin skynsemi í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. um það að bankaráðin þurfi að leita umsagnar hjá bankaeftirlitinu. Auðvitað má gefa bankaeftirlitinu allar upplýsingar um ákvarðanir vaxta, ef það verður niðurstaðan. Það er alveg sjálfsagt að senda þeim niðurstöðuna.

Í þessu frv. er að mínum dómi margt einkennilegt. T. d. segir í sambandi við ákvörðun vaxta hjá bankaráðunum í 22. gr.: „Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir." Hvers konar grein er þetta eiginlega? Það er eins og það sé ekki til sími hér í höfuðstaðnum. Það er ekkert auðveldara en að krunka sig saman um þessa hluti þó að það sé ekki gert á opinberum vettvangi. Þetta er auðvitað ekkert annað en hreint grín.

Sama er að segja um 26. gr. Þar segir: „Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar." Hver er reyndin í þessu? Það er fjöldi fyrirtækja hér úti í bæ sem eru að keppast við að selja og kaupa alls kyns verðbréf. Hvað á þá að vera að setja svona lagað inn í lög af þessu tagi?

Herra forseti. Það eru ýmis atriði sem mér hugnast heldur illa í frv. Það er kannske fyrst og fremst spurningin um það hvort okkur vanti banka. Nauðvantar Íslendinga banka? Halda menn að sparifjáraukning verði þó að við fjölgum bönkum? Nei, það er nokkuð föst stærð. Jafnvel þó við bætum við tíu bönkum, þá draga þessir bankar ósköp einfaldlega frá þeim sem fyrir eru. Það er einn aðalgallinn í íslenska bankakerfinu að bankaeiningarnar eru allt of smáar. Þær ráða ekki við að fjármagna stór fyrirtæki. Miklu nær væri að fækka bönkum og gera bankana öflugri, sameina þessa minni hlutafélagabanka hér úti í bæ og hafa kannske samtals í hæsta lagi fjóra banka. En núna eru þeir sjö. Og með þessu háttarlagi, að stefna að fjölgun banka eins og gert er með þessu frv., eitt aðalatriðið í þessu frv. er að fjölga bönkum, vaknar sú spurning hvað verði eftir af frv. ef það er tekið út. Svo sem ekki neitt. Þetta er kjarnaatriði. Og það er og verður til bölvunar. Ekki vegna þess að ég sé á móti frelsinu út af fyrir sig, þó að það hafi ekki reynst vel, heldur af því að þá er ósköp einfaldlega verið að dreifa þessu takmarkaða fjármagni sem við höfum til útlána. Svo einfalt er það.

Í þessu frv. eru m. a. ákvæði um það að erlendir bankar megi setja hér upp umboðsskrifstofur. Eins og það er orðað í frv. virðist þetta vera afar saklaust. En til hvers er þá verið að hafa þetta hér? Ég er á móti þessu ákvæði sem leiðir til þess fyrr eða síðar að erlendir bankar fara að hefja umsvif hér á Íslandi. Það leiðir til þess. Ég er þess vegna á móti þess konar ákvæði.

Það má auðvitað taka fjölmörg önnur atriði hér fyrir. En ég vil vera í þeirra hópi sem stytta mál sitt vegna ákveðins samkomulags um þinghaldið. En ég verð að segja það að lokum að ég er ekki viss um að a. m. k. eins og sakir standa sé það skynsamlegt að auglýsa það í bönkunum hverjir skulda hverjum hvað, að þar verði nafnalisti, jafnvel með myndum, um það hvað hver skuldar í hverjum banka. Það getur verið að takmarka þurfi eitthvað hæstu útlán og lán sem stefna í það að verða óeðlileg miðað við stærð lánastofnunarinnar. En það er aftur allt annað mál. Þarna er verið að fara að mínum dómi út á allt aðrar brautir en við höfum tíðkað í langan tíma.

Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvernig ég á að fara að því að greiða atkvæði um þetta plagg í heild. Ég hef ekki áhuga fyrir því og ég hef ekki áhuga fyrir þeim breytingum sem í því eru. Þær eru auðvitað misgóðar þannig að ég gæti hugsað mér að samþykkja

einstakar fáar greinar. En að mínum dómi er hér stefnt til rangrar áttar. Það er verið að fjölga bönkum, það er verið að fjölga útibúum, hvað svo sem menn segja um takmarkanir í þeim efnum. Það er ekki mikill vandi að fixa það, fyrir menn sem kunna vel sitt bókhald, að opna svo sem eins og nokkur útibú. Það verður ekki vandamál. Með þessu frv. er verið að auka útþenslu bankakerfisins og er fyrir löngu nóg komið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fullltrúi nýja flokksins flutti hér ræðu áðan. Og það er svo stundum með þetta nýja að það er eins og sagan sé því ókunn. Þekkingarleysið á fortíðinni hefur það í för með sér að menn virðast hálf áttavilltir á því hvert þeir séu að stefna, hvert þeir eigi að stefna, enda er mér óskiljanlegt hvernig sá maður sem ekki veit hvaðan hann kemur telur sig vita hvert hann sé að fara. Það kom þess vegna ekki annað til greina en að kynna hér í örfáum orðum sögu bankamála á Íslandi.

Það er rétt að byrja á því að Landsbanki Íslands er stofnaður með lögum 18. september 1885. Helstu ákvæði þeirra laga voru þessi: Landssjóður leggur fram 10 000 kr. til þess að koma bankanum á fót. Enn fremur leggur hann bankanum til starfsfé, hálfa milljón króna í landssjóðsseðlum, sem greiðast smám saman, eftir því sem bankinn þarf þeirra með. Ég les hér upp, með leyfi forseta, úr grein Klemensar Tryggvasonar í bókinni Saga Alþingis, fimmta bindi:

„Þegar liðin eru fimm ár frá stofnun bankans skal hann greiða landssjóði vexti, 1% árlega af upphæðinni og leggja 2% af henni í varasjóð.

Æðsta stjórn bankans er í höndum landshöfðingja en daglega stjórn hans annast einn framkvæmdastjóri, skipaður af landshöfðingja, og tveir gæslustjórar, sem Alþingi kýs, sín deildin hvorn, til fjögurra ára."

Sem sagt, framkvæmdavaldið skipar bankastjórann en Alþingi kýs gæslustjórana sem eru sambærilegir bankaráði að mörgu leyti.

En það gerist svo aftur á móti 1902 að í Nd. Alþingis Íslendinga er samþykkt að leggja þennan banka niður — leggja þennan banka niður vegna þess að það voru menn með svipaðar hugmyndir og hv. 4. landsk. þm., gamlar hugmyndir frá 1902, sem lögðu til að bankinn yrði lagður niður. En í Ed. var brtt. frá landshöfðingjanum samþykkt og bankinn fékk að halda áfram að starfa.

Hver var nú ástæðan fyrir því að menn vildu leggja bankann niður? Jú, það var draumurinn um hlutafélagsbankann, sem hv. 4. landsk. þm. var að tala um, hlutafélagsbankann sem fullnægði öllum þessum skilyrðum, að stjórnmálamennirnir hefðu þar engin áhrif og engin völd. Það væru hinir sterku fjármálamenn sem mörkuðu stefnuna og sæju um að þjóðin tapaði ekki.

Íslandsbanki er stofnaður 7. júní 1902 með einkarétti til seðlaútgáfu í 30 ár. Við skulum örlítið víkja að því hvaða upphæðir er verið að tala um þegar hann er stofnaður, hvort þá er verið að tala um 10 þús. kr. eða eitthvað meira. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér úr Stjórnartíðindum fyrir Ísland á bls. 382 þar sem greint er frá lögum um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi. Ég les 2. gr. þessara laga:

„Hlutafé bankans skal eigi nema minna en 2 millj. kr. og eigi vera meira en 3 millj. króna. Stofnendur bankans skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 1. gr."

Þarna var fjármagnið, þarna var hlutafélagsformið, þarna var það kerfi sem hv. 4. landsk. þm. er að tala um að sé hið eina rétta í dag. Hvað er þetta gamall flokkur, þessi nýi flokkur sem hv. 4. landsk. þm. hefur álpast inn í? Hann er í það minnsta frá 1902, það fer ekki á milli mála. En er hægt að koma sér undan því að ræða það hvernig lokaútkoman varð hjá þessum banka sem átti að tryggja það að nægilegt fjármagn væri fyrir atvinnulífið í landinu, átti að tryggja það að þjóðin tapaði ekki á bankarekstri? Það verður enn að halda áfram með söguna, herra forseti.

Ég vil lesa hér upp úr lagasafninu frá 1930. Það er örlítið farið að lækka risið á hlutafjárbankanum með stóru upphæðirnar og fjármálaséníin sem stjórnuðu. Það er III. kafli um Íslandsbanka, 11. gr.:

„Ríkissjóður leggur Íslandsbanka 3 millj. kr. sem forgangshlutafé og greiðist fé þetta af núverandi skuld Íslandsbanka við ríkissjóð."

Hver kannast við töluna 3 millj. áður í upplestrinum? Var það ekki hið upprunalega hlutafé sem átti að hámarki að vera 3 millj.? Ég held áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Hlutafjárframlag ríkissjóðs, það er ræðir um í 11. gr., er bundið eftirfarandi skilyrðum: a) Að lagt verði fram a. m. k. 1.5 millj. kr. forgangshlutafé með hlutafjársöfnun innanlands af öðrum en aðallánardrottnum bankans."

Sem sagt, það er óheimilt að breyta skuldunum í inneignunum í hlutafé. Ég les áfram, með leyfi forseta:

„Samþykki fjmrh. þarf til þess að þetta forgangshlutafé megi fara fram úr 2 millj. kr. b) Að hagkvæmir samningar fáist við aðallánardrottna Íslandsbanka erlendis um greiðslu núverandi skulda bankans til þeirra, þannig að eigi minna en 4.5 millj. af þeim skuldum verði annaðhvort forgangshlutafé í bankanum eða gangi næst forgangshlutafé um áhættu. Af þessari upphæð fari þó forgangshlutafé ekki fram úr 1¼ millj. kr.

13. gr. Núverandi hlutafé Íslandsbanka skal afskrifað sem tapað og hlutabréfin fyrir því felld úr gildi."

Veit hv. 4. landsk. þm. ekki hve margir Íslendingar töpuðu á þessu ævintýri, hve innistæður margra Íslendinga voru rústaðar og gerðar að engu? Veit hann ekki að ríkissjóður mátti ganga í ábyrgðir til þess að greiða upp erlendu skuldirnar?

Síðan 1902 hafa ekki margir þorað að standa hér upp og segja: „Við eigum að leggja niður Landsbanka Íslands." Þó virðist hv. 4. landsk. þm. reiðubúinn til að leggja það til að Landsbankinn verði lagður niður því að auðvitað er sá banki lagður niður sem breytt er úr ríkisbanka í hlutafélagsbanka. Það er annar banki.

Ég hygg að það væri fróðlegt fyrir hv. 4. landsk. að lesa afmælisritið sem Útvegsbankinn gaf út þar sem Ólafur Björnsson greinir frá örlögum Íslandsbanka. Að vísu er þar reynt að bera í bætifláka fyrir bankann og talað um að íslensk stjórnvöld hafi ekki verið honum næginlega vinveitt. En bestar upplýsingar um stöðuna voru nú samt á hvaða verði hlutabréfin voru skráð í kóngsins Kaupmannahöfn. Mig undrar það þegar menn eru slegnir slíkri blindu að þeir koma hér upp og halda því fram að til að tryggja hagsmuni Íslendinga, almennings í landinu, eigi þjóðin að selja stærsta og verðmesta banka landsins, afhenda hann fjármagnseigendum. Er

þetta jafnaðarmannaflokkur eða skyldi það hafa atvikast þannig að nafnið passar ekki við stefnuna sem flokkurinn hefur tekið upp, stefnuna frá 1902? Ég kannast ekki við að þeir sem þar skrifuðu undir nál. hafi verið jafnaðarmenn.

Auðvitað geta menn sagt að á kvöldfundi sem þessum sé sjálfsagt að stjórnarsinnar þegi og svari ekki þeirri vitleysu sem kemur fram í ræðum manna af því að það sé búið að gera samkomulag á samkomulag ofan. En er það ekki líka ábyrgðarhlutur að gera enga grein fyrir sögulegum staðreyndum þessara mála (**HBl:** Þær verða að liggja ljóst fyrir.) þegar það kemur í ljós að fulltrúi nýja flokksins er fulltrúi skoðana frá 1902 í Nd.? Það er enginn af gömlu flokkunum svo gamall. Þarna er í það minnsta 15 ára skekkja. Ég hygg að þeir hjá nýja flokknum þurfi að fara að kemba gráu hárin og fara að athuga hvort þeir hafi álpast til að taka upp hugmyndir sem eru miklu eldri en gömlu flokkarnir eru að burðast með.

Ég hygg að Bandalag jafnaðarmanna þurfi annað tveggja að gera, að yfirgefa nafnið, því það er ekki í samræmi við kenningar jafnaðarmanna á Vesturlöndum eins og þær almennt blasa við, eða breyta um stefnu — eða að taka þá ákvörðun, sem forráðamenn Íslandsbanka tóku, að gefast upp og hætta vegna þess að stefnan var komin með þá í blindgötu og viðurkenna pólitískt gjaldþrot þeirra nýju kenninga sem hér var verið að boða en reynast vera frá 1902.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég skil betur núna hvað hæstv. viðskrh. var að tala um þegar hann sagði að ekki væri einhugur um það hér í þinginu að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Hann átti við að einn flokkur, einn af fornu flokkunum, gengi hér enn þá um, allavega hvað andann varðar, í sauðskinnsskóm og þess sæi engin merki að hann hefði áttað sig á því að nú væru nýir tímar. Ég sagði einu sinni í vetur að Framsfl. hefði verið í þrjá daga á ársfundi í fyrra á Akureyri og uppgötvað þar nýsköpun í atvinnuháttum og stokkið 300 ár fram í tímann. Ég held að það hafi verið oflof. Ég tek þau orð aftur. Ég held að hann sé enn þá aftur í öldunum. Það kom greinilega í ljós af málflutningi hv. þm. Það er vel hugsanlegt að einn mesti styrkleiki ungrar stjórnmálahreyfingar sé einmitt að hafa losað sig við sauðskinnsskóna og reyna að horfa fram á veginn vegna þess að það er alveg eins hægt að draga lærdóm af samtímanum og reyna að ímynda sér hvernig hlutir séu nú og hvernig þeir muni verða eins og að horfa sífellt til fortíðarinnar um alla hluti og öll skref sem maður stígur.

Hvað svo sem gerðist í íslenskri pólitík og íslenskri hagsmunagæslu árið 1902 þá er ég sannfærður um það, og ég endurtek það, að núna, 1985, væri það einhver stórkostlegasta hreingerning, sem hægt væri að gera í íslenskum stjórnmálum, að taka þessar þrjár stærstu peningastofnanir þjóðarinnar undan flokkspólitísku poti og undan flokkspólitískri hagsmunagæslu manna eins og þess hv. þm. sem talaði hér áðan. Það sýnist mér augljóst af dæmunum, bara þeim dæmum sem hafa komist upp á yfirborðið, við vitum ekkert hversu mörg dæmi það eru sem samtryggingin hefur aldrei birt fólki og sem aldrei hafa náð að verða lýðum ljós, vegna þess að það eru ekki bankaráðsmennirnir sem koma fram á völlinn og segja frá því hvernig gengur. Við eigum það oftar undir því hvernig duglegum blaðamönnum gengur að komast að hinu sanna. Af þeim dæmum sem við höfum um það hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig er ég alveg sannfærður um það að ef okkur á að takast að byggja hér upp í framtíðinni einhvers konar samfélag eins og ég hélt að Framsfl. hefði uppgötvað á ársfundinum í fyrra, þá verður það grundvallaratriði að taka peninga- og lánastofnanir landsins, ekki bara bankana heldur alla sjóðina, undan flokkspólitískum ítökum og flokkspólitískum afskiptum, vegna þess, eins og ég segi, að þó að menn hali inn ákveðinn fjölda atkvæða í kosningum til löggjafarþings þá er ekkert sem réttlætir það að þeir framlengi þá anga inn í stofnanir framkvæmdavalds eins og banka, verksmiðjur og aðra þá starfsemi sem heyrir til nútímasamfélagi. Og hverju sem þeim tókst að klúðra árið 1902 og hvað sem ævisöguritari Framsfl. kann að grafa upp úr þeim skræðum, þá er ég alveg jafnsannfærður um það og ég hef verið að það er mesta hreingerning og mesta bót sem hægt er að gera á íslensku efnahagslífi og íslenskri pólitík að skilja þarna á milli.

Hvað varðar orð hv. þm. um jafnaðarmennsku þá stendur það alls ekki fyrir jafnaðarmennsku í minni orðabók, Bandalag jafnaðarmanna hefur allavega ekki skrifað það í sitt testament, að það eigi að hafa flokkspólitísk afskipti af peningum og vinna að þeim málum eins og hér hefur verið unnið að þeim á undanförnum árum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér er ljóst að það var uppi heimspekingur sem talaði um þrískiptingu valdsins, í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald. Það breytir engu um þá staðreynd að í okkar landi búum við við þingbundna stjórn, þingið ber ábyrgð á ráðherrunum. Við byggjum á þeim kenningum. Við búum við það að borgarstjórn Reykjavíkur kýs menn í ráð og nefndir út um allt til að stjórna sínum málum, til að stjórna BÚR m. a.

Ég tók eftir því að hv. 4. landsk. þm. sagði að ekki stæði í hinni helgu bók BJ að það ætti að skipta sér af fjármunum, þm. ættu að skipta sér af fjármunum. Pólitík er fyrst og fremst spurningin um það hvernig beri að ráðstafa fjármunum. Fjárlögin eru langstærsta pólitíska ákvörðunin sem tekin er á hverju einasta þingi. Má skilja þetta svo að BJ hætti að skipta sér af fjárlögum, hætti að greiða atkvæði undir slíkum kringumstæðum og upphefjist hér í helgidóm eins og englarnir, þm. þess séu of hreinir til að koma nálægt slíku?

En það kom hik á hv. 4. landsk. þm. að halda því fram að kennisetningar jafnaðarmanna almennt væru á þann veg að þeir væru á móti ríkisbönkum. Ég veit ekki betur en jafnaðarmenn hafi verið þó nokkuð miklir þjóðnýtingarsinnar á ýmsa vegu. Og mér er ekki ljóst hvenær ríkisbankar urðu vandræðagripir í hugum jafnaðarmanna. Er það kannske svo að BJ vilji skreyta sig með stolnum fjöðrum? Er það æra hinna gömlu jafnaðarmannaflokka, sem var nokkuð góð, sem á að vera yfirvarpið í titlinum fyrir stefnu sem er allt önnur? Hvers vegna kasta menn þá ekki í burt þessu nafni? Það er gamalt, það er gamalla flokka. Það á að berjast undir nýju nafni fyrir nýjan flokk. Það skyldi þó ekki vera að þeir séu á kosningaveiðum að reyna að hagnýta sér æru gamalla flokka á Norðurlöndum.

Hv. 4. landsk. þm. er kominn af fólki sem gekk á

sauðskinnsskóm. Forfeður hans gengu á sauðskinnsskóm. Þeir hafa kannske gengið á roðskóm líka. Og stundum hafa trúlega sumir þeirra verið svo fátækir að þeir áttu enga skó, gengu berfættir, eins og e. t. v. hendir enn hv. 4. landsk. þm. að hann striplast um berfættur. Alveg er það voðalegt að vera í sömu sporum og þessir menn fyrir kannske heilli öld. Engar framfarir. Það sækir að mér óhugur að svo illa skuli vera komið fyrir hv. 4. landsk. þm. að hann sitji svo fastur í fortíðinni að hann striplist stundum um berfættur eins og forfeður hans fyrir 100 árum eða kannske enn þá fyrr. En auðvitað gæti það gerst að það yrði framþróun, yrði raunveruleg framþróun, og hv. 4. landsk. þm. kynnti sér hvað væri gamalt, kynnti sér m. a. sögu bankamálanna og tæki ekki upp neinar gamlar hugmyndir, væri bara með nýjar hugmyndir, en álpaðist ekki til að koma hér inn í þingsali með hugmyndir frá 1902 sem biðu skipbrot 1930 með algjöru gjaldþroti. Mér finnst að nýr flokkur með gamalt nafn, með gamalt nafn að hluta til til að safna atkvæðum, þurfi að fara að gera það upp við sig hvort hann ætlar að skreyta sig þar með stolnum fjöðrum eða hvort hann ætlar að læra eitthvað af þeirri sögu sem jafnaðarmenn hafa verið að læra af og mótað sína stefnu eftir í kringum okkur. Ég vona bara að BJ komist í takt við nútímann og taki ákvörðun um það annaðhvort að skipta um nafn eða virða vissar grundvallarhugsjónir jafnaðarmanna.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Þetta er nú kannske hvorki staður né stund fyrir langar sögulegar útlistanir og til að fara í handritasafn Framsfl. Striplingatal hv. þm. styður líka þá skoðun mína að það sé kannske mál að linni og þinginu ætti reyndar að ljúka um næstu helgi eins og menn hafa verið að tala um. Mér heyrist málflutningurinn allur þannig gerður að það sé full ástæða til.

Vegna þess að hv. þm. gerði að umræðuefni jafnaðarmennsku bæði hérlendis og erlendis ætlaði ég að segja honum að hann geti sett það í sögusafn Framsfl. að í löndum í kringum okkur, á Vesturlöndum þar sem jafnaðarmenn hafa haft mikil áhrif, t. d. í Bandaríkjunum og í Bretlandi, ég segi í Bandaríkjunum vegna þess að þar hefur oft og tíðum svo áratugum skiptir ríkt miklu meiri jafnaðarmennska en menn hafa nokkru *sinni séð hér, í Bretlandi og ýmsum öðrum löndum* Evrópu, svo sem í Skandinavíu, er það alls ekkert inntak jafnaðarstefnu að fá að hola mönnum í bankaráð og að halda í það dauðahaldi að stjórnmálaflokkar hafi bein yfirráð og bein afskipti af peninga- og lánastofnunum landsins. Það sem menn leggja þar ríkasta áherslu á er að þingin setji þær almennar reglur fyrir fólk og fénað í þessum löndum sem tryggi í fyrsta lagi eftirlit með því að peningastofnunum sé eðlilega stjórnað, að þær séu opnar fyrir eftirliti embættismanna, þingmanna og almennings og að þær sinni öllum jafnt. Þetta er atriði sem hefur sérstaklega verið í umræðu núna á seinni árum með tilkomu nýrrar tækni. Það er enginn jafnaðarmannaflokkur svo vitlaus að gera það að inntaki stefnu sinnar á þessum tímum breytinganna að það sé alfa og omega að þeir ráði yfir peninga- og lánastofnunum. Þvert á móti. Eins og ég sagði áðan eru menn sammála um að það er hreingerning í pólitík að losa hinar almennu peninga- og lánastofnanir undan flokkspólitískum óþrifum. Stjórnmálamenn þurfa og eiga og mega hafa afskipti af peningamálum, eins og hv. þm. vék að, inni á þingi. Þar eiga þeir að taka stefnumarkandi ákvarðanir um það hvernig fé er varið í helstu málaflokka. Það er pólitík að taka afstöðu til þess t. d. hvernig menn vilja verja peningum í skólamál, í ýmsa opinbera þjónustu og ýmislegt sem getur komið öllum landsmönnum að gagni, setja almennar reglur. En að þeir geri tilkall til þess að sitja einhvers staðar í bankaráði og ákveða hvort Pétur eða Páll á að fá víxil eða lítið lán, það er alls ekki inntak jafnaðarstefnunnar.

Ég held að við verðum að láta staðar numið hvað þessa umræðu varðar. Það er augljóst að söguherra Framsfl. þarf að fletta upp á nýtt í jafnaðarstefnu sinni. Hins vegar sýnir þetta okkur óumdeilanlega að það er hið mesta óráð að reyna að kýla þetta mál hér í gegn næstum því á næturþeli. Þau mál sem verið er að fjalla um um þessar mundir, landbúnaðarmál, bankamál og ýmislegt fleira, eru stórmál í íslenskri pólitík. Og ég er viss um það að hér úti um allan þingsal sitja menn sem hefðu viljað segja miklu meira, gera grein fyrir miklu fleiri skoðunum en hafa komið hér fram. Það er á ábyrgð hæstv. ríkisstj. að hér eru mál keyrð í gegn án þess að menn fái að viðra skoðanir sínar, án þess að menn fái að láta koma fram öll þau sjónarmið sem óumflýjanlega hljóta að vera uppi í stórum málum eins og peninga- og lánapólitík og landbúnaðarpólitík. Ég minni á það að landbúnaðarmálið, þó vont sé, felur í sér mikla breytingu. Það var kýlt hér í gegnum Nd. á einum stuttum eftirmiðdagsfundi. Ég er viss um að þar hefðu fleiri viljað láta heyra í sér en gerðu. Það er kannske ágætt að það detta beinagrindur fram úr skápum núna þegar við tölum um viðskiptabankana. Hér datt ein og vafalaust eru fleiri sem hefðu átt fullt erindi til þess að detta.

ATKVGR.

Brtt. 1259,1, 1.—2. mgr. felld með 20:8 atkv.
Brtt. 1259,1, 3. mgr. felld með 22:8 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1259,2 tekin aftur.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1311,1 felld með 23:2 atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1289,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1330, 1—2 samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv.
Brtt. 1259,3 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 773,1 tekin aftur.
Brtt. 1289,2 samþ. með 23:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 24:6 atkv.
Brtt. 1311,2 felld með 24:1 atkv.
Brtt. 1259,4 felld með 21:9 atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1311,3 kom ekki til atkv.
Brtt. 1259,5 felld með 20:8 atkv.
10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1259,6 felld með 25:5 atkv.
12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 990,1 felld með 21:9 atkv.
19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1259,7 felld með 22:6 atkv.
Brtt. 1320 samþ. með 22:5 atkv.
Brtt. 1289,3, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 773,2 felld með 18:8 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 21:6 atkv.
22. gr. samþ. með 23:6 atkv.
Brtt. 1259,8 felld með 20:10 atkv.
23. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 773,3 felld með 22:9 atkv.
Brtt. 1259,9 felld með 24:5 atkv.
Brtt. 1289,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 990,2 felld með 23:10 atkv.
Brtt. 1259,10 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 773,4 felld með 21:11 atkv.
Brtt. 1289,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 21:8 atkv.
29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1289,6 (ný 30. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
31.—35. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1289,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1259,11 felld með 20:8 atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 773,5 felld með 20:12 atkv.
37. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
38.—39. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 773,6 felld með 21:8 atkv.
40. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1289,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
43.—50. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 773,7 tekin aftur.
Brtt. 1289,9 (ný gr., verður 51. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
52.—56. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 773,8 felld með 22:6 atkv.
Ákvæði til brb. I—III samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 773,9 tekin aftur.
Brtt. 1289,10 (viðbót við ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1311,4 felld með 29:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EBS, GE, JBH.

nei: MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PD, StG, SV, StH, SJS, SvG, GunnG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GSig, GeirG, NL, GJG, KÓ, GGS, HÁ, HBl, KP, KJóh, IG.

JS greiddi ekki atkv.
7 þm. (KH, KSK, PS, RH, FrS, GA, HG) fjarstaddir.
Brtt. 1299 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frv. 493. mál (þskj. 917, n. 1282 og 1286, 1281, 1287). – 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. við frv. til l. um sparisjóði. Nál. er á þskj. 1286.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á hennar fund komu fulltrúar viðskrn., bankaeftirlits Seðlabankans og Sambands ísl. sparisjóða.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og mælir meiri hl. með samþykkt frv. að samþykktum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. skilar séráliti og flytur einnig brtt.

Að meirihlutaálitinu standa Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Guðmundur Einarsson, Halldór Blöndal, Kjartan Jóhannsson með fyrirvara og Friðrik Sophusson.

Brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 1287 eru efnislega þær sömu og meiri hl. n. flutti við frv. til l. um viðskiptabanka.

Við 6. gr. er flutt till. þess efnis að þær fjárhæðir sem þar um getur varðandi stofnfé taki breytingum skv. ákvörðun ráðh. eins og greinir í tillgr. í því skyni að þessar fjárhæðir breytist í takt við almennar verðlagsbreytingar í þjóðfélaginu.

Önnur brtt. er við 3. mgr. 24. gr. þess efnis að sparisjóðsstjórn móti stefnu sparisjóðsins í vaxtamálum og enn fremur að hún setji reglur, að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra og bankaeftirlits, um lánveitingar sparisjóðsins. Um þetta hafa orðið umræður hér fyrr í kvöld í umræðum um viðskiptabanka. Hér er á ferðinni till. um sams konar ákvæði til þess að setja almennar reglur um útlán til einstakra aðila eins og þar var gerð tillaga um. Hæstv. viðskrh. hefur enn fremur flutt brtt. við þessa till. n. sem miðar að því að halda sömu skipan en losa bankaeftirlitið úr þeirri óþægilegu aðstöðu að veita umsögn fyrir fram, áður en endanleg ákvörðun er tekin, og í því skyni að gera eftirlitshlutverk þess skilvirkara og óháð fyrri ákvörðunum.

Í þriðja lagi er gerð till. um að í 30. gr. falli niður orðin „að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti."

Í fjórða lagi er flutt till. um að efnisákvæði 34. gr. falli niður eins og þau eru í frv., en inn komi nýtt efnisákvæði í 34. gr. sem kveði á um heimild sparisjóða til að starfrækja veðdeildir innan sinna vébanda.

Í fimmta lagi er gerð till. um að breyta ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 40. gr. í samræmi við það að efnisákvæði 34. gr. frv. verða skv. þessu felld niður.

Loks er í sjötta lagi flutt brtt. við 2. mgr. 65. gr. þar sem kveðið er á um sérstaka nefndarskipan við samruna sparisjóða og bankaeftirlitið losað undan tilnefningarskyldu í slíka nefnd.

Ég hef þá lokið, herra forseti, við að gera grein fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og þeim brtt. sem meiri hl. flytur.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég skipa einn minni hl. fjh.- og viðskn. varðandi frv. til l. um sparisjóði.

Frv. þetta hefur að geyma margvísleg ákvæði til bóta í sambandi við rekstur sparisjóða. Frv. hefur verið mjög lengi í smíðum og hefur að verulegu leyti áður verið lagt fram á Alþingi til kynningar þannig að þessi virðulega stofnun hefur haft tækifæri til þess að fara yfir þetta mál áður. Hins vegar er skotið inn í frv. nokkrum nýjum ákvæðum sem ég er á móti og valda því að ég get ekki tekið þátt í því ásamt meiri hl. að afgreiða þetta mál.

Það eru ákvæði um vaxtafrelsi sem fram koma í 24. gr. þessa frv. og eru hliðstæð ákvæðunum um vaxtafrelsi í 21. gr. frv. til l. um viðskiptabanka. Ég mun hvað sem öðru líður greiða atkvæði gegn þessari grein til að láta í ljós andstöðu mína við það frelsi fjármagnsins sem nú er verið að innleiða hér á landi. Ég vek sérstaka athygli á því að það skuli vera Alþb. eitt þingflokka sem lýsir andstöðu við það frelsi fjármagnsins sem núv. ríkisstj. hefur innleitt. Bæði Alþfl. og Bandalag jafnaðarmanna skrifa upp á þessi vinnubrögð að fjármagnsstofnanirnar sjálfar geti ákveðið vexti og kjör á sínum útlánum. Þetta segir sína sögu, herra forseti, um þá stöðu sem komin er upp hér á hv. Alþingi þegar tveir stjórnarandstöðuflokkanna kjósa, auk framsóknar, að fylgja íhaldinu í þessu frjálshyggjuofstæki.

Ég vil sérstaklega, herra forseti, mótmæla þessari grein frv. um sparisjóði. Síðan vil ég taka til umræðu 30. gr. frv. um sparisjóði og 26. gr. frv. um viðskiptabanka, en ég tel að bæði þessi mál séu nú hér til meðferðar vegna þess að þau eru í rauninni samkynja. Almenn mótmæli mín varðandi framlagningu málsins, sparisjóðafrv., eiga við á sama hátt og í sambandi við frv. um viðskiptabanka, þ. e. að seðlabankafrv. skuli ekki lagt hér fram. Ég tel það í rauninni algerlega óeðlilegt að hespa þessum málum hér í gegnum þingið og ég tel það yfirgang í ríkisstj. að keyra þau áfram með þessum hætti á þessu sumarþingi 1985.

Það var sérstaklega, herra forseti, 2. mgr. 30. gr. sem ég vildi gera að umræðuefni. Þar segir: „Sparisjóðum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.“ Svona hljóðar greinin eftir að hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur breytt henni að sinni tillögu. Í upphafi var orðalagið á þann veg að sparisjóðum og reyndar viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum af almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þessi orð „að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti“ eru felld niður og ég tel að það sé eðlilegur hlutur, það hefði verið óeðlilegt með öllu að miða heimildir í þessum efnum við það hvort menn auglýsa eða bjóðast til að taka við fjármunum. Þannig verður það að segjast að þetta ákvæði í frv. er auðvitað gallað.

Ég óttast það, herra forseti, að ekki líði langur tími áður en hingað koma inn í þingið á ný frumvörp um að breyta þessum frv. vegna þess hve mikil fljótaskrift er á afgreiðslu málanna hér. Ég lýsi ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutanum í þeim efnum. Það er ætlunin, herra forseti, að afgreiða hér samtals 123 greinar í þessum þremur frv. fyrir utan ákvæði til bráðabirgða. Þetta á að afgreiða núna á næturfundi. Það er gert ráð fyrir því að hér verði fundum fram haldið og lokið 2. og 3. umr. um þessi mál í nótt. Þetta eru auðvitað algerlega óeðlileg vinnubrögð og ég tel ástæðu til að mótmæla þeim mjög harðlega. Ég óttast að þessi vinnubrögð verði til þess að áður en langur tími líður komi hér inn frv. og jafnvel verði nauðsynlegt að setja hér brbl. til þess að breyta einhverjum flausturslegum afgreiðslum í þessum frumvörpum eins og þau liggja hér fyrir. Í þeim efnum lýsi ég allri ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta.

En ég kem aftur að 2. mgr. 30. gr. Þar segir að sparisjóðir og viðskiptabankar hafi einir heimild til að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, hafi einir heimild. Og í grg. með þessari grein í sparisjóðafrv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði 2. mgr. veitir sparisjóðum og öðrum aðilum, er til þess hafa lagaheimild, einkarétt á að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Lagaheimildir af þessu tagi eru þegar fyrir hendi í gildandi lögum um innlánsstofnanir, sbr. lög um einstaka banka, lög nr. 46/1937, sem m. a. fjalla um innlánsdeildir samvinnufélaga, lög nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands og póstlög nr. 31/1940 að því er varðar póstgíróstofuna. Skv. 10. gr. laga um Seðlabankann eru þessar stofnanir háðar eftirliti bankaeftirlitsins. Tilgangur þessa eftirlits er fyrst og fremst að gæta hagsmuna þeirra sem eiga innlánsfé í þessum stofnunum eða aðrar kröfur á hendur þeim. Þykir því rétt að kveða skýrt á um einkarétt þessara stofnana í þessu efni.“

Einkarétt, segir hér, og nákvæmlega sams konar orðalag er í grg. með 26. gr. frv. um viðskiptabanka. Þar segir: „Þykir því rétt að kveða skýrt á um einkarétt stofnananna í þessu efni.“

Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Það þýðir það að kaupþingin, okursjoppurnar, sem hafa verið að skjóta hér upp kollinum að undanförnu hafa ekki lengur, ef þetta verður að lögum, leyfi til þess að taka við peningum til geymslu eða ávöxtunar. Ég vil að það sé alveg skýrt að svona hef ég skilið þetta og ég hef ekki orðið var við það í umræðum um málið til þessa að menn hafi mótmælt þessum skilningi. Við 1. umr. málsins tók ég þetta sérstaklega fyrir og innti hæstv. viðskrh. eftir því hvaða skilning hann hefði á þessum ákvæðum, hvort hann teldi að kaupþingin gætu starfað áfram þrátt fyrir þessi ákvæði. Hann svaraði þessu ekki. Ég tel hins vegar alveg óhjákvæmilegt að fá svar í þessu efni og skýringu, því að eins og þetta stendur núna er ekki hægt að skilja textann öðruvísi en svo að verið sé að lögbanna kaupþingin, okurbúllurnar, banna þeim að taka við fé til ávöxtunar og geymslu, eins og stendur hér skýrum stöfum: „Þykir því rétt að kveða skýrt á um einkarétt þessara stofnana.“ Þó að flausturslega sé að þessari afgreiðslu staðið af hálfu hv. meiri hl. tel ég óhjákvæmilegt að þetta atriði verði dregið hér mjög skýrt fram vegna þess, herra forseti, að þessar okurbúllur eru núna að soga til sín sparifé sem ella hefði að einhverju leyti farið inn í bankana. Þar með er verið að draga úr möguleikum bankanna til að veita almenningi og atvinnuvegum þá þjónustu sem þeir eiga að veita. Hér er um stórhættulega þróun að ræða og þess vegna eru þessi frv. og meðferð þeirra auðvitað ekki aðeins gölluð vegna þess að seðlabankafrv. vantar heldur líka vegna þess að það vantar löggjöf um alla peningamálastarfsemi í landinu.

Ég minni á, herra forseti, í þessu sambandi að hér eru ekki til nein heildarlög um skuldabréf. Ég er sannfærður um að fólk er féflett í stórum stíl hér á landi vegna þess að engin heildarlög eru til um skuldabréf. Löggjafinn á auðvitað um leið og hann afgreiðir svona mál að afgreiða slíka löggjöf en það örlar ekki á þeim málatilbúnaði.

Þetta er svo stórt atriði, herra forseti, sem vikið er að í 30. gr. sparisjóðafrv. og 26. gr. bankafrv. að það verður að vera alveg skýrt hvað hér er átt við. Mótmæli hæstv. viðskrh. ekki skilningi mínum í þessum efnum,

þá lít ég svo á að Alþingi sé að taka ákvörðun um að loka okurbúllunum frá og með gildistöku þessara laga. Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi skýrt fram um leið og ég mæli fyrir áliti mínu sem minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sparisjóði.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Eins og fram kom hjá frsm. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Suðurl., flytur meiri hl. n. tillögur á þskj. 1287, tillögur sem ég er sammála að undanskilinni 2. brtt. Sú afstaða mín kom reyndar fram þegar rætt var um frv. um viðskiptabankana. Ég hef leyft mér á þskj. 1321 að leggja til sömu breytingu og þá með sömu rökum og ég rakti hér áður. Eins og ég sagði vakir að sjálfsögðu það sama fyrir meiri hl., sem flytur till. á þskj. 1287, og fram kemur hjá mér, að gera bankaeftirlitinu kleift að fylgjast með starfsemi þessara stofnana. En til að fyrirbyggja að þar gætu átt sér stað einhverjir þeir árekstrar sem ekki eiga að þurfa að verða taldi ég réttara það orðalag sem er á þskj. 1321.

Hér vék hv. 3. þm. Reykv. að 30. gr. sérstaklega í sparisjóðafrv., svo og 26. gr. Það liggur ljóst fyrir hvað átt er við með þeim greinum eins og þar stendur og verður ekki skýrt með neinum öðrum hætti en fram kemur við lestur þeirra greina. Ég tel að þar sé svo skýrt tekið fram hver sé hugsuð starfsemi þessara stofnana: geymsla og ávöxtun fjár og önnur þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti, að þar þurfi ekki neinnar skýringar við, né heldur hitt, að með túlkun þeirri sem fram kom hjá hv. þm. verði metið annað en það sem í greininni stendur.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég leyfi mér að endurtaka þakklæti mitt til nm. fyrir þeirra störf í sambandi við þetta frv.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta var nú óskýrt og loðið og ófullkomið svar hjá hæstv. ráðh. Hann sagði: Það á að skilja greinina eins og í henni stendur. Ég skil hana þannig að frá og með gildistöku þessara laga sé öðrum aðilum en þeim sem lögin kveða á um, sparisjóðum og viðskiptabönkum, óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Ég var ekki að tala um skuldabréfaviðskipti. Ég var ekki að tala um miðlun á fjármunum. Ég var að tala um það að skv. þessu er öðrum aðilum óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu eða ávöxtunar. En það er einmitt það sem sumir þessir aðilar hafa auglýst nú þegar í blöðum að þeir geri, Fjárfestingarfélagið jafnvel og Kaupþing og Ávöxtunarfélagið og ég veit ekki hvað þær heita þessar sjoppur allar. Það er talað um að þær taki við peningum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, það er alveg ljóst, taki við innlánum.

Að vísu er það þannig að því er varðar Kaupþing að þar er sá háttur hafður á að þetta er kallað fjárvarsla og gerist með þeim hætti, að sögn forráðamanna Kaupþings, að fjármunir eru ekki geymdir hjá Kaupþingi heldur er þeim komið í ákveðinn banka, og síðan er innistæðan í þeim banka notuð til að kaupa ákveðin skuldabréf eða hlutabréf á nafni viðkomandi innistæðueiganda. Þetta er því geymsla fjármuna fyrir hvern innistæðueiganda fyrir sig en ekki um það að ræða, að sögn, að innistæður séu teknar frá kannske 10—20 aðilum og síðan keypt skuldabréf eða hlutabréf af 10—20 aðilum úti í bæ þar á eftir. Það mun hins vegar tíðkast í öðrum fyrirtækjum, sem þessa starfsemi iðka, að þau taka við innlánum með beinum hætti.

Þar sem hæstv. viðskrh. hefur ekki mótmælt túlkun minni og skýringum á þessari grein hef ég verið að reyna að skýra hana samviskusamlega vegna þess að við sem hér erum, alþm., eigum að bera virðingu fyrir okkar verki og við eigum að vita hvað við erum að samþykkja. Ég hef farið yfir þetta. Ég hef rækilega tekið það fram að ég er að tala um innlán og ég hef dregið þá ályktun að ef þetta verður samþykkt si svona, þá er óheimilt að taka við innlánum hjá öðrum aðilum en sparisjóðum og viðskiptabönkum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1287,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—23. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1321 samþ. með 22:4 atkv.
Brtt. 1287,2, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PD, StG, SV, StH, GunnG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, NL, GE, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, IG.

nei: SJS, SvG, GSig, GeirG, GJG, KÓ, JS, JBH, KP, ÓÞÞ.

KJóh greiddi ekki atkv.
7 þm. (PS, RH, FrS, GA, HG, KH, KSK) fjarstaddir.
Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir nafnakalli um þessa grein til þess að afstaða okkar þm. Alþb. gæti komið skýrt fram í sambandi við vaxtafrelsið sem gerð er tillaga um í greininni. Ég segi nei.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Með þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð skv. till. viðskrh. tel ég að dregið hafi úr aðhaldsgildi þessarar greinar eins og nefndin hafði þó frá henni gengið og greiði því ekki atkv.

25.—29. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1287,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1287,4 (ný 34. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
35.—37. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1281 felld með 19:8 atkv.
38.—39. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1287,5 samþ. með 25:1 atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
41.—64. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1287,6 samþ. með 25 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
66.—72. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I–III samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 334. mál (þskj. 532, n. 1304, 1305). — 2. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. Í nál. á þskj. 1304 kemur fram að nefndin hefur rætt málið og gerir till. um breytingu á sérstöku þskj. og leggur til að málið verði þannig samþykkt.

Undir þetta skrifa allir nm. í félmn.

Brtt. er um að 1. gr. orðist þannig:

„Við 62. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum, sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma. Þar sem sérstakar matsnefndir hafa ekki verið skipaðar til að meta kaupverð slíkra íbúða við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða tilnefna hvor sinn mann í tveggja manna matsnefnd til þess að meta verð til seljenda þessara íbúða. Skal við matið taka fullt tillit til þeirra matsreglna sem gilt hafa við kaup íbúðanna. Óski sveitarstjórn eftir því er heimilt að endurfjármagna íbúðir þessar við endursölu skv. 49. gr. þessara laga. Sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þessum íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn. Um íbúðir þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á."

Þannig leggur félmn. til að 1. gr. orðist.

ATKVGR.

Brtt. 1305 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 102. fundur.

Þriðjudaginn 18. júní, að loknum 101. fundi.

Um þingsköp.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Áður en gengið er til dagskrár á nýsettum fundi vildi ég eindregið minna á mál sem lítið hefur komið til umræðu. Það er um selveiði. Ég tel það mjög við hæfi að minna á það mál núna eftir þær umræður sem urðu hér í dag, ýmsar upplýsingar um skaðsemi hringormsins og vöxt hans og viðgang í ódrepnum selastofni hér við landið, og ég vil eindregið hvetja forseta til þess að taka þetta mál hér til umræðu þannig að þingið fari ekki heim fyrr en gengið hefur verið frá selnum. (**Forseti:** Þessi ábending hv. þm. verður tekin til athugunar.)

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 1339). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:6 atkv. og afgr. til Ed.

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 1337). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem verið er að dreifa og er á þskj. 1338. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 9. gr. komi ný grein er hljóði svo:

Óheimilt er að kjósa alþingismenn í bankaráð ríkisviðskiptabankanna."

Ég vísa bara til umræðna sem urðu hér fyrr í kvöld um kosti og galla þessa fyrirkomulags og tel ekki þörf á að hafa um þetta mál sérstaka framsögu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf afbrigða við til þess að hún megi koma hér fyrir til umræðu og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1338) samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil við 3. umr. um frv. um viðskiptabanka lýsa ábyrgð á hendur ríkisstj. fyrir vinnubrögðin í þessum málum, bæði varðandi frv. um viðskiptabanka og frv. um sparisjóði. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum mjög harðlega þar sem meiri hl. beitir sér fyrir því að knýja þessi mál í gegn á síðustu dögum þingsins þegar mörg önnur mál liggja fyrir og ljóst er að þessi mál fá ekki nægilega vandaða meðferð.

Í fyrsta lagi bendi ég á að hér er um að ræða einhverja afdrifaríkustu löggjöf sem þetta þing hefur fjallað um. Það sem einkum kemur þar til er að hér er verið að taka ákvörðun um algert vaxtafrelsi peningastofnana. Bæði í frv. um viðskiptabanka og frv. um sparisjóði er gert ráð fyrir algeru vaxtafrelsi. Meiri hl. Alþingis er að renna niður frjálshyggjukreddunum í heilu lagi.

Í öðru lagi bendi ég á að samkvæmt þessum frv. er gert ráð fyrir algeru frelsi, eins og það er kallað, til þess að stofna útibú.

Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að hver sem er geti stofnað banka, að uppfylltum ákveðnum lagaskilyrðum, án þess að það mál komi til Alþingis.

Ég tel að hér sé verið að taka ákvörðun um mjög afdrifaríka þætti í okkar efnahagsmálastarfsemi og ég tel fulla ástæðu til að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð við að knýja þetta fram. Ég mótmæli því sérstaklega einnig, herra forseti, að frv. til laga um Seðlabanka Íslands hefur ekki séð dagsins ljós né

heldur frv. um peningamálakerfið almennt. Í ljósi þessa mun ég fyrir mitt leyti greiða atkv. gegn frv. um viðskiptabanka.

ATKVGR.

Brtt. 1338 felld með 26:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GE, JS, JBH, KJóh.

nei: GunnG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, GeirG, NL, GJG, KÓ, GGS, HÁ, HBl, KP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PD, StG, SV, StH, IG.

GSig, SJS, SvG greiddu ekki atkv.

7 þm. (FrS, GA, HG, KH, KSK, PS, RH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Alþm. er ekki bannað skv. lögum að taka að sér bankastjórastöður. Hins vegar hafa myndast um það óskráð lög að slíkt fari ekki saman. Að því er varðar setu í bankaráðum finnst mér að það sama eigi að gilda, það sé óeðlilegt að setja ákvæði í lög þar sem alþm. er meinuð seta í bankaráðum. Hins vegar skírskota ég til pólitísks siðgæðis í þeim efnum og held að við eigum að halda okkur við það, þannig að um þetta myndist einnig óskráð lög en þess þurfi ekki með að setja slíkt í lagabálka. Þess vegna segi ég nei.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég er fyllilega sammála því sjónarmiði sem fram kom hér hjá hv. þm. Ellert B. Schram um það að eðlilegast og réttast væri að um þetta væru óskráð lög sem menn fylgdu. Það hefur verið stefna Alþfl., og hann hefur hagað sér samkvæmt henni, að setja ekki alþm. í viðskiptabankana áratugum saman. Við höfum boðað þessa stefnu. Það hefur ekki borið árangur hjá öðrum flokkum og úr því að menn sameinast ekki um siðgæðishugmyndir af þessu tagi af fúsum og frjálsum vilja þá er náttúrlega eina ráðið að setja það í lög. Ég hefði að vísu kosið að orðalagið á tillögunni hefði verið svolítið öðruvísi, t. d. að alþm. væru ekki kjörgengir í bankaráð, frekar en að óheimilt sé að setja þá í þau. Engu að síður, með hliðsjón af því sem ég hef sagt um það að hin óskráðu lög hafa ekki náð fram að ganga, tel ég ekki annars kost en að setja þetta í lög og segi já.

Frv. samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HÁ, HBl, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP, PD, StG, SV, StH, GunnG, ÞP, ÞS, IG, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, NL, GGS.

nei: JS, JBH, KP, SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, GJG, KÓ.

ÓÞÞ greiddi ekki atkv.

7 þm. (HG, KH, KSK, PS, RH, FrS, GA) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hefði að vísu kosið að ýmsar fleiri af brtt. mínum hefðu náð fram að ganga og einnig er ég heldur ósáttur við það hvernig hæstv. viðskrh. barnaði eina grein í frv. á síðustu stundu. Engu að síður er hér um framfaraspor að ræða. Ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er skoðun mín að ákvörðun stjórnarliða á síðasta hausti um vaxtafrelsi sé misheppnaðasta og vitlausasta tímamótaákvörðun í efnahagsmálum þessarar þjóðar um langt skeið. Hér er haldið áfram lengra á sömu braut, auk annarra óæskilegra atriða sem í þessu frv. eru. Ég segi nei.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Með vísan til þess að felldar hafa verið þær brtt. sem ég hef borið fram við þetta frv. og augljóst er að það eru fleiri á sauðskinnsskóm en Framsfl. í þessum efnum, þá sé ég mér ekki fært að samþykkja þetta mál þar sem það framlengir um ófyrirsjáanlega framtíð það sem ég þekki verst í íslenska bankakerfinu. Því segi ég nei.

Sparisjóðir, frv. 493. mál (þskj. 1336 (sbr. 917)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan varðandi frelsi í vaxtamálum og útibúsmálum o. fl. vil ég vekja athygli á því að í gildi eru lög um Seðlabanka Íslands þar sem heimildirnar varðandi ákvörðun um vexti og reyndar útibúsmál eru allar fyrir hendi. Þetta sýnir náttúrlega hversu æskilegt það hefði verið að frv. um Seðlabanka hefði fylgt þeim frv. sem hér er verið að afgreiða. Eins og mál standa nú þá eru sem sagt, að samþykktum þessum frv. um sparisjóði og viðskiptabanka, í gildi tvenns konar ákvæði um þessi efni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 334. mál (þskj. 1334). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér skilst að í dag hafi verið gert samkomulag við þingflokka um þinglausnir og þær eigi að fara fram á föstudagsmorgun. Í því samkomulagi geri ég ráð fyrir að samið hafi verið um afgreiðslu á þeim málum sem ríkisstj. leggur áherslu á að fáist afgreidd á þessu þingi skv. forgangslista

hennar. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að það mál sem nú er ætlunin að taka á dagskrá, getraunir Öryrkjabandalags Íslands, sé á þessum forgangslista hæstv. ríkisstj. Og ég átta mig nú ekki alveg á því hvað knýr á um það að fara að taka fyrir mál, almennt mál hér klukkan að verða tvö að nóttu þegar fyrir liggur að um það er verulegur ágreiningur, bæði sem kom fram í n. og upplýst er að sé hér fyrir hendi í þinginu enn fremur.

Ég hef upplýst hæstv. forseta um það að ég hafi áhuga á að tjá mig um þetta mál og þurfi að gera það í allítarlegu máli. Ég ætlast til þess að ég fái tækifæri til þess þegar þingheimur er viðstaddur og ég geri kröfu um það að fá að tjá mig um málið þegar hæstv. dómsmrh. er viðstaddur en hann er flm. þessa máls. Ég vek athygli á því að ég hef ekki staðið að neinu samkomulagi um þinglausnir. Ég get því að sjálfsögðu rætt um þetta mál í nótt og á morgun, og um önnur mál ef því er að skipta. (**HBl:** Dómsmrh. er staddur hér í salnum, má ég benda á það.) Já, já, ef staðgengillinn gefur þær upplýsingar sem ég bið um þá er það ágætt og þá kemur það í ljós. En ég óska eftir því að hæstv. dómsmrh., sá sem undirbjó þetta mál og lagði það hér fram, sé viðstaddur þessa umr. Ég óska eindregið eftir því að þetta mál verði ekki tekið fyrir núna, með vísan til þeirra sjónarmiða og þeirra röksemda sem ég hef hér flutt um það að óeðlilegt sé að taka málið fyrir síðla nætur, það sé ekki á forgangslista hæstv. ríkisstj., um það muni verða allítarlegar umræður, nauðsynlegt er og óskað er eftir því af minni hálfu að þm. séu almennt viðstaddir og að hæstv. ráðh. Jón Helgason sé hér við umr. Þessa kröfu leyfi ég mér að bera fram og óska eftir því við forseta að hann fresti þessari umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég sé nú ekki betur en að hér sé tiltölulega vel mætt, a. m. k. miðað við stund sólarhringsins. Oft eru haldnar hér ræður yfir færri sálum í hv. Nd. heldur en nú eru hér viðstaddar. Ég vil benda á það, sé mönnum það ekki ljóst, að hér er á ferðinni stjfrv. og það er stutt af fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Ég legg til að við ljúkum umr. um þetta mál og sé reyndar ekkert því til fyrirstöðu að við gerum svo.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að um kvöldmatarleytið var haldinn fundur formanna þingflokka og forseta þar sem rætt var hvernig haga þyrfti þingstörfum ef mögulegt ætti að vera að ljúka þingi n. k. föstudag eins og ótvíræður áhugi þm. stendur til. Það sem af er þessum fundi hafa mál verið tekin til umræðu og afgreiðslu eins og rætt var á þessum nefndarfundi forseta og formanna þingflokka.

Það er líka rétt, sem hér hefur komið fram, að það frv. sem hér hefur verið gert að umræðuefni, Getraunir Öryrkjabandalagsins, er ekki á neinum forgangslista ríkisstj. Hins vegar hafa komið fram mjög ákveðnar óskir um að þetta mál fengist rætt. Til þess að hægt verði að verða við þeim óskum og ef við ætlum með góðri samvinnu allra þm. að ljúka þingstörfum n. k. föstudag, þá tel ég alveg nauðsynlegt að halda þessari umr. fram núna. En ég vil engu spá um hvort það takist að afgreiða þetta mál endanlega í þinginu. En sem sagt, ég tel eðlilegt að halda umr. áfram, það er ágætlega mætt hér í þd. (**Gripið fram í:** Eins og er.) Já, eins og er. Ég ætla ekkert að spá um það hversu lengi menn endast, það fer eftir því hvað menn halda skemmtilegar ræður og kannske hvað langar. En ég tel að það eigi að halda umr. áfram, það er í samræmi við það sem um var talað á nefndum fundi. En um leið viðurkenni ég náttúrlega að hv. þm. Ellert Schram telur sig ekkert bundinn af því sem ég kann að semja um fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það getur nú enginn haldið því fram að ég hafi tafið mikið fyrir þingstörfum hér í vetur. (**Gripið fram í:** Ekki í fyrra allavega.) Og ekki heldur í fyrra, það er rétt hjá hv. þm.

En þá loks að ég kveð mér hér hljóðs og hef áhuga á því að fjalla hér um mál, sem ég tel að varði miklu hvernig ræðst og hvernig afgreitt verður, finnst mér það ekki til of mikils mælst þó að tekið sé tillit til þess að ég óska eftir því að þetta mál sé ekki tekið fyrir klukkan að verða tvö um nótt, að fjarstöddum hæstv. flm. frv.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég skírskota til forseta varðandi þessa ósk mína. Ég tek fram að ég hef ekki tekið þátt í neinu samkomulagi um þinglausnir og er að sjálfsögðu ekki hér að koma í veg fyrir að þetta mál sé tekið til umræðu á þinginu. Það verður auðvitað að ráðast hvort málið fái umræðu og afgreiðslu á venjulegum þingfundartímum. Við höfum enn þá tvo daga til stefnu og það er ekkert því til fyrirstöðu að málið fái hér eðlilega afgreiðslu á morgun og á fimmtudag ef þingheimur sameinast um það. En mér finnst ósanngjarnt og óeðlilegt að ætlast til þess að ég flytji hér ítarlegt mál um miðja nóttu þegar það liggur ljóst fyrir að þm. munu hvað úr hverju fara að tínast héðan úr þingsalnum.

Ef þeir hins vegar treysta sér til þess að sitja hér undir tveggja til þriggja tíma ræðu þá er sjálfsagt að reikna með því. Ég hef sem sagt borið þessa ósk fram og ítreka það, herra forseti, að tekið verði tillit til hennar af þessu gefna tilefni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það gerist ærið oft að formenn þingflokka semja um mál og er það góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Það er þó staðreynd að þeir hafa ekki umboð skv. þingsköpum til að semja um málfrelsi þm., hvorki í sínum flokkum né annarra. Og þó að ég fúslega viðurkenni að þeirra samningar greiða stundum fyrir málum í þinginu, þá vil ég undirstrika að skv. þingsköpum er öllum þm. ætlaður sami réttur. Og hér hefur komið fram ákveðin ósk um að ákveðið mál verði ekki tekið til umræðu.

Það er hafinn nýr dagur eins og menn vita og mikil spurning hvort eðlilegt sé eða skynsamlegt, sé horft á vinnu þess dags í samhengi sem einhverja heild, að keyra hér fram umræður um þetta mál í trássi við yfirlýstar óskir um frestun, studdar þeim rökum að 1. flm. málsins er ekki til staðar.

Ég vil vekja á því athygli að hér eru ýmis mál sem bíða eftir umr. í deildinni. M. a. er það 9. mál á þeirri dagskrá sem var hér á 101. fundi, þ. e. grunnskólar. Það virðist því vera af nægu að taka til umræðu ef forseta er það mikið kappsmál að halda áfram fundi á þeim degi sem nú er hafinn. En mér sýnist hitt ekki skynsamlegt og ég hvet eindregið þá kappsfullu formenn stjórnmálaflokka til að gera sér grein fyrir því að þeir skjóta yfir markið ef þeir ætla að þvinga fram þessa

umræðu þrátt fyrir þá beiðni sem hér hefur komið fram.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er ljóst að hér er uppi alvarleg staða í þinginu. Það samkomulag sem gert hefur verið um þinglok nær ekki til eins heils þingflokks, þar sem er hv. þm. Ellert B. Schram og hugsanlega hv. skrifari vor virðulegur einnig. En ég vil lýsa mig reiðubúinn, vegna þeirra orða sem hér féllu, til þess að sitja undir ræðum hv. þm., hversu langar sem þær verða. Ég tel að hann hafi ekki efnislegar ástæður nú í dag fremur en endranær til þess að væna hv. þdm. um það að þeir muni ekki sinna sínum skyldustörfum.

Hér hafa legið fyrir nál. í þessu máli alllengi, við erum í miðri umræðu um þetta mál, herra forseti, og ég held að okkur hafi verið sýnt það brattara heldur en það þó að við höldum þeirri umræðu áfram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hv. 6. þm. Reykv. spyr hvað knýi á um það að taka mál til umræðu. Það er auðvitað alveg ljóst að við erum að ýmsu leyti komin í erfiða stöðu um að ljúka öllum þeim mörgu málum sem eru m. a. á þessari dagskrá okkar nú og ýmsum öðrum málum sem menn vilja gjarnan ræða og ljúka áður en þingi lýkur. Það er þetta sem knýr á um það að taka mál til umræðu jafnvel að kvöldlagi og að næturlagi.

Hins vegar vill forseti taka það skýrt fram að hv. 6. þm. Reykv. hefur farið fram á það, borið fram þá eðlilegu ósk að þetta mál, sem hann ber fyrir brjósti, verði ekki rætt að þessu sinni. Og forseti telur ekki eðlilegt af sinni hálfu að fara að knýja á um það, þegar svo ákveðin mótmæli koma fram frá hv. þm., að taka þetta mál nú fyrir. Þess vegna verður orðið við þeirri ósk að þetta mál verði ekki rætt hér á næturfundi og það er hér með tekið út af dagskrá og önnur mál sem hér eru koma ekki frekar fyrir. Ég vona að það semjist þá um það fremur á morgun að við reynum að ganga hyggilega til starfa þann tíma sem við eigum eftir.

Efri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 19. júní, kl. 2 miðdegis.

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 1337). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Hér er nú til 1. umr. frv. til l. um viðskiptabanka. Þegar þetta frv. var til umræðu í hv. Nd. gerði ég ítarlega grein fyrir frv., aðdraganda þess og þeirri vinnu sem lögð hefur verið í það á undanförnum árum varðandi endurskoðun á bankakerfinu. Það er nokkuð langt síðan gerð var skýrsla nefndar sem þáv. viðskrh. Lúðvík Jósepsson skipaði í sambandi við bankamálin. Hins vegar er hér um að ræða fyrst og fremst afrakstur af vinnu nefndar sem hæstv. viðskrh. Tómas Árnason skipaði og var endurskipulögð á árinu 1983.

Í greinargerð með frv. er vikið að þeim höfuðatriðum sem um er að ræða varðandi breytingar á málefnum viðskiptabankanna og má þar benda á að horfið er frá þeirri skipan með þessu frv. að binda starfsemi hvers viðskiptabanka að verulegu leyti við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunasamtök eins og nú er gert í lögum allra viðskiptabankanna nema Landsbankans.

Þá gerir þetta frv. ráð fyrir að bankar verði aðeins reknir sem ríkisviðskiptabankar eða sem hlutafélög.

Þá er í frv. gert ráð fyrir breytingum í sambandi við útibú og með hvaða hætti bankar geti stofnað til útibúa, en eins og kunnugt er er það skv. lögum nr. 10/1964 háð leyfi viðskrh. eftir umsögn Seðlabankans. Það er ljóst mál að það fyrirkomulag sem gilt hefur hefur runnið sitt skeið og í frv. er gerð tillaga um að viðskiptabankar sem nota meira undir sína starfsemi en sem svarar 65% af eigin fé geti ekki aukið á starfsemi sína með nýju útibúi. Það er sem sagt efnahagsleg staða bankans sem segir til um það og þá liggur það í hlutarins eðli að nýta það svigrúm með e. t. v. fleiri en minni útibúum til þess að lenda ekki yfir það mark sem sett er.

Þá er það ákvæði að bankastjórar viðskiptabankanna geti ekki setið í stjórnum annarra stofnana eða atvinnufyrirtækja. Það er hert.

Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir að viðskiptabankar ákveði sjálfir sína inn- og útlánsvexti og önnur þjónustugjöld.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að allir viðskiptabankar hafi rétt til að versla með erlendan gjaldeyri án sérstaks leyfis.

Þá er gert ráð fyrir í frv. að viðskiptabönkum sé heimilt að kaupa hlut í almenningshlutafélögum eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög. Hér er um nýja heimild að ræða fyrir viðskiptabanka.

Þá er gert ráð fyrir að allir viðskiptabankar megi taka við geymslufé.

Þá er gerð krafa til þess í frv. að eigið fé viðskiptabanka nemi ekki minna en 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings og veittum ábyrgðum. Hér er um að ræða breytingu sem Nd. gerði á frv.

Þá er gert ráð fyrir því, til þess að styrkja allt eftirlit, að auk þingkjörinna endurskoðenda skipi viðskrh. löggiltan endurskoðanda fyrir hvern banka.

Síðan er í frv. gert ráð fyrir hvaða reglur skuli gilda um meðferð við slit og við samruna viðskiptabanka.

Ég hef hér vikið að helstu atriðum sem eru í því frv. sem hér er til umræðu.

Enn fremur er hér á dagskrá í dag frv. til l. um sparisjóði og eru þar gerðar fjölmargar breytingar, kannske töluvert miklu meiri breytingar, en allar til samræmis við að þessar stofnanir geti starfað hlið við hlið með svipuðum starfsskilyrðum.

Í hv. Nd. voru gerðar á þessu frv. um viðskiptabankana nokkrar breytingar sem meiri hl. n. flutti og eru á sérstöku þskj. Þær tillögur voru allar samþykktar auk viðbótartill. sem ég flutti á þskj. 1320. Frv. er því hér til meðferðar eins og það lítur út á þskj. 1337.

Eins og ég sagði áðan gerði ég ítarlega grein fyrir þessu máli við 1. umr. í Nd. og ég leyfi mér að vísa til þeirrar ræðu svo og grg. sem með frv. fylgir, auk þess sem ég hef vakið athygli á helstu breytingum á þessum málum, þ. e. málefnum viðskiptabanka, frá því sem er í dag og til þess sem ætlað er, verði þetta frv. að lögum, sem ég vænti, og leyfi ég mér að vonast til þess að hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar, sjái sér fært að afgreiða það þannig að það geti orðið að lögum fyrir þinglok.

Ég mun að sjálfsögðu sjá um að þeir aðilar sem unnið

hafa mest við frumvarpsgerðina mæti á fundi nefndarinnar eftir því sem óskað verður til þess að gera þar nánari grein fyrir atriðum sem nm. kynnu að óska eftir að fá upplýst.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv. Ég leyfi mér með skírskotun til greinargerðarinnar og, eins og ég vék að hér áðan, þeirrar ræðu sem ég flutti við 1. umr. frv. í Nd. og þess sem ég hér hef sagt að leggja til að frv. verið vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Bandalag jafnaðarmanna hefur í sínu starfi lagt ríka áherslu á tvö atriði: Annars vegar á aðgreint kjör framkvæmdavalds og löggjafarvalds og er það í raun spurning um framkvæmd lýðræðis. Hitt atriðið er áhersla á það stjórnarskráratriði að valdsvið og starf hins þrígreinda ríkisvalds sé skýrt og hlutverkum valdþáttanna ekki blandað saman. Þar á ég við löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald. Það sem er að þessu frv. er það að hér er enn eina ferðina reistur minnisvarði yfir þá samþættingu þessara valdþátta sem við teljum af hinu vonda.

Sósíalisering bankakerfisins á Íslandi á sér í fyrsta lagi enga hliðstæðu hérna megin járntjalds og er algerlega óþekkt fyrirbæri annars staðar í vestrænum löndum að ríkisvaldið eigi og reki banka, enda þurfa menn ekki að skoða hug sinn lengi til að átta sig á hvaða stjórnmálalegri hugsun eða hugsjón og hvaða stjórnkerfi slíkt fyrirkomulag þjónar. Þessi sósíalisering bankakerfisins er reyndar skringilegt nokk orðin til að mestu leyti fyrir tilstuðlan þeirra manna sem í dag kalla sig sjálfstæðismenn, en voru kannske áður fyrr frekar kallaðir íhaldsmenn. Hún tengdist vandkvæðum eða vandræðum sjávarútvegs hér á landi fyrir rúmlega 50 árum og hruni Íslandsbanka þar sem hlutunum var bjargað fyrir horn með því að gera blessaðan bankann að ríkisbanka. Allt í einu voru menn dottnir niður á ákveðna aðferð til að stjórna landi í gegnum bankakerfið sem er svo áhrifarík að einn höfuðsósíalisti þessa lands, Einar Olgeirsson, á að hafa sagt einhvern tíma: Það er ekkert einfaldara en að gera byltingu á Íslandi. Það eina sem þarf að gera er að ná yfirhöndinni í bankaráðum íslensku ríkisbankanna.

Þetta frv. er minnisvarði yfir höfuðeinkennið á afskiptum stjórnmálaflokka á Íslandi, og þá allra stjórnmálaflokka, af úthlutun og skömmtun peninga og ég tel að þetta fyrirkomulag sé ein af höfuðorsökum þess bága ástands í efnahagslífi okkar Íslendinga sem við búum við í dag og höfum búið við óralengi. Menn skyldu ekki reyna að halda því fram hér að efnahagur Íslendinga hafi einhvern tíma verið mikið betri en hann er nú því að íslenskir stjórnmálamenn hafa haft möguleika á og einstaka hæfileika til að froðsa með eigur landsmanna og er þar m. a. hægt að minna menn á gerðir og afleiðingar gerða nýsköpunarstjórnarinnar. Þess vegna kem ég til með að flytja brtt. við þetta frv. sem eru hliðstæðar þeim tillögum sem fluttar voru við frv. í Nd. nema það að ég hef bætt einni brtt. að auki við 8. gr. frv. Í 8. gr. frv. er allra náðarsamlegast stigið skref í „frjálsræðisátt" eins og flokkur frelsisins er alltaf að stíga. Hann er alltaf að stíga skref í frjálsræðisátt án þess að komast nokkurn tíma nálægt frelsinu. Þar er stigið það skref í frjálsræðisátt að veita hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til þess að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi. Eftir að hafa hlustað á umr. í Nd. fram yfir miðnætti í gær sannfærðist ég um að eina raunhæfa leiðin til að bjarga fjármálum Íslendinga undan afskiptum íslenskra stjórnmálamanna væri sú að heimila bankarekstur erlendra banka á Íslandi þannig að Íslendingar gætu fengið andvirði vinnu sinnar tryggt og ávaxtað í gjaldmiðlum sem ekki er stöðugt verið að eyðileggja með afskiptum stjórnmálamanna. (**Gripið fram í:** Segið þið svo að umr. á Alþingi vekji ekki áhuga manna.)

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Frv. þetta er eitt af mörgum málum sem ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að þröngva í gegnum Alþingi með góðu eða illu á þeim stutta tíma sem til stefnu er þegar öllum er auðvitað fyrir löngu ljóst orðið að þinghaldi verður ekki öllu lengur haldið áfram og stefnt er að þinglausnum nú í vikulokin, en mikill fjöldi stórra mála enn á ferðinni hér í þinginu og ekki hægt að viðhafa þinglega meðferð á þessum málum vegna tímaleysis.

Við hér í Ed. verðum að sætta okkur við að hvert stórmálið af öðru komi til okkar og við fáum kannske einn sólarhring eða svo til að fjalla um málið. Ég segi t. d. fyrir mig að ég hef ekki haft aðstöðu til þess í því annríki sem nú ríkir að kynna mér þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessu frv. frá því að það kom frá Nd. og fékk þar umfjöllun. En okkur mun ætlað að afgreiða þetta mál á skömmum tíma og verður þá að taka til hendinni síðar í dag og í fyrramálið og fjalla um þetta mál í nefnd og mun ég þá að sjálfsögðu skila nál.

Það þarf ekki að taka fram að þessi hraði á meðferð þingmála er auðvitað algerlega óforsvaranlegur og verður að skrifast á ábyrgð ríkisstj.

Um bankamál almennt vil ég segja það eitt að þessu sinni að frá mínu sjónarmiði séð skiptir mestu máli að bankakerfið sé ekki ofurþungt bákn á þjóðfélaginu, rándýrt, fjölmennt, kostnaðarsamt fyrir þjóðfélagið, heldur sé það einfalt og ódýrt og sniðið við hæfi landsmanna. Þess vegna hefur það verið meginmál frá sjónarmiði mínu og okkar Alþb.-manna að bönkum fækkaði og að þeir stækkuðu, að starfsliði þeirra gæti fækkað í kjölfar aukinnar hagræðingar og kostnaður minnkað. Ég hef í mörg ár verið að vonast til þess að stjórnmálaflokkarnir á Alþingi kæmu sér saman um þessa meginstefnu sem margir þeirra hafa tekið undir, þ. e. ríkisbönkunum yrði fækkað, helst að þeir yrðu sameinaðir í einn banka, og að einkabönkunum yrði líka fækkað. Þó að þeir yrðu kannske ekki sameinaðir í einn banka yrði þar um nokkra fækkun og einföldun að ræða. Ég er sannfærður um að með slíkri endurskipulagningu bankakerfisins væri hægt að veita landsmönnum betri þjónustu en nú er veitt fyrir minna fé og með minni mannafla.

Því miður fjallar þetta frv. ekki um neitt af þessum höfuðatriðum málsins. Frv. fjallar aðallega um aukaatriði. Fyrst og fremst er þarna verið að koma til móts við ýmsar hégómlegar óskir frjálshyggjumanna í Sjálfstfl. sem vilja gera breytingar á íslensku bankakerfi í samræmi við það sem tíðkast í mörgum nálægum löndum þar sem býr 50—100 sinnum fleira fólk. Ég álít að við hefðum átt og hefðum þurft að sníða okkur stakk við hæfi og það hefði nýtt bankafrv. átt að fjalla um.

Ég er líka andvígur því að bönkunum sé gefið enn aukið svigrúm og frjálsræði til ákvörðunar vaxta. Ég álít

að ef uppbygging atvinnulífs á að verða með eðlilegum hætti á komandi árum sé það hið brýnasta sem fyrir okkur liggur að sjá til þess að raunvextir vaði hér ekki upp úr öllu valdi, heldur haldist innan ákveðinna marka. Ég tel að vísu að það sé æskileg stefna að á öllum tímum séu raunvextir við lýði, að vextir verði ekki neikvæðir, að eigandi fjármagnsins tapi ekki beinlínis á því að hafa lánað það út heldur fái einhverja eðlilega ávöxtun, en það er langur vegur milli þeirra neikvæðu vaxta, sem stundum hafa tíðkast hér á landi, annars vegar og svo hins vegar þeirra óhóflegu okurvaxta sem nú tíðkast og eru allt frá því að vera 5% og upp í 15—17% raunvextir, þ. e. vextir umfram verðbólgu.

Ég álít að það sé höfuðatriði að reyna að tryggja að raunvextir fari ekki mikið yfir 3—4%. Það þýðir þá það, ef við t. d. tökum hærri töluna, 4%, að lántakandi hefur 18 ár til að láta lánsupphæðina tvöfalda sig þannig að hann geti örugglega staðið undir vöxtum sem hann á að greiða af upphæðinni því að upphæð með 4% raunvöxtum tvöfaldar sig á 18 árum. Það finnst mér vera hámark þess sem hægt er að krefjast með eðlilegum hætti af íslenskum atvinnuvegum. Þótt vissulega megi sjá þess ýmis dæmi að atvinnuvegir geti skilað svo góðum arði að þeir tvöfaldi verðmæti fjárfestingar á miklu skemmri tíma en ég nefndi nú, kannske allt niður í 5—10 árum, heyrir það til undantekninga. Ég óttast að ef við tryggjum ekki að fjármagn sé fáanlegt með hæfilegum vöxtum verði uppbygging hér á landi miklu minni og hægari en þörf er á.

Þetta er sem sagt eitt meginviðfangsefni íslenskra efnahagsmála, að reyna að halda vaxtastigi á eðlilegum nótum, hvorki of lágu þannig að vextirnir verði neikvæðir né heldur of háu þannig að gerðar séu óhóflegar og óraunhæfar kröfur til arðsemi fjárfestingar. En um þetta fjallar frv. ekki heldur. Þvert á móti eru ákvæði þar sem stefna í þveröfuga átt, þ. e. að auka frjálsræði til vaxtaákvarðana og þar með stuðla að því að vaxtastig hér á landi spanist upp enn frekar en orðið er.

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt, miðað við þá vinnuáætlun sem við höfum sett okkur í þinginu, að fjölyrða ekki um of við hverja umr. um hvert mál og læt því þessi orð nægja að sinni, en áskil ég mér rétt til að gera grein fyrir brtt. sem ég mun væntanlega flytja við 2. umr. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frv. 493. mál (þskj. 1336 (sbr. 917)). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Það hefur nú um nokkuð langt skeið verið unnið að því að endurskoða lög um sparisjóði, en þau lög sem gilda um sparisjóðina eru frá 1941. Á undanförnum árum hafa verið flutt á Alþingi nokkur frumvörp. Það frv. sem nú er flutt má segja að sé að verulegu leyti í samræmi við þau frv. sem flutt hafa verið. Þó eru í þessu frv. þó nokkrar tillögur til breytinga sem ekki fyrirfinnast í þeim frumvörpum sem áður hafa verið flutt.

Nd. hefur fjallað um þetta frv. eins og það var á þskj. 917 flutt af ríkisstj. og gerði á því nokkrar breytingar skv. till. meiri hl. fjh.- og viðskn. Frv. er því orðið, þegar það kemur hingað til hv. Ed., eins og þskj. 1336 ber með sér, þ. e. breytt var 6., 24., 30., 34., 40. og 65. gr. frv.

Meginatriði frv. er að sem næst allar sömu starfsheimildir gildi fyrir sparisjóði og viðskiptabankana. Mikilvægustu nýmæli í þessu frv. eru að framvegis verði einungis sparisjóðir stofnaðir með innborguðu stofnfé. Settur er upp sérstakur séreignasjóður stofnfjáreigenda til að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari með því að heimila ávöxtun hennar. Það eru settar sams konar reglur í þetta frv. og frv. um viðskiptabanka að því er varðar eigið fé sparisjóða. Það er lagt til að stofnaður sé nýr tryggingarsjóður sparisjóða sem verði sparisjóðum og innstæðueigendum styrkari bakhjarl en núverandi tryggingarsjóður skv. þeim lögum sem um sparisjóðina gilda. Þá er lagt til í þessu frv. að heimila stofnun lánastofnunar sparisjóðanna. Nauðsyn slíks sameiginlegs sjóðs sparisjóðanna hefur orðið brýnni eftir því sem starfsemi sparisjóðanna hefur orðið meiri og er forsenda þess að sparisjóðir víðs vegar um landið verði þess megnugir að taka að sér frekari fjármögnun fyrir atvinnuvegina jafnframt því sem ætlað er að þetta auki hagkvæmni í rekstri sparisjóðanna. Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir að sparisjóðirnir geti verslað með gjaldeyri eins og viðskiptabankarnir og þess vegna er einmitt lögð áhersla á stofnun lánastofnunar sparisjóðanna til þess að það verði ekki svo að hver og einn sparisjóður setji gjaldeyrisdeild hjá sér á stofn, heldur verði hægt með sameiginlegu átaki og samstarfi að sinna þessum málum af hálfu sambands sparisjóðanna og taka að sér þá milligöngu sem gjaldeyrisbankarnir hafa haft fyrir sparisjóðina frá því að þeir fengu gjaldeyrisleyfi.

Ég er þeirrar skoðunar að með því að slíkt frv., sem hér er til umr., verði samþykkt sé mjög verið að styrkja sparisjóðina sem peningastofnanir, ekki aðeins gagnvart sparifjáreigendum heldur og til að sinna meira atvinnulífi landsmanna en gert hefur verið. Sparisjóðirnir hafa á undanförnum árum tekið að sér í ríkari mæli að sinna atvinnulífinu og það er ætlunin með samþykkt þessa frv. að þeir geti, eftir því sem aðstæður leyfa og fjármagn þeirra segir til um, sinnt atvinnulífinu á svæði sínu eftir því sem best verður á kosið.

Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til að fjölyrða meir um þetta frv. Ég vísa til þeirrar ræðu sem ég flutti með frv. við 1. umr. í Nd. og til grg. með frv. Ég vil vekja sérstaka athygli á sögulega hluta grg. varðandi starfsemi sparisjóðanna í landinu allt frá því að fyrst er stofnaður hér sparisjóður 1868. Í grg. eða sögulega hluta hennar er einmitt vikið náið að þessum málum og sýnir það best hvernig sparisjóðirnir, allt frá því að þeir fyrst voru stofnaðir, hafa í vaxandi mæli sinnt hlutverki peningastofnunar. Eins og ég gat um áðan er nú þar komið að talið er rétt, án þess að breyta um form, — gengið er út frá því að sama form verði á þessum stofnunum, — að þeir geti sinnt viðskiptavinum, atvinnulífinu, eins og bankar. Það hefur held ég sýnt sig hingað til að þeir eru þess megnugir, en löggjöfin hefur stundum verið þeim fjötur um fót þegar á hefur þurft að halda.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr.

og hv. fjh.- og viðskn. Fulltrúar viðskrn. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að veita nefndinni allar þær upplýsingar sem óskað verður eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 1339). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Í framsögum mínum fyrir bæði Byggðastofnun og svonefndu þróunarfélagi gat ég þess að ríkisstj. ákvað að taka lög um Framkvæmdastofnun til endurskoðunar, lög sem upphaflega voru sett 1971, en endurskoðuð 1976. Fyrst og fremst var það ákveðið með tilliti til þess að áherslur í atvinnulífi hafa mjög breyst á þeim árum sem liðin eru og þörf fyrir nýsköpun mjög aukist, þörf fyrir nýjar atvinnugreinar á ýmsum þeim sviðum sem áður voru lítt þekkt meðal okkar.

Í sambandi við þessa endurskoðun var þó ákveðið að Framkvæmdasjóður héldist. Ástæðan er m. a. sú að Framkvæmdasjóður er í miklum skuldbindingum erlendis og sömuleiðis mikil útlán sjóðsins innanlands. Auk þess hefur Framkvæmdasjóður áunnið sér mjög gott orð á lánamörkuðum og því ástæða til þess að hann geti starfað áfram eins og hingað til sem miðstöð lántöku eins og þörf er talin. Er þess getið í 2. gr. þar sem segir að hlutverk Framkvæmdasjóðs skuli vera að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántöku fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

Breytingin er hins vegar fyrst og fremst efnislega sú að Framkvæmdasjóður hefur ekki skv. frv. það hlutverk, sem Framkvæmdastofnun og Framkvæmdasjóður höfðu áður, að gera samræmda útlánsáætlun fyrir alla fjárfestingarsjóðina og annast lántökur fyrir fjárfestingarsjóðina. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m. a. sú sem fram kemur í frv. til l. um sjóði atvinnuveganna sem liggur fyrir Alþingi. Gert er ráð fyrir að sjóðir atvinnuveganna fái sjálfir heimild til að taka beint lán erlendis ef þeir óska. Hins vegar er sjóðunum jafnframt frjálst, eða verður frjálst ef að lögum verður, að fela Framkvæmdasjóði að annast slíka lántöku fyrir hönd viðkomandi sjóðs.

Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði skipuð þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn og tilnefni Seðlabanki Íslands einn, fjmrh. annan, en forsrh. skipi einn án tilnefningar og verði hann formaður sjóðsstjórnar. Með þessu móti eru sameinaðir þeir aðilar sem hafa veg og vanda af starfi Framkvæmdasjóðs, þ. e. Seðlabanki Íslands, svo og fulltrúi fjmrh., en ríkissjóður, eins og segir í 1. gr., ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Þetta frv., eins og ég sagði áðan, tengist mjög frv. um Byggðastofnun og frv. um þróunarfélag og þarf mjög nauðsynlega að fylgja þeim frv. í gegnum þingið. Mér þykir leitt að málið kemur seint til hv. deildar, en ég vona þó að deildin, ekki síst hv. fjh.- og viðskn. af alkunnum dugnaði, afgreiði þetta mál fljótt og vel. Ég geri fastlega ráð fyrir því. (**Gripið fram í:** Ætli hún sé ekki búin að því?) Það má vera, málin hafa streymt þaðan út svo að maður hefur ekki haft við að fylgjast með. Það má vel vera að svo sé.

En ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð og legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 1280, n. 1306 og 1335). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Það má segja að það sé skemmtileg tilviljun að við skulum ræða hér jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á þessum sögulega degi í íslenskri kvennabaráttu og um leið merkilegum degi í okkar þjóðarsögu. En ég fer ekki nánar út í það.

Það er ekki langt síðan mælt var fyrir þessu frv. í Ed. Ég vil þó leyfa mér að fara yfir helstu nýmæli frv. eins og getið er um þau í aths. við frv.

Helstu nýmæli þessa lagafrv. frá núgildandi lögum er að finna í 1. gr. Þar segir að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í núgildandi lögum er kveðið á um að stuðla að jafnrétti.

Mikilvæg breyting er gerð á skipan jafnréttisráðs. Skv. 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið. Þessi breyting ætti að stuðla að því að í ráðinu sitji fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að jafnréttismálum.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 10. gr. núgildandi jafnréttislaga sem efnislega er 15. gr. frv. Mikilvægasta breytingin kemur fram í 2. tölul. greinarinnar, en skv. henni skal jafnréttisráð vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þessa áætlun skal leggja fyrir félmrh. sem síðan skal undirbúa stefnu ríkisstj. í þessum málaflokki, sbr. 22. gr.

Ákvæði 11. gr. frv. fjalla um sama efni og 8. gr. núgildandi laga. Hins vegar eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar skv. ákvæði frv. en nú er vegna brota á ákvæðum laga nr. 48 frá 1976. Að lokum má benda á að viðurlög vegna brota á ákvæðum frv. eru ákveðnari en áður var. Auk þess er gert ráð fyrir endurskoðun laganna eftir fimm ár frá setningu nái frv. fram að ganga.

Í Nd. voru samþykktar nokkrar breytingar á frv. Þessar breytingar eru reyndar ekki stórvægilegar, en þær eru þrjár.

1. brtt. gerir ráð fyrir að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, teljist ekki ganga gegn lögunum.

2. brtt., sem samþykkt var í Nd., fjallar um máls-

höfðunarrétt jafnréttisráðs. Skv. brtt. fær jafnréttisráð heimild til málshöfðunar í samráði við aðila sem telur á sér brotið, en rn. þarf ekki að reka málið í umboði hans eins og í stjfrv. er sagt eins og það var lagt fram. Með þessari breytingu rýmkast málshöfðunarréttur jafnréttisráðs, en þó verður ráðið að virða neitun viðkomandi aðila ef hann vill ekki afhenda forræði sakarefnis.

Í 3. brtt. er fjallað um framkvæmdaáætlanir um jafnréttismál og framlagningu skýrslna á Alþingi um þróun og stöðu mála.

Um þetta mál varð alger samstaða í Nd. Í félmn. Ed. varð ekki alger samstaða. Þar skilar einn nm. séráliti og mun væntanlega gera grein fyrir því hér við umr. Það kemur fram að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mun sitja hjá við þessa atkvgr. Það skal þó skýrt tekið fram að í stuttu en drjúgu nefndarstarfi um þetta mál tók hv. þm. það sérstaklega fram að hún mundi í engu bregða fæti fyrir þetta frv., síður en svo.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess í Nd.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. félmn., en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög um jafnrétti kvenna og karla hafa verið í gildi hér á landi frá árinu 1976. Setning þessara laga var á sínum tíma merkur áfangi í átt að jöfnum rétti kvenna og karla, en þótt lögin hafi á margan hátt komið að gagni á gildistíma sínum hafa þau því miður ekki reynst sá aflgjafi raunverulegs jafnréttis kvenna og karla sem vonir stóðu til í upphafi. Nú, níu árum síðar, njóta konur og karlar í reynd ekki sama réttar hér á landi. Nægir í því efni að horfa til vinnumarkaðarins en þar blasir mismunun kvenna og karla hvarvetna við.

Svo að dæmi sé tekið kemur fram í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins um vinnumarkaðinn árið 1983 að öll karlastörf nema í landbúnaði skila launum yfir landsmeðaltali það ár en öll kvennastörf skila lægri launum en sem nemur landsmeðaltalinu. Meðallaun karla árið 1983 voru samkv. þessari skýrslu tæpum 52% hærri en meðallaun kvenna. Kynbundið launamisrétti er þetta ástand á vinnumarkaðinum venjulega nefnt og það viðgengst óhindrað þrátt fyrir lög um jafnrétti kvenna og karla.

Fleiri dæmi má nefna:

Flestar íslenskar konur stunda heimilisstörf sem aðalstarf einhvern hluta ævi sinnar en heimilisstörf eru ekki metin til starfsreynslu úti á vinnumarkaðinum."

Í öðru lagi: „Umönnun barna hvílir að miklu leyti á herðum kvenna og allt að 80% íslenskra kvenna vinna utan heimilis en árið 1983 var aðeins rúm fyrir 43.5% barna 5 ára og yngri á dagvistarheimilum landsins. Þar af áttu aðeins 8.9% barnanna kost á meira en fjögurra tíma fóstrun á dag. Sama ár var rúm fyrir 1.5% barna á aldrinum 6 til 11 ára á skóladagheimilum landsins."

Í þriðja lagi: „Bæði félagsleg og heilsufarsleg rök hníga að því að gera mæðrum kleift að sinna börnum sínum óskiptar fyrstu sex ævimánuði barnsins en fæðinarorlof hér á landi er aðeins þrír mánuðir."

Í fjórða lagi: „Kvennastörf eru á öllum sviðum metin til lægri launa en karlastörf en engin tilraun er gerð til að endurmeta þessi störf.

Fjölmargt fleira mætti nefna, en þessara atriða er getið hér m. a. vegna þess að þeim hefur öllum verið hreyft sem þingmálum á þessu þingi, en án árangurs. Þau hafa ekki notið stuðnings stjórnarflokkanna sem aftur á móti standa að þessu frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það má þó öllum ljóst vera að sé mönnum einhver alvara með að koma á jöfnum rétti og jafnri stöðu kvenna og karla þarf meira að koma til en ný útgáfa af jafnréttislögunum. Jafnréttislög afnema ekki það kynbundna launamisrétti sem nú viðgengst, þau endurmeta ekki störf kvenna, þau byggja ekki dagvistarheimili og þau lengja ekki fæðingarorlof, svo að eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu málum sem jafnað geta félagslegan og fjárhagslegan aðstöðumun kvenna og karla og lagt grunninn að raunverulegu jafnrétti kynjanna.

Þetta frv. mun því litlu breyta um stöðu kvenna hér á landi, en það gæti hins vegar orðið til þess að villa sýn á raunverulegri stöðu þessara mála þar sem með samþykkt þess kann svo að virðast sem þar með hafi staða kvenna verið færð til betri vegar. Svo er ekki. Til þess þarf löggjöf og ráðstafanir sem taka með beinum hætti á félgaslegum og fjárhagslegum aðstæðum kvenna eins og þau þingmál gera sem vísað var til hér að framan.

Þar sem þetta frv. kemur þannig ekki til með að hafa neinar umtalsverðar breytingar í för með sér og virðist auk þess vera meinlaust að mestu, sér minni hl. n. ekki ástæðu til að mæla gegn samþykkt þess. Af sömu ástæðum sér minni hl. n. heldur ekki ástæðu til að mæla með samþykkt frv. og mun því sitja hjá við afgreiðslu þess. Undanskildar eru í þessu efni þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. og eiga við 3., 17. og 22. gr. frv. Í þessum greinum felst afstaða til sérstakra tímabundinna aðgerða sem ætlað er að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti kynjanna, til rýmkunar á málshöfðunarrétti jafnréttisráðs og til framkvæmdaáætlana um jafnréttismál. Þessar greinar horfa til bóta í jafnréttislöggjöfinni og mun minni hl. n. því styðja þær.

Að lokum sér minni hl. n. ástæðu til að minnast þess að í dag eru liðin 70 ár frá því að íslenskar konur fengu kosningarrétt og kjörgengi til jafns á við karla. Ef litið er til Alþingis Íslendinga á þessum merkisdegi þá eiga þar aðeins sæti níu konur þrátt fyrir 70 ára lagalegt jafnrétti kvenna og karla hvað kjörgengi og kosningarrétt varðar. Það eitt ætti í sjálfu sér að nægja til að færa mönnum heim sanninn um að miklu meira þarf til að koma en lagabókstafur um jafnrétti kvenna og karla ef það jafnrétti á einhvern tíma að verða að veruleika."

Hér lýkur nál. minni hl. félmn. og ég vona, virðulegur forseti, að það fari ekki á milli mála eftir þennan lestur nál. að Kvennalistinn mælir hvorki á móti þessu máli né með því af þeirri einföldu ástæðu að það kemur ekki til með að hafa nein veruleg áhrif á hvernig aðstæðum kvenna er háttað hér á landi. Ég vil einnig taka það fram að með þessu er Kvennalistinn ekki heldur að segja að jafnréttislög eigi ekki rétt á sér. Það eiga þau svo sannarlega á meðan ekki ríkir jafnrétti hér á landi. Hins vegar breytir sú endurbætta útgáfa eða umorðun jafnréttislaganna sem hér er á ferðinni litlu og því er sú afstaða tekin sem hér hefur komið fram. Undanskilin í þessu efni eru einstaka atriði frv. eins og fram kemur í nál., en til þess að koma þeim á hefði dugað að gera breytingar á núgildandi jafnréttislögum. En rétt eins og með útvarpslögin dugar ekki minna en

heill nýr lagabálkur þótt komast megi af með minna. Þetta bendir vitaskuld til þess að núverandi hæstv. ríkisstj. vilji gefa í skyn hvað jafnréttislögin varðar að eitthvað sé verið að gera í málefnum kvenna, ekki síst vegna þess að færa má rök fyrir því að aðstæður kvenna hafi versnað í tíð þessarar ríkisstj.

Eitt atriði langar mig að ræða hér um sérstaklega og það á bæði við það jafnréttisfrv. sem hér er til umr. og eins það þmfrv. um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla sem lagt var fram fyrr á þessu þingi. Þetta atriði varðar skilning á hugtakinu „jafnrétti". Í báðum þessum frv. má lesa þann grunnskilning út úr þessu hugtaki að það þýði að leitað sé allra leiða til þess að konur geti staðið jafnfætis körlum á þann veg að þær gætu orðið eins og karlar. Það er alltaf spurning um að lyfta konum upp til móts við karla í þessum frv. báðum. Ég vil þessu til stuðnings benda á 9. gr. þessa frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf."

Ég er þeirrar skoðunar að ekkert sé að því að störf teljist annaðhvort kvennastörf eða karlastörf. Það sem að er að mínu viti er það að kvennastörfin eru ekki launuð til jafns á við karlastörfin. Mín skoðun er því sú að í stað þess að reyna að þurrka út skilin milli karla og kvenna sé æskilegra að meta konur eins og þær koma fyrir, ef svo má segja, á sínum eigin forsendum eins og við Kvennalistakonur höfum iðulega bent á.

Það má líka benda á 10. gr. frv. í þessu efni. Þar er talað um að við náms- og starfsfræðslu í skólum skuli leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Ég sé ekki heldur að það sé endilega rétta leiðin í þessum efnum. Ég held að það sé vænlegra að fara frekar þá leið að störf og námsbrautir séu jafnréttháar en að beina bæði konum og körlum inn á sömu brautirnar. Hver á þá að stunda þau störf sem ekki teljast karlastörf í dag eða stunda þær greinar sem konur eru í meiri hluta í í dag? Það gefur auga leið að þær starfsgreinar munu ekki leggjast niður og umrædd störf munu ekki leggjast af þótt slík breyting ætti sér stað og við stæðum því eftir með sama vandamálið og áður.

Þessum skilningi, sem hér er á ferðinni á jafnréttishugtakinu, hefur Kvennalistinn hafnað. Mig langar í því efni að lesa hérna fjórar línur úr upphafi stefnuskrár Kvennalistans, en þar segir, með leyfi forseta:

„Við setjum á oddinn hugmyndir um kvenfrelsi sem fela í sér rétt kvenna til að vera metnar á sínum eigin forsendum til jafns á við karla. Við leggjum til hliðar hugmyndir um jafnrétti sem fela í sér rétt kvenna til þess að fá að vera eins og karlar."

Ljóst má því vera að þetta frv. byggir á öðrum grundvallarhugmyndum um stöðu kvenna og karla en þeim sem Kvennalistinn leggur til grundvallar og það er ein ástæða þess að Kvennalistinn mælir ekki með samþykkt þessa frv.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þetta stjfrv., sem hér er til umr., var lagt fram snemma á þessu þingi í hv. Nd. Jafnframt var lagt fram frv. frá þm. stjórnarandstöðuflokkanna um sama efni, en ekki efnislega samhljóða. 1. flm. þess frv. var fyrrv. félmrh. Svavar Gestsson. Málið hefur verið lengi til umfjöllunar í félmn. hv. Nd. og árangurinn af því starfi er frv. í þeim búningi sem það kemur nú til hv. Ed.

Það liggur í augum uppi að ef afgreiða á þetta mál sem lög frá Alþingi nú var ekki um annað að ræða fyrir félmn. hv. Ed. en að afgreiða það án ítarlegrar umfjöllunar í nefnd og virða það samkomulag sem náðist í málinu og kemur reyndar fram í þeim brtt. við frv. sem samþykktar voru í hv. Nd. Það kemur fram í nál. félmn. Nd. að nefndin hefur lagt sig fram um að ná samkomulagi um þetta mál til þess að það náist að afgreiða það á þessu þingi. Þegar slíkt samkomulag næst ber að hafa í huga að það hefur í för með sér að lagðar hafa verið til hliðar ýtrustu óskir einstakra nm. varðandi ágreiningsatriðin.

Ég tel ástæðu til að fagna því sérstaklega að samstaða hefur náðst í þessu máli á hv. Alþingi. Sjálf hef ég valið að styðja þá málsmeðferð og ætla mér því ekki að fjalla efnislega um málið. Ég styð frv. eins og það kemur frá hv. Nd. og kem ekki í ræðustól til að skapa mér sérstöðu í málinu.

Það er vissulega skemmtileg tilviljun að þetta frv. verður væntanlega afgreitt sem lög frá Alþingi í dag, 19. júní 1985, þegar konur um land allt minnast þess að 19. júní 1915, eða fyrir nákvæmlega 70 árum, öðluðust þær full stjórnmálaleg réttindi, þ. e. kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis.

Eins og ég sagði áðan staðfesti konungur, á þeim tíma Íslands og Danmerkur, nýja stjórnarskrá fyrir Ísland hinn 19. júní 1915. Í henni voru mörg nýmæli sem stefndu í átt til aukins lýðræðis. Íslenskar konur áttu innan sinna vébanda miklar hæfileikakonur í jafnréttisbaráttunni sem beittu sér af miklu harðfylgi fyrir baráttumálum kvenna. Þessar forustukonur beittu ýmsum aðferðum til að þrýsta málum áfram innan Alþingis, t. d. með undirskriftasöfnun um jafnrétti í öllum málum á við karla og skiptu þær undirskriftir þúsundum. Þær héldu baráttufundi og gáfu út kvennablöð þar sem þær skrifuðu um baráttumálin.

Fyrsta kosningarréttarhreyfing íslenskra kvenna má segja að hafi orðið til þegar Hið íslenska kvenfélag var stofnað 26. janúar 1894. Árið 1911 hefur oft verið nefnt hið mikla kvenréttindaár. Þá er stjórnarskrárfrv. til umfjöllunar á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir kosningarrétti og kjörgengi kvenna til Alþingis. Og það er vissulega margt fróðlegt sem kemur fram í umræðunum um viðhorf karlanna hér á hv. Alþingi. Einn þm. sagði, með leyfi forseta:

„Ég er því hlynntur, að konur fái jafnrétti við karlmenn, því að þótt gáfnafari og lundarfari sé ólíkt farið og konur skorti oftast dómgreind á við karlmenn, þá bæta konur það upp með öðrum kostum. Siðgæðistilfinning kvenna er meiri en karla, og þær láta síður leiðast af eigingjörnum hvötum. Þetta vegur því upp hvað annað."

Annar þm. taldi nægjanlegt í bili að leyfa konum að æfa sig í að nota fengin réttindi til sveitarstjórnarkosninga sem þær höfðu þá þegar öðlast, þ. e. árið 1882. Að vísu fengu þær ekki jafnhliða kjörgengi fyrr en 1902. En hann taldi ekki brýna þjóðarnauðsyn á að veita konum kosningarrétt í pólitískum málum.

Fleiri vildu fara varlega í sakirnar, veita konum réttinn smátt og smátt og þannig mundu þær öðlast meiri þroska og verða betur undir það búnar, annað yrði bylting. Aðrir voru víðsýnni eins og t. d. sá sem sagði, með leyfi forseta:

„Jafnsjálfsögð mannréttindi og kosningarrétt hafa konur alltaf í sjálfu sér haft jafnt og karlmenn, og skila þeim ekki þessum rétti þegar og öllum í einu er engin sanngirni né réttlæti."

Þessi víðsýni varðandi jafnrétti kynjanna kemur e. t. v. hvað skýrast fram þegar fyrsta og eina konan kýs til sveitarstjórnar á Íslandi, en það gerist 31. mars 1863, 19 árum áður en lög um takmarkaðan kosningarrétt íslenskra kvenna til sveitarstjórna eru staðfest. Og það er athyglisvert varðandi þetta atvik að þar er um að ræða túlkun og þýðingu orðsins „menn" úr dönskum texta á íslensku, „alle fuldmyndige Mænd". Um það er að ræða hvort átt sé við menn í víðtækri merkingu orðsins, þ. e. karla og konur, eða hvort aðeins sé átt við karlmenn.

Í þessu tiltekna atviki vildi kjörstjórn á Akureyri, en þetta gerðist á Akureyri, ekki synja konum kosningarréttarins og „höndlunarborgarinnan" maddama Vilhelmína Lever á Akureyri notaði þennan rétt sinn, enda uppfyllti hún önnur skilyrði sem voru að kosningarrétt höfðu allir fullmyndugir menn — í danska textanum „alle fuldmyndige Mænd" — sem ekki eru öðrum háðir sem hjú og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið þegar þeir a. m. k. borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári. Auk þess var að sjálfsögðu skilyrði um óflekkað mannorð og eigin fjárforræði og fylgdi honum þá einnig kjörgengi.

Umræðum á þingi 1911 lauk síðan með því að konur fengu með lögum kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. En það var svo ekki fyrr en með staðfestingu nýrrar stjórnarskrárbreytingar 19. júní 1915 sem þær öðluðust full stjórnmálaleg réttindi, kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Ekki fengu þær þó sama rétt og karlar. Aðeins konur 40 ára og eldri voru teknar inn á fyrstu kjörskrá eftir breytinguna. En aldursmörkin skyldu lækka um eitt ár árlega uns jafnrétti við karla væri náð, en þau voru bundin við 25 ára aldur við kjördæmakosningar en 35 ára aldur við landskjör. Árið 1920 voru þessi skerðingarákvæði loks að fullu numin úr gildi.

Þegar reykvískar konur höfðu sannfærst um að fregnirnar af staðfestingu stjórnarskrárinnar væru réttar tóku þær að ræða um og undirbúa einhvern mannfagnað vegna hinna nýfengnu réttinda. Kom öllum saman um að best væri að halda þessa hátíð samtímis því er Alþingi kæmi saman, 7. júlí. Mikill viðbúnaður var hafður og margar undirbúningsnefndir að starfi. Það var mælst til þess að allir vinnuveitendur gæfu verkafólki sínu frí síðari hluta þess dags því að starfsfólkið mundi svo borga það með því að ganga með margfaldri ánægju að starfi daginn eftir.

Í bók Gísla Jónssonar menntaskólakennara á Akureyri um konur og kosningar gefur hann skemmtilega mynd af þessum atburði. Með leyfi forseta langar mig að lesa smákafla þar sem segir frá þessum atburði. Hann er svona:

„Hinn 7. júlí var bjart og fagurt veður í Reykjavík. Austurvöllur var allur fánum skrýddur þeim megin sem vissi að alþingishúsinu. Báðum megin við aðalhlið vallarins voru nýju íslensku fánarnir og ýmis önnur flögg þar út í frá, ræðustóllinn einnig skreyttur íslenska fánanum. Um klukkan hálffimm raðaði fylking kvenna sér upp í barnaskólagarðinum og hélt af stað. Fremst gengu 200 ljóshærðar ungmeyjar, allar með lítil íslensk flögg í höndum sér. Fór fylkingin um Lækjargötu, Austurstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti og inn á Austurvöll og staðnæmdist þar. Þaðan gekk svo sendinefnd, sem færa átti Alþingi ávarp, inn í þinghúsið kl. sex. Sátu þá forseti Sþ., séra Kristinn Daníelsson, og ráðherra, Einar Arnórsson, í sætum sínum, en þingmenn aðrir stóðu umhverfis.

Þingið tók á móti nefndinni í neðri deildar salnum. Stóðu konurnar á miðju gólfi, en fröken Ingibjörg H. Bjarnason [fyrsta konan sem kosin var síðar á þing] las upp skrautritað ávarp til Alþingis, og var það geymt í mjög vönduðu og skrautlegu skinnhulstri. Texti þess var svo:

„Á þessum mikilvægu tímamótum, þegar hið háa Alþingi kemur saman í fyrsta sinni eftir að íslenskar konur hafa með nýjum stjórnarskrárbreytingum öðlast full stjórnmálaleg réttindi, þá hafa konur Reykjavíkurbæjar óskað að votta hinu háa Alþingi og hæstv. ráðh. vorum gleði vora og þakklæti fyrir þau mikilsverðu réttindi, sem stjórnarskráin veitir íslenskum konum. Vér könnumst fyllilega við það frjálslyndi og réttlæti, sem hið háa Alþingi hefur sýnt í mörgum og mikilsverðum réttarbótum nú á síðari árum, íslenskum konum til handa, sem jafnan hafa verið samþykktar af miklum meiri hluta allra hinna pólitísku flokka þingsins. Vér vitum vel, að auknum réttindum fylgja auknar skyldur. En vér tökum móti hvoru tveggja með gleði. Vér vitum og skiljum, að kosningarréttur til Alþingis og kjörgengi er lykillinn að löggjafarvaldi landsins, sem á að fjalla um alla hagsmuni þjóðarinnar, jafnt karla sem kvenna.

Vér trúum því, að fósturjörðin, stóra heimilið vor allra, þarfnist starfskrafta allra sinna barna, jafnt kvenna sem karla, eins og einkaheimilin þarfnast starfskrafta alls heimilisfólksins, og vér trúum því, að vér eigum skyldum að gegna og störf að rækja í löggjöf lands og þjóðar, eins og á einkaheimilum.

Vér vonum einlæglega, að hin nýja samvinna vor með bræðrum vorum á komandi tímum í landsmálum verði þjóðinni til heilla."

Forseti þakkaði ávarpið með stuttri ræðu og sömuleiðis ráðh. Síðan bað varaforseti Sþ., séra Sigurður Gunnarsson, konur lengi að lifa, og tóku þm. undir það með ferföldu húrra. Við setningu þingsins las forseti þakkarskeyti frá konum á Stokkseyri, Eyrarbakka og Húsavík."

Þegar litið er yfir baráttu kvenna fyrir auknum pólitískum réttindum á fyrstu áratugum aldarinnar hlýtur að vakna aðdáun á öllum þeim sem þar voru í forustu. Eldmóður þeirra og baráttugleði ættu að vera konum hvatning og áminning um að láta ekki undan síga. Allt of hægt hefur miðað í þessari baráttu og ætla má að þær sem ruddu brautina hefðu vart trúað því hversu skammt hefur miðað 70 árum síðar. Í dag eiga aðeins níu konur sæti á Alþingi af 60 þm. eða 15%, en voru til skamms tíma hámarkið 5% eða þrjár.

Margar ástæður geta verið fyrir því hve hægt miðar. Álag á konur sem vinna utan heimilis, jafnvel fullan vinnudag, er mikið og varla von að þær geti jafnframt sinnt stjórnmála- og félagsstörfum nema með góðri samvinnu annarra í fjölskyldunni. Samvinna og verka-

skipting foreldra um barnauppeldi og heimilisstörf hefur mikið að segja í þeim efnum. Annars hljóta þær að verða að velja á milli. Það þarf að koma til móts við þessa breyttu þjóðfélagshætti varðandi þarfir fjölskyldunnar og í kjarasamningum þurfa aðilar vinnumarkaðarins að hafa það hugfast, og það held ég að sé aldrei nógu brýnt fyrir þeim aðilum, að foreldraábyrgðin er jöfn. Það eru ekki bara hagsmunir mæðra heldur einnig feðra að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar.

En það er ekki nóg fyrir okkur konur að öðlast rétt. Við þurfum líka að nota þennan rétt. Það verður að segjast eins og er að við höfum ekki verið nógu duglegar og samtaka um að notfæra okkur þann rétt sem við höfum í gegnum tíðina öðlast með lögum. En konur eru nú óðum að efla samtakamátt sinn, t. d. á vinnumarkaðinum, og þannig munum við vissulega best koma í veg fyrir misrétti á þeim vettvangi.

Ég vil nú, herra forseti, ekki taka lengri tíma þingsins, en ég gat ekki að mér gert í tilefni dagsins. Ég er í hátíðaskapi í dag, eins og ég veit að allar íslenskar konur eru, og mér fannst það vissulega við hæfi að á einhvern hátt væri munað eftir því hér á hv. Alþingi hvað gerðist 19. júní fyrir 70 árum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. 479. mál (þskj. 1189, n. 1317). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Það er eins með þetta frv. og önnur síðbúin frv. ríkisstj. að það hefur ekki gefist mikill tími til að skoða það í nefnd. Sérstaklega var það í samgn. Ed. sem lítill tími gafst til umfjöllunar og var ekki gerð tilraun til að senda það frekar til umsagnar eða kalla menn til skrafs um málið. En það var gert í trausti þess að í umfjöllun samgn. Nd. um málið hefði það fengið það góða yfirferð að það væri vel fyrir öllu séð. Efrideildarnefndin samþykkti því að mæla með frv. eins og það kom frá Nd.

Nd. gerði nokkrar breytingar á frv. frá því sem það var lagt fram. Hún fjölgaði fulltrúum í ferðamálaráði, þ. e. lagði til að þeir yrðu fleiri en frv. gerði ráð fyrir, bætti þar inn ferðamálasamtökum landshlutanna. Í síðasta liðnum, 18. liðnum, í þeirri upptalningu eru nefnd „Ferðamálasamtök Reykjaness", en þar á að standa: Suðurnesja. Það munu hafa orðið mistök í prentun eða í undirbúningi handrits og ég vil beina því til virðulegs forseta hvort sú breyting geti ekki átt sér stað án þess að við gerum sérstaka brtt. að í stað Ferðamálasamtaka Reykjaness komi: Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Nd. gerði einnig afgerandi breytingu í sambandi við Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. þann þáttinn að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags um skrifstofuna og að starfsmönnum yrði boðið upp á að gerast eigendur. Í breytingu Nd. felst að í staðinn fyrir að það var rætt um einstaka starfsmenn er skv. breytingum Nd. rætt um samtök starfsmanna Ferðaskrifstofunnar. Það þýðir að eignaraðild starfsmanna telst bundin innan vettvangs stofnunarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en eins og ég sagði áður mælir samgn. Ed. með að frv. verði samþykkt, en fjarverandi afgreiðslu málsins var Guðrún Tryggvadóttir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Varðandi þá athugasemd hv. frsm. um 18. lið í 4. gr. frv. að þar sé um prentvillu að ræða mun forseti sjá til þess að það verði leiðrétt og þar muni standa „Ferðamálasamtök Suðurnesja" þegar frá málum verður gengið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—38. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 334. mál (þskj. 1334). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

[Fundarhlé.]

Neðri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 19. júní, kl. 2 miðdegis.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 762, n. 1301, 1302, 1303). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur haft þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum sínum, en frv. er komið frá hv. Ed. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt að samþykktum tveimur brtt. sem fluttar eru og eru á þskj. 1302 og nefndin stendur að. Undir nál., sem er á þskj. 1301, rita allir nm. utan Kristín S. Kvaran sem var fjarverandi afgreiðslu málsins. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. og það hafa reyndar tveir nm. gert, þeir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Jón Baldvin Hannibalsson, og munu þeir gera grein fyrir þeirri brtt.

En brtt. sem nefndin stendur að sameiginlega snertir í fyrsta lagi 10. gr., gildistökuákvæðið. Við leggjum til að þeirri grein verði breytt þannig að í stað þess að lögin taki þegar gildi öðlist þau gildi hinn 1. janúar 1986. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að það er orðið of seint að leggja sóknargjöld á skv. ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, og þess vegna leggjum við til að gildistakan verði hinn 1. janúar 1986.

Í öðru lagi leggur nefndin til að breytt verði bráða-

birgðaákvæði frv., sem varðar innheimtuþóknun, til samræmis við ákvæði kjaradómslaga nr. 41/1984, en í bráðabirgðaákvæði þeirra er innheimtumönnum ákveðinn tiltekinn umþóttunartími um lögkjör sín en þau skulu haldast óbreytt til ársins 1990, þ. e. hjá þeim sýslumönnum sem hafnað hafa kjaradómslaunum. Þessi breyting er reyndar í samræmi við það sem hv. Ed. samþykkti við 2. umr. frv. Ekki þykir unnt að fella niður umrædd innheimtulaun þar sem þau eru lögvarin til ársloka 1990 eða í rúmlega fimm ár, en þá er umþóttunartíminn liðinn og innheimtulaun falla alfarið sjálfkrafa niður. Best virðist fara á því að um þessi kjör verði samið með innheimtumönnum og sóknarnefndum svo sem reyndar var ráð fyrir gert af höfundum þessa frv. En fyrir mistök í meðförum hv. Ed. varð þetta ákvæði ekki eins og það þarf að vera. Þess vegna er þessi brtt. flutt.

Til þess að spara tíma vil ég láta þess getið varðandi brtt. á þskj. 1303 að hliðstæð brtt. var flutt við meðferð málsins í hv. Ed., en náði ekki samþykki þar. Ég læt þess getið að ég mæli ekki með því að nefnd brtt. verði samþykkt, heldur eingöngu þær tvær brtt. sem nefndin stendur einhuga að.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég undirrita nál. menntmn. með fyrirvara, eins og einnig hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, og fyrirvari okkar varðar sérstaklega efni 3. gr., en hún er eins og frv. liggur fyrir svohljóðandi:

„Nú hrökkva tekjur sóknarkirkju ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og er þá heimilt með samþykki safnaðarfundar að hækka sóknargjöld allt að tvöföldu, enda komi til samþykki kirkjumálaráðherra. Í Reykjavíkurprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni að fengnum tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og leitar samþykkis ráðh."

Þessi grein felur það í sér að sóknargjöld geta, þar sem tekjur sóknarkirkju hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests, orðið allt að 0.8% af útsvarsstofni eða tvöfalt það hámark sem tilgreint er samkv. 2. gr. Menn sjá væntanlega af þessu að ekki er um neinar óverulegar upphæðir að ræða ef þessi heimild samkv. 3. gr. yrði notuð, með henni mælt og kirkjumálaráðherra samþykkti.

Ég hygg að þetta sé aðallega hugsað varðandi dreifbýlissóknir þar sem gjaldendur eru tiltölulega fáir og tekjur ekki fullnægjandi að ýmissa mati til að hlynna að kirkjum og öðru safnaðarstarfi og þá má samkvæmt frv. leggja á svona hátt sóknargjald eða tvöfalt hærra en hin almenna regla gerir ráð fyrir að hámarki. Þetta teljum við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem stöndum að sérstakri brtt., hið mesta óráð, að halda slíkri heimild inni, og höfum því flutt svofellda brtt. við 3. gr., að hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Af innheimtum sóknargjöldum skulu 10% lögð í jöfnunarsjóð. Framlög úr jöfnunarsjóði skulu einkum ætluð sóknarkirkjum þar sem tekjur hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests. Sjóðurinn er í vörslu dóms- og kirkjumrn. sem ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum biskups og prófasta samkv. nánari ákvæðum í reglugerð."

Það er sem sagt okkar till. samkv. þessu að það verði stofnaður sérstakur jöfnunarsjóður með 10% af innheimtum sóknargjöldum og fjármagni verði veitt úr honum til kirkna þar sem tekjur hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Þetta tel ég vera mun sanngjarnari aðferð en þá sem frv. gerir ráð fyrir. Ýmsum mun þykja allmikið í ráðist með ákvæðum 2. gr. um sóknargjöld allt að 0.4% af útsvarsstofni. Það mun hafa komið fram við athugun á vegum nefndarinnar, að ekki sé óalgengt að þessi gjöld nemi um 0.3% af útsvarsstofni. En hér er sem sagt ekki verið að leggja á nefskatt, heldur á grundvelli tekna greiðsluskyldra til útsvars og menn sjá hversu hátt er stefnt með ákvæðum 3. gr. ef þeirri heimild yrði beitt.

Ég vænti því að brtt. okkar hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar fái jákvæða afgreiðslu hér í þd. þar eð hún er mun sanngjarnari en það sem felst í ákvæðum frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. 57. mál (þskj. 1312). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1220, n. 1279). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. Á þskj. 1279 er nál. frá landbn. Nd.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri kom á fund nefndarinnar og gaf ýmsar upplýsingar um málið. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Ég hef verið spurður að því af nokkrum aðilum hvernig beri að líta á það ef búið er að bjóða út t. d. gröft á skurðum, kannske meira en frv. felur í sér að verði styrkhæft á þessu ári. Því er til að svara að miðað við brtt. sem var gerð í Ed. mun þetta breytast þannig að það verður borgað út í ár, en þeim mun minna kemur á næsta ári eins og menn munu sjá ef þeir fara að lesa frv. betur.

Þetta frv. gildir sem sagt fyrir árin 1985 og 1986.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Menntmrh. er ekki viðlátinn, en ég hafði hugsað mér að hafa samband við hann og vildi óska eftir því að frv. um grunnskóla og eins frv. um lögverndun kennaraheitis komi ekki svo á dagskrá að hæstv. menntmrh. sé ekki um það kunnugt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er auðvitað með öllu óviðunandi að hæstv. ráðh. sem eru í landinu skuli ekki sjá ástæðu til að sitja þingfundi á síðustu starfsdögum Alþingis. Hér eru á dagskránni tvö mál sem varða sérstaklega hæstv. menntmrh. og hæstv. ráðh. hefur mér vitanlega ekki fjarvist á þessum fundi, en sést hér ekki í þingsal. Þetta tel ég nánast vítavert, að svo skuli staðið að málum af hæstv. ríkisstj. þegar samkomulag er um að reyna að hraða störfum þingsins. Ég hélt að þetta væru mál, þau sem hér eru til umr., sem hæstv. ráðh. hefði áhuga á að rædd væru og þá að vera viðstaddur umr.

Svipað hefur gerst á undanförnum dögum. Ráðh. hafa ekki haft fjarvist frá þingfundum, en forseti hefur síðan orðið að upplýsa að þeir væru utanbæjar og jafnvel komnir til útlanda án þess að fjarvistarbeiðni lægi fyrir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þótti þessi ræða allundarleg. Ég var nýbúinn að segja þessum hv. þm. að ég ætlaði að hafa samband við menntmrh. Ég hafði einnig sagt hæstv. forseta frá því. Málið er síðan tekið á dagskrá án þess að mér ynnist tími til að ræða við hæstv. menntmrh. Ég skil því hvorki að málið skuli tekið á dagskrá né athugasemdir hv. síðasta ræðumanns.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum athugasemdum vil ég taka það alveg skýrt fram að málið er í fyrsta lagi á dagskrá og það er farið að þrengjast mjög um fundartíma og það er þá ekki við forseta að sakast ef sífellt er verið að biðja um frestanir á málum. Og ég verð að segja það hér úr forsetastóli að ég tek það fremur óstinnt upp þegar hæstv. ráðh. eru ekki við þegar hér er verið að ljúka þingstörfum. Þetta er e. t. v. næstsíðasti dagur sem deildin hefur til afgreiðslu mála og þá er það satt að segja ákaflega erfitt og kemur kannske hvað harðast niður á forseta þegar þeir hæstv. ráðh. sem vissulega eru ráðamiklir um þingstörf eru ekki viðstaddir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég var nýbúinn að segja hæstv. forseta í fyrsta lagi að ég þyrfti að bregða mér frá til að ná í plögg. Í öðru lagi hafði ég spurt hann um það hvenær þetta mál gæti komið á dagskrá. Það eru u. þ. b. fimm mínútur síðan. Hæstv. forseti gat þá ekki veitt mér svör við því.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er hverju orði sannara að ég gaf engin ákveðin svör um það og sagði að hér væru mörg mál á dagskrá og það væri ekki neinn ákveðinn tími um það hvenær hvert þeirra kæmi til umr. En þetta mál verður þá ekki tekið fyrir í bili. Þess sýnist ekki kostur. En ég vona hins vegar að þær umr. sem hér hafa farið fram sýni að það er full ástæða til að minna hv. þdm. á þingskyldur sínar og þá kannske ekki síst hæstv. ráðh.

En ég geri ráð fyrir að það eigi sama við um 8. dagskrármálið, að það sé ekki heppilegt að þurfa að taka það fyrir þegar hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur. En frá forseta hálfu er ekkert sem bannar það ef ekki eru á því aðrir meinbugir. Og þannig stendur á um 1. dagskrármálið, sem margir hafa nú óskað eftir að kæmi til umr. og er sjálfsagt að gera, áfengislög, að þess er ekki kostur á þessari stundu að taka það mál fyrir vegna fjarvista tiltekinna manna og reyndar fjarvista með leyfi forseta.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133, n. 1069 og 1107). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/1981, um breytingu á umferðarlögum nr. 40/1968. Frv. er komið í þessa deild frá Ed. þar sem það var samþykkt samhljóða. Ég bið menn að taka eftir því. Þess vegna endurtek ég að frv. er komið héðan frá Ed. þar sem það var samþykkt samhljóða.

Ég tala hérna fyrir áliti minni hl. allshn. sem leggur til að frv. verði samþykkt.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og kallað á sinn fund Guðjón Magnússon landlækni, Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjón og Arngrím Ísberg fulltrúa lögreglustjóra. Þessir aðilar voru samþykkir meginefni frv.

Í grg. með frv. segir svo m. a.:

„Fullreynt má nú telja að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er ... Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, ... og því er brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum."

Umferðarráð er þess hvetjandi að frv. verði samþykkt. Á vegum þess var tekin saman skýrsla um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983. Þar kemur m. a. fram að á þessum tólf árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum látist. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað um 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. okt. 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi.

Þeir aðilar, er hvað mest vinna að þessum málum, telja að með samþykkt frv. megi koma í veg fyrir fjölmörg slys á ári hverju.

Minni hl. n. er samþykkur þessu máli og leggur því til að frv. verði samþykkt, en minni hl. n. skipa Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir og Stefán Guðmundsson.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta hér vegna þess að samkomulag hefur náðst um að hraða afgreiðslu ákveðinna mála, en ég hefði getað sagt mörg orð um þetta merkilega mál sem ekki hefur hér náð afgreiðslu fyrr. Ég hvet menn til að hugsa vel til þeirra sem verið hefur leitað umsagna hjá um þetta mál áður en þeir afgreiða það í dag.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar að segja nokkur orð um þetta mál. Það er mikið í húfi að umferðarslysum og þá sérlega dauðaslysum fækki í umferðinni hér á Íslandi og það er að sjálfsögðu ekki besta eða heppilegasta leiðin að þvinga fólk til þess að lifa af með því að beita þar löggjöf, en ég vil benda á þær staðreyndir sem hafa komið fram í þessu máli. Þær eru óvefengjanlegar.

Nýlega birtist grein sem vitnað var til úr ensku tímariti þar sem spáð hafði verið auknum mannslátum á gangandi vegfarendum í kjölfar þess að bílbelti yrðu notuð í auknum mæli. Þessar niðurstöður eru mjög

umdeildar í Bretlandi. Þær þykja ekki vel unnar og öll tölfræði í þessum rannsóknum er mjög vefengd þannig að ég ráðlegg mönnum að kynna sér þær staðreyndir vel ef þeir ætla að nota þær til að styðja mál sitt.

Ég vil í þessu sambandi vitna til greinar eftir Ólaf Ólafsson landlækni sem nú dvelst og vinnur að sérstökum verkefnum hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í Kaupmannahöfn. Þetta er grein sem mun birtast í einu dagblaðanna núna á næstu dögum og ég leyfi mér að vitna til, með leyfi forseta. Hún kallast „Um bílbelti og slys":

„Hvort sem um er að ræða slys í umferð, heima, í vinnu eða frístundum má rekja orsökina til umhverfisins, mannlegra yfirsjóna eða galla í vél eða tækjum.

Til að draga úr slysum er því ráð að breyta þessum þáttum. Stöðugt er unnið að endurbótum á tækjum þannig að slysahætta verði sem minnst, en kostnaður t. d. við gerð algerlega „slysatryggðra" bíla yrði svo mikill að fáir hefðu ráð á að eignast þá. Umhverfinu má breyta og fækka þannig slysagildrum þó kostnaðurinn geti einnig þar orðið þrándur í götu.

Þá er komið að manninum sjálfum. Langflest slys á láði, í lofti og á legi verða á ungu fólki og orsökin er oftast mannleg yfirsjón eða reynsluleysi. Um 65% þeirra sem deyja eða slasast í umferðinni eru undir 25 ára aldri. Árangursríkast væri því að kenna ungu fólki að fara jafnan fram með gætni og fyrirhyggju. Sú breyting verður þó ekki á einni nóttu.

Eftir er því sú leið sem fæstir vilja fara — beiting laga og viðurlaga. Þessi aðferð er þó notuð er fokið er í flest skjól, en staðreynd er að tekist hefur að draga úr ýmsum slysum á þann hátt.

Nú liggur fyrir Alþingi frv. um breytingar á umferðarlögum sem gerir ráð fyrir því að þeir sem ekki noti bílbelti verði látnir sæta sektum. Í Morgunblaðinu 1. júní 1985 kemur fram að meiri hl. allshn. Nd. telur „að varanlegur grunnur að bættri umferðarmenningu og meira öryggi verði ekki lagður með sektarákvæðum. Úrbætur verða að fást með jákvæðri löggæslu, hvatningu eða upplýsingu, umferðarkennslu og aðgerðum á sviði gatnaframkvæmda og skipulags, svo að nokkur dæmi séu nefnd." Ég er ekki fyllilega sammála þessari umsögn þó að margt sé þar gott sagt.

Umferðarslysum hefur fækkað verulega í heiminum á undanförnum árum þrátt fyrir mikla fjölgun bifreiða. Að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og annarra stofnana sem starfa að slysavörnum eru orsakirnar aðallega þær að hert hafa verið viðurlög við brotum á lagaákvæðum um hraðatakmarkanir og um bann við ölvun við akstur, auk þess sem sett hafa verið lög um notkun bílbelta og viðurlög ef lögin eru ekki virt.

Hvern er verið að vernda með bílbeltalögum og sektarákvæðum? Það er einkum verið að koma í veg fyrir að ungt og reynslulítið fólk deyi eða slasist í umferðinni. Ég vil hvetja alþm. til að hafa þetta í huga við afgreiðslu málsins."

Ég vildi gjarnan koma þessu á framfæri þó að þetta sé enn ekki birt í blaði og ég vil hvetja til þess að málið sé samþykkt í upprunalegri mynd eins og það kom frá Ed.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð um liðið síðan mælt var fyrir áliti meiri hl. allshn. og ég vildi aðeins rifja upp nokkur atriði í því sambandi til þess að það komi inn í umr. Ég ætla að leyfa mér að lesa álit meiri hl. sem er stutt. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Meiri hl. nefndarinnar telur að varanlegur grunnur að bættri umferðarmenningu og meira öryggi verði ekki lagður með sektarákvæðum. Úrbætur verða að fást með jákvæðri löggæslu, hvatningu og upplýsingum, umferðarkennslu og aðgerðum á sviði gatnaframkvæmda og skipulags, svo að dæmi séu nefnd.

Notkun einstaklinga á bílbeltum verður að byggjast á fullvissu þeirra sjálfra um nytsemi hennar en ekki á ótta við lögreglu- og dómsvald.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði fellt."

Undir þetta rita Guðmundur Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson með fyrirvara.

Í framsögu fyrir þessu nál. á sínum tíma vísaði ég til greinar sem birtist í DV þann 3. apríl 1984 þar sem Stefán Már Stefánsson lagaprófessor gerir nokkur atriði að umtalsefni varðandi þetta mál. Mér finnst það þess virði fyrir alþm. að velta þeim málum svolítið fyrir sér. Þar fjallar lagaprófessorinn um þetta á ýmsan hátt og ég ætla að vísa til nokkurra atriða.

Í fyrsta lagi fjallar Stefán Már um það sem hann kallar „neikvæð áhrif refsiviðurlaga við smábrotum" og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi valda ákvæði um refsiviðurlög því að jafnaði að efla verður löggæslu og dómgæslu í landinu því að þessir aðilar hafa eftirlit með brotum af þessu tagi. Einstök lög hafa þó mismunandi áhrif að þessu leyti. Lögleiðing refsiviðurlaga við vanrækslu á notkun bílbelta mundi hafa mikil áhrif að þessu leyti. Hún mundi ljóslega leiða til þess að stórefla þyrfti löggæslu og dómgæslu í landinu ef að gagni ætti að koma."

Í öðru lagi segir Stefán Már um refsiviðurlög og neikvæð áhrif þeirra:

„Í öðru lagi valda eftirlits- og refsiaðgerðir í tilefni af smábrotum því að lögregluaðgerðir aukast almennt séð. Margir telja að slíkum afskiptum fylgi ófrelsi. Þeir telja sig oftlega óréttri beitta, m. a. vegna þess að komast mátti hjá þessum aðgerðum. Þetta á auðvitað alveg sérstaklega við þegar um er að ræða víðtækar eftirlitsaðgerðir út af umdeildum smábrotum. Í þriðja lagi eru víðtæk refsiviðurlög í tilefni smábrota almennt til þess fallin að veikja virðingu borgarans fyrir lögum og að veikja traust sem ríkja verður milli hans og lögregluyfirvalda (eða annarra yfirvalda). Þetta á sérstaklega við þegar tvímælis orkar um réttmæti refsiviðurlaga."

Þarna eru tiltekin þrjú atriði sem eru vel þess virði að velta fyrir sér ef menn hugleiða að innleiða sektir vegna þessa.

Einnig gerir Stefán Már Stefánsson að umræðuefni í þessari grein rökstuðning með fyrirliggjandi frv. og ræðir um þá fullyrðingu í grg. að fullreynt megi teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka bílbeltanotkun meira en orðið er. Hann telur að þessi fullyrðing sé ósönnuð. Ég er þessu sammála. Ég tel að ekki hafi verið hafðar í frammi þær aðgerðir til áróðurs og upplýsingar um bílbelti sem hægt er að gera ef menn vilja það viðhafa með þeim miðlum sem mönnum eru tiltækir, hvort sem það eru blöð, útvarp eða sjónvarp eða útgáfa upplýsingagagna.

„Í öðru lagi", segir í þessari grein, „er ekki rétt sú fullyrðing ... að vandfundin séu lög þar sem dómsvaldinu sé ekki ætlað að beita viðurlögum ef út af er

brugðið. Slík ákvæði í lögum eru þvert á móti algeng."

Í þriðja lagi er sagt í þessari grein að sú staðhæfing að notkun bílbelta geti dregið úr slysum sé ekki ein út af fyrir sig næg til að taka upp refsiviðurlög við brotum á fyrirmælum laga um notkun bílbelta:

„Slíkt hlýtur ávallt að verða að meta með hliðsjón af mun fleiri atriðum, t. d. með hliðsjón af kostnaði, hagkvæmni, möguleikum að ná sama árangri með öðrum aðferðum, hugmyndum manna um frelsi einstaklingsins o. s. frv. Engum virðist t. d. detta í hug að banna vindlingareykingar með lögum að viðlögðum lögregluaðgerðum og refsingum, enda þótt ómótmælt sé að reykingar valdi bæði reykingamanni sjálfum og öðrum skaða.

Í fjórða lagi er gerður nokkur samanburður í umræddri grg. við reynslu frá öðrum löndum og dregnar af því ályktanir... Slíkum samanburði ber að taka með varúð."

Ég lýsti því í ræðu minni þegar ég mælti fyrir nál. að maður hefði fulla ástæðu til að óttast að Íslendingar tækju þessum hlutum öðruvísi en ýmsar þjóðir gera. Menn virðast almennt minna löghlýðnir, a. m. k. í sambandi við umferðarmál. Menn þurfa ekki annað en að líta hérna út fyrir veggi Alþingishússins á ráðherrabílana sem þar standa.

Mér datt í hug að þetta ætti erindi inn í þessa umr. rétt til að rifja upp það sem kemur í hugann þegar menn tala um að lögleiða sektir vegna þessara atriða. Þarna er farið inn á mjög vafasamt svið að mínu mati. Það vita allir að afleiðingar slysa þar sem fólk t. d. berst í framrúður eru hryggilegar og ýmis fleiri slys, eins og lamanir vegna mænuskaða og þess háttar. Það er þó engu að síður alltaf matsatriði hversu langt löggjafinn á að ganga til að vernda fólk á þann hátt sem lögð er áhersla á í frv.

Ég ætla að láta þetta nægja að sinni, en mun kannske gera grein fyrir áliti mínu frekar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég undirrita nál. meiri hl. með fyrirvara og vil gera grein fyrir þeim fyrirvara í örfáum orðum.

„Hver sá er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum", segir í umferðarlögum, 64. gr. Þetta ákvæði kom inn í umferðarlöggjöfina með lögum nr. 55 frá 1981. Jafnframt segir í 6. gr. þeirra laga að eigi skuli refsa fyrir brot gegn 64. gr. fyrr en lokið er heildarendurskoðun umferðarlaga. Þetta ákvæði kom inn í frv. við meðferð þess á Alþingi 1981.

Umferðarlaganefnd sú sem skipuð var af dómsmrh. í september 1980 til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga lauk störfum á liðnum vetri, í janúarmánuði. Stjfrv. um þetta efni var lagt fram í febrúar s. l. Það er þingmál nr. 314 sem nú er til meðferðar í allshn. Ed. Er mér kunnugt um að það frv. hefur verið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, bæði frá umferðarlaganefnd og einnig þingnefnd. Í X. kafla þess frv., er fjallar um notkun öryggisbúnaðar, er 73. gr. sem hefur að geyma mjög hliðstæð ákvæði um öryggisbelti og 64. gr. gildandi laga. En í hinu nýja frv. er að vísu gert ráð fyrir að refsað verði fyrir brot á þessum ákvæðum eftir gildistöku laganna.

Mér er fyllilega ljóst að mörg og sterk rök má færa fyrir því að refsa fyrir brot af þessu tagi. Og sennilega er erfitt eða illmögulegt að halda uppi og framfylgja slíkum ákvæðum án refsiviðurlaga, því miður. Má í því sambandi vitna til reynslu annarra þjóða og nefna mörg dæmi. Og hér er vissulega um mikið alvörumál að ræða.

Í frv. því sem hér er til umr., þ. e. þingmáli nr. 129, er gert ráð fyrir að frv. öðlist þegar gildi sem lög ef samþykkt verður. Nú er spurningin hvort skynsamlegra er að slík ákvæði taki gildi á þessu vori eða sumri eða hvort affarasælla yrði að líta á hið nýja umferðarlagafrv. í heild. En vafalaust verður það frv. tekið til rækilegrar meðferðar í byrjun næsta þings á komandi hausti.

Í ýmsum grannlöndum okkar hefur refsilöggjöf af þessu tagi tekið gildi í áföngum. Nægir þar að nefna Noreg. Þar í landi giltu lagaákvæði án refsinga um nokkurra ára skeið, að vísu án þess að viðunandi árangur næðist að dómi Norðmanna. En þeir fengu sinn reynslutíma, sinn reynsluskóla. Íslendingar hafa einnig fengið sinn reynslutíma. En er hann nægur eða nýttur svo sem vera ætti?

Allir eru sammála um að umferðarmenningu hér á landi megi bæta og þurfi að bæta til mikilla muna. Varla verður því marki náð nema með samstilltu átaki fjölmargra aðila. Löggjöfin og framkvæmd hennar verður helst að geta skírskotað til réttarvitundar almennings. Hún þarf að finna hljómgrunn hjá þjóðinni allri, a. m. k. hjá meginþorra landsmanna.

Nú skulum við segja að frv. þetta á þskj. 133 verði samþykkt og það er að sjálfsögðu vilji meiri hl. hv. alþm. sem ræður því. Þá hlýtur óðar en líður, „nú þegar" segir í frv., að koma að því að lögin verði framkvæmd því að útilokað og alveg fráleitt er að setja slíkt refsiákvæði í umferðarlöggjöfina án þess að framfylgja því mjög ákveðið. Það þýðir m. a. að lögreglumenn verða að horfa inn í sérhvern bíl sem fram hjá ekur, hratt eða hægt, til þess að líta eftir því hvort umræddum ákvæðum sé hlýtt. Lögreglumenn mega ekki líta undan ef þeim sýnist eitthvað athugavert því að eitt verður yfir alla að ganga og allir verða að vera jafnir fyrir lögunum.

Þetta er að sjálfsögðu stóraukið álag á lögregluna, á löggæslu og dómgæslu og auk þess erfitt verk, viðkvæmt og vandasamt. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur t. d. á hverju hausti við gerð fjárlaga óskað eftir fjölgun starfsmanna. Þeim beiðnum hefur lítt verið sinnt og er þá vægilega til orða tekið. Umferðarráð og aðrir sem vinna að bættri umferðarmenningu hér á landi hafa úr litlu fé að spila. Þó er vitað og almennt viðurkennt að markviss áróður geti haft mikil og heillavænleg áhrif. Nægir að nefna þann jákvæða áróður sem viðhafður var þegar skipt var frá vinstri umferð til hægri hér á landi. Og enn fremur má nefna hið svokallaða umferðarár, hið norræna umferðaröryggisár 1983, sem vissulega hafði góð áhrif um öll Norðurlönd.

En allur áróður, sem bera á einhvern árangur, hlýtur að kosta mikið fé. Og varla verður annað sagt en því fé sem varið er til að bæta umferðarmenningu á Íslandi sé vel varið. Það sem ég tel fyrst og fremst á skorta í íslenskri umferð er að vegfarendur sýni næga háttvísi og varúð. Ég hef ævinlega haft miklar mætur á þeirri hugsun sem býr að baki 37. gr. umferðarlaganna þar sem þeirri meginreglu er lýst að öllum vegfarendum sé skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða staddir eru við umferðarleið,

hættu eða óþægindum. Þessi grein er tegld úr sama efniviði og heilræði það sem oft hefur verið haldið á loft: Brosið í umferðinni.

Enginn er einn í heiminum. Margir eru samferða á fjölförnum vegum. Hvergi er nágrennið viðkvæmara og raunar hættulegra. Sérhver vegfarandi hlýtur að taka tillit til samferðarmanna sinna ef vel á að fara. Annars er voðinn vís.

Umferðarslysin eru ægileg mörg hver og draga langan slóða á eftir sér, langa drögu óhamingju, þjáninga og útgjalda. Það ber því að gera allt sem í mannlegu valdi stendur til þess að draga úr slysum í umferðinni og bæta hana á allan hátt. Um það hygg ég að allir séu sammála. Og margir eru reiðubúnir að leggja mikið á sig til þess að svo geti orðið.

Öryggisbeltin og rétt notkun þeirra eru aðeins einn þáttur sem orðið gæti til góðs í bættri umferðarmenningu og öryggismálum hér á landi. Nú hygg ég og hallast að því að við ættum að flýta okkur frekar hægt í þessu máli, við ættum að brjóta umferðarmálin til mergjar í vor og sumar. Tökum frv. til nýrra umferðarlaga föstum tökum strax í byrjun haustþings. Herðum áróður fyrir góðri umferðarmenningu. Öflum fjár í því skyni. Leiðbeinum vegfarendum í umferðinni. Samþykkjum hið allra fyrsta á næsta þingi nýja umferðarlöggjöf sem tekur á öllum helstu meginvandamálum sem við er að glíma á vegum landsins. Nýtum okkur þær vonir og bjartsýni, dáð og dug sem setning nýrrar heildarlöggjafar um umferðarmál ætti að geta blásið okkur í brjóst til þess að stórbæta íslenska umferðarmenningu og stórauka öryggi og þar með hamingju allra vegfarenda hér á landi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Flestu gat maður búist við í þessari háu stofnun öðru en því að meiri hl. allshn. skuli leggjast gegn þessari sjálfsögðu breytingu á umferðarlögum, að mínu mati, þrátt fyrir skýrslu um dauðaslys í umferðinni á einu ári þar sem segir að 165 ökumenn hafi látið lífið og jafnframt því að þeir sem hafa rannsakað þessi slys hafa komist að því að hægt hefði verið að bjarga níu mannslífum á ári frá árinu 1972 til 1983. Ég held að það sé örugglega skoðun flestra sem til þekkja, hafa lagt sig eftir að kynna sér þessa hluti, að engin ein aðgerð kemur að eins miklu haldi við að draga úr slysum í umferðinni og notkun bílbelta. Engin ein aðgerð er áhrifameiri. Einstaka sérvitringur hefur lagst á móti því að menn séu skyldaðir til að nota bílbelti og nefna það m. a. frelsi einstaklingsins eins og það heitir. — Frelsi einstaklingsins! Menn eigi að hafa fullt frelsi til þess að aka í umferðinni eins og hún er og eiga það á hættu að stórslasa bæði sjálfa sig og aðra.

Sannleikurinn er sá að þessar tölur, þessar ógnvekjandi tölur um dauðaslys í umferðinni, eru ekki þær einu sem mönnum ber að líta á. Miklu fleiri slasast meira eða minna. Miklu fleiri en þeir sem deyja í umferðarslysum stórslasast og liggja örkumla og bjargarvana það sem þeir eiga eftir ólifað.

Ég gisti í húsi einu hér í bænum um fimm mánaða skeið á s. l. ári og fram eftir þessu ári. Sannleikurinn er sá að þó að maður hafi talið sig heldur illa kominn skammaðist maður sín fyrir það að kvarta, horfandi upp á ungmenni liggjandi meðvitundarlítil enn þá eftir margra ára legu, bjargarlaus og vonlítil. Þetta var aðeins í einu húsi, en þau eru mörg, því miður, og ævinlega vantar mörg pláss fyrir fórnardýr umferðarslysanna.

Það er ekki nokkur vafi á því að hægt er að koma í veg fyrir svo stórkostleg slys með því að nota bílbelti. Við höfum búið við bílbeltaskyldu nú um nokkurt skeið, en reynslan sýnir og það er óvefengjanlegt samkvæmt margítrekuðum könnunum að notkun bílbelta er lítil og fer ekki vaxandi svo heitið geti. Svo kemur meiri hl. í hv. nefnd í Alþingi Íslendinga og leggst á móti því að bílbeltanotkun sé aukin.

Þessi svokallaði jákvæði áróður er auðvitað nauðsynlegur og verður að halda áfram og helst með meira afli og þunga, en reynslan sýnir, eins og ég sagði áðan, að það dugar ekki, það nægir ekki. Þess vegna held ég að ekki sé nægilegt að menn noti bílbelti þegar þeir eru sjálfir fullvissir um nytsemi þeirra, eins og stendur þarna í nál., heldur verði óttinn við refsingar að koma einnig til. Þetta er svo alvarlegt mál fyrir þjóðina alla að á því verður að taka með hörku hvað svo sem menn tala hér fagurlega um frelsi einstaklingsins.

Umferðarslysin kosta mannslíf, örkuml, þjáningar ekki aðeins þeirra sem í þeim lenda sjálfir, heldur einnig fyrir aðstendendur. Kannske er ekki nægilega gott að nefna peninga um leið og menn tala um dauða og örkuml, en gífurlegur kostnaður vegna þessara slysa hlýtur að koma upp í hugann. Hvað kostar að annast eitt fórnarlamb umferðarslysa í eitt ár? (**GGS:** Tvær milljónir.) Ja, það kostar milljónir. Og þegar þau eru orðin hundruð á hverju ári er um gífurlega fjármuni að tefla. Þá vilja menn ekki horfa á peningana heldur gaspra glottandi um frelsi einstaklingsins. Þjóðfélagið hefur ekki efni á þessu. Hin litla þjóð þolir ekki að missa á annað hundrað einstaklinga í dauðaslysum í umferðinni. Hún þolir kannske enn síður að missa nokkur hundruð einstaklinga í áralanga veru á sjúkrahúsum, jafnvel alla ævina. Ég skora á hv. Nd. að samþykkja frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan, að hér er vissulega um mjög alvarlegt mál að ræða, gífurlega alvarlegt. Ég er hins vegar ekki sammála honum um að meiri hl., sem hann talar um að sé í hv. n., sé að leggjast á móti því að notkun bílbelta sé aukin. Ég skil ekki afstöðu þeirra hv. nm. sem skrifa undir nál. á þskj. 1069 á þann veg að þeir séu að leggjast á móti því að aukin sé notkun bílbelta. Hér greinir menn á um leiðina sem gæti orðið til að tryggja betur að hið vissulega mikilsverða öryggistæki væri notað almennt og nyti meiri skilnings ökumanna.

Þegar frv. um lögleiðingu bílbelta var til umr. á Alþingi á sínum tíma var ég andvígur því, greiddi atkvæði gegn því, og ég er enn sömu skoðunar. Ég er ekki um það sannfærður að lögleiðing af þessu tagi sé til hins góða til þess að ná árangri. (Gripið fram í.) Var hv. þm. Suðurl. Garðar Sigurðsson, eitthvað að segja? (**GJG:** Það væri gott ef hv. þm. Karvel Pálmason hefði belti í sæti sínu.) Já, það er út af fyrir sig rétt. Sumir þurfa ekki belti, eru fastir. Það sýnir vaxtarlagið.

Hvað sem því líður er ég enn þeirrar skoðunar að lögfesting, boð og bönn í þessu tilfelli, verði ekki til þess að auka skilning almennings á því öryggi sem getur verið samfara notkun bílbeltis. Ég dreg ekkert í efa að í sumum tilfellum, kannske mörgum, er um að ræða

öryggistæki sem bjarga mannslífum, en ég er ekkert viss um nema slíkt tæki verki öfugt undir sumum kringumstæðum. Ég er þeirrar skoðunar að það verði að einhverju leyti að treysta dómgreind almennings.

Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni og trúlega fleirum, að umferðarslysin, fyrir utan peningalegu hliðina á þeim, eru hrikaleg, en ég held að ef á að ná virkilega góðum árangri hvað það snertir að koma í veg fyrir slys af því tagi sem horft er upp á nánast daglega verði það ekki gert með boðum og bönnum. Ætli þau skipti ekki tugum, jafnvel hundruðum, boðin og bönnin í núgildandi umferðarlögum sem virt eru að vettugi og ekki framfylgt? Við horfum upp á það daglega, nánast hvar sem er á landinu, að umferðarlöggjöfinni er ekki framfylgt. Það var sagt áðan úr ræðustól: Lítið þið hérna út um gluggana. Þetta má horfa upp á dag eftir dag, að þverbrotin séu umferðarlög eins og hér er gert. En hvar er löggæslan?

Við horfum upp á þetta miklu víðar. Lagabókstafurinn sem slíkur gagnar því ekki í öllum tilvikum til þess að ná því fram sem menn telja æskilegast hverju sinni og ná árangri. Ég tek hins vegar undir það að ef menn eru um það sannfærðir að hægt sé að ná raunhæfum árangri með slíkri löggjöf eða með einhvers konar öðrum hætti eiga menn miskunnarlaust að berjast fyrir því að það verði gert. Ég er þó einn af þeim mönnum sem eru alls ekki sannfærðir um að þetta færi okkur fram á veginn og ýti undir skilning almennings í því að nota þetta öryggistæki í bílnum.

Hvað ætli hver og einn hv. þm. horfi upp á það oft á hverjum einasta degi að umferðarlögin séu brotin án þess að nokkuð sé aðhafst og oft og tíðum án þess að löggæslan hafi afskipti þar af? Það má kannske orða það eins og fyrrv. hæstv. dóms- og kirkjumálaráðh. áðan: Löggæslan má ekki líta undan þegar slíkt á sér stað. — Ef það á að ná árangri með þeim hætti að lögleiða þetta verður að sjálfsögðu að fylgja því eftir. Þar hefur á skort í allt of mörgum tilfellum að því er varðar umferðarlöggjöfina eins og hún er og að því er varðar miklu fleira í lagasmíð og framkvæmd hennar hér á landi.

Menn fullyrða hér margir hverjir að þeir hafi ekki trú á því að með fræðslu sé hægt að ná árangri í þessu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hægt og það sé kannske vænlegra til árangurs að fá menn til að tileinka sér í þessu tilfelli notkun bílbeltis með því að fara aðra leið en að lögleiða það.

Ég hef oft vitnað til þess að þegar var skipt úr vinstri í hægri umferð á sínum tíma var það fyrst og fremst fræðslan sem varð þess valdandi að jafnvel tókst til og raun bar vitni. Það hefði að mínu viti ekki náðst sá árangur sem náðist þá hefði átt að fara fram með boðum og bönnum. Það var fyrst og fremst sú fræðsla sem uppi var höfð sem skilaði þeim árangri sem þá náðist og var virkilega góður árangur. Ég er enn sömu skoðunar, að fyrst og fremst muni fræðsla skila okkur betri árangri að því er þetta varðar en boð og bönn eins og hér er lagt til.

Ég vísa á bug fullyrðingum af því tagi, sem hér hafa komið fram, að við sem erum þessarar skoðunar, teljum að það eigi að fara aðra leið að markinu, séum andvíg því að ná árangri í öryggi í umferðinni. (**Gripið fram í:** Það næst ekki meira.) Það er síður en svo, hv. þm., að fullreynt sé orðið að það sé hægt. Spurningin er: Hvað vilja menn í þeim tilgangi eins og öðrum leggja af mörkum til þeirrar fræðslu sem þarf til að ná árangri? Ég hugsa að það skorti mikið á að menn hafi þar lagt nægilega mikið af mörkum til þess að viðunandi árangur skilaði sér.

Mér er ljóst að slík fræðsla kostar peninga og það mikla peninga, en hún kostar ekki mikla peninga miðað við þann árangur sem við gætum náð til að bjarga þeim gífurlega fjölda einstaklinga sem lendir í umferðarslysum á ári hverju hér á Íslandi. Ég vil ekki fyrir mitt leyti liggja undir því að ég sé neitt síðri talsmaður öryggis í umferð þó að mig greini á við aðra um hvaða leið skuli fara að markinu. En ég tel rétt að það komi strax fram að ég mun greiða atkvæði gegn frv.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vildi mega frábiðja þessari hv. þd. þann barnaskap að karpa um hvort við séum meiri eða minni talsmenn öryggis í umferðinni. Ég held að við hljótum öll að vilja sem fæst slys og tryggja sem best öryggi í umferð og ættum að láta umræðum um slíkt lokið hér. Ég skal reyna að tjá afstöðu mína til þessa frv. í fáum orðum, herra forseti. Ég vil ekki tefja framgang þessa þarfa máls með miklum málalengingum héðan úr þessum ræðustól.

Ég styð álit minni hl. og legg til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Það sem fyrir mér vakir er ekkert síður að afstýra þeim miklu líkamssköðum og tjóni sem verður á heilsu fólks, jafnvel þó að dauðaslysunum sé sleppt út úr því reikningsdæmi. Það eru ekki síst unglingarnir sem ég hugsa þá til, en það liggur fyrir að í þeim hópi er bílbeltanotkunin minnst en slysin mest. Það er víst fátt dapurlegra, eins og reyndar hefur komið fram í máli eins hv. ræðumanns, en að heimsækja ákveðnar stofnanir hér í borginni þar sem unga fólkið, rétt komið út í lífið, liggur lamað og úr leik fyrir lífstíð vegna slysa í umferðinni, e. t. v. á þeim árum sem lífið blasti við.

Ég skil ekki hræðslu nokkurra hv. þdm., sem hér hafa talað, við sektir. Ég hélt að það væri svo viðtekin regla í þessu þjóðfélagi og flestum öðrum þjóðfélögum sem styðjast við lög og reglur að beita einhverjum viðurlögum ef ekki er farið að lögum að ég hélt satt best að segja að umræður um slíkt væru óþarfar. Það eru viðhafðar hér sektir fyrir ýmislegt, svo sem að greiða ekki gjald í stöðumæla, leggja ólöglega á vegarkanta o. s. frv. Ef menn halda svo að það sé einhver takmörkun á einstaklingsfrelsi held ég að það sé misskilningur. Mig rekur minni til þess að þegar ég var landshornaflakkari í „guðs eigin landi" með bakpoka og ekki mikla fjármuni missti ég drjúgan hluta þess gjaldeyris sem ég hafði mér til framfærslu vegna þess að ég álpaðist yfir gangbraut á rauðu ljósi í San Diego-borg í Bandaríkjunum. Og þá var ekki miskunnin hjá Magnúsi í landi þessa mikla einstaklingsfrelsis (**Gripið fram í:** Er það guðs land?) heldur var þar beitt hörðum sektum. Ég fór nú eitthvað að þrefa við lögregluþjóninn og vildi helst ekki una þessu. Hann sagði að þetta væri ekki gert af illsku í minn garð, heldur væri verið að venja fólkið af því að ganga yfir á rauðu ljósi. Auðvitað er það það sem nú er á ferðinni. Það er að sú áhersla sem löggjafinn leggur á að fólk fari að lögum er tjáð með þeim viðurlögum sem ákveðin eru hverju sinni.

Ég lít einnig svo á að hér sé um heimildarákvæði að ræða og það sé ekki skylda að sekta alla menn sem ekki

nota við öll tækifæri bílbelti. Mér dettur ekki til hugar að íslensk löggæsla færi að beita þessu þannig að maður sem teldi öryggi sínu betur borgið þegar hann æki fyrir Ólafsfjarðarmúlann yrði sektaður þó að hann tæki af sér öryggisbeltið á þeim spöl. Mér dettur ekki til hugar að þessu verði framfylgt þannig. En í innanbæjarakstri og í almennum akstri eiga menn að hafa bílbeltin spennt. Það liggur fyrir tölfræðilega sannað að þannig er öryggi þeirra best borgið. Löggjafinn er með ýmsu móti að reyna að hafa áhrif á að öryggi þegnanna sé sem best tryggt og það á ekkert skylt við einhverja misskilda frelsiskrossferð hér að leggjast gegn þessu þarfa frv. á þeim forsendum. Ég mun harma það mjög, herra forseti, ef þessu frv. verður að aldurtila sá sjúkdómur sem heltekur nú hluta hv. þm. eins og menn vita og byggist á misskilningi.

Ég legg til að þetta frv. verð samþykkt eins og það kom frá Ed. Ég styð sem sagt álit minni hl. Ég hvet hvern einasta þm. að líta í eigin barm. Þeir munu margir eiga börn sem e. t. v. eru að taka bílpróf núna eða gera það á næstu árum. Ég bið þá að hugleiða andartak hvort þeir telji ekki öryggi þeirra betur borgið með því að þeim verði leiðbeint til að nota öryggisbelti og helst ættu allir bílar einnig að hafa höfuðpúða, en það liggur fyrir að með þessu tvennu og sameiginlegri notkun þessa tvenns má afstýra miklu líkamstjóni og jafnvel forða mannslífum.

Ég skora einnig á þá hv. þm. sem enn efast að heimsækja slysadeild Borgarspítalans eina mikla umferðarhelgi og vera þar og fylgjast með störfum læknanna því að það verða slys eftir slys þar sem tiltölulega minni háttar umferðaróhöpp valda miklum skaða á andliti, hálsliðum o. fl. vegna þess að fólk notaði ekki bílbelti og það voru ekki höfuðpúðar í viðkomandi bifreiðum. Ég hefði gaman af að sjá þá þm. sem eftir mikla umferðarhelgi og búnir væru að vera á slysadeild Borgarspítalans t. d. kæmu inn í þessa hv. þd. og greiddu atkvæði gegn þessu frv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það var lagt fram á þessu þingi frv. til umferðarlaga sem samið er af nefnd sem skipuð var seint á árinu 1980. Það er mikill lagabálkur og víða komið við. Ég hefði talið æskilegt að Alþingi hefði farið mjög ítarlega yfir það frv. og fagna fjölmörgum greinum þess og breytingum sem hafa verið gerðar.

Það er auðvitað ekkert einhlítt í þessum efnum, en eitt er staðreynd, að umferðarslys eru mörg í okkar landi, allt of mörg, og að því þarf að vinna enn betur en gert hefur verið að fækka þeim. Það er eftirtektarvert að þegar einhverjar breytingar eru gerðar eiga menn til að vera með miklar hrakspár og fullyrðingar. Ég minnist þess mjög vel að þegar frv. um hægrihandarumferð var til umr. hér á hv. Alþingi, og ég átti sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um frv. í Nd., komu margir á fund þeirrar nefndar sem spáðu ógurlegu umferðaröngþveiti og stórfelldri fjölgun slysa í umferðinni. Þessi mál voru undirbúin með þeim hætti að það var brýnt fyrir fólki að fara varlega, sýna gætni í umferð. Útkoman var sú að slysum fækkaði verulega, fólk umbar miklu betur hvert annað í umferðinni meðan á breytingunni stóð. Það var ánægjulegt til þess að vita að allar þessar hrakspár stóðust ekki.

Það liggja sektir við því að aka of hratt eða fara yfir tilskilinn ökuhraða. Margir eru sektaðir fyrir of hraðan akstur og láta sér aldrei segjast. Það er of hraður akstur eða kæruleysi sem veldur flestum slysum. Ég held að sektirnar í þessum tilfellum séu nauðsynlegt aðhald, en það er líka margt sem þarf að gera og stendur til bóta. Hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi t. d. höfuðpúða. Það væri mjög skynsamlegt og rétt að setja ákvæði um að höfuðpúðar ættu að vera í öllum bílum því að þeir hafa verið einna besta slysavörnin sérstaklega þegar um aftanákeyrslur er að ræða. En ég held að ekki sé ráðlegt að taka eitt atriði út úr þegar umferðarlaganefndin hefur lokið sínum störfum og dómsmrh. hefur lagt fram frv. til l. um umferðarmál.

Það er líka eitt sem stendur í mér. E. t. v. er það einhver sérviska, það má vel vera, en hefur líka þá ástæðu að ég er fæddur og uppalinn þar sem eru brattar hlíðar og þar má oft sjá menn bjarga sér með því að stinga sér út úr bílunum. Mér hefur oft orðið hugsað til þess ef ég samþykkti frv. á borð við þetta og það liðu nokkrir dagar og einhver sem maður annaðhvort þekkti vel og þó ekki hefði verið að hlýða lögum og hefði ekki getað forðað sér með því að henda sér út. Þannig getum við tekið til á báða bóga rök eins og hv. 4. þm. Suðurl. flutti. Öll þau rök eiga rétt á sér og fleiri.

Rökin eru á báðum hliðum. Í fleiri tilfellum, ég skal viðurkenna það, getur notkun bílbelta verið til góðs. Í öðrum getur hún orðið til tjóns. Þannig er þetta ekki alveg eins einfalt mál og menn vilja vera láta. Það er mikið um umferð t. d. á bryggjum í bæjum og kauptúnum þessa lands og oft við slæm ökuskilyrði. Sá sem keyrir út af bryggju er lengur að losa sig ef hann er í bílbelti en hinn sem er laus. Þetta eru ókostirnir við bílbeltin. Svo koma á móti hinir mörgu og miklu kostir við að nota bílbeltin.

Ég held að það sé fyrst og fremst fræðslan, áróðurinn, sem þarna muni hafa áhrif á fólk, að það sé talið jákvætt, það sé öryggi í því að nota bílbelti við flestar aðstæður. Þau hafa verið skylduð í ýmsum löndum, en öðrum ekki eins og gerist og gengur. Mér finnst ekki rétt að taka eitt tiltekið atriði út úr, en skilja önnur eftir eftir að hinu mikla starfi umferðarlaganefndar er lokið. Það er ýmislegt í frv., sem lagt var fram, sem ég vildi gjarnan breyta og tel ekki vera til góðs. Annað er mjög til góðs. Ég er á þeirri skoðun sem hv. 1. þm. Vesturl. hafði áðan, en hann skipaði umferðarlaganefnd sem dómsmrh. á sínum tíma. Ég hefði talið miklu réttara að afgreiða ekki þetta frv., knýja það fram á síðustu dögum þings, eftir að við höfum fyrir okkur viðamikinn lagabálk um umferðarmál.

Frsm. minni hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Þetta hefur orðið lengra mál en ég hélt að mundi verða þegar ég talaði fyrir nál. minni hl. Það var kannske ekki óeðlilegt. Það var búið að höggva á þessar umr. fyrr. Þá hafði frsm. meiri hl. talað, en umr. um málið var slitið.

Mér hefur hins vegar fundist í þessum umr. að þeir sem hér hafa talað, a. m. k. nokkrir þeirra, hafi ekki alveg nýlega litið yfir frv. sjálft. Þó að skammt lifi þessa þings held ég að ég leyfi mér, vegna þess að ég tel mig eiga nokkuð eftir af kvótanum í þessari pontu, að eiga hér nokkra viðdvöl. Ég held að þeim tíma sé vel varið til þess að ég lesi grg. þannig að menn átti sig gjörla á um hvað þeir ætla að greiða atkvæði á eftir:

„Í maímánuði árið 1981 voru samþykkt lög þess efnis að hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skuli nota það við akstur á vegum. Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsa fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í september 1980, lyki. Á þeirri stundu ætluðu menn að endurskoðunin væri vel á veg komin þannig að um skammtímaráðstöfun væri að ræða varðandi refsiákvæði laganna. Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hl. þáverandi alþm. í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda.

Samkv. sérstakri skýrslu, sem tekin var saman á vegum umferðarráðs um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983, kemur fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum beðið bana. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. október 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi. Á þessu sést að hér er um stórt mál að ræða, sem í bókstaflegri merkingu getur skilið milli lífs og dauða, og því brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum.

Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er, en samkv. síðustu talningu lögreglu og umferðarráðs var notkunin hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsæti. Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, t. d. í Noregi þar sem lagaákvæði án refsingar giltu um nokkurra ára skeið án þess að viðunandi árangur næðist. Í Sviss voru lög um skyldunotkun frá árinu 1976 numin úr gildi í árslok 1977, en öðluðust gildi á ný árið 1981. Kom fram greinileg sveifla milli lítillar notkunar öryggisbelta og fjölgunar látinna í umferðarslysum.

31. janúar s. l. var rétt ár liðið frá því að sett voru lög um skyldunotkun öryggisbelta í Bretlandi. Á þessu ári fækkaði banaslysum farþega í framsætum úr rúmlega 2200 í 1500, eða um þriðjung. Auk mannslífanna er talið að öryggisbeltin hafi forðað fimm til sjö þúsund manns frá alvarlegum meiðslum. Andlitsmeiðslum hefur t. d. fækkað þar í sumum sjúkrahúsum um 70%, höfuðmeiðslum fækkaði verulega og augnmeiðsli vegna bílslysa hafa nær horfið á mörgum sjúkrahúsum. Nú munu um 90% breskra bílstjóra og framsætisfarþega nota belti, enda sekt um 2500 kr. ef út af er brugðið. Ef framsætisfarþegi hefur ökuréttindi og gerist brotlegur við lögin greiðir hann sektina sjálfur, annars verður bílstjórinn að greiða fyrir hann. Margir áhrifamiklir aðilar í Bretlandi lögðust á sínum tíma gegn lagasetningu um skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal var félag breskra bíleigenda sem mælti með notkun án lögþvingunar. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengist, hefur félagið snúið við blaðinu og styður þessi lög.

Allt kemur þetta heim og saman við þá skoðun fjölmargra aðila hér á landi, þ. á m. umferðarráðs, að lögum um skyldunotkun verði að fylgja refsiákvæði eins og umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. Enda munu vandfundin lög þar sem dómsvaldinu er ekki ætlað að beita viðurlögum ef út af er brugðið. Á sama hátt má ætla að undansláttur í framkvæmd einnar lagagreinar leiði til minni virðingar manna fyrir öðrum lögum.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Það var samþykkt samhljóða í Ed., en þegar kom til afgreiðslu í Nd. mætti frv. þeim hindrunum sem vörnuðu því framgangs. Hvers vegna, vita flm. ekki. Það er hins vegar ástæða til að spyrja nú, hve margir hafi látið lífið í umferðarslysum á þeim tíma, sem liðinn er frá því að tök voru á að samþykkja frv., vegna þess að þeir notuðu ekki bílbeltin. Og enn má spyrja: Hve margir verða örkumla ævilangt vegna þessa?"

Ég endurtek það sem ég sagði hér fyrr, herra forseti, að þdm. hugsi ráð sitt vel áður en þeir stöðva framgang þessa þarfa máls hér enn að nýju. Verst af öllu er að fresta þessu máli nú vegna þeirrar endurskoðunar á umferðarlögum sem menn eru að velta fyrir sér að verði að lögum — ja, ég veit ekki hvenær. Hér verður að bregða fljótt við. Því fyrr því betra.

Ég vil vegna þeirra umr. sem hér fóru fram, og ekki síst vegna ummæla hæstv. heilbrrh., ítreka að á fund okkar kom settur landlæknir Guðjón Magnússon og fleiri aðilar. Allir sem einn lögðust þeir á þá sveif að þetta frv. yrði samþykkt. — Og hér eru örfáar tölur til viðbótar til fróðleiks. Okkur voru gefnar upp tölur um slys í Reykjavík í mars á þessu ári. Það urðu um 240 umferðarslys, en 388 lentu í þeim slysum. Þar af voru 117 í beltum en 271 án beltis. 22 slasaðra notuðu ekki beltin, en ekki slösuðust nema fjórir sem voru með belti. Ég held að þessar tölur hljóti að tala skýru máli.

Ég trúi því ekki að menn vilji bregða fæti fyrir að þetta frv. nái fram að ganga. Ég sé ekki að þó að verið sé að endurskoða umferðarlögin komi þetta mál, verði það samþykkt hér, á nokkurn hátt í veg fyrir þá endurskoðun. Ég vil enn og aftur beina því mjög ákveðið og eindregið til dm. að þeir hugsi mál sitt vel og líti gjarnan til baka til fyrri afstöðu þegar þeir greiða nú atkvæði.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð sem mér finnst ástæða til að komi inn í þessar umr. því að þær eru um margt fróðlegar.

Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 133. Og ég styð þá brtt. sem minni hl. allshn. hefur lagt fram.

Ég vil taka sérstaklega undir það sem hv. 4. þm. Suðurl. sagði áðan. Þar var hvert orð rétt og málað réttum litum því að staðreyndir málsins eiga að blasa við öllum hugsandi mönnum. Ég er nýlega búinn að heimsækja stofnanir hér í Reykjavík þar sem fjöldi fólks dvelst sem sumt hvert nær sér aldrei eftir umferðarslys. Margt af þessu fólki hefði sloppið við örkuml ef það hefði notað þau öryggistæki sem bjóðast og bílbeltin eru vissulega meðal þeirra.

Ég vil ekki draga úr nauðsyn þess að auka fræðslu í þessum málum og hvet til þess að það sé gert, en því miður dugar það ekki. Ég tel að sá aðlögunartími sem við höfum haft frá því að lög um bílbelti voru sett hér á hv. Alþingi sé orðinn nægjanlega langur þannig að ekki dugi annað en að herða viðurlög við því að fara ekki eftir þeim lögum.

Ég vil endurtaka að ég vonast til þess að Alþingi afgreiði þetta mál á þann veg sem nál. minni hl. segir til um.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr. fjallar ekki um hvort menn eigi að nota öryggisbelti eða ekki. Sá stóri misskilningur virðist vera á ferðinni að menn telji að frv. fjalli um hvort menn eigi að nota öryggisbelti eða ekki. Það er ekkert á dagskrá. (**Gripið fram í:** Hvaða útúrsnúningar eru þetta?) Ég talaði fyrir því í nál. á sínum tíma sem formaður allshn. að lögleiða bílbeltin. (Gripið fram í.) Og það er í lögum, hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Spurningin sem við erum að velta fyrir okkur hérna er spurningin um refsigleði manna. Það er allt önnur spurning. Við refsum mönnum fyrir að vera fullir á almannafæri. Hætta þeir því? Það má vel vera að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé hættur að fara yfir á rauðu ljósi vegna þess að í guðs eigin landi kynntist hann því að menn eru sektaðir fyrir slíkt. Ég efa að þetta sé rétt. Mér er skapi næst að ætla að hann álpist yfir götu á rauðu ljósi og ferðist yfirleitt á rauðu.

Mér finnst það dálítið hart, eftir að búið er að taka ákvörðun, sem meiri hl. þm., þó nokkur meiri hl., studdi, um að bílbelti skyldu lögleidd, — og þau eru lögleidd, það er skylda að nota þau, — að menn vilji stilla þessu dæmi þannig upp að sumir séu á móti því að nota bílbelti en aðrir séu með því. Ég kannast ekki við þessa hörðu andstæðinga þess að menn eigi að nota bílbelti. Ég hef ekki orðið var við þá hér í þingsölum. Það er aftur á móti fullyrt í grg., með leyfi forseta:

„Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsa fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í september 1980, lyki."

Þetta er einfaldlega rangt. Hvar eru sólsetursákvæði í þessum lögum eða fyrirmæli um að menn hafi ákveðið að hafa þetta einhvern tíma? Þetta er einfaldlega alrangt. Það þarf kjark til að setja hreinar lygar í grg. Það var tekin köld ákvörðun um að þetta skyldi lögleitt og látið reyna á hver væri virðing Íslendinga fyrir lögum.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa áfram:

„Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hl. þáverandi alþm. í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda."

Enn er verið að fara með hrein ósannindi í þessu máli. Vilji meiri hl. alþm. hefur komið til framkvæmda. Hann hefur verið sá að menn eigi að nota bílbelti og ég vil undirstrika það. Þáverandi dómsmrh. var spurður að því í útvarpsviðtali eða sjónvarpsviðtali hvort lögreglan gæti nokkuð gert ef hún mætti manni á bíl og viðkomandi notaði ekki bílbelti. Hann svaraði því til að það bæri að hlýða lögreglunni. Hún gæti gefið fyrirmæli um að maðurinn spennti á sig beltið. Og brot gegn því að hlýða ekki lögreglunni þýðir að hægt er að flytja viðkomandi mann á lögreglustöð í yfirheyrslu. Þetta eru þær heimildir sem eru til staðar í dag. Ég er ekki þeirrar skoðunar að við bætum þetta þjóðfélag með því að gera það að meira lögregluríki en það er.

Þegar neðar á sömu bls. í grg. er enn farið með fullyrðingar sem ég tel engan fót fyrir reynir á mitt langlundargeð. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka bílbeltanotkun meira en orðið er, en samkv. síðustu talningu lögreglu og umferðarráðs var notkun hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsæti."

Vita þessir menn ekki að þegar slysatíðni á Íslandi hefði átt að vera langmest varð hún minnst. Þegar hægri breytingunni var komið á snarféll slysatíðni á Íslandi í umferðinni. Hvers vegna? Lágu stórkostlegar sektir við því ef menn keyrðu á öfugum vegarkanti? Það var beitt fræðslu. Menn tímdu að leggja peninga í fræðslu. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Við náðum umferðarslysunum niður. Það sem hefur gerst á undanförnum árum er það að menn hafa ekki tímt að leggja peninga í fræðslu og þeir bera fulla ábyrgð á þeirri umferðarslysaaukningu sem orðið hefur vegna þess að þeir hafa ekki tímt að leggja peningana í fræðslu.

Ég tel að það sé annað atriði sem menn hafa líka horft fram hjá ef þeir bera saman slysatíðni á Íslandi og á Norðurlöndum. Mér er minnisstætt að þegar við fórum mjög nákvæmlega yfir öll gögn í þessu máli á sínum tíma kom í ljós að væri dregið upp línurit yfir slysatíðni á Norðurlöndum og gert annað línurit yfir slysatíðni á Íslandi og lagt yfir hið fyrra var stórkostlegur munur á þessum tveimur línuritum hvað það snerti að hinir ungu bílstjórar Íslands, 17—24 ára, voru með miklu hærri slysatíðni en á Norðurlöndum. Hvers vegna? Af því að kennslan sem Íslendingarnir hafa fengið er léleg miðað við það sem gert er á Norðurlöndum. Hún er léleg. Það er eina orðið sem er til yfir það. Og afleiðingin er sú að slysatíðnin frá 17 til 24 ára aldurs er miklu meiri hér. Menn eru sem sagt að læra í umferðinni það sem þeir hefðu getað lært áður en þeir fóru að keyra einir og sjálfir. Á þessu máli þarf að taka af fullri alvöru.

Ég tel að það sé ekki jafnvonlaust verk og sumir vilja vera láta að lögregla komi mönnum til að fylgja lögum þó að ekki sé beitt refsiákvæðum. Þeir eru einfaldlega að halda uppi aga í þjóðfélaginu. Allir sem hafa unnið við kennslu vita að þeir þurfa að halda uppi aga. Þeir hafa ekki þann refsirétt að þeir geti heimtað 1000 eða 2000 kr. ef menn mæta of seint. Það er ekki á dagskrá. Það mundi trúlega bæta agann ef þetta yrði upp tekið. Og það er nokkuð athyglisvert að þeir menn sem hafa kannske hið innra með sér fullkomlega meðalskammt af uppreisnaranda hafi einnig ríka þörf fyrir að refsa.

Ég minnist þess þegar ég las þá góðu bók í sálarfræði, Mannþekkingu eða Hagnýta sálarfræði eins og hún hét nú seinna. Þar var greint frá félagsfræðirannsókn sem gerð hefði verið til að fylgjast með því hvenær vasaþjófarnir væru iðnastir við að stela úr vösum manna. Þá kom í ljós að albesta tækifæri sem þeir fengu til að stela úr vösum manna var í mannþyrpingunni þegar verið var að hengja einhvern vasaþjófinn. (**HBl:** Var þetta fyrir vestan?) Þá stóð allur skarinn í andagt og fylgdist með og það var kjörið tækifæri til að stela úr vösunum. Mér er þetta minnisstætt vegna þess að þetta segir manni stundum hvað refsigleðin skilar sáralitlu.

Ég tel að allir sem vilja horfa opnum augum á það hvenær við höfum náð árangri í því að bæta íslenska umferðarmenningu hljóti að horfa á þá staðreynd hvað okkur tókst vel þegar við skiptum yfir í hægri umferðina. Okkur tókst vel af því að menn lögðu þá fjármuni í þessa hluti. Þá lögðu menn fjármuni í umferðarfræðslu af því að þeir óttuðust „katastrofu". En í dag eru það patentlausnir sem eiga að duga. Menn vilja ekki setja peninga í þetta. Menn vilja ekki fræðsluna. (**SJS:** Þvættingur.) Menn vilja fyrst og fremst, hv. 4. þm.

Norðurl. e., boða beint og óbeint að það sé ákveðinn hluti þm. sem beri ábyrgð á dauðsföllum sem orðið hafi vegna þess að þeir hafi ekki verið hlynntir því að beita refsiákvæðum varðandi bílbeltanotkun. Með leyfi forseta vil ég lesa þessa aths.:

„Það er hins vegar ástæða til að spyrja nú, hve margir hafi látið lífið í umferðarslysum á þeim tíma, sem liðinn er frá því að tök voru á að samþykkja frv., vegna þess að þeir notuðu ekki bílbelti. Og enn má spyrja: Hve margir verða örkumla ævilangt vegna þessa?"

Það hefur verið grunnatriði í íslenskri lagasmíð og í refsirétti að refsa mönnum fyrir það sem þeir gera á hluta annarra, en refsa mönnum ekki fyrir það sem þeir gera sjálfum sér illt. (**SJS:** Eru sjálfsvíg lögleg?) Ég hef ekki vitað til að dauðarefsingu væri beitt gegn sjálfsvígum, hv. 4. þm. Norðurl. e., jafnvel ekki í þeim löndum þar sem dauðarefsingu er beitt fyrir morð. Það bendir allt til þess að menn líti það dálítið öðrum augum. Auðvitað geta menn verið svo forstokkaðir í sínum málflutningi að þeim finnist sjálfsagt að refsa mönnum miskunnarlaust fyrir það sem þeir gera á sjálfs sín hlut, en ég vil gera greinarmun á því hvort við erum að refsa mönnum fyrir það sem þeir gera öðrum til bölvunar eða hvort það á að taka upp þá stefnu að refsa mönnum fyrir það sem þeir gera sjálfum sér til bölvunar.

Ég trúi því enn að sú löghlýðni sé til staðar hjá íslenskri þjóð að hægt sé með því að auka umferðarfræðslu að ná miklu betri árangri í þessum efnum en við höfum náð. Ég minnist þess að í fyrravetur í kulda og heldur slæmu veðri — ég held að það hafi örugglega verið í fyrravetur eða veturinn þar á undan — var ljósmyndari að þvælast á stæðinu hjá alþm. og hann var af og til að taka myndir. Ég vissi nú ekki hvað hann væri að gera, en hann var þarna við verstu veðurskilyrði með myndavélina á lofti. Jú, svo kom það í ljós dálitlu seinna hvað hann hafði verið að gera. Hann var að leita þá uppi sem höfðu ekki verið með bílbeltið spennt og tók myndir af þeim og birti til kynningar. (**Gripið fram í:** Rannsóknarblaðamennska.) Rannsóknarblaðamennska. Hárrétt athugað. Og hann lagði það á sig að vera þarna í kuldanum til að safna þessum myndum saman. En honum datt ekki í hug að birta myndir af þeim sem voru með beltið spennt þrátt fyrir þá staðreynd að það er fordæmið sem skiptir öllu máli. Hann taldi höfuðatriði að koma því á framfæri að þm. spenntu ekki alltaf öryggisbeltin.

Umr. frestað. ————————

Efri deild, frh. 103. fundar.

Miðvikudaginn 19. júní, kl. 5 síðdegis.

Breytt nýting útvarpshúss, þáltill. 533. mál (þskj. 1284). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Við hv. þm. Eiður Guðnason flytjum hér lítið mál en þó kannske dálítið athyglisvert. Svipað mál var að vísu flutt í fyrravor á þingi, en þá ekki útrætt. Það var með öðrum hætti: Það var gert ráð fyrir því að hvorki hljóðvarp né sjónvarp flytti í þetta hús, heldur yrðu gerðar ráðstafanir til að hagnýta það með öðrum hætti. En nú höfum við flutt till. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því hvernig hagfelldast sé að nýta þann hluta hins nýja útvarpshúss við Hvassaleiti sem ætlaður hefur verið sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Skal athuguninni hraðað svo sem kostur er. Gengið er út frá því að starfsemi sjónvarps verði áfram í núverandi húsakynnum við Laugaveg."

Það er ljóst að Ríkisútvarpið býr við þröngan húsakost, þ. e. hljóðvarpið, og nauðsynlegt að bæta þar um. Þessi gamla og virðulega stofnun þarf auðvitað að hafa góðan aðbúnað og ekkert við því að segja að bæta þann húsakost þó að allt of mikið hafi verið í lagt í því nýja útvarpshúsi sem risið er. Ég held að útvarpið hefði verið betur komið í miklu minna og geðfelldara húsnæði en því sem þarna er að rísa, þessu bákni. Við flm. gerum ekki ráð fyrir því að sá flutningur verði hindraður úr því sem komið er. Hins vegar teljum við að sjónvarpið eigi að vera áfram í húsakynnum sínum við Laugaveg þar sem vel er að því búið og þar eru held ég nokkrir stækkunarmöguleikar sem gera það kleift að bæta enn starfsaðstöðuna, sem mundi geta nægt um alllangt skeið, og þannig mætti spara stórfé.

Á fundi í menntmn. ekki alls fyrir löngu kom fjármálastjóri Ríkisútvarps, Hörður Vilhjálmsson, og gerði glögga grein fyrir starfsemi útvarps og sjónvarps og gaf upplýsingar um kostnað við þetta nýja hús sem ég hugsa að hv. þdm. þyki fróðlegt að kynnast. Ég held að ég hafi ritað það rétt niður að miðað við verðlag í febrúar 1985 mundi þessi bygging kosta 661.6 millj. kr. þegar hún væri fullfrágengin. Þá hefði hins vegar ekki verið tekið tillit til kostnaðar við flutning á tækjum og því tjóni sem óhjákvæmlega yrði á tækjum, ekki síst sjónvarpsins, sem yrðu sjálfsagt meira og minna ónýt, bæði kaplar og tæki, ef farið yrði að flytja starfsemina í nýtt hús. Þó er talið að um helmingur af búnaði útvarpsins í heild mundi geta nýst þó að um flutning yrði að ræða.

Til viðbótar þessum fjárhæðum er þess að geta að til að unnt sé að flytja sjónvarpið, en hafa samt sjónvarpsútsendingar á meðan á þeim tilfæringum stendur, mundi þurfa að kaupa bíl, sjónvarpsbíl, sem mundi kosta 30 millj. Ég hygg að það sé án aðflutningsgjalda. Það tæki mundi auðvitað geta nýst sjónvarpinu áfram til töku utan sjónvarpssalar svo að það er kannske ekki neitt meginmál.

En það er ekki unnt annað en að greina frá ekki bara kostnaði við þetta hús heldur líka stærð þess, en það er 15 800 fermetrar. Þetta er þó aðeins lítill hluti þess húss sem fyrirhugað hefur verið að byggja, en lóðin er hvorki meira né minna en 5.6 hektarar. Hún er auðvitað ekki ónýt og má byggja á henni önnur hús. Engu að síður er ljóst að þarna hefur verið ráðist í stórvirki sem er í engu samræmi við umsvif í okkar litla þjóðfélagi. En það er búið og gert og þá er að reyna að bæta úr því sem mest stingur í augu.

Þá er það fyrirbæri, sem ég vissi nú ekki hvað hét, ég hef labbað um það nokkrum sinnum, og það er æðistórt, en það er gífurlegur salur sem ég hélt að væri á stærð við Laugardalsvöll, en viðmælandi okkar í hv. menntmn. sagði að hann væri miklu stærri. Þetta er kjallari, kallaður leiðslukjallari. Ég sé ekki betur en að

þar sé full lofthæð o. s. frv. Þar á víst ekkert að vera nema rafleiðslur, einhverjir kaplar og loftræstingartæki. Eins og ég sagði hef ég æðioft labbað inn í þetta hús af því ég hef furðað mig á hvað þar væri að gerast og með góðum, öldnum og virðulegum fyrrverandi þm. labbaði ég þarna um að leita að Rás 2, en við fundum hana ekki. Við fórum upp um hæðir og mældum þar út með skrefum og fundum út að þær mundu vera æðimargar íbúðirnar sem þar mættu vera. Það er samt upplýst að Rás 2 muni nota, þegar hún að fullu er komin í gang, um 400 fermetra af þeim 15 800 sem þarna eru til staðar.

Bílastæði eru þarna auðvitað mikil og inni í húsinu líka.

Ég skal ekkert segja meira um þessa byggingu, aðeins skora á hv. þdm. að gera sér ferð og skoða hvað þarna er um að ræða.

Ég veit svo sem ekki hvernig hagkvæmast yrði að hagnýta þann hluta sem hugsaður hefur verið fyrir sjónvarp eða þennan svokallaða leiðslukjallara en vafalaust má finna einhverja leið til að hagnýta hann betur en með því að flytja þessa starfsemi alla í þetta gímald því að ljóst er að rekstur þessa húss hlýtur að vera gífurlega dýr til viðbótar rekstrarkostnaði núverandi húsnæðis útvarpsins. Það er ljóst að menn vilja reyna að spara og gasa ekki áfram í fjárfestingum með sama hætti og gert hefur verið nú um alllangt skeið. Ég tel þess vegna alveg fullvíst að allir geti verið sammála um að staldra þarna aðeins við og huga að því hvernig best yrði búið að útvarpi og sjónvarpi. Það er alveg áreiðanlegt að það er ekki betur eða manneskjulegar búið að sjónvarpi í þessu nýja húsi en er í núverandi húsi fyrir utan hinn gífurlega kostnað, bæði í sambandi við byggingar og svo eins reksturinn, ef starfsemin yrði þarna öll.

Mér skilst að miðað við þann kostnað sem áætlaður er, 661.6 millj. sem vafalaust er of lágt áætlað eins og við þekkjum, allt fer fram úr áætlun í þessu landi, væru það æðimörg hundruð íbúða sem þetta allt saman kostar. Og hér er eða hefur a. m. k. verið skortur á íbúðum, ekki bara á þessu svæði heldur líka sums staðar úti á landi því að það er ekki flutt í eins ríkum mæli utan af landsbyggðinni hingað suður og menn ætla. Það er víða húsnæðisskortur annars staðar á landinu. Það er sjálfsagt ekki þægilegt að koma fyrir íbúðum þarna úr þessu. Það hefði verið hægt fyrir ári að breyta a. m. k. einni eða tveim hæðum í smáíbúðir. Þær hefðu kannske verið eitt eða tvö hundruð. En kostnaðurinn er sýnilega á því bili sem það mundi kosta að byggja þrjú, fjögur eða fimm hundruð íbúðir. En þetta er nú kannske útúrdúr.

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Maður kemst ekki hjá því að taka þátt í umr. þegar nýtingarmál hinna ýmsu stórbygginga á höfuðborgarsvæðinu eru á dagskrá.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort hægt er að nýta þetta mikla hús til einhverra annarra þarfa en fyrir sjónvarpið. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að það væri sjálfsagt full ástæða til þess og raunar nauðsynlegt fyrir hv. þm. að skoða þetta hús. Sjálfur hef ég ekki látið svo lítið, ef ég má svo að orði komast, að skoða þetta mikla hús. (**Gripið fram í:** Þú gætir týnst.) Já, ég gæti hugsanlega týnst. Ég mundi hætta á það samt. Vafalaust fengi ég góða fylgd hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar því að hann er þegar nokkuð kunnugur í þessari stórbyggingu.

Kannske hef ég ekki tekið nægjanlega vel eftir, en ég hef því miður ekki á takteinum hve mikið húsrými þessar stofnanir, þ. e. hljóðvarpið og sjónvarpið, hafa til ráðstöfunar nú og hversu mikil rýmisaukning er fyrirhuguð í nýju húsi. (Gripið fram í.) Já, ég geri ráð fyrir að þegar þessi bygging var teiknuð, hönnuð, hafi menn leitast við að gera sér í hugarlund umfang þeirrar starfsemi sem þar skyldi fara fram. Í grg. með þessari till. til þál. stendur, með leyfi forseta:

„Upphaflega var nýbyggingin áætluð hljóðvarpinu einu og kom það seinna til að ætla sjónvarpinu þar rými líka."

Nú er ég ekki nógu kunnugur þeim fyrirætlunum sem þarna lágu til grundvallar. Var húsið fyrirhugað minna í upphafi eða stærra en raunin hefur orðið? Það mundi einhver halda því fram að með tilliti til þess sem hér stendur hafi verið farið út á þá braut að nýta húsið mjög vel, hafi upphaflegar hugmyndir verið samhljóða því húsi sem nú er senn risið, en ef þarna er um verulegt umframrými að ræða er ég á því að miðað við það að bæði hljóðvarpið og sjónvarpið verði þar til húsa hafi þeim skotist þótt skýrir séu. Ég segi nú ekki annað.

Í mínum huga er ákjósanlegt að ýmsu leyti að rekstur hljóðvarps og sjónvarps sé í nálægum húsakynnum, jafnvel sömu húsakynnum. Nú skal ég játa að ég er ekki nógu fróður um slík rekstrarmál, en einhvern veginn finnst mér að það hljóti að geta verið hagkvæmt að hafa báðar þessar stofnanir undir sama þaki.

Varðandi tæki sjónvarpsins, sem vikið hefur verið að, hef ég grun um að drjúgur hluti þess tæknibúnaðar sem þar er til nota sé kominn á síðari snúning, orðinn fyrntur og í sumum tilvikum jafnvel úreltur. Um þetta skal ég ekkert fullyrða. Ég segi þetta einfaldlega til að vekja athygli á því að það er ekki víst að þarna sé um að ræða að kasta öllu þessu á glæ samanborið við að e. t. v. þarf það endurnýjunar við hvort sem er.

En það má vel vera að þessari till. fylgi alvöruþungi. Ég mælist til þess áður en hv. þm. eru jafnvel knúnir til að taka afstöðu til þessa máls að þeir fái ráðrúm til að skoða þessa miklu byggingu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég er annar af tveimur flm. þessarar till. og ég tel mig þekkja nokkuð til þeirra mála sem hér um ræðir af tveimur ástæðum. Ég starfaði við umrædda stofnun frá því í byrjun árs 1967 þar til seint á árinu 1978, á tólfta ár, og frá árinu 1978 hef ég átt sæti í útvarpsráði þannig að ég hef haft aðstöðu til að fylgjast með og mynda mér skoðanir á því sem hér um ræðir.

Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að sjónvarpið ætti ekki að flytja í þessa nýbyggingu og vegna orða síðasta ræðumanns, sem var að ræða forsögu þessa máls, vil ég minna á að þessi bygging í núverandi mynd var eingöngu ætluð hljóðvarpinu. Hins vegar mætti það gagnrýni hjá stjórnmálamönnum m. a., og á það var bent, sjálfsagt með nokkrum rétti, að þetta hús væri ákaflega vel við vöxt, að ekki sé nú dýpra í árinni tekið, fyrir starfsemi hljóðvarpsins eins og sjónvarpið gæti

sem best verið þar líka. Til þess að freista þess að hafa frið um málið hygg ég að forvígismenn Ríkisútvarpsins hafi fallist á að troða sjónvarpinu þarna inn líka. Þetta hús var upphaflega hannað sem útvarpshús, ekki sjónvarpshús, þannig að ég held að við sitjum nú uppi með byggingu sem er í rauninni hvorki útvarps- né sjónvarpshús, hús sem er eins konar kynblendingur eða bastarður, því miður.

Hv. 5. þm. Vesturl. vék að því í ræðu sinni áðan að það væri viss hagkvæmni í því fólgin að hafa þessar stofnanir undir sama þaki. Það er rétt. Það felst nokkur hagkvæmni að því. Ég held hins vegar að hún skipti engum sköpum í þessu máli, hún sé tiltölulega lítil miðað við margar aðrar stofnanir.

Í öðru lagi vék hann að því að ýmis tækjabúnaður sjónvarpsins kynni að vera úr sér genginn og gamall og þurfa endurnýjunar við. Það er líka örugglega rétt um einhvern hluta tækjakostsins vegna þess að með þeirri notkun sem á þessum tækjum er og hefur verið í sjónvarpinu endast þessi tæki ekki mjög lengi. Mér er það minnisstætt frá mínum starfsárum þarna að myndavélalampar, sem eru mjög dýrir, voru notaðir u. þ. b. þrisvar sinnum lengur en þótti hæfa í sjónvarpsstöðvum erlendis í sparnaðarskyni og kom það auðvitað niður á gæðum framleiðslunnar þannig að myndgæðin voru lakari. Sjónvarpið hefur jafnan búið við heldur slakan tækjakost m. a. vegna þess að því er gert að greiða fulla tolla og aðflutningsgjöld af þeim tækjum sem það kaupir meðan einkafyrirtæki í sömu grein þurfa ekki að greiða slíka tolla. Þetta er auðvitað óviðunandi ranglæti gagnvart þessari miklu menningarstofnun.

Ég hef alla tíð haldið því fram og er alveg sannfærður um að það er rétt að kostnaðurinn við að flytja sjónvarpið, og þá er ég ekki að tala um að flytja tækin sjálf, er að mjög miklum hluta fólginn í þeim lögnum, þeim kílómetrum og aftur kílómetrum af leiðslum, sem eru undir gólfum í sjónvarpshúsinu þar sem víðast hvar eru tvöföld gólf, og miklum leiðslum sem eiga að rúmast og munu væntanlega rúmast vel í hinum rúmgóða leiðslukjallara nýja hússins. Það er sú fjárfesting sem liggur í lögnunum í sjónvarpshúsinu við Laugaveg 176 sem ónýtist þegar og ef flutt verður. Það er hægt að skipta um öll tæki. Það þarf ekki að skipta um lagnirnar. En tækin eru á mismunandi aldri þannig að það þarf ekki að skipta um nema lítinn hluta af þeim vegna flutninganna einna, einhvern hluta sjálfsagt. Sum tækin eru orðin úr sér gengin. Tæki sjónvarpsins hafa nýst ákaflega vel og sætt óvægilega mikilli notkun oft og tíðum.

Sjónvarpið býr við býsna góðan húsakost. Aðalstúdíóið hefur þó þann galla að þar er of lágt undir loft. Sá galli hefur verið til staðar frá upphafi en menn hafa bjargast samt þau tæpu 20 ár sem sjónvarpið er búið að starfa. Rýmið í aðalupptökusalnum sjálfum er ekki svo slæmt. Það þyrfti að byggja annað stúdíó og til þess er rými, t. d. vestan og suðvestan við núverandi byggingu, uppi í Klapparholtinu. Þá eru viðbyggingarmöguleikar við sjálft húsið vegna þess að það er í rauninni ekki nema hálfbyggt. Öðrum megin er það fimm hæðir, en austurendinn er tvær hæðir. Þar á í rauninni eftir að byggja þrjár hæðir. Ef menn skoða þetta hús frá Laugaveginum sjá þeir mætavel að það er hálfbyggt.

Það er nú merkilega skemmtileg saga í sambandi við þann tveggja hæða part þar sem steypujárnin standa upp úr og steypuplatan er hrá. Þar er jafnan allstór tjörn meginhluta ársins. Það er líklegast eina flata þakið á Íslandi sem lekur ekki nokkurn skapaðan hlut af því að það var aldrei hugsað sem þak. Það átti að byggja þarna ofan á. Það mun að vísu einhvern tíma hafa lekið. Það voru gerðar einhverjar ráðstafanir og ég hygg að það sé allt í lagi núna, en þarna standa steypujárnin upp úr og þarna er tjörn meginhluta ársins og lekur ekki samt. Á sama tíma sér maður það á einbýlishúsum eins og í Fossvogshverfi, þar sem menn voru skikkaðir til að hafa flöt þök, að þar er verið að byggja hús núna utan um hvert húsið á fætur öðru og ofan á þannig að risin eru þar að ryðja sér til rúms. Þetta veit ég að hv. þm. þekkja sem eru staðkunnugir á þeim slóðum, en þetta var nú útúrdúr, virðulegi forseti.

Ég held að sjónvarpið sé ákaflega vel sett þar sem það er og það hefur stækkunarmöguleika þar og vaxtarmöguleika. Ég er alveg sannfærður um að kostnaðurinn við að flytja sjónvarpið mun éta upp verulegan hluta af því sem menn ætla að fáist fyrir húseignina á Laugavegi 176 sem á að selja og andvirðið að ganga upp í byggingarkostnað nýja hússins. Ég hef oftlega beðið um að fá um það tölur hvert menn áætla söluverð eignarinnar og hver kostnaðurinn verði við flutninginn. Mér hefur ekki tekist að fá þær, en það getur vel verið að þær komi einhvern tíma.

Menn skulu líka leiða hugann að því að verðmæti húseignarinnar að Laugavegi 176 er ekki síst fólgið í þeim leiðslum og lögnum sem þar eru til staðar. Sú fjárfesting nýtist engum nema þeim sem ætlar að stofnsetja nýja sjónvarpsstöð. Auðvitað væri upplagt fyrir aðila sem ætla sér að stofnsetja sjónvarpsstöð að kaupa þetta hús með öllum lögnum og einhverju af tækjum. Ég get í svipinn ekki hugsað mér nema einn aðila sem ætlar sér út í sjónvarpsrekstur og þyrfti varla að opna veskið sitt til að kaupa þetta hús. Það gæti vel verið að það sé komið inn í myndina núna vegna þess að þessi fjárfesting nýtist engum öðrum. Þeir sem ætla að nýta þetta hús fyrir venjulegar skrifstofur verða að byrja á því að rífa allt þetta út og henda því. Það er ónýtt, afskrifað. En ef menn ætla sér að reka þarna sjónvarp er afar auðvelt að byrja á morgun. Menn skulu hafa í huga hversu flókinn og margslunginn tækjabúnaður þarna er til staðar. Mér er kunnugt um það — eða var a. m. k. og ég veit ekki til þess að það hafi breyst en það á kannske ekki að vera nein ákvörðunarforsenda í málinu — að þeir sem starfa hjá sjónvarpinu hefðu helst kosið að starfa áfram á sama stað. Ég er ekki viss um að það sé sjálfgefið að þeir fái allir betri starfsaðstöðu í hinu nýja húsi, en það er auðvitað viss hagræðing að því að hafa starfsemi útvarps og sjónvarps á sama stað.

En ég hvet hv. þm. til að skoða nýja útvarpshúsið. Ég sé þá fyrir mér, hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson og fyrrv. ráðh. Lúðvík Jósepsson, þegar þeir gengu um bygginguna einhvern tíma á sunnudagsmorgni og stikuðu fram og til baka og mældu. Ég get séð það ljóslifandi fyrir mér. Ég er ekki hissa á viðbrögðum þeirra vegna þess að satt best að segja er þetta hús feiknaleg bygging sem leynir á sér. Húsinu er þannig fyrir komið í landslaginu að það leynir mjög á sér.

Ég hef átt þess kost að skoða útvarps- og sjónvarpsstöðvar í einum 7—8 löndum, sem er kannske ekki mjög víða, en ég hef held ég hvergi séð jafnmikið í lagt. Ég hef séð ný sjónvarpshús, bæði í Finnlandi og

Svíðþjóð, sem voru afar smekklega gerð en ég er sannfærður um að hafa ekki verið mjög dýrar byggingar. Útvarp getur verið í húsi sem er nánast hvernig sem er í laginu, en sjónvarp þarf mikið gólfflatarrými, bæði fyrir leikmyndagerð og fyrir stúdíó.

Það má vel vera að þessi till. sé nokkuð seint fram komin og það sé erfitt við að snúa, en þessi skoðun mín á þessu máli er ekki ný. Ég hef marglýst þessari skoðun í útvarpsráði, en hún hefur ekki átt þar hljómgrunn nema mjög takmarkað. Og ég hef verið alveg ófeiminn að láta þar í ljós mína gagnrýni á þessari ráðstöfun vegna þess að ég held að við sitjum kannske uppi með hús sem er hvorki gott útvarpshús né gott sjónvarpshús. Það er sorglegt þegar mikið er í lagt eins og hér hefur verið gert. Nú vinna þarna menn nánast nótt og dag. Ég sá síðast á þjóðhátíðardaginn að þá unnu flokkar manna að því að lagfæra lóðina í kringum þetta hús. Það er sem sagt ekkert til sparað.

Auðvitað á það fólk sem vinnur við útvarp og sjónvarp að hafa góða starfsaðstöðu. Um það er ekki deilt. En það verður líka að horfa til kostnaðar. Ég er alveg sannfærður um að það hefði mátt leysa þessi mál á miklu mun ódýrari hátt með fullum sóma. Ég er líka þeirrar skoðunar að það hafi verið röng ákvörðun á sínum tíma að flytja sjónvarpið í þessa byggingu. Og ég held að sú ákvörðun sé mjög dýr. Þegar við erum að tala um að verja auknu fé til innlendrar dagskrárgerðar ættum við að reyna að vera hagsýn í þessum efnum vegna þess að það eru ekki umbúðirnar sem skipta öllu máli, heldur innihaldið fyrst og fremst.

Það mætti auðvitað margt um þetta segja. Ég er raunar þeirrar skoðunar að þessar stóru ríkisstofnanir eins og eru á Norðurlöndunum hafi vissa annmarka. Ég hef séð það, í Svíþjóð einkanlega, í Danmörku líka í nokkrum mæli, að þessar stofnanir hafa tilhneigingu til að hlaða mjög utan á sig. Það hefur ekki gerst hér. Gæði framleiðslunnar virðast því ekki vaxa í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar. Þessi stóru ríkisfyrirtæki eru því kannske að sumu leyti á Norðurlöndunum — ég er ekki að segja hér — orðin tímaskekkja. Sú þekking og kunnátta sem þarf til að gera dagskrár, bæði fyrir útvarp og sjónvarp, var áður innilokuð í þessum stofnunum. Hún er það ekki lengur. Hún er komin út um allt þjóðfélagið. Það er urmull af fyrirtækjum sem vinna við þetta, ýmist við að gera auglýsingar eða — í vaxandi mæli — að gera þætti og dagskrár. Ég held að vaxtarbroddur innlendrar dagskrárgerðar sé í mjög ríkum mæli hjá þessum litlu fyrirtækjum listamanna og tæknimanna úti í þjóðfélaginu. Hann er a. m. k. ekki síður þar en hjá ríkisstofnunum. Ég er alveg sannfærður um að í auknum mæli verður farið út á þær brautir að fela þessum aðilum dagskrárgerð og ég er alveg sannfærður um að það mun skila árangri. Ég er stoltur af því að hafa átt, held ég, tillöguna í útvarpsráði um fyrsta sjónvarpsþáttinn eða sjónvarpsmyndina sem var ákveðið að bjóða út. Það var mynd um hjólreiðar. Ég held að í auknum mæli verði farið inn á þessar brautir. Krafan um mörg stúdíó eins og var uppi um tíma, sérstakt fréttastúdíó og fleira fyrir sjónvarpið, er því kannske ekki eins gild og áður var.

Þegar ég starfaði þarna í kringum 1970 var það mikið baráttumál þeirra sem unnu að fréttum að fá sérstakt fréttastúdíó. Þróunin varð hins vegar sú hvarvetna erlendis að fréttastúdíó urðu úr sögunni vegna þess að kostnaðurinn við að búa til stúdíó með þremur myndavélum, sem er við skulum segja 80 fermetrar að flatarmáli, er litlu minni en að búa til stúdíó sem er 150 eða 200 fermetrar að flatarmáli. Það er alveg sami grundvallarbúnaðurinn sem þarf. Það er aðeins fermetrafjöldinn í stúdíóinu sem munar og hann er tiltölulega lítilvægur í þessu sambandi.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en ég held að það sé rétt að þessi athugun fari fram. Það getur vel verið að hún leiði í ljós að þarna sé of seint í rassinn gripið og ekkert sé hægt að gera í þessu máli, en það kemur þá í ljós. Væntanlega verður hægt líka í þessari athugun að afla upplýsinga um það sem ég hef hér verið að tala um, þ. e. hve mikið fæst fyrir húsið að Laugavegi 176 og hve mikið kostar að flytja. Þetta verða menn að meta, sérstaklega þegar verið er að tala um að efla innlenda dagskrárgerð og þáttagerð sem allir eru sammála um. Við höfum ekki efni á því að sólunda fé með þeim hætti sem ég óttast sumpart að þessi flutningur hafi í för með sér.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess, eins og fram kemur í umræddri till., að gerð sé könnun á því hvort ekki er hagkvæmara að skilja á milli starfsemi útvarps og sjónvarps, fyrst og fremst vegna þess að það er álit margra að fljótlega muni þrengja mjög verulega að báðum aðilum í hinu nýja útvarpshúsi og eins og komið hefur fram hér í umr. er það sjónarmið þorra starfsmanna sjónvarps að ekki sé ástæða til að flytja í hið nýja hús. Það er allsérstætt að þessi opinbera stofnun hefur ekki gert kröfu til þess að það sé byggt yfir hana. Hún vill vera í sínu gamla húsi. Þá held ég að ég sé að segja frá sjónarmiðum alls þorra starfsmanna sjónvarpsins.

Það er held ég einnig rétt að miklar líkur eru á að kostnaðurinn við að flytja starfsemina í hið nýja hús geti verið ámóta mikill og sú fjárhæð sem hægt væri að fá fyrir núverandi hús sjónvarpsins.

Það er þannig með sjónvarpið að það má segja að þar séu mörg hús inni í einu húsi. Það er sérinnréttað á margan hátt og margar deildir búa við sérstakar innréttingar. Það er því ekki út í hött að segja að það séu þarna mörg hús inni í einu húsi. Kostnaðurinn við að færa það til hlýtur að verða mjög mikill. Ég held að það sé þess vegna full ástæða til að skoða þetta mál til hlítar og með hraði.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Greiðslujöfnun húsnæðislána, frv. 530. mál (þskj. 1205). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Það frv. sem ég hef leyft mér hér að flytja er sömu tegundar og það frv. sem ríkisstj. flutti fyrir nokkru og þegar hefur hlotið afgreiðslu. Ég hafði ýmislegt út á það frv. að setja og tel að það hafi ekki svarað þeirri þörf sem fyrir hendi er og þar hafi ákveðnir þættir þess vanda, sem átti að leggja til atlögu við, verið teknir út fyrir sviga og ekkert í þeim málum gert. Þannig er þetta frv.

mitt hér tilkomið.

Í sem fæstum dráttum er um það að segja að það takmarkar ekki eins sterklega þær aðgerðir sem ég tel nauðsyn vera á og frv. ríkisstj. Tilgangur þessa frv. er eins og tilgangur þeirra laga sem þegar hafa verið samþykkt að jafna og létta greiðslubyrði af lánum einstaklinga til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota með þeirri breytingu frá núgildandi lögum að hér verði um öll lán einstaklinga að ræða til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota, en ekki eingöngu þau sem fólk á hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eða Byggingarsjóði ríkisins, enda er það samdóma skoðun allra sem nú eiga í hvað mestum erfiðleikum með sín lánamál að sá vandi stafar ekki af þeim lánum sem á þessu fólki hvíla og tekin hafa verið hjá Byggingarsjóði ríkisins, en það eru yfirleitt lán á 15—25 ára kjörum með lágum vöxtum eða lægstu vöxtum sem völ er á og greiðslukjör því betri en nokkurs staðar annars staðar.

Eins fannst mér lögin sem samþykkt voru hér vera allt of flókin miðað við tiltölulega einfalda aðgerð og miklar orðskýringar á lagagreinum, sem þar var að finna, benda til þess að menn væru þar að fullnægja þörfum sínum til að láta ljós sitt skína frekar en þær fullnægðu einhverri nauðsyn eða þörf.

Eins tel ég að sá munur sem er á þessu frv. og þeim lögum sem hafa verið samþykkt sé kannske stærstur sá að stjórnvöld, sem hafa haft mjög mikil afskipti af peningamálum þessa lands, eru sá aðili sem ber ábyrgð á því ástandi sem lántakendur búa nú við. Með því að bera fram þetta frv. er ég að lýsa þeirri skoðun minni, sem ég tel að eigi að vera sjálfsagður hlutur, að það sé sameiginlegt hagsmunamál fjármagnseigenda, þá á ég við húsbyggjendur, og allra lánastofnana, hverjar sem þær eru, að greitt verði úr þeim vanda sem hér um ræðir. Mér sýnast fyrstu viðbrögð sem fengist hafa fregnir af, sérstaklega úr bankakerfinu, ekki benda til þess að bankakerfið telji sig vera í stakk búið til þess að bregðast við vanda þessa fólks með sama hætti og Byggingarsjóðurinn ætlar að gera. Þar sem það eru endanlega stjórnvöld sem bera ábyrgð á þessu ástandi teldi ég eðlilegt að stjórnvöld byðu upp á þann kost að gera öðrum lánastofnunum kleift að ráða fram úr vanda fólks með því að lána viðkomandi lánastofnunum fé sem samsvarar þeirri viðbótarfjárhæð sem af þessum skuldbreytingum leiðir. Séu nú einhverjir aðilar sem ekki fá með neinu móti úrlausn sinna mála skuli þeim gefinn kostur á láni úr Byggingarsjóði ríkisins á bankavöxtum til þess að tilgangi laganna skv. 1. gr. verði náð.

Eins kemur fram í frv. sú skoðun mín að sú launavísitala sem miða skuli við þegar reiknað er misgengið milli lánskjaravísitölu og kauptaxta sé meðalkauptaxtavísitala.

Ef ekki verður nægilega að gert sem allra fyrst er nokkuð víst að það kemur til fjölda nauðungaruppboða og þar má gera ráð fyrir því, eins og fram kemur í grg., að fólk tapi miklum fjármunum vegna þess misgengis sem hefur orðið á milli verðlags á fasteignum og lánskjaravísitölunnar eða áhrifa lánskjaravísitölunnar á lánin. Gróflega séð virðist mega reikna með því að fólk sem hefur fjárfest um 2 millj. kr. tapi við sölu líklega um hálfri millj. kr. af eigin fé ef það selur á þessu ári. Þetta tap er ekki hluti af einhverri eðlilegri áhættu, sem fólk tekur við fjárfestingar, því að þetta tap er til komið fyrir aðgerðir ríkisstj. Endanlega hlýtur það að vera viðkomandi lánastofnunum kappsmál að reyna að bjarga málum þessa fólks þó það væri ekki nema til þess að tryggja þá fjármuni sem þær hafa lánað og tryggja sparifjáreigendunum að þessir fjármunir haldi fullu verðgildi.

Menn töldu við umfjöllun um frv. ríkisstj. á sínum tíma, sem nú er orðið að lögum, að ekki væri þörf á því að láta þessi lög ná yfir aðrar lánastofnanir en byggingarsjóði, það nægði að fá loforð eða vilyrði frá öðrum lánastofnunum. Þá stöndum við frammi fyrir því að aðgangur fólks að lánastofnunum er ansi misjafn. Lög eru til þess að jafna rétt manna. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að þessi réttur sé tryggður með lögum.

Virðulegi forseti. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að þetta frv. fær ekki neina umfjöllun á þessu þingi sem heitið getur, en ég tel nauðsynlegt að kynna þessi viðhorf nú strax. Ég býst ekki við því að við stöndum frammi fyrir því að búið sé, hvorki nú né á næstunni, að leysa vanda þessa fólks sem hér um ræðir og lít þannig á að við séum að hefja hér sókn fyrir ákveðnum aðgerðum sem eiga enn þá þó nokkuð langt í land. Stærsta málið og aðalmálið er að endurskipuleggja húsnæðislánamál yfir höfuð þannig frá grunni að næstu kynslóðir, hvort sem þær kjósa að eiga íbúð eða sparifé, geti búið við meira öryggi en við hin.

Virðulegi forseti. Að þessari umr. lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 104. fundur.

Miðvikudaginn 19. júní, kl. 6 síðdegis.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 48. mál (þskj. 1280). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1370).

Ferðamál, frv. 479. mál (þskj. 1189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Guðrún Tryggvadóttir: Virðulegi forseti. Við 2. umr. um frv. til l. um skipulag ferðamála kom fram í nál. hv. samgn. að ég var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Fjarvera mín, sem stafaði af ónógum samgöngum við Austurland, þannig að ég náði ekki fundi samgn. í tæka

tíð, hefur orðið þess valdandi að ég tek til máls hér og nú.

Það er mér sönn ánægja að lýsa því yfir að ég er fyllilega samþykk frv. Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og því afar mikilvægt að vel sé á málum haldið að því er varðar skipulag. Sumir vilja kalla þessa atvinnugrein ferðamannaiðnað í daglegu umtali. Mér þykir það ljótt orð, ekki síst vegna þess að til iðnaðar þarf hráefni og hráefnið í þessu tilviki væru þá ferðamennirnir.

Í frv. er gert ráð fyrir að tilgangur laganna sé tvíþættur. Annars vegar að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og hins vegar skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk. Ég fagna þessu frv. sérstaklega vegna þess að það felur m. a. í sér aukna möguleika á atvinnu úti á landsbyggðinni. Ekki er að efa að sú samvinna sem fyrirhuguð er milli ferðamálaráðs og landshlutasamtaka um ferðamál á eftir að skila sér ríkulega.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1371).

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 797 (sbr. 453), n. 1361, 1360). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er frv. til l. um almannavarnir. Allshn. hefur fjallað um málið og er sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þskj. Brtt. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Við 1. gr. 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo:

Í ráðinu eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.“

Nefndin leggur því til að niður falli ákvæði um að fulltrúar tiltekinna félagasamtaka, sem annast björgunarstörf, skipi til skiptis fulltrúa í ráðið. Þetta er til komið vegna eindreginna mótmæla og óska nokkurra þeirra aðila sem þar eiga hlut að máli.

Ég vil taka fram að allir nm. voru sammála nál. en nöfn tveggja þeirra hafa fallið niður, þeirra hv. þm. Helga Seljans og Valdimars Indriðasonar.

ATKVGR.

Brtt. 1360 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 1309, n. 1328, 1341, 1343 og 1365, 1329, 1344). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Nd. Þetta frv. er að mínu mati æði merkilegt og hygg ég að samkomulag hefði e. t. v. getað orðið um það í meginefnum hér í þinginu ef þetta væri ekki einn liður í lagasmíð sem stjórnarandstæðingar hafa ekki talið vera í einu og öllu rétta. Mér leyfist kannske að rifja það upp að það mun hafa verið á þinginu 1971 að fullt samkomulag náðist um það milli allra flokka og allra þm., ég held ég muni það rétt, að heimila stofnun félags sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands og hafði ríkið þar litla hlutdeild í. Hins vegar voru samþykkt skattfríðindi fyrir það félag um nokkurt árabil, að það hefði hliðstæð réttindi eins og ýmsir bankar og sjóðir í ríkisins eigu eða einkabankar. Menn voru sem sagt í þinginu sammála um að gera tilraun til þess að stofna slíkt fjárfestingar- og framkvæmdafélag, félag sem hefði það hlutverk að vera frumkvöðull, að taka þátt í stofnun, vera eignaraðili, helst minnihlutaaðili, í félögum sem menn væru að berjast við að koma á fót. Það félag lagði líka út í nokkuð sem heitir leigukaup og var fyrsti aðilinn á Íslandi sem það gerði. Tilgangur þess félags var nánast sá sami eins og greindur er hér í athugasemdum við þetta frv., þar sem segir með leyfi forseta:

„Tilgangur félagsins er að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi.

Í samræmi við þann tilgang skal félaginu m. a. heimilt:

1. Að láta gera og fjármagna eða taka þátt í gerð og fjármögnun forkannana og hagkvæmnisathugana.
2. Að eiga frumkvæði að og/eða taka þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja.
3. Að kaupa hlutabréf og/eða skuldabréf atvinnufyrirtækja.
4. Að útvega eða veita áhættulán eða ábyrgðir vegna stofnunar, rekstrar og þróunar fyrirtækja.
5. Að taka þátt í og/eða styrkja hagnýtar rannsóknir í nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að hafa frumkvæði að samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja í markaðsmálum, vöruþróun og á tæknisviði.
7. Að taka lán til eigin þarfa og til endurlána.“

Slík fjárfestingarfélög eru auðvitað ekkert nýtt af nálinni. Þau hafa verið til í hinum frjálsa heimi um mjög langt skeið og gegnt mikilvægu hlutverki. Venjulega hefur það auðvitað verið einkaframtak sem að þessum félögum hefur staðið en ekki ríkisvald, en þó eru mörg dæmi um það að ríkið hafi tekið þátt í slíkum félögum til þess að örva atvinnulíf. Ég minnist þess t. d. að slík félög voru mjög algeng hjá Ísraelsmönnum fyrst eftir að þeir endurheimtu sitt land og ríkið var m. a. s. aðalstofnandi margra þeirra. Síðan voru þau seld einstaklingum og einkafyrirtækjum þegar þau voru komin á legg, þegar tók að skapast þar auðlegð eftir þá erfiðleika sem af því stöfuðu auðvitað að þeir fluttu þjóðflutningum.

Þetta gerðist líka í mjög ríkum mæli við þýska undrið svokallaða þegar Þjóðverjar endurreistu sinn fjárhag á örskömmum tíma. Þá tók ríkið þátt í því að örva

einstaklinga til þátttöku í almenningshlutafélögum og öflugum samtökum. Lífeyrissjóður verkamanna og ýmis samtök tóku þátt í slíkri starfsemi og þetta var auðvitað liður — og kannske meginliðurinn í þýska undrinu. Því miður geri ég mér ekki vonir um að þetta frv., sem að lögum verður væntanlega, muni verða til þess að hér gerist einhver undur á næstu misserum í efnahags- og atvinnumálum. En ég er ekki í nokkrum vafa um það að það er rétt spor að reyna þetta.

Úr því að ég nefndi Fjárfestingarfélag Íslands þá vita menn að það er ekki öflugt félag þó að það hafi þó nokkuð fjölskrúðuga starfsemi. En það var auðvitað vegna þess að fjármagn var af skornum skammti, peningum var safnað saman frá einkabönkum, sem voru ekki sterkir og eru ekki enn, og frá einstaklingum og ríkið eða Framkvæmdasjóður lagði líka nokkurn hlut í þetta félag. Þó hygg ég að það hefði getað verið talsvert öflugt nú ef það hefði ekki einmitt byrjað þessi starfsemi sem ég nefndi áðan, þ. e. leigukaup. Það gerði fjögurra, fimm ára samninga við menn sem voru að kaupa vélar og tæki um að félagið greiddi allt andvirðið og síðan gætu menn greitt mánaðarlega af þessum tækjum þangað til þeir eignuðust þau. En einmitt í kjölfar þessarar starfsemi byrjaði verðbólgan í algleymingi og allir þessir samningar voru óverðtryggðir svo að félagið tapaði þá miklu af eigum sínum. En ég held að þetta sé ekki mál sem neinn þyrfti að berjast gegn, þetta getur aldrei orðið nema til góðs, en eins og ég sagði þá er þetta liður í heildaraðgerðum sem stjórnarandstaðan hefur kosið að verða á móti, a. m. k. flestu í þessari nýsköpun.

Ég endurtek að ég held að þetta sé rétt spor í áttina en það þarf auðvitað miklu, miklu meira til þess að hér verði raunveruleg nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar. Það þurfa mörg fleiri öfl og stofnanir, fyrst og fremst auðvitað einkafjármagn og félagasamtök, að koma til til þess að við öðlumst þá nýsköpun og umbreytingar í þjóðfélaginu á næstu misserum sem þjóðin þarfnast. En meiri hl. leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Norðurl. v., er þetta eitt af þremur frv. sem ríkisstj. hefur lagt mjög mikla áherslu á að næðu fram að ganga, þ. e. frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi o. s. frv.

Hér á landi hefur raunin verið sú í sambandi við fjárhagslega fyrirgreiðslu til atvinnurekstrar og fjárfestingar í atvinnurekstri að þar hafa víða verið við lýði sjálfvirkar reglur sem hafa tryggt lánafyrirgreiðslu hinna hefðbundnu greina. Niðurstaðan hefur því gjarnan orðið sú, þegar upp hefur verið staðið, að miklu fjármagni hefur verið veitt í eitt og annað sem of mikið er kannske þegar fyrir hendi af. Sem dæmi um það má nefna fjárfestingu í landbúnaði, verslunarhúsnæði, skipastól. Þetta fyrirkomulag hefur hins vegar haft þann annmarka að nýjungar, athyglisverðar nýjungar í atvinnurekstri hafa í rauninni hvergi átt heima, þær hafa verið munaðarlausar innan kerfisins. Hitt er svo líka, að lán hafa nánast eingöngu verið veitt gegn fasteignaveðum, það er lánað út á steypuna jafnvel þó að hún sé kannske alkalírotin, þeir sem hafa haft góðar hugmyndir, snjallar hugmyndir til nýrra hluta, hafa ekki fengið neina fjárhagsfyrirgreiðslu nema þeir hafi átt steinsteypu til að leggja að veði. Þetta kerfi er ekki gott, það er staðnað og hvetur ekki til framfara, stuðlar að stöðnun má segja og hindrar framþróun og nýjungar og veldur því að þar sem vaxtarbroddur er í atvinnulífi fær hann ekki að njóta sín með eðlilegum hætti. Úr þessu þarf auðvitað að bæta.

Það verður að viðurkennast að í þessu frv. er gerð tilraun til að mæta þessari þörf. Takist þessi tilraun vel getur þróunarfélag eins og hér um ræðir auðvitað orðið til þess að örva nýsköpun í atvinnulífi og stuðla að því að fjármagn renni til nýstárlegra verkefna sem kannske styðjast öðru fremur við hugvit og þekkingu og þá íslenskra aðila. Hins vegar höfum við þá gagnrýni fram að færa að við sjáum ekki rökin til þess að auka enn á erlendar lántökur eins og gert er ráð fyrir í 4. gr. þessa frv. og gæti orðið. Við erum þeirrar skoðunar að lántökur í þessu sambandi eigi að takmarka við innlenda lánsfjáröflun. Í samræmi við það hef ég flutt brtt. á sérstöku þskj. og mæli með samþykkt frv. að þeim brtt. samþykktum.

Fyrsta breytingin er í þá veru að 3. málsl. 1. tölul. orðist þannig:

„Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstj. skal heimilt að afla ríkissjóði í þessu skyni með innlendri lánsfjáröflun."

Í öðru lagi segir:

„2. málsl. 2. tl. orðist þannig: Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstj. skal heimilt að afla með innlendri lánsfjáröflun í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar."

Og í þriðja lagi orðist 3. tl. svo:

„Að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði samtals allt að 200 millj. kr. og endurlána hlutafélagi skv. 1. gr. án sérstakra trygginga til 5—7 ára og að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 millj. kr."

Þetta eru sem sagt þær brtt. sem við flytjum við frv. en lýsum annars stuðningi við þær hugmyndir sem í því felast.

Ég er alveg sannfærður um að við eigum margra kosta völ í þessum efnum. Það hefur raunar sýnt sig á undanförnum misserum að íslenskir hugvitsmenn, t. d. á sviði tölvufræða og gerðar hugbúnaðar fyrir tölvur, eru fyllilega samkeppnisfærir og geta fyllilega staðið sig. Það skortir hins vegar oft á að þeir geti komið hugmyndum sínum á framfæri með eðlilegum hætti. Það er nefnilega liðin tíð að hráefni eða auðlindir af því tagi sem fiskurinn okkar er eða orkan séu forsenda allra framfara. Mannvitið og menntunin, hugvitið og hugkvæmnin eru ekki síður forsenda þess að við getum tryggt hér bærileg lífskjör í landinu. Þess vegna á auðvitað að hlúa að nýjum hugmyndum. Við stöndum á þröskuldi nýrra tíma. Við stöndum andspænis meiri þjóðfélagsbreytingum en nokkurn tíma hafa átt sér stað frá upphafi vega, frá því að sögur voru fyrst skráðar. Þetta er eitt af þeim skrefum sem við þurfum að stíga til að búa okkur undir að takast á við það sem þessir nýju tímar færa okkur. Við höfum þekkinguna og menntunina en við þurfum að búa þannig um hnútana að þetta geti nýst með eðlilegum hætti.

Það er afskaplega ánægjulegt að lesa það t. d. að rétt rúmlega tvítugir Íslendingar skuli fengnir til þess að

flytja fyrirlestra á ráðstefnum erlendis um tölvufræði og gera grein fyrir þeim hugbúnaði sem þeir hafa hannað hér af eigin hyggjuviti. Þetta eru staðreyndir. Um þessar mundir er fjöldi ungra Íslendinga í framhaldsnámi erlendis í þessum fræðum. Varðandi þessa nýju tækni, þá er ég fyrst og fremst að hugsa um örtölvutæknina og það sem henni fylgir, held ég að við höfum kannske að sumu leyti forskot fram yfir sumar Evrópuþjóðir vegna þess að við erum í rauninni á mörkum hins nýja og gamla heims og við höfum tekið við þekkingu í ríkara mæli en a. m. k. ýmsir aðrir, bæði frá Bandaríkjunum og Evrópu. Þess vegna held ég að við séum vel undirbúnir til stórra átaka á þessu sviði. Við höfum fólkið og þekkinguna en fjármagnið hefur vantað og kannske einhverja samræmingu og heildaryfirsýn yfir þetta svið. Það eru ekki stórfyrirtækin sem blakta í þessum efnum. Tölvufyrirtækið sem kennir sig við epli byrjaði nú bara í bílskúr fyrir fáeinum árum, tveir ungir strákar. Og það er ekkert einsdæmi. Það eru fleiri fyrirtæki sem þannig hafa komist á laggirnar en eru núna orðin heimskunn og velta margföldum fjárlögum íslenska ríkisins á ári hverju.

Ég er alveg sannfærður um að við eigum margvíslega möguleika. Við eigum að nýta okkur þá og fara inn á þau svið þar sem við höfum sérþekkingu, eins og í sjávarútvegi þar sem við ættum að geta skotið öðrum ref fyrir rass bæði að því er varðar þessa nýja tölvutækni og kannske líka á sviði líftækni, á ýmsum sviðum. Aðrir eru nú kunnugri því hér en ég. Mér er þó mætavel ljóst að slíkir hlutir gerast ekki á einni nóttu og miklu þarf til að kosta í rannsóknir, grundvallarrannsóknir sem að sumu leyti er kannske erfitt að stunda hér í fámenninu. En engu að síður eigum við að hlúa að þessu og kappkosta að halda í við aðra og helst fara fram úr þeim.

En ég endurtek: þær brtt. sem við gerum við þetta frv. eru eingöngu á þeim forsendum að við teljum að lánsfjárins eigi að afla innanlands en ekki auka erlendar lántökur í þessu skyni, þó að þetta mál sé annars alls góðs maklegt.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar þetta frv. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu. Það er skoðun mín að þessi þingmál þrjú sem hér eru til umræðu um þessar mundir og fjalla öll um það áform stjórnarflokkanna að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir séu fyrst og fremst til marks um mikla sýndarmennsku.

Það er eftirtektarvert, ef lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins eru skoðuð, að Framkvæmdasjóður hefur allar þær heimildir sem þessu nýja félagi er ætlað að fá og í raun má segja að lögin beri það með sér að Framkvæmdasjóði er ætlað nákvæmlega sama hlutverk og hinu nýja félagi. Í stuttu máli má segja að Framkvæmdastofnunin lifi góðu lífi í afkomendum sínum eftir að hún hefur verið tekin af lífi með samþykkt þessara frv. Þessar dótturstofnanir hennar, sem eiga að taka við af henni, hafa sameiginlega allt það hlutverk og allar þær heimildir sem gamla stofnunin hafði.

En vegna þess að þessari uppstokkun á starfsemi Framkvæmdastofnunar fylgja margvíslegir ókostir er það tillaga mín í nál. á þskj. 1343 að þessu frv. sé vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem frv. þetta er liður í breytingu sem miðar að því einu að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir með auknu forstjóraveldi, aukinni miðstýringu og auknum tilkostnaði og þar sem nýskipan þessi virðist ekki hafa neina sérstaka kosti í för með sér en hins vegar ýmsa augljósa ágalla frá núverandi skipan mála telur deildin ástæðulaust að fjalla frekar um frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Í nál. sem ég hef skilað kemur fram hvaða ókostir þetta einkum eru. Það er ljóst að miðstýring verður miklu meiri eftir samþykkt þessara frv. og ólýðræðislegir stjórnarhættir eru teknir upp í stað þeirra stjórnarhátta sem fyrir voru og fólu það í sér að Alþingi kaus Framkvæmdasjóði lýðræðislega stjórn. Nú er hins vegar ætlunin að ráðh. fari alfarið með skipun þessarar stjórnar og á það reyndar bæði við um Framkvæmdasjóð og þróunarfélagið. Þessir voldugu sjóðir eru sem sagt alfarið settir á ábyrgð ráðh. án nokkurs eftirlits eða íhlutunarréttar Alþingis.

Enginn vafi er á því að þessari breytingu, að kljúfa Framkvæmdastofnun í þrjá parta, mun fylgja stóraukinn kostnaður og verulega mikil skriffinnska.

Þá er rétt að benda á að í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins er gert ráð fyrir því að birtar séu opinberlega upplýsingar um allar lánveitingar Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs en í þessum nýju frumvörpum eru engin slík ákvæði. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. við frv. á sérstöku þskj. og verður hún borin upp ef rökstudda dagskráin er felld. Þar er einmitt gert ráð fyrir því að þessu félagi sé skylt að birta opinberlega upplýsingar um allar lánveitingar sínar, sínar styrkveitingar og hlutafjárframlög.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Það hafa ýmsir hv. stjórnarandstöðuþm. kvartað mjög undanfarið yfir tímaleysi og þó hafa þeir nú uppi allstífan málflutning um ýmis mál, sérstaklega þó auðvitað í hv. Nd. Meðal þeirra mála sem þeir hafa þæft þar allmjög eru þessir svokölluðu þríburar. Þar minnir málflutningurinn mig einna mest á lastarann sem líkaði ei neitt og fordæmdi skóginn ef hann fann eitt fölnað laufblað. Ég segi ekki að ekki megi finna eitt og eitt fölnað laufblað í þeim málum sem að okkur hafa sópast nú undanfarið af borði hæstv. ríkisstj. en mér finnst þó að menn megi alls ekki missa sjónar á grænum trjám þar inni á milli. Meðal hinna grænu trjáa lít ég þetta frv. vera sem hér liggur fyrir.

Í málflutningi stjórnarandstæðinga hafa þeir nánast alltaf flutt allir sömu ræðuna um þessi þrjú mál, þ. e. Byggðastofnun, Framkvæmdasjóð og þróunarfélagið. Uppáhaldsslagorðið hefur verið að hér sé að fæðast þríhöfða þurs þar sem höfuðin þrjú spretti út úr búk Framkvæmdastofnunarinnar þegar hún er gerð höfðinu styttri. Þeir hafa svo sem mátt gamna sér við þetta í Nd. undanfarna daga, en ég vona að menn ruglist ekki hér í ríminu af þeim sökum.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að hér er verið að fleyga Framkvæmdastofnunina niður í tiltekna búta með ákveðin hlutverk afmörkuð og skilgreind, en á það hefur nokkuð skort. Þetta á við um Framkvæmdasjóð, sem nú er eingöngu ætlað það hlutverk að umgangast tæknilega þær lántökur sem Alþingi hefur ákveðið að sjóðir og aðrir aðilar megi taka á ári hverju, og að

Byggðastofnun, sem rædd var hér um daginn og verður væntanlega rædd hér síðar í kvöld, hafi það hlutverk að *stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu*. Í mínum huga er það engan veginn víst að þessi tvö brot úr Framkvæmdastofnun haldi áfram að vera til um aldur og ævi. Það er alls ekki ólíklegt að verkefnum þeirra verði fundinn betri staður. Eitt er víst að Byggðasjóði og Framkvæmdastofnun varð að breyta ef þau áttu að geta komið að því gagni sem þeim var ætlað.

Við höfum nú í vetur og vor margoft heyrt það og sannreynt að lífskjör úti á landsbyggðinni eru mun lakari en hér suðvestanlands, að fasteignaverð er mun lægra, að laun eru að jafnaði lægri fyrir sams konar vinnu, að vöruverð er hærra og að fólk heldur áfram að flytja suður. Allt þetta hefur gerst þrátt fyrir tilveru Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar sem átti að veita og hefur veitt milljörðum króna til að jafna aðstöðumun fólks eftir búsetu. Það hefur mistekist og jafnvel þó að fé hefði verið mun meira hefði það *mistekist. Það er mín skoðun. Hagkvæmni hefur ekki* verið gætt í fjárúthlutunum og það er þess vegna sem þetta hefur mistekist.

Byggðastefnan er nú orðið hálfgert skammaryrði. Fólk úti á landi kann engan veginn að meta það að vera skilið eftir með atvinnutæki sem ekki er nokkur leið að reka, með verðlaus íbúðarhús, með lágar tekjur og sviknar vonir. Þéttbýlisfólkið bendir á þessi sömu fyrirtæki sem dæmi um bruðl og sukk stjórnmálamanna. Þessu varð að linna og ég tel að hér sé byrjunin.

Annars ætlaði ég aðallega að tala hér um þróunarfélagið svokallaða eða frv. til l. um þátttöku ríkis í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og heimildir annarra til þátttöku í félaginu. Hvað sem stjórnarandstæðingar nú segja, þá er hér á ferðinni merkilegt nýmæli sem mælist vel fyrir og margir binda miklar vonir við. Við höfum að vísu séð það á lánsfjárlögum að búið er að eyrnamerkja óþarflega mikið af því fé sem til þróunarfélagsins átti að renna. En allt er það þó ætlað til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ég hef kynnst nokkuð einni hlið þessa máls, þeirri sem snýr að úthlutun fjár til rannsókna og tilrauna, hinum svokallaða rannsóknasjóði sem í verða um 50 millj. kr. Auðvitað segja ýmsir yfirboðsmenn að þetta sé allt of lítið.

Það var þegar í byrjun janúar sem Rannsóknaráði var falið með bréfi frá hæstv. menntmrh. að gera tillögur um úthlutun þessa fjár. Í svarbréfi ráðsins eða framkvæmdanefndar ráðsins til menntmrh. segir m. a., með leyfi forseta:

„Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs vill hér með lýsa ánægju sinni með að samþykkt þessi hefur verið gerð. Ráðið hefur lengi bent á nauðsyn þess að slíkt fé yrði til reiðu í einstök rannsóknaverkefni að undangengnu mati á umsóknum þar um. Var þetta m. a. einn af hornsteinum langtímaáætlunar ráðsins 1982—1987. Framkvæmdanefndin er sannfærð um að samþykkt þess geti haft mikilsverð hvetjandi áhrif á rannsóknastarfsemi í landinu verði áframhald á slíkum fjárráðstöfunum."

Þetta eru mjög sterk jákvæð ummæli og faglega grunduð en ekki pólitískt. Ráðið gerði síðan tillögu um úthlutun sem síðar var samþykkt af ríkisstj. Ég vildi hér, með leyfi forseta, geta nokkurra atriða úr þeim reglum. Þær munu sýna að við þetta fyrirkomulag eru bundnar miklar vonir og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þær rætist þar sem vandað hefur verið til undirbúnings.

Rannsóknaráð hefur kvatt til sérstaka matsnefnd til þess að gefa efnislegar og faglegar umsagnir um umsóknir og meta þær til forgangs fyrir úthlutun. Nefndarmenn verða þrír en þeir skulu kveðja sér til aðstoðar a. m. k. tvo sérfróða menn til að gefa faglega umsögn um einstakar umsóknir. Heimilt verður að leita til erlendra aðila ef þörf krefur. Í nefndina verða valdir menn með eftirfarandi hæfileika: Einn með tengsl við atvinnulíf og góða stjórnunarlega reynslu og sýn til þróunar atvinnulífsins. Einn starfandi vísindamaður er njóti viðurkenningar fyrir vísindastörf sín á sviði grundvallarvísinda. Og svo í þriðja lagi einn með viðskiptalega reynslu og þekkingu á markaðsmálum.

Tillögur eru um að fé þessu verði varið til fárra verkefna á afmörkuðum sviðum þar sem sóst er eftir umtalsverðum árangri fremur en til smáverkefna á mörgum sviðum. Fé á þessu ári, 1985, verði varið sérstaklega til verkefna á nýjum og álitlegum tæknisviðum. Sérstök áhersla verði lögð á í fyrsta lagi fiskeldi, þá upplýsinga- og tölvutækni, líf- og lífefnatækni, nýtingu orku til nýrrar eða bættrar framleiðslu, undirstöðugreinar matvælatækni og framleiðni- eða gæðaaukandi tækni.

Varðandi mat á verkefnum leggur Rannsóknaráð til að það byggist á líklegri gagnsemi verksins, gildi fyrir framvindu tækniþekkingar eða þróunar atvinnugreinar, möguleikum á hagnýtingu á niðurstöðum hérlendis, hæfni rannsóknarmanna eða umsækjenda og líkindum fyrir árangri. Og síðan að forgangs að öðru jöfnu njóti verkefni þar sem samvinna fyrirtækja og stofnana er mikilvægur þáttur og þar sem fyrirtækin leggja umtalsverða fjármuni af mörkum til verkefnisins og þar sem líkindi eru fyrir skjótum eða umtalsverðum árangri. Síðan er getið í tillögum Rannsóknaráðs um hverjir geti sótt um þessa styrki. Þar er lagt til að um styrk geti sótt einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki ein eða sameiginlega og sé þá getið um deilingu verkefna, kostnaðar, ábyrgðar og þess háttar.

Eins og áður sagði er lagt til að fé þessu verði aðallega varið til rannsókna- og tilraunastarfsemi sem líkleg er til að hafa gildi fyrir nýsköpun í atvinnulífinu á næstu árum, en einnig til verkefna er miði að uppbyggingu og færni á tilteknum sviðum ef til lengri tíma er litið. Stuðningur yrði fyrst og fremst við verkefni sem að jafnaði féllu ekki undir vöruþróun á vegum fyrirtækja sem njóta stuðnings annarra sjóða. Þó geta komið til greina verkefni sem njóta stuðnings annarra sjóða ef þau hafa umtalsvert gildi til að skapa nýja þekkingu.

Um hlutverk þróunarfélagsins að öðru leyti hefur þegar verið rætt sitthvað hér í þinginu, m. a. í framsögu hv. formanns fjh.- og viðskn. hér áðan. Ýmsir andstæðingar hafa auðvitað reynt að gera lítið úr og spá illa og látið ganga um það illa fordóma. Mín hugmynd með því að koma hér í þennan ræðustól var fyrst og fremst sú að reyna að sýna hv. þdm. fram á það að reynt hefði verið hér að láta a. m. k. rannsóknarféð, sem ætlað er, koma að sem bestum notum. Ef hliðstæð vinnubrögð verða viðhöfð við aðra þætti sem fara eiga fram af hálfu þróunarfélagsins mun árangur ekki láta á sér standa.

Um brtt. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. er það að segja, að menn gætu fallist á sumar þeirra, en ég óttast

að allar breytingar á frv. nú stefni málinu í hættu vegna tímaskorts, ekki síst vegna þess að tillögur svipaðs efnis hafa verið ræddar í hv. Nd. en ekki náð fram að ganga.
— [Fundarhlé.]

Frsm. 3. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með vísan til nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um Byggðastofnun leggur undirrituð til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj."

Til þess að þetta megi nú skiljast vil ég, með leyfi forseta, lesa nál. sem 3. minni hl. fjh.- og viðskn., sem er sú sem hér stendur, hefur lagt fram um frv. til l. um Byggðastofnun, en þannig hefur farið að þessi tvö mál eru bæði á dagskrá á þessum fundi. (**Gripið fram í:** Er Byggðastofnun til umræðu?) Ég er að útskýra það að nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. um það mál sem nú er til umræðu vísar til nál. um frv. til l. um Byggðastofnun, sem kemur væntanlega hér á dagskrá næst á eftir, þannig að þetta hefur víxlast. Því vil ég lesa nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um Byggðastofnun og gera þá grein fyrir áliti 3. minni hl. á því máli í leiðinni. Nál. er svohljóðandi:

„Frv. verður best skoðað í samhengi við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands og frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Saman fela þessi frv. það í sér að verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins er skipt á þrjá staði og úr verða Byggðastofnun, Framkvæmdasjóður Íslands og svonefnt hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Þar sem hér er um þrjár stofnanir að ræða í stað einnar fela þessi frv. í sér umtalsverða aukningu á því bákni sem þegar er fyrir hendi á þessu stjórnarsviði og virðast því til þess fallin að magna upp ágalla þess í stað þess að draga úr þeim.

Að auki má ljóst vera að ýmsir ágallar eru á þeim nýju stofnunum sem hér um ræðir. Þannig mun hin nýja Byggðastofnun hafa í för með sér aukna miðstýringu byggðamála og hið sama gildir um þau mál er heyra eiga undir hinn nýja Framkvæmdasjóð Íslands. Þeim skal nú stýrt af fulltrúum ráðherra og Seðlabanka. Þar sem stjórn núverandi Framkvæmdastofnunar ríkisins er þó kosin af Alþingi er hér einnig um aukna miðstýringu að ræða. Slíkri miðstýringu eru Kvennalistakonur eindregið mótfallnar enda segir í stefnuskrá Kvennalistans: „Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur .... Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu...."

Hvað varðar hið nýja hlutafélag, sem ætlað er að örva nýsköpun í atvinnulífinu, þá fylgir því engin stefnumótun í atvinnumálum sem væntanlega er þó undirstaða þess að hlutafélagið geti í raun stuðlað að nýsköpun í atvinnulífinu og beitt sínu takmarkaða fjármagni í þá veru.

Þessi frumvörp eru því ekki líkleg til að bæta um betur í íslensku efnahagslífi og þar sem þessi mál þurfa bersýnilega nánari umfjöllunar við leggur undirrituð til að þessu frv. (og þá er átt við frv. til l. um Byggðastofnun) verði vísað til ríkisstj."

Í nál. um það frv. sem hér er til umr. stendur síðan eins og áður sagði:

„Með vísan til nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um Byggðastofnun (nál. sem ég hef rétt lokið við að lesa upp) leggur undirrituð til að frv. þessu (þ. e. frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi) verði vísað til ríkisstj."

Umr. (atkvgr.) frestað.

ATKVGR.

Brtt. 1343 felld með 10:2 atkv.
Brtt. 1365 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1344 felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1329 felld með 10:2 atkv.
4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
5.—7. gr. og ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 1253, n. 1327, 1340, 1342 og 1364, 1294, 1296, 1345). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um Byggðastofnun. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Ég fór nokkrum orðum um þetta frv. hér þegar það var lagt fram s. l. föstudag og þarf litlu við að bæta. Mín skoðun er sú, að þetta frv. sé til bóta frá því kerfi sem nú er, það verði, ef rétt verður á haldið, til þess að efla byggðamálin og er ekki vanþörf á. Ég hef fulla trú á því að þarna sé rétt að staðið í þessum efnum. Þess vegna er ég ekki sammála nál. Kvennalistans, sem hér liggur fyrir, um aukna miðstýringu og annað slíkt sem þetta mundi leiða af sér. Þetta tel ég rangtúlkun á því sem hér liggur fyrir, og það sem fram kom í máli hv. 11. þm. Reykv. áðan. En ég ætla ekki frekar út í þá sálma.

Um aðrar brtt. fjalla ég ekki hér. Það liggja fyrir brtt., sem virðast hafa verið nokkurt deiluefni, um staðsetningu Byggðastofnunar. Sérstök till. liggur fyrir frá hv. þm. Ragnari Arnalds og Birni Dagbjartssyni um að henni skuli vera valinn staður á Akureyri og enn fremur till. frá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni og mér um að hún skuli geta verið hvar sem er á landinu. Ég tel þetta nú ekki vera til bóta fyrir framgang frv. því að það felst í því og kom fram í framsögu hæstv. forsrh. fyrir málinu þegar hann ræddi það í Nd. að það er í verkahring stjórnar stofnunarinnar hvernig þessu verði háttað. Í frv. sjálfu er ekkert ákveðið um að stofnunin skuli endilega vera í Reykjavík. Það getur því verið mál sem stjórn viðkomandi stofnunar sker úr. Þess vegna lýsi ég því yfir fyrir hönd okkar Davíðs Aðalsteinssonar að við drögum till. okkar um þetta til baka og ég vildi óska þess, það er aðeins ósk, ekki annað, að flm. Akureyrartillögunnar gerðu slíkt hið sama.

Frsm. 1. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi

forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1327 um frv. til l. um Byggðastofnun. Þetta frv. verður auðvitað að skoða í samhengi við fylgifrv. þess, frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands. Þessi tvö frumvörp fela það eitt í sér að Framkvæmdastofnun sem nú er verði skipt í tvennt og fyrirtækið fái tvær stjórnir og líklega tvö sett af forstjórum, ef þannig má taka til orða. Önnur skipulagsbreyting er nánast engin skv. þessu frv. Það er því ljóst að með þessari breytingu á að framlengja galla núverandi kerfis og heldur þó að auka báknið en minnka það.

Við erum þeirrar skoðunar, Alþfl.-menn, að byggðaþróunarmál og byggðaáætlanir séu raunar best komin í höndum þeirra sem bera ábyrgð á framkvæmd málanna og þeirra sem gerst þekkja til hlutanna á hverjum stað. Þess vegna teljum við eðlilegt að færa þessi verkefni út í héruðin til lýðræðislega kjörinna fylkisstjórna eða hliðstæðra stjórnkerfiseininga. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinni slíkri valddreifingu og stefnir ekki til neinna þeirra framfara sem gera það að verkum að unnt sé að ljá því atkvæði. Samþykkt þess er eingöngu afsökun fyrir því að takast ekki á við það verkefni sem verður að vinna í raunverulegri skipulagsbreytingu og valddreifingu. Því legg ég til að frv. verði fellt.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er eftir prótokollinum að segja það sem ég ætla að segja hér að hv. þm. Ragnari Arnalds fjarstöddum. Hann er nefnilega flm. með mér að þeirri brtt. sem hér liggur fyrir um að staðsetja skuli Byggðastofnun á Akureyri. Mér þótti að vísu ærið mikið hafa þynnst till. eftir að sú brtt. við þessa brtt. kom fram sem hv. þm. Vesturl. tveir fluttu og raunar efaðist ég þá mjög um það hvort það mundi ekki veikja stöðu Akureyrar í þessu máli að láta þá till. ná fram að ganga.

Nú er aftur svo komið að mjög tekur að styttast í þinghaldi og ekki vil ég stefna málinu í voða vegna þessa. Það er nú raunar svo, eins og fram hefur komið hjá hv. síðasta ræðumanni og eins og hæstv. forsrh. í þessari umr., að stjórn stofnunarinnar væri að sjálfsögðu heimilt og raunar skylt að ákveða henni stað þar sem hagkvæmt þætti. En með tilliti til þess að hætt er við að Nd. muni ekki breyta sinni afstöðu og hún hefur þegar fellt till. um staðsetningu stofunarinnar á Akureyri, þá sé ég mig neyddan til að draga þessa till. til baka fremur en að hætta málinu að svo komnu.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins að fram komi við þessa umr. að ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg sama hvar Byggðastofnun rís, miðstýringin er ekkert betri þó að hún komi á Akureyri. Þar af leiðandi er ég ekki meðflm. að þessari till. En fyrst ég er komin hér í stólinn vil ég lýsa ánægju minni yfir ræðu hv. 5. landsk. þm. þar sem hann er farinn að tala um valddreifingu og fylkjastjórnir. Mér finnst mjög gleðilegt að hv. þm. skuli koma með þetta einmitt inn í þessa umræðu og ég gat tekið undir allt sem hann sagði í ræðu sinni hér. Ég vil bara að þetta komi skýrt fram. Ég las einmitt í dagblaði í dag að þetta væri allt bull og þvæla sem kæmi frá Bandalagi jafnaðarmanna, og er kannske ekkert undarlegt, þar sem þar var um hjartans mál hv. 5. landsk. þm. að ræða, útvarpslagafrv. og fékk ég kaldar kveðjur að þeirri umr. lokinni og atkvgr. En ég vildi endilega taka það fram að ég var mjög sammála þessum hv. ræðumanni og ég man varla til þess þann tíma sem ég hef verið hér á þingi að það hafi komið fyrir áður.

Frsm. 1. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vildi ég benda henni á að í þeirri blaðagrein sem hún er að vitna í standa hvergi orðin „bull og þvæla". Þau eru hennar tilbúningur. Ég sagði hins vegar orðrétt: „Ruglið og ráðleysið í kringum Bandalag jafnaðarmanna er orðið hreint með ólíkindum. (**KolJ:** Hvaða munur er þar á?) Það þýðir allt annað, ef hv. þm. skilur íslensku. En vegna þess að hún var að segja að ég hefði tekið hér undir hugmyndir sem mér skilst að Bandalag jafnaðarmanna telji sig eiga einkarétt á, um fylkisstjórnir eða stærri stjórnsýslueiningar í kerfinu, þá vil ég benda hv. þm. á að fletta upp í tímariti sem heitir Gerpir og er gefið út af atorkumönnum á Austfjörðum, árganginum frá 1946. Þar getur hún lesið ítarlega útfærslu á þessum hugmyndum og ég hygg að það hafi verið jafnaðarmenn, a. m. k. einhverjir þeirra, sem stóðu að þessu.

Annað mál sem Bandalag jafnaðarmanna hefur mjög haft á oddinum og eignað sér undanfarið er að landið skuli vera eitt kjördæmi. Það vill nú svo til að þetta er áratuga gamalt baráttumál Alþfl. Mér þykir það hrapallegt með þetta ágæta fólk sem styður Bandalag jafnaðarmanna að þær hugmyndir sem það byggir á eru fengnar að láni frá öðrum flokkum, m. a. þær sem ég hef nú skýrt frá. Og þær sem ekki eru fengnar að láni frá öðrum flokkum, sumt frá Alþfl. og sumt sjálfsagt annars staðar frá, eru byggðar á misskilningi erlendra hugmynda.

Eitt af því sem stundum hefur verið hampað á vegum Bandalags jafnaðarmanna er enska orðtakið sem frægt hefur verið gert: „small is beautiful," smátt er fagurt. Og það skulu vera mín lokaorð hér að ég tek heils hugar undir það að því smærra sem Bandalag jafnaðarmanna verður, því fegurra mun mér þykja það.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Allir vildu Lilju kveðið hafa, er sagt einhvers staðar. Nú verður sjálfsagt í framtíðinni togast á um það hver hafi verið upphafsmaður eða hver hafi verið upphafsflokkur, hverjir hafi fyrst mælt með því að skipta landinu niður í fylki og kjósa til fylkisstjórna, þ. e. að gera okkar ágæta land að þrem, fjórum eða fimm aðskildum ríkjum sem hefðu yfir sér sérskildar héraðsstjórnir, sem hefðu þó nokkuð mikið vald til að losna undan því ofurvaldi sem sú stóra höfuðborg sem við búum við leggur á landið og þjóðina. En svo furðulegt sem það er kemur þessi umræða oftast nær upp þegar hér sitja ríkisstjórnir sem hafa komið því til leiðar að á landsbyggðinni eru erfiðleikar. Þá er komið með undralausnina. Þá er komið með þá undralausn að skipta skuli landinu í fylki. Það er gert að umræðuefni til þess að draga athygli frá aðalumræðuefninu, því umræðuefni að breyta þyrfti á einhvern annan máta til í þjóðfélaginu. Það er ósköp svipað og umræða fjölmiðlanna hér í vetur. Hún hefur verið aðallega um bjórinn og útvarpið. Okkur hefur verið sagt það gegnum fjölmiðlana að aðalumræðan hér á Alþingi hafi beinst að þessu. Á svipaðan máta fitja þeir, sem vilja forðast að taka ákveðið á málunum, upp á málefni eins og fylkisstjórnum, ræða mikið um þær og telja þær undralausn til að leysa að meginhluta vandamál landsbyggðarinnar.

Það má vel vera að ýmislegt sé hægt að gera og stjórna öðruvísi með fylkjastjórnum. En ég held að það sé ekki sú lausn sem við þurfum á að halda til að leysa núverandi vandamál þjóðfélagsins. Það er margt annað sem við þurfum frekar að hugsa um. Ég er ekki í neinum vafa um það að ef við ætlum að styrkja landsbyggðina þá er þetta ekki aðferðin heldur það að efla sveitarstjórnareiningarnar, sameina þessar litlu einingar í sterkari sveitarstjórnareiningar. Það er vænlegra en að fara að búa til sérstakar héraðsstjórnir yfir því öllu saman.

Einn ágætur forustumaður Austfirðinga, jafnvel kannske einn af þeim sem hafa staðið að þeirri samþykkt sem nefnt var hér í ræðustól áðan að gerð hafi verið á Austfjörðum 1946, lét eftirminnileg orð falla um þessar hugmyndir. Ég ætla ekkert að leyna því hver sá maður var. Það var Bjarni Þórðarson fyrrv. bæjarstjóri og forustumaður á Neskaupstað. Hann sagði: Jú, vont er Reykjavíkurvaldið, verra er Akureyrarvaldið en verst er Egilsstaðavaldið. — Einmitt það vald sem hætt er við að verði til við myndun fylkisstjórna er kannske erfiðast við að eiga. Ég held að menn sem tala um fylkisstjórnir hafi ekki gert sér mjög vel grein fyrir því hvað þeir eru að tala um og hvað þeir ætla að mynda, sáralítið gert sér grein fyrir því.

Sjálfsagt er hugmyndin t. d. á Austfjörðum, fyrst nefndir voru Egilsstaðir, að búa til ákveðna miðstjórnarstofnun á Egilsstöðum. Og það er sjálfsagt gott fyrir Seljavallabóndann — (**EgJ:** Þú mundir nú ekki tala svona ef þú værir þm. á Austurlandi.) að sækja ýmis ráð til þeirra á Egilsstöðum og sækja sína þjónustu til stjórnstofnunar sem væri sett á Egilsstöðum, stjórnstofnunar sem við gerum okkur engan veginn grein fyrir þegar við erum að tala um uppbyggingu fylkja, hvað gæti orðið stjórn og hvað gæti orðið raunverulega mikið heimavald, mundi velta utan á sig eins og hvert annað stjórnarapparat ekki síður þó það væri staðsett úti um landið heldur en gerist hér í Reykjavík og jafnvel miklu frekar. Ósköp svipað og vandræðalegra mundi jafnvel ástandið verða hjá okkur á Vesturlandi ef við ætluðum að fara að byggja höfuðborg fyrir Vesturland hérna við hliðina á höfuðborg landsins. Við mundum sjálfsagt velja Akranes af því að það er okkar myndarlegasta og traustasta byggð. Til hvers ættum við að fara að stofna sérstakt fylki? Til þess að fara að stofna sérstaka stjórnstöð og stjórnsýslustöð á Akranesi, Vestlendingar? Við getum á ýmsa vegu unnið saman og styrkt okkar stöðu á annan máta en að fara að búa til nýtt stjórnsýslukerfi.

En hitt er það sem við eigum að vinna að og nauðsynlegt er, að stækka sveitarfélögin okkar, stækka þá einingu sem fyrir er í stjórnskipuninni, að sameina þessi litlu sveitarfélög. Við erum að vinna að því t. d. núna á Vesturlandi. Sveitarfélögin undir Jökli, Hellissandur og Ólafsvík, standa í því nú að kanna möguleika á að sameinast. Rætt hefur verið um að það svæði yrði jafnvel stærra, það mundi ná yfir Breiðavíkurhrepp, Staðarsveit og Fróðárhrepp, myndarlegt sterkt sveitarfélag. Það er einmitt markmiðið sem við þurfum að vinna að. Það hefur líka verið rætt um það á Vesturlandi að sameina hreppana í norðanverðri Dalasýslu í eitt sveitarfélag. Ég er á því að það sé það sem við ættum að gera fremur en að vera að velta vöngum yfir því að stofna nýtt stjórnsýslustig, stjórnsýslustig sem við gerum okkur engan veginn grein fyrir hvernig muni reynast og hvernig eigi að byggja upp.

Ég hafði nú gaman af þeim orðaskiptum sem urðu hér hjá hv. 5. landsk. þm. og hv. 8. landsk. þm. Ég vil ekki taka þátt í þeirra óskum hvors til annars, en ég hafði áhuga á því að láta skoðun mína koma í ljós í sambandi við fylkjahugmyndirnar og að hverju þar væri fyrst og fremst verið að stefna og þá undarlegu umræðu sem alltaf kæmi upp í hvert skipti sem hallærisríkisstjórn sæti í landinu og stjórnaði illa fyrir landsbyggðina sérstaklega, þá kæmi þessi hugmynd upp um það að fara að skipta landinu niður í fylki.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra orðaskipta sem hér urðu áðan milli hv. 5. landsk. þm. og hv. 8. landsk. þm. Það er kannske fyrst til að taka að benda hv. 5. landsk. þm. á að hlusta áður en hann talar því að hér var enginn að slá neinu eignarhaldi á nokkrar hugmyndir heldur lýst stuðningi við skoðanir sem hann lýsti hér úr ræðustól. Það er að því er ég best veit enginn í Bandalagi jafnaðarmanna svo vitlaus að halda því fram að neitt af því sem við erum að berjast fyrir sé nýtt undir sólinni. Ef svo væri, að ekki mætti halda við neitt það sem gamalt væri, þá væri náttúrlega réttast að byrja á því að henda burt blessuðu lýðræðinu því að það er orðið allt of gamalt.

Þær hugmyndir sem hreyft var meðal Austfirðinga og komu m. a. fram í Gerpi og studdar voru þar mjög rækilega af framsóknarmönnum miklu frekar en jafnaðarmönnum eru náttúrlega svona með þeim fyrri sem settar hafa verið fram um þriðja stjórnsýslustigið og komu vitaskuld í kjölfarið á lýðveldisstofnuninni. En mér er ekki kunnugt um að Alþfl. hafi barist fyrir þessum hugmyndum í a. m. k. 40 ár. Ég held að hv. 5. landsk. þm. geti ekki haldið því fram. Sama er um hugmyndina um landið sem eitt kjördæmi. Auðvitað er sú hugmynd ekki ný. En þó að þetta hafi verið svokallað baráttumál Alþfl. vegna þess að menn hafa skráð eitthvert mál einhvern tíma í einhverja stefnuskrá, þá er allavega mjög langt síðan Alþfl. barðist fyrir því að landið yrði eitt kjördæmi. Og hvað seinustu orðum hv. þm. viðvíkur, þá teldi ég nú, fyrir mig sjálfan sagt, að ég vildi frekar vera í smáum flokki sem er fallegur en stórum flokki sem er ljótur.

Hv. 4. þm. Vesturl. talaði hér um þriðja stjórnsýslustigið og um hans orð get ég ekkert annað sagt en að það mat hans á þriðja stjórnsýslustiginu sagði allt um skoðanir hans á hlutverki stjórnmálamanna en ekkert um þriðja stjórnsýslustigið í raun og veru. Samkvæmt hans skilningi eru hans stjórnmálamenn fyrst og fremst nokkurs konar þjónustuaðilar sem fólk verður að sækja allt sitt til og þess vegna telur hann þessu hlutverki sínu betur borgið í nafnleysi stóru miðstýringarinnar í Reykjavík heldur en í nálægðinni við kjósendur sína heima í kjördæmi.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Nefndin hefur klofnað í afstöðu sinni til þessa máls eins og í afstöðu sinni til allra þessara þriggja mála sem hér er verið að fjalla um. Að vísu hafa aðeins tvö verið afgreidd úr fjh.- og viðskn. Ed., en öll eru þau búin að fá sína meðferð í Nd. og þar klofnuðu menn í afstöðu sinni í margar fylkingar og munu vafalaust gera það í þessari deild einnig.

Ég gerði hér fyrr í dag grein fyrir nál. minu um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi, þ. e. frv. um þróunarfélagið. Þar dró ég saman meginatriði þessa máls og þarf ekki að endurtaka það hér aftur. Það eru í grófum dráttum nákvæmlega sömu rök sem valda því að ástæða er til að athuga þetta mál allt í heild sinni á nýjan leik. Því legg ég til að þessu frv. verði einnig vísað frá með rökstuddri dagskrá sem er svohljóðandi:

„Þar sem frv. þetta er liður í breytingu sem miðar að því einu að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir með auknu forstjóraveldi, aukinni miðstýringu og auknum tilkostnaði og þar sem nýskipan þessi virðist ekki hafa neina sérstaka kosti í för með sér en hins vegar ýmsa augljósa ágalla frá núverandi skipan mála telur deildin ástæðulaust að fjalla frekar um frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil hins vegar gera hér grein fyrir þremur brtt. sem ég flyt við afgreiðslu þessa máls. Í fyrsta lagi legg ég til að stofnunin heyri undir félmrh. en ekki forsrh. eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég flyt þessa brtt. sem nokkurs konar varatillögu við dagskrártillöguna. Ef ske kynni að dagskrártillagan yrði felld, sem vissulega er ekki óhugsandi, flyt ég þessa varatillögu við 1. gr. að stofnunin heyri undir félmrh. Ég tel að þessi stofnun sé þess eðlis að hún hljóti að teljast félagsmál og þar sem félmrh. hefur með sveitarstjórnarmál að gera og málefni einstakra byggðarlaga er miklu eðlilegra að stofnunin heyri undir þann ráðh.

Ég vil minna á í þessu sambandi að Framkvæmdastofnun ríkisins heyrði upphaflega ekki undir forsrh. Hún heyrði undir ríkisstj. alla og það varð síðan einungis þróun í framhaldi af þeirri ákvörðun 1971 að niðurstaðan varð sú að forsrh. hafði mest með þessa stofnun að gera af ráðherrum.

Í öðru lagi flyt ég till. þess efnis að stjórn Byggðastofnunar ráði einn forstjóra til sex ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar en ekki sé ráðinn í þetta starf ótakmarkaður fjöldi forstjóra og ekki sé um ótakmarkaðn ráðningartíma að ræða. Þessi till. er í fullu samræmi við þá hugsun og till. okkar Alþb.-manna, sem hefur margoft áður komið fram, að forstöðumenn stofnana séu aðeins ráðnir til takmarkaðs tíma. Við gerum þá ráð fyrir því að Kjaradómur ákveði laun og starfskjör forstjóra í þessu tilviki eins og varðandi margar aðrar forstjórastöður í stofnunum og í samræmi við nýlegar tillögur okkar um kjaramál bankastjóra.

Í þriðja lagi leggjum við til að árlega skuli birta skrá yfir lánveitingar Byggðastofnunar. Þetta ákvæði hefur verið í lögum um Framkvæmdastofnun alla tíð frá upphafi, 1971, en núna er verið að fella það niður. Nú á ekki lengur að veita upplýsingar um lánveitingar stofnunarinnar heldur hverfa aftur til gömlu tímanna þegar leyndin hvíldi yfir þessum málum. Þetta er auðvitað eitt af mörgum skrefum aftur á bak sem verið er að stíga í tengslum við samþykkt þessa frv., ein af mörgum ástæðum þess að ég sé ekki ástæðu til að mæla með samþykkt frv.

Ég vona satt að segja að hv. þm. skoði þessar tillögur fordómalaust og mér þykir satt að segja með ólíkindum að fulltrúar Framsfl., sem stóðu á sínum tíma að lagasetningunni um Framkvæmdastofnun, skuli núna ætla að hverfa að þessu íhaldsráði að láta leyndina og feluleikinn hvíla yfir gerðum þessarar stofnunar. Það væri þeim til lítils sóma. Ég treysti því að deildin taki þessar tillögur til fordómalausrar meðferðar og íhugi hvort þær eiga ekki fyllsta rétt á sér sem brtt. við frv. ef svo fer að dagskrártillagan nær ekki fram að ganga.

Frsm. 1. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. vil ég aðeins gera athugasemd. Hann vildi halda því hér fram að þau mál sem ég nefndi hefðu ekki verið nein sérstök baráttumál Alþfl. Þá vil ég í fyrsta lagi minna á það að fyrr á þessu ári samþykkti flokksstjórn Alþfl. ályktun um byggðamál og stjórnskipun á flokksstjórnarfundi norður á Akureyri þar sem fjallað var um þessi mál. Einnig hafa verið gerðar um þetta ályktanir áður á vettvangi flokksstjórnar og innan flokksins án þess að ég hirði að rekja það eða muni dagsetningar þar um í smáatriðum.

Varðandi hitt málið, um landið eitt kjördæmi, vil ég líka að það komi hér fram í þessum umræðum að í stjórnarskrárnefndinni sem starfaði undir forustu dr. Gunnars heitins Thoroddsens fluttu fulltrúar Alþfl., þeir Jón Baldvin Hannibalsson og dr. Gylfi Þ. Gíslason, tillögu um landið eitt kjördæmi en sú tillaga hlaut ekki stuðning þar. Ég tel nauðsynlegt vegna ummæla hv. þm. að þetta komi hér fram.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Við fluttum við þessa umr. tveir hv. þm., Björn Dagbjartsson og ég, till. um að velja þessari ágætu stofnun stað á vísum stað. Nú hefur 1. flm. till. dregið aðild sína að till. til baka en það hafði ég ekki hugsað mér að gera. Ég legg það því í vald forseta að dæma um það hvort till. er ekki enn til umræðu, ég hefði nú kannske haldið að svo væri. En ef það er álit virðulegs forseta að ég verði að flytja tillöguna á nýjan leik, þá er það auðvitað í lagi að gera það við 3. umr. En ég hefði nú haldið, svona fljótt á litið, að það þyrfti samþykki beggja flm. til að afturkalla aðildina að till.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég gat þess hér í tölu minni þegar ég dró þessa till. til baka eftir áskorun hv. þm. Valdimars Indriðasonar að ég vissi ekki hvort það væri samkvæmt réttum siðareglum, hvort mér væri það heimilt að fjarstöddum hinum flm. sem ekki var í salnum þegar málið var til umræðu. En sé svo þá get ég ekki annað en beðið hann afsökunar á því hafi ég brotið eitthvað af mér. Ég gat þess að vísu við hann hér að ég mundi gera þetta fyrir kvöldmatarhlé, en ef það dæmist vera rétt þingsköp, þá er það að sjálfsögðu á valdi forseta að till. sé enn til umræðu. En ég mun hins vegar ekki greiða atkv. um hana.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Varðandi þá brtt. sem forseti hafði verið upplýstur um að hefði verið kölluð aftur skal það nú upplýst að 2. flm. brtt., Ragnar Arnalds, hefur fallist á að hún sé kölluð aftur. Hann hefur þá möguleika á að bera hana fram við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1294 og 1296 teknar aftur.
Brtt. 1342 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 1364 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 1345 felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 1345,2 felld með 11:2 atkv.
6. gr. samþ. með 10:1 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1345,3 felld með 10:3 atkv.
10. gr. samþ. með 10:1 atkv.
11.—23. gr. og ákv. til brb. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frv. 491. mál (þskj. 1308 (sbr. 915), n. 1346, 1352 og 1363, 1354). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. landbn. Ed. um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Auk mín undirrita þetta nál. Eyjólfur Konráð Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson og Davíð Aðalsteinsson.

Ég átti þess ekki kost að vera við fyrri umr. málsins. Mér er hins vegar fullljóst að þá var málið skýrt hér í þessari virðulegu deild m. a. af hæstv. landbrh. og auk þess hefur farið fram um málið ítarleg umfjöllun hér í þingflokkum. Þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til að fara nákvæmlega niður í hin einstöku atriði frv.

Með því að þetta mál er nú komið á lokastig hér á Alþingi finnst mér ástæða til að færa þeim þakkir sem að gerð frv. hafa unnið. Í því sambandi er mér sérstaklega ljúft að minnast starfa formanns nefndarinnar sem samdi þetta frv., Bjarna Guðmundssonar aðstoðarmanns ráðherra, sem skilaði þar miklu verki vel af hendi leystu. Eins finnst mér vert að geta þess að Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarritari aðstoðaði við uppsetningu á frv. og leiðbeindi að sjálfsögðu með margháttaða lagalega framsetningu í því.

Ég vil líka, þótt hæstv. landbrh. sé hér ekki viðstaddur þessa umr., færa honum þakkir fyrir ljúft og ánægjulegt samstarf við mótun þessa frv. Þá þykir mér ekki síður ástæða til að færa nm. í landbn. Ed. Alþingis þakkir fyrir störfin í þeirri hv. nefnd, en ég hefði að sjálfsögðu kosið að þau hefðu getað orðið fyllri og ítarlegri en tími leyfði. Enda þótt augljós pólitísk skil væru í þessu máli þá hefði eigi að síður verið mikilvægt að umræður í landbn. Ed. hefðu getað orðið fyllri og ítarlegri. En hér rekum við okkur á það eins og svo oft áður að tíminn er naumt skammtaður í þinglok og að stór mál, sem búin eru að fá umfjöllun í fyrri deild, verða að hafa hraðan gang í gegnum þá síðari. Hitt liggur fyrir, að þetta frv. hefði ekki náð fram að ganga nema með góðu samstarfi og góðum vilja til að greiða fyrir för þess hér í gegnum þessa virðulegu deild.

Eins og ég gat um hér áðan ætla ég ekki að fara ítarlega yfir frv. sem slíkt. Í því felst mikil breyting frá fyrri löggjöf um sama eða svipað efni. Ef litið er yfir löggjöf er varðar íslenskan landbúnað hygg ég að telja megi merkustu áfanga í þeim efnum jarðræktarlögin frá 1923, lögin frá 1934 um afurðasölu, framleiðsluráðslögin árið 1947 og svo þessa löggjöf sem nú er að komast á lokastig afgreiðslu hér á Alþingi. Um öll þau lög sem ég hef nú tilgreint og sköpuðu hver um sig tímamót í íslenskum landbúnaði var ágreiningur, meira að segja mjög harðvítugur ágreiningur um mörg þeirra. Sagan hefur nú fellt sinn dóm um þá löggjöf, en vissulega er hér að hefjast saga sem er bundin þessu frv. og þessari löggjöf og það er fjarri því að ég ætli að ráða í hana við þetta tækifæri.

Það sem ég tel þó langsamlega þýðingarmest í þessum efnum eru þrjú atriði. Þau koma fram í VI. kafla frv., um greiðslu afurðaverðs í 28. og 29. gr. og í VIII. kafla frv. í öllum greinum þess kafla, 36., 37. og 38. gr. frv. Ég lít svo á að í þessum greinum séu hinar stóru ákvarðanir þessa frv. teknar. Hins vegar eru að sjálfsögðu mjög margar aðrar ákvarðanir teknar í frv., sem eru bæði til hagræðis fyrir bændur og neytendur, fyrir alla Íslendinga, og hver um sig er út af fyrir sig mikilvæg.

Það hefur verið deiluefni allt frá setningu framleiðsluráðslaganna árið 1947 hvort greiða bæri bændum fullt verð eða hvort verslunin með landbúnaðarafurðirnar væri að einhverjum hluta á þeirra ábyrgð. Og sú hefur raunin verið að afurðastöðvar hafa ekki þurft að standa full skil til bænda á verði afurða sem þær hafa veitt móttöku, hvorki með tilliti til tímasetningar né heldur heildaruppgjörs. Í þessu frv. eru tekin af öll tvímæli í þessum efnum og það víðar en á einum stað. Ég vitna sérstaklega í þær tvær greinar sem ég tilgreindi áðan, 28. og 29. gr. og af því að 28. gr. er bæði skýr og stutt ætla ég, með leyfi forseta, að leyfa mér að lesa hana hér:

„Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðenda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim.“ Þetta er svo í næstu grein, 29. gr., tilgreint nákvæmlega. Ég vek athygli á því, herra forseti, að það eru einmitt þessar greinar sem kveða á um það sem við höfum kallað staðgreiðslu.

Þá vil ég einnig, eins og ég áðan gerði, minnast á þær ákvarðanir sem teknar eru í VIII. kafla frv., um aðlögun búvöruframleiðslunnar. Þar er lagt til, og raunar ákveðið, að á næstu árum skuli útflutningsbætur lækka stig af stigi og skuli þær árið 1990 nema 4% af heildarverðmætum búvöruframleiðslunnar. Eins og við öll vitum hafa staðið miklar þrætur í þjóðfélaginu um útflutningsbæturnar. Og það verður að viðurkennast að upp úr miðjum síðasta áratug fór mjög að fjara undan öllum rökum sem áður voru fyrir hendi um að útflutningsbætur ættu í jafnríkum mæli rétt á sér og áður hafði verið. Ástæðan fyrir þessu var sú, að allt frá því að sú skipun mála var tekin upp árið 1959 og fram yfir miðjan síðasta áratug greiddi þó erlendi markaðurinn allan kostnað við búvöruframleiðsluna annan en launakostnaðinn, og það eru viss rök fyrir því að flytja út búvörur, ef fyrir kemur full greiðsla á öllu öðru en vinnulaunum, því að þar erum við að sjálfsögðu að skipta við okkur sjálfa, og það eru viss verðmæti sem skapast með þessum útflutningi og þau skulum við ekki vanmeta. En síðan hefur þessi þróun gengið svo mjög niður að á seinni árum hefur erlendi markaðurinn ekki gefið nema sölu- og dreifingarkostnað og stundum ekki einu sinni það. Og það sér hver maður, sem vill viðurkenna það, að þá er það sannarlega orðið lítið sem kemur í hlut íslenska bóndans af því fjármagni sem fer í útflutningsbætur.

Árið 1979 var lögunum um Framleiðsluráð landbún-

aðarins breytt lítillega og ég vek athygli á því að það var gott samkomulag um þá breytingu, t. d. við landbúnaðinn. Þá voru líka gerðar aðrar breytingar, líka í góðu samkomulagi, t. d. í sambandi við jarðræktarlögin. Þá var sagt og við það miðað að nú skyldi verða skipt á framleiðslu í hefðbundnum búgreinum og í hinum svokölluðu nýbúgreinum sem hægt væri að flytja afurðir frá á erlendan markað. Ekki verður hjá því komist að sýna fram á það í örfáum orðum, m. a. vegna þess hvaða ákvarðanir eru teknar í sambandi við niðurtalningu á útflutningsbótum núna, hvernig þetta dæmi hefur gengið upp. Þá legg ég til grundvallar viðmiðunarárin, kvótaárin 1976, 1977 og 1978. Ég vek athygli á því að það er önnur viðmiðun en t. d. bændasamtökin hafa, sem miða gjarnan við árið 1978 eitt, en það er mesta framleiðsluár í sögu íslensks landbúnaðar.

Miðað við þær framleiðsluforsendur sem hér eru lagðar til grundvallar hefur landbúnaðarframleiðslan dregist saman á þessum árum um 12%. Hún hefur dregist saman um 17% í sauðfjárrækt en u. þ. b. 6.8% í nautgriparækt. Er þá miðað við 104 millj. kg mjólkurframleiðslu. Þessi samdráttur nemur framleiðslu 440 verðlagsgrundvallarbúa og samsvarar því að 725 ársverk hafi horfið úr atvinnulífi í sveitum landsins á þessum árum. Á ég þá við hefðbundnar búgreinar. Á móti hefur hins vegar komið nokkuð aukin atvinna í loðdýrarækt sem nemur í kringum 16% af þessum samdrætti. 84% eru óbætt og eru nettósamdráttur í atvinnulífi sveitanna á þessum árum.

Fimm ár eru nú liðin, aðlögunartímabilið er liðið sem vinstri menn lögðu upp með árið 1979 með þessum árangri. Af þessari ástæðu ber nú brýna nauðsyn til að taka tillit til þessara viðhorfa þegar framleiðslumarkmið eru ákveðin að þessu sinni. Og það er með tilliti til þess sem við gerð þessa frv. er ekki gert ráð fyrir því að neinn samdráttur eigi sér stað í sauðfjárræktinni miðað við sömu útflutningsforsendur og verðlagsforsendur hér innanlands og eru nú í dag. Núna er útflutningsþörfin umfram innanlandsneysluna 2 þús. tonn og það er gert ráð fyrir því í frv. að þá framleiðslu verði hægt að flytja út á öllu þessu tímabili. Miðað við þessar forsendur er ekki gert ráð fyrir neinum samdrætti í sauðfjárframleiðslunni hér á landi.

Það er vissulega dálítið aðra sögu að segja um þróun í mjólkurframleiðslu og nautgripaafurðum, eins og ég hef reyndar áður sagt, t. d. hefur mjólkurframleiðslan verið að aukast núna á seinni árum. Hún hefur verið að aukast ár frá ári og þar af leiðandi er gert ráð fyrir því að hún færist niður í hliðstæða framleiðslu og var á árunum 1981—1982, hún verði ca. 103—104 millj. kg. Miðað við þann samdrátt er gert ráð fyrir að tvö ár, árin 1986 og 1987, skili meiri útflutningsbótum en árin á eftir til þess að þessum jöfnuði verði náð.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að að baki þeim tölum sem birtar eru í 36. gr. liggja þau markmið sem ég hef hér frá skýrt.

Þá er það að sjálfsögðu engu þýðingarminna sem fram kemur í 37. gr. frv. þar sem lagður er grundvöllur að stórfelldu átaki í atvinnuuppbyggingu í sveitum landsins. Og ég vek athygli á að hún er í raun og veru nú þegar hafin. Í lánsfjárlögum er kveðið svo á að 60 millj. eigi að renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins til eflingar nýrra viðfangsefna í sveitum landsins. Það er kveðið svo á að 50 millj./eigi að fara inn í Stofnlánadeild landbúnaðarins til eflingar nýrra búgreina. Við vorum að ljúka við hér á Alþingi að breyta jarðræktarlögunum þar sem enn fremur er fært fjármagn frá hefðbundnum viðfangsefnum til nýrra viðfangsefna í sveitum landsins. Auk þess er líka í 37. gr. skýrt kveðið á um það að annar hluti þessa fjármagns á að fara til endurskipulagningar í búrekstri í sveitum landsins, m. a. til að mæta þeim áföllum sem fólkið þar hefur orðið fyrir vegna þess samdráttar sem ég hef áður lýst, og enn fremur verði nú leitast við að gera skipulagt og öflugt átak til markaðsöflunar.

Þetta er hið eiginlega tímabil búháttabreytinga sem þetta frv. gerir ráð fyrir og í 38. gr. er kveðið á um að fyrir lok þessa tímabils skuli enn farið yfir þessi mál og þá skuli það vera metið með hvaða hætti hefur til tekist við þessa búháttabreytingu. Þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka nýjar ákvarðanir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla frekar um frv. sem slíkt. Þó þykir mér ástæða til að geta hér í örfáum orðum um þær breytingar sem orðið hafa á frv. í meðförum Alþingis. Það gleður mig mikið að varðandi þessi meginmarkmið, sem ég legg mest upp úr, hefur hvergi verið spillt. (Gripið fram í.) Það er skotið inn í 36. gr. einni setningu sem á engu að spilla. Og það á reyndar við um allar þær ákaflega víðfeðmu breytingar sem voru gerðar í hv. landbn. Nd. og sögulegar þrætur standa nú um í þjóðfélaginu hvort hafi verið miklar eða litlar, góðar eða vondar, að ég mundi gefa þeim mjög háa einkunn vegna þess að þær eru allar saklausar og meinlausar. Eftir því sem ég kemst næst við samanburð á frv. fyrir og eftir meðferð í Nd. Alþingis sýnist mér efnisbreytingarnar einkum vera þessar:

Verðjöfnunargjald eða heimild til verðjöfnunargjalds er færð úr 3% upp í 5.5%. Það er að sjálfsögðu hættulaust. Þó að við eigum að vera íhaldssöm á verðmiðlunargjöld, þá verður að hafa það í huga að eftir breytinguna er ekki hægt að beita verðjöfnunargjöldum nema með samþykki landbrh. og það er ekki annars að vænta en stjórnvöld sýni nokkra íhaldssemi í þeim efnum.

Í öðru lagi er breytt ákvæðum um tilfærslu á verði, og þá innan hverrar og einnar afurðastöðvar eftir árstímum, þannig að heimildin er færð úr 30% niður í 15%. Þetta eru nú þörf efnisatriði.

Síðan hef ég getið um breytingu varðandi 36. gr. þar sem kveðið er á um að ef endurskoðun hafi ekki átt sér stað eins og 38. gr. kveður á um eigi útflutningsbótaréttur inn, 4%, að haldast áfram.

Síðan er breyting á 40. gr. þar sem kveðið er á um að við löggildingu sláturhúsa skuli, auk þess sem þar er að sjálfsögðu lagt til grundvallar heilbrigðisvottorð, gæta þess að einnig sé í þeim efnum tekið tillit til skipulags á afurðastöðvunum.

Það er afar þýðingarmikið að þessar breytingar hafi ekki orðið fleiri en hér hefur verið frá greint. Aðrar breytingar eru einvörðungu tæknilegs eðlis og m. a. bundnar við það hvenær frv. er samþykkt. Ýmsum tímasetningum hefur verið breytt og einnig er um að ræða nokkur tæknileg atriði varðandi þær breytingar sem gerðar eru á heildarskipulagningu þessara mála. Ýmsar tæknilegar ákvarðanir eru settar inn af þeirri ástæðu. Það er því sannarlega með ákaflega ljúfum og góðum vilja hægt að fallast á breytingar Nd. Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég hef þá skýrt hér meginsjónar-

mið mín og meiri hl. landbn. Ed. á þessu frv. og veit reyndar að það muni fá hér greiðan framgang það sem það á ófarið af leið sinni í gegnum þessa virðulegu deild.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka samstarf í hv. landbn., þakka hv. 11. landsk. þm. samstarfið þar og forustu hans í þeirri nefnd sem hefur verið með ágætum og ekki upp á að klaga í neinu. Ég sé nú að hv. 11. landsk. þm. er horfinn úr salnum svo að ég geymi mér kannske nokkur orð til hans þangað til á eftir.

Ég hef leyft mér að skila nál. um þetta frv. sem ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að þylja upp hér. Í byrjun nál. segi ég, með leyfi forseta:

„Landbn. Ed. hefur ekki gefist mikill tími til þess að gaumgæfa þetta mál eða eiga viðræður að gagni við þá mörgu hagsmunaaðila er þetta mál snertir. Veldur þar mestu um sú vinnutilhögun landbn. Nd. að hafa í engu samráð um meðferð frv. við nefnd Ed.

Frv. hefði, svo viðamikið sem það er, þurft mjög nákvæma athugun, ítarlega kynningu og umræðu í þjóðfélaginu, ekki síst meðal bænda, þar sem það fjallar um flest veigamestu atriðin í lífsskilyrðum þeirra og framtíðarstöðu."

Gengur nú hv. formaður landbn. í salinn og vil ég þá endurtaka þakkir mínar til hans fyrir ánægjulegt samstarf í vetur og ágæta forustu í þessari nefnd og lipurð við okkur í hvívetna eins og hans er von og vísa.

Ég verð nú að segja að ólíkt þótti mér hressilegri og meir sannfærandi ræða hans hér áðan fyrir ágæti þessa frv. en hjá hæstv. landbrh. um daginn, sem flutti þó sitt mál hógværlega og skýrt eins og hann er vanur en ekki með allt of miklum sannfæringarkrafti, því að þó að hv. 11. landsk. þm. segðist ekki ætla að ræða það hver framkvæmd yrði á þessum lögum, þá fór það ekki á milli mála að hann var hrifinn af hugverki sínu og sá fagra framtíðarsýn blasa við í hverri setningu sem hann hafði sett á blað, en lögfræðingar reyndar lagað örlítið til texta hjá honum til þess að betur félli að venjulegu lagamáli.

Ég ætla ekki að fara út í hans ræðu en segi það hins vegar að varðandi landbúnaðarmálin í heild var ræða hans skipuleg og ágæt, fræðandi um leið, og er ágætt að menn fái einstaka sinnum að heyra jafnfróðlegar og yfirgripsmiklar ræður um þessi mál og hv. 11. landsk. þm. flutti hér, þó að ég geti verið honum ósammála um ýmsa hluti en aftur sammála um aðra. Ég ætla t. d. ekki að fara að ræða aðlögunartíma framleiðsluráðslagabreytingarinnar frá 1979 og þá tilhneigingu hv. 11. landsk. þm. að setja ævinlega ofan í við flokksbróður sinn, hv. þm. Pálma Jónsson fyrrv. landbrh., fyrir það hvernig hann hafi staðið að þessum málum, eða kveðjur til samstarfsmanna hv. þm. í Framsfl. sem sigla náttúrlega í kjölfarið. Hann hefur sérstakt lag á að koma því að ævinlega að ekki hafi nú verið vel að verki staðið meðan hann var utangarðs í þessum efnum, en hittir þá fyrir þá ágætu menn sem störfuðu með honum t. d. að samningu þessa frv. og alveg sérstaklega hv. þm. Pálma Jónsson, fyrrv. landbrh., sem ég held að hafi nú komist vel frá sínu verki, hvernig sem hv. 11. landsk. þm. talar um það svona undir rós.

Það væri að vísu full ástæða til að hafa hér uppi langt mál, svo veigamikið sem eðli þessa frv. er, svo afdrifaríkt sem það kann að reynast í framkvæmd íslensks landbúnaðar. Ég hef áður sagt að málatilbúnaður allur í kringum þetta mál sé með nokkrum endemum. Vinnsla fór fram í þröngum hópi stjórnar og þingmanna og þegar það loks lítur dagsins ljós er það eina sem gildir hraðinn, flaustrið og fyrirgangurinn.

Ég hef spurt og spyr enn: Hvað liggur eiginlega á? Formaður þingflokks Framsfl. er greinilega með sömu spurn í huga þegar hann situr hjá við afgreiðslu málsins. Segir það sína sögu um það að honum hefur greinilega verið álíka spurn og mér: Hvað liggur eiginlega á þessu frv.? Eina svarið sem ég hef fengið er í raun frá einum höfunda þessa frv. og hann liggur ekki á sinni skoðun sem er eins og bergmál frá öllum áróðri og andróðri gegn landbúnaði og bændastétt síðustu árin. Það er hv. 4. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson sem segir orðrétt í DV, með leyfi virðulegs forseta:

„Ef frv. verður ekki samþykkt á þessu þingi heldur sama vitleysan áfram í íslenskum landbúnaði. Áfram verða bullandi útflutningsbætur og engin stjórn á einu eða neinu. Einnig verður ekkert átak gert til að stuðla að nýjum búgreinum eins og frv. gerir ráð fyrir." Og í lokin kemur svo hótunin: „Ef þetta frv. dagar uppi núna, þá er ég hræddur um að það líði langur tími áður en nýtt frv. lítur dagsins ljós."

Hvílík endemis rökleysa er þetta? Ég spyr. Hversu oft hafa frumvörp um mikilvæg málefni verið lögð fram til kynningar að vori og hafa síðan fengið eðlilega umfjöllun og umræður þeirra sem þau snerta sérstaklega og verið tekin til umræðu og afgreiðslu á næsta þingi? Það er í raun hin eðlilega þinglega meðferð, þar sem sjónarmið og viðhorf fá að koma fram við eðlilegar aðstæður og þm. sem aðrir fá hið ákjósanlega tækifæri til að ráðgast sameiginlega um málið og fjalla um það í ljósi þokkalegrar heildarumræðu. Ég skil ekki þennan aðalhöfund þessa frv. og röksemdir hans.

Hv. 11. landsk. þm., annar aðalhöfundur frv., er eflaust sammála, eða er ekki svo, talinu um vitleysuna í íslenskum landbúnaði. En það er í raun allsherjardómurinn sem landbúnaðurinn hefur fengið frá áróðursmeisturum andstæðinga hans. Eða hvað hindrar það að átak sé gert til eflingar nýrra búgreina þó að þetta frv. nái ekki fram? Það er spurning um fjárhagslegan stuðning, almenna stefnu um stýringu fjármagns, kjörin á lánunum o. s. frv., stefnumótun stjórnvalda í þessu efni umfram allt annað og þarf ekki nein ný lög um þetta til þess. En frv. er greinilega frjálshyggjumerkt. Fyrsta skrefið í þá átt og þar með auðskilinn áhugi ýmissa þeirra sem minnst vilja af landbúnaðarvitleysunni vita, eins og það er orðað, að þrýsta þessu máli í gegn.

Frv. sjálft felur í sér allmikla uppstokkun og breytingar. Mér kemur ekki til hugar að segja að ekki sé ýmislegt til bóta og ýmislegt jákvætt. En lausu endarnir eru margir og erfitt að átta sig á hvert stefnir í raun í mörgum greinum. Verðlagningarkerfið er t. d. þrefaldað, nokkuð sem engan veginn er unnt að átta sig á til hvers muni leiða. Sjálfdæmi smásöluverslunarinnar er það eina sem er alveg öruggt, enda í góðum takt við frelsið í álagningunni sem átti að færa mönnum mikla blessun í lækkun vöruverðs, en enginn hefur raunar orðið var við til útgjaldalækkunar á heimilisreikningum sínum.

Í tengslum við frv. sem allsherjar ramma að vinnulöggjöf og hagsmunaframtíð heillar stéttar hefði vitanlega

þurft að liggja fyrir úttekt á þýðingu landbúnaðar fyrir þjóðarbú og þjóðarheild. Auðvitað liggja þar fyrir ýmsar tölur, ársverkafjöldi, ársframleiðsla og verðmætamyndun, iðnaðarhlutdeild, þjónustuhlutdeild o. s. frv., en í heildarúttekt, þar sem allt var í samhengi sett þjóðhagslega, atvinnulega og byggðalega, hefðum við haft myndina fyrir okkur sem eina heild þar sem framleiðsla og arðsemi væru dregnar fram í tengslum við atvinnusköpun og byggðaþróun almennt.

Ein ábending aðeins varðandi áhrif þessa frv. Þurft hefði að liggja fyrir rækileg niðurstaða um áhrif þess fyrir einstakar greinar landbúnaðarins, ekki síst sauðfjárbúskapinn, og áhrif þess á byggð í landinu um leið. Hv. 11. landsk. þm. fullyrti hér áðan að það yrði engin röskun, enginn samdráttur með þessu frv., yrði það samþykkt, á framleiðslu í þeirri grein hér á landi. Þarna stendur að vísu fullyrðing gegn fullyrðingu. Ég á eftir að sjá að framkvæmdin verði slík að þar verði enginn samdráttur. En það er vitanlega til of mikils mælst að slíkir hlutir liggi nákvæmlega fyrir manni þegar svo naumur tími er til stefnu og um að gera að koma frv. í gegn og losna við landbúnaðarvitleysuna sem allra skjótast og endilega áður en bændur geta fengið upprof frá önnum vorsins og athugað málið af gaumgæfni og kynnt sér allar hliðar þess, öll áhrif þess þó fyrst og síðast. Ég hefði viljað sjá í tengslum við svo róttækar breytingar á þessari vinnulöggjöf bænda heildarúttekt á hinni miklu og víðtæku þýðingu landbúnaðarins í íslensku þjóðlífi. En vitanlega má ekki viðhafa slík vinnubrögð, þau tefðu fyrir að losa okkur við landbúnaðarvitleysuna, eins og einn aðalhöfundur orðar það svo ágætlega og eflaust réttilega.

Byggð í landinu er víða viðkvæm um þessar mundir og sveitirnar eru þar vissulega ekki undantekning nema síður væri. Stórfelld röskun og enn frekari samdráttur í sauðfjárbúskap okkar, sem hætta er á, yrði þar helstur orsakavaldur til alvarlegrar röskunar, grisjunar byggðar eða jafnvel eyðingar. Afleiðing þessa frv. hlýtur að koma þar við sögu og óséð um áhrif með öllu.

Ég er ekki hissa á fjarveru fyrrv. landbrh., hv. þm. Pálma Jónssonar frá afgreiðslu þessa máls hér á Alþingi þegar þetta frv. er á leið sinni í gegnum þingið. En hún vekur óneitanlega athygli engu að síður því að byggðaröskun í kjölfar samdráttar í sauðfjárbúskap var eitt meginmálið sem hann varaði við að yrði við allar frekari breytingar í þessum efnum. Þar koma útflutningsbæturnar og skerðing þeirra við sögu og ekki er ég að halda því fram að þar sé um algóða hluti að ræða sem ekki megi hrófla við.

Ég ætla aðeins að rifja það upp að ég man glöggt þá innilegu hneykslan samþingmanna minna eystra á framboðsfundum þar þegar ég taldi að aðlaga yrði framleiðsluna að markaðsaðstæðum svo að útflutningsuppbætur yrðu í framtíðinni sem mest óþarfar. Svo vægt orðalag var af þeim, m. a. hv. 11. landsk. þm., túlkað sem hin illvígasta árás á bændastéttina, óhæfa sem þeim mundi aldrei til hugar koma að nefna, hvað þá að framkvæma, heilagur útflutningsbótaréttur bændum til handa yrði það áfram ef þeir fengju að ráða. Þar yrði allt óbreytt undir þeirra stjórn.

Nú er bleik brugðið og skal ekki efað að höfundar og fylgismenn telja sig vera að gera góða hluti en síður en svo að ráðast með illvígum hætti á bændastéttina eins og hún leggur sig. Vissulega vildi ég sjá framleiðslu okkar í þeim farvegi að þessi ákjósanlegi árásaráróður um útflutningsbæturnar yrði að engu sem hv. 11. landsk. þm. gat réttilega um hér áðan. En ég vildi sjá það með eðlilegri aðlögun, með öflugu markaðsátaki, með eðlilegri sölu búvara hér innanlands. Þar eru ýmsar blikur á lofti og ekki bjart fram undan. Sala dilkakjöts fer minnkandi. Menn eru fljótir að kenna þar um breyttum neysluvenjum sem vissulega eiga einhvern þátt í því. En annað og meira og alvarlegra hefur til komið: Kaupmáttur fólks í landinu annars vegar og niðurgreiðsluþróunin hins vegar. Hana rakti ég rækilega við 1. umr. málsins. Vissulega munar fjölskyldurnar í landinu um 40—50 kr. mun á kjötkílói eða nær 10 kr. mun á mjólkurlítranum, en svo miklu eru þessar vörur nú dýrari en þær voru 1982 þegar niðurgreiðslur voru eðlilegar til hagsbóta fyrir láglaunafólk og barnmargar fjölskyldur.

Í þessu frv. örlar hvergi á neinni stefnumótun varðandi niðurgreiðslur sem þó ráða svo miklu varðandi sölu helstu búvara hér innanlands. Hvergi er að finna í yfirlýsingum með þessu frv. neina stoð varðandi þennan mikilvæga þátt. Hæstv. landbrh. benti réttilega á að við síðustu verðákvörðun búvara 1. júní s. l. hefðu niðurgreiðslur komið í veg fyrir enn frekari hækkun. Engu að síður er mismunurinn nú svipaður því sem ég áðan sagði miðað við verðlag 1982 og sama niðurgreiðsluhlutfall og þá var. Ekki auðveldar þessi stefna vandann og ekki er hún neytendum í hag, þeim sem mest þurfa á að halda, þó að vitnað sé í eitthvert álit svonefndra aðila vinnumarkaðarins þessu til réttlætingar. Það er þá ekki í fyrsta sinn sem þeim skýru mönnum skjöplast.

Óvissan um sölumálin á þessu ári, með ærnum vanda haustsins umfram það sem annars hefði þurft að vera, er mikil og ærið meira umhugsunarefni og viðfangsefni um leið en fjölmargt í þessu frv. sem hér er verið að afgreiða. En í beinu framhaldi af þessu er rétt að huga að því mikilvæga atriði sem snertir samskipti og samvinnu bænda og neytenda. Hefði vissulega þurft að huga að því. Til þess hefði þurft tíma til að sætta ýmsar andstæður en miklu fremur til að eyða alls konar misskilningi og tilbúnum ágreiningsefnum sem óspart er kynt undir af hinum ýmsu aðilum og við heyrðum reyndar bergmál af á fundi landbn. í morgun.

Í heild eiga þessir hagsmunir að fara saman. Hollustufæða sú sem framleidd er í sveitum er hafin yfir allan efa sem sú besta er fólk á völ á, sem neytendur geta nært sig á. Ef eitthvað er heilsufæði, þá eru það þessar vörur. Atvinnutækifæri þau sem landbúnaður okkar skapar í iðnaði, þjónustu og verslun eru launþegum hin dýrmætustu, arðbær störf fyrir þjóðarbúið um leið, alveg sér í lagi sá margvíslegi fullvinnsluiðnaður sem enn mætti auka og bæta. Þúsundir starfa skapast af þessum ástæðum og allir vita hversu mikilvægt arðbært starf er.

Annað mál er svo að fullvinnsluiðnaður þessi býður upp á óvenjulág laun. Þar eru það aðrir en bændur og launþegar sem arðinn hirða. Um það ættu einmitt þessar stéttir að geta sameinast að hafa sem mestan og bestan sameiginlegan arð af frumframleiðslu og frekari úrvinnslu. Mikil nauðsyn er á því að ná sem allra bestri sátt milli þessara aðila en þetta frv. er því miður ekki til þess fallið.

Andstaða bænda við frv. er mjög víða og afar greinileg meðal þeirra mörgu sem nú búa við óvissu í

afkomu, m. a. og sér í lagi vegna orkukjarastefnu ríkisstj. Glöggir menn í bændastétt hafa ekki haft um þetta frv. mjög uppörvandi orð og þarf ekki lengra að leita en til höfðingjans Björns á Löngumýri, sem telur frv. stórhættulegt búendum og byggð, eða þá til þess glöggskyggna manns Eggerts á Þorvaldseyri sem telur frv. mögulegan banabita bændastéttar. Einhvern tíma hefði verið staldrað við og mál skoðuð betur í ljósi þessara orða og annarra. Og ekki er því að heilsa að Neytendasamtökin séu ánægð með frv. Þar eru ærið margar athugasemdir á ferð sem einnig hefði þurft að gaumgæfa og aðlaga sem best að efni frv. þar sem kleift hefði verið. Þannig mætti áfram halda.

Ekki virðast sérgreinafélögin innan landbúnaðarins ýkja hrifin, að ekki sé minnst á auglýsingu frá Félagi alifuglabænda sem birtist í blöðum um s. l. helgi og gat vart verri verið til umsagnar um frv. Maður er farinn að halda að mottó og áhugaefni höfunda hafi verið það að allir væru óánægðir, allir ósáttir og þar með væri frv. gott. Hér virðist allt á eina bók lært.

En geta skal þess sem gert er. Formaður landbn. hefur sýnt okkur ágætan samstarfsvilja svo sem hans var von og vísa. Ég veit gjörla að hann hefur ekki viljað þá hraðafgreiðslu sem hér fer fram í Ed. og er í raun illa sæmandi og ólíkt góðum vinnubrögðum annars hér í hv. deild. Við formanninn, hv. 11. landsk. þm., er síður en svo að sakast um vinnubrögð því að hann hefur greitt fyrir athugun og yfirferð frv. í nefnd svo sem unnt var miðað við málsmeðferð alla sem í heild sinni hlýtur að teljast forkastanleg.

Ég skal svo aðeins tæpa á nokkrum atriðum til að lengja þetta mál mitt ekki um of. Þó að af nógu sé að taka umfram það sem ég hef áður sagt vil ég fullyrða að hið stóraukna vald, sem til rn. og ráðh. er fært, er síður en svo til bóta og hætt við að geðþótti um fjölmörg atriði ráði enn meir en nú er. Ég tæpi aðeins á IV. kafla, ítreka VI. kaflann, VIII. kaflinn og reyndar sá VII. um leið væri athugasemdaefni, en ég skal fara fljótt yfir sögu.

Verðlagningarkerfi búvara er breytt þannig að í stað einnar sex manna nefndar framleiðenda og neytenda koma nú verðlagsnefnd, sem ákveður verð til framleiðenda, og fimm manna nefnd sem ákveður heildsöluverð. Smásala á búvörum er hins vegar sett undir almenn verðlagsákvæði, sem sagt gefin alveg frjáls þar sem verðlagsráði sýnist svo. Þetta er hættulegt því að þarna tapast samanburðurinn sem hægt er að hafa í dag t. d. með því að bera saman í verslunum verð á einstökum afurðum og svo kílóverð í heilum skrokkum, hættulegt vegna þess að búvörur verða þá ekki lengur á sama verði um land allt.

Ég vék nokkuð að atriðum í VI. kaflanum sem hv. 11. landsk. þm. lagði sérstaka áherslu á að væri hið veigamesta og ég dreg ekkert úr að sé það í raun og veru, þ. e. staðgreiðsla til bænda á afurðum þeirra. En ég segi það enn og aftur sem ég sagði við 1. umr. málsins að þó að þarna standi þessi ákvæði í lögum og sé skýrt kveðið á um það að þessar greiðslur skuli inntar af hendi, þá virðist svo sem þetta sé í raun og veru eingöngu á pappírnum. Ég held að það hafi ekki verið að ástæðulausu sem Stéttarsambandið vildi bæta inn ákvæði, glöggu og skýru um það: „Nú er gerður samningur skv. a-lið 30. gr. og ábyrgist ríkissjóður að afurðastöð sé gert kleift að standa við skuldbindingar skv. þessari grein.“ Það er í rökréttu framhaldi af samningi ríkis við bændur um ákveðið magn og verð að ríkið tryggi það alla leið.

Ég veit ekki til þess að nein bindandi yfirlýsing hafi frá neinum komið um það að þetta verði fulltryggt. Bankastjórar hafa hér engu um ansað af eða á, en ég veit að nefnd er að hefja störf og á greinilega ærið verk fyrir höndum. Ég er ekki að segja að þetta muni ekki verða svo, að þessi mál verði færð í betra horf með þessu frv. En ég óttast það að tryggingar séu ekki nægar og í því sem ég heyri frá þeim aðilum sem mest hafa um afurðalánin og fjármögnun þeirra fjallað gætir ekki bjartsýni um að þau mál verði leyst, því hér er fyrst og fremst um það að ræða að fá aukið fjármagn til að gera þessum aðilum kleift að staðgreiða þetta verð.

Ég skal fara fljótt yfir sögu varðandi VII. kaflann, varðandi það hvernig reynt er nú að fara aðrar leiðir að nokkru í stjórnun á landbúnaðarframleiðslunni en áður hefur verið gert. Að vísu er eina tækið sem beint er þarna getið um heimild fyrir allt að 200% kjarnfóðurskatti, sem getur haft áhrif á aðrar greinar en mjólkur- og kindakjötsframleiðsluna, en þá hlýtur í raun og veru að verða spurt varðandi þessa stjórnun: Hvað verður haft til viðmiðunar þegar samið verður um magn? Verður samið til eins árs í senn eða til lengri tíma? Hvað verður gert varðandi svæðisbúmarkið og búmark sbr. b-lið í 30. gr.? Þar tel ég að sé því miður um óútfylltar ávísanir að ræða sem við vitum ekkert um hvernig verða framkvæmdar á nokkurn hátt. Menn verða að svara þeirri spurningu í raun og veru hvort þeir vilja heldur heildarstjórnun landbúnaðarframleiðslunnar eða allt að 200% fóðurbætisskatt. Heildarstjórnun sem byggði á svæðabúmarki og hlaupandi samningum um framleiðslumagn samfara ráðstöfunum sem tryggðu eðlilega samkeppnisstöðu vörutegunda, einkum kjöts.

Ég nefni útflutningsbæturnar einnig og skal ekki hafa mörg orð þar um frekar, en við verðum að gera okkur grein fyrir því að mikill samdráttur er þegar orðinn með tilheyrandi tekjutapi eins og hv. 11. landsk. þm. rakti hér rækilega áðan. Fjárfesting í nýjum atvinnugreinum, hvort sem það er nú loðdýrarækt eða eitthvað annað, t. d. fiskeldi, verður fjármögnuð með minnkandi tekjum þeirra sem eru í hefðbundnum greinum, því miður. Og framlög til ráðstafana skv. 37. gr. verða fyrst lítil en síðan vaxandi, en í raun og veru hefði þetta þurft að vera þá alveg öfugt, eins og reyndar kom fram í máli hv. 11. landsk. þm., að hér þyrfti að gera stórátak þegar í upphafi til þess í raun og veru að skerðing á hinni hefðbundnu framleiðslu yrði sem allra minnst með nýju átaki í nýjum búgreinum

Ég vil hins vegar taka fram að margt er enn hér sem væri full ástæða til að ræða um á þessu kvöldi. Ég gerði það við 1. umr. svo ítarlega að ég eyði ekki tíma hv. Ed. í að endurtaka mikið af því sem ég sagði þar og ætla mér ekki að standa í karpi um þetta mál í heild sinni. Segja aðeins það að lokum að í nál. mínu segir: „Undirritaður er algerlega andvígur hraðafgreiðslu þessa frv. nú og leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj. og henni falið að skipa nefnd allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. þess eðlis verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.“ Það yrði sómi Alþingis að meiri að snúa sér þannig að þessu stórmáli heldur en afgreiða það með þessum hætti.

Frsm. 2. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég hef skilað nál. á þskj. 1363 þar sem ég segi, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin tók þetta frv. fyrir á fundi sínum nú í morgun til efnislegrar umfjöllunar. Til viðræðna voru kallaðir fulltrúar Stéttarsambands bænda, Samtaka alifuglabænda, Neytendasamtakanna og Félags kartöflubænda. Enginn þessara aðila taldi hag sinn bættari með samþykkt þessa frv.

Vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið við meðferð eins veigamikils frv. sem þessa, verða að teljast forkastanleg, þar sem sama dag og frv. er rætt í nefndinni þurfti, vegna tímaskorts, að afgreiða málið til 2. umr. og atkvæðagreiðslu.

Undirrituð telur að frv. tryggi hvorki hag neytenda né bænda. Það eykur aðeins á miðstýringu á öllum sviðum landbúnaðarframleiðslu.

Undirrituð telur að hagsmunir bænda og neytenda fari saman. Þar af leiðandi þurfi þessir aðilar að vera með í ráðum þegar samið er frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þessu var ekki sinnt við samningu þessa frv. Starfshópur þm. á vegum stjórnarflokkanna hefur í tæp tvö ár hnoðað þessu frv. saman og stjórnarflokkarnir ákveðið að gera þetta frv. að lögum hvað sem liði þinglegri meðferð málsins.

Af framansögðu mun undirrituð geriða atkv. gegn þessu frv."

Hér gagnrýni ég aðallega þinglega meðferð þessa máls. Ég er ekki með þessu að gagnrýna formann nefndarinnar vegna þess að ég tek það sérstaklega fram að þarna sé tímaskorti fyrst og fremst um að kenna. Þó að okkur greini oft á um pólitískar skoðanir, þá hefur hv. formaður þessarar nefndar sýnt það að hann hefur getað tekið mál til efnislegrar umfjöllunar á mjög ópólitískan hátt og unnið mál vel. Þetta vil ég taka fram svo að enginn misskilningur verði varðandi hina þinglegu meðferð. Það er ekki formanni hv. landbn. Ed. um að kenna í þessu tilfelli.

Ekki vil ég þó láta hjá líða að nefna lítillega örfá atriði sem fram komu í dag. Vil ég þá fyrst nefna brtt. sem Neytendasamtökin eða formaður þeirra fyrir þeirra hönd hafði viðrað við hv. landbn. Nd. Sú brtt. var við 1. gr., e-lið, en sá liður hljóðar svo, með leyfi forseta: „að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu." Við þennan lið vildu Neytendasamtökin bæta: enda leiði það ekki til hækkunar á framleiðslu. — Þessi viðbót fékkst ekki inn í frv. Ég ætla ekki að geta í eyðurnar vegna hvers ekki, en þetta hefði ég talið til mikilla bóta þar sem þarna hefði hagkvæmnissjónarmið þurft að ráða. Við verðum að hafa það hugfast á okkar litla eylandi að reyna að framleiða allar vörur sem ódýrast og láta neytendur landsins, sérstaklega varðandi matvörur, njóta þess lægsta verðs sem við verður komið.

Mun fleiri atriði komu fram á þessum tveggja tíma fundi í morgun þar sem þessir aðilar sátu saman og fengu á knöppum tíma að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Frá fulltrúa Stéttarsambands bænda kom einmitt athyglisverð setning: „Ekki er gerð raunhæf athugun á nauðsyn þessara breytinga." Ég held að það sé margt til í þessu. Ég held að ekki hafi verið gerð raunhæf athugun á nauðsyn þeirra breytinga sem hér eru fyrirhugaðar. Hér er vaðið úr einu í annað. Hér er reynt að koma öllu undir stjórn og vilji menn ekki hlýða þeirri stjórn, t. d. alifuglabændur og aðrir sem ekki hafa verið undir stjórnun fram að þessu, þá njóta þeir ekki, að mér skilst, greiðslna úr kjarnfóðursjóði, sem geta numið allt að 200% af innflutningsverði kjarnfóðurs, þannig að þeir eru tilneyddir, vilji þeir fá eitthvað til baka úr þeim sjóði, að fara undir þessa stjórnun.

Hv. frsm. vék hér að VIII. kafla frv. þar sem gert er ráð fyrir að draga úr útflutningsbótum í áföngum og beina fjármagni þess í stað til nýrra búgreina. Þarna liggur góð hugsun á bak við. Ég get virkilega tekið undir þessa hugsun í sjálfu sér og tel reyndar að þetta hefði mun fyrr þurft að koma í framkvæmd. En það er eitt sem ég er alls ekki sammála í þessu. Hér er talað um prósentutölu af framleiðslu landbúnaðarvara og þetta tekur til allra landbúnaðarvara. Ef það er offramleiðsla t. d. á kartöflum, þá hækkar þessi tala í krónum talið vegna þess að þetta er prósenta af landbúnaðarframleiðslu. Ef reki er nýttur mjög mikið þetta árið eða laxveiði er mjög góð, þá hækkar þetta í krónutölu. Hér væri nær að miða við einhverja fasta krónutölu en ekki prósentu og þá fasta krónutölu á útflutningsbætur eða sem sagt á þær afurðir sem fluttar eru út. Mér skildist á hv. frsm. að þetta mundi ekki bitna á sauðfjárafurðum. Það væri reiknað með að greiða niður 2000 tonn af sauðfjárafurðum á ári en draga úr mjólkurframleiðslu, eða niðurgreiðslan mundi bitna á þeirri atvinnugrein. Þetta er ég fyrst að heyra núna úr ræðustól. Þetta hafði ég ekki vitað um áður en þetta frv. var til umfjöllunar. Margt var athyglisvert í ræðu hv. þm. sem hefði verið gott að fá upplýsingar um áður. Ég vil þakka honum fyrir það innlegg sem hann jók við hér. En það er kannske ekki von að á einum degi sé hægt að dengja inn öllum þessum upplýsingum til þm. sem ekki eiga fulltrúa í landbn. Nd. og þar af leiðandi kannske ekki hægt að líkja saman aðstöðu til þess að fylgjast með gangi mála á hv. Alþingi. En svo vill til að Bandalag jafnaðarmanna á ekki fulltrúa í landbn. Nd. og þar af leiðandi kemur þetta kannske þyngra niður á þessum þingflokki í heild sinni.

Við lestur á þessu frv. kemur margt í ljós sem ég hef ýmislegt við að athuga en ég ætla ekki, eins og ég segi, að fara efnislega yfir þetta. Að mínu mati hefur málið ekki fengið þá þinglegu meðferð sem skyldi. Það er ekki sú samstaða sem þyrfti að vera á milli bænda og neytenda, sem á að vera grundvöllur fyrir að slíkur lagabálkur nái fram að ganga hér á Alþingi, vegna þess að þessir aðilar hafa gagnkvæmra hagsmuna að gæta og sættir þeirra á milli, eða a. m. k. sú málsmeðferð sem þeir geta sætt sig við, verða að liggja til grundvallar. Það eru ýmsar leiðir vafalaust sem hægt er að fara í kringum þetta mál, t. d. varðandi kartöflur, varðandi sölu á kartöflum. Kartöflubændur eru ekkert mjög hressir með það að þeim eru veittar frjálsar hendur varðandi sölumál. Þeir telja að með því skapist ringulreið og menn geti jafnvel auðveldlega svikið undan skatti vegna þess að engum aðila sé skylt að sjá um dreifingu eða sölu. Eitt er samkeppni en annað er ringulreið.

Ég hef ekki þessar efasemdir. Ég held að þetta eigi eftir að þróast í þá átt að það komist í gott horf þegar þeir eru búnir að skipuleggja sín sölumál sjálfir. Hingað

til hefur einn aðili að mestu leyti séð um þessi málefni. Það tekur alltaf nokkurn tíma að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Annars vegar eru alifuglabændur sem telja það mjög bagalegt að þeir séu allt í einu skyldaðir til þess að hlíta slíkri löggjöf. Fram að þessu hefur verið samkeppni í sölu hjá þeim og þeirra sölumál gengið vel að dómi neytenda, a. m. k. hef ég ekki heyrt annað. Nú verði þeir allt í einu að hlíta verðákvörðun sérstakrar nefndar og sé bannað vegna ákvæða laga að selja sínar afurðir undir einhverju samkomulagsverði sem einhver nefnd ákveður. Við vitum það mætavel að í stórmarkaði þar sem keypt er mjög mikið í einu fá kaupmenn vöruna á lægra verði og það er eðlilegt að neytendur fái að njóta þess og það ætti alls ekki að brjóta í bága við lög.

Ég held, virðulegi forseti, að ég sé ekki að lengja þessa umr. með frekari umfjöllun efnislega um þetta mál. Eins og ég segi í niðurlagi míns nál. mun ég greiða atkv. gegn þessu frv. þrátt fyrir örfá atriði þess sem ég get tekið undir og hef nefnt hér.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er nú jafnan svo að þegar sígur á seinni hluta þingsins sneyðist mjög um þann tíma sem menn hafa til umráða til að fjalla um hin ýmsu mál sem þá eru á dagskrá. Auðvitað hefur þetta gerst á þessu þingi nú þegar dregur að lokum engu síður en undir öðrum kringumstæðum.

Þetta frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara er kannske dæmigert fyrir þá meðferð sem mál fá hér á síðustu dögum þings. Málið er búið að vera lengi hjá hv. landbn. Nd., sem gerði við það allmargar brtt. sem eru ekki efnislegar, vil ég segja, nema tiltölulega mjög fáar. Þessar brtt. eru hvorki meira né minna en 16 talsins, sumar satt best að segja ákaflega lítilvægar, og verður ekki séð hverju þær breyta í rauninni. Landbn. þessarar hv. deildar hafði að vísu uppi nokkra tilburði til að fjalla lítillega um þetta mál áður en það barst nefndinni og var það svo sem virðingarverð viðleitni af hálfu formanns, hv. 11. landsk. þm. Engu að síður verður að viðurkenna að frv. hefur alls ekki fengið þá athugun í deildinni sem vert væri. Landbn. hélt að vísu alllangan fund í morgun, um það bil tveggja klukkustunda fund. Þangað komu fulltrúar ýmissa þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta og er skylt að geta þess að formaður nefndarinnar varð við öllum óskum um að kveðja til fundar þá menn sem nm. óskuðu eftir að fengnir yrðu til að tjá sig um málið. Þangað komu sem sé fulltrúar Stéttarsambands bænda, fulltrúar Neytendasamtaka, fulltrúi kartöflframleiðenda og alifuglaframleiðenda.

Við áttum fróðleg samtöl við þessa gesti okkar og þar kom mætavel í ljós hver ágreiningur ríkir um þetta mál, ágreiningur sem kannske er útilokað að jafna, vegna þess að svo virðist sem hér rekist á hagsmunir. Það er sjálfsagt aldrei hægt að semja frv. til l. um þessi mál sem bændur verða alsáttir við og fulltrúar neytenda telja sig geta bærilega unað. Ég er sannfærður um að það yrði mjög erfitt. Engu að síður held ég að það sé alveg ljóst að þótt hjá stjórnarflokkunum hafi verið mikið um þetta mál fjallað og margt rætt í því sambandi, þá hefur þess ekki verið gætt að reyna til hins ýtrasta að sætta sjónarmið. Mér þykir ekki ósennilegt að ef nokkru lengur hefði verið setið á rökstólum hefði e. t. v. mátt ná ívið lengra til samkomulags og kannske koma þessu í svolítið skynsamlegra horf. En það skal viðurkennt að hér er um að ræða mál sem eru hreint ekki einföld né auðveld viðureignar.

Mín niðurstaða er sú, að eins og að þessu hefur verið staðið sé ekki fært að samþykkja þetta mál óbreytt eins og það liggur fyrir og eru til þess ærið margar ástæður. Ég hef því lagt fram á þskj. 1354 till. til rökstuddrar dagskrár. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem

— mikið skortir á að frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum hafi fengið eðlilega athugun, skoðun og umræðu í landbn. Ed.,

— frv. byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,

— frv. byggir á úreltum hugmyndum um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhögg við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,

— frv. lokar síðustu smugunum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,

— frv. útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðlar þannig að rekstrarlegu ábyrgðarleysi og offjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðila,

— frv. tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna og mun að öllum líkindum hækka verulega tilkostnað við framleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótaþörf“ á næstu árum,

— frv. viðheldur því fáránlega reikningskerfi að rekaviður og laxveiðileyfi séu undirstaða útflutningsbóta,

— frv. slær enn á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru, óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og milliliðakerfi í landbúnaði sem skaðar jafnt neytendur sem bændur,

— frv. mun verða þjóðarheildinni dýrt, verði það að lögum,

telur Alþingi ótækt að samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir, vísar því málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þetta er sem sagt, virðulegi forseti, sú rökstudda dagskrá sem ég hef lagt hér fram varðandi afgreiðslu þessa máls.

Það er alveg ljóst að íslenskir neytendur hafa notið góðs af því að ýmis landbúnaðarframleiðsla er ekki hneppt í fjötra þess kerfis sem komið hefur verið upp. Þetta gildir um kjúklinga, þetta gildir um svínakjöt og þetta gildir um egg. Þarna hefur frjáls samkeppni ríkt og neytendur hafa notið þess. Að því er varðar aðrar greinar er þetta allt í viðjum kerfisins og neytendur eiga enga valkosti. Með því að taka þetta allt inn í kerfið er þetta landbúnaðarkerfi í rauninni farið að stjórna neyslunni, sem auðvitað gerist með verðlagningunni. Það er ósköp einfalt að taka ákvarðanir um það innan þessa kerfis að nú skuli hækka kjúklinga- og svínakjöt þannig að það seljist meira af lambakjöti.

Það kom fram í viðræðum okkar í morgun við fulltrúa alifuglaframleiðenda hvernig kjarnfóðurgjaldið, sem þeir hafa greitt, hefur verið notað m. a. til að greiða niður áburð. Ekki kemur það alifuglabændum að neinu gagni. Með þessu frv. er sem sagt horfið til aukinnar

miðstýringar og skipulagningar og tilgangurinn með því er m. a. að ná tökum á þeim framleiðendum sem enn eru utan kerfisins. Það er verið að draga úr frelsi með þessu frv. Um það eru engin áhöld.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort það þjónar nokkrum tilgangi að vera að setja hér á langa ræðu um þetta mál. Ég ræddi það töluvert ítarlega við 1. umr. Hér er enn verið að slá á frest breytingum á þessu úrelta kerfi sem er bæði bændum og neytendum til bölvunar. Kartöflumálin voru töluvert rædd á fundi landbn. í morgun og bar þar sitt af hverju á góma. Mér er það næsta eftirminnilegt frá þeim fundi er ég rakti fullyrðingar, sem fram komu á fundi hjá Neytendasamtökunum fyrir rúmu ári síðan, um það að kartöflubændur höguðu sínu starfi þannig, þegar þeir sendu vörur á markað, að þeir tækju jafnan þær kartöflur sem styst geymsluþol ættu eftir og þær væru sendar á markað, þannig að neytendur hér væru jafnan að borða kartöflur sem væru fast að því komnar að skemmast. Þessu var ekki mótmælt í morgun. En sú breyting sem orðið hefur á þessum kartöflumálum, að tekist hefur að brjóta þetta kerfi niður, hefur haft það í för með sér að neytendur eiga völ á betri vöru. Það hefur komið mjög greinilega í ljós. Sömuleiðis hefur komið í ljós að kartöflubændur eru óánægðir með það fyrirkomulag sem nú ríkir.

Sérstakur þáttur þessa máls er t. d. 52. gr. sem fjallar um Grænmetisverslun landbúnaðarins. Við hana var samþykkt brtt. í Nd. Þetta fyrirtæki hefur verið eitt af þessum dularfullu fyrirtækjum í kerfinu, sem enginn veit hver á, sem ekki virðist hafa verið krafið um opinber gjöld eða skatta, fyrirtæki sem er auðvitað tímaskekkja og á engan rétt á sér. (**Gripið fram í:** Og má leggja þar með niður.) Já, það er kveðið á um það hér í frv. að Framleiðsluráðið hætti rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986. Þá er nú eftir að sjá hvernig framkvæmdin verður á þessu ákvæði vegna þess að hér segir líka: Heimilt er landbrh. að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Það vakna auðvitað ýmsar spurningar í sambandi við þetta. Hver á þetta fyrirtæki í raun og veru? Um það stendur þetta deilumál. Og mér þætti ekkert ólíklegt að það endaði í dómsmáli að kveða upp úrskurð um það hver eigi þetta fyrirtæki í raun og veru.

Það er auðvitað ótrúlega margt sem er ótrúlega vitlaust í þessu frv. og ég hef minnst hér á eitt og annað af því. Hér segir t. d. í 36. gr.:

„Heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skal miða við afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína og alifugla, svo og garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og afurðir hlunninda á því verði sem framleiðendur fá greitt fyrir þessar búvörur.“ Og á þessu eru útflutningsbæturnar grundvallaðar. Þetta er auðvitað svo fáránlegt að engu tali tekur. Verðið á laxveiðileyfum í Laxá á Ásum eða einhverri góðri laxveiðiá, hvað í ósköpunum hefur það að gera með útflutningsbætur á kindakjöt og mjólkurduft? Eða tekjur sem bændur hafa af því að saga rekavið niður í girðingarstaura, tekjur af sölu æðardúns, hvað kemur þetta við útflutningi og útflutningsbótum á lambakjöt? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það sem á að leggja til grundvallar við þennan útreikning, eins og þetta kerfi er núna, er auðvitað verðmæti þeirra afurða sem út eru fluttar, þeirra framleiðslugreina. Þetta er auðvitað hreint fáránleg regla.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, og endurtek það, hvort ástæða er til að orðlengja miklu frekar um þetta mál. Ég er algerlega andvígur þessu frv. og hef lagt til að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá vegna þess að ég held að það sé hvorki gott fyrir bændur né heldur fyrir neytendur, sem svo eru kallaðir, þ. e. þá sem ekki stunda búvöruframleiðslu en eru kaupendur að framleiðslunni, ég held að það sé hvorugum til góðs að þetta frv. verði samþykkt. Það þurfa miklu meiri breytingar til að koma, breytingar sem tryggja bændum eðlilegt verð og greiðslur á réttum tíma fyrir sína framleiðslu, sem tryggja neytendum góða vöru á sanngjörnu verði, en ekki eins og nú er að það séu milliliðirnir sem hafa allt sitt alltaf á hreinu en bændur mæti afgangi og neytendum sé gert að borga það sem upp er sett. Það er engin samkeppni heldur hrein einokunarverðmyndun. Hvernig halda menn t. d. að það ágæta fyrirtæki Mjólkursamsalan í Reykjavík hafi getað byggt stórhýsið hér uppi á hálsi án þess að taka eina krónu að láni öðruvísi en að eitthvað sé bogið við verðlagningarstefnu fyrirtækisins frá sjónarmiði neytenda? Þetta þýðir m. ö. o. að í hvert einasta skipti sem neytendur hér á svæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík hafa verið að kaupa mjólkurpott eða rjómapela hafa þeir greitt svo og svo mikið í þennan byggingarsjóð. Mörg af þessum milliliðafyrirtækjum landbúnaðarins hafa, held ég, öðlast eins konar sjálfstætt líf. Bændur hafa afskaplega lítið að segja um stjórn þessara fyrirtækja, hinn almenni bóndi er svo sem ekkert spurður þar. Það er komið upp ákveðið valdakerfi í landbúnaðargeiranum, þar sem er fámennisstjórn, kannske eins konar oddvitalýðræði, eins og stundum er sagt úti á landsbyggðinni, og þar eru allar ákvarðanir teknar af þröngum hópi valdamanna í nánu samstarfi og samvinnu við Samband ísl. samvinnufélaga.

Það voru merkilegar yfirlýsingar, sem sýna kannske svolítið hugsunarháttinn í þessum efnum, sem menn heyrðu í gærkvöld þegar verið var að ræða við hæstv. forsrh. í ágætum sjónvarpsþætti. Hann notaði þar þau orð, sem hann hefur viðhaft hér í ræðustóli, að við hefðum engin efni á því að vera að fjárfesta í útvarpsstöðvum, þetta væri mjög dýrt, það þyrfti að byggja yfir þetta og þetta kostaði allt mjög mikla peninga, og eins og ástatt væri í þjóðarbúskapnum núna hefðum við annað við peningana að gera. Þetta var að mörgu leyti skynsamleg ábending sem hann hafði áður haft orð á hér í þessum ræðustól í Ed. Alþingis. Síðan var talinu vikið að fyrirætlunum Sambands ísl. samvinnufélaga um að koma hér á fót öflugu fjölmiðlafyrirtæki sem ræki útvarpsstöðvar o. fl. Hæstv. forsrh. sá ekkert athugavert við það og hafði þá engin orð um það að slíkt gæti verið dýrt. Það sýnir þessa tvöfeldni í hugsunarhætti sem gildir þegar annars vegar er Samband ísl. samvinnufélaga og þetta landbúnaðarkerfi allt saman og hins vegar þegar verið er að tala um aðra hluti.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur oft gert hér harða hríð að valdakerfi Sambands ísl. samvinnufélaga. Mér sýnist þetta frv. til þess eins fallið að efla þetta núverandi kerfi, efla núverandi valdakerfi innan landbúnaðargeirans og sjálfsagt gera Samband ísl. samvinnufélaga og áhrif þess enn þá meiri en þegar er

orðið. Það er svo sem eftir öðru í þessu ríkisstjórnarsamstarfi að Sjálfstfl. haldi áfram að hlaða undir Sambandið. Hann hefur gert það mjög dyggilega fram að þessu og Samband ísl. samvinnufélaga á svo sem ýmislegt gott skilið líka. En það er orðið feiknalega stórt fyrirtæki, sem teygir arma sína út um allt þjóðfélagið, og slík fyrirtæki þurfa bæði aðhald og eftirlit. Í siðmenntuðum löndum er yfirleitt engu fyrirtæki leyft að verða eins stórt og Samband ísl. samvinnufélaga er orðið á íslenskan mælikvarða. Áður en það gerist eru þau klofin upp í smærri einingar, en til þess vantar okkur hér á Íslandi löggjöf um einokun og hringamyndun. Í Bandaríkjunum t. d. hygg ég að ekkert fyrirtæki mundi fá að starfa undir sömu formerkjum og Samband ísl. samvinnufélaga. Það held ég að sé alveg deginum ljósara.

Eins og ég segi er mjög margt gott um þetta fyrirtæki að segja og það á sér sína merku sögu. En ég held að það hafi hlaupið í það ofvöxtur vegna þess m. a. hvílík ógnartök það hefur á öllum landbúnaðarþættinum í þessu samfélagi. Því er ekki að neita. Ég held að þarna þurfi menn að athuga sinn gang og spyrna við fótum. Ég hugsa að þess séu ekki dæmi í nágrannalöndum okkar til dæmis að það sé sama fyrirtækið sem rekur innkaupastofnun eða skrifstofu erlendis, sem kaupir hveiti eða — ja, við getum tekið kaffibaunir, það er kannske frægasta dæmið og þær koma við sögu í einni af auglýsingum Sambandsins sem er oft sýnd í sjónvarpinu, að það sé fyrirtæki sem kaupir kaffibaunir erlendis — við skulum sleppa öllum faktúrufölsunum o. þ. h. — það sé sama fyrirtækið sem flytur kaffibaunirnar til landsins, sama fyrirtækið sem tryggir kaffibaunirnar á leiðinni, sama fyrirtækið sem tekur kaffibaunirnar í vörugeymslu hér á hafnarbakkanum, sama fyrirtækið sem flytur kaffibaunirnar í kaffibrennsluna, sama fyrirtækið sem á kaffibrennsluna og sama fyrirtækið sem réttir viðskiptavininum kaffipakkann yfir búðarborðið. Ég hugsa að slík dæmi finnist hvergi í grannlöndum okkar. Þetta er í rauninni andstætt öllu því sem heitir viðskiptasiðferði og venjulegir viðskiptahættir í löndunum hér í kringum okkur. Ég held því að það sé kominn tími til að gera miklu stærri uppskurð á þessu kerfi en gerður hefur verið hingað til. En með þessu frv. eru stjórnarflokkarnir að lýsa blessun sinni yfir núverandi ástandi og hneppa þá fáu frjálsu framleiðendur, sem eftir eru utan kerfisins, í spennitreyju kerfisins. Og það er ekki gott. Þess vegna greiði ég atkv. gegn þessu frv.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það væri vissulega ástæða til að eyða nokkuð löngu máli í að ræða landbúnaðarmálin almennt í tengslum við afgreiðslu á þessu frv. Ég mun hins vegar ekki eyða miklum tíma frá deildinni enda langt liðið á kvöld, klukkan að verða 11.

Það má segja að íslenskur landbúnaður hafi átt í allverulegum erfiðleikum á síðustu árum. Þessir erfiðleikar eiga sínar ástæður sem okkur hv. alþm. eru meira og minna kunnar. Þar getur verið um mismunandi áherslur að ræða og ætla ég ekki að fara út í það.

Ég hygg að engum blandist hugur um það að bændur landsins hafa ekki á undanförnum árum notið þeirra kjara og þeirrar lífsafkomu sem ætlast hefur verið til. Það má auðvitað ekki gleyma því að undanfarin ár hefur verið á brattann að sækja hjá launamönnum almennt og er ég þá hvorki að deila á núverandi eða fyrrv. ríkisstj. í því sambandi. Staðreyndin er sú, að okkur hefur ekki tekist að afla nægjanlegra verðmæta í þjóðarbúið þrátt fyrir allt, en það er auðvitað forsendan fyrir því að hér sé hægt að veita fólki eðlileg og sanngjörn lífskjör.

Öll umræða um landbúnaðarmál, a. m. k. síðustu ár, hefur verið að mínum dómi nokkuð brotakennd. Það er engum blöðum um það að fletta að það eru deildar meiningar um landbúnaðinn, mjög mismunandi áherslur. Það kann vel að vera að orðræða um landbúnaðarmál sé nokkru skarpari hér á Íslandi, ef ég má svo að orði komast, heldur en víða erlendis, e. t. v. einfaldlega vegna þess að í þessu stóra þéttbýli hér á Reykjavíkursvæðinu á sér stað æðimikil skoðanamyndun. Þau búsetuhlutföll sem hér eru á Íslandi samanborið við það sem erlendis gerist eru auðvitað allsendis ósambærileg.

Stór hluti þjóðarinnar býr hér á einu landshorni og er af þeim sökum skiljanlegt að nokkuð kastist í kekki í orðræðu í þessu tilviki um landbúnaðarmál. Jákvæð viðhorf mættu þó oftar heyrast úr röðum þéttbýlisfólks.

Mér hefur stundum þótt svo sem umræðan, ekki eingöngu um landbúnaðarmál heldur um ýmsa aðra undirstöðuatvinnustarfsemi í landinu, hafi einkennst af því að a. m. k. hluti þjóðarinnar hefði það ekki á takteinum á hverju hún lifði í raun og veru. Mér eru minnisstæðar umræður og skrif um sjávarútveg í þessu sambandi og ég hygg að hv. alþm. séu mér sammála um það, að mörg þau orð sem fallið hafa, ekki einvörðungu um landbúnað, ekki einvörðungu um sjávarútveg, heldur um ýmsa aðra undirstöðuatvinnustarfsemi í landinu, ýmis þau orð hafi ekki verið af sanngirni mælt. Ég held að það væri ekki úr vegi, vegna þess frv. sem hér er til umræðu og vegna þeirra orða sem fallið hafa um alla málsmeðferð, ekki síst málsmeðferð í þeirri nefnd sem ég átti nú raunar sæti í og vann að því að setja þetta frv. saman, að ég fari nokkrum orðum um aðdraganda frv.

Það hefur verið látið að því liggja að bændasamtökin hafi heldur lítið verið höfð með í ráðum. Ekki skal ég neita því að atburðarásin hefur verið nokkuð hröð eftir útmánuði s. l. vetrar. Eins og kunnugt er stóð þetta starf yfir í hartnær tvö ár, en það var ekki fyrr en á liðnum vetri að menn fengu, ef ég má svo að orði komast, fast land undir fætur í umfjöllun þessa máls. Það hefur margoft verið vitnað til stjórnarsáttmála þar sem vikið er að þessum málum og auðvitað er hann grunnurinn að þessu endurskoðunarstarfi. Ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma deildarinnar í að lesa það upp sem þar stendur. Hins vegar vil ég leyfa mér að minna á ályktun um stefnumótun í landbúnaði sem samþykkt var á aðalfundi Stéttarsambands bænda á s. l. sumri.

Ég kemst varla hjá því að fara aðeins yfir þessa ályktun um stefnumótun, einfaldlega vegna þess að hún leiðir það í ljós að a. m. k. hluti þeirra niðurstaðna sem felast í þessu frv. á sér vegvísi m. a. í þessari ályktun. Þessi ályktun er í nokkrum liðum:

„1. Framleiðsla landbúnaðarvara skal fullnægja, eftir því sem tök eru á, þörfum innanlands, bæði er varðar landbúnaðarafurðir til manneldis og iðnaðarframleiðslu. Framleiðsla umfram það verði í samræmi við aðstæður á erlendum mörkuðum. Tryggja skal þeim sem vinna landbúnaðarstörf sambærileg fjárhagsleg og félagsleg kjör og aðrir landsmenn njóta. Stefna skal að því svo sem unnt er að framleiðsla landbúnaðarafurða

byggist á innlendum auðlindum. Við framleiðslu landbúnaðarafurða sé ávallt tekið tillit til hagkvæmnis- og landnýtingarsjónarmiða með það fyrir augum að efla hag bænda og tryggja neytendum sem bestar og ódýrastar búvörur. Tryggja skal og styrkja eftir föngum núverandi byggð í landinu. Atvinnuréttindi og framleiðsluréttur þeirra er búvöruframleiðslu stunda verði tryggður með löggjöf.

Til að þessum markmiðum verði náð bendir fundurinn á eftirfarandi atriði:

Sett verði löggjöf sem kveði á um samninga milli stjórnvalda og framleiðenda um árlegt magn þeirra tegunda búvöru sem tryggt verði fullt verð fyrir. Þess skal gætt að framleiðslan tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður. Framleiðslustjórnun verði efld og öll búvöruframleiðsla felld inn í ramma slíkrar stjórnunar. Aðlögun búvöruframleiðslunnar að breyttum markaðsaðstæðum gerist skipulega og í samningsbundnum áföngum. Samhliða þeirri aðlögun verði gert stórátak í eflingu atvinnulífs svo að ekki komi til frekari byggðaröskunar."

Þetta var tilvitnun í ályktun um stefnumótun í landbúnaði sem samþykkt var á aðalfundi Stéttarsambands bænda á síðasta sumri.

Í framhaldi af þessu, til þess að skýra örlítið nánar hvaða verk hafa verið unnin og með hvaða hætti hefur verið fjallað um þessi mál, ekki einvörðungu í nefndinni sem við hv. 11. landsk. þm. sátum saman í, tel ég rétt að vitna hér til nál. nefndar sem komið var á laggirnar af hálfu landbrh.

Í þessari nefnd sátu eftirtaldir menn: Birkir Friðbertsson bóndi, Birkihlíð, Suðureyrarhreppi, Hermann Sigurjónsson bóndi, Raftholti, Ingi Tryggvason formaður Stéttarsambands bænda, Jóhannes Torfason bóndi, Torfalæk, Sigurður Þórólfsson bóndi, Innri-Fagradal, Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri, Þórður Pálsson bóndi, Refsstað. Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður ráðherra, hefur starfað með nefndinni og setið alla fundi hennar.

Nefndin aflaði töluverðra upplýsinga um þessi mál en tillögur hennar byggjast á eftirtöldum markmiðum:

„1. Að framleiðsla búvara miðist fyrst og fremst við að fullnægja innlendri markaðsþörf fyrir mjólk, sláturafurðir, egg, kartöflur og það grænmeti sem unnt er að rækta hérlendis með hagkvæmum hætti.

2. Að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur á erlendum mörkuðum eftir því sem hagkvæmt þykir.

3. Að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnusköpun.

4. Að bændur njóti kjara sem sambærileg eru við aðrar stéttir.

5. Að röskun byggðar verði sem minnst.

6. Að nýting lands til beitar sé innan þeirra marka sem gróðri landsins hæfir.

Til þess að ná ofanskráðum markmiðum bendir nefndin á eftirfarandi leiðir:

1. Næstu fimm árin verði aðlögunartími að framleiðslumarkmiðum, enda verði samið um stuðning við nýja atvinnuuppbyggingu til þess að mæta samdrætti í hefðbundinni búvöruframleiðslu og úrvinnslugreinum hennar.

2. Lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. verði breytt þannig að stjórnvöldum og samtökum framleiðenda sé gert að semja um árlegt magn og tegundir þeirrar búvöru sem tryggt verði fullt verð fyrir. Í slíkum samningum um mjólk verði hverju sinni miðað við neyslu síðustu fjögur ár með eðlilegri viðbót til þess að mæta árstíðar- og árferðissveiflum."

Ég læt nægja að vitna til þessa álits sem og ályktunar aðalfundar Stéttarsambands bænda. Eins og ég tók fram áðan tel ég það nauðsynlegt, ekki síst vegna þess að viðhöfð hafa verið þau orð að samning þessa frv. hefði verið gerð svo að segja í einrúmi aðila, lítið samband hefði verið haft við þar til bæra fulltrúa bænda o. s. frv.

Nú ætla ég ekki að fara að bera blak af þeirri nefnd sem samdi þetta frv. Ég er ekki svo kokhraustur að ég telji að hún hafi staðið að málum með þeim besta hætti sem völ var á. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. Að því hefur verið vikið að eðlilegast hefði verið að fulltrúar allra stjórnmálaflokka hefðu átt sæti í þessari nefnd. Ekki hefði ég haft í sjálfu sér á móti því, það hefði ég aldrei gert. Hins vegar eru það staðreyndir að þessari nefnd var komið á laggirnar fyrir tilstilli núv. ríkisstj., þannig varð nefndin til.

Varðandi umfjöllun þessa frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vil ég taka fram að það var skoðun mín áður en frv. var lagt fram og raunar eftir að umfjöllun hófst hér í þinginu að eðlilegt væri að málið fengi víðtækari kynningu og umfjöllun úti í þjóðfélaginu, ekki síst meðal þeirra sem eiga að vinna á grundvelli þessarar löggjafar meira og minna. Á þeirri stundu, þegar frv. var lagt fram, gerði maður sér ekki sjálfsögðu ekki grein fyrir því að Alþingi sæti að störfum fram eftir sumri. En því verður ekki á móti mælt að kynning á frv. út á við hefur ekki verið næg. Viðbrögð ýmissa aðila við þessu frv. finnst mér vera til vitnis um að a. m. k. sumir aðilar hafi ekki kynnt sér þetta mál, hvort sem það stafar nú af viljaleysi eða bókstaflega því að aðilar hafi ekki haft til þess tækifæri.

Það er ofur eðlilegt, þegar slíkt frv. er til umfjöllunar sem felur í sér töluverðar breytingar frá því sem verið hefur, að menn staldri við og séu jafnvel nokkuð hvumpnir þegar slíkar breytingar eru á ferðinni. Hinu megum við ekki gleyma að mörg undanfarin ár hefur verið um það rætt á vegum bændasamtakanna, á vegum bænda sjálfra og mjög víða úti í samfélaginu — og þá er ég ekki með í huga þá sem því miður hafa oft á tíðum sýnt af sér of lítinn skilning á undirstöðuatvinnuvegum okkar, ég á ekki við þá heldur aðra sem hafa verið til þess bærari að fjalla um atvinnumál, þeir hafa margoft bent á það — að íslenskur landbúnaður kæmist ekki hjá því að aðlaga sig í ríkari mæli ríkjandi aðstæðum.

Þegar við berum saman íslenskan landbúnað og landbúnað erlendis, ekki síst í hinum vestræna heimi, þá eru viðfangsefnin og vandamálin alls ekki af ólíkum toga. Staðreyndin er auðvitað sú, að allur hinn vestræni heimur er yfirfullur af mat. Sannleikurinn er sá, að það er varla hægt að hugsa þá hugsun til enda að stór hluti mannkyns skuli ekki hafa málungi matar, en eins og ég segi hinn vestræni heimur yfirfullur af þessum mjög góðu matvælum, landbúnaðarvörum. En ég lít svo til að við Íslendingar eigum hægara með að ná tökum á okkar málum að þessu leyti heldur en a. m. k. margar þjóðir aðrar, einfaldlega vegna þess að okkar umfang er minna í sniðum. Við sjáum í ríkari mæli yfir okkar þjóðfélag. Við erum svo heppin að eiga þess kost að

stofna til annarrar atvinnustarfsemi í stað þeirrar sem þarf að einhverju leyti að draga saman. Þessu er ekki að heilsa mjög víða erlendis. Þar eru þrátt fyrir allt ekki sömu aðstæður til búháttabreytinga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um einstakar greinar þessa frv. Hæstv. landbrh. fór mjög ítarlega yfir frv. þegar hann mælti fyrir því við 1. umr. hér í hv. Ed. Í Nd. var farið mjög gaumgæfilega yfir frv. Ég skal viðurkenna að sú málsmeðferð sem við neyddumst til að viðhafa í landbn. Ed. er auðvitað af því tagi að menn ættu sennilega ekki að láta bjóða sér slíkt. Er ég þá ekki með ávirðingar á hendur einum eða neinum í þessari hv. deild. Að sjálfsögðu þyrfti hvor deild um sig að taka sér ríflegan tíma til að fjalla um slíkan lagabálk sem þennan, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. En eins og komið var var ekki annað fært en ýta málinu áfram. Ég fagna fyrir það fyrsta þeirri samstöðu sem virtist takast — já, og tókst reyndar í meiri hl. landbn. Nd. Nú er ég ekki viss um, enda þótt landbn. Nd. klofnaði í afstöðu sinni til málsins, að stjórnarandstæðingar séu svo mótfallnir fjölmörgu sem er í þessu frv. Hér hafa stjórnarandstæðingar í þessari hv. deild mælt fyrir sínum nál. Mér finnst ofur eðlilegt að menn vilji jafnvel vísa málinu frá á þeim forsendum að ekki hafi tekist að fjalla um það nægjanlega vel. Ég get ekki fundið að slíkri tillögugerð. Það er allt annað fyrir okkur sem höfum fjallað um þessi mál í fleiri mánuði. Það er ólíku saman að jafna hjá okkur að taka afstöðu til málsins. Ég hef þess vegna í sjálfu sér engar athugasemdir fram að færa við þá málsmeðferð sem hv. stjórnarandstæðingar hafa hér lagt til. En þrátt fyrir þeirra orð um margvíslega lesti þessa frv., þá er ég sannfærður um það að hvar sem menn standa í pólitík muni þeir vinna að því eins og þeir frekast geta að framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, muni takast sem allra best. A. m. k. leyfi ég mér að láta þá ósk koma fram hér.

Hv. 11. landsk. þm. fór nokkrum ítarlegum orðum um landbúnaðarmálin. Ég ætla ekki að lengja þá umræðu en það er auðvitað staðreynd að varðandi þetta frv. í heild sinni, ef að lögum verður, þá stendur auðvitað allt og fellur með framkvæmdinni, ekki síst ýmissa lykilatriða sem varða stjórnvöld. Þá á ég einkum við þá samninga sem gert er ráð fyrir að fram fari og haldnir verði. Í öðru lagi má nefna greiðslu afurða en eins og kunnugt er þá er gert ráð fyrir því í frv. að hraða greiðslum til bænda frá því sem nú er. Það vita allir, sem til þekkja, að slíkum greiðslum verður ekki hraðað og útborgunarhlutfall, vægt til orða tekið, verður ekki hækkað nema afurðastöðvum sé gert það kleift með afurðalánum. Og eftir því sem ég veit best hafa ráðherrar látið frá sér fara yfirlýsingar við afgreiðslu málsins í Nd. Enda þótt svo hafi verið mun ég að sjálfsögðu gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að ríkjandi stjórnvöld standi við þau orð og þau fyrirheit sem gefin hafa verið í þessu sambandi.

Þriðja atriðið, sem varðar mjög stjórnvöld og um leið framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, er framleiðslubreytingin, búháttabreytingin sem frv. felur í sér. En e. t. v. er sá þáttur frv. stærstur af mörgum stórum.

Það hefur verið vikið að því að þetta frv. hafi í för með sér eina saman ofstjórn, ófrelsi o. s. frv. Ég held að þetta sé ekki rétt mat. Skipulag, hæfilegt skipulag er að mínum dómi besta tryggingin fyrir frelsinu, ekki aðeins einstaklingsins heldur hópanna og samfélagsins alls.

Það skipulag sem að mínum dómi er gert ráð fyrir með þessu frv. varðar ekki einvörðungu framleiðendur heldur líka afurðastöðvar. Og það er einmitt nauðsynlegt og hefur margoft verið að því vikið af hálfu bænda eftir að vísir að framleiðslustjórnun var tekin upp að ekki væri nóg að stjórna einvörðungu í annan endann, eins og stundum hefur verið sagt, það yrði líka að stjórna og skipuleggja á sviði vinnslunnar.

Virðulegi forseti. Ég lofaði því í upphafi að tala ekki langt mál. Ef til vill hef ég talað aðeins lengra mál en hóflegt er af því að tíminn líður nokkuð hratt á þessum fagra sumardegi. Ég læt þá von í ljós við 2. umr. þessa máls, sem nú stendur yfir, að þetta frv. megi verða til þess m. a. að ný sókn landbúnaðarins verði hafin í okkar þjóðarbúskap.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Það stóð nú ekki til að ég tæki neinn þátt í þessari umræðu þó að margt megi ræða um landbúnaðarmálin. En ég stóðst ekki frýjunarorð hv. þm. Eiðs Guðnasonar hér áðan þegar hann lét að því liggja að baráttumaðurinn Eyjólfur Konráð Jónsson væri jafnvel að samþykkja enn þá verri lög til handa auðhringnum okkar alsæla. Það held ég að sé nú ekki rétt. Það er alveg rétt, og ég skammast mín ekki fyrir það, að ég hafi í langa tíð, a. m. k. í áratug barist mjög hatrammlega gegn því kerfi að Samband ísl. samvinnufélaga, sem raunar er ekki samvinnufélag heldur samvinnusamband og uppfyllir ekkert af skilyrðum samvinnufélagalöggjafar, barist gegn því að það léki landbúnaðinn jafngrátt og það hefur gert í áratugi. Ég vona að ég kveiki ekki neinar umræður hér af því að ég ætla ekkert að segja sem ég hef ekki sagt úr þessum ræðustól margsinnis áður og raunar í Sþ. líka og allt er það til í Alþingistíðindum. Ég hef sagt að vandamál landbúnaðarins væri eitt, það væri SÍS. Og við það stend ég. Það er það enn í dag. En það hefur mikið vatn runnið til sjávar og bændur eru að brjóta af sér hlekkina. Það sjáum við á öllum þeim samtökum og fundum sem þeir eru að halda.

Úr því að ég fór hér í pontuna get ég gjarnan rifjað það upp að það var á haustmánuðum 1976 að ég kynntist vinnubrögðum þeirra manna sem réðu yfir landbúnaðarstefnunni. Þetta eru örfáir menn sem þar hafa ráðið öllu og skirrðust ekki við að beita hreinu ofbeldi gagnvart bændum í Skagafirði og varð fræg mín för þangað. Ég kynntist því þar þá sem ég hélt að væri ekki til á Íslandi og það hefur kannske mikið lagast síðan. En ég flutti þá þáltill. í desembermánuði, 20. desember held ég að það hafi verið, 1976 um það að bændur fengju sín afurðalán í hendur en ekki afurðasölufélögin sem völsuðu með þessa peninga. Sú till. varð auðvitað ekki útrædd en á næsta þingi spurði Jóhann Hafstein mig að því hvort ég ætlaði ekki að flytja till. mína aftur. Ég spurði: Hvaða till.? Hann sagði: Þessa um afurðalánin. Þegar hann var orðinn þar meðflm. fóru málin aðeins að taka hreyfingu og á næsta þingi voru bæði Alþb. og Alþfl. meðflm. að þessu og ég man dagsetninguna, hinn 22. maí 1979 var þessi till. samþykkt. En enginn ráðherra, og þeir hafa verið úr fleiri en einum og fleiri en tveimur flokkum, hefur staðið við það að framfylgja þessu, ekki heldur núverandi viðskrh. Hann hefur verið með tilburði til þess en

þegar sex ára afmælið var um daginn hafði hann lítið gert. Það eru staðreyndir sem ekki verður fram hjá komist.

Hins vegar er alveg ljóst að t. d. það að till. eins og sú sem þessi hv. deild samþykkti núna fyrir nokkrum dögum um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda skyldi verða samþykkt hefði ekki getað gerst hér fyrir örfáum árum, það er gersamlega útilokað. Raunar á ég ekki von á því að Nd. afgreiði þá till. þó að hún væri samþykkt hér með miklum meiri hluta. Það gat heldur ekki gerst, hv. þm. Eiður Guðnason, að við í sameiningu gætum höggvið svolítið í kartöflukerfið í fyrra. En hvort sem við köllum þetta auðhring eða eitthvað annað, þá er þetta kerfi að láta undan. En kerfi stendur alltaf með kerfi og bæði Búnaðarbanki og Landsbanki hafa skrifað algerlega órökstuddar greinar og bréf til hv. Alþingis. Þeir hafa mokað peningum í Sambandsveldið sem hefur séð til þess að bændur fengju aldrei sín afurðalán eða beinar greiðslur fyrr en eftir dúk og disk. Þetta vita allir menn. Þetta er sagan og ég skammast mín ekki fyrir það að hafa átt þátt í að berjast fyrir frjálsræði sem þó vottar fyrir nú. Og aðalatriðið er auðvitað að héðan í frá er það lögbundið væntanlega, eftir þennan fund okkar í kvöld, að bændur skuli fá sína peninga greidda út að fullu um leið og þeir leggja afurðirnar inn. Það er meginsigurinn. Að vísu koma menn og segja: Það verður að útvega bændum eða öllu heldur kaupfélögunum, og nú geri ég samt mikinn skilsmun á kaupfélögum sem eru samvinnufélög og Sambandsveldinu, aukin afurðalán. Það þarf alls ekki. Það eru til afurðasölufyrirtæki sem alltaf hafa greitt fullt grundvallarverð refjalaust á réttum gjalddögum og aldrei stolið nokkrum vöxtum eða verðbólgugróða, af því að þau eru vel rekin og það er ekki farið með peningana í einhverja allt aðra hluti. Það er þetta sem er að gerast.

Ég veit að þetta eru ekki algóð lög sem við væntanlega samþykkjum hér. Það er ýmsu áfátt í þeim eins og kom fram á fundi í landbn. í morgun í sambandi við kjúklingabændur t. d. En þeir komast þó inn í þetta kerfi að því leyti til að þeir geta haft einhver áhrif. Þeir geta klofið niður þennan fámennishóp, sem hefur stjórnað öllu þessu í þágu Sambandsins, ekki hóp bænda. Það er það sem er að gerast og það eru stórir atburðir. Og bankakerfið er að láta undan líka alls staðar. Það er raunar búið að koma peningum Íslands fyrir bí með því að gefa þá — ég endurtek: gefa í allt að 130% verðbólgu og vera með nafnvexti kannske 20%. En þeir hafa ekki gefið bændum þá. Þeir hafa gengið í gegnum samskiptakerfið allt saman. Menn þora núna að tala um byggingu Osta- og smjörsölunnar og sóunina á öllum sviðum, skrifstofubyggingar og verslunarhallir Sláturfélags Suðurlands sem aldrei borgar grundvallarverð. Bændur sjálfir eru að taka sinn rétt og auðvitað munu þessir kjúklingabændur ekki láta bjóða sér það að komið verði yfir þá einhverju kerfi þó að það sé loðið orðalag um að þeir eigi að koma inn í einhverja af þessum greinum. Þessum lögum verður aftur breytt í frjálsræðisátt í haust. Það verður auðvitað ekki þægilegt fyrir bændur að framsóknarmenn skuli hafa þessi áhrif enn þá, af því að þeir eru því miður undir svo sterkri pressu þessa kerfis, sem hefur farið með íslenskt þjóðlíf eins og við vitum, ekki bara landbúnaðinn heldur sjávarútveginn líka, sem hefur verið neyddur til að taka dollaralán á okurvöxtum núna í 5—6 ár og er allur kominn á hausinn fyrir ofstjórnarvitleysu.

Ég veit svo sem að hv. þm. sagði þessi orð í vissum hálfkæringi, en ég ætla ekki að láta það standa í Alþingistíðindum að ég hafi breytt eitthvað um skoðun í þessu efni. Aldrei að eilífu fyrr en þetta kerfi hefur verið upprætt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það má vera að ég hafi talað eitthvað óskýrt hér áðan. En mér er það vissulega ljóst að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er hatrammasti andstæðingur núverandi kerfis innan alls ríkisstjórnarliðsins. Það sem ég vildi sagt hafa áðan og hefur sjálfsagt misskilist er það að flokkur hans er að innsigla þetta kerfi Sambandsins að mínu mati. Mér dettur aldrei í hug að hann gerist hér talsmaður auðhringsins mikla sem á upphaf sitt að rekja til þingeyskra bænda en starfar nú undir allt öðrum formerkjum. Það dettur mér aldrei í hug og það vil ég líka að sé leiðrétt og standi ekki þannig í þingtíðindum þó svo að vera megi að ég hafi komist þannig að orði, eða orð mín hafi mátt skilja þannig, en það var alls ekki mín meining, langur vegur frá. Ég veit að hv. þm. á í harðri baráttu við framsóknarmenn, ekki bara í Framsfl. í þessu stjórnarsamstarfi heldur í Sjálfstfl. ekki síður. Þetta hefur verið mætavel ljóst hér lengi og ætti enginn að þurfa að velkjast í vafa þar um. En ég er hins vegar ekki jafnbjartsýnn á það og hann að þeir búvöruframleiðendur sem nú eru utan kerfisins muni hafa þar veruleg áhrif. Ég held því miður að þeir muni verða reyrðir í viðjar þessa kerfis og fái þar ekki rönd við reist. Þó skulum við sjá til. Það getur vel verið að eitthvað gerist og það er líka rétt, sem hann sagði, að það eru farin að sjást þreytumerki á kerfinu. Kartöflubardaginn í fyrra hafði sín áhrif þó að kerfið hryndi ekki. Það breyttist ýmislegt.

En ég skal ekki lengja þessar umr. frekar. Ég veit að við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson erum í stórum dráttum sammála um þessa hluti og hann hefur allra manna lengst, allra manna harðast og allra manna ötullegast unnið að því að brjóta þetta kerfi niður og fyrir það á hann bæði hrós og heiður skilið. En ég vildi aðeins koma þessum orðum á framfæri. Ef orð mín hafa skilist á þann veg sem hann skildi þau, þá var það hreint ekki ætlunin.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Það er ekki nema eðlilegt að ég sé minntur á það hingað á leið mína í ræðupúlt að orðið sé framorðið og þá sérstaklega vegna þess að umræðan hér um landbúnaðarmálin hefur sannarlega borið þess merki að þar væru málefni látin ráða og farið yfir málið af mikilli hæversku. Og ég vona að þótt ég segi hér fáein orð verði það ekki til þess að vekja deilur, þó að menn hafi að sjálfsögðu fulla möguleika á að gera athugasemdir við það sem ég kann hér að segja.

Það hefur komið nokkuð fram í umræðum um þetta frv. og tilurð þess, m. a. mátti heyra það á orðum hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, að það hefði verið nokkuð þröngur hópur sem hefði fjallað um málið, samið frv. og gengið frá því. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á að það sem hér er verið að vinna er í framhaldi af því sem tekin er ákvörðun um í stjórnarsáttmála og er ekki nein nýlunda því að í stjórnarsáttmála síðustu ríkis-

stjórnar, sem Alþb. átti m. a. myndarlega aðild að, segir svo í kaflanum um landbúnaðarmál, með leyfi virðulegs forseta:

„Stefnan í málefnum landbúnaðarins verði mörkuð með ályktun Alþingis og við það miðað að tryggja afkomu bænda, sporna gegn byggðaröskun og fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur til neyslu og iðnaðar. Lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt í því skyni að tryggja stefnuna í framkvæmd."

Fyrrv. ríkisstjórn ákvað það í sínum stjórnarsáttmála að stefnuna skyldi leggja út á grundvelli þáltill. Núv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að leggja fram sína stefnu með því að endurskoða lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Fyrrv. ríkisstj. valdi þrjá menn til að fjalla um þessa þál. Það voru, eins og menn vita, hinir hæfustu menn: hv. þm. Helgi Seljan, Hákon Sigurgrímsson, sem var reyndar búinn að semja aðra stefnumótandi tillögu fyrir fyrrv. landbrh. Steingrím Hermannsson, og nafni minn Bjarnason sem var formaður nefndarinnar. Þessi nefnd skilaði áliti sem var lagt fram á Alþingi eftir 25 mánuði frá því að hún fékk sitt erindisbréf og ég kannast ekki við að það hafi farið fram umræður um þá tillögu í bændasamtökunum, t. d. á Búnaðarþingi eða á Stéttarsambandsfundum eða yfirleitt nokkurs staðar annars staðar.

Hér er þessi tillaga. Hún er í þremur liðum auk skýringa og greinargerðar og tekur tíu heilar línur og þrjá parta af línum, misjafnlega mikla. Út af fyrir sig hefur það tekið of langan tíma hjá endurskoðunarnefndinni að leggja fram þetta frv. og margar tímasetningar búnar að bresta í þeim efnum. En frv. kom þó 20 mánuðum frá því að nefndin fékk sitt skipunarbréf og var þá í heilu líki eins og menn hafa hér séð.

Ég held að það sé alveg augljóst mál að hér er ekki um neinn mun á vinnubrögðum að ræða. Og hér er ég einungis að tala um vinnubrögð, ekki árangur. Stjórnmál eru stjórnmál, ríkisstjórn er ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar það lið sem að baki henni stendur. Og þótt vissulega væri mjög oft gaman að geta haft víðtækara samstarf um uppsetningu á þingmálum, þá komast menn að sjálfsögðu ekki hjá því að skiptast í fylkingar þegar verið er að ganga frá stefnumótandi málum ríkisstjórnar með sama hætti og hér hefur verið gert.

Ég má kannske minna á að það hefur fyrr farið fram endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og til þess verið kvaddir fleiri en þeir sem hafa átt aðild að þeim ríkisstjórnum sem þá hafa setið. Gallinn er hins vegar sá, að þótt í þeim tilvikum hafi verið samin víðtæk fumvörp, þá varð ágreiningur um þau og þau fóru ekki lengra en það að þau hafa í mesta lagi verið flutt inn í þingið. Ég kann þó ekki nákvæmlega skil þar á. Og nú er ég bara að tala um vinnubrögðin. Það var m. a. þessi reynsla sem ég hafði fyrir mér þegar ég taldi það ekki einungis eðlilegt heldur beinlínis sjálfsagt að ríkisstjórnarflokkarnir sýndu þann manndóm af sér með góðu eða illu að framfylgja því sem þeir væru sjálfir að setja inn í stjórnarsáttmála. Það er svo fjarri því að ég hefði ekki vel getað hugsað mér að vinna þetta verk t. d. með hv. þm. Helga Seljan. Það hefði kannske ekki orðið alveg eins frv., en við hefðum áreiðanlega komist að niðurstöðu ef við hefðum þá verið í sömu pólitísku blokkinni.

Mér þykir vænt um það, eins og reyndar afar margt sem hv. þm. Helgi Seljan segir, þegar hann talar um það hér að Birgir Ísl. Gunnarsson sé aðalhöfundur frv. (**HS:** Nei, annar höfundur.) Já, ég bið nú forláts ef ég hef tekið skakkt eftir, en annar aðal-Alþb.-maður hefur kallað mig aðalhöfund frv. og ég held að það séu meðmæli með frv. að kenna það við jafnhæfan og vandaðan þm. eins og Birgi Ísl. Gunnarsson. Hins vegar vildi ég nú helst, ef verið er að eigna það einhverjum, að við mættum nú eiga það sameiginlega, þessir menn sem unnu þetta. Og mest starf í þessum efnum lagði af mörkum Bjarni Guðmundsson.

Það er ekki ástæða til að fjalla hér um það að átt hefði að taka upp víðtækari umræður um málið í sumar. Ég held að það hefði reyndar orðið til þess að málið hefði aldrei verið flutt á Alþingi og það hefði alls ekki orðið til þess að bæta þetta mál. Ég er ekki með nokkra einustu minnimáttarkennd gagnvart þessu frv. Ég er ekkert minni bóndi og ekkert óhæfari til að meta hlut bændanna í sambandi við það heldur en hver annar. Ef menn taka að sér að vinna svona verk verða menn náttúrlega að hafa það sjálfstraust til að bera sem gerir mönnum mögulegt að standa eða falla með sínum skoðunum. Og þeirri ábyrgð ætlaði ég aldrei að koma yfir á aðra menn í þessari vinnu. En það er annað sem hefði líka skeð ef frv. hefði ekki náðst núna í gegnum Alþingi. Þá hefðum við tapað heilu ári. Við hefðum ekki tapað þrem eða fjórum mánuðum heldur heilu ári, vegna þess að það má ekki þrengra vera um tíma til þess að geta farið að undirbúa þær miklu skipulagsbreytingar sem þurfa að taka gildi í haust, ef fylgt verður eftir því sem fram kemur í frv.

Hv. þm. Helgi Seljan hafði orð á því hér að það væri samdráttur í sölu innanlands. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að það sé borið hér á borð fyrir okkur, jafnmikið og um það hefur verið talað. Og þá verð ég að játa á mig ávirðingar því að hv. þm. hafði farið fram á það að ég útvegaði ákveðnar heimildir í þessum efnum, en af því varð ekki vegna þess að við vorum sammála um það á tímabili að það væri nokkuð til efs hvað fundir yrðu margir um þetta mál hér í Ed. En ég fékk tölur um þetta í dag frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og þá kemur í ljós að á fimm fyrstu mánuðum þessa árs er kindakjötssala 75 tonnum meiri en á sömu mánuðum í fyrra, þ. e. aukning um 2%. Þetta eru að sjálfsögðu allt aðrar tölur en við höfum verið að heyra í allan liðlangan vetur. Og það finnst mér einkennilegt að það er eins og það séu uppáhaldsfréttir eða boðskapur Framleiðsluráðs landbúnaðarins að tilkynna um samdrátt í neyslunni hér innanlands. Það skyldi þó ekki vera að það sé líka aukning í neyslu á mjólkurvörum? En um það fékk ég ekki nákvæmar tölur. Ég held satt að segja að það sé miklu meiri hætta fólgin í þessu sífellda hjali um samdrátt og breyttar neysluvenjur hér innanlands heldur en einhverjum verðbreytingum á þessum vörum.

Það var t. d. athyglisvert á fundinum úti í Þórshamri í morgun, ég vona að það hafi fleiri tekið eftir því en ég, að formaður Sambands kartöflframleiðenda sagði að verðbreytingar á kartöflum hefðu sáralítil áhrif á söluna. Og samt á alltaf að vera að lemja áfram niðurgreiðslur til þess að auka söluna.

Ég skal svo ekki verða margmáll um það sem menn tala hér um óánægju með frv., einungis minnast á þrjú atriði sem ég get ekki látið fram hjá mér fara. Það er þá

í fyrsta lagi í sambandi við staðgreiðsluna, sem ég hef áður talað um, eða greiðsluskylduna. Í Nd. var leitað eftir því við þrjá þekkta lögmenn, mjög hæfa menn, að þeir létu umsagnir í té um viss atriði í frv. og hv. þm. Halldór Blöndal hefur gefið mér afrit af þeirra bréfi. Þessir lögmenn eru Jón Þorsteinsson, Benedikt Blöndal og Gaukur Jörundsson. Þeir segja í niðurlagi þessa bréfs, og það er nú kannske helst ástæða til að hv. þm. Davíð Aðalsteinsson heyri þetta, hafi hann ekki verið búinn að fá um það vitneskju áður, það sem ég ætla nú að lesa, með leyfi virðulegs forseta:

„Að lokum viljum við taka fram að í 18. gr. frv. er því slegið föstu að enginn megi kaupa eða selja búvörur innanlands á öðru verði en ákveðið hafi verið skv. ákvæðum þess. Skiptir í því engu máli hvort um er að ræða umboðssölu eða ekki, framleiðanda ber það grundvallarverð sem ákveðið hefur verið, hvorki hærra né lægra.

Í 29. gr. frv. eru ákvæði um gjalddaga. Heimilt er að semja um gjalddaga, en slíkir samningar hljóta að verða einstaklingsbundnir. Ef frv. verður að lögum falla núgildandi samningar í þessu efni úr gildi, hvort sem þeir eru einstaklingsbundnir eða fólgnir í stofnsamningum félaga, og ber að fara eftir reglum 29. gr. nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin. Hitt er svo annað mál, að framleiðendur geta síðar notið hagnaðar afurðastöðvar sem eigendur hennar, hvort sem er í samvinnufélagi, hlutafélagi eða með öðrum hætti. Fari svo að afurðastöð inni lögmæta greiðslu ekki af hendi á réttum tíma, gjalddaga, ber henni að greiða framleiðanda dráttarvexti með sama hætti og tíðkast í verslunarviðskiptum."

Ætli þetta dugi nú ekki? Það er svo auðvitað sjálfsagt að búa svo um að afurðalán, eigið fé, niðurgreiðslur og útflutningsbætur, allt þetta sameiginlega, öllu þessu sé stýrt sameiginlega til að ná þessu markmiði.

Ég hef líka með þessu með vissum hætti svarað því sem kemur fram í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar, þar sem hann talar um að milliliðir hafi allt sitt á þurru, bændurnir fái afganginn, og hann talar um Samband ísl. samvinnufélaga sem sérstök umhyggja sé borin fyrir í þessum efnum. Ég ætla að sleppa allri umræðu um Sambandið á þessu stigi málsins. En málið gengur bara ekki upp því að nú verða þessir aðilar að borga afurðaverðið eins og það er ákveðið hverju sinni. Og eins og fram kemur í þessari álitsgerð, þá gildir um þetta hið sama og öll önnur viðskipti hér á landi.

Það er kannske allt í lagi að minnast á það hér að sauðfjárframleiðslan hefur dregist saman um 17% síðan 1979. Þá voru borguð út 90% af haustgrundvelli. Að sjálfsögðu hefur þessi samdráttur dregið til sín hærri tölu í afurðalánum heldur en til þess þyrfti að borga þetta fullu verði.

Þá finnst mér líka vert að geta þess, af því að það hefur komið fram víðar en í ræðu hv. þm. Helga Seljans, að tilfærsla á valdi til landbrh. frá bændasamtökunum er ekki nema af tvennu tilefni. Í fyrsta lagi verða menn að gera sér það ljóst að Framleiðsluráð er einvörðungu skipað bændafulltrúum. Áður áttu vinnslustöðvarnar þar hlut að máli og má segja að þær hafi getað með vissum hætti verið einhver hemill á ákvarðanir bændastéttarinnar og þar af leiðandi er eðlilegt að ýmsar ákvarðanir þurfi að leggja fyrir landbrh. Hin ákvörðunin byggist svo á því að verðmiðl-

unarákvarðanir eru núna háðar samþykki landbrh. Það þykir eðlilegt m. a. vegna þess að hér er í raun um skattlagningu á neytendur að ræða og þar af leiðandi eðlilegt að um það sé fjallað af stjórnvöldum.

Mér þykir svo að síðustu vert að benda á það varðandi þær efnisathugasemdir sem hér hafa komið fram að það er ekki á færi sex manna nefndar og ekki á færi Stéttarsambandsins að taka nýbúgreinar til stjórnunar né heldur að ákveða verð á þeirra framleiðsluvörum. Um það eru skýr ákvæði í 8. gr. frv. þar sem tilgreint er að til þess að til slíks komi þurfi líka óskir eða samþykki búgreinarinnar sjálfrar. Í þeim efnum er því fyllilega séð fyrir því að einmitt slíkar ákvarðanir, eins og svo margar aðrar, þurfi að byggjast á samkomulagi.

Til þess að forðast misskilning miðað við það sem kom hér fram í fyrri ræðu minni, þar sem ég var að tala um framleiðslumarkmið og áformaðan útflutning, finnst mér að lokum rétt að minna á það sem fram kemur í framhaldi af upphafsorðum athugasemdar við 36. gr. frv., þar sem segir að greinin skýri áætlaða breytingu á stuðningi við framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða, að með frv. er ekki ætlunin að gera breytingar á heimildum til ráðstöfunar á útflutningsbótafé, sem kemur í hlut framleiðenda búvara, umfram það sem kann að leiða af samningum sem ríkið og Stéttarsamband bænda gera um magn mjólkur- og sauðfjárafurða skv. a-lið 30. gr. Í þeim samningi eru bændur sjálfir í aðstöðu til að semja um á hvern veg útflutningsbótafé verður nýtt. Ákvæði 36. gr. standa því ekki í vegi að útflutningsbótafé verði ráðstafað til annarra en framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða, ef samningar skv. a-lið 30. gr. leiða ekki til þess að slíkar heimildir séu fullnýttar. Þar undir gæti t. d. komið stuðningur við útflutning hrossa og hrossaafurða og raunar fleira sem ekki er tilgreint sérstaklega í skýringum við 36. gr.

Þá er enn fremur rétt í þessu sambandi að hafa í huga að heimildin í b-lið 30. gr. til að ákvarða hvernig verðábyrgð ríkissjóðs skv. 36. gr. skuli skipt milli framleiðenda er ekki bundin við framleiðendur tiltekinna búvara.

Þetta þykir mér rétt að hér komi fram.

Ég hef ekki fjallað hér í ítarlegu máli um þær athugasemdir sem hér hafa fram komið og vona raunar að þessi virðulega þingdeild taki viljann fyrir verkið í þeim efnum sem öðrum.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Einhvern veginn hafði ég það á tilfinningunni í landbn. í morgun, og reyndar í kvöld líka, að hv. stjórnarliðum væri það nokkurt kappsmál að koma þessu máli í gegn. Og við það miðaði ég mína fyrri ræðu hér í kvöld að kleift væri að afgreiða þetta mál með skikkanlegum hætti og a. m. k. fyrir miðnætti. En það er greinilegt að stjórnarliðar eru á annarri skoðun, eða ég hef misskilið þá, því að þeir hafa haldið uppi löngum ræðum með löngum tilvitnunum í grg., ályktanir og annað því um líkt sem vitanlega hefði verið hægurinn hjá að gera hér í kvöld og rekja í löngu máli. Ég furða mig nokkuð á þessu. Og það er greinilegt að þeir höfundar frv. sem hér eru til andsvara, hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 11. landsk. þm., hafa ekki ætlast til þessarar samvinnu við okkur í minni hl., það er alveg ljóst, því að þeir eru

búnir að upptaka mestallan þann ræðutíma sem hér gafst með ítarlegum lestri úr hinum og þessum gögnum sem þeir hafa haft meðferðis og ekkert er á móti að þeir kynni hv. þd., síður en svo. En þá hefði ég hagað mínu máli á allt annan veg hér fyrr í kvöld, undirbúið mig undir það á allt annan veg og haft fjölmargt til aflestrar til afþreyingar fyrir þá hv. 11. landsk. þm. og hv. 5. þm. Vesturl., sem ég hélt í barnalegu sakleysi mínu að vildu koma þessu frv. fram með skaplegum hætti eftir þau slæmu vinnubrögð sem við höfðum orðið að sætta okkur við í þessum efnum í hv. landbn.

Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með þetta og ég spyr hæstv. forseta hvort það sé meiningin að við höldum þessu áfram lengi nætur. Það verður ekki hjá því komist, ef hv. stjórnarliðar halda hér hvern langhundinn á fætur öðrum, að taka þetta mál aftur til ítarlegrar skoðunar og lesa hér upp svo sem eins og tíu, tuttugu bls., eins og þeir hafa gert hér í kvöld einnig. Ég spyr hæstv. forseta hvort meiningin sé að halda hér áfram endalaust og gefa mönnum þá tækifæri til að ná vopnum sínum, eins og frægur maður segir hér í þinginu, og ná sér í lestrarefni, því að þá mundi ég óska eftir því að þessum fundi yrði frestað hér og nú, miðað við þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð. Ég vildi óska eftir því ef það er meining stjórnarliða að halda hér áfram eins og þeir hafa gert fram að þessu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. þykir mér rétt að taka það sérstaklega fram að það er mjög virðingarvert hvað stjórnarandstaðan hefur hagað sínum málflutningi af miklum drengskap, vegna þess að hér hafa allir verið sammála um að reyna að tefja ekki málin umfram það sem nauðsynlegt er. Þess vegna tel ég það alveg ljóst að það er ekki gert ráð fyrir því að halda hér áfram löngum fundi og ég vænti þess svo sannarlega að til þess þurfi ekki að koma.

Varðandi langar ræður í þessu máli getur forseti litlu þar um svarað öðru en því að hann hefur gert og gerir sér vonir um að þær verði ekki lengri en brýn nauðsyn er á vegna þess hvernig þingstörfum er nú háttað.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég skil vel afstöðu hæstv. forseta og virði hana að sjálfsögðu. En þetta er allt önnur málsmeðferð hér í kvöld en ég átti von á og um var talað í landbn. í morgun.

Hér hefur t. d. hv. 11. landsk. þm. hafið efnislega umræðu um vinnubrögð sem ég gæti haft langt mál um. Hæstv. síðasta ríkisstjórn brá á það ráð að setja þrjá menn í nefnd til að samræma sjónarmið sem fram höfðu komið í tveimur stefnumörkunartillögum í landbúnaði, sem báðar höfðu legið fyrir þinginu áður, önnur flutt af þáv. hæstv. landbrh., Steingrími Hermannssyni, hin flutt af öllum þm. Sjálfstfl. með hv. þm. Pálma Jónssyni sem er 1. flm. Til þess var þessi nefnd sett á laggirnar að reyna að samræma þessi sjónarmið. Og hún notaði enga 25 mánuði til að vinna þetta verk eins og hv. þm. sagði hér áðan. Þessi nefnd vann tiltölulega fljótt og vel miðað við það verkefni sem henni var fengið í hendur og miðað við þau að mörgu misjöfnu sjónarmið sem þarna voru þegar komin fram og hún skilaði sínu áliti til ráðh. Ráðh. hafði þessi mál lengi til meðferðar hjá sér, hjá sinni ríkisstj. og hjá ýmsum þeim aðilum sem hann leitaði til til þess að fá ráðleggingar um það hvernig þessu skyldi hagað.

Ég kann því illa að hv. 11. landsk. þm. skuli enn einu sinni nota hér tækifærið til að ráðast á hv. þm. Pálma Jónsson, fyrrv. landbrh., með þessum hætti því að hann er ekki hér til andsvara. En það er greinilegt að bæði hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 11. landsk. þm. hafa haft með sér nóg lesefni til þess að þylja yfir mönnum hér í kvöld. Og ég hefði svo sannarlega gert það einnig ef ég hefði vitað að þau vinnubrögð yrðu hér viðhöfð en málinu ekki flýtt á svipaðan máta og um var talað.

Hér hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gefið út mjög merkilega yfirlýsingu. Frv. verður breytt í haust, segir hv. þm. Þá verða framsóknarmenn beygðir, segir hv. þm. óbeint með þessum orðum. Það verður fróðlegt að vita hvað hv. þm. Davíð Aðalsteinsson segir um þessa yfirlýsingu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, um það að fyrirhugað sé að beygja þá framsóknarmenn í haust og breyta frv., þessu frv. sem verður að böðla í gegnum þingið hvað sem það kostar nú á þessum vordögum og má ekki bíða haustsins að afgreiða.

En svo kemur bara allt í einu hv. þm. Eyjólfur Konráð upp og segir: Frv. verður sko breytt í haust. Það skal sko verða gert. Og ég veit að þar fylgir sá hugur máli að ég efast ekkert um að það muni verða gert. Og þá hafa þeir framsóknarmenn kannske haft rétt fyrir sér sem hafa verið að læða því að mönnum að undanförnu að þeir skyldu nú hafa sig hæga og samþykkja þetta frv. vegna þess að annars kölluðu þeir yfir sig annað miklu verra þegar þeir væru sestir á valdastóla, sjálfstæðismenn og Jón Baldvin Hannibalsson og félagar, því að þá fyrst færi nú að syrta í álinn fyrir íslenskri bændastétt. Það sé eins gott að halda sig á mottunni núna, mótmæla ekki þessu frv. heldur vera rólegir og láta það ganga í gegn til þess að annað verra komi ekki.

En nú upplýsir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson að það þurfi engan Jón Baldvin til — og þó veit ég ekki nema það hafi falist í orðum hans að hluta til. Hv. 11. landsk. þm., sem hefur unnið manna mest í þessum málum, veit náttúrlega um þessar hræringar, sem þarna eiga sér stað og getur upplýst okkur um þau faðmlög sem hann ætlar sér að taka upp við hv. þm. Jón Baldvin til þess að breyta þessu eftir orðum hv. þm. Eyjólfs Konráðs. — Hann hristir höfuðið, hlakkar greinilega ekki til faðmlaganna, en það veit ég að margir í hans hóp gera.

Það er talað mikið um að allt sé öruggt og tryggt í sambandi við staðgreiðslur til bænda. Og síðast var hér lesið úr álitsgerð einhverra lögfræðinga sem ég efast ekkert um að hafi unnið sitt verk samviskusamlega — á hvaða taxta veit ég ekki. Það er hins vegar deginum ljósara, sem kom fram hér í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs, að á sex ára afmæli mjög ákveðinnar samþykktar Alþingis um beinar greiðslur til bænda hafi ekkert verið gert, hverjir sem að höfðu komið. (**Gripið fram í:** Lítið.) Lítið. Hann hefur einhverja von með sinn hæstv. ráðh. núna. En þetta er staðreynd sem liggur fyrir. Og ég bendi á það að einmitt í morgun, síðast í morgun lýsti formaður Stéttarsambands bænda því yfir að hann sæi ekki að enn væri tryggt fjármagn til að standa við þessa frvgr., hann sæi ekki lausn þar í sjónmáli hjá þeirri nefnd sem um þetta mál er að fjalla. Þar kom líka glögglega fram efi þegar formaður Stéttarsambandsins sagði: Við vitum hvað við höfum en ekki

hvað við hreppum. Orðrétt eftir haft. Það var ekkert sérlega bjart hljóð í þeim ágæta manni í morgun. Hann talaði um snöggsoðið frv. Og vissulega er það snöggsoðið, enda eðlilegt að hv. þm. Eyjólf Konráð langi til að breyta og bæta og það muni verða gert strax í haust.

Ein af þeim ástæðum sem tilgreindar eru og hv. þm. Egill Jónsson drap glögglega á áðan er sú að við getum ekki farið að laga okkar búvöruframleiðslu að þessu á þann hátt sem þyrfti og það þyrfti endilega að samþykkja frv. þess vegna. Ég vil aðeins benda á það að á fundi stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins var verið að ganga frá því í hvað lán færu á þessu ári. Þar var ákveðið að til loðdýraræktar færi samtals, og er þá miðað við þær 50 millj. sem komu úr Framkvæmdasjóði, 110 millj., 110 millj. í þá grein. En til allra bygginga, endurbótabygginga og allra nýframkvæmda á öðrum sviðum 70 millj., eða m. ö. o. 40 millj. meira í loðdýraræktina en til allra nýframkvæmda bænda annarra. Svo koma menn hér upp með heilagsandasvip og segja: Til þess að gera þetta þurfum við að samþykkja eitthvert ákveðið frv. af því að við höfum samið það.

Auðvitað er þetta spurning um það í hvað fjármagninu er veitt. Og af því að hæstv. forseti Sþ. situr hér þá bendi ég á það líka að við vorum um daginn að samþykkja, og ég stóð að því heils hugar, breytingar á jarðræktarlögum þar sem t. d. var gengið til móts við hans ágætu tillögur um aukinn stuðning við votheysverkun. Það þurfti ekkert frv. um þetta efni til þess að taka skynsamlega á þar, auðvitað ekki.

Mér þótti vænt um það líka að hv. 11. landsk. þm. kom hér með upplýsingar um hver salan væri á landbúnaðarvörum á þessu ári miðað við árið í fyrra. Mér þykir sérstaklega vænt um það vegna þess að þegar ég ræddi þetta mál við 1. umr. og minnti á það aftur núna hafði ég Morgunblaðið mér til afsökunar í því efni, en það skýrði frá þessu með stríðsletri, að sala á búvörum hefði stórkostlega dregist saman og horfði til stórvandræða, og hafði það eftir áreiðanlegum heimildum.

Það var upplýst hjá okkur á fundinum í morgun að maímánuður hefði breytt nokkru hér um. Og auðvitað vita allir ástæðuna fyrir því. Menn reyndu auðvitað hvað þeir gátu að kaupa kjötvörur í maímánuði af þeirri einföldu ástæðu að menn bjuggust við gífurlegri hækkun á búvörum um mánaðamótin, í raun og veru miklu meiri hækkun en varð, vegna þeirrar ákvörðunar að greiða niður áburðinn og sömuleiðis að verja 40 millj. kr. alveg sérstaklega til þess að búvöruhækkunin yrði ekki eins mikil. En þetta vissi fólk vitanlega ekki í maímánuði og reyndi þess vegna, þrátt fyrir rýra kaupgetu sína, að kaupa kjöt í ríkara mæli en það hefði gert. Ég er hræddur um það að þó að menn geti kannske sagt í dag að staðan sé sæmileg, þá verði ekki framhald þar á.

Ég veit ekki, virðulegur forseti, af því ég hef nú setið í þessum stól, hvort ég á að vera að lengja þetta mikið þó að ég ætti kannske að fylgja fordæmi hv. 11. landsk. þm. og tala í hálftíma aftur þegar ég svara. Það er eiginlega ekki nema sanngjarnt að gera það. En það er sem sagt ljóst fyrir mér að bændasamtökin í landinu eru í heild sinni og bændur í landinu ósáttir við þetta frv. Neytendur eru ósáttir við þetta frv. Menn segja að þeir viti hvað þeir hafi en ekki hvað þeir hreppi út úr þessu máli. Gyllingin er þunn, var sagt nú fyrir skömmu. Gyllingin varðandi þetta frv., hún er þunn sannast sagna, þegar ekkert liggur enn fyrir, eins og kom fram frá formanni Stéttarsambands bænda í morgun, ekkert liggur enn fyrir um það að tryggt sé fjármagn til þess að staðið verði við lagafyrirmæli um staðgreiðslur til bænda. Svo þingreyndir erum við báðir, hv. 11. landsk. og ég, að við vitum því miður að við svona lagaákvæði, hversu sem þau eru túlkuð af lögfræðingum, er ekki staðið nema mönnum sýnist svo. Nægir að benda þar á ótal lög um framlög til hinna einstöku sjóða og hinna ágætustu verka sem eru hér skorin niður með lánsfjárlögum vetur eftir vetur. Þar er gott dæmi um það og þetta þekkjum við báðir.

Þetta er alveg ljóst. Og nú á lokasprettinum verður þess sem betur fer vart að bæði hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 11. landsk. þm. finna til iðrunar, því að öðruvísi tek ég ekki langhunda þeirra hér í kvöld en sem bein iðrunarmerki. Og alveg sérstaklega eftir þetta veit ég að þessi iðrun verður mikil hjá hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinssyni. Eftir að hann er búinn að heyra um leyndar fyrirætlanir þeirra sjálfstæðismanna um að gera starf hans að þessu frv. að engu nú þegar í haust er eðlilegt að hann muni sárlega iðrast þessara gerða sinna. En hv. 11. landsk. þm., hann hlakkar til faðmlaganna við Jón Baldvin og verði honum að góðu.

ATKVGR.

Brtt. 1354 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 1352 felld með 10:5 atkv.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—60. gr. og ákv. til brb. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 104. fundur.

Miðvikudaginn 19. júní, kl. 5 síðdegis.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1220, n. 1279). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 762, n. 1301, 1302, 1303). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 1303 felld með 17:12 atkv.
3. gr. samþ. með 20:4 atkv.
4.—9. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 1302,1 (ný 10. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1302,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 22:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, frv. 499. mál (þskj. 1129, n. 1347). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. Nd. og nál. er á þskj. 1347.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og kallað til fundar við sig Höskuld Jónsson og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra. Mælir nefndin einróma með samþykkt frv. eins og það var afgreitt í Ed.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er ásátt afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, 509. mál (þskj. 958, n. 1348, 1350). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1348 um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 frá 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, og þetta er álit fjh.- og viðskn. Nd.

Nefndin hefur athugað frv. og kallað á sinn fund Stefán Pálsson bankastjóra. Nefndin er einhuga í að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 958 með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er ásátt afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Páll Pétursson, Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal.

Breyting sú sem flutt er á sérstöku þskj. er svohljóðandi:

Á eftir 1. gr. komi ný grein er hljóði svo:

1. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum.

Skv. núgildandi lögum er einungis heimilt að veita lán gegn veði í jörðum eða fasteignum sem ætlaðar eru til landbúnaðarstarfa. Það er fellt niður þannig að veðdeild Búnaðarbankans er jafnsett öðrum veðdeildum og getur veitt lán gegn veði í fasteignum, jafnvel þó að þær séu ekki ætlaðar til landbúnaðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1350 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 1184, n. 1349). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. á þskj. 1349.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað á fund sinn Svein Björnsson frá viðskrn. og Gunnar Þorsteinsson frá Verðlagsstofnun.

Nefndin var einhuga um að mæla með samþykkt frv. eins og Ed. afgreiddi það.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er sátt við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Halldór Blöndal, Svavar Gestsson og Kjartan Jóhannsson.

Þetta mál tók verulegum breytingum í Ed. og er hér komið til seinni deildar. Ed. endurskapaði nánast þetta frv., en henni mun þó hafa skotist í afgreiðslu sinni þar sem í 6. gr. er verið að telja upp hvað sé undanþegið innkaupajöfnun, en það er flugbensín og flugsteinolía, sem ætluð er til nota í utanlandsflugi, ásamt öðrum olíutegundum sem seldar eru úr landi til erlendra aðila. Auðvitað er sjálfsagt að láta það sama gilda um flugbensín og flugsteinolíu sem notuð er í utanlandsflugi. Ég legg hér fram skriflega brtt. við 6. gr. að orðin „sem ætluð er til nota í utanlandsflugi“ falli niður.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1362, sem var of seint fram komin, samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1362 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 404. mál (þskj. 661, n. 1355). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands. Þetta mál hefur komið frá Ed. og sjútvn. Ed. skrifaði undir nál. þar og mælir með því sammála að það verði afgreitt óbreytt.

Svo var það einnig hjá meiri hl. í sjútvn. Nd. Meiri hl. sjútvn. flytur enn fremur brtt. við frv. sem er þannig:

„Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein er verði 3. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976."

Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal og Ingvar Gíslason.

Sjútvrh. kom á fund nefndarinnar og fór þess á leit við hana að hún flytti þessa brtt. Ég ætla að lesa þann rökstuðning sem þessum orðum fylgdi. Hér er sem sé lagt til að Fiskveiðasjóði Íslands sé heimilað að veita eða ábyrgjast stofnlán til fiskeldisstöðva. Gert er ráð fyrir að ábyrgðir þessar og lántökur séu innan þeirra marka sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 setur. Með þessu ákvæði er því ekki stefnt að því að auka frekar á erlendar lántökur en þegar er gert ráð fyrir. Í 12. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, er skilyrðislaus krafa um að lán sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum eða skipum megi hæst nema 60% af matsverði. Nauðsynlegt þykir að stjórn sjóðsins hafi vegna ábyrgðar eða lána til fiskeldisstöðva frjálsar hendur um mat á ábyrgðum og veði í hvert sinn. Gert er ráð fyrir að stofnlán til fiskeldisstöðva geti numið allt að 75% af kostnaði innlendra aðila.

Þetta er meginefni þeirrar brtt. sem nefndin varð sammála um að flytja, eins og ég hef hér áður sagt, með þeim fyrirvara að hv. þm. Guðmundur Einarsson mun gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins. En meiri hl. leggur ákveðið til að þetta verði samþykkt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Lítum fyrst á það frv. til l. sem lá fyrir Nd. og nefndinni áður en brtt. kom fram. Ég vildi segja í örfáum orðum álit mitt á því.

Þar er í fyrsta lagi enn þá einu sinni um að ræða orðinn hlut. Við stöndum frammi fyrir orðnum hlut. Það er búið að gera ráð fyrir því hvernig eigi að verja þessum peningum. Að þessu leyti eru þm. í óverjandi aðstöðu.

Í öðru lagi er hérna um að ræða gömlu skuldbreytingaraðferðina. Hún leysir út af fyrir sig aldrei nein vandamál, heldur er hún bara frestun á því að taka á vandamálunum.

Í þriðja lagi vil ég lýsa fyrirvara mínum vegna þess að það er tilhneiging til þess að hækka sífellt veðmörk. Það er svo komið núna að menn eru hættir að tiltaka veðmörk, en gera einungis kröfur til þess að stjórnir sjóða meti hvort veð eru fullnægjandi. Það er náttúrlega afar losaraleg afgreiðsla vegna þess að í þessum tilfellum er ekki um að ræða áhættulánasjóði. Við erum að ræða um sjóði sem skv. upprunalegum lögum sínum eiga að veita lán með tryggum veðum einungis. Það er svo annað mál að auðvitað er ástæða til að hafa í öllum atvinnugreinum áhættulánasjóði, en menn verða þá að sníða þeim ákveðnar starfsreglur.

Af þeim ástæðum sem ég hef lýst hérna, þ. e. að við erum að tala hérna um orðinn hlut, þetta er gamla skuldbreytingaraðferðin og ég hef áhyggjur af sífellt hækkandi veðmörkum, þá get ég ekki greitt málinu atkv.

Brtt. virðist mér tilkomin vegna klúðurs sem sjóðafrv. lendir í. Það verður ekki afgreitt á þessu þingi. Þess vegna standa menn frammi fyrir því að eitthvað þarf að gera vegna fiskeldis. Það er nauðsynlegt að bjarga fiskeldi og beina peningum í uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar, en það eru nokkur atriði sem ég vildi minnast á í því sambandi.

Í fyrsta lagi vil ég aftur gera veðin að umtalsefni. Ég vek athygli á því að í brtt. er komist þannig að orði, með leyfi forseta:

„Fiskveiðasjóði er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976."

Þessi tilteknu lög, sem hún er óbundin af, gerðu kröfu til þess að lán sem veitt væru gegn veði í öðrum eignum en skipum mættu hæst nema 60% af matsverði. Þarna er sem sagt verið að slaka á veðkröfum. Ég álít að menn verði að fara varlega í það af því að ekki liggur beinlínis fyrir stefnumörkun um að verið sé að setja á fót áhættulánasjóð. Ég vísa þá til þess sem ég sagði áðan.

Ég vildi líka vekja á því athygli að hérna er á vissan hátt verið að læðast bakdyramegin með stefnumarkandi aðgerðir í því hvar fiskeldi eigi að vera staðsett í stjórnkerfinu. Okkur er kunnugt um það og ég held að það sé ekkert leyndarmál að verið hefur togstreita milli landb.- og sjútvrn. T. d. fréttist í vetur um að landbrh. hefði látið semja frv. til l. um fiskeldi sem ýmsum þótti horfa til sauðskinnsskóaaldarinnar. Eftir því sem mér er kunnugt mun vera núna starfandi nefnd á vegum forsrh. sem á að gera tillögur um hvar í stjórnsýslunni fiskeldi eigi heima. Með því að samþykkja þessa brtt. um hlutdeild Fiskveiðasjóðs í fiskeldi er verið að marka ákveðna stefnu — eigum við að segja bakdyramegin. Ég vil vekja athygli á því.

Ég vildi af þessu tilefni, vegna þess að nefnd er starfandi að tilhlutan forsrh., spyrja forsrh. hvort það sé með hans vilja og kannske að hans frumkvæði að þessi brtt. er flutt. Svo vil ég í öðru lagi spyrja hann sem staðgengil hæstv. landbrh. hvort þetta sé með samþykki landbrh. gert. Þar sem landbrh. er ekki á þinginu núna og hæstv. forsrh. er staðgengill hans getur hann þarna slegið tvær flugur í einu höggi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. vil ég í fyrsta lagi taka það fram að þessi brtt. er flutt með fullu samþykki mínu og sömuleiðis hæstv. landbrh. sem er kunnugt um þennan flutning, enda er í sjóðafrv., sem ekki fæst afgreitt á Alþingi nú, gert ráð fyrir að öllum sjóðum verði heimilt að lána í hvað það sem stjórnir viðkomandi sjóðs kjósa. Má segja að þessi breyting sé flutt í samræmi við það að Fiskveiðasjóði verði þá heimilt að lána til fiskeldis. Með þessu er alls ekki ákveðið að stjórnskipulega skuli fiskeldi falla undir sjútvrn., ég skal ekkert um það segja hver niðurstaðan verður þar, en líklegt er að fiskeldi og fiskirækt verði aðskilin í stjórnkerfinu.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Að stofni til er þetta frv., sem hér er til meðferðar um skuldbreytingu í

sjávarútvegi, til þess að breyta viðskiptaskuldum sjávarútvegsfyrirtækja í lengri lán. Að þessu starfi vann ákveðinn vinnuhópur á vegum sjútvrh. á síðasta ári.

Á síðasta ári voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að styðja við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, útgerð og fiskvinnslu, og var ekki vanþörf á. Það var ætlast til þess að Fiskveiðasjóður tæki að sér að miðla peningum í því skyni að breyta lausaskuldum í föst lán og áætlað að heildarupphæðin til þessa verks væri um ½ miljarður kr. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt atriði í sambandi við að styðja við útgerðina og fiskvinnsluna og þess vegna hafa allir orðið sammála um að afgreiða þetta mál jákvætt.

Þetta er mjög stórt mál, en sannleikurinn er sá að eins og það liggur nú fyrir til afgreiðslu er hér ekki um að tefla aðeins eitt stórt mál heldur tvö og þau eru aðeins tvenns konar og raunar óskyld. Annars vegar er þarna um skuldbreytingu að ræða, eins og ég nefndi fyrr, en síðara málið er brtt. sem borin er fram af hálfu sjútvrn. Efni hennar er það að Fiskveiðasjóði verði heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar. Þarna er í rauninni á ýmsan hátt um talsvert merkilegt mál að tefla vegna þess að laxamál hafa verið undir landbrn. að öllu leyti fram að þessu, en með því að heimila Fiskveiðasjóði öfluga lánastarfsemi í fiskeldisskyni tengist þessi nýi atvinnuvegur og vonandi þessi nýja stóriðja Íslendinga sjávarútvegsmálum, en að mínum dómi og flestra sem ég þekki til er rétt að hafa hann undir því rn.

Ég vil nefna einmitt á þessu augnabliki að atvmn. Sþ. hefur skilað nál. um fiskræktarmál á þskj. 1332 þar sem till. var flutt um það að sjútvrn. færi með fiskræktarmál. Ásamt öðrum mjög skyldum till. var þessi till. afgreidd frá atvmn. þannig að málinu var vísað til ríkisstj., raunar með mjög jákvæðum hætti, og vil ég því beina því til hæstv. ríkisstj., ef eitthvað er eftir af henni hér, að... (**Heilbr.- og trmrh.:** Hvað þarf að verða mikið eftir af henni?) Helst einhverjir sem einhver hryggur er í, þó að nú vanti hinn hvassbrýnda hæstv. landbrh., og vona ég að þeir hæstv. ráðherrar sem eftir eru, eða um 30% þeirra, taki það mál upp sem fyrst og stefni að því að leggja fram frv. um það í haust.

Herra forseti. Það er dálítið sérkennilegt að koma stóru máli eins og þessu, varðandi lánamöguleika fiskeldisins, inn í frv. sem fjallar um allt annað. Hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði að þetta væri eins og að fara bakdyramegin með málið. En sannleikurinn er sá að líka er hægt að komast inn í húsið bakdyramegin. Aðalatriðið er að komast þangað. Ef það er eins og nú stendur með mál á hinu háa Alþingi erfitt að komast inn með slíkt mál með venjulegum hætti — ég segi ekki eðlilegum vegna þess að það er ekkert óeðlilegt við þetta — þá eiga menn að brúka þær leiðir sem færar eru.

Við hér í þessari hv. deild erum búin að heyra mikið talað um fiskeldi, ekki aðeins á þessu þingi heldur mörgum öðrum undanförnum þingum, og allir tala um að það þurfi að renna sterkari stoðum undir atvinnumál landsmanna — eða heitir það ekki það? Svo þegar kemur til framkvæmda vantar það sem til þarf því að peningarnir eru einu sinni afl þeirra hluta sem gera skal. Það er ekki nægilegt að tala og ætla og langa og vilja og útvega svo ekki peninga til verksins. Það er það sem verið er að gera hér. Ég vil í þessu sambandi segja að þó að hv. þm. Guðmundur Einarsson hafi talað gegn frv. veit ég að hann er samþykkur þessari breytingu, en vegna þess að hann er gegn frv. sjálfu getur hann ekki verið með okkur á þessu nál.

Herra forseti. Í þeirri stuttu ræðu sem hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður nefndarinnar, flutti áðan nefndi hann ákveðna prósentutölu, ákveðið hlutfall af innlendum stofnkostnaði sem mætti lána, ¾ eða 75%. (Gripið fram í.) Já, það er ekki í þessari till. Ég vil vekja athygli á því að þó að hv. formaður hafi nefnt þessa tölu er hún ekki í tengslum við afgreiðslu nefndarinnar í þessu máli. Mér finnst vera býsna hátt reitt til höggs í fyrsta höggi. Ég vil undirstrika að þessi tala er ekki á okkar pappírum þó að þetta hafi verið nefnt. Hins vegar þýðir það ekki að ég muni leggjast gegn því þegar þar að kemur að myndarlega verði útvegað fé til þessarar starfsemi. En það er sem sagt ekki í þessum áfanga.

Aðalatriðið í tillögunni í mínum huga er að Fiskveiðasjóði verður heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna þessara framkvæmda með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi.

Herra forseti. Um þetta mætti að sjálfsögðu ræða lengi, en um þessa hluti hefur verið allt of lengi talað og allt of lítið framkvæmt og loksins er kannske komið að því að þeir sem í þessu standa fái að byggja upp nýjan og vonandi arðvænlegan atvinnuveg sem muni skapa fjölmörg arðgefandi og arðbær störf.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja að ég er svolítið hissa á till. sem hv. sjútvn. hefur lagt hér fram og er á þann veg að Fiskveiðasjóði verði heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum, eins og þar segir. Ég er hissa á því vegna þess að í reglum stofnlánadeildar er slík heimild fyrir hendi. Hæstv. forsrh. vitnaði í frv. sem hafi verið samin eins og það að einhver frumvörp hafi verið samin réttlæti það að þessi till. sé borin hér fram. Það hafa nú áður verið samin frumvörp sem hafa aldrei orðið annað en frumvörp. Ég sé því ekki að það séu mikil rök fyrir þessari brtt.

En þarna er um grundvallarbreytingu að ræða í sambandi við hvar eigi að ætla þessum málum stað í sambandi við fjármögnun. Ég sé ekki betur en að verið sé að slá því föstu að það eigi að taka það frá stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og það hefur verið fram að þessu, og færa það í Fiskveiðasjóð. Við höfum líka reynslu fyrir því. Það voru ætlaðar úr Framkvæmdastofnun á síðasta ári 20 millj. í þessu skyni. Þó að stjórn stofnlánadeildar teldi rétt að þetta fjármagn yrði lánað í gegnum deildina var það ekki gert, heldur fór þannig, þó að fyrir lægju þar nokkuð margar tillögur, að stofnlánadeildin fékk aðeins 3 millj. til að lána út í þessu skyni.

Ég vil vekja athygli á því að þarna er um stefnubreytingu að ræða í þessum málum. Ég sé ekki að það hafi verið nauðsynlegt að flytja þessa brtt. Ég er henni andvígur og mun greiða atkv. gegn henni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ánægjulegt er að „allir vildu Lilju kveðið hafa", allir vilja lána í fiskeldið svo að ekki ætti að skorta fjármagn.

Að sjálfsögðu er með þessari till. á engan máta verið

að draga úr heimild stofnlánadeildar til að lána í fiskeldi, alls ekki, en ástæðan fyrir því að ég vísaði í frv. sem liggur fyrir Ed. er sú að stjórnarflokkarnir samþykktu þau frumvörp sem fela í sér að öllum sjóðum verði heimilt að lána í það sem stjórnir viðkomandi sjóða ákveða. Að sjálfsögðu, þar sem þau frumvörp fara ekki í gegnum þingið, er það á engan máta bindandi, en lýsir þó þeirri stefnu sem ríkti þegar þau voru samin.

Í sambandi við Fiskveiðasjóð er ekki síst um það að ræða að Fiskveiðasjóður geti yfirtekið lán sem fiskeldisfyrirtæki geta fengið erlendis og endurlánað, geti m. ö. o. gengið í ábyrgð fyrir slíkri lántöku. Það er fyrst og fremst það sem skortir. Mér þykir gott ef t. d. stofnlánadeildin treystir sér til þess að ganga í slíkar ábyrgðir og það er vitanlega ekkert á móti því að stofnlánadeildin geri það. Ég er sannfærður um að fiskeldisfyrirtækin, sem búið er að stofnsetja og eru að undirbúa sínar framkvæmdir, mundu með ánægju þiggja slíka milligöngu stofnlánadeildar.

Hitt er svo staðreynd að Fiskveiðasjóður er með langtum sterkari eiginfjárstöðu og því er ekki ólíklegt að hann sé betur í stakk búinn til að ganga í umræddar ábyrgðir.

En ég vil undirstrika að hér hefur alls ekki verið um það að ræða að taka heimild frá stofnlánadeildinni á neinn máta, heldur aðeins að ef stjórn Fiskveiðasjóðs treystir sér til að hafa slíka milligöngu sem hér er um að ræða, og í sumum tilfellum getur verið um að ræða ekki bara tugi heldur jafnvel hundruð millj. eða a. m. k. yfir 100 millj. milligöngu, sé sú heimild fyrir hendi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1355 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 26:1 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. 438. mál (þskj. 742, n. 1357). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og var ásátt með þessa afgreiðslu, eins og segir í nál.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna, Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn. og Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjútvrn. komu á fund nefndarinnar vegna frv.

Mér þykir rétt að geta þess að nm. voru sammála um að samþykkt þess fæli ekki í sér kvaðir á ríkissjóð vegna kostnaðarauka sem í því felst, enda er frv. flutt að vitund og með vilja stjórnar lífeyrissjóðsins, en þetta frv. hefur í för með sér kostnaðarauka sem nemur um 1.5 millj. kr. á ári.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 57. mál (þskj. 1312, n. 1359). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá heilbr.- og trn. Nd. á þskj. 1359.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar á þskj. 57, en mál það var flutt í Ed. af hv. 2. þm. Austurl. Ed. breytti frvgr. lítið eitt, 1. gr. frv., og hljóðar hún á þessa leið eins og Ed. afgreiddi málið:

„1. málsl. 6. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum hálfum hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp hálfan dag í viku, allt að fullum dagpeningum.“

Þetta er efni frv. eins og það kom frá Ed. og ég hygg að það sé óþarfi að fara hér með neinar skýringar í þeim efnum.

Nefndin var sammála um að mæla með því og nál. hafa undirritað auk mín Pétur Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Níels Árni Lund og Ólafur G. Einarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440, n. 1358). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti heilbr.- og trn. Nd. um þetta frv. Álitið er á þskj. 1358. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það felur það í sér að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Breytingin er í því fólgin að tekjutryggingin er tekin þarna inn sem ekki er í gildandi lögum.

Eins og segir í grg. er markmið frv. að hækka greiðslur makabóta til þeirra sem bundnir eru heima við vegna örorku eða langvinns sjúkdóms maka og geta ekki af þeim sökum aflað sér tekna.

Útgjöldin sem þetta hefði í för með sér, ef samþykkt verður, eru talin verða á ári um 5 millj. kr. Ég held að allir geti verið sammála um að hér sé réttlætismál á ferðinni. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 105. fundur.

Miðvikudaginn 19. júní, að loknum 104. fundi.

Jarðræktarlög, frv. 528. mál (þskj. 1220). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1373).

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 1366 (sbr. 762)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ríkisbókhald, frv. 499. mál (þskj. 1129). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1374).

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 1367). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 1368 (sbr. 1184)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 404. mál (þskj. 1369). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. 438. mál (þskj. 742). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. 57. mál (þskj. 1312). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1375).

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. 129. mál (þskj. 133, n. 1069 og 1107). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. felld með 17:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, NL, GA, GGS, HÁ, HG, JS, KH, KSK, PD, StG, SV, SJS, SvG, GunnG, AS.

nei: FÞ, GE, GJG, KÓ, HBl, JBH, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÞP, RH, StH, ÞP, BÍG, EH, EBS, IG.

6 þm. (FrS, KP, KJóh, MÁM, PS, ÞS) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

Grunnskólar, frv. 398. mál (þskj. 645, n. 1161 og 1218, 1135). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 1218 leggur meiri hl. n. til að frv. verði fellt. Undir nál. skrifa ásamt mér Hjörleifur Guttormsson, Kristín S. Kvaran, Ólafur G. Einarsson og Birgir Ísl. Gunnarsson. Einn nm., Ólafur Þ. Þórðarson, hefur flutt brtt. við frv. sem hann mun gera grein fyrir.

Það er að vísu rétt að þetta mál er nokkuð umdeilt. Ýmsir halda því fram að það séu sterk rök fyrir því að lengja ekki skólaskylduna upp til 9. bekkjar og færa þau rök fyrir því að á þeim aldri séu ýmsir unglingar þess sinnis að frekari skólaganga verði þeim hvorki til góðs né til mikils þroska og af þeim sökum sé heilbrigðara að stíga ekki það skref til fulls að lengja skólaskylduna eins og gert er ráð fyrir í grunnskólalögum. Ég vil af þessu tilefni vitna til 49. gr. grunnskólalaga, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar."

Ég álít að þessi heimild sé alveg nægileg til að tryggja að þeir nemendur sem fráhverfir eru frekari skólagöngu að sinni eigi þess kost að hverfa frá námi og geti þá tekið upp þráðinn að nýju.

Ég vil undirstrika að það hefur mörgum unglingnum orðið hált á því hér áður fyrr að ljúka ekki gagnfræðaskólanámi og nú að ljúka ekki grunnskólanámi þar sem grunnskólaprófið eins og gagnfræðaskólaprófið áður er lykill að ýmsu framhaldsnámi. Ég held af þeim sökum að nauðsynlegt sé að láta á það reyna hversu skólaskyldan reynist, hvort það muni ekki koma í ljós að ýmsir þeir unglingar sem ella hyrfu frá námi setjist á skólabekk og ljúki sínum síðasta vetri með sóma. Ég vil í þessu sambandi vitna til þeirrar reynslu minnar sem kennari að oft varð mikill munur á nemendum einmitt í síðasta bekknum, efsta bekk skólans. Einmitt þegar þangað var komið var það mín reynsla að ýmsir þeir sem kannske voru óstýrilátir áður tóku námið alvarlega og skildu að þeir voru komnir svo langt áleiðis í skólagöngunni að ástæða væri til að söðla um og gefa skólanum meiri gaum en áður. Ég var að vísu á sínum tíma andsnúinn því að taka þá nýbreytni upp að sameina gamla 3. og 4. bekk. Ég hélt því fram að gagnfræðaskólinn hefði þróast til góðs, gagnfræðaprófið nyti meiri virðingar en áður og það hefði komið í ljós á þeim tíma að ýmsir þeir sem dregist höfðu aftur úr notuðu þessa tvo síðustu vetur gagnfræðaskólans mjög vel og næðu ótrúlega miklum þroska á þeim tíma.

Herra forseti. Af þessum sökum er ég þeirrar skoðunar að tími sé kominn til að láta reyna á hversu það gefst að taka upp skólaskylduna allt til 9. bekkjar. Ég vil líka minna á að það er jafnréttismál að nemendur 9. bekkjar fái greiddan kostnað við nám sitt með sama hætti og nemendur í fyrri bekkjum grunnskólans.

Við sem skipum meiri hl. leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. menntmn., en undir það álit skrifa Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Nál. þetta er við frv. til l., þskj. 645, um breytingar á lögum um grunnskóla og flm. þess máls hér á þinginu er Páll Dagbjartsson. Ég vil byrja, með leyfi forseta, á því að lesa örstutta klausu úr grg. flm.:

„Í 88. gr. laga um grunnskóla er kveðið svo á um að níu ára skólaskylda skuli koma til framkvæmda hér á landi sex árum eftir gildistöku laganna eða árið 1980. Á hverju þingi síðan hefur verið samþykkt að fresta gildistöku þessa ákvæðis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að mikil andstaða er gegn níu ára skólaskyldu, ekki síst meðal skólamanna sem starfa á grunnskólastigi og gerst þekkja til."

Brtt. sem minni hl. flytur er við 1. gr. laganna og orðast svo, með leyfi forseta:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum, og nefnist það fræðsluskylda. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum 7—15 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri."

Með leyfi forseta vil ég þá lesa upp nál. minni hl.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir minni hl. með samþykkt þess, en flytur brtt. við 1. gr. frv.

Það er álit minni hl. að það yrði skólastarfi í grunnskólum landsins ekki til framdráttar ef þeir nemendur, sem nú hverfa úr skóla eftir 8. bekk, yrðu skyldaðir til að halda áfram námi sem þeir hafa engan áhuga á. Minni hl. telur að þeir nemendur, sem þannig yrðu þvingaðir til skólaveru, gætu skaðast verulega með slíkri ráðstöfun og e. t. v. gæti það komið í veg fyrir

framhald í námi síðar meir."

Þetta nál. og þessi brtt. leggur þær skyldur á herðar stjórnvöldum að greiða sama kostnað í 9. bekk og í öðrum bekkjum grunnskólans. Hún leggur aftur á móti ekki þær skyldur á nemendur að sækja 9. bekkinn ef þeim er það þvert um geð. Það hlýtur að vera ærið umhugsunarefni hvort rétt sé að taka upp það skyldu-ákvæði að skylda nemendur til náms, þegar fyrir liggur að flestallir nemendur halda áfram námi í 9. bekk. Undantekningarnar eru fáar, en þær eru af ákveðnum ástæðum og það er margt í lífi unglinga sem getur haft þar áhrif á.

Við skulum ekki horfa fram hjá þeirri staðreynd að námsleiði getur þjakað æskumenn mjög verulega og sumir þeirra eru miklu betur komnir við hagnýt störf í þjóðfélaginu og æskilegt að þeir tækju sér frí frá skólanámi. Nú er það svo að í fjölbrautaskólum landsins er hægt að taka núlláfanga og bæta sér þannig upp nám sem ekki var framkvæmt á réttum tíma, en skilar sömu réttindum til áframhaldandi náms standi hugur nemenda til þeirra hluta.

Ég hygg að að sumu leyti sé þetta spurning um viðhorf manna líka til frelsisins. Það hlýtur að vera betra að vera kennari yfir bekk þar sem nemendur hafa af frjálsum og fúsum vilja ákveðið að stunda nám og eru þess vegna að læra fyrir sjálfa sig, en ekki fyrir aðra, hvorki fyrir íslenska ríkið, kennarann né foreldra sína. Það er mat mitt að það sé engin nauðsyn að taka þá ákvörðun að þröngva því upp á nemendur að þeir skuli læra þegar liggur fyrir að velflestir ætla sér að læra þó að þeir fái ekki skipun um það.

Herra forseti. Mér er ljóst að viss ágreiningur er um þetta atriði. Þó ætla ég að sá ágreiningur sé ekki mjög mikill á meðal skólamanna.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er mikilsvert mál til umr. Meiri hl. menntmn., sem ég á sæti í, lagði til að frv. það sem hér er rætt yrði fellt, en minni hl., sem hér mælti áðan fyrir sinni till., leggur til að framlengt verði undanþáguákvæði, sem gilt hefur frá ári til árs síðan 1980, um að skólaskylda takmarkist við átta ár í stað níu sem gert var ráð fyrir að yrði meginregla grunnskólalaga eða a. m. k. var það hin upphaflega stefna þegar grunnskólalög voru á undirbúningsstigi.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að tímabært sé og það raunar fyrir alllöngu að taka upp níu ára skólaskyldu. Ég geri mér grein fyrir að um þetta eru deildar meiningar í þjóðfélaginu og meðal skólamanna að einhverju leyti. Hins vegar held ég að það standist ekki, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það séu nokkuð einhliða viðhorf hjá skólamönnum í þessu efni, en hann gaf til kynna að þeir væru hlynntir aðeins átta ára skólaskyldu.

Ég held að það sé rétt fyrir menn að hafa í huga ákveðið meginatriði í sambandi við þetta mál. Níu ára skólasókn er lögð til grundvallar framhaldsnámi. Þar verða skil á milli skólastiga. Þeir sem ekki hafa lokið níu ára námi eiga ekki inngöngurétt að jafnaði í framhaldsskóla þó að einstaka skólar hafi hleypt nemendum til framhaldsnáms eftir að þeir hafa náð tilteknum aldri. Það hlýtur að vera markmið í hinum almenna grunnskóla að skila nemendum út úr honum þannig að þeir eigi þess kost að taka upp nám á framhaldsskólastigi. Ýmsir skólamenn hafa mælt með því að ekki yrðu settar sérstakar takmarkanir í sambandi við það að hefja framhaldsnám.

Þeir sem andmælt hafa níu ára skólaskyldu, þ. e. að meginregla í sambandi við starf grunnskólans sé níu ára skólaskylda, hafa borið við ýmsum rökum og sum voru tíunduð hér áðan. Ég spyr á móti: Hver telur sig geta dæmt um það að einmitt sé farsælt að draga skil á milli skólaskyldu og sjálfræðis nemenda að loknu átta ára námi og það sé þetta níunda ár sem skeri svo mjög úr í þessum efnum? Ég tel að það sé fjarstæða í rauninni. Það er engin sú breyting á högum nemenda eða aðstæðum sem gerir það eðlilegt að draga skilin þarna. Ég hef ekki heyrt þau rök. Og ég spyr þá sem mæla með þeim: Hvers vegna vilja þeir ekki afnema skólaskylduna sem slíka og aðeins halda uppi fræðsluskyldu? Sá sem flutti þetta frv. inn á Alþingi vildi að vísu stíga þar skref niður á við með skólaskylduna og lækka hana og ég er algerlega andvígur slíkum sjónarmiðum.

Ég færi fram til viðbótar sem rök í þessu máli að það er ekki farsælt fyrir nemendur að standa frammi fyrir því vali, sem löggjafinn hefur veitt til þessa, að hætta grunnskólanámi að átta árum liðnum. Tölur sýna okkur það að það eru nemendur á landsbyggðinni mun frekar en hér á höfuðborgarsvæðinu sem hætta grunnskólanámi að átta árum liðnum af augljósum ástæðum. Ástæðurnar eru meiri freistingar í umhverfinu og minni hvatning í umhverfinu víða úti um landið til þess að ljúka grunnskólanáminu. Það eru freistingar atvinnulífsins og þess að verða fjárhagslega sjálfráða og yfirgefa skólann af þeim sökum og það er að einhverju leyti, geri ég ráð fyrir, minni hvatning frá heimilum gagnvart nemendunum að ljúka grunnskólanáminu og tryggja þar með tengslin við framhaldsskólastigið. Ég þekki mörg dæmi um nemendur, og hef sjálfur verið kennari um árabil úti á landi, sem hafa látið undan þessum freistingum, hafa talið sig hafa ástæður til þess og bera oft við skólaleiða, en sem síðar á lífsleiðinni og það kannske mjög fljótlega taka að naga sig í handarbökin vegna þessarar ákvörðunar þar sem þeir hafa ekki trygg tengsl við framhaldsskólann og hika við að setjast á skólabekk eða afla sér þeirrar þekkingar sem á vantar til þess að geta haldið í framhaldsnám sem hugur þeirra kann að stefna að síðar.

Enn eitt atriði í þessu sambandi er kostnaðarhliðin, þ. e. kostnaðarauki fyrir nemendur. Núverandi skipan mála veldur kostnaðarauka fyrir nemendur sem þurfa að leita heiman frá sér til náms og það er nokkuð um það úti um landið að menn eigi ekki völ á að sækja 9. bekk í heimabyggð og þurfa þá að greiða bæði fæðiskostnað og húsnæðiskostnað þar sem þeir stunda nám, og þó að þar komi nokkur styrkur á móti, svonefndur fæðisstyrkur og húsnæðisstyrkur, er langt frá því að hann hrökkvi til að standa undir þessum kostnaði. Einnig þetta atriði hvetur eindregið til þess að ákvæði um níu ára skólaskyldu taki gildi.

Ég gæti nefnt tölur í þessu sambandi varðandi áætlaðan fæðiskostnað og húsnæðiskostnað. Ég nefni hér aðeins dæmi varðandi skólaárið 1982—1983. Miðað við einn mánuð var áætlaður fæðiskostnaður 2700 kr., en fæðisstyrkur í skólum aðeins 525 kr. Þarna munaði um 2200 kr., eins og sjá má, sem nemandi í 9. bekk þurfti að greiða. Áætlaður húsnæðiskostnaður var 1000 kr. á þessu skólaári á mánuði, en húsnæðisstyrkur utan Reykjavíkur 225 kr., í Reykjavík 325 kr. á mánuði, og

sér hver sem vill hve langt það nær til að standa undir þessum kostnaði.

Þá vil ég nefna, og skal stytta mál mitt, herra forseti, þó að hér væri ástæða til að tíunda margt í þessu samhengi, hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum. Níu ára skólaskylda er regla á öllum hinum Norðurlöndunum, má ég fullyrða. Ég tel upp lönd með níu ára skólaskyldu. Það eru Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð, Vestur-Þýskaland, Írland, Holland, Lúxemborg, Austurríki, Ísrael, Japan og Nýja-Sjáland. Tíu ára skólaskylda: Bandaríkin, Skotland, Frakkland, Kanada, Ástralía, Sovétríkin, Rúmenía. Ellefu ára skólaskylda: Bretland.

Og hvar er svo Ísland statt? Í hópi með hvaða löndum er Ísland statt með átta ára skólaskyldu eins og hér hefur verið undanfarin ár? Það er rétt að menn heyri þann hóp landa. Ísland er þar í hópi efst á blaði og síðan Ítalía, Belgía, Ungverjaland, Portúgal, Spánn og Júgóslavía. Þetta er sá flokkur sem hv. minni hl. menntmn. vill að Íslendingar fylli áfram hvað skólaskyldu snertir. Það eru Miðjarðarhafslöndin nokkur fyrst og fremst sem í þessum hópi eru ásamt Ungverjalandi. Ég er út af fyrir sig ekki að gera lítið úr þessum löndum, sem hafa flest hver verið að reyna að sækja fram í sambandi við almannafræðslu, en þetta segir allt sína sögu.

Og ef menn vilja virða fyrir sér tölur í þessum efnum sjá þeir að það eru fyrst og fremst unglingar á landsbyggðinni sem verða fyrir þeim freistingum sem ákvæðið um aðeins átta ára skólaskyldu hefur veitt. Þó að menn tali hér um frelsi og hlunnindi þeim til handa sem geta tekið slíka ákvörðun er það ákvörðun tekin af ungmennum sem flest hver og mörg hver iðrast þess fyrr en seinna að hafa ekki notið þess sem skólinn hefur að bjóða.

Að lokum þetta, herra forseti: Auðvitað er það svo að fjölmörg atriði varðandi grunnskólann hafa ekki komið til þeirra framkvæmda sem skyldi og lögin gerðu ráð fyrir, því miður. Og það ber vissulega að leggja ríka áherslu á að ákvæði í sambandi við skólastarf, ekki síst á efri hluta grunnskólans, nái fram að ganga eins og lögin gerðu ráð fyrir þegar þau voru sett. Það er m. a. ein ástæða þess að ekki er námsframboð og starf innan skólans við allra hæfi eins og þyrfti að vera. Á þessu þarf að gera leiðréttingu. Ég geri mér grein fyrir því að lögfesting níu ára skólaskyldu er ákveðinn kostnaður, en þar sem ég hef vitneskju um að hæstv. menntmrh. er því fylgjandi að þetta ákvæði nái nú fram að ganga tel ég víst að hæstv. ráðh. hafi stuðning ríkisstj. fyrir því að sá kostnaður sem af gildistökunni leiðir verði ekki hindrun í framkvæmd og bitni jafnt á þeim stofnunum og aðilum, sem þurfa að sjá nemendum jafnt fyrir námsgögnum, sem og þeirri fyrirgreiðslu gagnvart nemendum í sambandi við fæði og húsnæði sem af þessu hlytist.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Þær raddir gerast nú æ háværari sem vilja auka frelsi skólanemenda, gefa þeim tækifæri til að velja sjálfir hversu mörgum árum þeir eyða í skóla eða m. ö. o. stytta skólaskyldu þótt ekki verði dregið úr fræðsluskyldunni. Flestir munu þó sammála um að skylda beri fólk til að tileinka sér einhverja lágmarksþekkingu. Það er sem sagt lengd skólaskyldunnar sem menn eru ósammála um. Helstu og nánast einu rökin til stuðnings þessari stefnu, þ. e. minnkun skólaskyldu, birtast í nál. minni hl. menntmn. á þskj. 1161 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er álit minni hl. að það yrði skólastarfi í grunnskólum landsins ekki til framdráttar ef þeir nemendur, sem nú hverfa úr skóla eftir 8. bekk, yrðu skyldaðir til að halda áfram námi sem þeir hafa engan áhuga á. Minni hl. telur að þeir nemendur, sem þannig yrðu þvingaðir til skólaveru, gætu skaðast verulega með slíkri ráðstöfun og e. t. v. gæti það komið í veg fyrir framhald í námi síðar meir."

Fyrir þessum getgátum skortir öll rök og því miður hafa sáralitlar rannsóknir verið gerðar sem staðfest geti eitt eða annað í þessum efnum.

Það hljómar út af fyrir sig vel að vilja auka valfrelsi nemenda og halda því á loft að þeim hljóti að vera námið þeim mun ljúfara og léttara ef þeir stunda það af fúsum og frjálsum vilja. Málið er bara ekki svona einfalt.

Eins og nú háttar eru unglingar frjálsir að því að hætta skólanámi eftir átta ár í grunnskóla. Reynslan sýnir að um 95% nemenda sem ljúka námi í 8. bekk halda áfram námi í 9. bekk, enda veitir 8. bekkjar prófið þeim engin réttindi hvorki til starfs né framhaldsnáms. Sem fyrr segir höfum við allt of litlar rannsóknir að styðjast við þegar þessi mál eru rædd, en fullyrða má að ein meginástæða þess að nemandi hættir skólagöngu eftir 8. bekk sé umfram allt aðstaða hans heima fyrir. Kemur þar hvort tveggja til, atvinnulífið í sjávarplássunum, sem kallar unglingana til starfa áður en þeir hafa aflað sér sérhæfðrar menntunar, svo og fjarlægð við skóla sem víða hamlar gegn aðsókn nemenda í dreifbýlinu. Á því er veruleg hætta að allmargir nemendur haldi ekki áfram námi af þessum sökum, sem hér voru nefndar, ef átta ára skólaskyldan verður lögfest og mun það að mínu viti enn auka á aðstöðumun nemenda eftir búsetu. Við skulum ekki heldur gleyma því að víða úti um land er starfstími skólanna skemmri en í þéttbýlinu, sem eykur enn á aðstöðumun nemenda, þótt á hinn bóginn megi e. t. v. halda því fram að sums staðar njóti nemendur betri einstaklingskennslu í fámenninu.

Við Kvennalistakonur höfum haft áhyggur af þessum aðstöðumun og lögðum fram till. á haustþingi til leiðréttingar. Hún er á þskj. 142 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að tryggja að ríkissjóður gegni sömu skyldum hvað varðar fjárframlög við 9. bekk grunnskóla og við aðra bekki grunnskólans, án þess þó að skólaskylda komi til."

Nú má vera að tillgr. sé óheppilega orðuð að því leyti að hana má skilja svo að við séum beinlínis andvígar því að 9. bekkur tilheyri skyldunáminu. Það er þó ekki raunin. Í þessari þáltill. felst það að nemendur 9. bekkjar njóti sömu réttinda og aðrir nemendur grunnskóla þrátt fyrir að skólaskylda 9. bekkjar hefur ekki komið til framkvæmda og verið frestað ár eftir ár. Megingallinn við þá framkvæmd er það hróplega óréttlæti, sem hefur fylgt í kjölfarið, að nemendur 9. bekkjar hafa ekki setið við sama borð og aðrir nemendur grunnskóla hvað varðar framlög úr ríkissjóði.

Nú er það svo, að unglingar innan 16 ára aldurs teljast ekki fullgildir á vinnumarkaðinum og hafa því lágt kaup. Þrátt fyrir það hafa verið lögð á þá útgjöld umfram aðra grunnskólanema, svo sem námsbóka-

kaup. Í dreifbýlinu hefur þessi mismunun í raun og veru gengið enn lengra þar sem nemendur hafa þurft búsetu vegna að vera í heimavistarskólum. Öll börn og unglingar, sem í heimavist eru, greiða hráefniskostnað í mötuneyti, en auk þess er nemendum 9. bekkjar gert að standa straum af launakostnaði starfsfólks í mötuneyti. Má því ljóst vera að útgjaldaaukning heimilanna vegna þessa er umtalsverð. Við litum því svo á að till. okkar væri réttlætismál.

Við urðum þess mjög varar á hringferð okkar um landið í fyrrasumar hve miklar áhyggjur voru í dreifbýlinu af þeim aðstöðumun sem er á milli náms í dreifbýli og þéttbýli. Það voru menntunarmál barnanna sem virtust víðast hvar brenna heitast á foreldrum í dreifbýli. Erfiðleikarnir við að kljúfa kostnaðinn, sem fylgir því að senda unglinga langa vegu til langdvalar, eru býsna mörgum um megn þannig að það hefur dregið úr því að foreldrar hafi treyst sér til að senda börn sín í 9. bekk. Þetta var því tilraun okkar til að taka á þessu máli.

Þetta var sem sagt okkar afstaða og þessi till. var borin fram nú m. a. vegna þess að við töldum fremur lítil líkindi til þess að níunda árið yrði lögfest í bráð. En ég vil taka hér af öll tvímæli um það að við munum greiða atkv. gegn því frv. sem hér er til umr. Í grunnskólalögunum er kveðið á um að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms. Með lögfestingu þess frv. sem hér er til umr. værum við að festa í sessi aðstöðumun nemenda eftir búsetu og það væri að mínu viti spor aftur á bak.

Páll Dagbjartsson: Herra forseti. Þá er enn einu sinni komið til umræðu hér á hinu háa Alþingi hvort hér á landi skuli vera í gildi skólaskylda í 9. bekk grunnskóla eða ekki. Á hverju þingi síðan 1980 hefur gildistöku þessa ákvæðis grunnskólalaganna verið frestað um eitt ár í senn. Nú er það ekki verulega sniðugt að halda svoleiðis afgreiðslu máls áfram ár frá ári og því fagna ég því að nú gefst tækifæri til að skýrt og afdráttarlaust komi í ljós vilji Alþingis í þessu efni. Sú var meining mín með því að leggja fram frv. hér í þd. s. l. vetur. Mér var fullljóst að hv. þm. mundu hika við áður en þeir samþykktu þá kerfisbreytingu sem frv. felur í sér, þ. e. að stytta skólaskyldu um eitt ár frá því sem nú er. Hins vegar vonaðist ég til að málið fengi nokkra umfjöllun og í framhaldi af því yrði gerð víðtæk athugun á hverja menn teldu heppilegustu leið varðandi lengd skólaskyldunnar hér.

En hvers vegna hefur ekki ákvæði grunnskólalaga um skólaskyldu í 9. bekk komið enn til framkvæmda ellefu árum eftir gildistöku laganna? Einfaldlega vegna þess að mikil andstaða hefur verið gegn þessu ákvæði. Rétt er að hafa í huga að það hefur margt breyst í okkar þjóðlífi á þessum síðustu ellefu árum og því í raun sjálfsagt að taka þetta til endurmats. Raunar höfum við, sem störfum í grunnskólum landsins, átt von á því að víðtæk endurskoðun færi fram á öllum lagabálkinum í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur.

En um hvað snýst þetta mál í reynd? Það snýst um það hvort með lagaboði á að þvinga inn í 9. bekk grunnskóla þá einstaklinga, sem eru um 5% úr hverjum aldursárgangi eins og hér hefur komið fram, sem ýmissa orsaka vegna kjósa að hverfa frá námi eftir 8. bekk og fara að vinna, hvort það skuli sem sagt berja þetta fólk til bókar. Ég segi nei. Unglingur á þessum aldri, sem þvingaður er til þess að vera í skóla, kemur í skólann með neikvæðu hugarfari sem getur snúist upp í andstöðu gegn skólanum og gegn þjóðfélaginu. Þetta getur haft þau áhrif að sá hinn sami eigi mun erfiðara með að hverfa að námi síðar vegna innri togstreitu sem skapast hefur í skólanum.

Taki einstaklingurinn sjálfur um það ákvörðun í samráði við foreldra sína hvort hann hættir námi eftir 8. bekk og fer að vinna eða heldur áfram námi framkallar það jákvætt hugarfar. Það er einmitt þetta jákvæða hugarfar sem ég tel að skipti afar miklu varðandi árangur í öllu námi. Að knýja menn til einhverra verka er allt annað og verra en að bjóða að ganga til þess sama af fúsum og frjálsum vilja. Með þessu frjálsa aðgengi í 9. bekk er verið að efla sjálfsvitund nemandans. Hann finnur til ábyrgðar gagnvart sjálfum sér og sinni framtíð og þá um leið ábyrgðar gagnvart þjóðfélaginu. Það er af hinu góða. Þetta hef ég orðið mjög svo var við í starfi mínu á undanförnum árum. Hið neikvæða hugarfar sem þetta valdboð kann að framkalla hjá unglingnum getur haft veruleg áhrif á heimili viðkomandi og ég tala nú ekki um yngri systkini. Foreldrarnir snúast í andstöðu gegn skólanum því þeir sjá engan tilgang í því að hafa unglinginn í skólanum þar sem hann gerir sér ekkert að gagni. Ekki má gleyma því að enn þá er atvinna fyrir unglinga í okkar þjóðfélagi og skóli vinnunnar getur verið betri en sá skóli sem menn eru þvingaðir til að stunda.

Hvað skólann snertir munu áðurnefndir nemendur skapa þar ýmsan vanda. Það þarf tíma, það þarf peninga og mannskap til að bregðast við honum. Eins og nú háttar, þ. e. þegar kennarar flykkjast úr starfi, fyrst og fremst vegna lélegra launa, eiga margir skólar í erfiðleikum með að fá starfslið. Við þannig aðstæður þýðir ekki að gera meiri kröfur til skólanna en nú eru gerðar.

Það ætti öllum að vera ljóst að fræðsluskylda í 9. bekk er mun sanngjarnari og viturlegri tilhögun en skólaskylda. Lengd skólaskyldu tryggir ekki gæði skólastarfsins og menntunarinnar né hefur bætandi áhrif í uppeldislegu tilliti. Það er haft eftir Jónasi Pálssyni, rektor Kennaraháskóla Íslands, að það mætti vel hugsa sér afnám allrar skólaskyldu vegna þess að fólk telur skólagöngu svo sjálfsagðan hlut í uppeldi nú til dags að engan þurfi til hennar að skylda með lögum.

Í mínum huga er það sífellt að verða ljósara að það er í rauninni rangt að tala um grunnskólann frá 6—16 ára sem eina heild því svo ólíkt er starfið sem fram fer í efstu bekkjum því sem fram fer í þeim neðstu. Elstu árgangarnir tveir skilja sig þarna frá að mörgu leyti. Þá fer fyrir alvöru að verða brýn þörf fyrir að rækta upp einstaklingseiginleikana og laga skólakerfið að hæfileikasviði hvers og eins. Með þeim sveigjanleika sem viðgengist hefur í 9. bekk undanfarin ár hefur reynst unnt að mæta þessum kröfum að nokkru. Fyrir mér er það skýrt að þessi sveigjanleiki er fyrir hendi af því að 9. bekkur er ekki inni í skyldunámsmiðstýringunni.

Ég hef mjög svo orðið var við það nú undir vorið að það eru í raun allir óviðbúnir að skólaskylduákvæðið, sem hér um ræðir, komi til framkvæmda í haust. Það hafa allir, sem hlut eiga að máli, beinlínis reiknað með að óbreytt skipan héldist, a. m. k. næsta skólaár. Það hafa engar vísbendingar borist frá menntamálayfirvöldum um annað, nema þá að ég frétti að í útvarps-

fréttum í gærkveldi hefði komið frétt um að það væri vilji menntmrh. að láta þetta ákvæði um skólaskyldu í 9. bekk koma til framkvæmda á hausti komanda. Ég leyfi mér að telja það lágmarkshátttvísi að gera skólum landsins ljóst áður en þeir luku störfum í vor að fyrirhugað væri að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda á hausti komanda þannig að unnt hefði verið að koma boðskapnum til nemenda, til foreldra og til kennara.

Einn aðili er enn ónefndur í þessu tilliti, en það er Námsgagnastofnun. Ég hef það beint frá forsvarsmönnum þeirrar stofnunar að hún er allsendis óviðbúin nú með tveggja og hálfs mánaðar fyrirvara að sinna skyldum sínum með ókeypis úthlutun námsbóka til handa nemendum 9. bekkjar í haust. Þar kemur margt til, m. a. samningar við bókaútgefendur svo og fjárskortur.

Ég vil hvetja til þess að hv. þm. hugsi sig vel um áður en þeir samþykkja till. meiri hl. menntmn. því að þá kemur til framkvæmda af sjálfu sér skólaskylda í 9. bekk grunnskóla í haust. Ég vek athygli á því að með till. minni hl. hv. menntmn. er séð fyrir kostnaðarhliðinni því að með fræðsluskyldu fá nemendur greiddan þann kostnað til jafns við aðra nemendur í skyldunámi, en eru ekki skyldaðir til að sitja í skólanum.

Þetta mál, sem hér um ræðir, er ekki ágreiningsmál milli dreifbýlis og þéttbýlis. Það er ekki flokkspólitískt mál. Ég vil láta þess getið þessu til stuðnings að á fundi í fræðsluráði Reykjavíkur þann 10. júní var samþykkt áskorun til menntmrh. um að fresta gildistöku ákvæðis um skólaskyldu í 9. bekk þar til fram hefði farið víðtæk athugun á ágæti þeirrar aðgerðar.

Það var gerð samþykkt á fundi kennara í Norðurlandsumdæmi eystra að Þelamörk 8. mars sem mig langar að lesa, með leyfi forseta:

„Fundur kennara á Norðurlandi eystra, haldinn 8. mars 1985, skorar á Alþingi og menntmrh. að tryggja öllum börnum ókeypis skólagöngu frá 6—16 ára aldurs án þess að lengja skólaskyldu upp á við frá því sem nú er framkvæmt."

Sameiginlegur fundur fræðsluráðs og allra skólastjóra á Norðurlandi vestra samþykkti samhljóða sams konar ályktun á fundi 12. mars í vetur, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sameiginlegur fundur fræðsluráðs og skólastjóra á Norðurlandi vestra, haldinn á Blönduósi 12. mars 1985, telur ekki réttan tíma nú til þess að til framkvæmda komi skólaskylda fyrir 9. bekk grunnskóla, en mælir með því að nú þegar verði ákveðin fræðsluskylda til reynslu."

Ég vil vekja athygli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur á því að sú brtt. sem minni hl. hefur lagt hér fram kemur einmitt til móts við þau sjónarmið sem koma fram í þáltill. sem hv. þm. var flm. að ásamt fleirum í haust og heyrðist mér á máli þm. áðan að hún væri heldur að draga í land með það sem stendur í þeirri þáltill.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var með ýmsar spurningar sem hann vildi fá svör við. Hann er nú fjarverandi og sennilega farinn úr húsinu þannig að ég sé ekki ástæðu til að fara að tíunda það frekar að honum fjarstöddum, en þó hefði ég kosið að geta skotið á hann orði síðar. Sumu af því sem hann spurði um hef ég þegar svarað í málflutningi mínum hér að framan. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni, ekki síst ef hann telur ástæðu til að tala þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er viðstaddur? Meiningin var að gera hlé á þessum fundi sem allra fyrst en hefja að nýju fund kl. hálf níu.) Já, ég get svarað forseta því að ég á ofurlítið eftir, en ég hefði gjarnan óskað eftir því að fá að tala við hv. þm. Hjörleif Guttormsson. (**Forseti:** Þá vildi ég gera hlé á þessari umr. nú og byrjar hún að nýju kl. 8.30 í kvöld.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það var orðið þunnskipað lið hér er gert var hlé á fundi fyrir klukkutíma og korteri og lítið hefur fjölgað, því miður. En þar sem komu fram bæði spurningar og ábendingar frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, sem ég vildi gjarnan svara, óskaði ég eftir að fá að ræða þetta mál aðeins frekar eftir fundarhlé.

Ég vil byrja á því að ítreka að ég gerði mér fulla grein fyrir því þegar ég lagði fram frv. mitt hér í Nd. í vetur að það gengi skrefi lengra en flestir gætu hugsað sér að samþykkja umhugsunarlaust, en vænti þess að þar hefði verið slegið fram nýjum hugmyndum sem vektu umhugsun og umræðu. Ég hef einmitt orðið var við það í mörgum símtölum og öðrum viðtölum að þessar hugmyndir, sem komu þar fram, eru taldar vera vel þess virði að þær séu skoðaðar.

Hér er verið að ræða um skólaskyldu og það kom fram í máli hv. þm. áðan að sennilega teldu engir að afnema bæri skólaskyldu alveg. Ég vil leyfa mér að endurtaka tilvitnun í þann merka skólamann Jónas Pálsson, rektor Kennaraháskóla Íslands, en hann sagði á fundi Bandalags kennarafélaga á Norðurlandi eystra að í raun væri kannske allt í lagi að afnema skólaskyldu alveg þar sem skólaganga væri orðin svo sjálfsögð í hugum foreldra á Íslandi að það þyrfti ekki að skylda foreldra til að senda börn sín í skóla.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að í mínum huga er með því að skylda nemendur til að koma í 9. bekk verið að stórauka kröfur til skólanna, en ég tel að þeir séu ekki í stakk búnir til að rísa undir aukinni kröfugerð, hvorki í þéttbýli né dreifbýli. Það er vitað mál að það er viss flótti úr kennarastétt og á meðan þannig ástand ríkir er mjög varhugavert að ætla skólunum að auka gæði starfsins. Þetta þýðir að við sitjum uppi með lélegri skóla, lélegri menntun og lélegra uppeldi fyrir alla nemendur.

Ég legg afar mikið upp úr því að það verði í nútíð og framtíð reynt að halda opnum sveigjanleika sem viðgengist hefur í 9. bekk grunnskóla á undanförnum árum. Ég er þeirrar skoðunar að við getum fært þennan sveigjanleika niður í 8. bekk einnig og þannig stórbætt skólastarfið. Þegar ég tala um sveigjanleika er ég fyrst og fremst að meina að nemendur geti valið mismunandi leiðir, valið mismunandi námsgreinar við sitt hæfi, sitt áhugasvið. Með því móti fáum við í raun miklu betri menntun. Við þurfum að leggja aukna áherslu á að þroska upp einstaklingseiginleikana, laða fram það besta sem býr með hverjum nemanda, það besta sem hann hefur fengið í vöggugjöf. (**GJG:** Þarf að þróa upp skólann til þess?) Það þarf þess, já, og skólinn er til þess ætlaður.

Það kom fram í máli hv. þm. Halldórs Blöndal áðan, þegar hann var að mæla fyrir nál. meiri hl., að hann vitnaði til 49. gr. laganna varðandi undanþágur. Það hefur verið þannig í reynd með undanþágur frá skólagöngu neðar í skyldunámi að það er ákaflega flókið kerfi sem þarf að fara í gegnum til að fá undanþágur frá

skólaskyldu. Þegar búið er að ganga í gegnum þennan frumskóg, sem ég fer ekki nánar út í að lýsa hér, er nemandinn virkilega orðinn stimplaður sem óferjandi og óalandi, útskúfaður. Þetta er því afar slæmur kostur, að mínu mati.

Þá vil ég sérstaklega víkja að nokkrum atriðum sem komu fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrir kvöldmatarhlé.

Ég vil taka það fram, að hér er ekki um ágreiningsmál að ræða milli þéttbýlis og dreifbýlis. Um það vitnar fjöldi samþykkta og nú nýverið samþykkt í fræðsluráði Reykjavíkur. Ég vitnaði einnig áðan til samþykkta sem gerðar hafa verið í báðum Norðurlandsumdæmunum.

Það hefur verið talað um að þeir sem ekki ljúka 9. bekk komist ekki lengra í skólakerfinu, það sé komið ákveðið gat. Þetta er bæði rétt og rangt. Þeir geta haldið áfram námi síðar hverfi þeir frá námi í 8. bekk. Þeir geta koma inn í framhaldsnám 18 ára gamlir, inn í svokallaða núll-áfanga, stefni hugur þeirra til þess. Það verður svo líka að taka fram að kannske er ekki hægt að segja að það sé um neitt gat að ræða. Skyldunáminu lýkur einfaldlega þarna, lýkur er nemandinn hefur náð 15 ára aldri. Síðan er hverjum og einum frjálst að halda áfram ef hugur stefnir til þess hjá nemandanum og hjá foreldrum.

Ég ítreka að sé frjálst aðgengi í skóla, og það vakti fyrir mér líka með því að brydda upp á hugmyndum um að gera 8. bekk utan skyldu líka, erum við að efla sjálfsvitund og sjálfsábyrgð nemandans. Við látum hann finna að hann ber sjálfur ábyrgð á sinni framtíð. Þetta tel ég vera ákaflega mikilsvert í uppeldislegu tilliti.

Það er talað um að nemendur á landsbyggðinni hverfi frekar frá námi eftir 8. bekk en nemendur í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu, þetta hafi reynslan sýnt á undangengnum árum. Þetta má vera að rétt sé. Ég hef reyndar ekki tölur handbærar um það, en vil vekja athygli á því að atvinnuþátttaka ungmenna er mun meiri úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, bæði til sjávar og sveita. Þetta held ég að sé kannske þyngst á metum í þessu tilliti. Ég held því hiklaust fram að sú skólun sem nemendurnir fá með því móti að taka þátt í atvinnulífinu sé mun betri en þvinguð skólaseta í bekkjardeild gegn vilja viðkomandi nemenda.

Hvað kostnaðarhliðina varðar er því til að svara að ef 9. bekkur verður gerður fræðsluskyldur er þar komið til móts við þau sjónarmið og þarf ekki að ræða þau frekar.

Það var vitnað til skipanar þessara mála í öðrum löndum. Mér finnst allt of mikið gert að því að sækja viðmiðun til nágrannalandanna og í mörgum tilfellum hefur mistekist í því að apa eftir öðrum þjóðum. Ég vil spyrja í þessu tilliti: Er hér lágur menntunarstandard miðað við þær þjóðir sem sóttar voru til viðmiðunar áðan? Ég segi nei. Hann er hár þrátt fyrir að hér er ekki löng skólaskylda. Þetta þýðir að skólaskylda er ekki endilega trygging fyrir góðri menntun og farsælu skólastarfi. Þar þarf allt annað að koma til.

Að lokum vil ég segja að ég er í hjarta mínu sannfærður um að það er rangt að lögbinda skólaskyldu í 9. bekk. Það hefur starfsreynsla mín sem kennari og skólastjóri í 16 ár sýnt mér og kennt og sannfært mig um. Því vil ég ítreka áskorun til hv. þdm. að fella till. meiri hl. hv. menntmn., en samþykkja þess í stað till. þeirra Ólafs Þ. Þórðarsonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar því að hún felur í sér þá skipan sem langflestir geta fellt sig við.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það frv. sem við höfum hér til meðferðar er um það að stytta skólaskylduna á Íslandi. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um að ég er andvíg frv. Ég tel að þau rök sem lágu til þess að skólaskyldu var komið á á Íslandi séu enn í fullu gildi. Ég tel að þau rök sem þungvægust voru hafi verið þau að sem flest af landsins börnum ættu að eiga kost á hinni bestu menntun og það hefði mikið gildi til að auka velfarnað þeirra í lífinu. Ég held að þessi rök eigi ekki síður og jafnvel fremur við í dag en áður. Ég veit ekki hvort við höfum nokkurn tíma lifað tímabil eins og nú því að það sem máli skiptir á næstum að segja hvaða vettvangi atvinnulífsins sem er er þekking og færni í því sem verið er að fást við. Þegar við berum saman við aðrar þjóðir er það ekki vegna eftiröpunar, heldur vegna þess að við störfum við hlið þessara þjóða á ýmsum vettvangi og eigum í samkeppni við þær. Við verðum að sjá til þess að það vinnuafl sem landið hefur, það fullorðna fólk sem er hverju sinni uppi á okkar landi, sé fyllilega fært um að axla alla þá ábyrgð sem það hlýtur að hafa í för með sér að sjá um þetta litla, sjálfstæða þjóðfélag á þann veg að við getum boðið upp á nútímavelferð sem við teljum óhjákvæmilega og skynsamlega.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé í þágu hagsmuna og réttinda unglinganna sjálfra að láta grunnskólalögin koma til framkvæmda. Það er eins og við vitum miðað við aldursmarkið 16 ár. Það er sama aldursmarkið og sjálfræðisaldur miðast við í lögræðislögum. Það hefur þótt skynsamlegt og ekki ástæða til að breyta því að þau réttindi sem menn fá til þess að ráða högum sínum og sú ábyrgð sem menn fá við 16 ára aldur séu í lögum bundin. Mér þykir ekki óeðlilegt að skólaskyldan nái einnig til þess aldurs. Ég tel að í raun og veru séu sömu rök að baki skólaskyldu á síðasta námsári og skólaskyldu yfir höfuð.

Það er auðvitað rétt, sem hv. flm. þessa frv. reifaði hér, að það má velta því fyrir sér frá heimspekilegu sjónarmiði hvaða gildi skólaskylda hafi yfirleitt, hvort það laði ekki betur fram frumkvæði einstaklings í skólanum að það sé einungis fræðsluskylda, hann eigi kost á fræðslu en verði sjálfur að bera sig eftir henni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé löggjafans að sjá til þess að fólk á aldrinum 7—16 ára fái fræðslu. Það er nákvæmlega jafnerfitt að sitja í skóla andstætt vilja sínum þegar maður er 13 ára og þegar maður er 15 ára. Námsleiði er auðvitað erfitt fyrirbæri á hvaða aldri sem barn er, en svo er fyrir að þakka að nútímauppeldisvísindi hafa kennt mönnum ýmis ráð til þess að etja kappi við þennan margnefnda námsleiða og það svo að stundum velta menn því fyrir sér hvort alveg sé rétt að staðið, og hvort það sé e. t. v. á kostnað þeirrar kunnáttu sem menn fá í skólunum.

Með því að opna leið til að láta undan því að fara úr skólanum þegar hverjum og einum sýnist, eins og gert væri með þessu frv. og raunar líka með brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að því er tekur til þeirra ára sem í brtt. segir, erum við líka að draga úr þeirri aðstoð sem hið unga fólk fær til að búa sig undir lífið, eins og sagt er. Það er eins og menn telji stundum að lífið byrji ekki

fyrr en menn hafi lokið námi. En með því að gera þetta eigum við vissulega á hættu að leið lokist til frekara náms, að menn taki sig ekki til einhvern tíma síðar á ævinni og setjist í núll-áfanga í framhaldsskóla til þess svo að fara í framhaldsskólann. Það eru töluverð brögð að því að fólk geri það ekki þó það þurfi á því að halda. Ég sé ekki nauðsyn á að breyta því ákvæði í grunnskólalögunum sem er í 1. gr. þess og veitir unglingum landsins þá vernd, vil ég segja, sem í því felst að þeim sé skylt að sækja skólann með þeim sveigjanleika þó sem lögin gera ráð fyrir að sérstaklega gæti verið í 9. bekk.

Það er auk þess alveg rétt, sem hér hefur komið fram í máli nokkurra hv. þm., að þetta skapar mismunun milli landshluta. Það kann vel að vera að þetta sé ekki deilumál milli dreifbýlis og þéttbýlis. Hins vegar held ég að þetta sé mál sem varðar mismunandi réttindi dreifbýlis og þéttbýlis. Ég held að samþykkt frv. dragi úr möguleikum þeirra sem í dreifbýlinu búa. Þar er kostnaður foreldra meiri af því nú að hafa börn í 9. bekk en er í þéttbýlinu. Þeir bera nokkurn kostnað við mötuneyti og heimavist. Þar liggur e. t. v. beinna við að 15 ára unglingur segði: Hví skyldi ég ekki fara út og vinna fyrir mér og leggja til heimilisins í staðinn fyrir að láta greiða fyrir mig í mötuneyti í skólanum? — Með þessu er verið að skapa misrétti milli 15 ára nemanda og systkina hans sem kannske eru í sama skóla. Ég held að við ættum að sjá hverju fram vindur ef við látum koma til framkvæmda margumræddа 1. gr. grunnskólalaganna. Það er ómögulegt að dæma um þetta, eins og menn gera hópum saman, og tala um reynsluna af skólaskyldu fyrir 15 ára fólk þegar hún hefur aldrei komið til framkvæmda. Hvernig á að meta þá reynslu þegar þetta hefur aldrei komið til framkvæmda? Það er auðvitað ekki hægt. Þess vegna eigum við að láta 1. gr. grunnskólalaganna koma til framkvæmda.

Það hefur verið látið í veðri vaka mörg undanfarin ár, þegar 88. gr. grunnskólalaganna hefur verið breytt þannig að skólaskyldan frestaðist, að það væri af fjárhagsástæðum. T. d. hefur þessi breyting stundum verið gerð inni í hinum svonefndu bandormsfrv. um efnahagsráðstafanir eða þá jafnvel í frv. sem tengjast fjárlagafrv. Á síðasta ári var þessi breyting gerð með öðrum hætti en áður hefur verið. Þá stóð svo á að það var ekki einungis um að ræða framlengingu með venjulegum hætti, eins og gerst hafði ár eftir ár, heldur var árið 1984 skv. lögum búið að hnykkja á þessu gildistökuákvæði vegna þess að fyrri hl. 88. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntmrn. þó eigi síðar en innan tíu ára frá gildistöku.“

Það var því kominn eindagi í fyrra, nánar tiltekið 21. maí 1984. Þessu var þá breytt í: innan ellefu ára.

Ég hef sagt það oft, bæði á Alþingi og við þá forsvarsmenn skólamála sem starfa að málum sem tengjast þessum þætti, að ég hygðist ekki bera fram tillögur til breytinga á þessu, enda var það ekki að minni tillögu sem þessi breyting var gerð í fyrra í sambandi við efnahagsráðstafanir. Ég hef þvert á móti skýrt frá því að ég miðaði allar áætlanir við að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda. Og þegar menn ræða um þann kostnað sem þetta hafi í för með sér og athuga þurfi það sérstaklega minni ég á að Alþingi hefur þegar tekið ákvörðun um það með samþykkt fjárlaganna nú í vetur því að í fjárlögunum eru ákvæði sem byggjast á því að skólaskyldan í 9. bekk komi til framkvæmda í haust.

Þessu geta menn flett upp í fjárlagafrv. og grg. þess. Í grg. frv. um grunnskóla almennt stendur m. a. að til mötuneyta skyldunámsnema í héraðsskólum skuli koma 1901 þús. Það er vegna þessa atriðis.

Í tillögum menntmrn. vegna Námsgagnastofnunar voru sundurliðuð atriði á þann veg að inni í framlaginu til Námsgagnastofnunar og til bókaútgáfu skyldu vera 6.3 millj. vegna námsbóka fyrir 9. bekk og 2 millj. vegna námsefnis fyrir nemendur með sérþarfir. Þetta ætti því ekki að koma neinum á óvart.

Ég hlýt að nefna þetta og vísa því á bug sem mér heyrðist hv. þm. Páll Dagbjartsson segja hér fyrr í kvöld, að það hefði verið lágmarkskurteisi að gera mönnum aðvart um að 9. bekkur yrði skylda í haust. Þetta var löngu ljóst og kunnugt.

Mér þykir þá skjóta skökku við ef það er ókurteisi að láta menn ekki sérstaklega vita af því að það eigi að fara að lögum. Það ætti engum að koma á óvart að fara eigi að lögum. Auðvitað á að fara að þessum lögum, en það á að tilkynna ef þeim er breytt. Ég ítreka að áætlanir voru við þetta miðaðar alveg frá því í haust og þetta stendur í fjárlagafrv. og það hefur Alþingi samþykkt. Alþingi tók því í raun og veru ákvörðun um málið í vetur, fyrir utan það að Alþingi tók náttúrlega ákvörðun um þetta þegar það setti grunnskólalögin.

En ég vil aðeins víkja að því atriði. Þegar rætt er um fjármagn vegna skólaskyldunnar í 9. bekk og þá lagaskyldu Námsgagnastofnunar að sjá skyldunámsnemendum fyrir ókeypis námsgögnum ber þess að gæta að í lagagreininni segir að það fari eftir ákvörðun námsgagnastjórnar þannig að það er námsgagnastjórnar að meta hvar skilin séu á milli þess sem skylt er að veita ókeypis eða ekki. Það geta verið ýmis svonefnd nýsigögn og hjálpargögn sem falla strangt tekið ekki innan þess ramma sem talið yrði skylt að láta í té ókeypis. Sama má segja um ýmis gögn sem tengjast valgreinum, enda hafa skólar viljað hafa frjálsræði um það hvaða námsgögn þeir létu nemendur hafa í ýmsum valgreinum. Valgreinarnar verða svo að sjálfsögðu misjafnar líka eftir því hvar skólar eru í sveit settir. Minna mætti t. d. á í því sambandi að ýmislegt það sem tengja má vali í 9. bekk er miklu nær því að vera þátttaka í atvinnulífinu en venjulegur skólabókalestur. Það er auðvitað mjög mikið matsatriði hvaða gögn fólk þarf að hafa sér til upplýsinga og leiðbeiningar við þess konar nám eða þess konar val.

Nú er það svo að milli 95 og 96% nemenda á landinu stunda nám í 9. bekk. Þeir sem ekki stunda nám í 9. bekk eru fyrst og fremst úti um landið. Ég get ekki séð að skynsamlegt sé að breyta lögunum þess vegna. Ég tel að sú grein grunnskólalaganna sem felur í sér svigrúm fyrir fræðslustjórn, 49. gr., geti alveg fullnægt þörfum þessara undantekninga á þann veg að nemendur hafi möguleika til að læra meira, búa sig betur undir ýmiss konar atvinnulíf og þeir eigi hægara með að koma inn í nám seinna. Sá hluti greinarinnar sem þetta varðar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta; og það er 4. mgr.:

„Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi

þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar."

Þetta ákvæði hefur e. t. v. ekki verið reynt í framkvæmd eins víða og skyldi. Ég er þeirrar skoðunar að með því að láta lögin koma til framkvæmda reyni miklu meira á þetta ákvæði og það muni meira verða gert að því að láta nám grunnskólabarna, sem eru í 9. bekk, tengjast atvinnulífinu á stöðunum. Ég hygg að sé af hinu góða að það sé gert á þann veg en ekki á þann veg að þau afsali sér náminu.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi tekið fram helstu atriðin sem ég vildi láta fram koma og ráða minni afstöðu í þessu máli. Ég veit að um þetta eru skiptar skoðanir meðal þm. og afstaða til þessa atriðis fer ekki eftir flokkum. Ég hygg að það væri spor aftur á bak að draga úr þeim möguleikum sem ég tel að grunnskólalögin gefi börnum og unglingum um allt land með því að breyta skólaskylduákvæðinu þar. Ég tel líka að það sé rétt og það sé börnum til góðs að þau hafi þessa skyldu til náms. Menn geta sagt: Það er ekkert skemmtilegt að læra ef það er sagt við mann: Þú skalt læra. En það er gert. Og þegar við segjum: Þú skalt læra, þá getum við eins sagt: Ég ber umhyggju fyrir þér.

Í dag vorum við að tala um bílbelti. Alþingi lögleiddi notkun bílbelta og af hverju? Af því að við bárum umhyggju fyrir meðbræðrum okkar og systrum. Það er vegna þess að við töldum fólk bjarga sér betur með því að nota bílbeltin. Við teljum líka að fólk bjargi sér betur með því að hafa þá lágmarksþekkingu sem grunnskólinn veitir. Ég tel m. a. s. að það sé alveg óhjákvæmilegt fyrir þjóðfélag sem vill bjarga sér í umheiminum í dag.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Við erum nú að ræða svo mikilvægt mál, sem varðar það hvers lags framtíðarþjóðfélag við byggjum, að ég vildi óska þess að við værum að ræða það að degi til þegar fleiri þm. væru hér þannig að þeir gætu af máli þeirra sem hér taka til máls tekið afstöðu — e. t. v. frekar út frá því. En við því verður ekki gert.

Tilgangur þessa frv. er eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta, „að ákveða skýrt í lögum hver skuli vera skólaskylda barna á Íslandi." Það vill svo til, að nú þegar er kveðið skýrt á um það í gildandi lögum að níu ára skólaskylda barna skuli vera hér á landi. Gildistökuákvæði þar að lútandi hefur því miður hins vegar æ ofan í æ verið frestað. Þrátt fyrir það get ég ekki orðið sammála þeim rökum sem fram eru borin með þessu frv. um ágæti þess að fækka skólaskylduárunum niður í sjö. Þar er því hreinlega haldið fram að með því verði það auðveldara fyrir öll börn að fá þörfum og óskum sínum fullnægt og að skólinn verði fyrir öll börn. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa það sem segir um þetta atriði í grg. með frv.:

„Í 1. gr. laga um grunnskóla, svo og þessa frv., er skýrt tekið fram að grunnskólinn skuli vera fyrir öll börn. Með þeirri breytingu sem þetta frv. felur í sér, þ. e. að stytta skólaskyldu um eitt ár frá því sem nú gildir, er gert ráð fyrir að auðveldara verði að nálgast þetta markmið og skapa aukið svigrúm í tveim efstu bekkjum grunnskólans til að koma til móts við þarfir og óskir hvers einstaklings."

Ég vek athygli á þessu vegna þess að mér finnst nánast að með því að fækka skólaskylduárunum niður í sjö sé verið að halda því fram að það verði auðveldara fyrir öll börn að fá óskum og þörfum sínum fullnægt. Því er ég alls ekki sammála.

Hv. flm. heldur því fram að með því að stytta skólaskylduna en jafnframt að lengja fræðsluskylduna náist fram aukin gæði menntunar með námsframboði við allra hæfi. Ég get ekki skilið hvers vegna ekki megi auka gæði menntunar í skólaskyldunni með því að hafa aukna skólaskyldu alveg eins og aukna fræðsluskyldu. Það er mér alveg fyrirmunað að skilja. Þar fyrir utan skilst mér að þetta gildi þá helst um síðustu tvö árin eða í tveim efstu bekkjum grunnskólans.

Það er áhugavert í þessu sambandi að vekja á því athygli — það er að vísu búið að vitna til þess áður í ræðu annars hv. þm. — að samkvæmt árbók OECD frá 1974 eru aðeins sex önnur lönd í heiminum sem þá eru enn þá með átta ára skólaskyldu. Þau hafa verið talin upp hér og ætla ég ekki að gera það aftur. Fimm lönd hafa þá skylduna styttri en þetta, þ. e. frá fjórum og að sex árum. Frv. miðar sem sagt þá að því að færa okkur nær þessum fimm löndum hvað varðar skólaskyldu. Þessi lönd eru: Thailand með fjögur ár, Indland með fimm ár, Tyrkland með fimm ár, Grikkland með sex ár og Chile með fimm ár.

Öll þau lönd sem við teljum okkur skyldust og eigum hvað mest samskipti við, bæði viðskiptalega og svo eins hvað varðar það að fólk sæki þangað framhaldsnám, hafa níu, tíu og jafnvel ellefu ára skólaskyldu. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt atriði, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að flestir sem þurfa að sækja framhaldsnám og geta ekki stundað það hér á landi eru háðir því að samræming sé í þessu efni milli heimalands og þess lands sem sækja skal nám í hvað varðar þann grunn sem byggt hefur verið á.

Í mínum huga er ekki að finna neina spurningu um kosti þess að skólaskylda verði níu ár. Í því sambandi nægir að nefna ýmsar skýrslur þar að lútandi. Það er t. d. að nefna hvað tekið er fram þegar um er að ræða hvatningu. Þar sem hvatningu vantar og aðstæður hvetja fremur til þess að nemendur fari út í atvinnulífið, eins og t. d. er sums staðar um að ræða í dreifbýlinu, þá eru það mun fleiri nemendur sem hætta námi að afloknum 8. bekk en gerist á þéttbýlissvæðum þar sem hvatning til náms er oft og tíðum meiri og möguleiki á atvinnuþátttöku er alls ekki jafnríkur.

Þar að auki er þetta lágmarksmenntun sem til þarf fyrir allt framhaldsnám í landinu og því ber brýna nauðsyn til þess að sem flestir ljúki 9. bekk. Ég álít það vera grundvallar- og undirstöðuatriði að unglingar séu á þennan hátt hvattir til náms og ég vil tala um það fremur sem hvatningu en þvingun, eins og sumir hv. þm. kjósa að nefna það, þegar sett er á skólaskylda fram yfir 9. bekk, vegna þess að ég tel að með því jöfnum við aðstæður sem m. a. eru mjög ójafnar og skapast vegna búsetu. Þær ástæður hafa verið raktar hér af öðrum og skal ég ekki fjölyrða um þær. Auk þess fer atvinnutækifærum mjög fækkandi í því framtíðarþjóðfélagi sem við stefnum hraðbyri inn í, sérstaklega fyrir þá sem litla og fábrotna menntun hafa. Ég vil sérstaklega taka fram að í þessu framtíðarþjóðfélagi sem alltaf er verið að tala um er alveg ljóst að þarf þekkingu og færni sem fæst með aukinni menntun þó vissulega komi þar einnig til reynsla í atvinnulífi.

Ég tel ekki að nemendur séu neitt færari um að taka ákvörðun né að þeir séu meira eða minna þvingaðri hvort sem það er árinu fyrr eða seinna sem skólaskyldu lýkur. Og ég get ekki ímyndað mér að það besta eða versta í hverjum nemanda laðist fremur fram, eins og mátti skilja á máli hv. flm., við það að hafa sjö ára skólaskyldu, eins og helst var að heyra.

Að mínu mati er það samræmingin við önnur lönd sem gildir og vegur hvað mest í þessu máli. Og ég verð að segja að ég er fegin að fregna að menntmrh. ætli sér að hrinda níu ára skólaskyldu í framkvæmd. Það má vera að það megi að einhverju leyti finna að því hvernig að var staðið að tilkynna að til stæði að hrinda níu ára skólaskyldu í framkvæmd, eins og kom fram í máli hv. flm., en ég verð að segja að ég er sammála hæstv. ráðh. um að það væri virkilegt spor aftur á bak að samþykkja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég vil hvetja til þess að fjárveiting verði, ef hún reynist ekki vera næg nú þegar í fjárlagafrv., stórlega efld og veitt strax fé til þessa verkefnis.

Ég vil að endingu vitna, með leyfi forseta, í orð Rósu Eggertsdóttur, sem um þessi mál hefur skrifað, og gera þau að orðum mínum. En hún segir:

„Ég ítreka þá skoðun mína að 9. bekk eigi að gera að skólaskyldu, að kennarar og skólastjórnendur eigi og verði að endurmeta starf sitt og það markmið sem starfið á að beinast að, að við breytum skólunum í þá veru að áhersla verði fyrst og síðast lögð á mannrækt, að við látum okkur alla nemendur skipta, hvaðan sem þeir koma, hvernig sem þeir eru og hvert sem þeir kunna að stefna."

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð og byrja á að undirstrika þau atriði sem ég er fullkomlega sammála hæstv. menntmrh. um.

Ég er fylgjandi því að það verði hætt af sparnaðarástæðum að greiða ekki fyrir börn sem eru í 9. bekk. Ég er sammála því og tel að við eigum að greiða fyrir öll börn í grunnskólanum hvort sem þau eru í 9. bekk, 8. bekk eða 7. bekk. Það atriði tel ég að horfi til mikilla framfara og að því leyti vil ég að grunnskólalögin komi til framkvæmda.

Það sem hér hefur komið fram og er eina ágreiningsefnið er spurningin um hvort það eigi að vera skilyrðislaus skylda hjá nemandanum og foreldrum hans að barnið fari í skóla, hvort foreldrarnir séu síður færir um að dæma það og barnið en einhver sálfræðingur e. t. v. langt í burtu, sem aldrei hefur séð þetta barn eða talað við það.

Því er haldið hér á lofti að þetta séu börn dreifbýlisins. Því miður eru þær skýrslur falsaðar. Það er mjög algengt, og það veit hver sá sem talar við útivistardeildina í Reykjavík, að börn hverfi héðan úr skóla. Og hvað er gert við þessi börn? Það er reynt að koma þeim fyrir úti á landi. Og um leið og búið er að koma þeim fyrir þar eru þau talin til dreifbýlisins í skýrslunum sem lagðar eru fram. (**Menntmrh.:** Hafa þau ekki lögheimili í Reykjavík áfram?) Þau eru talin út frá skólunum. Þegar talað hefur verið um fall nemenda í skólum hefur ekki verið farið eftir lögheimili. Þá hefur verið farið eftir skólum. Dvalarstaðurinn hefur verið lagður til grundvallar, eftir því sem ég best veit, í þessum efnum.

Ég hef staðið frammi fyrir því að ungur nemandi neitaði að koma í skóla. Hann var aðfluttur úr Reykjavík. Hann neitaði algjörlega að mæta. Hann var búinn að vera á öðrum stað fyrri part vetrar og var nú að koma í nýtt umhverfi. Hans rök fyrir því að neita að mæta voru þau að þá kæmust krakkarnir að því hvað hann vissi lítið. Hann vildi halda sinni reisn og frekar vera kaldur karl og mæta ekki. Og hann sagði við mig af því að hann var fullkomlega nógu greindur til að stunda skólanám: Ég fell í vor ef ég mæti hjá þér í skólanum. Hvað græði ég á því? Það verður bara stimplað að ég hef fallið á grunnskólaprófi.

Gallinn við grunnskólalögin er sá m. a. að sagt er að nemandinn megi koma aftur og stunda nám í grunnskólanum eftir eins vetrar hlé. Það er mjög erfið ákvörðun hjá nemanda að gera slíkt vegna þess að jafnaldrarnir eru allir farnir annað. Þeir eru annars staðar. Þess vegna er það miklu minna átak hjá viðkomandi nemanda að fara í fjölbrautaskóla og stunda þar nám í núlláfanga.

Það eru aftur á móti viss atriði í grunnskólalögunum sem eru hættuleg gagnvart því kerfi að halda hér uppi jafnvægi í námi hvar sem er á landinu. Það er það valfrelsi sem er í lögunum um lengd skólatíma á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þar er nefnilega um heilt ár að ræða í mismun. Mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. tæki vel eftir því.

Í 41. gr. segir, með leyfi forseta:

„Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs að kennsla hefjist á tímabilinu 15. sept. til 1. okt., og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

a. í 1.—3. bekk í sjö mánuði,

b. í 4.—9. bekk í sjö og hálfan mánuð."

Þarna er ekki aðeins heilt skólaár, heldur mun meira í mismun. Það er þetta sem er hættulegt í hinum samræmda skóla. Auðvitað gengur það ekki upp að hægt sé að framkvæma jafnmikla kennslu á þessum stutta tíma og þar sem ætlast er til þess að menn sitji í skóla frá 1. september og út maí.

Þetta gerum við nú samt, en það blasir við, og þær skýrslur hef ég skoðað, að fallið á grunnskólaprófinu er mun meira úti á landi að meðaltali en í Reykjavík, og þetta er ein af ástæðunum.

Ég vil undirstrika að það hvarflaði ekki að mér að standa að þeirri brtt. sem ég flyt hér ef ég liti svo á að með því væri ég að auka mismunun á milli landshluta. (**HBl:** Öllum getur missést.) Hv. 2. þm. Norðurl. e., sem hefur fengist mikið við kennslu, hefur á þessu aðra skoðun og ég tel ástæðulaust með öllu að virða ekki hans skoðun í þeim efnum. Ég veit að hún er af heilindum mótuð gagnvart börnum og unglingum. En ég ætlast einnig til þess að hann virði þá skoðun mína að það sé betra að standa að þessum málum á þann veg sem ég legg til og honum sé jafnljóst að það er af fullum heilindum gagnvart hagsmunum barna í þessu landi sem ég legg það til sem í brtt. stendur.

Mér er ljóst að hér er uppi skoðanaágreiningur og sá skoðanaágreiningur mun í reynd koma fram gagnvart um 5% af nemendum landsins. Hæstv. menntmrh. gerði sér grein fyrir því og hefur á því fullan skilning að hluti af þessum nemendum fengi undanþágu og færi

ekki í skóla þannig að prósentan yrði enn lægri í framkvæmd. Það er vissulega rétt að það gefur möguleika til áframhaldandi náms að ljúka 9. bekk, en fall á grunnskólaprófi gefur enga möguleika fram yfir það að ljúka ekki þessu námi. Þrátt fyrir allt hugleiða börnin þessa hluti mjög mikið og sína stöðu í þessum efnum.

Ég vil líka benda á að ég vona að í framtíðinni gerist það að hægt verði í íslenskum skólum að sinna meir hagsmunum hvers nemanda fyrir sig og þeir tímar muni koma að við fullnægjum grunnskólalögunum varðandi þær kröfur sem þau gera um þjónustu af hálfu ríkisins við þá nemendur sem eru á eftir í námi. En það væri líka vel ef við gætum staðið þannig að þessum málum að þeir nemendur sem eru á undan í námi gætu lokið því námi á átta árum. Það væri líka til bóta fyrir skólastarfið.

Ég vil bæta því við að ég ber fulla virðingu fyrir þeim málflutningi og þeim rökum sem hér hafa verið uppi höfð gagnvart níu ára skólaskyldu og mér er ljóst að þeir sem þar hafa flutt sitt mál eru sannfærðir um að þeir eru að gera börnunum greiða með því að leggja það til. Hins vegar er það staðreynd hvað þetta snertir að kannske er mín sannfæring óvenjufóst í þessu máli vegna þess að stóran hluta af ævi minni hef ég fengist einmitt við þetta verkefni og á þeirri reynslu byggi ég mína afstöðu.

ATKVGR.

Brtt. 1135 (ný 1. gr.) samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, NL, GE, GGS, HÁ, JS, JBH, KP, ÓÞÞ, PP, PD, PS, SV, StH, EH, EBS, FÞ, IG.

nei: GJG, GA, KÓ, HBl, HG, KH, KSK, ÓE, RH, SJS, SvG, GunnG, ÞP, AS, BÍG, GSig.

6 þm. (KJóh, MB, MÁM, StG, FrS) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 16:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara, frv. 119. mál (þskj. 123, n. 1109 og 1217). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið rætt nokkuð í menntmn. og er meiri hluti menntmn. sammála og og skilar nál. svohljóðandi:

„Nefnd á vegum menntmrh. hefur unnið að því að kanna með hvaða hætti sé unnt að ná samkomulagi við fulltrúa kennarasamtakanna um hvað felast skuli í frv. um lögverndun á starfsheiti kennara án þess að skólastarfi í landinu sé stefnt í hættu vegna kennaraskorts. Nefndin hefur ekki lokið störfum og því leggur meiri hl. til að frv. verði vísað til ríkisstj."

Um þetta mál voru mjög ítarlegar umr. hér í Sþ. fyrir ekki löngu og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem þá var sagt. Ég vil vekja athygli á að í því frv. sem hér liggur fyrir er einmitt gert ráð fyrir að lögverndun á starfsheiti kennara feli ekki í sér að útilokað sé að aðrir geti stundað kennslu sem er að sjálfsögðu vegna þess að hv. 1. flm. er vel kunnugur úti um land og veit hvaða afleiðingar það gæti haft á þeim stöðum.

Varðandi hitt atriðið, hvort í þessu frv. felist réttindi til handa kennurum, starfsöryggi, þá er svo ekki. Lög um embættisgengi kennara og skólastjóra frá 12. maí 1978 fela í sér ítarleg ákvæði um það hverjum skilyrðum kennarar þurfi að fullnægja til þess að þeir fái skipun. Í 11. gr. þeirra laga er fjallað um grunnskólakennara og þau skilyrði sem þar eru lögð til grundvallar skipun. Í 15. gr. eru með sama hætti talin upp þau skilyrði sem gilda skulu varðandi framhaldsskóla.

Þetta frv. fjallar því ekki um efnisatriði í þeim skilningi að frv. hafi þýðingu fyrir kennara í þeirra starfi. Á hinn bóginn liggur það fyrir að hæstv. menntmrh. er að vinna að þessu máli og ég tel að það sé gott fyrir málið, það sé farsælast fyrir alla aðila, bæði kennarasamtökin og aðra, að því starfi verði lokið. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd minni hl. menntmn. sem hefur skilað áliti um þetta frv. á þskj. 1109. Nál. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar. Minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frv. þetta var flutt snemma á yfirstandandi þingi og var við gerð þess haft samráð við stjórn Bandalags kennarafélaga sem sent hafði þingflokkum sérstakt erindi um þetta efni í september 1984. Um svipað leyti og frv. var lagt fram lýsti Ragnhildur Helgadóttir menntmrh. yfir því að rn. hennar hygðist flytja mál sama efnis. Skipaði menntmrh. nefnd til að vinna að samningu slíks stjfrv. og hóf nefndin störf 24. október 1984. *Í henni áttu m. a. sæti fulltrúar frá Bandalagi* kennarafélaga.

Við 1. umr. um þetta frv., sem nú liggur fyrir, beindi menntmrh. þeim tilmælum til menntmn. að fjalla um væntanlegt frv. samtímis. Við umræður í þinginu lýsti ráðh. því ítrekað yfir að nefnt stjfrv. væri senn fullbúið, síðast þann 19. febrúar s. l. Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir og nefnd sú, er vann að málinu á vegum menntmrn., hefur ekki verið kvödd saman síðan 22. febrúar s. l. Var starfi nefndarinnar þá nánast lokið, aðeins eftir að ganga frá leiðréttingum og fullræða eina grein sem varðaði réttindanám fyrir réttindalaust fólk í kennslustörfum að því er fram kemur í félagsblaði BK í maí 1985.

Í svari við fsp. 14. maí 1985 um hvað liði stjfrv. um lögverndun á starfsheiti kennara greindi menntmrh. frá því að ekki væri að vænta slíks frv. eins og sakir stæðu. Af hálfu menntmrh. og fulltrúa meiri hl. menntmn. hefur heldur ekki komið fram áhugi á að ná samkomulagi um það frv. sem nú liggur fyrir og leggur meiri hl. til að því verði vísað til ríkisstj.

Minni hl. telur hins vegar að eðlilegt sé að lögfesta þau ákvæði sem í frv. felast og að með því sé komið til móts við óskir kennara um leið og gætt er nauðsynlegs sveigjanleika með ákvæðum 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Því leggur minni hl. til að frv. verði samþykkt.

Guðrún Agnarsdóttir er áheyrnarfulltrúi í menntmn. og er hún samþykk þessu áliti.

Alþingi, 3. júní 1985

Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.
Hjörleifur Guttormsson, frsm.
Kristín S. Kvaran."

Eins og hér kemur fram eru það fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna sem taka undir þetta frv. og leggja til að það verði samþykkt.

Meiri hl. menntmn. valdi hins vegar þann kost að leggja til að frv. yrði vísað til ríkisstj.

Mál þetta hefur oft borið á góma hér á hv. Alþingi sem enn er að störfum og það af marggefnu tilefni. Hér var um að ræða annað tveggja eða þriggja stórra mála sem félög kennara lögðu áherslu á við hæstv. menntmrh. og ríkisstj. að fram næðu að ganga. Hið fyrsta var leiðrétting á kaupi og kjörum kennara, í öðru lagi, og því tengt, endurmat á störfum kennara miðað við breyttar aðstæður og auknar kröfur til þeirra í starfi og í þriðja lagi og ekki síst lögverndun á starfsheiti kennara eins og lagt er til með því frv. sem hér er til umr.

Hug kennara má m. a. lesa út úr erindi sem barst til alþm., dags. í Reykjavík 5. júní 1985, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi fulltrúaráðs Kennarasambands Íslands, sem haldinn var í Reykjavík 18. maí s. l., var m. a. rætt um lögverndun starfsheitis og starfsréttinda kennara. Á fundinum var gerð eftirfarandi samþykkt:

Fulltrúaráðsfundur Kennarasambands Íslands, haldinn 18. maí 1985, fordæmir að menntmrh. skuli ekki hafa lagt fram frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara sem nefnd á vegum menntrn. hefur unnið að í vetur. Á Alþingi 14. maí s. l. kom fram að menntmrh. fól fulltrúum rn. í nefndinni að vinna að frv. um lögverndun ekki einungis á starfsheiti heldur einnig á starfsréttindum kennara. Samkomulag náðist í nefndinni um slík frumvarpsdrög. Fulltrúaráð Kennarasambands Íslands krefst þess að menntmrh. leggi frv. tafarlaust fram.

Virðingarfyllst,
f. h. Kennarasambands Íslands,
Valgeir Gestsson."

Þetta erindi var sent alþm., eins og fram hefur komið, menntmrh. og fjölmiðlum.

Þetta mál þarf ekki ítarlegrar umræðu frekar af minni hálfu nema sérstök tilefni gefist til, svo oft sem ég hef um þetta efni rætt og eins og till. liggja fyrir um í fyrirliggjandi frv.

Það ber að geta þess vegna álitis meiri hl. menntmn. að í gær mun hafa komið saman sú nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði 24. október s. l. og vakti vonir um, bæði gagnvart samtökum kennara og hér á hv. Alþingi, strax í nóvember að væri alveg að ljúka störfum og aftur 19. febrúar að væri senn að skila af sér alveg næstu daga og í ágætis samkomulagi. Þessi nefnd, eins og kemur fram í áliti minni hl. nefndarinnar, var síðast kvödd saman 22. febrúar s. l. og svo aftur í gær. Þá kvaddi skrifstofustjóri menntmrn., sem er formaður nefndarinnar, hana saman eftir þetta langa hlé frá störfum. Það vekur kannske vonir um að það mál sem hér er á dagskráýti við stjórnvöldum þó að líkur séu til þess að meiri hl. ríkisstj. hér á Alþingi fylgi till. meiri hl. menntmn. og vísi þessu máli til ríkisstj. Rökin í áliti meiri hl. eru hins vegar alllangsótt þar sem vísað er til að nefnd þessi hafi ekki lokið störfum og þess vegna sé lagt til að frv. verði vísað til ríkisstj. Það er verk ríkisstj. og hæstv. menntmrh. sérstaklega að nefndin hefur ekki skilað af sér. Hæstv. menntmrh. hagaði því svo til að nefndin var ekki kvödd saman til starfa frá 22. febrúar þar til í gær loksins. Í febrúar, eins og sjálfur hæstv. ráðh. tók fram við umr. hér á Alþingi, var nefndin nánast búin að ljúka sínu starfi í góðu samkomulagi að því er nefndarmenn töldu.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess í máli sínu áðan að þetta frv. skipti í raun litlu máli, varðaði efnislega litlu. Það er mikill misskilningur og allsérkennileg sú kveðja sem hv. talsmaður meiri hl. er að senda kennarafélögunum með þessum orðum þar sem samtök kennara lögðu einmitt á það mjög þunga áherslu á síðasta sumri og sáu ástæðu til að senda þingflokkum öllum sérstakt erindi um þetta mál sem þeir töldu mjög mikilsvert. Mál þetta varðar nefnilega m. a. sjálfsvirðingu kennarastéttarinnar og rétt þeirra kennara sem hafa aflað sér tilskilinnar menntunar til að bera starfsheitið kennari og sitja fyrir um störf svo sem kennurum er raunar áskilið í gildandi lögum um störf kennara frá 1978, lög um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Ég vísa því á bug að lagasetning af þessu tagi mundi stofna skólastarfi í einhverja hættu. Sé um hættu að ræða er hún fram komin vegna aðgerða stjórnvalda gagnvart kennarastéttinni á starfstíma yfirstandandi þings þar sem segja má að stjórnvöld hafi gengið gegn eðlilegum og réttmætum óskum kennara um leiðréttingu á kjörum og einnig í sambandi við réttindi til starfa sem er það mál sem hér er til umræðu m. a. Þar er í rauninni ekki við aðra að sakast. Og í ákvæði til bráðabirgða með þessu frv. er tryggður sá sveigjanleiki sem eðlilegur er í máli sem þessu. Þess vegna ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að Alþingi gæti samþykkt þetta frv. og orðið með því við réttmætum óskum kennara um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum að svo miklu leyti sem kveðið er á um í frv.

Páll Dagbjartsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. um lögverndun á starfsheitinu „kennari". Þetta hefur alltaf vakið nokkra spurn í huga mér, allt frá því ég heyrði það fyrst rætt í röðum minna kollega, kennara og skólastjórnenda, hver rök lægju að baki þeirri kröfu að fá þess háttar lög sett hér á hinu háa Alþingi.

Ég er í fyrsta lagi almennt séð mjög efins um að ganga eigi langt í lagasetningu af þessu tagi. Ég held að það beri að fara varlega í þær sakir.

Í öðru lagi breytir þetta engu um það að áfram verður kennaraskortur vítt og breitt um landið og gæti jafnvel verkað þveröfugt og aukið á óróa og flótta úr kennslustörfum í hinni dreifðu byggð.

Í þriðja lagi er mér kunnugt um að þessar óskir frá Kennarasambandinu eru fram komnar í þeirri trú að lagasetning af þessu tagi mundi bæta hag stéttarinnar og bæta stöðu kennara í kjarasamningum og færa þeim meiri laun. Ég fæ ekki séð að þau rök fái staðist.

Hins vegar vil ég láta það koma skýrt fram að ég hef áhyggjur af því hve erfitt er að halda í vel menntaða og hæfa kennara vítt og breitt um landið. Við verðum að snúa við blaðinu með einhverju móti þannig að vel hæfir og menntaðir kennarar sæki beinlínis í kennslustörf.

Ég held að þar geti ekki nema eitt komið til, en það eru betri laun og breytingar á ýmsum atriðum er varða vinnuskyldu og vinnutilhögun kennara.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég

áttaði mig ekki alveg á því hver var andinn í ræðu hv. 5. þm. Austurl. þegar hann fjallaði um þetta mál. Ég held nefnilega að það hafi ekki legið ljóst fyrir hvort hann fylgdi þessu máli af einlægni og sönnum hug eða hvort hann var að reyna að nota þetta mál til þess að slá sig til pólitísks riddara og bar fyrir sig lögverndun á starfsheiti kennara því máli sínu til stuðnings.

Ég vil vekja athygli á því að í 3. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Takmarkað og/eða tímabundið leyfi til kennslustarfa má veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 1. gr."

Ég vildi nú gjarnan fá nánari og gleggri skýringu á því hvernig hv. 5. þm. Austurl. hugsar sér að framfylgja þessu ákvæði. Hvað á hann nákvæmlega við þegar hann talar um það annars vegar að leyfið skuli vera takmarkað og hins vegar að það skuli vera tímabundið og hvernig hugsar hv. þm. sér að leyfið skuli vera í senn takmarkað og tímabundið? Það væri fróðlegt að fá um það gleggri upplýsingar.

Hann lét svo um mælt um lögverndun á starfsheiti kennara í þeirri merkingu að slík lagasetning mundi þrengja möguleika þeirra sem ekki eru kennaralærðir til að stunda slík störf úti á landi að engin hætta væri fyrir hendi á að ekki fengist fólk til kennslustarfa úti á landi og bætir við: Sé um einhverja hættu að ræða er hún tilkomin á starfstíma yfirstandandi þings. Ég spyr þá: Er verið með þessu að gefa í skyn að á liðnum árum, á þeim tíma sem hann m. a. var í ríkisstjórn, hafi verið menntaðir kennarar í öllum störfum við skóla úti á landi? Ber að skilja það svo að menn með full kennararéttindi skipi stöður t. d. í framhaldsskólum utan þessa stór-Reykjavíkursvæðis sem við erum á nú? Ber að skilja þetta svo að þeir menn sem ekki hafa tilskilin leyfi og kenna þó við ýmsar menntastofnanir úti á landi hafi rækt sín störf svo illa að ástæða sé til að knýja fast á með það nú að gera þeirra starfsöryggi minna en verið hefur? Það má vel vera að það sé léttvægt í þessum sölum að draga úr starfsöryggi manna sem kannske hafa fengist við kennslu um 20 ára skeið með góðum árangri. En hitt held ég að við skulum líka hafa í huga, að ef löggjafinn og þeir sem þar eru með yfirlýsingum eða tillöguflutningi að draga úr starfsöryggi þessa fólks hlýtur að vakna sú spurning í þeirra huga hvort ekki sé kominn tími til að draga sig í hlé, ekki vegna þess að þeim falli ekki kennslan vel, ekki vegna þess að nemendur kunni þeim ekki vel sem kennurum og ekki vegna þess að þeir hafi ekki verið valdir til trúnaðar af sínum samstarfsmönnum, heldur vegna hins, að þjóðfélagið gerir þeim ókleift að rækja þetta starf áfram.

Ég held að þetta mál sé ekki einfalt. Ég held að þetta þing, sem nú situr, breyti engu um það hvort kennarar úti á landi séu fleiri eða færri með fulla menntun á þessum vetri eða næsta, öll tilskilin próf. Það held ég ekki. Ég held að við eigum ekki að tala um þetta mál á þessum grundvelli.

Ég sem gamall kennari í hópi þeirra sem ekki höfðu full réttindi veit vel hvaða augum við litum þá baráttu okkar að fá full starfsréttindi og knýja þjóðfélagið til að gefa okkur einhvern kost á því að sækja þau námskeið sem gild gætu orðið til þess að við gætum öðlast festu í starfi, verið settir til óákveðins tíma eins og var sá draumur sem við gátum vænst að rættist bestur. Auðvitað var þetta mikil barátta. Það var það. Á þeim tíma byrjaði það að tíðkast að þeir kennarar sem ekki höfðu fyllstu réttindi urðu að gegna störfum við lægra kaupi en aðrir kennarar. Og svo er það nú. Það munar verulegu í mánaðarlaunum hvort kennarar hafa tilskilin réttindi eða ekki. Þar eru því ekki greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Þetta liggur á borðinu. Ég vil líka segja að það fer misjöfnum sögum af því hvaða gagn kennarar hafa haft af þeim námskeiðum sem þeir hafa verið skyldugir til að sækja suður hingað til þess að öðlast réttindi. Samt hafa þeir sótt á þessi námskeið, lagt sig fram. Ég vil segja: Það er ekki lítil menntun að hafa kannske skilað afburða árangri í kennslustarfi í 10 eða 15 ár og njóta vaxandi trausts allra þeirra sem með þeim starfa, nemenda og kennara. Þetta er mikil menntun, þetta er mikið starf og mikil sjálfsögun, miklir mannkostir sem þessir menn hafa. Mér finnst þess vegna heldur verra þegar verið er að tala um þessi alvörumál hér í sölum Alþingis æ ofan í æ í því skyni að nota þau sem pólitískan vettvang fyrir umræðu sem mér finnst vera og hafa verið á of lágu plani.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Frv. um löggildingu starfsheita hafa verið flutt allmörg á síðari árum hér á hv. Alþingi. Sum þeirra hafa einnig fjallað um takmörkun starfsréttinda við starfsheiti ellegar löggildingu starfsréttinda sem starfsheitinu fylgdu. Að því er þetta mál varðar, þá er þetta ekki nýtt því að ályktanir hafa verið nokkrar á þingum kennarasamtakanna um að mikill hagur væri að því að löggilt yrði starfsheiti kennara. Slíkt telja margar stéttir ávinning. Það að löggilda starfsheitið eitt sér hefur fyrst og fremst í för með sér að þeir menn sem starfsheitið hafa fullnægja þá tilteknum menntunarskilyrðum þannig að viðskiptamaður veit hvaða menntun stendur á bak við það starfsheiti sem látið er uppi. Slíkt frv. var t. d. samþykkt á síðasta ári um bókasafnsfræðinga og veit ég að sú stétt manna hefur talið sér mikinn hag í því. Fleiri stéttir hafa sótt á um þetta í vetur. Þeim till. hefur ekki verið komið í þann búning að fært þyki að leggja frv. fram á Alþingi, enda hafa menn í þeim stéttum þá ekki verið á eitt sáttir um hvernig haga bæri slíkri löggjöf.

Það kom fljótlega í ljós, þegar skipuð hafði verið nefnd starfsmanna menntmrn. og fulltrúa Bandalags kennarafélaga, að löggilding starfsheitis fullnægði ekki hugmyndum þeirra sem í nefndinni sátu. Í starfi þessarar nefndar hefur komið í ljós að óskin um að takmarka aðgang að kennarastarfinu var í raun og veru miklu þyngri á metunum en óskin um að fá löggilt starfsheiti. Ég lýsti því yfir strax á haustdögum að ég væri fús til að vinna að frv. um löggildingu starfsheitis og að fylgja því fram. Þegar í ljós kom að fulltrúar kennaranna lögðu enn meiri áherslu á löggildingu starfsréttindanna eða m. ö. o. þrengingu aðgangsins að kennarastarfinu varð miklu vandasamara að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þess vegna m. a. hefur starf nefndarinnar tekið lengri tíma en ég hugði í upphafi.

Ég gerði mér vissulega vonir um það á fyrstu dögum þings í haust að það tækist á mjög skömmum tíma að fullbúa frv. til að leggja fram sem stjfrv. Því miður tók það lengri tíma af þessum ástæðum en ég hugði. Auk þess kom sú ástæða til í marsmánuði, sem öllum er í fersku minni, að drjúgur hluti félagsmanna í Bandalagi kennarafélaga var ekki að störfum sínum þrátt fyrir starfsskyldu. Þegar svo stóð á í þrjár vikur skilja menn

væntanlega að það var nokkuð snúið að vinna að löggildingu réttinda til að sinna því starfi sem menn neituðu að sinna þegar þeir höfðu lögbundna skyldu til þess. Þetta held ég að flestir skilji að var mjög erfitt við þessar aðstæður. Ég veit að fulltrúar kennaranna í þessari nefnd skildu þetta manna best sjálfir.

Hitt vil ég leiðrétta, sem fram kom hjá hv. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Austurl., að ekki hafi verið unnið í nefndinni frá því 22. febr. Þó að fundir lægju niðri þennan sérkennilega tíma í marsmánuði hefur verið unnið í nefndinni í vor. Það hafa aldrei í sögunni, að ég held, verið sérkennilegri tímar í hópi kennara vegna kjarabaráttu en í vetur. Þetta hlaut að hafa sín áhrif á starf nefndar sem þessarar.

Þegar hv. þm. vitnaði til bréfs frá Kennarasambandi Íslands, sem var með fordæmingum og bannfæringum, lýst skóggangssök eða ég veit ekki hverju, a. m. k. voru ekki spöruð orðin og yfirlýsingarnar þar, er þar nokkuð á misskilningi byggt. Þar er fullyrt að samkomulag hafi verið um frumvarpsdrög og fordæmt að þessi frumvarpsdrög skyldu ekki hafa verið lögð fram. Slíkt væri náttúrlega alveg með ólíkindum því að þetta var óafgreitt vinnuplagg. Það er því alrangt að frv. hafi verið fullbúið. Nefndin var í miðri vinnu sinni. Það er mjög sérkennilegt að fordæmt sé að ekki sé lagt fram ófullgert vinnuplagg. Slíkt er vitaskuld alveg fráleitt, enda hefur nefndin komið saman og ákveðið að gera hlé á störfum sínum til hausts, vegna þess hve sérkennilegt ástand var í málum kennara í vetur, og reyna til þrautar að komast að sameiginlegri niðurstöðu í haust.

Ég hygg að það sé ekki ótítt að mál geti reynst erfiðari úrlausnar þegar um er að tefla atriði sem varða mjög kjaramál manna og svo stendur á í þessu tilviki. En það atriði sem einkum veldur ágreiningi er að fulltrúar kennaranna í nefndinni hafa til skamms tíma lagt á það áherslu að svo verði þrengdur aðgangur að kennarastarfinu að rn. taldi það geta haft í för með sér hættu á því að ekki yrði unnt að starfrækja einhverja skólana úti um landið. Við vitum að það er skortur á réttindamönnum víða, en okkar fyrsta skylda er vitanlega að halda uppi fræðslunni, jafnvel þótt réttindafólk fáist ekki. Við verðum fyrst og fremst að sinna þeim nemendum sem á skólaskyldualdri eru. Auðvitað verður því haldið áfram, eins og verið hefur, að réttindamenn ganga fyrir um ráðningu skv. lögum um embættisgengi. Svo hefur alla jafna verið um nýráðningar og verður sú meginregla að sjálfsögðu nú látin gilda. En vel má vera að unnt sé enn að finna einhvern meðalveg þarna á milli þess sem var hugmynd rn. í upphafi og snerti einvörðungu starfsheiti og hugmynda fulltrúa kennaranna sem gera málið um of að lokuðu stéttarmáli, ef ég má svo segja, að annaðhvort séu menn með full réttindi í uppeldis- og kennslufræði ellegar að ekki megi ráða eða setja mann í starfið. Þarna tel ég að verði að finna meðalveg. Ég hef trú á að það geti tekist. Vonandi verður meira jafnvægi í þessum málum á hausti komanda en verið hefur oft í vetur svo að þetta áhugamál kennara geti náð fram að ganga á þann veg að Alþingi veiti því brautargengi.

Frsm. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var vissulega ánægjuefni að þrír hv. þm. Sjálfstfl. og síðast hæstv. menntmrh. skyldu sjá ástæðu til að ræða þetta mál eftir að mælt hafði verið fyrir nál. og ég fagna því mjög að þau orð sem frá þeim hafa fallið öllum saman skuli vera fest í þingtíðindin. Kennarar eru manna duglegastir við lestur og þeir munu eflaust kynna sér þau viðhorf sem fram hafa komið í máli þessara hv. þm., þ. á m. formanns menntmn. sem lagði hér orð í belg, fyrir svo utan hæstv. ráðh.

Ég vil af þessu tilefni fara nokkrum orðum um athugasemdir þeirra og þau viðhorf sem fram komu hjá hæstv. ráðh. gagnvart kennarastéttinni og kennarastarfinu.

Hjá hv. þm. Páli Dagbjartssyni og hv. þm. Halldóri Blöndal komu fram skýrar efasemdir um gildi þess að lögvernda starfsheiti kennara með starfsréttindum að meira eða minna leyti. Það er sjónarmið út af fyrir sig hvað menn telja skynsamlegt í þessum efnum. En ég vil benda þessum hv. þm. á að Alþingi hefur um margra ára bil verið að lögvernda réttindi og starfsheiti ákveðinna starfsstétta í þjóðfélaginu, (Gripið fram í.) þar á meðal og ekki síst innan heilbrigðisstéttanna. Á yfirstandandi þingi hefur hæstv. heilbrrh. m. a. flutt og fengið samþykkt frv. sem lúta að þessu með dyggum stuðningi stjórnarflokkanna. En þegar kemur að kennurum er annað hljóð komið í strokkinn. Og vegna þess að hér er verið að ræða þessi mál út frá almennum sjónarmiðum get ég út af fyrir sig alveg tekið undir það að við gætum hugsað okkur okkar samfélag á svo marga lund með allt öðrum hætti og á allt öðru spori en fyrir liggur. Menn geta haft óskir um það.

Hér fóru fram í gær gagnmerkar umræður um kjör og laun fiskverkunarfólks, starfsfólks í fiskiðnaði, sem að yfirgnæfandi meiri hluta eru konur, og það var verið að ræða um það af hv. alþm. hvaða leiðir væru helstar til að bæta þar um. Menn stigu á stokk hér hver eftir annan í þessum ræðustól og tóku undir það, sem fram hafði komið hjá málshefjanda, hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að kjör þessa fólks væru fyrir neðan allar hellur, samfélaginu til stórtjóns og ósamboðin fólkinu sjálfu. Og hver voru m. a. ráðin sem bent var á? Hv. þm. Kjartan Ólafsson lauk sínu máli í þessari umræðu utan dagskrár með því að benda á það sem eðlilega viðmiðun að starfsfólk í fiskvinnslu hefði kjör á borð við vel ef ekki best launuðu iðnaðarmenn í landinu. Hæstv. sjútvrh. benti á að hann hefði í samvinnu og samráði við Verkamannasamband Íslands verið að undirbúa sérstök fræðslunámskeið fyrir þetta fólk og ég held að hið sama hafi komið fram hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni í hans máli, að slíkt væri ein leiðin til ávinnings og til að tryggja kjör þessa fólks, að reynsla þess yrði metin, sú starfsþjálfun og þekking sem það ávinnur sér í starfi.

Ég bendi á þetta í tengslum við þetta frv. vegna þess að við erum að tala hér um náskyld efni. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar í sambandi við fiskverkafólkið að eðlilegt væri og sjálfsagt að það fengi sín ákveðnu réttindi miðað við starfsreynslu og þjálfun og þau réttindi mætti gjarnan lögvernda miðað við það spor sem samfélagið er á í þessum efnum. Það er hægt að gera með mjög mismunandi hætti. Og það er út af fyrir sig varhugavert að loka starfsgreinum um of í samfélaginu. Það getur haft sína neikvæðu þætti. En við skulum líta á þá aðila þar sem sérþekkingar er krafist og tökum þá heilbrigðisstéttirnar. Hver er viðurkenndur læknir á Íslandi í dag sem ekki hefur fengið lækningaleyfi? Hann er að fjalla um heilbrigði fólks og sjúk-

dóma, gefa vottorð þar að lútandi sem gild teljast. Það dettur fáum í hug að kalla lækna aðra en þá sem leyfi hafa fengið til þess. Ástæðan er auðvitað sú að slíkir menn eru ekki að störfum í samfélaginu. Nú er ég ekki þar með að segja að ramminn kunni ekki að vera of þröngt dreginn í einstökum atriðum. Ég get nefnt sem dæmi að grasalækningar, sem mikið voru tíðkaðar hér í minni núlifandi manna með ágætum árangri, eru litnar hornauga af ýmsum í læknastétt og þeim sem fara með heilbrigðismál í landinu. Mér er kunnugt um að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur skirrst við að veita námslán til fólks sem er að mennta sig í svonefndum grasalækningum. (**Gripið fram í:** Við þurfum að breyta þessu.) Það finnst mér út af fyrir sig vera mjög hæpið svo ekki sé meira sagt.

Ég segi þetta vegna þess að við eru hér að ræða um lögverndun á starfsheiti og um leið spurninguna um starfsréttindi fólks sem er að fjalla um andlega velferð uppvaxandi kynslóða í landinu, kennaranna. Ég fullyrði að þar er síst um vandaminna verkefni að ræða en t. d. hjá læknastéttinni, hjá hjúkrunarfólki, sjúkraliðum og öðrum slíkum í heilbrigðisstétt og met ég þeirra störf og þá menntun sem að baki býr þó vissulega mikils.

Ég spyr: Hvað veldur því að það er allt í einu eitthvað annað uppi á teningnum þegar röðin kemur að kennurum heldur en starfsfólki heilbrigðisstétta? Hvaða rökrænt samhengi er í þeirri afstöðu sem endurspeglaðist í máli hv. þm. Páls Dagbjartssonar og í máli Halldórs Blöndals að þessu leyti og í þeirri tregðu sem ríkt hefur hjá hæstv. menntmrh. til að taka á þessum málum og bera fram frv. eða styðja það frv. sem hér liggur fyrir, e. t. v. með breytingum sem samstaða hefur náðst um, til þess að standa við orð sín og loforð, gefin samtökum kennara á liðnum vetri æ ofan í æ?

Og þá ætla ég að víkja nánar að því sem fram kom hjá hæstv. ráðh. Ráðh. sagði með rétti eitthvað á þá leið að aldrei í sögunni hefðu verið sérkennilegri tímar en í hópi kennara í kjarabaráttunni í vetur. Það er alveg rétt. Það er eðlilegt að það renni hæstv. ráðh. nokkuð til rifja hvernig þróunin hefur verið og viðskipti stjórnvalda, þ. á m. menntmrn., á liðnu skólaári við þá aðila sem mest reynir á í skólastarfi í landinu, kennara. Hæstv. ráðh. lék þann leik lengi vetrar að lofa upp í ermina á sér, þvo hendur sínar og vísa á einhvern annan en sjálfan sig og sitt rn. sem þránd í götu þess að kröfur, sem ráðh. sagði æ ofan í æ að væru í rauninni skiljanlegar og réttmætar, ef reynt var að lesa á milli línanna, næðu fram, það væru einhverjir aðrir en menntmrn. sem stæðu þar í vegi. Það var alveg ljóst við hvern var átt. Það var samflokksmaður hæstv. menntmrh. og samráðherra, fjmrh., sem var verið að reyna að hengja upp í sambandi við þetta efni og ætla ég út af fyrir sig ekki að vera að hafa neitt af honum hvað hans hlut varðar í sambandi við þá hroðalegu þróun sem varð á liðnu skólaári í sambandi við málefni kennara. Hæstv. fjmrh. opnaði í rauninni hug sinn með þeim hætti þann 11. okt. s. l. að lengi mun lifa í a. m. k. sögu fræðslumála á Íslandi þegar hann ræddi um skólastörf, starf kennara og framlag þeirra.

Hæstv. menntmrh., sem sá fram á uppsagnir milli 400 og 500 framhaldsskólakennara í marsmánuði s. l., sagði hér í umr., í Sþ. hygg ég það hafi verið 19. febr. s. l., að það væri allt á flugferð hjá sínu rn. til að greiða úr þessum málum. Endurmat á störfum kennara væri í fullum gangi og senn að sjá fyrir endann á því. Og svo var það þessi nefnd sem ráðh. skipaði um það leyti sem þetta frv. kom fram í hv. Nd. A. m. k. vissi hæstv. ráðh. af því að þetta frv. var á leiðinni inn í hv. Nd. Ég hygg að það hafi verið nokkurn veginn sama daginn sem þetta frv. var lagt hér fram og hæstv. ráðh. gekk frá skipun sinnar nefndar. Ég hygg að það hafi nokkurn vegninn borið upp á sama dag. Ég skal ekki fullyrða um klukkustundirnar, enda skiptir það nú ekki máli. Það skiptir varla máli í þessu samhengi. En 19. febr. s. l. stendur hæstv. menntmrh. í þessum stóli og fullyrðir m. a. að menntmrn. sé allt af vilja gert til að greiða fyrir þessu áhugamáli Bandalags kennarafélaga um lögverndun á starfsheiti kennara og nefndin, sem hann skipaði og sagði okkur hér 26. nóv. að væri að ljúka störfum, ætti nú í rauninni bara eftir að setja punktinn aftan við.

Nú er hér talað um uppkast og drög og vinnuplögg sem ekkert hafi verið með gerandi. Liggur þó fyrir, m. a. í máli hv. þm. Kristínar Tryggvadóttur sem tók þátt í umr. hér 14. maí s. l. og átti sæti í nefndinni, að í nefndinni voru öll ágreiningsmál leyst að mati fulltrúa kennara — og það voru aðeins fulltrúar kennara og tilkvaddir aðilar af hæstv. menntmrh. sem störfuðu í nefndinni — nema spurningin um hvernig haga skyldi námskeiðum eða fræðslu fyrir þá kennara sem ekki hefðu full réttindi en leituðust við að ná þeim að því frv. samþykktu sem þarna var í mótun.

Nú kann vel að vera að hæstv. menntmrh. eða trúnaðarmenn ráðh. í nefndinni hafi ekki ræðst við og hjal hæstv. ráðh. í ræðustól á Alþingi hafi verið markleysan tóm, talað úr tómum poka, vegna þess að ráðh. hafi ekki fylgst með því sem var að gerast í þessari nefnd og snerti þó stórfellt atriði og áhugamál kennara fram borin við ráðh. á liðnu hausti og fram undan var uppsögn á fimmta hundrað framhaldsskólakennara í landinu. En áhugi hæstv. menntmrh. á því að sýna lit fyrir sitt leyti, leggja sitt af mörkum, var ekki meiri en þetta: að stöðva störf nefndarinnar 22. febr. s. l. Og það er fyrst í gær — kannske í tilefni þeirrar umræðu sem á sér stað í dag — að hæstv. ráðh. heimilar nefndinni að koma saman á nýjan leik og ganga frá því að hún muni sofa á málinu til hausts. Það var það sem ráðh. upplýsti í umr. áðan. Nefndin, sem þarna var skipuð, mundi sofa á málinu til hausts, sagði ráðh. Hins vegar hefði hún sýslað ýmislegt í millitíðinni, það hefði nú ekki verið svo að ekkert hefði gerst. Ég hefði óskað þess að hv. þm. Kristín Tryggvadóttir hefði verið hér á þingi til að greina okkur frá þeim störfum sem þarna hefðu átt sér stað. Ég tel mér vera fullkunnugt um að engin slík nefndarstörf hafa átt sér stað í millitíðinni, óopinber eða hálfkveðin, frá 22. febr. þangað til í gær, þó að hæstv. ráðh. fullyrti annað. (**Menntmrh.:** Veit hv. þm. betur um það?) Það er sjálfsagt fyrir hæstv. ráðh. að nota stólinn til að koma sinni vitneskju á framfæri um þetta efni.

Hæstv. ráðh. tók fram þau rök gegn því að samþykkja þetta frv. hér á Alþingi að með því verði réttur kennara að skólum landsins þrengdur þannig að ekki verði unnt að manna skólana og vitnaði þá til þeirrar þróunar og þeirrar ólgu sem ríkt hefði á liðnu skólaári. Hvar er nú upphafið og hvar er hér endir máls? Hvað er orsök og hvað er afleiðing? Það er eðlilegt að spurt sé í þessu samhengi. Skyldi það ekki vera þannig, hæstv.

menntmrh., að ein ástæðan fyrir því hvernig komið er undir stjórn hæstv. ráðh. í skólum landsins að því er kennara varðar, hug manna til kennarastarfa, vilja til þess að axla ábyrgð þess, sé afstaða stjórnvalda, þeirrar ríkisstj. sem nú situr og hefur skert kjör kennara sem annarra launþega og skellt skollaeyrum við óskum kennara og og slegið á framrétta hönd um samstarf við þá um hagsmunamál skólanna og þá einnig um hagsmunamál kennarastéttarinnar sem hljóta að fara saman að verulegu leyti? Ég óttast það vissulega að erfiðara verði að manna skólana, eins og það er orðað, fá réttindakennara til starfa í skólum landsins á komandi skólaári, en það var í upphafi þess árs sem nú er liðið. Ég óttast það og ástæðan fyrir því liggur í augum uppi fyrir öllum þeim sem hafa augun opin. Hún liggur í sögu síðasta skólaárs, samskiptum kennara við stjórnvöld þau sem nú sitja, afstöðu hæstv. menntmrh. og annarra ráðh., kannske sérstaklega Sjálfstfl. en líka Framsfl. því hæstv. forsrh. afhenti einnig yfirlýsingar og loforð í hendur kennara í aprílmánuði s. l. — loforð sem ansi lítil innistæða reyndist vera að baki. Að uppkvöddum kjaradómi, sem ríkisstj. vísaði launadeilunni við kennara til, var uppskera kennara með full réttindi, sem eru að hefja störf, tæpar 3000 kr. í launum og á sama tíma er ekki tekið undir óskir kennara um að lyfta réttindum þeirra og mati á kennarastarfinu eins og felst í því frv. sem hér er til umr.

Ég gæti, virðulegi forseti, minnt hér á marga fleiri þætti. Ég skal ekki skiljast við þetta mál án þess að svara fsp. hv. formanns menntmn. sem spurði um ákvæði 3. gr. þessa frv., um takmarkað og/eða tímabundið leyfi til kennslustarfa þegar lög þessi taka gildi. Hv. þm. hefur sennilega aldrei séð viðlíka orðalag, að menn fái umþóttunartíma eða að það séu undantekningar heimilaðar, takmarkanir og það tímabundnar takmarkanir til starfa. Í þessum ákvæðum, svo og í ákvæði til bráðabirgða í þessum lögum, er verið að ganga til móts við þau sjónarmið og það ástand sem nú ríkir, þar sem talsvert skortir á að í skólum landsins séu starfandi kennarar með fyllstu réttindi og er verið að gera ráð fyrir að hægt sé að veita takmarkað leyfi fyrir kennarann til þess í senn að bera starfsheitið „kennari" og sinna starfi tímabundið. En um það er einnig fjallað í tengslum við þetta frv. að greitt verði fyrir því að kennarar geti aflað sér fullra réttinda, stjórnvöld greiði fyrir því.

Hv. þm. Halldór Blöndal var hér sem oftar í tengslum við umr. um málefni kennara að vitna til þess að víða væri að finna ágætismenn sem fást við kennslu og rækja starf sitt vel og leysa það vel af hendi. Það eru engin ný sannindi og það gildir um öll störf að við getum fundið menn, ef þeir fá að spreyta sig í slíkum störfum, sem leysa þau vel af hendi. Sem betur fer er slíka að finna. En það þarf ekki þar með að gilda um stéttina sem slíka að hún sé ekki betur stödd ef til hennar eru gerðar tilskildar ákveðnar kröfur. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þeir mörgu kennarar sem enn eru í starfi og bera heitið kennari, hafa heimild til þess að óbreyttu, munu verða manna fyrstir til að afla sér fullra tilskilinna réttinda að því frv. samþykktu sem hér er til umr. Þannig er hér aðeins verið að hártoga, skjóta sér á bak við með rökleysum í raun.

Ég tel það hins vegar góðra gjalda vert, vegna þess að það er upplýsandi, að þessir þrír hv. þm. Sjálfstfl. skuli hafa tekið þátt í umr. með þeim hætti sem verið hefur. En ég bið þá í fullri vinsemd, og þar með hæstv. menntmrh. einnig, að endurskoða sinn gang, reyna nú að nota sumarið að loknum þingstörfum til að ná áttum í samskiptum við kennarastéttina í landinu, reyna að átta sig á því hversu mikið er í húfi að þar náist annars konar samband, aðrir samskiptahættir en upp voru teknir af núverandi hæstv. ríkisstj. við kennarastéttina og sem leitt hafa til slíkra átaka að hæstv. menntmrh. benti á að slíkra væru ekki dæmi í sögunni fram til þessa. Þá hefðu þessi átök, sem hafa kostað mikið til þessa í skóla- og uppeldisstarfi í landinu, ekki verið með öllu til einskis. En dýrkeypt er sú reynsla orðin sem þarna er fengin. Það skulu verða mín lokaorð að ég vona að hæstv. menntmrh. og samflokksmenn hans og ríkisstj. öll nái einhverjum áttum í þessum efnum á því sumri sem nú er hafið.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það kom glöggt fram í seinni ræðu hv. þm. að hans áhersla í þessu máli er fyrst og fremst af pólitískum toga, ekki vegna umhyggju fyrir kennarastéttinni heldur til þess að vekja pólitískar deilur. Það var kjarninn í málflutningi hans og ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst þessi málflutningur ekki hæfa því efni sem hér er til umræðu.

Ég vísa því algjörlega á bug að ég hafi með einu einasta orði hallað á kennarastéttina. Ég skora á þennan hv. þm. að nefna eitt einasta orð sem ég hef sagt þar sem ég hef brigslað kennarastéttinni um eitt eða annað, enda sæti síst á mér að gera slíkt. Á hitt lagði ég áherslu í fyrsta lagi, að eins og þetta frv. er fram sett dregur það úr starfsöryggi margra kennara sem starfað hafa um árabil og leyst sín störf vel úr hendi og ekki nóg með það, heldur felur þetta frv. í sér að þessu fólki verður eftirleiðis bannað að kalla sig kennara, ef að lögum verður. Það stendur skýrt í 1. gr. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt til að bera starfsheitið kennari hefur sá einn sem fullnægir skilyrðum laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra."

Það er þess vegna rangt, sem þessi hv. þm. sagði hér áðan, að takmarkað og/eða tímabundið leyfi til kennslustarfa gæfi rétt til þess að bera þetta heiti á meðan viðkomandi gegndi kennarastörfum.

Hins vegar væri fróðlegt fyrir deildina að fá upplýst hvaða heiti hann vildi velja slíku fólki. Hann gerði áðan samanburð og tók það dæmi að kennara sem hefði full starfsréttindi skyldi löggilda með svipuðum hætti og lækni og tók til samanburðar hómópata eða skottulækni. Nú veit ég ekki hvort þessi samanburður er réttlátur eða sannur. Ég efast um að sami munur sé á kennaraskólagengnum manni eða öðrum sem unnið hefur að slíkum störfum, kannske um árabil, og háskólalærðum lækni eða hómópata, smáskammtalækni. Ég efast um að þessi samanburður sé sannur. Mér finnst hann satt að segja ekki viðeigandi. Eins og hv. þm. sagði áðan lesa ýmsir kennarar það sem skrifað stendur í þingtíðindum og ég veit að þeir kunna hv. þm. engar þakkir fyrir þessi ummæli.

Þar sem ég hef komið nálægt kennslustörfum hefur ekki verið nein spenna á milli þessa fólks. Það hefur reynt að vinna saman. Ég held að hugur kennara standi til þess að þeir sem ekki hafi full starfsréttindi fái

möguleika á því að mennta sig betur, eins og gamlir kennarar vilja raunar sjálfir vera stöðugt á námskeiðum að bæta og auka þekkingu sína.

En það var annað sem þessi hv. þm. sagði. Hann vitnaði til heilbrigðisstéttanna. Hann sagði: Það hefur lengi viðgengist að það er lögverndað að bera heitið læknir. Hvernig stendur á því að kennarar hafa ekki fengið lögverndun á sínu starfsheiti eins og læknar? spurði þessi hv. þm. Ég veit ekki betur en fyrrverandi formaður Alþb., Ragnar Arnalds, hafi um skeið verið menntmrh. Ekki kom hann því í verk að kennaraheitið skyldi lögverndað á sínum tíma. Þessi hv. þm. hefur líka setið í ríkisstjórn lengi. Ég man ekki eftir því að undir þeim kringumstæðum gerðist hann einhver sérstakur talsmaður þess að lögvernda kennaraheitið. Það er fyrst nú sem þessi krafa vaknar, sem þetta kemst á dagskrá. Hann veit það, þessi hv. þm., að enginn menntmrh. hefur unnið jafnmikið að þessu máli og sá sem nú situr. Við vitum það líka að þessi hv. þm. hljóp til á s. l. hausti, þegar hann vissi hvar þetta mál var statt, og flutti frv. sitt í auglýsingaskyni eins og honum er svo gjarnt að gera. Og við urðum vitni að því að hann talaði hér á skrýtnum nótum úr þessum ræðustól og gaf undir fótinn til þess að reyna að slá ryki í augu fólks til þess að reyna að koma stoðum undir fullyrðingar sem hann hafði engar sönnur fyrir. Þetta er sá málflutningur sem hann hefur viðhaft í þessu máli og er honum síst til sóma.

Það er hárrétt að við erum hér að fjalla um andlega velferð uppvaxandi kynslóðar í landinu. En hvernig skyldi nú standa á því að færri sóttu háskólanám fyrrum en nú er? Þessi hv. þm. heldur því fram að núverandi menntmrh. hafi ekki komið þar við sögu að fyrir því séu líkindi að fleiri menntaðir kennarar komi til starfa á næstu árum en verið hefur um hríð. Hann gleymir þá hinu, hversu búið er að langskólafólki nú. Námslán eru að fullu greidd nú og betri skilyrði fyrir námsfólk en áður var. Auðvitað mun þetta til frambúðar valda því að menntafólk fæst til kennslustarfa. Auðvitað erum við báðir sammála um að öllum mönnum er fengur að háskólanámi, fengur að menntun, og við vitum það öll, sem hér erum inni, að þeir kennarar sem ómenntaðir eru eru smám saman að týna tölunni. Það er fólk annarrar kynslóðar en þeirrar sem nú er að setjast í háskóla. Það er fólk sem á sínum tíma hafði ekki ráð né efni á því að setjast í háskóla að loknu menntaskólanámi, oft og tíðum m. a. vegna þess að fólk festi ráð sitt og hafði ekki efni á því að stunda háskólanám. Þetta vitum við um.

Það er laukrétt hjá hv. þm., og á bæði við um fiskverkunarfólk, kennara og alla aðra þegna þessa þjóðfélags, að launakjörin eru ekki jafngóð og áður. En hvenær byrjaði kaupmátturinn að hrynja? Hefur þessi hv. þm. séð línurit yfir kaupmáttinn og hvernig hann hrundi eins og foss ofan af bergi frá miðju ári 1982 að miðju ári 1983? Var það ríkisstj. sem nú situr sem eyðilagði allan kaupmátt í landinu, undirstöður efnahagslífsins og atvinnulífsins með sívaxandi verðbólgu frá ári til árs? Var það ríkisstj. sem nú situr sem skildi svo við eftir mesta góðæri sem yfir þetta land hefur gengið að við söfnuðum erlendum skuldum og skilyrði til þess að byggja upp nýjar atvinnugreinar, auka hagræðingu í rekstri og þar fram eftir götunum voru verri en nokkru sinni fyrr? Við vitum svarið. Auðvitað var þetta sú ríkisstj. sem áður sat. Við vitum hversu sterk tökin í efnahagsmálum voru strax eftir stjórnarskiptin og við vitum hver árangurinn hefur orðið.

Páll Dagbjartsson: Herra forseti. Ég sé mig tilknúinn til að leiðrétta misskilning og rangtúlkun hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á orðum mínum áðan. Það mátti skilja málflutning hans þannig að ég hefði lagst gegn bættum kjörum kennarastéttarinnar. Það er alrangt. Ég lagði áherslu á að ég vildi skapa þær aðstæður að vel menntaðir og hæfir kennarar, þeir bestu sem völ er á, sæki í kennslustörf. Til þess að það mætti gerast þyrfti að bæta launin, gera breytingar á vinnuskylduákvæðum. Jafnframt efaðist ég um að lögverndun starfsheitisins kennari eða lögverndun á starfsréttindum kæmi þar nokkuð nálægt eða hefði nokkuð með það að gera að bæta kjörin sem slík.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var ekki ætlan mín að blanda mér í þessar umr., en sér í lagi eitt atriði, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Austurl., varð þess valdandi að mig langar til að leggja nokkur orð í belg.

Ekki skal ég draga úr mikilvægi kennarastéttarinnar og að hennar verkefni eru mikil, en það eru fleiri stéttir sem ekki eru neitt síður nauðsynlegar en kennarastéttin og ýmsar aðrar þær stéttir sem fengið hafa lögverndun á sínum starfsréttindum. Hafi ég tekið rétt eftir heyrði ég ekki betur en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segði að hann hefði verið þeirrar skoðunar að lögvernda ætti störf t. d. fiskvinnslufólks. Sé þetta rétt eftir tekið hjá mér kemur mér það einkennilega fyrir sjónir að slíkt skuli ekki hafa komið opinberlega fram alla þá tíð sem hv. þm. hefur gegnt ráðherrastörfum í ríkisstjórn og hans flokksbræður farið með ráðuneyti sem þessi málefni heyra undir. Ég man ekki betur en þessi hv. þm. hafi verið ráðh. frá 1978 nær samfellt án þess að ég a. m. k. hafi heyrt þess getið opinberlega eða eftir honum haft að hann væri þeirrar skoðunar að hann teldi að það ætti að lögvernda störf fiskvinnslufólks. Ég vildi gjarnan óska eftir því af hálfu hv. þm. að hann léti þd. í té hvenær slíkt hafi komið fram í hans ráðherratíð og hans samflokksmanna á árabilinu 1978—1983, á þeim tíma sem hv. þm. var ráðh. og hefði ásamt sínum flokksbræðrum og meðráðherrum getað ráðið ferðinni í þessum efnum. Líklegt finnst mér að ástand fiskvinnslunnar og staða þess fólks sem við hana vinnur væru ekki jafnslæm og nú er ef þessi skoðun hefði verið í alvöru sett fram og henni framfylgt af þeim hv. þm. sem hér á hlut að máli og öðrum þeim sem í hans ráðherratíð sátu í ríkisstjórn. Mér finnst þetta eitt dæmið enn um að menn tala öðru máli í stjórnarandstöðu en þegar þeir hafa valdið til að framkvæma.

Ég er ekki með þessu á nokkurn hátt að kasta rýrð á kennarastéttina sem slíka, en ég er þó þeirrar skoðunar að það sé a. m. k. orðin spurning hvort við höfum ekki gengið nú þegar of langt í lögvernd starfsstétta og starfsheita. Kannske þurfum við að ganga þá braut til enda til að geta svo afnumið allt í einu lagi. Ég a. m. k. er þeirrar skoðunar að það sé ekki síður ástæða til að lögvernda starfsheiti t. d. fiskvinnslufólks. Það er ekki síður mikilvægt í okkar þjóðfélagi að lögvernda ýmsar aðrar stéttir.

Ég varð undrandi á því að heyra þetta eftir að hv. þm., sem hér á hlut á að máli, hefur gegnt ráðherra-

embætti þetta langan tíma og horft upp á það að fiskvinnslufólk hefur verið rekið út af vinnumarkaðinum, úr vinnu, stundum oft í hverjum mánuði. Því hefur verið vísað heim oft í hverjum mánuði á því tímabili sem þessi hv. þm. var ráðh. ásamt sínum flokksbræðrum og ýmsum öðrum sem fóru með þessi málefni. (**GSig:** Hvaða mál er á dagskránni?) Ég er ekki hissa þó að hv. þm. Garðar Sigurðsson spyrji. Er honum ekki ljóst hvað um er að ræða hér? Það er lögverndun á starfsheiti kennara. En þessum hv. þm. finnst það auðvitað ekkert koma við lögverndun á starfsheiti annarra stétta, eins og t. d. fiskverkunarfólks. Hann er þm. fyrir Suðurlandskjördæmi, þessi hv. þm., og finnst það ekki skipta neinu máli hver staða fiskverkunarfólks er. Þessi hv. þm. átti líka aðild að ríkisstjórn frá 1978 — megninu — til 1983 og gat þá haft áhrif á að bæta stöðu fiskverkunarfólks. En það er rétt að upplýsa þennan hv. þm. um að þess vegna geri ég þetta að umræðuefni að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hóf umr. um þetta áðan undir þessum dagskrárlið.

Ég skal ekki ergja hv. þm. þeirra Sunnlendinga meira með þessu tali, en vil gjarnan ítreka þá spurningu til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hvenær hann setti fram þá skoðun á þeim árum sem hann var ráðh. og hans flokkur gat haft afgerandi áhrif til að breyta að t. d. ætti að lögvernda störf fiskverkunarfólks á Íslandi. Hvenær var slíkt sett fram af hans hálfu eða hans flokks á þeim tíma sem tækifæri var til að hrinda því í framkvæmd, þegar flokkurinn átti aðild að meirihlutastjórn á Íslandi?

Frsm. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það fór nú ekki svo að það væri sama þrenningin sem kom upp í ræðustólinn og áðan. Það vantaði að hæstv. menntmrh. fylgdi á eftir hv. þm. Halldóri Blöndal og Páli Dagbjartssyni. En kannske á eftir að rakna úr því þó að ég vilji út af fyrir sig ekki hafa sérstök áhrif á það. En hér var málum bjargað með því að hv. 3. þm. Vestf. bættist við sem hinn þriðji í þennan kór þó ekki væri það til að ræða það frv. sem hér liggur fyrir eða tjá sig um það. Ég treysti því að hann sem aðrir góðir menn styðji það mál sem hér liggur fyrir og við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson stöndum að nál. um og mælum með að samþykkt verði ásamt hv. þm. Kristínu Kvaran.

Ég ætla ekki hér að víkja frekar að máli hv. þm. Sjálfstfl. sem ég nefndi hér áðan. Ég tel að þeirra mál sé best geymt í ræðuhluta Alþingistíðinda. Þar geta menn kynnt sér hvernig þeir taka á þessu efni. Ég ætla ekki að vera að gera hv. þm. Páli Dagbjartssyni upp neinar skoðanir í sambandi við þetta, en hann hefur komið hér ákveðnum áréttingum af sinni hálfu á framfæri. Ég ætla ekki heldur að hefja hér almennar umræður um efnahagsmál sem hv. frsm. meiri hl. menntmn. gaf tilefni til með því að fara að ræða um kjaramál. Það væri vissulega full ástæða til að ræða þau mál á síðustu dögum Alþingis, en ég ætla að láta það eiga sig að þessu sinni og ekki efna til almenns málþings af því tagi.

Erindi mitt hingað er að svara þeirri fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar hvenær ég hafi sett fram sjónarmið af því tagi að eðlilegt væri að vernda kjör fiskverkafólks á Íslandi og þeirra sem í grunnframleiðslunni starfa. Ég gæti sýnt honum ýmsar ályktanir þar að lútandi, sem frá mínum flokki hafa komið, og hv. þm. ætti að vera kunnugt um marga þætti sem lögleiddir voru og hlutu nafnið „félagsmálapakkar" í tíð fyrrv. ríkisstj. sem Alþb. átti aðild að og í einni þeirra með Alþfl. sællar minningar. Þar var m. a. tekið á ýmsum réttindamálum fiskvinnslufólks, réttindi þeirra tryggð og aukin í ýmsum greinum. Eitt þeirra atriða varðaði uppsagnarrétt þessa fólks, en það býr við lakari kost að því leyti en flestir ef ekki allir aðrir í landinu sem selja vinnuafl sitt. Ég man ekki laganúmerið eða nákvæmlega hvenær lög voru sett en í vetur kom fram frv. um breytingu á þeim sem hv. 3. þm. Vestf. var meðflm. að og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson 1. flm. Það laut að því að auka rétt þessa fólks. Það var til að útfæra frekar og tryggja ákvæði sem atvinnurekendur hafa túlkað sér í hag í sambandi við fyrri lög sem viðkomandi þm. voru að leggja til breytingar á. Ég studdi að sjálfsögðu þetta frv., en það var stjórnarliðið hér á Alþingi sem kom því fyrir kattarnef, sem felldi það hér, eins og er í minnum haft og verður væntanlega lengi.

Hv. þm. kann að segja að þetta séu almenn orð og yfirlýsingar. Ég skal bæta við, hv. þm. Karvel Pálmason. Sem iðnrh. beitti ég mér fyrir því að starfsfólk í iðnaði fengi aukna möguleika á starfsþjálfun og eftirmenntun og komið var í kring í minni ráðherratíð svonefndri fræðslumiðstöð iðnaðarins, sem hv. þm. Karvel Pálmasyni ætti að vera kunnugt um sem fjvn.-manni á undanförnum árum, þar sem skipulagt var fræðslu- og eftirmenntunarstarf fyrir fólk sem ekki hefur hlotið neina löggilta iðnmenntun í almennum iðnaði og þar sem starfsfólk í tengslum við fiskiðnað er ekki heldur útilokað. Þessi starfsemi er enn í gangi, að ég best veit, en hefur ekki hlotið lögfestingu, þ. e. starf þessarar fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, eins og stefnt var að af fyrrv. ríkisstj. og sérstakt frv. var flutt um hér á Alþingi veturinn 1982—1983, ef ég man rétt, en hlaut þá ekki samþykki.

Ég get líka rifjað það upp fyrir hv. þm. og öðrum sem á mál mitt hlýða að það var enginn fróðafriður um þessa viðleitni að auka möguleika iðnverkafólks til að afla sér starfsréttinda og þjálfunar. Það hlaut ramma andstöðu málsvara atvinnurekendamegin, þ. á m. formanns Félags ísl. iðnrekenda sem hafði þessa starfsemi alveg sérstaklega á hornum sér. Kannske það hafi nú verið buddunnar lífæð sem að einhverju leyti hafi slegið og komið fram í hans orðum og afstöðu til þessa máls. Ég á þar við formann Félags ísl. iðnrekenda á sinni tíð.

Ég get látið þetta nægja þó margs væri fleira að minnast í þessum efnum og ef hv. þm. efast um mín viðhorf í þessu efni og stuðning að þessu leyti skal hann einfaldlega koma fram með mál á Alþingi og við skulum sjá hvar leiðir okkar geta legið saman að þessu leyti.

Ég vænti þess að hv. þm. taki undir það mál sem hér er flutt, sýni þann skilning á málefnum kennarastéttarinnar. Ég er honum alveg sammála um það efni og fleirum sem hér hafa talað að það mætti hugsa sér þjóðfélag á allt öðru spori en það sem okkar þjóðfélag og önnur iðnvædd þjóðfélög eru nú á í sambandi við hólfun á samfélaginu í starfsréttindi og aðrar slíkar kröfur. Það má hugsa sér það. En ég hygg að við þurfum að ganga þessa götu talsvert lengra og ná fram ýmsum grundvallarbreytingum á þjóðfélaginu áður en

við hverfum af þessu spori, sem við nú erum á, að gera skilgreindar kröfur til einstakra starfshópa í þjóðfélaginu og veita þeim þá réttindi samfara því.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en vil segja örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Ég sagði strax að ég hefði ekki ætlað mér að taka þátt í umr. um þetta mál nema vegna þess að hv. 5. þm. Austurl. gaf sérstakt tilefni til þess með tali sínu um fiskvinnslufólk. Spurning mín til hans var sú: Hvenær var það sem hann setti fram í sinni ráðherratíð eða á þeim árum sem hans flokkur gat ráðið ferðinni í þessum efnum þá skoðun að lögvernda ætti starf fiskvinnslufólks? Við því kom að sjálfsögðu ekkert svar.

Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. sagði, að ýmsar ályktanir hafa sést frá Alþb. um þessi efni, en fyrst og fremst hafa þær sést þegar sá flokkur hefur verið í stjórnarandstöðu, en minna á þeim borið þegar sá flokkur hefur haft til þess tækifæri að hrinda slíkum málum í framkvæmd með stjórnaraðild, ég tala nú ekki um þegar ráðh. viðkomandi flokks hafa farið með málaflokka sem hér að lúta. Það er það sem á skorti.

Hv. þm. sagði að hann hefði stutt frv. sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson o. fl. hefðu flutt nýverið og verið fellt. Það er rétt. Ég kalla það ekkert sérstakt framtak hjá hv. 5. þm. Austurl. þó að hann rétti upp hendina með slíku frv. hér í þd. Spurningin hefur verið og er: Hvernig hefur þessi hv. þm. og Alþb. sem heild skilað þessu hlutverki í reynd þegar það hefur haft tækifæri til þess að koma hlutunum í framkvæmd? Þar er mínusinn, að mínu viti, hjá þessum hv. þm. og öðrum hv. þm. Alþb. í áhrifastöðum.

Hv. þm. minntist hér á félagsmálapakka. Margir þeirra félagsmálapakka, sem lofað var í ráðherratíð þeirra hv. þm. sem Alþb. tilheyra, hafa verið sviknir. Það hefur verið rifjað upp hér í þinginu áður og væri sjálfsagt ástæða til þess að gera það enn, en ég skal ekki gera það tímans vegna nema frekara tilefni gefist til. (**SvG:** Komdu með dæmi.) Hv. þm. Svavari Gestssyni, 3. þm. Reykv., hefur margoft verið sýnt fram á að hann og aðrir hv. þm. Alþb. sviku sem ráðherrar gefin fyrirheit í samningum og félagsmálapökkum frá fyrri tíð, gagnvart sjóðunum ekki síður en öðrum. (**SvG:** Ekki rétt.) Það er hægur vandi að segja: Ekki rétt, ekki rétt. Því hefur ekki verið mótmælt með rökum af hæstv. fyrrv. félmrh. eða heilbr.- og trmrh. að þau væru svikin loforðin sem hann gaf meðan hann sat í ráðherrastóli. Líklega eru hv. 5. þm. Reykv. og flokkur hans sem heild að uppskera vegna þeirra svika sem hæstv. fyrrv. ráðh. í broddi fylkingar flokksins hafa gefið loforð um en ekki staðið við. Menn uppskera alltaf eins og þeir sá. (**Gripið fram í:** Kratar líka?) Að sjálfsögðu kratar líka. Það sýna síðustu skoðanakannanir. Þetta hefði hv. þm. ekki átt að minnast á.

Mér finnst, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að það vanti enn svarið við því sem spurt var um áðan: Hvenær var það í ráðherratíð hv. þm. og ráðherratíð Alþb.-ráðh. á árunum 1978—1983 sem sú skoðun heyrðist og var fyrir henni barist af hálfu stjórnvalda þá að tryggja öryggi fiskverkunarfólks, starfsréttindi þess? Þeirri spurningu er enn ósvarað og ég hygg að hv. þm. eigi lítið sem ekkert svar við henni eins og málin hafa þróast og eins og menn hafa staðið að málinu þegar þeir hafa haft tækifæri til þess að hrinda slíku í framkvæmd.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1217, um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 20:13 atkv.

Áfengislög, 86. mál (þskj. 1263, n. 1326, 1269, 1356). — Ein umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Dagbjartsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á áfengislögum nr. 82 frá 1969 á þskj. 1326 frá meiri hl. allshn.

Nefndin fékk til umfjöllunar frv. svo sem það hafði verið samþykkt í Ed. 12. júní 1985 (þskj. 1263). Þá var einnig samhliða til umræðu í nefndinni brtt. frá hv. þm. Halldóri Blöndal og Ellert B. Schram á þskj. 1269 um sama efni.

Eðli málsins samkvæmt fjallaði nefndin fyrst og fremst um það á þessum þremur fundum sem haldnir voru um málið hvort ríkisstj. skyldi láta fara fram á árinu 1985 atkvgr. meðal allra kosningarbærra manna um það hvort leyfa skuli innflutning og framleiðslu á áfengu öli eða ekki.

Nefndin klofnaði í afstöðu til málsins og mun Guðmundur Einarsson gera grein fyrir séráliti sínu í umræðum.

Það er niðurstaða meiri hl. allshn. að Alþingi sjálfu sé rétt og skylt að taka afstöðu til þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar er andvígur því að frv. á þskj. 1263 verði samþykkt og leggur til að brtt. á þskj. 1269 komi til atkvæða.

Undir þetta rita auk mín Gunnar G. Schram, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Friðjón Þórðarson.

Í sjálfu sér er ekki miklu við þetta að bæta. Það skal aðeins ítrekað að sex af sjö nm. voru á móti þjóðaratkvgr., enda er það í samræmi við fyrri afgreiðslu þessa máls frá hv. Nd.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég legg til að málið verði samþykkt eins og það kemur frá Ed. Ástæður fyrir þeirri skoðun minni eru:

Í fyrsta lagi er ekki nema einn dagur eftir af þingstörfum og í öðru lagi er Ed. yfirfull af málum. Þar er núna reynt á tveimur dögum að afgreiða mál sem tók tvo mánuði að afgreiða í Nd. Ég hygg að með tilliti til þessara tveggja atriða sé hverju máli stofnað í hættu sem sent er til afgreiðslu þangað upp. Ég tel að það sé þess vegna ástæða til að taka við málinu eins og það kemur frá Ed. og afgreiða það óbreytt, senda það ekki þangað aftur. Þannig fæst þjóðaratkvæði í málinu. Þannig getur Alþingi tekist á við það síðar. Þá er komin niðurstaða að því leyti að þjóðin hefur gefið til kynna sína afstöðu í málinu og boltinn er þá ótvírætt hjá þinginu. Þessari neyðarlegu tvíhyggju sem hefur þjáð þingheim í tvö ár, þingið — þjóðin, þingið — þjóðin, verður þá lokið og þingið á þá einskis annars úrkosti en að afgreiða málið. Ég held að sérhver önnur afgreiðsla stofni málinu í þá hættu að við stöndum í haust í nákvæmlega sömu sporum og undanfarin tvö haust, að menn flytja frv. til l. um að þingið ákveði þetta eða að menn flytji frv. til l. um þjóðaratkvgr. um bjór og síðan lendi málið í tómarúmi á milli þeirra sem vilja að þjóðin ákveði og hinna sem vilja að þingið ákveði.

Ég hef komist að þessari niðurstöðu af praktískum ástæðum. Ég tel að þingið eigi að skila efnislegri

niðurstöðu sem auðveldi að það verði tekin afstaða í málinu. Það er best gert á þann hátt, sem ég hef lýst, að taka við málinu eins og það kemur frá Ed., samþykkja það og hafa þjóðaratkvgr.

Síðan tekst þingið á við óumdeilanlega skyldu sína og menn hafa þá ekki í neitt annað hús að venda.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hefur þegar reynt einu sinni á það hér í þessari hv. deild hvort menn séu ginnkeyptir fyrir því að hafa þjóðaratkvgr. um áfengt öl og komið hefur í ljós að það var fellt mjög myndarlega. Eftir atkvgr. í Ed. liggur það fyrir að meiri hl. alþm. hefur greitt atkvæði gegn þjóðaratkvæðagreiðslu. Ætti það að verða hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni til umhugsunar eins og hann hefur talað undanfarið.

Ég flyt hér ásamt hv. 6. þm. Reykv. brtt. sem er í þá veru að frv. verði breytt í sitt fyrra horf, eins og deildin afgreiddi það héðan, enda álít ég að það sé á mörkunum að afgreiðsla Ed. á frv. sé þingleg. Ég held að breyting Ed. á efni frv. valdi því að ekki sé lengur hægt að tala um að þetta sé frv. til l. um breyt. á áfengislögum nr. 82/1969, heldur eigi frv. að heita, eins og það kom frá Ed.: frv. til l. um þjóðaratkvæðagreiðslu. Vil ég bera það undir hæstv. forseta hvort hann er ekki sammála mér um að núverandi fyrirsögn dugi ekki við frv. eins og það kom frá Ed. Ég held að það séu alveg hreinar línur.

Ég held að allir menn viti að þetta var aðferð þeirra þm. sem þar voru í meiri hluta til þess að komast hjá því að taka afstöðu til málsins, og er það nú næsta napurlegt og nöturlegt, jafnlanga og glæsilega sögu og sumir þeirra þm. eiga í baráttu sinni fyrir áfengum bjór hér á landi.

Ég vil velta því upp hvað sé átt við með þjóðaratkvgr. um það hvort bjór að styrkleika 4—5% að rúmmáli skuli borinn undir atkvæði þjóðarinnar. Þessi þjóðaratkvgr. á að vera ráðgefandi. Nú erum við hér með mikið af sterkum drykkjum. Við erum með viský, við erum með vodka, við erum með ákavíti o. s. frv. Við erum með létt vín, borðvín, alls konar tegundir af léttu víni. Það dettur engum manni í hug að bera það undir þjóðina hvort rétt sé t. d. að menn megi drekka sterk vín, borðvín, sérrý eða portvín. Nei, það sem skal bera undir þjóðina er hvort menn megi drekka hér bjór af styrkleikanum 4—5%. Það er allt og sumt.

Það er ekki einu sinni verið að spyrja þjóðina að því hvort greiða eigi atkv. um að það eigi að banna öllum Íslendingum að drekka bjór af styrkleikanum 4—5%. Nei. Hæstv. dómsmrh., sem leyfir öll bjórlíkin hér um allan miðbæinn, telur rétt að bera þetta undir þjóðina, en ekki hitt hvernig mönnum falla þær bjórstofur eða hitt þó heldur sem vaxið hafa upp.

Það er ekki heldur verið að spyrja þjóðina að því hvort henni þyki rétt að áfengur bjór skuli vera einkadrykkur þeirra manna sem fara til útlanda.

Þó svo að þetta yrði borið undir þjóðina eins og það kemur frá Ed. stæði eftir sem áður að ferðamenn mættu koma með áfengan bjór til landsins og eftir sem áður stæði að bjórlíki mætti viðhafa hér í öldurhúsum. Þetta er nú reisnin yfir þeirri þjóðaratkvgr. sem þessir hv. þm. eru að leggja til.

Svo á þjóðaratkvgr. að vera ráðgefandi. Hugsum okkur að 45% þjóðarinnar segðu: Ég vil heldur drekka áfengi af styrkleikanum 4—5% en vín sem er miklu sterkara. Eiga þá 55% að geta sagt: Þú mátt ekki drekka svo veikt áfengi. Hvað finnst mönnum að sé hæfilegur meiri hluti til þess að banna mönnum að drekka 4—5% áfengi í ráðgefandi leiðbeiningu til manna um þjóðaratkv. — einkanlega þegar fyrir liggur að þeir mega drekka þetta áfengi hér á landi ef þeir ferðast til útlanda? Það er m. a. s. þannig að ef þeir kaupa innlendan bjór mega þeir hafa með sér 24 dollur, en ef hann er erlendur mega þeir hafa með sér tólf. Svo nákvæmt skal það vera. Og þessi bjór, sem menn koma með til landsins, má vera af öllum mögulegum styrkleika án nokkurrar lagastoðar. En svo þegar kemur frv. um að menn megi að réttum lögum kaupa hér 4—5% bjór skal það undir þjóðaratkv. Svo nákvæmt skal það vera.

Reykvíkingar hafa t. d. heldur aldrei verið spurðir að því, eins og t. d. menn á Akureyri, hvort þeir vilji hafa áfengisútsölu í Reykjavík. Væri ekki rétt að nota tækifærið, ef þjóðaratkvgr. yrði, til að spyrja Reykvíkinga að því hvort þeir kæri sig nokkuð um að hafa hér áfengisútsölu? Mér fyndist það. Og hvar eru nú gömlu góðtemplararnir úr því að ekki kemur fram hugmynd um að nota þetta tækifæri til að spyrja menn að því hvort þeir vilji yfirleitt nokkurt vín í landinu? (**ÓÞÞ:** Er ekki einn í pontunni?) Af hverju ekki að breyta þessu og segja: Við skulum hafa þjóðaratkvæði um það hvort yfirleitt megi selja vín í þessu landi?

En það eru ekki svo stórar og miklar spurningar sem verið er að spyrja um. Það eru 4—5 prósentin fyrir þá sem ekki fara til útlanda. Það er allt og sumt. Ekki er nú reisnin mikil. Þó er það nú skárra hjá flm. þessa bjórfrv., formanni Alþfl. Hann er þó röggsamari en hinir að því leyti til að hann vill hafa atkvgr. bindandi. Og auðvitað er það rétt. Úr því að fara á út í atkvgr. á hún að vera bindandi. Að því leyti er hans tillöguflutningur vitlegri. En eftir sem áður ætti þetta að heita frv. til l. um þjóðaratkvgr.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég var ekki einn þeirra manna sem flutti þetta mál inn í þingið. Ég tel á hinn bóginn rétt, úr því að búið er að gera það, að alþm. taki skýra og beina afstöðu og líka til þess hvað þeir meina. Hvað eiga þeir við með „ráðgefandi"? Hvernig stendur á því að þjóðaratkvgr. er aðeins um bjór milli 4 og 5% og þar fram eftir götunum? Það eru ýmsar spurningar sem vakna, en kannske er sú ástæða þyngst á metunum hjá mér þegar ég er staðráðinn í því að leggjast gegn þjóðaratkvgr. að mér óa allar þær áfengisumræður sem maður á yfir höfði sér á þessu sumri ef til þjóðaratkvgr. kæmi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Menn getur greint á efnislega um þetta mál og hefur greint á um það. Menn geta verið með eða á móti bjór. En af viðræðum mínum við hv. alþm. hefur mér virst að meiri hl. þeirra væri sammála um eitt: að það skipti meginmáli að Alþingi tæki afstöðu með eða móti því lagafrv. sem hér hefur verið að velkjast í meðförum þings langan tíma. Um það gætu menn verið sammála, jafnvel hvorir tveggja, þeir sem eru með eða á móti, að það sé Alþingi til vansa hvernig komið er ef þannig fer að Alþingi tekur ekki afstöðu til málsins heldur vísar því frá sér.

Eftir afgreiðslu Ed. getur svo farið af þingtæknilegum ástæðum að þetta sé ógjörningur. Það er hægt að hugsa

sér að þeir sem vilja koma þessu máli fyrir kattarnef og eru andvígir því sjái til þess þá leið færasta að styðja brtt. hv. þm. Halldórs Blöndals og Ellerts Schram, sem er um að Nd. árétti efnislega stuðning sinn við frv., vegna þess að það er vís leið til að koma málinu fyrir kattarnef. Verði till. samþykkt fer frv. til Ed. Allar líkur benda til að Ed. geri á því breytingar sem þýðir að það verður að fara fyrir Sþ. þar sem tilskilinn er meiri hluti að ⅔. Sennilega er sú leið þegar ófær tímans vegna þó ekki væri annað. Það mundi verða Alþingi til langvarandi háðungar að af þingtæknilegum ástæðum skuli málið klúðrast með þessum hætti. M. ö. o.: þeir sem eru á móti bjór styðja till. á þskj. 1269 til að koma málinu fyrir kattarnef. Í huga annarra er mönnum mjög á móti skapi að vísa þessu máli frá án efnislegrar afstöðu og slíkir menn eru andvígir þjóðaratkvæðinu. Hugsanlegt væri að málsmeðferðin yrði þessi af þingtæknilegum ástæðum: Fyrst yrði felld brtt. hv. þm. Halldórs Blöndals og Ellerts Schram. Því næst yrði felld till. um þjóðaratkv. Hver er þá niðurstaðan á afgreiðslu Alþingis? Þvílík niðurstaða eftir margra mánaða umfjöllun! Það yrði þokkalegt til frásagnar um getu þessarar hv. stofnunar til þess að taka afstöðu, segja já eða nei í einföldu máli.

Afstaða Ed. opnaði því miður leiðina til þessarar niðurstöðu ef ekki verður að gert. Hún var sú að taka ekki afstöðu til málsins, heldur veigra sér við því og víkja sér undan því og vísa því til þjóðarinnar. Hún var í annan stað í því fólgin að þjóðaratkvgr. var ekki gerð bindandi. Og í þriðja lagi fól hún það í sér að þjóðaratkvgr. átti að fara fram einhvern tíma á árinu 1985. Það hefði þýtt, eins og hv. þm. Halldór Blöndal var að lýsa, að þjóðin hefði átt yfir höfði sér heldur ömurlega áfengismálaumræðu, ekki aðeins þetta sumar heldur kannske fram eftir hausti, og það hefði væntanlega yfirgnæft og skyggt á önnur mál og verðskuldar það þó vissulega ekki. Það eru þess vegna allar líkur á því að Alþingi sé búið að koma málinu í þann hnút að óbreyttu að það fáist engin niðurstaða eða niðurstaða sem er gjörsamlega óviðunandi og Alþingi til háborinnar skammar og varanlegrar háðungar.

Ástæðan fyrir því að ég flyt nú brtt. við þetta frv. til l., þ. e. eins og það kemur frá Ed., um þjóðaratkvgr., er sú að ég vil koma í veg fyrir að Alþingi verði sér til skammar með þessum hætti. Ég sé enga lausn á málinu úr því sem komið er aðra en þá að horfast í augu við þessar staðreyndir, tímahrakið og að það verður að reyna að ná einhverri málamiðlun milli beggja deildanna, þ. e. Nd. sem samþykkti frv. efnislega og Ed. sem vék sér undan því að taka efnislega afstöðu en samþykkti till. um þjóðaratkvæði. Till. mín er því sú að hv. Nd. sætti sig við tillöguna um þjóðaratkvæði í trausti þess að Ed. muni þá ekki gera frekari breytingar á málinu, enda hefur hún þá fengið því framgengt sem á að vera meginkjarni þeirrar afstöðu, þ. e. þjóðaratkvæði. En við skilyrðum þessa þjóðaratkvgr. með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi fari þjóðaratkvgr. fram ekki síðar en 15. september á þessu hausti. Það er í samræmi við þá till. sem hv. þm. Karvel Pálmason flutti hér og það mundi a. m. k. stytta þann tíma sem áfengisumræðan ríður húsum, agúrkutímabilið og yrði þannig að minni skaða.

Í annan stað — og það er kannske kjarni málsins — felur till. mín í sér að þjóðaratkvgr. hafi merkingu og inntak. Sá texti hljóðar svo:

„Fallist meiri hluti kjósenda á framangreindar breytingar á lögunum skal ríkisstj. leggja fyrir Alþingi, við upphaf næsta þings, frv. til l. um breytingu á áfengislögum til staðfestingar á niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar."

Samkv. ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar er ekki unnt tæknilega að flytja till. um þjóðaratkvgr. sem skuli vera bindandi. Þetta er hins vegar leið til þess að skylda ríkisstj. til að framfylgja niðurstöðum þjóðaratkvgr. Þar með hefur þessi till. um þjóðaratkvgr. einhverja merkingu, einhvern tilgang, eitthvert inntak. Fyrir nú utan það að vel færi á því að hæstv. dómsmrh. ætti aðild að því að flytja málið þegar þjóðin hefur kveðið upp sinn úrskurð — maðurinn sem hefur fjölgað vínveitingastöðum, að sögn kunnugra, um 50% þó að það megi gjarnan heita aukaatriði málsins.

Ég held að þessi orð nægi til að skýra forsendurnar og rökin á bak við þessa till. Þau eru einfaldlega þessi: Úr því sem komið er varðar það Alþingi nokkru að koma í veg fyrir að þessu máli verði klúðrað í tímahraki þannig að niðurstaðan verði í engu samræmi við meirihlutavilja á Alþingi. Eins og málið lá fyrir eftir afgreiðslu Ed. var fullkomlega hætta á því að þeir sem væru andstæðir bjórnum gætu helst fylgt því eftir með því að greiða þannig atkvæði að atkvgr. mundi ekki endurspegla neina efnislega afstöðu. Till. mín kemur í veg fyrir það þannig að afgreiðsla málsins, ef hún yrði samþykkt, liggur þá ljós fyrir.

Ef hv. Nd. sættir sig við í tímahraki að leita eftir samkomulagi við Ed. þýðir það það að hv. þm. í Nd. veiti ekki brautargengi efnislegri till. þeirra hv. þm. Halldórs Blöndals og Ellerts Schram, en að þeirri till. fallinni samþykki þeir brtt. við afgreiðslu Ed. sem felur þá í sér í fyrsta lagi að þjóðaratkvgr. fer fram fyrr en ella hefði verið og í annan stað að hún verði bindandi því að afstaða Ed. hefur enga merkingu og leiðir til engrar niðurstöðu þegar þjóðaratkvgr. er ekki bindandi. Úrslit geta orðið tvísýn og það er engin ástæða til þess að ætla að ríkisstj. eða stjórnarmeirihluti mundu flytja mál af þessu tagi eða að úrslit þjóðaratkvgr. mundu breyta niðurstöðu þm.

Það er engan veginn víst, þrátt fyrir að liðið sé á þinghaldið, að Ed., sem er fámenn og heldur ekki uppi löngum ræðum um mál, geti ekki tímans vegna afgreitt málið fari atkvgr. svona í Nd. M. ö. o.: Þetta er eina leiðin sem ég sé til að knýja fram efnislega afgreiðslu í málinu sem a. m. k. firri Alþingi þeim vansa að hafa klúðrað því af ástæðum sem enginn einstakur þm. eða hópur þm. fékk nokkuð við ráðið. (**Gripið fram í:** Farðu þá að hætta þessu.) Þar með get ég látið mínu máli lokið og þakka fyrir viturlega ábendingu.

ATKVGR.

Brtt. 1269,1.a felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, KH, ÓE, PD, PS, StG, StH, GunnG, ÞP, BÍG, EH, EBS.

nei: KÓ, HG, ÓÞÞ, PP, RH, SV, SJS, SvG, AS, FÞ, GSig, GeirG, NL, GE, GJG, GA, IG.

JS, JBH, KP, KJóh, KSK greiddu ekki atkv.

4 þm. (MB, MÁM, ÞS, FrS) fjarstaddir.

Brtt. 1356 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafna-

kalli, og sögðu

já: BÍG, EBS, HG, JS, JBH, KP, KSK, ÓE, PS, GunnG.

nei: AS, EH, FÞ, GSig, GeirG, NL, GE, GJG, GA, KÓ, GGS, HÁ, HBl, ÓÞÞ, PP, PD, StG, SV, SJS, SvG, ÞP, IG.

KH, RH, StH greiddu ekki atkv.

5 þm. (KJóh, MB, MÁM, ÞS, FrS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Á síðustu 50 árum hefur aðeins ein þjóðaratkvgr. farið fram á Íslandi. Það var þjóðaratkvgr. um lýðveldisstofnunina. Ég tel ekki við hæfi að næsta þjóðaratkvgr. verði þjóðaratkvgr. um bjór og segi því nei.

1. gr. felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, BÍG, EBS, GE, GGS, HG, JS, KP, KH, KSK, ÓE, PS.

nei: StG, SV, SJS, SvG, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, GSig, GeirG, NL, GJG, KÓ, HÁ, HBl, ÓÞÞ, PP, PD, RH.

GunnG, GA, JBH, IG greiddu ekki atkv.

5 þm. (FrS, KJóh, MB, MÁM, ÞS) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249, n. 649 og 652, 653). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Mjög erum tregt tungu að hræra. Hér er komið annað af óskafrv. þessarar þjóðar og það hefur talsvert verið rætt og eftir því hefur þó nokkrum sinnum verið óskað að það yrði tekið til umræðu.

Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni, en ég ætlaði að benda á nokkur atriði sem komu fram í fyrri hluta umr. sem fór nú fram fyrir talsvert löngu.

Fyrsta atriðið og kannske meginatriðið er að það er augljóslega mjög mikill ágreiningur um þetta mál. Þessi ágreiningur kemur t. d. fram milli núverandi landbrh. og núverandi sjútvrh. þar sem togast er á um fjöldamörg ákvæði þessa máls og hver vill hafa sinn skækilinn. Skv. fjöldamörgum lagaákvæðum heyra selamál að verulegu leyti undir landbrn. Skv. frv. sem hér liggur fyrir eru þessi mál hins vegar alfarið tekin undir sjútvrn. Það er hvorki í samráði við né að vilja núverandi landbrh., ef ég man rétt úr fyrri hluta umr.

Annað atriði, sem ég tel að bendi til sams konar ágreinings, er að sömu aðilar í fyrri ríkisstj. voru heldur ekki sammála um málið. Þetta mál er arfur frá fyrri ríkisstj. Það var samið af nefnd sem sett var á stofn í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, sem var landbrh. í þeirri ríkisstjórn, að hann átti ekki hlut að því að frv. var samið þá, enda virðist það hafa verið samið að tilhlutan þáverandi sjútvrh. sem er nú hæstv. forsrh. Þannig er augljóst mál að um þetta var ágreiningur í fyrri stjórn líka. Þannig er sem sagt augljóslega sami ágreiningur milli núverandi landbrh. og sjútvrh. og var á milli fyrrverandi landbrh. og sjútvrh., ráðh. þeirrar stjórnar sem eiginlega átti hlut að upprunalegri samningu málsins.

Í þriðja lagi kom fram á þessu þingi í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar verulega mikil andstaða og mjög miklar athugasemdir við frv. sem hann gerði grein fyrir í löngu og yfirveguðu máli. Ég hvet menn til að kynna sér þá ræðu áður en þeir taka lokaafstöðu til afgreiðslu málsins út úr þinginu núna.

Þarna er sem sagt augljóslega um að ræða mál sem ekki hefur verið kappkostað að ná neinu samkomulagi um í málsmeðferð þó að allir séu hins vegar sammála um að mikið liggi við að niðurstaða fáist. Með tilliti til þessara dæma um ágreining, sem ég hef rakið, svo og afstöðu aðila eins og Búnaðarfélags og Náttúruverndarráðs finnst mér augljóst að ástæða sé til að taka málið upp að nýju og skoða það vel. Þetta mál er þess eðlis að það er verið að reyna að ná samkomulagi í mjög viðkvæmu deilumáli og þess vegna ríður á miklu að farið sé með löndum og að fullt samkomulag náist milli allra málsaðila. Það er frumskilyrði. Annars næst ekki það markmið, sem menn hafa hugsað sér með þessu selamáli, að koma eðlilegum og góðum skikk á veiðar og rannsóknir sela og að þar náist sæmilegur samhugur um og öllum þyki tekið tillit til sinna sjónarmiða.

Ég hef margítrekað, bæði á þessu þingi og á síðasta þingi, með fyrirspurnum og umræðum um þingsköp og fleira, að ástæða sé til að setja lög um rannsóknir og veiðar á sel og mér er mjög vel ljós sá vandi sem fiskvinnslan stendur frammi fyrir vegna hringorms. Það komu síðast fram upplýsingar um það í gær að menn töldu þann vanda stóran. Það er óumdeilt að hann er vandamál og að það eru gífurlegir fjármunir sem fara í súginn vegna ormatínslu og vegna lélegri nýtingar sem af þessu hlýst. Vegna þessara miklu hagsmuna, sem augljóslega eru í veði, er mér umhugað um að aðgerðir í þessum efnum séu markvissar, bæði til að nýta vel það fé sem nú er notað til rannsókna og veiða á sel og til að hefja megi vel grundaðar aðgerðir til fækkunar sela ef menn sjá það sem hið eina svar, og að það komi líka mjög verulegt framlag af hálfu ríkisvaldsins til að hægt sé að vinna að þessu.

Ég tel mig alls ekki neinn selverndunarmann. Ég vil að selur sé veiddur og að hann sé nytjaður. Af honum er hægt að hafa margvísleg not eins og menn hafa bent á. Ef í ljós kemur að hægt sé að hafa áhrif á hringormatíðni með því að fækka selnum og bæta þannig afkomu fiskvinnslu tel ég að slíkum aðgerðum eigi að beita. Hins vegar vil ég benda þm. og þeim sem um þetta mál þurfa að fjalla á mjög verulegar athugasemdir sem ég held að menn verði að gefa gaum. Það eru athugasemdir sem komu fram í bæklingi sem heitir „Selir og hringormar". Þar er bent efnislega á það sem kunnáttumenn telja talsverðar veilur í „rannsóknarpólitíkinni" á bak við þetta mál. Ég held að menn geti ekki verið þekktir fyrir annað en að taka á þessu fullt mark. Þess vegna vil ég ítreka að það sé farið vel ofan í saumana á þessu og að menn búi þannig um hnútana að það leiði til þeirrar sáttar sem er óumflýjanleg.

Mér finnst ýmislegt varðandi vinnubrögð við þetta mál alls ekki nógu gott. Ég vek t. d. athygli á að ég hef skrifað bréf til hringormanefndar sem hefur aðsetur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Skúlagötu 4 í Reykjavík. Þar þakka ég athugasemdir sem mér bárust við ritið „Selorma og seli". Ég óskaði í þessu bréfi eftir því að nefndin sendi mér eintök af rannsóknarskýrslum nefndarinnar og starfsfólks hennar og greinum og öðrum gögnum sem gætu varpað ljósi á störf hennar og

það hvernig hún markar sína selafækkunarstefnu. Mér hefur ekkert svar borist við þessu bréfi. Mér hefur ekki borist nein afsögn. Þeir hafa ekki lýst því yfir að þessar upplýsingar liggi ekki á lausu. Þeir hafa einfaldlega alls ekki svarað þessu. Ég vildi nú beina því til hæstv. ráðh., sem ég held að hljóti að hafa yfir þessari nefnd að segja, hvort hann gæti ekki stuggað við henni og athugað hvaða upplýsingaskyldu hún telji sig eiga við alþm. hv. Alþingis.

Ég vildi einungis fylgja þessu máli úr hlaði eftir þá löngu hvíld sem það hefur hlotið með þessum almennu athugasemdum þar sem ég minni á þann augljósa og viðamikla ágreining sem er um málið af hálfu landbrh. og sjútvrh. í núverandi stjórn og af hálfu ráðh. sömu málaflokka í fyrrverandi stjórn. Ég bendi á efasemdir, ágreining og andstöðu við málið sem kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar og ef ég man rétt Stefáns Valgeirssonar. Ég minni enn á þá brtt. sem ég flutti við þetta mál þar sem ég hvatti til að öðruvísi nefnd væri skipuð. Hún væri raunverulega skipuð til ráðgjafar ráðh. í þessu máli. Sú till. mín er af sama toga, þ. e. ég legg mikla áherslu á að þannig sé unnið að málinu að um það megi nást sæmileg sátt.

Ég ætla ekki að tala lengur vegna þess að ég tel ástæðu til þess að Alþingi afgreiði þetta mál á þinglegan máta, en ég tel að sú afgreiðsla ætti raunar að vera sú að málið verði tekið upp aftur af hálfu ríkisstj. til endurskoðunar og lagt fyrir aftur í haust til að eyða þeim ágreiningi sem augljóslega hefur komið upp við meðferð málsins.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég verð að segja að þetta eru allfurðuleg vinnubrögð þegar þetta mál er annars vegar. Þetta er mikilvægt mál. Ég held að það séu margar vikur eða mánuðir síðan ég óskaði eftir að segja nokkur orð í þessu máli. Síðan hefur þetta stöðugt verið á dagskrá. Ég hef marginnt hæstv. forseta eftir því hvort ætlunin væri að ræða málið, en ávallt fengið það svar — eða alltaf hefur hæstv. forseti gefið það í skyn — að það yrði ekki hreyft við þessu máli fyrst um sinn. Nú á þessum síðustu dögum þingsins um miðnæturskeið kemur allt í einu andinn yfir hv. alþm. og tekið er að ræða selmálið sem svo er nefnt.

Það er varla að ég hafi mikla löngun til að fara að ræða þetta mál efnislega núna um lágnættið. Ég held að það sé alls ekki unnt. En ég vil þó minnast á örfá atriði. Þetta frv. eða frv. í einhverju formi um þessi efni er að mínum dómi alveg nauðsynlegt. Þetta er stórmál, stærra en margir hyggja. En það verður einhvern veginn að ná betri tökum á því. Sú nefnd sem um það hefur fjallað hér í hv. Nd. er klofin og samstaða er ekki um málið. Ég viðurkenni það fyllilega að á síðustu árum hefur selnum, sérstaklega útselnum, fjölgað það mikið að það virðist svo sem gera þurfi ráðstafanir gegn offjölgun hans með einhverju móti. En hvernig á að ná tökum á því er annað mál. Vitanlega er þetta stórkostlegt vandamál fiskvinnslunnar, hið svokallaða hringormavandamál, þó að ekki séu sönnuð tengslin milli selanna og hringormanna í fiskinum, að því er ég best veit. En eigi að síður er hringormavandamálið það stórt og það þjóðhagslega mikilvægt að það verður að gefa þessu máli fullan gaum.

Í þessu frv. felst svo m. a. að það stendur til að fella úr gildi lög sem lengi hafa gilt á Breiðafirði um selaskot, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp frá 1925 og þó miklu lengur, þ. e. þar sem öll selaskot eru bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim sem inn úr honum ganga fyrir innan línu sem hugsast dregin úr Eyrarfjalli sunnan Breiðafjarðar í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. Nú má vel vera, og ég skal ekki neita því, að það þurfi að endurskoða þessi öldnu lög og breyta þeim, en við nánari athugun tel ég þó varhugavert að afnema þau á þennan máta að fullu.

Ég viðurkenni að á þessum slóðum þarf að fækka sel, sérstaklega útselnum. En það verður að gera það á skipulegan hátt. Og ég hugsa til þess með hryllingi ef inn um allan Breiðafjörð ösla hraðbátar skjótandi í allar áttir. Ég get ekki fallist á það að lítt athuguðu máli.

Auðvitað mætti margt fleira um mál þetta segja. Niðurstaða mín er sú að eins og málið ber að nú get ég með engu móti samþykkt það.

Forseti (Karvel Pálmason): Út af ummælum síðasta hv. ræðumanns, 1. þm. Vesturl., um orðaskipti hans við hæstv. forseta út af þessu máli er rétt að taka það fram að það á ekki við um þann sem nú gegnir forsetaembætti. Það á þá við aðalforseta.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að þessu frv. til laga um selveiðar við Ísland.

Í umr. um þetta mál hér á Alþingi, bæði síðastliðið ár og ekki síður nú í ár, hefur komið greinilega fram að málið er bæði viðkvæmt og umdeilt. Varðar því miklu að ná um það sáttum og komast að niðurstöðu þar sem ólíkir aðilar mega vel við una. Því sætir það furðu að í því frv. sem hér liggur fyrir skuli hafnað óskoruðum tillögurétti ýmissa hagsmuna- og áhugaaðila til að móta stefnu í þessum efnum.

Það er tæplega hagur nokkurs Íslendings að veiða eða selja ormétinn fisk. Hins vegar bera Íslendingar eins og aðrir menn ábyrgð á því að umgangast það lífríki, sem þeir byggja afkomu sína á, með skynsemi og virðingu. Þetta á ekki síst við um þau mál sem lítt eru skilin eða könnuð. Mér vitanlega liggur ekki fyrir næg þekking á samhengi hringormasýkingar í sel og fiski til þess að sekt selsins sé ótvíræð. Það er því miklum vafa undirorpið hvernig best er að bregðast við. Ég vil benda mönnum á að við Íslendingar höfum eins og aðrir farið flatt á því að grípa gerræðislega af takmörkuðum skilningi inn í lífkeðjuna með stundarhagsmuni að leiðarljósi.

Ég sat 5. náttúruverndarþing 1984 sem fulltrúi Kvennalistans. Þar samþykkti ég eftirfarandi ályktun ásamt öðrum sem ég vitna til, með leyfi forseta:

„Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algerlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og látrum. Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land.

Varðandi frv. það sem lagt hefur verið fram á Alþingi leggur þingið eindregið til að 3. gr. frv. verði breytt. Hún hljóðar svo í frv.:

„Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsókna-

stofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd er samdi frv. lagði til:

„Til aðstoðar sjútvrn. um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðh. nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður skv. tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn skv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn skv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar. Ráðh. skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna. Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjútvrn. um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórnun og skipulagningu selveiða."

Bent skal á upphaflega greinargerð með 3. gr., en hún er svohljóðandi:

„Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé rn. til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjútvrn. þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir sem nefndar eru í þessari grein og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum þessara aðila þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt.

Rn. mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir sem það tæki um selveiðar og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með tillögur og ábendingar um atriði sem að þessum málum lúta."

Náttúruverndarráð leggur eindregið til að 3. gr. frv. verði færð í fyrra horf og er þá samþykkt frv., en nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar þess, t. d. 6. og 8. gr."

Síðan hefur komið út ítarleg grg. á vegum Landverndar um seli og hringorma í tilefni af verðlaunaveitingum hringormanefndar samin af Sigrúnu Helgadóttur, Stefáni Bergmann og Ævari Petersen.

Eins og ég áður nefndi hafa enn fremur komið fram mjög skiptar skoðanir á því hvernig þessum málum skuli ráðstafað. Eru það bæði fulltrúar rn. svo og hinna ýmsu hagsmuna- og áhugahópa sem hafa lýst yfir efasemdum og andstöðu sinni við þá tilhögun sem lýst hefur verið í því frv. sem hér liggur fyrir þinginu og nú síðast í umr. í kvöld.

Það er ekkert, sem fram hefur komið í þessu máli, sem knýr mig til að falla frá þeirri samþykkt sem ég var aðili að á síðasta náttúruverndarþingi. Miklu fremur hafa mér aukist ástæður til þess að standa að þeirri samþykkt við síðari málsmeðferð. Það er engan veginn tryggt að það rn. sem fer með hagsmuni sjávarútvegs muni tryggja hagsmuni sela eða endilega finna eitt saman, án samráðs við aðra aðila, farsælasta leið til þess að fækka hringormi með seladrápi einu saman. Ég er þó engan veginn að draga úr mikilvægi þess að við getum náð heilbrigðum fisk úr sjó og ekki síður tel ég mikilvægt að við látum þetta dýrmæta hráefni svo ekki skemmast í fórum okkar eftir að við höfum náð því úr sjónum. En það er önnur saga.

Ég hefði viljað lesa athugasemdir við frv. sem koma fram í áðurnefndri grg. um seli og hringorma, en ég ætla að láta nægja að lesa lokakafla í þessum athugasemdum þar sem segir að þau séu fleiri villtu dýrin sem um er deilt á Íslandi en selir og má nefna ref, mink, hreindýr, mýs, rottur, máva, hrafn, örn, rjúpu, gæsir, álft, endur, æðarfugl og hvali. Það er brýn þörf á því að samin verði heildarlöggjöf um skipulag rannsókna á villtum dýrum og stjórn þeirra. En nú fellur þessi málaflokkur undir a. m. k. fjögur rn. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á villtum dýrum hafa verið tilviljanakenndar og háðar áhuga einstakra manna. Enginn einn aðili í stjórnkerfinu ber ábyrgð á því að fylgst sé með þessum dýrum. Er þeim að fjölga? Eru einhver þeirra í útrýmingarhættu? Eru fækkunaraðgerðir árangursríkar og borga þær sig? Og þannig mætti lengi spyrja. Á sama hátt og Hafrannsóknastofnun fylgist með nýtingu okkar á gæðum hafsins, stundar vísindarannsóknir og kemur með tillögur um nýtingu, Veiðimálastofnun fylgist með nýtingu áa og vatna og Landgræðslan nýtingu gróðurlenda, þá ætti að vera til óháður rannsóknaraðili sem hefði með að gera rannsóknir á villtum dýrum og kæmi með rökstuddar tillögur um stjórn þeirra.

Að svo mæltu vil ég leggja til að þetta mál verði endurskoðað og að reynt verði að ná um það farsælum sáttum þannig að allir megi vel við una því að vitanlega er það hagur allra og velferð að við komumst að sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd.

Ég vil ekki draga úr því að menn nái sáttum um mál. En það er ekki nægilegt. Það verður að vera einhver stefna í málinu og það verður að vera ákveðið hvað gera skal. Nýjustu áætlanir um kostnað við ormatínslu frystihúsanna eru að hann er jafnvel áætlaður 500 millj. kr. Ég skal ekkert fullyrða um þá áætlun, en alla vega er sá kostnaður gífurlegur. Við skulum segja að hann sé 500 millj. kr. Þá er ótalinn allur annar kostnaður, bæði beinn og óbeinn. Þar má nefna nýtingu framleiðslutækjanna eða þær tafir sem ormatínslan veldur. Ormur í fiskholdi hefur mjög mikil áhrif á nýtngu fisksins. Skv. nýlegri athugun heldur fiskurinn nokkurn veginn holdum þar til ormur hefur náð því að verða um það bil fjórir ormar í kílói af roðlausum flökum. Eftir það er fall nýtingarinnar mjög mikið þannig að um er að ræða 0.9 til 1% rýrnun fyrir hvern orm sem við bætist í hvert kíló. Þegar ormafjöldinn hefur náð 10 til 14 ormum í hvert kg flaka er fiskurinn í raun orðinn verðlaus. Þetta er hin alvarlega staðreynd málsins.

Vissulega má um það deila hvernig á þessu stendur, en allar líkur benda til þess að hér eigi selurinn verulegan hlut að máli. Það er alveg rétt að átt hefur sér stað veruleg barátta út af selaveiði. Það hefur að vísu ekki verið mikil barátta hér á landi, en það er mikil barátta í löndunum í kringum okkur, t. d. á Grænlandi og í Kanada. Fólk í Evrópu hefur afarlítinn skilning á þörfum fólks á norðlægum slóðum. Grænlendingar hafa orðið fyrir gífurlegum búsifjum í þessu sambandi. Það er nær grátlegt hvernig hefur verið veist að því fólki af aðilum í Evrópu sem kalla sig umhverfissinna. Það meinar vissulega allt gott, en hefur ekki nógu mikla þekkingu á lífsháttum þeirrar þjóðar til að standa í reynd undir nafni.

Ég tel að við Íslendingar séum umhverfisverndunarmenn sem þjóð. Vissulega leggja menn misjafnar

áherslur í því sambandi, en sem þjóð erum við það.

Ég vil gera athugasemd við það sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði að það væri hafnað tillögurétti ýmissa samtaka. Þetta er beinlínis rangt. Það hefur verið gerð breyting á 3. gr. frv., það er rétt, og við höfum oft rætt það áður, en það stendur ekki á nokkurn hátt til að ganga fram hjá þeim samtökum sem þar eru nefnd. Það væri ekki verið að nefna þau þar ef það stæði til. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það rn. sem fer með yfirráð þessara mála verði að bera stjórnsýslulega ábyrgð á málinu, en ekki hin ýmsu samtök. Þannig verður að vinna að málum. Ákvörðunarvaldið má ekki færa frá rn. Það er það sem fer með ábyrgðina. Það er vissulega tilhneiging hér til að færa framkvæmdavaldið til og það á sjálfsagt við í einhverjum tilvikum, en ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess í þessu sambandi og á alveg eins að vera hægt að hafa hið besta samstarf við þessa aðila með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég vildi út af orðum hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar segja að það eru felld niður öll lagaákvæði um selveiðar sem í gildi eru og þar með um selaskot á Breiðafirði. Ég held að það detti ekki nokkrum manni í hug, eins og hann komst að orði, að fara að bruna á hraðbát um þarlægar slóðir og það viðkvæma lífríki sem er á Breiðafirði skjótandi í allar áttir. Ég held að hvergi sé hægt að finna þann anda í þessu frv. og mér þykir afar ólíklegt að nokkrum manni detti það í hug. Hér er verið að reyna að koma heildarstjórn á þessi mál og vinna að fækkun selsins með skipulegum hætti og reyna að gera það í sem bestri samvinnu við þá aðila sem þar eiga hagsmuna að gæta, en alls ekki að fara um með þeim hætti sem hv. þm. nefndi hér. Ég vænti að engum detti það í hug.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Nei, þó að ég léti þessi orð falla datt mér ekki í hug að slíkur hernaður yrði rekinn af sjútvrn. a. m. k. En ýmsir hafa nú gaman af að skjóta úti í náttúrunni, bæði á sjó og þurru landi, og eru nú æðiþrúttnir við þá hluti ef þeir fara frjálsir ferða sinna.

Ég vil svo taka það fram að mér er fyllilega ljóst hvað hér er um gífurlega mikið vandamál að ræða fyrir sjávarútveginn, ormatínslan er dýr og kostnaðarsöm úr hófi fram. Þetta er hin alvarlega staðreynd málsins, eins og hæstv. sjútvrh. nefndi, og þarna er a. m. k. talið að selurinn eigi verulegan hlut að máli.

En sannleikurinn er sá að þetta mál hefur oft komið upp í huga minn í vetur sökum mikilvægis þess og ég hef hvað eftir annað verið kominn á fremsta hlunn með að hefja viðræður m. a. við hæstv. sjútvrh. um málið að fyrra bragði. En ég var satt að segja orðinn úrkula vonar um að því yrði hreyft frekar á þessu þingi. Þess vegna hrökk ég nokkuð við áðan þegar það er allt í einu tekið á dagskrá undir miðnætti þegar tveir dagar eru eftir af þinginu. Þetta finnst mér afskaplega einkennilegt í svona máli sem vissulega þarf að athuga og reyna að ná sáttum, taka höndum saman sem allra flestir góðir menn til þess að fá einhverja heilbrigða heildarstjórn á þessi mál. Það er tvímælalaust það sem þarf að gera. Ég veit ekki hvort okkur auðnast að koma því í kring á þessum tveim dögum sem eftir eru af þinginu. Ef það yrði hægt, hv. þm. Garðar Sigurðsson, þá yrði ég manna fegnastur ef okkur tækist það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KÓ, GGS, HÁ, HBl, JS, JBH, KP, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StG, StH, GunnG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EBS, GSig, NL, GE, GJG, IG.

nei: HG.

KH, SJS, SvG, FÞ, GA greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (KJóh, KSK, MB, MÁM, PD, PS, SV, EH, FrS, GeirG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það hefur skýrt komið fram í umr. um þetta mál að innan ríkisstj. er ekki samstaða um málið og hæstv. landbrh. hefur lýst því yfir að hann væri ekki samþykkur einstökum ákvæðum þessa frv. Ég er andvígur þessu frv. eins og það liggur hér fyrir og hef stutt það rökum í umr. um þetta mál. Ég tel þetta illa samið frv. og margar brotalamir í því og greiði atkv. þegar gegn 1. gr. þess með vísun til 6. gr. þar sem ráðh. er í raun gefið sjálfdæmi um öll atriði sem máli skipta við stjórnun selveiða og segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarsson: Herra forseti. Ég tel brýna nauðsyn bera til að fækka sel við strendur landsins. Ég er ósáttur við vissar greinar í þessu frv., sem ég tel að séu ekki skynsamlegar, en engu að síður, eins og mál standa, segi ég já.

Páll Pétursson: Herra forseti. Með vísan til greinargerðar 5. þm. Vestf. segi ég já.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég mundi hafa viljað að ýmsar greinar væru á annan hátt orðaðar. Ég er ekki með tillögur þar um, en tel að þarna hefði mátt gera betur, en með hliðsjón af því að þetta er eitt stærsta vandamál í íslenskum sjávarútvegi segi ég hiklaust já.

Brtt. 653,1 felld með 17:9 atkv.
2. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 653,2 felld með 19:7 atkv.
3. gr. samþ. með 21:1 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Getraunir Öryrkjabandalags Íslands, frv. 503. mál (þskj. 937, n. 1176 og 1213, 1177). — Frh. 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér hefur verið tekið á dagskrá og til umr. frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands, mál Nd. nr. 503. Frv. þetta virðist í fljótu bragði vera ákaflega einfalt í sniðum og í sjálfu sér þarft málefni, en því er þannig farið að á þessu máli eru margar hliðar sem ég tel ástæðu til að fjalla nokkuð um og útskýra fyrir þingheimi.

Það er einkum tvennt sem skiptir meginmáli að því er varðar flutning þessa frv. Annars vegar er um það að ræða að fyrir eru í landinu lög frá árinu 1972 þar sem

Íslenskum getraunum, sem er sjálfseignarstofnun íþróttasamtaka, er veittur réttur til að starfrækja getraunir af því tagi sem um er fjallað í þessu frv. Þetta þýðir þá að með samþykki á þessu frv. mundi vera gengið á þann rétt sem undanfarin 13 ár hefur verið í höndum íþróttasamtakanna, íþróttahreyfingarinnar. Hins vegar er um það að ræða að þetta frv. gerir ráð fyrir að Öryrkjabandalagið afli tekna til starfsemi sinnar og fjárfestinga með getraunum af því tagi sem um getur í frv.

Ég held því fram að þetta frv. sé því í fyrsta lagi aðför að íþróttahreyfingunni og í öðru lagi mikill bjarnargreiði við Öryrkjabandalagið og mun ég útskýra það frekar í máli mínu við þessa umr. og væntanlega við þá 3. einnig.

Þetta mál var lagt fram í þinginu um miðjan maímánuð og er, eins og ég gat um áðan, nr. 503 á málaskrá þingsins. Það gekk til nefndar eftir tiltölulega stuttar umræður og fékk einnig tiltölulega skjóta afgreiðslu frá hv. allshn. Ég hygg að allshn. hafi afgreitt málið frá sér um mánaðamótin. Síðan hefur frv. beðið 2. umr. án þess þó að því hafi komið þar til í s. l. nótt þegar klukkuna vantaði 20 mínútur í tvö, en þá var málið tekið á dagskrá og mér, sem hafði beðið um orðið, gefið orðið. Ég stóð þá upp og óskaði eftir því að umr. yrði frestað þar sem mjög væri áliðið nætur. Ljóst var að málið þyrfti ítarlega umr. af minni hálfu og að hæstv. landbrh. eða dómsmrh. sem leggur frv. fram var ekki til staðar. Þessi frestunarbeiðni mín þótti nokkrum hv. þm. ámælisverð og var hún túlkuð á þann hátt að ég væri að koma í veg fyrir að frv. fengist tekið til umr. Það er algerlega röng túlkun á viðbrögðum mínum í gærkvöld. Ég vildi gjarnan að málið yrði rætt, en ég er ekki hlynntur því að það fái afgreiðslu. Ég er hlynntur því að það verði rætt m. a. til að ég geti tekið til máls og tjáð mig um innihald þess og afleiðingar þess ef af samþykkt þess verður.

Þó að lítið fari fyrir frv. og það virðist einfalt í sniðum er það margslungið og er angi af stefnu eða stefnuleysi sem ríkir varðandi fjármögnun bandalaga og samtaka *bæði á sviði líknar- og mannúðarmála sem og að því er* varðar almenn félagasamtök í landinu, t. d. íþróttahreyfinguna. Sannleikurinn er sá að ef um einhver ámælisverð vinnubrögð er að ræða, þá kasta ég spjótinu til baka til Alþingis sjálfs og tel einmitt að vinnubrögðin í vetur hafi verið þannig vaxin að gagnrýna megi. Langtímum saman í vetur hefur þingið verið tiltölulega aðgerðarlaust og starfslítið. Hafa þá verið fá mál á dagskrá og fundir stuttir og óhætt er að fullyrða að hæstv. ríkisstj. var ákaflega síðbúin með fjölmörg mál sem hún bar fyrir brjósti og mjög síðbúin með þau mál sem hafa síðustu daga tafið þinglausnir og tekið mikinn tíma, langt fram á kvöld. Ég held að það væri æskilegra að þingstörf væru þannig að menn gætu gengið að þingfundum og þingstörfum á venjulegum dagvinnu*tíma og gætu afgreitt*, a. m. k. tekið til umræðu, mál jafnt og þétt í stað þess að hafa þann háttinn á, sem verið hefur hér undanfarna daga og vikur, að hrúgað er inn hverju stórmálinu á fætur öðru síðustu dagana þannig að mönnum gefst varla kostur á eða tími til að fara vel og gaumgæfilega yfir þau. Þannig er einmitt með þetta mál, sem hér er á dagskrá, frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands, að því er kastað hingað inn í maí óundirbúnu og óathuguðu og nánast eins og skrattinn úr sauðarleggnum er það komið inn á borð til okkar.

Hv. allshn. gaf sér ekki mikinn tíma til að fara ofan í saumana á frv. Hún kallaði til sín, að mér skilst, nokkra einstaklinga, en sendi frv. ekki til umsagnar eins og venja er í þingnefndum og flýtti sér um of að afgreiða það frá sér. Ég segi að hún hafi flýtt sér um of vegna þess að frv. vekur vissulega upp margar spurningar.

Þrátt fyrir mótmæli nokkurra þm. s. l. nótt gegn frestunarbeiðni minni fór svo að hæstv. forseti tók hana til greina og frestaði umr. þangað til í dag og er ég þakklátur forseta fyrir þá tillitssemi sem hann sýndi þá. Því er hins vegar ekki að neita að nú er aftur komin nótt og enn er það svo að sá hæstv. ráðh. sem útbjó þetta frv. og flutti það er ekki viðstaddur, en mér hefur verið tjáð að hæstv. forsrh. sé staðgengill hans í dag. Vitaskuld benti ég á fjarveru hæstv. dómsmrh. í gær með það í huga að hann hefur haft veg og vanda af flutningi þessa *máls og liggur væntanlega með fjölmargar upplýs*ingar um tilurð þess.

Vegna þessa atviks, sem hér átti sér stað í gærkvöld eða í nótt, þar sem deilur urðu um hvort þetta mál ætti að koma á dagskrá eða ekki, vildi ég segja að vitaskuld geri ég mér grein fyrir því að þegar svo er áliðið þings sem raun ber vitni þurfa stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar að koma sér saman um afgreiðslu mála og greiða fyrir þeim eftir atvikum og hef ég skilning á því. Hitt er annað mál að þingflokkarnir eiga ekki þingið. Hér sitjum við allir hv. þm. sem einstaklingar og höfum okkar málfrelsi, okkar rétt til tillöguflutnings og enginn þingflokkur getur bannað mönnum að sækja mál eða verja hvenær sem er og á hvaða tíma sólarhringsins sem er.

Ég tók fram í gær og endurtek það núna að enda þótt forustumenn stjórnar og stjórnarandstæðinga hafi gert með sér samkomulag um þinglausnir á ég ekki aðild að slíku samkomulagi. Það hefur ekki verið undir mig borið. Ég tel mig því hafa frjálsar hendur, óbundnar, til að ræða þetta mál og önnur, ef mér sýnist svo, það sem eftir er þings án þess að brjóta eitt eða neitt samkomulag. *Með allri virðingu fyrir stjórnmálaflokkum og* þingflokkum er það hafið yfir allan vafa að ef þm. bera mál fyrir brjósti og telja að þeir þurfi að verja rétt eða hagsmuni eða koma fram sjónarmiðum sínum, sem þeim finnst skipta miklu máli, þá eiga þeir og mega þeir tjá sig um þau mál og þá eiga þeir rétt á því að það sé gert á þeim fundatíma þegar búast má við því að þingheimur sé viðstaddur og hlýði á mál þeirra. Ég held því að sú venja, sem hér hefur skapast í þinginu, að láta þingfundi standa fram á nætur og menn tala yfir auðum stólum sé misnotkun á fundarstjórn og þinghaldi og það sé vanvirða gagnvart þm. sem vilja tjá sig og vilja láta orð falla þannig að aðrir hlusti og taki rökum eða séu þá til andsvara þegar því er að skipta. Mér finnst að þeir sem eru nú að fjalla um breytt þingsköp, þeir sem stjórna þinginu, ættu að hafa þetta í huga. Þegar menn vilja gera breytingar til bóta á þingsköpunum á náttúrlega ekki að bjóða upp á það að menn þurfi að standa hér uppi langt eftir miðnætti og ræða mikilvæg málefni yfir auðum stólum.

Hér hafa menn undanfarna daga verið mjög upptekn*ir af nokkrum málefnum og frumvörpum sem borin eru* fram af hálfu ríkisstj. Þetta eru mál sem fjalla öll, eða a. m. k. flest þeirra, um opinbera sjóði og banka eða snerta lánsfjárlög. Það eru lög um stofnlánasjóði, það

eru lög um Byggðasjóð og Framkvæmdasjóð, það eru lög um viðskiptabanka og lög um sparisjóði, það eru lánsfjárlög o. s. frv., o. s. frv. Það er gott og blessað að þm. séu uppteknir við að hagræða og laga til í opinberum sjóðum og vilji haga löggjöf um sjóði og banka á þann veg að hagsmunir þeirra sjálfra og umbjóðenda þeirra séu ekki fyrir borð bornir. En það eru fleiri sjóðir og önnur fjármál sem skipta máli í þessu þjóðfélagi en bara það sem snýr að hinu opinbera. Það eru fjármál hinna frjálsu samtaka. Það eru fjármál íþróttahreyfingar, líknar- og mannúðarsamtaka. Það er ekki alltaf sem stjórnvöld hafa mikinn skilning á stöðunni í þeim efnum. Menn eru í þessum efnum, því miður, of uppteknir af sjálfum sér til þess að gefa almenningi og almannasamtökum gaum sem verðugt er.

Hér er lagt fram frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands. Ég fullyrti áðan að þetta væri tiltölulega óundirbúið mál og ég endurtek það. Þetta frv. er að sjálfsögðu til þess flutt að styrkja fjárhagsstöðu Öryrkjabandalagsins og ég dreg ekki úr því að það sé mikil fjárþörf á þeim bæ. Ég held satt að segja að Öryrkjabandalagið þurfi að fá stórefldar tekjur til að standa undir þeirri mannúðarstarfsemi sem þar er rekin. Ég veit af eigin raun að víða er erfitt í þeim samtökum sem standa að Öryrkjabandalaginu og hjá því fólki sem í þeim samtökum er. Ég held að það sé verðugt verkefni fyrir þjóðfélagið að rétta þar hjálparhönd. Mér er vel kunnugt um að innan vébanda Öryrkjabandalagsins og í forustu þess eru menn sem hafa unnið aðdáunarvert starf fyrir land og þjóð, óeigingjarnt starf sem ástæða er til að bera mikið lof á. Ég vil gjarnan leita leiða til þess að Öryrkjabandalagið geti eflt sína stöðu og geti sinnt sínum skjólstæðingnum. Ég vil gjarnan stuðla að því á þingi og annars staðar að vakin sé athygli á því mikla mannúðarstarfi sem þar fer fram og vekja almenning til skilnings á að þar þurfi mjög að taka til hendi. Ég mundi gjarnan vilja reyna að hafa áhrif á stjórnvöld, að svo miklu leyti sem ég hef áhrif, til þess að ríkisvaldið láti meira fé af hendi rakna til Öryrkjabandalagsins. Það er sem sagt hafið yfir allan vafa að með þessu frv. er hreyft þörfu máli að því leyti að þarna er verið að gera tilraun til að efla fjármál og renna frekari stoðum undir starfsemi Öryrkjabandalags Íslands.

En á þessu máli, eins og ég sagði áðan, eru tvær hliðar a. m. k. Það verður ekki fram hjá þeirri staðreynd litið að í landinu eru lög um getraunir þar sem gert er ráð fyrir því og lögverndað að íþróttahreyfingin hafi rétt til að starfrækja getraunir. Þessi lög voru samin 1972 og ég mun fara frekar ofan í þau síðar. En þá var samstaða um það á þingi að íþróttahreyfingunni bæri að fá þennan rétt og menn voru sammála um það þá að íþróttahreyfingin ætti það skilið. Þar er um að ræða fjöldahreyfingu í landinu sem telur allt að ef ekki yfir 100 þús. virka félagsmenn, yfirleitt fólk á unga aldri, yfirleitt fólk sem stundar hið jákvæða í lífinu, fólk sem hefur skilning á heilbrigði og góðri heilsu, og þar er um að ræða hreyfingu sem elur af sér og þroskar menn til forustu ekki aðeins í þessum íþróttafélögum sjálfum heldur og í öðrum samtökum, í stjórnmálum, og fólk sem kemur til með í framtíðinni og hefur haft mikil áhrif á öllum sviðum þjóðlífsins. Íþróttahreyfingin hefur unnið mikið og veglegt starf í landinu og þess vegna er það ekkert undarlegt þó að Alþingi Íslendinga hafi viljað veita henni liðsinni og veita henni rétt til að starfrækja getraunir. En svo virðist sem íþróttahreyfingin eigi ekki lengur þá sömu bandamenn sem hún hafði áður. Hún virðist ekki lengur eiga talsmenn eða hauka í horni innan stjórnmálaflokkanna í innsta hring því að skyndilega og óvænt er lagt fram frv. þar sem gert er ráð fyrir að aðrir aðilar öðlist þann rétt sem íþróttahreyfingunni var úthlutað með lögunum frá 1972. Þetta hefur verið nefnt af íþróttahreyfingunni sjálfri aðför að hagsmunum hennar. Ég vil a. m. k. kalla það mikla hagsmunaárekstra á milli tveggja góðra bandalaga, annars vegar Öryrkjabandalagsins og hins vegar íþróttahreyfingarinnar. Mér finnst þarna hafa verið klaufalega að málum staðið, og að þarna sé verið að etja saman þeim sem síst skyldi og sé ekki gæfumerki á því frv. sem hér er nú til umr. að þessu leyti til.

Ég hefði gjarnan viljað varpa fram ýmsum spurningum í þessu sambandi. Ég hef gjarnan viljað fá upplýsingar um það frá hæstv. dómsmrh. Jóni Helgasyni hvaða áætlanir liggi fyrir um tekjur af þeim getraunum sem nú eiga að falla í skaut Öryrkjabandalagsins. Hafa einhverjir útreikningar verið gerðir á því hvað hægt er að hafa mikið fé út úr svona starfsemi? Hvaða samráð hefur verið haft við þá sem hafa rekið happdrætti eða getraunir í landinu fram að þessu til þess að forðast þá árekstra sem ég var að tala um áðan? Hvernig á að ráðstafa því fé sem vonandi fæst þannig af starfsemi getrauna? Má skilja þetta þannig að ríkisvaldið sé hér með að gera stefnubreytingu að því er varðar fjárstuðning við Öryrkjabandalagið þannig að nú eigi að gera ráð fyrir því í framtíðinni að fjármagn Öryrkjabandalagsins fáist af þessum getraunum og þá verði endurskoðuð og breytt þeim lögum sem hingað til hafa gilt um fjármögnun til allra þeirra samtaka sem innan Öryrkjabandalagsins eru? Á að breyta fjárveitingum og þeim reglum og hefðum sem myndast hafa um þessa málaflokka eða á að breyta reglugerðum sem lúta að opinberri aðstoð við öryrkja? Og ef ríkisvaldið stígur það spor að veita Öryrkjabandalaginu rétt til að reka getraunir við hliðina á íþróttahreyfingunni hlýtur mönnum að vera ljóst að þarna verða menn að kroppa augun hverjir úr öðrum, þarna verður það mikil samkeppni, og það verður til þess að fjármál íþróttahreyfingarinnar skerðast sem þessu nemur. Þá er auðvitað spurningin sú: Er þá gert ráð fyrir að fjármálum íþróttahreyfingarinnar að því er varðar ríkisvaldið verði hagað öðruvísi en hingað til hefur verið gert? Má þá búast við því t. d. að ríkisvaldið hyggist hækka verulega fjárveitingar til íþróttamála? Og er þessi frv.-flutningur um getraunir til Öryrkjabandalagsins liður í einhverri stefnumörkun stjórnvalda gagnvart frjálsum félagasamtökum almennt?

Sú spurning vaknar líka hvort hér sé ekki skapað fordæmi um það að aðrir geti komið á eftir og happdrætti og getraunir séu öllum opin. Þær hugmyndir eru vissulega á ferðinni að það eigi að leggja niður öll lög sem varða þessa starfsemi, það eigi að hafa þetta frjálst, það eigi allir að hafa rétt til að reka getraunir og allir sem vilja megi reka happdrætti. Mér sýnist að það séu vissar flóðgáttir opnaðar í þeim efnum og þarna sé verið að ryðja brautina. Hafa menn velt því fyrir sér eða gert einhverjar rannsóknir á því hvernig staða happdrættismarkaðarins er? Á hverju ári efnir fjöldinn allur af samtökum og félögum til happdrættis til styrktar mál-

efnum sínum. Hvernig hefur þessum happdrættum gengið? Er mikið pláss á þessum markaði eftir? Mér er sagt af fróðum mönnum, af þeim sem hafa stundað happdrættisstarfsemina um langan tíma, að tekjur fari mjög rýrnandi. Mér er sagt að það sé sífellt verra að fara af stað með happdrætti og það sé jafnvel svo að menn séu helst farnir að treysta á að vinningarnir gangi ekki út, hagnaðurinn sé fólginn í því að geta dregið vinninginn sjálfur. Ég held að þessar spurningar og margar aðrar komi upp í hugann þegar staðið er frammi fyrir frv. af þessu tagi.

Mér er líka spurn hvort rn. hafi borist vitneskja um hvort Öryrkjabandalagið hafi gert einhverja úttekt á því hvernig slíkar getraunir skuli reknar. Er búið að koma sér upp vélabúnaði? Er búið að undirbúa það hvernig selja á og dreifa miðum? Hvernig á skipting hagnaðar að vera og kostnaðar? Hvert á vinningshlutfallið að vera í þessari getraunastarfsemi? Hafa menn kynnt sér það starf sem verið hefur á vegum Íslenskra getrauna sem eru fyrst og fremst knattspyrnugetraunir, en eru getraunir engu að síður? Hér er verið að fara inn á þá braut að gefa öðrum kost á sams konar starfsemi. Skyldu menn hafa mikið hugsað um hvernig sú starfsemi fer fram og hvað miklu er til þess kostað og mörgum starfskröftum og starfstímum varið til að afla tekna til íþróttahreyfingarinnar gegnum getraunastarfsemi eða hafa menn bara rennt blint í sjóinn og verið að óska eftir getraunum og það verið fallist á að láta þá reka og fá rétt til getraunastarfsemi án þess að hafa nokkra hugmynd um hvernig slík starfsemi fer fram og hvað sé nauðsynlegt til þess að hún geti gengið?

Ég hefði haldið, herra forseti, að það væri mjög nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. Jón Helgason væri viðstaddur þessa umr. til að svara þessum atriðum, sem ég hef verið að nefna, og fjölmörgum öðrum og tæki þátt í þessari umr. því að þetta er vissulega stórt mál. Þetta snertir ekki aðeins Öryrkjabandalagið og einhverja tiltekna getraunastarfsemi. Þetta er liður í almennri fjáröflun til almennra samtaka fólksins í landinu. Og þetta er að nokkru leyti stefnumörkun sem ég tel mjög ranga. Ég hefði haldið að það væri verðugt að ráðh. sem leggur fram slíkt tímamótamál hefði verið viðstaddur umr. til að fjalla um málið og taka þátt í skoðanaskiptum og reyna að komast að skipulegum niðurstöðum og taka þá rökum gagnrýni eftir atvikum.

Það má vel vera að þetta mál sé ekki mjög stórt í augum margra þm. og þeim finnist þetta vera einfalt mál. Auðvitað er það rétt hjá þeim að tekjur sem af getraunum fást skipta kannske hundruðum þúsunda eða nokkrum milljónum, en hér er ekki verið að ræða um upphæðir upp á mörg hundruð millj. kr. eða milljarða eins og við höfum verið að fjalla um að því er varðar hina opinberu sjóði eða banka og lánsfjárlög sem hafa verið til umfjöllunar á þingi að undanförnu. En þetta er samt stórt mál fyrir þúsundir manna úti í þjóðfélaginu og það skiptir máli fyrir þetta fólk hvernig afgreiðslu mála á borð við þetta hlýtur. Hér er ekki bara um það að ræða að ég standi hér einn með mínar sérskoðanir. (**HBl:** Það er fullur þingsalurinn.) Ég er bara einn í ræðupúlti, hv. þm. — Ég er að segja frá því að ég sé ekki einn að tala út frá eigin hjarta af einhverri sérvisku eða túlka sjónarmið og skoðanir sem séu mínar prívat og persónulega. Ég er hér að fjalla um þetta mál vegna þess að í máli mínu endurspeglast vonandi viðhorf íþróttaforustunnar, íþróttamanna og alls þess stóra hóps sem sinnir íþróttastarfinu og æskunni í þessu landi. Það varðar þetta fólk miklu hvernig með þetta mál er farið og hver örlög þess verða. Það eru ekki einungis formenn í félögum eða samböndum sem kynna sér svona mál og fylgjast með því þegar þau eru flutt. Formenn, gjaldkerar, stjórnarmenn, þjálfarar, unglingaleiðtogar, ekki bara hér í Reykjavík heldur um alla hina íslensku byggð, í kaupstöðum og kauptúnum þar sem æskan er að leik, allt þetta fólk fylgist með því hvað hér er á ferðinni og hefur áhyggjur af því ef nú á að fara að taka ákvarðanir um að skerða hlut íþróttahreyfingarinnar sem ekki var þó mikill fyrir.

Ég sagði áðan að ég hefði fullan skilning á stöðu Öryrkjabandalagsins og ég endurtek það enn og ítreka að af heilum hug vildi ég gjarnan að meira fjármagni væri veitt til Öryrkjabandalagsins. Ég skil vel vandamál þess og styð viðleitni þess til að efla starfsemi sína og ég veit um vandamál þess, en ég held að það fólk og sú starfsemi sem er innan vébanda Öryrkjabandalagsins sé hluti af velferðarkerfinu í þjóðfélaginu. Lítilmagnarnir, sem búa við örorku og heilsuleysi, elli eða vanþroska af einum eða öðrum toga, eru auðvitað það fólk sem samfélagið í heild sinni á að rétta hjálparhönd í gegnum það velferðarkerfi sem við höfum útbúið og efit eftir atvikum. Hér hafa verið almannatryggingar, bótakerfi. Við höfum mjög öfluga samhjálp í þjóðfélaginu. Ég veit ekki betur, og leyfi mér að fullyrða það, en að Íslendingar hafi sinnt þessum hópi, öryrkjunum, af bestu getu og þeir vilji að það sé gert í gegnum hið almenna velferðarkerfi. Þeir vilja að skattar sínir gangi til þessarar samhjálpar. Það er beinlínis skylda þjóðfélagsins að ef einhverjum á að rétta hjálparhönd, ef einhvers staðar á að vera samhjálp í gangi, ef einhvers staðar á að nýta það fé sem fer til almennra trygginga til bóta og til aðstoðar því fólki sem á við bágindi að stríða, þá er það einmitt í gegnum Öryrkjabandalagið. Með sköttum ríkisins á að standa undir því að þetta fólk líði ekki skort og það geti unað sér eftir atvikum í þjóðfélaginu. Ég hygg þess vegna að það sé rangt að láta Öryrkjabandalagið treysta á happdrætti í framtíðinni. Ég held að það sé mjög áhættusöm leið, það sé röng og vafasöm aðferð til að efla Öryrkjabandalagið og fjármál þess. Getraunir eru vonarpeningar, lotterí. Er eðlilegt, skynsamlegt eða réttlátt að bandalag sem hefur slíka mannúðar- og líknarstarfsemi á sinni könnu þurfi að afla fjár til sinnar starfsemi með happdrætti, með því að selja happdrættismiða á götum úti eða ganga í hús og selja lottó, talnagetraunir, og treysta á að fá einhverja peninga með þeim hætti? (**HBl:** Hvar eru þeir peningar betur komnir?) Ég held að ríkisvaldið eigi að standa undir þessari starfsemi og það sé krafa þjóðfélagsins að stjórnvöld sinni því og reki ekki bandalag á borð við Öryrkjabandalagið út í þá nauðvörn að þurfa að standa í getraunastarfsemi.

Það er ljóst mál að með þessari aðferð, sem hér hefur verið valin, getur komið til árekstra. Það er beinlínis ætlast til þess að menn kroppi augun hverjir úr öðrum. Ég er ekki í neinum vafa um að getraunir hér og getraunir þar munu skemma fyrir hverjum þeim sem fer af stað með slíka starfsemi. Vegna þessara árekstra og vegna þess að mér er ljóst að alþm. hafa ekki gert sér nándar nærri grein fyrir afleiðingum þess að frv. verði samþykkt tel ég að nauðsynlegt sé við þessa umr. að

þingheimur sé upplýstur um þau grundvallaratriði sem fram koma og skipta máli við þennan frumvarpsflutning. Það er ekki nauðsynlegt að horfa á þetta mál einangrað. Það verður að fá heildarsýn yfir það. Þess vegna mun ég nú fara yfir þau skjöl sem hér hafa verið lögð fram svo að það fari ekki á milli mála í þingtíðindum hvað hér er á ferðinni og hvað ég er að tala um.

Í fyrsta lagi er um að ræða frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands, en í 1. gr. þess segir:

„Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 1990."

Í 2. gr. frv. segir:

„Gjald fyrir þátttöku í getraunum Öryrkjabandalagsins (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands."

3. gr.: „Helmingi af heildsöluverði miða hverju sinni skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla."

4. gr.: „Óheimilt er öðrum en Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr."

5. gr.: „Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands."

6. gr.: „Dómsmrh. setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna, að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands."

Í 7. gr. er kveðið á um að brot gegn lögum þessum varði sektum og 8. gr. gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrv. þetta eru ákaflega stuttar og þykir mér rétt að lesa þær upp hér svo að frv. í heild sinni komist til skila:

„Öryrkjabandalag Íslands hefur farið fram á leyfi til happdrættis (getrauna), er fram fari með þeim hætti að þátttakendur skrá eða velja röð bókstafa. Gert er ráð fyrir því að miðaútgáfa fari fyrst og fremst fram með aðstoð tölvukerfis og að vinningar í happdrætti þessu (getraunum) verði greiddir út í peningum.

Skv. lögum um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn peningahappdrætti eða önnur þvílík happaspil.

Frv. felur í sér heimild til dómsmrh. til þess að leyfa Öryrkjabandalaginu að reka slíka getraunastarfsemi til að afla fjár til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Að öðru leyti en því, sem greinir í frv., er gert ráð fyrir því að sett verði nánari ákvæði um starfsemina í reglugerð."

Eins og ljóst er af þessum upplestri eru upplýsingarnar með þessu frv. fáar og smáar.

Hér er um að ræða, eins og ég gat um áðan, frv. sem skerðir hagsmuni annarra, sem gengur inn á rétt sem er lögvarinn, sem hefur mikla hagsmuni bæði fyrir þá sem hér er kveðið á um að eigi að fá réttinn og eins fyrir þá sem hafa átt hann áður og hér er um að ræða starfsemi sem er allflókin, en hefur þó fengið nokkra reynslu hérlendis og erlendis. Því hef ég talið nauðsynlegt og eðlilegt að fyllri og ítarlegri upplýsingar kæmu fram með þessu frv. og ég gagnrýni það mjög hversu kastað hefur verið til höndum við gerð frv. og grg. með því.

Mér hefur að vísu borist í hendur afrit af bréfi sem á að heita greinargerð vegna happdrættis Öryrkjabandalags Íslands og er stílað til hæstv. dómsmrh. Það er athyglisvert að þetta bréf er dagsett 8. maí sem er aðeins örfáum dögum áður en frv. er lagt hér fram og flutt. Það rökstyður enn einu sinni þá skoðun mína að hér hafi verið fljótfærnislega staðið að málum og hrapað að þessum frumvarpsflutningi.

Í bréfi Öryrkjabandalagsins segir, með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalag Íslands var stofnað í ágúst 1961. Stofnfélögin voru sex, en nú samanstendur bandalagið af neðangeindum 13 öryrkjafélögum og styrktarfélögum öryrkja: Blindrafélagið, Blindravinafélagið, Félag heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Geðhjálp, Geðverndarfélag Íslands, Gigtarfélag Íslands, Heyrnarhjálp, Samband ísl. berklasjúklinga, Sjálfsbjörg, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna, MS-félagið." Eru þá upptalin styrktarfélögin og öryrkjafélögin innan bandalagsins, en áfram segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Markmið bandalagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum öryrkja, svo sem húsnæðismálum, atvinnumálum og almennum félagsmálum, en enn fremur að koma fram fyrir hönd öryrkjahópanna gagnvart stjórnvöldum.

Nokkru áður en Öryrkjabandalagið var stofnað hafði verið gerð könnun á húsnæðisaðstöðu öryrkja á Reykjavíkursvæðinu. Sú könnun leiddi í ljós að öryrkjar bjuggu gjarnan í lélegasta húsnæðinu, svo sem í kjöllurum, bröggum og rakaíbúðum sem þeir er meiri fjárráð höfðu vildu ekki búa í.

Árið 1964 samþykkti stjórn Öryrkjabandalagsins að einbeita kröftum sínum að umbótum í húsnæðismálum öryrkja með það í huga að stofna sjálfseignarstofnun, hússjóð Öryrkjabandalagsins, er skyldi byggja og reka leiguíbúðir fyrir öryrkja. Skipulagsskrá sjóðsins var samþykkt 1. nóv. 1965. Ákveðið var að byggja 250 leiguíbúðir á lóð er Reykjavíkurborg hafði úthlutað bandalaginu við Hátún 10. Þó að þessar íbúðir hafi verið byggðar er enn biðlisti eftir húsnæði með 300—400 manns. Eru það að mestu einstaklingar sem ekki eiga greiðan aðgang að íbúðum á félagslegum grundvelli. Öryrkjabandalagið stefnir að því að útvega 40—50 íbúðir á ári um land allt. Reynslan sýnir að 8—10 íbúðir losna árlega undan þannig að nýjar íbúðir þyrftu að vera 40—42. Gera má ráð fyrir að fjárþörf fylgi að nokkru framangreindri áætlun eða samsvarandi 40—45 millj. á ári.

Vert er að vekja athygli á því að nú eru 3/5 íbúanna hjá hússjóði Öryrkjabandalagsins aldraðir öryrkjar og eru líkur til að áfram verði stór hluti íbúanna aldraðir þar sem allir fá að búa í sínum íbúðum eins lengi og kostur er. Það er því þjóðhagslega hagkvæmt að aldraðir öryrkjar hafi aðstöðu til húsnæðis í jafnríkum mæli og á hagstæðu verði. Öryrkjabandalagið vill stuðla að því að öryrkjar eigi þess kost að búa í sinni heimabyggð þegar árin færast yfir og mun í því sambandi beita sér fyrir samstarfi við viðkomandi sveitarfélög.

Öryrkjabandalagið rekur einnig þrjár verndaðar vinnustofur, en ljóst er að efla þarf þá starfsemi. Þá hefur Öryrkjabandalagið með höndum lögfræðilega þjónustu fyrir fatlaða þeim að kostnaðarlausu og einnig

er veitt margháttuð félagsleg aðstoð, sérstaklega þeim einstaklingum sem búa í húsnæði bandalagsins.

Mikið er um að Alþingi og fleiri opinberir aðilar leiti eftir faglegu mati bandalagsins um mál er snerta hagsmuni öryrkja. Er þessi þjónusta vaxandi þáttur í starfseminni, en þörf er á verulegu auknu starfi á þessu sviði.

Með framangreindu yfirliti er í stuttu máli gerð grein fyrir fjárhagslegri þörf Öryrkjabandalagsins. Áætlað verð á fyrirhuguðum happdrættiseiningum er 50 kr. og er þess vænst að með happdrætti bandalagsins verði hagur öryrkja bættur verulega.

Að lokum viljum vér benda á að hin ýmsu félagssamtök, sem vinna að velferðarmálum, hafa lyft grettistaki í íslensku þjóðlífi. Mörg verkefni hafa verið framkvæmd fyrir forgöngu þeirra."

Þetta er bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands, stílað til Jóns Helgasonar, hæstv. dómsmrh., og dags. 8. maí. Ég geri ráð fyrir að Öryrkjabandalagið hafi skrifað tugi slíkra bréfa, ekki síst til fjvn., í gegnum tíðina þannig að þessar upplýsingar eru ekki nýjar af nálinni. Þó að þær séu allar brýnar og réttmætar hefur ekki verið tekið meira tillit til málefna Öryrkjabandalagsins en svo að fjárveitingar til bandalagsins í gegnum sjóði og lögbundnar leiðir hafa verið skornar við nögl og jafnvel skertar á undanförnum árum. En þegar erindi berst um að það fái leyfi til að starfrækja getraunir hleypur ríkisvaldið til. Hæstv. dómsmrh. kastar hér inn frv., væntanlega guðs lifandi feginn yfir því að geta þarna séð útgönguleið fyrir Öryrkjabandalagið og þá um leið kannske fyrir ríkiskassann þannig að í framtíðinni er hægt að segja við Öryrkjabandalagið: Gerið svo vel. Þið hafið getraunastarfsemina. Nú þurfið þið ekki meiri peninga í gegnum fjárlögin.

Nú er ég kannske ekki að öllu leyti sanngjarn gagnvart hæstv. dómsmrh. með því að gera honum upp þessar hugleiðingar, en hvernig á ég að geta verið sanngjarn eða hagað málflutningi mínum þannig að tekið sé fullt tillit til ráðh. þegar hann er alls ekki viðstaddur og engin leið er til þess að átta sig á því í hvaða tilgangi og hvað vakir fyrir hæstv. ráðh. með því að velja þessa leið til að láta fé ganga til Öryrkjabandalagsins? Er hér um að ræða, eins og ég spurði fyrr í kvöld, stefnubreytingu af hálfu hins opinbera? Ég kem kannske betur að þessu bréfi síðar, en ég vildi þessu næst kynna það að frá meiri hl. allshn. barst nál. og annað frá minni hl.

Í meirihlutaálitinu segir:

„Nefndin hefur rætt frv. á fimm fundum. Til viðræðna við nefndina um efni frv. hafa komið fulltrúar Öryrkjabandalagsins, Íþróttasambands Íslands, getrauna íþróttahreyfingarinnar og Háskóla Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún ber fram á sérstöku þskj.

Friðjón Þórðarson og Ólafur Þ. Þórðarson áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma."

Ég gat þess áðan að ég hefði talið að allshn. hefði staðið illa að athugun og afgreiðslu þessa máls. Formaður nefndarinnar kallaði þá fram í og sagði að nefndin hefði rætt málið á fimm fundum. Það út af fyrir sig er gott og blessað. En ljóst er að á þessa fundi hafa verið til kvaddir, auk fulltrúa Öryrkjabandalagsins, fulltrúar frá Íþróttasambandi Íslands, frá Íslenskum getraunum og frá Háskóla Íslands og frá öllum þessum þremur aðilum fékk nefndin neikvæðar umsagnir þar sem mælt var eindregið gegn því að málið fengi afgreiðslu og yrði afgreitt sem lög.

Minni hl., skipaður hv. þm. Páli Dagbjartssyni og Stefáni Guðmundssyni, segir svo í sínu nál.:

„Nefndin tók þetta mál fyrst á dagskrá 22. maí, en frv. var þó ekki rætt þá. Þann 29. maí komu fulltrúar frá Íþróttasambandi Íslands á fund nefndarinnar, þeir Sveinn Björnsson, Valdimar Örnólfsson og Jón Ármann Héðinsson. Háskólarektor Guðmundur Magnússon kom einnig á þennan fund, svo og fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands, þeir Oddur Ólafsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Við endurskoðun laga um getraunir árið 1972 var komið inn í 2. gr. laganna viðbótarákvæði um talnagetraunir. Þar segir m. a. að með getraunum sé átt við að „á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt (þ. e. Íslenskar getraunir) hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).

Í nágrannalöndum hefur þetta getraunaform hlotið nafnið Lotto.

Í nokkur ár hefur þetta kerfi verið til ítarlegrar athugunar hjá íþróttahreyfingunni og með bréfi dags. 21. okt. 1983 til dómsmrh. er skýrt frá því að Íslenskar getraunir hafi ákveðið að hefja starfrækslu talnagetrauna skv. ákvæði í 2. gr. laga um getraunir, nr. 59 frá 29. maí 1972. Síðan þetta bréf var ritað hafa fulltrúar frá Íþróttasambandi Íslands kynnt sér þessa starfsemi í Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Íþróttahreyfingin hefur nú tryggt sér tækjabúnað til þessarar starfsemi og áætlað er að starfsemin geti hafist síðar á þessu ári.

Stefnt er að því að rekstur íþróttahreyfingarinnar muni á þessu ári kosta um 250 millj. kr. Íþróttahreyfingin hefur hingað til fjármagnað sína starfsemi að mestu með eigin fjáröflun og sjálfboðavinnu og verður að teljast ákjósanlegt að slíkt geti haldist áfram.

Þetta frv., ef samþykkt verður, getur haft veruleg áhrif á fjáröflunarmöguleika íþróttahreyfingarinnar og annarra sem hafa tekjur af rekstri happaspila. Það er álit minni hl. nefndarinnar að mál þetta þarfnist frekari athugunar og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Í bréfi sem lagt hefur verið fram hér í þinginu, dags. 7. júní, frá Íþróttasambandi Íslands, sem barst öllum hv. alþm., segir með leyfi forseta:

„Í tilefni frv. til laga, sem nú liggur fyrir Alþingi, um getraunastarfsemi á vegum Öryrkjabandalags Íslands óska stjórnir Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og íþróttanefndar ríkisins að vekja athygli yðar á eftirfarandi:

Skv. lögum nr. 59/1972 hafa Íslenskar getraunir einkaleyfi til starfrækslu getrauna, bæði íþróttagetrauna og talnagetrauna. Enda þótt hið nýja lagafrv. geri ráð fyrir notkun bókstafa í stað talna má öllum vera ljóst að með samþykkt þess væri spillt svo þeirri hugsun og grundvelli sem liggur að baki starfsemi Íslenskra getrauna að jaðrar við afnám þess réttar sem íþróttahreyfingunni var veittur með lögunum frá 1972.

Fram að þessu hafa Íslenskar getraunir afmarkað

starfsemi sína við íþróttagetraunir, þ. e. úrslit kappleikja, en undanfarin ár hefur verið í undirbúningi að koma jafnframt á fót talnagetraunum eins og lög heimila. Hefur í þeim tilgangi verið aflað víðtækrar vitneskju um reynslu íþróttahreyfinga annarra landa á þessu sviði. Undirbúningurinn er nú á því stigi að síðla sumars er áformað að talnagetraunir hefji starfsemi sína, framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn og unnið er að því að undirbúa starfsaðstöðu og daglegan rekstur.

Öllum er ljós erfið fjárhagsaðstaða íþróttahreyfingarinnar og á það jafnt við um einstök félög sem heildarsamtök, en með lögunum um Íslenskar getraunir var skapaður ákveðinn réttur til að afla fjár til stuðnings íþróttastarfseminni í landinu. Tilkoma annarrar getraunastarfsemi, þótt bókstafakerfi væri notað, verður því nánast að skoða sem aðför að þeirri starfsemi sem fyrir er og verið er að undirbúa. Við viljum því eindregið vara við samþykkt þessa nýja frv. og förum þess eindregið á leit við hv. alþm. að ekki verði rasað um ráð fram í þessu máli. Allir viðurkenna vandamál öryrkja og þarfir þeirra fyrir bætta aðstöðu. Eitt vandamál er þó ekki farsælt að leysa með því að spilla svo fyrir öðru að ekki sjái fyrir afleiðingar þess.

Það eru því ákveðin og samhljóða tilmæli okkar að margnefnt frv. verði lagt til hliðar í núverandi mynd og lausnir fundnar á vandamálum öryrkja án þess að valda þeirri röskun og ófyrirsjáanlegu tjóni sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Virðingarfyllst
f. h. Íþróttasambands Íslands
Sveinn Björnsson,
f. h. Ungmennafélags Íslands
Pálmi Gíslason,
f. h. Íþróttanefndar ríkisins
Valdimar Örnólfsson,
f. h. Íslenskra getrauna
Jón Ármann Héðinsson."

Eitt álitið enn hefur borist í tilefni af þessu frv. og væntanlega í kjölfar á því að háskólarektor, Guðmundur Magnússon, var kvaddur til fundar við nefndina. Það álit er frá Happdrætti Háskóla Íslands og dags. 23. maí 1985. Með leyfi forseta hljóðar það svo:

„Vegna frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, vill stjórn Happdrættis Háskóla Íslands gera svofelldar athugasemdir:

1. Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á rekstri peningahappdrættis hér á landi skv. lögum nr. 13/1973. Hefur svo verið í 51 ár. Einkarétturinn hefur verið mjög þýðingarmikill í rekstri happdrættisins og væri það mikill hnekkir ef hann yrði skertur.

2. Byggingar Háskóla Íslands og tækjakaup hafa að mjög verulegu leyti verið greiddar af happdrættisfé. Hins vegar hrekkur það hvergi nærri til nauðsynlegra framkvæmda í fyrirsjáanlegri framtíð. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur í undirbúningi tillögur um aukna starfsemi happdrættisins og hefur þegar verið gerð grein fyrir sumum þeirra. Nánari tillagna er að vænta áður en langt um líður.

3. Skv. lögum nr. 59/1972 hafa Íslenskar getraunir heimild til að reka talnagetraunir, lottó, og mun þeim verða hleypt af stokkunum á næstunni. Kemur þar til sögunnar nýr samkeppnisaðili á happdrættismarkaðinum.

4. Markaðurinn fyrir happdrættið er auðvitað ekki ótakmarkaður. Í athugunum sínum á nýjungum í rekstri hefur Happdrætti Háskóla Íslands gert ráð fyrir að nýjungar yrðu að hluta á kostnað núverandi reksturs og yrðu að réttlætast af því að með þeim næðist einnig til viðskiptavina sem ekki eru það nú þannig að heildartekjur ykjust.

5. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands telur sem fyrr segir og styðst þar við reynslu erlendis að stofnun nýs happdrættis af þeirri stærð sem ætlunin virðist vera muni leiða til samdráttar og þar með tekjutaps þeirra sem fyrir eru. Eigi ekki að skerða fé til uppbyggingar Háskóla Íslands og rannsóknastofnana atvinnuveganna yrði að bæta tekjutapið með einhverjum hætti og þá væntanlega með auknu framlagi ríkissjóðs. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur fullan skilning á starfsemi Öryrkjabandalags Íslands og tekjuþörf þess. Stjórnin telur hins vegar að upphaflegar forsendur fyrir veitingu einkaleyfis til Háskóla Íslands til reksturs peningahappdrættis séu óbreyttar og eigi ekki að skerða rétt þennan.

F. h. stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands
Guðmundur Magnússon."

Hér hef ég rakið með vísan til þessara skjala nokkrar þær athugasemdir sem fram hafa komið við frv. Þessar athugasemdir eru settar fram af háskólarektor Guðmundi Magnússyni f. h. Happdrættis Háskóla Íslands og fyrir hönd Háskólans sem slíks annars vegar og hins vegar athugasemdir frá Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, frá Íþróttanefnd ríkisins og frá stjórn Íslenskra getrauna. Í báðum þessum tilvikum er mjög eindregið lagst gegn samþykkt frv. og varað mjög við því. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á því að stjórnvöld og flm. þessa frv. taki ekki tillit til þessarar gagnrýni og þessara athugasemda og fallist á að nauðsynlegt sé að fresta þessu máli og skoða það betur eins og minni hl. allshn. leggur til. Fram koma í þessum greinargerðum ýmis þau sjónarmið og atriði sem ég hefði talið fulla ástæða til að staldra við og fá viss svör áður en lengra yrði haldið. Enn og einu sinni kem ég þess vegna að því að ég hefði óskað mjög eindregið eftir því að þessi umr. gæti farið fram þannig að hæstv. dómsmrh. Jón Helgason væri viðstaddur. Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. ráðh. Jón Helgason sé í landinu eða ekki. Eru tök á því að hann verði viðstaddur hér á morgun og taki þátt í umr. og svari þeim spurningum sem ég hef borið fram og mun bera hér fram? (**Forseti:** Hæstv. ráðh. er erlendis og mér er ekki kunnugt um hvenær hann kemur heim. Hæstv. forsrh. gegnir hans störfum á meðan.) Þá er spurningin sú: Er hæstv. forsrh. viðlátinn þessa stundina? Nú er ekki að sjá að margir séu í salnum. Ég hef ekki komið auga á neinn eins og er. Ég er ekki að gera sérstaka kröfu til þess að hæstv. forsrh. sitji inni yfir þessari þulu minni frekar en aðrir þm. Hins vegar er spurningin hvort hann gæfi sér tíma til þess, ef hann er í húsinu enn þá, að koma hingað og svara því hvort hann treystir sér til að svara fsp. mínum í umr. á morgun. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er farinn úr húsinu, en verður væntanlega viðstaddur þegar 3. umr. fer fram og vonast ég þá til að hann geti svarað þeim spurningum sem í hans valdi stendur að svara.) Ég mundi gjarnan fara fram á að fá þessari umr. frestað þangað til það liggur fyrir. Ég get þá haldið áfram máli mínu á morgun og þá yrðu þessar

fsp. fram bornar. Ég tel það vera í hæsta máta óeðlilegt hvernig að málum er staðið. Ég kom hér í gærkvöld og í nótt og gerði kröfu um að ráðh. væri viðstaddur og vegna þeirrar kröfu var ákveðið að fresta umr., en hér er ég aftur kominn núna og búinn að bíða samviskusamlega í allan dag eftir þessari umr. en þegar að henni kemur lætur sá ráðh. sem er staðgengill ekki svo lítið að vera viðstaddur. Mér finnst þetta vera hreinn dónaskapur gagnvart mér sem var búinn að tilkynna þennan ræðuflutning. Öllum var ljóst að ég mundi taka hér til máls og beinlínis var til þess ætlast að ég tæki til máls um miðja nótt. Það er eindregin ósk mín að þessari umr. verði frestað þangað til það liggur fyrir annaðhvort að ráðh. geti verið við til að svara fsp. eða þá að þeir geti sagt til um það hvort þeir vilji yfirleitt svara þeim fsp. sem hér eru fram bornar. (**Forseti:** Ég vek athygli á því að þetta er 2. umr. um málið og 3. umr. fer væntanlega fram á morgun. Þá verður hæstv. forsrh. viðstaddur. Ég tel því rétt að þessi umr. fari nú fram og henni ljúki. Að því hefur verið stefnt.) Hvað á hæstv. forseti með því að henni ljúki? Verður þá gengið til atkvgr. núna? (**Forseti:** Nei, það stendur ekki til að greiða atkv., heldur að umr. ljúki, en atkvgr. verði frestað.) Þá ætla ég að gera hlé á máli mínu og áskil mér rétt til að taka frekar þátt í þessari umr. þegar svör fást við fsp. og þegar fleiri eru til viðtals úr hæstv. ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 105. fundur.

Miðvikudaginn 19. júní, að loknum 104. fundi.

Byggðastofnun, frv. 456. mál (þskj. 1253, 1294). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Það er álitamál hvort þess þarf sérstaklega að geta héðan úr ræðustól að ég flytji till. til breytinga á þessu frv. um staðsetningu Byggðastofnunar á Akureyri þar sem því hefur verið rækilega lýst úr forsetastól að sú till. sé flutt við 3. umr. eftir að hafa verið dregin til baka við 2. umr. til að ekki þyrfti að vera neitt álitamál.

Ég vil kynna till. þar sem henni hefur ekki verið útbýtt með nafni eins flm., en hann er sá sem hér stendur. Till. er svohljóðandi:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að ákveða að aðsetur stofnunarinnar skuli vera á Akureyri og skal stjórnin láta fara fram ítarlega athugun á því máli."

Þessi till. þarfnast ekki skýringa, svo augljós sem hún er, sanngjörn og eðlileg.

ATKVGR.

Brtt. 1294 felld með 9:4 atkv.

Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1377).

Nýsköpun í atvinnulífi, frv. 455. mál (þskj. 1309). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1378).

Sóknargjöld, frv. 98. mál (þskj. 1366 (sbr. 762)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Frv. til l. um sóknargjöld o. fl. var samþykkt hér í hv. Ed. fyrir alllöngu. Það fór síðan til hv. Nd. og voru þar gerðar á því tvær breytingar. Þessar breytingar eru tæknilegs eðlis.

Í fyrsta lagi öðlist lögin gildi hinn 1. jan. 1986, en eins og lögin voru samþykkt frá Ed. var sagt að þau öðluðust gildi þegar í stað. Það er að sjálfsögðu tæknilega ógerlegt að innheimta sóknargjöld eftir þessum nýju lögum fyrr en á næsta ári þannig að það er mjög eðlilegt að þau taki gildi um næstu áramót.

Í öðru lagi var gerð nokkur orðalagsbreyting á ákvæði til bráðabirgða um innheimtu sóknargjalda og var samþykkt brtt. í hv. Nd. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á meðan innheimtumaður ríkissjóðs nýtur óbreyttra lögkjara skv. bráðabirgðaákvæði I laga nr. 41/1984 skal þóknun fyrir innheimtu sóknargjalda renna til innheimtumannsins og fara eftir því sem um semst."

Menntmn. Ed. hefur fjallað um þetta mál og er sammála um að mæla með þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1379).

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. 509. mál (þskj. 1367). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn.-menn hafa litið á þessa litlu breytingu sem gerð var í Nd. Hún er einungis um það að rýmka nokkuð veðheimildir veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, að hann megi taka veð í hvers konar fasteignum. Nm. mæla með því að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1383).

Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns, frv. 247. mál (þskj. 1368 (sbr. 1184)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það er gerð ein breyting á frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns frá því sem við afgreiddum þetta mál héðan úr þessari deild. Nd. samþykkir eina breytingu sem er afar veigalítil, en þó er hún samþykkt þar.

Það er í 6. gr. Í niðurlagi hennar segir:

„Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía, sem ætluð er til nota í utanlandsflugi."

Setningin „sem ætluð er til nota í utanlandsflugi" falli niður, það sé ekki innkaupajöfnun á flugbensíni og flugsteinolíu í utanlandsflugi. Ég hef rætt þetta við þá í viðskrn. síðan brtt. kom fram og þetta veldur engri breytingu. Þetta er framkvæmdaatriði hjá þeim. Þeir sjá því ekkert athugavert við að framkvæma frv. þó felld séu út þessi orð þarna. Þess vegna leggur fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar til að frv. verði samþykkt eins og það kemur hér frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1384).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 404. mál (þskj. 1359). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Hér er frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, sem við höfðum gengið frá í þessari deild fyrir allnokkru. Þetta er búið að vera nokkuð lengi á ferðinni í Nd. Þar er gerð breyting á þessu frv. frá því sem við gengum frá því, þ. e. settur í það viðauki á eftir 2. gr. Hana ætla ég að lesa, með leyfi forseta:

„Við kaup á skuldabréfum skv. 1. gr. er stjórn sjóðsins óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976, en skuldabréf þessi skulu vera tryggð með veði í fiskiskipum og/eða fasteignum og á þann hátt sem stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands metur fullnægjandi."

Viðbótin sem Nd. leggur til að bætt verði við þessa grein hljóðar svo:

„Fiskveiðasjóði er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976."

Við höfum spjallað um þetta í sjútvn. Ed. og n. er sammála því að mæla með því að þessi viðauki komi inn í frv. Hún leggur til að það verði samþykkt eins og það kemur þannig breytt frá Nd.

Eins og við vitum öll hafa þeir fjöldamörgu aðilar sem hafa stofnað til fiskeldis, bæði í smáum og stórum stíl, verið í miklum vandræðum með hvar þeir njóti fyrirgreiðslu. Talið er mjög eðlilegt að fiskeldi geti komið til afgreiðslu hjá Fiskveiðasjóði eins og öðrum sjóðum ef þar verða peningar fyrir hendi. Við teljum þetta því eiga fullan rétt á sér. Það er getið þarna um 11. og 12. gr. laga nr. 44 frá 1976, en þær eru um veðheimildir Fiskveiðasjóðs varðandi eingöngu fiskiskip og annað. Auðvitað er ekki hægt að binda þessa lánastarfsemi við slíkt heldur verður að miða við þau veð sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur gild.

Nefndin leggur til að þessi breyting verði hér samþykkt og að frv. verði samþykkt eins og það kemur þannig breytt frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1385).

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 1272 (sbr. 453)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. 438. mál (þskj. 742). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Sameinað þing, 99. fundur.

Fimmtudaginn 20. júní, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal tekið fram að það er ákveðið að þinglausnir fari fram á morgun kl. 11. Af þessu leiðir að þeim verkefnum sem sérstök ástæða er að ljúka í Sþ. á þessu þingi þarf að vera lokið á þeim fundum sem eru í dag. En það verður að ráðast hvort okkur tekst að ljúka þessum verkefnum. Ef við höfum ekki tíma, þá verða verkefnin að bíða, en þinglausnum verður ekki frestað. Með tilliti til þessa er mælst til þess að hv. þm. hafi þetta í huga ef það mætti verða til þess að þeir sýndu hver öðrum þá tillitssemi að gera mögulegt að afgreiða sem flest mál.

Söluskattur af bókum, fsp. 473. mál (þskj. 818). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 818 hef ég borið fram fsp. til hæstv. menntmrh., en fyrirspyrjandi ásamt mér er hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„Hverju nam innheimtur söluskattur á árinu 1984 af:
a. bókum íslenskra rithöfunda,
b. þýðingum á bókum erlendra rithöfunda?"

Fyrirspurnin er borin fram til þess að fá það upplýst hversu miklar tekjur renna í ríkissjóð af bókum, bæði innlendum og þýddum, og til þess að geta borið þá upphæð saman við þá fjármuni sem nú renna í Launasjóð íslenskra rithöfunda.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil skýra frá því að þessari fsp. hefur ekki verið unnt að svara með viðhlítandi hætti á þeim tíma sem verið hefur til stefnu og skal ég skýra af hverju það er. Fyrirspurnin hljóðaði svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverju nam innheimtur söluskattur á árinu 1984 af: a. bókum íslenskra rithöfunda, b. þýðingum á bókum erlendra rithöfunda?"

Þessari fyrirspurn er beint til menntmrh. enda þótt menntmrn. hafi ekkert með söluskattsmál að gera. Söluskattur og innheimta hans heyra undir fjmrh. og því mætti kannske ætla að þangað hefði borið að beina fyrirspurninni. En hvað sem um það er þá var starfsmönnum menntmrn. falið að reyna að afla upplýsinga eftir föngum um þetta mál. Það var leitað til ýmissa aðila í þjóðfélaginu sem þetta mál varðar svo sem til fjmrn., skattstofunnar í Reykjavík, embættis ríkisskattstjóra, Félags bókaútgefenda og Félags bóksala. En þrátt fyrir þessa eftirgrennslan hefur ekki fengist upplýst hver söluskattsinnheimtan hefur verið af þeirri bóksölu sem fyrirspurnin fjallar um.

Menntmrn. barst 4. júní svohljóðandi bréf frá fjmrn., með leyfi forseta:

„Fjmrn. vísar til erindis menntmrn. dags. 3. þ. m. þar sem þess er farið á leit að fjmrn. upplýsi fyrir 4. þ. m. hverju innheimtur söluskattur á árinu 1985 nam af bókum íslenskra rithöfunda annars vegar og hins vegar af þýddum bókum erlendra rithöfunda."

Ég vil gera hlé á lestrinum, herra forseti, og skýra frá því að strax og fsp. hafði verið borin fram hafði verið munnlega leitað til fjmrn. en það erindi var staðfest með þessu bréflega erindi. Þess vegna eru dagsetningarnar þær sem um getur hér. En þetta hafði þá verið kannað. Ég held áfram lestrinum.

„Til svars erindinu tekur fjmrn. fram að skattkerfið getur ekki upplýst hver söluskattsinnheimtan af ofannefndri bókasölu nam á síðastliðnu ári enda er söluskattsskyld velta bóka- og ritfangaverslana ekki sundurgreind á söluskattsskýrslum með þessum hætti. Af þessum sökum hljóta allar fjárhæðir sem nefndar eru í þessu sambandi ætíð að byggjast á mati eða ágiskunum hverju sinni. Fjmrn. treystir sér hins vegar ekki til þess að geta sér til um fjárhæðir þessar með þeim skamma fyrirvara sem því er veittur til verkefnisins í tilvitnuðu erindi menntmrn.

f. h. ráðherra Höskuldur Jónsson.
Lárus Ögmundsson."

Það er ljóst að til þess að unnt sé að svara þessu af nokkurri nákvæmni þarf að haga öðruvísi söluskattsskýrslu um bóksölu. Og það þarf þess vegna miklu lengri fyrirvara til þess. Það er þó ljóst að tekjur íslenska ríkisins af sölu íslenskra bóka hljóta að skipta tugum milljóna. Á árinu 1983 var áætlað að þessar tekjur væru á bilinu 60 til 70 millj. kr. það ár. Ef þessi upphæð er framreiknuð til ársins í ár kæmi ekki á óvart að tekjur ríkisins af bóksölu væru um 100 millj. En það er rétt að undirstrika að þetta eru einungis ágiskanir á þessu stigi. Fjmrn. hefur, eins og ég sagði, ekki treyst sér að svo komnu máli til að gefa um þetta nákvæmari upplýsingar og þess vegna ekki á þann hátt sem fyrirspyrjendur ætlast til.

Þetta eru þær upplýsingar sem menntmrn. hefur tekist að fá og er ljóst að það þarf vissa skipulagsbreytingu til þess að unnt sé að svara þessari fsp. af nákvæmni.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær tilraunir sem hún hefur gert til þess að afla upplýsinga um það sem spurt er um hér. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðh. að menntmrn. hefur ekki með álagningu söluskatts að gera, það er fjmrn. Hins vegar er það menntmrn. sem hefur með að gera menningarmál og Launasjóð rithöfunda og þegar umræður fóru fram um hann á Alþingi á sínum tíma var gert ráð fyrir því að taka mið af innheimtu söluskatts af bókum við ákvörðun upphæða í þennan sjóð. Ég vil hins vegar þakka hæstv. ráðh. fyrir þær tilraunir sem hún hefur gert til þess að afla upplýsinga; það er greinilegt að það er ekki einfalt að fá fram svör. Ég vil einnig þakka henni fyrir þær áætlanir eða ágiskanir sem fram koma af hálfu menntmrn. í þessu efni, sem eru á þá leið að tekjur af bókum á árinu 1985 gætu verið í kringum 100 millj. kr. Það er eins og kunnugt er ekki nema hluti af þeirri upphæð, lítill hluti af þeirri upphæð sem eins og er rennur í Launasjóð íslenskra rithöfunda. Mér sýnist að þetta mál liggi þannig að það hljóti að hvetja þm. til þess að taka upp

málefni Launasjóðs rithöfunda og reyndar annarra listamanna á haustþingi til þess að fjalla um þau í heild. Ég minni á að fyrir þinginu liggur nú till. frá mér og fleiri þm. Alþb. um málefni myndlistarmanna sem sjálfsagt er að skoða í þessu samhengi líka. Hér er sem sagt um verulegar tekjur að ræða af íslenskri bókmenntastarfsemi sem renna í ríkissjóð og aðeins brot af þeim tekjum rennur í Launasjóð rithöfunda eins og er.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ef úr því yrði að stórauknu fé yrði varið til starfslauna fyrir listamenn á næsta þingi eða til listamannalauna með einum eða öðrum hætti, þykir mér kannske enn frekar áríðandi að huga að því hvort hægt sé að efla Rithöfundasjóð Íslands. Ég held að það sé ekki vansalaust hve lítið fé okkar fremstu rithöfundar, sem hafa lengi starfað og skilað miklu dagsverki, fá fyrir not af bókum sínum af almenningssöfnum. Víða erlendis er greiðsla fyrir slíkt verulegur þáttur í tekjum rithöfunda, gagnstætt því sem er hér á landi. Ég held að nauðsynlegt sé að huga að þeim þætti málsins ef stórauknu fé á á annað borð að verja til þessara mála.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er einungis til þess að afstýra misskilningi sem kynni að koma til af orðum hv. 3. þm. Reykv. um að hér sé um upphæðir að ræða sem Launasjóður rithöfunda miðast við. Í lögum um Launasjóð rithöfunda er hvergi minnst á upphæð sem svarar til söluskatts af bókum. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm., eða ég man ekki betur en að þetta hafi verið í upphaflega frv. hér á þingi, en það er ekki í gildandi lögum og það eru gildandi lög sem ráða auðvitað.

Í 1. gr. segir: „Stofna skal launasjóð rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 millj. kr. og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.: Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1976. Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan áætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara."

Þetta er það sem segir í lögunum. Þetta vildi ég einungis láta koma fram.

Að því er varðar þá hugmynd, sem vissulega var reifuð hér af flm. þessa máls upphaflega í þingi á sínum tíma, að þarna bæri að taka mið af söluskattstekjum af bókum, vil ég minna á að komið hafa mjög eindregnar óskir m. a. frá bókaútgefendum og ýmsum fleirum um það að dregið yrði úr söluskattsinnheimtu á bókum. Það verði gert til þess að lækka verð bóka og hvetja menn frekar til bókakaupa og bókalesturs. Og þetta atriði held ég að sé mjög merkilegt en kannske skipti ekki öllu máli hvort þetta er nákvæmlega sama upphæðin og fer í Launasjóð rithöfunda. Það gilda tiltekin lög um það, sem ber að framfylgja, en það er annað mál en þetta.

Ríkismat sjávarafurða, fsp. 510. mál (þskj. 961). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 961 hef ég ásamt fjórum öðrum hv. þm., Karvel Pálmasyni, Guðmundi Einarssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Ellert B. Schram, borið fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um Ríkismat sjávarafurða. Fsp. er í fjórum liðum. Skömmu eftir að hún var lögð fram barst mér í hendur grg. frá Sigurði Líndal prófessor, þar sem hann fjallar um reglugerð nr. 137/1985 um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings og hvort sú reglugerð sé í samræmi við lög nr. 53/1984 um Ríkismat sjávarafurða. Það er í stuttu máli, herra forseti, niðurstaða prófessorsins að reglugerð nr. 137/1985 sé ekki í samræmi við lögin.

Fyrsta fsp. er á þessa leið: „Hver ber ábyrgð á mistökum sem verða í útflutningsmati?"

Auðvitað er það ljóst að skv. lögum ber Ríkismat sjávarafurða ábyrgð á matinu eftir því sem kostur er en fiskeigendur hljóta síðan að bera skaða af mistökum sem verða. Mistök í útflutningsmati geta síðan lent á þjóðinni allri með verri markaðsaðstöðu. Slík mistök hafa átt sér stað, bæði varðandi útflutning á saltfiski og útflutning á rækju á síðastliðnu ári. Þarna er um að ræða verulegt tjón fyrir þjóðina, bæði beint en þó kannske sérstaklega óbeint, og það er óútreiknanlegt og erfitt að átta sig á hverju það getur numið í upphafi.

Ég held að það sé af þessum ástæðum alveg óhjákvæmilegt, vegna þeirra mistaka sem hafa orðið, að fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðh. hver ber að hans mati ábyrgð á mistökum sem verða í útflutningsmati, eins og þeim sem áttu sér stað á síðasta ári bæði varðandi farm af saltfiski og rækju.

Önnur spurningin í fsp. er á þessa leið: „Hvernig samrýmist það ákvæði 18. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða, nr. 53/1984, að fá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda í hendur yfirmat á saltfiski?"

Skv. þeirri lögfræðilegu úttekt sem Sigurður Líndal prófessor við Háskóla Íslands hefur gert er hér um skýlaust lögbrot að ræða, sbr. II. kafla grg. hans þar sem fjallað er um reglugerðina. Nú er ekki kostur á því að lesa grg. Sigurðar Líndals upp í heild í knöppum fyrirspurnatíma. En niðurstaða hans í grg. í II. kafla hennar er sú að hér sé um skýlaust lögbrot að ræða. Þrátt fyrir það er þetta heimilað í reglugerðinni og prófessorinn telur að fjölmörg önnur ákvæði reglugerðarinnar eigi sér enga stoð í lögum.

Reglugerðin er gefin út 15. mars s. l. en ráðherra hafði um áramótin síðustu, án þess að reglugerðin hafi verið staðfest, afhent Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda úttekt á útfluttum saltfiski sem skv. lögum á einungis að vera í höndum Ríkismats sjávarafurða. Úttektin á saltfiskinum er yfirmat á þeirri afurð og er framkvæmd með sýnatöku. Einu afskipti Ríkismats sjávarafurða af útfluttum saltfiski allt frá síðustu áramótum hafa verið þau að undirrita og stimpla útflutningsvottorð enda þótt enginn starfsmaður þeirrar stofnunar hafi skoðað þann fisk sem vottorðin fjalla um. Um þetta segir Sigurður Líndal prófessor (í umsögn sinni): „Það er fráleitt að Ríkismatið gefi út útflutningsvottorð byggt á úttektar- og matsvottorðum framleiðenda. Slík plögg eru engin vottorð."

Ég held að í ljósi þessa sé rétt að beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann íhugi vandlega hvort ekki sé nauðsynlegt að reglugerð af þessu tagi verði hreinlega dregin til baka vegna þess að hún virðist ekki, að mati lagaprófessors, eiga sér stoð í gildandi lögum.

Í fjórða lagi spyr ég hér herra forseti: „Hvernig skýrir

sjútvrh. framkvæmd 13. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða þar sem fram kemur að ferskfiskmatsmönnum er óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmats?"

Fram að gildistöku laganna um Ríkismat sjávarafurða þann 1. ágúst 1984 tóku ferskfisksmatsmenn laun úr ríkissjóði fyrir gæðamat en hins vegar greiddi kaupandi fyrir stærðarmat á fiskinum. Með gildistöku hinna nýju laga var ákveðið að ferskfiskmatsmenn mættu ekki taka laun fyrir stærðarmat hjá kaupanda fisksins, sbr. 13. gr. laganna. Öll laun skyldu greiðast úr ríkissjóði. Þrátt fyrir skýr ákvæði laganna þiggur stór hluti ferskfisksmatsmanna enn þá laun hjá fiskkaupanda fyrir stærðarmat á fiski, enda er breyting sú sem lögboðin er í raun og veru ekki framkvæmanleg nema með stórauknum útgjöldum fyrir ríkissjóð þar sem fjöldi ferskfisksmatsmanna úti á landsbyggðinni er í hlutastarfi hjá ríkissjóði en ekkert viðbótarfé hefur komið til þeirra úr ríkissjóði fyrir stærðarmat þó lögin ákveði að ríkissjóður skuli nú greiða stærðarmat fisksins. Þess vegna eru framangreind ákvæði laganna ekki framkvæmd.

Þriðja spurningin, sem ég legg hér fyrir hæstv. ráðh., hljóðar svo: „Hvers vegna lætur sjútvrh. ekki framkvæma ákvæði 11. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða þar sem fram kemur að ferskfiskdeildin skuli „... fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla og allt til þess er vinnsla hans hefst?""

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa fsp. en ætla aðeins að lokum að vitna í grg. Sigurðar Líndals. Í fyrsta lagi kveður hann upp þann dóm: Reglugerðin stenst ekki lög. Í öðru lagi sendir hann löggjafanum svofellda kveðju, sem mætti vera nokkurt umhugsunarefni þessa sólarhringa þegar verið er að hrúga hér í gegn frv. í stórum stíl um stærstu málaflokka án þess að menn oft á tíðum, að ég held, geri sér grein fyrir því hvað um er að ræða:

„Það skal að lokum tekið skýrt fram að hér er enginn dómur á það lagður hvernig æskilegast sé að haga mati og eftirliti með sjávarafurðum til útflutnings, heldur á það eitt að ekki hefur tekist að gera lögin og reglugerðina svo úr garði að neinni stefnu verði framfylgt svo viðunandi sé. Er þó líklega öllum ljóst að á sviði eins og þessu, þar sem miklir hagsmunir eru oft í húfi og veruleg hætta á árekstrum, er sérstök nauðsyn að reglur, hvort heldur eru í lögum eða reglugerðum, séu eins skýrar og skilmerkilegar og kostur er. Þessi lagasetning hefur tekist miklu miður en skyldi og hlýtur það að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir alþm. hvernig það gerist að lög þannig úr garði gerð komist í gegnum þingið. Einhver brotalöm virðist vera á tæknilegum undirbúningi löggjafar hér á landi."

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef ekki séð þessa grg. Sigurðar Líndals prófessors og veit ekki fyrir hvern hún er unnin en það má heita nokkuð furðulegt að prófessorinn skuli semja slíka grg. án þess að hafa samband við viðkomandi rn. eða leita upplýsinga hjá því. Það eru kannske þau vinnubrögð sem prófessorinn vill varast, en ég bendi á að mér finnst ekki nægilega vönduð vinnubrögð hjá prófessorum við Háskóla Íslands. Vegna þess að prófessorinn er að senda Alþingi kveðjur sínar væri kannske rétt að senda viðkomandi prófessor þau skilaboð að það væri e. t. v. rétt — og vandaðri vinnubrögð — að hann leitaði upplýsinga hjá viðkomandi rn., en mér er ekki kunnugt um að hann hafi gert það.

Svo ég víki að fsp. sem hv. fimm þm. bera fram vil ég sem svar við fyrstu spurningunni taka fram eftirfarandi:

Meginreglan í öllum viðskiptum er sú að standist söluvara ekki þær gæðakröfur sem áskildar voru í samningum milli kaupanda og seljanda er það seljandinn sem ber ábyrgð á því. Breytir engu í því efni þótt opinber aðili eða aðili löggiltur af hinu opinbera hafi lagt mat á hina seldu vöru. Hafa gengið í Hæstarétti dómar sem staðfesta þessa meginreglu, enda þótt þeir hafi ekki fjallað um mat á fiski. Í samræmi við þessa meginreglu hafa þau mistök sem orðið hafa á útflutningsmati á undanförnum árum verið borin af sölusamtökunum. Þau hafa síðan skipt kostnaði af mistökunum niður á framleiðendur eftir því sem hægt hefur verið að heimfæra mistökin á framleiðanda. Dæmi um mistök eru saltfiskfarmar sem sendir voru til Portúgals þar sem endurflokka þurfti sjö til átta farma. Framleiðslueftirlit sjávarafurða bar enga fjárhagslega ábyrgð í þessu tilfelli. Opinbert mat leysir því ekki framleiðendur eða seljendur sjávarafurða undan þeirri grundvallarskyldu að þurfa að standa við gerða samninga og bera ábyrgð á afleiðingum þess ef það tekst ekki. Um fjárhagslega ábyrgð er því almennt ekki að ræða.

Hitt er svo annað mál að megintilgangur laga nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, er að stuðla að bættu hráefni og vörugæðum. Ber Ríkismat sjávarafurða og aðrir þeir aðilar sem mat annast skv. þeim lögum að sjálfsögðu stjórnarfarslega og siðferðilega ábyrgð á því að þeim markmiðum sé náð. Í því sambandi er rétt að líta á verkaskiptingu milli aðila. Fyrsta málsgr. 14. gr. laga nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, hljóðar svo:

„Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Enn fremur annast afurðadeild mat á afurðum og eftirlit með þeim á öllum stigum vinnslu og þar til þeim er skipað út að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt og ekki hefur verið falið öðrum aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir."

Í leyfisbréfi frá sjútvrn. til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda dags. 27. mars 1985 segir, með leyfi forseta:

„Að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða í bréfi dags. 22. mars 1985 og með skírskotun til 2., 14., 18. og 19. gr. laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og ákvæði reglugerðar nr. 137 15. mars 1985, um fyrirkomulag mats og eftirlits á sjávarafurðum til útflutnings, veitir sjútvrn. hér með Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Reykjavík, leyfi til þess að framkvæma eftirlit og mat á öllum söltuðum sjávarafurðum öðrum en söltuðum hrognum og saltaðri síld er SÍF hefur til umboðssölu á erlendum mörkuðum."

Í sama bréfi er kveðið á um að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda starfræki eftirlitsdeild með þeim fjölda löggiltra matsmanna sem að dómi Ríkismats sjávarafurða er nægur til þess að framkvæma eftirlit það og mat á söltuðum sjávarafurðum sem hingað til hefur verið framkvæmt af Ríkismati sjávarafurða. Skv. þessu tel ég að verði mistök í útflutningsmati, „úttektarmati", þá hafi þau orðið á verksviði eftirlitsdeildar sölusamtakanna og siðferðileg ábyrgð á þeim er því sölusamtakanna. Eftirlitsdeildir SH og SÍS hafa ekki fengið bréf

eins og SÍF frá okkur, það er rétt að taka það fram.

Í samræmi við 3. málsgr. 16. gr. laga um Ríkismatið er Ríkismati sjávarafurða heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós á afurðum hans. Hafi hins vegar verið óskað yfirmats frá Ríkismati sjávarafurða og slíkt yfirmat hafi farið fram á þeim afurðum sem fluttar eru út og þær standast síðan ekki gæðakröfur sem til afurðanna eru gerðar, þá er gjört að Ríkismati sjávarafurða hafi orðið á mistök á verksviði sínu.

Að því er varðar 2. fsp., hvernig það samrýmist ákvæði 18. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða, nr. 53/1984, að fá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda í hendur yfirmat á saltfiski, verð ég að fara aðeins yfir sögu mála, þótt mér sé ljóst að tími er naumur.

Það mun hafa verið árið 1942 að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og útflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga réðu sameiginlegan starfsmann til þess að annast leiðbeiningar og aðstoð við frystihúsaeigendur og verkstjóra þeirra. Þetta var upphafið af eftirlitsdeildum SH og SÍS, þar sem nú starfa u. þ. b. 40 manns. Eftirlitsdeildir þessar hafa á þessu tímabili annast vinnsluleiðbeiningar, þar með talið pökkunarleiðbeiningar, og skoðun afurða bæði í vinnslu og fullfrágenginna afurða og gera það enn. Til fróðleiks má geta þess að SH er nú með í framleiðslu 200—300 mismunandi pakkningar. Oft hefur verið bent á að samtök frystihúsaeigenda og frystar afurðir séu til fyrirmyndar og erlendir aðilar vitni oft í ágæti þess fyrirkomulags sem Íslendingar hafi komið sér upp í framleiðslu og sölu frystiafurða.

Það var því eðlilegt að áframhald yrði á þessari þróun og þess mætti vænta að aðrar greinar útflutnings gætu einnig sótt þangað fyrirmynd. Þeim sem til þekkja er að sjálfsögðu vel ljóst að eftirlitsmenn frystihúsanna eru starfsmenn þeirra og þiggja laun fyrir störf sín hjá fyrirtækjunum. Enn fremur er vel kunnugt að eftirlitsmenn, síðar eftirlitsdeildir SH og SÍS, hafa annast úttekt afurða og vinnsluskoðun frá upphafi starfseminnar, ýmist í samstarfi við hið opinbera mat eða sjálfstætt. Þá hafa SH og SÍS gefið út pökkunarfyrirmæli, ákveðið umbúðir og frágang þeirra eftir því sem aðstæður og óskir kaupenda hafa verið hverju sinni. Þeir geta að sjálfsögðu gert sér betur grein fyrir þessum málum en opinber matsstofnun sem ekki er í sambandi við kaupendur. Þetta hefur einnig gefist mætavel, enda vandséð að matsstofnun eigi að skipta sér af því hvort fiski er t. d. pakkað í 5 lbs. pakkningu eða 10 lbs. Varla getur það haft áhrif á gæði afurða. Að sjálfsögðu hefur hin opinbera matsstofnun fylgst með vinnslu frystra afurða ásamt ýmsum öðrum þáttum í starfsemi frystihúsanna. Hafi eftirlitsmenn sölusamtakanna eða yfirmatsmenn orðið varir við vafasamar afurðir eða gallaðar hafa þeir óskað eftir yfirmati. Það hafa viðkomandi deildarstjórar vanalega framkvæmt. Yfirmat er þá úrskurður um réttmæti niðurstöðu úttektar eftirlitsmanna, eða í sumum tilfellum niðurstöður úttektar yfirfiskmatsmanna á viðkomandi landssvæðum.

Í þessu ljósi er rétt að rifja aðeins upp sögu að því er saltfiskinn varðar. Fram til ársins 1973 skipaði hið opinbera mat saltfiskmatsmenn til starfa. Þeir voru að vísu launaðir af fiskeigendum, ef svo má að orði kveða, á meðan á mati stóð. En fiskeigendur gátu engu ráðið um það hvaða matsmenn þeir fengu hverju sinni þegar metið var. Deildarstjóri stjórnaði þessu mati, fylgdist með störfum matsmanna og leiðbeindi þeim. Kæmi ágreiningur upp var kallað til yfirmat sem deildarstjóri framkvæmdi. Á þessum árum tíðkaðist ekki eiginleg úttekt afurða, nema þá helst er kaupendur komu sjálfir og skoðuðu fiskinn, tóku hann út, eins og kallað er. Þetta breyttist með reglugerð þeirri sem gefin var út 1973. Fiskkaupendur fengu þá heimild til að ráða sjálfir matsmenn til starfa. Við það fjölgaði matsmönnum mjög og mörgum fannst slakna á matinu. Þegar svo var komið að verkendur gátu látið meta á ýmsum tímum og þegar þeim hentaði var erfitt að fylgjast með matsstörfum. Því var horfið að því ráði að láta fara fram úttekt, þ. e. skoðun, áður en fiski væri skipað út. Fyrir kemur að ágreiningur verður um niðurstöður þessara úttekta. (Forseti hringir.) Herra forseti, hér er um mjög yfirgripsmikla fsp. að ræða og ég get að sjálfsögðu frestað því að svara henni. En ég verð að svara því máli sem til mín hefur verið beint. Ég vildi biðja hæstv. forseta um ráðleggingar í þeim efnum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er augljóst að það er spurt oft á tíðum um hin þýðingarmestu mál. En það getur á engan hátt breytt þingsköpum. Það er ákveðinn tími sem ráðh. hefur. En það má finna þá lausn í þessu máli sem ég vænti að komi að notum, að ráðh. haldi áfram nú. En ef hann þarf að nota síðari umferð í ræðutíma sínum, þá verður dreginn frá sá tími sem fram yfir fer í fyrri umferðinni. Og ráðh. heldur þá áfram.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal reyna að koma því þannig fyrir að ég svari þessari fsp. og taki síðan ekki aftur til máls. Í framhaldi af því sem ég hef nú rakið var, þegar ný lög um Ríkismat sjávarafurða tóku gildi 1. ágúst 1984, tekið tillit til þeirrar þróunar sem orðið hafði og ákveðið að marka þá stefnu að gera sölusamtökum í fiskiðnaði skylt að auka sitt eftirlit og sjá um úttektarmat. Ríkismat sjávarafurða fyrir hönd hins opinbera fer með yfirmat sem er úrskurðar- og ágreiningsmat. Yfirmat sker úr um réttmæti niðurstöðu úttektar eftirlitsmanna þeirra sem eru í þjónustu sölusamtaka. Gera þarf skýran greinarmun á úttektarmati og yfirmati. Skilgreining þessara tveggja hugtaka mætti vera skýrari í lögunum um Ríkismat sjávarafurða og oft gætir talsverðs misskilnings um notkun þessara hugtaka. Úttektarmat er það mat sem eftirlitsdeildir sölusamtakanna annast og felst m. a. í vinnslueftirliti og stærðarflokkun. Yfirmat er aftur á móti ágreinings- og úrskurðarmat sem fer fram á vegum Ríkismats sjávarafurða ef ágreiningur kemur upp milli eftirlitsmanna, sem eru í þjónustu sölusamtakanna, og framleiðenda.

Hins vegar hefur Ríkismat sjávarafurða eftirlit með eftirlitsstarfsemi sölusamtakanna og má í því sambandi vísa til 14.—20. gr. laganna. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur á undanförnum árum verið að auka gæðaeftirlit á eigin vegum. Sjútvrn. gaf út leyfisbréf, eins og ég sagði áður, 27. mars þar sem heimilað er að starfrækja eftirlitsdeild sem framkvæma má eftirlit og mat á öllum söltuðum sjávarafurðum öðrum en söltuðum hrognum og saltaðri síld. Í leyfisbréfi segir að verði ágreiningur um mat skeri Ríkismat sjávarafurða úr um

þann ágreining. Leyfisbréf þetta er byggt á ákvæðum laga nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða og má í því sambandi vísa í 2., 14. og 18. gr. laganna. Það er því ekki rétt, sem fram kemur í fsp., að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hafi verið fengið í hendur yfirmat á saltfiski. SÍF hefur hins vegar fengið úttektarmatið í hendur, sbr. það leyfisbréf sem ég hef áður vitnað til.

Ég skal vera mjög stuttorður um 3. og 4. liðinn. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að fylgst sé með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hans hefst. Á þetta hefur verið lögð hin mesta áhersla og fiskmatsráð óskaði í s. l. janúarmánuði m. a. eftir því við Ríkismat sjávarafurða að það herti á eftirliti í hráefnisgeymslu. Það er því von sjútvrn. að slíkt hafi verið gert eftir því sem nokkur kostur er. Hér er hins vegar um svo mikilvægt eftirlit að ræða að að sjálfsögðu er ávallt hægt að gera betur og kann vel að vera að eitthvað hafi á skort í þessu eftirliti. Að sjálfsögðu hefur Ríkismat sjávarafurða þar mikilvægu hlutverki að gegna en mikilvægast er þó að framleiðendur sýni árvekni. Ef framleiðendur eru sér þess ekki meðvitandi getur ekkert eftirlit bjargað því, en þá getur Ríkismat sjávarafurða stöðvað vinnslu.

Nú er í endurskoðun reglugerð nr. 55/1970 um ferskan fisk. Reglugerðin var send hagsmunaaðilum til umsagnar í byrjun janúar. Svör hafa ekki borist nema frá síldarútvegsnefnd, Félagi fiskvinnslustöðva og fagfélagi fiskiðnaðarins, Fiskiðn. Með reglugerð þessari mun eftirlit með geymslu og ástandi landaðs afla fram til þess að vinnsla hans hefst verða eflt.

Að því er varðar fjórða liðinn þá eru ferskfiskmatsmenn í öllu landinu nú 58. Þar af eru 19 í fullu starfi en hinir u. þ. b. ⅔, eru í hlutastörfum. Óánægju hefur gætt meðal ferskfiskmatsmanna vegna launa. Um þessar mundir er að ljúka gagnasöfnun varðandi störf og umfang ferskfiskmats í öllum verstöðvum í landinu. Að lokinni úrvinnslu þeirra gagna verða gerðar ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til úrbóta varðandi störf þeirra. Eitthvað mun hafa verið um það á undanförnum árum, og á sér e. t. v. stað enn þá án þess að um það skuli nokkuð fullyrt hér, að matsmenn, og þá frekast þeir sem enga yfirvinnu fá greidda, þ. e. hlutastarfsmenn, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, innheimti sérstaklega fyrir stærðarflokkun á fiski.

Ég vænti þess að svar þetta sé bærilega fullnægjandi og ég þurfi ekki að bæta hér við. Ég mun reyna að standa við loforð mitt við hæstv. forseta.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér er augljóslega um yfirgripsmikið mál að ræða, og það er afleitt að í svona umræðum þar sem tekist er á um ákveðin grundvallaratriði, skuli sjútvrh. hreinlega lenda í því í fyrstu atrennu að tala sig dauðan. Ég geri það hér með að tillögu minni sem sjútvnm. í Nd., þar sem nú er komið að lokum þessa þings, að þetta mál verði tekið upp í sjútvn. Nd. í haust. Þar fór fram mikil umræða um lögin um Ríkismat á sínum tíma. Nú liggja fyrir fyllri upplýsingar, m. a. álit prófessors Sigurðar Líndals, og mér sýnist á öllu að þetta mál verði hreinlega ekki útkljáð eða rannsakað eins og nauðsynlegt er í þessari umræðu hér.

Ég vildi aðeins gera örfá atriði að umræðuefni á þessum mjög stutta tíma sem ég því miður hef hér óumflýjanlega. Menn geta haft mismunandi hugmyndir um það hvernig eigi að haga mati sjávarafurða og mismunandi hugmyndir um hlutdeild ríkisins og hlutdeild framleiðenda. Sjálfur hef ég talað fyrir aukinni hlutdeild framleiðendanna í þessum efnum en það er alveg ljóst að fara verður að lögum og ég fæ ekki betur séð, ef ég ber saman lög og reglugerð, en eftirlitsmönnum framleiðenda beri skv. 18. gr. laganna að fylgjast með yfirmati sem fram fer á vegum Ríkismats. Það er m. ö. o. augljóst hver leikur þar fyrstu fiðlu. Það er Ríkismatið. Þar eru svo hins vegar eftirlitsmenn framleiðendanna í því hlutverki að fylgjast með. Þeir eru á annarri fiðlu.

Það sem gerist hins vegar þegar kemur yfir í reglugerðina er að þá hefur hljómsveitarskipanin snúist við. Þá gerist það skv. 8. gr. reglugerðar, ef ég man rétt að Ríkismat sjávarafurða fylgist með því að eftirlitsstarfsemi útflytjanda sé fullnægjandi og úttekt afurða sé í samræmi við gildandi fyrirmæli. Þarna virðist mér verða viss áherslumunur, þannig að skv. lögum sé það að frumkvæði Ríkismats að yfirmat er gert, en það breytist þegar kemur til reglugerðarinnar.

Mér sýnist að með bréfi frá sjútvrn. 21. nóv. 1984, þar sem gerð er tilraun til þess að skilgreina yfirmat, það er talað um úttektarmat og yfirmat, þá sé verið að undirbúa þessa breytingu, sem síðan kemur fram í reglugerð, þar sem stendur að sjútvrn. geti falið eftirlitsmönnum framleiðenda flokkun og úttekt sjávarafurða til útflutnings. Með þessum litteratúr er þessari kúvendingu komið í gegn. Eg tel að þarna sé augljóslega á ferðinni svo mikið misræmi milli laganna og reglugerðar að það sé óumflýjanlegt að sú nefnd sem mest vann í þessum málum á síðasta þingi, sjútvn. Nd., taki málið upp í haust. Ég mun fara formlega fram á það við formann nefndarinnar að svo verði gert vegna þess að augljóst er að þetta mál verður ekki rætt á fullnægjandi hátt hér í ræðustólnum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef leyft mér að skrifa upp á þessa fsp. til hæstv. sjútvrh. þar sem svo vill til að ég þekki nokkra menn sem hafa afskipti af mati á sjávarafurðum, bæði matsmenn og verkendur, og frá þessum mönnum heyri ég ítrekað ævintýralegar sögur um margvíslega misbresti á framkvæmd laganna og vinnubrögðum í matsgerð.

Hér hafa af hálfu 1. fyrirspyrjanda verið rakin nokkur dæmi. Hann hefur enn fremur vísað til álitsgerðar sem Sigurður Líndal hefur látið frá sér fara, en í henni felst vægast sagt harður dómur um óstjórn og skipulagsleysi í þessum málaflokki. Nú hef ég enga stöðu til að kynna mér öll málsatvik. En það hlýtur að vera skylda hvers þm. að leggja við eyrun þegar fullyrt er og dæmi sýnd um að lög séu brotin, að lög og reglugerðir samrýmist ekki. Og allra helst hljóta menn að staldra við þegar fullyrt er að mikið tjón hljótist af, ekki aðeins fyrir fiskvinnsluna heldur líka að sjálfsögðu fyrir þjóðina alla.

Hæstv. ráðh. hefur líka tekið fram, að því er varðar 1. lið fsp., að Ríkismatið beri enga fjárhagslega ábyrgð á þeim mistökum sem fram koma í mati á sjávarafurðum. Það má vel vera rétt. En því má líka halda fram að Ríkismatið hafi siðferðislega ábyrgð. Og hver svo sem ber ábyrgðina þá er ljóst að þjóðin ber skaðann.

Hér hefur verið vísað til bréfs frá hæstv. ráðh. til Sambands ísl. fiskframleiðenda um mat á saltfiski. Nú

get ég út af fyrir sig fallist á að kannske sé það skynsamlegasta aðferðin að láta matið vera í höndum seljendanna, enda eru það þeir sem hafa mesta hagsmuni af því að varan sé í góðu og fullkomnu lagi. En lögin segja til um annað, og meðan svo er er náttúrlega útilokað að sætta sig við það að reglugerð sé gefin út sem stangast á við lögin og að fyrirmæli eða bréf séu send frá rn. sem stangast líka á við lögin.

Í svörum hæstv. ráðh., sem voru fróðleg út af fyrir sig, kemur fram og viðurkennt er að ýmis misbrestur sé á þessum málum. Hann lofar því hins vegar að ráðstafanir verði gerðar og er sjálfsagt að gera ráð fyrir að því verið fylgt eftir. En ég leyfi mér að fullyrða að þessi fsp. hafi átt fullan rétt á sér, að hér sé víða pottur brotinn og ég skora á hæstv. ráðh. að fara ofan í saumana á þessu máli því að hér eru miklir hagsmunir í húfi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Fyrir rúmu ári voru samþykkt lög hér á hv. Alþingi um Ríkismat sjávarafurða. Undirbúningur að þeim lögum hafði staðið nokkuð lengi, jafnvel svo misserum skipti og frv. hafði um tíma verið kallað skúffufrv. fyrrv. sjútvrh. og gekk á ýmsu að koma þessu fram. Hvatinn að þessum lögum var m. a. sá að talið var að það þyrfti að minnka kostnaðinn í kringum Framleiðslueftirlit sjávarafurða og einhvern veginn fann maður þann undirtón einnig að þar þyrfti líka að skipta um fólk. Lögin voru samþykkt en það tók eina sjö, átta mánuði að semja reglugerð eftir þeim. Lögin voru að flestra dómi, sem þekkja til þessara mála, mun verri lög en þau sem voru í gildi áður, enda er það að koma í ljós að reglugerðin, sem sett hefur verið eftir lögunum, stenst ekki. Lögin standast raunverulega ekki og það er ekki hægt að framkvæma lögin eftir því sem ætlast er til skv. reglugerð.

Þær leiðréttingar sem átti að gera með þessum lögum, þ. e. að minnka kostnað við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, munu ekki hafa gengið sem skyldi. Það er nú erfitt að ræða um þennan þátt þar sem sjútvrh. hefur lítinn tíma til þess að svara og hann fellur ekki beinlínis inn í þennan spurningarramma. En það er almennt álit manna að lítið hafi dregið úr kostnaði en aftur á móti aukist mjög kostnaður hjá þeim aðilum sem hafa tekið að sér matið. Ég hef heyrt að gert sé ráð fyrir því hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda að kostnaðurinn við saltfiskmatið á næsta ári verði milli 5 og 8 milljónir. Það hleypur einhversstaðar á þeim tölum. Ábyggilega hefur sparnaður hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða ekki orðið neitt nálægt þessum tölum.

Það væri gaman að spyrja um annan þátt sem átti að laga þar í stofnuninni. Það er í sambandi við það hver raunverulega sé nú forstjóri þess fyrirtækis. Það ganga þær sögur að sá framkvæmdastjóri sem ráðinn var af stofnuninni sé ekki lengur við störf í stofnuninni og muni jafnvel hafa sagt upp störfum. Það væri gaman að fá að vita hvort ekki er fyrirhugað að auglýsa þetta starf, eða hvort það sé rétt, sem maður heyrir talað um, að fyrir stofnuninni sé enginn framkvæmdastjóri. Þannig hefur farið um tilætlun þessara laga. Minnkandi kostnaður, breyting á mannahaldi, allt stendur raunverulega í uppnámi. En aðeins, herra forseti, til viðbótar.

Sjútvrh. nefndi hér að tvennt ólíkt væri úttektarmat og yfirmat og það sem hefði verið falið Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda væri úttektarmat á afurðum. Hvað skyldu nú lögin segja um þetta? Í V. kafla laganna er ákvæði um afurðadeild. Þar segir í upphafi 14. gr.: „Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings." Yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Hæstv. sjútvrh. er ekki að gera annað en að snúa út úr þegar hann er að tala um að það sé eingöngu úttektarmat sem saltfiskframleiðandanum hefur verið falið að sjá um. Það er það yfirmat sem talað er um í lögunum.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það sem ég vil leggja áherslu á á þessum tveimur, þremur mínútum sem þm. hafa hér til að segja nokkur orð er þetta:

Alþingi setur lög. Um þau lög var mikill ágreiningur. Margir voru þeirrar skoðunar að lögin væru klúður. Þau mundu gera illt verra, flækja málin og gera mat á sjávarafurðum flóknara og erfiðara en verið hafði. En engu að síður, lögin voru sett, löggjafinn hafði talað, og þegar löggjafinn hafði tjáð skoðun sína á því hvernig mat á sjávarafurðum ætti að fara fram, þá átti ráðherra að framkvæma lögin. Til þess er hann. Ef ráðherra komst að þeirri niðurstöðu um síðustu áramót að lögin væru óframkvæmanleg, svo vitlaus sem þau eru, og ég get vel trúað því, þá átti ráðherra auðvitað að leggja til við Alþingi breytingar á lögunum. En í staðinn fyrir að leggja til við Alþingi breytingar á lögunum, þá ákveður ráðherra að breyta lögunum með reglugerð. Slíkt getur Alþingi ekki látið bjóða sér. Í framhaldi af þessari umræðu og þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram hlýt ég að skora á hæstv. sjútvrh. að sjá sóma sinn í því að fella þessa reglugerð úr gildi. Hún er vitleysa og stenst ekki lög.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mótmæli því, sem hér er haldið fram, að hér hafi verið brotin lög, Ég vitnaði í ákveðnar greinar í lögunum þar sem heimilað er að stofna slíkar deildir eins og hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

Eru menn þá að halda því fram að það hafi verið ólöglegt allan tímann að SH og SÍS rækju slíkar deildir? Vilja menn halda því fram? Hafa menn svona mikinn áhuga á því að hafa allt undir opinberum rekstri að allt eftirlit með fiskinum eigi að vera þar? Það er meiri tiltrúin á opinberan rekstur sem kemur fram hjá þessum hv. þm. Auðvitað skiptir mestu máli að þeir aðilar sem vinna á markaði og eru að selja þessa vöru beri þarna mesta ábyrgð sjálfir og reyni að framkvæma sem vandaðast eftirlit. Ríkismat sjávarafurða hefur eftirlit með þessum eftirlitsdeildum og það er ekki ástæða til annars en að hrósa þeim öllum fyrir ágætt starf. Ég er alveg viss um að opinber eftirlitsstofnun gæti ekki unnið það eins vel og þær hafa gert.

Aðalatriði þessa máls er að sjálfsögðu hvort gæði íslenskra afurða fara batnandi eða ekki. Okkar útflutningstölur segja að svo hafi verið. Við höfum verið að selja miklu meira af fiski að undanförnu í gæðaflokkum en áður. Við erum að koma öllum okkar afurðum út án þess að framleiða skreið. Þetta skiptir meginmáli.

Ég vil að lokum mótmæla því að hér hafi verið brotin lög. Hitt er svo annað mál að viðkvæm löggjöf eins og þessi þarf ávallt að vera í endurskoðun og taka mið af reynslunni. Ég tek fyllilega undir það.

Og að sjálfsögðu er ýmislegt í þessari löggjöf sem mætti betur fara eins og í mörgum öðrum lögum. Það eiga menn að viðurkenna. En ég viðurkenni alls ekki og mótmæli því mjög harðlega að hér hafi verið brotin lög. Og mér er alveg sama hvað prófessor Sigurður Líndal segir um það.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt til þess að mótmæla þeim mjög svo annarlega lagaskilningi sem verið var að túlka í ræðustól rétt í þessu. Aðalatriði þessa máls, segir hæstv. ráðh., er það hvort íslenskur útflutningur batnar að gæðum eða ekki. Hann horfir gersamlega sem löggjafi fram hjá því að hér er verið að ræða um lög en ekki um gæði íslensks útflutnings. Það er verið að spyrja þeirrar spurningar hvort hér sé farið að lögum eða ekki.

Bandalag jafnaðarmanna var mjög á móti þessum lögum, mjög svo, þegar þau voru sett. Það breytir samt sem áður ekki þeirri afstöðu okkar að fara skuli að lögum þegar þau hafa verið sett. Í 14. gr. þessara laga stendur skýrt og skorinort: Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings, eins og hér hefur verið margítrekað. Við þurfum ekki annað en þurrka út orðið afurðadeild og setja í stað þess eitthvert nafn: Jón Jónsson annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Þá er það alveg á hreinu að hann getur ekki afhent þetta starf einverjum öðrum aðilum í hendur. Skoðun Sigurðar Líndals á þessu máli, hvort sem hæstv. ráðh. vill taka mark á henni eða ekki, hlýtur því að vera rétt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræður. Ég átti á s. l. vori í allharðvítugum deilum og hélt því fram að sá lagabálkur er væri verið að semja og samþykkja væri forkastanlegur, hann væri svo illa unninn í upphaflega frv. sem lagt var fyrir Alþingi að beinar mótsagnir væru milli lagagreina. Og ekki nóg með það. Sama efnið var kannske tekið fram í fjórum greinum. Á síðustu stundu tók sig til sjútvn. Nd. á næturstund með heilan lagabálk og gerði 20 umfangsmiklar brtt. Sjútvrh. taldi engar brtt. nauðsynlegar. Síðan fór þetta fyrir Ed. Hún gerði fjórar umfangsmiklar brtt. Sökum tímaskorts gat hún ekki gert fleiri, var sagt af einum ræðumanni frá nefndinni. Og hvað svo?

Ég varaði við þessum vinnubrögðum ásamt fleiri hv. alþm. Þá segir einn vitrasti prófessor Háskólans, — sem náttúrlega sjútvrh. kemur ekkert við. Hann er ráðherra, hvað kemur honum við lagaprófessor? — þessi virðulegi og virti lagaprófessor segir; með leyfi forseta:

„Þessi lagasetning hefur tekist miklu miður en skyldi og hlýtur það að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir alþm. hvernig það gerist að lög þannig úr garði gerð komist í gegnum þingið. Einhver brotalöm virðist vera á tæknilegum undirbúningi löggjafar hér á landi."

Ég hygg að alþm. væru reiðubúnir til breytingar á þessu, nema hæstv. sjútvrh. Honum koma lagaprófessorar ekkert við. Hann gefur bara út reglugerðir burtséð frá lögum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. nefndi það í ræðu sinni, eða svo mátti skilja á ræðu hans, að ágæti þessarar reglugerðar, þeirra laga sem hér hefur verið rætt um, væri þegar farið að koma í ljós, nú væri íslensk framleiðsluvara miklu betri, það hefði komið fram. En ef við lítum á dagsetningar í þessu sambandi þá er hæstv. sjútvrh. ekki að hæla sínum eigin handaverkum eða sínum eigin lögum eða sínum eigin reglugerðum, heldur er hann að hæla gamla kerfinu af því að gamla kerfið hefur verið í gangi fram á síðustu daga. Hinn 15. mars var reglugerðin samþykkt og það er varla hægt að fara að hæla sér af útkomunni út úr þeirri reglugerð, út úr framkvæmd þessara laga nú um miðjan júní. Það er langt frá því að nokkur reynsla sé komin á reglugerðina og lögin. Og því miður óttast menn frekar að það verði á hinn veginn, að þessi lög og þessi reglugerð verði þess valdandi að afurðir okkar verði ekki eins góðar og verið hafa.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér hefur komið fram gagnrýni á lögin. Alþingi getur að sjálfsögðu sjálfu sér um kennt ef lögin eru illa úr garði gerð. Hér hefur komið fram gagnrýni á að framkvæmd bæði á reglugerð og lögunum sé ábótavant.

Það má vel vera að einhverjir sem hafa tekið til máls hafi tekið stórt upp í sig en ég held að ástæðulaust sé fyrir hæstv. sjútvrh. að fyrtast við þó að menn veki máls á þessu mikla hagsmunamáli og þessu viðkvæma deilumáli sem sjávarafurðamatið er. Ég held að það væru miklu eðlilegri og skynsamlegri viðbrögð hjá hæstv. ráðh. að hlusta á þær raddir sem benda á brotalamirnar og athuga hvort ekki megi fara betur.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, og er að því leyti sammála hæstv. ráðh., að mér finnst í sjálfu sér eðlilegast að matið, hið almenna mat, sé í höndum seljendanna sjálfra, verjendanna, vegna þess að á þeim brennur eldurinn og þeirra eru hagsmunirnir. Og ég skil lögin svo að í aðalatriðum sé gert ráð fyrir því að hið almenna mat sé í þeirra höndum en ríkismatið og eftirlitið sé í höndum Ríkismatsins.

Sannleikurinn er hins vegar sá, eftir því sem upplýsingarnar benda til, að þessu er ekki fylgt eftir. Þetta er ekki svona. Að því leyti sem Ríkismatið á að vera með eftirlitið, þá er það vanrækt og það virðist vera gert með vitund og jafnvel með ráði hæstv. yfirvalda. Það er þetta sem alþm. eru að benda á og gagnrýna vegna þess að auðvitað er það skylda þingsins að sjá til þess að lögum sé fylgt eftir og eftir þeim sé farið, hversu umdeild sem þau eru. Þess vegna hvet ég til þess að í kjölfar þessarar umræðu verði það eitt af verkum hæstv. ráðh. að fara ofan í saumana á þessu máli og kynna sé hvar eða a. m. k. hvort pottur sé brotinn í þessu mikla og stóra hagsmunamáli, ekki bara fiskseljenda og verkenda, heldur okkar allra, því það skiptir miklu máli að útflutningur sé þannig að sem mest verð fáist fyrir hann og að gæði vörunnar séu þannig að hana þurfi ekki að endursenda hingað vegna galla sem stafa af slöku gæðamati.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið um hlutdeild prófessors Sigurðar Líndals í þessu máli vil ég benda á að það sem fræðimaðurinn Sigurður hefur gert er að taka lögin og reglugerðina, sem eru hin opinberu gögn í þessum málum, og leggja sitt mat á þau. Og útkoman liggur fyrir í þessari úttekt. Menn sem eru að túlka lög í landinu eiga ekki að þurfa að vera á beinni línu við rn. sem einhvern tíma hafa lagt þessi frv. fram. Það hlýtur að vera að bókstafurinn standi. Þetta er útkoman úr því sem þar er að finna og það er

vissulega umhugsunarefni fyrir þingið og náttúrlega ríkisstj. hvernig þetta lítur út.

Ég get vitnað til örfárra atriða. T. d. segir hér: „Í öðru lagi er einsýnt að ríkismat á öllum fiskafurðum til útflutnings er algerlega í höndum afurðadeildar Ríkismatsins og lögin hafa ekki að geyma neina heimild til að fela öðrum eða sérstökum aðilum það verk."

Síðan segir: „Ekki er nánar útlistað hvað felst í þeim orðum 3. gr. að sjá um flokkun og úttekt sjávarafurða til útflutnings. Eftir eðlilegri orðanotkun verður að leggja þessa starfsemi að jöfnu við yfirmat til útflutnings, sem afurðadeild Ríkismatsins á að annast á öllum fiskafurðum skv. upphafsorðum 14. gr. Fer þetta ákvæði reglugerðarinnar því í bága við framangreint ákvæði laganna."

Ég get lesið áfram, með leyfi forseta: „Að svo miklu leyti sem gert er ráð fyrir að aðrir en Ríkismat sjávarafurða annist eftirlit með og úttekt á afurðum til útflutnings er það í ósamræmi við upphaf 14. gr. laganna og fær ekki staðist."

Ég held að menn þurfi ekki frekar vitnanna við í þessu máli. Hvað sem þeim finnst um hvernig eigi að standa að úttektarmálum og þess háttar þá er alveg ljóst að mínu mati að sjútvn. Nd., sem hafði þetta mál lengst til meðferðar, hefur auðvitað fulla ástæðu til að kíkja á það. Ég vil því endurtaka tilmæli mín til formanns nefndarinnar, sem ég sé að er nú í salnum, að nefndin líti á þetta ef hún verður eins skipuð og skilar sér til þings í haust, vegna þess að það er augljóst að málið fær ekki nægа umfjöllun núna.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Þetta mál um Ríkismat sjávarafurða var mikið rætt á s. l. vori og skiptar skoðanir þar um. En um niðurstöðuna í því máli held ég að allir hafi verið sæmilega sáttir, enda skil ég ekki þá umræðu sem hér fer fram. Á hvern er verið að ráðast? Hverja er verið að gagnrýna? Sölusamtökin lögðu mikið kapp á það að fá sjálf að hafa sem mest eftirlit og mat á sinni eigin vöru því að þar brann eldurinn heitast. Ef þau gátu ekki selt sína vöru, þá var það þeirra að kippa því í lag. Það var fast sótt af þeim aðilum að fá að meta sem mest sjálfir. Það hefur verið gert, þeim hefur verið leyft að gera það í mörg ár. Það er ókunnugleiki margra ræðumanna hér að halda því fram að það hafi orðið afturför í þessum efnum við þessa breytingu. Síður en svo. T. d. hefur SÍF sótt það mjög fast, vil ég segja hv. 4. þm. Vesturl., að fá að gera þetta sem mest sjálft. Hvað eru menn að gagnrýna? Vilja menn ekki fá nokkurt frelsi í þessu efni heldur hanga í gamla kerfinu og fá engu breytt?

Þá kemur að hinum partinum sem ég legg engan dóm á. Ég er ekki lögfræðingur og ekki lagasmiður. Það má vel vera að það þurfi að lagfæra eitthvað í þessum lögum, á það legg ég engan dóm, en að því skyldi ég standa ef þarna væru veikir hlekkir í. En varðandi framkvæmd þessa máls, þá er það ósæmileg gagnrýni sem hér er höfð í frammi á hæstv. ráðh., sem ég tel hafa unnið vel að þessum málum og eins og best er fyrir hönd bæði framleiðenda og þeirra sem eru að fá sem mest út úr okkar sjávarafurðum. Þess vegna skil ég ekki þá gagnrýni sem hér hefur verið höfð uppi.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Það er varla að maður þori að koma hingað þegar allt fer svona af stað en ég skal reyna að vera afskaplega hógvær. Ég held þrátt fyrir allt, og hvað sem má segja um ágæti þessa lagaprófessors, að hann hefði haft gott af því að tala við menn sem hafa vit á fiski. Ég veit ekki hvort hann hefur lesið grg. með frv., en þar er t. d. skýrt mjög rækilega hvað átt er við með yfirmati. Mér skildist, eftir því sem ég heyrði þessa grg. hans, að hann legði nokkurn annan skilning í yfirmat heldur en gert er í grg., sem lagasmiðirnir, sem voru lögfræðingar, hljóta nú að hafa ætlast til. Mér finnst sem sagt fyrst og fremst vera hér um misskilning á orðinu yfirmat að ræða, hvers konar yfirmat það er sem menn vilja láta fara fram. Í sumum tilfellum er yfirmat þannig gert að það er skoðaður hver einasti fiskur, t. d. saltfiskur, en meining lagasmiðanna virðist hafa verið sú að breyta því þannig að það yrði svonefnt prufumat, þ. e. „tékk", tekinn ákveðinn fjöldi sýnishorna og þau skoðuð og það sem út úr því kæmi yrði látið ráða. Þannig fer skoðun á mjög stórum hluta af öllum framleiðsluvörum heimsins fram.

Eitt í sambandi við það sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að 5—8 millj. kostnaður fyrir SÍF í mat er mjög lítið miðað við það sem aðrir eyða í gæðaeftirlit og í matvælaframleiðslu heimsins. En ég er ekki viss um að það eigi að spara neins staðar, heldur eigi að bæta hinu við.

Ég vil sem sagt ekki hafa þessi orð fleiri en ég hefði mjög gjarnan viljað það, og út af þeim orðum sem fallið hafa um verkfræðingastóð úr þessum ræðustól, þá mætti nefna það um fleiri stéttir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er þá umr. lokið.

Þess má geta að með þessari umr. er lokið að fara með fsp. skv. gildandi lögum og þegar við tökum næst til við fsp., þá förum við eftir nýjum lögum sem þetta Alþingi hefur sett.

Sameinað þing, 100. fundur.

Fimmtudaginn 20. júní, að loknum 99. fundi.

Námsbrautir á sviði sjávarútvegs, þáltill. 534. mál (þskj. 1322). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1985 til jafnlengdar 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 15. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Hólmfríður Árnadóttir viðskiptafræðingur (A),
Guðrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1985 til

jafnlengdar 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 15. gr. l. nr. 12 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingi R. Jóhannsson löggiltur endurskoðandi (A),
Haukur Harðarson skrifstofustjóri (B).

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gunnar G. Schram alþm. (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (B),
Erlendur Magnússon stjórnmálafræðingur (A),
Baldur Óskarsson viðskiptafræðinemi (C),
Ingvar Gíslason alþm. (B),
Björn Friðfinnsson lögfræðingur (D).

Varamenn:
Séra Bernharð Guðmundsson (A),
Guðmundur Bjarnason alþm. (B),
Jakob Magnússon fiskifræðingur (A),
Margrét Björnsdóttir endurmenntunarstjóri (C),
Haraldur Ólafsson alþm. (B),
Björn Þorsteinsson bæjarritari (D).

Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 1. júlí 1985 til jafnlengdar 1989, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. l. nr. 43 1971 um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Egill Jónsson alþm. (A),
Gunnar Guðbjartsson framkvæmdastjóri (B),
Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur (A),
Ríkharð Brynjólfsson kennari (C),
Gunnar Sigurðsson bóndi (A),
Gunnar Sigurðsson kaupfélagsstjóri (B),
Garðar Sveinn Árnason framkvæmdastjóri (D).

Kosning níu manna til ráðuneytis um framkvæmd þingsályktunar um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga, samþykktrar á Alþingi 22. maí 1984.

Fram komu sex listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Ármann Snævarr fyrrv. hæstaréttardómari (A),
Svala Thorlacius hdl.(B),
Sigurður Líndal prófessor (A),
Gils Guðmundsson fyrrv. alþm. (C),
Haraldur Blöndal lögfræðingur (A),
Már Pétursson héraðsdómari (B),
Hreinn Pálsson lögfræðingur (D),
Margrét Rún Pétursdóttir blaðamaður (E),
Snædís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur (F).

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn Byggðastofnunar skv. ákvæði til bráðabirgða í nýsamþykktum lögum frá Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson alþm. (A),
Stefán Guðmundsson alþm. (B),
Halldór Blöndal alþm. (A),
Geir Gunnarsson alþm. (C),
Eggert Haukdal alþm. (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (B),
Sigfús Jónsson sveitarstjóri (D).

Varamenn:
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (B),
Sturla Böðvarsson sveitarstjóri (A),
Kjartan Ólafsson fyrrv. alþm. (C),
Engilbert Ingvarsson bóndi (A),
Davíð Aðalsteinsson alþm. (B),
Kristján Jónasson framkvæmdastjóri (D).

Upplýsingamiðlun um húsnæðismál, þáltill. 383. mál (þskj. 612, n. 1251, 1252). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingamál, sem flutt var af hv. þm. Guðmundi Einarssyni o. fl. fyrr á þessu þingi, en till. sama efnis var flutt á síðasta þingi en hlaut þar ekki fullnaðarafgreiðslu. Nefndin hefur fjallað um till. og farið yfir umsagnir sem borist hafa og mælir nefndin með því að till. verði samþykkt með breytingum og er brtt. flutt á þskj. 1251 og er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að að fela ríkisstj. að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði. Slík upplýsingamiðlun gæti t. d. orðið með eftirtöldum hætti: Útgáfu handbóka, námskeiðahaldi og söfnun tölvutækra gagna. Hafa skal samráð við eftirtalda aðila: Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, Byggingarþjónustuna, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reiknistofnun Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins og Landssamband iðnaðarmanna."

Undir þetta nál. rituðu Kristín S. Kvaran, Eggert Haukdal, Jóhanna Sigurðardóttir, Björn Dagbjartsson

og undirritaður.

Tveir nm. voru fjarverandi þegar þetta mál var afgreitt.

ATKVGR.

Brtt. 1251 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1402).

Vesturlandsvegur, þáltill. 84. mál (þskj. 86, n. 1250). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar till. til þál. um könnun á nýrri legu Vesturlandsvegar, sérstaklega gerð brúa er hannaðar væru með tilliti til hafbeitarmöguleika í Kollafirði og Leiruvogi. Till. þessi var flutt fyrr á þessu þingi af hæstv. ráðh. Matthíasi Á. Mathiesen og hv. þm. Pétri Sigurðssyni og felur það í sér að athugun fari fram á því hvort hagkvæm sé vega- og brúagerð úr Geldinganesi við Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes. Verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúagerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Vegagerð ríkisins, borgarverkfræðingi og borgarskipulagi, fjárlaga- og hagsýslustofnun og veiðimálastjóra. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nál. rita Kristín S. Kvaran með fyrirvara, Björn Dagbjartsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Eggert Haukdal og Birgir Ísl. Gunnarsson, en tveir nm. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, þeir Þórarinn Sigurjónsson og Garðar Sigurðsson.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1403).

Þjónusta vegna tannréttinga, þáltill. 60. mál (þskj. 60, n. 1316). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Sþ. á þskj. 1316. Þar kemur fram að allshn. hefur rætt till. til þál. um aukna þjónustu vegna tannréttinga en þá till. er að finna á þskj. 60. Er hún flutt af hv. 2. þm. Austurl.

Nm. í allshn. hafa orðið sammála um að leggja til að till. verði samþykkt með þeirri einu breytingu að fyrirsögn till. sem var upphaflega „Tillaga til þingsályktunar um aukna þjónustu vegna tannréttinga“ en verður skv. tillögu n. „Tillaga til þingsályktunar um bætt skipulag á þjónustu vegna tannréttinga.“

Till. sjálf er fáorð og kannske rétt að rifja upp hvað í henni stendur. Hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa.“

Tillögunni fylgir ítarleg grg. og vísa ég til hennar.

Undir nál. rita auk mín formaður n., Ólafur Þ. Þórðarson, Jóhanna Sigurðardóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson og Stefán Benediktsson sem ritar undir nál. með fyrirvara. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Pétur Sigurðsson og Eggert Haukdal.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 10. landsk. þm. skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Þeir sjúkdómar sem hér um ræðir eru sjúkdómar sem yfirleitt má rekja til skorts á fyrirbyggjandi aðgerðum við tannhirðu og eftirliti með vexti og þroska tanna. Ég lét það koma fram í nefndinni og vil að það komi fram hér líka að ég tel að þeim fjármunum sem þarna um ræðir, hvort sem um er að ræða þann kostnað sem greiddur er vegna ferða sjúklinga eða kostnað vegna þeirrar fjárfestingar sem hér er í raun og veru verið að benda á að fara skuli út í frekar en þessar kostnaðargreiðslur, þessum peningum sé hugsanlega enn betur varið í fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma megi í veg fyrir að leggja þurfi í þennan kostnað.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þessi till. er allra góðra gjalda verð, enda hefur hér verið lýst nál. þar sem kemur fram að öll nefndin hefur mælt með því að þessi till. til þál. yrði samþykkt.

Ég stend hér upp vegna þess að mér er ekki alveg ljóst hvers Reykvíkingar eiga að gjalda varðandi þetta ágæta mál. Í þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa.“

Nú er að vísu óskilgreint hvað átt er við með landsbyggðinni en ég geri ráð fyrir því að það sé þá átt við héruð og landsvæði utan höfuðborgarsvæðisins. En staðreyndin er hins vegar sú að það er engu minni vandi fyrir þá sem þurfa á tannréttingum að halda að fá slíka þjónustu hér í þéttbýlinu.

Það er rétt sem kemur fram í grg. að það er orðið æ algengara að börn og unglingar leiti tannréttinga sem taka yfir langan tíma og eru dýrar og kostnaðarsamar á ýmsan veg eins og þar stendur. Ástandið hér í Reykjavík er þannig að ef börn eða unglingar þurfa þessa þjónustu þurfa þau að bíða svo mánuðum ef ekki árum skiptir því þessi þjónusta er ákaflega takmörkuð og það sætir eiginlega furðu hversu fáir læknar sinna þessu starfi. Ég held að þeir séu teljandi á fingrum annarrar handar, þannig að vandinn er engu minni. Þó að ég geri ekki lítið úr vanda hinna dreifðu byggða, þá er vandinn engu minni hér á þéttbýlissvæðunum.

Ég hefði haldið að ef hið háa Alþingi vildi ályktа í þessu máli og samþykkja einum rómi að skora á ríkisstj. að leita allra leiða til að koma á ákveðnari og skipulegri þjónustu í tannréttingum, þá ætti það að gilda um alla borgara, hvar sem þeir búa. Ég sé ekkert réttlæti í því að skilja þarna á milli dreifbýlis og þéttbýlis og gera sérstaka till. og samþykkt um það að þessi þjónusta nái

eingöngu til landsbyggðarinnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja fram skriflega brtt. við þessa þál. þar sem gert er ráð fyrir að úr mgr. falli niður orðin „úti á landsbyggðinni“ og þá mundi setningin hljóða svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun“ o. s. frv.

Ég óska eftir því að forseti leiti afbrigða svo að þessi till. fáist tekin á dagskrá.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1404, sem var of seint fram komin, samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna brtt. hv. 6. þm. Reykv. Ég vil vekja athygli á því að í grg. till. kemur það mjög skýrt fram að þarna er fyrst og fremst verið að leggja til að komið sé á skipulegum ferðum sérfræðinga í tannréttingum til hinna ýmsu byggðarlaga úti um land og í þeim efnum minnst á að lágmark gæti verið að það sé eins og ein miðstöð í hverju kjördæmi sem heimsótt yrði í þessu skyni og er tilgangurinn sá, eins og fram kemur í grg., að leitast við að aflétta að nokkru marki þeim gífurlega kostnaði sem leitt hefur af ferðalögum mikils fjölda ungmenna utan af landsbyggðinni hingað til höfuðborgarinnar vegna tannréttinga.

Það kemur fram í grg. að sjúkrasamlögin bera nokkurn hluta þessa kostnaðar. Þáttur sjúkrasamlaganna mun nú vera 50% en hefur áður verið 75%. Það kemur einnig fram að 41% allra ferðakostnaðargreiðslna sem tryggingayfirlæknir úrskurðar um eru vegna tannlækninga. „Tannréttingar eru þar fyrirferðarmestar“, eins og segir í grg. Hugmyndin með tillöguflutningnum er augljóslega sú að leitast við að koma þarna við nokkrum sparnaði fyrir þá sem þessarar þjónustu þurfa að njóta og ferðast þurfa um langan veg, og fyrir sjúkrasamlögin.

Ég hef því miður ekki við höndina álit sem fram kom í nefndinni frá Tryggingastofnun ríkisins ellegar þeim starfsmanni hennar sem eðlilegast var að svaraði spurningum varðandi þetta mál, en í því áliti kom skýrt fram það mat að samþykkt og framkvæmd tillögunnar gæti leitt til allverulegs sparnaðar.

Ég vil þó segja það að til að stefna afgreiðslu málsins ekki í hættu hér á síðasta vinnudegi þingsins, þá get ég hugsað mér að fallast á brtt. hv. 6. þm. Reykv. en ég geri það í trausti þess að við framkvæmd tillögunnar verði hafður í huga sá megintilgangur hennar sem svo skýrt kemur fram í greinargerðinni.

Ég hygg að það sé alveg rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. að skipulag í þessum efnum varðandi tannréttingaþjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu sé ekki í því lagi sem best mætti verða. Ég hygg að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. og ekki hefði ég á móti því að í leiðinni væri reynt að koma þar betra lagi á. En varðandi þennan meginþátt, sem ferðakostnaðurinn er, eru viðhorfin auðvitað gjörólík annars vegar í hinum ýmsu byggðarlögum víðs fjarri höfuðborgarsvæðinu, þar sem þessir sérfræðingar starfa nú, og svo hins vegar hjá því fólki sem hér býr.

Herra forseti. Ég vil ekki andmæla þessari brtt. og vona að þingið geti þá sameinast um það að samþykkja till. svo breytta.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég þakka frsm. hv. allshn. fyrir undirtektir við þá brtt. sem ég hef hér kynnt og flutt. Ég vil aðeins taka það fram að sú till. er ekki flutt til að spilla fyrir þessu máli sem er, eins og ég sagði áðan, ágætt mál og sjálfsagt.

Ég las grg. yfir og gerði mér grein fyrir því hver megintilgangur þáltill. er. En fram hjá því verður engu að síður ekki gengið að í þáltill. sjálfri er aðeins sagt að leita skuli allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulagðri þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni, án þess að það sé tilgreint nánar hvað átt sé við. Og þetta almenna orðalag leiðir auðvitað til þess að hægt er að fella undir till., og tilgang hennar ef samþykkt verður, þau atriði sem ég var að nefna áðan, þ. e. þau vandræði sem steðja að þeim þéttbýlisbúum sem þurfa á tannréttingum að halda.

Ég geri ekki lítið úr þeim mikla kostnaði sem dreifbýlisbúar hafa af því að sækja hingað suður til að leita sér þessarar þjónustu. Af því hlýtur að verða mikill kostnaður bæði fyrir viðkomandi og eins fyrir sjúkrasamlagið, en ég efast ekki um að það sem flm. upphaflega hefur haft í huga og nefndin hefur tekið undir er að hér á að bæta fyrst og fremst fyrir fólkið sjálft þannig að það fái þjónustuna, spurningin er kannske ekki hvort kostnaðurinn sé meiri eða minni heldur yfirleitt hvort fólk geti fengið tannréttingar eða ekki á þeim árum þegar á því þarf að halda. Þess vegna kemur upp í minn huga, og það varð tilefni til þess að ég tók hér til máls, að sú þjónusta er í miklu lamasessi, ekki eingöngu úti í dreifbýlinu heldur hér á þéttbýlinu enn fremur.

Ég leyfi mér að halda því fram að þó þessi till. sé flutt og góður hugur fylgi henni þá verði fyrirsjáanlega mikil vandkvæði á því að fá lærða menn í tannréttingum til að sinna þjónustunni úti á landi, einfaldlega vegna þess að það eru afar fáir sem sinna þessari þjónustu og hjá þeim yrðu biðlistar fyrir marga mánuði, og eins og ég sagði áðan, fyrir mörg ár, þannig að ef menn vilja gera þær úrbætur sem nauðsynlegar eru þá þarf að skoða það hvernig á því stendur að ekki eru fleiri sem sinna tannréttingum og hvetja tannlækna eða tannsmiði til þess að fara í vaxandi mæli út á þessa braut.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti. Ég hef gert grein fyrir mínum sjónarmiðum og lagt fram till. og er ánægður með það að hv. frsm. nefndarinnar hefur lýst yfir stuðningi við þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 1404 samþ. með 31 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 1316 (ný fyrirsögn) samþ. með 36 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1405).

Fiskiræktarmál, þáltill. 449. mál (þskj. 764, n. 1332). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Hjá

atvmn. hafa legið þrjú mál sem snerta fiskeldi og fiskirækt og eru þau öll á dagskrá þessa fundar, þ. e. 427., 276. og 449. mál. Nefndin tók öll þessi mál til meðferðar í einu og hefur afgreitt þau öll á svipaðan hátt og með orðalagi í nál. sem er mjög svipað við hverja till., aðeins að breyttu breytanda, en varðandi þá till. sem hér um ræðir er nál. svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um till. og fengið umsagnir frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Búnaðarfélagi Íslands, sjútvrn. og landbrn. Nefndin hefur jafnframt fjallað um tvær aðrar tillögur um fiskeldismál, þ. e. 427. mál og 476. mál.

Ríkisstj. hefur að undanförnu haft til meðferðar ýmsa þætti fiskeldismála. Nefndin telur rétt að sá þáttur í stjórn þessara mála, sem till. þessi fjalla um, komi til athugunar við undirbúning löggjafar um þessi mál. Í trausti þess að ríkisstj. hraði stefnumörkun og undirbúningi löggjafar í málinu þannig að unnt verði að leggja fyrir næsta löggjafarþing frv. til l. um skipan fiskeldismála, þ. á m. um eflingu og endurskipulagningu fisksjúkdómavarna, mengunarmál og rannsóknarstarfsemi, leggur nefndin til að till. verði vísað til ríkisstj."

Undir þetta rita allir nm. eins og fram kemur í nál. Jóhanna Sigurðardóttir ritar undir með fyrirvara.

Ég vil sérstaklega taka fram að nefndin leggur áherslu á að þessu verki, sem um er fjallað í nál., verði hraðað þannig að frv. um þennan mikilvæga málaflokk verði lagt sem fyrst fram á næsta löggjafarþingi.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1332, um að vísa þáltill. til ríkisstj., samþ. með 31 shlj. atkv.

Fiskeldismál, þáltill. 427. mál (þskj. 712, n. 1333). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vísa til þess sem ég sagði varðandi það mál sem hér var síðast á dagskrá og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en nefndin leggur til sömu málsmeðferð, þ. e. að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1333, um að vísa þáltill. til ríkisstj., samþ. með 35 shlj. atkv.

Yfirtaka ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu, þáltill. 156. mál (þskj. 161, n. 1244, 1245). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Fyrir þingi hefur legið þáltill. um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands. Nm. fannst nokkuð fast að orði kveðið þegar talað var um yfirtöku en leit engu að síður svo á að mjög hefði verið byggt við vöxt þegar ákveðið hefði verið að byggja yfir Seðlabanka Íslands.

Það kom fram í umsögn frá Seðlabankanum um þetta mál að hann taldi sig hafa til útleigu um 500 fermetra og var því vinveittur að stjórnarráðið kæmi þar til greina sem aðrir sem leigjandi. Hins vegar blasir það við að þessi bygging er á margan hátt sérhæfð og vissir hlutir hennar eru traustir, það traustir að ekki er nauðsyn til að vernda stjórnarráðið af slíkum styrkleika í byggingu og því hæpið að fara í það að taka þetta hús og láta svo óvissu ríkja um það hvort Seðlabankinn byggði e. t. v. helmingi stærra hús á eftir.

Nefndin leggur því til að þessi þáltill. verði samþykkt með breytingu sem hún flytur á sérstöku þskj. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Stefán Benediktsson.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa brtt. eins og nefndin leggur til að tillgr. orðist (**Forseti:** Með tilliti til þess hve knappur er tíminn er spurt að því: Þarf að lesa brtt.? Hv. þm. eiga að vera fulllæsir til þess að geta kynnt sér þetta.) Þetta er vafalaust rétt hjá forseta og frsm. efar það ekki að þeir muni vera læsir.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Allshn. hefur nú afgreitt þetta mál og er það komið í framhaldsumræðu. Eins og fram kemur í nál. hafa nokkrir nm. verið fjarverandi við afgreiðslu málsins. Það hefur ekki komið fram í umr. hver viðhorf þessara hv. þm. eru til þingmálsins. Það er oft gert í nál. að taka fram að þm. komi boðum til meðnm. sinna um viðhorf til mála. Ég vil halda því fram að afgreiðsla þessarar till. af hálfu allshn. sé ekki nægjanlega vel ígrunduð, einfaldlega vegna þess að um nýtingu þeirra húsakynna, sem hér um ræðir, hefur verið fjallað allmikið á vegum þeirrar stofnunar sjálfrar, þ. e. Seðlabankans, og eftir því sem ég best veit hafa staðið yfir viðræður við ráðh., í fyrsta lagi viðskrh., í öðru lagi forsrh. og í þriðja lagi fjmrh. um nýtingu þess hluta skrifstofuhúsnæðisins fyrirhugaða í nýju Seðlabankabyggingunni sem ekki er þörf fyrir vegna starfsemi Seðlabankans.

Ég tel óhjákvæmilegt að hv. þm. fái eitthvað að heyra um þessar samningaviðræður, sem ég nefndi og átt hafa sér stað milli forsvarsaðila Seðlabankans og viðkomandi ráðh., áður en þingheimur afgreiðir þessa till. Í sambandi við málsmeðferðina er auðvitað harla einkennilegt að hv. nm. í allshn. skuli ekki hafa gert svo lítið að kynna sér starfsaðstöðu í núverandi húsakynnum Seðlabankans, ekki gert svo lítið að kynna sér með hvaða hætti ný Seðlabankabygging mun verða notuð skv. því sem fyrirhugað er. Ég er ekki með þessu að segja að allshn. viðhafi óvönduð vinnubrögð í sjálfu sér. Ég tel þó að þegar slík mál eru á ferðinni, þá eigi ekki síður að vanda til þeirra en annarra.

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef þeir ráðherrar sem ég nefndi greindu frá, að svo miklu leyti sem þeim sýnist að sjálfsögðu, þeim samningaviðræðum sem ég gat um, um nýtingu þess hluta Seðlabankahússins sem ekki er fyrirhugað að nota fyrir starfsemi Seðlabankans sjálfs.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er einkennilegt að takmarka ræðutímann svo mjög um þetta mál og síðan komi hér einn maður upp, sem er andvígur þessari sjálfsögðu og meinlausu till., og lýsi eftir því að ráðherrar noti þær fáu mínútur sem eftir eru, líklega 3—4, til þess að málinu verði eytt með þessum hætti. Þetta finnst mér ekki góð þingsköp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í morgun var haldinn

fundur þingflokksformanna og forseta þar sem rætt var um vinnutilhögun hér í dag. Þar voru taldar upp þær þáltill. sem væru ágreiningslausar og hægt væri að afgreiða á þessum fundi Sþ. Þessi till. var ein af þeim. Um þetta var gert samkomulag og ef það er að koma í ljós núna að stjórnarflokkarnir og stjórnarliðið ætlar ekki að standa við það samkomulag, sem gert var á þessum fundi í morgun, þá hljóta ýmis önnur mál óhjákvæmilega að koma til endurskoðunar líka.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það er rétt sem hv. 5. landsk. þm. sagði. Það var talað um það á fundi með forsetum og þingflokksformönnum að freista þess að taka fyrir og fá afgreiðslu á þeim þáltill. sem komnar væru úr nefnd og væru ágreiningslausar.

Með tilliti til þessa var till. tekin á dagskrá. En líka með tilliti til þessa þá verður ekki hægt að halda umr. áfram ef hér eiga að spinnast langdregnar umræður um þessa till. Ég vænti þess að menn sjái að það er ekki hægt. Það eru mörg verkefni og yfirfljótandi að gera fyrir báðar deildir þingsins. Þar er um að ræða mál sem hefur verið gert ráð fyrir að fái fyrirgreiðslu. Ef það á hér að eyða þessum takmarkaða tíma í umræður um þetta mál verður ekki tími aflögu til annars.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil staðfesta það, sem fram kom hér áðan hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, að það var um það rætt og gert við hann samkomulag á fundi þingflokksformanna í morgun að ákveðnar þáltill. næðu fram að ganga og fengju hér fullnaðarafgreiðslu þar sem samkomulag væri um þær við afgreiðslu úr nefnd. Þetta var sú forsenda sem menn gáfu sér þegar menn völdu úr hvaða tillögur ættu að ganga fram. Það var samkomulag um þessa till. í nefnd og þess vegna á þessari umr. að ljúka og atkvgr. að fara fram um þessa till. Ég tek mjög hressilega undir það, sem kom hér fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, að ef nú á að fara að brjóta niður þetta samkomulag vegna þess að einn stjórnarþingmaður kemur hér upp og hefur uppi andmæli gegn till., þegar líka vitað er að samkomulag er um að afgreiða mál í kvöld á fundum deildanna, mjög mörg mál, en vissulega andmæli hjá ýmsum við þeim málum, það verða höfð uppi andmæli við mörg þeirra mála. Og ef þau mál eiga þá að takast snarlega út af dagskránni, mál eins og frv. um viðskiptabanka í Ed. eða um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þá eru það alveg nýjar fréttir. Ef sú verður niðurstaðan að þessu máli eigi hér að ljúka vegna þess að einhver andmæli koma fram, enda þótt þetta sé samkomulagsmál, þá verðum við væntanlega að ganga út frá því í kvöld að öll önnur mál, sem ágreiningur er um í deildum, verði tekin út.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get staðfest það sem þeir kollegar mínir, hv. þm. Eiður Guðnason og hv. þm. Ragnar Arnalds, hafa hér verið að segja um það samkomulag sem gert var. Það var okkar niðurstaða að láta ganga atkv. um þær þáltill. sem ekki hafði orðið ágreiningur um í nefnd.

Þetta kannske sannar það að tímabært var að breyta þingsköpum. Auðvitað erum við komnir í þá stöðu, þegar tími er svona naumur og margt að gera, að einstakir þm. hafa færi á því að stöðva mál með málalengingum. En ég vil óska eftir því að þetta samkomulag haldi. Ég óska eftir því að þessi ákvæði um samkomulagsmál fái afgreiðslu og vonast til þess að þm., og þá alveg sérstaklega stjórnarþingmenn, geti haft hóf á sjálfum sér hér í ræðustólnum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Vegna þess samkomulags sem gert var og vegna þess að þetta samkomulag virðist vera að bresta þá hefði ég nú viljað gera það að minni tillögu að fundi yrði frestað meðan þingflokksformenn og forsetar gætu komið sér saman um það um hvað raunverulega er samkomulag og hvað ekki, þannig að fundir geti haldið hér áfram eins og fyrirhugað var eða ella, ef ekkert samkomulag er um neitt, að menn viti þá líka að hverju þeir ganga.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ekki ætlunin að fresta fundi. Við höfum ekki tíma til þess nú. En ég vil beina þeirri fsp. til hv. 5. þm. Vesturl. hvort hann, eftir að hann hefur hlýtt hér á mál manna, heldur við þá kröfu eða ósk að ráðh. fari inn í þessar umræður. Ég vil líka að það komi hér fram að það hefur enginn ráðh. tjáð mér að hann hygðist tala.

Ef hér liggur ekki fyrir beiðni um orðið þá er ekkert til fyrirstöðu að ganga til atkvæða um málið.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ekki hef ég ætlað mér að setja hér allt á annan endann í lok þessa þings. Ég mæltist til þess í ræðu minni að hæstv. ráðherrar, sem ég þar tilnefndi, gæfu upplýsingar varðandi samningaviðræður um nýtingu þeirrar byggingar sem hér er á dagskrá með vissum hætti. Ég er ekki með ófrávíkjanlegar kröfur í þessu efni og ekki tek ég hæstv. ráðh. í greip mína og veifa þeim. Það er að sjálfsögðu á þeirra valdi með tilliti til eðlis mála hvort þeir svara þeirri fsp. sem ég beindi til þeirra.

Ég hef ekki ætlað mér með þessu háttalagi, ef ég má svo að orði komast, að spilla því samkomulagi sem gert hefur verið af hálfu formanna þingflokka. Nú er það svo að almennum þm. er ekki ævinlega kunnugt um það samkomulag sem gert er á hverjum tíma, enda þótt hér séu allmörg mál á dagskrá. Mér var ekki kunnugt um það að aðilar væru bundnir fastmælum um meðferð þeirra á þessum fundi.

En að lokum, herra forseti, ég legg það í vald hæstv. ráðh. hvort þeir víkja að þessu máli sem ég gat um áðan.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það hafa farið fram viðræður á milli viðskrh. og bankastjóra Seðlabankans um nýtingu þessa húss yfir Stjórnarráð Íslands. Það er svipað og það sem þessi till. gerir ráð fyrir að gert verði, þannig að mér sýnist samþykkt hennar ekki gera neitt annað en staðfesta það sem unnið hefur verið að og verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir þegar upp verður staðið.

ATKVGR.

Brtt. 1245,1 (ný tillgr.) samþ. með 28:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SDK, StB, SJS, SvG, VI, EH, EG, EBS, EKJ, GeirG, GE, NL, GA, KÓ, GGS, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KolJ, KH, KSK, ÓÞÞ, PP, PD, RA.

nei: StG, ÞP, DA, HÁ, HBl, HÓ, MB, ÓE, RH.

SalP, StH, ÞS, AS, BÍG, BD, EGJ, FÞ, GT, MÁM, ÞK greiddu ekki atkv.

12 þm. (SkA, SV, GunnG, GHG, ÁJ, FrS, GSig, GJG, IG, JH, KJóh, AS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem 1. flm. þessarar till., hv. þm. og formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur tilkynnt það, ef ég man rétt, að menntun sína hafi hann miðað við það að geta orðið forsrh. þjóðar okkar og að því muni koma fyrr en síðar vil ég taka fram: Meðan enginn hörgull hefur verið á að fá menn til að gegna ráðherraembættum og búa við núverandi húsakost stjórnarráðsins sé ég enga ástæðu til þess nema síður sé að leggja í jafnmikla fjárfestingu og hér er talað um fyrir ríkissjóð.

Ég tel nokkuð á þá menn í stjórnarráðinu leggjandi í húsakosti ef það mætti verða til þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson léti af löngun sinni og þrá til stjórnarráðsins og því segi ég nei, herra forseti.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hús þetta mun að miklu leyti vera byggt sérstaklega fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram. Þar eru peningageymslur og ýmislegt annað sem bankabyggingu tilheyrir. Það hefur hins vegar verið í athugun og mér skilst afráðið að m. a. Þjóðhagsstofnun muni verða þar til húsa. Ég tel ekki að þetta hús henti fyrir Stjórnarráð Íslands og slík athugun þarf ekki að fara fram. Ég segi því nei.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Upphafleg till., 156. mál, flm. sá sem hér stendur og Jóhanna Sigurðardóttir, var um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingunni undir Stjórnarráð Íslands þar sem Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að láta ljúka þessari byggingu og yfirtaka bygginguna síðar undir Stjórnarráð Íslands.

Rökstuðning fyrir þessari ályktun er að finna í grg. m. a. með vísan til þess að stjórnarráðið býr við verulegan þröngan húsakost og ver á annað hundrað milljónum kr. í leigu víðs vegar um borgina undir sína starfsemi ásamt með öðrum rökum um það að þetta hús henti vel til starfsemi stjórnarráðsins og staðsetning þess sé líka mjög vel til þess fallin.

Ég lít svo á að þessi málamiðlunartillaga megi kannske skoðast sem spor í rétta átt þó hún lýsi ákveðinni og ótrúlegri lítilþægni Alþingis Íslendinga í viðskiptum við mandarína Seðlabankans. Og ég tek það fram að ég hef ákaflega litla trú á skörungsskap hæstv. viðskrh. til þess að halda á hlut ríkisins í samningum við mandarínana.

Hins vegar skil ég það mætavel af hverju skætingur hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, þegar hann gerði grein fyrir atkv. sínu hér áðan, stafar. Í upphaflegri till. var nefnilega gert ráð fyrir því að ef þessi ríkisstj. hefði einhvern tíma staðið við yfirlýsta stefnu sína í stjórnarsáttmála nr. 2 um að leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem hv. þm. trónir sem stjórnarformaður, þá er ráð fyrir því gert að Seðlabankanum verði gefinn kostur á því að fá þar inni svo sem eins og á efstu hæð þess húsnæðis þegar skiptingin hefur farið fram. Sárindi hv. þm. eru skiljanleg. En afstaða mín til þessarar till. er að í ljósi þess að þetta sé kannske einhver svolítil viðleitni, þó að ég óttist að þetta sé kattarþvottur, þá segi ég að vísu já.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Vilji Alþingi stuðla að því að bæta húsakost stjórnarráðsins tel ég nærtækast að drífa sig í það að veita fjármagn til þess að unnt sé að ljúka við að innrétta þær húseignir ríkisins sem ætlaðar eru undir stjórnarráðið. Ég er í því rn. sem ég hygg að búi við hvað þrengstan húsakost og er dreift nokkuð út um bæinn. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það beri fyrst og fremst að stuðla að því að lokið verði við að innrétta Víðishús. Ef það sem fyrir mönnum vakir er að leysa húsnæðisvandamál stjórnarráðsins tel ég að það sé skynsamlegra, og raunar óþarft að álykta um það sérstaklega á Alþingi að leitað sé eftir leigusamningi um einhvern tíma fyrir einhvern annan hluta stjórnarráðsins. Ég segi nei.

Brtt. 1245,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 30:1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 25:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1406).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Til þess að fullnægt verði nú öllu réttlæti skv. sáttmálanum frá í morgun, þá þarf að taka tvær þáltill. enn fyrir. Það er enginn ágreiningur um þær. Mér er tjáð að það þurfi ekki nema eina setningu til að mæla fyrir þessum nál. Í trausti þess verður nú reynt að ljúka þáltill. með því að taka þessi mál fyrir.

Almenn stjórnsýslulöggjöf, þáltill. 112. mál (þskj. 116, n. 1315). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar. Nefndin leggur til að þessi till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1407).

Aðgerðir í fiskeldismálum, þáltill. 476. mál (þskj. 828, n. 1331). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Þetta er þriðja till. í hópi tillagna um fiskeldismál, en tvær þeirra hafa þegar verið afgreiddar fyrr á þessum fundi. Nefndin leggur til að þessi till. fái sömu meðferð og hinar tvær og með sömu rökum, þ. e. að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1331, um að vísa till. til ríkisstj., samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú er aðeins eitt

mál eftir sem ætlunin er að taka fyrir á þessum fundi. Við erum nokkuð síðbúnir og það er greinilegt að við verðum að hafa hraðann á. Það er líka greinilegt að það þarf miklu lengri tíma, ef menn ætla að það sé hægt að ræða það mál, sem hér er um að ræða, til einhverrar hlítar. Þannig skiptir það ekki miklu hvort við höfum hálftíma lengur eða skemur að mínu viti fyrir málið. En það er ætlunin að ljúka þessum fundi ekki síðar og helst fyrr en kl. hálfsex.

Skýrsla forsrh. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í samræmi við lög um Framkvæmdastofnun ríkisins hefur skýrslu stofnunarinnar verið dreift til þm. og hún reyndar legið á borði þm. í allmargar vikur. Þm. hafa haft gott tóm til að kynna sér skýrsluna og því ekki ástæða fyrir mig að hafa um hana langa ræðu. Reyndar hefur þessi skýrsla verið umræðuefni í ítarlegum ræðum hv. þm. í sambandi við önnur mál.

Skýrslan er með hefðbundnum hætti. Þar er gerð grein fyrir starfsemi áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar, sem eru þrjár deildir Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þar er einnig gerð grein fyrir fjármögnun og lánveitingum fjárfestingarlánasjóða og ég veit að hv. þm. hafa fundið þar mikinn fróðleik. Sömuleiðis er gerð grein fyrir ársreikningum 1984, birtar í skýrslunni ítarlegar töflur um þróun á ýmsum sviðum þjóðmála og atvinnuvega og loks er í skýrslunni eins og fyrr skrá yfir öll lán sem Byggðasjóður hefur veitt á árinu 1984. Reyndar sýnist mér það vera nokkuð til fyrirmyndar að birta slíka skrá.

Auk þess er í skýrslunni, sem ekki hefur verið áður, inngangur saminn af formanni stjórnarinnar og kemur þar fram í stuttu máli yfirlit yfir starfsemina. M. a. kemur þar fram að heildarútlán Framkvæmdasjóðs námu á árinu 1 milljarði 977 millj. 624 þús. kr. auk styrkja sem voru 850 þús. kr. Af þessu fé fékk Byggðasjóður 247 millj. kr. Alls námu samþykkt lán og styrkir Byggðasjóðs 340 millj. kr. á árinu 1984. Hreinar tekjur Byggðasjóðs á árinu 1984 voru 127 millj. 353 þús. Þar af framlag úr ríkissjóði 78 millj. 400 þús kr.

Herra forseti. Eins og forseti sagði, þá mætti ræða þessa skýrslu lengi því að í henni er mjög mikill fróðleikur. En upp úr skýrslunni var ítarlega lesið hér á fundi, m. a. nokkurn veginn það sem viðkemur áætlanadeild og fjömargt fleira. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa skýrslu en læt þessa framsögu nægja.

Vextir af veðskuldabréfum.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um mismunandi álagningu vaxta af innheimtum veðskuldabréfum, á þskj. 1025, sent þm. 19. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?
2. Hefur ágreiningi milli Seðlabanka Íslands og annarra banka um útreikning vaxta af veðskuldabréfum verið skotið til dómstóla?

Svar við 1. lið:

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, hefur Seðlabankinn rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Þetta vald bankans nær einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Með vísan til þessa sendi ráðuneytið Seðlabankanum ofangreinda fyrirspurn og óskaði eftir að hann tæki saman drög að svari. Svar Seðlabankans hefur borist ráðuneytinu og er það svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 4. þ. m. og meðfylgjandi fyrirspurnar til viðskiptaráðherra (þskj. 1025) frá Guðrúnu Helgadóttur alþm. um mismunandi álagningu vaxta af innheimtum skuldabréfum.

1. Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum, sem til innheimtu eru?

Með kerfisbreytingu þeirri sem gerð var með ákvörðun Seðlabankans frá 2. ágúst 1984 var innlánsstofnunum m. a. heimilt að ákveða vaxtakjör **nýrra** útlána að uppfylltri ákveðinni tilkynningarskyldu til Seðlabankans. Breyting þessi tók gildi mnn 11. ágúst s. l.

Undantekning frá þessari breytingu varðaði m. a. öll skuldabréfa- og afborgunarlán sem gefin höfðu verið út fyrir 11. ágúst 1984, sbr. eftirfarandi tilvitnanir, fyrst í auglýsingu Seðlabankans frá 2. ágúst 1984:

	Grunn-vextir á ári	Verðbóta-þáttur á ári	Vextir alls á ári
„4. Skuldabréfalán og afborgunarlán. Lán til ríkissjóðs og lán með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs skv. þessum tölulið skulu bera 1% lægri grunnvexti en hér er greint.	9,0	12,0%	**21,0%**

Vextir alls skv. þessum tölulið gilda og um vexti skuldabréfa- og afborgunarlána, þ. m. t. vaxtaaukalána, með ákvæðum um breytanlega vexti **sem gefin hafa verið út fyrir 11. ágúst 1984 þar til Seðlabankinn ákveður annað.**

5. Lán með verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979, sbr. auglýsingar bankans frá 29. maí 1979 og 26. ágúst 1983:

a. lánstími allt að 2½ ár.	**4,0%**
b. lánstími minnst 2½ ár.	**5,0%**

Vextir alls skv. þessum tölulið, staflið a, gilda um lán til allt að 2½ árs og skv. staflið b með lánstíma minnst 2½ ár **sem gefin hafa verið út fyrir 11. ágúst 1984 hafi verið samið um breytanlega vexti þar til Seðlabankinn ákveður annað.“**

Vextir þessir giltu þar til Seðlabankinn breytti þeim með auglýsingu, dags. 14. ágúst 1984, með gildistöku frá og með 20. s. m. og urðu þeir 6,0% á ári annars vegar og 7,0% á ári hins vegar af verðtryggðum lánum skv. 5 hér að framan og 23,0% á ári skv. 4 hér að framan. Vöxtum af lánum skv. 5 hér að framan var síðan breytt með auglýsingu frá Seðlabankanum dags. 26. október 1984 með gildistöku hinn 7. nóvember s. l. og urðu þeir 7,0% á ári annars vegar og 8,0% á ári hins vegar. Breyting þessi varð sú síðasta á árinu 1984 er þessa vexti varðar.

Frá og með 1. janúar 1985 hefur Seðlabankinn ákveðið vexti af lánum með verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu 4,0% á ári annars vegar og 5,0% á ári hins vegar og eru þeir óbreyttir enn og gilda skv. auglýsingum Seðlabankans bæði um ný og eldri skuldabréf sem eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu.

Frá og með 1. janúar 1985 hafa gilt ákvæði auglýsinga Seðlabankans um meðaltal vaxta nýrra almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum í hverjum mánuði um vexti skuldabréfa (óverðtryggðra) sem gefin hafa verið út fyrir 11. ágúst 1984 með ákvæðum um breytanlega vexti. Vextir þessir hafa verið og eru sem hér segir:

Janúar 1985	25,8% á ári.
Febrúar 1985	34,0% á ári.
Mars 1985	34,0% á ári.
Apríl 1985	34,0% á ári.
Maí 1985	34,0% á ári.
Júní 1985	30,9% á ári.

Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið, svo og að framangeindar auglýstar ákvarðanir um vexti gilda bæði utan og innan innlánsstofnana, en um þessi atriði hefur vart verið ágreiningur, verður að telja að bankar og sparisjóðir geti ekki krafið viðskiptamenn um önnur og þyngri vaxtakjör í þessu efni en Seðlabankinn hefur auglýst frá einum tíma til annars."

Svar við 2. lið.

Í bréfi Seðlabankans segir að af hans hálfu hafi engin málsókn verið hafin. Ekki sé vitað hvort skuldarar hafi farið í mál við kröfuhafa út af ágreiningsefni af þessu tagi.

Markaðsverkefni sjávarútvegsráðuneytisins.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um markaðsverkefni sjávarútvegsráðuneytisins frá Steingrími J. Sigfússyni, á þskj. 1133, afhent þm. 19. júní.

1. Hvað líður störfum markaðsnefndar sjávarútvegsráðuneytisins?

Á s. l. ári hóf sjávarútvegsráðuneytið könnun á því hvort grundvöllur væri fyrir útflutningi á þekkingu og reynslu á sviði sjávarútvegs. Þessar fyrstu athuganir bentu til þess að möguleikar væru á þessu sviði. Þann 31. janúar 1985 skipaði sjávarútvegsráðherra því nefnd til þess að kanna þessa hluti ítarlega og með skipulögðum hætti. Nefndinni var sett það langtímamarkmið að stuðla að sem bestri nýtingu á íslenskum auðlindum, þekkingu, tæknigetu og búnaði með því að efla starfsemi íslenskra fyrirtækja á sviði sjávarútvegs í öðrum löndum og skjóta þannig nýjum stoðum undir atvinnulíf þjóðarinnar.

Til þess að starfið yrði sem markvissast var nefndin skipuð mönnum með mikla reynslu og náin tengsl við atvinnulífið. Í nefndina voru skipaðir Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, formaður, Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins, Ingjaldur Hannibalsson, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, Þorsteinn Ólafsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar- og þróunardeildar SÍS og Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Árnason efna- og hagfræðingur. Nefndin hefur haldið 12 bókaða fundi og kynnt málið bæði hér innanlands og erlendis. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem aflað hefur verið, vinnur nefndin nú að því að draga saman niðurstöður um hverjir möguleikar íslensks sjávarútvegs séu á þessu sviði og hvernig að framhaldi málsins skuli staðið.

2. Hvaða árangur hefur orðið af því átaki er nefnt var „markaðsverkefni sjávarútvegsráðuneytisins" og á hvern hátt er reiknað með að það verði samræmt annarri útflutningshvetjandi starfsemi, til dæmis starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins?

Árangurinn til þessa liggur m. a. í eftirfarandi:

1. Komið hefur verið á nánum tengslum við alþjóðlegar stofnanir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna við uppbyggingu sjávarútvegs í þróunarlöndum. Stofnanir þessar eru: FAO, Alþjóðabankinn og IFC. Einnig hefur verið komið á samskiptum við fyrirtæki og einstaklinga sem starfa við sjávarútveg í öðrum löndum.

2. Safnað hefur verið upplýsingum um það í hvaða löndum helst megi vænta árangurs með þátttöku íslenskra fyrirtækja í fiskveiðiverkefnum.

3. Safnað hefur verið upplýsingum sem að gagni koma til að meta hvernig við eigum að standa að því að taka þátt í fiskveiðiverkefnum erlendis.

Ef niðurstaðan verður sú að rétt sé að halda verkefninu áfram er mjög mikilvægt að samræma það annarri útflutningshvetjandi starfsemi.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og um breytingar á stjórnkerfinu, frá 6. september 1984, kemur fram að átak verði gert til að efla íslenska útflutningsstarfsemi og leita markaða fyrir íslensk fyrirtæki erlendis. Í því skyni á að stofna útflutningsráð er nái til allra atvinnuveganna. Að stofnun slíks útflutningsráðs er nú unnið. Markaðsverkefni sjávarútvegsráðuneytisins ætti að geta fallið vel að starfsemi slíks útflutningsráðs.

3. Við hvaða erlenda aðila hefur verið haft samband í tengslum við þetta verkefni og hvernig er talið að það geti leitt til aukinna útflutningstekna?

Þær alþjóðlegu stofnanir, sem haft hefur verið samband við í tengslum við verkefnið, eru Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðabankinn, International Finance Corporation og Nordic Project Fund. Einnig hefur verið haft samband við nokkur verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki í Bandaríkjunum sem hafa reynslu af skipulagningu og uppbyggingu sjávarútvegs í þriðja heiminum. Auk þess er nú unnið að því að afla upplýsinga hjá norrænum sjóðum

svo sem Industrialiseringsfonden for Udviklingslandene (IFU) í Danmörku, Swedfund í Svíþjóð og Norad í Noregi. Sjóðir þessir taka þátt í fjárfestingu fyrirtækja frá viðkomandi landi í þriðja heiminum.

Stjórnendur markaðsverkefnisins hafa í samvinnu við íslensk fyrirtæki kannað möguleika á verkefnum í Costa Rica, Oman, S-Yemen og Alaska. Stjórnendur markaðsverkefnisins hafa einnig verið í tengslum við stjórnvöld og fyrirtæki frá nokkrum öðrum löndum. Ef verkefnaleit þessi skilar árangri er ljóst að hún getur leitt til aukinna útflutningstekna með því að selja:

a. ráðgjöf og stjórn við fiskveiðiverkefni,
b. tækni til sjávarútvegs og hönnun fiskiðjuvera og vinnslurása,
c. fiskafurðir fyrir þessar þjóðir á alþjóðamörkuðum.

4. Hvernig hyggst sjávarútvegsráðuneytið bregðast við óskum frá Yemen um samvinnu á sviði fiskveiða og fiskveiðitækni?

Ósk þessi er nú til athugunar hjá nefnd þeirri sem stjórnar markaðsverkefninu. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um hvernig við þessari beiðni skuli brugðist.

5. Hver er heildarkostnaður ráðuneytisins vegna verkefnisins til þessa?

Heildarkostnaður sjávarútvegsráðuneytisins vegna markaðsverkefnisins er 2 081 438 kr.

Í samvinnu við utanríkisráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga var gerð kynningarmynd um íslenskan sjávarútveg með ensku tali. Myndin heitir „Bringing in the Harvest". Heildarkostnaður við myndina varð 774 075 kr. Þar af greiddi sjávarútvegsráðuneytið 361 575 kr. Er þessi kostnaður innifalinn í fyrrgreindum heildarkostnaði.

Gjaldskrárhækkanir tannlækna.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldskrárhækkanir tannlækna, á þskj. 963, afhent þm. 19. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið hafa gjaldskrár Tannlæknafélags Íslands hækkað frá 1. janúar 1982 til 1. maí 1985?

Óskað er eftir að fram komi heildarhækkun á tímabilinu, hvenær gjaldskrárbreytingarnar urðu, hverjar þær voru hverju sinni, að hve miklu leyti hver hækkun stafaði af launahækkun tannlækna og að hve miklu leyti af auknum rekstrarkostnaði og enn fremur samanburður á gjaldskrárhækkunum og verðþróun og almennum launabreytingum á framangreindu tímabili.

Svar:

Vegna ofangreindrar fyrirspurnar óskaði viðskiptaráðuneytið eftir því að Verðlagsstofnun aflaði upplýsinga um gjaldskrár Tannlæknafélags Íslands, sbr. meðfylgjandi yfirlit sem sýnir breytingar á töxtum frá 1981 til dagsins í dag.

Breytingar á launum, verðlagi og gjaldskrá tannlækna frá 1. desember 1981 — 1. maí 1985.

	Launataxta-breytingar[1])	Verðlags-breytingar[2])	Gjaldskrárbreytingar tannlækna[3]) gjald-skrárbreyt.	laun	rekstrar-kostnaður
1.des. '81	9,91%		8,87%	?	?
1. mars '82	7,51%	9,71%	12,14%	11,96%	14,25%
1. júní '82	10,33%	10,86%	11,52%	14,96%	10,05%
jún.-ág '82	9,65%				
1. sept. '82	7,50%	11,80%	11,78%	8,01%	16,82%
1. des. '82	7,72%	17,51%	14,54%	16,55%	14,39%
1. jan. '83	1,98%				
1. mars '83	14,74%	15,15%	19,50%	18,08%	22,61%
1. júní '83	8,20%	23,38%	13,70%	8,37%	18,54%
1. sept. '83		21,45%	9,64%		
1. okt. '83	4,00%				
1. des. '83		6,71%	2,74%	4,17%	20,08%
21. febr. '83	6,81%				
1. mars '84		2,62%	3,41%	4,68%	2,73%
1. júní '84	2,00%	3,43%	2,45%	2,08%	2,84%
1. sept. '84	1,47%	4,90%	3,88%	3,11%	4,61%
6. nóv. '84	12,66%				
1. des. '84		3,04%	9,67%	14,36%	6,99%
1. jan. '85	4,70%				
1. mars '85	2,40%	13,14%	21,58%	45,10%	10,49%
1. maí '85	2,40%	4,44%			
	198,02%	298,83%	291,50%	294,88%	283,10%

1) Breytingar á launatöxtum verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna og skrifstofu- og verslunarfólks skv. Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar. Ekki eru sýndar mögulegar breytingar vegna yfirborgana eða launaskriðs.
2) Miðað er við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar eins og þær eru reiknaðar á þriggja mánaða fresti. Fyrsta talan (9,71%) er breyting vísitölunnar frá byrjun nóvember 1981 til byrjunar febrúar 1982. Síðasta talan er breytingin febrúar — apríl 1985.
3) Skv. upplýsingum frá Tannlæknafélagi Íslands.

Landvistarleyfi.

Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur um landvistarleyfi erlendra ríkisborgara á Íslandi, á þskj. 1211, afhent þm. 20. júní.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða reglur gilda um veitingu landvistarleyfa hér á landi?
2. Í hve mörgum tilfellum á s. l. árum hafa umsækjendur fengið synjun um landvistarleyfi? Hvaða ástæður hafa legið að baki hverri og einni synjun og frá hvaða löndum hafa þeir umsækjendur um landvistarleyfi verið sem hafa fengið synjun?
3. Er tekið tillit til þess ef umsækjandi um landvistarleyfi á foreldra, systkini eða aðra nána ættingja hér á landi? Ef svo er, á hvaða hátt er það gert?

Svör við 1. lið:

Reglur um þetta efni er að finna í lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, og reglugerð um sama efni, nr. 148/1965, svo og í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982, og reglugerð um sama efni nr. 272/1983. Enn fremur skipta máli ákvæði Norðurlandasamnings frá 12. júlí 1957, um afnám vegabréfsskoðunar við landamæri milli Norðurlanda, sem Ísland er aðili að.

Meginreglan er sú að útlendingur, sem hingað kemur og dvelst, þarf að hafa gilt vegabréf og áritun í vegabréf þegar þess er krafist, svo og dvalarleyfi og atvinnuleyfi ef því er að skipta. Norðurlandabúar eru þó í meginatriðum undanþegnir reglum þessum.

Segja má að ekki séu annmarkar á því að útlendingar komi hingað til lands sem ferðamenn og að þeim sé veitt heimild til komu og dvalar, enda sé um eðlilegan tíma að ræða í því skyni.

Um heimild fyrir útlendinga almennt til dvalar hér á landi gildir að öðru leyti sem meginsjónarmið að ákvæði 10.—12. gr. laga um eftirlit með útlendingum eigi ekki við um hagi útlendingsins.

Um atvinnuleyfi, sem félagsmálaráðuneytið veitir, gildir það sem meginregla að atvinnuleyfis sé leitað áður en komið er til landsins og að þau eru að jafnaði ekki veitt útlendingum nema skortur sé á innlendu vinnuafli.

10.—12. gr. laga um eftirlit með útlendingum hljóða svo:

„(10. gr.)

Meina ber útlendingi landgöngu:

1. Ef hann fullnægir ekki þeim reglum, sem settar eru samkv. 1. gr. um ferðaskilríki og vegabréfsáritun, svo og samsvarandi reglum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að ferðast til þeirra landa.
2. Ef ætla má, að hann hafi eigi nægileg fjárráð sér til framfærslu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að fara til þeirra landa, svo og til heimferðar.
3. Ef ætla má, að hann hafi í hyggju að ráða sig í vinnu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, án þess að hafa aflað sér leyfis til þess fyrirfram.
4. Ef ætla má, að hann muni vinna fyrir sér hér á landi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð á ólögmætan eða óheiðarlegan hátt.
5. Ef hann hefir verið dæmdur hér á landi eða erlendis í refsivist eða ætla má af öðrum ástæðum, að hann muni fremja refsiverðan verknað hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.
6. Ef ætla má af fyrri hegðun hans eða af öðrum ástæðum, að tilgangur hans með komu hingað til lands eða til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi.
7. Ef honum hefir verið vísað héðan úr landi eða úr Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og hann reynir að koma aftur án leyfis.

Heimilt er enn fremur að meina útlendingi landgöngu, ef nauðsynlegt er talið af öðrum ástæðum en þeim, er í 1. málsgr. segir.

Lögreglustjóri kveður upp úrskurð um synjun landgönguleyfis eins fljótt og unnt er eftir komu útlendings til landsins.

Nú ber útlendingur, að hann hafi orðið að leita sér hælis sem pólitískur flóttamaður, enda teljist framburður hans sennilegur, og má lögreglan þá eigi meina honum landgöngu. Leggja ber málið án tafar fyrir dómsmálaráðherra til úrskurðar.

Samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra má meina útlendingi landgöngu, ef ætla má af öðrum ástæðum en um ræðir í 1. málsgr., að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna, sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum útlendingsins er að öðru leyti svo háttað, að vist hans hér á landi megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings. Nú telur lögreglustjóri, að meina beri útlendingi landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í þessari málsgr., og ber þá að leggja málið undir úrskurð ráðherra svo fljótt sem því verður við komið.

Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um synjun landgönguleyfis fyrir laumufarþega.

(11. gr.)

Dómsmálaráðherra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef meina hefði mátt útlendingnum landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í 1. málsgr. 10. gr., og þær ástæður eru enn fyrir hendi.
2. Ef hann, af ásettu ráði eða þrátt fyrir aðvörun lögreglunnar, vanrækir ítrekað tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum.
3. Ef hann brýtur gegn reglum um vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða atvinnuleyfi eða skilyrðum, sem þau eru bundin. Sama gildir, ef hann hefir aflað sér leyfis með vísvitandi röngum upplýsingum eða með því að leyna í blekkingarskyni atvikum, er máli skipta.
4. Ef áframhaldandi dvöl hans hér á landi telst hættuleg hagsmunum ríkisins eða almennings, eða vist hans er óæskileg af öðrum ástæðum.

Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi, og getur dómsmálaráðherra þá, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan ákveðins frests, sem ráðherra tiltekur, enda sjái lögreglan um, að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

(12. gr.)

Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef hann hefir komizt inn í landið án þess að gefa sig fram við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.
2. Ef honum hefir áður verið vísað héðan úr landi og hann er kominn til landsins aftur án tilskilins leyfis.

Lögreglustjóri getur enn fremur vísað úr landi útlendingi, sem ekki er danskur, finnskur, norskur eða sænskur ríkisborgari, ef honum hefir áður verið vísað úr landi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og bannað að koma þangað aftur, en kemur til Íslands án þess að hafa fengið leyfi til komu þangað eða til þess eða þeirra landa, er að framan greinir.

Ef um er að ræða tilvik, er falla undir 4. málsgr. 10. gr., getur lögreglustjóri þó eigi vísað manni úr landi, en leggja ber þá málið undir úrskurð dómsmálaráðherra svo fljótt sem unnt er."

Svar við 2. lið:

Eftirfarandi upplýsingar eru frá útlendingaeftirlitinu og ná yfir árin 1982—1985 (til 16. júní):

Synjað um landgöngu 1985.

Sextán sinnum var synjað um landgöngu 1985. Orsök:

a. Tíu farþegar algjörlega peningalausir. Þjóðerni: einn Bandaríkjamaður, þrír Bretar, einn Ítali, einn Ástralíubúi, einn Nýsjálendingur, tveir Frakkar og einn Íri.

b. Þrír án áritunar. Þjóðerni: tveir Alsírbúar og einn Pólverji.

c. Þrír grunaðir um að ætla að brjóta fuglafriðunarlögin. Þjóðerni: tveir Þjóðverjar og einn Austurríkismaður.

Synjað um dvalarleyfi 1985.

Fjórum sinnum synjað um dvalarleyfi. Þjóðerni: einn frá Filippseyjum, einn frá Malasíu, einn Þjóðverji og einn Pólverji.

Brottvísun 1985.

Einum vísað brott og var hann ítalskur ríkisborgari.

Synjað um landgöngu 1984.

Sextán sinnum var synjað um landgöngu 1984, oftast vegna peningaleysis, þrír voru án áritunar, tveimur hafði verið vísað brott frá öðru norrænu ríki. Þjóðerni: tveir Júgóslavar, einn Suður-Kóreumaður, tveir Ísraelsmenn, tveir Írar, einn Bandaríkjamaður, tveir Bretar, einn Túnisbúi, tveir Alsírbúar, einn Tyrki, einn Indverji og einn Vestur-Þjóðverji.

Synjað um dvalarleyfi 1984.

Sextán sinnum var synjað um dvalarleyfi 1984. Þjóðerni: fimm Bretar, einn Bandaríkjamaður, tveir Filippseyingar, tveir Chilebúar, einn Alsírbúi, einn Pólverji, einn Spánverji, einn Þjóðverji, einn Jamaicabúi og einn Ítali.

Brottvísanir 1984.

Fimm var vísað brott 1984. Þjóðerni: einn Pakistani, einn Túnisbúi, einn Þjóðverji, einn Júgóslavi og einn Svíi.

Synjað um landgöngu 1983.

Tíu sinnum var synjað um landgöngu 1983 vegna peningaleysis, einn var án áritunar og einn án vegabréfs og einum synjað um landgöngu vegna tengsla við mann sem hafði verið vísað úr landi vegna fálkaþjófnaðar. Þjóðerni: tveir frá Marokkó, einn Júgóslavi, tveir Bretar, tveir Vestur-Þjóðverjar, tveir Hollendingar og einn Ítali.

Synjað um dvalarleyfi 1983.

Níu sinnum var synjað um dvalarleyfi 1983. Þjóðerni: fjórir Hollendingar, einn Ástralíubúi, einn Egypti, einn Íranı, einn Nýsjálendingur og einn Breti.

Brottvísun 1983.

Tveimur var vísað brott 1983. Þjóðerni: einn Bandaríkjamaður og einn Breti.

Synjað um landgöngu 1982.

Tíu sinnum var synjað um landgöngu 1982, fjórir voru án peninga, tveir án áritana, tveimur hafði verið vísað brott frá öðru norrænu ríki, einn með útrunnið vegabréf, hjá einum gilti vegabréfið ekki til Íslands.

Synjað um dvalarleyfi 1982.

Fjörutíu var synjað um dvalarleyfi 1982, af 19 þjóðernum, flestir þó frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Ísrael og Alsír.

Brottvísun 1982.

Fjórum var vísað brott 1982. Þjóðerni: tveir Belgar, einn Vestur-Þjóðverji og einn Ísraelsmaður.

Á árunum 1980—1981 var vísað brott ellefu útlendingum.

Svar við 3. lið:

Þegar útlendingur, sem á foreldra, systkini eða aðra nána ættingja hér á landi, sækir um vegabréfsáritun eða dvalarleyfi er ætíð leitast við að taka eins mikið tillit til slíkra tengsla og unnt er. Í langflestum tilfellum eru slík leyfi veitt, eins og hundruð dæma sanna.

Í nokkrum undantekningartilfellum hefur fólki, sem á hér ættingja eða venslafólk, verið synjað um leyfi til að koma til landsins eða verið synjað um áframhaldandi dvöl hér á landi eftir að það hefur verið komið hingað. Hafa þá verið gefnar upp rangar eða villandi upplýsingar um það sem fyrir þeim vakir sem um slík leyfi sækja eða að vísvitandi hefur verið reynt að nýta sér slík tengsl á óeðlilegan hátt.

Þá má geta þess að gerður er nokkur munur á meðhöndlun umsókna eftir því hvort um er að ræða umsókn um leyfi til að koma hingað í stutta heimsókn til ættingja eða hvort sótt er um leyfi hér á landi til langtímadvalar.

Í öllum tilfellum á útlendingur, sem á hér á landi fjölskyldu, auðveldara með að fá hér dvalarleyfi en aðrir. Samt sem áður verður að gera þá kröfu að farið sé að lögum þegar sótt er um leyfi fyrir það fólk sem hefur hér á landi slík tengsl.

Efri deild, 106. fundur

Fimmtudaginn 20. júní, að loknum fundi í Sþ.

Framleiðsla og sala á búvörum, frv. 491. mál (þskj. 1307 (sbr. 915)). — 3. umr.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég fór að hugleiða það undir löngum ræðum hér í gærkvöldi hvort það mundi nokkuð skaða að þeim yrði svolítið fjölgað og þeir sem ekki tóku þátt í 1. og 2. umr. tækju kannske að einhverju leyti þátt í umr. við 3. umr. Ein af þeim réttlætingum, sem ég heyrði í sambandi við langar ræður hér á kvöldfundi, var sú að menn hefðu ekki tekið þátt í 1. umr. þessa máls og þess vegna væri eðlilegt að spjallað væri svolítið um málið við 3. umr.

En það sem fyrst og fremst kom mér þó til þess að kveðja mér hljóðs nú við 3. umr. var það að í NT í dag birtist grein eftir bændahöfðingjann Guðmund P. Valgeirsson, Bæ, Árneshreppi á Ströndum, þar sem hann fer nokkrum orðum um það frv. sem hér á að fara að ganga frá og gera að lögum. Ég held að það væri vel þess vert að meginhluti þessarar greinar yrði fluttur hér í þingsölum og fengi að koma í þingtíðindum til áminningar, ekki síst fyrir framsóknarmenn og þá menn sem byggðu upp markaðskerfi landbúnaðarins á fyrri tugum þessarar aldar og sjá nú að mörgu leyti það kerfi hrynja í höndunum á sínum eigin mönnum. Ég vil leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa hér meginhluta þessarar greinar. Hún er svohljóðandi:

„Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem nú liggur fyrir Alþingi, var sent mér og öðrum bændum fyrir skömmu. Undanfarna daga hef ég verið að stafa mig fram úr því. Heldur gengur lesturinn seint og mér illa að skilja þá lesningu. Svipaða sögu er að segja af öðrum sem ég hef spurnir af og hafa verið að reyna það sama og ég. Við það létti mér nokkuð því að ég hélt einungis að um væri að kenna sljóum skilningi mínum hvernig til gekk.

Við þennan lestur minn hef ég helst komist að þeirri niðurstöðu að þeir sem setið hafa við að semja þessa lagasmíði hafi af ráðnum hug gert þau svo úr garði að enginn vissi upp né niður um hvað væri að gerast með þessum lagabálki og þeir sem ættu að vinna eftir honum gætu gert það á ýmsa vegu eftir því sem sýndist og þeir hefðu vilja til.

Þó eru nokkur atriði sem verða manni skiljanleg. Augljóst er að bændur og aðrir framleiðendur eiga ekki að fara með málefni sín á sama hátt og verið hefur. Það félagskerfi, sem þeir hafa byggt upp um málefni sín og framleiðslu með félagslegum hætti, er rifið til grunna. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Í fljótu bragði er ekki annað séð en að heimaslátrun verði tekin upp að nýju og hver fari með sinn skrokk á neytendamarkað og bjóði hann falan fyrir það verð sem um semst í það og það skiptið líkt og sumir kartöflubændur hafa farið að með sína framleiðslu og þykir til fyrirmyndar og í frjálsræðisátt. Og í raun og veru virðist verslun og viðskipti með landbúnaðarvörur færð í vargakjafta markaðshyggjunnar.

Verði þetta frv. að lögum, sem fyllilega má gera ráð fyrir þar sem það er byggt á samningum stjórnarflokkanna, má segja að allt vald, sem verið hefur í höndum kjörinna fulltrúa bændasamtakanna, sé tekið úr þeirra höndum og fært undir landbrh. Varla er að finna þá lagagrein eða lagakafla að þar blasi ekki við aftur og aftur: „Ráðherra er heimilt" og „ráðherra skal", þannig að allt frumkvæði og vald skal vera hjá ráðh. í smáu og stóru. Aðrir eru og verða eins og það sem hann getur skákað fram og aftur og hvatt til þessa og hins ef honum sýnist svo."

Hér mun ég fella smávegis úr grein Guðmundar þar sem hann beinir orðum sínum til ákveðinna aðila sem ég tel ástæðulaust að fella inn í þennan upplestur. En áfram svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar manni verður hugsað til sumra þeirra manna, sem að þessari lagagerð standa, þá koma fram í hugann þessi orð: „Og þú? barnið mitt Brútus" — En því allar þessar umbúðir utan um þennan tilgang? Því ekki að stytta þetta margorða frv. til stórra muna og láta það hljóða svo í einni stuttri mgr.: Landbrh. er falið alræðisvald um öll mál er íslenskan landbúnað varða. Hann skal skipa fyrir um dreifingu og sölu landbúnaðarvara að svo miklu leyti sem þau eru ekki í höndum kaupsýslu- og markaðshyggjumanna.

Með þeirri einföldun ynnist margt. Bændur væru þá ekki til trafala með þvarg sitt. Það kæmi líka í veg fyrir óþarfa nefndir og ráð. Það kæmi í veg fyrir að kalla þyrfti saman hópa málfræðinga, lögfræðinga og annarra sérfræðinga til að skera úr um hvernig bæri að skilja þessa og hina máls- og lagagreinina sem annars kynni að vefjast fyrir mörgum þó að lærðir væru. Og ólíkt hefði verið fyrir fulltrúa Stéttarsambands bænda að átta sig á frv. í því formi á þeirri dagsstund, sem þeim var gefin til að setja sig inn í það og áttu að skila að kvöldi rökstuddri álitsgerð um það sem fyrir þá var lagt því ekki nutu allir þeirra forréttinda að hafa fengið að kynna sér það fyrir Landsfund Sjálfstfl. og komu því sumir eins og af fjöllum. Sá aðstöðumunur skýrir vel þær fréttir sem borist hafa af fundum sem haldnir hafa verið úti um land um þetta lagafrv. Þær fregnir herma að margir sjálfstæðismenn, sem framarlega standa í flokki sínum, hafi setið hljóðir undir þeim umr. og leitt hjá sér að greiða atkvæði um þær tillögur sem þar voru bornar fram, enda ástæðulaust fyrir þá suma hverja að greiða aftur atkvæði um *málið. Þó gæti hugsast* að einhverjir fleiri úr þeim flokki kynnu að hafa ruglast eitthvað í ríminu og fatast um hugsjón sjálfstæðisstefnunnar í þessu máli og ástæða væri fyrir fréttamann sjónvarpsins að veita föðurlegar áminningar og leiðréttingu skoðana sinna til að koma í veg fyrir misstigin spor

Mér sýnist að með þessu frv., eins og það er, þá sé ekki einungis verið að staðfesta þann dóm Jónasar Kristjánssonar að bændur séu annars flokks fólk og skuli meðhöndlast skv. því mati, heldur engu að síður hitt: Að bændur séu dauðadæmd hjörð á „blóðvelli þjóðfélagsins" og þeim hafi verið kveðinn upp sá dómur að leggja snöruna að eigin hálsi.

Það eina, sem kann að réttlæta samþykkt þessa frv. nú, er óttinn við næstu ríkisstj., samstjórn íhalds og krata. Þá er eins víst og að nótt fylgir degi að í enn ríkara mæli verður níðst á kjörum bænda og félagsstarfsemi þeirra en þó er gert með þessu frv. Undir þeim þrýstingi mun það líka hafa verið samið."

Svo mörg voru þau orð. Þetta var höfuðatriðið úr grein Guðmundar P. Valgeirssonar, eins af þeim bændahöfðingjum sem byggt hefur upp og staðið í forustu fyrir félagsstarfsemi í einu afskekktasta byggðarlagi landsins og með samvinnu og sameiginlegu átaki byggðarinnar gert þar kraftaverk, haft forustu um það að bændur þar kæmu upp votheysverkun til þess að sigrast á náttúruerfiðleikunum og hafa verið leiðandi aðilar á þeim vettvangi. Þeir hafa einnig skipulagt ræktun fjárstofnsins í þeirri byggð og er nú svo komið að þar munu vera bestar afurðir á öllu landinu af sauðfé. Þessi höfðingi sendir nú flokksbræðrum sínum þessa kveðju á þeim degi þegar á að fara að ganga frá samþykkt á hinum nýju framleiðsluráðslögum. Mér fannst vel þess vert að sjá til þess að þessi varnaðarorð kæmust hér inn á hv. Alþingi.

En ég tel einnig nauðsynlegt að nú við lok þessarar umr. komi fram að á fund okkar þm. Vesturl. komu nú fyrir nokkrum dögum forustumenn búnaðarsamtaka á Vesturlandi. Það voru formenn Búnaðar- og ræktunarsambands Borgarfjarðar og sambandsins í Dalasýslu og Snæfellsnessýslu. Einn þessara manna skipaði framboðslista Framsfl. á Vesturlandi í síðustu kosningum. Þeir komu með 10 punkta sem þeir báðu okkur þm. Vesturl. að vinna að í sambandi við breytingar á framleiðsluráðsfrv. en aðallega óskuðu þeir þó eftir því að þessu máli yrði frestað og það ekki afgreitt á þessu þingi.

Mér sýnist við fljótan yfirlestur frv., eins og það liggur nú hér til afgreiðslu, að aðeins einn af þessum 10 punktum hafi verið tekinn til greina næstum því að fullu, aðrir ekki. Sumir að litlum hluta. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa þessar óskir þessara forustumanna búnaðarsamtakanna á Vesturlandi. Þeir komu á fund okkar þm. eftir að þeir höfðu rætt við Landbn. Nd. Alþingis og áhersluatriði í viðræðu við nefndina voru þessi:

„1. Lögð er áhersla á að teknar verði til greina brtt. Stéttarsambands bænda skv. bréfi til nefndarinnar.

2. Mótmælt er færslu og ákvörðunarvaldi í málefnum bænda frá Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði til landbrn. og nefndar sem ekki eiga að vinna í samráði við samtök bænda.

3. Gerð er krafa til að landinu verði skipt í mjólkursölusvæði af Framleiðsluráði og að heimilt sé að verðmiðla sjálfstætt innan samsölusvæða.

4. Gerð er krafa til að Framleiðsluráð veiti sláturleyfi og leyfi til heildverslunar með kjöt, svo sem verið hefur, og ákveði það hvaða sláturleyfishafar verki kjöt til útflutnings."

Og þá kemur sá punkturinn sem frekast hefur verið tekinn til greina:

„5. Rýmkaðar verði heimildir til verðtilfærslu og verðmiðlunar á mjólk og mjólkurvörum.

6. Tryggt verði í lögum fjármagn til að greiða bændum andvirði innlagðra vara jafnóðum og þær koma til innleggs.

7. Allir landsmenn búi við sama verðlag á mjólk og mjólkurvörum og smásöluálagning verði ákveðin sú sama á þessum vörum hvar sem er á landinu og alls ekki felld niður.

8. Stjórn búvöruframleiðslunnar nái til allra kjöttegunda og samningsréttur ráðh. skv. 30. gr. verði afdráttarlaus og skylt að semja sé þess kostur og hann nái til flestra búvörutegunda.

9. Útflutningsbótarétturinn tengist nauðsynlegum útflutningi sé hans þörf. Rétturinn verði ekki þrengdur með takmarkandi reiknireglum. Upptalning afurða verði gerð eins ljós og unnt er.

10. Stuðningur við nýjar búgreinar verði aukinn og uppbyggingu þeirra flýtt svo að þær gefi tekjur áður en samdráttur í kindakjöti og mjólkurframleiðslu verði meiri en orðinn er nú þegar."

Þetta voru óskir forustumanna búnaðarsamtakanna og forustumanna bænda á Vesturlandi. Eins og ég segi hefur aðeins einn þátturinn verið tekinn til greina. En samt á að samþykkja þetta frv. og það liggur beint fyrir að það verði samþykkt hér eftir stutta stund. Ég held að hér sé verið að rasa um ráð fram. Það hefði átt að bíða með þetta mál, kanna það í sumar, ræða það við bændur og bændasamtök og leggja það svo fram til skoðunar og afgreiðslu á haustþingi. Það hefði ekki aðeins átt að ræða það við bændur og bændasamtök heldur hefði átt að leita eftir allsherjar pólitískri samstöðu. Þessu máli hefði verið vísað til þingflokkanna og félagssamtaka bænda í sumar og síðan lagt fyrir þing að hausti.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Mér finnst rétt að það komi hér fram að þegar landsfundur Sjálfstfl. var haldinn var ekki búið að ganga frá þessu frv. Þar af leiðandi gat enginn notið þess fyrir landsfundinn að kynna sér efni þess.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440, n. 1382). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta nál. Eins og fram hefur komið var alger samstaða um afgreiðslu þess í Nd. og var það einnig í hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar. Allir nm. rita undir nál. Í grg. með frv. er vikið að markmiðum frv. sem er að hækka greiðslur makabóta til þeirra sem bundnir eru heima við vegna örorku eða langvinns sjúkdóms maka og geta ekki af þeim sökum aflað sér tekna.

Í 13. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði þess efnis að greiða megi elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Í framkvæmd hefur ákvæði þessarar gr. verið þannig að einungis hefur verið miðað við grunnlífeyri án tekjutryggingar og er upphæð makabóta nú 3394 kr. 78 konur og 4 karlar fá nú makabætur.

Með frv. þessu er lagt til að makabætur geti numið allt að 80% af samanlögðum grunnlífeyri og tekjutryggingu eða 8154 kr. í stað 3394 kr.

Í des. s. l. var fjöldi þeirra sem nutu makabóta 82 skv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins og þegar hefur komið fram sá fjöldi. Kostnaður á mánuði miðað við núgildandi makabætur eru um 280 þús. kr., eða 3.3 millj. kr. á ári. Ef frv. þetta yrði að lögum yrði kostnaðurinn 669 þús. á mánuði eða 8 millj. kr. á ári.

Útgjöld, sem þetta frv. hefði í för með sér, væru því á ári um 5 millj. kr.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls var alger samstaða um það að afgreiða málið óbreytt frá afgreiðslu þess í Nd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 334. mál (þskj. 1334, n. 1381). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 1. júní 1984. Frv. þetta varðar sölu á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51 frá 1980.

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru ákvæði um hvernig skuli fara með endursölu á íbúðum sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar reisti, en hins vegar ekkert um endursölu íbúða sem reistar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að þessar tvær tegundir íbúða fylgist að varðandi endursölu eins og áður. Í Nd. voru gerðar samþykktar breytingar á frv. sem ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í. Ég vil vekja athygli á því að líklega hefur láðst við afgreiðslu Nd. að hafa frv. áfram, eins og við framlagningu þess, í tveimur greinum. Eins og þetta liggur fyrir hér er frv. í einni grein en niðurlagið á, ef að líkum lætur, að vera 2. gr. frv. eins og það á að líta út nú. Ég vænti þess að þetta verði leiðrétt í prentun.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengismál, frv. 537. mál (þskj. 1380). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á Alþingi í gær eða líklega — ef maður ætlar að vera hárnákvæmur — í dag — því að það mun hafa gerst eftir miðnætti — var fellt frv. til l. um að heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls. Einnig var felld till. um að slíku máli yrði skotið til þjóðaratkvæðis og þar með, eins og einhver góður maður komst að orði, er bjórmálið úr sögunni.

Eftir þá afgreiðslu sem bjórmálið fékk — ég vil leyfa mér að kalla það það hér í minni framsögu — tel ég nauðsynlegt að fram komi enn skýrar en nú er stefna og afstaða Alþingis í áfengismálum. Til þess að þessa stefnu og þessa afstöðu megi skýra til fullnustu hef ég leyft mér, herra forseti, að flytja á þskj. 1380 frv. til l. um áfengismál. 1. gr. þessa frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er þrátt fyrir ákvæði annarra laga að blanda saman óáfengu öli og áfengum drykkjum til sölu á veitingastöðum. Einnig er óheimilt þrátt fyrir ákvæði annarra laga að flytja með sér áfengt öl inn í landið."

2. gr. frv. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í stuttri grg. sem þessu frv. fylgir segir flm.: „Eðlilegt hlýtur að teljast að bjórlíki verði ekki á boðstólum á veitingastöðum frekar en áfengt öl. Einnig hlýtur það að vera sjálfsögð afstaða löggjafans að mönnum verði ekki mismunað með þeim hætti að sumum leyfist að kaupa áfengt öl og flytja með sér inn í landið til neyslu en öðrum ekki þar eð landsmenn geta ekki allir jafnt notað eða hafnað þeirri heimild. Hlýtur þetta frv. því, ef samræmi er í afstöðu þingsins, að hljóta skjóta afgreiðslu og samþykki því að ekki mun þingið vilja stuðla að tvískinnungi í þessum málum frekar en öðrum."

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi framsögu minnar tel ég eftir þá afgreiðslu sem bjórmálið fékk að Íslendingar búi enn sem fyrr við afar óljósa stefnu stjórnvalda í áfengismálum, að ég tali nú ekki um augljósa stefnu stjórnmálaflokka og það sem kannske mestu máli skiptir, að hér ríkir í dag tvískinnungur í áfengismálum sem ég tel vera siðferðilega óverjandi.

Menn hafa um margra ára skeið búið við þá augljósu misjöfnun þegna að þeim, sem annaðhvort starfs síns vegna eða efna sinna vegna eiga þess kost að ferðast milli landa, er heimilt að flytja með sér inn í landið ákveðið magn af áfengi. Það væri e. t. v. ekki tiltökumál ef hér væri eingöngu um það áfengi að ræða sem selt er í áfengisverslunum ríkisins. En núna um nokkurra ára skeið hefur það líka viðgengist að í stað þess að taka þann leyfilega hluta áfengis sem taka má með sér inn í landið, með því að sleppa ákveðnum hluta þess, hefur þeim liðist að taka með sér áfengt öl.

Menn hefur greint á um það hvort hér sé um lagabrot að ræða eða ekki og ráðherrar eða Alþingi hafa ekki viljað taka af tvímæli í þessu máli. Eftir að þessi heimild komst á hafa þær raddir orðið háværari sem krafist hafa að úr því að sumum leyfist að flytja inn hér áfengt öl til landsins hljóti og sé eðlilegt að heimila sölu áfengs öls í verslunum Áfengisverslunar ríkisins og þá náttúrlega um leið framleiðslu. Annaðhvort er öllum óheimilt að kaupa og neyta áfengs öls hér á landi ef það á að vera stefna stjórnvalda eða öllum heimilt.

Nú er Alþingi búið að úrskurða það að mönnum skuli ekki vera heimilt að framleiða eða selja áfengt öl í Áfengisverslun ríkisins eða annars staðar. Ég leyfi mér að skilja þessa afstöðu þingsins þannig að þar með hljóti hún líka að banna ferðamönnum og farmönnum að flytja með sér áfengt öl inn í landið. Það hefur aftur á móti ekki komið skýrt fram. Þingið hefur ekki tekið skýra afstöðu til þessa atriðis og þess vegna þetta frv., að óheimilt sé þrátt fyrir ákvæði annarra laga að flytja með sér áfengt öl inn í landið. Þetta er um seinni mgr. 1. gr. þessara laga.

Fyrri mgr., um að óheimilt sé að blanda saman óáfengu öli og áfengum drykkjum til sölu á veitingastöðum, kann e. t. v. að vera öllu óljósari. Þó held ég að ef maður byrjar aftan á hlutunum í útskýringum á þessari grein hljóti menn að samsinna flm. Ef til sölu væri á veitingastöðum áfengt öl, sterkt öl — og þá á ég við öl sem er með prósentu einhvers staðar um 4—5% eða jafnvel þaðan af sterkara — þá held ég að allir menn geti orðið sammála um að aldrei mundi nokkrum manni detta í hug að fara að hella áfengum drykk eins og whisky út í Egilspilsner eða Sanitas — svo að menn

séu ekki hér að auglýsa eina framleiðsluna frekar en aðra. En þetta gera menn hér og þeir gera það mikið til vegna þess að þetta kemur að einhverju leyti í hugum manna í stað þess áfenga öls sem allavega suma, þó ekki alla, langar til að eiga möguleika á að neyta. En ef hægt er að draga þetta samasemmerki milli bjórlíkis, sem þessi drykkur er almennt kallaður þar sem blandað er saman óáfengu öli og öðrum áfengum drykkjum, og áfengs öls og ef Alþingi er búið að taka þá afstöðu að áfengt öl skuli ekki framleiða og ekki selja hér á landi, þá tel ég eðlilegt að banna framleiðslu þessa drykks og sölu á veitingastöðum.

Það kemur einnig til að menn hefur greint á um það ákvæði núgildandi áfengislaga sem ætti að taka af allan vafa í þessu atriði og ráðh. hefur ekki treyst sér til þess að túlka það ákvæði þannig að þessi framreiðsla á drykkjum sé óheimil.

Það má til sanns vegar færa að menn blanda saman sterkum drykkjum og alls kyns öðrum drykkjum, gosdrykkjum, vatni og hvað sem menn geta látið sér detta í hug og þar eð íslenskt öl er ekki áfengt geta menn haldið því fram að það sé ekkert óeðlilegt að blanda því saman við aðra áfenga drykki eins og mörgum öðrum blöndunarvökvum. En það er þó reyndar einn reginmunur á og flestallir, sem nokkurt skyn bera á áfengislöggjöfina eða telja sig bera skyn á hana, halda því fram að stjórnvöld horfi vísvitandi framhjá þessum mun. Hann er sá að þegar menn blanda saman sterkum drykkjum og óáfengum drykkjum þá gerist það annaðhvort fyrir eigin hendi eða af hendi þess sem framleiðir drykkinn beint fyrir framan augu þess sem neyta á drykkjarins. Blöndunin á sér stað um leið og neyslan fer fram.

En þegar framleiddur er þessi görótti drykkur, sem kallast bjórlíki, þá er drykkurinn þegar blandaður löngu áður en hann er framreiddur. Þar af leiðandi hefur viðskiptavinurinn ekki nokkra möguleika á því að fylgjast með því hvernig þessi drykkur verður til, þ. e. hvaða drykkjum hann samanstendur af. En öll önnur framleiðsla áfengra drykkja blandaðra á veitingastöðum gefur viðskiptavinunum kost á því að fylgjast með því hvernig drykkurinn verður til. Ég er þess meðvitaður, þekki það, að viðskiptavinurinn hefur líklega sjaldnast nokkurn áhuga á því hvernig drykkurinn verður til og horfir sjaldnast á það. En hann hefur möguleikana á því. Hann hefur það ekki þegar hann neytir þessa drykkjar.

Menn hafa samt sem áður ekki talið núgildandi áfengislöggjöf nægilega afdráttarlausa til að koma í veg fyrir blöndun og sölu þessa drykkjar. Allir menn þekkja þá að mörgu leyti skrýtnu og nýstárlegu, forvitnilegu þróun sem hefur orðið í veitingahúsamenningu í Reykjavík sérstaklega og núna á s. l. ári líka úti á landi, þar sem hafa risið upp veitingastaðir í líkingu við þá veitingastaði sem maður þekkir í öðrum löndum og við gjarnan köllum bjórkrár.

Þetta frv. varð til í þó nokkurri skyndingu eftir að afgreiðslu Nd. á frv. um bjórinn, eins og kallað er, lauk í gær. Þetta frv. er flutt í fullri alvöru. Ég vil taka það fram hér vegna þess að það hefur komið fram hjá nokkrum viðmælendum mínum að þeim finnst eins og hér sé einhver kerskni eða stráksháttur á ferðinni. En mér er full alvara með flutningi þessa frv. hvað það varðar að fá fram afdráttarlausan vilja löggjafans í áfengismálum. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að litlar líkur eru á því að þetta frv. hljóti, eins og segir í grg., skjóta afgreiðslu og samþykki á þessu þingi. Ég mun því flytja þetta frv. aftur á næsta þingi, eða í haust. Ég á von á því að þá verði flutt frv. til l. um framleiðslu og sölu á áfengu öli og ég mun þá leggja þetta frv. fram samtímis. Slíkt frv. kemur fram til þess að Alþingi eigi kosti á því að velja á milli þess að banna algerlega neyslu öls hér á landi eða nokkurs þess drykkjar sem því líkist eða að heimila það, því að varla trúi ég því að Alþingi fari að hafna báðum kostunum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Í upphafi grg. með frv. stendur, með leyfi forseta: „Frv. þetta er flutt til að afstaða Alþingis til áfengismála verði skýrð til fullnustu.“ Minna má nú ekki gagn gera. Mér finnst að frvgr. sé óljós og þar af leiðandi felist í greininni sjálfri að það sé ekki með samþykkt hennar að afstaða Alþingis verði skýrð í einu eða neinu til fullnustu í þessu máli.

Fyrri hluti frvgr. segir: „Óheimilt er þrátt fyrir ákvæði annarra laga að blanda saman óáfengu öli og áfengum drykkjum til sölu á veitingastöðum.“ Ég veit ekki annað en þetta séu hlutir sem hafa gerst í ansi langan tíma án þess þó að þetta kerfi hafi verið byggt upp sem hinar svokölluðu ölknæpur síðustu ára hafa verið með. Óáfengu öli og áfengum drykkjum eða víni, brennivíni eða vodka, hefur verið blandað saman í áratugi, sjálfsagt eins lengi og þessar drykkjarvörur hafa verið fáanlegar. Mér finnst bókstaflega út í hött að ætla sér að fara að banna þá hluti með lögum.

Ég minnist þess fyrir um 30 árum síðan þegar ég var síldarsjómaður norður á Siglufirði og það hafði farið svo að allur blandari annar en pilsner og bjór hafði gengið til þurrðar. Ekki var um annað að ræða en blanda með pilsner og bjór og þetta tókst allt saman ágætlega. En að fara að banna það með lögum, ef við erum á annað borð með vín í landinu, að það sé blandað með þessari eða hinni tegundinni, þetta er algerlega út í bláinn. Það breytir raunverulega ekki neinu í áfengisstefnunni. (**EgJ:** Er bannað líka að blanda í vatni?) Það gæti verið ef þessu væri algerlega bannað að blanda. Það er rétt, það gæti verið, en þá skýrðist stefnan til fullnustu. Þetta er rétt, hv. 11. landsk. þm., að stefnan yrði þá skýrð til fullnustu ef við mættum ekki — (**Gripið fram í:** Blanda í annað en mjólk.) Já.

Hinn þátturinn eða seinni hluti frvgr. er um það að ekki sé leyfilegt að flytja með sér áfengt öl inn í landið. Greinin bendir til þess að það sé ekki verið að taka fyrir það að ferðalangar með flugvélum, sem koma til landsins, megi taka með sér öl í fríhöfninni í Keflavík, heldur bendir greinin til þess að hér sé eingöngu verið að banna svokallaðan toll sjómanna, sjómaðurinn megi ekki taka með sér frá útlöndum bjór, sem búið er að vera í gildi í áraraðir. Íslenskir sjómenn hafa fengið að taka með sér toll annaðhvort í bjór eða áfengum drykkjum. Mönnum hefur ekki fundist sú undanþága frá áfengisinnflutningi í landið brjóta eitthvað sérstaklega á þeim öðrum sem ekki hafa getað notið þess. Meginhluti laga er byggður upp þannig að það eru ákveðnar undanþágur og menn verða að búa við breytilegar reglur, jafnvel mismunandi eftir því hvar þeir eru staddir á landinu. Við verðum að búa við annan ökuhraða í þéttbýli en við búum við úti á vegum

o. s. frv. Lögin ganga því ekki jafnt yfir mann hvar sem maður er staddur.

Ég held að það sé rétt að seinni hluti greinarinnar, sem hljóðar þannig: „Einnig er óheimilt þrátt fyrir ákvæði annarra laga að flytja með sér áfengt öl inn í landið“, hafi verið samin í fljótheitum og þarna hljóti að vera reiknað með því einnig að þeir, sem hafa möguleika á að grípa bjórinn um leið og þeir eru komnir inn í landið, eigi að vera þarna á bannlista líka. Mér finnst það fáránlegt að setja greinina þannig upp að fyrst og fremst sé þessu beint til sjómannatollsins. Eins og ég segi geri ég ráð fyrir því að meiningin sé hin að það eigi að ná til farþega sem eru að koma til landsins einnig þótt það komi ekki fram í tillgr. Mér finnst það vera smámunasemi. Þetta er tiltölulega lítið og breytir óskaplega litlu og það er ekki verið að mismuna neinum, það er verið að gera allt of mikið úr því. Sá bjórkassi sem kemur með skipi til landsins eða sá bjórkassi sem er tekinn með ferðamanninum á flugvelli, er vanalega settur einhvers staðar í horn og hafður til spari. Menn gera sér og gestum sínum til ánægju að koma með bjórinn sem þeir komu með úr ferðalaginu o. s. frv. En það breytir engu í áfengisstefnu eða áfengisneyslu, ekki nokkrum sköpuðum hlut. Og það er alveg út í hött að vera að tala um að þetta sé einhver mismunun gagnvart þegnum landsins, það er verið að gera allt of mikið úr þessu.

Í fyrri hlutanum er kveðið á um það að bannað sé að blanda saman óáfengu öli og áfengum drykkjum. Þarna þyrfti að vera miklu betri skilgreining á því hvað verið er að tala um þegar verið er að tala um óáfengt öl. Það er ekki eingöngu endilega pilsner og bjór frá Sanitas og Agli. Það gæti verið maltöl og það gæti verið hvítöl. Sumir kalla þann ágæta drykk Coca Cola líka bara öl og jafnvel Sódastream. (Gripið fram í.) Það þarf því betri og merkilegri skilgreiningu á þessu öllu saman til þess að hægt sé að taka mark á þessu og standa að því að frv. sé flutt til þess að afstaða Alþingis til áfengismála sé skýrð til fullnustu. Þetta þarf að vera miklu myndarlegra og betur skilgreint ef við eigum að trúa því að meiningin bak við þetta frv. eigi að vera til þess að fá afstöðu Alþingis skýrða til fullnustu í þessum málum.

Því vænti ég þess að það frv. sem hv. frsm. frv. hefur boðað að hann leggi fram í haust verði mun ítarlegra, skilgreini frekar hvern þátt þessara mála sem hann hefur lagt hér til. Vera má að það frv. gæti orðið til þess að ef samþykkt yrði — sem ég hef nú ekki mikla trú á ef það verður í þessum anda — að afstaða Alþingis til áfengismála yrði skýrð til fullnustu. Væri vel ef einhvern tíma kæmi að því.

Umr. frestað.

Neðri deild, 106. fundur.

Fimmtudaginn 20. júní, að loknum fundi í Sþ.

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249). — 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við frv. um selveiðar, sem hér er nú tekið til 3. umr., mæla hér nokkuð til viðbótar við það, sem fram kom í stuttri grg. minni fyrir atkv. í gærkvöldi á fundi hv. deildar.

Ég hef tekið það mjög skýrt fram við fyrri umr. þessa máls að ég er hlynntur því að sett verið lög um selveiðar, tel að það sé nauðsynjamál, en ég hef jafnframt gagnrýnt mjög ákveðið nokkur atriði þess frv. sem hér liggur fyrir til umr.

Það hefur verið felld brtt. sem flutt var við 3. gr. þessa máls, en þar var af hálfu hæstv. ráðh. vikið frá tillögum þeirrar nefndar sem undirbjó þetta frv. í sambandi við samráð og meðferð mála á undirbúningsstigi varðandi stjórn og skipulagningu selveiða. Ég hafði talið, að samþykkt þessarar brtt. hefði lagað þetta frv. nokkuð þó svo að slík brtt., ef samþykkt hefði verið, hefði engan veginn sniðið alla agnúa af þessu máli, langt frá því. Ég greiddi brtt., sem hv. þm. Guðmundur Einarsson flutti um þetta mál, atkv. mitt, en það nægði ekki til, sá stuðningur sem brtt. fékk til þess að hún næði hér fram að ganga.

Ég vek athygli á því að skv. 6. gr. þessa frv. er ráðh. sjávarútvegsmála, sem ætlað er að fara með stjórn selveiða, yfirumsjón allra mála að því er selveiðar varðar, gefið það vald í hendur að setja reglur um framkvæmd laganna nánast í öllum greinum, ótilgreint vald. Það eru talin þar upp í níu liðum dæmi um þau atriði sem sjútvrh. getur sett reglugerð um og engan veginn tæmandi upptalning þannig að hér er í rauninni á ferðinni frv. sem minnir að mörgu leyti á þau lög sem samþykkt hafa verið tvívegis á Alþingi um stjórnun fiskveiða, sem hæstv. sjútvrh. hefur borið fram, þar sem óskað er reglugerðarheimilda, nánast lagður fram óútfylltur víxill fyrir viðkomandi ráðh. til útfyllingar, og það tel ég ekki vera til fyrirmyndar í sambandi við lagasetningu og gagnrýndi það og við margir Alþb.-menn í sambandi við það tiltekna frv. um stjórnun fiskveiða. Hér er sem sagt á marga lund haldið svipað á máli og óskað eftir svipuðum heimildum.

Eitt af þeim atriðum sem tilgreind eru og tölusett í 6. gr. þessa frv., er undir 7. tölulið í 6. gr., er að ráðh. getur með reglugerð m. a. ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela sé þess talin þörf. Hér er í rauninni verið að leita eftir lagastoð við þær aðgerðir sem átt hafa sér stað fyrir tilstilli svonefndrar hringormanefndar sem sett var á fót af hæstv. sjútvrh. Kjartani Jóhannssyni á sinni tíð, 1979, og sem harðlega hefur verið gagnrýnt af mörgum aðilum hvernig á málum hefur verið haldið í sambandi við fækkun á selum. Það eru slíkar heimildir, sem hér er verið að óska eftir, sem ég er andvígur í sambandi við lagasetningu um jafnviðurhlutamikið og þýðingarmikið mál og stjórnun á stærð selastofnsins og ég teldi það lágmark að ráðh. þyrfti að fá tillögur frá þar til kvöddum aðilum sem bæru sig saman, en rn. hefði ekki samráð í hendi sér með þeim hætti sem 3. gr. kveður á um þar sem sagt er „eftir því sem við á hverju sinni“. Samráð skal hafa eftir því sem við á hverju sinni. Þannig er þessi frumvarpstexti sniðinn. Framkvæmdavaldið getur haft þetta allt í hendi sér, hvernig það vill haga málum, án þess að lagaramminn marki þar nokkra skilmerkilega stefnu.

Hæstv. sjútvrh. og aðrir þeir sem um þetta mál hafa fjallað vita um mjög ákveðna gagnrýni hjá fjölmörgum umhverfisverndaraðilum hérlendis og hagsmunasamtökum, ekki síst hagsmunasamtökum bænda, í sam-

bandi við þetta frv. og ég hef eindregið verið hvetjandi þess að loks þegar löggjafarvaldið tekur sig til og ætlar að setja lög um selveiðar verði reynt að halda þannig á máli við þá lagagerð að von sé til þess að þokkalegur friður ríki um þá stjórnun sem fram á að fara á grundvelli þessarar lagasetningar. Það hefur því miður ekki verið hlustað á þær raddir og á þær ábendingar af hálfu hæstv. núv. sjútvrh. og hann er hér annan ganginn enn með þetta frv. á ferðinni og það er að koma til meðferðar á síðasta starfsdegi deilda og er hér enn í fyrri deild og hefur ekki verið hreyft hér um langan tíma til umr. í þinginu og Ed. er ekkert farin að fjalla um málið.

Ég rifjaði það upp í einni setningu í gær að við 2. umr. málsins kom það fram hjá hæstv. landbrh. að hann væri efnislega ósamþykkur ýmsum þáttum í þessu frv. og hefði viljað sjá það öðruvísi. Það voru hans orð þannig að það er ekki einu sinni að það væri samstaða innan ríkisstj. um þessa lagasetningu. Og ég spyr að því hér að gefnu tilefni: Er það ásetningur ríksstj. að knýja þetta mál fram á síðasta starfsdegi þingsins, í gegnum þessa þingdeild og síðan í gegnum Ed., á afbrigðum? Ég tel það síst til fyrirmyndar að standa þannig að þýðingarmiklu máli eins og hér er um að ræða og ég vil hvetja mjög eindregið til þess hæstv. sjútvrh. að fara yfir þessi efni í sumar, beita sér ekki fyrir því að knýja málið hér fram á lokadegi þings, enda hefur ekkert komið frá hæstv. ráðh. um að það sé hans ásetningur þó að málið sé tekið hér á dagskrá, og leitast við að fá þokkalegan frið um þetta mál á undirbúningsstigi, leggja það fram hér að hausti. Ég skal eiga hlut að því að greiða fyrir lagasetningu af þessu tagi ef vilji er til þess að sníða af ákveðna agnúa sem ég tel vera á þessu máli og hef gert ítarlega grein fyrir við fyrri umræður þessa máls. Ég ætla alls ekki að fara að endurtaka það hér. Það liggur fyrir í þingtíðindum. Það liggur líka fyrir mjög skilmerkilegt yfirlit frá Landvernd um þetta efni sem allir þm. fengu í hendur. Það er langyfirgripsmesta yfirlit um selastofnana við Ísland og þá þekkingu sem menn hafa varðandi þá og koma fram í þessari grg. Landverndar mjög margar athugasemdir við frv. fyrir utan þá breytingu sem hæstv. sjútvrh. lét gera frá þeim drögum sem fyrir lágu þegar nefnd skilaði sínu verki til rn. um þetta mál.

Ég tek eftir því við umræður um þetta efni, það hefur tengst ýmsum málum, sem hér hafa verið, að menn taka æ meira upp í sig í sambandi við samhengið milli fjölda sela hér og hringormavandamálsins. Menn taka stöðugt ákveðnar til orða í þeim efnum þrátt fyrir þær ábendingar sem fram hafa komið frá vísindamönnum um að þetta samhengi er engan veginn ljóst og það vantar mikið á að rannsóknaniðurstöður hafi skorið úr um þetta efni þannig að um þetta ríkir fullkomin óvissa. Ég tel hins vegar að á þessum þætti þurfi að taka mjög ákveðið, auka rannsóknirnar og taka þegar til við ákveðna stjórnun á selastofnunum. Ég er því fylgjandi. En ég vara við því að menn séu að álykta og gefa sér forsendur í þessum efnum í mjög flóknu samhengi og það er í rauninni nauðsynlegt að skilmerkilegri vitneskja liggi fyrir áður en menn geta kveðið upp ákveðna dóma. Þess vegna er það álitamál á hvaða stundu menn vilja láta verulega til skarar skríða til að fækka selnum þó að ég sé engan veginn að draga úr því að við þurfum að hafa þarna uppi ákveðna stjórnun og margt sem hvetur til þess að það verði unnt fyrr en seinna.

Mín tilmæli til hæstv. sjútvrh. og raunar til þd. eru að þetta mál verði athugað milli þinga og tekið upp þegar að hausti og ég mun greiða götu þess ef menn eru reiðubúnir að sníða af því agnúana. Ég ætla ekki heldur að fara að hindra framgöngu þessa máls ef meiri hluti er fyrir því að afgreiða það hér og nú út úr deildinni vegna þess að það virðist að sterk sannfæring sé hjá mörgum fyrir því að nauðsyn sé að fá þessa lagasetningu. En ég hef mælt mín aðvörunarorð mjög ákveðið í þessu efni og teldi betur að menn færu yfir þetta mál milli þinga og reyndu að ná víðtækri samstöðu um stjórnun á þessum dýrastofni.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég flutti við þetta frv. brtt. sem nú hafa verið felldar og eins og ég lýsti í minni hluta áliti mínu úr sjútvn. Nd. mun ég að þeim felldum greiða atkv. gegn frv. vegna ástæðna sem ég lýsi í þessu minnihlutaáliti. Ég tel að hér sé ekki rétt farið að þessu hlutum. Það er augljóst af þeim álitum sem borist hafa og þeim umr. sem hér hafa átt sér stað að um þetta er alls ekki sá einhugur sem þyrfti að vera. Það er augljóst að einhugur er í landinu um að vinna þannig að rannsóknum á selum og hringormum að menn komist vel til botns í því hvernig hægt er að hafa og hvort hægt er að hafa stjórn á hringorminum með átökum við selastofninn. Þær rannsóknir hafa alls ekki verið nægar og vísindamenn hafa bent á að mjög mikið vantar á að menn geti með nokkurri sannfæringu farið út í fjöldafækkun á selum með það fyrir augum að fækka verulega hringormi. Fyrir því eru óljósar líkur, en alls ekki þær vísindalegu staðföstu niðurstöður sem menn þurfa að hafa í höndunum ef þeir fara út í fjárfrekar og augljóslega umdeilanlegar aðgerðir gegn þessum dýrastofni.

Undirbúningur málsins virðist hafa verið þannig að í fyrri ríkisstj., sem á þetta mál ef svo má að orði komast, sem bjó þetta frv. til, var ekki um það samstaða milli þess ráðh. sem lét útbúa málið og landbrh. Það sama er uppi í þessari ríkisstj. Þar hefur landbrh. lýst sig andvígan málinu, en sjútvrh. heldur því fram. Það hefur komið fram í ræðum og reyndar í atkvgr. í gær að fjöldi þm. hefur miklar efasemdir uppi um þetta mál. Ýmsir hafa hreinlega lýst sig andvíga því af ástæðum sem ég ætla ekki að fara að telja upp til þess að lengja þessa umr. ekki meir. Allt þetta virðist mér benda til þess að það sé full ástæða til að fara nánar ofan í saumana á þessu máli. Það er, eins og ég segi, óeining um það og tortryggni. Það er því ekki þannig í pott búið sem nauðsynlegt væri fyrir mál jafnviðkvæmrar náttúru og ég tel þetta mál vera.

Ég endurtek að allir sem hafa komið nálægt þessu máli eru sammála um að komast vel til botns í því á hvern hátt er hægt að stemma stigu við eða minnka hringormafárið í íslenskum fiski. Þær niðurstöður sem þegar eru fyrirliggjandi renna ekki nægilega styrkum stoðum undir fækkunaraðgerðir þær sem menn hafa á prjónunum, enda hefur það komið fram í gögnum málsins að fækkunaraðgerðirnar voru ákveðnar og áformaðar löngu áður en menn voru nokkuð byrjaðir að rannsaka þessi mál. Svo virðist af fyrstu skýrslum svokallaðrar hringormanefndar að þar hafi verið haft fullkomið samráð og allir verið sammála um að fækka sel og síðan ætluðu þeir að nota tímann til að rannsaka

til að finna svör við deilum sem kynnu að rísa í kjölfar fækkunaraðgerðanna. Þetta er ekki sá vísinda- og rannsóknagrundvöllur sem stjórnvöld ættu að reyna að standa á þegar farið er út í aðgerðir af þessu tagi.

Hins vegar herjar hringormafár ekki bara á selastofninn. Það herjar líka á þingmannastofninn. Menn virðast vera tilbúnir að renna þessu máli í gegn þrátt fyrir að það sé illa athugað og illa grundað. Ég vek athygli á að það eru allar líkur á því, að ef svo fer sem horfir, að það fari í gegn með þeim ágreiningi sem orðinn er ljós um það í Nd. og að það renni ljúflega í gegnum Ed. án þess að sjútvn. þar hafi kost á öðru en að skjóta á örfárra mínútna „stigamannafundi" til að leggja blessun sína yfir það „proforma" og renna því þannig niður. Ég vil minna á að fyrr í dag urðu miklar umræður um mál úr sama rn., ríkismatsmálið, þar sem menn hjuggu bæði að sjálfri lagasetningunni og reglugerðarsetningu sem kom í kjölfar hennar. Ég vil minna á að það mál var hespað í gegn á stuttum tíma og allir sem að því komu höfðu umtalsvert samviskubit og töldu það ekki nógu vel rannsakað. Það virðist reyndar vera að koma á daginn. Mér sýnist að það séu allar líkur á að nú sé Alþingi að binda sér annan líkan bagga, mál sem verður keyrt í gegn í hálfgerðu írafári án þess að menn hafi náð að athuga umtak málsins, án þess að menn hafi náð að gera sér almennilega grein fyrir því hvernig til þess er stofnað, og það geti hreinlega orðið hlutskipti okkar að standa hérna að ári og rífast um það, annaðhvort innan eða utan dagskrár, að hafnar væru einhverjar aðgerðir í þessu máli sem alls ekki væru samrýmanlegar lögunum eða menn væru mjög ósammála um. Ég vil minna á að virðing Alþingis fer ekki eftir klæðaburði þm. eða því hvernig þeir bera sig í stólum. Virðing þingsins fer eftir verkum þess og það verðskuldar þá virðingu eina sem það á skilið af verkum sínum. Ef það á að vera hlutskipti þess að ná því aldrei að afgreiða lög fyrr en í þessu fári rétt fyrir þinglausnirnar þegar augljóst er að menn verða að kyngja litlum bitum og stórum, illa og óathuguðum, þá tel ég gerða atlögu að virðingu þingsins. Þá á ég ekki við hinn ytri umbúnað sem menn beina miklu oftar sjónum sínum að. Ég held að hér séu menn að búa sér til einn böggulinn slíkan. Þetta selamál virðist ætla að fara í gegn þó að illa sé til þess stofnað, illa að því staðið og um það ríki sundurþykkja þó að hún birtist ekki endilega í atkvgr. hér.

Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að þar sem felldar hafa verið brtt. mínar og ekki hefur verið í neinu sinnt tillögum mínum um að skoða málið betur og freista þess að ná um það meiri samhug mun ég ekki greiða því atkv. Hins vegar er ég jafnsannfærður um að það á að taka á þessu máli og ég mun halda áfram, sem ég hef gert undanfarin tvö ár, bæði innan dagskrár og utan, að vekja athygli á þessu og kalla eftir aðgerðum, en ég held að hérna sé ekki rétt að staðið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. 398. mál (þskj. 1376). — 3. umr.

Forseti (Karvel Pálmason): Nú er úr vöndu að ráða hjá forseta. Meiningin var að taka fyrir 4. dagskrármálið, sem er grunnskólar, 398. mál Nd., en svo stendur nú á að ég sé að það er komin á borð þm. brtt. sem að vísu er of seint fram komin og ef ætti að taka til afgreiðslu þyrfti afbrigða við. Ég sé engan hér sem líklegur er til að mæla fyrir slíkri brtt., hvorugan flm. hennar (**Menntmrh.:** Forseti. Það er engin skylda að mæla fyrir brtt.) Það voru ekki orð forseta, hæstv. ráðh. Honum var það ljóst. Eigi að síður er staðreyndin sú að hvorugur flm. er hér. Ég held að nú verði að freista þess að taka þetta mál til 3. umr. Það hefur enginn kvatt sér hljóðs og er umr. þá lokið. Er einhver svo fróður að geta leiðbeint forseta með brtt.? Atkvgr. verður að vísu frestað. (Gripið fram í.) Ég hygg að það muni vera réttast. (**Menntmrh.:** Forseti. Ég tel að það sé ekki hægt eftir þingsköpum að loka umr. áður en afbrigða hefur verið leitað fyrir brtt. þó að ég hefði gjarnan viljað að málið hefði verið afgreitt.) Já, það eru ýmis vandamál sem koma upp núna á síðustu og verstu tímum þingsins. Ég efast nú um að það sé hægt, en þó mætti reyna að ná fram afbrigðum. (**Gripið fram í:** Var forseti ekki búinn að leita afbrigða?) Nei, hann var ekki búinn að því. Forseti eins og aðrir á heimtingu á leiðréttingu sinna orða og gerða. Það verður úrskurðað hér með.

Umr. frestað.

Almannavarnir, frv. 275. mál (þskj. 1372 (sbr. 453)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1408).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 536. mál (þskj. 1324). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það er mér sönn ánægja að verða forseta að liði og mæla hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 frá 1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson og Guðrún Agnarsdóttir.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist nýr kafli, sem verði IX. kafli, um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Þetta mál á sér hér í þinginu alllangan aðdraganda og allmerka þingsögu nú þegar. Það var til umræðu á hv. Alþingi á síðasta þingi þegar til meðferðar voru þau lög um Húsnæðisstofnun ríkisins sem ég vitnaði til áðan. Þá náðist ekki samkomulag um að fella inn í þau lög ákvæði um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt, en hins vegar voru gefnar yfirlýsingar um það á hv. síðasta Alþingi að stefnt skyldi að lagasetningu um þetta mál á yfirstandandi þingi. Það hefur síðan, herra forseti, reynst örðug fæðing hæstv. ríkisstj. að koma sér saman

um stefnumörkun í þessum málum.

Hæstv. félmrh. hafði lengi um það fögur fyrirheit að leggja þetta mál fyrir sem stjfrv. hér á þinginu, en það er nú ljóst orðið að af því verður ekki úr þessu. Stjórnarandstaðan hefur í allan vetur lagt á það mikla áherslu og fylgt því eftir að sett yrðu lög um þetta húsnæðisform og m. a. með fsp. hér á hv. Alþingi innt hæstv. ríkisstj. eftir því hvernig því miði.

Herra forseti. Það væri ánægjulegt, ef hæstv. félmrh. væri hér nærstaddur þegar þessi umr. fer fram. Ég fer fram á að forseti athugi hvort hægt sé að nálgast hæstv. félmrh. og gera honum viðvart um að þessi umr. fari hér nú fram. En ég held þó engu að síður áfram að mæla fyrir frv.

Þegar stjórnarandstaðan gerði með sér sérstakt samkomulag um það nú á vordögum að setja úrbætur í húsnæðismálum á oddinn hvað varðaði þingstörf það sem eftir lifði þessa þinghalds var inni í þeirri mynd að krefjast þess af hæstv. ríkisstj. að hún stæði við sín fyrirheit um að koma lagaformi á þessi húsnæðissamvinnufélög og ákvæði um búseturétt og var það eitt af fjölmörgum atriðum sem stjórnarandstaðan lagði áherslu á í því sambandi. Þá voru enn uppi af hálfu hæstv. ríkisstj. áform um að leggja málið fram, en stjórnarandstaðan upplýsti þá engu að síður að hún hyggðist taka frumvarpsdrög þau sem stjórnskipuð nefnd hafði gengið frá og leggja það fram í sínu nafni yrði ekki af því á næstunni að hæstv. ríkisstj. gerði svo.

Herra forseti. Ég hef þennan formála að máli mínu til þess að skýra hvernig á því stendur að hér hafa nú birst á hv. Alþingi ekki færri en tvö frv. samhljóða um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Stjórnarandstaðan hafði sem sagt þegar fyrir nokkru síðan lýst því yfir að kæmi ekki fram frá hæstv. ríkisstj. frv. um þetta efni mundi hún sjá til þess að hv. Alþingi það er nú situr fengi slíkt frv. til umfjöllunar.

Þegar ljóst var orðið á síðustu dögum þinghaldsins að ekki mundi nást í hæstv. ríkisstj. samstaða um þetta mál og það lá fyrir að ágreiningur stjórnarflokkanna yrði til þess að hér liti ekki dagsins ljós stjfrv. um þetta efni leitaði stjórnarandstaðan eftir því við einstaka þm. stjórnarliðsins hvort þeir væru tilbúnir til þess að gerast meðflm. frv. til l. um þetta efni. Á það var látið reyna, en niðurstaðan varð sú sem nú liggur fyrir, herra forseti, að tveir hv. þm. Framsfl. kusu að leggja fram samhljóða frv. í eigin nafni fremur en að gerast meðflm. stjórnarandstöðuþm. um aðlögun að frv. þessu. Út af fyrir sig mætti hafa um þessa uppákomu, eins og það hefur verið orðað í einu dagblaðanna, nokkur orð, en ég tel þó ekki sérstaka ástæðu til þess. Það sem fyrir liggur hér, og ég vil að það komi hér fram, herra forseti, er það að þm. fimm stjórnmálaflokka af sex hér á hv. Alþingi eru reiðubúnir að leggja þessu máli lið. (**Forseti:** Hv. þm. bað um að athugað væri með nærveru hæstv. félmrh. Það hefur verið gert, en upplýst er að hann er ekki í húsinu.) Nú. (**Forseti:** Hv. þm. ræður því að sjálfsögðu hvort hann gerir hlé á ræðu sinni eða hvort hann heldur áfram.) Nei, herra forseti. Ég kýs engu að síður að klára að mæla fyrir málinu og ljúka a. m. k. fyrri ræðu minni við þessa umr. málsins og mun nú gera svo, með leyfi forseta.

Einstaka þm. kusu þó að hafa á fyrirvara um að þeir kynnu að vilja flytja eða fylgja einstökum brtt. við einstakar greinar frv. sem eðlilegt má telja í því tilviki að tekið er upp óbreytt það uppkast sem fyrir liggur frá stjórnskipaðri nefnd og því ekki nema eðlilegt að einstakir þm. áskilji sér rétt til að skoða einstök atriði nánar.

Það sem ég tel sem sagt, herra forseti, að liggi fyrir og ég vil enn undirstrika er það að fyrir þessu frv. og fyrir þessu húsnæðisformi er verulegur hljómgrunnur á hv. Alþingi, eins og sú staðreynd sýnir að flm. að þessum tveimur frv. koma frá fimm af sex stjórnmálaflokkum á hinu háa Alþingi. Ég vil einnig leyfa mér að halda því fram, herra forseti, með tilliti til þess hvernig hv. þm. eru saman settir, ef svo má að orði komast, að fyrir þessu húsnæðisformi og þeim frv. sem hér liggja fyrir sé meiri hl. eða a. m. k. verulegur stuðningur við þau í hv. félm. þessarar deildar sem væntanlega fengi þessi frv. til umfjöllunar. Ég vil að það liggi hér ljóst fyrir að svo komnu máli, herra forseti.

Það væri út af fyrir sig hægt að hafa alllangt mál um aðdragandann að þessu máli, hvernig það hefur borið fyrir úti í þjóðfélaginu og einnig á Alþingi, en með tilliti til aðstæðna hér, herra forseti, ætla ég ekki að hafa þau ýkja mörg að þessu sinni.

Ég vil þó í lokin leggja á það mikla áherslu að það er að mínu viti nauðsynlegt og algerlega óumflýjanlegt að hv. Alþingi taki á þessum málum. Það getur ekki gengið að heil félagsmálahreyfing úti í þjóðfélaginu sé vanrækt með þeim hætti sem tök Alþingis á þessu máli fram að þessu hafa borið vitni um. Ég er ekki að fullyrða að hv. þm. eigi að styðja afdráttarlaust þær kröfur sem þar eru uppi. Það verður að sjálfsögðu hver og einn hv. þm. að eiga undir sinni samvisku og gera upp við sig. En ég segi: Það er óviðunandi að hv. Alþingi taki ekki á þessu máli og afgreiði það þegar þúsundir fólks úti í þjóðfélaginu hafa stofnað með sér samtök, heila félagsmálahreyfingu, til að reyna að leysa úr einu þessu brýnasta dægurvandamáli samtímans á Íslandi, þar sem húsnæðismálin eru. Menn kunna að hafa misjafnar skoðanir á því hversu vænlegt þetta form, húsnæðissamvinnufélög og búseturéttarfyrirkomulag, sé í þessum efnum og hvort það sé pláss fyrir það í okkar húsnæðiskerfi eins og fjármögnun þeirra mála er nú komið, en ég segi þá enn: Um það verður að taka ákvörðun. Það er ekki hægt að halda þúsundum fólks úti í þjóðfélaginu í slíkri óvissu sem síðustu mánuðir hafa verið þessu fólki. Ég tel, herra forseti, að það væri mjög slæmt og mjög alvarlegt í raun ef þessi hreyfing væri kæfð í fæðingunni hér á Íslandi vegna áhugaleysis Alþingis og vegna þess að Alþingi kemur sér ekki saman um að taka á málinu, hvaða niðurstöðu sem það fengi, og ég bendi á hvílíkur aðili hliðstætt húsnæðiskerfi er í nálægum löndum og hvílíkt hlutverk það leikur þar í því að leysa húsnæðismálin í þeim löndum, t. d. á hinum Norðurlöndunum, í Hollandi og víðar, þar sem fullyrða má að þau séu mjög vel á vegi stödd eftir því sem gengur og gerist í kringum okkur.

Ég vil að lokum leggja á það sérstaka áherslu, herra forseti, að ég tel að það sé til verulegs vansa, og þá auðvitað fyrst og fremst fyrir hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. sem uppi hefur haft miklar heitstrengingar og fagrar orðræður í þessum efnum, að málum er nú svo komið að þessu þinghaldi er að ljúka án þess að hér birtist mótuð stjórnarstefna um þetta mál. Ég tel að þeir þm. stjórnarandstöðunnar sem vildu leggja þessu máli lið hafi ekki átt annars úrkosta en að bregðast við

eins og þeir hafa nú gert, herra forseti. Út af fyrir sig fagna ég því að einstakir þm. innan stjórnarliðsins vilja einnig sýna lit í þessum efnum þó að það sé alveg ljóst að það sé fremur marklítið að hv. þm. úr öðrum stjórnarflokknum leggi fram frv. með þessum hætti og komi á engan hátt í staðinn fyrir það að hæstv. félmrh. hefði staðið við sín loforð í þessu máli. Það verður þó að segjast að það er rétt eftir öðru og rétt að vonum að niðurstaðan af þessu máli skuli nú liggja fyrir með þessum hætti. Það þarf auðvitað ekki að rekja hér, herra forseti, fyrir hv. þd. þá sögu sem hæstv. ríkisstj. á nú þegar, eftir rúmlega tveggja ára líftíma, í húsnæðismálunum. Þetta er einn anginn af því hvernig yfirlýsingar og loforð eru svikin og brotin, hvernig væntingar sem vaktar eru með almenningi eru barðar niður. Nú stöndum við hér, sennilega á næstsíðasta degi þinghaldsins, frammi fyrir uppgjöri þessa máls a. m. k. hvað þetta þinghald varðar. Ég vil þó taka fram, og ég tel ástæðu til að það komi hér einnig fram, ekki síst vegna þess að hæstv. félmrh. er ekki hér viðstaddur, að hæstv. ráðh. hefur gefið um það yfirlýsingar að einmitt þessi þáttur húsnæðismálanna, þ. e. ákvæði um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt, verði lagður fyrir væntanlega mþn. til umfjöllunar. Ég bind vonir við það, herra forseti, að þar takist að marka þessu húsnæðisformi einhvern bás og ég lýsi því yfir af minni hálfu og míns flokks að ekki mun standa á okkur að taka þátt í umræðum um það. Væntanlega á það einnig við um aðra fulltrúa stjórnarandstöðu sem eru meðflm.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri með tilliti til aðstæðna á þinginu, en legg til að lokum að frv. verði eftir þessa umr. vísað til hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sé að það hefur alvarleg prentvilla orðið í dagskrá þessa fundar og ég sé ekki betur en í ógáti hafi ný frumvörp um Húsnæðisstofnun ríkisins verið númeruð með sama hætti og frumvörp sem hér voru áður lögð fram og tekin á dagskrá í dag fyrirvaralaust hin nýju frumvörp án þess að afbrigða væri leitað. Þetta er skýrt brot á öllum fundarsköpum og ég hygg að þetta sé einsdæmi í sögu Alþingis. Augljóst mál er að hér er um mismunandi frv. að ræða þar sem í öðru þeirra er kveðið á um það í 96. gr. að aflað skuli fjár til húsnæðissamvinnufélaga með lánum skv. 11. og 58. gr. þessara laga, en í hinu frv. stendur „Með lánum skv. 33. og 58. gr. þessara laga. Þessi mismunur á frv. er ekki tilviljun. Þetta er hrein efnisbreyting. Ég vil rökstyðja það enn fremur að ekki er um prentvillu að ræða með því að í aths. við 96. gr. í hinu eldra frv. er þessi setning: „Rétt þykir að opna stjórnvöldum möguleika á að ákveða sérstaklega vexti af lánum til húsnæðissamvinnufélaga", en í hinu upprentaða frv. stendur: „Rétt þykir að opna stjórnvöldum möguleika á að ákveða sérstaklega vexti af lánum til húsnæðissamvinnufélaga jafnhliða útvíkkun á túlkun c-liðar 33. gr."

Ég vil jafnframt láta þess getið að ég vissi ekki betur en um það hefði verið samkomulag og því hefði verið lýst yfir að húsnæðissamvinnufélögin kæmu ekki til umræðu á þessum næstsíðasta degi þingsins. Það var sá skilningur sem formaður míns þingflokks hafði þegar hann lýsti því hvernig staðið yrði að starfslokum í lok þessa Alþingis. Hér er því um mjög undarlega fundarstjórn að ræða í þinginu, sérstaklega þegar þess er gætt að forseti þessarar deildar, hæstv. 1. varaforseti, tók þetta mál á dagskrá og lauk umr. án þess að mjög margir þdm. vissu og var honum þó kunnugt að það var af mjög sérstöku tilefni sem þm. voru fjarstaddir á þessum fundi og af því tilefni að enginn hv. þdm. getur lastað það þó að þm. skulu hafi brugðið sér frá.

Nú geri ég ráð fyrir að hæstv. 1. varaforseti þessarar deildar reyni að afsaka sig með því að bæði stjórnarandstaðan og hæstv. félmrh. hafi í óðagotinu tekið vitlaust frv., vitlaust handrit og látið prenta það í staðinn fyrir það handrit sem þeir vildu láta prenta. Það gefur ekki skv. fundarsköpum rétt til þess að hið fyrra frv. sé þurrkað út. Þvert á móti ætlast ég til þess að öll þessi frv. verði prentuð í þingtíðindum þannig að menn geti vel séð hvaða óðagot var hér á ferðinni. Ég held að það hafi varla annar brandari gengið betri manna á meðal hér í gær fram eftir degi en þegar blaðamenn voru að segja mér frá þessu, að það væri undarlegt að bæði stjórnarandstaðan og Framsfl. skuli hafa lagt fram frv. sem þau vildu ekki við kannast af því að þeir hefðu tekið vitlaust handrit. Það er mikill merkingarmunur á þessum tveim frv. Það er afskaplega mikill merkingarmunur á því hvort gert er ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélög geti eftir atvikum fengið aflað fjár til byggingarframkvæmda skv. 11. gr. húsnæðislaganna eða hvort gert er ráð fyrir því að sá möguleiki sé ekki fyrir hendi. Þetta er reginmunur. Það er þess vegna ekki hægt að tala um að það sé lítils háttar breyting, herra forseti, sem er á þessum tveim frumvörpum.

Ég veit satt að segja ekki hvernig bregðast skuli við eftir að slíkt slys hefur orðið sem raun ber vitni. Ég mundi í sporum forseta Nd. reyna að snúa mér til þess manns sem lengsta reynslu hefur hér í forsetastörfum og nýtur almenns trausts, hæstv. forseta Sþ., og spyrja hann um það hvernig bregðast skuli við. Ég held að það væri rétt.

Það er stundum talað um að á þessum síðustu dögum þingsins megi stuðningsmenn ríkisstj. ekki vera með málþóf. Stjórnarandstaðan setur stundum á langar ræður og stórar af litlu tilefni. Ég get varla hugsað mér verra tilefni en að skiljanleg fjarvera manna úr öllum flokkum, sem allir hv. þm. viðurkenna að sé fullkomlega eðlileg, þegar verið er að gera einum af elstu starfsmönnum þingsins sóma, sé notuð til feluleiks af þessu tagi. Ég óska, úr því sem komið er, úrskurðar hæstv. forseta á því að þetta reginhneyksli verði leiðrétt með því að hið fyrra frv., það sem um var rætt, sé það sem vísað var til nefndar. Síðan verði ný þskj. prentuð undir nýju númeri og gangi það venjulega þinglega leið.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég gef nú orðið hv. varaforseta deildarinnar, sem hefur kvatt sér hljóðs, en hann stýrði fundi þegar sá atburður gerðist sem hér er fundið að, hv. 3. þm. Vestf.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að það sé rétt að ég fái tækifæri til að segja örfá orð í tilefni þeirrar ræðu sem hér var að ljúka.

Nú hvarflar ekki að mér að halda því á nokkurn hátt fram að mér geti ekki á orðið mistök eins og öðrum

mönnum, en út af ummælum hv. þm. Halldórs Blöndals um dagskrána er þess fyrst að geta að dagskrá er ekki uppsett af mér. Hún er uppsett af aðalforseta deildarinnar og eftir henni var farið í dag undir hans stjórn áður en ég tók við.

Ég hygg að það sé misskilningur hjá hv. þm. að það hefði þurft afbrigða við til að taka fyrir 9. og 10. dagskrármálið skv. þessari dagskrá. Ekki ætla ég að fella um það neinn úrskurð.

Ég heyri að hv. þm. Halldór Blöndal vantreystir aðalforseta þessarar deildar þegar hann skírskotar til þess að leitað verði úrskurðar forseta SÞ. Slíkt er nú traustið í þessum efnum. Ég vantreysti á engan hátt aðalforseta þessarar deildar til að úrskurða í þessum efnum, tel ekki að það sé nein ástæða til að leita út fyrir Nd. þar að lútandi þó að ég sé á engan hátt að bera vantraust til hæstv. forseta Sþ.

Hv. þm. minntist hér á fjarvistir þm. Það hefur enginn svo mér vitanlega sé gert athugasemdir við fjarvistir þeirra þm. sem hann var um að tala. Mál gengu hér nokkuð eðlilega þann tíma sem þeir voru fjarverandi og á engan hátt ætla ég að gera athugasemdir við það. Ég hljóp aðeins í skarðið til að reyna a. m. k. að gera tilraun til að mál gætu gengið þrátt fyrir fjarvistir manna. Ég tel mjög eðlilegt undir þessum kringumstæðum, sem hér var um að ræða, að menn væru fjarverandi stundarkorn úr degi. Líklega á það eftir að henda fleiri á þessum degi að verða fjarverandi af sama tilefni og kannske öðru þegar á daginn líður frekar, að mér skilst. Ég vísa því á bug þeim orðum hv. þm. Halldórs Blöndals, sem hann mælti áðan, að sú stund sem hann hafi verið fjarverandi hafi verið notuð til þess feluleiks að taka fyrir það mál sem hér um ræðir, 10. mál á dagskrá fundarins. Mér var ekki gerð grein fyrir því að einhver mál á þessari dagskrá, sem upp er sett af aðalforseta, væri bannað að taka til umr. Mér var ekki um það kunnugt eða það tjáð að samkomulag væri um að taka þessi mál ekki á dagskrá. Hafi slíkt samkomulag verið gert var það að sjálfsögðu rétt og skylt að ég, sem tók við stjórn deildarinnar, fengi um það vitneskju. Engin slík vitneskja hafði mér borist. Ég vísa því þess vegna algerlega á bug að hér hafi verið um að ræða nánast þinghneyksli, eins og hv. þm. komst að orði. Ég tel að hér hafi allt farið fram með eðlilegum hætti þá stund sem hv. þm. var fjarverandi og ekki sé ástæða til að halda uppi löngum umr. vegna þess að farið var eftir uppsettri dagskrá.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Í dag er 20. júní og ég held að það væri öllum til góða að vér hv. þm. héldum ró okkar eins á þessum degi sem öðrum. Hér hefur að mínu viti ekkert stórslys skeð. Það hefur verið upplýst að þau mistök sem áttu sér stað með viðkomandi þskj. eru tæknilegs eðlis í prentsmiðju. Ég hef undir höndum það eintak sem við hv. þm. stjórnarandstöðu undirritum og það er shlj. því þskj. sem nú hefur verið prentað upp og sömuleiðis er það eintak sem er undirritað hjá skjalaverði shlj. því þskj. sem nú hefur verið prentað upp og ber nú nr. 536, enda átti grg. alla tíð við þá útgáfu frv. eins og sjá má ef þessir tveir textar eru bornir saman. Það er því hvorki við hv. flm. þessara tveggja frv. né starfsfólk Alþingis að sakast. Hvorir tveggja stóðu rétt að málum og voru með rétt eintök af viðkomandi þskj. undir höndum allan tímann, en af tæknilegum ástæðum mun útskrift af tölvum í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg hafa valdið þeim mun sem hér var á. Hann mun nú hafa verið leiðréttur og ný þskj. hafa verið prentuð upp og bera nú viðkomandi þingnúmer. Þau eru prentuð upp vegna þess, hv. þm., að ákveðnum atriðum í þeim þurfti að breyta, það er rétt, enda eru þskj. ekki prentuð upp nema einhverju þurfi að breyta. Þannig liggur í því.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að það hefði þá verið eðlilegt að menn hefðu gert sínar athugasemdir við þessa númerun þskj. þegar þeim var útbýtt hér í dag og þegar það var tilkynnt úr forsetastóli að svo hefði verið gert, en þá komu engar athugasemdir við þetta mál. Ég tel því fullljóst að forsetar báðir, sem unnið hafa skv. dagskrá 106. fundar, hafi unnið í fullum rétti og sú dagskrá sé rétt. Þar með tel ég að engir meinbugir hafi verið á þinglegri meðferð málsins við 1. umr. og umr. þeirri sé nú lokið og atkvgr. ein eftir.

Ég bendi á að þessi mál hafa legið á borðum þm. sem þessi þingnúmer. Þess vegna þurfti eðli málsins skv. ekki afbrigði við til að taka þau á dagskrá og ég tel að forseti hafi gert rétt í því að taka þau á dagskrá þegar ekki var hægt að hafa hér umr. um önnur mál. Það lá fyrir, bæði vegna þess að ekki var hægt að koma við afbrigðum og eins vegna þess að ekki voru við frummælendur, að 10. dagskrármálið gat komið til þinglegrar umfjöllunar og það er varla hægt að lá virðulegum forsetum né þdm. að reyna að nýta þann litla tíma sem eftir lifir af þinghaldinu til að þoka málum áfram. Mér finnst það nokkuð furðulegt að menn skuli bregðast við með þessum hætti eins og hv. skrifari deildarinnar hefur gert. Ég bið hann þó að athuga að hyggist hann koma fram einhverjum athugasemdum eru tvö samhljóða mál hér á ferðinni í gegnum þingið og 1. umr. um annað þeirra er ólokið. Það er þá ekki nema velkomið að hv. skrifari noti það tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Það hlýtur að mega nokkurn veginn einu gilda við umr. um hvort málið hann talar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér þykir menn gera mikið út litlum atburði. Ég held að varaforsetar vinni hér af góðvild og samviskusemi og ég sé enga ástæðu til að vera að lasta þau störf sem þeir vinna í góðri meiningu. Ég hef aldrei orðið var við það, hvorki nú né áður, að þeir séu að ýta einhverjum sérstökum áhugamálum sínum fram með neitt óeðlilegum hætti. 1. varaforseti fór á þessum fundi eftir prentaðri dagskrá og tekur þau mál sem þar standa. 1. umr. um þetta frv. hefur hér farið fram, en ég vek nú athygli manna á því að þetta frv., án þess að ég fari að ræða það efnislega, hefur ekki öðlast lagagildi enn, það er fjarri því, og menn hafa marga möguleika til að koma skoðunum sínum um málið á framfæri og benda á kosti þess og galla. Ég held að menn geti andað léttara þess vegna.

Ég vona að hér verði tekið til við afgreiðslu mála skv. því samkomulagi sem gert var í dag með þingflokksformönnum og forsetum. Það voru ákveðin mál á dagskránni sem áttu að hafa forgang á þessum fundi, þ. e. getraunir Öryrkjabandalagsins, almannavarnir, selveiðar og grunnskólar, en síðan yrðu önnur mál á dagskránni tekin til umr. ef tími ynnist til en ekki haldið uppi sérstöku fundahaldi út af þeim. Hins vegar máttu menn nota tækifærið, ef hlé yrði á öðrum málum, til

þess að mæla fyrir þeim. Það varð samkomulag um þetta atriði.

Fyrir mitt leyti, og ég tel að báðir skrifarar deildarinnar hljóti að vera mér sammála um það, er ég þakklátur fyrir að hafa haft tækifæri til þess og afsökun að komast hjá því að hlusta á framsöguræðu um húsnæðismál áðan.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur kvatt sér hljóðs um þingsköp, en forseti hefur ástæðu til að gefa smáyfirlýsingu áður en lýkur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég heyri að hæstv. forseti ætlar að gefa smáyfirlýsingu og má vera að ég þurfi að segja nokkur orð um hana þegar hún hefur heyrst.

Ég hef í höndum plagg, sem hæstv. húsnæðisráðh. afhenti mér, sem átti að vera sérstakt mótboð af hans hálfu við frv. sem Sjálfstfl. lagði fram í ríkisstj. varðandi húsnæðissamvinnufélög og búsetarétt. Þetta plagg er málamiðlun hæstv. húsnæðisráðh. varðandi þetta mál sem hann afhenti Sjálfstfl. Það vill svo til að í þeirri grein sem ég er að tala um, í 96. gr. í þessari málamiðlun hæstv. ráðh., hefst einmitt b-liður með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Með lánum skv. 11. og 58. gr. þessara laga.“ Þetta er málamiðlunartill. hæstv. húsnæðisráðherra. Ætlar svo hæstv. forseti að lýsa því yfir í þessari deild að málamiðlunartill. hæstv. húsnæðisráðh. sé ekki meira virði en svo að hægt sé að hverfa til upphaflegs frv. undir orðunum „Prentað upp“ og þau séu undirstrikuð? Er svona einfalt að leggja fram málamiðlun í þessu máli að hægt sé að leika sér bókstaflega með pappírana? Það er grundvallarmunur á þessu tvennu. Það er grundvallarmunur á hvort gert sé ráð fyrir því að búsetafélög taki lán eftir 11. gr. húsnæðislaganna eða eftir 33. gr. Það er undir engum kringumstæðum hægt að tala um að þetta séu pennaglöp. Ég get undir engum kringumstæðum fallist á að það sé hægt að heimfæra þetta undir það að einhverjir prentarar í Gutenberg hafi búið þetta til af sjálfsdáðum. Það væri meiri tilviljunin, að þeim hafi orðið á í messunni þegar þeir prentuðu frv. og skella inn 11. gr. í staðinn fyrir 33. gr. fyrir réttan og sléttan misgáning. Auðvitað er slíkt óhugsandi með öllu. Auðvitað er kjarni málsins sá að þeir menn sem lögðu fram hin fyrri frumvörp höfðu ekki lesið þau, þeir vissu ekki hvað í þeim stóð. Þetta voru prentuð frumvörp. Þeir voru í kapphlaupi hvor við annan um hvorir flyttu frv. fyrr. Við vissum það í þessum sölum að þeir voru að metast um hver hefði þingskjalsnúmer á undan. Þetta er kjarni málsins. Þess verður svo beðið með nokkurri eftirvæntingu, herra forseti, hvort það séu bara pennaglöp að setja þarna inn 11. gr. Það er algjör merkingarmunur á frv. *Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hið síðara* frv. verði undir nýju málanúmeri.

Út af því sem hæstv. 1. varaforseti sagði er það öldungis rétt að í dagskrá þessa fundar er ekki talað um að það þurfi leyfi fyrir umr., enda datt mér aldrei annað í hug en að þar væri verið að tala um hin eldri frumvörp. Síðan sá ég það á borði hæstv. forseta að hann hafði leyft umr. um þetta undir þessu málanúmeri, 536, um hið nýrra málið.

Nú getur alltaf komið fyrir að það verið prentvilla á dagskrá. Það kemur iðulega fyrir að forseti deildarinnar þurfi að leiðrétta prentaða dagskrá og er ekkert nýtt. Þess vegna bar þeim forseta sem sat í stóli annað tveggja að hefja umr. um hið fyrra frv. eða leita afbrigða — leita heimildar deildarinnar fyrir því að sama málanúmerið yrði þegar um svo skýran efnismun á frumvörpunum er að ræða og þarna er. Það er ekki hægt að hugsa sér meiri efnismun í sambandi við húsnæðismálin en þann hvort menn fái lánarétt eftir 11. gr. eða 33. gr. Það er ekki hægt að hugsa sér meiri mun en þann hvort menn fái 29% lán með 3.5% vöxtum eða hvort menn fái 80% lán með 0.5% vöxtum. (**Gripið fram í:** Er þetta um þingsköp?) Þetta er um þingsköp. (**SvG:** Jæja já, það er fróðleg umr. um þingsköp.) Já, ég hef lært það af formanni Alþb. hvernig á að tala um þingsköp ef við liggur og get lært fljótt ef kennarinn er góður. Þetta vil ég að fram komi.

Síðan óska ég þess, herra forseti, til þess að öllu réttlæti sé fullnægt, að fá að heyra hvernig þm. Framsfl. mæla fyrir frv. á eftir og það verði tekið á dagskrá þegar í stað að loknum þeim atkvgr. sem fyrir liggja þannig að hægt sé að hefja almenna umræðu um húsnæðismálin og hægt að tala um búsetaréttinn á breiðum grundvelli.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af öllum þessum umr. sem hér hafa farið fram þykir forseta rétt að gera athugasemdir og þær athugasemdir varða fyrst og fremst það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur haft fram að færa í þessu máli.

Forseti vill taka það fram að það er almenn regla hér í þinginu, sem hver þm. veit að er fyrir hendi, að ef mistök verða á um prentun þskj. þykir sjálfsagt mál að þau séu prentuð upp. Og ég vil halda því fram að það skipti ekki öllu máli hver þessi mistök eru. Það skiptir ekki máli í sambandi við eðlismun mistakanna hvort þau eru meiri eða minni. Að því leyti til sé ég ekki neitt rangt eða óþinglegt hafi farið fram hér við það að þessi leiðrétting var gerð, að það voru lögð fram þau þskj. sem hv. flm. frv. vildu að hér kæmu fram. Það hefur m. a. s. komið skýring á því frá einum hv. flm. þessara þskj. í hverju þessi mistök lágu. Þetta varðar þá almennu reglu sem hér gildir um að prenta megi upp þskj.

En ég vil líka, vegna þess að það hefur verið fundið að fundarstjórn fyrri varaforseta hér í dag, segja að ég sé enga ástæðu til að finna að þeirri fundarstjórn. Forseti hefur og sá forseti sem hér stýrði fundi í dag haft fullkominn rétt til að taka þau mál fyrir sem á dagskránni voru og það var í sjálfu sér ekki neitt samkomulag um að þau mál sem hér á dagskránni eru kæmu ekki til umræðu ef tími ynnist til eða tóm yrði á fundinum til þeirra hluta. Það er þess vegna rangt með farið, sem mér virtist koma fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að það hefði verið samkomulag um að þessi mál, sem um ræðir, og kannske fleiri kæmu alls ekki til umr. Þetta er ekki rétt með farið.

En hinu er sjálfsagt rétt að gera þd. grein fyrir að um það var rætt að tími þd. til starfa væri orðinn það naumur að rétt þótti að gera samkomulag um tiltekin mál, sem á dagskránni eru, hefðu sinn forgang og þau mál eru 1., 2., 3. og 4. dagskrármál. Um þetta hélt ég að væri ekki nokkur vafi eða nokkur þyrfti að velkjast í vafa um að svo er.

Þær athugasemdir sem hér hafa komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. um þetta mál eru því ekki á rökum

reistar. Það var fullkomlega heimilt fyrir flm. þeirra frumvarpa sem um ræðir að prenta upp þau þskj. sín, ekki síst þegar það er komið í ljós að það voru ýmiss konar tæknileg mistök, sem þarna áttu sér stað, sem hv. flm. gátu ekkert að gert eða við gert. Þetta er skoðun forseta þessarar deildar og geta menn svo eftir þessa yfirlýsingu haldið áfram að ræða þingsköp, en ég vona hins vegar að svo þurfi ekki að vera. Eigi að síður hafa nú allmargir beðið um orðið og ég mun að sjálfsögðu veita hæstv. félmrh. orðið um þingsköp og síðar tveimur hv. þm. sem þegar hafa beðið um orðið. En þetta er álit forseta þessarar deildar og verður það að ráðast hvaða skoðun eða hvaða gildi hv. þdm. leggja í orð forseta.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu hafa orðið mistök í sambandi við meðferð þessa máls hér í Nd. þar sem tekið er mál á dagskrá sem reiknað var með að yrði ekki á dagskrá og enn fremur var ekki gert viðvart um það til að a. m. k. ráðh. húsnæðismála gæti verið viðstaddur til að hlusta á þær umr. þó að það kannske hefði ekki breytt neinu í höfuðdráttum.

Ég vil rifja upp vegna þess sem komið hefur fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að við afgreiðslu húsnæðislaga á síðasta ári varð samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að skipa sérstaka nefnd til að semja frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög og búsetarétt. Í þessa nefnd voru skipaðir fulltrúar flokkanna. Það voru Jóhann Einvarðsson, sem var formaður nefndarinnar, Friðrik Friðriksson hagfræðingur, Magnús L. Sveinsson skrifstofustjóri, Páll R. Magnússon húsasmíðameistari og Stefán Guðmundsson alþm. Sigurður Magnússon kjarneðlisfræðingur tók sæti Friðriks Friðrikssonar 19. febr. s. l.

Þessi nefnd skilaði frv. til ráðh. í lok aprílmánaðar s. l. og þann 30. apríl var þetta frv. lagt fyrir ríkisstj. og vísað til þingflokka stjórnarflokkanna. Það þarf ekki að lýsa því hér að þetta mál var síðan til meðferðar. Þingflokkur Framsfl. afgreiddi þetta mál strax, samþykkti það til framlagningar fyrir sitt leyti, en þingflokkur Sjálfstfl. ekki. Það var því ljóst núna þegar komið var fram í júnímánuð að þetta mál mundi ekki fá þá afgreiðslu að hægt væri að afgreiða það á þessu þingi. (**Forseti:** Ég vil biðja hæstv. ráðh. að vera stuttorðan og ræða um galla á þingsköpum.) Ég skal reyna það, herra forseti, ég vil aðeins lýsa aðdraganda á þessu máli.

Það var ákveðið af minni hálfu þegar sýnt var að ekki yrði hægt að leggja þetta frv. fram sem stjfrv. hér á Alþingi, að leggja þetta mál fyrir þá mþn., sem ákveðið er að skipa fulltrúum frá öllum þingflokkum og ég hef óskað eftir tilnefningu í, og gera ráð fyrir að hún mundi skoða sérstaklega frv. þessarar umræddu nefndar milli þinga til að hægt væri að leggja það fram á haustþingi. Það sem hefur síðar skeð er það, sem allir vita, að einstaka þm. hafa ákveðið að taka þetta frv., sem er samið af þessari nefnd, og gera það að sínu.

Ég ætla ekki að ræða það hér hvernig þessi mistök urðu, en vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég benda á að það var reynt og hefur verið reynt allar götur síðan nefndin skilaði þessu frv. og formaður nefndarinnar, sem er Jóhann Einvarðsson, hefur reynt ítrekað að ná samkomulagi og ekki tekist. Það er ósköp einfalt. Þess vegna varð niðurstaðan sú að ekki var grundvöllur til að leggja þetta frv. fram sem stjfrv. og þar af leiðandi var ekki möguleiki á að leggja frv. fram í þeirri myndi sem nefndin gekk frá því og það liggur fyrir frá minni hálfu til mþn. sem ég talaði um. Ég ber enga ábyrgð á því hvernig einstakir þm. leggja þetta frv. fyrir Alþingi í dag.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég held nú að í sambandi við lokaorð hæstv. ráðh. sé það sannleikurinn að hvorki forseti né ráðherrar beri neina ábyrgð á því hvernig þm. bera fram sín frv. eða um hvaða efni það verður. Þm. hafa sinn rétt sem slíkir til að bera fram sín frumvörp og þurfa reyndar hvorki að spyrja ráðh. né forseta að því. Og ég held að það sé meginkjarninn í þessu að það hefur verið gert. En ýmsir hv. þm. hafa tekið sig fram um að bera fram frumvörp sem þeir bera fyrir brjósti og ég finn ekki að það sé neitt við það að athuga, hvað svo sem líður efni þessara frumvarpa eða hvað hver og einn kann að álíta um efni og persónulega afstöðu sína til þeirra frumvarpa sem fram koma.

En hér eru enn allmargir á mælendaskrá um þingsköp og nú er komið fram yfir þann tíma sem til stóð að fundur stæði. Ég leyfi mér nú að fara fram á að hv. þdm., sem koma til með að hafa orðið, tali mjög stutt og knappt og haldi sig sem mest að því að ræða um þingsköpin.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skora nú á forseta að halda þannig á fundarstjórninni að það verði rætt um þingsköp hið fyrsta þannig að menn geti komist að þeim verkum sem liggja fyrir Nd. Það hefur verið rætt að undanförnu um brýna nauðsyn þess að ljúka þinginu næstu sólarhringa og þegar hv. þm. bregðast við með þeim hætti eins og hv. þm. Halldór Blöndal gerði hér áðan er það staðfesting á nauðsyn þess að þm. þurfa að fara að komast í frí eftir þau miklu störf sem hafa verið lögð á þm. að undanförnu.

Hitt, sem hæstv. félmrh. vék að áðan, er innra mál stjórnarflokkanna sem mér kemur ekki við að öðru leyti en því að það má benda á að það sem snýr að almenningi, að Framsfl. hefur verið beygður í húsnæðissamvinnufélagamálinu þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar hæstv. félmrh. í þeim efnum, er ekkert nýtt, en það liggur nú fyrir í staðfestum þskj., bæði prentuðum og prentuðum upp.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér sýnist þessi umr. komin langt út fyrir það að geta talist vera um þingsköp og á það reyndar bæði við hv. síðasta ræðumann og hæstv. félmrh. Ég heyri ekki annað en það sé fullkomið samkomulag um að láta fyrstu fjögur málin hafa forgang og vil ég eindregið mælast til þess að menn geri það, gangi til afgreiðslu á fyrstu fjórum málunum. Svo geta menn haldið áfram að karpa um þingsköp eða þingsköp ekki.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skal reyna að hafa orð mín fá. Ég er mjög sáttur við túlkun virðulegs forseta áðan og vonast til að við þurfum ekki að deila lengur um þau efnisatriði málsins.

Til frekari skýringar, ef það mætti verða til að menn skildu hvað gerðist, vil ég taka það fram að starfsmenn Alþingis hafa tjáð mér eftir samtöl við starfsmenn Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg að ástæður þessarar

misprentunar hafi verið þær að fleiri en ein útgáfa af téðu frv. hafi verið tilbúnar, settar inn í prentsmiðju, og fyrir smávægileg mistök, eins og þau að styðja á rangan takka, hafi öfug útgáfa komið fram í fyrra tilfellinu. Ég bendi mönnum á það, trúi þeir ekki þeim ásetningi flm. í báðum tilfellum að leggja fram frv. óbreytt eins og það kom frá nefnd hæstv. félmrh., að greinargerð okkar stjórnarandstöðuþm. hefst á því að við leggjum fram óbreytt frv. eins og það kom frá nefndinni.

Ég vil taka fram vegna orða hæstv. félmrh. áðan að í framsöguræðu minni óskaði ég eftir nærveru hans, mætti hún verða okkur í té látin, en það var upplýst að félmrh. væri ekki viðstaddur. Engu að síður sætti ég mig við að halda áfram máli mínu og ljúka umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er stutt athugasemd út af orðum hæstv. félmrh.

Ég vísa því algerlega á bug, sem hæstv. félmrh. hélt hér fram, að orðið hafi mistök í deildinni og mál hafi verið tekið á dagskrá sem ekki átti að ræða. Það er upplýst af hæstv. forseta að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu og um það samkomulag raunar, og undir það tók hv. þm. Páll Pétursson þingflokksformaður framsóknarmanna, að ef tóm gæfist til gætu öll þau mál sem á dagskránni eru komið til umr. Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um að um kl. 17.50, þ. e. tíu mínútum fyrir sex, var umr. lokið um þetta mál. Enn voru þá eftir 40 mínútur til þess tíma að hæstv. forseti hafði ákveðið atkvgr., en ekkert mál til að ræða. Búið var að taka fyrir þau mál sem lögð var áhersla á af þeim sem hér ráða ferðinni, en þó eftir tími sem hefði getað verið til umráða fyrir önnur mál ef einhver hefði verið hér við til að mæla fyrir þeim.

Hæstv. ráðh. sagði að það hefði a. m. k. átt að gera honum viðvart. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon upplýsti það hér að hann hefði óskað eftir því að ég sem forseti gerði ráðstafanir til að athuga um nærveru eða fjarveru hæstv. félmrh. Hann var fjarverandi þannig er ekki við forseta að sakast, heldur hæstv. ráðh. sjálfan.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég segi enn: Ég er enginn æðsti dómari í þessum efnum. Mér getur orðið á eins og öðrum. En ég sé ekki enn og hef ekki verið um það sannfærður að hér hafi nein mistök átt sér stað. Ég heyri að hæstv. forseti deildarinnar er mér sammála og er hann miklu reyndari í forsetastarfi en ég.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hæstv. forseta um úrskurð hans varðandi uppprentun þskj. Ég hef mínar skoðanir á því, en ræði það ekki hér frekar. Forseti hefur kveðið upp sinn úrskurð.

Það hefur verið greint hér frá því um hvað var samið varðandi afgreiðslu mála hér í dag. Ég staðfesti að samið var um það að mál 1, 3 og 4 skyldu hafa forgang og hin málin, sem á dagskránni eru, skyldu verða rædd ef tími yrði til.

Hæstv. félmrh. sagði í sinni ræðu: Að sjálfsögðu hafa orðið hér mistök. Ég tek undir þau orð. Það urðu hér mistök, en ekki endilega þau að byrjað var að ræða 10. málið á dagskránni sem mér skilst að hafi verið rætt. Það voru í sjálfu sér ekki mistök fyrst tími var til. En mistökin eru þau hjá hæstv. starfandi forseta að láta ljúka umr. Það tel ég að hafi verið mistök. Honum var fullkunnugt um að málsvarar Sjálfstfl. í húsnæðismálum voru ekki í þingsalnum og þess vegna var ekki rétt að ljúka þessari umr.

Ég tel að úr því sem komið er verði ekki við annað unað en hér fari fram umr. um húsnæðismál og það getum við gert síðar í kvöld eða í nótt eftir atvikum þegar við höfum lokið afgreiðslu þeirra forgangsmála sem við höfum um samið. Þá skulum við taka til við að ræða húsnæðismál og það getum við gert með því að ræða 9. mál á dagskrá.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því að þegar hann kvað upp sinn úrskurð komst hann svo að orði að það skipti ekki máli um eðlismun mistakanna hvort þau eru meiri eða minni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur engu við að bæta það sem hann hefur sagt um þetta og þessum umr. um þingsköp er lokið. Ætlunin var nú að hafa hér atkvgr. kl. hálfsjö, en af því getur ekki orðið. Það er komið fram yfir þann fundartíma sem til stóð. Nú er fundi frestað í rúma tvo klukkutíma og fundi verður fram haldið þegar klukkan er korter gengin í tíu. — [Fundarhlé.]

Grunnskólar, frv. 398. mál (þskj. 1376). — Frh. 3. umr.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1386, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Þegar sú brtt., sem borin var upp í gær, var samin leit ég svo á að að þeirri brtt. samþykktri væri 2. gr. frv. sjálffallin þar sem með 1. gr. væri þá búið að samþykkja fræðsluskyldu í níu ár, en í 2. gr., eins og málið liggur fyrir, stendur að grunnskólinn sé tíu ára skóli. Með þeirri brtt. sem hér er flutt er lagt til að 2. gr. í frv. falli brott eins og Páll Dagbjartsson, hv. 1. þm. Norðurl. v., flutti það. Með brottfalli þeirrar greinar er 2. gr. í grunnskólalögunum óbreytt eins og hún hefur verið, þ. e. þar er gengið út frá því að grunnskóli sé níu ára skóli.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef ekki fengið þessa brtt. í hendur. Ég held ég verði að biðja um að fá örlítinn frest á þessari umr. þar sem þessi brtt. er nýtilkomin og hafði ekki verið útbýtt þegar fundi var frestað í dag. Ég vildi gjarnan fá að kynna mér það í grunnskólalögum um hvað þetta mál fjallar. (**Forseti:** Þessari brtt. var lýst áðan og gefin afbrigði fyrir því að hún mætti koma fyrir.) Það er komið í ljós að þm. eru önnum kafnir við að flytja frv. sem eru allt önnur frv. en þeir ætla að flytja og hæstv. forseti segir að það skipti svo sem ekki máli því að hægt sé að endurprenta frv. og setja svo „Prentað upp“ og heiti nýtt þingmál. Svo kemur í ljós að samþykkt er við 2. umr. um þetta mál brtt. frá hv. þm. sem er allilla hugsuð. Það er kannske ókurteisi að þm. fái að kynna sér þau lög sem málið snertir. Ég óska eftir að það verði gert hlé á umr. og mér gefist tími til að ná í lagasafn og sjá hvernig þetta fellur saman við heildargrunnskólalögin úr því að svo illa tókst til sem raun ber vitni eftir atkvgr. í gær. (**Forseti:** Það verður fúslega veitt að hv. þm. fái að gera hlé á máli sínu.)

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það er hugsanlegt að draga till. til baka og láta greinina fara í gegn eins og hún er ef hv. 2. þm. Norðurl. e. leggur kapp á það. Ég mun ekki gera það strax, en hugsa mig um tvisvar áður en ég held því til streitu að láta framkvæma þessa leiðréttingu ef það er vonlaust að menn taki því með skilningi að þessi breyting þýðir það eitt að greinin í grunnskólalögunum er óbreytt eins og hún var í gær og hv. 2. þm. Norðurl. e. var fullkunnugt um hvernig hún var.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það er sennilega vegna þess að ég er illa að mér í þingsköpum, en ég man ekki eftir því að þm. hafi verið gefinn kostur á að gera hlé á máli sínu og það er veitt og síðan er umr. um málið haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist. Ég vil fá úrskurð forseta á því hvort hann líti svo á að ég sé búinn með heila ræðu eða hvort ég hafi gert hlé á ræðu minni — eða hvernig hljóðar úrskurður hæstv. forseta?

Forseti (Ingvar Gíslason): Ætlun forseta var að gefa hv. þm. tækifæri til þess að gera hlé á ræðu sinni og kanna mál sín betur, en hins vegar voru engin loforð um það að aðrir hv. þm. mættu ekki tala í málinu. Og nú hafði kvatt sér hljóðs hv. 5. þm. Vestf. og hann fékk orðið og átti til þess fullan rétt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 107. fundur.

Fimmtudaginn 20. júní, að loknum 106. fundi.

Stálvölsunarverksmiðja, frv. 236. mál (þskj. 1231, n. 1401). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju. Nál. er á þskj. 1401.

Þetta mál hefur legið fyrir nefndinni og hún hefur samþykkt að mæla með að frv. verði samþykkt hér í Nd. eins og það kom frá Ed. Undir nál. rita Páll Pétursson með fyrirvara, Guðmundur Einarsson með fyrirvara, Þorsteinn Pálsson, Halldór Blöndal, Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og hann er af tvennum toga.

Í fyrsta lagi gafst afar stuttur tími til að fjalla um þetta mál, svo að ekki sé meira sagt, í Nd. Ég vildi gera það að umtalsefni, eins og við höfum reyndar gert fyrr í dag og undanfarna daga, að ég tel það til vansa hvernig mál eru rekin hér í gegn þessar stundirnar. Hins vegar hefur þetta mál fengið mikla skoðun í nefnd í Ed. og þar hefur verið gengið hart eftir upplýsingum sem hafa skilað sér.

Í öðru lagi er fyrirvari minn þess efnis að ég hef gert hér í þinginu að umtalsefni að undanförnu veð og tryggingar fyrir lánum og ábyrgðum af hálfu hins opinbera. Í framhaldi af þeim umr. og með vísan til þeirra legg ég mikla áherslu á að nægilegar tryggingar verði settar í þessu tilfelli og ég mun freista þess að fylgjast með því og fá upplýsingar þar um hjá ráðh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það vekur athygli mína að það eru settir hér fundir og fundum er slitið, en á dagskrá er 1. mál okkar, getraunir Öryrkjabandalags Íslands, og bíður atkvgr. Ég vil spyrja hvað oss er að vanbúnaði, herra forseti, að greiða atkv. um þetta mál og koma því til 3. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti er afar þakklátur hv. þm. fyrir að minna á þetta frv., enda skal það nú verða tekið fyrir.

Getraunir Öryrkjabandalags Íslands, frv. 503. mál (þskj. 937, n. 1176, 1213, 1177). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1213, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 19:4 atkv.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, SJS, GunnG, ÞP, AS, BÍG, FÞ, GeirG, GE, GJG, GA, KÓ, HÁ, HBl, HG, JS, KH, KSK, ÓÞÞ.

nei: StG, EBS.

RH, ÞS, GSig, NL, IG greiddu ekki atkv.

13 þm. (PD, PS, SvG, EH, FrS, GGS, JBH, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1177,1 (ný 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1177,2 (ný 6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það var gert hlé á ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. til að hann gæti aflað sér gagna og lesið sér til. Það er von mín af því að það mál er bæði stutt aflestrar og skjótt til aðfanga hvað gagnasöfnun snertir að það fáist upplýst af hæstv. forseta hvenær hann hyggur að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi lokið lestri og geti tekið afstöðu því fleiri geta talað hér um þingsköp en hv. 2. þm. Norðurl. e.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er hugmynd forseta að

halda áfram umr. hér í kvöld um þetta dagskrármál, grunnskóla, en nú verða tekin út af dagskrá öll þau mál sem á dagskrá eru og ekki hafa komið fyrir og meiningin að setja nýjan fund að afloknum þessum fundi.

Efri deild, 107. fundur.

Fimmtudaginn 20. júní, kl. 10 síðdegis.

Sparisjóðir, frv. 493. mál (þskj. 1336 (sbr. 917), n. 1393, 1391). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar, að vísu í skamman tíma, formlega a. m. k. Menn hafa séð þetta frv. áður og þessi bankafrv. en tími okkar hefur reynst naumur. Þó höfðum við á fundi í morgun með okkur Björn Líndal sem mikið hefur unnið á vegum viðskrn. að samningu þessara frv. N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., sumir að vísu með fyrirvörum.

Ég hygg að þarna sé um mál að ræða sem sé mjög brýnt að gangi fram á þessum kvöldfundi. Það leikur ekki á tveim tungum að sparisjóðir berjast í bökkum í samkeppni við valdastofnanirnar, stóru bankana svokölluðu, þá sem aðgang hafa að ótakmörkuðu erlendu fé sem að vísu er kallað íslenskt þegar því er veitt út til atvinnuveganna. Við fengum upplýsingar um starfshætti viðskiptabankanna líka. Ég ætla ekki að fara út í langa umr. um peningamálin á þessum kvöldfundi, ég hef gert það svo oft áður. En þetta mál er áreiðanlega mjög brýnt að fram gangi. Ég held að allir hv. þdm. hljóti að verða sammála um að stuðla að því að einmitt á þessum kvöldfundi verði þetta mál afgreitt fyrst allra.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Nefndin hefur ekki getað gefið sér langan tíma til að ræða þetta mál, það verður að segjast eins og er. Þessi mál eru nýlega komin til deildarinnar og í nefndina. Það er auðvitað af ýtrustu neyð, vegna þess að þingið er komið í algert tímahrak, að menn leyfa sér það með vissum kinnroða að afgreiða mál með slíkum hraða hér í gegnum deildina að ekki gefst eðlilegt tækifæri til að fara í gegnum mál og athuga þau nákvæmlega.

Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara en styð málið í meginatriðum. Ég tel að viss ákvæði frv. séu mikilvæg og þá einkum ákvæðin um tryggingarsjóð sparisjóða og um lánasjóð sparisjóða. Þessi ákvæði eiga að gera sparisjóðunum kleift að standa af sér stórviðri miklu frekar en að óbreyttum lögum og geta því veitt fólki almennt og viðskiptavinum sparisjóðanna töluvert meira öryggi en það býr við nú. Hins vegar eru í þessu frv. sams konar ákvæði varðandi vaxtaákvarðanir og eru í frumvarpsdrögum að lögum um viðskiptabanka, þ. e. sparisjóðunum er ætlað að taka vaxtaákvarðanir á eigin spýtur og þó með þeirri undantekningu að sparisjóðunum mun heimilt að hafa samráð sín í milli um vaxtaákvarðanir, en það verður bönkum ekki heimilað. Við Alþb.-menn erum algerlega andvígir auknu frelsi í ákvörðunum um vexti og teljum raunar mjög brýnt að vextir verði takmarkaðir miklu meira en nú er og komið í veg fyrir það vaxtabrjálæði sem tröllríður þjóðfélaginu.

Í öðru lagi er það megingalli á þessu máli að við skulum vera að afgreiða hér frv. um sparisjóði án þess að búið sé að setja nýja löggjöf um Seðlabankann sem er grundvallarstólpi í þessu kerfi öllu saman og hefði átt að meðhöndlast hér á Alþingi á undan bönkum og sparisjóðum þannig að menn vissu að hverju þeir gengju varðandi bankakerfið, varðandi viðskiptabankana og sparisjóðina eftir að hafa fjallað um Seðlabankann. En þessu er ekki að heilsa. Þetta er afturfótafæðing að þessu leyti að seðlabankafrv. liggur eftir. Ég tel að það sé mjög miður. Með þessum fyrirvörum er ég samþykkur frv. en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að fylgja brtt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Á þskj. 1391 hef ég flutt brtt. við frv. til l. um sparisjóði og hún er svohljóðandi að á eftir 37. gr. komi ný mgr. sem hljóðar svo:

„Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóði mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með samþykki stjórnar sparisjóðsins í hverju einstöku tilviki megi heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæði 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað."

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta. Þetta er eina brtt. sem flutt er af okkar hálfu við þetta frv. Annars lýsum við stuðningi við það vegna þess að við teljum að í því sé margt sem til bóta horfi og breyti til betri vegar því sem fyrir er. Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem ég hef nú mælt fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—37. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1391 felld með 10:5 atkv.
38.—72. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 262. mál (þskj. 440, n. 1382). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 334. mál (þskj. 1334, n. 1381). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 1337, n. 1389 og 1397, 1351, 1353, 1388, 1399). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. vegna frv. um viðskiptabanka. Það verður að segjast eins og um önnur mál sem hér hafa verið rædd að það fékkst skammur tími hjá þessari n. eins og öðrum til að fjalla um þetta mikilvæga mál. Hér verður því ekki höfð ítarleg framsaga fyrir því á nokkurn hátt. En meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd. s. l. nótt og einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Endurskoðun á bankamálunum hefur staðið alllengi yfir. Það kemur fram hér í grg. að þetta er búið að vera a. m. k. í 12 ár meira og minna í endurskoðun. Það er ekki óeðlilegt að slíkt sé gert eftir langan starfstíma flestra bankanna. Það er ýmis nýbreytni í þessu sem ég tel að verði til bóta þegar það er komið í framkvæmd. Sjálfsagt má finna að öðrum liðum sem kannske eru ekki eins æskilegir. En þegar á heildina er litið held ég að þetta frv. sé til bóta og hægt verði að hafa markvissari stefnu og stjórnun þessara stofnana en verið hefur gagnvart löggjafanum.

Þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi hér um frv. til l. um sparisjóði áðan sagði hann að vextirnir yrðu gefnir frjálsir í frv. um viðskiptabankana. Það er rétt að vissu marki. Um nokkurt skeið hefur Seðlabankinn ákveðið hluta vaxtanna eins og aðallánavexti og vexti af almennum sparisjóðsbókum. En það hefur hins vegar verið sett í vald bankastjórna og bankaráða hvaða vexti þau ákvæðu af öðrum viðskiptum og í þeim málum hefur ekki verið haft samráð á milli bankanna. Þann skamma reynslutíma sem þetta fyrirkomulag hefur verið tel ég ekki að orðið hafi röskun á milli þessara bankastofnana sem neinu nemur. Þær hafa farið hóflega í sakir andstætt því sem við hefði mátt búast. En þetta mál, eins og önnur, þarf að þróast. Menn geta haft sínar skoðanir á vöxtum og hvernig þeim skuli hagað. Þarna er gefið visst frelsi, það er rétt, og ég tel það vera til bóta heldur en hitt, að það sé verið að fjarstýra því öllu saman úr Seðlabanka sem tekur sér oft og tíðum of mikið miðstýringarvald í þeim efnum.

Fylgifrv. með þessu, sem þyrfti að vera hér með en búið er að boða að muni koma í haust, er frv. um Seðlabanka Íslands. Það er ekki með í þeim bankalagapakka sem hér er á ferðinni. Það er eðlilegt að því leyti að það eru miklu yngri lög sem um hann gilda, það er ný stofnun. Það þarf því fyrst að ganga frá þessum málum og miða aftur Seðlabankann út frá viðskiptabankalöggjöfinni en ekki öfugt. Það er mín skoðun. En um það eru ekki allir sammála.

Hæstv. viðskrh. er nú ekki hér í salnum og ekki í þinghúsinu, en ég vildi að hann athugaði og tæki til greina skv. reglugerð það sem ég hnýt um hér, þ. e. 36. gr. þar sem rætt er um eigið fé bankanna. Ég held að það geti valdið töluverðum misskilningi þegar rætt er um þá hluti að skv. frv. er það ekki talið til eigin fjár bankanna, að mér skilst, það sem þeir eiga t. d. bundið í afurðalánum og geta auðvitað samið um við sparisjóðina. Það er ekki talið sem eigið fé þó að þeir séu aðeins endurlánaaðili um ákveðinn tíma í þessari lánastarfsemi. Sömuleiðis eru þau erlendu lán, sem þeir lána öðrum aðilum og eru vel tryggð, dregin frá, að mér skilst, í þessu frv. Þau teljast ekki til eigin fjár bankanna sem þó er miðað við þegar talað er um þær fasteignir og annað í starfsemi þessara stofnana sem er gert upp eftir. Þetta er atriði sem þarf að skýrast betur. Ég geri ekki ráð fyrir að þetta sé meining löggjafans, heldur er þetta atriði sem getur hæglega verið inni í reglugerð. Ég vil að þetta komi hér fram þannig að það sé á það litið þegar að þeirri smíð kemur.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara hér ofan í einstaka liði í þessu. Ég læt þetta nægja að sinni og ítreka það aðeins, sem ég sagði um nefndina, að þetta er álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem er þó með fyrirvörum ýmissa aðila í nefndinni, a. m. k. tveggja, þeirra Eiðs Guðnasonar og Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Rétt eftir áramót var þáttur í íslenska sjónvarpinu þar sem fram komu ráðherrarnir Steingrímur Hermannsson og Albert Guðmundsson. Þeir ræddu þar um framtíð ríkisstj. og þau stórvirki sem hún ætti fyrir höndum að vinna á komandi mánuðum. Eitt af því sem þá var boðað að fyrir dyrum stæði hjá þessari ríkisstj. var að koma því í framkvæmd að fækka bönkum, fækka ríkisbönkum. Hæstv. forsrh. lýsti því beinlínis yfir að til stæði að sameina tvo banka, Búnaðarbankann og Útvegsbankann, og mörgum er það áreiðanlega minnisstætt að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson var ekki mjög hrifinn af þessari ráðagerð forsrh. og fór undan í flæmingi þegar á þetta var minnst.

Nú er hæstv. forsrh. genginn hér í salinn og kemur þá góður þegar getið er. En framhaldinu sleppum við. Það er því ekki úr vegi að nota tækifærið til að spyrja hann að því hvað hafi orðið um þau góðu áform hans og ríkisstj. að sameina banka. Ég vil sem sagt spyrja hann: Hefur þessu markmiði ríkisstj. — sem raunar er ekki markmið þessarar ríkisstj. einnar heldur hafa margar aðrar ríkisstjórnir sett sér þetta mark en engin hefur þó slegið því jafn eindregið föstu og núv. forsrh. að þessu skyldi komið í verk á næstunni — verið algerlega slegið á frest eða er verið með samþykkt þessa frv. að jarða þessi áform um fækkun banka? Þetta er mér ekki alveg ljóst. Mér væri kært að fá svar við þessari spurningu. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að efni þessa frv., sem hér er til umr., sé ekkert stórmál við hliðina á því meginmarkmiði íslenskra efnahagsmála og íslenskra bankamála að sameina ríkisbanka, helst í einn banka eða tvo, og stuðla að því að einkabankar sameinist og myndi

stærri heildir. Þó að það yrði kannske ekki gert með löggjöf þá mætti stuðla að því með löggjöf. Það er sem sagt mikið atriði fyrir okkur að gera bankakerfið í landinu ódýrara, mannfærra og léttara fyrir þjóðarheildina.

Það er enginn vafi á því að eitt af því sem veldur því að þjóðartekjur vaxa ekki með þeim hraða sem vera þyrfti er óhæfilega mikill milliliðakostnaður í þjóðfélaginu, þ. á m. óbærilega mikill bankakostnaður, kostnaður við að halda uppi allt of flóknu og allt of dýru bankakerfi. Þetta hafa sem betur fer margir stjórnmálamenn séð og í raun og veru má segja að þetta sé viðurkennt af öllum stjórnmálaflokkum. En það hefur gengið býsna erfiðlega að koma þessu í framkvæmd. Ég segi það alveg hreint og klárt að það hefur ekki staðið á Alþb., þegar það hefur setið í ríkisstj., að koma þessu í verk. En það hefur því miður ekki hvað síst staðið á flokki forsrh. Þess vegna var ég mjög feginn fyrir hönd þjóðarinnar og með íslensk efnahagsmál í huga þegar forsrh. gaf þessa yfirlýsingu sína í vetur vegna þess að þarna hitti hann loksins naglann á höfuðið og kom með þjóðþrifamál sem við allir hefðum getað stutt. En það hefur farið á nokkuð annan veg og ég óttast að með samþykkt þessa frv. um viðskiptabanka sé einmitt verið að staðfesta þá niðurstöðu stjórnarflokkanna að þeir hafi gefist upp á þessu áformi sínu að sameina ríkisbankana og það aðeins örfáum mánuðum eftir að hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu sína. Ég óttast að verið sé að jarða þessa ágætu hugsjón sem stjórnarflokkarnir höfðu tekið undir en af einhverjum ástæðum hefur ekki náð fram að ganga í svipinn. Þess vegna spyr ég: Hefur þetta áform verið endanlega lagt á hilluna eða er bara hlé? Gætum við átt von á því á næsta vetri að komið verði að þessu markmiði?

Því miður er þessu frv. sem sagt aðeins ætlað að lagfæra nokkur atriði í óbreyttu kerfi og þegar kemur að þessum atriðum þá má segja að sum þeirra horfi til bóta en önnur ekki. Ég get viðurkennt að það horfir til bóta að allir viðskiptabankar og allar lánastofnanir verða eftir samþykkt þessara laga undir yfirstjórn eins og sama ráðh., viðskrh. Ég tel það til bóta að bankastjórar viðskiptabankanna mega ekki gegna öðrum launuðum störfum en beinlínis þeim sem fylgja bankastjórastarfi þeirra eftir samþykkt þessara laga. Það má líka benda á ákvæði um endurskoðun bankanna og innra eftirlitskerfi þeirra sem dæmi um jákvæðar hliðar þessa frv.

En því miður er samt sannleikur málsins sá að það eru miklu fleiri ákvæði sem eru til bölvunar og bölvunin er miklu meiri en bótin af samþykkt þessa frv., vegur þyngra, hefur meiri áhrif. Þar á ég við þau ákvæði frv. sem beinlínis greiða fyrir fjölgun útibúa því að það er í raun og veru verið að afnema allar helstu hömlur í vegi þess að stofnuð séu ný útibú, bæði á vegum banka og sparisjóða. Það er mesti misskilningur ef menn ímynda sér að ákvæði frv. um að fjárfestingar bankanna í mannvirkjum og búnaði megi ekki nema meiru en 65% af eigin fé komi til með að hindra fjölgun útibúa og stóraukinn kostnað í því sambandi. Það er möguleiki fyrir bankana að fara fram hjá þessu ákvæði með ýmsum hætti. Það hafa sagt mér bankaráðsmenn og þeir sem vel eru kunnugir að menn hafi nú þegar komið auga á ýmsar leiðir til að sigla fram hjá þessu ákvæði, enda segir það sig sjálft að aukinn rekstrarkostnaður bankanna þarf ekki að vera í réttu hlutfalli við fjárfestingarkostnaðinn eða eignirnar. Það er alveg ljóst að bankarnir geta stóraukið rekstrarkostnað sinn og haldið hinu villta kapphlaupi sínu áfram þrátt fyrir þessi ákvæði. Meira að segja gengur þetta svo langt að það er ekkert því til fyrirstöðu að sparisjóðurinn í Hafnarfirði stofni útibú einhvers staðar úti á landi. Hann getur stofnað útibú á Siglufirði þess vegna. En það hefur þó ekki verið í lögum hingað til að sparisjóðirnir, sem eru allt öðruvísi hugsaðir, gætu farið að mynda útibú í kapphlaupi við bankana. Því miður er þetta samt svona.

Annað atriði sem er til bölvunar í þessu frv. er hið aukna svigrúm sem bankarnir fá til þess að ákveða vaxtakjör þótt það skuli fúslega viðurkennt að það ákvæði kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en áformuð breyting hefur verið gerð á lögunum um Seðlabankann.

Á þskj. 1388 hef ég flutt 11 brtt. við frv. Ég held að brtt. þessar skýri sig að mestu sjálfar og ég ætla ekki að eyða tíma deildarinnar til að fara yfir þær lið fyrir lið, því að við þurfum að ræða svo mörg mál hér í kvöld, þótt ástæða hefði verið til þess ef eðlilega hefði staðið á. En í þessum tillögum er m. a. reynt að hindra ótakmarkaða fjölgun bankaútibúa. Að því lýtur 11. brtt. Það er reynt að hindra vaxtafrelsið sem ég gerði hér að umtalsefni, en að því lýtur 7. brtt. Það er reynt að hindra það að lánveitingar til einstakra viðskiptamanna bankanna fari úr öllu hófi, en að því lýtur 8. brtt. 6. brtt. er hins vegar í samræmi við tillögur sem við höfum áður flutt hér í þinginu um það að Kjaradómur ákveði laun og önnur starfskjör bankastjóra.

En rétt er að nefna hérna sérstaklega 9. brtt. sem stefnir að því að birtur sé listi yfir öll útlán sem veitt hafa verið sama aðila á liðnu ári og nema hærri fjárhæð en 20 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 40 millj. í viðkomandi stofnun. Upphæðum þeim sem að framan greinir skal breyta árlega með reglugerð sem ráðh. setur í samræmi við breytingar á verðlagi.

Hér er ráðist að hinni svonefndu bankaleynd með markvissum hætti og í fullu samræmi við tillögur sem ég hef flutt varðandi þróunarfélagið, framkvæmdasjóðinn og byggðasjóðinn þar sem gert er ráð fyrir því að allar lánveitingar þessara sjóða verði gerðar opinberar. Hér er að því leyti gengið skemmra að ekki er gert ráð fyrir því að minni háttar lánveitingar séu birtar og oft er þar um að ræða einföld rekstrarlán. En ef um er að ræða lán til lengri tíma en tveggja ára sem nema verulegum upphæðum teljum við Alþb.-menn rétt að þær séu gerðar opinberar. Satt best að segja er nauðsynlegt að svipta þessari leynd sem hefur hvílt á útlánum banka og útlánastofnana af þótt hitt sé allt annað mál að leynd hvíli áfram yfir innistæðum manna. Það er miklu sjálfsagðara og viðkvæmara að innistæðum sé haldið leyndum, enda er þar um persónuleg mál manna að ræða. En þegar um útlánin er að ræða og það í langflestum tilvikum úr opinberum sjóðum og úr ríkisbönkum er sjálfsagt að svipta leyndinni af.

Ég hef í nál. mínu á þskj. 1389 birt nokkur helstu atriði sem Lúðvík Jósepsson, fulltrúi Alþb. í bankamálanefnd, benti á, en hann vakti þar athygli á sex alvarlegum misfellum í þessu frv. Sé ég ekki ástæðu til

þess að fara að lesa það hér upp. En ég ítreka það að meginmálið vantar, að frv. stuðli að fækkun banka, einföldun í kerfinu. Ég ítreka fsp. mína til forsrh. og bið virðulegan forseta að sjá til þess að hæstv. forsrh. komi hér og svari henni. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. var kallaður í Nd. en mun koma hér aftur og svara væntanlega þegar hv. þm. hefur lokið máli sínu.) Já, það má vera að forsrh. hafi skyldum að gegna í Nd. og hafi verið togaður þangað, en — (**Forseti:** Hæstv. forsrh. gengur nú í salinn.) Já, hæstv. forsrh. er genginn í salinn. Ég ítreka sem sagt spurningu mína um fækkun banka og yfirlýsingu forsrh. í sambandi við það hér eftir áramótin og spyr hvort ríkisstj. sé alfarið fallin frá stefnu sinni og áformum í því efni því að það væri sannarlega verr farið ef þetta frv. ætti að þýða það að menn hefðu jarðað þá hugmynd. Að öðru leyti segi ég það að ágallarnir á þessu frv. eru svo augljósir og svo miklu þyngri á metunum en kostirnir að ég legg til að frv. verði fellt ef ekki fást á því *breytingar í samræmi við brtt. á* þskj. 1388.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vil fullvissa hv. síðasta ræðumann um það að ríkisstj. er alls ekki horfin frá þeirri ætlun sinni að fækka ríkisbönkum og mér þótti ánægjulegt að heyra að okkar sjónarmið falla mjög saman að þessu leyti. Ég er sammála því sem hann sagði um nauðsyn þess að bankar sameinist, bæði ríkisbankar og einkabankar. En það er skoðun ríkisstj. að þetta frv. geri það auðveldara að breyta skipan ríkisbanka. Hæstv. viðskrh. skipaði fyrir nokkru sérstaka þriggja manna nefnd til þess að vinna það mál. Formaður þeirrar nefndar er Gylfi Þ. Gíslason prófessor, fyrrv. viðskrh., sem allir hér að sjálfsögðu þekkja. Mér er kunnugt um að þessi nefnd hefur unnið mikið starf, m. a. skoðað vandlega stöðu ríkisbankanna, skoðað vandlega dreifingu verkefna ríkisbankanna o. s. frv. sem allt þarf að liggja fyrir til að breyting á ríkisbönkunum verði á þann veg að eftir verði tveir bankar með verkefnaskiptingu sem er í jafnvægi. Segja má að erfiðleikarnir felist fyrst og fremst í því. Það er nauðsynlegt að atvinnuvegirnir skiptist sæmilega jafnt á þá ríkisbanka. Hins vegar vil ég taka undir það með hv. þm. að ég er sömu skoðunar og hann að í raun væri einn öflugur ríkisbanki nóg. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram að þó að það sé mín skoðun þá hefur engin ákvörðun um slíkt verið tekin af ríkisstj.

En ég geri sem sagt ráð fyrir því að mjög fljótlega liggi fyrir tillögur þessarar nefndar. Ég hef séð viss drög og ég hef átt viðræður við formann nefndarinnar og hann hefur tjáð mér að það líði mjög að því að nefndin skili áliti.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 1351 og 1353 um frv. til l. um viðskiptabanka. Þessar brtt. eru settar fram í samræmi við þá skoðun mína að þetta frv. fjalli í raun og veru eingöngu um tæknileg atriði sem afskaplega litlu skipta fyrir þá sem mestu máli skipta, þ. e. viðskiptavini þessara banka, fyrir litlu Gunnu og litla Jón. Þau koma ekki til með að merkja neina breytingu í viðskiptum sínum við íslenskt bankakerfi að þessu frv. samþykktu óbreyttu. Það skiptir afskaplega litlu máli fyrir þau hvort hugsanlega er um það að ræða að einhverjir bankar verði sameinaðir eða ekki og það skiptir afskaplega litlu máli fyrir þau þó að einhverjum smáatriðum í lögum, sem þegar eru í gildi um starfsemi banka nú í dag, verði breytt og lög þessi færð til samræmis innbyrðis. Það allt eru eingöngu tæknibrellur sem þjóna nánast engum.

Ég hef margsinnis vikið að skoðunum mínum á íslensku bankakerfi í umr. hér í vetur. Ég er þeirrar skoðunar að ríkiseign á bönkum sé íslensku efnahagslífi mjög til óþurftar. Ég hef margoft bent á það hér í umr. að þetta fyrirkomulag um eignarhald á bönkum þekkist hvergi á Vesturlöndum og það eitt ætti að verða einhverjum umhugsunaratriði. Ég benti á það líka í framsögu við 1. umr. að þetta ástand, sem við búum við hér í dag, er afleiðing nokkurs konar umferðarslyss sem varð hér í bankarekstri fyrir rúmum 50 árum síðan og að sósíalisering íslenskra banka er ekkert eðlilegt fyrirkomulag í efnahagsmálum nema þá í þeim ríkjum þar sem efnahagslífinu er algerlega og gersamlega stjórnað af miðstýrðu ríkisvaldi. Þar verður þetta fyrirkomulag eðlilegt og þess vegna kannske ekkert óeðlilegt að stjórnmálaöfl eins og Alþb. styðji fyrirkomulag sem þetta þar sem þau eru þó sprottin af rótum þeirra flokka sem stýra efnahagslífi austan járntjalds. En enn þá kynlegra er að aðrir flokkar, sem kenna sig við vestrænt lýðræði, skuli verja þetta kerfi með kjafti og klóm.

Ríkisbankar hafa hér verið reknir um 50 ára skeið, alltaf með efnahagspólitík ríkisvaldsins en aldrei vegna stöðu sinnar. Á Vesturlöndum almennt eru frjálsir bankar hemill á ríkisvald, hemill á efnahagsstjórn. Eða hvers vegna halda menn að verðbólga hafi geisað hér á Íslandi einu Vesturlanda eins og í öllum bananalýðveldum? Halda menn að það sé ekkert samhengi milli þess hvernig efnahagslíf er rekið hér á landi, ríkisstýrt, og þeirrar verðbólgu sem við bjuggum við hér um áratuga skeið, verðbólgu sem varð þeim mun einkennilegri fyrir okkur sem hluta af Vesturlöndum að hér var mikil framleiðsla og hlutfallslega mjög lítil útgjöld. En hér á Íslandi gátu bankarnir aldrei spyrnt fæti við fáránlegri efnahagspólitík stjórnvalda sem fólst í seðlaprentun. Þeir höfðu heldur ekki þá aðstöðu, sem bankar almennt hafa á Vesturlöndum, til þess að koma viti fyrir stjórnvöld. Þá komum við að þeirri spurningu: Hvers vegna í ósköpunum er mönnum svo annt um eignarhald ríkisins á bönkunum og hvers vegna er mönnum svo mikið kappsmál að halda flokkshestunum í bankaráðunum?

Einu sinni geisaði hér verðbólga. Þá var gott að taka víxil. Menn tóku víxla í bönkum og greiddu þessa víxla á þeim kjörum sem þá buðust. Það skipti í raun og veru nánast engu máli hvaða afborgunardagar voru á þessum víxlum. Það sem mestu máli skipti var að þegar maður loksins greiddi víxilinn upp þá gerði maður það með krónum sem voru orðnar lítils virði eða einskis virði, svona nánast úr rassvasa sínum. Það var alþekkt þá hvað þetta kerfi þjónaði vissum samtökum hérlendis vel. Það er t. d. nokkuð öruggt mál að flokksmálgögnin hefðu aldrei lifað af ef þau hefðu ekki haft aðstöðu í gegnum flokkshestana í bankaráðunum til að fjármagna rekstur sinn með víxlum sem brunnu upp á báli verðbólgunnar.

Nú getur maður spurt sig: Hvernig er staða þessara flokksmálgagna í dag? Hvernig standa stjórnmálaflokkarnir að rekstri sínum og sinna flokksmálgagna í

dag þegar þeir ekki lengur hafa þá aðstöðu að reka þá á víxlum, sem brenna upp í báli verðbólgunnar? Það er til ein leið. Hún er afskaplega auðfarin ef þú hefur aðstöðuna, ef þú hefur þá aðstöðu að ráða bönkunum í gegnum bankaráðin. Þessi leið er einfaldlega sú að nota þá fjármuni, sem flokkarnir og flokksmálgögnin hafa yfir að ráða, til þess að kaupa skuldabréf hjá verðbréfasölum úti í bæ og selja þau á nafnverði í bönkunum. (**VI:** Er eitthvað gert af þessu?) Menn spyrja: Er eitthvað gert af þessu? Það mun, eins og í flestu öðru, vera erfitt að sanna og jafnerfitt að afsanna slík viðskipti. En við vitum að þó nokkur brögð eru að því að bankar kaupi skuldabréf á nafnverði og bankarnir hafa náttúrlega enga aðstöðu til að kanna hvernig þessara bréfa hefur verið aflað. Aftur á móti vitum við það líka að menn hafa mjög misjafnan aðgang að bönkunum í slíkum viðskiptum. Það hafa engir betri aðgang að bönkunum en þeir sem eiga pólitíska fulltrúa í bankaráði. Þess vegna höfum við lagt fram brtt. við þetta frv., m. a. til að koma í veg fyrir að hægt sé að nota bankana í pólitísku yfirskini, hægt sé að stjórna bönkunum beinlínis gegn þeirra eigin hagsmunum fyrir flokkshagsmuni og gegn hagsmunum viðskiptavina þeirra og endanlega þjóðarinnar allrar.

Ég minni á það að nefnt var dæmi í umr. í Nd. um daginn um það hvernig hægt er að þjóna hagsmunum bankanna gegn hagsmunum bankanna sjálfra og gegn hagsmunum eigenda þeirra sem eru þjóðin. Stórfyrirtæki, Hafskip hf., er viðskiptavinur Útvegsbankans. Það er upplýst mál í ársskýrslu þess fyrirtækis að ef eignir þess væru seldar í dag á því verði sem tiltekið er á reikningum fyrirtækisins næmu skuldirnar 200 millj. kr. hærri upphæð en verðgildi eignanna er, þ. e. út af stæðu 200 millj. Viðskrh. var spurður hvernig þetta mætti vera, hvers vegna enginn hefði gripið í taumana. Viðskrh. kom í stól og sagði: Í bókhaldi þessa fyrirtækis koma tryggingar fyrir þessum 200 millj. ekki fram vegna þesss að þær eru fengnar í eignum hluthafa.

Nú veit ég ekki nákvæmlega hverjir hluthafar Hafskips eru þó að maður þekki suma eins og hæstv. fjmrh. En manni er spurn: Hversu mikið er hver einstakur hluthafi reiðubúinn til að veðsetja af sínum eignum til þess að standa undir rekstri fyrirtækis sem stendur á jafnmiklum brauðfótum og Hafskip gerir? Mér er til efs að það séu margir reiðubúnir til að veðsetja mikið meira en 1 millj. af sínum eignum til að tryggja lán þessa fyrirtækis. Þar með er verið að segja að það eru 100—200 fjölskyldur á víð og dreif einhvers staðar úti um bæinn sem færu á uppboð ef þetta fyrirtæki væri gert upp. Það er þokkaleg staða það.

Við getum auðvitað sagt okkur það að það yrði aldrei gengið að þessu fólki. Hér yrði gripið til einhverra annarra örþrifaráða til þess að ekki þyrfti að koma til uppboða á eignum þessara einstaklinga, þessara fjölskyldna, ekki þyrfti að selja ofan af þeim húseignir og aðrar eigur þeirra. Sá sem mundi blæða eða borga skaðann væri eigandi þessa banka, þ. e. þjóðin sjálf yrði skattlögð fyrir vikið. Hvernig hún yrði svo skattlögð, það er annað mál. Ríkisstjórnir hafa tvær leiðir til að skattleggja fólk og jafnvel fleiri. Íslensk stjórnvöld hafa aðallega notað tvær leiðir. Það er annars vegar með sköttum, beinum eða óbeinum, og svo þeim hræðilega skatti sem verðbólgan er því að verðbólga er ekkert annað en skattlagning stjórnvalda sem ekki þora lengur að skattleggja þegna sína beint.

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að kynna brtt. á þskj. 1351 og byrja þá á 5. lið því að ég tel hann allra mikilvægastan. Þar segir:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður, er orðist svo:

Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagabanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagabanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. jan. 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutafé bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5% hlutafjár. Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. des. 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra. Viðskrh. fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi."

Þetta er meginatriði máls míns: Ríkið skal ekki eiga banka. Bankar skulu vera hlutafélög í eigu einstaklinga og samtaka þeirra. Eins og ákvæðið gerir ráð fyrir tekur það ákveðinn tíma að koma þessu í kring. Þess vegna hef ég í 4. lið þessa brtt. lagt til að á eftir 9. gr. frv. komi ný grein er hljóði svo:

„Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþm. í bankaráð ríkisviðskiptabankanna."

Þessi grein verður að sjálfsögðu óþörf þegar bankarnir eru ekki lengur ríkisviðskiptabankar. En þangað til tel ég brýna nauðsyn á þessari grein því að ég tel að þau afskipti löggjafarvaldsins af fjármálum í gegnum ríkisviðskiptabankana, sem við höfum búið við undanfarna áratugi, hafi verið íslensku efnahagslífi mjög óholl svo ekki sé meira sagt. Fyrir utan það siðleysi sem ég tel í því felast að brjóta þannig gersamlega 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 3. tölul. þessara brtt. legg ég til að við 9. gr. bætist ný mgr., 2. mgr., er hljóði svo:

„Viðskrh. skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðh. skipar formann og varaformann úr hópi þessara manna."

Margoft hefur verið komið inn á þessi atriði hér í umr. í vetur. Framkvæmdavaldið ber ábyrgð á þeim fyrirtækjum sem ríkisvaldið rekur gagnvart löggjafanum og því skal framkvæmdavaldið bera ábyrgð á þeim starfsmönnum sem þessum fyrirtækjum stjórna. Það er það einfaldlega sem felst í þessari mgr. Löggjafarvaldið ber ekki ábyrgð á fyrirtækjum ríkisins heldur framkvæmdavaldið.

Nú er það þannig að maður gerir sér e. t. v. ekki allt of háar vonir um það við óbreyttar aðstæður að góðar hugmyndir sem þessar hljóti brautargengi. Aftur á móti er í frv., sem frá ríkisstj. er komið, ákveðin heimild í 8. gr. laganna um það að erlendir bankar megi opna hér svokallaðar umboðsskrifstofur. Þetta er leið sem önnur Norðurlönd hafa farið í þeim tilgangi að opna bankaviðskipti við útlönd. Ég hef lagt til að þessi grein breytist. Ég geri það einfaldlega vegna þess að ég held að það væri einhver heppilegasta efnahagsaðgerð á þessu landi

í dag að leyfa rekstur erlendra banka til þess að sparifjáreigendur ættu möguleika á að bjarga sparifé sínu undan klóm íslenskra stjórnmálamanna í hendur banka sem ávaxta það eins og heiðarlegir menn. Því hef ég lagt til að þessi grein hljóði svo:

„Ráðherra getur veitt hlutafélagabönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja banka hér á landi. Bönkunum er heimilt að taka við innlánum, veita útlán og stunda verðbréfaviðskipti.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um þá er setja á stofn banka skv. 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðh. nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Ráðherra ákveður gjald fyrir veitingu leyfis til starfrækslu erlendra banka. Tilkynningar, sem senda skal hlutafélagaskrá skv. XVII. kafla laga um hlutafélög, skulu einnig sendar bankaeftirlitinu."

Eins og ég sagði áðan: Þetta er í mínum augum hugsanlegt bjargráð íslenskum sparifjáreigendum, að fá að ávaxta sparifé sitt í erlendum gjaldmiðlum til þess að bjarga þeim undan ásælni og óráðsíu íslenskra stjórnmálamanna.

Í fyrsta lið brtt. á þskj. 1351 flyt ég brtt. sem er í raun og veru mjög tæknilegs eðlis. Hún er sú að um heimili og varnarþing viðskiptabanka fari eftir samþykktum þeirra, þ. e. viðskiptabönkum sé heimilt að ákveða sjálfir hvar þeir hafa varnarþing. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

Þannig stendur á þessari brtt. að Bandalag jafnaðarmanna samþykkti þegar á fyrsta landsfundi sínum 1983 að stefna skyldi að breytingu á stjórnsýslukerfi Íslands þannig að komið yrði á sem allra fyrst þriðja stjórnsýslustiginu. Hluti af þeirri hugsun, sem að baki þessum hugmyndum liggur, er sú að auka sjálfstæði héraða eða landshluta, sjálfstæði til forræðis í eigin málum. En þetta sjálfstæði verður ekki fengið á meðan bönkum, hvort sem þar er um að ræða hlutafélagabanka eða ríkisviðskiptabanka, er stjórnað héðan frá Reykjavík. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa þeirra landsmanna sem vilja aukið sjálfstæði til stjórnar í eigin málum að bankar, sem starfa á þeim svæðum, eigi heimili og varnarþing þar. Þannig verða þeir að bönkum fyrir þau landssvæði sem um ræðir hverju sinni.

Virðulegi forseti. Á þskj. 1353 hef ég flutt brtt. sem ég dreg til baka til 3. umr. en vil nota þetta tækifæri til að kynna hana. Hún er sú að á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo: „Alþm. eru ekki kjörgengir í bankaráð ríkisviðskiptabankanna." Vil ég þar með fyrst sjá hverja afgreiðslu þær brtt., sem ég hef þegar kynnt á þskj. 1351, fá. En fari svo að 3. og 4. liður brtt. á því þskj. fáist ekki samþykktir mun ég flytja brtt. á þskj. 1353 við 3. umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. með fyrirvara og það geri ég einnig hvað varðar nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sparisjóði. Ég vil útskýra þennan fyrirvara hér.

Þessi fyrirvari er þannig til kominn að eins og hv. þdm. vita hafa þessi frumvörp tvö, frv. til l. um viðskiptabanka og frv. til l. um sparisjóði, fengið nánast enga umfjöllun í þessari hv. deild. Hæstv. viðskrh. mælti fyrir þessum frumvörpum á fundi deildarinnar í gær og síðan fundaði fjh.- og viðskn. um málin í morgun. Þau eru síðan komin hér til 2. umr. og atkvgr. sólarhring síðar.

Í fljótu bragði virðist ýmislegt gott vera í þessum frv. báðum, reyndar einnig ýmislegt slæmt. En það liggur í augum uppi að það er engin leið að meta það af einhverri skynsemi og þannig að eitthvert vit sé í hvernig þessi mál eru í raun vaxin. Það er ekki nokkur lifandi leið. Ég er því með þennan fyrirvara á báðum nál. vegna þess að ég mun sitja hjá við afgreiðslu málanna. Ég gerði grein fyrir þessari afstöðu minni í fjh.- og viðskn. í morgun og ég vildi að hún kæmi einnig fram hér.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hv. 8. þm. Reykv. verði hér í salnum. Hann er staddur í húsinu. (**Forseti:** Það er verið að ná í hv. 8. þm. Reykv. Hv. 3. þm. Vesturl. vill þá e. t. v. fresta sinni ræðu og annar hv. þm. sem bíður koma inn á meðan, þ. e. hv. 5. landsk. þm.) Já.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. í þessu máli með fyrirvara. Sá fyrirvari er fólginn í því að ég flyt brtt. við málið á þskj. 1399. Þessar brtt. eru taldar upp á því þskj. í átta liðum og ég tel ekki sérstaka ástæðu til þess nú á þessari stundu að lesa þær allar sérstaklega upp. Þær voru fluttar í Nd. og náðu þar að vísu ekki samþykki en eru fluttar hér aftur. Ástæðan til þess að ég sé ekki að raunhæft sé að setja á langa tölu um þessar tillögur er sú að hv. Ed. Alþingis hefur verið boðið upp á það í þessu máli að hafa u. þ. b. sólarhring til að tjá sig um málið og skoða það. Hér er um svo flókið og fjölþætt mál að ræða að það er í rauninni enginn vegur að fjh.- og viðskn. þessarar deildar geti á þeim tíma fjallað um málið af neinni skynsemi.

Þetta mál er búið að vera lengi í meðförum í Nd. og hjá hv. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar. Við stöndum nú enn einu sinni frammi fyrir þeirri staðreynd að við hér í Ed. erum sett upp við vegg. Gert hefur verið samkomulag sem við verður staðið um að ljúka þingstörfum á tilsettum tíma en það þýðir það í raun að við getum ekki fjallað um þetta frv. eins og vert væri.

Ég hef lýst því hér að ég flyt brtt. á þskj. 1399 við þetta frv. til l. um viðskiptabanka sem er vissulega mikillar athugunar vert. En mér þótti það hins vegar, virðulegi forseti, heldur hlálegt að hlusta á það í Ríkisútvarpinu í kvöld að formaður Sjálfstfl. skyldi tala um þetta frv. í útvarpið við landslýð eins og það væri nú þegar orðið að lögum. Það þykir mér ámælisvert. Þetta frv. er enn ekki orðið að lögum. Ed. á eftir að fjalla um það. Og um þetta frv. var rætt við formann Alþb. sem telur sig sjálfsagt vita allra manna mest um bankamál af núlifandi Íslendingum þó að ég leyfi mér að draga það í efa. En um þetta frv. var rætt í fréttatíma Ríkisútvarpsins í kvöld eins og það væri orðið að lögum. Þetta frv. er hér enn til umr. í Ed. og er ekki orðið að lögum. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum.

Vissulega er margt í þessu frv. sem horfir til bóta og í frjálsræðisátt. Ég get að vissu leyti tekið undir það sem formaður Sjálfstfl. sagði í viðtali við Ríkisútvarpið. Hann sagði réttilega: Sósíaldemókratar á Norðurlöndum eru búnir að beita sér fyrir úrbótum í banka-

málum í líkingu við þetta. Það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt að Sjálfstfl. á Íslandi skuli nú feta í fótspor sósíaldemókrata á Norðurlöndum í þessum efnum. En ég verð hins vegar að segja það aftur og enn að mér finnst það ákaflega óviðfeldið þegar formaður Sjálfstfl., sem hefur ekki talað mikið í þinginu í vetur og hefur sennilega talað meira í útvarpið í kvöld en hann hefur talað í þinginu í vetur, skuli tala um þetta frv. eins og það sé orðið að lögum þegar Ed. á eftir að fjalla um málið. Ég er alveg viss um að embættismenn þingsins, forsetar þingsins, geta tekið undir þessa gagnrýni vegna þess að mér finnst það ámælisvert þegar flokksformenn koma í fjölmiðla sem öll þjóðin hlustar á og tala um mál, sem er að hálfu afgreitt í þinginu, eins og það sé þegar orðið að lögum.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara að rekja þessar brtt. í smáatriðum. Þær liggja hér fyrir á þskj. 1399. Það eru að vísu ýmis mál í sambandi við bankana og starfsemi þeirra sem mætti ræða nánar um og sem ástæða er til að athuga frekar. En staðreyndin er sú að til þess er næsta lítið ráðrúm hér og nú. Það væri t. d. sérstök ástæða til að tala um hvernig bankarnir þjóna sínum viðskiptavinum sem eru með sparisjóðsávísanareikninga og verður það á að misreikna sig um kannske 1—2 kr. Þeir hafa kannske verið viðskiptamenn bankanna í 20—30 ár og látið leggja öll sín laun inn á reikning hjá þessum bönkum um hver einustu mánaðamót í 20 ár. Svo verður þessum aðilum það á einhvern tíma að misreikna sig um 2 kr. og hvað gerist þá? Þá sendir bankinn þeim sektarmiða og þeir eru útmálaðir sem ávísanafalsarar og eiga sér hvergi viðreisnar von í þeim efnum. En mér er nú tjáð og kom það raunar fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að þetta muni vera að breytast hjá a. m. k. einstökum innlánastofnunum hér á höfuðborgarsvæðinu og ber því að fagna.

Ég kom hér inn áðan þegar hv. 8. þm. Reykv. var að flytja sína ræðu. Hann var að tala hér um ákveðið fyrirtæki, Hafskip, og gerðist þar býsna stórorður. Ég heyrði ekki betur en að hann væri að éta upp úr vikublaði sem hér er gefið út og heitir Helgarpósturinn og hefur verið að skrifa um þessi mál með býsna einkennilegum hætti. Þar hefur lítið verið staðfest af hæpnum fullyrðingum. Ég skil satt að segja ekki hvað slíkar fullyrðingar og umræður eiga að þýða þegar Alþingi Íslendinga er að ræða um viðskiptabanka. Mér þótti þetta næsta undarlegt tal og næsta undarleg ræða.

En ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hef þegar gert grein fyrir þeim brtt. sem ég mun greiða atkvæði með hér og ég hef flutt við þetta frv. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Ég tel að margt í þessu frv. sé til bóta en að það þurfi vissra breytinga við. Ég held að ekki sé ástæða til að fjölyrða um það frekar.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að segja hér örfá orð og óskaði eftir því í ræðustól að hv. 8. þm. Reykv. væri í salnum. Hann var hér í ræðustól áðan og fjallaði um bankalagafrv. sem við hér ræðum um, en dvaldi þar stutt við og fór svo út í aðra sálma. Því get ég ekki setið undir án þess að mótmæla. Ég hef setið í bankaráði eins bankans, Útvegsbankans, í tæp þrjú ár. Það var fullyrt af hv. þm. að stjórnmálaflokkarnir kysu í bankaráðin sína flokkshesta, eins og hann orðaði það, til þess t. d. að tryggja það að útgáfustarfsemi hinna pólitísku flokka væri í lagi og framkvæmdu þetta á ýmsan veg. Þetta eru dylgjur, hv. þm., sem ég mótmæli algerlega fyrir hönd bankaráðs Útvegsbankans og ég veit að ég má gera það fyrir hönd annarra bankaráða. Slíkt hefur ekki þekkst þar.

Eins og hv. 5. landsk. þm. gat um áðan hleypur hv. 8. þm. Reykv. upp með mál sem hefur verið í blöðum undanfarið um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans. Það ætla ég ekki að ræða úr þessum ræðustól en aðeins að segja honum að hann ætti ekki flíka þeim málum á þann veg sem hann hefur gert því að það er ekki fótur fyrir þeim skrifum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þeirra orða sem hér hafa fallið í tilefni þeirra ummæla sem ég hafði um viðskipti Útvegsbankans og fyrirtækisins Hafskips hf. Ég kannast ekki við það að hafa vitnað í dagblöð hér. Ég vitnaði einfaldlega í reikninga þessa félags sem framlagðir voru á aðalfundi þess fyrir rúmri viku síðan. Þar getur hver maður fengið að lesa hver staða þessa fyrirtækis er. Hann getur líka fengið að lesa það að endurskoðandi þessara reikninga sá ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við reikningana og benda hluthöfum á hver þessi hæpna staða fyrirtækisins væri.

Ég tel að það sé óyggjandi hægt að fullyrða það að fyrirtæki eins og Hafskip, sem hugsanlega er allra góðra gjalda vert, fyrirtæki sem stofnað er til af mikilli bjartsýni, fyrirtæki sem ætlað er að veita ákveðna samkeppni og aukna þjónustu hér á landi, fyrirtæki sem trúlega hittir fyrir sér ofjarl sinn í því óskabarni þjóðarinnar sem Eimskipafélagið er og verður trúlega að lúta í lægra haldi í samkeppninni endanlega, hefði aldrei fengið fyrirgreiðslu í Útvegsbankanum ef það hefði ekki notið pólitískrar velvildar. Ég nefni þar til sögunnar einn mann sem því miður er ekki staddur hér núna og ég vil því ekki ræða afskipti hans af þessu máli frekar. Ég á við núv. hæstv. fjmrh. sem verið hefur stjórnarformaður þessa fyrirtækis samtímis því að vera formaður bankaráðs Útvegsbankans og stjórnaði hluthafafundi síðast fyrir rúmri viku síðan. Bara það eitt að þessi maður skuli gegna þessum mörgu störfum gefur manni tilefni til grunsemda. Það eitt nægir. Opinberir starfsmenn, hvort sem þeir eru ráðnir eða kjörnir, eiga og mega aldrei gefa tilefni til grunsemda sem þessara. Meðan þessu verður ekki breytt eru þessar grunsemdir réttlætanlegar og eðlilegar.

Ég hefði, hv. 3. þm. Vesturl., getað viðhaft hér miklu stærri orð í sambandi við viðskipti stjórnmálaflokkanna við bankana og þá aðstöðu sem stjórnmálaflokkarnir tvímælalaust hafa til að greiða fyrir eigin málum innan bankakerfisins því að bankastarfsmenn hafa fullyrt ýmislegt í mín eyru. En eins og ég sagði áðan: þegar um viðskipti sem þessi er að ræða er erfitt að sanna og mjög erfitt að afsanna. En það er eitt sem er afskaplega auðvelt og það er að koma í veg fyrir að slíkan grun og ásakanir megi viðhafa. Það verður ekki gert með því að vitna til þess hvað menn eru góðir eða vondir. Það verður einfaldlega gert með því að breyta hlutunum þannig að ekki geti komið til slíkra grunsemda. Þær breytingar felast einfaldlega í því fyrsta skrefi að alþm. eða fulltrúar stjórnmálaflokka sitji ekki í bankaráðum á meðan ríkisviðskiptabankar eru og í öðru skref í því að

afnema eignarhald ríkisins á ríkisviðskiptabönkunum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta skal verða stutt. En mér þykir það einkennilegt þegar einn af fulltrúum þeirra stjórnmálaflokka sem eiga kjörna fulltrúa hér á Alþingi kemur hingað í þennan ræðustól og talar um stjórnmálaflokka eins og þeir séu eitthvað allt annað en það sem hann er fulltrúi fyrir. Ég veit það og það vita fleiri sem hér fylgjast grannt og náið með þingstörfum að Bandalag jafnaðarmanna er ekkert annað en venjulegur stjórnmálaflokkur sem lýtur sömu lögmálum og vinnur eftir sömu reglum og aðrir slíkir. Ég ætla ekkert að fara út í smáatriði. Ég ætla að hlífa þessum stjórnmálaflokki við því. Það væri hægt og verður gert ef ástæða er til. (**RA:** Bræður berjast.) Bandalag jafnaðarmanna er ekkert öðruvísi en aðrir stjórnmálaflokkar sem eiga sæti hér á þessu þingi og starfar með nákvæmlega sama hætti og eftir nákvæmlega sömu reglum og þeir. Ég veit að hv. þm. Ragnar Arnalds 3. þm. Norðurl. v. o. fl. sem tóku þátt í samningaviðræðum sem áttu sér stað milli stjórnmálaflokkanna t. d. í kringum fjárlagagerðina geta vitnað um það að þar sömdu þessir stjórnmálaflokkar og þar var Bandalag jafnaðarmanna ekkert öðruvísi en aðrir flokkar. Það fer í taugarnar á mér og mér leiðist það þegar þetta fólk, hv. þm., fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna, kemur hér upp í ræðustól og þykist vera eitthvað allt öðruvísi en allir aðrir.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem ég fékk hér áðan hjá honum. Vissulega gat enginn skilið það öðruvísi, sem hlustaði á hann gefa stórar yfirlýsingar um sameiningu banka skömmu eftir nýár, en að til stæði að koma því í framkvæmd í tengslum við bankalöggjöf á þessum vetri. En það hefur ekki orðið. Ég fagna því hins vegar að hann er ekki fallinn frá áformi sínu og vænti þess svo sannarlega að stjórnmálaflokkarnir á Alþingi taki höndum saman um að hrinda því áformi í framkvæmd.

En ég vildi leyfa mér að bæta hér fáeinum orðum við og skal þó reyna að vera eins stuttorður og ég get því að ég vil gjarnan reyna að hraða þingstörfum á þessu kvöldi. Vegna þess að hér er verið að ræða starfsemi viðskiptabankanna get ég ekki hjá því komist að vekja athygli alþm. á því að í dag hefur verið útbýtt svari viðskrh. við fsp. Guðrúnar Helgadóttur um mismunandi álagningu vaxta af innheimtum veðskuldabréfum. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir benti á það að bankar og sparisjóðir gerðu kröfu til viðskiptamanna um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem væru í innheimtu og gæti munað verulega miklu hvað einn banki léti greiðendur gjalda miðað við það sem væri hjá öðrum banka. Hún lagði því þessa fsp. fyrir viðskrh. og þar með líka þá spurningu hvort ágreiningur hefði orðið milli Seðlabanka Íslands og annarra banka um útdeilingu vaxta af veðskuldabréfum og þá hvort þeim ágreiningi hefði verið skotið til dómstóla.

Nú hefur viðskrh. svarað þessari fsp. Guðrúnar. Það kemur á daginn að hún hefur vakið hér athygli á mjög sérkennilegu máli vegna þess að það er ekki nóg með að bankarnir geri þetta. Ef maður á t. d. fimm veðskuldabréf og setur þrjú þeirra til innheimtu í einn banka og tvö í annan banka verður skuldarinn að greiða mismuninn á bréfunum og getur munað upphæðum sem nema tugum þúsunda á tiltölulega lágum upphæðum.

Það er ekki nóg með þetta heldur felst það í svari viðskrh. að þetta er með öllu ólögmætt og stríðir gegn þeim reglum sem Seðlabankinn hefur sett. Ég vil vekja athygli á þessu svari sem hefur verið dreift hér í dag og um leið nota tækifærið og spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann hljóti ekki að grípa til aðgerða í framhaldi af þessu svari sínu þannig að lántakendur nái rétti sínum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég þakka það tækifæri að fá að gera hér örstutta athugasemd í tilefni orða hv. 5. landsk. þm. Ég vil bara fyrirbyggja þann misskilning að ég geri eitthvert sérstakt tilkall til þess að vera öðruvísi. Ég tek þátt í störfum Alþingis og geri það eins og aðrir þm. og hef ekki gert mér neinar hugmyndir um að ég sé að því leyti eitthvað öðruvísi en aðrir þm. Hugmyndir hv. 5. landsk. þm. um eitthvað slíkt eru því að mínu mati gersamlega úr lausu lofti gripnar. Aftur á móti get ég ekkert gert til að milda þá sektartilfinningu hans sem kom honum til að hlaupa upp í ræðustól þegar ég minntist á aðild stjórnmálaflokka að bankaráðum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skal aðeins gera örstutta athugasemd. Hv. þm. Stefán Benediktsson veit það greinilega ekki og fylgist greinilega ekki með því að Alþfl. hefur ekki kjörið þm. í bankaráð í mörg ár. Það getur vel verið að þm. Bandalags jafnaðarmanna séu ekkert öðruvísi, en þeir hafa líka sagt: Við erum ekki eins og þið, við erum öðruvísi. Þá mætti kannske orða það þannig að þeir væru hinsegin. En þá eru þeir allavega öðruvísi en við. Mér finnst þetta afskaplega lítilfjörlegur málflutningur og ætla svo sem ekki að fjölyrða um það frekar. En þessar staðreyndir liggja hér fyrir.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék hér að mér fsp. varðandi vexti af veðskuldabréfum og vék þar að fsp. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og svari við henni sem lagt hefur verið fram á Alþingi í dag. Það var óskað eftir þessari fsp. skriflegri og ég vil gjarnan nota þetta tækifæri og segja að mér finnst afar skynsamlegt hvernig þm. í þessu tilfelli beitir fyrirspurnarreglum Alþingis og fær þannig á skjali miklu skýrari svör við því sem um er spurt. Ég held að það mætti gera meira af slíku og það gæti e. t. v. þýtt að það sparaðist þó nokkur ræðutími hér á Alþingi ef meira væri gert af slíku. Þetta vildi ég gjarnan láta koma fram í sambandi við þetta.

1. liður fsp. hljóðar svo: „Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?“ Seðlabankinn, sem fer með vaxtaákvörðunarvaldið, svarar svo, með leyfi forseta, eftir að búið er að gera grein fyrir vöxtum, hverjir þeir eru, vaxtaauglýsingum og öðru slíku:

„Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið, svo og að framangreindar auglýstar ákvarðanir um vexti gilda bæði utan og innan innlánsstofnana, en um þessi atriði hefur vart verið ágreiningur, verður að telja að bankar og sparisjóðir geti ekki krafið viðskiptamenn um önnur og þyngri vaxtakjör í þessu efni en Seðlabankinn hefur auglýst frá einum tíma til annars.“

Það hlýtur að verða viðfangsefni viðskrn. að þessi mál verði með þeim hætti sem hér er um getið af hálfu Seðlabankans því að ef svo væri ekki þá samræmast fullyrðingar Seðlabankans í þessu svari ekki því vaxta-

ákvörðunarvaldi sem hann hefur.

Það verður að sjálfsögðu að skoða það mál til hlítar. En ég undirstrika það að ég mun fylgjast mjög vel með framvindu þessara mála og hafa samráð við Seðlabankann um það með hvaða hætti þessu verður hagað.

Varðandi það sem áður hefur komið hér fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. og hann gat um að hæstv. forsrh. hefði svarað vil ég undirstrika það sem fram kom í svari hæstv. forsrh. og hann sagði frá, að það er síður en svo að fallið hafi verið nokkuð frá því, sem var og er á dagskrá og er stefnumál ríkisstj., að sameina bankastarfsemi. Að því verður áfram unnið. Hitt taldi ég mjög eðlilegt að bankalöggjöf yrði sett því að hversu margir bankar sem starfa, hvort heldur það eru ríkisbankar eða einkabankar, þá er skynsamlegt að þegar menn vilja stokka upp viti þeir eftir hvaða löggjöf viðkomandi stofnanir skuli starfa. Þetta mál, þ. e. breyting á fyrirkomulaginu, fjöldi banka, hvort heldur það eru ríkisbankar eða einkabankar, hefur verið á dagskrá um langan tíma og af hálfu margra ráðh. viðskrn. verið unnið að því máli. Það er sjálfsagt mjög erfitt að ná slíkum hlutum fram en ég hef þá skoðun í dag að það sé slík samstaða um að gera þær breytingar að þegar ríkisstj. kemur til með að leggja það mál fyrir muni ekki standa á því að menn séu því sammála. Vitanlega geta þeir haft skiptar skoðanir á því hvernig þeim málum skuli hagað og það geta að sjálfsögðu verið uppi fleiri en ein till. í þeim efnum. En ég tek undir og undirstrika það, sem hæstv. forsrh. sagði, að áfram verður unnið að því máli og á grundvelli þeirrar löggjafar sem Alþingi samþykkir væntanlega í sambandi við viðskiptabankafrv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég kann því vetur, vegna þess sem ég ætla að segja hér, að hv. 8. þm. Reykv. eigi kost á að segja álit sitt á ákveðinni brtt. sem mér datt í hug undir umr. áðan. Ég ætla ekki að blanda mér í málefnalegar umr. þeirra hv. 5. landsk. þm. og hv. 8. þm. Reykv. Ég veit að þær hefðu glatt hjarta hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem er orðinn allra manna flinkastur í að leggja saman fylgi og prósentur þessara tveggja bræðraflokka, eins og hann gjarnan orðar það. Það er eiginlega synd að hann skuli ekki vera hér til að hlýða á þá ástleitni sem hér hefur farið fram milli þessara tveggja bræðraflokka. Hins vegar kem ég hér upp vegna þess að ég fór að lesa betur yfir brtt. einmitt um frv. til l. um viðskiptabanka frá hv. þm. Stefáni Benediktssyni. Hann ræddi hér mjög og kannske réttilega um ill áhrif stjórnmálaflokka í bankaráðum. Með leyfi virðulegs forseta segir svo í 3. brtt. hv. þm. Stefáns Benediktssonar:

„Viðskrh. skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðh. skipar formann og varaformann úr hópi þessara manna."

Ég hefði viljað í samræmi við það sem hv. þm. sagði hér áðan um þessi slæmu áhrif stjórnmálaflokkanna í bankaráðum að við þetta væri bætt setningunni: „Skulu þeir óflokksbundnir og mega ekki taka þátt í stjórnmálahreyfingum."

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil að það komi hér fram að að því leyti er ég öðruvísi en hv. 5. landsk. þm. að ég hef ekki smekk fyrir þess háttar fyndni sem hann viðhafði hér úr ræðustól áðan. Það er ályktað að um 10% af mannfólkinu séu hinsegin eins og kallað er. Samt eru þeir menn. (**EG:** Hvernig skildi ræðumaðurinn þetta?) Það er ályktað að 10% af mannkyninu séu alkóhólistar, samt eru þeir menn. Það er ályktað um 10% af því fólki, sem hefur venjulega ævilengd, séu þroskaheft, en samt er það menn.

Ég tel ekki að minnihlutahópar sem þessir gefi tilefni til hótfyndni úr ræðustólum á virðulegu Alþingi. Í tilefni af breytingarhugmynd hv. 2. þm. Austurl. gæti maður í fljótu bragði tekið undir jafnsnjalla hugsun en tilfellið er að það þýddi það sama og að banna mönnum að hafa skoðanir. Það kann að vera að slíkar hugmyndir eigi fylgi í sumum flokkum en allavega njóta þær ekki fylgis míns.

ATKVGR.

Brtt. 1388,1 felld með 10:4 atkv.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 1388,2 felld með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11 atkv.
Brtt. 1351,1 felld með 10:2 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 1388,3 felld með 10:3 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1351,2 felld með 12:2 atkv.
8. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1351,3 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 1388,4 felld með 10:5 atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1351,4 tekin aftur.
Brtt. 1388,5 felld með 10:5 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 1388,6 felld með 12:3 atkv.
12.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1399,1 felld með 11:3 atkv.
19.—20. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 1388,7 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1399,2 felld með 10:5 atkv.
21.—22. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1388,8 felld með 10:3 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 10:1 atkv.
25. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 1388,9 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1399,3 felld með 10:5 atkv.
26.—27. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 1399,4 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 1388,10 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 1399,5 felld með 10:5 atkv.
28.—35. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 1388,11 felld með 10:3 atkv.
36. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1399,6 felld með 10:7 atkv.
37.—39. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 1399,7 felld með 10:4 atkv.
40.—56. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1351,5 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 1399,8 felld með 10:4 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður Íslands, 457. mál (þskj. 1339, n. 1387, 1390, 1394 og 1400). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðrún Tryggvadóttir): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed hefur lokið störfum á þessu þingi. Ég vil nota tækifærið til að þakka nm. samstarfið þótt stutt væri. Á síðasta fundi sínum nú í morgun fjallaði nefndin m. a. um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands. Algjör samstaða náðist ekki um málið meðal nm. Því mæli ég hér fyrir áliti meiri hl. n. sem mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. Nd., sbr. þskj. 1394. Eins og menn e. t. v. rekur minni til lagði meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Nd. fram brtt. við 2., 3. og 4. gr. frv. og voru þær till. samþykktar í deildinni átakalaust. Frv. svo breytt er að finna á þskj. 1339. En í ljósi þeirrar staðreyndar að á fundi Sþ. í dag kom greinilega fram að þm. kunna að lesa ætla ég ekki að tíunda þær breytingar frekar.

Undir nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Ed. rituðu hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Tryggvadóttir, Egill Jónsson og Valdimar Indriðason.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Eins og hérna hefur margoft komið fram er hér um þríburamál að ræða, þrjú mál náskyld þar sem móðurstofnunin, Framkvæmdastofnun ríkisins, er lögð niður en þrjár dótturstofnanir verða til og taka við hlutverki og heimildum gömlu stofnunarinnar. Ein af þessum dótturstofnunum er hinn gamli Framkvæmdasjóður sem rekja má allt aftur til Framkvæmdabankans gamla. En nú eiga það að verða örlög hans að ganga niður í vasa forsrh. og eru það æði ömurleg örlög. Þessi sjóður hefur verið undir lýðræðislegri þingkjörinni stjórn í bráðum 20 ár. Ég hef gert grein fyrir því þegar að við Alþb.-menn teljum þessar breytingar til hins verra af ýmsum ástæðum og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök en minni á að við gerum þá till. að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Frsm. 2. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. felur ekki í sér neina raunverulega skipulagsbreytingu aðra en þá að auka á yfirstjórnina með kosningu sérstakrar stjórnar yfir Framkvæmdasjóð einan. Samþykkt þessa frv. nú tefur vafalaust fyrir því að nauðsynleg skref verið stigin til einföldunar á skipulagi þessara mála. Hlutverk þessa sjóðs, eins og það hefur verið og eins og það verður eftir samþykkt þessa frv. og skv. hugmyndum um atvinnuvegasjóði, er hins vegar af því tagi að sjóðurinn getur einfaldlega verið í umsjón fjmrn. án sérstakrar stjórnar eða skrifstofubákns eins og hér er gert ráð fyrir. Ég legg því til að frv. verði fellt.

Frsm. 3. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 3. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. sem er að finna á þskj. 1400. En eins og þar kemur fram leggur 3. minni hl. n. til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. og vísar til efnisraka sem er að finna í nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um Byggðastofnun.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég hef þegar sagt um þau þrjú mál sem hér eru á ferðinni saman. Mér þykir augljóst vera að þau hafi ekki þær breytingar í för með sér sem æskilegar væru og að hér þurfi enn að gæta betur að og fjalla nánar um þessi mál. Það er meginástæða þess að ég legg til að þessu frv., eins og hinum tveimur, verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1387, um rökstudda dagskrá, felld með 10:8 atkv.

Till. á þskj. 1400, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 10:8 atkv.

1. gr. samþ. með 10:7 atkv.

2.—12. gr. samþ. með 10:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. 438. mál (þskj. 742, n. 1395). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar leggur til að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frv. 491. mál (þskj. 1307 (sbr. 915)). — Frh. 3. umr.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1412, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Á þskj. 1412 flyt ég brtt. við frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þ. e. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Till. mín er á þá leið að við ákvæði til bráðabirgða sé bætt nýjum lið þar sem kveðið sé á um það að lögin gildi til bráðabirgða í tvö ár en verði tekin til endurskoðunar þegar á næsta þingi. Meðan lögin gildi skuli framkvæmd þeirra við það miðuð að ríkisstj. tryggi þrjú grundvallaratriði. Þessi atriði eru:

1. Að afurðasölufélög fái rekstrarlán sem geri þeim kleift að standa að fullu skil á greiðslum til framleiðenda skv. ákvæðum laganna.

2. Að áburðarverksmiðjan fái rekstrarlán og aðra þá fyrirgreiðslu er geri henni kleift að selja áburð á verði sem ekki sé hærra en gildi að jafnaði í nálægum löndum.

3. Að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum verði ekki lægri en þær voru að meðaltali árin 1978—1983.

Afstaða okkar Alþb. til þessa frv. hefur komið berlega fram í þessum umr. Við teljum að þetta frv. þurfi nánari athugunar við. Við erum beinlínis andvígir ýmsu því sem í því stendur. T. d. finnst okkur ankannalegt að frv. miðar aðallega að því að færa vald frá bændum og samtökum þeirra til landbrn. Í öðru lagi er að því stefnt að taka upp alhliða samninga milli bænda og ríkisvalds

en samningar þessir eiga þó ekki að snúast um nema einn þátt vandans, þ. e. um framleiðslumagnið. Það virðist ekki eiga að semja um niðurgreiðslur, um tolla eða skatta, ekki um orlofs- eða lífeyrismál, verðlagsmál, áburðarverð eða annað það sem máli skiptir í sambandi við búreksturinn. Þá fyrst væri um alhliða samninga að ræða milli bænda og ríkis þegar samningar fjölluðu um þessa þætti málsins. En auðvitað er það um leið eitt meginatriði frv. að verið er að draga verulega úr útflutningsbótum.

Eins og kunnugt er þá er gert ráð fyrir því að útflutningsbætur lækki í áföngum. Þær hafa verið 12—13% á liðnum árum og hafa stundum farið upp í 15% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Þær voru 12% 1977, 13% 1978, rúm 15% 1979, 12% 1980, 12% 1981 og síðan í kringum 10%. En nú á að færa útflutningsbæturnar í áföngum allt niður í 4% og nota það fjármagn, sem þannig sparast, til uppbyggingar aukabúgreina.

Það er mín skoðun að það sé fullkomlega eðlilegt viðfangsefni að reyna að draga úr útflutningsbótaþörfinni og reyna að nota það fjármagn til uppbyggingar á öðrum sviðum landbúnaðarins. En þá hefði bara þurft að standa öðru vísi að málum en gert hefur verið.

Ef litið er á þróun landbúnaðarframleiðslunnar seinustu árin kemur í ljós að um gífurlegan samdrátt er að ræða í sölu kindakjöts. Á árinu 1983 er talið að kindakjötssalan hafi numið 10 700 tonnum. En hún er komin sennilega niður í 8500 tonn á árinu 1985, hefur lækkað um hvorki meira né minna 2200 tonn á aðeins tveimur árum. Það er mesti misskilningur ef menn halda að það sé einhver tilviljun sem ráði þessu eða það séu breyttar neysluvenjur almennings vegna ótta við hjartveiki sem hér ráði mestu. Það er ósköp einföld skýring á þessu. Hún er einfaldlega sú að varan hefur hækkað í verði hlutfallslega miklu meira en allt annað verðlag í landinu. Hver er svo aftur skýringin á því að kindakjötið hefur hækkað svo mjög í verði? Er það vegna þess að bændur fái meira í sinn hlut en áður var? Nei, þvert á móti. Skýringin er einfaldlega sú að niðurgreiðslur hafa stöðugt verið að lækka.

Ef niðurgreiðslur landbúnaðarvara eru reiknaðar á verðlagi sama árs, eins og gert var í svari viðskrh. við fsp. Hjörleifs Guttormssonar fyrr á þessum vetri þegar hann spurði hverjar hefðu verið niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum umreiknað á verðlag 1984, kemur í ljós að á árinu 1982 námu niðurgreiðslur um 1900 millj. kr. á verðlagi ársins 1984. Á næsta ári á eftir, 1983, fara þær niður í 1300. Á árinu 1984 fara þær niður í 700 og á árinu 1985 stefnir í að þær verði um 530 millj. kr. á sama verðlagi, þ. e. verðlagi ársins 1984. Þær munu verða í kringum 680 millj. á verðlagi þessa árs en sé það umreiknað í verðlag seinasta árs eins og allar hinar tölurnar lætur nærri að við séum komnir með upphæðina niður í 530 millj. Þessa upphæð, 680 millj., fæ ég þannig að ég tek þá upphæð sem er í fjárlögum þegar búið er að draga framlag í Lífeyrissjóð bænda frá og bæti svo við þeim niðurgreiðslum sem nýlega voru ákveðnar. Þá fáum við út í kringum 680 millj. á verðlagi þessa árs sem gerir ekki nema 530 millj. á verðlagi ársins í fyrra. Þá hafa niðurgreiðslur lækkað á aðeins þremur árum úr 1900 millj. kr. og niður í 530. Gífurleg breyting á verðlagi landbúnaðarvara hefur fylgt í kjölfar þessa. Þetta er ósköp einfaldlega skýringin á því að orðið hefur svo feykilegur samdráttur í sölu kindakjöts og raunar á öðrum sviðum landbúnaðarframleiðslunnar sem raun ber vitni.

Ef þessar tölur, sem ég nú nefndi, eru settar upp í súlnarit og þær bornar saman sjáum við að súlnaritið yfir niðurgreiðslurnar er ósköp einfaldlega mjög líkt súlnaritinu yfir samdráttinn í kindakjötsneyslunni innanlands. (**EJ:** Sem hefur aukist ár frá ári.) Nú þykir mér hv. þm. Egill Jónsson segja einkennilegar fréttir. Ég held að ég verði að endurtaka það sem ég sagði áðan og veit að hv. þm. getur ekki hrakið það.

Árið 1983 er talið að kindakjötsneyslan hér innanlands hafi numið 10 700 tonnum skv. upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins. En það er áætlað að á árinu 1984 hafi þessi neysla dottið niður í kringum 9100 tonn og að hún verði á þessu ári í kringum 8500 tonn. Þetta eru allt tölur frá Framleiðsluráði landbúnaðarins. Mér þykir það harla merkilegt ef hv. þm. Egill Jónsson hefur upp á vasann einhverjar allt aðrar upplýsingar en þær sem frá Framleiðsluráði eru komnar.

Ég get líka bent hv. þm. á aðrar heimildir sem benda til hins nákvæmlega sama þó að þar séu tölurnar reiknaðar með dálítið öðrum hætti. Það eru hagtölur mánaðarins sem Seðlabankinn gefur út. Þar eru upplýsingar um sölu á kindakjöti og kemur auðvitað nákvæmlega sami samdráttur þar fram þótt hann sé að vísu reiknaður með öðrum hætti vegna þess að þar eru forsendur aðrar og reikningsárið annað. En það ber satt að segja ekki vott um sérlega merkileg vinnubrögð hv. landbn. Ed. sem hv. þm. Egill Jónsson er formaður fyrir ef sjálfur formaðurinn í n. veit ekki um meginstaðreyndir þessa máls sem við erum að tala um og talar hér bara eins og glópur úr sæti sínu. Sú er meginástæðan fyrir því að við höfum fyrir framan okkur þennan mikla samdrátt í kindakjötsneyslunni að niðurgreiðslurnar hafa verið að dragast saman.

En annað það sem verulegu máli skiptir í þessu sambandi er áburðarverðið sem hefur hækkað allrosalega í seinni tíð. Áburðarverðið hækkaði um 40% í vor þó að verðbólga frá vori 1984 til vors 1985 sé ekki talin vera meiri en 28%.

Sú skýring hefur verið gefin á því að Áburðarverksmiðjan þurfi svo mikla hækkun á áburðarverði í vor sem raun ber vitni að verksmiðjan hafi tekið erlend rekstrarlán í dollurum og dollarinn hafi hækkað meira í verði en aðrar myntir. En ég spyr: Hver bar ábyrgð á þessu? Bera bændur ábyrgð á því? Er þetta gengistap verksmiðjunnar þeim að kenna? Ég tel að stjórnvöld, þ. e. Seðlabanki og ríkisstjórn, beri ábyrgð á því að verksmiðjan fékk ekki innlent rekstrarlán eins og um hafði verið talað eftir reynslu ársins 1983. Ég held að þetta óhapp sem átti sér stað á liðnu ári hefði ekki átt sér stað ef innlent rekstrarlán hefði verið útvegað á árunum 1984 og 1983. Ég tel að miðað við það að tapið hjá Áburðarverksmiðjunni verður fyrst og fremst rakið til þessa óheppilega rekstrarláns sem var í dollurum og dollarinn hækkaði jafnskuggalega og raun ber vitni væri eðlilegast að þetta gengistap Áburðarverksmiðjunnar væri greitt af hagnaði Seðlabankans enda hefur bankinn hagnast stórlega á gengisbreytingum erlendra mynta. Það er auðvitað engin glóra í því að íslenskir bændur, sem hvergi hafa komið nærri, þurfi að taka á sig þetta gengistap.

Ég bendi á það að ef niðurgreiðslur hefðu verið með

eðlilegum hætti eins og var á árunum 1978—1983, ef meðaltal þeirra ára hefði gilt á árinu 1984 og 1985, væri ekki þessi framleiðsluvandi í landbúnaði sem við stöndum núna frammi fyrir og þá væri auðvelt fyrir bændur að taka á sig þessa byrði að fá ekki útflutningsbætur eins og verið hefur nema með þeim miklu takmörkunum sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þá hefði það ekki verið neinn vandi vegna þess að það mikið hefur kindakjötsframleiðslan dregist saman og þá hefðu endar náðst nokkurn veginn saman. En vegna þess að ríkisstj. hefur staðið svona að niðurgreiðslumálum, vegna þess að hún hefur hækkað verð á kindakjöti meira en verðlag á nokkrum öðrum hlut hér innanlands, standa bændur í þessum vanda.

Vegna þess að bændur áttu sér ekki betri forsvarsmenn hér á Alþingi, vegna þess að bændur úr Sjálfstfl. og aðrir forsvarsmenn landbúnaðarins hér á þingi létu það yfir sig ganga að niðurgreiðslur væru lækkaðar svo gífurlega sem raun ber vitni, þess vegna eru bændur komnir í þann vanda sem við stöndum núna frammi fyrir. Þess vegna segi ég: Ef þessi þrjú skilyrði væru uppfyllt sem í þessari till. eru fólgin, þ. e. að ríkisstj. sæi örugglega til þess að afurðasölufélögin fengju nægileg rekstrarlán, Áburðarverksmiðjan fengi rekstrarlán sem gerði henni kleift að komast úr sínum vanda og hún þyrfti ekki að hækka áburðarverðið jafn gífurlega og raun ber vitni og bændur gætu notið áburðarverðs sem væri eitthvað hliðstætt því sem gildir í nálægum löndum og ef niðurgreiðsla á landbúnaðarvörum væri með hliðstæðum hætti og var á árunum 1978—1983, þá væri tiltölulega auðvelt fyrir bændur að taka á sig þá byrði sem þessi nýja löggjöf gerir ráð fyrir. En þegar haft er í huga í hvern vanda ríkisstj. hefur komið bændastéttinni á þann hátt sem ég hef nú lýst og með vaxtastefnu sinni alveg sérstaklega, sem ekki á þarna minnsta sök, þá sér maður ekki annað en að samþykkt þessa frv. verði eitthvert mesta óhappaspor sem nokkurn tíma hefur verið stigið hér á landi gagnvart bændastéttinni og að það hljóti að leiða til gífurlegra þrenginga víða um land meðal bænda með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég er hvatamaður þess að við reynum að ljúka þessum fundi ætla ég ekki að fara öllu fleiri orðum um meginþætti þessa máls þótt ég vissulega hefði löngun til að bæta hér við alllöngu máli. Þetta er viðamikið mál sem þyrfti að ræða miklu ítarlegar. En því miður, við höfum ekki tíma til þess og því verð ég að láta þessi orð nægja. En ég treysti á það að velunnarar landbúnaðarins styðji þessa till. sem ég hef hér flutt.

ATKVGR.

Brtt. 1412 felld með 10:6 atkv.

Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1414).

Breytt nýting útvarpshúss, þáltill. 533. mál (þskj. 1284, n. 1392). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um till. til þál. um breytta nýtingu útvarpshúss. Nefndin varð ekki sammála, en meiri hl. n. mælir með samþykkt till. Undir þetta meirihlutaálit skrifa hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Tryggvadóttir, Valdimar Indriðason og sá er þetta mælir. Þessi meiri hl. mælir með því að till. verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þessi þáltill. fjallar um breytta nýtingu útvarpshúss á þann veg að athugun skuli fara fram á nýtingu þessa húss án þess að athugað sé hvort sjónvarpið skuli vera þarna eða ekki. Í sjálfu sér er meinlaust að láta athuganir fara fram, en í þessari athugunartillögu er tekið fyrir að athugað skuli hvort það henti að sjónvarpið verði í húsinu. Því er ég andvíg. Ég tel að ef verið er að athuga eitthvað um nýtingu hússins sé eðlilegt að athuga einnig hvort heppilegt sé eða æskilegt að sjónvarpið sé þar til húsa og hvað þeim mönnum sem þar starfa finnst um það. Því er ég ekki sammála þessari till. eins og hún lítur út.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Á sínum tíma hafði ég nokkur afskipti af byggingu útvarpshúss, bæði sem menntmrh. og seinna sem fjmrh. Ég var þeirrar skoðunar að húsið væri býsna vel við vöxt og mætti vafalaust haga þar vissum hlutum með meiri hagkvæmni en gert var. Það varð verulegur reipdráttur milli útvarpsins annars vegar og samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir hins vegar um stærð og gerð þessa húss, en vegna þess að Ríkisútvarpið hefur aflað sér tekna með sjálfstæðum tekjustofnum og vegna þess að fyrirtækið er sjálfstæð stofnun í B-hluta fjárlaga og hefur ekki þurft að leita beinlínis í ríkissjóð vegna þessarar byggingar fór það svo að stjórnendur útvarpsins höfðu sitt fram og byggðu sitt hús í trássi við þau fyrirmæli sem gefin voru á sínum tíma af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Núna tilheyrir þetta sögunni og við stöndum frammi fyrir því að húsið hefur verið byggt, sennilega allverulega við vöxt, og útvarpið og sjónvarpið hyggjast flytja í húsið. Ég tel að eins og mál standa nú sé ekki um annað að ræða en láta Ríkisútvarpið koma sér fyrir í þessu húsi með þeim hætti sem það telur sjálfsagðast og eðlilegast. Ég vil ekki hafa þar bein afskipti af þó að ég geti vel tekið undir það sjónarmið flm. till. að vafalaust væri hægt að nýta útvarpshúsið betur en virðist áformað að nýta það.

En með hliðsjón af því sérstaklega að meiri hl. Alþingis hefur samþykkt ný útvarpslög, sem gera ráð fyrir að upp rísi einkastöðvar sem hafi heimild til útvarps- og sjónvarpsrekstrar, og þar sem ég óska Ríkisútvarpinu svo sannarlega alls hins besta í þeirri samkeppni, þá vil ég, líka af þeirri ástæðu, ekki gera neitt það sem þrengir þeirra hag og læt því byggingaráform Ríkisútvarpsins afskiptalaus. Þess vegna get ég ekki stutt þessa till.

ATKVGR.

Till. felld með 8:8 atkv.

Neðri deild, 108. fundur.

Fimmtudaginn 20. júní, kl. 10 síðdegis.

Stálvölsunarverksmiðja, frv. 236. mál (þskj. 1231 (sbr. 312)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1410).

Grunnskólar, frv. 398. mál (þskj. 1376, 1386). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 1386 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HÁ, JS, JBH, KP, ÓÞÞ, PP, PD, StG, SV, StH, ÞS, AS, FÞ, GeirG, NL, GE, IG.

nei: GJG, GA, KÓ, HBl, HG, KH, KSK, ÓE, RH, SJS, SvG, GunnG, ÞP, BÍG, GSig.

8 þm. (GGS, KJóh, MB, MÁM, PS, EH, EBS, FrS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Getraunir Öryrkjabandalags Íslands, frv. 503. mál (þskj. 1409). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í fyrrinótt þegar klukkan var 40 mínútur gengin í tvö var þetta mál tekið á dagskrá og ætlast til þess að ég tæki þá til máls. Eftir að ég hafði látið í ljós mótmæli og krafist þess að umr. yrði frestað vegna fjarvista hæstv. ráðh. féllst hæstv. forseti á að fresta umr. þá um nóttina. Aftur í gærkveldi langt gengin í eitt var þetta mál enn tekið á dagskrá og mér gefið orðið. Þá var hæstv. ráðh. enn fjarverandi og mér hlaust sú ánægja að fá að tala hér yfir auðum stólum í hálfan annan klukkutíma um frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands. Í þriðja skiptið hefst umr. um þetta frv. síðla kvölds og ætlast til þess væntanlega að það fái hér endanlega afgreiðslu í deildinni einhvern tíma upp úr miðnætti ef að líkum lætur þó að ég lofi engu um það.

Ég verð nú að segja það eins og er að mér finnst lítið leggjast fyrir kappana þegar þessu máli er þröngvað í gegn með þeim hætti sem ég hef lýst, þegar helst er ætlast til þess að umr. fari fram að næturlagi þegar hæstv. ráðh., sem flytur þetta mál, hefur ekki fyrir því að vera viðstaddur umr. og á þeim tíma þegar þm. eru lítt við af eðlilegum ástæðum og hafa þess vegna ekki tækifæri til þess að hlýða á rök með og móti þessu máli. Minn málflutningur, herra forseti, þolir dagsbirtu og ég hefði ekki talið óeðlilegt að þetta mál hefði verið tekið til umr. að degi til á venjulegum þingfundartíma og á þeim tíma þegar aðrir þm. hefðu haft tækifæri til að hlýða á mál mitt og taka þátt í þessari umr.

Hér fór fram atkvæðagreiðsla áðan við lok 2. umr. Þar greiddu þm. atkvæði og ég leyfi mér að fullyrða að þau atkvæði voru greidd að lítt athuguðu máli, kannske frekar af tilfinningaástæðum en vegna þess að þeir hafi kynnt sér allar hliðar þessa máls. Vegna þess að ég er enn þeirrar skoðunar að þm. vaði í villu um innihald þessa máls og geri sér enga grein fyrir því um hvað það snýst mun ég enn freista þess að fjalla nokkuð um þetta frv. og endurtaka ýmislegt af því sem ég sagði hér í gærnótt ef vera kynni að einhver gæfi sér tíma til að hlýða á mál mitt.

Það er frekar hvimleitt til lengdar að tala yfir auðum stólum. Mér skilst að einn annar maður hafi verið í salnum þó að ég hafi lítið séð til hans. Hæstv. forseti hér að baki mér sat þar þolinmóður, blessaður, en öðrum þm., sem hér voru staddir í húsinu, þótti tíma sínum betur varið í öðrum húsakynnum og lái ég þeim það ekki þótt menn þreytist þegar sólarhringurinn verður langur, jafnvel þó að stórmál séu á dagskrá. (Gripið fram í.) Nei, ég biðst afsökunar á því, það var einn hv. þm. sem sat löngum stundum hér í salnum og hlýddi á mál mitt af athygli, enda fór það svo að hann greiddi atkvæði á móti þessu frv.

Í dag hafa verið harla einkennilegar umr. og harla sérkennileg fundarstjórn svo að ekki sé meira sagt. Í Sþ. hér fyrst í dag voru mál keyrð í gegn af ofurkappi af hæstv. forseta sem stýrði þeim fundi með harðri hendi og endaði eiginlega fundinn með því að taka fyrir allmörg mál og gefa orðið laust með því skilyrði að enginn tæki til máls. Hann tók það jafnan fram þegar mál voru tekin á dagskrá að hann leyfði því aðeins að þau væru tekin til umr. að enginn fjallaði um þau. Mér finnst það vera sérkennileg breyting og nýbreytni á framkvæmd þingræðis og lýðræðis þegar svo er komið að hér eru helst mál á dagskrá sem enginn má tala um. Það þótti mikil goðgá þegar einhver leyfði sér að kveðja sér hljóðs. Hæstv. forseti fyrtist við. — Ég vil taka fram að ég er ekki að tala um forseta Nd., ég er að tala um forseta Sþ. sem er traustur maður og virðulegur forseti eins og allir vita. En auðvitað gengur svona fundarstjórn út í hreinar öfgar og annað er eftir.

Nú eru hér haldnir fundir síðla kvölds til þess að reka mál hér í gegn og ekkert tóm gefst til þess að skoða mál eða ræða þau, allt undir því yfirskini að búið sé að gera eitthvert samkomulag milli þingflokka um þinglausnir á morgun. Bræðralag samtryggingarinnar er hér alveg á fulli skriði þar sem hver stingur upp í annan og menn gera samkomulag út og suður með sínum vanalegu pólitísku hrossakaupum um það hvaða mál eigi að fara í gegn og hvaða mál eigi ekki að fara í gegn. Það er alveg greinilegt að þetta mál, sem hér er á dagskrá, er í náðinni. Það er greinilegt að það hefur verið samið um það einhvers staðar hér í bakherbergjum í þinghúsinu að þetta mál eigi að fá afgreiðslu því að slíkt ofurkapp á umr. og afgreiðslu þessa máls er með ólíkindum.

Ég hef margspurst fyrir um það hjá ráðamönnum þingflokkanna hvaða ákvarðanir hafi verið teknar um meðferð þessa máls. Þær spurningar hafa ekki komið á óvart því að þessum mönnum er fullljóst að mér stendur ekki á sama um afgreiðslu þessa máls. Ég tel það varða

hagsmuni stórrar fjöldahreyfingar í landinu. Ég upplýsti þá um það að ég vildi tjá mig um málið og reyndi að telja þeim trú um að þetta mál þyrfti miklu betri skoðunar við og væri eðlilegt að fresta því fram til haustsins a. m. k. En það er alveg sama hvað ég hef oft spurt. Ég hef alltaf fengið þokukennd svör um það hvaða meðferð þetta mál ætti að fá. Ýmist hafa menn sagt: Það er meiningin að taka það til umr., það er meiningin að hreyfa því máli, það er verið að sjá til hvernig það gengur.

Það er alveg útilokað að þetta mál nái endanlegri afgreiðslu í báðum deildum. En samt er alltaf gert ráð fyrir því að ég taki til máls þegar klukkan er orðin eitt, tvö og þrjú að nóttunni og ekki linnt látunum fyrr en þetta mál er afgreitt frá einni umr. til annarrar. Þrátt fyrir það að menn hafi verið að gefa það í skyn undanfarna daga að ekkert samkomulag hafi verið gert um það milli þingflokka hver örlög þessa frv. yrðu þá er auðvitað ljóst hvert stefnir. Það er ljóst að hér á að bola þessu máli í gegn þrátt fyrir mjög eindregin mótmæli og ákveðnar athugasemdir, ekki bara hér í þinginu heldur frá hagsmunaaðilum sem þetta mál varðar miklu.

Það hefur ekki farið dult hér undanfarna daga að forsvarsmenn Öryrkjabandalagsins hafa gengið á milli þm. hér í húsinu, sjálfsagt til þess að fylgja eftir sínu máli. Það er ekki verið að lasta það að menn „lobbýeri" hér eins og annars staðar. Fulltrúar íþróttahreyfingarinnar hafa rætt málin, verið kallaðir á fund hjá allshn. og hafa rætt málin að mér skilst við einstaka þm. En það er eins og að tala við vegginn, það hefur ekki nokkur áhrif. Ég get ekki betur séð en það sé svo komið fyrir hv. þingflokkum og ástsælum stjórnmálaflokkum að þeim sé bara alveg nákvæmlega sama um hvaða sjónarmið og hvaða skoðanir, hvaða þarfir séu uppi í þeirri fjöldahreyfingu sem íþróttasamtökin eru. Það hryggir mig satt að segja að stórir flokkar, sem vilja afla sér vinsælda og trausts meðal fólksins og þykjast vera að vinna fyrir fólkið, skuli ekki hafa minnsta áhuga á því að hlusta á það sem fulltrúar stórra samtaka hafa að segja um þetta mál.

Ég hef hér í þessari umr. vakið athygli á því að lög um getraunir Öryrkjabandalags Íslands snerta ekki bara Öryrkjabandalagið. Það snertir hagsmuni og rétt íþróttahreyfingarinnar. Ég hef minnt á það að í gildi eru lög frá 1972 þar sem Íslenskum getraunum er veittur réttur til að reka getraunir sem um ræðir í þessu frv. Það er augljóst mál að þegar öðrum er veittur sambærilegur réttur, nákvæmlega sams konar getraunir, þá rekast hagsmunir á. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að íþróttahreyfingin hefur af því áhyggjur. Af þeim ástæðum hef ég flutt þau sjónarmið hér inn í þessa umr. inn á hið háa Alþingi og reynt að upplýsa menn um það að það frv., sem hér er til umr., er ekki upplagt eða einfalt, það hafi á sér aðrar og fleiri hliðar, það sé aðför að íþróttahreyfingunni. En allt hefur komið fyrir ekki.

Auk þess sem þetta frv. er vissulega atlaga að tekjustofnum íþróttahreyfingarinnar þá hef ég líka bent á að það geti áreiðanlega orðið mikill bjarnargreiði fyrir Öryrkjabandalagið að þessi lög verði samþykkt. Öryrkjabandalagið á allt gott skilið. Innan þess eru fjölmörg samtök þeirra sem búa við margvíslega örorku, elli, vanþroska og ýmiss konar alvarlega sjúkdóma. Vitaskuld þarf bandalag, sem hefur slík félög innan sinna vébanda, að fá dyggan stuðning frá hinu opinbera til að standa undir sínu hlutverki. En ég held að það sé vanvirða og í hæsta máta óeðlilegt að öryrkjar þurfi að búa við þann kost í sínum fjáröflunarmálum að standa í getraunastarfsemi og treysta á lotterí til að starfsemi þeirra gangi með eðlilegum hætti. Mér finnst það nánast móðgun gagnvart Öryrkjabandalaginu að rétta þeim happdrætti, vonarpeninga og segja: Þetta hafið þið, á þessu megið þið lifa. Ég hef þvert á móti haldið því fram að það væri skylda samfélagsins, fyrsta skyldan kannske, að standa við bakið á öryrkjum. Það er það fólk sem þarf helst á hjálp að halda í þessu þjóðfélagi. Ef við þykjumst vera að standa að og standa vörð um velferðarríki á það að vera hornsteinninn í því velferðarríki að ríkið, ríkisvaldið, taki Öryrkjabandalagið upp á sína arma.

Borgarar þessa lands greiða skatta, hafa skyldur gagnvart ríkisvaldinu, og greiða þá yfirleitt með glöðu geði og í þeirri trú að því fjármagni sé varið til samhjálpar og til nauðsynlegrar óhjákvæmilegrar þjónustu í landinu, til að standa undir skólakerfinu, standa straum af kostnaði við sjúkrahúsin og til að styrkja og vernda öryrkjana. Ef ríkisvaldið vanrækir þetta hlutverk sitt og lætur Öryrkjabandalagið t. d. vera hornreku í þjóðfélaginu, hornreku sem þarf að treysta á happdrætti til að lifa, þá er það aumt ríkisvald, þá standa menn ekki í stykkinu og gegna ekki skyldum sínum. Ég óttast það mjög að ef þetta frv. verður samþykkt og Öryrkjabandalagið fái getraunir í sinn hlut verði það enn þá skálkaskjól fyrir ríkisvaldið, fyrir komandi ríkisstjórnir, að segja við Öryrkjabandalagið: Ja, þarna hafið þið peninga, þarna hafið þið tekjustofn, þið þurfið ekki meira fjármagn á fjárlögum, og áfram verði haldið þeirri stefnu, sem því miður hefur verið í gangi allt of mörg ár, að skerða og skera niður þau fjárframlög sem eiga að ganga til Öryrkjabandalagsins í gengum Erfðafjársjóðinn og Framkvæmdasjóðinn.

Ég rakti það hér í gærnótt að þetta frv. vekti upp fjölmargar spurningar sem ástæða væri til að fá svör við í þessari umr. með hliðsjón af þeim afleiðingum sem þetta frv. kann að hafa. Ég geri fastlega ráð fyrir því að flm. þessa frv. hafi hugleitt það mál og gert sér grein fyrir því hvað frv. hefði í för með sér.

Það var ekki von að ég fengi svör við þessum spurningum, sem ég varpaði fram hér og nú, þar sem enginn væri til viðtals, þar sem flm. þessa frv. var víðs fjarri góðu gamni og staðgengill hans var horfinn á braut. Í fyrrinótt féllst hæstv. forseti deildarinnar á það að fresta umr. vegna þeirrar ábendingar minnar að hæstv. ráðh. væri ekki viðstaddur. Í gærkvöldi reyndi ég að sýna tillitssemi og tók til máls þrátt fyrir fjarveru hæstv. ráðh. Jóns Helgasonar, lagði fram ýmsar spurningar í ræðu minni og átti satt að segja von á því að þegar þetta mál kæmi á dagskrá aftur á skikkanlegum tíma mætti búast við því að hæstv. ráðh. væri viðstaddur og upplýsti mig og þingheim um ýmislegt sem ég spurði að. En mínum málflutningi er sýnd sú virðing að greinilega þykir ekki taka því að virða þær spurningar viðlits. En þó er þetta mál svo mikilvægt að það er ætlunin að keyra það hér í gegn með offorsi og láta það hafa algeran forgang jafnvel þótt það taki fram á miðjar nætur dag eftir dag eða sólarhring eftir sólarhring.

Mér finnst þetta ekki fara beint saman. Mér finnst það vera lítil samkvæmni í því að bera þetta mál svo mjög fyrir brjósti að það skuli hafa forgang hér til

afgreiðslu en láta svo ekki svo lítið að vera viðstaddur umr. og svara spurningum sem fram eru bornar. Þetta er hreinn dónaskapur.

Ég vil nú enn freista þess að varpa fram þessum spurningum í þeirri von að ég fái einhver svör við þeim áður en þessari umr. lýkur. Ég hef spurt um það hvaða áætlanir liggi fyrir um tekjumöguleika Öryrkjabandalagsins ef þetta frv. verður samþykkt. Hvað gera menn ráð fyrir því að mikið fé aflist með þessum hætti? Einhverjar hugmyndir hljóta menn að hafa um það. Varla væri þetta svo stórt og mikið mál og brennandi hagsmunamál fyrir Öryrkjabandalagið nema þeir gerðu sér miklar vonir um það að af þessu hefðust miklir peningar. Hverjar eru þær áætlanir? Þær hljóta að hafa verið lagðar fyrir ráðh. og fyrir ríkisstj. þegar hann og ríkisstj. ákveður að flytja þetta mál og keyra það hér í gegn.

Ég hef spurst fyrir um það hvernig Öryrkjabandalagið hefur hugsað sér að ráðstafa þessu fé. Ég geri mér fullljósa grein fyrir því að þar eru ærin verkefni og það vantar áreiðanlega fjármagn til margvíslegrar starfsemi, til húsakaupa og annars aðbúnaðar fyrir Öryrkjabandalagið. Sjálfsagt er því af nógu að taka. En sú spurning er engu að síður áleitin: Hvaða áætlanir eru uppi hjá Öryrkjabandalaginu um ráðstöfun á þessu fé eða skiptingu á þessu fé milli einstakra félaga innan bandalagsins?

Í Öryrkjabandalaginu eru fjölmörg félagasamtök sem nú þegar reka getraunastarfsemi og happdrættisstarfsemi — ég held að það sé aðallega happdrættisstarfsemi — og njóta enn fremur margvíslegrar opinberrar aðstoðar og hafa fasta tekjustofna. Ég hefði haldið að það væri áhugamál Alþingis og stjórnvalda að gera sér grein fyrir því hvernig ætlunin er að ráðstafa þessu fé, hvar á að bera niður, hvaða hóp á að hjálpa fyrst o. s. frv. Um þetta hljóta að liggja fyrir einhverjar upplýsingar.

Ef ríkisvaldið hefur tekið þá stefnumótandi ákvörðun að heimila líknar- og mannúðarsamtökum af þessu tagi að fara af stað með getraunastarfsemi þá hlýtur það að vera gert með það í huga að breyta öðrum þeim tekjustofnum, öðrum fjárveitingum sem hingað til hafa gengið til þessa bandalags og til þessarar starfsemi. Ég spyr því: Á þá að endurskoða eða breyta t. d. almannatryggingakerfinu að því er varðar bætur til öryrkja? Á að skera niður fjárveitingar til þessa fólks og þessara samtaka? Á að breyta lögum sem lúta að opinberri aðstoð við öryrkja? Það eru fjölmörg lög sem eru í gildi um samskipti ríkis og Öryrkjabandalagsins og mun ég upplýsa þingheim hér um það á eftir með því að lesa þessi lög til frekari fyllingar mínu máli. En ég hlýt að álykta sem svo að gert sé ráð fyrir því að breyta ýmsu vegna þess að hér er um að ræða stefnumótandi ákvörðun. Hér er um stefnumótandi frv. að ræða sem felur það í sér að hæstv. ríkisstj. ætlast til þess að Öryrkjabandalagið njóti framvegis tekna sinna af almennri happdrættis- og getraunastarfsemi.

Ég held líka að það hljóti að vera ákvörðun ríkisstj. með þessu frv. að breyta að einhverju leyti afstöðu sinni til ýmissa frjálsra samtaka. Ég hef vakið athygli á því að með samþykkt þessa frv. verða hagsmunaárekstrar við önnur frjáls félagasamtök. Er þá kannske ætlunin hjá ríkisstj. að veita íþróttahreyfingunni, fjömennustu fjöldasamtökunum í landinu, einhverja annars konar aðstoð til þess að bæta þeim upp þann skaða sem hlýst af því að fleirum en íþróttahreyfingunni er heimilað að reka getraunastarfsemi? Ber að líta á þetta frv. sem fordæmi um að aðrir geti komið á eftir? Verður það svo í framtíðinni að öllum verði heimilt að reka happdrætti og getraunastarfsemi? Það er sjónarmið út af fyrir sig.

Einn hv. þm. ræddi það hér við mig í fullri alvöru að það væri í sjálfu sér óeðlilegt og bryti jafnvel gegn hinni alkunnu fjálshyggju að verið væri að setja lög þar sem tilteknum samtökum væri heimilað með einhverjum einkarétti að reka starfsemi af þessu tagi. Það er, eins og ég segi, sjónarmið út af fyrir sig. Kannske á ekki að vera að veita neinum sérstökum slíkan rétt, það eigi bara hver sem er að geta farið af stað með happdrætti þegar honum sýnist og svo eigi bara samkeppni og markaðurinn að ráða því hver beri hvað úr býtum. Þetta er kannske fyrsta skrefið til að opna þetta, ég veit það ekki.

Það er ljóst að það eru fleiri sem sækja inn á þennan markað og vilja gjarnan nýta sér þann möguleika að geta sett af stað talnahappdrætti og getraunir af þessu tagi. Upplýst er að Háskóli Íslands hefur mikinn áhuga á því og sömuleiðis skátahreyfingin. Það eru fjölmörg líknar- og mannúðarsamtök í landinu sem berjast í bökkum fjárhagslega og mundu svo sannarlega vilja fara þessa leið. Úr því að menn vilja veita Öryrkjabandalaginu aðstoð með þessum hætti, með því að láta það lifa af happdrætti og vonarpeningum, af hverju þá ekki að fallast á það að önnur sambærileg samtök fái sama rétt? Hvað er það sem segir að Öryrkjabandalagið og íþróttahreyfingin eigi ein að fá að sitja að þessu?

Það væri út af fyrir sig fróðlegt líka að fá upplýst frá hæstv. dómsmrh. hvaða athuganir hafa verið gerðar á happdrættismarkaðinum hér. Nú getur enginn farið af stað með happdrætti nema fá leyfi hjá hæstv. ráðh. og einhver stýring hlýtur að vera á því, einhverjar upplýsingar hljóta að liggja fyrir um það hvernig þessi happdrætti ganga. Væntanlega gera menn ráð fyrir því að hér séu álitlegar upphæðir í seilingu úr því að svona mikil áhersla er lögð á það að Öryrkjabandalagið fái réttinn til rekstrar getraunastarfsemi.

Mér er hins vegar sagt að happdrætti almennt talað sé að dragast saman, það verði sífellt erfiðara að láta þau dæmi ganga upp. Jafnvel stóru happdrættin kvarta undan versnandi afkomu og minni sölu. Fjölmörg smærri samtök, sem efla til minni háttar happdrætta, þykjast jafnvel góð með að sleppa á sléttu. Ég held að það hefði verið fyllilega ástæða til þess þegar mál sem þetta er borið fram af hæstv. ríkisstj. að dómsmrn. hefði látið kanna þennan markað til að gera sér grein fyrir því hvað hann þolir.

Í bréfi, sem Öryrkjabandalagið sendi dómsmrh. og ég hef hér einhvers staðar undir höndum, er gerð grein fyrir þeirri ósk Öryrkjabandalagsins að það fái heimild til reksturs getraunastarfsemi. Þetta bréf er upp á tvær síður, skrifað 8. maí s. l. Ef þetta bréf er það eina sem liggur að baki þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstj. að fara af stað með þetta frv. þá finnst mér það með eindæmum illa undirbúið. Slík bréf, sem Öryrkjabandalagið hefur sent frá sér til hæstv. ráðh., hefur Öryrkjabandalagið áreiðanlega sent tugum og hundruðum saman áður til fjvn. Alþingis um aðstoð fyrir sig og sína. Þar er gerð grein fyrir því hvaða félög séu innan Öryrkjabandalagsins. Það er upplýst hvernig ástandið var 1964 í húsnæð-

ismálum öryrkja og vitnað til könnunar sem gerð var á þeim tíma, þ. e. fyrir 21 ári síðan. Þar er stiklað á mjög stóru um það hvaða áform Öryrkjabandalagið hafi um byggingu íbúðarhúsnæðis og upplýst hvaða starfsemi er nú á vegum þess. En það er ekki eitt einasta orð í þessu bréfi um það hvað Öryrkjabandalagið hafi gert til undirbúnings þessa máls. En ég efa það ekki að áður en hæstv. ráðh. lagði þetta mál fram hefur hann kynnt sér það. Hann hefur sjálfsagt kynnt sér hvaða vélabúnað, tækjakost og aðstöðu Öryrkjabandalagið hefði til þess að fara af stað með svona starfsemi, hvernig hugmyndir þess eru um sölu, dreifingu og um rekstur þessa fyrirtækis sem óhjákvæmilega hlýtur að verða stofnað í kringum þessa getraunastarfsemi.

Ég get ekki ímyndað mér annað en hæstv. ráðh. hafi einnig kynnt sér það getraunastarf sem í gangi hefur verið hér í landinu í 13 ár til þess að átta sig á því hvernig að þeim málum er staðið, hvaða vinnu það kostar og hvaða hagnaður er af því. Skv. lögum frá 1972 var Íslenskum getraunum veittur réttur, eins og ég hef sagt áður, til að reka getraunastarfsemi, þ. e. knattspyrnugetraunir annars vegar og talnahappdrætti hins vegar, svokallað lottó. Því fyrrnefnda var hleypt af stokkunum strax á árinu 1972 en íþróttahreyfingin ákvað að doka við með að hefja rekstur á svokölluðu lottói meðan knattspyrnugetraunin væri að festast í sessi vegna þess að þar töldu menn að til árekstrar gæti komið og það væri nauðsynlegt að byggja upp fyrst knattspyrnugetraunirnar áður en haldið yrði af stað með lottó í beinni samkeppni við hina fyrrnefndu.

Knattspyrnugetraunirnar eru í stórum dráttum reknar þannig að það eru íþróttafélögin sem standa fyrir nánast allri sölu og dreifingu á miðum. Það starf er unnið af hundruðum og þúsundum manna í sjálfboðavinnu um allt land. Um hverja helgi 8 eða 9 mánuði ársins koma tugir manna í hverju félagi fyrir sig saman, taka við miðum, selja þá, dreifa þeim og safna þeim saman á nýja leik, stokka þeim upp, raða þeim upp o. s. frv.

Það er alveg með ólíkindum hvað menn leggja mikið á sig í slíku sjálfboðaliðastarfi í þágu sinna félaga. Hver söluaðili fær 25% í söluþóknun af hverjum miða og safnast þegar saman kemur. Það má kannske segja að menn geti haft misjafnlega mikið upp úr krafsinu eftir því hvað þeir selja mikið, en sum félögin, sem þannig kalla til starfa sjálfboðaliða helgi eftir helgi, hafa kannske 10—15 þús. kr. upp úr krafsinu eftir vikuna. En samt leggja menn þetta á sig af því að þeir eru að vinna í þágu æskunnar og íþróttastarfsins.

Þetta er ósérhlífið starf sem hefur skilað sér í því að betur er búið að æskunni. Íþróttafélögin eru betur í stakk búin til að sinna henni og gegna því þar með mjög mikilvægu uppeldishlutverki í þjóðfélaginu, uppeldisstarfi sem engan veginn er metið að verðleikum. Það er gegn þessu mikla og merkilega starfi sem nú er verið að ráðast til atlögu með því að hleypa öðrum inn á þennan markað. Auðvitað verða íþróttamenn að sætta sig við samkeppni og þeir eru vanir því að keppa. Annars er auðvitað ekkert við því að segja, en ég hef áhyggjur af afleiðingunum. Ég held að í þessu dæmi muni hver kroppa augun úr öðrum. Ég held að það sé ekki skynsamlegt gagnvart Öryrkjabandalaginu og öryrkjunum að ætlast til þess að þeir standi í slíkri samkeppni og þeir hafi mikla peninga út úr því. Ef þeir hafa ekki mikla peninga út úr því er þetta mál ekki þess virði að verið sé að fara af stað með það sem einhvern óskaplegan vonarpening sem eigi að bjarga öllu hjá Öryrkjabandalaginu.

Nú fyrir skömmu ákvað stjórn Íslenskra getrauna að kanttspyrnugetraunirnar væru búnar að festa sig það vel í sessi að ástæða væri til að hefja starfrækslu á hinu svokallaða lottói, þ. e. talnahappdrætti, sams konar starfsemi og þetta frv. gerir ráð fyrir að falli í skaut Öryrkjabandalagsins. Í því skyni að undirbúa það mál sem allra best hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf. Menn á vegum Íslenskra getrauna hafa farið til annarra landa til að kynna sér hliðstæðan rekstur. Það er búið að leggja í allverulegan kostnað, tækjakaup, ráða starfsmenn, koma sér upp húsnæði og leggja sem sagt mikla vinnu í það að hefja lottó. Þetta starf hefur allt verið unnið í þeirri góðu trú að íþróttahreyfingin hefði réttinn á því að reka slíka getraunastarfsemi, slíkt talnahappdrætti, og að hún fengi að vera í friði með hana, a. m. k. fyrst um sinn.

Ég hef hér undir höndum skýrslu sem samin er af Jóhanni Gunnarssyni sem er núverandi formaður Siglingasambands Íslands. Jóhann samdi þessa skýrslu eftir ferðalag sem hann tókst á hendur fyrir Íslenskar getraunir til Finnlands, Svíþjóðar og sennilega Noregs líka. Það segir í þessari skýrslu að getraunastarfsemi hafi hafist í Finnlandi 1940. Stofnað var um hana félag sem þróast hefur smátt og smátt yfir í Veikhaus eins og það er nefnt. Það segir að 21 íþróttasamband hafi staðið að fyrsta félaginu sem fór svo að styrkja aðra starfsemi en íþróttir. Jafnframt jók það tekjur sínar með því að taka upp fjölbreyttari happdrættisstarfsemi. Hann telur að lottó hafi hafist í Finnlandi árið 1971 á vegum þessa fyrirtækis, Veikhaus, og lottó er nú 61% af veltu þess fyrirtækis. En hann segir hér í sinni skýrslu, með leyfi forseta: „Með tilkomu þess“ — þ. e. lottósins — „dró nokkuð úr tekjum getrauna.“

Hann rekur síðan í þessari skýrslu fyrirkomulag þessara mála, hvernig miðar eru útbúnir og útfylltir og hvernig þeim sé dreift og hvernig dráttur fer fram. Ég held að það sé forvitnilegt áður en lengra er haldið að ég lesi hér smákafla upp úr skýrslunni þannig að þingheimur sé upplýstur um það hvað lottó er. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Svo sem kunnugt er gengur lottó út á það að giska á nokkrar tölur úr tiltekinni röð. T. d. er merkt við sjö tölur á bilinu 1—37 á finnska seðlinum en sex tölur af 49 á þeim franska. Þetta er sem sagt breytilegt eftir stærð markaðarins og því hvernig óskað er að vinningar falli. Á hverjum seðli eru oftast fleiri en einn reitur eða röð, t. d. er sá finnski með 10 röðum auk þess sem hægt er að velja kerfi og eins að láta seðilinn gilda í fleiri en eitt skipti. Talnafjölda og vinningshlutfall þarf að reikna út miðað við áætlaða þátttöku á hverjum stað svo að leikurinn verði hæfilega eftirsóttur.

Vinnugangur lottóvikunnar er eiginlega hinn sami og í Getraunum og þarf því ekki að eyða að honum mörgum orðum. Hvort tveggja er rekið samhliða hjá Veikhaus og sömu vélar notaðar við úrvinnslu. Skiladagur er fimmtudagur hjá eigin söluskrifstofum en miðvikudagur hjá umboðum. Hefst þá uppgjör við umboð og ljósmyndun seðla. Er þessu lokið síðdegis á föstudag og myndir af seðlum þá afhentar eftirlitsmönnum hins opinbera sem hafa til umráða rammgerð-

ar öryggisgeymslur í byggingunni. Vinnsla er ekki nema að nokkru leyti vélvædd enn þá en víðtæk endurskipulagning er í undirbúningi. Starfslið er að miklum hluta konur í hlutastarfi. Dráttur fer fram á laugardögum og er sýndur í sjónvarpinu. Er það talið hafa mikið auglýsingagildi enda mikið horft á þennan stutta dagskrárlið. Ég held að hann taki ekki nema 1—2 mínútur." Síðan segir Jóhann frá því að hann hafi fylgst með drætti í sjónvarpinu og fjallar síðan um það nánar í þessari greinargerð sem ég hirði ekki um að tíunda.

„Á mánudögum hefst síðan leit að vinningsseðlum. Er þá öllum seðlum rennt öðru sinni í gegnum sömu vélar og notaðar voru til að ljósmynda þá frá vikunni áður. Koma seðlar með 6—7 réttum tölum í einn vasa og 4—5 réttum í annan o. s. frv. Alltaf eru einhverjir seðlar ólæsilegir í vélum og eru þeir þá skoðaðir í höndunum. Miklu máli skiptir að finna fljótt hvort einhver hafi réttar tölur því að ef svo er ekki verður stærri pottur í næstu viku. Seðlar með 6 og 7 réttum eru því skoðaðir í höndum strax á mánudagsmorgun. Eru til þessara nota búin til sérstök form til að leggja yfir seðlana. Virðist þetta ganga fljótt og vera furðu öruggt. Þótt mistök verði er það ekki alvarlegt því að í fyrsta lagi eru vinningsseðlar skoðaðir aftur a. m. k. tvisvar auk yfirferðar fulltrúa yfirvalda og í öðru lagi getur vinningshafi sent inn mótmæli og krafist réttar síns.

Þegar allir vinningsseðlar eru fundnir, venjulega á þriðjudagskvöldi, eru þeir afhentir eftirlitsmönnum sem bera saman seðla og filmur. Seðlar með háum vinningum eru skoðaðir nákvæmlega hver og einn en lægri vinningur með úrtaki. Veikhaus hefur þann hátt á að senda vinningsupphæðir heim með póstgíró. Er þetta nokkuð dýrt, eða um 2.5 mörk á sendingu, enda er nú verið að athuga möguleika á að greiða lægri vinninga í gegnum umboðið. Hæstu vinningar eru ekki greiddir út fyrr en að 7 vikna kærufresti liðnum enda gæti kæra leitt til breytinga á vinningsupphæðum í þeim flokki. Ekki er skylda að setja nafn og heimilisfang á seðlana svo að erfitt getur reynst að koma öllum vinningum til skila. Allt er samt gert sem unnt er til þess að svo verði. Er það liður í þeirri viðleitni að viðhalda með almenningi trausti á fyrirtækinu, en það er að sjálfsögðu mikilvægt söluatriði."

Þetta er ég nú að rekja, herra forseti, til að upplýsa hv. alþm. um að þetta mál er ekkert mjög einfalt. Þetta er flókið í sniðum og margbrotið og krefst mikils starfskrafts og verulegs fjármagns til að hleypa af stokkunum. Það þarf mikinn mannafla til að standa fyrir dreifingu. Sannleikurinn er sá að að því er varðar þá getraunastarfsemi sem verið hefur í landinu hér undanfarin 10—12 ár, þá hefði verið útilokað fyrir íþróttahreyfinguna að hafa einn einasta eyri upp úr þessari starfsemi nema vegna þess að hún byggist á sjálfboðaliðastarfi, nema vegna þess að hundruð og þúsundir manna um allt land leggja sig fram um að vinna fyrir sín samtök í þágu æskunnar til þess að bera úr býtum nokkur hundruð, nokkur þúsund, 10— 20— 30 þús. kr. eftir atvikum.

Ég er ansi hræddur um það að ef aðrir ætla að fara af stað með sambærilega getraunastarfsemi, hvort sem það eru knattspyrnugetraunir eða lottó, þá verði það borin von að tekjur hafist upp úr því vegna þess að slíkir seðlar þurfa að komast í hendur viðskiptavinanna og seljast og reynslan sýnir að það þarf að bera þessa seðla til fólksins, það þarf að halda þessum miðum að fólki til þess að það fáist til að kaupa þá. Öðruvísi gengur þetta ekki. Það er jafnvel reynslan þrátt fyrir að Getraunir hf. hafi eflst mjög og þar séu verulegar vinningsupphæðir í húfi og fólk geti hagnast mjög myndarlega á því að hreppa fyrsta vinning. Vinningar hafa farið yfir hálfa millj. á einni viku. En samt eru tekjurnar ekki meiri en þær að lítið yrði eftir ef sjálfboðaliðastarfið væri ekki undirstaða að allri þessari starfsemi. (**HBl:** Svo eru sérstakir peningar sem hjálpa manni að krossa við.) Það er þegar viðskiptamaðurinn og sá sem spilaði í happdrættinu er búinn að fá seðilinn í hendurnar. Þá geta menn auðvitað haft ýmsar aðferðir til þess að finna réttu tölurnar og hreppa hnossið. Menn hafa notað teninga og ýmsar aðrar aðferðir til að komast að þeirri tölu sem veitir þeim stóra vinninginn. (**HBl:** Eru ekki áttstrendingar notaðir?) Það má nota átthyrninga og það má nota ferhyrninga og það má nota teninga og það eru fjölbreyttar aðferðir, eins og ég segi, sem menn brúka í þeim efnum. En það notar enginn átthyrning eða teninga eða neinar slíkar kúnstir ef þeir fá ekki seðlana í hendurnar, ef ekki er komið með happdrættisseðlana, lottóseðlana, inn fyrir dyr hjá hverjum og einum.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar og ítreka það enn einu sinni að hér er verið að gera Öryrkjabandalaginu mikinn bjarnargreiða með því að veita því þennan rétt sem flm. og aðstandendur þessa frv. halda greinilega að sé einhver fjársjóður. (**HBl:** Aðalatriðið er sem sagt að koma seðlunum heim til þeirra.) Það skiptir náttúrlega miklu máli, hv. þm., að maður fái happdrættismiðann í hendurnar ef maður ætlar sér að hljóta vinning. Ég held að við hljótum að vera sammála um það þó við séum kannske ekki eins miklir lukkunnar pamfílar þegar við spilum. (Gripið fram í.) Ég kann miklu betur við það að menn standi hér og spjalli við mig. Það er miklu líflegra fyrir mig að halda ræðu ef þessum samræðum heldur áfram og ég þakka kærlega fyrir þær og hef ekkert á móti þeim. (**Forseti:** Forseti er nú ekki á sama máli og hv. ræðumaður.) Nei, mér datt það nú í hug, þess vegna vildi ég vekja athygli á því og vekja hann kannske. (**Forseti:** Og það var komið að því að forseti gripi inn í. Hér með er hv. skrifari deildarinnar áminntur um að vera ekki með frammíköll um of.) (**HBl:** Má biðja um betri skýringar á því sem um var verið að fjalla?) Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um það að það veitir ekki af að skýra þetta mál og ég er fús til þess að skýra hvert eitt smáatriði í þessum málum þegar um það er spurt og er tilbúinn til þess að svara þeim fsp. hér í alla nótt ef því er að skipta.

Að öllu gamni slepptu þá er mér enginn hlátur í hug þegar ég er að fjalla um það frv. sem er á dagskrá. Ég hef rakið hér lauslega hvernig slík starfsemi er rekin erlendis og hvaða tækjabúnað og aðstöðu þarf að hafa til að skapa skilyrði til þess að menn geti farið af stað með getraunastarfsemi. Þetta hef ég gert vegna þess að ég hef margsinnis innt eftir því hjá hæstv. ríkisstj., hjá hæstv. ráðh., hvort ekki sé alveg öruggt að Öryrkjabandalagið hafi lagt fram upplýsingar um sinn undirbúning að þessu máli og hvernig að starfseminni skuli staðið vegna þess að ég tel það vera forsendu fyrir því hvernig þetta frv. komst á koppinn. Mér finnst útilokað að slík frumvörp séu flutt og borin fram nema slíkar upplýsingar liggi fyrir.

Hér gengur nú staðgengill hæstv. dómsmrh. í salinn. (**Forsrh.:** Hann er búinn að vera í salnum svo að segja í allt kvöld.) Jú, ég hef tekið eftir því, jafn myndarlegur maður og hann er. Þá er kannske tækifæri mitt til að beina orðum mínum til hans og spyrjast fyrir um það hvort hann hafi svar við því sem ég er að fjalla hér um í kvöld. (**Forsrh.:** Ég verð að komast í ræðustólinn til þess að svara.) Já, en spurningin er þá sú áður en lengra er haldið hvort herra forseti mundi gera hlé á ræðu minni meðan ráðh. svarar ýmsu því sem ég hef verið að varpa hér fram. Ég er margsinnis búinn að varpa þessari spurningu fram, ég er búinn að gera það við 2. umr., ég er búinn að gera það við 3. umr. og menn hafa ekki virt mig svars og varla verið við. Nú held ég að það sé kominn tími til að ég fái svör við spurningunum áður en ég held áfram þessari ræðu því að það má vel vera að ýmislegt, sem ég hef hugsað mér að segja á næstu stundarfjórðungum, þurfi ekki að koma fram í mínu máli ef svörin eru fullnægjandi. Það gæti þá kannske sparað tíma að ég geri hlé á máli mínu meðan ráðh. talar, enda mundi það þá vera á þeirri forsendu að það væri ein og sama ræðan þegar ég tæki aftur til máls. Ég væri þá ekki búinn að nýta seinni ræðutíma minn í það að fylgja eftir þeim upplýsingum sem hæstv. ráðh. mundi þá láta mér í té. (**Forseti:** Út af þessum ummælum hv. ræðumanns úrskurðar forseti ekki að hann skuli hætta ræðu sinni. Það verður hv. þm. að ákveða sjálfur. Forseti ákvarðar heldur ekki hvort hæstv. dómsmrh. tekur til máls eða ekki, það verður hann að ákveða sjálfur hvort hann gerir eða ekki.) Ég tek þetta sem svo að hæstv. forseti fallist ekki á það að ég geri hlé á ræðu minni svo að ég mun þá halda áfram og láta skeika að sköpuðu um það hvort ég fjalli hér um ýmis málefni sem ella væri óþarfi.

Hv. allshn. sendi þetta frv. ekki til skriflegra umsagna hjá einum eða neinum. En hún kallaði á sinn fund fulltrúa Öryrkjabandalagsins sem eðlilegt er, svo og fulltrúa Íþróttasambands Íslands og getrauna íþróttahreyfingarinnar og þar að auki fulltrúa Háskóla Íslands. Það er athyglisvert að allir þeir fulltrúar, sem nefndin kallaði til sín, mæltu eindregið gegn samþykkt þessa frv. Nú hefði maður haldið að hv. allshn. hefði kallað á sinn fund menn sem hún teldi málsmetandi og hún hefur varla farið að kalla í fulltrúa þessara samtaka og stofnana nema af því að hún vildi hlýða á mál þeirra og taka mið af þeim sjónarmiðum sem þar kæmu fram. Annars hefði alls ekki tekið því að vera að kalla þessa menn á fund nú. En hún gerir mönnunum boð og býður þeim að koma til fundar við nefndina. Þeir ganga á fund nefndarinnar í þeirri trú að það skipti einhverju máli hvað þeir segja og undirbúa sína komu eins og kostur er miðað við stuttan fyrirvara og lýsa því út frá sjónarhóli sinna samtaka og sinna stofnana að það sé mjög vafasamt allra hluta vegna að þetta frv. fái samþykki. Engu að síður ákveður meiri hl. n. að leggja til að frv. verði samþykkt. M. ö. o. féllst meiri hl. n. ekki á þær röksemdir og þau sjónarmið sem fram komu gegn þessu máli.

Til upplýsinga fyrir þá þm. sem hlýða á mál mitt vildi ég leyfa mér, með leyfi forseta, enn og aftur að lesa þær skriflegu umsagnir sem síðar hafa komið, annars vegar frá íþróttahreyfingunni og hins vegar Happdrætti Háskóla Íslands. Í umsögn Íþróttasambands Íslands segir, með leyfi forseta:

„Í tilefni frv. til laga sem nú liggur fyrir Alþingi um getraunastarfsemi á vegum Öryrkjabandalags Íslands óska stjórnir Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Íþróttanefnd ríkisins að vekja athygli yðar á eftirfarandi:

Skv. lögum nr. 59/1972 hafa Íslenskar getraunir einkaleyfi til starfrækslu getrauna, bæði íþróttagetrauna og talnagetrauna. Enda þótt hið nýja lagafrv. geri ráð fyrir notkun bókstafa í stað talna má öllum vera ljóst að með samþykkt þess væri spillt svo þeirri hugsun og grundvelli sem liggur að baki starfsemi Íslenskra getrauna að jaðrar við afnám þess réttar sem íþróttahreyfingunni var veittur með lögunum frá 1972.

Fram að þessu hafa Íslenskar getraunir afmarkað starfsemi sína við íþróttagetraunir, þ. e. úrslit kappleikja, en undanfarin ár hefur verið í undirbúningi að koma jafnframt á fót talnagetraunum eins og lög heimila. Hefur í þeim tilgangi verið aflað víðtækrar vitneskju um reynslu íþróttahreyfinga annarra landa á þessu sviði. Undirbúningurinn er nú á því stigi að síðla sumars er áformað að talnagetraunir hefji starfsemi sína. Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn og unnið er að því að undirbúa starfsaðstöðu og daglegan rekstur.

Öllum er ljós erfið fjárhagsstaða íþróttahreyfingarinnar og á það jafnt við um einstök félög sem heildarsamtök. En með lögunum um Íslenskar getraunir var skapaður ákveðinn réttur til að afla fjár til stuðnings íþróttastarfseminni í landinu. Tilkoma annarrar getraunastarfsemi þótt bókstafakerfi væri notað verður því nánast að skoða sem aðför að þeirri starfsemi sem fyrir er og verið er að undirbúa. Við viljum því eindregið vara við samþykkt þessa nýja frv. og förum þess eindregið á leit við hv. alþm. að ekki verði rasað um ráð fram í þessu máli.

Allir viðurkenna vandamál öryrkja og þarfir þeirra fyrir bætta aðstöðu. Eitt vandamál er þó ekki farsælt að leysa með því að spilla svo fyrir öðru að ekki sjái fyrir afleiðingar þess. Það eru því ákveðin og samhljóða tilmæli okkar að margnefnt frv. verði lagt til hliðar í núverandi mynd og lausnir fundnar á vandamáli öryrkja án þess að valda þeirri röskun og ófyrirsjáanlegu tjóni sem hér hefur verið gert að umtalsefni."

Undir þetta skrifa Sveinn Björnsson fyrir hönd Íþróttasambands Íslands, Pálmi Gíslason fyrir hönd Ungmennafélags Íslands, Valdimar Örnólfsson fyrir hönd Íþróttanefndar ríkisins og Jón Ármann Héðinsson fyrir hönd Íslenskra getrauna.

Þarna kemur fram það sjónarmið, sem ég hef nú hér fyrr í ræðu minni gert að umtalsefni og skiptir kannske meginmáli, að íþróttaforustan óttast að til árekstra komi milli Öryrkjabandalagsins annars vegar og íþróttahreyfingarinnar hins vegar ef báðir aðilar eru að starfrækja sambærilega happdrættisstarfsemi. Þeir segja og taka fram að þeir viðurkenni vandamál öryrkja og þarfir þeirra fyrir bætta aðstöðu en bæta því hins vegar við að eitt vandamál eigi ekki að leysa með því að spilla svo fyrir öðru að ekki sjái fyrir afleiðingar þess.

Ég held að allir taki undir það að Öryrkjabandalagið á allt gott skilið og þar eru miklar knýjandi þarfir og þar þarf vissulega að bæta úr. Ég held að allir góðviljaðir og sanngjarnir menn séu tilbúnir til þess að hlaupa undir bagga og gera átak til að tryggja fjárhagsstöðu Öryrkjabandalagsins þannig að það geti a. m. k. sinnt þeim lágmarkskröfum sem til þess eru gerðar og ráðist í þær

byggingar sem gerð er grein fyrir í bréfi bandalagsins frá 8. maí s. l. til hæstv. dómsmrh.

Þessi málflutningur minn beinist ekki að því að eyðileggja fyrir Öryrkjabandalaginu. Hann beinist ekki að því að draga fjöður úr þess hatti eða spilla fyrir framgangi góðra málefna. Ég er fyrst og fremst að rekja fleiri hliðar þessa máls og vara við því að etja þessum ágætu samtökum saman vegna þess að ég held að það spilli fyrir báðum. Ef menn af ímyndaðri góðvild vilja hleypa frv. um getraunir Öryrkjabandalagsins í gegn þá er það bjarnargreiði gagnvart Öryrkjabandalaginu og leiðir til tjóns fyrir íþróttahreyfinguna. Þetta veldur mönnum áhyggjum vegna þess að þeir hafa engan áhuga á því að standa í samkeppni við jafn ágæt samtök og Öryrkjabandalagið.

Íþróttahreyfingin vill gjarnan standa sem mest á eigin fótum með sjálfstæðan fjárhag og hefur alla burði til þess að virkja sína fjölmörgu félagsmenn til margvíslegra átaka, ekki aðeins inni á íþróttaleikvöngunum heldur líka í félagsstarfi m. a. með fjáröflun. Ég hef rakið það hvernig sá kraftur félagsmanna hefur verið virkjaður í getraunastarfseminni til góðs fyrir íþróttafélagið. En íþróttahreyfingin hefur áhyggjur af því, ekki aðeins að spónn verði tekinn úr aski hennar þegar fleiri komast inn á þennan sama markað, heldur líka að það þurfi að etja kappi við Öryrkjabandalagið og kannske sitja undir ásökunum um að spilla fyrir Öryrkjabandalaginu, draga úr tekjumöguleikum þess af væntanlegri getraunastarfsemi, og hefur þess vegna bent á að farsælla væri að veita Öryrkjabandalaginu aðstoð með öðrum og myndarlegri hætti en vonarpeningi sem þessum.

Í greinargerð, sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur sent frá sér dags. 23. maí, segir með leyfi forseta:

„Vegna frv. til laga um getraunir Öryrkjabandalags Íslands, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, vill stjórn Happdrættis Háskóla Íslands gera svofelldar athugasemdir:

1. Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á rekstri peningahappdrættis hér á landi skv. lögum nr. 13/1973. Hefur svo verið í 51 ár. Einkarétturinn hefur verið mjög þýðingarmikill í rekstri happdrættisins og væri það mikill hnekkir ef hann yrði skertur.

2. Byggingar Háskóla Íslands og tækjakaup hafa í öllu verulegu verið greiddar af happdrættisfé. Hins vegar hrekkur það hvergi nærri til nauðsynlegra framkvæmda í fyrirsjáanlegri framtíð. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur í undirbúningi till. um aukna starfsemi happdrættisins og hefur þegar verið gerð grein fyrir sumum þeirra. Nánari tillagna er að vænta áður en langt um líður.

3. Skv. lögum nr. 59/1972 hafa Íslenskar getraunir heimild til að reka talnagetraunir, lottó, og mun þeim verða hleypt af stokkunum á næstunni. Kemur þar til sögunnar nýr samkeppnisaðili á happdrættismarkaðnum.

4. Markaðurinn fyrir happdrætti er auðvitað ekki ótakmarkaður. Í athugunum sínum á nýjungum í rekstri hefur Happdrætti Háskóla Íslands gert ráð fyrir að nýjungar yrðu að hluta á kostnað núverandi reksturs og yrðu að réttlætast af því að með þeim næðist einnig til viðskiptavina sem ekki eru þar nú þannig að heildartekjur ykjust.

5. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands telur sem fyrr segir — og styðst þar við reynslu erlendis — að stofnun nýs happdrættis af þeirri stærð sem ætlunin virðist vera muni leiða til samdráttar og þar með tekjutaps þeirra sem fyrir eru. Eigi ekki að skerða fé til uppbyggingar Háskóla Íslands og rannsóknastofnana atvinnuveganna yrði að bæta tekjutapið með einhverjum hætti og þá væntanlega með auknu framlagi ríkissjóðs. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur fullan skilning á starfsemi Öryrkjabandalags Íslands og tekjuþörf þess. Stjórnin telur hins vegar að upphaflegar forsendur fyrir veitingu einkaleyfis til Háskóla Íslands til reksturs peningahappdrættis séu óbreyttar og eigi ekki að skerða rétt þennan."

Í þessari umsögn kemur aftur fram velvilji gagnvart Öryrkjabandalaginu en lýst er áhyggjum af nýjum samkeppnisaðila og tekið fram að markaðurinn fyrir happdrætti af þessu tagi sé að sjálfsögðu ekki ótakmarkaður.

Ég geri ráð fyrir því að sömu sögu hefðu fleiri stjórnir happdrætta að segja ef spurst hefði verið fyrir um það, ef hv. allshn. hefði haft eða gefið sér tíma til að skoða þetta mál betur og gefið fleiri aðilum kost á því að tjá sig um þetta frv. Mér dettur í hug SÍBS sem rekur mjög umfangsmikið happdrætti, DAS sem rekur mjög umfangsmikið happdrætti, jafnvel Sjálfsbjörg sem er þó innan Öryrkjabandalagsins. Ég er viss um að umsagnir flestra forsvarsmanna þessara happdrætta mundu vera á sömu lund og frá Happdrætti Háskóla Íslands, það yrði varað við því að hleypa enn einum aðilanum inn á þennan markað vegna þess að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að selja marga happdrættismiða í landinu. Áður en varir er kannske sú staða komin upp að menn geri ekki meira en að standa undir kostnaði. Það eru jafnvel dæmi um það að myndarlegustu happdrætti með stórum vinningum hafi mátt þakka fyrir að sleppa án taps. Fjölmörg félagasamtök lifa jafnvel í þeirri von þegar þau fara af stað með happdrættið að vinningurinn gangi ekki út, að helsta vonin til þess að hægt sé að hafa eitthvað upp úr krafsinu sé að vinningurinn gangi alls ekki út því að það sé kannske það sem happdrættið skili af sér.

Ég hef verið hér að vitna til umsagna sem komið hafa frá þeim tveimur aðilum sem fengu tækifæri til að tjá sig um þetta mál, aðilum sem hafa skv. lögum rétt til að reka happdrættis- og getraunastarfsemi. Ég hef verið að gera því skóna að fleiri, sem reka happdrætti skv. lögum, væru sama sinnis. Löggjöfin hefur ávallt litið svo á að happdrætti væri starfsemi sem þyrfti að vernda með lögum og löggjafinn hefur ávallt gætt þess að enginn geti farið af stað með slík happdrætti nema með fullu samþykki yfirvalda og helst beinlínis skv. lögum. Af hverju skyldi það vera gert? Það er vegna þess að löggjafinn er sammála því sjónarmiði, sem kemur fram í grg. Happdrættis Háskóla Íslands, að markaðurinn sé ekki ótæmandi og það sé ekki hægt allra aðila vegna að hafa þetta frjálst og óheft.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að kynna fyrir hv. alþm. þau lög sem um þetta gilda til þess að rekja í stuttu máli sögu þessa máls, sögu happdrætta á Íslandi, hina lagalegu sögu, svo að mönnum sé ljóst að það sem ég er að segja hér er sannleikanum samkvæmt. Ég veit, herra forseti, að það er ekki skemmtilegur lestur ef menn taka upp á því eða neyðast til þess að lesa heilu lagabálkana og lagaákvæði sem þeir hafa að geyma.

En ég tel mér það óhjákvæmilegt með hliðsjón af

þeirri stöðu sem upp er komin í þessu máli vegna þess að mér finnst að hv. deild sé á villigötum í þessu máli eins og atkvæðagreiðsla hér fyrr í kvöld leiddi í ljós. Ég held að það sé ekki vanþörf á því að þingheimur sé upplýstur um forsögu málsins og allavega að ég sinni þeirri skyldu minni svo ekki verði borið á mig síðar að ég hafi ekki gert mitt til að reyna að telja mönnum hughvarf með því að rekja þessa sögu og skírskota til þeirra laga sem í gildi eru.

Vegna þess að lögin eru besta sönnunin, tala skýrustu máli um þá staðhæfingu mína að hér skuli ganga hægt, ekki um gleðinnar dyr heldur vonarinnar dyr og gera sér ekki grillur eða ímynda sér að hér séu faldir fjársjóðir. Löggjafinn hefur verið íhaldssamur og tregur til að hleypa samtökum og félögum inn á þennan markað vegna þess að alþm. fyrri tíma hafa gert sér grein fyrir því að hér þyrfti að hafa gát á. Ef um væri að ræða að veita einhverjum rétt til slíkrar starfsemi þá ætti að vernda þann rétt.

Það er athyglisvert í sambandi við þessa löggjöf alla að þar hefur löggjafinn einskorðað sig við fjöldasamtök og góð líknarmál, heilbrigðismál, og hefur með því lýst þeim vilja sínum að tekjurnar af happdrættismarkaði rynnu til góðra málefna. Þessi löggjöf bannar hvers konar starfsemi án lagaheimildar vegna þess að löggjafinn hefur viljað vernda þá og standa við bakið á þeim sem réttinn hafa fengið. Nú á að vísu að víkja frá þessari meginreglu, þessari áragömlu stefnu sem ríkt hefur hér á Alþingi og hjá ríkisstjórnum fyrri ára. Það var af þeim ástæðum sem ég vil kynna fyrir þm. einstök ákvæði þessara laga.

Þá er þar fyrst til að taka að 1926 voru sett lög um happdrætti, svokölluð lotterí og hlutaveltur eða tombólur. Þetta eru lög nr. 6 frá 15. júní 1926. Þau eru ekki löng þessi lög, en þar segir, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Happdrætti hverrar tegundar sem er má ekki hafa nema með leyfi dómsmrn. og ekki hlutaveltu nema með leyfi lögreglustjóra. Peningahappdrætti eða önnur þvílík happaspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar."

Í 2. gr.: „Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happaspil eða að hafa þar á hendi nokkur störf er að þessu lúta."

Í 3. gr. segir: „Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal fara með mál af þeim að hætti opinberra mála."

Þarna er sem sagt sett sú meginregla að happdrætti hverrar tegundar sem er megi ekki hafa nema með leyfi dómsmrn. og að peningahappdrætti eru skilyrðislaust bönnuð án lagaheimildar. Þetta er sú meginregla sem Alþingi Íslendinga hefur fylgt allar götur síðan 1926 en ætlar núna að breyta út af að því leyti til að nú er gert ráð fyrir því að fleiri en einn og fleiri en tveir og fleiri en þrír fái að reka slíka starfsemi sem hefur verið mjög takmörkuð hingað til.

Hv. frsm. allshn. fjallaði nokkuð um það í ágætri ræðu sem hann flutti fyrir hönd n. þegar hann gerði grein fyrir nál. að hingað til lands hefðu borist og verið í sölu miðar að mig minnir af sænsku lottói. Hann nefndi þetta til rökstuðnings fyrir því að nú þyrfti Öryrkjabandalagið að fá heimild til þess að fara af stað með getraunastarfsemi að erlendir happdrættis- eða lottómiðar væru farnir að berast inn í landið, það ætti að stemma stigu við því og það væri best gert með því að hleypa Öryrkjabandalaginu af stað með svipaða starfsemi.

Hv. frsm. allshn. er prófessor í lögum og lögfróður maður og ég hefði ekki þurft að minna hann á það að í þessum lögum frá 1926 er það skýrt tekið fram að það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happaspil eða hafa þar á hendi nokkur störf er að þessu lúta. Nú er ég ekki að tíunda þetta eða rifja upp þessi ummæli hv. frsm. allshn. til þess að gera lítið úr þeim eða efast um að það hafi verið í góðri meiningu gert að minnast á þetta sænska lottó. En það voru engu að síður vafasöm rök fyrir máli meiri hl. nefndarinnar að geta um þessa sænsku lottómiða af þeirri einföldu ástæðu að slík starfsemi mundi aldrei verða liðin hér og mundi aldrei ná neinni útbreiðslu þar sem hún er bönnuð með öllu. Það er auðvitað aldrei hægt að útiloka að einhverjir einstaklingar kaupi slíka miða, fái þá senda í prívat pósti. En að af því stafi einhver hætta eða ógn gagnvart öðrum samtökum sem kunna að reka happdrætti eða hlutaveltur eða getraunir er algerlega út í hött.

Hins vegar sjáið þið af þessu dæmi að það er full ástæða til að varast ásókn erlendis frá inn á okkar íslenska markað. Að því leyti var sjónarmið hv. frsm. allshn. rétt að hann varar við samkeppni, hann varar við því að of margir séu á markaðnum. Það er einmitt nákvæmlega sú röksemd sem ég hef fram að færa gegn þessu frv., að ég held að það sé ekki markaður, það sé ekki rúm fyrir svo marga á þessum vettvangi eins og nú er stefnt að.

Í samræmi við þá meginstefnu, sem mörkuð er 1926 með lögum um lotterí og tombólur, hefur Alþingi samþykkt nokkur lög þar sem ýmsum stofnunum og samtökum er veitt lagaheimild, lagaréttur, lögverndaður réttur til að hleypa af stokkunum happdrættum. Lög um Happdrætti Háskóla Íslands eru nú nr. 13/1973 en eiga sér eldri sögu. Lög um Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna eru nú nr. 16/1973 en eiga sér einnig eldri sögu. Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga eru nr. 18/1959 og lög um heimild fyrir dómsmrh. til að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður eru nr. 23/1945. Síðan eru til lög um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakra tegunda happdrættis, en þau lög eru nr. 15/1952. Síðast en ekki síst eru til lög um getraunir nr. 59/1972.

Á þessum lögum öllum er allnokkur munur. Ég held þess vegna að það sé rétt að ég lesi þessi lög svo að menn átti sig á þeim mismun sem á þeim er. Það geri ég til þess að hafa aðdraganda að því að lýsa fyrir mönnum lögunum um getraunir sem ég nefndi síðast í minni upptalningu áðan er hafa að geyma hinn lögverndaða rétt til handa íþróttahreyfingunni til að reka getraunastarfsemi og lottó.

Í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands er í 1. gr.: „Dómsmrh. er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þeim skilyrðum er nú skal greina:

a. Hlutatalan má ekki fara fram úr 60 þús. en skiptist í tólf flokka á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir

einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjögurra flokka hlutamiða sem greinist með bókstöfunum e, f, g og h, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, b-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.

b. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmrh. að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar háskólans.

c. Vinningar skulu eigi vera færri en svo að a. m. k. fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali og skal vinningsfjárhæð nema a. m. k. 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d. Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar sem dómsmrh. skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

e. Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. jan. 1989. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknastofur við hinar ýmsu deildir háskólans og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem háskólinn telur sér nauðsynlegt að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald."

Í 2. gr. segir: „Á meðan happdrættið starfar er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi svo og að versla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðh. veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis sem stofnað er til í góðgerðarskyni einungis og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár."

Í 3. gr. segir: „Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins og öll önnur verslun með miðana er bönnuð. Ráðh. er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða."

Í 4. gr. segir: „Vinningar í happdrættinu eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla."

5. og síðasta gr.: „Dómsmrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins."

Eins og heyra má af upptalningu og lestri ákvæða þessara laga er þetta happdrætti stofnað til stuðnings háskólanum og rekstri háskólans. Gert er ráð fyrir því að ágóðanum sé varið til að reisa byggingar á vegum háskólans, verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til að koma á fót og efla rannsóknarstofur og greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem háskólinn telur sér nauðsynlegt að eignast. Það fer reyndar ekki milli mála að þeir sem staðið hafa að þessari löggjöf hafa gert það með það efst í huga að hér væri gott málefni á ferðinni. Í þeim efnum og í því skyni var skýrt tekið fram í þessum lögum að ekki mætti á meðan happdrættið starfaði setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi. Þannig var réttur háskólans á þessu happdrætti mjög kyrfilega verndaður og það er engin tilviljun. Sú hugsun á sér stoð í þeim meginlögum sem sett voru 1926 og hún á sér rætur í þeim vilja löggjafans að takmarka sem mest happdrættisspil af þessu tagi og gefa háskólanum raunverulegan möguleika á því að afla tekna með því að sitja eitt að markaðinum.

Lög um vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga er, eins og nafnið bendir til, ekki peningahappdrætti og að því leyti ekki í beinni samkeppni við Happdrætti háskólans þó að vitaskuld sé það samkeppni engu að síður. En vinningarnir eru annars eðlis og annarrar tegundar. Í 1. gr. þeirra laga segir: „Heimilt skal Sambandi ísl. berklasjúklinga að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 þús. Draga skal í tólf flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir 1. flokk 10. jan. ár hvert og síðan fimmta dag hvers mánaðar.

b. Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður dómsmrh. að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals a. m. k. 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.

c. Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar sem dómsmrh. skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið."

Í 2. gr. segir: „Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla til útborgunar."

Í 3. gr. segir: „Heimild þessi gildir til ársloka árið 1989. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og reksturs vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstj."

„Ráðh. setur með reglugerð," segir í 4. gr., „nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins að fengnum till. frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga."

Við lestur þessara laga er athyglisvert að gert er ráð fyrir því að ágóði af Happdrætti SÍBS renni til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi og til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga. Nú er það þannig að SÍBS er eitt af félagasamtökum Öryrkjabandalagsins. Nú má enginn skilja orð mín svo að ég sé hér að hallmæla eða gera lítið úr merkri starfsemi SÍBS og Öryrkjabandalagsins. Ég er ekki að gera lítið úr mikilli þörf þessara sambanda til þess að fá fé til sinnar starfsemi. En það er einkennilegt og visst ósamræmi í því að samtök innan Öryrkjabandalagsins hafa hér einkarétt á ákveðinni tegund happdrættis, happdrættis sem hefur verið rekið í mörg ár af miklum dugnaði og vonandi með allgóðum tekjum. Síðan er núna gert ráð fyrir því að bandalag, sem þessi samtök eiga aðild að, fái líka rétt til að reka getraunastarfsemi og happdrættisstarfsemi við hliðina á því happdrætti sem SÍBS hefur.

Þannig gæti ég haldið áfram að rekja þessi lög, herra forseti, góða stund enn. Ég er u. þ. b. hálfnaður með þá ræðu sem ég hef hugsað mér að flytja hér í kvöld. Ég hef tekið eftir því að hæstv. forsrh., staðgengill hæstv.

dómsmrh., hefur kvatt sér hljóðs, gerði það í framhaldi af þeim fsp. sem ég var að vekja máls á og hafði óskað eftir að fá einhver svör við. Ég geri mér því nokkrar vonir um að ef þessi umr. heldur áfram upplýsi hæstv. ráðh. mig um ýmis atriði sem ég hef verið að spyrjast fyrir um. Það kynni að leiða til þess að ég gæti stytt mál mitt og sparað mér að fara út í ítarlegar útleggingar á ýmsum þáttum þessa máls. Þess vegna mun ég nú senn ljúka máli mínu í bili og sjá þá til hvert framhaldið verður.

En ég vil áður en ég lýk þessum kafla ræðu minnar enn einu sinni ítreka að allur minn málflutningur er borinn fram af fullum velvilja til þeirra samtaka og hreyfinga sem hér eiga hlut að máli. Ég vil ekki láta neinn skilja það svo að ég sé að leggja stein í götu Öryrkjabandalags Íslands, síður en svo. Ég vil gjarnan á næstu vikum og mánuðum ef eftir því er leitað taka þátt í umr. og athugun á því hvernig betur megi standa að málefnum Öryrkjabandalagsins. Mér finnst vel koma til greina og sjálfsagt mál reyndar ef menn eru einhuga um að frv. af þessu tagi eigi rétt á sér og þetta sé skynsamlegt í þágu Öryrkjabandalagsins að þetta frv. verði lagt hér aftur fram í haust og fái þá góða umfjöllun og góðan stuðning. Ég geri mér fulla grein fyrir því að hér í þingsal ríkir velvilji í garð Öryrkjabandalagsins og auðvitað get ég einn ekki stöðvað eitt eða neitt frv. En ég hef viljað nota tímann til þess að útskýra fyrir þingheimi þann ágreining sem uppi er, þá árekstra sem kunna að leiða af samþykkt þessa frv., af fullri einlægni og með fullri vinsemd gagnvart Öryrkjabandalaginu.

Íþróttahreyfingin hefur haft áhyggjur af þessu máli og talið að hér væri verið að taka spón úr sínum aski og að gera aðför að sínum hagsmunum. Þess vegna þarf enginn að vera hissa á því þó að ég gerist talsmaður þeirra sjónarmiða hér á þingi þar sem ég er starfandi í íþróttahreyfingunni. Það er kannske aðallega vegna þess að íþróttahreyfingin, eins og ég hef sagt hér fyrr í máli mínu, hefur áhyggjur af því að þurfa að standa í samkeppni við jafn ágæt samtök og Öryrkjabandalagið er. Það vill íþróttafólk fyrir alla muni forðast. Það vill helst geta starfað hönd í hönd með öryrkjum vegna þess að kannske fara hugsjónir þessara samtaka saman þegar allt kemur til alls, að efla heilbrigði og heilsu manna og hjálpa þeim sem standa höllum fæti á hverjum tíma að heilsufari og heilbrigði.

Eins og ég segi, herra forseti, mun ég nú láta lokið máli mínu að þessu sinni og sjá til um það hvert framhaldið verður. Ég þakka þingheimi þolinmæðina fram að þessu og forseta.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. dómsmrh. gegni ég störfum fyrir hann og ég tel mér því skylt að stíga í ræðustól og leitast við að svara spurningum hv. síðasta ræðumanns. Ég hef að vísu ekki þær upplýsingar allar sem hann bað um en get þó sagt honum að það mun ekki hafa verið gerð nein könnun í dómsmrn. á þessum markaði út af fyrir sig eða hvaða tekna megi vænta af lotteríi sem þessu. Þetta er mér kunnugt um. Dómsmrn. mun líta svo á að það sé ekki þess hlutverk að gera slíka könnun heldur að fylgjast með því að þeim lögum sé framfylgt sem sett eru um einstakar getraunir.

Af því að ég er staðinn upp vil ég segja það að mér þykir það ákaflega leitt að þessir árekstrar hafa orðið milli þessara ágætu hreyfinga, íþróttahreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins, og harma það mjög. Ég þóttist fullviss þegar ég léði máls á því að þetta mál færi fram að svo þyrfti ekki að verða og það m. a. vegna þess að hér er um að ræða bókstafalotterí en hins vegar hefur íþróttahreyfingin áfram réttinn á talnaröð. Ég lít svo á að íþróttahreyfingin með sínum mörgu meðlimum og sjálfboðaliðum og sterka kerfi eigi ekki að þurfa að vera áhyggjufull út af því þótt Öryrkjabandalagið reki svona bókstafaröð. Hins vegar verð ég að segja að ég hefði kosið að það gæti orðið samkomulag milli þessara ágætu hreyfinga tveggja, e. t. v. að þetta verði rekið sameiginlega, slíkar raðir talna og bókstafa, og Öryrkjabandalagið geti þá fengið einhverjar tekjur í sinn hlut. Ég varpa því fram hér hvort ekki er unnt að leita eftir slíku samkomulagi. Ég held að það væri mjög verðugt að gera það.

Af því að ég minnist þess að hv. þm. spurði hvort ríkisstj. væri með það í huga að draga úr aðstoð við Öryrkjabandalagið ef slíkt bókstafalotterí eða getraun verður rekin á þess vegum vil ég upplýsa hann um það að það eru engar áætlanir um það, alls ekki. Hér yrði um hreina viðbótartekjuöflun að ræða.

En sem sagt, ég vildi mjög gjarnan sjá og stuðla að því á þann máta sem ég get að það gæti orðið samkomulag milli þessara tveggja öflugu og ágætu hreyfinga og báðar orðið ánægðar með það. Vitanlega væri það miklu betra fyrir báðar hreyfingarnar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. í þessu máli með fyrirvara og mér þykir rétt að gera grein fyrir því hvers vegna ég gerði það.

Á fundum nefndarinnar kom í ljós að skv. þeim upplýsingum sem við höfðum frá öðrum löndum er það undantekningarlítil regla að ekki sé starfrækt nema eitt lottó og af rekstrarfræðilegum ástæðum mælir allt með því að það sé ekki starfrækt nema eitt lottó. Ég leit svo á að með því að samþykkja þetta frv. hefði dómsmrnh. fengið heimild til að veita Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til að starfrækja getraunir, en hann gæti — og þann kost vona ég að hann velji — staðið þannig að máli að hann kalli bæði íþróttahreyfinguna og Öryrkjabandalagið fyrir sig, leggi það til að þau standi saman að rekstri á einu lottói. Jafnframt vænti ég þess að ef slíkt samstarf tækist yrði þingheimur sammála um að leyfa ekki fleiri aðilum að fara inn á þennan markað. Því að það sem ég óttast mest með því að velja þá aðferð að fjölga lottóunum er að það komi enn aðrir aðilar og segi: Við viljum fara inn á þennan markað. Þar má nefna Háskóla Íslands, skátana og e. t. v. fleiri.

Eftir að það var upplýst af fulltrúum frá Öryrkjabandalagi Íslands að þeir vildu gjarnan samvinnu leit ég svo á að þessi jarðvegur væri til staðar. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég tel að íþróttahreyfingin hafi í sínu samstarfi við Öryrkjabandalagið með því að styrkja íþróttastarfsemi fatlaðra rétt fram hendi til samstarfs við þessa aðila. Ég er sannfærður um að þessi leið er fær og ég vænti þess að bæði íþróttahreyfingin og Öryrkjabandalagið sameinist um þetta vitandi það að með því að gera þetta er hægt að loka þeirri leið að fleiri aðilar komi inn á þennan markað. Rekstrarfræðilega séð mundi þetta skila mun meiri fjármunum í hagnað því að minna færi í kostnað við að reka starfsemina.

Mér þótti rétt að gera grein fyrir þessari afstöðu

minni. Þar sem ég tók ekki til máls við 2. umr. málsins geri ég það nú og kem þessu hér með á framfæri.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh., staðgengli hæstv. dómsmrh., fyrir að hafa nú í fyrsta skipti tekið hér til máls og leitast við að svara broti af þeim spurningum sem ég hef borið hér fram. Þau svör voru ekki innihaldsmikil sem ekki er nema von því að hæstv. forsrh. hefur auðvitað haft lítil afskipti og takmarkaða vitneskju um aðdraganda þessa máls og það sem að baki því býr. Þær upplýsingar liggja væntanlega allar hjá hæstv. dómsmrh. Jóni Helgasyni sem hefur ekki verið viðstaddur umr., hvorki nú í kvöld né undanfarnar nætur. Ég hef nú lýst furðu minni á hans fjarveru, ekki síst vegna þess að mér sýnist vera lagt mjög hart að Alþingi og alþm. að ljúka afgreiðslu þessa máls.

En hæstv. forsrh. vék hér nokkrum orðum að því að honum þætti leitt að til þessara árekstra skyldi hafa komið milli íþróttahreyfingarinnar annars vegar og Öryrkjabandalagsins hins vegar. Að því leyti hefur hann tekið undir meginkjarnann í mínu máli vegna þess að það er rauði þráðurinn í öllum mínum málflutningi að reyna að forða þessum árekstrum og ræður mínar hafa allar gengið út á það að reyna að sannfæra þingheim og upplýsa þm. um að það sé alvarlegt mál ef kemur til beinna árekstra jafn ágætra samtaka og þessara og við eigum að reyna að forðast það. Ég vil þakka hæstv. forsrh. skilning á þessu sjónarmiði.

Hann bætti því síðan við að hann teldi miklu eðlilegra að þessi samtök gætu unnið saman og minntist á það m. a. að það kæmi vel til greina að þau gætu unnið saman að starfsemi eins og þessari. Ég hef náttúrlega ekkert umboð fyrir hönd eins eða neins til að lýsa yfir einu eða neinu í því sambandi. En persónulega finnst mér vel koma til greina, hvort sem það er í skemmri eða lengri framtíð, að samtök eins og þessi standi sameiginlega að fjáröflunarstarfsemi sem rekin er, talnahappdrætti eða getraunastarfsemi. Þess eru dæmi erlendis að slíkt samstarf eigi sér stað og það hefur tekist með ágætum. Ég vil alls ekki útiloka að það geti átt sér stað. En við stuðlum ekki að því að það samkomulag geti orðið ef það á að ganga frá frv. því sem hér er til umr. og samþykkja það sem lög. Þá sitja báðir aðilar með sinn rétt og hefja væntanlega harða samkeppni. Það er enginn annars bróðir í leik og þá verður miklu erfiðara að leiða saman hestana og tengjast samstarfsböndum. Þess vegna hef ég haldið að það væri miklu viturlegra og skynsamlegra á þessari stundu að vísa þessu máli til ríkisstj. til frekari athugunar og doka við með afgreiðslu þess. Það þarf ekki að vera lengra en til haustsins. Ef menn vilja fylgja þessu fast eftir, ef menn telja sig hafa sannfæringu fyrir því að hér sé nauðsynlegt mál á ferðinni, þá er ekkert eðlilegra en leggja það fram aftur í haust. En í millitíðinni er þá hægt að kanna þetta mál betur eins og ég hef sagt hér fyrr í kvöld.

Ég held að það sem eigi að gerast í þessum málum sé það að það á að leyfa íþróttahreyfingunni að fara af stað með sitt lottó eins og lög gera ráð fyrir og sjá hvernig þeim gengur, sjá hvort þetta sé jafn arðvænlegt og menn halda í augnablikinu, leyfa Íslenskum getraunum að spreyta sig, leyfa þeim að kynna markaðinn og plægja akurinn. Ef tekjurnar eru það miklar að hér sé eitthvert stórgróðafyrirtæki á ferðinni og tekjur verði svo miklar að íþróttahreyfingin hafi jafnvel fé aflögu geta menn að sjálfsögðu í framhaldi af því þegar reynsla hefur fengist unnið að samstarfi í líkingu við það sem hæstv. forsrh. var að tala um.

Ég missti því miður að mestu af ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar því að ég þurfti að bregða mér frá í því hléi sem varð á ræðu minni hér áðan. En ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hann hafi sömuleiðis verið að mælast til þess að einhvers konar samstarf gæti átt sér stað í framtíðinni og menn gætu sameinað kraftana. Að því leyti er það í sama anda og hæstv. forsrh. talaði. En einmitt ef menn hugsa á þeim nótunum er miklu skynsamlegra að doka við með þetta mál og finna lausnir á þessum árekstrum sem í uppsiglingu eru og nota tímann til að fá reynslu af því hvort lottó gefur eitthvað í aðra hönd hér á Íslandi eða ekki.

Mér finnst það vera fráleitt úr því sem komið er að knýja á um afgreiðslu á þessu máli á síðustu stundum þessa þings. Klukkan er núna korter yfir miðnætti. Það er í rauninni runninn upp nýr dagur og í fyrramálið kl. 11 á að slíta þingi. Þetta mál er enn í Nd., í fyrri deild, á eftir að fara í gegnum þrjár umr. í Ed. Ef menn hafa hugsað sér að afgreiða það í gegnum þrjár umr. og í gegnum nefnd í Ed. í nótt mundu það vera flaustursleg vinnubrögð. Þá mundi það bera þess vott að hér væri kastað til höndum og ég held að mönnum sé alveg fullkomlega ljóst að það eru ekki vinnubrögð til fyrirmyndar. Hér er deila, viðkvæm deila, vonandi í bróðerni og í góðu. Hér eru andstæð sjónarmið og ég held að það sé skynsamlegt og viturlegast að fresta afgreiðslu þessa máls fram til haustsins í staðinn fyrir að hrapa að óvandaðri afgreiðslu.

Þann 21. okt. 1983 skrifaði stjórn Íslenskra getrauna bréf til dómsmrn. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Íslenskra getrauna hefur á fundi þann 18. okt. 1983 samþykkt að hefja starfrækslu talnagetrauna skv. ákvæði í 2. gr. laga um getraunir, lögum nr. 59 frá 29. maí 1972. Um er að ræða þá starfrækslu sem greint er frá á bls. 7 í frv. til laga um getraunir, 251. mál 92. löggjafarþings 1971 í aths. við 2. gr. lagafrv., tvær síðustu mgr.

Meðal nágrannaþjóða okkar, sem hafa starfrækt getraunir um langt skeið, eru talnagetraunir (lottó) að verða ríkjandi háttur. Vegna þessarar þróunar og að Íslenskar getraunir ráða yfir vélabúnaði þeim sem beita þarf við nefnda starfrækslu hefur stjórn Íslenskra getrauna samþykkt að tilkynna hv. dómsmrn. þessa ákvörðun. Þegar ljóst verður hvenær undirbúningi verður lokið og þessi viðaukastarfsemi getur hafist mun rn. verða skýrt frá þeirri ákvörðun. Fljótlega mun ljóst verða í hverju breytingar á reglugerð nr. 472/1981 eru fólgnar og munu þá tillögur að breyttri reglugerð sendar rn."

Þetta bréf les ég hér upp til þess að upplýsa að þegar í okt. 1983 var tekin ákvörðun um það að hefja starfrækslu á talnagetraunum og nú er, eins og fyrr hefur verið greint frá, búið að ráða starfsfólk, kaupa vélaútbúnað og koma sér upp aðstöðu til að hefjast handa á komandi hausti þannig að lottó er hér á næsta leiti. Skynsemin mælir með því að það fái að fara af stað á þessu hausti og reynsla fáist af árangrinum af þeirri starfsemi.

Einmitt þá dagana og þær vikurnar sem þetta lottó er vonandi að hefja göngu sína mun Alþingi koma saman

að nýju. Þá munu menn átta sig á því hvernig þetta gengur, fá upplýsingar um það, skýrslur, greinargerðir og tölur um sölu og hagnað. Þá geta menn endurskoðað afstöðu sína eða haldið fyrri sjónarmiðum til streitu. Þá er þeim í lófa lagið annaðhvort að flytja frv. um getraunir fyrir Öryrkjabandalagið aftur inn á þingið og þá fengi það sjálfsagt fljóta afgreiðslu ellegar þá að kanna grundvöllinn fyrir því að menn sameinuðust með einhverjum öðrum hætti.

Þessar vangaveltur mínar eru algerlega á mína ábyrgð og ég tala ekki fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar þegar ég er að ljá máls á viðræðum og athugunum á þessu samstarfi. Ég veit satt að segja ekkert um það hver viðhorf íþróttahreyfingarinnar eru til þeirra hugmynda. Ég á von á því að hún vilji standa vörð um sinn lögverndaða rétt. En ef hér verður um ábatasamt fyrirtæki að ræða, eins og fyrr segir, sem gefur svo mikið í aðra hönd að íþróttahreyfingin stendur langtum betur að vígi en áður fjárhagslega séð finnst mér í framtíðinni koma til greina að eitthvert samstarf geti verið þar á ferðinni. Ef það hins vegar kemur í ljós í haust á fyrstu vikum og mánuðum lottósins að það reynist ekki sú tekjulind sem menn gera sér vonir um núna þá er það líka góð aðvörun fyrir Öryrkjabandalagið um það að þetta sé ekki endilega eins góður kostur og menn halda í augnablikinu. Þá er það líka ábending til alþm. og ríkisstj. um það að ráðlegast sé að fara aðrar leiðir til að veita Öryrkjabandalaginu aðstoð í sínum fjárhagsörðugleikum.

Til þess að upplýsa þm. betur um fjárhagsstöðu íþróttahreyfingarinnar hef ég tekið með mér nokkrar upplýsingar um þau mál til þess að menn átti sig á því að hér er ekki verið að gera óþarflega mikið úr fjármálaerfiðleikum íþróttahreyfingarinnar og þeim vanda sem við blasir hjá henni.

Íþróttahreyfingin er mjög stór hreyfing og innan hennar eru hundruð íþróttafélaga um land allt, stór og smá eftir atvikum. Öll þessi litlu félög afla sér einhverra tekna. Þau njóta mjög takmarkaðrar opinberrar aðstoðar. Það sama gildir um héraðssambönd, íþróttabandalög í héruðum, sérsambönd hinna ýmsu íþróttagreina og Íþróttasambandið sem eru heildarsamtök allra þessara mörgu félaga. Aðeins lítill hluti af því fjármagni sem þessi samtök þurfa á að halda kemur frá hinu opinbera.

Árið 1979 var styrkur á fjárlögum til Íþróttasambands Íslands 900 þús. kr. á núverandi verðlagi. Árið 1980 var þessi upphæð komin upp í 1.4 millj., árið 1981 upp í 2.4 millj., árið 1982 4 millj., árið 1983 í 6 millj., árið 1984 10.8 millj. og 1985 upp í 17.4 millj. Af þessu má sjá að — (**HBl:** Ég er hérna með ríkisreikninginn 1983.) Það kemur að því, ég mun kannske bara taka hann hjá hv. þm. ef á þarf að halda, en ekki í augnablikinu. En eins og á þessum tölum má sjá hefur þessi styrkur farið smáhækkandi. Yfirleitt hefur hann hækkað í samræmi við verðbólgu en svo brá við að milli áranna 1984 og 1985 hækkaði hann um allverulega hærra hlutfall en verðbólgan var milli ára og var því að sjálfsögðu vel fagnað af íþróttasamtökunum.

En það er fróðlegt að skoða þessa tölu, 17.4 millj., sem er fjárveiting á fjárlögunum árið 1985, í samanburði við heildarútgjöld íþróttahreyfingarinnar. Skv. heildarskýrslum fyrir árið 1983 var heildarrekstrarkostnaður hreyfingarinnar allrar 151 millj. svo að framlag ríkisvaldsins á því herrans ári 1985 er aðeins rúmlega 10% og það þrátt fyrir umtalsverðar hækkanir á þessu sama ári á fjárveitingu fjárlaganna. Af 151 millj. fær íþróttahreyfingin 17 millj. frá ríkinu. Afganginn, 134 millj., þarf íþróttahreyfingin að taka eftir öðrum leiðum. Hún þarf að afla 134 millj. kr. árið 1983 með ýmsum sjálfstæðum fjáröflunarleiðum án atbeina og án tilstyrks hins opinbera. Þessar tölur hafa margfalt hækkað á árunum 1984—1985 þó að ég hafi þær tölur fyrir árið 1986 ekki tiltækar að sinni, þessar tölur eiga við um árið 1985.

Þá er eftir enn þá ótalinn kostnaður sem aldrei er til peninga mældur og ekki kemur til útborgunar vegna þess að hann er unninn af sjálfboðaliðastarfi sem ekki er tíundað og talið fram í skýrslum og reikningum íþróttahreyfingarinnar. En ég get ímyndað mér að það starf, sem þannig er lagt fram af þúsundum sjálfboðaliða um allt land, margfaldi þær upphæðir sem ég var að nefna hér áðan. Það skiptir tugum millj. ef það væri metið til vinnulauna per stund. Þá er enn ótalið allt það fé sem rennur til rekstrar á mannvirkjum, sem rennur til byggingar mannvirkja og einnig er gefið og látið af hendi rakna án endurgjalds.

Þessar tölur sýna betur en langar ræður hver vandi íþróttahreyfingarinnar er. Á hverju ári þarf hún að standa undir margvíslegu íþróttalífi hjá æskunni, bæði hér innanlands og eins í samskiptum við útlönd, og nýtur ekki meiri aðstoðar hins opinbera en svo að fjárveitingin á fjárlögunum er langt innan við 10%.

Ég þekki það af eigin raun sem forustumaður í einu sérsambandanna innan Íþróttasambandsins hvílíkt starf það getur verið, bæði vanþakklátt og erfitt, að afla tekna til að standa undir allra nauðsynlegustu starfsemi. Eitt lítið sérsamband á borð við Knattspyrnusambandið hefur kannske reikninga upp á 30—40 millj. Af þeim 17 millj., sem ganga til íþróttahreyfingarinnar frá hinu opinbera á árinu 1983, hefur Knattspyrnusambandið fengið innan við 500 þús. kr. sem eru ca. 5% af lágmarksútgjöldum sem slíkt samband þarf á að halda.

Ég vona að menn geri sér ljóst að hér er unnið innan íþróttahreyfingarinnar ákaflega mikið og gott starf, ekki bara fyrir einhverja toppíþróttamenn sem eru í sviðsljósinu heldur fyrir æsku landsins. Út um hinar dreifðu byggðir og í þéttbýli og hvar sem er stunda unglingarnir íþróttir og sækja inn í íþróttafélögin. Ég held að allir geti tekið undir það að það sé heilbrigður og góður vettvangur, gott uppeldi og hollt veganesti fyrir lífið. Þeim peningum er vel varið sem þar eru látnir af hendi rakna og það starf sem þar er unnið skilar sér vel í þjóðfélaginu.

Í þeirri skýrslu, sem ég hef hér undir höndum og er skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands sem lögð var fram 4. maí 1985, er þess getið að íþróttasamtökin séu fjöldahreyfing rúmlega 80 þús. iðkenda. Þar er þakkað það hækkaða framlag sem frá ríkinu hefur komið á undanförnum tveimur árum en er nú ekki hærra samt sem áður en ég hef rakið í máli mínu. Í þessari skýrslu er enn fremur að finna nokkrar upplýsingar um Íslenskar getraunir. Þar segir, með leyfi forseta, eftir að rakið hefur verið hverjir sitja í stjórn Íslenskra getrauna:

„Í upphafi starfsársins var lagt til við dómsmrn. að einingaverð raðanna yrði hækkað úr 1,50 í kr. 2,50 fyrir röðina og var það samþykkt. Seðlagerðir voru óbreyttar

frá fyrra ári, 10 raða einfaldir seðlar, kerfisseðlar með 16 raða og 36 raða kerfum, svo og 10 vikna seðlar með 10 einföldum röðum og 16 raða kerfi."

Hlutdeild þessara seðlagerða í sölunni hefur verið þannig síðustu starfstímabilin. Síðan eru þessi hlutföll rakin frá árunum 1979—1980 og aftur til 1983—1984. Þá eru hér fróðlegar upplýsingar um þá veltuaukningu sem orðið hefur hjá Íslenskum getraunum síðustu árin. Með leyfi forseta ætla ég aðeins að geta þar helstu talna sem eru fróðlegar eins og fyrr segir. 1975—1976 var heildarsalan 273 þús. kr. og hafði þá hrapað nokkuð, um 20%, frá árinu áður. En ári síðar, tímabilið 1976—1977, jókst heildarsala upp í 342 þús. kr., eða um 25.3%. Á tímabilinu 1977—1978 jókst hún enn um 593 þús. eða um 73.5%. Árið 1978—1979 var heildarsalan orðin 977 þús. kr. og hafði þá hækkað um 64% milli ára. Starfsárið 1979—1980 var heildarsalan 1975 þús. kr. og hafði þá hækkað um hvorki meira né minna en 102% milli ára. Enn jókst salan að miklum mun, tók stórt stökk upp á við, á tímabilinu 1980—1981, var þá 6395 þús. kr. og hafði þá hækkað um 223% milli ára. Eftir það fór aftur að draga nokkuð úr sölu þessara getrauna. Á árunum 1981—1982 seldist fyrir 13.1 millj. og hafði þá aukningin orðið 105% á milli ára. 1982—1983 var selt fyrir 25 663 þús. kr. og hafði þá aukningin orðið 94.6% milli ára. 1983—1984 var salan komin upp í 39 millj. 432 þús. kr. og hafði þá hækkað um 53.6% milli ára.

Það línurit sem dregið er upp í þessum tölum sýnir að þó að krónutalan aukist ár frá ári hefur aukningin farið niður á við og er ekki orðin nándar nærri eins mikil og var á árunum 1978—1981. Menn hafa vissar áhyggjur af því að getraunir séu komnar í vissa stöðnun, það sé farið að gæta þreytu í þeirri starfsemi og vissar efasemdir um að miklu meira sé hægt að hafa upp úr þessari getraunastarfsemi en nú er raunin.

Einhverjum kann að þykja þessar tölur nokkuð háar. Það er talað um heildarsölu upp á tæpar 40 millj. Er þá þess að geta að þessi upphæð þarf ekki aðeins að standa undir rekstrarkostnaði í prentun og dreifingu og öllum rekstrarkostnaði hjá Íslenskum getraunum heldur þarf líka að greiða af þessari upphæð vinninga og borga söluþóknun til þeirra sem standa að sölunni og bera hita og þunga dagsins. Þegar upp er staðið er því ekki svo ýkja mikið eftir til skiptanna fyrir þá sem eiga þetta fyrirtæki. Það er kannske kjarni málsins og er fróðlegt að heyra fyrir þá sem nú vilja framgang nýrrar getraunastarfsemi á vegum Öryrkjabandalagsins að uppgötva það og fá það upplýst að hér eru ekki hærri upphæðir til skiptanna en ég hef rakið. Ég er ansi hræddur um að þær upphæðir mundu duga skammt til að standa undir húsbyggingarsjóði eða hússjóði Öryrkjabandalagsins, til að fjármagna húsbyggingar fyrir öryrkja, aldraða fólk og alla þá sem leita aðstoðar hjá Öryrkjabandalaginu. Það þarf margfalt hærri upphæðir til þess og getraunir og tekjur af þeim yrðu nánast eins og krækiber í helvíti og mundu ekki skipta neinum sköpum.

Þó er það athyglisvert að vinningar Getrauna hafa komist allt upp í 513 þús. kr. Það er því eftir nokkru að sækjast þegar menn spila í þessu happdrætti. Samt er heildarsalan ekki stærri upphæð en þetta og þó eru, eins og ég segi, hundruð, þúsundir manna í starfi fyrir Íslenskar getraunir í hverri einustu viku 8 eða 9 mánuði á ári, vinna þar endurgjaldslaust en í þágu sinna félaga sem fá 25% af hverjum seldum miða, 25% af brúttóverði miðanna. Það er hvatinn að því að menn leggja það á sig að vinna þessa sjálfboðavinnu og það er forsenda fyrir því að Íslenskar getraunir geta gengið, sjálfboðaliðastarfið. Ef alla þá vinnu þyrfti að greiða með lágmarkstaxta Dagsbrúnar — ég tala nú ekki um ef það væru hærri laun — mundi sá litli hagnaður, sem af þessari starfsemi hlýst, fjúka út í veður og vind. Þá gætu menn lagt niður þessa starfsemi strax á morgun. (**GJG:** Þessi laun eru nú ekki til skiptanna.) Nei, þau eru ekki til skiptanna, þess vegna nefni ég þau vegna þess að þau eru það lág að mínu mati að það er ekki hægt að hrósa sér af því að borga þau laun. En jafnvel þó að þessir lægstu taxtar væru borgaðir þeim sem vinna fyrir Íslenskar getraunir og fyrir íþróttafélögin sem reyna að njóta góðs af þessum getraunum, jafnvel þó að það yrðu borgaðir lágmarkstaxtar Dagsbrúnar fyrir þá vinnu sem lögð er þar af mörkum, þá mundi það þýða endalok þessarar starfsemi vegna þess að sá kostnaður af greiðslu vinnulauna yrði það hár að ekkert yrði eftir.

Í þessari skýrslu Íþróttasambands Íslands sem er dags. 4. maí s. l. er jafnframt vikið örfáum orðum að lottói og segir í þessari skýrslu, svo að ég geti þess hér skilmerkilega, með leyfi forseta:

„Við endurskoðun laga um getraunastarfsemi árið 1982 var komið inn í 2. gr. laganna viðbótarákvæði um talnagetraunir. Á þar til gerða miða, getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja, íþróttagetraunir, eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna, talnagetraunir. Þarna er átt við getraunaform sem í nágrannalöndunum hefur hlotið nafnið lottó og tekið hefur verið upp m. a. í Vestur-Þýskalandi, Finnlandi og í Svíþjóð. Í Noregi er í undirbúningi að taka upp lottó á vegum norsku getraunanna en ákvörðun hefur enn ekki verið tekin.

Þetta hefur mikið verið rætt í stjórn Getrauna og vorið 1984 tók Jóhann Gunnarsson, forstöðumaður Reiknistofnunar Háskóla Íslands og formaður Siglingasambands Íslands, að sér að heimsækja sænsku og finnsku getraunirnar í því augnamiði að kynnast rekstri og fyrirkomulagi þessa þáttar í starfsemi fyrirtækjanna. Þá fór hann í tengslum við ráðstefnu sem hann átti erindi á í Helsinki. Eftir heimkomuna lagði Jóhann fram mjög ítarlega og greinargóða skýrslu um ferðina, viðræður við ráðamenn þessara stofnana í Stokkhólmi og Helsinki svo og upplýsingar um starfsháttu og fyrirkomulag við rekstur á lottóum.

Í framhaldi af þessu hefur Þorsteinn Einarsson fyrrv. íþróttafulltrúi hitt að máli forráðamenn getraunafyrirtækisins í Rheinwald-Westfalen í Köln í júlí 1984 og leitaði upplýsinga um fyrirkomulag á lottói þar. Síðar hefur hann einnig þýtt reglur Svía og Finna um framkvæmd lottós."

Enn einu sinni er ég hér að upplýsa Alþingi um það starf og þann undirbúning sem unninn hefur verið af hálfu Íþróttasambands Íslands varðandi lottó og starfsemi þess. Enn einu sinni er ég að segja frá því að það er ákvörðun Íþróttasambandsins að fara af stað með þetta talnahappdrætti núna í haust og ég held að allir sanngjarnir menn viðurkenni að þar er um að ræða bæði lögverndaðan rétt og líka móralskan rétt á því að ekki sé höggvið í þennan knérunn nú einmitt á þeim tíma þegar þessu talnahappdrætti á að hleypa af stokkunum.

Herra forseti. Ég hef hér rakið lítillega fjármál íþróttahreyfingarinnar og stiklað á því allra stærsta. En ég vildi aðeins víkja nokkrum orðum að fjármálasamskiptum hins opinbera annars vegar og Öryrkjabandalagsins og samtaka innan þess hins vegar.

Í lögum má finna ýmis ákvæði þar sem kveðið er á um skyldur hins opinbera til þess að láta fé af hendi rakna til þeirra málefna sem Öryrkjabandalagið hefur með höndum. Í því sambandi vil ég í fyrsta lagi vísa til laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. En þar segir í lögum nr. 12/1952, með leyfi forseta:

„1. gr. Frá 1. janúar 1953 skal erfðafjárskattur skv. lögum nr. 30 frá 1921 og arfur skv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949 — (**Félmrh.:** Þetta er úr gildi fallið. Það eru ný lög um málefni fatlaðra.) Hvar er að finna þau lög? Ég er hér með lagasafn frá 1983. (**Félmrh.:** Þau eru nr. 84 frá 1. janúar.) Já, þá mundi ég óska eftir því að forsetinn gerði ráðstafanir til þess að skrifstofan gæti útvegað mér hin nýju lög sem gilda um erfðafjárskatt og erfðafé. (**SvG:** Þau heita lög um málefni fatlaðra, hv. þm.) Lög um málefni fatlaðra eru væntanlega í þessu lagasafni og þau eru nr. 41 frá 1983. En hæstv. félmrh. upplýsti mig um það að lög um erfðafjárskattinn séu enn yngri, eða frá 1984. Allavega er þau ekki að finna hér í þessu lagasafni vegna þess að hér er sem sagt að finna lög frá 1952. Ég vonast til þess að hægt sé að gera ráðstafanir til þess að ég fái þessi lög í hendurnar en það er svo sem af nógu að taka í þeim efnum.

Lög um málefni aldraða eru ný af nálinni, nr. 91/1982. Í 1. gr. þeirra kemur fram það markmið laganna að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand þess aldraða. Lögin miða að því að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanaþjónustu þegar hennar er þörf.

Síðan er gert ráð fyrir því að yfirstjórn öldrunarmálanna sé í heilbrrn. og það skuli stofna sérstaka samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Þá er rakið hver verkefni þessarar samstarfsnefndar séu. Nánar er kveðið á um það í lögunum að í hverju heilsugæsluumdæmi skuli vera ráð sem annist málefni á sviði öldrunarmála o. s. frv.

Í II. kafla þessara laga er fjallað um Framkvæmdasjóð aldraðra og þar segir, með leyfi forseta, í 9. gr.:

„Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Beint framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum hverju sinni.

2. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 300 á hvern mann á árinu 1983. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir sem eru 75 ára og eldri undanþegnir gjaldinu svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 60 þús. kr. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar upphæðir skulu hækka árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1983.

3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.

4. Vaxtatekjur.

Fjmrn. skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, ¼ af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein."

Þá er í 11. gr. fjallað um það hvar sjóðurinn skuli varðveittur. En hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er skv. 12. gr.:

„1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða.

2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða.

3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, enda verði jafnhátt framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti.

4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða.

5. Að veita framlög til að standa straum af þeim breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra, sem nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.

6. Önnur verkefni sem sjóðsstjórn telur brýn og ráðh. samþykkir."

Hér er óþarfi að taka fram að samtök aldraðra eru þátttakendur í Öryrkjabandalaginu og hér er sem sagt gert ráð fyrir því í lögum að — (**Gripið fram í:** Aldraðir eru ekki þátttakendur í Öryrkjabandalaginu.) Þeir eru taldir upp sem einn af þátttakendunum í Öryrkjabandalaginu, ef ég man rétt. Það er vonandi að mig mismuni ekki í því, en það er mín skoðun að aldraðir séu þátttakendur í Öryrkjabandalaginu. Mér er bent á að það sé rangt og þá leiðréttist það hér með. En ég held samt að það hafi verið þörf á því að rekja þessi lög og minna á þennan Framkvæmdasjóð vegna þess að hann er liður í því kerfi sem ég hef verið að tala um að eigi að vera fyrir hendi í þjóðfélaginu, að hið opinbera standi undir kostnaði af byggingum og heimilum og stofnunum fyrir þá sem þurfa á slíkri aðstoð að halda vegna örorku, elli, lasleika, vanþroska eða annarra báginda. Það sama er hægt að segja um lögin um málefni fatlaðra. Þar er gert ráð fyrir því að stofnaður verði Framkvæmdasjóður fatlaðra eins og stofnaður er Framkvæmdasjóður aldraðra. Í IX. kafla þessara nýju laga frá 9. mars 1983 segir um Framkvæmdasjóðinn:

„Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra og skal hann vera í vörslu félmrn. Sjóðurinn yfirtekur Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja, sbr. lög nr. 47/1979, og skuldbindingar hans. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir sem taldar eru í 1. mgr. 26. og 27. gr. og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Um framkvæmdir gilda ákvæði laga nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir að undanskildum framkvæmdum skv. 1. mgr. 27. gr.

Heimilt er jafnframt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu svo og annarra verkefna sem ríki eða sveitarfélögum ber sannalega ekki að greiða, þ. á m. fyrirgreiðslu vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, sbr. 2. lið 19. gr. Heimilt er að

veita lán og styrk úr Framkvæmdasjóði sbr. 27. gr.

Tekjur sjóðsins:

1. Ríkissjóður skal árlega næstu fimm árin leggja sjóðnum til a. m. k. andvirði 55 millj. kr. miðað við 1. jan. 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.

2. Tekjur erfðafjársjóðs.

3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.

4. Vaxtatekjur."

Hér er enn og aftur sú stefna undirstrikuð og áréttuð að það sé eitt af verkefnum hins opinbera, ríkissjóðs og ríkisvaldsins, að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af byggingum í þágu öryrkja. Hér er enn einu sinni staðfest sú meginregla, sem ég held að hljóti að vera ríkjandi og eigi að vera ríkjandi á Íslandi, að ríkisvaldið, hið opinbera, í gegnum almannatryggingakerfið, í gegnum fjárlög og með löggjöf, standi þannig við bakið á því fólki sem við bágindi á að stríða í þjóðfélaginu og þarf á hjálp að halda, að það þurfi ekki að kvíða morgundeginum, að það geti lifað bærilegu lífi og í sátt við tilveruna þó að það búi við skerta heilsu eða skerta krafta andlega eða líkamlega.

Um leið og ég segi að þessi stefna eigi að vera ríkjandi — og ég er henni fylgjandi einfaldlega vegna þess að hún er hluti af okkar velferðarkerfi og hún er einn af hornsteinum hinnar félagslegu samhjálpar sem við öll erum sammála um að hið opinbera eigi að hafa forustu um — er ég að andmæla þeirri stefnu sem virðist nú eiga að taka upp, að leiða Öryrkjabandalagið út í getraunastarfsemi sem er hreinir vonarpeningar. Það er satt að segja til vanvirðu fyrir ríkisvaldið og fyrir okkur öll að bjóða öryrkjum upp á þennan kost.

Við eigum að sjá sóma okkar í því og við eigum að sinna þeirri skyldu okkar að láta það ríflegt fé af hendi rakna í gegnum fjárlög og í gegnum þessa sjóði að þetta fólk geti byggt yfir sig húsnæði og heimili eins og Öryrkjabandalagið er nú að gera sér vonir um að það geti gert ef það fái peninga út úr þessari getraunastarfsemi. Slík heimili eiga ekki að byggjast á lotteríum og afkoma og framtíð öryrkja á ekki að byggjast á tombólum. Öryrkjar eiga að hafa skjól í löggjöfinni og í fjárlögunum og á Alþingi en ekki að fá einhverjar gjafir og greiða með samþykkt á frv. eins og þessu sem hér er til umr. Þeim er enginn greiði gerður með því að samþykkja heimild eða rétt til bandalagsins um að fá að reka getraunir, hvort sem það eru talnagetraunir eða eitthvað annað, vegna þess að það er ekki fundið fé og það er allsendis óvíst um það hvernig árangur verður af þeirri starfsemi.

Hættan er sú að með því að Alþingi telur sjálfu sér trú um að það sé örlátt og almennilegt við Öryrkjabandalagið með því að samþykkja getraunastarfsemi í þess þágu verði á sama tíma eða í framtíðinni sagt við Öryrkjabandalagið: Þið hafið getraunastarfsemina, þið þurfið ekki meira. Því miður hefur þróunin verið sú að þrátt fyrir þessi lög og þrátt fyrir það að hér sé verið að tala um það að ákveðnar milljónir kr. eigi að ganga í þessa framkvæmdasjóði er hvað eftir annað skorið á þessi framlög.

Það er kannske ekki alltaf með heilum hug sem menn standa upp og þykjast vilja öryrkjum eða öðrum líknar- og mannúðarsamtökum vel. Nú efast ég ekki um að góður vilji standi til þess. Þetta er bara ekki hugsað ofan í botninn. Þetta er vanhugsað frv. og það er röng stefna sem í því felst. Það er ekki vegna þess að ég sjái eftir einhverjum krónum sem renna kannske til Öryrkjabandalagsins í gegnum þessa getraunastarfsemi heldur hitt að ég held að þeim góðu mönnum sé vansæmd sýnd sem standa í forustu Öryrkjabandalagsins með því að láta þá ganga hér með betlistaf eins og bónbjargamenn hingað niður á Alþingi og biðja menn um að greiða fyrir þessu frv. þannig að þeir geti fengið nokkrar krónur í viðbót til að byggja fyrir öryrkja.

Auðvitað ættu móttökurnar á Alþingi að vera þær að við þessa menn yrði sagt: Hvað ætlið þið að byggja? Hverjar eru áætlanir? Við skulum sjá um að þessir peningar komi af skattpeningum, af því fé sem ríkið hefur til úthlutunar á fjárlögum. Við erum ekkert of góð til þess vegna þess að það á að ganga fyrir. Það er hin félagslega samhjálp sem við viljum öll stuðla að. Það er til hreinnar vansæmdar að Öryrkjabandalag Íslands sé á hrakhólum með fjármagn og það sé ófært um að byggja fyrir sína skjólstæðinga nauðsynlegt húsnæði, kannske sérhæft húsnæði, til þess að fólk geti lifað við sæmilegar aðstæður. Það er til skammar að þetta bandalag skuli ekki hafa alla möguleika til þess eftir hefðbundnum leiðum og með beinni aðstoð ríkisins að byggja þessi húsakynni.

Eins og ég hef margsagt hér í kvöld og rakið ítarlega hef ég ekki nokkra minnstu trú á því að þó að þetta frv. verði samþykkt gefi það mikla peninga. Það verður ekki einu sinni upp í nös á ketti. Það verður langt frá því sem þarf til þess að standa undir þeirri ágætu starfsemi sem Öryrkjabandalagið er að tala um í erindi sínu og er forsendan fyrir því að ráðh. kemur með þetta frv. Það er bara dropi í hafið, örfáar krónur sem út úr þessu fást.

Ég hef bent hér á að heildarsala knattspyrnugetrauna, sem hefur verið í þó nokkuð miklum vexti og stendur vel, er núna eitthvað um 40 millj. og það fé er ekki til skiptanna. (**HBl:** Það er nú allnokkuð.) Ekki þegar um er að ræða brúttósölu og greiða þarf af þessum 40 millj. allan kostnað af rekstri fyrirtækisins, borga vinninga, borga sölulaun, þá er ekki mikið eftir í hagnað. Það er a. m. k. harla lítið sem eftir er í hagnað fyrir Öryrkjabandalagið til þess að byggja tugi íbúða fyrir sína skjólstæðinga. (**HBl:** Menn kaupa ekki getraunaseðla nema til þess að fá vinninga.) Menn kaupa ekki happdrættismiða nema til þess að fá vinninga. Nei, það er alveg hárrétt. En ég er hér að rekja fyrir þeim þm., sem hlýða á mál mitt og vilja reyna að taka sönsum í þessu máli, að það er ekki mjög ábatasamt nú til dags að ganga á torgum úti og selja happdrættismiða jafnvel þó að fólk vilji gjarnan fá vinninga vegna þess að happdrættin ganga sífellt verr á Íslandi. Stóru happdrættin kvarta hvort sem það eru peningahappdrætti eða vöruhappdrætti og litlu happdrættin hjá smáu félögunum, sem eru kannske að selja sínu byggðarlagi happdrættismiða eða í sínu hverfi eða til sinna félagsmanna, gera ekki meira en að sleppa slétt út úr því. Ég held þess vegna að þetta sé sýnd veiði en ekki gefin. Ég vil alvarlega vara alþm. við því að gera Öryrkjabandalaginu þann grikk að vera að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum.

Skv. lögum um getraunir nr. 59/1972 er búið að veita Íslenskum getraunum rétt og leyfi til þess að reka talnagetraunir. Nú er það rétt að sá munur er á þessum lögum frá 1972 og frv. sem hér er til umr. að annars

vegar er talað um talnagetraunir og hins vegar um bókstafagetraunir. En í eðli sínu er þetta sama spilið, happaspilið eins og segir í lögum frá 1926, og sömu lögmál sem gilda. Þar er í raun enginn sjáanlegur munur. Í eðli sínu er þetta eitt og sama málið. Og þessi réttur, sem við erum nú að fjalla um hér í kvöld að eigi að veita Öryrkjabandalaginu, er skv. lögum frá 1972 í höndum félags sem heitir Íslenskar getraunir og er í eigu íþróttahreyfingarinnar. Í 1. gr. þessara laga frá 1972 segir:

„1. gr. Ríkisstj. veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenskar getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands."

2. gr. Félagið starfrækir getraunir, en með getraunum er átt við að á þar til gerða miða, getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir). Verð eininga, raða eða miða skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum frá stjórn Íslenskra getrauna.

3. gr. Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga. Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla til útborgunar.

4. gr. Menntmrn. fer með málefni Íslenskra getrauna, sbr. þó 5. gr. Íslenskum getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Íþróttanefnd ríkisins, stjórn Ungmennafélags Íslands, framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, stjórn Knattspyrnusambands Íslands, framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Starfstími stjórnarinnar eru þrjú ár. Þóknun til stjórnarinnar ákveður menntmrn. og greiðist hún af Íslenskum getraunum.

5. gr. Dómsmrn. setur reglugerð um starfrækslu getrauna, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra getrauna, og hefur eftirlit með starfrækslu getrauna. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenskum getraunum skv. ákvörðun rn.

6. gr. Stjórn Íslenskra getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf. Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní. Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning skv. ársskýrslu skal senda dómsmrn. og menntmrn.

7. gr. Stjórn Íslenskra getrauna ákveður hverjum veitist söluumboð og kveður á um sölulaun. Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs. Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

8. gr. Til kostnaðar við íþróttagetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands, að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. allt að því, að greiðslan nemur 475 þús. kr. á ári, og eftir að þeirri fjárhæð er náð greiðist til KSÍ 7500 kr. af hverri milljón.

Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð sem Íslenskar getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum sem félagið kann að verða fyrir.

9. gr. Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hafa verið greidd skal ágóði skiptast þannig: Til íþróttasjóðs 10%, til Ungmennafélags Íslands 20%, til Íþróttasambands Íslands 70%.

10. gr. Öllum öðrum en Íslenskum getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt án sérstakrar lagaheimildar að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum sem greiðast í íþróttasjóð.

11. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

12. gr. Leggist starfræksla getrauna niður skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins."

Svo mörg eru þau orð. Þannig hljóða þessi lög um getraunir frá 1972. Þessi lög hafa verið framkvæmd að því er varðar knattspyrnugetraunirnar en ekki að því er varðar talnagetraunir. Það á sér þær skýringar, sem ég er búinn að gefa hér fyrr í kvöld, að stjórn fyrirtækisins taldi rétt að hleypa knattspyrnugetraununum af stað, enda voru þær þá kunnari og áhugaverðari fyrir 13—14 árum síðan. Það varð því að ráði að hleypa þeim af stað og láta lottóið bíða þar til nokkur reynsla fengist af getraunum og þær hefðu fest sig í sessi. Að þessum reynslutíma loknum, sem hefur verið alllangur og samt nauðsynlegur eins og fram kemur í þeim tölum sem ég nefndi áðan, hefur nú verið ákveðið að fara af stað með lottóið, enda virðist líka vera komin nokkur þreyta í starfsemi Íslenskra getrauna. Það er ljóst að svo umfangsmikil starfsemi, sem byggist á sjálfboðaliðastarfi árum saman viku eftir viku, hlýtur einhvern tíma að lýjast. Það er kannske komið að því. Þess vegna vill íþróttahreyfingin núna notfæra sér þann rétt sem hún hefur skv. þessum lögum og ráðast til atlögu við þetta spennandi verkefni og þess vegna kemur það flatt upp á hana, nánast aftan að henni, að á sama tíma og hún ætlar að fara að neyta síns réttar er lagt fram frv. um það að aðrir gangi einnig til þessa leiks. Ég held að verri stund hafi ekki verið hægt að kjósa sér en einmitt núna á þessu vori og n. k. hausti ef hvorar tveggja þessar getraunir fara þá af stað.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. er enn í húsinu. En hann tók hér til máls áðan og hafði nokkur orð uppi um það að hann treysti því að hægt væri að leysa þessi mál með viðræðum og samstarfi, hvort sem það væri fyrr eða seinna. Mér finnst ástæða til þess að eiga við hann orðastað um þessar hugmyndir hans. Það gæti kannske stytt biðina hjá hv. dm. hér ef eitthvert samkomulag gæti tekist þar að lútandi. Þó að ég gæti auðvitað ekki gert neitt samkomulag hér úr ræðustól held ég að það væri kannske nokkurs virði ef forsrh. mundi vilja beita sér í einhverjum slíkum málum og það leiddi til þess að þessu máli væri slegið á frest á meðan. Það er ástæðulaust fyrir mig að flytja hér langt mál ef sú leið yrði valin að þessu máli yrði frestað og menn skoðuðu af fúsum vilja aðra möguleika.

Já, hæstv. forsrh. Ég er nú búinn að standa í ræðustól frá því klukkan 10 sjálfsagt og rekja ýmislegt sem snertir þetta mál og ég hef tíundað margvísleg rök sem mæla gegn því að þetta frv. nái fram að ganga. Mér er satt að segja hulin ráðgáta hvernig á því stendur að slíkt ofurkapp er lagt á afgreiðslu þessa máls að þdm. sé haldið hér fram á miðja nótt til að bíða eftir afgreiðslu

þess með hliðsjón af málavöxtum öllum. Við ætlum að slíta þinginu í fyrramálið kl. 11. Ég hafði ekki vitneskju um það og hef ekki enn að þetta mál hafi verið á forgangslista ríkisstj. Það mundi stytta vöku þm. hér í deildinni ef eitthvað væri hægt að þreifa sig áfram eftir þeim nótum sem hæstv. forsrh. vakti máls á áðan. Hann sagði í sinni stuttu ræðu, þó að ég muni það nú ekki orðrétt, að hann tryði ekki öðru en því að þessi ágætu samtök, sem hér eru að takast á með óbeinum hætti, gætu starfað saman í framtíðinni. Ef hæstv. ráðh. meinar þetta, sem ég efast ekki um, er óráð að fara að samþykkja þetta frv. núna. En yrði því frestað væri það gert í þeim tilgangi að menn gætu notað tímann fram til haustsins til að tala saman og átta sig á því hvernig þessum málum væri fyrirkomið og hvort samstarf kæmi til greina eða ekki. Ríkisstj. gæti beitt sér fyrir því að þeir sem málið varðar ræddu saman. Hún hefur ráðin í sínum höndum. Hún getur auðvitað lagt fram frv. til breytingar á lögum í skjóli síns meiri hluta. Ef kæmi í ljós að athuguðu máli og að viðræðum loknum að enginn flötur væri á því að tengja þetta saman með einum eða öðrum hætti er einfaldast af öllu að leggja fram þetta frv. að nýju í þingbyrjun næsta haust. Ég get ekki séð, þó að ég sé vaskur maður í ræðustól, að ég mundi ráða við að hefta framgöngu þess eina einustu dagstund, hvað þá að næturlagi, ef ríkisstj. mundi á annað borð leggja það fram og hafa áhuga á að það mál fengi afgreiðslu. Til þess að þreifa fyrir mér um hvort hér gæti orðið einhver málamiðlun, hvort hér væri hægt að finna einhverja lausn, þannig að menn gætu farið að stytta þennan fund og ég gæti farið að stytta mína ræðu, þá spyrst ég fyrir um hvort forsrh. mundi vilja beita sér fyrir því, og þá á þeirri forsendu að málið færi í bið á þessu þingi, að það kæmi ekki til lokaafgreiðslu í Ed.

Ég hefði haldið að þetta væri lausn sem allir gætu sætt sig við, líka þeir sem hafa barist fyrir framgangi málsins og viljað Öryrkjabandalaginu vel með því að styðja þetta frv. Ég held að forsrh. mundi gera vel með því að beita sér fyrir einhverjum lausnum á þessu máli sem er nú komið í nokkurt óefni vegna þessara árekstra. Ég heyrði að forsrh. gerir sér fulla grein fyrir því, sbr. ræðu hans hér áðan, hvernig komið er. Ég hef, eins og ég fyrr sagði, enga minnstu löngun til að reka horn í síðu Öryrkjabandalagsins eða spilla fyrir því góða félagi, en það kemur þannig út þegar menn þurfa að standa hér og rekja garnirnar úr frv. sem meint er sem hagsmunamál fyrir öryrkja þó að ég haldi að það verði allt annað. Það má vel vera að ekki sé áhugi á því að finna neina lausn á þessu máli, en ég skýt þessu fram af fullum velvilja og einlægni því að ég hef út af fyrir sig engan áhuga á því að standa endalaust í ræðustól og tefja fyrir öðrum þingmálum og halda vöku fyrir hálfum þinghelmi ef annarra kosta er völ. Er sem sagt hægt að flytja mér nokkrar fréttir hingað upp í ræðustól af hvernig menn hafa hugsað sér framhaldið á þessu? — Það er sem sagt ekki neitt að frétta? (**Forsrh.:** Ég get staðfest það sem ég sagði áðan í þessu máli.) (**Forseti:** Væri ekki heppilegt að hæstv. forsrh. kveddi sér hljóðs?) Ja, ég er nú í annarri ræðu minni þannig að ég veit ekki hvort forseti mundi gefa mér kost á að taka til máls í þriðja skipti. Ég er því kannske ekki tilbúinn að fara úr ræðustól. (**Forseti:** Ég vil taka það skýrt fram að forseti er alls ekki að tala um að hv. þm. geti ekki lokið ræðu sinni.) Væri kannske hægt að gera hlé á fundinum í fimm eða tíu mínútur? (**Forseti:** Þess er kostur að gert verði fundarhlé í fimm mínútur. Við byrjum aftur þegar klukkuna vantar 25 mínútur í tvö. Fundinum er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég þakka fyrir það hlé sem gert var á fundinum í framhaldi af tilmælum mínum áðan um að menn töluðu saman og áttuðu sig á því hver staða málsins væri. Ég ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að ég teldi heppilegt að menn notuðu tímann á næstunni til að hefja viðræður um samstarf með einum eða öðrum hætti. Þá yfirlýsingu gef ég í eigin nafni og ekki fyrir hönd eins eða neins. Ég tel það vera skynsamlegustu niðurstöðuna að við dokum við með framgang þessa máls og áttum okkur á því hvað hægt er að gera á næstu vikum og mánuðum. Með vísan til þess að hæstv. forsrh. hefur kvatt sér hljóðs mun ég þar með ljúka máli mínu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í stuttri ræðu minni áðan lagði ég áherslu á að farsælast væri að samkomulag gæti orðið með þessum tveimur mikilvægu hreyfingum, íþróttahreyfingunni og Öryrkjabandalaginu, um sameininlegan rekstur getrauna. Hv. þm. Ellert Schram fjallaði nokkuð um þessi orð mín og lýsti einnig vilja til þess að stuðla að slíku samkomulagi og óskaði eftir því að ég kæmi nánar inn á þetta mál. Ég er reiðubúinn að lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því að strax í sumar, strax þegar þessu þingi lýkur, verði rætt við hreyfingarnar báðar og leitað eftir samkomulagi um rekstur getrauna. Ég vil jafnframt lýsa því yfir að takist ekki slíkt samkomulag mun ríkisstj. leggja fram frv. eins og það sem hér hefur verið til umr. strax og þing kemur saman í haust.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er ljóst að þetta verður síðasti fundur þessarar hv. þd. og komið að því að ljúka fundinum, en áður en það verður vil ég leyfa mér að þakka hv. þdm. fyrir ágætt samstarf við mig á þessu þingi sem nú er að ljúka. Þetta hefur vissulega verið langt þing, óvenjulega langt þing, lengra en kannske öll önnur, og einnig hefur þetta verið mjög strangt þing, en eigi að síður vona ég að hv. þdm. eigi ýmsar góðar minningar um þetta þing eins og ég á persónulega þó að oft hafi hvesst á köflum, og reyndar er ekki við öðru að búast en svo geti orðið á stað þar sem við störfum, þar sem við vinnum.

Ég þakka varaforsetum fyrir þá ómetanlegu aðstoð sem þeir hafa veitt mér í störfum og einnig skrifurum sem hér gegna mjög mikilvægu starfi, trúnaðarstarfi hér í hv. þd., og er mjög mikilvægt að þeirra störf séu vel af hendi leyst, og ég vil þakka þeim góða aðstoð við mig um að halda góðri reglu í sambandi við fundarstjórn, alla fundarreglu.

Ég leyfi mér einnig að þakka skrifstofustjóra þingsins og öllu starfsliði fyrir þá ágætu samvinnu og það góða samstarf sem verið hefur við skrifstofustjóra og starfslið og þau góðu störf sem starfsliðið allt hefur innt af hendi fyrir þessa þingdeild og loks óska ég hv. þdm. og fjölskyldum þeirra allra heilla og velfarnaðar og þakka

þeim samstarf og ágæta samvinnu á þessu þingi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þdm. þakka hæstv. forseta hans hlýju orð og góðu óskir í garð okkar og fjölskyldna okkar. Nú er komið að lokum langs og óvenjulegs þinghalds. Ég þakka hæstv. forseta ágæta fundarstjórn í vetur á erfiðu þingi. Hann hefur stýrt fundum af sanngirni og réttsýni. Síðustu dægrin hefur verið erfitt að stjórna fundum hér í deild, en hæstv. forseta og varaforsetum hefur tekist það af prýði.

Ég vona að þetta hlýja og fallega sumar, sem við höfum öll hlakkað til að njóta, verði hæstv. forseta og fjölskyldu hans hamingjuríkt og heilladrjúgt og ég vona einnig að við munum hitta hann heilan og hressan í haust. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir og árétta þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.].

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir þau hlýju orð sem hann hafði í minn garð og okkar forseta og einnig til fjölskyldu minnar sérstaklega og mín og ég endurtek árnaðaróskir mínar til þdm. og segi þessum fundi slitið.

Efri deild, 108. fundur.

Föstudaginn 21. júní, kl. 2 fyrir hádegi.

Framkvæmdasjóður Íslands, frv. 457. mál (þskj. 1339). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1415).

Viðskiptabankar, frv. 423. mál (þskj. 1337, 1353). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 1353 felld með 12:2 atkv.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1416).

Sparisjóðir, frv. 493. mál (þskj. 1336 (sbr. 917)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1417).

Almannatryggingar, 262. mál (þskj. 440). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1418).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 334. mál (þskj. 1334). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1419).

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. 438. mál (þskj. 742). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1420).

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frv. þetta á sér langa sögu. 31. ágúst 1982 skipaði þáv. sjútvrh. nefnd til að semja frv. til l. um selveiðar við Ísland. Frv. þetta byggir að mestu á því nál. nema breyting var gerð á 3. gr. er varðar samráð við aðila um

skipulagningu selveiðanna.

Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi á síðasta vetri og kom þá frá sjútvn. Nd. 2. umr. var þá lokið, en 3. umr. lauk ekki. Frv. þetta var lagt fyrir snemma á þessu þingi, var afgreitt frá sjútvn. Nd. 20. mars, en er nú fyrst að berast Ed. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt. Hér er hins vegar um bæði mikilvægt mál að ræða og viðkvæmt og er afar brýnt að bæta skipulag þessara veiða þannig að fækkun sels og takmörkun stofnsins geti verið með eðlilegum hætti.

Ég vil leggja á það mikla áherslu að mál þetta geti náð fram að ganga. Ég geri mér grein fyrir að það er algerlega komið undir velvilja þessarar hv. deildar. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál, það hefur hlotið það mikla kynningu. Ég vísa þar til umr. í Nd., framsögu minnar þar, nefndarálita sem liggja fyrir og umsagna sem liggja fyrir á prentuðum þskj. sem ég veit að þm. hafa haft aðstöðu til að kynna sér.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. kemur þetta mál til umr. í þessari deild á síðustu stundu. Það er búið að vera til athugunar og skoðunar í Nd. í allan vetur, en ætlast er til þess að það verði afgreitt hér á síðustu augnablikum sem Ed. hefur til umráða til að afgreiða mál.

Ég tek undir að þetta er mikilsvert mál og það snertir gildan þátt í atvinnulífi okkar, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Það hefur verið mikil umræða um að selurinn væri hinn mesti meinvaldur hvað snertir fjölgun hringorms í fiski. Það hefur jafnvel verið kveðið svo fast að orði að hann væri stærsta orsökin að versnandi stöðu sjávarútvegs á síðustu og verstu tímum. Ég vil undirstrika að ég tel að þar séu viss vandamál á ferðinni, en það sé rangt að gera eins mikið úr því og gert hefur verið. Þetta er vandamál sem við höfum búið við á undanförnum árum, kannske í nokkuð auknum mæli á síðustu árum vegna þess að selveiði hefur ekki verið stunduð sem hlunnindabúskapur eins og áður, en þrátt fyrir það held ég að gert hafi verið mikið meira úr þessu máli en efni hafa staðið til.

Ég tel að þó að málin þróist eins og raun ber vitni sé nauðsynlegt að koma þessu máli frá og samþykkja það hér og mun standa að samþykkt þess, en tel mjög nauðsynlegt að með sóknina í selastofninn verði farið af hinni mestu varúð og á þeim svæðum þar sem ákveðnar friðunarreglur hafa gilt verði farið að á þann máta að það breyti ekki þeim reglum sem í gildi hafa verið fram á þennan dag þó að frv., lögin sem í gildi koma, geri ráð fyrir að þar verði hægt að fara nokkuð víðar um en áður hafa verið reglur um.

Eins og ég hef reyndar sagt áður held ég að nauðsynlegt sé að koma á ákveðnum lögum um selveiðar og breytingu frá því sem verið hefur hingað til og mun ég standa að samþykkt þessa frv. þó að ég átelji að þetta mál hafi ekki gengið betur fram en raun ber vitni um og sé komið hér til umr. á síðustu stundu og við stöndum raunverulega frammi fyrir því að segja við því já eða nei. Þeir sem gera sér grein fyrir þeim stóra vanda sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir í sambandi við hringorminn, þann vonda orm, vita að það er ekki um annað að gera á síðustu mínútunum sem við höfum til vinnu í hv. Ed. en að samþykkja frv. þó nauðsynlegt hefði verið að skoða málið mikið betur en við höfum aðstöðu til hér.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það vekur að sjálfsögðu nokkra undrun að mál sem búið er að vera á dagskrá í Nd. Alþingis frá því um miðjan vetur skuli vera komið á dagskrá í Ed. Alþingis á síðasta degi þessa þinghalds. Mér er efst í huga að spyrja hvort mönnum sé nú full alvara — það væri kannske betra að orða það eins og hv. 2. þm. Austurl. hefur komist hér að orði: hvort mönnum sé orðið sjálfrátt.

Ég held að þetta frv. sem slíkt, og hef ég þó ekki farið alveg nýlega yfir það, muni ekki marka nein sérstök tímamót í þessum efnum, en hins vegar er eðlilegt að minna á hver afstaða landbúnaðarins er varðandi þetta frv. M. a. má minna á í þessum efnum afgreiðslu síðasta Búnaðarþings og ályktun þess um þetta mál.

Ég læt mér ekki detta til hugar annað en að þetta frv. fái málefnalega umfjöllun hér á Alþingi og að sjálfsögðu er búið að gera hér till. um að málinu verði vísað til nefndar. (**Gripið fram í:** Vísað til sjútvn.) Já, ég hef ekkert við það að athuga þó að frv. fari þá leið. En þá gefst hins vegar betra næði og betra tóm til þess að fjalla um þetta mál. Þessi vinnubrögð eru óforsvaranleg. Ég mótmæli þeim. Frv. verður að fá eðlilega umfjöllun hér á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. 398. mál (þskj. 1411). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir á sér allnokkra sögu og mun mönnum ekki ókunnugt um það. Að mínu mati hefur hér verið beitt aldeilis ótrúlegum aðferðum við að sjá til þess að þetta mál næði ekki fram að ganga. Það hefur verið stimplað eitthvert sérstakt dreifbýlismál þrátt fyrir að það liggi fyrir samþykkt frá fræðsluráði Reykjavíkur, áskorun til menntmrh. um að fresta gildistöku ákvæðis um skólaskyldu í 9. bekk, sem málið fjallar um, áskorun um að þar fari fram nánari athugun.

Það liggja að sjálfsögðu fyrir fjölmargar áskoranir frá fundum kennara og skólastjóra út um land. Með leyfi forseta má geta þess að fundur kennara á Norðurlandi eystra, haldinn 8. mars, skoraði á Alþingi og menntmrh. að tryggja öllum börnum ókeypis skólagöngu frá 6—16 ára aldurs án þess að lengja skólaskyldu upp á við frá því sem nú er. Þá liggur fyrir samþykkt frá sameiginlegum fundi fræðsluráðs og skólastjóra á Norðurlandi vestra sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sameiginlegur fundur fræðsluráðs og skólastjóra á Norðurlandi vestra, haldinn á Blönduósi þann 12. 3. 1985, telur ekki réttan tíma nú til þess að til framkvæmda komi skólaskylda fyrir 9. bekk grunnskóla, og mælir með því að nú í vetur verði ákveðin fræðsluskylda til reynslu."

Þessu máli, gildistöku grunnskólalaganna um 9. bekk

hefur verið frestað alls ellefu sinnum. Það segir sína sögu um hversu mikil andstaða hefur verið gegn þessu að mér er ekki kunnugt um nokkurn mann í skólastarfi sem virkilega mælir þessu bót.

Við fjölluðum í vetur um till. til þál. frá hv. þm. Kvennalistans — 1. flm. var Málmfríður Sigurðardóttir — og í tillgr. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að tryggja að ríkissjóður gegni sömu skyldum hvað varðar fjárframlög í 9. bekk grunnskóla og við aðra bekki grunnskólans, án þess þó að skólaskylda komi til."

Í grg. segir enn fremur:

„Því virðist skólaskylda 9. bekkjar ástæðulaus."

Námsgagnastofnun hefur tjáð sig alls óviðbúna að koma þessu í framkvæmd og það er upplýst að kostnaður hleypur á milljónum ef ekki tugum milljóna við þetta. Það er því með öllu móti óskiljanlegt hvað vakir fyrir mönnum að leggjast á þetta mál með þvílíkum ofurþunga sem hér er gert. Það er ekki einu sinni hægt að ætla að það sé þekkingarleysi hæstv. menntmrh. Það hlýtur eitthvað annað að koma til.

Ég þykist sjá það nú að þessu máli verði ekki komið í gegnum þetta þing. En þessu máli er engan veginn lokið. Það er nú svo að það skiptir um ráðherra og ráðherrar hafa mismunandi skoðanir. Það er algerlega ljóst að það er fyrst og fremst skoðun ráðherra þessara mála sem ræður því að þetta frv. nær ekki fram að ganga nú og ábyrgð lýsi ég á hendur honum um það hvernig til tekst.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál á þessu stigi, en reyndar hefur hv. 5. þm. Norðurl. e. tekið af mér ómakið með því að lýsa því yfir að þetta mál yrði ekki afgreitt hér. Það þykir mér gott að heyra því að það er auðvitað fullljóst að við höfum engin tök á því á þessari stundu, þessari vornótt, að ganga frá máli sem er í senn svo viðkvæmt og viðamikið fyrir hóp sem ég fullyrði að þarf að huga sérstaklega að, viðkvæman hóp nemenda sem vissulega þarf að huga að og af fjöldamörgu öðru sem ég ætla ekki að tíunda hér.

Ég bendi á að þeir sem vilja áfram staðnæmast við 8. bekkinn verða að hugsa um að sá bekkur gefur eins og nú er engin réttindi til áframhaldandi náms. Þar er engum áfanga lokið nema bekknum sjálfum. Menn verða þess vegna að huga að þessu máli öllu í heild áður en þeir afgreiða það.

Ég ætla ekki að fara að taka upp hanskann fyrir hæstv. menntmrh. þó að mér þættu það nokkuð þung orð sem hér féllu áðan í garð hæstv. ráðh. En hér í hv. Ed. er a. m. k. augljóst að ekki hefur verið lagst með neinum ofurþunga á þetta mál, einfaldlega vegna þess að það er fyrst að líta dagsins ljós hjá okkur núna. Dagsbirtan er sem betur fer þannig úti að það er að líta dagsins ljós núna. (**BD:** Þm. veit vel hvað ég er að tala um.) Nei, mér er það ekki ljóst nema þá að hv. þm. sé að beina enn þyngri skeytum að hæstv. menntmrh. en ég átti von á. Hér í hv. Ed. hefur enginn lagst með ofurþunga á þetta mál einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið hérna til umr. Það er fyrst að koma til okkar núna.

Ég segi aðeins að illa er komið íslenskri kennarastétt ef sú fullyrðing hv. þm. er rétt að enginn maður í skólastarfi mæli því bót að menn nái allir sem einn eðlilegum áfanga út úr grunnskólanum. Þá er illa komið íslenskri kennarastétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 109. fundur.

Föstudaginn 21. júní, að loknum 108. fundi.

Selveiðar við Ísland, frv. 210. mál (þskj. 249). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er til umr., var tekið fyrir í sjútvn. áðan og þrátt fyrir að það færi nánast enginn tími í þær umræður, og get ég verið sammála þeim sem hér hafa rætt um að mjög erfitt væri að taka mál eins seint fyrir og hér er gert, varð nefndin öll sammála um að málið yrði hér tekið fyrir og mælti með því þó að það skuli tekið skýrt fram að ýmsir nm. höfðu ekki kynnt sér málið nógu vel til þess að þeir gætu tekið beina afstöðu til þess. Þeir vildu samt ljúka málinu ef mögulegt væri. Þess vegna flyt ég munnlegt nál. um að nefndin er sammála um það að ljúka þessu máli í nótt við þessar aðstæður ef mögulegt er.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Það er því miður alveg ljóst að það verður ekki með skaplegum hætti hægt að slíta fundi í kvöld nema það verði gert nú. Það er búið að taka út af dagskrá eitt mál sem hefur valdið miklum ágreiningi. Hér er um að ræða annað mál sem því miður veldur ágreiningi og það er ljóst að það verður haldið upp miklum umr., kannske ekki af mörgum, ég veit það ekki. Það er mikilsvert fyrir þá sem styðja þetta mál, og ég er einn þeirra, eða í meginatriðum styð ég það þó að ég hafi kannske ekki kynnt mér það nægjanlega, að öll sjútvn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé gott mál og það sé styrkur fyrir sjútvrh. að hafa það í höndum, þegar hann gerir einhverjar ráðstafanir. Ég leyfi mér að leggja til að í þessari hv. þd. verði það a. m. k. látið átölulaust að okkar ágæti forseti fái heimild til að slíta nú fundi. Ég held að það væri sómi okkar allra.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Forseti tók mál út af dagskrá áðan án þess að vísa því til nefndar. Mér láðist að spyrja að því þá og þegar það var gert, en vil ítreka það, hvort það hafi verið með vilja tekið út af dagskrá án þess að vísa því til nefndar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Til þess að svara fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e.: Það var fyrst og fremst gert vegna þess að það hefur í raun og veru litla þýðingu að vísa málum til nefndar þegar fyrir liggur að málin verða ekki afgreidd á þessu þingi. Við erum á síðustu mínútum þingsins að störfum í hv. Ed. og þess vegna var þetta ákvörðun forseta. Það hefði verið formsatriði að vísa

því til nefndar, en ekki raunhæft. Þess vegna gerði forseti það ekki.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Mér þykir afar þægilegt að vitna til tveggja flokksbræðra minna sem talað hafa á undan mér. Hv. þm. Valdimar Indriðason hefur gefið þá yfirlýsingu fyrir hönd sjútvn. Ed. Alþingis að hún vilji samþykkja þetta frv., enda þótt ýmsir nm. væru ósáttir með málsmeðferð. Mér þykir þó ekki síður og kannske enn vænna um orð Eyjólfs Konráðs Jónssonar sem hefur beint þeim tilmælum til forseta þessarar virðulegu deildar, m. a. vegna þess að hér er um ágreiningsmál að ræða, að málið verði ekki tekið hér til afgreiðslu. Mér þykir afar vænt um þessi orð þessara tveggja flokksbræðra minna.

Það er fjarri því að ég hafi eitthvað við það að athuga að verða í minni hl. í atkvgr., en ég á erfitt með að una því að ekki skuli vera hægt að fá næði til að fjalla um málið, flytja röksemdir fyrir sinni skoðun og ganga frá tillögugerð með sómasamlegum hætti. Ég hef vitnað í tvo flokksbræður mína, en ég gæti vitnað í fleiri, og m. a. í sambandi við þá umr. sem fór fram í Nd. Alþingis. M. a. komu þá fram mjög hörð andmæli gegn þessu frv. frá einum af þm. Sjálfstfl.

Nú muna það kannske einhverjir betur en ég, en a. m. k. á síðustu dögum hefur ekki verið minnst á þetta mál í þingflokki Sjálfstfl. Hér er þess vegna ekki verið að ganga gegn neinu samkomulagi. Það er vitanlega hægt að fara yfir það hvaða samþykktir hafa verið gerðar í þingflokknum og ég ætla ekki að vera með fullyrðingar í þeim efnum, en ég minnist þess ekki að það hafi verið gerðar samþykktir þar um að þetta mál skyldi ganga fram. Sjálfur hef ég verið alla tíð með efasemdir gagnvart þessu máli eins og margir aðrir bændur á Íslandi.

Nú ætla ég, virðulegi forseti, ekki að tefja þessa umr. sem slíka. Ég legg það í vald forseta hver sé minn þinglegi réttur í þessum efnum. Ég bið ekki um neitt annað en að fá næði til að fara yfir þetta mál og leggja fram mínar tillögur í því. Það er mín eina ósk í þessu máli.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hefði á nákvæmlega sama hátt og hv. þm. Egill Jónsson getað borið fram óskir um að fá að skoða með sama hætti ýmis þau frumvörp sem hafa verið afgreidd að undanförnu — við skulum segja frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem naumur tími gafst til að skoða. Það skal viðurkennt að það er stuttur tími til að skoða þetta mál, en þegar hv. þm. Egill Jónsson kvartar yfir því að fá ekki að skoða þetta mál eins rækilega og honum þykir ástæða til vil ég benda á að við stjórnarandstæðingar höfum af mikilli hlífisemi við þessa stjórn, (**Gripið fram í:** Vorkunnsemi.) vorkunnsemi líka, gefið eftir og látið mál ná fram að ganga. Mér kemur þessi afstaða hans ákaflega undarlega fyrir sjónir og ég sé ekki, virðulegi forseti, að við ættum að eyða miklum mun lengri tíma í þetta mál. Ég legg þess vegna til að um það verði greidd atkv. hið fyrsta.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega það mál sem hér er á dagskrá eða annað mál sem tekið var af dagskrá hér áðan. En ég vil aðeins segja að ég tel að það sé útilokað að taka við máli um miðja nótt og ætla að koma því í gegnum þrjár umræður og nefnd nema það sé algert samkomulag um það. Ef það er ekki samkomulag er það mitt álit að það séu vinnubrögð sem ekki sé hægt að viðhafa. Þess vegna legg ég til að málið sé tekið út af dagskrá og ekki haldið áfram lengur.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég sagði það í mínum upphafsorðum að ég gerði mér grein fyrir því að afgreiðsla þessa máls væri komin undir velvilja hv. Ed. og ég gerði mér fulla grein fyrir því að það væri ekki hægt að afgreiða þetta mál nema í góðu samkomulagi. Ég hafði skilið það svo á viðræðum formanna þingflokka að það gætu verið möguleikar á því, án þess að ég ætli á nokkurn hátt að tara að vitna í það. Hér er vissulega um mjög mikilvægt mál að ræða sem er búið að veltast fyrir þinginu í tvö ár. Þar er ekki hv. Ed. um að kenna. Það er fyrst komið hingað í nótt. Ég vil ekki þreyta hv. þingdeild á nokkurn hátt eða gera tilraun til að þvinga mál fram gegn vilja þm. En ég átti sem sagt von á því, vegna þess hve margir töldu sig reiðubúna að afgreiða málið og sjútvn. vildi gera það, að aðrir, sem líkaði málið miður vel, gætu sætt sig við það þótt þær væru ekki afar hrifnir af því. Þannig hefur það oft verið í þinginu. Það er ekkert einsdæmi að mál hafi verið afgreidd á síðustu stundu og þegar um er að ræða mál sem búið er að liggja hér í tvö ár í þinginu og menn þekkja mjög vel ætti það að vera mögulegt. En ég vil algerlega leggja það í vald virðulegs forseta hvað gert er í þessari stöðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hæstv. sjútvrh., þá vil ég þakka honum þann skilning sem hann sýnir á þeim vanda sem hv. Ed. er sett í vegna þessa máls og reyndar fleiri, eins og margoft hefur komið fram á þeim fundum sem hafa verið haldnir í dag, svo margir að forseti man ekki tölu á þeim í augnablikinu. Ég vil leyfa mér að þakka þann skilnig sem hann hefur varðandi málið og jafnframt lýsa því yfir að ég tel að það sé of mikið á þessa hv. þingdeild lagt að ætla sér að fara með þetta mál í gegn með þeim hætti sem hér hefur verið eins og það hefur borið að. Þess vegna er þessari umr. lokið og málið tekið út af dagskrá.

Starfslok efri deildar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er nú komið að lokum þessa fundar og um leið seinasta fundar hv. Ed. á þessu starfsári. Hér hefur, eins og oftast áður við slíkar aðstæður, verið mikið annríki í þingsölum seinustu daga og vinnudagur verið langur og þarf víst ekki að minna á það á þessum fundi þar sem klukkan er nú nærri orðin hálffjögur á nýjum degi. En það gildir ekki aðeins um hv. þdm., heldur einnig um allt annað starfsfólk þingsins. Það reynir því á lipurð og umburðarlyndi, samstarfsvilja og vaskleika í öllum störfum, jafnt í þingdeildinni sem í nefndum, á skrifstofu og í raunar öllum þeim störfum sem eru þinginu tengd því að þannig er nú málum háttað að störf þingdeildarinnar eru algerlega háð því hvernig gengur að samræma störfin svo að þau að lokum renni öll í einn greiðan farveg.

En þetta hefur gengið svo vel sem verða má í þessari

hv. deild og segi ég þetta þrátt fyrir þær umræður og þau atvik sem hér hafa komið upp hjá okkur á síðustu mínútum þessa fundar sem er ekki nema eðlilegt. Það er því vissulega ástæða fyrir forseta þessarar hv. deildar að þakka öllum hv. þdm. sérstaklega fyrir mjög gott samstarf og þolinmæði í garð forseta. Þá vil ég sérstaklega þakka varaforsetum og skrifurum alla þeirra góðu aðstoð og samvinnu. Jafnframt er skrifstofustjóra Alþingis, svo og öllu öðru starfsfólki, þökkuð lipur fyrirgreiðsla, aðstoð og góð samvinna.

Ég óska ykkur öllum góðs sumars og vænti þess að við hittumst öll heil að hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Þessar óskir eru einnig ætlaðar fjölskyldum ykkar allra og þeim sem eiga langt heim að sækja óska ég góðrar heimferðar og heimkomu.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta hafa kannske verið svolítið óvenjuleg þinglok hjá okkur vegna þess að venjan hefur verið sú að okkur hefur tekist að ljúka verkum okkar á undan hv. Nd. Það tókst að vísu ekki að þessu sinni, en ég held að þeim mun betur getum við unað við okkar verkalok.

En ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka forseta okkar góðar óskir í garð okkar þdm. Ég vil enn fremur sérstaklega þakka forseta umburðarlyndi, ánægjulegt samstarf í hvívetna og góða og röggsama fundarstjórn ævinlega. Enn fremur vil ég fyrir hönd okkar þdm. færa starfsliði Alþingis og skrifstofustjóra sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og góða fyrirgreiðslu þessa síðustu daga þar sem mikið mæðir á öllum. Ég ítreka góðar óskir okkar allra og þakkir til forseta og íæri henni og fjölskyldu hennar okkar bestu óskir um gleðilegt og ánægjuríkt sumar. Ég vil biðja hv. dm. að staðfesta þessar mínar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.].

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hv. 5. landsk. þm. hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek mínar bestu óskir til ykkar allra og fjölskyldna ykkar og segi þessum fundi slitið.

Sameinað þing, 101. fundur.

Föstudaginn 21. júní, kl. 11 árdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Háttvirtir alþingismenn. Nú verður gefið stutt yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 10. okt. til 20. des. 1984 og frá 28. jan. til 21. júní 1985, alls 216 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	108
Í efri deild	109
Í sameinuðu þingi	101
Alls	318

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	34		
b. Lögð fyrir efri deild	71		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2		
		107	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	56		
b. Borin fram í efri deild	31	87	
			194
Úrslit urðu þessi:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	87		
Þingmannafrumvörp	15		
		102	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum	10		
Stjórnarfrumvarpi	1		
		11	
c. Felld:			
Stjórnarfrumvarp	1		
Þingmannafrumvörp	4		
		5	
d. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	18		
Þingmannafrumvörp	58		
		76	

II. Þingsályktunartillögur.

Bornar fram í sameinuðu þingi	134	
Bornar fram í efri deild	5	
		139
Úrslit urðu þessi:		
a. Ályktanir Alþingis	25	
b. Felldar	3	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	5	
d. Afgreiddar með rökstuddri dagskrá	2	
e. Ekki útræddar	104	
	139	

III. Fyrirspurnir.

Í sameinuðu þingi 204. Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema einni.

Mál til meðferðar í þinginu alls	537
Skýrslur ráðherra	13
Tala prentaðra þingskjala	1424

Þing þetta hefur á ýmsan hátt verið með einstæðum hætti. Aldrei hafa verið flutt jafnmörg þingmál sem á þessu þingi. Ekkert þing hefur staðið lengur en þetta þing. Mörg mikilvæg mál hafa verið til meðferðar og hlotið afgreiðslu.

Þótt menn hafi greint á um ýmislegt sem gert hefur verið sameinast allir alþm. í þeirri ósk að störf þessa þings megi verða til heilla landi og lýð.

Alþingi hefur ekki farið varhluta af gagnrýni á

vinnubrögðum á þessu þingi. Réttmætt aðhald almennings við Alþingi er af hinu góða og ekki til að amast við. Margt í gagnrýninni á við rök að styðjast. Annað er byggt á misskilningi. En mest er um vert að Alþingi leitist ávallt við að bæta vinnubrögð sín og halda þeim svo að það megi sem best gegna sínu mikilvæga hlutverki.

Á þessu þingi, sem nú er að ljúka, hafa merkistíðindi gerst í þessu efni með samþykkt nýrra laga um þingsköp Alþingis. Slík heildarendurskoðun á þingsköpum hefur ekki farið fram í nálega hálfa öld. Í hinum nýju þingsköpum felast gagngerðar breytingar í veigamiklum atriðum og alger nýmæli. Stjórn þingsins er efld með skipulegum og markvissum vinnubrögðum. Að þessu lúta ákvæði um hlutverk forseta þingsins, svo sem að hafa umsjón með starfi þingnefnda sem gert er að skipa afgreiðslu mála í tímaröð svo að verkefnum þingfunda megi, eftir því sem við verður komið, dreifa sem jafnast á þingtímann. Settar eru reglur um hnitmiðaðri meðferð þáltill. en verið hefur. Breytt er reglum um fyrirspurnir þannig að umræðan er bundin við fyrirspyrjanda og viðkomandi ráðh. og ræðutími styttur. Sett eru ákvæði um umræður utan dagskrár sem í senn greiða fyrir því að þm. geti vafningalaust hreyft áhugamálum sínum og setja utandagskrárumræðum takmörk.

Það er ekki nægilegt að setja í þingsköp slík og þvílík ákvæði. Allt er að sjálfsögðu undir framkvæmdinni komið. Í því efni spáir það góðu að hin nýju þingsköp eru samkomulagsmál allra þingflokka. Allir þingflokkar eiga óskipt mál um að vilja bæta vinnubrögð þingsins. En það er ekki nægilegt. Hér verður ríkisstjórn hver sem hún er einnig að koma til. Það er höfuðatriði að stjfrv. dreifist sem jafnast á þingtímann. Það getur ekki gengið að þingið sé verkefnalítið lengi fram eftir þingtímanum, en stjfrv. hlaðist upp í lok þingsins.

Á þessu þingi, sem nú er að ljúka, hefur meginvandinn verið fólginn í því að af 107 stjfrv. eru 31 lögð fram eftir 10. apríl. En því nefni ég 10. apríl að eftir þann tíma hefði ekki verið heimilt skv. hinum nýju þingsköpum, sem Alþingi hefur nú sett sér, að taka til meðferðar ný þingmál nema með afbrigðum. Á þessu verður að verða breyting. Við bætum ekki vinnubrögð Alþingis nema allir hjálpist að. Samstaðan um hin nýju þingsköp spáir góðu um það. Því verður að treysta.

Hin nýju lög um þingsköp taka gildi 1. júlí n. k. eða eftir nokkra daga. En þann dag eru 140 ár frá því að Alþingi kom saman til fyrsta fundar eftir endurreisn þess 1. júlí 1845 og 110 ár síðan það kom saman til fyrsta fundar eftir að það fékk löggjafarvald 1. júlí 1875.

Það er í fleiri horn að líta um bætt vinnubrögð Alþingis en það sem lýtur að þingstörfunum sjálfum. Alþingi þarf að tileinka sér nýja tækni og framfarir hvarvetna sem að gagni má verða í starfsemi þess. Nú hefur verið ákveðið að taka tölvutæknina í þjónustu Alþingis. Það verður gert í áföngum eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa. Unnið er nú að fyrsta áfanga. Þar er gert ráð fyrir ritvinnslu með tölvum og að skrár verði tölvuunnar. Ávinningurinn af þessari tölvuvæðingu verða aukin afköst við vélritun og leiðréttingar og meiri sveigjanleiki í útgáfu þingskjala, þingtíðinda og spjaldskrárvinnslu. Gert er ráð fyrir að þessi tölvuútbúnaður komi að gagni þegar á næsta þingi. Með þessu verða merk þáttaskil í vinnubrögðum Alþingis. Við höldum innreið inn í nýja öld sem helst má líkja við þegar tekið var til að skrifa lög þingsins upp úr aldamótunum 1100 og þegar prentlistin var síðan tekin í þjónustu þingsins.

Þá er nú unnið að úrbótum í húsakosti Alþingis. Ákveðið hefur verið að efna til samkeppni um gerð og skipulag viðbótarbygginga fyrir starfsemi þingsins. Starf að samkeppni þessari er þegar hafið og er það unnið í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Dómnefnd hefur verið skipuð og vinnur nú að gerð útboðslýsingar. Stefnt er að því að tillögur berist og samkeppninni ljúki fyrir lok þessa árs.

Gert er ráð fyrir að í hinni nýju byggingu verði sú starfsemi Alþingis sem eðli málsins samkvæmt hefði átt að vera í Alþingishúsinu ef rými þess hefði leyft. Hér er um að ræða húsrými fyrir fundaaðstöðu þingnefnda og þingflokka, skjalavörslu, bókasafn, mötuneyti, skrifstofuhald o. þ. h. Miðað er við að áfast við viðbyggingu þessa verði síðan komið upp byggingu fyrir skrifstofur þingmanna.

Forsetar annast undirbúning þessarar keppni í samráði við húsameistara ríkisins og skipulagsyfirvöld og unnið er í samvinnu og með samráði við formenn þingflokkanna. Það er síðan á valdi Alþingis að ákveða hvort hús verður byggt eftir teikningu sem út úr þessari samkeppni kemur.

Efnt er til þessarar samkeppni samkv. þál. um framtíðarhúsakost Alþingis sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981. Þar er tekið fram að samkeppnin verði við það miðuð að heimkynni Alþingis skuli áfram vera í núverandi þinghúsi svo og í byggingum í næsta nágrenni þess. Verður að líta svo á að hér hafi verið mörkuð stefna fyrir næstu framtíð. Er nú unnið að hönnun nýrra innréttinga fyrir þingsalina og er þar ekki einungis tekið tillit til þeirrar fjölgunar þm. sem kveðið var á um með síðustu stjórnarskrárbreytingu, heldur og hafðar í huga þarfir til lengri tíma.

En ekki verður gert ráð fyrir að okkar alþingishús verði það sama um alla framtíð. Þess vegna verður að staðsetja þá viðbótarbyggingu, sem við nú tölum um, þannig að ekki skerði þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi hér á lóðaspildu Alþingis til að reisa alþingishús framtíðarinnar. Við höldum opnum öllum möguleikum til ákvarðanatöku í framtíðinni hvort heldur alþingishús verði reist hér eða annars staðar, svo sem á Þingvöllum „ef þjóðarþrek og þjóðarandi heimta þinghald á Þingvöllum“, eins og komist hefur verið að orði, svo að gagni verði að flytja þingið.

En við þurfum nú að líta okkur nær. Þær hugmyndir verða stöðugt áleitnari að tengja Alþingi nú þegar nánar Þingvöllum en verið hefur síðan þinghald lagðist þar niður. Hinir mætustu forustumenn þjóðarinnar hafa tengt slíkar hugmyndir minningunni um stærstu stundir í sögu þjóðarinnar. Má þar til nefna á þessari öld 1000 ára afmæli Alþingis 1930 og 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974.

Nú er fram undan að minnast eins þess atburðar sem hæst rís í þjóðarsögunni, kristnitökunnar. Árið 2000 verður þessa atburðar minnst. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Á vegum þjóðkirkjunnar hefur þegar verið hafist handa um að móta hugmyndir um hvað gera skuli. En hlutur Alþingis má ekki eftir liggja. Raunar er 1000 ára afmæli kristnitökunnar afmæli í sögu Alþingis. Það verður minnst merkustu löggjafar sem Alþingi hefur sett.

Forsetar Alþingis hafa mál þetta til meðferðar. Spurningin er hvernig Alþingi minnist þessa merka atburðar með því að endurnýja tengslin við þingstaðinn þar sem atburðurinn gerðist. Ber þá við hugmyndina um að Alþingi eigi sitt hús á Þingvöllum, sem það noti til sinna þarfa, svo sem til að setja og slíta þingi og til hátíðafunda.

Minning kristnitökunnar árið 2000 er viðfangsefni sem nú er þegar að fást við. Forsetar Alþingis munu vinna að máli þessu í samráði við þingflokka, ríkisstjórn og Þingvallanefnd og málið verður rætt á vettvangi samstarfsnefndar Alþingis og þjóðkirkjunnar. Æskilegt er að málið geti verið lagt fyrir Alþingi í einu eða öðru formi á næsta þingi.

Alþingi og þjóðkirkjan eiga hér hlut að máli. Hvor stofnunin fyrir sig minnist kristnitökunnar með sínum hætti, en sameiginlega hljóta þessar elstu stofnanir landsins að standa að þeirri þjóðhátíð sem haldin verður árið 2000.

Nú við þinglausnir vil ég þakka öllum alþm. fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa fúslega veitt mér ágæta aðstoð. Ég þakka skrifurum eljusemi og kostgæfni í störfum. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mikið og gott starf og fyrir ánægjulega samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á komandi hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Heill og hamingja fylgi öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis.

Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Ragnar Arnalds: Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka virðulegum forseta hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum fyrir ágæta og réttláta fundarstjórn nú sem endranær og fyrir góða forustu um þingstörfin á þessu langlengsta þingi sem haldið hefur verið. Ég óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á þessu sumri. Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu fyrir ágæt störf í vetur. Ég vil vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á komandi þingi. Ég vil biðja hv. alþm. að staðfesta þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þm. fyrir að taka undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar til allra þm. og starfsliðs Alþingis um gæfu og gengi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég veiti hér með forsrh., Steingrími Hermannssyni, umboð til þess að slíta Alþingi, 107. löggjafarþingi, fimmtudaginn 20. júní 1985 eða síðar.

Gert í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þm. og starfsmönnum Alþingis velfarnaðar. Ég þakka samstarfið á löngu þingi og treysti því að við hittumst heil að hausti. Ég óska þjóðinni allri heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Steingrímur Hermannsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Efnisskrá.

Aðgerðir í fiskeldismálum (476. mál) 6992.
Almannatryggingar (57. mál) 6745, 6816, 6898, 6900.
Almannatryggingar (262. mál) 6898, 6901, 6964, 7006, 7032, 7090.
Almannavarnir (275. mál) 6843, 6964, 7016.
Almenn stjórnsýslulöggjöf (112. mál) 6992.
Áfengislög (86. mál) 6936.
Áfengismál (537. mál) 7007.
Breytt nýting útvarpshúss (533. mál) 6745, 6833, 7053.
Byggðastofnun (456. mál) 6852, 6961.
Ferðamál (479. mál) 6813, 6842.
Fiskeldismál (427. mál) 6987.
Fiskiræktarmál (449. mál) 6986.
Fiskveiðasjóður Íslands (404. mál) 6892, 6900, 6963.
Flutningsjöfnunarsjóður og innkaupajöfnun olíu og bensíns (247. mál) 6892, 6900, 6963.
Framkvæmdasjóður Íslands (457. mál) 6745, 6793, 6805, 7049, 7089.
Framleiðsla og sala á búvörum (491. mál) 6859, 7003, 7050.
Getraunir Öryrkjabandalags Íslands (503. mál) 6948, 7030, 7055.
Greiðslujöfnun húsnæðislána (530. mál) 6840.
Grunnskólar (398. mál) 6901, 7015, 7028, 7055, 7092.
Húsnæðisstofnun ríkisins (334. mál) 6793, 6796, 6814, 7007, 7033, 7090.
Húsnæðisstofnun ríkisins (536. mál) 7016.
Íslandssiglingar skipafélagsins Rainbow Navigation (508. mál) 6693.
Jarðræktarlög (528. mál) 6816, 6890, 6899.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (48. mál) 6806, 6842.
Kosning endurskoðenda Landsbankans 6980.
Kosning endurskoðenda Útvegsbankans 6981.
Kosning í stjórn Áburðarverksmiðjunnar 6981.
Kosning í stjórn Byggðastofnunar 6982.
Kosning í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar 6981.
Kosning manna til ráðuneytis um lagahreinsun 6981.
Lánsfjárlög 1985 (245. mál) 6743.
Lífeyrissjóður sjómanna (438. mál) 6897, 6900, 6964, 7050, 7090.
Lögverndun á starfsheiti kennara (119. mál) 6919.
Námsbrautir á sviði sjávarútvegs (534. mál) 6980.
Nýsköpun í atvinnulífi (455. mál) 6843, 6962.
Ríkisbókhald (499. mál) 6891, 6899.
Ríkismat sjávarafurða (510. mál) 6967.
Selveiðar við Ísland (210. mál) 6941, 7011, 7090, 7094.
Skýrsla fjmrh. um heildarendurskoðun lífeyrismála 6697.
Sóknargjöld (98. mál) 6814, 6890, 6899, 6962.
Sparisjóðir (493. mál) 6787, 6796, 6803, 7031, 7089.
Starfslok efri deildar 7096.
Starfslok neðri deildar 7088.
Stálvölsunarverksmiðja (236. mál) 7029, 7055.
Söluskattur af bókum (473. mál) 6965.
Tilhögun þingfunda 6965.
Um þingsköp 6793, 6796, 6816, 7019.
Umferðarlög (129. mál) 6818, 6901.
Umræður utan dagskrár 6708 (mannekla hjá fiskvinnslufyrirtækjum).
Upplýsingamiðlun um húsnæðismál (383. mál) 6982.
Varamaður tekur þingsæti 6693.
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands (509. mál) 6891, 6900, 6962.
Vesturlandsvegur (84. mál) 6983.
Viðskiptabankar (423. mál) 6755, 6794, 6799, 7033, 7089.
Yfirtaka ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu (156. mál) 6987.
Þinglausnir 7097.
Þjónusta vegna tannréttinga (60. mál) 6983.